Alþingi 1988

SAMEINAÐ ÞING

1. fundur, 10. okt.

Þingsetning.

Árið 1988, mánudaginn 10. okt., var hundraðasta og ellefta löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það nítugasta og fyrsta aðalþing í röðinni, en hundrað tuttugasta og sjötta samkoma frá því er Alþingi var endurreist.

Þingmenn söfnuðust saman í Alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í Dómkirkjunni kl. 1.30. Séra Úlfar Guðmundsson steig í stólinn.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til Alþingishússins, fundarsalar sameinaðs þings.

Þessir menn skipuðu þingið:

1. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, 16. þm. Reykv.
2. Albert Guðmundsson, 5. þm. Reykv.
3. Alexander Stefánsson, 1. þm. Vesturl.
4. Árni Gunnarsson, 3. þm. Norðurl. e.
5. Birgir Ísl. Gunnarsson, 2. þm. Reykv.
6. Danfríður Skarphéðinsdóttir, 6. þm. Vesturl.
7. Eggert Haukdal, 3. þm. Suðurl.
8. Egill Jónsson, 4. þm. Austurl.
9. Eiður Guðnason, 3. þm. Vesturl.
10. Eyjólfur Konráð Jónsson, 8. þm. Reykv.
11. Friðjón Þórðarson, 2. þm. Vesturl.
12. Friðrik Sophusson, 1. þm. Reykv.
13. Geir Gunnarsson, 5. þm. Reykn.
14. Geir H. Haarde, 17. þm. Reykv.
15. Guðmundur Ágústsson, 11. þm. Reykv.
16. Guðmundur Bjarnason, 1. þm. Norðurl. e.
17. Guðmundur H. Garðarsson, 14. þm. Reykv.
18. Guðmundur G. Þórarinsson, 10. þm. Reykv.
19. Guðni Ágústsson, 5. þm. Suðurl.
20. Guðrún Agnarsdóttir, 6. þm. Reykv.
21. Guðrún Helgadóttir, 13. þm. Reykv.
22. Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.
23. Halldór Blöndal, 2. þm. Norðurl. e.
24. Hjörleifur Guttormsson, 2. þm. Austurl.
25. Hreggviður Jónsson, 11. þm. Reykn.
26. Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Vesturl.
27. Jóhann Einvarðsson, 8. þm. Reykn.
28. Jóhanna Sigurðardóttir, 9. þm. Reykv.
29. Jón Baldvin Hannibalsson, 15. þm. Reykv.
30. Jón Helgason, 2. þm. Suðurl.
31. Jón Kristjánsson, 3. þm. Austurl.
32. Jón Sigurðsson, 4. þm. Reykv.
33. Jón Sæmundur Sigurjónsson, 5. þm. Norðurl. v.
34. Júlíus Sólnes, 7. þm. Reykn.
35. Karl Steinar Guðnason, 9. þm. Reykn.
36. Karvel Pálmason, 3. þm. Vestf.
37. Kjartan Jóhannsson, 4. þm. Reykn.
38. Kristinn Pétursson, 5. þm. Austurl.
39. Kristín Einarsdóttir, 12. þm. Reykv.
40. Kristín Halldórsdóttir, 10. þm. Reykn.
41. Margrét Frímannsdóttir, 4. þm. Suðurl.
42. Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.
43. Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
44. Málmfríður Sigurðardóttir, 7. þm. Norðurl. e.
45. Ólafur G. Einarsson, 2. þm. Reykn.
46. Ólafur Þ. Þórðarson, 2. þm. Vestf.
47. Óli Þ. Guðbjartsson, 6. þm. Suðurl.
48. Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v.
49. Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.
50. Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.
51. Ragnhildur Helgadóttir, 3. þm. Reykv.
52. Salome Þorkelsdóttir, 6. þm. Reykn.
53. Sighvatur Björgvinsson, 5. þm. Vestf.
54. Skúli Alexandersson, 4. þm. Vesturl.
55. Stefán Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. v.
56. Stefán Valgeirsson, 6. þm. Norðurl. e.
57. Steingrímur Hermannsson, 3. þm. Reykn.
58. Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.
59. Svavar Gestsson, 7. þm. Reykv.
60. Valgerður Sverrisdóttir, 5. þm. Norðurl. e.
61. Þorsteinn Pálsson, 1. þm. Suðurl.
62. Þorv. Garðar Kristjánsson, 4. þm. Vestf.
63. Þórhildur Þorleifsdóttir, 18. þm. Reykv.

Forseti Íslands setur þingið.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis kom forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, inn í salinn og gekk til ræðustóls.

Forseti Íslands (Vigdís Finnbogadóttir):

Hinn 28. september 1988 var gefið út svofellt bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra að Alþingi skuli koma saman til fundar mánudaginn 10. október 1988.

Um leið og ég birti þetta er öllum sem setu eiga á Alþingi boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni sem hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 28. september 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

Steingrímur Hermannsson.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til fundar mánudaginn 10. október 1988."

Samkvæmt bréfi því, sem ég nú hef lesið, lýsi ég yfir því að Alþingi Íslendinga er sett.

Bið ég yður að rísa úr sætum og minnast ættjarðarinnar.

[Þingheimur stóð upp og **forsætisráðherra, Steingrímur Hermannsson,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi." Tóku þingmenn undir þessi orð með ferföldu húrrahrópi.]

Samkvæmt 1. gr. þingskapa ber nú aldursforseta að stjórna fundi þar til kosning forseta sameinaðs Alþingis hefur farið fram og bið ég aldursforseta, Stefán Valgeirsson, 6. þm. Norðurl. e., að ganga til forsetastóls.

Aldursforseti (Stefán Valgeirsson):

Ég býð hv. alþingismenn og starfsfólk Alþingis velkomin til starfa með þeirri ósk og von að það þinghald sem nú er að hefjast verði landi og þjóð til heilla og að störf þess í vetur verði til þess að auka réttlæti og minnka aðstöðumun í okkar þjóðfélagi.

Borist hefur svohljóðandi bréf, dags. 17. maí 1988:

„Með bréfi þessu segi ég af mér þingmennsku.

Virðingarfyllst,
Sverrir Hermannsson,
4. þm. Austurl.

Til forseta sameinaðs Alþingis,
hr. Þorvaldar Garðars Kristjánssonar."

Af þessu leiðir að Kristinn Pétursson framkvæmdastjóri tekur nú sæti Sverris Hermannssonar hér á Alþingi og verður 5. þm. Austurl. en hv. þm. Egill Jónsson verður 4. þm. Austurl.

Ég býð Kristin Pétursson velkominn til starfa.

Þá hefur borist hér annað bréf, dags. 10. okt. 1988:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Alþfl. í Reykv., Lára V. Júlíusdóttir lögfræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Jón Baldvin Hannibalsson,
15. þm. Reykv."

Lára V. Júlíusdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og býð ég hana velkomna til starfa.

Hér er enn eitt bréf, dags. 10. okt. 1988:

„Þar sem ég vegna sérstakra anna get ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Samtaka um kvennalista í Reykjavík, Guðrún J. Halldórsdóttir forstöðumaður, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þórhildur Þorleifsdóttir,
18. þm. Reykv."

Guðrún J. Halldórsdóttir hefur einnig tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og býð ég hana einnig velkomna til starfa.

Nú verður fundi frestað til morguns og hefst hann kl. 2 eftir hádegi.

Fundi frestað.

SAMEINAÐ ÞING

frh. 1. fundar, þriðjudaginn 11. okt.,
kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Aldursforseti (Stefán Valgeirsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf, dags. 11. okt. 1988:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Framsfl. í Austurlandskjördæmi, Jónas Hallgrímsson framkvæmdastjóri, taki sæti mitt á Alþingi í fjarveru minni.

Halldór Ásgrímsson,
1. þm. Austurl."

Þar sem Jónas Hallgrímsson hefur áður setið á Alþingi á þessu kjörtímabili þarf ekki að skoða hans kjörbréf og býð ég hann velkominn til starfa.

Kosning forseta og skrifara.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara Halldór Blöndal, 2. þm. Norðurl. e., og Skúla Alexandersson, 4. þm. Vesturl.

Gengið var til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Guðrún Helgadóttir, 13. þm. Reykv., með 39 atkv., en 23 seðlar voru auðir. Einn þm. var fjarstaddur.

Aldursforseti (Stefán Valgeirsson):
Guðrún Helgadóttir er rétt kjörin forseti sameinaðs Alþingis. Ég bið hana að koma hér og taka við fundarstjórn.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):
Ég þakka hv. alþm. það traust sem þeir hafa sýnt mér með því að fela mér forsæti hér í sameinuðu Alþingi.

Ég tel mig tala fyrir munn allra hv. alþm. er ég þakka fráfarandi hæstv. forseta, hv. alþm. Þorvaldi Garðari Kristjánssyni, fyrir mikil og góð störf í þessu embætti á liðnum árum. Persónulega þakka ég honum gott og elskulegt samstarf sem varaforseti hans á síðasta löggjafarþingi.

Áfangar í réttindabaráttu kvenna eru fáir og stopulir og því ævinlega mikilvægir. Mér er það mikill heiður að verða fyrst íslenskra kvenna til að gegna starfi forseta sameinaðs Alþingis. Á þessari stundu hlýt ég að minnast með þökk í huga allra þeirra kvenna sem vörðuðu veginn að þessu marki. Einnig hlýt ég að minnast með virðingu og þökk þeirra kvenna sem tekið hafa sæti á hinu háa Alþingi fyrr og síðar, lifandi sem látinna.

Ég vona að ég reynist, með guðs hjálp og góðra manna, verð þess trausts sem mér hefur nú verið sýnt og mun leitast við að eiga gott samstarf við alþingismenn alla, stjórn sem og stjórnarandstöðu. Ég mun reyna að sjá svo til að á einskis rétt verði gengið og leitast við að hafa réttsýni og sanngirni með í för í störfum mínum hér.

Þá vænti ég þess að mér auðnist einnig að ná góðu samstarfi við hina fjölmörgu starfsmenn hins háa Alþingis sem oft bera hitann og þungann af því að störf þingsins gangi sem löggjafarsamkomunni sæmir. Hafið heila þökk.

Hinn kjörni forseti lét fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut
Salome Þorkelsdóttir, 6. þm. Reykn., með 55 atkv. — Þorv. Garðar Kristjánsson, 4. þm. Vestf., hlaut 1 atkv., en 5 seðlar voru auðir. Tveir þm. voru fjarverandi.

Annar varaforseti var kosinn
Valgerður Sverrisdóttir, 5. þm. Norðurl. e., með 52 atkv. — Egill Jónsson, 4. þm. Austurl., hlaut 1 atkv., Ólafur Þ. Þórðarson, 2. þm. Vestf., hlaut 1 atkv., en 7 seðlar voru auðir. Tveir þm. voru fjarstaddir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar sameinaðs þings að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram kom einn listi sem á voru JE, MálmS. — Þar sem eigi voru fleiri menn tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kjörin væru án atkvæðagreiðslu:
Jóhann Einvarðsson, 8. þm. Reykn., og
Málmfríður Sigurðardóttir, 7. þm. Norðurl. e.

EFRI DEILD

1. fundur, þriðjudaginn 11. okt.,
að loknum fundi í Sþ.

Aldursforseti, Þorv. Garðar Kristjánsson, 4. þm. Vestf., setti fundinn.

Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Danfríður Skarphéðinsdóttir, 6. þm. Vesturl.
2. Egill Jónsson, 4. þm. Austurl.
3. Eiður Guðnason, 3. þm. Vesturl.
4. Eyjólfur Konráð Jónsson, 8. þm. Reykv.
5. Guðmundur Ágústsson, 11. þm. Reykv.
6. Guðmundur H. Garðarsson, 14. þm. Reykv.
7. Guðrún Agnarsdóttir, 6. þm. Reykv.
8. Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.
9. Halldór Blöndal, 2. þm. Norðurl. e.
10. Jóhann Einvarðsson, 8. þm. Reykn.
11. Jón Helgason, 2. þm. Suðurl.
12. Júlíus Sólnes, 7. þm. Reykn.
13. Karl Steinar Guðnason, 9. þm. Reykn.
14. Karvel Pálmason, 3. þm. Vestf.
15. Margrét Frímannsdóttir, 4. þm. Suðurl.
16. Salome Þorkelsdóttir, 6. þm. Reykn.
17. Skúli Alexandersson, 4. þm. Vesturl.
18. Stefán Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. v.
19. Svavar Gestsson, 7. þm. Reykv.
20. Valgerður Sverrisdóttir, 5. þm. Norðurl. e.
21. Þorv. Garðar Kristjánsson, 4. þm. Vestf.

Kosning forseta og skrifara.

Aldursforseti kvaddi þá Egil Jónsson, 4. þm. Austurl., og Skúla Alexandersson, 4. þm. Vesturl., til að gegna skrifarastörfum.

Gengið var til forsetakosningar. Kosningu hlaut
Jón Helgason, með 16 atkv., en 4 seðlar voru auðir.

Aldursforseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):
Jón Helgason er rétt kjörinn forseti efri deildar. Ég óska honum til hamingju með kjörið og hv. deild til hamingju með forseta sinn.

Forseti (Jón Helgason):
Ég vil þakka hv. efrideildarþingmönnum fyrir það traust sem þeir hafa sýnt mér með þessari kosningu og vonast til þess að samstarf okkar á komandi þingi megi verða hið besta.

Hinn kjörni forseti lét fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut
Guðrún Agnarsdóttir, 6. þm. Reykv., með 17 atkv., en 3 seðlar voru auðir.
Annar varaforseti var kosinn

Karl Steinar Guðnason, 9. þm. Reykn., með 18 atkv., en 2 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram kom einn listi sem á voru EgJ og VS. — Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Egill Jónsson, 4. þm. Austurl., og
Valgerður Sverrisdóttir, 5. þm. Norðurl. e.

Sætaskipun.

Hlutað var um sæti deildarmanna skv. 7. gr. þingskapa og fór sætahlutunin á þessa leið:

1. sæti hlaut Guðmundur H. Garðarsson,
2. sæti hlaut Júlíus Sólnes,
3. sæti hlaut Salome Þorkelsdóttir,
4. sæti hlaut Skúli Alexandersson,
5. sæti hlaut Karvel Pálmason,
6. sæti hlaut Eyjólfur Konráð Jónsson,
7. sæti hlaut Þorv. Garðar Kristjánsson,
8. sæti hlaut Karl Steinar Guðnason,
9. sæti hlaut Guðrún Agnarsdóttir,
10. sæti hlaut Eiður Guðnason,
11. sæti hlaut Danfríður Skarphéðinsdóttir,
12. sæti hlaut Halldór Blöndal,
13. sæti hlaut Guðmundur Ágústsson,
14. sæti hlaut Stefán Guðmundsson,
15. sæti hlaut Margrét Frímannsdóttir.

NEÐRI DEILD

1. fundur, þriðjudaginn 11. okt.,
að loknum fundi í Sþ.

Aldursforseti, Stefán Valgeirsson, 6. þm. Norðurl. e., setti fundinn.

Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, 16. þm. Reykv.
2. Albert Guðmundsson, 5. þm. Reykv.
3. Alexander Stefánsson, 1. þm. Vesturl.
4. Árni Gunnarsson, 3. þm. Norðurl. e.
5. Birgir Ísl. Gunnarsson, 2. þm. Reykv.
6. Eggert Haukdal, 3. þm. Suðurl.
7. Friðjón Þórðarson, 2. þm. Vesturl.
8. Friðrik Sophusson, 1. þm. Reykv.
9. Geir Gunnarsson, 5. þm. Reykn.
10. Geir H. Haarde, 17. þm. Reykv.
11. Guðmundur Bjarnason, 1. þm. Norðurl. e.
12. Guðmundur G. Þórarinsson, 10. þm. Reykv.
13. Guðni Ágústsson, 5. þm. Suðurl.
14. Guðrún Helgadóttir, 13. þm. Reykv.
15. Hjörleifur Guttormsson, 2. þm. Austurl.
16. Hreggviður Jónsson, 11. þm. Reykv.
17. Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Vesturl.
18. Jóhanna Sigurðardóttir, 9. þm. Reykv.
19. Jón Baldvin Hannibalsson, 15. þm. Reykv.
20. Jón Kristjánsson, 3. þm. Austurl.
21. Jón Sigurðsson, 4. þm. Reykv.
22. Jón Sæmundur Sigurjónsson, 5. þm. Norðurl. v.
23. Kjartan Jóhannsson, 4. þm. Reykn.
24. Kristinn Pétursson, 5. þm. Austurl.
25. Kristín Einarsdóttir, 12. þm. Reykv.
26. Kristín Halldórsdóttir, 10. þm. Reykn.
27. Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.
28. Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
29. Málmfríður Sigurðardóttir, 7. þm. Norðurl. e.
30. Ólafur G. Einarsson, 2. þm. Reykn.
31. Ólafur Þ. Þórðarson, 2. þm. Vestf.
32. Óli Þ. Guðbjartsson, 6. þm. Suðurl.
33. Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v.
34. Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.
35. Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.
36. Ragnhildur Helgadóttir, 3. þm. Reykv.
37. Sighvatur Björgvinsson, 5. þm. Vestf.
38. Stefán Valgeirsson, 6. þm. Norðurl. e.
39. Steingrímur Hermannsson, 3. þm. Reykn.
40. Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.
41. Þorsteinn Pálsson, 1. þm. Suðurl.
42. Þórhildur Þorleifsdóttir, 18. þm. Reykv.

Kosning forseta og skrifara.

Aldursforseti kvaddi þá Friðjón Þórðarson, 2. þm. Vesturl., og Jón Sæmund Sigurjónsson, 5. þm. Norðurl. v., til að gegna skrifarastörfum.

Gengið var til forsetakosningar. Kosningu hlaut
Kjartan Jóhannsson, 4. þm. Reykn., með 31 atkv., en 11 seðlar voru auðir.

Aldursforseti (Stefán Valgeirsson):
Kjartan Jóhannsson er rétt kjörinn forseti neðri deildar Alþingis. Ég bið hann að koma hingað og taka við fundarstjórn.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):
Ég þakka hv. þm. það traust sem þeir hafa sýnt mér og á mér þá ósk að með okkur geti tekist gott samstarf hvar í flokki sem menn starfa, hvort heldur menn eru í stjórn eða stjórnarandstöðu.

Ég vil líka nota þetta tækifæri til þess að þakka fráfarandi forseta, hv. þm. Jóni Kristjánssyni, fyrir ágæt störf á seinasta þingi.

Hinn kjörni forseti lét fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut
Óli Þ. Guðbjartsson, 6. þm. Suðurl., með 39 atkv., en tveir seðlar voru auðir. Einn þm. var fjarverandi.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):
Býð ég Óla Þ. Guðbjartsson velkominn til starfa og vænti þess að með okkur geti tekist góð samvinna.

Annar varaforseti var kosinn
Hjörleifur Guttormsson, 2. þm. Austurl., með 31 atkv. — Stefán Valgeirsson, 6. þm. Norðurl. e., hlaut 1 atkv., en 7 seðlar voru auðir. 3 þm. voru fjarstaddir.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):
Hjörleifur Guttormsson er rétt kjörinn annar varaforseti þessarar hv. deildar og býð ég hann velkominn til starfa og ágæts samstarfs.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram kom einn listi sem á voru JSS og HJ. — Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:
Jón Sæmundur Sigurjónsson, 5. þm. Norðurl. v., og
Hreggviður Jónsson, 11. þm. Reykn.

Sætaskipun.

Hlutað var um sæti deildarmanna skv. 7. gr. þingskapa og fór sætahlutunin á þessa leið:

16. sæti hlaut Ingi Björn Albertsson,
17. sæti hlaut Jón Kristjánsson,
18. sæti hlaut Geir Gunnarsson,
19. sæti hlaut Páll Pétursson,
20. sæti hlaut Eggert Haukdal,
21. sæti hlaut Guðmundur G. Þórarinsson,
22. sæti hlaut Ólafur Þ. Þórðarson,
23. sæti hlaut Alexander Stefánsson,
24. sæti hlaut Árni Gunnarsson,
25. sæti hlaut Ólafur G. Einarsson,
26. sæti hlaut Kristín Halldórsdóttir,
27. sæti hlaut Geir H. Haarde,
28. sæti hlaut Ragnhildur Helgadóttir,
29. sæti hlaut Hjörleifur Guttormsson,
30. sæti hlaut Albert Guðmundsson,
31. sæti hlaut Ragnar Arnalds,
32. sæti hlaut Sighvatur Björgvinsson,
33. sæti hlaut Pálmi Jónsson,
34. sæti hlaut Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir,
35. sæti hlaut Friðjón Þórðarson,
36. sæti hlaut Þorsteinn Pálsson,
37. sæti hlaut Guðni Ágústsson,
38. sæti hlaut Stefán Valgeirsson,
39. sæti hlaut Birgir Ísl. Gunnarsson,
40. sæti hlaut Þórhildur Þorleifsdóttir,
41. sæti hlaut Óli Þ. Guðbjartsson,
42. sæti hlaut Friðrik Sophusson,
43. sæti hlaut Kristín Einarsdóttir,
44. sæti hlaut Kristinn Pétursson,
45. sæti hlaut Matthías Bjarnason,
46. sæti hlaut Matthías Á. Mathiesen.

SAMEINAÐ ÞING

2. fundur, miðvikudaginn 12. okt., kl. 2 miðdegis.

Kosning í fastanefndir skv. 15. gr. þingskapa.

1. Fjárveitinganefnd.

Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Kosning fór því fram án atkvæðagreiðslu og varð nefndin svo skipuð:

Alexander Stefánsson (A),
Pálmi Jónsson (B),
Sighvatur Björgvinsson (A),
Óli Þ. Guðbjartsson (B),
Margrét Frímannsdóttir (A),
Egill Jónsson (B),
Ólafur Þ. Þórðarson (A),
Málmfríður Sigurðardóttir (B),
Jón Sæmundur Sigurjónsson (A).

2. Utanríkismálanefnd.

Fram komu þrír listar. Á A-lista voru JE, KJóh, HG, GGÞ. Á B-lista voru EKJ, KE, RH. Á C-lista var HJ. — C-listi var dreginn til baka. Þar með bárust ekki fleiri nöfn en menn skyldi kjósa og varð því nefndin svo skipuð:

Aðalmenn:
Jóhann Einvarðsson (A),
Eyjólfur Konráð Jónsson (B),
Kjartan Jóhannsson (A),
Kristín Einarsdóttir (B),
Hjörleifur Guttormsson (A),
Ragnhildur Helgadóttir (B),
Guðmundur G. Þórarinsson (A).

Varamenn:
Jón Kristjánsson (A),
Birgir Ísl. Gunnarsson (B),
Karl Steinar Guðnason (A),
Hreggviður Jónsson (B),
Skúli Alexandersson (A),
Guðmundur H. Garðarsson (B),
Valgerður Sverrisdóttir (A).

3. Atvinnumálanefnd.

Við kosninguna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Kosning fór því fram án atkvæðagreiðslu og varð nefndin svo skipuð:

Jón Kristjánsson (A),
Matthías Á. Mathiesen (B),
Árni Gunnarsson (A),
Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir (B),
Geir Gunnarsson (A),
Geir H. Haarde (B),
Ólafur Þ. Þórðarson (A).

4. Allsherjarnefnd.

Við kosninguna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Kosning fór því fram án atkvæðagreiðslu og varð nefndin svo skipuð:

Guðni Ágústsson (A),
Eggert Haukdal (B),
Karl Steinar Guðnason (A),
Guðmundur Ágústsson (B),
Guðrún Helgadóttir (A),
Guðrún Agnarsdóttir (B),
Jón Kristjánsson (A).

5. Félagsmálanefnd.

Við kosninguna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Kosning fór því fram án atkvæðagreiðslu og varð nefndin svo skipuð:

Guðni Ágústsson (A),
Birgir Ísl. Gunnarsson (B),
Eiður Guðnason (A),
Hreggviður Jónsson (B),
Hjörleifur Guttormsson (A),
Þórhildur Þorleifsdóttir (B),
Alexander Stefánsson (A).

EFRI DEILD

2. fundur, miðvikudaginn 12. okt., að loknum fundi í Sþ.

Kosning í fastanefndir skv. 15. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram hverju sinni tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvæðagreiðslu og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhags- og viðskiptanefnd.
Jóhann Einvarðsson (A),
Halldór Blöndal (B),
Eiður Guðnason (A),
Júlíus Sólnes (B),
Margrét Frímannsdóttir (A),
Eyjólfur Konráð Jónsson (B),
Valgerður Sverrisdóttir (A).

2. Samgöngunefnd.
Jón Helgason (A),
Egill Jónsson (B),
Karvel Pálmason (A),
Guðmundur Ágústsson (B),
Skúli Alexandersson (A),
Þorv. Garðar Kristjánsson (B),
Stefán Guðmundsson (A).

3. Landbúnaðarnefnd.
Valgerður Sverrisdóttir (A),
Egill Jónsson (B),
Karvel Pálmason (A),
Guðrún Agnarsdóttir (B),
Skúli Alexandersson (A),
Þorv. Garðar Kristjánsson (B),
Jón Helgason (A).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Stefán Guðmundsson (A),
Guðmundur H. Garðarsson (B),
Karvel Pálmason (A),
Guðrún Agnarsdóttir (B),
Skúli Alexandersson (A),
Halldór Blöndal (B),
Jóhann Einvarðsson (A).

5. Iðnaðarnefnd.
Stefán Guðmundsson (A),
Þorv. Garðar Kristjánsson (B),
Karl Steinar Guðnason (A),
Júlíus Sólnes (B),
Margrét Frímannsdóttir (A),
Eyjólfur Konráð Jónsson (B),
Jón Helgason (A).

6. Félagsmálanefnd.
Jóhann Einvarðsson (A),
Guðmundur H. Garðarsson (B),
Karl Steinar Guðnason (A),
Júlíus Sólnes (B),
Margrét Frímannsdóttir (A),
Salome Þorkelsdóttir (B),
Valgerður Sverrisdóttir (A).

7. Heilbrigðis- og tryggingnefnd.
Valgerður Sverrisdóttir (A),
Salome Þorkelsdóttir (B),
Karl Steinar Guðnason (A),
Guðrún Agnarsdóttir (B),
Margrét Frímannsdóttir (A),
Guðmundur H. Garðarsson (B),
Stefán Guðmundsson (A).

8. Menntamálanefnd.
Valgerður Sverrisdóttir (A),
Halldór Blöndal (B),
Eiður Guðnason (A),
Guðmundur Ágústsson (B),
Skúli Alexandersson (A),
Danfríður Skarphéðinsdóttir (B),
Jón Helgason (A).

9. Allsherjarnefnd.
Jóhann Einvarðsson (A),
Eyjólfur Konráð Jónsson (B),
Eiður Guðnason (A),

Guðmundur Ágústsson (B),
Skúli Alexandersson (A),
Salome Þorkelsdóttir (B),
Jón Helgason (A).

NEÐRI DEILD

2. fundur, miðvikudaginn 12. okt.,
að loknum fundi í Sþ.

Kosning í fastanefndir skv. 15. gr. þingskapa.

1. Fjárhags- og viðskiptanefnd.

Fram komu tveir listar. Á A-lista voru GGÞ, ÁrnG, RA, PP. Á B-lista voru MB, IBA, KH, FrS. — A-listi hlaut 21 atkv. og B-listi 21 atkv.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Samkvæmt 49. gr. þingskapa er það svo að þegar atkvæði falla jöfn með þessum hætti skal varpa hlutkesti um listana. Ég hafði hugsað mér að framkvæma það með þeim hætti sem hefð er fyrir hér í þinginu að dregnar yrðu kúlur úr boxi og sú tala sem hærri væri teldist vinningur, ef ég má orða það svo, þ.e. sá sem drægi hærri töluna hefði þá hlotið sæti. Í samræmi við hefð hef ég gert ráð fyrir að þeir þingmenn sem verið er að varpa hlutkesti á milli drægju kúlurnar úr kassanum.

Ef svo skyldi fara að varpa þyrfti hlutkesti oftar en einu sinni sýnist mér að eðlilegt sé að einnig sé einhver regla á því hvor skuli draga fyrr kúlu úr kassa. Ég ætla þá að leyfa mér að framkvæma það með þeim hætti að í fyrsta skipti sem hlutkesti fer fram með þessum hætti verði það fulltrúi á A-lista sem dragi á undan úr kassanum, en í næsta sinn verði það fulltrúi af B-lista. Vona ég þá að alls réttlætis sé gætt. Ég vænti þess að hv. deild geti fallist á þessa aðferð við hlutkestið, og ég sé að svo er.

Vil ég þá biðja þá tvo hv. þm., sem nú skal varpa hlutkesti á milli, að ganga hér fram, hv. þm. Pál Pétursson og hv. þm. Friðrik Sophusson. Dregur hv. þm. Páll Pétursson á undan.

Páll Pétursson dró 46 en Friðrik Sophusson dró 26. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að rétt væru kjörin í fjh.- og viðskn.:

Guðmundur G. Þórarinsson (A),
Matthías Bjarnason (B),
Árni Gunnarsson (A),
Ingi Björn Albertsson (B),
Ragnar Arnalds (A),
Kristín Halldórsdóttir (B),
Páll Pétursson (A).

2. Samgöngunefnd.

Fram komu tveir listar. Á A-lista voru ÓÞÞ, ÁrnG, HG, GuðnÁ. Á B-lista voru FÞ, IBA, MÁM, ÞÞ. — A-listi hlaut 21 atkv. og B-listi 21 atkv. Hlutað var um sæti. Guðrún J. Halldórsdóttir dró (fyrir hönd Þórhildar Þorleifsdóttur) 7. Guðni Ágústsson dró 25. Samkvæmt því voru kosnir í samgn.:

Friðjón Þórðarson (B),
Ólafur Þ. Þórðarson (A),
Ingi Björn Albertsson (B),
Árni Gunnarsson (A),
Matthías Á. Mathiesen (B),
Hjörleifur Guttormsson (A),
Guðni Ágústsson (A).

3. Landbúnaðarnefnd.

Fram komu tveir listar. Á A-lista voru GuðnÁ, ÁrnG, RA, AS. Á B-lista voru PJ, IBA, EH, MálmS. — A-listi hlaut 21 atkv. og B-listi 21 atkv. Hlutað var um sæti. Alexander Stefánsson dró 26, en Málmfríður Sigurðardóttir dró 20. Samkvæmt því voru kosnir í landbn.:

Guðni Ágústsson (A),
Pálmi Jónsson (B),
Árni Gunnarsson (A),
Ingi Björn Albertsson (B),
Ragnar Arnalds (A),
Eggert Haukdal (B),
Alexander Stefánsson (A).

4. Sjávarútvegsnefnd.

Fram komu tveir listar. Á A-lista voru AS, JSS, GeirG, GuðnÁ. Á B-lista voru MB, HJ, KrP, ÞÞ. — A-listi hlaut 21 atkv. og B-listi 21 atkv. Hlutað var um sæti. Guðrún J. Halldórsdóttir dró (fyrir hönd Þórhildar Þorleifsdóttur) 29. Guðni Ágústsson dró 45. Samkvæmt því voru kosnir í sjútvn.:

Matthías Bjarnason (B),
Alexander Stefánsson (A),
Hreggviður Jónsson (B),
Jón Sæmundur Sigurjónsson (A),
Kristinn Pétursson (B),
Geir Gunnarsson (A),
Guðni Ágústsson (A).

5. Iðnaðarnefnd.

Fram komu tveir listar. Á A-lista voru GGÞ, KJóh, HG, PP. Á B-lista voru FrS, AG, KE, GHH.

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Ég vil eindregið fara þess á leit, þannig að það fari ekki á milli mála hvenær verið er að kjósa og menn séu ekki fjarstaddir, að virðulegur forseti hringi bjöllunni í hvert skipti sem gengið er til kosninga. Ég vek athygli á því að ekki virðist öllum hv. deildarmönnum vera það ljóst hvenær verið er að kjósa.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):
Það er sjálfsagt að verða við þessum tilmælum og skal nú bjöllu hringt.

A-listi hlaut 21 atkv. og B-listi 21 atkv. Hlutað var um sæti. Páll Pétursson dró 53. Geir H. Haarde dró 2. Samkvæmt því voru kosin í iðnn.:

Guðmundur G. Þórarinsson (A),
Friðrik Sophusson (B),
Kjartan Jóhannsson (A),
Albert Guðmundsson (B),
Hjörleifur Guttormsson (A),
Kristín Einarsdóttir (B),
Páll Pétursson (A).

Albert Guðmundsson:
Virðulegi forseti. Það er nú komið fram yfir miðjar kosningar í nefndir og við höfum orðið áþreifanlega vör við það að ríkisstjórnin hefur ekki meiri hluta og þar af leiðandi er það á fölskum forsendum sem ríkisstjórnin hefur verið mynduð.

Nú hefur hinn umræddi huldumaður ekki komið fram, ekki fundist. (**Gripið fram í:** Jú hann er í kassanum.) — Ja, ég vil þá taka undir það að hann geti vel verið í kassanum, en í því tilfelli eru fleiri þingmenn hér inni þó ósýnilegir séu heldur en lög segja til um, þannig að þessar kosningar eru þá allar ólöglegar.

En hæstv. forseti gerði fyrirspurn áðan úr ræðustól. Hann sagði: Er enginn sem saknar félaga síns, eftir að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson gerði athugasemd við það að annar þingmaður var fjarverandi við síðustu atkvæðagreiðslu. Og ég vil þá endurtaka spurningu forseta: Er einhver hér sem saknar félaga síns? Ég vil vekja athygli á þeirri staðreynd sem þegar er orðin ljós að ríkisstjórnin sem nú situr er mynduð á fölskum forsendum og það harma ég.

6. Félagsmálanefnd.

Fram komu tveir listar. Á A-lista voru AS, JSS, GHelg, JK. Á B-lista voru GHH, KE, EH, ÓÞG. — A-listi hlaut 21 atkv. og B-listi 21 atkv. Hlutað var um sæti. Óli Þ. Guðbjartsson dró 33. Jón Kristjánsson dró 51. Samkvæmt því voru kosin í félmn.:

Geir H. Haarde (B),
Alexander Stefánsson (A),
Kristín Einarsdóttir (B),
Jón Sæmundur Sigurjónsson (A),
Eggert Haukdal (B),
Guðrún Helgadóttir (A),
Jón Kristjánsson (A).

7. Heilbrigðis- og trygginganefnd.

Fram komu tveir listar. Á A-lista voru GGÞ, GHelg, JK, JSS. Á B-lista voru RH, AðB, GHH, ÞÞ. — A-listi hlaut 21 atkv. og B-listi 21 atkv. Hlutað var um sæti. Jón Sæmundur Sigurjónsson dró 37. Guðrún J. Halldórsdóttir (fyrir hönd Þórhildar Þorleifsdóttur) dró 24. Samkvæmt því voru kosin í heilbr.- og trn.:

Guðmundur G. Þórarinsson (A),
Ragnhildur Helgadóttir (B),
Guðrún Helgadóttir (A),
Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir (B),
Jón Kristjánsson (A),
Geir H. Haarde (B),
Jón Sæmundur Sigurjónsson (A).

8. Menntamálanefnd.

Fram komu tveir listar. Á A-lista voru GGÞ, ÁrnG, RA, ÓÞÞ. Á B-lista voru RH, ÞÞ, BÍG, ÓÞG. — A-listi hlaut 21 atkv. og B-listi 21 atkv. Hlutað var um sæti. Óli Þ. Guðbjartsson dró 3. Ólafur Þ. Þórðarson dró 37. Samkvæmt því voru kosin í menntmn.:

Ragnhildur Helgadóttir (B),
Guðmundur G. Þórarinsson (A),
Þórhildur Þorleifsdóttir (B),
Árni Gunnarsson (A),
Birgir Ísl. Gunnarsson (B),
Ragnar Arnalds (A),
Ólafur Þ. Þórðarson (A).

9. Allsherjarnefnd.

Fram komu tveir listar. Á A-lista voru JK, SighB, GuðnÁ, GeirG. Á B-lista voru KrP, KH, FÞ, ÓÞG. — A-listi hlaut 21 atkv. og B-listi 21 atkv. Hlutað var um sæti. Geir Gunnarsson dró 12. Óli Þ. Guðbjartsson dró 9. Samkvæmt því voru kosin í allshn.:

Jón Kristjánsson (A),
Kristinn Pétursson (B),
Sighvatur Björgvinsson (A),
Kristín Halldórsdóttir (B),
Guðni Ágústsson (A),
Friðjón Þórðarson (B),
Geir Gunnarsson (A).

EFRI DEILD

3. fundur, þriðjudaginn 18. okt., kl. 2 miðdegis.

Efnahagsaðgerðir, 1. umr.

Stjfrv., 8. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 8.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):
Herra forseti. Á dagskrá þessarar hv. deildar eru fjögur mál sem öll eru til staðfestingar á bráðabirgðalögum sem öll varða efnahagsstjórnun á undanförnum mánuðum. Því má segja að aðgerðir í

efnahagsmálum séu á þessum tíma varðaðar með þeim bráðabirgðalögum sem sett hafa verið og eru hér til staðfestingar.

Ég fjalla í þetta sinn um fyrsta málið, þær síðustu efnahagsráðstafanir sem núv. ríkisstjórn hefur hrint í framkvæmd, en til að skýra mál mitt betur kemst ég ekki hjá því að fjalla um hin málin í upphafi minnar ræðu.

Síðasta ríkisstjórn ákvað skömmu eftir að hún tók við að bíða með efnahagsaðgerðir þar til kjarasamningar hefðu náðst. Kjarasamningar náðust að hluta í febrúarmánuði. Þá var með samkomulagi við aðila vinnumarkaðarins gengið fellt um 6%. Sú gengisfelling kom að skammvinnum notum, rann fljótlega út í sandinn eins og reyndar hefur sýnt sig þegar sú leið hefur verið farin og ekki gripið til nauðsynlegra hliðarráðstafana til að draga áhrif slíkrar gengisfellingar út úr víxlverkun verðlags, launa, fjármagns og verðbólgunnar almennt.

Því var svo komið þegar heildarsamningar náðust að mestu leyti í maímánuði að staða útflutningsatvinnuveganna var afar erfið. Þá var gripið til þess ráðs að fella gengi á ný um 10% og jafnframt veitt heimild til frekari gengisfellingar upp á 3%. Ríkisstjórnin samþykkti jafnframt allítarlegar aðgerðir í efnahagsmálum sem birtar voru 20. maí sl. Þær aðgerðir gerðu m.a. ráð fyrir að ráðast gegn einum mestu erfiðleikum í íslensku efnahagslífi upp á síðkastið, háum vöxtum og miklum fjármagnskostnaði. Þær gerðu ráð fyrir skuldbreytingu í þágu atvinnuveganna. Þær gerðu ráð fyrir aðgerðum til að milda þær aðgerðir sem bitna helst á þeim sem lægri launin hafa og þeim var fylgt eftir með bráðabirgðalögum um aðgerðir í efnahagsmálum sem gefin voru út sama dag, 20. maí sl.

Í þeim lögum er m.a. ákveðið að kjarasamningar sem kenndir hafa verið við Akureyri skyldu gilda fyrir landið allt og til 10. apríl. Sömuleiðis var ákveðið að launaliður bænda í verðlagsgrundvelli hækkaði að sama skapi á þessum tíma. Einnig var í bráðabirgðalögunum, og er, ákvæði sem gerði ráð fyrir að felld yrði niður verðtrygging á lánaskuldbindingum til skemmri tíma en tveggja ára. Því ákvæði var að vísu breytt lítillega með öðru máli sem er hér á dagskránni en það er breyting á bráðabirgðalögum þeim sem ég nefndi áðan þar sem heimilað er, þrátt fyrir ákvæði fyrri bráðabirgðalaga, að taka við innstæðum og verðtryggja samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands.

Eins og fyrr reyndist umrædd gengisfelling og aðrar aðgerðir endast skammt og blöstu við enn meiri erfiðleikar en áður höfðu verið hjá útflutningsatvinnuvegunum um mitt sumar. Að hluta hygg ég að menn geti verið sammála um að það sé vegna þess að gengisfelling fer ótrúlega hratt í gegnum efnahagslíf þjóðar sem er með mikla verðtryggingu fjármagns eins og við Íslendingar, en að hluta varð þessi aðgerð áhrifaminni vegna verðfalls sem varð á íslenskum sjávarafurðum erlendis, einkum í Bandaríkjunum.

Í lok júlí var því ákveðið að leita nýrra ráða í þessum efnahagsvanda og skipaði hæstv. fyrrv. forsrh. þá nefnd fulltrúa úr atvinnulífinu. Sú nefnd lagðist gegn því að fara hina hefðbundnu uppfærsluleða gengisfellingarleið og lagði til niðurfærslu, þ.e. niðurfærslu kostnaðar. Ég ætla ekki að rekja umræður sem urðu um þær tillögur. Um þær náðist ekki samstaða, ég vil leyfa mér að segja því miður.

Síðasta ríkisstjórn keypti nokkurn frest með frv. sem enn er hér á dagskrá sem 4. liður dagskrárinnar og nefnist Frestun á hækkun launa og búvöruverðs. Samkvæmt þeim var hækkun launa og búvöruverðs frestað um einn mánuð og verðstöðvun jafnframt sett á þann tíma samkvæmt ákvæðum í verðlagslögum.

Þegar núv. ríkisstjórn tók við 28. sept. sl. var ástand atvinnulífsins orðið afar erfitt og ég hygg raunar miklu erfiðara en menn gerðu sér grein fyrir þá. Ég held að ekki sé ofsagt að íslenskt atvinnulíf hafi verið komið nær bjargbrúninni en áður. Þetta hefur komið glöggt í ljós síðan með þeim fjölmörgu gjaldþrotum sem fréttir berast af nánast daglega og þótt sú þróun væri hafin fyrir stjórnarmyndun hefur fjöldi gjaldþrota mjög aukist á síðustu dögum.

Ég hygg einnig að öllum hv. þm. muni vera ljósir þeir miklu erfiðleikar sem útflutningsgreinar eiga við að stríða. Víða um landið hafa slík fyrirtæki verið að stöðvast eða legið við stöðvun hjá þeim og er það oftar þá að viðskiptabankar hafa haldið slíkri framleiðslu gangandi þrátt fyrir mikla skuldasöfnun en að um arðbæran eða skynsamlegan rekstur hafi verið að ræða.

Ríkisstjórnin ákvað því að grípa til allvíðtækra almennra aðgerða til þess að koma í veg fyrir það hrun útflutningsatvinnuveganna sem við blasti. Vissulega má færa rök að því að slíkar aðgerðir hefðu þurft að ná til fleiri greina eins og t.d. margra þátta íslensks iðnaðar og til verslunar, en til þess er ekki svigrúm eins og staða þjóðarbúsins er nú, enda má vissulega halda því fram að þjóðarbúið byggi fremur á útflutningsframleiðslunni en á öðrum greinum atvinnulífsins þótt mikilvægar séu og að líklegt sé að aðstoðar við útflutningsgreinarnar muni fljótlega gæta í öðrum þáttum atvinnulífsins.

Ríkisstjórnin gaf því út, strax við myndun ríkisstjórnarinnar, bráðabirgðalög sem hrinda í framkvæmd þeim aðgerðum sem birtar voru í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um fyrstu aðgerðir og þurfa lagasetningar.

Í fáum orðum sagt fólust þessar aðgerðir í því, í fyrsta lagi, að notuð var heimild sem fyrri ríkisstjórn hafði gefið og gengið fellt um 3%. Það var gert í því skyni að draga sem mest úr sérhæfum aðgerðum fyrir einstakar atvinnugreinar. Þetta er almenn aðgerð sem að sjálfsögðu bætir afkomu útflutningsatvinnuveganna í heild og sömuleiðis samkeppnisgreinanna í landinu.

Af öðrum mikilvægum almennum aðgerðum er

fyrst og fremst rétt að nefna viðleitni til þess að stöðva kostnaðarhækkanir í þjóðfélaginu fram til 15. febr. nk. Þessi aðgerð nær til stöðvunar á launahækkunum og eru með henni afnumdar þær hækkanir sem um hafði verið samið. Hún nær til víðtækrar verðstöðvunar skv. 7. gr. verðlagslaga og eru eingöngu heimilaðar hækkanir sem stafa af erlendum verðhækkunum. Þetta nær til búvöruverðs, til fiskverðs og til gjaldskráa opinberra fyrirtækja. Það nær til húsaleigu, svo að drepið sé á það helsta.

Önnur almenn aðgerð sem er afar mikilvæg í þessu sambandi er viðleitni til þess að draga úr þeim gífurlega fjármagnskostnaði sem verið hefur í þjóðfélaginu undanfarin missiri. Þótt deilt sé um vexti, hvort þeir séu óeðlilega háir eða ekki, hygg ég að allir sem atvinnufyrirtæki reka muni vera sammála um það að hinn gífurlegi fjármagnskostnaður er þeim í raun ofviða. Vitanlega er það fleira sem þessu ræður en vaxtahæðin ein. Þarna ræður einnig sú staðreynd að eigið fé í íslenskum atvinnuvegum er afar lítið og lánsfjármagn því meira.

Í lögum um Seðlabanka Íslands, 9. gr., er heimild veitt til þess að hafa afskipti af vöxtum og vaxtamun ef meiri verður en í okkar helstu viðskiptalöndum. Ríkisstjórnin ákvað að undangengnum viðræðum Seðlabankans við viðskiptabankana að heimila að nota 9. gr. seðlabankalaganna ef ekki tækist með slíkum viðræðum að ná fram lækkun vaxta. Ríkisstjórnin hefur jafnframt ákveðið að losa beri íslenskt efnahagslíf úr víxlverkun verðlags, launa, gengis og fjármagnskostnaðar og er það í raun í samræmi við samþykkt fyrri ríkisstjórnar frá 20. maí sl. þar sem þetta er fram tekið í upphafsgrein þeirrar yfirlýsingar sem þá var gefin út. Mun það verða gert með því, m.a., að fella niður lánskjaravísitölu þegar jafnvægi er náð í íslensku efnahagslífi. En til þess að koma strax í veg fyrir misgengi launa og fjármagnskostnaðar var jafnframt ákveðið að breyta grundvelli lánskjaravísitölunnar þannig að vægi launa yrði meira en er í lánskjaravísitölunni nú. Í lánskjaravísitölunni nú vegur framfærsluvísitala ⅔ í grundvelli en byggingarvísitala ⅓. Að því er hins vegar stefnt að laun hafi 50% vægi í nýjum lánskjaragrundvelli, en framfærsluvísitala verði ¼ og byggingarvísitala ¼.

Breyting á grundvelli lánskjaravísitölu hefur vissulega verið umdeild. Þetta var athugað allítarlega á árunum 1983–1984 og þá treystu menn sér ekki til þess að breyta grundvelli lánskjaravísitölu þeirra lána sem þegar eru tekin og byggð á slíkum grundvelli. Í áliti svonefndrar lánskjaravísitölunefndar sem fyrri ríkisstjórn skipaði og skilaði áliti í júlímánuði er hins vegar komist að annarri niðurstöðu. Nefndin telur að heimilt sé að breyta grundvelli lánskjaravísitölu með einfaldri auglýsingu frá Seðlabanka Íslands eins og grundvöllur sá sem nú er byggt á er ákveðinn.

Í þessu máli þarf að fara af töluverðri varúð að sjálfsögðu til þess að ekki skapist mikill órói á lánamarkaði. Ríkisstjórnin hefur leitað álits Seðlabanka Íslands á þessari breytingu og er beðið eftir þeirri álitsgerð.

Ljóst er að slík breyting á grundvelli lánskjaravísitölu mun nánast koma í veg fyrir misgengi launa og fjármagnskostnaðar á næstu mánuðum og þýðir að sjálfsögðu verulega lækkun á fjármagnskostnaði fyrir útflutningsfyrirtækin sem munu búa við óbreytt gengi á næstu mánuðum.

Ég vil nota tækifærið og lýsa þeirri skoðun minni að ég tel að ekki sé fært að búa við vísitölutengingu fjármagns ef önnur vísitölutenging og þá sérstaklega vísitölutenging launa er ekki leyfð og það hygg ég að hafi verið niðurstaða flestra landa sem reyndar hafa flest hver afnumið slíka vísitölutengingu. Oftast er nefnt dæmið um Finnland 1967 þar sem hvort tveggja var á sama tíma afnumið, vísitölutenging launa og vísitölutenging fjármagns.

Þrátt fyrir þessar almennu aðgerðir, sem vissulega styrkja mjög grundvöll útflutningsatvinnuveganna og samkeppnisgreinanna í landinu, er ljóst að sérstaklega frysting sjávarafurða hefur staðið mjög höllum fæti. Að mati Þjóðhagsstofnunar var halli á botnfiskveiðum og vinnslu í ágúst og byrjun september sl. sem nam samtals 6%. Talið var að frystingin væri rekin með halla sem næmi 8%. Hins vegar var talinn smávegis hagnaður af söltun eða upp á 2% og af mjölvinnslu upp á 6%, en halli á rækjuvinnslu upp á 3% og útgerð 4%. Ég vil leyfa mér að fullyrða að þetta mat sé frekar vanmat en ofmat og byggi ég þá skoðun mína á því að forustumenn fiskvinnslufyrirtækja hafa að því er mér sýnist æðigóð rök fyrir því að ekki sé tekið nægilegt tillit til fjármagnskostnaðar. Í mati Þjóðhagsstofnunar er reyndar viðurkennt að vanskilavextir eru ekki meðtaldir og það liggur heldur ekki fyrir gott mat á eiginfjárstöðu fyrirtækja eða m.ö.o. á því heildarlánsfé sem fyrirtækin hafa í sínum rekstri.

Ríkisstjórnin ákvað því að flytja sérstaklega fjármagn til frystingar á bolfisk og hörpudisk. Nemur sú upphæð samtals 800 millj. kr. og er um það bil 5% hækkun á útflutningsverði til þessara greina.

Af öðrum iðngreinum hefur verið talið að ullariðnaðurinn standi hvað lakast. Þar hafa orðið stöðvanir og við blasa meiri erfiðleikar. Því var ákveðið að auka við niðurgreiðslu á ull til vinnslu til útflutnings um 40 millj. kr.

Þrátt fyrir þessar aðgerðir er ljóst að útflutningsiðnaðurinn fær ekki staðið undir þeim miklu vanskilum sem á hann hafa fallið á síðustu missirum. Þjóðhagsstofnun telur að með þessum aðgerðum megi ætla að frystingin sé rekin með lítils háttar hagnaði, e.t.v. 1%, en í heild muni botnfiskveiðar og vinnsla enn vera rekin með halla og gætir þar fyrst og fremst halla útgerðarinnar sem ekki er leyst úr með þeim aðgerðum sem ég hef nú rakið. Ríkisstjórnin taldi því óhjákvæmilegt að létt yrði skuldabyrðum af útflutningsgreinunum og ákvað að stofna

Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina. Til þess sjóðs munu renna samtals 2 milljarðar í reiðufé. Af því eru 300 millj. í tvö ár af framlagi ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Það er byggt á þeim rökum að Atvinnutryggingarsjóði er ætlað að afstýra miklu atvinnuleysi sem við blasir í íslensku efnahagslífi ef ekki er gripið í taumana. Sömuleiðis mun ríkissjóður leggja þeim sjóði til 200 millj. kr. árlega af sínu fé sem að sjálfsögðu verður þá að afla með sköttum og að því er stefnt.

Til viðbótar er gert ráð fyrir því að sjóðurinn geti tekið að láni um 1 milljarð með ábyrgð ríkissjóðs eða Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins. Jafnframt er sjóðnum heimilað að skuldbreyta 5 milljörðum kr. af útistandandi skuldum útflutningsgreinanna.

Eins og ég sagði áðan eru þau bráðabirgðalög sem ég mæli nú fyrir sett til þess að framkvæma þau ákvæði yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar sem lög þarf til. Ég ætla nú, með leyfi forseta, að fara yfir einstakar greinar frumvarpsins og skýra þær um leið.

Í 1. gr. frv., sem er undir I. kafla sem nefnist Aðgerðir í atvinnumálum, er lögbundið að Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins er heimilað að taka 800 millj. kr. lán og er sjóðnum þannig gert kleift að greiða verðbætur ofan á freðfisk og hörpudisk eins og ég hef áður rakið. Jafnframt er sjóðsstjórn heimilað að breyta ákvörðun um viðmiðunarverð fyrir þessar afurðir frá 1. júní sl. — eða m.ö.o.: þessi 5% uppbót er afturvirk til 1. júlí. 750 millj. kr. af láninu ganga til freðfisksreikningsins í Verðjöfnunarsjóði. Stjórn sjóðsins hefur þegar nýtt heimild bráðabirgðalaganna og breytt viðmiðunarverðinu þannig að 5% er borgað ofan á cif-verð framleiðslu frá 1. júní sl. Eru útgreiðslur þessar þegar hafnar. Er við það miðað að útgreiðsla geti haldið áfram fram í maí á næsta ári.

Freðfiskreikningur frystideildar er nærfellt tómur, en verðfall á freðfiski á undanförnum mánuðum hefði eftir almennum reglum sjóðsins gefið tilefni til allt að 5% útborgunar ofan á cif-verð ef innistæður hefðu verið fyrir hendi. Lögin gera því ekki annað varðandi freðfiskinn en gera sjóðnum með lántöku kleift að inna af hendi þær verðjöfnunargreiðslur sem leitt hefðu af almennum reglum laganna um sjóðinn.

Mikið verðfall varð á hörpudiski á sl. ári. Hörpudisksreikningur Verðjöfnunarsjóðs greiddi verulegar verðbætur á árinu 1987, en tæmdist við það þannig að ekkert fé var eftir til greiðslu verðbóta í ár enda þótt markaðsverð hafi haldist áfram mjög lágt. Því var ákveðið að verja 50 millj. kr. af umræddu láni til að greiða verðbætur á hörpudisksframleiðsluna frá 1. júní sl. eins og með freðfiskinn.

Lán það sem hér um ræðir tekur frystideild Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, en það sem ekki fæst endurgreitt af tekjum deildarinnar á þremur árum fellur á ríkissjóð. Janframt ber fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu lánsins. Þegar hefur verið gengið frá samningi við Seðlabankann um þetta fjármagn. Yfirgnæfandi líkur eru á að endurgreiðsla lánsins falli á ríkissjóð.

Í 2. gr. er fjallað um verðbætur á rækju og þar háttar töluvert öðruvísi til en í frystideild því að í reikningi fyrir rækjuafurðir í frystideild Verðjöfnunarsjóðs eru allverulegar innistæður, líklega 480 millj. kr., og er það andstætt því sem gildir um reikning freðfisks og hörpudisks þar sem nánast engin innistæða er. Fyrir gildistöku bráðabirgðalaganna voru greiddar 4% verðbætur ofan á cif-verð skelflettrar rækju samkvæmt almennum verðreglum Verðjöfnunarsjóðs. Með 2. gr. er sjóðnum gert að miða viðmiðunarverð við meðalverð tveggja síðustu ára í stað þriggja vegna framleiðslu á tímabilinu 1. júní 1988 til 31. maí 1989. Þar sem verð á skelflettri rækju var mjög hátt á árunum 1986 og 1987 lyftir þetta viðmiðunarverðinu og eykur útborgun. Hækkar útborgunarhlutfallið því úr 4% í 8–11% við bráðabirgðalögin og má ætla að um það bil 250 millj. kr. verði greiddar úr sjóðnum vegna framleiðslu frá 1. júní sl. til jafnlengdar á næsta ári.

Augljós er munur á 1. og 2. gr. varðandi sjóðinn. Með 1. gr. er heimiluð lántaka til handa tómum reikningum fyrir freðfisk og hörpudisk til að framkvæma verðjöfnun sem að öðru leyti fellur innan almenns ramma laganna um Verðjöfnunarsjóð, en með 8. gr. er reglum um viðmiðunarverð breytt þannig að útborgun úr reikningi þar sem innistæða er fyrir getur orðið hærri en orðið hefði ef almennum reglum hefði verið fylgt óbreyttum.

3., 4., 5., 6., 7., 8. og 9. gr. fjalla allar um Atvinnutryggingarsjóð sem ég hef lauslega nefnt áður. Fyrir sjóðinn hefur verið sett reglugerð og var hún gefin út sl. föstudag. Sjóðnum hefur einnig verið skipuð stjórn og þykir mér rétt að rekja, með leyfi forseta, ákvæði reglugerðarinnar sem byggir að sjálfsögðu á þeim greinum sem ég hef nefnt.

Í 1. gr. er fram tekið að hlutverk Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina er að veita lán til endurskipulagningar, hagræðingar og framleiðniaukningar hjá fyrirtækjum er framleiða til útflutnings. Jafnframt skal sjóðurinn hafa forgöngu um að breyta lausaskuldum fyrirtækja í útflutningsgreinum í föst lán til langs tíma.

Í 2. gr. er fram tekið að fyrirtæki komi því aðeins til álita við lánveitingu eða skuldbreytingu samkvæmt reglugerð þessari að grundvöllur teljist vera fyrir rekstri þeirra að loknum skipulagsbreytingum á fjárhag þeirra og rekstri. Þetta er að sjálfsögðu afar athyglisverð og mikilvæg grein og má segja að með þessari grein er sá grundvöllur lagður sem sjóðnum ber að starfa eftir. Í mörgum tilfellum mun vera afar erfitt um veð hjá þeim fyrirtækjum sem aðstoð þurfa að fá og er því mat á rekstri fyrirtækjanna að loknum þessum aðgerðum ekki síst lagt til grundvallar.

Í 3. gr. er fram tekið að forsrh. skipar stjórn Atvinnutryggingarsjóðs og veitir henni lausn. Fjmrh., iðnrh., sjútvrh. og viðskrh. tilnefna hver um sig einn stjórnarmann, en einn skal skipaður án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður

sjóðsstjórnar. Forsrh. skipar varamenn í stjórn Atvinnutryggingarsjóðs. Skulu þeir tilnefndir á sama hátt og aðalmenn. Forsrh. ákveður þóknun sjóðsstjórnar. Þessar tilnefningar hafa borist og hefur stjórnin verið skipuð eins og tilkynnt hefur verið og birst í fjölmiðlum.

4. gr. kveður á um það að Byggðastofnun hefur á hendi rekstur og reikningshald Atvinnutryggingarsjóðs í umboði og undir eftirliti sjóðsstjórnar. Endurgreiða skal Byggðastofnun kostnað af rekstrinum eftir nánara samkomulagi milli Byggðastofnunar og stjórnar Atvinnutryggingarsjóðs. Talið var eðlilegast að sjóðurinn yrði til húsa hjá Byggðastofnun og nyti starfskrafta þeirrar stofnunar því að þar munu liggja fyrir langítarlegastar upplýsingar um stöðu atvinnufyrirtækjanna í landinu. Á það að auðvelda mjög starfsemi sjóðsins.

Í 6. gr. segir að stjórn Atvinnutryggingarsjóðs ákveði lánveitingar úr sjóðnum og geta einstakir stjórnarmenn haft frumkvæði um einstök mál eins og tilefni er til. Þar segir jafnframt að sérstök samstarfsnefnd lánastofnana atvinnuveganna og Byggðastofnunar geri tillögur um lánveitingar til stjórnar Atvinnutryggingarsjóðs og er henni til ráðuneytis eins og nánar er mælt fyrir í reglugerð þessari. Skal samstarfsnefndin skipuð einum starfsmanni tilnefndum af Sambandi viðskiptabanka, einum tilnefndum af Fiskveiðasjóði Íslands, einum tilnefndum af Iðnlánasjóði, einum tilnefndum af Stofnlánadeild landbúnaðarins og einum tilnefndum af Byggðastofnun og skal hann kalla nefndina saman. Auk þess má kveðja til fulltrúa viðskiptabanka þess fyrirtækis sem um er fjallað hverju sinni. Með þessari grein er að sjálfsögðu að því stefnt að skapa örugg tengsl við viðskiptastofnanir einstakra fyrirtækja og stofnlánasjóði. Eðlilega verður ekki skuldbreyting eða skipulagsbreyting framkvæmd af neinu viti nema með því að hafa þessar stofnanir með í ráðum.

Stjórn Atvinnutryggingarsjóðs getur einnig haft samráð við Vinnumálaskrifstofu félmrn. og viðkomandi atvinnumálanefnd áður en ákvörðun er tekin. Stjórn sjóðsins getur leitað eftir sérfræðiaðstoð við tillögugerð og mat á skipulagsbreytingum og aðgerðum til hagræðingar. Stjórnarmaður skal ekki taka þátt í meðferð máls sem varðar fyrirtæki ef hann situr í stjórn eða er starfsmaður þess. Hann skal einnig víkja ef hann er fjárhagslega háður fyrirtæki vegna eignaraðildar, viðskipta eða af öðrum ástæðum. Sama gildir um þátttöku stjórnarmanns í meðferð máls er varðar aðila sem eru honum svo persónulega tengdir að hætta sé á að hann fái ekki litið hlutlaust á mál.

Í 7. gr. er kveðið á um að lánveitingum sjóðsins skuli skipt í tvo flokka. Annars vegar almenn lán er fylgja skuldbreytingu og hins vegar lán er tengjast sérstökum aðgerðum til endurskipulagningar. Skal við það miðað að almenn lán er fylgja skuldbreytingum fari ekki fram úr 1200 millj. kr. Þetta er mikilvægt ákvæði. Vafalaust reynist nauðsynlegt að veita ýmsum fyrirtækjum lán til skipulagsbreytingar og var því talið rétt að hafa ákvæði um slíkt í reglugerðinni.

Í 8. gr. segir að Atvinnutryggingarsjóður hafi milligöngu um skuldbreytingu hjá fyrirtækjum þannig að viðkomandi fyrirtæki gefur út skuldabréf til Atvinnutryggingarsjóðs með samanlagðri fjárhæð þeirra skulda fyrirtækisins sem lánardrottnar hafa samþykkt að skuldbreyta og Atvinnutryggingarsjóður fallist á að taka við. Lánstími skuldabréfanna skal vera allt að tíu ár, fyrsta afborgun sem næst tveimur árum eftir útgáfu þeirra og bréfin skulu síðan greiðast með jöfnum afborgunum á sex mánaða fresti. Skuldabréfin skulu miðast við lánskjaravísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eftir nánara samkomulagi aðila. Þau skuldabréf er miðast við lánskjaravísitölu skulu bera 6% vexti, en þó skulu vextir af þeim aldrei vera hærri en vegið meðaltal almennra skuldabréfavaxta á hverjum tíma samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands. Sjóðsstjórn skal ákveða vexti af bréfum með gengisviðmiðun er miðist við erlenda markaðsvexti á hverjum tíma að viðbættu álagi.

Atvinnutryggingarsjóður gefur út skuldabréf til einstakra lánardrottna sem samþykkt hafa skuldbreytingu. Lánstími þeirra bréfa skal vera allt að sex ár, fyrsta afborgun sem næst tveimur árum eftir útgáfu þeirra, og ber síðan að endurgreiða bréfin með jöfnum afborgunum á sex mánaða fresti. Skuldabréfin skulu miðast við lánskjaravísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla og bera 1% lægri vexti en skuldabréf samkvæmt því sem ég las áðan. Þessir vextir verða því hæstir 5%. Sjóðurinn ábyrgist greiðslu skuldabréfa samkvæmt þessari málsgrein með eignum sínum.

Sjóðnum er óheimilt að gefa út skuldabréf samkvæmt þessari grein fyrir hærri fjárhæð en nemur 2,5-faldri fjárhæð almennra lána er tengjast skuldbreytingu samkvæmt 9. gr. án bakábyrgðar banka eða annarra fjármálastofnana. Um þetta ákvæði var töluvert rætt og vissulega er ekki hægt að neita þeirri staðreynd að erfiðleikum kann að valda að ekki hvílir ríkisábyrgð að baki allrar starfsemi sjóðsins, þ.e. allrar þeirrar skuldbreytingar sem honum er heimiluð. Að mati þeirra sem gerst þekkja var þó talið að með bakábyrgð banka og annarra fjármálastofnana mætti leysa þann vanda. Hins vegar er sjóðnum, eins og fram kemur, heimilt að veita ábyrgð sem samkvæmt fyrri grein gæti numið allt að 3 milljörðum kr., þ.e. samkvæmt þeirri grein sem kveður á um að allt að 1200 millj. megi verja til útlána í tengslum við skuldbreytingu.

Í 9. gr. er fjallað um almenn lán úr Atvinnutryggingarsjóði sem fylgi skuldbreytingu og skulu þau vera til allt að tólf ára, afborgunarlaus allt að fyrstu þrjú árin að ákvörðun sjóðsstjórnar, en síðan með jöfnum afborgunum á sex mánaða fresti. Skuldabréfin skulu bundin gengisviðmiðun eftir nánara samkomulagi aðila og er heimilt að áskilja að gengisviðmiðun geti komið til endurskoðunar á

lánstíma. Stjórn sjóðsins ákveður vexti er miðist við erlenda markaðsvexti á hverjum tíma að viðbættu álagi. Sjóðsstjórn setur almennar reglur um lán samkvæmt þessari grein. Sjóðsstjórninni er heimilt til ársloka 1988 að fengnum tillögum samstarfsnefndar að veita bráðabirgðalán til þeirra fyrirtækja sem eiga við bráðan rekstrarfjárvanda að etja, enda fullnægi þau ákvæðum reglugerðar þessarar um lánshæfi og jafnframt verði samið um skuldbreytingu.

Í þessari grein felst eins og fram kemur að þessi lán með skuldbreytingum verða gengistryggð, en menn geta hins vegar á lánatímanum breytt gengisviðmiðun. Þetta var talið eðlilegt þannig að lánin tengdust sem mest þeim gjaldmiðli sem tekjur viðkomandi aðila eru í. Bráðabirgðalán kunna í ýmsum tilfellum að verða nauðsynleg til þess að koma í veg fyrir stöðvun, m.a. með tilliti til þess að nokkurn tíma getur tekið að gera upp fjármál viðkomandi fyrirtækis. Því var talið rétt að heimila sjóðsstjórninni að veita slík lán, enda verði þau hluti af væntanlegri skuldbreytingu.

Í 10. gr. er fjallað um lán er tengjast sérstökum aðgerðum til endurskipulagningar og er sagt að miða skuli við að auka tekjuhæfi fyrirtækja, svo sem með sameiningu þeirra eða samstarfi, með samhæfingu hráefnisöflunar og framleiðslu, breyttu vinnuskipulagi sem leiði til betri nýtingar á fjárfestingu, sérhæfingu, vöruþróun eða nýjungum í gæðastjórnun eða markaðsmálum. Heimilt er að veita lán til kaupa á hlutabréfum í fyrirtækjum sem falla undir verksvið þessa sjóðs, þ.e. eru í útflutningsgreinum. Í sérstökum tilvikum er sjóðsstjórn heimilt að lána til nýrra fyrirtækja sem komið er á fót í stað fyrirtækja sem hætta starfsemi. Þá er sjóðsstjórn og heimilt, ef sérstaklega stendur, á að leysa til sín húseignir og búnað fyrirtækja sem lið í fjárhagslegri endurskipulagningu þeirra. Lán má því aðeins veita að umsóknum fylgi ítarlegt arðsemismat, kostnaðar- og tekjuáætlun og önnur nauðsynleg gögn er sýna hagkvæmni endurskipulagningarinnar. Lánstími samkvæmt þessari grein skal vera allt að tólf ár og skulu lán miðast við gengi erlendra gjaldmiðla og bera vexti með sama hætti og um var rætt í grein um almenn lán sem fylgja skuldbreytingum.

Í 11. gr. er fjallað um veð og segir þar að lántakendur hjá Atvinnutryggingarsjóði skuli setja sjóðnum tryggingar fyrir lánum. Við mat á tryggingum skal stjórn sjóðsins styðjast við eftirfarandi atriði og matsgerðir:

Áætlaðar tekjur fyrirtækis á móti hreinum skuldum þannig að ætla megi, miðað við eðlilega rekstrarafkomu, að fyrirtækið geti greitt skuldir sínar á eðlilegum tíma. Sjálfskuldarábyrgð banka, sjóða og traustra fyrirtækja eða einstaklinga. Sérstakt mat á eignum unnið af atvinnuvegasjóðum þar sem það liggur fyrir. Fasteignamat og endurskoðað brunabótamat fasteigna, vátryggingarverðmæti véla, áhalda, tækja og húftryggingarmat skipa. Samfara útgáfu skuldabréfa til Atvinnutryggingarsjóðs sé heimilt að gera sérstaka samninga um tryggingu á greiðslu, t.d. þannig að viðskiptabanki lántakanda haldi eftir ákveðnu hlutfalli af fjárhæð við gjaldeyrisskil til viðkomandi fyrirtækis og greiði það beint til Atvinnutryggingarsjóðs. Viðskiptabanki áriti greiðslutryggingarsamninga þess.

Eins og fram kemur í þessari grein er teygst æðilangt í heimild til að taka veð og má segja að fyrsta atriðið sé lagt til grundvallar, þ.e. rekstrarútlit viðkomandi fyrirtækis.

Í 12. gr. er fjallað um að takmarka skuli áhættu sjóðsins eins og frekast er unnt.

Í 13. gr. er tekið fram að stjórn sjóðsins auglýsi eftir umsóknum.

Í 14. gr. að öll skjöl viðkomandi lánum sem sjóðurinn veitir eða tekur, þar á meðal skuldbreytingar, skuli undanþegin stimpilgjaldi.

Ég hef talið, herra forseti, rétt að rekja nokkuð ítarlega þessa reglugerð því að hún er mjög til umræðu nú og ég þykist vita að hv. alþm. muni vilja þekkja efni hennar um leið og þeir fjalla um þær greinar sem á er byggt.

Í 10. gr. bráðabirgðalaganna er kveðið á um að sama gjald skuli lagt á loðnu sem flutt er óunnin til vinnslu erlendis og nemur áætluðum greiðslum til Verðjöfnunarsjóðs vegna þeirrar loðnu sem landað er til vinnslu innan lands. Greininni er m.ö.o. ætlað að koma í veg fyrir að ákvörðun um greiðslu fiskimjölsverksmiðja til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins raski samkeppnisstöðu milli íslenskra og erlendra verksmiðja. Er gjaldið hliðstætt sérstöku verðjöfnunargjaldi sem lagt hefur verið síðan 1987 á ísfisk sem fluttur er út í gámum. Gjaldið leggst ekki á nema um inngreiðslu sé að ræða í Verðjöfnunarsjóð. Með atkvæðum fulltrúa kaupenda og seljenda í stjórn Verðjöfnunarsjóðs hefur nú verið ákveðið viðmiðunarverð á lýsi og mjöli fyrir yfirstandandi vertíð sem ekki leiðir til inngreiðslu. Því mun líklega ekki koma til gjaldtöku samkvæmt þessari grein á næstunni.

Um 11. gr. er það að segja að þar er eina breytingin sú að ríkissjóði er heimilað að taka veð í afurðum sjávarútvegs og landbúnaðar, en heimild til töku afurðaveðs hefur hingað til verið bundin við banka og aðrar lánastofnanir. Þetta er ekki síst með tilliti til þeirra staðgreiðslulána sem ríkissjóður hefur veitt út á sauðfjárafurðir.

12. gr. bráðabirgðalaganna og reyndar II. kaflinn fjallar um verðlags- og kjaramál og þykir mér í því sambandi rétt að rekja í nokkrum orðum það sem ákveðið hefur verið í þeim efnum. Í fyrsta lagi er rétt að minna á að í bráðabirgðalögum frá 20. maí 1988 var gildistími kjarasamninga bundinn til 10. apríl 1989. Hækkun launa samkvæmt samningum sem þá voru lausir var lögbundin, hvort tveggja gildistími og áfangahækkanir er miða við svokallaða Akureyrarsamninga Verkamannasambands Íslands eins og ég hef áður nefnt.

Í bráðabirgðalögum frá 26. ágúst 1988 var áfangahækkun, sem samkvæmt fyrri lögum átti að eiga sér

stað 1. sept. 1988, frestað um mánuð. Jafnframt var búvöruverð fryst og tekin upp almenn verðstöðvun. Í bráðabirgðalögum þeim sem ég fjalla nú um, frá 22. sept. 1988, er ákveðið að áður ákveðnar launahækkanir á tímabilinu 1. sept. 1988 til og með 1. mars 1989 falli niður, en í stað þess komi hækkun sem nemi 1,25% 15. febr. 1989. Samkvæmt 12. gr. nær þessi ákvörðun til allra launa í landinu, kjaratengdra liða og hvers konar endurgjalds fyrir unnin störf. Samkvæmt 13. gr. bráðabirgðalaganna skulu fjárhæðir launaliðs á verðlagsgrundvelli búvöru til 1. mars 1989 ekki taka meiri hækkunum en almenn laun skv. 12. gr. og skv. 13. gr. Gildir það sama um launalið í gjaldskrám starfandi sérfræðinga. Þess skal jafnframt getið um búvöruna að ákveðin hefur verið niðurgreiðsla á þeirri hækkun búvöru sem var í raun gjaldfallin áður en til þessara bráðabirgðalaga kom og verður varið til þeirrar niðurgreiðslu um 170 millj. kr. á þessu ári. Reyndar leiðir sú niðurgreiðsla til nokkurrar lækkunar á eldra kjöti.

Þá er ákveðið að til 15. febr. 1989 verði allir kjarasamningar bundnir, en frá þeim tíma er heimilt að segja þeim upp. Hækkanir samkvæmt kjarasamningum sem áttu að koma til framkvæmda síðar en 1. mars 1989 halda þó gildi sínu.

Í þeim greinum sem fjalla hér um verðstöðvun er ákveðið að gjaldskrár opinberra stofnana skuli bundnar til loka febrúar 1989 með fyrirvara þó um áhrif af verði innfluttra aðfanga. Leiga er einnig bundin til sama tíma. Loks er í 14. gr. ákvæði þar sem segir að almennt fiskverð breytist eins og laun á gildistíma laganna, þ.e. hækki um 1,25% 15. febrúar en sé þá uppsegjanlegt með viku fyrirvara miðað við þann dag.

III. kafli fjallar um vaxtaákvarðanir. Þar er m.a. lögbundið að dráttarvextir skuli ætíð reiknast sem *dagvextir nema á annan veg sé sérstaklega mælt fyrir* í lögum. Þetta er ákvæði sem fyrri ríkisstjórn hugðist hrinda í framkvæmd og reyndar samþykkti í yfirlýsingu sinni 20. maí, en því miður hafði ekki tekist að fá framkvæmda í viðskiptabönkum og þótti því rétt að skylda þá til framkvæmda á þessari samþykkt með ákvæði í lögum.

Samkvæmt 21. gr. er Seðlabankanum skylt að reikna vegið meðaltal ársávöxtunar á nýjum almennum lánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum eigi sjaldnar en mánaðarlega og birta meðaltal þetta í Lögbirtingablaði ásamt dráttarvöxtum samkvæmt fyrri grein. Þetta er að sjálfsögðu fyrst og fremst til upplýsingar, en ég hygg það fróðlegt og mikilvægt í því skyni.

Í 9. gr. laga um Seðlabankann er bætt við ákvæði þar sem segir: „Á sama hátt getur Seðlabankinn ákveðið hámark þess álags er innlánsstofnanir mega bæta við vexti gengisbundins fjár er þær endurlána í formi afurðalána.“ Í samkomulagi ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir því að lækka vaxtamun sem er yfirleitt til sjávarútvegsins og reyndar fleiri í erlendum gjaldeyri. Hefur sú lækkun þegar orðið og nemur 0,7%.

Undir Ýmis ákvæði í 23. gr. er fjmrh. heimilað þrátt fyrir ákvæði fjárlaga fyrir árið 1988 að hækka ríkisútgjöld um 600 millj. kr., en það er sú upphæð sem þær aðgerðir sem til framkvæmda koma strax eru taldar kosta ríkissjóð.

Í 24. gr. er fjallað um lög frá 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og er fjmrh. heimilað að kveða á um í reglugerð að þeir einstaklingar, sem ekki höfðu aðrar tekjur en þær sem um ræðir í lögum og reglugerðum frá 1981 á því tekjuári sem skattinn varðar, geri upp vangoldinn tekjuskatt og eignarskatt álagðan á árinu 1987 eða fyrr með þeim hætti sem greint er í þessari grein. Hér er einnig um að ræða að lögbinda ákvæði sem fyrri ríkisstjórn hafði samþykkt að beita við uppgjör á vanskilum skattgreiðenda. Þetta hefur ekki enn komið til framkvæmda.

Herra forseti. Ég hef nú rakið efni frv. til l. um efnahagsaðgerðir sem er lagt hér fram til staðfestingar á bráðabirgðalögum. Mörg fleiri orð mætti hafa um efnahagsástandið í landinu. Ég sagði í upphafi míns máls að að öllum líkindum væru erfiðleikarnir töluvert meiri en menn gerðu sér grein fyrir þegar þær aðgerðir voru ákveðnar sem bráðabirgðalögin byggja á og sem bráðabirgðalögunum er ætlað að hrinda í framkvæmd. Ég tel að mjög mikilvægt og e.t.v. mikilvægast í þessu sambandi verði þó að sá Atvinnutryggingarsjóður sem ég hef *rætt um allítarlega starfi fljótt og vel og komi* þeim fyrirtækjum í útflutningsgreinum til aðstoðar þar sem erfiðleikar eru mestir. Ég vil þó leggja á það mikla áherslu í þessum lokaorðum að ég tel mjög ólíklegt að öllum fyrirtækjum verði forðað frá stöðvun. Eins og ég las áðan eru ströng ákvæði í reglum Atvinnutryggingarsjóðs um rekstrarhæfni slíkra fyrirtækja og mig grunar að töluvert átak þurfi til að *ná því hjá ýmsum þeim fyrirtækjum sem verst standa* í dag. En ríkisstjórnin og sjóðsstjórnin munu gera allt sem í þeirra valdi er til að stuðla að því að flestum fyrirtækjum verði hjálpað.

Í umræðum upp á síðkastið hafa ýmsar greinar útflutnings verið nokkuð til umræðu, sérstaklega loðdýrarækt og fiskeldi. Ég tel rétt strax að leiðrétta misskilning sem mér finnst hafa orðið og tengist þeirri auglýsingu sem sjóðsstjórnin hefur nýlega gefið út þar sem segir að aðstoð við fyrirtæki í þessum greinum komi ekki til greina á þessu ári. Þarna er í raun til þess vísað að fyrri ríkisstjórn ákvað sérstaka aðstoð við loðdýrabændur og þá aðstoð er nú verið að framkvæma hjá Byggðastofnun og ekki séð hvernig því reiðir af. Sömuleiðis ákvað fyrri ríkisstjórn að heimila allt að 800 millj. kr. lán til fiskeldis til þess að sá mikli seiðafjöldi sem nú er í landinu færi ekki forgörðum. Heimilað var að taka 300 millj. á þessu ári en 500 á því næsta. Sömuleiðis hefur bæði fyrri ríkisstjórn og núverandi til meðferðar afurða- og rekstrarlán fiskeldisins. Fiskeldið býr við miklu lakari rekstrarlán og afurðalán en aðrar útflutningsgreinar og það er ákveðinn vilji þessarar ríkisstjórnar að leysa þau mál. Það er

með tilliti til þessa sem sjóðsstjórnin mun hafa talið rétt að leggja fyrst um sinn til hliðar skuldbreytingu og aðstoð við þessar greinar, en það ber að leggja á það mikla áherslu að samkvæmt lögunum og samkvæmt reglugerðinni eiga allar útflutningsgreinar rétt á aðstoð sjóðsins.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég lýsi ánægju minni yfir því að formaður Alþb. skuli kominn í deildina. Ég hefði öðrum kosti óskað eftir því að hann yrði hér viðstaddur meðan „sáttmálsörk" ríkisstjórnarinnar er rædd af stjórnarandstöðunni. Nú hefði auðvitað verið skemmtilegt af því að þessi maður á í hlut, þessi hæstv. ráðherra, að geta fengið hingað í salinn einnig hæstv. utanrrh. vegna þeirra undarlegu ummæla sem þessi hæstv. ráðherra hafði um viðskilnað hæstv. utanrrh. í Garðabæ og ég mun víkja að síðar (**Fjmrh.:** Þorsteins Pálssonar.) en ég vona á hinn bóginn að hæstv. forseti geti séð um það að varaformaður Alþfl. láti svo lítið að vera hér í deildinni meðan þessi umræða fer fram. Mér finnst það nú lágmarkskurteisi af þeim mönnum sem eiga að heita oddvitar ríkisstjórnarinnar að þeir séu viðstaddir þegar þessi bráðabirgðalög eru til umræðu sem er sú þinglega hlið af stefnuskrá ríkisstjórnarinnar.

Er hægt að fá upplýsingar um það, herra forseti, hvort hæstv. félmrh. hafi fjarvistarleyfi? Ef svo er, þá náttúrlega væri sjálfsagt að taka tillit til þess ef hæstv. ráðherra er með fjarvistarleyfi. Hann vantar kannski bara í þingsalinn án fjarvistarleyfis. (**Forseti:** Ég læt leita að hæstv. félmrh.) Það er ljómandi. Mér finnst þetta satt að segja ekki lofa góðu um þinghaldið og þá virðingu sem hæstv. ríkisstjórn sýnir óbreyttum alþingismönnum. En ég veit að hæstv. forseti er röggsamur og ég vil vænta þess að hann veiti hæstv. ráðherrum aðhald, að þeir gefi sér tíma til að vera hér viðstaddir þegar hin mikilvægustu mál eru til umræðu — (**Forseti:** Hæstv. félmrh. er með fjarvistarleyfi.) Hann er með fjarvistarleyfi, já. Það er nefnilega það. — og þinghaldið er skipulagt með þeim hætti að hæstv. viðskrh. er á sama tíma að mæla fyrir stjfrv. í Nd. Ég átta mig ekki alveg á því hvernig hæstv. forseti hugsar sér að þessi umræða geti farið fram. Það eru viss atriði í þessu máli þar sem nauðsynlegt er að draga þá til vitnis, alla þessa kóna, þetta prístirni sem myndar þessa hæstv. ríkisstjórn. Það er þó bót í máli að sjá að formaður þingflokks Alþfl. gefur sér tíma til þess að vera í salnum. (**KP:** Það eru nú fleiri.) Það er þá kannski hægt aðeins að tala utan í hann. Og ég sé að þarna er hv. þm. Vestfirðinga sem rak fyrstu rýtingsstunguna í bakið á formanni sínum þegar hann greiddi atkvæði gegn matarskattinum hér í þingdeildinni á sl. vetri.

Áður en ég vík að einstökum atriðum bráðabirgðalaganna, herra forseti, er óhjákvæmilegt að velta upp þeirri spurningu hvort lögformlega sé rétt að þeim staðið, þ.e. hvort fylgt sé þeim reglum og hefðum sem mótast hafa við setningu bráðabirgðalaga á grundvelli 28. gr. stjórnarskrárinnar. Það úrlausnarefni kemur þá fyrst til athugunar og er nauðsynlegt að fá skýr svör frá hæstv. forsrh. um það hvort hann hafi fullvissað hæstvirtan forseta Íslands um að hann hefði stuðning meiri hluta alþingismanna í báðum þingdeildum fyrir samþykkt bráðabirgðalaganna. Í þessu sambandi minni ég á ummæli Bjarna Benediktssonar forsætisráðherra þegar hann sagði við umræður um frumvarp til staðfestingar á bráðabirgðalögum um Seðlabanka Íslands í nóvember 1961, með leyfi hæstv. forseta:

„Auðvitað hefur það sína þýðingu að mál séu rædd á þingi. En þingmenn eru — og það vitum við allir sem á þingi höfum verið — þeir eru ekki síður bundnir við tillögur ríkisstjórnarinnar, hvað þá samninga milli tveggja stjórnarflokka, um ákveðna lausn mála heldur en við bráðabirgðalög, sem eru ekkert annað samkvæmt þeirri venju, sem hér hefur komist á, heldur en samningur milli þeirra flokka, sem hverju sinni standa að ríkisstjórn og ríkisstjórnir eru búnar að tryggja sér þinglegan meiri hluta fyrir, áður en bráðabirgðalög eru sett."

Ég þykist muna það með vissu að dr. Gunnar Thoroddsen forsrh. hafi lagt ríka áherslu á það haustið 1982 eftir að hv. þm. Albert Guðmundsson og Eggert Haukdal höfðu hætt stuðningi við ríkisstjórn hans að hann teldi að bráðabirgðalögin hefðu meiri hluta í báðum þingdeildum.

Ólafur Jóhannesson tekur í sama streng í bók sinni, Stjórnskipun Íslands, en þar segir um þetta efni: „. . . . enda eru bráðabirgðalögin stundum sett í samráði við þingmenn eða þann þingmeirihluta sem stjórnin styðst við eða jafnvel stundum samkvæmt ályktun eða áskorun Alþingis eða meiri hluta þingmanna. Og þegar ríkisstjórn hefur þótt mikils við þurfa mun hún oftast fyrir fram hafa tryggt sér nægan þingstuðning við bráðabirgðalögin."

Ég held því ekki fram, herra forseti, að það brjóti í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar þótt bráðabirgðalög séu sett án þess að hirt sé um að afla þeim meirihlutafylgis í báðum deildum Alþingis. En ég hlýt þó að vekja athygli á því afdráttarlausa orðalagi sem fram kemur í ummælum Bjarna Benediktssonar forsrh. þegar hann talar um þá venju sem hér hafi komist á um að ríkisstjórnir séu búnar að tryggja sér þinglegan meiri hluta áður en bráðabirgðalög séu sett.

Ég býst við því, herra forseti, að þingmenn séu mér sammála um að ríkisstjórnum beri að fylgja þessari grundvallarreglu. Að öðrum kosti hlýtur fyrr eða síðar að koma til harðra árekstra milli löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins, milli Alþingis og ríkisstjórnar eins og á Estrup-tímabilinu í Danmörku. Ég veit ekki hvort hæstv. forsrh. vill sækja sér fyrirmynd þangað, en mér þykir rétt að rifja upp að ríkisstjórn Estrups var einlægt í minni hluta í Fólksþinginu en bjargaði sér með útgáfu bráða-

birgðalaganna ár eftir ár sem hún lagði fram í Efri deild þar sem hún hafði meiri hluta. Með sama hætti og löggjafarþingið danska breytti sínum grundvallarreglum í öryggisskyni til að koma í veg fyrir misbeitingu útgáfuréttarins á bráðabirgðalögum getur til hins sama komið hér á landi ef ríkisstjórn sem ekki styðst við meiri hluta í báðum þingdeildum hirðir ekki um að tryggja bráðabirgðalögum nægan þingstuðning þegar um meiri háttar mál er að ræða og mikils þykir við þurfa.

Með hliðsjón af þessu og vegna þrálátrar umræðu um huldumann í Nd. er óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. forsrh.: Fullvissaði hæstv. forsrh. forseta lýðveldisins um að bráðabirgðalögin hefðu nægan stuðning í báðum deildum Alþingis? Þessari spurningu er nauðsynlegt að fá svarað því að án atbeina forseta eða handhafa forsetavalds verða bráðabirgðalög eigi út gefin. Þess vegna ítreka ég spurningu mína til hæstv. forseta: Fullvissaði hann forseta lýðveldisins um að bráðabirgðalögin hefðu nægan stuðning í báðum deildum Alþingis?

Í þessu samhengi er enn fremur nauðsynlegt, herra forseti, að vekja athygli hins háa Alþingis á ummælum hæstv. forsrh. sem eftir honum voru höfð í Dagblaðinu Vísi hinn 12. október sl., með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórnin segir af sér ef bráðabirgðalögin verða felld á jöfnu í neðri deild. Ég mun þá rjúfa þing og efna til kosninga."

Þessi yfirlýsing vekur fleiri spurningar en hún svarar. Í fyrsta lagi er nauðsynlegt að fá svar við því hvort svo hafi verið frá stjórnarmynduninni gengið að þingrofsvaldið sé í höndum forsrh. eins eða hvort samið hafi verið um að samþykki allra stjórnarflokka þurfi til að koma áður en þing sé rofið eins og hér hefur skapast venja um að gert sé. Í því tilviki er auðvitað fróðlegt að fá enn fremur upplýsingar um það hver staða hv. þm. Stefáns Valgeirssonar sé. Er þingrofsrétturinn háður samþykki hans eða dugir hæstv. forsrh. að tala við hæstv. ráðherra Ólaf Ragnar Grímsson og Jón Baldvin Hannibalsson?

Hæstv. forsrh. hefur sem sagt lýst því yfir að hann muni rjúfa þing og efna til kosninga ef bráðabirgðalögin verða felld í Nd. Hann hefur ekki áhyggjur af okkur þingmönnum Ed., þykist hafa hér nægan stuðning. Þeir geti ekki hlaupist undan merkjum núna, hvorki hv. þm. Skúli Alexandersson né Karvel Pálmason, sama hvað á gengur, hvort það er þorskkvótinn eða matarskatturinn. Þessir tveir hv. þm. muni ekki bregðast nú eftir að búið er að setja á þá hnappelduna, vinstri hnappelduna.

En hæstv. forsrh. hefur sett hv. þm. Nd. í vanda. Nú getur alls ekki verið að hæstv. forsrh. hafi átt við það með loforði sínu um að rjúfa þing ef frv. félli að ekki mætti breyta stafkrók í því. Sumar greinarnar eru lítils háttar og skipta svo sem engu eins og ég kem nánar að síðar. Aðrar eru þess eðlis að hann getur ekki ætlast til þess að stjórnarandstaðan fallist á þær af siðferðilegum ástæðum þótt ekki væri annað eins og 4. gr. óbreytt þar sem kveðið er á um að stjórn Atvinnutryggingarsjóðs skuli skipuð pólitískum mattadorum meiri hlutans sem ætlað er að úthluta pólitískum mattadorpeningum. Þrátt fyrir galla frv. getur sem sagt verið að sum efnisatriði séu þess eðlis að stjórnarandstaðan geti á þau fallist út af fyrir sig og ef ekki fylgir böggull skammrifi. Það hljóta þó að koma vomur á menn ef það liggur fyrir að með því séu þeir að framlengja líf ríkisstjórnarinnar. Eins og hennar fyrsta ganga hefur verið og ef annað fer eftir er ábyrgðarhluti að gera nokkuð í þá veru. Ég held því, ef hæstv. forsrh. er annt um að sitja út kjörtímabilið eins og hann segist vilja gera, að þá eigi hann að fara varlega í að lofa þingrofi og kosningum. Hann gæti verið tekinn á orðinu af stjórnarandstöðunni.

Annars svona sem millispil, hæstv. forsrh.: Eitthvað er nú hv. þm. Stefán Valgeirsson farinn að ókyrrast. Ég heyrði ekki betur en hann hefði lýst því yfir fyrir norðan núna á dögunum að hann teldi alveg nóg að þessi ríkisstjórn lifði einn vetur. Hún væri ekki á sumar setjandi. Rétt væri að kjósa (Gripið fram í.) nú á vordögum. Ekki veit ég hvort þetta var rétt eftir haft í fjölmiðlunum og því miður, herra forseti, ekki hægt að biðja um að kallað sé á þennan hv. þm. hingað í deildina þó mér finnist kannski koma til álita af hagkvæmniástæðum að hann fengi ráðherraembætti án ráðuneytis svo að þingmenn gætu talað við hann í báðum deildum vegna þess mikilvægis sem hann gegnir nú um stundir í stjórnskipan ríkisins.

Þann tíma sem ég hef fylgst með þjóðmálum hefur enginn lagt jafnríka áherslu á það að nauðsyn þurfi að bera til útgáfu bráðabirgðalaga til þess að hún sé heimil eins og Ólafur Jóhannesson fyrrum forsrh. Vitna ég í því efni til ummæla hans við umræður um Seðlabanka Íslands á þinginu 1981–1982 og til Stjórnskipunar Íslands, en þar segir hann m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Annað meginskilyrði fyrir útgáfu bráðabirgðalaga er, að til hennar beri brýna nauðsyn. Það er sú efnisástæða, sem vera þarf fyrir hendi til þess að grípa megi til bráðabirgðalaga. Eftir orðanna hljóðan er ekki nægilegt, að löggjöf sé æskileg, skynsamleg eða jafnvel nauðsynleg, heldur er það skilyrði að þörfin á löggjöf sé svo brýn, að ekki megi bíða næsta þings. Einhverjir verulegir hagsmunir verða að vera í húfi. Sé hægt að ráða fram úr aðsteðjandi vanda án löggjafar, t.d. með stjórnarathöfn eða almennum fyrirmælum framkvæmdarvaldshafa, ber vitaskuld að velja þann kost í stað þess að grípa til bráðabirgðalaga. Annars er skilyrði þetta um brýna nauðsyn óneitanlega matskennt og teygjanlegt. Og er sannast sagna, að hér hefur ekki verið farið strangt í sakir í þessu efni."

Svo mörg voru þau orð, herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa þessa tilvitnun lengri. Hún sker úr um það að viðhorf formanns Framsfl. nú til útgáfu bráðabirgðalaganna er annað en meðan Ólafur Jóhannesson gegndi stöðu formanns Framsfl. og öndvert hagsmunum og virðingu Alþingis.

Þannig eru ótal atriði í þeim bráðabirgðalögum, sem við erum nú að fjalla um, losaraleg og fjarri því að hægt sé að tala um brýna nauðsyn á útgáfu bráðabirgðalaga þeirra vegna.

Enn tek ég 4. gr. bráðabirgðalaganna sem dæmi. Stjórn Atvinnutryggingarsjóðs hafði ekki verið skipuð 10. október sl. þegar Alþingi kom saman. Það var því nægjanlegt svigrúm til að leggja frv. fyrir Alþingi um sjóðsstofnunina og raunar efast ég ekki um að hæstv. forsrh. hefði valið þann kostinn ef stjórn hans hefði stuðst við meiri hluta í báðum þingdeildum. En eins og á stendur vissi hann að stjórnarandstaðan mundi aldrei fallast á það alræði ríkisstjórnarinnar sem lýsir sér í skipan stjórnar Atvinnutryggingarsjóðs. Pólitísku „matadorarnir" hefðu fallið í Nd. og stjórnarandstaðan haft sitt að segja gagnvart því sem nú er.

Ég held því ekki fram, herra forseti, að ekki finnist fordæmi fyrir því að bráðabirgðalög hafi verið gefin út án þess að brýna nauðsyn hafi borið til, eins og raunar kemur fram í ummælum Ólafs Jóhannessonar. Hitt er verra að dæmið um Atvinnutryggingarsjóðinn er dæmi um að ríkisstjórnin er staðráðin í að sniðganga vilja Alþingis og kærir sig raunar kollótta um hvort skipan sjóðsstjórnarinnar verði breytt í Nd. þegar líða tekur á veturinn þar sem lánveitingum úr sjóðnum verði þá hvort sem er lokið. Hinir pólitísku mattadorar hafi þá gegnt sínu hlutverki. Mattadorpeningarnir verði upp urnir.

Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er sögulegt plagg, sáttmáli nýrrar ríkisstjórnar og hv. þm. Stefáns Valgeirssonar og fylginautar hans, huldumannsins sem ekki er huldumaður nema hann sé huldumaður eins og hv. þm. hefur tekið fram. Eins og kaupin hafa gerst á eyrinni er óhjákvæmilegt að víkja nokkrum orðum að aðdraganda stjórnarslitanna og þess sem síðan hefur gerst, rifja upp atburðarásina sem að síðustu olli því að þeir tvímenningarnir, hæstv. ráðherrar Steingrímur Hermannsson og Jón Baldvin Hannibalsson, kusu að slíta stjórnarsamstarfi við Sjálfstfl. Til þess lágu efnisleg rök sem ég mun nú gera grein fyrir en eru í öllum stórum dráttum þau sömu og jafnan áður þegar efnt hefur verið til vinstri stjórnar. Það er hræðslan við hið opna og frjálsa þjóðfélag sem rak ráðherrana áfram og löngunin til að hafa puttana á atvinnulífinu sem að lokum leiddi til þess lítt heilaga sambands sem ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar er og Stefáns Valgeirssonar sem fylgdi með í kaupunum.

Fyrir síðustu alþingiskosningar vöruðum við sjálfstæðismenn mjög við því að svo kynni að fara að engir tveir flokkar hefðu nægilegt kjörfylgi til að mynda meirihlutastjórn. Við bentum á að ríkisstjórnir þriggja flokka hefðu jafnan frá lýðveldisstofnun verið skammlífar. Þær hefði vantað innri styrk og festu eins og löngum hefur viljað brenna við þegar þrír eiga að vinna saman. Þetta varð ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar að falli þótt henni tækist á stuttum tíma að koma miklu í verk, ekki síst á sviði ríkisfjármála með margháttaðri löggjöf sem undirbúin hafði verið af Þorsteini Pálssyni og þeim Albert Guðmundssyni meðan þeir gegndu embætti fjármálaráðherra.

Ég tel líka nauðsynlegt að rifja upp, herra forseti, að fyrir síðustu kosningar biðluðu alþýðuflokksmenn mjög til okkar sjálfstæðismanna og var enginn ákafari í þeim efnum en sjálfur formaðurinn, Jón Baldvin Hannibalsson. Hann talaði þá um nauðsyn þess að atvinnurekstrinum yrðu sköpuð lífvænleg skilyrði og féllst á það sem fjmrh. í ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar að beita sér fyrir lögfestingu frv. um virðisaukaskatt sem hann hafði áður lýst sig andvígan. Formaður Alþfl. féllst m.ö.o. á þau rök okkar sjálfstæðismanna fyrir virðisaukaskattinum að hann væri nauðsynlegur, í fyrsta lagi af því að hann veldur ekki uppsöfnun skatts í framleiðslukostnaði og mismunar ekki framleiðslugreinum né framleiðsluaðferðum, í öðru lagi næst eðlilegri og hagkvæmari verkaskipting milli fyrirtækja og atvinnugreina með virðisaukaskattskerfi en í söluskattskerfi og síðast en ekki síst, og það er veigamesta ástæðan, bætir virðisaukaskatturinn samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja gagnvart erlendum keppinautum hvort sem við lítum á innlenda markaðinn eða hagsmuni útflutningsgreinanna. Þetta hlýtur að vega þungt á vogarskálinni hjá okkur Íslendingum svo mjög sem við erum háðir milliríkjaviðskiptum, en samkeppni fer hvarvetna harðnandi og íslensk fyrirtæki hljóta um margt að búa við lakari samkeppnisstöðu en erlend vegna smæðar þeirra og fjarlægðar frá markaðnum.

Herra forseti. Ég sé ástæðu til í þessu samhengi að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forsrh. hvort ríkisstjórn hans muni beita sér fyrir frestun virðisaukaskattsins til ársloka 1989, sem ég get fallist á að sé hagkvæmt, af skattatæknilegum ástæðum ekki síst, eða hvort ríkisstjórn hans sé e.t.v. andvíg virðisaukaskattinum þannig að lögfestingu hans verði frestað um óákveðinn tíma eða lögin jafnvel numin úr gildi. Ég tel nauðsynlegt að þetta liggi fyrir, herra forseti. Ég minni á að Alþb. greiddi atkvæði gegn virðisaukaskattinum sl. vor og taldi hv. þm. Svavar Gestsson það fyrst fram sem röksemd gegn frv. að með því væri verið að leggja skatt á brýnustu lífsnauðsynjar almennings, matvöru.

Það er mjög haft á orði í Framsfl. að hæstv. forsrh. sé góður verkstjóri. Honum er mikill vandi á höndum að skipa ráðherrum sínum svo til verka þegar kemur að því að herða skattheimtuna nú fyrir jólin að þeir rekist aldrei á hæstv. menntmrh. og hæstv. utanrrh. Það verður a.m.k. að passa að þeir fari ekki í sömu verslunina til að kaupa inn jólamatinn. Hver veit nema þá vaknaði hjá þeim samtímis spurningin: Úr því sem komið er, hvort skyldi þá matarskatturinn heita Jón Baldvin eða Ólafur Ragnar eða kannski hvort tveggja, Jón Baldvin/Ólafur Ragnar, ég þori ekki að fortaka það, úr því að Alþb. kaus að koma í stað Sjálfstfl. inn í ríkisstjórn til þess að passa upp á matarskattinn fyrir Jón Baldvin.

Það kom snemma í ljós að framsóknarmenn voru ótryggir í stjórnarsamstarfinu og lögðu sig fram um að veikja trú manna á því sem ríkisstjórnin var að gera eins og formaður Alþfl. hefur nýlega vakið athygli á í blaðaviðtali. Ég skal ekki rekja þá sögu í einstökum atriðum. Sannleikurinn er sá að síðasti vetur reyndi á þolrif einstakra ráðherra og ríkisstjórnarinnar í heild. Á vordögum kom í ljós að álagið hafði reynst ráðherrum Alþfl. um megn, en Framsfl. gekk á lagið. Samstarfsflokkar Sjálfstfl. fengust ekki til að horfast í augu við það ástand sem hér var að skapast í atvinnumálum.

Ástæðurnar fyrir versnandi afkomu atvinnuveganna voru einkum af tvennum toga spunnar: Annars vegar stórfellt verðfall á erlendum mörkuðum austan hafs og vestan, hins vegar höfðu kostnaðarhækkanir hér innan lands vaxið hröðum skrefum á meðan genginu var haldið tiltölulega stöðugu í því skyni að halda aftur af verðbólgunni.

Þegar kom fram í ágústmánuð varð ljóst að við svo búið mátti ekki standa. Ég er ekki í vafa um að í samhentri ríkisstjórn, ef við hefðum verið einir í ríkisstjórn með Framsfl. eða einir með Alþfl., hefðu verið tök á því að snúast við vandanum í tíma með aðgerðum sem dygðu þannig að fyrir 1. sept. hefðu allar ákvarðanir legið fyrir. En Alþfl. var bundinn í einhverjar undarlegar kreddur í gengismálum. Þessar kreddur leyfðu ekki að genginu væri breytt jafnvel þó það væri komið úr samhengi við allan veruleika og viðskiptahallinn að ríða þjóðinni á slig.

Framsfl. hefur á hinn bóginn ekki verið kreddufullur í gengismálum, en þó gjarnan haft tilhneigingu til að vilja fella gengi krónunnar meir en efni hafa staðið til vegna tengsla sinna við samvinnuhreyfinguna og þá tröllauknu hagsmuni sem þar eru í húfi. Framsfl. hefur oftast nær haft skilning á þörfum atvinnurekstrarins gagnstætt Alþfl., gagnstætt hinum nýja Alþfl. Ef ekki hefði annað komið til höfðum við sjálfstæðismenn því allar ástæður til að ætla að Framsfl. væri a.m.k. til viðtals um raunhæfar aðgerðir til bjargar atvinnurekstrinum. Þar komum við hins vegar að lokuðum dyrum. Formaður Framsfl. hafði öðrum hnöppum að hneppa. Annan daginn var hann önnum kafinn við að velta upp möguleikum á nýjum ríkisstjórnum, meirihlutastjórnum eða minnihlutastjórnum, einhverjum stjórnum, sem allar áttu það sameiginlegt að hann var forsrh. En ístöðuleysi krata var samt við sig. Hinn daginn reyndi hann að gera tortryggilegt það sem formaður Sjálfstfl. gerði. Ég rifja upp að 12. ágúst lagði Sjálfstfl. fram tillögur í ríkisstjórninni sem höfðu það að markmiði að leggja grunn að stöðugleika í efnahagslífinu og styrkja afkomu atvinnuveganna, draga úr verðbólgu og lækka vexti. Af því tilefni hafði Dagur eftir formanni Framsfl., með leyfi hæstv. forseta:

„*Því miður er þetta ekkert nema millifærsla,*" — ég endurtek: „Því miður er þetta ekkert nema millifærsla sem ég hélt að menn hefðu afskrifað í kringum 1960. Það er ekki samstaða um niðurfærsluna en ég er sannfærður um eftir að hafa lesið *tillögurnar að niðurfærsla er eina leiðin eða a.m.k.* sú leið sem vert er að reyna. Sjálfstfl. hefur nú hafnað þeirri leið og mér finnst það satt að segja svo sorglegt að horfa á þessar tillögur að ég á varla orð."

Þetta voru þau ummæli sem Dagur, málgagn Framsfl. á Akureyri, hafði eftir formanni Framsfl. eftir að formaður Sjálfstfl. hafði lagt sínar tillögur til lausnar á efnahagsvandanum fram í ríkisstjórninni.

Þessi ummæli formanns Framsfl. þóttu grátt gaman þegar þau voru sögð, en voru að sjálfsögðu vísbending um framhaldið. Ég get ekki stillt mig um að rifja það upp til viðbótar að sama kvöldið og formaður Sjálfstfl. baðst lausnar fyrir ráðuneyti sitt sagði Steingrímur Hermannsson, hæstv. ráðherra, í sjónvarpsviðtali að niðurfærsluleiðin hefði ekki komið til greina eftir að afstaða Alþýðusambandsins lá fyrir, og formaður Alþfl. tók í sama streng. Þetta er minni háttar atriði, eitt af mörgum lýsandi dæmum um þau óheilindi sem þeir tvímenningarnir voru löðrandi í, en eins og við munum reyndu báðir þessir menn, bæði fyrir þetta viðtal og raunar síðar einnig, að kenna Sjálfstfl. um að niðurfærsluleiðin skyldi ekki vera fær.

Ég vil líka í þessu sambandi, herra forseti, rifja upp að *eins og niðurfærsluleiðin var rædd í ríkisstjórninni* gerðu ráðherrar Alþfl. það að algjöru skilyrði að skiptakjörum sjómanna yrði ekki breytt. Hæstv. sjútvrh. Halldór Ásgrímsson sagði það sem sína skoðun að fiskverð ætti að lækka um 5%. Hvað þýddi þetta? Þetta þýddi það að þeir menn sem voru á frystitogurum, þeir sem sigldu, þeir sem settu í gáma, *þeir sem seldu á innlendum fiskmarkaði*, þeir sjómenn hefðu enga kjaraskerðingu fengið. Þeir sjómenn, sem lögðu upp hjá frystihúsunum um land allt, hefðu fengið 5% kjaraskerðingu, en verkafólkið inni í frystihúsunum, konurnar sem þar vinna og karlarnir sem þar vinna, áttu að fá 9% kjaraskerðingu. Halda einhverjir menn, heldur hæstv. forsrh. að þetta hefði gengið og dugað einn einasta dag? Var það vilji hæstv. forsrh. á þessum tíma að lækka kjör kvennanna við kassana í Hagkaup, kvennanna hjá iðnfyrirtækjunum sem standa við saumavélarnar allan daginn, að lækka kjör lægst launaða fólksins um 9% en láta á hinn bóginn hina, sem kannski hafa best kjör í landinu, sjómennina á frystitogurunum, hafa óskert laun og aðra sjómenn fá einungis 5% skerðingu? Ég vil aðeins segja um þetta atriði að umræðurnar um niðurfærsluleiðina endurspegla þá erfiðleika sem hér á landi eru til þess að halda uppi heilbrigðri og raunsærri umræðu um pólitík, m.a. og ekki síst vegna þess hversu vanmegnugir fjölmiðlarnir eru hér á landi vegna þess að þeir hafa ekki ráð á því að ráða til sín sérfræðinga um hin einstöku pólitísku mál sem geti skrifað upplýsandi greinar um þá atburði sem hverju sinni eru efst á baugi í þjóðmálum.

Efnahagsráðstafanirnar í vor voru óhjákvæmilegur liður í samfelldum aðgerðum sem miðuðu að því að laga þjóðarbúskapinn að versnandi kjörum á

erlendum mörkuðum. Við sjálfstæðismenn, og vonandi ríkisstjórnin í heild, gerðum okkur grein fyrir að þessar ráðstafanir voru ekki endanlegar fremur en aðrar ráðstafanir í efnahagsmálum þegar tekist er á við breytilegar ytri aðstæður. En eins og allir vita erum við háðari þeim en flestar aðrar þjóðir og þarf ekki að hafa orð um það. Þeir sem halda því fram, eins og mér hefur stundum fundist hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson gefa í skyn, að hægt sé að leysa efnahagsvandann í eitt skipti fyrir öll, eru annaðhvort draumhyggjumenn að ég ekki segi andatrúarmenn eða tala gegn betri vitund.

Þegar sumri tók að halla blasti við að frekari aðlögunar væri þörf til að treysta stöðu útflutningsog samkeppnisgreina og atvinnuöryggi, ekki síst úti á landsbyggðinni. Þetta vildi Sjálfstfl. fyrst og fremst gera með almennum aðgerðum eins og margoft hefur komið fram. Þess vegna lögðum við áherslu á launafrystingu og strangt aðhald í verðlagsmálum, lækkun vaxta með raunhæfum aðgerðum og 6% lækkun á gengi krónunnar. Við vorum þeirrar skoðunar að enda þótt vandi atvinnulífsins væri almenns eðlis væri auk þess við að etja sérstakan vanda í sjávarútvegi, einkum í hraðfrystiiðnaðinum, sem okkur þótti rétt að mæta með sértækum aðgerðum sem fælu í sér tímabundna verðjöfnun úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Við sjálfstæðismenn vissum að 6% gengislækkun krónunnar mátti ekki minni vera þegar höfð var hliðsjón af halla viðskiptanna við útlönd og rekstrarstöðu atvinnuveganna, ekki útflutningsatvinnuveganna einna heldur líka samkeppnisiðnaðarins sem kostnaðarhækkanirnar hér innan lands hafa bitnað á með sama hætti og útflutningnum. Með því að gera ráð fyrir eins lítilli gengisfellingu og nokkur kostur var leituðumst við eftir að ná samkomulagi við Alþfl. sem eins og ég sagði var haldinn kreddutrú í gengismálum.

Við sjálfstæðismenn lögðum aðgerðir okkar fram með útreikningum Þjóðhagsstofnunar sem sýndu að hraðfrystiiðnaðurinn og sjávarútvegurinn í heild kæmist í viðunandi rekstrarstöðu í kjölfar aðgerðanna. Formaður Sjálfstfl. vildi leggja sig fram við að sætta Alþfl. við 6% gengislækkun með því að eyða verðbólguáhrifum hennar. Þess vegna lagði formaður Sjálfstfl. til að söluskattur af matvælum yrði lækkaður úr 25% í 10%. Fyrir því voru þessi rök helst:

1. Skv. útreikningum Hagstofu Íslands þýddi lækkun matarskattins 1,5% lækkun framfærsluvísitölu.

2. Með lækkun matarskattsins var komið til móts við þarfir þess fólks sem hefur lægstu launin og eyðir þar af leiðandi stærstum hluta þeirra til daglegra þarfa. Þetta þótti okkur sjálfstæðismönnum eðlilegt nú, eins og oftast áður þegar til langvarandi launafrystingar hefur verið gripið, að lækka matarverðið.

3. Formaður Sjálfstfl. hafði í huga þá þróun sem er að ganga yfir Evrópubandalagið og miðar að tveggja þrepa virðisaukaskatti.

Ég þarf ekki að rifja það upp hér, herra forseti, að formaður Sjálfstfl. átti einkasamtal við formann Alþfl. Þeir töluðu saman eins og maður við mann en ekki eins og ráðherra við ráðherra til þess að fullvissa hann um að við sjálfstæðismenn værum ekki að fara á bak við Alþfl. Framhaldið þekkjum við öll og svo vel þekki ég formann Sjálfstfl. að hann var einlægur þegar hann gekk til viðtals við formann Alþfl. Getsakir um hið gagnstæða eru úr lausu lofti gripnar og þeim til minnkunar sem þær bera fram.

Að síðustu fólst það í tillögum okkar sjálfstæðismanna að ríkisstjórnin beitti sér fyrir aðgerðum til að treysta eiginfjárstöðu atvinnufyrirtækja sem eins og allir vita eru of skuldsett og þess vegna vanbúin að mæta ytri sveiflum eða áföllum. Við sjálfstæðismenn lögðum áherslu á eins og jafnan að forsendurnar fyrir því að aðgerðir af þessu tagi gætu heppnast séu þær að almenn rekstrarskilyrði í landinu séu þannig að vel rekin fyrirtæki skili hagnaði. Að því gefnu voru tillögur okkar um aðgerðir í meginatriðum tvíþættar.

Annars vegar vildum við setja á laggirnar sérstaka deild eða sjóð í Byggðastofnun sem hefði það að markmiði að treysta eiginfjárstöðu fyrirtækja í útflutnings- og samkeppnisgreinum með því að lána til aukningar eigin fjár í fyrirtækjum í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu þeirra. Skyldi starfsemi sjóðsins einkum lúta að meiri háttar skipulagsbreytingum og samruna fyrirtækja. Atvinnumálanefndir skyldu settar á fót í kjördæmum landsins sem ynnu með stjórn Byggðasjóðs að verkefnum sjóðsins.

Hins vegar vildum við beita aðgerðum í skattamálum til að treysta eiginfjárstöðu fyrirtækja og gera þeim kleift að mæta sveiflum sem stafa af misjöfnum aflabrögðum og breytilegum markaðsaðstæðum.

Herra forseti. I. kafli bráðabirgðalaganna fjallar um aðgerðir í atvinnumálum og ber þess ljós merki að ríkisstjórnin gerir sér grein fyrir því eins og flestir aðrir að efnahagsráðstafanir hennar duga hvergi nærri til fyrir atvinnureksturinn. Því fer víðs fjarri að með þeim séu atvinnuvegunum tryggð lágmarksrekstrarskilyrði. Höfuðástæðan er vitaskuld sú að ríkisstjórnin þráast við að viðurkenna að þær kostnaðarhækkanir sem orðið hafa hér innan lands séu langt umfram það sem þau fyrirtæki þola sem eru í samkeppni við erlend fyrirtæki hvort sem við erum að tala um heimamarkað eða erlendan markað. Nú væri hæstv. forsrh. e.t.v. vorkunn ef hann vissi ekki betur þótt maður í hans stöðu eigi að vera með á nótunum. En það dugir ekki að leita þvílíkra skýringa. Við höfum orð hans sjálfs fyrir því að ráðstafanirnar séu ónógar fyrir atvinnureksturinn. Hann sagði á fyrsta fréttamannafundinum eftir að hann var orðinn forsrh. að raungengi krónunnar væri of hátt og að það yrði að leiðrétta það smám saman. Ég var ekki með skriffæri við höndina og gat þess vegna ekki skrifað ummælin orðrétt niður, en ég man fyrir víst að hæstv. forsrh. notaði orðasambandið smám saman eða smátt og smátt á fundinum með frétta-

mönnunum.

Hæstv. ráðherra Halldór Ásgrímsson hefur einnig talað um nauðsyn verulegrar gengisfellingar í sambandi við stuðningsaðgerðir við atvinnuvegina og skyldi engan undra um sjútvrh. þótt loksins losni um málbeinið á honum svo lengi sem hann hefur þagað þunnu hljóði meðan fjarað hefur undan þeim atvinnurekstri sem honum var trúað fyrir að standa vörð um og þjóðin á svo mikið undir.

Afstaða þessara tveggja manna, formanns og varaformanns Framsfl., gerir það óhjákvæmilegt að hæstv. forsrh. svari því hér og nú hvað hann eigi við með orðunum smám saman eða smátt og smátt í því samhengi sem ég hef áður lýst. Hyggst ríkisstjórnin taka upp svokallað fljótandi gengi þannig að það sé á valdi Seðlabankans og raunar hlutverk hans að breyta gengisskráningunni niður á við frá degi til dags eins og hér var gert fyrir nokkrum árum og gafst illa? Eða liggur kannski þegar fyrir að ríkisstjórnin stefni að nýrri gengisfellingu fyrir eða eftir áramótin? Hvort heldur sem er hlýt ég að ætlja að hæstv. forsrh. skuli með þeim hætti sem ég hef lýst grafa undan trú manna á gjaldmiðilinn sem síst mátti þó við því. Úr því sem komið er held ég að óhjákvæmilegt sé fyrir ríkisstjórnina að leiðrétta gengið þegar í stað, ekki aðeins til þess að koma í veg fyrir spákaupmennsku og skyndigróða þeirra sem til þess hafa geð og aðstöðu að braska með gjaldeyri, heldur miklu fremur til hins, sem er jákvætt og óhjákvæmilegt, að leiðrétta rekstrarskilyrði atvinnuveganna. Ef það verður látið dragast úr hömlu hefnir það sín með atvinnuleysi, enn meiri gengisfellingu síðar meir og enn meiri kjaraskerðingu fyrir heimilin í landinu en nú er hægt að komast af með ef ríkisstjórnin horfðist í augu við staðreyndir.

Ég spyr líka, herra forseti, hæstv. ráðherra Alþb. (**Gripið fram í:** Hvaða ráðherra?), hæstv. menntmrh., hvort hann sé sammála formanni og varaformanni Framsfl. um að gengi krónunnar sé rangt skráð og að nauðsynlegt sé að fella það smátt og smátt. Það er nauðsynlegt að það komi fram hér við umræðurnar hvert mat þeirra sé á þessu grundvallaratriði í efnahagspólitík ríkisstjórnarinnar. Það er nauðsynlegt fyrir okkur, sem sæti eigum í fjh.- og viðskn. og eigum eftir að fjalla um frv. sem hér liggur fyrir, að fá fullvissu okkar um þetta atriði, hvað ríkisstjórnin vill leggja til grundvallar í sambandi við gjaldeyrismálin, hvort hún telji nauðsynlegt að skapa atvinnuvegunum heilbrigð rekstrarskilyrði eða hvort hún stefnir að síauknum millifærslum með tilheyrandi skattaálögum og vaxandi halla á viðskiptunum við útlönd. Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, til að krefja Alþfl. sagna. Staða hans í ríkisstjórninni býður ekki upp á að hann láti sverfa til stáls eða fylgi skoðunum sínum eftir. Hlutskipti alþýðuflokksmanna verður að bíða, láta berast með straumnum og vona það besta.

Ég geri mér grein fyrir að auðvelt er fyrir talsmenn ríkisstjórnarinnar að víkja sér undan gagnrýni okkar sjálfstæðismanna með almennum pólitískum upphrópunum. Ég tel því nauðsynlegt, herra forseti, að kalla flokksbræður hæstv. forsrh. til vitnis og draga fram skoðanir þeirra á því hvort efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar hafi verið fullnægjandi eða ekki. Jón Sigurðarson, forstjóri Álafoss hf. og fyrrv. bæjarfulltrúi Framsfl. á Akureyri, hefur m.a. þetta að segja, sbr. Morgunblaðið 11. okt. sl., með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstjórnin ætlar að millifæra í ullariðnaði til jafns við freðfiskinn sem þýðir um það bil 5% rekstrarbata fyrir ullariðnaðinn og kemur væntanlega í formi aukinna niðurgreiðslna á ull, að sögn Jóns. „Hitt er annað mál að ég er eftir sem áður ósáttur við þessar aðgerðir — ósáttur við þann hluta aðgerðanna sem fjallar um millifærslur. Menn áttu að vinda sér í það strax að breyta raungengi krónunnar, annaðhvort með því að fara niðurfærslu eða með því að fella gengið. Raungengi íslensku krónunnar hefur hækkað um nær fjórðung frá 1986 til 1988, það er m.ö.o. orðið nærri 25% dýrara að framleiða á Íslandi mælt í erlendri mynt nú heldur en það var 1986. Það er raungengisbreyting sem er úr öllu hófi. Í aðgerðunum felst gríðarleg mismunun á atvinnuvegum því í þeim er aðeins gert ráð fyrir aðstoð til handa fiskvinnslunni og ullariðnaðinum. Á hinn bóginn eru önnur fyrirtæki ...“ og nú bið ég þann hv. þm. sem sæti á í deildinni og kjörinn er af Akureyringum og því fólki sem býr á Norðurl. e. að taka vel eftir. Ég endurtek, með leyfi hæstv. forseta: „Á hinn bóginn eru önnur fyrirtæki skilin eftir í blóði sínu, samkeppnisfyrirtæki á við Sjöfn, Kaffibrennsluna, Plasteinangrun, DNG og Sæplast svo dæmi séu tekin af fyrirtækjum hér norðanlands. Þessi fyrirtæki fá engan bata í formi millifærslu eða breytts gengis. Það er varla til það fyrirtæki í samkeppnisiðnaði eða útflutningsiðnaði sem kláruðu sig sæmilega á árinu.“ Það er einfaldlega rangt að mismuna atvinnuvegunum á þennan hátt og þar er ég gersamlega ósammála mínum ágæta vini, Steingrími Hermannssyni.“

Enn segir Jón Sigurðarson, með leyfi hæstv. forseta: „Millifærslan er einfaldlega of dýr fyrir samfélagið og eftir því sem tíminn verður lengri þar til aðrar atvinnugreinar fá að njóta einhverra aðgerða af hálfu stjórnvalda, þeim mun meira blæðir þeim. Ég tel ákaflega líklegt að í framhaldi af þessari millifærslu verði farið í einhverjar af þeim aðgerðum sem breyta raungengi krónunnar.“

Guðjón B. Ólafsson, forstjóri SÍS, er ómyrkur í máli í Tímanum 15. okt. sl. þegar hann er spurður álits á efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar. Honum verður fyrst fyrir að svara með þessum orðum, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég hefði viljað sjá raunhæfari aðgerðir í þá átt að í stað verulegra lánveitinga og skuldbreytinga kæmi raunhæfari og varanlegri bót á rekstrargrundvelli. Útflutningsgreinar verða að geta starfað með hagnaði í þessu landi og það á að vera frumforsenda allra aðgerða í efnahagsmálum.“

Ég hef, herra forseti, dregið fram ummæli tveggja manna sem báðir voru fulltrúar Framsfl. í forstjóranefndinni svokölluðu þar sem þeir voru inntir álits á efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar. Eins og glöggt kom fram í svörum þeirra beggja hefur ríkisstjórnin verið vegin og léttvæg fundin. Annar þeirra talar um að blóð renni og hinn spáir yfirvofandi atvinnuleysi. Áfellisdómurinn yfir hæstv. forsrh. getur naumast verið þyngri, en hann er ekki aðeins dómur yfir núv. hæstv. ríkisstjórn, heldur skýrir hann um leið að leiðir Sjálfstfl. og leiðir Framsfl. og Alþfl. hlaut að skilja á meðan þessir miðjuflokkar eru á þeim villigötum sem þeir hafa verið á upp á síðkastið.

Ég vek athygli á því að með bráðabirgðalögunum er Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins heimilað að taka lán hjá Seðlabanka Íslands allt að 800 millj. kr. til þriggja ára með sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs en á hinn bóginn er gert ráð fyrir að það endurgreiðist af tekjum Verðjöfnunarsjóðsins á næstu þremur árum. Þetta hljómar ekki illa eins og það er sett fram. Þess vegna rímar ekki að hæstv. sjútvrh. skuli hafa séð sig knúinn til að lýsa því yfir á þingi Sjómannasambandsins að lánin muni falla á ríkissjóð og ekki bætti hæstv. fjmrh. úr skák þegar hann greindi frá því í DV nýverið að hann hygðist nýta tekjuafgang fjárlaga á næsta ári til þess að mæta þessum skuldbindingum. Hæstv. fjmrh. hefur víti til að varast þar sem er hæstv. fyrrv. fjmrh., formaður Alþfl., og ætti að geyma sér yfirlýsingar um tekjuafgang á fjárlögum. Ég held að hann ætti að koma fjárlagafrv. fram fyrst áður en hann fer að guma af fjármálasnilli sinni.

Ég get út af fyrir sig tekið undir það með hæstv. ráðherrum að engin líkindi séu til annars en að 800 millj. falli á ríkissjóð. Ég vona að stjórnarmeirihlutinn sé mér sammála um að rétt sé að taka mið af þeim staðreyndum og sé reiðubúinn til að breyta frv. í samræmi við það.

Í 2. gr. bráðabirgðalaganna er talað um greiðslur úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins vegna skelflettrar rækju í deild fyrir frystar afurðir í Verðjöfnunarsjóði. Um það mál er fátt að segja annað en það að ef hæstv. sjútvrh. hefði veitt vinnsluleyfi sín fyrir skelfiskinn í samræmi við gildandi lög um samræmingu veiða og vinnslu hefði ekki komið til þeirra erfiðleika sem nú hefur orðið vart hjá rækjuverksmiðjunum. Þær hefðu að öllum líkindum skilað hagnaði. Þess vegna má auðvitað skrifa þessa erfiðleika sumpart á yfirstjórn þessara mála og verður að segjast eins og er að hæstv. sjútvrh. hefur missést í þessu efni. Skal ég ekki hafa fleiri orð um það úr því að hann er ekki viðstaddur hér í þinginu.

Í 3. gr. bráðabirgðalaganna er kveðið á um stofnun Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina. Það vekur athygli, herra forseti, að verksvið sjóðsins skuli bundið við útflutningsgreinarnar en honum skuli ekki ætlað að fjalla um samkeppnisiðnaðinn jafnframt því að vitaskuld vitum við það að þunginn af rangri gengisskráningu kemur ekki síður á samkeppnisiðnaðinn en útflutningsgreinarnar. Þá vekur það athygli að sjóðnum er ætlað að veita lán til endurskipulagningar, hagræðingar og framleiðniaukningar hjá útflutningsfyrirtækjum. Jafnframt skuli sjóðurinn hafa forgöngu um að breyta lausaskuldum fyrirtækja í föst lán til langs tíma. Við sjálfstæðismenn erum andvígir þessari sjóðsstofnun eins og hlutverk Atvinnutryggingarsjóðsins er skilgreint og leggjum áherslu á að nú sé umfram allt nauðsynlegt að treysta eiginfjárstöðu fyrirtækjanna. Það hljóti að verða höfuðviðfangsefni sjóðs á borð við Atvinnutryggingarsjóðinn en ekki að drekkja fyrirtækjunum í nýju lánsfé sem er óhjákvæmilegt ef ekki fæst leiðrétting á rekstrargrundvellinum.

Í þessu sambandi vil ég jafnframt vekja athygli á að í reglugerð fyrir sjóðinn er gert ráð fyrir að lánin verði ýmist verðtryggð eða gengistryggð. Eins og hugmyndir hæstv. forsrh. eru varðandi lánskjaravísitöluna er sýnilegt að hún muni hækka mjög verulega á næstu árum og langt umfram það sem verðlag hækkar. Jafnframt vitum við að gengið er rangt skráð og hlýtur innan skamms að koma til leiðréttingar á því. Ef þessi fyrirtæki í útflutningi eiga nú að taka erlend lán eða vísitölutryggð lán hlýtur það að bitna á þeim síðar meir. Hin ranga gengisskráning hlýtur að verka eins og verulegur lántökuskattur og Atvinnutryggingarsjóðurinn mun því verka þannig að hann mun skerða eiginfjárstöðu fyrirtækjanna í samræmi við þá óhjákvæmilegu leiðréttingu sem hlýtur að verða á gengi krónunnar.

Þá sættum við sjálfstæðismenn okkur ekki við að stjórn Atvinnutryggingarsjóðs sé verslunarvara í stjórnarmyndunarviðræðum. Þar sem hv. þm. Stefán Valgeirsson og stjórnarflokkarnir eiga sinn mattadorinn hver sem útdeilir mattadorpeningum eftir pólitískum geðþótta. Slíkt fyrirkomulag er með öllu óþolandi. Það stangast gjörsamlega á við nútímaleg vinnubrögð og býður heim getsökum um að ekki sé hreint mjöl í pokanum. Ég get ekki fundið neina haldbæra skýringu á því hvers vegna ríkisstjórnin kaus að fara þessa leið í stað þess sem lá opið fyrir, að fela Byggðastofnun að hafa stjórn sjóðsins með höndum eða, ef það þótti hentara, fela Alþingi að kjósa sjóðsstjórnina. Með þeim hætti hefði verið komið í veg fyrir tortryggni og engum hefði dottið í hug að hafa uppi getsakir um óheiðarleg vinnubrögð. Því miður var þessi leið ekki farin, að fela Alþingi að kjósa stjórn Atvinnutryggingarsjóðsins. Vegna þess hvernig orð féllu í kringum stjórnarmyndunarviðræðurnar verður ekki komist hjá því að draga þá ályktun að hrossakaup hafi ráðið skipan stjórnarinnar. Það er ekki traustvekjandi fyrir nýja ríkisstjórn að koma þannig að verki, enda almannarómur að ill sé þessi hennar fyrsta ganga og síst til eftirbreytni.

Atvinnutryggingarsjóður fær óhemjufé til umráða. Gert er ráð fyrir að 600 millj. kr. verði millifærðar frá Atvinnuleysistryggingasjóði og að 400 millj. kr. til viðbótar verði aflað með því sem kallað er tekjuskattsauki í 5. gr. frv. Þá er sjóðsstjórn heimilt að taka lán hjá Seðlabanka Íslands

eða fyrir milligöngu hans að fjárhæð allt að 1 milljarði kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og skuli lánið verða með sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs.

Þetta orð, tekjuskattsauki, er ekki nýtt í málinu, ekki í bráðabirgðalögum heldur. Svo hittist á að síðast þegar þessir þrír flokkar mynduðu ríkisstjórn, Framsfl., Alþb. og Alþfl., haustið 1978 var eitthvert þeirra fyrsta verk að gefa út bráðabirgðalög sem gerðu ráð fyrir að ný álagning á tekjur ársins á undan skyldi fara fram og var kallaður tekjuskattsauki. Sumarálagningin dugði ekki. Þeim þótti skattbyrðin of lág hjá ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar. Það þarf ekki að taka fram að þessi aukaálagning á sömu tekjurnar var illa þokkuð af öllum almenningi, ekki síst launafólki. En eins og hv. þingdeildarmönnum er fullkunnugt gefur tekjuskatturinn ekki einhlíta mynd af efnahag viðkomandi og hefur aldrei gert.

Alþfl. 1978 var ólíkur þeim Alþfl. sem við sjálfstæðismenn unnum með í Viðreisn. Það kom ekki hvað síst fram í viðhorfinu til þess hvað væri réttlát skattheimta og hvað ekki. Ég minnist þáltill. sem Gylfi Þ. Gíslason og fleiri þm. Alþfl. lögðu fram á haustþinginu 1975. Þar var gert ráð fyrir að horfið yrði að fullu frá innheimtu tekjuskatts til ríkisins af tekjum launþega. Við sjáum í einni sjónhendingu hvaða óravíddir skilja að þennan Alþfl. og hinn sem við sitjum nú uppi með og hefur staðið að bráðabirgðalögum um tekjuskattsauka, ekki eitt ár eins og Alþfl. 1978 heldur tvö.

Herra forseti. Það er óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. forsrh. hvort tekjuskattsaukanum á næsta ári sé ætlað að leggjast á tekjur ársins 1988. Orðalag bráðabirgðalaganna er ógreinilegt hvað þetta varðar, en ég þarf ekki að fjölyrða um hvaða slys það yrði, hversu heiftarlega yrði komið aftan að launþegum ef þegar á fyrsta ári staðgreiðslunnar yrðu gefnir út bakreikningar á tekjur manna. Ég vil í lengstu lög vona, herra forseti, að svo sé ekki þó svo að geislum hafi stafað af skattagleði hæstv. fjmrh. í sjónvarpinu undanfarið. (**Forseti:** Ég þarf að biðja hv. ræðumann að gera hlé á ræðu sinni — það er ætlunin að fresta fundi skamma stund — ef honum væri það ekki mjög á móti skapi.) — [Fundarhlé.]

Hæstv. forseti. Í 6. gr. er Atvinnutryggingarsjóði heimilað að hafa milligöngu um skuldbreytingu á allt að 5 milljörðum kr. af lausaskuldum útflutningsfyrirtækja og er gert ráð fyrir að sjóðurinn beri ábyrgð á greiðslum skuldabréfanna með eignum sínum. Eins og víðar er orðalagið óljóst og ber þess vitni að reynt sé að samræma ólík sjónarmið. Hinn ráðagóði verkstjóri, svo notað sé sama lýsingarorð um hæstv. forsrh. og um Odysseif forðum, vill umfram allt dylja merkingu lagatextans sem getur verið gott í pólitík en er óhentugt í lagasmíð. Ekki síst þegar um fjárskuldbindingar er að tefla. Ég leyfi mér að skilja þessi orð „ber sjóðurinn ábyrgð á greiðslu þeirra skuldabréfa með eignum sínum“ svo að ríkissjóður beri enga ábyrgð á skuldbindingum Atvinnutryggingarsjóðs. Ég sé því ekki betur en bakábyrgð sjóðsins sé einskis virði en þetta atriði hlýtur að koma til athugunar í nefnd.

Það er bagalegt, herra forseti, að ekki skuli unnt að kalla stofnauka ríkisstjórnarinnar, hv. þm. Stefán Valgeirsson, hingað í deildina til að inna hann eftir því hvaða hugmyndir hann hafi um þetta atriði. (**KP:** Er nokkuð á móti því?)

Þá er óhjákvæmilegt að benda á að samkvæmt reglugerð fyrir sjóðinn er gert ráð fyrir að sjóðurinn endurláni útflutningsfyrirtækjum 5 milljarða kr. til 10 ára sem lánardrottnarnir fái endurgreidda á 6 árum. Þetta mun leiða til þess að Atvinnutryggingarsjóður þarf að fjármagna tímamismun sem gæti numið í krónum talið 1–1,5 milljörðum kr. Það er nauðsynlegt að hæstv. forsrh. útskýri hvernig hann hugsar sér að sjóðurinn fjármagni þennan mismun.

Hæstv. forseti. Ég er nýbúinn að fá í hendur endanlega gerð af reglugerðinni um Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina, fékk hana nú um hádegið þannig að ég er óviðbúinn að ræða þar einstök atriði, en hlýt þó að vekja athygli á þeim ummælum sem hæstv. forsrh. viðhafði hér áðan í sambandi við þau veð sem stjórn Atvinnutryggingarsjóðs væri heimilt að taka gild sem tryggingar fyrir lánum. Hæstv. forsrh. talaði um mat á rekstri fyrirtækjanna og sagði að það yrði ekki síst lagt til grundvallar í sambandi við veðhæfni og talaði um rekstrarútlit viðkomandi fyrirtækis. Ég átta mig ekki alveg á hvað hæstv. forsrh. meinti með þessum ummælum en það hlýtur líka að koma sérstaklega til athugunar og skal ég ekki gera það að umtalsefni nú en vek sem sagt athygli á þessum ummælum.

Í II. kafla bráðabirgðalaganna er fjallað um verðlags- og kjaramál. Þar kemur fátt nýtt fram nema staðfestist enn einu sinni að Alþb. lætur sér í léttu rúmi liggja þótt gengið sé á kjarasamninga þegar það er í ríkisstjórn. Gildir þá einu hvort um er að ræða umsamdar kauphækkanir eða samningsréttinn.

Það vekur athygli að eftir að Alþb. tók sæti í ríkisstjórn hefur kveðið við annan og mildari tón hjá Alþýðusambandi Íslands og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Áður hafði forseti Alþýðusambandsins hótað aðgerðum með því að dregið yrði úr vinnuafköstum en formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja hótað verkfallsaðgerðum. Nú dettur hvorki né drýpur af þessum heiðursmönnum og þeir virðast ætla að láta allt yfir sig ganga.

Þá vekur athygli að í 16. gr. bráðabirgðalaganna eru tekjuöflunarmöguleikar Ríkisútvarpsins skertir en við afgreiðslu fjárlaga var út frá því gengið að raunhækkun afnotagjalda mætti nema 15% eins og fram kom í ræðu formanns fjvn. við 3. umr.

Í III. kafla bráðabirgðalaganna er fjallað um vaxtaákvarðanir og kveðið á um það í 20. gr. að dráttarvextir skuli ávallt reiknast sem dagvextir nema á annan veg sé sérstaklega mælt í lögum. Ég hlýt að fagna þessu ákvæði, hæstv. forseti, því að senn eru átta mánuðir síðan kveðið var á um það í

yfirlýsingu ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar að Seðlabankinn beindi því til innlánsstofnana að þær reiknuðu dráttarvexti sem dagvexti í stað þess að reikna fulla mánaðarvexti fyrir brot úr mánuði. Framkvæmd þessa var á verksviði og á ábyrgð þáverandi og núverandi viðskrh. en vikur og mánuðir hafa liðið án þess að hann kæmi málinu í höfn. Við sjálfstæðismenn vorum orðnir svo langþreyttir á sleifarlagi ráðherrans að við gerðum í síðustu ríkisstjórn tillögu um að þessu máli yrði hrundið í framkvæmd með lagasetningu því fullreynt sýndist að ákvörðun ríkisstjórnarinnar næði ekki fram að ganga að öðrum kosti. Ég fagna því þessu ákvæði laganna sérstaklega og er samdóma því mati Framsfl., Alþb. og ekki síst Alþfl. að nauðsynlegt hefði verið að grípa til lagasetningar til að tryggja framgang málsins þar sem hæstv. viðskrh. virðist annaðhvort ekki hafa haft getu eða vilja til þess að koma málinu fram með aðstoð Seðlabankans.

Hitt er svo annað mál að þessu mikilvæga máli er fyrst ætlað að öðlast gildi 1. nóv. nk. eða röskum þrem vikum eftir að þing kemur saman og það hlýtur enn að kalla á umræðu um það skeytingarleysi sem ríkisstjórnin hefur sýnt við útgáfu þessara bráðabirgðalaga. Stjórnarskráin er afdráttarlaus um það að því aðeins sé heimilt að setja bráðabirgðalög að brýna nauðsyn beri til og er þá augljóslega við það miðað að ekki séu föng á að málið fái þinglega meðferð. Því er ekki til að dreifa hér.

Sl. ár hafa vaxtamálin verið mjög til umræðu og væri það fjölskrúðugur jurtagarður ef þar hefðu fest rætur öll þau frækorn sem hrokkið hafa úr munni formanns Framsfl. á því tímabili, bæði meðan hann var utanrrh. og nú forsrh. Ég er hræddur um, hæstv. forseti, að það þyrfti eljusaman garðyrkjumann til að grisja í garðinum þeim svo að eitthvert vit væri í. Ég veit ekki, hæstv. forseti, hvort það er til nokkurs að inna hæstv. forsrh. eftir stefnu ríkisstjórnarinnar í vaxtamálum. Honum hefur orðið tíðrætt um að nauðsynlegt sé að beita handafli en hæstv. viðskrh. svarað með því að segja að það þýði ekki að hýða sjóinn þegar hann úfnar. Það hefur vakið athygli og þótt broslegt í aðra röndina þegar hæstv. ráðherrar, einn af öðrum, eru að guma af því að nafnvextir hafi lækkað en raunvextir ekki. Skárra væri það þegar hér er hvort tveggja í senn launafrysting og verðstöðvun svo vikum skiptir þótt eitthvað slái á verðbólguna. Þótt nafnvextirnir haldist ekki jafnháir og áður. Það eru engin tíðindi, engar fréttir, hvorki innan þings né utan nema kannski í Tímanum eða Degi og jafnvel Þjóðviljanum. Og ekki má gleyma garminum honum Katli — Alþýðublaðinu.

Hitt gengur ekki eins vel, sem formaður Framsfl. taldi auðveldasta hlut í heimi meðan síðasta ríkisstjórn sat, að lækka raunvextina. Við skulum samt vona að þrátt fyrir stjórnarstefnuna sé hægt að þoka raunvöxtunum í þá áttina þó ekki sé nema í bili. Ef horft er lengra fram blasir því miður við önnur mynd og miklu dekkri. Það eru gömul og ný sannindi að jafnvægi í atvinnu- og efnahagsmálum er forsenda fyrir því að raunvextir séu lágir en því jafnvægi verður ekki náð nema gengi krónunnar sé rétt skráð og í samræmi við það sem útflutningsatvinnuvegirnir rísa undir nema stjórn sé höfð á peningamálunum og komið í veg fyrir skuldasöfnun erlendis.

Hæstv. forsrh. talaði um það í ræðu sinni hér áðan að nauðsynlegt væri að losa þjóðfélagið úr víxlgangi verðlags, launa-, gengis- og fjármagnskostnaðar en fór ekki frekar út í hvað hann átti við með þeim orðum. Jafnframt talaði hann um að leggja niður vísitölutengingu lána þegar jafnvægi hefði náðst og er nauðsynlegt í þessu samhengi að spyrja hæstv. forsrh. hvort henn telji að verðbólgan verði komin svo langt niður nú á næstu mánuðum, eða áður en verðstöðvunarlögin falla úr gildi, að ríkisstjórninni sýnist rétt að afnema vísitölubindinguna. Ef svo er ekki þá hlýt ég að spyrja hæstv. forsrh. hvort hann hafi í hyggju að lögbinda að nýju vísitölutengingu launa, en hæstv. forsrh. talaði um það hér áðan, og hefur raunar talað um það í fjölmiðlum áður, að hann sé ósammála því að lánskjaravísitala sé í gildi nema jafnframt sé í gildi kaupgjaldsvísitala og hefur haft mörg orð þar um. Af þessum ástæðum er nauðsynlegt að spyrja hann: Hefur hann í huga, ef það verður mat ríkisstjórnarinnar að ekki standi efni til þess að ákvæðin um lánskjaravísitöluna verði felld úr gildi, að kaupgjaldsvísitala verði lögfest í landinu?

Ég hlýt einnig, hæstv. forseti, að vekja athygli á því að þær hugmyndir sem ríkisstjórnin hefur um breytingar á lánskjaravísitölunni miða allar að því að gera hlut launanna hærri í lánskjaravísitölunni. Ég vil vara við slíkum hugmyndum nú vegna þess að við því má búast að nú um sinn verði kaupmáttur launa minni en verið hefur. Ég hygg að við vonum það öll og séum sammála um að ef heilbrigðri stefnu væri haldið uppi hér í atvinnu- og efnahagsmálum þá væru full tök á því að auka kaupmáttinn, útflutningsatvinnuvegirnir gætu risið undir því, og þá væri óheppilegt ef nú yrði brugðið á það ráð að binda lánskjaravísitöluna við þróun kaupgjalds í landinu. Ég held að það mundi verka gagnstætt því sem hæstv. forsrh. hefur gefið í skyn. Ég held að það mundi þýða það að lánsbyrðin þyngdist og menn ættu erfiðar um vik að rísa undir vaxandi fjármagnskostnaði.

Hæstv. forsrh. talaði jafnframt um viðleitni ríkisstjórnarinnar til að stöðva kostnaðarhækkanir í þjóðfélaginu fram til 15. febr. Auðvitað er það rétt mat hjá hæstv. forsrh. að þá má búast við því að mikil verðhækkunaralda gangi yfir þjóðfélagið þannig að ég tek undir áhyggjur hans af því hvað við tekur hinn 15. febr. nk.

23. gr. bráðabirgðalaganna er býsna skondin þykir mér:

„Fjármálaráðherra er heimilt þrátt fyrir ákvæði fjárlaga fyrir árið 1988 að hækka ríkisútgjöld um 600 millj. kr."

Nú liggur það fyrir síðan hæstv. fjmrh. hélt ræðuna í Garðabænum að honum ber ekki saman

við fyrirrennara sinn, formann Alþfl., um það hvernig viðskilnaðurinn hafi verið. Hæstv. fyrrv. fjmrh., Jón Baldvin Hannibalsson, hélt sig við það þorrann og góuna og fram á vor að ríkissjóður yrði rekinn án halla. Í júnímánuði átti hallinn að vera um 500 millj. kr. og í septembermánuði var hann kominn í 700 millj. kr. Hæstv. fjmrh. mótmælti þá skýrslu Ríkisendurskoðunar þar sem talað var um að hallinn á ríkissjóði væri 1,5–2 milljarðar kr. En nú hefur hæstv. núv. fjmrh. sem sé upplýst það í Garðabænum að hallinn sé 5–9 milljarðar kr. samkvæmt frétt í Morgunblaðinu. Að vísu er nákvæmni ekki fyrir að fara og skekkjumörk mikil en vitaskuld er bagalegt að hæstv. utanrrh. skuli vera erlendis þegar málið nú kemur upp. Ég hef auðvitað engin gögn í höndunum um það hvor þessara hæstv. ráðherra segir satt. En fróðlegt væri að vita hvað hæstv. forsrh. vill um málið segja. Hefur hæstv. forsrh. haft samband við utanrrh. sinn af þessu tilefni? Það væri sannarlega ærin ástæða til þess. Og ef svo er: Hvað hefur hann þá um málið að segja? Hvor hæstv. ráðherra segir satt, Ólafur Ragnar Grímsson eða Jón Baldvin Hannibalsson? Eða segja þeir kannski báðir ósatt? Hæstv. forsrh. getur ekki látið sér á sama standa. Hann verður að komast til botns í málinu. Hann hlýtur að ætlast til þess af sínum ráðherrum að þeir beri sannleikanum vitni.

Fjmrh. er heimilt að hækka ríkisútgjöldin um 600 millj. kr., segir í lagatextanum. Ekki býst ég við að þessi grein sé þannig hugsuð að hún sé takmarkandi þannig að útgjöld ríkissjóðs megi undir engum kringumstæðum fara fram úr fjárlögum nema um þessar 600 millj. kr. sem hér er talað um. Ekki er það á hæstv. fjmrh. að heyra. Ekki býst ég heldur við að hæstv. forsrh. sé reiðubúinn að lýsa því yfir að núv. hæstv. fjmrh. muni í einu og öllu halda sig innan ramma fjárlaga eftirleiðis nema sérstök lög verði sett um annað. Það mun hann vitaskuld ekki gera svo að lagagreinin er heldur ekki stefnumarkandi fyrir ríkisstjórnina. Lagagreinin er m.ö.o. ekkert nema yfirklór og það sem verra er, móðgandi fyrir Alþingi og íslensku þjóðina þar sem fjmrh. eru engar skorður settar um það hvernig þessum fjármunum skuli varið. Heilum 600 millj. kr. Þeir eru geðlitlir þeir hv. þm. sem styðja þessa ríkisstjórn að láta þetta yfir sig ganga ofan á allt annað sem þetta frv. geymir sem hér er til umræðu. Kosturinn við það er kannski sá einn að frv. er lýsandi fyrir hæstv. forsrh. og ríkisstjórn hans og minnir á hvernig hún komst til valda.

24. gr. frv. felur í sér heimild til fjmrh. til að semja um og/eða fella niður vangoldinn tekju- og eignarskatt álagðan á árinu 1987 eða fyrr. Það var ranghermt hjá hæstv. forsrh. að síðasta ríkisstjórn hefði samþykkt þá skattaeftirgjöf sem hér er um að ræða. Hitt er rétt að málið kom til umræðu í ríkisstjórninni eftir þeim upplýsingum sem ég hef undir höndum. Það er nýstárlegt að sjá ákvæði af þessu tagi í bráðabirgðalögum útgefnum nokkrum dögum áður en þing kemur saman. Enn furðulegra að hæstv. fjmrh. skuli hafa lýst því yfir að þetta mál þurfi að athugast betur, ef ég hef skilið hann rétt. Það væri fróðlegt að fá það upplýst, hæstv. forsrh., hvernig þessi 24. gr. er tilkomin og hvort samráð var haft við núv. hæstv. fjmrh. um orðalag hennar.

Hæstv. forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir, frv. til laga um efnahagsaðgerðir, endurspeglar það úrræðaleysi sem hvarvetna gætir í efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar og dregur dám af því. Hæstv. ríkisstjórn hrósar sér af því að hún vilji treysta atvinnuuppbyggingu í landinu, en tekst ekki betur til en svo að Guðjón B. Ólafsson, forstjóri Sambands ísl. samvinnufélaga, getur ekki orða bundist og segir í málgagni hæstv. forsrh. að hann hefði viljað sjá raunhæfari aðgerðir, að í stað verulegra lánveitinga kæmi varanleg bót á rekstrargrundvelli.

Hæstv. ríkisstjórn segist vilja fylgja góðri byggðastefnu. Jón Sigurðarson, forstjóri Álafoss hf., telur upp stærstu iðnfyrirtækin á Norðurlandi og segir að þau séu skilin eftir í blóði sínu. Það sé einfaldlega rangt að mismuna atvinnuvegunum á þann hátt sem ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar gerir. Þannig er hæstv. ríkisstjórn rúin trausti þeirra manna í atvinnulífinu sem maður gat haldið að stæðu henni næst. Það þarf ekki að spyrja um hina sem fjær standa.

Ég hef, hæstv. forseti, varpað eftirtöldum fyrirspurnum m.a. til hæstv. forsrh.: Fullvissaði hæstv. forsrh. forseta lýðveldisins um að bráðabirgðalögin hefðu nægan stuðning í báðum deildum Alþingis? Er þingrofsvaldið í höndum hæstv. forsrh. eins eða voru gerðir um það samningar eins og venja hefur skapast um að hann beitti því ekki nema samþykki samstarfsflokka hans kæmi til? Og ef svo er, er þá hluti þingrofsvaldsins í höndum Stefáns Valgeirssonar eða hefur hann ekkert um það að segja? Hefur ríkisstjórnin ákveðið að flytja frv. um frestun á gildistöku laga um virðisaukaskatt og ef svo er, til hve langs tíma? Er ríkisstjórnin fylgjandi virðisaukaskatti eða andvíg virðisaukaskatti? Er það mat hæstv. forsrh. að krónan sé raunverulega fallin, raungengi hennar sé með öðrum orðum of hátt og þess vegna sé það stefna ríkisstjórnarinnar að fella það smátt og smátt? Og ef svo er, hyggst þá hæstv. ríkisstjórn taka upp fljótandi gengi? Hvor segir satt um halla ríkissjóðs á þessu ári, fyrrv. hæstv. fjmrh. eða núv. hæstv. fjmrh., formaður Alþfl. eða formaður Alþb.?

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þetta frv. sem ég hef nú gert stutt skil.

Guðmundur Ágústsson:

Frú forseti. Við höfum nú hlýtt á hæstv. forsrh. mæla fyrir þessu frv. sem er bráðabirgðalög sem ríkisstjórn hans setti. Við höfum hlustað á hv. þm. Halldór Blöndal, 2. þm. Norðurl. e. Þetta hafa verið mjög fróðlegar umræður um það hvað gerst hefur og hver voru endalok ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar. Við höfum fengið tvær söguskýringar á því máli. Ég ætla ekki að bæta þeirri þriðju við, enda er það ekki

mitt að dæma hver á sök í þessu máli og hver er saklaus. Hins vegar verð ég að segja að ýmislegt fróðlegt hefur komið fram um það hver hefur rekið rýting í bak hvers og hvers vegna það var gert. Það er greinilegt að sú ríkisstjórn sem starfaði hér áður, ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar, var aldrei mynduð í þeim skilningi að þarna færi samstillt ríkisstjórn.

Bráðabirgðalögin, sem hér er mælt fyrir af hálfu forsrh., eru um margt sérstæð. Hv. þm. Halldór Blöndal, 2. þm. Norðurl. e., hefur farið ofan í ýmsa þætti er varða formsatriði þeirra laga og vil ég taka undir ýmislegt sem hann hefur sagt og bæta öðru við. Það er nokkuð ljóst skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar að brýna nauðsyn þurfi að bera til svo bráðabirgðalög skuli sett. Það hefur verið túlkun fræðimanna, bæði hér á landi og á hinum Norðurlöndunum, að það skuli gera mjög miklar kröfur til laga sem sett eru með þessum hætti. Hins vegar hefur túlkunin hjá íslenskum stjórnmálamönnum og ráðherrum verið þannig að það er nánast ákvörðun ríkisstjórna í hvert og eitt skipti hvort gefa skuli út bráðabirgðalög og þá skiptir ekki máli hvaða efni þar er um að ræða.

Ég held, með hliðsjón af því sem gerst hefur núna í sumar, að það verði að endurskoða þessa heimild stjórnarskrárinnar fyrir ríkisstjórnir til útgáfu bráðabirgðalaga ef við ætlum að viðhalda lýðræðisfyrirkomulaginu sem við teljum okkur búa við. Útgáfa bráðabirgðalaga eru einræðislegir stjórnarhættir. Þar er þingið gert ómerkt í þeim skilningi að það fær ekki að koma að sínum sjónarmiðum sem það kann annars að hafa við þá lagasetningu. Sérstaklega er þetta ámælisvert þegar sú ríkisstjórn sem gefur út lögin getur ekki sýnt fram á að hún hafi meiri hluta í báðum deildum fyrir samþykki laganna. Þannig er að þó að telja megi þessa ríkisstjórn til meirihlutaríkisstjórna á grundvelli þess að hún getur varið sig vantrausti held ég og tel nokkuð ljóst samkvæmt stjórnarskránni að þessi ríkisstjórn hafi ekki heimild til setningar bráðabirgðalaga. Í stjórnarskránni eru sett þau skilyrði fyrir að frv. verði að lögum að það þurfi að samþykkja þau lög í báðum deildum. Það væri einkennilegur túlkunarmáti ef bráðabirgðalög þurfa ekki sömu afgreiðslu.

Það má benda á það að á hinum Norðurlöndunum er mjög sjaldan gripið til bráðabirgðalaga og nánast aldrei svo ég muni til nema mjög brýna nauðsyn beri til. Það má minna á að í Danmörku situr þingið meginhluta ársins. Því er frestað á milli, en þar er ekki gripið til bráðabirgðalaga. Á hinum Norðurlöndunum er þetta mjög sjaldan gert. Mig minnir að það hafi verið í Noregi bannað að gefa út bráðabirgðalög. Þetta er því séríslenskt fyrirbrigði. Hér er það nánast regla frekar en undantekning að gefa út bráðabirgðalög við lausn efnahagsvanda.

Það er fleira er varðar form þessara bráðabirgðalaga sem ég vil gera hér að umtalsefni. Má ég þá í fyrsta lagi minna á og taka til 5. gr. frv., en þar er framkvæmdarvaldið að ómerkja störf Alþingis. Þar er freklega verið að taka fram fyrir hendur Alþingis með því að ráðstafa fjármagni á annan veg en Alþingi hefur ákveðið. Verið er að taka hlut af framlagi Atvinnuleysistryggingasjóðs og ráðstafa því í annan sjóð sem lögin gera ráð fyrir að verði stofnaður og beri nafnið Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina.

Það má minna á að það er grundvallarregla í öllum lýðræðisþjóðfélögum að löggjafarsamkoman hafi með fjárveitingarvaldið að gera og það eitt geti ráðstafað fé skattborgaranna. Þó forseti Íslands sé annar handhafi löggjafarvaldsins og sá eini þegar Alþingi starfar ekki er honum ekki heimilt að ómerkja ákvarðanir Alþingis. Alþingi eitt hefur með fjárlög að gera og það er beint bannað í stjórnarskránni að gefa út bráðabirgðalög og ógilda þar með ákvörðun Alþingis.

Ég vil einnig taka undir það, sem hv. 2. þm. Norðurl. e. talaði um, er varðar 20. gr. frv., er varðar gildistöku þeirrar greinar skv. 25. gr. En þar er fjallað um nýjan útreikning dráttarvaxta, að sú grein komi ekki til framkvæmda fyrr en 1. nóv. 1988. Það má minna á að bráðabirgðalögin voru sett vegna brýnnar nauðsynjar, en engu að síður á einn liður laganna ekki að koma til framkvæmda fyrr en síðar og það eftir að Alþingi hefur komið saman. Þarna er verið að fara yfir strikið og þetta er að mínu mati bein lögleysa.

Í framhaldi af þessu vil ég taka undir þá spurningu sem fram kom frá hv. 2. þm. Norðurl. e., er varðar form þessara bráðabirgðalaga, og spyrja hæstv. forsrh. hvort þessi bráðabirgðalög njóti stuðnings í báðum deildum Alþingis, meirihlutastuðnings, og jafnframt hvort forseta Íslands hafi verið gerð grein fyrir því að meirihlutastuðningur sé ekki fyrir lögunum í Nd. ef það er svar hans að svo sé.

Hvað varðar efni þessara bráðabirgðalaga þá einkennist það af launafrystingunni. Þarna er verið að ganga á þau sjálfsögðu mannréttindi að hver aðili hafi samningsrétt. Þarna er verið að höggva í sama knérunn og fyrri ríkisstjórn gerði, að telja verkafólkið í landinu vera meginorsökina fyrir því hvernig komið er. Ekki má túlka þetta á annan hátt því ekki virðist mér vera í þessum bráðabirgðalögum tekið á öðrum þáttum. Þetta er kjarninn í bráðabirgðalögunum. Annað sem gert er er hismið.

Það kemur fram í bráðabirgðalögunum að verið er að stofna sjóð sem heitir Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina. Þessi sjóður á að sjá um einhverja þá mestu millifærslu sem um getur að ein ríkisstjórn hafi gripið til. Þessi sjóður á að hafa á milli handanna 2 milljarða og hafa heimild til að skuldbreyta 5 milljörðum. Það eru engir smápeningar sem þarna er verið að tala um. Og allt er þetta á ábyrgð ríkisvaldsins. Þetta er lagt upp með þeim hætti að beint framlag í þennan sjóð er 2 milljarðar kr. sem annars vegar er tekið frá Atvinnuleysistryggingasjóði, upp á 600 millj., 400 millj. af tekjuskattsauka og síðan 1 milljarður að láni sem ríkissjóður ábyrgist og síðan 3 milljarðar í skuldbreytingar.

Þegar maður veltir fyrir sér þessum sjóði ber það hæst að verið er að taka lögbundið framlag Atvinnuleysistryggingasjóðs og það án þess að tala við þá sjóðsstjórn. Þetta eru út af fyrir sig ámælisverð vinnubrögð miðað við það sem frá sjóðsstjórninni hefur komið. Þessi ráðstöfun sem slík er kannski ekki neitt til þess að gleðjast yfir, en hins vegar má segja að um aðrar leiðir sem tiltækar voru hafi ekki náðst pólitísk samstaða. Millifærsla skekkir mjög þjóðfélagsmyndina og gerir fyrirtækjum mjög erfitt fyrir, hyglar fyrirtækjum á einu sviði og kemur niður á öðru. Þess vegna ber mjög að varast allar millifærslur.

Það sem Borgarafl. hefði viljað gera er það að taka ákveðið tillit til fyrirtækja sem verst standa og reyna að tryggja þeim fyrirtækjum sem lífvænleg eru grundvöll, en ekki með þeim hætti sem þarna er verið að tala um heldur með því að auka mjög verulega eigið fé og að nýir aðilar komist inn í fyrirtækin. Þarna er ekki gerð sú krafa.

Hvað varðar greinar þessa frv., þá mundi ég vilja taka fyrir II. kafla þessara laga og fara inn á verðlags- og kjaramálin. Það er alveg ljóst að staðan í þjóðfélaginu er mjög slæm. Á mörgum sviðum og hjá mörgum fyrirtækjum blasir við algert gjaldþrot. Það er ekki einungis í útflutningsatvinnuvegunum heldur líka í verslun, samkeppnisgreinum. Og það er sama hvert litið er.

Verðlagshömlur eins og hér er mælt fyrir um geta ekki verið til góðs og þó svo að hægt sé að þrýsta verði niður með valdboði er alveg ljóst að þegar spennan minnkar þá gýs heldur betur úr katlinum. Lögin sem slík leysa engan vanda heldur fresta vandanum fram yfir 15. febr. Verðlagshömlurnar sem þarna er mælt fyrir um geta ekki verið lækning á þeim vanda sem við er að etja.

Ég hef lítillega farið yfir kjaramálin. Ég tel að það hafi verið rangt hjá þessari ríkisstjórn að banna kjarasamninga og tel það vera yfir höfuð ranga pólitík að fara inn á þessar brautir. Hins vegar hefur verkalýðshreyfingin því miður ekki andmælt þessari lagasetningu nema að litlu leyti og er ég hissa á þeim viðbrögðum.

Ég ætla ekki að hafa mikil orð um þessi bráðabirgðalög og það frv. sem upp úr því var samið sem er samhljóða, en vona að þetta frv. hljóti fljóta og góða afgreiðslu hér í deildinni svo að við þurfum ekki að búa við það ástand að hafa bráðabirgðalög í gildi sem ekki nýtur stuðnings á Alþingi.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Hér eru til umfjöllunar bráðabirgðalög tveggja ríkisstjórna, þ.e. sumarútgáfa ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar og haustútgáfa og fyrstu verk nýrrar ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar. Stöðugir í báðum þessum stjórnum eru Framsfl. og Alþfl. en Alþb. hefur nú tekið sæti Sjálfstfl. Þessum bráðabirgðalögum er eins og svo oft áður ætlað að taka á og væntanlega leysa efnahagsvandann, efnahagsvanda sem hæstv. forsrh. lýsti á þann veg að íslenskt atvinnulíf væri komið nær bjargbrúninni en nokkru sinni fyrr. Gjaldþrot ýmissa fyrirtækja eru þegar heyrinkunn, bæði aðalatvinnuveitenda byggðarlaga úti á landi, svo og fyrirtækja á þéttbýlissvæðum. Þessi mikli vandi atvinnulífsins hefur ekki sneitt hjá heimilum landsmanna heldur. Og af hverju stafar hann svo?

Við höfum nú búið við betri tíð um nokkurra ára bil en oft áður, höfum reyndar notið hvers metaflaársins á fætur öðru og ytri aðstæður, sem svo eru oft kallaðar, svo hagstæðar að efnahagssérfræðingarnir hafa reiknað yfir okkur góðæri. Og þjóðartekjurnar í ár munu vera svipaðar og verið hefur. Samt er atvinnulífið og mörg heimili svo illa stödd sem raun ber vitni. Hvað segir það okkur um efnahagsstjórn undanfarinna ára? Hvað segir það okkur t.d. um þann flokk sem hæstv. forsrh. veitir formennsku, Framsfl., sem hefur um ótrúlega langa hríð verið þátttakandi í ríkisstjórnum? Hvað hefur sá flokkur eiginlega verið að gera? Formaður hans segir að vísu í nýlegu blaðaviðtali að flokkurinn sé nú hættur því sem nefnt er frjálshyggjufylliri en hvernig er því eiginlega varið? Er þessi flokkur ekki sjálfráða eða fulltrúar hans?

Efnahagsvandi er nokkurn veginn örugg stærð sem reikna má með í þjóðfélaginu á hverjum tíma, misþungur að vísu en ævinlega vandi sem hver stjórn verður að glíma við. Hann verður aldrei leystur í eitt skipti fyrir öll. Samt megum við í sífellu horfa upp á skyndilausnir í formi bráðabirgðalaga þar sem verið er að bjarga þjóðinni undan mismunandi stórri holskeflu yfirvofandi neyðarástands. Oft er einmitt um að ræða ástand sem er afleiðing af óstjórn eða stjórnleysi ríkisstjórna og þá grípa menn til þess ráðs að bæta gráu ofan á svart með því að nota lögin til að ganga á rétt einstaklinganna, dýrmætan, óvefengjanlegan rétt launþega sem barist hefur verið fyrir, samningsréttinn. Sumir, jafnvel verkalýðsforingjar, gefa lítið fyrir þennan rétt nú orðið, telja sig raunsæja þegar þeir benda á aðra þætti, efnahags- og félagslega, sem reynast munu drýgri til að bæta hag launþega en óskertur samningsréttur. Vissulega hefur tilhneigingin einmitt verið sú að þegar velferðin er innleidd, þá er það einmitt með ýmsum bótum og félagslegum aðgerðum til að bæta fólki upp á ýmsan hátt þau vandræði að geta ekki séð sér farborða með eðlilegri og jafnvel mikilli vinnu.

Það fer orðið lítið fyrir umræðum um grundvallaratriði í pólitík á þessum síðustu tímum, segir einmitt sá verkalýðsforingi sem af svonefndu raunsæi sínu telur samningsrétt ekki ráða úrslitum um hag launþega. Það kann að vera rétt að of lítil umræða fari fram um grundvallaratriði í stjórnmálum. Kvennalistakonur, sem eiga ung samtök, líta einmitt á setningu bráðabirgðalaga og afnám samningsréttar launafólks sem grundvallaratriði, grundvallaratriði sem varðar lýðræði og mannréttindi, grundvallaratriði sem ber að virða og fara vel með. Fyrir bragðið hafa bæði sumir stjórnmálamenn og fjölmiðlamenn talið kvennalistakonur óraunsæjar,

jafnvel ábyrgðarlausar. En það eru fleiri á okkar máli og mig langar að vitna, með leyfi hæstv. forseta, í nokkur félög launþega sem hafa einmitt lýst því yfir að þau mótmæli harðlega ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að fresta umsaminni launahækkun sem taka átti gildi 1. sept. — og það er þá ekki síst vegna þess sem kom fram í máli hv. 11. þm. Reykv. hér á undan mér. Ég hef klippt út úr dagblöðum undanfarna daga. Það er Blaðamannafélag Íslands, það er Póstmannafélag Íslands, það er Verslunarmannafélag Reykjavíkur og það er Landssamband lögreglumanna, og eflaust eru þau fleiri sem fram hjá mér hafa farið við að fletta dagblöðunum. Kennarasamband Íslands sendir alþingismönnum einnig harðorð mótmæli sín. Svo er það enn fremur Samband norrænna verkalýðsfélaga, sem hélt fund í Færeyjum nú nýlega, sem mótmælir bráðabirgðalögum íslensku ríkisstjórnarinnar. Og norræna háskólamannaráðið, sem hélt fund í Osló nýlega, mótmælir einnig slíkri lagasetningu. Þannig að kvennalistakonur eru ekki einar um það. Formannafundur Alþýðusambands Íslands segir í blaðinu Vinnan, 8. tbl., með leyfi forseta:

„Formannafundur ASÍ 12. sept. 1988 tekur undir ályktun miðstjórnar ASÍ frá 6. sept. sl. Fundurinn mótmælir öllum hugmyndum um skerðingu á kjörum almenns launafólks. Fundurinn minnir á að þjóðartekjur á þessu ári eru áætlaðar svipaðar og á síðasta ári. Vandinn er því engan veginn óviðráðanlegur og það verður ekki þolað að við honum verði brugðist með kjaraskerðingu. Allar aðgerðir hljóta að miðast við að lækka vexti og verðlag og sjá fyrir atvinnuöryggi í útflutningsgreinum. Frumskilyrði er að tryggja afkomu heimilanna. Hinn almenni launamaður ber ekki sök á offjárfestingu og óráðsíu þjóðfélagsins. Fundurinn skorar á verkafólk um land allt að vera við því búið að bregðast við á viðeigandi hátt ef stjórnvöld taka ekki mark á þessum samþykktum."

Einnig er í þessu sama blaði vitnað í ummæli formanns Alþýðusambands Norðurlands, formanns Iðju í Reykjavík og Landssambands iðnverkafólks og formanns Framtíðarinnar í Reykjavík. Kvennalistakonur eru því ekki aleinar um þessa skoðun. Ég gæti auðvitað líka tekið fleiri til sem eru samþykkir eða voru einu sinni samþykkir því að samningsréttur inn skipti máli eins og t.d. alþýðubandalagsmenn sem voru í stjórnarandstöðu á sl. ári. Ég gæti t.d. auðveldlega vitnað til tillagna þingflokks Alþb. sem komu fram á fundi á Hallormsstað, en þar segir, með leyfi forseta: „Tillögur Alþb. eru í grundvallaratriðum allt aðrar en tillögur stjórnarflokkanna og sú stjórnarstefna sem fylgt hefur verið af þessari og síðustu ríkisstjórn. Tillögur Alþb. byggjast á því að ekki komi til kjaraskerðingar." Síðar segir: „Jafnframt þessum víðtæku efnahagsaðgerðum telur Alþb. nauðsynlegt að verkalýðshreyfingin fái á ný samningsréttinn með því að bráðabirgðalögin verði afnumin. Þar með fái verkalýðshreyfingin frelsi til þess að semja um kaup og kjör. Þannig er staðið við gerða kjarasamninga sem gera ráð fyrir launahækkunum 1. nóv. og í desember." Og það kynnu jafnvel að vera einhverjir fleiri hér inni í þessum sal sem gætu tekið undir þessa skoðun. Réttindi kvenna eru í raun nýfengin og mörgum dýrmæt. Kvennalistakonur eru enn að berjast fyrir réttindum og taka því kannski hátíðlegar grundvallaratriði eins og samningsréttinn en þeir sem telja sig reyndari í stjórnmálum. Þeir og aðrir telja það jafnvel barnalegt að þær skuli láta sér detta í hug að virða grundvallaratriði í samskiptum fólks og kaupa þau ekki eða selja.

Ástæðan fyrir þessari afstöðu, auk þess sem ég hef þegar sagt, er ekki síst sú staðreynd að mikil tekjutilfærsla hefur orðið í þjóðfélaginu á undanförnum árum. Þá nægir að nefna nokkur dæmi og aftur vitna ég í dagblöð, sem voru mér drjúg lesning nú um helgina, þar sem einmitt segir að á höfuðborgarsvæðinu sé nú á einni fasteignasölu sem svarar tveim Kringlum til leigu fyrir verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Hvað segir þetta okkur um áherslur í fjárfestingu í þjóðfélaginu? Á sama tíma er einnig reiknað að vísitölufjölskyldan þurfi 187 583 kr. í mánaðarlaun til framfærslu en vegið meðaltal mánaðarlauna launafólks 73 613 kr. Ég gæti farið ítarlegar út í þessar tölur til þess að skýra fyrir hæstv. ráðherrum og þingmönnum hvers vegna kvennalistakonur og forvígismenn margra samtaka launafólks telja að einmitt samningsrétturinn og rétturinn til að geta séð sér farborða á dagvinnulaunum sé ekki bara óvefengjanlegur, hann megi ekki skerða, og að það þarfnist umræðu, nánari umræðu hvernig farið er með þennan rétt.

Varðandi setningu þessara bráðabirgðalaga vil ég nefna tvö atriði. Í fyrsta lagi eru þau sett án þess að fyrir liggi að við þau sé nægur þingstuðningur. Að þessu hefur þegar verið vikið í máli annarra sem á undan mér hafa talað. Síðan er annað sem er athugavert við setningu þessara laga. Þau eru sett þegar rétt tæpar tvær vikur eru þangað til þing hefst. Það hefði verið mönnum í lófa lagið að kalla þingið saman þegar svona mikið lá við. Í stjórnarskránni segir einmitt að kalla megi aukaþing saman þegar brýna nauðsyn ber til. Og ég vil gjarnan spyrja hæstv. forsrh.: Hvers vegna var ekki tekið til þess ráðs að kalla fremur saman þingið heldur en að setja þessi bráðabirgðalög sem vel hefði mátt fjalla um sem venjuleg frv. í viðurvist þingsins?

Í bréfi frá þingflokki Alþb. til Þorsteins Pálssonar, hæstv. þáv. forsrh., segir: „Þingflokkur Alþb. hefur á fundi sínum á Hallormsstað 29. ágúst samþykkt að óska eftir því við ríkisstjórnina að Alþingi verði kallað saman til funda svo fljótt sem verða má og eigi síðar en innan 10 daga frá dagsetningu þessa bréfs." Síðar segir: „Mikil óvissa ríkir nú í þjóðmálum. Ríkisstjórnarflokkarnir koma sér ekki saman um neitt nema skerða kjör launafólks eins og nú hefur verið gert með enn nýjum bráðabirgðalögum sem svipta launafólk launahækkun sem átti að koma til móts við hinar miklu verðhækkanir að undan-

förnu. Opinskátt er rætt um frekari bráðabirgðalög á næstunni aðeins örfáum vikum eða dögum áður en Alþingi komi saman. Þingflokkur Alþb. telur með öllu óverjandi að grípa nú til setningar umdeildra bráðabirgðalaga af ríkisstjórn sem riðar til falls og einkennist af óheilindum og sundurþykkju.

Við þessar óvissuaðstæður og með hliðsjón af líklegum efnahagsráðstöfunum er það að mati þingflokksins skýlaus, lýðræðisleg og þingræðisleg skylda að kalla nú saman Alþingi þegar í stað. Þar verði fjallað um aðsteðjandi úrlausnarefni, kynntar upplýsingar um raunverulega stöðu þjóðarbúsins og með eðlilegum hætti ákveðið til hvaða ráðstafana skuli grípa. Með því að kalla Alþingi saman yrði tryggt að þjóðin fengi réttar upplýsingar um ástand efnahagsmála og afleiðingar hinna ýmsu ráðstafana. Nú eru upplýsingar hins vegar lokaðar inni í ráðuneytunum og komið er í veg fyrir eðlilega lýðræðislega umræðu í landinu."

Ég heyrði ekki betur í haust en að hv. formaður Alþb. léti þar hæst þegar hann krafðist þess að það yrðu kosningar tafarlaust og hann segir einnig í Þjóðviljanum, með leyfi hæstv. forseta:

„Eins og ég hef sagt síðustu þrjá mánuði, þá er það skoðun okkar að það eigi að efna tafarlaust til kosninga. Ef orðið hefði verið við þeirri ósk okkar fyrir tveimur eða þremur mánuðum, þá væri þeim nú lokið og ný stjórn tekin til starfa. Það hefði tekið skemmri tíma en þetta þóf ríkisstjórnarinnar sl. tvo mánuði. Ef það er aftur á móti ekki þingmeirihluti fyrir því að efna til kosninga, þá er okkur ekkert að vanbúnaði að kanna afstöðu og hugsanlegan stuðning annarra flokka við þær tillögur sem Alþb. hefur sett fram." Eftir því sem best verður séð og þegar lesnar eru þær tillögur sem komu fram á fundi alþýðubandalagsmanna á Hallormsstað nú í haust verður ekki séð að stefna þessarar ríkisstjórnar hafi tekið mikið mið af áherslum Alþb.

Þó get ég fagnað því að þessi bráðabirgðalög, svo slæm sem þau eru og óviðunandi hvernig að þeim var staðið, skuli hafa verið lögð fram strax í byrjun þings, eins og Kvennalistinn fór reyndar fram á. Það skiptir auðvitað meginmáli að þingið fái að fjalla um þau sem fyrst og ekki síst vegna þess að ekki liggur ljóst fyrir hvort fyrir þeim er í raun meiri hluti á þessu þingi.

Ég minntist á það áðan að það væri mikið álitamál hvernig bráðabirgðalög hefðu verið nýtt, ekki bara í tíð þessarar ríkisstjórnar, heldur jafnvel áður. Mig langar til vegna þess sem ég sagði um lýðræði og mannréttindi nú áðan, að minnast á nýlega grein eftir Ara Skúlason og Ásmund Hilmarsson þar sem þeir fjalla einmitt um samningsréttinn. Hún er í 2. hefti tímaritsins Réttur 1988 og heitir: Hugleiðingar í tilefni enn einna bráðabirgðalaga gegn kjarasamningum stéttarfélaga. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Í 28. gr. stjórnarskrárinnar er forseta gefin heimild til útgáfu bráðabirgðalaga. Þar kemur orðið „nauðsyn" fyrir í síðara sinnið í stjórnarskránni [en áður var tiltekið að orðið nauðsyn kæmi tvisvar fyrir í stjórnarskránni]:

„Þegar brýna nauðsyn ber til, getur forsetinn gefið út bráðabirgðalög milli þinga. Ekki mega þau þó ríða í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir næsta Alþingi á eftir.

Nú samþykkir Alþingi ekki bráðabirgðalög, og falla þau þá úr gildi.

Bráðabirgðafjárlög má ekki gefa út, ef Alþingi hefur samþykkt fjárlög fyrir fjárhagstímabilið."

Eðlilega er ekki látið nægja að nauðsynina eina þurfi til að gefa út bráðabirgðalög. Til þess þarf að vera brýn nauðsyn. Ástæðan er augljós. Alþingi er aðalhandhafi löggjafarvaldsins. Þegar það er ekki að störfum og eitthvað ber upp á má kalla það saman til aukafundar ef það þykir nauðsynlegt. Ekkert nema brýn nauðsyn réttlætir að Alþingi sé ekki kallað saman til þess að sinna löggjafarvaldi sínu. Setning laga annars staðar en á Alþingi er réttlætanleg undir vissum kringumstæðum. Þær kringumstæður gætu t.d. verið ef ríkisvaldið þarf að verja sjálft sig eða þegna ríkisins fyrir ófyrirséðri skyndilegri aðsteðjandi hættu eða árás. Að taka það til bragðs að setja lög án þess að Alþingi komi þar við sögu á að sjálfsögðu að vera algjör undantekning og neyðarúrræði. Hún er í eðli sínu gerræðisleg og hefur þess vegna í för með sér hættu á pólitískri spillingu valdhafa og pólitískri misbeitingu valds. Með setningu bráðabirgðalaga kemur fram ótvíræður yfirgangur ríkisvaldsins og átroðningur á grundvallarreglum í samskiptum ríkisvaldsins innbyrðis og ríkisvaldsins og þegnanna. Túlkun og meðferð þessa ákvæðis stjórnarskrárinnar er því það sem mestu varðar."

Ég vil nefna það hér að það kemur fram í þessari grein að bráðabirgðalög ríkisstjórnarinnar, sem sett voru í maí sl., voru þau 253. í röðinni frá lýðveldisstofnuninni. Ég vitna í það sem Ólafur Jóhannesson segir í bókinni „Stjórnskipun Íslands", með leyfi forseta. „Hin tíða útgáfa" — því að ég vil einmitt víkja að því, hæstv. forseti, hér er um að ræða grundvallaratriði og það er kannski aldrei betri tími til þess að ræða grundvallaratriði í samskiptum þingmanna, löggjafarvalds og framkvæmdarvalds, en einmitt þegar framkvæmdarvaldið hefur e.t.v. ekki þennan sjálfsagða og sjálfskipaða meiri hluta í þinginu sem það vanalega hefur. Það gæti verið að það mundi aðeins hlusta betur.

„Hin tíða útgáfa," segir Ólafur Jóhannesson, „bráðabirgðalaga á síðari árum ber því vitni að skilyrði stjórnarskrárinnar um brýna nauðsyn hafi ekki ætíð verið stranglega túlkuð. Sú framkvæmd hefur samt eigi leitt til neinna verulegra árekstra milli þings og stjórnar, enda eru bráðabirgðalögin sett í samráði við þingmenn eða þann þingmeirihluta sem stjórnin styðst við eða stundum samkvæmt ályktun eða áskorun Alþingis eða meiri hluta þingmanna. Og þegar ríkisstjórn hefur þótt mikið við þurfa mun hún oftast fyrir fram hafa tryggt sér nægan þingstuðning við bráðabirgðalögin."

Í fyrrnefndri grein segir síðan:

„Útgáfa bráðabirgðalaga er ólýðræðisleg og óþingræðisleg þótt hún geti verið réttlætanleg í undantekningartilvikum. Hún er ólýðræðisleg um leið og hún er óþingræðisleg vegna þess að fulltrúar kosnir á löggjafarsamkomu fá ekki tækifæri til þess með rökræðum að greina, nálgast og hafa áhrif á hvað sé réttlát niðurstaða. En þetta er grundvallarregla lýðræðis. Þótt það sé ekki stjórnarskrárbundið að okkur beri að vinna samkvæmt leikreglum lýðræðisins, þá teljum við okkur samt í hópi þeirra ríkja sem hafa lýðræði í hávegum. Útgáfa bráðabirgðalaga er óþingræðisleg vegna þess að jafnmikilvæg ákvörðun og setning laga fer fram þegar Alþingi, aðalhandhafi löggjafarvaldsins, getur ekki framfylgt frumskyldum sínum að setja lög og hafa eftirlit með gerðum ríkisstjórnarinnar og veita henni aðhald. Meirihlutastuðningur þingmanna við setningu bráðabirgðalaga getur engan veginn talist réttlæta setningu þeirra frekar en þótt einskins stuðnigs væri leitað við þau. Meirihlutastuðningur við tiltekna aðgerð er ekki endilega mælikvarði á að lýðræðislega hafi verið staðið að verki."

Mig langar til þess að vitna hér í það sem danskur fræðimaður að nafni Hal Kock hefur skýrt frá í bók sem heitir „Hvað er lýðræði?" og kom reyndar út árið 1946. Þar fannst mér ég lesa það sem ég oft hef fundið sjálf þegar ég sit hér á þingi. Ég þarf einmitt að svara því í stuttu viðtali hvað mér hafi þótt neikvætt við það að vinna í pólitíkinni og vinna þingstörfin og hvað hafi komið mér á óvart. Eitt af því sem hefur komið mér á óvart og eitt af því sem mér hefur líkað illa er nákvæmlega það sem þessi fræðimaður lýsir. Ég ætla að lesa fyrir ykkur þá lýsingu, hv. þm., með leyfi forseta:

„Í byggðarlagi nokkru er sóknarnefnd sem skiptist í meiri hluta þar sem eru sjö nefndarmenn og minni hlutann sem er skipaður fjórum nefndarmönnum. Meiri hlutinn er þannig öruggur og engin ástæða til að ætla að á því verði breyting á næstu árum.

Á sóknarnefndarfundum gerist það mjög oft að meiri hlutinn fylgir úr hlaði með örfáum orðum tillögu sem þeir hafa áður komið sér saman um að flytja. Því næst fær minni hlutinn orðið. Sóknarnefndin er lýðræðisleg samkoma. Þau í minni hlutanum tala langt mál og stundum vel rökstutt sem sýnir fram á erfiðleikana sem fylgja málefninu. Á meðan minni hlutinn flytur mál sitt getur enginn áttað sig á því hvort meiri hlutinn hlustar eða sefur, en við verðum að gera ráð fyrir því fyrrnefnda.

Þegar minni hlutinn hefur gert grein fyrir athugasemdum sínum getur verið að formaðurinn segi okkur orð. Hann er gjarnan hvassyrtur. Það hefur ekki liðið langur tími þangað til meiri hlutinn leggur til að nú skuli gengið til atkvæða. Frekari umræður eru vanalega ekki taldar nauðsynlegar. Þær eru það heldur ekki. Meiri hlutinn hefur gert út um málið áður en kom til fundarins og lætur sig andstæðingana engu varða og heldur ekki sjónarmið þeirra.

En sóknarnefndarfundinum lýkur alltaf með góðri, lýðræðislegri atkvæðagreiðslu þar sem atkvæðin falla sjö á móti fjórum svo merkilegt sem það nú er. Eftir þetta snýr sér hver að sínu fullviss um að unnið hafi verið lýðræðislega.

Höfðu ekki allir málfrelsi? Var málið ekki leitt til lykta með atkvæðagreiðslu og réði meiri hlutinn ekki? Hvað vilja menn meira? Allir verða yfir sig hlessa. Sennilega kemur það minni hlutanum skemmtilega á óvart að heyra fullyrt að þetta háttalag sé í hæsta máta ólýðræðislegt."

Ég vil nefna það líka að á síðustu tíu árum hafa þrisvar sinnum verið sett almenn lög og sex sinnum bráðabirgðalög um kjaraskerðingu með því að ógilda samninga og þá eru ekki talin með lög sem er stefnt gegn aðgerðum ákveðinna verkalýðsfélaga. Ég ætla ekki að lengja mál mitt hér nú með því að lesa nánar úr þessari grein þó það hefði einmitt verið mjög áhugavert, en vildi benda hv. þm. á hana vegna þess að hún er umhugsunarverð. Ég mundi vilja ráðleggja hv. þm. að lesa þessa grein. (**Gripið fram í:** Og kaupa Rétt.) Jafnvel, annars fæst þetta á bókasafninu. (Gripið fram í.) Nei, ég veit ekki um það. Ég hvet engan til að kaupa eitt eða neitt, en þeir geta fengið ljósrit af þessu á bókasafninu.

Áður en ég vík nánar að frv. langar mig að spyrja bæði hæstv. forsrh. og líka hæstv. menntmrh. sem hér situr: Hvernig geta þingmenn og launþegar treyst því að í febrúar eða mars verði ekki sett önnur lög, jafnvel bráðabirgðalög, sem framlengja afnám samningsréttar og afnema lögbundna launahækkun, umsamda launahækkun? Hvernig getum við treyst því þó að því hafi verið lofað að svo verði ekki?

Þær aðgerðir sem frv. boðar víkja að úrbótum á því ástandi atvinnulífsins sem ég vék lítillega að áðan og vissulega er þar úrbóta þörf. Þar fjalla nokkrar fyrstu greinarnar einmitt um úrræði eins og t.d. það sem er bundið við Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina og hv. þm. Danfríður Skarphéðinsdóttir mun víkja nánar að á eftir. Ég lýsi samt yfir efasemdum mínum og áhyggjum yfir því að fé sem á að vera framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs skuli vera svo frjálslega tekið þegar menn einmitt tala um og óttast að við blasi atvinnuleysi, vaxandi atvinnuleysi. Hvernig geta þeir verið svo vissir um að Atvinnuleysistryggingasjóður þurfi ekki einmitt núna á öllu sínu fé að halda? Ég mundi hafa miklar áhyggjur af stöðu þess sjóðs í framtíðinni og það í náinni framtíð.

Í 12. gr. sem fjallar um verðlags- og kjaramál segir í síðustu málsgreininni, með leyfi hæstv. forseta: „Frekari hækkun launa, kjaratengdra liða og hvers konar endurgjalds fyrir unnin störf en kveðið er á um í þessari grein er óheimil til 15. febr. 1989." Hvernig er hægt að fylgjast með þessu, að staðið verði við þessi ákvæði, t.d. úti í einkageiranum, á vinnumarkaðnum? Hvernig er hægt að fylgjast með því að það verði ekki í raun og veru ævinlega höggvið í sama knérunn, að það fólk sem hefur kauptaxta sem vitað er um, og margir þeirra lægstu

launin, verði fyrir stöðvun launahækkana og verði í raun látið borga eins og svo oft áður fyrir þau mistök sem gerð hafa verið í atvinnuvegunum? Það eru ýmis atriði í frv. sem kvennalistakonur geta tekið undir og verið sammála. Við erum sammála því að dráttarvextir skuli reiknast sem dagvextir, einnig ýmsu öðru í sambandi við vaxtaákvarðanir. En hvers vegna kemur hér ekkert af því sem Alþb. talaði svo fjálglega um? Hv. formaður þess, Ólafur Ragnar Grímsson, talaði um að Alþb. gæti vel hugsað sér að viðra hugmyndir sínar við aðra flokka að afloknum kosningum. Hvers vegna kemur ekki meira af þeim inn í þessi bráðabirgðalög sem eiga að taka til fyrstu aðgerða? Öll þau fögru loforð um það hvar átti að sækja fé og hverjir áttu í raun að standa undir og greiða óráðsíukostnaðinn eins og hann er svo oft nefndur?

Ég ætla ekki að hafa þessi orð lengri nú, en eins og ég sagði áður mun hv. þm. Danfríður Skarphéðinsdóttir víkja nánar að þessum aðgerðum og frv. sem hér liggur fyrir. Ég hef lokið máli mínu, hæstv. forseti.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Herra forseti. Eftir að hafa hlýtt á ræðu hæstv. forsrh. og þrátt fyrir að flokksbróðir minn, hv. 2. þm. Norðurl. e., hafi að vonum haldið mikla ræðu þykir mér rétt að leggja nokkur orð í belg.

Hér er til umræðu frv. ríkisstjórnarinnar um efnahagsráðstafanir til staðfestingar á bráðabirgðalögum sem gefin voru út 28. fyrri mánaðar. Fyrir þessari hv. þingdeild liggja auk þess þrjú frv. um efnahagsaðgerðir til staðfestingar á bráðabirgðalögum sem gefin voru út af fyrrv. ríkisstjórn.

Efnahagsaðgerðir, það er stórt orð. Það hefur ekki skort tilburði stjórnvalda sem hefur verið gefið heitið efnahagsaðgerðir. En oftar en ekki hafa svokallaðar efnahagsaðgerðir haft takmarkað gildi, verið ómarkvissar, fálmkenndar og árangurslausar ef þær hafa ekki gert illt verra. Þetta á ekki sérstaklega við atburði síðustu mánaða. Þetta á sér því miður miklu lengri sögu.

Ástæðan fyrir þessu er sú að menn ráðast ekki gegn sjálfum orsökunum sem valda þeim vanda sem efnahagsráðstöfunum er ætlað að ráða bót á. Menn skirrast við að vega að rótum vandans. Meinsemd efnahagslífsins heldur áfram að grafa um sig þó að reynt sé að draga úr eða fela afleiðingar sjúkdómsins með einhverjum brögðum. Það kemur allt fyrir ekki. Engin önnur leið er en að skera meinsemdina burtu. Efnahagsaðgerðir verður að vega og meta eftir því hvort þær taka á hinum raunverulega vanda. Frv. ríkisstjórnarinnar um efnahagsaðgerðir, sem við nú ræðum, hljótum við að dæma eftir þessum mælikvarða.

En áður en lengra er haldið vil ég víkja að orsökum vandans í efnahagslífi landsins eins og þær koma mér fyrir sjónir. Það er viðfeðmt mál sem ég ætla mér alls ekki að gera almenn skil í þeim orðum sem ég mæli við þessa umræðu. En til þess að gera málið einfalt geng ég út frá að meginvandamál okkar í dag liggi í því að við eyðum meiru en við öflum. Orsakir og afleiðingar þessa blasa við hvarvetna, hverjum sem sjá vilja.

Ég ætla samt aðeins að víkja að einum þætti þessa máls, en hann er einmitt allra mikilvægastur. Þetta eru ríkisfjármálin sem þingmenn hafa ekki við aðra að sakast um en sjálfa sig. Það vantar ekki að ríkisfjármálin séu inni í umræðunni. En það gerist ekkert í þeim efnum sem í þessu sambandi skiptir máli. Það er enginn samdráttur í ríkisútgjöldunum, þvert á móti aukast þau jafnt og þétt. Menn tala og tala en ekkert gerist. Það er eins og skáldið sagði um veðrið: Allir tala um veðrið en enginn gerir neitt í því.

Þetta á við útgjaldahliðina. En hinu er ekki að neita að ýmislegt umtalsvert hefir verið gert sem varðar tekjuhlið fjárlaga. Ég ætla samt ekki að gera að umræðuefni nú þær umbætur og breytingar sem hafa verið gerðar á skattkerfinu, álagningu og innheimtu skatta. Ég ætla ekki að ræða hér um skattamálin, en bendi aðeins á það að á sama tíma sem stjórnvöld hafa einbeitt sér að skattamálunum hafa þau forðast að gera nokkuð markvert til þess að hafa hemil á útþenslu ríkisbáknsins, hvað þá heldur að koma þar við samdrætti.

Því miður er þetta ekki ofmælt. Þetta eru staðreyndir málsins. Stjórnvöld hafa algjörlega brugðist í þessu efni og raunar það sem verst er: gripið hefur verið til blekkinga til þess að láta munnræpuna um góðan vilja og tilgang sýnast vera alvörumál.

Þegar menn hafa verið að manna sig upp í sérstakar yfirlýsingar um samdrátt í ríkisútgjöldum er þar aldrei átt við lækkun heildarútgjalda heldur í besta falli að aukningin sé minni en hún hafi einhvern tíma áður verið. En þetta þýðir alls ekki að samdráttur hafi orðið í ríkisbákninu. Það heldur alltaf áfram að þenjast út þó að einhver hemill kunni að vera á heildarútgjöldunum. Það hefur verið fundin sú ljúfa leið að lækka útgjöld til verklegra framkvæmda til að auka þeim mun meir rekstrarútgjöldin. En þetta er vegurinn til glötunar. Sú var tíðin að framlög fjárlaga til fjárfestingar voru um 25% af heildarútgjöldunum en nú nálgast þau 5%. Þetta segir sína sögu.

Og svo hafa menn talað um að spara í ríkisrekstrinum. Auðvitað má spara í ríkisrekstrinum í mörgu og koma við hagræðingu á ýmsum sviðum. En bæði er það að þetta er allt meira í orði en á borði og ekki það þýðingarmesta þótt mikilvægt sé vissulega.

En eitt er nauðsynlegt. Það verður að ráðast til atlögu við ríkiskerfið með því að fela sum verkefni, sem ríkið hefur með að gera, öðrum aðilum þar sem þau eru betur komin, sveitarfélögum, samtökum borgaranna og einstaklingum. Það þarf að endurskipuleggja frá rótum stjórnkerfi ríkisins í stóru og smáu. Raunar er fyrir löngu tímabært að taka til skipulegra og markvissra ráða til að skera niður ríkisútgjöldin. Og nú liggur hér fyrir frv. ríkisstjórnarinnar um efnahagsráðstafanir sem er markleysa

nema jafnframt fylgi niðurfærsla á rekstrarútgjöldum ríkissjóðs.

En ég skal nú víkja nokkrum orðum að sjálfu efni frv. Í I. kafla frv. er fjallað um aðgerðir í efnahagsmálum til stuðnings fyrirtækjum í fiskiðnaði og öðrum útflutningsgreinum. Hér er Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins heimilað að taka lán til að ráðstafa til greiðslu verðbóta á freðfisk og hörpudisk eins og hér hefur verið greint frá áður. Of lítið, of seint eins og venja er um hinar gamalkunnu kákaðgerðir millifærslunnar, verður manni fyrst á að hugsa. En það er augljóst að aðstoð við fiskiðnaðarfyrirtækin var nauðsyn þegar í stað svo sem komið er nú fyrir undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar víðs vegar um landið. Fiskvinnslufyrirtækin berjast í bökkum og sum eru á vonarvöl vegna greiðsluerfiðleika svo að liggur við rekstrarstöðvun og gjaldþroti. Sum fyrirtæki hafa þegar gengið þessa braut til enda. Það var ekki vonum fyrr að stjórnvöld kæmu hér til aðstoðar. En hér er ekki ráðist að orsökum þess vanda sem fiskiðnaðurinn hefur nú við að stríða. Hér er einungis gripið til bráðabirgðaaðgerða sem stoða ekkert nema raunhæfar efnahagsaðgerðir fylgi þegar á eftir þar sem vegið verði að rótum vandans.

Hin aðgerðin í atvinnumálunum, sem frv. gerir ráð fyrir, er stofnun svonefnds Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina. Þessum sjóði er ætlað að veita lán til endurskipulagningar, hagræðingar og framleiðniaukningar hjá útflutningsfyrirtækjum. Þá á sjóður þessi að hafa forgöngu um að breyta lausaskuldum fyrirtækja í útflutningsgreinum í föst lán til langs tíma.

Því verður ekki á móti mælt að nú sé svo komið fyrir útflutningsatvinnugreinunum að þörf sé aðgerða. En hitt orkar tvímælis sem fyrir er mælt í frv. um þennan Atvinnutryggingarsjóð, um leiðina sem valin er, um yfirstjórn og fjármögnun sjóðsins. Og að sjálfsögðu verða menn að hafa hugfast hvers eðlis þær aðgerðir eru sem hér um ræðir.

Þó að hæstv. forsrh. hafi sagt í ræðu sinni áðan og ég tók sérstaklega eftir að ríkisstjórnin teldi rétt að létta skuldabyrðum af útflutningsatvinnuvegunum, þá er Atvinnutryggingarsjóðnum ekki ætlað að létta byrðar og bæta eiginfjárstöðu fyrirtækjanna heldur að veita þeim ný lán, auka skuldir þeirra og þannig lengja hengingarólina sem þau eru í ef ekkert kemur meira til. Það ber allt að sama brunni. Allt er unnið fyrir gýg nema fram komi í beinu framhaldi aðgerðir sem ráðast að rótum meinsins. Það er ekkert sem að lokum getur komið til bjargar annað en heilbrigður rekstrargrundvöllur fyrir fyrirtækin. Aðgerðir frv. í atvinnumálum snúa ekki að þessum kjarna málsins.

Slæm eiginfjárstaða hrjáir íslensk fyrirtæki í dag. Ekki má það gleymast að besta leiðin til að auka eigið fé fyrirtækja er að þau séu rekin með hagnaði. Það er frumskylda ríkisvaldsins gagnvart atvinnulífinu að skapa þau skilyrði með löggjöf og stjórnvaldsráðstöfunum að atvinnureksturinn geti dafnað eðlilega og skilað hagnaði. Aldrei má missa sjónar á því að án hagnaðar verður engin aukning kaupmáttar og engin trygging fyrir atvinnuöryggi.

Þá er nauðsyn á viðbótarfjármagni inn í atvinnulífið sem eigið fé. Til þess að svo megi verða þurfa bæði stjórnvöld og atvinnurekendur að sýna skilning og vilja í verki. Skattalögin verða að vera þannig úr garði gerð að sparnaður í formi hlutafjár geti verið ábatasamari en önnur form sparnaðar. Og atvinnurekendur þurfa að tileinka sér þá víðsýni og þjóðhollustu að opna fyrirtækin fyrir nýju fjármagni og nýjum hluthöfum.

Þetta og margt fleira þarf ríkisstjórnin að hafa í huga ef henni er full alvara að gera ráðstafanir til stuðnings útflutningsfyrirtækjum landsins. Aðgerðir í atvinnumálum sem fyrir er mælt í I. kafla þessa frv., sem við nú ræðum, ná harla skammt ef ekki kemur fleira til.

Í II. kafla frv. er fjallað um verðlags- og kjaramál. Hér er raunverulega um að ræða framhald af bráðabirgðalögum fyrrverandi ríkisstjórnar um frestun á hækkun launa og búvöruverðs frá 26. ágúst sl. Með því að þau lög giltu aðeins til loka septembermánaðar er eðlilegt að framlengja þessi ákvæði eins og gert er í frv. því sem við nú ræðum. Þetta var liður í aðgerðum til að skapa svigrúm til athugunar og undirbúnings ráðstafana sem áttu að miða að því að treysta rekstrargrundvöll útflutnings- og samkeppnisgreina atvinnulífsins og hemja verðbólgu, eins og komist var að orði í yfirlýsingu fyrrverandi ríkisstjórnar 26. ágúst sl.

Það er nú eins og í sumar. Þessi ákvæði frv. um verðlags- og kjaramál eru í eðli sínu bráðabirgðaráðstafanir sem þjóna þeim tilgangi að gefa ríkisstjórninni svigrúm til langtímaráðstafana þar sem stefnt er að því að ryðja úr vegi orsökum þess vanda sem við er að glíma. Ef núverandi ríkisstjórn notar ekki þetta svigrúm til raunhæfra aðgerða til að hemja verðbólguna og treysta rekstrargrundvöll útflutningsfyrirtækja eru ákvæðin í II. kafla þessa frv. einskis nýt.

Kem ég þá að III. kafla frv., um vaxtaákvarðanir. Hér er um að ræða sjálfsögð ákvæði sem miða að lækkun vaxta. En það verður að hafa í huga að þessi ákvæði ná skammt þótt miði í rétta átt. Drápsklyfjum vaxtabyrðanna verður ekki létt af framleiðslufyrirtækjum og hinum mikla fjölda einstaklinga, sem skuldugir eru, nema með hraðri verðbólguhjöðnun og mikilli.

Allt ber þetta að sama brunni. Þessi ákvæði frv. um vaxtaákvarðanir stoða lítt ef ríkisstjórnin sker ekki á það kaun sem veldur hinum óhæfilega háu vöxtum, ræðst ekki að orsökum vandans.

Sá vandi sem við er að glíma er margslunginn. En upp úr stendur að taprekstur útflutningsatvinnuveganna er svo mikill að hreinn voði er fram undan ef ekkert verður að gert. Mikilvægast er í stöðu útflutningsgreinanna og ástandi efnahagsmálanna í dag að kveða niður verðbólguna. Orsök verðbólgunnar er í hnotskurn sú að við lifum um efni fram. Til að komast fyrir rætur verðbólgunnar eigum við því ekki

annars úrkosta en að draga saman, færa niður útgjöldin í einu eða öðru formi. Mikilvægast af öllu í því efni er niðurfærsla ríkisútgjalda og að því hef ég áður komið í máli mínu. En til þurfa að koma alhliða efnahagsaðgerðir sem ég ætla ekki að ræða sérstaklega nú.

Í upphafi máls míns sagði ég að efnahagsaðgerðir væru stórt orð. Frv. það, sem við ræðum nú, er nefnt frv. til l. um efnahagsaðgerðir. Þó er þetta frv. ekki um almenna efnahagsstefnu, heildarstefnu í aðgerðum til varnar þeim voða sem við stöndum frammi fyrir í dag. Hér er aðeins um að ræða ákvæði um nokkur tiltekin atriði sem eru í eðli sínu skammtímaráðstafanir, ekki til þess að ráðast að rótum efnahagsvandans heldur aðeins til að gefa stjórnvöldum svigrúm til frekari aðgerða.

Ég hef hér í máli mínu vikið að þessum skammtímaráðstöfunum. Þó að ég hafi haft uppi ýmsar athugasemdir vil ég ekki gera lítið úr þessum skammtímaráðstöfunum og viðurkenni nauðsyn bráðabirgðaráðstafana og það strax vegna þess að ástand útflutningsgreinanna þolir ekki bið. En endanlegur dómur verður að bíða eftir framvindu mála og þeim langtímaráðstöfunum sem þurfa að standa undir nafni sem efnahagsráðstafanir til raunhæfra úrlausna.

Eftir að hafa hlýtt á ræðu hæstv. forsrh. hér í umræðunum hefur mér þótt þörf á að leggja einmitt áherslu á þetta meginatriði. Ég heyrði ekki hæstv. ráðherra sjálfan leggja áherslu á það að ráðstafanir þær sem frv. gerir ráð fyrir eru einungis til þess að skapa svigrúm til undirbúnings efnahagsaðgerða til þess að treysta rekstrargrundvöll útflutningsgreina atvinnulífsins. Allt er komið undir framhaldinu.

Ef raunverulegar efnahagsaðgerðir líta ekki dagsins ljós nú fyrr en síðar verða skammtímaaðgerðir frv. þessa til einskis nýtar og aðeins til að tefja fyrir því að málin verði tekin traustum tökum. Það er ekki undankomu auðið. Við verðum að sjá fótum okkar forráð í efnahagsmálunum. Þar liggur við fjárhagslegt sjálfstæði þjóðarinnar.

Herra forseti. Mér hefur þótt rétt að tjá mig um þetta frv. þegar við 1. umr. þar sem ég á ekki sæti í þeirri þingnefnd sem fær málið til meðferðar.

Umræðu frestað.

NEÐRI DEILD

3. fundur, þriðjudaginn 18. okt., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Mér hefur borist svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Alþb. í Reykjaneskjördæmi, Ólafur Ragnar Grímsson fjármálaráðherra, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Geir Gunnarsson,
5. þm. Reykn."

Ólafur Ragnar Grímsson hefur áður setið á þingi og tekur hann hér með sæti Geirs Gunnarssonar.

Mér hefur borist svohljóðandi bréf frá formanni þingflokks Alþfl.:

„Við uppstillingu til nefndarkjörs sl. miðvikudag víxluðust nöfn hv. þm. Árna Gunnarssonar og Jóns Sæmundar Sigurjónssonar í sjútvn. og landbn. Óskað er eftir því að þetta verði leiðrétt þannig að Árni Gunnarsson taki sæti í sjútvn. en Jón Sæmundur Sigurjónsson í landbn."

Ég lít á þetta sem ósk um mannaskipti í nefndum sem er heimilt skv. 7. mgr. 15. gr. þingskapa og tilkynnist því þessi breyting deildinni.

Til forseta hefur borist ósk um að fram fari umræður utan dagskrár í deildinni skv. 32. gr. þingskapa um umræður í Sþ. er taki hálfa klukkustund. Fyrir því eru fordæmi að slíkar umræður séu leyfðar í deildum og hef ég fyrir mitt leyti fallist á að slík umræða geti hér farið fram og þá um það bil kl. hálffjögur. Umræðuefnið er yfirlýsing hæstv. fjmrh., Ólafs Ragnars Grímssonar, um viðskilnað ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar.

Í annan stað vil ég taka fram að eins og deildinni er kunnugt var hér fyrirhugaður deildarfundur á morgun og forseti hafði tilkynnt einum þm., varaþm., að á þessum deildarfundi, sem átti að fara fram á morgun, mundi hann væntanlega geta mælt fyrir sínu máli. Nú hefur þetta breyst þannig að ekki verða deildafundir á morgun heldur fundir í Sþ. Til þess að forseti geti engu að síður staðið við það loforð sitt að hv. þm. fái að mæla fyrir málinu, og með tilliti til þess að hér er um breyttar aðstæður að ræða, hafði ég hugsað mér að að loknum fundi og utandagskrárumræðum yrði settur annar fundur til þess að hv. varaþm. gæti þá mælt fyrir máli sínu, en sá hv. þm. er Lára V. Júlíusdóttir, sem bara situr þessa viku á þingi.

Vænti ég þá að skýrt sé hvernig ég hyggst haga fundahöldum í dag, en vitaskuld er síðari fundurinn háður því að útbýtt hafi verið viðkomandi þskj. sem mun vera um það bil lokið að ganga frá.

Um dagskrá.

Albert Guðmundsson:

Herra forseti. Forseti hefur nú kynnt fyrirvaralítið að hér eigi að fara fram utandagskrárumræða seinna í dag um mál sem hefur vakið mikla athygli í þjóðfélaginu. Forseti hefur einnig tilkynnt að um-

ræðan verði takmörkuð við 30 mínútur eða hálfa klukkustund. Ég vil biðja virðulegan forseta um að endurskoða þessa ákvörðun sína því að það er áreiðanlega ekki nóg fyrir mig einan þátttaka í hálftíma í þeirri umræðu, hvað þá þingheim allan. Ég efast um að frsm., sá sem biður um utandagskrárumræðuna, komist af með hálfa klukkustund svo að ég óska eftir því að forseti opni þessar umræður og að þær verði ótakmarkaðar í tíma, ekki takmarkaðar í tíma. Þetta er allt of stórt mál til þess að takmarka umræður um það við hálfan klukkutíma.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Forseti fékk þá ósk frá hv. þm. Þorsteini Pálssyni að hér færi fram utandagskrárumræða með þessum hætti og ég hef orðið við þeirri ósk.

Verðbréfaviðskipti, 1. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Ef deildin leyfir, þá sé ég ekkert því til fyrirstöðu að mælt verði fyrir báðum málunum í sömu ræðunni vegna þess að hið síðara mál, um viðskiptabanka og sparisjóði, er í raun einungis fylgifrv. með hinu fyrra.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Á síðustu árum hafa verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóðir vaxið mjög ört hér á landi. Til marks um þennan mikla vöxt, sem verið hefur í þessum viðskiptum, get ég nefnt að í árslok 1985 voru heildareignir verðbréfasjóða um 380 millj. kr. en í árslok 1987 voru þær orðnar 3660 millj. kr. Á tveimur árum höfðu eignir sjóðanna þannig næstum tífaldast að nafnverði, en tæplega sjöfaldast að raungildi.

Vöxtur verðbréfasjóðanna hefur haldið áfram það sem af er þessu ári. Samkvæmt bráðabirgðatölum jukust heildareignir verðbréfasjóða fyrstu 9 mánuði þessa árs um 69% að nafnverði eða um tæplega 43% að raungildi. Á sama tíma jukust innlán innlánsstofnana að viðbættum áföllnum vöxtum um tæplega 26% í krónum talið eða um 6% að raunverulegu verðmæti. Í árslok 1987 svöruðu útgefin hlutdeildarbréf í verðbréfasjóðum til rúmlega 5% af heildarinnlánum bankakerfisins, en í lok júnímánaðar sl. var þetta hlutfall komið í tæplega 7%. Það er því orðin brýn þörf á því að tryggja öryggi og eftirlit með þessum viðskiptum. Þetta sannaðist rækilega nú í sumar þegar í ljós kom að eitt fyrirtæki sem rak verðbréfasjóði gat ekki staðið við skuldbindingar gagnvart viðskiptavinum sínum. Það er nauðsynlegt að setja sanngjarnar og öruggar reglur um þetta svið viðskiptalífsins sem einnig haldi í heiðri þá meginreglu að sams konar reglur gildi um sams konar starfsemi.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um fyrstu aðgerðir í efnahagsmálum og í stefnuyfirlýsingu hennar segir að sett verði lög um fjármagnsmarkaðinn á grundvelli fyrirliggjandi frumvarpa. Þessi frumvörp fjalla annars vegar um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði og hins vegar um eignarleigu. Auk þess fylgir þeim frumvarp um minni háttar breytingar á lögunum um viðskiptabanka og lögunum um sparisjóði.

Ég mæli hér á þessum fundi fyrir frv. til laga um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði sem prentað er á þskj. 1, en það var, eins og hin frumvörpin sem ég nefndi, samið af nefnd sem ég skipaði 16. febr. sl. til þess að fjalla um starfsemi á fjármagnsmarkaði utan banka og sparisjóða og til að semja frv. að lagaramma um þá starfsemi. Ég geri þó eina veigamikla breytingu á þessu verðbréfafrv. frá tillögu nefndarinnar. Þessi breyting varðar heimild til þess að setja á bindiskyldu eins og ég mun víkja nánar að hér síðar.

Frv. er í raun og veru allmikill lagabálkur í sjö köflum og 39 greinum auk bráðabirgðaákvæða. Frv. sameinar endurskoðuð ákvæði um verðbréfamiðlun nýjum og ítarlegum ákvæðum um rekstur verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða. Með þessu frv. er réttarstaða verðbréfamiðlara, verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða skilgreind og er ætlunin að setja þessum aðilum heillegri starfsramma en áður hefur gilt.

Það er ljóst að lögin um verðbréfamiðlun nr. 27 1986 eru þegar orðin úrelt vegna hinna öru breytinga á íslenskum fjármagnsmarkaði. Það var því fyrsta verkefni nefndarinnar að taka þau lög til endurskoðunar. Nefndin samdi síðan ákvæði um verðbréfafyrirtæki og þar næst ákvæði um verðbréfasjóði. Loks samdi hún ákvæði um endurskoðun og eftirlit með þessum fyrirtækjum. Nefndin kynnti sér eftir föngum löggjöf nágrannalandanna um þessi efni; þess má geta að þar er nú víðast hvar unnið að endurskoðun og samræmingu á löggjöf um fjármagnsmarkaðinn, ekki síst vegna ákvörðunar um sameiginlegan innri markað Evrópubandalagsríkjanna árið 1992. Innan fárra ára kann því að verða tilefni til að endurskoða þau lagaákvæði sem hér er gerð tillaga um, en í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kemur fram að unnið verður að samræmingu reglna, er varða starfsumhverfi atvinnurekstrar á Íslandi, þeim reglum sem gilda í löndum Evrópubandalagsins án þess þó að stefnt sé að inngöngu í þetta bandalag. Ég vík svo nánar að efni frv.

Í I. kafla þess er fjallað um tvö mikilvæg atriði. Í fyrsta lagi er þar fjallað um skilgreiningar á hugtökum sem notuð eru í lögunum. Þrjú fyrstu hugtökin sem þar greinir eru þegar í lögum um verðbréfamiðlun, en hin fjögur sem eftir fylgja, þ.e. verðbréfafyrirtæki, markaðsverðbréf, verðbréfasjóður og viðskiptavaki eru öll nýmæli í íslenskri

löggöf. Í öðru lagi er í 2. gr. fjallað um svokölluð innherjaviðskipti en þar er átt við það sem á enska tungu er nefnt „insider trading". Ákvæði 2. gr. um meðferð trúnaðarupplýsinga skýra sig í reynd sjálf. Þó er vert að vekja athygli á því að sökum tiltekinna afbrotamála í Bandaríkjunum og Vestur-Evrópu hafa innherjaviðskipti mjög verið í sviðsljósinu að undanförnu og jafnframt hafa lagaákvæði um þau víða verið tekin til endurskoðunar. Reyndar eru slík ákvæði ekki í lögum nema þriggja ríkja innan Evrópubandalagsins, þ.e. Bretlands, Frakklands og Danmerkur. En lagt hefur verið til innan Evrópubandalagsins að öll aðildarríki þess lögfesti ströng ákvæði gegn innherjaviðskiptum fyrir árið 1992. Í Noregi og Finnlandi eru drög að lagafrv. um þetta efni einmitt til umfjöllunar hjá stjórnvöldum og aðilum að verðbréfamarkaði. Þannig má segja að þær tillögur sem hér eru gerðar séu í tímans straumi hvað þetta varðar.

Í II. kafla frv. er fjallað um verðbréfamiðlun og koma ákvæðin þar í stað núgildandi laga nr. 27 frá 1986. Fjallað er um þær kröfur sem gerðar eru til þeirra manna sem taka að sér verðbréfamiðlun og um verksvið þeirra og ábyrgð. Skilyrðum fyrir leyfi til verðbréfamiðlunar er breytt á þann veg að krafist er sérkunnáttu á þessu sviði, þ.e. að viðkomandi sæki námskeið og taki sérstakt próf. Áður var miðað við almenna háskólamenntun sem alls ekki er víst að feli í sér neina sérstaka kunnáttu í meðferð og miðlun verðbréfa. Þá er krafist tryggingar fyrir tjóni sem verðbréfamiðlari kann að valda viðskiptavinum sínum og er þar um að ræða sams konar reglur og nýlega hafa verið settar um ábyrgð fasteignasala. Lagt er til að fjárhæð og skilmálar tryggingarinnar verði ákveðin með reglugerð, en samkvæmt núgildandi lögum skal leggja fram bankatryggingu að fjárhæð 2 millj. kr. miðað við lánskjaravísitölu maímánaðar árið 1986. Með því að leggja til að tryggingaskilmálar verði nánar ákveðnir með reglugerð er auðveldara að bregðast með skjótum hætti við breytilegum tilvikum sem upp kunna að koma. En ég vil taka það fram að ég geri alls ekki ráð fyrir því að tryggingafjárhæðin lækki frá því sem nú gildir, fremur hið gagnstæða.

Næstu greinar frv. eru byggðar á núgildandi lögum, en ákvæðin gerð skýrari að fenginni reynslu.

Í 6. gr. er heimild verðbréfamiðlara til þess að kaupa eða selja verðbréf fyrir eigin reikning þrengd.

Í 9. gr. er nýtt ákvæði um varðveislu verðbréfamiðlara á verðbréfum viðskiptavina sinna og um ábyrgð hans í því sambandi.

Í 10. gr. eru sett skýr ákvæði um verksvið verðbréfamiðlara annars vegar og verðbréfafyrirtækis hins vegar. Verksvið verðbréfamiðlara er fyrst og fremst að hafa milligöngu um viðskipti kaupenda og seljenda verðbréfa. En honum er sjálfum óheimilt að reka fyrir eigin reikning verðbréfasjóði eða taka við fjármunum frá almenningi til ávöxtunar gegn útgáfu skuldaviðurkenninga eða hlutdeildarskírteina. Verðbréfamiðlara er einnig óheimilt að veita sölutryggingu á verðbréfum.

Þriðji kafli frv. fjallar svo um verðbréfafyrirtækin. Sterk verðbréfafyrirtæki eru máttarstólpar verðbréfaviðskipta í öðrum löndum, en hér er í fyrsta skipti fjallað um þau í íslenskri löggjöf. Gert er ráð fyrir því að verðbréfafyrirtæki sem stofnað er í samræmi við ákvæði laganna geti fengið rekstrarleyfi ráðherra. Auk þess sem það rekur verðbréfamiðlun getur verðbréfafyrirtæki einnig tekið við fjármunum viðskiptavina til ávöxtunar í verðbréfum, rekið verðbréfasjóði og því er einnig heimilt að setja sölutryggingu fyrir sölu verðbréfa eins og t.d. spariskírteina ríkissjóðs, en nýlega var einmitt gerður slíkur sölusamningur milli söluaðila og ríkisins.

Í 11. gr. er fjallað um skilyrði sem uppfylla þarf til þess að stofna verðbréfafyrirtæki. Verðbréfafyrirtæki skal samkvæmt frv. rekið af hlutafélagi með innborguðu hlutafé að fjárhæð a.m.k. 10 millj. kr. Þessa fjárhæð má hækka með hliðsjón af verðlagsbreytingum samkvæmt 38. gr. frv. Þá eru í 11. gr. gerðar kröfur um skipan stjórnar og framkvæmdastjórnar og um endurskoðun reikninga og upplýsingagjöf til bankaeftirlits Seðlabankans.

Í sérstöku fylgifrv. þessa frv. er lagt til að viðskiptabankar og sparisjóðir hafi heimild til þess að starfrækja verðbréfafyrirtæki og er það undanþága frá almennu banni í banka- og sparisjóðalögum við því að innlánsstofnanir taki þátt í öðrum rekstri.

Í 12. gr. frv. eru kröfur um eigið fé verðbréfafyrirtækis. Þær eru nú hertar þannig að það skal nema a.m.k. 1% af höfuðstól verðbréfasjóðs eða sjóða sem það rekur. Þá er verðbréfafyrirtæki óheimilt að taka að sér sölutryggingu á verðbréfum fyrir hærri fjárhæð en nemur tuttuguföldu eigin fé fyrirtækisins.

Í 13. gr. eru ákvæði um ábyrgðir, tryggingar o.fl. sem hvíla á verðbréfafyrirtækjum. En varðandi kaup og sölu verðbréfa úr eigin eigu er verðbréfafyrirtækjum veitt undanþága í því tilfelli að það hafi formlega tekið að sér að vera viðskiptavaki fyrir tiltekin verðbréf.

Í 14. gr. eru ákvæði um upplýsingagjöf verðbréfafyrirtækja til viðskiptavina sinna og er m.a. lagt til að Verðlagsstofnun setji nánari reglur um þessar upplýsingar að fengnum tillögum bankaeftirlits Seðlabankans. Þetta ákvæði er nauðsynlegt til þess að samræma upplýsingagjöf um ávöxtun í verðbréfaviðskiptum og í verðbréfasjóðum og til að koma í veg fyrir að þar sé rangt með farið og viðskiptavinir blekktir.

Um þetta mikilvæga atriði, sem réttnefnt er neytendavernd, er nánar fjallað í athugasemdum með frv.

Í 15. gr. er mælt fyrir um að útboð markaðsverðbréfa annarra en ríkisskuldabréfa, ríkisvíxla eða skuldabréfaflokka með ríkisábyrgð, eins og t.d. skuldabréfaflokka sem gefnir yrðu út af Byggingarsjóði ríkisins, skuli ætíð fara fram fyrir milligöngu verðbréfafyrirtækja. Þessu ákvæði er ætlað að veita aðilum að verðbréfaþingi Íslands og almennum

kaupendum markaðsverðbréfa ákveðna tryggingu fyrir því að bréfin séu gallalaus og frágangur þeirra sé í góðu lagi, en hann kallar á töluverða sérþekkingu sem kannski hefur ekki alltaf verið til staðar. Ríkið og stofnanir þess gefa hins vegar út markaðsverðbréf í svo stórum stíl að þar er sérhæfð þekking á útgáfunni fyrir hendi. Þá er kveðið á um tilkynningarskyldu varðandi útgáfu og sölu markaðsverðbréfa og um heimild Seðlabankans til þess að ákveða fyrsta söludag nýrra flokka markaðsverðbréfa. Þetta er algengt í öðrum löndum í því skyni að koma í veg fyrir óeðlilegar sveiflur í framboði nýrra verðbréfa á markaðnum.

Ákvæði 16. og 17. gr. eru hér lögð til í því skyni að tryggja stöðu viðskiptavina verðbréfafyrirtækja. Þau þarfnast tæplega frekari skýringa en er að finna í athugasemdum um greinarnar.

Í IV. kafla frv. er fjallað um verðbréfasjóði, en um þá eru fá ákvæði í núgildandi lögum. Undantekningin er þó 5. gr. laga um verðbréfamiðlun, nr. 27 frá 1986, en hún fjallar reyndar og eingöngu um forstöðu fyrir og endurskoðun á reikningum verðbréfasjóða. Ákvæði IV. kaflans í þessu frv. eru fyrst og fremst miðuð við það að tryggja réttarstöðu þeirra er ávaxta fjármuni sína í verðbréfasjóði gagnvart verðbréfafyrirtækinu sem rekur sjóðinn. Gerðar eru kröfur til þess að eignum verðbréfasjóða og eignum verðbréfafyrirtækja sé haldið vandlega aðskildum. Þá er hér að finna ákvæði um stofnun verðbréfasjóðs, um útgáfu hlutdeildarskírteina og upplýsingaskyldu þeirra sem reka slíka sjóði.

Í 18. gr. frv. eru ítarleg ákvæði um stofnun verðbréfasjóða og um lágmarksákvæði í samþykktum fyrir slíka sjóði. Þá er gerð krafa til formlegs samnings milli verðbréfasjóðs og verðbréfafyrirtækis og er fjallað um það hvernig fara skuli með breytingar á samþykktum verðbréfasjóðanna. Í greininni er einnig að finna ákvæði um skyldu til þess að tilkynna stofnun verðbréfasjóðs til bankaeftirlits Seðlabanka Íslands og um nauðsyn á staðfestingu slíkra samþykkta.

Í 19. gr. eru svo ákvæði um sérstaka verðbréfasjóðaskrá sem halda skal og um birtingu auglýsinga um staðfestingu á samþykktum verðbréfasjóðs og um breytingar á stjórn og endurskoðendum sjóðsins.

Í 20. gr. er fjallað um útgáfu hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóði. Um skírteinin er síðan nánar fjallað í 21.–23. gr.

Í 21. og 22. gr. eru gerðar lágmarkskröfur um þau atriði sem fram skulu koma á hlutdeildarskírteininu og um skrá yfir slík skírteini sem eigendur skírteinanna geta fengið aðgang að kjósi þeir í stjórn sjóðsins samkvæmt samþykktum hans.

Í 23. gr. eru almenn ákvæði um útreikninga á innlausnarverði hlutdeildarskírteina sem ráðherra getur sett um nánari reglur.

Í 24. gr. eru svo skýr ákvæði þess efnis að eignum verðbréfasjóðs skuli halda aðgreindum frá eignum verðbréfafyrirtækisins sem rekur sjóðinn. Eignir verðbréfasjóðs verða ekki kyrrsettar eða teknar fjárnámi vegna skulda verðbréfafyrirtækis og eigendur hlutdeildarskírteina verða ekki gerðir persónulega ábyrgir vegna skuldbindinga verðbréfasjóðsins umfram verðmæti eigna þeirra í sjóðnum.

Í 26. gr. eru mikilvæg ákvæði sem koma eiga í veg fyrir hagsmunaárekstur í sambandi við verðbréfaviðskipti verðbréfasjóðsins annars vegar og verðbréfafyrirtækis eða starfsmanna þess hins vegar.

Í 27. gr. eru ákvæði sem takmarka lántökur og lánveitingar verðbréfasjóðs.

Í 28. gr. eru ákvæði sem eiga að tryggja áhættudreifingu í verðbréfasjóði. Þannig er t.d. óheimilt að fjárfesta meira en 5% af eignum verðbréfasjóðsins í bréfum sem út eru gefin af einum skuldara eða í hlutabréfum eins fyrirtækis. Þetta gildir þó ekki ef um er að ræða verðbréf með ríkisábyrgð, ábyrgð innlánsstofnunar eða önnur verðbréf sem eru sambærileg að öryggi og verslað er með á verðbréfaþingi Íslands. Þá er óheimilt að fjárfesta meira en 5% af eignum verðbréfasjóðs eða einstakra deilda hans í verðbréfasjóðum sem eru reknir af öðrum verðbréfafyrirtækjum. Þá má verðbréfasjóður ekki eiga meira en 10% af hlutafé í einu félagi. Loks er ekki heimilt að fjárfesta eigur verðbréfasjóðs í fasteignum. Öll þessi ákvæði tel ég vera mjög mikilvæg fyrir öryggi þeirra sem varðveita sparifé sitt í slíkum sjóðum.

Í 29. gr. eru ákvæði um lausafjárskyldu verðbréfasjóða og er þar miðað við að laust fé verðbréfasjóðs nemi aldrei lægri fjárhæð en tveimur af hundraði af innlausnarverði verðbréfasjóðsins. Í greininni er nánar kveðið á um skilgreiningu á lausu fé í þessu sambandi. Þar er einkum átt við peninga í sjóði og óbundnar innstæður, en einnig verðbréf sem öruggur kaupandi er að innan eins mánaðar.

Ég legg áherslu á það að lausafjárhlutfallið sem hér er lagt til er lágmark. Það miðast við það að verðbréfafyrirtæki eða verðbréfasjóðir hafi ævinlega tiltækt fé til að mæta því sem kalla mætti eðlilegar innlausnir hlutdeildarskírteina. Þetta lágmark tekur m.a. mið af reynslu annarra þjóða í þessu efni. Litlar líkur eru á því að verðbréfafyrirtæki eða verðbréfasjóðir muni eiga í erfiðleikum með að uppfylla þetta skilyrði á næstunni m.a. fyrir þá sök að verulegur hluti eigna þeirra eru ýmist stuttar viðskiptakröfur, ríkisvíxlar eða spariskírteini. Hins vegar er ástæða til þess að fylgjast vel með því hvernig laust fé verðbréfasjóðanna þróast á næstunni og hugsanlegt er að ástæða kunni að reynast til þess áður en langt um líður að endurskoða þessa grein bæði hvað varðar lausafjárhlutfallið sjálft og ekki síður skilgreininguna á því sem telst hér laust fé.

Í 30. gr. eru ákvæði um það að ráðherra geti heimilað Seðlabankanum að láta sömu reglur gilda um bindiskyldu verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða og gilda um bindiskyldu innlánsstofnana.

Ég vil vekja sérstaka athygli á þessari grein því um hana var ágreiningur í nefndinni sem frv. samdi. Ég ákvað þó engu að síður að hafa þessi ákvæði í frv. og

tel ég vera fyrir því gildar ástæður. Ég bendi á að í nokkrum aðildarríkjum Efnahagssamvinnu- og framfarastofnunarinnar OECD eru lagaheimildir til að setja bindiskyldu á aðrar fjármálastofnanir en banka og sparisjóði. Ég tel eðlilegt að slík heimild sé einnig fyrir hendi hér á landi.

Þá tel ég að með þessu ákvæði sé komið á jafnræði milli banka og sparisjóða annars vegar og verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða hins vegar. Ég lít fyrst og fremst á þessi ákvæði í 30. gr. sem öryggisákvæði, eins konar stíflugarð til að koma í veg fyrir að verðbréfafyrirtækin feti sig inn á starfsvettvang innlánsstofnana án þess að á þeim hvíli sömu kvaðir hvað varðar bundið fé. Ef hins vegar er eingöngu um hreina skuldabréfasjóði að ræða, þar sem langtímamarkaðsverðbréf stendur á móti langtímabréfi í formi hlutdeildarskírteinis, eiga kvaðir um bundið fé miklu síður við.

Í V. kafla frv. eru ítarleg ákvæði um ársreikninga og endurskoðun verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða, en ítarleg reikningsgerð og áreiðanleg endurskoðun reikninganna er auðvitað grundvöllur fyrir viðskiptatrausti þeirra og vörn gegn misferli í rekstrinum.

Í 31. gr. er ráðherra m.a. veitt heimild til þess að setja reglur um ársreikningana, en nauðsynlegt kann að vera að setja sérstakar kröfur um form þessara reikninga til þess að tryggja betur hagsmuni almennings.

Í 32. og 33. gr. eru svo ákvæði um endurskoðendur og endurskoðun verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða.

Í VI. kafla frv. eru ákvæði um eftirlit bankaeftirlits Seðlabankans með rekstri verðbréfasjóða. Bankaeftirlitið hefur haft slíkt eftirlit með höndum, annars vegar með stoð í 15. gr. laga um verðbréfamiðlun, nr. 27 frá 1986, þar sem lögfest er að bankaeftirlitið skuli eiga aðgang að öllum gögnum og upplýsingum hjá verðbréfamiðlara og verðbréfasjóði sem varða þessa starfsemi og sem nauðsynlegar eru við framkvæmd eftirlitsins. Eftirlit bankaeftirlitsins hefur reyndar einnig stoð í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði og einnig í lögum og reglugerð um Seðlabankann þar sem kveðið er á um að bankaeftirlitið skuli fylgjast með því að aðrir aðilar stundi ekki viðskiptabanka- og sparisjóðastarfsemi en þeir sem uppfylla skilyrði laga.

Í 34. gr. frv. eru bankaeftirlitinu hins vegar veittar víðtækar heimildir til þess að fylgjast með rekstri verðbréfasjóðanna og þar er einnig að finna ákvæði um viðbrögð við því að fjárhagur verðbréfafyrirtækis reynist ótraustur. Hér er um ítarlegri ákvæði að ræða en hafa verið í gildi.

Í VII. kafla frv. eru ýmis sameiginleg ákvæði um þá starfsemi sem um er fjallað sérstaklega í II.–IV. kafla frv. Og þar er að finna viðurlög við brotum á ákvæðum laga um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði.

Þá eru þar gildistökuákvæði og ákvæði til bráðabirgða sem sett eru til að laga fyrri skipan mála að því fyrirkomulagi sem frv. mælir fyrir um.

Hæstv. forseti. Ég hef hér gert nokkra grein fyrir meginefni frv. um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði. Málefni verðbréfasjóða hafa verið mjög í sviðsljósi að undanförnu. M.a. vegna svokallaðs „Ávöxtunarmáls". Þar er um að ræða fyrirtæki sem hafði með höndum blandaða starfsemi á fjármagnsmarkaðnum, en með þessu frv. og frv. um eignarleigu sem ég hyggst einnig flytja nú í þingbyrjun verður slíkur rekstur ekki lengur leyfilegur. Rekstraraðilar verðbréfasjóða á vegum Ávöxtunar áttu sjálfir viðskipti við þessa sjóði sem framvegis verða ólögleg samkvæmt þessu frv. Þá var upplýsingagjöf verðbréfafyrirtækisins til bankaeftirlits mun seinvirkari en krafa er gerð um í frv. Fleiri atriði mætti nefna úr þessu frv. sem ætlað er að koma í veg fyrir að mál eins og „Ávöxtunarmálið" geti komið upp að nýju. En þess skal þó getið að bankaeftirlit Seðlabankans fylgdist að sjálfsögðu með rekstri þessa fyrirtækis samkvæmt gildandi lagaheimildum. En þær heimildir eru þó ekki eins ítarlegar og ótvíræðar og vera þyrfti og ekki eins ítarlegar og ótvíræðar og þær heimildir sem hér er gerð tillaga um að Alþingi veiti í þessu frv.

Ég vil að lokum taka það fram að ég tel að sú gróska sem verið hefur í rekstri verðbréfasjóða á undanförnum árum sé efnahagslífi okkar að mörgu leyti til góðs. Og það er ljóst að hún hefur aukið sparnað landsmanna.

Ég á ekki von á því að vöxtur sjóðanna verði jafnör á næstunni og hann hefur verið. Ég tel að nú sé þar vissri mettun náð, en ég er sannfærður um það að sú löggjöf sem ég geri hér tillögu um muni auka traust almennings á verðbréfafyrirtækjum og verðbréfasjóðum og þannig verða rekstri þeirra til góðs.

Við þurfum að þróa fjármagnsmarkað okkar á þann veg að hann fullnægi betur þörfum almennings og atvinnulífs og setning almennra öryggisreglna, sem almennt eru virtar á markaðnum, eru mikilvægt skref í þá átt.

Ég legg áherslu á að frv. þetta hljóti skjóta og vandaða meðferð hér í þingdeildinni og ég legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Með leyfi forseta mun ég í þessari ræðu einnig mæla fyrir frv. á þskj. 3 um breytingar á lögum nr. 86 frá 1985 og á lögum nr. 87 frá 1985, en efni þess er að heimila bönkum og sparisjóðum að starfrækja verðbréfafyrirtæki samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði. Þetta frv. er að sjálfsögðu fylgifrv. verðbréfafrv. þess sem ég hef þegar gert grein fyrir. Með frv. á þskj. 3 er lagt til að viðskiptabönkum og sparisjóðum yrði heimilt að reka verðbréfafyrirtæki þótt þeir megi yfirleitt ekki að öðru leyti bera ábyrgð sem þátttakendur eða meðeigendur í rekstri annarra félaga samkvæmt ákvæðum viðskiptabanka- og sparisjóðalaga.

Ég legg til, hæstv. forseti, að þessu frv. um breytingu á lögum um viðskiptabanka og sparisjóði

verði einnig að lokinni þessari umræðu vísað til hv. fjh.- og viðskn. og 2. umr. og það fái að hafa samfylgd með frv. um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði.

Friðrik Sophusson:

Herra forseti. Það er óþarfi við 1. umr. þessa máls að fjölyrða mjög mikið um það, en þó tel ég ástæðu til að segja hér örfá orð. Þau frv. sem hæstv. viðskrh. mælti fyrir voru undirbúin í tíð fyrri ríkisstjórnar og voru útbúin til þess að festa í sessi nýjungar á íslenskum fjármagnsmarkaði. Nú er þetta frv. flutt sem stjfrv. nýrrar ríkisstjórnar og ég leyfi mér að skilja það svo að öll ríkisstjórnin, allir stjórnarflokkarnir að Alþb. meðtöldu séu ásáttir um efni frv. í öllum dráttum. Ég rifja það upp að á sínum tíma mátti heyra raddir úr þeim flokki eins og þær að loka bæri svokölluðum okurbúllum og var þá sérstaklega átt við verðbréfasjóðina. Nú er öldin önnur. Nú er Alþb. komið í ríkisstjórn. Nú ætla þeir að kokgleypa þetta atriði í sinni yfirlýstu stefnu og standa að frv. sem hér er til umræðu því að annað verður ekki séð en þetta frv. sé stjfrv. án fyrirvara frá einstökum stuðningsmönnum hæstv. ríkisstjórnar. (**ÓÞÞ:** Var tafið af Sjálfstfl. á sínum tíma að þetta yrði lagt fram?) Ég er nú ekki hér lengur í fyrirspurnatíma og þarf þess vegna ekki að svara hv. þm., en þetta mál var ekki tafið af Sjálfstfl. og kem ég þá að því að segja frá því sem kannski hefur farið fram hjá einstökum hv. þm. og stuðningsmönnum núv. ríkisstjórnar, þingmönnum sem ekki höfðu úthald til að styðja fyrri ríkisstjórn, gáfust upp á miðri leið og lýstu yfir andstöðu við þá ríkisstjórn. En þar sem hv. þm. virðist byggja málflutning sinn utan úr sal á einhverjum misskilningi skal það tekið fram að þetta mál var ekki tafið af Sjálfstfl. Sjálfstfl. styður þetta frv., enda hafa fulltrúar Sjálfstfl. unnið að gerð frv. Vonast ég til þess að þessari fyrirspurn úr sal sé þar með svarað.

Hitt er svo annað mál að það er full ástæða til þess að ræða einstakar greinar frv. Það gefst betra tóm til þess síðar nema um örfáar greinar sem að sjálfsögðu verða þá betur ræddar í nefnd. Ég tel að það frv. sem hér er til umræðu og reyndar önnur frumvörp sem fylgja þessu frv. og eru þskj. 2 og 3 séu til bóta. Ég ætla að koma síðar í mínu máli að 30. gr. frv. sem ágreiningur er um og ég hef að sjálfsögðu fyrirvara um þá grein, enda lagði nefndin sem vann frv. ekki til að 30. gr. sem nú er í frv. yrði í frv. Það var einkaframtak hæstv. viðskrh. að leggja til þessa grein í frv.

Hæstv. ráðherra sagði að hlutur verðbréfasjóðanna hefði vaxið mjög að undanförnu og það gefur auðvitað auga leið, enda tíndi hann til tölur í því sambandi. Ég held að það sé ástæða til þess að benda á að verðbréfasjóðirnir og ýmsar nýjungar á fjármagnsmarkaðnum hafa í raun hvatt til aukins sparnaðar og að þeir peningar, sem lagðir höfðu verið í þessa sjóði á móti hlutdeildarbréfum eða þá með öðrum hætti, séu fjármunir sem ella hefðu farið fram hjá innlendum peningalegum sparnaði. Hitt er svo annað mál að það gefur ekki rétta mynd að segja frá vexti þessara sjóða á nokkrum síðustu árum. Við verðum jafnframt að átta okkur á því hve markaðshæf verðbréf í einkaeign eru í raun lítill hluti af peningalegum sparnaði hér á landi. Það er talið, og ég vitna hér til heimildar, með leyfi forseta, það eru Hagtölur mánaðarins útgefnar í september 1988, að peningalegur sparnaður 1987 sé 181 milljarður og 700 millj. Þar af er frjáls sparnaður um það bil helmingurinn eða 90 milljarðar. Þessi bréf, sem fara í gegnum verðbréfasjóði, eru innan við 10 milljarða og tel ég þá saman þá liði sem eru markaðshæf verðbréf í einkaeign og annar frjáls sparnaður og er þá áreiðanlega fremur of talið en van. Til samanburðar má benda á að innlán og seðlar samkvæmt sömu heimildum eru tæplega 70 milljarðar árið 1987 samkvæmt heimildum Seðlabankans sem birtast í Hagtölum mánaðarins. Af þessu sést reyndar að hér er um að ræða tiltölulega lítinn hluta peningamarkaðarins og ég held, ekki síst vegna þess sem kom fram hjá hæstv. viðskrh., að það sé full ástæða til þess að ýta undir fjölbreytni á þessum markaði því að það er víst, eins og reyndar kom fram í hans máli, að fjölbreytni á þessum markaði kemur til með að hvetja fólk til sparnaðar, ráðdeildar og fyrirhyggju í peninga- og sparnaðarmálum.

Það sem hins vegar einkennir kannski peningamarkaðinn hér á landi er fyrst og fremst stærð ríkisbankanna og umsvif þeirra, en af innlánum bankanna held ég að ég fari rétt með að ríkisbankarnir eigi í innlánunum yfir 70% en einkabankarnir innan við 30%. Það eru kannski þessi hlutföll sem eru íhugunarverð. Ég hygg að hvergi á Vesturlöndum þekkist það að ríkisbankakerfi fari með svo mikinn hluta þessa markaðar. Þetta ætti að vera hæstv. ráðherra íhugunarefni og það væri reyndar ágætt að fá álit hans síðar í þessari umræðu, hvort hann hyggist stefna að einhverjum breytingum á þessum málum sem verða til þess að aðrir og fleiri geti tekið yfir þann þátt sem ríkisbankarnir hafa nú í innlánum og umsvifum á peningamarkaðnum.

Þegar litið er á efnahagsmálin um þessar mundir blasir við mikill viðskiptahalli og gífurlegar erlendar skuldir og það fer ekki fram hjá nokkrum manni sem fylgist með stjórnmálum að núv. ríkisstjórn hefur það að yfirlýstu markmiði að auka erlendar skuldir íslensku þjóðarinnar. (**ÓÞÞ:** Þetta er lygi.) Ég hélt að hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, núv. stuðningsmaður hæstv. ríkisstjórnar og fyrrv. andstæðingur fyrri ríkisstjórnar, einn óþægasti þingmaður Framsfl. um margra ára skeið, hefði nú verið tekinn þannig í fóstur hjá fóstra sínum, hv. 1. þm. Norðurl. v. Páli Péturssyni, að hann þyrfti ekki að kalla þessi orð fram í ræðu ræðumanns, en gæti tekið þátt í umræðunum síðar á þessum fundi. Vona ég að hv. þm. líði ekki svo illa í sæti sínu að hann geti ekki þolað að bíða meðan ég flyt mína ræðu. Ég skal hins vegar lofa því, hv. þm., að þú færð nóg efni í þína ræðu þegar þú hefur hlustað á fleiri atriði í mínu

máli. Vona ég nú að hv. þm. jafni sig aðeins og sitji hljóður og reyni að hlusta eins og góðum nemanda sæmir, en hann þekkir það víst best þegar kennarar tala við nemendur, enda fyrrv. kennari eins og heyra má á orðfæri hans þegar hann kallar hér fram í.

Í öðru lagi er það ljóst, og vona ég nú að allir heyri, bæði góðir nemendur og slæmir, fyrrv. kennarar og aðrir hv. þm., að halli á ríkissjóði er talsverður og hæstv. núv. ríkisstjórn stefnir að því að auka enn þann halla á yfirstandandi ári samkvæmt yfirlýstu markmiði sínu. Það er líka ljóst að það er of lítill innlendur sparnaður í þessu landi og hann þarf að auka. Hæstv. ríkisstjórn hefur hins vegar lýst yfir þeirri stefnu að hún ætli ekki að taka á þeim vanda í atvinnulífinu sem við er að etja heldur fresta þeim tökum þar til næsta vor. Hún hefur ákveðið að auka millifærslur, taka peninga að láni erlendis frá, sem síðar á að greiða með sköttum, nota þá peninga til þess að auka skuldastöðu fyrirtækjanna í stað þess að koma á eðlilegum rekstrarskilyrðum. Síðan, og það hljóta allir heilvita menn að sjá, jafnvel hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, kemur að því að skrá verður gengi íslensku krónunnar rétt og skapa þau rekstrarskilyrði sem atvinnulífið þarf á að halda í stað þess að auka sífellt skuldabyrði fyrirtækjanna. Það sem skiptir mestu máli í því sambandi er auðvitað að tryggja og treysta eiginfjárstöðu fyrirtækjanna. Þess vegna skiptir afar miklu máli í umræðum um það mál sem við ræðum hér í dag að átta sig á því hvort ekki megi auka fjölbreytni á íslenska fjármagns- og peningamarkaðnum til þess einmitt að gefa almenningi í landinu tækifæri til að taka þátt í því að styrkja eiginfjárstöðu fyrirtækjanna en láta ekki peningaþuklara úr heimi stjórnmálanna fara höndum um peninga og velja úr fyrirtæki sem síðar eiga að njóta góðs af því að fá sérstaka fyrirgreiðslu ríkisins sökum þess að hæstv. ríkisstjórn heykist á því að koma á þeim eðlilegu rekstrarskilyrðum sem atvinnulífið þarf á að halda.

Það er ástæða enn fremur í þessum umræðum að spyrja hæstv. viðskrh. nokkurra spurninga vegna þeirrar óvissu sem nú ríkir á fjármagnsmarkaðnum sökum yfirlýsinga ýmissa ráðamanna þjóðarinnar og þá einkum og sér í lagi einstakra hæstv. ráðherra. Í Dagblaðinu í gær er haft eftir hæstv. forsrh.:

„Tillaga um að breyta grunni lánskjaravísitölu kom inn í stjórnarmyndunarviðræðurnar frá Alþfl. og Alþb. með því fororði að þetta væri mjög að vilja verkalýðshreyfingarinnar. Ég skal ekki segja hvort fyrir liggur formleg samþykkt þar."

Ég man þá tíð, þegar ég sat í ríkisstjórn, að núv. hæstv. forsrh. beitti sér mjög fyrir því að lánskjaravísitalan yrði lögð niður eða henni a.m.k. breytt. Nú bregður svo við að hæstv. forsrh. segir að kröfur um að taka þetta inn í stjórnarsáttmála núv. hæstv. ríkisstjórnar séu komnar frá Alþb. og Alþfl. sérstaklega til þess að þóknast vilja verkalýðshreyfingarinnar. Ekki virðist hæstv. forsrh. lesa blöðin nægilega vel því að hinn 6. okt. sl. segir hagfræðingur Alþýðusambandsins, Ari Skúlason, að það sé hrein og klár lygi, svo að ég noti það orð sem hann notar og kom jafnframt fram hjá hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni áðan, (**Viðskrh.:** Hann dró það til baka.) klár lygi hjá Steingrími það sem hann hafi sagt. — Hver dró hvað til baka? (**Viðskrh.:** Ari. Hann dró orð sín til baka.) Það hef ég ekki orðið var við. (**Viðskrh.:** Þú hefur ekki lesið blöðin betur.) Það vona ég að hæstv. ráðherra hafi með þessu svarað spurningunni og sagt og staðfest að það sé þá rétt hjá hæstv. forsrh. að það hafi verið að kröfu Alþb. og Alþfl. sem hróflað er við lánskjaravísitölunni á þá leið sem gert er í núverandi stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. (**Viðskrh.:** Það er allt annað.) Já, þá held ég að það sé full ástæða til þess að hæstv. viðskrh. komi hér í stólinn á eftir og skýri það út fyrir þingheimi og alþjóð hvað er lygi og hvað er satt í þessum efnum þannig að menn velkist ekkert í vafa um það og óska ég sérstaklega eftir því, enda var spurt til að finna út úr því hver það er sem lýgur og hver það er sem segir satt í þessum veigamiklu umræðum.

Ég man heldur ekki betur en hæstv. viðskrh. setti á laggirnar nefnd til þess að fjalla um lánskjaravísitöluna og niðurstöður nefndarinnar voru á ákveðna leið og væri full ástæða til þess að fá hæstv. viðskrh. til að rifja það upp hver var meginniðurstaða nefndarinnar. Lagði vísitölunefndin til að lánskjaravísitölunni yrði breytt? Ég óska eftir því að hæstv. viðskrh. skýri það fyrir þingheimi hér á eftir.

Í öðru lagi langar mig til að beina þeirri fsp. til hæstv. viðskrh. hvernig hann hyggist standa að því að auka innlendan sparnað. Það eina sem heyrist í umræðunni, reyndar minnst frá hæstv. viðskrh., er að það eigi að lækka vexti með handafli, það eigi að setja skatta á vexti, en heldur lítið fer fyrir yfirlýsingum hæstv. vaxta- og viðskrh. um það hvernig auka eigi innlendan sparnað. Ég óska þess vegna eftir því í umræðum um þetta mál þegar fjallað er hér um fjármagnsmarkaðinn að hæstv. viðskrh. geri okkur grein fyrir því hvernig hann telur að eðlilegast og sjálfsagðast og best sé að auka innlendan sparnað til að freista þess að koma í veg fyrir of miklar erlendar lántökur. Þetta er að sjálfsögðu mikilvægt mál sem þarf að ræða þegar þessi mál eru hér til umræðu.

Í þriðja lagi vil ég minnast á hlutabréfamarkað. Á sínum tíma beittu Seðlabankinn og Iðnþróunarsjóður sér fyrir því að Enskilda Securities gerði skýrslu um hlutabréfamarkað. Í þeirri skýrslu, sem var ákaflega gagnleg og góð skýrsla, komu fram ýmsar hugmyndir um hlutabréfamarkað og um skattalega meðferð á hlutafé og arði. Mig langar til þess að spyrja hæstv. viðskrh. að því hvað verði um þessa skýrslu og hvort hann hyggist í núv. ríkisstjórn beita sér fyrir því að hér verði komið á öflugum hlutabréfamarkaði sem er óneitanlega viðbót við þá markaði sem hér starfa og mundi auka á fjölbreytnina og gefa almenningi í landinu tækifæri til þess að spara á fleiri vegu en nú er hægt.

Varðandi 30. gr. í frv. sem hér er til umræðu vil ég að það komi skýrt fram að nefndin sem samdi þetta frv. lagði ekki til að sú 30. gr. yrði í frv. sem nú er

komin í það. Hæstv. viðskrh. segir að þessi grein sé tilkomin til þess að hægt sé að ná, ef á þarf að halda, jafnræði á milli aðila. Í því sambandi er eðlilegt að spurt sé hvað eigi þá að gera við veðdeildir bankanna og eins hvort ekki sé þá fremur ástæða til þess að orða ákvæðið þannig að til þessarar heimildargreinar, sem er heimild fyrir Seðlabankann og um leið ríkisstjórnina, að hafa sams konar bindiskyldu á þessum sjóðum og á innlánsstofnunum, orða greinina þá með þeim hætti eins og kom fram hjá hæstv. viðskrh., að til þessa yrði hugsanlega gripið ef verðbréfasjóðirnir stunduðu sams konar starfsemi, þ.e. innláns- og útlánsstarfsemi. Það er nefnilega talsverður munur á verðbréfasjóðum og bönkum.

Í fyrsta lagi lofa verðbréfasjóðir ekki ákveðinni ávöxtun heldur ákvarðast hún af afkomu sjóðanna eins og gildir um annað eigið fé. Í öðru lagi er sparnaður í verðbréfum í flestum tilvikum til mun lengri tíma heldur en í bankakerfinu. Í þriðja lagi lofa verðbréfasjóðir ekki innlausn samdægurs þótt það þekkist einkum og sér í lagi vegna þeirrar samkeppni sem er á milli þessara sjóða. Og verðbréfasjóðir taka ekki áhættu af töpuðum kröfum á sama hátt og innlánsstofnanir þurfa að gera. Það er m.ö.o. heilmikill munur annars vegar á verðabréfasjóðum og hins vegar á innlánsstofnunum sem mér sýnist ekki veita af að láta hæstv. viðskrh. vita af, en hann hefur kannski af sinni háttvísi og hógværð ekki haft tíma til þess að kynna sér það. Og mig langar til þess að spyrja hæstv. viðskrh. að því hvar bindiskylda hafi verið notuð með þeim hætti sem hann segir bæði í grg. með frv. og eins í ræðu sinni. Ég kannast við það að í örfáum löndum er þessi heimild til, en hvenær hefur verið til hennar gripið og við hvaða skilyrði? Og ég vil fá gefið upp í hvaða löndum það er og nákvæmlega við hvaða skilyrði því að bindiskylda á verðbréfasjóði eru heimildir sem ég kannast ekki við að hafi nokkurn tíma verið notaðar. Ég vil gjarnan fá skýr svör um það af hverju hæstv. ráðherra setur þetta inn í lagafrv. því ég tel að hans rökstuðningur nægi ekki til. A.m.k. þarf að breyta þessari 30. gr. og hún nái þá einungis til verðbréfasjóða ef þeir, eins og hann sagði, ætla að stunda innláns- og útlánsstarfsemi sem alls ekki er tilgangur með starfsemi verðbréfasjóðanna.

Herra forseti. Eins og ég sagði í upphafi ætla ég ekki að flytja hér langt mál um þetta frv. eða þau frv. sem verða hér til umræðu í dag. Fulltrúi Sjálfstfl. mun að sjálfsögðu taka þátt í afgreiðslu málsins í nefndinni og mun ekki skorast undan að afgreiða málið með skjótum og vönduðum hætti eins og ósk hæstv. ráðherra var um. Ég tel að það skipti afar miklu máli að festa í sessi þá starfsemi sem hér er verið að ræða um. Ég lýsi yfir ánægju minni með það að þingflokkur Alþb. skuli nú ætla að styðja þessa starfsemi og að festa hana í sessi eins og þetta lagafrv. gerir ráð fyrir. Ég ítreka fyrirspurnir mínar til hæstv. ráðherra og óska eftir því að hann megi í sínu starfi ýta undir aukið frelsi á þessum markaði, auka fjölbreytnina og koma í veg fyrir að það kerfi sem við byggjum upp verði skriffinnum að bráð. Jafnframt tel ég vera fulla ástæðu til þess að hér fari fram umræður um hvernig skynsamlegast sé að hafa skattastefnuna gagnvart verðbréfasjóðunum og reyndar gagnvart sparnaðarformum almennings, gagnvart hlutafé og arði, því að það skiptir auðvitað gífurlega miklu máli að skattlagning á þessu sviði sé með þeim hætti að það hvetji til sparnaðar. Það eru fáar þjóðir í heiminum sem þurfa jafnmikið á því að halda og Íslendingar.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Flestir munu sammála um að löngu sé orðið tímabært að lögbinda starfsemi verðbréfafyrirtækja og fjármagnsleiga og fleiri fyrirbæra á fjármagnsmarkaðnum, en umsvif af því tagi hafa vaxið með ævintýralegum hraða á mjög skömmum tíma og kannski ekki laust við að sumum þyki sá vöxtur nánast óhugnanlegur. Margt hefur verið sagt miður fallegt um þessa þætti fjármálalífsins, ófreskjur málaðar á vegginn auk heldur annað, og ekki laust við að skepna þessi hafi komið talsvert við sögu í stjórnmálaumræðum nú um nokkurt skeið. Þessi hraði vöxtur umsvifa á fjármagnsmarkaði hefur vakið nokkra tortryggni og ekki hefur nýleg kollsteypa eins verðbréfasjóðsins orðið til að bæta þar um. Það hefur verið mörgum áhyggjuefni að þessi starfsemi hafi ekki haft nægilega stoð í lögum né reglur við að styðjast. Rammalöggjöf um þessa starfsemi er því nauðsynleg fyrir alla aðila og hlýtur að hafa þann tilgang að tryggja öryggi og hag bæði fyrirtækjanna og viðskiptavina þeirra.

Nú mun það raunar vera svo að mörg hinna stærri fyrirtækja á þessu sviði hafa sannarlega skilið nauðsyn þess að hafa samræmdar reglur um starfsemi sjóðanna. Þau hafa sem sagt komið sér saman um slíkar reglur, jafnvel fyrir alllöngu, og ég reikna að sjálfsögðu með að höfundar þessa frv. hafi kynnt sér þær reglur og hafi þær að einhverju leyti til viðmiðunar við samningu þessa frv. Það er því alls ekki þessum fyrirtækjum til höfuðs, síður en svo, sem löggjöf um þau er nú hér í burðarliðnum heldur er hér að mínu viti um sjálfsagt öryggisatriði að ræða. Dæmin sanna að slíkrar löggjafar er þörf svo að starfsemi af þessu tagi hafi traustan bakgrunn og skýrar skyldur. Markmiðið hlýtur að vera fyrst og fremst að tryggja hag þeirra sem skipta við fjármálafyrirtæki, hverju nafni sem þau nefnast, og að hinar ýmsu stofnanir á fjármagnsmarkaði, þótt ólíkar séu að formi og starfsemi, búi við nokkurn veginn sambærilegar reglur.

Nú skal ég ekki um það segja hér og nú hvort þeim markmiðum er náð til fullnustu í þeim lagafrv. sem hér liggja fyrir. Við eigum eftir að fjalla, vonandi ítarlega, um þau í nefnd og heyra álit kunnugra í þessum greinum, en við fyrstu athugun virðist mér margt gott um þessar tillögur. Ég ætla því ekki að gera margar athugasemdir nú við 1. umr., en þó þá helsta að ég tel nauðsynlegt að snerpa orðalag

varðandi eftirlit með þessari starfsemi. Ég tel að bankaeftirlitið verði að hafa mjög skýrar skyldur í þessum efnum og einhver völd svo að það sé nægilega virkt.

Þriðja setningin í 34. gr. frv., þ.e. í máli nr. 1, er of veikt orðuð að mínu mati, en hún hljóðar svo, með leyfi forseta: „Þyki bankaeftirlitinu rekstur verðbréfasjóðs vera athugaverður og eigi fæst þar bætt úr við ábendingar þess getur það lagt til við ráðherra að hann afturkalli rekstrarleyfi viðkomandi verðbréfafyrirtækis."

Þetta finnst mér vera mjög hógværlega orðað. Ég held að betra væri að í stað orðanna „getur það lagt til" verði einfaldlega sagt: er því skylt að leggja til við ráðherra að hann afturkalli rekstrarleyfi viðkomandi verðbréfafyrirtækis. Hér á ekki að leika neinn vafi á um viðbrögð eftirlitsaðila.

Það er reyndar annað atriði í þessari sömu grein sem ástæða er til að athuga vel og það er skilafrestur ársreikninga verðbréfasjóða, þ.e. 30 daga eftir undirritun reikninganna og eigi síðar en þrem mánuðum eftir lok reikningsárs. Þetta held ég að sé töluverð ofrausn. 30 dagar, að ekki sé minnst á þrjá mánuði, eru langur tími í svona starfsemi er mér sagt og væri eðlilegt að stytta þennan skilafrest.

Það má búast við töluverðri umfjöllun í nefndarvinnunni um ýmis atriði þessa frv., t.d. varðandi reglur um fjárfestingar og eignir verðbréfasjóða í 28. gr. Ég hefði t.d. talið 5% hlutfall í hlutabréfum eins fyrirtækis eða bréfum eins skuldara býsna hátt hlutfall og tel ástæðu til að athuga það mjög vel.

Um stíflugarðinn sem hæstv. ráðherra nefndi svo hérna í 30. gr. skal ég ekki fullyrða, en þetta er vissulega umdeilt eins og kom fram bæði hjá honum og hv. síðasta ræðumanni og rök bæði með og á móti sem rétt er að gaumgæfa mjög vandlega. En nóg um það.

Ég vænti þess að þessi atriði og önnur skýrist frekar í nefnd og allténd er gott að þessi frv. eru hér fram komin og vonandi fæst með afgreiðslu þeirra það jafnræði og notendavernd sem stefnt er að.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Það var nokkuð sérkennileg ræða sem hv. 1. þm. Reykv. flutti hér áðan. Það mætti ætla að hann hefði dvalist erlendis langdvölum síðustu mánuðina og a.m.k. ekki verið ráðherra í þeirri ríkisstjórn sem sagði af sér í síðasta mánuði. Það er gaman að hlusta á svona umræður og hlusta á hvað menn eru langt frá veruleikanum. Hvernig var staðan þegar hæstv. síðasta ríkisstjórn fór frá völdum og sem hv. 1. þm. Reykv. var ráðherra í? Hvað sögðu ráðherrarnir sjálfir? Það mátti ekki bíða nema í nokkra daga til þess að taka á þeim efnahagsvanda sem við blasti. Þetta eru þeirra orð. Þrátt fyrir frelsi gráa markaðarins eða kannski vegna hans m.a. (**ÓÞÞ:** Var hann ekki bara erlendis?) Sennilega hefur hann bara verið erlendis, a.m.k. með hugann.

Eitt af því sem hv. þm. sagði var að það mætti telja það af hinu verra að það væri hátt hlutfall í ríkisbönkunum af sparifé landsmanna. Hverjir eru það sem standa fyrst og fremst undir atvinnulífinu í þessu landi? Er það grái markaðurinn eða eru það einkabankarnir eða skilur hv. þm. ekki nokkurn skapaðan hlut á hverju þessi þjóð lifir, hverjir það eru og hvar fæst það fjármagn sem stendur undir framleiðslu þessarar þjóðar? Og svo talar þessi fyrrv. ráðherra um að það megi ekki skerða frelsi gráa fjármagnsins. Það er það eina sem kemst að í hans huga ef það á að marka mál hans. Voru það margar setningar sem hann sagði í sambandi við rekstrarerfiðleika þjóðarinnar, þann vanda sem við horfum nú fram á? Það að það eru fleiri milljarðar sem hafa farið frá fólki og fyrirtækjum — ja hvert? Það væri gaman að hv. þm. kæmi hér upp í ræðustólinn og skýrði frá því hvert það hefur farið. Og hver ber ábyrgð á slíku? Veit hann virkilega ekki að það eru ekki hundruð heldur þúsundir einstaklinga sem eru komin í vandræði út af háum fjármagnskostnaði, út af því að lánskjaravísitalan hefur verið sett saman eins og hefur verið gert? Og hvernig er með atvinnureksturinn? Um að gera að auka frelsi gráa markaðarins.

Nei, ég er hættur að skilja þessa menn. En nóg um það í bili. Það er eitt sem þyrfti auðvitað að gera og það er að taka út rækilega hvernig viðskilnaður síðustu ríkisstjórnar var þannig að það fari ekkert á milli mála. Því miður takmarkaði hæstv. forseti umræður í sambandi við það sem fjmrh. sagði um viðskilnaðinn og ég sé ekki annað en að það sé ætlað tveimur mönnum að skipta þar ræðutíma á milli sín og mun knappt vera. Aðrir eiga þar ekki að komast á mælendaskrá eða a.m.k., ef það verður farið eftir þessum ströngu reglum, skil ég ekki í að það verði mikið eftir af þessum tíma. (**Forseti:** Samkvæmt þeim ákvæðum í þingsköpum sem gert er ráð fyrir að fylgja geta allir hv. þm. tekið til máls en það er skammtaður ræðutími.) (Gripið fram í.) Það verður erfitt a.m.k. að lesa upp ... (Gripið fram í.) Ja, huldufólkið er nú víða og væri betur ef það hefði varðveitt störf síðustu ríkisstjórnar, en það er alveg áreiðanlegt að það hafa verið frekar einhverjir árar sem þar hafa verið á bak við. (Gripið fram í.) Ég treysti mér varla til að halda ræðu minni áfram á meðan hér er myrkur nema þá að ég tali meira til hv. 1. þm. Reykv. og annarra fyrrv. ráðherra. (**Forseti:** Forseti getur að sjálfsögðu fallist á að hv. þm. geri hlé á máli sínu ef honum svo hentar vegna rafmagnsleysisins og legg ég það í vald hv. 6. þm. Norðurl. e. hvort hann óskar eftir að gera hlé á máli sínu meðan leitað er eftir rafmagninu.) Forseti, ég skil nú ekkert í því að það er ljós hér frammi en ekki í salnum þannig að þetta er allt með undarlegum hætti.

Þetta frv. er breyting á lögum nr. 27/1986 sem voru þá nýmæli. (**Forseti:** Það skal tekið fram að gengið hefur verið úr skugga um það að hátalarakerfið er í lagi.) Þetta frv. fjallar um mikilvægan og vaxandi þátt í okkar þjóðlífi sem nauðsynlegt er að fylgjast betur með en gert hefur verið fram að þessu. Lögin hafa ekki náð þeim tilgangi sem ætlast var til

ef miðað er við þær umræður sem fram fóru hér á hinu háa Alþingi þegar málið var til umfjöllunar. Í þeim umræðum lét ég það álit mitt í ljós eins og frv. var lögfest mundi það reynast haldlítið og nú aðeins tveimur árum seinna er verið að breyta lögunum þannig að vonast er til að það veiti þessari starfsemi meira aðhald en hefur verið til þessa.

Mér virðist frv. að flestu leyti vel unnið, en þó er mikill galli á því sem er mér undrunarefni. Hann varðar meginatriði verðbréfaviðskipta og raunar einnig eignarleigustarfseminnar, þ.e. hverjir gera viðskiptin og samninga, t.d. um eignarleigu. Ég legg til að frv. verði breytt þannig að ný upphafsákvæði verði í 2. gr. þess á undan ákvæðum sem nú eru og þau verði svohljóðandi:

Þeir sem lög þessi taka til og hafa atvinnu af viðskiptum með verðbréf skulu afla glöggra upplýsinga um hverjir viðskiptamenn þeirra eru og skrá nöfn þeirra, kennitölur og heimili á reikninga eða uppgjör vegna viðskiptanna. Einnig ber öllum sem atvinnu hafa af viðskiptum með verðbréf að geyma afrit eða ljósrit af öllum skjölum, sérgerðum vegna viðskiptanna, svo sem tékkum. Skal geyma afrit og ljósrit skjala, sem tengd eru einstökum viðskiptum, sérgreind og tengja þau glögglega númeri og dagsetningu reikninganna.

Tilgangur þessara ákvæða er almennt að stuðla að glöggum og greinargóðum viðskiptum með verðbréf og auðvelda opinberum aðilum að afla upplýsinga þar um. Ef maður hefur t.d. týnt verðbréfi getur skipt miklu að geta fengið ljósrit af því hjá seljanda. Þá stuðlar tilvist og aðgengi að þessum gögnum að því að fylgt sé lögum og reglum um viðskiptin og tengd atriði. Ég tel upplýsingar um hverjir eigi hlut að verðbréfaviðskiptum slík höfuðatriði í löggjöf þar um að ekki beri að fallast á að lögfesta slík frumvörp án þess að þetta atriði sé þar inni í.

Þá kem ég að 30. gr. sem hv. þm. Friðrik Sophusson gerði hér mjög að umræðuefni. Ég tel að þessi grein eigi ekki að vera eins og hún er hér: „Ráðherra getur heimilað Seðlabanka Íslands að láta sömu reglur ...“ o.s.frv. Ég legg til að greinin verði þannig: Sömu reglur gilda um verðbréfafyrirtæki og verðbréfasjóði að því er varðar bundið fé og settar eru innlánsstofnunum o.s.frv. Ég sé enga ástæðu til þess að ekki séu alveg sömu kvaðir á þessum viðskiptum og eru í bönkum og sparisjóðum. Ég tel þetta vera meginmál og því sé alveg ástæðulaust að hafa þetta í heimildarformi. Mér er tjáð að erlendis sé það ýmist í heimildarformi eða ákveðin skylda og ég óska eftir því að hæstv. viðskrh., sem mun hafa kynnt sér þessi mál, hvernig þeim er fyrir komið annars staðar, erlendis, upplýsi það þá hér ef ég fer ekki með rétt mál. Ég veit hins vegar ekki betur. Eigi þetta ákvæði við um banka og sparisjóði og innlánsdeildir hlýtur það líka að eiga við í sambandi við þessa starfsemi.

Ég ætla ekki að ræða þetta í öllu lengra máli. Ég vil bara upplýsa það að ég var búinn að fá frv. í hendur áður en það var lagt fram, en ég var ekki búinn að koma með mínar athugasemdir til hæstv. ráðherra og tel mig þar með ekki bundinn að styðja þetta frv., a.m.k. ekki óðruvísi en að þessi tilgreindu atriði verði tekin til greina. Þetta mál er mjög flókið og erfitt að átta sig á hvernig ýmis atriði muni reynast í framkvæmd og ég játa það að ég er ekki búinn að athuga það nægilega vel í smáatriðum. Þess vegna kann að vera að ég eigi eftir að koma fram með einhverjar ábendingar eða athugasemdir síðar.

Ég vil svo að síðustu bara segja það að ég vonast til þess að hér á hinu háa Alþingi reyni menn að gera sér grein fyrir þeim vanda sem steðjar að okkar atvinnulífi og einstaklingum og reyni að snúa sér að því í sameiningu að leysa þau mál en eyða ekki miklum umræðum um það hvort frelsi gráa markaðarins, sem ég kalla, eigi að vera án nokkurra kvaða eða ekki. Það mun ekki leysa vandamálin þó að það frelsi verði takmarkalaust eins og mér skildist að væri efst í huga hv. þm. Friðriks Sophussonar, að berjast fyrir því.

Ég ítreka svo að það þarf að athuga þetta mál frekar og ég óska eftir því að geta síðar komið athugasemdum annaðhvort til nefndarinnar sem um þetta fjallar eða þá beint til hæstv. viðskrh.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér hefur verið lagt fram stjfrv., að því er sagt er, um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði. Það hefur þegar komið fram að það er ekki meiri hluti stjórnarþm. sem styður frv. nema með ákveðnum skilyrðum eins og kom hér fram í máli hv. 6. þm. Norðurl. e. þar sem hann sagðist ekki styðja þetta og ekki vera bundinn þessu nema þær tillögur sem hann var með væru teknar til greina. Það er því ljóst að frv. fer ekki í gegn nema með stuðningi stjórnarandstöðunnar.

Borgaraflokkurinn hefur verið og er sammála frv. að stórum hluta. Þau mál sem hér eru tekin til umfjöllunar og á að setja lög um eru mjög tímabær. Það er nauðsynlegt að setja strangar og góðar reglur um verðbréfasjóði því að vöxtur þeirra hefur verið allmikill á undanförnum árum þótt þeir séu tiltölulega litlir miðað við heildarsparnað í landinu eins og kom réttilega fram í máli hv. 1. þm. Reykv.

Það sem liggur hins vegar fyrir er mjög flókið mál og góðan tíma þarf til að skoða það. Vona ég að fjh.- og viðskn. fari mjög ítarlega í gegnum þetta til að kanna hvort ekki eru frekari hnökrar á. Ég hef þegar rekist á alla vega ein þrjú atriði sem ég tel að betur mættu fara. Það er í fyrsta lagi það að í 11. gr. er ákveðið að fyrirtækið sé hlutafélag með innborguðu hlutafé að fjárhæð a.m.k. 10 millj. kr. Ég vil að það verði aðeins skoðað varðandi þau fyrirtæki sem þegar eru fyrir hendi hvort þau í rauninni ráða við þetta og það sé þá tekið til greina.

Í öðru lagi hefði vantað kafla og sérstaka grein um tölvuviðskipti eða tölvubréf sem eru að ryðja sér til rúms erlendis. Væri mjög nauðsynlegt að taka það upp og skoða nánar þau mál.

Í þriðja lagi er 30. gr. um bindiskyldu sem ég tel

að ætti ekki að vera því að það væri ekki til bóta að binda sjóðina með þessum hætti. Ég vil þá sérstaklega koma inn á það að það liggur í loftinu óvissa vegna áætlana um að skattleggja þessa sjóði eða tekjur af þeim viðskiptum. Það væri mjög gott að einnig kæmi fram með hverjum hætti það yrði.

Ég lýsi svo yfir ánægju minni með það að Alþb. skuli standa að þessu stjfrv. því að það er þá gott að vita að þeir skuli styðja þessa nýjung í fjármálastarfsemi. Ég vona fyrir hönd Borgarafl. að þetta verði afgreitt fljótlega eins og hér hefur verið óskað eftir, en þó að það verði farið mjög vel yfir málið. Ég vek athygli á því að þetta mál er mjög brýnt, en ég minni þó á, eins og hv. 1. þm. Reykv. kom inn á í sínu máli, að hér vantar einnig reglur um hlutabréfamarkaði. Ég óska eftir því að hæstv. viðskrh. muni beita sér fyrir því að sett verði löggjöf á því sviði einnig.

Að öðru leyti lýsi ég yfir stuðningi mínum við frv. í meginatriðum og vona að það fái fljóta og góða afgreiðslu.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár (viðskilnaður ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar).

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Eins og áður var tilkynnt hefur verið ákveðið að um þetta leyti gætu hafist umræður utan dagskrár og færu fram skv. 32. gr. þingskapa eins og óskað var eftir og samþykkt var. Slíkar umræður standa í hálfa klukkustund. Málshefjandi hefur þrjár mínútur til umráða en aðrir ræðumenn tvær mínútur og getur hver ræðumaður talað tvisvar. Efni umræðunnar er yfirlýsing fjármálaráðherra um viðskilnað ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar og málshefjandi er hv. 1. þm. Suðurl. sem hefur óskað eftir þessari umræðu.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Sú meginregla hefur verið í heiðri höfð á undanförnum þingum að umræður sem þessar hafa átt sér stað í sameinuðu þingi. Þó að ég skilji fullkomlega að hæstv. fyrrv. forsrh. sæki það ekki fast að hér séu framkvæmdar nema hinar minni umræður utan dagskrár um þetta mál hefði ég talið eðlilegt að sú umræða færi fram í sameinuðu þingi og er ég vissulega þeirrar skoðunar að rýmri ræðutími hefði átt að vera því að umræðuefnið er stórt. Ég vil spyrja forseta þessarar deildar hvort einhver stefnubreyting hafi orðið hjá forsetum þingsins varðandi það efni að gert sé ráð fyrir að umræður utan dagskrár verði í deildum. Ég tel það mjög bagalegt vegna þess að í deildum er unnið að löggjafarstarfi og má ekki af þeim tíma taka en ástæðulaust er annað en að viðhalda því sem hér hefur verið að umræður utan dagskrár fari fram í sameinuðu þingi.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Af þessu tilefni vill forseti taka fram að vissulega hefur verið að því stefnt að umræður utan dagskrár færu fram í sem ríkustum mæli í sameinuðu þingi, en sú regla er ekki án undantekninga. Það kom fram ósk um að hér yrðu umræður utan dagskrár í deildinni. Forseti taldi ekki að svo ásett væri enn um verkefni deildarinnar að ekki væri ráðrúm til að verða við þessari ósk. Hún var fram borin eins og ég hef áður lýst varðandi takmarkaðan ræðutíma og það hefur verið orðið við þessari ósk. Í því felst engin stefnubreyting af hálfu forseta þingsins um það að umræður fari almennt eða frekar fram í sameinuðu þingi, en hins vegar jafnframt eins og verið hefur komi fram ósk um að slík umræða fari fram í deild og sé til þess ráðrúm áskilja forsetar sér rétt til þess að verða við þeim óskum, enda er hlutverk forseta að greiða fyrir því að skoðanaskipti geti farið fram hér í Alþingi og jafnt í deildum sem sameinuðu þingi eftir því sem kostur er.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. viðhafði um sl. helgi ummæli sem eðlilegt var að taka upp til umræðu utan dagskrár þegar í stað á hinu háa Alþingi. Ég get mjög vel tekið undir það að það hefði verið eðlilegt að slík umræða færi fram í sameinuðu þingi, en þar sem fundir sameinaðs þings eru með óreglulegum hætti þessa viku og fóru ekki fram í gær þótti mér nauðsynlegt að óska eftir því að slík umræða færi fram hér á fundi hv. Nd. þegar í dag. En með því að eðlilegt er, að mínu mati, að slíkar umræður fari fram í sameinuðu þingi, sem ekki verður við komið vegna þess hvernig fundum sameinaðs þings er háttað í þessari viku, fór ég fram á það við forseta deildarinnar að þær færu fram með þeim hætti sem hér hefur verið ákveðið. Ég get mjög tekið undir að það væri æskilegt að hafa um þetta mun lengri umræðu, en með því að verið er að fara fram á óvenjulega málsmeðferð vegna þess að ekki er fundur í sameinuðu þingi kaus ég að fara ekki fram á lengri umræðu en þessa og vil fyrir mitt leyti standa við það gagnvart hæstv. forseta að umræðan taki ekki lengri tíma. Ég get hins vegar fyrir mitt leyti mjög vel fallist á að taka lengri tíma annaðhvort á þessum fundi eða taka þessa umræðu upp aftur síðar, en ég vildi aðeins að þessi skýring kæmi fram af minni hálfu hvers vegna beðið var um umræður hér í deildinni og hvers vegna með þessum hætti.

Albert Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Í 32. gr. þingskapa, bls. 19 í þingsköpum Alþingis, dags. árið 1985 og hefur ekki verið breytt síðan, segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Í allt að hálftíma á venjulegum fundartíma í sameinuðu þingi geta þingmenn fengið tekin fyrir mál utan dagskrár, hvort heldur er í formi yfirlýsing-

ar eða fyrirspurnar."

Ég sé ekki ástæðu til að lesa lengra en greinin er miklu lengri. Það er ekkert í þingsköpum sem leyfir utandagskrárumræður eða fyrirspurnir nema í sameinuðu þingi. Það er ekkert. En það er rétt hjá forseta að það er fordæmi fyrir því að fsp. hafi verið teknar upp í deildum. Miðað við það afbrigðilega ástand sem ríkir í fundartímum Alþingis og þeim fundum sem falla niður í líklega tvær vikur í Sþ. tel ég að það hafi verið rétt ákvörðun hjá forseta að leyfa fyrirspurnina á deildarfundi í dag sem er alger undantekning. Og ég vona að við getum hér eftir farið inn á brautir þingskapa í fyrirspurnatímum.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Ég vænti þess að menn hafi þá skýrt mál sitt varðandi þingsköp. Afstaða forseta til málsins, bæði almennt og að því er þetta einstaka mál varðar, hefur þegar komið fram og þarf ekki að orðlengja það.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Um sl. helgi hélt hæstv. fjmrh. ræðu á vegum flokkssamtaka sinna þar sem fram koma ásakanir á núv. hæstv. utanrrh., fyrrv. fjmrh., fyrir það að hafa gefið rangar upplýsingar um stöðu ríkissjóðs þegar fyrrv. ríkisstjórn lét af völdum. Í kvöldfréttum útvarpsins 15. október segir m.a. um þetta, með leyfi hæstv. forseta: „Ólafur Ragnar Grímsson fjmrh. sagði á opnum fundi Alþb. í Garðabæ í dag að ýmsar veigamiklar ákvarðanir Þorsteins Pálssonar leiði til miklu lakari stöðu ríkissjóðs um næstu áramót en fráfarandi ríkisstjórn hefði áætlað um miðbik ársins." Síðan ræðir hæstv. fjmrh. um vanda atvinnuveganna og segir að þar sé ekki einasti vandinn sem við blasi heldur, með leyfi forseta, „ekki síður gífurleg vandamál sem snerta fjármál og rekstur hins opinbera kerfis, nánast í öllum ráðuneytum, bæði fagráðuneytum og í fjmrn."

Í frétt í Þjóðviljanum í dag er haft eftir hæstv. fjmrh.: „„Niðurstöðutölurnar verða því miður mun verri en menn héldu fyrr í sumar og haust", sagði Ólafur Ragnar Grímsson m.a. um viðskilnað fyrri ríkisstjórnar á fundi í Garðabæ. Að sögn Ólafs er nú unnið að uppgjöri á stöðu ríkissjóðs og ríkisstofnana fram að stjórnarskiptum og munu niðurstöður þessa uppgjörs liggja fyrir á næstu dögum."

Í frétt í Morgunblaðinu er haft eftir hæstv. fjmrh. að auka þurfi skattheimtu um 5–9 milljarða kr., að vísu fer ekki mikið fyrir nákvæmninni í þessum efnum, 5–9 milljarðar kr., m.a. til þess að auka mjög verulega millifærslur til atvinnuveganna. Um eina helgi flutti hæstv. fjmrh. ræðu þess efnis að nú væri liðin sú tíð að borga fjármuni úr ríkissjóði yfir til atvinnuveganna. Um næstu helgi þar á eftir heldur hann ræðu um að það eigi að auka skattheimtuna um 5–9 milljarða kr. til þess að yfirfæra í atvinnuvegina.

En víkjum þá aftur að tölulegum staðreyndum um hallann á ríkissjóði á þessu ári. Fjárlög voru samþykkt með 26 millj. kr. rekstrarafgangi. Í júnímánuði upplýsti þáv. fjmrh., núv. hæstv. utanrrh., að hallinn yrði þrátt fyrir niðurstöður fjárlaga í framkvæmd um 483 millj. kr. Í byrjun septembermánaðar upplýsti núv. hæstv. utanrrh., þáv. fjmrh., í ríkisstjórn og öllum almenningi í landinu að hallinn á þessu ári yrði væntanlega tæpar 700 millj. kr. eða 693 millj. kr.

Nú minnast menn þess að fjmrn. var mjög varkárt í spám um veltuhraða á þessu ári, spáði mun minni viðskiptahalla en Þjóðhagsstofnun svo sem menn rekur minni til, og þar af leiðandi voru tekjuspár þess varlegar áætlaðar en annarra í þjóðfélaginu. Ég hef ekki orðið var við það að frá því í september hafi komið fram nýjar upplýsingar um breyttar þjóðhagsstærðir að þessu leyti til, en þó má það auðvitað vera og getur þá hæstv. fjmrh. upplýst það hér á eftir.

Þessar upplýsingar liggja fyrir af hálfu hæstv. utanrrh. sem gegndi störfum fjmrh. í fyrri ríkisstjórn. Nú kemur fram af hálfu hins nýja hæstv. fjmrh. að um sé að ræða allt aðrar og hærri tölur um viðskilnaðinn í fjármálaráðuneytinu. Ég vil því spyrja hæstv. fjmrh. að því hvort þær tölur sem forveri hans gaf í ríkisstjórn hafi verið rangar, hvort þær upplýsingar sem hæstv. fjmrh. hefur nú undir höndum bendi til þess að forveri hans hafi mátt sjá annað í tíð sinni í fjmrn. Það er nauðsynlegt að fá þessar upplýsingar fram þegar í stað því hér er um mjög alvarlegar ásakanir að tefla á hæstv. utanrrh., forvera núv. hæstv. fjmrh., hvort hann gaf rangar upplýsingar eða mátti sjá á sinni tíð að þær upplýsingar sem hann gaf ríkisstjórn og alþjóð um 700 millj. kr. væntanlegan halla hafi ekki átt við rök að styðjast.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Herra forseti. Það má segja um þessa fyrstu för formanns Sjálfstfl. í ræðustólinn eftir að ný stjórn hefur tekið við að lengi getur smár smækkað. Það var greinilegt að tilefnið til þessarar ferðar hingað í ræðustólinn var ekki að spyrja mig eða leita upplýsinga fyrst og fremst heldur eingöngu að reyna að koma höggi á fyrrv. samstarfsmann sinn, núv. hæstv. utanrrh. Hann er hins vegar fjarverandi og hefur ekki tækifæri til þess að taka þátt í þessum umræðum nú, en eins og kom fram áðan í upphafi umræðunnar lagði hv. þm. Þorsteinn Pálsson ofurkapp á það að þessi umræða gæti farið fram nú áður en hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson kæmi til landsins. Það veit alþjóð að hv. þm. Þorsteinn Pálsson hefur átt í deilum við formann Alþfl. um ýmis málefni sem lesa má um í blöðunum og var greinilegt að þessi ræða var framhald af þeim deilum og þess vegna með vissum hætti misnotkun á rétti þingmanna til þess að fara upp utan dagskrár af brýnu tilefni og biðja um upplýsingar. Þar að auki er rétt að vekja athygli hv. þm. Þorsteins Pálssonar á því að nú sem áður ber forsrh. hverrar ríkisstjórnar

höfuðábyrgð á þeirri ríkisstjórn. Það gerir hann stjórnskipulega séð og pólitískt. Það er fólgið í verkstjórn hans og forustuhlutverki og þeirri stöðu sem forseti lýðveldisins fær honum með því að fela honum að mynda ríkisstjórnina. Þess vegna mun það lítt duga fyrir Þorstein Pálsson nú eða í framtíðinni að reyna að skjóta sér undan því sem misfarist hefur í hans forsætisráðherratíð og í verkum hans ríkisstjórnar sem hann átti að stjórna. Það er kjarni málsins sem rétt er að allir hafi í huga og hann einnig.

Fyrir rúmu ári efndi ég til utandagskrárumræðu hér vegna gengisstefnu ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar. Þá lýsti hv. þm., þáv. forsrh., Þorsteinn Pálsson því yfir að grundvallaratriði væri fastgengisstefna þeirrar ríkisstjórnar. Frá því var horfið hvað eftir annað eins og menn vita og það er meðal annars ein af orsökum þess vanda sem við er að glíma.

Vegna þeirra fáeinu orða sem hv. þm. Þorsteinn Pálsson hafði hér í lok sinnar ræðu, þar sem hann bar fram fsp. til mín, vil ég segja þetta:

Það er ljóst að afkoma í ríkisfjármálunum á þessu ári verður mun lakari en talið var um miðbik eða upphaf ársins. Það stafar m.a. af breyttum stærðum í efnahagslífinu sem voru afleiðingar þeirrar stefnu *sem ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar flutti en ekki af* verkstjórninni í fjmrn., hv. þm. Þorsteinn Pálsson, ekki af þeim sökum.

Ég mun á næstu dögum gera nánari grein fyrir því hvaða tölur er hér um að ræða, þær liggja ekki fyrir í endanlegri mynd, en mun greina frá þeim þegar ljóst er hvaða stærðir er hér um að ræða.

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Ég ætla að ræða efnisatriði þessa máls, en láta önnur atriði þess fram hjá mér fara. Það er auðvitað alveg ljóst að það hefur legið fyrir og allir hv. þm. hafa vitað það um nokkurn tíma a.m.k. að ýmsir þættir ytri aðstæðna hafa valdið því að fyrst og fremst spá fjárlaga um tekjuhlið þeirra hefur ekki reynst vera rétt. Þetta er ekkert nýtt vegna þess að þetta fengu óbreyttir þingmenn vitneskju um að mig minnir um mánaðamótin ágúst september þegar Ríkisendurskoðun dreifði til hvers einasta þingmanns úttekt sinni á framkvæmd fjárlaga og horfum á fjárlagaárinu 1988. Ég trúi því vart að ráðherrar í hæstv. fyrrv. ríkisstjórn hafi verið minna upplýstir um þau mál heldur en hv. þm. almennt.

Fjárlögin eru vissulega að meginhluta til byggð á spá, spá í upphafi árs um það hvað líklegt sé að t.d. tilteknir tekjustofnar muni skila ríkinu í tekjum. Eins og hv. þm. vita mætavel var gerð gjörbylting á tekjustofnamálum ríkissjóðs á síðasta Alþingi. Menn breyttu öllum stærstu tekjustofnum ríkissjóðs mjög verulega og þegar menn gerðu spá um líklegar tekjur ríkisins eftir þær breytingar gátu menn ekki stuðst við nema mjög takmarkaða reynslu því menn voru með nýja tekjustofna sem þeir voru að áætla tekjurnar af. Og m.a. vegna þess að hæstv. fyrrv. ríkisstjórn náði allverulegum árangri í því að slá á þenslu í þjóðfélaginu kom það þannig fram seinni hluta ársins og er að koma fram núna að tekjustofnar eins og t.d. sölugjöld og aðflutningsgjöld reynast vera minna verðir fyrir ríkissjóð en áætlað var í upphafi ársins. Einnig hefur það komið í ljós, eins og líka hefur komið fram opinberlega, bæði sjálfsagt í hæstv. fyrrv. ríkisstjórn og eins gagnvart öllum almennum þingmönnum, að t.d. staðgreiðsluskattur fyrirtækja hefur ekki skilað jafnmiklum tekjum og áætlað var í upphafi árs. Þetta ræður að sjálfsögðu enginn fjmrh. við. Og þetta er einnig að nokkru leyti árangurinn af því að hæstv. fyrrv. ríkisstjórn tókst að slá á þá þenslu sem talið var eitt helsta vandamál í íslenskum efnahagsmálum og talið hefur verið eitt af helstu vandamálum í íslenskum efnahagsmálum lengi.

Á þessari stundu, herra forseti, held ég að það sé ekkert hægt að fullyrða um hvernig niðurstaðan úr ríkisfjármáladæminu verður árið 1988. En það held ég að sé óhætt að fullyrða að reynist hún ekki eins og spáð var í upphafi árs er ástæðnanna ekki að leita í því að útgjöld ríkisins hafi farið úr böndunum heldur í hinu að vegna gerbreytinga á tekjustofnum ríkissjóðs gátu menn ekki spáð rétt í þær tekjur sem ríkið mundi hafa og ríkissjóður af hinum nýju tekjustofnum.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Herra forseti. Það fer auðvitað ekkert milli mála að í síðustu ríkisstjórn fóru oft fram umræður um *fjármál ríkisins*. Hv. 1. þm. Suðurl. hefur rifjað upp tölur í því sambandi sem lagðar voru á borð þáv. ríkisstjórnar frá fyrrv. hæstv. fjmrh., núv. hæstv. utanrrh. Í ágústmánuði var dreift til ríkisstjórnarinnar sérstakri skýrslu frá Ríkisendurskoðun, henni var dreift sem trúnaðarmáli, þar sem fram kom að halli á ríkissjóði mundi verða mun meiri en upplýst hafði verið í ríkisstjórninni fram til þessa eða um 1½ til 2 milljarðar. Þetta kom auðvitað á óvart. Hæstv. þáv. fjmrh. tók sér frest áður en þessi grg. var birt til þess að láta grandskoða í fjmrn. hver væri sannleikur þessa máls og svokölluð hagdeild fjmrn. fór sérstaklega ofan í það mál — sumir hafa reyndar kallað hana hina pólitísku deild í ráðuneytinu. Niðurstaðan varð sú að hæstv. fjmrh. lagði fram í byrjun september ítarlega grg. til ríkisstjórnarinnar um það að halli á fjárlögum þessa árs mundi verða 700 millj. kr., í byrjun september, fyrir rúmum mánuði. Nú er það hins vegar upplýst af núverandi hæstv. utanrrh. að þessar tölur, sem þáv. hæstv. fjmrh. lagði á borð og áttu að vera til að upplýsa ríkisstjórnina nákvæmlega um stöðu mála, hafi ekki reynst réttari en svo að hann talar stundum um 3–4 milljarða eða stundum að það þurfi að leggja á nýjan skatt upp á 5–9 milljarða til þess að ná endum saman og vill kenna um ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar.

Þetta er nauðsynlegt að upplýsa hér, hvernig gangur þessa máls hefur verið, vegna þess að það er

einungis tvennt til: annaðhvort vissi þáv. fjmrh. ekki betur, hafði ekki betra vald á fjárreiðum ríkisins en raun ber vitni eða hann var vísvitandi að skýra fyrrv. ríkisstjórn rangt frá. Þetta finnst mér nauðsynlegt að fram komi í umræðu af þessu tagi. Hinu megum við heldur ekki gleyma, að núv. hæstv. fjmrh. vill auðvitað reyna að sverta stöðu ríkissjóðs eins og mögulegt er til þess að hann geti fengið afsakanir fyrir því að leggja á þá milljarða, jafnvel allt upp í milljarðatug af nýjum sköttum sem hugur hans stendur til.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Herra forseti. Þegar nýir menn setjast á valdastóla eru þeir gjarnan krafðir sagna um hvar þeir hyggist helst beita kröftum sínum og hvernig staða þeirra embætta sem þeir skipa sé er þeir taka við. Í þeim málum sem hér um ræðir hefur sannarlega ekki þurft að krefja nýjan hæstv. fjmrh. sagna, yfirlýsingagleði hans um ástand efnahagsmála hefur nánast verið taumlaus að undanförnu. Það skal fúslega viðurkennt að hin nýja ríkisstjórn er síður en svo öfundsverð af því hlutskipti sem hún nú hefur tekist á hendur og því búi sem hún tekur við, en þá skulum við líka minnast þess að tveir þriðju þessarar hæstv. ríkisstjórnar, þar á meðal fyrrv. hæstv. fjmrh., ber sannarlega sinn hlut ábyrgðar á því hvernig komið er í efnahagsmálum þjóðarinnar. En það lofar ekki góðu um stjórnarsamstarfið ef hæstv. fjmrh. heldur áfram uppteknum hætti um að velta sér upp úr yfirlýsingum um hrikalegan og ótrúlegan viðskilnað síðustu ríkisstjórnar. Þar bera samstarfsmenn hans í núverandi ríkisstjórn sína sök, jafnvel þótt hæstv. forsrh. í núv. stjórn hafi að því er virðist verið í stjórnarandstöðu þá 14 mánuði sem sú stjórn var við völd.

En þessar yfirlýsingar og þessar umræður hér leiða óneitanlega til umhugsunar um það til hvers verið er að setja fjárlög. Jú, fjárlögin eru sú fjárhagsáætlun sem ríkisstjórnin á að starfa eftir og það skal tekið fram að við afgreiðslu síðustu fjárlaga hafði stjórnarandstaðan uppi alvarlegar og rökstuddar efasemdir um að þeir útreikningar sem fjárlagafrv. byggði á stæðust. Fjárlögin voru afgreidd hallalaus á pappírum og fjárlög skulu standa, sagði þáv. hæstv. fjmrh. En nú liggur ljóst fyrir að allt er úr böndunum og halli ríkissjóðs nemur hundruðum milljóna eða milljörðum eftir því sem sumir segja og er illt að hér skuli ekki vera viðstaddur fyrrv. hæstv. fjmrh. til að skýra það mál. En ég vil láta hér í ljós þá skoðun að slík ráðsmennska af stjórnvalda hálfu er gróf lítilsvirðing við Alþingi og störf þess og full ástæða að taka upp breytta og betri hætti í þeim efnum hvort sem þessi hæstv. ríkisstjórn ber gæfu til að bæta þar um og gera fjárlög svo úr garði að þau standist og unnt sé að fylgja þeim eftir.

Vissulega er hæstv. ríkisstjórn mikill vandi á höndum nú og það veltur mikið á fyrir alla landsmenn hvernig henni tekst að spila úr þeim hrökum sem hún telur sig hafa á hendi. En hæstv. fjmrh. ætti að fara sér hægt um yfirlýsingar, það er ávallt hægara um að tala en í að komast, og hver veit hversu langt þess er að bíða að slíkar yfirlýsingar sem hann nú hefur uppi kunni að hitta hann sjálfan fyrir.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Um upphafsorð hæstv. fjmrh. í ræðu hans nú áðan vil ég segja: Lengi getur vont versnað. Það er ljóst að viðhorf þessarar hæstv. ríkisstjórnar til Alþingis og hins mikla grundvallarvalds Alþingis er afar einkennilegt. Þetta viðhorf birtist m.a. í því að í fyrsta lagi eru bráðabirgðalög sett rétt áður en þing kemur saman með ýmsum ákvæðum sem eru af því tagi að harla erfitt er að fallast á að þau hafi verið nauðsynleg eins og á stóð. Og ekki nóg með það. Síðan kemur líka í ljós að forsendan fyrir bráðabirgðalögunum hefur verið allsendis óljós. Hér velta menn því fyrir sér og segja blákalt, talsmenn hæstv. ríkisstjórnar, og fyrst og fremst hæstv. fjmrh., að hallinn, sem kynntur var ríkisstjórninni í byrjun september, hafi trúlega jafnvel meira en tífaldast. Og hvernig á að skilja yfirlýsingar hæstv. fjmrh. öðruvísi en sem harkalega gagnrýni á núverandi samstarfsmann hans, núv. utanrrh., fyrrv. fjmrh.? Það get ég ekki séð. Það er auðvitað algerlega ljóst að þessar yfirlýsingar sýna að það er ekki nóg með það að ríkisstjórnin sé ekki starfhæf stjórn heldur virðist hún ekki vera samstarfshæf innbyrðis. Ég held að það sé þegar komið á daginn.

Og annað, herra forseti, sem mig langaði til þess að nefna, er það að ég vildi þakka fyrir að þessi umræða fer fram, sérstaklega vegna þess að hér er verið að deila um mikilvæga forsendu fyrir því lagafrv. sem er verið að ræða inni í hv. Ed. og það er lágmark að Alþingi sé upplýst um við hversu margra milljarða vanda er verið að fást þegar málin eru komin til umræðu á Alþingi. Ég leyfi mér að vonast til þess þegar þessari umræðu lýkur í dag að henni verði haldið áfram þegar hæstv. utanrrh. er við svo að hann geti skýrt þessi mál og hvernig upplýsingar ganga á milli innan hæstv. ríkisstjórnar.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það sætir nokkurri furðu að hér skuli fara fram umræða utan dagskrár þegar sérstaklega er tekinn fyrir sá þáttur í störfum fyrrv. ríkisstjórnar sem heyrði undir þáv. fjmrh. að honum fjarstöddum. Það þarf nokkuð mikla lagni í pólitískum vopnaburði til að leggjast lágt, til að hefja þann leik hér í þingsölum. Mig undrar það. Aftur á móti gaf forseti það út að hér ættu að fara fram umræður um viðskilnað ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar og það er miklu rýmra umræðuefni. Og það er kannski rétt að hugleiða það hér að verði sá viðskilnaður gerður upp af sögunni, sem hann verður, munu menn fyrst og fremst horfa á það hvernig sú ríkisstjórn skildi við atvinnuvegi þessarar þjóðar.

Það er nefnilega hlálegt að flokkurinn sem kennir

sig við einstaklingsframtak og frelsi einstaklingsins skyldi standa þannig að málum að hafi nokkurn tíma verið unnið hratt að þjóðnýtingu á Íslandi var það undir forsæti Þorsteins Pálssonar, fyrrv. forsrh. Þjóðnýtingin fór fram á þann hátt að grunnatvinnuvegir þjóðarinnar voru reknir með halla og það stefndi hraðbyri í að sjóðir ríkisins, m.a. Fiskveiðasjóður og fleiri, eignuðust mestöll fyrirtækin í sjávarútvegi t.d. Það er dálítið merkilegt að flokkurinn sem kenndi sig við einstaklingsframtak og leiddi ríkisstjórnina skyldi standa þannig að málum.

Hér á höfuðborgarsvæðinu forðuðu menn sér á handahlaupum út úr atvinnugreininni og stofnuðu nýtt fyrirtæki eins og menn vissu og það þurfti sérstakar stuðningsaðgerðir til þess að það héldi velli. Ég held nefnilega að sú sögulega stund sé upp runnin að endurtaka gömlu vopnaviðskiptin sem áttu sér einu sinni stað innan Sjálfstfl. milli þáv. leiðtoga Ólafs Thors og nokkurra harðlínumanna þegar hann spurði: Viljið þið hafa þingflokk með fimm eða tíu þingmönnum eða viljið þið hafa þingflokkinn af þeirri stærð sem hann er? Ef Sjálfstfl. er aðeins orðinn hagsmunagæsluaðili fyrir verðbréfasjóðina hina nýju er hætt við því að stærðin á þingflokknum sigli fljótt í samræmi við markmiðin.

Friðrik Sophusson:

Herra forseti. Það eru gagnlegar umræður sem hér fara fram að flestu leyti a.m.k. Ég vil byrja á því að lýsa yfir talsverðri furðu minni vegna fyrstu ræðu hæstv. fjmrh. í því gervi hér í hv. deild, en mér fannst sú ræða ekki vera stórmannleg. Meginuppistaða ræðunnar var þessi: Það eru forsætisráðherrar sem bera ábyrgð á því sem fjármálaráðherrar gera. Og geta menn þá vel hugsað sér hvernig framhaldið verður hjá þessum nýja hæstv. ráðherra.

Síðan bætir hann við að hv. 1. þm. Suðurl. sé að koma höggi á hæstv. utanrrh. sem sé staddur erlendis. Má ég spyrja hæstv. fjmrh.: Hvar var Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh. sl. laugardag? Var hann í Garðabænum? Var hann heima hjá Bryndísi? Var hann ekki jafnmikið erlendis og hann var í dag? Það væri gaman að heyra hvort núv. hæstv. fjmrh. hafi ekki vitað það sl. laugardag hvar utanrrh. var og þá kannski skýrist hver sé að koma höggi á hvern.

Ég þarf ekki að ítreka það sem hér hefur komið fram. Upplýst var um 700 millj. kr. hallann í september. Fjmrh. skrifaði langa greinargerð til að mótmæla Ríkisendurskoðun sem gaf í skyn meiri halla. Núv. hæstv. ríkisstjórn hefur lýst því yfir með bráðabirgðalögum að auka eigi ríkissjóðshalla um 600 millj. beinlínis með lagaákvæði. 800 millj. til viðbótar, sem fara til millifærslu, detta á ríkissjóð samkvæmt yfirlýsingu hæstv. sjútvrh. Peningar eru teknir til þess að láta í sjóð sem kallast Atvinnutryggingarsjóður. Allt á þetta að falla á ríkissjóð, á skattborgarana. Þetta liggur ljóst fyrir. Ég held að ástæðan fyrir því að hæstv. ráðherra ráðist með þessum hætti, þessum sérkennilega hætti sem hann er vanur að ráðast á fólk með, sé vegna þess að fyrir nákvæmlega ári fóru fram umræður í þessum sal. Þá sagði hæstv. ráðherra sem þá var varaþingmaður og kom inn á hv. Alþingi eins og nú, hann er varaþingmaður, tekinn inn hér í dag, um þáv. fjmrh. í 152. dálki í þingtíðindum:

„Það stendur þess vegna, hæstv. fjmrh., enn þá á þér krafan um að draga matarskattinn til baka. Þegar þú ert búinn að því getur þú komið og rætt við samtök launafólks. Fyrr en þú gerir það ert þú brennimerktur sem maður sem ekki er hægt að treysta."

Þetta eru orð núv. fjmrh. um fyrrv. fjmrh. Nú er hæstv. fjmrh., sem hér er staddur, kominn í þá stöðu að geta afnumið matarskattinn. Hann þarf að finna sér afsökun og svona fer hann að. Er þetta stórmannlegt? Ég spyr bara.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Herra forseti. Óskaplega líður nú varaformanni Sjálfstfl. illa og óskaplega líður formanni Sjálfstfl. illa, mennirnir sem tóku við flokknum, ætluðu að leiða hann til stóraukinna valda í íslensku þjóðfélagi, menn einkaframtaksins og heilbrigðs atvinnulífs sem skilja við mörg blómlegustu fyrirtæki einstaklinganna í þessu landi í rúst, í rúst.

Sú tala, 5–9 milljarðar, sem ég nefndi í Garðabæ, var ekki tengd hallanum á ríkissjóði eins og hver maður veit sem hlustar á það sem ég sagði eða les það sem eftir mér er haft. Það var tengt skuldinni við atvinnulífið í landinu fyrst og fremst, þeim hallarekstri á útflutningsgreinunum. Það var eitt fyrsta verk þessarar ríkisstjórnar að breyta til, að færa fólkinu í landinu atvinnu á ný og endurreisa atvinnulíf landsbyggðarinnar. Formaður Sjálfstfl. ætti að spyrja Einar Guðfinnsson, fyrirtækið í Bolungarvík, hvað stjórnarstefna Þorsteins Pálssonar hafi kostað það — eða er hann búinn að gleyma för sinni um Vestfirði þegar hann komst að því í fyrsta sinn hvers konar hörmungar stjórnarstefnan hafði leitt yfir þann landshluta? Hann ætti að fara á Suðurland og spyrja forsvarsmenn fyrirtækjanna sem ég hef talað við undanfarið hvað stjórnarstefna Þorsteins Pálssonar hefur kostað þá. Þetta er reikningurinn við þjóðfélagið í heild sinni og það er ósköp eðlilegt að þessir ágætu menn skuli vera að reyna að hlaupa frá fortíðinni, hlaupa frá fyrstu stjórnarsetu sinni með þessum hætti.

Það er mjög góð samvinna milli mín og formanns Alþfl., hefur verið og verður. Við höfum ekki alltaf verið sammála, en við kunnum að vinna saman. Við samstillum okkar krafta og við leysum okkar verk og við munum ekki þurfa að standa í blaðadeilum um veisluhöld þegar og ef þessari stjórnarsamvinnu lýkur einhvern tíma. (**FrS:** Það minnir á lífrarbandalagið.) Þess vegna þurfa þingmenn Sjálfstfl. ekki að hafa neinar áhyggjur af samvinnunni í þessari ríkisstjórn. Hún er og verður mjög góð og ég hef fundið það á ríkisstjórnarfundunum af samráðherrum mínum að það er eins og fargi sé af þeim létt að vera lausir við ráðherra Sjálfstfl. Og ég skil það reyndar

ósköp vel þegar ég hlusta á ræðurnar tvær sem formaður og varaformaður Sjálfstfl. hafa flutt hér vegna þess að það virðist greinilegt að þeir hafi ekki einu sinni vitað hvað var að gerast á þeirra eigin vettvangi.

Það er alveg rétt að í júní var sett fram spá á sama grundvelli og gerð var í upphafi ársins og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefur hér lýst eðlilega. Það vissu það flestir sem vildu vita þá að líkurnar á því að þetta gengi eftir voru ekki alveg öruggar og á því var hægt að hafa ýmsar skoðanir. Mér tókst t.d. þá í júní og hafði ég þó ekki aðgang að gögnum ríkisstjórnarinnar að draga upp aðra mynd af þessari þróun og um það er til vitnisburður í fjölmiðlum frá þeim tíma. Það er bara eins og út úr kú þegar þrír ráðherrar Sjálfstfl. í síðustu ríkisstjórn, og vantar þá bara hv. þm. Matthías Á. Mathiesen, koma hingað í ræðustólinn og segjast ekki hafa vitað neitt um þetta í byrjun septembermánaðar. Menn sem hafa svo takmarkaða vitneskju um gang þjóðmála eiga auðvitað ekki að bjóða sig fram til að stýra ríkisstjórnum, varla til að sitja í þeim.

Herra forseti. Ég mun við eðlilegt tækifæri greina hv. Alþingi frá niðurstöðum af þróun ríkisfjármála á þessu ári. Það verður auðvitað ánægjulegt að heyra ráðherra Sjálfstfl. deila við samstarfsmenn sína í fyrrv. ríkisstjórn. Það mun auðvitað gerast hér af og til í vetur og verður skemmtan fyrir okkur hin. En ég endurtek það: Mér fannst það ekki vera tilefni utandagskrárumræðu hér að fara upp með málin eins og formaður Sjálfstfl. gerði, fyrst og fremst til þess að reyna að halda áfram í ræðustól Alþingis blaðadeilum sínum við formann Alþfl. að honum fjarstöddum.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Það er næsta kynlegt að hlusta á hæstv. fjmrh. fara hér á handahlaupum undan þeim spurningum sem er beint til hans. (**Fjmrh.:** Hún var bara ein.) Við skulum taka upp umræður um stefnuna í atvinnumálum. Við skulum taka upp umræður við Alþb. og fyrrv. samstarfsflokka okkar um stefnuna í atvinnumálum. Það slitnaði upp úr samstarfinu í fyrrv. ríkisstjórn vegna ágreinings um með hvaða hætti ætti að taka á þeim vanda og núv. hæstv. fjmrh. veit að þessi hæstv. ríkisstjórn er ekki að leysa vanda atvinnuveganna. Þar þurfti aðrar og miklu róttækari og almennari aðgerðir til.

Það er alkunn aðferð að koma höggi á Kína með því að skamma Albaníu. Auðvitað tek ég á mig ábyrgð á forustu í síðustu ríkisstjórn og víkst ekki undan ábyrgð á störfum einstakra ráðherra í þeirri ríkisstjórn. Og það var einmitt þess vegna sem ég vakti máls á ræðu hæstv. fjmrh. sem var flutt í Garðabæ eftir að utanrrh. hæstv. fór til útlanda, fyrrv. fjmrh. Þá fyrst sá arftakinn ástæðu til þess að koma fram með upplýsingar, eins og hann sagði, um það að viðskilnaður fyrrv. ríkisstjórnar, forsrh. og fjmrh., hafi verið allt annar en í veðri var látið vaka. Nú segir hann að 5–9 milljarðar hafi verið skuldaskil vegna atvinnuveganna. Í blaðaviðtölunum er þó greinilega sagt að það sé tilefni til skattahækkana, og í Þjóðviljanum segir orðrétt, með leyfi forseta: „Það þurfti nokkra milljarða í sérstakri aukaskattheimtu eingöngu til að standa skil á þeim skuldum sem ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar skilur við sig“ — og væntanlega samstarfsráðherra hans, hæstv. utanrrh., skilur við sig. Með öðrum orðum, í ræðu hér áðan segir hann: Ég var bara að tala um vanda atvinnuveganna. Í ræðunni í Garðabæ og í fjölmiðlunum segir hann: Ég er að finna mér tilefni til þess að auka skattheimtuna í landinu. Þannig hringsnýst hæstv. fjmrh. úr einni ræðunni í aðra.

Ég get tekið undir það sem kom fram í ræðu hv. 5. þm. Vestf. að áætlanir fjárlaga geta breyst af ýmsum ástæðum og mér er fullkomlega ljóst að fyrrv. ríkisstjórn réð ekki við að standa þannig að málum að fjárlögin sem voru afgreidd með nokkrum tekjuafgangi yrðu það við lok fjárlagaársins. Mér er það fyllilega ljóst. Hæstv. fjmrh. segir hins vegar nú að það stafi af gengisbreytingu í maí. Með gengisbreytingunni í maí var tekin um það ákvörðun af fyrrv. ríkisstjórn að breyta ekki útgjaldaliðum fjárlaga vegna gengisbreytingarinnar. Í því var fólgin ákvörðun um verulegan sparnað og aðhald í ríkisrekstrinum og mér er ekki kunnugt um annað en að bæði fyrrv. fjmrh. og aðrir ráðherrar hafi átt um það mjög góða samstöðu að framfylgja þessari ákvörðun ríkisstjórnarinnar þannig að út af fyrir sig er þetta ekki ástæða fyrir því að aðstæður hafa breyst í þessu efni. En eftir stendur eftir þessa umræðu að hæstv. fjmrh. hefur umræður um það, eftir að forveri hans er farinn til útlanda, á fundi í flokksfélagi sínu að viðskilnaðurinn er verri en hann vildi láta í veðri vaka. Eftir stendur að í fyrrv. ríkisstjórn lágu fyrir upplýsingar um að hallinn yrði um 700 millj. kr. á þessu ári. Hæstv. fjmrh. hefur opinberlega á almennum fundi og í fjölmiðlum haldið því fram að þessar tölur séu rangar og hann treystir sér ekki til þess nú þegar kemur til fundar á hinu háa Alþingi að standa við þau stóru orð. Það er það sem eftir stendur þegar þessari umræðu er lokið.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Herra forseti. Til að fyrirbyggja misskilning tek ég það alveg skýrt fram að ástæða þess að ég fer ekki hér á tveimur mínútum í skömmtuðum ræðutíma utandagskrárumræðu í annarri deildinni, þótt hv. 1. þm. Suðurl., formanni Sjálfstfl., þóknist að hefja þá umræðu, að gera ítarlega grein fyrir stöðu ríkisfjármálanna á þessu ári, það bíður betri tíma, lengri umræðu og gerist í sameinuðu þingi þegar þau gögn liggja öll fyrir, það sem ég sagði í Garðabæ hef ég sagt áður og við mörg önnur tækifæri og tengist ekkert því hvar hinn ágæti fyrirrennari minn er staddur, er að útkoman úr ríkisstjórnarferli Þorsteins Pálssonar er verri en forustumenn þeirrar ríkisstjórnar, þar með talinn forsrh., höfðu sagt.

Eina tilefni þessarar utandagskrárumræðu, eftir því sem ég get best séð, er fyrir hvern og einn af

ráðherrum Sjálfstfl. sem hér hefur talað að koma upp og endurtaka það að í september hafi þeir fengið einhverjar upplýsingar um annað. Þeir eru að þvo hendur sínar, svo maður orði það hversdagslega. Þeir eru að reyna að koma hér upp og segja: Ekki ég, ekki ég. Þeir eru að flýja frá ábyrgð, þeir eru að flýja frá fortíð sinni, þeir eru að flýja frá sinni eigin ríkisstjórn. Það er kjarni þessarar umræðu og ekkert annað. Þetta er upphafið að flótta Sjálfstfl. hér í þingsölum frá fortíð sinni og flóttann leiðir formaður Sjálfstfl. Þorsteinn Pálsson.

Ef það er ætlun hv. þm. Þorsteins Pálssonar að reyna að reka einhvern fleyg milli mín og formanns Alþfl. get ég sagt honum það að hann getur alveg sparað sér þær tilraunir, það mun ekki takast. Eins og ég sagði hér áðan: Okkar samvinna hefur verið, er og verður mjög góð vegna þess að við ætlum okkur báðir það sameiginlega verkefni að koma í veg fyrir það að Sjálfstfl. hafi um langan tíma forustu fyrir íslenskum þjóðmálum.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Já, öllum er ljóst að ekki er vanþörf á að ræða þessi mál, sem sagt viðskilnaðinn, hvernig hann var, hvaða búi sú ríkisstjórn, sem nú situr, tekur við. Hins vegar er það ekkert nýtt að fjárlög hafa ekki staðist. Það er margt sem þar kemur til greina og ekki síst verðbólgan, spáin um hana og hvernig sú spá svo reynist. En það eru ekki einungis ríkisfjármálin sem þarf að ræða um. Það er einnig hvernig umhorfs er í landinu hjá atvinnuvegunum, hjá einstaklingum, hvernig atvinnuástandið er að verða. Þetta þarf að verða bæði okkur og þjóðinni ljóst.

Þeim sem ferðast um landið og hitta fólkið þar hlýtur að vera ljóst, og ég trúi ekki að fyrrv. ráðherrum sé það ekki ljóst, að það er allt eða a.m.k. víða mjög dökkt. Það eru mörg gjaldþrot hvern dag. Tugum og jafnvel hundruðum fólks er sagt upp atvinnunni á þeim tíma sem venjulega er næg atvinna. Það er þessi viðskilnaður sem þarf að ræða og reyna að bæta fyrir það sem gert hefur verið þannig að einstaklingar missi ekki húsnæði sitt í hundraðavís, að fólk hafi atvinnu og að séð verði um að þau fyrirtæki sem halda uppi atvinnunni geti starfað áfram.

Þetta ástand er fyrst og fremst vegna fjármagnskostnaðar á sl. ári. Það skal mönnum vera ljóst. Þar er fyrsta og stærsta yfirsjón fyrrv. ríkisstjórnar og ég ætla að láta fyrrv. ráðherra rífast um hverjum það var að kenna.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Hæstv. fyrrv. forsrh. spurði: Gaf fyrrv. fjmrh. rangar upplýsingar um stöðu fjármála? Mér fannst þetta vera spurning sem er nauðsynlegt að fá svar við en hæstv. núv. fjmrh. virtist hafa komist í rökþrot vegna þessarar spurningar einnar saman og það er gaman — það setur stóran og mikinn svip á þingið því það er alltaf gaman þegar hann kemst í rökþrot því þá stekkur hann í sókn með klærnar úti þó svo að við honum blasi þegar hann kemur niður einhver forarpollur, hann stekkur. En ástæðan fyrir spurningu hæstv. fyrrv. forsrh. er sú að hæstv. fyrrv. fjmrh. taldi tiltölulega nýlega að ríkissjóðshallinn verði talinn í hundruðum milljóna króna þrátt fyrir það að stefnt hafi verið að tekjuafgangi í ár. En hæstv. núv. fjmrh. telur halla ríkissjóðs stefna í þúsundir milljóna sem þýðir stóraukna skattheimtu og það munar þjóðina miklu, það munar þjóðina öllu, hvor fjmrh. fer með rétt mál. Er þetta rétt hjá fyrrv. fjmrh.? Er væntanlegur halli í hundruðum milljóna eða er væntanlegur halli ríkissjóðs talinn í þúsundum milljóna? Það má nú spyrja um minna en þetta.

Ég stend utan við uppgjör á milli fyrrv. og núv. stjórnarherra en tel mig eiga kröfu til, eins og allir þjóðfélagsþegnar, að fá að vita hið rétta um stöðu ríkissjóðs og framtíðarhorfur.

Formaður fjvn., hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, kemur í ræðustól og gefur skýringu fyrir hönd hæstv. fjmrh., beggja fjmrh., og segir að aukinn halli sé vegna kerfisbreytingar á tekjukerfi ríkisins. Hringl Alþfl., breytingar breytinganna vegna, sem hefur leitt til glötunar, og svo koma þeir nú og segja: Áætlanir voru rangar vegna þess að kerfið sem við tókum upp reyndist ekki það sem við áttum von á.

Ég vil bara bæta því við að þetta tal fjármálaráðherranna um þúsundir millj. kr. halla á ríkissjóði á árinu skapar ótta með fólkinu svo að fyrirspurnin sem kom fram í dag á fyllilega rétt á sér. Það veit ég að við erum sammála um, hæstv. núv. fjmrh. og ég.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Það var athyglisvert þegar hv. varaþingmaður Ólafur Ragnar Grímsson hefur sest í sæti fjmrh. að hann skuli ekki enn hafa vanið sig af því götustrákstali sem hann hefur almennt tamið sér í stjórnmálaumræðum. Ummæli hans um hv. 1. þm. Suðurl. og fyrirspurnir hans eru auðvitað fyrir neðan allar hellur og sýna bara það að hann ætlar ekki í embætti sínu sem fjmrh. að temja sér munnsöfnuð sem hæfir betur því starfi. En er það ekki, herra forseti, líka dæmigert að hæstv. fjmrh. skuli víkja sér undan því að svara fullkomlega málefnalegum spurningum um ríkisfjármál en kjósa frekar að gera grein fyrir slíkum málum á einhverjum fundi hjá kommunum í Garðabæ en hér á Alþingi? Er það ekki dálítið til marks um það hugarfar sem þarna ríkir?

Það er talað hér um stórar fjárhæðir. Það er talað um milljarða króna í aukinn halla. Það er talað um 5–9 milljarða króna í aukna skattheimtu. Og nú er sagt: Þetta er ekki til þess að bæta hallann á ríkissjóði, þetta á bara að fara í sjóðinn hjá honum Stefáni Valgeirssyni. Það eru svör hæstv. fjmrh. Þetta á að fara í millifærslusjóðinn svo að hægt sé að gauka að fyrirtækjum sem eru stjórnarherrunum þóknanleg. Þannig er nú þetta og ekki er það til mikillar fyrirmyndar eða eftirbreytni.

Það var á hinn bóginn forvitnilegt að heyra yfirlýsingu formanns Alþb. um ástandið milli hans og formanns Alþfl. Út af fyrir sig er ekkert um það að segja. Í ljósi blaðaskrifa og viðtala við formann Alþfl. mætti kannski halda það að honum hafi orðið að ósk sinni og tekist að fá formenn stjórnarflokkanna með sér á fyllirí. Ég veit nú ekki hvort Ólafur Ragnar Grímsson tekur þátt í því en ef hann er kominn inn á þær brautir mætti kannski bæta við ýmsum öðrum úr stjórnarliðinu sem ekki bragða vín.

Ég vil segja það, herra forseti, að komið hefur fram í þessum umræðum að markmiðið með þessari ríkisstjórn er að setja Sjálfstfl. til hliðar í stjórnmálum. Það kom fram hjá hæstv. fjmrh. Um það hafa þeir loksins náð saman fornvinirnir að vestan, formaður Alþfl. og formaður Alþb. en það mun ekki takast.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti, aðeins örstutt athugasemd.

Hæstv. fjmrh. fór á fund í flokksfélagi sínu til þess að segja að yfirlýsingar fyrrv. ríkisstjórnar, fjmrh. og forsrh., um viðskilnað í fjmrn. hafi verið rangar og hann belgdi þær yfirlýsingar út í fjölmiðlum. Hann hefur hins vegar ekki fengist til þess að svara því klárt og ákveðið hér í umræðunni hvort þau skjöl sem fjmrn. lagði fyrir í septembermánuði og lok ágústmánaðar um 700 millj. kr. væntanlega halla séu rétt eða röng eða hvort ráðuneytið hefði mátt sjá annað fyrir. Hitt er þó alvarlegast sem hæstv. ráðherra sagði hér: Eftir að hafa farið á fund í flokksfélaginu til þess að segja tölurnar, sem liggja á borðinu og hafa verið birtar opinberlega á grundvelli upplýsinga frá fjmrn., vera allar rangar kemur hann inn á Alþingi og segir: Ég fer ekki að gera Alþingi grein fyrir því. Þó að einhverjir þm. fari að spyrja um það hver þessi viðskilnaður er fer ég ekki að gera Alþingi grein fyrir því. Ég skal fara með dylgjur inn á fund í flokksfélaginu hjá mér og segja að þeir hafi verið að skrökva en ég fer ekki að gera hinu háa Alþingi grein fyrir því. Þetta er nú virðingin sem hinn nýi hæstv. fjmrh. ber fyrir Alþingi og ég trúi því tæpast að um þetta eigi stjórnarflokkarnir allir samleið, að bera þessa litlu virðingu fyrir Alþingi.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Ég þakka, herra forseti, að fá tækifæri til að gera þessa örstuttu athugasemd. Vegna síðustu orða hv. þm. Þorsteins Pálssonar vil ég endurtaka það sem ég hef þegar sagt í dag: Ég mun gera Alþingi grein fyrir niðurstöðum í ríkisfjármálum og efnahagsmálum á þessu ári þegar þær liggja fyrir og við þær kringumstæður í þinginu að allir hv. þm. geti tekið þátt í þeirri umræðu með eðlilegum hætti en ekki hálftíma utandagskrárumræðu sem hv. þm. Þorsteini Pálssyni þóknast að efna til þar sem aðeins hluti þm. er viðstaddur og þeim er skammtaður tveggja mínútna umræðutími. Efnið er það stórt, er það viðamikið og felur í sér það ítarlega lýsingu á þessu ári að það er ekki sæmandi Alþingi að vera að meðhöndla það hér við þau skilyrði sem hv. þm. Þorsteinn Pálsson vill meðhöndla það. Þess vegna hef ég kosið að gera Alþingi grein fyrir þessum málum við aðrar og eðlilegri kringumstæður.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Ein spurning til hæstv. fjmrh. Hann getur farið á fund í flokksfélaginu með upplýsingar um það hver staðan er í ríkisfjármálum, en segir svo: Það er ekki hægt að gera Alþingi grein fyrir því fyrr en þetta liggur fyrir. M.ö.o.: þessar upplýsingar virðast ekki hafa legið fyrir þegar hann hélt sína ræðu á flokksfundinum á laugardaginn var.

NEÐRI DEILD

4. fundur, þriðjudaginn 18. okt., að loknum 3. fundi.

Ríkisábyrgð á launum, 1. umr.

Frv. LVJ og JSS, 26. mál (framsal kröfu til Atvinnuleysistryggingasjóðs). — Þskj. 26.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Flm. (Lára V. Júlíusdóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyt. á lögum nr. 23 frá 28. maí 1985, um ríkisábyrgð á launum. Flm. með mér að þessu frv. er Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Frv. gerir ráð fyrir breytingu á lögum um ríkisábyrgð á launum, á 10. gr. laganna þannig að greinin orðist svo:

„Hafi krafa samkvæmt lögum þessum á hendur ríkissjóði verið framseld glatast réttur til greiðslu hennar úr ríkissjóði. Þetta á þó ekki við ef krafan hefur verið framseld stéttarfélagi launþegans eftir að skiptameðferð á búi vinnuveitandans hófst, né heldur ef krafan hefur verið að fullu eða að hluta til framseld Atvinnuleysistryggingasjóði.“

2. gr. laganna fjallar um það að lögin öðlist þegar gildi.

Tilgangur þessa frv. er fyrst og fremst sá að skapa starfsmönnum gjaldþrota fyrirtækja svigrúm til að fá greiddar atvinnuleysisbætur á meðan beðið er eftir greiðslu úr ríkissjóði skv. lögum um ríkisábyrgð á launum.

Lög um ríkisábyrgð á launum hafa gilt hér allt frá árinu 1974. Á árinu 1985 voru þau endurskoðuð og gildandi lög eru nr. 23 frá 1985. Tilgangur þeirrar endurskoðunar var einmitt að sníða af þá annmarka sem voru á lögunum frá 1974, en þrátt fyrir það hafa enn komið í ljós gallar á lögunum og þessu frv. er ætlað að sníða að mínu mati stærsta gallann af

lögunum eins og þau eru í dag.

Það er alkunna og hefur borið hér á góma í þinginu í dag að gjaldþrot fara mjög í vöxt hér á landi og þeir starfsmenn, sem láta af störfum vegna þess að fyrirtæki sem þeir starfa hjá verða gjaldþrota, eru æ fleiri.

Einn stærsti gallinn á því kerfi sem við búum við er sá langi tími sem líður frá því að fyrirtækið verður gjaldþrota og þar til launamaður fær laun sín greidd skv. lögunum um ríkisábyrgð á launum þar sem nokkrir mánuðir líða frá því að fyrirtæki er lýst gjaldþrota þar til krafa er endanlega gerð upp hjá ríkisábyrgð á launum. Þennan tíma sem líður er launamaður launalaus og hefur það valdið verulegum vandkvæðum þegar þannig hefur staðið á.

Ákvæði laganna um ríkisábyrgð á launum kveða á um að launakrafa sé send félmrh. eftir að bú atvinnurekanda hefur verið lýst gjaldþrota jafnframt því sem lýsa skal kröfunni í þrotabúið. Þegar félmrh. hefur síðan borist greiðslukrafan, þá skal hann leita umsagnar skiptaráðanda áður en krafan er greidd út. Þótt skiptaráðanda sé heimilt að taka afstöðu til kröfunnar án undangengins skiptafundar hefur reynslan sýnt að þessi ferill er æði tímafrekur, einkum þegar gjaldþrot verða úti á landi. Þótt starfsmenn leiti aðstoðar verkalýðsfélags og lögfræðinga við frágang þessara krafna, þá fer mikill tími í bréfaskriftir og bið eftir afstöðu þeirra sem afstöðu eiga að taka og á meðan býr starfsfólkið við það að fá engin laun greidd.

Ég minni á það ástand sem skapaðist fyrir nokkrum dögum á Ísafirði þegar rækjuvinnsla O. N. Olsen varð gjaldþrota og fólkið stóð uppi launalaust og þarf að bíða í nokkra mánuði eftir að fá bætur vegna gjaldþrotsins.

Fyrir nokkrum árum var sú leið reynd þegar svona stóð á að benda fólki á að sækja um atvinnuleysisbætur. Atvinnuleysistryggingasjóður greiddi bætur vegna tveggja fyrirtækja sem urðu gjaldþrota, þar á meðal Blikksmiðjunnar Vogs í Kópavogi, og síðan voru bætur Atvinnuleysistryggingasjóðs dregnar frá kröfunni í þrotabú atvinnurekanda, en þegar Atvinnuleysistryggingasjóður hugðist síðan endurkrefja félmrn. um þessar greiðslur, þá var erindi sjóðsins synjað með vísan til álitsgerðar ríkislögmanns þar sem hann taldi að félmrh. væri ekki skylt að endurgreiða Atvinnuleysistryggingasjóði útgreiddar atvinnuleysistryggingabætur.

Eftir að þessi afstaða ráðuneytisins lá fyrir í nóvember 1985 hefur Atvinnuleysistryggingasjóður alfarið hafnað því að greiða atvinnuleysisbætur þegar svona hefur staðið á þrátt fyrir ítrekaðar óskir þar um og hefur sjóðurinn í rökstuðningi sínum vísað til þess að ekki sé heimild til að greiða atvinnuleysisbætur fyrir það tímabil sem umsækjandi á kröfu á launum fyrir og vísar þar með til bréfs félmrn. á sínum tíma sem studdist við álit ríkislögmanns.

Það frv., sem hér er lagt fram, gerir ráð fyrir því að heimild 10. gr. laga um ríkisábyrgð á launum sé rýmkuð þannig að Atvinnuleysistryggingasjóði verði veitt heimild til að ganga inn í kröfu launamanns um bætur vegna launa á uppsagnarfresti með sama hætti og verkalýðsfélögum er heimilt í dag. Þegar kröfu verður síðan lýst í þrotabú liggur fyrir hversu háa upphæð viðkomandi launamaður hefur fengið greidda frá Atvinnuleysistryggingasjóði og sú upphæð verður síðan dregin frá kröfu hans. Þetta er svona einfalt uppgjör sem fer þá fram á milli Atvinnuleysistryggingasjóðs og ríkissjóðs.

Þótt nú sé fyrir hendi heimild fyrir verkalýðsfélög að ganga inn í kröfur launafólks við gjaldþrot er það fátítt að félögin treysti sér að ganga inn í kröfurnar. Þar ræður mestu hversu háar launaupphæðirnar eru. Það er einungis á færi stærri félaganna að leggja slíkar fjárhæðir út. Þannig er fólki í raun mismunað eftir því hversu stór gjaldþrotin eru og hvar á landinu þau eiga sér stað.

Það er hlutverk Atvinnuleysistryggingasjóðs að greiða fólki bætur í atvinnuleysi og með þeirri leið sem hér er lögð til verður sjóðnum gert kleift að endurkrefja ríkissjóð um þær bætur sem starfsmenn gjaldþrota fyrirtækja eiga rétt til og launafólk þarf ekki lengur að bíða í vikur og mánuði eftir launum sem það sannanlega á rétt á.

Það er rétt að taka það fram að kostnaður við þetta frv. er enginn. Hér er einungis um það að ræða að sveigjanleiki í ríkiskerfinu verði aukinn þannig að Atvinnuleysistryggingasjóði verði gert kleift að greiða út bætur þegar þessar aðstæður skapast. Ég vil ítreka það að daglega berast fréttir af nýjum gjaldþrotum. Það eru æ fleiri starfsmenn sem standa uppi launalausir vegna þess að fyrirtækin eru gjaldþrota. Atvinnuástand á mörgum þessum stöðum er afar bágborið þannig að þarna er fjöldi fólks sem stendur uppi slyppur og snauður og þarf að sæta því að bíða í mánuði og jafnvel ár eftir uppgjöri úr ríkisábyrgð á launum.

Ég vil að lokum leggja til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og félmn.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Láru V. Júlíusdóttur fyrir þetta frv. sem er mjög þarft. Hún rekst náttúrlega oft á það í sínu starfi hversu nauðsynlegt það er að svona lög séu sett og það tel ég mig líka hafa gert í gegnum mín störf. En ég vil samt sem áður benda á það að ef Atvinnuleysistryggingasjóður á að hlaupa undir bagga í svona málum, sem ég tel hárrétt og nauðsynlegt og ég mun fylgja þessu hér í gegnum deildina og þingið eins og ég get, þá þarf náttúrlega að varast það að rýra eða ganga á Atvinnuleysistryggingasjóð því það er nauðsynlegt að hann sé öflugur, geti greitt úr vanda verkafólks. Það er verkafólk sem á þennan sjóð. Það var verkafólk sem keypti hann með hluta af þeim launakröfum sem það gerði árið 1956 ef ég man rétt. Það er verkafólk sem á Atvinnuleysistryggingasjóð og það á að nota hann til að bæta hag þess í hvaða mæli sem er.

Ég þakka flm. fyrir þetta frv. og ég skal ekki

lengja þennan fund með því að hafa fleiri orð. Ég skal bara halda áfram að fylgja því gegnum deildina.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Eins og ástandið er í þjóðfélaginu, og allt bendir til þess að gjaldþrotum fjölgi á næstunni, þá er þetta mikið réttlætismál. Ég vil þakka hv. flm. fyrir að leggja þetta fram. Auðvitað verður að hugleiða það á hvern hátt er hægt að tryggja þessu fólki greiðslur og að athuguðu máli, ef þetta er besta leiðin, þá mun ég heils hugar styðja það á þennan veg. En það þarf að athuga allar leiðir í því efni. Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða þetta frekar nú, en þetta er mál sem er mjög aðkallandi að taka á.

Kristín Einarsdóttir:

Herra forseti. Ég kem hér til að taka undir þetta frv. sem hv. þm. Lára V. Júlíusdóttir og Jón Sæmundur Sigurjónsson hafa lagt fram. Ég tel það mikið réttlætismál að þetta verði lagað í núgildandi lögum. Það er alveg ófært að launþegar þurfi að bíða lengi eftir launum sínum, en eins og fram hefur komið í máli flm. geta liðið vikur og mánuðir frá því að fólk missir starf þar til það fær laun sín greidd. Ég vil þó benda á að nú stendur til að skerða tekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs verulega, núv. ríkisstjórn hefur áform uppi um það með bráðabirgðalögum þeim sem hún hefur sett að skerða framlög ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Ég vona þó að sjóðnum verði gert kleift að standa við skuldbindingar sínar. Að vísu er ekki ætlast til að það fari neitt meira úr sjóðnum þótt þessi breyting verði samþykkt, heldur að greitt verði fyrr út en nú er. Ég vona að skerðing sú sem fyrirhuguð er hafi ekki áhrif á það sem sjóðnum ber að greiða til launafólks.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

3. fundur, miðvikudaginn 19. okt., kl. 2 miðdegis.

Um dagskrá.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Áður en gengið er til dagskrár skal það tekið fram að að lokinni umræðu um dagskrármálið verða umræður utan dagskrár um synjun ríkisstjórnarinnar um aðstoð við smíði tíu skuttogara fyrir Marokkó. Umræðan fer fram að ósk hv. 7. þm. Reykn., Júlíusar Sólnes.

Alþt. 1988. B. (111. löggjafarþing).

Jöfnun á námskostnaði, fyrri umr.

Þáltill. GJH o.fl., 9. mál. — Þskj. 9.

Flm. (Guðrún J. Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir þáltill. um endurskoðun laga nr. 69/1972, um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði. Flm. með þeirri sem þetta talar eru Danfríður Skarphéðinsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Kristín Halldórsdóttir og Málmfríður Sigurðardóttir. Þá ætla ég að leyfa mér að lesa þáltill.:

„Alþingi ályktar að fela menntmrh. að láta hraða endurskoðun laga nr. 69/1972, um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði. Endurskoðun þessi taki m.a. mið af þörfum þeirra sem eru ofan við skólaskyldualdur en hafa ekki lokið grunnskólanámi, sem og því að mikill fjöldi nemenda stundar nú nám í öldungadeildum og ættu að eiga rétt á styrkjum."

Lög þau er sett voru árið 1972 um ráðstafanir til jöfnunar á fjárhagslegum aðstöðumun nemenda í framhaldsskólum að því leyti sem búseta veldur þeim misþungum fjárhagsbyrðum voru til mikilla bóta á sínum tíma, en þau eru 16 ára nú og mikið hefur breyst í íslensku þjóðlífi og skólakerfi síðan. Þá var tímabil öldungadeildanna rétt að hefjast og lögin tóku því engin mið af þörfum öldungadeildafólks, hvað þá þeirra sem þurfa að hefja nám neðar í námsstiganum. Frá árinu 1945 hefur skólaskylda tvívegis verið lengd um eitt ár og er nú níu ár sem kunnugt er. Það gefur auga leið að fólk sem hætti skólagöngu eftir skyldunám 13 ára eða jafnvel 12 ára við barnapróf hefur tæplega staðið jafnfætis þeim sem lokið hafa skólaskyldunámi auk þess sem ýmsir heltast úr námi áður en þeir hafa lokið skyldunni sem kallað er. Þegar þetta fólk snýr sér aftur að skólanámi þarf það í mörgum tilvikum að byrja neðar en á framhaldsskólastigi ef það ætlar að fá grunn að byggja framhaldsnám á. Því ætti einnig að miða lögin við að fullorðnir, þ.e. 18 ára og eldri, geti hlotið styrk samkvæmt þeim. Svo er ekki um gömlu lögin og þess er vænst að tillit verði tekið til þessa við endurskoðun þessara laga.

Í annan stað gera lögin ekki ráð fyrir því að nemendur vinni að staðaldri með náminu. Staðreyndir í dag eru þær að fjöldi nemenda, ekki síst þeir sem þurfa að sækja nám fjarri heimili sínu, verða að vinna með náminu ellegar hætta því. Þetta á ekki síst við um stúlkur sem hafa miklu lægri laun í sumarvinnu — og vetrarvinnu auðvitað líka en piltar og það mál út af fyrir sig er alvarleg mismunun á aðstöðu pilta og stúlkna til náms.

Það er von okkar, sem þessa þáltill. flytjum, að endurskoðun þessara laga stuðli að því að hægt verði að létta nemendum, og þá ekki síst stúlkum sem sækja þurfa nám langt að, skólaútgjöldin. En til þess að svo megi verða þarf að auka mjög fjárframlög til verkefnisins, en framlögin hafa rýrnað að raungildi á undanförnum árum.

Á síðasta þingi kom fram í skýrslu þáv.

menntmrh. Birgis Ísl. Gunnarssonar til Alþingis að nefnd væri að vinna að endurskoðun laganna og ber brýna nauðsyn til að verkinu verði lokið svo að Alþingi geti fjallað um endurskoðunina og lögin geti tekið gildi hið fyrsta.

Frú forseti. Ég legg til að að þessari umræðu lokinni verði tillögunni vísað til síðari umr. og félmn.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég tel að hér sé hreyft mjög þörfu máli og tel að það sé meira en tímabært að þessi endurskoðun eigi sér stað og tekið verði tillit til breyttra aðstæðna. Það er vitað að í nútímaþjóðfélagi mun henda flesta að þurfa nokkuð oft að skipta um starf á lífsleiðinni. Fyrir nokkrum árum heyrði ég þá tölu að það mætti gera ráð fyrir því að menn gerðu það þrisvar. Ég gæti vel trúað því að það væri orðið úrelt, það væri oftar. Og að mínu viti er fyrsta skilyrðið til þess að hægt sé að vinna að meiri jöfnuði, bæði milli einstaklinga og milli kynjanna, að jafna möguleikana til náms. Vissulega vita það allir sem hafa fengist við kennslu að ástæðurnar fyrir því að nemendur ljúka ekki námi geta verið margvíslegar. Í sumum tilfellum eru það fyrst og fremst heimilisástæður viðkomandi nemenda sem hafa gert þeim ómögulegt að ljúka náminu. Vandamálið hefur sem sé ekki verið það að þeir væru af guði gerðir ekki með gott upplag til náms heldur hitt að aðstaðan heima fyrir gerði þeim ekki kleift að stunda sitt nám í barnaskóla t.d.

Ég ætla ekki að fara lengra út í þá sálma. Ég stóð fyrst og fremst upp til þess að lýsa yfir stuðningi við þessa þáltill.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég vil greina frá því að þeirri endurskoðun á lögunum um jöfnun námskostnaðar sem hv. þm. Guðrún J. Halldórsdóttir gat um er lokið. Tillaga að endurskoðuðu frv. um þetta efni liggur fyrir. Þar hefur hins vegar ekki verið tekin ákvörðun um hvernig með það mál verður farið frekar. Ég mun gera ráðstafanir til þess að sú þingnefnd sem fær þetta mál til meðferðar, sem hv. þm. mælti fyrir, fái einnig frv. eða frumvarpsdrögin, frumvarpstillöguna til athugunar þannig að unnt verði að hafa hliðsjón af þeim við frekari meðferð málsins.

Flm. (Guðrún J. Halldórsdóttir):

Frú forseti. Mér var kunnugt um að þessi endurskoðun var langt komin, en mér er líka kunnugt um að mörg góð mál hafa verið unnin fyrir ráðuneyti og þegar skipt hefur verið um ráðherra hafa þessi mál verið svæfð. Það er þess vegna m.a. sem ég hóf máls á þessu.

Í annan stað er það þannig að það eru vissir aðilar sem mér virðast oft gleymast við setningu laga og við ákvarðanatöku í skólakerfinu, þar á ég einkum og sér í lagi við það fólk sem stendur höllustum fæti, þ.e. það fólk sem hefur minnsta skólagöngu og þarf í rauninni á mestum stuðningi að halda. Það er líka þess vegna sem ég hóf máls á þessu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til félmn. með 37 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Nú fer fram umræða utan dagskrár um synjun ríkisstjórnarinnar um aðstoð við smíði tíu skuttogara fyrir Marokkó. Þessi umræða fer fram samkvæmt síðari mgr. 32. gr. þingskapa, þ.e. hún verður ekki takmörkuð við hálftíma eins og gildir um umræðu samkvæmt fyrri mgr. 32. gr. þingskapa. Samt sem áður mælist forseti eindregið til þess við þingheim að ræðumenn stilli máli sínu í hóf og það er einlæg ósk forseta að þessari umræðu geti lokið fyrir venjubundinn fundatíma þingflokka, þ.e. fyrir kl. 4. Hefst nú umræðan og tekur fyrstur til máls hv. 7. þm. Reykv., Júlíus Sólnes.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Tilefni þessarar umræðu er synjun ríkisstjórnarinnar á aðstoð við skipasmíðastöðina Stálvík hf. til þess að geta smíðað tíu togara fyrir marokkóskt fyrirtæki. Það er ekki ætlan mín hér að fara að ráðast á einn eða neinn fyrir afgreiðslu þessa máls eða fara að kenna einum eða neinum um hvernig fór heldur tel ég að hér sé kærkomið tækifæri og reyndar mjög nauðsynlegt að nota þetta tækifæri til að ræða stöðu íslensks iðnaðar almennt og þá sérstaklega og sér í lagi íslenska skipasmíðaiðnaðarins og fylgiiðnaðarins við hann. Það er í þessu sambandi fróðlegt að velta fyrir sér afstöðu okkar Íslendinga til útflutningsmála, hvort við viljum yfirleitt flytja vörur út frá Íslandi eða hvort við viljum aðeins flytja vörur inn til Íslands.

Þá langar mig í upphafi máls að greina frá hver er staða mín í þessu máli. Ég er stjórnarformaður fyrirtækisins Stálvíkur hf. og sem slíkur tilnefndur af fjmrn. Það má því vel segja að ég sé sem slíkur fulltrúi hæstv. fjmrh. Ólafs Ragnars Grímssonar í stjórn Stálvíkur hf. Það var fyrir líklega rúmum tveimur árum að þáv. fjmrh. hlutaðist til um að ég tók að mér að ganga inn í stjórn fyrirtækisins ásamt öðrum valinkunnum mönnum til að reyna að hjálpa til við að byggja upp fyrirtækið og sér í lagi íslenskan skipasmíðaiðnað. Við tókumst þetta verkefni á hendur í sjálfboðavinnu því að við höfum litlar greiðslur fengið fyrir og ég hef engra hagsmuna að gæta í þessu sambandi. Ég á ekki krónu virði af hlutafé í þessu ágæta fyrirtæki.

Þetta mál hefur allt verið meira eða minna afflutt í

fjölmiðlum. Það hefur verið talað um glæfrasamninga einhverra glæfraaðila úti í löndum sem eru að gera einhverja samninga um að smíða skip í þeim tilgangi einum að hafa fé út úr mönnum og jafnvel stela skipunum til að selja þau öðrum eða hvað veit ég. Það er alveg með ólíkindum hvernig þetta mál hefur verið flutt. Ég held því að það sé alveg nauðsynlegt að öll málsatriði komi hér upp á borð því að þau eru mjög fróðleg og geta orðið okkur til mikils lærdóms um það hvernig við eigum að stuðla að því í framtíðinni að íslenskur iðnaður geti náð sér á strik, að við getum hafið útflutning á íslenskri tækniþekkingu og hugviti því ekki getum við öll lifað á því til frambúðar að veiða aðeins fisk og reyna að ala upp sauðfé til þess að selja lambakjöt. Það hefur ekki gengið allt of vel að undanförnu.

Öllum eru kunn vandræði íslensks iðnaðar í dag og þá sér í lagi skipasmíðaiðnaðarins. Hann er illa samkeppnisfær og raunverulega er það sama að segja almennt um allan íslenskan iðnað. Verðbólgan, röng gengisskráning til langs tíma, óhóflegur fjármagnskostnaður og margt fleira hefur gert það að verkum að svo virðist sem engin atvinnustarfsemi, með örfáum undantekningum, borgi sig á þessu ágæta landi okkar. Það er engu líkara, þegar maður hlustar á og metur viðbrögð bæði ráðamanna og almennings, en að fólki sé nánast að verða illa við það að hér fari yfirleitt fram nokkur atvinnustarfsemi. Er kannski stutt í það að við hættum að nenna að veiða fiskinn sjálfir og seljum allar veiðiheimildir. Síðan getum við búið þar sem okkur sýnist, niðri á Mallorka eða hvar annars, og fengið atvinnuleysistékkinn sendan þangað. Er það kannski þetta Ísland sem við sjáum í framtíðinni?

Ég held að það sé nauðsynlegt að fara eilítið niður í forsögu þessa máls. Vil ég fara aftur til ársins 1980 er þáv. ríkisstjórn tók þá ákvörðun að til þess að gera íslenskar skipasmíðar hagkvæmari skyldi efnt til samstarfs um hönnun og smíði fiskiskipa, svokallað raðsmíðaverkefni, þannig að með því að smíða nokkur skip sömu tegundar yrði hægt að beita ýtrustu hagkvæmni og lækka kostnað sem gerir verð skipa allt of hátt hér innan lands. Ríkisábyrgðir voru veittar í þessu skyni og var hafist handa af þremur skipasmíðastöðvum, þ.e. Slippstöðinni hf. á Akureyri, Þorgeiri og Ellert á Akranesi og Stálvík hf. í Garðabæ. Síðar kom svo til að eitt fiskiskip sem fyrirhuguð var smíði á á Seyðisfirði var tekið inn í þetta verkefni.

Ég ætla ekki að rekja þá harmasögu í smáatriðum sem þetta mál hefur allt verið. Á 1983 um vorið, þegar ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar kom til valda, var gerð samþykkt um það í ríkisstjórninni að ljúka nú smíði þessara þriggja skipa og þar til viðbótar þess eina skips sem var í smíðum á Seyðisfirði. En síðan skyldi smíði annarra fiskiskipa stöðvuð. Með bréfi 24. júní 1983 setti ríkisstjórnin smíðabann á ný fiskiskip af hálfu Íslendinga. Þetta leiddi til þess að smíði raðsmíðaskipanna fór öll meira eða minna út um þúfur vegna þess að þessi skip lentu á skjön við svokallað kvótakerfi sem var sett í lög um áramótin 1983 og 1984. Skipin, sem voru í smíðum sem raðsmíðaskip, fengu engan kvóta og lokuðust þannig nánast inni í stöðvunum. Stálvík hf. fór langsamlega verst út úr þessu. Hún hefur enga aðstöðu til þess að fara yfir í viðhalds- og viðgerðaverkefni vegna þess að hún hefur ekki þá aðstöðu að taka skip upp í slipp meðan hinar skipasmíðastöðvarnar gátu að einhverju leyti komist út úr þeim ógöngum sem því fylgdu að raðsmíðaverkefnið var stöðvað með því að snúa sér alfarið að viðgerðar- og viðhaldsverkefnum.

Það er skemmst frá að segja að raðsmíðaskipið í Stálvík, eða skrokkur þess, lokaði stöðinni í rúmlega þrjú ár. Þar með var engin nýsmíði möguleg nema nokkrir smábátar sem hægt var að smíða inni í húsinu og taka út úr húsinu án þess að fara niður um rennuna þar sem raðsmíðaskipsskrokkurinn stóð og lokaði fyrir.

Það er ósköp eðlilegt að skipasmíðaiðnaðurinn hafi komið illa út úr þessu tímabili þegar loksins var opnað fyrir skipasmíðar á nýjan leik. Undir árslok 1986 var samþykkt á hinu háa Alþingi að lokið skyldi smíði þessara þriggja raðsmíðaskipa sem voru í smíðum og þau mundu fá kvóta.

Ég hef oft velt fyrir mér hvernig skyldi hafa farið t.d. í Bandaríkjunum ef bandarísk stjórnvöld tækju skyndilega ákvörðun og segðu: Nú skulum við hætta að smíða bíla í þrjú ár? Að þeim tíma liðnum væru svo allir yfir sig hissa að bandarískri bílaiðnaðurinn væri í erfiðleikum með að mæta t.d. samkeppni frá japanska bílaiðnaðinum. Menn eiga ekki til orð í eigu sinni yfir þeirri ósvinnu að þessi iðnaður skuli ekki geta staðið sig. Ég held að menn verði að gæta þess að með ákvörðun stjórnvalda um raðsmíðaskipin, síðan að stöðva smíði þeirra og banna síðan smíði allra fiskiskipa innan lands, reyndar erlendis líka, í rúm þrjú ár, var fótunum að miklu leyti kippt undan skipasmíðaiðnaðinum í landinu. Það þarf engan að undra þó að hann eigi erfitt uppdráttar þessi árin og sé í miklum öldudal, eigi erfitt með að rétta úr kútnum.

Við þá ákvörðun Alþingis að ljúka smíði raðsmíðaskipanna og greiða bætur úr ríkissjóði til stöðvanna vegna þess óhagræðis og þess beina taps, sem þær höfðu orðið fyrir, var ákveðið að veita nokkrum fjármunum til þess að endurskipuleggja Stálvík hf. sem hafði orðið hvað verst úti af þessum orsökum. Þeir aðilar sem tóku að sér þessa fjárhagslegu endurskipulagningu eða að stuðla að henni voru fjmrn. gegnum Ríkisábyrgðasjóð, Byggðastofnun og Landsbanki Íslands. Þessir aðilar gerðu þá kröfu að nýir aðilar kæmu inn í stjórn fyrirtækisins að þeirra ábendingu. Var Gunnlaugur Sigmundsson, forstjóri Þróunarfélagsins, tilnefndur af hálfu Byggðastofnunar, Jón Böðvarsson, forstöðumaður Ratsjárstofnunar, af Landsbanka Íslands og ég sem fulltrúi fjmrn. Hluthafahópurinn óskaði eftir því að fá að tilnefna tvo menn og varð samkomulag um að Ottó Schopka, sem hefur starfað mjög mikið að

þessum málum áður fyrr, kæmi inn í stjórn fyrirtækisins. Þar að auki er einn fulltrúi fyrir hluthafahópinn, þ.e. Jón Sveinsson sem var framkvæmdastjóri Stálvíkur hf. um margra ára bil. Hann er það ekki lengur því það var liður í þessu samkomulagi að það skyldi ráðinn nýr framkvæmdastjóri sem er Jón Gauti Jónsson fyrrverandi bæjarstjóri í Garðabæ hf. — Fyrirgefið, það er ekki enn þá búið að selja sveitarfélögin. Ég geri mér það ljóst.

En þarna erum við fjórir aðilar sem höfum tekið að okkur, eins og ég segi, að vinna að málefnum íslensks skipasmíðaiðnaðar, nánar til tekið í þessu sérstaka fyrirtæki. Við erum allir þarna starfandi án þess að hafa fyrir nokkra persónulega hagsmuni. Ég mundi telja að við höfum í raun haft af þessu mikla vinnu og mikið óhagræði en fengið lítil laun fyrir.

Raðsmíðaverkefninu var síðan lokið á miðju ári 1988, þ.e. hvað Stálvík varðar. Var skipið afhent í *júlí* 1988, en kaupandi þess skips var útgerðarfyrirtæki í Keflavík. Þá var næsta atriði málsins að reyna að leita að nýjum verkefnum og sjá hvort yfirleitt væri hægt að finna leiðir til að viðhalda íslenskum skipasmíðaiðnaði og ýmiss konar fylgiiðnaði sem áður fyrr var mjög blómlegur hér á landi.

Þá kemur kannski að aðalatriði málsins, en það er að Íslendingar búa yfir gífurlegri þekkingu og reynslu á því að útbúa og reka nútíma fiskiskip. Nútíma togari með þeim hátæknibúnaði sem er þar um borð er ekkert einfalt mál. Það er ekki á færi allra að smíða né skipuleggja slík skip og reka þau. Við fórum því að þreifa fyrir okkur um verkefni erlendis því það er alveg ljóst að við getum ekki ætlast til þess að íslenskir útgerðarmenn láti smíða skip fyrir sig innan lands á miklu hærra verði en þeir geta fengið þessi skip smíðuð erlendis. Við erum ekki að fara fram á það. Við vorum hins vegar ákveðnir í að leita leiða til þess að sjá hvort ekki væri hægt í samvinnu við erlendar skipasmíðastöðvar að notfæra sér það að við Íslendingar búum líklega við meiri reynslu og þekkingu á þessu sviði en nokkur önnur þjóð í heiminum. Þegar við fórum síðan af stað að kanna þetta úti í hinum stóra heimi gerðist það ánægjulega að við fengum staðfestingu á þessari skoðun. Það virðist nefnilega vera öllum ljóst hvar sem er í heiminum að þessi litla þjóð uppi á Íslandi hefur safnað saman meiri reynslu og þekkingu á þessu sviði en nokkur önnur.

Við höfum leitað eftir samstarfi við bandaríska aðila um að smíða tilraunaskip sem byggir á alveg nýrri og mjög nýstárlegri hönnun. Þar er um að ræða skip úr áli sem mundu henta mjög vel fyrir fiskveiðar á grunnslóðum, þ.e. báta af stærðinni frá sex tonnum og upp í 50–100 tonn. Síðan reyndum við fyrir okkur með sölu á notuðum fiskiskipum í þeim tilgangi að geta smíðað skip með því að taka eldri skip upp í kaupverðið. Við rákum okkur fljótt á að verð íslenskra skipa er mjög hátt og mun hærra en gerist á heimsmarkaði. Vegna þess hvað íslenskir útgerðarmenn halda skipum sínum vel við og endurnýja tæknibúnað um borð reglulega er verð skipanna tiltölulega hátt og það er erfitt að selja þau.

Í þessum tilraunum okkar komumst við í samband við nýstofnað útgerðarfyrirtæki og fiskvinnslufyrirtæki í Marokkó í eigu danskra, marokkóskra og írakskra aðila sem hugði á smíði tíu skuttogara. Okkur stóð til boða að gera tilboð í þessa smíði vegna þess, eins og fulltrúar þessa fyrirtækis sögðu, að „það eru aðeins tvær þjóðir í heiminum sem við treystum í raun til þess að smíða fyrir okkur fullbúin togskip með þeim hátæknibúnaði sem við erum að fara fram á, þ.e. Noregur og Ísland. Við treystum hvorki Portúgölum, Spánverjum né Pólverjum til að smíða þessi skip fyrir okkur eða að hafa um það frumkvæði. Við treystum Íslendingum og við treystum Norðmönnum.“ Þetta þótti mér afar fróðlegt að heyra og ég held að þarna sé einmitt, eins og ég hef sagt áður, kjarni málsins. Getum við ekki með einhverju móti notfært okkur þetta? Ef það er staðreynd að þær þjóðir sem hyggja á útgerð nútímalegra togskipa vita þetta hljótum við að reyna að gera tækniþekkingu okkar að verslunarvöru með þessum hætti.

Í þessum athugunum okkar hefur það nefnilega komið í ljós að öll Arabaríkin hyggja nú á útgerð nútíma fiskiskipa í stórum stíl. Þannig eru að koma fyrirspurnir frá fjölmörgum Arabalandanna til Íslendinga um að smíða fiskiskip á sömu forsendum og okkar eigin skip eru smíðuð, með þeim hátæknibúnaði sem við Íslendingar höfum þróað. Þannig hefur t.d. borist fyrirspurn frá Íran um að smíða fyrir þá 14 skuttogara.

Kannski er ástæðan fyrir þessu greinar sem hafa birst í erlendum tæknitímaritum um íslensk fiskiskip og búnað þeirra. T.d. hefur skipinu Ottó N. Þorlákssyni verið gerð sérstök skil, en það skip er talið eitthvert best heppnaða skip sem hefur verið smíðað á Íslandi fyrir margra hluta sakir. Ottó N. Þorláksson var smíðaður í Stálvík og afhentur að mig minnir í kringum 1982. Ottó N. Þorláksson hefur vakið athygli fyrir margra hluta sakir, sérstaklega þó fyrir hvað línurnar í skipinu eru vel heppnaðar, hvað hönnun skrokksins er vel heppnuð sem veldur því að skipið notar mun minni olíu, bæði við togveiðar og eins á siglingu, en sambærileg skip. Þessu gera menn sér grein fyrir í útlöndum þó að þetta veki enga athygli á Íslandi. Það er nefnilega landlægt hjá okkur Íslendingum að gera lítið úr því sem við erum sjálfir að gera en gapa þeim mun meira yfir því sem er gert í útlöndum.

Þegar við fórum að setja okkur inn í þann möguleika að komast inn í skipasmíðasamning fyrir danskt–marokkóskt fyrirtæki fórum við að sjálfsögðu að kanna hvað þar er á ferðinni. Þá komum við að einu mjög áhugaverðu atriði en það er það að við Atlantshafsströnd Marokkós eru einhver auðugustu fiskimið í heimi. Þar eru á veiðum mjög margir erlendir togarar, en Marokkómenn sjálfir eiga mjög fáa. Þeir eru mest með lítil skip sem veiða rétt fyrir utan ströndina en láta aðallega Spánverjum og Portúgölum eftir að gera út og reka fullkomin

togskip sem eru með heimahöfn í Las Palmas á Kanaríeyjunum. Marokkóstjórn hefur um árabil reynt að stuðla að því að fá þessar veiðar inn í landið. Ég er með hér lög frá Marokkóríki sem bjóða útlendingum undanþágur frá sköttum og alls konar hlunnindi ef þeir vilja stofna útgerðarfyrirtæki í Marokkó til að notfæra sér þessi auðugu fiskimið. E.t.v. hefði verið skynsamlegra að það væru íslenskir útgerðarmenn sem hefðu ætlað að byggja þessa tíu skuttogara til þess að setja á stofn íslenskt-marokkóskt fyrirtæki í Marokkó til að notfæra sér þetta frekar en að við værum að smíða hér tíu skip fyrir danskt-marokkóskt fyrirtæki. Ég varpa þessu fram. Ég held nefnilega að Íslendingar þurfi að fara að hugsa sín mál á allt öðrum grundvelli en þeir hafa gert hingað til.

Fiskveiðiheimildir í fiskveiðilögsögu Marokkós eru mjög eftirsóttar og það er nákvæmlega sama sagan þar og hér, að þar eru fiskveiðikvótar sem fylgja skipunum. Þeir geta gengið kaupum og sölum á gífurlegu verði.

Við gerðum tilboð í að smíða þessi tíu fiskiskip og gerðum um það pro forma samning. Að sjálfsögðu er verðið á sjálfum skipasmíðahluta samningsins mjög lágt. Við vitum vel að það er svo mikil samkeppni í heiminum um smíði fiskiskipa að við hlaupum ekki til og seljum fiskiskip á einhverju verði sem er langt umfram það sem aðrar þjóðir geta boðið upp á. Við erum fyrst og fremst í samkeppni við Norðmenn sem hafa til margra ára greitt niður sínar skipasmíðar með ríkisstyrkjum og við það höfum við átt erfitt með að keppa. Annars eru samskipti okkar við Norðmenn önnur harmsaga sem ég ætla ekki að fara að rekja hér. Það væri tilefni til annarrar umræðu utan dagskrár hvernig við höfum nánast fært Norðmönnum á silfurfati alla okkar reynslu og tækniþekkingu og hjálpað Norðmönnum við að byggja upp margvíslegan iðnað í sambandi við útgerð og skipasmíðar, allt byggt á íslenskri reynslu. Nægir að geta um fyrirtækið Simrad í þessu sambandi sem á grundvelli íslenskra hugmynda hefur byggt upp iðnað þar sem þetta fyrirtæki framleiðir fiskleitartæki og fisksjár.

Það er skemmst frá því að segja að þegar útgerðaraðilinn sá það sem við höfðum fram að færa leist honum strax miklu betur á íslenska skipið. Það er kjarni málsins. Íslenska skipið er mun fullkomnara og nýtískulegra að gerð meðan það sem Norðmennirnir bjóða upp á er miklu — hvað eigum við að segja — meira gamaldags og ekki eins fullkomið og það sem við gátum boðið upp á. Við teikningu á því skipi sem við buðum var einmitt stuðst við línurnar í Ottó N. Þorlákssyni. Að sjálfsögðu vilja menn notfæra sér þá þekkingu sem þar skapaðist, þ.e. að fá skip sem er olíusparneytnara en önnur. Norðmennirnir hins vegar byggðu á gömlum norskum skuttogara sem mun heita Polar Explorer og hefur verið að veiðum hér í Norður-Atlantshafinu. Þeir áttu allar teikningar að honum og gátu boðið hann fram. Það er þó ekki nokkur vafi á því að fulltrúar útgerðarfyrirtækisins vildu miklu frekar fá íslenska skipið ef það væri nokkur leið að koma samningnum heim og saman.

Það var alveg ljóst að við mundum ekki geta gert samning upp á að það væri hægt að smíða þessi skip öll á Íslandi, að við gætum á þann hátt keppt við t.d. norsku aðilana. Þess vegna leituðum við strax eftir samvinnu við erlendar skipasmíðastöðvar til að ná niður kostnaði vegna smíðahluta samningsins þannig að hann gæti þrátt fyrir allt skilað hagnaði. Við höfum þreifað fyrir okkur víða um heim eftir samstarfi við erlenda aðila og það ber svo við að erlendar skipasmíðastöðvar vilja mjög gjarnan fara í samstarf við íslenska skipasmíðastöð. Þannig höfum við náð ágætissamstarfi við skipasmíðastöð í Líma í Perú sem vill einmitt fá að nýta sér íslenska tækniþekkingu og reynslu en undir okkar stjórn. Það er nefnilega mjög mikill munur á því hvort við afhendum alla þessa tækniþekkingu á silfurbakka út úr landi til t.d. Norðmanna, fáum ekkert í staðinn, eða hvort við förum í samstarf við erlenda skipasmíðastöð og stjórnum því með hvaða hætti þessi tækniþekking er notuð.

Við höfum sömuleiðis leitað eftir samstarfi við skipasmíðastöðvar bæði í Austur-Þýskalandi og í Póllandi. Þá er þess að geta að í haust fór fulltrúi Stálvíkur í kynnisferðalag til Arabalandanna. Heimsótti hann m.a. skipasmíðastöð í Egyptalandi sem leitar eftir samstarfi við íslenska aðila um að fá að byggja nútíma fiskiskip undir okkar yfirstjórn. Það er allt annar hlutur að gera þetta með þessum hætti eða, eins og ég hef margítrekað, að afhenda þjóð eins og Norðmönnum alla okkar þekkingu og segja: Gjörið svo vel, hirðið þetta, við nennum þessu ekki sjálfir. Þannig var hægt að láta þennan samning sem við gerðum skila hagnaði, sem var álitinn nema um 100 millj. kr., með því t.d. að fá 7–8 skip smíðuð í Líma í Perú. Var búið að gera um það samkomulag hvernig staðið skyldi að því verki. Skipin skyldu nánast smíðuð fullbúin í Perú, þeim síðan siglt til Íslands þar sem ýmis hátæknibúnaður yrði settur í skipin og þau yfirfarin. Það væri að sjálfsögðu á ábyrgð íslensku skipasmíðastöðvanna að skipin fylgdu þeirri smíðalýsingu sem um var samið og þau væru af þeim gæðaflokki sem um var beðið. Þetta var langt á veg komið og lá alveg ljóst fyrir að þetta var hægt. Vegna ákvæða samningsins um að það þyrfti að skila skipunum á mjög skömmum tíma var talið nauðsynlegt að smíða 2–3 skip á Íslandi. Það var alveg ljóst að skipin fást svo ódýr í Perú að með þeim hagnaði sem þannig myndaðist var hægt að greiða niður umframkostnaðinn við að smíða hin skipin á Íslandi. Þá var leitað eftir samstarfi við aðrar íslenskar skipasmíðastöðvar um að taka þetta verkefni að sér og um skeið lá í loftinu að þrjár skipasmíðastöðvar mundu fara sameiginlega í þetta verkefni, þ.e. Stálvík, Slippstöðin hf. á Akureyri og Þorgeir og Ellert hf. á Akranesi. Þessar þrjár stöðvar ætluðu að taka að sér smíði þessara 2–3 skipa og klára skipin frá Perú, þ.e. setja fiskvinnslu-

búnaðinn um borð þar og ýmiss konar annan hátæknibúnað, en Perúmennirnir sögðu hreinlega: Við höfum ekki vit á þeim hlutum, en við kunnum að sjóða saman stálskrokkinn.

Það var eitt sem okkur lærðist í þessu máli sem er mjög fróðlegt og mig langar til að rekja hér fyrir þingheimi, en það er um bankamál. Það er með hvaða hætti bankarnir líta á svona útflutningssamninga á Íslandi og með hvaða hætti bankarnir í nágrannalöndum okkar líta á svona mál. Við leituðum til eins ríkisbankans um aðstoð og spurðumst fyrir um með hvaða hætti þetta gæti nú gengið fyrir sig. Jú, þar komust menn að því að lokum að það væri hægt að taka smíðalán til verkefnisins á rúmlega 5% vöxtum gegnum banka í Þýskalandi, Lúxemborg eða Sviss með bankaábyrgð eða með ríkisábyrgð. Það þyrfti síðan að endurlána þetta lán til skipasmíðastöðvanna á Íslandi með ríflegum vaxtamun — hér kemur aftur fram þessi frægi vaxtamunur í bankakerfinu — eitthvað á milli 7 og 8% og síðan gæti skipasmíðastöðin geymt peningana á gjaldeyrisreikningi fyrir 4%. Í hvert skipti sem þyrfti síðan að greiða innlendan kostnað yrði tekið út af gjaldeyrisreikningnum og þá þyrfti að greiða yfirfærslukostnað og þóknun til bankans. Þannig var málið svo komið að u.þ.b. 50 millj. kr. kostnaður yrði vegna bankaþóknunar með fleiru og um 110 millj. kr. yrði fjármagnskostnaður.

Þá var farið í nokkra danska banka og beðið um ráð og hjálp við það að leysa svona fjármagnsdæmi. Hvernig mundi danskur banki taka á þessu? var spurt. Það var farið í þrjá mismunandi danska banka til að fá óháð svör. Dönsku bankarnir sögðu allir: Að sjálfsögðu veitum við hjálp við að taka framleiðslulánið og við teljum að það nægi okkur að endurlána það á tæplega 6%. Síðan skulum við hjálpa ykkur við það að fjárfesta á byggingartímanum þá fjármuni sem ekki eru í notkun hverju sinni. Þannig var t.d. ráðlagt að kaupa ríkisskuldabréf í Noregi eða skammtímaskuldabréf í Noregi fyrir um 350 millj. kr., þar sem ávöxtunin er 14%, en það er vegna fyrirhugaðra vélakaupa í skipin þar. Vélaframleiðandinn fær enga peninga fyrr en um það leyti sem hann afgreiðir vélarnar þannig að það er hægt að liggja þar með 350 millj. kr. á 14% vöxtum kannski um hálfs til heils árs skeið eða lengur. Síðan sagði danski bankinn: Þið getið fjárfest eða lagt inn og keypt ríkisskuldabréf í Danmörku fyrir um 350 millj. kr. og fengið um 11–12% ávöxtun vegna fyrirhugaðra danskra innkaupa og síðan er sjálfsagt að fara með 350 millj. kr. og leggja þær inn á banka í London, en London er hávaxtasvæði í Evrópu um þessar mundir. Þannig sagði danski bankinn við okkur — og þeir ítrekuðu þetta, þrír danskir bankar óháðir hver öðrum — við fáum ekki séð betur en að með fjármagnsstreyminu sem er í samningnum þurfi fjármagnskostnaður að lokum ekki að vera meiri en u.þ.b. 10–12 millj. ísl. kr. Það er dálítið annað viðhorf en að fjármagnskostnaður sé 110 millj. og að auki komi 50–60 millj. kr. þóknun til bankans á Íslandi.

Þetta er það sem íslenskur útflutningur þarf við að búa og það er mjög fróðlegt að velta þessu svolítið fyrir sér. Þetta er mjög lærdómsríkt og hefur opnað augu mín fyrir þeim erfiðleikum, sem íslenskur iðnaður á við að etja þegar reynt er að gera stóra útflutningssamninga.

Þá kem ég að ábyrgðakerfinu. Öll Norðurlöndin og nánast öll iðnvædd ríki í Vesturheimi eru með sjálfvirkt ríkisábyrgðakerfi. Í Danmörku t.d. er starfandi það sem heitir export-kreditráðið. Það mundi kannski samsvara Útflutningsráði Íslands. Þar fá öll dönsk útflutningsfyrirtæki ríkisábyrgðir nánast sjálfkrafa. Það þarf ekki að sækja um það til ríkisins eins og hér þarf að gera, heldur er slík ríkisábyrgð veitt nánast sjálfkrafa ef um útflutning er að ræða. Það er nefnilega svo einkennilegt að í öllum iðnvæddum ríkjum Vesturlanda vilja menn flytja út. Ég efast oft um það að Íslendingar vilji í rauninni flytja út neitt annað en fisk. (Gripið fram í.) Kannski svolítið af lambakjöti, hæstv. landbrh., ef vel liggur á okkur þá stundina. Öll iðnfyrirtæki nota sér þessar útflutningsábyrgðir til hins ýtrasta, m.a. með þeim hætti sem danskur banki benti okkur á, sagði að væri mjög algengt að danskt útflutningsfyrirtæki, sem gerir stóran útflutningssamning og fær ríkisábyrgð í gegnum þetta export-kreditkerfi, notfæri sér ábyrgðina á eftirfarandi hátt: Það fer beint með þessa ríkisábyrgð í þýskan banka og tekur lán á mjög lágum vöxtum af því að um er að ræða ríkisábyrgð. Síðan fara þeir með fjármunina til Danmerkur og kaupa dönsk ríkisskuldabréf með um 9½% ávöxtun. Næst er farið með þessi sömu dönsku ríkisskuldabréf í þýska bankann þar sem þeir tóku upphaflega lánið og lán númer tvö tekið í sama banka af því að þeir eru með 100% ábyrgð á nýjan leik, þ.e. þeir afhenda ríkisskuldabréf fyrir andvirði alls lánsins sem þeir tóku upphaflega. Þannig er lán númer tvö notað til að fjármagna smíðina en vaxtamunurinn til þess að ná niður kostnaði og til að treysta samkeppnisaðstöðu. Það þætti líklega glæpur á Íslandi að gera svona hluti. En við verðum að athuga það að við erum í samkeppni við allan hinn iðnvædda heim og ef við ætlum ekki að nota sömu leikreglur og þeir getum við alveg eins hætt þessu. Þá stefnir í það, sem ég sagði í upphafi máls míns, að við hættum bráðum að nenna að vinna fiskinn sjálfir, seljum Efnahagsbandalaginu allan kvótann og flytjum t.d. til Spánar og fáum atvinnuleysistékkann sendan þangað. Er það það sem við viljum?

Það er einkennilegt hvað almenningsálitið og ráðamenn hér virðast yfirleitt vera á móti því að íslensk iðnfyrirtæki reyni að gera eitthvað, reyni að finna leiðir til þess að flytja út og reyni að taka þátt í þessari hörðu samkeppni sem er. Auðvitað verður þetta ekki gert án hjálpar opinberra aðila. Ísland er smáríki og það að gera svona útflutningssamning þýðir einfaldlega það að öll þjóðin verður að standa saman sem einn maður til þess að þetta sé hægt. Langar mig til þess að bera saman hvernig svona mál

er tekið fyrir í Noregi og hvernig svona mál er tekið fyrir á Íslandi.

Ég hef séð blaðaúrklippur og blaðagreinar um þetta sama mál í Noregi, því að það hefur einnig verið til athugunar hjá norskri skipasmíðastöð í Bergen. Það er alveg ljóst þegar maður les fréttirnar frá Noregi að þar standa allir saman sem einn maður, stjórnmálamenn, blaðamenn og fulltrúar skipasmíðastöðvanna: Náum þessu verkefni hvað sem það kostar, leysum vandamálin, stöndum öll saman sem einn maður til þess að ná þessum samningi. Hér á Íslandi er afstaða manna þannig: Burt með þetta. Þetta er píp og vitleysa. Við viljum ekki svona ævintýri. Við viljum ekkert flytja út. Losið okkur við þennan ófögnuð helst sem fyrst. Þannig eru viðbrögð almennings, ráðamanna og fjölmiðla í svona máli og það er mjög fróðlegt fyrir okkur Íslendinga að velta því fyrir okkur hvernig stendur á þessu.

Þá kem ég að því hvernig þetta mál var kynnt fyrir ríkisstjórninni. Þetta mál var lagt fyrir fyrri ríkisstjórn á þeim grundvelli sem ég gat um áðan að með samstarfi við erlenda skipasmíðastöð væri hægt að skila samningnum með um 100 millj. kr. hagnaði. Málið var lagt fyrir páv. iðnrh., Friðrik Sophusson, og haldnir voru fundir með ráðuneytisstjórum ráðuneytanna þriggja sem málið varðar, þ.e. iðnrn., viðskrn. og fjmrn. Það var yfirleitt tekið jákvætt í að athuga þetta mál betur. Það var ekki farið fram á neinn ríkisstyrk þá. Það var aðeins farið fram á aðstoð við að ná þessum samningi og leysa öll ábyrgðarvandamálin sem væru honum samfara.

Þegar þetta mál er komið vel á veg í þeirri umræðu sprakk stjórnin, eins og öllum er kunnugt, hér á haustdögum, um miðjan september og stjórnarmyndunarviðræður fóru í gang sem töfðu alla málsmeðferð. Til þess að málið týndist ekki alveg, þá kynnti ég málið áfram fyrir hæstv. forsrh. Steingrími Hermannssyni, en ég taldi eins og fleiri að það væri orðið nokkuð ljóst að hann yrði forsrh. í þeirri ríkisstjórn sem kæmi, en það var ómögulegt að vita hver yrði iðnrh. Þannig gat ég því miður ekki kynnt málið fyrir núv. hæstv. iðnrh. þar sem ég hafði ekki hugmynd um það fyrr en stjórnin var að lokum mynduð hver hann yrði. (**HG:** Var Steingrímur þá forsrh.?) Það var nokkuð ljóst að mínum dómi að hann yrði forsrh., hv. þm., ég sagði það.

Þegar aðilar þessa máls fóru að lesa stjórnarsáttmálann töldu þeir það vera greinilegt að hin nýja ríkisstjórn stefndi í það að veita gífurlegum fjármunum til útflutningsgreinanna. Það var alveg ljóst að til stæði mikil fjármunatilfærsla til þess að rétta við hag þeirra fyrirtækja sem hafa staðið í útflutningi. Eflaust hafa forráðamenn þessa verkefnis misskilið hvað var á ferðinni. En þeir héldu í ljósi þeirra umræðna sem fóru fram í sambandi við stjórnarmyndunina að nú væri lag og því væri eðlilegt að breyta nú um farveg og óska eftir ríkisstyrk til þess að geta tekið verkefnið algjörlega inn til Íslands og gert þetta að sameiginlegu íslensku átaki til þess að byggja upp íslenskan skipasmíðaiðnað, koma honum úr þeim öldudal sem hann hefur verið í eftir langt samdráttarskeið. Umsókn var send til ríkisstjórnarinnar — ég held að forsvarsmenn verkefnisins hafi verið þeir fyrstu sem hæstv. forsrh. tók á móti fyrsta morguninn sem hann var í embætti sem slíkur — og verkefnið var lagt fyrir ríkisstjórnarfund þann sama dag. Þetta var fimmtudaginn 29. sept. sl. Mánudaginn 3. okt. var haft samband bæði við iðnrn. og fjmrn. af hálfu forsvarsmanna verkefnisins og boðnar fram upplýsingar, en þau svör fengust að málið væri í athugun og það yrði kallað eftir upplýsingum ef þörf krefði. Þann 5. okt. er tilbúið minnisblað til iðnrh. og fjmrh. frá þeim Sigurgeiri Jónssyni, Þórhalli Arasyni og Birni Friðfinnssyni sem ég ætla að fá að lesa upp, með leyfi virðulegs forseta. Þetta er skrifað 5. okt., þ.e. á miðvikudegi aðeins tveim dögum eftir að málið er raunverulega tekið til meðferðar í ráðuneytunum:

„Varðar erindi Stálvíkur hf. um fyrirgreiðslu vegna smíði 10 skuttogara.

Samkvæmt beiðni höfum við undirritaðir yfirfarið tiltæk gögn varðandi framangreint erindi. Beðið er um eftirfarandi: Niðurgreiðslu úr ríkissjóði á byggingarkostnaði sem nemur um 16% af smíðasamningi. Er þá gert ráð fyrir að eðlileg tollendurgreiðsla nemi um 2,4%. Miðað við upphæð smíðasamningsins, sem nú hefur hækkað í íslenskum krónum talið, er farið fram á niðurgreiðslu sem nemur 372 millj. kr. og er sú upphæð bundin gengi."

Við þetta er kannski í sjálfu sér ekkert að athuga nema það er svolítið lúalega að farið vegna þess að í gildandi reglugerð er tollaendurgreiðsla vegna innlendra skipasmíða 6,5%. Þarna er tekin ákvörðun um það að sú tollaendurgreiðsla skuli lækka í 2,4% og þetta er auðvitað hlutur sem varðar allan skipasmíðaiðnaðinn í landinu. Í stað þess þá að segja það opinberlega að fjmrn. og iðnrn. hafi sameiginlega ákveðið að leggja til að tollaendurgreiðslur vegna innlendra skipasmíða verði lækkaðar í 2,4% er reynt að koma því að í fjölmiðlum að forsvarsmenn þessa verkefnis hafi reiknað vitlaust hvaða styrk þeir ætluðu að fara fram á. Í stað þess að fara fram á 270 millj. kr. séu þeir reyndar að fara fram á 372 millj. kr. eða 100 millj. kr. meira. Og það er látið að því liggja, a.m.k. var allur fréttaflutningur fjölmiðla með þeim hætti, að forsvarsmenn Stálvíkur hf., sem hefur staðið fyrir verkefninu, hafi reiknað þetta hreinlega vitlaust. En þetta er sannleikur málsins. Þarna er skyndilega tekin sú ákvörðun að lækka tollaendurgreiðslur vegna innlendra skipasmíða úr 6,5% niður í 2,4%. Og þetta er tilkynnt óbeint með þessum hætti. Þetta varðar allan skipasmíðaiðnað í landinu og mér er kunnugt um að það eru fjölmörg skipasmíðaverkefni í gangi þar sem er beinlínis byggt á þeirri forsendu að tollaendurgreiðslur séu 6,5%. Ég ætla að vona að þessi breyting verði ekki gerð afturvirk þannig að það sé skyndilega kippt fótunum undan þeim skipasmíðasamningum sem þó eru í gangi.

Ég er ekkert ósáttur við það að því sé hafnað að veita styrk til innlendra skipasmíða. Ég hef aldrei verið hrifinn af því fyrir mitt leyti að íslenskur iðnaður sé styrktur með beinum fjárframlögum og get alveg fallist á þær röksemdir, sem þarna voru settar fram, að ekki væri hægt að veita beinan ríkisstyrk til verkefnisins eins og um var beðið. Hins vegar er ekkert sem mælir gegn því að fara þá aftur í hinn fyrri farveg, sem sé að reyna að leysa málið út frá upphaflegum forsendum, að í samstarfi við erlenda skipasmíðastöð væri hægt að smíða þessi 10 skip þannig að samningurinn skilaði hagnaði upp á 100 millj. kr.

Það er eftir að leysa bakábyrgðir lána, en skipasmíðastöðinni, þ.e. samningsaðilum hérlendum, er gert að útvega kaupanda lán á 1. veðrétt skipanna sem nemur allt að 65% og þar er um umtalsverðar upphæðir að ræða. Það var farið fram á ríkisábyrgð vegna þessa láns, en við höfðum ekki leyst það dæmi hvernig ætti að útvega nauðsynlegar bakábyrgðir. Í þeim gögnum sem útgerðarfyrirtækið, þetta dansk-marokkóska útgerðarfyrirtæki, lét okkur í té er um að ræða mjög fullkomnar skýrslur þar sem farið hefur verið vel í saumana á rekstraráætlun þessa fyrirtækis. Ef menn halda að hér sé um að ræða einhverja glæfraaðila úti í löndum sem ætli sér að reyna að plata peninga út úr Íslendingum, þá er það mesti misskilningur. Hér er um að ræða mjög nákvæmar rekstraráætlanir unnar af virtum dönskum ráðgjafarfyrirtækjum um þessar veiðar og rekstur þessara togara frá A–Z. Það er búið að fara alveg ofan í kjölinn á því hver sé áætluð veiði þessara togskipa og það er búið að gera fyrir fram bindandi samning um að selja aflann frá þessum togskipum. Þetta dæmi gengur mjög vel upp hvað þessa útgerðaraðila varðar og þeir hafa næga eiginfjármuni til þess að standa við þennan samning.

Hins vegar er rétt að það er erfiðleikum bundið að fá nauðsynlegar ábyrgðir vegna þessa samnings. Við fórum sjálfir á stúfana til þess að reyna að kanna með hvaða hætti það væri hægt og þá var okkur bent á það m.a., eins og ég gat reyndar um hér áður í máli mínu, að þessar fiskveiðiheimildir, sem fylgja skipunum og er þinglýst á skipin, eru gífurlega eftirsóttar. Spænskir og portúgalskir bankar mundu væntanlega meta þær mikils ef þeir gætu ráðstafað þeim ef eitthvað kæmi fyrir samningsaðilann. Þar af leiðandi var bent á þá leið að leita til spænsks eða portúgalsks banka um að veita mótábyrgð á móti 1. veðréttar láninu gegn því að sá banki gæti ráðstafað fiskveiðiheimildunum ef illa færi.

Við höfum sömuleiðis leitað til Norræna fjárfestingarbankans um aðstoð vegna þessa verkefnis því að við erum ekki enn þá búnir að missa þetta verkefni, þ.e. það gerist nú samt á næstu dögum, en útgerðarfyrirtækið lifir enn þá í voninni að við getum leyst þessi mál vegna þess einfaldlega, eins og ég sagði hér í upphafi máls míns, að því líst miklu betur á íslensku skipin og þá tæknikunnáttu sem við höfum fram að bjóða. En Norræni fjárfestingarbankinn segist ekki vilja hjálpa einstaklingum sem slíkum. Þeir séu aðeins til reiðu ef umsókn um slíkt komi frá íslenskum stjórnvöldum. Þá höfum við haft samband við Alþjóðabankann í Washington. Þá kom dálítið merkilegt í ljós. Alþjóðabankinn hefur núna unnið mjög að því að rannsaka fiskveiðar við Marokkó og fulltrúar Alþjóðabankans tjáðu okkur að þeir væru um þessar mundir að fjármagna tvo áþekka skipasmíðasamninga og hér er verið að gera þannig að þeir kipptu sér ekkert upp við þetta og töldu í rauninni mjög auðvelt að leysa þetta dæmi ef eftir væri leitað.

Að lokum langar mig til að gera þingheimi aðeins grein fyrir því hvað nú tapast við það að gera ekki þennan samning. Það hefur einungis verið talað um skipasmíðina í þessum samningi og um þann hluta samningsins sem lýtur að því að smíða skipin sjálf, þ.e. stálsmíðina og innréttingu skipanna. En það er margt, margt annað sem hangir á spýtunni. Skipasmíðin sjálf er aðeins 33% samningsins. Kaupandi greiðir sjálfur 30% samningsupphæðarinnar sem er útborgun vegna skipasmíðanna og samningsins í heild, svo og ýmis kostnaður sem kaupandi greiðir beint og þar inn í koma fiskveiðiheimildirnar. Um 7% af samningsupphæðinni eru vélar í skipin, 10 vélar, og það er gert ráð fyrir því að vélarnar verði keyptar í Noregi en vélaframleiðandinn greiði íslensku skipasmíðastöðvunum 2% í umboðslaun sem er venja þegar um er að ræða skipasmíðar.

Þá kem ég að því sem er athyglisverðast í þessum samningi, en það eru 30% samningsupphæðarinnar sem er ýmiss konar hátæknibúnaður sem Íslendingum stendur til boða og stóð til boða að taka að sér. Þar eru í fyrsta lagi veiðarfærin. Það er samningur upp á um 100 millj. kr., þ.e. veiðarfærin í þessi tíu skip. Þennan samning gátum við Íslendingar fengið, þ.e. að framleiða og afhenda trollið, bobbingana, hlerana með fleiru í skipin. Samningur upp á 100 millj. Fiskvinnslulínurnar um borð, tölvustýrðar vogir, það er annar samningur upp á rúmlega 100 millj. kr. Þennan samning gátum við líka fengið. Og í öllum þessum hliðarsamningum er um mjög góðan hagnað að ræða vegna þess að þetta dansk/marokkóska útgerðarfyrirtæki hefur ekki þá reynslu til að bera að gera eins hagkvæm innkaup og við Íslendingar. Allar þessar tölur voru bundnar í samningnum í upphafi en okkur stóð til boða að ganga inn í samninginn fyrir það verð sem útgerðarfyrirtækið hafði sjálft bundið. Við athugun á þessum samningum höfum við komist að því að við getum tekið þá alla að okkur með umtalsverðum hagnaði.

Þá eru íslenskir aðilar sem hafa haslað sér völl á því sviði að framleiða fiskvinnslulínur m.a. um borð í togara. T.d. má þar nefna fyrirtækið Meka, sem er nýtt fyrirtæki. Ungir athafnamenn hafa verið frumkvöðlar þar. Því fyrirtæki stóð til boða að taka þennan samning að sér með góðum hagnaði. Þá er ýmis hátæknibúnaður um borð, þ.e. rafeindatæki ýmiss konar, en sá samningur er upp á u.þ.b. 60 millj. kr. og íslenskum aðilum stóð til boða að taka

að sér. Síðan er um að ræða kæli- og frystibúnað sem íslenskum aðilum stóð líka til boða að taka að sér upp á um 100 millj. kr.

Þá má síðast en ekki síst nefna allar vindurnar og spilin í togarana. Það er samningur upp á rúmlega 100 millj. kr. Þar erum við með eitt fyrirtæki, Vélaverkstæði Sigurðar Sveinbjörnssonar, sem hefur vakið athygli um allan heim fyrir frábærar vindur og spil, sem það fyrirtæki framleiðir og er talið standa miklu framar því sem hægt er að kaupa erlendis.

Að lokum væri hægt að nefna eitt dæmi um þýðingu þessa iðnaðar fyrir íslenska útgerðarmenn. Vélaverkstæði Sigurðar Sveinbjörnssonar bauð 13 millj. kr. í vindur og spil fyrir togara sem var í smíðum í Noregi fyrir nokkru. 13 millj. kr. fyrir þann búnað. Norsku aðilarnir höfðu aflað tilboða í þetta frá norskum verkstæðum fyrir 21 millj. kr. Þegar tilboðið frá Vélaverkstæði Sigurðar Sveinbjörnssonar barst þá lækkaði norski aðilinn sig snarlega um 8 millj. kr., niður í 13 millj., þ.e. hann mætti verðinu frá Sigurði Sveinbjörnssyni og fékk þar með samninginn. Ef hins vegar væri búið að loka Vélaverkstæði Sigurðar Sveinbjörnssonar, eins og mér sýnist allt stefna í með þeirri afstöðu sem menn hafa til íslensks iðnaðar almennt, þá hefði íslenski útgerðarmaðurinn þurft að borga 21 millj. kr. Það hefði ekki verið lækkað neitt verðið ef ekki hefði komið þetta móttilboð frá Íslandi.

Þetta getur nú staðfest fyrir öllum nauðsyn þess að hér sé bæði öflugur hjálpariðnaður við skipasmíðaiðnaðinn og öflugur skipasmíðaiðnaður þó svo að hann geti á næstunni verið með þeim hætti að hann stjórni skipasmíði í samvinnu við erlendar skipasmíðastöðvar. Ég held að það sé fyrst og fremst það sem við erum að tala um og fara fram á, þ.e. að gera okkur það kleift að selja þessa tækniþekkingu sem við teljum okkur hafa yfir að búa.

Ég held að ég láti þetta duga, virðulegi forseti, og hef lokið máli mínu.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka málshefjanda fyrir fróðlega frásögn frá íslenskum skipasmíðum og viðskiptum sem tengjast þeim. Það er vissulega virðingarverð viðleitni að leita að arðvænlegum verkefnum fyrir íslenskar skipasmiðjur og íslenska iðnaðarmenn. En því miður held ég að samningurinn við Marokkómenn hafi ekki verið arðvænlegt verkefni. Ég óttast að þar hafi menn farið í geitarhús að leita ullar. Vinningsvonin fyrir íslenskan iðnað, íslenskan skipaiðnað og iðnað sem tengist sjávarfangi og sjávarútvegi liggur að mínu mati einmitt í aukasamningunum sem málshefjandi lýsti með svo mikilli mælsku hérna áðan að gætu malað okkur gull, fremur en skipasmíðum fyrir lágt verð.

Ég þarf ekki að fara um það orðum á þessum vettvangi hvað það skiptir miklu máli fyrir fiskveiðiþjóð og siglingaþjóð, eins og Íslendingar eru og verða, að hafa hér skipasmíðar og skipaviðgerðir. Þetta er mikilvæg atvinnugrein. Málshefjandi lýsti því hvernig þessi grein hefur lent í margvíslegum erfiðleikum. Fyrst og fremst eru ástæðurnar tvær. Sú stefna að takmarka stærð fiskiskipastólsins setur auðvitað skipasmíðum hér á landi mörk. Þá er það líka rétt að ýmsar efnahagsaðstæður og sveiflur í okkar hagkerfi eru ekki hagstæðar fyrir slíkan iðnað. Við þetta höfum við þurft að búa. Þetta þrengir möguleika skipasmíðaiðnaðarins hér á landi, en samt hefur hann hér og mun jafnan hafa náttúrleg skilyrði, skilyrði sem byggjast á íslenskri sérþekkingu og nálægð við verkefnin.

Um leið og þetta er sagt lýsi ég því sem er mín bjargföst sannfæring að við verðum einfaldlega að taka þeim markaðsaðstæðum fyrir skipasmíðar sem eru ríkjandi í heiminum eins og þær eru. Við eigum alls ekki að reyna að keppa við niðurgreiddar skipasmíðar gamalreyndra skipasmíðaþjóða. Það er samkeppni milli ríkissjóða, ekki samkeppni milli skipasmiðja. Og þar erum við því miður, hvað á ég að segja, minni máttar. Hins vegar getur sú staðreynd að aðrir greiða niður skipasmíðar reyndar snúist okkur í hag því auðvitað þarf ekki flókinn reikning til þess að sjá, að við sem fiskveiðiþjóð njótum góðs af niðurgreiðslum annarra þjóða á þeim skipum sem þær selja okkur. Þetta er ekki flókið mál. Þetta er svona.

Í þessari atvinnugrein, skipasmíðunum, hefur það verið að gerast á undanförnum árum og áratugum að iðnaðurinn flyst suður eins og fleira í heiminum. Hann flyst suður á bóginn, suður í heim og gömlu iðnríkin verða að leyfa þjóðum suðursins að komast inn á markaðina. Þetta gerist einfaldlega þegar lágtekjulöndin ná tökum á þeirri tækni sem til þarf að byggja skip og gera þau vel úr garði. Við þessu er ekkert að segja og það er alveg ómöguleg stefna fyrir Evrópuþjóðir að banna þessum þjóðum, sem eru að komast í álnir, eru að komast í það að ráða við slík verkefni, að komast inn á markaðina. Auðvitað er þetta sárt fyrir handverksmenn og tæknimenn í Evrópuríkjum sem búa yfir mikilli verkkunnáttu, kunna vel til verka, að sjá á bak þessum verkum. En hagsagan sýnir að hjá því verður ekki komist.

Lögmál alþjóðlegrar verkaskiptingar er nú einu sinni það sem Íslendingar lifa á. Af því eru fræg dæmi fyrir miklu reyndari og öflugri skipasmíðaþjóðir en okkar að þær hafa þurft að söðla alveg um og hætta útflutningi á skipum. Dæmi sem ég þekki best er af sænskum skipasmíðum. Á 6. áratugnum stóðu Svíar líklega þjóða fremst í því að smíða stór skip, tankskip og önnur stór flutningaskip. Þeir bjuggu til nýjar smiðjur, nýja tækni. Þessi grein ruddist fram. Þeim græddist fé. Þetta er allt búið. Þeir eru búnir að loka þessum smiðjum. Íslendingar þekkja þessar smiðjur vel því að okkar góðu skipasmiðir og járniðnaðarmenn unnu þarna um nokkurt árabil á meðan þetta gekk sem allra best. En þegar menn horfðust í augu við það að forsendurnar fyrir þessum „pylsusmíðum“ á olíuflutningaskipum voru búnar,

þá tóku Svíar þá skynsamlegu afstöðu að lokum að hætta ríkisstuðningi við þessar smiðjur, því á endanum var svo komið að þessir bestu handverksmenn í heimi, þar á meðal íslenskir menn í skipasmiðjunum í Malmö og í Gautaborg, voru í raun og veru að skemma málminn sem þeir unnu úr því að vinnsluvirðið var ekki neitt. Það var öfugt þegar ríkisstyrkur var tekinn með í reikninginn. Niðurgreiðslan var svo mikil. Þeir sáu hins vegar að sér og hættu þessu.

Það er auðvitað alveg rétt að okkar skipasmíðaiðnaður á núna í vanda af ýmsu tagi. Breskt ráðgjafarfyrirtæki vinnur nú að því að gera viðamikla úttekt á okkar skipasmíðum. Út frá þeim niðurstöðum verður síðan unnt að vinna að stefnumótun í greininni í samráði við þá menn sem þar starfa. Í því efni sem þegar liggur fyrir koma fram eindregnar viðvaranir við niðurgreiðslum eða ríkisstyrkjum til skipasmiðja. Að taka erindi Stálvíkur með jákvæðum hætti eins og það bar fyrir í lok september hefði verið að fara inn á mjög varasama braut. Ég held reyndar líka að það hafi verið og séu ýmsir lausir endar á því samstarfi sem takast þyrfti milli íslenskra skipasmiðja til þess að koma þessu verki vel fram. En það er ekki þar með sagt að þessi ákvörðun um synjun sé áfellisdómur um öll stærri verkefni eða samstarf um slík verkefni. Það má vel vera að hægt sé að koma fram skynsamlegum breytingum í íslenskum skipasmíðum einmitt á þann hátt. Það er þó því miður svo að raunasagan af raðsmíðaverkefninu, sem málshefjandi rakti hérna áðan, vekur mönnum ekki beinlínis bjartsýni um þessa leið.

Það kom fram hjá málshefjanda að þetta mál hefði upphaflega verið lagt fyrir fyrri ríkisstjórn og þá hefði verið haft um það mál samráð milli viðskrn., iðnrn. og fjmrn. Þetta er rétt. Það sem þá lá fyrir var eingöngu hvort til greina kæmi að veita heimildir til erlendrar lántöku og fyrirgreiðslu um slíkar lántökur, ef á endanum yrði eingöngu um erlenda skuldara að ræða, ef nauðsynlegar bankaábyrgðir og tryggingar væru til staðar. Að sjálfsögðu var slíku máli tekið jákvætt því þarna var Stálvík hf. að reyna að finna arðvænlegt verkefni. Málið hafði þá hins vegar ekki verið nánar skilgreint. Þegar það svo birtist í þessari nýju mynd sem málshefjandi lýsti, þá var málið allt öðruvísi vaxið. Þá fólst í því beiðni um verulegan stuðning, ríkisstyrk, niðurgreiðslu.

Mig langar, með leyfi virðulegs forseta, að gera í stuttu máli grein fyrir því í hverju þessi beiðni var fólgin. Hún fólst í aðalatriðum í eftirfarandi:

1. Niðurgreiðslur úr ríkissjóði á byggingarkostnaði sem numið gætu allt að 16% af smíðasamningnum og þá er gert ráð fyrir 2,4% tollaendurgreiðslu. Í þessu fólst ekki það sem málshefjandi kallaði „lúalega afstöðu þessara ráðuneyta". Í þessu fólst eingöngu mat á því hversu háir tollar væru greiddir af því efni sem þarna var um að tefla. Ég tel heldur ekki að þarna hafi nein ný ákvörðun verið tekin. Þetta var einfaldlega niðurstaða úr reiknidæmi embættismanna. Ef reiknað er út hvað þetta hefði kostað, þá var þetta beiðni um 372 millj. kr. gengistryggðan ríkisstyrk.

2. Farið var fram á ábyrgð ríkissjóðs á því að Stálvík og samstarfsaðilar fyrirtækisins gætu staðið við samninginn og að innborgun kaupenda misfærist ekki.

3. Beðið var um útflutningslán til 7 ára sem tryggt yrði með veði í skipunum. Lánið næmi 70% af verði skipanna. Ríkissjóður var beðinn að taka ábyrgð á skilvísri greiðslu þessa láns, en sú ábyrgð næmi þá um 1600 millj. kr.

4. Beðið var um ábyrgð á byggingalánum á smíðatímanum. Þetta lán skyldi síðan greiða upp af útflutningslánum og líklega með niðurgreiðslufé frá ríkissjóði.

Þannig má sjá að lágmarksfyrirgreiðsla ríkissjóðs til þessa verks hefði numið um 372 millj. kr. Auk þess eru svo ábyrgðarskuldbindingarnar sem erfitt er að meta því þar kemur til mat á áhættu. Ég ætla að nefna þrjá eða fjóra áhættuþætti:

1. Gátu kaupendurnir, hinir marokkósku aðilar, staðið við sínar skuldbindingar? Á því var ekki fullnægjandi mat.

2. Gátu íslensku stöðvarnar staðið við sínar samningsskyldur hvað varðaði verð og afhendingartíma? Ég veit af umsögnum skipasmiðjanna að verðið sem samningurinn byggðist á er afar lágt.

3. Voru möguleikar til þess að losna við skipin ef kaupandinn gæti af einhverjum ástæðum ekki staðið við samninginn?

Fyrir utan þessa þrjá áhættuþætti er það yfir allan vafa hafið að tryggingarnar sem Stálvík hf. bauð sem baktryggingu fyrir ábyrgðum ríkissjóðs voru ekki fullnægjandi. Það bætist enn við að Landsbanki Íslands, viðskiptabanki fyrirtækisins, gaf umsögn um málið þar sem fram kom að mat bankans væri það að verkefnið væri bæði afar áhættusamt og krefðist auk þess ábyrgða af hálfu bankans í meira mæli en svo að hann gæti með nokkru móti tekið þær að sér.

Þetta eru í stuttu máli fjárhagsástæðurnar fyrir því að ríkissjóður gat ekki tekið á sig þær skuldbindingar sem um var beðið. Aðstæður í ríkisfjármálum eru einfaldlega ekki þannig að það sé verjandi. Þetta er ekki verkefni sem var öruggt eða skynsamlegt að styðja og að mínum dómi heldur ekki verkefni sem ná ætti hvað sem það kostaði eins og málshefjandi virtist telja æskilegt sjónarmið. Það er nefnilega ekki sama hvað hlutirnir kosta.

Ég ætla ekki að hafa um þetta miklu fleiri orð en vil að lokum segja þetta: Landssamband iðnaðarmanna og Félag dráttarbrauta og skipasmiðja gáfu að minni beiðni umsögn um þetta verkefni. Í umsögn þeirra kemur fram að verðið í tilboðinu sé lágt og viðskiptahlið málsins ekki fullkönnuð. Þeir lýstu hins vegar þeirri skoðun að samstarf milli innlendra skipasmiðja um slíkt verkefni, um raðsmíðar, gæti gefið möguleika á hagræðingu og framleiðniaukningu í greininni. Ég veit að ýmsar af

þeim smiðjum sem þarna koma til greina sem eru ekki síður aðrar en Stálvík — ég nefni bæði Akranes og Akureyri í því sambandi — hafa ekki nægileg verkefni fram undan. Ég get tekið undir þetta sjónarmið. En þetta verkefni var einfaldlega ekki vert stuðnings.

Ég mun fyrir mitt leyti með samverkamönnum mínum í iðnrn. vinna með samtökum iðnaðarins og þeim sem í þessari grein starfa að endurskipulagningu og þróun innlends skipasmíðaiðnaðar, en það verður að gerast á grundvelli raunsæs mats á þeim möguleikum sem greinin hefur. Ég veit að þeir möguleikar eru miklir, en þá verður hins vegar að meta af raunsæi og ráðast ekki í mál sem gætu kostað mikinn skaða en engan gróða.

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. 7. þm. Reykn. fyrir að hefja þessa umræðu og fyrir fróðlega ræðu hans. Hér er um stórt mál að ræða, stórt í tölum og öllu öðru tilliti. Saga þess er þó ekki löng þrátt fyrir stærðina. Um miðjan september sl. barst okkur þm. Reykn. bréf frá forráðamönnum Stálvíkur hf. og gögn varðandi samninga um smíði 10 skuttogara fyrir Marokkó sem yrðu þá aðeins að hluta til smíðaðir hér innan lands en að stærstum hluta í Perú eins og hv. 7. þm. Reykn. lýsti hér áðan. Eins og málið var þá kynnt fyrir okkur virtist ekki um mikla áhættu að ræða, hvorki fyrir fyrirtækin né heldur ríkissjóð, og freistingin var mikil að trúa því að þetta væri hið besta mál fyrir framtíð íslenskra skipasmíða sem lengi hafa átt erfitt uppdráttar.

Ástandið í stjórnmálunum um þessar mundir olli því að þetta mál ýttist nokkuð til hliðar og virtist komið í eindaga þegar það næst kom upp á borð hjá þm. Reykjaneskjördæmis, þ.e. í lok septembermánaðar. Þá áttum við fund saman og með forráðamönnum Stálvíkur hf., og þá kom í ljós að staðan var allmikið breytt og forsendur breyttar eins og þegar hefur verið lýst hér fyrr í umræðunni. Þá var farið að tala um miklu stærri hlut Íslendinga í þessu verkefni og þá um leið beina hlutdeild ríkissjóðs og miklu meiri áhættu vegna ábyrgðar sem var auðvitað alveg ný stefna í málinu.

Ég verð að viðurkenna að það sló mig strax þegar þessi gögn og aðstæður voru athugaðar að hér væri verið að tefla á tæpasta vað og ef þetta skref yrði stigið væri það hið fyrsta út á afar vafasama braut ríkisstyrkja og niðurgreiðslna sem engin leið væri að sjá fyrir endann á. Nú er það svo að margir telja slíka fyrirgreiðslu réttlætanlega til þess m.a. að bæta samkeppnisstöðuna gagnvart erlendum aðilum og þá ekki síst gagnvart frændum okkar Norðmönnum sem sagðir eru styrkja sinn skipasmíðaiðnað um á að giska 20%. Burtséð frá því hversu ógeðfelld leið það í rauninni er, þá held ég að við verðum einfaldlega að horfast í augu við að í þeim leik yrðum við alltaf veikari aðilinn og ég held að það séu nánast engar líkur til þess að við hefðum úthald og þrautseigju til þess að ná viðskiptum af öðrum þjóðum með þeim hætti. Það er heiðarlegra, geðfelldara og á allan hátt skynsamlegra að halda sig við það sem við getum sjálf betur en aðrir á sambærilegu verði.

Kannski er þetta fyrst og fremst spurning um heildarstefnu. Eigum við yfirleitt að greiða með iðnaði sem er illa samkeppnisfær við erlendan iðnað? Við höfum mörg dæmi um slíkt. Áttum við t.d. að styrkja með beinum framlögum íslenskan húsgagnaiðnað sem stóð með blóma fyrir nokkrum árum, en hrundi nánast á örskömmum tíma? Hefðum við átt að grípa í taumana og reyna að hefta þróunina í fataiðnaði sem hefur valdið atvinnumissi hundraða, jafnvel þúsunda kvenna? Og fleiri dæmi mætti nefna. Þetta er alltaf erfitt að vega og meta sérstaklega vegna hins mannlega þáttar. En sjaldnast er skynsamlegt að grípa inn í á þennan hátt því ávinningurinn er oft skammvinnur. Í því tilviki sem við ræðum hér og nú var aðeins um haldlitla von að ræða.

Íslensk skipasmíði hefur átt erfitt uppdráttar að undanförnu eins og reyndar margar aðrar iðngreinar í landinu. Enginn vafi er á því að íslensk skipasmíði og skipaviðgerðir eru fyllilega samkeppnisfærar hvað gæðin varðar og við þurfum einfaldlega á því að halda að þessi iðnaður lognist ekki út af. Við þurfum að hafa hér traust fyrirtæki sem geta annast viðhald og stundað nýsmíði í einhverjum mæli. Sú þjónusta má vera eitthvað dýrari en sambærileg þjónusta erlendis án þess að það verði óhagkvæmt, það hljóta allir að viðurkenna, og lánafyrirgreiðsla á að taka mið af því. Skipasmíðaiðnaður hefur verið á niðurleið í Evrópulöndum og er því þeim mun meiri þörf fyrir öryggi í viðgerðarþjónustu hér heima því varla þætti hagkvæmt að sækja hana um langan veg, t.d. austur í Asíu. Svo kann auðvitað að fara að íslenskar skipasmíðar verði samkeppnisfærar við önnur lönd ef svo fer, sem margir virðast álíta, að Arabaþjóðir fari að kaupa sér fiskiskip í stórum stíl. Það er auðvitað freistandi að reyna að öðlast þátttökurétt í slíku kapphlaupi, en menn verða að sjást fyrir í þessum efnum, slíkt má ekki kaupa of dýru verði.

Í þessu tiltekna dæmi voru allt of mörg vafaatriði. Það var t.d. mál margra í skipasmíðaiðnaðinum að tilboðið væri of lágt, verðið væri of lágt þannig að jafnvel þótt umtalsverðir styrkir fengjust og jafnvel þótt gætt væri ýtrustu hagkvæmni og samvinnu íslenskra skipasmíðastöðva þá gengi dæmið ekki upp. Það yrði samt tap og engin trygging fyrir því að þetta verkefni leiddi til frekari verkefna og þar með uppsveiflu í hérlendum skipasmíðum. Ég kann auðvitað ekki að meta það sjálf, en það hefði þá ekki verið í fyrsta skiptið sem hugdjarfir athafnamenn reiknuðu inn á þjóðina verkefni sem hún þyrfti að greiða hærra verði en lofað var í upphafi. Við höfum satt að segja nóg af slíkum dæmum þar sem lagt er upp af lítilli fyrirhyggju og síðan er komið og talað um þjóðhagslegt gildi þess að allir leggist á eitt með að bjarga því sem brugðist hefur. Því miður voru baktryggingar ekki nógu góðar og

heldur ótraust að Marokkómenn gætu staðið við sitt. Þeir eru víst ekki heimsins vinsælustu skuldarar um þessar mundir.

Hugmyndir um að fóðra stuðning úr ríkissjóði með því að um markaðsátak og þróunaraðstoð væri að ræða eru ekki sérlega snjallar. Ég sé ekki fyrir endann á því ferðalagi ef við færum út á slíkar brautir, sérstaklega hvað það varðar að reyna að kalla þetta þróunaraðstoð.

Að öllu samanlögðu tel ég því að stjórnvöld hafi tekið rétta afstöðu í þessu máli. Um leið hljótum við að vona að unnt verði að sinna þessu verkefni í samvinnu við erlendar skipasmíðastöðvar, svo sem enn er til athugunar, og að ekki verði tap á þeim viðskiptum. Ég hlýt að óska viðkomandi alls hins besta, tíma og ráðrúms til að vinna að því máli og að fara réttir og a.m.k. sléttir út úr því.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ég vil ítreka þá ósk sem ég bar fram fyrr á fundinum að hv. þm. reyni að sjá svo til að þessari umræðu verði lokið fyrir venjulegan þingflokkafundatíma kl. 4.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Hæstv. iðnrh. hefur nú þegar gert grein fyrir þeim meginsjónarmiðum sem mótuðu afstöðu ríkisstjórnarinnar í þessu máli og hv. þm. Kristín Halldórsdóttir hefur einnig í sinni ræðu lýst mjög rækilega viðhorfum sem í einu og öllu fara heim og saman við þau viðhorf sem einkenndu afstöðu mína og annarra ráðherra í ríkisstjórninni *gagnvart þessu máli. Þess vegna þarf í raun og veru* ekki neinu við að bæta efnislega til þess að skýra hvers vegna ríkisstjórnin, því miður, tók þá ákvörðun að hafna beiðni Stálvíkur.

Ég vil hins vegar nota þetta tækifæri til þess að koma því á framfæri við stjórnendur þessa fyrirtækis og annarra fyrirtækja sem hyggja á hliðstæð verkefni, hvort sem það er í skipasmíðum eða öðrum greinum, að það er mjög mikilvægt að erindi til ríkisstjórnar og ríkissjóðs sérstaklega varðandi styrki og ríkisábyrgðir séu betur undirbúin en þetta erindi var, því miður. Það var ærið margt sem á skorti varðandi nauðsynlegan undirbúning og meðferð málsins og það er örugglega ekki vegna skorts á vilja heldur vegna þess að tíminn var naumur og menn gáfu sér ekki tóm til þess að skoða þetta nægilega vel. En það er auðvitað mjög mikilvægt að erindi af þessu tagi séu mjög ítarlega og faglega undirbúin.

Ég vil einnig þakka hv. málshefjanda fyrir að hafa flutt jafnítarlega greinargerð fyrir málinu eins og hann gerði hér. Vissulega sýnir það að sem fulltrúi fjmrh. í stjórninni hefur hann verið iðinn og fylgst vel með málum. En þó var það einn kafli í hans ræðu sem ég tel nauðsynlegt að við fáum nánari lýsingar á og það var frásögn hans af samskiptum við bankastofnanir hérlendis og síðan í Danmörku.

Ég er alveg sammála honum um það að það skortir töluvert á það í íslenska bankakerfinu að þar sé nægilega vel að verki staðið til þess að greiða fyrir útflutningsátaki eða þróun fyrirtækja eins og nauðsynlegt er ef við eigum að geta staðist alþjóðlega samkeppni. Ég vildi þess vegna beina þeim tilmælum til hv. þm. Júlíusar Sólnes að hann geri fjmrn. sérstaka grein fyrir þessum þætti málsins svo að hægt sé að nota þá reynslu í viðræðum við íslenska bankakerfið um það hvernig hægt sé að stuðla að nauðsynlegum breytingum, sparnaði og hagræðingu í íslenska bankakerfinu til þess að gera það, þ.e. íslenska bankakerfið, samkeppnishæft við bankakerfið í nágrannalöndum okkar. Vegna þess að við náum aldrei árangri í þróun okkar útflutningsgreina með því einu að gera framleiðslufyrirtækin samkeppnishæf ef það bankakerfi sem við búum við hér er það óhagkvæmt og dýrt í rekstri að það tekur til sín verulegan hluta af kostnaðinum.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það mál sem hér er til umræðu er allstórt í sniðum og ég ætla ekki að fara út í einstaka þætti þess, enda hef ég ekki kynnt mér það umfram það sem fram hefur komið í fjölmiðlum og hér í umræðunni í dag, en ég geri hér ekki athugasemdir við þá niðurstöðu stjórnvalda sem fyrir liggur á þessu stigi varðandi þetta sérstaka verkefni.

Ástæðan fyrir því að ég kvaddi mér hér hljóðs var að ræða mál sem þessu tengist lítillega, en það er staða íslenska skipasmíðaiðnaðarins og samskipti annarra atvinnugreina við skipasmíðar í landinu og þátt stjórnvalda í þeim efnum. Ég hafði óskað eftir því, virðulegur forseti, að hæstv. iðnrh. væri hér við þessa umræðu sem snertir hans svið og ég vildi víkja örfáum orðum að mikilvægum þætti sem fram kom í hans máli. (**Forseti:** Forseti vill upplýsa að þegar hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að kanna hvort hæstv. iðnrh. er í húsinu.)

Virðulegur forseti. Á meðan ég bíð eftir nærveru hæstv. ráðherra vildi ég koma því hér á framfæri sem fyrir liggur sem mat Félags dráttarbrauta og skipasmiðja og raunar samtaka sem heita Landssamband iðnaðarmanna, sem Félag dráttarbrauta og skipasmiðja er aðili að, varðandi verkefnastöðuna í skipasmíðaiðnaðinum sérstaklega.

Að minni beiðni fékk ég yfirlit frá Landssambandi iðnaðarmanna, dags. 28. ágúst sl., varðandi stöðu í ýmsum greinum iðnaðar hérlendis, þar á meðal í málm- og skipasmíðaiðnaði, og um það segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Óþarft er að orðlengja um stöðu skipaiðnaðarins. Nýsmíðar hafa sem kunnugt er verið sáralitlar en atvinna í iðnaðinum hefur hins vegar að verulegu leyti byggst á stærri verkefnum við breytingar skipa ásamt viðhalds- og viðgerðarverkefnum. Nú hefur *sem kunnugt er mjög mikið af verkefnum* við íslensk skip verið unnið erlendis að undanförnu, bæði nýsmíði og breytingar. Með samdrætti í sjávarútveginum er hins vegar allt útlit fyrir að dragi úr fjárfestingu í stærri breytingaverkefnum. Í þessari stöðu er iðnaðinum því nauðsynlegra en ella að sem

flest verkefni verði unnin innan lands. Meðal þeirra þátta sem ráða munu því hvort svo verður er hvernig tekið verður á fjármögnun breytingaverkefna í lánsfjárlögum næsta árs, þ.e. hvort Byggðasjóði verður tryggt fjármagn til að styðja við að verkefni verði unnin hér innan lands."

Síðan vísar Landssamband iðnaðarmanna í yfirlit um verkefnastöðu fyrirtækja í samtökum Félags dráttarbrauta og skipasmiðja, en það yfirlit er dags. 15. maí sl., og ég vil draga upp þessa mynd með því að vitna hér í upphafsorð þess yfirlits án þess að fara út í verkefnastöðu einstakra stöðva sem rakin eru í þessu erindi. Þar segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Eins og oft áður er nú mikil óvissa um verkefni í íslenskum skipasmíðastöðvum. Á síðustu missirum hefur verið mjög mikið um útflutning á verkefnum, ekki bara nýsmíðaverkefnum og stærri endurbóta- og breytingaverkefnum, heldur færist nú mjög í vöxt að minni viðhalds- og viðgerðarverkefni eru falin erlendum aðilum. Jafnframt ber á því í æ ríkara mæli að íslenskum skipasmíðastöðvum er ekki gefinn kostur á að bjóða í verkefni. Er óhætt að fullyrða að samkvæmt upplýsingum frá fyrirtækjunum hafi ástandið sjaldan eða aldrei verið jafnslæmt og nú. Það kemur m.a. fram í því að starfsmönnum hefur fækkað verulega að undanförnu og eru nú um 10% færri en um áramótin 1986–1987 og jafnframt því að stöðvarnar hafi fæstar trygg verkefni langt fram í tímann.

Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun um fjárfestingu í fiskiskipum árin 1986 og 1987 kemur fram að hlutur innlends skipaiðnaðar hefur farið minnkandi. Á árinu 1986 var hlutdeild innlends skipaiðnaðar miðað við verðmæti um 54% árinu 1986, en á síðasta ári var markaðshlutdeildin komin í um 35%."

Ég held, virðulegur forseti og hæstv. ráðherrar, og hefði þá verið ástæða til að beina orðum sínum til ráðherra í fyrrverandi ríkisstjórn varðandi þessa stöðu alla, að stjórnvöldum hljóti að vera mikið umhugsunarefni sú staða sem blasir við í þessari grein almennt séð og það óháð því sem hefur verið að gerast í sambandi við svonefnt Marokkóverkefni í nýsmíðum fiskiskipa. Það er mjög eðlilegt að aðilar í skipasmíðaiðnaði leiti annarra fanga þegar þannig er spilað úr heimamarkaðnum, sem ég kalla svo, í sambandi við viðhald og breytingar á íslenska fiskiskipaflotanum. Það er ekkert smáræði þegar markaðshlutdeild í iðngrein eins og þessari þar sem starfar fjöldi manna, ekki bara málmiðnaðarmenn heldur einnig rafiðnaðarmenn og margir fleiri, þegar markaðshlutdeildin fellur milli ára úr 54% niður í 35%. En þetta er ekkert einsdæmi varðandi þróun í iðngreinum hér innan lands. Þar blasir við alveg hrikalegt dæmi á undanförnum árum hvernig markaðshlutdeild innlends iðnaðar hefur hríðfallið frá ári til árs undir forustu Sjálfstfl. í iðnrn. sem hefur horft aðgerðarlaus á þessa hluti, hrörnun íslensks iðnaðar án þess að þar væri tekið á með nokkrum marktækum hætti. Er ég þá ekki að biðja um neina ríkisforsjá í iðnaðarmálum heldur eðlilega hagsmunagæslu varðandi atvinnutækifæri í landinu, varðandi þróun í aðalatvinnugreinum okkar. Ég ætla ekki að taka tíma til þess að fara að rekja það nánar, en við hljótum að ræða þessi mál betur hér á hv. Alþingi, sem nú er hafið, þó síðar verði.

Síðan er það vegna þess sem kom fram í ræðu hæstv. iðnrh., athyglisverðri ræðu sem hæstv. ráðherra flutti. Hann vék að stöðunni í hinni alþjóðlegu samkeppni. Hæstv. ráðherra var mjög beinskeyttur í sínu máli í þeim efnum og tók skipasmíðaiðnaðinn sem dæmi og þá tilfærslu verkefna í þessari grein sem orðið hefur milli norðurs og suðurs. Hann skoðaði þetta sem kallað er á erlendu máli „glóbal" eða út frá heimssýn, sem hæstv. ráðherra leit til þessara mála og það met ég. Ég tel það vera mjög gott að við athugum stöðu okkar atvinnugreina út frá heimsmyndinni eins og við metum hana og hún virðist vera á hverjum tíma.

Hæstv. ráðherra gat um stöðuna varðandi fríverslun eða réttara sagt hvernig troðið er á ákvæðum fríverslunar í sambandi við skipasmíðaiðnað. Það væri þörf á því fyrir íslensk stjórnvöld að athuga það með kannski ögn meiri ákveðni öðru hvoru hvernig viðskiptaþjóðir okkar og grannþjóðir, Norðurlandaþjóðir og fleiri ganga yfir ákvæði fríverslunar með þeim hætti sem hæstv. ráðherra gat um varðandi skipasmíðaiðnaðinn, en án þess því miður að íslensk stjórnvöld hafi brugðist við með eðlilegum hætti til þess að verja sína hagsmuni og íslenskan rétt í þeim efnum með því að taka á innflutningi frá þessum löndum og svara þá í sömu mynt. Ég orðaði það hér á árum áður í samtölum við menn og hér úr þessum ræðustóli, þegar ég átti að fylgjast með iðnaðarmálum í þessu landi af hálfu stjórnvalda, að hér væru menn oft og tíðum kaþólskari en páfinn, hér stæðu menn ekki á réttinum og segðu eitt skal yfir alla ganga. Ég met sannarlega viðleitni sem hefur verið í gangi hjá einstökum hv. alþm. á alþjóðavettvangi til þess að fá stöðuna leiðrétta, t.d. í sambandi við fiskútflutning og samkeppni um fiskafurðir sem hafa verið utan við fríverslunarákvæðin fram að þessu, sem hafa ekki verið þáttur í hinni alþjóðlegu fríverslun. Ég nefni hv. þm. Kjartan Jóhannsson sem hefur sýnt einbeitta og ágæta framgöngu í því máli ásamt fleiri hv. þm. sem hafa haft tök á að lyfta því máli eða reisa það merki og reyna að þoka fram okkar hagsmunum í þeim efnum í alþjóðasamtökum. En íslensk stjórnvöld, og þar er það auðvitað viðskrn. íslenska sem á að horfa til með málum, hafa ekki verið mjög djarftæk í því að verja okkar hag í þessum efnum á liðnum árum og lít ég nokkuð langt til baka eins og réttmætt hefði verið til þess að verja hagsmuni innlends iðnaðar.

Síðan er það þetta með alþjóðlegu verkaskiptinguna. Hæstv. ráðherra Jón Sigurðsson er nýsestur í stól iðnrh. og ég óska honum alls velfarnaðar þar en hann tekur við slæmu búi. Hann tekur við innlendum iðnaði í hálfgerðum rústum eins og gildir raunar um annað atvinnulíf í þessu landi sem er í

raun strand, undirstöðuatvinnuvegir í landinu eru í raun strand ef dæmin hefðu verið gerð upp þegar skipti urðu í ríkisstjórn landsins. Ég held ég hafi séð það fljúga fyrir hjá hæstv. núv. forsrh. að menn hafi aldrei verið jafnnærri bjargbrúninni, en það virtist ekki halda vöku fyrir öllum í fyrrv. ríkisstjórn að vita af þeirri brún á næsta leiti. Hafa þó stundum þeir flokkar, sem þar voru saman í sæng, viljað telja sig gæslumenn atvinnurekstrar á Íslandi, en atvinnulífið í landinu hefur aldrei verið nær bjargbrúninni en undir stjórn þessara manna, Sjálfstfl. í forsæti.

Hæstv. iðnrh. hann ræðir um iðnaðarmálin út frá heimsviðhorfum, út frá heimssýn. Og nú hlýtur hæstv. ráðherra að fara yfir málin áframhaldandi út frá þeirri sýn sem hann lagði sem mælistiku í sambandi við skipasmíðaiðnaðinn. Ég er ekkert að halda því fram að hann hafi komist að rangri niðurstöðu varðandi það verkefni sem við ræðum hér. Menn skyldu hins vegar gæta að sér að alhæfa ekki of mikið, draga ekki hlutina upp með of einföldum dráttum hvað þetta snertir. Ef sú röksemdafærsla réði að það eigi að láta hina alþjóðlegu samkeppni algjörlega ráða ferðinni stæði kannski heldur lítið eftir af innlendum iðnaði þegar upp væri staðið.

Ég held að í skipasmíðaiðnaðinum sé t.d. mynd sem er ekki svona einföld eins og skilja mátti af hæstv. ráðherra. Spurningin hlýtur að vera: Ætlum við ekki að reyna að byggja upp eða viðhalda iðnaði í sambandi við skipasmíðar á Íslandi til þess að sinna hér margháttuðum verkefnum varðandi viðhald okkar fiskiskipaflota, varðandi breytingar á okkar fiskiskipum, jafnvel varðandi nýsmíði varðandi ákveðnar gerðir fiskiskipa ef hagkvæmt reynist? Það er ekkert einfalt að fara með flotann til Singapore til viðhalds og viðgerða, það er ekkert sjálfsagt mál. En ef verið er að tala um réttlæti í þessum efnum og alþjóðlega samkeppni skulu menn gæta þess að búa þannig í haginn fyrir fyrirtækin hvað snertir aðbúnað, hvað snertir fjármálalega fyrirgreiðslu, að reynt sé að tryggja að þau sitji við sama borð og keppinautarnir. Ég tel það mjög eðlilegt að reynt sé að hafa aðhald í þessum efnum, að það gangi ekki sjálfkrafa án athugunar hvert verkefnum er beint í sambandi við innlendan fiskiskipaflota. Ég reyndi hér á árum áður að ná samstöðu um það að gætt væri heildarhagsmuna í þessum efnum. Það er býsna margt sem togar skipin okkar til útlanda til viðhalds, ýmislegt fleira en hagkvæmnisjónarmiðin ein og ætla ég ekki að gera það sérstaklega að umtalsefni.

En ég hvet hæstv. ráðherra til þess að greina nánar þessa heimsmynd sem hann vék að í sinni ágætu ræðu en gæta þess jafnframt að hún kann að vera nokkuð flókin og það er margs að gæta áður en upp er staðið. Við þurfum að halda vöku okkar. Það er að þrengja að í íslensku atvinnulífi að okkur er sagt. Við þurfum að gæta að atvinnunni í landinu og ekki af gáleysi flytja út verkefni og atvinnutækifæri, sem svo eru kölluð, til útlanda að þarflausu ef rétt er á haldið.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka málshefjanda fyrir að vekja athygli á þessu sérstaka máli sem hann hefur rætt og gert ítarlega grein fyrir en umræðan hefur farið nokkuð víðar. Tekist hefur verið á í umræðunum um íslenskan iðnað, ekki síst íslenskan skipasmíðaiðnað, og flestar ræður ágætar eða svo til allar að undantekinni þeirri síðustu, að sjálfsögðu. Hana hefur maður heyrt oft áður og er hættur að kippa sér upp við það að heyra hana og á sjálfsagt von á því að heyra hana oft aftur.

Það er rétt, og það kom margoft fram á síðasta þingi, að það eru erfiðleikar í íslenskum skipasmíðaiðnaði, ekki síst ef til framtíðar er horft. Það kom fram í fyrirspurnum sem ég svaraði á síðasta þingi, þá sem iðnrh. Það er dálítið skondið að fyrrv. iðnrh., hv. 2. þm. Austurl. Hjörleifur Guttormsson, skuli skammast hér út í mig sem iðnrh. fyrir að ég skuli ekki hafa gætt þess að nota „dumping"-klásúlu tollalaga sem mér skildist helst á honum að mætti nota þegar um niðurgreiddan innflutning væri að ræða. Það mál snýr ekki að iðnrn., eins og ég býst við að hv. þm. hafi vitað hér á árum áður þótt hann hafi nú gleymt því. Um leið og hann hældi hæstv. núv. iðnrh. hefði hann þannig kannski mátt geta þess í leiðinni hver var viðskrh. í síðustu ríkisstjórn. Svona er nú komið fyrir þeim sem eru farnir að gleyma. (Gripið fram í.) Ég kem að hlut ykkar alþýðubandalagsmanna síðar í minni ræðu.

Ég vil enn fremur taka það fram að það hafa ýmsir þm., þar á meðal hv. þm. Stefán Guðmundsson sem hér er í þingsalnum, haft áhuga á þessu máli og á grundvelli svars sem ég gaf í fyrra samdi hann þáltill. sem þá var til umræðu og þar var um að ræða skilaboð til sjútvrh., fyrst og fremst, en hann er yfirmaður þess sjóðs sem lánar til þessa hluta iðnaðarins því að það eru ekki lánasjóðir iðnaðarins sem sjá um lán til skipasmíðaiðnaðarins heldur Fiskveiðasjóður eins og flestum er kunnugt um.

Það hefur jafnframt komið fram hve nauðsynlegt það er að tala okkar máli erlendis, ekki síst við viðskiptabandalögin í Evrópu, og benda á hve ríkisstyrkir geta verið hættulegir, ekki síst fyrir smáþjóðir eins og Íslendinga sem eiga mikið undir því að geta haldið áfram að byggja upp sinn iðnað. Þetta gerði sá sem hér stendur, fór til Brussel og vakti athygli á þessu, talaði við þann mann sem sér um iðnaðarmálin í Evrópubandalaginu. Honum var boðið hingað heim, hann kynnti sér mál hér og ég vonast til þess að það hafi a.m.k. ýtt undir skilning ráðamanna í Brussel hjá Evrópubandalaginu um það hver staða Íslands er og hvernig smáþjóð þarf að geta eflt sinn iðnað, ekki síst þann iðnað sem tengist að grundvallaratvinnuvegi íslensku þjóðarinnar.

Ég vísa þess vegna á bug flestu því, ef ekki öllu, sem hv. síðasti ræðumaður flutti hérna úr þessum ræðustól. Ég er svo sem hættur að kippa mér upp við það og á von á því að hann muni síðar koma og halda

áfram þessum úrelta söng sínum sem allir eru orðnir hundleiðir á.

Það sem skiptir máli er að í tíð síðustu ríkisstjórnar var farin sú leið að gera faglega úttekt á þeim iðngreinum sem þá áttu í vandræðum, annars vegar ullariðnaðinum og hins vegar var tekið á skipasmíðaiðnaðinum. Í ullariðnaði voru sameinuð tvö stærstu fyrirtæki landsmanna og unnið var að því að gera tillögur sem gætu bjargað smærri fyrirtækjunum. Að því máli var unnið sleitulaust. Það var líka að mínu frumkvæði sem leitað var til Appeldore, ráðgjafarfyrirtækisins breska sem hér hafði starfað hjá skipasmíðastöð á Vestfjörðum, nánar tiltekið á Ísafirði. Ég átti fund með þessum mönnum og fulltrúum iðnaðarins, Landssambands iðnaðarmanna og Sambands dráttarbrauta og skipasmiðja, og til viðbótar fékk ég, og ég held að það hafi skipt ákaflega miklu máli varðandi skipasmíðaiðnaðinn, þá aðila sem málið snertir, alla, til að koma saman og mynda verkefnastjórn í þessu verkefni. Það var ekki aðeins iðnrn., ekki einungis lánasjóðir iðnaðarins, heldur einnig Landssamband ísl. útvegsmanna, Fiskveiðasjóður og Byggðasjóður, auk þeirra sambanda sem skipasmíðaiðnaðurinn á aðild að. Þetta var gert vegna þess að hagsmunir skipasmíðaiðnaðarins eru miklu víðar en í iðnrn. og hjá lánasjóðum iðnaðarins.

Það er einmitt af þessu starfi sem við búumst við að fá niðurstöður innan tíðar, fyrir jólin, og hæstv. iðnrh. hefur lýst því í sinni ræðu. Það er nefnilega ýmislegt hægt að gera fyrir íslenskan skipasmíðaiðnað og ég hygg að niðurstaðan verði sú að fram komi ábendingar um að skipasmiðjurnar á landinu sérhæfi sig meira og vinni meira saman. Og ég tel að jafnvel þótt ekki verði af því verkefni, sem hefur verið unnið að að undanförnu, hafi eitt tekist sem skiptir máli og það er að forstöðumenn þessara fyrirtækja hafa talað saman og eflt skilning sinn á þessum þætti málsins. Það skiptir ákaflega miklu fyrir þá sem á annað borð hafa kynnt sér málefni skipasmíðaiðnaðarins og ættu að vita. Ég minni á það jafnframt að við höfum verið útflytjendur á skipum og skipasmíðaviðgerðum. T.d. eru nýleg dæmi um það að Slippstöðin á Akureyri flutti út viðgerðarverkefni, fyrir örfáum árum síðan.

Það er ákaflega mikilvægt, virðulegur forseti, að okkur takist nú og á næstu árum að undirbúa íslenskan iðnað, ekki einungis skipasmíðaiðnað heldur annan iðnað einnig, fyrir 1992, undir þá samkeppni sem þá verður þegar innri markaðurinn í Evrópu tekur til starfa. Með honum kemur aukin samkeppni, lækkandi verð en um leið fleiri tækifæri fyrir okkur. Ég tek heils hugar undir það sem hefur komið fram í viðtölum við hæstv. núv. iðnrh. að þetta er eitt meginmálið sem þarf að vinna að fyrir íslenskan iðnað. Það þarf enga gæslumenn fyrir iðnaðinn eins og hv. síðasti ræðumaður og hans nótar eru að tala um. Það þarf eðlileg starfsskilyrði og að því ætla ég að koma nú. Í fyrsta lagi þarf að vera skilningur hjá stjórnvöldum og útgerðarmönnum, sem láta byggja skip, á því að hér á landi verður að vera til skipasmíðaiðnaður. Erfiðleikar iðnaðarins hér á landi, ekki síst skipasmíðaiðnaðarins, eru þeir að við búum við miklar hagsveiflur. Þetta er hagsveifluþjóðfélag og þessar sveiflur eiga rætur í sjávarútveginum. Þegar vel gengur í sjávarútveginum — og mig langar til að biðja hv. þm. Hjörleif Guttormsson að vera hér inni og hlusta á. Hann flytur hér ræður og beinir spjótum sínum til fyrrv. ríkisstjórnar. Svo þegar farið er að tala við hann ætlar hann að rjúka á dyr. Hann heimtar það að hæstv. ráðherra sé viðstaddur, en síðan beinir hann í sinni ræðu spjótum sínum til mín sem fyrrv. ráðherra og hefur svo ekki kjark til að standa hér inni þegar ég flyt mína ræðu. Blessuð sé nærvera hans. (**Gripið fram í:** Fjarvera.) Nærvera þegar hún var, fjarvera þegar — maður segir það líka um menn sem yfirgefa annað en þennan fundarsal. Sýnir það best kjarkleysi þessara manna að þora ekki einu sinni að hlusta á það sem skiptir máli og ég hélt líka að hæstv. ráðherrar úr Alþb. mundu vera hér inni. Ég sé að eini þm. þeirra sem hér er viðstaddur er Margrét Frímannsdóttir og ég bið hana að taka þessi skilaboð til þeirra þm. og ráðherra Alþb. (Gripið fram í.) Já, og hæstv. forseti sameinaðs þings. Það skiptir nefnilega ákaflega miklu máli að forustumenn — og ég ætla kannski að biðja um fjmrh., hann er einn af þeim sem töluðu hér áðan, að koma í salinn. Það getur vel verið að hann hafi kjarkinn.

Jæja, hér kemur hæstv. fyrrv. iðnrh. Þá get ég haldið áfram máli mínu, virðulegur forseti, en vænti þess þó að fá að sjá hæstv. fjmrh. innan tíðar. Ég var að ræða sveiflurnar í íslensku þjóðfélagi. Það er þar sem vandinn liggur. Þegar vel gengur í sjávarútvegi, ekki síst í útgerð, byrja menn að ákveða sínar fjárfestingar. Það þarf ekki að þýða það að illa gangi hjá íslenskum skipasmiðjum þótt hlutfall verkefna hjá íslenskum skipasmiðjum sé lágt miðað við heildarverkefnin á þessu sviði, einfaldlega vegna þess að nefnarinn, þ.e. allar framkvæmdirnar, hefur vaxið svo gífurlega. Það var þetta sem gerðist á þeim árum sem hv. síðasti ræðumaður var að tala um. Þar liggur vandinn. Lausnin felst í að jafna þannig rekstrarskilyrði útgerðarinnar hér á landi að ekki þurfi að byggja skip á Íslandi í jafnstórum stökkum og gert hefur verið. Þetta þarf hv. síðasti ræðumaður að skilja. Af hverju þarf hann sérstaklega að skilja þetta umfram aðra menn? Það er vegna þess að eitt það mikilvægasta sem þarf að gerast í þessum málum er að gengið sé rétt skráð á hverjum tíma og að komið sé í veg fyrir sveiflur en ekki farin sú leið að auka millifærslur og falsa gengið eins og hæstv. núv. ríkisstjórn stendur að. (**HG:** Hvað gerðist á síðustu árum í gengismálum?) Ég þarf ekkert að rifja það upp fyrir hv. þm. Það sem ég er að reyna að segja honum og vonandi kemst inn í hausinn á honum, ef það er kannski sagt nægilega oft, er það að iðnaðurinn bað ekki um millifærslur þegar vel gekk í sjávarútveginum og illa gekk í iðnaðinum. Það gerist ekki þannig. En nú, þegar illa gengur í sjávarútveg-

inum, hika menn við að leiðrétta gengið en dæla inn fjármagni í millifærslur. Þetta getur þýtt, hv. þm., dauðadóm yfir íslenskum iðnaði og það verða menn að skilja. Svo kemur hæstv. fjmrh. á fundi hjá Bílgreinasambandinu og segir, teinréttur og fínn með alkunnu lítillæti: Tími ríkisstyrkja og ríkisábyrgða er liðinn á Íslandi. — Þetta er maðurinn sem á sæti í ríkisstjórn sem dælir ríkisstyrkjum út í atvinnulífið og það til grundvallaratvinnugreinarinnar og það er einmitt þetta sem eyðileggur íslenskan iðnað.

Það sem við getum gert í sameiningu, og ég óska eftir því við hæstv. fjmrh., við hv. þm. Hjörleif Guttormsson, við hæstv. iðnrh., er að menn skoði nú vel sinn hug áður en þeir afgreiða lögin um þann sjóð sem til hefur verið stofnað og er kallaður Atvinnutryggingarsjóður af því að menn vildu ekki nota nafn ákveðins þm. við stofnun sjóðsins, Atvinnutryggingarsjóður skal hann heita, að reglum þessa sjóðs verði breytt. Það sem skiptir máli þar er úr því sem komið er að sjóðurinn geti lánað til samkeppnisiðnaðarins, þar á meðal til skipasmiðja, og að þau lán verði fyrst og fremst lánuð til þess að styrkja eiginfjárstöðu þessara fyrirtækja. Þetta veit ég að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson skilur, þannig að mér er alveg sama þótt hann hafi nú aftur hlaupið á dyr en mér þykir vænt um að hæstv. fjmrh. situr og hlustar á þetta því þetta skiptir afar miklu máli ef menn meina það sem þeir eru að segja um íslenskan iðnað.

Að lokum, virðulegur forseti, langar mig til þess að biðja hæstv. iðnrh. um eitt: Þegar sú skýrsla liggur fyrir sem unnið er að, en það verður væntanlega í lok þessa árs, óska ég eftir því, eftir að verkefnastjórnin hefur lokið sér af og fyrir liggur stefnumótun frá iðnrn. varðandi þetta mál, að skýrslan verði lögð fram á hinu háa Alþingi. Í dag hefur nefnilega verið rætt um mál sem skipta afar miklu máli fyrir okkur landsmenn og það er kominn tími til þess að við ræðum þessi mál dálítið faglega og á faglegum grunni, þeim grunni sem síðasta ríkisstjórn lagði með þeirri vinnu sem þá var farið af stað með m.a. af Appeldore, þessu enska ráðgjafarfyrirtæki. Á meðan við höfum þá hæstv. ríkisstjórn sem hér situr, virðulegur forseti, verðum við að mælast til þess, þótt við getum ekki búist við miklu af henni, að hún hagi gerðum sínum þannig að þeir sjóðir sem eiga að nýtast atvinnulífinu fái einnig að renna til þeirra atvinnugreina sem standa í harðri samkeppni, jafnvel þótt þau fyrirtæki, sem innan þeirra atvinnugreina eru, stundi ekki útflutning. Það er nefnilega þannig að stundum verða fyrirtæki sem starfa á heimamarkaði í dag útflutningsfyrirtæki á morgun.

Albert Guðmundsson:

Virðulegur forseti. Ég hef í gegnum árin hér lært eitt og þó ekki enn skilið fullkomlega að þegar ráðherrar fara úr embætti finna þeir einhverja hvöt hjá sér til að elta þá ráðherra sem koma í staðinn. Og ráðherrar sem koma inn í embætti finna sér einhverja fróun í því að kynna fyrir alþjóð hvað þeir taka við slæmu búi.

Ég hef ekki gert þetta að minni iðju, hvorki við þann fjmrh. sem ég tók við af né heldur þann iðnrh. sem ég tók við af. Ég held að það sé svo mikið gott í öllum mönnum að ég veit ekki til þess að neinn ráðherra hafi komið í embætti með annan ásettning en að láta gott af sér leiða, hvort sem þeim hefur tekist vel eða illa. En ég hef orðið var við það að ég gat notað margt af því sem ég tók við hjá báðum ráðherrum, fjmrh. og iðnrh., þó að þeir séu úr andstæðum stjórnmálaflokki við mig.

Ég vil segja það eitt að ég sé enga ástæðu til þess að fyrrv. hæstv. iðnrh. Hjörleifur Guttormsson taki þannig til orða að allir undirstöðuatvinnuvegir þjóðfélagsins séu í strandi eftir fyrrv. stjórn. Það gæti alveg eins verið eftir fyrrv. stjórnir. Þá fer maður að hugsa: Hvaða flokkar hafa farið lengst með völd? Hvaða flokkar eiga þá mestan þátt í því að iðnaðurinn eða undirstöðuatvinnuvegurinn er í þessu algera strandi sem hann lýsti? Ég held að samfelld stjórnarseta Framsfl., samstarfsflokks Alþb. nú, sé farin að nálgast 20 ár svo að ég vil segja að meira beinir hann spjóti sínu að samstarfsráðherrum, að samstarfsflokki, heldur en þeim flokki sem hann nafngreindi og ég ætla ekkert að fara að verja hér. Sjálft hefur Alþb. verið bróðurpartinn af síðustu 10 árum í ríkisstjórn. Þeir voru í ríkisstjórn frá 1979 til 1983. Um mitt ár 1983 komu nýir herrar og þeir eru komnir í ríkisstjórn aftur. Það þýðir ekkert fyrir Alþb. að ætla að telja mér trú um, eftir 16–17 ára setu á Alþingi, að þeir séu hæfari og útkoman úr þeirra stjórnartímabili fyrir undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar verði betri en með Sjálfstfl. í stjórn. Ég trúi því ekki. En það getur ýmislegt skeð.

Ég ætla ekki að fara að tala hér um íslenskan iðnað almennt eins og komið hefur fram hjá flestum ræðumönnum vegna þess að almennt á þann hátt sem rætt hefur verið um hér í dag var íslenskur iðnaður ekki á dagskrá. Það var ekki dagskrármálið. Heldur er um að ræða ákveðin þáttaskil sem enn einu sinni er verið að reyna að koma á í íslensku þjóðfélagi. Það er að íslenskur hugur og íslenskt hugvit og íslenskt skólakerfi — þá á ég við Háskólann — útskrifi ekki bara heildsala, ekki bara innflytjendur á vörum, ekki bara útflytjendur annarra þjóða, heldur líka útflytjendur frá Íslandi til annarra þjóða, og ekki bara á framleiðsluvöru heldur líka á þekkingu. Því íslenskir verkfræðingar og íslenskir hugvitsmenn búa yfir gríðarlegri þekkingu og mjög góðu skólakerfi sem er útflutningsvara ef rétt er á haldið. Þetta er mín niðurstaða eftir mjög náið samstarf við íslenska vísindamenn á ýmsum sviðum sem ráðherra Íslands. Það er þetta sem við erum að tala um. Og þess vegna varð ég fyrir vissum vonbrigðum — og ég endurtek enn þá einu sinni að það var mér visst ánægjuefni að einn af þessum mönnum sem ég hef talið vísindamenn í okkar þjóðfélagi hefur nú komið inn í stjórnmál og er ráðherra iðnaðarmála í dag — þess vegna voru það

mér viss vonbrigði að hann hefur mál sitt á eftir frummælanda með því að þakka honum fyrir fróðlega frásögn. Sem sagt, prófessor Sólnes, þakka þér kærlega fyrir fróðlegt erindi. Ég hélt að það yrði tekið á móti þessu svokallaða erindi á allt annan hátt. Hér er verið að gera tilraun til þess að flytja út íslenskt hugvit og þekkingu í formi þeirra framleiðsluvara sem íslenskt hugvit hefur sett í fast efni, hvort sem það eru veiðarfæri, línur, vigtir eða vogir eða hvað það er kallað sem þarf til þess að útbúa fiskiskip.

Fiskur er það sem við höfum lifað á og fiskur er það sem við munum lifa á lengi enn þá og er undirstaðan undir að skapa alla þessa þekkingu. En við verðum að breyta þessu í verðmæti. Og þegar þessi verðmæti eru eftirsótt af öðrum þjóðum að þá skuli íslenskur hugur okkar stjórnmálamanna vera takmarkaður við herta þorskhausa, saltfisk og frystan fisk! Ef við getum komið sjávarafurðum í það útflutningsform sem við höfum þekkt í gegnum aldirnar, þá eru okkar takmörk fullkomin. En þegar þekkingin til viðbótar við þetta á að verða söluvara og gjaldeyrisskapandi, þá erum við lokuð. Við getum ekki skilið þá sem skara fram úr í neinu.

Ég vil ekki trúa því að það sé rétt að verðið sé of lágt. Verðið er of lágt, segir hæstv. ráðherra. Það er ekki sama hvernig samið er. Af hverju þá ekki að segja það og vita hvort við getum fengið hærra verð og samið einhvern veginn öðruvísi? En það liggur fyrir frá frummælanda að það voru möguleikar á 100 millj. kr. hagnaði út úr þessum samningi fyrir utan þá gríðarlegu vinnu sem það skapar á öllum sviðum við að búa út þessi skip og smíða en ekki ýta því til hliðar og segja: Við getum ekkert. Niðurstaðan, útgönguleiðin, sem við erum að velja hér og nú í þessu máli, er sú sem við höfum alltaf valið ef það koma einhver flókin dæmi upp, flókin samskipti við aðrar þjóðir. Það er að gera ekki neitt vegna þess að við höfum ekki heilabú til að hugsa út fyrir hertan fisk, saltan fisk og frosinn fisk. Það er alveg furðulegt.

Ég vil taka undir það með hæstv. fjmrh. að eitt af því sem þarf að gera og gera sem allra fyrst, og þá beini ég náttúrlega máli mínu sérstaklega til hæstv. bankamálaráðherra, það er að bankakerfið þarf að verða samkeppnishæft. Ég reyndi sem formaður bankaráðs Útvegsbankans á sínum tíma að koma á samskiptum við franska banka um að stofna hér viðskiptadeild í bönkunum. En viðskiptadeildir eins og þær eru reknar í stórum erlendum bönkum eru ekki til hérlendis, þar sem bankarnir taka að sér fyrir sína viðskiptavini að finna kaupendur annars staðar og þurfa þá kannski að taka einhverjar aðrar framleiðsluvörur í staðinn. Það er ekki til. Sá partur af viðskiptum er ekki í okkar orðabók eða þekkingu yfir viðskipti. Auðvitað verður framleiðslan ekki samkeppnishæf fyrr en umfjöllunin og meðhöndlunin í framleiðslukerfinu frá hráefni til neytanda er sambærileg hér og annars staðar. En það er þannig að útflutningur á öllu — það er alveg sama hvort það er hugvit sem við erum að tala um hér, íslenskt hugvit í beinu eða óbeinu formi — er margheftur. Það eru lög og reglur hér sem alls ekki eru til hjá öðrum þjóðum. Það er ekkert frjálsræði í útflutningi. Það er frjálsræði, má segja, í innflutningi en alls ekki í útflutningi, það er mjög langt frá því, hvorki á framleiðsluvörum okkar eða hugviti. Þá reynslu hef ég af samskiptum mínum við Kenýa á vegum íslenska ríkisins sem iðnrh. og ég ætla ekki að fara að rekja þá sögu vegna þess að hún er faktískt hliðstæð því sem hér er nú að ske. Málið er bara afgreitt út af borðinu vegna þess að það er auðveldasta aðferðin og minnsta ábyrgðin að segja nei við öllu sem menn ekki skilja í staðinn fyrir að kynna sér það. Skilningur íslenskra ráðamanna og Íslendinga yfirleitt á samskiptum við útlendinga eða samvinnu við útlendinga eða viðskiptum við útlendinga er svo takmarkaður að við stórtöpum á því frá ári til árs.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð miklu fleiri. Ég fékk orðið eftir að tíminn var liðinn, en ég sé enga ástæðu til þess að segja minna en ég tel mig nauðsynlega þurfa að segja þó að tíminn líði. En ég ætla að vara við þessum afgreiðslum á íslenskum möguleikum erlendis. Ég ætla að vara við þeim. Og ég trúi því ekki — ég trúi því ekki, ég vil ekki trúa því — meðan við höfum mann sem ég hef álitið einna best upplýstan í þeim störfum sem hann hefur unnið kominn inn í pólitík, að hann sé eins lokaður fyrir samskiptum við útlendinga eða hræddur við þau og hinir sem eru kannski miður vel upplýstir. Ég trúi því ekki. Við verðum sem allra fyrst að taka skrefið fram í framtíðina í samskiptum við annað fólk og önnur lönd. Við getum ekki setið kyrrir í fyrirstríðsárunum því hugsunarhátturinn hefur lítið breyst hvað þetta snertir.

Virðulegi forseti. Ég held að það sé alveg ljóst að þessi mál koma aftur á dagskrá og jafnvel aftur og aftur þannig að ég sé ekki ástæðu til þess að taka meiri tíma hér og nú. En ég þakka frummælanda fyrir að hafa komið með þetta mál inn í Alþingi og ég vona að hans málflutningur, sem var góður, rökfastur og gaf ljósa mynd af þeim möguleikum sem eru fyrir hendi og þeim tækifærum sem eru að renna okkur úr greipum, nái fréttasíðum blaðanna vegna þess að allt þetta á erindi til þjóðarinnar. Það gæti hugsanlega vakið upp einhverja hugdjarfa menn sem fara út í það að gera Ísland að samstarfshæfara landi og þjóð en það er í dag.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Örfá orð að lokum. Ég ætla ekki að lengja umræðuna meira en orðnar eru. Ég vil þakka öllum sem hafa tekið til máls undir þessum dagskrárlið og þakka fyrir málefnalegar umræður. Ég er að vísu ekki sammála mörgu því sem kom hér fram, m.a. ekki í einu og öllu sammála hæstv. iðnrh.

Það er rétt og ég get alveg fallist á það að það voru hugsanlega mistök að fara fram á ríkisstyrk til þessa verkefnis. Það er okkur ógeðfellt að þurfa að styrkja iðnað með beinum ríkisframlögum til þess að gera

hann samkeppnisfæran. Á það sjónarmið get ég fallist. En lái okkur hver sem vill að við skyldum fara fram á þennan ríkisstyrk í ljósi stjórnarmyndunarviðræðna og þess sáttmála sem þá var myndaður um stjórnarsamstarf sem byggir á því að dæla gífurlegum fjármunum út í útflutningsatvinnugreinarnar meira eða minna í formi styrkja.

Að lokum vil ég aðeins segja þetta að þó svo að mönnum hafi fundist þessi aðferð ógeðfelld og ekki viljað samþykkja hana, þá var enn þá og er hugsanlega enn þá hægt að ná þessu verkefni á þeim upphaflega grundvelli sem um var talað, þ.e. að vinna þetta í samstarfi við erlendar skipasmíðastöðvar til þess að ná niður kostnaðinum vegna innlendrar skipasmíði þannig að þetta sé íslenskt hugvit til útflutnings undir íslenskri stjórn. Það hjálpar ekkert að afhenda þetta verkefni erlendum skipasmíðastöðvum jafnvel þó svo við myndum leggja til teikningar og tæknilegan undirbúning. Þannig er það ekki lengur íslenskt verkefni.

Ég vil því skora á ráðamenn að líta með okkur á þetta verkefni áfram og finna leiðir til þess að leysa þau vandamál sem hugsanlega koma upp ef ábyrgðir eru taldar ónógar eða áhætta of mikil. Er þá ekki nær að skoða það mál í sameiningu og sjá hvort er hægt að finna lausn á því að gera þær minna áhættusamar og finna ábyrgðir sem duga? Það skulu vera mín síðustu orð að ég skora á ráðamenn að hjálpa okkur við að leysa þetta verkefni fremur en að þurrka það út af borðinu eins og hér er verið að gera tilraun til.

SAMEINAÐ ÞING

4. fundur, þriðjudaginn 25. okt., kl. 2 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Borist hefur svofellt bréf, dags. 24. okt. 1988:

„Guðmundur G. Þórarinsson, 10. þm. Reykv., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Framsfl. í Reykjavík, Finnur Ingólfsson, aðstoðarmaður ráðherra, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, hæstv. forseti.

Kjartan Jóhannsson,
forseti Nd."

Finnur Ingólfsson hefur áður setið á þingi á þessu kjörtímabili og kjörbréf hans verið rannsakað. Ég býð hann velkominn til starfa á ný.

Enn fremur hefur borist svofellt bréf, dags. 24. okt. 1988:

„Albert Guðmundsson, 5. þm. Reykv., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna veikinda get ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að vegna utanfarar 1. varamanns í opinberum erindum taki 2. varamaður Borgaraflokksins í Reykjavík, Ásgeir Hannes Eiríksson verslunarmaður, sæti á Alþingi í forföllum mínum."

Þetta er yður hér með tilkynnt, hæstv. forseti, með ósk um að fram fari í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Kjartan Jóhannsson,
forseti Nd."

Bréfi þessu fylgir kjörbréf Ásgeirs Hannesar Eiríkssonar. Samkvæmt þessu bréfi og með vísan í 4. gr. þingskapa ber hv. kjörbréfanefnd nú að prófa kjörbréf Ásgeirs Hannesar Eiríkssonar. Gert verður hlé á fundinum í 5 mínútur á meðan kjörbréfanefnd starfar. — [Fundarhlé.]

Frsm. kjörbréfanefndar (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Kjörbréfanefnd hefur farið yfir kjörbréf Ásgeirs Hannesar Eiríkssonar, 2. varamanns Borgaraflokksins í Reykjavík. Nefndin hefur ekkert fundið athugavert við kjörbréfið og leggur til að það verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Kjörbréf Ásgeirs Hannesar Eiríkssonar samþ. með 47 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Ásgeir Hannes Eiríksson, 5. þm. Reykv., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ásgeir Hannes Eiríksson hefur unnið drengskaparheit um að halda stjórnarskrána. Hann er boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

EFRI DEILD

4. fundur, þriðjudaginn 25. okt., að loknum fundi í Sþ.

Efnahagsaðgerðir, frh. 1. umr.

Stjfrv., 8. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 8.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Í umræðum hér fyrr um frv. til laga um efnahagsaðgerðir sagði hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir eitthvað á þá leið að hún teldi að það sem fælist í frv. væri á mörkum þess að vera lögbrot. Hún kom inn á mörg atriði sem ég get tekið undir og varpaði m.a. fram þessari spurningu í ræðu sinni: Hvað hefur Framsfl. verið að gera og hvað hafa stjórnarflokkarnir yfirleitt verið að gera í sambandi við samningsréttinn? Hv. þm. undirstrikaði það atriði sem er rétt að samningsrétturinn er grundvallarmannréttindaatriði fyrir verkalýðshreyfinguna á Íslandi.

Það hafði komið fram í umræðum að það væri álit sumra hv. þm. að kvennalistakonur væru ábyrgðarlausar og mótmælti hv. þm. því og ég get tekið undir það. Einnig get ég tekið undir það og sagt að kvennalistakonur eru ekki einar um að vilja virða þau sjálfsögðu mannréttindi sem eru samningsréttурinn. Það er grundvallaratriði.

Í ræðu hv. þm. kom einnig fram að mörg félög, verkalýðsfélög, hafa mótmælt þessu frv. til laga um efnahagsaðgerðir eða bráðabirgðalögunum og taldi þm. m.a. upp Blaðamannafélagið, Póstmannafélagið, Landssamband íslenskra verslunarmanna, formannafund ASÍ, stjórn Iðju, Framtíðina o.fl. Ég vil taka það fram að Sjálfstfl. hefur í gegnum tíðina leitast við að virða þennan rétt. Þó það hafi komið fyrir að í hans valdatíð hafi verið gripið inn í kjarasamninga hefur Sjálfstfl. ætíð virt samnings-

réttinn. Þessi lög ganga því lengra en tíðkast hefur yfirleitt í sambandi við laun og kjör verkalýðshreyfingarinnar. Hér er hreinlega um það að ræða að samningsrétturinn er tekinn af verkalýðshreyfingunni með þeim hætti sem bráðabirgðalögin gera ráð fyrir.

Í ræðu hv. þm. Halldórs Blöndals kom það fram m.a. að hann væri þeirrar skoðunar að þessi bráðabirgðalög stæðust ekki stjórnarfarslega og einnig kom það fram í ræðu hv. þm. Guðrúnar Agnarsdóttur. Var það álit þessara tveggja hv. þm. að með bráðabirgðalögunum hefðu grundvallarreglur lýðræðisins verið brotnar af hálfu núv. ríkisstjórnar þegar hún var mynduð. Það vill svo til að síðan umræðan fór fram hér í hv. þingi fyrir tæpri viku hefur virtur lögmaður, bæjarfógetinn á Seyðisfirði og sýslumaður Norður-Múlasýslu, Sigurður Helgason, ritað mjög vandaða grein um einmitt þetta atriði, þ.e. hvort bráðabirgðalögin brjóti ekki í bága við svokallaða jafnræðisreglu. Ég vil, með leyfi forseta, lesa hér upp úr grein Sigurðar Helgasonar bæjarfógeta, sem er mjög virtur lögfræðingur, til þess að undirstrika það atriði því að það er sett fram með mjög skýrum og greinargóðum hætti í umræddri grein sem birtist í Morgunblaðinu 20. okt. Sigurður Helgason bæjarfógeti á Seyðisfirði segir m.a.:

„Ein af grundvallarreglum í stjórnarskrám lýðræðisríkja byggist á því að stjórnskipunin sé lýðræðisleg. Slíka meginreglu má leiða af einstökum ákvæðum stjórnarskrár okkar enda þótt enga almenna yfirlýsingu um það sé að finna í henni.

Á sama hátt er eitt mikilvægasta atriði mannréttinda í stjórnarskrám að allir séu jafnir fyrir lögum, enda þótt ekkert beint ákvæði sé um það heldur í stjórnarskrá okkar. Það er þó ljóst af langri venju og hefð að öll ákvæði í lögum sem fela í sér ákveðin sérréttindi vissum hluta íbúa landsins á kostnað annarra eru marklaus, þar sem það bryti gegn grundvallarreglum lýðræðisins.

Við athugun á bráðabirgðalögum um efnahagsmál kemur í ljós að þar er að finna ákvæði sem telst útilokað að viðhafa í lýðræðisríki og fær því ekki staðist.

Skv. 4. gr. nefndra bráðabirgðalaga skal forsrh. Steingrímur Hermannsson velja formann og valinn var Gunnar Hilmarsson. Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson valdi Kristján Skarphéðinsson. Fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson valdi Jóhann Antonsson. Viðskrh., sem einnig er iðnrh., Jón Sigurðsson, valdi þá Pétur Sigurðsson og Björn Björnsson. Sömu aðilar velja varamenn."

Síðan segir Sigurður Helgason, með leyfi forseta: „Hér er ekki verið að setja út á nefnda stjórnarmenn persónulega, enda eflaust gagnmerkir menn. Það sem er fráleitt og andstætt því að stjórnskipun geti talist lýðræðisleg er að allir stjórnarmenn eru yfirlýstir stuðningsmenn þriggja stjórnmálaflokka með tæp 50% kjósenda á bak við sig. Stjórnarandstaðan fær engan mann kosinn í stjórn enda þótt hún hafi yfir 50% fylgi hjá þjóðinni. Þetta sjá allir að fær ekki staðist og verður að fella í meðförum Alþingis. Stofnfé sjóðsins skal vera 1000 millj. sem er hluti framlags til Atvinnuleysistryggingasjóðs 600 millj. kr., sem var þó samningsbundið framlag og jafnframt skal ríkissjóður leggja fram 400 millj. kr. sem afla skal með tekjuskattsauka, þ.e. væntanlega lögum sem eru ekki enn samþykkt. Á næsta ári er heimil lántaka hjá Seðlabanka Íslands 1000 millj. kr. Síðan er stjórninni heimiluð skuldbreyting allt að 5000 millj. af lausaskuldum útflutningsfyrirtækja og sjóðurinn ábyrgist skuldabréfin með eignum sínum. Það verður ekki sagt að öll sagan sé sögð með þessu því einhverjir verða skyldaðir til þess að kaupa bréfin, væntanlega með „handafli", sem er vinsælt orð hjá stjórnmálamönnum í dag."

Síðan segir í umræddri grein, með leyfi forseta: „Nú nýlega hóf nefnd stjórn störf eða um svipað leyti og Alþingi kom saman. Formaður, Gunnar Hilmarsson, sagði í blaðaviðtali við Morgunblaðið að sjóðurinn hefði aðstöðu í húsakynnum Byggðastofnunar og síðan segir hann: „Ég held að regla númer eitt sé að fyrirtæki þurfi að vera rekstrarhæft eftir að hafa fengið fyrirgreiðslu úr sjóðnum. Hér er ekki lítið vald sem stjórnarmenn hafa, enda þótt gert sé ráð fyrir svokallaðri samstarfsnefnd frá bönkum og stofnunum. Það er alkunna að útflutningsfyrirtæki eru ýmist í einkaeign eða rekin á grundvelli samvinnureksturs. Óneitanlega nýtur sá rekstur sem rekinn er á samvinnugrundvelli meiri hylli hjá núveranadi valdhöfum, sem oft hefur komið fram í málflutningi þeirra. Standa þá þessar rekstrareiningar jafnfætis gagnvart almennri fyrirgreiðslu? Hér verða svörin misjöfn, en samsetning stjórnarinnar fær ekki staðist og kallar á tortryggni og gömul reynsla segir okkur að hún sé ekki ástæðulaus. Grundvallarreglan um að allir séu jafnir fyrir lögum er miðuð við framangreindar aðstæður í hættu og ekkert í nefndum lögum gefur lántakendum rétt til að skjóta afgreiðslum til æðra stjórnvalds, ef þeir telja sig órétti beitta. Að leita réttar gegnum dómstóla er of seinvirkt."

Alþingi fer með æðstu stjórn fjármála, sbr. 41. gr. stjórnarskrárinnar: „Ekkert gjald má greiða af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum." Nefnd bráðabirgðalög ganga gegn þessu og öðrum meginreglum, sem fela Alþingi æðstu stjórn fjármála landsins. Alþingi velur stjórnendur helstu lánastofnana og á þann hátt á að vera öruggt að stjórnskipunin sé lýðræðisleg. Um það er ekki deilt að grípa þurfi til stórfelldra úrbóta fyrir atvinnulífið í landinu og þá sérstaklega til útflutningsgreina, en eðlilegast virðist að sniðganga ekki Alþingi í þeirri ákvörðunartöku, enda ber alþingismönnum að vera á verði gagnvart því að völd þess séu ekki skert. Bráðabirgðalög 12 dögum áður en reglulegt Alþingi skal koma saman fá ekki staðist nema á mjög takmörkuðu sviði eins og t.d. ákvörðunin um verðlags- og kjaramál, svo og hugsanlegar vaxtaákvarðanir. Öll ákvæði nefndra laga um stofn-

un nefnds sjóðs voru ekki svo aðkallandi að réttlætti setningu bráðabirgðalaga þar að lútandi. Fyrst eftir að Alþingi kom saman var raunhæft að tala um að sjóðurinn tæki til starfa. Hefði annað legið til grundvallar en löngun ákveðinna ráðherra til þess að hafa einir með höndum yfirstjórn sjóðsins mætti vænta þess að vinnubrögð hefðu orðið önnur. Að sjálfsögðu hefði verið eðlilegra að fela Byggðastofnun úthlutun á nefndum fjármunum, enda þar þjálfað starfslið til þeirra starfa."

Þá segir að lokum í fyrrnefndri grein: „Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um fyrstu aðgerðir segir orðrétt: „Þá er fjármálaráðherra heimilt að setja almennar reglur um uppgjör vangoldinna tekju- og eignarskatta, sem lagðir voru á áður en staðgreiðslukerfið kom til framkvæmda."

Nú hefur fjmrh. lýst því yfir að hann ætli að kanna sjálfur eða hans ráðuneyti einstök tilfelli, þar sem margir sökudólgar séu fyrir hendi. Hér sér enn á kollinn á ofstjórn og samfara henni er hætta á því að þegnarnir séu ekki jafnir fyrir lögum. Að sjálfsögðu er hér eðlilegast að fjmrh. setji almennar reglur og síðan verði innheimtumönnum ríkissjóðs falið að framkvæma þær.

Af framanrituðu er ljóst að hér er verið að setja á stofn ríkisstjórn sem hefur það m.a. að markmiði að úthluta þegnunum gæðum að eigin geðþótta og gera þá á þann hátt sér háða. En slíkt er auðvitað gagnstætt jafnræðishugsjón lýðræðisins."

Ég taldi rétt, virðulegi forseti, að kynna hv. þm. þessa grein því í henni felst álit lögfræðings sem er óháður stjórnmálum, sem er óháður hæstv. ríkisstjórn. Þetta er einn af virtari lögmönnum þessa lands og hefur hann aldrei verið vændur um að draga hlut eins flokks fram fyrir hlut annars ef því er að skipta þannig að ég held að sumir hv. alþm. og sérstaklega hæstv. ráðherrar hafi gott af því að fólkið skuli leyfa sér að ávarpa þá og vefengja þeirra gjörðir. Það getur vel verið að hv. þm. séu sumir upp yfir það hafnir að þjóðin tali til þeirra og þá er það fróðlegt ef það kæmi fram hér í þessum umræðum að svo sé.

Í sambandi við þessi bráðabirgðalög er hægt að koma víða við. Ég ætla ekki að draga það í efa að nauðsynlegt hafi verið að hv. Alþingi gripi til aðgerða í efnahagsmálum. Ytri aðstæður hafa verið óhagstæðar íslensku þjóðarbúi. Það hefur verið verðfall á helstu útflutningsafurðum. Það var mikið og óvænt og innlendur framleiðslukostnaður hefur ekki lækkað að sama skapi á sama tíma. Hallinn í rekstri útflutningsfyrirtækja hefur þar af leiðandi verið mikill af þessum ástæðum.

Þá hefur það einnig haft sín áhrif að ekki hefur tekist sem skyldi að ná niður verðbólgunni sem hefur haft það í för með sér að fjármagnskostnaður hefur verið verulegur þar sem allir leggja nú áherslu á að höfuðstóllinn rýrni ekki hvað sem líður verðbólgunni. Ég mun þó víkja nánar að því síðar í minni ræðu með fsp. til ráðherra um það hvernig hann hyggst framkvæma lánveitingar samkvæmt útgefinni reglugerð sem hefur að vísu ekki verið kynnt hér á hv. Alþingi, en menn hafa þó heyrt um.

Hugsanlegt er að aðalvandinn sem við er að glíma í dag stafi af því að á tímabilinu 1980–1983 hafi verið fjárfest of mikið með óhagkvæmum hætti. Það var í stjórnartíð hæstv. forsrh. í dag sem þá var sjútvrh., Steingríms Hermannssonar, en hann var áhrifamikill maður í þeirri ríkisstjórn sem sat hér við völd 1980–1983 ásamt hæstv. menntmrh. Þá fjölgaði togurum stórlega eins og kunnugt er og þar er líklegast um þann ofvöxt að ræða sem hefur valdið okkur hvað mestum vanda í sambandi við sjávarútveg og fiskiðnað og einnig í sambandi við þau miklu vandamál sem hafa verið að hrannast upp á síðustu árum í sambandi við útflutningsframleiðsluna. Á þessu tímabili, árunum 1980–1983, fór verðbólgan upp úr öllu valdi og var komin í 120–130% og voru menn hættir að geta mælt þann verðbólguhraða.

Árið 1983 var mynduð ríkisstjórn sem reyndi að draga úr þessum neikvæðu áhrifum fyrri ríkisstjórnar. Sú ríkisstjórn gerði margt vel. Henni tókst að ná verðbólgunni niður og það lofaði góðu, en því miður tókst ekki að halda því verki áfram sem skyldi eftir myndun stjórnarinnar 1987. Raunverulega má segja að ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar hafi verið að glíma við hluta af því vandamáli sem við var að glíma eftir stjórnartíð þeirrar ríkisstjórnar sem sat frá 1980 til 1983.

Svo að ég víki nokkuð að umræddum bráðabirgðalögum gera þau ráð fyrir því, eins og fram kom fyrr í minni ræðu, að það eigi að millifæra hér umtalsverðar upphæðir. Með því er raunverulega ekki verið að tryggja rekstrargrundvöll atvinnuveganna, heldur er verið að færa til fé til þess, eins og stjórnarherrarnir segja, að leiðrétta rekstrargrundvöll ákveðinna fyrirtækja án þess að það sé tilgreint um hvaða fyrirtæki sé að ræða. Þessi tilfærsla er raunverulega enn óútfærð og langt frá því að rekstrargrundvöllurinn verði tryggður. Þetta felur einnig í sér mjög mikla mismunun gagnvart öðrum atvinnugreinum. Ég nefni sem dæmi iðnaðinn. Iðnaðurinn mun fara mjög illa út úr þeirri leið sem valin hefur verið til þess að leysa vandamál útflutningsframleiðslunnar. Þá nefni ég einnig að ekki mun staða ferðamálaiðnaðar batna neitt með þessum millifærsluaðferðum núv. ríkisstjórnar nema síður sé.

Í stuttu máli sagt er þessi leið, sem valin hefur verið, með þeim hætti að í henni felst raunverulega að það er verið að velta vandamálinu fram í framtíðina án þess að taka á því strax í dag.

Ég vil leyfa mér að varpa einni spurningu til hæstv. forsrh. varðandi þau bráðabirgðalög sem hér eru til umræðu. Það er í sambandi við 3. gr. Og spurningin er: Hvernig hyggst ríkisstjórnin láta framkvæma þessa lagagrein? Það væri t.d. fróðlegt að fá að vita á grundvelli hvaða upplýsinga, hvaða gagna Atvinnutryggingarsjóður skuli fá heimild til að hafa milligöngu um skuldbreytingu fyrir allt að 5 þús. millj. kr. Þá væri einnig fróðlegt að fá að vita

með hvaða hætti menn komust að þeirri niðurstöðu að umræddir tveir milljarðar skuli vera til ráðstöfunar að öðru leyti.

Getur þingheimur fengið að sjá þessi gögn áður en hann greiðir atkvæði um frv. sem hér er til umræðu? Er hægt að fá að sjá meginforsendur jafnveigamikilla ráðstafana hér á Alþingi Íslendinga?

Hæstv. forsrh. las upp úr reglugerð um Atvinnutryggingarsjóð. Ég hef því miður ekki séð þessa reglugerð. En hvernig á að mæla þarfir fyrirtækja t.d. í sambandi við lán og skuldaskil? Eiga allir að sitja við sama borð? Með hvaða hætti á að tryggja það? Eiga almennar reglur að gilda eða einhverjar sérstakar ótilgreindar reglur? Hvers vegna var Byggðasjóði ekki falið þetta verkefni? Og svo kemur náttúrlega sú spurning sem er hvað þýðingarmest: Er hægt að nota vandamál útflutningsatvinnuveganna eins og spilapeninga á borði valdabaráttu? Og þá kemur sú spurning sem fólk spyr: Á hvaða stigi eru stjórnmál á Íslandi í dag? Það leiðir hugann að því sem snýr að þeim þætti er lýtur að verkalýðshreyfingunni.

Ýmsir þingmenn hafa í gegnum tíðina haft orð á því að Sjálfstfl. væri sá flokkur sem verkalýðshreyfingin skyldi helst vara sig á. Sem betur fer hefur íslenska þjóðin ekki hlustað á það. Þess vegna er Sjálfstfl. stærsti flokkur þjóðarinnar og á miklu fylgi að fagna meðal launafólks.

Ýmsir forustumenn Alþb., sérstaklega þeir sem eru í áróðursdeildinni, hafa í áraraðir úthrópað Sjálfstfl. sem varg í véum í málefnum verkalýðshreyfingarinnar. En hvað eru þeir sjálfir nú? Ég hafði undirbúið mig undir það að gefa mína eigin skýringu á því hvað það væri, en það ómak var af mér tekið í Þjóðviljanum laugardaginn 22. okt. af Alþýðubandalagsmanni, miklum baráttumanni, Ragnari Stefánssyni jarðskjálftafræðingi. (**SkA:** Frænda Brynjólfs Bjarnasonar.) Ekki er það lakara því Brynjólfur Bjarnason, þó ég hafi ekki verið honum sammála, var mjög greindur maður og örugglega mjög gegn maður fyrir sína hreyfingu þó ég væri honum mjög ósammála í flestu sem hann túlkaði og vildi færa íslensku þjóðinni af sínum hugsjónum. — En hvað sem því líður er Ragnar Stefánsson virtur maður á sínu sviði. Hann er talinn vandaður. Þó að hann hafi stundum deilt hart á okkur sjálfstæðismenn og haldið fast á sínum málstað í sambandi við baráttuna gegn því að hér væru varnir í landinu held ég að enginn alþýðubandalagsmaður dirfist að neita því að þar sé maður sem þeir hljóta að taka mjög mikið tillit til.

Ég vil taka það fram að ég virði Ragnar Stefánsson sem vísindamann á hans sviði, en ég er alls ekki endilega sammála honum í hans pólitísku skoðunum. En þar sem þarna er nú um að ræða flokksmann í Alþb., einn af forustumönnunum, held ég að sé rétt að hv. þm. fái nú og þjóðin einnig að heyra betur hvaða vitnisburð hæstv. ráðherrar Alþb. fá frá þessum duglega og heiðvirða baráttumanni Alþb. Ég get því sparað mér það sem sjálfstæðismaður að tíunda mína skoðun. Með leyfi forseta ætla ég að lesa eftirfarandi úr grein Ragnars Stefánssonar. (Gripið fram í.) Hv. þm. Skúli Alexandersson þarf ekki að hafa áhyggjur því hann hefur virðingarsess í mínum huga. Hann er einn af þeim sem koma úr atvinnulífinu, útgerðinni, þó að hann sé í Alþb. þannig að ég þarf ekki að eyða mínum tíma í að ræða við hann. En ég vona bara að samviska hans ráði atkvæðinu þegar að því kemur að greiða atkvæði um þau bráðabirgðalög sem hér eru til umræðu með viðlíka hætti og fram kemur í grein Ragnars Stefánssonar. (**KP:** Tekur hv. þm. undir þessa grein?) Ég sé að greinin kemur mjög við suma stjórnarsinna. Kannski eru þeir ekki stjórnarsinnar þegar á á að herða. Kannski leiðir þetta til þess, þegar kemur til atkvæða um bráðabirgðalögin, að þau geti jafnvel fallið hér í Ed. Það væri gott því að ég harma það út af fyrir sig ef svo illa er komið fyrir vinstri mönnum, þessum róttæku baráttumönnum verkalýðshreyfingarinnar, að þeir ætli að fara að greiða atkvæði með þessum bráðabirgðalögum með þeim hætti sem þau liggja hér fyrir. Ég skil vel að hv. þm. Karvel Pálmason sé með frammíköll á þessu stigi. En honum á eftir að líða enn verr á eftir, síðar undir minni ræðu, (**KP:** Nei, nei, nei, nei.) þar sem hann greinilega vill að ég beini athygli minni að honum sérstaklega. Það skal þá gert. Þó hafði ég ætlað að hlífa hv. þm. við því. (**KP:** Það er ekki beðið um það.)

Ragnar Stefánsson, með leyfi forseta, nefnir greinina sína „Að komast í ríkisstjórn hvað það kostar sem.“ Það er ákveðin tilgerð í þessari fyrirsögn, en hvað sem því líður: að komast í ríkisstjórn hvað sem það kostar er það sem maðurinn á við. Síðan segir Ragnar Stefánsson, með leyfi forseta:

„Það vakna margar spurningar nú þegar Alþb. er komið í ríkisstjórn, ekki síst hjá okkur „Vinstri sósíalistum“, sem höfum sumir hverjir talið vonarglætu í þeim flokki. Þess vegna starfa nokkur okkar í Alþb.

Húllumhæið kringum stjórnarmyndunina er enn í fullum gangi. Þeir voru dáldið bráðir, piltarnir okkar, að komast í ráðherraembættin.“

Síðan víkur hann nokkrum orðum að Guðrúnu Helgadóttur og mér finnst alveg óþarfi að koma með það inn í þessa umræðu, enda því ekki skylt sem máli skiptir, en síðan segir í grein Ragnars, með leyfi forseta:

„Annars finnst mér þessi gassagangur að verða ráðherra lítt sæmandi forustumönnum í verkalýðsflokki sem ég hélt að væri meira umhugað um að efla stöðu og baráttu verkalýðsstéttarinnar en að koma sjálfum sér á toppinn.“ Þetta er hans mat.

Síðar segir í greininni, með leyfi forseta: „Fyrir mann eins og mig, [þ.e. Ragnar Stefánsson] sem lengi hefur verið í hringiðu pólitískrar umræðu hér á landi, kemur mest á óvart hversu auðveldlega gekk að troða Alþb. inn í þessa stjórn sem hefur kjararán og afnám samningsréttar í stjórnarsáttmála sínum.

Ég skil alveg löngun gleiðgosa og valdastreðara.“ — Hverjir skyldu það nú vera? Ég flokka hæstv. ráðherra Svavar Gestsson ekki undir það og ekki heldur undir valdastreðara. Ég flokka það frekar undir slys að hann skuli vera í ríkisstjórninni. (**KP:** En hina?) — „Ég skil alveg löngun gleiðgosa og valdastreðara að komast í áberandi stöður. Það sem mér finnst miklu dapurlegra er að nú er svo komið að fjölda vinstri sinnaðs alþýðufólks finnst þetta, að koma flokknum sínum í ríkisstjórn, vera það eina sem skiptir máli. Það er eins og það hafi misst trú á sjálfu sér og öllum öðrum leiðum og veitir gleiðgosunum því ekkert aðhald lengur.“

Þetta er þess eðlis að það er nauðsynlegt að hv. þm. heyri skoðun þeirra virtu alþýðubandalagsmanna og máttarstólpanna í þessari stjórn á því sem þeir eru að gera. „En þeir stjórnast ekki af neinni fórnfýsi í þessu tilviki [þ.e. að fara í ríkisstjórn]. Þeir stjórnast fyrst og fremst af pólitísku óþoli. Þetta óþol á sér margar rætur. Ein rótin er óseðjandi löngun í það að fá að tylla sér á hefðartindinn, önnur að fá kerfisbitlinga og aðstöðu fyrir sig og starfsemi sína og sú þriðja trúin á að menn geti komið einhverju til leiðar af hugsjónum sínum með þessum hætti, þó svo að það sé á mjög afmörkuðu sviði. Þetta fyrra tvennt er bara venjuleg mannleg eigingirni sem erfitt er að gera við. Hið síðasta, að fara í ríkisstjórn til þess að koma í gegn einhverju afmörkuðu framfaramáli, byggir oft á misskilningi.“

Þetta er fróðleg skýring á sálrænu ástandi þeirra hv. þm. Alþb. sem hafa tekið sæti í ríkisstjórn og varaþingmanns auðvitað, því að hæstv. fjmrh. er varaþingmaður.

En síðan kemur það atriði sem ég skil vel að Ragnari sárni mikið. Hann segir, með leyfi forseta, um það sem lýtur að varnarmálunum: „Jú, seta í ríkisstjórn sem framfylgdi hersetunni gerði menn meðábyrga. Þetta hjálpaði til við að skapa þá ímynd að það væri eitthvað óafturkallanlegt og eilíft að herinn verði hér, þegar baráttumennirnir gegn honum væru farnir að stjórna með honum, svo að segja.“ Þetta er dapurlegt fyrir jafnmikinn baráttumann og Ragnar Stefánsson.

Um þann þátt Alþb. sem lýtur að verkalýðshreyfingunni segir Ragnar Stefánsson, með leyfi forseta, m.a. á þessa leið: „Þegar Alþb. var í ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens, þá varð það þátttakandi í að skerða samninga verkalýðsfélaga.“

Enn fremur segir hann um verkalýðsþáttinn og þeirra hlut, alþýðubandalagsmanna, með leyfi forseta, ég vitna í grein Ragnars: „Við skömmum verkalýðsforustuna oft fyrir undanlátssemi og baráttudeyfð, og er ekki vanþörf á. Við gleymum hinu oft að það voru hinir pólitísku foringjar sem urðu til að gera verkalýðshreyfinguna eins máttlausa og raun ber vitni. Þeir nýttu æ ofan í æ tengsl sín og ítök í verkalýðshreyfingunni til að virkja hana fyrir eigin vagn. Það er hægt að benda á mörg dæmi um að forustumenn Alþb. ætluðust til þess að verkalýðshreyfingin héldi uppi harðri baráttu þegar þeir voru ekki í stjórn, en átti svo að halda að sér höndum þegar hún var búin að troða þeim inn í Stjórnarráðið. Þessir pólitísku foringjar undu hreyfinguna og skældu oft, eins og það var orðað, í þágu atvinnuvega hinna dreifðu byggða, þangað til ekki var meiri bógur í henni en raun ber vitni. Það er því hin pólitíska forusta og Alþb. nú í seinni tíð sem mestan þátt á í því hve verkalýðshreyfingin er veik og frumkvæðislaus.“

Þetta er einhver harðasti dómur sem ég hef heyrt um afstöðu flokka eða flokks og gerðir gagnvart verkalýðshreyfingunni á Íslandi. Og ég segi fyrir mitt leyti: Guð hjálpi forseta Alþýðusambands Íslands, Ásmundi Stefánssyni, að vera í þvílíkum félagsskap sem hagar sér með þeim hætti gagnvart forustumönnum í verkalýðshreyfingunni innan síns flokks. Ég get sagt fyrir mitt leyti að ég var á sínum tíma í forustu verkalýðshreyfingarinnar og var í Sjálfstfl. og tók þátt í honum. Að svona hlutir gætu gerst hefði okkur aldrei órað fyrir í þeim ágæta flokki. Þetta er einhver harðasti dómur um flokksleg afskipti af verkalýðsmálum sem ég hef heyrt. (Gripið fram í.) Já, ég skil vel að nú líður kratanum, hv. þm. Karvel Pálmasyni, vel því að ekki er samkomulag alltaf gott á milli alþýðubandalagsmanna og alþýðuflokksmanna í verkalýðshreyfingunni. Það þekkjum við. Það er von að það kæti hann, hv. þm. og verkalýðssinnann í Alþfl., þegar hann veit að þrengt er að félögum hans, verkalýðsfélögum þó að það séu ekki flokksfélagar, með þeim hætti sem Ragnar Stefánsson, forustumaður í Alþb., lýsir, hvernig komið er fram við forustumenn verkalýðshreyfingarinnar innan Alþb. Ég harma að sjálfsögðu að stjórnmálaflokkur skuli með þessum hætti þjarma að sínum verkalýðsforingjum eins og Ragnar Stefánsson lýsir að gert er af hálfu alþýðubandalagsmanna, þ.e. stjórnmálaforustu flokksins. Þessi lýsing er einsdæmi um vinnubrögð í pólitískum flokki og nú eru það ekki pólitískir andstæðingar sem eru að reyna að lýsa því, enda þekkja þeir ekki til hlutanna með sama hætti og þeir sjálfir innan síns eigin flokks.

Það er einn kafli annar í grein Ragnars Stefánssonar sem nauðsynlegt er að hv. þm., sérstaklega þingmenn Alþb., hugi vel að áður en til atkvæða kemur um þessi bráðabirgðalög. Það er kafli sem ég mun hafa sem lokakafla í mínum tilvitnunum í títtnefnda grein í Þjóðviljanum. Með leyfi forseta ætla ég að lesa það. Þar segir Ragnar Stefánsson á þessa leið:

„Í nýlegri stjórnarmyndun Alþb. með meiri hluta síðustu ríkisstjórnar vottar ekki einu sinni fyrir sóknarfærum eða því að Alþb. sé að koma einhverjum mikilvægum málum í gegn. Helst virðist það vera hugsunin að hægt verði með stjórnarmyndun að hægja á auðvaldssóknninni, eins og t.d. í sambandi við nýja námsskrá fyrir skóla, og svo í því að rétta einhverjum atvinnurekendum einhvern aur svo að vinnufólkinu hjá þeim auðnist að halda vinnunni. Þetta er nú öll reisnin. Hins vegar er tekið af

snöfurleik þátt í að ráðast á kauptaxta verkalýðshreyfingarinnar, sem allir vita að verður fyrst og fremst til að lækka laun hinna lægst launuðu. Margt vinstra fólk og sósíalistar stendur agndofa frammi fyrir þessu og segir: Hvað hefur eiginlega gerst? Ég hef líka spurt sjálfan mig", segir Ragnar Stefánsson, „þeirrar spurningar og svar mitt er eftirfarandi: Alþb. er ekki lengur flokkur af stétt venjulegs launafólks."

Þar höfum við það. Þetta er harður dómur. Þetta eru þeirra eigin orð. Þetta eru ekki einhverjir vondir íhaldsmenn úr Sjálfstfl. eða einhverjir pólitískir andstæðingar. Þetta eru þeirra eigin menn.

Að lokum segir Ragnar í einni setningu, með leyfi forseta: „Stjórnin er þegar búin að gera þá árás á verkalýðsstéttina sem aldrei verður tekin til baka."

Mér hefur verið tíðrætt um álit alþýðubandalagsmanns á pólitískri afstöðu forustumanns þess flokks til verkalýðshreyfingarinnar. Ég held að það sé nauðsynlegt fyrir hv. þm. og þingheim að vita þetta. Mér leikur grunur á að hv. þm. hafi ekki lesið Þjóðviljann jafnvel og ég gerði þennan dag. Þetta hlýtur að hjálpa samvisku þingmanna í hv. Ed. að gera upp sinn hug þegar kemur að því að fjalla um þetta frv. og fella það.

Þá er annar þáttur í sambandi við þetta frv. sem hlýtur að vekja furðu manna og ég hlýt að beina máli mínu þá til hv. þm. Karvels Pálmasonar sem er einn af þeim forustumönnum sem hafa verið kosnir til hvað mestra mannvirðinga innan verkalýðshreyfingarinnar, alla vega þeirra sem núna eiga sæti á Alþingi Íslendinga. Það er hvernig gengið er freklega á samningsréttinn hvað varðar lög um Atvinnuleysistryggingasjóð. Það vita allir hv. þm. að atvinnuleysistryggingar urðu til með samningum milli verkalýðshreyfingarinnar og vinnuveitenda annars vegar og ríkisvaldsins hins vegar árið 1955 þannig að það var löghelgaður réttur sem verkalýðshreyfingin öðlaðist með þessu. Með lögum ætlar ríkisvaldið í skjóli mjög naums meiri hluta á hv. Alþingi að grípa freklega inn í þennan rétt með þeim hætti að færa til hundruð milljóna úr Atvinnuleysistryggingasjóði til Atvinnutryggingarsjóðs þar sem því fé verður úthlutað að geðþótta þeirra sem stjórna þeim sjóði. Það er einsdæmi svo að ekki sé meira sagt ef verkalýðshreyfingin og ábyrgðarmenn verkalýðshreyfingarinnar sem sæti eiga á Alþingi ætla að láta það yfir sig ganga með þeim hætti að greiða því atkvæði á hv. þingi að skerða þennan lögskipaða rétt. Ég trúi því ekki að óreyndu að hv. þm. Karvel Pálmason láti hafa sig til þeirra verka.

Forseti ASÍ og fleiri aðilar hafa mótmælt harðlega að þetta gerist með þeim hætti sem frv. gerir ráð fyrir. Í þessu felst auðvitað fordæmi sem er svo ólýðræðislegt sem frekast getur verið og ég segi bara fyrir mitt leyti að ég vara hv. þm. við því að ráðast gegn verkalýðshreyfingunni með þeim hætti sem þarna er gert og spyr: Hvernig getur verkalýðurinn treyst því að gerðir samningar við handhafa ríkisvaldsins eða löggjafarvaldið geti staðist ef hv. þm. að geðþótta við myndun einnar ríkisstjórnar grípa þannig inn í löghelgaðan samningsrétt verkalýðshreyfingarinnar? Ég vara alvarlega við slíkum vinnubrögðum.

Að lokum vil ég segja það í sambandi við þáttinn sem lýtur að verkalýðshreyfingunni að á sínum tíma sagði fyrrv. forseti Alþýðusambandsins, Björn Jónsson, eitthvað á þessa leið, þegar hann stóð frammi fyrir því samviskuspursmáli hvað hann ætti að gera í sambandi við erfið úrlausnarefni sem sneru að verkalýðshreyfingunni og að honum sem stjórnmálamanni er hann átti sæti á Alþingi Íslendinga: „Ríkisstjórnir koma og fara og falla eins og strá fyrir vindi." Síðan féll stjórn Ólafs Jóhannessonar. Það var ríkisstjórnin sem sat hér á árunum 1971–1974. Þess vegna vil ég bæta þessu við til áminningar fyrir hv. þm. Það getur vel verið að það sé í tísku hjá ýmsum stjórnmálamönnum að halda að þeir geti fótumtroðið verkalýðshreyfinguna. En ég vara þá menn við slíkum hugsunarhætti því að verkalýðshreyfingin mun standa hvað sem líður stjórnmálamönnum. Það eru stjórnmálamenn sem falla eins og strá fyrir vindi ef þeir ganga of nærri rétti launafólks með þeim hætti sem allt of oft á sér stað af hálfu íslenskra stjórnmálamanna. Það er mál að linni í þeim efnum og ég held að íslenskir stjórnmálamenn og hv. þm. ættu að fara varlega í þeim efnum að troða á samningsrétti og stöðu íslenskrar verkalýðshreyfingar. Ég tel mig hafa fullan rétt á að segja þetta með tilliti til þess að ég hef áratuga reynslu á sviði verkalýðsmála. Því miður tók ég einu sinni afstöðu gegn verkalýðshreyfingunni í veigamiklu máli í hv. Alþingi. Eftir á sá ég að sú afstaða var röng. Það er mjög hættulegt fyrir lýðræðið ef stjórnmálaflokkarnir og valdaklíkur flokkanna ætla að notfæra sér þann meiri hluta sem þeir hafa á Alþingi á hverjum tíma til að fótumtroða gerða samninga. Það er grundvallaratriði að þrískipting valdsins í þjóðfélaginu sé virt með tilliti til þess að verkalýðshreyfingin og samtök vinnuveitenda geti treyst því að gerðir samningar og lög þeim tengd standist.

Ég skal, herra forseti, ekki vera langorðari um frv. á þessu stigi, en vil segja að lokum að ég tel að þetta frv. um efnahagsaðgerðir sé ófullnægjandi. Það jaðrar við og það raunverulega meira en jaðrar við, og ég vísa til þess sem fagmaðurinn sagði í þeirri grein sem ég las upp áðan, að þessi gjörð öll sé ólögleg. Hún er ólýðræðisleg og ef hún verður framkvæmd með þeim hætti sem stuðningsmenn hæstv. ríkisstjórnar stefna að þá leysir hún ekki vanda útflutningsatvinnuveganna. Þessi lög munu ekki leysa vanda íslenskra atvinnuvega, því fer fjarri. Í þessum aðgerðum felst ekki varanleg bót. Það eina sem dugar við lausn þeirra erfiðu vandamála sem þjóðin á við að glíma, í sambandi við atvinnu- og útflutningsmál, er að jafnvægi komist á í gengismálum. Það jafnvægi verður að skapast og vera á grundvelli eðlilegrar rekstrarstöðu helstu útflutningsgreina, eða þeirra greina sem byggja afkomu sína á viðskiptum við útlönd. Og það er

fleira heldur en útflutningur á sjávarvörum. Ég nefndi hér áðan ferðamálaiðnað, útflutning iðnaðarvöru o.fl.

Skilningur er hjá þjóðinni fyrir því að þörf sé leiðréttinga á stöðu útflutningsatvinnuveganna. Það er hörmulegt að hæstv. ríkisstjórn skuli hafa valið þá leið sem frv. um efnahagsaðgerðir felur í sér vegna þess að þetta er bráðabirgðaleið sem mun ekki skila þjóðinni æskilegum árangri. Frv. snýst um millifærslur sem eru óheilbrigðar, ranglátar, ólýðræðislegar og brjóta í bága við öll þau atriði sem lúta að jafnrétti þegnanna. Í þessum lögum eru verðbætur sem jafnvel þeir aðilar hafa mótmælt sem eiga að njóta þeirra. Í frv. felst alvarleg tekjuskerðing. Með lögunum er verið að afnema samningsrétt og fleira þessu líkt. Að minni hyggju er fátt eða ekkert jákvætt í sambandi við frv. og æskilegt væri og nauðsynlegt að það verði fellt hér í meðförum á Alþingi þannig að hæstv. ríkisstjórn geti komið með úrræði sem duga, en ekki þetta hálfkák.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Í sambandi við bráðabirgðalög ríkisstjórnarinnar er kannski rétt að velta því fyrir sér að það er eitthvert ólán okkar Íslendinga að nánast allar efnahagsráðstafanir eru gerðar með bráðabirgðalögum. Það er eins og öll stjórnun efnahagsmála á Íslandi fari fram á þann hátt að ríkisstjórnir, í miklu bráðræði með allt í kaldakoli í kringum sig, setja bráðabirgðalög. En sjaldnast gefast tækifæri til þess á hinu háa Alþingi að ræða ástand mála í ró og næði og komast að skynsamlegri niðurstöðu með eðlilegri lagasetningu. Þetta ástand hefur varað hér um árabil, þ.e. að nánast öll stjórnun efnahagsmála fer fram með þessum hætti. Það er mjög miður að svona skuli vera komið fyrir okkur. Ég vil í þessu sambandi vekja athygli á því að í nágrannalöndunum er ekki gripið til bráðabirgðalagasetningar nema í einstaka tilvikum þegar nánast er ekki um aðrar leiðir að ræða. En ég held að nágrannaþjóðir okkar noti sér þessar heimildir miklu, miklu sjaldnar en við gerum.

Segja má að bráðabirgðalögin sem hér liggja fyrir hv. Ed. séu kjarni þess stjórnarsáttmála sem gerður var við stjórnarmyndunina í septembermánuði sl. og má líta á efnisinnihald bráðabirgðalaganna sem aðalatriði þeirra aðgerða og þeirra hugmynda sem stjórnarflokkarnir komu sér saman um.

Borgfl. dróst skamma stund inn í þessar stjórnarmyndunarviðræður á sínum tíma. Það gerðist með þeim hætti að hæstv. forsrh. notfærði sér þegar Alþb. brá á leik og hélt til fundar, og voru þar af leiðandi ekki viðstaddir stjórnarmyndunina, að þá stalst hann til þess að boða fulltrúa Borgfl. til viðræðna til þess að hlýða okkur yfir og segja okkur frá því hvað væri að gerast. Ég hef tíundað þetta þannig að Alþb. tók þátt í stjórnarmyndunarviðræðunum í eina sjö daga og sjö nætur, en fulltrúar Borgfl. tóku þátt í þessum stjórnarmyndunarviðræðum í sjö klukkutíma. Í sjö klukkutíma samfellt þjörkuðum við, fulltrúar Borgaraflokksins, í þessum stjórnarmyndunarviðræðum um atriði sem snerta hag fólksins í landinu. Um atriði sem skipta máli fyrir lágtekjufólkið í landinu, um ýmis atriði sem skipta afkomu okkar allra máli.

Í sjö daga og sjö nætur virðist mér að fulltrúar Alþb. hafi hins vegar talað um allt annað, hluti sem varða launafólkið í landinu engu og skipta nánast engu máli fyrir afkomu og hag fólksins sem hér býr. Þeir körpuðu og eyddu ómældum tíma í að fjalla um það að ekki mættu fara fram neinar hernaðarframkvæmdir á vegum varnarliðsins hér á landi. Eins og öllum er kunnugt endaði það þannig að ekki skyldu settar í gang neinar nýjar hernaðarframkvæmdir á þessu kjörtímabili. Þetta skiptir nánast engu máli vegna þess að varnarliðsframkvæmdirnar sem nú eru í gangi og halda áfram eru svo umfangsmiklar að þeim verður hvergi nærri lokið fyrir lok þessa kjörtímabils. Þannig var þetta hlutur sem skipti nánast engu máli í þessu samhengi. Annað sem Alþb. lagði líka áherslu á í stjórnarmyndunarviðræðunum var að fá með öllum ráðum stöðvað þær hugmyndir að álverið í Straumsvík yrði stækkað. Það tókst að vísu ekki nema til hálfs því að það er óljóst í stjórnarsáttmálanum hvernig á því máli skuli gripið. Ég nefni þetta tvennt sem dæmi til þess að sýna ljóslega hver afstöðumunurinn er milli þessara tveggjaflokka.

Við lögðum á það mikla áherslu, þegar við tókum þátt í viðræðunum þessa sjö klukkutíma aðfaranótt sunnudags, einhverja síðustu dagana í september, að kjarasamningar og skerðing þeirra á þann hátt sem reyndin er orðin, þ.e. að laun skulu fryst til 15. febr., væri ekki með neinu móti ásættanleg nema launþegar fengju eitthvað í staðinn. Við kröfðumst þess að á móti fengju launþegar matarskattinn að verulegu leyti felldan niður ef ekki alveg. Aðeins með þeim hætti töldum við að hægt væri fyrir launþegahreyfinguna í landinu að fallast á að laun yrðu fryst með þessum hætti. En án þess að launþegar fengju neitt í staðinn, eins og nú virðist vera reyndin, er ekki með nokkru móti hægt að sætta sig við þá kjaraskerðingu sem það ákvæði í bráðabirgðalögunum, að laun verði fryst til 15. febr., gerir að verkum.

Það er með ólíkindum hvað viðbrögð verkalýðshreyfingarinnar hafa verið máttlaus við þessari kjaraskerðingu og vakna upp ýmsar spurningar í því sambandi. En ég spái því að þegar verðstöðvunartímabilinu lýkur og launasamningar verða aftur frjálsir, þá verði hér mikil ketilsprenging þannig að verðlag mun stefna nánast lóðrétt upp til himinsins á nýjan leik. Verðbólgan kemst á fullt skrið aftur og fróðlegt verður að sjá hvernig stjórnun efnahagsmála fer þá fram. Ef ríkisstjórnin lifir þær hremmingar af, sem ég tel nú harla ólíklegt, er alveg ljóst að næsta ríkisstjórn mun enn á ný þurfa að grípa til einhvers konar bráðabirgðalaga næsta sumar til að reyna að lappa upp á ástandið eins og það verður þá orðið.

Í þessu sambandi ræddum við mikið um svokallaða lánskjaravísitölu og áhrif hennar á verðlag. Ég fer ekkert í launkofa með að það er skoðun okkar í Borgfl. að lánskjaravísitalan sé einn af hinum ýmsu verðbólguvöldum sem eru í efnahagskerfinu. Lánskjaravísitalan skrúfar upp verðlag með þeirri sjálfvirku tengingu sem er milli fjárskuldbindinga og lánskjaravísitölu, sem sjálfsagt og eðlilega skilar sér beint út í verðlagið hjá öllum þeim fyrirtækjum sem þurfa að búa í slíku efnahagslegu umhverfi. Þess vegna töldum við alveg nauðsynlegt að aftengja lánskjaravísitöluna við lok verðstöðvunartímabilsins til þess að verðstöðvunin endi ekki með þeirri ketilsprengingu sem ég hef hér verið að spá fyrir um.

Í sjálfu sér gátum við fallist á ýmsar þær hugmyndir og tillögur sem voru til viðræðu í stjórnarmyndunarkabarettinum sem fór fram hér í septembermánuði. Það var alveg ljóst að útflutningsatvinnuvegirnir voru þá nánast komnir í þrot og það varð eitthvað að gera. Hins vegar get ég tekið undir það með síðasta ræðumanni, hv. 14. þm. Reykv., að það var orðið það stutt þangað til Alþingi kæmi saman að eflaust var vel hægt að bíða með að gera ýmsar þær ráðstafanir sem lagðar eru til í bráðabirgðalögunum og leggja þær þá frekar fyrir Alþingi með venjulegum hætti.

Atvinnutryggingarsjóðurinn er kannski aðalmál þessara bráðabirgðalaga fyrir utan kjaraskerðinguna og langar mig til að staldra aðeins við hann. Það sem við höfum fyrst og fremst við hann að athuga er sú mismunun sem kemur fram með Atvinnutryggingarsjóðnum, þ.e. hvaða atvinnugreinar eiga að fá aðstoð. Hér er skýlaust lagt til að aðeins sé um að ræða að veita aðstoð útflutningsatvinnugreinunum, þ.e. hinum hefðbundnu útflutningsatvinnugreinum sem eru í sjáavarútvegi, en iðnaður og sérstaklega samkeppnisiðnaður eru alveg skildir eftir útundan. Hún er afar einkennileg þessi afstaða ráðamanna til atvinnulífsins að iðnaðurinn og þá sérstaklega samkeppnisiðnaðurinn getur yfirleitt fengið að eiga sig. Hann má fara lönd og leið í huga þeirra sem hér fara með völd, bara ef við getum haldið lífi í fiskvinnslunni og sjávarútveginum. Auðvitað verður að halda lífi í fiskvinnslu og sjávarútvegi, það vitum við öll því að þetta er undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar. En hins vegar er sá vaxtarbroddur sem er í íslensku atvinnulífi ekki þar. Hann er fyrst og fremst í sambandi við ýmsar hugmyndir duglegra athafnamanna í iðnaði og í samkeppnisiðnaði. Það hefði ekki verið úr vegi að reyna að nota nú tækifærið og styrkja t.d. athafnamenn til dáða í útflutningi á iðnvarningi. En því miður virðist stefna í að iðnaður á Íslandi muni brátt leggjast af því mér heyrist skoðun ráðamanna vera sú að það sé í raun og veru allt í lagi þó að hér sé enginn iðnaður. Það er engu líkara þegar núverandi valdhafar ræða um málefni iðnaðarins sín á milli en að afstaða þeirra sé eitthvað með þessum hætti: Þetta eru einhverjir menn úti í bæ sem eru að reyna að burðast við að framleiða eitthvað. Þeir eru alltaf síkvartandi yfir því hvað rekstrarskilyrði séu óhagstæð, hvað vextirnir séu háir. Er ekki best að þeir hætti þessu einfaldlega og gerist almennir launþegar, leggi launin sín inn á banka og fái heldur vexti? Því að út á það virðist allt ganga, það er að fá nógu mikla vexti fyrir peninga sem eru geymdir í bönkum og hjá þessum nýju verðbréfasjóðum.

Þá eru ýmis atriði í þessum lögum sem vert er að fara betur inn á svo að ég haldi áfram með sjálfan Atvinnutryggingarsjóðinn. Ég vil taka undir með hv. síðasta ræðumanni með þá gagnrýni hvers vegna þurfti að stofna alveg nýjan sjóð til þess að veita fjármagni til atvinnuveganna. Ég var á sínum tíma ekkert sérlega hrifinn af því þegar Byggðastofnun var komið á fót og taldi hægt að leysa vandamál landsbyggðarinnar og atvinnuveganna með ýmsum öðrum hætti. En nú er Byggðastofnun orðin staðreynd og hún hefur komið sér upp ágætu starfsliði og fylgist mjög vel með atvinnufyrirtækjum víðs vegar um landið. Væri ekki miklu, miklu einfaldara að veita þessum fjármunum beint til Byggðastofnunar og fela henni að annast þá millifærslu sem hér er verið að stefna að?

Það vakna upp ýmsar spurningar í sambandi við þá skuldbreytingu sem Atvinnutryggingarsjóður á að gangast fyrir. Þar er talað um að sjóðnum verði heimilt að taka við skuldabréfum fyrirtækja og í staðinn láta lánastofnunum þeirra í té skuldabréf sem sjóðurinn ábyrgist. Ég hef spurt sjálfan mig hvernig þetta geti gengið fyrir sig. Atvinnutryggingarsjóðurinn tekur væntanlega við skuldabréfum frá fyrirtækjum sem eru orðin svo illa stödd fjárhagslega að engin lánastofnun mundi láta sér detta til hugar að taka við slíkum skuldabréfum. Það hlýtur því að vera um að ræða algjörlega ónýtan pappír sem verða skuldabréf þeirra fyrirtækja sem fá skuldbreytingu með þessum hætti. Hins vegar á svo Atvinnutryggingarsjóðurinn að afhenda viðkomandi lánastofnun ný skuldabréf sem sjóðurinn sjálfur gefur út og á að bera ábyrgð á greiðslu þeirra með eignum sínum. En hvaða eignir á Atvinnutryggingarsjóðurinn? Hann fær að vísu verulega fjármuni til ráðstöfunar, en ég fæ ekki betur séð en allir þeir fjármunir séu í útlánum þannig að sjóðurinn á raunverulega ekkert nema útistandandi skuldir. Og þannig vaknar spurning: Eru þessi skuldabréf sjóðsins þess virði að lánastofnanir muni almennt vera ákafar í að fá þau og taka við þeim?

Verðjöfnunarsjóður er efldur með nýrri lántöku og allt byggist þetta að sjálfsögðu á auknum erlendum lánum og auknum viðskiptahalla. Við lögðum til á sínum tíma í kosningastefnuskrá Borgfl. að í stað þess að vera með verðjöfnunarsjóð í sjávarútvegi væri miklu nær að gefa fyrirtækjum í sjávarútvegi kost á því að mynda sveiflujöfnunarsjóði. Annaðhvort gætu fyrirtæki slegið sér saman um að mynda slíka sjóði eða gert það ein og sér. Ég minnist þess að í kosningabaráttunni var ég staddur á Ísafirði þar sem við ræddum um framlag og greiðslur fiskvinnslufyrirtækja á Ísafirði í Verð-

jöfnunarsjóð sjávarútvegsins. Þá kom það fram að frá Vestfjörðum höfðu runnið, að mig minnir, á milli 300 og 400 millj. í Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, peningar sem höfðu runnið frá atvinnufyrirtækjum á Vestfjörðum suður til Reykjavíkur í Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins til ráðstöfunar þar. Þessari miðstýringu í íslensku atvinnulífi er mjög vel lýst með öllum þeim aðgerðum sem hér eru lagðar til, en það er einmitt að safna öllum peningunum í sjóði hér í Reykjavík og skammta þá síðan út um landið eftir að stjórn og ráðamenn, sem eru allir hér fyrir sunnan, hafa vegið og metið stöðuna. Hvar eigi nú að hjálpa og hvar eigi að koma þessum peningum fyrir, hvar eigi að veita aðstoðina, í stað þess að láta þessa sjóði myndast í byggðarlögunum sjálfum og láta síðan heimamönnum eftir að ráðstafa þessum fjármunum beint þar sem þeir hljóta að geta fylgst miklu betur með því hvernig á að verja þessum fjármunum þannig að þeir skili sem mestum árangri. Það hefði verið einhver munur til dæmis fyrir Vestfirðinga ef þessar 300–400 millj., sem voru greiddar suður til verðjöfnunarsjóðs, hefðu orðið eftir í bankakerfinu á Vestfjörðum og hægt hefði verið að lána þessa peninga eða veita þeim beint út í atvinnulífið á Vestfjörðum. (**Gripið fram í:** Eru þeir með sérstakt bankakerfi á Vestfjörðum?) Ja, það er önnur sorgarsaga, hv. þm., að íslenska bankakerfið er með þeim hætti að því er líka miðstýrt héðan úr Reykjavík. Bankarnir úti á landi hafa engin völd, enda skilst mér að þetta virki með þeim hætti að bankastjórarnir í hinum ýmsu útibúum ríkisbankanna verði að hringja suður og fá heimildir ef á að lána einhverjar upphæðir sem eru yfir 10–15 þús. kr. eða svo. Ég veit ekki hvað upphæðin er há núna, en hún er ekki mjög há.

Örfá orð um vextina. Í sjálfu sér getum við fallist á að það verði að grípa til einhverra leiða til að lækka vexti í landinu því það er alveg ljóst að atvinnulífið hér getur ekki staðið undir því vaxtaokri sem hér hefur viðgengist upp á síðkastið. Það er að sjálfsögðu ekki alveg sama hvernig að því er farið, en ég vildi varpa því til hæstv. forsrh. að hann geri okkur grein fyrir því á eftir hvernig gengur að lækka vextina því mér skilst að það eigi fyrst og fremst að gerast með þeim hætti að Seðlabankinn í beinum samningum við viðskiptabankana hlutist til um að þeir lækki vexti. Væri gaman að fá stutta skýrslu um hvernig það mál stendur, hvernig hefur gengið að fá þessa ágætu viðskiptabanka og peningastofnanir til þess að lækka vextina. Það er mikið áhyggjuefni og væri efni í aðra umræðu hér hve vaxtamunurinn í bankakerfinu er mikill, þ.e. hvað bankakerfið er dýrt. Spurningin er hvort þar væri ekki hægt að grípa niður einmitt til þess að fá vextina lækkaða, þ.e. að gera bankakerfið hagkvæmara og koma á einhverri raunhæfri samkeppni í bankakerfinu til að minnka þennan vaxtamun.

Að lokum þetta: Ef fer sem fer held ég að ég vilji ítreka að með þeim aðgerðum sem hér hafa verið lagðar til er óhjákvæmilegt að verðbólgan mun geysast áfram af fullum krafti einhvern tímann á útmánuðum þegar verðstöðvunartímabilinu er lokið og kjarasamningar eru komnir af stað aftur. Það er ekki nokkur vafi á að launþegar munu reyna að sækja rétt sinn á nýjan leik þegar frystingu launa er lokið og samningar verða á ný lausir því þeir eiga svo sannarlega rétt á því að fá að einhverju leyti bætta þá kaupmáttarskerðingu sem þeir hafa orðið fyrir. Þeir hafa nákvæmlega ekkert fengið í staðinn fyrir að taka það á sig að kaupmáttur launa hefur verið minnkaður og þessa launafrystingu sem hér er lögbundin. Þeir hafa ekkert fengið í staðinn. Það var þó lágmark að okkar viti að það hefði verið komið til móts við launþega með því t.d., eins og við lögðum til, að lækka matarskattinn. Þess vegna leyfi ég mér á þessari stundu að spá því að það verði erfitt ástandið hjá okkur á útmánuðum.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til l. um staðfestingu á bráðabirgðalögum um fyrstu efnahagsaðgerðir þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr og hefur nú senn verið til í einn mánuð, sem hefur verið býsna viðburðaríkur tími út af fyrir sig þó hann hafi kannski ekki sætt eins miklum tíðindum alltaf og síðustu dagar fráfarandi ríkisstjórnar.

Það sem var ljóst þegar ríkisstjórnin tók við var þetta:

1. Atvinnulífið var að stöðvast. Fyrirtækjum víðs vegar um landið hafði verið lokað og gjaldþrot voru fleiri en nokkru sinni fyrr.

2. Það var ljóst og hefur verið að skýrast síðustu daga og mun skýrast enn betur næstu daga að ríkissjóður var rekinn með stórkostlegum halla á þessu ári þrátt fyrir mikla tekjuöflun í upphafi árs, m.a. vegna þess að samdráttur hafði orðið í efnahagslífinu að öðru leyti.

3. Það var ljóst að heimilin áttu af fyrrgreindum ástæðum og einnig öðrum við sérstakan vanda að etja og þegar menn spyrja svo að því: Af hverju stafar þessi vandi? Hvernig stendur á því að fyrirtækin, ríkissjóður og heimilin áttu við þennan vanda að stríða þrátt fyrir eitthvert mesta góðæri sem yfir þessa þjóð hefur gengið á undanförnum árum? þá hygg ég að svarið við því sé tvíþætt: Í fyrsta lagi tel ég að svarið sé að vextirnir, fjármagnskostnaðurinn, tóku allt of mikið til sín frá atvinnulífinu og frá heimilunum. Ég hygg að það sé ekki hægt að mæla því mót að sú ákvörðun sem tekin var, ég hygg á árinu 1984 eða 1985, um að hleypa vöxtunum svo að segja lausum hafi reynst mistök og þjóðarbúinu ákaflega dýr, sérstaklega undirstöðuatvinnuvegunum, sjávarútveginum alveg sérstaklega sem verður að treysta á lánsfé að verulegu leyti til síns rekstrar. Hin ástæðan fyrir þeim vanda sem ríkissjóður, fyrirtækin og heimilin áttu við að glíma liggur hins vegar í öðru: í raun og veru í stjórnleysi. Fráfarandi ríkisstjórn auðnaðist ekki að taka utan um heildarvandann í efnahagsmálum. Menn hafa skipst á skoðunum um það, sem áttu aðild að þeirri stjórn,

hverjum þar hafi verið um að kenna. Ég hygg að það sé í raun og veru ákaflega ófrjó og gagnslítil umræða því mér heyrist að í grundvallaratriðum séu allir sammála um að ríkisstjórninni hafi ekki tekist sem skyldi að ná utan um vandann. Þetta held ég að séu meginástæðurnar fyrir þeim vandamálum sem við blöstu þegar síðasta ríkisstjórn fór frá og núverandi ríkisstjórn tók við.

Þegar stjórnin tekur við er um þessi verkefni að ræða og þetta er það fyrsta sem hún gerir: Hún setur þessi bráðabirgðalög. Það sem mönnum hefur orðið tíðrætt um í þessu sambandi varðandi afstöðu Alþb. eru sérstaklega samningsréttarmálin og kjaramálin. Um það er það að segja: Það var og er okkar skoðun í Alþb. að hér sé um að ræða grundvallaratriði og að það hefði verið skynsamlegra að reyna að taka á þessum hlutum öðruvísi. Samkomulag varð hins vegar um þetta eins og það birtist í þessum pappírum, þessu frv., þar sem er m.a. gert ráð fyrir því að samningsskerðingartíminn er styttur og einnig kaupbreytingartíminn sem gert var ráð fyrir í hinum upphaflegu bráðabirgðalögum fráfarandi ríkisstjórnar. Þess vegna er alveg ljóst að þetta frv. út af fyrir sig kemur til móts við þau sjónarmið sem við höfum haft í þessum efnum og hv. 14. þm. Reykv. m.a. gerði grein fyrir áðan. Út af fyrir sig hygg ég að það hljóti að vera erfitt, bæði fyrir hann og fyrir mig og aðra slíka, að segja að hérna sé ekki um neinn árangur að ræða út frá hinum almennu baráttusjónarmiðum verkalýðshreyfingarinnar í landinu.

Í öðru lagi benti hv. 14. þm. Reykv. á það, sem er mikilsvert þegar hann vitnaði í grein eftir Ragnar Stefánsson jarðskjálftafræðing, flokksbróður minn, þar sem það kom fram að fjöldi vinstri manna í landinu vildi að vinstri stjórn yrði til og að flokkurinn færi í ríkisstjórn. Það er alveg hárrétt. Þessi þrýstingur var alveg augljós og hann kom fram t.d. í skoðanakönnunum fyrstu sólarhringana eftir að stjórnin var mynduð. Auðvitað er það svo, eins og hv. 14. þm. Reykv. veit og allir þingmenn, að slík alemnn viðhorf, slík almenn hreyfing, hafa auðvitað áhrif á úrslitaákvörðun flokka um hvort þeir ganga til myndunar ríkisstjórnar eða ekki. Mér er engin launung á því að þessi víðtæka hreyfing hafði a.m.k. áhrif á mig og minn flokk hygg ég allan í þessu sambandi. Hitt er svo alveg ljóst og það viðurkenni ég fúslega: Það er ekki auðvelt fyrir verkalýðsflokk eða vinstri flokk að taka þátt í stjórnarsamstarfi við þær aðstæður sem nú er við að glíma í íslenska þjóðfélaginu. Það er um að ræða veruleg efnahagsleg vandamál í atvinnulífinu og það verður að vera fyrsta verkefni stjórnarinnar að taka á þeim vandamálum. Það er grundvallaratriði.

Ég vil líka segja það hér eins og ég hef iðulega sagt áður: Það er lítið gagn að verkalýðsflokki fyrir verkalýðinn í landinu nema þessi sami verkalýðsflokkur þori að takast á við vandamálin. Félagslega sinnaður flokkur, verkalýðsflokkur, sem flýr af hólmi þegar vandamálin koma upp er einskis virði fyrir hið vinnandi fólk í landinu. Það er meginmál sem menn þurfa að hafa í huga og ég veit að margir hér gera.

Spurningin er svo líka um það, virðulegi forseti, hvað aðrir hefðu gert. Var það þannig að hv. þm. Sjálfstfl., Borgarafl. eða Kvennalistans væru með hugmyndir sem í grundvallaratriðum tækju allt öðruvísi á vandanum en hér er verið að ræða um? (**HBl:** Já.) Það er rangt, hv. þm. Halldór Blöndal. Sjálfstfl. gerði engar tillögur aðrar en þær að setja ríkissjóð enn frekar á hausinn. Það var í rauninni ekkert annað sem hann var uppi með. Síðan var hann að vísu með vissar tilfærsluhugmyndir í hagkerfinu, en ég ætla að koma að því nánar á eftir að hverju þær lutu.

Nei, staðreyndin er svo, virðulegi forseti, að í fyrsta lagi er okkur stuðningsmönnum þessarar stjórnar fullkomlega ljóst að hér er alls ekki um hinn endanlega fullkomleika að ræða. Okkur dettur ekki í hug að halda því fram. En ég bið aðra að líta í eigin barm og spyrja: Voru þeir með lykilinn að Paradís í höndunum og ef þeir voru það, af hverju var hann þá ekki notaður? Vegna þess að t.d. Sjálfstfl. hafði haft stjórnaraðstöðu í hálfan áratug til að nota þennan lykil, til að leysa vandann, en það tókst því miður ekki betur til en þetta, m.a. og fyrst og fremst vegna þess að menn voru haldnir af þessari frjálshyggjutrú, vextirnir, fjármagnið átti að fá að vera frjálst hvað sem öllu öðru liði. Það var vitlaust og það eru snillingar eins og hv. þm. Matthías Bjarnason að viðurkenna í dag og er hann maður að meiri fyrir vikið.

Það sem menn ræða um í sambandi við þessi margumtöluðu efnahagsvandamál, sem er alltaf verið að tala um í þinginu og hefur verið talað um hér eins lengi og ég man eftir mér og mikið lengur, er hvernig á að leysa þetta. Þar er í grundvallaratriðum um að ræða þrjár leiðir. Ein heitir millifærsla. Það er sú leið sem er farin hér. Það er tilfærsla á fjármunum. Það er rétt. Það er tilfærsla á fjármunum. Önnur heitir uppfærsla eða gengislækkun. Það er líka tilfærsla á fjármunum. Gerist hins vegar með allt öðrum hætti og kemur mikið verr við vinnandi fólk í landinu en millifærsluleiðin gerir. Síðan er það niðurfærsla sem er leið sem líka er hægt að fara en getur einnig komið mikið verr við launafólk en millifærslan í þessu formi gerir. Þess vegna held ég að ekki sé hægt að gagnrýna þessa leið út af fyrir sig bara vegna þess að þetta sé millifærsla á fjármunum. Það er auðvitað það sem pólitíkin gengur alltaf út á. Það er það sem hv. þm. sem hafa verið stuðningsmenn stjórna — mér liggur við að segja áratugum saman með nokkrum hléum — hafa alltaf verið að gera, færa til peninga. Spurningin er bara um á hvaða grundvelli það er gert og hvaða forsendur eru á bak við þær ráðstafanir.

Ég ætla ekki að skattyrðast við menn um einstök efnisatriði. Mér fannst t.d. það athyglisvert sem hv. þm. Júlíus Sólnes sagði um lánskjaravísitöluna. Ég bendi á að það hefur verið um það rætt á vegum núverandi ríkisstjórnar að á því máli verði tekið með

þeim hætti að hún verði tengd launum í auknum mæli. Ég segi hins vegar fyrir mitt leyti, herra forseti: Mér finnst þessi umræða um lánskjaravísitöluna oft hafa verið ákaflega ýkt. Lánskjaravísitalan, hvað er hún? Hún er hitamælir. Hún mælir í raun og veru það sjúkdómsstig þjóðfélagsins sem heitir verðbólga. Það verður að vera til svoleiðis mælir. Við læknum ekki sjúklingana með því að brjóta alla hitamæla í landinu eins og kunnugt er. Það verða að vera til einhverjir mælar. Þannig er það og það breytir engu þó að tölurnar séu svolítið mismunandi eftir því hvort við notum Fahrenheit eða Celsíus. Hvort tveggja er mælir, hvort tveggja er hiti. Ég held að menn þurfi að gera sér ljóst: Mælir hlýtur einhver að verða til, einnig í hagkerfinu. En það sem menn hafa verið að tala um í sambandi við lánskjaravísitöluna er aftur á móti að það væri æskilegt að ná því ástandi að hagkerfið væri með þeim hætti að það væri unnt að höggva á allar sjálfvirkar tengingar í hagkerfinu. Þar hafa menn verið að tala um sjálfvirkar tengingar launa við verðlagsþróun, sjálfvirkar tengingar verðlags við eitthvað annað, sjálfvirkar tengingar á höfuðstól skulda og sjálfvirkar tengingar í verksamningum svo aðalþættirnir séu nefndir. Þetta er auðvitað það sem Finnar stóðu frammi fyrir fyrir allmörgum árum, sem oft hefur verið vitnað til, og ákváðu að banna þessar sjálfvirku tengingar. Það gera þeir í raun og veru eftir að hagkerfið hefur gengið í gegnum ákveðna efnahagslega meðferð, en í rauninni er það einnig þannig hjá þeim eins og öllum að það eru til einhverjar vísitölur sem mæla þróunina. Þannig liggur það.

Það var einnig athyglisvert, fannst mér, sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson hafði eftir Sigurði Helgasyni, bæjarfógeta á Seyðisfirði. Ég verð satt að segja að draga í efa að þetta sé rétt sem Sigurður Helgason heldur fram að hérna sé mönnum mismunað og brotið á jafnræðisreglunni. Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson ber það aðallega fyrir sig að stjórnarandstaða hafi ekki tök á því að koma að málum með eðlilegum hætti. Það er misskilningur vegna þess, í fyrsta lagi, að það er stofnun sem heyrir undir Alþingi, þ.e. Ríkisendurskoðun, sem á að annast endurskoðun reikninga Atvinnutryggingarsjóðs og á að geta fylgst með öllum ákvörðunum þess sjóðs. Það grundvallaratriði þingræðisins liggur hér fyrir. Einnig er það þannig að Byggðastofnun kemur nokkuð við sögu varðandi meðferð þessara mála eins og kunnugt er, bæði af reglugerð með þessum lögum og af lögunum sjálfum.

Ég tel því út af fyrir sig að sæmilega sé fyrir þessum hlutum séð, en ég segi: Ég tel athugasemdir hv. 14. þm. Reykv. í þessu sambandi langt frá því að vera óeðlilegar. Ég tel að þær séu að mörgu leyti réttmætar miðað við það hvað hér er um mikla hagsmuni að tefla og leggur auðvitað áherslu um leið á það grundvallaratriði að vel verði farið með það vald sem mönnum er fært á grundvelli þessara bráðabirgðalaga, þannig að ég tók vel eftir þessu sem hv. 14. þm. Reykv. sagði og vil nefna það sérstaklega. Sömuleiðis það sem hann nefndi varðandi 24. gr. sem lýtur að vissum heimildum fyrir fjmrh. Ég segi: Auðvitað hlýtur hæstv. fjmrh. að setja almennar reglur í þessu efni og ekkert annað. Og það er auðvitað eins með þennan Atvinnutryggingarsjóð. Þar verða menn að setja almennar reglur. Það gengur ekki annað þegar um jafnmikla hagsmuni er að tefla. (**HBl:** Hefur verið gengið úr skugga um að það sé þingmeirihluti fyrir þeirri skipan Atvinnutryggingarsjóðs sem er í bráðabirgðalögunum eða er það bara svona ...) Alþingi er að fjalla um málið, hv. þm., og Alþingi hefur að sjálfsögðu fullt frelsi í þeim efnum eins og jafnan fyrr og ég veit að hv. þm. hefur ævinlega lagt á það ríka áherslu sem stuðningsmaður ríkisstjórnar síðustu fimm ár að alþingismenn gætu um frjálst höfuð strokið. (**HBl:** Er ekki fyrirmyndin sótt ... ?) Ég kannast ekki við það, hv. þm., hvert hún er sótt. Hins vegar hygg ég að verið gæti að í einu og einu tilviki á síðasta hálfum áratug eða svo hafi hann tekið eitt og annað upp eftir Estrup hinum danska sem hann sér nú kannski eftir, hv. þm., og hefði betur látið ógert á síðustu fimm árum. En það er svo annað mál. (**HBl:** Svo það hefur kannski verið gert núna ... ?) Ég kannast ekki við það, hv. þm. Annars væri það fróðlegt rannsóknarefni og við báðir sjálfsagt vel komnir í rannsóknum á þessu verkefni, jafnvel strax, ég tala nú ekki um þegar við eldumst og höfum öðlast enn meiri yfirsýn en við höfum nú þegar.

Varðandi málið að öðru leyti, herra forseti, vildi ég leggja áherslu á að tilgangurinn með þessum bráðabirgðalögum og þessum aðgerðum öllum er tvíþættur. Hann er í fyrsta lagi sá að verja atvinnustigið í landinu, hann er að tryggja launafólki réttinn til atvinnu, og í öðru lagi að ná niður verðbólgunni þannig að þar sé um að ræða viðráðanlegar tölur á þeim grundvelli að atvinnulífið hafi verið tryggt með sæmilegum hætti og að verðbólgunni hafi verið náð niður. Á þeim grundvelli er síðan unnt að gera sér vonir um að við náum hagkerfinu og þjóðarbúinu inn í betri efnahagslegar aðstæður í heild. Ég held að það sé mjög mikilvægt atriði, einnig frá sjónarmiði verkalýðshreyfingarinnar. Ég held að það sé öllum skiljanlegt að það er mjög erfitt fyrir verkalýðshreyfinguna að ná viðspyrnu til baráttu og átaka öðruvísi en að um sé að ræða sæmilega heilbrigt efnahagslíf. Ég held að þetta sé meginatriði sem menn þurfa að átta sig á.

Ég vil síðan segja þetta að lokum, herra forseti: Eins og staðan var var ekkert annað að gera. Og hvað sem menn segja hér um það að þeir gagnrýni þetta og séu á móti hinu þá er það nú einu sinni þannig að allt eru þetta reyndir stjórnmálamenn sem hér hafa talað og sitja hér í þessari virðulegu deild sem er nú betri deild hússins eins og kunnugt er. Menn vita hvernig verkin eru. Sum eru vond, sum eru erfið, önnur góð, en það var ekkert annað að gera. Þessi ríkisstjórn var mynduð á elleftu stundu eftir að önnur hafði gefist upp á verkunum.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Herra forseti. Ég hlýt að hefja mál mitt á því að gagnrýna þær aðferðir sem ríkisstjórnir virðast vera farnar að tileinka sér með þeim vinnuaðferðum sem birtast í að setja æ ofan í æ bráðabirgðalög. Síðustu ríkisstjórn lá mikið á að senda okkur þm. heim sl. vor og um leið og við vorum horfin úr þingsölum voru sett tvenn bráðabirgðalög og önnur í lok ágúst rétt áður en sú ríkisstjórn leið undir lok. Þetta þótti okkur þm. að vonum alls óviðunandi, hefðum að sjálfsögðu átt að fá tækifæri til að að sitja lengur fram á sumarið og taka afstöðu til þeirra mála sem svo mjög lá á að leysa. Til þess erum við kjörnir fulltrúar inn á Alþingi. Nú, með nýrri ríkisstjórn jafnréttis og félagshyggju, megum við enn búa við þau ólýðræðislegu vinnubrögð sem birtast í því að setja bráðabirgðalög svo skömmu fyrir þingsetningu sem raun ber vitni. Það hefði verið hæstv. ríkisstjórn í lófa lagið að boða til þings heldur fyrr en hefðin segir til um til þess að fjalla um þær alvarlegu horfur sem uppi eru í efnahags- og atvinnulífi þjóðarinnar. Það eru bæði ólýðræðisleg og óþingræðisleg vinnubrögð sem menn hafa hér gripið til.

Landsmenn allir og þá ekki síst þeir sem vinna við undirstöðuatvinnugreinarnar hafa búið við öryggisleysi vegna skammtímahugsunar stjórnvalda sem hefur viðgengist allt of lengi. Nú á milli þinga vor og haust á þessu ári hafa fjórum sinnum verið gefin út bráðabirgðalög sem öllum hefur verið ætlað að leysa bráðan vanda. Og hvar sér þess stað að lausn vandans sé í augsýn?

Við kvennalistakonur eins og flestir aðrir viðurkennum nauðsyn þess að grípa til aðgerða til að rétta við hag fyrirtækja, fyrst og fremst í útflutningsgreinum, en spurningin er auðvitað sú hvaða leið skal velja til þess að ná því marki. Hin nýja ríkisstjórn jafnréttis og félagshyggju hefur valið það sem einn lið í aðgerðum sínum að gera að engu helgasta rétt hvers vinnandi manns, réttinn til að semja um kjör sín sjálfur og réttinn til þess að neita að vinna náist samningar ekki. Ég vil ekki gera lítið úr réttinum til þess að hafa atvinnu, en allir vita til hvers það getur leitt ef samningsrétturinn er tekinn af fólki æ ofan í æ. Við kvennalistakonur höfnum því algerlega þessari leið og langar mig, með leyfi forseta, að lesa fyrir þm. ályktun samráðsfundar Kvennalistans sem haldinn var á Húsavík 7.–9. október þar sem efnahagsmál voru rædd. Þar segir:

„Samráðsfundur kvennalistakvenna víðs vegar af landinu haldinn á Húsavík 7.–9. október sl. ítrekar eindregna andstöðu Kvennalistans gegn árásum stjórnvalda á réttindi og kjör launafólks. Vandinn í íslensku efnahags- og atvinnulífi er ekki fólginn í of háum launatöxtum, heldur fyrst og fremst of miklum fjármagnskostnaði. Það er því forgangsatriði að ná tökum á þeim þætti efnahagslífsins.

Kvennalistinn leggur áherslu á að fá sundurgreinda úttekt á stöðu og rekstri útflutningsgreinanna og að aðgerðum verði hagað í samræmi við niðurstöður hennar. Íslenskt atvinnulíf líður að mörgu leyti fyrir ytri aðstæður, svo sem óhagstæða þróun gengis og verðlags á erlendum mörkuðum en einnig fyrir ábyrgðarleysi í rekstri, vanþekkingu og rangar áætlanir. Í þeim efnum sem mörgum öðrum er þörf fyrir breytt hugarfar, þar sem ábyrgð og virðing fyrir umhverfinu og sameiginlegum verðmætum okkar allra eru höfð í öndvegi."

Hv. 6. þm. Reykv., Guðrún Agnarsdóttir, gerði í síðustu viku ítarlega grein fyrir afstöðu okkar til launafrystingar og afnáms samningsréttar, en ég vil enn og aftur ítreka að við erum ekki einar á þessari skoðun því vart líður sá dagur að okkur sem og væntanlega öðrum hv. þm. berist ekki ályktanir og áskoranir frá verkalýðsfélögum víðs vegar um landið. Það er því að mínu mati ekki alls kostar rétt sem fram kom í máli hv. 7. þm. Reykn. hér fyrr í umræðunni að verkalýðshreyfingin sýndi enga viðspyrnu. En ég vil aðeins, með leyfi forseta, vitna til leiðara Þjóðviljans frá 15. sept. sl., en þar á bæ voru menn sömu skoðunar og við fyrir hálfum öðrum mánuði síðan. Í leiðara þessum segir m.a.:

„Samtök launamanna hafa keppst við að mótmæla áformum stjórnvalda um að meginuppistaðan í efnahagsráðstöfunum stjórnvalda verði að lækka laun. Þessi afdráttarlausa neitun og góða samstaða verkalýðssamtaka virðist hafa komið sumum á óvart. Það er engu líkara en einhverjir hafi í raun og veru talið það raunhæfan möguleika að unnt væri að fá forustumenn launamanna til að leggja á ráðin um það hvernig heppilegast væri að lækka launin.

Sl. mánudag efndu bæði ASÍ og BSRB til formannafunda. Skilaboð til stjórnvalda frá þeim fundi voru ákaflega skýr og einföld. Verkalaun almennra launamanna eru ekki orsök efnahagsvandans. Látið því launin í friði en snúið ykkur að því að skapa atvinnuvegunum lífvænleg skilyrði með því að ná niður vöxtum og hægja á verðbólgunni. Treysta verður atvinnuöryggi í útflutningsgreinum og leysa sérstaklega vanda þeirra fyrirtækja sem skipta sköpum fyrir atvinnu fólks. Leggja þarf áherslu á afkomuöryggi heimilanna.

Áherslur verkalýðshreyfingarinnar eru mjög keimlíkar þeirri leið sem Alþb. hefur boðað að fara skuli og því eru þær í algerri andstöðu við þær hugmyndir sem ræddar eru í ríkisstjórninni, en þær eru allar því marki brenndar að miðast við skerðingu á kaupmætti."

Ég læt tilvitnun minni hér lokið en vil aðeins geta þess að 13 dögum síðar er þetta sama Alþýðubandalag komið inn í ríkisstjórnina sem nú situr. Ekki veit ég hvort talan 13 er þeirra óhappatala, en mér sýnist þessi aðgerð vera jafnmikið óhapp og aðgerð síðustu ríkisstjórnar þegar hún lagði á matarskattinn sem virðist eiga að viðhalda.

Í síðari hluta ályktunar okkar kvennalistakvenna, sem ég vitnaði til áðan, bendum við á nauðsyn þess að gera úttekt á stöðu fyrirtækjanna og greiningu vandans með tilliti til þess að aðgerðum verði hagað í samræmi við niðurstöður hennar. Við viðurkenn-

um nauðsyn þess að koma á laggirnar einhvers konar skuldaskilasjóði, en spurningin er eins og ætíð hvaða leið skal velja. Er nauðsynlegt að stofna sérstakan sjóð sem þó er að flestu leyti í skjóli Byggðastofnunar og háður henni um margt, t.d. reikningshald, en hingað til hefur Byggðastofnun sinnt málum sem þessum? Er stofnun þessa nýja sjóðs ekki bara sjónhverfing þar sem reynt er að láta mjög venjulega og hefðbundna aðgerð í íslensku efnahagslífi líta öðruvísi út en hingað til, til þess að sannfæra fólk um að í raun sé verið að leysa vandann. Og ef á annað borð þykir nauðsynlegt að stofna nýjan sjóð, hvers vegna er ekki hugsað um að hafa á honum annan blæ en á hinum hefðbundnu *pólitísku útdeilingarsjóðum sem við megum búa* við? Ég vil spyrja hæstv. forsrh. hvort aldrei hafi komið til greina að skipa í sjóðsstjórnina fulltrúa atvinnulífs, launafólks og sveitarfélaga, þ.e. þeirra sem eiga afkomu sína einna helst undir útdeilingu frá þessum sjóði. (**KP:** Það eru fulltrúar launafólks.) Það hefði verið eðlilegra í mínum augum að setja slíkum sjóði aðeins eina stjórn í stað þess að vera með tvöfalt kerfi þar sem til kemur sérstök samstarfsnefnd lánastofnana atvinnuveganna og Byggðastofnun til hliðar við stjórn Atvinnutryggingarsjóðsins.

Það eru margar fleiri spurningar sem vakna varðandi Atvinnutryggingarsjóðinn og mjög óljóst hver framvinda mála verður komist hann á legg. Munu þjónustufyrirtæki og sveitarfélög geta selt bréf útgefin af sjóðnum eða verða þau jafnvel seld með afföllum? Er yfirleitt hægt að líta á skuldabréf Atvinnutryggingarsjóðs sem eign þar sem hann hefur aðeins 1000 millj. kr. ríkisábyrgð? Svo mætti lengi spyrja, en væntanlega skýrast þau mál nánar í hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar.

Um fjármögnun Atvinnutryggingarsjóðs skv. 5. gr. laganna vil ég tjá þá skoðun okkar kvennalistakvenna að við teljum ekki rétt að lækka framlag ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs án nokkurrar tryggingar um að þeir peningar komi til baka. Í sameiginlegri yfirlýsingu Vinnuveitendasambands Íslands og Alþýðusambands Íslands um málefni Atvinnuleysistryggingasjóðs segir, með leyfi forseta: „Miðstjórn Alþýðusambands Íslands og framkvæmdastjórn Vinnuveitendasambands Íslands hafa fjallað um þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að skerða umsamin og lögbundin framlög ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs um 600 millj. kr. og setningu bráðabirgðalaga í þeim tilgangi. Það er sameiginleg afstaða samtakanna að með þessu sé ríkisvaldið einhliða að rjúfa áratuga samkomulag aðila vinnumarkaðarins, ríkisvaldsins og sveitarfélaganna um uppbyggingu og fjármögnun Atvinnuleysistryggingasjóðs.“ Ég læt þessari tilvitnun lokið hér með en hún er lengri og ítarlegri og fjallar m.a. um ótryggar horfur í atvinnumálum. Ekki síst með tilliti til þeirra auknu verkefna sem sjóðurinn hefur orðið að taka á sig á síðustu árum, t.d. vegna eftirlauna aldraðra og fæðingarorlofs, hefðum við talið eðlilegt að þessi fjárhæð hefði verið fengin að láni. Það má heldur ekki gleyma því að þó að hinn nýi sjóður hafi hlotið *nafnið Atvinnutryggingarsjóður er ýmislegt sem* bendir til þess að við getum þrátt fyrir allt átt von á atvinnuleysi í einhverjum mæli.

Í nýlegri frétt Þjóðhagsstofnunar og Vinnumálaskrifstofu félmrn. kemur fram að tilkynningum um uppsagnir til félmrn. hefur farið fjölgandi að undanförnu og það mat er sett fram að atvinnuhorfur verði að teljast ótryggari nú en um langt skeið. Hinn tómi verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, þ.e. frystideildin sem er ein orsök í þeim vanda sem við eigum nú við að glíma, ætti að kenna mönnum á eftirminnilegan hátt að það er nauðsynlegt að eiga í sjóðum til að *mæta tímabundnum erfiðleikum.*

Áður en ég lýk máli mínu vil ég loks aðeins benda á þá ósanngirni sem felst í því að frysta launin án þess að frysta verðlag um leið því erlendar hækkanir verða til þess að fólk missir alla yfirsýn og gerir framkvæmd verðstöðvunarinnar með öllu ómögulega. Þrátt fyrir þessa svokölluðu verðstöðvun og aðgerðir í vaxtamálum dugir það ekki til að snúa við því kaupmáttarhrapi sem verið hefur á þessu ári og kemur, eins og aðrar þær aðgerðir sem við teljum óviðunandi í þessum bráðabirgðalögum, fyrst og fremst niður á þeim sem vinna samkvæmt töxtum. Við munum að sjálfsögðu leggja til að frysting launa verði afnumin og samningsrétti skilað aftur til fólksins en ætli menn að halda þeim til streitu í skjóli einhvers óljóss meiri hluta hlýtur jafnframt að verða að setja skilyrði um algjöra verðstöðvun.

Að lokum, herra forseti, vil ég spyrja hæstv. forsrh. um eina grein laganna, 23. gr., þar sem fjallað er um 600 millj. kr. aukningu ríkisútgjalda, en mig langaði til þess að vita í hvað þær 600 millj. eiga að fara, til hvers á að verja þeim og þá vildi ég einnig spyrja um, vegna þess að á okkur hafa dunið fyrirspurnir áhyggjufulls launafólks undanfarið sem gjarnan vill vita hvort persónuuppbót eða desemberuppbót sem samið var um, hvort hún verði greidd þrátt fyrir þessa frystingu. Ég hef lokið máli mínu, herra forseti.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Það er stórt nafn Hákot, það er mjög stórt nafn Hákot. Hv. 4. þm. Vestf. — Hvar skyldi sá virðulegi þm. vera? Kannski af því að maður er að vitna í virðulegan þm. þó að ég sé ekki neitt að afflytja hans mál, en við skulum láta það eiga sig. (**Gripið fram í:** Geymdu það bara.) Nei, ég mun byrja á þessu.

Hv. 4. þm. Vestf. Þorv. Garðar Kristjánsson lét þess getið í hv. deild sl. þriðjudag við upphaf umræðnanna um bráðabirgðalög ríkisstjórnarinnar að efnahagsaðgerðir, það væri mjög stórt orð. Í framhaldi af því sagði þm., með leyfi forseta: „Oftar en ekki hafa svokallaðar efnahagsaðgerðir haft takmarkað gildi, verið ómarkvissar, fálmkenndar og árangurslausar ef þær hafa ekki gert illt verra.“ Ég held að það hafi verið vegna þessarar setningar hv.

þm. sem ég ákvað að taka hér til máls í þessari umræðu. Þessi ábending hv. 4. þm. Vestf. eru orð í tíma töluð, nú við þessa umræðu og ekki síst eftir ræðu hv. 2. þm. Norðurl. e. og hæstv. forsrh. Út frá þeirra ræðum hefði verið hægt að álykta sem svo að það ástand efnahagsmála sem kallað hefur á þessar efnahagsaðgerðir hafi komið með einni af haustlægðunum núna í september. Ég taldi víst að hæstv. forsrh. mundi ekki láta hjá líða, um leið og hann mælti fyrir neyðaraðgerðum stjórnar sinnar, bráðabirgðalögunum sem gefin voru út 28. sept. sl. af brýnni nauðsyn, að skýra frá því af hverju fyrri efnahagsaðgerðir hefðu ekki skilað árangri, af hverju efnahagsstjórnun ríkisstjórnar hans 1983–1987 og ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar, sem hæstv. forsrh. stóð að, leiddi til þeirrar stöðu nú að fjölmörg fyrirtæki eru á gjaldþrotsbarmi, ríkissjóður hefur verið rekinn með margra milljarða halla hvort sem fjmrh. hefur heitið Jón Baldvin eða Þorsteinn Pálsson og stórfelld byggðaröskun stendur yfir og blasir við.

Hvernig stóð á því að hæstv. forsrh. gerði ekki smáúttekt á efnahagsstefnu ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar og Þorsteins Pálssonar? Getur það verið að það sem gert var í efnahagsmálum á þessu tímabili hafi fallið undir skilgreiningu hv. 4. þm. Vestf. sem ég las upp hér áðan? Hún var svohljóðandi: „Oftar en ekki hafa svokallaðar efnahagsaðgerðir haft takmarkað gildi, verið ómarkvissar, fálmkenndar og árangurslausar ef þær hafa þá ekki gert illa verra.“ Þetta er nefnilega þannig: Efnahagsstefna fyrri ríkisstjórna var árangurslaus og gerði í mörgum tilfellum illt verra eins og 4. þm. Vestf. sagði. Nú stöndum við frammi fyrir því að reyna að bjarga því sem bjargað verður eftir rúmlega fimm ára samstjórn Framsfl. og Sjálfstfl.

Ég vona að hv. þm. hafi fylgst vel með ræðu hv. 2. þm. Norðurl. e. Ég fékk hana í afriti hér hjá þingskrifurum. Hún reyndist vera 40 blaðsíður. Ég ætla að fara nokkrum orðum um þá ræðu. Í upphafi vakti hv. þm. fyrirheit um að hann ætlaði í ræðu sinni að fara vítt um sviðið og vegna þess þyrfti hann að fá hér í deildina til að fylgjast með málflutningi sem flesta ráðherra og jafnvel þm. úr hv. Nd. Hann nefndi það meira að segja að það þyrfti að draga þessa fyrri samstarfsmenn hans til vitnis — hann nefndi þá reyndar ekki fallegu orði, ég ætla ekki að endurtaka það hér. (**KP:** Kóna.) Ja, það var ekki ég sem sagði það, það var hv. þm. af Vestfjörðum. (**KP:** Nei, það var hv. 2. þm. Norðurl. e.) Já, hann sagði það en það var endurtekið nú af hv. þm. Karvel Pálmasyni en vitnaleiðslurnar urðu frekar takmarkaðar um liðinn tíma. Mest var ræða þm. fullyrðingar um líðandi stund. Hann var ekki yfirgripsmikill, sá hluti ræðunnar þar sem þessi aðalmálsvari Sjálfstfl. hér í deildinni — ja, ég efast um að ég sé að segja alveg rétt hér, það getur verið að hann sé ekki aðalmálsvarinn, það má vel vera að það sé hv. 4. þm. Vestf. eða hv. 14. þm. Reykv., en í þessu máli kom hann fram sem slíkur og hélt langa ræðu eins og ég nefndi áðan — fjallaði um hvernig komið væri eftir fimm ára setu flokksins hans í ríkisstjórn. Fyrsti hluti ræðunnar fór í að ræða um framlagningu bráðabirgðalaganna og það var ansi mikill hluti ræðunnar. Ég taldi ekki síðurnar en sjálfsagt hefur það verið a.m.k. ⅓ en Mogginn sá ekki ástæðu til að birta neitt af því sem þm. sagði þar um. Það segir kannski nokkuð um þann málflutning og málflutning ýmissa annarra hér í hv. deild um það hvort bráðabirgðalögin hafi verið lögð að einhverju leyti rangt fram og hafi ekki notið stuðnings o.s.frv. Annar hluti ræðunnar fór svo í það að ræða samstarfið í fyrri ríkisstjórn og aðdraganda að stjórnarslitunum. Það var þessi sama rulla sem við höfum heyrt undanfarna daga, um ákveðin ótrúverðugheit þessa og hins. Þriðji hluti ræðunnar fór í það að kvarta undan því að þær efnahagsaðgerðir sem í bráðabirgðalögunum felast séu ekki nægjanlegar til að bæta það hallærisástand sem stjórn Sjálfstfl., Framsfl. og Alþfl. skilur eftir sig. Þar segir hv. þm. m.a., með leyfi forseta: „Fyrsti kafli bráðabirgðalaganna fjallar um aðgerðir í atvinnumálum og ber þess ljós merki að ríkisstjórnin gerir sér grein fyrir því eins og flestir aðrir að efnahagsráðstafanir hennar duga hvergi nærri til fyrir atvinnureksturinn. Því fer víðs fjarri að með þeim séu atvinnuvegunum tryggð lágmarksrekstrarskilyrði. Höfuðástæðan er vitaskuld sú að ríkisstjórnin þráast við að viðurkenna að þær kostnaðarhækkanir sem orðið hafa hér innan lands séu langt umfram það sem þau fyrirtæki þola sem eru í samkeppni við erlend fyrirtæki hvort sem við erum að tala um heimamarkað eða erlendan markað. Nú væri hæstv. forsrh. e.t.v. vorkunn ef hann vissi ekki betur þótt maður í hans stöðu eigi að vera með á nótunum. En það dugir ekki að leita þvílíkra skýringa. Við höfum orð hans sjálfs fyrir því að ráðstafanirnar séu ónógar fyrir atvinnureksturinn. Hann sagði á fyrsta fréttamannafundinum eftir að hann var orðinn forsrh. að raungengi krónunnar væri of hátt og að það yrði að leiðrétta það smám saman.“

Ég get í mörgu tekið undir þessa lýsingu hv. þm. Halldórs Blöndals. Forsrh. mun varla bera á móti því að hann telji gengið rangt skráð eftir þær yfirlýsingar í sjónvarpi og víðar sem hann gaf um þá stöðu í fyrrakvöld. Þm. segir að ríkisstjórnin þráist við að viðurkenna kostnaðarhækkanir hér innan lands og má það sjálfsagt til sanns vegar færa. En hitt er samþætt og er aðalatriði að þráast er við að viðurkenna það efnahagslega þrotabú þjóðarbúsins og fjölda fyrirtækja og einstaklinga sem Sjálfstfl. og fylgiflokkur hans úr fyrri ríkisstjórn skilja eftir.

Nú og áfram hélt þm. við það að lýsa arfinum frá fyrri ríkisstjórn, með leyfi forseta: „Hæstv. ráðherra Halldór Ásgrímsson hefur einnig talað um nauðsyn verulegrar gengisfellingar í sambandi við stuðningsaðgerðir við atvinnuvegina og skyldi engan undra um sjútvrh. þótt loksins losni um málbeinið á honum svo lengi sem hann hefur þagað þunnu hljóði meðan fjarað hefur undan þeim atvinnurekstri sem

honum var trúað fyrir að standa vörð um og þjóðin á svo mikið undir.“ Um þessa klausu er varla hægt að segja annað en það að hér gangi þm. aðeins meðfram heiðarleikaveginum því varla hefur annar þagað betur með ráðherranum en þm. sjálfur á meðan fjarað hefur undan sjávarútvegi á síðustu árum.

Og áfram heldur hv. þm. Halldór Blöndal og nú leiðir hann fram vitni eins og hann reyndar lofaði í upphafi ræðu sinnar. Það eru tveir forstjórar, flokksbræður hæstv. forsrh., og hann hefur eftir öðrum, Álafossforstjóranum Jóni Sigurðarsyni, með leyfi forseta: „Á hinn bóginn eru önnur fyrirtæki skilin eftir í blóði sínu, samkeppnisfyrirtæki á við Sjöfn, Kaffibrennsluna, Plasteinangrun, DNG og Sæplast svo dæmi séu tekin af fyrirtækjum hér norðan lands. Þessi fyrirtæki fá engan bata í formi millifærslu eða breytts gengis. Það er varla til það fyrirtæki í samkeppnisiðnaði eða útflutningsiðnaði sem kláraði sig sæmilega á árinu.“ Þá vitnar þm. í forstjóra SÍS, Guðjón B. Ólafsson, með leyfi forseta: „Ég hefði viljað sjá raunhæfari aðgerðir í þá átt að í stað verulegra lánveitinga og skuldbreytinga kæmi raunhæfari og varanlegri bót á rekstrargrundvelli. Útflutningsgreinar verða að geta starfað með hagnaði í þessu landi og það á að vera frumforsenda allra aðgerða í efnahagsmálum.“

Þm. komst að þeirri niðurstöðu að þessir tveir framsóknarforstjórar hafi með tilvitnuðum orðum verið að vega að núv. ríkisstjórn og hún hafi verið léttvæg fundin. En augljóslega eru þessi tilvitnuðu orð þeirra forstjóra fyrst og fremst dómur um ríkisstjórn krataframsóknar undir forsæti Þorsteins Pálssonar.

Fyrirtækin liggja í blóði sínu vegna stjórnleysis og rangra efnahagsaðgerða þeirrar ríkisstjórnar og ef um yfirvofandi atvinnuleysi er að ræða er það af sömu orsökum. Það er ósköp þægilegt, eftir að hafa gert skaða, að hrópa þá á aðra að nú skuli þeir bæta skaðann sem orðinn er. Við því var svo sem aldrei að búast að frá forustu Sjálfstfl. nú kæmu ráð sem gætu leitt til úrbóta, hvorki í rekstri framleiðslufyrirtækja eða ríkissjóðs. Reynslan af því frjálshyggjuliði hefur því miður verið þannig undanfarin ár. Hinu gat maður varla búist við að þeir færu að halda því fram að þeirra eigin gerðir séu öðrum að kenna og þeir heimti að aðrir bæti þann skaða sem þeir hafa valdið.

Hv. þm. Halldór Blöndal fjallaði um efni frv. í frekar stuttu máli. Hann taldi ljóst að lán Verðjöfnunarsjóðs, 800 millj. kr., yrði greitt af ríkissjóði. Skil ég þá ekki alveg muninn á þessari millifærslu og öðrum ef þessi er góð en aðrar vondar. Þm. fór nokkrum hlýlegum orðum um hlutverk og starfsemi Atvinnutryggingarsjóðs. Hann sagði þetta m.a. um stjórn sjóðsins, með leyfi forseta: „Þá sættum við sjálfstæðismenn okkur ekki við að stjórn Atvinnutryggingarsjóðs sé verslunarvara í stjórnarmyndunarviðræðum þar sem hv. þm. Stefán Valgeirsson og stjórnarflokkarnir eiga sinn mattadorinn hver sem útdeilir mattadorpeningum eftir pólitískum geðþótta. Slíkt fyrirkomulag er með öllu óþolandi. Það stangast gjörsamlega á við nútímaleg vinnubrögð og býður heim getsökum um að ekki sé hreint mjöl í pokanum.“

Já, herra forseti. Ég var að hafa þessar setningar eftir þm. Sjálfstfl. Halldóri Blöndal. Hvað skyldi þm. kalla „nútímaleg vinnubrögð“ við stjórna- og nefndaskipan? Ekki það sem gerðist í gær eða fyrir nokkrum vikum þegar Sjálfstfl. var í ríkisstjórn, það að skipa flokksmattador í allar nefndir og ráð. Það er ekki nútímalegt. Slíkt fyrirkomulag var ekki með öllu óþolandi í síðustu ríkisstjórn heldur virtist það vera frekar vel séð og lítið talað um óhreint mjöl í pokum.

Burtséð frá stóryrðum þessa þm. Sjálfstfl. tel ég að skipan ráðherrafulltrúa í stjórn Atvinnutryggingarsjóðs hafi ekki verið rétt. Alþingi átt að kjósa þessa stjórn, a.m.k. að hluta, þannig að stjórnarandstaðan fengi þar fulltrúa. Trúlega hafa framsókn og kratar verið það upptekni af vinnubrögðum fyrri stjórnar að aðild Ólafs Ragnars og Svavars að ráðslaginu hafi þar engu fengið breytt. (Gripið fram í.) Það að Svavar og Ólafur Ragnar voru þarna með í ráðum hafi engu fengið breytt vegna þess að kratar og framsókn voru það mengaðir af sjálfstæðishyggjunni að koma sínum alls staðar fyrir í stjórn. (**Gripið fram í:** Já, þetta er gott.) Þetta er alveg rétt.

Hv. þm. minnti á það í ræðu sinni að í III. kafla bráðabirgðalaganna sé fjallað um vaxtaákvarðanir og kveðið á um að dráttarvextir skuli alltaf reiknast sem dagvextir. Þá lét hann það koma fram að senn væru átta mánuðir frá yfirlýsingu ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar um sama efni og þar með staðfesti hann enn getuleysi þeirrar ríkisstjórnar og ummæli hv. 4. þm. Vestf. að oftar en ekki hafi efnahagsaðgerðir verið fálmkenndar og árangurslausar.

Herra forseti. Ætli ég láti ekki að mestu lokið umfjöllun um ræðu hv. þm. Halldórs Blöndals þótt þar sé margs ógetið sem gaman hefði verið að benda á en flest er það á svipuðum nótum og það sem ég hef rætt um. Eins og kom fram hjá mér í upphafi var ræða hv. 4. þm. Vestf. Þorv. Garðars Kristjánssonar með nokkuð öðrum áherslum en ræða hv. þm. Halldórs Blöndals þótt þeir báðir séu þm. Sjálfstfl. Hv. 4. þm. Vestf. gagnrýndi þá óráðsíu í ríkisfjármálum sem viðgengist hefur undanfarin ár, meginvandamál okkar í dag er að við eyðum meiru en við öflum og þar er mikilvægast staðan í ríkisfjármálunum, sagði hv. þm. Hefur ekki ríkissjóður verið rekinn með milljarða halla sl. fimm ár í samstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. og eru ekki vaxtagreiðslur ríkissjóðs í dag um eða yfir 10% af fjárlagaupphæðinni, 7–8 milljarðar króna? Einhverja þarf að skattleggja fyrir það, sannkallaður sjálfstæðisflokksskattur á þjóðina.

Hv. 4. þm. Vestf. gerði í ræðu sinni grein fyrir stöðu atvinnuveganna nú. Hann skaut sér ekki undan því að gera grein fyrir því ástandi sem ríkir hér á landi eftir fimm ára stjórnartímabil Steingríms

Hermannssonar og Þorsteins Pálssonar með smástuðningi frá Jóni Baldvini. Hafi hann þökk fyrir það.

Forstjóri Sambands ísl. samvinnufélaga, Guðjón B. Ólafsson, hefur verið nefndur í umræðunni og eftir honum höfð góð ábending um hvað þurfi að gera, en hvað skyldi Guðjón hafa sagt um það hvað hafi verið að gerast? T.d. þetta, með leyfi forseta: „Ég er undrandi á því hvað fólk í stjórnmálum hefur verið lengi að átta sig á því hvað hefur verið að gerast í þessum efnum. Ég tel að margt af þessu fólki sé einum til tveimur árum á eftir að skilja hvað er að gerast. Ég held því miður að ástandið sé mun alvarlegra en flestir gera sér grein fyrir enn þá.“ Og Guðjón heldur áfram, með leyfi forseta: „Ef við förum örlítið aftur í tímann, þá liggur það fyrir að á árinu 1986 hækkaði verð á sjávarafurðum á erlendum markaði svo mikið að sú hækkun skilaði þjóðarbúinu 10 milljörðum króna meira fyrir nánast sama magn afurða og árið á undan. Þessir fjármunir fóru beint inn í eyðsluþáttinn í þjóðfélaginu. Það voru ekki gerðar ráðstafanir af hálfu ríkisvaldsins í þá átt að a.m.k. hluti þessara fjármuna héldist inni í fyrirtækjunum í sjávarútvegi. Þetta fór út í eyðslu og út í þenslu. Þetta háa verðlag hélst fram á mitt árið í fyrra. Þegar svo kemur fram á þetta ár fer verð að lækka og þá fara gjaldeyristekjur minnkandi en þenslan heldur áfram. Það sem hafði gerst á þessu tímabili þegar sjávarútvegur og vinnsla afurða skila svona miklum tekjum var að sjávarútvegi voru búin verri skilyrði. Þetta á við um fiskvinnslu og þó alveg sérstaklega frystinguna. Það hefur átt sér stað meiri háttar eignaupptaka hjá þessum fyrirtækjum í formi þess að þau hafi þurft að selja gjaldeyri sinn á verði sem er undir kostnaði. Þau hafa auk þess þurft að borga fjármagnskostnað sem ég leyfi mér að kalla hæsta fjármagnskostnað í hinum vestræna heimi. Það er enginn möguleiki á því að þessi atvinnuvegur geti staðið undir þeim kjörum sem honum hafa verið búin. Þannig hefur orðið veruleg eignauppfærsla hjá sjávarútvegsfyrirtækjum og fiskvinnslunni og öðrum fyrirtækjum sem standa í útflutningi. Þessir fjármunir hafa lent í þenslu sem hefur verið langt umfram það sem eðlilegt er. Þessi þróun hefur leitt af sér offjárfestingu í þjóðfélaginu á öllum sviðum.“

Þetta sem hér er haft eftir Guðjóni er hinn bitri sannleiki sem flestir staðfesta sem staðið hafa fyrir atvinnurekstri undanfarandi ár. Slíkar yfirlýsingar þarf vitaskuld ekki. Ástand efnahagsmála segir þar sjálft sína sögu.

Svo eru menn að tala um það að verið sé að fara út í millifærslu með 800 millj. kr. framlagi í Verðjöfnunarsjóð. Hvað var millifærsla ef gengisstefna síðustu ára var það ekki? Það bera fáir á móti þeirri millifærslu lengur þótt greinilega verði erfitt að ná því aftur sem millifært var á þessum árum frá aðalatvinnuvegum okkar og landsbyggðinni til eyðsluþáttanna í þjóðfélaginu. Það eru margir undrandi á því hvað sumt fólk í stjórnmálum hefur verið lengi að átta sig, fleiri en Guðjón B. Ólafsson, á því hvað hefur verið að gerast í þessum málum og jafnvel að sumir séu ekki búnir að átta sig á þessari stöðu enn þá.

Það ber allt að sömu niðurstöðu. Frjálshyggjustefna Sjálfstfl., Framsfl. og krata hefur beðið skipbrot. Þau bráðabirgðalög sem hér eru til umfjöllunar eru nokkurs konar björgunartæki til að bjarga þjóðinni, fyrirtækjum og almenningi, frá enn hrikalegri afleiðingum stefnunnar en þegar eru fram komnar.

Úrræðaleysi ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar var með ódæmum mikið. Sú staðreynd hvílir þungt á þm. Sjálfstfl. og ekki síst þeim sem töldu sig vera og voru málsvarar flokksins hér á hv. Alþingi þótt þeir sætu ekki í ráðherrastólum. Frjálshyggjutilraunin hefur farið frekar illa með þessa menn. Það er því miður víðar en gagnvart undirstöðuatvinnuvegunum sem fimm ára samstjórn hefur farið illa að ráði sínu og menn undrast það hvað sumir eru lengi að átta sig.

Það hafa verið minnkandi framlög til vegamála ár frá ári og einnig til hafnarframkvæmda, grunnskólabygginga, dagvistunarstofnana, íþróttamannvirkja og næstum allra samfélagslegra þátta — (**EgJ:** Það breytist nú allt núna.) (Gripið fram í.) Úr hvaða sjóðum skyldi eiga að borga núna, hv. þm.? Protabúi Sjálfstfl.? — enda eru fjárfestingarframlög og heildarupphæð fjárlaga nú aðeins um 5% í stað 25% áður samkvæmt upplýsingum hv. 4. þm. Vestf. hér í ræðunni á þriðjudaginn.

Svo er það fiskveiðistefnan. Hvernig skyldu málin standa þar eftir þessa fimm ára samstjórn? Hv. þm. Halldór Blöndal segir að á þessu tímabili hafi fjarað undan sjávarútvegi og hæstv. sjútvrh. Halldór Ásgrímsson segir í viðtali við Tímann á laugardaginn þar sem rætt er við hann um hvalamálið, með leyfi forseta:

„Ég held á hinn bóginn að okkar menn á markaðinum þurfi ekki síður að hafa áhyggjur af því að við höfum nægilega mikið magn af afurðum til að selja.“ Ég ætla að lesa þessa setningu aftur: „Ég held á hinn bóginn að okkar menn á markaðinum þurfi ekki síður að hafa áhyggjur af því að við höfum nægilega mikið magn af afurðum til að selja. Við þurfum þá að velja okkur markaði. Nú stöndum við frammi fyrir samdrætti í fiskveiðum. Núna í morgun, föstudag, var Hafrannsóknastofnun að skila hér inn skýrslu um verra ástand rækjustofnsins. Hún gefur til kynna að það þarf að draga rækjuveiðina mjög verulega saman á næsta ári. Því verður það aðalatriði að hafa einhverja vöru til að selja.“ — Ég ætla að endurtaka þetta líka: „Því verður það aðalatriði að hafa einhverja vöru til að selja,“ segir sjútvrh. Íslands í dag.

Um svona hugsanagang í hvalveiðimálinu vil ég ekkert segja. Þessi klausa segir hins vegar mikla sögu um fiskveiðistjórn síðustu ára, kannski fyrst og fremst það að þótt ríkissjóður sé illa haldinn og flest fyrirtæki sömuleiðis er það ekkert í samanburði við það sem við blasir í sambandi við þorskstofninn og

jafnvel rækjustofninn líka. Rækjan og þorskurinn eru fyrst og fremst þeir fiskstofnar sem fimm ára stjórnin, framsóknar og íhalds, hefur haft veg og vanda af að leggja línurnar um hvernig nýta skuli.

Undanfarin ár hefur verið góðæri til lands og sjávar. Fæðuframleiðsla sjávarins umhverfis landið hefur verið í hámarki, uppskera jarðarnytja mikil, verð afurða hátt. Samt er ástandið eins og raun ber vitni og við erum hér að fjalla um bráðabirgðalög sem mörgum finnst að geri ekki nóg.

Herra forseti. Mig langar að skjótast svolítið aftur í tímann. Að loknum kosningum vorið 1983 myndaði samstarfsflokkur okkar alþýðubandalagsfólks úr ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens, Framsfl., ríkisstjórn með Sjálfstfl. Stuðningsmenn og ráðherrar Gunnars Thoroddsens fylktu þar einnig liði undir forustu Steingríms Hermannssonar. Samfylkingarmottóið var: Björgum þjóðinni frá verðbólgustefnu Alþb. 130% verðbólga er Alþb. að kenna. Föðurlegur svipur forsrh. staðfesti þetta. Nú er þessi maður alls trausts verður frá okkar hendi, alþýðubandalagsmanna, og er forsrh. í stjórn félagshyggju og jafnréttis. (**Gripið fram í:** Og bræðralags.)

Það er verið að nefna núna, þó seint sé, fleiri ókosti við þessa ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens. Hv. 14. þm. Reykv. nefndi áðan að þetta hefði verið hin mesta fjárfestingarstjórn, en það er seint að nefna það núna eftir öll þessi ár. Allt var gott sem Framsfl. hafði gert í þeirri stjórn þegar Sjálfstfl. myndaði ríkisstjórn með Framsfl. vorið 1983, þannig að þetta er heldur seint tilnefnt.

Ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar 1983 byrjaði starfsferil sinn með stórfelldri kjaraskerðingu og hrikalegu misgengi launa og lánskjara. (Gripið fram í.) Tók nú við dálítið öðru búi, hv. þm. Það var ekki milljarðahalli á ríkiskassanum þá. Það þurfti ekki að gera líkar aðgerðir í sambandi við sjávarútveginn og verið er að gera núna. Aðgerðir þessar orsökuðu þá mestu millifærslu sem átt hafði sér stað í íslensku þjóðfélagi. Á starfstíma stjórnarinnar var síðan haldið áfram með kaupskerðingar og millifærslur frá launafólki og undirstöðuatvinnuvegunum til eyðsluþátta þjóðfélagsins. Vaxtakjör og peningamarkaður voru óheft. Sú skoðun að peningar yrðu til í bönkum og af starfsemi peningavíxlara var skoðun og stefna stjórnvalda. Samkvæmt stefnu og skoðun stjórnvalda á þessum tíma var þarflaust að fjármagn í framleiðslufyrirtækjunum skilaði arði. Það er ekki fyrr en á síðustu dögum að farið er að tala um að nauðsynlegt sé að hafa eigið fjármagn í fyrirtæki. Það hefur verið staðið að því á undanförnum missirum og mánuðum að eyða því, brenna það undir forustu Sjálfstfl. og framsóknar. Best var að kvelja fyrirtækin sem mest til að halda niðri kaupi framleiðslustéttanna svo að eyðsluhóparnir gætu boðið upp á augljósara launaskrið.

Vorið 1987 voru kosningar. Jón nokkur Baldvin Hannibalsson hafði í undanfara þeirra farið mikinn um byggðir og spurt: „Hverjir eiga Ísland?“ Þorsteinn Pálsson sagðist vera „á réttri leið“ í ríkisstjórninni undir forustu Steingríms Hermannssonar og Steingrímur Hermannsson var auglýstur upp sem kletturinn úr hafinu sem allt stóðst og öruggt var að byggja á. Þessir þrír höfðingjar mynduðu svo saman ríkisstjórn sumarið 1987, fyrir rúmu ári síðan. Þeir sem áttu Ísland voru þeir sem víxluðu peningum og græddu á því. Þetta er allt í fersku minni.

Fastgengisstefnan. Mér fannst afleitt þegar hæstv. menntmrh. Svavar Gestsson gleymdi því í upptalningu um vonda hluti á síðustu tímum að fastgengisstefnan hefði gert neitt af sér. Matarskattur. Muna nokkrir eftir honum? Ógilding kjarasamninga og samningsréttar og ráðleysi og síðan uppgjöf núna í september.

Alþb. barðist gegn stefnu tveggja fyrrv. ríkisstjórna, stundum kannski af veikum mætti vegna innbyrðis vandamála og líka vegna þess að við nutum ekki aðstöðu í fjölmiðlum eins og frjálshyggjupostularnir. En samt, í byrjun september stóðum við sem barist höfðum gegn ríkisstjórninni og frjálshyggjustefnunni uppi sem sigurvegarar. Pólitík frjálshyggjunnar og markaðshyggjunnar hafði beðið skipbrot á Íslandi. Formælendur frjálshyggjunnar, Alþfl., Framsfl. og Sjálfstfl., lágu hundflatir og ráðalausir. Þeir sem Alþfl. hafði útnefnt sem eigendur Íslands voru hver um annan þveran að fara á hausinn. Rétta leið Sjálfstfl. var ekki nefnd á nafn og kletturinn í hafinu hafði grotnað niður. (**GHG:** Nú er ég farinn að ruglast. Ertu ekki stjórnarsinni?) Það hefur verið mikið rætt um stjórnarslitin, palladómar á ýmsa vegu. Allt er það frekar ómerkilegt. Aðalatriðið er og það sem er staðreynd er að frjálshyggjustjórn númer tvö á Íslandi gafst upp og ekki með mikilli reisn. Hver lá flatastur eftir þá bræðrabyltu er erfitt að meta. Ætli sé ekki bara best að slá því föstu að þeir hafi legið mismunandi mikið upp í loft en allir jafnlágt?

Svo var mynduð ríkisstjórn, ríkisstjórn jafnréttis og félagshyggju. Um aðdragandann að myndun ríkisstjórnarinnar mætti ýmislegt segja, en ég geri það ekki. Þó vil ég taka fram að ég tel að átt hefði að kjósa, lofa þjóðinni að dæma fráfarandi stjórnarflokka. Gera átti markverða tilraun til að mynda minnihlutastjórn, kosningastjórn þeirra flokka sem voru í stjórnarandstöðu. Það sem Alþb. átti að gera strax eftir stjórnarslitin var að samfylkja stjórnarandstöðunni og krefjast kosninga, láta frjálshyggjuflokkana sameiginlega, í því ástandi sem þeir voru, standa frammi fyrir þjóðinni í kosningum. Staðreyndin er sú að kosningar í haust þurftu ekki að skapa nein vandræði. Mikið meiri vandræði koma til með að skapast af því að allir spyrja nú: Hvað er langt í kosningar? Og hætt er við að kosningaskjálfta gæti mjög innan flokka, innan ríkisstjórnar og meðal almennings næstu mánuði. (**EgJ:** Það er bara svona, já.) Ef samstaða hefði tekist um þessa tilhögun mála hefðu þrotabúsflokkarnir orðið að skríða saman eða veita þessari stjórn hlutleysi. Kosningastjórn stjórnarandstöðunnar var rökrétt afleiðing uppgjafar þríflokkanna og jafnvel hefði

komið til mála ríkisstjórn Alþb. eða Kvennalistans einna á báti líkt og kratanna 1979.

Ég var á móti því að Alþb. gerðist aðili að núv. ríkisstjórn. Fyrirhugaðar aðgerðir ríkisstjórnarinnar voru á ýmsan hátt þannig að ég var mjög óánægður með þær. Þau atriði voru t.d. að launafólk fékk ekki samningsrétt og ekki heldur afnumda kjaraskerðingu. Ég tel að þau bráðabirgðalög sem við erum hér að fjalla um leysi ekki þann vanda sem stjórnarstefna þríflokkanna skilur eftir sig. Ég tel líka að ekkert liggi fyrir um bætta stöðu landsbyggðar og það hilli ekki undir það með nýrri ríkisstjórn að mótuð verði fiskveiðistefna sem stuðli að hagkvæmri nýtingu fiskistofna við strendur landsins.

Herra forseti. Ég hef gjarnan viljað líta á flokkinn minn sem skipshöfn á fiskibáti. Við erum farin í veiðiferð, erum komin á miðin. Ég hefði viljað um tíma leita á önnur mið, en það verður ekki aftur snúið. (**Gripið fram í:** En hver stjórnar?) Við höfum þegar fengið nokkurn afla þótt þar hefði svo sem mátt vera svolítið meira af góðfiski. Það er ljóst að skipið leitar í kjölfar þeirra íhaldsafla sem okkar félagar hafa lengi haft náið samneyti við og okkur hefur þó þegar orðið nokkuð ágengt þótt báturinn sé hverfur í stjórn. Þess vegna erum við að færa nokkurn afla að landi með þeim bráðabirgðalögum sem hér eru til umræðu. Á íhaldsmiðunum hefði ekkert aflast og skipið jafnvel sokkið.

Egill Jónsson:

Herra forseti. Það fer nú fram býsna mikil almenn umræða um bráðabirgðalög ríkisstjórnarinnar og er það að sjálfsögðu ekki að ófyrirsynju og svo virðist sem ýmsir þeir sem var erfitt að fá til liðs við ríkisstjórnina þegar hún var sett á laggirnar séu nú að tala sig inn í það að verða stuðningsmenn hennar og er það að sjálfsögðu af góðu einu. Á ég þar sérstaklega við síðasta hv. ræðumann. Það er að sjálfsögðu afar auðvelt að fjalla um þessi mál núna á eldhúsdagsvísu, til þess eru ærin tilefni, þótt ég ætli að sneiða hjá því a.m.k. að langsamlega mestu leyti.

Ég ætla að leyfa mér, eins og hefur verið gert við þessa umræðu, að vitna aðeins til orða Guðjóns B. Ólafssonar, reyndar þeirra sömu og hv. síðasti ræðumaður gerði, sem hann viðhafði í dagblaðinu Tímanum laugardaginn 15. okt. sl. en þar segir hann, með leyfi forseta:

„Ef við förum örlítið aftur í tímann þá liggur það fyrir að á árinu 1986 hækkaði verð á sjávarafurðum á erlendum markaði svo mikið að sú hækkun skilaði þjóðarbúinu 10 milljörðum króna meira fyrir nánast sama magn afurða og árið á undan.“ Á árinu 1986 komu sem sagt 10 viðbótarmilljarðar inn í hagkerfið og inn í sjávarútveginn.

Síðan segir Guðjón frá því að þetta hafi haldið áfram á árinu 1987, en síðan hafi brugðið til verri vegar á þessu ári. Það sem hefur gerst er að þessir 10 milljarðar sem góðærið 1986 skilaði og sams konar aðstæður fram eftir ári 1987 sköpuðu hafa farið út úr hagkerfinu og rekstri sjávarútvegsins. Sá vandi sem við stöndum frammi fyrir núna stafar af þessum breyttu aðstæðum.

Ég veit ekki til þess að við slíkar uppsveiflur, sem að framan eru greindar og hafa reyndar komið oft áður í okkar óstöðuga hagkerfi, hafi verið lagt í varasjóði. Það sem hefur rekið á fjörur í þeim efnum hefur á hverjum tíma farið til uppskipta í þjóðfélaginu og svo fór einnig nú, þess vegna er komið eins og raun ber vitni.

Nú er það að sjálfsögðu með misjöfnum hætti sem menn lýsa þessu ástandi og það eru ýmsar tilvitnanir og ýmsar skýringar sem hafa komið fram á síðustu dögum og vikum. Ég minni á orð hæstv. forsrh. sem hann viðhafði þegar hann var að undirbúa stofnun núv. ríkisstjórnar þar sem hann lýsti því yfir að þolinmæði hans í aðgerðum gagnvart sjávarútveginum væri fyrir löngu þrotin, eins og hann orðaði það. Og hæstv. menntmrh. sagði áðan frá því að ríkisstjórnin hefði bjargað efnahagsmálum þjóðarinnar á elleftu stund, eins og hann orðaði það. Svo kom síðasti hv. ræðumaður, Skúli Alexandersson, og sagði að frv. ríkisstjórnarinnar, þ.e. bráðabirgðalögin sem hér eru til umræðu, væru björgunartæki í þessum efnum. Þetta er allt saman snyrtilega orðað. Forsrh. var búinn að missa þolinmæðina fyrir lifandi löngu, hæstv. menntmrh. segir að björgunin hafi komið á elleftu stundu og hv. þm. Skúli Alexandersson talar um að aðgerðir ríkisstjórnarinnar, sem felast í bráðabirgðalögunum, séu björgunartæki. Menn skulu vel taka eftir þessu. Það er þess vegna grundvallaratriði þegar þessi umræða fer fram að menn athugi sem allra nákvæmast í hverju þetta björgunartæki er fólgið, hvað það er sem hefur bjargað á elleftu stundu eins og hæstv. menntmrh. komst að orði áðan. Og yfir það ætla ég að fara örfáum orðum.

Það er þá í fyrsta lagi að það er settur á stofn sérstakur sjóður, Atvinnutryggingarsjóður, sem fær heimild til skuldbreytinga upp á 6,2 milljarða kr. Þar af er eigið ráðstöfunarfé sjóðsins 1,2 milljarðar, en hinn hluti skuldbreytingarþarfarinnar eða heimildarinnar verður að gerast með skuldaskilum, skuldamillifærslu í gegnum sjóðinn. Þetta er sú björgunaraðgerð. Síðan kemur heimild fyrir sjóðinn að ráðstafa 800 millj. til endurskipulagningar í fyrirtækjum. Þetta eru verkefni sjóðsins samkvæmt lögunum. Af þessu ráðstöfunarfé fær sjóðurinn 1 milljarð að láni eða heimild til þess að taka 1 milljarð að láni og hitt fær hann með öðrum hætti eins og tilgreint er í lögunum, bæði með væntanlegum auknum tekjuskatti eða tekjuskattsviðauka og vegna þess að framlag, sem gengið hefur til Atvinnuleysistryggingasjóðs, er fært yfir í Atvinnutryggingarsjóð. Þetta eru bjargráðin að því sem snertir sérstaklega skuldaskil í þessari atvinnugrein.

Þá komum við að því hvernig rekstur sjávarútvegsins er bættur við þessar aðstæður. Það er gert eins og kunnugt er með tvennum hætti. Það er gengisfelling upp á 3%, og hefði einhvern tímann

ekki þótt mikil björgunaraðgerð, og síðan er heimilt að greiða til frystingarinnar 800 millj. kr. Þetta eru ákvarðanirnar sem teknar eru til að treysta grundvöllinn að þessum rekstri. (**SkA:** Þetta er byggðastefna, en dugir skammt.) Ég vek athygli deildarinnar á þessu innskoti frá hv. þm. Skúla Alexanderssyni sem sagði áðan að þessi bráðabirgðalög væru björgunartæki núv. ríkisstjórnar gagnvart atvinnulífinu í landinu. Þegar hann er kominn í sæti sitt segir hann að það dugi skammt. (**ÞK:** Það sagði ræðumaður að það leysti ekki vandann.) Það er furðulegt ef björgunartæki sem þetta leysir ekki vanda. Ég vil ekki misskilja þau ummæli. En það sem skiptir hér máli er hins vegar það, sem öllum ætti að vera ljóst, að það er ekki annað gert til að tryggja rekstur sjávarútvegsins og bæta afkomuna en þetta tvennt. (**SkA:** Hv. þm. sagði að það væri verið að lengja hengingarólina.) Það er að sjálfsögðu ýmislegt ókomið í ljós í sambandi við þessi bráðabirgðalög, en það er líka annað farið að skýrast. M.a. það hvert greiðslur berast úr þessum 800 millj. kr. pósti. Og hvert skyldu þær fara, a.m.k. að meginhluta? Þær fara til að greiða áfallin vanskil í Landsbankanum og öðrum viðskiptabönkum. Þær koma nefnilega ekki til ráðstöfunar inn í fyrirtækin. (**SkA:** Frá tímabili ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar?) Ja, meðal annars. Enda er ekki langt um liðið. En það skiptir ekki meginmáli nema ef það dugir í þessum efnum að metast um hvenær vandann hefur borið að höndum. Það hélt ég að væri ekki aðalatriðið heldur hvernig björgunartækin reynast. Og þá er það með þeim hætti að ekkert kemur til ráðstöfunar í sjávarútveginn nema 3% gengisfelling. Menn vita væntanlega hvað það dugar eins og ástandinu hefur verið lýst hér við þessa umræðu. Þetta eru aðalatriði málsins.

Það er ekki ágreiningsefni frá minni hendi að sjávarútvegurinn standi frammi fyrir miklum erfiðleikum og að efnahagsdæmið, sem þjóðin stendur núna frammi fyrir, sé stórt og erfitt. En ég er hissa á að menn skuli ekki tala meira um hvað felist í frv. og hvaða vanda það leysir. Það er þeim mun einkennilegra að þegar betur er skoðað dylst það ekki að ríkisstjórninni er þetta ljóst. Þannig var það ein af fyrstu yfirlýsingum hins hógværa og orðvara forsrh. að gengið þyrfti að lækka í áföngum. Það var einn fyrsti boðskapur hans eftir að ríkisstjórnin settist að völdum. Gengið þyrfti að lækka í áföngum. Og nú nýlega hafa fjölmiðlar haft eftir þessum sama hæstv. forsrh. að raungengi krónunnar væri enn skráð 15% of hátt. Enn fremur hefur það verið haft eftir forsrh. að ekki væru tök á því að leiðrétta það með gengisfellingu, væntanlega þá ekki einu sinni í áföngum, heldur yrði það að gerast með lækkun verðlags í landinu. Þetta eru björgunaraðgerðirnar sem öll þolinmæðin hafði brostið á eins og núv. forsrh. lýsti í útvarpinu á dögunum. Það liggur sem sagt fyrir að afkoman eftir þessar aðgerðir í sjávarútvegi er með þeim hætti að það þyrfti að verða 15% gengisfelling svo að nákvæmlega sé vitnað til orða hæstv. forsrh. eins og fjölmiðlar hafa haft eftir honum. (**Forsrh.:** Nei, ég sagði aldrei gengisfelling.) Raungengi væri 15% of hátt (**Forsrh.:** Það er allt annað mál.) og það þyrfti að ná þessu raungengi niður, hæstv. forsrh., með því að lækka verðlag að því marki í þjóðfélaginu. Hæstv. forsrh. segir þá frá því hér á eftir hvernig hann ætlar að breyta raungengi krónunnar, það ætti ekki að standa á því, með lækkuðu verðlagi í landinu eins og hann hefur áður sagt. Þetta er björgunaraðgerðin eins og hún lítur út eftir þeirra eigin orð. Það er áreiðanlega miklu hollara og uppbyggilegra fyrir hina almennu pólitísku umræðu í þjóðfélaginu að fjalla um málið með þeim hætti að það verði skýrt við þessa umræðu m.a. og umfjöllun í deildinni hvaða árangri bráðabirgðalögin skila.

Sannleikurinnn er nefnilega sá að forsvarsmenn fiskvinnslufyrirtækja hafa þegar í stað orðið fyrir miklum vonbrigðum. Þeir hafa komist að raun um að hér er um afar ófullkomnar aðgerðir að ræða. Og eins og sumir þeir sem eru í forsvari fyrir þau fyrirtæki hafa orðað það: Þær væru einungis til þess gerðar að lengja í hengingarólinni. (**SkA:** Það hefur áður komið fram.) Það getur vel verið að hv. þm. Skúli Alexandersson sjái einhverja björgunaraðgerð fólgna í því að lengja í hengingarólinni með þeim hætti sem þessi bráðabirgðalög gera ráð fyrir. (**SkA:** Ef menn ná til jarðar er þetta allt í lagi.)

Hér hef ég fjallað um það sem sérstaklega skiptir máli í sambandi við þessar aðgerðir. Það er að sjálfsögðu ýmislegt fleira sem kemur fram í bráðabirgðalögunum en skiptir minna máli nema þá að því er varðar breytingar á kaupliðum og kaupbindingu. Kannski felst björgunaraðgerðin í því. Hún felst ekki í því að það sé bættur rekstur í sjávarútvegi. Hún felst ekki í því að það séu færðar til skuldir í landinu. Kannski er það, sem menn hafa fundið á elleftu stundu eins og hæstv. menntmrh., að björgunaraðgerðir felist í því að skerða kjörin í landinu. Það væntanlega skýrist í umræðunni á eftir.

En m.a. af þeirri ástæðu má ég til með að fá upplýst hvað felst í ákvæðum 18. gr. laganna þar sem segir að 3. tölul. 29. gr. búvörulaganna falli niður. Ég hef lesið líka skýringar við þá grein. Og af því að hér eru væntanlega einhverjir bændavinir inni úr stjórnarliðinu er afar þýðingarmikið að fá vitneskju um það, m.a. þeirra vegna, hvað felst í þessari ákvörðun eða hvernig eða hvort hún verður með einhverjum hætti bætt. Í þessu felst nefnilega kjaraskerðing fyrir þá bændur landsins sem stunda sauðfjárrækt upp á u.þ.b. ⅓ hluta af launatekjum þeirra. Það hlýtur að vera að menn hafi gert sér grein fyrir því hvernig á að bæta þeim bændum sem stunda sauðfjárrækt í landinu 20% launaskerðingu, t.d. umfram aðra bændur landsins. Það er þess vegna afar þýðingarmikið að fá svör við þessu, sem vitað er, að það eru engir bændur í landinu og sjálfsagt engin stétt í landinu sem býr við þrengri kost en einmitt þessir bændur og hefur þurft að leggja jafnmikið á sig á síðustu árum til þess að takast á við mikil framleiðsluvandamál. Það getur þess vegna tæpast annað verið en að þessi aðgerð sé hugsuð til enda og

það ætti þar af leiðandi ekki að vera þröngt um svör við þessari spurningu þegar líður á þessa umræðu.

Umræðu frestað.

NEÐRI DEILD

5. fundur, þriðjudaginn 25. okt., að loknum fundi í Sþ.

Um dagskrá.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Svo vill til varðandi það mál sem hér er á dagskrá að hæstv. sjútvrh. sér sér ekki fært að vera hér í dag. Hann er bundinn af kirkjuþingi og hefur hann eindregið óskað eftir því að umfjöllun um dagskrármálið verði frestað. Ég hef rætt það við flm. þessa lagafrv. og þeir hafa á það fallist, en ég mun jafnframt gera ráðstafanir til þess að málið verði á dagskrá næsta fundar þessarar deildar sem verður á venjulegum tíma á morgun.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Það liggur fyrir að hæstv. sjútvrh. hefur óskað þess að 1. umr. um frv. til l. um hvalveiðibann verði frestað til morgundags þar sem hann sitji nú kirkjuþing. Svo er nú komið að neðri deild Alþingis Íslendinga er óstarfhæf vegna fjarvista hæstv. ráðherra því að bæði sjútvrh. og viðskrh. eru fjarverandi og því ekki hægt að sinna eðlilegum þingstörfum, en einu frumvörpin sem liggja fyrir deildinni verða ekki rædd nema með viðveru hæstv. ráðherra. Ég þykist og vita að minnihlutastjórn Steingríms Hermannssonar vildi auðvitað helst að ekki færu fram þingfundir í neðri deild Alþingis og því hafa öll helstu frumvörp stjórnarinnar verið lögð fram í Ed. þar sem stjórnin óttast að þau verði felld hér í deildinni. Það er því vonum seinna að hæstv. forseti sjái til þess að ráðherrar mæti hér á þingfundum.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Af þessu tilefni vill forseti taka fram að horfur standa væntanlega til þess að mál komi frá Ed. til Nd. þannig að hún fái næg verkefni.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Hér er á dagskrá deildarinnar í dag málefni sem er mjög mikilvægt og skiptir miklu hver endanleg stefna verður mótuð í því. Ég geri ekki athugasemdir við það þó að umræðu sé frestað þannig að þeir hæstv. ráðherrar sem málið snertir helst geti tekið þátt í umræðunni. Hitt er annað að málið hefur borið að með nokkuð sérstökum hætti að undanförnu. Nokkuð misvísandi yfirlýsingar af hálfu einstakra ráðherra og stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar á þingi hafa kannski valdið því að meiri óvissa er um framtíðarstefnu í þessu efni en æskilegt væri.

Þessi mál snerta ýmis svið, auðvitað fyrst og fremst þörf okkar á því og mikilvægi þess að halda áfram vísindalegum rannsóknum á þessu sviði. Það skiptir okkur mjög miklu. Við höfum fram til þessa fylgt fram mjög sveigjanlegri stefnu að því er þetta varðar, verið tilbúnir til þess að breyta okkar vísindaáætlunum eftir aðstæðum og jafnvel samið um fækkun dýra við Bandaríkjastjórn í því efni. Í annan stað snertir þetta mjög svo viðskiptahagsmuni okkar og það mál heyrir auðvitað fyrst og fremst undir hæstv. utanrrh. Og loks í þriðja lagi snertir þetta mál mjög hagsmuni okkar af því að hindra mengun sjávarins og ná sem víðtækastri samstöðu við þau ríki og þau alþjóðlegu samtök sem geta tekið saman höndum með okkur í því efni.

Þessi mál hafa fyrst og fremst á erlendum vettvangi verið í höndum Siglingamálastofnunar og samgönguráðuneytis. Ég er þess vegna þeirrar skoðunar, og það er mín tillaga um heildarmálsmeðferð, að þó að ég á engan hátt gagnrýni það frv. eða aðrar þær tillögur sem fram hafa komið í þessu efni teldi ég mjög mikilsvert vegna meðferðar málsins að freista þess að ná sem víðtækastri samstöðu hér á hinu háa Alþingi um stefnumótun í þessu efni og að mínu mati væri eðlilegt að hæstv. forsrh. legði skriflega skýrslu fram fyrir utanrmn. um málið og alla þá höfuðþætti sem því tengjast og ég hef hér nefnt og þess yrði síðan freistað á vettvangi utanrmn. að skapa sem breiðasta samstöðu þingflokkanna um stefnumótun í þessu efni. Við kunnum að þurfa að breyta okkar afstöðu. Við megum þó auðvitað ekki rasa um ráð fram og breyta henni við fyrsta hanagal. En við höfum fylgt sveigjanlegri stefnu í þessu efni og eigum að gera það áfram með tilliti til heildarhagsmuna og það er mín tillaga að það verði reynt að ná samstöðu með þessari málsmeðferð. Þó að hæstv. forsrh. sé ekki viðstaddur þessa umræðu hér í dag mundi ég vilja beina því til hæstv. heilbrmrh. að koma þessum tillögum um málsmeðferð á framfæri og kanna hvort ekki væri grundvöllur fyrir því að taka á málunum með þessum hætti.

EFRI DEILD

5. fundur, miðvikudaginn 26. okt., kl. 2 miðdegis.

Efnahagsaðgerðir, frh. 1. umr.

Stjfrv., 8. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 8.

Karvel Pálmason:

Herra forseti. Hér hafa orðið, eðlilega, nokkuð miklar umræður um þetta dagskrármál og á engan

hátt skal það lastað því að hér er vissulega um mikilsvert mál að ræða. Ég skal þó reyna að lengja ekki mjög þessa umræðu, en nokkrir hv. þm. hafa vegið að ýmsum forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar að því er varðar þetta mál, og einhverra hluta vegna telst ég einn af þeim, og mér þykir því hlýða að gera, í örstuttu máli að ég vona, að umræðuefni það sem menn hafa hér fyrst og fremst sagt um afstöðu verkalýðshreyfingar og verkalýðsforustu til þessa máls.

Ég vil þó eigi að síður í upphafi míns máls vekja sérstaka athygli á því að mér finnst að hv. stjórnarandstöðuþingmenn hafi hér fyrst og fremst rætt um orsakir og nánast lögmæti gagnvart stjórnarskrá fyrir því að leggja fram bráðabirgðalög að því er varðar það frv. sem hér um ræðir og efni þess. (**EgJ:** Ég minntist ekki á það.) Ég var ekki, hv. þm., búinn að nefna nein nöfn. En kannski vík ég aðeins að ræðu hv. þm., skrifara, síðar. Ég get að vísu gert það strax því að hann var einn af þeim fáu hv. stjórnarandstæðingum ásamt hv. 4. þm. Vestf. sem véku að málefnum þessa frv. en ekki orsökinni fyrir því að málið var lagt fram í formi bráðabirgðalaga og spurningunni um hvort það hafi verið réttmætt eða ekki. Um það hef ég að vísu ekki mjög ákveðnar skoðanir lögfræðilega, um stjórnarskráratriði eða slíkt, en í mínum huga er enginn vafi á því að allar kringumstæður sem þá ríktu og nánast ríkja enn voru þess knýjandi að eitthvað yrði gert.

Ég get raunar tekið undir með hæstv. menntmrh., þó að við séum að vísu ekki alltaf sammála, að það var nánast ekki um nema tvær leiðir að velja eftir að ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar sagði af sér. Það var annaðhvort um að velja að efna til kosninga í því andrúmslofti sem þá var og er kannski að einhverju leyti enn, atvinnufyrirtæki meira og minna stöðvuð, atvinnuleysi blasandi við og grunnatvinnugreinar efnahagslífsins komnar í þrot, sumar orðnar alveg þrot í framleiðslu. Á hinn bóginn var, mátti segja, spurning um að efna til stjórnarsamstarfs þess sem nú hefur verið efnt til og ég er út af fyrir sig ekkert að segja að komi til með að leysa allan þann vanda sem við blasir í efnahagslífi þjóðarinnar. Það hvarflar ekki að mér. En ég tek það eigi að síður fram, *þannig að það fari ekki fram hjá hv. þingdeildarmönnum*, að ég er stuðningsmaður þeirrar ríkisstjórnar sem var mynduð undir forsæti hæstv. núv. forsrh. Ekki vegna þess að ég sjái allt gott í þeim efnum. Það er ýmislegt sem ég hef við að athuga í þeim efnum. En ég sá eigi að síður enga aðra lausn ef menn ekki vildu beina málum á þá braut að efna til tveggja, þriggja eða fjögurra mánaða kosningabaráttu, stjórnarmyndunarviðræðna og upplausnar enn þá meiri í þjóðfélaginu en var á þessum tíma.

Sumir segja: Stjórnarflokkarnir fyrrverandi áttu að ganga undir dóm kjósenda og að vissu leyti kann það að vera rétt, en einhvern tíma kemur að því að þessir fyrrverandi stjórnarflokkar ganga undir þann dóm og verða þá dæmdir að verðleikum og ekki síður þeir sem höfðu um það frumkvæði að slíta fyrrverandi stjórnarsamstarfi. Þeir hljóta engu síður að ganga undir sinn dóm hjá kjósendum. (**EgJ:** Í sjónvarpi?) Það kann vel að vera að það verði í sjónvarpi. Það skal ég ekki um segja. En mér býður svo í grun að þeir hinir sömu kunni að hljóta sömu örlög hvort sem það kann að verða í sjónvarpi eða á öðrum vettvangi. (**EgJ:** *Slíta ríkisstjórn í sjónvarpi*, stjórnarsamstarfi.) Það er ekki um það að ræða fyrir aðila sem slitu fyrrv. ríkisstjórn að slíta núverandi stjórnarsamstarfi í sjónvarpi. Það hlýtur að heyra undir aðra, hv. þm. Egill Jónsson. En nóg um það í bili.

Ég sagði í upphafi að ég skyldi ekki verða langorður um þetta mál, en ég sagði líka að mér fyndist að velflestir stjórnarandstæðingar gerðu formið að meira umræðuefni en efnisatriði þess máls sem hér er um að ræða. Ég tek það skýrt fram að það er efi í mínum huga um hvort þær ráðstafanir sem verið er að gera með þessum bráðabirgðalögum nægja til þess að reisa við nánast úr rústum atvinnulíf víðs vegar á landsbyggðinni, grunnatvinnulífið sem er sjávarútvegurinn, hvort þær ráðstafanir nægja sem hér er verið að gera til að reisa það við úr rústum. Ég get út af fyrir sig tekið undir að það er vafi í mínum huga hvort þessar ákvarðanir nægja til þess. *En þeir sem gagnrýna hvað harðast að þær nægi ekki hljóta að líta til fortíðarinnar og þess ættu* hv. þm. Egill Jónsson, Guðmundur H. Garðarsson, Halldór Blöndal að líta til líka. (**GHG:** Þessi ræða fer alveg fyrir ofan garð og neðan hjá mér, hv. þm.) Því er ég ekki hissa á því að raunveruleikinn fer yfirleitt fyrir ofan garð og neðan hjá hv. þm. þannig að það kemur mér ekki á óvart í þessum efnum frekar en öðrum. (**GHG:** Hvað finnst þér rangt í þessu?) Já, ég þekki það af langri reynslu, hv. þm. — Herra forseti. Það er mér að meinalausu þó að hv. þm. líði illa og grípi fram í þannig að ég get beðið. En mér kemur það ekki á óvart þó að einhverjum hv. þm. líði illa undir þessum umræðum í ljósi fortíðar og kannski kem ég að því síðar.

Ég ætla fyrst að víkja aðeins að einu eða tveimur atriðum sem hv. þm. Halldór Blöndal, ef ég man rétt, hv. 2. þm. Norðurl. e., vék að í upphafi ræðu sinnar. Hann fór að venju vítt um svið en gerði eigi að síður að aðalumræðuefni formsatriði bráðabirgðalaganna, þörfina á þeim undir þeim kringumstæðum sem þá voru og hvort þau hafi verið rétt gagnvart stjórnarskránni. Ég hef áður sagt: Um það skal ég ekkert fullyrða hér því að í mínum huga var það ekkert *vafamál* að það *þurfti* ráðstafanir á stundinni vegna þess hvernig ástandið var í atvinnulífinu, ekki síst úti á landsbyggðinni og trúlega ekki síður í kjördæmi hv. þm. Halldórs Blöndals, Norðurlandi eystra. (**GuðmÁ:** Skiptir þá stjórnarskráin engu máli?) Að sjálfsögðu, hv. þm. Guðmundur Ágústsson, skiptir stjórnarskráin máli. En ungir þingmenn ættu að temja sér að byggja á því hvernig ástandið er hverju sinni. Menn lifa ekki endalaust á lögfræðiaðstoð eða einhverju slíku. Menn þurfa lifibrauð. Og hvaðan hafa menn það?

Ætli þeir hafi það ekki af fiskvinnslunni, sjávarfanginu sem heldur uppi nánast öllu lífi í þessu þjóðfélagi? Því ættu þessir ungu menn að temja sér að líta til þess hluta atvinnulífsins sem er grunnur þess þjóðfélags sem við byggjum á. Ég dreg ekki í efa að stjórnarskráin hefur sitt hlutverk. En ég segi eigi að síður: Lífið er nú einu sinni svo að oft verða einstaklingar, forsvarsmenn stéttarfélaga, forustumenn í þjóðfélagsmálum að gera fleira en gott þykir. Kannski þessi hv. þm. Borgfl., Guðmundur Ágústsson, hafi aldrei þurft að gera annað en honum hefur best líkað og ef svo er, þá er það vel. En hann er trúlega einn af fáum sem hafa getað lifað lífinu þannig að gera aldrei neitt annað en sem mönnum hefur þótt best. Ég er ekki einn af þeim. Ég hef, kannski sem betur fer, þurft að upplifa það að gera fleira en gott þykir og það verður almenningur í þessu landi að upplifa þó að einhverjir einstaklingar, ungir eða aldnir, hafi sloppið við slíkt.

Ég held að menn geti ekki almennt bundið sig algerlega við lagaforsendur í þessum efnum. Prinsip er að vissu leyti mikils virði og ég tek undir það sem margir hafa hér sagt að að því er varðar verkalýðshreyfinguna er samningsfrelsið eitt af grundvallaratriðum þeirrar hreyfingar sem hafa ber í heiðri. En það er líka ástæða til þess fyrir forustumenn verkalýðshreyfingar að gæta að hinum almennu hagsmunum þess fólks sem þeir eru umbjóðendur fyrir. Það er fleira hagsmunir en kaupið eitt og sér í krónum talið.

En ég ætlaði fyrst að víkja að hv. þm. Halldóri Blöndal. Hann sagði nánast í upphafi sinnar ræðu að sá sem hér stendur hefði lagt fyrstu rýtingsstunguna í bak fyrrv. hæstv. fjmrh., formanns Alþfl., að því er varðaði afstöðu til matarskattsins. Það er erfitt að þurfa að rifja það upp fyrir meðalgreindum hv. þm. að það er ekki ár síðan umræðan fór fram um þetta mál. Ég hafði hreina og klára afstöðu í því máli alveg frá upphafi. Það var engin rýtingsstunga þar. Þar skiptust menn á málefnalegum skoðunum og mín afstaða lá fyrir. Ég talaði gegn málinu, greiddi atkvæði gegn því, en hv. þm. Halldór Blöndal talaði með því og greiddi atkvæði með því. Svona breytast menn í skoðunum, sumir hverjir, eftir því hvernig mánuðir líða.

Í öðru lagi minntist hv. þm. á afstöðuna til kvótamálsins. Um það urðu hér kannski mestar umræður líka fyrir innan við ári og enn rifja ég upp að meðalgreindir þingmenn í þessari hv. deild ættu að muna þessar umræður. (**Salþ:** Hvernig flokkar hv. þm. greindarvísitölu?) Ja, það fer kannski eftir hvernig hv. þm. Halldór Blöndal talaði. (**GHG:** Svona gera menn í einræðisríkjunum.) Ég er afskaplega ánægður með að hv. þm. Sjálfstfl. á alla bóga líður illa undir þessum umræðum, bæði til vinstri og hægri og í hliðarsölum. Það skiptir engu máli hvar menn standa í þessum efnum að því er varðar íhaldið. (**GHG:** Þeir sem flokkast undir greinda menn mega hafa skoðun en aðrir ekki.) Þeir sem flokkast undir greindarvísitölu eiga að muna hvað gerist frá mánuði til mánaðar. Það er mín meginskoðun og það er venjulegur máti að mínu viti í umræðum og afstöðu til þessara mála. Menn geta ekki leyft sér að hafa mismunandi skoðun á sama máli frá einum mánuði til annars og ég tala nú ekki um að gera öðrum þingmönnum upp aðrar skoðanir og ummæli á þessum tíma. Þetta flokkast að sjálfsögðu undir greindarvísitölu, hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson. Ég hef að vísu ekki meint þetta til þess hv. þm. sem var að grípa fram í hvað mest. (Gripið fram í.) Kannski er það rétt hjá hæstv. menntmrh. að menn ættu að breyta um vísitölu, taka upp greindarvísitölu í stað lánskjaravísitölu. Það væri kannski réttasta lausnin á því máli sem menn eru nú að deila um. Þá kæmi kannski ýmislegt í ljós, hæstv. menntmrh., sem allir hafa ekki séð fyrir í þessum efnum. — Ég sé að hv. meðdeildarþingmenn mínir ætla að lengja mína umræðu að því er þetta varðar. (**EgJ:** Ósköp liggur þingmanninum mikið á allt í einu.) Nei, það er síður en svo. En ég vil gefa þeim sem liggur enn þá meira á tækifæri til að tala.

En ég ætla að víkja að kvótanum og þeim ummælum sem hv. þm. Halldór Blöndal viðhafði um þau mál. Það er varla þörf á að rifja það upp að þingdeildarmönnum hér í Ed. eru ljósar þær umræður sem fóru hér fram líklega í desember, endaðan nóvember eða desember á sl. ári um kvótamálið. Þó að ég segi sjálfur frá hef ég líklega verið hvað harðastur eða með harðari andstæðingum þess máls hér í hv. deild og flutti æðimargar brtt. og víðtækar gegn málinu. Talaði gegn því, greiddi atkvæði gegn því. En hv. þm. Halldór Blöndal, sem hér gerði þetta að umræðuefni, talaði hvað harðast með því og greiddi atkvæði með því. Og svo ber hann mér á brýn að menn séu komnir í hnappeldu, ég og hv. þm. Skúli Alexandersson, til þess að styðja nánast allt sem hæstv. fyrrv. og núv. sjútvrh. muni segja í þessum efnum. (**GHG:** Það vitum við.) Það er síður en svo, hv. þm. Guðmundur Garðarsson, þegar þingmaðurinn loksins kemst í stólinn frá öðrum erfiðum verkefnum. (**GHG:** Það er hvalamálið.) Hvalamálið, já. Mikið vildi ég að ég gæti verið í þeim umræðum nú, en því er ekki að heilsa. En ég ítreka að menn þurfa ekki að blanda kvótamálinu saman við það sem hér er til umræðu. Menn eru með því að reyna að leiða fólk afvega í hinni almennu umræðu um þau mál sem hér er verið að ræða, um efnahagsmálin og þær forsendur sem við hljótum að byggja á í þessum efnum.

Hér hafa menn, eðlilega, gert að umræðuefni afstöðu forustumanna verkalýðshreyfingarinnar til bráðabirgðalaganna. Ég tók eftir því að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson sagði í ræðu sinni hér held ég í gær, ef ég man rétt, að hann hefði einu sinni greitt atkvæði á Alþingi með því að skerða samningsfrelsið. Ég held ég muni þetta rétt. Ég held hins vegar eða ég veit ekki betur en hv. þm. hafi verið samþykkur þeim bráðabirgðalögum sem gefin voru út í maí sl. og vörðuðu samningsfrelsið eða

sviptingu þess, frestun, og ég veit ekki betur en hv. þm. hafi einnig verið samþykkur og að sagt var, sem ég ber nú ekki ábyrgð á, einn af frumkvöðlum tillagna þingflokks Sjálfstfl. á sl. hausti um enn frekari skerðingar á samningsfrelsi og kauprýrnum. (**GHG:** Tillögumaður.) Tillögumaður ásamt hv. þm. Halldóri Blöndal. (**GHG:** Tillögumaður.) Tillögumaður, já. Rétt! Það er rétt eftir tekið. Ég sagði eigi að síður að ég ber ekki ábyrgð á þessu því að ég hef ekki staðreyndir fyrir því máli og yfirleitt fer ég ekki með mál nema ég hafi sannanir nánast fyrir því að rétt sé. En þetta var á orði haft og því ekki mótmælt. En eigi að síður: Eitt skipti samþykkt á Alþingi, tvö skipti tillögur eða samþykki í þingflokki viðkomandi pólitísks flokks fyrir þessum atriðum. Ég er ekki að segja þetta vegna gagnrýni á þennan hv. þm., alls ekki. En það er nauðsynlegt, þegar menn tala eins og hér hefur verið talað, að þetta sé rifjað upp.

Nú er það eitt og sér kauprán eða að verja hagsmuni launafólks. Það er í mínum huga tvennt ólíkt. Auðvitað hefðu menn getað haldið til streitu bæði í maí og í september að kaupið hækkaði eins og gert var ráð fyrir í samningum og þá annað eftir því. Og þá hlýtur að vera spurningin: Var það fólk sem ég m.a. tel mig vera forsvarsmann fyrir betur sett undir þeim kringumstæðum að allt héldi áfram eins og var samið um eða var betra, var hagkvæmara fyrir þetta fólk að fara aðra leið, þá leið sem bráðabirgðalögin gera ráð fyrir?

Ég ítreka enn og held því skýrt fram að samningsrétturinn er ein af grundvallarforsendum frjálsrar verkalýðshreyfingar og hann ber að virða. En ég segi eigi að síður að það er forustumanna hverju sinni, það er þeirra hlutverk að þurfa að velja milli mismunandi slæmra kosta hverju sinni. Og ég spyr fulltrúa á hv. Alþingi, fulltrúa þess fólks í atvinnulífinu sem stóð frammi fyrir annaðhvort atvinnuleysi eða þverrandi atvinnu og áframhaldandi atvinnuleysi: Var það þess hagur að halda þessu áfram eins og mál hefðu stefnt hefði ekkert verið að gert? (**HBl:** Var þingmaðurinn sammála formanni Alþfl. um niðurfærsluleiðina?) Niðurfærsluleiðina? Það er gott að hún kemur hér á dagskrá. Ég get út af fyrir sig verið sammála hæstv. forsrh. að það var mjög slæmt að menn könnuðu ekki þá leið til hlítar. Þeirri leið var nánast vísað út af borðinu án þess að menn væru búnir að kanna hana til hlítar. Ég er ekki að segja að hún hefði reynst fær, en það var ekkert sem benti til þess að það væri ekki rétt að kanna þá leið eins og aðrar leiðir í efnahagsmálum. (**GHG:** Var ekki Alþfl. búinn að hafna þeirri leið?) Nei, það er rangt hjá hv. þm. að Alþfl. hafi hafnað þeirri leið. Hitt var svo rétt, og það ætti hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson að taka upp, að formaður Sjálfstfl. og þáv. forsrh. setti þau skilyrði — ja, nú vitna ég til hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar sem hefur lengi verið í forustusveit og er verkalýðssinni að því er ég best veit, var lengi í forustusveit verkalýðshreyfingar, nú vitna ég til þess: Var það skynsamlegt af forustumanni pólitísks flokks, hvort sem það var Þorsteinn Pálsson eða einhver annar, að biðja verkalýðshreyfinguna um stimpil á samningsfrestun eða lækkun launa? Var það skynsamlegt? Þetta var auðvitað sett fram til þess að loka þeirri leið af þessum hv. sjálfstæðismanni og hæstv. forsrh. í þeirri ríkisstjórn, beinlínis til þess að loka henni að mínu viti. (Gripið fram í.) Það var út af fyrir sig alveg vonlaust — bíddu augnablik, hv. þm. Halldór Blöndal, ef ég má bara klára þessa setningu getur hv. þm. fengið orðið þó að ég sé hér — það var auðvitað beinlínis sett fram að mínu viti til þess að koma í veg fyrir að sú leið yrði könnuð til hlítar. Það er vonlaust að ætlast til þess bara út af prinsippum að forusta verkalýðshreyfingar eða forsvarsmenn hennar leggi blessun sína yfir slíka gjörð. Það er um tómt mál að tala. Það eru nánast blindir pólitískir foringjar sem ætlast til slíks að mínu viti. (Gripið fram í.) Það var ekkert komið á það stig, hv. þm. Halldór Blöndal. En hver var tillaga þáv. hæstv. forsrh. um lækkun launa? Hún var ekki um að frysta þessi 2,5% sem áttu að koma núna í haust. Hún var um það að lækka launin um 9% til viðbótar. (**GHG:** Hvað um hlutaskipti?) Það var ekkert komið til umræðu. Menn komu í veg fyrir það og þar á meðal hæstv. forsrh. Þorsteinn Pálsson. Hann kom í veg fyrir að þessi mál yrðu rædd í botn. (Gripið fram í.) Já, gleymum því nú ekki. Það er nú brennimerkt þeirri forustu, gengisfelling og gengisfelling æ ofan í æ. En þetta er auðvitað meginmálefnið.

Ég er ekkert hissa á því þótt hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson sé ekki bara efins heldur gagnrýni að samningar séu ógiltir. Það er afskaplega slæmt mál og undir það tek ég, Guðmundur H. Garðarsson, heils hugar. En ég er nú einu sinni einn af þeim fáu hér á hv. Alþingi sem verða að hafa skoðun bæði hér og í hreyfingunni og það er einu sinni svo að ég reyni að hafa sömu skoðun á báðum stöðum. Ég get ekki leyft mér, eins og sumir aðrir hafa gert í gegnum tíðina, að hafa eina skoðun hér og aðra í hreyfingunni. Það fer ekki saman við mitt hugarfar. Ég verð að hafa þessa skoðun og síðan stend ég eða fell með henni. Ég vil ekki upplifa, eins og margir hafa gert úr forustusveit bæði Alþb. og Sjálfstfl. og kannski víðar, að menn hafi eina skoðun á Alþingi til sama málsins en aðra úti í hreyfingunni. Það eru ekki heilsteyptir persónuleikar sem þannig haga sér. Það er miklu betra að hafa hina sömu skoðun og standa og falla með henni.

Mér kemur oft í hug að það er afskaplega þægilegt að vera bara þingmaður, þurfa ekki að bera ábyrgð á einu eða öðru. En það er erfiðara að axla líka ábyrgð úti í hreyfingunni, í stéttarfélögunum eða í hreyfingunni sem heild. En það er nú einu sinni svo, og það tek ég undir með hæstv. menntmrh., að auðvitað er það verkalýðsflokka að axla ábyrgð og forustumanna þeirra. Þeir geta ekki verið stikkfrí og eiga ekki að vera það. Þeir verða að hafa skoðun og eiga auðvitað að hafa sömu skoðun hvar sem þeir eru staddir. (**GHG:** Það er bara eins og íhaldið sé að tala.) Kannski það sé svo, enda var það svo, ef ég

man rétt, og þá vitna ég líka til þess sem áður var sagt, að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson var meðbiðilsmaður hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar að því að biðla til Alþb. um samstarf. Er það ekki rétt, hæstv. menntmrh.? (**GHG:** Hann á að geta svarað fyrir það.) (**Menntmrh.:** Það voru svo margir á listanum.) Það kann að vera að þeir hafi verið miklum mun fleiri og kannski hefur sú ræða sem hér var flutt í gær af hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni verið í þeim dúr eða vegna þess. Og kannski ætti ég að samhryggjast hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni að bíða skipbrot í þeim efnum.

En svona er málið í mínum huga. Og þá vík ég að því sem hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir sagði fyrr við umræðuna. Mér þykir slæmt að hv. þm. er ekki hér til staðar, en flokkssystir er hér. — Ja, nú er ekki víst að maður megi segja flokkssystir. Þingsystir líklega miklu frekar, hv. þm. eða hv. þingkonu er hér til staðar. (**Salþ:** Konur eru líka menn.) Það er rétt. Þess vegna sagði ég ... (**HBl:** Líka fyrir vestan.) En ekki fyrir austan? Er dregið þar í dilka? Já, þá veit maður það.

En hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir orðaði það svo að sumir verkalýðsforingjar gæfu lítið fyrir samningsréttinn. Ég hefði gjarnan viljað fá vitneskju um hverjir þessir sumir eru. Ég veit ekki til þess að verkalýðsforingjar hafi talað á þessum nótum. Svo kann að vísu að vera án þess að ég viti um, en ef svo er vil ég fá að vita hverjir það eru því að það er ósanngjarnt að halda svona ræður á hv. Alþingi og láta alla þá sem teljast verkalýðsforingja liggja undir þessum grun.

Ég get ekki stillt mig um að víkja að enn einu dæmi um hvernig hv. þm. og borgarfulltrúar Kvennalistans haga sér í umræðum um þessi mál.

Ekki alls fyrir löngu var fulltrúi Kvennalistans í borgarstjórn, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, stödd í viðtalsþætti hjá Páli Heiðari Jónssyni í útvarpinu og viðhafði þau orð að ég meðal annarra tveggja einstaklinga hefðum fullyrt — og taki menn nú eftir — hefðum fullyrt að við mætum samningsréttinn einskis virði nú orðið. Það er afskaplega þægilegt að geta leyft sér slíka hluti. En þetta er ábyrgðarlítið að mínu viti eða nánast ábyrgðarlaust tal. Ég hefði gjarnan viljað spyrja þennan kvennalistafulltrúa um það hvar og hvenær ég hefði viðhaft þessi orð. En það gefst auðvitað ekki tækifæri til þess. Mér sýnist að í borgarstjórn hjá þeim kvennalistakonum gildi sama reglan um undanfærsluleið í öllum hlutum eins og er á hv. Alþingi, undanfærsluleið, taka aldrei ábyrgð. (**SkA:** Svo sú leið er til líka, uppfærsla, undanfærsla og niðurfærsla?) Já, já. Allt saman til. Og það hélt ég að hv. þm. Skúli Alexandersson vissi. (**SkA:** Þetta er nýtt orð, undanfærsluleið.) Nei, nei, nei, nei. Þetta er rangt. Þetta er gamalt orð. (**VS:** Þetta er nýtt í efnahagsmálum.) Nýtt í efnahagsmálum? Það kann að vera að málfræðin færist yfir á önnur svið en hún hefur verið á undangengin ár. — En mér finnst nánast móðgun við þá einstaklinga sem eru starfandi í málum eins og í verkalýðshreyfingunni að viðhafa slík orð án þess að þeir geti þá svarað fyrir sig. Það er út af fyrir sig ekkert nýtt að kvennalistakonur hagi málflutningi sínum á þennan hátt. Það getur verið kannski afskaplega þægilegt að geta alltaf verið stikkfrí, hafa aldrei skoðun, meina aldrei neitt, segja alltaf allt annað. En ég uni því ekki að ég sé borinn slíkum sökum án þess að ég hafi til þess unnið. En ég er reiðubúinn til að svara fyrir það hafi ég sagt það.

Launamálin. Höldum aðeins áfram með þau. Hverjum hefði verið gerður greiði með áframhaldandi launastefnu eins og hefði verið gert ef bráðabirgðalög eða aðgerðir hefðu ekki komið inn í? Hefðu hin almennu verkalýðsfélög innan Verkamannasambandsins, innan Alþýðusambandsins haft stöðu til að knýja á um leiðréttingu launa og réttinda? Er það líklegt í ljósi þess að velflest atvinnufyrirtæki á landsbyggðinni, sem 80–90% af vinnandi fólki hefur atvinnu sína af, er líklegt að þetta fólk hefði fengið uppreisn æru með þessi atvinnufyrirtæki í lamasessi? Spyrji nú hver sig án þess að menn séu að tala um pólitík í þessum efnum.

Mér finnst afskaplega ólíklegt að neitt af því fólki sem ég telst vera forsvarsmaður fyrir hefði fengið leiðréttingu sinna launa í kjölfar þess að samningar hefðu verið lausir um áramót. En á þessu geta verið mismunandi sjónarmið, eðlilega. A.m.k. á mínu svæði fullyrði ég að ekkert af því fólki sem vinnur í hraðfrystiiðnaði, við fiskvinnslu hefði getað sótt leiðréttingu sinna launa á þessum tíma. Það kann að vera breytilegt eftir landshlutum, en á mínu svæði hefði það ekki gerst. Auðvitað hlaut ég að hafa þá skoðun í verkalýðshreyfingunni sem hlaut að sýna mér fram á að ég ætti að hafa sömu skoðun á Alþingi þegar löggjafinn ætti hlut að málum. Það getur ekki farið milli mála í mínum huga.

En hverjir voru það sem hefðu getað fengið samningsrétt um áramótin? Það voru m.a. BSRB-menn. Á engan hátt er ég að segja að þeir séu oflaunaðir eða ofdekraðir nema síður sé, sumir hverjir. Þeir hefðu hugsanlega getað sótt um starf um áramót. Allar sjálftökustéttirnar, sem menn tala um, hefðu getað sótt sitt, sem spyrjast ekkert fyrir um hvað þjóðfélagið þoli heldur hafa sitt á þurru.

Flugmenn. Hefði ekki verið afskaplega vinsælt að sleppa þeim lausum um áramót á sama tíma og verkafólk í frystiiðnaðinum og víðar hefði nánast þurft að lifa á sama? Hefði verið skynsamlegt að sleppa flugmönnum lausum þá? Ég er alveg handviss um að verkalýðssinnaður maður eins og hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson er mér sammála um að það hefði ekki verið skynsamlegt. Það hefði ekki þjónað hagsmunum þeirra umbjóðenda sem við erum talsmenn fyrir, verkafólks, verslunarfólks og annarra í láglaunastétt, nema síður væri. Þeir aðilar sem ég hef hér gert að umræðuefni, ýmsir úr BSRB-stétt, flugmenn, sjálftökustéttirnar, BHMR-menn eða hvað það heitir, hafa klifrað upp eftir bakinu á hinu almenna launafólki. Þeir hafa gert það svo árum skiptir að hagnýta sér brautryðjendastarf hins

almenna verkafólks, notfæra sér það í sinni launabaráttu til hagnaðar. Áttu forsvarsmenn verkalýðshreyfingarinnar að ýta undir að það yrði gert nú undir þeim kringumstæðum sem við búum við?

Ég segi enn að þrátt fyrir að ég sé eindregið þeirrar skoðunar að ríkisvaldið eigi ekki að grípa inn í löglega gerða kjarasamninga stéttarfélaga og aðila vinnumarkaðar ... (**EgJ:** Og á samt að gera það, segir þú.) Nei, ég er þeirrar skoðunar að það eigi helst ekki að gera það. En stundum getur það gerst að nauðsyn brýtur lög. (**EgJ:** Já, já, þá á að gera það.) Ég minni á það í þessu sambandi að kannski hafa einhverjir hv. þm. í Ed. staðið oftar að slíkri löggjöf en sá sem hér stendur í ræðustól. Ég man ekki betur en hv. þm. Egill Jónsson hafi staðið að bráðabirgðalöggjöfinni í maí. Ég veit ekki betur en hv. þm. hafi stutt sinn þingflokk í september í tillögum, að mér er sagt, hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar og Halldórs Blöndals sem bornar voru fram af þáv. hæstv. forsrh. til enn frekari kjaraskerðingar. (**EgJ:** Þetta eru fullgildar afsakanir fyrir hv. þm.) Þetta eru ekki afsakanir, síður en svo. Þetta eru engar afsakanir. Það eru engar afsakanir í því fólgnar þó að menn segi rétt frá. Það er alveg nýtt í mínum huga ef það eru afsakanir að segja rétt frá hlutum. Ja, maður lærir ýmislegt í hv. deild og það er líklega rétt sem hæstv. menntmrh. sagði að þetta er auðvitað besta deildin.

Nei, hv. þm. Egill Jónsson. Hér eru engar afsakanir og ég tel mig ekki þurfa að bera fram neinar afsakanir. Ég spyr hv. þm. Egil Jónsson um það: Hefði hans verkafólki á Austurlandi, hinu almenna verkafólki, verið betur borgið með því að þeir launasamningar, sem ég er ekki á nokkurn hátt að segja, nema síður sé, að hafi verið of háir á sínum tíma þegar þeir voru gerðir, og ég ítreka að það eru ekki launin hjá almennu launafólki sem voru að sliga þjóðfélagið, síður en svo, en hefði fólki á Austurlandi verið betur borgið með því að láta samningana ganga fram eins og lög gerðu ráð fyrir og verðhækkanir gengju í kjölfarið? Svari nú hver fyrir sig og hv. þm. Egill Jónsson líka. Hefði verkafólki í frystihúsum á Austurlandi verið betri greiði gerður með því að þetta væri gert þó að ég viðurkenni fullkomlega prinsippið í því að það hefði átt að gerast? (**SkA:** Svaraði skrifarinn ekki?) Hv. skrifari er að skrifa það sem hann ætlar að segja, sýnist mér. En þetta er atriði sem hver og einn verður að gera upp við sig og þora að hafa afstöðu og hina sömu á þeim stöðum sem á að taka afstöðu á.

Ég sagði í upphafi að auðvitað væri ýmislegt í stjórnarsáttmála núv. hæstv. ríkisstjórnar sem væri ekki mér að skapi, en hafandi verið í pólitík eða forustumaður í stéttarfélagi í yfir 30 ár hef ég upplifað það að fá ekki allt sem ég vildi í gegnum slíkt starf. Kannski er það flestum fyrir bestu og reynir mest á þolrif einstaklingsins að þurfa að kljást við athöfnina hverju sinni.

Ég get alveg tekið undir með Guðmundi H. Garðarssyni að því er varðar Atvinnuleysistryggingasjóðinn. Það er mjög slæmt mál að skerða tekjur hans í því ástandi sem nú er. En ég hlýt að minna á að slíkt hefur áður verið gert, því miður, en kannski meira núna en hefur áður verið gert. En það er nú einu sinni svo að að því er varðar Atvinnuleysistryggingasjóð hlýtur ríkissjóður alla tíð og alla vega að vera ábyrgur fyrir því sem þar er að gerast. Séu tekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs skertar þannig að hann geti ekki staðið undir sínu hlutverki hlýtur ríkissjóður að vera ábyrgur. En ég er ekki að segja að þetta eigi að gera svona. Auðvitað á þessi sjóður að halda sínum tekjustofnum þannig að hann geti staðið við sínar skuldbindingar sem ríkið hefur lagt á hann.

Við skulum líka hafa það í huga að hér er ekkert venjulegt ástand við að eiga í atvinnumálum. Það hefur enginn gagn af því þó að kaupið sé 10 kr. hærra á tímann ef engin atvinna er. Það er auðvitað grundvallarforsenda fyrir því að almennt fólk í þessu landi geti lifað að atvinna sé fyrir hendi og í áframhaldi af því að laun séu greidd eins og fólk þarf til þess að lifa af átta stunda vinnudegi. En grundvallarforsendan er atvinnan og atvinna á hinum ýmsu svæðum er ekki fyrir hendi eins og er, því miður. Það er það sem við er að kljást nú.

Það er líklega rétt, sem hér hefur komið fram í umræðum, að bæði formannafundur Alþýðusambands Íslands og formannafundur BSRB og einstök stéttarfélög innan þessara samtaka hafa mótmælt þessum bráðabirgðalögum og það er síður en svo að við neitt slíkt sé að athuga. (**EgJ:** Greiddi þingmaðurinn atkvæði þar?) Hann var ekki þar, því miður, þannig að það er ekki hægt að vísa til þess. En það er greinilegt að þingmaðurinn sem hér stendur og talar hefur lýst sinni skoðun á málinu og hann hlýtur samkvæmt sínu eðli þó það sé ekki eðli annarra að greiða atkvæði samkvæmt því sem hann talar. Það er ekkert undarlegt við það þó að samtök launafólks, hvort sem um einstök stéttarfélög er að ræða eða heildarsamtök, mótmæli því að það sé skertur samningsréttur hjá tilteknum félögum eða samböndum. Það er þeirra skylda að halda svo á málum. Og því aðeins verja þau sinn rétt að þau haldi vöku sinni í þeim efnum. Það er kannski tvennt ólíkt hvort menn eru að segja já, eins og Alþýðusamband Íslands, við hlutum sem hefur verið gengið á þeirra rétt með, eða hvort þeir láta það yfir sig ganga. Það er tvennt ólíkt. Verkalýðshreyfingin hefur því miður oft og tíðum þurft að láta ýmislegt yfir sig ganga sem hún er andvíg í eðli sínu.

Þetta er sambærilegt við hv. þm. Þeir láta ýmislegt yfir sig ganga í stjórnarsamstarfi þó að þeir séu andvígir því á eðlilegum forsendum. — Ég sé að hv. þm. Salome Þorkelsdóttir bendir á sig. Það kann vel að vera að svo hafi verið. (Gripið fram í.) Já, í hv. þm. Ætli hv. þm. sem hér talar fái ekki fyrst og fremst yfirskriftina að hafa verið uppreisnarmaður í sínum þingflokki frekar en samþykkjandi og ég uni því vel. En það er einu sinni svo að menn verða oft að gera fleira en gott þykir og oft verða menn að taka við skulum segja næstversta kostinn í þessum

efnum.

Ég skal, herra forseti, ekki lengja frekar þessar umræður nema tilefni gefist til þess í áframhaldi. En ég vil eigi að síður taka undir það, sem hér var sagt að ég held af hv. 7. þm. Reykn. Júlíusi Sólnes, að ég er sammála því viðhorfi að hinir almennu sjóðir séu staðsettir á þeim svæðum þar sem í þá er greitt. Ég hef verið aðalhvatamaður að slíku og bendi þá t.d. á orlofsféð sem við Vestfirðingar vorum frumkvöðlar að að yrði greitt á þeim slóðum þar sem það fellur til. Svo er um fleiri sjóði. Bæði Atvinnuleysistryggingasjóð og fleiri. Þetta er auðvitað sjálfsagt og um þetta ættu menn ekki að þurfa að hafa pólitískan ágreining. Þetta er svo sjálfsagt að um það ættu menn að geta sameinast.

Ég vil líka taka undir það, sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson sagði, að ég hefði miklu frekar viljað sjá fjármunum sem er gert ráð fyrir að fari í atvinnuvegasjóðina ráðstafað öðruvísi, ég er ekki alveg viss um að ég hafi það orðrétt, því að þeir hafa trúlega alveg eins getað og ekkert síður farið í gegnum Byggðastofnun sem er fyrir. Það hefði ekki þurft að setja á nýtt apparat til að útdeila þeim. Ég hefði miklu fremur viljað sjá það. (**Salþ:** Af hverju var það þá gert?) Já, það er nú stóra spurningin. Af hverju var ýmislegt gert í stjórnartíð hv. þm. Salome Þorkelsdóttur án þess að hún réði hvernig það var gert? Þetta er hlutur sem við stöndum frammi fyrir. Einn og einn ræður kannski ekki öllu, en það er ýmislegt sem menn beygja sig í duftið fyrir sumir hverjir. Ekki ég. En ég held að það hefði ekkert orðið síðra. Þarna er stofnun sem er til staðar, gæti haft þetta hlutverk og sinnt því þannig að ég hefði miklu frekar viljað sjá að Byggðastofnun hefði fengið þetta fjármagn til þess að sjá um afhendingu eða útdeilingu, hvernig menn vilja tala um það, en setja á stofn nýjan sjóð í þessum efnum. Ég er ekki að tala þvert um hug minn í þessum efnum, þetta eru mínar skoðanir sem ég tel rétt að komi hér fram.

Ég vil að lokum segja þetta, herra forseti. Hvað sem menn segja um þessi bráðabirgðalög og þó að ég hafi ýmislegt við þau að athuga stend ég að þeim. En ég geri það vegna þess að ég sá ekkert annað frambærilegra í þeirri stöðu sem okkar þjóðfélag var komið í eftir ýmislegt sem á undan gekk. Ég skal ekki nefna neitt í þeim efnum sérstaklega. En eftir það sem á undan gekk sá ég ekki aðra möguleika, aðra en demba þjóðfélaginu út í kosningabaráttu sem hefði þýtt þriggja, fjögurra, fimm mánaða áframhaldandi óvissu í efnahagsmálum, óvissu sem hefði leitt til enn frekari gjaldþrota víðs vegar um land, atvinnuleysis og ég veit ekki hvað má segja í viðbót við það. Þetta eru kannski höfuðástæðurnar fyrir því að menn töldu sig nauðbeygða til að taka saman höndum og reyna að átta sig á leiðum, feta sig áfram þó að ég viðurkenni að með stjórnarsáttmálanum hafa menn ekki fundið neinn endanlegan sannleika í þessum efnum.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka þátt í þessari umræðu, a.m.k. ekki í fyrstu umferð, en það var sá ágæti hv. 3. þm. Vestf. sem eiginlega gaf mér upp boltann og ég stóðst ekki mátið því ég komst að því að það væru ekki margir á mælendaskrá að segja nokkur orð í tilefni af upphafsorðum í hans ræðu.

Það var í fyrsta lagi að honum þótti þeir sem hafa talað í þessu máli ekki hafa lagt mikla áherslu á að ræða málefnalega um þetta frv. heldur hefði stjórnarandstaðan fyrst og fremst rætt um lögmæti bráðabirgðalaganna. Ég er nú ekki alveg sammála honum í þessu, enda eyddi hann talsverðum tíma í að svara þeirri málefnalegu gagnrýni sem hafði komið fram á frv. einmitt af þeim ástæðum að hér hefur verið fjallað málefnalega um þetta frv. af svo mörgum hv. þm., einnig úr mínum flokki, að ég þarf í raun og veru engu við það að bæta. En það þarf engan að undra þó að mönnum hafi hér orðið tíðrætt um bráðabirgðalögin og gagnrýni að hæstv. ríkisstjórn hafi sett þau svona stuttu fyrir þingsetningu, ekki síst þegar það er haft í huga á hve veikum grunni þessi ríkisstjórn er reist. Hún er hreint ekki reist á bjargi heldur á sandi og undirstöður hennar geta hvenær sem er hrunið. Þetta vita allir hv. alþm. Við getum e.t.v. gert ráð fyrir því að þetta frv. komist í gegnum þessa hv. deild, a.m.k. eftir að hv. síðasti ræðumaður og fleiri hafa talað sem stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar þó maður hefði haft kannski grun um að einhver þeirra væri í vafa um sinn stuðning. En þrátt fyrir það er alls ekki útséð um hvernig þetta gengur þegar frv. kemur til hv. Nd. Þá verður ríkisstjórnin að treysta á „bónus" og huldufólk. Og það er ekki séð fyrir hvernig huldufólkið reynist og jafnvel „bónusar" geta brugðist.

En hv. þm. varð tíðrætt um að menn geti ekki leyft sér að skipta um skoðun frá mánuði til mánaðar. Mér varð bara hugsað svo: Hvað þá með að skipta um skoðun frá degi til dags eða frá hádegi til kvölds eins og stundum gerist nú á stjórnarheimilum á Íslandi? En það er þetta með kýrhausinn, það er svo margt skrýtið í honum og oft hefur nú læðst að manni við yfirlýsingagleði hinna nýju hæstv. ráðherra Alþb. að það er hægara um að tala en í að komast. Þegar Alþb. fór t.d. inn í stjórnarmyndunarviðræður Steingríms Hermannssonar um myndun meirihlutastjórnar samþykkti Alþb. ályktun þar sem settar voru fram forsendur fyrir stjórnarmyndunarviðræðum þess við hina tvo flokkana, Framsfl. og Alþfl. Þar var lögð áhersla á númer eitt, tvö og þrjú að bráðabirgðalögin sem banna frjálsa samninga verkalýðshreyfingarinnar verði afnumin, að kaupskerðing verði afnumin og samráð haft við samtök launafólks um skipan kjaramála og að matarskatturinn verði tekinn til endurskoðunar. Þetta voru meginforsendur þingflokks Alþb. fyrir því að ganga til viðræðna við Steingrím Hermannsson og árangurinn höfum við í ríkisstjórninni sem sett var á laggirnar og frv. sem hér er á dagskrá.

Það var fleira sem kom til. Ég er hér með leiðara úr Þjóðviljanum. „Málefnin ráða", heitir hann. Hann er frá 20. sept. Ég stenst ekki freistinguna, hæstv. forseti, og ég ætla að lesa hérna örfáar setningar úr þessum leiðara, en þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Alþýðubandalagsmenn hafa tekið þá eðlilegu afstöðu að málefnin eigi að ráða. Þeir hafa lýst sig reiðubúna til viðræðna án þess að líta á flokksskírteini", hvað sem það á að þýða, „og eru þegar byrjaðir að ræða við Steingrím Hermannsson, sem nú fer með stjórnarmyndunarumboð, og samstarfsmenn hans í Alþfl. Þeir leggja áherslu á að þar verði einnig rætt um Samtök um kvennalista sem hljóta að láta af einangrunarhneigðum og láta reyna á pólitík sína í viðræðum."

Og ofurlítið neðar í þessum leiðara stendur: „Nú er að sjá hvað er á bak við vinstri bros Steingríms Hermannssonar og Jóns Baldvins Hannibalssonar og nú er að sjá að hvaða marki Kvennalistinn telur sig vera með í stjórnmálum á Íslandi."

Það var fróðlegt að lesa þennan leiðara. Mér dettur í hug þetta með flokksskírteinin, að þeir ætli ekki að líta á þau, því að svo minnir mig að einhvern tíma seinna hafi komið fram í Þjóðviljanum að þeir settu það skilyrði að Borgfl. mætti ekki vera með. Hvað var þá orðið um flokksskírteinin, það veit ég ekki.

En það má segja að bragð sé að þá barnið finnur og verður fróðlegt að fylgjast með hví hve lengi þetta vinstra bros helst innan ríkisstjórnarinnar hjá þessum tveimur flokkum sem Alþb. er þarna á leiðinni til samstarfs við.

Ég get ekki látið það fram hjá mér fara að minnast á að það þurfi engan að undra þótt það hafi verið rætt um kjarasamninga í tengslum við þetta frv. um bráðabirgðalögin og samningsréttinn og gagnrýnt hvernig hafi verið staðið að þessum málum, ekki síst þegar haft er í huga hvaða leik hv. þm. t.d. Alþb. hafa leikið hér á undanförnum árum í sambandi við kjarasamninga og allt það, að það megi ekki skerða þá o.s.frv. Í raun og veru þarf ég hreint ekki að fara að tíunda þau orð hér. Þetta ætti öllum að vera vel í minni. Það á ekki að þurfa að minna á að kaup var skert 14 sinnum hér þegar Alþb. átti síðast sæti í ríkisstjórn. Síðan þegar menn koma í stjórnarandstöðu gleymist þetta og þá byrja menn að hrópa eitthvað allt annað. Það er von að mönnum detti í hug að oft sé þá hægara um að tala en í að komast.

En það var eitt annað sem hv. 3. þm. Vestf. Karvel Pálmason minntist hér á. Þetta fannst mér ansi góð ræða hjá honum. Hann hefur kannski staðsett sig í sama greindarvísitöluflokk og hv. 2. þm. Norðurl. e. eins og hann gerði hér áðan. Það var margt skynsamlegt sem hv. þm. sagði og ekki síst þegar hann var að tala um muninn á kaupráni og því að verja kjörin. Þetta er kannski einmitt það sem menn hafa verið að basla við að gera á undanförnum árum í efnahagserfiðleikum þjóðarinnar og það er einmitt að reyna að verja kjörin. Þá hefur oft orðið að grípa til þess óyndisúrræðis að ganga kannski á svig við gerða samninga.

En ég get ekki látið hjá líða í lokin að þessu gefna tilefni að minna á að þegar slitnaði upp úr viðræðum við verkalýðsforustuna um niðurfærsluleiðina, þegar fyrrv. ríkisstjórn var með sínar hugmyndir um efnahagsaðgerðir, lýsti núv. hæstv. forsrh., sem sat í fyrri ríkisstjórn þó að hann væri reyndar í stjórnarandstöðu þar, yfir miklum vonbrigðum með hversu fljótt þeim tilraunum var hætt, þ.e. að fara niðurfærsluleiðina, og hann kenndi þáv. forsrh. um það. Hann virtist ekki taka mikið mark á samráði við verkalýðshreyfinguna eða verkalýðsforustuna sem mótmælti þessu harðlega. Hann taldi það greinilega vera léttvægt. Mig minnir að hann hafi lýst því yfir að hann hafi sjálfur trúað á þessa leið og teldi að það ætti að reyna hana til þrautar og þess vegna ætla ég að gera það að lokaorðum mínum að spyrja núv. hæstv. forsrh. hvers vegna í ósköpunum þessi leið var þá ekki farin þegar hann var sjálfur kominn í þá aðstöðu að ráða ferðinni.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Eftir margar og ítarlegar ræður mætti flytja langt mál um frv., en ég mun þó reyna að stytta það eins og ég frekast get, enda verða fleiri tækifæri til þess að ræða það, ekki síst eftir að hv. þm. sem í viðkomandi nefnd sitja hafa fengið tækifæri til að fjalla um það.

Hv. þm. hafa fleiri en einn spurt að því hvort forseta hafi verið gerð grein fyrir því fylgi sem þetta mál hefði öruggt á þingi. Að sjálfsögðu var forseta gerð grein fyrir því. Þetta frv. var þegar undirbúið þegar stjórnin var mynduð og þá var forseta gerð grein fyrir því að þessi ríkisstjórn hefði meiri hluta í Sþ. og Ed. en jöfn atkvæði í Nd.

Hins vegar vil ég vekja athygli á því að um ýmis þessi mál hafði verið fjallað í fyrri ríkisstjórn t.d. M.a. lá þar fyrir tillaga frá hæstv. þáv. forsrh. um það sem menn nú kalla millifærslu eða greiðslu upp á 4% úr Verðjöfnunarsjóði til frystingarinnar og m.a. um sjóð sem var að vísu nokkuð minni en hér er en átti að fá framlag upp á 1 milljarð kr. og fleira gæti ég talið til. Einnig tel ég að a.m.k. sum ákvæði þessa frv., og það hefur reyndar komið fram, njóti stuðnings í stjórnarandstöðunni.

Um leið og ég segi þetta vil ég taka mjög undir það, sem hér var haft eftir svo mætum mönnum sem Bjarna heitnum Benediktssyni og Ólafi Jóhannessyni, að vitanlega er nauðsynlegt að gæta þess vandlega að líklegur stuðningur sé í Alþingi fyrir bráðabirgðalögum. Hitt er svo staðreynd að það er ekkert í stjórnarskránni, enda kom það fram hjá hv. þm. Halldóri Blöndal, sem bannar minnihlutastjórn að setja bráðabirgðalög og að því er mig minnir vísaði hv. þm. einnig til Gunnars Thoroddsens. Ég minnist þess vel, þegar þessi mál voru rædd í forsætisráðherratíð hans, að þótt hann vissulega teldi að varlega bæri að fara í slíka hluti væri ekkert sem það bannaði. Aðalatriðið er að sjálfsögðu sú

brýna nauðsyn sem menn telja vera á því að setja slík lög. Mér er ljóst að hv. þm. hér gera sér grein fyrir því að vandinn er mikill, en ég er ekki viss um að við gerum okkur grein fyrir því hvað hann er brýnn og jafnvel miklu meiri en talið hefur verið til þessa.

Ég þarf ekki að vísa á fjölmörg gjaldþrot hér í Reykjavík sem eru daglega í fréttum. Mér heyrðist í morgun rætt um gjaldþrot upp á 900 millj. jafnvel hjá einu nýju hóteli í Reykjavík. Staðreyndin er vissulega sú að þessi gjaldþrot munu teygja anga sína um land allt og miklu víðar en menn hafa gert sér grein fyrir. Þau munu teygja anga sína inn í fjármálastofnanir og hafa áhrif á getu þeirra. Rétt er að yfirleitt hefur útflutningsatvinnufyrirtækjum verið haldið gangandi og oft hygg ég meira af vilja lánastofnana en vegna þess að þar hafi rekstrarstaðan verið svo góð. Við þekkjum að sjálfsögðu að þar hafa orðið stöðvanir, en ég get upplýst hér að samkvæmt athugun sem ég er að láta framkvæma er mér sagt að af 27 frystihúsum sem höfðu verið skoðuð séu 18 við það að stöðvast og hefðu stöðvast ef ekki hefði komið til fyrirgreiðsla viðskiptabanka umfram það sem þeim í raun bar skylda til ef maður nefnir afurðalánin sem skylduútlán þeirra banka.

Ég held því að þörfin hafi svo sannarlega verið brýn. Bráðabirgðalög sem fyrri ríkisstjórn setti runnu út fyrir mánaðamótin september–október. Menn geta sagt: Það er hægt að framlengja þau bráðabirgðalög og láta þar við sitja. Það hef ég heyrt og vissulega kom það til álita, en ég leyfi mér að fullyrða að ef það eitt hefði verið gert hefðu stöðvanir í útflutningsgreinum orðið miklu, miklu fleiri og víðtækari en þær hafa hingað til orðið.

Ég hygg að það hafi verið hv. þm. Halldór Blöndal sem innti eftir því, sem ég hef sagt, að verði þessi lög felld hér á hinu háa Alþingi hljóti ríkisstjórnin að rjúfa þing og efna til kosninga. Mér sýnist það liggja í hlutarins eðli að þessar aðgerðir eru þær sem ríkisstjórnin hefur talið óhjákvæmilegt að grípa til til að koma í veg fyrir þann þjóðarvoða sem við blasir. Verði það stöðvað verður vitanlega að vísa málinu til þjóðarinnar með kosningum. Ég held að það hljóti að liggja í augum uppi.

Hv. þm. spurði um frestun á virðisaukaskatti og framkvæmd hans. Það er rétt. Eins og reyndar hefur verið talað um í fyrri ríkisstjórn er gert ráð fyrir því að framkvæmd virðisaukaskatts verði frestað líklega um eitt ár. Ég vil þó taka fram að endanleg afstaða til þess tíma hefur ekki verið tekin.

Hv. þm. Halldór Blöndal ræddi mjög um stjórnarslitin og aðdraganda þeirra og taldi að þar hefði verið um mikil óheilindi að ræða. Ég vísa því á bug. Ég vil leyfa mér að fullyrða að stjórnarflokkarnir hafa allir tekið þátt í tilraun til að ná samkomulagi um róttækar aðgerðir í þágu ekki síst útflutningsgreinanna og vitanlega þjóðfélagsins og efnahagslífsins í heild. Ég vek athygli á því að eftir að hæstv. fyrrv. forsrh. lýsti þeirri skoðun sinni í lok júlímánaðar að ekki væri um annað að ræða en ná samkomulagi um slíkar aðgerðir og það fyrir lok ágústmánaðar var mjög ötullega að þessum málum unnið. Skipuð var af hans hálfu nefnd fulltrúa atvinnurekenda sem ég tel að hafi verið góð tilraun til að ná samkomulagi um nauðsynlegar aðgerðir í þeirra þágu. Staðreyndin er hreinlega sú að ekki náðist samstaða um svokallaða niðurfærsluleið. Af því að síðasti hv. ræðumaður spurði um hvers vegna hún hefði ekki verið farin verð ég taka undir það með fyrrv. hæstv. forsrh. að hún er ófær nema breið samstaða sé. Ég get einnig upplýst að formaður Alþfl. og ég spurðum fyrrv. hæstv. forsrh. að því hvort hann vildi veita minnihlutastjórn hlutleysi til að framkvæma niðurfærsluleiðina, en því var svarað neitandi. Að því svari fengnu hygg ég að öllum megi vera ljóst að sú afar erfiða og flókna leið var ekki fær, ég segi því miður, því að ég er sannfærður um að hún hefði ekki aðeins lagfært stöðu útflutningsgreinanna langtum fyrr en nokkur önnur leið heldur hefði hún einnig, með lækkun verðlags að sjálfsögðu, og ekki bara lækkun verðlags sem leitt hefði af lækkun launa heldur lækkun verðlags sem slíkri, lækkun á gjaldskrá opinberra fyrirtækja, jafnvel á undan lækkun launa, fært launþegum kjarabót sem hefði verið ákaflega mikils virði.

Ég vil einnig, af því að ég er að tala um niðurfærsluleiðina, andmæla því að hún hafi strandað á deilu um fiskverð eða lækkun tekna sjómanna. Á því var gerð nokkur úttekt og lögð fram í fyrri ríkisstjórn, m.a. Á því var gerð nokkur úttekt og lögð fram í fyrri ríkisstjórn, m.a. af hæstv. páv. og núv. sjútvrh. Það var engin ákvörðun tekin eins og réttilega kom fram hjá hv. þm. Karvel Pálmasyni. Það náðist aldrei að ræða það mál. Því var í því sambandi m.a. velt upp að sjómenn höfðu aðeins fengið 5% hækkun í maí. En það var engin ákvörðun tekin um það hvort sú lækkun á tekjum sjómanna yrði látin nægja eða lengra gengið. Og ég tek undir það m.a. með fjölmörgum sem hafa vakið athygli á því að erfitt hefði svo sannarlega verið að lækka laun verkakonunnar í frystihúsinu en ekki laun sjómanna eins og hv. þm., ef ég man rétt, Guðmundur H. Garðarsson vakti hér athygli á. Það var því engin ákvörðun tekin um hvernig fara ætti með fiskverðið þegar þeirri leið hafði verið ýtt út af borðinu.

Síðasta ríkisstjórn fór frá einfaldlega vegna þess að við náðum ekki samkomulagi um þessa leið. Ég vísa algjörlega á bug þeim sleggjudómi, sem heyrist æðioft frá hv. sjálfstæðismönnum, og heyrðist frá hv. þm. Salome Þorkelsdóttur nú, að ég hafi verið í stjórnarandstöðu. Ég lýsti því hvað eftir annað yfir að farsælast væri fyrir íslensku þjóðina að þeir þrír stærstu flokkar sem að þeirri ríkisstjórn stóðu næðu saman um raunhæfar aðgerðir í þágu atvinnuveganna og íslensks efnahagslífs. Ég ætla hins vegar ekki að fara að ræða allt sem á milli fór í þeim málum, það yrði of langt mál að telja, og ég ætla ekki að kenna einum fremur en öðrum um að upp úr slitnaði. Við náðum einfaldlega ekki saman, það er staðreyndin. Eflaust eigum við allir nokkra sök á

þegar þannig fer eins og venja er.

Rætt var um raungengið og það sem ég hef sagt í því sambandi. Ég hygg að bæði hv. þm. Halldór Blöndal og hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson hafi komið inn á það. Já, ég hef sagt að raungengið er eins og stendur of hátt fyrir íslenskar útflutningsgreinar, a.m.k. flestar. Það kunna að vera einhverjar sem búa við það markaðsverð erlendis nú, þó hygg ég að þær séu ekki margar, e.t.v. loðnumjölið og slíkar greinar, sem geta þolað þetta háa raungengi. Að mati Þjóðhagsstofnunar var raungengi um síðustu áramót á mælikvarða launa 30% yfir meðalraungengi undanfarinna ára. Einnig að mati Þjóðhagsstofnunar var raungengi á mælikvarða verðlags um 20% yfir meðalraungengi þessara ára. Ætla má að þetta hvort tveggja muni lækka fram í febrúar um u.þ.b. helming, þ.e. á mælikvarða launa niður í u.þ.b. 15% og mælikvarða verðlags niður í u.þ.b. 10%. Þetta er út af fyrir sig afar mikil lækkun. Það getur einnig ýmislegt fleira gerst sem lagfærir þetta raungengi. T.d. hafa ýmsir spáð því að hækkun muni verða á okkar afurðum á erlendum mörkuðum snemma á næsta ári, vegna þess að uppskerubrestur hefur orðið, m.a. í Bandaríkjunum og reyndar víðar, sem muni leiða til hækkunar á matvælaverði. Sömuleiðis held ég því a.m.k. mjög ákveðið fram að sú lækkun í fjármagnskostnaði sem verður framkvæmd muni leiða til þess að atvinnuvegirnir þola betur það gengi sem er og vitanlega leiðir lækkun á slíku til lækkunar raungengis á grundvelli verðlags.

Ég vil einnig leyfa mér að vona að sú hagræðing geti orðið í gegnum m.a. aðstoð Atvinnutryggingarsjóðs að atvinnuvegirnir fái nokkra framleiðniaukningu og þoli betur það gengi sem þeir búa við. Sem sagt, þótt sannarlega sé nauðsynlegt að fylgjast vandlega með því hvernig þessi mál þróast í upphafi næsta árs og fram eftir næsta ári er ýmislegt sem vekur von um að um frekari lagfæringu raungengis geti orðið að ræða, þ.e. annars vegar kostnaðarlækkanir innan lands, hagræðing í fyrirtækjunum og að sjálfsögðu ef við fáum hækkun á markaðsverði erlendis sem margir telja nú vera í botni.

Ríkisstjórnin taldi sér ekki fært að ganga lengra í að leiðrétta raungengi nú. Það hefði þýtt miklu meiri kjaraskerðingu en ríkisstjórnin treystir sér til að bjóða upp á.

Í þessu sambandi má jafnframt geta þess að mjög hefur dregið úr þenslu. Launaskrið er fallandi, yfirvinna er minnkandi. Það er vitað mál að í mörgum útflutningsgreinum hafa yfirborganir verið miklar og ætla má að úr þeim dragi þá einnig.

Hv. þm. hafa gagnrýnt þá millifærslu sem hér er um að ræða. Ég hef reyndar nú þegar vakið athygli á því að t.d. í tillögum Sjálfstfl. var gert ráð fyrir að greiða 4% uppbót á frystan fisk úr Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins. Ég vil leyfa mér að halda því fram að millifærslan sé ekki mikil í þessum tillögum og miklu minni en orð er á haft. Hún er fyrst og fremst þessi greiðsla úr Verðjöfnunarsjóði til frystiiðnaðarins. E.t.v. er hún ekki nægilega mikil. E.t.v. er hún ekki nægilega víðtæk í því erfiða ástandi sem við búum við nú. Ég tek undir þær áhyggjur sem menn hafa haft hér vegna samkeppnisgreina. Ég held að sannarlega sé ástæða til að hafa áhyggjur af því eins og m.a. kom fram hjá hv. þm. Júlíusi Sólnes. Það held ég að sé fullkomlega réttmætt og þarf áreiðanlega að athuga vandlega stöðu þeirra greina á næstu mánuðum. Ég viðurkenni að við teflum á tæpasta vaðið. Ég taldi hins vegar viðurkennt, m.a. af þm. fyrri ríkisstjórnar, a.m.k. lá það í tillögum þeirrar nefndar sem þá var skipuð, að uppfærsluleiðin væri ekki fær. Hefur það ekki reyndar sannast? Gengisfellingar höfum við reynt tvisvar fyrr á þessu ári. Runnu þær ekki út í sandinn á örskömmum tíma? Reyndum við það ekki 1982 með þeim afleiðingum að verðbólga varð 130%? Er það ekki rétt að atvinnuvegirnir hafa sjálfir haldið því fram, og mjög ákveðið, að lítil verðbólga sé mesta rekstrarbótin sem þeir geta bent á? Ég hef áður lýst niðurfærsluleiðinni. Hér er farin leið sem liggur á milli, sem stefnir að því að ná niður verðbólgu eins hratt og unnt er, með þó þeirri gengisfellingu sem í var ráðist sem var 3% og leiðir til u.þ.b. 2% hækkunar á verðlagi.

Um Atvinnutryggingarsjóðinn hefur mikið verið rætt og menn hafa gagnrýnt hann sem pólitíska úthlutun. Ég vil lýsa því hér að menn töldu sig einmitt vera að leita leiða þannig að ekki yrði sagt að um pólitíska úthlutun væri að ræða. Ég vil alls ekki ætla þeim embættismönnum, sem valdir eru í stjórn þessa sjóðs, að vera með pólitíska úthlutun. Og ég veit satt að segja ekki á hverju slíkar fullyrðingar byggjast. Jú, það kom vel til greina og var reyndar til umræðu að fela stjórn Byggðastofnunar að sjá um úthlutun úr þessum sjóði. Ég sé satt að segja ekki hvers vegna pólitískir fulltrúar leita eftir því að úthluta slíkum bjargráðum. Ég vil taka það fram að þótt ég beri fullt traust til þeirra þm. sem sitja í stjórn Byggðastofnunar eru t.d. ekki þar fulltrúar allra kjördæma og kann að vera að einhverjar deilur yrðu um þá úthlutun og því kannski haldið fram að þess hafi gætt að þar væru ekki fulltrúar allra kjördæma. Fram hjá þessu vildu menn sneiða með því að setja á fót sérstaka stjórn sem væri skipuð embættismönnum og við töldum, það má vera að okkur hafi þá yfirsést, að þannig yrði síður sakað um pólitíska úthlutun á þessu fé. Hér er auk þess um tímabundna aðgerð að ræða sem á aðeins að vera í tvö ár. Ég er þeirrar skoðunar að Byggðastofnun með því byggðaátaki sem þarf að gera hafi sannarlega nægilegt á sinni könnu þótt þessu væri ekki bætt þar ofan á. Hins vegar er sjóðurinn staðsettur inni í Byggðastofnun. Ætlast er til þess að hann njóti þeirrar miklu vitneskju sem þar er til um stöðu atvinnuveganna og starfsmenn Byggðastofnunar sinni sjóðnum eins og þeir geta þótt nauðsynlegt kunni að reynast að ráða eitthvert viðbótarstarfslið.

Hv. þm. Halldór Blöndal spurði hvort yrði um tekjuskattsauka að ræða á árinu 1988. Það verður

ekki. Honum verður að sjálfsögðu ekki breytt. Ég hygg að hann hafi þá verið að vísa til hinna 200 millj. sem ganga eiga til Atvinnutryggingarsjóðs á árunum 1988 og 1989. En tekjuskattur verður hækkaður, eins og ég hygg að menn viti og ýmsir flokkar hafa talið eðlilegt, á árinu 1989.

Hér var nokkuð rætt um vextina og lækkun þeirra og hafa fleiri komið inn á það. Ég er þeirrar skoðunar að vextir hér séu allt of háir og að sú stjórn peningamála sem við höfum fylgt frá árinu 1985 hafi mistekist. Stjórn peningamála sem er í flestum grundvallaratriðum svipuð og stunduð er í okkar nágrannalöndum í Vestur-Evrópu þar sem aðstæður eru allt, allt aðrar en hér er um að ræða. Reyndar taldi ég mig koma nokkuð inn á þetta en ef ég man rétt spurði hv. þm. Skúli Alexandersson hvers vegna svona hefði farið. Ég skal gjarnan reyna að rekja það í nokkrum orðum. Mér er ljóst að um þetta er deilt og mönnum sýnist sitt hvað. En ég hef sagt að ég tel að mistekist hafi að ná jafnvægi í efnahagsmálum með þeirri stjórnunarleið sem var valin, þ.e. í gegnum peningakerfið. Þetta virtist takast sæmilega á árinu 1986. Þá voru raunvextir skikkanlegir, af útlánum u.þ.b. 4–5%, þá voru innlán vaxandi og uxu meira en útlán. Hins vegar var mjög áberandi í lok þess árs og í upphafi ársins 1987 að jafnvægisleysis gætti og í vaxandi mæli. Enn einu sinni fór svo að góðæri í sjávarútvegi jók mjög fjármagn í umferð þrátt fyrir viðleitni til að binda fjármagn í Seðlabankanum og setja viðskiptabönkunum mjög ströng skilyrði um lausafjárstöðu. Og ég get reyndar að ýmsu leyti tekið undir það með hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni þegar hann hefur lýst andstöðu sinni við bindinguna. Hvað er þetta frelsi sem menn voru að boða þegar svo stranglega er bundið í annan endann eins og gert hefur verið hér á landi hjá viðskiptabönkunum? Hvað er þá frelsið til vaxtaákvarðana þegar framboð fjármagnsins er svo takmarkað? Að sjálfsögðu er það ekkert. Með slíkri bindingu og kröfum um lausafjárstöðu bankanna var að sjálfsögðu stuðlað mjög að vaxtahækkunum í því þensluástandi sem var.

Ég tek það fram að ég tel eðlilegt að draga úr fjármagni í atvinnulífinu, en það verður þá að ná til alls fjármagnsmarkaðarins en ekki viðskiptabankanna einna. Og þá verður vitanlega að fylgja því mjög strangt aðhald að erlendu fjármagnsstreymi inn í efnahagslífið. Það mistókst. Erlent fjármagn streymdi inn í íslenskt efnahagslíf langt umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir, u.þ.b. 4 milljörðum umfram lánsfjárlög á árinu 1987. Afleiðingin varð sú að þær greinar sem bankarnir þjóna fyrst og fremst, þ.e. framleiðslugreinarnar, urðu í fjármagnssvelti, en aðrar greinar sem töldu sig geta og telja sig geta velt kostnaðinum út í verðlagið fóru yfir á hinn svokallaða „gráa markað", tóku þar lán á vöxtum sem að sjálfsögðu enginn eðlilegur rekstur getur staðið undir. Afleiðingarnar sjáum við í dag. Ég tel þess vegna að mistekist hafi að ná jafnvægi í íslensku efnahagslífi með stjórnunaraðgerðum í gegnum peningamálin.

Ég er þeirrar skoðunar að slíkar stjórnunaraðgerðir þurfi svo sannarlega að „skraddarasníða", ef ég má orða það svo, fyrir grundvallareinkenni hins íslenska efnahagslífs sem er í raun jafnvægisleysi. Hv. þm. hljóta að hafa skoðað sveiflurnar sem orðið hafa í íslensku efnahagslífi og rekja má beint til sveiflna í sjávarútvegi. Þar hafa aflabrögð aukist mikið á sumum árum og fallið strax á eftir, markaðir hafa breyst o.s.frv. og öllum má vera ljóst að þessi háþróuðu iðnaðarþjóðfélög í Evrópu búa við allt aðrar aðstæður að þessu leyti en við Íslendingar. Því segi ég að slíkar aðferðir þarf að laga að allt öðrum aðstæðum sem hér eru.

Ég viðurkenni að það er við erfiðleika að stríða að lækka vextina. Ég er hins vegar sannfærður um að það tekst, a.m.k. ef menn trúa á markaðshyggjuna í þessu sambandi því stórminnkuð þensla ætti að leiða til vaxtalækkunar. Ég þykist jafnframt fullviss um það að með því að beita 9. gr. seðlabankalaganna megi koma vöxtum hér í svipað horf og þeir voru 1986. Hins vegar hljótum við að viðurkenna að hið íslenska bankakerfi er ákaflega vanbúið í raun. Það er ákaflega óhagkvæmt, það eru litlar einingar og vaxtamunur er miklu, miklu meiri en búandi er við og lagfæra þarf ef hið íslenska bankakerfi á að geta staðið sig eins og kröfur eru til þess gerðar um framtíð.

Ég hef nú komið inn á, hygg ég, aðra hluti sem hv. þm. Halldór Blöndal spurði um eins og t.d. varanlega bót á rekstrargrundvellinum. Ég hef rakið það sem við hljótum að skoða mjög vandlega í náinni framtíð og hugsanlega lækkun á raungengi eða hæfileikum atvinnuveganna íslensku til að standast það gengi sem nú er. Ef það mistekst er að sjálfsögðu ekki um annað að ræða en að skoða þau mál í grunn. Menn hafa spurt: Kemur þá til greina ný launafrysting? Ég vil leyfa mér að fullyrða að svo verði ekki.

Hv. þm. Guðmundur Ágústsson kom fyrst inn á þetta með stuðning meiri hluta í báðum deildum sem ég hef þegar fjallað um. Hv. þm. sagði réttilega að verkafólkinu væri ekki um að kenna meginorsök vandans. Ég er þessu algjörlega sammála. Það er ekki háum launum sem slíkum, t.d. í frystiiðnaðinum, um að kenna. Menn verða hins vegar að gæta þess að það er fleira en laun verkafólks sem fylgja, t.d. fiskverðið. Laun verkafólks í frystiiðnaðinum eða launakostnaður í frystiiðnaðinum er í kringum 20%, hins vegar er fiskverðið í kringum 50%. Hingað til hefur fiskverð fylgt mjög náið hækkun launa. Og þá erum við komnir upp í 70% af kostnaðinum. Ég er þeirrar skoðunar að launasamningar undanfarið hafi verið tiltölulega sanngjarnir. Hins vegar hefur launaskrið verið ákaflega mikið og er talið að launaskrið hafi í mörgum tilfellum bætt 20% ofan á launagreiðslur. Það er úr þessu launaskriði sem þarf að sjálfsögðu að draga með minnkandi þenslu og þar horfir vænlega nú.

Hins vegar þegar svo er komið að atvinnuvegirnir

eru að stöðvast vegna mikils kostnaðar og menn hafa, og ég er því sammála, hafnað því að fella gengið til að skapa þeim grundvöll, menn hafa reyndar líka hafnað niðurfærslunni eins og ég rakti áðan, er það ekki líkleg leið til þess að koma atvinnulífinu á fullan skrið á ný að hækka launin. Við höfum þess vegna orðið að grípa til þess úrræðis nú, sem er að sjálfsögðu þungbært og á vitanlega ekki að gerast nema í algerum undantekningartilfellum, að rifta þeim samningum, sem höfðu verið gerðir, á meðan á björgunaraðgerðum stendur. Ég vil leggja á það ríka áherslu að slík mannréttindi má að sjálfsögðu ekki leggja til hliðar nema um mjög skamma stund og eingöngu þegar um enn þá meiri þjóðarvoða er að tefla sem verður að forða frá.

Ég er þeirrar skoðunar að atvinnuleysi sem ég leyfi mér að fullyrða að hafi verið fyrir dyrum — ég hef heyrt áætlanir um 10–15 þúsund manna atvinnuleysi í vetur ef ekkert er að gert — sé enn þá meiri voði en þær skammvinnu aðgerðir sem gripið hefur verið til í þessu sambandi. Hv. þm. gerði grein fyrir stefnu Borgfl. og skal ég ekkert segja um það. Við höfðum tækifæri til að ræða það eina nóttina fyrir stjórnarmyndun eins og einnig hefur verið nefnt. Það er aðeins eitt atriði sem ég hygg að hann hafi nefnt sem hugsanlega leið, að nýir aðilar kæmu inn í atvinnureksturinn. Að sjálfsögðu kemur það til greina. Hins vegar hygg ég að ýmsum atvinnurekendum þyki nokkuð súrt að hafa orðið að starfa við óeðlilegan rekstrargrundvöll og tapað sínu eigin fé af þeim sökum, í mörgum tilfellum hefur það sogast til nýrra aðila í þjóðfélaginu, en þeir sömu nýju aðilar koma svo inn og eignast fyrirtækin. Ég held að menn verði að líta á hvernig þetta hefur þróast á undanförnum mánuðum. En ég tek þó undir það að í vissum tilfellum getur verið æskilegt að breikka grundvöllinn, m.a. með því að stuðla að því að sveitarfélög og aðrir aðilar á viðkomandi svæði geti komið inn til stuðnings.

Hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir er ekki hér stödd og út af fyrir sig voru ekki margar spurningar frá henni til mín. Eitt atriði sem kom fram í hennar ræðu vil ég þó nefna. Hún sagði að samkvæmt athugunum Hagstofunnar þyrfti 187 þús. kr. til framfærslu. Þetta er nokkur misskilningur. Samkvæmt athugun Hagstofunnar þá ver meðalfjölskylda 187 þús. kr. til framfærslu, en það er alls ekki þar með sagt að það séu nauðþurftir heldur jafnvel töluvert betur. Þetta er nokkuð hærra heldur en ráðherra heldur eftir þegar hann hefur greitt skatta og ég held nú að í þessum tölum komi í raun og veru fram ofneysla hins íslenska þjóðfélags, mikil bifreiðakaup, rekstur bifreiðanna og fjölmargt fleira og oft með mikilli lántöku.

Hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson sagði réttilega að við eyðum umfram tekjur. Ég hygg að það komi fram í ofangreindum tölum. Það kemur m.a. fram í því að viðskiptahalli í ár verður að mati Þjóðhagsstofnunar tæplega 12 milljarðar kr. eða um 4,6% af vergri landsframleiðslu. Vitanlega getur það ekki gengið og hefur mjög hallað á verri veginn frá 1986 þegar viðskiptajöfnuður náðist í fyrsta sinn í 12 ár. Vitanlega undirstrikar þetta það sem hv. þm. sagði, við eyðum umfram efni. Með þessu er ég ekki að segja að þetta eigi við alla einstaklinga í þjóðfélaginu því þetta eru meðaltalstölur sem um er að ræða.

Það er rétt sem hv. þm. sagði að framlög til opinberra framkvæmda hafa mjög dregist saman. Hann taldi að þau væru nú komin niður í 5% fjárlaga, var það ekki rétt? (**ÞK:** Þau hefðu nálgast það.) Farin að nálgast það, já. Ég ætlaði að segja að það er nú kannski aðeins lægra en ég hef heyrt og ég vona að það fari ekki svo lágt því að ég vil taka undir það með hv. þm. að opinberar framkvæmdir eigi mjög mikilvægu hlutverki að gegna í þessu þjóðfélagi, mjög mikilvægu. Í fjölmörgum tilfellum eru þær vitanlega nauðsynlegar til þess að skapa það jafnvægi og jafnræði á milli manna, hingað og þangað um landið, sem ég veit að við öll stefnum að. En þær hafa fallið, hann sagði úr 25%. Ég hef oft sagt í ræðum úr 17%, en þær hafa sannarlega fallið mjög á undanförnum árum. (Gripið fram í.) Já, já, ég veit það, þær voru miklu meiri hér á fyrri árum.

Hv. þm. taldi að Atvinnutryggingarsjóður bætti aðeins við nýjum lánum en bætti ekki eiginfjárstöðu fyrirtækjanna. Atvinnutryggingarsjóði er einnig heimilað að lána eigendum til að bæta eiginfjárstöðu og getur því stuðlað að því að hún batni. En ég held hins vegar að Atvinnutryggingarsjóður vinni þarfasta hlutverkið með því að losa menn úr hengingaról vanskila og dýrra lána. Honum er fyrst og fremst ætlað það. Það er sannarlega viðurkennt að fyrstu aðgerðir ríkisstjórnarinnar skapa alls ekki viðunandi rekstrargrundvöll, alveg sérstaklega þegar til lengri tíma er litið, og á mörkum að þær geri það þennan skamma tíma sem þeim mörgum hverjum er ætlað að gilda, þó sumar séu til lengri tíma að sjálfsögðu. Þá er útilokað fyrir æðimörg fyrirtæki að lækka skuldir og að koma í skil þeim ýmsu vanskilum sem þau hafa lent í. Fyrirtækin eru líklega í dag sérstaklega í vanskilum við fjölmarga aðila í þjóðfélaginu sem þau eiga viðskipti við, við verslunina, við smiðjurnar, við netagerðina o.s.frv., svo að eitthvað sé nefnt. Og áhersla mun verða á það lögð í starfsemi Atvinnutryggingarsjóðsins að skuldbreytingar og viðbótarlán, sem verða á lægri vöxtum en nú er almennt í þjóðfélaginu og til lengri tíma, verði nýtt eins og frekast er kostur til að greiða eða gera upp skuldir við slíka aðila. Það er von okkar að með þessu móti verði unnt að koma í veg fyrir þá víðtæku stöðvun sem er að verða víða um land, bæði hjá sveitarfélögum og alls konar smærri atvinnurekendum sem tengjast útflutningsgreinunum. Það er ákveðin stefna ríkisstjórnarinnar að þessar skuldbreytingar og sérstaklega það nýja fjármagn sem kemur inn verði ekki hirt af viðskiptabönkunum. Ég veit að það hefur verið gagnrýnt og í mörgum tilfellum hefur það orðið svo, t.d. í sambandi við greiðslu uppbótar á freðfisk, að mjög er undan því

kvartað að viðskiptabankarnir hirði það fjármagn. Það hefur verið rætt við viðskiptabankana og mér er kunnugt um það að einhverjir þessara banka hafi tekið tillit til þess og sjái í gegnum fingur sér, ef ég má orða það svo, og leyfi útflutningsfyrirtækjum að halda a.m.k. hluta af þeirri uppbót. Á þetta mun verða lögð mikil áhersla í starfsemi Atvinnutryggingarsjóðs. Ég vil því nú leyfa mér að fullyrða að Atvinnutryggingarsjóður sé afar mikilvægur alveg sérstaklega í því skyni að bæta greiðslustöðu fyrirtækjanna.

Hv. þm. taldi að lítið áynnist ef fleira kæmi ekki til. Ég hef rakið hér í upphafi þessarar ræðu þá lækkun raungengis sem Þjóðhagsstofnun telur að sé að verða og sé að sumu leyti orðin. Það er vitanlega lagfæring þegar til lengri tíma er litið. Ég hef einnig nefnt hér að menn gera sér vonir um verðhækkun á erlendum mörkuðum o.s.frv. og ætla því ekki að fara aftur út í það. Hv. þm. ræddi um orsakir vandans. Ég gerði það einnig í upphafi míns máls. Ég tel hann ekki síst vera mistök í grundvallarstjórnun efnahagsmála. Mistök þar sem kannski er engu sérstöku um að kenna öðru en því að þær leiðir sem hafa verið farnar hæfa í grundvallaratriðum ekki íslensku efnahagslífi, eins og ég hef áður rakið.

Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson ræddi um mannréttindabrotin sem ég hef og þegar nefnt og legg enn áherslu á að vitanlega á ekki að gera nema í algerum undantekningum og þá aðeins um skamman tíma og eingöngu til þess að forða enn meiri mannréttindaskerðingu. Svo lít ég á atvinnuleysi. Hv. þm. sagði að reglugerðin hefði ekki verið kynnt. Ég las hana nánast frá orði til orðs í framsöguræðu minni, en að sjálfsögðu geta hv. þm. nálgast hana. Það er velkomið að útvega þeim hana ef þeir óska.

Hv. þm. ræddi nokkuð um skaðlega fjölgun togara á árunum 1980–1983 þegar ég gegndi störfum sjútvrh. Það skal vissulega viðurkennt að þá varð nokkur fjölgun togara. Hins vegar var leitast við að draga úr þeirri fjölgun jafnt og þétt. Það tók nokkurn tíma. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, og mig undrar að enginn skuli minnast á það, að aukning í verslunar- og skrifstofuhúsnæði hér á höfuðborgarsvæðinu sé skaðleg. Mér er sagt að ein Kringla hafi kostað eins og 17 togarar og ég vil þá leyfa mér að fullyrða að margir þessara togara hafi fært í þjóðarbúið ómetanleg verðmæti. Ég man að deilt var á mig fyrir það að leyfa endurnýjun togarans Guðbjargar á Ísafirði. Ég tel nú satt að segja að það hafi verið eitt af betri verkum sem ég gerði sem sjútvrh. Það skip hefur svo sannarlega ekki verið baggi á íslenskum þjóðarbúskap. Ég held að menn ættu að líta á þá staðreynd að núna á frjálshyggjuárunum tveimur, þremur síðustu hefur verslunarhúsnæði aukist í Reykjavík svo að það mun vera að fermetratölu svipað og í Kaupmannahöfn eða meira. Hvað skyldi það kosta þjóðarbúið? Hvað skyldi það kosta komandi kynslóðir í erlendri lántöku og hvað ætli það sé mikið sparifé sem í raun er tapað í þeim furðulegu framkvæmdum?

Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson minntist á 3. gr. bráðabirgðalaganna og ef ég skildi hann rétt þá spurði hann á grundvelli hvaða gagna sú grein væri. Þar segir, með leyfi forseta:

„Stofna skal sjóð er nefnist Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina. Hlutverk sjóðsins er að veita lán til endurskipulagningar, hagræðingar og framleiðniaukningar hjá útflutningsfyrirtækjum. Jafnframt skal sjóðurinn hafa forgöngu um að breyta lausaskuldum fyrirtækja í útflutningsgreinum í föst lán til langs tíma."

Ég verð að viðurkenna að ég áttaði mig ekki á við hvað hv. þm. átti þegar hann spurði um grundvöllinn fyrir þessari grein. Mér sýnist hann vera nokkuð ljós. Skýrt er tekið fram hvernig sjóðurinn á að starfa og byggist það náttúrlega á þeim erfiðleikum sem við þykjumst sjá á þessu sviði hjá langsamlega flestum útflutningsfyrirtækjum á landinu. En vera má að ég hafi misskilið þetta eitthvað. Hann spyr þá aftur ef hann óskar.

Hv. þm. taldi að vandamál útflutningsgreinanna væru notuð sem spilapeningar. Ég verð að viðurkenna að það fór einnig fyrir ofan mitt höfuð eða neðan. Ég skil það ekki. Ég held að erfiðleikar útflutningsgreinanna séu engum eða fáum ljósari en þeim hv. þm., sem er nú að vísu, sé ég, ekki hér inni svo að það er kannski til lítils að tala við hann. Það eru ekki spilapeningar. Það eru svo sannarlega erfiðleikar sem við öll stöndum frammi fyrir, þjóðin í heild sinni, sem ég hef áður sagt að voru fyrri ríkisstjórn áreiðanlega ljósir þótt henni auðnaðist ekki að ná saman um aðgerðir til þess að bæta þar úr.

Hv. þm. talaði um jafnvægi í gengismálum. Hann gagnrýndi eins og margir fleiri þær aðgerðir sem til er gripið. En sú spurning er þá eðlileg af minni hálfu: Hvað vilja hv. þm.? Hvað vildi hv. þm.? Mælir hann með gengisfellingu til þess að bæta afkomu útflutningsgreinanna? Það hef ég ekki heyrt hér og ég efast um að nokkur boði það út af fyrir sig, en um leið og menn gagnrýna það sem til er gripið er eðlilegt að spurt sé: Hvað vilja menn fremur?

Hv. þm. Júlíus Sólnes taldi mig hafa stolist til að ræða við Borgfl. Það er nú misskilningur og ég vil leiðrétta það. Það vissi öll þjóðin nema kannski formaður Alþb., ég veit það ekki, að ég átti viðræður við Borgfl. næstum því daglega. Hins vegar var það ósk Borgfl. að koma ekki inn í þær umræður fyrr en lengra væri komið í viðræðum við Alþb. Því varð það ekki fyrr en á þeirri nóttu sem hann réttilega nefndi. En áður en til þeirra viðræðna var gengið ræddi ég við formenn annarra flokka sem í stjórnarmyndunarviðræðum áttu og þar var ekkert verið að stelast til neins. Þær viðræður voru (**Gripið fram í:** Við formann Alþb.?) Líka við formann Alþb., í turnherbergi í Borgartúni, eða Rúgbrauðsgerðinni eins og hún stundum er kölluð. En hlutir gerðust fljótt og ég hefði reyndar miklu fremur viljað hafa þær viðræður á annan veg heldur en þær svo urðu. Hins vegar voru þær viðræður

athyglisverðar og ég fann að það var mikil málefnaleg samstaða á milli þeirra sem þarna ræddust við.

Ég er mjög sammála hv. þm. að lánskjaravísitölu ber að afnema og sannfærist um það betur og betur. Og reyndar samþykkti fyrri ríkisstjórn 20. maí að afnema alla víxlverkun, eins og ég hygg að það hafi verið orðað í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, víxlverkun verðlags, launa, fjármagnskostnaðar og gengis. Ég vona að samstaða geti orðið um að afnema lánskjaravísitölu strax og sæmilegt jafnvægi er orðið í íslenskum efnahagsmálum. Ég hef áður lýst þeirri skoðun minni að ekki sé rétt að banna vísitölu á laun en leyfa vísitölu á fjármagn. Ég hygg að hér sé um líkt að ræða og í Finnlandi 1967 þegar samið var um það við verkalýðshreyfinguna að afnema hvort tveggja og að því ber að stefna.

Hv. þm. spurði um hvaða tryggingar Atvinnutryggingarsjóður hefði. Ég skal fúslega viðurkenna að við höfum skoðað þetta sem nokkurn veikleika. Þó finnst mér of mikið úr því gert. Ég vek athygli á því að hann hefur 2 milljarða, annars vegar 1 milljarðs framlag úr ríkissjóði og hins vegar lán sem er með ríkisábyrgð. En jafnframt tekur hann þær tryggingar sem fáanlegar eru hjá þeim fyrirtækjum sem skuldbreytt er fyrir. Þótt mér sé fullkomlega ljóst að afar lítið svigrúm er, sérstaklega á grundvelli fasteignamats, vil ég þó vekja athygli á því að sjóðnum er heimilt að taka tryggingar í brunabótamati, í vélum og búnaði sem í mörgum tilfellum eru ekki veðsett. Svo er að sjálfsögðu ljóst að mjög mörg þau fyrirtæki sem eiga inni eða eiga fjármagn hjá útflutningsgreinunum hafa engar tryggingar í dag. A.m.k. held ég að mönnum muni þá vera ljóst að í mörgum slíkum tilfellum er sú trygging sem sjóðurinn hefur í því fjármagni sem ég nefndi áðan, og vitanlega getur verið töluvert umfram það, skárri heldur en engin trygging hjá fjölmörgum fyrirtækjum nú. Meira að segja eru mörg þessi fyrirtæki með kröfur sem hafa ekki nokkurn forgang. En um það hefur verið rætt að skapa sjóðnum ef nauðsyn krefur frekari tryggingar, m.a. með samstarfi við viðskiptabanka. Ég var áður búinn að ræða um vaxtaokrið, sem hv. þm. nefndi svo, og ég get tekið undir það með honum.

Það voru engar spurningar frá hæstv. menntmrh. en ég get tekið undir það með honum að lánskjaravísitalan er mælir, þó hún sé að mínu mati miklu verri heldur en hitamælir því að hún leiðir til þess að hitinn hækkar í þjóðfélaginu og það er af þeirri ástæðu sem ég tel að við eigum að losna við lánskjaravísitöluna.

Hv. þm. Danfríður Skarphéðinsdóttir taldi að í stjórn Atvinnutryggingarsjóðs ættu að sitja fulltrúar atvinnuvega, launafólks og e.t.v. einhverra fleiri. Þetta kom til greina, við ræddum þennan möguleika en okkur sýndist hins vegar að stjórn sjóðsins yrði afar fjölmenn ef hinar ýmsu greinar teldust eiga þar fulltrúa. Frá því var horfið. En um það má vitanlega lengi ræða hvernig stjórn slíks sjóðs á að vera skipuð. Eiga þá allar greinar útflutnings að eiga þar fulltrúa? Ég er hræddur um að það yrði gagnrýnt ef þar sætu aðeins t.d. fulltrúar frystingar. Hvað um rækjuframleiðendur, hörpudisksframleiðendur o.s.frv. Horfið var sem sagt frá því og talið að sú leið væri of flókin.

Hv. þm. taldi, ef ég hef skrifað það rétt hjá mér, að atvinnuleysi kynni að verða í einhverjum mæli. Það er sannarlega áhyggjuefni. Við Íslendingar höfum lengi sameinast um að telja atvinnuleysi hið mesta böl. Að vísu man ég fyrir nokkrum árum að menn töluðu um að mátulegt atvinnuleysi væri eðlileg stefna í efnahagsmálum. (**Gripið fram í:** Hæfilegt.) Var það hæfilegt, já, það getur verið að það hafi verið hæfilegt, en ég sé ekki mikinn mun þar á. En ég á erfitt með að sætta mig við það og við höfum séð svo mörg dæmi þess að hæfilegt atvinnuleysi verður mikið atvinnuleysi og þessi ríkisstjórn er ákveðin í því að sporna gegn því eins og hún frekast getur. Ég hef áður nefnt að mjög virðist vera að draga úr þenslu. Umframeftirspurn eftir vinnukrafti hefur hrunið úr um það bil 2500 stöðum í nálægt enga eftirspurn eða a.m.k. ekki eftirspurn umfram skráða atvinnuleysingja. Það er vissulega af hinu góða og væntanlega dregur þá mjög úr því launaskriði sem atvinnurekendur hafa talið hið erfiðasta í þessu þjóðfélagi og orsök mikils kostnaðar í launum.

En ég vil taka undir það hins vegar að þegar svo mikil breyting verður á 1½–2 mánuðum er mikil hætta á því að yfir markið skjóti og eitthvert atvinnuleysi verði. Ríkisstjórnin mun fylgjast eins náið með því og frekast er unnt og ég hef m.a. falið Þjóðhagsstofnun að endurtaka þær athuganir sem hún hefur verið með miklu tíðar en áður hefur verið. Félmrn. gerir hið sama. Það hefur fjölgað mjög tilkynningum um uppsagnir. Þær urðu á sjötta hundrað í septembermánuði en voru í kringum sjötíu í sama mánuði í fyrra.

Hæstv. forseti hefur beðið mig að fresta ræðunni. Ég er reyndar kominn nokkurn veginn að lokaorðum hennar, en mun þó að sjálfsögðu verða við þeirri ósk. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Eins og ég reyndar sagði áðan þá var nú komið að lokum minnar ræðu en það voru örfá atriði sem ég vil nefna og spurningar sem ég vildi svara. Ég sé að vísu að þeir hv. þm. eru ekki hér en ég kem þó inn á þau atriði. Hv. þm. Danfríður Skarphéðinsdóttir spurði um þær 600 millj. kr. sem gert er ráð fyrir í 23. gr. bráðabirgðalaganna. Þessi upphæð kemur í fyrsta lagi til vegna hækkunar á ellilífeyri og öðrum tryggingagjöldum sem ákveðin var í tengslum við þá gengislækkun sem varð um 3% og í öðru lagi til niðurgreiðslu á landbúnaðarafurðum sem einnig var ákveðin. Mig minnir að til þessa verði varið um 170 millj. kr. en eitthvað nálægt 300 millj. kr. til hækkunar ellilífeyris. Þetta eru þeir meginþættir sem um er að ræða. Hv. þm. spurði einnig um desemberuppbótina sem er í launasamningum. Ekki er gert ráð fyrir að hún verði felld niður.

Hv. þm. Egill Jónsson, sem er reyndar einnig

fjarverandi, spurði um 18. gr., þ.e. breytingu á búvörulögum. Með þeirri breytingu sem fram kemur í 18. gr. er fellt niður það ákvæði búvörulaga sem gerir ráð fyrir áfangahækkun til bænda. Í staðinn er tekin inn í verðgrundvöllinn vaxtagreiðsla til bænda við verðlagningu sauðfjárafurða við slátrun. En það er rétt að fram kom að þessi ákvörðun hafði verið tekin af fyrri ríkisstjórn og samþykkt af öllum flokkum sem í þeirri ríkisstjórn sátu en kom ekki til framkvæmda fyrr en nú. Reyndar var þetta rætt allmikið á sl. vetri en talið rétt að bíða umfjöllunar Stéttarsambands bænda. Sú umfjöllun fór fram og eftir það var ákveðið að hrinda breytingunni í framkvæmd. Þess má reyndar einnig geta að þetta er til samræmis við það sem var í upphaflegu frv. um búvöru, búvörulögum eins og oft er nefnt. Þótti ýmsum óeðlilegt að slíkar áfangahækkanir fylgdu þar sem um staðgreiðslu er að ræða, en það var skýrt með því að vaxtakostnaður væri ekki reiknaður í grundvelli fyrir sauðfjárafurðir.

Ég hygg að ég hafi svarað spurningum og skal því ekki lengja mál mitt. Ég vil gjarnan taka undir það sem hv. þm. Salome Þorkelsdóttir sagði að það er hægara um að tala en í að komast. Það er áreiðanlega rétt og á ekki síður við í þessu tilfelli en mörgum öðrum. Ég hef leitast við að rekja hvers vegna þessi leið er valin til lagfæringar útflutningsgreinanna en ekki aðrar. Ég hef fjallað um þær aðrar leiðir sem menn hafa rætt um í slíkri stöðu og skal fúslega viðurkenna að það er langt frá því að allt sé gott sem lagt er til með þessum lögum. En þetta var niðurstaðan eftir mjög langa umfjöllun fyrri ríkisstjórnar og eftir að mistekist hafði þar að ná samkomulagi.

Umræðu frestað.

Um þingsköp.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég biðst afsökunar á því að hafa kallað á fundarsköp en nú halda umræður áfram í Nd. og ég held að nauðsynlegt sé líka að hægt sé að halda áfram umræðum um frv. sem hér liggur fyrir. Því hefur þegar verið lýst yfir af tveim þingmönnum stjórnarandstöðunnar að þeir séu ósammála þýðingarmiklum atriðum í þessu frv. og ég held af þeim sökum og þó ekki komi annað til að nauðsynlegt sé að málið komi til þingnefndar.

Ég vil einnig vekja athygli á því, herra forseti, að ýmsir ráðherrar hafa látið stóryrði flakka í sambandi við hlutverk Atvinnutryggingarsjóðs sem nauðsynlegt er að bera undir hæstv. forsrh. nú þegar og get raunar ekki skilið annað en það hljóti að vera hæstv. forsrh. jafnmikið áhugamál og stjórnarandstöðunni að málið fái greiðan gang í þinginu. Ég skildi hæstv. forseta svo að það hefði verið samkomulag gert um að fundur héldi áfram í Nd. klukkan hálfsex og hlaut að skilja það svo að hugmyndin væri einnig að halda umræðum áfram í þessari deild. Ég fékk ekki svör við mörgum þýðingarmiklum spurningum sem ég varpaði til hæstv. forsrh. í minni ræðu og vil gjarnan fá tækifæri til þess nú að ítreka þær spurningar, þó ekki væri til annars en honum gæfist tími til að velta þeim fyrir sér þangað til málið kemur næst á dagskrá. En ég vil sem sagt leggja áherslu á þetta. Í fyrsta lagi: Tveir hv. þm., sem telja sig fylgja núv. ríkisstjórn, annar sagði að vísu að það yrði að gera meira en gott þætti, hafa lýst sig andvíga þýðingarmiklum atriðum í þessu frv. Í öðru lagi: Það liggur ekki fyrir hvort frv. hefur nægan stuðning í þinginu til þess að úr því fáist skorið hvort einstök atriði þess nái fram að ganga. Og í þriðja lagi: Allar umræður hér verða mjög sundurslitnar og ómarkvissar ef við verðum undir því að búa að tveir, þrír, fjórir þm. fái að tala hverju sinni og svo einn ráðherra eftir smekk. Við getum ekki haldið umræðum áfram í samhengi þannig að mönnum sé í fersku minni hvaða orð féllu við umræðuna síðast, ég tala ekki um þegar vika eða margir dagar hafa liðið síðan málið var áður á dagskrá. Ég vil því ítreka, herra forseti, að ég vonast til þess að umræðan geti haldið áfram nú, það er nægur tími fram að kvöldmat og fram eftir kvöldi ef þörf krefur og algjörlega ástæðulaust, algjörlega ástæðulaust að klippa á umræðuna á þessu stigi.

Forseti (Jón Helgason):

Ég frétti það hjá forseta Nd. að hann hefði ákveðið að halda fundi áfram kl. hálfsex og af þeim sökum var ljóst að fundartími til þingflokksfunda var ekki langur. Þess vegna óskaði ég eftir því að hæstv. forsrh. frestaði sinni ræðu og lyki henni nú á eftir þannig að við funduðum ekki á þingflokksfundartíma. Hins vegar hef ég heyrt það á öðrum þm. að þeir óski eftir því að umræðunni nú sé frestað, enda er það ljóst að við ljúkum ekki málinu hvort sem er í dag. Það hefur ekki verið gert ráð fyrir kvöldfundi, ekki heldur í Nd. Hins vegar vildi ég vonast til þess að við gætum lokið þessu og hinum málunum á þriðjudaginn. Þá er rýmri tími til fundahalda og sýnist mér ekki skipta öllu máli hvort það er einni ræðunni fleira eða færra nú heldur að við reynum að ljúka umræðunni á þriðjudaginn og málinu þar með.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Hafi verið ástæða til þess að leyfa hæstv. forsrh. að ljúka sinni ræðu á þessum degi er ekki síður ástæða til þess að leyfa öðrum þm. að komast að til andsvara. Ég held að það væri bæði drengilegt og rétt og mundi gefa gott fordæmi fyrir stjórn þingsins í vetur ef þannig yrði haldið á málum að maður, svona í upphafi þings, geti treyst því að vinnubrögðin yrðu með þeim hætti að stjórnarandstaðan geti vel við unað.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Ég vil aðeins vekja athygli á því sem öllum mætti nú vera ljóst að ríkisstjórnin dregur lappirnar í þessu máli, hún ætlar að fresta umræðunni til næsta þriðjudags og þetta er 1. umr. í fyrri deild. Það er ekki við stjórnarandstöðu að sakast að stjórnin komi ekki sínum málum fram. Það er alveg ljóst að það er upplausn í ríkisstjórnarliðinu og þeir þora ekki að ræða málin.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður talaði reyndar ekki mikið um þingsköp heldur notaði þetta til einhverra ómerkilegra árása á ríkisstjórnina. Ég ætla hins vegar að lýsa þeirri skoðun minni að ég sé ekkert athugavert við fundarstjórn forseta og þá vinnutilhögun sem hann hefur lýst hér, þ.e. að það verði haldið áfram umræðunni um þetta mál á þriðjudag sem er næsti fundardagur þessarar deildar. Ef hv. þm. Halldór Blöndal veit ekki hvernig við höfum skipulagt vinnuna hér á þessu þingi þá er það þannig að næsti þriðjudagur er eðlilegur fundartími þessarar deildar. (Gripið fram í.) Já, hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, á morgun, klukkan tíu í fyrramálið er gert ráð fyrir fundi í Sþ. sem sjálfsagt mun standa allan daginn. Það hefur ekki verið venja að hafa fundi á föstudögum nú um sinn og á mánudögum eru fundir í Sþ. og á þriðjudaginn er næsti fundur í þessari deild. Þá höfum við nægan tíma til að ræða frv. og hlusta á allar þær ræður sem hv. þm. Halldór Blöndal kýs að halda, svo skemmtilegt sem það nú kann að verða.

Forseti (Jón Helgason):

Áður en hv. 2. þm. Norðurl. e. kemur í stólinn vildi ég geta þess, sem kannski hefur komið fram áður, að ég hafði látið það koma fram við nokkra hv. þm. í deildinni að ég mundi fresta umræðunni áður en hv. 2. þm. Norðurl. e. bar fram þessa ósk sína, sem ég hafði ekki heyrt fyrr en fundurinn hélt áfram.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég hafði beðið um orðið um þingsköp í lok fundarins áður en honum var frestað, áður en þingflokksfundir hófust, þannig að hæstv. forseta var ljóst að ég hafði einhverjar óskir eða athugasemdir fram að færa varðandi umræðuna. En á hinn bóginn sá hæstv. forseti ekki ástæðu til þess að inna mig eftir því hvað ég hafði í huga en virðist hins vegar hafa rætt það mál við ýmsa þm. aðra í deildinni.

Ég vil segja við formann fjh.- og viðskn., hv. 3. þm. Vesturl., að það væri auðvitað ástæða til þess að fresta fundinum til þriðjudags ef þess væri að vænta að formaður fjh.- og viðskn. eða kannski einhverjir af ráðherrum Alþfl. gætu verið viðstaddir umræðuna. Ég bað um það við 1. umr. þessa máls að reynt yrði að ná í ráðherra Alþfl. þannig að þeir gætu verið viðstaddir umræðuna, en ég hef ekki séð þeim bregða fyrir, ekki einu sinni í leiftursýn. Hins vegar hef ég tekið eftir því að hv. 3. þm. Vestf. telur sig vera sérstakan talsmann Alþfl. í þessu máli og er það e.t.v. vegna þess að hann er meiri áhugamaður um efni frv. sem hér liggur fyrir heldur en aðrir þm. í Alþfl. Ég vil sem sagt ítreka þá beiðni mína að fundurinn geti haldið áfram. Ég man ótal dæmi um að þingdeildarfundir hafi verið í báðum deildum þegar um meiri háttar mál hefur verið að ræða og fundum hefur verið fram haldið til kvöldmatar en hitt held ég að sé fátíðara, þegar þannig hefur staðið á, að önnur deildin sé send heim en hin látin vinna áfram. Ég vil finna að þessu og vil ítreka að ég legg áherslu á að umræðan geti haldið áfram viðstöðulaust. Það er ekki aðeins að við hér í stjórnarandstöðunni ætlumst til þess að málið komist til nefndar þannig að ýmislegt það sem í bráðabirgðalögunum er skýrist svo menn geti áttað sig á því hvað býr á bak við bráðabirgðalögin. Það eru ekki einungis við þingdeildarmenn sem óskum eftir að þessi mál skýrist heldur ótal aðilar úti í þjóðfélaginu sem þurfa að leita til þessa Atvinnutryggingarsjóðs sem hér er gert ráð fyrir að staðfesta með frv. sem hér hefur verið lagt fram.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Vegna þessara ummæla hv. þm. Halldórs Blöndals, að hann hefði óskað eftir því sérstaklega að ráðherrar Alþfl. væru viðstaddir umræðurnar þegar hann hélt sína ræðu hér á dögunum, þá er rétt að það komi fram að hæstv. viðskrh. var þá að mæla fyrir máli í Nd. Hæstv. félmrh. hafði, að ég hygg, fjarvistarleyfi og hæstv. utanrrh. var staddur erlendis og held ég að hv. þm. Halldóri Blöndal hafi þetta allt verið mætavel kunnugt þegar hann óskaði eftir því að ráðherrar Alþfl. væru viðstaddir umræðurnar hér í deildinni.

Karvel Pálmason:

Herra forseti. Ég hef að vísu ekki verið ýkja mörg ár hér á hv. Alþingi en það er nýtt í mínum huga að heyra hörðustu stjórnarandstæðinga reka svo á eftir málefnum stjórnarliða eins og hv. 2. þm. Norðurl. e. gerir nú. Það er auðvitað erfitt að gera ýmsum til hæfis. Sumir sitja hér of lítið í hv. deild en aðrir of lengi að því er virðist og ég er líklega einn af þeim.

Ég dreg í efa að stjórnarandstæðingar hafi fengið minni tíma til ræðuhalda undir þessum dagskrárlið heldur en stjórnarliðar. Ég hygg að hv. þm. Halldór Blöndal hafi haldið hvað lengsta ræðu hv. þm. hér í deildinni það sem komið er og trúlega á eftir að bætast við. Ég sé ekkert athugavert við það að umræður um svo stóran málaflokk geti tekið fleiri en einn eða tvo fundartíma í hv. deild. Það er eðli málsins samkvæmt um svo viðamikið mál að ræða og það er víðs fjarri, hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, að stjórnarþingmenn dragi hér lappirnar. Mér heyrist miklu frekar að stjórnarandstæðingar séu að reyna að tefja málið með þeim hætti sem haldið er uppi. Ég tel rétt hjá hæstv. forseta að fresta umræðunni. Það er augljóst að hún verður ekki kláruð fyrir

kvöldmatarhlé ef það yrði gert. Það eru a.m.k. þrír, fjórir, fimm á mælendaskrá og við stjórnarliðar, sem mér skilst að hv. þm. Halldór Blöndal telji mig ekki vera, ég taldi mig stjórnarliða hér í umræðunum í dag, eigum ábyggilega eftir að setja á einhverjar umræður ef hv. þm. Halldór Blöndal heldur upptéknum hætti. (**Menntmrh.:** Eða hvort sem er.) Eða hvort sem er, hæstv. menntmrh., getum við talað enn við hv. þm. Halldór Blöndal eins og við gerðum á síðasta þingi.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Ég held að ég, sem svona með eldri þingmönnum nú orðið, hljóti að æskja þess að forseti úrskurði í því efni hvort ég hafi ekki talað um þingsköp áðan. Hv. þm. Eiður Guðnason hélt því fram að ég hefði ekki talað um þingsköp í þeim þrem setningum sem ég sagði. Ef það er hugsun forseta og meining að þetta séu rétt ummæli af hálfu þm. bið ég auðvitað afsökunar. Er það svo? — Þögn forseta þýðir væntanlega að það sé ekki tilefni til þess að segja að ég hafi ekki rætt hér um þingsköp.

Ég lít svo á að þögn við þessu síðasta sé samþykki þess að ég hafi sem sagt rætt um þingsköp. Hitt er mikið vafamál hvort allir hér, t.d. síðasti ræðumaður, hafi rætt um þingsköp, en hitt eru þingsköp þegar hann lýsir því yfir, þ.e. um störf þingsins, um störf í þessari deild, að hann muni svo sem geta haldið uppi málþófi og að við höfum farið hér með ýmiss konar fleipur o.s.frv., þegar farið er að ræða um málið svo vítt og breitt og þegar hæstv. menntmrh. lýsir því yfir að það verði kannski haldið uppi miklu málþófi af stjórnarsinna hálfu. Það undirstrikar það sem ég sagði að það er ríkisstjórnin sem er að draga málið á langinn. Hún vill ekki fá umræðu um það. Hún hefur lýst því yfir að það verði ekki á dagskrá fyrr en næsta þriðjudag, ef það kemur þá á dagskrá.

Þetta sýnir auðvitað aðeins eitt, sem alþjóð á að vita og hlýtur nú að vera farið að gruna, að það er algjört upplausnarástand í ríkisstjórnarflokkunum og Alþingi hefur enga forustu.

Forseti (Jón Helgason):

Ég vil aðeins vekja athygli á því að frá því að þessi mál hafa komist á dagskrá hér í Ed. hefur fyrsta dagskrármálið verið eina málið sem hér hefur verið til umræðu og ég held að umræðum hafi verið haldið áfram með eðlilegum hætti.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Það var aðeins í tilefni þessara síðustu orða hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar, 8. þm. Reykv. Ég veit að forseti vor er friðarins maður og hann kann það sem segir í Grettissögu að illt er að egna óbilgjarnan og þess vegna sagði hann kannski ekki neitt. En þegar hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson kemur hér í stólinn og talar um það í þremur setningum að það sé engin samstaða í stjórnarliðinu, það sé hver höndin upp á móti annarri og logi allt í sundurlyndi er hann auðvitað ekki að tala um þingsköp. Það vita allir.

NEÐRI DEILD

6. fundur, miðvikudaginn 26. okt., kl. 2 miðdegis.

Ríkisábyrgð á launum, frh. 1. umr.

Frv. LVJ og JSS, 26. mál (framsal kröfu til Atvinnuleysistryggingasjóðs). — Þskj. 26.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 30:1 atkv. og til félmn. með 30 shlj. atkv.

Hvalveiðibann, 1. umr.

Frv. HJ og AðB, 29. mál. — Þskj. 29.

Flm. (Hreggviður Jónsson):

Hæstv. forseti. Hér er tekið til umræðu frv. til laga um hvalveiðibann. Flm. eru Hreggviður Jónsson og Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

Í grg. segir m.a.:

„Þann 2. febr. 1983 var samþykkt eftirfarandi þingsályktun á Alþingi:

„Alþingi ályktar að samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins um takmörkun hvalveiða, sem kunngerð var með bréfi til ríkisstjórnarinnar dags. 2. sept. 1982, verði ekki mótmælt af Íslands hálfu.“

Með þessari þingsályktun var ótvírætt ákveðið að fara eftir samþykktum Alþjóðahvalveiðiráðsins, en um leið var í nefndaráliti um tillöguna innleiddur sá tvískinnungur sem hinar svokölluðu vísindaveiðar eru byggðar á. Ekki verður hér frekar rætt um það sem liðið er, því verður ekki breytt.

Það fer ekki á milli mála að málflutningur náttúruverndarsamtaka víða um heim hefur áhrif, hvort sem okkur líkar það betur eða verr. Sú „mannlega“ ímynd, sem dregin er upp af hvölum í fjölmörgum sjónvarpsþáttum og þá ekki hvað síst í barnatímum, gerir hvalveiðar afar ógeðfelldar í hugum hundraða milljóna manna. Áhrif frjálsra náttúruverndarsamtaka eru víða sterk; það sést best á því að nokkur erlend fyrirtæki hafa hætt kaupum á íslenskum fiskafurðum af þessum sökum. Í setningu þessara laga felst ekki viðurkenning á réttmæti málflutnings náttúruverndarmanna. Hér er hins vegar horfst í augu við blákaldar staðreyndir og minni hagsmunir lagðir til hliðar fyrir meiri. Hvalveiðibann til fjögurra ára gefur okkur tóm til að skoða þessi mál

vandlega. Eftir þann tíma má aflétta þessu banni eða framlengja eftir því hvað við teljum best fyrir hagsmuni okkar þá."

Hæstv. forseti. Undanfarna daga hafa farið fram miklar umræður í fjölmiðlum um hvalveiðar okkar Íslendinga. Hafa þessar umræður spunnist vegna aukins þrýstings á útflutningsfyrirtæki okkar sem flytja út sjávarafurðir. En nokkrir mikilvægir viðskiptaaðilar þeirra hafa hætt að kaupa afurðir eða gefið til kynna að svo kynni að verða.

Það frv. til laga sem hér liggur fyrir er aðeins staðfesting á því ástandi sem skapast hefur. Í því felst hvorki viðurkenning á rökum náttúruverndarsamtaka víða um heim né útilokun á hvalveiðum í náinni framtíð.

Umhverfismál njóta æ ríkari skilnings almennings um allan heim. Þetta á ekki hvað síst við um efnahagsbandalagslöndin, en til þessara landa fer langstærsti hluti útflutnings okkar ásamt til Bandaríkjanna. Án sölu á fiskafurðum til þessara landa blasir gjaldþrot við okkur. Það mannúðarsjónarmið sem hvalfriðungar bera í brjósti er um margt skiljanlegt og sú mannlega ímynd sem hvalir vekja hjá annars svo harðbrjósta heimi er sláandi. Eins og allir hafa getað fylgst með undanfarna daga er barátta hvalavina fyrir þremur gráhvölum út af Alaska slík að maður hlýtur að taka það til íhugunar. Það að bæði stórveldin skuli láta í té stórfellda aðstoð sýnir best hve þessi sjónarmið eru sterk og höfða til manna um allan heim.

Í Morgunblaðinu 23. okt. 1988 segir, með leyfi forseta: „Samúðarbylgja rís með málstað grænfriðunga. Grænfriðungar telja sig hafa himin höndum tekið í baráttu sinni gegn hvalveiðum vegna þjóðarsamúðar sem vaknað hefur í Bandaríkjunum með þremur gráhvölum er berjast fyrir lífi sínu í ísnum skammt frá bænum Barrow í Alaska. Fregnir af hvölunum í vökinni hafa verið aðalfréttir fjölmiðla alla vikuna og hafa sjónvarpsmyndir af dýrunum höfðað til tilfinninga almennings í Bandaríkjunum. Nú telja vísindamenn sig eygja leið til að koma hvölunum út úr ísnum á auðan sjó, eftir að vakir hafa verið sagaðar í hann. Er reynt að beina hvölunum eftir þeim í átt til hafs."

Hér þarf raunar ekki vitnanna við. Þetta segir mikið um hvernig við stöndum að þessu máli. Sú samúðarbylgja sem fylgir þessu um allan heim er mjög sláandi og er byggð á tilfinningum og við eigum erfitt með að færa rök gegn því.

Í Morgunblaðinu þriðjudaginn 18. okt. 1988 er haft viðtal við forustumenn nokkurra þjóða um þessi mál, m.a. hæstv. forsrh. Steingrím Hermannsson. Hann segir þar, með leyfi forseta:

„Við höfum fyrst og fremst verið að undirbúa okkur undir það að Alþjóðahvalveiðiráðið taki þessi mál til skoðunar árið 1990. Hins vegar tel ég vel koma til greina að fella niður veiðar næsta ár, sérstaklega ef hægt er að halda öllum þáttum hvalrannsókna úti, svo sem talningu, en niðurstöður hennar eru mjög mikilvægar fyrir fund ráðsins 1990."

Þessi ummæli hafa í raun opnað þetta mál töluvert mikið og þau urðu til þess að koma frekara skriði á það. Þegar forsrh. ræðir um að vel komi til greina að hætta hvalveiðum hljótum við að taka mark á því. En í sama blaði er einnig viðtal við framkvæmdastjóra frá fyrirtækjum okkar í Bandaríkjunum.

Magnús Friðgeirsson segir, með leyfi forseta: „Við reiknum ekki með því að úr þessu verði samið við Long John Silver's um sölu á flökum á þessum ársfjórðungi."

Þetta eru alvarleg tíðindi. Og við hljótum að spyrja hvort við getum haldið svo áfram, hvort við getum lokað augunum fyrir þessu.

Þá segir í sama blaði einnig þann 18. október, í viðtali við Magnús Gústafsson forstjóra: „Bein áhrif af mótmælum Greenpeace og annarra hvalfriðunarsamtaka eru orðin talsverð og fara vaxandi. Þau hafa orðið til þess að við höfum misst af samningi við stóran viðskiptavin. Skólar í Massachusetts, Maine, Alabama, Kaliforníu og Chicago kaupa sumir hverjir ekki fisk lengur og stórir viðskiptavinir hafa af þessu miklar áhyggjur. Þegar ekki dugir að fara að samþykktum Hvalveiðiráðsins og semja við bandarísk stjórnvöld hljótum við að verða að endurskoða hvalveiðistefnuna," sagði Magnús Gústafsson, forstjóri Coldwater Seafood. Þá sagði hann enn fremur: „Þessi þróun er slæm. Skólarnir eru okkur mikilvægir, en mikilvægast er að íslenskur fiskur fái ekki á sig það orð að hann eigi ekki að borða. Við höfum rökin okkar megin, en það dugir bara ekki til. Almenningur vill ekki að hvalur sé drepinn. Hann stendur í þeirri meiningu að allar hvalveiðar hafi verið bannaðar vegna þess að stofnarnir voru hætt komnir."

Þetta er meginsjónarmiðið: „Við höfum rökin okkar megin, en það dugir bara ekki til. Almenningur vill ekki að hvalur sé drepinn." Og hann segir enn fremur: „Við verðum að endurskoða afstöðu okkar svo að meiri hagsmunum verði ekki fórnað fyrir minni."

Í Morgunblaðinu 19. okt. 1988 er viðtal við hæstv. utanrrh. Þar segir hann með leyfi forseta: „Yfirlýsingar um kúvendingu í hvalveiðimálinu komu á afar óheppilegum tíma." og „Hvað sem líður öllum ágreiningi um hvalamálið svokallaða, réttmæti eða nauðsyn vísindaveiðanna, verð ég að segja að yfirlýsingar forsrh. um að það sé að vænta kúvendingar af hálfu íslensku ríkisstjórnarinnar svo fyrirvaralítið sem raun ber vitni komi á afar óheppilegum tíma."

Já, yfirlýsingin frá forsrh. kom á afar óheppilegum tíma. Hún opnaði málið og breytti stöðunni. Við hljótum að taka mark á forsrh. — eða er það ekki?

Þá er sagt frá í Morgunblaðinu 19. okt. 1988 yfirlýsingu Sölustofnunar lagmetis og í henni segir, með leyfi forseta: „Stjórn Sölustofnunar lagmetis vill eindregið lýsa yfir stuðningi við hugmyndir um að tafarlaust verði tekin ákvörðun um að fresta hvalveiðum Íslendinga í vísindaskyni á næsta ári.

Nauðsynlegum vísindarannsóknum á hvalastofnum verði lokið án frekari veiða. Það er mat þeirra aðila innan Sölustofnunar lagmetis sem gerst þekkja til að lífæð íslensks lagmetisiðnaðar sé í stórhættu í framhaldi af ákvörðun Tengelmann-samsteypunnar um að stöðva kaup á íslensku lagmeti. Áætlaður heildarútflutningur lagmetis á yfirstandandi ári er að verðmæti 1,5 milljarðar kr., þar af um tæp 60% til Vestur-Þýskalands.

Stjórn Sölustofnunar lagmetis vefengir ekki rétt okkar Íslendinga til hvalveiða, en ljóst er að Greenpeace og önnur samtök umhverfisverndarmanna hafa meiri áhrif á þorra almennings en gert hefur verið ráð fyrir. Þess vegna ályktar stjórn Sölustofnunar lagmetis að ekki verði hjá því komist í ljósi síðustu atburða að endurmeta stefnu stjórnvalda í hvalamálinu og stöðva veiðarnar þar sem gífurlegir hagsmunir eru í hættu hjá íslenskum útflutningsiðnaði. Það er von okkar að stjórnvöld bregðist fljótt við svo að takast megi að koma á viðskiptum á ný við hið þýska fyrirtæki og ekki komi til stöðvunar hjá lagmetisiðjunum eins og nú lítur út fyrir."

Í Morgunblaðinu 23. okt. 1988 er vitnað til háskólarektors í brautskráningarræðu, en hann segir þar, með leyfi forseta: „Hvalveiðistefnan skaðar hagsmuni okkar. Ekki er ástæða til að hafa áhyggjur af friðun hvala að sinni. Hvalveiðar hafa legið niðri í áratugi fyrr á þessari öld án þess að valda offjölgun hvala eða raska lífríki sjávar svo vitað sé."

Og í Dagblaðinu 24. okt. segir Gísli Már Gíslason líffræðingur, með leyfi forseta: „Alþjóðahvalveiðiráðið hefur í tvígang samþykkt ályktunartillögur sem hvetja Íslendinga til að draga heimildir til vísindaveiða til baka. Það höfðu komið fram efasemdir um gildi vísindaveiða í vísindanefnd Hvalveiðiráðsins. 1987 samþykkti Alþjóðahvalveiðiráðið að hvalveiðiheimildir Íslendinga fullnægðu ekki þeim skilyrðum sem sett voru 1986 um sérstakar veiðiheimildir og því skorað á Íslendinga að draga veiðiheimildir til baka.

Í vor var þessi ályktunartillaga samþykkt með breyttu orðalagi þar sem Íslendingar eru minntir á að þeir hafi ekki farið að tillögu ráðsins frá árinu áður. Það er því ekki hægt að segja að við förum eftir stefnu Alþjóðahvalveiðiráðsins í vísindaveiðum okkar eins og forsrh. hefur haldið fram," sagði Gísli Már Gíslason líffræðingur sem setið hefur fundi Vísindaráðs.

Í sama blaði er viðtal við hæstv. sjútvrh. Halldór Ásgrímsson þar sem hann lætur í ljós skoðun sína á ræðu háskólarektors og segir m.a., með leyfi forseta:

„Ég er ósammála þeirri skoðun háskólarektors sem hann lét frá sér fara í ræðu sinni um hvalveiðistefnu okkar Íslendinga við brautskráningu háskólastúdenta á laugardaginn. Líffræðideild Háskólans hefur unnið gegn hvalarannsóknum okkar Íslendinga um langan tíma, en ég var að vonast til þess að það yrði ekki látið í ljós með þessum hætti."

Hann segir enn fremur: „Ég hef hingað til litið svo á að Háskólinn ætti að sinna vísindalegum rannsóknum á hafinu í kringum landið, en því miður hafa þeir ekki sýnt Hafrannsóknastofnun neinn áhuga í langan tíma. Þetta er mjög alvarlegt mál."

Ég tek undir það að þetta er mjög alvarlegt mál. Það er mjög alvarlegt þegar Háskólinn er sakaður um að sinna ekki vísindastörfum og þegar ráðherra sakar okkar æðstu menntastofnanir um að sinna ekki vísindarannsóknum og þeir hafi ekki rétt fyrir sér. Það er mjög alvarlegt mál.

Hæstv. forseti. Það frv. sem hér er lagt fram er tákn breyttra tíma, nýrra áherslna sem munu verða í umræðum og framkvæmdum á alþjóðavettvangi í framtíðinni. Þjóðir heimsins eru hægt og hægt að átta sig á umhverfismálum og átta sig á því að þau skipta þar einnig máli. Þetta mál er angi af því. Þegar hæstv. forsrh. Steingrímur Hermannsson hóf máls á því að breyta ætti áherslum í hvalveiðimálum tóku margir mark á því. Þegar hann sagði í áðurnefndu viðtali við Morgunblaðið, með leyfi forseta, „að stjórnvöld hefðu miklar áhyggjur af þeim viðskiptahagsmunum sem kunna að vera í húfi og að vel komi til greina að fella niður veiðar næsta ár" tókum við mark á ummælum forsrh., sérstaklega var þó þetta úti í hinum stóra heimi þar sem þessi ummæli hafa vakið athygli og fjöldi manna heldur að um sé að ræða stefnubreytingu hjá ríkisstjórn Íslands. Hér á landi taka menn e.t.v. minna mark á orðum hæstv. forsrh. og láir þeim það enginn.

Ræða dr. Sigmundar Guðbjarnasonar, rektors Háskóla Íslands, sl. laugardag við brautskráningu kandídata er að minni hyggju einhver besta ræða sem flutt hefur verið lengi hér á opinberum vettvangi. Ég sé ástæðu til að endurtaka þann hluta hennar sem kemur þessu máli við, með leyfi forseta, en hann sagði:

„Á undangengnum mánuðum höfum við fylgst með sorglegu sjónarspili í íslenskum stjórnmálum. Slíkar deilur, sem við erum vitni að, skerða traust og virðingu stjórnmálamanna okkar. Barlómur og úrtölur dynja á okkur í fjölmiðlum, hrakspár og svartsýni draga þrótt og kjark úr fólkinu. Ástæðan fyrir því að okkur skortir kjark er ekki sú að lífið sé erfitt. Lífið er erfitt af því að okkur skortir kjark — sagði Seneca forðum.

Nú þrengir að á erlendum mörkuðum fyrir íslenskar útflutningsafurðir vegna stefnu í hvalveiðimálum. Það þarf kjark til að kyngja stolti og stefnu sem ekki reynist farsæl. Flestum landsmönnum er ljóst að hér þarf að taka mið af raunveruleikanum en ekki óskhyggju. Hvalveiðistefnan skaðar hagsmuni okkar. Ekki er ástæða til að hafa áhyggjur af friðun hvala að sinni. Hvalveiðar hafa legið niðri í áratugi fyrr á þessari öld án þess að valda offjölgun hvala eða raska jafnvægi í lífríki sjávar svo vitað sé. Deilt er einnig um arðsemi fjárfestinga til lands og sjávar, um ofbeit og landeyðingu, um hagkvæmni í fiskveiðum og fiskvinnslu og fleira mætti telja."

Þá segir hann einnig: „Nú er svo komið víða í Evrópu að jarðvegur er spilltur og óhæfur til rækt-

unar, drykkjarvatn óneysluhæft og hafið svo mengað að fiskurinn verður óætur."

Já, þessi orð eru stór og þau hljóta að vekja okkur til umhugsunar um þessi mál með nýjum hætti, bæði hvað varðar hvalveiðar, hvað varðar umhverfismál og hvað varðar mengun hafsins. Það er kominn tími til að Alþingi og ríkisstjórn Íslands marki sér nýja stefnu, hugsi þessi mál upp á nýtt. Ég held að menn ættu að taka undir orð rektorsins sl. laugardag. Þau eru gagnmerk og við eigum að fara og vinna eftir þeim.

Þá segir í Morgunblaðinu 26. október, í dag, að fyrirtækið Aldi, sem er einn stærsti viðskiptavinur Sölustofnunar lagmetis, sé að hugsa um að hætta viðskiptum við okkur. Það er stór samningur sem þarna er í húfi, upp á 400 millj. kr. Í viðtali við blaðið segir framkvæmdastjóri Sölustofnunar lagmetis, Theódór S. Halldórsson, með leyfi forseta:

„Ef það nær fram að ganga að þessi viðskipti stöðvast og minni hagsmunir séu þannig teknir fram yfir meiri, þá leiðir það til þess að atvinnuöryggi í verksmiðjunum er stefnt í hættu og margra ára markaðsuppbygging er eyðilögð og stoðum kippt undan mörgum verksmiðjum í lagmetisiðnaði." Hann bætti við að þær verksmiðjur sem aðallega yrðu fyrir þessu væru á Norðurlandi og hér á suðvesturhorninu. Ég ætla ekki að telja það upp hér, en það sýnir hversu alvarlegt þetta mál er.

Hæstv. forseti. Eins og kemur fram í umræddri frétt frá því í dag eru mikil verðmæti í húfi og hagsmunir sem eru margfalt meiri eru hagsmunir okkar af hvalveiðum. Hér er um að ræða atvinnu hundraða manna og gjaldþrot fyrirtækja sem eru í hópi þeirra fáu sem fullvinna sjávarafurðir okkar í neytendaumbúðir á erlendan markað. Niðurlagningarverksmiðjur, á Ísafirði Böðvar Bjarnason, í Hafnarfirði Norðurstjarnan, í Kópavogi Ora, á Húsavík Hik, á Dalvík Pólstjarnan, á Akureyri K. Jónsson, flytja út vörur að verðmæti 1,5 milljarða kr. fob á ári. Þetta varðar ekki aðeins niðurlagningu á rækju, síld og fleiru heldur er hér einnig um að ræða niðurlagningu á kavíar og grásleppuhrognum, um það bil fyrir litlar 100 millj. kr. eða 40–50 þúsund kassar af kavíar. Þessi framleiðsla fer að stórum hluta á Þýskalandsmarkað. Þetta snertir því grásleppukarla um allt land og þeir eru ófáir. Keppinautar okkar í Danmörku og Svíþjóð mundu glaðir grípa tækifærið til að ná til sín þessum viðskiptum og niðurlagningu á óunnum vörum frá Íslandi sem síðan yrðu seldar undir dönskum og sænskum vörumerkjum. Það er ljóst að þessi iðnaður okkar er hruninn ef ríkisstjórnin tekur ekki af skarið strax og lýsir yfir hvalveiðibanni, a.m.k. til 1990 þótt æskilegt sé að gera það til fjögurra ára eins og fram kemur í lagafrv. sem hér liggur fyrir.

Hæstv. forseti. Staða okkar gefur tilefni til að hugsa til framtíðar, reyna að gera okkur grein fyrir því hvað framtíðin ber í skauti sér. Ég tel að við eigum að gerbreyta áherslum okkar í þessum málum og taka upp nána samvinnu við öll frjáls náttúruverndarsamtök beggja vegna Atlantsála. Við getum t.d. boðið þeim að hafa höfuðstöðvar sínar hér. Við eigum að taka forustu í umhverfismálum í heiminum. Með samvinnu við þessi samtök getum við það. Framtíð fiskveiða, framtíð lífríkis, bæði í andrúmslofti og í hafi, er svo stórt mál að við getum ekki látið hjá líða að hefja ótrauðir baráttu á þeim sviðum. Samtakamáttur frjálsra náttúruverndarsamtaka um allan heim er vaxandi og við skulum taka höndum saman við þau og tryggja komandi kynslóðum að hér verði hægt að búa.

Ég tek undir með dr. Sigmundi Guðbjarnasyni að lífið er erfitt af því að okkur skortir kjark, kjark til að horfast í augu við staðreyndir og hætta hvalveiðum um sinn. Við eigum réttinn, við tökum einir ákvörðun í þessu máli, en látum ekki fara fyrir okkur eins og ökumanninum sem átti réttinn, tók hann og lést í árekstrinum. Við skulum heldur slaka á og halda lífi.

Ég hef lokið máli mínu og legg til, hæstv. forseti, að frv. verði vísað til sjútvn. Nd.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Hér í hv. Nd. hefur verið lagt fram frv. til l. um hvalveiðibann. Það kemur fram í frv. og í grg. með því að það hafi átt sér stað tvískinnungur í landinu í þessu máli og hér er gerð tillaga um að allar veiðar séu bannaðar til ársins 1993 en eftir þann tíma megi aflétta þessu banni eða framlengja eftir því sem við teljum best fyrir hagsmuni okkar þá. Ég átti von á því að hv. 1. flm. mundi gera grein fyrir því hvaða stefnu hann vildi taka í þessum málum. Hann kaus hins vegar að lesa að mestu leyti upp úr þeim umræðum sem hafa átt sér stað undanfarna daga í fjölmiðlum. Ég tel í reynd nauðsynlegt að fara nokkrum orðum um hvernig sú stefna sem fylgt hefur verið varð til í þessu máli og hvernig henni hefur verið fylgt síðan þá.

Það vill svo til að á Alþingi Íslendinga, í febrúarmánuði 1983, var samþykkt till. til þál. um mótmæli gegn hvalveiðibanni, en þar kom fram hjá meiri hluta nefndarinnar eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Utanrmn. hefur að undanförnu fjallað ítarlega um hvort samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins varðandi bann við hvalveiðum skuli mótmælt. Nefndin hefur kallað til fundar fjölmarga aðila sem hafa veitt margvíslegar upplýsingar. Að athuguðu máli er það niðurstaða meiri hluta nefndarinnar að ekki sé ráðlegt að bera fram mótmæli.

Undirritaðir nefndarmenn telja að mikilvægt sé að auka enn rannsóknir á hvalastofnum þannig að ávallt sé til staðar besta möguleg vísindaleg þekking sem liggi til grundvallar umræðum og ákvörðunum um veiðar í framtíðinni."

Undir þetta nál. skrifa Halldór Ásgrímsson frsm., Ólafur Ragnar Grímsson, Albert Guðmundsson, Eyjólfur Konráð Jónsson.

Í áliti minni hluta, þar sem var talið að mótmæla ætti þessu banni, kemur þetta fram: „Jafnframt

beinir Alþingi því til ríkisstjórnarinnar að auka enn rannsóknir á hvalastofnum hér við land í samvinnu við vísindaráð Alþjóðahvalveiðiráðsins í því skyni að fyrir liggi sem fullkomnust þekking á þessum hvalastofnum við frekari meðferð málsins."

Undir þetta nál. skrifuðu Geir Hallgrímsson, formaður nefndarinnar og frsm., Jóhann Einvarðsson fundaskrifari og Kjartan Jóhannsson. Það lá fyrir á þessum tíma að það var óeining um það á Alþingi Íslendinga hvort banninu skyldi mótmælt eða ekki og það var samþykkt með naumum meiri hluta, með eins atkvæðis mun, að gera það ekki þannig að um það voru skiptar skoðanir hér á Alþingi. Hins vegar var alger samstaða um að það bæri að stórauka rannsóknir á hvalastofnum. Hver einasti alþingismaður greiddi í reynd atkvæði með því. Um það má deila hvort hér var tekin rétt ákvörðun eða röng og ég skal vel viðurkenna að ég hef oft velt því fyrir mér hvort ég hafi tekið rétta afstöðu á þeim tíma, en komist að þeirri niðurstöðu að svo hafi verið. Það hafi verið rétt að fylgja samþykktum Alþjóðahvalveiðiráðsins, framfylgja stofnskrá Alþjóðahvalveiðiráðsins, en það höfum við Íslendingar gert frá upphafi, síðan við gengum í ráðið, og aldrei brotið hvorki stofnskrá né samþykktir ráðsins.

Að þessu samþykktu bar að sjálfsögðu að kanna með hvaða hætti rannsóknir yrðu auknar og það kom í minn hlut sem sjútvrh. vorið 1983 að undirbúa það mál og það var gert með því að skipa undirbúningsnefnd til að koma með tillögur um hvernig það yrði best gert. Í þessari nefnd voru lögfræðingar, því hér er um lagalegt mál að ræða, og vísindamenn voru þar jafnframt að störfum og þeim bar að koma með tillögur um hvernig þessari stefnu, sem mörkuð var á Alþingi, yrði framfylgt, en þessi stefna var í þrennu lagi í reynd:

1. Hvalveiðar í atvinnuskyni skyldu aflagðar í samræmi við samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins. Um það þyrfti í sjálfu sér ekki frekar að ræða.

2. Rannsóknir á hvalastofnunum skyldu auknar þannig að ávallt væri til staðar besta vísindaleg þekking.

3. Rannsóknirnar skyldu verða grundvöllur ákvarðana um veiðar eftir 1990.

Það lá alveg fyrir að hér á Alþingi kom fram sá vilji að sjávarspendýr, þar með taldir hvalir, væru nýtanleg auðlind og það bæri að haga nýtingu þessarar auðlindar á grundvelli vísindalegrar þekkingar og það ætti að vera stefna Íslendinga að halda áfram að nýta þessa auðlind eftir 1990. En því miður verður að viðurkennast að okkar þekking á þessum stofnum hefur verið takmörkuð, við höfum vanrækt rannsóknir á þessu sviði eins og á svo mörgum öðrum sviðum og því bar að auka þær og í reynd algjörlega nauðsynlegt til þess að hægt sé að taka skynsamlega ákvörðun eftir 1990 og uppfylla þær skyldur sem þessi ákvörðun Alþjóðahvalveiðiráðsins lagði á okkur. Það var að sjálfsögðu skylda okkar að auka vísindalegar rannsóknir að þessu samþykktu ef við vildum fara að vilja Alþjóðahvalveiðiráðsins. En sannleikurinn er hins vegar sá að mikill hluti þeirra sem stóðu að þessari samþykkt vildi fyrst og fremst fylgja 1. liðnum en gáfu lítið fyrir 2. liðinn, þ.e. að algjört endurmat færi fram á stofnunum. Það var ekki nóg með að það væri endurmat heldur algjört endurmat.

Starf okkar Íslendinga og sérstaklega okkar vísindamanna hefur haft mikla þýðingu í þessu sambandi. Þeir hafa haft mikið frumkvæði og ég fullyrði að ef okkar starfs hefði ekki notið innan Alþjóðahvalveiðiráðsins væri þessi vinna ekki komin í eins miklum mæli í gang og raun ber vitni.

Þetta er að sjálfsögðu aðalatriði málsins. Það sem næst má spyrja um: Er nauðsynlegt að rannsaka hvali með því að taka sýni? Er ekki hægt að komast hjá því að gera það? Það liggur alveg fyrir að það hefur aldrei verið meginatriði í þessu máli að taka sem flest sýni heldur að fullnægja þessum vilja og komast að niðurstöðu. Þá verða menn að hafa margt í huga. Auðvitað er hægt að fá hluta af upplýsingum sem tengjast veiðunum með öðrum hætti. En það tekur miklu lengri tíma og kostar miklu meira fé. Þá er ekki rétt að tala um tugi milljóna kr. heldur rétt að tala um hundruð milljóna kr. Hins vegar er jafnframt ljóst að stór hluti þessarar rannsóknaráætlunar tengist ekki veiðum. Ef hefði staðið til að fara út í rannsóknir án veiða hefði sú rannsóknaáætlun litið allt öðruvísi út. Hún hefði verið til miklu lengri tíma og kostað miklu meira fé. Ég fullyrði að það hefði aldrei verið farið af stað með það. Þeir sem halda því fram að það hefði vel mátt framkvæma þessar rannsóknir með öðrum hætti vaða í villu. Það er þá best að það sé hreinlega sagt að menn vilji ekki fara út í þessar rannsóknir, menn vilji ekki nýta þessa auðlind því auðvitað er út í hött að vera með einhverjar feiknarlegar rannsóknir ef ekki stendur til að nýta auðlindirnar. Þá er alveg eins gott að sleppa því og sýna þá þann kjark, af því að það hefur nú verið talað um kjark, það er nú allt orðið kjarkur í þessu sambandi, að vera ekkert að þessu og viðurkenna það með þeim hætti. Það er einmitt það sem aðilar sem eru að berjast gegn okkur vilja gjarnan. Þeir vilja koma í veg fyrir að menn viti hið rétta í þessu máli. Þetta er álíka og þegar menn voru á miðöldum á móti vísindunum og ef menn voru að reyna að komast að hinu sanna voru menn jafnvel brenndir á báli. Aðferðir þessara aðila minna óneitanlega nokkuð á það.

Hér er um stofn að ræða sem er ekki í neinni hættu. Langreyðarstofninn er talinn eftir síðustu athugun 6500 dýr. Hann kann að vera stærri, en ég held að það sé álit flestra að það sé ekki líklegt að það sé um færri dýr að ræða. Þessum dýrum fjölgar allnokkuð á ári hverju þó um það séu deildar meiningar. En ætli það sé minna en 3–4% án þess að ég ætli að fullyrða nokkuð um það. Þá kemur sú spurning: Er verjandi fyrir þjóð eins og Íslendinga að afsala sér því að taka nokkur sýni þegar er ekki um neina hættu að ræða? Okkar saga er sú í þessu

máli að við höfum aldrei tekið hval úr stofni sem er verndaður eða talinn í hættu, aldrei nokkurn tímann.

Vísindamenn héldu því m.a. fram, þessir alþjóðlegu vísindamenn sem oft er vitnað til, sem hafi sýnt efasemdir í Alþjóðahvalveiðiráðinu, að hrefnustofninn hér við land væri líklega 3000 dýr. Við vissum allt of lítið um það og vorum ekki hæfir í sjálfu sér til umræðu um þau mál því við höfðum ekki sinnt þessum rannsóknum. Nú er komið í ljós að hrefnustofninn hér við land er á bilinu 10–15 þúsund dýr þannig að sá stofn þolir í sjálfu sér allverulega nýtingu.

Þetta er að því er varðar upphaf þessa máls. Ég hef a.m.k. staðið í þeirri trú allan tímann að um þetta ríkti góð samstaða á Alþingi, að þessar rannsóknir skyldu auknar. Þetta mál hefur verið rætt í ríkisstjórn á hverjum tíma, borið undir utanrmn. m.a. þar sem hv. þm. Hreggviður Jónsson hefur átt sæti. Það hefði í sjálfu sér verið mjög auðvelt að ræða þetta mál nánar þar. Auðvitað má alltaf um það deila hvort þetta mál hafi verið nægilega rætt.

En síðan kemur upp nýtt tilefni í þessu máli. Það kemur í ljós að fyrirtæki í Þýskalandi hyggist hætta að kaupa af okkur afurðir og það verður þess valdandi, að því er virðist, að ýmsir telja að nú sé rétt að hætta við allt saman, gefa sér ekki einu sinni tíma til að athuga málið og fullyrða að það sé best, ef við hugsum um framtíðina, að hætta þessu alveg á stundinni. Það er mat þeirra. En ég er þeirrar skoðunar að það sé rangt mat. Ég er ekki þeirrar skoðunar að það verði mesta vandamál íslensks sjávarútvegs og íslensks þjóðarbús á næstu mánuðum og árum að selja afurðir á erlendum mörkuðum. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að það verði aðalvandamál íslensks sjávarútvegs og íslensks þjóðarbús hversu mikið er hægt að veiða.

Það má vel vera að þessir aðilar geti komið einhverjum fyrirtækjum til þess að hætta að kaupa af okkur afurðir tímabundið. Ég skal ekkert fullyrða um það. En ætli það komi ekki að því að þessi fyrirtæki sem önnur hugi að því með hvaða hætti innkaup eru gerð í frjálsum viðskiptum í heiminum.

Það er fleira en verndun hvals sem samtökin Greenpeace og ýmis önnur eru að berjast fyrir. Þau eru líka að berjast fyrir því að höfin séu ekki menguð sem er mjög gott mál og við Íslendingar erum algerlega sammála þeim sjónarmiðum sem þar koma fram. Ef þessi fyrirtæki ætla að framfylgja slíkri stefnu mundu þau væntanlega hætta að kaupa vörur af Hollendingum, Dönum, Bandaríkjamönnum, Sovétmönnum, Japönum, Brasilíumönnum, Frökkum og sjálfsagt miklu fleiri þjóðum. Ef fyrirtækin ætla hins vegar eingöngu að binda sig við að hætta að kaupa vörur af þjóðum sem drepa hval — mundu kannski sleppa stórveldunum af því að þau eru að bjarga þessum tveimur — má benda á að þessi sömu stórveldi drepa marga hvali, m.a.s. hvali sem eru verndaðir stofnar í heiminum. Auðvitað er, ef eitthvað er tvískinnungur, þessi æfing þarna uppi í Norðurhöfum stórveldunum til stórrar skammar og náttúrlega þáttur í auglýsingamennsku sem viðgengst í kringum þetta mál og áróðursstríði.

Ég hef ekki trú á að til lengri tíma litið muni fyrirtæki taka afstöðu sem þessa. Halda menn virkilega að Íslendingar séu eina þjóðin sem verður ráðist á í þessu máli þótt við liggjum e.t.v. vel við höggi vegna smæðar okkar? Japanar hafa lýst því yfir fyrir mjög skömmu að þeir muni hefja rannsóknaveiðar í Suður-Íshafinu, nánar til tekið í desember, og rannsóknaleiðangurinn muni verða fram í mars og þeir ætli sér að taka 300 dýr. Ég býst við því að í framhaldinu af stríðinu gegn okkur muni menn taka til við Japana og ég býst nú við því að það verði erfitt fyrir þýsk fyrirtæki að taka upp þá almennu stefnu að hætt skuli öllum viðskiptum við Japan.

Að sjálfsögðu gengur þessi pólitík ekki upp þegar til lengri tíma er litið. En það má vel vera að hún gangi upp til skamms tíma gagnvart einhverjum. En menn skulu þá huga að því hvað muni koma næst. Og að halda því fram, eins og hv. þm. Hreggviður Jónsson gerði áðan, að þetta séu væntanlega miklir vinir okkar og það sé rétt að taka upp við þá mikið og gott samstarf, það vil ég leyfa mér að efast um. Ég upplýsi hv. þm. Hreggviður Jónsson um að ég á mjög falleg bréf frá þessum samtökum, þar á meðal frá Greenpeace, og þessi bréf komu í kjölfar orða sem ég lét falla á Alþingi 1983 og hrósuðu mér afar mikið fyrir það hugrekki sem ég hafi þá sýnt. Ég býst við því að hv. þm. Hreggviður Jónsson fái sams konar bréf núna þar sem hugrekki hans verði mjög hrósað.

En ég skal hins vegar upplýsa hv. þm. um að ég er ekkert óskaplega hreykinn af þeim bréfum sem ég fékk þá miðað við þau samskipti sem ég hef átt við þessa aðila sem ég hef talað við í mjög góðri trú þannig að ég er ekki sammála honum í því mati sínu að við eigum að bjóða þessum aðilum að hafa hér höfuðstöðvar, taka upp við þá nána samvinnu þannig að þeir geti stundað hernað sinn héðan frá Íslandi út um allan heim. Þetta er ekki góð framtíðarsýn finnst mér.

Eins og ég sagði áður hafa mörg fyrirtæki okkar legið undir þrýstingi og hótunum um langan tíma. Það hefur tekist að standast þann þrýsting og það hefur enginn orðið fyrir verulegum skaða enn sem komið er þótt það megi vel vera að einhver skaði hafi verið staðfestur.

Þetta fyrirtæki, Tengelmann, hefur getið sér orð fyrir að vera vinsamlegt umhverfisverndarmönnum. Þeir hafa lagt þar ýmislegt gott til mála, hætt að selja skjaldbökusúpu, ég get tekið undir að það eigi ekki að drepa skjaldbökur í útrýmingarhættu, en hún var í útrýmingarhættu, og ýmislegt fleira. Þetta fyrirtæki hóf viðskipti við Íslendinga árið 1986 og keypti þá fyrir 11 millj. kr., 1987 keypti það af Íslendingum fyrir 46,5 millj. kr. og á árinu 1988 hefur það keypt fyrir 60 millj. kr. Þetta hafa verið vaxandi viðskipti sem skýrast af því að hér hafa verið vaxandi rækjuveiðar og mjög miklar rækjuveiðar á undanförnum

árum, en því miður er það svo að á næsta ári leggur Hafrannsóknastofnun til — hvað svo sem gert verður — að draga rækjuaflann á úthafinu saman um ⅓ þannig að í mínum huga er það aðaláhyggjumálið að hafa hráefni til að setja í dósirnar, hafa hráefni til að setja á markaðinn því ekki vænti ég þess að menn kaupi dósir með einhverjum fallegum myndum af hvölum í. En þó má vel vera að það verði einhvern tímann útflutningsvara.

Ég er með þessum orðum mínum ekki að gera lítið úr þeim hótunum og þeim þrýstingi sem er beitt á Íslendinga, mér dettur ekki til hugar að gera lítið úr því. Hér er um mjög alvarlegt mál að ræða. Hitt er svo annað mál að við verðum að halda áttum í þessu máli og gera það upp við okkur hvernig við viljum halda á framhaldinu. Ég fullyrði að það verður ekkert auðvelt að taka upp nýtingu á hvalastofnunum. Það er langt frá því að um það hafi tekist samkomulag. En það er grundvallaratriði í því sambandi að við höfum þar réttar upplýsingar. Það liggur jafnframt fyrir að við getum ekki tekið upp þá nýtingu nema innan alþjóðlegra samtaka. Við höfum kosið að vera í Alþjóðahvalveiðiráðinu, höfum þá stefnu enn þá, og það er á þeim vettvangi sem þarf að taka nýja ákvörðun eftir 1990. Að því eigum við að vinna í samvinnu við aðrar þjóðir. Þar hafa verið miklar öfgar. Hins vegar hefur það að nokkru leyti skánað. En framlag okkar Íslendinga hefur haft þar mjög mikið að segja og við ætlum okkur að halda áfram að leggja þar af mörkum og það er búið að skipuleggja að nokkru leyti mjög víðtækar rannsóknir á öllu Norður-Atlantshafi á næsta ári — ja, vonandi á öllu Norður-Atlantshafi því að Alþjóðahvalveiðiráðið hefur hvatt aðrar þjóðir, eins og Kanadamenn og Bandaríkjamenn og Breta, en við önnuðumst rannsóknirnar í lögsögu Breta síðast því Bretar töldu sig ekki geta lagt til þess fjármagn, að taka þátt í þessum rannsóknum. Þetta eru viðamestu rannsóknir sem hafa átt sér stað, enn þá viðameiri en áttu sér stað 1987, og ég fullyrði að ekkert hefði orðið úr þessu nema vegna þeirrar rannsóknaáætlunar sem var sett fram á sínum tíma.

Ég ætla ekki að hafa um þetta frv. fleiri orð. En það er út af fyrir sig gott að það kemur til meðhöndlunar í sjútvn. og ég býst við að á það hafi skort að mál þetta hafi verið þar nægilega rætt. Það er einhvern veginn þannig að mál eru ekki rædd á Alþingi nema þau séu flutt hér og vísað til nefndar. Það hefur ekki tíðkast í nægilegum mæli að ræða mál innan nefnda án þess að bein frumvörp eða tillögur komi þar til meðhöndlunar. En sjútvn. mun þá fá tækifæri til að kalla á sinn fund alla þá aðila sem að þessu máli hafa komið, kynna sér sjónarmið víðs vegar um landið, m.a. sjónarmið sjómanna um þessar mundir sem sjá mikið af hval umhverfis landið, aldrei meira en nú, sagði einn skipstjóri við mig á þessum morgni þótt það heyrist lítið í þessum mönnum því þeir eru hógværir og eru ekki alltaf að blanda sér í fjölmiðlaumræðuna, þjóðfélagsumræðuna sem þar fer fram og lítið leitað eftir áliti þeirra sem næst þessu búa og verða mest varir við það. Það er meira leitað eftir áliti þeirra sem eru úti í heimi og þeirra sem er verið að pína og pressa. Það eru fyrst og fremst þeir sem eru dregnir fram í umræðum.

Ég vil að lokum segja að hér er um mál að ræða sem varðar nýtingu okkar auðlinda og ef við ætlum okkur að nýta þessa auðlind ber okkur að rannsaka hana. Þær rannsóknir geta ekki farið fram nema með takmörkuðu úrtaki, en þeim mun væntanlega ljúka á næsta ári þótt það verði að sjálfsögðu ekki fullyrt því að við höfum þurft að breyta ýmsu í rannsóknaráætluninni, en sem áður er gert ráð fyrir því að ljúka henni ef við mögulega getum.

Þetta mál varðar einnig sjálfsákvörðunarrétt okkar Íslendinga. Það hefur oft reynt á þennan sjálfsákvörðunarrétt og það hefur oft verið reynt að hóta okkur. Það má vel vera að mönnum finnist þetta mál vera eitthvað öðruvísi en önnur mál og ekki ætla ég að fara að hafa uppi neina samlíkingu á þessu máli við stærstu mál þjóðarinnar eins og landhelgismálið og önnur slík. Það ætla ég ekki að gera vegna þess að það var miklu stærra mál. En það snertir það þó. Ég vil t.d. minna á að við höfum haft þá eindregnu afstöðu, Íslendingar, að ekki komi til mála að semja um veiðirétt fyrir viðskipti og að mínu mati er það líka algert grundvallarmál að við getum sinnt þeim rannsóknum sem við teljum nauðsynlegar í okkar landi og okkar lögsögu þannig að ef frjáls náttúruverndarsamtök eiga að hafa þar mestu um að ráða, ég tala nú ekki um ef höfuðstöðvar þeirra yrðu hér, fengju þau trúlega smátt og smátt yfirráðaréttinn yfir þessum ákvörðunarrétti ef ég þekki þau rétt. Það er e.t.v. sú framtíðarsýn sem einhverjir hafa, en ég veit að það er alger undantekning.

Ég vil einnig vara við því að ef látið er undan þessum þrýstingi núna hljóta menn að verða að gera sér grein fyrir því að það kann ýmislegt að koma á eftir því að hér er um harðsnúið lið að ræða sem svífst einskis. Það svífst einskis að reyna að komast inn í íslenska fjölmiðla, að komast inn í umræðuna, reyna að hafa sem mest áhrif. Þeir eru í þessu og það er þeirra fag. Þeir kunna það. Það er áreiðanlega rétt að við höfum orðið á vissan hátt undir í þessu áróðursstríði. Ekki dreg ég það í efa. Oftast hefur verið sagt þegar um það hefur verið talað að það mundi verða mjög erfitt að vinna slíkt áróðursstríð vegna þess hve áhrifamiklir þessir aðilar eru. En ég get ekki fallist á það að vegna þess að þeir hafi þessa skoðun eða vegna þess að þeir séu svona áhrifamiklir beri okkur að hafa sömu skoðun. Það eru rök sem ég get ekki skilið og ég trúi því vart að nokkur eigi í reynd við það.

Hér er um mjög vandasamt mál að ræða sem verið er að vinna í. Það er verið að kanna hvað sé um alvarleg mál að ræða, að reyna að gera sér grein fyrir því, og ég held að það sé mjög nauðsynlegt að menn fái ráðrúm og tóm til þess að gera það á næstunni. Mikil umræða, sleggjudómar og fullyrðingar í þessu

máli á þessari stundu er ekki til góðs út á við. Hins vegar er nauðsynlegt að við skerpum skilning okkar á málinu inn á við og það ber okkur að gera. Mál þetta hefur verið rætt í utanrmn. og ég tel að það eigi að halda áfram að ræða það þar og meta það. Það er af hinu góða að það verður nú einnig rætt í sjútvn. og þar verður mögulegt að koma á framfæri við hv. þm. ýmsum trúnaðargögnum og gera þeim betur grein fyrir því. Ég vil vænta þess að þannig megi vinna að málinu, það megi áfram vera mögulegt að viðhalda þeirri stefnu sem Alþingi mótaði í þessu máli samhljóða. Ef menn vilja breyta þeirri stefnu á að sjálfsögðu að gera það að yfirlögðu ráði og það verður ekki gert í ræðustól á Alþingi. Hins vegar er það svo að menn eru alltaf að breyta og breyta stefnu. Það hafa menn oft gert. En það verður þá að vera með þeim hætti að það fullnægi okkar markmiðum, það fullnægi þeim markmmiðum, sem mörkuð voru í upphafi, að komast að réttri niðurstöðu og það má ekki láta þessar ómerkilegu hótanir, sem flestir hugsandi menn sjá í gegnum, þar á meðal forstjórar fyrirtækja á erlendri grund, villa sér sýn.

Guðrún Helgadóttir:

Virðulegi forseti. Það er heldur dapurlegt að við skulum standa með tvö þingmál fyrir framan okkur þar sem farið er fram á að hvalveiðar verði stöðvaðar. Um það ályktaði Alþingi árið 1982. Ég held að það sé nefnilega ekki rétt hjá hæstv. ráðherra að þessi stefna okkar verði ekki mótuð úr ræðustól á Alþingi. Ég held að ástæðan fyrir því að þessi tvö þingmál liggja nú fyrir sé sú að menn sjá að hún verður að mótast í ræðustól á Alþingi. Svo er nú komið.

Ég held, hæstv. forseti, að ég hljóti að taka nokkurn tíma í að útskýra um hvað allt þetta mál snýst. Bæði er að hér eru nú nýir þingmenn frá okkar fyrri umræðum um þetta mál og jafnframt held ég að það sé alveg nauðsynlegt að fólk skilji um hvað þetta mál snýst og hefur alltaf snúist.

Með aukinni þekkingu mannsins á umhverfi sínu hefur orðið æ ljósara hversu afdrifaríkt kann að reynast ef einstakir hlekkir í lífkeðju jarðarinnar bresta. Íslendingar hafa tekið virkan þátt í samstarfi þjóða heims um verndun lífríkisins, varnir gegn mengun landa, lofts og lagar og þáttur Íslendinga í gerð hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna var Íslandi til sóma. Á vettvangi Norðurlandaráðs höfum við Íslendingar lagt á okkur mikla vinnu. Á síðasta þingi ráðsins var samþykkt tillaga, sem ég var 1. flm. að, um varnir gegn mengun hafa og stranda á norðurhveli jarðar þar sem skorað var á ráðherranefndina að láta gera samræmda áætlun um þau mál. Sú áætlun liggur nú fyrir og verður rædd á aukaþingi Norðurlandaráðs nú í nóvember. Allir íslensku sendifulltrúarnir skrifuðu undir þessa tillögu, ég vil taka það fram.

Jafnframt liggur fyrir þessu aukaþingi umfangsmikil áætlun um varnir gegn mengun umhverfisins og svo mikilvægt þykir þetta mál að nú er í fyrsta skipti að ég hygg haldið aukaþing Norðurlandaráðs í nóvember. En því er ekki að neita að það er erfitt að vera Íslendingur þessa dagana og ræða umhverfismál á alþjóðavettvangi. Það er erfitt. Og haldi menn að fulltrúar Íslands hafi notað sér þá stöðu og reynt að ná sér niðri á pólitískum andstæðingi, skulum við segja, þó að við hæstv. ráðherra séum nú orðnir samherjar, þá er það rangt. Ég hef meira að segja varið okkur Íslendinga í þessu máli í ræðustól á Norðurlandaráðsþingi og bent þeim góðu Skandinövum á að þeim væri nær að staðfesta hafréttarsáttmálann áður en þeir færu að blanda sér í hvað við værum að gera í þessu máli. En ekki fylgdi alveg hugur máli. Það skal ég játa.

Það hefur ekki verið neinn ágreiningur um sjálfsagðan þátt okkar í samvinnu þjóða um umhverfismál fyrr en tekist hefur að gera okkur nú að viðundri á alþjóðavettvangi vegna hvalveiðimálsins sem nú sýnist komið í óleysanlegan hnút eins og hér hefur verið varað við og ég varaði við fyrir mörgum árum. Það verður því ekki með sanni sagt að við þessu hafi ekki verið varað, en e.t.v. höfum við gert of lítið af því að skýra eðli málsins fyrir almenningi og þess vegna hættir mörgum til að ruglast á aðalatriðum og aukaatriðum málsins. Því er ekki að neita að nokkuð bar á því í ræðu hv. 1. flm. þess lagafrv. sem hér liggur fyrir.

Þegar menn tala um Alþjóðahvalveiðiráðið er ég ekki viss um að menn geri sér alveg ljóst hvað Alþjóðahvalveiðiráðið er. Menn segja hvað eftir annað: Þetta er ómöguleg stofnun. Þarna eru þjóðir sem aldrei hafa séð hval o.s.frv. Alþjóðahvalveiðiráðið er ekki nýleg uppfinning þrýstihópa um allan heim eins og oft hefur verið látið í veðri vaka. Árið 1946 gerðu hvalveiðiþjóðir með sér sáttmála um skipan hvalveiða og gekk hann í gildi 10. nóv. 1948. Íslendingar tilkynntu þátttöku sína 10. mars 1947 og hafa verið aðilar að honum æ síðan. Löngu áður höfðu menn verið uggandi um ofveiði á hvölum og t.d. bannaði Alþingi Íslendinga hvalveiðar árið 1915 og nær 20 ár liðu þar til þær voru leyfðar á ný. Þá voru engir þrýstihópar viðriðnir bannið og hvorki Greenpeace né Sea Shepherd eða önnur slík samtök þannig að þeir aðilar, sem oft er vitnað til og kennt um þessi vandræði sem við erum í, voru þá vart fæddir eða a.m.k. á barnsaldri. Alþjóðahvalveiðiráðið var því og er alþjóðastofnun sem starfar sjálfstætt, var upphaflega komið á fót af hvalveiðiþjóðum til þess að fylgjast með viðgangi hvalastofnanna og koma í veg fyrir ofveiði. En ólíkt ýmsum hliðstæðum stofnunum starfar ráðið ekki undir yfirstjórn Sameinuðu þjóðanna vegna andstöðu nokkurra ríkja við slíkt fyrirkomulag.

Fjölmargar þjóðir aðrar en hvalveiðiþjóðir eru nú aðilar að ráðinu þar sem öllum er löngu ljóst að verndun lífríkisins er ekki einkamál einnar þjóðar fremur en annarrar heldur siðferðileg skylda alls mannkyns.

Síðan hafa komið upp sögusagnir hvað eftir annað

um starfsemi Alþjóðahvalveiðiráðsins, fundir séu með þeim hætti að ekki sé sómi að og hafa slíkar fullyrðingar margsinnis komið fram hér í fjölmiðlum. Væri ekki ráð að upplýsa hvernig Alþjóðahvalveiðiráðið vinnur?

Því er skipt í þrjár starfsdeildir, vísindanefnd, tækninefnd og allsherjarnefnd. Vísindanefnd ráðsins rannsakar vísindaleg gögn og upplýsingar og leggur mat sitt á það sem þar kemur fram. Vísindanefndin beitir ekki atkvæðagreiðslu heldur leggur fram tilmæli og greinargerðir til tækninefndarinnar. Þess vegna er auðvitað ekki óalgengt, eins og gerist á vísindalegum vettvangi, að menn greini á í niðurstöðum sem frá nefndinni og sérnefndum hennar koma þar sem vísindamenn telja sig vita sáralítið um háttu og lífshlaup hvalanna þó að þeir sem alls ekkert vita telji sig þess umkomna að fullyrða að hvalastofnarnir séu ekki í minnstu hættu.

Tækninefnd ráðsins er fullskipað þing og það sitja sendifulltrúar aðildarríkjanna. Þar er beitt atkvæðagreiðslu og einfaldur meiri hluti nægir til að vísa málum til allsherjarnefndar eða stöðva þau, en þar er endanleg ákvörðun tekin. Þegar ákvörðun er tekin í allsherjarnefnd þarf aukinn meiri hluta eða ¾ atkvæða. Þannig á að vera tryggt að engar ákvarðanir verði teknar nema með samþykki yfirgnæfandi meiri hluta aðildarríkjanna. Lýðræðið innan ráðsins er þó enn styrkt með því að sé eitthvert aðildarríki ósátt við ákvörðun ráðsins á það rétt á að mótmæla henni innan 90 daga. Alþjóðahvalveiðiráðið er því stofnun sem leggur vísindalegar niðurstöður til grundvallar við ákvarðanatöku, en er ekki samkunda prýstihópa.

Rekjum okkur aðeins aftur. — Ég bið hv. þingheim að hafa þolinmæði með mér vegna þess að ég hef ekki oft talað í þessu máli og hyggst því gera það nokkuð rækilega hér.

Sumarið 1972 var haldin í Stokkhólmi fyrsta alþjóðaráðstefna Sameinuðu þjóðanna um umhverfismál og tóku 113 ríki þátt í henni. Á ráðstefnunni var rætt um helstu vandamál í samskiptum mannsins og lífríkis jarðarinnar. Þar kom m.a. fram að nauðsyn bæri til að auka rannsóknir á lífi hvalanna og tilmælum var beint til Alþjóðahvalveiðiráðsins um að það beitti sér fyrir frestun á hvalveiðum og stórauknum rannsóknum á hvalastofnunum. Tilmælin hlutu góðar undirtektir og fulltrúar Íslands greiddu þeim atkvæði sitt. Þar með höfðu Íslendingar tekið ábyrgð á viljayfirlýsingu um stöðvun hvalveiða um sinn.

Á 24. ársfundi Alþjóðahvalveiðiráðsins, sem haldinn var tveim vikum seinna, bar hins vegar svo við að fulltrúar Íslands greiddu atkvæði gegn tillögu sem aðalritari Stokkhólmsráðstefnunnar bar fram fyrir hönd aðildarríkjanna, en hún var um stöðvun hvalveiða í ábataskyni í tíu ár. Hið sama gerðist á 25. ársfundi ráðsins og um árabil skipuðu Íslendingar sér síðan í hóp þeirra þjóða sem höfnuðu frestun á hvalveiðum. Kann ég engar skýringar á þessari afstöðubreytingu.

Sumarið 1982 samþykkti Alþjóðahvalveiðiráðið síðan bann við hvalveiðum frá og með árinu 1986 og til ársins 1990 svo að tóm gæfist til að rannsaka stærð hvalastofnanna sem margir vísindamenn óttuðust að væru í útrýmingarhættu. Hvalveiðiþjóðum var þannig veittur aðlögunartími í 3½ ár þar til veiðum yrði hætt. Norðmenn, Sovétmenn og Japanar mótmæltu banninu þegar, en á Alþingi Íslendinga var eftirfarandi ályktun samþykkt, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins um takmörkun hvalveiða, sem kunngerð var með bréfi til ríkisstjórnarinnar dags. 2. sept. 1982, verði ekki mótmælt af Íslands hálfu."

Tillagan kom fram, eins og hér hefur áður komið fram, frá meiri hluta utanrmn. og ég held ég muni það rétt að sjálfur hæstv. núv. sjútvrh. hefði orð fyrir nefndinni, en nefndin hafði til afgreiðslu þá þáltill. hv. þm. Eiðs Guðnasonar um að banninu skyldi mótmælt. Minni hluti nefndarinnar, þ.e. hv. utanrmn., lagði fram aðra tillögu samhljóða tillögu Eiðs. Atkvæðagreiðslan fór fram með nafnakalli og samþykktu 29 þingmenn að banninu yrðu ekki mótmælt, 28 að því skyldi mótmælt.

Eins og hæstv. ráðherra minntist á áðan kom fram í nál. bæði minni hl. og meiri hl. vilji til að stórauka rannsóknir á hvalastofnunum hér við land. Það var þó ekki fyrr en haustið 1984, nær tveim árum seinna, að sjútvrh. skipaði nefnd til að undirbúa hvernig rannsóknunum skyldi háttað. Hinn 21. febr. 1985, þegar nefndin hafði skilað verki sínu, fól ráðherra Hafrannsóknastofnun að semja áætlun um rannsóknir á hvalastofnunum og undruðust menn nokkuð hversu seint var af stað farið þar sem bannið skyldi taka gildi þann 1. janúar 1986 eða eftir aðeins tíu mánuði.

Hinn 11. apríl eða 1½ mánuði seinna, og takið eftir: 1½ mánuði seinna skilaði Hafrannsóknastofnun áætlun sinni um hvalveiðar í vísindaskyni. Framkvæmdaáætlun lá síðan fyrir í byrjun maí og samningur var gerður við Hval hf. og undirritaður 14. maí 1985 þar sem fyrirtækinu var falið að annast veiðar á 80 langreyðum og 40 sandreyðum árlega meðan bannið væri í gildi undir yfirstjórn Hafrannsóknastofnunarinnar. Má segja að hér hafi verið unnið rösklega þegar loks var af stað farið.

Andvirði hvalaafurðanna skyldi renna óskipt til greiðslu kostnaðar sem tengdist hvalarannsóknum, en afgangurinn ef einhver yrði skyldi renna í sérstakan sjóð sem ekki má nota til annars en hvalarannsókna. Íslenska ríkið skal samkvæmt samningnum ekki leggja fram fé til rannsóknanna og hugsanlegt tap af rekstrinum er algerlega á ábyrgð Hvals hf. Áætlunina um árlegt veiðimagn skal endurskoða í upphafi hvers árs.

Já, það verður að segjast eins og er að hér voru höfð snör handtök. Fullyrt var að margir vísindamenn hefðu unnið að áætluninni, en ekki mun stofnun eins og t.d. Náttúruverndarráð hafa komið mikið þar við sögu. Áætlunin fór síðan til Alþjóðahvalveiðiráðsins, fyrst til vísindanefndarinnar að

venju en samkvæmt sáttmálanum frá 1946 á ráðið fyrst og fremst að fjalla um veiðimagn. Veruleg gagnrýni kom fram á áætlunina í vísindanefndinni og undirnefndum hennar sem fjalla um hinar ýmsu stofntegundir og töldu margir að óþarft væri að veiða svo mikið magn. Þegar væru til sýni sem nægðu til rannsókna og áhugaverðara væri að leggja áherslu á talningu á lifandi dýrum. En eins og fram kom áðan ganga mál ekki til atkvæða í vísindanefndinni. Heimild til veiða í rannsóknaskyni var þegar að finna í sáttmálanum frá 1946 og reglugerð samkvæmt henni, en hér þótti ýmsum að um of mikið magn væri að ræða. Þá var minnst á hugsanlega hagsmunaárekstra við fyrirtækið sem veiðina átti að annast og þar með að kosta hinar vísindalegu rannsóknir.

Enn bentu menn á að í hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna væru skýr ákvæði um flökkustofna sjávardýra og eru hvalir þar sérstaklega tilnefndir. Segir þar að aðildarríkin skuli vinna saman að verndun sjávardýra og í samvinnu við alþjóðastofnanir að verndun hvalastofnanna. Nægir að minna á 64., 65. og 120. gr. hafréttarsáttmálans sem margir hv. alþm. hér þekkja. Hvalirnir eru þannig teknir sérstaklega fyrir vegna þess að þeir ferðast um öll heimsins höf svo að engri þjóð er auðvelt að eigna sér stofnana.

Íslensk stjórnvöld hirtu ekkert um athugasemdir vísindanefndarinnar og veiðarnar hófust.

Á fundi Alþjóðahvalveiðiráðsins í Malmö í maí 1986 komu fram athugasemdir við fjármögnun veiðanna. Menn höfðu ekki gert sér ljóst að veiðarnar yrðu stundaðar í ábataskyni og rannsóknirnar fjármagnaðar með sölu afurða. Eftir harða orrahríð var samþykkt ályktun um að Íslendingar nýttu 51% afurðanna af veiddum hvölum innan lands, en veitt heimild til að flytja 49% á erlendan markað. Þetta leyfi var veitt í samræmi við ákvæði í sáttmálanum frá 1946 um að veiðiþjóðir nýti þau dýr sem veidd eru.

Raunasöguna sem hér á eftir fylgdi þekkja flestir. Snemma árs 1986 fóru að berast fregnir um að helstu kaupendur hvalaafurða okkar, Japanar, mundu e.t.v. ekki halda viðskiptum áfram meðan á hvalveiðibanninu stæði af ótta við að glata með því fiskveiðiréttindum sínum innan bandarískrar lögsögu. Japanar áttu um þetta leyti í málaferlum í Bandaríkjunum um gildi svokallaðra Packwood Magnusson-laga, en þau heimila Bandaríkjamönnum að beita viðskiptabanni á þjóðir sem stofna dýrategundum í útrýmingarhættu, og þessi réttarhöld standa enn. Þeir kváðust banna innflutning á hvalaafurðum Íslendinga til Japans ef til greina kæmi að Bandaríkjamenn beittu áðurnefndum lögum vegna innflutningsins.

Niðurstaða málaferlanna varð sú um sinn að forseti Bandaríkjanna hefði nokkurt svigrúm í hverju tilviki til að beita viðskiptabanni svo að engin yfirlýsing kom frá Japönum að sinni um kaup á hvalafurðum frá Íslandi. En samningar létu á sér standa og augljóst var að þeir héldu að sér höndum.

Sama ár, virðulegi forseti, fór svo sending af hvalkjöti áleiðis til Japans og er öllum í fersku minni hvernig fyrir þeirri sendingu fór í Hamborg. Samkvæmt samningi milli Efnahagsbandalagsríkjanna er óheimilt að flytja um hafnir aðildarríkjanna afurðir af dýrum sem talin eru í útrýmingarhættu og kjötið var sent aftur heim til Íslands. Og menn spurðu í undrun hvernig þetta mætti gerast, hvort viðskrn. hefði ekki haft minnstu vitneskju um þennan samning þegar það veitti umrætt útflutningsleyfi. En það var lítil svör að hafa á þeim bæ. Hið sama endurtók sig síðan með hvalkjötssendingu sem átti að komast til Japans yfir hið stóra Rússland og endaði för sína í Finnlandi.

Ársfundur Alþjóðahvalveiðiráðsins var enn haldinn í Bournemouth í júní sl. ár og nú harðnaði leikurinn. Ástralíumenn lögðu fram tillögu þess efnis að hvalveiðar Íslendinga samræmdust ekki samþykktum ráðsins um undanþágu til hvalveiða í vísindaskyni. Framkvæmdahluti tillögunnar var samþykktur með atkvæðum 16 þjóða, sex voru á móti og níu sátu hjá. Inngangur tillögunnar var samþykktur með 19 atkvæðum, fjórir voru á móti og átta sátu hjá. Fulltrúar Íslands höfðu lagt fram tillögu um að frestað yrði að fjalla um vísindaáætlunina til næsta fundar þar sem Bandaríkjamenn höfðu fengið samþykkt að um hana færi fram atkvæðagreiðsla, en tillaga Íslendinganna var felld. Það kom Íslendingunum á fundinum eflaust á óvart hversu lítinn stuðning málflutningur þeirra hlaut. Hæstv. sjútvrh. varð enda þungur í skapi og tók að hóta að Íslendingar segðu sig úr Alþjóðahvalveiðiráðinu. Skynsamur maður eins og ráðherrann veit mætavel að hann hefur ekkert umboð til þess að hóta því. Þar yrði Alþingi Íslendinga að koma til sögunnar, hygg ég. Auk þess mundi úrsögn úr ráðinu á engan hátt bjarga okkur út úr þessu endemis vandræðamáli.

Í þeirri stöðu sem málið er í nú, virðulegur forseti, stendur þetta eftir: Stórir og mikilvægir viðskiptaaðilar okkar erlendis hóta nú að hætta við okkur verslun. Af því hef ég a.m.k. áhyggjur. Vel má vera að hæstv. ríkisstjórn sé svo hraust til sinnis að hún eigi ekki órólega stund yfir þeirri þróun mála sem nú á sér stað. En það sem verra er er þetta: Orðstír Íslendinga í umhverfismálum hefur beðið hnekki sem örðugt verður að hreinsa okkur af. Virðing manna fyrir vilja Íslendinga til að halda gerða samninga við aðrar þjóðir hefur dofnað svo um munar. Og eins og áður segir: Miklum viðskiptahagsmunum þjóðar okkar hefur verið stefnt í hættu sem menn þora varla að horfast í augu við.

Ástæða þessa alls er einfaldlega sú að Íslendingum hefur ekki tekist að fá þjóðir heims til að skilja nauðsyn þessa hvaladráps og þær telja hvalveiðar Íslendinga ekki samræmast stefnu Alþjóðahvalveiðiráðsins sem mörkuð var 1982.

Menn kunna að spyrja: Getur þjóðin verið án tekna af hvalaafurðum? Árið 1986 voru útflutningstekjur fyrir þessa vöru 185 millj., en fyrir allan

útflutning okkar fengust 45 milljarðar. Svarið hlýtur því að vera já. Okkur munar ekkert um þetta þegar um er að ræða þjóðartekjur. Er slíkt atvinnuleysi í landinu að ógerlegt væri að finna starfsmönnum Hvals hf. önnur störf ef hvalveiðum yrði hætt? Ég held að svarið hljóti að vera nei. Og það sem er orðið næstum grátbroslegt í stöðu málsins eins og hún er nú: Ég hygg að enginn maður yrði glaðari ef hann fengi að hætta hvalveiðum en marg- og títtnefndur Kristján Loftsson sem ég held að hljóti að vera orðinn afar þreyttur á þessum atvinnuvegi sínum uppi í Hvalfirði og yrði allra manna glaðastur ef hann fengi að hætta hvalveiðum að sinni.

En það sem þjóðin á auðvitað rétt á er að fá skýringu á þessu hagsmunamati. Það er löngu ljóst að þvermóðska íslenskra stjórnvalda leiðir ekki til neins í þessu máli. Stefna Íslendinga í þessu máli er töpuð, virðulegur forseti. Deilan um hvalveiðarnar er töpuð fyrir Íslendinga og engin leið út úr henni nema hætta hvalveiðum. Vissulega hefur hæstv. ráðherra rétt fyrir sér að það er ekki verið að veiða hval núna, en það nægir ekki heiminum. Við þurfum að segja við heiminn hér og nú: Við ætlum ekki að veiða einn einasta hval fyrr en hvalveiðibanninu lýkur árið 1990. Menn sætta sig ekki við neinar orðalagsbreytingar úr þessu. Málið snýst ekki um það.

Íslendingar eru ekki einir í heiminum og kjánaleg þjóðremba sem gripið hefur verið til lítillækkar okkur aðeins í augum umheimsins. Við getum hins vegar lagt stóran skerf til umhverfismála með rannsóknum á lifandi hvölum í hafinu í kringum landið.

Eitt er það atriði sem ekki hefur komið fram í þessu máli sem er hlutur fjölmiðla. Þeir sem kunnugir eru málum í Bandaríkjunum, og það er ég ekki, hafa sagt mér, og það getur raunar hver sagt sér sjálfur, að fjölmiðlakeðjan í Bandaríkjunum er ákaflega flókin. Áróður er óralengi í gegnum þá keðju. Það eru ekki allir Bandaríkjamenn að horfa á sömu sjónvarpsstöðvarnar á hverju kvöldi eins og gerist víða annars staðar. Það tekur því þó nokkurn tíma að ná til almennings þannig að skoðun sé mótuð. Nú hefur það gerst og þá getur ekkert stöðvað það almenningsálit, og að einhver íslenskur ráðherra eyði fjármunum þjóðarinnar ótæpilega í að senda embættismenn út og suður, vestur um haf og hvert á land sem er til að útskýra samþykktina í Malmö eða samþykktina í Bournemouth eða einhverjar orðalagsbreytingar í einhverjum samningum virkar einungis hlægilega á fólkið í þessum löndum.

Við skulum athuga að nú hefur myndast skoðun í Þýskalandi og það gerist miklu hraðar. Og ég vil spyrja virðulegan forseta: Eru menn aldeilis alveg rólegir yfir þessari þróun mála? Mér finnst það slíkt ábyrgðarleysi að líkast sé sem hér sitji sofandi sauðir, og bið ég nú afsökunar, virðulegi forseti, á orðalaginu. Ég tel að þetta mál sé af þeirri stærðargráðu að hér verði hv. alþm. að taka höndum saman, setja niður allar fyrri deilur og finna lausn á þessu máli. Og hún er ofur einföld. Við erum búin að veiða það sem við þurfum að veiða. Við eigum nóg sýni. Jafnvel þó það væri ekki satt ættum við að segja það. Ég held þó að það sé heilagur sannleikur. Við eigum hins vegar að segja: Við erum tilbúin til að stunda rannsóknir á lifandi dýrum. Ég get fullvissað hv. þingheim að íslenska ríkið þarf ekki að borga eina krónu af því. Samtök um allan heim eru miklu meira en fús til að kosta þær rannsóknir þann dag sem við hættum að veiða hval. Svo einfalt er það. En á meðan við höldum áfram að veiða fáum við auðvitað ekki eina krónu úr nokkrum slíkum sjóði.

Ég skal nú, virðulegur forseti, fara að stytta mál mitt. Af mínum flokki er það að segja að hans stefna í þessum málum er ljós. Um hana hefur landsfundur Alþb. ályktað og þeirri stefnu ber okkur að fylgja.

Að lokum, virðulegur forseti. Hæstv. sjútvrh. sagði áðan: Eigum við að víkja fyrir hótunum? Hvað næst? Hvað verður okkur bannað að veiða næst? Og þetta var gáfuleg spurning. Það getur nefnilega gerst með hvað sem er vegna þess að það er löngu ljóst að engin þjóð á neinar auðlindir jarðarinnar. Við eigum auðlindir jarðarinnar öll saman og þeim verður ekki bjargað úr þeim háska sem þær eru í nú nema í friði og sátt við aðrar þjóðir og í samvinnu við þær. Ekkert einasta mál sem varðar verndun umhverfisins er einkamál neinnar einnar þjóðar. Jörðin er og verður sameiginleg eign okkar allra. Það er ekki minna mál fyrir okkur uppi á Íslandi ef regnskógum Suður-Ameríku verður eytt en það er fyrir þá sem þar búa. Þetta getur hvert mannsbarn sagt sér sjálft. Ósonlag jarðarinnar er ekki íslenskt vandamál og verður ekki ef einhverjir hafa haldið það.

Ég bið því að lokum, virðulegur forseti og hv. þingheimur, ég bið þess að um þetta mál verði nú rætt með öðru orðalagi en hingað til og við tölum um það vandamál sem við stöndum frammi fyrir hér og nú. Það er dagljóst að það er meira en skortur á stjórnvisku og viti til að stjórna þjóð að þrjóskast enn við og halda áfram að tala um einstök „paragröf" í einhverjum samningum. Íslenska ríkisstjórnin á að segja: Við höfum þegar veitt þann hval sem á að veiða meðan á banninu stendur. Við munum halda hins vegar áfram rannsóknum á lifandi dýrum.

Ég hef lokið máli mínu, herra forseti.

Árni Gunnarsson:

Herra forseti. Í mínum huga er það mál, sem hér er til umræðu, tvíþætt. Í fyrsta lagi snertir það umhverfismál að mjög verulegu leyti og þá um leið viðskiptahagsmuni Íslendinga erlendis, bæði austan hafs og vestan. Í öðru lagi hlýtur inn í þessa umræðu að blandast sú efasemd, sem komið hefur fram hjá ýmsum vísindamönnum, að réttur okkar til vísindahvalveiða sé vefengjanlegur.

Ég hirði ekki um það, herra forseti, á þessari stundu að fara um frv. sem hér er til umræðu mjög mörgum orðum. Fyrir Sþ. liggur nú þáltill. sem ég hef flutt og hef samið með það fyrir augum að hún

gæti verið útgönguleið í því erfiða máli sem hér er til umræðu.

Ég vil láta það koma fram strax í byrjun að mér finnst fráleitt að samþykkja lög eins og hér er lagt til að verði gert. Það bindur hendur stjórnvalda um of og dregur úr þeim sveigjanleika sem stjórnvöld þurfa að hafa í máli af þessu tagi til að geta leyst það.

Ég vil taka undir það með síðasta ræðumanni að við Íslendingar erum sljóir í umhverfismálum. Þessi sljóleiki hefur komið fram í margvíslegum myndum á undanförnum árum og snertir okkur innan lands mjög mikið. Við höfum ekki gætt að okkur í sambandi við okkar eigin umhverfismál og á ég þá sérstaklega við uppfok lands, landeyðingu, frágang á sorpi, frárennsli, hvernig gengið er frá hvers konar úrgangsefnum, hættulegum, eitruðum o.s.frv. Þetta er smátt og smátt að koma okkur í koll. Við höfum ekki skynjað þau umhverfisslys sem orðið hafa bæði vestan hafs og austan og hafa miklu meiri áhrif á afstöðu almennings til umhverfismála almennt en hér á landi. Á okkur brenna ekki þau vandamál sem t.d. brenna á íbúum Mið-Evrópu um þessar mundir, súrt regn, deyjandi vatn, deyjandi fiskur í vötnum og ám, deyjandi höf. Náttúruspjöllin og náttúruslysin eru orðin svo stórkostleg, eru orðin svo mikil að við lítið verður ráðið. Umhverfisverndarmenn á meginlandi Evrópu og í Bandaríkjunum hafa miklar áhyggjur af þessum málum. Þeir, því miður, blanda saman umhverfismálum á landi og í sjó og t.d. verndun hvalastofna. Ég segi því miður vegna þess að ég tel ekki vera rétt að blanda þessu tvennu saman. Baráttan fyrir því að halda lífi í tilteknum stofnum dýrategunda á að vera aðskilin baráttunni gegn mengunarslysum á landi og í sjó.

Engu að síður er það svo að ég hygg að við höfum vanmetið styrkleika umhverfisverndarmanna, því miður. Ég vil benda á að ég hef undir höndum skoðanakönnun sem gerð var í Vestur-Þýskalandi snemma í sumar af fyrirtæki sem heitir Buston Marsteller sem er alþjóðlegt markaðsfyrirtæki með skrifstofur í 30 löndum. Þessi könnun var gerð fyrir kanadískt fyrirtæki. Við getum auðvitað í samhengi við það velt því fyrir okkur hvers vegna Kanadamenn eru að láta gera skoðanakönnun í Vestur-Þýskalandi á afstöðu almennings til umhverfisverndarmála.

Til að gera mönnum grein fyrir því hversu sterkan stuðning þessi umhverfisverndarsamtök eiga í Vestur-Þýskalandi vil ég benda á helstu niðurstöður þessarar könnunar. Þar voru menn í fyrsta lagi beðnir um að meta mikilvægi umhverfisverndarmála í samhengi við atvinnumál, efnahagsmál, verðbólgu og kjarnorkuafvopnun. Takið eftir. Kjarnorkuafvopnun. 40% þeirra sem svöruðu töldu umhverfisverndarmálin annaðhvort mun mikilvægari eða nokkru mikilvægari, 50% töldu þau svipuð að mikilvægi, en aðeins 6% lítilvægari. 47% þeirra sem voru spurðir sögðust fylgjast sæmilega með aðgerðum umhverfisverndarsamtaka, en 11% mjög vel. 32% sögðust ekki fylgjast mjög vel með aðgerðunum, og aðeins 5% sögðust alls ekki fylgjast með slíkum aðgerðum. 36% svarenda sögðust ákveðið fylgjandi málstað Greenpeace-hreyfingarinnar, grænfriðunga, í Evrópu, og önnur 29% sögðust vera nokkuð fylgjandi þeim málstað. Þannig voru 65% fylgjandi þessari hreyfingu sem menn hafa vogað sér hér á landi að kalla hryðjuverkamenn og blanda því miður saman Sea Shepherd-samtökunum, sem ég met einskis, og grænfriðungahreyfingunni sem ég met mikils, m.a. fyrir störf sem hún hefur unnið óbeint í okkar þágu, með baráttunni gegn endurvinnslustöðinni í Dounreay, með baráttunni gegn því að eiturefnum verði hent í Norður-Atlantshafið, með baráttunni fyrir því að menn gæti almennt að því að við búum öll í einum heimi og þurfum — eigum aðeins þessa einu plánetu í raun og veru — öll að gæta að því að eyðileggja ekki náttúruna sem elur okkur og heldur í okkur lífinu.

Það voru sem sagt 36% sem sögðust sterklega fylgjandi málstað Greenpeace-hreyfingarinnar í Evrópu og önnur 29% sögðust vera nokkuð fylgjandi þeim málstað, 65% fylgjandi þessari hreyfingu í Vestur-Þýskalandi.

Ég held, eins og ég sagði áðan, herra forseti, að við höfum vanmetið þessar hreyfingar. Það er auðvitað auðvelt að vera vitur eftir á. Engu að síður hygg ég að við hefðum þurft að vakna dulítið fyrr og gera okkur grein fyrir því að þessar hreyfingar eru að ná verulegri fótfestu með þeim málstað og með þeim málflutningi að við séum, Íslendingar, þau ómenni að drepa saklausa hvali. Þetta síast inn í almenning smátt og smátt. Þetta hefur keðjuverkandi áhrif og minn uggur er sá að þessi áhrif séu nú að koma fram með meiri hraða og í ríkari mæli en nokkru sinni fyrr. Ég hygg að sú „langavitleysa" sem hefur átt sér stað í Barrow í Alaska þar sem fjölmiðlar bæði í Evrópu og Bandaríkjunum hafa flutt fréttir af baráttu risaveldanna tveggja fyrir því að bjarga tveimur hvölum sem eskimóarnir á staðnum vildu líklega gjarnan drepa og éta. Ég hygg að þessi auglýsing sé þess eðlis að hún muni prenta inn í hvert mannsbarn í Bandaríkjunum og í Evrópu að þarna séu á ferðinni einhvers konar gæludýr sem beri að vernda og verja með öllu móti, með öllum tiltækum ráðum.

Ég er mjög hræddur um að þessi auglýsing fyrir grænfriðunga hafi þegar haft þau áhrif að verslanakeðjan Stop and shop í Boston hætti að kaupa af okkur vörur. Og ég óttast að framhald verði á þessari þróun og því miður óttast ég mjög að þetta muni gerast hraðar og örar en nokkurn mann grunar. Það er af þessum ástæðum sem ég og fleiri höfum vakið máls á því að við yrðum að endurskoða afstöðu okkar til vísindahvalveiða. Þetta er ekki nein ólíkindaósk. Hún er byggð á því að ég og fleiri óttumst að undirstöðuatvinnuvegir þessarar þjóðar, sem nú eiga auk þess í miklum erfiðleikum og munu standa frammi fyrir miklum erfiðleikum á næstunni, verði fyrir áfalli sem varla verður bætt. Ég minni á

að þó að það brenni kannski ekki heitt á okkur hér í Reykjavík brennur það heitt á Dalvíkingum þegar niðurlagningarfyrirtæki þar verður að loka dyrum sínum og segja upp 10–15 manns. Það brennur líka heitt á Húsvíkingum þar sem atvinnulíf er mjög erfitt þegar annað niðurlagningarfyrirtæki stendur frammi fyrir því að þurfa að loka dyrum sínum og segja upp fólki. Það brennur líka á Akureyringum þar sem stærsta niðurlagningarfyrirtæki landsins er og þarf hugsanlega að draga stórlega úr rekstri sínum.

Þetta er ekkert einfalt mál. Kannski er ótti minn mestur gagnvart því að skaðinn sé skeður í þessu máli, að það sé búið að sverta góðan orðstír íslenskrar þjóðar svo mjög að um þau sár verði ekki bundið, a.m.k. ekki í bráð. Þetta eru mín áhyggjuefni út af þessu máli. Þau eiga ekkert skylt við móðursýki né hræðsluáróður eða neitt af því tagi eins og kokhraustir menn hafa viljað halda fram. Og kokhraustir þykja mér þeir fiskútflytjendur sem gera lítið úr áróðri þeirra umhverfisverndarmanna.

Menn hafa því miður verið að bera saman aðstöðu Íslendinga í þessu máli við aðstöðu okkar í landhelgisstríðunum, t.d. 1973 og 1976. Það er ekki samanburðarhæft. Í landhelgisstríðunum 1973 og 1976 höfðum við almenningsálitið í heiminum með okkur. Nú höfum við það á móti okkur. Spurningin um sjálfsákvörðunarrétt þjóðarinnar, hvort sé verið að fórna honum með því að nefna það að við getum endurskoðað stefnu okkar gagnvart vísindahvalveiðum, er líka út í hött. Sjálfsákvörðunarréttur þjóðarinnar yrði í engu skertur þótt sú ákvörðun yrði tekin að rétta fram einhverja sáttarhönd í þessu máli, þannig að menn gætu með reisn gengið frá því, bæði þeir sem hér búa og þeir hinir sem gegn okkur berjast. Það er stundum betra að beygja sig dulítið en að brotna. Ég hygg að í þessu máli gildi það harða lögmál að við ráðum ekki þróuninni. Við ráðum því ekki sem er að gerast úti í hinum stóra heimi. Við höfum hvorki mannafla, fjármagn né aðstöðu til þess að berjast gegn þeim gegndarlausa áróðri sem að okkur hefur verið beint, því miður. Þessar staðreyndir eru borðliggjandi og við verðum að horfast í augu við þær.

Ég hefði kosið t.d. að við ættum miklu meira samstarf við hvers konar umhverfisverndarsamtök í Evrópu og Bandaríkjunum, einkum og sér í lagi þau samtök sem berjast fyrir því að Norður-Atlantshafið fái að vera í friði fyrir hvers konar eiturefnum, úrgangi og óþverra sem í það er fleygt. Ég hef miklu minni áhyggjur af því þó að við tækjum þá ákvörðun að hætta hvalveiðunum en að hér um höf í kringum Ísland sigla á hverri viku fjölmörg skip sem eru kjarnorkuknúin. Og hafa menn, eins og ég hef áður sagt, velt fyrir sér hvað mundi gerast ef slys yrði um borð í einu af þessum skipum, það rækist á sker neðan sjávar og geislavirkt kælivatn læki út í nágrenni við gotstöðvar þorsksins sem allir eru að tala um að stærri fiskar éti? Slíkt umhverfisslys þyddi gjaldþrot íslenska ríkisins á örfáum árum.

Ég held að við ættum að snúa við blaðinu í þessum málum, í raun og veru er það meginatriðið, og gera okkur grein fyrir í hvers konar heimi við lifum, og að við erum ekki ein þjóð. Við störfum í samfélagi þjóða og okkur ber að virða óskir annarra þjóða eins og þær virða okkar óskir.

Herra forseti. Ég sagði í upphafi að þetta mál væri tvíþætt. Annar þátturinn er vald umhverfisverndarsamtakanna gagnvart okkur, hinn þátturinn er spurningin um það hvort nauðsynlegt sé að veiða hval til að stunda þær rannsóknir sem nú eru stundaðar og hvort við í raun höfum heimild til þess frá Alþjóðahvalveiðiráðinu að veiða hval í vísindaskyni. Á það hafa verið bornar brigður.

Ég ætla ekki á þessu stigi, vegna þess einfaldlega hversu viðkvæmt þetta mál er, að hefja umræðu eða lesa upp úr þeim gögnum sem ég hef undir höndum, en þau eru talsverð, um vísindahvalveiðar. Ég ætla hins vegar að minna á það að íslenskir líffræðingar virðast ekki sammála um hvort nauðsynlegt sé að drepa hvalinn til að halda áfram rannsóknum á hvölum. Þetta hefur komið mjög skýrt fram, því miður. Ég harma það að menn skuli ekki vera sammála í jafnveigamiklu máli. Mér sýnist t.d. að líffræðingar sem starfa við Háskóla Íslands hafi aðra skoðun á þessu máli en líffræðingar sem starfa hjá Hafrannsóknastofnun. Ég vil benda á áskorun til ríkisstjórnar Íslands sem henni var send í júlí 1987 og er undirrituð — ég hef nú ekki talið það — líklega af 20 líffræðingum. Mig langar, með leyfi forseta, að lesa nokkur orð úr þessari ályktun. Þar segir:

„Við undirritaðir líffræðingar fögnum auknum rannsóknum á lifandi hvölum hér við land en skorum jafnframt á ríkisstjórn Íslands að virða tímabundið veiðibann Alþjóðahvalveiðiráðsins, hætta hvalveiðum og kosta rannsóknir á hvalastofnum með öðrum hætti en með ágóða af hvalveiðum. Alþjóðahvalveiðiráðið samþykkti árið 1982 stöðvun veiða frá 1986 til 1990 meðan aflað væri víðtækari gagna um hvalastofnana. Þessi samþykkt var tímabær enda sýnt að hvalir hafa hvergi staðið undir veiðum til langframa.

Alþingi Íslendinga ákvað í febrúar 1983 að mótmæla ekki samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins um stöðvun hvalveiða árin 1986 til 1990. Samkvæmt samningi sjútvrn. fyrir hönd Hafrannsóknastofnunar við Hval hf. er markmið núverandi hvalarannsókna „að auka vísindalega þekkingu á ástandi hvalastofna hér við land og skapa nauðsynlegan grundvöll til endurmats á áhrifum veiðistöðvunar á hvalastofnana fyrir árið 1990."

Rannsóknir Hafrannsóknastofnunar á lifandi hvölum eru líklegar til að bæta verulega þekkingu á fjölda, útbreiðslu og atferli hvala og gera kleift að meta veiðiþol hvalastofna við landið. Sama verður ekki sagt um vísindaveiðarnar. Þrátt fyrir söfnun gagna með hvalveiðum í áratugi hefur ekki reynst unnt að ákvarða stærð og veiðiþol hvalastofna hér við land. Núverandi veiðar í vísindaskyni breyta þar litlu um. Hvalveiðar okkar Íslendinga eru því ekki réttlætanlegar eins og á stendur og við teljum rangt

að kenna þær við vísindi."

Þetta sögðu þessir heiðursmenn í júlí 1987 og undirrita þessa ályktun, nærri 20 líffræðingar að ég hygg.

Það hafa heyrst raddir sem segja að það sé misræmi í túlkun þeirrar ályktunartillögu sem samþykkt var, eða ekki samþykkt raunar, það voru aldrei greidd atkvæði um hana, á fundi Alþjóðahvalveiðiráðsins í Auckland. Út í þetta hirði ég ekki að fara. Ég hefði í raun vonað að þessi umræða þyrfti ekki að fara fram. Ég hafði vonað að ríkisstjórnin tæki einhverja ákvörðun í þessu máli og þá kannski um einhverja ótímabundna frestun, fyndi sér útgönguleið þannig að þessi umræða þyrfti ekki að fara fram og þyrfti ekki að skipta okkur upp í hópa, andstæða hópa. Þetta er kannski að hluta til tilfinningamál vegna þess að við kunnum að tengja þetta öðrum umhverfismálum, þó að ekki sé í eðli sínu rétt að gera það. Og ég vil lýsa því yfir, af því að hæstv. sjútvrh. er kominn í stól sinn, að ég virði stefnufestu hans í þessu máli og hef virt hana á undanförnum árum, met hann sem stjórnmálamann. Hins vegar hefur þróunin orðið öðruvísi en við ætluðum. Mál hafa tekið nýja stefnu og munu halda áfram að gera það í auknum mæli að mínu mati. Í því er minn ótti fólginn.

Ég tel því tvímælalaust að við eigum að reyna að leysa þetta mál áður en við verðum fyrir enn þá meira tjóni sem ég óttast að verði fyrr en síðar, því miður. Svo mikið tel ég vald þessara umhverfisverndarsamtaka. Peningaeign þeirra er með ólíkindum. Í þeirri könnun sem ég nefndi áðan kom fram að ótrúlegur fjöldi almennings í Vestur-Þýskalandi sendir þessum samtökum peningaframlög reglulega. Þau hafa geipilega fjármuni til að stunda áróðursstríð sitt. Ég er sannfærður um að ástæðan fyrir því að þeir beina spjótum sínum að okkur Íslendingum og vilja fá okkur til að stöðva þessar veiðar endanlega er sú að þar með vilja þeir brjótast inn í hóp þeirra þjóða sem enn stunda hvalveiðar. Fá fordæmi. Að það verði fordæmisgefandi að Íslendingar taki ákvörðun um að fresta vísindahvalveiðum. Ég hygg að þetta sé meginástæðan fyrir því að þeir hafa ráðist á okkur af meiri heift en aðra, fyrir utan það að auðvitað eiga þeir mjög erfitt með, þó að þeir hafi gert það, að hafa nokkur áhrif á t.d. útflutningsmál Japana, eins og réttilega kom fram í ræðu ráðherra hér áðan.

Herra forseti. Ég sagði að ég mundi ekki vilja fara út í umræðu um þá ályktunartillögu sem var mikið deiluefni á Auckland-fundinum og skilning og skilgreiningu manna á þeirri tillögu um það hvort réttur okkar sé tvímælalaus eða ekki til þessara vísindahvalveiða. En ég skora á alla sem hlut eiga að máli og einhverju fá ráðið í þessu máli að taka þetta mál nú þegar í stað til alvarlegrar endurskoðunar. Ég segi þessi orð vegna þess að ég er í hjarta mínu sannfærður um að við eigum eftir að bíða mikinn hnekki ef við höldum áfram óbreyttri stefnu.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég hefði vonast til þess að bæði flutningsmenn þessa þingmáls, sem hér er til umræðu, svo og hæstv. sjútvrh. gætu verið viðstödd þessa umræðu og vildi mælast til þess við forseta að það væri kannað hvort þau væru ekki hér nær. (**Forseti:** Boðum hefur verið komið áleiðis til þessara þriggja aðila, þ.e. hv. þm. tveggja og hæstv. ráðherra, og árangur er þegar tekinn að birtast þar sem 1. flm. till. hefur gengið í salinn.) Það munar vissulega um hann, herra forseti. En er hæstv. ráðherra upptekinn annars staðar? (**Forseti:** Því er til að svara að boðum hefur verið komið til ráðherra. Þau skulu nú ítrekuð.) Já, herra forseti.

Enn einu sinni hefur nú blossað upp umræða um hvalveiðar Íslendinga, en að þessu sinni kveður við nýjan tón þar sem æ fleiri virðast nú haldnir efasemdum um réttmæti málstaðar okkar og afstöðu. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka hv. flm. þessa frv. fyrir að leggja það fram og gefa þannig tilefni til ítarlegra umræðna í þingsölum um þetta mál og hvernig á því hefur verið haldið því það er sannarlega tími til kominn.

Til skamms tíma voru þeir tiltölulega fáir sem kváðu einarðlega upp úr með það að stefna stjórnvalda væri röng eða alla vega vafasöm í þessum efnum og skoðanakannanir sýndu yfirgnæfandi stuðning við þá stefnu sem fylgt hefur verið. Það er í rauninni ekki undarlegt eins og atburðarásin hefur verið og eins og málið hefur verið kynnt og túlkað og jafnvel lagt upp sem sjálfstæðismál íslensku þjóðarinnar og andstæðingar stimplaðir sem þekkingarsnauðir öfgamenn, jafnvel öfugsnúnir ónytjungar velferðarríkja, eins og einn greinarhöfundur orðar það í Tímanum í gær.

Áróðursstaða stjórnvalda hefur verið mjög sterk. Fjölmiðlar hafa fyrst og fremst skilað sjónarmiðum þeirra til þjóðarinnar og andmælendum hefur ekki á sama hátt tekist að ná til fólks með sín sjónarmið. Þetta er nú að breytast, en svona hefur þetta verið og maður hefur virkilega þurft að hafa fyrir því að fá fram allar hliðar málsins.

Forsögu þessa máls er óþarft að rekja í löngu máli. Það hafa fyrri ræðumenn gert í þessari umræðu. Það er þó rétt að endurtaka og undirstrika að Alþjóðahvalveiðiráðið samþykkti árið 1982 tímabundið hvalveiðibann, þ.e. stöðvun hvalveiða í ábataskyni frá 1986 til 1990. Sú samþykkt var ekki gerð í neinni fljótfærni heldur höfðu þessi mál sannarlega verið til umræðu um langt árabil innan ráðsins og meðal vísindamanna og umhverfisverndaraðila um allan heim. Og það ekki að ófyrirsynju.

Saga hvalveiða ber ekki manninum fagurt vitni, það verður að segjast eins og er. Saga hvalveiða er saga ofveiði og útrýmingar og það er því ekki að undra þótt margir vildu í raun ganga miklu lengra og fá fram lengri stöðvun veiða. En þetta varð niðurstaðan. Þetta samkomulag varð niðurstaðan eftir mikla umfjöllun og umræður. Ætlunin var síðan að afla víðtækra gagna um hvalastofnana og byggja

framtíðarstefnu í hvalveiðum á slíkum grunni, vitaskuld með það fyrir augum að koma í veg fyrir ofveiði og útrýmingu einstakra tegunda sem væru í hættu og væntanlega taka ákvörðun um hvort hvalveiðum yrði yfirleitt haldið áfram, en ekki e.t.v., eins og mér heyrðist á hæstv. ráðherra hér áðan, að markmið rannsóknanna væri að halda hvalveiðum áfram. Hann orðaði það einhvern veginn svoleiðis í sínu máli að rannsóknirnar væru til vegna þess að menn ætluðu að nýta hvalinn og var að skilja að það væri eini tilgangur rannsóknanna. Mig brestur þá skilning því að ég hélt að rannsóknirnar væru hugsaðar til þess að komast að raun um hvort menn teldu óhætt að nýta hvalastofnana eða ekki og þá hvernig.

Málið fékk allnokkra umfjöllun hér heima og þótt mjótt væri á munum, eins og hér hefur komið fram, samþykkti Alþingi í febrúar 1983 að mótmæla ekki þessari samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins um stöðvun hvalveiða árin 1986–1990. Ég held að mjög margir hafi tekið þessa afstöðu alveg bókstaflega og því ekki verið kannski á varðbergi gagnvart því sem á eftir hefur farið. Það kom a.m.k. þeirri sem hér stendur á óvart þegar farið var að tala um einhverja áætlun um hvalveiðar á því tímabili sem sagt hafði verið að hvalveiðar yrðu ekki stundaðar. Þetta kom mér mjög á óvart, en ráðamenn komu fram með þetta mál og kynntu það af mikilli festu og öryggi og með vísindamenn sér til fulltingis og virtust aldrei eitt andartak í vafa um ágæti og réttmæti sinna gjörða og hafa alla tíð gert mjög lítið úr andstöðunni innan Alþjóðahvalveiðiráðsins. Það tók mig a.m.k. allnokkurn tíma að ná áttum í þessu máli og mér virðist sem svo hafi verið um marga, jafnvel virta vísindamenn og kunnáttumenn um þessi mál. Þetta er að mínum dómi meginorsök þess að afstaða Kvennalistans hefur ekki komið fram með fjarska afgerandi hætti í þessu sérstaka máli sem í raun var erfitt að henda reiður á. Hún hefur fremur einkennst af efasemdafullu hlutleysi við þá stefnu sem stjórnvöld hafa fylgt.

Af stefnuskrá okkar má það ljóst vera að kvennalistakonur eru eindregnir umhverfisverndarsinnar og leggja mikla áherslu á þann málaflokk. Það er raunar ekki vafi á því í mínum huga að framtíð mannkyns á þessari jörð veltur beinlínis á því hvernig við umgöngumst náttúruna og hvort við sýnum auðlindum okkar þá virðingu og nærgætni sem nauðsynleg er. Stærstu vandamál nútímans og vaxandi vandamál í framtíðinni eru gróðureyðing og mengun lofts og vatns og sjávar. Í þeim efnum erum við svo sannarlega ekki ein í heiminum. Á þessum málum þarf að taka mjög einarðlega og í samvinnu við aðrar þjóðir og það er ekki síst þess vegna sem Íslendingar verða að taka tillit til annarra þjóða í sambandi við hvalveiðar.

Því hefur verið haldið fram og með réttu að við hljótum að áskilja okkur allan rétt til að nýta auðlindir okkar, og þá fyrst og fremst fiskimiðin, á þann hátt sem við teljum réttast og best. Með hvali gegnir þó sérstöku máli, enda eru þeir ekki auðlind neins einstaks ríkis og nýting þeirra er háð samkomulagi milli þjóða eins og kveðið er á um í Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna sem Íslendingar eru aðilar að og áttu raunar verulegan þátt í að semja, en þar stendur m.a., með leyfi forseta: „Ríki skulu starfa saman með verndun sjávarspendýra í huga og skulu hvað hvali snertir einkum starfa á vettvangi viðeigandi alþjóðastofnana að verndun og stjórnun þeirra og rannsóknum á þeim.“

Slík alþjóðastofnun er Alþjóðahvalveiðiráðið sem Íslendingar eru aðilar að. Þessi stofnun hefur ítrekað gert athugasemdir við hvalveiðar Íslendinga í vísindaskyni og skorað á íslensk stjórnvöld að draga veiðiheimildir sínar til baka. Það er mín skoðun að með aðild okkar að Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna séu Íslendingar skuldbundnir til að hlíta fyrirmælum ráðsins.

Ég sé að hæstv. ráðherra hristir höfuðið og það kemur mér raunar ekkert á óvart, en ég sagði þetta sem mína skoðun.

Það hefur ekki verið gert og vegna þeirrar stefnu erum við komin í alvarlega stöðu. Ég óttast að stefna stjórnvalda í þessu máli hafi spillt verulega fyrir lífsnauðsynlegu samstarfi okkar við aðrar þjóðir um víðtæka umhverfisvernd. Við erum ekki í góðri aðstöðu til þess að krefjast þess af öðrum þjóðum að þær virði alþjóðasamþykktir ef við virðum þær að vettugi þegar okkur hentar. Og við skulum ekki gleyma því að einmitt þau öfl sem harðast hafa beitt sér gegn stefnu Íslendinga í hvalveiðum eru okkar dyggustu bandamenn í baráttunni gegn mengun hafsins og tek ég þar undir orð síðasta hv. ræðumanns. Sú barátta getur orðið upp á líf og dauða og skammsýni að gera okkur erfiðara um vik í þeirri baráttu en þörf er á.

Ég vil leggja áherslu á þetta atriði og vitna í því sambandi til stefnuskrár Kvennalistans, kaflans um umhverfismál, þar sem því er lýst yfir að Kvennalistinn vilji, og ég vitna beint, með leyfi hæstv. forseta, að „Íslendingar taki þátt í alþjóðlegu starfi í umhverfis- og náttúruverndarmálum og virði alþjóðasamninga í þessum málaflokkum“. Þetta er mjög mikilvægt atriði og hefur sífellt meira vægi eins og heimurinn er nú orðinn.

Þeir sem ráðið hafa ferðinni í hvalveiðimálunum halda því auðvitað fram að þeir hafi virt alþjóðasamninga og væni ég þá hreint ekki um að brjóta þá vitandi vits og þeir halda því fram að Íslendingar séu í sínum fulla rétti að stunda hvalveiðar í vísindaskyni nú síðan stöðvun hvalveiða átti að hefjast og margir eru þeim sammála um það.

Eins og málið var kynnt upphaflega, þ.e. áætlunin um hvalveiðar í vísindaskyni, var ekkert auðvelt fyrir leikmenn og jafnvel ekki vísindamenn að átta sig á því hvort hér væri í raun og veru um vísindaáætlun að ræða eða ekki. Þessa fullyrðingu byggi ég m.a. á ýmsu sem fram kom í viðtölum við ýmsa aðila sem hafa kynnt sér þetta mál. Við kvennalistakonur fengum til fundar við okkur fyrir rúmu ári allmarga

aðila með mismunandi sjónarmið í hvalveiðimálinu. Við fengum fulltrúa frá sjútvrn. og Hafrannsóknastofnun og svo úr hópi þeirra vísindamanna sem hafa gagnrýnt stefnu stjórnvalda í málinu. Einn vísindamanna úr hópi gagnrýnenda komst svo að orði á fundi með okkur um vísindaáætlunina að sér hefði litist nokkuð vel á hana í upphafi en smám saman orðið ljóst að hér væri ekki fyrst og fremst um rannsóknir að ræða heldur bara venjulegar veiðar. Aðrir voru reyndar miklu harðari í afstöðu sinni og sögðust aldrei hafa efast um að stjórnvöld væru á rangri braut og vísindaáætlunin væri fyrst og fremst yfirskin. En þeir hefðu þó veigrað sér við, og gerðu það enn, að beita sér af hörku gegn málinu því sannleikurinn er sá að margir, og þar á meðal sú sem hér stendur, hafa vonað í lengstu lög að þetta mál yrði til lykta leitt án þess að koma þyrfti til átaka eða harðra skoðanaskipta hér innan lands og skiptingu í hópa með og á móti.

Þannig hefði hag okkar verið best borgið að ráðamenn hefðu séð sér fært að bakka í málinu og komast frá því með sæmilegri reisn. Það er auðvitað farsælla að þjóðin geti sýnt samstöðu í þessu sem öðru gagnvart öðrum þjóðum. En því miður hefur reyndin orðið sú að hvert tækifærið af öðru hefur verið vannýtt og að mínu mati hafa harka og einsýni ráðið ferðinni. Slíkt kann ekki góðri lukku að stýra og nú er því miður útlit fyrir að málið sé komið í eindaga og litlir möguleikar á að Íslendingar komist út úr því með reisn og sóma. Það á því miður eftir að verða okkur fjötur um fót í alþjóðlegu samstarfi, ég óttast það verulega.

Menn taka kannski eftir því að ég legg mikla áherslu á þetta atriði en hef ekki enn minnst á þá stöðu sem nú er komin upp á mörkuðum erlendis fyrir fiskafurðir okkar, en það er sú staða sem hrindir þessari umræðu af stað. Það er þó síður en svo að ég geri lítið úr þeim vanda, sú staða er í rauninni hrikaleg og mikið ólán að menn skyldu ekki sjá að sér í tæka tíð svo að þessi staða þyrfti ekki að koma upp. Þessi hætta hefur vofað yfir okkur allar götur síðan ákveðið var að halda fast við veiðarnar þrátt fyrir athugasemdir og mótmæli. Vitaskuld er það einmitt vegna hagsmuna okkar á erlendum fiskmörkuðum sem við höfum verið á stöðugu undanhaldi í hvalveiðimálinu. Ráðamenn hafa hins vegar ekki borið gæfu til að finna rétta leikinn í því tafli, enda var hann sá einn að ná fullkomnum sáttum við samstarfsþjóðir okkar. Nú er svo komið að hver viðskiptaaðilinn af öðrum í Bandaríkjunum og Evrópu er annaðhvort hættur viðskiptum við íslensk útflutningsfyrirtæki eða íhugar að gera það. Síðasta dæmið er þýska verslunarkeðjan Aldi, stærsti einstaki viðskiptaaðili Sölustofnunar lagmetis, sem keypti vörur héðan fyrir um 400 millj. kr. á síðasta ári. Má mikið vera ef þau tíðindi opna ekki augu einhverra fyrir alvöru þessa máls. Vitnað hefur verið í blaðafregnir af þessu máli og hv. þm. hafa vafalaust kynnt sér það svo ég ætla ekki að taka tíma í að lesa það upp, en það eru fréttir sem við hljótum að skoða vel. Og þurfa menn frekar vitnanna við? Treysta menn sér til að bera ábyrgð á því að viðskiptasambönd okkar erlendis bíði enn frekari hnekki og að atvinnulíf okkar lendi í enn frekari þrengingum? Ætla menn enn að þrjóskast við og halda því fram fram í rauðan dauðann, eins og sagt er, að andmælendur stefnu Íslendinga í hvalveiðimálum séu fámennur og áhrifalaus hópur öfgasinnaðra sérvitringa sem ekkert mark sé takandi á? Það er ekki skoðun þeirra fjölmörgu sem finna nú atvinnuöryggi sínu ógnað.

Það er komið að vendipunkti í þessu máli. Það er mín skoðun að stjórnvöld verði að láta af einstrengingslegri stefnu sinni og hætta öllum hvalveiðum og snúa sér að því að vinna aftur upp það traust sem tapast hefur meðal annarra þjóða.

Herra forseti. Þar sem Kvennalistinn á ekki aðild að sjútvn. vildi ég óska eftir því við hv. nefnd að hann fái áheyrnaraðild að nefndinni þegar fjallað verður um þetta mál.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það mál sem hér er til umræðu, frv. til l. um hvalveiðibann, tengist stefnumörkun af hálfu Alþingis og íslenskra stjórnvalda sem er ekki ný af nálinni. Sú stefnumótun lá fyrir með samþykkt Alþingis á till. til ál. um að mótmæla ekki banni við hvalveiðum í atvinnuskyni, ályktun sem gerð var í febrúarbyrjun 1983. Mál þetta hefur verið opið til umræðu fyrir Alþingi Íslendinga allar götur síðan. Hver og einn þm. sem hér á sæti hefur átt þess kost að taka málið upp til umræðu, lýsa inn í samhengi þess, óska eftir breytingum, flytja till. Það hefur gerst í örfá skipti á þeim fimm árum, sem liðin eru frá því Alþingi markaði þessa stefnu, að málið hafi borið hér á góma í sölum Alþingis. Ég held ég muni það ekki rangt að það er fyrst og fremst í tengslum við fsp. sem fram hafa komið frá hv. 13. þm. Reykv. Guðrúnu Helgadóttur að málið hefur verið rætt hér, nema þá kannski að á það hafi verið minnst í tengslum við umræður um utanríkismál og skýrslu utanrrh., en mig rekur ekki minni til þess sérstaklega. Ég hlýt að vekja athygli á þessu hér þegar það gerist með nokkuð skjótum hætti að fram kemur frv. til l. um hvalveiðibann sem felur í sér að hendur Íslendinga í þessu máli verði bundnar með lögum, ekki í eitt ár heldur í fimm ár. Og fyrir sameinuðu Alþingi liggur nú till. til ál. svipaðs efnis, að vísu efnislega með öðrum hætti fyrir lagt, um endurskoðun á hvalveiðistefnu Íslendinga þar sem gert er ráð fyrir samkvæmt tillögutexta að stöðva vísindahvalveiðar, eins og það er orðað í till., um a.m.k. þriggja ára skeið.

Hér hafa talsmenn þessara tillagna, frv. og ál.till., lagt orð í belg og rökstutt sitt mál, svo sem eðlilegt er, þótt áltill. eigi auðvitað eftir að koma til umræðu sérstaklega í sameinuðu þingi. Hér hefur hv. 13. þm. Reykv. lýst sínum skoðunum sem eru ekki nýjar hér á Alþingi því að hún er ein af

tiltölulega fáum þm. sem ég minnist að hafi haldið uppi ákveðinni gagnrýni á stefnu stjórnvalda í þessu máli, þótt með mismunandi blæ hafi verið og ekki hafi hún sett fram kröfur um endurmat á stefnunni, slíkar tillögur hafa ekki verið fluttar af henni hér inn í sali Alþingis. Hér kemur talsmaður Kvennalistans, hv. þm. Kristín Halldórsdóttir, og upplýsir þingheim um það að hún hafi verið um eitthvert skeið með allt aðrar sannfæringar í þessu máli heldur en fram hafa komið og heyrst hafa á Alþingi, verið andvíg stefnu stjórnvalda í þessu máli með jafnafgerandi hætti eins og skilja mátti á hennar máli. Ég spyr hv. þm. og ég spyr hv. 1. flm. frv. og ég spyr hv. þm. Árna Gunnarsson: Hvenær urðu sinnaskiptin? Hvenær varð þessum hv. þm. það ljóst að þeir væru andvígir opinberri stefnu í þessum málum? Hafa þeir haft langan meðgöngutíma varðandi sín sjónarmið og hvers vegna hafa þeir ekki komið fram með sínar efasemdir innan þingsins eða á öðrum þeim vettvangi sem þm. stendur opinn í sambandi við málflutning, m.a. í utanrmn. Alþingis þar sem fulltrúar allra þingflokka hér á Alþingi eiga fulltrúa eða a.m.k. áheyrnarfulltrúa?

Ég mæli þessi orð vegna þess að ég harma það að þessi mál skuli vera komin hér til umræðu á Alþingi Íslendinga með þeim hætti sem þetta mál ber að. Ég hef enga ástæðu til að finna að því að málið sé rætt hér í þingsölum, alls enga. Það er skylt og hefði kannski verið æskilegt að málið kæmi upp við aðrar aðstæður út frá þeim forsendum sem hv. þm. mæla hér fyrir. Ef ég lít til málflutnings hv. síðasta ræðumanns þá eru það ekki viðskiptahagsmunirnir sem þar ráða sjónarmiðum heldur svokölluð umhverfissjónarmið í þessu máli, umhverfisverndarsjónarmið. Þau hlutu að vera hv. þm. dagljós fyrir löngu síðan ef hann hefur þá ekki skipt um skoðun mjög nýlega í þessu efni, en ég skildi ekki mál þm. þannig. Ég segi hið sama — að svo miklu leyti sem hv. 1. flm. frv. sem hér er til umræðu tjáði sig þegar hann mælti fyrir málinu. Þar var hann að tvinna saman, með mjög óljósum hætti þó, annars vegar viðskiptahagsmuni Íslendinga sem hann telur að ógnað sé, og það er ósköp eðlilegt að menn ræði þau mál og þau viðhorf hér á Alþingi, en ræddi einnig um umhverfisverndina, án þess þó að gera skýra grein fyrir sínum viðhorfum í því efni og hvernig það tengist þessu máli. Það var í slíkri þoku og svo óljóst að það er alls ekki frambærilegt að koma með þessi mál inn í sali Alþingis án þess að tala skýrt. Hvers vegna eru menn andvígir þeirri rannsóknaráætlun sem stjórnvöld hafa fylgt í þessu máli? Hvers vegna gera þeir fyrirvara við hana nú, hver er meginástæðan? Stefnumörkun sú sem hv. þm. vilja sjá í þessu máli hlýtur að taka mið af þeim forsendum sem þeir leggja til grundvallar sínu máli. Þess vegna bið ég um að forsendurnar séu lagðar fyrir hér með skýrari hætti heldur en fram hefur komið í máli þeirra hv. þm. sem hér hafa gagnrýnt þá stefnu sem mörkuð hefur verið af Alþingi og framfylgt hefur verið af stjórnvöldum með samþykki, þegjandi samþykki Alþingis Íslendinga undanfarin fimm ár, með örfáum undantekningum sem ég hef aðeins getið um. Ég bið t.d. hv. þm. Borgfl., sem hafa átt hér sæti í á annað þing, að greina frá því og benda mér á það hvenær þeir hafi komið með fyrirvara á opinberum vettvangi í sambandi við þessa málafylgju, í sambandi við rannsóknaráætlunina varðandi hvalastofnana við Ísland. Ég bið hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur um að upplýsa Alþingi um hvenær hún hefur á opinberum vettvangi og hvenær Kvennalistinn hefur á opinberum vettvangi gert þá fyrirvara í sambandi við þetta mál sem skilja mátti af hennar máli, þar sem hún lýsti eindreginni andstöðu við þá stefnu sem hér hafði verið fylgt á undanförnum árum. Hið sama má gilda um hv. þm. Árna Gunnarsson þó að hann tengdi þetta mál mun skýrar en hinir hv. þm. við þá viðskiptahagsmuni sem menn óttast að séu hér í húfi, miðað við mál manna. Og ég get vel skilið það að menn telji eðlilegt að fara yfir stöðu málsins og hugsa sinn gang.

Ég hef átt sæti í utanrmn. þingsins mestan hluta þessa tímabils ef ekki allt tímabilið, ég vil ekki fullyrða það án nánari umhugsunar en mig minnir það. Í öllu falli hef ég verið þar þann tíma sem rannsóknaráætlunin varðandi hvali var til umræðu og í mótun og lögð fyrir af hæstv. sjútvrh., þeim sama og gegnir því embætti nú. Og ég hef ekki orðið var við, á þeim vettvangi frekar en hér í sölum Alþingis, óeiningu um meginatriði þeirrar stefnu sem hefur verið fylgt, ég hef ekki orðið var við það. En af því máli sem hér hefur verið flutt af sumum hv. þm. í umræðunni mætti ætla að hér hafi allt verið kraumandi í ósætti út af þeirri stefnu og hafa þó tilefnin verið mörg til þess að taka málið upp til umræðu og endurskoðunar. Þetta er ekki fyrsti árekstur inn sem við erum að lenda í út af þessu máli. Þetta hefur verið umræðumál, þetta hefur verið fjölmiðlamál númer eitt í agúrkutíð dagblaða og annarra fjölmiðla í landinu sumar eftir sumar vegna árlegra funda Alþjóðahvalveiðiráðsins, vísindanefndar þess og aðalfundar. Og ekki síður vegna afstöðu stjórnvalda í Bandaríkjunum og hótana sem hafa komið trekk í trekk úr þeirri átt um að reyna að binda hendur Íslendinga í sambandi við rannsóknir á sínum auðlindum og lífríkinu í hafinu í kring.

Ég tel að það skipti mjög miklu að menn ræði þetta mál á sem skýrustum grunni. Er þetta umhverfismál, er þetta umhverfisverndarmál sem menn eru að tala um hér? Eru menn að krefjast stöðvunar á rannsóknum og töku dýra í rannsóknaskyni á íslenskum hafsvæðum undir merki umhverfisverndar, væntanlega vegna þess að menn telja að þeim hvalastofnum sem verið er að taka dýr úr til rannsókna sé ógnað, þeir séu í útrýmingarhættu, eða, sem einnig kann að vera og ekkert er óeðlilegt að tengja þessari umræðu, að þeir telji að framganga okkar Íslendinga í þessu samhengi opni leiðir fyrir aðrar þjóðir til þess að ganga gegn eðlilegum verndarsjónarmiðum og kröfum um eðlilega vernd hvalastofna hvarvetna í höfunum. Mér finnst síðari

þátturinn mun eðlilegri fyrirvari út frá sjónarhorni umhverfisverndar, vegna þess að auðvitað höfum við orðið vör við hugmyndir af því tagi frá öðrum þjóðum að hefja nýtingu í hagnaðarskyni eða að hefja hvalveiðar sem atvinnurekstur í ábataskyni. Við minnumst t.d. rannsóknaráætlunar sem lögð var fram á vettvangi Alþjóðahafrannsóknaráðsins, líklega 1986, af Suður-Kóreu sem við nánari athugun virtist ekki mjög merkilegur pappír og ég hygg að Íslendingar hafi ekki treyst sér til að mæla með eða styðja á þeim vettvangi vegna þess að svo virtist sem hugmyndin væri að halda áfram hvalveiðum sem atvinnurekstri undir fölsku flaggi.

Ég hef ekki farið nóg ofan í saumana á þessum málum varðandi áætlanir annarra þjóða, t.d. Japana, þannig að ég treysti mér að fullyrða eitthvað í þeim efnum, en mér finnst sjálfsagt að menn hafi auga á þessari hættu. Og ég segi í þessu samhengi: Við eigum að setja mjög ákveðnar og strangar kröfur um það að reyna að tryggja í alþjóðlegu samstarfi að ekkert verði tekið úr stofnum sem geta verið í útrýmingarhættu að bestu manna yfirsýn. Og ég veit ekki annað en þeir íslenskir vísindamenn sem að þessum málum hafa starfað hafi unnið eftir því leiðarljósi. Ég tel ekki, út frá þeirri vitneskju sem ég hef reynt að afla mér, að stofnarnir sem dýr hafa verið tekin úr hér undir merkjum rannsóknaráætlunar sem Hafrannsóknastofnun hefur mótað, hvalastofnarnir á Íslandsmiðum, séu í neinni útrýmingarhættu. Í rauninni virtist ástand þeirra mjög þokkalegt, hvað langreyði snertir sannað, að ég tel, með talningum. Varðandi sandreyði er samhengið óljósara og þar ætla menn að afla fyllri gagna.

Ætlum við Íslendingar og þeir sem bera umhverfisvernd fyrir brjósti að gangast undir einhver merki, sem haldið er á loft í krafti ákalls um alþjóðlega samstöðu, ef við teljum að þau séu ekki á rökum reist, að það sé ekki haldið þar á máli með rökum? Ég segi nei. Ég tel að það beri að skoða samhengi hlutanna og það sé skylda okkar Íslendinga að horfa á samhengið frá okkar bæjardyrum með fullri ábyrgð, á alþjóðlegt samhengi þessara hluta og með ríkri ábyrgðarkennd að leggja þar lóð okkar rétt á vogarskálar.

Íslenskt umhverfi er annað en í ríkjum sem sunnar liggja á hnettinum vestan hafs og austan. Íslenskt umhverfi þekkja menn ekki mikið í sjónvarpsherbergjum Ameríku þar sem skoðanamyndun verður svo til, eins og æ oftar gerist einnig hér hjá okkur. Værum við ekki að bregðast skyldum okkar ef við færum að skrifa upp á sjónarmið og staðhæfingar sem verða til, sama af hve mörgum þau eru studd í skoðanakönnunum, ef við teljum þau ekki réttmæt?

Ég átti hlut að því eins og 32 hv. þm. á Alþingi Íslendinga, mig minnir þeir vera 32 sem studdu ályktunina í febrúarbyrjun 1983, að þál. var samþykkt um að hætta hvalveiðum hér í atvinnuskyni og mótmæla ekki samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins að því leyti. Ég tók þetta mál upp í ríkisstjórninni áður en þessi samþykkt var gerð og lýsti þar andstöðu minni við þau sjónarmið sem þar höfðu verið borin fram af þáv. sjútvrh. sem ætlaði sér að mótmæla samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins. Bókun sem þar var gerð hef ég kynnt fyrr í umræðum um þetta mál. Hún skiptir ekki máli hér lengur nema sem sagnfræði.

Ég sat Stokkhólmsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna fyrir 16 árum, 1972, um umhverfi mannsins þar sem hvalamál bar á góma og átti hlut að ályktun sendinefndar Íslands á þeim vettvangi um að stuðla að tíu ára stöðvun hvalveiða í atvinnuskyni og ég tel mig hafa reynt að leggja málstað umhverfisverndar lið hér í landinu og á Alþingi öðru hverju af mínum veika mætti. En það fær mig enginn til þess að hætta að líta á þessi mál út frá sjónarhóli Íslendinga eða þeim sjónarhóli sem ég stend á og þeim skyldum sem við eigum við íslenskt umhverfi og lífsgrundvöll þessarar þjóðar sem byggir sitt á nýtingu lífrænna auðlinda. Það væri lítill greiði við alþjóðlega umhverfisvernd ef þjóðir færu að fella það merki, ef þjóðir færu að skrifa upp á skoðanir sem verða til í fundarsölum og setustofum og fyrir framan sjónvarpsskerma úti í hinum stóra heimi.

Ég er í rauninni hreykinn af því framlagi sem Ísland hefur lagt til rannsókna á hvalastofnum í grennd við landið frá því að Alþingi gerði sína samþykkt og ég tel að við höfum gert allt of lítið af því á þeim árum sem síðan eru liðin að fylgja því máli eftir að upplýsa heiminn um það sem hér hefur verið gert í þessum efnum, kynna niðurstöður athugana sem hér hafa farið fram og rannsókna vegna þess mótbyrs sem við höfum haft á þessum árum. En auðvitað eigum við á brattann að sækja í því efni vegna fámennis og fátæktar á almennan mælikvarða heimsins, en þó tel ég að við hefðum mátt gera betur og hef öðru hvoru látið þau sjónarmið í ljós á vettvangi utanrmn. þingsins og ég tel að við þurfum að gera það á næstunni með öðrum og skilmerkilegri hætti en gert hefur verið. Við erum líka komin lengra í þessu máli eftir því sem miðað hefur í þessum rannsóknum og getum nú talað með skýrari hætti á grundvelli þeirra upplýsinga sem aflað hefur verið. Það ár sem er eftir af þeirri áætlun sem Hafrannsóknastofnun mótaði fyrir stjórnvöld mun færa okkur enn frekari vitneskju um hvalastofnana, ekki aðeins við Ísland heldur á öllu norðanverðu Atlantshafi. Og hverjum er það að þakka að þessi upplýsingaöflun fer fram og stöðugt fleiri þjóðir við norðanvert Atlantshaf hafa slegist í hóp með Íslendingum til þess að eiga hlut að þessum rannsóknum? Það hefur komið alveg nýverið sérstök hvatning frá Alþjóðahafrannsóknaráðinu og ég hygg að undir það hafi verið tekið af Alþjóðahvalveiðiráðinu, en vil ekki fullyrða það, að fleiri þjóðir gerist þátttakendur í því talningarverkefni sem er þungamiðjan í rannsóknum komandi árs. Það sýnir þá virðingu sem Íslendingar njóta vegna síns framlags til þessa að Hafrannsóknastofnun hefur verið falin forusta í þessu máli, í þessu talningarverkefni, samhæfing þess og yfirstjórn að ég hygg.

Ég ætla ekki að rekja einstaka þætti í þeim rannsóknum og þeim niðurstöðum sem nú liggja þegar fyrir, en ég held að það væri ómaksins vert fyrir hv. alþm. að kynna sér þau efni því að þau liggja áreiðanlega fyrir aðgengileg frá Hafrannsóknastofnun þó að niðurstöður rannsókna, fullnaðarniðurstöður, liggi enn ekki fyrir. Ég hvet hæstv. sjútvrh. og ríkisstjórn til að gera sérstakt átak nú til þess að kynna málstað Íslands að því er varðar rannsóknirnar og rannsóknarverkefnið og gera það með þeim myndugleik sem innihaldið leyfir. Hér hefur verið gert stórt átak í þágu umhverfisverndar, í þágu hvalarannsókna á norðanverðu Atlantshafi. Menn geta eftir sem áður sett spurningarmerki við töku nokkurra hvala í tengslum við þessar rannsóknir, en taka þessara dýra, veiði á þessum dýrum í rannsóknaskyni hefur samt verið gildur liður í þessari þekkingaröflun fyrir utan að það hefur sparað Alþingi rausnarskapinn að leggja fram fjármagn á þessu tímabili sem ella hefði þurft til að koma til að standa undir þessum rannsóknum.

Það var sagt hér úr ræðustól áðan að það þyrfti ekki annað en veifa hendi til að þetta fjármagn bærist hingað frá alþjóðlegum samtökum. Það má vera. Ég vil ekkert um það fullyrða. En ég minni þó á að ekki voru a.m.k. ríkisstjórnir landa í grennd við okkur, sem hafa átt hlut að því að hafa uppi efasemdir og jafnvel fordæmingu á rannsóknum Íslendinga, reiðubúnar að borga sent eða penní í þessar rannsóknir, ég hygg Bretland og Bandaríki Norður-Ameríku meðtalin.

Síðan eru það, hæstv. forseti, viðskiptahagsmunirnir. Það er mjög eðlilegt að menn hrökkvi við þegar andstæðingar okkar í þessum efnum eru að ná þeim árangri að þess er farið að gæta í sambandi við viðskipti okkar með sjávarafurðir og það er sannarlega ekki til þess fallið að menn taki ekki eftir því og taki ekki mark á því. Spurningin sem við eigum að leysa og eigum að leysa sameiginlega er: Hvernig bregðumst við við? Gerum við það með því að sundra röðunum, með því að vera í orðastríði á Alþingi Íslendinga um fortíðina eins og mönnum hentar nú að gera og vera að gera hér fyrirvara í stefnu þar sem menn hafa þagað í fimm ár og segja: Ég var bara að hugsa mig um? Eða eiga menn að gera það með því að koma með góð ráð? Hvernig bregðumst við við með skynsamlegum hætti?

Ég hef þegar nefnt það að íslenskum stjórnvöldum ber skylda til þess að skýra frá staðreyndum, í hverju rannsóknirnar hafa verið fólgnar, rannsóknaráætlun Íslendinga, hverjar eru helstu niðurstöðurnar til þessa og hvað er fram undan á því eina ári sem eftir er. Stjórnvöld eiga að reisa þetta mál með skýrum hætti eins og við höfum öll efni á. En við eigum jafnframt að leita annarra leiða í sambandi við sölu þeirra afurða þar sem einstök fyrirtæki eru að setja fótinn fyrir okkur og ætla að rifta samningum. Íslensk ráðuneyti, utanríkisviðskiptaráðuneyti okkar á að sjálfsögðu að gera átak til að koma þessum vörum út með öðrum hætti ef verið er að loka mörkuðum fyrir okkur og rifta samningum á röngum forsendum. Hæstv. sjútvrh. nefndi það áðan í sínu máli að hann teldi að hér væru ekki þeir hagsmunir í húfi að hans mati að menn ættu að hlaupa upp til handa og fóta af þeim sökum og ég leyfi mér að ætla að hæstv. ráðherra muni ásamt öðrum innan ríkisstjórnar leita leiða til þess að bregðast við og tryggja sölu á þessum vörum og reyna að gæta okkar hagsmuna þrátt fyrir þann mótbyr sem við þarna mætum.

Inn í þessa umræðu, virðulegi forseti, hefur blandast túlkun á ályktunum Alþjóðahvalveiðiráðsins og það er mjög eðlilegt að menn leggi við hlustir í þeim efnum. Ég vil biðja þá hv. þm. sem vitna til þeirra ályktana að kynna sér jafnframt lögfræðilega fyrirvara íslenskra stjórnvalda á sama vettvangi varðandi þær ályktanir. Hafa menn gert það? Eru menn vissir um að þar sé talað úr tómum poka? Gera menn ekkert með þær álitsgerðir eða telja menn af einhverjum öðrum ástæðum að við eigum bara að taka ofan og segja: Þetta eru réttmætar ábendingar. Við pökkum saman.

Menn skulu líka hafa í huga í þessu máli að spurningin stendur ekki um eitt ár sem eftir er til að ljúka þeirri rannsóknaáætlun sem við ræðum um hér í þessu samhengi. Spurningin stendur um það dagljóst hvort lokað verði leiðum til að nýta auðlindina hvalur um fyrirsjáanlega framtíð því að það er grunntónninn í stefnu þeirra samtaka sem hafa gert þetta að máli númer eitt. Ég skil út af fyrir sig ekki af hverju menn eru hér í tillögum að leggja til að vera með fimm ára bann og banna vísindaveiðar í þrjú ár því að mér er ekki kunnugt um að ætlunin hafi verið að halda þeim áfram nema til loka næsta árs eða loka næstu hvalvertíðar, ef henni verður áfram haldið að mati okkar. Hæstv. sjútvrh. hefur sagt það margoft, hann hefur sagt það í þessum ræðustól: Við munum meta málin, eins og við höfum gert frá ári til árs, að vori í tengslum við ársfund Alþjóðahvalveiðiráðsins m.a. út frá okkar eigin forsendum. Það eigum við að gera. En við eigum jafnframt að átta okkur á því að við erum ekki bara að tala um hvort við verðum góðu börnin á næsta ári heldur stendur spurningin um það: Erum við að afsala okkur réttinum til að nýta okkur þessa auðlind um fyrirsjáanlega framtíð?

Við skulum einnig átta okkur á því að það eru fleiri skepnur í sjónum en hvalir og mætti hafa um það mörg orð, en ég nefni það aðeins í því samhengi að við vitum ósköp lítið um hvenær út frá dýraverndunarsjónarmiðum — og ég segi dýraverndunarsjónarmiðum og þá á ég við sjónarmið eins og þau sem fylkt er um núna norðan Alaska til að bjarga tveimur dýrum — út frá slíkum, þröngum sjónarmiðum geta menn tekið ástfóstri við hvaða skepnu sem er og farið að heimta verndun, gera hana að flaggi út frá einhverjum forsendum sem snerta afskaplega lítið vitrænt samhengi. Við skulum ekki loka augunum fyrir þeim möguleika að framhald gæti orðið á slíkri historíu.

Virðulegi forseti. Ég skal ljúka máli mínu. Ég vil aðeins segja hér að lokum: Við þurfum að vanda okkur við meðferð þessa máls nú. Það er margt sem hvetur til þess. Það er m.a. sá kraftur sem er í okkar andstæðingum í þessu máli. Við höfum ekki efni á því að sundra okkar kröftum. Ég segi þetta ekki vegna þess að niðurstaðan sé ljós eða ég sé að gefa mér einhverja niðurstöðu heldur vegna þess að það eru lærdómar sem Íslendingar ættu að vera farnir að átta sig á í sinni sögu almennt. Þegar málin snúast um mikla hagsmuni og almennt um hagsmuni þurfum við að leita samstöðu. Annars erum við með tapað mál. Og við skulum reyna að hafa umræðuna á sem skilmerkilegustum forsendum, átta okkur á því hvort við erum að ræða um þetta út frá sjónarmiðum umhverfisverndar, eins og við skiljum þau hvert og eitt, eða hvort það eru viðskiptalegir og fjárhagslegir hagsmunir sem við erum fyrst og fremst að horfa á. Og auðvitað eigum við að skoða þessa þætti einnig í samhengi. Við þurfum hins vegar ekki að vera neitt feimnir við að halda á okkar málstað og skýra okkar málstað því að hann er góður í þessu máli.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu geysiviðamikið og mikilvægt mál fyrir Ísland og íslensku þjóðina. Ber því að ræða það æsingalaust með það í huga að menn geti komist að einni niðurstöðu, einni stefnu. Því verðum við að vera þess megnug að kyngja ofurlitlu af stolti hvort heldur menn eru með eða móti hvalveiðum, enda er það ekki málið í mínum huga þessa stundina hvort við veiðum nokkra hvali eða ekki. Málið hvað mig snertir er öllu fremur það hvort við eigum að láta neyða okkur til stefnubreytingar vegna baráttu einhverra öfgamanna úti í heimi. Auðvitað getur áróður þeirra orðið svo sterkur að svo geti farið að við verðum að viðurkenna okkur sigraða og væri það í raun miður. En við verðum hins vegar að líta á staðreyndir og ef staðreyndirnar eru þær að allumtalsverðir hagsmunir þjóðar og þegna eru í húfi verðum við að taka stefnu okkar til gaumgæfilegrar endurskoðunar æsingalaust og án allrar tilfinningasemi.

Það er nauðsynlegt til þess að geta myndað sér skoðun í þessu máli að hæstv. sjútvrh. upplýsi þingið sem gleggst um hvað hér er í húfi, svo sem eins og um eftirfarandi spurningar: Hversu miklum fjárhæðum höfum við þegar tapað vegna hvalveiða? Hversu miklir fjármunir eru í hættu nú í ljósi þeirra hótana sem liggja í loftinu? Hversu margir geta átt á hættu að missa atvinnu sína ef allt fer á versta veg, þ.e. ef við höldum áfram vísindaveiðum á hvölum og hótanir verða að veruleika? Hvaða áhrif getur þetta haft á byggðamál og byggðaröskun? Hversu mikilvægt er það fyrir vísindarannsóknirnar að haldið sé áfram veiðum í eitt ár í viðbót? Hverjar eru þær rangfærslur sem Greenpeace fyllir heila síðu með og ráðherra gat um í viðtali við Stöð tvö fyrir tveimur dögum, en gat hins vegar ekki munað eina einustu rangfærslu af heilli síðu?

Nú er vitað um tvö þýsk fyrirtæki sem hafa í hótunum, þ.e. Tengelmann og Aldi, og eitt í Bandaríkjunum, í Boston. Er um fleiri hótanir eða fyrirspurnir tengdar hvalveiðum okkar að ræða? Ef Þýskalandsmarkaður hrynur, hvaða markaði sér þá ráðherra fyrir sér í staðinn? Reyndar kom fram í máli hans hér fyrr í dag að öflun markaða í framtíðinni yrði ekkert vandamál og er sannarlega gleðiefni að svo skuli vera, en það þarfnast nánari skýringar. Svona er auðvitað hægt að spyrja áfram lengi vel, en þetta ætti að duga í bili.

En hæstv. forseti. Það er mjög merkilegt að hlusta á ráðherragengið okkar þessa dagana. Þeir virðast vera gersamlega úti á þekju og svo langt yfir aðra hafnir að þeir telja sig ekki lengur þurfa að svara eðlilegustu spurningum þings né fjölmiðla. Ég skal nefna nokkur dæmi.

Á Stöð tvö í gærkvöld gekk hæstv. utanrrh. úr viðtali við fréttamann vegna þess einfaldlega að hann var kominn út í horn sem kemur nú ekki oft fyrir þann ágæta mann. Hann er kominn í vandræði með viðskilnað sinn í fjmrn. og virðist vera að hann hafi gefið þáv. ríkisstjórn og þjóðinni rangar upplýsingar um stöðu ríkissjóðs.

Hæstv. sjútvrh. var spurður um yfirlýsingar grænfriðunga í þýskum fjölmiðlum. Hann brást hinn versti við og svaraði því að þar væru á ferðinni ósannindi sem fylltu heila síðu. Engu að síður var hann ekki betur inni í málinu en svo að hann gat ekki nefnt eitt einasta dæmi máli sínu til stuðnings.

Hæstv. fjmrh. telur sig eiga fyrst og síðast að gera flokksbrotum Alþb. grein fyrir stöðu þjóðmála, Alþingi getur beðið, eins og glöggt kom fram um daginn í utandagskrárumræðu um viðskilnað síðustu ríkisstjórnar. Svona er nýja ráðherragengið og hver getur átt von á góðu frá svona mönnum?

Og við skulum ekki gleyma sjálfum forsrh. sem einn daginn segir að vel komi til greina að stöðva hvalveiðar á næsta ári, en næsta dag, hvað segir hann þá? Sagði þetta aldrei.

Hæstv. forseti. Er það hugsanlega rétt, sem heyrst hefur, að Tengelmann-fyrirtækið hafi komið á viðskiptum við okkur fyrir rúmu ári með það eitt í huga að geta staðið fyrir þeirri uppákomu sem þeir nú standa fyrir, að þetta hafi allt verið úthugsað og skipulagt í raun af grænfriðungum? Mér finnst það ekki ósennileg tilgáta og reyndar verðugt rannsóknarefni. Tengelmann er þekkt fyrir baráttu sína fyrir alls kyns umhverfismálum og verndunarsjónarmiðum. Því miður virðist þessi lúalega baráttuaðferð grænfriðunga ætla að bera árangur því hérlendis er farið að gæta verulegrar taugaveiklunar vegna hvalveiða og virðast grænfriðungar því hafa náð allverulegum árangri.

Ég er ekki að hvetja til þess að við látum undan þrýstingi, en tel að við verðum að endurskoða stefnu okkar í ljósi atburðarásarinnar. Um rétt okkar til hvalveiða efast ég ekki, en þegar á heildina er litið verður þjóðarheill að ráða í lokin.

Um frv. og þáltill. hv. þm. Árna Gunnarssonar vil ég aðeins segja að mér þykir hvort tveggja vera of fljótt á ferðinni. Ég hefði kosið að sjútvrh. hefði strax skipað nefnd með fulltrúum allra þingflokka til að fjalla um málið. Sú nefnd hefði átt að fá mjög skamman tíma til að skila áliti. Upp úr því hefði svo mátt athuga með framhaldið, hvort sem þá hefði orðið um stefnubreytingu að ræða eða framlagningu málsins hér á þingi í formi frv. eða þáltill. Slíka málsmeðferð hefði ég talið líklegri til árangurs frekar en að valda óróa og óeiningu hér inni á þingi því að það er í raun enn einn sigurinn fyrir grænfriðunga.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Þau rök sem hv. flm. þess frv. sem hér er til umræðu beita eru einkum á þá leið að með hvalveiðum í vísindaskyni sé verið að fórna meiri hagsmunum fyrir minni, hvalveiðar séu ekki afgerandi efnahagsmál fyrir okkur Íslendinga, áróðursstríðið sé tapað og nú sé rétti tíminn til að lýsa því yfir að við hættum hvalveiðum um sinn.

Það kann rétt að vera að eins og nú er komið séu þær hvalveiðar sem nú eru stundaðar ekki afgerandi efnahagsmál fyrir okkur Íslendinga og víst er það að markaður fyrir frystan fisk í Bandaríkjunum og útflutningur á lagmeti eru meiri hagsmunir sem við verðum að líta til. Við munum standa það af okkur efnahagslega að hætta þeim hvalveiðum sem við stundum nú þótt ekki megi gleyma því í umræðunni að hér er þó um atvinnu nokkurs hóps manna að ræða og lifibrauð. Þrátt fyrir þetta er málið þó miklu stærra í mínum huga og langt frá því að vera svona einfalt.

Hvalveiðimálið allt snýst um grundvallaratriði, það snýst um sjálfsákvörðunarrétt smáþjóðar til þess að nýta auðlindir sínar og til þess að rannsaka þær með nýtingu þeirra í huga. Málið snýst um langtímahagsmuni þessarar þjóðar. Það krefst þess að hugsað sé lengra fram í tímann en til nokkurra mánaða og lengra en til fjögurra ára. Það er þessi staðreynd sem gerir málið flókið og viðkvæmt. Matsatriðin verða fleiri þegar hagsmunir þjóðarinnar eru vegnir, langtímahagsmunir, móti þeim hörðu staðreyndum sem við stöndum frammi fyrir í dag.

Staðreyndir málsins nú eru þær að við eigum á alþjóðavettvangi í höggi við áróður umhverfisverndarmanna sem hafa það að markmiði að hvalir séu ekki veiddir. Markmiðið er ekki að hætta hvalveiðum um sinn eða rannsaka þá með það í huga að þeir verði veiddir síðar. Áróðurinn byggir á því að hvalir séu ekki undir neinum kringumstæðum deyddir af manna völdum. Þessi áróður hefur orðið svo áberandi að hann hefur náð eyrum forustumanna ýmissa fyrirtækja sem hafa skipt við okkur Íslendinga. Þetta er sú staðreynd sem við stöndum frammi fyrir, að viðskiptasambönd eru í hættu af þessum sökum. Þrátt fyrir það tel ég mjög óheppilegt á þessu stigi að gefast nú upp í málinu og lýsa yfir því að við hættum hvalveiðum um tíma. Þetta mál snýst einfaldlega um hvort hvalveiðum verði haldið áfram við Ísland eða ekki.

Við höfum langt frá því í hendi sigur í þeim slag og getum ekki vitað á þessari stundu hvort þessi atvinnuvegur á framtíð fyrir sér eða ekki. Við eigum það síður en svo víst að geta tekið upp hvalveiðar að fjórum árum liðnum ef við hættum nú og drögum úr þeirri rannsóknaáætlun sem nú er í gangi. Á uppgjöf okkar nú mundi verða litið sem mjög afgerandi sigur í orustu, sigur þeirra sem vilja leggja hvalveiðar niður um alla framtíð. Það kann einhver að segja að við mundum þola slíkt, en tveimur mjög veigamiklum spurningum er ósvarað í því efni. Fyrri spurningin er sú: Hvað mun fylgja á eftir varðandi aðra dýrastofna? Og sú seinni er: Hvaða áhrif mun slíkt hafa á lífríkið í hafinu?

Fyrri spurningunni er erfitt að svara og svarið við þeirri seinni liggur ekki heldur í augum uppi. En það versta er þó við allt þetta mál að vísindamenn okkar skuli ekki fá tóm eða samstöðu til að leita fullnægjandi svars við síðari spurningunni.

Þáttur vísindamanna innan vébanda Háskóla Íslands og viðhorf þeirra til rannsókna Hafrannsóknastofnunar eru einhver einkennilegasti þátturinn í þessu máli öllu.

Allar ákvarðanir sem teknar eru í fljótræði á þessari stundu í þessu erfiða máli eru mjög óheppilegar. Það hefur ekki heyrst enn að umhverfisverndarmenn hafi haft þann árangur af áróðursherferð sinni að fá almenning í okkar viðskiptalöndum til að hætta að kaupa íslenskar vörur eða afurðir. Hins vegar hafa þeir náð þeim árangri að forsvarsmenn einstakra fyrirtækja hafa lagt eyrun við og hætta er á því að þau hætti að skipta við okkur og geri alvöru úr þeim hótunum. Ástæðurnar geta verið margþættar og skulu hér nefndar örfáar.

1. Að forustumenn þessara fyrirtækja séu umhverfisverndarmenn eins og mun vera í einu tilfelli og hlusti af þeim sökum grannt.

2. Að menn vilji forðast óþægindi eða umtal og áróður grænfriðunga eða vilji af einhverjum ástæðum nota þetta mál til að losa sig við íslenska sölumenn. Ég er þeirrar skoðunar að við verðum að auka kynningu og beita okkur að þessum hópi manna sérstaklega og koma okkar málstað áleiðis til þeirra og réttum upplýsingum um hvað við höfum gert í þessu máli. Við verðum að meta hvaða möguleika við höfum til að koma málstað okkar á framfæri. Sá málstaður byggist á sjónarmiði yfirgnæfandi meiri hluta Íslendinga, að hvalurinn sé náttúruauðlind sem á að rannsaka og nýta skynsamlega. Við höfum verið í fararbroddi í skynsamlegri nýtingu auðlinda hafsins og við viljum vinna áfram á þeim vettvangi. Versti kosturinn er að láta undan hótunum í þessu máli. Við höfum fylgt sveigjanlegri stefnu í hvalveiðimálinu og auðvitað þarf sú stefna alltaf að vera í endurskoðun. Mest er þó um vert að við höldum samstöðu okkar út á við og upphefjum ekki innbyrðis deilur á viðkvæmum augnablikum í þessari baráttu.

Ég geri ekki lítið úr erfiðleikum þeirra útflutnings-

fyrirtækja okkar sem hafa orðið fyrir hótunum út af þessu máli, síður en svo. Hins vegar er þetta ekki í fyrsta skipti í sögu okkar sem við sætum þvingunum í viðskiptum. Við höfum hingað til sigrast á þeim þvingunum og það er von mín að svo verði einnig nú. Það er nauðsynlegt að aðstoða þau útflutningsfyrirtæki sem nú eiga í erfiðleikum við að kynna okkar málstað og veita þeim alla hugsanlega aðstoð í *markaðsleit erlendis*.

Eins og fram hefur komið hér í ræðum hv. þm., og vil ég þá einkum nefna ræðu hv. 2. þm. Austurl., hef ég ekki orðið var við annað en hér hafi hingað til á Alþingi og í utanrmn. þingsins ríkt bærileg samstaða um stefnuna í hvalveiðimálum. Það ber að harma ef sú samstaða brestur.

Ég vil segja þetta að lokum: Ég undirstrika að við Íslendingar höfum ekki stundað nú í seinni tíð rányrkju á auðlindum hafsins. Ég mun ekki undir neinum kringumstæðum styðja slíkt eða styðja veiðar á dýrategundum í útrýmingarhættu. Hitt er rétt, að við verðum að taka á í mörgum þáttum umhverfismála sem varða mengun umhverfis, lofts, láðs og lagar. Hlutur okkar liggur þar eftir á mörgum sviðum. En það ber að vara við því sérstaklega að blanda því saman við þetta mál í umræðu á hv. Alþingi. Framlag okkar til umhverfismála í heiminum ætti að vera að gera stórátak á þessum sviðum. Það væri miklu meira framlag en þó að við hættum í þeirri rannsóknaráætlun sem nú stendur yfir og gefumst upp fyrir hótunum.

Jón Sæmundur Sigurjónsson:

Herra forseti. Forsendur fram komins frv. um hvalveiðibann virðast vera í stuttu máli þær að minni hagsmunir skuli lagðir til hliðar fyrir meiri. Það sem vafalaust hefur hrint flm. af stað til flutnings þessa frv. er hins vegar sú ákvörðun verslunarauðhringsins Tengelmann í Þýskalandi að hætta að kaupa umtalsvert magn af niðursuðuvörum frá okkur Íslendingum. Auðhringurinn Tengelmann í Þýskalandi hefur getið sér mjög gott orð fyrir umhverfisvernd og staðið þar mjög framarlega í flokki og hefur tekið þar á málum þannig að menn hafa tekið eftir. Þannig hefur auðhringurinn ákveðið að selja ekki skjaldbökusúpur vegna þess að skjaldbökur voru í útrýmingarhættu. Hann hefur ákveðið að selja ekki froskalappir af því að froskar voru í útrýmingarhættu. Og þessi verslunarkeðja hefur m.a. ákveðið að selja ekki alls konar „spray"-dósir vegna þess að útstreymi af gasi úr þeim gæti hugsanlega haft varanleg skemmdaráhrif á ósonlagið. Þetta eru allt saman aðgerðir sem eru mjög af hinu góða og allir *umhverfisverndarsinnar og þeir sem hugsa alvarlega* um þau mál geta ekki annað en fagnað þessum aðgerðum. Þetta hafa verið beinskeyttar aðgerðir og þær hafa borið árangur. Þær hafa verið til fyrirmyndar og margir aðrir ættu að taka þær upp eftir þeim, sérstaklega þó hvað varðar þessar „spray"-dósir. Það ættum við Íslendingar kannski líka að horfa á.

Hvernig snýr þá hvalamálið við þessum auðhring? Jú, þeir hafa ákveðið að kaupa ekki niðursuðuvörur frá Íslandi. Það er ekki ráðist á hvalaafurðir eða neitt slíkt eins og í hinum tilfellunum. Þeir ákveða sem sagt ekki að eftirleiðis muni þeir ekki selja hvalkjöt eða einhverjar hvalaafurðir vegna þess að þær hafa yfirleitt ekkert verið til sölu hjá þessum auðhring. Í fyrri tilfellunum var ekki hætt við að kaupa vörur frá Frakklandi vegna froskalappa og skjaldbökusúpa, það var ekki hætt við að kaupa vörur frá öllum öðrum löndum í Evrópu sem hugsanlega framleiddu einhverjar „spray"-dósir vegna þessa. Nei, það var ákveðið að selja ekki vörurnar sjálfar sem voru viðkomandi hverjum málaflokki fyrir sig. En í okkar tilviki er ráðist á Íslendinga og allt sem íslenskt er. Ekki hvalaafurðir. Þær voru ekki til. Og þetta hefur verið stefnan yfirleitt, að ráðast á saklausa þriðju aðila. Það er ráðist að niðursuðuvörum, það er ráðist að ullarsölumönnum okkar, það er ráðist að fisksölumönnum okkar og það er ráðist að Flugleiðum. Allt saman saklausir þriðju aðilar, ef svo má að orði komast, sem ekkert hafa með hvalveiðar að gera. Þetta er pólí í hæðinni sem alls ekki er hægt að viðurkenna á nokkurn hátt, en það má finna fjölda dæma þar sem viðlíka stefna hefur verið viðhöfð og oftast nær hafa menn haft fyrirlitningu á slíkum aðgerðum. Oftast nær hafa menn yfirleitt ekki tekið undir það að sú stefna hafi verið á réttum forsendum.

Eitt af því sem Þjóðverjum sjálfum finnst eitt hið *mesta ranglæti sem viðgengist hefur gagnvart þeim* sjálfum er ásökunin um hina svokölluðu „kollektivschuld", þ.e. að allir Þjóðverjar séu samsekir fyrir það að flokkur nasista á sínum tíma, sem ekki fékk meira en 40% í frjálsum kosningum og framdi valdarán í þeirra landi, skuli hafa stofnað til annarrar heimsstyrjaldarinnar, skuli hafa valdið því að fjöldi gyðinga var sendur í gasklefa og annað slíkt, að þessi ásökun skuli gilda um alla Þjóðverja yfirleitt á hvaða aldri sem þeir eru og í hvaða flokki sem þeir annars hafa staðið. Hvort sem þeir hafa nokkurn tímann stutt nasista á nokkurn hátt eða ekki er það hróplegt ranglæti, segja Þjóðverjar, ásökunin um „kollektivschuld", að allir Þjóðverjar skuli undir sömu sökina seldir. Þetta geta allir réttsýnir menn tekið undir. Auðvitað er þetta rangt. Af hverju er þarna ráðist á þriðju aðila sem gjörsamlega eru saklausir af viðkomandi verknaði? Þegar „terroristar" taka flugvélar og ráðast að fólki með morðum og limlestingum, alsaklausum farþegum, bera menn venjulega fyrirlitningu fyrir slíkum aðgerðum vegna þess að jafnvel þótt málstaðurinn sé góður eða ekki góður *bitna afleiðingar hans alla vega á þeim sem ekkert* hafa með viðkomandi mál að gera. Það má segja að með aðgerðum sínum samþykki auðhringurinn Tengelmann ásökunina um „kollektivschuld", að hún hafi verið rétt. Þeir ákveða að kaupa ekki niðursuðuvörur frá Íslandi vegna þess að einhverjir á Íslandi veiða þar hval. Ef við viljum ganga langt getum við sagt að með aðgerðum sínum samþykki

auðhringurinn Tengelmann jafnvel og réttlæti árás terrorista á ólympíuþorpið í München á sínum tíma. Að vísu voru það sakleysingjar sem fyrir árásinni urðu, en málstaðinn hefði einhvern veginn verið hægt að réttlæta þannig að árásin hefði átt rétt á sér. Við verðum að gera okkur grein fyrir því þegar við sjáum svona afskræmd dæmi að Tengelmann er kominn á ákaflega lágt plan.

Tengelmann-samsteypan mun t.d. ekkert aðhafast þegar fiskurinn tekur að minnka í sjónum vegna þess að hvalurinn étur fiskinn sjálfan eða hann étur fæðuna sem fiskurinn étur. Tengelmann mun ekkert aðhafast þegar kostnaðurinn við ormatínslu er orðinn slíkur í okkar frystihúsum að við getum varla ráðið við það. Og þegar neytandinn í Þýskalandi segist ekki vilja borða fisk af því að hann sé fullur af ormi og neytandinn skynjar ekki samhengið mun Tengelmann heldur ekkert aðhafast. Hann mun sennilega neita að selja fisk af því að neytandinn vilji hann ekki, fiskurinn sé fullur af ormi.

Okkur er neitað um rannsóknir á okkar eigin lífríki í sjónum í kringum landið. Okkur er neitað um möguleikana á rannsóknum á hugsanlegum skaðvaldi á þeim fiskistofnum sem eru undirstaða alls lífs á Íslandi. Okkur er neitað vegna þess að menn niðri í Evrópu hafa ekki hugmynd um ástand lífríkis kringum Ísland og hafa út af fyrir sig ekki neinar sérstakar áhyggjur af því lífríki.

Þegar og ef við hættum hvalveiðum og nauðsynlegum rannsóknum á hvölum erum við ekki að beygja okkur fyrir skynsamlegum rökum heldur fyrir grófri valdbeitingu. Ég vil ekki beygja mig ofan í það duft með því að kalla á lagaboð okkar sjálfra þess efnis. Ég tel þess vegna að það frv. til laga sem hér hefur verið lagt fram sé tímaskekkja og mun ekki gefa því atkvæði mitt.

Umræðu frestað.

SAMEINAÐ ÞING

5. fundur, fimmtudaginn 27. okt., kl. 10 árdegis.

Plútonflutningar, ein umr.

Fsp. HG, 11. mál. — Þskj. 11.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Á þskj. 11 hef ég leyft mér að bera fram svofellda fsp. til hæstv. utanrrh. um plútonflutninga:

„Hvað hafa íslensk stjórnvöld aðhafst vegna ráðgerðra loftflutninga með geislavirkt plúton frá Evrópu til Japans yfir Norður-Atlantshaf?“

Þetta er fsp. Í sambandi við hana minni ég á umræður sem fram fóru í Sþ. utan dagskrár að mínu frumkvæði 2. maí sl. um upplýsingar sem þá höfðu komið fram um ráðgerða flutninga á geislavirku plútoni frá Evrópu til Japans samkvæmt samningi sem undirbúinn hafði verið á Bandaríkjaþingi og staðfestur var af Bandaríkjaforseta sl. vor. Í þessari umræðu hér í Sþ. kom fram frá talsmönnum allra þingflokka að þeir höfðu miklar áhyggjur af þessu máli og hæstv. forsrh. lýsti því yfir að ríkisstjórnin mundi taka á þessu máli við hlutaðeigandi stjórnvöld og m.a. mundi hann í væntanlegri opinberri heimsókn sinni til Bandaríkjanna á fund Reagans Bandaríkjaforseta flytja mál Íslendinga varðandi þetta tilefni.

Hér er um að ræða stórfellt hagsmunamál Íslendinga og það sætir vissulega furðu að mál þetta skuli hafa verið til meðferðar á þingi í Bandaríkjunum og víðar án þess að íslensk stjórnvöld fengju um það vitneskju og gætu tekið á málinu meðan það var þar á umræðustigi. Það þarf ekki hér að rifja upp eða fjölyrða um það hvaða vá það væri fyrir Íslendinga, efnahagslega hagsmuni okkar og umhverfi ef slys yrði vegna ráðgerðra flutninga með geislavirkt plúton yfir norðurskautið frá Evrópu til Japans. Ég hef því leyft mér, virðulegur forseti, að spyrja hæstv. utanrrh. um það hvað stjórnvöld hafa síðan sl. vor aðhafst vegna þessara ráðgerðu loftflutninga. Mér er vissulega kunnugt um það sem fulltrúa í utanrmn. að utanrrn. hefur gert margt til að afla upplýsinga um þetta efni og það tel ég þakkarvert, en við þurfum hér á Alþingi að fá vitneskju um hvað stjórnvöld hafa í raun gert og hver er staða þessa máls.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Sem svar við þessari fsp. hv. 2. þm. Austurl. vil ég taka fram eftirfarandi:

Utanrrn. var fyrst kunnugt um ráðagerðir um loftflutninga með geislavirkt plúton frá Evrópu til Japans yfir Norður-Atlantshaf í febrúar sl. Það gerðist með þeim hætti að breski þingmaðurinn Paddy Astauen beindi þeirri fyrirspurn til sendiráðsins í London hvort íslensk stjórnvöld mundu heimila slíka flutninga. Þeirri fyrirspurn var svarað neitandi af utanrrh. Blaðaskrif urðu um málið nokkrum dögum síðar í Bretlandi og einnig í Bandaríkjunum seinni hluta aprílmánaðar. Af því tilefni voru fyrirmæli gefin út þann 23. apríl sl. um bann við lendingu flugvéla á Keflavíkurflugvelli með plúton innanborðs. Sendiráðunum í London, París og Washington var þegar falið að afla upplýsinga um fyrirhugaða flutninga og var þeim upplýsingum jafnóðum komið á framfæri við utanrmn. sem hafði tekið málið til umræðu. Í framhaldi af þeim áhyggjum er lýst var í ríkisstjórn og utanrmn. vegna þessa máls fól utanrrn. sendiráðum í London, París og Washington og sendiherra í Tókíó að lýsa alvarlegum áhyggjum okkar vegna fyrirhugaðra flutninga. Bent var á hættuna á því fyrir lífríki á norðlægum svæðum ef slys yrði og geislavirk efni á hafsvæði við Ísland gæti gersamlega svipt Íslendinga lífsafkomu. Sjónarmið okkar hafa þannig verið kynnt ráðherrum og

embættismönnum. Fastanefnd Íslands hjá Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni var einnig falið að lýsa áhyggjum okkar við stjórn stofnunarinnar.

Fulltrúum Flugmálastjórnar Íslands á fundi samtaka flugmálastjóra Vestur-Evrópu var einnig falið að ræða málið við aðra þingfulltrúa, lýsa þar áhyggjum íslenskra stjórnvalda og kanna í leiðinni afstöðu annarra þjóða. Samkvæmt nýjustu upplýsingum sendiráðsins í París hafa engar ákvarðanir enn verið teknar um þessa flutninga. Athugun mun þó vera í gangi um flutninga með skipum. Þorsteinn Pálsson fyrrv. forsrh. lýsti áhyggjum sínum og Íslendinga vegna þessara flutninga við varautanríkisráðherra Bandaríkjanna, John C. Whitehead, meðan á heimsókn hans stóð til Washington í ágúst sl. Whitehead varautanríkisráðherra kvað engar áætlanir liggja fyrir um flutninga á plútoni til Japans og ef til slíkra flutninga kæmi lægi ekkert fyrir um það með hvaða hætti þeir yrðu. Hann tók einnig skýrt fram að yrði einhvern tíma samið um slíka flutninga yrði ekki flogið yfir Ísland. Stjórnvöld munu sem fyrr fylgjast náið með framvindu þessa máls og reyna að hafa þau áhrif að ekki komi til þessara flutninga.

Virðulegi forseti. Þess skal að lokum getið að í sérstakri orðsendingu frá sendiherra Íslands í Osló sem varðar þetta mál segir orðrétt í erindi dags. hinn 19. þessa mánaðar:

„Japanska sendiráðið hefur beðið um að hjálagðri orðsendingu utanríkisráðuneytisins í Tókíó dags. 6. okt. 1988 verði komið á framfæri við íslensk stjórnvöld með þeim skýringum að hugsanlegir flutningar á plútóníum frá Evrópu til Japans muni ekki hefjast fyrr en eftir nokkur ár og muni allar öryggisráðstafanir verða gerðar til þess að koma í veg fyrir óhöpp."

Samkvæmt þessu virðist það ljóst að málið er ekki á dagskrá fyrr en þá eftir nokkur ár eins og þar segir.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Svar hæstv. ráðherra við fsp. minni er langt frá því að vera fullnægjandi. Mér kemur satt að segja mjög á óvart að heyra það viðhorf, sem fram kemur hjá hæstv. ráðherra, að það sé ekkert að óttast í sambandi við þetta mál fyrir okkur Íslendinga vegna þess að til þeirra flutninga á plútoni sem hér um ræðir komi ekki fyrr en að nokkrum árum liðnum ef yfirleitt. Ég veit að hæstv. ráðherra telur sig hafa að baki upplýsingar frá sendiráðum Íslands, en hvað segja þær upplýsingar okkur? Þær staðfesta það að flutningur á geislavirku plútoni er ráðgerður milli Evrópu og Japans, nákvæmlega eins og fram kom hér í umræðum utan dagskrár sl. vor. Þó að varautanríkisráðherra Bandaríkjanna hafi fullyrt, að sögn hæstv. ráðherra, að engar áætlanir liggi fyrir um slíkt held ég að reyndin sé allt önnur. Það er auðvitað spurning hvað menn skilja undir orðinu „áætlun", hvort skipulegar ráðagerðir um slíka flutninga eru ekki áætlun þó ekki hafi verið staðfest samningsbundið. Það kemur fram í mörgum gögnum, sem ég hef undir höndum, varðandi þetta mál að ráðagerðir um þessa flutninga liggja fyrir og það er í gangi undirbúningur að þessum flutningum þó að stefna hafi ekki verið endanlega mótuð. Það er búið að gera samning, gerðan af Bandaríkjaþingi og staðfestan af Bandaríkjaforseta milli Japans og Bandaríkjanna sem gerir ráð fyrir því að plúton verði endurunnið í miklu magni, plúton sem upprunnið er í Bandaríkjunum og endurvinna á í Evrópu, og verði flutt til Japans loftleiðis að því er flestar ráðagerðir lúta að.

Það er rétt sem hæstv. ráðherra segir. Menn hafa talað um aðra möguleika. En hverjir eru þeir möguleikar? Ég hef hér t.d. bréf frá sendiráði Íslands í París frá 29. sept. 1988 sem vísar til upplýsinga frá 29. apríl 1988 þar sem sendiherra Íslands í París greinir frá skoðunarferð sem hann fór í til La Hague á vesturodda Normandí. Þar er stærsta kjarniðjuver í Frakklandi og jafnframt hið stærsta á Vesturlöndum að því er segir í þessari greinargerð. Það kemur þar fram að engar ákvarðanir hafi að vísu verið teknar í þessu máli og það er reynt að hugga sendiherrann með því að þetta sé ekkert fastfrágengið, en í þessu yfirliti, svo og í orðsendingunni frá Tókíó sem hæstv. ráðherra vitnaði til og í mörgum greinargerðum sem ég hef undir höndum, m.a. tengdar hinum breska þm. sem hæstv. ráðherra vitnaði til og áhugahópum í Bretlandi sem eru að fylgjast með þessu máli, og niðurstaða mín er sú að íslensk stjórnvöld eigi að taka á þessu máli fast og ákveðið, fylgja eftir þeim áhyggjum sem lýst hefur verið, virðulegur forseti, og mótmæla þessu og taka málið upp á alþjóðavettvangi hvar sem því verður við komið því hér eru stórhættuleg áform uppi sem snerta undirstöðuhagsmuni Íslendinga.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Örfáar athugasemdir í tilefni af orðum hv. 2. þm. Austurl.

Í svari mínu var því að sjálfsögðu hvergi haldið fram að ekki hefði verið lýst hugmyndum eða verið uppi áform um þá flutninga sem spurst er fyrir um. Hins vegar kom þar rækilega fram að það hefur þegar verið aflað um það upplýsinga sem telja verður óyggjandi að það eru engar áætlanir til um slíka flutninga eða ákvarðanir um að þær fari fram á næstu árum. Það er rétt, sem fram kom í máli hv. þm., að sendiherra Íslands í París hafði kynnt sér málið sérstaklega. Þar er staðfest að slík áform voru uppi um flutninga loftleiðina þótt engar ákvarðanir hefðu verið um það teknar, einnig athuganir um flutninga á skipum. Enn fremur lýst hugmyndum um flutninga í tvennu lagi, þ.e. möguleika á að flytja eldsneyti í tvennu lagi, annars vegar úraníum og plútóníumoxíð hvort fyrir sig, sjálft eldsneytið ekki blandað fyrr en á áfangastað í Japan. Loks var þar bent á að við endurvinnslu á notuðu kjarnorkueraeldsneyti væru agnir af hágeislavirku plútóníum einangraðar og skildar frá og allt hálfgeislavirka efnið væri síðan sett í geymslur í Frakklandi en ekki endursent til Japans með hinu nýja eldsneyti. Þetta

eru m.a. þær upplýsingar sem fram hafa komið.

Íslendingar hafa komið sjónarmiðum sínum á framfæri. Ég vitnaði sérstaklega til þess að fyrirmæli hafa verið gefin allt frá 23. apríl um bann við lendingu flugvéla á Keflavíkurflugvelli. Málið hefur verið tekið alvarlega, upplýsinga hefur verið aflað, áhyggjum lýst, mótmælum komið á framfæri. Og svarið við spurningum hv. þm. er þetta, að slík áform eru ekki uppi á næstu árum.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Hvað er á næstu árum? Hvaða tímabil er það? Hugmyndirnar eru um það að hefja þessa flutninga jafnvel á árinu 1990, í síðasta lagi um 1992. Er það ekki á næstu árum? Í Viðauka V með þeim samningi sem Bandaríkjaþing og Bandaríkjaforseti hafa samþykkt varðandi þetta mál eru leiðbeinandi ákvæði varðandi þessa fyrirhuguðu loftflutninga og þar kemur m.a. fram að vopnuð flugsveit muni fylgja flutningavélinni eftir sem á að flytja þetta efni ef loftleiðin verður valin. Ég vísa til þessa, svo og margra annarra upplýsinga sem fyrir liggja og íslenska utanrrn. hefur undir höndum. Ég heiti á hæstv. ráðherra að fylgja þessu máli eftir, einnig á alþjóðavettvangi hvar sem því verður við komið til þess að verja okkar hagsmuni.

PCB-mengun, ein umr.

Fsp. HG, 14. mál — Þskj. 14.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Á þskj. 14 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. heilbrmrh. varðandi PCB-mengun sem svo er kölluð. Fsp. er svohljóðandi:

„1. Hve víða er talið að mengun hafi orðið af völdum PCB-efna hérlendis?

2. Hvaða athuganir og rannsóknir hafa farið fram á útbreiðslu þessarar mengunar og til hvaða starfsemi er hún rakin?

3. Hvaða reglur hafa gilt um eftirlit með PCB-efnum, meðferð þeirra og förgun og hvernig hefur þeim verið framfylgt?

4. Hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar til að koma í veg fyrir frekari mengun af völdum PCB-efna?"

Þetta er fsp. Tilefni hennar mun vera öllum hv. alþm. ljóst svo og almenningi því að mikið hefur verið fjallað um þetta mál eftir að það upplýstist fyrr á þessu ári að slík mengun væri til staðar á nokkrum stöðum á landinu. Fyrst varð vart við þetta í minni heimabyggð, Neskaupstað, þar sem það kom í ljós að starfsmenn, iðnaðarmenn, höfðu handfjatlað þetta efni og leitað til læknis í framhaldi af því og þá upplýstist það jafnframt að þar væru urðaðir þéttar tengdir rafbúnaði sem hefðu að geyma þetta efni.

Í framhaldi af því hefur komið á daginn að mengun af þessu tagi er víðar á landinu, Fáskrúðsfjörður eystra þar tilnefndur, og mælingar hafa þegar farið fram á þessum tveimur stöðum sem sýna verulega mengun af þessu hættulega efni. Hitt er jafnframt ljóst að líkur eru til þess að þessi mengun sé mun víðar á landinu, en um það fáum við væntanlega upplýsingar frá hæstv. heilbrmrh. hér á eftir.

Það efni sem hér um ræðir, „pólíklórínerað bífenýl" PCB, er eitt af hættulegustu mengunarvöldum í náttúrunni og hefur verið mikið umrætt í sambandi við þessi mál elendis þar sem reglur hafa verið settar eftir að menn hafa rekið sig harkalega á vegna þessarar mengunar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegur forseti. Hv. 2. þm. Austurl. hefur lagt fyrir mig fsp. í fjórum liðum um svokallað PCB-mengun, sem hann hefur nú gert grein fyrir, og er í fyrsta lagi spurt um hve víða sé talið að mengun hafi orðið af völdum PCB-efna hérlendis. Því miður er ekki ljóst hversu víða þetta kunni að vera, en á vegum Hollustuverndar ríkisins hefur farið fram athugun á PCB-menguninni. Niðurstöður athugunarinnar eru þær að einungis sé staðfest mengun vegna óvarlegrar eða óviðunandi förgunar rafþétta sem innihalda PCB í Neskaupstað og á Fáskrúðsfirði.

Í öðru lagi er spurt hvaða athuganir og rannsóknir hafi farið fram á útbreiðslu þessarar mengunar og til hvaða starfsemi hún sé rakin. Á vegum Hollustuverndar ríkisins hefur á yfirstandandi ári staðið yfir skráning og upplýsingaöflun um notkun á PCB hér á landi. Þetta starf hefur verið unnið í samvinnu við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna, Vinnueftirlit ríkisins og Rafmagnseftirlit ríkisins. Hvað snertir PCB-mengunina á Austfjörðum voru tekin lífríkissýni í framhaldi af staðarkönnun í maí í samvinnu við Siglingamálastofnun ríkisins og Hafrannsóknastofnun. Greining sýna fór fram hjá sjávarlíffræðistofnun háskólans í Kiel í Vestur-Þýskalandi en sýnatakan sjálf fór fram í Norðfirði, Reyðarfirði og Fáskrúðsfirði. Samkvæmt niðurstöðum þykir fullljóst að rekja megi PCB-mengunina í Neskaupstað til rafþétta úr síldarbræðslunni, en um 20 þéttar voru urðaðir á sorphaugum neðan við kirkjugarðinn í Neskaupstað. A.m.k. þrír rafþéttar úr Hraðfrystihúsi Fáskrúðsfjarðar voru urðaðir á sorphaugum við botn Fáskrúðsfjarðar.

Í þriðja lagi er spurt hvaða reglur hafi gilt um eftirlit með PCB-efnum, meðferð þeirra og förgun og hvernig þeim hafi verið framfylgt. Engar sérstakar reglur gilda hér á landi um eftirlit, meðferð og förgun á PCB-efnum umfram þær reglur sem er að finna í lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og í heilbrigðisreglugerð. Samkvæmt hollustuháttalögum er það í verkahring heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna að annast slíkt eftirlit í héraði. Hins vegar ber þess að gæta að hér er einnig um mjög sérhæft eftirlit að ræða sem eðlilegt væri að Hollustuvernd

ríkisins annaðist, alla vega að hluta til. En því miður hefur ekki verið tóm til að ræða um aukið eftirlit á vegum Hollustuverndarinnar því staðreyndin er sú að til þessa hefur ekki einu sinni tekist að fá fjármuni til rekstrareftirlits sem þegar er rekið og stofnunin þarf nauðsynlega á að halda. Í stuttu máli hefur fjárveitingavaldið ekki sýnt starfsemi þessarar stofnunar þann skilning sem til hefur þurft. Vænti ég þess að við fjárlagagerð fyrir næsta ár verði á þessu nokkur breyting til batnaðar, enda sannarlega þörf á því.

Og í fjórða lagi er spurt hvaða aðgerðir séu fyrirhugaðar til að koma í veg fyrir frekari mengun af völdum PCB-efna. Heilbr.- og trmrn. hefur falið Hollustuvernd ríkisins í samráði við Vinnueftirlit ríkisins og eiturefnanefnd að gera drög að reglum um notkun PCB-efna m.a. með hliðsjón af hugsanlegu banni við slíkri notkun eins og t.d. á sér stað gagnvart efnum eins og asbesti. Er sú vinna nú í gangi en vandasöm og nauðsynlegt að hafa samráð við ýmsa aðila. Því tekur þetta sinn tíma. Til greina kemur þó og hefur verið rætt um að setja bráðabirgðaákvæði í reglugerð um málið meðan unnið er að ítarlegri útfærslu. Hvað snertir ástand mála eins og það er í dag hefur Hollustuvernd ríkisins í framhaldi af skráningu á notkun PCB-efna hafið innsöfnun á þessum efnum. Í samvinnu við sænskt fyrirtæki er efnið nú flutt til Bretlands þar sem því er eytt á viðeigandi hátt með háhitaaðferð. Ráðuneytið hefur enn fremur lagt fyrir Hollustuvernd ríkisins að stofnunin reyni að vinna sem nákvæmastar upplýsingar um það hvar PCB-mengun sé að finna við strendur landsins, t.d. á sorphaugum, og í hve miklu magni. Ráðuneytið hefur m.a. óskað eftir upplýsingum um kostnað við að leita að slíkri mengun og hversu langan tíma slík leit tæki. Það er vilji ráðuneytisins að vandamálið verði kortlagt á fyrri hluta næsta árs.

Hvað snertir PCB-mengunina í Neskaupstað hefur ráðuneytið falið Hollustuvernd ríkisins að fylgjast með menguninni og hefur farið fram á að stofnunin geri tillögur um hvernig slíku eftirliti verði best háttað, t.d. hvað snertir upplýsingar um tíðni mælinga og kostnað þeim samfara. Hefur ráðuneytið óskað eftir upplýsingum hér að lútandi fyrir nk. mánaðamót. Komi í ljós vaxandi mengun í Neskaupstað mun ráðuneytið að sjálfsögðu beita sér fyrir viðeigandi ráðstöfunum, en sem stendur telur ráðuneytið ekki ástæðu til annarra aðgerða en að fylgjast með málinu og vera á varðbergi þurfi að grípa til enn róttækari ráðstafana.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Það kemur fram í svari hæstv. ráðherra að reglur varðandi þetta efni eru vægast sagt mjög ófullkomnar hérlendis og það fellur ekki undir sérstakar varúðarráðstafanir ef ég hef skilið hæstv. ráðherra rétt. Hér séu engar sérstakar reglur varðandi PCB. Það eitt út af fyrir sig eru náttúrlega mikil tíðindi. Hér er um að ræða eitt umtalaðasta eiturefni sem mengunarvald sem hefur orðið tilefni umræðna víða um lönd. Ég er hérna með eitt rit frá Rororo-útgáfufyrirtækinu sem lýsir því hvernig lyfjafyrirtækið Sandoz umgekkst þessi mál og um hneyksli sem því tengdist og svo er lengi hægt að rekja.

Ég skrifaði svolítið um umhverfismál og hættur af mengun fyrir allnokkru í bók sem kom út 1974 og þar gat ég sérstaklega um PCB sem væri náskylt DDT, skordýraeitrinu, en jafnvel enn viðsjárverðara, eins og ég orðaði það í þessu riti, og vísaði til að það væri notað við plastgerð og í raf- og kæliiðnaði. Þetta mál var mjög umrætt í kringum 1970. Við erum stödd á árinu 1988 og á Íslandi gilda engar sérstakar reglur um þetta efni. Það er náttúrlega mikið umhugsunarefni hvernig það getur farið fram hjá þeim sem eru að vinna að þessum málum að þetta efni sé flutt til landsins og af því stafi hætta. Ég vil hvetja hæstv. ráðherra til þess að taka fastar á þessu máli en ég skildi af hans orðum í sambandi við setningu reglna þar að lútandi. Hitt er jafnframt mikið umhugsunarefni ef menn telja sig ekki hafa efni á því að fylgja þessum málum eftir með nauðsynlegum rannsóknum og eftirliti. En það er að koma hér fram í hverju málinu á fætur öðru að það skortir fjármagn til lágmarkseftirlits með mengunarvöldum, í þessu máli og varðandi mengun af völdum fiskeldis samkvæmt svari sem hæstv. heilbrmrh. hefur lagt fyrir Alþingi nýlega. Þetta gengur auðvitað ekki. Þetta er hneisa. Við þetta má ekki lengur búa.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegi forseti. Út af fyrir sig er ekki meira að segja um stöðu málsins. Það er rétt, sem kom fram hjá hv. þm., að um þetta gilda ekki sérstakar reglur utan það sem almennt er, en eins og kom fram í svari mínu áðan er nú unnið að því. Kann að vera að það sé seint á ferðinni ef umræða hefur verið sérstaklega um þetta mál á árunum 1970–1974. Ég kann ekki frekari skýringu á því.

Hitt vildi ég undirstrika, sem kom fram í máli hv. þm., að sú stofnun sem á að fylgjast með þessum mengunarmálum, þ.e. Hollustuvernd ríkisins, hefur á undanförnum árum verið fjársvelt. Það hefur komið margsinnis fram á síðasta þingi varðandi fsp. sem komu fram í þinginu um ýmsa þætti mengunarmála og það er sannarlega ekki vanþörf á að gera þar á bragarbót. Ég vænti þess að eftir þá umræðu og það sem hér kemur upp nú strax í þingbyrjun varðandi ýmis mengunarmál ætti mönnum að vera ljóst að það þarf að bæta stöðu Hollustuverndar í sambandi við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1989. Ég tel reyndar vonir til þess að það verði gert og menn búi þá stofnun betur til þess að takast á við þau mál sem henni ber að fást við.

Því miður hefur það reyndar heyrst oft í umræðunni á undanförnum árum að stofnanir eins og Hollustuverndin og Vinnueftirlitið og kannski fleiri

slíkar eftirlitsstofnanir séu óþarfar og séu mikil bákn og gleypi mikla fjármuni, en þegar kemur að því að menn fara að horfa á verkefnin þeirra kemur allt í einu í ljós að þessar stofnanir hafa ekki verið færar um að gegna sínu hlutverki vegna þess að þær hafa í raun verið fjársveltar. Þetta vildi ég undirstrika en að öðru leyti fullvissa hv. þm. um að það er verið að vinna að þessum málum og ég mun reyna að fylgja því eftir.

Einnota umbúðir, ein umr.

Fsp. KE, 18. mál. — Þskj. 18.

Fyrirspyrjandi (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegi forseti. Þann 11. maí sl. samþykkti Alþingi svohljóðandi ályktun, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa frv. til l. um framleiðslu, innflutning og notkun einnota umbúða hér á landi."

Hér á landi hafa ekki gilt nein lög eða reglur vegna notkunar einnota umbúða, en undanfarin ár hafa margir lýst miklum áhyggjum af þróun þessara mála hér á landi og sent frá sér yfirlýsingar varðandi einnota umbúðir. Strax árið 1975 á náttúruverndarþingi voru þessi mál mikið rædd og á síðasta náttúruverndarþingi var samþykkt áskorun til Alþingis um að setja sem fyrst lög og reglugerðir um notkun þessara umbúða og margir fleiri hafa sent frá sér yfirlýsingar varðandi þetta mál. Það var því ekki að ástæðulausu að Alþingi samþykkti þessa ályktun sl. vor.

Í umræðum um till. þegar hún var lögð fram þann 29. okt. 1987 kom m.a. fram hjá hæstv. heilbrmrh. að Hollustuvernd ríkisins hafði þá þegar hafið athugun á notkun einnota umbúða hér á landi. Gerði ráðherrann þá ráð fyrir að í lok mánaðarins, þ.e. í október 1987, yrðu reglugerðardrög varðandi einnota umbúðir afgreidd frá stjórn stofnunarinnar og þaðan, eins og segir orðrétt í ræðu ráðherrans, með leyfi forseta, „síðan afgreidd til ráðuneytisins til umfjöllunar og þá auðvitað athugunar á því hvort ekki þarf jafnframt því að setja slíka reglugerð að breyta lögum."

Það er því eðlilegt að spyrja hvað þessu máli líður og hef ég leyft mér að gera það með fsp. sem kemur fram á þskj. 18 og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hvað líður undirbúningi frv. til laga um einnota umbúðir, sbr. ályktun Alþingis 11. maí 1988?"

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegur forseti. Eins og fram kemur í grg. hv. þm. með þessari fsp., í máli hv. þm. áðan, var þetta mál einnig til umræðu á síðasta þingi og þá var því vísað í ákveðinn farveg sem hefur því miður gengið hægar en efni stóðu til og vonir mínar stóðu til á þeim tíma þegar við ræddum þetta í fyrrahaust eða fyrir u.þ.b. ári. Ályktun Alþingis sem samþykkt var 11. maí sl. varðandi undirbúning frv. til l. um einnota umbúðir var vísað til nefndar sem starfað hefur frá byrjun þessa árs í samræmi við stefnuyfirlýsingu og starfsáætlun fyrri ríkisstjórnar til að huga að endurvinnslu úrgangs á Íslandi og gera skýrslu um það með hverjum hætti nýtanlegum úrgangi verði safnað og hann endurunninn eða ráðstafað þannig að komist verði svo sem kostur er hjá umhverfisspjöllum. Þessi nefnd, sem skipuð var af fyrrv. iðnrh. í samráði við og í samvinnu við heilbrmrh., hefur á undanförnum mánuðum unnið að gerð frv. til l. um meðferð brotamálma og skilagjalda af ökutækjum og mun nefndin skila tillögum varðandi þann þátt í þessari viku. Í upphafi lagði nefndin fram starfsáætlun sem samþykkt var af þessum tveimur ráðherrum þar sem lögð var áhersla á að taka fyrst til meðferðar brotamálma og er nefndin að ljúka vinnslu slíks frv. Samkvæmt starfsáætlun nefndarinnar verður því næsti áfangi eða næsta verkefni hennar að gera tillögur um söfnun og endurvinnslu einnota umbúða, ekki síst þeirra sem notaðar eru undir drykkjarvörur. Stefnir nefndin að því að unnt verði að leggja fram lagafrv. um það efni á því Alþingi sem nú situr.

Til fróðleiks er kannski rétt að rifja upp eða geta þess hverjir eiga sæti í þessari nefnd sem er, eins og fram hefur komið, að vinna sitt verk samkvæmt þeirri starfsáætlun sem samþykkt var. Formaður nefndarinnar er Páll Líndal deildarstjóri, en auk hans eiga sæti í nefndinni Ólafur Pétursson, forstöðumaður mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins, Ingimar Sigurðsson, yfirlögfræðingur heilbr.- og trmrn., Hermann Sveinbjörnsson, aðstoðarmaður sjútvrh., Katrín Fjeldsted borgarfulltrúi, tilnefnd af Sambandi ísl. sveitarfélaga, Ragnar Birgisson, forstjóri Sanitas hf., og Ásgeir Einarsson framkvæmdastjóri Sindrastáls. Hér eru að störfum menn sem ættu að vera þessum málum mjög vel kunnugir.

Fyrirspyrjandi (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka ráðherra svör hans þó ég verði fyrir miklum vonbrigðum að ekki skuli nú þegar liggja fyrir stjfrv. um þessi mál á þinginu vegna þess að vandamálið hefur ekkert minnkað frá því að þessi till. var lögð fram í fyrra og Alþingi samþykkti hana í vor. Það er öllum ljóst að einnota umbúðir eru einn mest áberandi sóðaskapur á Íslandi og það þýðir ekkert að setja þetta mál í nýjar og nýjar nefndir því að við höfum ekki efni á því að bíða lengur.

Ég hef undir höndum drög að reglugerð um einnota umbúðir, sem var unnin af Hollustuvernd ríkisins, Náttúruverndarráði og Landvernd, þar sem þessi mál virtust komin á góðan rekspöl. Ég skil ekki hvers vegna er verið að blanda þessu saman við endurvinnslu. Það er kannski út af fyrir sig ágætt því að mikið af einnota umbúðum eru áldósir og annað

sem endurnýtanlegt er, en það er ekki eingöngu það vandamál sem við eigum við að stríða. Mér líst a.m.k. mjög vel á þau drög sem hafa legið fyrir. Mér skildist á ráðherranum í fyrra þegar við vorum að ræða þessi mál að það gilti það sama um hann þannig að ég sé ekki að það sé eftir neinu að bíða að taka upp þráðinn þar sem frá var horfið í fyrra og byggja á þessum drögum og vera ekki að láta nýtt fólk taka þessi mál upp og þá eingöngu með tilliti til endurnýtingar. Við verðum að líta á þetta mál í miklu víðara samhengi en eingöngu á endurnýtingarþáttinn þó ég sé ekki að gera lítið úr honum. Ég skora á ráðherrann að taka þetta mál til alvarlegrar athugunar og láta þetta ekki eingöngu fara til iðnrn. Þetta er mengunarmál sem verður að taka alvarlega á og taka föstum tökum.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli hér með fsp. Mér kom í hug svipað og henni að ár er liðið frá því að þetta var rætt hér á Alþingi og hæstv. þáv. og núv. heilbrmrh. var hálfhvumpinn yfir því að málið skyldi tekið upp af því það væri verið að vinna að því og það væri bara þó nokkuð komið áleiðis innan ráðuneytisins. Ég ætla hæstv. ráðherra ekki annað en hinn besta vilja í þessu máli, en ég tek undir að það gengur auðvitað ekki að stórmál af þessu tagi séu í sífelldum undandrætti af því að nefndir koma ekki frá sér tillögum, hafa ekki komið sér að því að vinna nauðsynlegar tillögur. Ef svo er háttað málum verður að setja aðra í verkin þannig að þetta dragist ekki úr hömlu. Ég held að hæstv. ráðherra ætti að taka svolítið fastar á í þessu efni.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvort hv. síðasti þm. meinti að ég hefði verið hvumpinn nú eða hvumpinn fyrir ári. (**HG:** Fyrir ári.) Já, fyrir ári. Ég hygg að það sé rétt. Ég tek undir það, sem fram hefur komið hjá þessum tveim hv. þm., fyrirspyrjanda og hv. 2. þm. Austurl., að málið hefur gengið hægt, það hefur í raun gengið of hægt, en vil ítreka það, sem ég held að hafi komið alveg skýrt fram hjá mér áðan, að það er ekkert nýtt fólk að koma að þessu máli. Það varð samkomulag um það í fyrra milli iðnrh. og heilbrmrh. að skipa sameiginlega nefnd í þetta og það er ekki falið sérstaklega fulltrúum iðnrh. vegna þess að ég, til þess að árétta það, las upp það fólk sem skipar þessa nefnd. T.d. á Ólafur Pétursson, forstöðumaður mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins, sæti í nefndinni, svo og fulltrúi heilbrmrn., Ingimar Sigurðsson yfirlögfræðingur, sem hefur verið formaður stjórnar Hollustuverndarinnar um árabil og þekkir þau mál þess vegna mjög vel. Ég ítreka líka að nú hafa þeir lokið fyrri hluta af sinni starfsáætlun og hefja nú vinnu við það verkefni sem hér er sérstaklega spurt um og jafnframt að þau drög sem fyrir lágu hér í fyrra að reglugerð um málið voru send nefndinni þannig að þau hafa verið þar fyrir liggjandi og henni ætlað að fjalla um það, þessari sömu nefnd sem er og hefur verið að vinna að þessu verkefni sem henni var þá falið þó hún hafi raðað þessu í þennan forgang hvort sem mönnum líkar það betur eða verr.

Ég tek undir það, sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, að hér er um að ræða alvarlegt mál sem fer því miður ört versnandi vegna þess hvað þessar einnota umbúðir ýmiss konar hafa orðið vinsælar hér á landi. Þetta má ekki verða að óþolandi mengunarvandamáli heldur verður að knýja á um að niðurstöður úr þessu nefndarstarfi liggi fyrir hið allra fyrsta.

Mengunarvarnir hjá Íslenska álfélaginu hf., ein umr.

Fsp. KE, 19. mál. — Þskj. 19.

Fyrirspyrjandi (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegur forseti. Allt frá byggingu álversins í Straumsvík hafa margir haft áhyggjur af þeirri mengun sem frá verksmiðjunni stafar. Á fyrstu árum var aðallega talað um flúoríðmengun, en fljótlega kom í ljós að veruleg mengunarhætta getur stafað af úrgangsefnum úr bræðslukerum verksmiðjunnar og mengun af völdum brennisteinsdíoxíðs getur einnig orðið veruleg.

Í sumar kom út skýrsla frá Hollustuvernd ríkisins um mengun í útblásturslofti frá álverinu. Þar segir í lokaorðum m.a.:

„Flúoríð- og rykmengun í útblásturslofti frá verksmiðjunni mældist óviðunandi. Þótt tæknilegur framkvæmdastjóri álversins haldi því fram að flúoríðmengun hafi minnkað frá því að mælingar Hollustuverndar voru gerðar kom í ljós við mælingar á þessu ári að svo var ekki. Hollustuvernd ríkisins ætlar að hlutur álverins af þeirri brennisteinsdíoxíðmengun sem upprunnin er hér á landi sé um það bil 25%. Mengun af völdum brennisteinsdíoxíðs er verulegt vandamál í iðnríkjum og reyndar víða. Skógar á meginlandi Evrópu eru í mikilli hættu, m.a. vegna þessarar mengunar. Mengunin berst einnig með andrúmslofti til annarra landa og kemur niður sem súrt regn og hefur haft verulega skaðleg áhrif t.d. í Svíþjóð og Noregi. Fiskur hefur drepist þar unnvörpum og sum vötn eru orðin alveg fisklaus vegna þess hve þau hafa súrnað."

Sú mengun sem einna minnstur gaumur hefur verið gefinn er sú sem getur stafað af úrgangsefnum frá bræðslukerum verksmiðjunnar, en það eru cíansambönd. Það eru sem sagt blásýrusölt sem eru mjög hættuleg lífverum, jafnvel í mjög litlu magni, auk annarra minna hættulegra efna. Ég hef því spurt heilbrmrh. um mengunarvarnir hjá Íslenska álver-

inu á þskj. 19 og einnig hef ég leyft mér að spyrja hvers vegna fyrirtækinu sé ekki gert að sækja um starfsleyfi eins og öðrum fyrirtækjum hér á landi sem geta valdið mengun, en það tengist að sjálfsögðu þessu sama máli.

En í lokaorðum skýrslu Hollustuverndar ríkisins um loftmengun frá álverinu segir m.a.: „Nauðsynlegt er að setja ákveðin mörk fyrir útblástursmengun frá álverinu í Straumsvík, bæta þar reglubundið eftirlit og koma á reglubundnum mælingum og vinna markvisst að því að mengun haldist í lágmarki. Eðlilegt er að álversmenn í Straumsvík afli sér starfsleyfis skv. reglugerð nr. 390/1985 og í starfsleyfi fyrirtækja komi fram útblástursmörk og reglur um aðra mengun."

Ég tek undir þessi lokaorð í skýrslu Hollustuverndar og hef þar af leiðandi borið fram þær spurningar sem koma fram á þskj. 19.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Kristín Einarsdóttir hefur borið fram til mín fsp. um mengunarvarnir hjá Íslenska álfélaginu hf. í þremur liðum og er í fyrsta lagi spurt: „Í hvaða atriðum er mengunarvörnum ábótavant hjá Íslenska álfélaginu hf.?"

Það eru einkum tveir þættir sem huga þarf að varðandi mengunarvarnir hjá Íslenska álfélaginu hf., þ.e. annars vegar loftmengun og hins vegar förgun. Hvað snertir loftmengunarvarnir hafa þær ekki virkað sem skyldi að því er lýtur að flúoríðmengun. Mengunarmælingar sem framkvæmdar voru árið 1986 á vegum Hollustuverndar ríkisins og Ísals og mengunarmælingar á vegum Ísals á fyrsta ársfjórðungi yfirstandandi árs hafa sýnt að mengunarvarnabúnaður sem settur var upp á árinu 1982 skilar ekki þeim árangri sem hann gerði í byrjun. Það er skoðun Hollustuverndar ríkisins að ástæðunnar sé fyrst og fremst að leita í því að of lítið hafi verið lagt í eftirlit og viðhald með búnaðinum. Mengun frá kerskálum mældist mjög mikil í áðurnefndum mælingum. Ástæðan var sú að óeðlilega mikið var um að ker stæðu opin þannig að mengað loft fór óhreinsað út um kerskálaþök. Í þessu tilviki var um að ræða gölluð skaut þannig að forsvarsmenn verksmiðjunnar töldu sig verða að hafa kerin opin. Því var heitið af hálfu fyrirtækisins að búið yrði að leysa þessi mál fyrir um ári. Samkvæmt upplýsingum Hollustuverndar ríkisins virðist ekki enn búið að leysa vandann þrátt fyrir slíkar yfirlýsingar.

Hvað snertir rykmengun hafa mengunarvarnir ekki virkað sem skyldi. Þó hefur ástandið batnað verulega í þurrhreinsistöðvunum. Áðurnefndar mengunarmælingar, sem fram fóru árið 1986, sýndu að rykmengun frá þurrhreinsistöðvum var óeðlilega mikil. Mengunina mátti rekja til bilana sem aftur mátti rekja til lélegs eftirlits og viðhalds. Samkvæmt síðari mælingum virðist búið að ráða bót á þessum vanda. Það gefur auga leið að þegar mengað loft á greiða leið út um skálarjáfur vegna þess að ker standa opin mælist mikil rykmengun, sbr. mælingarnar sem áttu sér stað 1986, þannig að það segir ekki allt um virkni hreinsibúnaðar.

Engin hreinsun er á brennisteinsdíoxíði í útblásturslofti og hefur ekki verið sett fram sérstök krafa um hreinsun á slíku af hálfu yfirvalda.

Ef vikið er að förgun á kerbrotum og kerum fer hún fram í flæðigryfjum í sjávarmáli. Ekki hafa verið gerðar athugasemdir við förgunarstað af hálfu Hollustuverndar ríkisins, enda tíðkast þessi förgunaraðferð í nágrannalöndunum. Hins vegar hlýtur að koma til álita að endurnýta hluta af þessum úrgangi.

Í öðru lagi er spurt: „Hvernig ætla stjórnvöld að tryggja að fyrirtækið geri viðunandi úrbætur vegna mengunar?"

Til þess að bæta ástand mengunarmála álversins í Straumsvík þarf öflugt eftirlit með fyrirtækinu. Er þar bæði átt við innra eftirlit sjálfs fyrirtækisins sem og eftirlit utanaðkomandi aðila, þ.e. Hollustuverndar ríkisins og Vinnueftirlits ríkisins. Til þess að ná þessu fram þarf fyrirtækið að uppfylla hliðstæðar kröfur og gerðar eru til sambærilegra fyrirtækja, jafnt hér á landi sem og í nágrannalöndunum, þar sem fram koma ákveðnar kröfur um mengunarvarnir, mengunarvarnabúnað, útblástursmörk og reglur um eftirlit með mengunarvarnabúnaði. Enn fremur virðist augljóst að koma þurfi í veg fyrir að notað sé það lélegt hráefni að mengunarvarnabúnaður komi ekki að notum, þ.e. það virðist vera ástæða til að taka upp sérstakt eftirlit með gæðum hráefnisins af hálfu mengunaryfirvalda.

Um framgang málsins vísast til næsta svars, en þar er spurt: „Hvers vegna er fyrirtækinu ekki gert að sækja um starfsleyfi eins og öðrum fyrirtækjum hér á landi sem geta valdið mengun?"

Það er ekkert launungarmál að ágreiningur hefur verið milli heilbr.- og trmrn. og stjórnenda Ísals um annars vegar túlkun á aðalsamningi og hins vegar um gildi íslenskra mengunarvarnalaga gagnvart álverinu. Það er álit Íslenska álfélagsins að starfsleyfi verksmiðjunnar felist tvímælalaust í aðalsamningnum sem hlaut lagagildi með lögum nr. 76/1966 og að síðar tilkomin lög um mengunarvarnir hér á landi breyti engu þar um. Iðnrn. hefur verið sömu skoðunar. Þannig hafa hvorki Íslenska álfélagið né iðnrn. fallist á þau sjónarmið heilbr.- og trmrn. og Hollustuverndar ríkisins að Álfélaginu beri að sækja um sérstakt starfsleyfi í samræmi við reglugerð nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur valdið mengun, sem byggð er á 3. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sbr. lög nr. 81/1988. Í raun hefur þessi ágreiningur varað allt frá árinu 1972 þegar fyrstu reglur voru settar til að sporna gegn mengun af völdum iðnaðar hér á landi.

Á sl. sumri urðu nokkrar umræður um gildi aðalsamningsins og íslenskra mengunarvarnalaga varðandi álverið í Straumsvík. Heilbr.- og trmrn. mat stöðuna svo eftir að hafa fengið niðurstöður mælinga Hollustuverndar ríkisins að vinna yrði að lausn

málsins þannig að raunhæfar úrbætur næðu fram að ganga og að slíkt yrði greinilega að gerast í nánu samráði við iðnrn. sem fer með yfirstjórn málefna álversins innan íslenska stjórnkerfisins. Var því ákveðið að setja áðurnefndan ágreining til hliðar og var gert sérstakt samkomulag milli heilbr.- og trmrh. og iðnrh. á sl. sumri um að reyna að vinna að lausn málsins þannig að lausn fyndist innan ramma 12. gr. aðalsamningsins, en þó þannig að allar ráðstafanir yrðu gerðar til að draga úr skaðlegum áhrifum af rekstri bræðslunnar í samræmi við góðar venjur í iðnaði í öðrum löndum við svipuð skilyrði, eins og segir í samkomulaginu.

Sem stendur vinnur Hollustuvernd ríkisins að tillögum um mengunarvarnir í álverinu og er reiknað með að þær verði lagðar fram í þessum eða næsta mánuði og að þeim fengnum setjist starfsmenn ráðuneytanna beggja, álversins og Hollustuverndar niður og finni frambúðarlausn á málinu. Meginmarkmiðið hlýtur að vera það að forráðamenn Ísals fallist á að þeir þurfi að gera sömu ráðstafanir til mengunarvarna og annar hliðstæður atvinnurekstur í nágrannalöndunum. Náist ekki samkomulag um lausn með þessum hætti verður að taka málið upp að nýju milli ráðuneytanna.

Það verður að viðurkennast að mengunarmálefni álversins eru í nokkru ósamræmi við þau lög og reglugerðir sem í dag gilda um mengunarmál, enda ber þess að geta að þegar aðalsamningurinn hlaut lagagildi með lögum nr. 96/1966 var lítið um mengunarmál fjallað, enda tíðarandinn annar en nú. Því síður var fjallað um eftirlit með mengunarvörnum, hvað þá mengunarvarnabúnað í einstökum atriðum. Samningurinn var því á vissan hátt barn síns tíma hvað snertir umhverfismál, en þó með þeim varnagla að skírskotað er til góðrar venju í öðrum löndum við svipuð skilyrði. Gerð er krafa um starfsleyfi fyrir slíkan iðnað í öllum nágrannalöndunum þannig að heilbr.- og trmrn. hefur talið að þetta ákvæði styðji kröfuna um sérstakt starfsleyfi hér á landi á sama hátt. Á það hefur hins vegar ekki verið fallist af þeim aðilum sem áður eru greindir. Vonandi munu viðræður þær sem fram fara á næstunni og áður er getið leiða til niðurstöðu sem málsaðilar geta verið bærilega sáttir við.

Fyrirspyrjandi (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka svör ráðherrans. Það er ánægjulegt að vita að hann er mér sammála um að þetta geti ekki gengið með þessa verksmiðju eins og hún hefur verið undanfarið þar sem mengunarmálin hafa verið í algerum ólestri. Það er raunar alveg ótrúlegt að íslensk stjórnvöld skuli láta viðgangast að fyrirtæki í eigu útlendinga séu undanþegin íslenskum lögum og þurfi ekki starfsleyfi á sama átt og önnur fyrirtæki hér á landi. Með þessu er réttum yfirvöldum gert erfitt um vik að taka á mengunarvandamálum verksmiðjunnar. Þetta er algerlega óviðunandi.

Það kemur í ljós að allt er þetta að kenna lélegu eftirliti og lélegu viðhaldi. Margoft hefur þessi samningur verið endurskoðaður þannig að þó að hann sé barn síns tíma, eins og ráðherra orðaði, hefur margoft verið hægt að taka mengunarmálin upp að nýju. Ég veit ekki betur en Alþingi hafi stöðugt verið að breyta og hræra í samningnum þannig að það er ekki hægt að nota það sem afsökun hve gamall hann er. Það er einkennilegt, fyrst fyrirtækinu er svo mikið í mun að fara eftir góðum venjum í öðrum löndum og vill láta gera sömu kröfur til sín og til annarra fyrirtækja hér á landi, að ekki hægt að samþykkja að það þurfi að sækja um starfsleyfi eins og önnur fyrirtæki hér á landi. Það getur varla skipt miklu máli.

Í Þjóðviljanum 20. júlí 1988 kemur í ljós að heilbrmrh. hefur skrifað Hollustuvernd bréf þar sem hann telur að álverið sé starfsleyfisskylt. Það eru því ekki allir sem vilja túlka þetta á sama hátt. Þó að iðnrn. telji að það sé ekki starfsleyfisskylt finnst mér þetta alls ekki geta gengið. Mér finnst alveg sjálfsagt, og ég tel að flestir séu á því máli, að mengandi fyrirtæki, erlend sem innlend, fari að íslenskum lögum til þess að rétt yfirvöld geti tekið á þessum málum. Það er greinilegt að það veitir ekki af hvað þetta fyrirtæki varðar.

Í Fréttabréfi Landsvirkjunar frá því í september sl. segir Halldór Jónatansson forstjóri í grein um álmarkaðinn, með leyfi forseta, þegar hann er að ræða um álver úti í heimi og erfiðleika þeirra, að þessi fyrirtæki „standa frammi fyrir því að þurfa að loka óhagkvæmum álbræðslum á næstu árum og eiga í erfiðleikum með að byggja nýjar álbræðslur í staðinn í heimalöndum sínum, svo sem vegna hækkandi rafmagnsverðs og annars rekstrarkostnaðar", og ég bið ykkur að taka eftir, „auk umhverfisvandamála eins og á sér stað um þá álframleiðendur sem nú ræða við íslensk stjórnvöld um að færa út kvíarnar hér á landi". Þetta þykir mér mjög alvarlegt og hlýtur að vera okkur Íslendingum mikið áhyggjuefni ef mengunarvarnir og eftirlit hér á landi er með þeim hætti að erlend fyrirtæki leita hingað með sinn mengandi iðnað og nánast þykir sjálfsagt af sumum, eins og mér finnst koma fram í grein forstjóra Landsvirkjunar.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það ætla lengi að endast tilefnin til að ræða um mengun frá álverinu í Straumsvík og það sýnir sig að þörfin hefur kannski sjaldan verið brýnni en nú að minna á þennan skaðvald.

Þetta var rætt hér sl. vor áður en þingi lauk, aðallega innri mengun, mengun vegna gallaðra rafskauta, og þá gat hæstv. ráðherra um það, eins og hann minnti á hér, að lofað væri úrbótum, en við það hefur enn ekki verið staðið. Aðalatriðið sem tengist þessari umræðu er þó það, sem hér kemur fram, að iðnrn. hefur slegist í lið með þessu fyrirtæki á þessu ári til þess að styrkja stöðu þess til að sniðganga íslensk lög og íslenskar reglur varðandi

mengun, stillir sér gegn heilbrmrn. Þetta er auðvitað dæmalaust. Árið 1972 var sami maður heilbr.- og iðnrh. Hann hét Magnús Kjartansson. Hann setti reglugerð og hann gerði kröfu um úrbætur og hann hótaði, þegar ekki var orðið við kröfum hans, fyrirtækinu lokun innan sex mánaða ef ekki yrðu gerðar úrbætur. Þá tók fyrirtækið við sér og lofaði úrbótum, en það tók níu ár að þeirra mati að ljúka þessu, menn vonuðu á viðunandi hátt en reynslan hefur orðið allt önnur. Og hvað halda menn að álverið í Straumsvík hafi sparað miklar upphæðir á umgengni sinni við íslensk stjórnvöld að því er snertir umhverfismengunarvarnir?

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Aðeins eitt orð út af ræðu síðasta ræðumanns.

Lögum er fylgt. Það er sameiginleg niðurstaða ráðuneytanna tveggja, og var það í sumar, að 12. gr. aðalsamningsins, sem eru gild lög á Íslandi, á að nota varðandi mengunarvarnirnar í Straumsvík. Magnús Kjartansson, sem var áberandi langbesti ráðherra iðnaðarmála sem hefur komið úr Alþb., fann þetta líka út á sínum tíma. Þeir sem síðar komu úr þeim flokki og tóku við þessum málaflokki virðast ekki hafa skilið þetta enn. Um þetta eru til gögn sem hæstv. iðnrh., ef hann væri hérna, mundi sjálfsagt sýna hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni. Það sem skiptir máli og menn eiga að tala saman um hér í þessum þingsal er þetta: Það liggur fyrir samningur á milli ráðuneytanna. Samningurinn gengur út á að Hollustuverndin undirbýr fyrir hönd heilbrmrn. tillögur sem iðnrn. mun fara með í viðræður við Íslenska álfélagið og þar munu jafnframt verða fulltrúar heilbrmrn. Það var ráðgert að þessar umræður gætu farið fram í október eða jafnvel september sl., en tillögur hafa dregist. Ég ætla ekkert að fara að verja núv. hæstv. iðnrh., en það verður auðvitað að segja sannleikann eins og hann er, að þessi framgangur gerist á grundvelli laga, enda er aðalsamningurinn við Ísal lög á Íslandi, ef það skyldi hafa farið fram hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni. Og ég treysti stjórnvöldum fyrir því að fara með þetta mál þannig að fullur sómi sé að, enda ætluðu menn sér að fara í þessar umræður til að ná þeim árangri sem skylt er fyrir yfirvöld að ná. Það er allt saman staðfest. Nú er hv. þm. Hjörleifur Guttormsson stuðningsmaður þessarar ríkisstjórnar og ég veit að það eru hæg heimatökin hjá honum að fylgjast með þessu máli hjá sínum ráðherrum, sem hann styður, og ég skora nú á hann að gera það með eðlilegum hætti, því að ekki veitir þessari ríkisstjórn af liðsinni sinna mestu og bestu sérfræðinga í líffræðimálum og mengunarmálum.

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Niðurstaðan af þessum umræðum er sú að viðurkennt er af hálfu stjórnvalda að mengunarvörnum er stórlega ábótavant í álverinu í Straumsvík og mér virtist auðheyrt á svörum hæstv. ráðherra, því miður, að á þessum málum hafa stjórnvöld tekið með silkihönskum og mér virtist ekki auðheyrt af hans svörum að þá silkihanska ætti að taka niður, enda hefur stefnan verið sú að kalla meira af svo góðu yfir okkur. Ég vara við því. Ég harma þessa skammsýni. Þetta ástand er gjörsamlega óviðunandi og ég skora á hæstv. ráðherra að taka miklu alvarlegar og rösklegar á þessum málum. Og í öllum bænum kallið ekki meira af slíku yfir okkur.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessar umræður mikið og reyndar ekki að bæta miklu við það sem kom fram í mínu svari. Ég vil aðeins ítreka það út af ummælum hv. síðasta ræðumanns að sem stendur er unnið að þessum tillögum, þessari tillögugerð af hálfu Hollustuverndar ríkisins, sem er sá aðili sem ég hlýt að beita fyrir mig í þessu efni, og það er fullt samkomulag um það hvernig framgangur málsins verður síðan. Hollustuverndin og heilbr.- og trmrn. koma inn í umræðu um hvernig staðið verði að þessum mengunarvörnum. Það er líka ljóst af þessu svari að menn eru ekki ánægðir með hvernig þeim málum er fyrir komið í dag, þ.e. mengunarvarnir eru ekki eins og menn höfðu sett sér. Mengunin er meiri en við verður unað. Hún er ekki innan þeirra marka sem menn höfðu sett sér. Það hlýtur að vera meginmarkmiðið að finna á því lausn. Meginmarkmiðið er að fá menn til þess að fallast á að það þurfi að gera sömu ráðstafanir til mengunarvarna og annars hliðstæðs atvinnureksturs hér á landi og hliðstæðs atvinnureksturs í nágrannalöndunum.

Þetta er aðalatriðið. Hvað varðar tilvitnun í grein í Þjóðviljanum fyrr á þessu ári, þá er það líka ljóst að mín krafa eða ósk var sú í upphafi að þetta fyrirtæki sætti sömu lögum og reglum og önnur og það væri starfsleyfisskylt. Samkomulag varð, eins og hér er líka búið að koma fram ítrekað, milli ráðuneytanna um málsmeðferðina. Ég vil láta reyna á hana og sagði það í mínu fyrra svari að ef slíkt samkomulag næðist ekki yrði að taka málið upp að nýju á milli ráðuneytanna og það mun ég að sjálfsögðu gera til að fylgja eftir því meginmarkmiði að þessi mengunarmál séu í því horfi sem menn geti talið viðunandi.

Heimahjúkrun, ein umr.

Fsp. RH, 27. mál. — Þskj. 27.

Fyrirspyrjandi (Ragnhildur Helgadóttir):

Frú forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 27 að flytja svohljóðandi fsp. til hæstv. heilbr.- og trmrh.: „Hvað líður framkvæmd ákvæðis k-liðar 43. gr. laga

um almannatryggingar, nr. 67/1971, sbr. 2. gr. laga nr. 44/1986, þess efnis að hjúkrunarfræðingar geti tekið að sér að veita einstaklingum heimahjúkrun á grundvelli greiðslna úr sjúkrasamlögum eins og lengi hefur gilt um heimilislækningar?"

Þetta orðalag fsp. byggist á því að af orðalagi lagagreinarinnar einnar saman er ekki auðvelt að sjá nema í samhengi við aðra þætti laganna hvað hér er um að ræða, en í þessari umræddu lagagrein, sem vitnað er í, þessum umræddu staflið k, stendur: „Hjúkrun í heimahúsum vegna alvarlegra og langvinnra sjúkdóma og slysa samkvæmt samningum sem Tryggingastofnun ríkisins gerir og reglum er tryggingaráð setur."

Lagafrv., sem var grundvöllur þessarar breytingar, fylgdi á sínum tíma vorið 1986 svohljóðandi grg., með leyfi hæstv. forseta, eða hluti hennar ef ég mætti lesa hann: „Hjúkrunarfélag Íslands fór þess á leit sl. haust við samninganefnd Tryggingastofnunar ríkisins að gerð yrði gjaldskrá fyrir hjúkrunarstörf í samræmi við lög um almannatryggingar, þ.e. óskaði eftir viðræðum um laun hjúkrunarfræðinga er starfa sjálfstætt. Samninganefnd Tryggingastofnunar ríkisins hafnaði beiðni félagsins þegar af þeirri ástæðu að lagaheimild skorti, sbr. nánar V. kafla laga um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum, þar sem fjallað er um sjúkratryggingar. Rétt fyrir sl. áramót fór Hjúkrunarfélag Íslands þess á leit við ráðuneytið að það beitti sér fyrir því að V. kafli laga um almannatryggingar yrði endurskoðaður með það fyrir augum að hjúkrunarstörf yrðu tekin þar með á sama hátt og lækningar og endurhæfing. Það hefur komið í ljós að veruleg þörf er fyrir heimahjúkrun hér á landi og að engan veginn er hægt að sinna henni til fulls frá þeim stofnunum sem til þess eru ætlaðar. Á sama hátt og læknar starfa að lækningum utan stofnana er í fyllsta máta eðlilegt að hægt sé að reka hjúkrun utan stofnana þannig að sjúkratryggingar taki þátt í greiðslu ákveðins kostnaðar."

Af þessum ástæðum var þetta frv. flutt. Það var stjfrv. og algjört samkomulagsmál. Um þetta var mikil samstaða bæði meðal stjórnarflokka og stjórnarandstöðuflokka og þá ekki síður milli þéttbýlismanna og dreifbýlismanna. Sérstaklega þótti dreifbýlismönnum að hér væri um mikið hagsmunamál landsbyggðar að ræða þar eð vitað er að fjöldi hjúkrunarfræðinga var þá eins og nú í öðrum störfum en hjúkrunarstörfum á stofnunum og með þessu fyrirkomulagi var hægt að nýta starfskrafta hjúkrunarfræðinga sem vildu e.t.v. taka að sér nokkra sjúklinga í heimahúsum og gátu þar með forðað því að heilu fjölskyldurnar þyrftu jafnvel að flytja sig úr byggðinni vegna þess að ekki væri hægt að fá viðunandi aðhlynningu og hjúkrun fyrir heimaliggjandi sjúkling.

Það er ljóst að þetta fyrirkomulag gefur fjölbreyttari möguleika á störfum fyrir hjúkrunarfræðinga og það veitir sannarlega ekki af, bæði til þess að auka hvatningu til að nýta þá þekkingu sem margir hjúkrunarfræðingar hafa en hafa ekki haft tök á því að ráða sig í föst störf og líka til þess að hvetja ungt fólk til að leggja hjúkrunarnám fyrir sig. Það hefur því miður verið misbrestur á því. Það hefur ekki þótt ærennilegt af ýmsum ástæðum, sérstaklega vegna vinnuaðstæðna og kjara, en sem betur fer virðist viðleitni hjúkrunarfélaganna til að kynna sitt starf hafa borið þann árangur að ungt fólk sækir nú í heldur ríkari mæli en áður, a.m.k. meira en sl. ár, í hjúkrunarnám.

Ég leyfi mér að vænta svars hæstv. ráðherra um það hvað ráðuneytið hefur gert til þess að framkvæma þau lög sem ég hef hér lýst.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegur forseti. Hv. 3. þm. Reykv. hefur beint hér til mín fsp. um heimahjúkrun sem þingmaðurinn hefur gert ítarlega grein fyrir og aðdraganda þess máls og þeirrar lagabreytingar sem fsp. snýst um. En það hefur dregist nokkuð að gerður hafi verið samningur milli Hjúkrunarfélags Íslands og Félags háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga annars vegar og Tryggingastofnunar ríkisins hins vegar um greiðslu fyrir heimahjúkrun.

Fyrir þessu eru einkum tvær ástæður. Hin fyrri er sú að lengi vel var ágreiningur milli hjúkrunarfélaganna og Tryggingastofnunarinnar um þær reglur sem gilda skyldu um skilyrði fyrir greiðslum sjúkrasamlaga vegna heimahjúkrunar. Ágreiningur þessi tók m.a. til þátta eins og hver ætti að staðfesta nauðsyn hjúkrunar og hjúkrunarþörf, hver ætti að gefa út tilvísun á hjúkrun, hvort það væru læknar eingöngu eða hvort fleiri heilbrigðisstéttir eða heilbrigðisstofnanir gætu gefið slíka tilvísun. Hjúkrunarfræðingarnir töldu að ýmislegt í þessum reglum stæðist ekki gagnvart lögum og reglurnar mundu hindra störf hjúkrunarfræðinga við heimahjúkrunina.

Lögfræðingur Tryggingastofnunar ríkisins var fenginn til að skera úr ýmsum ágreiningsatriðum í þessum efnum. Á fundi tryggingaráðs 12. febr. 1988 var ákveðið að láta ekki þessi ágreiningsatriði standa í vegi fyrir því að samningaviðræður væru teknar upp við hjúkrunarfélögin. Sl. vor voru samningar í gangi milli hjúkrunarfélaganna og Tryggingastofnunarinnar þar sem reynt var að komast að samkomulagi um grundvöll að gjaldskrá og notkun hennar. Síðasti samningafundur var í júnímánuði og náðist ekki samkomulag á þeim fundi. Samningar lágu síðan niðri í sumar og hafa ekki verið teknir upp að nýju nú á haustmánuðum.

Síðari ástæðan er sú að í bráðabirgðalögum ríkisstjórnarinnar frá 28. sept. sl. er ákvæði um að hækkun launa og hvers konar endurgjalds fyrir unnin störf sé óheimil til 15. febr. 1989. Því lítur heilbr.- og trmrn. svo á að ekki sé heimild til að gera nýja samninga um útgjöld Tryggingastofnunar ríkisins eða gera breytingar á eldri samningum til hækkunar meðan lögin eru í gildi. Þetta hefur ráðuneytið

tilkynnt tryggingaráði með bréfi dags. 5. okt. sl.

Hitt er svo aftur á móti annað mál og um það kunna að vera skiptar skoðanir hvort skynsamlegt hafi verið að gera þá breytingu á 43. gr. almannatryggingalaganna þess efnis að hjúkrunarfræðingar geti tekið að sér að veita einstaklingum heimahjúkrun á grundvelli greiðslna úr sjúkrasamlögum. Meginrökstuðningur fyrir þessari breytingu á sínum tíma var það álit manna að stór hluti menntaðra hjúkrunarfræðinga væri ekki í starfi á heilbrigðisstofnunum vegna hins óreglulega vinnutíma og vegna þess hversu erfitt er að samræma vaktavinnuna ýmsum öðrum þáttum hins daglega lífs, svo sem heimilisstörfum, vinnutíma maka, áhugamálum fjölskyldu o.s.frv.

Tilgangur þessara breytinga var því sá að hvetja hjúkrunarfræðinga sem ekki eru starfandi inni á sjúkrastofnunum til starfa við heimahjúkrunina. Ýmsar efasemdir eru hins vegar uppi um að það muni takast með þessu móti og á það hefur einnig verið bent að hugsanlega geti þessi breyting leitt til þess að þeir hjúkrunarfræðingar sem nú eru í starfi inni á sjúkrastofnunum muni hætta þar störfum til að sinna heimahjúkruninni. Ef þetta yrði niðurstaðan hefur þessi breyting á almannatryggingalögunum ekki náð tilgangi sínum heldur þvert á móti því að eitt stærsta vandamál sem sjúkrastofnanirnar standa frammi fyrir í sínum rekstri í dag er skortur á hjúkrunarfræðingum.

Ég er þeirrar skoðunar að gerð kjarasamninga við starfsstéttir í heilbrigðismálum sé í ógöngum. Því hef ég rætt það við hæstv. fjmrh. hvort ekki sé rétt að breyta skipulagi við gerð þeirra og mun ég á næstu vikum í samvinnu við hann koma á markvissari vinnubrögðum við þessa samningagerð. Tel ég rétt að mál það sem hér er til umræðu komi inn í þá athugun og nauðsynlegt að tillögur eða niðurstöður þess liggi fyrir fyrir miðjan febrúar nk.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli og ætlaði í raun og veru ekki að blanda mér í það, en við erum alltaf að tala um að spara í heilbrigðisþjónustunni m.a. með því að þeir sem eru sjúkir eða aldraðir geti verið sem lengst heima hjá sér. Hjúkrunarfræðingur sem tekur að sér að ganga í hús til sjúks eða aldraðs manns dvelur yfirleitt ekki lengi, gerir það sem nauðsynlegt er og til er ætlast af honum. Síðan tekur starfsmaðurinn við og dvelur allan daginn. Eins og kom fram hér áðan er þetta fólk yfirleitt illa launað og erfitt að fá það til starfa. Og það er margt annað sem þyrfti að skoða líka í því sambandi. M.a. skulum við athuga að það er mjög mikill vandi að fara inn á annarra manna heimili. Að pikka einhvern upp af götunni si svona og biðja hann um að fara þar inn án þess að veita honum nokkra uppfræðslu er slæmt. Það er ófært.

Ég hef árum saman barist fyrir því að þeir sem vinna þessi störf fengju a.m.k. hálfs mánaðar námskeið og mér þykir það ekki mikið í lagt, það þætti ekki mikið ef menn ættu að fara að vinna við einhvern iðnað eða eitthvað slíkt, fengju a.m.k. hálfs mánaðar námskeið þar sem þeim væri leiðbeint um til hvers er ætlast af þeim í starfi. Mér finnst ég hafa talað þetta fyrir mjög daufum eyrum. Það er að vísu ein manneskja sem alltaf hefur hlustað á mig og reynt að vinna að þessu máli. Það vill svo vel til að hún situr inni á þingi núna, hv. 18. þm. Reykv., Guðrún Halldórsdóttir skólastjóri. Ég fullyrði að hér í Reykjavík, þar sem ég þekki best til, er þetta starf í afskaplegum molum og illa skipulagt. Ég vildi, úr því að hæstv. heilbrmrh. er hér inni, benda honum líka á þetta.

Ég er sannfærð um að það er sparnaður í því að hjálpa til þess að gott starfsfólk vinni inni á heimilum fyrir þá sem eru sjúkir og aldraðir, það er sparnaður í að launa það betur, það er sparnaður í því að fræða það betur.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég blanda mér í þessar umræður vegna þess að ég lít svo á að það sé ekki alveg nóg að lög um heimahjúkrun komi til framkvæmda. Ég held að það sé mikið stærra mál sem þarf að vinna að. Ég held að við þurfum, þ.e. ríkisstjórn og allir aðilar sem að þessum málum standa, að sjá til þess að málin verði endurskipulögð. Ég held raunar að það hafi komið fram í máli hæstv. heilbrmrh. að bæði launamál og önnur mál þessu viðvíkjandi eru í ólestri.

Það þarf að skipuleggja samstarf hjúkrunarkvenna eða hjúkrunarfólks og þeirra sem heimilisþjónustu stunda. Það er höfuðnauðsynjamál, einkum og sér í lagi á þéttbýlissvæðum, að þessi mál verði endurskipulögð og samstarfshópar ófaglærðra og faglærðra komist á fót. Ekki nægir að faglært fólk geti fengið að stunda vinnu á líkan hátt og heimilislæknar heldur þarf að skipuleggja hópa í þessum málum sem vinna saman því að hver hjúkrunarfræðingur getur sinnt svo fáum og litlu ef það koma ekki fleiri hendur til. Þessa endurskoðun þarf að gera og vinna að henni markvisst bæði hér á Reykjavíkursvæðinu og alls staðar þar sem það er hagkvæmt.

Í dreifbýlinu, þar sem eru mjög fáir búandi, kemur aftur á móti annað til og það er rétt sem fyrrv. heilbrmrh. Ragnhildur Helgadóttir sagði að hjúkrunarfræðingar mundu koma þar að afskaplega miklu gagni sem einstaklingar og einstæðir starfsmenn.

Fyrirspyrjandi (Ragnhildur Helgadóttir):

Frú forseti. Ég þakka fyrir þær ábendingar sem hér hafa komið fram. Ég tek heils hugar undir það sem hv. 18. þm. Reykv. og hv. 16. þm. Reykv. sögðu. Það er svo sannarlega oft svo, að hjúkrunarverkefni er svo þungt að það krefst þess að fleiri en einn vinni að því að sinna sjúklingnum. Það er því alveg rétt að að slíku samstarfi þarf sannarlega að vinna og það er víðtækara mál en það sem hér er um

rætt. Hér er verið að tala um að beita lagaheimild sem lengi hefur vantað og lengi hefur staðið á að framkvæmd yrði.

Að því er varðar svör hæstv. ráðherra langar mig til að fara örfáum orðum um þau. Hæstv. ráðherra nefndi að ágreiningur hefði staðið milli hjúkrunarfræðinga og ráðuneytis eða Tryggingastofnunar um hver skyldi staðfesta hjúkrunarþörf sjúklings og hver skyldi gefa tilvísun. Það er auðvitað alveg rétt að hjúkrunarþörf verður hjúkrunarfræðingur að meta. Vitanlega þarf greining læknis að liggja fyrir og ástand sjúklings að liggja fyrir staðfest af hálfu læknis. Læknir þarf að lýsa því og undirbúa þannig verk hjúkrunarfræðingsins, en nákvæmlega hvers konar hjúkrun og hve mikla hlýtur hjúkrunarfræðingurinn að meta því hann hefur lært hjúkrun, en læknirinn hefur ekki lært hjúkrun.

Aftur á móti er alveg rétt að hér þarf mjög náið samstarf. Hér er um stéttir að ræða sem verða að vinna samtímis, en þær geta ekki komið hvor í stað annarrar. Mér sýnist því vera nokkuð ljóst að þarna sé enginn óyfirstíganlegur eða óleysanlegur ágreiningur, enda hygg ég að flestir læknar samþykki það að það hljóti að vera hjúkrunarfræðingarnir sem ákveða hvaða hjúkrun þeir þurfa að veita sjúklingi en ekki læknirinn.

Að því er tilvísun varðar hlýtur það líka að vera leysanlegt mál og koma þá heilsugæslustöðvar inn í það mál. Ég vil ekki trúa því að málið strandi á þessu, enda sagði hæstv. ráðherra að nú væri málið komið fram hjá þessum hjalla eða yfir hann og væri rætt um sjálfar greiðslurnar og fjárhæðina.

Hæstv. ráðherra taldi að núverandi stefna ríkisstjórnarinnar um það að ekki skyldi koma til launahækkunar stæði í vegi fyrir því að þessir samningar yrðu gerðir. Þetta tel ég vera alrangt því að hér er ekki verið að tala um breytingar á neinum launum sem fyrir eru. Hér er um að ræða algerlega nýtt fyrirkomulag. Það er verið að tala um nýja þjónustu sem ekki hafa enn þá verið ákveðnar greiðslur fyrir. Þess vegna tel ég að þessi röksemd hæstv. ráðherra standist ekki og það sé skylda ríkisstjórnarinnar að vinda að því bráðan bug að ganga frá þessu máli þannig að þeir mörgu sem þurfa á þessari þjónustu að halda fái notið hennar.

Það er alveg ljóst að það er skylda ráðherra og framkvæmdarvaldsins að framkvæma þau lög sem Alþingi setur. Og þó að einhverjir séu til í heilbrigðisstéttum sem vilja skipuleggja heilbrigðisþjónustuna enn óðruvísi og hafa ekkert með sjúkrasamlögin að gera, þó að þeir séu til sem telja að ekki hafi verið skynsamlegt að hverfa að þessari breytingu, þá er það ekki það sem máli skiptir. Þetta eru lög í landinu sem ber að framkvæma og það eru hundruð manna út um allt land, bæði í þéttbýli og dreifbýli, sem þurfa sárlega á þessari þjónustu að halda. Lögin eru ekki eingöngu sett til þess að ná til hjúkrunarfræðinga sem ekki eru inni á sjúkrahúsum heldur ekki síður og fremur til þess að auka þjónustu á heilbrigðissviðinu, en þarna helst að vísu hvort tveggja í hendur.

Og eitt enn, frú forseti, ég bið afsökunar á því að ég bæti einni setningu við: Hvernig dettur mönnum í hug að það að greiða úr sjúkrasamlögum hjúkrun í heimahúsum muni verða til þess að hjúkrunarfræðingar streymi út úr sjúkrahúsunum? Aðra eins viðurkenningu á kjörum hjúkrunarfræðinga, eins og stundum er haldið fram að þau séu, hef ég ekki heyrt. Eða hverjum dettur í hug að læknar streymi út af sjúkrahúsunum þó að til séu þeir læknar sem fái greitt úr sjúkrasamlögum fyrir sína þjónustu? Ég skil ekki að hugur kvenna, sem eru fjölmennastar í hjúkrunarstéttinni, sé eitthvað öðruvísi gagnvart sínum kjörum en karla, sem hafa fram að þessu verið fjölmennastir í læknastéttinni, og vísa á bug þeirri röksemd að það komi til greina að slíkt fyrirkomulag verði til þess að hjúkrunarfræðingar fari út af sjúkrastofnunum. Ef svo væri er það augljós vísbending um að þar þarf grundvallarbreytingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegi forseti. Aðeins fyrst örstutt út af ábendingum frá hv. 16. og hv. 18. þm. Reykv.

Ég vil auðvitað mjög eindregið taka undir það sem kom fram í þeirra máli um það að það er þörf á því að bæta heimaþjónustuna alla, bæði heimahjúkrunina og heimilishjálpina, og ég er sannfærður um að það að hafa öfluga og góða heimaþjónustu sparar í heilbrigðiskerfinu okkar. Það er enginn ágreiningur um það mál. Ég er alveg viss um að við getum öll sem hér erum inni verið sammála um að við spörum með því dýra uppbyggingu, notum fjárfestingu sem til er og margt og margt fleira sem mætti tína til. Ég held að það eigi að vera sameiginlegt markmið okkar allra.

Og ábendingar um sérstök námskeið eða sérstaka fræðslu fyrir fólk sem vinnur að heimaþjónustunni, sem ekki er þá það sem við í daglegu máli köllum faglærða fólkið, þ.e. líklega hugsað fyrir þá sem vinna að heimilishjálpinni en ekki við heimahjúkrunina, er af því góða og mikilvægt að bæta þar um.

Samstarf hópa, faglærðra og ófaglærðra, er auðvitað líka nauðsynlegt og stundum finnst mér að það væri einnig nauðsyn á betra samstarfi hinna faglærðu hópa því að þeir eru reyndar margir innan heilbrigðiskerfisins og ekki alltaf hægt að segja að það samstarf sé alveg eins gott og við teldum að væri æskilegast til þess að ná fram því besta úr þessum starfshópum öllum og fá þá til að virka og vinna vel saman.

Virðulegi forseti. Ég skal reyna að ljúka máli mínu hið snarasta. Það var aðeins að lokum út af athugasemdum hv. fyrirspyrjanda, 3. þm. Reykv. Ég gerði alveg grein fyrir því að ágreiningur sem var um hjúkrunarþörfina og tilvísunarkerfið aðeins tafði málið. Það er ekki ágreiningur um það í augnablikinu, menn eru raunverulega ekkert að deila um það, en það tafði málið í fyrravetur þegar þetta var í

umræðunni í Tryggingastofnun og milli stofnunarinnar og hjúkrunarfélaganna.

Hitt er svo aftur ljóst að það er ýmislegt sem kemur upp í umræðunni og menn velta fyrir sér hvort svona form, eins og hér er lagt til að sé komið á, skapi þau skilyrði sem lögin þó í upphafi áttu að gera. Ég er ekki í nokkrum vafa um að þau hafa auðvitað verið sett með góðri meiningu um það að fá faglært fólk til þess að vinna við heimahjúkrunina og í þessari þjónustu sem kannski hefur ekki orðið vegna þess sem ég rakti áðan, vegna vinnutíma og ýmissa annarra þátta, sjálfsagt að hluta til vegna launakjara. Ég ætla ekki að gera lítið úr því. Auðvitað hefur það oft komið upp í umræðum um hjúkrunarfræðingaskortinn að launa- og kjaramál séu hluti af þeim erfiðleikum sem þar er við að glíma.

Ég er hins vegar svolítið undrandi á orðum hv. þm. um að það sé alrangt að ímynda sér að þetta fyrirkomulag geti fært hjúkrunarfræðinga út af hjúkrunarstofnunum og yfir í heimaþjónustuna. Ég held að það sé vel fyrir hendi að slíkt geti gerst. Ég þori auðvitað ekki að fullyrða að það muni gerast, en af því að hún nefndi að það væri jafnfáránlegt og að láta sér detta í hug að læknar streymdu út af sjúkrahússtofnunum höfum við einmitt grun um að samningar við sérfræðinga um starf utan sjúkrastofnana kunni að hafa dregið suma þeirra út af sjúkrastofnununum og yfir í þjónustu sem þeir veita á sínum einkastofum úti í bæ, ef það má orða það svo. Það er einmitt það sem ég vil að við skoðum í þeim samningum sem ég taldi að væri nauðsynlegt að taka upp og koma á markvissari vinnubrögðum við samningagerð við heilbrigðisstéttirnar og það á einnig við um hjúkrunarfræðingana til þess að það a.m.k. endurtaki sig ekki sem ég greindi frá með sérfræðingana ef sú grunsemd mín er rétt.

SAMEINAÐ ÞING

6. fundur, fimmtudaginn 27. okt., að loknum 5. fundi.

Bann við geimvopnum, fyrri umr.

Þáltill. HG og GA, 4. mál. — Þskj. 4.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. sem er að finna á þskj. 4, 4. mál þingsins, um bann við geimvopnum, en flm. ásamt mér er hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir. Þessi tillaga hefur legið áður fyrir þinginu og er flutt hér aftur og enn aftur vegna þess að tilefnið er ærið til að ræða þessi mál hér. Alþingi hefur enn ekki náð samstöðu um að álykta í þessu máli eins og lagt er til í tillögunni.

Ég vil minna á það, virðulegur forseti, í upphafi að 4. fundur Reagans Bandaríkjaforseta og Gorbatsjovs í Moskvu var haldinn 29. maí til 1. júní sl. Sá fundur var táknrænn að því leyti að ritað var þar í fyrsta sinn undir samning um fækkun kjarnavopna, þ.e. eyðingu meðaldrægra og skammdrægra kjarnaflauga, hinn svokallaði INF-samningur. Hins vegar náðu leiðtogarnir ekki því markmiði að ljúka samningi um fækkun langdrægra kjarnaflauga sem verið hefur á dagskrá frá því á Reykjavíkurfundi þeirra haustið 1986. Mikil vinna hafði verið lögð í það af samningamönnum risaveldanna í hinum svokölluðu START-viðræðum í Genf að undirbúa samning um þessa fækkun langdrægu flauganna, en það tókst ekki að ljúka þeim undirbúningi fyrir fundinn í Moskvu. Ein aðalhindrunin í vegi samkomulags var þar áfram, eins og á fundinum í Höfða sællar minningar, geimvopnaáætlun Bandaríkjastjórnar, öðru nafni stjörnustríðsáætlun Reagans forseta eða skammstafað SDI, Strategic Defense Initiative, eins og það er kallað á enskunni.

Í ræðu sem Gorbatsjov, nú forseti Sovétríkjanna, hélt í tengslum við fundinn í Moskvu ítrekaði hann samkvæmt frásögn Morgunblaðsins að „hugsanlegur samningur um fækkun langdrægra kjarnorkuvopna, START, væri óhjákvæmilega tengdur samningum um takmarkanir geimvarna og lagði sérstaka áherslu á það að samkomulag hefði tekist með leiðtogunum á fundi þeirra í Washington í desember sl., að ákvæði ABM-sáttmálans um takmarkanir gagneldflaugakerfa skyldu virt eins og hann hefði verið undirritaður árið 1972. Túlkun þessa samnings er einmitt eitt helsta ágreiningsefnið á sviði afvopnunarmála," segir í Morgunblaðinu 31. maí sl.

Það er einmitt ný túlkun Bandaríkjastjórnar á ABM-samningnum svonefnda frá 1972, samningnum um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar, m.a. varðandi gagneldflaugakerfi, sem er eitt helsta ágreiningsefni risaveldanna. Hluta af þessum samningi, en þeir ganga gjarnan undir heitinu SALT I samningarnir, er að finna sem fylgiskjal I með þessari þáltill., það sem varðar sérstaklega geimvopnamálin og gagneldflaugakerfin. Bandaríkjastjórn hefur viljað fella geimvopnarannsóknir sínar undir þennan samning, en því hafa Sovétmenn ítrekað mótmælt. Í sama streng hafa tekið forustumenn margra Vestur-Evrópuríkja.

Ég minnti á þetta við umræðu hér í þinginu um hliðstætt mál í fyrra, till. um bann við geimvopnum, og innti þáv. utanrrh. eftir viðhorfum til ABM-samningsins og þeirrar túlkunar sem uppi hefur verið höfð af Bandaríkjastjórn varðandi þann samning. Ég leyfi mér að vitna til ummæla Steingríms Hermannssonar, núv. hæstv. forsrh., varðandi þessa fyrirspurn mína. Hann sagði svo:

„Hv. þm. spurði einnig um afstöðu til svokallaðs ABM-samkomulags. Ég ætla að leyfa mér að vísa í ekki ómerkari mann en Mondale fyrrv. forsetaframbjóðanda í Bandaríkjunum sem sagði í ræðu í St. Paul um daginn að það væri ekki að hans skapi og fjölmargra annarra að leggja fyrir Bandaríkjaþing til samþykktar ákveðið milliríkjasamkomulag og túlka það síðan á annan veg og átti þar við Reagan

forseta.“ Og áfram sagði þáv. hæstv. utanrrh.: „Ég er sammála Mondale í þessu sambandi, ef ég má leyfa mér að orða það svo. Ég held að sú túlkun sem Bandaríkjamenn hafa gefið þessum samningi upp á síðkastið sé mjög vafasöm. En þetta er einmitt eitt af aðalatriðunum í umræðunum núna á milli stórveldanna,“ sagði Steingrímur Hermannsson 22. okt. 1987, hér í Sþ.

Ég leyfi mér vegna þessa máls að inna hæstv. núv. utanrrh., Jón Baldvin Hannibalsson, eftir því hvert sé viðhorf hans til þessa máls sérstaklega, bannsins við geimvopnum og þeirrar tillögu sem hér liggur fyrir, og túlkun Bandaríkjastjórnar á ABM-samningnum sérstaklega.

Ég vil geta þess hér að á því ári sem liðið er frá því þessi mál voru rædd hér í Sþ., áður en málið fór til nefndar, hefur Alþýðublaðið gert þessari geimvopnaáætlun Bandaríkjaforseta góð skil í greinasyrpu sem þar birtist og varar við þessum áformum í leiðara sem ég hef einhvers staðar hér undir höndum en ætla ekki að taka tíma í að vitna til sérstaklega.

Geimvopnanotkun himingeimsins í hernaðarskyni hefur alla tíð verið eitt helsta efnið í umræðu um vígbúnaðarmálin frá því að Reagan Bandaríkjaforseti flutti hina umtöluðu stjörnustríðsræðu sína 23. mars 1983. En samkvæmt máli forseta Bandaríkjanna þá var ætlunin með geimvopnaáætluninni að Bandaríkin leiti leiða til að eyða öllum langdrægum eldflaugum og kjarnaoddum sem skotið yrði á loft í átt til Bandaríkjanna og gera slík vopn óskaðleg. Með þessum vopnabúnaði, sem að hluta til yrði komið fyrir úti í himingeimnum, boðaði forsetinn að unnt ætti að vera að útiloka ógnina af gereyðingu af völdum kjarnorkuvopna og gera þau þar með óvirk og óþörf, eins og hann orðaði það, í reynd. Þessi boðskapur forsetans og áætlunin sem honum tengdist hefur síðan kallað fram, eins og ég hef getið um, mikla og vaxandi gagnrýni, bæði innan Bandaríkjanna og á alþjóðavettvangi. Ýmsir þjóðarleiðtogar og þjóðþing hafa tekið eindregna afstöðu gegn geimvopnaáætluninni og má þar til nefna Mitterand Frakklandsforseta og innan Norðurlandanna t.d. danska þingið sem ekki hefur nú alltaf verið það róttækasta í sambandi við utanríkismál, eða a.m.k.

Ástæðurnar fyrir því að andstaðan við geimvopnaáætlunina er svo mikil, og það gildir auðvitað um þær athuganir og þau áform sem fyrir kunna að liggja hjá öðrum þjóðum, þar á meðal Sovétríkjunum, eru af margvíslegum toga og hér verða aðeins nefnd örfá atriði:

Í fyrsta lagi: Geimvopnakapphlaupið milli risaveldanna mundi gera að engu samninginn sem ég gat hér um um takmörkun gagneldflaugakerfa, SALT I samkomulagið. Í öðru lagi: Geimvopnaáætlun Bandaríkjanna gæti girt fyrir allar frekari tilraunir til að hemja vígbúnaðarkapphlaupið og gæti þannig aukið stórkostlega hættuna á gereyðingarstyrjöld. Ríki Vestur-Evrópu yrðu hernaðarlega enn háðari Bandaríkjunum en nú er og vettvangur átakanna milli austurs og vesturs færðist í enn ríkari mæli en nú er til Evrópu. Með tilkomu geimvopna mundi ákvörðun um stríð eða frið, líf eða tortímingu færast endanlega úr mannlegu valdi yfir í vélrænar tölvur, þar eð bregðast yrði við eldflaugaárás innan fárra sekúndna frá því að eldflaugum hefði verið skotið á loft. Hættan á tortímingu mannkyns vegna tæknilegra mistaka mundi því margfaldast að sama skapi.

Það er líka ástæða til þess, virðulegur forseti, að nefna það hér að fjölmargir vísindamenn og hernaðarsérfræðingar, einnig í Bandaríkjunum, hafa enga trú á að geimvarnadæmið gangi upp og geti veitt það öryggi sem Bandaríkjastjórn hefur notað sem röksemd fyrir þessari kostnaðarsömu áætlun. Viðbrögð gagnaðilans, í þessu tilviki Sovétríkjanna fyrst og fremst, yrðu að líkindum ekki aðeins þau að setja af stað eða herða á eigin geimvopnarannsóknum, heldur öðru fremur að fjölga langdrægum eldflaugum og fullkomna þær til að komast þannig fram hjá varnarviðbúnaði andstæðingsins. Þannig muni Sovétríkin alltaf geta tryggt að hluti af eldflaugaregninu komist á leiðarenda í árásartilvikum. Geimvopnakerfi eru heldur ekki talin geta veitt vörn gegn árás stýriflauga sem fljúga lágt yfir yfirborði jarðar. Þannig eru fjölmargar ástæður hvað snertir öryggi, hvað snertir eftirlit, hvað snertir mögnun styrjaldarhættunnar sem þessu fylgir, að ógleymdum kostnaðinum, sem mæla eindregið gegn þessari áætlun sem enn er í fullum gangi þar vestra.

Virðulegur forseti. Ég vildi vekja athygli hv. þm. og fyrrv. hæstv. utanrrh., Matthíasar Á. Mathiesens, á þessari umræðu sem hér fer fram. Og einnig Jóhanns Einvarðssonar, hv. 8. þm. Reykn., sem er formaður utanrmn. Ef hann er hér í húsinu þá fyndist mér æskilegt að hann ásamt hæstv. fyrrv. utanrrh. væri viðstaddur þessa umræðu og þeim yrði gert viðvart. Það er engin krafa af minni hálfu að sjálfsögðu því hér er hæstv. utanrrh. viðlátinn og þakka ég nærveru hans.

Það væri unnt að vitna í fjölda áhrifamikilla stjórnmálamanna í Bandaríkjunum sem lýst hafa andstöðu sinni við geimvopnaáætlunina, að ekki sé nú talað um vísindamenn. Í grg. er það nefnt að þegar á árinu 1985 undirrituðu 1300 bandarískir vísindamenn og háskólakennarar skuldbindingar um það, og gerðust aðilar að samtökum um það að eiga engan hlut að geimvopnarannsóknunum. Ég hef hér fjölda tímaritsgreina sem varða þetta mál og margar af þeim nýlegar. T.d. tímarit sem heitir The Bulletin of Atomic Scientists og gefið er út í Bandaríkjunum, aprílhefti 1988. Þar er greint frá gagnrýni margra virtra sérfræðinga á geimvopnaáætluninni. Þar er frásögn og viðtal við einn fyrrv. starfsmann fyrirtækis, sem hafði stóra samninga um vinnu við þessa geimvopnaáætlun, mann að nafni Richard Ruquist sem af samviskuástæðum hætti þátttöku í þessu starfi í því fyrirtæki sem hann vann við, svokallað Sparta-fyrirtæki í Lexington í Massachusetts. Þar átti þessi sérfræðingur völ á 150 þús. dala árslaunum. En samviska hans bauð að hætta þátttöku og vinnu við þessa geimvopnaáætlun og hann skýrir í viðtali frá

ástæðunum fyrir því að hann tók þá ákvörðun. (Forseti hringir.) Vill virðulegur forseti að ég stytti mál mitt hér eða ... (**Forseti:** Ég vil benda hv. þm. á að 15 mínútur eru leyfilegur ræðutími flm. þáltill. og sá tími er liðinn.) Já, virðulegur forseti.

Ég mun stytta mál mitt þó ég hafi ýmislegt fleira að segja. Síðast þegar þetta mál var rætt þá gat þáv. virðulegur forseti Sþ. um að um þetta giltu ekki tímatakmarkanir, að um þetta giltu sérstakar reglur þar sem þessi umræða væri um utanríkismál. En ég hef ekkert athugað það nánar svo ég mun stytta hér mál mitt og nota þá þá möguleika sem ég hef samkvæmt þingsköpum til þess að taka ekki aðeins einu sinni aftur heldur tvívegis til máls í þessari umræðu um þessa till. og gefa öðrum hv. þm. og hæstv. utanrrh. tækifæri til þess að koma hér inn umræðuna og segja álit sitt á till.

En ég vildi þó ljúka hér við að vitna til ummæla örfárra bandarískra sérfræðinga annarra en Richards Ruquist. Samkvæmt upplýsingum í nefndu tímariti, Atomic Scientists, nefni ég hér til Richard Garwin, áður meðlim í ráðgjafarnefnd Bandaríkjaforseta um vísindamálefni. Hann telur þá hugmynd hlægilega að varnarkerfi í geimnum geri heiminn öruggari varðandi hættuna af kjarnorkustríði. Þar er einnig vitnað til Davids Parnas, tölvubúnaðarsérfræðings og nú prófessors í tölvuvísindum við University of Victoria í British Columbia, sem fullyrðir að tölvubúnaður, sem stjórna á og hafa á eftirlit og tryggja samskipti við geimvopnakerfið, sé dæmdur til að bregðast „doomed to failure", eins og það er orðað, og að hans dómi muni engin fyrirsjáanleg tækni bæta úr þessu. Þar er einnig vitnað til Roberts Bowman sem var forstjóri geimrannsóknaprógramms Bandaríkjahers í tíð forsetanna Geralds Ford og Jimmy Carters og er nú eftirlaunamaður en rekur sérstakt fyrirtæki sem fylgist með stjörnustríðsáætlunum Bandaríkjastjórnar. Hann greindi frá því að þegar hann var starfsmaður fyrirtækisins General Dynamics þá hafi hann fengið sérstakar ofanígjafir vegna málafylgju sinnar og gagnrýni á geimvopnaáætlunina og að svigrúm sitt sem starfsmaður í iðnaði hafi verið minna en þegar hann hafi verið starfandi fyrir Bandaríkjaher. Þessi sérfræðingur og starfsmaður tveggja fyrrv. Bandaríkjaforseta orðar það svo þegar hann kveður upp dóm um stjörnustríðsáformin að hann kallar þau mestu svik sem nokkru sinni hafi verið troðið upp á bandarísku þjóðina. Það eru stór orð sem þessi virti maður hefur um þessa áætlun (Forseti hringir.) sem á komandi fjárhagsári á að verja til, ja, hvað halda menn hárri upphæð? 1900 milljörðum ísl. kr., 4100 millj. bandaríkjadala á komandi fjárhagsári — og er þar þó um niðurskurð að ræða um að ég hygg um 700 millj. bandaríkjadala frá óskum Bandaríkjaforseta, sem tókst þó að smeygja þessu máli í gegnum Bandaríkjaþing með miklu auðveldari hætti en gert hafði verið ráð fyrir vegna þess að þingmenn voru uppteknir og vildu losna og komast heim vegna forsetakosninganna sem fram undan eru í Bandaríkjunum.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna athugasemdar hv. 2. þm. Austurl. um þingsköp vil ég geta þess að 28. gr. þingskapa er kafli sem fjallar um fyrri umr. um þáltill. Í 5. málsgr. 28. gr. segir um sérstaka meðferð:

„Um þáltill., er fjalla um stjórnskipun, utanríkiseða varnarmál, staðfestingu framkvæmdaáætlana, alþjóðasáttmála eða milliríkjasamninga, gilda ákvæði 36. gr. við báðar umræður."

Ef litið er til 36. gr. þá er þar einungis talað um að framsögumaður meiri og minni hl. nefndar, svo og flutningsmaður máls, en eigi nema einn þótt fleiri flytji, eins og þar segir, megi við hverja umræðu um mál tala þrisvar. Ég fæ því ekki betur séð en að flm. þessarar till. megi taka þrisvar til máls, en það breytir ekki ákvæðunum um 15 mínútna ræðutíma, enda engin ósk um það fram borin.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Hvert sem mannleg augu líta nú á dögum þá sjáum við tvö stórveldi sem gína yfir málefnum okkar í austri og vestri. Þau taka ákvarðanir sem varða alla veröldina, hvert einasta mannsbarn og við fáum lítið að gert. Það eina sem við getum gert er að reyna að hreyfa mótmælum þegar að okkur steðja ógnir og hættur sem við sjáum að eru óhjákvæmilegar. Þessi hætta, sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson og Guðrún Agnarsdóttir hafa bent á og er til umræðu hér, er svo geigvænleg að ég held að það sé sama í hvaða flokki menn eru þeir hljóta að sjá að það er nauðsyn að reyna að hefta þessa viti firrtu áætlun ef hægt er. Hún er ekki bara rándýr fyrir bandarískt þjóðfélag heldur mun hún kosta allan heiminn mikið.

Það þarf enginn að ímynda sér það að þó að eldflaug geti grandað annarri eldflaug einhvers staðar langt úti í geimnum þá séu þær bara ekki lengur til og það hafi engin áhrif á andrúmsloftið eða þann geim sem í kringum okkur er. Síður en svo. Árekstur slíkra geimflauga úti í heimi hefur geigvænleg áhrif. Það er bara ekki víst að það hafi mest áhrif á þau lönd sem til stofnuðu. Það getur alveg eins verið Ísland eða eitthvert annað land. Þar af leiðandi varðar okkur það afskaplega miklu að geimvopnaáætlun Bandaríkjamanna verði ekki virk. Það hefur áður verið bent á það í þessum ræðustól í dag að hún muni líka margfalda tilhneigingu annarra til framleiðslu á vopnum og bara það hefur geysilega mikla þýðingu fyrir okkur. Síaukin hætta í vígbúnaðarkapphlaupinu er það sem við stöndum frammi fyrir. Við verðum að gera svo vel að reyna að leggja okkar af mörkum til þess að hindra að svo verði. Þar af leiðandi vil ég hvetja hæstv. utanrrh. til þess að taka alvarlegt mark á þáltill. sem hér er fram komin og flytja mál okkar skörulega á alþjóðavettvangi í þessum efnum.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég tek undir þau orð hv. 6. þm. Reykv., sem hér talaði áðan, að það má líta á það sem sjálfgefið að þm. á Alþingi Íslendinga, án tillits til stjórnmálaskoðana að öðru leyti, geti tekið undir þau markmið sem höfundar þessarar þáltill. lýsa í lokaorðum greinargerðar. Þar segja þeir að með tillögunni sé lögð á það áhersla að Alþingi Íslendinga leggi sitt lóð á vogarskálina gegn öllum hugmyndum um að nota himingeiminn til hernaðar nú og í framtíðinni og að fulltrúar Íslands fylgi þeirri stefnu eftir á alþjóðavettvangi. Ég geri ráð fyrir því að það sé hafið yfir vafa að um þetta geti menn verið sammála.

Í beinu framhaldi af því vil ég svara fsp. sem hv. 2. þm. Austurl., 1. flm. þessarar tillögu, beindi til mín í framsöguræðu sinni. En hann vildi þá fræðast um viðhorf núv. utanrrh. til hins svokallaða ABM-samnings, þ.e. samningsins um takmarkanir á gagnflaugakerfum frá 1972. Ég get í mínu svari tekið undir svör forvera míns við sömu spurningu sem hv. frsm. vitnaði til. Það er að mínu mati hafið yfir vafa að ABM-sáttmálinn er einhver þýðingarmesti samningur sem gerður hefur verið milli risaveldanna um takmörkun vígbúnaðarkapphlaups. Gæti ég þess vegna tekið undir spurningu um túlkun á honum svo sem lýst er í grg. þar sem vitnað er til stjórnmálamanna, að vísu sem nú eru horfnir af sjónarsviði, eins og Helmut Schmidt, fyrrum kanslara Vestur-Þýskalands, Pierre Trudeau, fyrrum forsætisráðherra Kanada, og Robert McNamara, fyrrum varnarmálaráðherra Bandaríkjanna.

Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni, þá er hún flutt nú í fjórða sinn. Sem betur fer er óhætt að segja það hér og nú að viðhorf í alþjóðamálum, vígbúnaðarmálum og afvopnunarmálum hafa breyst mjög til batnaðar á þeim tíma sem liðinn er frá því að þessi tillaga var flutt fyrst.

Geimvarnaáætlun Bandaríkjamanna hefur frá fyrstu tíð verið afar umdeild. Margir hafa orðið til þess að efast um hagnýtt gildi hennar. Margir hafa lýst áhyggjum sínum af því hversu gríðarlegur kostnaður er henni samfara, þrátt fyrir óvissu um hagnýtt gildi. Margir hafa látið í ljós þá skoðun að líkleg viðbrögð hins risaveldisins yrðu helst þau að herða á eigin geimvopnarannsóknum sem vissulega hafa verið stundaðar í miklum mæli þótt farið hafi hljóðara um þær á Vesturlöndum. En helst hafa menn óttast að geimvarnaáætlunin mundi standa í vegi fyrir alvarlegri viðleitni til samkomulags um gagnkvæma kjarnavopnaafvopnun og óttast að viðbrögð Sovétmanna yrðu þau að fjölga langdrægum eldflaugum og fullkomna þær í því skyni að geta með þeim hætti komist fram hjá varnarviðbúnaði andstæðingsins.

Af hálfu bandarískra stjórnvalda hefur ekki verið fallist á þessa gagnrýni og þessi rök. Því hefur verið haldið fram að markmið þeirra með geimvarnaáætluninni sé fyrst og fremst það að ná þeim áfanga að gera kjarnavopn óþörf. Jafnframt hafa þeir vísað á bug gagnrýni á þær rannsóknir, sem hér um ræðir, á þeim forsendum að þær séu þess eðlis að alls óvíst sé enn um niðurstöður þeirra, fyrir utan það að þeir hafa bent á að það kunni að vera ýmsum erfiðleikum og vandkvæðum bundið að ætla að tryggja í framkvæmd bann við rannsóknum og út af fyrir sig má taka undir það.

Ég sagði áðan að sem betur fer hafa viðhorf í alþjóðamálum og afvopnunarmálum breyst mjög til batnaðar frá því að þessi tillaga var fyrst lögð fram á Alþingi Íslendinga. Eins og fram kom í máli framsögumanns hefur það gerst þrátt fyrir allt að samkomulag hefur tekist milli risaveldanna um fyrstu skrefin, ekki aðeins við frystingu vígbúnaðarkapphlaupsins að því er varðar kjarnavopn heldur samkomulag um fækkun kjarnavopna, þ.e. skammdrægra og meðaldrægra vopna. Vonir stóðu til að hægt væri að stíga stærra skref sem næði einnig til langdrægra eldflauga og langdrægra kjarnavopna, en þær vonir hafa ekki ræst enn. Þrátt fyrir það eru menn nú til mikilla muna bjartsýnni á að sá árangur náist.

Þetta sem ég nú hef sagt um breytt viðhorf kemur ágætlega fram í texta greinargerðar tillögunnar, sem er að ég hygg ef minni mitt bregst mér ekki hinn sami og var í upphafi. Þar er m.a. vitnað í svör eins af forverum mínum, páv. utanrrh. Matthíasar Á. Mathiesens í skýrslu til Alþingis um utanríkismál, þar sem á það er bent að vonir manna um niðurskurð kjarnavopna hafi ekki ræst, en menn hafi þá gert sér vonir um að samningar gætu tekist um það sem minnstur ágreiningur var um, svo sem um 50% niðurskurð langdrægra kjarnavopna og niðurskurð meðaldrægra kjarnavopna í Evrópu. Vissulega hafa þær ekki ræst að fullu, en engu að síður er það staðreynd að stigin hafa verið stór skref fram á við. Þrátt fyrir hina umdeildu geimvarnaáætlun hafa vonirnar ræst um fyrstu skrefin í átt til fækkunar kjarnavopna, skammdrægra og meðaldrægra kjarnavopna. Og ég vil ekki gefa mér þá forsendu fyrir fram, þrátt fyrir allt, að við eigum ekki eftir að sjá innan skamms tíma víðtækara samkomulag sem einnig taki til langdrægra kjarnavopna.

Virðulegi forseti. Ég held að ég sjái ekki ástæðu til á þessu stigi máls að hafa um þessa tillögu mikið fleiri orð. Ég hef þegar sagt að ég geri ekki ráð fyrir því að nokkur ágreiningur sé uppi á hv. Alþingi um þau markmið sem hér er lýst. Ég lýsi ánægju minni yfir þeim árangri sem náðst hefur á þeim tíma sem liðinn er frá því að þessi tillaga var fyrst flutt. Ég rifja upp að í umræðum á hinu háa Alþingi á sínum tíma lýsti ég efasemdum mínum um að unnt væri að framfylgja banni við framkvæmd rannsókna sem þessu tengjast. Ég vil, reyndar í allri vinsemd, beina því til tillögumanna og reyndar til þeirrar hv. þingnefndar sem um málið fjallar hvort ekki gæti verið til bóta að breyta orðalagi 1. málsl. ályktunarorðanna, þar sem segir: „Allar rannsóknir og tilraunir er tengjast hernaði í himingeimnum verði tafarlaust stöðvaðar," á þessa leið: Allar rannsóknir er beinast

að hernaði í himingeimnum verði tafarlaust stöðvaðar. Ég vísa þá fyrst og fremst til þess sem ég hef þegar sagt að það kann að vera svo í reynd að óvíst sé um niðurstöður rannsókna og rannsóknir geta auðvitað leitt til marghátta vísindalegs árangurs sem öllu mannkyni getur orðið að gagni en vil taka af öll tvímæli um það að hér er verið að ræða um rannsóknir sem beinlínis stefna markvisst að því og beinast að því að undirbúa tæki og tækni sem leiða til notkunar í hernaðarskyni í geiminum.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hv. þm. Guðrúnu Halldórsdóttur fyrir hennar undirtektir við þessa tillögu og vissi þó raunar fyrir um stuðning þm. Kvennalistans við þetta mál, sem kemur fram í meðflutningi að því. Og ég fagna sérstaklega máli hæstv. utanrrh. varðandi þá tillögu sem hér er rædd. Ég skil undirtektir ráðherrans þannig að hann vilji greiða fyrir því að þessi tillaga fái hér þinglega meðferð og afgreiðslu á þessu þingi, enda má segja að tími sé til kominn eftir að mál þetta hefur verið flutt hér þrívegis áður. Ástæðurnar til þess að minna á það og fyrir Alþingi að taka afstöðu til þess og leggja sitt lóð á vogarskálarnar eru síst minni heldur en var þegar tillagan var upphaflega flutt.

Eins og ég minnti á í framsöguræðu minni er þetta mál á fullri ferð á vegum Bandaríkjastjórnar og gífurlegum fjárhæðum er varið í þessu skyni. Talið er af Bandaríkjastjórn að gagnaðilinn, Sovétríkin, stundi rannsóknir og tilraunir sem snerta gagnflaugakerfi. Því hefur ekki verið neitað af þeirra hálfu að slíkar rannsóknir fari þar fram, þó að í minni mæli sé en í Bandaríkjunum. En tillaga þessi snertir auðvitað málið í heild, hvaða ríki sem á í hlut og ætlaði sér að færa hernaðarátök og herbúnað út í geiminn. Ég er að sjálfsögðu reiðubúinn til þess að athuga breytingar á orðalagi þessarar tillögu í utanrmn. til þess að greiða fyrir samkomulagi um málið og mér fannst að ábendingar frá hæstv. ráðherra væru fyllilega innan þeirra marka sem til álita kemur að fallast á sem breytingu á tillögunni og þakka honum fyrir ábendinguna.

Tillaga mín er að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til utanrmn. þingsins, sem hefur haft þetta mál áður, og ég treysti því eftir þær undirtektir sem hér hafa orðið við þessa tillögu að á þessu þingi taki Alþingi af skarið og lýsi áliti sínu í þessu efni. Menn meta það e.t.v. misjafnlega hvaða þýðingu samþykktir þjóðþinga hafi í alþjóðlegu samhengi en ég er ekki í nokkrum vafa um það að eftir því sem þeim fjölgar sem taka afstöðu á þjóðþingum heimsins til þessa stórmáls, þeim mun meiri líkur eru á því að risaveldin sem hlut eiga í geimvopnarannsóknum átti sig og sinni kalli heimsbyggðarinnar um að vísa frá þessum óraunsæju hugmyndum um að útiloka að eldflaugar berist á leiðarenda með varnarkerfi sem komið væri fyrir uppi í himingeimnum. Það er nú þegar geysilega mikið af drasli, svo notað sé einfalt íslenskt orð yfir mikið dót, sem sveimar nú yfir jörðinni í nokkur hundruð kílómetra hæð. Þetta eru gervihnettir sem skotið hefur verið á loft og leifar af slíkum geimstöðvum og búnaði þeim tengdum. Það er ótrúlegar magn. Ég hef hér fyrir framan mig úrklippu úr viðtali við sovéskan aðila, sem Surikov heitir, í Jane's Defence Weekly 16. júlí 1988, þar sem hann greinir frá því að í júní 1987 hafi verið 1702 gervihnettir á sveimi umhverfis jörðu og 5130 meiri háttar brot eða leifar af búnaði gervihnatta, geimstöðva og eldflauga hafi snúist í kringum jörðu í 500–2000 km hæð. Þetta eru þó hreinir smámunir miðað við það sem áætlanir eru uppi um í sambandi við hernaðarnot á himingeimnum og tengjast geimvopnaáætluninni sem við best þekkjum, þ.e. bandarísku hugmyndunum. Það er sannarlega með hryllingi sem maður hugsar til þess að þúsundir manna og kannski tugir þúsunda manna skuli vera að vinna að því með gífurlegum tilkostnaði að þróa undirstöðu- og frumáætlanir við fyrirætlanir af þessu tagi.

Ég lít á það sem skyldu okkar að vera á vaktinni í sambandi við þessi mál og ég fagna því að undirtektir við þessa tillögu eru nú betri hér á Alþingi Íslendinga en áður þegar þær hafa komið til umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sjálfseignarstofnanir, fyrri umr.

Þáltill. GJH o.fl., 24. mál. — Þskj. 24.

Flm. (Guðrún J. Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir svohljóðandi þáltill.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja á stofn starfsnefnd er vinni að samningu rammalöggjafar um sjálfseignarstofnanir.“

Meðflytjendur mínir eru þær Danfríður Skarphéðinsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Kristín Halldórsdóttir og Málmfríður Sigurðardóttir.

Frú forseti. Fyrirrennara nútímasjálfseignarstofnana á Íslandi má finna allt aftur í fornöld. Þá voru brýr og ferjustaðir stundum eins konar sjálfseignarstofnanir og eins var það háttur kirkjunnar manna að koma á fót og reka velgerðarstofnanir sem áttu sig sjálfar, enda leit kanónískur réttur svo á að kirkjan og stofnanir hennar ættu sig sjálfar. En það hefur ætíð verið einkenni og aðall sjálfseignarstofnana að þær eru stofnaðar með velferð og velgengni almennings og þurfandi hópa í huga. Þekkt dæmi um slíkar stofnanir á seinni öldum á Íslandi eru Thorkillii-sjóður sem stofnaður var af dánarbúi Jóns Þorkelssonar seint á 18. öld til að koma á fót barnaskóla fyrir fátæk börn í Kjalarnesþingi og fyrsti spítali á

Akureyri sem stofnaður var 1874 og bar nafnið Godmansminde.

Þó að rekja megi uppruna sjálfseignarstofnana á Íslandi svo langt aftur og þrátt fyrir það að sjálfseignarstofnanir í nútímamynd eigi sér allmerka sögu hérlendis hefur Alþingi enn ekki sett almenna löggjöf um slíkar stofnanir. E.t.v. er ástæðan sú að á dögum konungssambands Íslendinga og Dana hafi verið farið eftir dönskum lögum í þessum efnum en síðan eftir venjum, hefðum og almennum landslögum. Til eru lög um stöku sjálfseignarstofnanir, svo sem Lýðháskólann í Skálholti og Verslunarskólann, en um flestar íslenskar sjálfseignarstofnanir, t.d. skóla Ísaks Jónssonar, dýraspítala Watsons og sjálfseignarstofnun St. Jósefsspítala, eru engin sérstök lög til.

Tildrög að sjálfseignarstofnunum geta verið með þrennum hætti a.m.k. Í fyrsta lagi er hægt að koma á fót sjálfseignarstofnunum með sjóðsstofnun einstaklings eða dánargjöf, og er dýraspítali Watsons dæmi um slíka einstaklingsgjöf, í öðru lagi með almennri söfnun, samskotum eða frjálsum framlögum fólks og er skóli Ísaks Jónssonar og meðferðarstofnunin Vogur dæmi um slíkt, og í þriðja lagi að tilhlutan opinberra aðila í samvinnu við einstaklinga eða almenning og mun sjálfseignarstofnun St. Jósefsspítala dæmi um hið þriðja upphafsform.

Af ofangreindu má sjá að upphaf og tilgangur flestra sjálfseignarstofnana varðar almannaheill en þeir aðilar sem reka og stjórna stofnununum hafa ekki annan hagnað af rekstrinum en eigið kaup því arður af rekstri ef einhver er rennur til stofnananna sjálfra. Það varðar þessa starfsmenn hins vegar miklu að lög um stofnanir þær sem þeir vinna við og fyrir séu skýr og tæmandi. Á síðustu árum hefur sjálfseignarstofnunum fjölgað og þróun mála verið stefna í þá átt enn um sinn. Jafnvel er mögulegt að tegundum sjálfseignarstofnana á Íslandi fjölgi og á ég þar við að hugsanlega verða byggingarfélög búseturéttar að sjálfseignarstofnunum. En mér vitanlega eru slíkar sjálfseignarstofnanir, þ.e. byggingarfélaga, ekki til hér á landi þó að þær séu nokkuð algengar erlendis. Af þessu má sjá að aukin þörf er á almennri rammalöggjöf um starfsemi sjálfseignarstofnana, stofnun þeirra og rekstur, sem og hvernig leggja skuli þær niður, einnig um réttarstöðu viðskiptavina og skjólstæðinga stofnananna, ábyrgð rekstraraðila og réttarstöðu stjórnenda o.s.frv.

Ljóst er að sjálfseignarstofnanir geta verið og eru ólíkar að gerð og markmiðum. T.d. liggur í augum uppi að stór munur er á störfum Hjálparstofnunar kirkjunnar og starfsemi Verslunarskólans þótt báðar stofnanirnar séu sjálfseignarstofnanir. Því þarf í ýmsum tilvikum að setja sérákvæði um þær en brýnt er að almenn mörkun laga og reglna um starfsemi þessa verði gerð, ekki síst núna þegar erfiðir tímar og harðindi virðast fara í hönd í íslensku efnahagslífi.

Frú forseti. Ég legg til að að þessari umræðu lokinni verði málinu vísað til síðari umr. og allshn.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Hér er vissulega hreyft þörfu máli sem ástæða hefði kannski verið til að hreyfa miklu, miklu fyrr vegna þess að það eru ýmsar stofnanir í þessu þjóðfélagi sem vel færi á að væru sjálfseignarstofnanir en það er í hæsta máta rétt að um þessar stofnanir hefur skort skýr lagaákvæði. En nú hygg ég að það muni vera svo, enda þótt hæstv. iðnrh. sé hér ekki staddur, að mér sé heimilt að segja frá því að fyrir allnokkru síðan flutti hann tillögu um þetta mál í ríkisstjórninni og ég hygg að það sé raunar þegar komið á rekspöl og hafi málið verið kannað í Noregi og gagna aflað þaðan. Norðmenn settu lög um slíkar stofnanir upp úr 1980 eða þar í kring, að ég hygg, og hafa síðan breytt ýmsum af sínum fyrri ríkisstofnunum, þar á meðal norska ríkisútvarpinu, í sjálfseignarstofnun eða stiftelse eins og það heitir á þeirra máli. Það er því, held ég, hægt að gleðja flm. þessa máls með því að þetta mál er þegar komið á rekspöl og var það áður en þessi ágæta tillaga kom hér fram.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka flm. þessa máls fyrir að koma með það inn á vettvang Alþingis. Þetta er nauðsynjamál, að setja lög um sjálfseignarstofnanir, og þótt fyrr hefði verið. Fyrsta flm. Guðrúnu J. Halldórsdóttur vil ég þakka fyrir hennar frumkvæði í þessu efni. Hún hefur sem varaþingmaður sýnt það að hún er hugmyndarík og hefur komið með mörg ágæt mál inn í þingið. Þau hafa ekki öll fengið þann framgang sem þau hefðu átt skilið, t.d. á sviði skólamála, fjarkennslu og fleiri þátta. Og vegna þess sem fram kom hjá hv. þm. Eiði Guðnasyni um atfylgi hæstv. iðnrh. í þessu máli er það auðvitað ekki ónýtt fyrir hæstv. ráðherra að fá stuðning þingsins með samþykkt þessarar tillögu til þess að greiða fyrir málinu og veita því þá áherslu sem því ber.

Ég vænti þess að mál þetta geti fengið greiðan framgang í þeirri þingnefnd sem lagt er til að fái það til meðferðar og ég held að viðkomandi ráðherrar, sem sýna þann dugnað og framsýni að taka á málum, geti aðeins verið ánægðir með það ef þingviljinn er þeim til stuðnings í þessu efni.

Flm. (Guðrún J. Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 3. þm. Vesturl. fyrir svör hans viðvíkjandi þessu máli þar sem ég reikna með að hann tali fyrir munn ráðherra þar. Það var mér mikið ánægjuefni að heyra að þessi mál skuli vera komin á þennan rekspöl. Ég efast ekki um að úr því að svo langt er komið sem hann segir muni frv. til laga verða lagt fram innan tíðar. Hvort rétt sé að stofna nefnd, eins og við leggjum til í þessari þáltill., til þess að reka endahnútinn á þetta vil ég leggja fyrir þingheim allan. Ég álít að betur sjái augu en auga og að það geti mjög vel verið að til þess að ljúka þessari lagafrumvarpssamningu fljótt og vel og glögglega sé gott að koma á fót nefnd í þessu máli, til

þess að reka endahnútinn á þetta. Ég legg eindregið til að það verði gert og ég vonast til þess að innan örstutts tíma verði þetta mál að veruleika.

Ég hafði af því spurnir fyrir tveimur árum að eitthvað væri byrjað að vinna að þessu máli en ég hafði ekki séð nokkur merki þess að afrakstur þess verks kæmi fram á sjónarsviðið og þess vegna fannst mér ástæða til, og okkur, að hreyfa því og til að reka á eftir að þetta yrði nú loks að veruleika.

Ég þakka hv. 2. þm. Austurl. fyrir góðar undirtektir við málflutning minn, bæði nú og fyrr, og óska þess að eftir þessa umræðu verði málinu vísað til síðari umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umhverfisfræðsla, fyrri umr.

Þáltill. KH o.fl., 6. mál. — Þskj. 6.

Flm. (Kristín Halldórsdóttir):

Hæstv. forseti. Fámennið hér inni ber reyndar með sér að eldhúsið og Þórdís hafi meira aðdráttarafl á þingheim heldur en þessi þingsalur og það sem hér fer fram og þó að það komi ekki þessu dagskrármáli við þá get ég ekki stillt mig um að geta þess að mér fyndist athugandi, þegar þingfundir eru á þessum tíma, að gera hlé á fundi svo að samviskusamir þm. geti nært sig eins og aðrir. En það er nú annað mál.

Till. var lögð fram snemma á síðasta þingi en hlaut ekki afgreiðslu okkur flytjendum til mikilla vonbrigða. Okkur finnst það satt að segja svo sjálfsagt sem í till. felst og jafnframt svo mikilvægt að það er okkur óskiljanlegt að hv. alþm. þurfi að velta mikið vöngum yfir svona till. Það er kannski þeim mun óskiljanlegra sem allir þingflokkar telja sig hafa áhuga og skilning á umhverfismálum og yfirleitt eru alltaf einhverjir úr öllum þingflokkum tilbúnir að lýsa stuðningi við mál sem hér koma fram og horfa til bóta í þessum málaflokki.

Það sem hér er lagt til er að okkar mati grundvallaratriði ef við ætlum að snúa við óheillaþróun í umhverfismálum og ganga í lið með náttúrunni. Till. er á þskj. 6 og meðflytjendur eru hv. þingkonur Danfríður Skarphéðinsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Guðrún J. Halldórsdóttir, Kristín Einarsdóttir og Málmfríður Sigurðardóttir. Till. er stutt, einföld og skýr, með leyfi hæstv. forseta: „Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að efla og samræma fræðslu um umhverfismál í grunnskólum og framhaldsskólum landsins og á meðal almennings."

Það er nú því miður svo, eins og stendur í grg. með till., að maðurinn sem svo lengi hefur litið á sig sem herra jarðarinnar er langt á veg kominn með að *tortíma umhverfi sínu og þar með sjálfum sér* og verði ekki snarlega snúið af þeirri braut erum við að bregðast afkomendum okkar með því að fá þeim í hendur verra umhverfi en okkur var trúað fyrir og við getum ekki afsakað okkur með því að við höfum ekki vitað betur.

Staðreyndirnar blasa við allt í kringum okkur, studdar marghátttuðum rannsóknum og mælingum sem upplýsa okkur um jarðvegs- og gróðureyðingu, ofnýtingu auðlinda og mengun í lofti, vatni og sjó sem stefnir öllu lífi í voða, jafnvel þótt unnt yrði að koma í veg fyrir mestu ógn lífs á jörðu, kjarnorkustyrjöld.

Einstaklingar, samtök, ríkisstjórnir og alþjóðastofnanir svo sem Sameinuðu þjóðirnar hafa safnað upplýsingum og sett fram stefnumörkun um hvað gera má til úrbóta svo að maðurinn gangi ekki stöðugt á umhverfi sitt og tortími með því sjálfum sér að lokum. Mönnum er löngu orðið ljóst að það er ekki nóg að taka frá og friða skika hér og þar, þótt það sé líka nauðsynlegt. Við verðum að horfa á jörðina sem heild og skilja þær takmarkanir sem náttúran setur okkur um leið og við notum og njótum þeirra auðlinda sem hún gefur. Við verðum að skilja að maðurinn á ekki að vera drottnari náttúrunnar, heldur er hann hluti af henni.

Íslendingum er tamt að telja umhverfismál í góðu lagi hér á landi, dyggilega studdir af erlendum ferðamönnum sem teyga að sér hreina loftið, dásama tært vatnið og falla í stafi yfir óbyggðum landsins. En þótt við búum enn við minni mengun en helstu iðnríki heims fer því fjarri að við höfum efni á að hreykja okkur og vitna ég nú m.a. til umræðna um fsp. hér fyrr í dag um mengun vegna álversins í Straumsvík. Þá má einnig minna á ofnýtingu fiskistofna, gegndarlausa gróðureyðingu og linku við endurheimt og varðveislu landgæða, hirðuleysi í umgengni um viðkvæm landsvæði, óskipulagðar veiðar villtra dýra, mengun frá verksmiðjum eins og áðan var minnst á, hömluleysi í notkun einnota umbúða sem sömuleiðis var til umræðu í fyrirspurnatíma fyrr í dag, óviðunandi ástand í frárennslismálum, kæruleysi um varnir gegn olíumengun, slæman frágang á úrgangi og sinnuleysi um endurnýtingu og endurvinnslu. Hér verður að snúa við blaðinu og ganga í lið með náttúrunni. Þessar staðreyndir allar blasa í rauninni við og enginn ber á móti þegar þær eru tíundaðar. Þó gengur ótrúlega hægt að merja fram nokkrar úrbætur og er það verulegt umhugsunar- og áhyggjuefni.

Örfáar tillögur fengust samþykktar á síðasta þingi varðandi þessi mál og gekk ekki þrautalaust að fá þær í gegn þrátt fyrir fögur orð um úrbætur í starfsáætlun þáv. ríkisstjórnar.

Ég minnist t.d. tillagna um blýlaust bensín sem m.a. hæstv. forseti kannast mætavel við og tillögu um setningu reglna um einnota umbúðir sem eftir mikla eftirgangsmuni fengust samþykktar í allshn. þar sem ég átti sæti. Hins vegar entist mönnum í hv. félmn. Sþ. ekki veturinn í fyrra til þess að ræða og taka ákvörðun um þá einföldu og skýru tillögu um umhverfisfræðslu sem er nú endurflutt á þskj. 6 en

hafði málanúmerið 10 á síðasta þingi.

Núv. ríkisstjórn gefur umhverfismálum þó nokkurt rúm og vægi í málefnasamningi sínum og lýsir þar yfir að fræðslustarf á sviði umhverfismála verði aukið. Forveri hennar gerði það reyndar líka, næstum orðrétt um sama efni, og nú er því að sjá hvort hugur fylgir eitthvað frekar máli hjá þeim sem nú ráða. Meðferð till. gæti gefið vísbendingu um það og þykir mér nú afleitt og miklu miður að hæstv. menntmrh. er ekki viðstaddur þessa umræðu en fjarvist hans er með vitund og leyfi hæstv. forseta svo sem fram kom í upphafi þingfundar hér í dag. Hins vegar er hér alþekkt áhugafólk um þessi efni úr sama flokki og hæstv. ráðherra og á ég bæði við hæstv. forseta og hv. 2. þm. Austurl. og munu þau e.t.v. vera svo væn að bera þessi orð til hæstv. ráðherra.

Það er skoðun okkar sem flytjum till. að stóraukin þekking og skilningur á náttúrunni sé það eina sem getur forðað manninum frá því að þurrausa auðlindir jarðar og eyðileggja það umhverfi sem hann lifir í og að því þarf að vinna án tafar með skipulegum hætti og á öllum stigum þar sem því verður við komið. Það er mála sannast að þrátt fyrir ákvæði um umhverfisfræðslu í grunnskólalögum og í lögum um náttúruvernd er slík fræðsla ákaflega tilviljanakennd og af skornum skammti. Má vafalaust ýmsum um kenna en fyrst og fremst er þó sökin stjórnvalda því það er ekki nóg að setja ákvæði í lög, það verður einnig að skapa skilyrði til að framfylgja þeim. Það er t.d. til lítils að leggja Náttúruverndarráði þá kvöð á herðar að það „hafi forgöngu um fræðslu fyrir almenning um náttúru landsins og leitist við að efla áhuga á náttúruvernd, m.a. með útgáfustarfsemi, kynningu í skólum og fjölmiðlunartækjum“ eins og segir í lögum um náttúruvernd frá 1971, ef því er ekki gert kleift að ráða starfsfólk til að sinna þessari lagaskyldu.

Náttúruverndarráð hefur vissulega sinnt umhverfisfræðslu eftir föngum þrátt fyrir manneklu og lítil auraráð og sjálfsagt er að geta um gagnmerka starfsemi Landverndar og fleiri samtaka áhugamanna sem hafa lagt sitt af mörkum í þessum efnum. Það er ákvæði í grunnskólalögum sem lýtur að umhverfisfræðslu, en því þarf að fylgja eftir með útgáfu námsefnis og þjálfun kennara. Annars kemur það fyrir lítið. Samkvæmt upplýsingum námsstjóra í náttúrufræðum, Þorvaldar Arnar Árnasonar, er umhverfisfræðslu sinnt í heldur vaxandi mæli í grunnskólum en er þó fyrst og fremst undir einstökum skólum og kennurum komið hvernig til tekst.

Það hefur því miður verið lítil eftirspurn eftir námskeiðum í umhverfisfræðslu fyrir starfandi kennara og í framhaldsskólum er mjög lítið um umhverfisfræðslu nema að því marki sem vistfræði er innifalin í líffræði. Það er því deginum ljósara að það þarf að styrkja grunninn og byggja myndarlega ofan á hann.

Á ráðstefnu sem haldin var á vegum UNESCO í Tiblisi árið 1977 voru markmið umhverfisfræðslu skilgreind á eftirfarandi hátt:

1. Að vekja athygli einstaklinga og hópa á umhverfi sínu og þeim vandamálum sem þar bíða úrlausnar.
2. Að auka þekkingu og skilning fólks á náttúrunni og umhverfi sínu í heild svo það geri sér betur grein fyrir áhrifum gerða mannsins.
3. Að efla viðhorf ábyrgðar gagnvart umhverfi og vilja til að vinna að náttúruvernd og fegrun umhverfis.
4. Að þjálfa nemendur í að skilgreina og leysa umhverfisvandamál.
5. Að auka hæfni til að vega og meta ákvarðanir og athafnir út frá margvíslegum forsendum, svo sem vistfræðilegum, fjármálalegum, félagslegum, fagurfræðilegum, hagfræðilegum, uppeldislegum o.s.frv.
6. Að stuðla að þátttöku í fyrirbyggjandi aðgerðum.

Á sömu ráðstefnu var enn fremur samþykkt að í umhverfisfræðslu bæri að leggja áherslu á eftirfarandi atriði:

1. Að umhverfisfræðsla þurfi að fjalla um umhverfið í heild, bæði náttúruna og það sem menn hafa gert, bæði náttúrufræði og samfélagsfræði.
2. Að umhverfisfræðsla þurfi að vara ævilangt og fara fram á öllum skólastigum, auk hvers kyns fræðslu utan skóla.
3. Umhverfisfræðsla á að vera ófagbundin að mati þessarar ráðstefnu og hluti af kennslu í öllum námsgreinum á öllum skólastigum. Í námsskrá og kennsluleiðbeiningum ber að taka sérstakt tillit til umhverfisfræðslu.

Ég vil þó nefna í þessu sambandi að þó að ég sé sammála því að umhverfisfræðsla eigi að vera hluti af kennslu í öllum námsgreinum tel ég engu að síður að það þurfi að leggja sérstaka áherslu á hana sem slíka.

4. Það þurfi að fræða um nánasta umhverfi og síðan málefni héraðsins, landsins og heimsins alls.
5. Áherslu þarf að leggja á þau vandamál sem efst eru á baugi á hverjum stað, en taka jafnframt mið af sögunni og spá um nánustu framtíð.
6. Fræðslan eigi að stuðla að því að einstaklingar, fjölskyldur, félög og þjóðir taki ábyrgð á umhverfinu.
7. Umhverfisfræðsla þurfi að stuðla að því að tekið sé fullt tillit til verndunarsjónarmiða og hugsanlegra skaðlegra afleiðinga þegar verk eru skipulögð.

Hæstv. forseti. Um allan heim er nú smám saman að glæðast skilningur manna á og vitund um nauðsyn þess að ganga um náttúruna með virðingu og nærgætni, bæta fyrir náttúruspjöll og sjá til þess að afkomendur okkar fái notið a.m.k. sömu náttúrugæða og núlifandi kynslóðir. Sú hugarfarsbreyting gengur þó allt of, allt of hægt. Mannkynið gæti fallið á tíma. Íslendingar gætu orðið fyrirmynd annarra í þessum efnum ef vilji væri fyrir hendi. Til þess þarf markvissa öfluga umhverfisfræðslu í skólum og á meðal almennings. Aukinn skilningur er lykilorðið

og sá er tilgangurinn með flutningi þessarar till. sem ég legg til að verði vísað til síðari umr. og til hv. félmn. Sþ. að lokinni þessari umræðu.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Þó ég hafi komið fyrr á þessum morgni í ræðustól get ég ekki orða bundist af því tilefni sem hér gefst með umræðum um 6. mál, till. til þál. um umhverfisfræðslu. Ég ætla að vísu ekki að fara mjög mörgum orðum um þetta mál hér og nú. Ég ræddi þetta í fyrra þegar hliðstætt mál var flutt hér snemma á þingi, lýsti eindregnu fylgi við tillöguna og leyfði mér að minna á það í leiðinni að einhvern tíma fyrr á árum hefði ég reynt að vekja athygli á þessu máli, bæði utan þings og einnig innan, með tillöguflutningi. Það er því ánægjuefni að þetta mál skuli nú vera flutt af heilum þingflokki hér öðru sinni, ekki ánægjuefni að það skuli hafa strandað í fyrra heldur hitt að flm. skuli ekki hafa gefið upp vonina að fá vilja þingsins í ljós varðandi þetta mál.

Ég var í hópi þeirra sem reyndu að greiða götu þessarar tillögu í gegnum félmn. þingsins, en hún fékk ekki þær undirtektir sem vert var á þeim vettvangi og mig minnir að því hafi verið borið við að það væru svo góð áform uppi hjá framkvæmdarvaldinu í þessu máli að ekki væri ástæða til þess af hálfu löggjafarsamkomunnar að lýsa vilja sínum í málinu. Þetta heyrum við býsna oft í sambandi við mál sem eru flutt á Alþingi, að menn hlaupa til og vilja standa á höfundarréttinum eða deila um hver höfundarrétturinn sé í góðum málum. Ég hef aldrei skilið það viðhorf. Ég hef alltaf litið svo til að framkvæmdarvaldinu hljóti að vera akkur í því að hafa vilja þingsins, ég tala nú ekki um ef hann fellur í sama farveg og hugmyndir eru uppi um hjá framkvæmdarvaldinu að þoka málum áfram, því að það er nú einu sinni Alþingi sem þarf líka að koma til til að framkvæmdarvaldið geti gert eitthvað með sín góðu áform, þ.e. ef fjármagn þarf að koma til eins og sannarlega er þörf á í tengslum við þetta mál og framgang þess. Af tveimur ástæðum er ég heldur bjartsýnni á framgang þessa máls, ekki vegna orða stjórnarsáttmála einna, þau hafa því miður ekki alltaf haft innistæðu, heldur vegna hins að ég veit um góðan hug núv. menntmrh. til þessa máls. Hann hefur rætt það við mig, og er það þó ekki hans sem ráðherra að segja til um hvort þetta mál eigi að fá hér framgang eða ekki, heldur okkar þingmanna almennt og hans þar á meðal. Ég vænti þess, þar sem ég á sæti í félmn. og er reyndar formaður hennar nú, að við þurfum ekki að bíða mjög lengi eftir því að á þessu máli verði tekið á vettvangi nefndarinnar og úr því fáist skorið hvort vilji er fyrir því að það komi aftur inn í þingsali. Ég vænti þess að það reynist vera áður en árið er allt.

Undir mál hv. 1. flm. get ég tekið í einu og öllu, það ágæta mál sem hún flutti. Og vegna þess að hún minnti á að þó að hér væri ýmislegt í skárra horfi en verst gerist erlendis, eru samt umhverfisspjöllin sem orðið hafa á Íslandi í 1100 ára sögu búsetu svo stórfelld að í rauninni er leitun á Evrópulöndum sem eru jafnilla farin vegna búsetunnar og Ísland. Þar á ég auðvitað við eitt stærsta umhverfisvandamál hérlendis, gróður- og jarðvegseyðingu sem blasir við hverjum manni og mikið er talað um að ráða þurfi bót á. Umhverfisfræðsla gæti orðið til þess að menn stæðu þar betur á vaktinni, væru þar betur vakandi um nauðsynlegar úrbætur eins og á svo fjölmörgum öðrum sviðum þar sem þekkingin og rétt hugarfar þurfa að ryðja brautina.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins fyrir minn hlut fá að segja fáein orð og lýsa fylgi við þá tillögu, sem hér er á dagskrá, um umhverfisfræðslu. Ég get í sjálfu sér verið fáorður, tilgangurinn var fyrst og fremst sá að koma á framfæri fylgi mínu. Ég tel tillöguna fyrir margra hluta sakir merka og þó fyrst og fremst vegna þess að hér er verið að tala um og leggja til að breyta almennu viðhorfi og að minni hyggju er lagt til að fara rétta leið, einmitt þá einu sem er fær og skilar árangri, þ.e. að efla slíkt starf í skólum og þá ekki síst í grunnskólum.

Nú er það svo að heimild er í lögum fyrir grunnskóla til þess að starfa ákveðið og reglubundið að ýmsum þáttum þessara mála. En svo vel þekki ég til starfa grunnskólanna að ég er viss um að þar skortir verulega á að skerpa á framkvæmdinni þó svo að unnið sé í þessa átt nær daglega í öllum skólum um allt land. Hér er sem sagt um að ræða að reyna að breyta hinu almenna viðhorfi og það mun taka langan tíma.

Ég minni á í sambandi við þetta að í næsta mánuði mun Norðurlandaráð koma saman um þennan málaflokk og nær einvörðungu um þennan málaflokk. Það sýnir í sjálfu sér á hvern hátt menn líta á þetta, hversu þýðingarmikið það er. Hér á landi hefur hins vegar vafist fyrir mönnum lengi að finna þessum þætti, umhverfismálunum í heild, á viðunandi hátt ákveðinn stað í stjórnkerfi okkar. Þar er mikið verk í rauninni óunnið. En ég held að hér sé lagt til að fara rétta leið að reyna að breyta hinu almenna viðhorfi.

Ég tek undir orð formanns hv. félmn., sem hann sagði um þetta efni áðan, og vænti þess að hann veiti málinu þann framgang að það fái afgreiðslu hér í þinginu fyrir jólaleyfi.

Flm. (Kristín Halldórsdóttir):

Ég vil aðeins, hæstv. forseti, þakka þeim hv. þm. sem hér hafa talað og ég vil sérstaklega þakka hv. 2. þm. Austurl. fyrir hans orð. Ég vissi að við áttum hans stuðning vísan við þetta. Hann tók til máls um þetta í fyrra og hefur lengi unnið að þessum málum. M.a. kynntist ég greinaskrifum hans og bókum sem út hafa komið um þetta efni, sem ég reyndar vissi ekki um allt saman áður en ég fékk það í hendur eftir umræðuna í fyrra. Einnig hafði ég í annríkinu ekki tekið eftir því að hann væri orðinn formaður félmn., en ég fagna því. Það er þá þeim mun líklegra

að þetta mál fái betri framgang en á síðasta þingi.

Ég vil einnig þakka sérstaklega síðasta ræðumanni sem tók þátt í umræðunni. Hann minntist hér m.a. á annað mál sem snertir umhverfismálin svo sannarlega og það er um skipan þeirra í stjórnkerfi okkar. Það er mál sem oft hefur komið upp á þingi sl. fimm ár, sem er sá tími sem ég hef reynslu af þingstörfum hér, og ekki vansalaust hvað okkur gengur illa að ná saman um bráðnauðsynlegar breytingar í þeim efnum. Ég held að allar ríkisstjórnir að undanförnu hafi lýst yfir vilja sínum til að taka á þeim málum og koma þeim í betra horf og enn er hnykkt á því, ef ég man rétt, í málefnasamningi þessarar ríkisstjórnar. Er nú eftir að sjá hvort henni endist örendið til þess að koma því til betri vegar.

Ég vil þá ekki hafa neitt fleiri orð um þetta. Ég vildi aðeins þakka hv. ræðumönnum fyrir að taka undir efni tillögunnar og fyrir stuðning þeirra í þessu máli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tvöföldun Reykjanesbrautar, fyrri umr.

Þáltill. JúlS og HJ, 7. mál. — Þskj. 7.

Flm. (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Við þm. Borgfl. í Reykjaneskjördæmi endurflytjum till. til þál. sem var lögð fram á Alþingi í fyrra en fékk þá ekki fullnaðarafgreiðslu, en hún hljóðar svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgrh. að láta hefja nú þegar undirbúning að tvöföldun Reykjanesbrautar frá Hafnarfirði að Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Skal gert ráð fyrir því að lögð verði önnur akbraut við hliðina á hinni gömlu þannig að fullkomin hraðbraut með algerlega aðskildum akstursstefnum og tveimur akreinum í hvora átt tengi saman þessa tvo staði. Stefnt verði að því að ljúka verkinu fyrir árslok 1992. Þetta verkefni verði tekið út úr vegáætlun og meðhöndlað sem sjálfstætt verkefni óháð langtímaáætlun um vegagerð. Leitað verði leiða til þess að afla fjár til verksins utan vegáætlunar."

Virðulegur forseti. Ég vek athygli þingheims á því að það er enginn ráðherra mættur í þingsal til þess að fylgjast með þeim málum sem hér eru á dagskrá og þykir mér það allfurðulegt því að hér er þó þrátt fyrir allt verið að leggja fram ýmis málefni til umræðu sem varða framkvæmdarvaldið. Vil ég lýsa yfir furðu minni á því að það skuli enginn ráðherra sjá ástæðu til að fylgjast með þessum umræðum.

Mig langar til að vekja athygli á núgildandi vegalögum og hvernig staðið er að vegáætlunum og fjáröflun til vega- og samgöngumála yfirleitt á Íslandi. Vegalög gera ráð fyrir að lögð sé fram á Alþingi þáltill. um svokallaða vegáætlun, en þar er m.a. lýst hvernig skuli afla fjár til vegaframkvæmda á landinu og hvernig því skuli skipt milli framkvæmdaliða, þar með talið hvernig fé skuli skipt milli hinna ýmsu kjördæma landsins. Í vegalögum er gert ráð fyrir þrenns konar skilgreiningu á vegum, þ.e. í fyrsta lagi stofnbrautir sem eru vegir sem ná til svæða með þúsund íbúum eða meira. Síðan er um að ræða þjóðbrautir, þ.e. þjóðvegir sem eru a.m.k. tveir km að lengd og liggja til a.m.k. þriggja lögbýla. Þar fyrir utan eru svo sýsluvegir sem ekki falla undir hinar tvær fyrri skilgreiningar.

Það hefur myndast sú hefð að þingmenn viðkomandi kjördæma ásamt sérfræðingum Vegagerðarinnar ráða málum sínum og ákveða sín á milli hvernig skuli skipt fé milli framkvæmda innan hvers kjördæmis og í hvaða forgangsröð vegaframkvæmdir skuli vera í hverju kjördæmi fyrir sig. En með vegáætluninni sjálfri skiptir Alþingi fjármagni milli kjördæmanna og leggur heildarlínurnar. Ég tel að hér sé um afar óheppilega málsmeðferð að ræða og sé raunar löngu orðið tímabært að breyta þessu.

Fyrir það fyrsta hef ég alltaf efast um að það sé skynsamlegt að láta þingmenn viðkomandi kjördæma um það að ákveða með sérfræðingum Vegagerðarinnar hvernig vegafé skuli ráðstafað innan hvers kjördæmis fyrir sig. Ég tel að miklu skynsamlegra væri að fela þetta verkefni í hendur sveitarstjórnarmönnum eða samtökum þeirra og væri þetta þá liður í þeirri valddreifingu sem Borgfl. hefur boðað, m.a. í kosningastefnuskrá sinni, að færa völd og verkefni til landshlutanna. Ef við hefðum ákveðið skilgreint landshlutavald væri miklu nær að heimamenn, þ.e. þetta landshlutavald, tækju það verkefni að sér að ráðstafa vegafé í hverjum landshluta og raða verkefnum þar í forgangsröð. Það er miklu nær heimamönnum að ákveða þetta en þingmönnum kjördæmanna sem flestir eru búsettir hér í Reykjavík, verða a.m.k. að dvelja þar mikinn hluta ársins vegna þingstarfa, og hafa þess vegna ekki sama tækifæri og heimamennirnir til að fylgjast grannt með því hvar skórinn kreppir í sambandi við vegamál.

Ég tel að það væri auðvelt að mynda tiltölulega einfalda yfirstjórn samgöngumála í hverjum landshluta og fela henni þetta verkefni í stað þess að láta þingmenn kjördæmisins um þetta eina ásamt sérfræðingum Vegagerðarinnar að sjálfsögðu. Ég tel þó að þeir hljóti alltaf að vera með í ráðum.

Þá er ég mjög ósáttur við þær skilgreiningar sem eru í núgildandi vegalögum um flokkun vega í þessa þrjá mismunandi flokka, þ.e. stofnbrautir, þjóðbrautir og sýsluvegi. Mér finnst vanta algjörlega einn flokk til viðbótar, en það eru þjóðfélagsleg verkefni, það eru samgönguverkefni sem varða allt þjóðfélagið í heild sinni en eru ekkert einkamál viðkomandi kjördæmis. Eitt slíkt verkefni er Reykjanesbrautin. Það er alveg út í hött að ætla Reykjaneskjördæmi einu sér að standa að því að tryggja landsmönnum greiðan veg milli höfuðborg-

arsvæðisins og t.d. Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Um þennan veg fer öll þjóðin. Öll þjóðin á erindi um þennan veg og þess vegna er það ekkert sérmál Reykjaneskjördæmis að þarna sé fullkomin samgönguæð á milli höfuðborgarsvæðisins og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Þetta er mál sem varðar alla þjóðina og það er hagsmunamál allrar þjóðarinnar að þarna séu samgöngur eins fullkomnar og frekast er unnt að hafa þær.

Það er annað sem ég tel mjög mikilvægt að koma inn á hér og það er að nú verða væntanlega nokkur þáttaskil í samgöngumálum Íslendinga. Fyrir dyrum stendur að hefja gerð jarðganga víða um land og má því búast við því að höfuðáhersla á næstu árum og jafnvel áratugum verði lögð á að bæta samgöngur með gerð jarðganga víða þar sem samgöngumál eru mjög erfið og í hinum mesta ólestri. Þess vegna er brýn nauðsyn að ljúka fyrst verkefnum sem ég vil flokka sem þjóðfélagsleg verkefni áður en við leggjum af stað á þá braut að leggja áherslu á jarðgangagerðina sem verður mjög dýr og fjárfrek. Hætta er á því að þegar haldið verður af stað með jarðgangagerð víða um land verði lítið fjármagn afgangs til venjulegrar vegagerðar. Þess vegna er mjög brýnt að mínum dómi að viðamestu þjóðfélagslegu verkefnunum sé lokið áður en við höldum af stað á fullu í jarðgangagerðina.

Þá er komið að spurningunni: Hvers vegna þarf að tvöfalda Reykjanesbraut? Í fyrsta lagi er ljóst að umferðarmagn á Reykjanesbrautinni er orðið svo mikið að það er löngu orðið tímabært að hefja undirbúning að tvöföldun brautarinnar. Af hálfu sérfræðinga Vegagerðarinnar er talið að þegar umferðarmagn á vegi sem Reykjanesbraut er komið í 8000–10 000 bíla á sólarhring sé orðin þörf á því að hafa tvær akbrautir með aðskildum akstursstefnum.

Í grg. með þáltill. er tafla sem sýnir umferðarmagn og reyndar slys sem hafa orðið á Reykjanesbrautinni allt frá því að hún var tekin í notkun í núverandi mynd og fram til ársins 1987. Þar er í fyrsta dálki mesta sólarhringsumferð á brautinni og sést að frá því að vera um 4000 bílar á sólarhring á árinu 1982 var hún komin upp í 5400 bíla á sólarhring á árinu 1986. Síðan verður gífurlegt stökk, þ.e. mesta sólarhringsumferðin fer upp í 7450 bíla á sólarhring í aprílmánuði 1987. Eflaust má hér rekja áhrif þess að bílainnflutningur jókst verulega og bílaeign landsmanna hefur farið hraðvaxandi allra síðustu árin.

Nú mun umferð á Reykjanesbraut komin vel yfir 8000 bíla á sólarhring og nálgast að mati sérfræðinga 10 000 á sólarhring þannig að það er þegar orðið tímabært að tvöfalda Reykjanesbraut af þeim orsökum einum, enda þekkja allir ástandið sem eiga þarna leið um. Endalausar bílalestir eru nú á Reykjanesbrautinni og það er ekki óalgengt þegar farið er til Keflavíkurflugvallar eða Keflavíkur eða yfirleitt til Suðurnesja að þurfa að vera í samfelldri bílaröð nánast alla leiðina frá Hafnarfirði og til Keflavíkur í hvora átt sem er.

Í öðru lagi má benda á að Reykjanesbrautin er einhver mesta umferðarslysagildra sem fyrirfinnst á Íslandi. Reykjanesbrautin er aðeins 50 km að lengd og það er ekki langur vegarspotti þegar tekið er tillit til þess að þjóðvegakerfi landsins er um 8300 km að lengd. Samt sem áður verða 12,3% allra umferðarslysa á landinu á Reykjanesbrautinni. Það segir sína sögu. Reykjanesbrautin er dauðagildra. Þar hafa orðið 34 dauðaslys á 23 árum og öllum ætti að vera í fersku minni það hörmulega slys sem varð í ágústmánuði sl. þegar tveir menn létust snemma dags við að bifreiðar þeirra rákust saman.

Reykjanesbrautin er um margt sérstök vegna aksturskilyrða. Þar getur myndast hálka á örfáum mínútum, nánast fyrirvaralaust, og eru því mjög tíð umferðarslys vegna þess að útafakstur og árekstrar verða af þessum orsökum.

Í þriðja lagi má svo nefna að Reykjanesbrautin er orðin höfuðsamgönguæð til að tengja saman atvinnusvæði Suðurnesja og höfuðborgarsvæðisins. Eftir að Reykjanesbrautin í núverandi mynd kom til sögunnar hefur atvinnulíf á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu tengst meir og betur saman en áður var mögulegt. Við tvöföldun brautarinnar er hægt að hugsa sér að atvinnusvæði Suðurnesja og atvinnusvæði höfuðborgarsvæðisins renni saman í eitt og sameinað atvinnusvæði sem gæti orðið til mikilla hagsbóta, einkum fyrir Suðurnesjamenn þar sem atvinnuástand hefur verið erfitt, sérstaklega í sjávarútvegi, svo sem öllum ætti að vera kunnugt um. Með tilkomu fullkominnar hraðbrautar milli Suðurnesja og höfuðborgarsvæðisins með þeim hætti sem till. gerir ráð fyrir má segja að það skipti ekki lengur máli fyrir fólk hvort það vinnur á öðrum staðnum og býr á hinum, þ.e. hvort það býr á höfuðborgarsvæðinu og sækir vinnu til Suðurnesja eða öfugt. Eins má ætla að það verði hagur fyrir mörg fyrirtæki að flytja starfsemi sína til Suðurnesja af höfuðborgarsvæðinu þar sem landrými er betra og meira ef til kemur fullkomin samgönguæð þarna á milli.

Þá má ekki gleyma flugstöðinni sjálfri, en við tilkomu hinnar nýju Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar er alveg ljóst að flugsamgöngur eiga eftir að aukast verulega. Eins er fyrirsjáanlegt að flutningar með flugvélum eiga eftir að aukast verulega og má því búast við því að völuflutningar með flugvélum og þar með flutningar um Reykjanesbraut til höfuðborgarsvæðisins frá flugstöðinni eigi eftir að aukast mjög verulega á næstu árum. Eins má hugsa sér að ýmiss konar starfsemi í tengslum við útflutning og margháttaða viðleitni Íslendinga til þess að örva viðskipti við útlönd muni eiga sér miðstöð í tengslum við Flugstöð Leifs Eiríkssonar sem aftur kallar á fullkomnar samgöngur við höfuðborgarsvæðið.

Þá hafa skipulagsfræðingar séð fyrir sér að höfuðborgarsvæðið muni væntanlega á næstu árum og áratugum þróast með öðrum hætti en hingað til hefur verið. Byggðin hefur fyrst og fremst verið að þéttast á sjálfu Seltjarnarnesinu, en ég kalla Seltjarnarnesið nesið allt að Elliðaám. Nú má hins vegar búast við

að byggðin muni þróast meira meðfram höfuðsamgönguæðunum frá höfuðborginni. Margir hafa séð fyrir sér þróun svokallaðrar línuborgar, en það er þéttbýli sem tengist einmitt Reykjanesbrautinni sem slíkri og má hugsa sér að það verði ein samfelld byggð eða byggðakjarnar meðfram allri Reykjanesbraut milli höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja.

Að lokum er rétt að fjalla um kostnað við að tvöfalda Reykjanesbraut. Samkvæmt upplýsingum Vegagerðarinnar má áætla að sjálf tvöföldun vegarins kosti um 400 millj. kr. Til viðbótar má svo ætla að nauðsynleg umferðarmannvirki kosti um 400 millj. kr. Þ.e. ef gera á Reykjanesbraut þannig úr garði að hún sé sambærileg við fullkomnustu hraðbrautir erlendis þarf að byggja dýr og mikil umferðarmannvirki, þannig að hvergi verði um gatnamót að ræða heldur brýr yfir brautina, svo og afreinar og aðreinar, sem svo er kallað á máli umferðarsérfræðinga, en það kallar á mannvirkjagerð sem mundi kosta annað eins eða um 400 millj. kr. Þá er talið að lýsing meðfram allri brautinni muni kosta um 200 millj. kr., en sérfræðingar eru sammála um að verði Reykjanesbraut byggð og gerð að fullkominni hraðbraut sé nauðsynlegt að hafa lýsingu með allri brautinni.

Það er vel hægt að hugsa sér að þetta verði verulega ódýrara með því að bjóða þessa verkþætti út til stórra verktakafyrirtækja. Höfum við látið okkur detta í hug, ég hef borið það undir sérfræðinga, að vel væri hægt að hugsa sér að bjóða þetta verkefni út á alþjóðlegum verktakamarkaði. Það er í rauninni ekkert því til fyrirstöðu í slíku útboði að óska eftir því að verktakafyrirtækin sjái sjálf um fjármögnun verksins, enda höfum við lagt áherslu á að þetta verkefni verði tekið út úr vegáætlun hvað fjáröflun varðar. Að það íþyngi ekki vegáætlun hvað fjárútlát varðar heldur verði reynt að leita leiða til að fjármagna þetta verkefni utan vegáætlunar. Þar tel ég að séu opnir möguleikar til þess að stór verktakafyrirtæki geti sjálf fundið leiðir til að fjármagna þetta verkefni.

Að svo mæltu leyfi ég mér að mælast til þess að málinu verði vísað til síðari umr. og hv. allshn.

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég get ekki látið þessa till. fara til nefndar án þess að fleiri taki til máls en hv. 1. flm. Ég vil þakka honum fyrir og þeim báðum að flytja þessa till. og lýsi stuðningi við meginefni hennar. Við þingmenn Reykjaneskjördæmis fáum reyndar oft að heyra að við höfum svo sem ekki mikið með vegafé að gera, það sé allt orðið teppalagt í kjördæminu. En staðreyndin er auðvitað sú að það er mjög mikið ógert í þessu kjördæmi og þá ekki síst verkefni af því tagi sem hér er drepið á. Umferðarþunginn hefur margfaldast á undanförnum árum á þessu svæði og slíkar breyttar aðstæður kalla á ný verkefni einmitt af þessu tagi og mörg mjög dýr verkefni sem við þurfum að taka á. Það er rétt, sem kemur fram í till. og grg., að það er nauðsynlegt að leita leiða til að fjármagna slík verkefni á annan hátt en verið hefur, taka slík verk út úr, vegna þess mikla kostnaðar sem við þau er. Það er ekki fjarri lagi að gera það á einhvern máta á svipaðan hátt og gert hefur verið með afar kostnaðarsöm sérverkefni í öðrum kjördæmum, svo sem jarðgöng, mjög dýrar brýr o.s.frv. sem tekin hafa verið út úr.

Það hefur vissulega mikið verið gert í samgöngumálum þessarar þjóðar á undanförnum árum. Ég minnist þess þegar hafin var varanleg gerð þessa umræddu vegar, Reykjanesbrautarinnar. Þá gegndi ég störfum sem blaðamaður á Tímanum og var send til þess að fylgjast með þeim merkilega viðburði þegar byrjað var að leggja varanlegt slitlag á þessa braut og það þótti meiri háttar samgöngubót. Nú eru aðstæður mjög breyttar. Við þurfum að taka á þessu verkefni saman og reyna að leita leiða til að leysa þau fjarskalega þungu og erfiðu vandamál sem hafa fylgt í kjölfarið á stóraukinni bílaeign landsmanna og stóraukinni umferð, reyndar um allt land, en ekki síst á þessu svæði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umræður utan dagskrár.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Fyrir nokkru síðan var þess óskað hér á hv. Alþingi að gerð yrði grein fyrir afkomu ríkissjóðs á árinu 1988. Þegar sú ósk var sett fram lágu ekki fyrir nægilega ítarlegar upplýsingar um niðurstöðuna af fyrstu níu mánuðum þessa árs, né heldur mat á því hvernig horfurnar væru fyrir árið í heild á grundvelli þessarar þróunar. Þessar upplýsingar lágu hins vegar fyrir seinni partinn í síðustu viku og ég óskaði þess vegna eftir því við virðulegan forseta að fá tækifæri til þess á fyrsta fundardegi í Sþ. að gera grein fyrir þessum upplýsingum. Ég taldi mjög nauðsynlegt að Alþingi fengi þessar upplýsingar jafnfljótt og þær lægju fyrir hjá öðrum aðilum. Mér var þá ekki kunnugt um að hv. þm. Þorsteinn Pálsson, sem óskaði eftir þessum upplýsingum sérstaklega hér í utandagskrárumræðu fyrir nokkru síðan, yrði fjarverandi vegna skuldbindinga í sínu kjördæmi. Mér þykir á vissan hátt leitt að svo skuli vera og velti því fyrir mér hvort bíða ætti með þessa umræðu vegna fjarvista hans. En þar eð allmargir dagar eru þar til annað tækifæri kynni að gefast og þá varla fyrr en nýtt fjárlagafrv. lægi fyrir á hv. Alþingi þótti mér engu að síður rétt að gera grein fyrir þessum upplýsingum hér í dag þótt ég vilji láta það fram koma að mér þykir leitt að tilviljanir og skortur á upplýsingum hafi kannski valdið því að það þarf að gerast með þessum hætti. Ég vona hins vegar engu að síður að þessar upplýsingar komi hv. alþm. að gagni og sú umræða sem menn telja nauð-

synlega geti farið fram um þær engu að síður.

Virðulegi forseti. Fyrstu níu mánuði þessa árs var rekstrarafkoma ríkissjóðs neikvæð um 5250 millj. kr., en það er mun meira en áætlanir gerðu ráð fyrir að yrði á þessum hluta ársins. Helstu skýringar á þessu fráviki eru að verulegur samdráttur hefur orðið í tekjum af veltusköttum, einkum á síðustu fjórum til fimm mánuðum. Þannig urðu heildartekjurnar 1 milljarði 580 millj. kr. lægri en áætlað hafði verið í endurskoðaðri greiðsluáætlun í júní. Á gjaldahlið eru frávikin hins vegar minni, eða tæplega 500 millj. kr. Þyngst vegur þar hækkun vaxtagjalda af yfirdrætti í Seðlabanka sem að stærstum hluta má rekja til samdráttar í tekjum.

Tekjur ríkissjóðs á tímabilinu janúar til september á þessu ári urðu í reynd 45 milljarðar 802 millj. kr. en gjöldin 51 milljarður 54 millj. kr. Það er greiðsluafkoma, eins og að framan greinir, á neikvæðan hátt um rúma 5 milljarða, 5252 millj. kr. Hreyfing lána er í mínus um 1 milljarð 669 millj. kr. og heildarniðurstaða neikvæðrar greiðsluafkomu er tæpir 7 milljarðar eða 6921 millj. kr.

Á lánahlið fjárlaga var á þessum tíma eins og að framan greinir halli að fjárhæð tæplega 1670 millj. kr. samanborið við 290 millj. kr. í júníáætlun. Þessi frávik koma að mestu leyti fram á innlendri fjáröflun sem var tæpum 1200 millj. kr. undir áætlun. Þannig er innlausn spariskírteina 330 millj. kr. meiri en áætlað var og sala spariskírteina og fjáröflun bankakerfisins um 850 millj. kr. lægri en áætlað var. Samanlagður rekstrarhalli og halli á lánahlið felur þess vegna í sér eins og ég greindi frá að greiðsluafkoma ríkissjóðs á fyrstu níu mánuðum ársins var neikvæð um 6920 millj. kr. sem nemur 15% af tekjum. Áætlanir í júní gerðu ráð fyrir að greiðsluhallinn væri á sama tíma tæplega 3500 millj. kr.

Þær tekjur sem ríkissjóður hafði á tímabilinu janúar til september á þessu ári voru u.þ.b. 1½ milljarði kr. lægri en gert hafði verið ráð fyrir í júníáætlun sem er um 3% frávik. Skýring þessarar þróunar er í meginatriðum tvíþætt.

Í fyrsta lagi eru innheimtar tekjur af aðflutningsgjöldum hálfum milljarði kr. lægri en reiknað hafði verið með. Þar kemur tvennt til. Annars vegar samdráttur í vöruinnflutningi og hins vegar óvissan sem skapaðist um áhrifin af upptöku nýrrar tollskrár um síðustu áramót. En í ljós hefur komið að þau eru ríkissjóði mjög í óhag.

Í öðru lagi er innheimta söluskattstekna tæplega 900 millj. kr. undir áætlun. Þessarar þróunar tók að gæta þegar á öðrum ársfjórðungi eins og fram kemur í veltutölum og hefur farið stigvaxandi síðan. Erfitt er að leggja nákvæmt mat á þessi samdráttaráhrif þar sem samanburður milli ára skekkist vegna þeirrar breikkunar á söluskattsstofni frá því í fyrra.

Þá má benda á að fyrstu níu mánuði þessa árs er innheimta tekju- og eignarskatta heldur lakari en búist hafði verið við. Hér skiptir þó í tvö horn. Innheimtan á tekjusköttum einstaklinga er heldur betri en áætlað var, en innheimta eignarskatta að sama skapi lakari. Samanlagt hækkuðu innheimtar tekjur ríkissjóðs um 36% fyrstu níu mánuði ársins miðað við sömu mánuði í fyrra. Að teknu tilliti til almennra verðbreytinga nemur raunhækkunin um 8½%. Þar vega þyngst auknar tekjur af söluskatti en sú aukning skýrist fyrst og fremst af því að nú er söluskattur innheimtur af mun breiðari stofni en áður. Að því frátöldu hafa söluskattstekjur hins vegar dregist saman um 4% að raungildi frá sama tíma í fyrra en það endurspeglar glögglega almennan samdrátt í þjóðarbúskapnun síðustu mánuði.

Tekjur af aðflutningsgjöldum hafa dregist saman um þriðjung að raungildi frá fyrra ári sem er heldur meira en búist var við í kjölfar tollalækkunar og breytinga á vörugjaldi um síðustu áramót. Hins vegar hafa aðrir skattar hækkað talsvert umfram almennar verðlagsbreytingar. Sá samdráttur sem orðið hefur á tekjuhlið fjárlaga fyrstu níu mánuði þessa árs hefur að sjálfsögðu kollvarpað fyrri áætlunum fyrir árið í heild. Að öllu samanlögðu er nú gert ráð fyrir að innheimtar tekjur ríkissjóðs verði um 66½ milljarður kr. í ár.

Frávikið frá fyrri áætlunum er verulegt, einkum í söluskatti og aðflutningsgjöldum, en þeir eru nú taldir skila 2000 millj. kr. minni tekjum en áætlað var í júní. Samdráttaráhrifin í veltusköttum koma enn greinilegar í ljós með samanburði við fjárlagatölur. Miðað við óbreyttar veltuforsendur hefði mátt búast við að óbeinu skattarnir skiluðu rúmlega 55 milljörðum kr. á árinu öllu. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun er hins vegar gert ráð fyrir að veltuskattarnir skili aðeins 52½ milljarði, eða um 2500 millj. kr. lægri fjárhæð. Þetta svarar til u.þ.b. 4% af heildartekjum ríkissjóðs.

Útgjöld ríkissjóðs fyrstu níu mánuði ársins námu alls 50 milljörðum 581 millj. kr. Samanburður á rauntölum og endurskoðaðri greiðsluáætlun í júní sýnir að útgreiðslur eru 470 millj. kr. umfram áætlun. Auk þess eru enn ógreiddar til ýmissa verkefna 400 millj. kr. Af einstökum liðum sem eru umfram áætlun má nefna vaxtagjöld sem urðu 480 millj. kr. meiri en ráð var fyrir gert í endurskoðaðri áætlun. Enn fremur niðurgreiðslur, uppbætur á lífeyri og greiðslur í Byggingarsjóð ríkisins, samtals um 400 millj. kr.

Ef gerður er samanburður við síðasta ár er hækkun gjalda miðað við sömu mánuði í fyrra 36%. Að teknu tilliti til almennra verðbreytinga nemur hækkunin um 8½% að raungildi. Þar vegur þyngst hækkun vaxtagjalda en þau hækka um rúmlega 1900 millj. kr. eða 62% milli ára, en það er hækkun að raungildi um 29%. Þar munar mest um vaxtagreiðslur af yfirdráttarskuld í Seðlabankanum sem hækkar um 1100 millj. kr. Skýrist sá munur af verulega hærra vaxtastigi en áætlað var í fjárlögum og meiri yfirdrætti í Seðlabanka.

Rekstrar- og neyslutilfærslur hækka um 36% milli ára. Þar vegur þyngst mikil hækkun á niðurgreiðslum sem voru auknar verulega á þessu ári til að bæta neytendum upp þá verðhækkun sem ella

hefði orðið vegna skattkerfisbreytinganna um sl. áramót. Þá hækka sjúkratryggingar lítið eitt umfram almennar verðbreytingar sem skýrist af því að endurgreiðsluhlutfall sveitarfélaga var ofmetið í fjárlögum. Loks má nefna að fjárfesting hækkar um 42% milli ára eða að raungildi um 20%, en samkvæmt fjárlögum var stefnt að raunaukningu fjárfestinga.

Virðulegi forseti. Á grundvelli upplýsinga um afkomu fyrstu níu mánuði ársins og þeirra hækkana á gjaldahlið sem þekktar eru og með hliðsjón af öðrum stærðum í efnahagslífinu er hægt að leggja mat á afkomu ársins í heild þó að ég vilji leggja á það ríka áherslu að á þessu stigi er eingöngu um mat að ræða.

Síðustu mánuðir hvers árs hafa að jafnaði skilað meiri tekjum en nemur útgjöldum. Út frá þeim forsendum, haldi þær enn á þessu ári, má ætla að rekstrarhalli ársins 1988 verði varla undir 3 milljörðum kr. Á móti vegur betri staða á lánahlið vegna samnings við bankakerfið um spariskírteinakaup. Greiðsluafkoman getur þannig orðið 400–500 millj. kr. betri en rekstrarafkoman.

Hins vegar verður að hafa þann fyrirvara á um þetta mat að sá samdráttur sem orðið hefur vart í tekjum það sem af er árinu gæti vissulega og því miður haldið áfram. Nægir þar að benda á vanda atvinnufyrirtækja í landinu og vaxandi fjölda gjaldþrota fyrirtækja. Afkoman gæti því í reynd orðið verri eða á bilinu 3–4 milljarða halli á rekstri ríkissjóðs. Það er alvarleg þróun sem knýr á um að gripið sé til aðgerða sem fyrst. Hún hefur einnig haft víðtæk áhrif á undirbúning fjárlagafrv. fyrir næsta ár sem lagt verður fram á Alþingi í upphafi næstu viku.

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir að fá tækifæri til þess að greina hv. Alþingi frá þessum upplýsingum og vona að þær geti orðið grundvöllur að raunhæfum umræðum um þessa stöðu, bæði nú og á næstunni.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Það mál sem er til umræðu nú, staðan á ríkissjóði, virðist með nokkrum hætti eiga að vera andsvar hæstv. fjmrh. við þeim spurningum sem hv. 1. þm. Suðurl., fyrrv. forsrh., lagði fyrir hann í utandagskrárumræðum hér í sal fyrir skömmu og hann þá vék sér undan að svara.

Það hlýtur að vera nokkuð undarleg aðstaða fyrir hæstv. fjmrh. að finna sig knúinn til að hafa uppi opinberlega svo alvarlegar aðfinnslur um verk eins af samstarfsmönnum sínum í ríkisstjórn og það hlýtur að hvarfla að fólki að eitthvað kunni að koma til með að hrikta í stjórnarsamstarfinu á stundum þegar gera þarf upp sakir frá fyrri stjórnartíð þó að það sé ekki gert fyrir opnum tjöldum.

Hæstv. fjmrh. hefur nú látið svo ummælt að greiðsluafkoma ríkissjóðs sé neikvæð um 6,9 milljarða, 3,4 milljörðum lakari en áætlað var að sögn ráðherra, slíkur sé viðskilnaður ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar. Óhjákvæmilega vakna spurningar við slíkar yfirlýsingar. Hvað veldur því að svo illa er komið? Hvað veldur því að þær áætlanir sem gerðar voru um tekjur og útgjöld standast ekki? Getur þjóðin ekki treyst því að þeir sem valdir eru til að stjórna fjármálum hennar sýni þá ábyrgð að fara af skynsemi með sameiginlegt fé okkar allra?

Fyrir tæpu ári talaði hæstv. þáv. fjmrh. fyrir frv. til fjarlaga sem hann þá lagði fram og boðaði þar nýja stefnu í ríkisfjármálum. Eitt veigamesta atriði þeirrar stefnu taldi hann vera endurskoðun á tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs í þeim tilgangi að gera það kerfi einfaldara, réttlátara og skilvirkara. Einn af helstu þáttum þeirrar endurskoðunar var fækkun söluskattsundanþága og þar með tekinn upp hinn illræmdi matarskattur. Helstu rökin fyrir þeirri aðgerð voru þau að söluskattur yrði auðveldari í innheimtu og skilaði sér betur ef ekki væri um undanþágur að ræða. Auk þess skyldi stórlega hert á eftirliti og innheimtu söluskattsins. Hverjar eru svo niðurstöðurnar varðandi þessa aðgerð? Í stuttu máli er það mat þeirra sem eftirlit hafa með ríkisfjármálum að ekkert bendi til þess að fækkun undanþága í söluskatti hafi leitt til betri skila.

Í umræðum í fyrra um þessi mál létu ýmsir hv. þm. í ljós efasemdir einmitt um þennan punkt. Nú er sannarlega komið í ljós að þær efasemdir höfðu við rök að styðjast. Ég man ekki betur en áætlað væri að með hertum innheimtuaðgerðum á söluskatti ættu að fást um 400 millj. kr. og víst er að þær hafa ekki sést enn í ríkiskassanum vegna þess að framkvæmdin brást. Átakið, réttlætingin fyrir þessum aðgerðum í söluskattsmálunum hefur ekki náðst fram í bættum skilum. Vanskil á söluskatti munu vera að nálgast milljarðinn nú og þó að innheimta kunni að batna eitthvað síðustu mánuði ársins er ljóst að veruleg upphæð hlýtur að standa eftir sem skilast ekki í ríkissjóð.

Sannarlega er fleira sem farið hefur úrskeiðis við tekjuöflun yfirstandandi árs. Vörugjald hefur ekki skilað sér svo sem til var ætlast. Þar vantar um 500 millj. kr. inn í dæmið og sagt er að það stafi af því að vörugjaldsstofninn hafi verið rangt reiknaður. Þá hvarflar óneitanlega að manni hvort ekki kunni að hafa verið svo á fleiri sviðum.

Fyrrv. ríkisstjórn hafði það á sinni stefnuskrá að draga úr þenslu í þjóðfélaginu. Hafi sú stjórn einhvern tímann í alvöru hugsað sér að vinna að því mátti hún sjá fram á að við minnkandi þenslu drægi úr veltu. Fyrrv. fjmrh. segir í Alþýðublaðinu í fyrradag, með leyfi hæstv. forseta, að minni tekjuöflun sé vegna mikils veltusamdráttar sem þýði minni tekjur, sérstaklega í söluskatti og vörugjöldum. Var ekki gert ráð fyrir að slíkt gæti gerst? Vafalaust má rekja hann til ýmissa orsaka. Og af hverju stafar þessi veltusamdráttur? Breytingin á skattalögunum í fyrra yfir í staðgreiðslu var ævinlega túlkuð þannig af stjórnvöldum að skattbyrðin ykist ekki. Sú hefur ekki orðið raunin. Skattbyrðin hefur þyngst, ráðstöfunartekjur fólks orðið minni og launafrystingin hefur auðvitað verkað á sama hátt.

Ég held að ekki sé neitt vafamál að þarna sé einnig að leita orsaka fyrir minnkandi veltu sem virðist hafa komið fyrrv. ríkisstjórn í opna skjöldu og ekki verið reiknað með þó að draga ætti úr þenslu. Skattlausa árið í fyrra varð einnig til þess að fólk fór út í fjárfestingar sem það hefur verið að greiða enn á þessu ári og hafa því margir enn minna fé til ráðstöfunar í ár af þeim orsökum.

Ég vitnaði áðan til orða fyrrv. fjmrh. í Alþýðublaðinu, en þar sagði hann einnig, með leyfi hæstv. forseta, að útgjaldastjórnun hefði ekki brugðist þó að útgjöld hefðu að vísu hækkað. Ég leyfi mér að hafa efasemdir um það því að þegar flett er skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga á fyrri hluta þessa árs sést að greiðsluheimildir til ráðuneyta umfram fjárlög hafa farið upp úr öllu valdi og mannahald á vegum ríkisins farið langt fram úr þeim stöðugildum sem fjárlög heimiluðu. Einhverju hlýtur að vera ábótavant við stjórnun þegar útkoman er slík, hvaða orðaflækjur sem hafðar eru uppi í réttlætingarskyni.

Menn reyna að skýra slæma afkomu ríkissjóðs með því að erfitt sé að spá um næstu tíma við svo miklar breytingar sem orðið hafa á þessu ári. En eitthvað hefur glöggskyggnin brugðist og þau fallegu nýju keisaralegu föt sem þjóðinni voru gerð á sl. ári, skattabreytingarnar sem áttu að leiða til einföldunar, réttlætis og skilvirkni, hafa ekki reynst neitt af þessu. Þau eru nákvæmlega eins og nýju fötin keisarans forðum: haldlaus og gegnsæ. En ég vil benda á seinni málsgreinina á aftasta blaði af þeim sem útbýtt var hér um þingsal í upphafi fundar. Þar er sagt berum orðum hverjar geta orðið afleiðingar þeirrar stjórnarstefnu sem við höfum búið við síðan um síðustu kosningar. Við kvennalistakonur vöruðum í upphafi við þeirri stefnu og nú sýnir sig að þær viðvaranir höfðu við rök að styðjast. Fjármálum ríkisins er þó líklega verr komið en nokkrum kom til hugar.

Spurningin er þó enn hvort þessari stjórn sé treystandi til að bæta um. Vissulega er slíkt ekki auðvelt þegar tekið er við svo slæmu búi, en ég held að enginn gleymi því að meiri hluti þessarar hæstv. ríkisstjórnar, sem nú situr, sat einnig í þeirri sem áður var við völd og ber sína ábyrgð.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Tilefni þessara umræðna utan dagskrár eru, eins og fram hefur komið, athugasemdir formanns Sjálfstfl., hv. 1. þm. Suðurl., sem hann gerði í tilefni af því að hæstv. fjmrh. lét þess getið á fundi í Garðabæ að skuldareikningar síðustu ríkisstjórnar hljóðuðu upp á 5–9 milljarða eins og eftir hæstv. ráðherra var haft á fundi sem hann átti með flokkssystkinum sínum í Garðabæ á laugardegi fyrir tæpum hálfum mánuði. Athugasemdir hv. 1. þm. Suðurl. voru m.a. við það að málið skyldi tekið upp með þessum hætti þegar tillit var tekið til þess að hæstv. utanrrh., sem var fjmrh. í síðustu ríkisstjórn, var um þetta leyti staddur erlendis, í Bandaríkjunum vegna opinberra erinda.

Ég held að ástæðan fyrir því að hæstv. fjmrh. nálgaðist þetta mál með þessum hætti hafi verið sú, og það kom reyndar fram í umræðum fyrr um þetta mál, þeim umræðum sem ég vitnaði til hér áðan, að hæstv. ráðherra þarf að koma lagi á fyrrv. fjmrh., núv. hæstv. utanrrh., strika undir og segja: Þetta var Jóni Baldvini að kenna, nú tók ég við — til þess m.a. að réttlæta það að hæstv. ráðherra kemur inn í núv. ríkisstjórn án þess að ná fram meginstefnumálum Alþb. eins og þau birtust m.a. í ræðum hæstv. fjmrh. fyrir u.þ.b. ári síðan hér á hinu háa Alþingi þegar hann gekk svo langt að segja að páv. fjmrh., hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson, væri brennimerktur maður sem ekki væri hægt að treysta nema hann drægi til baka matarskattinn alræmda. M.ö.o.: Núv. hæstv. fjmrh. þurfti að fá réttlætingu fyrir því að hann kæmi inn í ríkisstjórnina eftir það sem á undan var gengið án þess að leggja fram tillögur við stjórnarmyndunina um það að draga matarskattinn til baka, án þess að gera það að skilyrði að launastöðvun væri hætt og samningarnir tækju gildi og án þess að koma fram mikilvægustu stefnumálum Alþb. Þetta átti að gerast með þessum hætti og ráðið sem gripið var til er alkunnugt, það er að kenna einhverjum öðrum um. Og auðvitað lá beint við að kenna hæstv. utanrrh. um þetta allt saman. Hann var í útlöndum, hann gat ekki varið sig á þessari stundu, það var gott að koma höggi á hann. Og síðan átti að segja hér: Ég er með hreint borð. Hæstv. utanrrh., sem var fjmrh., stóð sig illa og nú ætla ég að taka við og hreinsa upp allt saman eftir hann. Þetta held ég að hafi verið meginástæðan fyrir því að svona var farið að í þessu máli.

Ef við lítum aðeins til þessara mála hjá síðustu ríkisstjórn, þá gaf hæstv. utanrrh., páv. fjmrh., þeirri ríkisstjórn oft og tíðum upplýsingar um það hver fjárhagur ríkisins var á hverjum tíma. Við afgreiddum fjárlög fyrir yfirstandandi ár með nokkrum rekstrarafgangi, að mig minnir u.þ.b. 25 millj. kr. Það var strax ljóst eftir nokkra fyrstu mánuði ársins að sú áætlun kom ekki til með að standast. Það komu upplýsingar frá fjmrn. um það að rekstrarhallinn í árslok gæti orðið 400 millj. kr., 500 millj. kr. og lengst af eftir mitt árið var talað um að rekstrarhallinn yrði væntanlega 693 millj. kr. Þessi tala, svo nákvæm sem hún er, var miklu nákvæmari en 5–9 milljarðar sem er nú ekki mikil nákvæmni hjá hæstv. núv. fjmrh. þegar hann fer með tölur. Það munar dálitlu, 5–9 milljarðar. En fyrrv. ráðherra, sem er nákvæmur maður í fjármálastjórninni, sagði 693 millj. kr. Og þessi tala stóð í a.m.k. 1½ mánuð eða til ágústloka. Ég man eftir skjali dags. 31. ágúst þar sem þetta var enn þá endurtekið, 693 millj. kr. yrði rekstrarhallinn í árslok. Reyndar gerðist það nokkrum dögum seinna að það kom svarbréf frá fjmrn. vegna afskipta Ríkisendurskoðunar af málinu og í því bréfi kom fram að líklega mundi greiðsluhallinn verða 870 millj. kr. og rekstrarhallinn jafnvel 1170 millj. kr. í árslok — þetta var í septemberbyrj-

un, mig minnir að dagsetningin hafi verið 3. sept. — enda væri þá búið að taka tillit til vaxta, sem hefðu hækkað, tillit til vaxta og geymslugjalds, sem gætu hækkað, og sjúkratrygginga sem höfðu farið talsvert fram úr þeim áætlunum sem fjárlög fyrir yfirstandandi ár gerðu ráð fyrir. Engar aðrar upplýsingar bárust frá fjmrn. á dögum síðustu ríkisstjórnar en hins vegar var sagt og kom fram í bréfum frá ráðuneytinu að verið væri að vinna að nýrri áætlun og yrði hún tilbúin síðar í þeim mánuði, þ.e. síðar í septembermánuði.

Nú er það svo að umræður um þessi mál urðu talsverðar á sl. sumri. Um miðjan júlí kom þjóðhagsspá. Í þeirri þjóðhagsspá gerði Þjóðhagsstofnun ráð fyrir að rekstrarhalli yrði talsvert meiri en páv. fjmrh. hafði gert ráð fyrir eða eitthvað á annan milljarð. Fyrrv. fjmrh., núv. hæstv. utanrrh., brást ókvæða við og í fimm dálka fyrirsögn í málgagni ráðherrans, Alþýðublaðinu, hinn 14. júlí getur að líta fyrirsögnina „Rangfærslur að yfirlögðu ráði." — Ég endurtek: „Rangfærslur að yfirlögðu ráði," segir Jón Baldvin Hannibalsson fjmrh. um niðurstöður Þjóðhagsstofnunar um ríkisfjármálin í endurskoðaðri þjóðhagsspá. Og í byrjun fréttarinnar segir svo, með leyfi forseta:

„Jón Baldvin Hannibalsson fjármálaráðherra segir að tölur Þjóðhagsstofnunar um stöðu ríkisfjármála í nýbirtri þjóðhagsspá gefi kolranga mynd af raunveruleikanum." Og síðan er orðrétt haft eftir fjmrh.: „Það er ótrúlegt að svona texti skuli vera sendur út í nafni Þjóðhagsstofnunar."

Nú hefur hæstv. fjmrh. gert grein fyrir stöðu málsins eins og hann lítur á það í dag. Með því er verið að gefa það í skyn að við stjórnarskiptin hafi hæstv. ráðherra ekki gert sér grein fyrir hve staðan var slæm, m.ö.o. þetta sé allt nýtilkomið af ástæðum sem hann reyndi að rekja hér áðan. En það var nú einhvern veginn ekki þannig í sumar þegar hæstv. fjmrh. tók til máls í fjölmiðlum um þessi mál því að í Þjóðviljanum einmitt nákvæmlega sama dag og ég var að vitna í Alþýðublaðið hér áðan, í Þjóðviljanum, þar sem hann gaf út sérstaka greinargerð um þessi mál, á forsíðu Þjóðviljans, sem er nákvæmlega jafnstór og forsíðan í Alþýðublaðinu, segir hann: „Ótrúleg óstjórn". „Ótrúleg óstjórn," segir hæstv. fjmrh. á þessum sama degi og hæstv. utanrrh. sagði í Alþýðublaðinu að það væru rangfærslur að yfirlögðu ráði af hálfu Þjóðhagsstofnunar.

En Alþýðublaðið hafði líka samband við Ólaf Ragnar Grímsson, núv. hæstv. fjmrh. og í Alþýðublaðinu þennan sama dag, þann 14. júlí er fyrirsögnin: „Hrikaleg mistök í stjórn ríkisfjármála, segir Ólafur Ragnar Grímsson, formaður Alþb., í greinargerð vegna nýrrar þjóðhagsspár." Allt þetta m.ö.o. vissi hæstv. ráðherra strax 14. júlí í sumar eða a.m.k. vildi trúa. Og í grein í Þjóðviljanum, þessari greinargerð sem birtist þar þennan sama dag, segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Það er því ljóst að hrikaleg mistök sem nema mörgum milljörðum hafa orðið í meðferð og stjórn ríkisfjármála. Grundvöllur fjárlaganna er hruninn og óbreytt stefna mun leiða til þess að í árslok verður stórt gat á fjármálum ríkisins. Í stað þess að ríkissjóður væri tæki til að draga úr verðbólgunni hefur hann í höndum núv. fjmrh. [þ.e. hæstv. núv. utanrrh.] orðið hreinn verðbólguvaldur."

Það sem núv. hæstv. ráðherra er auðvitað að gera nú í dag er að birta annan kaflann í því áliti sem hann hefur á hæstv. utanrrh. í tíð hans sem fjmrh. Þetta er aðeins annar kaflinn og skýrist kannski betur þegar maður rifjar fyrsta kaflann upp.

Og í leiðara Þjóðviljans þennan sama dag er gefin einkunn og sú einkunn sem hæstv. utanrrh. fær fyrir fjármálastjórn er: Fjmrh. fær núll. Ég veit að þessi fyrirsögn hefur verið borin undir formann Alþb., hæstv. fjmrh., því að hann hefur góðan aðgang, svo að ekki sé nú fastar að orði kveðið, að ritstjóra og ritstjórnarfulltrúum á Þjóðviljanum. (**Utanrrh.:** Og vanur einkunnagjöfum.) Og vanur einkunnagjöfum úr Háskólanum sem satt er. En fyrir hönd hæstv. utanrrh. þá held ég að muni þó mega þakka fyrir að hafa ekki verið í námi hjá prófessor Ólafi Ragnari Grímssyni. Þetta sem sagt vissi hæstv. fjmrh. allt í sumar þannig að það þarf ekki að koma honum neitt á óvart. Hann sagðist ekkert vita um þetta um daginn. Hann vissi þetta í Garðabænum. Hann vissi þetta ekki þegar hann kom inn á Alþingi en nú veit hann þetta því nú fyrst hefur hann upplýsingar í höndum. En í sumar þurfti hann engar upplýsingar. Þá var hægt að koma höggi á hæstv. utanrrh. án þess að hafa upplýsingar. Nú hefur hann fengið nýjar upplýsingar og nú kemur annar kaflinn í þessari samskiptasögu þeirra hæstv. ráðherra. Reyndar hafa þeir nú hist áður, þessir ágætu ráðherrar. Þeir hafa verið á ferðalagi í íslenskum stjórnmálum um skeið. Annar þeirra kemur úr Alþb. og var að fara yfir í Alþfl. til hægri þegar hinn var á leiðinni úr Framsfl. eftir að hafa verið í læri þar ásamt Steingrími Hermannssyni hjá Eysteini Jónssyni og var á leiðinni til vinstri. Þeir hittust fyrir í flokki, sem hét „Samtök frjálslyndra og vinstri manna" ef ég man rétt, tókust þar rétt í hendur og héldu svo í sitt hvora áttina. Nú hafa þeir hist aftur í núverandi ríkisstjórn og það verður spurning hvort þeim kemur jafn vel saman þar eins og þeim kom saman í Samtökum frjálslyndra og vinstri manna, sem voru samtök, ef ég man rétt, til að sameina alla vinstri menn á Íslandi. Hugsið ykkur! Hugsið ykkur tækifærið sem þessir menn hafa í dag til þess að ná þessu sameiginlega markmiði sínu sem þeir reyndar hafa byrjað á, ef ég man rétt, í mat heima hjá Bryndísi.

Spurningin sem hæstv. fjmrh. verður að svara er þessi: Er það rétt að hann hafi ekki gengið eftir því að fá þessar upplýsingar þegar stjórnarskiptin urðu? Eða telur hann að hæstv. utanrrh. hafi sem fyrrv. fjmrh. leynt þessum upplýsingum fyrir þeim sem stóðu að þeirri stjórnarmyndun? Þetta verða menn að fá að vita því að ef hæstv. fjmrh. vissi þetta á þeirri stundu — reyndar sagðist hann vita þetta allt í sumar, en við skulum taka svona hæfilega mikið

mark á því þó kannski sé full ástæða til að taka stundum mark á hæstv. fjmrh., þá er spurningin: Vissi hæstv. fjmrh. af þessu við stjórnarskiptin? Það hefur nefnilega verulega þýðingu.

Nú hefur verið lögð fram beiðni til virðulegs forseta um það að Ríkisendurskoðun verði gert að gefa skýrslu um stöðu A-hluta ríkissjóðs þann 30. sept. 1988 og horfur um afkomu í lok þessa árs. Hv. þm. Matthías Á. Mathiesen hefur beðið um þessa skýrslu og ég á von á því að hann skýri það mál frekar síðar hér í umræðunni, en ég held að það sé mjög mikilvægt að sú stofnun, sem nú heyrir undir Alþingi, taki þetta mál út, ekki síst í ljósi þess að fjmrn. hefur á öllu þessu ári ekki verið treystandi fyrir því, að sögn hæstv. fjmrh., að koma fram með réttar upplýsingar í þessum málum.

Það er nú þannig, virðulegur forseti, að helstu tekjur ríkisstjórnarinnar koma af launum og veltu. Þegar þensla er mikil fær ríkissjóður mikið í sinn hlut, en þegar samdráttur á sér stað í þjóðfélaginu dregur úr tekjumöguleikum ríkissjóðs. Það er alveg ljóst að á síðustu mánuðum síðustu ríkisstjórnar var verulega dregið úr þenslunni og því hefur verið haldið áfram núna í árdaga nýrrar ríkisstjórnar og samdráttareinkenni hafa þess vegna komið í ljós. Ef við skoðum septembermánuð einan, sem var síðasti mánuður sem síðasta ríkisstjórn sat, var verðbólgan þann mánuð aðeins 9%, þ.e. ef maður margfaldar þann mánuð upp og gerir þetta að ársverðbólgu. Sé hins vegar október tekinn með og síðan skoðaðir þrír mánuðir aftur, þ.e. október, september og ágúst, er verðbólgan ekki nema 13%. M.ö.o.: verðbólgan var á niðurleið, samdráttur var kominn fram, enda var nauðsynlegt að gera það og framkalla það vegna þeirrar þenslu sem átt hafði sér stað í þjóðfélaginu. Þetta hlaut að draga úr tekjumöguleikum ríkissjóðs. Það hlutu allir að sjá og skilja og vissu reyndar að ríkisstjórn, hver sem hún var, varð að taka tillit til þess og taka ákvarðanir á þeim grundvelli.

En hvað gerði þá hæstv. núv. ríkisstjórn? Brást hún við með réttum hætti? Tók hún mark á þeim upplýsingum sem höfðu komið frá stofnunum? Tók hæstv. fjmrh. mark á sjálfum sér frá því í sumar? Þeirri spurningu held ég að við verðum að svara neitandi í ljósi þess að fyrstu viðbrögð þessarar hæstv. ríkisstjórnar voru þau að auka ríkissjóðshallann viljandi. Í bráðabirgðalögunum sem gefin voru út segir að 600 millj. kr. til viðbótar megi draga yfir á ríkissjóð vegna þeirra aðgerða sem þar er lýst og það er ekki nóg með það heldur á að greiða 800 millj. kr. í gegnum Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins sem hæstv. sjútvrh. hefur lýst yfir að muni falla á ríkissjóð. M.ö.o.: hæstv. fjmrh. á að ábyrgjast lán til Verðjöfnunarsjóðsins upp á 800 millj. kr. Síðan á lánið að falla á ríkissjóð, enda hefur hæstv. ríkisstjórn þegar opinberað þá stefnu sína. Þetta voru viðbrögð hæstv. ríkisstjórnar við því, sem hún átti að vita, að það hafði komið fram ákveðinn samdráttur. Það hlaut að bitna á ríkissjóði. Núv. hæstv. ríkisstjórn hefur því tekið á sig að auka enn á ríkissjóðshallann. Og það er mál sem hæstv. fjmrh. getur ekki eingöngu skrifað á reikning hæstv. utanrrh. Það er ákvörðun sem þeir tóku báðir í sameiningu ásamt öðrum hæstv. ráðherrum. Þessum útgjöldum er auðvitað ætlað að greiða niður verðbólguna um skeið og falsa gengið um nokkurra mánaða skeið með skattpeningum og það er einmitt um þetta atriði sem meginágreiningurinn stóð þegar upp úr slitnaði á milli stjórnarflokkanna í síðustu ríkisstjórn. Sjálfstfl. vildi þá og boðaði almennar aðgerðir og neitaði því að efna til gífurlegra millifærslna eins og núv. ríkisstjórn hefur gert, millifærslna sem eru kostaðar að langmestum hluta úr ríkissjóði. Það eru þessar greiðslur sem koma til með að auka enn á ríkissjóðshallann og auðvitað er búið að taka tillit til þess þegar hæstv. fjmrh. er að lýsa nú hver sé staða ríkissjóðs og hver sú staða mundi verða í árslok. Það er ekki hægt fyrir hæstv. fjmrh. að koma allri sök á fyrrv. fjmrh., hæstv. utanrrh.

Ríkisstjórnin gaf út í upphafi starfsferils síns stefnuyfirlýsingu og í henni segir um ríkisfjármálin m.a. þegar búið er að birta markmiðin um tekjuafgang upp á 1%: „Til þess að ná þessu markmiði verða útgjöld ríkisins ekki hækkuð að raungildi frá því sem er á þessu ári.“

Mér finnst vera full ástæða til þess að spyrja hæstv. fjmrh. að því hvað þessi texti þýði. Þýðir þessi texti að útgjöld ríkisins á næsta ári samkvæmt fjárlögum verði að raungildi ekki meiri en útgjaldaáform á yfirstandandi ári samkvæmt fjárlögum yfirstandandi árs? Þannig skilja langflestir textann og þannig hafa þeir stjórnarsinnar sem ég hef talað við skilið textann. Þýðir sem sagt textinn í stjórnarsáttmálanum að raungildi útgjaldanna á næsta ári verði þau sömu og raungildi fjárlaga yfirstandandi árs? Þetta hefur gífurlega mikla þýðingu að fá upplýsingar um nú þegar á þessari stundu.

Aðalatriðið er hins vegar þetta: Nú þegar það liggur fyrir að þenslan er búin í þessu þjóðfélagi, samdrátturinn er kominn fram, þá verður ríkissjóður að haga sér með sama hætti og stjórnarherrarnir ætlast til að heimilin í landinu og fyrirtækin í landinu hagi sér. Fyrirtækin verða að rifa seglin, heimilin verða að rifa seglin og auðvitað hlýtur ríkissjóður að verða að rifa seglin. Það er þess vegna ekki nóg að brúa bil með sköttum. Ríkisstjórnin hæstv. hlýtur að standa frammi fyrir því að þurfa að haga sér eins og hún vill að aðrir hagi sér í þjóðfélaginu. Það verður að gera þá kröfu til ríkisstjórnarinnar að hún dragi úr útgjöldum sínum rétt eins og aðrir þurfa að gera í þessu þjóðfélagi þegar illa árar. En við skulum öll taka undir að það hefur komið bakslag í þjóðarbúið vegna ytri áfalla þótt hæstv. fjmrh. hafi í sumar, í júlí í fyrrnefndri grein — ég nennti nú ekki að lesa það, ég ætla að eiga það til góða síðar þegar ég þarf að stríða honum — sagt að þetta sé allt saman ríkisstjórninni að kenna, það séu engin samdráttar-

einkenni, allt saman tóm þvæla og lygi. Eg ætla að minna hann á þetta síðar og taka þá skorpu við hann en eiga það inni því það er aldeilis annað sem hefur komið á daginn. Nú er það hæstv. fjmrh. sjálfur sem heldur hinu gagnstæða fram. Og ég segi: Velkominn í þann hóp sem horfir þó raunsæjum augum á hlutina eins og þeir gerast.

Það sem mig langar til að spyrja er: Lágu þessar upplýsingar frammi við stjórnarskiptin? Það er nefnilega talsverður munur á 1 milljarði og 3–4 milljörðum, hvað þá 5–9 milljörðum sem var talað um hérna fyrir tveimur vikum. Og ef þessar upplýsingar lágu ekki fyrir, hvernig hefði hæstv. fjmrh. brugðist við ef þær hefðu legið fyrir gagnvart þeirri ákvörðun að auka enn á ríkissjóðshallann? Hefði það haft þýðingu að vita um það sem hér er verið að upplýsa þegar hæstv. fjmrh. tók ásamt öðrum hæstv. ráðherrum ákvörðun um að auka stórkostlega, um a.m.k. milljarð ef ekki meira, ríkissjóðshallann — að vísu ekki fullan milljarð á þessu ári en það sem eftir stendur þessa árs? Hefði þetta haft áhrif? Hefði þetta kannski opnað augu hæstv. fjmrh. fyrir því að það var verið að taka í grundvallaratriðum ranga ákvörðun við upphaf stjórnarferils þessarar ríkisstjórnar og það hefði kannski verið skynsamlegra að fylgja þeim ráðum sem Sjálfstfl. gaf við lok síðasta stjórnarsamstarfs? Þetta er mjög mikilvægt að fá fram því að það er ekki hægt fyrir hæstv. fjmrh. að halda því fram að hann hafi ekkert vitað ef upplýsingarnar frá hæstv. utanrrh. lágu fyrir eða hefðu legið fyrir við síðustu stjórnarskipti.

Virðulegur forseti. Ég óska eftir því að hæstv. fjmrh. svari þeim fsp. sem ég hef beint til hans.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Tilefni þessara umræðna er, eins og fram hefur komið, sérstaklega orðaskipti sem áttu sér stað milli hæstv. fyrrv. forsrh. og núv. fjmrh. Þessi orðaskipti munu hafa átt sér stað meðan ég var fjarverandi, að hluta til í opinberum erindagjörðum. Mér er hins vegar tjáð að af hálfu fyrrv. forsrh. hafi sú spurning verið vakin upp hvort núv. fjmrh. væri að bera forvera sinn þeim sökum að hafa blekkt fyrrv. ríkisstjórn og samráðherra að því er varðar upplýsingar um raunverulega stöðu ríkisfjármála.

Eins og fram kom áðan í máli fjmrh. taldi hann ekki tímabært á þeim stað og stundu að svara því eða verða við óskum um að Alþingi Íslendinga sé upplýst um staðreyndir þessara mála hér og nú. Að sjálfsögðu segi ég það sama. Ég hefði gjarnan kosið að fyrrv. forsrh. og samstarfsmaður minn í fyrrv. ríkisstjórn hefði haft tækifæri til að vera viðstaddur þessa umræðu.

Áður en lengra er haldið, virðulegi forseti, leyfist mér aðeins að rifja upp til þess að setja þessi mál örlítið í samhengi? Rifjum upp að þegar fyrrv. ríkisstjórn var mynduð undir forsæti hv. þm. Þorsteins Pálssonar blasti við mikill vandi í ríkisfjármálum. Það var svo metið að halli á ríkisfjármálum væri mikill og vaxandi, allt að 3,4 milljarðar kr. á sumrinu 1987, og það þrátt fyrir þá staðreynd að undanfarin þrjú ár höfðu verið mikil uppgangsár að öllu leyti, nærri því einsdæmi í íslenskum þjóðarbúskap. Ég rifja upp að í starfssáttmála ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar var lögð á það áhersla, og það var eitt af grundvallarstefnuatriðum þeirrar ríkisstjórnar, að snúa þessari þróun við og tryggja jöfnuð í ríkisfjármálum. (Gripið fram í.) Ég þakka þessa ábendingu því það var mín næsta setning. — Í þessum starfssáttmála segir nefnilega að þetta skuli gert og það skuli stefnt að því að gera þetta á þremur árum. Þegar leið á haustið 1987 og nálgaðist þingsetningu bar okkur samstarfsmönnum í þeirri ríkisstjórn saman um að fyrirsjáanlegar breytingar, þá á byrjunarstigi, í íslenskum efnahagsmálum kölluðu á nauðsyn þess að hraða þessu og skömmu fyrir upphaf þings var ákveðið að hluta til að frumkvæði og góðum atbeina forsrh. að leggja fram fjárlagafrv. í upphafi þings sem tryggði jöfnuð í ríkisfjármálum, að vísu mjög tæpan, þegar í stað. Rökin fyrir þessu voru þau að þetta væri nauðsynlegt til að reyna að draga snarlega úr undirrót þenslu, verðbólgu, og koma í veg fyrir að slaki í ríkisfjármálum væri verðbólguvaldur og til þess að leggja áherslu á undirstöðuatriðin í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar.

Það sakar ekki að geta þess að þetta þótti nokkuð umdeilt og stjórnarandstæðingar á þeirri tíð töldu þetta alls ekki nauðsynlegt eins og fram kom í umræðum og reyndar við afgreiðslu fjárlaga þar sem á það var bent af hálfu stjórnarandstöðunnar að hér væri farið offari, það væri allt í lagi þótt ríkissjóður væri rekinn með halla.

Nú erum við þar stödd að við verðum að játa, ég sem fjmrh. fyrrv. ríkisstjórnar verð að játa að okkur, mér og samstarfsmönnum mínum í fyrrv. ríkisstjórn, tókst ekki að tryggja að markmiðið um jöfnuð í ríkisfjármálum næðist í reynd. Hæstv. fjmrh. dreifði hér blaði um endurskoðaða áætlun um afkomu ríkissjóðs eftir fyrstu níu mánuði ársins. Ég hefði kannski kosið líka að hann hefði dreift öðru upplýsingaskjali, sem nú liggur fyrir í fjmrn. dagsett degi seinna, sem er endurskoðuð áætlun um afkomu ríkissjóðs til ársloka 1988. Hverjar eru tölurnar? Þær komu að vísu fram í máli fjmrh., en þær eru þessar: Fjmrn. spáir því nú að rekstrarafkoman í árslok 1988 verði neikvæð upp á 2 milljarða 981 millj. kr. og að greiðsluafkoman, þ.e. rekstrarafkoman að viðbættum lánahreyfingum og yfirdrætti Seðlabanka, verði neikvæð um 2 milljarða 556 millj. kr. Þetta þýðir að miðað við spá fjmrn., sem birt var og lögð fram í ríkisstjórn 14. júní sl. og byggð á niðurstöðutölum fjögurra fyrstu mánaða ársins, janúar, febrúar, mars, apríl, og þá um að hallinn yrði trúlega um tæplega 600 millj. kr., rekstrarafkoman er u.þ.b. 2,3 milljörðum lakari en þá var talið. Hvort tveggja, rekstrarafkoma og greiðsluafkoma í

lok september eftir fyrstu níu mánuði, er enn lakara, eins og fram kom í máli fjmrh., eftir þessa fyrstu níu mánuði, en það er mat fjmrn. að þrátt fyrir upplýsingar um hríðfallandi tekjur muni afkoman í lok árs verða mun betri en hún er á þessum tímapunkti vegna hinnar árstíðabundnu sveiflu í ríkisfjármálum sem er á þá lund, eins og mönnum er kunnugt hér, að útgjöldin leggjast með meiri þunga á fyrri hluta árs en tekjurnar skila sér mun betur á seinni hluta árs, reyndar 60% tekna á seinni hluta ársins en 40% á fyrri hluta árs.

Virðulegi forseti. Í þessu skjali 20. okt. 1988 frá fjmrn. segir svo, með leyfi forseta: „Meginniðurstaða þessarar endurskoðunar er sú að rekstrarafkoma ríkissjóðs á þessu ári versnar um tæplega 2,3 milljarða kr. frá júníáætlun. Skýringin er í stórum dráttum þríþætt:

1. Minni tekjur vegna samdráttar í veltu 1800 millj. kr.
2. Útgjaldatilefnin sem þekkt voru í júní en ákveðin til greiðslu síðar, þar á meðal t.d. niðurgreiðslur sjúkratrygginga o.fl., 400 millj. kr.
3. Auknar vaxtagreiðslur vegna tekjusamdráttar og þar með versnandi afkomu ríkissjóðs 600 millj. kr."

Reyndar þarfnast vaxtabyrði eða aukningin í vaxtaútgjöldum ríkissjóðs nánari skýringar en hér koma fram. Þar kemur margt til, ekki bara afleiðingar tveggja gengisfellinga og mun hærra vaxtastigs framan af ári en áætlað var heldur líka í annan stað að innlend lánsfjáröflun á vegum bankakerfisins upp á tæplega 1300 millj. kr. brást því sem næst algjörlega þar til kom fram í septembermánuð. Hvort tveggja þýddi þetta að lánsfjármögnun ríkissjóðs jókst verulega með yfirdrætti í Seðlabanka og vaxtaútgjöldin fóru langt umfram það sem áætlað hafði verið svo nam ekki aðeins hundruðum milljóna heldur yfir 1 milljarð kr. Að vísu standa vonir til með samkomulagi því sem tókst að gera við viðskiptabanka og verðbréfafyrirtæki í ágústmánuði að það ástand muni snarbatna á seinni hluta ársins vegna þess að ríkissjóður hefur með þeim samningi tryggt sér tekjur í samræmi við áætlanir hvað svo sem líður niðurstöðum um kaup vegna þess að áhættan er bankakerfisins í því efni.

Virðulegi forseti. Þetta eru staðreyndir málsins og þær staðreyndir eru óvefengjanlegar. Þær staðfesta að okkur, sem störfuðum saman í fyrrv. ríkisstjórn, tókst ekki að tryggja þann jöfnuð í ríkisfjármálum sem við svo kappsamlega leituðum eftir. Að sjálfsögðu getum við síðan spurt: Hver ber nú ábyrgð á því? Og aldrei skal það út yfir mínar varir koma sem fyrrv. fjmrh. þeirrar ríkisstjórnar að viðurkenna ekki að ég beri mína ábyrgð á því. Undan því skal ég ekki skorast. Það kann hins vegar að koma betur fram í mínu máli hér á eftir hvort fjmrh. fyrrv. ríkisstjórnar ber þá ábyrgð einn eða hvort fyrrv. samstarfsmönnum mínum í Sjálfstfl. og Framsfl. þykir tilefni til að láta sem svo sé. Ég trúi því ekki fyrir fram að það sé þeirra málflutningur.

En áður en ég vík að því síðar er kannski ástæða til að spyrja: Hverjar eru nú helstu skýringarnar á því að þetta mistókst? Eru það eingöngu þær skýringar sem fram koma hér um mikinn samdrátt í veltu, viðskiptum og innflutningi í þjóðfélaginu sem leiðir af sér tekjufall ríkissjóðs? Nei, það er ekki einhlít skýring. Hún er að vísu veigamesta skýringin og er áminning til okkar um að ríkisfjármál beri aldrei að skoða í einangrun. Þau hljóta náttúrlega að endurspegla það ástand sem er í þjóðfélaginu, í efnahagslífinu, í atvinnulífinu. Vissulega er það svo að ríkisfjármálin eru tæki í hagstjórn og vissulega eigum við að reyna að beita því af fremsta megni til að jafna út sveiflur, vega gegn þenslu o.s.frv. En við verðum líka að horfast í augu við að þau eru líka afleiðing af ríkjandi skilyrðum í hagkerfinu og að sumu leyti er örðugt við það að ráða.

Einn hv. þm. spurði áðan: Vissu mennirnir ekki, þeir sjálfir, hinir sömu sem stefndu að því að draga úr þenslu, að afleiðingar af gerðum þeirra voru líklegar til þess að verða slíkar? Jú, jú, menn vissu það, vonuðu að það tækist að draga úr þenslu. Ég vil samt sem áður benda á að allt fram á seinustu stund samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar virtist lítt draga úr þenslu. Hvað er til marks um það? Ég bið menn að rifja upp fyrir sér spár Þjóðhagsstofnunar um viðskiptahalla, 4½–5% af þjóðarframleiðslu talið á bilinu frá 11 upp í 13 milljarða kr. Ég bið menn að athuga að þrátt fyrir frystingu launa eftir maíaðgerðirnar var spá Þjóðhagsstofnunar og annarra sú að mjög óverulega drægi úr kaupmætti, aðeins reyndar um 1% á næstu mánuðum, þannig að flest virtist benda til þess að kaupgeta, neysla breyttist lítið og innflutningur, sbr. viðskiptahallann, yrði enn mikill, reyndar of mikill.

Á það er svo að líta að upplýsingar fjmrn. um þessa þætti, þ.e. um veltu, viðskipti og tekjur af óbeinum sköttum, tollum, söluskatti, vörugjaldi og aðflutningsgjöldum, berast fjmrn. því miður, og það er staðreynd, með tveggja mánaða millibili. Ástæðan er sú að menn fá þessar upplýsingar í mánaðarlok eftir söluskattsskil, en það eru söluskattsskil veltu mánaðarins á undan. M.ö.o. þær upplýsingar sem við höfðum í höndunum í september eru upplýsingar sem eru byggðar á staðreyndum mála í júlí. Þetta skyldu menn hafa í huga.

Við erum að leita skýringa til að draga af því lærdóma sem að gagni mættu koma. Fallið í tekjum er meginskýringin á því hvernig fór, það er rétt. En við skulum líka játa að að sumu leyti er hér um að ræða afleiðingar tveggja efnahagsaðgerða sem fyrrv. ríkisstjórn tók ákvarðanir um, þ.e. aðgerða í febrúar og aðgerða í maí. Í báðum tilfellum var um að ræða gengisfellingar sem því miður reyndust ekki duga til að bæta hag atvinnuveganna, fyrirtækjanna í útflutningsgreinunum en báðar áttu það sammerkt að auka byrðar ríkissjóðs og kollvarpa forsendum fjárlaga, bæði vegna aukinnar verðbólgu, vegna verulegrar hækkunar vaxta og vegna beinna útgjalda sem þetta hafði í för með sér fyrir ríkissjóð.

Virðulegi forseti. Við skulum aðeins líta á hvaða ákvarðanir það voru sem teknar voru af samstarfsaðilunum í fyrri ríkisstjórn og höfðu þau áhrif bæði á tekju- og gjaldahlið að draga úr eða veikja stöðu ríkisfjármála.

1. Á tekjuhlið. Með febrúaraðgerðunum var ákveðið að fella niður álagningu launaskatts á útflutningsgreinar sem kostaði ríkissjóð umtalsverðar tekjur. Á sama tíma var ákveðið að stórauka sem nam nokkrum hundruðum millj. kr. endurgreiðslur uppsafnaðs söluskatts til fyrirtækja í sjávarútvegi sem varð líka til þess að veikja stöðu ríkissjóðs. Í maí eftir 10% gengisfellingu blasti það við að verðlags- og launaforsendur fjárlaga höfðu raskast mjög verulega og þessar tvær gengisfellingar höfðu reyndar þau áhrif á ríkisfjárlagadæmið að lækkun tekna var umfram lækkun gjalda alveg tvímælalaust eins og seinna kom heldur betur á daginn.

2. En það voru fleiri ákvarðanir teknar. 1. janúar var ákveðið að hækka útgjöld vegna lífeyrisgreiðslna umfram verðlagsforsendur og það var ákveðið að gera aftur 1. júní. Þetta jók útgjöld ríkissjóðs umfram heimildir fjárlaga og umfram verðlagsþróun um 220 millj. kr.

3. Það kom fljótlega á daginn að útgjöld vegna sjúkratrygginga voru mjög vanmetin. Í fyrstu áætlunum fjmrn. á fyrri hluta ársins voru þau metin 80 millj. kr. Nú er komið á daginn að vegna vanmats á þessum útgjaldaþætti af hálfu Tryggingastofnunar ríkisins hvað varðar einkum endurgreiðslur sveitarfélaga hafa útgjöld ríkissjóðs aukist um yfir 200 millj. kr.

Við gengisfellinguna í maí þótti ófært annað en að auka útgjöld til Lánasjóðs ísl. námsmanna af þeirri einföldu ástæðu að lántakendur þess sjóðs eru háðir gengisskráningu, dvelja erlendis. Þau útgjöld umfram heimildir fjárlaga voru 132 millj. kr.

Ég nefni enn eitt dæmið, það er sennilega fimmta dæmið, um aukin útgjöld umfram heimildir fjárlaga sem leiddi af þessari þróun vegna ríkisábyrgða á launum sem er lögbundin, en menn hafa tekið eftir því í þjóðfélaginu: samdráttur, gjaldþrot, lokun fyrirtækja. Aukningin í ríkisábyrgð á launum hefur numið verulegum upphæðum þó að í þeim tölum sem ég hafði seinast hafi þær ekki verið hærri en 60 millj. kr.

Muna menn eftir því að það hafi nokkurn tíma á liðnu sumri komið til nokkurra deilna milli fjmrh. þáverandi og samstarfsaðila hans, einkum framsóknarmanna, um útgjöld vegna landbúnaðarmála sem að mestu leyti eru lögbundin? Kannski rifjast það upp fyrir einhverjum en það sem deilan stóð þá um var að að kröfu samstarfsflokka okkar alþýðuflokksmanna var þess krafist að útgjöld vegna niðurgreiðslna yrðu aukin til þess að það yrði gersamlega tryggt að söluskattsálagningin á matvæli yrði ekki til að hækka verð þrátt fyrir afleiðingar gengisfellinga. Þetta þýddi að niðurgreiðslur umfram heimildir fjárlaga hafa aukist alls um 350 millj. kr. eingöngu vegna hefðbundinna búvara en einnig vegna niðurgreiðslna á ull og reyndar má bæta við 40 millj. auknum útgjöldum, ófyrirséðum, til viðbótar öðrum vegna riðuveikifjár.

Þá er að geta þess að á hverjum tíma eru teknar ákvarðanir um aukafjárveitingar. Þær koma stundum til umræðu hér á hinu háa Alþingi. Aukafjárveitingar fyrstu níu mánuði ársins voru veittar alls að upphæð 511 millj. 346 þús. kr. Hvað er um það að segja? Er þetta ekki bruðlið og sólundin í hæstv. fjmrh.? Þetta mun að vísu vera eitthvert lægsta hlutfall aukafjárveitinga sem um getur. Á fyrri hluta árs 1987, og nú treysti ég minni mínu, voru aukafjárveitingar komnar upp í 650 millj. í fjárlögum sem voru með miklu lægri niðurstöðutölur. Ég held að ég geti fullyrt að þetta sé einhver lægsta upphæð aukafjárveitinga sem hlutfall af niðurstöðutölum fjárlaga sem um getur. En hvað er að segja um þessar ákvarðanir?

Helmingurinn af þessum útgjöldum, tæplega þó, 233 millj., er uppsafnaður vandi sjúkrahúsa frá tíð ríkisstjórnarinnar þar á undan sem varð að mæta, bakreikningar frá fyrri tíð. En 77 millj. 547 þús. eru vegna sameiginlegra ríkisstjórnarákvarðana. En um aukafjárveitingar má það annars segja að gangur þeirra mála er sá að það eru yfirleitt svokallaðir fagráðherrar sem sækja á um aukafjárveitingar til fjmrh., fjmrn. og samstarfsnefndar um ríkisfjármál þannig að hér er að verulegu leyti um að ræða óskir eða kröfur um útgjöld frá samstarfsráðherrum fjmrh. og ákvarðanir ýmist um það teknar í samstarfi þeirra eða við ríkisstjórnarborð eða, eins og hér kemur fram, helmingurinn bakreikningar sem ekki er unnt annað en að borga en eru frá fyrri tíð.

Það er kannski ástæða til líka að líta á það að enginn nýr fjmrh., því miður, tekur við hreinu borði. Það gerði ég ekki og því miður gerði eftirmaður minn það ekki. Það er einn þáttur í því að veikja stöðu ríkisfjármála, og þá ekki endilega í rekstrarafkomu heldur í greiðsluafkomu og vaxtabyrði og í lánastöðu, þegar berast í stríðum straumum aftan úr fortíðinni fallnir víxlar, bakreikningar sem menn vissu ekki af. Hvað mun það kosta ríkissjóð um það er lýkur að hafa orðið að yfirtaka gjaldþrotafyrirtæki, pólitískt gæluverkefni sem kennt var við salt og sjóefnavinnslu og kostaði ríkissjóð yfirtöku á um 550 millj. kr.? Hvað mun það kosta ríkissjóð um það er lýkur að hafa þurft að yfirtaka um 10 milljarða á undanförnum árum af orkugeiranum í landinu og fjármagna það? Hvað mun það kosta ríkissjóð um það er lýkur að hafa þurft að taka á sig í formi erlendra lána ófyrirséð mörg hundruð millj. kr. vegna flugstöðvar? Hvað munu þeir kosta ríkissjóð þegar allt kemur saman, bakreikningarnir sem þannig var vísað inn um dyrnar? Hvað kostar það ríkissjóð um það er lýkur þegar vísað er þangað bakreikningnum vegna langs hala af hallarekstri sjúkrahúsakerfisins upp á mörg hundruð milljónir? Munið þið eftir Landakotsdeilunni í sumar?

Loks er eins að geta. Þegar ég nú hef gert grein

fyrir því hverjar eru helstu skýringarnar á því að fyrrv. ríkisstjórn, okkur sem þar stóðum í samstarfi tókst ekki að tryggja jöfnuð í ríkisfjármálum, fallið í tekjunum, útgjaldaákvarðanir teknar sameiginlega af ríkisstjórn fyrir mestan part skulum við segja, þá er eftir að bæta einu við og það er þetta:

Það er laukrétt, sem kom fram í máli hv. 1. þm. Reykv. Friðriks Sophussonar, að enn var aukið á ríkissjóðshallann með fyrstu ákvörðunum nýrrar ríkisstjórnar. Það er laukrétt. Og sú útgjaldabyrði er metin af fjmrn. núna, þ.e. innan ársins 1988, upp á 515 millj. kr. Og hvað fólst í því? Í því fólust enn auknar niðurgreiðslur á búvörum upp á 170 millj. kr., niðurgreiðslur á ull upp á 20 millj. á þessu ári en áframhaldandi á næsta, hækkun tekjutryggingar bótaþega almannatrygginga upp á 35 millj. á þessu ári og mun meira á næsta ári, til skuldbreytingasjóðs heimilanna 135 millj. kr. í heild, en ég kann ekki að fullyrða hversu stór hluti af því kemur til útgjalda á þessu ári. Endurgreiðsla uppsafnaðs söluskatts til fiskeldisfyrirtækja og loðdýra, 30 millj. á þessu ári. Alls 515 millj. Fyrir utan það að útgjöld vegna vaxtagreiðslna ríkissjóðs hefðu enn aukist þegar líða tók árið, m.a. vegna þess hvernig boginn var spenntur um of, og lánsfjáráætlun, sem lögð var fyrir þetta hv. þing fyrir jól, var m.a. að verulegu leyti limlest vegna þess að boginn var spenntur allt of hátt í lántökum og ríkissjóður neyddur til lántöku langt umfram það sem skynsamlegt var. Af hverjum? Af meiri hluta hv. Alþingis.

Virðulegi forseti. Ég vona að menn hafi biðlund með mér þótt ég vilji reyna að gera hreint fyrir mínum dyrum. Mér er þetta mikið alvörumál. Ég hef rakið þessar staðreyndir, ekki eftir blaðaúrklippum heldur eftir opinberum gögnum fjmrn. sem voru í höndum ekki bara mínum heldur samráðherra minna, samstarfsmanna minna í ríkisfjármálanefnd o.s.frv. Ef það er rétt hermt að fyrrv. samstarfsmaður minn, fyrrv. forsrh. Þorsteinn Pálsson, hafi gert því skóna að ég hafi í starfi mínu sem fjmrh. blekkt hann eða samráðherra mína um stöðu ríkisfjármála, þá þykir mér það mjög miður. En reyndar trúi ég því ekki fyrr en ég tek á því og heyri það upp í opið geðið á mér að því sé haldið fram. En til þess að taka af tvímæli um það hef ég tekið saman í fórum mínum þau gögn sem lögð voru á borð ríkisstjórnar, ríkisfjármálanefndar um þróun ríkisfjármála frá því að fyrsta spá var lögð fram á ríkisstjórnarfundi 14. júní og alveg fram til loka september. (**FrS:** Því var haldið fram, ræðumaður, að núv. hæstv. fjmrh. hefði gert því skóna að ræðumaður hefði blekkt fyrrv. samstarfsmenn sína.) Já, ég var ekki viðstaddur þessa umræðu og er ekki til frásagnar um það. En hvað svo sem líður þeim orðaskiptum vil ég að það komi hreint og skilmerkilega fram hvaða upplýsingar menn höfðu í höndunum.

1. Fyrstu gögn um þetta mál eru lögð fram á borð ríkisstjórnar 14. júní. Það er endurskoðuð áætlun um afkomu ríkissjóðs árið 1988. Samkvæmt því skjali er gert ráð fyrir því að halli á ríkissjóði — og ég tek fram að þetta er eftir upplýsingar um fyrstu fjóra mánuði ársins — muni nema 480 millj. kr. Þó er tekið fram að vitað sé um útgjaldatilefni sem ekki eru komin til greiðslu og reyndar um kröfur sem hreyft hafði verið um aukin útgjöld ríkissjóðs þannig að af texta máls má lesa að það er verið að gera því skóna, ef slíkar ákvarðanir yrðu teknar, að halli ríkissjóðs yrði ekki undir 700 millj. kr. Þann 18. júlí er fundargerð fyrsta fundar ríkisfjármálanefndar um ríkisfjármál þar sem segir svo, með leyfi forseta:

„Fjármálaráðherra setti fundinn og fór yfir þau gögn sem lögð voru fram á fundinum. Sagði hann að ríkissjóður stefndi í halla upp á 1 milljarð á árinu 1988 með þeim málum sem nú væri kunnugt um, t.d. útgjöld vegna landbúnaðarmála og vegna Landakotsspítala, bakreikningar vegna löggæslu, sér í lagi í Reykjavík, o.s.frv.“

Í fréttatilkynningu frá fjmrn. 21. júlí er vísað til spár fjmrn. um 700 millj. kr. halla sem stefndi í í árslok 1988, en jafnframt gerð grein fyrir því að ekki hafi enn verið greidd útgjöld sem hins vegar blasi við, kröfur um auknar niðurgreiðslur, þá upp á 200 millj. kr., og ýmsir aðrir liðir upp á 250 millj. kr., m.ö.o. það stefni í halla upp á 1150 millj. kr. — Þetta er fréttatilkynning birt í blöðum 21. júlí á liðnu sumri.

Fjórða skjalið er minnisblað til forsrh. dags. 20. ágúst, afhent forsrh. og eftir mínu besta minni dreift á ríkisstjórnarfundi, en það fullyrði ég ekki. Þetta eru athugasemdir frá fjmrh. vegna skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga á fyrri helmingi ársins 1988. Þar er enn vikið að upphaflegri spá fjmrn. frá 14. júní, byggðri á talnaefni fjögurra fyrstu mánaða, um að það stefndi í halla upp á 700 millj. kr., en jafnframt vakin athygli á því að vegna útgjaldakrafna vegna aukinna vaxta- og geymslugjalda, útflutningsbóta o.s.frv. séu á borðinu kröfur upp á 550 millj. kr. þar í viðbót.

Jafnframt er gerð grein fyrir mati Ríkisendurskoðunar á þessari þróun mála þar sem því er haldið fram að útgjaldatilefni, alls að 1600 millj., blasi við, en þó þess að geta að auknar tekjur, aðallega vegna beinna skatta, upp á 600 millj. kr. séu einnig kortlagðar þannig að þar er verið að spá halla upp á 700 millj. kr. frá fyrri tíð og 1 millj. í viðbót, þ.e. upp á 1,7 milljarða. Í þessu minnisblaði til forsrh. er um þetta fjallað efnislega á þá leið að ljóst sé að í skýrslu Ríkisendurskoðunar séu réttar ábendingar um mjög aukin fyrirsjáanleg útgjöld vegna aukinna vaxtagjalda — þó að ég hafi þá vefengt að þau yrðu 600 millj. kr. Ljóst sé einnig að útgjöld vegna sjúkratrygginga hafi stóraukist sem og niðurgreiðslur, þannig að mitt mat er að þarna hafi fjmrn. viðurkennt að stefndi fyrirsjáanlega í halla upp á 1250 millj. kr.

Fimmta skjalið sem hér er á borðum er frá greiðslu- og eignadeild fjmrn. um afkomu ríkissjóðs og afhent 2. september ríkisfjármálanefndarmönnum. Í því skjali kemur fram að það stefni að óbreyttu í halla á ríkissjóði upp á 1420 millj. kr. og

sett upp svona í þessum dálki:

Halli samkvæmt mati fjmrn. frá því í júní upp á 700 millj. kr., aukin útgjöld vegna vaxta og geymslugjalda upp á 180 millj. kr., aukin útgjöld vegna sjúkratrygginga 140 millj. kr., reyndust síðan greinilega verða meiri, aukin vaxtaútgjöld sem stafa aðallega af afleiðingum gengisfellingarinnar í maí, þ.e. hærra vaxtastigi og reyndar meiri yfirdrætti vegna þess að innlend lánsfjáröflun brást, upp á 450 millj. og síðan ýmislegt, þar á meðal flokkaðar ýmsar aukafjárveitingar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar, upp á 250 millj. kr. Hins vegar þar á móti auknar tekjur, en heildartalan 1420 millj. kr.

Þetta eru þær upplýsingar, virðulegi forseti, sem samstarfsmenn mínir fengu úr fjmrn., samstarfsmenn mínir í ríkisstjórn, samstarfsmenn mínir í ríkisfjármálanefnd og birtar jafnframt að hluta til voru í opinberum fréttatilkynningum frá ráðuneytinu. Það er þess vegna rangt ef því er haldið fram að samstarfsmenn mínir hafi aldrei fengið aðrar upplýsingar frá mér en þær að það stefndi í 700 millj. kr. halla.

Ég segi: Rúmlega 1400 millj. kr. halli var í þeim seinustu gögnum sem frá okkur bárust um málið og síðan er þess að geta að samkvæmt ákvörðun nýrrar ríkisstjórnar var bætt við þetta 515 millj. kr. þannig að í lok september er orðið ljóst að það stefndi í 1915 millj. kr. halla.

Spurningin er hins vegar sú: Vissum við ekki að hann yrði meiri? Nei, við vissum það ekki. Við vissum að það stefndi í samdrátt í þjóðfélaginu, en við vorum með tveggja mánaða gamlar upplýsingar frá því í júlí um þær tekjur sem söluskattur, vörugjöld og aðflutningsgjöld skiluðu þannig að við fórum varlega í að fullyrða í hvað stefndi, en við gerðum okkur grein fyrir því að hallinn var að nálgast 2 milljarða í lok september. Því má síðan bæta við að við gátum svo sem búist við því að samdrátturinn yrði meiri og tekjufallið sem því svaraði meira, sem síðar kom á daginn.

Þar með held ég að ég hafi gert grein fyrir því hvaða upplýsingar lágu á borðum samstarfsmanna minna og eins hvaða upplýsingar lágu fyrir í fjmrn. þegar eftirmaður minn kom þar til starfa þannig að það fer ekki á milli mála að menn hafi þar vitað um stöðuna þegar ákvarðanir voru teknar um að auka á útgjöld ríkissjóðs frekar vegna ástandsins í efnahags- og atvinnulífi sem við blasti.

Ég vil láta þess getið vegna tilvitnunar hv. 1. þm. Reykv. Friðriks Sophussonar í blaðaviðtal í Alþb. einhvern tímann á miðju sumri þar sem ég átti í útistöðum við Þjóðhagsstofnun: Um hvað stóð sú deila? Við vorum ekki að rengja tölur út af fyrir sig. Það var a.m.k. algert aukaatriði málsins. Það sem mér þótti óviðunandi af hálfu opinberrar stofnunar eins og Þjóðhagsstofnunar var þetta: að Þjóðhagsstofnun lét eins og það hefðu engar áætlanir verið gerðar af hálfu fjmrn. um að halli yrði fram eftir ári. Ég er að vísa til árstíðasveiflu. Þar sem Þjóðhagsstofnun spáði því að hallinn væri 3,6 millj. kr. á miðju ári lét hún þess hvergi getið í sínum upplýsingum að samkvæmt greiðsluáætlun ráðuneytisins um tekjur og gjöld var ráð fyrir því gert á þeim tíma, um mitt ár, að hallinn væri 2,9 milljarðar. Ég taldi það óviðunandi vinnubrögð af opinberri stofnun þá og tel það enn að láta slíkt koma fram án eðlilegra hlutlægra skýringa. Þess vegna kalla ég þessar upplýsingar villandi fyrir almenning í landinu og þá sem þurftu að nota upplýsingarnar.

Virðulegi forseti. Ég biðst velvirðingar á því að þessar útskýringar mínar hafa kannski tekið lengri tíma en ég sjálfur ætlaði, en ég vil nota tækifærið að gefnu tilefni til að taka eindregið undir með hv. 1. þm. Reykn. Matthíasi Á. Mathiesen sem hefur skrifað virðulegum forseta Sþ. og farið þess á leit að deilumál af þessu tagi, um hverjar séu staðreyndir mála, hvaða upplýsingar hafi legið fyrir, verði leyst með hlutlægum hætti af stofnun sem Alþingi sjálft stýrir. Samkvæmt frásögn Morgunblaðsins hefur hv. þm. óskað eftir eftirfarandi upplýsingum:

Í fyrsta lagi: Hvaða tekjustofnar hafi gefið minni tekjur en áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir og orsakir þeirra breytinga? Það hefur að nokkru leyti komið fram í mínu máli, en sjálfsagt að fá það staðfest.

Í annan stað: Hvaða útgjaldaliðir hafi helst hækkað frá áætlun fjárlaga og gerð grein fyrir ástæðum þeirra hækkana. Ég hef nefnt nokkuð mörg ærin hækkunartilefni, en sjálfsagt væri rétt að kanna frekar hverjir hafi einkum beitt sér fyrir kröfum um þær útgjaldahækkanir.

Í þriðja lagi er beðið um yfirlit yfir aukafjárveitingar samþykktar til septemberloka. Það yfirlit hef ég að verulegu leyti gefið nú þegar og þar með þær upplýsingar að helmingurinn er vegna hallareksturs frá tíð fyrrv. ríkisstjórnar þar á undan, en að öðru leyti stærsti þátturinn ákvarðanir samstarfsmanna minna í ríkisstjórn um slíkar aukafjárveitingar.

Í fjórða lagi er beðið um yfirlit yfir starfsmannahald hjá ráðuneytum. Það liggur fyrir og er fljótgert. Þar er margt fróðlegt að finna og er sjálfsagt að draga það fram í dagsljósið umfram það sem þegar hefur verið gert.

Í fimmta lagi hvaða áhrif efnahagsaðgerðir núv. ríkisstjórnar hafi á afkomu ríkissjóðs á þessu ári. Að því hef ég vikið eftir heimildum fjmrn., en það er alveg sjálfsagður hlutur og eðlilegur, nú þegar Alþingi hefur yfir Ríkisendurskoðun að ráða, að hún vinni þetta verk þannig að við þurfum ekki að eyða frekari tíma í að deila um staðreyndir, þær liggi fyrir. En þá skiptir líka mjög miklu máli að vinnubrögð Ríkisendurskoðunar séu með þeim hætti að þau verði hafin yfir vafa. (**EgJ:** Er einhver vafi á því?) Um það skulum við ekkert fullyrða fyrir fram, hv. þm.

Hvað getum við lært af þessari reynslu, virðulegi forseti? Þeirri spurningu beini ég til sjálfs mín, samstarfsmanna minna, fyrrv. og núv.? Þegar ég lít til baka tel ég að það hafi verið mistök, sennilega veikleiki, að hafa ekki bundið svo um hnútana við

framlagningu fjárlagafrv. 1987 að hausti við framlagningu míns fyrsta fjárlagafrv., að gert yrði ráð fyrir allverulegum tekjuafgangi í ljósi reynslunnar af því að í meðförum Alþingis var enn verulega aukið á ríkisútgjöld að frumkvæði sameiginlega bæði stjórnarþingmanna og stjórnarandstæðinga umfram það sem skynsamlegt hefði verið að gera. Þegar ég lít til baka tel ég að það hafi verið mjög ógæfusamlegt hvaða meðferð upphaflegt lánsfjárlagafrv. fékk á hinu háa Alþingi, en við umfjöllun Alþingis var stórlega aukið á lántökur ríkissjóðs og teflt þannig á tæpasta vað. Það hefði ekki átt að gera. Í þriðja lagi: Þegar ég hugsa fram í tímann dreg ég þann lærdóm af þessu að nú væri mjög skynsamlegt fyrir alþm., hvar í flokki sem þeir standa, að leitast við að gæta hófs í tillögum um aukin útgjöld ríkissjóðs við afgreiðslu fjárlaga nú og að slá skjaldborg um yfirlýstan vilja eftirmanns míns, hæstv. fjmrh., um það að afgreiða fjárlög með allverulegum tekjuafgangi til þess að hafa eitthvert borð fyrir báru til þess að mæta ófyrirséðum hlutum, til þess m.a. að geta mætt því ef samdráttareinkenni í okkar þjóðfélagi halda áfram að fara versnandi, til þess að geta gripið inn í án þess að hleypa verðbólguöldu af stað með því að hafa ríkisbúskapinn neikvæðan.

Það er lærdómsríkt að gegna starfi fjmrh. þótt það hafi í mínu tilfelli verið í stuttan tíma, mjög holl lexía fyrir stjórnmálamann. Ég hef lært mikið af því og legg auðvitað mín störf í ykkar og annarra dóm um það hvort mér hafi þar alvarlega mistekist. Ef menn vilja spyrja um ábyrgðina endurtek ég það: Ég skorast ekki undan henni fyrir mitt leyti. En ég mundi draga af þessari reynslu margvíslegar ályktanir.

Ég segi: Það voru skelfileg mistök af samstarfsflokkum í fyrrv. ríkisstjórn að fylgja ekki fram stefnuyfirlýsingu og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar um það að afnema lögbundna sjálfvirkni í útgjaldaaukningu ríkisins. Það voru mikil mistök þegar gerðar voru tilraunir til þess af hálfu fjmrh. að draga úr sjálfvirkri útgjaldaaukningu landbúnaðarkerfisins eða draga úr útgjöldum vegna stofnanakerfis þess að það skuli hafa verið eyðilagt af meiri hluta þings.

Það nær ekki nokkurri átt, það nær ekki nokkurri einustu átt í þessu dvergsmáa þjóðfélagi, þar sem þeir sem byrðarnar eiga að bera eru svona fáir, að halda áfram að fjölga opinberum starfsmönnum tífalt á við fjölgun á almennum vinnumarkaði frá ári til árs. Það nær engri átt að magnaukningin í ríkisútgjöldum samkvæmt sjálfvirkri löggjöf Alþingis sé upp á 3,5–4% á ári. Það nær engri átt! Ég harma mjög hvernig fór um tilraunir mínar til að fá flutt lagafrv. um að ýmsar þjónustu- og rannsóknastofnanir atvinnuvega, sem við vildum láta flytja frv. um og höfðum reyndar tilbúið frv. um í tíð fyrrv. ríkisstjórnar, yrðu gerðar að sjálfstæðum stofnunum, starfsmenn þeirra yrðu ekki lengur ríkisstarfsmenn og forstöðumenn þeirra yrðu ábyrgir fyrir fjárhag þessara stofnana. Ég harma það mjög að menn skuli hafa brostið kjark til þess að fylgja því fram. Ég harma mjög að fyrrv. ríkisstjórn skuli ekki hafa fylgt fram af einurð og djörfung frv. sem lá fyrir um að afnema í stórum stíl ríkisábyrgðir fjárfestingarlánasjóða vegna lánveitinga til einkaaðila í ljósi þess að ríkisábyrgðir í heild, sem ríkið sameiginlega ber, af skuldum annarra eru að nema á annað hundrað milljarða kr. og vanskil vegna ríkisábyrgða, sem fara í gegnum opinbera og hálfopinbera sjóði til einkaaðila, eru farnar að nema hundruðum milljóna kr. á ári. Ég harma það mjög að það skuli ekki hafa tekist samstaða um að fylgja fram svo sjálfsögðum lagabreytingum. Ég harma mjög að samstarfsmaður minn í Framsfl., hæstv. fyrrv. landbrh., skuli ekki hafa fylgt eftir því, sem hann gaf mér loforð um, að koma með lagafrv. um breytingu á jarðræktarlögum sem með sjálfvirkum hætti utan fjárlaga kveða á um hundraða milljóna kr. útgjöld sem ákvarðanir eru teknar um af hverjum og einum en síðan stendur fjmrh. frammi fyrir bakreikningi og á engra kosta völ annarra en að borga. Þetta eru ekki hafandi vinnubrögð við fjárlagasmíð eða fjárlagastjórn. Það eru engin vinnubrögð og ekkert vit ef það er rétt að 85% af ríkisútgjöldunum séu bundin af hv. alþm. með sjálfvirkum hætti í lagabálka án þess að taka nokkurt tillit til þess hvað gerist í hinum harða veruleika, hvort við erum að fara í gegnum kreppu eða í bullandi uppgangi eða hvað gerist á erlendum mörkuðum eða hvernig aflast því við erum tæknivætt veiðimannasamfélag og verðum að geta brugðist við því hvernig viðrar og hvernig árar og hvernig aflast og hvernig kaupin gerast á eyrinni á erlendum mörkuðum. Sjálfvirkni af þessu tagi er vitlaus og menn þurfa að láta sér lærast það. Ég hef lært mína lexíu úr hörðum skóla.

Við höfum ekki efni á sjálfvirkri löggjöf um landbúnað á Íslandi eins og hún blasir við núna. Við höfum bara ekkert efni á þessu. Hvenær ætlar meiri hluti Alþingis Íslendinga að láta sér það skiljast? Við höfum heldur ekki efni á því að reka örlátasta niðurgreiddasta námslánakerfi sem nokkur þjóð á byggðu bóli rekur, miklu betra, gjafmildara og örlátara en auðugustu þjóðir heims, eins og Svíar, Svisslendingar eða Bandaríkjamenn, telja sig hafa efni á. Við höfum ekki efni á því að borga læknum 12 millj. kr. á ári og rannsóknarlæknum 18 millj. kr. á ári. Við höfum ekki efni á því. Við höfum ekki efni á því að reka þrjú eða fjögur hátæknisjúkrahús í þessu dvergríki. Við höfum ekki efni á því á sama tíma og okkur vantar fyrst og fremst aðhlynningar- og umönnunarstofnanir aldraðra. Við verðum einhvern tímann að láta af þessum flottræfilshætti og þessari firringu frá öllum veruleika um að halda að við séum 5 eða 10 milljóna manna þjóðfélag. Við verðum einhvern tímann að horfast í augu við veruleikann um það hvað það er sem við höfum efni á og hvað það er sem við höfum ekki efni á og hætta þessu pólitíska snakki úr draumaveröld, hvort heldur er í stjórn eða stjórnarandstöðu, um að við getum

allt og höfum efni á öllu og erum svo bónbjargarmenn á framfæri erlendra fjármagnseigenda.

Við höfum ekki efni á því að láta viðgangast þann skattamóral að best efnuðustu hópar þjóðfélagsins líti á það sem afrek að koma sér með löglegum hætti undan því að leggja fram sinn skerf til að halda uppi siðmenntuðu samfélagi á Íslandi. Við höfum ekki efni á því. Við höfum ekki efni á fleiri pólitískum gæluverkefnum, hvort heldur það heita flugstöðvar, saltverksmiðjur eða hvað það er. Ég held að hv. Alþingi Íslendinga ætti að líta í eigin barm og reyna að sýna þjóðinni gott fordæmi um ráðdeild og sparsemi og aðhaldssemi í meðferð á opinberu fé.

Við höfum ekki efni á því að reka tólf háskóla á Íslandi í 250 þúsund manna samfélagi. Við höfum ekki efni á því. Það er af og frá. Ég er sammála því þegar sjálfstæðismenn segja við mig: Það eru takmörk fyrir því hvað hægt er að ganga langt í skattheimtu. Það eru takmörk fyrir því. Og ég er sammála því sem hv. 1. þm. Reykv. Friðrik Sophusson sagði í ræðu sinni hér áðan: Það hlýtur að verða að gera kröfu til þess af núverandi ríkisstjórn — og vonandi bregst hún betur við þeim kröfum og stendur betur undir þeim — að það sé kominn tími til að fara að skera niður ríkisútgjöld, koma í veg fyrir síþensluna, 700 ný störf á ári, óheimiluð stöðugildi með verkefnaráðnu fólki og yfirvinnu sem samsvarar 1000 mönnum, 1000 einstaklingum. Við höfum ekki efni á því.

Og að lokum, virðulegur forseti, spyr ég einkum og sér í lagi hv. þm. sem talaði fyrir hönd Kvennalistans og aðra sem voru í stjórnarandstöðu þegar skattkerfisbreytingin mikla var keyrð í gegn sem verður helsti minnisvarði fyrrv. ríkisstjórnar. Ein spurning: Þið sem lögðust gegn henni, þið sem tölduð enga nauðsyn bera til þess að leggja fram fjárlagafrv. með tekjuafgangi, hvar haldið þið að ríkisfjármálin á Íslandi hefðu verið stödd núna ef þau lög hefðu ekki náð fram að ganga? Hver haldið þið að hallinn hefði orðið á ríkisbúskapnum á Íslandi ef þau lög hefðu ekki náð fram að ganga, ef það hefði átt að byggja á lögum um tekjustofna frá fyrri tíð? (**FrS:** Er ekki rétt að spyrja Alþb. að því líka?) Jú, reyndar. — Það er sagt að hver þjóð fái þá stjórnmálamenn og þær ríkisstjórnir sem hún á skilið.

Lokaorð mín skulu verða þau að ef ég ætti af öllu lítillæti og hógværð úr þeim harða skóla sem ég hef gegnt að gefa ráð af minni reynslu til eftirmanns míns, þá er það þetta: Vertu enn þá harðari en ég. Vertu miklu harðari en ég gagnvart þeim samstarfsmönnum þínum sem ætla að stilla þér upp við vegg með eilífri kröfugerð um sjálfvirka útgjaldaaukningu trúandi því að þeir lifi í einhverri draumaveröld og það komi aldrei að skuldadögum.

Matthías Á. Mathiesen:

Virðulegi forseti. Hæstv. utanrrh. tjáði mér áðan að hann hygðist hverfa á brott upp úr hálffjögur. Ég verð að gera athugasemd við hans ræðu áðan þar sem hann vísaði til skjals dags. 2. sept. sem lagt hefði verið fram í ríkisstjórn og las upp úr því skjali tölur. Ég hef hér skjal, og hef borið mig saman við aðra aðila, sem lagt var fram í ríkisstjórn 2. sept. en er ekki með sömu tölum og hæstv. ráðherra var með. Auk þess er ég hér með skjal dags. 1. sept., fram lagt þá á ríkisstjórnarfundi, sem ekki ber saman við það skjal sem hæstv. ráðherra las upp úr áðan. Þar sem ráðherrann er að hverfa héðan af fundi, sem mér finnst að vísu ekki vera viðeigandi, þar sem hér er verið að gera grein fyrir stöðu ríkisfjármála, nú eftir níu mánuði, af hæstv. núv. fjmrh., að sá sem gegnt hefur starfinu þann tíma sé ekki viðstaddur þegar þessar umræður fara fram því að vissulega er það hans að svara fyrir þá ákveðnu hluti sem fram hafa komið, hverjir svo sem þeir eru.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Þessi umræða sem hér fer fram utan dagskrár er vakin af hæstv. fjmrh. um stöðuna í ríkisfjármálum og þá sérstaklega stöðu ríkissjóðs. Umræðan er hafin við þær sérstæðu aðstæður að þingheimur allur bíður eftir því máli sem venjulega og samkvæmt lögum er fyrsta mál hvers þings, þ.e. frv. til fjárlaga næsta árs sem vitaskuld er ætíð byggt á stöðu og afkomu líðandi árs.

Þegar hæstv. forsrh. fór þess á leit við stjórnarandstöðuna að þinghaldið yrði með þeim hætti sem raun hefur á orðið meðan beðið yrði eftir fjárlagafrv. bjóst hann við að frv. yrði lagt fram 24.–26. okt., þ.e. í gær eða dagana á undan, og jafnframt að hann flytti stefnuræðu sína þann 27. okt., þ.e. í dag. Nú er hins vegar sýnt að þau áform frestast, a.m.k. um eina viku, og mér kæmi ekki á óvart þó að þær yrðu tvær. Þá er jafnframt ljóst að þriðjungur þess tíma sem venjulega hefur farið í umfjöllun Alþingis og fjvn. á fjárlagafrv., frá þingbyrjun til jóla, er farinn forgörðum. Mér sýnist því að hæstv. fjmrh. hefði átt að verja tíma sínum og atorku í að láta þessi fyrstu fyrirheit hæstv. ríkisstjórnar ekki bregðast, svo sem þegar hefur því miður orðið, fremur en að leggja þá rækt við það sjónarspil sem hér er sett á svið.

Fyrsti þáttur þess fór fram, eins og hér hefur verið minnst á fyrr í dag, suður í Garðabæ meðal nokkurra fylgjenda hæstv. fjmrh. og það varð aftur tilefni til utandagskrárumræðu hæstv. fráfarandi forsrh. hér í þessum sal, að vísu í Nd., í sl. viku og var hún því annar þáttur þessarar trílógíu. Þriðji þátturinn fer svo fram hér í dag og eins og í öðrum sjónleikjum er spennan þá í hámarki, enda ein aðalpersóna farsans nýkomin heim úr útlöndum og líklega farin aftur að því er virðist. A.m.k. var ekki annað að sjá en að sá hæstv. ráðherra gæti ekki verið hér viðstaddur allan leikinn til enda, enda er það svo í þessum farsa að hér eru senuþjófar eins og vera ber og út af fyrir sig

ekkert við því að segja. Hæstv. forsrh. heldur sig hins vegar greinilega baksviðs og hefur enga replikku látið falla enn í þessum leik, ekki einu sinni viðstaddur. Hann er kannski einn meðal sviðsmanna.

Hér er vitaskuld um ákveðið uppgjör að ræða, uppgjör á milli manna úr fyrrv. og núv. ríkisstjórn. Borgfl. átti þar ekki hlut að og mun því ekki taka þátt í því sem slíku. En þó að hann sé flokka yngstur hér í þinginu held ég að enginn þm. hans hafi legið á liði sínu við að sinna þingskyldu sinni og því meginhlutverki sem Borgfl. gegndi á sínu fyrsta þingi, þ.e. hlutverki stjórnarandstöðunnar. Og þó að fulltrúar fjórflokkanna sem eiga það, að því er mér finnst, eitt sameiginlegt að vera heimaríkir og nokkuð gírugir þegar þeir koma nærri kjötkötlunum þó að þeir telji sig hafa flest á þurru, t.d. markaða stefnu út í hörgul í hverju máli og að því er manni skilst um flest milli himins og jarðar, eins og t.d. kom einkar vel fram hér í gær hjá hv. 2. þm. Austurl. í Nd. um hvalamálið, er samt meginspurningin í pólitík sú, og ætíð og ævinlega, um samræmið á milli orðs og æðis, milli áforma og framkvæmda. Um það verður öðru fremur hin þrotlausa barátta ætíð því að kjósandinn á Íslandi er sem betur fer, og eins og dæmin sanna, ekki skyni skroppinn. Hann finnur vel hvað að honum snýr. Þess vegna er sú umræða sem hér fer fram um stöðu ríkisfjármála vissulega þörf og miklu meira en það miðað við þá hrikalegu stöðu sem við blasir þar og hefur ríkulega verið á bent.

Markmiðin voru góð og fyrirheitin voru fögur er upp var lagt á öndverðu þessu ári. Ekki skorti þáv. ríkisstjórn þingstyrkinn og öllum áformum sínum kom hún í gegn á síðasta þingi nema einu markverðu. Það var verkaskiptingarfrv. En aðrar eins ægiálögur í beinni og óbeinni skattlagningu höfðu menn aldrei áður upplifað, a.m.k. ekki með jafnsnörpum hætti, enda lá mikið við. Tveggja til þriggja milljarða halli á A-hluta ríkissjóðs var viðskilnaður fyrri ríkisstjórnar. Allir voru sammála um að hallalaus fjárlög væru hið æskilega markmið og það var rangt sem hæstv. fyrrv. fjmrh. og núv. hæstv. utanrrh. sagði áðan í umræðunni, það var rangt að ég eða aðrir í stjórnarandstöðunni hefðum ekki talið það æskilegt markmið að afgreiða fjárlög hallalaus. Ef umræðan frá því í fyrra er skoðuð og lesin mun það áreiðanlega koma fram að við, mörg okkar, lögðum það til og við samþykktum það stefnumark þáv. ríksstjórnar að afgreiða fjárlög hallalaus, ekki síst við þær aðstæður sem þá voru í allri þeirri þenslu sem þá ríkti í þessu þjóðfélagi. Þess vegna endurtek ég að það voru allir sammála þessu meginmarkmiði að afgreiða fjárlög hallalaus og töldu að það væri eðlilegt, ekki síst miðað við þessar aðstæður, með sífellt óhagstæðari viðskiptajöfnuð, e.t.v. 12 milljarða eins og kom fram fyrr í umræðunum. Menn tala um 11–13 milljarða eða sem svarar hartnær fimmtungi tekna ríkissjóðs.

Enda þótt ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar hafi sprungið af tveimur meginástæðum að minni hyggju, þ.e. annars vegar hruni atvinnulífsins, sérstaklega úti á landsbyggðinni, og síðan innbyrðis óheilindum, mistókst henni einnig að ná þessu meginmarkmiði að reka ríkissjóð án halla. Og það er að minni hyggju ákaflega þýðingarmikið að gera sér grein fyrir ástæðum þess að svo hörmulega skyldi til takast.

Nú vill svo til að samkvæmt lögum nr. 12/1986 er ráð fyrir því gert að Ríkisendurskoðun skuli hafa eftirlit með framkvæmd fjárlaga. Það mun hafa verið í fyrsta sinn nú í ár sem þannig var staðið að verki að Ríkisendurskoðun skilar skýrslu til allra þm. á miðju ári um þessa hluti. Þessi skýrsla kom fram í ágúst og hún er í rauninni grundvöllurinn annars vegar að vitneskju þingmanna, þingheims alls, um stöðuna á þeim tíma og hins vegar var hún grundvöllurinn að þeirri spennu, þeirri óeiningu sem var á milli þáv. fjmrh. og Ríkisendurskoðunar um þetta mikilsverða dæmi.

Mér finnst það hins vegar annálsvert í þessum umræðum því ég fékk ekki betur heyrt en að í lok orða hæstv. utanrrh. hafi hann í raun viðurkennt það sem hann ekki vildi viðurkenna í sumar að niðurstaða Ríkisendurskoðunar var á þeim tíma rétt um afkomu ríkissjóðs og hún var á þann hátt sem hann vildi núna, í þessum umræðum, gjarnan fallast á. Þetta er ákaflega þýðingarmikið atriði, ekki síst þegar hlutir verða eins og hér urðu að ríkisstjórn springur við þær aðstæður sem hér urðu í sumar. Óeining er eðlileg á milli manna, spenna á milli pólitísku aflanna, en það er einn aðili í landinu sem mátti treysta í þessum hildarleik sem hér var í rauninni leikinn, það var Ríkisendurskoðun. Við skulum athuga nánar, út af fyrir sig, hvernig Ríkisendurskoðun matreiðir þetta eða kemur þessu á framfæri.

Hvað segir Ríkisendurskoðun um fjárlög ársins 1988 og þær breytingar sem þar urðu í framkvæmd. Með leyfi hæstv. forseta segir í skýrslu Ríkisendurskoðunar:

Fjárlög fyrir árið 1988, að teknu tilliti til efnahagsráðstafana sem Alþingi samþykkti með lögum nr. 10/1988, um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum 1988, í marsmánuði sl., gerðu ráð fyrir að tekjur A-hluta ríkissjóðs næmu 63,5 millj. kr. og gjöld nánast eins, 63,5 millj. kr. Þannig var gert ráð fyrir tekjuafgangi að fjárhæð 53 millj. kr. sem er 27 millj. kr. hærri fjárhæð en fjárlög ársins höfðu gert ráð fyrir. Þetta breyttist við efnahagsráðstafanirnar sem gerðar voru í febrúar.

Útgreiðslur vegna lána- og viðskiptareikninga voru áætlaðar 5175 millj. kr. Þar af var veitt lán til annarra en A-hluta ríkissjóðs um 2600 millj. kr. Lánsfjárþörf nam því samtals 5122 millj. kr., en gert var ráð fyrir að lántökur yrðu 5165 millj. kr., þar af 4260 millj. kr. innan lands, sem er ákaflega þýðingarmikið atriði og var eitt af meginstefnumálum fyrrv. ríkisstjórnar, að auka lántökurnar innan

lands, en erlendu lántökurnar yrðu aðeins 905 millj. kr. Að öllu þessu samanlögðu var gert ráð fyrir að greiðslujöfnuður yrði jákvæður um 43 millj. kr. hjá A-hluta ríkissjóðs á þessu ári. Verðlagsforsendur fjárlaga fyrir árið 1988 voru byggðar á að almennt verðlag mundi hækka að meðaltali um 18% frá fyrra ári, lánskjaravísitalan hækkaði um 17,5% og að meðalgengi á verði erlends gjaldeyris yrði óbreytt á milli áranna 1987 og 1988. Fjárlög miðuðu að því að launabreytingar milli ára næmu 17% að meðaltali.

Hvernig varð síðan útkoman eins og þetta horfir nú? Þróun verðlags og launa hefur orðið önnur en forsenda fjárlaga gerði ráð fyrir. Nú er áætlað að almennt verðlag hækki að meðaltali um 28%, 10% hærra miðað við 18% í forsendum fjárlaga, lánskjaravísitalan hækki um 25% sem er um 7½% hærra en forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir. Meðalgengi á verði erlends gjaldeyris hækki um 15% sem átti að vera óbreytt miðað við forsendur fjárlaga og atvinnutekjur er gert ráð fyrir að hækki frá fyrra ári að meðaltali um 25% eða um 8% meira en áður hafði verið ráð fyrir gert í forsendum fjárlaga. Þetta hefur auðvitað haft mikil áhrif á allt þetta dæmi, eins og hér hefur ríkulega komið fram í þessum umræðum, bæði í máli hæstv. fjmrh. og hæstv. utanrrh. ekki síður.

Ég endurtek það hins vegar að mér þykir þessi umræða annálsverð að því leyti að hæstv. utanrrh. hafi að meginhluta viðurkennt niðurstöðu Ríkisendurskoðunar um þann halla sem verður væntanlega ef ekki verður gripið til nýrra ráðstafana á rekstri A-hluta ríkissjóðs í ár.

Með leyfi forseta vildi ég gjarnan fá að lesa örstuttan kafla um það að hvaða niðurstöðu Ríkisendurskoðun taldi sig komast. Hún taldi í ágústmánuði að að öllu óbreyttu yrði hallinn 1,5–2 milljarðar króna, nokkurn veginn sama upphæð og hæstv. utanrrh. nefndi áðan og viðurkenndi rétt áður en hann gekk úr sal. Hér er um umtalsverða breytingu að ræða, segir í skýrslu Ríkisendurskoðunar, til hins verra. En í lögum nr. 10/1988, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, var, eins og ég áðan las upp, gert ráð fyrir 53 millj. kr. rekstrarafgangi. Helstu ástæður þessa rekstrarhalla sem stefnir í eru fjórar á þessum tíma. Sú fimmta hefur síðan bæst við.

1. Vaxtagjöld vegna innan árs fjárþarfa A-hluta ríkissjóðs, miðað við áætlun fjárlaga og hærra vaxtastig, um 1,2 milljarða kr. Það var þessi upphæð sem hæstv. þáv. fjmrh. vefengdi í sumar, en núna var ekki annað á honum að heyra en að hann væri orðinn nokkuð sammála.

2. Nýjar útgjaldaákvarðanir koma til með að hækka að fjárhæð um tæpar 300 millj. kr. Við þetta hafa síðan bæst um 600 millj. með tilkomu nýrrar hæstv. ríkisstjórnar sem voru, eins og hæstv. utanrrh. tíundaði að vísu hér áðan, einungis 515. Það skal ég að vísu ekki dæma nánar um.

3. Launakostnaður hefur aukist að mati Ríkisendurskoðunar um 200 millj. kr. vegna mismunarins sem ég áðan gat.

4. Innheimta vörugjalds verður aðeins um ⅔ þess sem áætlanir fjárlaga gerðu ráð fyrir.

Fimmta atriðið er hér ekki upp talið sem þó er vafalaust þýðingarmest, en það er hrunið í innheimtu sölugjaldsins sem hér hefur verið drepið á fyrr í umræðunum. Kemur fram núna í þeim gögnum, sem hæstv. fjmrh. lagði fram, að eins og nú stefnir sé þar um að ræða um 900 millj. kr. upphæð.

Ég mun, hæstv. forseti, ekki taka langan tíma, en áður en ég lýk máli mínu, þá vil ég gjarnan minnast á eitt atriði enn í skýrslu Ríkisendurskoðunar sem mér finnst máli skipta, en það eru orð Ríkisendurskoðunar um starfsmannahald hjá ríkinu og þróun þess. Það kom einnig fram hér hjá hæstv. utanrrh. áðan, það var eitt af þeim atriðum sem hann lagði áherslu á þegar hann var með varnaðarorð og raunar ráðleggingar til eftirmanns síns um sjálfvirknina í þeim efnum. Og mér fannst sérstaklega athyglisvert að heyra upptalningu hans, en mér fannst eitt á skorta. Einni sjálfvirkni gleymdi hæstv. utanrrh. og mér þykir það miður að hann skuli vera genginn á brott og geti ekki þegið þá áminningu sem í þeim orðum mínum mun felast. Hann gleymdi sjálfvirkninni um lánskjaravísitöluna. Hann gleymdi þeirri sjálfvirkni sem er hættulegust, sem er sú versta sem viðgengst í okkar þjóðfélagi. Og það er ekki lítið atriði, það er ekki þýðingarlítið atriði, hæstv. fjmrh., þegar jafnáhrifaríkur leiðtogi og hæstv. utanrrh. gengur þess dulinn hver áhrif þeirrar sjálfvirkni eru í öllu okkar efnahagslífi og raunar í öllu okkar þjóðlífi. Ég held að það sé ekki hægt að óska hæstv. ríkisstjórn betri óskar en að augu hennar lykjust frekar upp en þeirrar fyrri um þetta meginatriði. E.t.v. eigum við eftir að eiga um það orðastað síðar, en varðandi starfsmannahaldið segir hér í skýrslu Ríkisendurskoðunar:

„Þá er hér enn fremur fjallað um launakostnað hjá A-hluta ríkissjóðs, fyrri árshelming þessa árs í samanburði við sama tímabil ársins 1987, en í þeirri athugun kemur m.a. fram eftirfarandi:

Fjölgun ígilda stöðugilda hjá A-hluta ríkissjóðs fyrri helming þessa árs í samanburði við sama tímabil síðasta árs svarar til 725 stöðugilda. Af þessari aukningu er um að ræða 230 ný stöðugildi af þeim 330 er fjárlög heimiluðu á árinu 1988. Aðeins hálft árið er liðið og það er búið að ráða 230 af 330 sem verða væntanlega heimil. Þá komu til áhrif vegna verkfalla á árinu 1987 sem metið er 80 stöðugildi. Þannig má gera ráð fyrir að magnaukning starfa hafi orðið á milli ára um 415 stöðugildi. Aukning er í yfirvinnu sem svarar til 101 stöðugildis frá árinu 1987. Þarna er um að ræða þessa sjálfvirkni sem hæstv. utanrrh. talaði um hér áðan. Og ég er honum hjartanlega sammála um það að þarna er mjög mikilsvert atriði sem skiptir máli að menn komi betra skikki á.

Þegar þessi aðvörun Ríkisendurskoðunar er höfð í huga um starfsmannahald hjá ríkinu og ekki síður

það heildarsjónarmið sem hlýtur að vera mönnum ofarlega í sinni, að gæta hófs og sparnaðar, þá kemur ósjálfrátt upp í hugann sú nýja tíska að hafa nánast tvöfalda ríkisstjórn og raunar gott betur. Þar á ég við aðstoðarmenn ráðherra sem svo eru nefndir. Nú bregður hins vegar svo við að gengið er þrefaldað á sumum bæjum og nú eru það ráðunautar sem koma til sögunnar eins og tíðkast í sveitum. Ég vil af þessu tilefni spyrja hæstv. fjmrh., sem vafalaust talar hér aftur við umræðuna, hvort hér sé um að ræða almenna stefnubreytingu af hálfu hæstv. ríkisstjórnar, hvort þessi háttur verði á hafður í fleiri ráðuneytum en þegar er orðið, jafnvel yfir heilu línuna, og seinast en ekki síst hvort ráð hafi verið gert fyrir fjárveitingum til þessara embætta á fjárlögum ársins 1988 eða hvort þarna sé hugsanlega um aukafjárveitingar að ræða, hvort aukafjárveitingar þurfi til til þess að þetta ágæta fólk fái launin sín. Þetta finnst mér vera atriði sem skiptir máli, ekki síst vegna þess að það hlýtur að verða hlutverk þessarar hæstv. ríkisstjórnar að gæta aðhalds, að fá því framgengt að sparnaðar og aðhalds verði gætt mjög víða í þjóðfélaginu ef ekki á illa að fara. Og þá er spurningin þessi: Ætlar ríkisstjórnin að ganga á undan með góðu fordæmi eða er þetta fordæmið sem hún ætlar að gefa?

Eins og menn rekur eflaust minni til var uppistaðan í átökunum hér á síðasta þingi — um fjárlög, um söluskatt og raunar um önnur skattamál — almennt deilan um það hvort leggja bæri á söluskatt á einu stigi sem neysluskatt eða ekki. Matarskatturinn frægi var afsakaður sem nauðsyn fyrst og fremst af þessum formsástæðum að það væri betra að innheimta, það væri þægilegra að ná árangri, góðum árangri í innheimtu með einu söluskattsstigi. Rökin voru að auki þau að neysluskattur á einu stigi væri raunar forsenda góðra skila. 400 millj. kr. ætluðu menn að fá í aukagetu, betri innheimtu af þessum ástæðum einum saman. Mér þóttu þá þessar 400 millj. kr. harla lág upphæð miðað við niðurstöðuna sem skattsvikanefndin hafði komist að. Mér reiknaðist svo til að ef niðurstaðan ætti að vera eitthvað viðlíka og Þröstur Ólafsson og hans félagar höfðu komist að á sínum tíma, þá ætti sparnaðurinn og aukin innheimta að nema í dæminu í fyrra um 2½ milljarði kr. Nú hefur komið í ljós að þetta voru því miður falsrök, hugarburður einn sem ekki stóðst dóm reynslunnar. Innheimta söluskatts hefur aldrei gengið jafnilla. Ekki ein einasta króna af þessum 400 millj. hefur skilað sér. Fulltrúi Ríkisendurskoðunar lýsti því yfir á fundi fjvn. í sl. viku að fækkun undanþága hafi ekki leitt til betri innheimtu, heldur þveröfugt. Þveröfugt.

Auðvitað gleymi ég ekki hinum almenna vanda í atvinnulífinu. Ég gleymi ekki samdrættinum sem hér hefur verið talinn sem eitt meginatriðið í þessu sambandi. Því er ég auðvitað hjartanlega sammála. En þegar menn meta þetta þá mega þeir heldur ekki gleyma því að innheimtan átti að ganga mun betur og samdráttarins, sem menn leggja megináherslu á í þessu sambandi, var ekki farið að gæta fyrri hluta ársins. Hrunið í söluskattsinnheimntunni verður í júlí, ágúst og fram í september. Og þó hafði þess gætt fyrri hluta ársins að söluskatturinn innheimtist ekki sem skyldi. En þessi ótvíræða yfirlýsing, sem gefin var í fjvn. í sl. viku, yfirlýsing hins grandvara embættismanns, er mér næg sönnun auk þeirrar sannfæringar sem ég að vísu hafði áður um þetta efni.

En þar sem ég tel að nú sé fjárlagafrv. komið í prentun, þá vil ég í lok máls míns flytja hæstv. fjmrh. eina fsp. að lokum og hún er ákaflega þýðingarmikil og snertir þetta atriði. Hún snertir auðvitað þá pólitík sem hans flokkur hefur rekið hér áður á hv. Alþingi af miklum þunga, og hún snertir líka þessa niðurstöðu sem nú er á innheimtumálum söluskattsins. Fyrirspurnin er þessi:

Hæstv. fjmrh. Verður söluskattur sem neysluskattur hér áfram innheimtur á einu stigi 1989, og þar með á matvæli, eða ekki?

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Sú umræða sem hér fer fram um fjármál ríkisins er næsta óvenjuleg á þessum tíma. Hér fer fram umræða utan dagskrár um þetta efni með tilliti til þess að fjárlagafrv. er ekki komið fram og í tilefni af því að yfirlýsingar hafa gengið frá hæstv. fjmrh. sem hv. 1. þm. Suðurl., formaður Sjálfstfl. og fyrrv. forsrh., sá sig knúinn til að gera athugasemdir við utan dagskrár í fyrri viku.

Ég tel þessa umræðu þýðingarmikla og ég undrast það nokkuð hversu lítinn áhuga hv. alþm. sýna þessari umræðu vegna þess hve fásótt er í þingsalnum. Hér er einungis viðstaddur einn hæstv. ráðherra, þ.e. hæstv. fjmrh. Sá hæstv. ráðherra sem athyglin hlýtur einkum að beinast að, hæstv. fyrrv. fjmrh., hefur séð sig knúinn til þess að ganga til annarra starfa. Ég hef einnig veitt því athygli að einn stjórnarflokkurinn hefur verið hér fáskipaður og einungis setið hér inni einn til tveir varaþm. Framsfl. Mér sýnist að stjórnarflokkunum, þeim sem nú fara með völd í landinu, beri skylda til að fylgjast með umræðum um þessi mál og taka þátt í þeim eftir því sem ástæða þykir til eða þörf krefur. E.t.v. hafa verið mistök hjá hæstv. forseta, þó að ég sé ekki að kasta steinum að henni, að hafa ekki þessa umræðu fyrr að deginum en nú er. Nóg um þetta. Ég vil aðeins ljúka þessum inngangi ræðunnar með því þó að þakka hæstv. fjmrh. fyrir það yfirlit sem hann hefur gefið fyrir sitt leyti og það mun svo fylgja í kjölfarið að Ríkisendurskoðun mun leggja fram skýrslu sem beðið hefur verið um af hv. 1. þm. Reykn. sem jafnframt er nauðsynlegt.

Það kemur fram að staða ríkisfjármála nú er alvarleg, mun alvarlegri en áður hefur komið fram. Fram kom hjá hæstv. fjmrh. að fyrstu níu mánuði þessa árs er halli á ríkisfjármálum yfir 5,2 milljarða kr. og líkur benda til þess miðað við þau gögn eða áætlanir sem nú liggja fyrir að halli í árslok á

ríkisrekstrinum í A-hluta ríkissjóðs verði um 3 milljarðar kr. Þetta er sannarlega alvarleg staða og þess virði að vera rædd.

Að sjálfsögðu er það svo eins og hér hefur komið fram að hæstv. fjmrh. vill gjarnan að það komi í ljós hver staðan var í þessum málum við stjórnarskipti. Það er ekkert óeðlilegt. Þannig hefur farið löngum þegar ríkisstjórnir koma og ríkisstjórnir fara að sá sem við tekur vill gjarnan að það sé sem greinilegast gerð grein fyrir því hvernig staðan er þegar hann tekur við. En hluti af þessari niðurstöðu, sem hér hefur verið skýrð, er þó vitaskuld vegna ákvarðana núv. hæstv. ríkisstjórnar sem hér mun og verða gerð grein fyrir ítarlegar þegar til að mynda skýrsla Ríkisendurskoðunar um þessi efni verður lögð fram.

Þessi staða er sem sé mjög alvarleg. Ég ætla ekki að fjalla hér um ræðu hæstv. fjmrh. í mörgum orðum, en hér flutti einnig fyrirrennari hans í embætti, hæstv. núv. utanrrh., sína varnarræðu. Ég tók eftir því — og nú þykir mér stórum verra að hæstv. utanrrh. skuli ekki vera viðstaddur umræðuna — að hæstv. ráðherra var óvenjudaufur í málflutningi. Hann var hvergi nærri jafndjarflegur í máli og til yfirlýsinga sinna eins og honum er tamt. Hann hefur e.t.v. fundið að hann ætti býsna erfiða stöðu að verja. Það var helst í lok ræðu sinnar sem hann tók að sækja í sig veðrið.

Ein átakanlegasta spurning sem hæstv. utanrrh. varpaði fram var sú hvort hann hefði gerst sekur um að blekkja samstarfsmenn sína varðandi stöðu ríkissjóðs og ríkisfjármála á þessu ári. Hann taldi svo ekki vera. En staðreyndir málsins eru hins vegar þær að þegar opinberar stofnanir, hlutlausar, opinberar og virtar stofnanir, bæði Þjóðhagsstofnun og ítrekað Ríkisendurskoðun, gáfu yfirlit yfir stöðu ríkissjóðs, t.d. Ríkisendurskoðun eftir mitt ár, í ágústmánuði, þá hóf fjmrh. að rífa þessar skýrslur í sig og gagnrýna þær í ýmsum efnum og taldi þær í mörgum efnum rangar sem sannast m.a. af því að þegar út kom skýrsla Ríkisendurskoðunar í ágústmánuði sl., þá taldi Ríkisendurskðun að eftir horfum mundi halli á A-hluta ríkissjóðs á þessu ári verða 1,5–2 milljarðar kr. En þetta gagnrýndi páv. fjmrh., núv. hæstv. utanrrh., og taldi að hallinn yrði ekki nema 693 millj. kr. Þó að hann breyti nokkuð um nú, þá haggar það ekki þessari staðreynd og það haggar ekki því að hann leitaði lags við það að gagnrýna og koma með aðrar niðurstöður en þær óháðu og virtu stofnanir þjóðfélagsins, m.a. Ríkisendurskoðun sem heyrir undir Alþingi, höfðu lagt fram. Sínar niðurstöður birti hann vitaskuld sínum samstarfsmönnum í páv. ríkisstjórn.

Ég er ekki að segja hér að hann hafi verið að blekkja samstarfsmenn sína vísvitandi. En hitt er ljóst að hann leitar eftir því að finna aðrar niðurstöður, hagstæðari fyrir útkomu í ríkisrekstrinum, með sínum mannafla í fjmrn., en þar hafði hann m.a. komið á sérstakri hagdeild, til þess að bera brigður á það sem opinberar stofnanir, svo sem Ríkisendurskoðun, leggja fram. Þetta eru ekki eftirbreytnisverð vinnubrögð. Ég vænti þess að núv. hæstv. fjmrh. taki eftir þeim orðum mínum. Það er ekki eftirbreytnisvert af framkvæmdarvaldinu að leitast við að rífa í sundur álit og niðurstöður hinna virtustu stofnana okkar stjórnkerfis, óháðra hagstofnana.

Ég ætla ekki að fara í orðhengilshátt eða talnaleik um þessi efni frekar. Ef umræðan heldur áfram væri e.t.v. nær að það gerðu fyrrv. ráðherrar úr fyrrv. hæstv. ríkisstjórn. En ég get ekki látið hjá líða að segja þessi orð varðandi þessa fsp. sem hæstv. utanrrh. varpaði fram í sinn eigin garð.

Um annað í ræðu hæstv. utanrrh., um orsakir þess að hallast hefur á merinni í ríkisrekstrinum, er auðvitað ýmislegt hægt að segja. Það er engin nýlunda, að til falli ýmis útgjöld á árinu sem ekki er að fullu gert ráð fyrir í fjárlögum. Meðal þess sem hann nefndi var til að mynda samningsbundnar greiðslur, sem ríkisstjórnin sjálf hafði gert samninga um, svo sem greiðslur til landbúnaðarins vegna riðubóta og vegna niðurgreiðslna sem stöfuðu af hækkandi verðlagi, m.a. vegna gengisbreytinga, og ýmis önnur slík efni sem hæstv. ráðherra nefndi hér.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara langt ofan í þau mál. En það er rétt að hluti af þessu dæmi er vegna þess að samdráttur hefur orðið í veltu og veltuskattar hafa reynst ívið minni en gert var ráð fyrir. En útgjöldin hafa líka vaxið um u.þ.b. ½ milljarð kr. Og þá segi ég að sá sem var húsbóndi í fjmrn. hafði ekki gætt þess þegar sýnilegt var að tekjurnar voru að dragast saman vegna minnkandi veltu í þjóðfélaginu að bregðast við með því að halda aftur af útgjaldaaukningunni með sama hætti.

Hér minntist hv. 6. þm. Suðurl. á launaútgjöldin þar sem á hálfu ári hefur stöðum fjölgað hjá ríkinu um ígildi 725 stöðugilda. Þar af er veruleg aukning yfirvinnu sem þó var ærin fyrir. Ég tel ástæðu til að vitna til þess að í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá því í ágúst sl. eru fluttar ábendingar eða sterk aðvörunarorð, m.a. þessa vegna, þar sem hvatt er til þess og talin brýn nauðsyn að efla til muna eftirlitskerfi launaskrifstofu fjmrn., en þar fer einmitt eftirlitið fram með aukningu á starfsmannafjölda ríkisins, aukningu á yfirvinnugreiðslum og öðru slíku sem nauðsynlegt er að fjmrh. hverju sinni leitist við að hafa hemil á. Með tilliti til þess að Ríkisendurskoðun telur brýna nauðsyn til að á þessum málum sé fastar tekið þá felst vitaskuld í því sá dómur að hæstv. fyrrv. fjmrh. hafi ekki sinnt þessu hlutverki sínu eins og skyldi.

Það segir einnig í skýrslu Ríkisendurskoðunar að nauðsynlegt sé að innheimta sölugjalda sé hert og það er vitaskuld eitt af þeim atriðum sem eru í verkahring fjmrh. og var á sl. sumri fram að stjórnarskiptum í verkahring núv. hæstv. utanrrh. Það er a.m.k. skoðun Ríkisendurskoðunar að nauðsynlegt hefði verið að sinna þeim málum betur. Ég man hins vegar eftir því sem vakti furðu að hæstv. páv. fjmrh. lét þess eitt sinn getið í fjölmiðlum, og hann kom oft í fjölmiðla, að viðurlög vegna vanskila og dráttarvaxta yrðu felld niður. Þetta var hans aðferð við það

að ná betri tökum á innheimtunni.

Enn er að því vikið að í ábendingum Ríkisendurskoðunar á miðju ári þegar sýnt er að hallast tekur á merinni sé lagt til að settar verði skýrar reglur um fjárhagsábyrgð þeirra aðila sem annast þjónustu fyrir ríkissjóð og hann greiðir að öllu leyti eða að hluta til. Í þessum atriðum, sem Ríkisendurskoðun telur brýn, felst auðvitað sá dómur að hæstv. þáv. fjmrh., hæstv. núv. utanrrh., hafi ekki nægilega staðið sig í stykkinu um þessi atriði. Þannig að það er vitaskuld hin mesta nauðsyn að þegar það markmið næst að draga úr þenslu og þar með að draga úr veltu í þjóðfélaginu, sem var markmið fyrrv. ríkisstjórnar og efnahagsleg nauðsyn, þá er það jafnframt brýn nauðsyn að fjmrh. beiti þeim tækjum sem hann hefur í höndunum og að hann skerpi sín tæki til þess að taka á þessum atriðum til þess að draga úr þenslu útgjaldanna og ná þar meiri sparnaði og meira aðhaldi. Það var því miður ekki gert.

Ég sá það í sjónvarpi að núv. hæstv. fjmrh. taldi að um það hvernig komið væri fyrir ríkissjóði og ríkisbúskapnum nú væri auðvitað ekkert við fyrirrennara sinn að sakast. Þetta væri allt saman viðskilnaður Þorsteins Pálssonar, ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar, hæstv. fyrrv. forsrh. Hæstv. fyrrv. fjmrh. hefði ekkert fengið að gert. Önnur átakanleg spurning hæstv. utanrrh. hér í þessum ræðustól áðan var einmitt þessi: Hver ber ábyrgðina? Og ég segi þá honum til lofs að hann skoraðist ekki undan því að hann bæri ábyrgð. Auðvitað ber ríkisstjórn í heild alltaf ábyrgð á slíku að sínum hluta. En á fjármálum ríkisins ber auðvitað fjmrh. hverju sinni ábyrgð umfram alla aðra og það þýðir ekkert að reyna að koma því á forsrh. hverju sinni eða ríkisstjórnina í heild nema að því leyti sem lagðar eru línur um tiltekin skilyrði fyrir fjmrh. og afkomu ríkissjóðs.

Þessi orð hafa nú sjálfsagt verið mælt í fljótræði af hæstv. núv. fjmrh. og tók auðvitað enginn þau alvarlega, enda eru þau í sjálfu sér hlægileg, sem sanna má á því að ef núv. hæstv. fjmrh. yrði slíkur lukkunnar pamfíll að honum tækist sem fjmrh. að ná góðum tökum á sínu verkefni, á ríkisfjármálunum, þá kæmi hann í lok ríkisstjórnarferilsins og segði: Þetta er allt saman hæstv. forsrh. Steingrími Hermannssyni að þakka. Ég átti engan hlut að þessu. Ég gat ekkert að þessu gert. Þetta bara fór svona. Steingrímur Hermannsson, hæstv. forsrh., hann kom þessu í kring. (**Gripið fram í:** Hann tekur þetta til baka, þessi orð sín.) Og eins ef svo skyldi nú fara að eitthvað hallaðist líka hjá núv. hæstv. fjmrh., sem ég vona að verði ekki því íslenska þjóðin þarf á því að halda að það takist að halda vel á þessum málum, þá hef ég ekki trú á því að hann færi að kenna það núv. hæstv. forsrh. Þetta er auðvitað ekki til annars en að hlæja að því.

En í tilefni af þessu vil ég samt víkja örfáum orðum að því hvernig búið var í hendurnar á fyrrv. hæstv. fjmrh. Eins og fram hefur komið í þessum umræðum var það markmið ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar að ná jöfnuði í ríkisbúskapnum. Í starfslýsingu sagði að vísu „á þremur árum" eins og líka hefur komið hér fram í þessum umræðum, en við versnandi horfur í efnahagsmálum taldi ríkisstjórnin sér nauðsynlegt, og stóð öll að því, að ná þessu markmiði á einu ári. Til þess að gera þetta mögulegt þá gekk ríkisstjórnin og stuðningsflokkar hennar í það að auka skattheimtu í landinu um 5,5 milljarða kr. í fyrsta lagi með aðgerðum á sumrinu 1987 og síðan í tengslum við skattkerfisbreytingar og afgreiðslu fjárlaga fyrir þetta ár.

Í fjárlagafrv. fyrir árið 1988 er þetta sundurgreint nokkuð og það fjárlagafrv. var lagt fram af hæstv. þáv. fjmrh. fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Þetta er nokkuð sundurgreint en samtals er þessi skattheimta, sem aukin er af ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar, að raungildi um 5,5 milljarðar kr. eins og það er metið í athugasemdum með fjárlagafrv. Spyrja má hvort þetta mat hafi verið rétt. En þetta er mat þeirra aðila sem vinna það verk á vegum fjmrh. að búa út þetta plagg.

Þetta var vitaskuld gert til þess að ná því markmiði sem ríkisstjórnin setti sér að ríkisbúskapurinn yrði hallalaus. Þetta var ekkert létt verk fyrir stjórnarflokkana eða a.m.k. ekki fyrir Sjálfstfl. En Sjálfstfl. stóð að þessu af heilindum, þrátt fyrir að hann hafi gefið yfirlýsingar í aðra átt, vegna þess hver nauðsyn blasti við í þessum efnum. Það getur vel verið að það hafi verið léttara fyrir hina flokkana vegna þess að bæði Framsfl. og Alþfl. töluðu á stundum þannig að þeir vildu hækka skatta miklu meira. Þetta varð samt niðurstaðan og þetta var gert til að ná því markmiði sem ríkisstjórnin hafði sett sér í ríkisfjármálum.

Ég held því að fullyrða megi að ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar hafi búið vel að sínum fjmrh. og að fjmrh. síðustu ríkisstjórnar hafi með lagasetningu verið fengnar tekjur sem áttu að nægja til þess að sæmileg útkoma næðist í ríkisfjármálum. Þetta er að mínum dómi algjör staðreynd. Þau áföll, sem við getum kallað fyrir ríkisreksturinn, í samdrætti í veltu voru þess eðlis að það átti að mæta þeim með samdrætti í útgjöldum. Þetta var því miður ekki gert. Góður búmaður í fjmrn. hefði haldið þannig á málum. En ég lýsi þeirri skoðun minni að fyrrv. fjmrh., hæstv. núv. utanrrh., hafi ekki reynst sá búmaður sem hann hefði þurft að vera í því ráðuneyti. Sumir kynnu að segja búskussi. Það sem eftir stendur eru þessar staðreyndir:

1. Ríkisstjórnin setti sér markmið um jafnvægi í ríkisbúskapnum.

2. Sjaldan eða aldrei hefur verið jafn vel búið að fjmrh. ríkisstjórnar sem fyrrv. hæstv. fjmrh., svo þetta markmið mætti nást.

3. Sjaldan eða aldrei hefur fjmrh. gefið jafnyfirlætisfullar yfirlýsingar um störf sín í ráðuneyti sem fyrrv. hæstv. fjmrh.

4. Sjaldan eða aldrei hefur fjmrh. staðið upp úr sínu ráðuneyti sínu eftir jafnskamman tíma með jafnherfilegan viðskilnað á bakinu.

Þetta er e.t.v. sú niðurstaða sem núv. hæstv.

fjmrh. hefur viljað draga hér fram. Mér hefur þótt rétt að láta hér koma fram mína skoðun eins og hún liggur fyrir án þess að breiða yfir hana einhvern hjúp orðagjálfurs.

Matthías Á. Mathiesen:

Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. hefur lagt hér fram greinargerð um afkomu ríkissjóðs janúar–september 1988 og gert grein fyrir þeirri skýrslu sem hann hefur lagt fram ásamt og með nokkrum þeim atriðum sem hann taldi eðlilegast og réttast að fylgdu þeirri skýrslu sem hann hér hefur gert grein fyrir.

Ástæðan fyrir þessari umræðu utan dagskrár hefur verið rakin hér m.a. af hv. 1. þm. Reykv. Ég tel það rétt og ég þakka hæstv. fjmrh. þessa greinargerð sem hann hefur lagt fram. Hún hefði kannski mátt koma fram fyrr, kannski áður en hann brá sér í Garðabæ til þess að gefa þar stórar yfirlýsingar á fundi þeirra alþýðubandalagsmanna til þess að forðast þær umræður, ef ástæða var til þess þá að forðast þær, sem fram hafa farið, en vissulega gáfu þær fyrrv. forsrh. og öðrum ráðherrum úr fyrrv. ríkisstjórn tilefni til þess að spyrja hæstv. ráðherra. Niðurstaðan af þeirri fyrirspurn er þessi skýrsla af hinu góða og af sama toga spunnið er það bréf sem ég ritaði forsetum þingsins í gær til þess að fá fram á Alþingi greinargerð um þau málefni sem við fjöllum um, þ.e. afkomu ríkissjóðs fyrstu níu mánuði þessa árs. Í þessu bréfi sem ég ritaði forsetum 28. okt. 1988 segir svo, með leyfi forseta:

„Í framhaldi af skýrslu Ríkisendurskoðunar frá í ágúst um framkvæmd fjárlaga fyrri helming ársins 1988 og með skírskotun til yfirlýsinga um afkomu ríkissjóðs á þessu ári leyfi ég mér með vísan til 3. gr. laga nr. 12/1986, um Ríkisendurskoðun, að óska eftir því við forseta Alþingis að þeir feli Ríkisendurskoðun að gera skýrslu um stöðu A-hluta ríkissjóðs þann 30. sept. 1988 og horfur um afkomu í lok þessa árs. Í skýrslunni sem lögð verði fram til alþm. hið fyrsta verði m.a. gerð grein fyrir eftirfarandi:

1. Hvaða tekjustofnar hafa gefið minni tekjur en áætlun fjárlaga 1988 gerði ráð fyrir og orsakir þeirra breytinga metnar.

2. Hvaða útgjaldaliðir hafa helst hækkað frá áætlun fjárlaga 1988 og gerð grein fyrir ástæðum þeirra hækkana.

3. Yfirlit yfir aukafjárveitingar samþykktar til septemberloka 1988.

4. Yfirlit yfir starfsmannahald hjá ráðuneytum og ríkisstofnunum A-hluta til 30. sept. samanborið við sl. ár.

5. Hvaða áhrif efnahagsaðgerðir núverandi ríkisstjórnar hafi á afkomu ríkissjóðs á þessu ári."

Ég taldi eðlilegt og rétt að vísa til laga sem sett voru á sl. ári um Ríkisendurskoðun og óska eftir því að skýrsla svipuð þeirri sem Ríkisendurskoðun gerði fyrr á þessu ári yrði nú gerð fyrir níu mánuði ársins og hún lögð fyrir Alþingi og þar sérstaklega skoðuð þau atriði sem hér er vikið að. Vissulega eru í þeirri greinargerð sem hæstv. fjmrh. hefur lagt fram vissar upplýsingar. Hins vegar er hér um að ræða þá stofnun sem Alþingi leitar til til þess að fá sínar upplýsingar og óskar eftir mati hennar, þ.e. hlutlausu mati á þeim atriðum sem hér greinir.

Fyrr í þessum umræðum flutti hæstv. fyrrv. fjmrh., núv. utanrrh., nokkurs konar varnarræðu í sambandi við það mál sem hér hefur verið til umræðu og verð ég að segja, eins og hér var vikið að áðan: Stundum hefur sá hæstv. ráðherra gefið stórar yfirlýsingar, en mikið fannst mér honum brugðið í sinni ræðu í ræðustól hér áðan. Hann spurði: Hver ber ábyrgð? Auðvitað ber fjmrh. ábyrgð á fjmrn. Það liggur alveg ljóst fyrir. Ég er eiginlega hissa á því að hæstv. fyrrv. fjmrh. skuli yfirleitt velta því fyrir sér. Hitt liggur og ljóst fyrir, eins og hér hefur komið fram, að á aðgerðum ríkisstjórnarinnar ber auðvitað ríkisstjórnin öll ábyrgð og forsrh. Þorsteinn Pálsson og ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar ber auðvitað ábyrgð á því sem hún aðhafðist þann tíma sem hún sat.

Hæstv. utanrrh. rakti ýmis skjöl vegna þess að honum fannst að fram hefði komið að ýjað hefði verið að því að hann hefði verið með blekkingar og hv. 1. þm. Reykn. gat þess í hverju það hefði verið fólgið. Þegar skýrsla Ríkisendurskoðunar var birt í ágústmánuði kom í ljós að þar var niðurstaða sem var með töluvert öðrum hætti en menn höfðu gert sér grein fyrir um ríkisfjármálin. Áður hafði Þjóðhagsstofnun, sem metur stöðu þjóðarbúskaparins, sent frá sér skýrslu og hún komst að annarri niðurstöðu en hæstv. páv. fjmrh. taldi að væri rétt og komst að annarri niðurstöðu heldur en fjmrn. undir hans stjórn taldi að Þjóðhagsstofnun hefði átt að komast að. Þjóðhagsstofnun er sjálfstæð og fer að sjálfsögðu ekki eftir því hvað eitt ráðuneyti segir. Þjóðhagsstofnun aflar sér að sjálfsögðu upplýsinga hjá öllum ráðuneytum og vinnur úr þeim. Niðurstaða Þjóðhagsstofnunar varð allt önnur en fjmrn. hafði gert ráð fyrir og látið frá sér fara og það varð því tilefni til þess að hæstv. fjmrh. lenti í orðaskiptum við Þjóðhagsstofnun og lýsti því yfir að það sem frá Þjóðhagsstofnun hefur komið væri, eins og sagt hefur verið, „rangfærslur að yfirlögðu ráði", en það var haft eftir hæstv. páv. fjmrh. í Alþýðublaðinu.

Nokkru seinna, eða 21. júlí, gaf fjmrn. út fréttatilkynningu. Að henni vék hæstv. fjmrh. áðan og hann sagði að þar hefði hann gert grein fyrir að áætlaður halli ríkissjóðs á árinu 1988 væri 1 milljarður. Þetta er ekki rétt. Ég er hér með fréttatilkynninguna þar sem segir: „Afkoma ríkissjóðs á fyrri árshelmingi 1988 og horfur til ársloka." Þar stendur, með leyfi forseta: „Miðað við stöðuna, eins og henni hefur verið lýst hér að framan, stefnir í um það bil 700 millj. kr. halla á ríkissjóði á árinu í heild ef ekkert óvænt gerist."

Það er svo í ágústmánuði sem skýrsla Ríkisendurskoðunar er lögð fram og það hefur verið vikið að henni í ræðum þm. og ég sé ekki ástæðu til þess að

bæta neinu þar við, en vil geta þess að frá fjmrn. kemur skjal 26. ágúst sem segir að rekstrarafkoma ársins 1988 sé áætluð í mínus 693 millj. kr., þ.e. 700 millj. eins og hafði verið sagt mánuði fyrr. Aftur gerist það svo að hæstv. fjmrh. fellir sig ekki við útkomu þá sem Ríkisendurskoðun hafði fengið eftir mat á stöðu framkvæmda á fjárlögum ársins 1988, og semur greinargerð sem hann leggur fram. Þar gagnrýnir hann þá skýrslu á ýmsan hátt og segir m.a., með leyfi forseta, í skjali sem dagsett er 16. ágúst:

„Af þessu má ljóst vera að margar þær fullyrðingar sem fram eru bornar í skýrslu Ríkisendurskoðunar krefjast nánari útskýringa og svara. Krafan hlýtur því að vera sú að þau svör liggi fyrir áður en málið fær frekari umfjöllun. Í fjmrn. er nú unnið af kappi við að afla þeirra." Það efaðist enginn um það að þar væri unnið af kappi, enda var skjalið frá fjmrn., frá nýrri hagdeild sem hæstv. þáv. fjmrh. hafði sett á laggirnar, en eins og menn muna voru bæði settar upplýsingadeild og hagdeild á laggirnar í fjmrn. til þess að sjálfsögðu að koma á framfæri öllum þeim upplýsingum sem fjmrn. taldi sig þurfa að koma á framfæri og auðvitað var það hagdeildin sem útbjó allar þær upplýsingar sem þurfti að koma á framfæri. Ég sé hins vegar að núv. hæstv. fjmrh. lætur ekki stimpla það sem frá honum kemur með hagdeild fjmrn., heldur er það á ábyrgð hans sjálfs. Ég held að það sé líka jafnskynsamlegt til þess að menn fari nú ekki að rugla því saman hvort það sem segir í þessum skjölum sé komið frá hagdeild hæstv. fyrrv. fjmrh. eða frá hæstv. núv. fjmrh.

Þetta var umsögn fjmrn., hagdeildarinnar, um skýrslu Ríkisendurskoðunar og það stóð svo ekki á því að frá fjmrn. kæmi skjal. Það er lagt fram á ríkisstjórnarfundi 1. sept. 1988, fjárlagagerð fyrir árið 1989, það er verið að undirbúa fjárlögin fyrir 1989. Þar er fyrst fjárlagafrv. fyrir 1989, staða 31. ágúst 1988. Með leyfi forseta segir þar:

„Rekstrarafkoma ríkissjóðs samkvæmt þessum drögum er sem hér segir samanborið við 1988: Endurskoðuð áætlun fyrir 1988 mínus 693 millj.," 700 millj., og enn erum við komin fram í september, 1. sept., þegar þessi tala er nefnd og síðan kemur fjárlagafrv. sem unnið er að fyrir 1989 og það er með halla upp á rúmlega 3,2 milljarða.

Enn er komið með skjal og það er 2. sept., daginn eftir. Nú er það greiðslu- og eignadeild fjmrn. sem hefur komist í að gera skýrsluna fyrir ráðherrann og þá er staðan aðeins farin að breytast því að þá er verið að gera samanburð á hugmyndum fjmrn. og Ríkisendurskoðunar. Ráðherrann kemst að þeirri niðurstöðu, þ.e. greiðslu- og eignadeildin, að nú verði hallinn 1 milljarður 170 millj. í rekstri en greiðsluafkoman 870 á móti rekstrarhalla sem metinn var hjá Ríkisendurskoðun upp á 1,8 milljarða eða 1 milljarð 830 millj. kr.

Af þessu er ljóst að frá hæstv. fyrrv. fjmrh. eru að koma upplýsingar til ríkisstjórnar, til ráðherra, fram í septembermánuð sem segja: Hallinn á ríkisfjármálunum 1988 verður 700 millj. Í ágústmánuði er hins vegar gerð grein fyrir þessu af upplýsingafulltrúa ríkisstjórnarinnar, Bjarna Sigtryggssyni, í Morgunblaðinu, þar sem hann segir, með leyfi forseta, nákvæmari tölur um halla ríkissjóðs væntanlegar. Þá segir hann þar á einum stað: „Þá hefur ráðuneytið sett þann fyrirvara að yrði ekki gripið til sérstakra ráðstafana mundi 180 millj. kr. vaxtakostnaður vegna landbúnaðarmála bætast við 700 milljónirnar." Þarna er dæmið orðið 870 millj. og það er einmitt sú tala sem var í skjalinu frá 2. sept. og var greiðsluafkoma dæmisins.

Hér stöndum við frammi fyrir því að fjmrn. er búið að gefa frá sér greinargerðir. Hæstv. utanrrh., fyrrv. fjmrh., rakti áðan ástæðurnar fyrir því hvernig komið væri og þá lagði hann út af þeirri greinargerð sem hæstv. núv. fjmrh. hefur lagt fram. Hann taldi upp fjölmörg atriði upp á milljarða sem auðvitað breyttu dæminu sem ríkisstjórnin hafði fjallað um og samþykkt, en mér er spurn: Mundi hann ekki eftir því sem gert hafði verið þegar hann kom út af ríkisstjórnarfundi eða fékk fjmrn. ekkert um þetta að vita eða var ákvörðunin tekin og stungu menn höfðinu í sandinn og létu sem ekkert væri?

Ég fæ ekki séð hvernig hæstv. fyrrv. fjmrh., utanrrh., getur í raun og veru sagt Alþingi frá því að slíkar ákvarðanir hafi verið teknar, komið og sagt: Ég mat ríkissjóðshallann 700 millj. kr. Það skjal sem hann las svo upp úr áðan og ég vakti athygli á í sambandi við þingsköp hafði ég aldrei séð og það hefur ekki verið lagt fram á ríkisstjórnarfundi og eftir að hann var kominn úr ræðustól sagði ég það við hann og ég held hann hafi sagt að hann muni ekki hvort það hafi verið lagt fram á ríkisstjórnarfundi eða ekki.

Þegar svo kemur fram í septembermánuð verða menn varir við hver staðan er hjá Seðlabankanum og hún segir alltaf nokkuð um það hvernig útkoman muni vera og ég trúi því að hæstv. núv. fjmrh. hafi alveg gert sér grein fyrir því strax þegar hann fékk dagmiðana í fjmrn. inn á sitt borð og sá hvernig viðskiptareikningurinn stóð í Seðlabankanum hver útkoman yrði þegar árinu væri lokið, þegar komið væri fram á gamlársdag ef ekkert yrði að gert í neinum efnum hvað snerti tekjuauka eða því að draga úr útgjöldum ríkissjóðs.

Í upphafi árs eða um síðustu áramót er viðskiptareikningurinn hjá Seðlabankanum í skuld um 870 millj. kr., að mér er tjáð, en hins vegar er skuldin í lok september eða um mánaðamót september og október tæpir 8 milljarðar og í septembermánuði er mér tjáð að meðaltal skulda hafi verið um 9 milljarðar í Seðlabankanum en samkomulag viðskiptaaðilans, þ.e. ríkissjóðs, við Seðlabankann hafi gert ráð fyrir að meðalskuld septembermánaðar yrði 3,6 milljarðar. Hér er því um að ræða mismun upp á 5,4 milljarða svo að það er kannski ekki óeðlilegt þó að hæstv. fjmrh. hafi látið tölurnar vera töluvert hærri þegar hann var á fundinum suður í Garðabæ og nefnt þar 5, 7, 9, ég man ekki hverjar þær voru

þegar hann lauk talningunni en hér segir staða ríkissjóðs, eins og hún var við Seðlabankann 30. sept., okkur nokkuð hver útkoman muni verða.

Þegar allt þetta er skoðað hljótum við að spyrja: Hvernig var unnið að þessum málum í fjmrn.? Ég vil ekki kannast við að slík vinnubrögð hafi verið þar og ég vil ekki fyrr en allt um þrýtur trúa því að ekki sé hægt að breyta þar um og tryggja það að eitt af hlutverkum fjmrh., yfirmanns fjmrn., sé að sjálfsögðu að gera ríkisstjórn og Alþingi grein fyrir hlutum eins og þeir eru réttastir á hverjum tíma. Meiri kröfu er ekki hægt að gera. Þegar menn setja á stofn heila hagdeild, heila upplýsingadeild, til viðbótar við það sem áður var, hefði maður mátt búast við að ekki yrði neinn mörg hundruð millj. kr. mismunur sem væri verið að tala um. Nú yrði þetta kannski komið ofan í 10 millj. eða eitthvað örlítið því þarna væri svo vel að þessum málum unnið.

Þegar farið er yfir þetta og það skoðað þá sjáum við best hversu skynsamlegt það var fyrir Alþingi að breyta lögunum um Ríkisendurskoðun. Það mál tók langan tíma og ég held ég muni það að það er fyrst 1977 frekar en 1976 að hæstv. núv. sjútvrh. Halldór Ásgrímsson flytur frv. um það að Ríkisendurskoðun verði flutt frá fjmrh., úr því ráðuneyti, því að Ríkisendurskoðun var þar sérstök deild eða sér ráðuneyti sem slíkt, yfir til Alþingis undir stjórn forseta Alþingis og þá sem slíkt eftirlitsaðili í sambandi við fjárlög því að hér er fjárveitingavaldið. Að svo miklu leyti sem ekki er um að ræða aukafjárveitingar eru þær í höndum fjmrh. en góðir fjmrh. veita ekki slíkar aukafjárveitingar að mínum dómi öðruvísi en að Alþingi hafi þá fyrst tekið ákvörðun um að í viðkomandi útgjöld skuli ráðist og að um misreikning hafi verið að ræða eða þá að ríkisstjórn tekur ákvörðun um að fjármunum skuli varið til ákveðinna hluta og stjórnarflokkarnir hafa fjvn. að baki sér eða þann meiri hluta sem þar er og málið sé þar kynnt. Þannig tel ég að eigi að nota það vald því að vissulega þurfa ráðherrar undir ákveðnum kringumstæðum að gera hluti sem ber að á þeim tíma sem Alþingi ekki situr en þurfa afgreiðslu og þá að það sé gert í samráði við þann aðila þingsins sem er í fjvn. og fer með fjárlögin þegar þau eru til umræðu á þingi.

Það er þess vegna sem ég skrifaði forsetum Alþingis bréfið og taldi að í framhaldi af þeirri skýrslu sem Ríkisendurskoðun gerði í sumar sé hægt á tiltölulega skömmum tíma að bæta við og vinna skýrsluna til 30. sept. og ég er sannfærður um að bæði forsetar þingsins og hæstv. fjmrh. eru mér sammála um að það væri mjög gott ef hægt væri að ljúka þessari vinnu áður en fjárlagaumræðan færi fram þannig að til viðbótar við þær upplýsingar sem hæstv. fjmrh. hefur lagt fram lægi fyrir sú skýrsla sem beðið var um í viðkomandi bréfi.

Ég tel að umræðurnar sem hér fara fram séu, eins og málum var komið, af hinu góða. Þær verði til þess að Alþingi fái þær upplýsingar sem það þarf að hafa. Ég held að sá ráðherra sem brennur á hefði átt að sitja hér til þess að vera til staðar þegar þessar umræður færu fram því að vissulega er ekki að þessu leyti neitt við hæstv. núv. fjmrh. að sakast. Hitt liggur svo ljóst fyrir, og hefur verið bent á það af ræðumönnum hér á undan mér, að ýmislegt hefur hann sagt sem hann að sjálfsögðu verður látinn standa reikningsskil af þegar fjárlagaumræðan fer fram og fjárlagaafgreiðslan síðar á þessu þingi. Þá hefur dæmið að sjálfsögðu snúast við. Þá verður það sú stefna í fjárlagafrv. fyrir árið 1989 sem menn fjalla um í meira mæli, svo og stöðu ríkisfjármálanna eins og reikna má með að hún verði við lok þessa árs.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég kvaddi mér hljóðs undir ræðu hæstv. utanrrh. og að gefnu tilefni. Það er að vísu leitt að hann skuli hafa þurft að hverfa héðan en engu að síður ætla ég að tala í nokkrar mínútur. Væntanlega gefst okkur færi á að ræða um þessi mál í heild, mér og hæstv. ráðherra, síðar.

Hæstv. ráðherra vék að atburðum sem senn heyra nú sögunni til, þ.e. stjórnarmynduninni í fyrrasumar og kemst ég ekki hjá að fylla nokkuð upp í eyðurnar hjá honum í því efni. Það var rétt að talið var í fyrrasumar að halli fjárlaga gæti verið á bilinu 3–4 milljarðar. Nú vil ég strax í upphafi taka fram að ég tek allar tölur frá hinum opinberu stofnunum með fyrirvörum og einkum og sér í lagi þó spádómana. Eins og á daginn hefur komið eru þeir ekkert sem byggjandi er á.

Við skulum hins vegar segja að menn hafi verið sammála um það sumarið 1987 að stefndi í 3–4 milljarða króna halla á því ári og á því næsta, þ.e. þessu ári sem við nú lifum, væntanlega eitthvað svipað ef ekkert yrði að gert annaðhvort í niðurskurði eða með hækkun skatta. Þá var það að Sjálfstfl. lét í stjórnarmyndunarviðræðunum af þeirri ákveðnu stefnu sinni að hækka alls ekki skatta ef hann yrði aðili að ríkisstjórn og það var fallist á skattahækkanir upp á einn milljarð króna á sl. ári. Það var á miðju ári og hefði því væntanlega þýtt nálægt tveimur milljörðum á heilu ári.

Þetta var gert til þess að koma til móts við kröfur formanna þeirra flokka sem við var rætt, þ.e. Alþfl. og Framsfl., en þeir höfðu báðir krafist fyrstu aðgerða eins og það var nefnt, þ.e. skattlagningar á því ári. Það kom raunar í minn hlut í þingflokki Sjálfstfl. að flytja tillögu um þessa skattahækkun, þ.e. einn milljarð, og ég lýsti því þá yfir að það kæmi vel á vondan því að allir vissu að ég taldi að skattlagningarstefnan væri röng, aukin skattlagning væri röng, en stjórn yrðum við að fá og því væri fórnandi að hækka skatta um einn milljarð til að stjórn yrði mynduð.

Síðan gerðist það daginn fyrir þingsetningu í fyrra, 9. okt., að ríkisstjórnin tilkynnti að hún hefði bætt við þetta nokkrum milljörðum. Ég veit ekki hvort þeir voru þrír, fjórir eða fimm. Á þeirri stundu held ég að stjórnin hafi þegar kveðið upp yfir sér þann

dóm að verðbólgan mundi aukast, halli á fjárlögum mundi aukast. Hann mundi aukast en ekki minnka. Það sagði ég á þeim degi í mínum flokki og nú ætla ég að færa rök að því hvers vegna skattar leiða stundum til þess að halli fjárlaga eykst en minnkar ekki og það gera þeir raunar tíðum.

Hér í ræðu sinni sagði hæstv. ráðherra að ríkisstjórnin fyrrv. hefði lagt áherslu á að jafna hallann og það hefði verið hennar stefna. Ég greip þá fram í fyrir honum og sagði að það hefði átt að reyna að sigrast á hallanum á þremur árum og svar hans var held ég orðrétt: Aðstæður höguðu því þannig að hraða þurfti því. Það þurfti að hraða því að ná hallalausum fjárlögum. Það var alveg ljóst þegar þessum sköttum var dengt yfir að halli mundi ekki minnka á fjárlögum. Hann mundi aukast. Og nú er komið á daginn að hann er orðinn 5,2 milljarðar, meiri en hann var áður, meiri en hann hefði orðið án skattahækkana, mun meiri og stefnir jafnvel í 7 eða 8 milljarða. Það er nefnilega þannig, þó að reiknimeistarar virðist ekki vita það, að það eru tveir dálkar í fjárlögum. Það er ekki bara tekjudálkur, það er líka gjaldadálkur. Þegar skattar eru hækkaðir, þannig að fólkið verður að velta þessum byrðum af sér með einhverjum hætti, hækkuðum launum venjulega, gengið fellur o.s.frv., hækkar gjaldahliðin tíðum á undan tekjuhliðinni og það er það sem hæstv. ráðherra var einmitt að skýra okkur frá núna áðan að hefði orðið raunin, að tekjur hefðu orðið minni en áætlað var en gjöldin meiri. Þess vegna skapaðist hallinn.

Svona einfalt er málið. Það eru nefnilega tveir dálkar í fjárlögunum, en þegar talað er um gatið stóra — það er alltaf á hverju einasta ári talað um þriggja, fjögra, fimm milljarða gat, bætt á nýjum sköttum til að fylla í gatið, en það auðvitað stækkar. Stærsta gatið er nú. Við getum ekki lokað augunum fyrir því. Langstærsta gatið verður svo næsta ár, helmingi stærra en núna, vegna þess að nú á að dengja yfir enn nýjum sköttum ofan á alla hina og þá fyrst hrynur þetta kerfi allt saman. Það er það sem er alveg öruggt. Það á eftir að liggja fyrir hæstv. núv. fjmrh. að skila ríkissjóði á miðju næsta ári, ef þessi ríkisstjórn lifir þangað til, með mesta halla í sögu landsins. Það er ljóst. Það stefnir beint í það og við skulum öll vera við því búin að sprenging verði nú strax í vetur. Þá verður auðvitað sprenging. Hæstv. forsrh. er þegar byrjaður að boða að það þurfi að aðlaga gengið, það sé enn þá rangt skráð um 15% eða svo. Sjálfsagt er það rétt hjá honum að það verði að gera ráðstafanir í því efni.

Það var sagt í fyrra og það er sagt nú að slá verði á þenslu og koma í veg fyrir að halli á fjárlögum kyndi undir verðbólgu. Kynda skattarnir ekki undir verðbólgu? Kyndir það ekki undir verðbólgu þegar söluskattar, aðstöðugjöld og hvað það nú allt saman heitir er lagt á ofan á alla þá gífurlegu skatta sem fyrir eru? Auðvitað er það verðbólguvaldur. Og einmitt neysluskattarnir eru sérstakur verðbólguvaldur vegna þess að það sprengir verðlagið strax upp og knýr svo fólkið líka til þess að berjast fyrir hærri launum. Tekjuskattarnir verka þó aðeins á annan veginn. Auðvitað knýja þeir fólk til þess að krefjast hærri launa, en það sprengir ekki verðlagið upp á fyrsta degi eins og neysluskattarnir gera.

Hæstv. utanrrh. sagði: Þetta tókst ekki. Svo fór hann að skýra hvers vegna það tókst ekki. Það er svo augljóst mál hvers vegna ekki tókst að berja niður þensluna og skila hallalausum fjárlögum. Ég var raunar að lýsa því áðan, en ráðherrann var hér algjörlega áreitnilaus. Þar sem hann er ekki viðstaddur ætla ég að vera það líka og málefnalegur og vona að ég geti síðar rætt þessi mál við ráðherrann algjörlega málefnalega vegna þess að það eru fáir menn sem skemmtilegra er að rökræða við en einmitt hæstv. ráðherra. Þó að hann hafi sína skoðun í ríkisfjármálum og ég mína getum við talað saman og munum áreiðanlega gera, bæði í þinginu og annars staðar.

Hæstv. ráðherra sagðist vilja gera hreint fyrir sínum dyrum. Hann gerði það. Hann gerði hreint fyrir sínum dyrum. Hann taldi upp og tíundaði allt sem hafði valdið því að fjárlögin eru ekki hallalaus. Þær upphæðir, eftir því sem ég gat náð niður, voru kannski kringum 1 milljarður, þessir pinklar sem hann var að tína til og sem voru utan við það sem áður hafði verið áætlað. Það er miklu meira, segir hv. þm. Matthías Á. Mathiesen. Ég heyrði ekki hærri tölur en þetta frá því sem hafði verið ákveðið í fjárlögum. Hins vegar voru allt aðrar tölur sem hann var að tala um að réttlættu mismuninn á júnítölunum og því sem þær voru í reynd. Ég býst við að hv. þm. eigi við það. Það voru allt aðrar tölur. Dæmið var nefnilega óreiknanlegt. Það er hægt að setja upp dæmi sem er ekki hægt að reikna, dæmi sem gengur ekki upp, ef það er bara tekið tillit til eins faktors í málinu, svo að ég noti nú ljótt mál. Auðvitað er alveg ljóst að fólk lætur ekki bjóða sér endalausa skattheimtu. Sem betur fer er það þannig í lýðræðisríkjum og nú ætla ég að koma að því sem menn virðast ekki vita hér. Það er ekki til eitt einasta vestrænt lýðræðisríki með svokallaðan hallalausan ríkisbúskap, ekki mér vitanlega. Það var að vísu bent á það af hagfræðingunum sem ég spurði: Getið þið nefnt mér eitt ríki sem er með hallalausan ríkisbúskap? Þeir sögðu Sviss. Ég hugsa að það sé rétt vegna þess að í Sviss eru kantónur eða fylki sem sjá svo til um allan rekstur ríkisins. Það er aðeins yfirstjórn ríkisins sem hefur sín ríkisfjármál og þarf þess vegna að skattleggja kantónurnar mjög lítið til þess að hafa hallalausan ríkisbúskap.

Hvernig er þá farið að því að reka ríkið? Það er alls staðar gert þannig að fólkið fær að lána ríkinu svolítið af því fé sem ríkið þarf á að halda. T.d. hefur alla tíð, ég held öll árin frá aldamótum nema tvö, verið halli á fjárlögum Bandaríkjanna. Þeir fjármögnuðu alla styrjöldina t.d. með skuldabréfaútgáfu. Þeir gefa út skuldabréf stanslaust og alltaf meira og meira. Skuldirnar eru aldrei borgaðar til baka. Heildarupphæðin lækkar aldrei vegna þess að

umsvifin í þjóðfélaginu aukast. Þegar barnið fæðist er venjulega byrjað að safna fyrir skólagöngu í ríkisskuldabréfum o.s.frv. En þessi tvö ár voru 1928 þegar Hoover kom af stað heimskreppunni, þá voru hallalaus fjárlög í Bandaríkjunum, og þegar Carter kom af stað verðbólgunni í Bandaríkjunum. Þá voru hallalaus fjárlög og þá var bullandi verðbólga. Í Japan sem hefur sótt hraðast fram var, t.d. ef ég nefni árið 1981, halli á japönskum fjárlögum 5–6%, ekki af fjárlögunum, 5% af þjóðartekjum. Það þýddi þá svona 20 milljarða á okkar fjárlögum. Ég skal ekki segja að það sé til fyrirmyndar, en alla vega sóttu þeir hraðast fram allra þjóða á þessum árum. Þeir leyfðu nefnilega fólkinu að eiga peningana, en ríkið fékk þá bara lánaða hjá því. Þeir gerðu sem sagt fólkið að ríku fólki. Þeir sögðu: Fyrst kemur fólkið, svo kemur ríkið. Auðvitað á ríkið að vera afgangsstærð á erfiðleikatímum. Fyrst á auðvitað að sjá til þess að fólkið geti lifað sæmilega mannsæmandi lífi og síðan auðvitað að atvinnuvegirnir gangi, eflist og treystist til þess að skaffa tekjurnar í framtíðinni. Það mætti jafnvel fara að borga niður þessar skuldir sem þarf þó ekkert að borga, vegna þess að spurningin er svo: Nú spyr ég hæstv. fjmrh. hvort hann geti t.d. bent mér á hver sé kröfuhafi ef ríkið er skuldari — við skulum segja að einhverri stórri og fallegri upphæð eins og einum milljarði, í innlendum skuldum, hefur tekið einn milljarð að láni hjá borgurunum með skuldabréfaútgáfu á einhverju tímabili — hver er þá kröfuhafi, hæstv. ráðherra? Hver er kröfuhafi ef ríkið er skuldari að þessum milljarði borgaranna? Hver er kröfuhafinn að þessu? Einhver verður að vera móttakandi ef á að greiða það til baka. (**Fjmrh.**: Það vitum við báðir.) Já, hver er kröfuhafinn? (**Fjmrh.**: Fólkið í landinu.) Já. Fólkið í landinu er bæði skuldari og kröfuhafi. Það skuldar sjálfu sér. Svona einfalt er dæmið. En munurinn er sá að fólkið í landinu er sjálfstætt fjárhagslega, á kröfu á ríkissjóðinn, hver og einn á það. En hvað gerist þegar hæstv. ráðherra ætlar núna að hirða 3–4 milljarða í auknum sköttum? Það kaupir enginn kvittun sem hann gefur út. En ef hann gæfi út skuldabréf, þá yrðu það auðvitað peningar á markaði. Þetta yrðu peningar sem atvinnufyrirtækin fengju. Skuldabréfin gengju kaupum og sölum. Fólkið öðlaðist hlutdeild í þjóðarauðnum. En nú á að minnka það, auka ríkisauðinn stanslaust. Það er verið að gera það með milljörðum á milljarða ofan, jafnvel milljarða í hverjum mánuði ef út í það væri farið, eftir öllum mögulegum leiðum. Ekki bara beint í ríkiskassann, heldur öll sjóðaframlögin og fleira. Sjóðirnir eiga núna flotann t.d. meira og minna og atvinnuvegina, frystihúsin og allt það, svo ekki sé nú talað um þennan blessaða sjóð sem á nú að fara að koma til viðbótar. Ég ætla nú ekki að fara að blanda honum inn í þessa umræðu, það er auðvitað sérkapítuli sem við komum að við annað tækifæri.

En hæstv. ráðherra sagði: Mistökin voru að gera ekki ráð fyrir verulegum greiðsluafgangi. Það á að vera borð fyrir báru, ef samdráttur verður nú og mistök. Hann ráðlagði hæstv. núv. ráðherra að hafa borð fyrir báru, ef nú yrði samdráttur mikill, þá þyrfti sko ríkið að eiga verulegan afgang. Jú, jú, ég get fallist á að það væri gott fyrir ríkið að eiga einhvern afgang ef mikið atvinnuleysi verður, mér virðist nú að stefnt sé að því vísvitandi að skapa kreppu, þá þarf auðvitað að hjálpa fólkinu með einhverjum hætti. En hvernig gengur þetta nú upp. Það þarf endilega að vera greiðsluafgangur til að koma í veg fyrir þenslu, en það verður líka að vera greiðsluafgangur til þess að bjarga hruninu. Þarna eru komnar tvær stefnur sem ganga sitt í hvora áttina. Það er ekki heil hugsun í þessu. Annað hvort er rétt, skulum við segja. En ríkissjóður er auðvitað hagstjórnartæki eins og þeir eru alltaf að tala um, þessi blessuð tæki. Þeir hafa nú fullt af sleggjum og hömrum og járnkörlum og ég veit ekki hvað og hvað í öllum þessum stofnunum til þess að koma kreppunni af stað og halda henni gangandi. Það hefur verið svo núna í hálfan annan áratug eða meira þetta hagstjórnartæki. Það getur ekki verið rétt, bæði í kreppu og líka í ofþenslu, að láta ríkissjóð endilega ganga hallalausan, með einhvern tekjuafgang.

Auðvitað er gamla hagfræðikenningin sú að á samdráttartímum — og hún er sjálfsagt að einhverju leyti rétt, svona sem megindrættir. Allir fyrri hagfræðingar sögðu: Það er ekkert kappsmál eða sáluhjálparatriði að ríkissjóður sé alltaf hallalaus. Þeir sögðu að á þenslutímum ætti ríkið kannski að auka sína skattheimtu eitthvað, taka eitthvað af borgurunum, þó auðvitað innan ákveðinna marka þannig að fólkið sprengdi þetta ekki af sér, en á krepputímum ætti ríkið auðvitað að vera rekið með eins miklum halla til þess að halda atvinnuvegunum gangandi. Auðvitað verða peningar að vera í umferð. Peningar eru ávísanir á auðlegð. Menn segja: Það eru engir peningar til á Íslandi. Þrátt fyrir öll okkar mistök, t.d. síðasta hálfan annan áratuginn, eins og ég sagði, allt þetta kreppuástand, heimatilbúna kreppu, þá er Ísland auðvitað ríkara í dag en nokkru sinni áður. Við erum búnir að byggja hús fyrir svo til allan landslýð til 200 ára. Við erum búnir að ofbyggja í frystihúsum, í iðnaðarhúsnæði, ekki bara í Reykjavík heldur úti um allt land. Í landbúnaði hefur verið offjárfesting. Við erum komnir langt með vegina o.s.frv. Auðvitað er grundvöllur lagður að blómatíma hér. Þarna er alltaf verið að skapa þessa kreppu með því að ríkissjóður eigi að ganga á undan öllum öðrum.

En segjum nú sem svo að þetta yrði til þess að ríkissjóður yrði hallalaus, þá skyldi ég kannski fara að hugsa minn gang upp á nýtt. En þegar maður sér það ár eftir ár að gatið stækkar stanslaust, nákvæmlega í réttu hlutfalli við nýjar skattlagningar — og hugleiðið nú þetta mál svona af því að þetta er nú rétt prólógus að því sem kemur þegar hæstv. utanrrh. verður hér mættur, þá ætla ég að reyna að rökræða við hann, einmitt hann, af því að það er gaman að rökræða við hann. Ég tek sérstaklega

fram að ég hafði mjög mikla ánægju af að hlýða á hans ræðu, sérstaklega fyrri hlutann, áður en hann fór nú svolítið að slá um sig eins og ég geri stundum líka. Rökræðum þetta og hugsum um þetta á næstunni: Hvernig stendur á því að gatið stækkar alltaf eftir því sem skattarnir hækka? Það er auðvitað vegna þess að gjaldahliðin hækkar á undan tekjuhliðinni vegna þess að útgjöld ríkisins, og m.a.s. hagfræðingarnir mótmæla því ekki, er bara tvennt þegar upp er staðið. Og hvað er það? Bein og óbein vinnulaun og gjaldeyrisnotkun. Ekkert annað. Og þegar launin hækka og gjaldeyririnn lækkar, hvað gerist þá? Þeir eru búnir að lýsa því hér yfir ráðherrarnir hver sé skýringin á því að gatið sé stærra núna en það var í fyrra og það var vegna þess að gjöldin hækkuðu á undan tekjunum. Og núna þegar við erum að koma kreppunni á, koma henni í algleymi og fólk er að verða atvinnulaust, þá leiðir það af sjálfu að tekjuhliðin lækkar auðvitað enn þá meira og þeir voru báðir tveir, hæstv. ráðherrar, réttilega að ræða um það að svo gæti farið að tekjurnar yrðu enn þá minni og gatið enn þá stærra. Sem sagt: Þeir standa á gati.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Við höfum eytt löngum tíma í umræður um það hverjum hið alvarlega ástand í ríkisfjármálum og fjármálum Íslendinga er að kenna. Ég ætla nú ekki að fara að eyða löngum tíma í að ræða um hverjum hitt og þetta sé að kenna í þjóðfélaginu. Við berum öll okkar sök, stóra og smáa.

Kvennalistinn hefur alltaf verið talsmaður þess að við værum varfærin í fjármálum og að ríkisbúskapurinn væri sem hallaminnstur og ég held við höldum því áfram. Það kom í ljós í frásögn hæstv. fjmrh. að skattaálögurnar hefðu ekki skilað því sem skyldi og að tollabreytingarnar hefðu verið ríkinu í óhag. Við kvennalistakonur lítum svo á að þó svo að við viljum hafa hallalausan ríkisbúskap, þá skipti það höfuðmáli hvernig skattar eru lagðir á, hvort við erum að skattpína þá sem lítið hafa eða leggja skatta á þá sem mest hafa og við teljum að það hafi ekki tekist sem skyldi.

Ég var ekki hissa þegar ég heyrði það að tollabreytingarnar hefðu ekki skilað því sem vonast var eftir og að þær hefðu verið ríkinu í óhag. Þetta vissum við um síðustu áramót. Þetta vissu starfsmenn tollsins. Ég er ansi hrædd um að einhverjir hafi lokað eyrunum þegar þessi tollskrá var sett. Ég held að öruggasta leiðin innan kerfisins til að fá í ríkiskassann sé einmitt að nota tolla frekar en skatta sem ekki virðast geta skilað sér, sama hvað spriklað er.

Hæstv. utanrrh., fyrrv. fjmrh., ræddi um fækkun ríkisstofnana. Það átti að vera ein leiðin til þess að gera ríkið hallalaust í rekstri sínum. Það má vel vera. En það er rangt hjá honum ef hann heldur að með því móti að gera ríkisstofnanir sjálfstæðar og með því móti að gera sem flesta starfsmenn að sjálfstæðum atvinnurekendum, þá minnki þenslan í efnahagslífi og launagreiðslum. Síður en svo. Reynslan segir okkur nefnilega allt, allt annað. Við sem þurfum að greiða laun á hverjum mánuði og þurfum að fá fólk til þess að vinna verk sjáum það frá mánuði til mánaðar hvað allir þeir sem eru komnir í þá aðstöðu að selja starf sitt sem útselda vinnu sprengja upp verðið. Þetta þýðir að launagreiðslur munu fara hækkandi. Það verður ekkert hægt að halda launum niðri eða í hæfilegu stigi ef allir eiga að fara að selja vinnu sína á þann hátt. Hér er ekki síst um að ræða sérfræðinga, en einnig það fólk sem ég kalla fræðinga, verklega fræðinga og fræðinga í huglægum greinum. Allt þetta fólk reynir núna að selja verk sín og komast meira að segja undan beinum tekjusköttum á þann hátt að gera sjálft sig að fyrirtæki. Þetta er það sem skattabreytingarnar og breytingarnar á fjármálasefnu síðustu ríkisstjórnar höfðu í för með sér. Þegar ríkið er núna að stynja undan öllu því verkefnaráðna fólki sem ríkið neyðist til að ráða samkvæmt síðustu aðferðum við launagreiðslu og starfsmannaráðningar, þá held ég að í mörgum tilfellum sé það vegna þess að hið verkefnaráðna fólk heimtar miklu hærri greiðslur en kaup þeirra er sem eru ríkisráðnir. Þar af leiðandi held ég að þessi stefna hafi verið röng.

Þegar við flettum því plaggi sem hæstv. fjmrh. lét okkur í té kemur í ljós að vaxtagjöld ríkisins eru næstum því 10% af útgjöldunum. Þetta finnst mér óhugnanlega há upphæð. Þessi vaxtagjöld eru auðvitað ekki bara komin til af láni sem síðasta ríkisstjórn tók, heldur er þetta af lánum sem ríkisstjórn eftir ríkisstjórn hefur tekið. Við erum ekki bara að fá lánað hvert hjá öðru hérna innan lands. Ef það væri nú eins og mér skilst á hv. 8. þm. Reykv. að við værum bara að því (**Gripið fram í:** Ég vildi að það væri svo.) þá væri þetta ekki vandamál, heldur hitt að við tökum slík óheyrileg erlend lán og af þeim verðum við náttúrlega að greiða vexti. Og ég hef aldrei heyrt um nokkurt bú, nokkurt heimili eða nokkurt land sem ekki verður nokkurn veginn að láta tekjur og útgjöld standast á. En þessi 10% vaxtagreiðsla segir mér það, sem ég raunar hef löngum vitað, því þó ég hafi lítið verið hér innan veggja og lítið æft mig í ræðuhöldum hér á þingi nema þá helst í dag, þá hef ég fylgst nokkuð grannt með pólitík sl. 40 ár, og ég hef tekið eftir því að hver einasta ríkisstjórn sem tekur sæti hér á Íslandi, og sjálfsagt er það eins annars staðar, setur sér ákaflega fögur langtímamarkmið. En þær bregðast bara yfirleitt alltaf þegar kemur að skammtímamarkmiðunum. Þrepin í stiganum sem þarf að stíga í flækjast einhvern veginn alltaf fyrir og brotna og það verður til þess að langtímamarkmiðið týnist og misstígum okkur og dettum í skuldasúpuna. Þetta á ekki bara við um síðustu ríkisstjórn. Þetta á við um flestar þær ríkisstjórnir sem ég hef fylgst með í þessi 40 ár sem ég hef haft vit og ráðrúm til þess að fylgjast með.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það er ekki mikið sem ég þarf að segja við lok þessarar umræðu. Hún hefur að mörgu leyti verið fróðleg og gagnleg þótt ég neiti því ekki að á stundum hefur mér liðið eins og gesti í pólitískri erfidrykkju þar sem aðstandendur hins framliðna hafa verið að ræða um lífshlaup hans, vega og meta hvað hafi tekist og hvað ekki og bera saman sínar bækur. Það er ósköp eðlilegt og það er óhjákvæmilegt og ég skal heita því að reyna að greiða fyrir því að það geti haldið áfram og er ekki meira um það að segja.

Ég fagna því að hv. þm. Matthías Á. Mathiesen hefur óskað eftir því að Ríkisendurskoðun láti fara fram athugun á þróun mála. Ég tel það eðlileg vinnubrögð og sjálfsögð og nauðsynlegt að þingið styrki stöðu sína í þessum efnum sem og öðrum. Ég hef löngum talið það að einn af helstu vanköntum okkar stjórnskipunar væri það hve þingið væri veikur aðili í sjálfstæðri upplýsingaöflun og aðhaldi og hef lýst vilja mínum til þess að eiga gott samstarf bæði við þær nefndir Alþingis sem tengjast sérstaklega þeim málaflokkum sem undir mig heyra og einnig þingflokka alla til þess að tryggja það að þau vinnubrögð sem nú þykja sjálfsögð í flestum nágrannalanda okkar verði smátt og smátt tekin upp hér á landi.

Ég tel reyndar að þau hörðu skil, sem voru hér nánast fram til áranna 1970–1980 milli stjórnar og stjórnarandstöðu, séu arfur frá gömlum tíma hvað vinnubrögð, samstarf, skipan mála og upplýsingagjöf hér í þinginu snertir, og eitt af því brýnasta í lýðræðisþróun okkar Íslendinga sé að taka upp eins fljótt og hægt er ýmis af þeim vinnubrögðum sem nú þykja sjálfsögð og eðlileg í nágrannalöndum okkar. Kjarninn í þeim er fólginn í því að þingið sé miklu sjálfstæðari upplýsingaaðili og aðhaldsaðili en Alþingi Íslendinga hefur verið til þessa. Mér finnst þess vegna eðlilegt að Ríkisendurskoðun gefi með reglubundnum hætti skýrslur um gang mála í ríkisfjármálum. Ég held að það sé lærdómsríkt bæði fyrir þá sem í fjmrn. sitja og fyrir þá sem í stjórnum ríkisstofnana sitja. Ég tel reyndar að fjvn. og fjh.- og viðskn. þingsins eigi að gerast miklu sjálfstæðari aðilar í þessum efnum og framkvæma með reglubundnum hætti athuganir, gagnrýnar athuganir á framkvæmd ríkisfjármálanna og stjórn útgjalda hjá ríkinu og einstökum ríkisstofnunum, bæði A- og B-hluta, og einnig athuganir á starfsemi þeirra fyrirtækja og annarra aðila sem fá lán á ábyrgð ríkisins með einum eða öðrum hætti og þessi upplýsingaöflun sé fyrir opnum dyrum líkt og tíðkast í ýmsum löndum. Því ég er sannfærður um það að kæmist sú venja hér á þá yrði miklu sjálfvirkara aðhald hjá öllum þeim fjölmörgu aðilum sem fara með ráðstöfun opinberra fjármála eða er veittur fjármálalegur trúnaður af opinberri hálfu hér í landinu.

Hins vegar ætla ég ekki, virðulegi forseti, nú að gera þetta að ítarlegra umræðuefni. Það gefst e.t.v. tækifæri til þess að gera það síðar. Ég vildi hins vegar nota þetta tækifæri af því að vikið var að því hér hvað eftir annað í umræðunni hvernig samskipti þings og stjórnvalda ættu að vera á þessu sviði að láta þessi viðhorf mín koma hér fram.

Ég held reyndar einnig að það eigi að gilda það sama í þessum efnum um hv. alþm. og nefndir þingsins, eins og ég hef látið gilda á því skjali sem ég lagði hér fram í dag og hv. þm. Matthías Á. Mathiesen tók eftir, að þær upplýsingar sem fram eru lagðar eru á ábyrgð þess pólitíska fulltrúa sem leggur þær fram, en ekki á ábyrgð einhverra tiltekinna embættismanna eða stofnana sem að þeim vinna. Það á auðvitað einnig við hvað Ríkisendurskoðun snertir og hv. alþm. Þeir þurfa líka allir að gera greinarmun á því sem Ríkisendurskoðun vinnur sem embættisleg stofnun og þeirri ábyrgð sem þeir bera sem pólitískir fulltrúar.

Hv. þm. Friðrik Sophusson spurði að því hvort þær upplýsingar sem ég gerði hér að umræðuefni hefðu legið fyrir við stjórnarmyndun, við stjórnarskipti. Og því er fljótsvarað að þær lágu ekki fyrir þá í því ítarlega formi og sundurgreindar eins og ég hef hér lýst. Enda getur hver maður sagt sér það sjálfur sem þekkir til innan dyra í Stjórnarráði Íslands að upplýsingar um þróun mála í septembermánuði liggja ekki fyrir fyrr en einhvern tíma fyrri hlutann í október, hvað þá heldur að hægt sé að greina þær í sundur. Ég hélt að það lægi í augum uppi að upplýsingar fyrir tímabilið janúar til september hefðu ekki legið fyrir þá.

Hins vegar er það alveg rétt hjá hv. alþm. að bæði ég og aðrir gerðum okkur grein fyrir því fyrr á þessu ári á grundvelli þeirra takmörkuðu upplýsinga sem við höfðum aðgang að þá, að það gæti stefnt í það að hallinn á ríkisfjármálunum yrði, eins og ég orðaði það í viðtölum við útvarp og blöð á þeim tíma, a.m.k. 1000–2000 millj. kr.

Ég er satt að segja undrandi á því að ráðherrar í fyrrv. ríkisstjórn skuli koma hér upp og veifa ýmsum skýrslum og greinargerðum sér til afsökunar um það að þeir hafi ekki vitað annað. Það var satt að segja ekki svo mikil kúnst fyrir okkur sem stóðum utan dyra og jafnvel utan þings, eins og ég gerði nú þá, að gera sér grein fyrir því hvernig í málum lá. (**EgJ:** Menn treystu á orð þáv. fjmrh.) Já, hv. þm. Egill Jónsson, það er einmitt það sem ég sagði hér áðan að einstakir þm. bera líka sína ábyrgð, ég tala nú ekki um þá sem sitja í fjvn. Og það þýðir ekkert fyrir þá að skjóta sér undan þeirri ábyrgð eða á bak við einhverja aðra. Til þess hefur þingið kosið þá í fjvn. og til þess hefur þjóðin kosið þá á þing. Menn eiga ekki í þessum efnum að treysta neinum öðrum en sjálfum sér.

Hv. þm. Friðrik Sophusson spurði einnig að því hver yrði raungildisaukning útgjalda ríkisins í því fjárlagafrv. sem hér yrði lagt fram. Ég vænti þess að hv. þm. skilji að ég get ekki á þessu stigi svarað þeirri spurningu. Henni verður hins vegar svarað þegar fjárlagafrv. verður lagt fram. Ég hef reynt að verjast því eins og ég hef getað undanfarnar vikur að

vera að veita upplýsingar um það utan þings eða innan hvað verður í væntanlegu fjárlagafrv., finnst satt að segja ærið sérkennilegt að búa við þau starfsskilyrði að dag eftir dag séu fjölmiðlar fullir af frásögnum um það hvað í þessu frv. sé eða verði og af því dregnar ályktanir út og suður og hinir og þessir leiddir til vitnis um það að kveða upp um þá dóma. Ég held reyndar að það sé eitt af því sem við ættum að temja okkur hér í umfjöllun um þessi mál að hafa þá biðlund sem tíðkast í flestöllum siðmenntuðum þjóðfélögum í þessum efnum (**FrS:** Hvað þýðir, hæstv. ráðherra, textinn í stjórnarsáttmálanum?) Það er nú alveg sjálfsagt að fjalla um það hér síðar hvað textinn í stjórnarsáttmálanum þýðir. Hann þýðir það að raunaukning útgjalda verði á þann veg sem þar er lýst. Það var hins vegar ekki spurningin sem til mín var beint, heldur var spurningin sú hvað yrði í fjárlögunum og því fjárlagafrv. sem fram yrði lagt.

Hins vegar skal ég alveg segja það hér að sú glíma að skera niður ríkisútgjöldin á þeim fjórum vikum sem ég hef haft til þess og að gera það eftir einhverjum ákveðnum sanngirnisreglum og réttlætissjónarmiðum hefur ekki verið létt verk. Ég tel þó að í þeim efnum hafi náðst þó nokkur árangur, eins og ég mun greina frá á sínum tíma, en vil nota þetta tækifæri til þess að láta það koma fram að ég mun halda þeirri viðleitni áfram þótt frv. hafi verið lagt fram. Ég tel í raun og veru ekki að því verki sé neitt lokið þótt frv. hafi verið lagt fram hér á Alþingi, heldur eigi það að halda áfram. Ég tel að mörgu leyti eðlilegt að hv. fjvn. verði líka þátttakandi í þeirri vinnu með því að fara yfir ákveðna þætti ríkiskerfisins, gera tillögur og veita aðhald til að tryggja að það geti tekist. Því að það er alveg rétt, sem ýmsir hafa bent á hér, að sú sjálfvirka útgjaldaaukning sem er í þessu kerfi getur ekki haldið áfram því að á mörgum þáttum þess í dag hefur enginn vald eins og það er núna. Það er verkefni okkar allra hér á Alþingi að skapa þau tæki sem duga í þeim efnum því að eins og dæmin sanna þá koma ríkisstjórnir og fara en Alþingi situr áfram og þarf að glíma við þetta verkefni fyrr eða síðar. Ég held þess vegna að þeir hv. alþm., fyrrv. ráðherrar, sem hér hafa talað ættu gleggst að geta borið vitni um það því að ef ríkisstjórnin hefði setið, þá hefðu þeir auðvitað þurft að standa í þeim sporum hér í októbermánuði að standa að lausn þessara vandamála.

Hv. þm. Óli Þ. Guðbjartsson spurði að því hvort söluskattur á matvælum yrði áfram í innheimtukerfi ríkisins á árinu 1989. Það er alveg ljóst á þeim málefnasamningi sem ríkisstjórnin hefur gert að svo verður. Við munum hins vegar leitast við, eins og ég hef lýst yfir, að lækka verðlag á einstökum flokkum matvæla með ákveðnum hætti og ég mun þegar tími gefst til á næstu vikum og mánuðum meta rækilega reynsluna af þessu kerfi og gera upp hug minn varðandi framtíðarskipan þess, en ég tel ekki að ég hafi haft nægan tíma á þessum fjórum vikum til þess að meta það ítarlega eða skila Alþingi ákveðinni niðurstöðu í þeim efnum. Því þótt við í Alþb. höfum verið andvígir því að slíkur skattur væri settur á, eins og öllum er kunnugt, þá vita menn líka sem gerþekkja til að eftir að slíkt kerfi hefur verið fest í sessi og þjóðfélagið hefur lagað sig að því, þá er það meira en að segja það að ýta því til hliðar og taka ákvörðun um það hvað skuli koma í staðinn.

Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson flutti svo síðan hér eina af sínum ágætu ræðum um þær hagfræðikenningar sem hann hefur boðað um langan tíma. Því miður er það nú þannig að Sjálfstfl. hefur ekki veitt honum þann trúnað að hann geti prófað þessar kenningar í reynd. (**FrS:** Kannski getur hæstv. ráðherra kennt honum það?) Gæti verið. Það gæti verið og ætla ég nú að koma að því. Því að því miður er það nú þannig að Sjálfstfl. hefur ekki getað gert það upp við sig hvort hann ætti að gera þetta að sinni stefnu og á meðan svo er þá er dálítið erfitt að taka á þessu máli nema, eins og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson gerði hér, að gera það að persónubundnu, fróðlegu og skemmtilegu umræðuefni milli hans og einstakra þm. eða einstakra ráðherra. Væri vissulega mjög fróðlegt að gera það. En flokkurinn sem hann tilheyrir hefur hins vegar bæði í verki og í orði hafnað þessum kenningum. (**EKJ:** Þetta er allt í stefnu flokksins.) Ef það er allt í stefnu flokksins þá er það nú ansi þungur áfellisdómur yfir forustu flokksins, fyrrv. forsrh., fyrrv. ráðherrum og öðrum, sem hafa átt að framkvæma þessa stefnu. Því ekki er nú hægt að hugsa sér, eins og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson lýsti hér af mikilli mælsku, jafnmikla mótsögn eins og milli veruleikans og þessarar stefnu sem hann var hér að lýsa. Og það vill nú svo skemmtilega til að Sjálfstfl. hefur síðan 1983 haft forræði á því að framkvæma þessa stefnu eða ekki. (**EKJ:** Við höfum aldrei haft meiri hluta á Alþingi.) Það er léleg afsökun að segja að þeir hafi ekki haft meiri hluta á Alþingi vegna þess að það er ekkert sem bendir til þess að þótt Sjálfstfl. hefði meiri hluta hér á Alþingi þá væri hann reiðubúinn að gera þá tilraun í efnahagsstefnu sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson hefur talað fyrir, enda vita það allir sem vilja vita að í þessum efnum hefur hann verið, innan Sjálfstfl. sem og í þjóðfélaginu hrópandinn í eyðimörkinni.

Hins vegar tel ég að sá þáttur kenninga hans sem snýr að spariskírteinum ríkisins sé mjög athyglisverður og það sé sá kjarni sem menn eigi að beina athygli sinni að burtséð frá afstöðunni til halla eða ekki halla á ríkissjóði sjálfum. Ég held að það sé alveg hárrétt hjá hv. þm. Eyjólfi Konráði Jónssyni að hér á Íslandi hafi menn vanrækt að þróa bæði sölukerfi og aðra þætti í eflingu spariskírteina ríkisins sem tryggi það að þau geti verið það tæki til uppbyggingar á heilbrigðu efnahagslífi sem þau hafa alla möguleika til að vera. Ég hef þess vegna lýst því yfir við þá söluaðila, sem fyrirrennari minn gerði samning við, mjög merkan samning um sölu spariskírteina ríkisins, bæði banka, verðbréfasjóði og aðra aðila, að ég ætli mér að halda áfram og efla þetta

kerfi. Ég tel reyndar einnig að það þurfi að gera að ýmsu leyti hliðstæðar breytingar á sölukerfi ríkisvíxla og á annan hátt færa það kerfi út úr þeim þrönga stofnanafarvegi sem það er í í dag. Ef við getum þróað íslenska hagkerfið í þá átt að vextirnir á spariskírteinum ríkisins verði það eðlilega vaxtagólf sem í okkar kerfi er og þessi skírteini verði það hreyfiafl sparnaðar og viðskipta í landinu sem þau eru víðast hvar annars staðar, þá er ég alveg sammála hv. þm. Eyjólfi Konráði Jónssyni um að mjög mikill árangur hefði náðst. Ég hef þess vegna velt því í alvöru fyrir mér hvort það sé ekki nauðsynlegt til þess að efla þetta tæki að það verði sameiginleg stefna allra flokka hér á Alþingi, ekki bara þessarar ríkisstjórnar heldur allra flokka, þannig að almenningur í landinu geti gengið að því sem traustu atriði að vextir, sem greiddir eru af spariskírteinum ríkisins þegar þau eru innleyst eða vextirnir koma til útgreiðslu, verði skattfrjálsir svo spariskírteinin hafi þá tvöföldu tryggingu sem felst í því að ríkið er öruggasti bakhjarlinn sem fólk á völ á, enda er það fólkið sjálft eins og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson benti á. (**GHG:** Er ekki atvinnulífið forsendan fyrir öllu lífi á Íslandi?) Það er hin hliðin á þessum peningi, en eins og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson benti á þá þarf atvinnulífið á innlendum sparnaði að halda. En þessi spurning Guðmundar H. Garðarssonar sýnir kannski vel hve er langt í land að skilningur á þessum sjónarmiðum Eyjólfs Konráðs Jónssonar sé fyrir hendi innan Sjálfstfl.

En eins og ég sagði áðan þá held ég að forsendan fyrir því að hægt sé að beita þessu tæki felist í því að almenningur hafi bæði meiri hag af þessu sparnaðarformi en öðrum og beri meira traust til þess. Ég vil þess vegna varpa fram þeirri spurningu hér, bæði til hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar og annarra, hvort það geti ekki verið verðugt umræðuefni milli allra flokka hér á þingi að menn bindi saman höndum um það að tryggja þá stefnu að efla spariskírteini ríkissjóðs og veita varanlega tryggingu fyrir því að vextir af þeim verði skattfrjálsir.

Það vill nú svo til að ég hef á öðru sviði átt ágæta samvinnu við hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson, samvinnu í landhelgismálum sem margir hverjir töldu að þá væri talað fyrir sjónarmiðum sem ekki væru raunhæf. Það er nú oft þannig að ýmsir menn hafa meiri eiginleika en aðrir til þess að setja fram athyglisverðar hugmyndir og úthald og kjark til þess að halda þeim til streitu. Og ég held að í þessum efnum, þó ég sé ekki sammála ýmsu öðrum í þeim kenningum sem hv. þm. setti hér fram, sé þarna að finna lykilatriði sem geti orðið burðarásinn í því að endurreisa íslenskt efnahagslíf og, hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson, skapað þann trausta grundvöll fyrir atvinnulífið í landinu og útflutningsstarfsemina sem þarf að vera fyrir hendi.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. ráðherra fyrir þau svör sem hann gaf þótt auðvitað vantaði talsvert á að hann svaraði þeim fyrirspurnum sem til hans var beint, a.m.k. í minni ræðu. Áður en lengra er haldið held ég að það sé þó vert að vekja athygli á því að í þessum umræðum sem hér hafa farið fram í dag hefur nánast enginn framsóknarmaður verið viðstaddur. Tveir varaþm. Framsfl. sátu hér um stundarsakir, en um leið og tilkynnt var að ræða ætti um jafnmerkilegan hlut og ríkisfjármálin þá hurfu ráðherrar flokksins úr þingsalnum, enda er það eitt af einkennum Framsfl. að þeir bera aldrei ábyrgð á einu eða neinu sem gert er, en samt hafa þeir verið lengst allra stjórnarflokka í ríkisstjórn frá árinu 1971. Þeir hafa reyndar setið í öllum ríkisstjórnum öll árin frá 1971 að undanskildum nokkrum mánuðum þegar minnihlutastjórn Alþfl. sat, en sú stjórn var mynduð til þess að rjúfa Alþingi og efna til kosninga. Ég held að það sé skylt að benda á það að þessi flokkur tekur ekki þátt í umræðum á borð við þær sem hér fara fram í dag. (Gripið fram í.) Ja, hann ber ekki neina ábyrgð. Að vísu skal ég viðurkenna það að einn af fyrrv. þm. flokksins, sem reyndar yfirgaf hann fyrir síðustu kosningar í nafni jafnréttis og félagshyggju, sat hérna lengst af en hefur ekki tekið til máls í umræðunum.

Ég spurði hæstv. ráðherra hvort hallinn, sem menn sjá fyrir að verði á ríkissjóði í ár, hafi verið gefinn upp eða verði upplýstur þegar ríkisstjórnin var mynduð og hæstv. ráðherra sagði að svo hefði ekki verið. Ég spurði hæstv. ráðherra annarrar spurningar í framhaldi af því og hún var þessi: Hefðu þessar upplýsingar legið fyrir, mundi það hafa haft þau áhrif að hæstv. ráðherra og hugsanlega ríkisstjórnin hefðu ekki tekið þá ákvörðun að auka hallann eins og ríkisstjórnin gerði við stjórnarskiptin? M.a. kemur það fram í bráðabirgðalögum ríkisstjórnarinnar og eins kemur það fram í yfirlýsingum einstakra ráðherra. Við þessu kom ekkert svar.

Ég spurði hæstv. ráðherra að því hvað stjórnarsáttmálinn þýddi. Hæstv. ráðherra kaus að svara því þannig að ég hefði spurt að því hvaða útgjöld yrðu í fjárlögum næsta árs. Mín spurning var þessi: Þegar sagt er í stjórnarsáttmála hæstv. ríkisstjórnar að útgjöld ríkisins á næsta ári verði að raungildi þau sömu og á þessu ári, er þá verið að miða við útgjöldin eins og þau birtast í fjárlögum á þessu ári eða einhverja aðra tölu? Við þessu fékkst ekki svar. Við þessari spurningu fékkst ekkert svar. Mér er fullkunnugt um það að hæstv. fyrrv. fjmrh. og núv. hæstv. utanrrh. hafði það á sinni stefnuskrá að miða útgjaldaáform næsta árs við útgjaldaáformin í fjárlögum á yfirstandandi ári. Ekkert svar kom við þessari spurningu.

Ég spurði hann enn fremur: Ætlar hæstv. ríkisstjórn að bregðast við þessum nýju upplýsingum með þeim hætti að draga úr ríkisútgjöldunum með sama hætti og heimili og fyrirtæki þurfa að gera þegar samdráttarskeið hefur hafist í íslenskum þjóðarbúskap? Ekkert svar.

Það var líka athyglisvert að hæstv. ráðherra vék sér undan því að svara fyrirspurn frá hæstv. utanrrh. varðandi það hver hallinn hefði orðið ef skattkerfisbreytingarnar hefðu ekki átt sér stað. Hæstv. ráðherra svaraði ekki þessari spurningu, reyndar ekki heldur fulltrúar Kvennalistans sem tóku þátt í þessari umræðu, þ.e. annar þeirra hafði reyndar talað áður en fyrirspurnin kom fram.

Þá vil ég næst segja, og þarf ekki að hafa langt mál um það, að mér sýnist og ég vil staðfesta það hér, þótt um minni háttar mál sé að ræða, að upplestur hæstv. utanrrh. úr plaggi sem hann segist hafa dreift eða talið sig hafa dreift, hann staðhæfði það reyndar ekki, 2. sept. í ríkisstjórninni var með þeim hætti að það stenst ekki á við það blað sem ráðherrar höfðu þá undir höndum. Það skortir á tvær tölur sem eru nokkuð stórar, milli 400 og 500 millj., en ég vil hins vegar staðfesta að 1. sept. lagði hæstv. utanrrh., þáv. fjmrh., fram á ríkisstjórnarfundi yfirlit yfir stöðuna sem bar nafnið Fjárlagagerð fyrir árið 1989, framlagt á ríkisstjórnarfundi 1. sept. 1988, þar sem var sagt að áætlaður árshalli á fjárlögum yrði 693 millj. kr. Ég tek hins vegar fyllilega undir það að allan tímann var ljóst, og því gerum við okkur auðvitað allir grein fyrir, að auðvitað gátu slíkar tölur breyst og það breyst stórum, ekki síst ef við næðum árangri í því að draga úr þenslu, sem fyrrv. ríkisstjórn vissulega gerði á síðustu mánuðum síns starfstímabils og kemur gleggst fram m.a. í lækkun á verðbólgu sem var í september orðin 9%, en ef við tökum mánuðina ágúst, september, október, var verðbólgan 13% á ársgrundvelli ef við framlengjum þessa þrjá mánuði upp til heils árs.

Það var athyglisvert í sumar að þegar hæstv. fjmrh. var í stjórnarandstöðu taldi hann að efnahagsvandi þjóðarinnar væri ekki vegna versnandi ytri skilyrða. Hann sagði í júlímánuði:

„Ástæðan fyrir þeim vanda sem við stöndum frammi fyrir er heimatilbúin," orðrétt, með leyfi virðulegs forseta. „Á undanförnum áratugum er ekki hægt að finna hliðstæðu slíkrar óstjórnar í efnahagsmálum. Þessi niðurstaða er enn dapurlegri fyrir þá sök að áfram ríkja óvenjulega hagstæð ytri skilyrði í efnahagslífi Íslendinga." Þetta er skrifað rúmum tveimur mánuðum fyrir stjórnarskiptin. Síðar segir orðrétt, með leyfi forseta: „Það eru því ekki óhagstæð ytri skilyrði sem skapa hinn mikla efnahagsvanda. Þau eru áfram Íslendingum í hag. Vandinn er algjörlega heimatilbúinn."

Þetta skrifaði hæstv. fjmrh. af fúsum og frjálsum vilja, reyndar til að koma höggi á hæstv. þáv. fjmrh. Það er önnur saga. Það var hans starf í stjórnarandstöðunni. Nú er þessi ágæti formaður Alþb., hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, orðinn hæstv. fjmrh. Hann hefur ekki svarað þeirri spurningu og það er full ástæða til, af því að ég heyri að hann er búinn að biðja um orðið aftur, að spyrja hann: Hvort er hann nú sömu skoðunar og hann var fyrir rúmum þremur mánuðum, rúmum tveimur mánuðum fyrir stjórnarskiptin, þeirrar skoðunar að ytri skilyrði þjóðarbúsins séu hagstæð og vandinn sé heimatilbúinn eða hefur hann skipt um skoðun? Telur hann kannski að það séu einhver óhagstæð ytri skilyrði fyrir hendi og þess vegna þurfi að bregðast við eins og hann og aðrir hæstv. ráðherrar hafa gert í stöðunni? Það væri athyglisvert ef hann gæti í örstuttu máli gert grein fyrir því hvort hann ætlar að halda áfram að láta þau sjónarmið klingja sem koma fram í þessari greinargerð formanns Alþb. frá því um miðjan júlímánuð.

Þá langar mig jafnframt, af því að hæstv. ráðherra nefndi það ekkert í sínu máli síðar í ræðu sinni, að spyrja hann hvort hæstv. utanrrh. hafi gert grein fyrir sínum sjónarmiðum við stjórnarskiptin og hvernig hæstv. fjmrh. lítist á þau heilræði hæstv. utanrrh. þegar hann gefur honum ábendingar um það að námslánakerfið sé lúxus og hérna megi gjarnan fækka sjúkrahúsum o.s.frv., en hæstv. utanrrh. tókst hér á flug í ræðustólnum og kom með ýmsar ábendingar sem mér skildist að væru til hæstv. fjmrh., enda var hann að gefa eftirmönnum sínum heilræði. Það er full ástæða til að spyrja hæstv. fjmrh.: Hvernig líst þér á heilræðin? Eru þetta ekki heilræði til að fara eftir? Eru þetta ekki heilræði sem hæstv. menntmrh. mun hrópa húrra fyrir? (**Fjmrh.:** Jú.) Það er gott að heyra það því að hér með staðfestist að það er ekki orð að marka það sem hæstv. menntmrh. sagði í stjórnarandstöðunni. Þá sagðist hann vilja stækka námslánasjóðinn, gera enn þá meira úr honum, en nú staðfestir hæstv. fjmrh. það að hæstv. menntmrh. lítist vel á tillögur hæstv. utanrrh. um það að námslánakerfið þurfi að dragast saman, enda sé þetta lúxuskerfi. Það er athyglisvert og meira heldur en hæstv. menntmrh. hefur þorað að segja sjálfur, enda er hæstv. fjmrh. maður sem er fullur af kjarki og þori.

Það sem er kannski aðalatriði þessa máls er að hæstv. fyrrv. ríkisstjórn hefur valið ranga leið til þess að komast út úr þeim erfiðleikum sem þjóðin á við að glíma. Þess vegna urðu stjórnarskipti, þess vegna varð sú uppstokkun sem átti sér stað í síðasta mánuði. Leiðin sem hæstv. núv. ríkisstjórn hefur ákveðið að fara er sú að taka fé úr ríkissjóði, m.ö.o. að auka ríkissjóðshallann, til þess að greiða peninga með atvinnuvegunum, sumum en ekki öllum. Það er gert með millifærslum, yfirlýst er að það eigi að nota 800 millj. til fiskiðnaðarins og þessar 800 millj. eiga að falla á ríkissjóð. Það segir að vísu í bráðabirgðalögunum að þetta séu peningar teknir að láni. Síðan gengur hæstv. sjútvrh. inn á fund hjá sjómannasamtökunum og segir: Þessir peningar munu falla á ríkissjóð. M.ö.o., það á að taka erlend lán, auka skuldasöfnunina erlendis til þess að búa til skatta fyrir framtíðina. Og síðan er gert ráð fyrir því í þessum sömu bráðabirgðalögum að 600 millj. megi hæstv. fjmrh. taka að láni erlendis til þess að dæla peningum til sumra fyrirtækja, ekki allra, sumra þeirra fyrirtækja sem hv. þm. Stefán Valgeirsson og aðrir hafa velþóknun á. Það er ekki tekist á við vandamálin. Vandanum ýtir ríkisstjórnin á undan sér, og það kemur líklega í ljós, að hæstv. forsrh. hefur rétt fyrir

sér að þegar þessu tímabili lýkur, sem verður fyrr en síðar, í síðasta lagi í apríl nk., verður staða atvinnuveganna enn þá verri en hún er í dag vegna þess að gengið er rangt skráð. Líklega er það rétt því að stundum kemur gullkorn upp úr hæstv. forsrh., enda talar hann mikið. Það getur stundum skinið á demant í öllum þeim ósköpum sem þaðan koma. Líkast til er það rétt hjá honum að gengið sé rangt skráð upp á 10–15%. Þessi ríkisstjórn hefur valið það að blekkja með því að færa fé til vissra atvinnugreina, halda þannig niðri genginu og gengisskráningunni til þess að búa til minni verðbólgu en ella hefði orðið ef menn hefðu farið hinar almennu leiðir. Þetta þýðir að eftir nokkra mánuði stendur íslenska þjóðin frammi fyrir verri vandamálum en hún stendur frammi fyrir í dag og þetta er gert á kostnað ríkissjóðs, m.ö.o. á kostnað skattborgaranna.

Þetta er alvarlegt og af því að hæstv. fjmrh. sagði áðan að honum þætti sem hann væri hér við erfidrykkju síðustu ríkisstjórnar, honum liði þannig eins og aðskotahlut í erfidrykkju síðustu ríkisstjórnar, vil ég bjóða hann velkominn þangað. Ég hugsa að hann hefði skemmt sér betur en flestir púkar á fjósbitum landsins við það að vera í erfidrykkju síðustu ríkisstjórnar. En sjaldan hafa ríkisstjórnir auglýst jarðarför sína jafnrækilega fyrir fram eins og sú ríkisstjórn sem nú situr í landinu. Og það vita báðir þessir hæstv. ráðherrar sem hér eru staddir og það vita framsóknarráðherrarnir líka. Þess vegna eru þeir ekki hér í dag. Þeir þora ekki að vera hér í dag af því að þeir ætla sér ekki að bera ábyrgð á því sem hefur gerst, hvorki hjá fyrrv. ríkisstjórn né heldur hjá núv. ríkisstjórn. Hins vegar geta þeir hæstv. ráðherrar sem hér sitja haldið áfram að reyna að sameina alla vinstri menn með því að borða lifrarkæfu, eða hvað það var nú á Vesturgötunni sem frægt er orðið og var nú helsta innlegg þessara manna til sameiningar vinstri aflanna á útmánuðum.

Virðulegur forseti. Það er ekki ástæða til þess að hafa þessi orð öllu fleiri. Ég kemst þó ekki hjá því að allra síðustu að benda á að það var mjög athyglisverð yfirlýsing sem kom frá hæstv. fjmrh. áðan þegar hann stakk upp á því, ef ég skildi hann rétt, að spariskírteini yrðu gefin út og séð fyrir því að vextir á spariskírteinum ríkissjóðs yrðu ekki skattlagðir. Ég held að ég hafi skilið hann þannig. Er það rétt? (**Fjmrh.**: Varpaði fram þeirri hugmynd.) Hann varpaði fram þeirri hugmynd. Þetta er mjög athyglisvert og ég vona satt að segja að hæstv. ráðherra haldi áfram á þessari leið og segi: Er ekki full ástæða til þess að þetta gildi á öðrum sviðum, því að hér er um að ræða yfirlýsingu sem gengur á svig við margar fyrri yfirlýsingar hæstv. ráðherra sem hafa gengið út á það að nú sé kominn tími til þess að skattleggja fjármagnshagnaðinn, skattleggja tekjur af fjármagninu. En þetta hefur auðvitað enga þýðingu nema það sama gildi um atvinnulífið og þær skuldir og lán sem þar myndast því að auðvitað á ríkissjóður ekki einn að geta selt sín spariskírteini, heldur verða aðrir að geta fjármagnað þann rekstur í landinu sem ríkissjóður og öll opinber starfsemi byggist á, en það er atvinnulífið í landinu. Og ef hæstv. ráðherra hugsar málið til enda kemst hann auðvitað að þeirri niðurstöðu að óhyggilegt geti verið að gefa yfirlýsingar á borð við þær að ætla að skattleggja þann hagnað sem verður hjá þeim sem hafa sparað og lagt fjármagn til hliðar. En þetta eru fyrstu merki þess að hæstv. fjmrh. hafi lært eitthvað á sínum ferli og ég vil þakka honum fyrir það og Eyjólfi Konráð fyrir að gefa honum tilefni til þess að gefa þessa yfirlýsingu.

Virðulegur forseti. Tilefni þessara umræðna var athugasemdir sem formaður Sjálfstfl., 1. þm. Suðurl., gerði þegar hæstv. fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson sagði á fundi hjá Alþb. í Garðabæ fyrir tæpum hálfum mánuði að skuldaskilin, ef ég man það rétt, eða halinn sem síðasta ríkisstjórn skildi eftir sig væru 5–9 milljarðar. Það var svo mikil nákvæmni í tölunum, 5–9 milljarðar. Nú hefur hann gefið sína skýrslu. Ég vil þakka honum fyrir það að hafa gefið sína skýrslu til Alþingis. Það er til fyrirmyndar að fá umræður um stöðu ríkisfjármálanna og ég veit að hann meinar það þegar hann segist ætla að halda slíkum vinnubrögðum áfram.

Ég held að hins vegar sé full ástæða til þess að benda á að hæstv. fjmrh. hóf þessa umræðu á sínum tíma í fjarveru hæstv. fyrrv. fjmrh. til þess að koma höggi á hann. Og það er rangt sem kom fram hjá hæstv. utanrrh. að formaður Sjálfstfl. hefðiýjað að því að hæstv. fyrrv. fjmrh. hafi vísvitandi blekkt sína samráðherra í síðustu ríkisstjórn. Hann sagði að hæstv. núv. fjmrh. gæfi það í skyn að fyrrum fjmrh. hefði reynt að leyna menn upplýsingum. En það mátti skilja á orðum hæstv. núv. fjmrh. þegar hann flutti ræðuna á þessum fræga fundi í Garðabæ fyrir tæpum hálfum mánuði síðan.

Að svo mæltu, virðulegur forseti, læt ég máli mínu lokið.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Það væri vissulega tilefni til þess að fara lengi og ítarlega yfir þessa síðustu ræðu hv. þm. Friðriks Sophussonar. Það er hins vegar varla ástæða né tími til þess að gera það svo síðla dags, en ég vil þó fyrst segja að það er mjög sérkennilegt hvernig formaður og varaformaður Sjálfstfl. hafa brugðist við hinum fræga Garðabæjarfundi þar sem ég í fáeinum setningum greindi frá því að ef lagðar væru saman skuldirnar við atvinnufyrirtækin í landinu og aðrir reikningar úr ríkisstjórnarferli Þorsteins Pálssonar mundi það nema þessari upphæð. Það varð til þess að fyrrv. forsrh. sá ástæðu til þess að koma strax upp í sérstökum tíma í Nd., sem ekki er nú venja að sé vettvangur fyrir slíkar umræður, og gat ekki beðið næsta dags í Sþ. til þess að koma því á framfæri að hér væri á ferðinni atlaga, ekki að sér, heldur að fyrrv. fjmrh. Og hv. þm. Friðrik Sophusson og hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson, tveir hæstv. fyrrv. ráðherrar, komu sérstaklega hér upp í stólinn

til þess að lýsa því yfir að þeir hefðu ekki vitað í síðustu ríkisstjórn að það stefndi í svona útkomu vegna þess að þeim hefði verið sagt annað.

Það var þess vegna alveg ljóst að það voru þessir tveir fyrrv. ráðherrar Sjálfstfl. sem notuðu þetta tækifæri, sem ég gagnrýndi að hæstv. utanrrh. fjarstöddum, til þess að flytja hér í þingsölum þær yfirlýsingar að þeir hefðu fengið rangar upplýsingar. Það þýðir ekkert fyrir Sjálfstfl. að vera að reyna að nota útúrsnúninga af þessu tagi til þess að reyna að telja einhverjum öðrum trú um að eitthvað illt, eða óheilindi, sé á milli mín og hæstv. núv. utanrrh. Það er ekki, það hefur ekki verið og það verður ekki.

Það er hins vegar athyglisvert að þessir tveir forustumenn Sjálfstfl., sem tóku við fyrir skömmum tíma síðan og hafa síðan leitt flokkinn út í nýja eyðimerkurgöngu, nota hér tækifærið til þess að segja með ýmiss konar hætti: Við áttum ekki neina sök á því hvernig komið er. Hins vegar viðurkenndi hv þm. Eyjólfur Konráð Jónsson af sinni alkunnu hreinskilni að það hefði verið efnahagsstefna ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar, sem hann svo dagsetti alveg sérstaklega hvað mistökin snerti að hans dómi á haustdögum 1987, sem hefði verið orsökin að því hvernig fór. Hæstv. utanrrh. lýsti hér einnig mjög ítarlega og með greinargóðum hætti hvaða afleiðingar gengisfellingarnar tvær, sem framkvæmdar voru í febrúar og maí, hefðu haft fyrir þessa stefnu, gengisfellingar sem voru gerðar þvert ofan í yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar allrar og sérstaklega hv. þm. Þorsteins Pálssonar, sem sagði hér í þessum sal í október 1987 að fastgengisstefnan væri hornsteinn ríkisstjórnarsamstarfsins. Það er þess vegna hægt að fara mjög ítarlega og rækilega yfir það hvernig rangar ákvarðanir í efnahagsmálum af hálfu þessarar ríkisstjórnar og ríkisstjórnarinnar á undan hafa smátt og smátt leitt atvinnulífið og þjóðina að þeim dyrum sem við stöndum við nú. Við gagnrýndum það í Alþb. í janúar- og febrúarmánuði 1987 að þá þegar stefndi í það að verðbólgan væri að fara úr böndunum. En eins og hæstv. núv. forsrh. hefur lýst yfir var ekki samstaða innan þeirrar ríkisstjórnar til að grípa til aðgerða vegna kosningahagsmuna Sjálfstfl. sem þurfti þá að gefa til kynna að flokkurinn væri á réttri leið, eins og það hét yfir þveran vegg Laugardalshallarinnar á landsfundinum, og telja þjóðinni trú um það að verðbólgan yrði undir 10% í árslok. Hins vegar gat hver maður séð þá að hún stefndi í a.m.k. 25–30% ef ekkert yrði að gert. Síðan hefur því einnig verið lýst hvernig ekki náðist samstaða um það við stjórnarmyndunina að grípa til nauðsynlegra aðgerða. Og það er einmitt þessi tregða forustu Sjálfstfl., allt frá fyrstu mánðum ársins 1987 til dánardaga síðustu ríkisstjórnar, sem er ein af meginorsökunum fyrir því hvernig er komið. Það væri hægt að rekja það í miklu ítarlegra og lengra máli en ég tel eðlilegt að gera hér og nú.

Lokakaflinn í síðustu ræðu hv. þm. Friðriks Sophussonar þegar hann var að leggja út af orðum mínum um spariskírteini ríkisins sannaði náttúrlega enn einu sinni hversu litlum skilningi kenningar hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar mæta innan Sjálfstfl. Því að ef hv. þm. Friðrik Sophusson hefur ekki skilið muninn á skuldabréfum ríkisins og skuldabréfum sem einkaaðilar eða fyrirtæki gefa út hefur hann ekki skilið kjarnaforsenduna í kenningu hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar.

Það er einnig alveg ljóst, eins og kemur fram í þeim yfirlýsingum sem hæstv. núv. ríkisstjórn gaf út, að menn gerðu sér fulla grein fyrir því við stjórnarmyndun að það þyrfti að grípa til róttækra ráðstafana í ríkisfjármálum og hæstv. fyrrv. fjmrh., hæstv. núv. utanrrh., var eindregnasti talsmaður þeirra sjónarmiða við stjórnarmyndunina. Þess vegna er það fullkomlega út í hött að fara að reyna að halda því fram að hann hafi ekki gert sér grein fyrir þessari þróun mála því það var enginn maður eins harður talsmaður þess og hann að í stjórnarsáttmála yrði skýrt tekið fram að menn yrðu í fjárlögum næsta árs að halda inn á braut niðurskurðar og verulegrar tekjuöflunar.

Hins vegar held ég að engum hafi verið ljóst fyrr en lokatölur septembermánaðar lágu fyrir, og þær lágu ekki fyrir fyrr en í október, að það stefndi hraðar niður á við í þessum efnum en menn höfðu talið. Það er ósköp algengt að slíkt gerist. Þó að menn geti áttað sig á ákveðinni tilhneigingu sem menn ætla sér að bregðast við og ákveði að bregðast við sýnir reynslan að það þurfi e.t.v. að gera það fyrr. Það er þess vegna, hv. þm. Friðrik Sophusson, sem ég hef sagt undanfarna daga að ég telji að það geti þurft að grípa til aðgerða, til tekjuöflunar eða annarra aðgerða, til þess að draga úr þessu vandamáli fyrr en menn ætluðu áður vegna þess að það hlýtur hver ábyrgur aðili að sjá að það er ekki hægt mánuðum saman að horfa á þessa þróun án þess að grípa til gagnaðgerða.

Ég vænti þess að ég hafi í þessum orðum að mestu leyti svarað þeim fyrirspurnum sem hv. þm. Friðrik Sophusson bar fram nema þeirri hvort samanburður á raunaukningu útgjalda í fjárlagafrv. ætti að taka mið af frv. á undan eða veruleikanum á þessu ári. Mér finnst eðlilegra að taka mið af veruleikanum á þessu ári vegna þess að veruleikinn sýnir að sú mynd sem dregin var upp í frv. hefur ekki staðist, hún er ekki raunhæf af margvíslegum orsökum, sem hafa verið raktar hér í umræðunum. Það væri þá bara bókhaldsæfing, gerð í einhverjum tilteknum málfundatilgangi, að bera saman þær tölur við frv. sem við leggjum fram. Það getur hins vegar líka verið að það frv. verði ekki rétt mynd af veruleika næsta árs eins og oft vill verða með frv. þegar reyndin knýr á og ber að dyrum. Þegar við erum að meta hvað við ætlum að gera hér og nú verðum við auðvitað að taka mið af þeim veruleika sem blasir við hér og nú en ekki einhverjum fortíðaruppdrætti sem settur var fram fyrir rúmu ári síðan.

Um það má auðvitað deila fram og aftur um hvaða mælikvarða menn velja sér. Það gera menn í stjórnmálaumræðunni ætíð. Ég tel það í sjálfu sér

aukaatriði. Það sem ég tel hins vegar kjarna málsins er í fyrsta lagi að leggja fram fjárlagafrv. með verulegum tekjuafgangi, í öðru lagi að hefja umfangsmikla vinnu við að draga úr útgjöldum ríkisins og knýja þar á um margvíslegan sparnað og aðhald og draga úr ýmiss konar sjálfvirkni sem þar hefur verið og í þriðja lagi að stórefla innlendan sparnað í landinu þannig að við getum byggt þróun atvinnulífsins eingöngu á innlendum sparnaði eða að sem mestu leyti. Það er þriðja stóra verkefnið sem blasir við okkur á næstu mánuðum og það var þess vegna sem ég notaði tækifærið í tilefni af hugleiðingum hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar til þess að reyna að skýra mínar hugrenningar í þeim efnum við þetta tækifæri.

Efnisskrá.

Bann við geimvopnum (4. mál) 275.
Drengskaparheit unnið 138.
Efnahagsaðgerðir (8. mál, staðfesting bráðabirgðalaga) 138, 176.
Einnota umbúðir (18. mál) 259.
Heimahjúkrun (27. mál) 268.
Hvalveiðibann (29. mál) 208.
Mengunarvarnir hjá Íslenska álfélaginu hf. (19. mál) 262.
PCB-mengun (14. mál) 255.
Plútonflutningar (11. mál) 251.
Ríkisábyrgð á launum (26. mál, framsal kröfu til Atvinnuleysistryggingasjóðs) 208.
Sjálfseignarstofnanir (24. mál) 284.
Tvöföldun Reykjanesbrautar (7. mál) 293.
Um dagskrá 175 (frv. um hvalveiðibann).
Um þingsköp 203 (frv. um efnahagsaðgerðir).
Umhverfisfræðsla (6. mál) 287.
Umræður utan dagskrár 298 (afkoma ríkissjóðs á árinu 1988).
Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa 137.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Guðrún Helgadóttir 137, 138, 280.
Forseti Ed. Jón Helgason 204, 205, 207.
Forseti Nd. Kjartan Jóhannsson 175.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 190.
Fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson 298, 345, 354.
Heilbr.- og trmrh. Guðmundur Bjarnason 256, 258, 259, 261, 263, 268, 270, 274.
Menntmrh. Svavar Gestsson 154.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 214.
Utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson 252, 254, 281, 309.
Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir 271.
Árni Gunnarsson 228.
Danfríður Skarphéðinsdóttir 159.
Egill Jónsson 171.
Eiður Guðnason 205, 206, 207, 286.
Eyjólfur Konráð Jónsson 205, 207, 338.
Friðrik Sophusson 267, 303, 349.
Guðmundur H. Garðarsson 138.
Guðrún J. Halldórsdóttir 272, 280, 284, 286, 343.
Guðrún Helgadóttir 221.
Halldór Blöndal 203, 204, 205.
Hjörleifur Guttormsson 238, 251, 253, 255, 257, 261, 266, 275, 283, 286, 291.
Hreggviður Jónsson 175, 208.
Ingi Björn Albertsson 245.
Jón Kristjánsson 247.
Jón Sæmundur Sigurjónsson 249.
Júlíus Sólnes 137, 149, 293.
Karvel Pálmason 176, 206.
Kristín Einarsdóttir 259, 260, 262, 265.
Kristín Halldórsdóttir 234, 267, 287, 292, 297.
Matthías Á. Mathiesen 321, 333.
Málmfríður Sigurðardóttir 301.
Óli Þ. Guðbjartsson 292, 322.
Pálmi Jónsson 328.
Ragnhildur Helgadóttir 268, 272.
Salome Þorkelsdóttir 188.
Skúli Alexandersson 162.
Þorsteinn Pálsson 175.

SAMEINAÐ ÞING

7. fundur, mánudaginn 31. okt., kl. 2 miðdegis.

Bann við geimvopnum, frh. fyrri umr.

Þáltill. HG og GA, 4. mál. — Þskj. 4.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til utanrmn. með 36 shlj. atkv.

Umhverfisfræðsla, frh. fyrri umr.

Þáltill. KH o.fl., 6. mál. — Þskj. 6.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv. og til félmn. með 40 shlj. atkv.

Tvöföldun Reykjanesbrautar, frh. fyrri umr.

Þáltill. JúlS og HJ, 7. mál. — Þskj. 7.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv. og til allshn. með 37 shlj. atkv.

Sjálfseignarstofnanir, frh. fyrri umr.

Þáltill. GJH o.fl., 24. mál. — Þskj. 24.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til allshn. með 37 shlj. atkv.

Jafnréttisráðgjafar, fyrri umr.

Þáltill. HG o.fl., 5. mál. — Þskj. 5.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um jafnréttisráðgjafa, en tillöguna er að finna á þskj. 5. Flm. ásamt mér að þessu máli eru hv. þm. Kristín Einarsdóttir, Árni Gunnarsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir og Valgerður Sverrisdóttir.

Við fluttum tillögu sama efnis á seinni hluta síðasta þings, en síðan hefur bæst í hóp flm. síðasttaldi hv. þm., Valgerður Sverrisdóttir, og fagna ég þeim aukna stuðningi sem fram kemur í meðflutningi hennar. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að ráða á vegum félmrn. þrjá jafnréttisráðgjafa til þriggja ára sem hafi það verkefni að vinna að leiðréttingu á stöðu kvenna í stofnunum og fyrirtækjum um land allt í samvinnu við starfsmenn og stjórnendur.

Laun ráðgjafanna og annar kostnaður vegna starfa þeirra greiðist úr ríkissjóði."

Tillaga sama efnis fór til félmn. Sþ. eftir umræðu hér í fyrra og nefndin sendi till. til umsagnar m.a. til Jafnréttisráðs, sem á fundi sínum 3. maí sl. fjallaði um þessa tillögu, og er þessi umsögn Jafnréttisráðs birt sem fskj. með tillögunni. Ég vil vísa á kjarnann í þeirri umsögn sem kemur fram í upphafi þar sem segir: „Jafnréttisráð telur framkomna þáltill. mjög mikilvæga og tekur heils hugar undir bæði þáltill. og grg. tillögunnar." Fleira segir þar um þessi efni af hálfu Jafnréttisráðs og allt er það jákvætt varðandi það mál sem ég mæli hér fyrir.

Hafi tillöguflutningur eins og þessi verið tímabær í fyrra eða fyrr á þessu ári, þá hefur ekkert dregið úr þýðingu þess að tekið sé á málum varðandi stöðu kvenna á vinnumarkaði, m.a. með þeim hætti sem ég mæli hér fyrir. Ég vísa til þess sem altalað er í samfélaginu að nú þrengir að í störfum. Fyrirtæki eru að fækka við sig starfandi fólki. Það er samdráttur í þjóðfélaginu, sumir tala um kreppu fram undan. Á hverjum halda menn að slík kreppa muni bitna ef litið er til stöðu kynjanna á vinnumarkaði? Ég hygg að það vefjist tæpast fyrir mönnum að svara þeirri spurningu.

Verkefni jafnréttisráðgjafa eru hins vegar ekki þau ein að bregðast við slíkum teiknum, heldur almennt að bæta stöðu kvenna á vinnumarkaðinum, sinna þar undirstöðuþáttum til þess að leiðrétta það mikla misvægi sem þar er að finna varðandi hlut kvenna í ábyrgðarstöðum og varðandi launahlut kvenna, svo og fjölmargar hindranir sem konur rekast á í störfum innan fyrirtækja, jafnt hjá almennum vinnumarkaði sem hjá hinu opinbera, ríki og sveitarfélögum.

Í grg. með þessari till. er vísað til nokkurra fyrirhugaðra verkefna jafnréttisráðgjafanna, eins og við flm. sjáum þau, til að ná fram leiðréttingu á stöðu kvenna. Þar er upp talið, með leyfi virðulegs forseta:

Söfnun upplýsinga um hindranir í vegi jafnréttis og aukinna áhrifa kvenna á vinnumarkaði.

Aðstoð við starfsmenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana við að móta og fylgja eftir áætlunum um jafnréttisaðgerðir.

Upplýsinga- og skipulagsstörf þar sem m.a. verði miðlað reynslu milli fyrirtækja og stofnana um aðgerðir í jafnréttismálum svo og vitneskju erlendis frá.

Stuðningur við mótun og framkvæmd sérstakra verkefna á vegum stofnana og fyrirtækja sem miða að því að bæta stöðu kvenna.

Fræðslu- og útgáfustarfsemi um jafnréttismál og vinnumarkaðinn.

Samvinna og tengsl við starfsmannafélög, verkalýðsfélög, atvinnurekendur, ráðuneyti og ríkisstofnanir svo og sveitarfélög um aðgerðir til að bæta stöðu kvenna.

Hvatning til stærri fyrirtækja og stofnana um að koma upp jafnréttisráðgjöf á eigin vegum.

Menn munu spyrja: Er líklegt að þrír jafnréttisráðgjafar muni fá miklu áorkað í þeim mörgu þáttum sem hér eru upp taldir? Það er rétt að þeir þyrftu að vera fleiri. En hér er ekki lagt meira undir en svo að tímabundið verði ráðnir þrír ráðgjafar til þessara verka til þess að safna reynslu af slíkri skipan mála þótt jákvæð reynsla á þessu sviði liggi fyrir hjá öllum hinum Norðurlöndunum, a.m.k. í Svíþjóð, Noregi og Danmörku. Finnar hafa einnig sinnt þessum málum en með nokkuð öðrum hætti, en þeir eru nú einnig að taka upp ekki ósvipað fyrirkomulag og gilt hefur í meira en áratug á hinum Norðurlöndunum.

Í umræðu um þetta mál greindi ég frá því nánar en gert er í grg. hvernig að þessum málum er staðið erlendis, á hinum Norðurlöndunum, ekki síst í Noregi. Þar liggur fyrir dýrmæt og jákvæð reynsla af starfi jafnréttisráðgjafa og þar hefur framkvæmdarvaldið fylgt eftir lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla með allt öðrum og skilvirkari hætti en liggur fyrir hér á landi. Ég ætla ekki að fara að rekja þessi efni hér nú, en vísa til þess sem fram kom í umræðu 22. mars á þessu ári um þetta mál.

Þá vil ég benda á það að vísir að starfi í þessa átt hefur farið fram í hinu samnorræna verkefni sem gengur undir heitinu „Bryt" eða „Brjótum múrana" og hefur miðstöð sína á Akureyri. Þar er sérstaklega um það að ræða að auka breidd í atvinnuþátttöku kvenna, auðvelda konum að leita inn á ný svið í atvinnulífi. Veruleg reynsla hefur safnast af þessu verkefni og hliðstæðri starfsemi á hinum Norðurlöndunum sem er rekin undir sameiginlegri verkefnisstjórn.

Varðandi þessa áherslu, að breikka atvinnuþátttöku kvenna, tek ég undir þá gagnrýni sem heyrst hefur um það að slíkt leysi engan veginn allan vanda. Það liggur raunar fyrir á hinum Norðurlöndunum að menn hafa ekki náð að leggja grunninn að því verkefni með þeim hætti sem líklegt væri til verulegs árangurs. Þess vegna hefur vinna í þessa átt og áherslur þar að lútandi tekið breytingum á hinum Norðurlöndunum. Menn hafa áttað sig á að það þarf djúpstæðari breytingar en áróðurinn einan og hvatningu til kvenna til að leita inn á ný svið. Það þarf að bæta aðstöðu þeirra í fyrirtækjunum. Það þarf að breyta viðhorfum. Það þarf að taka á þessum málum í skólakerfinu og með skipulegum hætti innan stofnana og fyrirtækja.

Norræna verkefninu „Bryt" lýkur í lok næsta árs. Það er hins vegar samdóma álit þeirra sem fylgst hafa með því verki að æskilegt sé að þar verði framhald á. Starf jafnréttisráðgjafa eins og hér er lagt til væru skynsamleg tengsl við þetta verkefni þó svo að við hugsum verkefni jafnréttisráðgjafanna mun víðtækara en kemur fram í starfi verkefnisins „Brjótum múrana". Af opinberri hálfu hefur þó verið kostað svolitlu fjármagni til þessa verkefnis þannig að ekki er eingöngu um aukningu á fjármagni af opinberri hálfu að ræða nema þá í byrjun, en ég legg áherslu á það að Alþingi taki afstöðu til þessa máls, sem á að vera þinginu allvel kunnugt þar sem það hefur verið rætt hér á fyrra þingi, fyrir áramót þannig að það megi tengja afstöðu þingsins við afgreiðslu fjárlaga og koma þessum málum á skrið þegar á næsta ári.

Ég ætla ekki, virðulegur forseti, að orðlengja þetta hér þó freistandi væri að bæta við marghátturðum upplýsingum sem þessu máli tengjast, svo og upplýsingum sem fram hafa komið nýlega hérlendis um stöðu kvenna á vinnumarkaði og þróun í þá átt. Ég vænti þess að þingið sjái sér fært og félmn. Sþ., sem ég legg til að fái málið til meðferðar, sjái sér fært að taka afstöðu til þess nú á næstu vikum þannig að vilji þingsins liggi fyrir áður en fjárlög verða afgreidd.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Við kvennalistakonur styðjum þá till. til þál. sem hér er til umræðu og er ég einn af meðflm. till.

Þrátt fyrir umræðu liðinna ára um jafnrétti karla og kvenna hefur ótrúlega lítið þokast í átt til jafnstöðu. Árið 1915 fengu konur kosningarrétt og bundu margir vonir við að með því væri stigið stórt skref í átt til jafnréttis, en 60 árum síðar var talin nauðsyn á að setja lög um jafnrétti kynjanna. En hefur staða kvenna eitthvað batnað frá setningu jafnréttislaga? Því miður blasa staðreyndirnar við í niðurstöðum kannana og í skýrslum. Það er ekki nóg að hafa sama lagalegan rétt ef ekkert er gert til að farið sé eftir þeim lögum sem í gildi eru.

Margir halda því fram að konur hafi jafnan rétt á við karla og það sé konum einum að kenna að þær hafi ekki náð lengra. Þeir hinir sömu telja að ekkert frekar þurfi að gera varðandi kvenréttindi, nú sé nóg komið. Við höfum kvenforseta, m.a.s. eina konu í ráðherrastóli og nú er kona orðin forseti Sþ. Hvað viljið þið meira? Ef ég lít til baka finnst mér ótrúlega lítið hafa áunnist. Staða kvenna hefur breyst mikið en ég efast um að hún hafi breyst neitt verulega umfram þær heildarbreytingar sem hafa orðið í þjóðfélaginu. Þrátt fyrir öll lög eru konur enn með lægstu launin. Enn bera konur ábyrgð á börnum og fjölskyldu. Og enn hafa karlar ekki tekið á sig þann hluta ábyrgðarinnar sem ætti að leggjast á þeirra

herðar vegna aukinnar atvinnuþátttöku kvenna. Það er jafnvel svo að í nafni jafnréttis hafa konur þurft að fórna hluta af sínum réttindum til karla án þess að karlar hafi þurft að láta nokkuð í staðinn.

Undanfarin ár hafa æ fleiri gert sér grein fyrir því jákvæða í reynslu, menningu og viðhorfum kvenna og mikilvægi þess að viðhorf kvenna verði stefnumótandi afl í þjóðfélaginu. Á þetta sérstaklega við okkur konurnar sem vorum hér fyrr á árum ákaflega bundnar af því jafnrétti sem fólst í því að konur fengju að vera eins og karlar. Margir, og þá sérstaklega karlar en einnig margar konur, eru enn ekki búnir að átta sig á þessu. Ekki alls fyrir löngu sagði t.d. einn ráðherrann í dagblaði um eina stjórnmálakonu, um leið og hann hrósaði henni fyrir dugnað, að hún væri karlmannsígildi. En hvað er karlmannsígildi? Er það e.t.v. lausn fyrir konur að vera metnar sem karlmannsígildi? Nægir það til að ná svokölluðu jafnrétti? Nei, svo sannarlega ekki. Konur vilja láta meta sig á eigin forsendum en ekki á forsendum karla. Við þurfum að nota allar leiðir til að ná settu marki, jafnri stöðu karla og kvenna.

Eins og fram kom í máli frsm. hefur reynslan af starfi jafnréttisráðgjafa á Norðurlöndum gefið góða raun. Ég tel því fyllstu ástæðu til að reyna þessa leið ásamt öðru til að auka rétt kvenna. Með samþykkt þessarar till. tökum við e.t.v. eitt lítið skref í átt að því markmiði sem við vinnum að.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Mig langar að lýsa yfir stuðningi við till., enda er ég einn af flm. Ég vil sérstaklega taka undir það með hv. 1. flm. og frsm. varðandi mótun þessa starfs sem jafnréttisráðgjafar munu inna af hendi að það er mjög mikilvægt að það verði mótað af þeirri ráðgjafarnefnd og þeim verkefnisstjóra sem stjórnað hefur verkefninu „Brjótum múrana“ og sem getið er um í grg. Þar tel ég að hafi fengist dýrmæt reynsla sem mundi nýtast þeim starfsmönnum sem ráðnir yrðu til þessa mikilvæga starfs sem hér um ræðir.

Eins og fram kom einnig hjá frsm. þá verður þessu verkefni, „Brjótum múrana“, senn lokið. Það er ekki nema rúmlega ár eftir af því tímabili sem því var ætlað að starfa, sem var fjögur ár, og þess vegna er áríðandi, eins og kom fram hjá mér í upphafi, til þess að ráðgjafarnefndin og verkefnisstjórinn geti mótað þetta starf, að þessu máli verði flýtt.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég vil þakka þær ábendingar sem fram komu frá samflutningsmönnum mínum að þessu máli, hv. þm. Kristínu Einarsdóttur og Valgerði Sverrisdóttur, og taka undir það sem fram kom hjá þeim. Ég vísa til þess sérstaklega í sambandi við hugmyndir um verksvið fyrir umrædda jafnréttisráðgjafa. Eitt af því er að styðja mótun og framkvæmd sérstakra verkefna á vegum stofnana og fyrirtækja sem miða að því að bæta stöðu kvenna. En í 3. gr. laga frá 1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, er gert ráð fyrir slíkum sérstökum tímabundnum aðgerðum. Því miður hefur afar lítið farið fyrir því að þessi lagaákvæði í nefndum lögum væru notuð til þess að reyna að leiðrétta eitthvað af því sem á hallar í sambandi við hlut kvenna á vinnumarkaði.

Ég minni á staðreyndir sem fyrir liggja um launamál kvenna og nýlega hafa komið fram frá framkvæmdanefnd um launamál kvenna sem sendi þær til alþm. með bréfi 30. sept. 1988, en það er bæklingur þar sem dregnar eru saman nokkrar meginstaðreyndir um þessi mál og hvernig þau hafa þróast á tímabilinu frá 1960 til 1985 og sérstaklega þó á síðustu árum. Þar kemur fram það sem ég vék að um hina hrikalegu mismunun sem við blasir á fjölmörgum sviðum á vinnumarkaði þegar litið er til kvenna sérstaklega í samanburði við hlut karla.

Ég sé ástæðu til þess, virðulegur forseti, að koma því hér að að Jafnréttisráð hefur nýlega sent frá sér niðurstöður úr þrenns konar athugunum varðandi hlut kvenna og borið saman stöðuna 1985 annars vegar og 1987 hins vegar. Þar er um að ræða hlut kvenna í nefndum, stjórnum og ráðum á vegum hins opinbera. Hver skyldi nú hafa verið þróunin í þeim efnum? Þar blasir það við á heildina litið að heildarfjöldi þeirra sem hafa verið kosnir eða skipaðir í opinber ráð og nefndir er 2382. Þar af er fjöldi karla 2067 eða 88,8% og fjöldi kvenna aðeins 261 eða 11,2%. Hvernig ætli þetta líti út þegar litið er til ársins 1985? Þá var hlutfallið 12% en ekki 11,2% þannig að hér hefur þróunin verið í öfuga átt svo nemur 1% á þessu tímabili. Hefur þó hlutur kvenna aðeins skánað hér á Alþingi á þeim tíma sem síðan er liðinn. En þessa gætir ekki þegar litið er til skipana og hver hlutur kvenna er í nefndum, stjórnum og ráðum.

Einnig hefur verið athugað hvernig þróunin hefur verið varðandi stjórnunar- og ábyrgðarstöður á aðalskrifstofum ráðuneyta. Þar hefur þróunin verið í rétta átt. Hlutur kvenna í stjórnunar- og ábyrgðarstörfum á aðalskrifstofum ráðuneyta var 24% í sambærilegri athugun 1985, en um mitt ár 1987 var hann orðinn 32%. Þar er því nokkur aukning. Ef litið er til hlutfallanna í stjórnunar- og ábyrgðarstöðum hjá nokkrum opinberum stofnunum þá hefur það gerst að hlutur kvenna, að vísu ekki í sömu stofnunum að öllu leyti, var 1985 um 13%, en var orðinn um mitt ár 1987 27%, þannig að þó í þessari athugun sé ekki um sambærilegar tölur að ræða að öllu leyti þá er þarna þó veruleg breyting til bóta.

Ég vísa hins vegar til þeirra breytinga sem virðast blasa við á vinnumarkaði. Þar þrengir að. Það þrengir að fyrirtækjum í landinu, af ástæðum sem ég ætla ekki að ræða hér, og á hverjum halda menn að það muni bitna? Ég tala nú ekki um ef þau viðhorf væru ráðandi að konurnar ættu fremur heima inni á heimilunum heldur en úti á vinnumarkaðnum, viðhorf sem enn má heyra í máli áhrifamanna í landinu.

Ég vænti þess, virðulegur forseti, að þó að þessi till. snerti aðeins einn þátt þessara mála þá fái hún

þá afgreiðslu sem sjálfsögð er að mínu mati og okkar flm., hún fái stuðning hér og að sá kostnaður, sem af henni mun hljótast, verði talinn viðráðanlegur þrátt fyrir þær þrengingar sem við blasa í sambandi við fjárlagagerð.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til félmn. með 35 shlj. atkv.

Gjafsóknarreglur, fyrri umr.

Þáltill. FÞ, 25. mál. — Þskj. 25.

Flm. (Friðjón Þórðarson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 25 hef ég leyft mér að flytja till. til þál. um gjafsóknarreglur. Till. er þess efnis að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða ákvæði laga um gjafsókn í ljósi fenginnar reynslu með það fyrir augum að auðvelda efnalitlu fólki að ná rétti sínum að lögum.

Samhljóða till. var flutt á síðasta Alþingi, 452. mál, en kom ekki til umræðu.

Ég mun nú fylgja þessari till. úr hlaði með nokkrum orðum.

Íslenskt þjóðskipulag er reist á þeirri meginforsendu að allir skuli vera jafnir fyrir lögunum. Þessi regla er að vísu hvergi skráð berum orðum í stjórnarskránni, en segja má að andi hennar svífi yfir vötnunum. Það mun og mála sannast að óvíða hafi löggjöf verið færð svo mjög til samræmis við þessa jafnréttisreglu og hér á landi.

Á hinn bóginn getur aðstaða manna til að ná rétti sínum verið mjög misjöfn. Það fer eftir efnum og ástæðum og ýmsum atvikum. En öll réttarríki, sem vilja kenna sig við menningu og mannúð, hljóta að leggja kapp á að styðja þegna sína til sjálfsbjargar og gera þeim kleift að ná rétti sínum og njóta hans.

Um gjafsókn er fjallað í XI. kafla laga nr. 85 frá 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði. Þar er orðið gjafsókn notað bæði um gjafsókn og gjafvörn. Þar segir m.a. að dómsmálaráðuneytið veiti gjafsókn. Athuga skuli málstað umsækjanda eftir föngum áður en gjafsókn er veitt. Gjafsókn megi m.a. veita kirkjum, skólum og sjúkrahúsum og stofnunum sem hafa að markmiði umönnun sjúkra og aðra mannúðar- og líknarstarfsemi; enn fremur einstökum mönnum sem eru svo illa staðir fjárhagslega að þeir mega ekki án þess fjár vera frá framfærslu sinni eða sinna, eða frá atvinnurekstri sínum, er fara mundi til málsins.

Nokkrum ákvæðum einkamálalaganna hefur verið breytt og önnur hafa verið í endurskoðun. En að meginstofni til eru þau rúmlega hálfrar aldar gömul. Þau hafa dugað vel, en eðli laga er að breytast með breyttum tímum því að löggjöf öll ber „keim og eim síns aldarfars". Hún er barn síns tíma. Engum lögum á þó að breyta breytinganna vegna heldur aðeins ef ný viðhorf og nýjar þarfir krefjast þess.

Nú á tímum er fjöldi nýrra laga settur á hverju Alþingi. Mörg þeirra hafa að geyma boð og bönn í ýmsar áttir. Þau eru misjafnlega úr garði gerð svo sem verða vill. Löggjöf landsins er orðin mikil að vöxtum. Það er ekki heiglum hent að kunna þar skil á hverjum hlut. Ekki stoðar heldur að bera fyrir sig vankunnáttu í lögum sem á annað borð eru sett og birt á löglegan máta, þau verða yfir alla að ganga. En það er hægt að veita ýmsar upplýsingar og fræðslu um löggjöf þá sem í gildi er á hverjum tíma og það er unnt að gera á margvíslegan hátt. Hver er réttur þinn? Þeirri spurningu er m.a. reynt að svara í handbókum, formálabókum og á fleiri vegu. Að sjálfsögðu er til fjöldi lögmanna sem leita má til um hvers konar upplýsingar á sviði laga og réttar, en slík öflun fræðslu er yfirleitt nokkuð dýrkeypt, ef svo má segja, eða utan seilingar hins venjulega manns nema mikið liggi við. Þess vegna hygg ég að flest réttarríki leggi kapp á að veita þegnum sínum fræðslu og aðstoð í þessum efnum. Það er hægt að gera eftir ýmsum leiðum. Ekki endilega með því að auka ríkisbáknið svokallaða og útgjöld að sama skapi, heldur með því að rifja upp þau úrræði sem við höfum þegar yfir að ráða og bæta um betur þar sem skórinn kreppir.

Ég vil leyfa mér að nefna nokkur atriði sem öll vita í sömu átt að þessu leyti þó að þeirra sé ekki sérstaklega getið í heiti eða yfirskrift þeirrar till. til þál. sem hér um ræðir. Vel fer á því að mínum dómi að í dómsmrn. starfi sérstakur upplýsingafulltrúi sem leiðbeint getur fólki og gefið því góð ráð um hvernig það fái náð rétti sínum með skjótum og öruggum hætti svo sem var um skeið a.m.k. og þar áður sérstakur umboðsfulltrúi. Að sjálfsögðu leggur ráðherra sjálfur ásamt öllu starfsfólki ráðuneytisins kapp á að greiða götu manna eftir föngum. Svipað má sjálfsagt segja um önnur ráðuneyti, hvert á sínu sviði, aðra embættismenn og starfsmenn hins opinbera þó að ekki verði gert að sérstöku umtalsefni í þessu sambandi.

En ég ætla að leyfa mér að taka nokkur dæmi um opinbera starfsmenn sem vinna beint eða óbeint á vegum dómsmrn. um allt land og hafa ýmsum störfum að gegna af þessu tagi: Ég nefni fyrst lögreglumenn. Hlutverk þeirra er að halda uppi lögum og reglu en jafnframt að „greiða götu manna þar sem það á við" eins og segir í lögunum. Þetta á að vera eitt af meginboðorðum löggæslumanna og er snar þáttur í störfum þeirra þar sem ég þekki til a.m.k.

Sýslumenn, bæjarfógetar og sérstakir lögreglustjórar starfa hver á sínum vettvangi um allt land (í Reykjavík: borgardómari, borgarfógeti, sakadómari, lögreglustjóri, tollstjóri, svo og Rannsóknarlögregla ríkisins o.s.frv.) Þessi embætti eru ákaflega mikilvægar stofnanir að því leyti að þau

veita landsmönnum afar þýðingarmikla þjónustu og miðla hagnýtum upplýsingum til þeirra sem þangað leita til þess að reka réttar síns á einn eða annan veg. Þessi þjónusta er ýmist lögbundin (leiðbeiningarskylda) eða veitt af fúsum og frjálsum vilja. Um embættin úti á landsbyggðinni hefur verið sagt að þau væru eins konar lögfræðilegar tryggingastofnanir fyrir fólkið sem þangað leitar með vandamál sín, smá og stór, og að sjálfsögðu eru þau jafnframt raunverulegur hluti af Tryggingastofnun ríkisins þar sem sýslumenn og bæjarfógetar hafa frá öndverðu verið umboðsmenn þeirrar merku stofnunar hver á sínum stað og eiga því auðvelt með að fræða fólk um allt sem lýtur að almannatryggingum.

Samkvæmt lögum nr. 13/1987 hefur Alþingi nýlega kosið sérstakan umboðsmann. Hlutverk hans á að vera að kappkosta að tryggja góða opinbera stjórnsýslu. Hann á að sjá um að stjórnvöld beiti ekki nokkurn mann rangindum. Það er m.ö.o. réttaröryggi þegnsins, einstaklingsins, sem umboðsmaður skal gera sér far um að tryggja sem best. Það er vandasamt verk að móta þetta nýja starf, en tvennt verður þar að hafa í huga að mínum dómi. Í fyrsta lagi að hér verði ekki um of viðamikið og kostnaðarsamt bákn að ræða. Í annan stað að hinn nýi embættismaður fái næga fjárveitingu til þess að lögin megi ná tilgangi sínum og geti orðið skjöldur og skjól þegnanna.

Loks vil ég nefna lögfræðiþjónustu Orators við almenning. Árum saman hefur Orator, félag lögfræðinema við Háskóla Íslands, boðið almenningi upp á ókeypis lögfræðilega aðstoð um tíma á hverjum vetri. Í þessu skyni hefur félagið fengið nokkurn styrk af opinberu fé. Leiðbeiningarþjónusta laganema við almenning er mjög svo virðingarverð. Hún er í senn skóli fyrir þá sjálfa þar sem þeir geta séð svipmyndir af raunhæfum verkefnum sem þeirra bíða í lífinu sjálfu, svo og aðstoð og hjálp við hinn almenna borgara sem öllum er hollt að veita liðsinni eftir bestu getu.

Þessi dæmi sem nefnd hafa verið hér eiga það þó öll sameiginlegt að það kostar allmikið fé að framkvæma þau á þann veg að heitið geti góð þjónusta við almenning í landinu. Það er ekki nóg að setja saman góða löggjöf ef efni skortir til að framkvæma hana svo sem vera ber. En við verðum að horfast í augu við þá staðreynd að það er dýrt að reka fámennt þjóðfélag af fullri reisn því að „margs þarf búið við" eins og mælt var forðum daga.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þessa tillögu á þessu stigi, en vil leyfa mér að óska þess að henni verði að lokinni þessari umræðu vísað til síðari umr. og hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til allshn. með 37 shlj. atkv.

Íslenska skjaldarmerkið á Alþingishúsinu, fyrri umr.

Þáltill. ÁrnG, 30. mál. — Þskj. 30.

Flm. (Árni Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér till. til þál. um að íslenska skjaldarmerkinu frá 1944 ásamt skjaldberum verði komið fyrir á Alþingishúsinu í stað merkis Kristjáns konungs níunda. Í tillgr. segir á þessa leið, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela forsetum þingsins að láta taka niður merki Kristjáns níunda Danakonungs, sem nú er á norðurhlið Alþingishússins, og láta koma þar fyrir íslenska skjaldarmerkinu frá 1944 ásamt skjaldberum: griðungi, bergrisa, gammi og dreka."

Í greinargerð segir á þessa leið og ég les hana með leyfi forseta:

„Á undanförnum árum og áratugum hafa nokkrir alþingismenn og fleiri látið í ljós þá skoðun sína að eðlilegt væri að hið fagra og löggilta skjaldarmerki þjóðarinnar frá 1944 fengi að prýða Alþingishúsið í stað merkis Kristjáns níunda Danakonungs.

Af ýmsum ástæðum hefur ekki verið gerð gangskör að þessum breytingum. Málið hefur reynst viðkvæmt, m.a. vegna sambandsslitanna við Dani, og nefnd hafa verið fagurfræðileg sjónarmið. Einnig hefur sú skoðun komið fram að Íslendingum væri hollt að minnast þess að þeir voru undir erlendum yfirráðum í nærri átta hundruð ár.

Flutningsmaður getur ekki fallist á þessi sjónarmið og telur ekki viðunandi að Alþingi Íslendinga komi saman undir merki erlends konungs. Í þessu felst engin biturð eða illvilji í garð dönsku krúnunnar eða dönsku þjóðarinnar yfirleitt, enda munu Danir láta sér í léttu rúmi liggja hvort merki Kristjáns konungs níunda er á Alþingishúsi Íslendinga eða ekki. En Alþingi á ekki að láta sér á sama standa. Það getur varla verið keppikefli æðstu stofnunar sjálfstæðrar þjóðar að hafa valdsmerki erlends konungs á húsi sínu.

Því hefur einnig verið borið við að húsafriðunarlög komi í veg fyrir þessar breytingar. Þetta er ekki rétt. Þótt Alþingishúsið sé í A-flokki friðaðra húsa er ekkert sem kemur í veg fyrir þessa breytingu sé hún gerð í samráði við og með samþykki húsafriðunarnefndar.

Í grein, sem birtist í Morgunblaðinu 28. jan. 1987 og er eftir Þorstein Halldórsson skjaldarmerkjafræðing, segir m.a.:

„Á Alþingishúsinu héngu frá upphafi (1881) tvö skjaldarmerki, þ.e. hið íslenska: silfraður, krýndur, flattur þorskur á rauðum grunni og hið danska: þrjú krýnd blá ljón á gulum feldi með rauðum hjörtum. Voru merkin á framhlið hússins, sitt hvoru megin fyrir ofan svalagluggana. Krýndi þorskurinn var

tekinn niður árið 1904 og nýtt skjaldarmerki sett í hans stað: silfraður fálki á bláum grunni. Árið 1911 voru bæði merkin tekin niður og síðan hefur ekkert skjaldarmerki hangið utan á Alþingishúsinu."

Þessar upplýsingar leiða hugann að því að alþingismönnum hefur fyrr á árum ekki þótt við hæfi að hafa eingöngu merki Kristjáns níunda á húsinu. Kanna mætti hvort ekki væri unnt að koma íslenska skjaldarmerkinu fyrir t.d. á svölum Alþingishússins ef mikil andstaða er við að fjarlægja merki Kristjáns níunda, sem þó verður að teljast ólíklegt.

Flutningsmaður telur fyllilega tímabært að Alþingi afgreiði þetta mál á þessu þingi."

Virðulegi forseti. Þetta var greinargerðin með þessari tillögu. Ég vil aðeins bæta því við að í umræðum síðustu daga, m.a. út af hvalamálum, hefur mikið verið rætt um sjálfsákvörðunarrétt, þjóðernistilfinningu, þjóðarstolt eða þjóðrembu eftir atvikum. Ég hygg að þeir menn, sem á þann hátt hafa talað, ættu að styðja hugmyndina um það að við fjarlægðum merki dansks konungs af æðstu stofnun þjóðarinnar og kæmum upp í staðinn löggiltu skjaldarmerki lýðveldisins Íslands.

Ég vil, virðulegi forseti, ef mikil andstaða er við það að fjarlægja merki Kristjáns níunda Danakonungs, beina því til virðulegs forseta, sem er æðstur meðal forseta þessarar virðulegu stofnunar, að gangskör verði gerð að því að koma skjaldarmerki lýðveldisins fyrir á svölum þinghússins, stóru fallegu skjaldarmerki sem sjáist greinilega víða að þannig að engum blandist hugur um að þetta er hús hinnar íslensku þjóðar. Mér finnst í sambandi við þetta rétt að taka það fram að Íslendingar, upp til hópa, nota hvorki skjaldarmerki né fána eins mikið og aðrar þjóðir gera sem hafa ríka tilfinningu fyrir sínu þjóðerni og það stolt sem þarf að hafa til þess að nota þessi einkennismerki þjóðarinnar.

Ég vænti þess að þessi tillaga geti hreyft eitthvað við þessu máli þó ekki væri til annars en að við hugleiddum hvort við gætum ekki notað hið fagra skjaldarmerki okkar á þinghúsið þannig að það sjáist greinilega og skýrt. Um þetta mál hef ég ekki fleira að segja, virðulegi forseti, en legg til að að lokinni umræðu verði málinu vísað til hv. allshn.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Mér þykir rétt að segja nokkur orð um þessa þáltill. hv. 3. þm. Norðurl. e. Þar er lagt til að fjarlægð verði kóróna og fangamark Kristjáns konungs níunda af Alþingishúsinu og komið þar fyrir skjaldarmerkinu frá 1944.

Hér er um harla óvenjulega þáltill. að ræða svo að ekki sé meira sagt. Það er ekki venja að þingið álykti um breytingar sem varða Alþingishúsið sjálft. Samkvæmt þingsköpum hafa forsetar umsjón með eignum þess. Forsetar ákveða framkvæmdir við húsið og þá í samráði við þingflokka og húsfriðunarnefnd þegar sérstakt tilefni er til. Stundum koma fram hugmyndir um breytingar frá einstökum þm.

Ýmislegt hefur verið gert fyrir Alþingishúsið á undanförnum árum svo að ekki sé farið langt aftur í tímann og þarf ekki að tíunda það hér. En það skal tekið fram að hv. 3. þm. Norðurl. e., flm. þessarar tillögu, hefur aldrei fært í tal við forseta þingsins þetta áhugamál sitt að fjarlægja kórónuna. Mér er spurn hvort hv. þm. hafi haft samþykki síns þingflokks og haft samráð við húsfriðunarnefnd um þennan tillöguflutning sinn. (**ÁrnG:** Ég er einn flm.) Það skal tekið fram að forsetar þingsins ákváðu fyrr á þessu ári að láta fara fram vandlega athugun á ásigkomulagi þessa minnismerkis með tilliti til viðhalds þess og það verk stendur nú yfir.

Þegar þáltill., sem við nú ræðum, kemur fram rís sú spurning hvort eigi að fjarlægja kórónuna. Ég ætla að hv. þm., flm. tillögunnar, eigi sér fáa skoðanabræður um að svo sé rétt að gera. Í verki hefur þessari skoðun verið algjörlega hafnað með því að láta þetta minnismerki standa óhaggað frá 1944. Það er ekki vegna þess að það hafi gleymst eða verið vanrækt að fjarlægja merkið. Það er vegna þess að menn hafi talið rétt að merkið stæði á sínum stað og það er engin tilviljun.

Mér þykir fara vel á að vitna til greinar í Morgunblaðinu frá 16. síðasta mánaðar sem rituð er af Þór Magnússyni þjóðminjaverði í tilefni af þeirri hugmynd að fjarlægja kórónuna. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingishúsið er friðlýst samkvæmt lögum sem Alþingi sjálft setti, enda er það hús eitt merkasta byggingarsögulega minnismerki landsins og verða menn að taka því að það skuli teiknað af dönskum arkitekt og byggt af dönskum múrarameistara. Friðun þess þýðir að húsinu skuli ekki breytt að ófyrirsynju, enda hefur þess verið gætt í seinni tíð að halda því sem best við og í sinni réttu og upphaflegu mynd, ytra sem innra. Færi Alþingi nú í fljótræði að svipta húsið þessu sögulega minnismerki væri framið mikið óhæfuverk og slíkt eru aðrar þjóðir löngu hættar að gera. Mundi þá fleira geta komið á eftir og mætti ætla að skjaldarmerkinu á safnahúsinu með kórónunni yrði þar næst lógað og síðan kynni mönnum að detta í hug að mátulegra væri að setja styttu af einhverjum stjórnmálamanni sem getið hefði sér orð framan við Stjórnarráðið í stað styttunnar af Kristjáni konungi níunda."

Ég á ekki von á að minnismerkið gamla verði fjarlægt af Alþingishúsinu. Til þess eru hv. alþm. nógu víðsýnir og minnimáttarkenndin gagnvart Dönum er löngu farin veg allrar veraldar. Við megum heldur ekki gleyma að Kristján níundi var ekki einungis konungur Danmerkur, hann var konungur Íslands einnig.

Við hljótum að vera menn til þess að varðveita sögulegar minjar og friðhelgi okkar fagra Alþingishúss. Mér skildist raunar í lokaorðum hv. 3. þm. Norðurl. e. að hann hefði sjálfur enga trú á því að þessi tillaga hans næði fram að ganga.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Vegna fyrirspurnar hv. 4. þm.

Vestf. held ég að það sé rétt að fram komi að ég minnist þess ekki að till. hafi borið á góma í þingflokki Alþfl. Það má vel vera að þar hafi verið sagt frá henni, enda skiptir það engu höfuðmáli því að auðvitað hefur hver þm. fullan rétt til að flytja þau mál sem samviska hans býður.

Mér þótti hins vegar vænt um að heyra hv. 4. þm. Vestf. og fyrrv. forseta Sþ. segja frá því að forsetar þingsins hefðu á sínum tíma gert ráðstafanir til að láta lagfæra merki Kristjáns IX. hér á þinghúsinu og það þykir mér góð og skynsamleg ákvörðun. Mér finnst hins vegar að till., sem hér um ræðir, hefði gjarnan mátt vera óflutt vegna þess að mér finnst þetta — og það er bara mín persónulega skoðun — ekki mjög skynsamleg tillaga vegna þess að ég sé í rauninni ekki hvert þetta mundi leiða okkur. Ég hygg að þetta mundi leiða okkur í hinar mestu ógöngur. Ef við ætlum að fara að afmá söguleg minnismerki af byggingum erum við í rauninni að hrófla við okkar menningararfi og þjóðarsögu. Ég veit að þetta er sums staðar gert, en það þykir mér ekki vera til neinnar sérstakrar fyrirmyndar og ég hugsa að flestir hv. þm. geti tekið undir það.

Ég veit ekki hvort menn hafa tekið eftir því að á Dómkirkjunni hér við hliðina er vindhani, efst á honum er gullin kóróna og ártalið 1847. Það má auðvitað spyrja sem svo: Er það ekki óviðurkvæmilegt að við þm. skulum ganga til guðsþjónustu undir danskri kórónu, eins og við gerum á hverjum þingsetningardegi. Mér finnst hins vegar ekkert athugavert við það. Það hefur verið minnst hér á styttu Danakonungs fyrir utan Stjórnarráðið sem *stendur fyrir utan skrifstofuglugga forseta Íslands.* Mér finnst heldur ekkert athugavert við það. Þetta er partur af okkar þjóðarsögu, hlutir sem við eigum ekki og höfum ekki gagnvart komandi kynslóðum minnsta leyfi til að breyta. Mig langar til að ljúka þessum fáu orðum með því að lýsa því yfir að ég er ósamþykkur efni þessarar till. í öllum atriðum og vitna til orða danska rithöfundarins Johannes V. Jensen, það er nú kannski ekki alveg orðrétt tilvitnun, en hann segir einhvers staðar: „Det folk som ikke medbringer noget gods fra fortiden har heller ingen fragt til fremtiden.“ Og það er töluvert til í því.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Hún féll kannski alveg saman við þá umræðu sem hér fer fram, vitnun hv. síðasta ræðumanns. Hann vitnar hér á hv. Alþingi á danska tungu og hefur ekki fyrir því að breyta því í íslenskt mál. Ég held að einmitt þessi hlutur sé tengdur því sem við erum að ræða um hér, að vera með danska kórónu á Alþingishúsi Íslendinga. Mér finnst þessi till. vera orð í tíma töluð og vel flutt hér inni á hv. Alþingi. Ég held að það sé alveg fráleitt að jafna öðrum minjum hér á landi við þetta skilti Danakonungs — ég vil ekki kalla það minnismerki eins og hv. 4. þm. Vestf. sagði. Danskt skilti var sett á þetta hús þegar það var byggt og það er þar enn þá. Ég tel þess vegna að það eigi að fara með það burt og setja íslenska skjaldarmerkið upp. Við erum safnmenn, við Íslendingar viljum gjarnan eiga ýmsa hluti á söfnum, og ég held að þessi gripur væri vel kominn á Þjóðminjasafni Íslendinga, hjá þjóðminjaverði sem leggst svo gegn því að þetta skilti verði afmáð af Alþingishúsi Íslendinga. Það væri gaman að hafa það þar. Gaman að skoða það þar. En það á alls ekki heima á Alþingishúsinu. Og eins og ég sagði áðan, að vera að jafna því við vindhanann á Dómkirkjunni eða ýmsa aðra hluti eins og styttu Friðriks VIII. við Stjórnarráðshúsið er náttúrlega alveg út í hött. Það fer ekkert saman við það að vera með þetta merki hér á Alþingishúsi Íslendinga.

Ég vil þakka hv. flm., Árna Gunnarssyni, fyrir að hafa komið þessu máli inn á hv. Alþingi. Það má vel vera að það fari svo, eins og lá jafnvel í hans orðum, að þetta mál verði ekki samþykkt á þessu þingi. En ég veit að þótt um það hafi ekki verið fjallað hjá forsetum þingsins og ekki borið upp í þingflokki Alþfl. þá hefur þetta þó nokkuð mikinn hljómgrunn meðal almennings í landinu. Ég vænti þess að þó það verði ekki nú þá líði ekki mörg ár þar til forsetar Alþingis eða hv. Alþingi sjálft samþykkir það að þetta skilti verði af tekið.

Flm. (Árni Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þessa umræðu sem hér hefur farið fram og mér þykir bæði þörf og æskileg. Hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson kvartaði undan því að ég hefði ekki nefnt þetta við páv. forseta þingsins. Þessi till. var nefnilega flutt *á síðasta þingi. Ástæðan var afskaplega einföld.* Ég vissi skoðanir þess virðulega forseta Sþ., sem þá var, á þessu máli, þannig að ég taldi tímasóun að ræða það á þeim vettvangi. Þess vegna taldi ég eðlilegt að flytja málið beint inn á Alþingi og heyra hugsanir og skoðanir þingmanna á því hvort við ættum, á löggjafarsamkundu þjóðarinnar, æðstu stofnun þjóðarinnar, að ganga inn í húsið undir dönsku konungsmerki áfram eða undir íslensku skjaldarmerki. Og ég vil segja það við þm. að það er stór munur á því hvort stytta af Danakonungi stendur fyrir framan Stjórnarráðið eða hvort æðsta stofnun þjóðarinnar, þing þjóðarinnar, þar sem fulltrúar þjóðarinnar sitja og ráða ráðum sínum, er merkt dönskum konungi. Það er stór munur á þessu tvennu. Og ég er viss um að ef menn hugsa þetta mál örlítið betur og átta sig á því að við eigum sjálfir fagurt skjaldarmerki, sem við notum allt of lítið, þá munu þeir komast að því að það er að minnsta kosti skynsamlegt að koma hinu fagra skjaldarmerki fyrir á Alþingishúsinu, þó að ég ræði ekki brottflutninginn á því merki sem fyrir er.

Það er vitnað í þjóðminjavörð. Hv. þm. hafa nú ekki alltaf hlustað á það sem þjóðminjavörður hefur sagt. En það er auðvitað gott þegar farið er að vitna í þann ágæta mann og farið að taka mark á orðum hans. Það hefur allt of lítið verið að því gert á hinu háa Alþingi.

Varðandi orð hv. þm. Eiðs Guðnasonar um það að till. hefði gjarnan mátt vera óflutt, læt ég mér það algerlega í léttu rúmi liggja hvað honum finnst um það. Það eru margar till. sem mega vera ófluttar. Ég held að dómur af þessu tagi hafi ekkert að segja inn í þessa umræðu. Hvert þetta leiðir okkur ef þessi ákvörðun yrði tekin, þetta leiðir okkur nákvæmlega ekki að neinu öðru marki en því að fjarlægja merki dansks konungs af þinghúsi Íslendinga. Lengra fer þetta mál ekki.

Virðulegi forseti. Ég hef ekki meira um þetta mál að segja. Ég hefði talið að sú tilfinning fyrir þjóðrækni og þjóðerni væri svo sterk inni á hinu háa Alþingi að till. af þessu tagi fengi verulegan stuðning.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Hæstvirtur forseti. Það er kannski engin ástæða fyrir mig að biðja um orðið því í máli síðasta ræðumanns og hv. 4. þm. Vesturl. komu ekki fram nein ný sjónarmið í þessu máli. Í síðustu orðum hv. flm. kom það fram eins og áður að hann hefur ekki trú á því að þessi þáltill. nái fram að ganga í raun og veru. Það er ekki eðlilegt að menn hafi trú á því, ef það er mikið atriði eins og hv. flm. gat um og ég var að vænta nánari skýringar á, að það væru bein tengsl á milli afstöðunnar til þessa máls sem við núna ræðum og hvalamálsins. Það liggur hjá garði að skýra það nánar. Og það eru heldur veigalítil rök þegar það er uppistaðan í málflutningi hv. 4. þm. Vesturl. að hv. 3. þm. Vesturl. hafi vitnað hér til nokkurra orða á dönsku. Ég held að það standi, það sem hefur verið í verki sjónarmið Alþingis og alþm. allt frá 1944, að láta merkið standa.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til allshn. með 33 shlj. atkv.

Menningarsjóður félagsheimila, fyrri umr.

Þáltill. JK og GGÞ, 32. mál. — Þskj. 32.

Flm. (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. á þskj. 32 um eflingu Menningarsjóðs félagsheimila sem ég flyt ásamt hv. 10. þm. Reykv. Guðmundi G. Þórarinssyni. Tillgr. er á þessa leið: „Alþingi ályktar að efla beri Menningarsjóð félagsheimila og felur menntamálaráðherra að láta fara fram endurskoðun á lagaákvæðum um sjóðinn. Endurskoðunin skal fela það í sér að sjóðurinn geti stuðlað að aukinni menningarstarfsemi á landsbyggðinni og auðveldað þeim menningarstofnunum, sem eiga að þjóna landinu öllu, að gegna því hlutverki sínu. Miða skal við að ný löggjöf um sjóðinn taki gildi á árinu 1989."

Þessi till. er endurflutt, till. sama efnis var flutt á síðasta Alþingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu enda var liðið að lokum þings þegar hún kom fram.

Í grg. segir að núverandi lagaákvæði um Menningarsjóð félagsheimila sé að finna í lögum nr. 107 frá 28. okt. 1970, um félagsheimili. Þá er gert ráð fyrir að í Félagsheimilasjóð renni skemmtanaskattur svo sem segir í lögum um skemmtanaskatt, en 10% af tekjum sjóðsins skuli varið til Menningarsjóðs félagsheimila sem hafi það hlutverk að stuðla að menningarstarfsemi í félagsheimilum. Einnig hefur sjóðurinn heimild til að styrkja menningarstarfsemi utan félagsheimila „ef sérstaklega stendur á", eins og það er orðað í lögunum.

Það er full ástæða til að endurskoða þetta hlutverk Menningarsjóðs félagsheimila með tilliti til breytinga sem orðið hafa í þjóðfélaginu, efla hann og skapa honum grundvöll til að takast á við ný verkefni. Hlutverk félagsheimila í menningarlífi landsmanna hefur breyst og fleiri samastaðir eru nú fyrir menningarstarfsemi svo sem skólar, kirkjur og aðrar byggingar. Það er einnig ástæða til að kanna það sérstaklega með hverjum hætti sjóðurinn getur eflt stuðning við menningarstarfsemi á landsbyggðinni og stuðlað að því að tengja starfsemi menningarstofnana í höfuðborginni, sem eiga að þjóna landinu öllu, betur landsbyggðinni. Það má í þessu sambandi nefna Listasafn Íslands, Sinfóníuhljómsveitina og Þjóðleikhúsið, sem eiga að hafa sérstakar skyldur við að sinna henni. Það má geta þess að tónlistarflutningur Sinfóníuhljómsveitarinnar úti um land á seinni árum hefur mælst mjög vel fyrir. Einnig má geta þess að Listasafnið hefur nú fengið glæsilega aðstöðu hér í höfuðborginni og næsta skref ætti að vera að tengja starfsemi þess betur landsbyggðinni. Þjóðleikhúsið ætti að hafa sérstakar skyldur í þessu efni, en leiksýningar þess úti um landsbyggðina hafa verið takmarkaðar í seinni tíð og geta má þess að þeim hefur jafnvel frekar fækkað heldur en hitt.

Efling Menningarsjóðs félagsheimila gæti létt undir með starfsemi þessara stofnana og er ekki síður nauðsynlegt að sjóðurinn haldi áfram að sinna áhugafólki sem starfar að menningarmálum. Þar er þörfin brýn og mikill áhugi fyrir hendi. Tillgr. kveður á um eflingu sjóðsins sem þýðir að auka verður tekjur hans. Nauðsynlegt er einnig að endurmeta hlutverk sjóðsins og marka honum framtíðarstöðu ekki síst þar sem nú er rætt um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Nauðsyn ber til að sjóðurinn verði öflugur um land allt og óháð því hvað verður ákveðið varðandi byggingu og rekstur félagsheimila í landinu.

Rétt þykir að ráðrúm gefist til endurskoðunar og hugsanlegra lagabreytinga og því er gert ráð fyrir að ný löggjöf um sjóðinn taki gildi á árinu 1989 og ætti þá að gefast ráðrúm til endurskoðunar á hlutverki sjóðsins og marka honum stöðu í framtíðinni.

Ég tel vart ástæðu til að fjölyrða um efni till. og

vísa til rökstuðnings sem liggur fyrir frá síðasta þingi. Ég vil aðeins að lokum undirstrika það að till. felur í sér þann tilgang að ríkið styðji áfram við listflutning af því tagi sem sjóðurinn hefur stutt á undanförnum árum. Tillgr. miðar að því að auka sjálfstæði hans sem sérstaks sjóðs sem styðji þessi verkefni.

Ég vil að lokum mælast til þess að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til hv. allshn.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Svo sem fram hefur komið er sú till., sem hér er til umræðu, endurflutt og var áður borin fram á síðasta þingi. Þá lýsti ég, af hálfu Samtaka um kvennalista, þeirri skoðun að þennan sjóð væri nauðsyn að efla og koma starfsemi hans í markvissara horf.

Í félagsheimilum vítt um land fer fram mikilvæg menningarstarfsemi, bæði fyrir þá sem að henni vinna og fyrir þá sem njóta og ekki síst í dreifbýli. Menningarstarfsemi í félagsheimilum fer fram á margvíslegan hátt, í formi tónlistar, kórastarfsemi, leiklistar, myndlistarsýninga, auk þess sem þar fer fram margháttuð félagsleg starfsemi, sem vissulega er af menningarlegum toga.

Það starf að menningarmálum og listum sem fram fer er því fjölþætt en allt um það skiptist þessi starfsemi þó í tvo þætti, þ.e. heimafengið efni og aðfengið. Heimafengna efnið er að mestu unnið í sjálfboðavinnu þar sem enginn ætlast til launa heldur vinnur fólkið að þeim málum sér til ánægju, lífsfyllingar og þroska. Laun þess eru fyrst og fremst gleði yfir góðu starfi í góðum félagsskap. En því er þó ekki að leyna að oft verður fjárhagslegur halli á slíkri starfsemi og sveitarfélag verður þá að hlaupa undir bagga og stundum af litlum efnum. Aðfengna efnið, hvert sem það er, leikur, söngur, tónlist eða myndlist, er vissulega ekki ómerkari þáttur en kostar oft ærið fé sem aðgangseyrir hrekkur ekki til að greiða og í þeim tilvikum sem ég hef nefnt gegnir Menningarsjóður félagsheimila mikilvægum tilgangi, auk þess sem hann á að vera hvati til ræktar við listir og menningu vítt um land. Og það hefur hann líka verið því hann hefur ótrúlega víða komið við sögu þó af litlum efnum sé því að hann hefur búið við það að framlög til hans hafa sífellt verið skert svo sem verða vill um þá sjóði sem eiga sitt undir mörkuðum tekjustofnum. Því verður að kippa í lag því að hér er hægt að vinna mikið án stórvægilegra fjárútláta, a.m.k. miðað við margt annað. Menningar- og listastarfsemi býr víða við erfið skilyrði úti um land sökum mannfæðar í byggðarlögum og á heimilum og því er fengur að hverju því sem þessum málum má verða að liði og ýtir undir félagastarfsemi og samheldni. Menn þarfnast menningar og lista, fagurra hluta og sköpunar og eigin þátttöku í þessum greinum og tækifæra til að njóta þeirra. Efling landsbyggðar byggir á fleiru en atvinnumöguleikum og efnahag. Hún er ekki síður fólgin í því að búa vel að menntunar- og menningarmálum. Og væri Menningarsjóður félagsheimila efldur og honum skapað víðara verksvið en nú er, eins og rætt er um í grg., er það tvímælalaust til eflingar landsbyggðarinnar og kæmi til styrktar því atvinnu- og áhugafólki sem starfar að menningarmálum um dreifðar byggðir landsins.

Hv. flm. hefur gert góða grein fyrir tilgangi þessa máls og ég kom hér í stól til að lýsa yfir stuðningi við það.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Þetta er gott mál og ber keim af því að það sé flutt þegar við völdin er ríkisstjórn jafnréttis og félagshyggju. En það kom upp úr kafinu að þetta mál hefði verið flutt í fyrra þannig að það er ekki keimur þeirrar ríkisstjórnar sem þá sat af því. Ég kom kannski fyrst og fremst upp til að benda á að svona tillögur eru oft fluttar hér á hv. Alþingi þó að ekki sé mikil meining á bak við þær, jafnvel ágætistillögur eins og þessi, sem ætti ekki að flytja öðruvísi en það sé meining á bak við þær, eru fluttar af stjórnarsinnum sem leyfa sér við aðrar aðgerðir að skerða stórkostlega framlög til þeirra verkefna sem verið er að leggja til að skuli styrkja. Þannig er með þetta mál. Menningarsjóður félagsheimila hefur verið stórkostlega skertur á undanförnum árum einmitt af hv. þm. Framsfl., samþykkt þing eftir þing að Menningarsjóður félagsheimila skuli skertur. Svo er flutt þáltill. á hv. Alþingi um að hlutirnir skuli vera allt öðruvísi og um þá er fjallað í fjölmiðlum, jafnvel skrifaður leiðari í Tímann.

Ég og Ingi Björn Albertsson, hv. 5. þm. Vesturl., lögðum fram fsp. á hv. Alþingi í fyrra um stöðu þessa sjóðs og stöðu Félagsheimilasjóðs. Og hvernig skyldi hafa verið um hnútana búið? Hver skyldi afraksturinn af áhuga Framsfl. og framsóknarþingmanna hafa verið á undanförnum árum? Skerðingin á þessum sjóði er þessi: Í staðinn fyrir að Menningarsjóður félagsheimila hefði átt að hafa á tímabilinu 1981–1987 samkvæmt þeim lögum sem eru í gildi 10 millj. 700 þús. kr. fékk hann aðeins 5 millj. Það var helmings skerðing frá þeim lögum sem þessi sjóður hefur búið við. Svo er verið að koma með þáltill. um að breyta lögunum. Til hvers? Ég tek undir að það er þörf á því að þessi sjóður hafi meiri tekjur og það var þörf á að hann væri ekki skertur á síðustu árum og það var líka þörf á því að sjálfur Félagsheimilasjóður væri ekki skertur. En það var svolítið komið við hann. Hann var skertur samkvæmt svari við sömu fsp., átti að verða 158 millj. á því tímabili sem ég nefndi áður, en hann var skertur um 107 millj. þannig að það sem Félagsheimilasjóður fékk á þessu tímabili voru aðeins rúmar 50 millj.

Ég held að það sé nauðsynlegt að átta sig á því þegar verið er að flytja svona till. hvernig hlutirnir eru raunverulega og hvað er að gerast í kringum mann. Ég vona aftur á móti að það sé nú þannig lagaður þingmeirihluti á hv. Alþingi að það verði tekið vel undir þessa till. og hún verði samþykkt og hlutunum verði snúið við, að það verði ekki þessi ákveðni framsóknarsvipur í sambandi við framlög til

Félagsheimilasjóðs og Menningarsjóðs félagsheimila eins og hefur verið á síðustu árum.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Sú till. sem hér er flutt öðru sinni af hv. þm. Jóni Kristjánssyni og Guðmundi G. Þórarinssyni um eflingu Menningarsjóðs félagsheimila er góðra gjalda verð. Það er út af fyrir sig rétt, sem fram kom í máli hv. síðasta ræðumanns, að oft vildi maður sjá meiri stuðning við slíkar till., einnig úr þeim flokkum sem viðkomandi þingmenn eru ættaðir úr og eru í eins og hér um ræðir, en ég vil samt ekki vera að gera lítið úr till. sem slíkri, hún sýnir væntanlega vilja þessara hv. þm. til málsins. Ég tel mér skylt að taka undir þessa till. því að ég tel að hún fjalli um mikilsvert málefni.

Ég er alveg sammála því sem fram kom frá hv. þm. Málmfríði Sigurðardóttur um gildi menningarstarfsemi út um landið og þörfina á að bæta stöðuna í þeim efnum og þar ættu auðvitað félagsheimili á landsbyggðinni að geta gegnt talsverðu hlutverki. Þar háttar mjög misjafnlega til, hvernig að þeim málum er staðið, og mörg félagsheimilin eiga í miklum erfiðleikum varðandi sinn rekstur. Ég var því andsnúinn þeim hugmyndum sem lágu fyrir á síðasta þingi um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga að því er snertir Félagsheimilasjóð og ég hygg að hv. 1. flm. þessa máls hafi einnig verið svipaðrar skoðunar og ég í þeim efnum. Sá sjóður hefur rýrnað stórkostlega í framkvæmd vegna þess að framlög úr honum hafa verið óverðtryggð og komin langt á eftir og ekki verið fylgt neinum skynsamlegum áætlunum um greiðslur úr þeim sjóði.

Ég vil tengja þetta mál aðeins þeirri umræðu sem hefur verið í gangi og enn er ekki lokið um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Ég tel að þar hafi gætt allt of mikið þeirra sjónarmiða, þegar menningarstarfsemi af ýmsu tagi á í hlut, að ríkið eigi að hætta þar sem mest afskiptum sínum, ríkið eigi að láta sveitarfélögin um þetta. Ýmsir sveitarstjórnarmenn, ekki síst framkvæmdastjórar sveitarfélaga, hafa því miður tekið undir þennan málflutning. Ýmsir segi ég, langt frá því að það sé upp til hópa og ég efast satt að segja um að það sé meirihlutastuðningur við slík sjónarmið í hópi sveitarstjórnarmanna. Ég a.m.k. vona að svo sé ekki því ég held að rökin séu á misskilningi byggð. Spurningunni um að fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga geti verið með eðlilegum hætti á auðvitað að svara játandi. Það á að koma þeim skiptum í eðlilegt horf. Það á að tryggja það, og það er hlutverk okkar alþm. að tryggja það m.a., að framkvæmdarvaldið gangi þar ekki á hlut sveitarfélaganna með óeðlilegum hætti eins og því miður hefur gerst allt of oft og allt of mikið. En það breytir ekki þeirri staðreynd að það er engin lausn að ríkið fari að draga við sig örvandi stuðning við þætti eins og menningarstarfsemi af fjölmörgu tagi úti um landið. Slíkur stuðningur er í raun mun meira virði en svarar upphæðunum sem til þess renna. Þessi starfsemi á undir högg að sækja hjá sveitarfélögunum. Hún verður út undan þegar kemur að því að skipta allt of litlu fjármagni sem sveitarfélögin hafa haft handa á milli og jafnvel þó að þar yrði einhver breyting á til bóta, sem ég vona að verði m.a. fyrir tilstuðlan núverandi ríkisstjórnar, tel ég samt ekki að það séu nein rök fyrir því að um stuðning ríkisins við starfsemi eins og félagsheimili, byggingu þeirra, og varðandi menningarstarfsemi, sem þar ætti að fara fram, fari ríkið að draga að sér höndina.

Því miður eru þau félagsheimili allt of mörg út um landið sem ekki hafa sinnt því starfi sem þeim var upphaflega ætlað að rækja, fjölþættu félagsstarfi og menningarstarfsemi af ýmsu tagi og þar kemur ekki bara til fjárskortur, þar koma auðvitað til líka félagslegar aðstæður í strjálbýli víða um land þar sem skortir stuðning við menningarstarfsemina og örvun. Og það gildir hið sama um það og um frjálsa félagsstarfsemi almennt að þátttakan hefur dvínað, þær stundir sem fólk leggur í slíka starfsemi hafa orðið færri hvort sem manni líkar betur eða verr og erfiðara að fá fólk til að leggja þar mikið af mörkum. Skal ég þó ekki gera lítið úr því sem að er gert af fjölmörgum enn í dag.

En okkur ber hér á Alþingi að veita þessari starfsemi stuðning og þess vegna vil ég greiða fyrir framgangi þessa máls og hliðstæðra mála sem hér eru fram lögð.

Flm. (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þeim hv. þm., sem hér hafa talað, fyrir góðar undirtektir við þá till. sem hér er til umræðu.

Út af orðum hv. 4. þm. Vesturl. vil ég segja að hann virðist vera dálítið sár í hjartanu ef við framsóknarmenn flytjum mál og telur það ekki nógu gott, allra síst þegar það eru góð mál. Hann telur einnig að við gerð fjárlaga sýnum við annað andlit og ekki jafngæðalegt og þegar við erum að flytja till. á Alþingi.

Ég vil taka það fram að mér er mikil alvara með þessum tillöguflutningi og ég vísa því algjörlega á bug að ekki fylgi hugur máli eins og hv. 4. þm. Vesturl.ýjaði að. Ég er ekki einn þeirra manna sem hafa staflað upp till. á Alþingi, en ég vil taka það fram í því sambandi að mér er alvara með þeim till. sem ég flyt. Ég vil ekki gera þingmönnum það upp að þeim sé ekki alvara með sínum tillöguflutningi og vísa því algjörlega á bug.

Auðvitað felur þessi till. í sér að Menningarsjóður félagsheimila þarf að hafa vissan forgang um fjárframlög sem hann hefur ekki haft, en till. felur líka meira í sér. Till. felur í sér að hlutverk hans og starfsgrundvöllur sé endurskoðað og samin um hann ný löggjöf. Ég tel algjörlega ástæðulaust að hafa uppi einhverja hótfyndni í því efni að sá tillöguflutningur á Alþingi sé sýndarmennska.

Nú segir hv. 4. þm. Vesturl. að við framsóknarmenn séum komnir í svo góðan félagsskap að það

megi fyrirgefa okkur að við höfum verið í vondum félagsskap áður. Það getur vel verið að það komi í ljós að úr hendi hinna nýju stjórnarherrana komi miklir peningar til allra mála. Þó verð ég að segja að það er vafamál að við getum leyft okkur alla hluti í þessari ríkisstjórn. Ég spái því þó að tilgangurinn sé góður. En þess vegna fer till. ekki harðar í hlutina en að það er gert ráð fyrir að ný löggjöf um sjóðinn taki gildi á árinu 1989, það er gert ráð fyrir að þessi endurskoðun fari fram í vetur ef till. verður samþykkt og að mönnum gefist þá tími til að skoða fjármögnunina eftir að endurskoðunin hefur farið fram.

Ég vil aðeins að lokum taka fram að það er eðlilegra að þessi till. gangi til hv. félmn. Sþ. en allshn., hún mun hafa verið þar til meðferðar á síðasta Alþingi, og vil ég biðja virðulegan forseta að bera það upp hvort hv. þm. eru því samþykkir að hún gangi til félmn.

Karvel Pálmason:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki hafa langt mál um þessa þáltill. Það er að vísu slæmt að hæstv. menntmrh. skuli ekki vera viðstaddur umræðuna, ekki síst í ljósi þess sem gert er ráð fyrir í áframhaldinu að því er varðar skiptingu milli ríkis og sveitarfélaga að því er þennan málaflokk varðar.

Ég tek að sjálfsögðu undir að auðvitað er hér áróðurstillaga á ferðinni. Það er engin spurning um það. Ég er ekki að ætla hv. flm. að þeir meini ekkert með þessu, en meiningin er sú að fylgja málinu fram þegar á reynir. Og hvar er það? Það er við afgreiðslu fjárlaga. Þá sést fyrst hvað menn meina með till. af því tagi sem hér er um að ræða. Það hefur gerst áður að hv. þm. Framsfl. hafa klikkað í þeim efnum, ekkert nýtt. Þetta er áróður. Þetta er sýndarmennska. Það er sýndarmennska að flytja hér þingsályktunartillögur sem stjórnarliðar vitandi vits að slíkar tillögur ná ekki fram að ganga. Það er helber sýndarmennska fyrir utan hitt að þáltill. eru yfirleitt saltaðar hjá hæstv. ríkisstjórnum svo að árum eða jafnvel áratugum skiptir, aldrei framkvæmdar. Hér er því auðvitað um sýndarmennsku að ræða. Því neitar enginn. Ég tala nú ekki um þingreynda menn sem hafa upplifað annað eins og þetta og kannski eitthvað verra.

En ekki er ég að hafa á móti því að félagsheimilasjóðir verði styrktir. Þeir hafa gegnt sínu hlutverki í gegnum árin og hefði raunar þurft að styðja betur við bakið á þeirri starfsemi í gegnum fjöldamörg ár. En það er rétt, sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði hér áðan, að auðvitað eru breyttir tímar og það þarf að svara breyttu þjóðfélagi með breyttum reglum og breyttri starfsemi frá því sem verið hefur. En þessi tillaga ein og sér gerir ekkert í þeim efnum.

Ég hefði gjarnan viljað fá loforð eða vilyrði hæstv. menntmrh. eða hæstv. ráðherra annarra sem þetta mál flokkast undir, þar á meðal hv. framsóknarráðherra, forsrh., sjútvrh. o.fl. — ég hefði viljað heyra þeirra viðbrögð við svona tillögu. Hvað ætla þeir að gera á næsta ári í þessum efnum? Menn geta leyft sér að flytja slíkar sýndarmennskutillögur. Ég tala ekki um ef menn búast við kosningum áður en langt um líður. Og mér sýnist á þessari tillögu að sumir séu að búa sig undir að kosningar verði fyrr en seinna, núverandi hæstv. ríkisstjórn haldi ekki lengi velli ef þetta á að vera borðleggjandi fyrir framhaldið. Ég skal engu spá um það. En mér finnst að hv. þm., og nú gæti ég tekið undir með hæstv. utanrrh. þá ræðu sem hann flutti hér fyrir nokkrum dögum, að Alþingi Íslendinga ætti að fara að gá að sér og fara sparlega með. Ekki þannig tekið að ég sé að draga úr í þessu tilviki, en það er víða sem má spara til að bæta einmitt þennan þátt upp.

Það eru milljónatugir ef ekki hundruð milljóna sem mætti spara í öðrum þáttum og vel mætti við til að bæta t.d. þennan þátt og aðra slíka. Hér hefði auðvitað líka mátt fylgja að því er þessa tillögu varðar hvar ætti að taka peningana, hversu mikið. Hversu miklu vilja menn bæta við?

Nú veit ég að hv. þm. Jón Kristjánsson veit alveg hvað er verið að tala um að því er varðar fjárlög næsta árs og hversu miklu á að bæta við og hvaðan á að taka það. Ég held að við hljótum að fara að athuga betur okkar gang. Þó að flest af þessum málum séu góð og þar á meðal þetta hljótum við einhvers staðar að þurfa að velja á milli, flokka málin í það sem við teljum mikilvægara og það sem kemur á eftir.

Nú vil ég gjarnan spyrja hv. fyrri flm. sem talaði fyrir málinu: Hvaða hugmyndir hefur hann um það að bæta hér við í væntanlega púlíu komandi ára í krónum talið og þá hvernig á að taka slíka hluti, af hverju á að bæta við, skattheimtu eða færa á milli? Menn verða auðvitað að tala um þessa hluti samhliða. Annars meina menn ekkert með því. Það er enginn vandi að flytja tillögur af þessu tagi, en það er meiri vandi að koma þeim í reynd í framkvæmd til þess að þeir sem eiga að njóta hafi af því gagn. Ég vænti þess að við fáum upplýsingar um hvers má vænta að því er varðar hv. flm. Er honum kunnugt um hvað ætlað er á næsta ári að því er varðar Félagsheimilasjóð? Ef svo er, finnst honum það nóg? Ef ekki, hvað á miklu að bæta við og hvaðan á að taka það?

Þetta er raunveruleikinn sem við stöndum frammi fyrir að svara og við hljótum að biðja um svör þar að lútandi.

Flm. (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð í lokin. Mér finnst dálítið sérkennileg ræða hv. 3. þm. Vestf. Hann segir að málið sé vissulega afar gott, en mér skilst á ræðu hans að þegar við framsóknarmenn flytjum mál sé það sýndarmennska, aðrar þáltill., sem fluttar eru í hv. Alþingi, sem vissulega skipta hundruðum, séu meintar í fullri alvöru og sjálfsagt kostar engin þáltill. peninga nema þessi. Mér er spurn hvort allir hafa gert grein fyrir fjármögnun á sínum þáltill. úr þessum ræðustól. Hins vegar er ég

reiðubúinn að gera það. Ég reikna ekki með, enda hélt ég að hv. 3. þm. Vestf. hefði heyrt það sem ég sagði í síðustu ræðu minni, ég reikna ekki með að aukin fjárframlög til Menningarsjóðs félagsheimila verði tekin inn í fjárlög sem nú eru til afgreiðslu, en ég er reiðubúinn að standa að fjármögnun fyrir sjóðinn á árinu 1989 þegar starfssvið hans hefur verið endurskoðað. Ég tel enga ástæðu til þess að vera að nefna einhverjar upphæðir í því sambandi. Menntmrn. er ætlað að endurskoða starfsemi sjóðsins og gera tillögur um með hvaða hætti hann muni starfa og tillögur þess efnis munu koma fyrir hv. Alþingi á næsta ári við gerð fjárlaga fyrir árið 1990. Þá er ég reiðubúinn að standa að slíkri fjármögnun. Það er alveg hárrétt hjá hv. 3. þm. Vestf. að það má áreiðanlega spara ríkisútgjöld í þessu skyni og ég er reiðubúinn að standa að því.

Karvel Pálmason:

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð. Ég er út af fyrir sig ekki sérstaklega að gagnrýna flm. þessarar þáltill. Það á við í mörgum tilvikum að menn flytja hér þáltill. án þess í reynd að hafa gert sér grein fyrir því hvernig eigi að koma þeim í framkvæmd. Og það er auðvitað meginmálið. Í þessari tillögu er gert ráð fyrir, með leyfi forseta, síðasta línan: „Miða skal við að ný löggjöf um sjóðinn taki gildi á árinu 1989", þ.e. á næsta ári. Ég á von á því að sú löggjöf eigi að færa meira en nú er, ekki minna, á næsta ári. Innan ekki langs tíma hljóta menn að afgreiða hér fjárlög fyrir næsta ár og ég geri ráð fyrir að hv. þm. Framsfl., sem að þessu standa, muni standa að þeim væntanlegu fjárlögum. Þess vegna spyr ég: Hvað eru menn að tala um?

Það er ekkert verið að tala um árið 1990 hér. Það er verið að tala um að lögin taki gildi 1989, strax á næsta ári. Ég held því að menn eigi að temja sér að vera nokkuð raunsærri en menn hafa verið til þessa og tala um staðreyndir, tala um hlutina eins og þeir eru, ekki eins og menn kannski vildu að þeir væru ef allt væri öðruvísi en það er. Það skiptir meginmáli. Við lifum við þessar staðreyndir. Hvernig getum við breytt um? Hvernig getum við komið því í framkvæmd að breyta þeim? Ekki bara tala um það, en breyta þeim í reynd. Þessi tillaga er um það að orða það, ekkert um að gera það í reynd.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að draga í efa að hv. flm. þessarar tillögu meini allt gott með henni. Það dreg ég ekki í efa. Hitt er aftur á móti staðreynd og er meginmálið, eins og hv. 3. þm. Vestf. sagði, að það eru fyrir hendi lög um Menningarsjóð félagsheimila og hafa verið, en á undanförnum árum hefur það fjárframlag, sem samkvæmt þeim lögum hefur átt til þess sjóðs að renna, ekki skilað sér. Þess vegna er þessi tillaga að sumu leyti eða var kannski sérstaklega í fyrra hálfgerð markleysa.

Alveg sama er með Félagsheimilasjóð. Hann hefur verið skertur á undanförnum árum. En það eru fyrir hendi lög um sjóðinn og hvernig hann skuli fjármagnaður. Vítt um landið eru félagsheimili, bæði í byggingu og hafa verið endurbyggð, sem hafa ekki fengið sinn hlut úr þeim sjóði. En það er ekki vegna þess að það séu ekki fyrir hendi lög og reglur um hvernig skuli afla peninga til þessa sjóðs heldur vegna þess að ráðandi öfl, sem hafa haldið utan um ríkiskassann, hafa ekki treyst sér til að leggja meira fjármagn til þessara þátta en raun ber vitni um. Það er ekki það sem vantar að það sé gerð ný samþykkt um þennan sjóð heldur vantar fyrst og fremst peninga. En í greinargerðinni segir að meiningin með þessari tillögu sé fyrst og fremst að það verði að auka tekjur sjóðsins. Vitaskuld er það það sem við erum að ræða um, en því miður hefur ekki verið staðið við þau fyrirheit sem lög um Félagsheimilasjóð og Menningarsjóð félagsheimila kveða á um. Þess vegna eru hlutirnir eins og þeir eru og þess vegna má segja að þessi tillaga sé góð til þess að minna á þá staðreynd fyrst og fremst.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til félmn. með 33 shlj. atkv.

Bygging ráðhúss í Reykjavíkurtjörn, fyrri umr.

Þáltill. SV, 34. mál. — Þskj. 34.

Flm. (Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að flytja till. til þál. um athugun á lagalegu réttmæti byggingar ráðgerðs ráðhúss í Reykjavíkurtjörn o.fl. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að kanna skuli sem ítarlegast öll lagaleg atriði sem tengjast ráðgerðri byggingu ráðhúss Reykjavíkurborgar í Reykjavíkurtjörn með tilliti til eignarréttar og grenndarréttar húseigna Alþingis við norðurenda Tjarnarinnar. Skal forsetum Alþingis falið að fá þrjá trausta lögfræðinga til að kanna lagaleg atriði málsins og gefa sérálit og einnig að fá könnun og sérálit þriggja manna sérfróðra um skipulags- og byggingarmál á málum sem tengjast ráðhúsbyggingunni. Jafnframt skal leitað til borgarstjórnar Reykjavíkur og hún beðin um að leggja fram sem ítarlegust gögn um lagalegar, skipulagslegar og aðrar forsendur sem ráðgerð ráðhúsbygging er reist á. Skal stefnt að því að hraða öflun þessara gagna og álita og leggja þau fram í greinargerð um málið á því Alþingi sem nú situr.

Alþingi ályktar einnig að beina þeim tilmælum til borgarstjórnar Reykjavíkur að stöðvaðar verði án tafar framkvæmdir í Reykjavíkurtjörn og þær verði ekki hafnar aftur fyrr en ótvírætt liggur fyrir að framkvæmdirnar brjóti ekki gegn lögum eða lög-

legum og réttmætum hagsmunum Alþingis og Alþingi hafi gefist tækifæri til að álykta þar um. Dugi tilmæli Alþingis ekki til að stöðva framkvæmdir borgarstjórnar Reykjavíkurborgar í Reykjavíkurtjörn til bráðabirgða skal forsetum Alþingis falið að láta vinna að því fyrir dómstólum að stöðva framkvæmdirnar þar til ótvírætt liggur fyrir að framkvæmdirnar séu lögmætar."

Á fyrri hluta þessa árs hóf Reykjavíkurborg umfangsmiklar framkvæmdir í Reykjavíkurtjörn með byggingu ráðgerðs ráðhúss. Meðan Alþingi starfaði á sl. vori var um að ræða undirbúningsframkvæmdir. Annir á síðustu starfsdögum Alþingis, svo og að ráðhúsmálið var ekki kynnt alþm., ollu því m.a. að ég lét málið ekki til mín taka, enda lá fyrir að stjórnvöld höfðu þá ekki fjallað um mikilsverð atriði eins og byggingarleyfi fyrir ráðhúsið og áform borgaryfirvalda um húsið sættu talsverðum breytingum ef marka mátti blaðaskrif um málið.

Að loknum miklum önnum síðustu starfsviku síðasta þings kom betur í ljós hve umfangsmiklar framkvæmdir við ráðhúsið voru og haldið var áfram framkvæmdum með hraða þótt ekki væri búið að staðfesta byggingarleyfi og graftrarleyfi fyrir húsið hefði verið fellt úr gildi. Sem alþm. er mér skylt að gæta hagsmuna Alþingis sem stofnunar og að lög Alþingis séu virt. Af þeirri ástæðu, auk annarra, skrifaði ég og sendi forsetum Alþingis opið bréf, sem birtist í Morgunblaðinu 1. júní 1988, þar sem ég spurðist fyrir um veigamikil atriði sem tengjast ráðhúsbyggingunni. Þetta opna bréf er fskj. I með þáltill. Mér sérstaklega hefur ekki borist svar við þessu opna bréfi og Alþingi sjálft eða borgarstjórn Reykjavíkur hefur ekki afhent mér eða sýnt nokkur gögn vegna ráðgerðrar ráðhúsbyggingar.

Í orðsendingu frá forsetum Alþingis, sem birtist í Morgunblaðinu 14. júní 1988 og er fskj. II með þáltill., er birt eina skjalið sem mér er kunnugt um að ritað hafi verið í nafni Alþingis um hið ráðgerða ráðhús. Það er bréf forseta Alþingis til byggingarfulltrúans í Reykjavík, dags. 24. mars 1988, sem er svar við bréfi hans, dags. 25. febr. 1988. Bréf forseta Alþingis er mjög stutt. Í því kemur ekki fram að Alþingi hafi fengið nokkur gögn vegna þessa máls, svo sem uppdrætti, líkön, ályktanir eða annað, enda munu áform um ráðhúsbygginguna hafa breyst talsvert eftir þetta. Í svari forseta Alþingis er ekki vikið að rétti húseigna Alþingis sem ráðhúsbyggingin kynni að brjóta gegn. Aðeins er vikið að þörfum Alþingis til rýmis.

Þessu bréfi forseta Alþingis frá 24. mars 1988 fylgja umsagnir tveggja arkitekta, Garðars Halldórssonar, húsameistara ríkisins, og Sigurðar Einarssonar arkitekts. Hvorugur þessara manna getur talist hlutlaus í þessu máli. Garðar Halldórsson á sæti í skipulagsstjórn ríkisins og hefur þar tekið þátt í afgreiðslu mála sem tengjast ráðgerðu ráðhúsi, svo sem Kvosarskipulagi, og Sigurður Einarsson hefur starfað að hönnun nýs þinghúss. Hljóta umsagnir þessara manna að metast í því ljósi að þeir eru ekki sérstakir kunnáttumenn um lagaleg atriði sem tengjast ráðhúsbyggingunni.

Það er því undrunarefni hve lítið forsetar Alþingis hafa fengið að vita um þessa ráðgerðu ráðhúsbyggingu og mér virðist að aðrir alþm. hafi engin gögn fengið um þetta og ekki tækifæri til þess að álykta um málið. Það er óviðunandi niðurstaða. Mikilvægi málsins er slíkt að óhjákvæmilegt er að Alþingi sem stofnun láti málið til sín taka.

Þótt þetta ráðhúsmál hafi ekki verið kynnt alþm. sérstaklega má þeim öllum vera ljóst að framkvæmdirnar skerða Reykjavíkurtjörn verulega og spilla henni sem djásni gamla miðbæjarins í Reykjavík. Framkvæmdirnar og síðar ráðhúsið, verði það byggt, hljóta að þrengja að dýralífi Tjarnarinnar og náttúru og spilla þeim einstæðu þjóðminjum sem Reykjavíkurtjörn er, en hún er tjörn fyrsta landnámsmanns Íslendinga. Stórbygging í Tjörninni, sem ráðgert ráðhús er, hlýtur að takmarka möguleika Alþingis til að byggja yfir starfsemi sína sem er brýnt og margt fleira kemur til.

Það versta við ráðgerða byggingu ráðhúss er þó lögbrotin sem virðast vera framin með þessari framkvæmd. Þau yfirskyggja allt annað. Hver er framtíð þeirrar þjóðar, þess löggjafarþings er lætur yfir sig ganga að gróflega séu brotin lög á því? Hversu langan tíma tekur að byggja upp traust á lögum og rétti komi til þess að brotið verði gróflega gegn lögum og réttindum Alþingis og minnisvarðinn um lögbrotin og valdníðsluna standi rétt sunnan við Alþingishúsið sjálft? Hér eru höfð uppi stór orð og hef ég þó ekki haft tækifæri til að kanna gögn nema takmarkað.

Skal nú vikið að nokkrum atriðum í greinargerð Dagnýjar Helgadóttur og Guðna Pálssonar arkitekta frá 17. nóv. 1986. Fyrir skipulagstillögu þeirra um Kvosina segir um afmörkun Kvosarsvæðisins:

Svæðið sem unnið hefur verið með afmarkast af Geirsgötu að norðan ásamt athugun á hafnarsvæðinu, Lækjargötu að austan, lóðunum vestan Aðalstrætis að vestan, Tjörninni að sunnan. — Ég hef það fyrir satt að þessir skipulagsarkitektar hafi ekki vitað fyrr en eftir að vinnu þeirra við skipulagsuppdrátt Kvosarinnar var sem næst lokið að ráðhús Reykjavíkur ætti að rísa við norðurenda Tjarnarinnar.

Það er um þennan uppdrátt sem bréf borgarstjórans í Reykjavík, Davíðs Oddssonar frá 2. okt. 1987, til borgarskipulags er, en í því segir:

Á fundi borgarstjórnar í gær var til afgreiðslu 30. liður fundargerðar borgarráðs frá 28. fyrra mánaðar, deiliskipulag miðbæjarins. Borgarstjórn samþykkti skipulagstillöguna og er borgarskipulagi falið að ganga frá gögnum ásamt drögum að erindi til skipulagsstjórnar varðandi staðsetningu skipulagsins.

Seinna í sama mánuði, 27. okt. 1987, skrifar borgarstjórinn í Reykjavík aftur, að þessu sinni skipulagsstjórn ríkisins. Í því bréfi segir, með leyfi forseta:

Skipulagsstjórn ríkisins hefur til afgreiðslu deiliskipulagstillögu að miðbæ Reykjavíkur sem borgarstjórn samþykkti 1. okt. sl. Þess er farið á leit að skipulagsstjórn hlutist til um að afstöðumynd væntanlegs ráðhúss Reykjavíkur verði sýnt á skipulagsuppdrættinum. Ráðhúsið mun rísa á lóðunum nr. 11 við Tjarnargötu og nr. 11 við Vonarstræti og hefur borgarstjórn samþykkt að byggt verði eftir þessari tillögu sem hlaut 1. verðlaun um samkeppni um ráðhús Reykjavíkur. Ráðhúsið verður tvær samtengdar byggingar, 2–3 hæðir. Samanlagt byggingarmagn verður um 4600 fermetrar og um 14 þús. rúmmetrar auk bifreiðageymslu á þremur hæðum í kjallara. Á uppdrætti sem fylgdi skipulagstillögunni þegar hún var auglýst var byggingarreiturinn sýndur og í greinargerð með tillögunni er tekið fram að byggingarmagn og hæð ráðhússins liggi ekki fyrir fyrr en að afstaðinni samkeppni.

Ég nefni þetta sérstaklega því að mér virðist vinnubrögð óvönduð og lögbrot að færa ráðgert ráðhús inn á skipulagsuppdrátt sem búið er að kynna, auglýsa og staðfesta í borgarstjórn Reykjavíkur. Og það er skipulagsstjórn ríkisins sem er beðin um að vinna verkið sem átti að liggja fyrir í upphafi. Auðvitað var ekki samstaða í skipulagsstjórninni um þessa afgreiðslu. Meiri hlutinn samþykkti þó að staðfesta skipulagið.

Annað sem ég vil nefna og tel að sé ekki í samræmi við lög er framkvæmd kynningar og staðfestingar nýja Kvosarskipulagsins. Ekki liggur fyrir að gerð hafi verið í upphafi sérstök ályktun borgarstjórnar Reykjavíkur um endurbyggingu þess byggingarreits sem Kvosarskipulagið tekur til skv. 1. mgr. 23. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 og heldur ekki að eigendum og umráðamönnum fasteigna á svæðinu hafi verið tilkynnt skriflega um hana samkvæmt ákvæðum 2. gr. 23. gr. skiplulagslaganna. Bréf byggingarfulltrúans í Reykjavík til Alþingis, dags. 25. febr. 1988, getur ekki verið slík skrifleg tilkynning. Dagsetning bréfsins bendir ekki til þess — heldur ekki miðað við fskj. II með þáltill. Það bréf á auk þess heldur ekki við t.d. Alþingishúsið sjálft, húseignir Alþingis við Kirkjustræti og Þórshamar. Þá væri fróðlegt að vita hvort forráðamenn húsa við Kvosarreitinn, svo sem Menntaskólahússins gamla, Stjórnarráðshússins, Dómkirkjunnar og Landsbankahússins, hafi fengið skriflega tilkynningu skv. 2. mgr. 23. gr. skipulagslaga og hver svör þeirra hafi verið. Önnur atriði sem VI. kafli skipulagslaganna kveður á um í sambandi við framkvæmd eldra skipulags virðist einnig vanta.

Hvenær var haldinn að tilhlutun borgarstjórnar Reykjavíkur sameiginlegur fundur eigenda fasteigna á Kvosarreitnum skv. 4. mgr. 23. gr. skipulagslaganna? Hefur farið fram mat á eignum og hefur verið stofnað félag um endurbyggingu Kvosarreitsins eins og kveðið er á um í VI. kafla skipulagslaganna? Ekkert af þessu hefur átt sér stað svo að mér sé kunnugt um. Til þessa hefur verið byrjað á tveimur húsum, byggðum í samræmi við nýja Kvosarskipulagið, ráðgert ráðhús og Aðalstræti 8. Hafa framkvæmdir verið stöðvaðar við Aðalstræti 8 að tilhlutun nágranna og einnig er vitað um mikla andstöðu við byggingu ráðgerðs ráðhúss meðal nágranna þess. Ekki er í mínum huga vafamál að Reykjavíkurtjörn er merkar náttúruminjar samkvæmt ákvörðun 1. mgr. 29. gr. laga nr. 47 frá 1971, um náttúruvernd, og svo er um marga fleiri. Það er heldur ekki vafamál að ráðgert ráðhús breytir svip Tjarnarinnar varanlega rísi það. Þess vegna er spurt: Hefur Náttúruverndarráð samþykkt þessar framkvæmdir og hvað hefur menntmrn. sagt, en það fer með yfirstjórn náttúruverndarmála? Þjóðminjalög nr. 52/1969 miða að því að vernda þjóðminjar Íslendinga. Reykjavíkurtjörn er tjörn fyrsta landnámsmannsins og einstakt að þjóð eigi slíkar þjóðminjar. Er því ástæða til að spyrja: Liggur fyrir samþykkt þjóðminjayfirvalda á byggingu ráðgerðs ráðhúss í Reykjavíkurtjörn? Hafi samþykktin verið veitt, hafa þá ekki orðið þar mistök?

Í byggingarreglugerð nr. 292/1979, III. kafla, um byggingarleyfi, gr. 3 1.2, segir:

„Ekki geta aðrir lagt fram umsókn en eigandi, lóðarhafi eða fullgildur umboðsmaður hans og skal hann undirrita umsóknina eigin hendi.“ Í bréfi borgarfógetaembættisins í Reykjavík, dags. 4. nóv. 1987, sem ég hef hér ljósrit af, segir:

„Varðandi fyrirspurn í bréfi þínu dags. í dag um skráðar eignarheimildir um Reykjavíkurtjörn skal hér með upplýst að ekki er vitað til þess að slíkar heimildir sé að finna hér við embættið.“

Hvernig var þetta atriði leyst í sambandi við ráðgert ráðhús? Það liggur ekki fyrir, enda treysti félmrn. sér ekki til að taka afstöðu til þess hver ætti byggingarsvæðið. Félmrn. benti á að það yrði að fara dómsleiðina í því máli. En undrun sætir að félmrn. skyldi treysta sér til að staðfesta byggingarleyfi með vísun til greinds ákvæðis byggingarreglugerðarinnar og yfirlýsingar borgarfógetaembættisins.

Þá þarf að athuga af sérfræðingum hver grenndarréttur fasteigna Alþingis er, ekki aðeins lóðanna að Vonarstræti 12, Tjarnargötu 5a og nr. 10 að hluta og 10b við Vonarstræti sem spurt var um í bréfi byggingarfulltrúans í Reykjavík, heldur einnig annarra eigna, svo sem Alþingishússins sjálfs.

Ég hef nú rakið nokkur atriði sem tengjast byggingu ráðgerðs ráðhúss og ég tel að brjóti gegn lögum og rétti Alþingis. Það er mögulegt að ég hafi rangt fyrir mér í einhverjum þessara atriða, en ég tel hafið yfir allan vafa að ég á sem alþm. rétt á að fá allar upplýsingar og gögn um byggingu ráðgerðs ráðhúss. Ég tel einnig rétt, þar sem um er að ræða mikilsverð mál Alþingis, að fengnir verði sérfróðir menn, lögfræðingar og menn sérfróðir um skipulag, til þess að kanna þessi mál og gefa Alþingi skýrslu um þau. Að sjálfsögðu er eðlilegt að fá gögn og greinargerðir frá borgarstjórn Reykjavíkur sem hún vill láta af hendi. Að þessu markmiði miðar þáltill.

Virðulegi forseti. Margt er hér eftir sem ég hefði

viljað taka fram en ég mun reyna að koma fram með í síðari ræðu minni og vil ég ekki níðast á velvilja virðulegs forseta.

Ásgeir Hannes Eiríksson:

Hæstv. forseti. Hv. þingheimur. Það er mér bæði mikill heiður og mikil ánægja að fá að ávarpa þingheim hér í dag. Að vísu hefði ég kosið að fá að fylgja úr hlaði þáltill. um varnarsamning Íslands og Bandaríkjanna sem ég var 1. flm. að fyrir hönd míns flokks. Ég vænti þess að hún væri á dagskrá, en því miður var ekki unnt að ræða hana í dag, fyrri umr., þar sem hæstv. utanrrh. var ekki í salnum. Vona ég að málið verði tekið á dagskrá næsta mánudag, hvar svo sem utanrrh. kann að vera niðurkominn í heiminum þann dag. (**Forseti:** Forseti vill að gefnu tilefni upplýsa að það var ekki haft samráð við hæstv. utanrrh. Það var alveg ljóst að hann hafði ekki tíma til að vera hér í dag. Það er því á ábyrgð forseta þingsins að þessi umræddu mál verða tekin fyrir næstkomandi mánudag og þá verður hv. þm. enn hér á hinu háa Alþingi þannig að það var ekki talið koma að verulegri sök, þar sem tryggt er að hv. þm. mun koma málum sínum að.) Þá er það ljóst, enda hef ég hratt á hæli um þingsali núna, ég verð hér í forföllum Alberts Guðmundssonar og eins og forseti sagði þá er nk. mánudagur síðasti dagurinn sem ég sit hér á þingi og óvíst hvort mér verður hér endurkomu auðið. En það er allt annað mál.

Hv. 6. þm. Suðurl. Óli Þ. Guðbjartsson sagði mér að ég sæti í sæti Péturs Ottesens og þótti mér það bæði ákaflega merkilegt og skemmtilegt vegna þess að ein uppáhaldssagan mín úr pólitík fjallar einmitt um Pétur. Hún er frá því að haldinn var fundur sjálfstæðismann á Akranesi, þar sem Pétur var fundarstjóri en Bjarni heitinn Benediktsson, formaður Sjálfstfl., var ræðumaður og gestur fundarins og hélt erindi um stjórnmálaviðhorfið og fleira eins og það hefði komið mönnum fyrir sjónir í Reykjavík. Að loknu erindi Bjarna var gengið til almennrar dagskrár og þar var m.a. eitthvert mál sem snerti héraðið sem fundarstjóri, Pétur Ottesen, bar undir atkvæði og voru allir fundarmenn málinu sammála. Þá leitaði Ottesen fundarstjóri að mótatkvæðum og reyndist enginn í salnum vera á móti erindinu nema heiðursgesturinn og formaður Sjálfstfl. Niðurstaðan var að sjálfsögðu augljós hjá fundarstjóra: Málið var fellt með öllum greiddum atkvæðum. Þetta læt ég nú svona fylgja meira í gamni frekar en alvöru.

En málið sem ég stend upp hér út af, ráðhúsmálið, er hins vegar ekkert gamanmál í mínum huga. Ég er borinn hér og barnfæddur í Reykjavík og hef lýst því yfir áður að ég er andvígur þessu ráðhúsi í þrjá ættliði og vissi ég ekki betur en að það væri full samstaða í fjölskyldu minni um andúð á ráðhúsinu, fyrr en ég las blaðagrein fyrir skömmu og sé að það er flótti brostinn í liðið. Þykir mér ákaflega sárt til þess að vita. En það verður ekki við öllu séð og ekki stjórna ég fjölskyldunni úr því sæti sem ég er í þriðja lið þegar annar liður fær glímuskjálfta undir málarekstri þessum.

Hugmyndin um ráðhúsið er engan veginn ný af nálinni, þó að ný teikning hafi komið fram fyrir skömmu,. Það hefur áður verið deilt um þetta ráðhús. Það hafa áður komið fram hugmyndir um að misnota Tjörnina á þennan hátt og setja niður í hana þungan kassa. Þá var því mótmælt víða. Þá gengu margir góðir menn fram fyrir skjöldu og mótmæltu húsinu. M.a. var fundinn ágætur staður fyrir ráðhúsið úti í Vatnsmýrinni, þar sem núna er háskólasvæðið í kringum Norræna húsið. Fleiri staðir komu til greina og hirði ég ekki um að telja þá upp hér og nú. Ráðhúsið í Reykjavíkurtjörn er því miður engin ný bóla þó að nú sem sakir standa virðist það ætla að ná fram að ganga og eru það mikil og sorgleg tíðindi fyrir Reykvíkinga. Miðborgin hér morar af skipulagsslysum. Fyrsta verulega skipulagsslys seinni ára var Morgunblaðshúsið, Morgunblaðshöllin sem stendur eins og þrándur í götu í Grjótaþorpinu og eyðileggur þá skemmtilegu húsamynd sem þar var og þar getur verið. Annað hættulegt, leiðinlegt og sorglegt skipulagsslys er bygging Seðlabankahússins nýja í túnfæti landnámsmannsins. Sorglegt skipulagsslys er líka viðbygging og ofanábygging á Útvegsbankann, viðbygging eða hliðarbygging við Landsbankann og fleiri og fleiri. Öll þekkjum við eitthvert dæmi sem særa augun í hvert skipti sem við göngum hér um annars nokkuð þokkalega og fallega miðborg Reykjavíkur.

Það er undarlegt að menn skuli velja sér Reykjavíkurtjörn sem byggingarstað. Sérstaklega menn sem hafa ort falleg ljóð, sem eru orðin að vinsælum dægurlögum, um bæði Reykjavíkurtjörn og bárujárnshús. Hefði engum manni dottið í hug þegar hann heyrði þetta fallega lag í fyrsta sinn að þar væri borgarstjóri vor, Davíð Oddsson, að færa aftökulista sinn í ljóðstafi. Að bæði bárujárnshúsin og Reykjavíkurtjörnin skuli nú verða fyrir barðinu á nýskipulaginu hér í Reykjavík. Ég harma það mjög því allt frá bæjardyrum mínum uppi í Breiðholti þar sem ég bý og heim til hv. þm. Stefáns Valgeirssonar, allar götur norður á Melrakkasléttu er ekkert annað en byggingarlóðir. Það ætti því ekki að þurfa að byggja hér með sama hugarfari og byggt er á dýrustu eyjum í heimi eins og Manhattan eða öðrum stöðum. Það ætti ekki að þurfa að þrengja svo mjög að mannlífinu hér í miðborginu að það þurfi að nota þá fáu vatnsfleti sem við eigum hér og höfum til þess að byggja aðrar eins stórbyggingar og heilt ráðhús er fyrir okkar ágæta borgarsamfélag.

Stöðumælasjóði er ætlað að kosta byggingu ráðhússins að verulegum hluta. Það hafði í för með sér að stöðumælagjöld í Reykjavík voru stórhækkuð. Sektir og viðurlög og annað var keyrt upp úr öllu valdi. Þegar ráðhúsbyggingin var komin á blað hjá borginni voru sendar út af örkinni sérstakar sveitir stöðumælavarða, bæði til þess að sekta þá bíla sem voru umfram á stöðumælum og eins til að sekta þá bíla eða láta fjarlægja sem höfðu lagt ólöglega hér í annars frekar þröngum miðbænum. (Forseti hring-

ir.) Þetta hafði m.a. í för með sér að fjöldinn allur af viðskiptavinum miðborgarinnar snerist á hæli. Þetta var á svo viðkvæmum tíma þegar stórt verslunarhús var opnað í Kringlunni að fjölmargir viðskiptavinir munu ekki koma aftur hér niður í miðborgina eftir að hafa fengið þær móttökur sem þeirra biðu hjá stöðumælavörðum. En mér bjallan glymur og ég ætla að stytta þá mál mitt þó að um margt sé að sjálfsögðu að ræða.

Tónninn í till. hv. þm. Stefáns Valgeirssonar er þess eðlis, því miður, að hún þjappar Reykvíkingum saman fyrir aftan borgarstjórann þannig að í stað þess að verða að gagni þá leggst till. á sveif með óhamingju Reykjavíkur og er ekki á hana bætandi í þessu máli.

Ég vil benda á að fyrir þinginu liggur önnur till. sem er ekki hægt að ræða að þessu sinni. Sú till. gerir ráð fyrir að hægt sé að leysa þetta deilumál og forða stórum slysum á miklu skynsamlegri og snyrtilegri hátt. Ég mun vonandi geta komið að þeirri till. síðar áður en ég hverf á braut úr þingsölum til starfa í pylsuvagninum í Austurstræti, en ég hvet þingheim til að hafna þessari till. en fagna hinni.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég var farinn að hafa nokkrar áhyggjur af því að ég gæti ekki tekið undir neitt í ræðu hv. þm. Ásgeirs Hannesar Eiríkssonar. Mér fannst þar stefna í þá átt, a.m.k. um tíma í ræðu hans. En mér er sönn ánægja að því að ég get tekið undir það sem hv. þm. sagði réttilega að till. hv. þm. Stefáns Valgeirssonar muni þjappa Reykvíkingum saman um byggingu ráðhúss Reykjavíkur og styrkja stöðu þess manns sem hefur haft forustu í þeim efnum, sem er borgarstjóri Reykjavíkur, Davíð Oddsson. Hann mun hafa sóma af því að hafa tekið af skarið um það að höfuðborgin þyrfti og yrði að eignast ráðhús þó nokkur ágreiningur hafi orðið um það eins og að líkum lætur þegar ráðist er í eitthvað sem horfir til framtíðarinnar.

Ég vil, virðulegi forseti, ræða nokkuð um þessa þáltill. og ræðu flm. hennar, hv. þm. Stefáns Valgeirssonar 6. þm. Norðurl. e. Ræða hv. þm. var ekki góð og er þá vægt til orða tekið. Ræðan, eins og þáltill., felur í sér ákveðna og mjög mikla óvild í garð Reykvíkinga. Skoðun hv. þm. er greinilega sú að Reykvíkingar megi ekki ráða því sjálfir hvort þeir byggja ráðhús og þá hvernig. Og það sem er alvarlegra er það að hv. þm. vill beita valdi Alþingis gegn hagsmunum Reykvíkinga. Hv. þm. vill beita valdi Alþingis gegn löglegum ákvörðunum sem þetta sveitarfélag, sem er Reykjavíkurborg, hefur tekið í þessu efni.

Hv. þm. Stefán Valgeirsson vill ónýta lögmætar ákvarðanir borgarstjórnar Reykjavíkur og koma í veg fyrir löglegar framkvæmdir. Það þýðir ekki fyrir hv. þm. að mótmæla því eða neita að borgarstjórn Reykjavíkur hefur ákveðið að reisa ráðhús. Um það var nokkur ágreiningur en sú ákvörðun var tekin með lögmætum hætti og framkvæmd í samræmi við það. Því er þessi þáltill. furðulegt plagg — nema hún sé hluti af einhverju samkomulagi á bak við tjöldin hjá stjórnarflokkunum. En því vil ég ekki trúa að óreyndu enda mun það væntanlega koma fram síðar hér í þessum umræðum. En þessi þáltill. er þvílíkt einsdæmi í sögu Alþingis að það er ekki hægt að sitja aðgerðarlaus hjá og hlusta á það sem þar hefur verið sagt í sambandi við till. og án þess að fjalla um efni hennar.

Ákveðin atriði í till. og grg. eru svo ólýðræðisleg í eðli sínu að það vekur mikla furðu að hv. þm. skuli leyfa sér að leggja þetta plagg fyrir þessa virðulegu stofnun, Alþingi Íslendinga. Með leyfi forseta vil ég vekja athygli á eftirfarandi atriðum. Í sjálfri þáltill. segir m.a.: „Dugi tilmæli Alþingis ekki til að stöðva framkvæmdir borgarstjórnar Reykjavíkurborgar í Reykjavíkurtjörn til bráðabirgða skal forsetum Alþingis falið að láta vinna að því fyrir dómstólum að stöðva framkvæmdir þar til ótvírætt liggur fyrir að framkvæmdirnar séu lögmætar."

Ég veit ekki til þess að plagg svipaðs eðlis hafi verið lagt fyrir hv. Alþingi, þar sem dómstólum er stefnt á sveitarfélag með þeim hætti sem þáltill. gerir ráð fyrir. Enn fremur segir, með leyfi forseta, í grg. með till.:

„Flm. vill að lokum bæta því við, þótt það sé ekki höfuðatriði málsins hver hans skoðun er, að ýmis atriði benda til þess að ekki hafi verið réttilega og löglega að málum staðið í sambandi við samþykkt Kvosarskipulags og ráðgerða byggingu ráðhúss; margt er óljóst sem lög kveða á um og tengist þessu."

Í þessu felast miklar aðdróttanir. Ekki bara gagnvart borgarstjórn Reykjavíkur, heldur ekki síður gagnvart hæstv. félmrh. sem er sem betur fer mætt hér í salnum. Hæstv. félmrh. hefur veitt tilskilin leyfi til þess að þessi bygging gæti risið. Hvað er hv. þm. Stefán Valgeirsson að fara? Hver er staða einstaklinga eða sveitarfélaga ef alþm. ætla að viðhafa svona vinnubrögð, eins og fram kemur í þessari þáltill. og grg. með henni?

Ég mótmæli því fyrir hönd Reykvíkinga og ég mótmæli því fyrir hönd sjálfstæðra sveitarfélaga að till. sem þessi skuli lögð fyrir Alþingi og alþm. beðnir um að taka afstöðu með henni. Þetta er ólýðræðisleg till. og er Alþingi til vansæmdar. Þetta er tilræði við sjálfstæði sveitarfélags, þetta er tilræði við Reykjavíkurborg og Reykvíkinga og því mótmæli ég harðlega. Ég mótmæli því einnig að alvarlegar aðdróttanir eru hafðar uppi um það að meiri hluti borgarstjórnar Reykjavíkur hafi ekki breytt samkvæmt lögum og reglum við undirbúning að byggingu ráðhúss Reykjavíkur. Þetta er auðvitað út í hött. Ég vil endurtaka það enn einu sinni að allar ákvarðanir borgarstjórnar Reykjavíkur eru lögmætar. Það vita allir hv. þm. Þess vegna er þessi þáltill. út í bláinn og varla umræðuhæf.

En vegna þess hvaða hv. þm. er flm. þessarar till. nú, þ.e. helsti stuðningsmaður núv. ríkisstjórnar, guðfaðir ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar,

þá tel ég nauðsynlegt að hæstv. félmrh. Jóhanna Sigurðardóttir geri hv. þm. Stefáni Valgeirssyni grein fyrir því hér á hv. Alþingi að ráðherra hafi í samræmi við lög og reglur farið yfir öll atriði varðandi byggingu ráðhússins og veitt tilskilin leyfi. Ég óska þess hér með og krefst þess að hæstv. félmrh. lýsi hér á Alþingi yfir lögmæti þessara framkvæmda og að öll tilskilin byggingarleyfi séu fyrir hendi. Þar með hefur þessi þáltill. fengið maklega afgreiðslu og verið dæmd dauð og ómerk.

Að lokum, virðulegi forseti, þessi þáltill. er einstakt tilræði við sjálfstæði sveitarfélags. Þetta er einstakt tilræði við hagsmuni Reykjavíkur og það verður ekki liðið. Ég treysti því þess vegna að hv. alþm. felli þessa till. Það væri smán fyrir hv. Alþingi ef einhverjir alþm. styddu þessa ómerkilegu þáltill.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég skal verða við óskum sem fram komu hjá hv. síðasta ræðumanni. Það var 29. júní sl. sem félmrn. úrskurðaði að byggingarleyfi fyrir ráðhúsi skyldi óhaggað standa. Engar nýjar málsástæður hafa komið fram í kærum sem ráðuneytinu hafa borist eftir það sem að mati ráðuneytisins gefa tilefni til breytinga á þeim úrskurði. Málinu er lokið af hálfu ráðuneytisins og þeir sem ekki una þeim úrskurði að því er varðar byggingarleyfið fyrir ráðhúsið og niðurstöður ráðuneytisins geta auðvitað leitað til dómstólanna.

Hitt er annað mál að sjö til átta kærur sem ráðuneytinu hafa borist vegna ráðhússmálsins segja auðvitað sína sögu. Þegar úrskurðurinn var kveðinn upp um byggingarleyfið taldi ráðuneytið ástæðu til að átelja vinnubrögð borgaryfirvalda vegna undirbúnings byggingar ráðhúss Reykjavíkur og taldi að í veigamiklum atriðum hefði málsmeðferð borgaryfirvalda verið mjög ámælisverð. Í úrskurði ráðuneytisins kom fram að vinnubrögðin hefðu einkennst af fljótfærni og vanvirðingu fyrir skipulags- og byggingarlögum og reglugerðum tengdum þeim. Auk þess hafi réttur hins almenna borgara til að tjá sig um fyrirhugaðar framkvæmdir verið fyrir borð borinn. Ráðuneytið taldi því ástæðu til þess að átelja vinnubrögð borgaryfirvalda.

Ég verð að segja það að í starfi mínu sem ráðherra sem fer með skipulagsmál hafa vinnubrögð borgaryfirvalda oftsinnis vakið furðu mína og fylla þær kærur vegna skipulagsmála hér á höfuðborgarsvæðinu sennilega einn tug sem ráðuneytinu hafa borist á því rúma ári sem ég hef gegnt starfi félmrh. Það er vissulega áhyggjuefni að svo skuli vera og á þessum tíma hefur ráðuneytið tvívegis þurft að fella úr gildi byggingarleyfi hér á höfuðborgarsvæðinu. Því er það mín skoðun að það sé mjög brýnt að borgaryfirvöld endurskoði sín vinnubrögð í skipulagsmálum í heild sinni. Ég held að þær kærur sem ráðuneytinu hafa borist beri þess glöggt vitni að það sé nauðsynlegt.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Það falla nokkuð stór orð í þessari umræðu um till. til þál. um athugun á lagalegu réttmæti byggingar ráðgerðs ráðhúss í Reykjavíkurtjörn og fleira. Það virðast allmiklar tilfinningar tengdar þessu máli hjá hv. þm. Reykv., svo ekki sé nú talað um þann meiri hluta í borgarstjórn Reykjavíkur sem staðið hefur að ákvörðunum um byggingu ráðhúss í norðurenda Tjarnarinnar. Og við heyrðum hér hjá hæstv. félmrh. einkunnirnar sem hún gefur meiri hluta borgarstjórnar í þessu máli. Ég held það sé nú ekkert þægilegt fyrir neina sveitarstjórn að sitja undir slíkum einkunnum, en ég hygg að þær séu réttmætar að svo miklu leyti sem ég hef fylgst með þessu máli. Ámælisverð vinnubrögð, fljótfærni og vanvirðing voru meðal þeirra orða sem hæstv. félmrh. viðhafði.

Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson hafði einnig uppi stór orð og taldi það vera sérstaka smán fyrir Alþingi ef einhverjir þm. kynnu að styðja till. sem hann taldi ómerkilega og mótmælti fyrir hönd Reykvíkinga, að mér skildist, að hún skyldi hér fram borin.

Ég tel að það séu fullar ástæður til þess af hálfu hv. alþm. að bera fram till. sem snerta þetta dæmalausa mál, ákvörðun meiri hluta borgarstjórnar Reykjavíkur að troða hér niður ráðhúsi í næsta nágrenni við Alþingi með þeim hættu sem gert hefur verið. Ég ætla ekki að taka afstöðu til einstakra efnisþátta till., en ég tel þó mjög eðlilegt að hún sé fram komin og ég tel eðlilegt að það sé farið ofan í saumana á þessu máli með tilliti til þess sem gerst hefur. En ég ætla ekki að gerast dómari í þeim efnum sem snúa að ákvörðun varðandi skipulagslegan þátt þessara mála. Það er annar flötur á þessu máli sem ég vil gera hér að umræðuefni.

Ef það er svo, eins og reyndin sýnir, að meiri hluti borgarstjórnar Reykjavíkur telur sig þess umkominn að taka ákvarðanir, eins og þær sem fyrir liggja af hálfu borgarstjórnarmeirihlutans um byggingu ráðhúss hér í Reykjavík, þá hlýtur það að vera Alþingis að bregðast við þeim ákvörðunum og þeim niðurstöðum. Það sem borgarstjórn Reykjavíkur er að gera með sínum samþykktum og þeim framkvæmdum sem hér eru hafnar er að kasta stríðshanska gagnvart Alþingi Íslendinga. Eðlilegu svigrúmi fyrir þingið hér í hjarta höfuðborgar landsins, borgar sem hefur verið höfuðborg fram að þessu — en sem kannski er ástæða til að fara að endurskoða í fyllstu alvöru, búi Alþingi við þau starfsskilyrði og þær aðstæður, hvort þingið eigi að kjósa sér að sitja og starfa innan marka þessa sveitarfélags, Reykjavíkurborgar. Það er spurningin sem Alþingi stendur frammi fyrir og sem alþm. nú og á næstunni hljóta að verða að svara.

Ég benti á það þegar mál þessi voru til umræðu á Alþingi líklega fyrir einu ári eða svo, og þá í tengslum við tillögu sem virðulegur núverandi forseti sameinaðs þings, Guðrún Helgadóttir, flutti um rannsóknir á lífríki Tjarnarinnar í Reykjavík ásamt fimm öðrum hv. alþm., að hér væri ekki um neitt einkamál Reykjavíkurborgar að ræða. Hér væri um

að ræða mál sem snerti landið allt vegna þess að landsmenn hafa fram að þessu kosið að gera Reykjavík að höfuðstað sínum. Mér finnst það afar einkennilegt, svo ekki sé fastar að orði kveðið, að meiri hluti borgarstjórnar Reykjavíkur skuli ekki finna til skyldunnar sem því fylgir að vilja teljast höfuðborg Íslands, en það hefur þessi meiri hluti ekki gert.

Ég tel eðlilegt að við alþm. förum yfir það í fyllstu alvöru hvort það sé fært að halda áfram starfsemi þingsins í framtíðinni hér á þeim stað sem það nú situr í ljósi þeirra ákvarðana sem teknar hafa verið af meiri hluta sveitarstjórnar í Reykjavík. Hér troða menn inn í næsta nágrenni þingsins byggingu sem er umdeild, með þeim hætti sem raun ber vitni, af íbúum sveitarfélagsins, Reykjavíkur, að ekki sé talað um álit okkar margra sem á Alþingi sitjum. Og við höfum skyldur við þá sem eiga eftir að starfa á Alþingi Íslendinga. Við hljótum því að fara yfir það í fyllstu alvöru hvort ekki sé kominn tími til þess að athuga hvort flytja megi starfsemi þingsins inn í eitthvað vinsamlegra umhverfi heldur en hér ríkir í sveitarfélaginu Reykjavík. Ég gæti vel hugsað mér það sem skynsamlega ráðstöfun, einnig með tilliti til stöðu annarra hluta Íslands en hér við Faxaflóa, að Alþingi flytti starfsemi sína yfir í annan landshluta. Ég hygg að Alþingi Íslendinga væri mjög velkomið t.d. austur á Fljótsdalshérað, svo dæmi sé tekið, og er ekki frá því að það væri kannski það gildasta sem hægt væri að gera til þess að leiðrétta stöðu landsbyggðarinnar, til að leiðrétta þá hörmulegu stöðu sem hún býr við, að þeir sem eru kosnir sem þm. þjóðarinnar horfðu á landið út frá öðru sjónarhorni en gefst hér í Kvosinni í Reykjavík.

Ég tel, virðulegi forseti, að forsjármenn Alþingis, forsetar þingsins, hafi ekki staðið að meðferð þessa máls með þeim hætti sem æskilegt hefði verið og nauðsynlegt. Ég tel að það sem fyrir liggur, t.d. í fylgiskjölum með till., sýni að það hefur ekki verið gert með þeim hætti sem eðlilegt hefði verið.

Ég ætla ekki hér tímans vegna að orðlengja það en vísa í þá sérkennilegu röksemdafærslu sem er að finna á fskj. I og ekki síður þá sem er að finna á fskj. II, orðsendingu frá forsetum Alþingis, og ekki síður þá umsögn sem henni fylgir frá húsameistara ríkisins. En þetta mál á eftir að verða rætt hér frekar og það er sannarlega umræðunnar virði.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Furðuleg er þáltill. sem hér er til umræðu en enn furðulegri var ræða hv. síðasta ræðumanns. Það verð ég að segja. Það er allt í einu orðið tilefni til þess að flytja Alþingi austur á land að löglega kjörin yfirvöld í Reykjavíkurborg hafa ákveðið að reisa ráðhús. Það er nú hvorki meira né minna. Sem betur fer er ofstæki af þessu tagi sjaldgæft hér í þingsölum og verður vonandi ekki fyrirmynd annarra í þessum umræðum, en þetta er allt dálítið kyndugur málflutningur hjá hv. síðasta ræðumanni með tilliti til þess að hann var að brigsla hv. 14. þm. Reykv. um svigurmæli í umræðunum.

Þessi till. er öll hin furðulegasta, eins og ég sagði. Raunar er ástæðulaust að láta það koma sér á óvart með tilliti til þess hver flytur till. En staðreyndin er auðvitað sú að hv. flm. er að gelta hér upp í vitlaust tré með þessari till. Það er búið að kæra bókstaflega allt sem hægt er að kæra í sambandi við þetta mál og það er búið að úrskurða í öllum þeim kærum. Þess vegna er fráleitt að leggja það til við Alþingi að það athugi lagalegt réttmæti þessarar byggingar. Það er margbúið að því og, eins og hæstv. félmrh. lét getið um hér áðan, þá liggur sá úrskurður félmrn. fyrir. Það er ekkert athugavert við þetta byggingarleyfi.

Ef hv. þm. Stefán Valgeirsson vill koma í veg fyrir þessa byggingu, sem hann greinilega vill, þá er auðvitað hreinlegast fyrir hann annaðhvort að fara með þetta mál fyrir dómstóla, eins og félmrh. hefur bent á að er rétta leiðin, eða gera það sem væri nú kannski enn hreinlegra og sennilega enn meira í takt við hugsunarhátt hv. þm., þ.e. að flytja lagafrv. um að banna Reykvíkingum að byggja ráðhús. Það er það sem vakir fyrir honum. Því kemur hann ekki með slíkt frv.?

Nei, virðulegi forseti, ég mælist til þess að hv. þm. sjái Reykvíkinga í friði með þetta mál, sjái rétt kjörin yfirvöld í Reykjavík, sem hafa tekið löglega ákvörðun um þetta mál, í friði og abbist ekki upp á þessa framkvæmd sem reist verður fyrir reikning útsvarsgreiðenda í Reykjavík eins og allir vita. Það hefur engum stríðshanska verið kastað í þessu máli eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði, það er af og frá, og allur þessi málatilbúnaður er þeim til vansa sem að honum standa, eins og hv. 14. þm. Reykv. hefur þegar réttilega sagt.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Hæstvirtur forseti. Ég verð nú að segja að hv. síðasti ræðumaður hefur tekið af mér ómakið að svara ofstæki og köpuryrðum hv. 2. þm. Austurl. út af þessu máli. En mér þykir rétt, vegna þess sem þessi hv. þm. sagði, að rifja upp hér aðeins örfá atriði sem skipta Alþingi sérstaklega máli.

Það var með staðfestingu aðalskipulags Reykjavíkur 1967 sem stigið var það skref að ákveða staðsetningu ráðhúss við norðurenda Tjarnarinnar, þ.e. sunnan Vonarstrætis, og þá var ætíð gert ráð fyrir að húsið stæði fyrir miðju Vonarstrætis. Á þeim rúmum 20 árum sem síðan eru liðin veit ég ekki til að nokkru sinni hafi Alþingi gert athugasemd við þessa ákvörðun eða mótmælt henni. Ég veit ekki heldur um mótmæli eða athugasemdir einstakra þm.

Þegar fram fór samkeppni um gerð og skipulag nýbyggingar Alþingis samkvæmt þál. frá 1981 var gert ráð fyrir ráðhúsi á þeim stað þar sem það er nú ráðgert. Það skeður svo að Alþingi barst bréf í febrúar sl. þar sem því var gefinn kostur á, sem eigandi húsa við Vonarstræti og Tjarnargötu, að tjá sig um fyrirhugað ráðhús á lóðinni við Tjarnargötu 11. Þetta var til þess gert að fullnægja lagaákvæðum um grenndarrétt. Forsetar Alþingis leituðu þá m.a.

álits húsameistara ríkisins, en embætti hans hefur umsjón með húseignum Alþingis. Húsameistari gaf álit sem fram kemur í fskj. með þáltill. sem við nú ræðum. Í þessu áliti er aðalatriðið að fyrirhugað ráðhús hafi engin veruleg áhrif á hugmyndir Alþingis um nýtingu sinna lóða. Núverandi tillaga að staðsetningu, segir í þessu áliti, er öllu hagstæðari fyrir hagsmuni Alþingis en vænta hefði mátt eftir staðfestingu aðalskipulags 1967.

Þessu áliti framvísuðu forsetar til byggingarfulltrúans með bréfi sem er einnig að finna sem fskj. með þáltill. En aðalatriðið sem forsetar Alþingis lögðu áherslu á í þessu bréfi var, eins og þar er tekið skilmerkilega fram, að tekið verði fullt tillit til þarfa Alþingis við ráðstöfun byggingar lóða í næsta nágrenni Alþingishússins. Ekki einungis varðar þetta ráðhúsið, sem var þó aðalatriðið og tilefni þessara ummæla, heldur og almennt vegna húsa í næsta nágrenni Alþingishússins. Þetta er að sjálfsögðu aðalatriði þessa máls sem við nú ræðum hvað varðar Alþingi sjálft.

En efni þessarar till. er annað mál. Ég ætla ekki að fara að ræða það að Alþingi kveði á um lögbrot og valdníðslu sem hv. flm. telur að hafi verið framin. Hv. flm. veit ekki neitt um þrískiptingu valdsins eða hvert er hlutverk Alþingis og hvert er hlutverk dómstóla, það er alveg víst, og hann veit ekki margt, eins og fram kemur í hans máli. Hann gaf það í skyn að forsetar hefðu ekki svarað opnu bréfi sem hann birti á sl. sumri. Það er rétt hjá flm., hv. 6. þm. Norðurl. e., að forsetar svöruðu ekki bréfinu beinlínis, enda var það mikið vandamál að svara því í einstökum atriðum þó að það væri ekki nema um rétt Alþingis til netlaga í Tjörninni í Reykjavík. En forsetar Alþingis birtu tilkynningu um það sem var aðalatriði þessa máls og ég hef hér gert grein fyrir og sú tilkynning kemur fram sem fskj. með þáltill.

Ég vil aðeins segja það að hér er rætt um þýðingarmikið mál að því er varðar Alþingi og það skulum við öll hafa í huga. Alþingi verður að hafa ráðrúm til allrar sinnar starfsemi á þessum stað en búningur þessa máls er fásinna frá upphafi til enda og till. naumast þinghæf.

Umræðu frestað.

EFRI DEILD

6. fundur, þriðjudaginn 1. nóv., kl. 2 miðdegis.

Efnahagsaðgerðir, frh. 1. umr.

Stjfrv., 8. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 8.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Mér þykir vænt um að sjá að hv. 3. þm. Vestf. ætlar að vera við þessar umræður fyrir hönd Alþfl. og ég kann að meta þann mikla áhuga sem hann hefur sýnt málinu gagnstætt öðrum þm. Alþfl. og ráðherrum. Á hinn bóginn sakna ég þess að hæstv. menntmrh. skuli ekki vera hér í deildinni. Hann hefur tekið þátt í þessum umræðum og ég geri ráð fyrir að hann sé við því búinn að til hans sé beint fyrirspurnum. Jafnframt er nauðsynlegt að hæstv. fjmrh. svari hér fyrirspurnum vegna þess hversu frjálslega hann hefur fjallað um ýmis efnisatriði frv. í sjónvarpi og ég geri ráð fyrir því hann sé einnig við því búinn að stjórnarandstaðan biðji um frekari skýringar á því sem hann hefur þar sagt, einkum vegna þess að sumt af því stangast mjög á við það sem hæstv. forsrh. hefur sagt hér í þessari deild. Ég geri því ráð fyrir að hann sem vanur er góðri verkstjórn í ríkisstjórninni skilji að verkstjórinn vilji gjarnan hafa svona eftirlit með honum og þess vegna held ég að nauðsynlegt sé að þessir tveir hæstv. ráðherrar gefi sér tíma til að líta hér inn, en ég ítreka enn sem fyrr að mér dugir hv. 3. þm. Vestf. fyrir Alþfl. (**Forseti:** Hæstv. menntmrh. mun enn ekki vera kominn í húsið, en ég mun athuga með hæstv. fjmrh.) Já.

Ég vil fyrst, herra forseti, rifja upp að þegar ég talaði fyrir hálfum mánuði um frv. í kjölfar ræðu hæstv. forsrh. varpaði ég til hans fyrirspurnum sem hann lofaði í ræðu sinni fyrir tæpri viku að svara öllum. Ég held að hann hafi komist svo að orði í ræðu sinni að hann teldi sig hafa svarað öllum þeim fyrirspurnum sem fram hefðu komið frá mér. Þess vegna er nauðsynlegt að ég rifji aðeins upp nokkur atriði. Þetta sýnir auðvitað hversu óhentugt er að láta rúma viku líða á milli þess sem menn taka til máls því að eðlilega gleyma menn ýmsum efnisatriðum á þeim tíma þó þeir séu minnisgóðir.

Ég spurði hæstv. forsrh.: Fullvissaði hæstv. forsrh. forseta lýðveldisins um að bráðabirgðalögin hefðu nægan stuðning í báðum deildum Alþingis? Hæstv. forsrh. svaraði þessu svo: „Hv. þm. hafa fleiri en einn spurt að því hvort forseta hafi verið gerð grein fyrir því fylgi sem þetta mál hefur öruggt á þingi. Að sjálfsögðu var forseta gerð grein fyrir því. Þetta frv. var þegar undirbúið þegar stjórnin var mynduð og þá var forseta gerð grein fyrir því að þessi ríkisstjórn hefði meiri hluta í Sþ. og Ed. en jöfn atkvæði í Nd.“ Ég leyfi mér að skilja þessi ummæli svo, hæstv. forsrh., að forseta lýðveldisins hafi verið gerð grein fyrir því að þetta frv. hafði ekki þinglegan meiri hluta í Nd. Ég get ekki skilið þessi orð öðruvísi. Er það rétt skilið? (**Forsrh.:** Eins og ég sagði.) Mér finnst að þingið eigi alveg rétt á því að fá skýr svör um þetta atriði. Ég tek, herra forseti, ekki gilt ef við getum ekki fengið skýr svör frá hæstv. forsrh. um grundvallaratriði eins og það hvort hann hafi gert forseta lýðveldisins grein fyrir því hvort frv. hafði meirihlutastuðning í báðum deildum þingsins eða ekki. Það er nauðsynlegt fyrir þingið að vita í

hvaða trú forseti lýðveldisins var þegar hann skrifaði undir bráðabirgðalögin. (**Forsrh.:** Hef ég leyfi til að svara úr sæti mínu? Ég hélt ekki, samkvæmt þingsköpum. Ég skal svara þessu á eftir.) Ég er mjög þakklátur hæstv. forsrh. fyrir að hann mun svara þessu afdráttarlaust. Það er líka vegna þess að við vitum að samkvæmt stjórnarskránni ganga bráðabirgðalögin ekki í gildi nema undirskrift forseta lýðveldisins komi til og þess vegna er nauðsynlegt að við fáum að vita það undanbragðalaust hvaða upplýsingar forsetinn hafði í höndum þegar hann undirritaði bráðabirgðalögin. Eins og ég skil svar hæstv. forsrh. ber að skilja það svo að forseta hafi verið gerð grein fyrir því að málið hefði meiri hluta í báðum deildum Alþingis.

Ég þekki hv. þm. Stefán Valgeirsson af gamalli og góðri reynslu, herra forseti, og þykir þess vegna leiðinlegt, þegar ég vitna nú til hans, að hafa ekki hér við púltið handhægar upplýsingar um það hvernig á að ávarpa hv. þm., hvernig á að skírskota til hv. þm. Hv. 6. þm. Norðurl. e. hefur hvað eftir annað lýst því yfir að í Nd. sé huldumaður sem muni hjálpa ríkisstjórninni til að koma þessum bráðabirgðalögum í gegn og ég efast ekki um að þessi hv. þm. segi það satt. Hann er að vísu skapríkur maður en á hinn bóginn held ég að hann sé alveg falslaus og hafi sínar ástæður til þess að segja frá því eins og er ef huldumaður er á ferðinni á annað borð. Þetta er nóg um þetta atriði.

Þá er í öðru lagi — ég sá að hæstv. menntmrh. var kominn í salinn. Það væri út af fyrir sig ágætt að geta flutt ræðuna nokkurn veginn eins og ég hef hripað hana hjá mér af því að það líður svona langt á milli. Annars er verst að vera ekki með rauðan penna svo að ég geti merkt við að þetta verði að bíða þangað til hæstv. ráðherrar Alþb. hafa tíma til að koma hingað í salinn. (Gripið fram í.) Það verður að gera það.

Ég spurði hæstv. forsrh. um það hvort hæstv. fjmrh. hefði ráðið orðalagi IV. kafla laganna eða hvort hann hefði verið sáttur við orðalagið. Við höfum ekki fengið nein svör við því, en það væri fróðlegt vegna þeirra ummæla sem þessi hæstv. ráðherra hefur haft um IV. kaflann. Ég sá að hæstv. fjmrh. rétt rak inn nefið hér áðan og fríkaði upp á deildilna með glæsilegu útliti sínu, en ég sé að hann hefur skotist út aftur. (**Forseti:** Hæstv. fjmrh. bað mig að segja ræðumanni að hann væri að kynna fjárlagafrv. með hefðbundnum hætti, en mundi koma svo fljótt sem því er lokið.) Ég vissi ekki að fjárlagaumræðan væri hafin í Sþ., en venjulega kynnir hæstv. fjmrh. fjárlagafrv. með hefðbundnum hætti fyrir Sþ. og væri kannski rétt að gera hlé á fundinum svo að maður geti setið þennan fund í Sþ. En það gengur heldur ekki að koma að þessu máli.

Það kemur enn í ljós hversu óheppilegt það var að við gátum ekki haldið umræðunni áfram sl. miðvikudag þegar ráðherrarnir voru hér í salnum. Mér líst ekki á þinghaldið ef jafnvel í hinum þýðingarmestu málum er ekki hægt að komast neitt áleiðis vegna þess að maður fær ekki nauðsynlegar upplýsingar. Ég bað um ákveðnar upplýsingar þegar í minni frumræðu sem ég hef ekki fengið og það auðvitað tefur fyrir flutningi málsins nú.

Ég spurði hæstv. forsrh. um það í minni frumræðu hvort samningur hefði verið gerður milli stjórnarflokkanna um það að þing yrði ekki rofið nema samþykki allra stjórnarflokkanna kæmi til. (**Gripið fram í:** Og Stefáns.) Þessu svaraði forsrh. engu. Hann svaraði mér heldur ekki um það hvort samþykki hv. 6. þm. Norðurl. e. þyrfti að koma til, en það vekur athygli þegar maður les stefnuskrá ríkisstjórnarinnar að honum er hnýtt aftan við eins og nokkurs konar stofnauka þannig að hann er hluti af þessari ríkisstjórn eins og hún er sett upp í málefnasamningnum. Þess vegna er líka nauðsynlegt að fá um það upplýsingar hvort þing verði ekki rofið nema allir þeir flokkar samþykki sem eiga aðild að ríkisstjórninni og þar að auki hv. 6. þm. Norðurl. e. utan flokka sem hefur að vísu lýst því yfir að þessi ríkisstjórn sé ekki á sumar setjandi og hefur óskað eftir því fyrir norðan að kosningar verði nú í vor. Ég get því vel skilið að hæstv. forsrh. skuli þakka fyrir að þingrofsvaldið skuli ekki vera í höndum þess þm. eins, því að þá yrði seta hans skömm að þessu sinni í sæti forsrh.

Ég verð að segja varðandi þau ummæli sem féllu hér, bæði hjá hv. 3. þm. Vestf. og eins hjá hv. 4. þm. Vesturl., um það sem ég sagði í sambandi við það hvort þessi ríkisstjórn stæðist ákvæði stjórnarskrárinnar, að ég hef ekki haldið því fram að neitt það hafi enn komið fram sem staðfestir það að um stjórnarskrárbrot sé að ræða og var það rétt hermt hjá hæstv. forsrh. þegar hann vék að því í sinni ræðu. Á hinn bóginn ítrekaði ég og lagði ríka áherslu á að sú venja hefur skapast að bráðabirgðalög séu ekki gefin út nema áður hafi verið tryggt að þinglegur meiri hluti sé fyrir þeim eins og þingið er saman sett þegar þau eru gefin út. Ég held að um þetta sé ekki ágreiningur.

Hæstv. menntmrh., mig langar til að víkja fyrirspurn til þín. Nú hefur hæstv. forsrh. upplýst að gildistöku virðisaukaskatts verði sennilega frestað um eitt ár, til 1. júní á árinu 1990. Nú hefði ég að vísu talið heppilegra að löggilding hans hefði getað farið fram 1. jan. 1990, en mitt atkvæði vegur ekki þungt í því, atkvæði þm. í stjórnarandstöðu. Ég hlýt þó að leggja áherslu á að samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef nú gengið eftir og eftir því sem mér hefur verið sagt bæði af ríkisskattstjóra og endurskoðendum er heppilegra að skattalagabreyting af þessu tagi taki gildi um áramót en um mitt ár. Það er tæknilegt atriði og annað mál og auðvitað hægt að koma því í kring á miðju ári. Mig langar hins vegar til að spyrja hæstv. menntmrh. hvort Alþb. sé í fyrsta lagi sammála hæstv. forsrh. um það að virðisaukaskattur verði lagður á, sennilega á miðju ári 1990, ef þessi ríkisstjórn lifir svo lengi, gagnstætt vonum hv. 6. þm. Norðurl. e. Stefáns Valgeirssonar, og þá langar mig einnig til að spyrja hæstv. menntmrh. hvort hann geri ráð fyrir að virðis-

aukaskatturinn verði þá í tveim þrepum þannig að virðisaukaskattur á matvæli verði annar og lægri en á aðrar vörur. Og ef það skyldi nú vera tilfellið að hugmyndin sé sú að virðisaukaskatturinn á matvæli verði lægri en á aðrar vörur langar mig að spyrja hæstv. menntmrh. hvernig hæstv. utanrrh. hafi tekið slíkum hugmyndum, hvort hann sé búinn að jafna sig í bakinu eða hvernig hann líti á það mál ef tvö þrep verða í virðisaukaskatti hér á landi eins og víðast hvar í löndum Efnahagsbandalagsins. Við þessu fékk ég ekki nógu glögg svör í minni frumræðu.

Ég hlýt, herra forseti, að vekja athygli á því að í mjög þýðingarmiklum málaflokkum hefur ríkisstjórnin ekki meiri hluta hér í þessari deild nema stjórnarandstaðan hlaupi undir bagga. Það upplýstist við þessar umræður af hv. 3. þm. Vestf. og af hv. 4. þm. Vesturl. Skúla Alexanderssyni að þeir séu enn sömu skoðunar og á síðasta Alþingi varðandi ýmis grundvallaratriði, hv. 3. þm. Vestf. varðandi afstöðuna til söluskattsins, sem er auðvitað mjög mikill liður í fjármálapólitík hæstv. ríkisstjórnar, og báðir þm. töluðu með þeim hætti að ekki verður skilið öðruvísi en svo að þeir séu fullkomlega andvígir þeirri fiskveiðistefnu sem hæstv. sjútvrh. fylgir. Ég held að það sé öldungis ljóst, eins og meiri hlutinn í deildinni er nú saman settur, að gjörsamlega væri útilokað fyrir hæstv. sjútvrh. að fá stuðningsyfirlýsingu frá meiri hluta þessarar deildar, nema ef vera kynni að hann fengi einhverja hjálp frá stjórnarandstöðunni. Þetta er sá trausti grundvöllur sem þessi ríkisstjórn stendur á og vekur auðvitað athygli á því hvernig á því standi að fyrstu aðgerðir hennar voru jafnmáttlausar og blautlegar eins og raun ber vitni. Sannast sagna þannig að enginn þeirra manna, sem reka sjávarútvegsfyrirtæki eða útflutningsfyrirtæki hér á landi og hæstv. forsrh. þykist vera að bjarga, hefur áttað sig á því að neinar ráðstafanir hafi verið gerðar, þetta er nú sannleikurinn í málinu. Og kannski er ástæða til, í þessu samhengi, að spyrja hæstv. menntmrh. að því hvort hann hafi virkilega meint það sem hann sagði í ræðu sinni, að ýmis fyrirtæki hér á landi hefðu verið komin á vonarvöl eða eitthvað þvílíkt þegar ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar lét af störfum og hann sjálfur hafi nú staðið að einhverju því sem ætla mætti að geti reist fyrirtækin við.

Hæstv. menntmrh. sagði með miklu yfirlæti — ég vil nú ekki segja að hann hafi minnt á frelsarann en biblíulegur var hann í framan þegar hann sagði um okkur sjálfstæðismenn: Voru þeir með lykilinn að Paradís í höndunum, af hverju notuðu þeir hann ekki? — eins og þessi hv. þm. þóttist vera að gera. Hann þóttist hafa fundið lykilinn að Paradís og það Ísland sem við nú búum í — og ég tek undir með honum að auðvitað svipar ástandinu hjá atvinnuvegunum nú að mörgu leyti til Paradísar Alþb., því að ekki aðeins af þessum ummælum hæstv. menntmrh. er ljóst og einnig af því sem Ólafur Ragnar Grímsson, hæstv. fjmrh., hefur sagt í fjölmiðlum að Alþb. stefnir markvisst að því að brjóta niður atvinnuvegina, þau fyrirtæki sem enn halda velli, og vilja með opinberum íhlutunum, opinberum millifærslum knýja fram gjaldþrot og eigendaskipti hjá fyrirtækjunum. Um þetta sagði hæstv. fjmrh. í sjónvarpinu, er hann talaði um hlutverk Atvinnutryggingarsjóðs, þegar hann var að útskýra fyrir þjóðinni hvers vegna þingleg stjórn ætti ekki að stýra þeim sjóði og hvers vegna það væri nauðsynlegt að einstakir ráðherrar ættu þar sína fulltrúa, sína mattadora sem myndu spila eins og ríkisstjórninni sýndist, þegar hann var að útskýra fyrir þjóðinni af hverju þurfi að fara þannig að, af hverju þurfi að brjóta aldagamla hefð hér í þinginu, að stjórnir af þessu tagi væru þinglega kjörnar þannig að minni hlutinn gæti haft eftirlit með ríkisstjórninni, sagði hæstv. ráðherra: Það þarf að knýja fram eigendaskipti og uppstokkun á þessum fyrirtækjum. Það þarf að knýja fram eigendaskipti og uppstokkun á þessum fyrirtækjum og stjórnarandstöðunni var ekki treystandi til að taka þátt í því. Þetta er skýringin sem hæstv. forsrh. gefur á því að þessi leið var valin að skipa stjórn Atvinnutryggingarsjóðs með þeim hætti sem í bráðabirgðalögunum segir og það er eftirtektarvert (**Forsrh**: Sagðirðu hæstv. forsrh. gaf?) Ég ætlaði að segja hæstv. fjmrh. — hafi ég sagt annað hef ég mismælt mig og biðst afsökunar. Það kom a.m.k. stundum fram, en það var hæstv. fjmrh. sem hafði þessi ummæli í sjónvarpi. Ég var kominn þar í ræðu minni að ég var að minna á að báðir þm. stjórnarandstöðunnar sem hér hafa talað, hv. 3. þm. Vestf. Karvel Pálmason og hv. 4. þm. Vesturl. Skúli Alexandersson, hafa gert athugasemdir við þá skipan Atvinnutryggingarsjóðs sem í bráðabirgðalögunum er gert ráð fyrir.

Hv. 3. þm. Vestf. sagði hér fyrir viku og vitnaði mjög til sinnar greindarvísitölu að hann væri maður fyrir sínum orðum, hann þyrði að segja á einum stað það sem hann talaði um á öðrum og ef menn hefðu á annað borð heyrt skoðanir hans þyrfti enginn að vera í vafa um það hvaða afstöðu hann tæki. Nú verður auðvitað fróðlegt að fylgjast með því þegar frv. kemur til 2. umr. hvort þessi hv. þm. hefur þrek til þess að fylgja eftir þeim skoðunum sínum að nauðsynlegt sé að breyta þeirri skipan sem hér er gert ráð fyrir að verði á stjórn Atvinnutryggingarsjóðsins eða hvort það verði tilfellið, eins og mig grunar reyndar, að hann sé svona að slá úr og í, gefa í skyn að hann gæti kannski og ef til vill verið reiðubúinn til þess að hugsa sér að annar háttur yrði á stjórn þessa sjóðs en hafi síðan ekki þrek til þess að fylgja eftir sínum eigin skoðunum. Á þetta mun reyna og eftir því mun verða tekið sérstaklega vegna þess að í ræðu sinni þar sem þetta kom fram brýndi hv. þm. ýmsa aðra þm. á því að þeir hefðu ekki þorað að fylgja eftir sínum skoðunum þegar mikið lægi við. Það má vel vera. Stundum var sagt um einn þm. sem hér var í stjórnarliðinu í gamla daga og hafði gaman af því að tala út og suður og þykjast vera með málum eða móti gagnstætt samherjum

sínum í ríkisstjórninni að hann hefði þó alltaf þrek til þess að greiða atkvæði út og suður þegar hann vissi að málið hafði meiri hluta í þingdeildinni hvort sem var. Nú verður fróðlegt að fylgjast með því hvort þessi hv. þm. sé sömu gerðar, að hann muni tala um það hér í þinginu að skipan stjórnar Atvinnutryggingarsjóðs sé óeðlileg og hvort hann muni þora að greiða þannig atkvæði að skipan sjóðsstjórnarinnar verði breytt. Það er ekki aðeins í þessu eina máli. Það er líka í ýmsum öðrum málum sem koma fyrir á þinginu í vetur þar sem í ljós mun koma hvort þessi hv. þm. hefur sama þrekið til þess að veifa sjálfstæðum skoðunum eins og á síðasta þingi þegar hann gat verið í skjóli annarra stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar sem þá sat. Á því veltur hver karlmennskan er.

Hv. 3. þm. Vestf. og hæstv. forsrh. töluðu báðir um niðurfærsluna og var ekki annað að heyra en þeir væru báðir þeirrar skoðunar að sú leið hefði verið farsæl til lausnar á vandamálunum og ekki dreg ég það í efa að þeir segi það satt. En ég held, hæstv. forsrh., að enginn muni trúa þeim orðum nema fram komi hvaða hugmyndir hæstv. forsrh. hafði um hvernig farið yrði með niðurfærsluna í sjávarútveginum. Það er auðvitað gott að geta leyst málið með því að segja eitt orð. Það er auðvitað afskaplega auðvelt að segja bara núna: Ég vildi fara niðurfærsluleiðina. Niðurfærsluleiðin hefði verið miklu betri. Niðurfærsluleiðin hefði gert þetta og niðurfærsluleiðin hefði gert hitt, en hafa síðan ekki þrek til þess að útskýra hana í einstökum atriðum. Það var auðvitað mjög eftirtektarvert sem fram kom hjá hv. 3. þm. Vestf. þegar hann sagði að hann hefði *verið til viðtals um það og það hefði verið álitamál í* sínum huga og komið til skoðunar hvort mætti breyta skiptakjörum sjómanna. Ég efast um að þessi hv. þm. hefði talað svo á þingi sjómanna fyrir vestan. En hann sagði það berum orðum hér í deildinni fyrir viku að það mætti koma til skoðunar hvort rétt væri að breyta skiptakjörunum. (**KP:** Nú hefur hv. þm. ekki heyrt rétt.) Ja, (**Gripið fram í:** Svona mátulega. Því ekki að fletta greinunum.) Ræða hv. þm. er hér á borði mínu og við skulum fletta því upp — en ef það er rétt sem þm. segir, að nú sé ég að fara rangt með, herra forseti, finnst mér sjálfsagt að hv. þm. komi við athugasemdum hér í deildinni þannig að það sjáist svart á hvítu að hann hafi mistalað sig. En þetta mun koma í ljós. Ég hef orðrétt ræðuhandritið. Ég skal að vísu viðurkenna að ég las það ekki yfir fyrir þennan fund heldur heyrði ég hvað hv. þm. sagði og mun þá að sjálfsögðu biðjast afsökunar hafi ég heyrt rangt. En það staðfestir þá að hv. þm. var þeirrar skoðunar að ekki kæmi til greina að breyta skiptakjörum sjómanna. Er það rétt? (**KP:** Það var ekki búið að skoða málið.) Hv. þm. ítrekar enn með sínu svari að það hafi ekki verið búið að skoða málið, ekki búið að skoða hvort kæmi til greina að breyta skiptakjörunum. Það þýðir á mæltu máli að það hafi komið til greina. Hv. þm. segir að það hafi ekki verið búið að skoða hvort skiptakjörum yrði breytt. Þetta þýðir annaðhvort það að þessi fulltrúi vestfirskra sjómanna hér í þinginu hafi verið reiðubúinn til þess að breyta skiptakjörum sjómanna eða ekki. Var þessi hv. þm. reiðubúinn til þess að gera það? Hann var reiðubúinn til þess að skoða það. Vildi fulltrúi vestfirskra sjómanna fallast á að þær kringumstæður gætu verið fyrir hendi að heimilt væri að breyta *skiptakjörum sjómanna*? Skoða það, sagði hv. þm. (Gripið fram í.) Hv. þm. sagði skoða það. (**KP:** Það var ekki skoðað.) Hann sagði skoða það sem þýðir auðvitað að hann er annaðhvort að gefa í skyn eða gefa undir fótinn að hann væri reiðubúinn að breyta skiptakjörum. Hann er a.m.k. ekki viss í sinni sök. (**KP:** Vill ekki hv. þm. lesa ræðuna?) En hæstv. forsrh.? Var hæstv. forsrh. reiðubúinn til þess að breyta skiptakjörum sjómanna? Það væri mjög upplýsandi að fá hugmyndir um það. (**Gripið fram í:** En ræðumaður?) Var hæstv. forsrh. reiðubúinn til þess? Ég held að hæstv. forsrh. verði að svara þessu. Hann getur ekki haldið áfram að tala um að hann vilji niðurfærsluleiðina en geti svo ekki svarað grundvallarspurningum í sambandi við hana. Var það skoðun sjútvrh. að það ætti að lækka fiskverð um 5% og hafa óbreytt skiptakjör? Af hverju alltaf að vera að tala, hæstv. forsrh., um að niðurfærsluleiðin sé svona mikilvæg ef ekki er hægt að svara einföldustu spurningum.

Nú sé ég að sjútvrh. er kominn í salinn. Það er kannski rétt að spyrja hann: Er það rétt, hæstv. sjútvrh., að sú hafi verið skoðun hæstv. ráðherra í síðustu ríkisstjórn að fiskverð ætti að lækka um 5% ef til niðurfærslu kæmi. Já, svo fjölorðir sem þessir hæstv. *ráðherrar báðir eru, sérstaklega forsrh.*, um niðurfærsluleiðina þegar enginn er til að spyrja, þegar þeir þykjast geta sloppið án þess að svara, eru þeir fáorðari þegar þeir eru spurðir út úr.

Það er auðvitað laukrétt sem hv. 14. þm. Reykv. sagði hér um þessi mál að það þýðir ekkert að ætlast til þess að það fólk hér á landi sem hefur lægstu launin í landinu, fátækasta fólkið í landinu, eigi að sætta sig við 9% kjaraskerðingu á sama tíma og þeir sem hafa hæstu launin fái kannski enga. Og halda svo áfram, ekki aðeins í þinginu heldur í öllum fjölmiðlum landsins, á fundum út um allt land, að tala um þessa niðurfærsluleið eins og hæstv. forsrh. hafi einhvern tíma viljað fara hana. Hann hefur ekki einu sinni kjark til að skýra út í grófum dráttum hver voru aðalatriði niðurfærsluleiðarinnar í hans huga. Hann segir: Niðurfærsluleiðin átti að bjarga sjávarútveginum. En hann hefur ekki kjark til þess að segja, hvorki hér í deildinni né annars staðar, hvernig niðurfærsluleiðin átti að koma við sjávarútveginn, hvernig niðurfærsluleiðin átti að koma við sjómennina og hvernig hún átti að koma við fólkið í frystihúsunum. Hann þorir ekki að segja hvernig það átti að koma við þá sjómenn sem lögðu aflann upp í frystihúsunum úti á landi, hvernig það átti að koma við þá sjómenn á frystitogurunum sem lögðu upp á mörkuðunum hér á landi og þar fram eftir götunum. Ekkert þetta hefur komið fram þrátt fyrir

ítrekaðar fyrirspurnir. Það ber auðvitað málstaðnum vitni.

Það er auðvitað afskaplega þægilegt þegar menn eru að verja rangan málstað að geta alltaf vísað til einhvers sem menn sjá í þoku og geta ekki virt greinilega fyrir sér, en sjá aðeins útlínurnar, það er afskaplega auðvelt að segja við mann sem hvorki hefur sjónauka eða hefur lesið stjörnufræði að það gangi fólk um á tunglinu, ef viðkomandi hefur aldrei lesið neina bók og aldrei heyrt neitt um tunglið. Það er enginn vandi að segja að þar sé kannski annar Framsfl., ekki nokkur vandi ef viðkomandi veit ekki neitt um tunglið áður. Eins er það með niðurfærsluleiðina. Það er afskaplega einfalt, hæstv. forsrh., að halda því fram eins og kom fram í ræðunni fyrir viku að niðurfærsluleiðin, lækkun launa um 9%, hefði fært einhverjar kjarabætur til einhverra, en það er auðvitað algerlega úr lausu lofti gripið, í hvaða samhengi sem það er talað, að lækkun verðlags hefði fært launþegum kjarabót. Auðvitað hefði einhver lækkun verðlags í kjölfar 9% lækkunar á launum ekki fært einum einasta manni kjarabót. Ef vörur lækkuðu í kjölfarið hefði það dregið úr kjararýrnuninni. Það er bara allt annað mál. Ég skal ekki á þessu stigi fara mikið lengra út í þessa sálma nema aðeins vekja athygli á því að hæstv. forsrh. sagði í sinni ræðu að eftir að niðurfærsluleiðin var úr sögunni hefði verið séð fyrir endann á ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar og taldi hann það orsök stjórnarslitanna.

Hæstv. forsrh. sagði: Upp úr því stjórnarsamstarfi slitnaði vegna þess einfaldlega að við náðum ekki samkomulagi um þessa leið. Hér er að mati forsrh. alveg um skýran tímapunkt að ræða í ferli síðustu ríkisstjórnar. Í hans huga kom frekara stjórnarsamstarf við Sjálfstfl. ekki til greina eftir að slitnaði upp úr viðræðunum um niðurfærsluleiðina. Á öðrum stað kvartar hann undan því að við sjálfstæðismenn hefðum ekki viljað verja ríkisstjórn Framsfl. og Alþfl. vantrausti, að við hefðum ekki viljað styðja slíka ríkisstjórn án þess að eiga hlutdeild í henni. Ég skil ekki alveg hvað hæstv. forsrh. er að fara með því þegar hann spyr og segir hér í þinginu: Við vorum þrír flokkar saman í ríkisstjórn. Nú þykir mér eðlilegt að einn flokkurinn fari út úr ríkisstjórninni og haldi áfram að styðja þau mál á Alþingi sem ríkisstjórn þá tveggja flokka í stað þriggja leggur fram. Eitthvað er nú þetta grautarlegur hugsunarháttur að halda að stjórnmál gangi þannig fyrir sig, að einhver einn flokkur sé reiðubúinn til þess að ganga úr ríkisstjórninni, missa þannig áhrif og völd, en láta einhverjum öðrum eftir að stjórna og sýna ábyrgð. Auðvitað er þetta ekkert annað en útúrsnúningur, að slá svona úr og í, og dæmigert fyrir málflutning hæstv. forsrh. þegar hann vill ekki tala skýrt eins og hann hefur ekki fengist til að gera í sambandi við niðurfærsluleiðina svo sem ég hef hér gert skýra grein fyrir.

Málsvari Alþfl., hv. 3. þm. Vestf., sagði í sinni ræðu, þegar hann fjallaði um það hvort skynsamlegt hefði verið af Sjálfstfl. að bera niðurfærsluleiðina undir samtök launafólks, undir stjórn Alþýðusambands Íslands, að það hafi verið gert til þess að loka þessari leið og verið beinlínis sett fram til þess. Ber að skilja ummæli hv. 3. þm. Vestf. þannig að undir vissum kringumstæðum geti aðstæður í þjóðfélaginu verið svo alvarlegar að það sé beinlínis óráðlegt fyrir forsrh. að bera það traust til stjórnar Alþýðusambandsins að ræða við hana um ýmsa þá möguleika sem uppi eru um það hvernig eigi að taka á erfiðleikum í atvinnulífinu? Mér kom auðvitað mjög mikið á óvart að þessi hv. þm. skyldi tala með þeim hætti sem hann gerði. Hann hefur jafnan fram undir þetta verið einn þeirra manna hér í þingsölum sem harðast hafa talað fyrir hagsmunum launafólks og hvarvetna viljað tryggja að áhrif þess væru eðlileg og að samtökum launafólks væri sýnd ekki aðeins virðing heldur sá trúnaður að við þau mætti tala og bera undir þau hvers konar málefni, ekki síst þegar mikið er í húfi, að ég tali nú ekki um, eins og hæstv. sjútvrh. óttast svo mjög, þegar mikið atvinnuleysi blasir við. Ég hélt að einmitt undir slíkum kringumstæðum þætti hv. 3. þm. Vestf. mikilsvert að forsrh. væri þeirrar gerðar að hann vildi tala við stjórn Alþýðusambandsins og reyna að efla trúnað milli sín og forustumanna launþega.

Það er af þessum ástæðum sem mér þykir mjög undarlegt að þessi hv. þm. skuli komast svo að orði að áhersla hæstv. fyrrv. forsrh., Þorsteins Pálssonar, á að styrkja trúnaðarsambandið við verkalýðshreyfinguna hafi einungis verið til þess að útiloka leið sem að öðrum kosti hefði kannski verið farin til góðs fyrir launþega. Ég veit ekki hvort það á að skilja hv. þm. svo að hann telji að fyrrv. ríkisstjórn hefði betur ekki talað við Alþýðusambandið því að þá stæðu okkar mál betur. Var það það sem hv. þm. meinti? Kom stjórn Alþýðusambandsins illa fram í þessu máli og talaði gegn hagsmunum launþega? Voru það m.ö.o. hagsmunir launþega að niðurfærsluleiðin væri farin eins og hún var lögð til af ráðherrum Alþfl. og Framsfl.? Var það sú stefna sem þessi hv. þm. vildi fara? Og ber þá að skilja hann þannig að stjórn Alþýðusambandsins í heild hafi með afstöðu sinni unnið gegn hagsmunum launþega? Ef hv. þm. er þeirrar skoðunar að stjórn Alþýðusambands Íslands hafi í þessu tilviki haft hagsmuni launþega í huga og haft rétt fyrir sér hlýtur þessi hv. þm. líka að vera þakklátur formanni Sjálfstfl. fyrir það að hann skyldi hafa borið það traust til launþegahreyfingarinnar að hann vildi bera þessi mál undir hana áður en lengra yrði haldið.

Ég held að það sé ekki bæði hægt að segja, hv. þm., að niðurfærsluleiðin sé góð og að hún sé á móti hagsmunum launþega. Það er ekki bæði hægt að segja að Þorsteinn hafi gert illt af sér með því að niðurfærsluleiðin var ekki farin og segja þá um leið að niðurfærsluleiðin hafi falið í sér óréttlæti, kannski mesta óréttlæti frá lýðveldisstofnun gagnvart einstökum þjóðfélagshópum. Það er ekki bæði hægt að segja hana góða og vonda eftir því um hvað talað er.

Ég held því, herra forseti, að hv. þm. verði ekki skilinn öðruvísi, ef höfð eru í huga afskipti hans af launamálum áður og þau orð sem hann hefur áður sagt hér á Alþingi um launþegasamtökin, um þá lægst launuðu, um launamismuninn í landinu, um það hvernig hann vilji einmitt koma til móts við þá sem helst þurfa þess með, með hliðsjón af öllum þeim orðum er ekki hægt að skilja hv. þm. öðruvísi en svo að hann hafi að vísu með klaufalegum hætti verið að þakka formanni Sjálfstfl. fyrir það að hann skyldi hafa borið niðurfærsluleiðina undir stjórn Alþýðusambands Íslands og að stjórn Alþýðusambands Íslands hafi hafnað þeirri leið vegna þess að stjórn Alþýðusambandsins vissi að sú leið var á móti hagsmunum þess fólks sem minnst mega sín í landinu.

Hitt er svo auðvitað eftirtektarvert að samningsréttarmálin eru ekki lengur neitt grundvallaratriði hjá Alþb. um leið og það er komið í stjórnaraðstöðu.

Og það er eitt mál annað, þetta þó að launin séu lækkuð. Hæstv. menntmrh. er svo vanur því að grípa inn í kjaramálin með bráðabirgðalögum eða lögum frá Alþingi eða bara hvernig sem hægt er að koma því við að lækka launin hjá fólkinu. Hvort það er 13, 14 eða 20 sinnum skiptir ekki máli. Í biblíunni stendur einhvers staðar: ekki 7 sinnum heldur 70x7 sinnum. Við skulum vona að hæstv. menntmrh. verði ekki svo langlífur í þessu sæti að hann hafi tækifæri til þess að grípa inn í og skerða kjarasamninga 70x7 sinnum.

En ég vil spyrja hæstv. menntmrh. um annað. Ég held að það sé nauðsynlegt, herra forseti, að koma nokkuð víða við vegna þess að það frv. sem hér liggur fyrir er flutt í tilefni af yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, hinni fyrstu. Er hæstv. menntmrh. líka sammála þeim ummælum, sem hæstv. iðnrh. hefur látið sér um munn fara, að rétt sé að róa öllum árum að því að ný stóriðja rísi sem fyrst hér á landi og helst í Straumsvík? Hvað segir hæstv. menntmrh. um það mál? Er kannski Alþb. ekki aðeins búið að kyngja samningsréttarmálunum? Er Alþb. líka orðið mesti stóriðjuflokkurinn hér á landi ef það hentar Alþb. þegar það kemur inn í ríkisstjórn? Ég sá að vísu að hv. 2. þm. Austurl. Hjörleifur Guttormsson var eitthvað að reyna að móast við fyrst í stað. En ég held að það sé búið að koma — heitir það ekki félagsleg hnapphelda núna sem sett er á þm.? Það er ekki frjálshyggja. Svo mikið er víst. Það er ekki frelsi sem er á einstökum þm. Hnappheldan er félagsleg. Ekki vinstri hnapphelda, heldur er hún félagsleg hnapphelda. Það er nýyrðið núna, félagslega hnappheldan. Ég man eftir því að hæstv. ráðherra talaði fyrr um „gengisaðlögun". Það mátti ekki lengur tala um að fella gengið og þá mátti gengið ekki síga. Þá fann hann upp í sinni ræðu einu sinni gengisaðlögun. (**Menntmrh.:** Það var Þorsteinn sem fann hana upp.) En núna þora þeir ekki lengur að mynda vinstri stjórn því að þeir vita að það er óbragð af vinstri stjórn hjá þjóðinni og nú á þetta að heita félagshyggjustjórn. Ég veit nú ekki hvort það er nokkurt ólöglegt litarefni og ólöglegt bragðefni á þessum nýju einkunnum sem þessi ríkisstjórn gefur sér. Því ef þetta yrði allt saman efnagreint þá sjáum við að það er bara ný vinstri stjórn komin í landið. En mér er svo sem alveg sama þó við köllum hana félagshyggjustjórn. Það skiptir ekki máli.

En er þetta svona, að Alþb. sé í þessari nýju félagshyggjustjórn sinni, félagshyggjustjórninni sem lét það verða sitt fyrsta verk að framlengja kaupránslög frá íhaldinu, banna verkalýðshreyfingunni að semja? Félagshyggjustjórnin sem bannar launþegunum að fá umsamdar kauphækkanir, er það ekki? Félagshyggjustjórnin sem ætlar að fara að þyngja skattana? Félagshyggjustjórnin sem segir að aðgerðir sínar í efnahagsmálum séu þannig að það megi búast við meira atvinnuleysi en kannski nokkru sinni í sögu lýðveldisins? Það er nú félagshyggjustjórnin.

Er það líka verkefni félagshyggjustjórnarinnar, hæstv. menntmrh., að reisa álver í Straumsvík? Hvernig er það? Er erfitt að segja já eða nei við því? (Gripið fram í.) Ég veit ekki hvort kratarnir kannast við að eiga fleiri ráðherra en tvo, hæstv. utanrrh. og hæstv. viðskrh. Þó ég haldi nú að þriðji krataráðherrann sé þeirra vinsælastur þá hefur mér sýnst stundum að forustumenn krata vilji ekki kannast við þennan þriðja af því að hann er best séður hjá þjóðinni og kannski mest við alþýðuskap.

Hvað segir hæstv. menntmrh. um hervöllinn fyrir norðan eða austan? Heldur hæstv. menntmrh. að hv. 2. þm. Austurl. Hjörleifur Guttormsson kunni vel við hann? Ekki orð um það heldur. NATO-völl fyrir austan eða norðan, það má ekki segja orð um það. Ég veit ekki hvort hæstv. forsrh. vilji þá svara þessu hér á eftir af því að við erum nú á annað borð að fjalla um efnahagsaðgerðirnar og vegna þess að hæstv. sjútvrh. lýsti því yfir í gær að efnahagsaðstæður í þjóðfélaginu væru þannig að hann hefði ekki þrek til þess að fara að tillögum fiskifræðinga um að gera nauðsynlegar friðunaraðgerðir varðandi t.d. þorskstofninn. Rækjustofninn kannski líka? Grálúðuna? Karfann? Hann sagði að af efnahagslegum ástæðum treysti ríkisstjórnin sér ekki til þess að fara að tillögum fiskifræðinga um nauðsynlega friðun á þorskinum, karfanum, grálúðunni, rækjunni. Eða hvað? Og um leið og þetta liggur fyrir, er þá ríkisstjórnin kannski líka að hugsa um að spilla fyrir í sambandi við stóriðjumálin við Straumsvík? Eða hefur ríkisstjórnin tekið ákvörðun um það að ráðherrarnir leggist nú allir á eitt um það að skjóta nýjum stoðum undir gjaldeyrisöflun okkar einmitt núna þegar samdrátturinn er og reisa nýtt álver við Straumsvík eða stækka álverið?

Ég veit að hæstv. forsrh. er góður verkstjóri. Ég veit ekki hvort hann er hins vegar trúnaðarmaður einstakra ráðherra í sínu ráðuneyti. Hafa þeir ráðherrar Alþb. trúað hæstv. verkstjóra sínum og forsrh. fyrir því hvort þeir geti hugsað sér að stækka

álverið? Ég man þegar ég hlustaði á hæstv. samgrh. í fyrsta skipti, Steingrím J. Sigfússon, þá fór hann hamförum um allt Norðausturland og það var auðheyrt á hans ræðum þá að það var bara tvennt sem hann ekki vildi. Hann vildi ekki stóriðju og hann vildi ekki varaflugvöll sem gæti gagnast NATO. Hvorugt á þeim tíma. Nú hafa ráðherrar Alþfl. sagt að þeir stefni að hvoru tveggja. Þeir vilja NATO-flugvöllinn. Þeir vilja stóriðjuna. Ekki orð frá hæstv. forsrh. Vonandi kemur það á eftir. Ekki orð frá hæstv. menntmrh. Hæstv. menntmrh. var nú þannig samt í stjórnarandstöðunni að hann átti til að spyrja menn og ætlaðist stundum til þess að þeir svöruðu já eða nei. En ég sé að hann er orðvarari núna, enda fann maður það á ræðu hans fyrir viku að honum var ekki jafnglatt í geði eins og maður gæti haldið eftir að hann hafði komist í stólinn. Flugið var ekki jafnmikið núna eins og á vordögum. Það var eins og hann væri vængstýfður, ein af gæsunum hans Snorra á Skipalóni, heimaalin gæs eða eitthvað svoleiðis.

Ég sé nú að formaður fjh.- og viðskn. er kominn hingað. (**Gripið fram í:** Er hv. þm. að líkja ráðherranum við gæs.) Ég biðst afsökunar á því, herra forseti, að hafa ekki líkt honum við fálka. (**Menntmrh.:** Er hann ekki sameiningartákn Sjálfstfl.?) En á sama tíma og sjútvrh. er að spá atvinnuleysinu segist hæstv. menntmrh. vera með lykilinn í höndunum að paradís verkafólks í landinu. Er það ekki? Það er lykillinn. Hann er með lykilinn í höndunum. Það þarf ekki að spyrja að því. Þannig er það.

Ég veit ekki hvað maður á að fara langt í þetta. Hv. 3. þm. Vestf. efaðist um að ráðstafanirnar nægðu til að reisa atvinnulífið við, nánast úr rústum. Ég held að hann hafi sagt eitthvað í þá áttina. Er það ekki rétt með farið? Já. Það er verst að hv. 4. þm. Vesturl. skuli ekki vera hér. En það er svona, herra forseti, þegar langt er á milli umræðna þurfa menn kannski að fara bæjarleið og komast ekki til baka í tæka tíð, gleyma kannski að umræðan heldur áfram.

Ég hef heyrt ýmsa aðra stjórnarsinna tala um það að síðasta ríkisstjórn hafi skilið illa við og er nauðsynlegt að fara nokkrum orðum um það. Eins og fram kom í ræðu hæstv. forsrh. lagði formaður Sjálfstfl. mjög ríka áherslu á það í júlímánuði að ekki síðar en í ágústmánuði yrði gripið til ráðstafana sem dygðu til þess að útflutningsatvinnuvegirnir fengju eðlileg vinnuskilyrði. Það var auðvitað rétt að við sjálfstæðismenn skyldum leggja meiri áherslu á þetta en bæði framsóknarmenn og alþýðuflokksmenn. Ef við skoðum söguna þá hefur það jafnan verið svo að Sjálfstfl. hefur verið óhvikull í þeirri skoðun og stefnu sinni að hið íslenska þjóðfélag verði ekki rekið með öðrum hætti en þeim að útflutningsframleiðslan geti staðið undir sér. Þetta hefur verið forsendan fyrir málefnalegri baráttu, þjóðmálabaráttu okkar sjálfstæðismanna og frá þessu höfum við ekki hvikað. Og einmitt á grundvelli þessarar stefnu hefur okkur tekist að gæða aðra þætti atvinnulífsins lífi og á grundvelli þessarar stefnu hefur okkur tekist að færa bætt lífskjör til fólksins, jafnvel þótt Sjálfstfl. hafi komist til valda við erfið skilyrði.

Nú gerðist það í ágústmánuði sl. að samkomulag tókst ekki milli stjórnarflokkanna þriggja um til hvaða ráðstafana yrði gripið vegna sjávarútvegsins, vegna útflutningsatvinnuveganna, og eins og við heyrðum og eins og ég hef áður sagt og „síterað" hefur hæstv. forsrh. upplýst að af hálfu Framsfl. hafi frekara stjórnarsamstarf við Sjálfstfl. ekki komið til greina eftir að niðurfærsluleiðin var úr sögunni. Þessi ummæli hæstv. forsrh. skýra auðvitað betur en mörg orð ástæðurnar fyrir því að ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar varð að láta við það sitja 1. sept. sl. að setja bráðabirgðalög sem gerðu hvort tveggja í senn: komu í veg fyrir verðhækkanir og frystu kaupgjald í landinu. Þetta hvort tveggja olli því að vextir í landinu lækkuðu meira í septembermánuði en þeir hafa gert í annan tíma og það er athyglisvert að framfærsluvísitalan var á ársgrundvelli 29,1% í ágústmánuði og gætti þar áhrifa gengisfellingarinnar í maímánuði, í september var hún komin niður í 0,7% eða 9,1 á ársgrundvelli og í kjölfarið fer hún í 0,4% nú í októbermánuði eða 4,2% á ársgrundvelli. Allan þennan mikla árangur einmitt í verðbólgumálum er óhjákvæmilegt annað en rekja til þeirra aðgerða sem ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar beitti sér fyrir og er að þakka bráðabirgðalögunum frá 1. sept. og í framhaldi af þeim var kaupfrystingu haldið áfram og samsvararandi og sams konar verðlagsaðhaldi beitt og við sjálfstæðismenn lögðum til í ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar. Verðstöðvunin, sem ýmsir töluðu þá um sem nú eiga sæti í ríkisstjórninni, hefur ekki orðið. Auðvitað halda vörur áfram að hækka sem keyptar eru erlendis frá eins og við sögðum fyrir fram og eins og við vissum allan tímann. Hins vegar í þessum mánuði, sem nú er nýbyrjaður, nóvembermánuði, mun verðbólgan hækka, hún mun fara upp í 1% eða 12–13% á ársgrundvelli, úr 4,2% í októbermánuði í 12–13% í nóvembermánuði, og öll áhrifin af þessari hækkun verðbólgunnar munu fara beina leið inn í lánskjaravísitöluna, hæstv. forsrh., og hækka öll lán í landinu. Áhrifin af gengisfellingunni fara beina leið inn í vísitöluna og þyngja byrðarnar bæði hjá launafólki og hjá atvinnurekendum í landinu og það er ekki að sjá að af hálfu ríkisstjórnarinnar sé að vænta neinna viðbragða til að reyna að koma í veg fyrir það, engra viðbragða, þó að lánskjaravísitalan fari aftur á leik vegna þess að ríkisstjórnin hafði ekki hugmyndaflug, þrek eða kjark til að gera neinar neyðarráðstafanir til þess að áhrif gengisfellingarinnar kæmu ekki inn í verðlagið. Svo einfalt er það mál.

Við sjálfstæðismenn sögðum í ágústmánuði að þeim mun lengur sem aðgerðir fyrir útflutningsatvinnuvegina drægjust, þeim mun verr yrðu fyrirtækin sett og við settum okkur af þeim sökum þessi tímamörk. Það má auðvitað segja að við hefðum á síðustu dögum ágústmánaðar átt að leggja til að efnt

yrði til kosninga. Eftir sem áður var nauðsynlegt að stöðva frekari víxlgang kaupgjalds og verðlags. Við urðum að setja stöðvunarlögin 1. sept. úr því að framsóknarmenn og alþýðuflokksmenn voru ekki til viðtals um neitt það sem mætti koma útflutningsatvinnuvegunum til góða, ekki neitt, alls ekkert. Af þeim sökum er auðvitað nauðsynlegt að setja þessi bráðabirgðalög 1. september. Síðan heldur auðvitað tíminn áfram að líða. Og nú er komið í ljós að það sem stóð í Alþýðublaðinu er rétt, að formaður Framsfl. var í baktjaldamakki þessa síðustu daga ágústmánaðar og í septembermánuði. Hann er sjálfur búinn að segja að ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar hafi verið úr sögunni, stjórnarsamstarfið hafi verið úr sögunni eftir að niðurfærsluleiðinni var hafnað og enginn þarf að segja mér að hæstv. forsrh. hafi þá setið auðum höndum. Þannig er nú komið í ljós að baktjaldamakkið átti sér stað. Ég skal ekki gera mikið úr því, hæstv. forsrh., þó svo sé. Mér finnst bara gott og nauðsynlegt að atriði eins og þessi komi fram í dagsljósið þannig að maður átti sig á því hvernig þróun stjórnmálanna er og hvernig málin ganga fyrir sig í einstökum atriðum.

Síðan kemur fram í septembermánuð og þá segja þeir hver á fætur öðrum að ráðstafanirnar í september hafi nánast reist atvinnulífið úr rústum. Og hverjar voru nú ráðstafanirnar? 3% gengisfelling. Það væri gaman að spyrja frystihúsin 17, sem hæstv. forsrh. vísaði til og talaði um að væru að stöðvast, hvort framkvæmdastjórarnir í þeim frystihúsum telji að þessi 3% muni miklu. Að vísu er rætt um að greiða 5% úr Verðjöfnunarsjóði vegna frystiiðnaðarins, það er rétt, og það kemur auðvitað til góða. En ekki mundi það duga til að reisa neitt úr rústum. Það hefur áður komið fyrir að sjávarútvegurinn hér hefur verið í rústum og þá hefur þurft meira en 3% gengisfellingu og 5% greiðslur úr Verðjöfnunarsjóði. Verðbólgan var komin niður þegar stjórnarskiptin urðu þannig að ekki hafa þessir tveir ráðherrar gert neitt í þeim efnum. Hún er hækkandi í þessum mánuði. Ekki var neitt gert þar sem þessi ríkisstjórn getur sérstaklega hrósað sér af. Nei.

En hæstv. forsrh. segir líka fleira. Hann segir að gengi krónunnar sé rangt skráð. Nú er óhjákvæmilegt að lesa úr ræðu hans um það atriði. Hann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Að mati Þjóðhagsstofnunar var raungengi um síðustu áramót á mælikvarða launa 30% yfir meðalraungengi undanfarinna 4–5 ára. Einnig að mati Þjóðhagsstofnunar var raungengi á mælikvarða verðlags um 20% yfir meðalraungengi þessara ára. Þjóðhagsstofnun telur að þetta hvort tveggja muni lækka fram í febrúar um um það bil helming, þ.e. á mælikvarða launa niður í um það bil 15% og mælikvarða verðlags niður í um það bil 10%. Þetta er út af fyrir sig afar mikil lækkun.

Það getur einnig ýmislegt fleira gerst sem lagfærir þetta raungengi. T.d. hafa ýmsir spáð því að það muni verða hækkun á okkar afurðum á erlendum mörkuðum snemma á næsta ári vegna þess að það hefur orðið uppskerubrestur m.a. í Bandaríkjunum og víðar sem muni leiða til hækkunar á matvælaverði. Sömuleiðis held ég því a.m.k mjög ákveðið fram að sú lækkun í fjármagnskostnaði sem verður framkvæmd muni leiða til þess að atvinnuvegirnir þola betur það gengi sem er og vitanlega leiðir lækkun á slíku til lækkunar raungengis á grundvelli verðlags."

Ég hef þessa tilvitnun ekki lengri, herra forseti, en hún vekur margar spurningar. Í fyrsta lagi væri nauðsynlegt að fá að vita hvort hæstv. forsrh. telur að raungengi krónunnar hafi verið viðunandi eða rétt um síðustu áramót. Í öðru lagi væri fróðlegt að fá upplýsingar um hversu mikil kjararýrnun felst í þessum spádómum. Um áramót var raungengi á mælikvarða launa 30% yfir meðalraungengi undanfarinna 4–5 ára, en dettur niður í 15%. Hversu mikil kjaraskerðing er þetta? Hefur hæstv. menntmrh. gert sér grein fyrir hver kjaraskerðingin verður fram í febrúarmánuð? Eftir þessum upplýsingum hæstv. forsrh. virðist þetta eiga að halda svona áfram, rúlla áfram eins og snjóbolti, bætir við sig kjaraskerðingin á hverjum mánuði, stækkar smátt og smátt. Hvað ætli kjaraskerðingin sé orðin mikil núna, hæstv. forsrh., ef það dettur niður í 15% í febrúar? Það er m.ö.o. í gegnum kjaraskerðinguna sem á að reyna að ná genginu réttu, en þó þannig að það á ekki að gera neitt til þess að örva atvinnureksturinn til dáða. Það eru að vísu framlög úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins sem ég held að talað sé um að eigi að veita 5% bætur vegna framleiðslu frá 1. júlí sl. En hversu lengi á það að vera? Á það að vera fram í febrúarmánuð eða til maíloka? Er hægt að fá svar við því? Það er ekki í bráðabirgðalögunum. Hversu lengi hugsar ríkisstjórnin sér að þessar greiðslur úr frystideildinni verði í Verðjöfnunarsjóði frystiiðnaðarins? Á framleiðslunni í maí, framleiðslunni í febrúar? Hvenær er lokadagurinn í þeim efnum? Það væri mjög nauðsynlegt að fá um það að vita, líka til þess að fá upplýsingar um hvort sú fjárhæð sé nægileg sem í bráðabirgðalögunum er talað um.

Ég tók eftir því í fréttum í gær og það er náttúrlega ekki í fyrsta skipti þegar talað er um það að gengi bandaríkjadals fari lækkandi. Þær eðlilegu röksemdir sem menn telja að séu fyrir því eru í fyrsta lagi að ríkissjóður sé rekinn með halla, í öðru lagi að viðskiptajöfnuðurinn við útlönd sé rekinn með halla og í þriðja lagi vegna þess að bandarísk fyrirtæki standi ekki nægilega vel á erlendum mörkuðum. Það eru þessi þrjú atriði sem valda því að bandaríkjadalur fellur í verði. Nú erum við með ríkisstjórn sem er á öndverðum meiði í þessu. Það er líka þannig hjá okkur að ríkissjóður er rekinn með halla. Það er líka þannig hjá okkur að það er bullandi halli á viðskiptajöfnuði og það er líka þannig hjá okkur að útflutningsiðnaðurinn stendur höllum fæti. Og þá erum við með ríkisstjórn sem segir: Þegar þetta þrennt fer saman skulum við styrkja stöðu íslensku krónunnar gagnvart dollar. Er nokkur maður hér á landi sem heldur að íslenska krónan sé sterkari en

dollar? Er ástandið þannig í landinu núna að við getum hrósað okkur af því? Ég held ekki. Sumir segja og vilja halda því fram að það að tala um að strjálbýlið megi standa undir sér sé mikil þröngsýni. En ég verð að segja það að sem þingmaður þess kjördæmis sem kannski framleiðir mest af þorskafurðum á hverju ári, sem þingmaður Norðurlandskjördæmis eystra, ber ég mikinn kvíðboga fyrir þeirri byggðarfjandsamlegu stefnu sem þessi svokallaða félagshyggjustjórn fylgir. Félagshyggja! Og hvað var hitt aftur? (Gripið fram í.) Félagshyggja og bræðralag, já. Það var ágætt, já. Þessi svokallaða félagshyggjustjórn. Þetta orð er ekki jafnfallegt í munni nú og áður en stjórnin var mynduð. Það er að verða hálfgert óbragð að nafninu, félagshyggjustjórn. (**Gripið fram í:** Þetta er ekki fallegt nafn.) Guð minn almáttugur.

Þessi stjórn er að beita sér fyrir þeirri byggðafjandsamlegu stefnu að fyrirtækin vítt og breitt um landið, í öllum sjávarplássunum hringinn í kringum landið verði ekki rekin öðruvísi en þannig að þau þurfi að fara á einhverja biðstofu hér í Reykjavík til að fá lán frá Atvinnutryggingarsjóði. Og svo segir hæstv. forsrh. að það skipti engu máli hvort fyrirtækin eigi veð sem fái lánin úr Atvinnutryggingarsjóði, engu máli, heldur á að meta lánshæfni fyrirtækjanna eftir einhverju allt, allt, allt öðru, kannski eftir brunabótamati eða guð veit hvað. En matsverð fyrirtækjanna skiptir ekki máli. Hingað eiga þeir að koma í hungurgöngum.

Þetta er ekki í fyrsta skiptið sem sá hugsunarháttur gægist upp hjá Framsfl. að þeir hafa gaman af því að gera mönnum og byggðarlögum greiða. Það má ekki leyfa fólkinu að bjarga sér sjálft. Það má ekki leyfa mönnunum úti í atvinnulífinu út um allt land að bjarga sér sjálfir. Það má ekki gefa þeim kost á heilbrigðum rekstrargrundvelli. Það má ekki leyfa okkur Íslendingum að búa við það gengi að atvinnureksturinn standi undir sér og það sé þokkalegur jöfnuður í viðskiptunum við útlönd heldur á þetta að ákveðast við kontórborðið hér uppi í Stjórnarráði og það heitir félagshyggja. Það þarf ekki neinn maður að efast um að það er a.m.k. einn maður í ríkisstjórninni sem skilur þetta. Það er hæstv. sjútvrh. Hann reyndi að þumbast við í síðstu ríkisstjórn. Ég þori ekki að segja, en mig grunar að hann hafi mest reynt að þumbast við þegar hæstv. páv. utanrrh. var fjarverandi. Hann reyndi að þumbast við þá og hann reynir enn að þumbast við. Hann vekur athygli á því utan ríkisstjórnarfundanna að það standi ekki vel í sjávarútveginum. Hann bendir á að svo er komið að ríkisstjórnin hefur ekki þrek til að reyna að beita sér fyrir þeim aðgerðum að nauðsynlegum friðunarráðstöfunum hjá fiskstofnunum verði komið við og sennilegast af öllu er það að á næsta ári verði atvinnustefna þessarar ríkisstjórnar sú að halda áfram að ganga á fiskstofnana en hafna möguleikum á nýrri atvinnuuppbyggingu eins og væri t.d. með orkufrekum iðnaði við Straumsvík eða annars staðar á landinu, hafna nýjum gjaldeyrisskapandi atvinnurekstri, atvinnutækifærum í dældinni og þora svo ekki að horfast í augu við ástand fiskistofna. Þetta er félagshyggjustjórn! (**JE:** Það er rétt.) Það var þá — og persónugervingur félagshyggjunnar gengur í salinn.

Ég skil mjög vel að einmitt við þessar aðstæður, þegar við sjáum kjarkleysi hæstv. forsrh. í atvinnumálunum og í efnahagsmálunum, skuli þeir hv. þm. þessarar deildar sem enn fylgja stjórninni að máli og eru kunnugastir einmitt í sjávarplássunum, hv. 3. þm. Vestf. og hv. 4. þm. Vesturl., bera kvíðboga fyrir framhaldinu og báðir létu svo um mælt að þeir efuðust um að þessar ráðstafanir, sem ríkisstjórnin beitti sér fyrir í septembermánuði, væru svo sem nokkurs virði. Ég er ekki hissa á því þótt hv. 6. þm. Norðurl. e. segi að ríkisstjórnin sé ekki á sumar setjandi og telji það mikinn fagnaðarboðskap á Norðurlandi að láta menn vita af því að þó hann hafi slysast til þess að gefa ríkisstjórninni og setja hana á þennan vetur skuli það ekki vera nema fram á vorið. Þá hefur hann lofað því að losa sig við stjórnina, lofað Norðlendingum því að þeir fái kosningar og geti hrundið þeirri árás á lífskjörin og atvinnumöguleikana í landinu sem þessi ríkisstjórn er.

Ég skildi ekki hæstv. forsrh., hvernig það var hugsað ef nú yrði gert ráð fyrir því í lögunum að Atvinnutryggingarsjóður fái heimild til að ábyrgjast 5 milljarða. En í ræðunni fyrir viku ýjaði hæstv. forsrh. að því að bankastofnanir mundu jafnvel veita bakábyrgðir fyrir ábyrgðunum sem sjóðsstjórnin veitti þeim sem skulduðu viðkomandi fyrirtæki. Ég veit ekki hvort þessi bandormur er allur rétt skilinn hjá mér. Í öllu falli var alveg ljóst af ummælum hæstv. forsrh. að þessi 5 milljarða bakábyrgð, sem sjóðurinn á að veita útgerðarfyrirtækjum í kröggum, er ekki með ríkisábyrgð, ekki einu sinni einfaldri ríkisábyrgð. Það er einungis sjóðurinn sjálfur sem á að standa undir þessari bakábyrgð. Og eins og hæstv. forsrh. sagði í ræðu sinni er hugmyndin alls ekki sú að sjóðurinn taki örugg veð fyrir sínum lánum heldur eigi hann að horfa á eitt og annað hér og þar, sem er nú erfitt að greina, um leið, eins og hæstv. forsrh. sagði, sjóðurinn á að knýja fram eignaskipti og uppstokkun á útflutningsfyrirtækjunum.

Ég held að það þurfi að útskýra þetta nánar. Er þetta mórölsk ábyrgð, hæstv. forsrh.? Ekki er þetta peningaleg ábyrgð. Eignir sjóðsins verða svo sem einskis virði ef hlutverk sjóðsins er að lána þeim fyrirtækjum sem ekki geta greitt skuldir sínar og setja ekkert að veði nema hagnaðarvonina. Þá ganga eignirnar skjótt til þurrðar. Hvers virði er þá bakábyrgð slíks sjóðs? Mórölsk ábyrgð? Hefur hæstv. forsrh. trú á því að lánardrottnarnir telji þennan pappír einhvers virði ef sjóður sem ekkert hefur á bak við sig á að ábyrgjast fyrir þá það sem þeir ekki fá með öðrum hætti? Mundi hæstv. forsrh. taka við slíkum pappírum sem tryggingu ef hann bæri ábyrgð á fyrirtæki? Hverjum er ætlað að taka við pappírum sem enginn vill ábyrgjast? Með bráða-

birgðalögum er settur upp sjóður sem á að ábyrgjast 5 milljarða fyrir útflutningsfyrirtækin, með bráðabirgðalögum er settur upp sjóður sem á að ábyrgjast 5 milljarða fyrir útflutningsatvinnuvegina. Af hverju er verið að því ef ríkisstjórnin vill svo ekki kannast við ábyrgðina, ef ríkisstjórnin vill svo ekki bera ábyrgð á ábyrgðum sjóðsins? Af hverju er þá verið að þessu? Hvern er verið að blekkja? Hvaðan koma þessar tölur? Mórölsk ábyrgð, félagshyggjuleg mórölsk ábyrgð. Drottinn minn dýri! Það var þá. Ég veit ekki hvernig skiptaráðendum litist á það.

Ég held, herra forseti, að líka í þessu efni sé hæstv. ríkisstjórn að vekja falsvonir hjá þeim mönnum sem standa fyrir rekstri, hjá fólkinu úti um landið sem á atvinnu sína undir því að rekstur þessara fyrirtækja stöðvist ekki. Því miður vitum við að þeir dagar sem fara í hönd nú og þær vikur verða erfiðar í þessum fyrirtækjum og við vitum líka að á næsta ári verður að draga saman í sjávarútveginum þó svo að ríkisstjórnin þori ekki að ganga nógu langt til friðunar á fiskstofnunum. Þess vegna held ég að uppgjör sé alveg óhjákvæmilegt. Og þeim mun lengur sem hæstv. ríkisstjórn dregur lappirnar í þessu máli, þeim mun erfiðara verður að taka á því síðar meir og þeim mun meiri hlýtur skellurinn að verða, ekki aðeins fyrir byggðarlögin úti á landi, ekki aðeins fyrir fólkið sem þar vinnur heldur fyrir alla launþega þessa lands, hvert einasta mannsbarn sem horfir upp á þessa óstjórn, þetta aðgerðaleysi, þetta þrekleysi, þá hræðslu sem einkennir núverandi hæstv. ríkisstjórn og alla þá lygi sem er í kringum það sem þeir þykjast vera að gera, það sem þeir þykjast hafa reist úr rústum. Hvar stendur þeirra höll? Hvar er þeirra höll? Hvar er þeirra paradís? Hvar er þetta allt saman? Hæstv. menntmrh. lýsir kannski paradísinni fyrir okkur á eftir. Það er a.m.k. ekki paradís að vera ritstjóri Þjóðviljans þessa dagana, svo mikið veit ég.

Ég spurði hæstv. forsrh. einnig að því í minni ræðu fyrir hálfum mánuði hvort það væri stefna ríkisstjórnarinnar að fella gengið smátt og smátt eins og hann sagði á fundi með fréttamönnum sama daginn og ríkisstjórnin var mynduð, á fyrsta fréttamannafundinum, eða smám saman. Ekki er nú efnismunur á því hvort það er smátt og smátt eða smám saman. Hæstv. forsrh. svaraði mér engu um þetta atriði. Ég held að ég verði að ítreka þessa spurningu um leið og ég ítreka þá spurningu sem ég bar fram hér áðan: Hvað reiknar hæstv. forsrh. með að lífskjörin versni mikið frá 1. jan. 1988 fram í febrúarmánuð 1989, en það er sá tímapunktur sem hann talaði sjálfur um í sambandi við gengið? Og í öðru lagi: Hefur hæstv. forsrh. í huga að fella gengið smátt og smátt? Hefur hann í huga að búa áfram við rangt skráð gengi, sem hæstv. sjútvrh. hefur talað um að sé 15% of hátt en sjálfur forsrh. segir að sé of hátt, eða ætlar hæstv. forsrh. að reyna að reka útflutningsatvinnuvegina með of háu gengi? Það verður að koma skýrt svar við þessu.

Herra forseti. Þótt hæstv. forsrh. hafi ekki viljað svara mér fyrir viku, þá spurði ég hann að því hvor hefði sagt satt um halla ríkissjóðs á þessu ári, fyrrv. hæstv. fjmrh. eða núv. hæstv. fjmrh. Hæstv. forsrh. vafðist tunga um tönn í sínum svörum. Eins og ég sagði hafði ég vænst þess að hann ætlaðist til þess af sínum ráðherrum að þeir bæru sannleikanum vitni. Nú hefur komið í ljós eftir að hæstv. núv. fjmrh. lagði skýrslu sína fram á Alþingi utan dagskrár fyrir skömmu að báðir sögðu ósatt, bæði núv. og fyrrv. hæstv. fjmrh., um stöðu ríkissjóðs á árinu og skal ég ekki gera það að frekari orðum nú.

Ég skal svo ekki hafa þessa ræðu mína lengri. Ég vænti þess, herra forseti, að umræðunni verði fram haldið þannig að málið komist til nefndar þó svo margir kynnu að vera á mælendaskrá. Ég held að það sé nauðsynlegt að málið fái sem fyrst þinglega meðferð. Ástandið er þannig í þjóðfélaginu að óhjákvæmilegt er að þingið veiti þessari ríkisstjórn það aðhald sem það getur. Einstakir ráðherrar hafa talað um það í fjölmiðlum út um hvippinn og hvappinn og hér og þar að verulegt atvinnuleysi blasi við. Jafnframt hefur það komið fram hjá einstökum ráðherrum að þeir þykist hafa gert eitthvað óskaplega mikið í atvinnu- og efnahagsmálum hér á landi sem er alger misskilningur. Það hefur enginn maður í rekstri orðið var við að þeir hafi gert nokkurn skapan hlut og það sem verra er, að það er ekki að sjá á þessum ráðherrum að þeir séu að hugsa um að gera neitt á næstunni annað en að hækka skatta. Það er það eina sem kemst að hjá þessari hæstv. ríkisstjórn núna þegar þrengist að hjá atvinnurekstrinum, þegar hallar undan fæti hjá sjávarútveginum, þegar jafnvel skinnaiðnaðurinn lækkar um 15–20% á erlendum mörkuðum, þegar hallinn á viðskiptajöfnuði fer vaxandi vegna þess að þjóðargjaldeyristekjurnar dragast saman. Það er það eina sem ríkisstjórnin hugsar um núna: Hvernig getum við fundið einhverja nýja skattstofna sem við getum þröngvað í gegnum þingið? Það fer allur tíminn í að auka álögurnar á þjóðinni og voru þær þó ærnar fyrir.

Ég ítreka það, herra forseti, að ríkisstjórn sem hagar sér eins og þessi, þegar harðnar á dalnum, ríkisstjórn eins og þessi sem þorir ekki að takast á við vanda atvinnuveganna, ríkisstjórn sem hækkar skatta, ríkisstjórn sem ber enga virðingu fyrir samningum launafólks, svívirðir samningsréttinn í landinu, ríkisstjórn eins og þessi sem hefur sýnt sig í skoðanakönnun að hefur minna traust á bak við sig en nokkur önnur ríkisstjórn skömmu eftir að hún var mynduð, ríkisstjórn eins og þessi þarf aðhald. Ef nokkur ríkisstjórn hefur nokkurn tíma þurft aðhald í þessu landi er það þessi ríkisstjórn. Og það er ekki aðeins að gagnrýnin á hana, vantrúin á hana berist hingað inn í þingsalina utan að frá mönnunum sem við hittum úti á götunni í gegnum skoðanakannanir, í gegnum lesendadálka í blöðunum, heldur skín vantraustið og vantrúin á ríkisstjórnina út úr ræðum þeirra hv. þm. sem þó þykjast styðja ríkisstjórnina hér í deildinni, þingmanna sem hafa lýst því opinber-

lega yfir að þeir séu á móti stjórninni en hafa verið knúðir til þess með flokksaga að greiða atkvæði með hverju einasta stjfrv. sem hérna verður lagt fram, hversu svo sem þeim líst á það, eins og hv. 4. þm. Vesturl. Maður bíður bara eftir því að sjá það, herra forseti, að helsti talsmaður matarskattsins í deildinni verði hv. 3. þm. Vestf.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Hv. 2. þm. Norðurl. e. beindi til mín spurningum áðan í þeirri glöggu og yfirgripsmiklu ræðu sem hann flutti og afskaplega fróðlegu, nýstárlegu, sérstaklega frá hv. þm., og hefði verið gaman ef hann hefði lesið þennan lestur yfir síðustu stjórn. Það gerði hann einhverra hluta vegna ekki, en hann spurði mig um virðisaukaskattinn sérstaklega. Að því er hann varðar, þá hefur verið ákveðið í ríkisstjórninni að virðisaukaskatturinn komi ekki til framkvæmda á miðju næsta ári. Að öðru leyti hefur þetta mál ekki verið rætt í núverandi ríkisstjórn.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Það fer að líða að því að við ljúkum 1. umr. um bráðabirgðalögin og þau komist til nefndar þannig að umfjöllun um þau í nefnd geti hafist. Þó er margt eftir ósagt og ég spái því að við eigum eftir að eiga um þetta mál langar umræður við 2. og 3. umr.

Mér finnst, eftir að hafa hlustað á mjög fróðlegt erindi hv. 2. þm. Norðurl. e., (**KP:** Erindi?) það hljómaði þannig í mín eyru, að hér sé fyrst og fremst um uppgjör milli gömlu flokkanna að ræða. Það fer ekkert á milli mála að gömlu fjórflokkarnir, þ.e. Sjálfstfl., Alþfl., Alþb. og Framsfl., hafa farið hér með völdin til skiptis undanfarna áratugi og í rauninni skiptir ekki nokkru einasta máli hvaða samsetning úr hópi þessara fjögurra flokka myndar ríkisstjórn hverju sinni því að niðurstaðan er ávallt hin sama. Það er allt í kaldakoli og það endar alltaf með einhverju skelfilegu uppgjöri alveg eins og því sem við erum vitni að nú á þessari stundu.

Hvað hefur í rauninni gerst? Jú, það hefur verið mynduð ný ríkisstjórn fyrir nokkrum vikum og eina breytingin er sú að nokkrum ráðherrum Sjálfstfl. hefur verið skipt út fyrir nokkra í hópi alþýðubandalagsmanna. Það er nú öll breytingin. Ég held að ástandið í íslenskum þjóðmálum sé að verða þannig að ef við förum ekki að losna við gömlu flokkana úr valdastólunum endar þessi þjóð eins og nýfundnalendingar. Hún verður gjaldþrota. Hún missir hreinlega efnalegt og fjárhagslegt sjálfstæði sitt. Gömlu flokkarnir eru fast niðurnjörvaðir í hagsmunagæslu fyrir ýmsa hagsmunahópa sem þeir standa vörð um og hagsmunir þjóðarinnar í heild sinni koma þar langt á eftir. Gamli fjórflokkurinn er aldeilis orðinn óhæfur um að stjórna þessu landi og ég held að því fyrr sem kjósendur átta sig á þessu því betra. Það er orðið nauðsynlegt og það fyrir löngu að koma nýjum mönnum og nýjum flokkum að til að taka við stjórnartaumunum.

Það er alltaf gripið til sömu úrræðanna og ég held að hæstv. forsrh. hafi komist þannig að orði að flestar ríkisstjórnir undanfarinna ára og jafnvel áratuga hafi ávallt verið myndaðar með þeim hætti að grípa hefur orðið til bráðra aðgerða í efnahagsmálum, þá jafnan með bráðabirgðalögum því að bráðræðið hefur verið svo mikið. Allt hefur verið í kaldakoli og það hefur þurft að grípa til einhverra úrræða strax til að atvinnulífið nánast gufi ekki hreinlega upp. Þessir sömu aðilar hafa hagað efnahagsmálum þjóðarinnar á þann veg að erlendar skuldir þjóðarinnar eru nú orðnar um það bil 130 milljarðar kr. eða nærri tvöföld fjárlög hins íslenska ríkis. Þetta er álíka og að fjölskylda skuldi tvöföld árslaun sín. Skyldi henni líða vel? Ég spyr. Ef fer sem horfir að gömlu fjórflokkarnir halda áfram að fara með stjórn landsins, þá stefnir hér í algera ringulreið og það er þá skammt undan að sjálfstæði þjóðarinnar sé komið í hættu.

Allar þær ráðstafanir sem hér er verið að grípa til eru bráðabirgðalausnir. Það er um að ræða að bjarga í horn því sem er brýnast í dag, en í raun og veru er ekkert gert til að reyna að koma með einhverjar varanlegar lausnir sem gætu gert það að verkum að hefja íslenskt atvinnulíf upp, reyna að hlúa að þeim vaxtarbroddi sem er í íslensku atvinnulífi, reyna að búa atvinnuvegunum hagstæð ytri skilyrði og umfram allt reyna að stuðla að meiri útflutningi. Þessi þjóð hefur hagað sér undir stjórn þeirra valdhafa, sem ég hef hér verið að lýsa, á þann veg undanfarin mörg, mörg ár að það er engu líkara en þjóðin hafi engan áhuga á því að flytja út vörur. Þjóðin vill bara flytja inn. Það er allt leyfilegt í sambandi við innflutningsverslunina. Útflutningsverslunin er hins vegar háð alls kyns höftum og leyfum. Maður talar nú ekki um þegar um er að ræða einhverja menn sem vilja brydda upp á nýjungum t.d. í iðnaði, flytja út hugvit og þekkingu, flytja út iðnaðarvörur. Þetta eru einhverjir vandræðamenn úti í bæ sem eru alltaf nöldrandi. Rekstrargrundvöllurinn er svo erfiður, fjármagnskostnaður allt of mikill og vextirnir of háir. Því geta þessir menn ekki hætt þessu nöldri, þeir eru svo óþægilegir, gerst venjulegir launþegar, lagt launin sín inn á banka og fengið vexti og spilað á fjármagnsmarkaðnum? Það er engu líkara en ráðamenn í þessu þjóðfélagi haldi að þjóðin geti lifað á því að við seljum hvert öðru alls kyns verðbréf, flytjum að vísu einhvern fisk út meðan við nennum að veiða hann. Ég veit ekki hve lengi við nennum því því að það liggur alveg ljóst fyrir að við getum alveg eins selt Efnahagsbandalaginu fiskinn í sjónum og fengið síðan atvinnuleysistékkann sendan þar sem við viljum búa. Það getur t.d. verið á Spáni. Síðan gætum við komið heim á sumrin til að veiða lax endrum og eins.

Nei, ég held að það þurfi að fara fram alger uppstokkun í íslensku þjóðfélagi, algerlega frá grunni. Sú uppstokkun þarf fyrst og fremst að verða í hinu pólitíska mynstri sem er við lýði á Íslandi. Það

þurfa að koma nýir menn og nýir flokkar til. Það þarf að hreinsa algerlega út úr fjósinu ef á að vera hægt að koma einhverju lagi á hlutina.

Svo ég fjalli örlítið um sjálf bráðabirgðalögin, sem hér eru til umræðu, þá hefur mikið verið talað um færslurnar fjórar, hinar svokölluðu fjórar færslur. Þ.e. millifærslan sem reyndar er sú leið sem var valin í bráðabirgðalögunum og í stjórnarsáttmálanum. Það er mikið búið að tala um niðurfærsluna eða niðurgangsleiðina sem stóð til að fara í lok ágúst í tíð fyrrv. ríkisstjórnar. Síðan hefur verið talað um uppfærsluleiðina þegar um er að ræða gengisfellingu. Og svo er að sjálfsögðu undanfærsluleiðin þegar menn færast undan því að gera nokkurn skapaðan hlut. Mér sýnist að stefna núv. ríkisstjórnar sé nánast blanda af millifærsluleið og undanfærsluleið.

Millifærsluleiðin er mjög andsnúin þeim vaxtarbroddi í íslensku atvinnulífi sem ég var að víkja að áðan. Það er einungis hugsað um að reyna að rétta við hag nokkurra fyrirtækja í sjávarútvegi sem eru komin á heljarþröm vegna rangrar stjórnarstefnu og þeirrar óáranar sem hefur verið við lýði í íslensku þjóðlífi undir stjórn gömlu fjórflokkanna undanfarin ár. Hins vegar er varla um stafkrók að ræða í stjórnarsáttmálanum eða í fyrstu aðgerðum ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum sem lýtur að því að reyna að styðja við einhverjar nýjungar í atvinnulífinu, hjálpa þeim sem hafa nýjar hugmyndir, vilja efla framleiðsluiðnað, vilja auka útflutning og vilja reyna að markaðssetja íslenska þekkingu og hugvit þar sem það er hægt. Slíkir menn, eins og ég gat um áðan, eru yfirleitt taldir til óþurftar af ráðamönnum. Þeir eru óþægilegir, eru alltaf að kvarta og kveina og biðja um aðstoð.

En það er spurning: Hvað skyldi þetta ganga lengi ef við ætlum virkilega að hugsa dæmið þannig að héðan verði ekkert flutt út nema fiskur því að mér sýnist stefna mjög hratt í það? Hvað iðnaðinn varðar getur það varla verið mögulegt öllu lengur fyrir nokkurn mann að sinna slíku, a.m.k. ekki framleiðsluiðnaði sem byggir á útflutningi. Það má vera að við getum um sinn verið hér með iðnaðarframleiðslu sem byggir á neyslu innan lands. Í því felst að sjálfsögðu blekking, því það er nákvæmlega sama og ég sagði áðan: Iðnaður sem einungis byggir á neyslu innan lands er sama atvinnustarfsemi og stundum er kölluð því nafni að menn lifi á því að klippa hvern annan. Við aukum a.m.k. ekki gjaldeyristekjur þjóðarinnar með þeim hætti.

Ég held að það hafi verið hæstv. menntmrh. sem í fyrstu ræðu sinni undir þessum umræðum kvartaði yfir því að það hefði verið lítið um tillögur af hálfu núv. stjórnarandstöðuflokka í sambandi við hvernig skyldi leysa þessi vandamál þjóðfélagsins og eins vék hann að nokkru að lánskjaravísitölunni. Ef ég tek fyrra atriðið fyrst langar mig, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér upp úr fréttatilkynningu sem Borgfl. sendi frá sér um mánaðamótin ágúst/september sl. en þar lögðum við til eftirfarandi ráðstafanir sem þyrfti að gera nú þegar:

1. Matarskattur verði felldur niður.
2. Lánskjaravísitala verði afnumin og vextir aðlagaðir að því sem gerist í helstu viðskiptalöndum okkar.
3. Sjálfvirk tenging verðlags við vísitölu verði ekki heimil.
4. Gripið verði til tafarlausra aðgerða til að treysta rekstrargrundvöll undirstöðuatvinnuveganna í landinu svo komið verði í veg fyrir atvinnubrest. Í því sambandi verði peningastofnunum gert kleift að beita víðtækum skuldbreytingum vegna þess neyðarástands sem nú ríkir sökum óstjórnar í efnahagsmálum og stóraukinnar skattheimtu hins opinbera.
5. Stórátak verði gert til þess að efla íslenskan samkeppnisiðnað og útflutning á íslensku hugviti og tækniþekkingu m.a. með því að tryggja þessum aðilum eðlilega samkeppnisstöðu.
6. Fólki verði gefinn kostur á víðtækum skuldbreytingalánum til þess að koma í veg fyrir fjöldagjaldþrot fjölskyldna og einstaklinga.
7. Dregið verði úr ríkisútgjöldum með samræmdum aðgerðum í samstarfi við forsvarsmenn og annað starfsfólk ríkisstofnana.
8. Skattlagningu á fyrirtæki og einstaklinga verði stillt í hóf þannig að þeir hafi sem mest sjálfsaflafé til ráðstöfunar.
9. Samskipti hins opinbera við einstaklinga og fyrirtæki verði einfölduð með það í huga að draga úr óþarfa afskiptum ríkisvaldsins. Traust undirstaða þjóðfélagsins byggist á sjálfstæði einstaklinga og félaga þeirra.
10. Dregið verði úr miðstýringunni og völd og verkefni færð til landshlutanna.

Þetta voru í stuttu máli tíu atriði sem við lögðum til að yrðu kjarni þeirra ráðstafana sem grípa þurfti til við þau tímamót sem voru undanfari þess að ný stjórn var mynduð hér síðustu dagana í september sl. Vissulega hljóma sumar þessar tillögur mjög álíka þeim sem verið er að ræða hér, m.a. að það þurfi að grípa til tafarlausra aðgerða til að treysta rekstrargrundvöll undirstöðuatvinnuveganna. Því verður ekki móti mælt. En hins vegar er þar um að ræða *ýmislegt sem mætti huga betur að*, en núv. ríkisstjórn hefur lítið velt fyrir sér að því er best verður séð í stjórnarsáttmálanum.

Dregið verði úr miðstýringunni og völd og verkefni færð til landshlutanna. Ég held að þarna sé um lykilatriði að ræða sem gæti hamlað gegn þeirri óráðsíu og þeirri hít sem ríkisútgjöldin eru að verða, þ.e. hin botnlausa hít ríkissjóðs, vegna síaukinna útgjalda. Með því að gera landshlutana ábyrgari fyrir sínum eigin málum er ekki nokkur vafi á því að miklu betri nýting fengist á þeim takmörkuðu fjármunum sem við höfum til þess m.a. að reka heilbrigðiskerfi þjóðarinnar, menntakerfi og samgöngukerfi. Ég er ekki í nokkrum vafa um að virk yfirstjórn landshluta mundi fara miklu betur með þá *fjármuni sem henni væru ætlaðir til að kosta heilbrigðiskerfi sitt og menntakerfi og samgöngukerfi*

þó svo að Alþingi þurfi að sjálfsögðu að leggja þar meginlínurnar, þ.e. ákveða hvað sé til skiptanna í hverjum málaflokki fyrir sig og skipta því síðan milli hinna ýmsu landshluta. En þar með gæti hlutverki Alþingis verið lokið.

Samfara þessari ráðstöfun væri afar auðvelt að hugsa sér að fækka alþm. og gera allt landið að einu kjördæmi. Með sjálfstjórnarvaldi landshlutanna með þeim auknu völdum og verkefnum sem því fylgdi þyrfti ekki lengur á því að halda að þingmenn hinna ýmsu kjördæma tækju að sér að reka málefni kjördæmanna eins og hingað til hefur verið.

Svo að ég víki lítillega að fyrstu tillögum okkar, sem voru þær að matarskatturinn skyldi felldur niður, munum við halda áfram að berjast fyrir afnámi matarskattsins. Við munum ekki breyta skyndilega afstöðu okkar eins og hv. þm. Alþb. bara við það að komast hinum megin við borðið, að komast í valdaaðstöðuna og geta sest í hina margþráðu stóla. Þar með sé hægt að fleygja burtu öllum sínum fyrri hugsjónum og skoðunum, nú er allt í einu í lagi að hafa matarskatt hér á öllum helstu lífsnauðsynjum almennings.

Matvælaframleiðsla á Íslandi hlýtur eðli síns vegna að vera mjög dýr. Við búum á norðurhjara veraldar og það segir sig sjálft að landbúnaðarafurðir á Íslandi hljóta alltaf að verða dýrar og mun dýrari en gerist t.d. í helstu nágrannalöndum okkar, helstu samkeppnislöndum okkar. Þar af leiðandi er það náttúrlega algert glapræði að ætla sér að leggja mikinn söluskatt á matvæli og það hjá þjóð sem hefur enn þá ekki, þrátt fyrir 70 ára baráttu verkalýðshreyfingarinnar í landinu, megnað að skaffa þegnum sínum mannsæmandi laun fyrir átta stunda vinnudag. Að gera helstu lífsnauðsynjar eins dýrar og þær eru orðnar hér á Íslandi er hreint glapræði í mínum huga. Við munum því halda áfram að berjast gegn matarskattinum, enda töldum við það einu réttlætinguna fyrir því að hægt væri að fótumtroða samningsrétt launþegahreyfingarinnar í landinu að hún fengi þá a.m.k. það í staðinn að matarskatturinn yrði afnuminn. Við það að menn gátu ekki fallist á að hreyfa við matarskattinum finnst mér persónulega algerlega fráleitt að fallast á að hægt sé að taka samningsréttinn af launþegum eins langan tíma og ríkisstjórnin hefur ákveðið, þ.e. til 15. febr. nk. Það var því aðeins hægt ef matarskatturinn hefði verið að mestu leyti eða öllu felldur niður. Þá fengu launþegar a.m.k. það í staðinn. En þeir hafa nánast ekki fengið neitt í staðinn fyrir að mega hlíta því að samningsrétturinn er tekinn af þeim þetta langa tímabil. Það er enn sem fyrr launafólkið í landinu sem á að draga vagninn, þ.e. launafólkið í landinu, lágtekjufólkið sem á að bjarga öllum efnahagsvandanum þegar allt er komið í kaldakol vegna óstjórnar gömlu fjórflokkanna. Og ég geri engan greinarmun á því hvort þeir eru allir í ríkisstjórn eða einhver þeirra er í stjórnarandstöðu hverju sinni.

Svo virtist vera sem hæstv. menntmrh. hafi gluggað eilítið í grein sem ég skrifaði í Dagblaðið einhvern tíma í sumar þar sem ég fjallaði um afnám lánskjaravísitölunnar. Ég komst nefnilega þar svo að orði að lánskjaravísitalan og reyndar allar vísitölur væru eins og hitamælir. Þeim er einungis ætlað að sýna ástand viðkomandi þáttar í efnahagslífinu en ekki að lækna þetta ástand. Þetta er alveg á sama hátt og það dytti engum lækni í hug að ætlast til þess að hitamælirinn lækni sjúklinginn. En stjórnvöld, a.m.k. undanfarið, virðast halda að lánskjaravísitalan, sem er ekkert annað en hitamælir, geti læknað efnahagsástandið. Þetta er svo fráleitt að það geta allir sem reyna að hugsa um þetta mál séð hvað þetta er vitlaust. Lánskjaravísitalan gerir ekkert annað en að hún viðheldur verðbólgunni, sennilega að lágmarki 15–20%. Meðan lánskjaravísitalan er sjálfkrafa tengd við fjárskuldbindingar eins og hér hefur verið er ómögulegt að koma verðbólgu niður. Það má vel vera að það sé hægt að falsa niður verðbólguna eins og núv. ríkisstjórn leggur til með því að breyta grundvelli lánskjaravísitölunnar þannig að launin vega nú, eða það er hugmynd hæstv. ráðherra að launin muni vega allt að 70% í lánskjaravísitölunni. Með því að frysta síðan launin til 15. febr. eins og bráðabirgðalögin gera ráð fyrir er ósköp eðlilega hægt að kýla niður lánskjaravísitöluna. En þá gerist ekkert annað en það að þegar verðstöðvunartímabilinu lýkur verður hér alger sprenging og lánskjaravísitalan fer nánast lóðrétt upp á við á nýjan leik. Það þarf enginn að segja mér að launþegar ætli sér ekki að sækja eitthvað af þeirri kaupmáttarskerðingu sem þeir hafa orðið að þola á undanförnum mánuðum.

Ég held að það verði ómögulegt að koma nokkrum skikk á íslenskt efnahagslíf fyrr en við afnemum allar sjálfvirkar vísitölutengingar. Annaðhvort verður að vísitölutengja allt, laun, lánskjör og hvað eina, eða vísitölutengja ekki neitt. Hins vegar er sjálfsagt, og ég skal mæla með því og ekki hafa neitt við það að athuga, að lánskjaravísitölu eins og hún hefur verið skilgreind má reikna og birta daglega að mínu viti fram á næstu öld eða endalaust mín vegna, aðeins þó ef hún er ekki á sjálfvirkan hátt látin stýra því að fjárskuldbindingar og innistæður manna hreyfist sjálfkrafa við það að t.d. kaffi hækkar í Brasilíu. Þá hækkar nefnilega framfærsluvísitalan og þá hækka allar skuldir íbúðaeigenda og þeirra sem hafa tekið húsnæðislán og sömuleiðis allar innistæður á sparifjárreikningum. Það sjá allir hvað þetta er vitlaust. Það er enginn vandi að stýra fjárskuldbindingum og koma við einhvers konar verðtryggingu á sparifjárreikningum með öðrum hætti. Ef ekki vill betur mundi ég a.m.k. frekar kjósa að nota gengisviðmiðun en lánskjaravísitölu.

Ég spurði hæstv. forsrh. að því hvað gengi að lækka vextina. Ég bað hæstv. forsrh. um að gera okkur í stuttu máli grein fyrir tilraunum ríkisstjórnarinnar til að fá vexti lækkaða, en svo er að heyra á viðbrögðum bæði viðskiptabankanna og Seðlabankans að það sé ekkert allt of auðvelt verk. Ég ítreka þessa fyrirspurn um að fá stutta greinargerð um

hvernig þetta gangi.

Hér var aðeins komið inn á fiskveiðistefnuna. Ég vil taka undir það sem hv. 2. þm. Norðurl. e. hafði um þau mál að segja. Ég stórefast um að það sé þingmeirihluti fyrir núverandi fiskveiðistefnu í deildinni eins og hún er skipuð núna. Að vísu er þar við að bæta að þeir hv. þm. Sjálfstfl. sem áður neyddust til að greiða atkvæði með fiskveiðistefnunni, með undantekningum þó, geta nú væntanlega séð sér leik á borði og verið henni andvígir þar sem þeir eru nú ekki rígnegldir niður í stjórnarsamstarf með hæstv. núv. sjútvrh.

Annars er það annað atriði sem við þurfum að fara að taka upp til grandgerðrar endurskoðunar, þ.e. fiskveiðistefnan. Mér sýnist stefna í að við klárum einfaldlega fiskstofnana, helstu nytjastofna okkar, sem við ætlum að lifa á því ekki viljum við lifa á neinu öðru, a.m.k. er það greinilega ákvörðun valdhafa og núverandi stjórnvalda að iðnaðarbrölt er ekkert vel séð og við höfum engan áhuga á að skapa okkur auknar útflutningstekjur á slíkan hátt. Því er það alvarlegt mál að það virðist stefna í að fiskstofnarnir séu hreinlega að hruni komnir. Það er kannski stutt í að fiskafli við Ísland verði ekki svo mikill að hann geti haldið uppi því sukki sem hefur viðgengist í þjóðfélaginu undanfarin ár.

Það kom fram mjög athyglisverð tillaga á þingi smábátaeigenda í síðustu viku sem fjallar um frekari friðun uppeldis- og hrygningarstöðva fiskistofnanna við strendur landsins. Þar var hreyft hugmynd um að taka upp svokallaða togveiðilandhelgi. Þ.e. að meina öllum skipum togveiðar innan við skulum segja 3 mílna landhelgi milli grunnlínupunkta. Þetta er afar athyglisverð tillaga sem ég held að við ættum að kanna betur og mér þykir það orðið löngu tímabært að fjalla miklu meira og betur um aðgerðir til að vernda fiskistofnana. Það var nefnilega mjög athyglisvert í þeirri miklu umræðu sem fór fram á síðasta þingi um fiskveiðistefnuna hve lítið heyrðist úr stjórnarherbúðunum um nauðsyn þess að vernda fiskistofnana. Það voru einna helst fulltrúar stjórnarandstöðunnar þáverandi sem bentu á þau vandamál sem því eru samfara að ástand fiskistofnanna við landið er orðið slæmt.

Borgfl. hefur boðað nýjungar í atvinnuháttum og margháttaðar hugmyndir sem við höfum komið fram með um hvernig við getum nýtt okkur legu landsins og smæð landsins til að skapa okkur ný tækifæri í atvinnulífinu og skapa okkur ný útflutningstækifæri. Lítið af þessu hefur heyrst úr herbúðum gömlu flokkanna.

Við höfum t.d. bent á að lega landsins gerir Ísland að kjörinni miðstöð fyrir alþjóðleg verslunarviðskipti. Hér væri mjög rakið að vera með t.d. heimsverslunarmiðstöð sem hefði bein tölvufjarskipti við allar kauphallir heimsins og gefa mönnum kost á að reka alþjóðleg viðskipti að vild og hafa til þess fullt frelsi. Það er nefnilega löngu orðið tímabært að afnema hér ýmiss konar höft og hömlur sem fylgja því að stunda eðlileg viðskipti landa í milli. Það er enn þá þannig að það er einna helst að innflutningsverslunin fái að hafa nokkurt frjálsræði í þeim efnum. Þó er það furðulegt, og það bentum við reyndar á þá stundina sem við drógumst inn í stjórnarmyndunarviðræðurnar hér fyrir mánuði síðan eða svo að það væri aldeilis með ólíkindum að innflutningsverslunin fær ekki enn þá að notfæra sér erlendar greiðsluheimildir og erlend vörukaupalán. Þetta eru leifar af þeirri gömlu haftastefnu sem gömlu fjórflokkarnir og embættismenn þeirra ríghalda í.

Þá viljum við, eins og ég gat um áðan, stórauka útflutning á hugviti og þekkingu því að Íslendingar hafa upp á margt að bjóða sem við getum gert að söluvöru meðal erlendra þjóða ef við bara hjálpumst að og leggjumst öll á eitt við að notfæra okkur þessa möguleika. En því miður hefur yfirleitt verið fussað og sveiað við öllum hugmyndum af þessu tagi og þeir aðilar sem koma með slíkar hugmyndir og bera þær fyrir valdhafana fá yfirleitt kaldar móttökur, svo ekki sé meira sagt.

Ég legg höfuðáherslu á það að það þarf að gjörbreyta hugarfari bæði valdhafa og embættismanna hér, og kannski þjóðarinnar allrar, gagnvart útflutningsmálum. Við þurfum að opna miklu meira fyrir viðskipti okkar til nágrannalandanna þannig að við getum átt fjölskrúðugt samstarf við nágrannalöndin bæði á sviði iðnaðar og með algjörlega frjálsum fjármagnsflutningum til þess að geta staðið undir slíku samstarfi.

Ég veit ekki hvort ástæða er til þess, virðulegi forseti, að ég flytji hér öllu lengra mál um bráðabirgðalögin að svo stöddu. Þau eiga eftir að fá ítarlega meðhöndlun í nefnd og ég geri ráð fyrir því að stjórnarandstaðan muni þar koma fram með ýmsar brtt. Við höfum áður vikið að því að Atvinnutryggingarsjóðurinn virkar dálítið einkennilega á okkur og við skiljum satt að segja ekki hvers vegna var ekki hægt að fela Byggðastofnun þetta verkefni, gera Atvinnutryggingarsjóðinn einfaldlega að deild í Byggðastofnun eða hreinlega veita fjármagni til Byggðastofnunar til þess að leysa það sem henni ber að leysa, þ.e. að styðja við atvinnulíf úti á landsbyggðinni. En þessum peningum er fyrst og fremst ætlað að treysta stöðu atvinnufyrirtækja í sjávarútvegi úti um land.

Það er margt annað sem væri hægt að vekja athygli á í bráðabirgðalögunum. Af því að hér var rætt áðan lítillega um veðhæfni fyrirtækja, þá er í 11. gr. bráðabirgðalaganna komið inn á mjög nýstárlegar hugmyndir í sambandi við veð. Ég hef reynt að lesa þessa lagagrein í gegn án þess að skilja hana vel. Ég hika ekkert við að játa fávísi mína í þeim efnum að ég er ekki viss um að ég hafi skilið hvað felst í þeirri grein. Mér sýnist samt að það sé farið ansi frjálslega með hugtakið veðhæfni og veðréttindi. Ef ég skil greinina rétt þá sýnist mér að það sé opin leið fyrir fiskeldisfyrirtæki að framreikna t.d. hvað seiði eigi eftir að verða stór, við skulum segja eftir 2–3 ár, og reikna sér það sem öruggt veð. Þ.e. að bjóða

bankastofnun upp á veð í kannski ársgömlum seiðum en láta veðið samsvara því hvað þessi seiði verða orðin að stærð og verðmæti kannski að þremur árum liðnum. Ef þetta er rétt skilið hjá mér þá þykir mér vera gengið ansi langt hér í því efni að breyta þeim grundvallarhugmyndum sem hafa ríkt bæði hér í þessu þjóðfélagi og reyndar víðast annars staðar í sambandi við veðhæfni, bæði fastamuna og lausamuna.

Herra forseti. Ég held að ég láti þetta nægja í bili og hef þessi orð ekki fleiri.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Herra forseti. Hv. 4. þm. Vesturl. talaði hér í máli þessu og sagði að til þess hefði komið með því að ég hefði kveikt í honum með fyrri tölu minni hér í þessum umræðum. Þó ekki væri nema af þessu tilefni hefði ég nú kvatt mér hljóðs til þess að þakka fyrir mig. En nú er illt í efni. Hv. 4. þm. Vesturl. hefur fjarvistarleyfi í dag. Ég hefði heldur viljað að hann væri hér viðstaddur. En með því að ég ætla nú frekar að bera lof en last á hv. þm. þá ætla ég með fáum orðum að víkja að ræðu hans. Raunar er það ærin ástæða þar sem ég heyrði ekki betur en að við værum sammála í meginatriðum þess máls sem við ræðum hér nú. Var hv. 4. þm. Vesturl. því síður fær að rekja refilstigu Alþb. í þessu máli.

Hv. þm. vitnaði orðrétt í svofelld ummæli í minni ræðu: „En oftar en ekki hafa svokallaðar efnahagsaðgerðir haft takmarkað gildi, verið ómarkvissar, fálmkenndar og árangurslausar ef þær hafa ekki gert illt verra.“ Ég skildi hv. þm. svo að hann væri hjartanlega sammála mér um þetta og um ástæðurnar fyrir þessu. En ég lagði megináherslu á það í máli mínu að ástæðurnar fyrir þessu væru þær að menn réðust ekki gegn sjálfum orsökunum sem valda þeim vanda sem efnahagsráðstöfunum er ætlað að ráða bót á. Í ræðu minni vék ég svo að hverjar væru meginorsakir vandans.

Þetta voru stór orð af minni hálfu og þess vegna þótti hv. 4. þm. Vesturl. sjálfsagt bitastætt í að vitna til þeirra. En hann gerði meira. Hann lagði út af orðum mínum og finnur út að sökina á mistökum í efnahagsaðgerðum beri fyrri ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar og ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar. En ég var ekki með hinum tilvitnuðu orðum mínum að bera sakir á einn fremur en annan svo að útleggingar hv. þm. eru nokkuð langsóttar. Þvert á móti undirstrikaði ég það gagnstæða. Í beinu framhaldi af orðum þeim sem hv. þm. vitnaði til sagði ég orðrétt: „Þetta á ekki sérstaklega við atburði síðustu mánaða, þetta á sér því miður miklu lengri sögu.“ Þessi orð fellir hv. þm. niður þegar hann vitnaði í ummæli mín. Hvers vegna gerir hv. þm. þetta? Það skyldi þó ekki vera að hann falli í freistni, hann vilji geta komið höggi fyrir mína hönd á tilteknar ríkisstjórnir og flokka og jafnframt fríkennt þær ríkisstjórnir sem flokkur hans, Alþb., átti aðild að á árunum 1978–1983?

Mér þykir leitt að þetta skuli hafa hent jafngóðan mann og hv. 4. þm. Vesturl. er, mann sem svo talar sem hann sé mér sammála um meginatriði þess máls sem við nú ræðum hér. Og mér rennur líka til rifja þegar þessi sami hv. þm., útgerðarmaður og fulltrúi einkaframtaksins, lætur sig henda þá hrösun að kenna sérstaklega frjálshyggjunni um það við hvern vanda nú er að glíma. (**SvG:** Eins og Matthías.) (**KP:** Já svipað.) Hvort man nú ekki hv. þm. og raunar fleiri fiskveiðistefnuna og kvótakerfið, þessa mestu miðstýringu og sósíalisma sem innleiddur hefur verið á Íslandi fyrr og síðar? Er það ekki nokkuð langsótt að heimfæra þetta undir frjálshyggju? Ég læt svo hv. þm. eftir við gott tækifæri að gamna sér við að finna út hvað má ættfæra til frjálshyggju og hvað til alræðishyggju af þeirri skipan sem viðgengst í landi okkar að setja hömlur á og skömmtun á öflun gjaldeyris en leyfa frjálsa sölu hans á lögboðnu undirverði.

Það þjónar litlum tilgangi fyrir okkur að metast á um atburði fortíðarinnar. Allt veltur á því hvað við gerum í nútíðinni og varðar þá mest að taka til ráða sem duga við íslenskar aðstæður án tillits til erlendra kennisetninga.

Ég sagði í upphafi þessara orða minna að ég ætlaði að bera lof á hv. 4. þm. Vesturl. og það sem mér fannst lofsverðast var það að mér heyrðist ekki betur en hann talaði sem stjórnarandstæðingur.

Ég vil þá víkja nokkrum orðum að síðari ræðu hæstv. forsrh. í þessum umræðum Hann fór vítt og breitt svo sem við mátti búast. Fram kom í ræðu hans að hann er sammála ýmsu sem ég hef áður sagt í umræðu þessari. Þannig erum við sammála um að þjóðin lifi um efni fram og af því stafi vandi okkar í efnahagsmálunum. Enn fremur erum við sammála um þá óheillaþróun að hlutur rekstrarútgjalda af fjárlögum skuli sífellt fara vaxandi en fjármagn sem ráðstafað er til framkvæmda fari að sama skapi minnkandi. Og þá hörmum við báðir að niðurfærsluleiðin skyldi ekki hafa verið reynd. Allt þetta varðar hin þýðingarmestu grundvallaratriði.

En samt er ég hugsi út af ýmsu sem hæstv. ráðherra sagði. Hann sagði að mistekist hefði að hafa stjórn á efnahagslífinu gegnum peningamálin eins og hann komst að orði. Frjálshyggjustefnan hefði ekki hæft íslensku efnahagslífi, peningamálin, gengið úr skorðum, vextir hrjáð atvinnulífið, þenslan magnast á höfuðborgarsvæðinu með sínum afleiðingum, svo sem fjárfestingu í verslunarhúsnæði fram úr öllu hófi. Svo langt nær það sem hæstv. forsrh. sagði.

Ég tel þessari skýringu mikið ábótavant, svo ekki sé meira sagt. Frjálshyggjustefnan, hvað sem hún nú annars þýðir í þessu sambandi, er hér borin fyrir hlutunum. Hér eru höfð að mínu viti endaskipti á orsökum og afleiðingum. En eitt er víst að sinn hlut í mistökunum ber fyrri ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar og ógæfa ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar var sú að halda áfram stefnu ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar.

Ég vil orða skýringar á mistökunum á allt annan

veg en hæstv. forsrh. gerði í sinni ræðu. Mistökin eru að sjálfsögðu margslungin en samt í höfuðatriðum skýr. Atburðaráðsin hefur fundið sér farveg gegnum gengismálin. Þau hafa lengi verið í umræðunni svo sem að líkum lætur. Við munum þá tíð þegar gengislækkanir voru í algleymingi. Þá þótti ekki tiltökumál að gera stjórnvaldsráðstafanir og samninga um kaup og kjör sem ekki voru raunhæfir og ekki gátu því staðist. Það þótti býsna hagkvæmt ráð að gera ráðstafanir, þó óraunhæfar væru, því að á eftir mætti gera þær raunhæfar að forminu til með því að lækka gengið. Þannig var farin kjörin leið til þess að kynda undir elda verðbólgubálsins. Að lokum sáu menn þó að ekki mátti lengur við svo búið standa.

Það var þá sem töfraorðið kom til skjalanna: Fastgengisstefna. Kom þá fram sú þjóðarárátta að vaða ýmist í ökkla eða eyra. Nú skyldi genginu haldið föstu hvað sem tautaði án tillits til markaðsástands erlendis og verðlags innan lands. Með slíkum stjórnvaldsráðstöfunum hefur hlutur þeirra sem afla gjaldeyris verið rýrður og færður þeim sem ráðstafa gjaldeyrinum og þar með kippt stoðum undan heilbrigðum rekstrargrundvelli fiskiðnaðarins hvarvetna í landinu, sjávarútveginum, undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar.

Og ekki nóg með það. Þetta varðar ekki einungis frystihúsin í landinu heldur líka iðnaðinn og útflutninginn allan, efnahagslífið í heild. Afleiðingarnar blasa við í geigvænlegum greiðsluhalla við útlönd og erlendri skuldasöfnun, verðbólguhvetjandi þenslu í þjónustu og verslun á höfuðborgarsvæðinu og umturnun í byggðajafnvægi. Efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar og staða þjóðarbúsins er í húfi.

Ég efast ekki um að hæstv. forsrh. geri sér grein fyrir alvöru málsins. Hann sagði í ræðu sinni að athugun hefði farið fram á 27 frystihúsum og 18 þeirra mundu þurfa að þola rekstrarstöðvun ef ekkert kæmi til. Og hann sagði að raungengið væri um 15% of hátt. Auðvitað er það svo að staðreyndirnar blasa við hverjum sem sjá vilja en vandinn er að bregðast rétt við.

Og hvernig ætlar þá hæstv. forsrh. að tryggja frystihúsunum rekstrargrundvöll? Hann sagði í ræðu sinni að hann reiknaði með kostnaðarlækkunum samhliða minnkandi þenslu, lækkun vaxta og hækkun afurðaverðs. Ég óttast að hér gæti helst til mikillar bjartsýni eða óskhyggju. Ekki þarf að taka það fram að við ráðum harla litlu um verðlag á erlendum mörkuðum. Og til þess að lækkun rekstrarskostnaðar verði að veruleika þarf miklu gagngerðari aðgerðir en enn bólar á. Og hæstv. ráðherra minntist ekki í ræðu sinni á það sem er forsenda þess að mínu viti að nokkur lækkun að ráði geti átt sér stað í rekstrarkostnaði frystihúsanna. Hæstv. forsrh. minntist ekki á niðurfærslu á ríkisútgjöldum. Ég vék að þeim þætti í fyrri ræðu minni og lagði megináherslu á það. Og aðalatriðið í tillögum ráðgjafarnefndarinnar um niðurfærsluleiðina var einmitt niðurskurður ríkisútgjalda. Eins og ég hef áður komið að erum við forsrh. sammála um að niðurfærsluleiðina hafi átt að reyna.

Það er borin von að hjá mikilli gengislækkun verði komist ef ekki verður lát á því að þjóðin eyði um efni fram, ef ekki verður niðurskurður á rekstrarútgjöldum ríkissjóðs. Raunar er gengislækkun ekki annað en stundarfróun nema jafnhliða séu gerðar efnahagsráðstafanir til að skapa skilyrði fyrir stöðugleika í gengismálum. Það ber allt að sama brunni, niðurfærsluleið þarf að fara í einu eða öðru formi.

Víst vekur það furðu mína að hæstv. forsrh. talar ekki í þessum umræðum um niðurskurð ríkisútgjalda. En það er ekki undankomu auðið. Án niðurskurðar ríkisútgjalda hafa efnahagsaðgerðir þær, sem við nú ræðum, takmarkað gildi, verða fálmkenndar og árangurslausar ef þær gera ekki illt verra, svo ég noti tilvitnun hv. 4. þm. Vesturl. í mín eigin orð.

Hæstv. forsrh. sagði í upphafi ræðu sinnar að vandinn sem nú væri við að glíma væri miklu meiri en haldið hafi verið fram til þessa. Ég er sammála hæstv. forsrh. um þetta. Það er vissulega mikilvægt að vel sé nú á málum haldið. Þar við liggur heill lands og þjóðar. En ætlar hæstv. forsrh. eða ætlar hann ekki að grípa til svo gagngerðra efnahagsráðstafana sem nauðsyn krefur? Það er spurningin. Annaðhvort gerir hann það sem gera þarf eða lætur það ógert. Þar skilur á milli feigs og ófeigs.

Egill Jónsson:

Herra forseti. Það sem vekur í rauninni sérstaka eftirtekt við þessa umræðu er sú ræða sem hæstv. forsrh. flutti á miðvikudaginn var, síðari ræða hans í þessari umræðu. Ég hygg að það hafi fleirum farið sem mér að þá hafi undrað hvað ræðan var veik og raunar á margan hátt ónákvæm. Ég held að það sé kannski skýrasta dæmið um það hvað aðgerðir ríkisstjórnarinnar eru markvissar þegar fyrirsvarsmaður ríkisstjórnarinnar, hæstv. forsrh., talar ekki með skýrari og nákvæmari hætti en ræða hans gaf tilefni til.

Það hefur blandast inn í þessa umræðu hverjar séu ástæðurnar fyrir því hvernig komið er í sjávarútvegi og í efnahagsmálum íslensku þjóðarinnar. Það hefur verið imprað á því í umræðunum að þar sé um að kenna hinni svokölluðu frjálshyggju, sem mönnum sumum hverjum liggur býsna létt á tungu. Nú var það svo að í þeim efnum hefur ekki orðið nein sérstök breyting á síðustu árum. Í efnahagsmálum hefur í meginatriðum verið fylgt sömu stefnu frá árinu 1983 og þar til núv. ríkisstjórn tók við. Orsakirnar verða þess vegna ekki raktar til neinna slíkra skýringa sem menn eru að reyna að fela í orðinu frjálshyggja. Árið 1987 var annað árið í röð sem íslenskur sjávarútvegur hefur búið við hagstæðan rekstur og bætt afkomu sína. Lengra er ekki síðan. Íslenskur sjávarútvegur hefur aldrei búið við eins gott verðlag á sjávarafla á erlendum mörkuðum eins og var í upphafi þessa árs. Þetta eru allt

staðreyndir. Það sem hins vegar gerist, aðallega á fyrri hluta þessa árs, er að verðlag á sjávarafla, helstu framleiðslugrein okkar, lækkar um 9–10%, reyndar lækkaði verð meira á saltfiski. Þetta gerist einkum á þremur mánuðum, mars, apríl og maí. Síðan hefur reyndar átt sér stað verðlækkun, en einkum þó á saltfiski nú í september. Þetta eru að sjálfsögðu ástæðurnar fyrir því hvernig komið er. Og þegar menn eru hér að tala um að þessu hafi ekki verið mætt af fyrrv. ríkisstjórn verða menn að athuga að ákvarðanirnar sem voru teknar í mars og í maí hækkuðu verð á erlendum gjaldeyri um 18% eða hér um bil helmingi meira heldur en nam erlendu verðlækkuninni. Þetta eru allt saman óyggjandi staðreyndir. Og menn mega heldur ekki gleyma því að fyrrv. ríkisstjórn tók ákvörðun um kaupbindingu sem var svo aftur framlengd í bráðabirgðalögunum í september og núna í bráðabirgðalögum ríkisstjórnarinnar fram í miðjan febrúar.

Það sem skiptir svo máli í þessari umræðu er að gengisfelling er ekki eins markviss aðgerð og hún áður var og sérstaklega vegna þess að nú verður ekki um gengishagnað að ræða með sama hætti og var áður vegna þess að ⅔ af rekstrinum eru bundnir í erlendum lánum og taka því hækkun um leið og gengisfelling á sér stað. Gengishagnaður verður þannig ekki með sama hætti og áður var en áhrif slíkra aðgerða þegar til lengri tíma er litið eru að sjálfsögðu þau sömu og áður gerðist. Það væri náttúrlega fróðlegt að velta því fyrir sér, út frá ummælum hæstv. forsrh. þar sem hann sagði að fyrri aðgerðin hefði runnið út í sandinn, hvernig væri komið fyrir sjávarútveginum ef gengið væri hækkað til móts við þær gengisfellingar um 15%. Þetta eru allt saman óyggjandi staðreyndir.

Það vekur líka eftirtekt og skýrist enn betur í framhaldi af þessu hversu þær aðgerðir, sem núv. ríkisstjórn greip til, eru aftur á móti veikar og samt talar hæstv. forsrh. um það að þar með eigi hjól atvinnulífsins að fara að snúast. Þetta var hans fyrsti boðskapur. Í þessari frægu miðvikudagsræðu segir hann að með bráðabirgðalögunum og þeim aðgerðum hafi verið komið í veg fyrir þjóðarvoða, eins og ráðherrann orðar það. Og hverjar eru svo þessar aðgerðir sem eiga með þessum hætti að koma í veg fyrir þjóðarvoða? Ég er áður búinn að lýsa því hér að kaupbindingin var framlengd, það var ákvörðun sem búið var að taka og hún var framlengd fram í miðjan febrúar. En rekstrarskilyrðin eru bætt með 3% gengisfellingu. Það liggur ljóst fyrir að það er ekki annað sem kemur til með að bæta rekstrarskilyrðin heldur en 3% gengisfelling sem að sjálfsögðu, með tilvísan til þess sem ég sagði hér áðan um áhrif gengisfellingar, verkar ekki nema að hluta til fyrr en nýjar veðsetningar koma til. Það er sem sagt 1% álag erlends gjaldeyris sem bætir rekstrarstöðuna og kemur hjólunum í gang, eftir því sem hæstv. forsrh. segir. Þetta var þá allur vandinn. Til viðbótar við þetta er eiginfjárstaða fyrirtækja í sjávarútvegi löguð um 800 millj., það er sú innspýting sem kemur úr Verðjöfnunarsjóði, sem hefur farið að langstærstum hluta til þess að greiða upp viðbótarlán, umfram afurðalánin í bankakerfinu. Eiginfjárstaðan er þannig bætt en fjármagnið kemur ekki til ráðstöfunar í rekstri nema þá hjá þeim fyrirtækjum sem voru það vel sett í viðskiptum við bankana að ekki þurfti að skuldajafna með þessum hætti. Lausafjárstaðan verður svo að sjálfsögðu bætt með almennri skuldbreytingu að upphæð sem nemur 7 milljörðum króna. Þetta er það sem um er að ræða í þessu dæmi.

Fyrstur manna til að kveða upp úr um það að þessar aðgerðir væru ófullnægjandi var sjálfur hæstv. forsrh. Eins og ég rifjaði hér upp í ræðu minni þá komst hann þannig að orði á miðvikudaginn var, í fyrsta boðskap ríkisstjórnarinnar, að fella þyrfti gengið í áföngum. Og nú hefur hann lýst því yfir að raungengi íslensku krónunnar væri 15% of hátt og það þyrfti að lækka með því að draga úr innlendum kostnaði. Og nú skyldu menn aðeins líta á það að miðað við þjóðartekjur nema laun 73% innlends kostnaðar. Í veiðum, fiskvinnslu og aðkeyptri þjónustu til sjávarútvegsins er ætlað að laun muni nema hátt í 60% af tekjum, þ.e. að af þessum kostnaði eru um ⅔ hlutar laun og þá virðist nú fara að verða auðvelt um uppgjör af þessu tagi. Hæstv. forsrh. telur nauðsynlegt að lækka raungildi íslensku krónunnar um 15% með því að draga úr kostnaði innan lands. ⅔ hlutar af þeim kostnaði eru laun og það er að sjálfsögðu alveg augljóst mál að jafnviðamikil gengistilfærsla eins og þessi yrði að taka mið af öllum kostnaðarliðunum og þá ekki síst launakostnaðinum þannig að ef launin eiga að bera sinn hlut af þessari gengisaðlögun þurfa þau að lækka um 10%.

Nú hefur hæstv. forsrh. lýst því yfir að það komi ekki til mála að framlengja lögbindingu launa eða taka ákvarðanir um frekari kjaraskerðingu. Laun eiga samkvæmt bráðabirgðalögunum að hækka um miðjan febrúar um 1,25%. Hvernig ætlar forsrh. að færa niður verðlagið innan lands, m.a. launin, þegar teknar eru ákvarðanir um það að í lok þessa tímabils yrði að hækka en ekki lækka? Það er satt að segja ómögulegt að fá nokkra meiningu út úr öllum þessum yfirlýsingum hjá hæstv. forsrh. Það vekur þess vegna mikla eftirtekt þegar hann margendurtekur það hér, í umræðunni á miðvikudaginn var, að það hefði verið ágreiningur um efnahagsmál og um aðgerðir í efnahagsmálum sem gerði það að verkum að fyrrv. ríkisstjórn gat ekki setið lengur. Það sjá allir sem vita vilja að einmitt þessi málflutningur hæstv. forsrh. afsannar það náttúrlega betur en nokkuð annað að svo hefur ekki verið.

Þetta vildi ég láta koma fram við þessa umræðu. Það er alveg útilokað annað en að sú nefnd sem tekur við þessu máli, fjh.- og viðskn. Ed., kryfji þessi mál til mergjar, kryfji til mergjar orð og yfirlýsingar hæstv. forsrh. sem eru skýringar og túlkun við þessi bráðabirgðalög og ættu að öðru óreyndu að vera bærilega marktæk. Ég ætla að bíða þess að fá þá úttekt sem hlýtur að koma fram í þeirri afgreiðslu, en mér þótti jafnnauðsynlegt að vekja

athygli á því hvernig hæstv. forsrh. hefur skýrt þessi mál og hversu ákaflega ónákvæmur og yfirborðskenndur málflutningur hans er.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég vil byrja með því að þakka fyrir margar langar og ítarlegar og merkilegar ræður sem hér hafa verið fluttar. Sérstaklega hefur hv. alþm. Halldór Blöndal glatt okkur með mjög góðum og löngum málflutningi sem geymist að sjálfsögðu fyrir komandi kynslóðir í þingtíðindum.

Ég skal reyna að svara því sem sérstaklega hefur verið beint til mín. Ég taldi mig hafa svarað því að forseta Íslands var fullkunnugt um að ríkisstjórnin hefur eins atkvæðis meiri hluta í Ed. en jöfn atkvæði í Nd. Hún samþykkti engu að síður að gefa út bráðabirgðalögin, enda er ekkert í stjórnarskrá lýðveldisins sem bannar að stjórn með það þingfylgi gefi út bráðabirgðalög.

Hæstv. fjmrh. er sáttur við IV. kafla. Hæstv. fjmrh. samþykkti bráðabirgðalögin í heild sinni og þar með IV. kaflann.

Samkomulag um þingrof, það hefur ekkert skriflegt samkomulag verið gert um þingrof. Ég hef hins vegar lýst því yfir að ég mun ekki beita því valdi sem stjórnarskráin veitir mér sem forsrh. nema í samkomulagi við mína samstarfsmenn.

Ég vil hins vegar taka það fram að þetta hef ég ekki rætt við hv. þm. Stefán Valgeirsson. Ég er sammála hv. þm. að að mörgu leyti væri skynsamlegra að virðisaukaskattur kæmi til framkvæmda 1. janúar 1989 en um mitt ár. Hins vegar er það rétt sem hæstv. menntmrh. sagði að ríkisstjórnin hefur ekki tekið afstöðu til þess máls.

Hv. þm. ræddi töluvert niðurfærsluna og taldi mig hafa brostið kjark til að ræða hana. Ég hélt satt að segja að ég hefði fyrr, á öðrum vettvangi, verið búinn að ræða hana það ítarlega að ekki væri ástæða til að lengja umræður hér um það mál. Ég taldi mig hafa lýst því, ég hef ekki farið yfir svarræðu mína það vandlega, að að sjálfsögðu hlytu laun sjómanna að lækka að sama skapi og laun verkafólks í landi. Ef ég hef ekki sagt það vil ég undirstrika það hér. Hins vegar fannst mér koma til greina, og þyrfti það að athugast betur hvort það gerðist í gegnum skiptin eða í gegnum verð á fiski og gæti komið til greina blanda af því. Og ég verð að endurtaka það sem ég sagði, að það sem fyrir lá um það mál hafði ekki verið afgreitt í fyrri ríkisstjórn, og er það rétt sem hv. þm. Karvel Pálmason hefur sagt um það.

Ég er sammála hv. þm. um að það nær ekki nokkurri átt að framkvæma niðurfærsluleiðina þannig — ég held að ég hafi tekið rétt eftir — að í kjölfar lækkunar launa fylgdi einhver lækkun á verðlagi. Það var einmitt sú framsetning niðurfærsluleiðarinnar sem olli verulegum vandræðum í viðræðum við t.d. ASÍ. Vitanlega var nauðsynlegt að ákveða í upphafi hver lækkun yrði á gjaldskrá opinberra fyrirtækja, á verðlagi o.s.frv. og hefði gjarnan mátt þrengja eitthvað að slíkum aðilum ekkert síður en launþegum í landinu.

Hv. þm. gerði að umræðuefni að við, formaður Alþfl. og ég, hefðum spurt hæstv. fyrrv. forsrh. að því hvort minnihlutastjórn okkar fengi hlutleysi Sjálfstfl. til að framkvæma niðurfærsluleiðina. Eins og hv. þm. eflaust veit og var opinberað nefndi hæstv. fyrrv. forsrh. hvort við í minnihlutastjórn vildum framkvæma niðurfærsluleiðina og það var í framhaldi af því sem ég spurði um hlutleysið.

Hv. þm. taldi mig hafa lýst því yfir að eftir að niðurfærsluleiðinni var ýtt út af borðinu hefði frekara samstarf af hálfu Framsfl. ekki komið til greina. Þetta er einhver misskilningur eða mistúlkun á mínum orðum, eflaust óviljandi. Þetta sagði ég reyndar ekki. Hins vegar met ég það svo að eftir að sú ítarlega vinna, sem þá hafði verið unnin, m.a. af ráðgjafarnefnd sem hæstv. fyrrv. forsrh. skipaði — og ég taldi að ýmsu leyti mjög athyglisvert að fara þá leið, ég held að ég hafi getið þess — eftir að sú nefnd hafði unnið sitt mikla starf og eftir að tveir flokkar í ríkisstjórninni höfðu með mikilli vinnu náð samstöðu um megintillögur nefndarinnar en henni síðan verið ýtt út af borðinu af Sjálfst.fl., eins og alkunna er og alþjóð veit, af ástæðum sem ég ætla ekkert að fara ræða hér — þær hafa verið skýrðar, það var talið að yrði að fá samstöðu við verkalýðshreyfinguna til þess að sú leið yrði farin — þá tel ég að tilraunir ríkisstjórnarinnar hafi verið komnar á eindaga og þá hafi stjórnarsamstarfið í raun verið búið. Ég tek hins vegar fram að við óskuðum sjálfir eftir því að nýjar tillögur kæmu fram frá forsrh. Við skoðuðum þær vandlega aftur og töldum þær ekki nægilegan grundvöll til áframhaldandi samstarfs.

Hv. þm. sagði, nokkurn veginn, held ég, orðrétt, að verðhækkanir fari beina leið inn í lánskjaravísitölu og hækki höfuðstólinn. Ég er honum 100% sammála og ég reikna með því að þar hafi ég bandamann í þeirri yfirlýstu skoðun minni að það eigi að afnema lánskjaravísitöluna. Þetta er einmitt einn megingallinn við þessa vísitölutengingu og það taldi ég hvað mikilvægast í samkomulaginu frá 20. maí sl. að í upphafsmálsgrein þess samkomulags segir að ríkisstjórnin ætli sér að afnema sjálfvirka víxlverkun verðlags-, launa-, gengis- og fjármagnskostnaðar. Því miður auðnaðist þeirri ríkisstjórn ekki að framkvæma það. Núv. ríkisstjórn hefur það á stefnuskrá sinni og það verður að takast því að án þess að það takist erum við með þessa víxlverkun stöðugt í sambandi. Þetta skeði nákvæmlega þegar gengið var fellt í febrúar og þegar gengið var fellt í maí og af því að skilja mátti á öðrum ræðum að það hefði verið skynsamlegri leið vek ég athygli á því að verðbólga rauk á þriggja mánaða mælikvarða eftir gengisfellinguna í febrúar upp í 40% og kom það vissulega, eins og hv. þm. sagði svo réttilega af sinni skarpskyggni, inn í lánskjaravísitölu og hækkaði höfuðstólinn. Þegar gengið var fellt aftur í maí rauk verðbólga upp í 40%, kom beint inn í lánskjaravísitöluna og hækkaði höfuðstólinn hjá fólkinu sem skuldaði og að sjálfsögðu atvinnuvegunum. Þetta vil

ég sérstaklega undirstrika og taka undir með hv. þm. Út úr þessari víxlverkun verðum við að komast og erum að reyna að vinna okkur út úr henni með blandaðri leið sem ég hef aldrei hikað við að viðurkenna að nær ekki nógu langt, er langt frá því að vera fullkomin, en við höfum þessa stórkostlegu annmarka í okkar efnahagskerfi sem við verðum að vinna okkur út úr.

Það er rétt að ég lýsti því að raungengi væri of hátt og hv. þm. spurði mig að því hvort ég hefði talið raungengi um síðustu áramót of hátt. Ég tel að það hafi verið of hátt. Ég vek athygli á því sem fram kemur í þjóðhagsáætlun, sem hér hefur verið dreift, þar sem talað er um nokkra lækkun á raungengi.

Jú, það verður kjaraskerðing. Það þýðir ekkert annað en horfast í augu við það. Hins vegar er spurningin hvernig sú kjaraskerðing verður. Þjóðhagsstofnun telur að kaupmáttur ráðstöfunartekna lækki um 5–6% fram á næsta ár. Það kemur einnig fram í þjóðhagsáætlun sem hér liggur fyrir. Hins vegar kemur þar einnig fram að kaupmáttur dagvinnulauna lækki um 0,7% og gert er ráð fyrir því í þjóðhagsáætluninni að viðhalda þeim kaupmætti dagvinnulauna eða tímakaupsins sem verður á fyrsta ársfjórðungi næsta árs. Þetta er mjög mikilvægt markmið en ég skal ekki fullyrða um hvort það tekst ef samdráttur verður svona mikill. Hins vegar, ekki síst út af stórmerkri ræðu hv. þm. Egils Jónssonar, er rétt að vekja athygli á því að gífurleg yfirborgun hefur verið í þjóðfélaginu, mjög mikil. Almennt er talið að t.d. í mjög mörgum frystihúsum hafi verið yfirborgað um 20% umfram kauptaxta og menn vita það að fiskurinn hefur verið yfirborgaður til að fá hann í mörgum tilfellum. Ég held að allir séu sammála um að það sem valdið hefur þessum yfirborgunum er sú mikla þensla sem hér hefur verið. Úr henni dregur nú mjög. Þess vegna er ekki sama hvernig dregur úr kaupmætti. Ég vek athygli á því enn að í þjóðhagsáætlun er línurit sem sýnir að mjög hefur dregið úr vinnutímafjölda nú og yfirvinna er tiltölulega lítil og yfirborganir að sjálfsögðu þar með einnig. Raungengið lækkar því mjög á grundvelli launa eða greiðslu fyrir vinnu.

Hv. þm. spurði hve lengi greitt yrði úr Verðjöfnunarsjóði. Talið var að þær 750 millj. sem eru til ráðstöfunar endist fram í apríl- eða maímánuð eða svo. Hins vegar fer það að sjálfsögðu eftir framleiðslunni hve hún verður mikil.

Hv. þm. fór allmörgum orðum um og taldi sig ekki skilja hvernig Atvinnutryggingarsjóður ætti að ábyrgjast 5 milljarða o.s.frv. Ég verð að viðurkenna að ég skildi ekki hv. þm. heldur svo að það er jafnt á komið með okkur. Ég skal hins vegar reyna að skýra þetta nokkru nánar. Að baki sjóðnum er ríkisábyrgð fyrir tveimur milljörðum, þ.e. ríkið lætur hann fá 2 milljarða og ábyrgist lán upp á einn milljarð. Talið er af þeim mönnum sem við var rætt um þessi mál að það sé eðlilegt að sjóðurinn geti veitt ábyrgð sjóðsins fyrir töluvert meiru en nemur þessu reiðufé, svona 2½–3 milljörðum kr. Það er hárrétt hjá hv. þm. að það hefur teygst afar langt í því að heimila sjóðnum að taka léleg veð og ég hef talið það vera kost frekar en galla því að ef sjóðurinn á að binda veð sín eingöngu við fasteignir og fasteignamat mun hann getað fengið sáralítil veð. Hins vegar er það staðreynd að mikið af tækjum og vélum og búnaði í frystihúsum er með litlum veðum. Bankar hafa t.d. ekki tekið veð í slíkum tækjum, slíkum hlutum, og að sumu leyti er það, hefði ég haldið, ekki síður veðhæft. Það er þá a.m.k. hægt að flytja úr stað ef menn vilja skoða það sem einhvern kost.

Það er einnig rætt um það að leita til banka með bankaábyrgðir fyrir einhverjum hluta af þeim lánum eða þeim skuldabréfum sem sjóðurinn gefur út. Þetta er að sjálfsögðu rætt við bankana og ekki talið útilokað að þetta geti orðið að einhverjum hluta. Hins vegar má vekja athygli á því að afar mikið af því sem sjóðurinn kemur til með að skuldbreyta er ekki með neinum veðum. Ég tek t.d. skuldir við rafveitur sem eru mjög miklar. Þar eru engin veð fyrir hendi og má ætla að rafveitur væru þó heldur betur settar með þá tryggingu sem sjóðurinn getur veitt.

Ég hef hins vegar ætíð viðurkennt það sem ég tel vera vissan annmarka á þessu máli. Ég tel að það hefði verið tryggara og öruggara að hafa ríkisábyrgð á bak við alla starfsemi sjóðsins, en það töldu menn ekki rétt. Það var ekki samkomulag um það og menn vildu a.m.k. og töldu eftir töluverða athugun að þessi leið væri fær.

Menn töluðu um að ég hafi boðað að fella þyrfti gengið smátt og smátt. Ég talaði um að það þyrfti að lækka raungengið. Ég veit að hv. þm. sem þannig töluðu vita mætavel að raungengið byggir líka á því hvað kostnaður er mikill innan lands. Ég hef þegar rætt um yfirborganir á vinnu og yfirborganir á fiski sem væntanlega dregur úr og ég held að enginn geti satt að segja haft á móti. Það verður að gerast. Það lækkar vitanlega um leið raungengið. Ég vek athygli á því að fiskvinnslumenn telja að fjármagnskostnaður þeirra sé í mörgum tilfellum svipaður og beini launakostnaðurinn sem er 20%, ekki ⅔ eins og hv. þm. Egill Jónsson sagði í sinni merku ræðu. Hann er um 20% og þeir telja að fjármagnskostnaður sé eitthvað álíka. (**EgJ:** Ég sagði það um fiskveiðar í heild, veiðar og vinnslu.) Þá bið ég afsökunar. Hv. þm. talaði mikið um það að launakostnaður í fiskvinnslunni væri ⅔ af útgjöldum fiskvinnslunnar. (**EgJ:** Tæp 60%, sagði ég.) Tveir þriðju, ég skrifaði það nákvæmlega upp, ⅔ hlutar eru laun.

Að sjálfsögðu dregur úr slíkum yfirborgunum og það mun vitanlega lækka nokkuð raungengið. Ég viðurkenni fúslega að ef ekki verða hækkanir á verði erlendis, eins og sumir telja, stöndum við frammi fyrir vissum erfiðleikum þegar dregur að vormánuðum og við þurfum að skoða það og gerum það væntanlega saman að skoða til hvaða bragðs verður þá tekið.

Ég bendi á að í athyglisverðum umræðum á fiskiþingi er þetta enn dregið fram af einum ræðu-

manni þar, hve fjármagnskostnaðurinn er gífurlega mikill og sú hagsbót sem í því felst ef unnt er að draga mjög úr þessum fjármagnskostnaði. Það tel ég vera verðugt verkefni, mjög nauðsynlegt verkefni. Atvinnutryggingarsjóðurinn mun draga úr fjármagnskostnaði mjög verulega. Lækkun vaxta, sem ég kem að hér síðar, og breyting á lánskjaravísitölu mun gera það einnig.

Hv. þm. Júlíus Sólnes taldi — og ég vil taka það fram strax í upphafi að ég var sammála flestum þeim atriðum sem hv. þm. fjallaði um. Ég verð eiginlega enn að vísa til þess spakmælis sem hv. þm. Salome Þorkelsdóttir sagði hér. Það er hægara um að tala en í að komast. Þetta er hárrétt. Ég vildi svo gjarnan að við gætum gert allt það sem hv. þm. sagði. Ég vil t.d. alls ekki vera í þeim flokki sem telur hugvitsmenn óþurftarmenn eða hvernig það var orðað. Ég held einmitt að við höfum gert allt of lítið til að hlúa að slíku. Að vísu hef ég tekið þátt í því að koma á fót bæði Rannsóknasjóði sem hefur gert margt gott og sömuleiðis Þróunarfélagi Íslands o.s.frv. sem því miður hefur ekki náð þeim árangri sem að var stefnt og hefur kannski verið svelt um of með fjármagn, hefur ekki fengið annað en lánsfé og getur því ekki tekið verulegar eða neinar áhættur o.s.frv.

Ég held hins vegar að það sé alveg hárrétt sem hv. þm. sagði: Við þurfum svo sannarlega að huga að fleiri leiðum, eða eins og stundum hefur verið sagt, fleiri stoðum undir okkar þjóðfélag. Og það er sorglegt að lesa það í blöðum þegar hugvitsmenn hér verða að flýja land og framkvæma sínar hugmyndir t.d. í Danmörku eins og nýlega mátti lesa um menn sem framleiða nýjar tegundir af ljósaskiltum.

Hv. þm. ræddi um að afnema alla vísitölubindingu. Ég tek heils hugar undir það með honum. Síðan kom hv. þm. að því hvernig gengur að lækka vextina. Eins og hv. þm. að sjálfsögðu vita þá hefur tekist allsæmilega að fá fram lækkun á nafnvöxtum og nokkra lækkun á raunvöxtum, en það gengur allt of seint og það er tregðan í bankakerfinu, ekki síst í Seðlabankanum og öllu því bákni, sem stendur í veginum. Við getum talað um það tæpitungulaust. Það er ekki enn komið svar frá Seðlabanka Íslands eftir einn mánuð en lögbundið er að leita álits Seðlabankans á breytingu á lánskjaravísitölugrundvellinum. Svarið er ekki enn þá komið að því er ég best veit. Það var a.m.k. ekki komið í gær. Slíkt gengur að sjálfsögðu ekki. Ég skal ekki fara fleiri orðum um það nema það að ríkisstjórnin er ákveðin í því að knýja fram bæði lækkun raunvaxta og breytingu á lánskjaravísitölu sem ég tel vera spor í þá átt að afnema hana með öllu. Það er vitanlega ýmislegt sem kemur til greina. Ég leyfði mér einu sinni í síðustu ríkisstjórn að spyrja seðlabankastjóra að því hvort ekki kæmi til greina að borga vexti af bundnu fé sem yrði notað til þess að lækka útlánsvexti. Ég hélt að blessaðir mennirnir ætluðu niður úr gólfinu. En þetta kemur sannarlega til greina og er í skoðun.

Ég vil líka leyfa mér að halda því fram að vaxtamunur hér sé allt of mikill. Hann er sagður hér um 10% en er víða erlendis talinn 3, 4 eða 5%. Mér er sagt að færeyski landsbankinn, Föröjabank eða hvað hann heitir, sé með svipaða veltu og Landsbankinn hér en með helmingi minna starfslið, ef ekki einn þriðja af starfsliðinu sem hér er. Þannig held ég að megi nefna fjölmörg dæmi um óheyrilega sóun í bankakerfinu sem e.t.v. verður best læknuð með því að takmarka vaxtamuninn og knýja bankana til að leita leiða til hagræðingar eins og aðra í þjóðfélaginu. Þar er mikið verk ónunnið.

Ég vil aðeins leiðrétta eitt sem kom fram hjá hv. þm.: Atvinnutryggingarsjóðurinn er ekki sjóður landsbyggðarinnar fyrst og fremst, heldur allra útflutningsgreina um land allt, hvar sem þær eru sem þurfa á skuldbreytingu að halda.

Hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson ræddi nokkuð um grundvöll vandans og kom sérstaklega inn á gengið. Ég vil vekja athygli á því að sá ágæti vinur okkar beggja, Einar Oddur Kristjánsson, fjallaði ítarlega um þetta mál sem formaður nefndarinnar. Hann vildi ekki leggja til breytingar á gengi, að fenginni reynslu að sjálfstögðu. Fram kom hjá honum m.a. að lítil verðbólga væri einhver besta lagfæringin sem útflutningsatvinnuvegirnir gætu fengið. M.a. lagði hann og nefndin mikla áherslu á það að fá 3 milljarða erlenda lántöku til að koma vanskilum í skil og lækka þannig fjármagnskostnað. Hins vegar náðist ekki samkomulag um aðalatriði þeirrar tillögu, þ.e. niðurfærsluna og við erum sammála um það — (**ÞK:** Ég var ekki að leggja til gengislækkun. Ég var með orðum mínum að skýra orsakirnar fyrir efnahagsvandanum.) Þá hef ég kannski misskilið þetta. Mér skildist að hv. þm. teldi að svokallað fast gengi hefði orsakað vandann (Gripið fram í.) og andstaðan við það er ekki fast gengi, þ.e. laust gengi. Svo ég komst að þeirri niðurstöðu að hv. þm. væri þá að mæla með því að genginu hefði átt að breyta. (**ÞK:** Ég var að mæla með stöðugleika í gengi með því að ráðast að orsökum hans.) Það er nefnilega rétt. Það er það sem við erum að reyna að gera. Það er hárrétt. Þá erum við sammála um þetta líka.

Ég held því hins vegar fram að sú stefna í peningamálum sem lögð var til grundvallar stjórn efnahagsmála, og alveg réttilega kom fram hjá hv. þm. að byrjað var á í þeirri fyrri ríkisstjórn sem ég leiddi, ég held að hún hafi brugðist. Ég sagði áður að hún virtist takast nokkuð vel 1986. Þá voru vextir hóflegir, þá voru innlán meiri en útlán og þá var sæmilegt jafnvægi. Þá var „grái markaðurinn" ekki kominn, eða a.m.k. afar lítill. Hins vegar fór að bera á því að þetta fór allt úr jafnvægi í lok ársins og augljóst var að viðleitni til þess að binda fjármagn í Seðlabankanum og gera strangar kröfur um lausafjárstöðu dugði alls ekki til að ná jafnvægi eftir þessum leiðum.

Ég var nýlega að lesa álit erlendra sérfræðinga og þeir segja að nægilegt jafnvægi hafi ekki náðst og mér skilst að talið sé að við höfum ekki bundið nógu

mikið fjármagn í bönkunum. Ég veit að sessunautur hv. þm. er ekki sammála því áliti. Ég hef sagt hér áður að að mörgu leyti tel ég að hann hafi talað skynsamlega um það mál. En þetta náði ekki til „gráa markaðarins" sem rauk upp við hliðina eins og sápukúla, lánaði fjármagn eftir ýmsum leiðum með 14–18% vöxtum og við sjáum gjaldþrotin hér allt í kringum okkur sem afleiðingar. Við vitum jafnvel dæmi um fiskvinnslufyrirtæki sem gerðu sér lítið fyrir í erfiðleikum, af því að þau fengu ekki peninga frá sínum banka, og seldu fiskvinnsluvélarnar og keyptu þær aftur af kaupleigufyrirtækjum og greiddu 18% vexti. Ég veit um eitt slíkt sem nýlega var sett á uppboð. Því miður þá held ég samt sem áður að þessi stefna í peningamálum hafi brugðist hvað sem menn vilja kalla þetta.

Um ríkisútgjöldin og niðurskurð þeirra. Ég óttast miklu fremur hitt að margir þm. muni finna að því sem skorið er niður í fjárlagafrv. sem lagt er fram á Alþingi í dag. Þar er mikill niðurskurður og ég held satt að segja að ef menn ætla að skera niður meira þá verði menn að stokka upp velferðarkerfið. Þá verði menn að gera það upp við sig hvort menn vilja fara af þessari braut velferðar sem við höfum fylgt hér. Ég er ekki tilbúinn í það. Ég er tilbúinn að sjálfsögðu að endurskoða tryggingakerfið þannig að það nái sama tilgangi eftir öðrum leiðum eða ódýrari leiðum. En það er miklu meira mál en svo að yrði gert fyrir þessi fjárlög sem nú eru lögð fram.

Þá kem ég að hinni merku ræðu hv. þm. Egils Jónssonar. Ég hef að vísu ekki lagt í vana minn að gefa mönnum einkunn fyrir ræðumennsku eins og hann gerir. En ég gat nú ekki annað þó að mér skiljist á öðrum þm. hér inni að þeir séu þessu svo vanir að þeir fáist ekki við slíkt. Ég heyrði reyndar ekkert þar sem ég þarf að svara. Hv. þm. spurði hvernig væri komið ef gengið hefði ekki verið fellt í febrúar og maí. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að þá væru eflaust þessar greinar stopp í dag því að gengisfelling bjargar um örfárra vikna skeið, kannski tveggja, þriggja mánaða skeið. Ég nefndi áðan að verðbólga fór í bæði skiptin yfir 40% á þriggja mánaða mælikvarða og eins og hv. þm. Halldór Blöndal svo réttilega benti á, þá hækkaði það höfuðstólinn hjá öllum lántakendum, m.a. húsbyggjendum og öllum lántakendum. Ég veit ekki hvort menn vilja það. Mér finnst það ekki koma fram.

Ég skal ekki lengja þetta. Ég veit að hv. þm. er kappsmál að fá málið til meðferðar í nefnd og vil ekki verða til þess að það frestist og vil taka það skýrt fram að það er ekki vilji ríkisstjórnarinnar að þetta mál verði tafið á nokkurn máta.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það vekur athygli varðandi fsp. mína varðandi virðisaukaskattinn að hæstv. menntmrh. Svavar Gestsson sagði að virðisaukaskattur kæmi ekki til framkvæmda 1. júlí, en að öðru leyti hefði málið ekki verið rætt í ríkisstjórninni, en hæstv. forsrh. tók undir hans mál. Hins vegar stendur í því fjárlagafrv. sem lagt var fram í dag að miðað væri við að gildistöku laganna yrði frestað til 1. jan. 1990. Það vekur margar spurningar að hæstv. fjmrh. skuli setja þessa setningu inn án þess að bera undir forsrh. eða menntmrh. Er af þeim sökum bagalegt að hann skuli ekki vera hér í þingsalnum til þess að svara spurningum sem vakna af þessu tilefni. Ég vil samt sem áður ítreka og nú spyr ég hæstv. forsrh. í trausti þess að hæstv. fjmrh. hafi ekki skrifað þessi orð í fjárlagafrv. á bak við hæstv. forsrh.: Er það ætlunin að virðisaukaskatturinn 1. jan. 1990 verði eins þreps skattur eða tveggja þrepa skattur? Mér finnst ekki óeðlilegt þó að þessi spurning komi fram og því fremur sem hvorugur ráðherranna fékkst til þess að svara spurningunni hér fyrr í dag.

Í öðru lagi minni ég á að fsp. mínar til hæstv. menntmrh. um afstöðu Alþb. til varaflugvallar og álverksmiðju hafa komið þannig við hann að hann kýs að þegja. Kannski að það sé merki um það að hann ætli að gleypa hvort tveggja og er hann þá kokvíðari en ég hélt satt að segja að hann væri.

Mér þykir merkilegt og þakka hæstv. forsrh. fyrir þær upplýsingar að Framsfl. hafi viljað breyta skiptakjörum sjómanna. Það var mjög nauðsynlegt að fá þetta innlegg í umræðurnar því auðvitað er ekki hægt að lækka kjör sjómanna almennt með niðurfærsluleið án þess að hreyfa við skiptakjörum bæði varðandi frystitogarana, þá sem selja á innlendum markaði, íslenskum fiskmarkaði og víðar. Ég ítreka því enn fsp. mína til hv. 3. þm. Vestf., og enn fremur til hv. 9. þm. Reykn. Karls Steinars Guðnasonar, hvort Alþfl. hafi verið sammála því að breyta skiptakjörum sjómanna. Formenn beggja þessara stjórnmálaflokka, bæði Jón Baldvin Hannibalsson og Steingrímur Hermannsson, hafa í sjónvarpsþáttum og víðar látið það flakka að þeir hafi verið reiðubúnir til þess að standa sameiginlega að niðurfærsluleiðinni og ég vil vænta þess að formaður Alþfl. hafi vitað hvaða hug formaður Framsfl. bar til sjómannastéttarinnar. Þess vegna er nauðsynlegt að báðir þessir þm. upplýsi hvort þeir hafi gengið inn á það með Framsfl. að skiptakjörum sjómanna yrði breytt. Ég held að fyrir alla umræðu í landinu sé nauðsynlegt að þetta komi fram til þess að menn viti hvort þessir tveir flokkar stóðu saman að því að vilja fara niðurfærsluleið.

Hæstv. forsrh. sagði að það væri misskilningur sem ég sagði um það, að það að Sjálfstfl. féllst ekki á niðurfærsluleiðina hefði valdið stjórnarslitunum að hans mati. Í ræðu hans segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta, um þetta. (**Forseti:** Hv. þm. er að gera stutta athugasemd.) Ég er að leiðrétta það sem hæstv. forsrh. sagði rangt. Um það snýst mín athugasemd: „Upp úr því stjórnarsamstarfi slitnaði vegna þess einfaldlega að við náðum ekki samkomulagi um þessa leið." Þetta eru orðrétt ummæli hæstv. forsrh.

Ég vek athygli á því að hæstv. forsrh. er fallinn frá

þeirri gengisstefnu sem hann hafði á fyrsta blaðamannafundi eftir að ríkisstjórnin var mynduð. Það er mjög eftirtektarvert. Ég vil líka vekja athygli á því, sem hæstv. forsrh. staðfesti, að Atvinnutryggingarsjóðurinn hefur ekki ríkisábyrgð umfram þá 2 milljarða kr. sem ég var reyndar búinn að tala um áður. Það sýnir auðvitað að baktryggingin sem lofað er í lögunum, 5 milljarðar kr., er einungis mórölsk ábyrgð en ekki fjármálaleg ábyrgð.

Að síðustu vil ég, herra forseti, þakka fyrir umburðarlyndi í minn garð. En hlýt að lokum að spyrja hæstv. forsrh., vegna hans ummæla, hvernig hann hugsi sér að snúast við tregðu Seðlabankans sem mér skilst að komi í veg fyrir það að vaxtastefna ríkisstjórnarinnar nái fram að ganga. Það nær auðvitað ekki nokkurri átt að Seðlabankinn skuli með því sem hæstv. ráðherra kallar tregða koma í veg fyrir að vaxtastefna ríkisstjórnarinnar gangi fram.

Að síðustu lýsi ég mig gjörsamlega ósammála þeim ummælum hæstv. forsrh. sem hann gaf hér áðan í skyn að gengisfellingar í gegnum sögu okkar hefðu aðeins dugað um nokkurra mánaða skeið eða tvær til þrjár vikur eða eitthvað þvílíkt. Það hefur ekki verið svo að menn hafi þurft að leiðrétta gengi svo ört í gegnum tíðina. En á hinn bóginn hefur löngum verið skilningur á því í Stjórnarráðinu að við gætum ekki haldið uppi sjávarútvegi hér á landi né grynnkað á erlendum skuldum öðruvísi en þannig að gengi krónunnar væri í samræmi við getu útflutningsatvinnuveganna. Ég bið forláts verð ég víst að segja vegna þess hversu ég hef níðst á þolinmæði hæstv. forseta.

Ég vil að síðustu aðeins segja að ég sakna þess að hv. 4. þm. Vesturl. hafði ekki tækifæri til að hlusta á hin lofsamlegu orð sem hv. 4. þm. Vestf. hafði um hann hér áðan. (**EgJ:** Hann les þau.)

Karl Steinar Guðnason:

Hæstv. forseti. Ég var spurður hér áðan um niðurfærslu og vil ég geta þess að niðurfærslu má framkvæma á ýmsan hátt. Umræður um niðurfærslu voru ekki langt komnar, ekki þroskaðar, þegar menn gáfust upp. Ég lýsti því yfir í mínum þingflokki að fyrr mundu menn ganga yfir mig dauðan en að skiptakjörum sjómanna yrði breytt. Það er mitt svar og læt ég máli mínu lokið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 18 shlj. atkv.

Aðgerðir í efnahagsmálum, 1. umr.

Stjfrv., 20. mál (staðfesting bráðabirgðalaga frá 20. maí 1988). — Þskj. 20.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Í raun hafa öll þau mál önnur sem hér eru á dagskrá verið rædd í tengslum við fyrsta málið. Þetta eru staðfestingar á bráðabirgðalögum fyrri ríkisstjórnar. Ég skal ekki hafa um þetta langt mál, en legg til að að lokinni umræðu verði 1. máli, þ.e. aðgerðir í efnahagsmálum, stjfrv., 20. mál deildarinnar, vísað til fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 17 shlj. atkv.

Aðgerðir í efnahagsmálum, 1. umr.

Stjfrv., 21. mál (staðfesting bráðabirgðalaga frá 31. maí 1988). — Þskj. 21.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Um þetta mál gildir hið sama og ég sagði áðan. Þetta er staðfesting á bráðabirgðalögum sem fyrri ríkisstjórn gaf út eftir samkomulag sem varð í ríkisstjórninni 20. maí sl. Það hefur þegar blandast inn í fyrri umræðu og ég læt nægja að leggja til að málinu verði vísað til hv. fjh.- og viðskn. að lokinni umræðu í deildinni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 18 shlj. atkv.

Frestun á hækkun launa og búvöruverðs, 1. umr.

Stjfrv., 22. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 22.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Enn get ég vísað til þess sem ég hef sagt hér um önnur mál. Að vísu gildir það um þetta mál að hér er um að ræða frestun í einn mánuð og sá mánuður er liðinn, en að sjálfsögðu þarf málið að fá þinglega meðferð og legg ég til að að lokinni umræðu í deildinni verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 18 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

7. fundur, þriðjudaginn 1. nóv., kl. 2 miðdegis.

Verðbréfaviðskipti, frh. 1. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég fagna því að komið er fram frv. til laga um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði. Það vakti aftur á móti nokkra athygli mína þegar þessi umræða fór fram að hv. 1. þm. Reykv. lét að því liggja að hann fagnaði framlagningu frv. og jafnframt bar hann það af sér að í seinustu ríkisstjórn hefði verið andstaða af hálfu Sjálfstfl. gegn því að frv. yrði lagt fram. Þegar á leið þá ræðu kom aftur á móti í ljós að það var engin ánægja hjá hv. 1. þm. Reykv. með 30. gr. frv. Hann taldi að hún ætti engan rétt á sér.

Nú er það svo að sú grein er að sjálfsögðu hluti af frv. og þess vegna hljóta menn, ef þeir fagna frv., að taka hana með eða þeir eru á öndverðu máli. Ég held að það sé ákaflega hæpið að gera ráð fyrir að í þessu landi geti verið annars vegar bankar og sparisjóðir sem þurfi að sæta þeim reglum að Seðlabankinn ákveði að viss hluti af því fjármagni, sem þeir eru með undir höndum, skuli bundinn í Seðlabankanum, en hins vegar séu aðrir aðilar sem megi stunda inn- og útlán og þurfi engri bindiskyldu að hlíta. Mér sýnist að ef það ráðslag er haft séu menn raunverulega að vinna að því að flytja fjármagnið út úr bönkum og sparisjóðum yfir til verðbréfasjóða. Þess vegna lít ég svo á að þessi grein, 30. gr., hljóti að eiga fullan rétt á sér. Ef það er aftur á móti svo að menn, vegna andstöðu við þá miðstýringu sem Seðlabankinn hefur, eru alfarið á móti bindiskyldu, bæði hjá bönkum, sparisjóðum og verðbréfasjóðum, er út af fyrir sig samræmi í þeim málflutningi. Ég hygg að Íslendingar verði að una því að ef gerð yrði úttekt á stöðu mála hér á landi hvað varðar starfsmannafjölda sem vinnur í bönkum og sparisjóðum og við ávöxtun fjármagns komi í ljós að sá starfsmannafjöldi er mjög mikill í prósentum miðað við önnur lönd.

Nú er það svo að auðvitað þurfum við að gæta hagræðingar á öllum sviðum og þær hugmyndir, sem uppi hafa verið um að reyna að sameina banka og hagræða á þessu sviði, hafa ekki náð fram að ganga, því miður. Ég tel aftur á móti að þegar frv. hefur verið samþykkt, sem ég vona að verði, skapist grundvöllur fyrir því að hafa eðlilega stjórnun, yfirstjórnun, á þessum málum jafnt og öðrum þáttum í peningakerfinu og á ég þá við þá stjórnun sem er til staðar með lögum, bæði gagnvart sparisjóðum og bönkum.

Ég held einnig að það hljóti að koma upp í umræðunni, þegar þessir hlutir verða skoðaðir nánar, hvort það geti verið eðlilegt að tekjur af verðbréfum, umfram einhverja lágmarksávöxtun, eigi að vera skattfrjálsar. Hví skyldi maðurinn, sem vinnur sér inn tekjur með verkum sínum, þurfa að greiða af þeim skatta og skyldur en sá aðili, sem aflar þeirra með vöxtum af verðbréfum, vera þar fyrir utan? Auðvitað eru þetta hlutir sem löggjafarþingið þarf að taka afstöðu til. Hins vegar virðist mér að þá þurfi náttúrlega mjög að gæta þess hvort um er að ræða lága ávöxtun eins og verið hefur lengst af í bankakerfinu eða hvort um einhverja mikla ávöxtun er að ræða sem hugsanleg getur verið af verðbréfaviðskiptum.

Hitt er svo önnur saga og annað mál að það er útlit fyrir að það stjórnleysi sem ríkt hefur á þessu sviði verði til þess að skaða þó nokkuð marga einstaklinga sem hafa glæpst á því að treysta verðbréfasjóðum fyrir fjármagni sínu. Mér er hins vegar ekki ljóst hvort þeir sem höfðu þetta mál til meðferðar í seinustu ríkisstjórn höfðu uppi ákveðna stefnu sem þeir vildu framkvæma, og þá hver hún var ef munurinn hefur ekki verið meiri en sá að þeir hafi alfarið verið á móti 30. gr., en fróðlegt væri að heyra það hér í umræðunni hvað það var sem orsakaði það að þetta mál var tafið eins og mér er kunnugt um að gert var.

Eggert Haukdal:

Herra forseti. Það hefur dregist um of að koma eðlilegum böndum á hinn óhefta fjármagnsmarkað hér á landi. Þrátt fyrir þau lög og reglur og stjórntæki sem fyrir eru hafa peningamálin verið stjórnlaus. Því ber að fagna frv. um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði og væri vonandi að með samþykkt þess komi nokkrar endurbætur þótt betur mætti. En hvers vegna hefur ekki verið tekið á þessum málum fyrr? Seðlabankanum hefur verið gert að hafa stjórn á peningamálum og við höfum haft hann í liðlega aldarfjórðung en hins vegar ekki neina stjórn peningaframboðs utan vaxtabreytinga. Í frv. er ekkert minnst á verðbréfaþing Seðlabankans. Er búið að afskrifa það án þess að því hafi nokkurn tíma verið beitt? Á það ekki að koma inn í þessa mynd?

Viðskiptabankarnir hafa alls staðar í heiminum heimild til að versla með verðbréf og hér líka. En hvers vegna þurfa þeir að fá heimild til að stofna sérstakt fyrirtæki í því skyni? Er verið að opna þeim leið á gráa eða svarta markaðinn? Erlendis gerir löggjöfin ráð fyrir tryggingarsjóði sem lögskráð verðbréfafyrirtæki greiða í til tryggingar viðskiptavinunum ef illa fer. Ekki er orð um það í frv.

Úr því að ég er kominn hér í ræðustól ætla ég aðeins að víkja að eignarleigufrv. sem er til umræðu hér á eftir. Um það má segja að brýnt er að koma því að nýju í hendur málfræðinga til endurbóta svo

að það skiljist. Annað grundvallaratriði hefur gleymst, en það er að setja mörkin milli eignarleigu og erlendrar lántöku. Er þarna verið að opna hömlulaus skuldaviðskipti við útlönd þegar gjaldeyrir er naumur? Á að leyfa fyrirtækjunum að flytja inn hömlulaust og endurlána bíla, vélar og báta. Þessi umræða gefur mér tilefni til að fara nokkrum orðum um vaxtamálin.

Fyrir réttum 10 mánuðum lagði ég fram hér á hv. Alþingi frv. til laga um lánskjör og ávöxtun sparifjár. Megininntak frv. var að afnema lánskjaravísitöluna af nýjum fjárskuldbindingum, gengistryggja tólf mánaða spariinnlán og færa vextina niður til samræmis við það sem þeir eru í okkar helstu viðskiptalöndum. Skyldi það markmið hafa náðst að einu ári liðnu? Ég fór ekki lengra í frv. en að afnema lánskjaravísitöluna af nýjum fjárskuldbindingum, ætlaðist til að við umræður og í nefnd kæmu fram brtt. um að skrefið væri stigið til fulls, að hún yrði afnumin bæði af nýjum og gömlum skuldbindingum. En með samþykkt frv. óbreytts hefði verið lagður grundvöllur að endanlegu afnámi lánskjaravísitölunnar og þar með vikið til hliðar einu mesta óréttlæti sem fundið hefur verið upp hér á landi.

En hvernig voru undirtektirnar og hvað hefur síðan gerst? Umræður urðu miklar um málið en ekki miklar undirtektir frá þeim sem réðu, þar á meðal hæstv. viðskrh. Hins vegar miklar undirtektir úti í þjóðlífinu. Þegar kom fram á þetta ár fóru menn, sem komu þessu kerfi á fyrir tæpum tíu árum, að tala mikið um nauðsyn breytinga, en enn bólar ekki mikið á þeim í raunverulegri framkvæmd, aðeins talað.

Oft hef ég fengið að heyra hjá hæstv. viðskrh. og ekki síst í þeirri umræðu sem var í fyrravetur að ekki sé unnt að berja vextina niður. Það sé hið sama og að flengja sjóinn. Markaðslögmálin ein geti lækkað vexti. Þó lækkaði hann sjálfur vexti með handafli rétt eftir þingslit í vor. Hið sama var gert með samkomulagi því sem náðist milli ríkis og viðskiptabanka um lækkun raunvaxta þó það héldi lítið. Verðbólgan byrjaði ekki að fara niður fyrr en farið var að lækka vextina með handafli. Markaðslögmálin komu þar hvergi nærri. Þau komu heldur ekki nærri þegar bankar hækkuðu vexti útlána um 8% á 7 vikum og skiptikjarareikninga um 12% í kjölfar bráðabirgðalaganna um að hætta verðtryggingu skammtíma inn- og útlána sl. vor. Alls enginn samdráttur sparnaðar hafði átt sér stað, ekki heldur nein aukning eftirspurnar eftir lánum. Bankarnir voru þarna einfaldlega að seilast í aukabita. Ekki má heldur gleyma því að Seðlabankinn ónýtti svo að segja samstundis með reglugerð nefnd bráðabirgðalög fyrrv. ríkisstjórnar. Þau gátu því engin áhrif haft á markaðinn. Enn í dag er verið að semja við viðskiptabankana um vaxtalækkun og Seðlabankinn á að geta beitt þvingun, þ.e. handafli eins og nú er sagt. Hvar eru þá markaðslögmálin hans Jóns eða eru allir þessir aðilar að lemja sjóinn?

Alþjóð veit að okurvextir hafa sligað atvinnureksturinn og gert útflutningsframleiðsluna ósamkeppnisfæra. Það er rót meinsins, en varla er hróflað við því. Og nú er það nýjast að talað er um að lækka raunvexti um fjórðung úr einu prósentustigi sem er helber skopleikur og annað ekki. Hvað veldur þessu? Í sæti viðskipta- og bankamálaráðherra situr enn sami maður og í fyrri ríkisstjórn. Þess vegna snúast hjólin ekki. Allt er rígbundið eins og það var. Ráðherrann er enn að bíða eftir markaðslögmálum sínum en ríkisstjórnin í heild kjarklaus.

Sannleikurinn er sá að lánskjaravísitalan er sprungin. Vaxtaokrið er búið að keyra atvinnuvegina og heimilin í strand. Hin sjálfvirka vaxta- og verðlagsskrúfa er búin að dæma sig úr leik. Skemmtilegra væri ef ráðamenn hefðu hugrekki og drenglund til að viðurkenna þetta í stað þess að berja höfðinu við steininn.

Ekki skal gleymt að geta þess að sett var á laggirnar nefnd sl. vetur til að endurskoða lánskjaravísitöluna, en svo virtist sem hún væri aðeins skipuð til að lýsa því yfir að engin ástæða væri til þess að lagfæra grundvöll lánskjaravísitölunnar. Í leiðinni glopraðist það þó út úr nefndinni að lögheimilt væri að breyta grundvellinum. Hinu gagnstæða var haldið fram þegar ég bar fram frv. á Alþingi sl. vetur um afnám vísitölunnar og gengistengingu spariinnlána. Var það í rauninni eina mótbáran gegn frv.

Skylt er að geta þess að einn nefndarmanna í þessari nefnd, veðurfræðingurinn, hafði sérstöðu. Hann vissi af sínu starfi að það þarf að gá til veðurs í náttúrunni og það þarf einnig að gá til veðurs í peningamálum.

Og nú bíður ríkisstjórnin eftir tillögum um breytingar á grundvelli lánskjaravísitölunnar frá Seðlabankanum. Ekki er enn vitað hvenær Seðlabankanum eða „yfirríkisstjórninni" þóknast allra náðarsamlegast að senda ríkisstjórninni línu um málið. Í stað þess að ríkisstjórnin sé að bíða eftir Seðlabankanum hefði hún átt að manna sig upp og tilkynna bankanum að hún hafi ákveðið að afnema lánskjaravísitöluna. Við höfum í tæp 10 ár haft ríkisstjórnir sem að þessu leyti hafa flotið sofandi að feigðarósi. Þolir þjóðin næstu 10 ár undir þessu kerfi? Þolir hún það deginum lengur?

Hafa menn tekið eftir því að nýverið voru stofnuð samtök sparifjáreigenda. Vissulega þarf að vernda hagsmuni þeirra. En þarna voru þó á ferðinni að meginuppistöðu verðbréfabraskarar, einmitt þeir sem mest hafa makað krókinn undanfarin ár. Slík samtök gætu haft þau ein áhrif að mynda samtök þeirra sem hafa verið fórnardýr okurvaxtanna, íbúðareigenda. Slíkt gerðist í Ísrael 1962. Í skyndihækkun verð- og gengistryggðra húsnæðislána þar í landi nefnt ár neituðu íbúðareigendur allir í kór að greiða og urðu bankar að hlaupa undir bagga fyrst, en ríkissjóður síðan að taka á sig skellinn. Hvað þola íbúðareigendur hér á landi þetta kerfi lengi?

Herra forseti. Þegar stjórnarmyndunarviðræðurnar stóðu yfir mátti ekki dragast deginum lengur að koma á starfhæfri ríkisstjórn vegna aðsteðjandi

erfiðleika atvinnuveganna. Nú þegar stjórn er tekin við virðist ekkert liggja á. Enn vantar grundvöllinn undir atvinnuvegina, en til standa miklar millifærslur sem að dómi ráðamanna eiga að bjarga öllu. Þetta er hin gamla uppbótarleið eftirstríðsáranna sem kratar töldu sig hafa ýtt varanlega til hliðar með viðreisn. Það heitir á læknamáli að fást við sjúkdómseinkennin, ekki sjúkdóminn sjálfan og er góð lýsing á störfum hæstv. núv. ríkisstjórnar.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Herra forseti. Þær umræður sem fram hafa farið hér í þingdeildinni um frv. til laga um verðbréfafyrirtæki og verðbréfasjóði hafa verið mjög gagnlegar. Af yfirlýsingum stjórnarandstæðinga flestra ef ekki allra virðist mér mega marka að í meginatriðum njóti frv. stuðnings yfirgnæfandi meiri hluta þm. Ég fagna sérstaklega eindreginni stuðningsyfirlýsingu fulltrúa Kvennalistans, hv. 10. þm. Reykn.

Hér er um mjög viðamikið frv. að ræða og það er auðvitað rétt að það þarf að fá ítarlega umfjöllun í þinginu. Ég geri mér samt vonir um það að sá almenni stuðningur sem frv. virðist njóta tryggi því skjóta og örugga afgreiðslu því það er eins og ég sagði í framsöguræðu minni afar brýnt að settar verði öruggar og sanngjarnar reglur um verðbréfafyrirtæki og verðbréfasjóði, m.a. til þess að efla sparnað sem fer fram á þessum vettvangi.

Hv. 1. þm. Reykv. hélt hér alllanga ræðu daginn sem ég mælti fyrir frv. Sú ræða snerist þó að minnstu leyti um frv. sjálft heldur mestan part um aðra hluti, þar á meðal um bankakerfið, um vexti og lánskjaravísitölu og um hlutabréfamarkað. Þetta eru allt mikilvæg mál, en snerta aðeins að litlu leyti það frv. sem hér er til meðferðar. Þannig ætla ég ekki að fjalla ítarlega um þessi mikilvægu málefni í þetta sinn, en ætla þó aðeins að drepa á sumt af því sem kom fram í máli hv. 1. þm. Reykv. Það er auðvitað alveg rétt hjá þm. að ríkisbankarnir bera höfuð og herðar yfir aðrar íslenskar fjármálastofnanir.

Ég hef ekki farið dult með þá skoðun mína að ég telji brýnt að ráðast í róttæka endurskipulagningu á íslenska bankakerfinu, m.a. í þá átt að draga úr afskiptum ríkisvaldsins af bankarekstri, en, og það er mikilvægast, að sameina og styrkja þær stofnanir sem eiga að þjóna atvinnulífinu sem viðskiptabankar og miðla sparifé landsmanna til þeirra sem fjárfesta og nýta fé í arðbærum atvinnurekstri. En það dugir ekki bara að tala um þetta. Ég minni hv. 1. þm. Reykv. og varaformann Sjálfstfl. á að í hans eigin flokki virðast vera mjög skiptar skoðanir á þessu máli þegar á hólminn er komið. Það var því miður lítils atfylgis að vænta þegar til kastanna kom. Þetta sannaðist t.d. í síðustu ríkisstjórn þegar rætt var um að breyta t.d. öðrum ríkisbankanna í hlutafélag og selja hlutina í Útvegsbankanum.

Svipuðu máli virðist gegna um stefnuna í vaxtamálum. Mér virðist að afar erfitt muni vera að samræma og samrýma skoðanir hv. 3. þm. Suðurl. og skoðanir hv. 1. þm. Reykv. í vaxtamálum. Það má vel vera að það sé hægt innan þingflokks Sjálfstfl. að brúa þetta bil, en ef marka má þær ræður sem fluttar hafa verið í þessari umræðu þá virtist mér sem mennirnir væru ekki alveg sammála.

Ég ætla mér ekki að blanda mér í deilur um það sem kalla mætti ættfræði hugmyndanna um breytingar á lánskjaravísitölunni, en tvennt get ég fullyrt: Annars vegar að tillagan sem á endanum tókst um samkomulag í stjórnarmyndunarviðræðunum í september kom ekki frá Alþfl. Hins vegar minni ég á að þáv. forsrh., 1. þm. Suðurl., lagði í september sl. fram tillögu sem gengur mjög í átt við það sem niðurstaðan varð hjá núv. ríkisstjórn. Tillaga hv. 1. þm. Suðurl. gerði að vísu ráð fyrir að vægi framfærsluvísitölu yrði ⅓, vægi byggingarvísitölu ⅓ og vægi launavísitölu, allar skilgreindar á sama hátt og niðurstaða varð um hjá núverandi stjórnarflokkum, ⅓. Ég fullyrði að í eðli sínu er þessi tillaga nánast hin sama og sú sem nú er stefnt að. Breytingar þessara vísitalna yrðu mjög ámóta og áhrifin af þeim líka. Ég ætla ekki að gera þarna upp á milli. Ég segi þetta ósköp blátt áfram. Svona var þetta.

Það liggur í augum uppi að það er ákaflega brýnt að fá botn í þetta mál. Seðlabankanum var falið það sama daginn og stjórnin var mynduð að framkvæma breytingar á lánskjaravísitölunni í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar sem hefur það markmið að draga úr hættunni á misgengi lánskjara og launa. Stjórn Seðlabankans hefur enn ekki svarað, en hefur tilkynnt að hún muni gera það á næstu dögum. Ég tel að frekari umræða um lánskjaravísitöluna sé best geymd þar til álit og tillögur Seðlabankans hafa borist og verið ræddar af ríkisstjórninni. Þetta á líka við þau orð sem hv. 3. þm. Suðurl. lét falla um þetta efni. Þetta segi ég af því að ég tel að það sé ákaflega óskynsamlegt að efna nú til kappræðna og deilna um svo mikilvægt hagsmunamál almennings og almannasjóða. Þegar ábyrgir stjórnmálaflokkar, allir sem í landinu starfa, hafa lagt fram eðlislíkar tillögur um þetta mál, þá virðist mér nokkuð öruggt að þingfylgi sé fyrir þeim breytingum sem þarna er verið að stefna að. Um þær má svo deila eins og önnur mannanna verk, en þetta bið ég þingheim að hafa í huga þegar menn standa hér upp til þess að fjalla um þetta mál.

Þá kem ég að hlutabréfamarkaðinum og þeim orðum sem hv. 1. þm. Reykv. lét falla um þau málefni. Auðvitað er nauðsynlegt að efla hér markað fyrir hlutabréf. Ég er sammála hv. þm. um það. Það þarf að setja hér lög og reglur sem gera hlutabréfaeign að fýsilegum sparnaðarkosti við hlið annarra. Hér er fyrst og fremst um það að ræða að samræma skattmeðferð eigna- og fjármagnstekna innbyrðis og reyndar að samræma hana skattlagningu annarra tekna. Ég minni á að það gerðist nákvæmlega ekkert marktækt í þessu máli þann tíma sem Sjálfstfl. fór með fjmrn. heilt kjörtímabil á árunum 1983–1987. Vafalaust hafa verið á því skýringar, en í tíð síðustu ríkisstjórnar var unnið að

undirbúningi þessa máls. Því miður tókst ekki að koma því fram. En ég vek athygli á því að það frv. sem við ræðum hér í dag, frv. um verðbréfafyrirtæki og verðbréfasjóði, er einmitt samið með tilliti til þess að senn verði ráðist í það að koma hér á laggirnar hlutabréfamarkaði og það gerir beinlínis ráð fyrir því að sjóðirnir hafi innan sinna vébanda hlutabréf.

Það er greinilegt að hv. 1. þm. Reykv. hefur um þessar mundir miklar áhyggjur af innlendum sparnaði. Það er virðingarvert. Hann hefur m.a. lagt hér fram í þinginu þáltill. um að fela ríkisstjórninni að gera átak til eflingar frjálsum sparnaði. Um þetta er ekkert nema gott að segja. Frv. um verðbréfafyrirtæki og verðbréfasjóði er einmitt flutt til þess að eyða óvissu um lagaramma þessarar starfsemi og þar með að tryggja hag sparifjáreigenda sem kjósa að ávaxta sinn sparnað á þessum vettvangi. Þar með fellur það í sömu átt og ósk hv. 1. þm. Reykv., sú að stjórnin beiti sér fyrir því að menn spari meira. Frv. er því tvímælalaust liður í því að efla innlendan sparnað. Ég vil þó minna á í því sambandi að til þess að efla innlendan sparnað skiptir nú langmestu máli að koma á jöfnuði í ríkisfjármálunum.

Ég ætla þá að koma að eina efnisatriðinu í ræðu hv. 1. þm. Reykv. sem beinlínis varðar frv. sem við ræðum hér í dag, en það varðar 30. gr. frv. þar sem eru ákvæði um það að ráðherra geti heimilað Seðlabankanum að láta sömu reglur gilda um verðbréfafyrirtæki og verðbréfasjóði að því er varðar bundið fé og settar eru á innlánsstofnanir. Eins og ég rakti í framsögu minni er þessi grein í frv. þar inn sett fyrir mitt tilstilli. Um hana náðist ekki samkomulag í nefndinni sem að öðru leyti samdi frv. Ég ætla ekki að endurtaka nú rökstuðning minn fyrir nauðsyn þess að hafa slíkt ákvæði í lögum um verðbréfafyrirtæki og verðbréfasjóði. Það er þarna fyrst og fremst, eins og ég sagði þá, sem stíflugarður til þess að koma í veg fyrir að þarna þróist viðskipti sem séu eðlisskyld viðskiptabanka- og sparisjóðarekstri þótt þau hafi annað form. En efasemdum hv. þm. um að slík ákvæði séu í lögum okkar nágrannalanda vísa ég á bug því að samkvæmt öruggum heimildum frá Efnahagssamvinnu- og framfarastofnun Evrópu hafa slík ákvæði um árabil verið í lögum í Bretlandi, Frakklandi, Japan og Vestur-Þýskalandi. Ég hef ekki beinar upplýsingar um beitingu þessara ákvæða, en hins vegar jafntrausta heimild fyrir því að slík ákvæði séu í lögum eins og unnt er að hafa. Kann að vera að þessi ákvæði séu einmitt í löggjöf þessara landa sömu náttúru og það ákvæði sem ég geri tillögu um, nefnilega eins konar varnargarðar. Ég ætla ekki að fullyrða um þetta, en varpa því hér fram til umhugsunar.

Ég legg ríka áherslu á það að í frv. sé um heimildarákvæði að ræða sem ekki yrði beitt nema svo færi að verðbréfafyrirtæki eða verðbréfasjóðir færi starfsemi sína inn á svið innlánsstofnananna. Svo er ekki nú í aðalatriðum. Að vísu var eitt fyrirtæki sem nú er horfið af vettvangi með starfsemi sem jaðraði við þetta og ég vil að það sé alveg fyrir það girt að slíkt geti komið fyrir.

Ég er hins vegar ekki samþykkur brtt. hv. 6. þm. Norðurl. e. Stefáns Valgeirssonar en hann vill að bindiskyldan gildi undantekningarlaust um verðbréfafyrirtæki og verðbréfasjóði og að sömu reglur gildi um bundið fé eins og gilda um þær stofnanir. Þetta tel ég of langt gengið og það tekur ekki tillit til þess að starfsemi verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða er ólík hefðbundinni starfsemi innlánsstofnana, sérstaklega að því leyti að yfirleitt er fjármagn verðbréfasjóðanna langtímasparnaður en ekki veltufé eins og víðast er um innstæður í bönkum og sparisjóðum.

Hv. 6. þm. Norðurl. e. gerir einnig brtt. við 2. gr. frv. sem lýtur að upplýsingaöflun um viðskiptavini verðbréfafyrirtækjanna, m.a. með nafnskráningu og ýmiss konar upplýsingasöfnun. Hann hefur lagt fram sérstaka brtt. á þskj. um þetta mál. Hér er hreyft máli sem á er tekið í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar þar sem talað er um að settar verði reglur um almenna nafnskráningu fjárskuldbindinga. Ég er hins vegar ekki viss um að þau ákvæði, sem hv. 6. þm. Norðurl. e. gerir tillögu um, eigi heima í þessari löggjöf um verðbréfafyrirtæki og verðbréfasjóði. Mér finnst að slík ákvæði kynnu betur að fara í almennri löggjöf. Þar á ég við skattalög, lög um Seðlabanka, lög um almenna starfsemi á fjármagnsmarkaði, fremur en að binda þetta eingöngu við þessar nýju stofnanir. Þetta mál þarf að athuga vel í nefnd og ég treysti því að þeir verði þar til kvaddir sem gefið geta um þetta holl ráð. En ég tek það fram að með þessu hreyfir hv. 6. þm. Norðurl. e. máli sem þörf er á að fjalla um.

Þá vík ég að því að hv. 10. þm. Reykn. fannst á stöku stað ekki kveðið nógu fast að orði í frv. eins og það stendur nú. Þm. nefndi sérstaklega 34. gr. frv. þar sem segir að bankaeftirlitið geti lagt til við ráðherra að hann afturkalli rekstrarleyfi verðbréfafyrirtækis á verðbréfasjóði þyki rekstur hans athugaverður og hann hafi ekki bætt þar úr við ábendingar. Þm. leggur til að í stað orðanna „getur það lagt til" komi: er því skylt að leggja til. Ég er sammála þm. um að þessi breyting væri æskileg og ég bið hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar að taka það mál til athugunar.

Hv. 11. þm. Reykn. gaf í skyn í sinni ræðu að honum virtist ákvæðið um innborgað hlutafé í verðbréfafyrirtæki, sem í frv. er ákveðið a.m.k. 10 millj. kr., vera of strangt. Með öðrum orðum að ekki væri víst að starfandi fyrirtæki hefðu bolmagn til þess að uppfylla þetta ákvæði. Ég tel mikilvægt að hér verði í engu slakað. Það er einmitt helsta forsenda þess að viðskiptavinir verðbréfafyrirtækjanna geti verið öruggir um sinn hag að fjárhagur fyrirtækjanna sem stunda þessa starfsemi sé sem traustastur.

Hv. 2. þm. Vestf. vék í sinni ræðu að nauðsyn samræmdrar skattlagningar á tekjur án tillits til þess hvort þær eru fengnar af vinnu eða af fjármagnseign. Ég tek undir þetta með honum en bendi

á að þetta er nú ekki beinlínis til meðferðar í frv. Hann veltir því fyrir sér, líkt og komið hafði til umræðu fyrr í umræðunum, hvort einhverjar óeðlilegar tafir hefðu orðið á því að frv. væri lagt fram. Ég vil lýsa því hér yfir að ég tel að slíkar tafir hafi ekki orðið í meðferð frv. í tíð fyrri ríkisstjórnar. Það var skoðanamunur um 30. gr. í nefndinni og í fyrri ríkisstjórn. Sá skoðanamunur varð ekki til þess að tefja málið. Það var einfaldlega ekki tilbúið fyrr en í sumar og er hér borið fram jafnskjótt og aðstæður leyfðu.

Hv. 3. þm. Suðurl., og ég hef áður nokkuð vikið að orðum hans í mínu máli, fagnaði framkomu frv. og ég lýsi yfir ánægju minni með það. Hann vék að vísu að því hvernig á því stæði að ekki væri talað um verðbréfaþingið í þessu verðbréfafrv. Ég bendi á að það er engin þörf á því í þessu frv. að vísa til verðbréfaþingsins, það lifir sínu lífi og stundar sína starfsemi skv. þeim lögum sem um það fjalla þótt ekki sé til þess vísað í frv., enda engin sérstök ástæða til þess.

Ég mun ekki fjölyrða um eignarleigufrv. að sinni, þótt hv. 3. þm. Suðurl. véki að því. Hann lýsti eftir betra málfari á því frv. og það er svo sannarlega ekki minn ásetningur að hér séu málleysur lögfestar og ég veit að sú þingnefnd sem fær það frv. til meðferðar mun hyggja að því. Ég vil hins vegar leiðrétta þann misskilning sem mér virtist gæta í máli hv. 3. þm. Suðurl., að þarna væri verið að opna dyr til erlendrar lántöku, einhverjar bakdyr að mér skildist. Það er ekki. Um það mál er ekki fjallað í því frv., en ég kem að því hér á eftir.

Að lokum, hæstv. forseti, vil ég að nýju lýsa yfir ánægju minni með það hversu almennan stuðning þetta frv. virðist hafa hér í hv. þingdeild og vona að það fái þingmeðferð í samræmi við það.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram hér tvær brtt. við frv. sem hér er til umræðu. Fyrri brtt. er fyrst og fremst flutt í því augnamiði að auðveldara sé að fylgjast með þessari starfsemi. Hæstv. viðskrh. kom inn á þetta atriði í sinni ræðu hér áðan en taldi að þetta ætti frekar heima í sérstakri löggjöf. Ég get ekki betur séð, a.m.k. á meðan slík löggjöf er ekki fyrir hendi, en að það sé nauðsynlegt að setja þetta inn í þetta frv. vegna þess að það hefur sýnt sig að ekki er vanþörf á að fylgjast með þessari starfsemi. Því er þessi brtt. flutt sem ég leyfi mér að lesa, með leyfi forseta.

„Við 2. gr. Framan við greinina bætist ný málsgrein er orðist svo:

Þeir sem lög þessi taka til og hafa atvinnu af viðskiptum með verðbréf skulu afla glöggra upplýsinga um hverjir viðskiptamenn þeirra eru og skrá nöfn þeirra, kennitölur og heimili á reikninga eða uppgjör vegna viðskiptanna. Einnig ber öllum, sem atvinnu hafa af viðskiptum með verðbréf, að geyma afrit eða ljósrit af öllum skjölum, sérgerðum vegna viðskiptanna, svo sem tékkum. Geyma skal afrit og ljósrit skjala, sem tengd eru einstökum viðskiptum, sérgreind og tengja þau glögglega númeri og dagsetningu reiknings.“

Þannig hljóðar þessi brtt. Ég tel að þarna sé verið að setja inn mjög sterkan öryggisventil fyrir bankaeftirlitið sem á að fylgjast með allri starfsemi sem bæði bankar, sparisjóðir og verðbréfafyrirtæki annast.

Enn fremur hef ég leyft mér að leggja fram aðra breytingu, þ.e. við 30. gr., sem orðast svo: „Sömu reglur gilda um verðbréfafyrirtæki og verðbréfasjóði að því er varðar bundið fé og settar eru innlánsstofnunum“ o.s.frv.

Ég verð að segja að ég sé enga ástæðu til annars en að þessir verðbréfasjóðir verði að þessu leyti að lúta sömu reglum.

Ég gæti komið með mörg dæmi þess hvernig þessi starfsemi er í raun og veru, þó að það eigi kannski ekki að reka hana eins og raun ber vitni. Heimildarákvæði er auðvitað miklu betra en ekkert ákvæði, það viðurkenni ég, en það þarf að tryggja með einhverjum hætti að farið sé eftir þessu. Ég hef rætt þetta við bankastjóra og bankamenn og ég hef ekki hitt neinn í þeirra hópi, þeir kunna að vera til, sem telur ekki að þetta sé alveg sjálfsagt ákvæði. Ég er ekki að halda því fram að bankar og sparisjóðir eigi að binda fé. Á sínum tíma er þetta var gert var það hugsað vegna afurðalána atvinnuveganna. Nú er það liðin tíð, það er ekki lengur fyrir hendi. Þessi binding og einnig lausafjárbinding bankanna gerir það að verkum að atvinnuvegirnir fá ekki það fjármagn sem þeim er nauðsynlegt nema þá með því, í mörgum tilvikum, að verða að borga dráttarvexti af því fjármagni.

Ég ætla ekki að fara með tölur um hvað hér er á ferðinni. Ég gæti það, en af ýmsum ástæðum mun ég ekki gera það, a.m.k. ekki að þessu sinni. En það kann að vera að ég neyðist til þess við 2. umr. ef t.d. hæstv. bankamálaráðherra leggst hart á móti því að 30. gr. verði í því formi sem ég hef lagt til.

Ég held að eins og ástandið er í þjóðlífinu þá verði að losa um lausafjárbindingu, ég held að það sé engin önnur leið. Það eru hrikalegir dráttarvextir sem bankarnir verða að greiða Seðlabankanum vegna þess að þeir eiga ekki tilskilið laust fé í Seðlabankanum, ekki að þeir skuldi, heldur eigi ekki tilskilið fé. Eins og ég sagði áðan þá virkar það þannig að atvinnureksturinn verður að borga hærri vexti vegna þess arna. Og það er það sem er að keyra atvinnuvegina í kaf þannig að það er varla hægt að segja frá því. Það er orðið feimnismál að segja frá hvernig er búið að keyra niður fyrirtækin, að vísu marga einstaklinga líka, það er svo hrikalegt.

Ég stend í þeirri trú að veigamikil ástæða fyrir því hvernig komið er fyrir fyrirtækjum og einstaklingum séu þessi verðbréfaviðskipti. Mér er t.d. tjáð að ung hjón sem fengu lánsloforð hjá húsnæðismálastjórn, 1300 þús. kr., og áttu að fá það afgreitt eftir níu mánuði, fóru í sinn banka, sem þau höfðu haft viðskipti við, en vegna þess að bankinn var á

miklum dráttarvöxtum í Seðlabankanum vegna lausafjárskuldbindingarinnar gat hann ekki sinnt þeim. Þau fóru á verðbréfamarkaðinn og hvað haldið þið, hv. þm., að þeim hafi verið boðið upp á? Hvað áttu þau að fá útborgað? Átta hundruð þúsund. Þau stóðu frammi fyrir því annaðhvort að selja hálfbyggt hús eða taka þetta að láni. Ég gæti talið upp mörg mál, mjög mörg mál hliðstæð þessu. Í mörgum tilvikum er það þannig að þessir markaðir eru með fjármagn sem þeir nota á þennan veg. Því skyldi þá ekki vera a.m.k. bindiskylda á því fjármagni á sama hátt og bankarnir verða að greiða?

Ég vil taka undir það með öðrum að frv. er að mörgu leyti gott. Ég get líka tekið undir það að 34. gr. og raunar fleiri greinar þarf að skoða betur, Mikilvægt er að þetta frv., ef að lögum verður, verði á þann veg að það séu ekki nein vafaatriði um hvernig eigi að túlka þau. En þá verður auðvitað farið yfir þetta í nefnd og ég kann að sjá mig knúinn til þess að koma með fleiri brtt. síðar þegar í ljós kemur hvernig nefndin skilar því til 2. umr.

Ég vil endurtaka það við hæstv. bankamálaráðherra að mig langar til þess að hann ræði t.d. við bankastjóra og aðra sem eru í eldlínunni nú í sambandi við bindiskyldu þessara verðbréfasjóða. Ég yrði nokkuð hissa á því ef hans niðurstaða yrði ekki, a.m.k. miðað við þau viðtöl sem ég hef átt við þessa menn, á svipaðan veg, þ.e. að það væri talið eitt af veigamestu atriðum frv. hvernig 30. gr. lítur út.

Friðrik Sophusson:

Herra forseti. Það er nokkuð um liðið síðan við ræddum þetta mál hér í hv. deild, eða u.þ.b. hálfur mánuður ef ég man rétt. Ég þarf ekki að rifja upp þau atriði sem komu fram í minni ræðu. En frá þeim tíma hefur hæstv. ráðherra flutt sína aðra ræðu og vikið þar að nokkrum atriðum sem komu fram í mínu máli í þeirri ræðu sem flutt var fyrir u.þ.b. hálfum mánuði síðan.

Ég vil í fyrsta lagi segja það að það þarf ekki að koma hæstv. ráðherra neitt á óvart þótt menn kjósi í umræðum um þetta mál að ræða skylda hluti. Fjármagnsmarkaðurinn er þannig að verði gerðar breytingar á honum á einum stað hafa þær breytingar að sjálfsögðu áhrif á aðra þætti hans. Þannig er t.d. ekki nokkur vafi á því að breyting á löggjöf um bankastarfsemi mun hafa áhrif á verðbréfasjóðina og breytingar á lögum um verðbréfasjóði munu að sjálfsögðu hafa áhrif á bankastarfsemina í landinu.

Ég sagði það í upphafi míns máls um daginn að ég fagnaði framkomu frv. Það var unnið á sínum tíma á vegum fyrrv. ríkisstjórnar og fulltrúar Sjálfstfl. tóku þátt í þeirri vinnu. Frv. er flutt til þess að festa í sessi verðbréfasjóðina og setja þeim ákveðnari reglur. Því ber að fagna. Hins vegar minntist ég á það, sem hefur jafnframt komið fram í ræðu hæstv. ráðherra, að 30. gr. er ekki í frv. að tilmælum nefndarinnar sem málið vann, heldur kaus hæstv. ráðherra að setja þá grein inn í frv. Með öðrum orðum, nefndin sem var ekki ásátt og sammála um þessa grein ákvað að skila tillögunni án þess að hafa greinina inni. Ég vil jafnframt benda á að fulltrúar Alþb. hafa ekki tekið þátt í þessum umræðum. Og það er ákaflega athyglisvert, ekki síst vegna þess að í umræðum um verðbréfasjóði hafa alþýðubandalagsþingmennirnir hv. gjarnan talað um „okurbúllur“ og þeir hafa virst hafa horn í síðu þessarar starfsemi. En nú bregður svo við að flutt er stjfrv., unnið af fulltrúum fyrrv. stjórnarflokka sem Alþb. átti ekki aðild að, og Alþb. virðist nú hafa kúvent þar sem frv. er flutt sem stjfrv. og væntanlega ber að skilja það þannig að Alþb., allt í einu lagi, styðji þetta frv. eins og það kemur frá hæstv. ríkisstjórn. Þessum sinnaskiptum ber auðvitað að fagna.

Það var hins vegar athygli vert þegar fyrri hluti þessarar fyrstu umræðu fór fram að enginn alþýðubandalagsmaður var í salnum. En nú situr hér hv. þm. Guðrún Helgadóttir, forseti Sþ., og ég veit að hún mun að sjálfsögðu staðfesta að hér er um að ræða stjfrv. sem Alþb. stendur að eins og aðrir stjórnarflokkar. Hins vegar hefur hv. þm. Stefán Valgeirsson aðra skoðun. Hann hefur flutt brtt. við frv. Það auðvitað veldur því að maður veltir fyrir sér hvenær svokölluð stjfrv. eru stjfrv. og hvenær ekki. Eins og fram kom í máli hv. þm. Stefáns Valgeirssonar í fyrra skiptið er hann talaði í þessari umræðu sagði hann að sér hefði verið sýnt þetta frv., enda væri það flutt sem stjfrv. Ber að skilja það svo, og ég beini þeirri spurningu til hæstv. ráðherra, að þegar um stjfrv. er að ræða séu frv. borin undir hv. þm. Stefán Valgeirsson eða er hann frjáls og óbundinn þegar um stjfrv. er að ræða? Þetta hefur mjög mikla þýðingu þegar þarf að vega og meta hvort stjfrv. séu mótuð og flutt með þeim hætti að líklegt sé að einhvers konar meiri hluti geti orðið um slíkt frv. því að ef hv. þm. Stefán Valgeirsson er ekki sammála stjfrv. er ekki augljóst að hægt sé að koma slíkum frv. í gegnum þingið svo ekki sé fastar að orði kveðið. Það vakti nefnilega athygli mína að hv. þm. Stefán Valgeirsson flutti brtt. við það frv. sem hér er til umræðu.

Hæstv. ráðherra hefur farið fram á að hv. þm. ræði ekki að sinni um lánskjaravísitöluna. Ég gerði hana að umtalsefni í minni fyrri ræðu, einkum og sér í lagi vegna þess að fram hafði komið í blöðum að hæstv. forsrh. hefði sagt að krafan um breytingar á lánskjaravísitölu hefði komið frá fulltrúum Alþfl. og Alþb. vegna þrýstings frá launþegasamtökunum. Fulltrúi launþegasamtakanna, Ari Skúlason, sagði í viðtali við DV að þetta væri lygi, ég nota beinlínis orðið sem Ari Skúlason hagfræðingur notaði um þessa yfirlýsingu hæstv. forsrh., og mér skildist þá á hæstv. ráðherra, þar sem hann kallaði fram í úr sæti sínu, að fulltrúi Alþýðusambandsins hefði borið þessa ásökun til baka. Hann kom ekkert inn á þetta í sínu máli þrátt fyrir að ég bæði hann sérstaklega um að geta þess í sinni ræðu, sem hann þá átti eftir að flytja, hvað væri sannleikur og hvað væri lygi í þessum efnum.

Hins vegar sagði hæstv. ráðherra að hugmyndin væri í raun komin frá fyrrv. forsrh., hv. þm. Þorsteini Pálssyni, sem hefði í sínum málamiðlunartillögum til að freista þess að halda áfram því stjórnarsamstarfi sem var við lýði áður en núv. ríkisstjórn tók við sett fram hugmynd um að launavísitala yrði tekin ásamt byggingarvísitölu og framfærslukostnaðarvísitölu að einum þriðja. Það er alveg rétt. Það var gert vegna þess, ef ég man rétt, og hæstv. viðskrh. getur auðvitað staðfest það eða mótmælt því, að sú krafa kom frá hæstv. forsrh. Steingrími Hermannssyni á þeim tíma, en hæstv. forsrh. hefur verið manna áhugasamastur um að breyta lánskjaravísitölunni og jafnframt að fella hana algjörlega úr gildi.

Nú lét hæstv. viðskrh. fara fram talsvert starf í fyrrasumar í verðtryggingarnefnd. Niðurstöður þess nefndarstarfs liggja fyrir, en þá bregður svo við að fulltrúar Framsfl., þeir hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson og Ólafur Þ. Þórðarson ef ég man rétt, hafa flutt þáltill. um að sett verði á fót nefnd fimm manna til að endurskoða grundvöll lánskjaravísitölunnar. Ég tel, herra forseti, að þar með hafi fulltrúar Framsfl. kastað stríðshanskanum og það verði ekki hægt að komast hjá því að ræða þetta mikilvæga mál, annaðhvort nú í tengslum við það mál sem hér er til umræðu, sem auðvitað er náskylt, eða þá sérstaklega þegar þessi till. þeirra tveggja hv. þm. Framsfl. verður til umræðu í Sþ. Ég spyr hæstv. ráðherra: Var hann spurður að því þegar þessir hv. þm. lögðu fram sína þáltill. hvort hann vildi að till. yrði lögð fram eða er þetta einkaframtak þeirra? Og hvernig líkar hæstv. ráðherra að fá þessa till. fram í ljósi þeirra ummæla, sem hann viðhafði áðan, að nú skyldu menn geyma um hríð að ræða um lánskjaravísitöluna? Ég held það væri fróðlegt að fá upplýsingar um þetta vegna þess að mér segir hugur um að það sé ekki full samstaða innan hæstv. ríkisstjórnar og meðal stjórnarflokkanna um þetta mikilvæga mál.

Þetta mál er mikilvægt vegna þess að það hefur þá þýðingu fyrir þá sem lagt hafa fé til hliðar að þeir vita ekki í dag við hverju þeir geta búist í framtíðinni á meðan hæstv. ríkisstjórn hefur ekki enn mótað nægilega vel sínar hugmyndir um hvernig hún ætlar að standa að þessum málum í framtíðinni, eða maður verður a.m.k. að álíta svo á meðan tveir stuðningsmenn hæstv. ríkisstjórnar flytja till. á borð við þessa.

Þá vík ég örlítið að 30. gr. frv. sem ég nefndi í minni ræðu og ég vil endurtaka spurninguna sem ég lagði þá fyrir hæstv. ráðherra. Hún var ekki um það hvar slík löggjöf væri til heldur hvernig og hvenær henni hafi verið beitt. Ég sagði í minni ræðu að ég vissi til þess að þetta væri til í löggjöf nokkurra þjóða. Það hefur hæstv. ráðherra staðfest, en hann getur ekki sagt hvenær og hvernig slíkt lagaatriði hefur verið notað í þeim löndum. Ég held nefnilega og hef upplýsingar um það að þetta atriði hafi ekki verið notað í þeim löndum sem þessa löggjöf hafa.

Ég rakti það jafnframt í mínu máli að það væri mikill munur á bankastarfsemi og hins vegar á starfsemi verðbréfasjóða. Ég benti á að í fyrsta lagi lofa verðbréfasjóðir ekki ákveðinni ávöxtun heldur ákvarðast hún af afkomu sjóðanna eins og gildir um annað eigið fé. Ég benti í öðru lagi á að sparnaður í verðbréfum er í flestum tilvikum til mun lengri tíma en í bankakerfinu. Í þriðja lagi lofa verðbréfasjóðir ekki innlausn samdægurs og verðbréfasjóðirnir taka ekki áhættu af töpuðum kröfum á sama hátt og innlánsstofnanir þurfa að gera. Það er þess vegna mjög mikill munur á starfsemi verðbréfasjóðanna annars vegar og bankastarfsemi hins vegar. Það er einmitt það grundvallaratriði sem þetta mál snýst um.

Hæstv. ráðherra segir: Það þarf að vera heimild fyrir viðskrh. að geta veitt Seðlabankanum sams konar völd gagnvart verðbréfasjóðunum og Seðlabankinn hefur gagnvart bankakerfinu — og nú skulum við taka eftir: ef verðbréfasjóðirnir fara inn á starfsemi bankanna.

Síðan segir hæstv. ráðherra síðar í sinni ræðu: Verðbréfasjóðirnir munu ekki á grundvelli þessara laga fara inn á starfsemi bankanna, sú tíð er liðin. Hún leið eftir að Ávöxtun sf. hætti starfsemi sinni. Og þá spyr maður: Til hvers er þetta ákvæði?

Ég legg til við hv. nefnd sem fær þetta mál til meðferðar að nefndin kanni það þá hvort ekki er ástæða til að breyta 30. gr. frv. þannig að það sé skýrt tekið fram að þessa heimild megi nota ef verðbréfasjóðir fara að stunda innláns- og útlánsstarfsemi.

Og til viðbótar, herra forseti, hlýtur maður að spyrja: Af hverju gilda ekki þessi lagaatriði jafnframt um veðdeildir bankanna? Þar fer fram sams konar starfsemi og í verðbréfasjóðunum.

Þetta fannst mér ekki koma nægilega skýrt fram í máli hæstv. ráðherra. Ég er alveg sammála honum um flestöll efnisatriði. Ég er líka sammála honum um það sem hann sagði um 30. gr. En mér finnst hann sjálfur hafa svarað þeim sjónarmiðum sem hann talaði um í sinni fyrri ræðu með því að segja að verðbréfasjóðunum sé ekki ætluð sams konar starfsemi og bönkunum.

Þá langar mig til að spyrja hæstv. ráðherra að því hvernig gangi að koma á laggirnar reglum um að Íslendingum sé leyft að kaupa verðbréf erlendis. Hæstv. viðskrh. var mikill áhugamaður um þetta efni til þess að Íslendingum gæfist kostur á að kaupa verðbréf erlendis og taka þannig þátt í að grynnka á skuldum Íslendinga þar. Ef þetta mál er nú vel á vegi statt, sem ég efast ekki um, í höndum hæstv. viðskrh., ætlar hann þá líka að koma á bindiskyldu gagnvart þeim verðbréfasjóðum sem gefa út verðbréf sem Íslendingar mega kaupa erlendis? Ef svo, hvernig hyggst hann fara að því? Ég vona að hæstv. ráðherra hafi skilið þessa spurningu og svari henni þannig. Vonandi ekki á þann veg að það verði gerður munur á þeim sjóðum sem Íslendingar geta

keypt verðbréf hjá. Varla er það það sem hæstv. ráðherra ætlast til.

Ég fagna því sem kom fram hjá hæstv. ráðherra og varðaði hlutabréfamarkaðinn. Ég rifjaði upp að á vegum Iðnþróunarsjóðs og Seðlabankans fór fram góð athugun á þessu máli sem Enskilda Securities vann á sínum tíma. Ég fagna því að hæstv. ráðherra hyggst vinna að þessu máli. Nú er hann bæði viðsk.- og iðnrh., hefur yfir báðum þessum stofnunum að segja. Ég treysti honum betur en flestum öðrum, a.m.k. flestum öðrum hæstv. ráðherrum, til þess að framkvæma þessa hluti því ég veit að hæstv. viðskrh. hefur sérstakan áhuga á þessu máli eins og glögglega kom fram í ágætri ræðu sem hann flutti norður á Akureyri og var vitnað til í dagblaðinu Degi. En hæstv. ráðherra sagði að þetta væri fyrst og fremst skattamál. Þetta væru atriði sem sneru að skattamálunum. Og það er vissulega rétt. Síðan býsnaðist hann yfir því að í tíð Sjálfstfl., þegar Sjálfstfl. hefði farið með fjmrn., hefði ekki verið hreyft við þessum málum. En það var nú aldeilis gert. Það var nefnilega breytt lögum á þeim tíma og breytt á þann veg að það voru settar ákveðnar hugmyndir fram, sem voru lögfestar og eru í lögum, um það hvenær megi draga frá skatti hlutabréfakaup og hvaða skilyrði ættu að vera til staðar. Þetta man hæstv. ráðherra, ef hann rifjar það upp, að var gert í tíð Sjálfstfl. þegar hann fór með fjármálastjórn. Það var einmitt vegna þess hve vel þetta gekk sem málið var tekið aftur upp í stjórnarsáttmála fyrri ríkisstjórnar. Í síðustu ríkisstjórn sat Alþfl. bæði í fjmrn. og í viðskrn. og ég spyr hæstv. ráðherra: Hvaða skref voru tekin í fjármálaráðherratíð Alþfl.? Ég hef svarað hvaða skref voru tekin í ráðherratíð Sjálfstfl. Það er hægt að rifja það upp. Það var gert árið 1984 eða 1985, ég man ekki hvort árið það var. En nú spyr ég: Hvað gerði Alþfl. í þessu máli sem sjálfur hafði átt aðild að því að setja þetta með skýrum hætti inn í stjórnarsáttmála síðustu ríkisstjórnar?

Ég endurtek það, herra forseti, að ég fagna því að hæstv. ráðherra ætlar að vinna að þessu máli og treysti honum betur en mörgum öðrum að láta hendur standa fram úr ermum.

Það er auðvitað svo, þegar fjallað er um þetta frv., að það sem skiptir kannski einna mestu máli er að við höfum sem flest sparnaðarform. Það liggur fyrir og hefur verið kannað að því fleiri sem sparnaðarformin eru þeim mun meira sparar fólk. Ég þakka hæstv. ráðherra sérstaklega fyrir að hafa tekið undir þá þáttill. sem ég hef leyft mér að leggja fram og tel mig eiga þar á vísan að róa og veit að ég kem til með að njóta stuðnings hæstv. ráðherra þegar sú till. verður til afgreiðslu í Sþ. (**Landbrh.:** Vill ræðumaður ganga í ríkisstjórn?) Ja, vill hæstv. ráðherra skipta og fara út? Er þetta tilboð sem á að taka? (**Landbrh.:** Ræðumaður er jákvæður í garð ríkisstjórnarinnar.) Ja, ég spyr hæstv. ráðherra, sem hér kemur í salinn og blaðar í bunkanum með sveittan skallann, er hann tilbúinn að ganga út úr þessari ríkisstjórn, standa upp og hleypa öðrum og betri mönnum að? Er þetta tilboð sem ber að taka alvarlega eða er þetta eitthvað sem ráðherrann segir si svona eins og venjulega sem ekki ber að taka mark á? (**SighB:** Er þá hv. ræðumaður tilbúinn að taka tilboðinu?) Það er svo annað mál.

Jæja, herra forseti. Ég vil jafnframt þakka hæstv. ráðherra fyrir það sem hann sagði um ríkisbankakerfið. Ég er honum nákvæmlega sammála, ríkisbankakerfið er of stórt. Það ber að draga úr því og það má færa rök fyrir því að það sé heppilegra að meira af fjármagns- og lánamarkaðnum sé komið fyrir hjá öðrum en ríkinu, enda hygg ég að það sé langhæsta hlutfall í vestrænu lýðræðisríki hér á landi, það innlánsfé sem gengur í gegnum ríkisbankakerfið. Ég er líka sammála hæstv. ráðherra um að ef selja á Útvegsbankann, sem hæstv. ráðherra hefur reynt í nokkra mánuði, þá á að selja hann öðrum aðilum en ríkisbönkum.

Að lokum langar mig til þess, virðulegur forseti, að benda á 3. gr. frv. og án þess að flutt sé ákveðin tillaga um það langar mig til að biðja hv. nefnd um að kanna hvort hugsanlegt sé að breyta d-lið í 3. gr. þar sem rætt er um hverjir eigi að fá leyfi til verðbréfamiðlunar. Það segir í d-lið nú, með leyfi forseta: Þeir sem „hafa sótt námskeið í verðbréfamiðlun sem ráðuneytið gengst fyrir í samvinnu við stjórn Verðbréfaþings Íslands og hafa lokið þar prófi samkvæmt þeim prófkröfum sem settar eru.“ Er ekki hugsanlegt að veita undantekningar t.d. þegar viðkomandi aðili hefur starfað við sams konar starfsemi erlendis? Það er vitað að nokkrir Íslendingar þekkja mjög vel til slíkrar starfsemi á erlendri grund. Jafnframt langar mig til að biðja hv. nefnd um að kanna hvort ekki sé hugsanlegt að öðrum en héraðsdóms- og hæstaréttarlögmönnum og löggiltum endurskoðendum sé heimilt í einstökum tilvikum að veita viðskiptamönnum sínum þjónustu sem telst til verðbréfamiðlunar og þá á ég sérstaklega við rekstrarráðgjafa, hvort ekki sé ástæða til að bæta þeim við. Þetta vil ég biðja hv. nefnd um að skoða.

Herra forseti. Að öllu samanlögðu, og ég vil að það komi skýrt fram vegna orða hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar, er ég mjög jákvæður til þessa frv. og fagna því að það er lagt fram. Ég fagna því að svo víðtæk samstaða hefur náðst um málið að Alþb. styður frv. nú heils hugar, eins og margoft hefur verið áður ítrekað, og ég vænti þess að tillit verði tekið til þeirra sjónarmiða sem ég hef flutt í mínum ræðum og þá einkum og sér í lagi vegna 30. gr. frv.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég ætla að fara örfáum orðum um það sem fram hefur komið í seinni ræðum þeirra hv. 6. þm. Norðurl. e. og 1. þm. Reykv. Ég vil aðeins endurtaka hvað varðar brtt. hv. 6. þm. Norðurl. e. við 2. gr. frv. að mér virðist þar hreyft mikilvægu máli um nafnskráningu viðskipta með verðbréf. Ég lýsti eingöngu mínum fyrirvara um það hvort sú löggjöf sem gerð er tillaga um með frv. sé rétti staðurinn fyrir slíkar reglur. Þetta mál tel ég að

þurfi að athuga vandlega í fjh.- og viðskn. og ég veit að nefndin mun kveðja til þá menn sem til þess eru bærir um þetta að fjalla. Það er síður en svo að ég telji þetta ekki eiga þarna erindi.

Ég vildi þó benda á að sumt af því sem hv. 6. þm. Norðurl. e. gerði tillögu um að standi í lagatextanum færi að mínu áliti betur í reglugerð, enda væri einfaldari heimild til skráningar og skylda til skráningar væri í lagatexta. En eins og ég sagði hefur mér ekki tekist að fá sannfæringu fyrir því að verðbréfaviðskipta- og verðbréfasjóðafrv. sé rétti staðurinn fyrir skráningarreglur um fjárskuldbindingar vegna þess að ég tel að slíkar reglur þurfi að vera almennari en svo.

Hvað varðar 30. gr., og þá eru náttúrlega alveg andstæð sjónarmið hjá þeim þingmönnum sem hér hafa talað öðru sinni, hv. 6. þm. Norðurl. e. og 1. þm. Reykv., annar vill herða þessar reglur mjög og hinn vill, ef ég skil hann rétt, fella 30. gr. niður úr frv. (**FrS:** Eða breyta henni.) Já, eða breyta henni. Ég vil taka það fram að ég tel að þetta mál þurfi að athuga mjög vandlega og get skýrt frá því að í nefndinni sem að frv. vann voru t.d. fulltrúar Seðlabankans því fylgjandi að slíkt ákvæði væri í frv., þ.e. þeir menn sem kunnugastir eru framkvæmd þessara laga og framkvæmd bindiskylduákvæða, bæði hér og annars staðar.

Ég er nokkurn veginn viss um að ef ég færi að tala við bankastjóra viðskiptabankanna væru þeir sem hagsmunagæslumenn fyrir sínar stofnanir sennilega til með að taka 30. gr. eins og hv. 6. þm. Norðurl. e. leggur til að hún verði. Til þess þarf ég ekki að hitta þá af því að ég veit að þeir hafa þessa skoðun. Það er líka rétt hjá hv. 6. þm. Norðurl. e. að þeir bera sig illa undan lausafjárkvöðum og bindiskyldu um þessar mundir. Það er ekki nýlunda. Og það má vel vera að þær reglur eigi að athuga, en það er eins og ég sagði víst fyrr í þessum umræðum annað mál sem ég kýs að ræða öðru sinni.

En þetta vil ég svo eingöngu segja út af orðum hv. 1. þm. Reykv. um 30. gr.: Þótt ekki hafi reynt á þessar reglur í þeim rótgrónu fjármagnsviðskiptalöndum sem hafa slíkar reglur í lögum, það eru lönd eins og Bretland, Þýskaland, Japan og Frakkland sem ég nefndi, er það ekki sönnun þess að ákvæðin séu óþörf. Það er kannski sönnun þess að stíflugarðarnir hafi haldið, að varnargarðurinn sé þéttur og þetta sé þess vegna hið þarfasta ákvæði. Ég held þessu ekki fram. Ég bendi bara þingmanninum á þetta til umhugsunar. (**FrS:** Hvað segir hæstv. ráðherra um að breyta greininni?) Ég orðaði þetta nákvæmlega eins og ég vildi að það væri og hlyti að vera hverjum manni til umhugsunar hvort skýringin gæti ekki einmitt verið svona. Hins vegar er ég tilbúinn að ræða öll efnisatriði þessa máls og vona að þingnefndin geri það og bendi t.d. á að í bráðabirgðalögum sem sett voru í maí sl. af hv. 1. þm. Suðurl., páv. forsrh., með atbeina hv. 1. þm. Reykv. voru sett 20% skyldukaupaákvæði spariskírteina á viðbót við verðbréfasjóði. Það er annað form fyrir þátttöku þessara stofnana á fjármagnsmarkaðnum í opinberri fjármögnun og að sínu leyti skylt lausafjárkvöðum og bindingum. Ég bendi líka á þá þróun, sem orðið hefur í mörgum nágrannalöndum okkar, að lausafjárkvaðir og bindiskylduákvæði beinist ekki að stofnunum heldur að einstökum tegundum viðskipta og reikninga. Það má vel vera að það sé þróun sem hér eigi eftir að festa rætur. Ég er hins vegar alveg ákveðinn í þeirri skoðun minni að svona ákvæði sé nauðsynlegt í þessari löggjöf til að vara menn við því að yfir þann vegg fara þeir ekki nema gjalda sömu kvaðir, sömu skyldur og þeir sem þar starfa. Það er þess vegna sem frv. er úr garði gert eins og raun ber vitni.

Hv. 1. þm. Reykv. spurði hvort stjfrv. væru borin undir hv. 6. þm. Norðurl. e. Stefán Valgeirsson. Svarið er að honum eru kynnt stjfrv. Ég tel ekki ástæðu til að hafa áhyggjur af því í því máli sem við ræðum nú að ekki reynist þingstyrkur til að koma málinu fram, en að sjálfsögðu er þetta mál sem þarf að ræða frá ýmsum hliðum og auðvitað er það svo með hv. 6. þm. Norðurl. e. eins og aðra sem í þinginu starfa að þeir vinna vonandi að hverju máli út frá málefnalegum sjónarmiðum eingöngu og hafa sínar skoðanir á því og ég kvíði engu um að það verði til þess að tefja framgang góðra mála á þessu þingi.

Síðan beindi hv. 1. þm. Reykv. til mín annarri spurningu um hvort tiltekið frv. eða þáltill., sem fram hefur verið borin hér nýlega af tveimur þingmönnum stjórnarflokka um endurskoðun lánskjaravísitölu, sé einkaframtak þeirra, hvort það hafi verið kynnt mér, hvort ég sé því hlynntur. Svarið er að ég lít á þetta sem einkaframtak þeirra. Þeir höfðu ekki kynnt mér það. Ég tel ekki sérlega nauðsynlegt að leggja það fram nú með tilliti til þess sem verið er að vinna í málinu. Ég segi ekkert um það frekar.

Um aðdraganda tillagna um breytingar á lánskjaravísitölu hef ég raunar fáu við það að bæta sem ég sagði áðan. Ég sagði að Alþfl. hefði ekki flutt tillögu um að breyta lánskjaravísitölunni á þann hátt sem ráð er fyrir gert í málefnasamningi núv. ríkisstjórnar. Hann stendur hins vegar að þeirri samþykkt sem þar er lýst. Það er alveg skýrt. Ég minnti á að hv. 1. þm. Suðurl., páv. forsrh., hefði flutt tillögu um breytingar á lánskjaravísitölunni sem væri svo nærri þeirri sem núv. stjórn hefur ákveðið að beita sér fyrir að ég tel þar engan eðlismun vera. Það getur vel verið að á þessu séu ýmsir hnökrar, en ég er sannfærður um að úr þeim má leysa.

Ég vildi líka segja það um orð hv. 1. þm. Reykv. um veðdeildirnar að ég er honum sammála um að það þarf að samræma þau ákvæði sem gilda um þeirra starfsemi, bæði hvað varðar skatta og bindiskyldu, því sem gildir um aðra lánastarfsemi. Ég hef alveg skömu skoðun á því máli og hv. 1. þm. Reykv. Hann spurði líka hvernig gengi að koma á reglum um að Íslendingar mættu kaupa erlend verðbréf. Svarið er að það liggja fyrir drög að auglýsingu sem heimilar slík kaup eftir ákveðnum reglum. Álit þeirra sem um þetta fjalla, fyrst og fremst Seðla-

bankans, er að þeir skilyrða þessa auglýsingu við það að frv. sem við ræðum hér nú verði orðið að lögum og þar með sé skilgreindur farvegur fyrir slík viðskipti. Það tel ég eðlileg sjónarmið og svarið er þá vonandi fengið fyrir hv. 1. þm. Reykv. Um það hvort af slíkum viðskiptum hlytist sérstakur vandi vegna ákvæða 30. gr. vil ég ekki segja margt á þessu stigi, en tel að á því mundi unnt að finna lausnir.

Að lokum um hlutabréfamarkaðinn. Það er alveg rétt, sem fram kom hjá hv. 1. þm. Reykv., að frádráttarheimild vegna ákveðinna hlutabréfakaupa var veitt á því árabili sem nefnt var, líklega á árinu 1984 í ráðherratíð hv. 5. þm. Reykv. Alberts Guðmundssonar. Ég tel það hins vegar ekki vera fullnægjandi svar í málinu og það veit ég að hv. 1. þm. Reykv. tekur undir með mér einmitt vegna þess að hann hefur sjálfur beitt sér fyrir því að samdar verði ítarlegar tillögur um breytingar á þessu sviði þannig að varla var það nóg sem þá var að gert. Reyndar tel ég að það hafi hvergi nærri verið og varla teljandi til stóráfanga í málinu. En rétt er það, og rétt skal vera rétt, að slík breyting var gerð á þessu bili ára. (**FrS:** Ætlar hæstv. ráðherra að halda því starfi áfram?) Já, hann ætlar að halda því starfi áfram.

Að lokum, hæstv. forseti, tek ég undir það með hv. 1. þm. Reykv. að huga þarf að ákvæðum 3. gr. hvað varðar heimildir til að taka þátt í þessum viðskiptum. Þessar tillögur eru alls ekki hugsaðar til að bægja mönnum frá þessum störfum sem til þess hafa traustan undirbúning og það veit ég að hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar mun taka til athugunar.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Ég vil láta það koma fram að ég fagna þessu frv. og það er mjög mikilvægt að það skuli vera komið hér til meðferðar. Umræður hafa reyndar dregist um of á langinn, þ.e. afgreiðsla við 1. umr. hefur tekið lengri tíma en æskilegt hefði verið, og þess vegna ætla ég ekki að lengja þessa umræðu mjög.

Þetta frv. fer til nefndar sem ég er í fyrirsvari fyrir og verður athugað þar vandlega, svo og þær brtt. sem fram koma eða fram kunna að koma. Þetta er reyndar, eins og er búið að lýsa hér, glögglega stjfrv. og Stefán Valgeirsson hefur athugað þetta mál eins og önnur stjfrv. sem fram kunna að verða lögð í þessu stjórnarsamstarfi. Hann styður þessa ríkisstjórn og þess vegna eru stjfrv. borin undir hann.

Ég hef ekki orðið var við neina stefnubreytingu hjá Alþb. varðandi þetta mál. Ég held að Alþb. hafi eins og aðrir stjórnarflokkar óskað eftir að löggjöf yrði sett um þetta efni og þessa löggjöf hefur vantað sárlega og um það höfum við held ég öll verið sammála. Það er ánægjulegt að þetta frv. skuli eiga svo víðtækum stuðningi að fagna sem raun ber vitni.

30. gr. verður að sjálfsögðu athuguð í nefndinni eins og aðrar greinar í frv. Lánskjaravísitalan er ekki til umræðu hér þó að menn hafi ofurlítið minnst á hana, sérstaklega hv. 1. þm. Reykv., en ég held að við eigum að ræða hana undir öðrum dagskrárlið þegar þingmál koma hér til umræðu sem um hana fjalla. M.a. er tillaga Guðmundar G. Þórarinssonar og Ólafs Þ. Þórðarsonar eitt af þeim málum sem er kjörið til að ræða lánskjaravísitölu á breiðum grundvelli. Mér finnst þessi lánskjaravísitala vera mikil vandræðaskepna og mjög mikilvægt að reyna að komast út úr þeim vítahring sem hún hefur skapað. Lánskjaravísitalan hefur magnandi áhrif á sjálfa sig. Þau minnka að vísu með fyrirhugaðri breytingu, en ég óttast að hún gangi ekki nógu langt og gott væri ef hér sköpuðust skilyrði til þess að hægt væri að afnema hana.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Það er töluvert langt síðan þetta frv. var til umræðu í þingsölum eða um hálfur mánuður, en það hefur verið komið inn á mörg þau atriði sem ég hef nú viljað endurtaka hér og stærsta málið í þessu er 30. gr. sem er bindiskylda. Eins og hv. 6. þm. Norðurl. e. kom réttilega inn á var bindiskylda banka sett á á sinni tíð vegna afurðalána. Ég held að það væri gaman að fá þeirri spurningu svarað af hæstv. viðskrh. hvað þessi bindiskylda kostar fólkið í landinu, hvað hún kostar það í hærri vöxtum til bankanna og í meiri útgjöldum. Seðlabankinn er orðinn gífurlega stórt og mikið bákn og þessi bindiskylda hefur orðið til þess að hann hefur þanist út, hefur hækkað vextina í landinu. Síðan hefur hluti af þessum fjármunum verið notaður til að fjármagna rekstrarhalla ríkissjóðs. Það væri út af fyrir sig fróðlegt dæmi að reikna út hvað það kostar. Ég held að 30. gr. eigi að falla út eins og ég sagði hér fyrir hálfum mánuði. Það er ekki nokkur vafi á að með henni er stefnt að því að hækka vextina í landinu því auðvitað verður fjármagnið dýrara ef það verður látið liggja inni í Seðlabankanum bundið. Ég vil þess vegna ítrekað koma því á framfæri til nefndarinnar að hún taki þessi mál til athugunar og skoði hvað það kostar að hafa þessa bindiskyldu.

Hér var komið inn á nokkur önnur mál, þar á meðal sölu á ríkisbönkum, þar á meðal Útvegsbankanum sem hæstv. viðskrh. treysti sér ekki til að selja þegar hann fékk tilboð í hann á sl. ári. Má vera að það þurfi til að einhverjir sérstakir aðilar fái að gera tilboðið til að hann geti selt bankann. En ég tel að það ætti samt sem áður að taka allt bankakerfið til endurmats og skoða hvernig það er því að sannleikurinn er sá að við búum við niðurgreitt bankakerfi sem kemur fram í því að vextir af lánum eru miklu hærri en til þarf vegna þess að bankastarfsemin kostar allt of mikið. Þetta er stórmál fyrir þjóðina. Það er því ekki bara lánskjaravísitalan sem skiptir máli, eins og hér hefur verið komið inn á, heldur er það auðvitað þetta niðurgreidda bankakerfi. Það er niðurgreitt með þeim hætti að fólkið borgar miklu hærri vexti en annars staðar eru. Þetta verður að taka til athugunar.

Ég ætlaði að óska Alþb. aftur til hamingju með

fráhvarf þeirra (**Gripið fram í:** Þeir eru allir farnir bara.) já, þeir eru allir farnir, það er rétt, þannig að við verðum að bíða með þær heillaóskir þangað til síðar. En ég tel að það verði að líta mjög vandlega á þetta frv. Það er alveg ljóst að í meginatriðum erum við sammála því sem hér stendur. En ég ætla að koma að öðru atriði sem ég minntist á síðast og það var spurningin um hvort það hefði verið horft á að í framtíðinni verða miklu meiri tölvuviðskipti höfð uppi en áður og svokölluð tölvubréf eru víða farin að ryðja sér til rúms. Ég hefði gjarnan viljað fá að vita það, ef hæstv. viðskrh. getur svarað því, hvort hugsað hefur verið fyrir því fyrirkomulagi sem tölvubréf bjóða upp á í framtíðinni. Ég held að það sé full ástæða til þess að gera ráð fyrir slíkum viðskiptum. Það er a.m.k. svo að það eru aukin viðskipti erlendis með þessum hætti og gerir það viðskipti á ýmsan hátt einfaldari og fljótvirkari.

Að öðru leyti þá ætla ég ekki að hafa þessi orð lengri, en ítreka að í meginefnum erum við í Borgfl. sammála frv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Viðskiptabankar og sparisjóðir, 1. umr.

Stjfrv., 3. mál (verðbréfafyrirtæki). — Þskj. 3.

Enginn tók til máls. (Sjá umræður um 1. mál, verðbréfaviðskipti, hér að framan og 18. okt.)

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Eignarleigustarfsemi, 1. umr.

Stjfrv., 2. mál. — Þskj. 2.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um eignarleigustarfsemi, en eignarleiga er nýyrði fyrir það sem í ensku máli er nefnt t.d. „leasing", en það orð hafa t.d. frændur okkar í Noregi tekið óbreytt upp. Hér á landi hefur að vísu oftast verið talað um fjármögnunarleigu, sem mér finnst frekar óþjált orð, og eftir nokkrar viðræður við formann Íslenskrar málnefndar kom fram sú hugmynd að nefna þessa starfsemi samheitinu „eignarleiga", eignarleigustarfsemi. En af henni eru síðan ýmsar greinar eins og t.d. rekstrarleiga, kaupleiga og svo fjármögnunarleiga. Þessi hugtök eru einmitt skilgreind nánar í 1. gr. frv. og í aths. með 1. kaflanum. Frv. er samið af nefnd sem ég skipaði 16. febr. á þessu ári til að fjalla um starfsemina á fjármagnsmarkaðnum utan banka og sparisjóða og til að semja frv. að lagaramma um þá starfsemi. Nefndin samdi, eins og kom fram hér fyrr í umræðunum, frv. um verðbréfafyrirtæki og verðbréfasjóði sem ég hef þegar mælt fyrir í þessari deild.

Eignarleigustarfsemin á sér langa sögu. En á síðustu tveimur áratugum hefur hún rutt sér mjög til rúms í viðskiptalífi Vestur-Evrópu. Þannig eru í Vestur-Þýskalandi yfir 50 fyrirtæki sem reka umsvifamikla eignarleigustarfsemi og í Noregi eru þau 25. Nú er víða unnið að því að setja lagaramma um þessa starfsemi, en víðast hvar vantar reyndar enn heildarlöggjöf um þetta efni. Þó hafa nýlega verið sett slík heildarlög í Belgíu og í Frakklandi. Eignarleigustarfsemin er alþjóðlegt fjármögnunarform sem í megindráttum er rekið á svipuðum grundvelli í öllum þróuðum ríkjum. Því hefur verið unnið að því að samræma almennar starfsreglur um eignarleiguna og hefur Evrópubandalagið m.a. haft þar forgöngu, ásamt Evrópusambandi eignarleigufyrirtækja, sem kallað er Leaseurope, sem hefur höfuðstöðvar sínar í Brussel. Við samningu þess frv. sem ég mæli fyrir í dag hafa verið sóttar fyrirmyndir til þessa samræmingarstarfs innan Evrópubandalagsins.

Hér á landi starfa nú fjögur eignarleigufyrirtæki. Þau eru: Féfang sem var stofnað í lok desember 1986 og yfirtók þá eignarleiguþjónustu sem Fjárfestingarfélag Íslands hafði rekið. Glitnir hóf sína starfsemi árið 1985, Lind hóf sína starfsemi í ársbyrjun 1987 og Leasing hóf líka störf á því ári. En árið 1987 var einmitt mikill uppgangstími fyrir eignarleigurnar. Þá sexfaldaðist efnahagsreikningur þessara fyrirtækja og samtala leigusamninganna jókst um 3,4 milljarða kr. Þeir námu samanlagt í árslok 4,2 milljörðum eða sem svarar 1,7% af heildarlánum lánakerfisins.

Undirstaðan undir þessa miklu aukningu var auglýsing fjmrn. í febrúar árið 1986 þar sem skýrt var frá því og skýrt fram tekið að leigugjöld af eignarleigusamningum væru ekki söluskattsskyld, en áður hafði leikið á því vafi og var yfirleitt talið að um söluskattsskyldu væri að ræða af leigugjöldunum. Aðrar skýringar á hinum öra vexti á árinu 1987 felast í auknu frelsi til vaxtaákvarðana, vexti verðbréfaútgáfu og loks tilkomu almennra heimilda til að taka erlend lán til flestra véla- og tækjakaupa í atvinnuskyni vorið 1987. Reyndar voru nokkur brögð að því að einkabílar væru keyptir á kaupleigu og einnig smábátar, en að vísu ekki með erlendu lánsfé beinlínis.

Vöxtur eignaleiganna á árinu 1987 byggðist m.a. á því að út voru gefin verðbréf á innlendum markaði, en hlutdeild erlendu lánanna var þó yfirgnæfandi. Í september árið 1987 var svigrúm þessara fyrirtækja

til erlendrar lánatöku nokkuð þrengt með auglýsingu viðskrn. þar sem erlend lán voru þá takmörkuð við 70% af verðmæti leigu- og lánssamninga. Áður var ekki slík takmörkun. Í maí 1988 var þetta svigrúm enn nokkuð þrengt með breytingu á auglýsingu viðskrn. um erlendar lántökur þar sem þetta viðmiðunarhlutfall var lækkað.

Heldur hefur nú hægt á vexti eignarleigunnar það sem af er þessu ári en hún er þó enn mjög mikil. Fyrstu sex mánuði ársins jukust útistandandi leigusamningar eignarleiganna um 36%, en reyndar var slík aukning í fyrra 167% á sama tíma. Þessar tölur bera með sér að mínu áliti að markaðurinn fyrir þessa þjónustu sé að byrja að mettast þannig að þeir aðilar sem hafa hag af þessu fjármögnunarformi hafi að mestu þegar notfært sér það. Þá má líka ætla að menn hafi hér á landi yfirleitt áttað sig betur á kostum og göllum þessarar þjónustu, en í upphafi þessarar starfsemi virtist sem viðskiptavinirnir veittu aðeins kostunum athygli. Hér skiptir m.a. máli að yfirlýsingar um hagstæða skattmeðferð til tekjuskatts, sem gefnar voru í auglýsingum ýmissa af *eignarleigufyrirtækjunum í upphafi*, voru ekki á rökum reistar.

Í frv. sem ég mæli fyrir er lagt til að settur verði almennur rammi um starfsemi eignarleigufyrirtækja.

Í I. kafla frv. eru, eins og ég nefndi áðan, ýmsar skilgreiningar á hugtökum, en íslensk heiti þeirra hafa verið nokkuð á reiki.

Í II. kaflanum eru sett skilyrði fyrir eignarleigustarfsemi. Þar segir í 4. gr. að slík starfsemi sé einungis heimil fyrirtæki sem hafi starfsleyfi viðskrh. Skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis eru þau að fyrirtækið sé rekið sem hlutafélag og að innborgað hlutafé nemi a.m.k. 10 millj. kr., meiri hluti stjórnar félagsins sé búsettur hér á landi og einnig að framkvæmdastjórinn skuli vera íslenskur ríkisborgari eða ríkisborgari annars Norðurlandaríkis samkvæmt samningum okkar um norrænan vinnumarkað.

Í 5. gr. er ráðherra heimilað að setja í reglugerð skilyrði varðandi eignarleigu á fasteignum. Íslensku eignarleigufyrirtækin hafa hingað til ekki starfað á fasteignamarkaðnum. Erlendis er hins vegar algengt að eignarleigufyrirtæki leigi fasteignir og er því gert ráð fyrir að þetta geti líka gerst hér á landi en að settar verði sérstakar reglur um slíka leigustarfsemi.

Auglýsing fjmrn., sem ég nefndi áðan að hefði verið einn helsti hvatinn til þess að þessi starfsemi fór vaxandi, fjallar aðeins um vélar og tæki sem eru söluskattsskyld við sölu. Sala og leiga fasteigna er undanþegin söluskatti og þarf þar enga sérstaka undanþágu að veita vegna eignarleigu. Það er því formlega ekkert því til fyrirstöðu að eignarleiga á fasteignum eigi sér stað en um það þarf þó að mínu áliti að setja sérstakar reglur.

Í 6. gr. frv. er svo lagt til að eignarleigufyrirtæki sé óheimilt að stunda annað en eignarleigu eða skylda starfsemi. Það er sérstaklega tekið fram að því sé óheimilt að reka verðbréfamiðlun eða verðbréfasjóð því slík blönduð starfsemi á fjármagnsmarkaðnum felur í sér ýmsar hættur. Þá skal tilgangur fyrirtækisins, sem stundar slíka leigustarfsemi, afmarkaður skilmerkilega í samþykktum hlutafélagsins. Þetta þykir nauðsynlegt til þess að hægt sé að tryggja að eignarleigufyrirtæki fari eftir þeim reglum sem settar verða skv. frv., en hætt er við að það gæti vikið sér undan þeim með því að stunda fjölþætta starfsemi á fjármagnsmarkaðnum sem gerði erfiðara að líta eftir þessum þætti starfseminnar og hverjum einstökum þætti hennar.

Í 7. gr. er sú krafa fram sett að eigið fé eignarleigufyrirtækjanna að viðbættum víkjandi lánum skuli á hverjum tíma ekki nema lægri fjárhæð en svarar 8% af heildarskuldbindingum þess. Með þessu ákvæði er gerð ströng krafa um trausta fjárhagsstöðu eignarleigufyrirtækjanna og er hún m.a. fram sett með tilliti til þess að eignarleigufyrirtækin eru umsvifamikil í útboði skuldabréfa á fjármagnsmarkaðnum og því nauðsynlegt að eiginfjárstaða þeirra sé í góðu lagi. Við eigið fé eignarleigufyrirtækja *má leggja víkjandi lán sem í langflestum* tilfellum eru lögð fram af eigendum fyrirtækjanna, en með heildarskuldbindingunum teljast ábyrgðarskuldbindingar sem fyrirtækið kann að hafa undirgengist.

Næstu tvær greinar í frv., sú 8. og sú 9., fjalla um neytendavernd, þ.e. vernd fyrir viðskiptavini eignarleigufyrirtækjanna.

Í 8. gr. er fjallað um upplýsingaskyldu þeirra og um að viðskiptavinir þeirra skuli njóta jafnræðis í viðskiptunum.

Í 9. gr. eru settar fram lágmarkskröfur um efni eignarleigusamninga og ég ætla að vekja sérstaka athygli á ákvæðum 4. liðar, um rétt leigusala og leigutaka til að rifta eignarleigusamningi, en nokkuð hefur á því borið að réttur leigutaka til riftunar samkvæmt ákvæðum eignarleigusamnings hafi þótt heldur óljós og að réttur leigusalans hafi verið þar ríkari.

Í III. kafla frv. er ítarlega fjallað um eftirlit með eignarleigustarfsemi.

Í 11. gr. er lagt til að það verði falið bankaeftirliti Seðlabankans og því jafnframt veittar nauðsynlegar heimildir til að framfylgja eftirlitsskyldu sinni. Þá eru ráðherra veittar heimildir í 12. gr. til að knýja á um að eignarleigufyrirtækin fullnægi settum reglum og í 13. gr. til þess að afturkalla starfsleyfi eignarleigufyrirtækis við ákveðnar aðstæður. Hvort tveggja er hugsað til að stuðla að virkri framkvæmd eftirlitsins og þar með framkvæmd laganna.

Í 14. gr. er krafist samþykkis ráðherra við samruna eignarleigufyrirtækja og er þetta gert í því skyni að tryggja frjálsa samkeppni á þessu sviði. Væntanlega yrði slíkt samþykki veitt þar sem ekki væri um augljósa hættu á einokun að ræða því samruni eignarleigufyrirtækja kynni í sumum tilfellum að vera æskilegur í því skyni að leysa fjárhagsvanda sem slík fyrirtæki kunna að hafa komist í og þar með að

tryggja hagsmuni viðskiptavina þeirra.

Í IV. kafla frv. er svo að finna ákvæði um viðurlög við brotum á lögunum og loks í V. kafla ákvæði um gildistöku sem skýra sig að öllu leyti sjálf.

Hæstv. forseti. Það er tilgangur þessa frv. að setja almennan lagaramma um þá starfsemi sem nú hefur rutt sér mjög til rúms á fjármagnsmarkaðnum á sl. tveimur árum. Löggjafinn og framkvæmdarvaldið marka þessari starfsemi farveg með þrennum hætti: Í fyrsta lagi með þessu frv. ef það verður að lögum. Í öðru lagi, og það er mikilvægt, með reglum um skattskyldu leigugjalda og frádráttarbærni þeirra til skatts samanborið við önnur form við fjármögnun. Í þriðja lagi með heimildum til erlendrar lántöku til véla- og tækjakaupa.

Allir þessir þrír þættir hafa verið til umræðu og athugunar á sl. ári. Það er mikilvægt að reyna að skapa festu í starfsskilyrðunum með sanngjörnum og öruggum reglum. Ég legg því áherslu á að frv. verði sem fyrst að lögum og vænti þess að það fái skjóta og vandaða afgreiðslu í þingdeildinni. Ég legg til, hæstv. forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Ásgeir Hannes Eiríksson:

Hæstv. forseti, hv. þm. Það eru tvö atriði sem mig langar að ræða varðandi þetta nýja frv. um eignarleigu.

Það er í fyrsta lagi spurningin um leigugjaldið, hvort það er frádráttarbært til skatts eða ekki. Auglýsingar, sölumennska og önnur starfsemi hjá þessum fyrirtækjum gengu út á það á sínum tíma að gjaldið yrði allt saman frádráttarbært í bókhaldi til skatts.

Í annan stað er það andinn í sjálfum samningnum sem fólk gerir þegar það gengur til viðskipta við fjármögnunarleigufyrirtæki. Ég er hérna með fyrir framan mig eyðublað sem heitir „Samningur um fjármögnunarleigu". Aftan á þessu eyðublaði er smátt letur upp á 20 greinar. Það er í rauninni ekki um neinn samning að ræða í þeim skilningi sem ég legg í samning, að tveir menn setjast niður og ná samkomulagi sem báðir sætta sig við, standa síðan upp og eru báðir jafnánægðir. Þeir sem vilja versla við kaupleigufyrirtæki í dag eða eignarleigufyrirtæki verða að gjöra svo vel að sætta sig við þá skilmála sem eru í boði. Ef þeir eru ekki sáttir við þá að einu og öllu leyti geta þeir góðfúslega snúið sér annað eða étið hreinlega það sem úti frýs því það er ekki í nein önnur hús að venda þar sem boðið er upp á aðra eða vægari skilmála því að þeir eru allir í öllum höfuðatriðum eins. Andinn í þessum skilmálum er í stuttu máli á þessa leið: Leigutaki ber ábyrgð, leigutaki skal bæta, leigutaki beri kostnað. Þannig hljóða allar þessar greinar meira og minna og það eru tínd til ólíklegustu atriði sem leigutaki á að bæta, bera ábyrgð á, kosta og svo framvegis.

Í 14. gr. þessa samnings sem ég hef er 5. liður svohljóðandi: Þar stendur: „Leigufyrirtækinu er heimilt að segja samningi þessum upp án fyrirvara séu eftirgreindar ástæður fyrir hendi." Síðan koma fjórar nokkuð almennar ástæður, en fimmta ástæðan er svohljóðandi: „Ef leigufyrirtækinu er bannað eða félaginu gert illmögulegt að standa við samning þennan eða á félagið leggjast verulegar kvaðir vegna samnings þessa ..." Þá er spurningin: Hvað þýðir það ef félaginu er gert illmögulegt að standa við samning þennan? Gæti það t.d. komið fyrir að eignarleigufyrirtækið fjárfesti í fasteignum, lenti í þeim háu vöxtum sem það tekur sjálft á þessum markaði og lenti í sömu gryfjunni og mörg þau fyrirtæki sem verið er að gera upp þessa dagana? Hver er þá ábyrgðin þegar félagið má innheimta, má taka hlutinn af leigutakanum, hver er þá ábyrgð félagsins á þeim eftirstöðvum og því sem þegar hefur verið greitt þegar enginn hlutur er lengur fyrir hendi þó svo að viðkomandi hafi staðið í skilum? Kannski er þetta dálítið öfgakennt dæmi, en það eru einmitt undantekningarnar sem menn verða að læra að þekkja og varast þegar svona samningar eru gerðir. Hluturinn sem leigður er í hvert skipti er eign leigufyrirtækisins. Leigutakinn er bara með hann í láni. Hann borgar af honum gjöld þangað til að leigufjárhæðin er öll sömul greidd og henni allri til skila haldið og þá á hann kost á að kaupa hlutinn á 3% eða 5% af upprunalegu verði. En þetta dugir ekki eignarleigufyrirtækjunum vegna þess að þrátt fyrir að þau eigi hlutinn allan tímann krefjast þau að viðkomandi leigjandi, hvort sem það er einstaklingur eða fyrirtæki, beri ábyrgð á samningnum með því að skrifa upp á hann, ef um einstakling er að ræða þá að ábyrgjast greiðslur með öllum sínum eigum og allri sinni orku til að vinna fyrir sér næstu árin, og í annan stað er jafnvel tekið aukalega veð í fasteign til að tryggja hlut sem eignarleigufyrirtækið á sjálft. Þannig er leigutakinn ekki bara með hlutinn í láni og borgar fyrir hann leigu. Hann þarf líka að ábyrgjast hann og hann þarf líka að gefa fasteignaveð.

Þetta finnst mér of langt gengið. Ég geri það að tillögu minni, og vona að hæstv. ráðherra sjái sér fært að láta ræða það mál og væntanlega bæta því inn í lögin um kaupleigur, að fólk verði ekki látið bera ábyrgð á hlut sem það á ekki umfram það sem felst í því að taka hann á leigu og borga af honum leigu. Það sé ekki látið ábyrgjast hann með persónulegri ábyrgð og því síður að það þurfi að leggja til fasteignatryggða ábyrgð svo leigan geti gengið upp. Þetta hefur komið fólki í koll. Þess eru dæmi að einstaklingar og fyrirtæki hafa orðið gjaldþrota með hluti á kaupleigukjörum, t.d. litla báta og annað, og þá er skaðinn orðinn margfalt meiri. Skaðinn verður miklu meiri hjá einstaklingnum því kaupleigufyrirtækin fá að taka háa vexti af þessum leiguviðskiptum einmitt vegna áhættunnar sem þau taka. Fyrirtækin verða að lækka vextina ef þau frýja sig allri ábyrgð. Það gengur ekki upp að hafa bæði háa vexti og enga ábyrgð.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins fara nokkrum

orðum um þær ábendingar sem fram komu hjá hv. 5. þm. Reykv. Hann benti réttilega á að það hefði borið á ógætilegum auglýsingum um frádráttarbærni leigugjaldanna og ég tek undir það með honum að nauðsynlegt er að fjalla með skýrari hætti um skattmeðferð fjármagnskostnaðar þannig að hann sé ekki háður fjármögnunarformi. Að því þarf að gæta vandlega, *því þarna er nokkur vandi á höndum*, en við þetta efni hefur nokkuð verið fengist innan fjmrn. undanfarið ár. Ég vona að þaðan komi alveg ótvíræðar leiðbeiningar um málið.

Ég tek undir það með hv. 5. þm. Reykv. að það hefur borið nokkuð á því að í samningum á þessu sviði hafi hallað á leigutakann. Það hefur nú vafalaust stafað af því að menn fengu glýju í augun þegar auðveldara reyndist en áður að útvega fé til framkvæmda eða hlutakaupa og ekki skeytt mikið um *smáletrið á baksíðunni á blaðinu* sem hv. 5. þm. Reykv. las upp úr. Því miður er þetta svo. Ég vék nokkuð að þessu áðan. Ég vildi sérstaklega benda á ákvæði sem ég tel mikilvægt og er í 9. gr. frv. þar sem segir að það skuli vera í samningunum ákvæði um rétt beggja aðila, leigusala og leigutaka, til að rifta eignarleigusamningnum og hvaða skilmálum þurfi að fullnægja til þess að rifta megi. Það hefur nefnilega komið fyrir þegar menn hafa deilt um framkvæmd leigusamninganna og um ábyrgð og *tryggingar eins* og hv. þm. vék að, að þá hafi menn sagt sem svo: Þessi samningur er órjúfanlegur, þú ert bundinn af honum svo lengi sem hann stendur. Þ.e. leigusalinn hefur haldið þessu fram við leigutakann og réttur leigutakans þótt óljós í mörgum tilfellum. Ég held að það geti líka verið full þörf á að ræða það í nefndinni sem um þetta fjallar hvort setja þurfi sérstakar reglur um tryggingar í öðru en hinu leigða, þegar um slíka samninga er að ræða. Það var hins vegar niðurstaðan í nefndinni sem frv. samdi að gera ekki tillögur um þetta mál, en það er vafalaust rétt að huga þarf að því.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Hvalveiðibann, frh. 1. umr.

Frv. HJ og AðB, 29. mál. — Þskj. 29.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Það verða alltaf nokkrar breytingar á umræðum um mál þegar upp undir vika líður á milli þess að málið er tekið fyrir í hv. deild. Þetta finnst mér nú ekki bera vott um samfellda starfsemi hv. deildar í afgreiðslu mála. Það hefði verið rétt að halda áfram með fyrstu tvö frv. sem var byrjuð umræða á en láta bíða að taka þetta mál fyrir og halda umræðunni áfram nokkurn veginn óslitið.

Saga hvalveiða og nýting hvala er svo að segja jafnlöng sögu þessarar þjóðar og af hvalveiðum hafa sprottið margar deilur og vígaferli allt frá söguöld. Hvalveiðar voru fyrst stundaðar að marki á 17. öld en þó voru þær mestar og afdrifaríkastar fyrir hvalastofnana á tímabilinu frá 1883 til 1915, en á þessu tímabili er áætlað að Norðmenn hafi drepið hér við land yfir 17 000 hvali og selt yfir 600 þús. tunnur af hvallýsi til Bretlands. Það var mikil umræða hér á landi um hvalveiðar á þessu tímabili og fannst mönnum óhóflega gengið til verks. Fundir voru haldnir bæði með og á móti hvalveiðum og sérstaklega var þetta áberandi og mjög mikill hiti í þessum málum á árunum frá 1899 til 1903. Andstaðan við þessar veiðar var mest meðal sjómanna á Norður- og Austurlandi enda voru hvalveiðar álitnar skýringin á því þegar síldveiðar brugðust. Eins skapaði það hvalveiðimönnum óvinsældir hve illa var gengið frá úrgangi frá hvalstöðvum og kröfur voru uppi um að skylda ætti hvalveiðimenn til að fullvinna úr hvalnum allar mögulegar afurðir. Víða höfðu bændur uppi mótmæli og eru t.d. eftirtektarverð mótmæli við hvalstöð við Álftafjörð vestra, en þar drapst fé unnvörpum vegna þess hve grútur var mikill í fjöru. Hins vegar má líka segja að af hvalstöðvum þótti stuðningur, einkum í afskekktum byggðarlögum, því þar bauðst bæði föst sumarvinna og ígripavinna við veiðar og vinnslu á hvalnum og með hvalveiðunum komu veltiár, fyrst á Vestfjörðum og síðan á Austfjörðum. Og það vekur eftirtekt að þegar Vesturheimsferðirnar voru sem mestar þá fjölgaði íbúum á þeim stöðum þar sem hvalveiðistöðvar voru.

Eftir að hvalveiði lagðist niður með öllu var nokkuð langt hlé en síðan hófust hvalveiðar að nýju, ef ég man rétt, 1935 en urðu ekki langlífar í það skiptið vegna þess að þær lögðust af í byrjun heimsstyrjaldarinnar 1939 og voru ekki upp teknar öll stríðsárin. En frá 1946 hefjast hvalveiðar aftur með tilkomu Hvals hf., sem stundað hefur þessar veiðar síðan. Þetta fyrirtæki hefur farið í einu og öllu eftir fyrirmælum stjórnvalda á hverjum tíma. Það hefur lagt fram mikið fjármagn til vísindastarfsemi hverju sinni.

Um hvalveiðar er deilt í heiminum. Ég ætla ekki að fara að ræða frekar það sem gerst hefur nú á undanförnum árum, það kom fram bæði í ræðum fyrri ræðumanna við þessa umræðu og sér í lagi í ræðu hæstv. sjútvrh. Við Íslendingar höfum ávallt viljað fara eftir því sem er skynsamlegt við veiðar og viljum ekki ganga það nærri stofnum, hvorki hvalastofni eða fiskstofnum, að þeim stafi útrýmingarhætta af. Þess vegna höfum við haft skipulag og reglur við þessar veiðar á liðnum árum. En það hafa verið tekin upp mjög hörð og ákveðin vinnubrögð gagnvart okkur og nú er hart að okkur sótt í öðrum löndum og viðbrögð ríkisstjórna þeirra þjóða eru með ýmsum hætti, allt frá því að láta eins og þær viti

ekki að þessi viðbrögð eigi sér stað gagnvart okkur eða hitt, að það er farið aftan að okkur með ýmsum hætti.

Við getum deilt um það hvort of langt er gengið í þessum efnum. Flestir Íslendingar eru sammála um að skynsamlega hafi verið staðið að þessum veiðum og hvergi verið gengið of langt. Við skulum líta á efnahag okkar og sjá hvernig við stöndum. Sjórinn gefur okkur meira en ¾ af því sem við seljum til erlendra þjóða og lífsafkoma okkar er háð því að við nýtum skynsamlega það sem sjórinn gefur. Þess vegna finnst mér það æðihart að gengið þegar farið er að rægja þjóðina á erlendum vettvangi, hvort sem það er í Bandaríkjunum, Vestur-Þýskalandi eða í einhverju öðru landi. Umhverfissinnar hafa nú uppi margvíslegar aðgerðir gagnvart okkur og ég verð að segja það að ég tel að margar þær aðgerðir séu afar róttækar og ósanngjarnar. Hins vegar eigum við mjög mikla samleið með umhverfissinnum. Við skulum ekki líta fram hjá því að Greenpeace-samtökin berjast einnig fyrir því að vernda umhverfi sjávarins, að koma í veg fyrir mengun í hafinu. Þar eigum við fullkomlega samleið með Greenpeace-samtökunum og öðrum umhverfissinnum. Það er lífsspursmál fyrir þessa þjóð að taka upp miklu harðari og ákveðnari baráttu fyrir verndun hafsins og hafsvæða í kringum okkur en gert hefur verið. Ég er ekki með þessum orðum að deila á einn eða annan heldur má segja að við höfum ekki frekar en margar aðrar þjóðir gætt þess að sinna umhverfismálum sem skyldi. En það gerum við ekki með því að hætta veiðum eða hætta að deyða stærstu dýr sjávarins ef við teljum að þessi dýr séu ekki í útrýmingarhættu og skaðlaust að þeim sé fækkað meira. En ef við friðum þau að öllu leyti þá erum við að kalla yfir okkur meiri ásókn í fiskistofnana, meiri ásókn þessara dýra sem þurfa sitt til þess að lifa á. Þetta þýðir að ef þau eru friðuð öll með tölu erum við um leið að gera fleiri sjómenn, verkamenn og aðrar atvinnustéttir í þessu landi atvinnulausar og við því megum við ekki.

Þá kem ég að því sem hlýtur að skipta afar miklu máli fyrir okkur, hvernig haldið er á þessum málum við aðrar þjóðir. Ég furða mig á þeirri tvöfeldni sem fram hefur komið hjá Bandaríkjastjórn nú nýverið og utanrrh. tók myndarlega á fyrir nokkrum dögum, og ég er honum alveg sammála, en mér finnst ekki við það unandi að ríkisstjórn eins og ríkisstjórn Vestur-Þýskalands láti eins og hún viti ekkert um hvað er að gerast. Við verðum því að grípa til okkar ráða og reyna að koma okkar sjónarmiðum betur og meira á framfæri. Ég geri mér ljóst að það er algjörlega útilokað að snúa við almenningsálitinu. Þetta er orðið að tilfinningamáli. Sjónvarpið í hverju landinu á fætur öðru sýnir litmyndir þar sem þessar veiðar eru sýndar og sjórinn er rauður af blóði þessara dýra. Þessar myndir hafa áhrif á hundruð þúsunda og milljónir manna sem setja sig ekkert í spor þeirra þjóða sem verða að veiða þessi dýr. Það er ekki talað í Bandaríkjunum um dráp tugþúsunda smáhvela við Kyrrahafið. Það kemst ekkert að. Það er látið liggja á milli hluta. En lítil þjóð sem lifir á fiskveiðum hér norður í Atlantshafi er lítilsvirt víða, sérstaklega af sjónvarps- og fjölmiðlafólki, og búið að koma því þannig fyrir að litið er á okkur eins og einhverja ræningja sem eru að eyða lífríki jarðar.

Ég vil benda hæstv. sjútvrh. á það hvort ekki sé reynandi, hvað sem líður tilfinningum okkar margra til Greenpeace og annarra umhverfissamtaka, að stofna til samvinnu við þessi umhverfissamtök um það að gera átak til þess að koma í veg fyrir mengun sjávar. Ég vil líka að meira sé gert af því að bjóða hingað á ráðstefnu fulltrúum þeirra ríkisstjórna sem hér eiga hlut að máli sem ekki vilja eða telja sig skilja okkar baráttu og koma þannig á framfæri við þá að þetta er lífsspursmál fyrir okkur, ekki þó kannski beint þessar vísindaveiðar eða hvalveiðar í vísindaskyni, því ef við hættum veiðum með öllu og friðum öll þessi stóru spendýr sjávarins, öll með tölu, allt frá sel til stærstu hvala, þá sjáum við fram á að hér verður aukning, eins og ég sagði áðan. Háhyrningarnir verða sífellt fleiri og fleiri, þeir þurfa sinn skammt af síld og loðnu og allt er þetta tekið af þeim stofni sem hér er og eftir því sem meira er tekið af honum þess minna hefur mannskepnan til þess að veiða og láta í sig.

Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir þau orð hans í ræðu hér fyrir viku er hann lét falla um það sem háskólarektor sagði í setningarræðu sinni. Ég tel það ekki hlutverk æðstu menntastofnunar Íslendinga að skipta sér af viðkvæmum pólitískum ákvörðunum. Ég tel að þar hafi sú virðulega stofnun og sá ágæti maður, háskólarektor, farið út fyrir sitt svið. Ég tel líka kominn tíma til að minna á, þó það skipti ekki máli í sambandi við hvalveiðar, í sambandi við tal manna í Háskóla Íslands um að leggja á sérstakan auðlindaskatt að það er stórpólitísk ákvörðun og sá skattur kemur á sjávarútveginn einan og þá sem beint og óbeint vinna við sjávarútveginn. Það má segja að sá skattur komi fyrst og fremst niður á fólkinu sem byggir þetta land, fyrst og fremst fólkinu utan höfuðborgarsvæðisins. Hér eru það ekki nema um 10% mannaflans sem vinna í sjávarútvegi á móti 90% í öðrum greinum. Þá er hér verið að leggja margfalt hærri skatta á fólkið sem lifir og býr úti á landi svo að ég held að þetta tal um auðlindaskattinn sé hættulegt tal, það er ósanngjarnt gagnvart því fólki sem stundar þennan atvinnuveg. Það er verið að skammta því og það hefur verið gert á undanförnum árum og sama er að segja í þessu tilfelli um landbúnaðinn. Má þá ekki alveg eins setja á auðlindaskatt fyrir verslun sem liggur vel við markaðssvæði þar sem viðskiptavinirnir eru flestir? Þannig má lengi telja og ég harma það eiginlega að þessi vinnubrögð skuli eiga sér stað með þessum hætti.

Sömuleiðis má segja það að hér sé um freklega íhlutun um innanlandsmál að ræða og skerðingu á sjálfsákvörðunarrétti þessara þjóða. Hæstv. forseti Sþ. flutti hér efnislega vel uppbyggða ræðu þar sem

vandlega var tínd saman atburðarás í hvalveiðum, en undir lok ræðunnar brá mér allharkalega þegar hv. þm. sagði — og er að svara hæstv. sjútvrh. sem sagði áður: Eigum við að víkja fyrir hótunum? Hvað næst? Hvað verður okkur bannað að veiða næst? — Þetta var gáfuleg spurning, segir hv. þm. Það getur nefnilega gerst, segir hv. þm., með hvað sem er vegna þess að það er löngu ljóst að engin þjóð á neinar auðlindir jarðarinnar. Við eigum auðlindir jarðarinnar öll saman og þeim verður ekki bjargað úr þeim háska sem þær eru í nú nema í friði og sátt við aðrar þjóðir og í samvinnu með þeim. Ekkert einasta mál sem varðar verndun umhverfisins er einkamál neinnar einnar þjóðar. Jörðin er og verður sameiginleg eign okkar allra. — Það hefði verið gaman að beita þessum rökum við útfærslu landhelginnar gagnvart Efnahagsbandalaginu.

Auðvitað fórum við í hvert landhelgisstríðið á fætur öðru til þess að tryggja tilveru okkar, yfirráð yfir fiskimiðum okkar umhverfis landið. Þetta er það sem hver þjóð gerir í heiminum sem á land að hafinu, að tryggja sér yfirráðaréttinn yfir fiskimiðunum. Þar hefur okkur tekist mjög vel til og við höfum gengið á undan í forsvari fyrir öðrum þjóðum með 200 mílna fiskveiðilögsögu. Þetta var stórt átak og mjög mikilvægt. Með því komum við erlendum skipum út úr, ekki þriggja eða fjögurra sjómílna fiskveiðilögsögu, heldur út úr 200 sjómílna fiskveiðilögsögu. Þetta eigum við ein. Hitt eigum við sameiginlegt með öðrum þjóðum að það hvílir sú skylda á okkur að ganga um þessa eign okkar eins og siðaðri þjóð sæmir.

Við ráðum ekkert yfir skógum eða námum annarra þjóða sem eiga nytjaskóga eða námur. Það er þeirra að nytja þá. Við eigum hins vegar réttinn til þess að krefjast þess að þjóðir heims nái saman í því að mengun frá einu landi eða einu svæði nái ekki inn á annað. Þess vegna erum við að mótmæla t.d. úrvinnslustöðvum kjarnorku sem fleygja úrgangi í hafið. Þar erum við verulega hrædd. Þar eigum við hvort sem okkur líkar betur eða verr, hvort sem okkur líkar við þessa umhverfissinna eða samtök þeirra, ég get tekið undir margt sem ráðherra sagði í þeim efnum en kannski ekki alveg allt, ég vil ekkert endilega bjóða þá sérstaklega velkomna hingað með aðalbækistöðvar sínar, en ég vil mjög gjarnan fá skynsamari og betri menn þeirra hingað til viðræðna um þessi mál og við gætum staðið saman í þessum efnum.

Það gildir alveg það sama um þetta mál og landhelgismálið, að alltaf eru þeir sem eru andstæðingar okkar opnir fyrir því hvað sagt er hér heima, hvað sagt er hér á Íslandi. Jafnvel þó að maður hefði verið á annarri skoðun en þegar frv. sem hér liggur fyrir var flutt hefur það gerst síðan að þetta hefur orðið til þess að það hefur verið ráðist að okkur og það er ekki tilgangur flm. þessa frv. Það er ég alveg sannfærður um. Það er flutt í góðum tilgangi. En þegar að okkur er ráðist verðum við að vera eins og einn maður til varnar. Við vorum það í hverju landhelgisstríðinu á fætur öðru. Það voru alltaf til menn sem sögðu: Er ekki farið of geyst? Þurfið þið ekki að fara gætilegar en þið gerið og höldum við þetta út? Við héldum þetta út að lokum. Það var oft erfitt, en við náðum að lokum því að sigra og það var einn bjartasti dagur, síðan ég hóf afskipti af stjórnmálum, sem ég lifði þegar samningarnir voru gerðir við utanrrh. Bretlands úti í Osló í maí 1976 og þá sérstaklega þegar breskir togarar fóru út fyrir 200 mílna fiskveiðilögsögu.

Nú segja menn: Það er allt annað og það þolir ekki samanburð að tala um landhelgismálið og þessi hvalamál. Víst er það rétt að hvalveiðarnar eru auðvitað sáralítill hluti á við landhelgismálið, það skal fúslega viðurkennt. Þjóðir heims voru með okkur, segja menn, í landhelgismálinu. Það var nú eitthvað annað. Þær voru æðimargar á móti okkur, en hins vegar sáu þær margar að sér því að þær fóru sama veginn og við á eftir. Hins vegar eru enn þá til andstæðingar okkar í Bretlandi sem ekki fyrirgefa okkur, en þeir eru fáir. Hinir eru svo margfalt fleiri sem hafa séð það og skilið að við gerðum það sem okkur var lífsnauðsyn að gera og Bretar gerðu svo síðar sjálfir ásamt fleiri þjóðum. Hvalamálin eru meira tilfinningamál og það er reyndar aldrei gaman, sérstaklega fyrir menn sem aldrei hafa skotið úr byssu, ekki einu sinni á ref eða mink, að tala um að það sé verið að drepa dýr. En við bara verðum að gera þetta. Við erum veiðimannaþjóðfélag og við verðum að halda þessum stofnum niðri hvað þetta snertir. Hitt er svo annað mál að því er enn þá talið mjög áfátt hversu mannúðlega þessar veiðar eru stundaðar og því eigum við að vera opnir fyrir. Það er eðlilegt að andstaða við þetta sé hjá mörgum þegar maður les t.d. í Ferðabók Þorvaldar Thoroddsens frásögn af hvölum sem koma inn á fjörð eins og Arnarfjörð vestra þar sem þeir koma annað hvert ár og eiga sín afkvæmi sem eru svo aftur skutluð af mönnum, en þá var líka lífsbaráttan hörð og hungrið svarf oft að. Þetta eru hlutir sem við mundum ekki sætta okkur við nú og enginn okkar mundi taka undir.

Ég minni á og bið fólk að hafa það hugfast að við höfum aldrei á seinni árum selt veiðirétt okkar fyrir viðskipti. Efnahagsbandalagið hefur hvað eftir annað sent menn hingað til þess að fala veiðirétt innan íslenskrar fiskveiðilögsögu. Þá hafa menn farið til fundar við þá og við höfum mikilla hagsmuna að gæta, en þetta er hlutur sem við getum ekki gert og megum ekki gera og um það erum við sennilega öll sammála, þessi þjóð sem þó sjaldan getur verið sammála því að þrasgjarnari þjóð finnst varla. En þó þegar mest á ríður er þessi þjóð sammála.

Ég held að við eigum fyrst og fremst að hafa það hugfast að við þurfum að umgangast fiskimiðin með mikilli varúð, okkar hafsvæði, en umfram allt verðum við að koma í veg fyrir að sú mengun sem núna magnast í næsta nágrenni við okkur berist hingað. Ég held að það sé verðugra verkefni fyrir vini okkar á Norðurlöndum að hugsa um mengunina í Eystra-

salti og Norðursjónum og þar með Þjóðverja, Breta, Hollendinga, Belga og allar þessar þjóðir sem þar eiga hlut að máli. Ég er alveg sannfærður um það að ef við tökum upp og höldum áfram því sem við höfum verið að gera t.d. í sambandi við framkvæmd Parísarsamningsins og þær tillögur sem við vorum að flytja þar, ef við höldum áfram í þeim dúr og undirbúum verulega góða ráðstefnu til þess að hafa forustu um að koma í veg fyrir mengun sjávarins held ég að þessar þjóðir, sem ég nefndi áðan, eigi miklu frekar að hugsa um mengunina í kringum sig, hvernig allt sé komið hjá þeim, og þá dreg ég ekki Norðmenn undan, ekki Oslóarfjörðinn o.fl. Þá held ég að þeir ættu fyrst og fremst að hugsa um það að eiga samleið með okkur Íslendingum í þeim málum og gera þar verulegt átak því að dráp á nokkrum hvölum sem hér eru nú drepnir í vísindaskyni verður ekki það sem eyðir lífríkinu í kringum okkur Íslendinga. Þar við bætist, sem skiptir öllu máli, að við getum ekki friðað þessi dýr, hvort sem það eru þessar hvalategundir, selur, háhyrningur eða hrefna, því að það er of dýrt fyrir þjóðfélag sem vill teljast til menningarþjóðfélaga og gerir háar kröfur, hver einn einasti þegn þess, til lífsins. Við verðum að hafa þetta allt inni í myndinni þegar við tölum um þessi mál og ég hygg að það sé skynsamlegast fyrir okkur Íslendinga að tala sem gætilegast, bæði hér á Alþingi og hér innan lands um þessi mál en reyna aftur að snúa vörn í sókn með því að sækja fast fram um verndun hafsvæða og gagnvart mengun í sjónum.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir:

Herra forseti. Ég held að það hafi verið hv. 2. þm. Austurl. sem lét eitthvað að því liggja í sinni ræðu hvort á bak við þessa tillögu væru umhverfissjónarmið. Fyrir sjálfa mig get ég sagt að auðvitað er það. Ég held að ég hafi verið umhverfisverndarmaður svo lengi sem ég man eftir. Að vísu hef ég ekki tekið mjög mikinn þátt í félagsskap um þau mál og það er kannski af því að ég hef verið önnum kafin við annað, kannski vegna þess að ég tilheyri þeim hópi fólks sem vinnur að sinni umhverfisvernd í garðinum sínum við að stinga niður trjásprotunum sínum, með því að fylgjast með lífinu í náttúrunni í kringum sig og með því að kenna afkomendum sínum að bera lotningu fyrir lífinu og ást til móður náttúru. Sumir framkvæma í orðum, aðrir í verkum. Best er að þetta fari hvort tveggja saman. Það gerir það hins vegar ekki alltaf og því ráða ýmsar aðstæður.

Þegar síðasta geðveikiskasti mannkynsins, heimsstyrjöldinni síðari, lauk breyttist náttúrlega margt í heiminum. Kjarnorkan kom til sögunnar, eiturvopn komu til sögunnar, stóriðja óx meira en hollt var og margt og margt slíkt. Dóná svo blá varð að drullupolli, trén féllu unnvörpum fyrir súru regni, mengunin lagðist yfir allt. Vísindamenn og náttúruverndarmenn mótmæltu auðvitað, en það gerðist ekki mikið. Stjórnvöld í þeim löndum, sem verst urðu úti, hafa vafalaust afsakað sig með því sama og stjórnvöld hér gera alltaf. Þau höfðu ekki efni á að ráðast til atlögu við þetta eins og hefði þurft. Almenningur á meginlandinu, bæði austan hafs og vestan, horfði á með vaxandi skelfingu og gat lítið aðhafst og hefur kannski verið eins og ég, ekki tekið virkan þátt í því að gera eitthvað annað en svona í kringum sig.

Það er upp úr þessu öllu saman sem myndast félagsskapur eins og grænfriðungar. Þessi félagsskapur vinnur allt öðruvísi en hefur verið unnið að þessum málum og ekki alltaf eins og mér líkar vel, en hann tók á. Hann tók á málunum. Við höfum séð hann í sjónvarpi t.d., hérna uppi á Íslandi. Við höfum séð þá róa á bátskænum og reyna að hindra stór skip frá því að fleygja eiturúrgangi í hafið. Almenningur hefur tekið þessum mönnum nokkuð fagnandi. Þeir eru mjög áróðurslega sterkir. Þeir eru það meira að segja hérna uppi á Íslandi. Ég vildi sjá ríkissjónvarpið okkar eyða eins miklum tíma og jafnvel fjármunum í margt annað og þeir hafa eytt í grænfriðunga eða hvalavini þegar þeir hafa verið að gera eitthvað hér. Það má vel vera að auðmenn styrki þá eitthvað. Við getum varla trúað því að þó að maður sé auðmaður, stundum fyrir tilviljun, þá geti hann ekki haft auga fyrir umhverfinu, verið náttúruunnandi eða umhverfisverndarmaður.

Ég held líka að almenningur í þessum löndum hafi mjög mikinn áhuga fyrir þeim og mikla samúð með þeim. Ég get ekki betur séð en að við getum haft fulla samúð með þeirra áhugamálum, kannski fyrir utan hvalveiðarnar. Þær hafa verið okkur þyrnir í augum. Þær virðast vera sumum mönnum svo mikil ástríða að þeir geta ekki hugsað sér að láta af þeim. Menn bera fyrir sig vísindi og aftur vísindi. Síðan þetta hvalamál kom upp á borðið svona mikið og var farið að ræða það hef ég gert mér far um að hlusta alveg lon og don á það sem vísindamenn hafa að segja. Og viti menn, þeir segja algjörlega sitt hvað. Hverju á svona fólk eins og ég að trúa? Sumir segja: Hvalveiðar voru bannaðar áratugum saman og það hafði engin áhrif á lífríki sjávar, aðrir segja að það sé alveg stórhættulegt að veiða ekki þessi 70 kvikindi sem við erum að veiða núna á sumrin af því að lífríkið bara eyðileggst. Einn sagði að útflutningur á hval væri svona sem svarar 1% af þjóðartekjum, aðrar sjávarafurðir væru um 80%. Eigum við e.t.v. að leggja þessi 80% í hættu fyrir þetta 1%? Það hljóta að vera margar spurningar í þessu máli.

Ég er meðflm. að þessari tillögu af ýmsum ástæðum, t.d. þeim sem ég er nú þegar búin að rekja. Ég hef alltaf haft hálfgert ógeð á þessu hvaladrápi, og alltaf verið ákaflega fegin þegar ég hef komist fyrir Hvalfjörðinn án þess að þar væri hvalur í skurði, en lítið lagt þar til mála eins og kannski í mörgu öðru. Ég tel að þetta sé tapað stríð, það stangist á við alla skynsemi að vera að halda þessu áfram. Ég sé ekki nokkra skynsemi í þessu. Ég sé enga líkingu með þessu og landhelgisdeilunni. Þá vorum við að berjast fyrir lífi okkar og lífshagsmunum. Ekki nú.

Ég tek undir það sem hv. 1. þm. Vestf. sagði, við eigum að hafa samband við þetta fólk. Við eigum að hafa samband við þessa grænfriðunga. Við eigum að ræða við þá án þess að vera með hnefann í borðinu og fullyrða að þetta sé óþjóðalýður sem ekki sé ræðandi við.

Ég ætla ekki að fara að gera mikinn hávaða eða læti í þessu máli. Kannski hefur sú framkoma sem við höfum orðið fyrir af hálfu Bandaríkjanna núna á síðustu dögum slævt svolítið þann hasar sem hefur verið í manni. Ég er sama sinnis og hv. 1. þm. Vestf., ég fagna því hvernig utanrrh. tók á þessum málum.

Þetta frv. fer nú í nefnd. En ég held að menn eigi ekki að öllu leyti að gera þetta að svona miklu tilfinningamáli eins og þeir gera sem vilja endilega vera að veiða þessa hvali. Þeir gera þetta að miklu meira tilfinningamáli en við. Ég held að menn ættu að fara að hugsa þetta pínulítið öðruvísi. Og svo vona ég alveg eindregið að það verði skynsemin en ekki þrjóskan sem sigrar í þessu máli.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Það hafa orðið miklar umræður um þetta mál sem er ekkert undarlegt eins og það er allt vaxið. Ég var einn af þeim sem á sínum tíma vildu mótmæla því að við byggjum okkur undir það að hætta að veiða hvali. Það hljómar kannski undarlega í eyrum hér miðað við þær umræður sem hafa farið fram í þjóðfélaginu að ég er enn þá sannfærðari um það nú en þá að það sé rétt.

Þetta hvalamál er auðvitað mikið tilfinningamál, en ef menn halda að við getum lifað í þessu landi án þess að deyða dýr, þá er málið einfalt. Það er óhugsandi. Ég sem ungur drengur og ungur maður tók það alltaf nærri mér þegar kom að hausti og þurfti að fara með féð í bæinn eða að slátra því heima fyrir. En lífið er bara svona. Við búum á þeim stað á jörðinni þar sem við getum ekki lifað á grænmeti t.d. allt árið. Það er óhugsandi. Ég held að það sé rétt að ræða af hreinskilni um þetta mál. Ég hef haft það fyrir sið að gera það og þá vil ég segja það að ég er ekki í nokkrum vafa um það fyrir mitt leyti að það sem hefur skaðað okkur mest í þessu máli er umræðan í þjóðfélaginu, er það að margir okkar landsmanna hafa hlustað um of á þau öfgaöfl sem vinna á móti okkur í þessu máli. Mér þykir hryllilegt að sjá hval deyddan. Mér þykir það. Það er ekki málið. Menn eru að tala hér um meiri og minni hagsmuni. Hver getur í raun og veru á þessari stundu kveðið upp um það hvort eru meiri og minni hagsmunir?

Ég veit um það að fréttamenn héðan hafa hringt til þessara samtaka úti í löndum til þess að fá að vita hvað sé að gerast í þessum málum. Þessir fréttamenn hafa svo komið með það hér í fjölmiðlum hvað sé verið að gera. Þessi samtök segja frá því hvernig umræðan er hér á landi og segja að menn séu að láta undan í þessu máli, menn séu á flótta í þessu máli. Og það er gengið á lagið og þetta er stigmagnað. Og við bætist tillöguflutningur hér á hinu háa Alþingi og umræður um þetta mál. Því miður hef ég sannfæringu fyrir því að það skaði okkur mjög mikið í þessu máli nema við ætlum að gefast upp. En hvar lendum við þá? Hvað verður næst? Verður ekki farið að friða þorskinn? Auðvitað er það okkar aðalmál. Það eru umhverfismálin í heild. En það er allt annað mál.

Mér er sagt að í seinni tíð hafi sjaldan eða aldrei verið eins mikið af hval og hrefnu í kringum landið eins og nú. Það segja mér skipstjórar fyrir norðan, fyrir austan, fyrir vestan. Sum af þessum dýrum lifa á því sjávarfangi sem við þurfum að draga úr veiði á vegna þess að við teljum að þessir stofnar þoli ekki sóknina. Ég hef t.d. orðið vitni að því að úr hrefnumaga hefur komið á annað hundrað kg af fiski. Ég hef orðið vitni að því. Ég hef líka orðið vitni að því að selurinn hefur tekið lax. Ef þessum dýrum fjölgar úr hófi fram hvaða hagsmunir eru þá í húfi? Hvaða hagsmunir eru þá í húfi?

Það kann að vera að meiri hluti Alþingis og meiri hluti þjóðarinnar, kannski þeir sem eru minnst í snertingu við lífið sjálft vilji að við gefum allt á bátinn í þessu máli. Það kann að vera. En er það skynsamlegt? Er það köld skynsemi sem tekur slíka ákvörðun? Ég stend a.m.k. í þeirri meiningu að það sé umdeilanlegt hvort meiri eða minni hagsmunir eru í húfi að láta undan í þessu máli. Ég hef reynt að kynna mér umræðuna erlendis um þetta mál og hún er á þann veg að þetta stigmagnar afstöðuna. Þessi samtök segja að íslenska þjóðin sé að gefast upp í þessu máli.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og kunnugt er hefur Kvennalistinn ætíð lagt mikla áherslu á umhverfismál. Í stefnuskrá Kvennalistans stendur, með leyfi forseta:

„Framtíð mannkyns veltur á því hvernig við umgöngumst náttúruna, hvernig við nýtum gögn hennar og gæði og hvort við berum gæfu til að bæta úr þeim spjöllum sem við höfum valdið henni."

Í anda þessara orða tel ég að allir ættu að vinna. Íslendingar hafa því miður ekki alltaf borið gæfu til að umgangast landið með þetta að leiðarljósi og þess vegna hrópa verkefnin á okkur. En þótt umhverfisvandamálin séu mikil hér á landi megum við ekki gleyma því að stór hluti þeirra er ekki bundinn við nein landamæri heldur eru þau alþjóðleg. Mengun hafs og lofts er sívaxandi vandamál og fyrr en varir getur hún ógnað lífsafkomu okkar. Fyrir stuttu var sýnd mynd í sjónvarpinu um afleiðingar af mengun Norðursjávar þar sem líf var nær horfið af stórum svæðum. Allt of oft heyrum við um skip sem losa eiturefni og geislavirkan úrgang í hafið. Ef þessu heldur fram leiðir það ekki til neins annars en tortímingar.

Hér er til umræðu frv. til laga um hvalveiðibann sem gerir ráð fyrir að hvalveiðar verði óheimilar við Ísland til ársins 1993. Í febrúar árið 1983 samþykkti

Alþingi þáltill. þar sem samþykkt var að mótmæla ekki samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins um takmörkun hvalveiða. Með þeirri ályktun féllst þingið á að hvalveiðar í atvinnuskyni skyldu aflagðar á árunum 1986–1990, einnig að rannsóknir á hvalastofnum skyldu auknar og á grundvelli þeirra rannsókna verði tekin afstaða til hvalveiða eftir 1990.

Það frv. sem við ræðum hér tekur ekkert tillit til þessarar samþykktar Alþingis né heldur ákvörðunar Alþjóðahvalveiðiráðsins um að endurskoða svokallaðan núllkvóta árið 1990. Nú er eitt ár eftir af því fimm ára tímabili sem ákveðið er að stöðva veiðar á hvölum í atvinnuskyni og eitt ár eftir af rannsóknaráætlun sem Hafrannsóknastofnun hefur unnið eftir undanfarin þrjú ár.

Mér hefur gefist kostur á að fylgjast með umfjöllun um hvalamálið á vettvangi utanrmn. Alþingis sl. ár, en þar hef ég setið sem áheyrnarfulltrúi. Mér hefur fundist þetta mál hafa verið allt of lítið rætt þar og oftast hafa okkur verið kynntar niðurstöður um málsmeðferð stjórnvalda eftir að ákvarðanir voru teknar. Við höfum sl. ár fengið litla vitneskju um hvalamálið í nefndinni umfram það sem fram hefur komið í fjölmiðlum. Ég veit ekki hvort sami háttur var viðhafður á fyrri stigum málsins. Ég hefði einnig talið ástæðu til að kalla nefndina saman vegna nýjustu atburða, þ.e. hvernig Bandaríkjamenn reyna á bak við tjöldin að brjóta þá samninga sem þeir hafa gert við íslensk stjórnvöld.

Ég tel mjög mikilvægt að lokið verði við rannsóknaráætlun Hafrannsóknastofnunar, sérstaklega það víðtæka talningarverkefni sem á að fara fram næsta sumar undir forustu Íslendinga. Það væri mjög miður ef sá leiðangur yrði ekki farinn.

Í þessu sambandi kemur upp spurningin hvort hvalveiðar varði stefnu í umhverfismálum og hver sé staða yfirstandandi rannsókna í því sambandi. Svo sannarlega er öll nýting auðlinda umhverfismál. Ekkert getum við undanskilið þegar náttúran er annars vegar og við fjöllum um verndun hennar. Ein okkar stærsta auðlind er fólgin í hafinu umhverfis Ísland. Við höfum reynt að stjórna nýtingu fiskistofnanna þó ekki hafi þar alltaf vel til tekist. Sumar tegundir hafa verið ofveiddar, en í seinni tíð hefur verið tekið meira mark á því sem sérfræðingar okkar á Hafrannsóknastofnun hafa lagt til.

Tillögur þeirra hafa oft verið gagnrýndar og ekki hefur alltaf verið farið eftir þeim. Margir líffræðingar hafa einnig gagnrýnt Hafrannsóknastofnun fyrir rannsóknir á hennar vegum og mat á stofnstærðum fiska þótt fæstir hafi treyst sér til að koma með ráðleggingar um þessi efni sem ganga þvert á tillögur stofnunarinnar.

Saga hvalveiða við Ísland er okkur til varnaðar þegar meta á hversu langt við eigum að ganga í nýtingu hvala. Ofnýting á auðlindum hafsins getur leitt til útrýmingar og þannig hurfu tegundir hvala af sjónarsviðinu hér við land fyrr á öldum. Þetta gildir m.a. um sandlægju sem er ein frægasta hvalategundin um þessar mundir vegna björgunarleiðangurs risaveldanna norðan Alaska á dögunum. Sá leiðangur vegna þriggja eintaka af þeirri tegund hefur kostað meira fé en ætla má að stór talningarleiðangur gæti kostað svipaður og áætlaður er á Norður-Atlantshafi á næsta ári.

Fyrr á þessari öld var gengið mjög nærri mörgum þeirra hvalategunda sem þá voru veiddar. Við viljum ekki láta þetta endurtaka sig. Þess vegna tel ég mjög mikilvægt að við fáum sem fyrst vitneskju um stofnstærð þeirra hvalategunda sem eru á íslenskum hafsvæðum og hve mikið af stofnum er óhætt að nýta og hverja þarf að vernda tímabundið eða til frambúðar. Ég held að þeir séu fáir sem telja að friða eigi hvali umfram önnur dýr þótt vissulega sé hávær hópur manna þeirrar skoðunar. Af ofangreindum ástæðum hef ég talið rannsóknaráætlun Hafrannsóknastofnunar mikilvæga til að hægt sé að leggja fram gögn m.a. á vettvangi Alþjóðahvalveiðiráðsins sem gefi möguleika á að meta hvort og þá hve mikið er talið óhætt að veiða úr hvalastofninum hér við land. Slíkar tillögur verða að byggjast á raunhæfu mati en ekki á skoti út í loftið.

Fram hefur komið að líffræðingar eru ekki sammála um hve miklar upplýsingar er hægt að fá úr þeim rannsóknum sem Hafrannsóknastofnun vinnur nú að á hvalastofnunum tveim, langreyði og sandreyði. Í rannsóknaáætlun Hafrannsóknastofnunar er gert ráð fyrir að veiða ákveðinn fjölda dýra til rannsókna jafnframt því sem sala afurðanna stendur undir rannsóknakostnaði. Margir hafa efast um að rannsóknirnar sem gerðar eru á dauðum hvölum bæti einhverju verulegu við þá þekkingu sem við nú þegar höfum um þessi dýr. Í júlí 1987 sendi 21 líffræðingur frá sér áskorun til ríkisstjórnarinnar um að hætta hvalveiðum í vísindaskyni. Í greinargerð með áskoruninni kemur fram að þessir líffræðingar telja að þær upplýsingar sem fást með veiðum séu þegar til eða hrökkvi skammt sem upplýsingar sem að gagni mættu koma. Aðrir líffræðingar, þar á meðal sérfræðingar Hafrannsóknastofnunar hafa talið rannsóknir á veiddum hvölum mikilvægar til viðbótar við talningar og aðrar rannsóknir á lifandi hvölum. Það er því erfitt á stundum fyrir þá sem ekki eru sérfræðingar á þessu sviði að meta og gera sér grein fyrir hvaða ráðleggingum á að fylgja. Þannig er því farið með mig þótt ég sé líffræðingur að mennt. Mitt sérsvið liggur langt frá þeim rannsóknum sem Hafrannsóknastofnun er að gera á hvölum. Ég hef t.d. aldrei getað áttað mig á því til hlítar hvaða forsendur eru notaðar til að ákveða þann fjölda dýra sem veiddur er til rannsókna. Ég tel mig hins vegar ekki þess umkomna að gerast dómari um alla þætti rannsókna Hafrannsóknastofnunar, m.a. á hvalastofnunum. Ég tel okkur geta treyst Hafrannsóknastofnun til að gera þær rannsóknir sem sérfræðingar hennar hafa talið nauðsynlegar miðað við það takmarkaða fé sem þeir hafa úr að spila. Þetta á bæði við rannsóknir á fiskistofnunum og rannsóknir á hvölum. Auðvitað þarf að hafa augun opin og reyna að gera sér grein fyrir hugsan-

lega breyttum forsendum í tímans rás og hlusta á gagnrýni, en það er ekki sanngjarnt að væna vísindamenn Hafrannsóknastofnunar um óheiðarleik og blekkingar eins og mér hefur fundist bera á varðandi þetta mál.

Erum við þá ekki að brjóta gegn alþjóðasamþykktum með hvalveiðum til rannsókna? Í því sambandi er gjarnan vísað í 65. gr. hafréttarsáttmálans sem fjallar um sjávarspendýr. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ekkert í þessum hluta skerðir rétt strandríkis eða vald alþjóðastofnunar eftir atvikum til að banna, takmarka eða setja reglur um hagnýtingu sjávarspendýra með strangari hætti en kveðið er á um í þessum hluta. Ríki skulu starfa saman með verndun sjávarspendýra í huga og skulu hvað hvali snertir einkum starfa á vettvangi viðeigandi alþjóðastofnana að verndun og stjórnun þeirra og rannsóknum á þeim."

Ísland hefur haft samvinnu innan Alþjóðahvalveiðiráðsins á þessu sviði. Gagnrýni á Íslendinga á alþjóðavettvangi og raunar einnig hér á landi hefur einkum beinst að því að með rannsóknum okkar séum við að brjóta alþjóðalög og samþykktir. Að vísu hefur gagnrýnin verið mjög grautarleg, sambland af tilfinningum, líffræðilegum skýringum og lagalegum svo oftast er engan veginn ljóst á hvaða forsendum hún er sett fram.

Í Morgunblaðinu þann 5. sept. 1987 gerði Agnar Ingólfsson prófessor athugasemd vegna viðbragða *Hafrannsóknastofnunar við áskorun líffræðinganna* 21 sem ég minntist á áðan. Þar segir hann m.a., með leyfi forseta:

„Við höfum aldrei haldið því fram að vísindaveiðar væru brot á samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins. Samkvæmt stofnsamningi ráðsins getur sérhvert aðildarríki veitt eins marga hvali og það kýs í vísindaskyni. Hitt er svo annað mál að við teljum rangt að kenna hvalveiðar okkar við vísindi, enda hefur Alþjóðahvalveiðiráðið samþykkt tilmæli til okkar um að hætta þessum veiðum."

Hins vegar segir annar af þeim 21, Gísli Már Gíslason prófessor, í Dagblaðinu þann 24. okt. sl., með leyfi forseta:

„Það er ekki hægt að segja að við förum eftir stefnu Alþjóðahvalveiðiráðsins í vísindaveiðum okkar eins og forsrh. hefur haldið fram."

Þannig virðast þessir líffræðingar ekki á einu máli í þessum efnum. Sérfræðingar utanrrn. hafa eins og prófessor Agnar túlkað samþykktir og alþjóðasáttmála þannig að ekki sé um brot á þeim að ræða af okkar hálfu. Ýmsir hafa viljað túlka hafréttarsáttmálann á þá leið að okkur beri skylda til að fara að ályktunum Aþjóðahvalveiðiráðsins jafnvel þótt þær brjóti í bága við stofnsáttmála ráðsins. Þetta er túlkunaratriði sem seint verður komist til botns í, en Íslendingar verða auðvitað að vera á verði um sína hagsmuni í alþjóðasamskiptum.

Það hefur hins vegar vafist fyrir mér hvers vegna þeir sem eru á móti 8. gr. sáttmálans, sem fjallar um rétt þjóða til að veiða hvali til rannsókna, beita sér ekki fyrir breytingum á henni. Þá þarf ekki lengur að deila um túlkun. Það skiptir hins vegar ekki öllu máli hvaða skoðun við höfum á lagalegri hlið málsins. Nú er komin upp ný staða í málinu. Grænfriðungar og margir aðrir hafa haldið því fram að við brjótum lög og samþykktir og að við séum að drepa síðasta hvalinn. Þeir hafa rekið harðan áróður gegn okkur á alþjóðavettvangi. Þessi áróður hefur leitt til þess að einstaka fyrirtæki, sem kaupa af okkur fisk, eru farin að halda að sér höndum um kaup á fiskafurðum. Því miður er ekki séð fyrir endann á því máli. Að vísu er nú upplýst að annað þýsku fyrirtækjanna, Aldi, sem fullyrt var að ætlaði að hætta að kaupa af okkur lagmeti, hefur endurskoðað afstöðu sína eftir að upplýsingar um málið bárust því í hendur. Auðvitað hljótum við að meta viðskiptalega stöðu okkar hverju sinni, en mér virðist engan veginn einsýnt að við hættum rannsóknum á íslensku hafsvæði vegna hótana einstakra fyrirtækja.

Það eru ekki mörg ár síðan Bandaríkin voru með hótanir í okkar garð vegna hvalamálsins. Þann 9. ágúst 1986 sagði Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, sem þá var þingkona Kvennalistans, í viðtali við Þjóðviljann vegna samninga þá um sumarið við Bandaríkjamenn, með leyfi forseta:

„Ég á ekki von á því að þessu máli sé lokið. Enn er svo margt óljóst í því. Það er til að mynda alveg eftir að skilgreina ýmislegt, svo sem hvernig flokkun afurðanna verður, hvernig þær koma til með að skiptast og við höfum enga vissu fyrir því að Bandaríkjamenn verði sammála okkar skilningi í því máli.

Þá er heldur ekki ljóst hvort Japanar kaupa af okkur hvalkjöt og ýmislegt sem bendir til að svo verði ekki. Þá er komin upp alveg ný staða sem kemur til með að flækja málið enn.

Svo eru grænfriðungar farnir af stað vestra og ég hef áhyggjur af þeirra áróðri og hvaða afleiðingar *hann getur haft á sölu fiskafurða okkar í Bandaríkjunum.*

Loks tel ég ekki ósennilegt að Bandaríkjamenn þrýsti á Japana um að kaupa ekki af okkar hvalafurðir og þeir munu áreiðanlega ekki leggja fiskveiðiréttindi sín innan bandarískrar lögsögu í hættu með því að kaupa af okkur hvalkjöt þannig að ljóst er að málinu er hvergi lokið."

Þarna reyndist Sigríður Dúna sannspá. Bandaríkjamenn hafa reynt að þrýsta á Japana og áróður grænfriðunga hefur haft áhrif á sölu fiskafurða okkar þó ekki sé ljóst hve víðtæk þau áhrif eru. Ég tel fyllstu ástæðu til að við athugum vel okkar gang, metum allar aðstæður og könnum hvort ástæða sé til að endurskoða rannsóknaráætlun Hafrannsóknastofnunar eins og reyndar hefur verið gert áður. Mér þykir mjög slæmt, þegar aðeins eitt ár er eftir af rannsóknaráætluninni, ef ekki er hægt að fara í talningarleiðangurinn sem fyrirhugaður er næsta sumar í samvinnu við önnur ríki. Heildarniðurstaða

úr rannsóknum þessa tímabils hlýtur að vera mun rýrari ef ráðgerðar rannsóknir á næsta ári falla niður. Íslendingar hafa haft frumkvæði um þessar rannsóknir, m.a. talningarverkefni, og við höfum lagt meira til þessara mála en aðrar þjóðir.

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði áðan þurfum við að endurskoða og endurmeta stöðu okkar hverju sinni. Það er hins vegar óþarfi að vera með taugatitring og upphrópanir og skipa fólki í tvær ósættanlegar fylkingar. Við verðum að vinna saman þó við séum ekki alltaf sammála. Ég hef oft verið mjög ósátt vegna framgöngu íslenskra stjórnvalda í þessu máli á alþjóðavettvangi, svo og hér heima, en það breytir ekki því að ég tel að við eigum að vinna saman að lausn málsins. Við getum deilt um hvort þessi eða hinn vísindamaðurinn hefur rétt fyrir sér, hvort þessi eða hin lögskýringin sé rétt, en slíkar deilur þurfa að leiða til niðurstöðu. Við eigum að afla allra tiltækra gagna í málinu. Miklu skiptir að reyna að átta sig á staðreyndum að svo miklu leyti sem vitneskja liggur fyrir. Ákvarðanir af hálfu stjórnvalda og Alþingis þarf að byggja á skýrum forsendum og rökum.

Væntanlega gefst kostur á að ræða þessi mál ítarlega á vettvangi sjávarútvegsnefndar deildarinnar sem tillaga er um að fái þetta frv. til meðferðar. Ég tel þó að frv. sé á misskilningi byggt og ekki vera til stuðnings okkar málstað. Það er engin lausn að binda hendur okkar varðandi hvalveiðar í fimm ár, m.a. þar sem endurmeta á stöðuna innan Alþjóðahvalveiðiráðsins innan tveggja ára. Ég tel brýnt að utanrmn. ræði málið áfram og ítarlegar en hingað til hefur verið gert. Þannig gefst vonandi tækifæri til að meta stöðuna og taka ákvarðanir í samræmi við það.

Hvalir eru einn hlekkur af mörgum í lífkeðju hafsins. Það sem máli skiptir er að varðveita þessa keðju órofna þannig að hver hlekkur haldist. Það eiga Íslendingar sem veiðiþjóð að hafa skýrt í huga, þjóð sem lifir í svo nánum tengslum við náttúruna. Við ættum öðrum fremur að gera okkur grein fyrir að framtíð mannkyns veltur á því hvernig við umgöngumst náttúruna og hvernig við nýtum gögn hennar og gæði eins og vikið er að í stefnuskrá Kvennalistans sem ég vitnaði til í upphafi ræðu minnar.

Ásgeir Hannes Eiríksson:

Hæstv. forseti. Hv. alþm. Ég er hingað kominn í pontuna til þess að styðja frv. sem hér liggur frammi um að banna hvalveiðar. Við viljum öll líta á mannkynið sem frekar góðviljað spendýr þó að mín skoðun sé nú sú að maðurinn sé grimmasta dýrið í náttúrunni og aðeins gott orð í guðs og manna lögum haldi mannskepnunni í rauninni frá því að heyja lífsbaráttuna með kjafti og klóm.

Fyrir 15 árum, árið 1973, átti hundurinn undir högg að sækja hjá mannkyninu hér á Íslandi. Þá var verið að launa honum 11 alda trúnað með því að gera hann brottrækan úr Reykjavík. Það átti að dæma hann í útlegð fyrir að vera eini íbúi landsins annar en maðurinn sem hefur haldið trú við mann-inn öll þessi ár og í rauninni tekið manninn að sér. Þá starfaði ég í Sambandi dýraverndunarfélaga á Íslandi og fylgdist vel með starfinu þar sem var alþjóðlegt.

Árið 1973–1974, það eina ár sem ég var formaður þar, var að mörgu leyti markvert og það gerðist margt á þeim vettvangi hér á Íslandi. Hæst ber kannski í minum huga gosið í Vestmannaeyjum. Mark Watson Íslandsvinur gaf hingað dýraspítala og við héldum dag dýranna í Austurbæjarbíói og vil ég, með leyfi forseta, lesa upp stuttan kafla úr ræðu sem Halldór Laxness hélt á þeim fundi, en þar sagði nóbelsskáldið:

„Ég er nýkominn úr hálfs árs dvöl í Evrópu. Við bjuggum mestan part í Sviss. Landhelgisdeiluna heyrði ég varla nokkurn mann nefna í Evrópu. En þegar fólk vissi að ég var Íslendingur var ég oft spurður af bráðókunnugu fólki: Hvers vegna vilja Íslendingar endilega drepa besta vin mannsins?"

Þá átti hundurinn undir högg að sækja. Síðan kom tímabil hjá okkur sem það var selurinn, þessi friðelskandi litli Íslandsvinur sem syndir hingað upp að ströndum landsins í leit að skjóli í íslenskri náttúru. Hann var ekki bara réttdræpur heldur var heitið fé til höfuðs honum. Hann er eini íbúi Íslands sem ég veit um á síðari árum sem hefur verið heitið fé til höfuðs, ekki til þess að nýta hann sem nytjastofn heldur til þess að ganga af honum dauðum. Sem betur fer komust þessar aðgerðir ekki í hámæli þannig að þær skyggðu á landhelgisdeilur okkar í öðrum löndum eins og viðhorf okkar til besta vinar mannsins, hundsins, á sínum tíma eins og Laxness greinir frá.

En ég kynntist því líka í alþjóðlegu starfi okkar í dýraverndunarsamtökunum að þá þegar árið 1973 var haldið uppi sterkri baráttu fyrir því að friða hvalinn og barist gegn hvölum og fleiri dýrum eins og t.d. kengúrunni. Ég man að við héldum meira að segja dansleik til að styrkja baráttuna gegn útrýmingu kengúrunnar í Ástralíu. Við héldum dansleik í Klúbbnum og svo merkilega og skemmtilega vildi til að Kristján vinur minn Loftsson var einn af þeim gestum sem sóttu þann dansleik. Svona er nú Íslandssagan í rauninni lítil þegar hún er skoðuð í réttu sambandi.

En á þessum árum var þegar byrjað að berjast fyrir verndun hvala og það var ekki það fólk sem við köllum í dag grænfriðunga eða umhverfisverndarfólk, sem í aðra röndina er kallað hryðjuverkamenn og það af verri nöfnum, heldur voru þetta sjálf dýraverndunarfélögin í Evrópu. Og í þeim kemur saman lunginn úr besta fólkinu í Evrópu og verkið sem þar er unnið er unnið af hugsjón og af tilfinningu. Þar er enginn maður að vinna til þess að láta á sér bera. Þar eru heiðursformenn yfirleitt þjóðhöfðingjarnir eða makar þeirra og þar eru saman komnir allir helstu kennarar, læknar og fleiri vísindamenn sem lúta að dýrum og dýravernd. Þetta fólk tekur allt saman þátt í starfinu á einn eða annan hátt. Það er vegna þess að andinn hjá öðrum þjóðum er

öðruvísi í garð dýra en á Íslandi. Við lítum dýrin öðrum augum en aðrar þjóðir.

Á þessum árum gerðist það að bresk kona, sem var flutt til Bandaríkjanna, var gerð arflaus vegna þess að faðir hennar, breskur aðalsmaður, hafði gefið dýraverndunarsamtökunum bresku allar sínar eigur. Konan kom aftur til Bretlands og höfðaði mál fyrir dómstólum til að fá föður sinn dæmdan elliæran. Dómarinn lýsti sérstakri vanþóknun á þessum málatilbúnaði dótturinnar og sagði að hún skyldi ekki halda að í Bretlandi það þætti merki um að vera viti sínu fjær að víkja góðu að dýrum.

Það er þetta andrúmsloft sem við erum að berjast við og það er þetta andrúmsloft sem við getum aldrei sigrað með auglýsingum eða kynningu. Þó svo að grænfriðungar hafi hæst þá liggur þunginn í þessum þjóðum hjá þessu fólki. Við getum aldrei sigrað þetta almenningsálit. Þess vegna legg ég til að við hættum þessum leik núna þá hæst hann stendur.

Flm. (Hreggviður Jónsson):

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mjög mikið. Ég þakka þeim hv. þm. sem hér hafa tekið til máls. Það hefur komið margt fróðlegt fram í þeirra máli, bæði með og móti þessu frv. Ég get tekið undir mest af því sem hv. 1. þm. Vestf. sagði í sinni ræðu og ég get tekið undir margt af því sem hv. 12. þm. Reykv. sagði í sinni ræðu. Ég get einnig tekið undir allt það sem hv. 16. þm. Reykv. sagði um þetta. Þetta mál er að sjálfsögðu viðkvæmt. Ég tel að það hafi verið rétt að taka þetta til umræðu hér. Það er svo að það er slæmt að hafa málatilbúnað úti í bæ á einni hendi. Ég held að það sé rétt að sjútvn. fái tækifæri til að fara ofan í málin, kanna þau frekar og segja sína skoðun á þeim. Þannig að ég tel að þetta hafi verið rétt.

Það er auðvitað ekki hægt að ásaka neinn í þessu máli, hvorki til né frá, því að við erum þegar allt kemur til alls veiðiþjóð og höfum alist upp við það að veiða, fram hjá því er ekki hægt að líta. En við verðum samt að horfa á það sem er að gerast í kringum okkur, taka tillit til þess og meta þá niðurstöðu sem út úr því kemur hverju sinni. Ég vil ekki hafa þessi orð lengri og hef lokið máli mínu.

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Eftir að hafa hlýtt á ræðu hv. 5. þm. Reykv. hér áðan þá ættu menn að geta farið að hætta að hafa miklar áhyggjur af því að útlendingar hafi mikinn tíma til þess að tala um hvaladráp á Íslandi eftir að fyrir liggja niðurstöður af hundakosningu í Reykjavík og hundaveiðar hefjast þá í höfuðborginni að nýju. Hafa þá útlendingar væntanlega um annað að hugsa heldur en önnur mál okkar Íslendinga.

Annars er það nú gott dæmi um tvískinnunginn í þessum umræðum, og vitna ég þá enn í þennan hv. þm., að einna fremst í gagnrýni á vísindaveiðar Íslendinga á hvölum standa þjóðir sem sjálfar éta hund. Ættu þær að líta sér nær þær ágætu þjóðir og lofa okkur að vera í friði og hugsa þá heldur um besta vin mannsins heima hjá sér.

Hafi það hins vegar verið ætlun flm. þessa frv. að banna Íslendingum hvalveiðar þá hefur þeim illa skotist, því það er ekki gert í þessari frumvarpsgrein. Skv. 1. gr. frv. eru Íslendingum ekki bannaðar hvalveiðar heldur eru bannaðar hvalveiðar í fiskveiðilögsögu Íslands. Íslenskir hvalveiðimenn gætu þó þetta væri samþykkt haldið áfram hvalveiðum hvarvetna annars staðar en í fiskveiðilögsögu síns eigin lands. Það er heldur ekki gert ráð fyrir því í þessu frv. að vinnsla hvalaafurða sé stöðvuð á Íslandi. Og það er ekki heldur gert ráð fyrir því í þessu frv. að verslun með hvalaafurðir sé bönnuð Íslendingum eða á Íslandi. Þannig að hafi það verið tilgangur hv. flm. að stöðva hvalveiðar Íslendinga og verslun Íslendinga með hvalaafurðir og vinnslu hvalaafurða þá nær þetta frv. ekki tilgangi sínum. Það eitt út af fyrir sig sýnir að ekki hefur nú frv. verið ígrundað mikið áður en það var flutt og lagt fram því það nær auðsjáanlega ekki þeim tilgangi sem að er stefnt.

Ég vil líka, þó að það hafi sjálfsagt komið fram hér í umræðunni, vekja athygli manna á því að það er afskaplega varhugavert að dæma umræðuna utan Íslands um þetta mál eftir umræðum hér. Jafnvel þó þetta mál sé daglegt fréttaviðfangsefni sjónvarps, útvarps og blaða hér á Íslandi, þá fer því víðsfjarri að svo sé erlendis. Vera má að þetta mál sé mikið rætt í hópum umhverfisverndarmanna og hjá forsvarsmönnum einstakra fyrirtækja sem þeir ræða við, eins og fram hefur komið, en það er langur vegur frá að almenningur á meginlandi Evrópu eða í Bandaríkjum Norður-Ameríku sé uppfullur af þeirri umræðu um hval og hvalveiðar sem hér á sér stað. M.a.s. fjöldinn allur af þeim aðilum sem við þurfum að semja við um sölu á okkar fiskafurðum lætur sig þetta mál engu varða og skiptir sér ekkert af því og hefur ekki á því nokkra skoðun. Við eigum því ekki að falla í þá gryfju að láta okkur koma það til hugar að sú umræða, sem er um þetta mál hér á Íslandi, endurspegli þá umræðu sem á sér stað um þetta mál á erlendis. Það er síður en svo.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara út í frekari efnisumræðu um þetta frv., aðeins láta mér nægja að lýsa því yfir að ég er andvígur því vegna þess að málið fjallar í mínum huga ekki bara um bann við nýtingu tiltekinnar náttúruauðlindar, lífrænnar náttúruauðlindar, heldur fjallar málið um það hvort Íslendingar ætla að láta svipta sig sjálfræðisréttinum á að nýta íslenskar náttúruauðlindir, þar á meðal auðlindir sjávarins. Ef við ætlum að gera það, ef við föllumst á slíka niðurstöðu, að láta svipta okkur þeim sjálfræðisrétti, þá erum við búin að afsala okkur hluta af okkar sjálfstæði og ég ætla ekki að leiða neinum getum að því hvar það muni lenda. En verði á það fallist af okkar hálfu að hætta hvalveiðum, jafnvel þó að sagt sé að það sé tímabundið þá er ég ansi hræddur um að það verði erfitt að hefja þann atvinnurekstur að nýju og langaði mig til að

leiða það í ljós með tveimur spurningum, hæstv. forseti, og eru þær báðar til hæstv. sjútvrh.

Fyrri spurningin er þessi: Telur hæstv. sjútvrh. að enn séu fyrir hendi óbreyttar þær forsendur sem lágu til þess að hann á sínum tíma heimilaði ekki veiðar á hrefnu? Séu þær forsendur breyttar að mati ráðherra, m.ö.o. telji hann ekki lengur að efnisleg rök standi til þess að ekki skuli veiða hrefnu vegna útrýmingarhættu, mun hann þá heimila veiðarnar að nýju og hvenær verður það gert? Sé niðurstaða hæstv. ráðherra sú að það séu ekki lengur efnisleg rök til þess að banna veiðar á hrefnu en hann treystir sér samt ekki vegna einhverra annarra sjónarmiða til þess að leyfa að þær veiðar hefjist að nýju, þá sjá menn hvað það þýðir ef íslenska þjóðin tekur ákvörðun um það að banna hvalveiðar tímabundið í þeirri trú að það sé hægt að hefja þá atvinnugrein að nýju til vegs innan tiltölulega skamms tíma.

Herra forseti. Ég vil leggja mjög fast að hæstv. sjútvrh. að heimila á ný veiðar á hrefnu. Ég tek það fram að ég styð stefnu hans í hvalveiðimálunum að öllu öðru leyti en því að ég tel að hann eigi að taka tillit til þeirra efnislegu sjónarmiða, sem ég tel að hafi komið fram, að það séu ekki lengur rök fyrir því að koma í veg fyrir það að íslenskir sjómenn geti nýtt sér eina af þeim náttúruauðlindum sem lega landsins býður upp á og þar á ég við veiðar hrefnuveiðimanna. Þetta er eina ágreiningsatriðið á milli mín og hæstv. ráðherra. Að öllu öðru leyti styð ég hans stefnu í þessu máli en vil enn og aftur biðja ykkur, hv. deildarmenn, að veita athygli þeim svörum sem hæstv. ráðherra gefur við þessum tveimur spurningum mínum. Í fyrsta lagi: Standa að hans mati enn efnisleg rök fyrir því að ekki hefjist veiðar á hrefnu? Í öðru lagi: Treystir hæstv. ráðherra sér til þess, ef svo er ekki, að heimila Íslendingum hrefnuveiðar á nýjan leik?

Kristinn Pétursson:

Herra forseti. Það frv. sem hér er til umræðu er andstætt þeim grundvallarsjónarmiðum sem ég hef í sambandi við þessar hvalveiðar. Varðandi starfsemi náttúruverndarsamtaka þá vil ég segja að það getur verið mjög gott fyrir okkur Íslendinga að taka þátt í samstarfi um náttúruvernd og umhverfisvernd að því marki sem við eigum samleið með þeim, t.d. um verndun úthafanna sem er náttúrlega gífurlega mikið hagsmunamál fyrir okkur Íslendinga. Ég legg áherslu á það að við eigum þar verulega samleið með þeim aðilum sem fyrst og fremst er við að glíma í þessu umrædda máli. Mér finnst að gagnvart þeim þætti málsins gætum við jafnvel sýnt þeim meiri áhuga um samstarf á sviði verndunar úthafanna en við höfum gert hingað til, t.d. varðandi losun eitraðra úrgangsefna í höfin. Það má vel vera að losun eitraðra úrgangsefna í höfin sé þegar farin að hafa meiri áhrif hér á okkar fiskimiðum en við höfum nokkra hugmynd um. Það eru engin gögn til um það en auðvitað hefur þetta áhrif á lífríkið.

Það mál sem hér er til umræðu snertir grundvallarmannréttindi um sjálfstæði þjóðanna. Að við látum ekki neyða okkur til þess að taka upp aðra stefnu en við teljum sjálf að okkur henti. Eins og í þessu umrædda máli. Það er talin grundvallarregla hjá lýðræðisþjóðum að frjálsræði borgarans til orðs og æðis sé í hávegum haft. Á sama hátt er sjálfstæði þjóðanna grundvallaratriði í samskiptum við aðrar þjóðir. Í þessu tiltekna máli er verið blandað saman máli sem er umhverfismál, sem búið er að gera að tilfinningamáli, og síðan eru aðilar í viðskiptum úti í hinum stóra heimi farnir að notfæra sér þetta í viðskiptatilgangi. Þeir náttúrlega renna fljótt á það að það er hægt að nota þetta á okkur til þess að fá lækkun á verði og um leið að þjóna hagsmunum þessara sterku aðila, þannig að þeir geti fengið prik frá þeim sem þeir eiga kannski undir högg að sækja hjá á öðrum sviðum.

Þessu máli má ekki hræra í einn graut. Því það er ekkert víst að viðskiptastaða okkar á erlendum mörkuðum batni þó svo við förum að láta undan í máli sem þessu. Það eru akkúrat engin rök sem hafa verið færð fram fyrir því að líkur séu á því.

Ég tel að svona hótanir um efnahagslegar refsiaðgerðir ef við förum ekki að skoðun einhverra annarra séu ekkert annað en hótun um efnahagsleg hryðjuverk. T.d. þegar verið var að ráðast á flutningafyrirtæki, opna gáma o.s.frv. Hvað er þetta annað en tilraunir til skemmdarstarfsemi? Það er stigsmunur á ofbeldisaðgerðum, hvort beitt er líkamsárásum, mannránum eða efnahagsþvingunum. Það er bara stigsmunur. Mér finnst að þetta hafi e.t.v. vantað inn í umræðuna og þurfi. Það er verið að tala um að það þurfi alþjóðalög um hryðjuverkamenn. En þetta er spurning um flokkun þá á hvað eru hryðjuverk. Það er illa komið ef lýðræðisþjóðirnar ætla sér að fara að leggja blessun sína yfir það að smáþjóðir séu kúgaðar gagnvart því sem þær telja að þeim sé fyrir bestu.

Tilgangur þessara samtaka er eins og áður sagði að reyna að neyða okkur til að taka upp ranga stefnu í þessu hvalamáli sem við að sjálfsögðu gerum ekki því að þessi löggjafarsamkoma er sú elsta í heimi, ellefu hundruð ára gömul og það er ekki við hæfi að við látum útlenda þrýstihópa fara að neyða okkur til að taka upp ranga stefnu í máli sem þessu. Og af þessum grundvallarástæðum, sem ég hef nefnt hér, þá lýsi ég mig andvígan þessu frv.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það hefur margt athyglisvert komið fram í þessari umræðu og ég ætla ekki að bæta miklu við það mál sem ég flutti hér fyrr í umræðunni. Það sem mér finnst þó einna athyglisverðast er það sem hv. 1. flm. málsins, Hreggviður Jónsson, mælti hér áðan þegar hann tók sérstaklega undir málflutning tveggja hv. þm., Matthíasar Bjarnasonar og Kristínar Einarsdóttur, sem bæði hafa í raun mælt gegn þessu frv. í ítarlegu og skýru máli. Mér sýnist það staðfesta það sem hér hefur verið sagt um þetta mál að flutningur þessa frv. sé

ekki á réttum stað miðað við stöðu málsins.

Það liggur líka fyrir í þessu máli að enginn flokkur hér á Alþingi, enginn þingflokkur hefur séð ástæðu til þess af sinni hálfu að taka þetta mál hér upp í þinginu á þeim tíma sem liðinn er síðan Alþingi ályktaði um málið í byrjun febrúar 1983. Það er í rauninni aðeins einn þm., hv. 13. þm. Reykv. Guðrún Helgadóttir, sem hefur tekið þetta mál hér upp í fyrirspurnarformi án þess þó að gera kröfu til þess að stefnu væri breytt í málinu frá því sem hún hafði verið á þeim tíma þegar það var hér rætt, síðast af hennar hálfu í fsp. til hæstv. sjútvrh. fyrir tveimur þingum eða veturinn 1986–1987. Það hefur líka verið samstaða um meginatriði þessa máls í utanrmn. á þessum árum þó að þar hafi auðvitað komið fram athugasemdir og ábendingar frá þeim sem í nefndinni hafa setið og verður það ekki rætt hér á þessum vettvangi. Það á jafnt við um aðalfulltrúa í nefndinni og áheyrnarfulltrúa sem þar hafa setið á þessu tímabili.

Ég held að það sé mjög þýðingarmikið að menn bæði viðurkenni og horfist í augu við það, að hér hefur til skamms tíma a.m.k. verið allgóð samstaða um meginatriði málsins. Og þó að hér hafi komið fram mismunandi sjónarmið þá sýnist mér að á heildina litið hafi þessi umræða frekar orðið til þess að stilla menn saman heldur en hitt í þessu máli. Og það tel ég vera mjög þýðingarmikið í þeirri stöðu sem við nú stöndum í að reynt verði að leita hér samstöðu og auðvitað málamiðlunar að svo miklu leyti sem sjónarmið eru andstæð til þess að okkar undirstöðuhagsmunir í þessu máli verði ekki fyrir borð bornir og við höfum möguleika á því að halda á málinu út í frá framvegis, þannig að við höfum styrk til að ná fram þeim markmiðum sem menn eru ásáttir um að keppa beri að.

Ég hvatti hæstv. sjútvrh. til þess að beita sér fyrir aukinni kynningu á okkar málstað, m.a. á niðurstöðum þeirra rannsókna sem þegar hafa farið fram, inn á við hérlendis og á erlendum vettvangi. Ég held að það sé eitt af því sem þurfi að gerast sem allra fyrst, jafnframt því sem nefndir þingsins, sem hafa fengið mál þetta til meðferðar, náttúrlega utanrmn. áframhaldandi og svo sjútvn., fjalli um það og taki á einstökum þáttum með það að leiðarljósi að stilla menn saman og ná hér þeirri samstöðu sem þörf er á í þessu að mörgu leyti vandasama máli.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessa gagnlegu umræðu sem hér hefur farið fram og vil segja það alveg eins og er að mér er nokkuð létt yfir þeim anda sem þó er í henni vegna þess að það staðfestir það að Alþingi er í grundvallaratriðum — mikill hluti þeirra sem hér hafa talað, þótt aðrir hafi talað í gagnstæða átt, hefur talað á þeim nótum sem kom fram hér á Alþingi 1983, þ.e. talað fyrir þeirri stefnu sem þá var mörkuð, en það er sú stefna sem hefur verið fylgt í þessu máli. Það er algjörlega rangt þegar því er haldið fram, fyrst og fremst af fjölmiðlum, að hér sé um að ræða stefnu sem sjútvrh. hefur markað sérstaklega. Það er ekki svo. Sjútvrh. hefur verið að fylgja þeirri stefnu sem mörkuð var af Alþingi. Það hefur verið gert í samráði við ríkisstjórn og utanrmn. Það má vel vera, eins og hér hefur komið fram, að það samráð hafi mátt vera nánara. En ég hygg þó að ávallt þegar einhverjar breytingar hafa verið gerðar þá hafi það veri rætt á þeim stöðum og ég tel a.m.k. að ég hafi ávallt verið tilbúinn til að koma á fund utanrmn. ef þess hefur verið óskað. Það er alltaf spurning hvar frumkvæði eigi að liggja í máli sem þessu þótt ég viðurkenni að sjálfsögðu að það hlýtur að vera fyrst og fremst hjá þeim ráðherra sem er að framkvæma stefnuna en ekki hjá utanrmn.

Frá upphafi þessa máls hefur ávallt verið reynt að beita þvingunum með einum eða öðrum hætti, alveg frá því að þetta mál hófst og ég vil segja að það hafi hafist 1972, eins og hér hefur komið fram, þegar ráðstefnan var haldin í Stokkhólmi. Þá voru aðildarríki Alþjóðahvalveiðiráðsins aðeins 14 talsins. Það voru 8 ríki sem stunduðu hvalveiðar. Árið 1980 voru hvalveiðiríkin 10, en á sama tíma hafði þeim ríkjum, sem ekki stunduðu hvalveiðar, fjölgað úr 6 í 30 og 1982 var hlutdeild svokallaðra hvalveiðiríkja komin í 23%. Það er því alveg ljóst hvað var að gerast í Alþjóðahvalveiðiráðinu á þessum árum. Þjóðir, sem höfðu hér engra hagsmuna að gæta, áttu ekki þessar lífrænu auðlindir eða höfðu aðgang að þeim hvernig svo sem menn vilja skilgreina það, komu inn í ráðið, þjóðir sem höfðu ekki stundað neina vísindastarfsemi. Og jafnvel ríki eins og Sviss, sem hér var vitnað sérstaklega til af því að nóbelsskáldið hafði gert það að umtalsefni, gerðist til að mynda aðili að Alþjóðahvalveiðiráðinu. Það hefur margt gerst síðan, en þessi ákvörðun var tekin með lýðræðislegum hætti jafnvel þó að það væri óeðlilegt að þessi ríki kæmu inn á þennan hátt. Til að mynda hefðu Sovétmenn að sjálfsögðu getað beitt sér sérstaklega fyrir því að ríki Austur-Evrópu gengju í Alþjóðahvalveiðiráðið og menn hefðu með þeim hætti getað reynt að safna liði víða um heim. Það gerðu menn ekki. En þetta gekk svo langt að einstök ríki létu sig hafa það að leyfa fulltrúum umhverfissamtaka í Bandaríkjunum að koma fram fyrir sína hönd. En það fór nú svo illa með sambandið þarna á milli að þeir misnotuðu það með einum eða öðrum hætti þannig að þetta er allt saman ein mikil sorgarsaga.

Þessi ákvörðun var hins vegar tekin 1982 og ákvörðun Alþingis var tekin 1983 og þá stóð ekki á því að hingað voru sendir ýmsir sendiboðar til að hræða menn og eiga við menn viðtöl, nú væri eins gott fyrir Íslendinga að vera til friðs. Barátta umhverfissamtaka í Bandaríkjunum hefur leitt af sér þá löggjöf sem þar er, sem er óeðlileg löggjöf vegna þess að hún tekur fyrst og fremst til athafna í öðrum ríkjum en ekki í Bandaríkjunum. Þannig hafa með einum eða öðrum hætti ávallt verið hafðar uppi hótanir í þessu máli og svo verður um langa hríð. En hér er um að ræða nýtanlega auðlind að okkar mati og við megum ekki gefa eftir þann rétt. Það er

grundvallaratriði og það hefur komið fram hér í máli margra þm. Og ég fagna því að svo margir skuli tjá sig um þetta grundvallaratriði fyrir utan okkar rétt og okkar skyldu til að rannsaka í okkar lögsögu.

Nú er rétt að taka það fram vegna þess að menn hafa sagt að þessar rannsóknir hefði mátt stunda með ýmsum öðrum hætti, og það má vel vera að gera megi einhverjar breytingar á þessari rannsóknaráætlun, enda hefur það verið gert, að þessi rannsóknaráætlun hefði aldrei verið framkvæmd nema vegna þess m.a. að það var ákveðið að taka ákveðinn fjölda dýra. Það var talið nauðsynlegt og það var líka talið miklu kostnaðarminna. Er einhver tilbúinn til að réttlæta það að það eigi að leggja í jafnvel fleiri hundruð millj. kr. kostnað sem hægt er að komast hjá með því að taka nokkur dýr? Ég skyldi taka undir þá skoðun ef um væri að ræða dýrastofn sem væri í útrýmingarhættu. Við megum aldrei falla í þá gryfju að ráðast að dýrastofni í útrýmingarhættu, enda er enginn Íslendingur sem heldur því fram. Og þessi staðreynd er mikilvæg. Hún er m.a. mikilvæg þegar líffræðingar halda því fram að þetta hefði allt saman mátt gera með öðrum hætti.

Í þessu sambandi er e.t.v. rétt að vitna aðeins til þess sem er sagt í þessari frægu vísindanefnd Alþjóðahvalveiðiráðsins því að þar eru fjórar spurningar samkvæmt ályktun sem þar hefur verið samþykkt sem þarf að svara. Ein af þeim spurningum sem þarf að svara er einmitt þessi: Beinast rannsóknirnar að lausn vandamála sem ekki verður svarað með athugunum á fyrirliggjandi gögnum og/eða með rannsóknum án veiða? Þetta er eitt af því sem vísindamenn þar þurfa að svara í skýrslu til ráðsins. Og í lauslegri þýðingu var þetta bókað:

Jóhann Sigurjónsson taldi að engar af meginrannsóknum áætlunarinnar, t.d. þungunarstöðni og áhrif umhverfisþátta á vöxt og viðkomu, yrðu framkvæmdar með rannsóknum án veiða svo raunhæft væri, einkum þegar tímarammi rannsóknanna væri hafður í huga. Í þessu tilliti benti hann jafnframt á erfiðleika við framkvæmd ýmissa rannsókna óháðra veiðum á opnu úthafinu vestan við Ísland, t.d. notkun ljósmyndunaraðferða á langreyði. Það þyrfti sem dæmi a.m.k. 8 skip til að safna nægilegum efniviði til úrvinnslu við eina af mörgum tilraunum sem framkvæma þyrfti ef einhver von ætti að vera til þess að einhverjar marktækar niðurstöður ættu að nást.

Holt, sem hefur verið mjög gagnrýninn vísindamaður á þessar rannsóknir, samsinnti að ekki væri unnt að framkvæma allar rannsóknirnar án veiða, en taldi þær heldur ekki allar nauðsynlegar gagnvart veiðistjórnun eða endurmati stofnanna þar sem rannsóknir án veiða, talningar, svokölluð DNA-ljósmyndun, hefðu nú þegar sýnt ágæti sitt.

Þá komu aðrir vísindamenn, þeir Hester og Kato frá Japan, sem lýstu sig sammála Jóhanni Sigurjónssyni um erfiðleika þess að beita ljósmyndatækni á langreyðar. Hester gat þess einnig að DNA-aðferðin væri enn á tilraunastigi. Osimi frá Japan taldi íslensku áætlunina gott dæmi þess að rannsóknir með og án veiða væru besta leiðin til árangurs. Chapman frá Bandaríkjunum taldi erfitt að meta árangur rannsóknanna og það hvort rannsóknir án veiða gætu leyst aðrar aðferðir af hólmi.

Dómur sem þessi, sem þarna kemur fram í meðferð vísindanefndarinnar, er túlkaður þannig af því fólki sem er að fjalla um þessi mál að hér væri verið að gagnrýna mjög íslensku áætlunina. Það hefði komið fram í vísindanefndinni að þetta væri óþarft o.s.frv.

Hér liggur að sjálfsögðu ekki fyrir neinn endanlegur vísindalegur dómur um að það sem við séum að gera sé ómögulegt. Það eru um það skiptar skoðanir og vísindamenn segja ýmislegt í þessu efni, en þó er sú almenna skoðun sem hér kemur fram að ekki sé hægt að svara öllum spurningum nema með veiðum. Það verður að gera þá kröfu til vísindamanna sem fjalla um þessi mál að þeir fjalli um það af fullri varúð, m.a. með þeim hætti sem hv. þm. Kristín Einarsdóttir sagði hér áðan, að hún vildi ekki kveða upp einhvern dóm sem líffræðingur í þessu efni vegna þess að hún hefði ekki nægilega þekkingu á þessu sviði til þess að kveða þar upp endanlegan dóm. Þannig er nú með vísindin og alla þekkinguna að jafnvel þótt einhver hafi lært líffræði og beri það ágæta starfsheiti líffræðingur, þá er ekki þar með sagt að viðkomandi persóna sé fær um að dæma vísindalegar rannsóknir annarra líffræðinga sem viðkomandi líffræðingar hafa alls ekki kynnt sér. Og þegar 21 líffræðingur kvað upp þennan dóm, ég held það hafi verið á sl. ári, þá gera þeir það væntanlega sem persónur en ekki sem líffræðingar eða sérfræðingar á þessu sviði.

Ég kynnti mér allvandlega hvaða nám og störf þetta fólk hafði að baki og mér sýndist að fæstir þeirra hefðu sérstaklega kynnt sér þessi mál og hefðu því fremur átt að kveða upp þennan dóm sem einstaklingar en ekki með þessum hætti í nafni líffræðinnar. Ég held að þetta sé einfaldur sannleikur. Og það á við um hvaða vísindi sem er og raunverulega alla þekkingu að þótt menn beri ákveðið sérfræðiheiti, þá vita menn ekki allt um viðkomandi vísindi og viðkomandi mál, enda fyrnist nú oft og tíðum yfir lærdóminn. Og þótt einhverjir beri eitthvert sérfræðiheiti sem hafa verið alþm. árum og áratugum saman, þá er ég nú hræddur um að sumir hverjir séu ekki orðnir umræðuhæfir um margt það sem þeir höfðu lært í fyrndinni, enda breytast hlutirnir ansi hratt nú til dags.

Ég vildi aðeins koma inn á nokkrar fullyrðingar sem hér hafa komið fram. Það kom m.a. fram hjá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur og Kristínu Halldórsdóttur að við hefðum ekki virt alþjóðasamþykktir þótt það hefði verið orðað með ýmsum hætti. Þetta hefur komið fram í umræðunni og þessu vil ég mótmæla mjög harðlega. Ég vil líka mótmæla því vegna þess að það hafa verið hér aðilar á ferðinni, sendiboðar, það eru alltaf sendiboðar á ferðinni til

þess að skýra fyrir þm. hvað hafi verið samþykkt hjá Alþjóðahvalveiðiráðinu, jafnvel að því látið liggja og beinlínis sagt að rangt sé sagt frá af hálfu okkar Íslendinga og því er ástæða til þess að fara örfáum orðum um þetta mál.

Í fyrsta lagi höfum við Íslendingar alltaf fylgt stofnskrá Alþjóðahvalveiðiráðsins. Þar kemur fram án þess að nokkur beri brigður á það réttur hvers ríkis til þess að taka dýr í vísindatilgangi. Við höfum ávallt fylgt samþykktum ráðsins sem aðeins er hægt að breyta með ¾ hluta atkvæða. Síðan hafa verið samþykktar þar ýmsar ályktanir sem fela í sér tilmæli til viðkomandi ríkis. Þar er í fyrsta lagi ályktun frá 1986 sem var samþykkt af Alþjóðahvalveiðiráðinu mótatkvæðalaust, með consensus eins og sagt er, og við Íslendingar töldum okkur fært að standa við þær skuldbindingar. Við greiddum ekki atkvæði á móti þeirri ályktun og töldum okkur fara að þeim tilmælum. Hins vegar eru þessi tilmæli oft og tíðum afar óljós og það þurfti t.d. að fá úr því skorið með viðræðum við Bandaríkjamenn hvernig bæri að skilja þessi tilmæli að því er varðar samskipti Íslands og Bandaríkjanna. Þar á ég við hversu mikið væri hæfilegt að éta af kjötinu hér á landi, sem er að sjálfsögðu mjög þýðingarmikli þáttur í þessu máli hver étur kjötið og var fyrst í stað algjört aðalatriði, m.a. aðalatriði í hugum flestra svokallaðra umhverfisverndarsinna, ekki aðalatriði hversu mörg dýr voru drepin heldur hver át kjötið. Um þetta náðum við samkomulagi við Bandaríkjamenn hvernig bæri að skilja þessa átklásúlu sem við vorum að sjálfsögðu mjög andvígir, en erum þannig gerðir að við erum alltaf að reyna að sættast á sjónarmið annarra í þessu máli, svo undarlegt sem það virðist sumum, og féllumst á þessa klásúlu — sem við trúlega hefðum ekki átt að gera.

Síðan kemur ný ályktun 1987 og sú ályktun er að okkar mati algjörlega ólögleg og fluttum við um það langar lagalegar útskýringar og töldum þá ályktun brjóta í bága við sjálfa stofnskrá ráðsins.

Árið 1988 var enn á ný samþykkt ályktun sem var mikið þref um, þær ályktanir sem fyrst voru bornar fram voru miklu verri, en endaði þó með því að sú ályktun var samþykkt án atkvæðagreiðslu, en við tókum það skýrt fram að vegna tilvitnunar til ályktunarinnar 1987 teldum við enn þá ályktun ólöglega. Við þetta höfum við staðið og við fengum bætt inn í þessa ályktun einu atriði, sem var það að við mundum gefa skýrslu til Alþjóðahvalveiðiráðsins um framkvæmd þessa máls að okkar eigin ósk, m.a. til þess að það væri ekki alltaf verið að mistúlka þetta mál með þessum hætti.

Þetta vildi ég nú taka mjög skýrt fram. Þetta hefur margsinnis verið rætt í utanrmn. og ég vænti þess að um þetta eigi ekki að vera neinn misskilningur.

Á hvern hátt hefur verið rætt um þetta mál í fjölmiðlum er í sjálfu sér ekki hægt að taka neina ábyrgð á. Því hefur verið haldið fram að hlutir hafi verið þýddir ranglega og það má vel vera að einhvers staðar hafi hlutirnir verið þýddir ranglega, en það hefur ekkert slíkt skjal farið frá opinberum stjórnvöldum hér. Þetta segi ég m.a. vegna þess að ég veit að hér var fulltrúi frá World Wild Life Fund að tala við alþm. og hélt því fram, þetta upplýsti formaður utanrmn. mig um, að íslensk stjórnvöld hefðu farið með ósannindi í þessu máli og var að ræða það við þm. og hélt því jafnframt fram að ranglega hefði verið þýtt það sem fram kom. Þetta er að sjálfsögðu mjög alvarlegt mál að fulltrúar slíkra stofnana skuli hafa í frammi slíkan málflutning án þess að leita upplýsinga um það eða ræða við viðkomandi stjórnvöld.

Að sjálfsögðu er það svo með allar ályktanir og öll tilmæli að túlkað er með mismunandi hætti og vill alltaf verða svo, t.d. þetta með hversu mikið mætti nota af kjötinu hér innan lands og úr því þurfti að skera. Svo verður alltaf með ályktanir sem ekki eru nægilega vel orðaðar og orðalagið er nú einu sinni oft þannig þegar verið er að ná samkomulagi að það er ekki alveg skýrt sem við er átt. Við teljum hins vegar að okkar skilningur á þessum ályktunum sé réttur og við höldum að sjálfsögðu okkar skilningi fram en við tökum ekki við slíkum skilaboðum eins og eru alltaf að koma frá mörgum þessara aðila. Nú vil ég gera mikinn greinarmun á World Wild Life Fund og Greenpeace vegna þess að það er stofnun sem hefur átt mjög góð samskipti við Ísland og Íslendinga í gegnum tíðina með margvíslegum hætti og þess vegna er það alvarlegra. En svo virðist sem fulltrúar þessara aðila eigi afar góðan aðgang að hlutum hér á landi, fjölmiðlum o.s.frv., og ef þeir segja eitthvað um að næst ætli þeir að taka sér þetta fyrir hendur og ráðast á Íslendinga með þessum hætti og með ýmsu móti vantar það ekki að það eru ýmsir tilbúnir til þess að koma því afar skilmerkilega á framfæri og er svona nokkuð víst að það virðist vera eins og það sé talað þar algjörlega í gegnum menn.

Það hefur ýmislegt annað komið fram í þessum umræðum, m.a. það sem kom fram hjá hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni og reyndar fleiri hv. þm. sem hafa talað um þetta mál, hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni sem hefur fjallað afar vel um þetta mál í þessum umræðum. Það hafa komið fram þau sjónarmið að við þyrftum að koma okkar sjónarmiðum betur á framfæri og undir það vil ég taka og það hefur m.a. komið fram að rétt væri að bjóða fulltrúum þeirra ríkja sem skilja okkar mál til viðræðna um þessi mál. Undir það ber að taka. Ég held að það sé fyllilega tímabært að við reynum að koma á ráðstefnu hér á landi um nýtingu og verndun hafsvæðanna. Að mínu mati fer nýting og verndun saman. Það er grundvallaratriði í lífssýn okkar Íslendinga að verndun og nýting fari saman, séu ekki andstæður heldur fari saman. Ef menn eru ósammála því, eins og hefur komið fram hjá einstaka aðila, er þar mikill skoðanaágreiningur.

Við höfum reynt að halda uppi starfi á þessu sviði. M.a. var haldin hér ráðstefna í janúar á þessu ári um skynsamlega nýtingu sjávarspendýra. Það var til-

tölulega erfitt að koma þeirri ráðstefnu á vegna þess að það var mikil tortryggni í okkar garð. Þau ríki, sem fyrst og fremst vildu sækja þá ráðstefnu, voru ríki sem höfðu þá skoðun að nýta bæri sjávarspendýrin, en önnur ríki vildu ekki koma hér, enda ávallt rekinn sá áróður að þeir sem eru með þessum hópi þjóða hjá Alþjóðahvalveiðiráðinu sem eru kallaðir „likeminded" — ég veit ekki einu sinni almennilega hvernig á að skilja það, sem eru sem sagt vinsamlegir hvalnum væntanlega — það er ávallt rekinn sá áróður að það sé ekki rétt að vera í samfélagi með aðilum eins og Íslendingum, Japönum og fleiri þannig. Þarna er því nokkuð á brattann að sækja og ekki alveg auðvelt mál að koma á slíkum ráðstefnum, en ég tel að við eigum að halda þessu áfram og reyna að ná vinsamlegu sambandi við sem flest ríki. Þetta hefur tekist í nokkrum tilvikum. Ég vil nefna það að Frakkar fluttu tillöguna um bannið á sínum tíma. Frakkar hafa hins vegar stutt okkur afar vel í þessu máli, m.a. franskir vísindamenn.

Á þessari ráðstefnu voru m.a. í lokaávarpi mínu kynnt viðhorf Íslendinga og ég vildi gjarnan fá að vitna aðeins í þau orð sem ég hafði þar í frammi, með leyfi hæstv. forseta, og skal ekki vera langorður:

„Lífsafkoma Íslendinga byggist nær eingöngu á nýtingu auðlindanna í hafinu kringum landið. Það er því mjög brýnt að nýtingu allra sjávarauðlinda okkar sé hagað á þann hátt að besti langtímaafrakstur sé tryggður. Sumar sjávarauðlinda okkar eru mikilvægari í efnahagslífi Íslands en aðrar. Engin þeirra verður þó nýtt ein og sér. Jafnvægi í vistkerfinu verður að ríkja. Nútímavinnubrögð krefjast að beitt verði þekkingu margvíslegra fræðigreina að teknu tilliti til alls lífríkisins.

Þar eð lífshagsmunir Íslendinga tengjast hafinu svo augljóslega er verndun þessara auðlinda sérstakt hagsmunamál íslenskra stjórnvalda. Sú vissa að Íslendingar sjálfir gætu best metið verndunarþarfir í hafinu lá til grundvallar viðleitni okkar til að ná alþjóðlegri viðurkenningu á fullveldisrétti okkar yfir fiskimiðum umhverfis landið. Eftir 40 ára baráttu hlaut þessi grundvallarregla alþjóðlega viðurkenningu með hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna. Til þess að vera í stakk búin að nýta sem best sjávarauðlindirnar umhverfis landið verða ætíð að vera fyrir hendi sem nákvæmastar vísindalegar upplýsingar. Á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar fara fram vísindalegar rannsóknir á nær öllum auðlindum hafsins í kringum Ísland. Það er um líf eða dauða að tefla fyrir Íslendinga að öðlast heildarmynd af sjávarlífríkinu.

Íslendingar bera mikla virðingu fyrir náttúrunni. Gestir, sem sækja okkur heim, sjá fljótt að við búum í nánari tengslum við umhverfi okkar en líklega nokkur önnur þjóð. Það er einlæg trú okkar Íslendinga að allar lífverur eigi rétt til verndunar gegn rányrkju mannsins. Vegna hinna takmörkuðu auðlinda landsins verða Íslendingar að lifa í sátt og samlyndi við umhverfi sitt. Ríkisstjórn Íslands mun gera allt sem hún getur til að vekja athygli umheimsins á þessum staðreyndum.

Tilgangur ríkisstjórnarinnar með því að boða til þessarar alþjóðlegu ráðstefnu var að ná saman þeim þjóðum sem deila með okkur sumum þeim grundvallarsjónarmiðum sem ég hef rakið, þ.e. þörf á skynsamlegri nýtingu auðlinda hafsins, meðvitund okkar fyrir þörf verndunar og nauðsyn á forgangi vísindarannsókna."

Ég vænti þess að allir geti verið sammála þessum orðum. Þetta er okkar ætlun, en hitt er svo annað mál að oft og tíðum er ætlun okkar mistúlkuð og snúið út úr því með ýmsum hætti og við þurfum að takast á við þá hluti.

Hér hafa komið fram beinar spurningar. Hv. þm. Ingi Björn Albertsson spurði hversu miklu við hefðum tapað. Það er að sjálfsögðu ekki hægt að gefa neitt svar við þessari spurningu. Hver á að fullyrða um það hver er að tapa og hver er að hagnast? Ég hef lýst þeirri skoðun minni að aðaláhyggjuefni okkar á næstu árum sé hversu mikið verður veitt hér. Ég tel að það séu ekki þau vandkvæði á mörkuðum að ástæða sé til að hafa verulegar áhyggjur af því í lengri framtíð. Það eru sem betur fer ýmsir markaðir til í þessum heimi og það hefur ávallt reynst þannig að þótt áfall hafi komið á einum markaði hefur sem betur fer oftast tekist að finna annan. Við eigum ávallt í erfiðum samningum um okkar markaðsmál. Við erum að reyna að stórauka sölu til Japans. Við eigum árlega í viðkvæmum samningum við Sovétmenn o.s.frv. o.s.frv. Það að hlaupa upp til handa og fóta út af þessu fyrirtæki í Þýskalandi, Tengelmann, er að sjálfsögðu rangt, og ég tala nú ekki um þegar það er fullyrt fyrir fram að það þýði ekkert að tala við annað fyrirtæki, Aldi, það sé gagnslaust. Þeir séu búnir að ákveða þetta allt saman. Þeir voru aldrei búnir að ákveða það. Þeir báðu hins vegar um upplýsingar og vildu fá fyrirspurnum svarað, en menn höfðu ekki tíma til að bíða eftir því, sumir hverjir, og svo þegar þeir voru búnir að svara lýstu menn því yfir að það væri kannski lítið að marka það vegna þess að neytendurnir mundu hafa síðasta orðið. Það er kannski rétt að vitna þá til þess sem forstjóri þess sagði. Hann sagði eftirfarandi: Hann þakkaði góða framsetningu á sjónarmiðum Íslands og bréf sjútvrh. Forsvarsmenn Aldi höfðu óskað eftir upplýsingum um staðreyndir málsins og töldu sig hafa fengið fullnægjandi svör til þess að geta svarað stuðningsmönnum Greenpeace. Aldi mundi ekki láta stjórnast af þrýstihópum. Þeirra markmið væri að þjóna sínum viðskiptavinum. Þeir hefðu átt góð viðskipti við íslensk útflutningsfyrirtæki og mundu halda áfram að kaupa af Íslendingum vörur meðan eftirspurn væri. Viðskiptavinir þeirra væru hæstiréttur í málinu. Almennt séð væri hann andvígur vinnubrögðum grænfriðunga. Eru það einhver ný sannindi að viðskiptavinir séu hæstiréttur í málum? Það hefur alltaf verið og verður alltaf og engin ástæða til þess að draga það sérstaklega fram í þessu

sérstaka máli. Þetta er dæmi um það að menn eru ekki tilbúnir til þess að setjast niður yfir mál, kanna þau rækilega og kveða svo sinn dóm upp á eftir eins og hefur verið gert í meðförum þessa máls. Um það hefur verið rætt í utanríkismálanefnd og hefði að sjálfsögðu verið langeðlilegast að boða þar fyrst til fundar, fara yfir málið með yfirveguðum hætti og koma þeim upplýsingum á framfæri við þm. Síðan hefðu menn þá getað ákveðið hvort nauðsyn bæri til að flytja málið hér inn á Alþingi eins og m.a. hefur komið mjög skýrt fram í máli hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar.

Hv. þm. Ingi Björn Albertsson spurði einnig um byggðamál og hversu mikil áhrif þetta mál hefði í því sambandi. Þessi atvinna hefur verið rekin út um land og t.d. er hægt að geta þess að hrefnuveiðarnar eru mjög mikilvægar á ákveðnum stöðum. Það eru allar líkur til þess að hægt sé að auka hrefnuveiðar frá því sem áður var, þær geti orðið allverulega meiri en síðustu árin sem þær voru stundaðar og þá er ég að tala um lengri framtíð þótt ekkert sé hægt að fullyrða í þeim efnum. Þar er því vissulega um þýðingarmikið byggðamál að ræða. Hvort sem menn geta fært sönnur á það eða ekki að beint samband sé milli afrakstursgetu fiskstofna og þessara dýra er það vitað mál og þarf ekki að deila um það að auðvitað hafa þessar stóru skepnur mikil áhrif í lífríkinu og eru með vissum hætti veiðifloti. Maðurinn rekur umfangsmikinn veiðiflota hér í kringum land og þessi veiðifloti hlýtur alltaf að verða í samkeppni við stærstu sjávarspendýrin. Það er hins vegar enginn annar en maðurinn sem getur grandað þessum virðulegu skepnum í hafinu nema að sjálfsögðu mengunin sem grandar sennilega orðið ansi mörgum og það er miklu alvarlegra mál en þessi fáu dýr sem við erum að taka. Ég tel því að þetta mál séu verulegt byggðamál eins og svo sem öll önnur mál í þessu landi.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson spurði mig um það hvort óbreyttar væru þær forsendur sem hafa orðið til þess að hrefnuveiðar í vísindaskyni voru ekki leyfðar. Svarið við því er að þessar forsendur eru breyttar. Ástæðan fyrir því að hrefnuveiðarnar voru ekki leyfðar var í fyrsta lagi sú að það var nokkur óvissa um mat á stofninum. Stofninn var óflokkaður og það voru ýmsir sem héldu því fram að þessi stofn væri í útrýmingarhættu, m.a. vísindamenn á vettvangi Alþjóðahvalveiðiráðsins. Það höfðu farið fram rannsóknir á norska stofninum og hann var úrskurðaður verndaður stofn hjá Alþjóðahvalveiðiráðinu sem kom sér mjög illa fyrir Norðmenn, en þeir héldu samt áfram að veiða úr þeim stofni. Við vorum eina þjóðin sem taldi, eða okkar vísindamenn, að ekki væri rétt að farið að því er Norðmenn varðaði, en menn gerðu sér ljóst að það væri mikilvægt að skera betur úr um þessa óvissu áður en farið yrði af stað.

Í öðru lagi lá ekki ljóst fyrir með hvaða hætti yrði komið upp nægilega góðri vísindalegri aðstöðu til þess að stunda rannsóknir og í þriðja lagi hafði aldrei verið lokið við að gera samninga sem tryggðu að þeir aðilar sem stunduðu þessar veiðar hefðu engan hagnað af þeim vegna þess að við höfðum samþykkt að leggja niður veiðar í ábataskyni. Allir þessir óvissuþættir urðu til þess að það var ekki talið ráðlegt að hefjast handa, heldur að reyna að fá betra mat á stofninum. Nú hefur það fengist og komið í ljós að hér er um mjög stóran stofn að ræða, jafnvel þótt talið væri af ýmsum vísindamönnum, sem láta mjög að sér kveða á vettvangi Alþjóðahvalveiðiráðsins, vinna mjög með svokölluðum umhverfisverndarsinnum, að þessi stofn væri líklega í útrýmingarhættu.

Þessar forsendur eru því breyttar og ekkert er því til fyrirstöðu að koma þessu í framkvæmd. Hitt er svo annað mál að við höfum gert ýmsar breytingar á okkar áætlunum í gegnum tíðina, m.a. til að koma í veg fyrir árekstra og ég get að sjálfsögðu ekkert um það fullyrt hvort tekin verður ákvörðun um það að hefja þessar veiðar. Það eru ýmis ljón þar á veginum, það er alveg ljóst, en það er ekki lengur um vísindalegar forsendur að ræða fyrir því, að mínu mati, að hefja ekki þessa sýnatöku, en að sjálfsögðu eru þetta rannsóknir sem eru mikilvægar og þurfa að eiga sér stað fyrr eða síðar. T.d. er það mjög áhugavert hvaða þátt hrefnan á í lífríkinu hér á Faxaflóa. Hún er hér í miklum mæli og er alveg ljóst að hún spilar mjög mikinn þátt í lífríkinu hér á flóanum miðað við Norðurlönd o.s.frv. Þessum spurningum verður að svara fyrr eða síðar.

Margt hefur komið fram í þessum umræðum sem ég skal ekki gera frekar að umtalsefni, en ég vil aðeins taka fram varðandi það sem kom fram m.a. hjá hv. þm. Aðalheiði Bjarnfreðsdóttur, þ.e. að við ættum að hafa samband við grænfriðunga og þessa aðila, ekki að sýna þann hroka að vilja ekki tala við þá, að þeim hefur aldrei verið neitað. Það hefur aldrei verið neitað að tala við þá. Þeir hafa oft beðið um viðtal við mig í gegnum þessi ár. Ég hafði frumkvæði að því vorið 1985 að kalla á forsvarsmenn allra umhverfissamtakanna í Bandaríkjunum sem við náðum til og við kynntum þeim okkar vísindaáætlun. M.a. hafði það verið rætt þá af vísindamönnum að taka sýni úr vernduðum stofnum. Það var hins vegar niðurstaðan að það bæri alls ekki að gera það og þetta var blásið upp af þeim, jafnvel þótt það væri skýrt tekið fram á þessum fundi að það væri alls ekki hugmyndin. Þannig hefur þetta nú verið, því miður, í gegnum tíðina að það hefur lítið þýtt að halda fram ákveðnum hlutum. Það hefur ávallt verið snúið út úr því og villandi upplýsingum haldið á lofti, enda er skipulag grænfriðunga þannig að þar er engin ein skoðun. Þetta eru ekki nein lýðræðisleg samtök. Þar eru margar skoðanir á lofti og ég hef hitt mikið af þeirra forsvarsmönnum og mismunandi blæbrigði hafa verið í þeirra skoðunum. Það er því afar erfitt að reiða sig á að þótt einn segi eitt segi annar hið sama. Þeir hafa oft komið hér til lands. Við höfum oft hitt þá á ráðstefnum, fundum Norðurlandaráðs o.s.frv. o.s.frv. og ávallt verið

tilbúnir til að veita þeim allar upplýsingar og öll gögn í þessu máli. Hins vegar er það svo að menn verða nokkuð þreyttir á að tala við þetta fólk árum saman og geta aldrei almennilega treyst því að rétt sé haft eftir. Ég er alveg tilbúinn til þess ásamt öðrum að eiga enn á ný fundi með þessu fólki. Það kostar ekki neitt og er sjálfsagt að ræða við það. En menn skulu ekki álíta það að slík samtöl breyti öllu. Okkur ber hins vegar, eins og hv. þm. Matthías Bjarnason tók fram, að eiga vinsamleg samskipti við aðrar þjóðir um þessi mál og ég tel að við séum m.a. að gera það með talningarleiðangrinum á næsta ári og þeim talningarleiðangri sem fór hér fram 1987, með því að bjóða hingað vinnunefndum Alþjóðahvalveiðiráðsins og skapa hér aðstöðu fyrir vísindamenn.

Alþjóðahvalveiðiráðið samþykkti 1981 ályktun um að alþjóðleg vísindastöð skyldi vera í Hvalfirði. Þar er alþjóðleg vísindastöð Alþjóðahvalveiðiráðsins samkvæmt ályktun. Þangað geta vísindamenn alls staðar að úr heiminum komið og þar hafa verið svona um það bil 20 vísindamenn á ári hverju að störfum. Það hafa ýmsir aðilar haft við okkur samband, m.a. einn skólabekkur í Bandaríkjunum á sl. vori. Þessi bekkur fékk að vera í hvalstöðinni, kynna sér þar öll gögn, fara í gegnum alla hluti og er nú að skrifa skýrslu um þessa vondu þjóð. Það kom að vísu allt annað upp á borðið hjá þessum ágætu skólabörnum.

Það hefur því verið reynt að hafa þessa starfsemi alla opna og hún hefur líka verið opin gagnvart blaðamönnum sem hingað hafa komið. Því miður hafa hins vegar margir þeirra komið hér í annarlegum tilgangi og mistúlkað þann trúnað sem þeim hefur verið sýndur, m.a. þýskir sjónvarpsmenn sem fengu allar upplýsingar á sl. sumri og mistúlkuðu þær með ýmsu móti. Og það hefur komið í ljós að þessi sjónvarpsþáttur, sem þarna var gerður, var m.a. gerður með stuðningi fyrirtækisins Tengelmanns.

Þetta er nú sá heimur sem menn lifa í í þessu efni og hann er ekki allur fallegur og ég veit að menn skilja að það er ekki allt gull sem glóir í þessum samskiptum og við höfum lært það á löngum tíma að við getum ekki vænst þess að allt sé heiðarlegt í þeim efnum. Það hefur hins vegar ekki aftrað okkur frá því að hafa dyr hér opnar og ef áhugi er fyrir því, m.a. af þessum aðilum, að eiga frekari samtöl um þessi mál er það alveg sjálfsagt, a.m.k. af minni hálfu, og ég tel að við eigum að íhuga það vandlega hvort ekki beri að efna hér til alþjóðlegrar ráðstefnu hið allra fyrsta um verndun hafsins og þá um leið nýtingu þess og þá í þeirri trú að það geti orðið til þess að skapa meiri skilning á okkar umhverfi og því landi sem við lifum í.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

8. fundur, miðvikudaginn 2. nóv., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti — rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Borist hefur svohljóðandi bréf, dags. 31. okt. 1988:

„Kristinn Pétursson, 5. þm. Austurl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna sérstakra anna get ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Sjálfstfl. á Austurlandi, Hrafnkell A. Jónsson, formaður Verkalýðsfélagsins Árvakurs, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.“

Þetta er yður hér með tilkynnt, hæstv. forseti, með ósk um að fram fari í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Kjartan Jóhannsson,
forseti Nd.“

Samkvæmt þessu bréfi og samkvæmt 4. gr. þingskapa ber nú kjörbréfanefnd að prófa kjörbréf Hrafnkels A. Jónssonar, 1. varamanns Sjálfstfl. í Austurlandskjördæmi. Gert verður hlé á fundinum í fimm mínútur meðan kjörbréfanefnd starfar. — [Fundarhlé.]

Frsm. kjörbréfanefndar (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Kjörbréfanefnd hefur tekið til athugunar kjörbréf Hrafnkels A. Jónssonar og er sammála um að mæla með því að það verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Kjörbréf Hrafnkels A. Jónssonar samþ. með 44 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Hrafnkell A. Jónsson hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi. Honum ber því skv. 2. gr. þingskapa að vinna drengskaparheit að stjórnarskránni.

Hrafnkell A. Jónsson, 5. þm. Austurl., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Hrafnkell A. Jónsson hefur undirritað drengskaparheit um að halda stjórnarskrána og er hann boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

EFRI DEILD

7. fundur, miðvikudaginn 2. nóv., að loknum fundi í Sþ.

Eiturefni og hættuleg efni, 1. umr.

Stjfrv., 72. mál (eiturefnanefnd). — Þskj. 74.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988, sem er 72. mál Ed. á þskj. 74.

Ég get reyndar verið stuttorður um frv. það sem ég mæli hér fyrir. Í raun er um að ræða leiðréttingu á lögum sem samþykkt voru á seinasta þingi um eiturefni og hættuleg efni, þ.e. lögum nr. 52 frá 1988 sem öðlast gildi frá og með nk. áramótum hvað snertir starfsemi eiturefnanefndar en sjálf lögin öðluðust gildi 1. júlí sl.

Hins vegar var ákveðið að eiturefnanefnd sú sem nú situr sæti til áramóta og frá þeim tíma tæki til starfa ný nefnd í samræmi við ákvæði laganna. Inni í 1. mgr. 2. gr. laganna slæddist smámisskilningur sem ráðuneytið telur eðlilegt að leiðrétta. Þar kemur m.a. fram að einn nefndarmanna skuli vera efna- eða verkfræðingur með sérþekkingu á notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði, garðyrkju og til útrýmingar meindýra og skuli hann tilnefndur af landbrn. Aldrei var ætlunin, þó svo færi, að þessi aðili þyrfti að hafa efna- eða verkfræðimenntun, má að sjálfsögðu vera verkfræðingur, heldur að um væri að ræða aðila sem hefði sérþekkingu á notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði. Sú skipan hefur gilt til þessa og gefist vel.

Sú breyting sem óvart varð hér á mundi útiloka núsitjandi fulltrúa landbrn. frá störfum í nefndinni. Sú var ekki ætlunin. Rétt er enn fremur að benda á að í nefnd þeirri sem gerði tillögur að nýjum lögum um eiturefni og hættuleg efni var lögð til óbreytt fyrirkomulag varðandi skipan þessa fulltrúa landbrn. að öðru leyti en því að hann kæmi inn sem fullgildur nefndarmaður samkvæmt nýju lögunum í stað þess að taka eingöngu sæti í nefndinni þegar fjalla skyldi um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði, svo sem kveðið var á í eldri lögum.

Eins og af framansögðu má ráða hafa hér orðið mistök en sem betur fer er hægt að leiðrétta þau í tíma þar sem lögin öðlast ekki gildi fyrr en frá og með nk. áramótum hvað snertir starfsemi eiturefnanefndar.

Ég held það þurfi ekki að hafa fleiri orð um þetta frv., herra forseti, og legg ég til að því verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn. með beiðni um að málið fái skjóta afgreiðslu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 15 shlj. atkv.

Grunnskóli, 1. umr.

Frv. SalÞ o.fl., 31. mál (skólaráð). — Þskj. 31.

Flm. (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. forseti. Það frv. sem ég mæli hér fyrir og er á þskj. 31 er ekki nýtt af nálinni hér á hv. Alþingi. Ég hef flutt það tvisvar áður og fengið við það góðan stuðning í þessari hv. deild. Á síðasta þingi var flm. auk mín að þessu frv. hv. 5. þm. Norðurl. e. Valgerður Sverrisdóttir og nú hefur okkur bæst góður liðsauki því að auk okkar eru nú einnig meðflm. hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir, Margrét Frímannsdóttir og Guðmundur Ágústsson.

Frv. þetta fjallar um breytingu á lögum nr. 63 1974, um grunnskóla, með síðari breytingum, en eins og áður sagði hefur það verið flutt á tveimur seinustu þingum en ekki hlotið afgreiðslu og er því endurflutt nú með nokkrum breytingum.

Samstarfsnefnd ráðuneyta um fjölskyldumál, sem fyrrv. forsrh. Þorsteinn Pálsson skipaði í ágúst 1987 og skilaði áfangaskýrslu í ágúst sl. um skóla og dagvistarmál, fjallar um stjórn skóla í kafla 1.5. í þessari skýrslu. Þar eru gerðar till. um breytingar á lögum um grunnskóla sem lúta að starfsemi skólaráða, þ.e. það eru gerðar tillögur um þau sömu atriði og þetta frv. hefur fjallað um en með nokkrum breytingum.

Það var víðtæk samstaða innan þessarar samstarfsnefndar um tillögur hennar og þess vegna þótti flm. þessa frv. rétt að taka tillit til þessarar skýrslu og því er frv. flutt nú með þeim breytingum, sem samstarfsnefndin gerði á frv., er varða 1. og 3. gr. þess.

Breytingarnar varðandi 1. gr. eru þær að bætt er við síðustu mgr. þeirrar gr. sem varðar 20. gr. laganna um að fræðsluskrifstofur skuli hafa yfirlit um starfsemi foreldra- og kennarafélaga og stuðla að samstarfi þeirra innan fræðsluumdæmisins.

Tillaga samstarfsnefndarinnar um breytingar á 3. gr. frá upphaflega frv. er sú að fækka í þessu skólaráði. Tillaga nefndarinnar var sú að það skyldi aðeins skipað þremur mönnum og flm. þessa frv. töldu rétt að fallast á þessa breytingu og þess vegna er þetta frv. flutt þannig breytt nú.

Í grg. frv. kemur fram að samkvæmt grunnskóla-

lögum er grunnskólanum fyrst og fremst ætlað það hlutverk að mennta og fræða börn og unglinga. Síðustu áratugi hafa orðið miklar breytingar á þjóðfélagsháttum, ekki síst hvað varðar líf fjölskyldunnar. Atvinnuhættir hafa breyst og þátttaka kvenna í atvinnulífinu hefur aukist svo að nú stunda 80% þeirra atvinnu utan heimilis. Einnig hefur fjöldi barna sem dvelst hjá öðru foreldri sínu farið vaxandi og lætur nærri að um sjötti hver nemandi í bekk sé barn einstæðs foreldris.

Í kjölfar þessa fylgja ný viðhorf til hlutverks skóla. Nú er ætlast til að þeir sinni í ríkari mæli en áður ýmsum þáttum uppeldis og mótunar sem ekki falla beint undir hefðbundnar námsgreinar og fræðslu. Það kemur því í hlut grunnskólans að taka í auknum mæli að sér gæslu barna og jafnt líkamlega sem andlega umönnun þeirra.

Þessi þróun hefur í för með sér vaxandi þörf á tengslum milli heimila og skóla og raunverulegri samvinnu foreldra og starfsfólks skóla um uppeldi og skólastarf.

Sú breyting sem hér er lögð til á grunnskólalögunum er tilkomin í beinu framhaldi af vinnu sem unnin var af vinnuhópi sem hæstv. þáv. menntmrh. Ragnhildur Helgadóttir skipaði til að fjalla um „tengsl fjölskyldu og skóla".

Með grg. þessa frv. eru m.a. fskj. úr skýrslu þess vinnuhóps sem beinlínis fjalla um þennan þátt. En það voru niðurstöður vinnuhópsins að í raun og veru þyrfti aðeins eina lagabreytingu til að koma á nánara samstarfi foreldra og skóla og það er sú till. sem er flutt með þessu frv. Breytingin felst sem sagt í því að varðandi 20. gr. grunnskólalaganna þá skuli skólastjóri bæði hafa samráð við skólaráð og kennara við stjórn grunnskóla.

Þá er í 2. gr. frv. ákvæði um að 21. og 22. gr. núgildandi laga um að foreldrafélög og nemendaráð verði sameinuð í eina heildargrein, en ekki er gerð önnur efnisleg breyting á þessum lagagreinum en sú að lögð er aukin áhersla á eflingu samstarfs heimila og skóla.

Tilgangurinn með stofnun skólaráða er því að skapa sameiginlegan vettvang fyrir foreldrafélag, nemendur og kennara skóla.

Ég hef áður orðið vör við þann misskilning að með þessu frv. sé verið að gera foreldrafélögin óvirk eða óþörf, en ég vil taka það sérstaklega fram að það er alls ekki tilgangurinn með þessu frv. Það er miklu fremur verið að reyna að efla samstarfið milli foreldrafélaga og þeirra sem stjórna hinum daglega rekstri skólanna með því að tengja þau þannig hinum daglega rekstri að þau eigi fulltrúa í skólaráði sem hefur þá tækifæri til að fylgjast með hvernig starfsemi og rekstri skólans er háttað hverju sinni. Það er ekki gert ráð fyrir að slíkt skólaráð komi saman nema kannski þrisvar á ári, þ.e. að gert er ráð fyrir því í það minnsta þrisvar á ári, en ekki að þetta skólaráð sé kannski með fundi í hverri viku eða svo. Það mætti hugsa sér að skólaráð komi saman í upphafi skólaárs, á miðjum vetri og síðan í lok skólaárs til undirbúnings starfsins fyrir næsta ár.

Það er fjölmargt sem mælir með þessum tengslum foreldra við innra starf skólanna. Það er hægt að nefna atriði eins og slysavarnir, umferðaröryggi, og það þarf ekki að fjölyrða um það fyrir hv. þingdeildarmönnum að það eru einmitt börn og unglingar sem eru í stærstu áhættuhópunum hvað varðar slysin. Það er orðið mikið áhyggjuefni hve slys á börnum og unglingum eru orðin tíð hér á landi. Þau eru tíðari hér en í flestum öðrum löndum Evrópu og þótt víðar væri leitað. Það er rétt að taka það fram að það er unnið að slysavörnum af ýmsum aðilum, en það er augljóst að þetta þarf að ná til stærstu áhættuhópanna með því að virkja þá sjálfa, þ.e. börnin og unglingana eða nemendurna, og það yrði best gert með samvinnu foreldra, forráðamanna skóla og nemenda.

Það þykir ekki ástæða til að lögbinda stofnun foreldrafélags og nemendaráðs við hvern grunnskóla ef stofnun skólaráðs er gerð að skyldu, því að séu foreldrafélag og nemendaráð starfandi og skóli er af þeirri stærð sem leyfir kennararáð, þá er mikilvægt að auka samvinnu þessara aðila með setu fulltrúa í skólaráði.

Það er einnig rétt að taka fram að auðvitað gilda í þessum efnum aðrar aðstæður víða í dreifbýlinu heldur en hér á þéttbýlissvæðinu. Því er gert ráð fyrir að skóli sem telur ekki grundvöll fyrir stofnun skólaráðs geti sótt um undanþágu frá ákvæði þessara laga til menntmrn. og þá þurfa að liggja gildar ástæður fyrir þeirri undanþágu, t.d. varðandi smæð skóla. Ef yfirmönnum skóla í landinu er alvara í því að þeir vilji auka samstarf við heimilin, þá held ég að þeir hljóti að taka slíkri breytingu á grunnskólalögunum fagnandi með því að fulltrúar foreldra vilji leggja það á sig að taka sæti í slíku skólaráði til að fylgjast með og hafa möguleika á að koma á framfæri sínum hugmyndum eða athugasemdum þegar verið er að skipuleggja innra starf skólanna hverju sinni.

Ég sé ekki, hæstv. forseti, ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál. Það hefur áður fengið góða umfjöllun hér í þessari hv. deild og, eins og ég sagði í upphafi, víðtækan stuðning. Ég vænti þess að frv. fái greiða meðferð í hv. menntmn. sem væntanlega fær þetta frv. til umfjöllunar. Ég á því miður ekki lengur sæti í þeirri nefnd og get því ekki fylgst með starfi hennar, en vænti þess að málið fái þar greiðan framgang.

En að lokinni þessari umræðu, hæstv. forseti, legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Eins og 1. flm., hv. 6. þm. Reykn., gat um hefur þetta frv. áður komið til meðferðar hér á hv. Alþingi og á sér orðið mjög langan aðdraganda í tíð margra menntmrh. eins og gengur. M.a. kom þetta til meðferðar á síðasta þingi og fékk þá ágætar umræður hér í hv. Ed. en hlaut ekki neina efnislega afgreiðslu af hálfu hv. menntmn.

Það er rétt að geta þess í þessu sambandi að það mál sem hér er aðallega hreyft, þ.e. réttur foreldra til áhrifa, hefur verið mikið rætt að undanförnu og um það sem hugmynd eða hugmyndafræði út af fyrir sig er grundvallarsamstaða má segja í öllu skólakerfinu og hefur verið lengi. Þar eru hins vegar uppi eins og gengur mörg álitamál um það hversu langt eigi að ganga og í frv. eins og það liggur hér fyrir er ekki tekið á því þannig að tæmandi sé, enda er kannski ekki hægt að ætlast til þess vegna þess að sumt af því sem hér verður að taka á eru reglugerðaratriði, samráðsatriði við fræðslustjóra, skólastjóra. Skólaþróunardeild menntmrn. verður að koma þar við sögu og fleiri, enda er gert ráð fyrir því í 3. gr. frv. að menntmrh. setji reglugerð um störf og starfshætti skólaráðs og setji skólaráði erindisbréf.

Það sem ég á við með því sem óljóst kann að teljast í þessu frv. eins og það liggur fyrir, án þess að það sé galli sem ræður úrslitum um málið út af fyrir sig að mínu mati, er ákvæðið í 1. mgr. 3. gr. um að 23. gr. grunnskólalaganna orðist svo:

„Við hvern grunnskóla skal starfa skólaráð sem er stjórn skólans til ráðuneytis um innri mál hans, svo sem kennsluskipan, starfsáætlanir, skólatíma, slysavarnir og félagslíf í skólanum og fleira sem varðar daglega starfsemi skólans."

Mín spurning er þessi: Hvað þýðir „til ráðuneytis"? Hver er það sem á að ráða ef í odda skerst eða til tíðinda dregur og nauðsynlegt er að taka ákvarðanir í þessum málum sem ekki er kannski samstaða um í skólanum? Ég tel að í þeim efnum verði hins vegar að taka mjög skýrt á málum, t.d. ef stofnun af þessu tagi sem skólaráðið er á að fjalla um einstök atriði í kennsluháttum grunnskólans. Ég held að hv. þm. og aðrir sem um þetta fjalla verði helst að átta sig nákvæmlega á því hversu langt eða skammt á að ganga í þessu efni. Ég fyrir mitt leyti er ekki tilbúinn til að segja nákvæmlega til um hversu langt eða skammt á að ganga í þessu efni. Ég held að það sé hins vegar nauðsynlegt að hv. Alþingi geri sér ljóst að þegar svona mál yrði afgreitt með einhverjum hætti þarf að kveða skýrt á í þessum efnum vegna þess að ef svona mál eru óljós dregur það langan slóða á eftir sér og skapar vandamál inni í hverjum einasta skóla og kennslustofu í öllu landinu, og það er slæmt vegna þess að þetta eru viðkvæm mál. Þetta eru erfið mál sem snerta börnin og skiptir miklu máli að þar séu reglur eins skýrar og kostur er.

Í sambandi við þá vinnu sem nú stendur yfir varðandi endursamningu og ákvarðanir um aðalnámsskrá grunnskólans er lögð mikil áhersla á þátt foreldranna og að gengið sé eins langt og hægt er á grundvelli gildandi framhaldsskólalaga í þeim efnum. M.a. höfum við tekið um það ákvörðun að þegar gengið verður frá aðalnámsskrá grunnskólans til útgáfu, sem ég hef von um að verði í apríl í vor eða svo, verði nú þegar kallað í fulltrúa foreldrafélaga auk auðvitað fulltrúa kennarasamtakanna, fulltrúa Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands. Það eru ekki til nein samtök foreldrafélaga í landinu og þess vegna verðum við að fara þá leið að biðja skólaþróunardeildina um að velja eins og tvö foreldrafélög af handahófi, eitt í þéttbýli og annað í dreifbýli þar sem aðstæður eru ólíkar, til þess að starfa í samráðsnefnd við undirbúning að útgáfu og frágangi aðalnámsskrár grunnskólans.

Í þessari vinnu sem fram fer við undirbúning að aðalnámsskrá grunnskólans er lögð mikil áhersla á samvinnu og gagnkvæmt upplýsingastreymi milli heimila og skóla. Það er nokkuð sem er alveg ljóst að samrýmist að öllu leyti og er að öllu leyti eðlilegt, það er upplýsingastreymið milli heimila og skóla. Þar tel ég að sé sjálfsagt að leggja alveg tilteknar kvaðir á skólana, jafnvel ríkari en verið hafa. Síðan verður auðvitað að skýra betur í slíkri námsskrá hlut skólans í uppeldinu og reyna að draga fram skyldur skólans með hliðsjón af skyldum foreldranna að svo miklu leyti sem það er á færi reglugerðargjafans að taka ákvarðanir í þeim efnum.

Það er mat skólaþróunardeildar menntmrn. að eðlilegt sé að í aðalnámsskránni geti komið fram hvatning til foreldra um samvinnu en aðalnámsskráin sé hins vegar ekki réttur vettvangur til að skylda foreldra í þessu efni. Rökin fyrir því að lögð er áhersla á það í drögum að aðalnámsskrá, eins og þau liggja fyrir núna, að gert er ráð fyrir að þar komi fram hvatning til foreldra um samvinnu, eru m.a. þau að skólamenn í öllu landinu óska eftir því að aðalnámsskráin búi þannig að skólanum að foreldrarnir geti komið þar við sögu eins og kostur er.

Hins vegar er nauðsynlegt að velta mjög vandlega fyrir sér einstökum atriðum í þessu efni. Eiga foreldrarnir aðeins að fjalla um það sem má kalla ytri umgjörð skólastarfsins? Hver á hlutur foreldra að vera í fræðslu? Á skólinn að skipta sér af heimilishögum? Eiga foreldrar að hafa áhrif á val námsbóka? Eiga foreldrar að hafa áhrif á kaup á námsbókum? Eiga foreldrar að hafa áhrif á skipulag skólastarfs? Eiga foreldrar að hafa áhrif á kennsluhætti, bæði almennt og í einstökum atriðum? Eða á að einskorða áhrif foreldra við ytri mál eins og félagslíf, tómstundastörf, skólasvæðið o.s.frv.? Hvaða merkingu á að leggja í orðið ráðuneyti í þessu frv.? Allt þetta eru atriði sem þarf að skoða og við höfum tekið um það ákvörðun í menntmrn. að vinna að vissum lagfæringum á grunnskólalögunum. Það er ágæt samstaða um grunnskólalögin í grundvallaratriðum eins og þau eru, þann anda sem þar er um að ræða og þau grundvallaratriði sem þar er lögð áhersla á. Hins vegar eru lögin einfaldlega orðin fjórtán ára gömul og reynslan hefur fært okkur margt, nýjar upplýsingar, sem nauðsynlegt er að taka tillit til. Þess vegna er það almenn skoðun að athuga þurfi grunnskólalögin og einstaka þætti þeirra.

Ég vil þess vegna segja það, herra forseti, að ég tel að það sé mjög vel við hæfi að hv. Alþingi fjalli um grunnskólalögin og einstaka þætti þeirra. Jafnmikilvægt málefni og það er sem hér er hreyft á auðvitað að vera viðfangsefni þingsins.

Í þessari virðulegu deild voru flutt nokkur frv. um skólamál á síðasta þingi, m.a. myndarlegt frv. frá þingkonum Kvennalistans um þau mál sem hlaut ágæta umræðu í þinginu. Vafalaust er margt í þessum efnum sem hægt er að laga í skólastarfinu almennt án þess að þurfi að kosta þar til stórkostlegum nýjum fjármunum. En það er auðvitað sá stóri vandi sem skólakerfið stendur frammi fyrir að það kostar dálítið og það er erfitt að bæta þar við svo nokkru nemi. Þess vegna verðum við að reyna að finna leiðir til þess að bæta skólastarfið án verulega aukinna útgjalda.

Þessi hugmynd, sem er verið að fjalla um, þ.e. tengsl foreldra og skóla, er góð hugmynd. Við þurfum hins vegar að vanda okkur við það hvernig hún yrði útfærð.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Svo sem fram hefur komið er frv. ekki nýtt af nálinni. Það hefur nokkrum sinnum áður verið flutt í þessari hv. deild en ekki náð fram að ganga. Ég hef þá jafnan lýst nokkrum efasemdum um ágæti þess og mun enn gera það, enda þótt frv. sé nú nokkuð breytt.

Ég fæ ekki séð, eins og gert er ráð fyrir skipan mála í frv., að það hafi af sjálfu sér einhverjar umbætur í för með sér. Ég get tekið undir með hæstv. menntmrh. þegar hann fjallaði um 1. málsgr. 3. gr. frv., þ.e., með leyfi forseta: „Við hvern grunnskóla skal starfa skólaráð sem er stjórn skólans til ráðuneytis um innri mál hans, svo sem kennsluskipan, starfsáætlanir, skólatíma, slysavarnir, félagslíf í skólanum o.fl. sem varðar daglega starfsemi skólans.“ Ég held að með því fyrirkomulagi sem hér er lagt til að verði upp tekið sé í verulegum mæli verið að kippa burt starfsgrundvelli foreldrafélaganna við skólana vegna þess að þau annast nákvæmlega þessi mál sem hér eru upptalin sem verkefni skólaráðs. Ég held að það sé ekki til bóta að það séu tveir aðilar, annars vegar skólaráð og hins vegar foreldrafélag, að fjalla um sömu málin. Nú er það svo að foreldrafélög starfa sjálfsagt með mismunandi hætti og eru misvirk í starfi.

Svo vill til að ég var formaður í foreldra- og kennarafélagi eins grunnskólans hér í Reykjavíkurborg um þriggja ára skeið. Þar var starfað með þeim hætti að alla fundi stjórnar foreldra- og kennarafélagsins sátu skólastjóri og a.m.k. tveir kennarar. Þar var fjallað um þessi mál öll, starfsáætlanir, skólatíma, slysavarnir og félagslíf. Raunar var foreldrafélagið ásamt með nemendum þátttakandi í félagslífi skólans. Auðvitað var það svo að varðandi kennsluskipanina var stjórn foreldrafélagsins miklu frekar sem áheyrnarfulltrúi. Menn gátu látið sínar athugasemdir í ljós en höfðu þar ekkert ákvörðunarvald svo sem gefur auga leið. Í mínum huga er það auðvitað skýrt að það eru skólastjóri og kennarar fyrst og fremst sem taka ákvarðanirnar um skólastarfið þó auðvitað sé ekki bara gott og nauðsynlegt heldur mjög æskilegt að það gerist í góðu samstarfi við foreldrana og foreldrafélögin.

Ég sem sagt óttast að verði þessi háttur tekinn upp, sem frv. gerir ráð fyrir, séu í rauninni dagar foreldrafélaganna taldir vegna þess að þau hafa þá ekki lengur verkefni við að fást. Það er ekkert auðvelt að virkja fólk til þátttöku til starfs í þessum félögum. Það held ég að allir muni taka undir sem að þeim málum hafa komið. Það er hins vegar hægt og það hefur tekist og tekist ágætlega sums staðar. Og ég veit að það hefur orðið veruleg breyting t.d. á upplýsingaflæði frá skólunum inn á heimilin núna á síðustu árum.

Af því að hæstv. menntmrh. vék að því að ekki væru til samtök foreldrafélaga ... (**Menntmrh.:** Landssamtök.) Rétt. Landssamtök eru ekki til en svæðissamtök eru til, a.m.k. hér í Reykjavík, sem hafa tekið sér það einkennilega nafn sem ég gagnrýndi oft á fundum þeirra samtaka, það er þessi skammstöfunarárátta, og samtökin kalla sig SAMFOK, sem minnir mig satt að segja á eitthvað allt annað en Samtök foreldra- og kennarafélaga. Þau samtök hafa ekki verið mjög starfsöm. Ég hygg að starfsemi þeirra hafi aðallega verið fólgin í því að halda einn aðalfund á ári og einhverja blaðaútgáfu réðust þau í á sínum tíma sem ég held að hafi ekki haft neitt framhald. Það hafi orðið eitt tölublað eða svo.

Ég held hins vegar að það sé mjög brýnt að t.d. menntmrn. beiti sér fyrir því að stofnuð verði landssamtök foreldra- og kennarafélaga. Ég hygg að slík samtök séu til á öllum Norðurlöndunum og starfi þar af töluverðum þrótti. Ég held að það sé miklu nær að reyna að blása lífi í þá félagsstarfsemi og þau samtök sem þegar eru fyrir hendi í skólunum en að vera að búa til nýtt „apparat“ mætti kannski segja við hliðina á þessu sem á að sinna sömu verkefnum. Ég held að hér sé verið að bæta við báknið og ég hef ekki neina sannfæringu fyrir því að þessi breyting muni verða til bóta í íslenska skólakerfinu. Það er hægt að hlaða upp endalausum nefndum og ráðum en það skilar ekki alltaf tilætluðum árangri. Þess vegna lýsi ég miklum efasemdum um ágæti þessarar tillögu. Ég veit að sjálfsögðu að flm. gengur gott eitt til. Ég held hins vegar að þeir hafi farið inn á ranga braut og ég er jafnsannfærður um það og ég hef áður verið að með því að búa til nýtt ráð sem á að fjalla um sömu verkefni og foreldrafélögin gera er verið að gera þeim félögum mikinn ógreiða og nánast að lýsa því yfir að þeirra sé ekki lengur þörf og þau hafi ekki starfsvettvang eða starfsefni því ef skólaráð á að fjalla um alla þessa hluti sé ég ekki að foreldrafélögin þurfi að gera það líka. Ég held hins vegar að foreldrafélög séu miklu æskilegri vettvangur fyrir þetta starf en eitthvert þriggja manna skólaráð og ég held að við ættum að kappkosta að styrkja tengslin milli foreldrafélaganna og skólanna, milli heimilanna og skólanna, með því fyrst og fremst að styrkja foreldrafélögin og efla þau. Mér er fullkunnugt um það að þau félög hafa engin fjárráð og geta þess vegna ekki látið til

sín taka svo sem a.m.k. sum þeirra mundu óska. Nú endurtek ég það að þessi félög eru auðvitað ákaflega misvirk. Sums staðar starfa þau lítið sem ekki og annars staðar starfa þau mjög vel og af miklum þrótti.

Ég lýk þessum orðum, herra forseti, með því að ítreka efasemdir mínar um ágæti málsins, enda þótt flm. gangi vissulega gott eitt til.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Aðeins nokkur orð um þetta mál. Ég er meðflutningsmaður að því og sat í nefndinni þar sem þessi hugmynd kom upphaflega fram og var flutt sem ein af tillögum nefndarinnar að loknum störfum hennar. Þessari hugmynd hefur verið hreyft áður en er nú flutt í lítt breyttu formi vegna breyringartillagna annarrar nefndar.

Mig langaði til þess að segja nokkur orð um þær athugasemdir sem hér hafa fallið. Það er auðvitað alveg hárrétt hjá hæstv. menntmrh. að upplýsingastreymi milli heimila og skóla er afar nauðsynlegt til þess að styrkja sambandið þarna á milli. Það sem er hins vegar verið að leggja til hér er fyrst og fremst að skapa ákveðinn farveg fyrir aðild fulltrúa foreldra til að hafa áhrif á starf skólans. Og mig langaði ef hv. 3. þm. Vesturl. vildi leggja eyru við máli mínu ... Er hann í salnum, herra forseti? (**Forseti:** Hér í hliðardyrum.) Vegna þess sem hv. 3. þm. Vesturl. sagði vil ég vekja athygli hans á því að þó að einn fulltrúi foreldra fái slíka lögskipaða aðild að nýju skólaráði tel ég það á engan hátt veikja starf þess foreldrafélags eða þess hóps foreldra sem hlýtur að senda fulltrúa sinn. Eitt foreldri getur aldrei komið í stað heils foreldrafélags. Eitt foreldri, sem samkvæmt hugmyndum sem koma fram í þessu frv. á sæti í skólaráði, verður aldrei annað en fulltrúi hóps foreldra sem kýs að starfa til þess að hafa áhrif á þann skóla sem börn þeirra ganga í. Það er auðvitað alveg hárrétt hjá hv. þm. að foreldrafélög eru afar misvirk. Það kom einmitt fram í starfi nefndarinnar hversu miklu munaði um virkni foreldrafélaga. Sums staðar voru þau afkastamikil, sterk og áhrifarík og höfðu mjög jákvæð og styrkjandi áhrif á skólastarf. Annars staðar voru þau hreinlega ekki til. Það er nokkuð sem bæði foreldrafélög, skólar og jafnvel stjórnmálaflokkar ættu að huga að, það er afar erfitt að skipa fyrir um grasrótarstarf. Það er nefnilega oft eiginleiki grasrótarinnar að hún sprettur af sjálfu sér þó að vissulega megi styrkja hana og næra, hlúa að henni og auðvelda henni vöxtinn. (Gripið fram í.) Og jafnvel að gefa henni áburð, en betra væri að hafa hann lífrænan og ekki of mikinn því að hann getur orðið mengandi og drepið lífið í höfunum eins og við vitum.

Síðan vildi ég vekja athygli á öðru sem kemur fram í þeim hugmyndum sem hér eru kynntar, en það er einmitt lögskipað hlutverk nemenda. Þarna eru nemendur teknir inn sem virkir og ábyrgir aðilar til að hafa áhrif á starf síns skóla og það stendur skýrum stöfum — og nú finnst mér miður að hæstv. menntmrh. skuli hafa vikið sér frá til að hlusta á aðrar umræður. Kannski hann mundi koma í salinn ef hann má vera að, herra forseti.

Ég held áfram máli mínu á meðan ég bíð eftir hæstv. ráðherra. Það er auðvitað rétt að í raun þarf ekki að breyta lögum til þess að efla virkni foreldrafélaga og þátttöku þeirra til að hafa áhrif á skólastarf. Í raun má segja að það sé ekkert í lögunum eins og þau eru núna sem hindri það. En þetta er fyrst og fremst gert til að skapa ákveðinn farveg, ákveðinn ramma, og jafnvel að verka sem hvatning fyrir foreldra til þess að senda fulltrúa sinn inn í slíkan hóp eins og skólaráð mundi verða.

Ég held að leggja verði á það meginákerslu að þetta er ekki hugsað á þann veg að draga eigi úr starfi foreldrafélaga. Þvert á móti er það hugsað sem formlegur vettvangur fyrir foreldrafélög til að senda fulltrúa sinn inn til að hafa bein áhrif. Og það stendur skýrum stöfum að þetta ráð sé fyrst og fremst til ráðuneytis stjórn skólans, en stjórn skólans hlýtur áfram að fara með ákvarðanatöku um málefni skólans. Það hlýtur að vera akkur í því fyrir stjórnina að fá álit þeirra sem börn eiga í skólanum.

Mig langaði, hæstv. menntmrh., að víkja aðeins að þeim orðum sem féllu í umræðunni. Ég var að enda við að segja að þetta ráð er einungis hugsað sem ráðgjafi og ákvarðanataka um stjórn skólans hlýtur áfram að vera í höndum þeirra sem fara með stjórn skólans. Það var áhugavert að heyra að nú skuli fara fram endurskoðun á grunnskólalögunum, alla vega á einhverjum þáttum þeirra, og e.t.v. er einhverra breytinga að vænta í þeim efnum. Andi laganna er vissulega góður, en aðstæður til að framkvæma grunnskólalögin eru afar misjafnar og sums staðar mjög bágbornar. Þess vegna hafa þau reyndar ekki komist til framkvæmda þó að þau séu að mörgu leyti góð.

Ég varð samt dálítið hnuggin að heyra að þrátt fyrir þessa endurskoðun virðist enn ekki vera skilningur, jafnvel ekki með þessari ríkisstjórn jafnréttis og félagshyggju, á því að það er í raun og veru ekki spurning um að það sé dýrt þegar á að fjárfesta í menntun barna og uppeldi næstu kynslóðar. Það er í raun og veru ódýrt miðað við það hversu sú fjárfesting er mikilvæg. Ég vona að þessi yfirlýsing hæstv. ráðherra boði það ekki — (**Menntmrh.:** Hvaða yfirlýsing, hv. þm.?) Sú yfirlýsing að til standi ákveðnar breytingar, en þær megi því miður ekki kosta mikið. — að ekki verði reynt að ráðast í að koma á samfelldum skóladegi. Það kostar eitthvert fé, það er óhjákvæmilegt, en það er líka ómögulegt að bíða öllu lengur með slíkt. Við munum endurflytja það frv. sem hér var flutt í fyrra um breytingar á grunnskólalögunum um að koma á lengdum skóladegi og einsetnum skóla og ég vona að það fái jákvæðar undirtektir og að menn treysti sér til þess að hefja þær framkvæmdir. Auðvitað verða þær ekki unnar á einum degi eða einu ári jafnvel, en það verður að byrja. Ég vona að þessi ríkisstjórn beri gæfu til þess í það minnsta að byrja á því ef ekki að

ganga nokkuð langt til verks í þeim efnum.

Það sem hæstv. ráðherra sagði um hlutverk foreldra er auðvitað eitthvað sem er mjög nauðsynlegt að stjórnendur skóla, fræðsluyfirvöld og foreldrar ræði, en það hlýtur að vera hverjum skóla til happs ef foreldrar hafa áhuga á því að taka þátt í starfi skólans og að hafa áhrif á störf hans.

Margrét Frímannsdóttir:

Herra forseti. Ég kom hér fyrir rúmu hálfu ári síðan og lýsti yfir stuðningi við frv. sem hv. þm. Salome Þorkelsdóttir hafði þá lagt fram sama efnis og það sem hér er flutt aftur örlítið breytt. Það kom fram seint á síðasta þingi og mér fannst þá í umræðunni að sumir hv. þm. gæfu sér það jafnvel fyrir fram að frv. yrði aldrei afgreitt frá þinginu vegna þess hve það kom seint fram. Nú er ekki því að heilsa. Nú höfum við góðan tíma til þess að skoða frv. og afgreiða það. Ég lýsti því yfir þá að stuðningur minn við frv. var tilkominn vegna þess að ég hafði sem kennari og sem foreldri starfað í ráði eins og því sem hér er lagt til að verði sett á stofn, við grunnskóla á Stokkseyri. Það var þó ekki lögbundið, heldur frekar áhugamannahópur sem var afskaplega vel þeginn af kennrurum og skólastjóra skólans til þess að hafa með sér. Þetta ráð fjallaði einmitt um nákvæmlega þá þætti sem um getur í 3. gr. þessa frv.

Við vorum ráðgefandi, höfðum ekki beinan ákvörðunartökurétt en gátum tekið þátt í umræðu og í að móta stefnu skólans um innra starf hans. Sú reynsla sem ég fékk í þessum starfshópi, sem þá var kallaður svo, sem fulltrúi foreldrafélags og aftur seinna sem kennari við sama skóla, var mjög góð þannig að ég fagnaði því sérstaklega að fram kæmi frv. frá einum hv. þm. um þetta efni. Ég hafði reyndar hugsað mér ásamt kennurum grunnskóla Stokkseyrarhrepps að útbúa slíkt frv. en við sáum síðan að hv. þm. Salome Þorkelsdóttir hafði reyndar áður hreyft þessu máli.

Það er vissulega rétt sem kom fram hjá hæstv. ráðherra að þegar sett eru lög um slíka starfsemi sem þessa, innra starf grunnskóla, þarf að vanda til lagasetningar, en ekki bara þar heldur um allt annað sem ákveðið er um starfsemi grunnskóla landsins. Ég held hins vegar að það væri ekki rétt að setja lög um starfsemi foreldrafélaga. Starfsemi þeirra þrífst ekki öðruvísi en að hún sé sprottin af áhuga fólksins á því starfi sem fram fer innan grunnskólans og rétti þess til að ákveða hvernig slíkt félag skuli starfa.

Skólar landsins eru ákaflega misjafnlega útbúnir, bæði að tækjum, starfsliði og húsnæði og áhugasvið viðkomandi foreldrafélaga fer oft eftir því við hvaða skóla slíkt félag er starfandi, hvernig sá skóli er útbúinn. Hins vegar tel ég að með skólaráði eins og hér er talað um, og nefni það sérstaklega af því að 3. gr. hefur orðið að umræðuefni, meira en aðrar greinar þessa lagafrv., og á að vera til ráðuneytis um innra starf skólans, kennsluskipan, starfsáætlanir, skólatíma, slysavarnir og félagslíf í skólum, sé á engan hátt verið að ganga á starfsemi foreldrafélaga eða taka af þeim starfssvið vegna þess að í mörgum minni skólum, a.m.k. úti á landi, eru slíkir hópar nú þegar starfandi sem taka þátt í mótun einmitt þessara þátta, þó svo að blómleg starfsemi foreldrafélaga sé til staðar. Það að nemendur, kennarar og foreldrar eða fulltrúar þessara hópa starfi saman að því að skipuleggja innra starf skólans hlýtur að vera af því góða og fulltrúi foreldrafélags hlyti þar af leiðandi að flytja inn í slíkt samstarf það sem foreldrafélagið hefði til málanna að leggja varðandi þessa ákveðnu þætti.

Ég gerði það í fyrra að kynna það frv. sem þá var lagt fram fyrir starfsmönnum grunnskóla á Suðurlandi, bæði kennurum og skólastjórum, og einnig hafði ég samband við fulltrúa foreldrafélaga og sýndi nemendum úr nemendaráðum, sem oftast voru fulltrúar 9. bekkjar hvers skóla, þetta frv. Það kom ekki fram frá einum einasta aðila óánægja eða athugasemd, ekki einum einasta. Og ég kem hér enn og aftur til þess að lýsa stuðningi mínum við frv. og skora á þá hv. þm. sem eiga sæti í þeirri nefnd sem um frv. fjallar að afgreiða það fljótt og vel.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Það er nú aðeins örstutt. Mig langaði til þess að leggja nokkur orð í þessa umræðu og taka undir með hv. framsögumanni og ekki síður með hv. síðasta ræðumanni þar sem ég hef einnig, eins og hún talaði um, kynnt þetta frv. lítillega fyrir skólafólki og nemendum og ég hef ekki heyrt þær efasemdir sem hafa komið fram hjá hv. 3. þm. Vesturl. og jafnvel hæstv. menntmrh. um þetta mál. Eins tel ég ekki að þetta eigi að geta skaðað starf foreldrafélaga þar sem þetta er aðeins þriggja manna ráð. Mér finnst miklu frekar að þessi breyting, ef af verður, ætti að geta aukið upplýsingastreymið. Við vitum að það er af skornum skammti og hef ég meira að segja reynslu af því sjálf eftir að hafa verið leiðbeinandi við grunnskóla, lítinn grunnskóla á landsbyggðinni þar sem maður hefði búist við að upplýsingar ættu að geta borist auðveldlega milli foreldra og kennara þar sem allir þekkja alla. En því miður varð maður oft var við það að einhver tortryggni var þarna á milli. Ég tel að með því að lítill hópur, sem er þrír aðilar, komi saman og fjalli um þessi mál geti einmitt komið fram ýmis sjónarmið sem ekki komi fram þegar foreldri talar við barn sitt. Ég lít svo á að það geti einmitt víkkað sjóndeildarhringinn, ef svo má segja, að foreldri tali við annað barn um málefni skólans og kennari sé þar einnig viðstaddur.

Sem sagt, ég styð þetta mál eins og ég gerði í fyrra og ég held að sú breyting sem gerð hefur verið á því sé frekar til bóta. Ég sit í hv. menntmn. þessarar deildar og þar munum við að sjálfsögðu fjalla frekar um málið og fá aðrar umsagnir sem það varða. Ég tek undir með hv. þingdeildarmönnum sem hér hafa talað, það er alltaf viðkvæmt þegar verið er að breyta í skólakerfinu, grunnskólalögum og málefnum sem snerta skólann. En mér finnst að málið

sé gott mál og vona að það nái fram að ganga.

Flm. (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég hefði talið æskilegt að hæstv. menntmrh. sæi sér fært að vera viðstaddur þessa umræðu, ekki síst með tilliti til þess að hann hefur sjálfur tekið þátt í henni. Eftir því sem næst verður komist hefur hann sýnt þessum málum áhuga og þess vegna hefði ég viljað óska eftir því við hæstv. forseta að hæstv. menntmrh. væri hér viðstaddur. (**Forseti:** Á dagskrá hv. Nd. er frv. um námslán og námsstyrki og hæstv. menntmrh. mun vera bundinn við umræðu um það mál.) Mér þykir miður að heyra, hæstv. forseti, að hæstv. menntmrh. sé upptekinn í hv. Nd. Það er kannski matsatriði hvort er mikilvægara, grunnurinn að allri menntun barna, þegar verið er að ræða um grunnskóla, eða námslánin því að ef ekki er góð undirstaðan í grunnskólanum er kannski hætta á því að lítið verði um þörf fyrir námslán seinna á ævinni. Ef hæstv. ráðherra er sjálfur í ræðustóli get ég náttúrlega ekki gert þá kröfu að hann komi þaðan á meðan svo stendur á og því mun ég reyna að fjalla um það sem hefur komið fram í umræðum annarra en hæstv. ráðherra.

Ég vil byrja á því að þakka hv. þingdeildarmönnum sem hafa tekið til máls um frv., sérstaklega þeim meðflm. mínum, hv. 6. þm. Reykv., 4. þm. Suðurl. og 5. þm. Norðurl. e. Þeirra góði stuðningur við frv. kemur mér ekki á óvart, enda væru þær ekki meðflm. ef svo hefði ekki verið. En í raun og veru kemur mér kannski ekki heldur á óvart afstaða hv. 3. þm. Vesturl. Ég skal viðurkenna að það olli mér ofurlitlum vonbrigðum að hann hefur ekki breytt afstöðu sinni til þessa máls þrátt fyrir þær breytingar sem gerðar voru á frv. því ég skal viðurkenna það að þegar ég var að endurskrifa frv. með þessum breytingum varð mér hugsað hlýlega til hv. 3. þm. Vesturl. og ég hugsaði sem svo að nú væri búið að koma til móts við þær athugasemdir sem hann hafði fyrst og fremst að gera við frv. og endurtók reyndar nú. Eitt af þeim aðalatriðum var það að verið væri að búa til nýtt bákn við skólana, en þriggja manna skólaráð getur tæplega talist vera bákn þar sem aðeins er um að ræða að bæta inn einum aðila sem ekki starfar við skólann, sem er foreldrið. Aðrir aðilar í skólaráðinu eru starfandi skólamenn því ég vil leyfa mér að telja nemendur starfandi skólamenn.

Þess vegna hafði ég búist við því að það kæmi einn jákvæður punktur frá hv. 3. þm. Vesturl., að hann mundi fagna því að nú væri þetta ekki lengur bákn, heldur væri þetta aðeins þriggja manna skólaráð. En það er ekkert við því að gera. Hver og einn hefur leyfi til að hafa sína skoðun. Hann er enn þá í jafnmiklum vafa um ágæti frv. Hann telur að það sé verið að setja þetta til höfuðs foreldrafélögunum. Hann óttast að dagar foreldrafélaganna séu taldir ef frv. verður að lögum.

Ég endurtek einu sinni enn að þetta er á miklum misskilningi byggt. Það kom reyndar fram í máli hv. þm. sem töluðu hér áðan að þær staðfestu báðar að hér væri einmitt verið að styrkja starfsemi foreldrafélaganna með því að lögbinda aðild eins foreldris í skólaráði til þess að vera til ráðuneytis um innra starf skólanna. Það er dálítill munur á því eða þegar verið er að tala um starfsemi foreldrafélaga sem ég vil enn og aftur endurtaka að eru mjög þýðingarmikil við hvern skóla. Ég get tekið svo djúpt í árinni að segja að góð og virk foreldrafélög séu í raun og veru lífakkeri skóla. En því miður er það svo að starfsemi foreldrafélaga er mjög mismunandi. Við sama skólann getur jafnvel verið mjög virkt og gott foreldrafélag eitt árið sem lognast síðan út af næsta árið og jafnvel starfar ekki. Þannig hefur reynslan verið.

Þetta segi ég vegna þess að þessi vinnuhópur, sem skilaði skýrslu á sínum tíma og vitnað er til í frv., hélt fundi bæði með forráðamönnum foreldrasamtakanna í Reykjavík — sem hv. 3. þm. Vesturl. nefndi hér áðan, SAMFOKs — stjórn þess og skólastjórum sem hafa reynslu af mjög virkum foreldrafélögum og mjög óvirkum foreldrafélögum. Þessi mál voru mjög ítarlega rædd fram og aftur í nefndinni og það væri fróðlegt að hv. þm., sem áhuga hefðu, fengju að lesa fundargerðir vinnuhópsins því að þær eru allar til sérprentaðar. Þar gætu menn komist að raun um hvernig viðhorfin voru til þessara mála.

Nefndin tók skýrt fram og reyndar tíundar það hvernig góð foreldrafélög starfa við hina ýmsu skóla og hve miklu góðu þau hafa komið til leiðar. En eins og áður sagði: Það hefur ekki þótt rétt að lögbinda þau eins og hér kom fram. Ég held að það hafi verið hv. 4. þm. Suðurl. sem minntist einmitt á það að frumkvæðið yrði að koma frá foreldrunum sjálfum.

En þarna er sem sagt verið að tryggja það að foreldrar séu a.m.k. samábyrgir um innra starf skólanna með því að eiga fulltrúa sem getur fylgst með og verið til ráðuneytis um skólastarfið. — Nú hefði mér þótt vænt um ef hægt væri að kanna hvort hæstv. menntmrh. er enn þá upptekinn í framhaldi grunnskólans í hv. Nd. (**Forseti:** Hæstv. menntmrh. hefur verið látinn vita af því að hans sé óskað hér, en ég skal ekki segja hvort hann kemur.) Þá ætla ég að leyfa mér aðeins að halda áfram.

Það hefur verið minnst hér á samfelldan skóladag og þýðingu hans sem var eitt af meginviðfangsefnum þessa margumræddа vinnuhóps. Það er hægt að segja þau gleðilegu tíðindi að nú er svo komið frá því að þessi vinnuhópur tók til starfa og til dagsins í dag — það eru kannski 4–5 ár síðan, a.m.k. frá því að við skiluðum skýrslunni — þá er svo komið að nú vantar víðast einungis herslumuninn til að ná þessu marki því að stærsti hluti grunnskólabarna býr við samfelldan skóladag. Hins vegar er annað atriði sem er ekki síður þýðingarmikið og er ekki komið í nógu gott horf og það er að skóladagurinn er enn of skammur, einkum hjá yngstu börnunum. Þetta er staðfest í samantekt samstarfsnefndarinnar, sem ég minntist hér á, samstarfsnefndar ráðuneyta um fjölskyldumál.

Ég gat þess ekki hér áðan hverjir hefðu verið í þessari samstarfsnefnd ráðuneyta um fjölskyldumálin, en það hefði kannski verið rétt að gera það, fá þau nöfn hér skjalfest. Í þessari nefnd sátu Inga Jóna Þórðardóttir sem var formaður, Bessí Jóhannsdóttir, Jóna Ósk Guðjónsdóttir, Lára V. Júlíusdóttir og Þrúður Helgadóttir. Eins og ég gat um í upphafi var ástæðan fyrir því að ég breytti frv. eftir þeirra tillögum einmitt þetta víðtæka samstarf sem náðist í þessari samstarfsnefnd ráðuneytanna.

En það bólar ekki á hæstv. ráðherra. Ég hefði svo sannarlega viljað ræða þessi mál við hann. Mér þótti það að vísu dálítið út í hött, en í raun og veru sýndi hann okkur sem flytjum þetta frv. mikið traust með því að spyrja okkur hvað átt sé við með 3. gr., um að við hvern grunnskóla skuli starfa skólaráð sem sé stjórn skólans til ráðuneytis um innri mál hans. Hann hafði nokkuð mörg orð um það að þarna væri mjög viðkvæmt mál á ferðinni. Ég get auðvitað tekið undir það, en mér finnst þetta koma svo skýrt fram í frv., eins og hv. 6. þm. Reykv. kom inn á, að það er í raun og veru 1. gr. sem kveður á um þetta, að skólastjóri stjórnar starfi grunnskóla í samráði við kennara og skólaráð undir yfirstjórn menntmrn., fræðsluráðs, fræðslustjóra og skólanefndar eftir því sem nánar segir í lögum og reglugerðum sem settar verða. Og það er tekið sérstaklega fram að menntmrh. er falið það vald að setja reglugerð um störf og starfshætti skólaráðs og setja skólaráði erindisbréf. Þannig að ef hæstv. ráðherra hefur áhyggjur af því hvað sé að baki frv. getur hann lagfært þá annmarka í reglugerð og með erindisbréfi fyrir skólaráð.

Er hæstv. ráðherra enn þá í námslánunum? (**Forseti:** Já. Óskar hv. flm. þá eftir því að fresta ræðunni?) Nei, hæstv. forseti. Ég held að ég fari ekki að gerast svo djörf varðandi þetta mál. Ég veit að þetta mál verður í góðum höndum hv. menntmn. sem væntanlega fær það til meðferðar og umfjöllunar.

Ég vil leyfa mér að ítreka það sem hv. 4. þm. Suðurl. sagði hér í sinni ræðu á sl. vori þegar hún talaði til stuðnings þessu frv. án þess að vera meðflm.. Hún óskaði eftir því að þetta mál færi á einum spretti í gegnum þingið. Hún var svo bjartsýn þá og ég gat ekki betur heyrt en að hún væri jafnbjartsýn nú yfir því að þetta mál fengi góðan framgang og ég treysti því að svo muni verða.

Ég ítreka þakkir mínar til meðflm. að þessu frv. og þakka þann víðtæka stuðning sem frv. hefur fengið. Ég efast ekki um að allflestir hv. þingdeildarmenn geri sér grein fyrir því að það er sameiginlegt hagsmunamál foreldra og skólamanna að auka samábyrgð þessara aðila um börnin.

Karl Steinar Guðnason:

Hæstv. forseti. Frv. sem hér liggur fyrir er kunnugt deildarmönnum og var allmikið rætt á síðasta þingi. Ég hugsaði mikið um þetta mál þá. Ég er kunnugur skólamálum, ég var við kennslu mjög lengi og velti þessu máli þá fyrir mér. Ég verð að játa það að ég tel að ef þetta frv. yrði samþykkt, þá yrði einni silkihúfunni komið á í viðbót. Ég tel að svo verði. Ég velti fyrir mér spurningum t.d. varðandi skóla þar sem ég þekkti vel til. Þar eru nemendur frá 6–11 ára, svo flytjast þeir upp í annan skóla sem heitir líka grunnskóli. Eiga börnin sem þar eru að vera í skólaráði? Það gæti alveg eins orðið 6 ára barn eins og 11 ára þess vegna. Ég velti því líka fyrir mér hver eigi að skipa foreldri þar sem ekki er foreldrafélag. Þá mætti svara því til að allir foreldrar yrðu kallaðir til, en það er meiri háttar aðgerð að gera slíkt. Það eru ýmis vafaatriði sem velkjast fyrir mér varðandi þetta. Ég hafði samband við allnokkra skólamenn um þetta í fyrra og þeir voru neikvæðir í þessu. Ég var nú reyndar ekki við umræðuna áðan, en mér heyrðist það á seinni umræðum að spurt hafi verið um það hvert yrði hlutverk skólastjóra. Það segir í 1. gr. að þetta ráð skuli starfa í samráði við skólastjóra. Samráð er vissulega gott sé það heilt og vel útfært, en samráð getur orðið svo mikið að af því skapist stjórnleysi og er ég allra manna mest á móti slíku.

Ég vildi gera grein fyrir þessum hugleiðingum mínum. Nú gætu svörin við þessu komið fram í nefnd, en almennt séð sem fyrrverandi skólamaður held ég að þetta sé ekki til bóta. Við eigum ekki að samþykkja hvers konar nefndir og ráð og ráð og nefndir endalaust bara til þess að koma á fót ráðum og nefndum ef við erum ekki viss um að það þjóni þeim tilgangi að bæta skólastarf eins og í þessu tilfelli hljóta að vera hugleiðingar um. Ég er sannfærður um það að þetta mál er flutt af góðum hug og þeirri skoðun flm. að þetta verði til bóta. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að þessu sé ofaukið og því læt ég hana í ljós.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Ég get ekki sagt að það hafi komið mér sérstaklega á óvart þó þrír hv. meðflm. hv. 6. þm. Reykn. hafi komið og lýst stuðningi við málið. Ég var nú satt að segja alls ekki hissa á því. Mér fannst það svo sem ósköp eðlilegt. (Gripið fram í.) Nei, en fyrir þetta var þakkað mjög rækilega hér áðan og það er auðvitað sjálfsögð kurteisi.

En ég neita því ekki að það flögruðu í hug mér sams konar hugleiðingar og hv. 9. þm. Reykn. nefndi hér áðan. Ef fulltrúi nemenda á að eiga sæti í skólaráði, svo sem hér er gert ráð fyrir, þá eru þeir skólar til — og þeir eru ekki bara til í Reykjaneskjördæmi sem hv. 9. þm. Reykn. nefndi — þeir eru til í Reykjavík líka, þar sem börn eru á aldrinum frá 6–12 ára. Nú skal allt gott um það sagt að hafa samráð og gott náið samband við börn og nemendur, en er það hugsun flm. að þarna geti kannski 7 ára nemendur, 8, 9, 10 eða 11 ára komið inn í þetta skólaráð? Það yrði að vera þannig í þessum skólum. Ég bara spyr hvort hv. flm. séu í alvöru að tala um þetta. Vissulega háttar svo til í flestum grunnskólum, sem eru óskiptir að þar er 9. bekkur og það

má segja sem svo að það væri afar líklegt að fulltrúi í slíkt skólaráð, ef stofnað yrði, veldist úr 9. bekk. (**SalÞ:** Ætli það ekki?) En það er ekkert í þessu frv. sem segir að þessi fulltrúi nemenda eigi að vera úr 9. bekk. Hann getur allt eins verið úr 7., 8. eða jafnvel einhverjum öðrum bekk. Ef það er hugsun flm. að það eigi að vera nemandi úr 9. bekk, þá á auðvitað að segja það. Ég veit ekki hvernig hv. flm. hugsa sér þetta í þeim skólum þar sem er ekki nema 6. bekkur, þar sem nemendurnir flytjast burt í annan skóla til að ljúka 7., 8. og 9. bekk.

Og vegna þess að hér hefur mikið og óspart verið vitnað í skólamenn og jákvæðar undirtektir þeirra, þá er það nú ekki einhlítt. Og ég skal játa það og viðurkenna hér að mín afstaða til þessa máls mótaðist mjög á fundi fyrir líklega þremur árum þar sem ég kynnti þetta mál sérstaklega sem nýlagt fram hér á hinu háa Alþingi. Mín afstaða mótaðist mjög af þeim viðtökum og þeirri gagnrýni sem það fékk hjá skólastjóra og kennurum þess skóla þar sem það mál var kynnt. Það er ekkert samdóma álit skólamanna að það sé til bóta að búa til nýtt nefndakerfi við alla skóla landsins sem á að gera það sama og foreldrafélögin eru nú að gera. Þær röksemdir, sem skólastjóri og kennarar fluttu á þessum fundi sem ég sótti, nægðu alveg til að sannfæra mig um að hér væri verið að fara inn á rangar brautir. Ég segi kannski ekki að það sé verið að búa til hverja silkihúfuna af annarri, eins og hér var tekið til orða áðan, en ég held einfaldlega að verið sé að fara inn á rangar brautir. Ef þetta skref verður stigið, sem ég vona sannarlega ekki þar sem ég tel það rangt, er beinlínis verið að gera foreldrafélög í skólum þar sem þau starfa vel meira og minna óvirk, þó ekki hvarfli að mér að það sé ætlan flm. Ef annað ráð kemur við hlið foreldrafélagsins og á að sinna sömu verkefnum, þá er það mjög óskynsamleg ráðagerð. Ég held að við bætum ekki ástand í skólamálum með því að samþykkja þetta frv. vegna þess að með því erum við að fara inn á rangar brautir og engin rök hafa komið fram í þessu máli sem sannfært hafa mig um að verið sé að gera rétt með þessu.

Flm. (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég hafði nú ekki reiknað með því að koma hér aftur og svara hv. 3. þm. Vesturl. en hv. 9. þm. Reykn. gaf mér einnig tilefni til þess að segja nokkur orð til viðbótar vegna hans athugasemda við frv.

Ég vil taka það fram að ekkert er við því að gera ef hv. þingdeildarmenn eru svo bjargfastir í trú sinni að frv. sé ekki af hinu góða fyrir skólann. Þá hljóta þeir náttúrlega að óska þess að það verði ekki samþykkt, eins og hv. 3. þm. Vesturl. kom hér inn á. Hann taldi að hér væri ekki verið að fara inn á réttar brautir. Vinnuhópurinn, sem mig minnir að hafi starfað í tvö ár, fjallaði um þessi mál fram og aftur, mánuð eftir mánuð, og tók allt landið fyrir, bæði þéttbýli og dreifbýli, og ef við í nefndinni hefðum ekki verið sannfærð um réttmæti frv. í þessum víðtæka vinnuhópi, sem ég vil leyfa mér að nefna svo, hefðum við aldrei lagt til að það yrði flutt. Það var einungis gert vegna þess að við komumst að þeirri niðurstöðu að til þess að treysta og efla samstarf foreldra um innra starf skóla væri það eina ráðið að lögbinda slíkt skólaráð. Og ég er algerlega ósammála hv. 9. þm. Reykn. um að þetta sé ein silkihúfan í viðbót.

Það var farið að gera því skóna hér að sumir grunnskólar, sem væru með nemendur frá 6–12 ára aldurs, færu kannski að velja fulltrúa nemenda úr 6 ára bekk í ráðið. Ég verð nú bara að leyfa mér að segja það að ef 6 ára gamall nemandi er svo bráðþroska, hann gæti verið það, væri allt í lagi að leyfa honum að sitja í nemendaráði og þjálfa hann upp í að taka ábyrgð í skólastarfi. Nú sé ég að hv. 3. þm. Vesturl. brosir í kampinn. Þetta fannst honum víst ekki skynsamlega sagt, en ég stend við það sem ég sagði. Það er ekki aldurinn sem skiptir máli. Hitt vil ég benda á að gert er ráð fyrir því í frv. að þar sem ekki er talinn grundvöllur fyrir stofnun skólaráðs sé hægt að sækja um undanþágur, og það mætti hugsa sér að skóli sem ekki hefði eldri nemendur en 6–11 ára teldi ekki ástæðu til þess að hafa skólaráð. Hins vegar gæti þá hinn hluti grunnskólans, sem hlýtur að vera einhvers staðar til og er fyrir nemendur að 9. bekk, fundið fulltrúa til þess að sitja í skólaráði. Svo að það er gert ráð fyrir þessum undantekningum. Það er útgönguleið hv. 3. þm. Vesturl.

En ég er ánægð að sjá að hæstv. menntmrh. er nú kominn aftur niður í grunnskólann og til okkar hér í hv. Ed. Það voru aðeins örfá atriði sem hann kom hér inn á og ég var að vísu búin að svara að honum fjarstöddum, en ætla að leyfa mér að endurtaka það. Það sem vafðist fyrir hæstv. ráðherra og hann spurði um, sem kom mér í raun og veru nokkuð á óvart, var hvernig flm. hugsuðu sér að þessi réttur foreldra til áhrifa væri, þetta um að vera til ráðuneytis. Ég svaraði því hér áðan að mér finnst þetta liggja svo augljóslega fyrir því að í raun og veru er þessu svarað í 1. gr., þar sem talað er um að skólaráðið eigi að vera í hópi þeirra aðila sem eru til samráðs fyrir skólastjórann um starfsemi skólans, og svo jafnframt í 3. gr., þar sem gert er ráð fyrir því að sjálfur hæstv. menntmrh. setji reglugerð og erindisbréf fyrir skólaráðin. En auðvitað er þetta fyrst og fremst hugsað til ráðuneytis, til þess að fylgjast með hvernig skólastarfinu er háttað og til þess að hafa áhrif. Ég lít ekki svo á að slíkt skólaráð séu til höfuðs skólamönnum, eins og virðist hvarfla að sumum hv. þingdeildarmönnum sem hér hafa talað að menn séu tortryggnir út í svona skólaráð. Ég lít alveg þveröfugt á þetta. Skólaráð er einmitt hugsað til þess að aðstoða og hjálpa skólamönnum til þess að búa sem best að börnum þeirra í skólunum, þetta er sameiginlegt hagsmunamál.

En ég vil samt sem áður þakka hæstv. ráðherra fyrir hans áhuga á þessu máli og ég efast ekki um að hann muni vera því velviljaður og setja góða reglugerð og gott erindisbréf fyrir slíkt skólaráð ef við

verðum svo heppin að frv. verði að lögum, þrátt fyrir að einhver andstaða sé við það á hv. Alþingi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

8. fundur, miðvikudaginn 2. nóv., að loknum fundi í Sþ.

Hvalveiðibann, frh. 1. umr.

Frv. HJ og AðB, 29. mál. — Þskj. 29.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til sjútvn. með 32 shlj. atkv.

Getraunir, 1. umr.

Stjfrv., 57. mál. — Þskj. 59.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á lögum um getraunir nr. 59 29. maí 1972. Frv. þetta um breytingu á lögum um getraunir er flutt að beiðni stjórnar Íslenskra getrauna sem starfa að íþróttagetraunum skv. lögum um getraunir frá 1972, eins og fram hefur komið.

Meginefni þessa frv. felst í 2. gr. frv. þar sem fjallað er um hvert skuli vera hlutfall vinninga í getraunastarfseminni miðað við heildarsöluverð miða. Samkvæmt lögum er það nú 50% eða helmingur, en lagt er til að því verði breytt. Verður ákveðið að það skuli ekki vera minna en 40%. Er það sama vinningshlutfall og verið hefur í talnagetraunum Íslenskrar getspár.

Íslenskar getraunir hafa nú starfað óslitið í liðlega hálfan annan áratug og verið einhver öflugasti stuðningsaðilinn við íþróttahreyfinguna í landinu. Starfið hjá Getraunum hefur byggst á ósérhlífinni sjálfboðavinnu einstakra félagsmanna í íþrótta- og ungmennafélögum um allt land. Allir sem til þekkja innan íþróttahreyfingarinnar eru sammála um að mikilvægi þessarar starfsemi sé ótvírætt.

Það urðu mikil kaflaskipti í rekstri Íslenskra getrauna þegar Íþróttasamband Íslands, Ungmennafélag Íslands og Öryrkjabandalagið hófu samstarf um rekstur talnagetrauna eða lottós eins og alkunna er. Að sönnu hafði það áhrif á rekstur Íslenskra getrauna þegar lottó 5/32 hóf starfsemi, enda hefur lottóið verið eignaraðilum sínum drjúg tekjulind.

Aðstandendur Íslenskra getrauna hafa því í ljósi breyttra aðstæðna á þessum vettvangi leitað að leiðum til að tryggja mætti betri afkomu fyrirtækisins. Nú er svo komið að tekist hefur gott samstarf milli Íslenskra getrauna annars vegar og Íslenskrar getspár hins vegar, sem nú rekur lottó 5/38, og ætti þetta samstarf að koma báðum þessum aðilum til góða.

Ljóst er að Íslensk getspá hefur lagt í talsverða fjárfestingu í hinu öfluga tölvukerfi sem allir landsmenn þekkja. Allar rannsóknir sem gerðar hafa verið um nýtingu á tölvubúnaði sem þeim er hér um ræðir leiða í ljós að mun betri nýting fæst út úr fjárfestingunni eftir því sem fleiri leikir eru hafðir í kerfinu.

Eins og þegar hefur komið fram hafa Íslensk getspá og Íslenskar getraunir nú komið á samstarfi sín á milli og munu getraunirnar nota sölu- og tölvukerfi Íslenskrar getspár.

Undirbúningur fyrir gangsetningu hins nýja leiks, Íþróttagetrauna, hefur gengið vonum framar. Til að tryggja afkomu Íslenskra getrauna er hins vegar talið nauðsynlegt að breyta lögum um getraunir frá árinu 1972 svo að Íslenskar getraunir geti sinnt hlutverki sínu eins og það er samkvæmt lögum frá sama ári. Varðar það eins og áður segir fyrst og fremst breytt vinningshlutfall.

Kostnaður við að tengja sölu- og tölvukerfi Íslenskrar getspár er allnokkur. Er það von forráðamanna getraunanna að þessi breytta tilhögun efli stöðu þeirra.

Það er rétt að taka fram að með þessum breytingum breytist sölukerfi getraunanna verulega. Eins og kunnugt er hefur sölukerfið til þessa fyrst og fremst byggst á áhugasömu liði innan íþróttahreyfingarinnar og íþróttahreyfingin notið ríflegra sölulauna í krafti þessa. Nýja kerfið flytur hina eiginlegu sölu í tölvutengda sölukassa Íslenskrar getspár. Við það hverfa bein sölulaun íþróttahreyfingarinnar að mestu. Til að mæta þessu er fyrirhugað að efla áhuga á getraunastarfseminni innan íþróttahreyfingarinnar með því að gefa þátttakendum kost á því að heita á einstök íþróttafélög og verði fjöldi áheita á félag vísbending til ÍSÍ og UMFÍ um ráðstöfun hagnaðarhluta þeirra af getraunastarfseminni.

Það er rétt að taka fram að fyrirhugað er að taka hið nýja kerfi í notkun nú um mánaðamótin því að sölustarfsemi hefur hafist og er gert ráð fyrir að fyrsti leikurinn fari fram nk. laugardag.

Æskilegt er að hið breytta vinningshlutfall geti komið til framkvæmda hið allra fyrsta. Allur undirbúningur hefur við það miðast. Það er því ósk mín til hv. þingnefndar, sem frv. þetta fær til meðferðar, að því verði hraðað svo sem nokkur kostur er.

Að því er varðar fyrri grein frv. er sú breyting sem þar er lögð til minni háttar. Er þar lagt til að úr lagagreininni verði felld ákvæði um talnagetraunir

sem nú er fjallað um í sérstökum lögum. Þá er lagt til að greinin verði aðlöguð hinu nýja sölukerfi þar sem sala getraunaseðla mun nú ekki fara fram fyrr en við afhendingu útfyllts getraunaseðils, en til þessa hafa getraunaseðlarnir verið seldir áður en útfylling fer fram.

Herra forseti. Efni þessa frv. er ekki margbrotið. Það ætti því þess vegna ekki að þurfa að taka langan tíma að taka afstöðu til þess. En eins og ég hef áður sagt er það Íslenskum getraunum og íþróttahreyfingunni í heild mikið kappsmál að þetta mál fái sem skjótasta meðferð og afgreiðslu hér á Alþingi.

Ég vil að lokinni þessari umræðu leggja til að málinu verði vísað til hv. allshn.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Ég vil gjarnan taka undir það með hæstv. ráðherra að það sé ástæða til að greiða fyrir þessu frv. í gegnum þingið og hef ekkert við það að athuga sem hann sagði um þetta mál.

Ég vil hins vegar vekja á því athygli að þessi starfsemi hefur fengið kveðju frá hæstv. ríkisstjórn með því fjárlagafrv. sem lagt var fyrir Alþingi í gær, en í fylgigögnum með því er gert ráð fyrir að á þessa starfsemi leggist 12% söluskattur. Þetta eru kaldar kveðjur til þess fólks og þeirra samtaka sem hafa byggt afkomu sína að verulegu leyti á þeirri starfsemi sem hér um ræðir, þ.e. getraunastarfsemi, en þessi skattur á einnig að leggjast á sölu happdrættismiða og sá skattur verður því lagður bæði á þá starfsemi sem á að standa undir íþróttastarfsemi í landinu og framkvæmdum á vegum öryrkja. Um leið og þetta frv. er lagt fram fá þessi samtök því kaldar kveðjur.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir til laga um breytingu á lögum um getraunir er fyrst og fremst liður í nútímavæðingu getrauna, en um langt árabil hefur íþróttahreyfingin staðið fyrir því að selja getraunaseðla og menn hafa gert það í sjálfboðavinnu. Ég er einn af þeim mörgu sem hafa um árabil selt slíka miða og margir af félögum mínum hafa gert það í fjölda ára. Þetta hefur verið ómetanleg búbót fyrir íþróttafélög um allt land því að það hafa verið fyrst og fremst íþróttafélög og ungmennafélög um landið sem hafa fengið þessar tekjur. Hefur þetta verið það sem hefur haldið starfseminni gangandi víða og orðið til þess að hægt væri að halda uppi fjölbreyttu íþróttastarfi.

Forsaga þessa máls er sú að félög á Reykjavíkursvæðinu, ef ég man rétt, KR, Víkingur og Valur, stóðu að getraunum fyrir fjölda ára og það var vísirinn að því sem er nú. Síðan var haft frumkvæði að því að koma getraunum á nýjan grundvöll, undir forustu m.a. formanns Borgfl. Alberts Guðmundssonar á sinni tíð, sem hefur æ síðan verið ríkur þáttur í fjáröflun þessara félaga. Það er því svo að ég vil styðja það og stuðla að því að frv. fái hraða afgreiðslu hér í deild. Ég tel að það sé mjög brýnt því að þegar hafa verið gerðar áætlanir um það og menn bíða eftir að farin verði sú leið sem hér getur, þ.e. í gegnum tölvukerfi með breyttu vinningshlutfalli.

Það er hins vegar rétt sem kemur fram hjá hv. 2. þm. Norðurl. v. að í fjárlagatillögum, sem nú liggja fyrir frá ríkisstjórninni, eru kaldar kveðjur til íþróttahreyfingarinnar af því að þar á að leggja á 12% söluskatt. Það eru háar upphæðir, bæði hvað getraunir varðar og lottó, því að þetta er veruleg skerðing á því fjármagni sem er þar velt og verulegur samdráttur fyrir íþróttahreyfinguna og mun hafa alvarlegar afleiðingar.

Þar að auki vil ég minna á að í fjárlögum fyrir næsta ár eru framlög til Íþróttasambands Íslands og Ólympíunefndar Íslands aðeins hækkuð um 10%, sýndist mér lauslega, sem þýðir að sú starfsemi mun standa mjög höllum fæti. Hér er mjög verulega skorið á fjármagn til íþróttahreyfingarinnar. Ég mun berjast harðri baráttu fyrir því á þinginu að þau framlög verði hækkuð og þessi 12% söluskattur verði felldur niður eða lækkaður sem frekast má verða. Ég held að það fari ekki á milli mála að þessi skattlagning er mjög slæm. Ég mun að öðru leyti reyna að greiða fyrir frv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Námslán og námsstyrkir, 1. umr.

Frv. FI o.fl., 56. mál. — Þskj. 58.

Flm. (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 72 frá 13. maí 1982, um námslán og námsstyrki, sem er að finna á þskj. 58 og er 56. mál þingsins. Flm. ásamt mér eru hv. alþm. Páll Pétursson, Guðrún Helgadóttir og Ragnar Arnalds.

Ástæðan fyrir því að þetta frv. er nú flutt er sú að í málefnasamningi ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar er ekki að finna staf um málefni Lánasjóðsins. Ég legg því þann skilning í málefnasamninginn að ríkisstjórnin hyggist engar breytingar gera á lögunum frá 1982 um námslán og námsstyrki. Það samkomulag sem þá náðist var í raun og veru samningur sem gerður var milli námsmannahreyfinganna, þ.e. stúdentaráðs Háskóla Íslands, Bandalags ísl. sérskólanema og Sambands ísl. námsmanna erlendis, og þáv. menntmrh. Ingvars Gíslasonar.

Þegar lögin um námslán og námsstyrki höfðu verið samþykkt var í október 1982 sett reglugerð á grundvelli laganna og er það reglugerð nr. 578 frá árinu 1982. Í 21. gr. þeirrar reglugerðar eru ákvörð-

unaratriði um lánsupphæðir, hvernig þær skuli reiknaðar, hvaða breytingum reiknaður framfærslukostnaður skuli taka með tilliti til þróunar verðlags, gengis og launa. Í a-lið 21. gr. segir svo, með leyfi forseta, að framfærslukostnaður á námsstað skuli breytast að öðru jöfnu með þróun verðlags og gengis. Sjóðsstjórnin skuli fylgjast með því hvernig þessar tölur þróist í samanburði við launatekjur.

Frá því í október 1982 að þessi reglugerð var sett hafa verið gerðar fimm breytingar á reglugerðinni og á þessum eina staflið 21. gr. Það sem allar þessar reglugerðarbreytingar eiga sameiginlegt er að þær eru gerðar af menntamálaráðherrum Sjálfstfl. og eru til þess að skerða kjör námsmanna. Í desember 1984 gerði þáv. menntmrh. Ragnhildur Helgadóttir þá breytingu á a-lið 21. gr. að á árinu 1985 skyldu fjárhæðir láns vegna náms á Íslandi fylgja þróun meðaltalsráðstöfunartekna samkvæmt útreikningi Þjóðhagsstofnunar. Níu mánuðum síðar eða í september 1985 ákveður sami ráðherra að fella þessa reglugerð úr gildi.

Í lok árs 1985 verða ráðherrastólaskipti í ríkisstjórninni sem þá sat. Þá verður menntmrh. Sverrir Hermannsson. Hans fyrsta verk eftir áramótin 1986 var að ákveða að lánsfjárhæðir til námsmanna á árinu 1986 skuli vera jafnháar og á tímabilinu september til nóvember 1985, þ.e. hann ákveður að skerða framfærsluna sem nemur verðlagshækkunum.

Í apríl þetta sama ár ákveður menntmrh. enn eina lækkunina á framfærslukostnaði námsmanna. Hann lætur ekki þar við sitja því að 1. júlí 1986, þremur mánuðum síðar, er enn ein breytingin gerð. Þá er ákveðið að reglugerðin skuli hljóða þannig, með leyfi forseta, að framfærslukostnaður á námsstað skuli að öðru leyti breytast með þróun verðlags og gengis og sjóðsstjórnin skuli fylgjast með því hvernig þessar tölur þróist í samanburði við launatekjur.

Með þessari breytingu hljóðar þessi stafliður 20. gr. orðrétt eins og hann var í upphafi með reglugerð um Lánasjóðinn sem þáv. menntmrh. Ingvar Gíslason setti í október 1982.

Það er ekki hægt að segja að þessi vinnubrögð veki traust því að það er augljóst að þessir tveir menntamálaráðherrar hafa ekki vitað á hvaða leið þeir voru, hvað þá að þeir hafi vitað hvert markmiðið var með öllu saman. Maður spyr því þeirrar spurningar: Til hvers var allt þetta gert? Eftir stendur að reiknaður framfærslukostnaður námsmanna hefur verið skertur á þessu tímabili um nálægt 20%.

Það sem er kannski öllu verra er að þessi hringlandaháttur í svo viðkvæmu máli sem framfærslukostnaður námsmanna er hefur leitt til þess að margir námsmenn hafa þurft að hrökklast frá námi. Hjá hinum sem hafa haldið áfram hefur þessi hringlandaháttur skapað mikla óvissu hjá mörgum fjölskyldum. Tilgangur þessa frv. er því sá að koma í veg fyrir að menntmrh. geti fyrirvaralaust og án nokkurs samráðs gert breytingar á reiknuðum framfærslukostnaði námsmanna.

Frv. gerir ráð fyrir því að ef fram komi óskir eða tillögur um breytingar á þessum framfærslugrunni, þ.e. grunnframfærslu einstaklings í leiguhúsnæði, skuli þær áður en þetta öðlast gildi samþykktar af þriggja manna nefnd. Í nefndinni skulu eiga sæti einn fulltrúi menntmrh. og einn fulltrúi sameiginlega tilnefndur af námsmannasamtökunum, þ.e. stúdentaráði Háskóla Íslands, Bandalagi ísl. sérskólanema og Sambandi ísl. námsmanna erlendis. Einnig skuli hagstofustjóri eiga sæti í nefndinni. Komist námsmannasamtökin ekki að samkomulagi um tilnefningu fulltrúans skal hann tilnefndur af Hæstarétti.

Verði nefndin sammála um breytingar á grunnframfærslunni skal breytingin öðlast gildi þegar í stað. Komist nefndin hins vegar ekki að samhljóða áliti ákveður menntmrh. grunnframfærsluna.

Með þessu frv. er því ekki verið að taka valdið úr höndum menntmrh., síður en svo. Það er hins vegar verið að reyna að koma í veg fyrir að námslánin séu skert fyrirvaralaust og reynt einnig að koma í veg fyrir að slíkur hringlandaháttur, sem viðgengist hefur í þessu máli og mér liggur við að segja ábyrgðarleysi, geti endurtekið sig því það er alveg augljóst að við slíkar kringumstæður er mjög erfitt að búa fyrir námsmenn, að vita aldrei frá mánuði til mánaðar hver þeirra framfærsla verður.

Því hefur verið haldið fram að íslenskir námsmenn búi við eitt besta námslánakerfi í heimi. Ég hygg að þetta sé rétt og af því megum við vera stolt því að sennilega er nám einhver hagstæðasta fjárráðstöfun sem hugsast getur. Hins vegar mega hvorki námsmenn né ríkisvaldið binda sig svo fast í núverandi kerfi og núverandi fyrirkomulag að engar breytingar komi til greina því að það þarf ekki endilega að vera að þetta sé hið eina og endanlega fullkomna lánakerfi námsmanna. En hvaða breytingar sem kunna að verða gerðar á námslánakerfinu í framtíðinni er ég þeirrar skoðunar að námslánakerfið þurfi að uppfylla fjögur meginmarkmið:

1. Að hlutverk kerfisins verði að jafna aðstöðu manna til náms.

2. Að það taki tillit til aðstæðna námsmanna meðan á námi stendur.

3. Að við endurgreiðslur lánanna að námi loknu skuli tekið fullt tillit til tekna lánþega.

4. Að endurheimtuhlutfall lánanna skuli vera sem hæst.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. þessu verði vísað til hv. menntmn.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Herra forseti. Það er út af fyrir sig gott og blessað að flytja frv. eins og það sem hér er flutt um breytingu á lögum um námslán og námsstyrki og var athyglisvert að heyra upphafsorð 1. flm., hv. 10. þm. Reykv. Finns Ingólfssonar, um ástæður þess að frv. væri flutt. Hann greindi frá því að í málefnasamningi ríkisstjórnar hæstv. forsrh. Steingríms Her-

mannssonar væri ekki stafkrók að finna um Lánasjóð ísl. námsmanna og þess vegna hlyti hann að draga þær ályktanir að ekki væri meiningin að hreyfa þar við neinu. Það er þess vegna athyglisvert, ef þetta er meginástæða þess að frv. er flutt, að það eru fjórir stuðningsmenn núv. hæstv. ríkisstjórnar sem flytja þetta frv., og sýnist nú að a.m.k. í þessu máli sé farið að sneyðast heldur betur um meiri hluta hæstv. ríkisstjórnar í Nd.

En þetta mál á sér auðvitað sögu eins og öll önnur mál og hv. flm. rifjaði hana upp að sumu leyti í sinni framsöguræðu. Þegar þáv. hæstv. menntmrh. Sverrir Hermannsson breytti reglugerð um Lánasjóð ísl. námsmanna á þann veg að framfærsluvísitalan var tekin úr gildi um tíma, sem þýddi nokkra skerðingu á lánum til námsmanna, þeir meta það nú að sú skerðing sé um 17%, þá var það auðvitað ekkert einkamál hæstv. menntmrh. Sverris Hermannssonar. Þessi ákvörðun var tekin sem liður í aðhaldi að ríkisfjármálum hjá þeirri ríkisstjórn. Þáv. hæstv. menntmrh. var skammtað fé til Lánasjóðs ísl. námsmanna. Það framlag sem þurfti til að viðhalda reglugerðinni að fullu var skorið niður og á því bar auðvitað ábyrgð að fullu öll ríkisstjórnin, þar á meðal hæstv. þáv. forsrh. Steingrímur Hermannsson og núv. reyndar einnig. Þetta var enn fremur samþykkt í fjvn. Fjvn. í heild tók á sig fulla ábyrgð á því að skerða námslánin með þessum hætti þannig að ákvörðun hæstv. þáv. menntmrh. var raunverulega ekki annað en að setja stimpil á orðinn hlut, að taka ákvörðun um hvernig sú skerðing yrði framkvæmd sem öll þáv. hæstv. ríkisstjórn bar fullkomlega ábyrgð á og Framsfl. ekki minni en aðrir flokkar, enda var hann í forustu fyrir þeirri ríkisstjórn. Þannig er það auðvitað hreinn tvískinnungur þegar verið er að reyna að klína því alfarið á þáv. menntmrh. að hann hafi verið fyrst og fremst bölvaldurinn í þessu máli, að hann hafi verið vondi maðurinn gagnvart námsmönnum.

Á tíma þeirrar ríkisstjórnar voru gerðar atlögur að því að endurskoða námslánakerfið og fyrirkomulag námslána. Var þá skipuð sérstök nefnd af hálfu stjórnarflokkanna. Í þessari nefnd áttu m.a. sæti hv. 10. þm. Reykv. og fleiri ágætir þingmenn eins og 1. þm. Reykv. Mér er tjáð að sú nefnd hafi komist að samkomulagi, ekki einu sinni heldur tvisvar, og nefndarmenn skrifað undir nál. en hv. 10. þm. Reykv. í tvö skipti hlaupist frá undirskrift sinni um leið og eitthvað andaði á móti. Um leið og fram kom gagnrýni á þær tillögur sem þeir höfðu flutt hafi hv. flm. í bæði skiptin hlaupið frá sinni undirskrift og ekki treyst sér til að standa við hana.

Ég gegndi starfi menntmrh. í síðustu ríkisstjórn í 14 mánuði og ég minnist þess ekki í þeirri ríkisstjórn, t.d. þegar verið var að fjalla um fjárlög og ákveða fjármagn til Lánasjóðs ísl. námsmanna á þessu ári, sem sagt fyrir árið 1988, að hafa heyrt neina tillögu, hvorki innan ríkisstjórnar né hér á þingi, frá þingmönnum Framsfl. um að hækka bæri námslánin um þessi 17% sem nú er talið að þau hafi verið skert um. Enginn ráðherra Framsfl. taldi ástæðu til þess þegar við vorum að fjalla um fjárlögin og enginn þingmaður Framsfl., hvorki í fjvn. né á þingi, flutti tillögur um að þetta framlag bæri að hækka. Það voru reyndar aðrir þingmenn sem fluttu tillögur um það og Framsfl. greiddi atkvæði gegn því ásamt með okkur fulltrúum Sjálfstfl. og Alþfl.

Auðvitað er það því hreinn tvískinnungur þegar menn nú eru að koma hér upp og hvítþvo sig af ákvörðun af þessu tagi. Þetta var sameiginleg ákvörðun þeirra flokka sem stóðu að ríkisstjórn og ekki síður þess flokks sem hv. 10. þm. Reykv. situr hér fyrir en annarra flokka sem áttu sæti í ríkisstjórninni.

Það er enginn vafi á að það þarf að laga námslánakerfið. Ég beitti mér fyrir tveimur atriðum í því sambandi. Annars vegar að skoðaður var framfærslugrunnurinn sem núverandi kerfi hvílir á. Ég hafði stuttu áður en ég vék úr embætti fengið nokkuð ítarlega skýrslu um það frá sérstakri nefnd sem að því vann og það hvílir auðvitað í höndum núv. menntmrh. og núv. hæstv. ríkisstjórnar að fjalla um þann þátt, en þar var talið að til þess að koma framfærslugrunninum á það stig að hann væri sambærilegur við það sem hann var á sínum tíma, og þá er væntanlega skerðingin þar innifalin, þyrfti að hækka framlag til Lánasjóðs ísl. námsmanna um 500 millj. kr.

Ég beitti mér líka fyrir því að athuguð var sérstaklega kerfisbreyting í námslánakerfinu og fékk í óformlegan starfshóp þrjá valinkunna menn og þar á meðal hv. 10. þm. Reykv., flm. þessa frv., og hann starfaði þar mjög vel að því verkefni. Stuttu áður en ríkisstjórnin fór frá fékk ég í hendurnar ítarlegt nál. sem felur í sér mikla breytingu á uppbyggingu okkar námslánakerfis. Ég hef ekki það plagg í höndum hér, en í grófum dráttum byggist það á því að skipta aðstoð við námsmenn í tvennt, þ.e. annars vegar í styrki og hins vegar í lán sem bæru þá einhverja vexti. En sömuleiðis bíður þetta álit ákvörðunar núv. ríkisstjórnar.

Við hljótum auðvitað að spyrja okkur að því þegar fjórir stuðningsmenn núv. ríkisstjórnar leggja fram frv. af þessu tagi: Hver er stefna ríkisstjórnarinnar í málefnum íslenskra námsmanna? Ég spyr t.d.: Hefur þetta frv. fengið samþykki og loforð um stuðning frá þingflokkum þeim sem þessir hv. þm. sitja í? Hefur þingflokkur Framsfl. og hefur þingflokkur Alþb. heitið stuðningi við þetta frv.? Það er nauðsynlegt að fá það fram í þessari umræðu og þá jafnframt að þessir flokkar séu reiðubúnir að segja ekki bara a, ekki aðeins að breyta þessu að formi til, heldur líka að segja b, þ.e. að breyta þessu að efni til, að hækka námslánin sem þessu nemur. Það er grundvallaratriði í þessum umræðum að fá þetta hér fram. Að öðrum kosti verður maður að álykta sem svo að hér sé fyrst og fremst um sýndarmál að ræða.

Kannski er þetta enn eitt dæmið um hina alþekktu pólitísku hegðun Framsfl. að þakka sér, reyna að koma því yfir á sig og þakka sér allt það sem vel er

gert en koma af sér ábyrgð ef um er að ræða einhverjar óvinsælar ráðstafanir eða eitthvað sem mætir andbyr í þjóðfélaginu. Við fengum dæmi um það t.d. á fimmtudaginn var þegar var verið að ræða um afkomu ríkissjóðs sem talið er að hafi verið óþægileg fyrir síðustu ríkisstjórn. Enginn ráðherra Framsfl. sat undir þeirri umræðu og enginn þingmaður Framsfl. var í salnum þegar þessi umræða fór fram. Í því dæmi eins og reyndar oft öðrum sást undir iljar framsóknarmanna þegar þeir voru að hlaupast frá vanda og hlaupast frá erfiðum málum sem eru lítt fallin til vinsælda.

En við hljótum að spyrja nú í umræðum af þessu tagi: Hver er stefna ríkisstjórnarinnar í þessum málum? Við höfum auðvitað enga vitneskju um það, en við höfum vísbendingar.

Fyrsta vísbending er sú, sem hv. 10. þm. Reykv. sjálfur gat um í sinni framsöguræðu, að í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar er ekki orð að finna um málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna.

Í öðru lagi höfum við orð núv. hæstv. utanrrh., formanns Alþfl., sem var fjmrh. í síðustu ríkisstjórn. Hann sagði í umræðu á fimmtudaginn var í Sþ., með leyfi hæstv. forseta:

„Við höfum heldur ekki efni á því að reka örlátasta, niðurgreiddasta námslánakerfi sem nokkur þjóð á byggðu bóli rekur, miklu betra, gjafmildara og örlátara en auðugustu þjóðir heims, eins og Svíar, Svisslendingar eða Bandaríkjamenn, telja sig hafa efni á."

Þetta voru orð formanns Alþfl. og hæstv. fjmrh., formaður Alþb., sat undir þessari umræðu og jánkaði þessu.

Enn ein vísbending. Það er reyndar enginn alþýðubandalagsmaður í salnum. — Jú, hér kemur hv. þm. Hjörleifur Guttormsson. Alþb. gerði málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna oft að umtalsefni á síðasta kjörtímabili, bæði innan þings og utan. Flutt var þáltill. sem núv. hæstv. samgrh. var 1. flm. að og núv. hæstv. menntmrh. var meðflm. að og reyndar tveir þingmenn Alþb. sem eru meðflm. að þeirri tillögu sem hér er til umræðu. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntmrh. að fella úr gildi breytingar á reglugerð nr. 578/1962, um námslán og námsstyrki, sem gerðar voru 3. jan. og 2. apríl 1986, þannig að þau ákvæði sem áður giltu um útreikning á framfærslukostnaði námsmanna taki gildi að nýju. Jafnframt felur Alþingi ríkisstjórninni að gera ráðstafanir með aukafjárveitingum og lántökum til að tryggja eðlilega framkvæmd laga nr. 72 1982, um námslán og námsstyrki, út árið sem er að líða."

Í greinargerð með þessari tillögu segir: „Þá eru flutningsmenn og reiðubúnir til að ræða sérstaka skattheimtu, svo sem á bankastarfsemi, stóreignamenn og fjármagnstekjur til fjáröflunar í þessu skyni."

Nú skilst manni að þessi fjáröflun sé í gangi og fjárlagafrv. ber þess merki, en engu að síður, og það er gott að hæstv. menntmrh. kemur í salinn, er hann nú á harðahlaupum frá þessari tillögu og frá fyrri yfirlýsingum um þetta mál.

Ég rifja það líka upp að á stúdentafundi, þar sem hæstv. menntmrh. mætti, sagði hann alveg ákveðið að hann gerði það að skilyrði fyrir stjórnarþátttöku að ákvæði af þessu tagi yrði sett inn í málefnasamning þeirrar ríkisstjórnar sem Alþb. tæki þátt í. Ekkert af þessu hefur komið fram og af yfirlýsingum núv. hæstv. menntmrh. verður ekki annað séð en hann sé kominn á harðahlaup til þess að hlaupast undan þessari yfirlýsingu sinni.

Enn ein vísbending um stefnu núv. ríkisstjórnar: Í grg. með fjárlagafrv. segir um Lánasjóð ísl. námsmanna, með leyfi hæstv. forseta:

„Gert er ráð fyrir svipuðu umfangi í útlánum sjóðsins og í fjárlögum líðandi árs. Ráðstöfunarfé sjóðsins nemur 2532 millj. kr. og hækkar um 17% frá fjárlögum 1988 eða nokkuð umfram verðlagsbreytingar. Þar af er fjárveiting 1617 millj. kr. og lántaka 915 millj. kr. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1988 var hlutdeild fjárveitingar í ráðstöfunarfé sjóðsins aukin verulega eða úr 54% í rúm 69%. Ástæða þessa var einkum sú staðreynd að sjóðurinn fær með engu móti staðið undir greiðslubyrði af háum skuldum."

M.ö.o.: fjárlagafrv. sem ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar leggur fram ber ekki vott um að það stefnumið sem felst í þessu frv. eigi að koma til framkvæmda í sambandi við afgreiðslu þessara fjárlaga. Ég vil spyrja hv. 1. flm. þessarar tillögu hvort það megi ekki búast við því að hann og aðrir þingmenn Framsfl. muni fylgja eftir þeirri stefnu, sem þeir hafa boðað hér, að námslánin þurfi að hækka, við afgreiðslu fjárlaganna. Mér finnst nauðsynlegt að fá það alveg skýrt fram hér og nú hvort þeir muni ekki fylgja þeirri stefnu fram við afgreiðslu fjárlaga.

Ég vil líka spyrja hæstv. menntmrh., úr því að hann er kominn í salinn, það var enginn alþýðubandalagsmaður hér, hvort það frv., sem hér liggur fyrir og flutt er af tveimur þm. Alþb. m.a., hefur stuðning þingflokks Alþb., hvort búast megi við því að Alþb. og hæstv. menntmrh. styðji það frv. sem hér liggur fyrir og séu reiðubúin að stíga þá skrefið til fulls og koma því til framkvæmda sem gert er ráð fyrir í þessu frv. með þeirri hækkun á framlögum til íslenskra námsmanna sem þetta gerir ráð fyrir.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjalla öllu meira um þetta mál. Mér sýnist þessi tillaga bera vott um þann tvískinnung sem ríkir hjá Framsfl. í þessu máli, að stíga skrefin aftur á bak eða áfram eftir því hvernig vindurinn blæs. Það verður auðvitað fylgst með því mjög gaumgæfilega hvort flokkurinn muni ekki við afgreiðslu fjárlaga nú fylgja þeirri stefnu eftir sem þetta frv. gerir ráð fyrir með þeirri hækkun á framlagi til íslenskra námsmanna sem leiðir af samþykkt frv.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér hefur verið tekið til umræðu frv. til l. um breytingu á lögum um námslán og námsstyrki. Ég veit ekki hvort maður ætti að segja: Húrra, nú ætti að vera ball!

Það er nú svo (Gripið fram í.) að þegar maður sér svona frv. flutt fyrir forgöngu Framsfl., sem vill nú ganga, eins og sá sem greip fram í tekur fram, eitt skref áfram og eitt aftur á bak, fram og til baka, þá verður maður undrandi.

Ég veit ekki til þess að Framsfl. hafi verið utan ríkisstjórnar sl. ár þegar þessar breytingar, sem hér eru teknar fyrir, voru gerðar. Ég held að Framsfl. hafi verið í ríkisstjórn. Hér kemur þó frv. sem þýðir að það á að hækka framlög, væntanlega, til námslána úr 2,5 milljörðum eins og er í fjárlögum og þá væntanlega í 3 milljarða. Það er gott að vita til þess að hv. 10. þm. Reykv. hefur fengið stuðning í þingflokknum hjá sér til að flytja þessar tillögur því að það sést að hv. 1. þm. Norðurl. v., formaður þingflokks Framsfl., er meðflm. svo að þetta hlýtur að hljóta stuðning frá Framsfl. Það er greinilegt að Alþb. ætlar líka að styðja frv. því að hv. þm. Alþb., sem hér eru nú hvergi nærri, styðja þetta frv. líka.

Það er enginn að efast um að það þurfi að taka á málum námsmanna um námslán og námsstyrki, en það skýtur skökku við að flokkur sem hefur verið í stjórn undanfarin 18 ár skuli flytja þessar breytingartillögur en skuli ekki hafa komið því fram í ríkisstjórn. Það er íhugunarefni, fyrst hæstv. forsrh. er genginn í salinn, hvort minnihlutastjórn hans muni flytja brtt. og fylgja þessu eftir, það er spurning, eða hvort stjórnin hefur alveg misst sjónar á sínum þingmönnum og þeir séu hlaupnir í sitt hvora áttina.

Ég man það að í síðustu kosningabaráttunni var þetta mál töluvert rætt og námsmenn kröfðust skýrra svara. Þeir fengu skýr svör frá allflestum, held ég, sem hér sitja á þingi. Menn höfðu mismunandi skoðanir en vildu gjarnan íhuga þetta og veita þeim stuðning. En ég held að Framsfl. hafi gefið þeim albesta stuðning sem hugsast getur, enda hefur ekkert af því komið fram. Ég lýsi furðu minni á því að það skuli flutt slíkt lagafrv. hér sem á greinilega að hækka námslánin. Það er auðvitað gert með því að hækka skattana í fjárlagafrv. Og eins og kom hér dável fram í máli hv. 2. þm. Reykv. var í tillögum alþýðubandalagsmanna á síðasta þingi tillaga um að námslán yrðu hækkuð með hækkuðum sköttum. Nú hafa þessar skattlagningar verið ákveðnar í fjárlagafrv. og þá geri ég ráð fyrir að það standi nú ekki á því. Því er alveg ljóst að þessi tillaga þýðir auðvitað að það verða gerðar tillögur um hækkun á fjárlögum. Ég sé að hér situr hv. 5. þm. Vestf., formaður fjvn., og ég geri ráð fyrir að hann muni leggja til þar í nefndinni að það verði hækkuð framlög til námslána. Það verður verulega gaman að sjá það þegar þeir leggjast á eitt í fjvn. og ríkisstjórn um að laga þessi mál. Nú er valdið þar þannig að það er nokkuð ljóst að þessi mál hljóta að verða tekin til endurskoðunar og bætt verulega. Ég fagna því að þetta frv. er komið fram og ég mun ekki liggja á mínu liði við að koma því í gegn.

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Mér fannst það heldur ómaklegt að lemja á þeim hv. þm. sem bera fram þetta frv. með hæðnislegum tilvísunum til fortíðarinnar. Batnandi mönnum er að sjálfsögðu alltaf best að lifa. En ég tek engu að síður undir þær athugasemdir sem hafa verið bornar fram hérna varðandi það að flm. eru fjórir þingmenn úr tveim flokkum sem standa að núv. ríkisstjórn, en einn ríkisstjórnarflokkurinn á ekki fulltrúa í þessum hópi. Það kann að segja sína sögu og verður alls ekki hjá því komist að fá svar við því hjá hv. flm. hvort sá flokkur, Alþfl., sem ekki á fulltrúa að þessu þingmáli, styður þetta þingmál eða ekki.

Það vekur líka upp spurningar um hvort hv. flm. hafi ekki verið kunnugt um hlut Lánasjóðs ísl. námsmanna í nýframkomnu frv. til fjárlaga. Það er reyndar fremur ótrúlegt þar sem á þessu þingmáli eru tveir fulltrúar Alþb. og Alþb. á ráðherra í þeim ráðuneytum sem málið er skyldast, þ.e. fjmrn. og menntmrn. En af nýframlögðu fjárlagafrv. er augljóst að það er ekki gert ráð fyrir auknu umfangi sjóðsins og það þarf ekkert að velta vöngum yfir því að þegar ákvæði til bráðabirgða, ef þetta frv. yrði að lögum, hefur verið framkvæmt kallar það vitanlega á aukið fjármagn til námslána.

Framfærsluviðmiðunin, sem nú er í gildi, er augljóslega afar naum. Sú fullyrðing er ekkert út í bláinn. Námsmenn hafa lengi barist fyrir því að framfærslugrunnurinn verði leiðréttur og ég hygg að flestir sem hér eru inni kannist við þau mál. Framfærsla námsmanna var endurmetin fyrir tæpu ári eftir mikla baráttu námsmanna fyrir því og m.a. baráttu ýmissa þingmanna hér inni, en að beiðni þáv. menntmrh. var svokallaðri framfærslunefnd sjóðsins falið að kanna hvort núverandi framfærsluviðmiðanir við útreikning námslána væru orðnar úreltar. Þessi framfærslunefnd skilaði skýrslu í júní og hana skipa tveir fulltrúar ríkisvaldsins og námsmanna. Niðurstöður þessarar skýrslu sýna mjög ótvírætt að framfærslan sem miðað er við er ekkert í samræmi við raunveruleikann. Í þeirri skýrslu kemur fram að skýrslugerðarmenn lögðu reyndar ekki í sérstaka könnun á framfærslukostnaði námsmanna þar sem hún væri bæði tímafrek og kostnaðarsöm, en þeir reyndu að leggja mat á framfærsluþörf námsmanna eftir tiltækum og nothæfum gögnum um almennan framfærslukostnað. Þá höfðu nýlega birst niðurstöður framfærslukönnunar Hagstofu Íslands þar sem fást upplýsingar um framfærslukostnað eftir fjölskyldustærð og með því að færa niðurstöðu könnunarinnar til verðlags í maí 1988 fengust eftirfarandi upplýsingar um meðaltalsframfærslukostnað eftir fjölskylduhópum: einstaklingar 667 876 kr. á ári, einstætt foreldri 902 894 kr., barnlaus hjón 1 198 388 kr. og hjón með börn 1 563 902 kr. Af þessu má sjá eftirfarandi: Að neysluútgjöld einstakl-

ings eru 55 656 kr. á mánuði, neysluútgjöld einstæðs foreldris eru 2350 kr. umfram útgjöld einstaklings, neysluútgjöld barnlausra hjóna eru tæplega 80% hærri en útgjöld einstaklings og neysluútgjöld hjóna með börn eru 3655 kr. hærri en útgjöld barnlausra hjóna.

Út frá þessum tölum er síðan gengið, þ.e. miðað við að meðalútgjöld einstaklinga samkvæmt þessari könnun séu 55 656 kr. á mánuði, en það er vissulega ekki gengið út frá því að þá tölu nákvæmlega þurfi að leggja til viðmiðunar þegar framfærslugrunnur er fundinn fyrir námsmenn heldur leggja þeir sjálfstætt mat á það, bæði fulltrúi ríkisstjórnarinnar og fulltrúi námsmanna, og komast að ofurlítið mismunandi niðurstöðum sem búast mátti við. Fulltrúi ríkisstjórnarinnar kemst að þeirri niðurstöðu að framfærsluþörf námsmanns í leiguhúsnæði geti vart verið undir 42 122 kr. á mánuði — og ég legg áherslu á það að hér er miðað við verðlag í maí — en fulltrúi námsmanna hefur eilítið hærri tölu og það er 46 685 kr.

Þetta vildi ég láta koma hérna fram. Þetta er athyglisverð skýrsla, sem ég hygg að menntmrh. hafi í sínu ráðuneyti og sömuleiðis fjmrh., og þessar niðurstöður sýna mjög ótvírætt að fulltrúar beggja þessara aðila eru þeirrar skoðunar að framfærsluviðmiðunin, sem nú er lögð til grundvallar, sé ekkert í samræmi við veruleikann. Ég held að það komi hér fram að nú er framfærslan metin á rúmlega 30 þús. kr.

Þetta misræmi er auðvitað afleiðing þess að það var verið að krukka í viðmiðun framfærslu sem var í gildi og ég er sammála hv. flm. að það sé nauðsynlegt að reyna að setja einhvern hemil á inngrip ráðherra í þessi mál. Þetta varðar hag og afkomu þess fjölda fólks sem hefur framfæri sitt af þessum lánum og okkur er ekki stætt á því, það er ekki sómi að því að það sé verið að þvæla fram og aftur með þessi mál. Þess vegna fagna ég frv. sem hér er fram komið og vona að það fái verðuga umfjöllun og athugun í nefnd, en vænti að svar við spurningum sem hér hafa verið fram bornar komi fram á eftir.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Mér fannst þeir flytja dálítið einkennilegar ræður áðan, hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson og hv. þm. Hreggviður Jónsson, því það var eins og þeir hefðu ekki lesið þetta frv. og voru að tala um efni sem alls ekki er getið um í frv.

Það er svo að Framsfl. á heiðurinn af því námslánakerfi sem hér er við lýði. Vilhjálmur Hjálmarsson, fyrrv. menntmrh., átti drjúgan hlut að því að setja þetta kerfi og Ingvar Gíslason, sem einnig var menntmrh., vann einnig að því og ef ég man rétt voru núverandi lög um Lánasjóð ísl. námsmanna samþykkt í menntamálaráðherratíð Ingvars Gíslasonar og fyrir hans forgöngu og með tilstyrk annarra góðra manna hér á þinginu. Það er skynsamlegt fyrirkomulag sem þarna var samið um og menn prófuðu sig áfram, sniðu vankanta af eldri lögunum og voru komnir með nokkuð skynsamlegt form.

Þrátt fyrir að e.t.v. mætti skilja annað á hæstv. fyrrv. menntmrh. er rétt að taka það fram að ríkisstjórn er ekki fjölskipað stjórnvald. Ég er ekki viss um að það sé heppilegt fyrirkomulag að hún skuli ekki vera fjölskipuð og hefði gjarnan oft viljað horfa upp á ríkisstjórnir, sem ég hef stutt, með minna einkavaldi einstakra ráðherra og meira samráði á milli stjórnarflokka. Reglugerðarbreyting er tvímælalaust málefni ráðherra en ekki allrar ríkisstjórnar og sama er að segja um breytingar á reglugerðum um Lánasjóð ísl. námsmanna. Það er málefni þess menntmrh. og framkvæmd á ábyrgð hans reglugerðarsetningin. Mér er ókunnugt um hvort reglugerðir eru yfirleitt teknar til umræðu á ríkisstjórnarfundum. Það kann að vera að einhver álitamál séu tekin þar til umræðu, en ég hef þá trú að yfirleitt gangi ráðherrar frá sínum reglugerðum og gefi þær út án íhlutunar annarra ráðherra.

Í síðustu tveimur ríkisstjórnum hefur Framsfl. þurft að heyja stöðuga varnarbaráttu fyrir þeim skynsamlegu lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna sem sett voru í tíð Ingvars Gíslasonar. Það hafa verið uppi kröfur um breytingar á þessum lögum sem yfirleitt áttu það sameiginlegt að þrengja mjög að rétti námsmanna og okkur tókst að koma í veg fyrir það, en við réðum ekki við að halda reglugerðinni óbreyttri því að ráðherravaldið var hjá sjálfstæðismönnum. Ég bið hv. þm. að lesa þetta litla frv. Það eru ekki eins og þetta séu byltingarkenndar hugmyndir sem þarna eru settar fram. Það er einungis beðið um það að sýna námsmönnum eðlilega mannasiði og gefa þeim tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Í 1. gr. frv. stendur:

„Komi fram óskir eða tillögur um breytingar á útreiknuðum framfærslugrunni skal um þær fjallað af þriggja manna nefnd áður en þær taka gildi. Nefndin skal skipuð einum fulltrúa tilnefndum af menntmrh., einum tilnefndum sameiginlega af samtökum námsmanna auk hagstofustjóra eða fulltrúa hans sem skal vera formaður nefndarinnar."

Mér sýnist ekki verið að færa námsmönnum eitthvert alræðisvald um hvernig þessum málum skuli hagað. Það er einungis að það verði fjallað um mál áður en ráðherra tekur sína ákvörðun. Og það er ekkert verið að taka valdið af menntmrh. Það er hans að kveða upp síðasta orðið. Það er hans að ákveða endanlega hvernig reglugerðin verður, enda er það sjálfsagður hlutur, en það er verið að koma í veg fyrir að hann freistist til þess að koma í bakið á námsmönnum og kippa undan þeim fótunum kannski á miðju námsári. Vald ráðherrans er óskert og ég vil taka það fram hér og nú að ég treysti núv. menntmrh. prýðilega til að fara með þetta vald. Hann hefur látið sig málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna miklu skipta á undanförnum árum og hann hefur haft á þeim ákveðnar skoðanir og ég veit að þær hafa ekkert breyst þó að hann taki nú við starfi menntmrh.

Í ákvæði til bráðabirgða er lagt til að kortlögð

verði staðan og að skoða hvort ástæða er til að breyta þessu. Þetta er dýrt kerfi, námslánakerfið. Það þarf mikið fé í það. Það er eðlilegt að reyna að halda því í skynsamlegu formi. Ég tek fram að það er ekki eins og sé verið að gefa námsmönnum peninga. Það er verið að lána þeim peninga meðan þeir eru að mennta sig, peninga sem þeir síðan endurgreiða þegar þeir eru komnir til starfa. Ég held að þetta sé skynsamleg fjárfesting. Ég held að það sé skynsamleg meðferð á fjármunum að fjárfesta í menntun.

Sem betur fer kemur flest þetta fólk til starfa í íslensku þjóðfélagi og er íslensku þjóðfélagi til þrifa að námi loknu. Það kann að vera að sú hugmynd sé réttmæt að herða endurgreiðslureglur hjá þeim sem ákveða að eyða starfsævi sinni í öðrum löndum. Mér finnst vel geta komið til greina að þeir endurgreiði hraðar en aðrir lánþegar ef menntun þeirra kemur íslensku þjóðfélagi ekki til góða. Það er kannski vandmeðfarið að setja um þetta sanngjarnar og eðlilegar reglur, en ég legg á það megináherslu og það er aðalpunkturinn í þessu að þessa peninga á að endurgreiða og þeir endurgreiðast hér um bil allir.

Ég held að það þurfi líka að skoða hvort ástæða er til að opna fyrir fleiri námsmannahópum eða e.t.v. að þrengja aðgöngu að Lánasjóðnum. Mér finnst að að sumu leyti sé nokkuð handahófskennt hverjir það eru sem eiga rétt á námslánum og hverjir ekki og ég held að það þurfi að fara yfir það með sanngirni og með opnum huga hvort ástæða er til að breyta þarna einhverju vegna þess að mér finnst að það gæti handahófs í því hverjir hafa lent þarna og ég sé ekki alveg rökin fyrir öllum. Það getur vel verið að einhverjir standi hins vegar utan við sem ættu að vera þarna, einhverjir hópar. Það getur líka verið. Svona atriði er eðlilegt að skoðuð séu.

Við framlagningu fjárlagafrv. fyrir næsta ár reyndist ekki svigrúm til að bæta við Lánasjóðinn. Við hefðum sjálfsagt allir, stjórnarliðar, gjarnan viljað sjá hærri upphæðir til Lánasjóðs ísl. námsmanna. En ríkisstjórnin er engin skemmtinefnd fremur en hreppsnefndin í Mosfellssveitinni í Innansveitarkróníku og það reyndist bara ekki hægt. Eins og fjmrh. tók fram á blaðamannafundi í gær eru þetta aðhaldsfjárlög og er reynt að sporna við útþenslu og þetta eru niðurskurðarfjárlög og reyndist ekki mögulegt að ánafna Lánasjóði ísl. námsmanna hærri upphæð en þarna stendur. Vonandi siglum við í bjartara efnahagsástand einhvern tíma í framtíðinni og þá verður kannski svigrúm til að hækka þetta. Við skulum vona það þó maður sjái það ekki alveg handan við hornið.

Varðandi það hvort Framsfl. standi að þessu frv., þá er þetta mál sem undirbúið var í fyrra, en látið liggja af tillitssemi við þáv. menntmrh. vegna þess að hann af einhverjum óskiljanlegum ástæðum leit á þetta sem eitthvert vantraust á sig. Það var eins og hann vissi upp á sig einhverja skömm. Hann vildi síður fá fram frv. Þá vorum við búnir að bera þetta undir okkar þingflokk og hann sá ekkert athugavert við að flytja það, enda var þetta ekkert vantraust á hæstv. þáv. menntmrh., síður en svo, heldur beinlínis til að hjálpa honum að koma kurteislega fram við námsmenn.

Það er rétt að geta þess að hæstv. núv. ráðherra vissi a.m.k. ekki upp á sig neina skömm. Hann fann ekkert að því að við flyttum þetta mál. Og ég á von á því að hans flokksbræður muni líka styðja þetta. Mér finnst að þetta sé svo einfalt og vandalítið mál að ég trúi ekki öðru en það hafi ágætan stuðning hér á Alþingi.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka þennan brennandi áhuga á málefnum Lánasjóðs ísl. námsmanna sem birtist síðustu dagana. Það er hver flokkurinn á fætur öðrum hér með þingmál um Lánasjóðinn. Framsóknarmenn flytja þetta frv. ásamt þingmönnum Alþb. Borgfl. er kominn með þingmál um Lánasjóð ísl. námsmanna. Kvennalistinn lætur sig þessi mál varða þannig að hér er bersýnilega um að ræða eitt af allra dýrmætustu málum þingsins að mati hv. þm. Og sömuleiðis Sjálfstfl., sem hefur verið heldur rólegur í sambandi við það að gera kröfur fyrir Lánasjóðinn, er allt í einu orðinn nokkuð hástemmdur í sambandi við að það þurfi endilega að rétta við Lánasjóð ísl. námsmanna. Ég vil segja alveg eins og er: Það er full ástæða til að fagna þessum mikla áhuga. Vonandi kemur hann síðar fram í verki í þinginu þegar fram líða stundir. Það er engin ástæða til að gera lítið úr því, því að það er rétt sem hv. þm. Kristín Halldórsdóttir sagði, batnandi mönnum er best að lifa, í hvaða flokkum svo sem þeir kunna að vera.

Hv. þm. Kristín Halldórsdóttir sagði áðan að þess sæi ekki stað að það stæði til að auka umfang Lánasjóðsins í fjárlagafrv. Í fjárlagafrv. er ekki gert ráð fyrir verulegri aukningu á umfangi Lánasjóðsins, það er rétt, en þar er um að ræða nokkra raunaukningu. (Gripið fram í.) Það er gert ráð fyrir nokkurri raunaukningu á ráðstöfunarfé sjóðsins og ef hv. þm. áttar sig á því hvernig það er samsett sér hún undir eins að þar er gert ráð fyrir nokkurri breytingu frá því sem verið hefur, en hv. þm. Kristín Halldórsdóttir og aðrir þingmenn verða að gera sér grein fyrir því hvað var verið að gera í menntmrn. á undanförnum árum. Það var ekki bara verið að setja reglugerðir um skerðingu á lánum til íslenskra námsmanna. Það var ekki þannig. Það var ekki aðeins það. Það var verið að setja reglugerðir um að breyta viðmiðunarmörkum sem höfðu það í för með sér að námsmenn með hærri tekjur höfðu möguleika til að fá námslán umfram það sem áður hafði verið og það kostar Lánasjóðinn langleiðina sömu upphæð og nemur skerðingunni samkvæmt reglugerð Sverris, þeirri frægu frá því sennilega í ársbyrjun 1986. Í rauninni er það ekki þannig að menn hafi verið að spara stórkostlega á útgjöldum Lánasjóðs ísl. námsmanna. Nei, íhaldið var ekki að því. Það var verið að skera niður rétt tiltekins hluta námsmanna

og gefa öðrum hluta námsmanna miklu meiri rétt en þessi hópur hafði nokkru sinni áður haft, enda er niðurstaðan núna sú að menn geta verið að fá námslán þegar þeir eru komnir upp í 700–800 þús. kr. árstekjur.

Lánasjóður ísl. námsmanna er félagslegur jöfnunarsjóður og þær breytingar sem Sjálfstfl. lét gera á þessum sjóði og úthlutunarreglum hans eru algerlega óeðlilegar. Ég vil láta það koma fram, eins og ég hef gert reyndar áður opinberlega, að við munum beita okkur fyrir því að þessum úthlutunarreglum verði breytt en í samráði við samtök námsmanna. Annað kemur ekki til greina. Annað væri ekki í samræmi við okkar stefnu. Þess vegna er útilokað fyrir hv. þm. að lesa út úr fjárlagafrv. að menn eigi hér, námsmenn, á næstunni að búa algerlega við óbreytt kerfi. Það er rangt. Það er ætlunin að breyta úthlutunarreglunum þannig að þeir tekjuhæstu jafnvel missi einhvern rétt frá því sem nú er, en þeir tekjulægstu fái betri rétt en um er að ræða í dag. Það eru eftirfarandi meginatriði sem ég vil taka fram í sambandi við Lánasjóðinn:

1. Ég mun á næstunni skipa hér vinnuhóp námsmanna og ráðuneytanna til að fjalla um þessi mál, úthlutunarreglurnar. Ekki um endurskoðun á lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna heldur um úthlutunarreglurnar.

2. Sú breyting mun hafa það að markmiði að skerðingarákvæði reglugerðar Sverris Hermannssonar bitni ekki á hinum almenna lágtekjunámsmanni í þessu landi.

3. Fjallað mun verða um það að breyta viðmiðunarreglunum.

Þetta eru meginatriði og auðvitað er hugsanlegt að einhverjir þættir séu inni í þessu dæmi sem þarf að skoða varðandi breytingar á lánasjóðslögunum sjálfum, en það er í raun og veru ekki aðalatriðið af því að þessi lög eru góð. Þetta eru góð lög. Það er auðvitað rangt, sem hv. þm. Páll Pétursson, vinur minn og stuðningsmaður ríkisstjórnarinnar sagði, að framsókn „ætti" þessi lög. Það er óvart þannig að fjöldi manna hefur komið að þessu á undanförnum árum með ýmsum hætti og aðalatriðið við lögin er að þau fólu í sér samning á milli ríkisstjórnarinnar, ríkisvaldsins þá og þá og námsmannahreyfingarinnar um fyrirkomulag þessara mála. Það sem er verið að gera með því litla frv. sem hér liggur fyrir er ósköp einfaldlega að það sé ekki hægt á miðju námsári að koma í bakið á námsmönnum eins og dæmi eru um varðandi breytingar á úthlutunarreglum heldur verði fjallað um málin af þriggja manna nefnd sem sé sett saman með tilteknum hætti. En auðvitað ber ráðherra reglugerðarvaldið og ábyrgðina. Þannig er það í okkar stjórnkerfi og því verður ekki breytt með lögum af þessu tagi.

Ég held, herra forseti, að það sé nauðsynlegt að þessi atriði komi fram og við veltum því fyrir okkur hvernig hægt er að lagfæra Lánasjóðinn og það er auðveldlega hægt að gera það án þess að þar þurfi að verja til neinum stórkostlegum viðbótarfjármunum frá því sem nú er. Það eru miklir fjármunir sem fara í Lánasjóð ísl. námsmanna og það hlýtur að skipta þjóðina miklu máli að það sé farið vel með þá fjármuni.

Það er kannski rétt að láta koma fram að það hafa verið uppi á undanförnum árum tillögur um stórkostlega vaxtatöku af lánum til námsmanna. Það er fróðlegt að vita hver er afstaða manna til hennar. Það er fróðlegt að frétta af því. Er t.d. Sjálfstfl. þeirrar skoðunar að það eigi að leggja vexti á námslán, jafnvel mjög háa vexti? Ég á ekki von á að menn ungi út úr sér svari við þeirri spurningu hér og nú vegna þess að hún er svo erfið fyrir þá í þessari stöðu. Þeir eru að reyna að gera sig dýrlega út af málefnum Lánasjóðsins, íhaldið af öllum flokkum.

Það hefur verið alveg sérstakt skemmtiatriði að fylgjast með því að undanförnu hvernig talsmenn Sjálfstfl. hafa verið að reyna að hengja menntmrh. þegar hann er varla tekinn til starfa fyrir það að hann sé búinn að blóðsvíkja alla hluti eins og þeir leggja sig í þessum lánamálum án þess í rauninni að það hafi nein veruleg tíðindi gerst önnur en þau sem nú liggja fyrir eftir opinberar yfirlýsingar mínar og m.a. þetta fjárlagafrv.: breyta úthlutunarreglum í þágu jafnaðar. Það getur vel verið að það sé það sem íhaldið er á móti, en þá skulu þeir líka segja það. Þá skulu þeir líka segja að þeir séu á móti jöfnuði í Lánasjóði ísl. námsmanna.

Ég vil vekja athygli á því að lokum, herra forseti, að í fjárlagafrv. sem hér er lagt fram og hefur verið gerð grein fyrir opinberlega og legið á borðum hv. þm. síðan í gær er komið inn á eitt mjög stórt hagsmunamál námsmanna til viðbótar við Lánasjóðinn. Það er jöfnun námskostnaðar í dreifbýli. Það eru líka námsmenn það fólk sem stundar nám í framhaldsskólum. Það er líka fólk sem á rétt á því að því sé sýndur fullur sómi. Og ég vil líka benda á að í þessu fjárlagafrv. er gert ráð fyrir því að það verði veitt framlag á árinu 1989 til byggingar stúdentagarða sem er tvímælalaus stuðningur við hagsmunabaráttu námsmanna og skiptir einnig máli í þeirra kjörum. Við skulum veita núverandi ríkisstjórn, eins og ríkisstjórnum alltaf fyrr, fullt aðhald. En við skulum fara yfir málin af fullri sanngirni og spyrja: Hvað mundum við hafa gert í sömu stöðu, við sömu aðstæður í ríkisfjármálum og í þjóðfélaginu almennt?

Flm. (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. þann mikla áhuga sem þeir sýna þessu litla lagafrv. sem við höfum lagt fram nokkrir þingmenn. Ég vona að þessi áhugi verði til þess að þessu frv. verði skilað í gegnum þingið og það verði að lögum áður en þing fer heim.

Ég verð að fá að svara nokkrum rangfærslum hv. 2. þm. Reykv. Birgis Ísl. Gunnarssonar og um leið spurningum sem hann beindi til mín. Ég sagði í minni framsögu að ég legði þann skilning í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar að

það ætti ekki að gera neinar breytingar á lögunum um námslán og námsstyrki þar sem ekki kæmi fram stafur um það í stjórnarsáttmálanum. Ég hef lagt fram fsp. til menntmrh. í þinginu, sem er 65. mál, um það hvort hann hyggist skipa nefnd eða gera einhverjar breytingar á lögum um námslán og námsstyrki. Hann hefur nú svarað því í raun. Hann ætlar ekki að gera það. Hann ætlar að setja vinnuhóp til að leiðrétta það misgengi sem átt hefur sér stað í Lánasjóðnum í ráðherratíð fyrrv. menntmrh. og ég ætla að koma inn á það aðeins síðar.

Hv. þm. Hreggviður Jónsson sagðist styðja frv., eftir því sem ég skildi best. Ég held að það hljóti að vera dálítið erfitt að ætla að styðja frv. sem menn skilja alls ekki, það kom berlega fram í hans máli að hann skilur ekki frv. Hann talaði ekki um neitt annað en þann útgjaldaauka sem frv. hefði í för með sér. Það kallar á engin útgjöld. Það er ekki verið að tala um neinn útgjaldaauka í frv. Það er hins vegar fyrst og fremst verið að tala um að haft sé samráð við námsmenn ef gera eigi breytingar á reiknaðri framfærslu. Hins vegar er í frv. ákvæði til bráðabirgða um að þessi nefnd taki strax til starfa þegar lögin taka gildi og hún leggi mat á framfærsluna eins og hún er við gildistökuna, samanborið við framfærslu námsmanna eins og hún var í maí 1982 þegar lögin tóku gildi. Það verður hins vegar að koma í ljós hvort þessi könnun leiðir til þess að gerð verði breyting á framfærslunni, en þá er sú ákvörðun auðvitað í höndum menntmrh. Það geta nefnilega skapast þær aðstæður að það þurfi að skerða námslánin. Því miður búum við þannig að það geta skapast þær aðstæður að við þurfum að skerða þau rétt eins og menn þurfa að grípa inn í launasamninga og það kannast menn við.

Ég hef fyrst og fremst og hef alltaf, alla tíð, verið að gagnrýna vinnubrögðin við setningu reglugerðanna. Ég hef verið að gagnrýna vinnubrögðin. Ekki það að menn þurfi í neyð að grípa til breytinga á framfærslugrunninum, heldur hvernig að því var staðið öllu saman. Það er það sem ég er að gagnrýna og hef verið að gagnrýna og það er það sem frv. á að koma í veg fyrir, að menn hagi sér í framtíðinni í stöðu menntmrh. eins og tveir og mér liggur við að segja þrír síðustu hæstv. menntmrh. hafa gert.

Af því að hv. 2. þm. Reykv. kom inn á það áðan að ég hefði hlaupist frá undirskrift minni á þeim tillögum sem við lögðum fyrir hæstv. þáv. menntmrh. Sverri Hermannsson um breytingar á lögunum um námslán og námsstyrki, þá eru það auðvitað bara rangfærslur. Líkt og nú skipaði hæstv. þáv. menntmrh. sérstakan vinnuhóp til að gera tillögur um hvaða leiðir væru færar til þess að hækka endurheimtuhlutfall námslánanna sem samið var um á sínum tíma að skyldi vera yfir 90% en hefur ekki náðst nema upp í 88%. Við lögðum til ákveðnar tillögur, þessi vinnuhópur sem þá var að störfum, og lögðum þær fyrir hæstv. menntmrh. en undirstrikuðum að ef einhverjar breytingar skyldi gera skyldi það gert í samráði við námsmenn, enda voru námsmenn kallaðir til. Þeir komu með nýjar hugmyndir og lögðu til að aðrar leiðir yrðu farnar sem við höfðum ekki komið auga á. Þegar slíkar upplýsingar koma fram hljóta menn auðvitað að vilja taka slíkt til athugunar. Niðurstaðan varð síðan sú að það var hægt að fara aðra leið, leið sem skilaði nákvæmlega sama árangri hvað endurheimtuna snerti og sú leið sem nefndin hafði lagt til við hæstv. menntmrh. Ég féllst því á það með námsmönnum að betra væri að fara þá leið vegna þess að hún væri léttbærari fyrir námsmenn. Hins vegar gat Sjálfstfl. ekki fallist á það og ég skil ekki enn af hverju. Um þetta stóð ágreiningurinn og út af þessu slitnaði upp úr þessum viðræðum um lögin um námslán og námsstyrki á þeim tíma.

Meðan hv. 2. þm. Reykv. gegndi embætti menntmrh. skipaði hann sams konar vinnuhóp sem ég átti einnig sæti í. Við höfðum lagt til ákveðnar tillögur í skýrsluformi. Þær taka annars vegar til þess að halda áfram tekjutengingunni við endurgreiðsluna og **ná þannig hærra endurheimtuhlutfalli** til sjóðsins en verið hefur og hins vegar að stokka kerfið algjörlega upp, hafa það tvískipt, framfærslustyrki til námsmanna að ákveðinni upphæð en eftir það lán. Þetta getur líka skilað verulega háu endurheimtuhlutfalli. Það er hins vegar spurning hvort þingið er tilbúið til þess að standa að svo róttækri breytingu.

Eins og kom fram í máli hv. þm. Páls Pétursonar vorum við með það í huga að leggja frv. fyrir síðasta þing. Þá, alveg af óskiljanlegum ástæðum, gat hæstv. þáv. menntmrh. ekki með nokkru móti fallist á að það yrði lagt fyrir þingið. Og af hverju ekki? Honum fannst það víst vera móðgun við sig eða er það svo að öll þau mál sem upp koma og snerta námsmenn til hagsbóta geti Sjálfstfl. alls ekki fallist á? Það væri fróðlegt að fá svar við slíku.

Þeirri spurningu hvort þingflokkur framsóknarmanna styðji frv. eða ekki hefur verið svarað af formanni þingflokksins. Ég býst við að þingflokkur Alþb. styðji frv. líka vegna þess að það var borið undir þingflokkinn. Einstökum þm. Alþfl. var ekki boðið upp á að vera meðflm. frv. Það kemur í ljós hvort þingflokkur Alþfl. styður frv. eða ekki. Menn verða hins vegar að átta sig á því að þetta er ekki ríkisstjórnarfrv. Þetta er frv. einstakra þm. og ef áhugi þm. verður eins mikill fyrir þessu máli eins og komið hefur fram í umræðunni í dag efast ég ekkert um að frv. fari í gegnum þingið.

Hv. 2. þm. Reykv. Birgir Ísl. Gunnarsson kom inn á það áðan að það væri ekkert einkamál menntmrh. þegar framfærslan væri skert. Það væri öll ríkisstjórnin sem bæri ábyrgð á slíku. Menn mega ekki gleyma því að ríkisstjórnin er fjölskipað stjórnvald og það er menntmrh. sem fer með ákvörðunaratriði er snerta reglugerðarsetningu. Það eiga menn að vita sem búnir eru að vera í ráðherradómi. Í tíð hæstv. fyrrv. menntmrh., Birgis Ísl. Gunnarssonar, hafa verið gerðar slíkar endemis dellur við breytingar á úthlutunarreglum úr sjóðnum

að þessi rökstuðningur hans áðan fyrir því að þetta hafi verið gert í því skyni að draga saman útgjöld sjóðsins stenst bara alls ekki. Og eins og hæstv. menntmrh. kom inn á áðan eru útgjöldin vegna þessara vitlausu reglugerðarbreytinga hærri upphæð eða nálægt því sama og það kostar að hækka framfærsluna um 17% eins og skerðingin er í dag, eða á bilinu 17–20%. Menn hafa aukið útgjöld Lánasjóðsins á síðustu tveimur árum um 250 millj. kr. eða rúmlega það með því að færa framfærsluna frá þeim námsmönnum sem þurfa á henni að halda yfir til þeirra sem hafa háar tekjur og þurfa ekki á framfærslunni að halda. Menn mega ekki gleyma því í þessum efnum að þarna eru menn farnir að vinna gegn meginhlutverki Lánasjóðsins. Það er farið að lána fólki sem hefur nógar tekjur til að lifa af, það er farið að lána því vaxtalaus lán til að fjárfesta fyrir. Þetta eru hlutir sem mega ekki ske. Lánasjóðurinn á að vera og hann er framfærslulánasjóður þeirra sem þurfa á því að halda að fá aðstoð meðan þeir eru í námi. Þegar ég segi vaxtalaus lán er ég auðvitað ekki að tala um að lánin séu óverðtryggð. Þessi lán eru verðtryggð samkvæmt lánskjaravísitölu en það eru ekki borgaðir vextir ofan á verðtrygginguna.

Hæstv. menntmrh. kom inn á það hér áðan í lokaorðum sínum að það væri fleira en bara Lánasjóðurinn sem skipti námsmenn miklu máli. Því er ég alveg hjartanlega sammála og ég hef lagt fram á þinginu þáltill. um byggingarsjóð fyrir námsmenn og ég fagna því að í því fjárlagafrv. sem lagt hefur verið fyrir þingið skuli sérstakur styrkur koma til Félagsstofnunar stúdenta til byggingar á námsmannaíbúðum. Ég lagði þessa sömu tillögu fyrir þingið í fyrra, en þingið treysti sér þá ekki til þess að afgreiða hana. Hún er leið til þess að leysa úr, ég segi brýnasta hagsmunamáli námsmanna. Námsmönnum, sem fá lán frá Lánasjóðnum í dag, er ætlað að borga í húsaleigu af því láni 5120 kr. Vita menn hvað námsmenn þurfa að greiða í húsaleigu sem leigja úti í bæ? Fyrir tveggja herbergja íbúð er það á bilinu 20–30 þús. kr. á mánuði og fyrir eitt herbergi er það á bilinu 15–20 þús. Hvernig haldið þið að námsmenn komist af með því að hafa 5120 kr. til þess að greiða húsaleigu?

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Herra forseti. Það fer að styttast í fundartímanum og ég skal ekki hafa mjög mörg orð í annað skiptið sem ég tek til máls um þessa tillögu. Ég vil beina örfáum orðum bæði til hv. þm. Páls Pétursssonar og hv. þm. Finns Ingólfssonar varðandi hugleiðingar þeirra um hvort ríkisstjórn sé fjölskipað stjórnvald eða ekki og hvar ábyrgðin liggi. Það er alveg ljóst í mínum huga og ég hef aldrei efast um það að ábyrgð á að setja eða breyta reglugerð um Lánasjóð ísl. námsmanna liggur auðvitað hjá menntmrh. Það er hins vegar alveg sama hversu fínar reglugerðir menn hafa og hversu há menn vilja hafa lánin í reglugerðum, ef peningarnir eru ekki til, skipta reglugerðirnar engu máli. Það var nákvæmlega það sem gerðist 1987, þegar reglugerðinni var breytt, að þáv. ríkisstjórn, í heild, tók ákvörðun um að skerða fjármagn til Lánasjóðs ísl. námsmanna og þar með var hæstv. þáv. menntmrh. neyddur til þess að laga reglugerðina að því fjármagni sem í boði var og þessa ákvörðun tók auðvitað ríkisstjórnin öll. Það er ríkisstjórnin í heild sem tekur slíkar meginákvarðanir um það hversu háum upphæðum eigi að verja í einstaka málaflokka, a.m.k. þegar við erum komnir í fjárhæðir sem þessar.

Fjvn. var líka sammála þessu og lagði þetta til, þannig að Framsfl. getur ekki hlaupist undan þessari ábyrgð eins og báðir þessir tveir hv. þm. eru að gera, eins og Framsfl. gerir alltaf þegar á móti blæs og um óvinsæl mál er að ræða. Þá sjáið þið alltaf undir iljar honum á harðahlaupum burtu frá ábyrgðinni. Það er það sem hefur komið fram í ræðum þessara hv. þm. hér í dag og reyndar í þeim tillöguflutningi og þeim málatilbúnaði sem hér er viðhafður.

Hvað snertir hæstv. menntmrh. þarf hann auðvitað ekkert að kveinka sér undan því þó að málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna komi mjög á dagskrá núna. Hann hefur sjálfur gefið tilefni til þess meir en nokkur annar. Hæstv. ráðherra talaði nefnilega á síðasta kjörtímabili nákvæmlega eins og menn gerðu í Innansveitarkróníku um hreppsnefndina í Mosfellssveit eins og hv. þm. Páll Pétursson vitnaði til áðan. Hann taldi ríkisstjórnina vera skemmtinefnd þar sem menn væru bara að skemmta sér. Allur hans málflutningur á síðasta kjörtímabili benti til þess að þetta væri bara grín og gaman og ein skemmtun. Menn þyrftu ekki að hafa neinar áhyggjur af peningum. Þess vegna hafði hæstv. ráðherra mjög stór orð og hann lofaði miklu. Hann lofaði námsmönnum miklu. Hann lofaði þeim að umsvifalaust skyldi reglugerðinni breytt, þetta skerðingarákvæði numið úr gildi. Og ekki nóg með það, hann sagði: Það er skilyrði fyrir setu Alþb. í ríkisstjórn að þetta ákvæði verði tekið upp í málefnasamning. Hvar er það í málefnasamningnum? Hv. þm. Finnur Ingólfsson rifjaði það upp áðan. Það er hvergi stafkrók að finna um Lánasjóðinn í málefnasamningnum.

Hæstv. ráðherra er kominn á harðahlaup undan þessum stóru orðum sínum, þessum stóru loforðum. Ég skal segja hæstv. ráðherra það að það mikið þekki ég til málefna Lánasjóðs ísl. námsmanna að ef hann ætlar að afnema skerðingarákvæðin á þann hátt að skerða lán til þeirra sem hæst hafa launin nær hann engum verulegum fjárhæðum í því efni. Það er því mikill misskilningur ef hæstv. ráðherra heldur það að hann geti komist undan þessum loforðum sínum með þessum léttleika eins og hann reynir að gera hér. Það að breyta útlánareglunum í þeim dúr sem hann er að reyna að telja okkur trú um og telja námsmönnum trú um að skili sama árangri er ekki rétt. Hann nær ekki þessum 17% sem skerðingin varð með þessum kúnstum sem hann er að lýsa hér fyrir okkur. Hitt er svo annað mál og það er auðvitað meginatriði sem er nauðsynlegt að ræða. Það eru ekkert mjög há laun sem námsmenn mega

hafa áður en farið er að skerða námslánin. Ég beitti mér fyrir breytingum í því skyni að menn mættu hafa hærri laun áður en farið væri að skerða lánin hjá þeim og ástæðan fyrir því var sú að ég fékk inn á borð til mín svo hrikaleg dæmi um það að námsmenn, sem höfðu slysast til þess, ég segi slysast, jafnvel af sínum óvilja að hafa hærri laun, t.d. læknanemar í læknanámi á spítölum eða menn í störfum tengdum sínum námi, misstu námslánin og stóðu verr uppi eftir en áður. Ég er alveg sannfærður um að þegar hæstv. ráðherra fer að skoða þetta dálítið betur verður hann sama sinnis og ég í því efni. Þetta er ekki spurningin um að vera með einhvern ójöfnuð. Þetta er spurningin hvort eigi að refsa mönnum fyrir það að vinna eða fá tekjur.

Hv. flm. tala um að þetta sé sakleysislegt frv., sem það vissulega er á yfirborðinu, og það sé svo bara menntmrh. að ákveða hvort hann fari eftir því, það sé menntmrh. síðan að ákveða hvort hann vilji framfylgja því ákvæði til bráðabirgða þegar búið er að leggja mat á framfærsluna. Það er staðreynd að við vitum það í dag hvert matið eigi að vera. Við höfum þetta mat. Það liggur fyrir eins og hv. þm. Kristín Halldórsdóttir rifjaði upp. Þetta er spurningin um 500 millj. kr. í aukaútgjöld fyrir Lánasjóð ísl. námsmanna. Þetta er sú spurning. Og þið eruð ekki tilbúnir að gera neinar tillögur um þessa útgjaldaaukningu fyrir Lánasjóð ísl. námsmanna. Það verður auðvitað fylgst með því hér við afgreiðslu fjárlaga hvort þið komið með tillögur af því tagi. Að því leyti er þessi tillaga ekki sakleysisleg því hún gerir, sérstaklega ákvæði til bráðabirgða, ráð fyrir því að þegar búið er að segja a sé sagt b, að þegar búið sé að leggja formlegt mat á þennan framfærslukostnað hljóti hann að verða greiddur. Það er mergurinn málsins. Þetta er ekki bara spurningin um eitthvert form, þetta er spurningin um efni. En úr því að þessi tillaga á svo víðtækan stuðning hjá bæði Framsfl. og Alþb., eins og hér kemur fram, mun ég auðvitað greiða fyrir því í menntmn. Nd., þar sem ég á sæti, að frv. renni í gegn. Ég tel nauðsynlegt að það verði afgreitt fyrir jól til þess að við höfum það alveg svart á hvítu hvaða fjármagn Lánasjóður ísl. námsmanna þurfi á að halda til þess að hægt sé að framkvæma þann vilja sem virðist vera fyrir hendi hjá meiri hluta Alþingis í þessu efni.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég vil svona undir lokin þakka fyrir þessa ágætu umræðu sem fram hefur farið um Lánasjóð ísl. námsmanna, þá gagnlegu umræðu sem skýrir kannski að einhverju leyti þann vanda sem við er að glíma í þeim efnum og er það vel.

Ég vil einnig taka undir þau orð sem hv. 2. þm. Reykv. mælti hér áðan að auðvitað er mjög brýnt að þau atriði sem snúa að Lánasjóði ísl. námsmanna fyrir árið 1989 verði eins skýr og kostur er við afgreiðslu fjárlaga, bæði að því er varðar það sem eftir er af þessu námsári, 1988–1989, og að því er varðar nýtt námsár, 1989–1990. Það er auðvitað rétt sem hér hefur verið bent á, að reglugerðin ræður miklu um það hvernig farið er með það fé sem úr er að spila. Við munum leggja á það áherslu að haga úthlutunarreglunum þannig að peningarnir komi til þeirra sem búa við erfiðustu kjörin. Það er okkar stefna. Það er örugglega alveg rétt hjá hv. 2. þm. Reykv. að það getur verið mjög erfitt að breyta tekjuviðmiðuninni, en ég held að það mál liggi nú ósköp einfaldlega þannig að við séum dæmd til að gera það af því að peningarnir eru ekki ótakmarkaðir. Við sem stöndum að þessari ríkisstjórn erum þeirrar skoðunar að eðlilegra sé að nota það fé sem til er í Lánasjóðnum til þess að tryggja sem best kjör þeirra námsmanna, sem búa við lökustu kjörin fyrir, en láta ekki námslánin elta uppi tekjur manna upp eftir öllum skalanum.

Hitt atriðið sem ég tel ástæðu til að taka undir með hv. 2. þm. Reykv. er svo auðvitað það, eins og allir þm. vita, að stjórnarflokkarnir allir bera ábyrgð á ríkisstjórninni, líka þeim ráðuneytum sem þeir eru ekki í. Þannig er það vegna þess að efnahagsrammminn og fjárlagaramminn ræður úrslitum um það hvernig er hægt að framkvæma margt af þeim lögum sem Alþingi hefur sett á undanförnum árum. Þess vegna getur enginn nokkurn tíma skotið sér undan ábyrgð á ráðuneytum svo lengi sem menn eru stuðningsmenn ríkisstjórnar. Þetta eru auðvitað gömul sannindi og ný. Þau hafa alltaf verið í gildi og eru einnig í gildi hjá núv. ríkisstjórn.

Flm. (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég vil koma á framfæri örstuttri athugasemd til að leiðrétta það sem kom fram hjá hv. 2. þm. Reykv. að það þyrfti 500 millj. kr. til þess að standa undir þeim útgjaldaauka hjá Lánasjóðnum ef námslánin hækkuðu um 17–20%. Í fyrsta lagi er nú ágreiningur milli námsmanna annars vegar og stjórnar Lánasjóðsins hins vegar um hvort þessi skerðing er 17% eða 20%.

Ég er hérna með Morgunblaðið frá 20. okt. Þar kemur fram í viðtali við Þorbjörn Guðmundsson, framkvæmdastjóra Lánasjóðs ísl. námsmanna, að ef bæta eigi námsmönnum skerðinguna með 17% hækkun kosti það 275 millj. Ef menn hækka hins vegar framfærsluna um 20% kosti það 324 millj. Þetta er heildarútgjaldaaukinn fyrir Lánasjóðinn við þessa breytingu. En úr því að hv. 2. þm. Reykv. kvartaði undan því hér áðan að ekki hefðu verið til peningar í Lánasjóðnum þegar hann fór þar með völd og því hefði þurft að skera niður. Það má benda á það að hér hefur rækilega verið undirstrikað að peningar voru til í Lánasjóðnum til þess að færa frá þeim sem ekki þurftu á lánum að halda til þeirra sem ekki höfðu þörf fyrir lán. Til þess voru til peningarnir í ráðherratíð Birgis Ísl. Gunnarssonar í menntmrn., að færa þá frá þeim fátæku til hinna ríku.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég vil gera hér örstutta athugasemd

því að auðvitað átti hv. þm. að vita betur þegar hann vitnaði hér í Morgunblaðið. Tillaga hans eða tillaga í ákvæðum til bráðabirgða er að leggja eigi mat á framfærslu námsmanna eins og hún er við gildistöku laganna samanborið við framfærslu námsmanna eins og hún var í maí 1982.

Þetta er tvíþætt. Annars vegar er skerðingin, sem er 17 eða 20%, en við skulum láta það liggja á milli hluta. Það eru þessar 275 millj., eða hvaða tala það var sem Þorbjörn Guðmundsson nefndi í Morgunblaðsgreininni. Hitt er endurskoðunin á framfærslugrunninum sem gerir það að verkum að talan verður 500 millj., sú endurskoðun liggur líka fyrir. Við megum því ekki gleyma að þetta er tvíþætt og hv. þm. tók bara annan þáttinn með í sínum tölum hér áðan.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

9. fundur, fimmtudaginn 3. nóv., kl. 8.30 síðdegis.

Stefnuræða forsætisráðherra og umræða um hana (útvarpsumræða).

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Umræðan skiptist í tvær umferðir. Í fyrri umferð hefur forsrh. allt að hálfri klukkustund til umráða og fulltrúar annarra þingflokka 20 mínútur hver. Í síðari umferð hefur hver þingflokkur 10 mínútur til umráða. Stefán Valgeirsson, 6. þm. Norðurl. e., fær 15 mínútna ræðutíma.

Röð flokkanna verður þessi í báðum umferðum: Framsfl., Sjálfstfl., Alþfl., Borgfl., Alþb. og Samtök um kvennalista.

Ræðumenn verða: Fyrir Framsfl. talar auk forsrh. Steingríms Hermannssonar Finnur Ingólfsson, 10. þm. Reykv., í síðari umferð. Ræðumenn Sjálfstfl. verða Þorsteinn Pálsson, 1. þm. Suðurl., og Halldór Blöndal, 2. þm. Norðurl. e., í fyrri umferð og Geir H. Haarde, 17. þm. Reykv., í þeirri síðari. Af hálfu Alþfl. tala Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh. og Sighvatur Björgvinsson, 5. þm. Vestf., í fyrri umferð, en Jón Sigurðsson viðskrh. í seinni. Fyrir Borgfl. tala í fyrri umferð Guðmundur Ágústsson, 11. þm. Reykv., Óli Þ. Guðbjartsson, 6. þm. Suðurl., og Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Vesturl., en í þeirri síðari Júlíus Sólnes, 7. þm. Reykn. Af hálfu Alþb. tala Ólafur Ragnar Grímsson fjmrh. og Margrét Frímannsdóttir, 4. þm. Suðurl., í fyrri umferð, en Steingrímur J. Sigfússon landbrh. í síðari umferð. Ræðumenn Samtaka um kvennalista verða Málmfríður Sigurðardóttir, 7. þm. Norðurl. e., og Þórhildur Þorleifsdóttir, 18. þm. Reykv., í fyrri umferð og Guðrún Agnarsdóttir, 6. þm. Reykv., í þeirri síðari. Stefán Valgeirsson, 6. þm. Norðurl. e., talar síðastur í fyrri umferð.

Hefst nú umræðan og hæstv. forsrh., Steingrímur Hermannsson, tekur til máls.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Sú ríkisstjórn sem tók við 28. sept. sl. hóf feril sinn eins og allar ríkisstjórnir á Íslandi undanfarna áratugi með brýnum aðgerðum í efnahags- og atvinnumálum, en e.t.v. brýnni nú en um langt skeið.

Jafnframt því sem ég mun að sjálfsögðu fjalla um stefnu ríkisstjórnarinnar í mikilvægum málaflokkum mun ég lýsa fyrstu ráðstöfunum til endurreisnar atvinnulífinu. Áður sýnist mér þó rétt að fara nokkrum orðum um aðdraganda þeirra miklu erfiðleika sem við er að stríða. Vil ég með því móti leitast við að varpa ljósi á þau mein sem til grundvallar liggja og þau mistök sem hafa verið gerð.

Eftir hagstæða þróun í íslenskum atvinnu- og efnahagsmálum á árinu 1986 urðu um áramótin og í upphafi ársins 1987 ljós hættumerki. Umframeftirspurn eftir vinnuafli var orðin mikil, launaskrið var vaxandi og í kjölfar þess mikil þensla. Í kosningabaráttunni og í margra vikna tilraunum til stjórnarmyndunar tókst ekki að ná samstöðu um aðgerðir til þess að hamla gegn þessari hættu þótt hún í raun mætti vera hverjum manni ljós.

Við stjórnarmyndun í júlí 1987 urðu þeir flokkar sem að stjórninni stóðu því miður ekki heldur sammála um nægilega róttækar efnahagsaðgerðir. Þensla fór því enn vaxandi á árinu 1987. Viðskiptahalli myndaðist á ný og varð ríflega 7 milljarðar kr. Þessi þróun birtist m.a. í gífurlegri fjárfestingu, einkum á höfuðborgarsvæðinu og meiri innflutningi, t.d. bifreiða, en nokkru sinni fyrr. Síðasta ríkisstjórn ákvað þó að bíða með frekari efnahagsaðgerðir þar til í tengslum við kjarasamninga.

Eftir kjarasamninga í febrúar var gengi krónunnar fellt um 6%. Fljótlega kom þó í ljós að sú gengisfelling náði skammt. Í vaxandi verðbólgu fór staða atvinnuveganna á ný versnandi. Það jók jafnframt á erfiðleikana að verðfall varð á frystum afurðum á Bandaríkjamarkaði. Var svo komið í lok maí að útflutningsgreinarnar bjuggu á ný við mikinn halla. Var þá enn gripið til þess ráðs að fella gengið, nú um 10%. Jafnframt voru Akureyrarsamningarnir svonefndu lögboðnir fyrir alla þá hópa sem ekki höfðu samið.

Fyrirheit voru og gefin um ýmsar aðrar aðgerðir í efnahagsmálum. M.a. var því heitið að koma í veg fyrir víxlverkun verðlags, gengis, launa og fjármagnskostnaðar sem einkennt hefur íslenskt efnahagslíf í áratug og keyrt áfram skrúfu verðbólgunnar. Einnig var boðað að vinna að lækkun þess gífurlega fjármagnskostnaðar sem tröllriðið hefur fyrirtækjum og heimilum undanfarin missiri.

Því miður tókst ekki að standa við slík fyrirheit og var staða atvinnuveganna fljótlega orðin engu betri en fyrr. Eins og á árinu 1982 sannaðist enn að

uppfærsluleiðin, þ.e. gengisbreyting, er ekki fær til þess að lagfæra stöðu útflutningsgreinanna nema um stuttan tíma, a.m.k. ef ekki er spornað gegn víxlverkunum með því að takmarka sem mest áhrif gengisfellinga á hina ýmsu þætti efnahagslífsins. Þetta á ekki síst við um fjármagnskostnaðinn.

Eflaust eru skoðanir skiptar um orsakir þeirra efnahagserfiðleika sem þjóðin á nú við að stríða. Þó vil ég freista þess að fara um það nokkrum orðum, ekki síst til þess að skýra hvað liggur til grundvallar breyttri stefnu núverandi ríkisstjórnar.

Síðan 1985 má segja að hér á landi hafi verið fylgt hefðbundnum vestrænum leiðum í efnahagsmálum. Ætlað var að skapa jafnvægi með því að takmarka framboð fjármagns og láta markaðinn ráða vöxtum. Um þessa leið voru að vísu skiptar skoðanir, en þeir sem ráðið hafa stjórn peningamála í landinu höfðu sitt fram. Því verður hins vegar varla á móti mælt að ekki tókst að ná því jafnvægi sem að var stefnt. Að vísu virtist þróun peningamála vera jákvæð á árinu 1986. Þá óx sparnaður umfram útlán og raunvextir voru hóflegir. Hins vegar fór uppsveiflunnar í sjávarútvegi fljótlega að gæta eins og ætíð áður og umrætt jafnvægi fór ótrúlega fljótt úr skorðum. Þrátt fyrir mikla bindingu fjármagns og strangar kröfur um lausafjárstöðu viðskiptabankanna fór þensla vaxandi. Þrátt fyrir mikla hækkun vaxta dró lítið sem ekkert úr eftirspurn eftir fjármagni. Jafnvel gamalgróin fyrirtæki, sem ekki fengu þörfum sínum fullnægt hjá viðskiptabönkunum, leituðu út á fjármagnsmarkaðinn utan bankanna og greiddu þar raunvexti sem enginn venjulegur rekstur fær undir staðið til lengdar.

Í stað þess að skapa jafnvægi á peningamarkaðnum leiddi takmörkun eða stjórnun á útlánum viðskiptabankanna annars vegar en hins vegar svonefnt frjálsræði eða stjórnleysi á öðrum hluta fjármagnsmarkaðarins til þess að útflutningsgreinarnar urðu í fjármagnssvelti en atvinnurekstur sem telur sig geta velt kostnaðinum yfir í verðlagið sótti fjármagnið í verðbréfasölur og kaupleigufyrirtæki á óheyrilegum vöxtum. Á árinu 1987 urðu erlendar lántökur u.þ.b. 4 milljörðum meiri en gert var ráð fyrir. Nálægt helmingurinn af því fjármagni rann í gegnum greipar hinna nýju kaupleigufyrirtækja.

Þetta er stutt lýsing á stjórn efnahagsmála eftir leið peningahyggjunnar. Það var gert í nafni frelsis en hefur í raun leitt yfir þjóðina meiri höft í viðjum fjármagnsins en við Íslendingar höfum áður þekkt. Ýmsir dyggir stuðningsmenn peningahyggjunnar munu að vísu telja að mistökin séu í því fólgin að ekki var enn hert að hengingarólinni með aukinni bindingu og enn meiri hækkun vaxta. Því er jafnan haldið fram að réttasta leiðin úr erfiðleikum atvinnulífsins og til hagræðingar í efnahagslífinu sé í gegnum gjaldþrot þeirra fyrirtækja sem ekki þola fjármagnssveltið og hina háu vexti.

Ég tel að síðasta ríkisstjórn hafi ekki fylgt þeirri stefnu. Þvert á móti er það sannfæring mín að flestum eða öllum í þeirri ríkisstjórn hafi verið ljóst að slíkan blóðvöll þolir íslenskt efnahagslíf ekki. Núv. ríkisstjórn hafnar með öllu slíkum hugmyndum.

Í þjóðhagsáætlun kemur fram að framfærsluvísitala hækki frá upphafi til loka þessa árs, m.ö.o. að verðbólgan á árinu verði rúmlega 25%. Það er sama verðlagshækkun og varð á síðasta ári en tvöföld verðbólgan á árinu 1986. Viðskiptahalli í ár er talinn verða um 4,6% eða tæplega 12 milljarðar kr. Það er mikil breyting frá árinu 1986 þegar viðskiptajöfnuður var jákvæður.

Fyrir fyrstu aðgerðir ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum voru botnfiskveiðar og vinnsla í heild rekin með halla sem að mati Þjóðhagsstofnunar nam 6%. Hallinn var talinn mestur á frystingu eða 8%, 3% í veiðum en söltun með 2% í jákvæða afkomu. Rækjuvinnsla var talin rekin með 3% halla. Þótt ekki liggi fyrir tölur um ullariðnaðinn og aðra útflutningsframleiðslu má fullyrða að þar hafi yfirleitt verið um hallarekstur að ræða. Þessar tölur lýsa þó ekki öllum erfiðleikum útflutningsatvinnuveganna. Í fyrsta lagi telja forustumenn fyrirtækjanna að fjármagnskostnaður sé mjög vanmetinn af Þjóðhagsstofnun, enda er í þeim útreikningum ekki tekið tillit til vanskila og mikils fjármagnskostnaðar sem því fylgir. Í öðru lagi hefur eiginfjárstaða fjölmargra fyrirtækja ef ekki allra rýrnað mjög á undanförnum mánuðum við stöðugan taprekstur.

Gífurlegur fjármagnskostnaður hefur sogað til sín fjármagn atvinnuveganna. Talið er að eigið fé frystingarinnar einnar hafi rýrnað um hátt á annan milljarð kr. á þessu ári. Þessi þróun gengur þvert gegn almennt viðurkenndri nauðsyn þess að treysta grundvöll atvinnulífsins með auknu eigin fé. Hlutfallslega lítið eigið fé fyrirtækja hér á landi veikir íslenskt atvinnulíf í vaxandi alþjóðlegri samkeppni.

Daglegar tilkynningar um gjaldþrot bera þess glöggt vitni. Flest hafa þau verið í verslun, viðskiptum og þjónustu, allmörg fyrirtæki í sjávarútvegi og iðnfyrirtæki, einkum í fata- og ullariðnaðinum, hafa þó einkum stöðvast. Lánastofnanir hafa þá haldið útflutningsfyrirtækjunum almennt gangandi lengur þótt staðan sé þar í mörgum tilfellum engu betri.

Þessi miklu gjaldþrot munu reynast mikil blóðtaka fyrir íslenskt efnahagslíf. Þau munu teygja anga sína ótrúlega víða. Sú óarðbæra fjárfesting sem að baki liggur hefur að sjálfsögðu aukið erlendar skuldir þjóðarbúsins. Þær þarf að greiða þótt af öðrum verði en þeim sem til fjárfestinganna stofnuðu. Við það mun afkoma þjóðarbúsins og sérhvers einstaklings versna. Þjóðin mun öll súpa seyðið af hinni margrómuðu frjálshyggju í peninga- og fjárfestingarmálum. Óheft hefði þessi þróun gjaldþrota og framleiðslustöðvunar vafalaust leitt til meira atvinnuleysis en við höfum lengi þekkt og að sjálfsögðu gífurlegrar kjaraskerðingar. Ég óttast reyndar að því fari víðs fjarri að öll kurl séu komin til grafar.

Við þær aðstæður, sem ég hef nú lýst, hefur gengisfelling yfirleitt verið bjargráðið. Margendur-

tekin reynsla hefur hins vegar sýnt okkur að við þær aðstæður sem við búum við, miklar erlendar skuldir og vísitölutengingu m.a. fjármagns, er sú leið aðeins skammgóður vermir. Hún eykur fyrst og fremst verðbólguna og erfiðleikana þegar til lengri tíma er litið. Eftir að samstaða brást um niðurfærsluleiðina svonefndu var því ekki um annað að ræða en að fara blandaða leið. Markmið fyrstu aðgerða ríkisstjórnarinnar er að koma í veg fyrir stöðvun útflutningsframleiðslunnar, treysta atvinnuöryggið í landinu og færa niður vexti og verðbólgu. Verður þeim nú lýst í fáum orðum.

Til þess að draga úr þörf fyrir sértækar aðgerðir í þágu einstakra útflutningsgreina var ákveðið að nota þá heimild sem fyrri ríkisstjórn hafði veitt til 3% lækkunar á gengi íslensku krónunnar. Þessi aðgerð lagar að sjálfsögðu bæði stöðu útflutnings- og samkeppnisgreina en veldur því miður hækkun á verðlagi um nálægt 2%. Hins vegar er lögð áhersla á ráðstafanir til þess að draga úr kostnaði. Lækkun vaxta og samræmd stjórn á fjármagnsmarkaðinum öllum mun, ekki síst þegar til lengri tíma er litið, reynast einna mikilvægust til lækkunar á kostnaði atvinnureksturs og heimila.

Ríkisstjórnin fól því Seðlabanka Íslands að hefja án tafar viðræður við viðskiptabankana um lækkun bæði nafnvaxta og raunvaxta. Þótt nokkur árangur hafi orðið er hann enn allt of lítill. Lækkun meðalraunvaxta útlána í 5–6% á næstunni er nauðsynleg. Ríkisstjórnin mun beita heimildum í 9. gr. laga um Seðlabanka Íslands í þessu skyni ef þörf krefur. Þess ætti þó varla að vera þörf í þeirri hraðminnkandi þenslu sem fram undan er.

Útreikningi dráttarvaxta hefur verið breytt. Þeir reiknast nú sem dagvextir. Vaxtamunur afurðalána hefur verið lækkaður um 0,7%. Grundvelli lánskjaravísitölu mun verða breytt þannig að verulega dragi úr misgengi fjármagnskostnaðar og launa. Það verður gert með því að auka vægi launa í grundvelli lánskjaravísiötlunnar. Jafnframt hefur verið ákveðið að heimila þeim sem þess óska viðmiðun við gengi. Að því er stefnt að afnema lánskjaravísitölu strax og jafnvægi í efnahagsmálum er náð og draga þannig úr víxlhækkun verðlags og fjármagnskostnaðar.

Í því skyni að samræma stjórn á fjármagnsmarkaðnum öllum hafa þegar verið lögð fyrir Alþingi frv. um verðbréfaviðskipti og eignarleigustarfsemi. Er í þeim m.a. gert ráð fyrir heimild til þess að binda hluta af ráðstöfunarfé verðbréfasjóða svipað og er gagnvart viðskiptabönkunum. Með ströngum reglum og eftirliti á að tryggja hag viðskiptavina svo fátt eitt sé nefnt. Stefnt er að því að skylt verði að skrá á nafn hvers konar skuldabréf og eigendaskipti á þeim og að bankar og fjármálafyrirtæki verði upplýsingaskyld gagnvart skattyfirvöldum.

Til þess að sporna gegn hækkun framleiðslukostnaðar, hækkun raungengis og þeirri hættu á gengisfellingu, sem því mundi fylgja, var óhjákvæmilegt að fella niður þær launahækkanir sem um hafði verið samið 1. sept. og 1. des. Á hinn bóginn var ákveðið að hækka laun um 1,25% 15. febr. nk. Laun bænda og fiskverð var og bundið til sama tíma. Ákvæði kjarasamninga um launabreytingar eftir 1. mars halda gildi sínu.

Með ýmsum ráðstöfunum er leitast við að mæta þeim áhrifum sem aðgerðirnar hafa á afkomu einstaklinga og heimila. Í því skyni var tekjutrygging elli- og örorkulífeyrisþega og heimilisuppbót hækkuð um 3% frá 1. okt. sl. Settur verður á fót sérstakur skuldbreytingasjóður húsbyggjenda og heimila. Honum er ætlað að liðsinna fjölskyldum í alvarlegum greiðsluerfiðleikum. Til hans verður aflað 150 millj. kr.

Mikilvægust fyrir fjölda launafólks verður þá eflaust sú lækkun vaxta og breyting á lánskjaravísitölu sem ég hef lýst og sú verðstöðvun sem nú er. Með því að beita heimild í 7. gr. laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti hefur ríkisstjórnin ákveðið að óheimilt verði til 28. febr. 1989 að hækka verð vöru og þjónustu nema sem nemur hækkun á erlendu innkaupsverði og hækkun á verði á innlendum grænmetis- og fiskmörkuðum. Á þeim tíma mun verð á búvöru heldur ekki breytast en sú hækkun sem átti að verða 1. okt. greidd niður.

Gjaldskrár fyrirtækja á vegum ríkis eða sveitarfélaga og gjaldskrár sjálfstætt starfandi sérfræðinga verða einnig óbreyttar til 28. febr. 1989 að öðru leyti en því sem nemur hækkun á erlendu innkaupsverði aðfanga. Á verðstöðvunartímabilinu er einnig óheimilt að hækka húsaleigu.

Með þessum aðgerðum er mjög dregið úr þeim hækkunum sem að öðrum kosti hefðu orðið á rekstri atvinnufyrirtækja og heimila. Jafnframt er sú launaskerðing sem launafólk verður fyrir að verulegu leyti bætt. Með tilliti til þess að rekstrarafkoma frystingar og ullariðnaðar hefur verið hvað lökust var ákveðið að færa sérstaklega fjármagn til þessara greina.

Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins var heimilað að taka erlend eða innlend lán með ríkisábyrgð allt að 800 millj. kr. Andvirði lánsins er notað til greiðslu verðbóta vegna framleiðslu á freðfiski og hörpudiski á tímabilinu frá 1. júní sl. til 31. maí 1989. Þetta samsvarar um það bil 5% verðuppbót á freðfisk. Það er sú uppbót sem eðlileg' hefði verið að greiða úr Verðjöfnunarsjóði vegna verðfalls undanfarinna mánaða ef greinin hefði átt þar fjármagn. Þessi útborgun er þegar hafin. Þá hefur verið ákveðið að auka niðurgreiðslur á ull til ullariðnaðarins um allt að 40 millj. kr.

Í samræmi við ákvæði bráðabirgðalaga greiðir stjórn Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins verðbætur vegna framleiðslu á rækju frá 1. júní sl., enda hefur sú grein átt í miklum erfiðleikum og verðfalli. Í athugun er lækkun raforkuverðs til þess fiskiðnaðar sem býr við tiltölulega jafna sólarhrings- og ársnotkun. Þá mun uppsafnaður söluskattur fiskeldis og loðdýraræktar verða endurgreiddur með hliðstæðum hætti og til annarra útflutningsgreina. Að mati Þjóðhagsstofnunar munu ofangreindar aðgerðir leiða til þess að afkoma botnfiskvinnslunnar

verður í járnum. Hins vegar er talið að botnfiskveiðar og vinnsla verði í heild með halla sem nemur um það bil 1%. Í þessum útreikningum er þó ekki tekið nema lítillega tillit til lækkunar á fjármagnskostnaði.

Augljóst er að slík afkoma mun ekki gera atvinnufyrirtækjunum kleift að greiða úr þeim miklu vanskilum sem safnast hafa í taprekstri undanfarinna missira. Því hefur verið settur á fót sérstakur sjóður sem nefnist Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina. Sjóði þessum er ætlað að leysa úr fjárhagsvanda fyrirtækja í útflutningi með skuldbreytingu og hagræðingu. Sjóðurinn mun fá 2000 millj. kr. til ráðstöfunar á næstu tveimur árum. Af framlagi ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs munu samtals 600 millj. kr. renna til þessa nýja sjóðs, enda er með þessum sjóði ekki síst stefnt að því að koma í veg fyrir mikið atvinnuleysi. Þá mun Atvinnutryggingarsjóður fá 200 millj. kr. árlegt framlag næstu tvö árin úr ríkissjóði. Framlag ríkissjóðs verður því 1 milljarður kr. Jafnframt er sjóðnum heimilað að taka með ríkisábyrgð lán að upphæð 1 milljarður kr. Atvinnutryggingarsjóði er og ætlað að hafa milligöngu um skuldbreytingu á allt að 5000 millj. kr. Einnig er sjóðsstjórninni heimilt að verja umtalsverðu fjármagni til þess að auðvelda fyrirtækjum að ráðast í skipulagsbreytingar og hagræðingu.

Atvinnutryggingarsjóði útflutningsgreina hefur þegar verið skipuð stjórn. Hún er skipuð samkvæmt tilnefningu sjútvrh., fjmrh., viðskrh. og iðnrh. en formaður er skipaður af forsrh. án tilnefningar. Reglugerð fyrir sjóðinn hefur verið gefin út. Sjóðurinn hefur tekið til starfa og umsóknir eru farnar að berast inn í stríðum straumum.

Með þeim fyrstu aðgerðum sem ég hef nú rakið er vænst að takast megi að koma í veg fyrir það hrun sem við blasti í íslensku efnahagslífi. Með þeim verður þó fyrst og fremst óbeint dregið úr erfiðleikum verslunar, innlends iðnaðar og fjölmargra sveitarfélaga. Eins og staða þjóðarbúsins er er aðeins svigrúm til beinna aðgerða í þágu útflutningsgreinanna, enda byggir flest annað í þjóðfélaginu á þeirri framleiðslu.

Þess er þó ekki að vænta að komið verði í veg fyrir stöðvun allra útflutningsfyrirtækja. Hætt er við að ýmsir muni verða í erfiðleikum jafnvel þótt ríkisstjórnin sé ákveðin í því að fylgjast náið með þróun atvinnulífsins næstu vikur og mánuði og muni grípa til sérstakra aðgerða eins og aðstæður kunna að leyfa hverju sinni. Má sem dæmi nefna að ríkisstjórnin mun leita leiða til þess að tryggja fiskeldi rekstrar- og afurðalán sem verði sambærileg við það sem aðrar útflutningsgreinar njóta.

Ríkisstjórninni er vel ljóst að fyrstu aðgerðir hennar tryggja ekki rekstrarafkomu útflutningsgreinanna þegar til lengri tíma er litið. Því verður hins vegar ekki á móti mælt að reksturinn er lagfærður að ýmsu leyti, væntanlega um nokkra framtíð, en að öðru leyti bættur þann tíma sem um sértækar aðgerðir er að ræða. Staðreyndin er að við verðum að vinna okkur jafnt og þétt út úr erfiðleikunum. Við gerum það ekki með nýjum kollsteypum.

Ýmsir telja að verðhækkun muni verða á sjávarafurðum að vori vegna uppskerubrests í Bandaríkjunum. Sjálfir hafa framleiðendur sagt að lítil verðbólga sé einhver mikilvægasta kjara- og rekstrarbótin. Á árinu 1989 gæti hún orðið aðeins um 6%. Við þær aðstæður og þolanlegan fjármagnskostnað er vafalaust umtalsverð hagræðing möguleg. Allt slíkt mun bæta samkeppnisstöðuna.

Vissulega er framtíðin óviss en svartsýni er alls ekki tímabær. Ríkisstjórnin mun fylgjast náið með horfum og mun í samráði við atvinnurekendur og verkalýðshreyfingu gera þær ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að tryggja rekstrargrundvöll og atvinnuöryggi.

Fjárlagafrv. fyrir árið 1989 hefur verið lagt fram. Gerð þess hefur verið miklum erfiðleikum háð. Komið hefur í ljós að fjárlagahalli á árinu 1988 verður meiri en talið var. Því veldur m.a. snöggur samdráttur í efnahagslífinu sem dregur úr tekjum ríkissjóðs, stórum meiri vaxtakostnaður en gert var ráð fyrir og kostnaður við ýmsar efnahagsaðgerðir sem ríkisstjórnin hefur gripið til. Er nú talið að rekstrarhalli á árinu 1988 gæti orðið rúmir 3 milljarðar kr. Á yfirstandandi ári er engin leið til að jafna þennan halla þótt leitast verði við að draga úr honum. Þetta er að sjálfsögðu skaðlegt. Þjóðhagsstofnun telur að á yfirstandandi ári hafi bæði einkaneysla og fjárfesting hins opinbera dregist mjög saman eftir gífurlega aukningu, sérstaklega einkaneyslu, á árinu 1987. Halli á ríkissjóði hefur án efa stuðlað að því að þensla hefur haldist lengur og vextir verið háir.

Að óbreyttu væri halli upp á 4,5 milljarða kr., a.m.k. á ríkissjóði, á árinu 1989. Þótt fram undan muni vera verulegur samdráttur er slík afkoma ríkissjóðs óþolandi. Hún mundi annaðhvort leiða til of mikillar eftirspurnar eftir innlendu fjármagni og því hárra vaxta eða erlendrar lántöku sem skuldastaða þjóðarbúsins fær vart borið. Ríkisstjórnin hefur því leitað allra leiða til að jafna þennan halla. Gert er ráð fyrir að gera það annars vegar með niðurskurði í rekstri og hins vegar með aukinni tekjuöflun eins og fram kemur í frv. til fjárlaga. Hvorugt er auðvelt. Mun verða lögð áhersla á að auka ekki skatta á þeim sem hafa lægri tekjur eða eiga minni eignir.

Í hinu íslenska velferðarkerfi, sem við getum á margan hátt verið stoltir af, hafa útgjöld til heilbrigðis- og tryggingamála stöðugt farið vaxandi og nema nú um það bil 40% ríkisútgjalda. Með fjölgun aldraðra og bættri heilbrigðisþjónustu stöndum við eins og öll önnur velferðarríki frammi fyrir hraðvaxandi útgjöldum á þessu sviði. Ekki er um annað að ræða en taka þessa þjónustu til gagngerðrar endurskoðunar. Með tilliti til þess hve lífskjör hafa stórlega batnað á síðustu árum og áratugum virðist ekki óeðlilegt að endurskoða þau markmið sem sett voru í upphafi við allt aðrar aðstæður. Þannig leyfi

ég mér að efast um að til þess hafi verið ætlast í kringum 1937 þegar tryggingakerfinu var komið á fót að ellilífeyrir yrði greiddur af almannatryggingum jafnvel til hátekjumanna.

Við gerð þessa fjárlagafrv. hafa allar leiðir til sparnaðar verið þaulskoðaðar en þess þó gætt að draga sem minnst úr velferðarkerfinu. Ýmsir munu þó eflaust telja sinn hlut skertan. Því er helst til að svara að ríkisstjórnin hefur ekki treyst sér til frekari skattheimtu.

Vegna þeirra miklu erfiðleika sem við blasa í atvinnu- og efnahagslífi hef ég talið nauðsynlegt að fjalla allítarlega um fyrstu aðgerðir ríkisstjórnarinnar. Um leið og ráðist er gegn hinum bráða vanda verður hafin framkvæmd þeirrar stefnu sem lýst er í málefnasamningi stjórnarflokkanna. Tími minn leyfir aðeins að lýsa nokkrum höfuðatriðum.

Meginverkefni ríkisstjórnarinnar verður að treysta grundvöll atvinnulífsins, stöðu landsbyggðarinnar allrar og undirstöðu velferðarríkis á Íslandi. Ríkisstjórnin mun í senn byggja á framtaki einstaklinga og samvinnu og samstarfi á félagslegum grunni. Samræmd stjórn ríkisfjármála, peningamála og gengismála, sniðin að íslenskum aðstæðum, verður grundvöllur efnahagsstefnunnar. Stefnt verður að stöðugleika í gengismálum. Lært verður af reynslu undanfarinna ára og leitast við að halda jafnvægi í þjóðarbúinu með aðhaldi í ríkisfjármálum og peningamálum en ekki hikað við að grípa í taumana með beinum aðgerðum ef þörf krefur. Í því skyni verður lögð áhersla á samræmd lög og reglur fyrir fjármagnsmarkaðinn í heild þannig að hann gegni betur sínu mikilvæga hlutverki. Með betra skipulagi viðskiptabanka verður leitast við að gera bankakerfið hagkvæmara og draga úr vaxtamun.

Í atvinnumálum verður lögð áhersla á hagvöxt og skynsamlega nýtingu sameiginlegra auðlinda þjóðarinnar. Tekið verður í því sambandi fyllsta tillit til byggðasjónarmiða. Byggt verður á athafnafrelsi einstaklinga og félaga og frjálsræði í milliríkjaviðskiptum. Hvatt verður til ábyrgðar eigenda þannig að arðsemissjónarmið ráði ákvörðun.

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir jafnvægi í byggðaþróun. Í því skyni munu sveitarfélögin í landinu m.a. verða efld, lög um tekjustofna sveitarfélaga verða endurskoðuð með það að markmiði að auka sjálfstæði og jafna aðstöðu. Ráðstafanir munu verða gerðar til að jafna flutningskostnað og kostnað við síma, húshitun og skólagöngu. Byggðasjóður mun verða efldur og fleiri ráðstafanir gerðar til þess að snúa við þeirri byggðaröskun sem hefur orðið undanfarin ár.

Á sviði fræðslu- og uppeldismála verður m.a. unnið að því að koma á samfelldum skóladegi og átak gert til þess að jafna menntunaraðstöðu í landinu. Stuðningur við vísindarannsóknir verður aukinn svo fátt eitt sé nefnt.

Góðir Íslendingar. Að mati Þjóðhagsstofnunar munu þjóðartekjur dragast saman um 5–6% á yfirstandandi ári og því næsta. Við þær aðstæður er óhjákvæmilegt að kaupmáttur minnki. Mikilvægast er að sá samdráttur verði sem mest af því að úr yfirborgunum og yfirvinnu dragi án þess að komi til atvinnuleysis. Talið er að aðeins dragi úr viðskiptahalla á næsta ári. Engu að síður er áætlað að hann verði um 11–12 milljarðar kr. Erlendar skuldir þjóðarinnar munu að sjálfsögðu vaxa að sama skapi. Þetta er ekki viðunandi niðurstaða, en lengra verður varla komist á árinu 1989 án þess að draga meira úr kaupmætti eða hækka verð á afurðum okkar erlendis. Ég óttast að þessi spá Þjóðhagsstofnunar lýsi aðeins þeim hluta jakans sem upp úr stendur. T.d. munu gjaldþrot vegna afar óskynsamlegra fjárfestinga og ofneyslu í nafni frjálshyggjunnar mörg ekki komin upp á yfirborðið. Keðjuverkun mun teygja sig víða. Spurningin er hvar hún verður stöðvuð.

Þegar ný ríkisstjórn tók við 28. sept. sl. var atvinnulífið þannig á hraðri ferð fram af hengiflugi, hneppt í hnappheldu fjármagnsfjötra og taprekstur. Þegar litið er yfir farinn veg undanfarinna missira er eðlilegt að spurt sé: Hvernig gat svo farið?

Í sjávarútvegi hefur verið góðæri og kaupmáttur einstaklinga og fjölskyldna meiri en nokkru sinni fyrr. Það er kaldhæðnislegt að einmitt í slíkum einkennum velmegunarinnar skuli felast broddur erfiðleikanna. Leitt er til þess að vita að enn einu sinni skuli sannast að við kunnum ekki fótum okkar forráð þegar vel árar. Ef leita á skýringar er hún e.t.v. helst sú að menn hafa ekki gert sér grein fyrir hvert stefndi. Það kann að vera gild afsökun fyrir ýmsa einstaklinga og e.t.v. stjórnendur sumra fyrirtækja, en varla fyrir þá sem ráða eiga landsmálum. Að vísu hefur ótrúlega oft heyrst, og heyrist jafnvel enn hjá þeim sem treysta á almennar aðgerðir í peningamálum sem einu réttu leiðina til að stjórna efnahagsmálum þjóðarinnar, að í raun sé ekkert að og réttast sé að gera ekki neitt. M.ö.o.: Hagræða á í gegnum gjaldþrotin. Slíkir menn sitja í fílabeinsturnum og vita ekki um hvað er að ræða. Atvinnuleysi yrði gífurlegt. Byggðarlög og einstaklingar yrðu rúin sjálfsbjargarmætti og sjálfstrausti. Fjármagnið yrði á fárra höndum. Langan tíma mundi taka að byggja upp á ný úr þeim ragnarökum.

Sú ríkisstjórn sem nú situr mun ekki hlíta slíkum ráðum. Hún mun ekki hika við að grípa inn í þróun mála til að forða þjóðarvoða. Í því skyni hefur reynst óhjákvæmilegt að víkja til hliðar um skamma stund mikilvægum mannréttindum. Það ber að sjálfsögðu að forðast í lengstu lög. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að atvinnuleysi sé eitthvert versta böl sem fyrir íslensku þjóðina getur komið. Ég leyfi mér að fullyrða að við Íslendingar höfum verið nær miklu atvinnuleysi nú en nokkru sinni fyrr frá því fyrir síðustu heimsstyrjöld.

Ríkisstjórnin mun ekki treysta á handahófskennda frjálshyggju. Hún mun leggja áherslu á að skapa þann grundvöll sem gerir atvinnulífinu kleift að vinna sig jafnt og þétt en örugglega út úr erfiðleikunum. Ríkisstjórnin mun sníða stjórn efnahagsmála að íslenskum aðstæðum. Því ætlar ríkis-

stjórnin að ráða.

Eflaust sýnist ýmsum sú mynd dökk sem ég hef dregið upp af ástandi og horfum í atvinnu- og efnahagsmálum. Það er rétt. Hins vegar vil ég leggja á það áherslu að ég er bjartsýnn þegar til lengri framtíðar er litið. Ég efast um að aðrar þjóðir eigi fleiri góða kosti en við Íslendingar. Vísa ég m.a. til þess mikla auðs sem felst í ómenguðum náttúruauðlindum þessa lands og ekki síður hugvits einstaklinga og atorku þeirra. Margendurtekin reynsla sýnir okkur hins vegar að slíkur auður kemur að litlum notum ef ekki ríkir jafnvægi í efnahagsmálum, stöðugleiki í verðlagsmálum, neysla í hófi og viðunandi afkoma atvinnuveganna. Við þær aðstæður mun afkoma þjóðarbúsins og heimilanna jafnt og þétt batna. Slíkur bati mun reynast traustari og varanlegri en kollsteypur þær sem við Íslendingar höfum reynt allt of lengi.

Ég þakka þeim sem hlýddu.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Góðir Íslendingar. Á dagskrá þessa fundar í kvöld samkvæmt þingsköpum er stefnuræða hæstv. forsrh. Hæstv. forsrh. hefur samkvæmt því talað hér í hálfa klukkustund, en hefur hann flutt stefnuræðu? Heyrði einhver stefnumörkun ríkisstjórnarinnar eða boðskap ríkisstjórnarinnar í máli forsrh.? Ekki fannst mér fara mikið fyrir því. Ekki heyrði ég þann boðskap.

En hvert var þá erindi forsrh. hingað upp í ræðustólinn? Hann kom hingað með handlaug til þess að þvo hendur sínar af því sem hann telur að hafi farið úrskeiðis í stjórn þjóðarinnar á undanförnum árum þar sem Framsfl. hefur setið samfleytt í ríkisstjórn í 17 ár. Tökum tvö dæmi úr ræðunni. Hann segir í fyrri hluta ræðunnar:

„Síðan 1985 hefur verið fylgt hefðbundnum vestrænum leiðum í efnahagsmálum." Og hann bætir við: „Um þessa leið voru að vísu skiptar skoðanir, en þeir sem ráðið hafa stjórn peningamála í landinu höfðu sitt fram." Verkstjórinn í þáv. ríkisstjórn 1985 réði engu. Hann bar enga ábyrgð. Og í síðari hluta ræðunar segir hæstv. forsrh.: „Það er kaldhæðnislegt að í góðærinu felst broddur erfiðleikanna" og hann bætir við: „Ofneysla í nafni frjálshyggjunnar."

Í góðærinu jukust þjóðartekjurnar um 8% en launin um meira en 30%. Þá var hæstv. núv. forsrh. forsrh. í hið fyrra sinn, verkstjórinn um stjórn efnahagsmála. Hann bar enga ábyrgð á því að með þessum hætti voru fluttir milljarðar króna frá sjávarútveginum til neyslunnar í landinu. Það var ofneysla í nafni frjálshyggjunnar. Hverjir voru þessir ofneyslumenn frjálshyggjunnar? Voru það verkalýðsforingjarnir sem toguðu upp launin? Eða voru það bara samráðherrar hæstv. forsrh., sem lutu hans verkstjórn, sem báru ábyrgðina? Þetta er í raun og veru eini boðskapur hæstv. forsrh. hér í kvöld: að þvo hendur sínar. Og hann leggur á það áherslu að þetta hafi verið og sé eini tilgangur ráðherra Framsfl. í ríkisstjórn: að sitja þar án ábyrgðar. Og þetta er áframhaldandi tilgangur Framsfl. í ríkisstjórn.

Tökum tvö dæmi héðan úr þingsölum síðustu daga. Hæstv. viðskrh., sem hér situr, það alþm. fyrir nokkrum dögum að ræða ekki um lánskjaravísitöluna á meðan hún væri til athugunar í Seðlabanka vegna þess að það gæti komið ókyrrð á markaðinn. En þm. Framsfl. hlupu til og fluttu um það tillögu að taka lánskjaravísitölumálið úr höndum viðskrh. og setja það í sérstaka nefnd. Og hæstv. menntmrh., sem ekki er í þingsalnum núna, tók þá ábyrgu afstöðu þegar hann varð ráðherra að halda áfram skerðingu námslána. Þegar hann hafði tekið þessa ábyrgu afstöðu komu tveir þm. Framsfl. og fluttu um það frv. að ríkisstjórn og ráðherra mættu ekki upp á eigin spýtur, þegar vandi steðjar að í fjármálum ríkisins, skerða námslánin.

Hæstv. menntmrh. stóð upp, og ég vorkenndi honum, og hann sagði: Ég styð þetta frv. En ég ber virðingu fyrir honum fyrir það að hann sagði: Þrátt fyrir þetta ætla ég að standa við orð mín og skerða námslánin á næsta ári vegna stöðu ríkissjóðs. En svo ætlar hæstv. forsrh. að koma hér að ári og flytja stefnuræðu, koma með handlaugina sína og þvo hendur sínar og segja: Námslánin eru ekki Framsóknar, þau eru menntmrh. Vísitölukákið er ekki Framsóknar, það er viðskrh.

Heyrði einhver framtíðarsýn í stefnuræðu hæstv. forsrh.? Talaði hann eitthvað um þær breytingar, tæknibyltingar og þau áhrif á heimili og atvinnufyrirtæki í landinu sem hún skapar? Ekki orð um það. Ræddi hæstv. ráðherra um íslenska menningu og þjóðerni? Ræddi hæstv. ráðherra um íslenska menntastefnu? Ræddi hæstv. forsrh. um umönnun sjúkra og aldraða í íslensku þjóðfélagi? Ekki eitt orð um það nema hvað lítillega var minnst á að draga úr tryggingabótum. Ræddi hæstv. ráðherra um það mikilvægasta verkefni sem blasir við íslenskum stjórnvöldum á næstu árum, umhverfismálin, verndun hafsins gegn mengun og uppgræðslu landsins? Ekki eitt orð. Snerti hann einn streng í þjóðernistilfinningu landsmanna? Engan.

Það blæs á móti í íslenskum þjóðarbúskap í dag og við þurfum að móta okkar umræðu í samræmi við það. En heyrði einhver hæstv. forsrh. hafa neista af þeim eldmóði sem fyrsti íslenski ráðherrann hafði, sem kvað: Ég elska þig stormur, þegar á móti blés? Enginn slíkur neisti.

Þó að hæstv. forsrh. hafi hér ekki flutt stefnuræðu, þá ber okkur þm. auðvitað að ræða hispurslaust og af hreinskilni um stöðu þjóðarbúskaparins í dag. Það hefur verið langvarandi vandi í íslenskum þjóðarbúskap að glíma við viðskiptahalla og halla á fjárlögum og ég játa hér hreinskilnislega og tek á mig ábyrgð á því að á skömmum tíma fyrrv. ríkisstjórnar tókst ekki að leysa þennan vanda. En fyrri ríkisstjórn tókst að lækka verðbólgu úr nálega 30% niður í u.þ.b. 10% í síðasta mánuði eða septembermánuði áður en hún fór frá. Henni tókst að lækka nafnvexti úr 40% niður í 25%. Og henni tókst

að draga úr ofþenslunni umfram eftirspurn upp á 3–4 þúsund störf og koma á nánast jafnvægi í septembermánuði áður en hún fór frá. En henni tókst ekki að ná samstöðu um raunhæfar og nauðsynlegar aðgerðir í þágu atvinnuveganna í landinu.

Það er rétt sem hæstv. forsrh. hefur minnt á að ég setti það skilyrði í júlímánuði að það næðist slík samstaða um aðgerðir í ágústlok eða byrjun september. Við sjálfstæðismenn lögðum fram tillögur þar að lútandi, tillögur sem tóku tillit til þess að það er ekki hægt að taka á vandanum með raunhæfum aðgerðum nema horfast í augu við það að það þarf að breyta raungengi krónunnar. Við vorum hins vegar tilbúnir til málamiðlana í þeim tilgangi að skapa víðtæka pólitíska samstöðu. En við vildum horfast í augu við staðreyndirnar. Meginuppistaðan var því að breyta raungengi krónunnar. En þá sögðu ráðherrar Alþfl. og Framsfl.: Við viljum bíða. Við viljum ekki gera neinar raunhæfar aðgerðir. Við ætlum okkur að bíða. Og þeir mynduðu nýja ríkisstjórn til þess að lengja í hengingaról atvinnulífsins.

Nú hefur hæstv. forsrh. lesið upp það sem þeir kalla aðgerðir. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það sem þeir kalla aðgerðir í þágu atvinnulífsins. Forustumenn atvinnuveganna, sjávarútvegsins, iðnaðarins, jafnvel forustumenn SÍS hafa talað. Þeir tala allir einum rómi. Þeir tala allir í einum kór. Þeir segja eitt og það sama: Þessar aðgerðir duga ekki. Þær hafa enga þýðingu til þess að reisa við rekstur atvinnuveganna. Þær taka ekki á kjarna málsins.

Hæstv. forsrh. flutti varnarræðu hér í Ed. fyrir nokkrum dögum og þá sagði hann orðrétt, með leyfi forseta:

„Það er sannarlega viðurkennt að fyrstu aðgerðir ríkisstjórnarinnar skapa alls ekki viðunandi rekstrargrundvöll, alveg sérstaklega þegar til lengri tíma er litið, og á mörkum að þær geri það þann skamma tíma sem þeim mörgum hverjum er ætlað að gilda."

Við stjórnarandstæðingar þurfum ekki að hafa mörg orð. Við þurfum ekki að segja mörg stór orð. Við getum vitnað í þessa ræðu hæstv. forsrh. sem afsakar það í Ed. Alþingis og segir skýrum orðum: Þær duga ekki til skamms tíma og þær duga alls ekki til lengri tíma.

Þetta eru staðreyndir málsins. Þetta staðfestir það sem hér hefur verið sagt, að Alþfl. og Framsfl. tóku ákvörðun um að bíða, bíða með það að horfast í augu við raunverulegan vanda og gera það sem raunverulega þarf fyrir atvinnuvegina í landinu.

Og nú hefur hæstv. fjmrh. lagt fram fjárlagafrv. Í hverju er það fólgið? Hvaða stefnu boðar það fyrir atvinnuvegina? Hærri skatta á atvinnuvegina. Á sama tíma og ríkisstjórnin eys með annarri hendinni erlendum lánum í atvinnufyrirtækin, sem eru ofhlaðin af lánum fyrir, þá ætla þeir að taka meiri skatta af atvinnufyrirtækjunum, jafnvel söluskattinn af sjávarútveginum að nokkrum hluta til. Það þarf ekki í mörgum orðum að segja hvað þetta þýðir fyrir íslenskt atvinnulíf. Í stað þess að örva atvinnulífið, sjávarútveginn og iðnaðinn, þá er verið að herða að.

Hæstv. fjmrh. talar um það í fjölmiðlum að fjárlagafrv. hans boði aðhald og niðurskurð. Það stendur þó skýrum stöfum í frv. að það felur í sér 1% aukningu ríkisútgjalda. Og þegar tölurnar eru nánar skoðaðar kemur í ljós að það stendur engin ákvörðun á bak við töluna um lækkun launaútgjalda, að það er vanáætlun eða ofáætlun réttara sagt á tekjum ríkissjóðs af innflutningi. Og þeir gleyma því að taka með 800 millj. kr. sem hæstv. sjútvrh. hefur tilkynnt að eigi að falla á ríkissjóð af þeirri upphæð sem leggja á í Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins. Þegar upp er staðið er ekki afgangur á fjárlögum næsta árs upp á 1,2 milljarða, heldur halli upp á 1 milljarð kr.

Svo eru það skattarnir. Hátekjuskattarnir samkvæmt orðum fjmrh. eru lagðir á alla þá sem hafa tekjur yfir 60 þús. kr. Hátekjuskattarnir eiga þannig að leggjast á fiskverkakonuna sem vinnur í bónusvinnu og kannski nokkra tíma í aukavinnu. Og svo á að leggja skatta á eyðsluna. Hver er eyðslan? Eyðsluskattarnir eru skattar á þau samtök frjálsra borgara í landinu sem hér hafa lyft grettistaki í velferðarmálum og til þess að skapa æskufólki góða íþróttaaðstöðu. Er nema furða þó sumir segi: Hér eru á ferðinni öryrkjaskattar, íþróttamannaskattar og menntamannaskattar.

Þessi ríkisstjórn hefur boðað nýja stjórnlyndisstefnu. Hulinn verndarkraftur þessarar ríkisstjórnar, hv. þm. Stefán Valgeirsson, hefur lýst þessari stjórnarstefnu svo að hún sé í því fólgin að hafa puttana á sjóðakerfinu, að hafa puttana á atvinnufyrirtækjunum, að hafa puttana á því hvaða fyrirtæki lifa í dag, að hafa puttana á því hvaða fyrirtæki deyja á morgun.

Ég var á fundi í Siglufirði á sunnudaginn var. Þar stóð upp gamalreynd baráttukona. Hún sagði þessi orð: „Stjórnmálamenn hafa aldrei lyft atvinnulífinu út úr eða upp úr erfiðleikum. Það hefur fólkið sjálft gert." Í þessari einföldu setningu felst meiri og gildari boðskapur en í mörgum, mörgum ræðum af því tagi sem hæstv. forsrh. hefur flutt hér í kvöld. Í þessum orðum baráttukonunnar úr Siglufirði felst það að stjórnvöld eiga að tryggja almennan rekstrargrundvöll fyrir atvinnulífið í landinu, en leyfa stjórnendunum og fólkinu að hafa athafnafrelsi og svigrúm til þess að takast sjálft á við verkefnin og lyfta atvinnulífinu upp úr erfiðleikunum.

Í þessum orðum baráttukonunnar úr Siglufirði felst hin frjálslynda umbótastefna sem Sjálfstfl. berst fyrir, barðist fyrir í síðustu ríkisstjórn og mun berjast áfram fyrir í þágu atvinnuveganna í landinu, fyrir menntun æskufólksins á Íslandi, til varðveislu fyrir þjóðerni og tungu Íslendinga, fyrir framtíð Íslands í breytilegum heimi.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Góðir Íslendingar. Fyrir rúmri viku var Svavar Gestsson að skýra það í Ed. hvers vegna Alþb. hefði tekið sæti Sjálfstfl. í ríkisstjórn og með því bjargað matarskattinum fyrir Jón Baldvin. Líkingin var þessi: Íhaldið þóttist hafa lykilinn að

paradís í sínum höndum en var auðvitað ekki með hann, hann var í mínum höndum. Þessi var þankagangur Svavars Gestssonar.

Nú hafa menn hlýtt á hæstv. forsrh. þegar hann var að lýsa þessari paradís Alþb., þessari paradís félagshyggjunnar sem hann er nú að leiða þjóðina inn í. Myndin er að vísu óglögg, en samt sést að gróðurmoldin er rangt skráð gengi. Þar sem maður gat búist við skrautlegum blómum standa fyrirtæki höllum fæti og atvinnuleysi blasir við. Í staðinn fyrir aldintré, sem svigna undan safaríkum ávöxtum, sjáum við bogin bök undan þungum skattaálögum. Nýjum pinklum er bætt á byrðarnar jafnt og þétt eins og regn fellur til jarðar.

Þetta er paradís ráðherrasósíalistans Svavars Gestssonar og nýkratans Jóns Baldvins Hannibalssonar. Sá fyrrnefndi er samur við sig. Við sjáum það á bráðabirgðalögunum að hann hefur engu gleymt síðan hann var síðast í ríkisstjórn. Hvort kjarasamningar eru skertir 13 eða 14 sinnum, 7 sinnum eða 70 sinnum 7 sinnum, það skiptir engu máli fyrir Alþb. Hvort samningsrétturinn er heilagur eða ekki er þægilegt rabb yfir kaffibolla milli þeirra Ólafs Ragnars Grímssonar og stuðningsmanns hans og flokksbróður Ögmundar Jónassonar, nýkjörins formanns Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, sem nú hefur tekið upp aðra fiðlu og leikur á lægri nótum en áður.

Fjölmargir vildi trúa því fyrir síðustu kosningar að kratarnir meintu það í raun og veru að þeir stefndu að því að gera þjóðfélagið opnara og frjálsara en áður. Við sjálfstæðismenn töldum okkur eiga þar traustan bandamann sem skildi nauðsyn þess að samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja yrði bætt þannig að þau gætu staðist keppinautana í Evrópubandalaginu. Og það er rétt að kratarnir reyndust vel á fyrsta sprettinum en skorti úthald.

Á síðasta þingi stóðum við saman um það, sjálfstæðismenn og kratar, að koma fram fjölþættri löggjöf á sviði skattamála sem bætti samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja og greiddi fyrir eðlilegum viðskiptum. Á síðasta stigi kom Jón Baldvin að þessu verki og það var gaman að vera með honum í þinginu og reka endahnútinn á þetta. Nú kveður við annan tón hjá krötum. Nú vilja þeir ekki lengur ríkisstjórn sem losar um hnútana og höftin, heldur vilja þeir banna fólkinu að búa við sama frjálsræðið í viðskiptum og atvinnuháttum og sjálfsagt þykir í Vestur-Evrópu. Nú er frjálslyndi og frjálshyggja skammaryrði á þeirra vörum, en í staðinn tala þeir um félagshyggju sem er það sama og forsjárhyggja eins og hún er skilgreind í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar. Og ef menn vilja sjá fyrir sér í hverju forsjárhyggjan er fólgin þá er hún persónugerð í Stefáni Valgeirssyni, stofnauka ríkisstjórnarinnar.

Við höfum séð þann boðskap sem hæstv. sjútvrh. flutti fiskiþingi. Sjútvrh. er vissulega í erfiðri stöðu. Hann veit að hann getur ekki treyst stuðningi stjórnarþm. við fiskveiðistefnuna og sumir eru í opinberri andstöðu við hana eins og Karvel Pálmason og Skúli Alexandersson sem báðir eiga sæti í sjútvn. Ed. Sjútvrh. veit enn fremur að í ríkisstjórninni er enginn skilningur á stöðu sjávarútvegsins. Kratarnir eru haldnir sömu bábiljunni og áður um óbreytt gengi þótt krónan sé fallin. Alþb. finnst þægilegt að láta þessi mál brenna á öðrum.

Við þessi erfiðu skilyrði, með engan bakstuðning frá formanni sínum né frá samstarfsflokkum sínum í ríkisstjórn, stendur sjútvrh. nú frammi fyrir því að fiskifræðingar telja nauðsynlegt að draga verulega úr sókn í helstu fiskstofna okkar. Sjútvrh. veit vel að eins og nú er þrengt að sjávarútveginum þolir hann engan samdrátt í afla. Það er því skiljanlegt að hann skuli segja að efnahagsástandið í landinu þoli ekki að farið sé að tillögum fiskifræðinga. Það verður auðvitað alltaf pólitískt mat hversu langt eigi að ganga í þeim efnum. En því miður grunar mig að ástandið í ríkisstjórninni sé þannig að sjútvrh. treysti sér ekki til að ganga eins langt til verndar fiskstofnunum og hann telur rétt að gera og hann hefði kosið að gera í annarri og betri ríkisstjórn. Það er alvarlegt mál þegar skynsamleg nýting á auðlindum sjávarins strandar á skilningsleysi stjórnvalda.

Margt orkaði tvímælis í ræðu forsrh. og sumt er beinlínis rangt. Ekkert var þó jafnmikið öfugmæli og það að ríkisstjórnin vilji jafnvægi í byggðaþróun eins og fyrstu aðgerðir hennar hafa verið og eins og ríkisstjórnin birtist okkur í fjárlagafrv. Forsrh. sagði: Byggðasjóður verður efldur. Í frv. stendur svart á hvítu að framlagið verði óbreytt í krónutölu. Það þýðir minnkun sem nemur verðbólgunni. Jafnframt eru lánsheimildir Byggðasjóðs skornar niður við trog. Þetta er þó ekki aðalatriðið heldur hitt að landsbyggðin hlýtur að standa og falla með því hvernig búið er að sjávarútveginum, en ríkisstjórnin hefur einsett sér að tryggja ekki rekstrargrundvöll útflutningsgreina eins og hvað eftir annað hefur komið fram hjá forsrh. Einungis með því að hægt sé að græða á útgerð og að frystihúsin skili hagnaði geta sjávarplássin hringinn í kringum landið haldið sínum hlut og fólkið verið kyrrt í sinni heimabyggð þar sem það vill vera. Það getur enginn lánasjóður, hversu stór sem hann er, komið í staðinn fyrir heilbrigðan rekstur né mattadorar í Reykjavík í staðinn fyrir fyrirtæki með sjálfstæðan fjárhag.

Góðir Íslendingar. Við sjálfstæðismenn viljum að Íslendingar standi jafnfætis þeim þjóðum sem fremstar eru í atvinnulegri uppbyggingu, í lífskjörum, í menningarlegu tilliti. En það getum við ekki gert nema við búum við sama frjálsræði og þar er og höfum kjark til að bregðast við breytilegum aðstæðum á hverju tíma. Andstæðingar okkar brigsla okkur um frjálshyggju. Ég segi: Við höfnum haftahyggjunni sem við höfum nú fundið smjörþefinn af.

Í stað þess að vel rekin fyrirtæki í sjávarútvegi geti skilað arði er stofnaður Atvinnutryggingarsjóður. Í stað þess að gefa einstaklingunum olnbogarými eru boðaðar þyngri skattaálögur en nokkru sinni og nýjar kvaðir á atvinnureksturinn. Í stað þess að

bregðast við erfiðleikunum með bjartsýni og myndarskap bera ráðstafanir ríkisstjórnarinnar það með sér að þar fara menn sem ekki trúa á það sem þeir eru að gera og kunna engin ráð.

Ég þakka þeim sem hlýddu. Góðar stundir.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það er sagt að hveitibrauðsdögum sé lokið þegar hann hringir heim og segist verða of seinn matinn, en hún hefur þegar skilið eftir nótu á eldhúsborðinu þar sem stendur: Matarleifarnar eru í ísskápnum.

Mér heyrðist hálfpartinn á máli þeirra fyrrv. samstarfsmanna minna, þeirra sjálfstæðismanna, að þeim sé líkt innanbrjósts og manninum sem kom of seint heim í matinn. En það sem verra er, mér heyrðist líka að það sé orðið fátt um tína drætti í ísskápnum hjá þeim Valhallarbúum nema ef vera skyldi dálítið viðbrenndar lærissneiðar. Viðreisnarhveitibrauðsdögunum er lokið að sinni. Sjálfstfl. má sjálfum sér um kenna. Ástæðan fyrir því að upp úr slitnaði seinasta stjórnarsamstarfi er að lokum sú að Sjálfstfl. brást sjálfum sér.

Leyfist mér, virðulegi forseti, að leiða fram vitni. Maður heitir Einar Oddur Kristjánsson, frystihússtjóri á Flateyri, formaður fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna í Vestfjarðakjördæmi. Hann varð þjóðfrægur á einni nóttu þegar fyrrv. forsrh. gerði hann að bjargvætti sínum í forstjóranefndinni frægu. Bjargvætturinn skilaði sínum tillögum en Sjálfstfl. klofnaði í tvennt í afstöðu til þeirra og náði ekki saman aftur um neinar tillögur sem mark var á takandi. Um þessa lífsreynslu vitnar Einar Oddur í tímaritsviðtali. Hann segir:

„Það er ferlegt að Sjálfstfl. skyldi hætta forustu þegar framleiðsluatvinnuvegirnir liggja á hliðinni." Og hann bætir við: „Ég vona að almenningur sé enn þá það óbrenglaður að gera sér grein fyrir því að foringjar fara fyrir liði en ekki á eftir." Og að lokum segir bjargvætturinn: „Þeir sem ekki geta stjórnað sjálfum sér, þeir geta ekki stjórnað öðrum." Vitnaleiðslum lokið, virðulegi forseti, að sinni.

Hvað segja þeir sjálfstæðismenn um úrræði núv. ríkisstjórnar? Þeir segja tvennt: Í fyrsta lagi: Við erum á móti millifærslum. Við erum á móti Atvinnuleysistryggingasjóðnum. Við erum á móti spilverki sjóðanna. Þetta segja jafnvel þeir hinir sömu menn sem sitja með þeim sem mest er gagnrýndur, Stefáni Valgeirssyni, í sjóðsstjórnunum, í bankaráði Búnaðarbankans, í Stofnlánadeild landbúnaðarins, í stjórn Byggðastofnunar. Ég segi nú bara eins og kynbombban fræga ameríska, Mae West, sagði: Það er að vísu rétt. Menn kaupa sér ekki hamingju með peningum, en þeir bæta stundum samningsaðstöðuna, sagði hún.

Þeir segja annars staðar, sjálfstæðismenn, að þessar aðgerðir skili ekki varanlegum árangri. Það er laukrétt hjá þeim, viðurkennt, kom fram í máli hæstv. forsrh. Þetta eru neyðarráðstafanir, björgunarleiðangur. Við ætlum okkur að draga úr undirrót verðbólgunnar, þenslunni, keyra niður verðbólgu og vexti, eyða óvissu, skapa meiri stöðugleika í efnahagsumhverfinu. Jafnframt ætlum við að nota tímann til þess að búa okkur undir grundvallarbreytingar á auðlinda- og atvinnustefnu, peninga- og fjármagnskerfi, ríkisfjármálum, sbr. fjárlagafrv.

Það mátti ekki tæpara standa. Við höfum vissulega orðið fyrir áföllum. Það þýddi ekki að halda rifrildinu áfram í fyrrv. stjórn. Tími athafna var kominn. Við verðum að sigla þjóðarskútunni í gegnum þann öldudal sem við höfum lent í og bæta rá og reiða þegar við erum komin á lygnari sjó.

Virðulegi forseti. Hverjar voru tillögur og úrræði sjálfstæðismanna? Þær voru: Gengisfelling, millifærsla og vanhugsaðar tillögur í skattamálum. Nánast endurtekning maíaðgerðanna sem runnu út í sandinn. Þetta var niðurstaðan eftir endalaust hringl fram og aftur, þar sem þeir m.a. unnu það afrek að hafna tillögum sinna eigin manna svona nokkurn veginn jafnóðum sem þær bárust.

Það varð fleygt þegar títt tilvitnaður Einar Oddur frá Flateyri, bjargvættur, sá þessar tillögur fyrst hjá efnahagsráðgjafa fyrrv. forsrh., ummæli hans voru fleyg. Hann sagði, og ég vitna í dagblað: „Ætlar þú, frjálshyggjumaður í fílabeinsturni að galdra upp úr þínum bögglaða pípuhatti dauðar kanínur og veifa framan í oss, gjaldþrota menn?" Það tók nefnilega forstjóranefndina tvo daga að sópa gengisfellingartillögunum út af borðinu. Hvers vegna? Vegna þess að þær tillögur hefðu stóraukið verðbólgu. Höfuðstóll skulda hefði hækkað. Vextir hefðu snarhækkað, erlendar skuldir hefðu hækkað, innlendar skuldir hefðu hækkað, erlendar rekstrarvörur hefðu hækkað, innlendar sömuleiðis. Við óbreyttar aðstæður hefði þessi gengisfelling runnið út í sandinn á nokkrum vikum, gert illt verra, eyðilegt möguleika á verðstöðvun, komið í veg fyrir möguleika á lækkun vaxta, endað með lokun fyrirtækja og atvinnuleysi. Þessar tillögur gengu ekki upp.

Það var þess vegna sem við jafnaðarmenn og framsóknarmenn höfnuðum þessum tillögum. Við skoruðum á hæstv. fyrrv. forsrh. að draga þær til baka en hann hafnaði því og þar með brast boginn úr höndum honum og þar með ríkisstjórnarforræði Sjálfstfl.

Við þetta bættist síðan að á seinustu stundu fleygðu þeir sjálfstæðismenn fram — ég segi vanhugsuðum tillögum í skattamálum. Þeir boðuðu allt í einu á seinasta sólarhring fyrra samstarfs nýjar undanþágur frá söluskattskerfinu sem við höfðum sameiginlega barist fyrir að koma á. Þar með höfðu þeir snúið baki við forsendunum fyrir því að taka hér upp virðisaukaskatt og teflt því máli í tvísýnu.

Á sama tíma og þeir lýstu þungum áhyggjum af stöðu ríkisfjármála, og gera enn, þá þýddu þessar tillögur þeirra tekjutap fyrir ríkissjóð upp á 1,2 milljarða. Á sama tíma lá tvennt annað fyrir. Ráðherrar Sjálfstfl. höfðu tekið þunglega öllum tillögum um niðurskurð í ríkisútgjöldum. Reyndar komu fagráðherrar þeirra með nýjar útgjaldatillögur

upp á mörg hundruð millj. í stað þess að halda sig innan ramma um lækkun ríkisútgjalda. Síðan koma þeir og veitast að fyrrv. samstarfsmanni sínum og fjmrh. og saka hann um að bera ábyrgð á því að það tókst ekki að ná jöfnuði í ríkisfjármálum. Loks hafði þingflokkur Sjálfstfl. samþykkt að hafna öllum tillögum um nýja tekjuöflun.

Þetta voru tillögur Sjálfstfl. sem þeir kölluðu í fyrstu hinar einu ábyrgu. Þær gengu ekki upp. Samstarfsmennirnir höfnuðu þeim. Þar með var ekki lengur samstarfsgrundvöllur. Miðað við það ástand sem blasti við í atvinnumálum, í ríkisfjármálum, í vaxta- og peningamálum hafði Sjálfstfl. með þessum tillögum dæmt sig úr leik. Og eins og Einar Oddur segir: Þeir sem ekki geta stjórnað sjálfum sér, þeir geta ekki stjórnað öðrum.

Þessa stundina beinist gremja þeirra sjálfstæðismanna sérstaklega að okkur alþýðuflokksmönnum þótt þess hafi nú gætt í minna mæli í kvöld en oft áður. Sagði ekki Guðrún Ósvífursdóttir af öðru tilefni: „Þeim var ég verst er ég unni mest.“ Þeir saka okkur um óheilindi í stjórnarsamstarfinu. Þeir sem það mæla vita betur. Þeir tala þvert um hug sér. Það er Sjálfstfl. sem brást sjálfum sér. Því miður. Þeir sögðu að við værum hræddir við skoðanakannanir og hefðum þess vegna viljað hlaupast brott. Ekki hræddari en svo að þegar okkur var ekki lengur líft í þessari ríkisstjórn málefnanna vegna, þá yfirgáfum við hana og tókum fullkomna áhættu á kosningum. Við sögðum við þjóðina: Ástandið er núna þannig að það er ekki skynsamlegt að efna til kosninga. En áhættuna tókum við.

Síðan hefur nokkuð borið á því að þeir segðu: Jón Baldvin vildi flýja úr fjmrn. af því að viðskilnaðurinn var svo óskaplegur. Ég vil leyfa mér, virðulegi forseti, að taka af tvímæli um það hver var viðskilnaður ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar og fjmrh. hans.

Frá því að úttekt var gerð á ríkissjóði í lok júní hafði orðið umtalsverð breyting til hins verra í íslenskum þjóðarbúskap sem endurspeglaðist í ríkisfjármálum. Það er hverju orði sannara. Það kemur fram í nýlegri úttekt sem birt er með fjárlagafrv. Ef allt árið er tekið þá lækka tekjur á meðalverðlagi ársins um 1,6 milljarða frá áætlun fjárlaga, en gjöld hækkuðu um 1,3 milljarða. Hvað varðar gjaldahliðina þá eru laun undir áætlun, tilfærslur og vextir hins vegar hátt yfir. Mestu munar um vexti. Þeir hækkuðu um 1300 millj. kr. Hvers vegna? Vegna tvítekinna gengisfellinga, verðbólgu og hækkunar vaxta — ríkissjóður varð að búa við vaxtaokrið ekki síður en aðrir — og í annan stað vegna þess að íslenska bankakerfið, þar með talið ríkisbankarnir höfðu brugðist skyldum sínum um innlenda lánsfjáröflun, kaup á ríkisskuldabréfum sem leiddi til mun meiri yfirdráttarskuldar í Seðlabanka en áætlað var.

Á móti þessu hefur verið dregið úr útgjöldum vegna fjárfestinga sem nemur 726 millj. kr. frá áætlun og þannig unnið gegn þeim útgjaldaáformum sem hægt var. Útgjaldahækkunum, sem flestar eru teknar með ríkisstjórnarákvörðunum hins vegar, var bætt við. Auknar niðurgreiðslur, hækkun tekjutryggingar, lífeyris- og sjúkratryggingar, endurgreiðsla söluskatts og styrkir til atvinnulífs. Þær ákvarðanir voru teknar í sameiningu af samstarfsmönnum mínum í fyrri ríkisstjórn og af nýrri ríkisstjórn.

Tekjur ríkissjóðs á árinu minnka hins vegar vegna verulegs veltusamdráttar í þjóðfélaginu, enda eru tekjur ríkissjóðs að langmestu leyti háðar efnahagsstarfseminni í landinu. Svona einfalt er nú þetta mál og ekkert óútskýranlegt.

En þegar saman eru tekin útgjaldaákvarðanir ríkisstjórnanna beggja og tekjusamdráttur, þá er ljóst að samtals hefði verið ástæða til þess að ætla að hallinn hefði orðið enn meiri ef ekki hefði verið staðið býsna fast á bremsum í fjmrn. varðandi þau útgjöld sem heyra til venjulegum rekstri og framkvæmdum. Og ég ætlast til þess að samstarfsmenn mínir fyrrv. unni mér þess sannmælis.

Ég vona að ég þurfi ekki að spyrja þeirrar spurningar hvort fyrrv. samstarfsmenn í fyrrv. ríkisstjórn eru búnir að gleyma því að sameiginlega bárum við auðvitað ábyrgð á gengisfellingum, á útgjaldaákvörðunum, um vexti, um hækkuð útgjöld vegna landbúnaðarmála, stuðkja til atvinnuvega, um tekjufall vegna afnáms launaskatts, um endurgreiðslu uppsafnaðs söluskatts o.s.frv.

Hver var hlutur Sjálfstfl. undir lokin? Þeir segjast hafa miklar áhyggjur af stöðu ríkisfjármála. Samt var það þeirra seinasta verk að leggja fram tillögu um að auka hallann á ríkissjóði um rúman milljarð. Þeir segjast hafa miklar áhyggjur af stöðu ríkisfjármála og það þurfi að reka ríkissjóð með hagnaði. Samt samþykkti þingflokkur Sjálfstfl. að lýsa því yfir að hann væri andvígur nýrri tekjuöflun. Samt var það svo að ráðherrar Sjálfstfl. skiluðu nýjum útgjaldatillögum en ekki samdráttartillögum og höfnuðu flestum mínum niðurskurðar- og sparnaðartillögum. Sannleikurinn er sá að við alþýðuflokksmenn stóðum við bakið á okkar forsrh. í fyrrv. stjórn en það er líka staðreynd að uppivöðsluseggir í hans eigin flokki komu í bakið á honum.

Virðulegi forseti. Ég vona eindregið að illdeilur um liðna tíð verði ekki til þess að vekja með okkur íslenskri þjóð óhug eða kvíða varðandi framtíðina. Við skulum játa að okkur hefur ekki lærst að hafa taumhald á sjálfum okkur í góðæri. Það er margt til vitnis um það: Peningamusterin og hin pólitísku minnismerki, innflutnings- og neysluæði. Ef við hefðum látið okkur nægja að auka innflutning á bílum, fötum, húsgögnum, heimilistækjum og leikföngum um aðeins 10% milli áranna 1987 og 1988, í staðinn fyrir 67%, þá væri hér enginn viðskiptahalli í þessu þjóðfélagi, þá hefði ekki orðið nein ný erlend skuldasöfnun, þá værum við byrjaðir að endurgreiða skuldir. Líti svo hver í sinn eigin barm. Við gerðum þetta ekki. Við bruðluðum botnlaust og vitlaust í lúxus, ferðalögum og flottræfilshætti, í myndböndum og farsímum, í nýjum og nýjum veitingastöðum

og veitingahöllum, allt frá hamborgarasjoppum upp í sælkerasali, í sumarbústöðum og happdrættum og bingóum og lukkutríóum og happaþrennum og með bónus.

En það er í mótlætinu sem reynir á manninn. Við Íslendingar höfum séð það svartara fyrr. Og það er í mótlætinu sem Íslendingar kunna loksins að taka á honum stóra sínum. Við bætum okkur ekkert á því að sýta orðinn hlut eða rífast um liðna tíð. Við skulum horfa fram á við. Við höfum nóg land- og lífsrými í ómenguðu náttúrlegu umhverfi. Við eigum gnægð náttúruauðlinda. Þjóðin sem landið byggir er vel menntuð og vel mönnuð. Hún er full af hugviti, atorku og eljusemi. Við skulum því ekki kvíða framtíðinni. Við munum komast klakklaust í gegnum öldudalinn á lygnari sjó, enda vanir menn um borð.

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Góðir sjónvarpsáhorfendur. Sterk bein þarf til þess að þola góða daga. Undanfarin ár höfum við Íslendingar átt góða daga. En eins og svo oft áður höfum við ekki kunnað fótum okkar forráð. Góðærið hefur ekki verið notað til að búa í haginn fyrir framtíðina, heldur til þess að auka óráðsíu, eyðslu og sóun. Aukið frelsi í verslun og frjálsræði í lánaviðskiptum hafa menn notað til að auka misréttið í samfélaginu. Illbrúanleg gjá hefur verið að myndast á milli þess fólks annars vegar sem lifir íslenskri hvunndagstilveru í sveit og við sjó og svo hinna sem búa í gerviveröld glysumhverfis þar sem menn virðist halda að gróðinn vaxi á trjánum. Hér er um tvo gerólíka heima að ræða. Annar er heimur veruleikans, hinn er tilbúningur ímyndunarinnar.

Í heimi íslenskrar hvunndagstilveru er góðærinu lokið. Fólkið okkar við sjó og í sveit gerði sér þetta ljóst. Fólkið í gerviheimi glysmennskunnar gerði það hins vegar ekki. Það gerir sér ekki einu sinni grein fyrir því að öll tré hinna gullnu epla standa rótum í heimi veruleikans og sækja allt sitt grómagn í eins hversdagslega næringu og fiskvinnslu og sjósókn. Jafnvel þótt sjálf undirstaðan væri að bresta vildi þetta fólk halda áfram að byggja sínar „kringlur" og sína „kaupgarða", höndla með „kjarabréf" sín og „hávaxtabréf" og halda áfram að skreyta sig með glimmeri sínu og gyllingum. Þetta var og er enn vandi íslenska þjóðfélagsins í hnotskurn: Sjálfsblekkingin, veruleikaflóttinn, firringin, dansinn í kringum gullkálfinn.

Ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar hafði alla burði til þess að taka á þessu vandamáli, en hún hikaði, hafðist ekki að. Á því eru sjálfsagt margar skýringar. M.a. sú að hún kom sér ekki saman um að takast á við þau öfl sem svo herfilega höfðu misnotað frelsið. En einnig vegna áhrifa voldugra aðila sem einfaldlega vildu hafa þetta svona af því að þeir horfðu aldrei út fyrir Öskjuhlíðina sína og þá veitingahöll sem þar átti að rísa fyrir almannafé og snúast síðan sinn einkahringdans umhverfis gullkálfinn.

Á sl. vori greip ríkisstjórnin til bráðabirgðaráðstafana í þeim tilgangi að geta notað sumarið til að undirbúa heildstæða stefnu í efnahagsmálum. Sú stefnumörkun fór aldrei fram. Á elleftu stundu hvarf verkstjórinn af landi brott og fól alla tillögugerð í hendur manna utan sinnar eigin ríkisstjórnar og stuðningsflokka á Alþingi. Heim kominn lét hann svo aðra aðila, einnig utan ríkisstjórnar og Alþingis, hafna í sínu nafni tillögum sinnar eigin nefndar þótt báðir samstarfsflokkar forsrh. lýstu því yfir að þeir væru reiðubúnir til að ganga til samstarfs við hann á grundvelli þessara tillagna. Þetta er einsdæmi í sögu íslenskrar ríkisstjórnar. Slík ríkisstjórn á ekki framtíð fyrir sér, enda fór sú ríkisstjórn. Og nú höfum við fengið nýja. Það var óhjákvæmilegt. Hún er eins og aðrar ríkisstjórnir samsteypustjórn ólíkra flokka. Stærsti kostur hennar er að hún vill horfast í augu við þau vandamál sem fólkið til sjávar og sveita þekkir að við er að fást. Hún vill takast á við þessi vandamál í stað þess að flýja þau eða fresta þeim.

Meginmarkmið ríkisstjórnarinnar er að treysta undirstöðu framleiðsluatvinnuveganna þannig að hjól íslensks atvinnulífs geti farið að snúast á ný með eðlilegum hætti. Auðvitað greinir menn á um þau úrræði. Sjálfsagt má þar eitt og annað betur gera. En hinn kosturinn var sá að halda áfram að hafast ekkert að og fólkið sem er í tengslum við hvunndagsleika íslenskrar tilveru veit að slíkt hefði leitt það og síðan alla hina til glötunar. Þess vegna er hin nýja ríkisstjórn góð tíðindi, ekki síst úti á landsbyggðinni þar sem allt atvinnulífið byggist á undirstöðuatvinnugreinum með þessari þjóð.

Kapphlaupið eftir efnisgæðunum, kaupæðið, hefur ruglað marga í ríminu. Tími er til þess kominn að fólk slíti sig frá búðargluggunum og skoði annað en það sem þar fæst.

Við búum við mikla velsæld á Íslandi. Á því verður engin breyting. Áfram munum við njóta kosta velferðarríkisins, þeirra kosta sem bestir gerast í öllum heimi. Fyrir þessa þjónustu greiðum við minna en flestar ef ekki allar aðrar þjóðir. Skattbyrði er hér lægri. Þrátt fyrir tal stjórnarandstöðunnar um skattaáþján er það staðreynd að vísitölufjölskyldan, sem hefur yfir 150 þús. kr. í mánaðartekjur, greiðir aðeins rösklega 20 þús. kr. í tekjuskatt og fær svo til baka frá því opinbera röskar 5000 kr. í barnabætur og svo húsnæðisbætur eða vaxtaafslátt í ofanálag ef um húsbyggjendur er að ræða. Nágrönnum okkar á Norðurlöndum þætti þetta ekki hátt gjald fyrir þá þjónustu sem velferðarríkið veitir.

Þetta merkir hins vegar ekki að stjórnvöld eigi að láta vaða á súðum í tekjuöflun, enda stendur slíkt ekki til. Í grg. fjárlagafrv. er ýmsum hugmyndum hreyft sem menn hafa verið að skoða en hafa ekki fengið afgreiðslu. Ég tel rétt að láta það koma fram að við alþýðuflokksmenn erum ekki reiðubúnir til að ganga lengra til hækkunar á tekjuskatti einstaklinga en sem nemur því að álagningarprósentan hækki um innan við 2% frá því sem nú er og þá því

aðeins að persónuafsláttur verði um leið hækkaður til hagsbóta fyrir lágtekjufólk. Ég vil einnig taka það fram að við erum ekki sammála því að lagður sé skattur á orkusölufyrirtæki ef sá skattur yrði til að hækka verð á útseldi orku á sama tíma og mikið misrétti ríkir í orkuverðsmálum landsmanna.

En það eru fleiri verðmæti en hin efnislegu sem við verðum að gefa okkur tíma til að huga að. Það eru einnig mikil verðmæti fólgin í óspilltu umhverfi, menningu þjóðarinnar, listum hennar og tungu. Varðveisla slíkra gæða skiptir okkur meira máli í reynd en það dót sem við getum keypt fyrir peninga. Gerviveröld glysmennskunnar lætur sig slík verðmæti litlu skipta því að þau anga ekki af peningum. En hinn fábrotni og hversdagslegi veruleiki þessarar þjóðar, hvunndagsfólkið, hefur ávallt látið sig þau verðmæti varða. Þau skulum við því halda áfram að meta, jafnvel þó við sjáum þau hvergi í búðargluggunum, enda verða slík verðmæti hvorki keypt né seld, heldur annaðhvort varðveitt eða varpað á glæ.

Ég þakka þeim sem hlýddu.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegur forseti. Góðir áheyrendur. Eftir að hafa hlýtt á stefnuræðu hæstv. forsrh. og skoðað málefnasamning ríkisstjórnarinnar er ekki laust við að maður fái á tilfinninguna að nú loks sé komin ríkisstjórn sem ætli að taka á vandamálum þjóðarinnar. Þegar hins vegar er litið á fyrstu aðgerðir hennar kemur í ljós að hún virðist á engan hátt ætla að verða frábrugðin þeirri sem varð að hverfa af vettvangi og þeim öðrum sem hér hafa ríkt. Um er að ræða sömu bráðabirgðalausnirnar og fyrri ríkisstjórnir hafa gripið til. Sambland af gengisfellingu og millifærslu, ómarkvissar og tilviljanakenndar aðgerðir sem byggjast frekar á óskhyggju og bjartsýni en heilsteyptri og markvissri stefnu.

Með aðgerðum ríkisstjórnarinnar, eins og þær koma fram í nýsettum bráðabirgðalögum, er fyrst og fremst verið að vega að hinum almenna borgara. Hann er látinn blæða fyrir sukkið og svínaríið sem viðgengist hefur á síðustu árum, jafnt hjá ríkinu og ríkisstofnunum sem og í einkageiranum. Ríkisstjórn jafnréttis og félagshyggju er bara orðin tóm.

Hvað tekur við er bráðabirgðalögin hafa runnið sitt skeið á enda og hvernig verður þá umhorfs í þjóðfélaginu? Því svaraði hæstv. forsrh. ekki í sinni ræðu. Því miður er ástæða til að óttast ófrið á vinnumarkaði og stórfelldar gjaldskrár- og verðhækkanir, bæði hjá hinu opninbera og hjá einkaaðilum. Með verðstöðvuninni er einungis verið að búa til stíflu og eftir því sem lengra líður safnast meira fyrir og þegar hleypt verður frá má búast við flóðbylgju.

Hvað er þá unnið með þessum aðgerðum? Það er skoðun Borgfl. að aðeins sé verið að fresta vandanum, en með þeim sé ekki verið að styrkja stoðir efnahagslífsins eða efla nýjan atvinnurekstur svo að þjóðfélagið geti betur varist baksveiflum í sjávarútvegi.

Með aðgerðum ríkisstjórnarinnar er ekki verið að taka á meini íslensks þjóðfélags, útþenslu ríkiskerfisins, sjálfvirkni kaupgjalds og verðlags, erlendri skuldasöfnun og einhæfni undirstöðuatvinnurekstrarins. Þvert á móti boðar þessi ríkisstjórn bráðabirgðalausnir og áframhald fyrri stjórnarstefnu. Hver kannast ekki við nýjar skattaálögur, kjaraskerðingu, viðskiptahalla og aukna skuldasöfnun. En þessir þættir eru megininntak stefnuræðu forsrh.

Það er ljóst, eins og með fyrri ríkisstjórnir, að þessari ríkisstjórn er einungis ætlað að halda hjóli atvinnulífsins gangandi frá degi til dags en hún hefur ekki markvissa stefnu sem tryggir atvinnustarfseminni starfsskilyrði og borgurunum mannsæmandi laun. Því miður, áheyrendur góðir, er þessi ríkisstjórn ekki líkleg til afreka frekar en fyrri stjórnir, enda var meira kapp lagt á við myndun hennar að festa sér ráðherrastóla en að taka á málum íslensks þjóðfélags. Ég spyr: Hvað erum við bættari með ríkisstjórn sem aðeins getur varist vantrausti en hefur ekki þingstyrk til að koma nauðsynlegum málum í gegnum báðar deildir Alþingis? Til hvers er að hafa ríkisstjórn sem getur ekki tekið á vandamálum sem til staðar eru í þjóðfélaginu, sérstaklega nú þegar viðsjárverðir tímar eru fram undan? Það hefur hingað til kallast óðs manns æði og hættuleg sjómennska að leggja úr höfn á illa mönnuðu og hripleku skipi vitandi það að óveður er í aðsigi.

Þegar svo er ástatt sem hér er lýst hvarflar að manni sú hugsun að þessari ríkisstjórn séu ekki ætlaðir margir lífdagar. Tilgangur hennar sé sá einn að fresta vandamálum og bíða eftir tilefni til að rjúfa þing og efna til nýrra kosninga. Sú ríkisstjórn sem nú hefur verið mynduð er ekki starfhæf. Þeir stjórnarhættir sem hún hefur tileinkað sér, að stjórna með bráðabirgðalögum, er ekki aðeins móðgun við Alþingi, heldur alvarleg atlaga að lýðræðinu í landinu. Við Íslendingar eigum ekki að láta það viðgangast ár eftir ár að ríkisstjórnir geti komist upp með það að hrifsa til sín völd og stjórna með fálmkenndum bráðabirgðalögum. Slík vinnubrögð eru andlýðræðisleg og stórhættuleg, sérstaklega þegar svo er komið að það telst sjálfsagt að skerða helgustu mannréttindi þegnanna með slíkum lögum. Það þekkist hvergi í lýðræðisþjóðfélögum, sem hér á landi er orðið að aðalreglu, að setja bráðabirgðalög til lausnar efnahagsvanda. Það bara samrýmist ekki lýðræðishugtaki grannríkjanna og þeirri grunnhugsun með stjórnarandstöðu að vera til aðhalds stjórnvöldum.

Borgfl. dróst skamma stund inn í síðustu stjórnarmyndunarviðræður og lýsti því yfir að hann væri tilbúinn til að ganga inn í stjórnarsamstarf þeirra flokka sem mynda núverandi ríkisstjórn. Það var ekki á málefnalegum grunni sem upp úr slitnaði, svo langt komust viðræðurnar ekki, heldur orðaleiknum um félagshyggju og vinstri stjórn og því að of hættulegt væri fyrir núverandi stjórnarflokka að taka Borgfl. inn í ríkisstjórnina. Á þeim tíma var ekki hugsað um þjóðina og nauðsyn þess að sú

ríkisstjórn sem mynduð yrði hefði öruggan meiri hluta að baki sér og gæti komið knýjandi málum í gegnum báðar deildir Alþingis. Það var þá og er enn skoðun Borgfl. að nauðsyn krefði að tekið yrði á markvissan hátt á aðkallandi vanda þjóðarbúsins. Kjarninn í þeim aðgerðum ætti m.a. að vera: Stórfelldur niðurskurður og aðhald í ríkisrekstrinum. Matarskattur yrði lækkaður eða afnuminn. Vísitölutengingar og sjálfvirkni yrðu óheimilaðar. Vextir yrðu lækkaðir og bankastofnanir skyldaðar til hagræðingar. Fyrirtæki með útflutnings- og samkeppnisgreinum yrðu búin viðunandi rekstrarskilyrði. Átak yrði gert til eflingar íslensks iðnaðar. Síðast en ekki síst að samhliða endurskipulagningu ríkiskerfisins og samdrætti yrðu völd færð til landshlutanna. Því miður fór sem fór og þjóðin situr uppi með þessa ríkisstjórn sem af eigin stuðningsmönnum er dæmd til að falla.

Góðir áheyrendur. Nú þegar hafið þið hlýtt á fulltrúa tveggja núverandi stjórnarflokka ásamt fulltrúa þess flokks sem hrökklaðist frá völdum og áttið ykkur á hvernig umhorfs var í síðustu ríkisstjórn og við hverju má búast af þeirri sem nú fer með völd, sjáið þið einhverjar breytingar? Hafið þið ekki heyrt þetta allt einhvern tíma áður? Er ekki kominn tími til að skipta þeim út og láta nýja flokka og þá um leið nýja strauma líða um sali Alþingis og Stjórnarráðið?

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Góðir Íslendingar. Tvennt þarf öðru fremur að liggja fyrir til þess að hagstjórn í jafnopnu hagkerfi og ríkir hér á landi verði árangursrík og nái tilgangi sínum. Annað er ríkisstjórn sem styðst við öruggan þingmeirihluta en hitt er samstarfshæfileiki og heilindi þeirra einstaklinga sem ríkisstjórnina mynda.

Fyrir réttu ári stóðu menn hér á hinu háa Alþingi og ræddu stefnuræðu hæstv. þáv. forsætisráðherra. Einar umsvifamestu skattkerfisbreytingar fóru í hönd með skattahækkun sem nam í heild um 25 milljörðum kr. með alræmdum matarskatti. Engu að síður skildi þáv. ríkisstjórn eftir sig miklu meiri óleystan vanda en hún tók við í atvinnulífi þjóðarinnar, á landsbyggðinni, sem m.a. lýsir sér í gjaldþrotum fjölda fyrirtækja með tilheyrandi atvinnubresti og brostnum vonum.

Eyktamörkin frá þessum skammvinna stjórnarferli eru gengisfellingin í febrúar–mars og önnur stærri í maí ásamt efnahagsráðstöfunum á grundvelli bráðabirgðalaga sem sett voru nánast í þann mund er Alþingi hafði verið slitið svo smekklegt sem það nú var.

Ekki tókst betur til við stjórn ríkisfjármálanna. Hið mæra markmið, útþurrkun fjárlagahallans í einu vetfangi, varð að harmleik á haustnóttum og rauð kratarósin, sem brosti í barmi stjórnarinnar við afgreiðslu fjárlaga um þrettándaleytið í vetur, drúpti nú höfði feigðarföl um höfuðdag.

Hinn óhagstæði viðskiptajöfnuður er ógnvekjandi, talinn verða 12 milljarðar kr. og erlendar skuldir vaxa því enn. Aukning þeirra á árinu er talin nema 5% af landsframleiðslu. Við árslok gætu þær því numið um 130 milljörðum kr. eða nálægt helmingi af landsframleiðslunni.

Kjarninn í vanda Íslendinga við efnahagsstjórn sína er margræddur og ætti því flestum að vera ljós. Fámenni þjóðarinnar, stærð og lega landsins og fremur einhæfar náttúruauðlindir skipa Íslandi verulega sérstöðu meðal annarra landa.

Með fáum þjóðum er utanríkisverslunin jafnviðkvæm og mikilvæg sem hér á landi vegna þess hve háð við erum einum vöruflokki, þ.e. sjávarafurðunum og breytingum á þeim vettvangi hvort sem tekur til afla eða verðlagsþróunar. Stjórnvöld á hverjum tíma verða því sífellt að leitast við að ná þrenns konar meginmarkmiðum í þessum efnum.

1. Að reyna að skapa skilyrði til að auka fjölbreytni útflutningsins og dreifa þannig áhættunni.

2. Að beita hagstjórninni á þann veg að óhjákvæmilegar sveiflur í utanríkisversluninni hafi sem minnsta keðjuverkun innan lands.

3. Seinast en ekki síst að leita markaða eins víða og unnt og hagkvæmt er og treysta á þann veg stoðir efnahagslífsins.

Borgfl. telur að ógæfa þjóðarinnar undanfarin missiri liggi m.a. í því að fráleitt hafi verið unnið af nægum heilindum og af nægum krafti að þessum eða álíka markmiðum sem öll velferð efnahagslífsins veltur raunar á.

Borgfl. er yngstur þingflokkanna. Hann barðist einarðlega á seinasta þingi gegn matarskatti en fyrir afnámi lánskjaravísitölunnar, gegn ofstjórn og gegn ofsköttun en fyrir raunhæfu og skynsamlegu húsnæðislánakerfi sem yrði ekki stofninn í þensluhalla ríkissjóðs eins og núverandi öngþveiti hefur reynst.

Borgfl. sagði fyrir um eðli þess stjórnmálavanda og þess feigðarboða sem fylgdi hæstv. fyrrv. ríkisstjórn frá fyrsta degi til lokadægurs. Nú hefur hins vegar ný hæstv. ríkisstjórn sest að völdum og hér eru til umræðu stefna hennar og markmið. Enda þótt mörg atriði í fyrstu aðgerðum hæstv. ríkisstjórnar til viðreisnar útflutningsatvinnuvegunum hafi verið meira en tímabær verður ekki undan því vikist að minna á að sömu háttvísi gætir gagnvart Alþingi eða hitt þó heldur sem verið hafði hjá hinni fyrri stjórn.

Bráðabirgðalög voru gefin út örfáum dögum fyrir setningu Alþingis. Þegar öllum er vitanlegt að stjórnin nýtur ekki meirihlutafylgis nema í annarri deild Alþingis eru vinnubrögð af þessu tagi tæpast sæmandi. Og það því fremur ef haft er í huga að þeir menn, sem mestu réðu um myndun þessarar hæstv. ríkisstjórnar, virtust leggja á það þyngsta áherslu að ekki yrði mynduð stjórn er nyti ótvíræðs þingmeirihluta. Engu er líkara en þeir hinir sömu hafi sérstakar ástæður til þess að svala betur eigin persónulegum metnaði og hégómagirni. Þegar svo er komið og málefni þjóðarinnar í jafnmikilli óvissu og raunar óefni sem raun ber vitni er háski á ferðum.

Í stefnuræðu hæstv. forsrh. er þess hvergi getið einu einasta orði að hæstv. ríkisstjórn njóti ekki ótvíræðs meiri hluta til starfa hér á Alþingi. Sjálfsagt finnst honum sem um sé að ræða slíkt smáatriði að ekki hafi tekið því að minnast á það. Verst finnst mér þó að fyrirheitið um afnám lánskjaravísitölunnar er nú orðin fremur loðin og afslepp viljayfirlýsing án nokkurrar tímasetningar eða annarra haldbærra viðmiðana.

Hæstv. ríkisstjórn skreytir sig gjarnan með hugtökum eins og jafnrétti og félagshyggju og víða er ekki vanþörf á að taka til hendi til þess að minnka misréttið. Ekkja, sem jafnframt er 65% öryrki en nýtur ekki neinna lífeyrisréttinda, fær einungis ekkjulífeyri sér til lífsviðurværis. Hann er nú 9577 kr. á mánuði. Launakjör sérfræðingsins sem hún leitar læknishjálpar hjá eru hins vegar, þegar allt er talið, 60–70-föld eða 600–700 þús. kr. á mánuði. Og sá aðili sem báðum greiðir laun og tryggingu er hinn sami, þ.e. ríkissjóður og kerfi hans, og metur hlutfallið.

En það er atvinnulífið í þessu landi sem er undirstaða allrar velferðar til sjávar og sveita, í bæjum og strjálli byggð og það á allt sitt undir því að framkvæmdarvaldið í þessu landi styðjist við öruggan þingmeirihluta því annars stefnir í sjálfheldu sem hætt er við að verði þjóðinni dýr.

Ég hef lokið máli mínu, hæstv. forseti, og þakka þeim sem á hlýddu.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Eftir að hafa hlustað á hæstv. forsrh. flytja stefnuræðu sína uppfulla af gamalkunnum frösum og útjöskuðum klisjum fór eiginlega hrollur um mig. Þetta hljómaði ámóta og eldgömul grammófónsplata sem fyrir það að vera gömul er líka föst í rásinni og því sendir hún ætíð frá sér sömu fölsku tónana. Kannast ekki allir við fögru heitin sem ráðherrann var að gefa þjóðinni? Og kannast ekki allir líka við efndirnar? Jú, ætli það ekki.

Þó er því ekki að neita að aðeins bryddar á nýju orðalagi hér og þar, en markverðast og langathyglisverðast í ræðu hæstv. ráðherra var að mínu dómi sú skýlausa viðurkenning hans á því að stefna ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar muni verða að beita fyrir sig mannréttindabrotum. Ég hygg að fyrir því séu engin fordæmi að forsrh. í upphafi stjórnarferils lýsi því kinnroðalaust yfir í stefnuræðu sinni að ríkisstjórn hans muni standa fyrir því að fótumtroða mannréttindi. Fyrir þá sem ekki muna hvað hæstv. ráðherra sagði voru orð hans þessi, með leyfi forseta:

„Í því skyni hefur reynst óhjákvæmilegt að víkja til hliðar um skamma stund mikilvægum mannréttindum.“

Og hvað segja nú allaballar sem stóðu fyrir viðskiptabanni á Suður-Afríku á síðasta þingi? Það er eins og mig rámi í að það hafi verið gert vegna mannréttindabrota. Þeir eru skrýtnir svo ekki sé meira sagt, allaballarnir. Þeir urruðu eins og vitstola hundar: Samningana í gildi, skilið samningsréttinum o.s.frv. Allt þar til að glitta fór í stólana góðu. Þegar í þá var komið gleymdist hæfileikinn til að urra og nú mala þeir í hægindum sínum í ráðherrastólunum og tala eins og flestir sem í þá hafa sest: að nú séu breyttar forsendur, að afkoman hafi verið stórlega verri en nokkurn lifandi mann gat grunað o.s.frv. Við skulum heldur ekki gleyma því að hæstv. fjmrh. sagði hér á síðasta þingi að þáv. fjmrh., núv. utanrrh., væri brennimerktur maður vegna álagningar matarskattsins og yrði það þar til hann aflétti honum. Nú er hv. varaþm. fjmrh. og við skulum öll taka vel eftir því hvað hann gerir varðandi matarskattinn.

Hæstv. forseti. Það var ekki hægt að greina það á ræðu hæstv. forsrh. að flokkur hans, og hann sjálfur að miklu leyti, beri flokka helst ábyrgð á því ástandi sem hér ríkir. Það bara hentar ekki Framsfl. akkúrat núna að berja sér á brjóst og tala um Framsóknaráratuginn. Í ræðu sinni sagði hæstv. ráðherra m.a., með leyfi forseta: „Þjóðin mun öll súpa seyðið af hinni margrómuðu frjálshyggju í peninga- og fjárfestingarmálum.“ Nú spyr ég hæstv. ráðherra: Hvar hefur þú eiginlega verið öll þessi ár og hvar hefur Framsfl. verið? Kannist þið ekkert við krógann? Eftir útliti hans að dæma dylst engum faðernið. Svona leiki leikur Framsfl. sí og æ og hefur hingað til komist upp með það. En nú held ég að allur almenningur í landinu sé búinn að sjá í gegnum þennan leik.

Talað er um að fella niður lánskjaravísitölu strax og jafnvægi í efnahagsmálum sé náð. Gott og vel. En hér verður ráðherra að skýra nákvæmlega hvað sé jafnvægi í efnahagsmálum að hans mati. Hvað þarf t.d. verðbólgan að vera komin niður í og hversu lengi þarf hún að haldast í ákveðnu lágmarki til þess að hægt sé að afnema vísitöluna?

Eins og alþjóð er kunnugt er nú í gildi verðstöðvun í landi sem allir hafa virt, eftir því sem ég best veit, nema hver? Ríkisstjórnin sjálf. Sjálf fyrirmyndin gat ekki virt eigin lög og heimilaði Pósti og síma gjaldskrárhækkun. Hér á ekki við það sem oft er sagt, að eitthvað sé löglegt en siðlaust. Þetta er bæði ólöglegt og siðlaust. Getur ríkisstjórnin gert þær kröfur til þegnanna að þeir virði lög og reglur þegar hún gerir það ekki sjálf?

Þá held ég að mörg illa stödd heimili í landinu krefjist upplýsinga um starfsreglur skuldbreytingasjóðs heimilanna. Þarna er um sjóð að ræða með afskaplega fallegu og göfugu nafni en enginn veit hvernig hann á að starfa. Eftir framsóknaráratugina er vissulega þörf á slíkum sjóði. En það þarf að passa upp á að þarna verði ekki enn einn gæluverkefnasjóðurinn, eins og hætt er við að Atvinnutryggingarsjóður Stefáns Valgeirssonar geti orðið.

Ríkisstjórnin ætlar að reyna að lækka raforkuverð til fiskiðnaðar. Það er í sjálfu sér gott og blessað. En veit hæstv. ríkisstjórn virkilega ekki að hér í landi býr fólk við gífurlegt misræmi þegar að orkukostnaði

kemur? Því er það skýlaus krafa þeim á hendur að þeir sjái til þess að nú þegar verði komið á jöfnunarverði á orku til heimilisnota.

Í stefnuræðunni er boðað frjálsræði í milliríkjaviðskiptum. Hér tel ég nauðsynlegt að fram komi að með þessu er ríkisstjórnin að slá ryki í augu fólks því hér er alls ekki átt við frjálsa utanríkisverslun. Fari ég með rangt mál skora ég á þá stjórnarliða sem enn eiga eftir að tala að leiðrétta mig. Og svo sannarlega vona ég að ég hafi rangt fyrir mér, því að auðvitað á að ríkja hér fullt frelsi í útflutningsverslun sem og í innflutningsverslun.

Á þskj. 75, sem er frv. til fjárlaga, er boðað að áfram skuli halda á skattpíningarbraut þeirri sem kratar öðrum fremur mörkuðu á síðasta ári. Í frv. eru einnig þau nýmæli, sem allaballar geta hreykt sér af í framtíðinni, að nú skuli öryrkjar, lamaðir og fatlaðir, aldraðir, æskulýðs- og ungmennafélög, íþróttamenn og menntafólk skattlagt í formi söluskatts af happdrætti. Á síðasta þingi varði þáv. fjmrh. niðurskurð á fjárframlögum til íþróttahreyfingarinnar með því að hún hefði nægilegt fjármagn frá lottói. Nú hefur það runnið upp fyrir stjórnarherrunum að íþróttahreyfingin hefur of mikið frá lottóinu og því ber að skattleggja það.

Virðulegi forseti. Borgfl. hefur verulegar áhyggjur af ástandinu í þjóðfélaginu og vill gera allt sem í hans valdi stendur til að færa hlutina til betri vegar. Okkur hryllir við fréttum af ástandi atvinnuveganna, af stórhættu á atvinnuleysi af stærðargráðu sem við höfum ekki kynnst síðan á kreppuárunum, af stórfelldum samdrætti í sjávarútvegi, af verðfalli á erlendum mörkuðum, af gífurlegum viðskiptahalla, af skuldastöðu þjóðarinnar gagnvart erlendum lánardrottnum. Hér eru aðeins upptalin fáein atriði af mörgum sem eru að gera okkur Íslendingum lífið leitt þessa dagana. En það hörmulegasta við þetta er að nú situr við stjórnvölinn ríkisstjórn sem ekki nokkur maður hefur í hjarta sínu trú á að sé vandanum vaxin.

Góðir áheyrendur. Rifjið upp í huga ykkar hverjir hafa setið við stjórnvölinn og hverjir hafa verið helstu áhrifamenn í íslensku þjóðfélagi síðustu 15 árin. Þið munuð komast að því að það eru að mestu leyti sömu aðilar sem enn ráða ferðinni í íslenskum stjórnmálum. Rifjið þá líka upp hvað hefur verið að gerast hér á þessum árum, hvaða árangri þessir menn hafa náð. Lítið í kringum ykkur og svarið því svo hvort ekki sé kominn tími til að senda þessa menn í frí, í langt frí. Á því er enginn vafi í mínum huga.

Ísland hefur ekki efni á þessum mönnum lengur. Tími nýrra afla er kominn. Ísland þarf á nýjum mönnum, nýju blóði að halda í íslensk stjórnmál. Borgfl. er reiðubúinn að axla ábyrgð og taka á sig byrðar. Borgfl. er, eins og hann sýndi í stjórnarmyndunarviðræðunum, tilbúinn að takast á við vandann af drengskap og einurð. En slíkum vinnubrögðum hafnaði Alþb. alfarið og þarf það engum að koma á óvart. Það kaus frekar að eiga allt sitt undir náð og miskunn Stefáns Valgeirssonar, kaus frekar að fara í ríkisstjórn sem mynduð var á fölskum forsendum vegna þess að aldrei var til neinn huldumaður.

Við stjórnarliða segi ég: Þið áttuð völina og nú megið þið líka eiga kvölina. En því miður þarf heilt þjóðfélag að þjást með ykkur.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Fyrr á þessari öld fjallaði virtasti lærdómsmaður þjóðarinnar um vanda þess og vegsemd að vera Íslendingur, að hljóta í arf fagurt land og auðæfi hafs og fossa, að fara viturlega að ráði sínu og treysta undirstöðu framfaranna, að glata ekki sjálfræði sínu með skuldasöfnun, óráðsíu og óhófi.

Þegar harðræði, fátækt og ofbeldi marka örlög þúsunda milljóna um heim allan, þá er það gæfa að vera Íslendingur, gæfa að búa við öryggi og velferð fyrir sjúka og aldraða, gæfa að bjóða öllum börnum braut mennta og menningar, gæfa að vera sjálfstæð þjóð í gjöfulu landi. Hamingja okkar sem nú erum á besta aldri er vissulega mikil. Feður okkar og mæður, afar okkar og ömmur breyttu fátæku þjóðfélagi fyrri alda í velferðarríki í fremstu röð. Þau lögðu hart að sér til að búa okkur allt í haginn. En við sem nú erum á besta aldri stöndum hins vegar á tímamótum. Ætlum við einnig að bjóða börnum okkar bjarta framtíð eða brestur okkur gjörvileik til að ráða við vandamálin sem við blasa? Verðum við kynslóðin sem fékk allt í arf en sólundaði honum á skömmum tíma og skildi eftir stóra skuldabagga á herðum þeirra sem við tóku?

Á undanförnum árum hefur ríkt mikil óstjórn í okkar landi, ekki bara óstjórn á vettvangi ríkisins heldur einnig víða í atvinnulífinu, hjá fyrirtækjunum og forstjórunum, reyndar hjá öllum þeim sem eytt hafa stórlega um efni fram. Erlendar skuldir okkar Íslendinga hafa vaxið um marga milljarða á hverju ári og senn stefna þær í svo háar upphæðir að erlendir lánardrottnar gætu náð heljartökum á efnahagslegu sjálfstæði okkar. Síðustu ríkisstjórnir hafa á engan hátt ráðið við vandann. Þær hafa ár eftir ár skotið sér hjá erfiðum ákvörðunum, verið haldnar hugarfari sjúklingsins sem finnur dag frá degi að honum þverr þróttur en hefur ekki kjark til að horfast í augu við veruleikann.

Á árinu 1986 skorti Þorstein Pálsson þáv. fjmrh. dug og þor til að glíma við hin erfiðu verkefni og skildi eftir sig tæplega þriggja milljarða kr. skuld. Og á árinu 1987 skorti hann einnig kjark, fyrst sem fjmrh. og síðar sem forsrh. Reikningurinn handa framtíðinni var í árslok rúmir 5 milljarðar. Fimm milljarða viðbót við skuldabaggann. Og á fyrstu níu mánuðum þessa árs var niðurstaða ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar 7 milljarða halli á greiðslureikningi ríkisins. Þessi maður kemur svo hér í kvöld og þykist hafa ráð undir rifi hverju. Um hann mæla verkin dýpri sannleika en allar þær ræður sem Sjálfstfl. mun flytja úr þessum stól á næstu mánuð-

um og á næstu árum.

Það eru ekki nema rúmar fjórar vikur síðan ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar hrökklaðist frá við lítinn orðstír og að loknum einhverjum misheppnaðasta ferli sem um getur á síðari áratugum. Afleiðingar óstjórnarinnar blöstu við hvarvetna í okkar þjóðfélagi. Útflutningsfyrirtækin voru að loka og atvinnuleysi tugþúsunda verkafólks var yfirvofandi. Gjaldþrotatilkynningar voru daglegt brauð, smá fyrirtæki og stór, verslanir og hótel, frystihús og iðnfyrirtæki. Alls staðar voru dauðamerki hruns og kreppu. Einstöku góðæri hafði verið sólundað á altari óstjórnar og óhófs. Það var komið að hinum stóru skuldadögum.

En hvað átti að gera? Átti að halda áfram á braut erlendrar skuldasöfnunar, vísa nýjum og nýjum lánum á herðar framtíðarinnar og grafa þannig jafnt og þétt undan efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar? Eða átti að hefja tafarlaust víðtækt en erfitt björgunarstarf, grípa til nauðsynlegra ráðstafana þótt ýmsum kynni að finnast hart að sér gengið?

Alþb. kaus að skipa sér í björgunarsveitina miðja. Okkur var vissulega ljóst að í mikið var ráðist og við urðum að gera málamiðlanir við samstarfsaðila okkar og æskilegra hefði auðvitað verið að hafa lengri tíma til undirbúnings. En á örlagastundu þarf oft að taka skjótar ákvarðanir. Og viðtökur fólksins í landinu hafa sannfært mig um það að ákvörðun Alþb. var rétt. Þjóðin beið eftir björgunaraðgerðum. Það var brýn nauðsyn á sterkri og samhentri ríkisstjórn, þeirri ríkisstjórn sem nú fer með stjórn landsins. Forsrh. hennar og formaður Framsfl. hefur í stefnuræðu sinni hér í kvöld gert grein fyrir fyrstu aðgerðum ríkisstjórnarinnar og utanrrh. og formaður Alþfl. hefur rakið þá dýrkeyptu reynslu, sem hann fékk af samstarfinu við Sjálfstfl., reynslu sem hefur leitt hann og Alþfl. til að hefja náið samstarf við okkur í Alþb.

Það var vissulega fyrir löngu orðið tímabært að þeir tveir flokkar, sem hafa jafnaðarstefnuna að leiðarljósi, tækju höndum saman í stjórn landsins. Jafnaðarstefnan er hið sameiginlega vegarnesti okkar í Alþb. og félaga okkar í Alþfl. Við eigum að grafa ágreining frá gömlum tíma og láta þau þáttaskil, sem nú hafa orðið, vera upphafið að nýrri og langri samleið í íslenskum stjórnmálum.

Það hefur lengi verið draumur félagshyggjufólks á Íslandi að eignast sterkt afl, að flokkarnir sem kenna sig við jafnaðarstefnu, félagslegt réttlæti og lýðræði taki höndum saman. Nú hafa örlögin skapað okkur nýtt tækifæri til að láta þann draum verða að veruleika. En til þess er ekki nóg að gera bara kröfur til forustumanna flokkanna, ráðherranna í ríkisstjórninni eða þingmannanna hér í salnum, heldur þurfa félagar í Alþb. og Alþfl. í sérhverju byggðarlagi, í öllum kjördæmum að hefja viðræður sín á milli, í heimahúsi og á vinnustað, í flokksfélögum og í samtökum launafólks og í öllum áhugafélögum um félagslegt réttlæti, umbætur og betra mannlíf. Hreyfing íslenskra jafnaðarmanna verður aldrei sterk með því að gera bara kröfur til fáeinna forustumanna. Hún verður því aðeins lifandi afl að fólkið sjálft taki þróunina í sínar hendur.

Virðulegi forseti. Fyrir tveimur dögum lagði ég fram á Alþingi fjárlagafrv. hinnar nýju ríkisstjórnar. Ég sagði þá og segi enn hér í kvöld: Þetta fjárlagafrv. flytur ekki gleðiboðskap. Það er hins vegar alvarleg tilraun til að bregðast við erfiðleikunum af raunsæi, nema staðar á hinni hættulegu braut erlendrar skuldasöfnunar. Fjárlagafrv. er einn af burðarásunum í efnahagsstefnu nýrrar ríkisstjórnar. Því er ætlað að skapa skilyrði fyrir lækkun verðbólgu og vaxta á næsta ári með því að draga úr þenslu og koma í veg fyrir spennu í efnahagslífinu. Í þessum tilgangi er frv. lagt fram með tæplega 1200 millj. kr. tekjuafgangi, tekjuafgangi sem sumum kann að finnast ærinn þegar þeir hugleiða hve mörgum hefur verið neitað um fjármuni til brýnna verkefna. En þessi tekjuafgangur er hins vegar frumforsenda þess að það takist að skapa skilyrði fyrir efnahagslegu jafnvægi og þeirri stefnu að ríkissjóður taki engin erlend lán á næsta ári og við förum þess í stað að hefja það verk að greiða upp skuldir liðinna ára. Skuldirnar sem sumir þeirra manna, sem talað hafa fyrr í kvöld, hafa skilið eftir sig en vilja nú ekki við kannast.

Í fjárlagafrv. er leitast við að stöðva útgjaldaþenslu ríkisins án þess þó að skerða þjónustu sem veitt er á sviði velferðarmála, menningar og umhverfisverndar. Það er dregið verulega úr fjárfestingu ríkisins sjálfs, framkvæmdum er frestað og öðrum beint inn á lengri tíma. Þessar margháttuðu aðgerðir til sparnaðar og aukins aðhalds duga hins vegar ekki til að ná nauðsynlegu jafnvægi og vega upp þá skuldasöfnun sem fyrri stjórnir hafa skilið eftir sig. Þess vegna er óhjákvæmilegt að taka einnig ákvarðanir um nýja tekjuöflun í formi aukinna skatta.

Skattar eru vissulega ekki vinsælt orð í okkar máli. En þeir eru óhjákvæmileg forsenda þess að okkur takist að ná jafnvægi í efnahagsmálum og lækka þar með verðbólgu og vexti. Sjálfstfl. hefur sérstaklega hér í kvöld reynt að efna til óveðurs vegna þessara óhjákvæmilegu ákvarðana um viðbótarskatta. Þau orð eru þó innantóm því að þeir sem mæla gegn slíkri nauðsynlegri hækkun tekjuöflunar ríkisins verða að svara því hvernig þeir ætla að greiða niður skuldir liðinna ára. Hvar ætla þeir að skera niður og þá hve mikið? Það dugir ekkert annað en skýr svör við slíkum spurningum. Og þeir sem bera stærstu ábyrgð á skuldasöfnun fyrri ára ættu að sjá sóma sinn í því að tala af hógværð við þá sem nú ganga í hið nauðsynlega verk að afla meiri tekna.

Það er fáránlegt sem Sjálfstfl. hefur sagt undanfarna daga að skattaákvarðanir þessarar ríkisstjórnar feli í sér 50–60 þús. kr. aukna skatta á hverja fjölskyldu í landinu. Það er fáránlegt vegna þess að við höfum ákveðið að sækja þessa tekjuauka fyrst og fremst til þeirra sem háar hafa tekjur, miklar eiga

eigur og eru með gífurlega umframeyðslu í okkar þjóðfélagi. Það sést m.a. á því að við höfum ákveðið sérstakan háeignaskatt á þá sem eiga yfir 12 millj. kr. skuldlausa eign. Við höfum ákveðið að loka margvíslegum götum sem eigendur fyrirtækja hafa notað í skattakerfinu til að hygla sjálfum sér. Við höfum ákveðið að veðdeildir og fjármagnsstofnanir eigi nú að greiða tekjuskatt. Og við höfum ákveðið að beita margvíslegum, óbeinum sköttum sem fyrst og fremst leggjast á þá sem hafa verulegt fjármagn til eyðslu.

Þessa skatta ætlar svo Sjálfstfl. að umreikna í eitthvert meðaltal á fólkið í landinu. Það er álíka fáránlegt eins og að segja við tvo menn, þar sem annar á fjóra bíla og hinn engan, að þeir eigi tvo að meðaltali.

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Við eigum fagurt land. Við búum að miklum auðæfum frá náttúrunnar hendi og við erum menntuð þjóð og getum nýtt okkur ávexti vísinda og þekkingar. Við eigum í reynd öll hin bestu skilyrði til að skapa hér samfélag í fremstu röð og tryggja börnum okkar örugga framtíð, en við þurfum þá að halda þannig á málum okkar að við glötum ekki efnahagslegu sjálfstæði okkar. Við þurfum að hafa þor og vit til að taka erfiðar ákvarðanir. Ef við gerum það og ef við tökum höndum saman, þá getum við sagt að nokkrum árum liðnum með rétti við börnin okkar, dætur okkar og syni: Við gerðum það sem gera þurfti til að tryggja ykkur jafnbjarta framtíð og feður okkar og mæður, afar okkar og ömmur sköpuðu okkur sjálfum fyrr á árum. — Góða nótt.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Við höfum hér í kvöld hlýtt á stefnuræðu forsrh. Þetta er venja, árlegur atburður að hann, og e.t.v. einhvern tíma hún, boði þjóðinni þá stefnu sem ríkisstjórn hans eða hennar ætlar að fylgja. Oftast er það svo að mesta spennan fylgir því þegar forsrh. nýrrar ríkisstjórnar, sem mynduð er eftir kosningar, flytur fyrstu stefnuræðuna fyrir hennar hönd því þá búast menn við að þeirri stefnu sé fylgt í meginatriðum út stjórnartímabilið.

Fyrir réttu ári hlustuðum við á eina slíka ræðu, þá fyrstu frá þáv. forsrh., Þorsteini Pálssyni. Sú ríkisstjórn sem þá hafði verið mynduð tók við erfiðu búi eftir samstjórn Framsfl. og Sjálfstfl., en boðaði betri tíð með blóm í haga. Grípa þyrfti til aðgerða en þær aðgerðir mundu leiða til þess að við gætum rétt úr kútnum og atvinnuvegir okkar landsmanna lifað af það erfiða ástand sem myndast hafði í efnahagsmálum landsins. Við byggjum hér við sterka og samstæða ríkisstjórn sem ætlaði sér vissulega að leysa málin.

Nú réttu ári síðar heyrum við aftur stefnuræðu, en í dag er það annað maður sem talar til þjóðarinnar sem forsrh. Það segir okkur í raun allt sem segja þarf um það hvernig sú stefna, sem boðuð var fyrir ári, reyndist. Það segir okkur líka allt sem segja þarf um það hversu sterk og samstiga sú stjórn var sem stóð að þeirri stefnu. Því miður reyndist hún ekki geta axlað þá ábyrgð sem hún tók á sig og skilaði öllu í miklu verra ástandi en það var þegar hún tók við. Þar var ekki einum stjórnarflokki frekar en öðrum um að kenna. Og stundum var ekki hægt að greina hvort ágreiningurinn stóð um málefni eða hvort rekja mætti ósamkomulag stjórnarflokkanna til valdatogstreitu manna á milli. En ekki orð um það meir. Stjórnin fór frá og eftir sat þjóðin með enn meiri skuldasúpu og óreiðu en áður hafði verið, atvinnulífið í landinu að stöðvast, gjaldþrot fyrirtækja og heimila nær daglegur viðburður vegna þeirrar stefnu sem hér hefur verið rekin í vaxtamálum og grái peningamarkaðurinn fitnaði og útnaði út eins og púkinn á fjósbitanum. Svona var ástandið og svona er ástandið. Út úr þessu verðum við að komast. Vegna þess þarf að grípa til ráðstafana, ekki eftir tvo, fjóra eða sex mánuði, heldur strax í dag.

Hver sá sem ferðast um landið og heimsækir atvinnufyrirtæki, og þá ekki bara í fiskvinnslu og landbúnaði, líka í iðnaði og þjónustu, sér hvert ástandið er og skilur að við þessu verður að bregðast. Þetta er ástæðan fyrir því að hér tókst á ótrúlega skömmum tíma að mynda ríkisstjórn þeirra flokka sem nú boða stefnu sína.

Við sem stóðum að þessari ríkisstjórnarmyndun höfum til þess að ríkisstjórnin mætti verða til öll og ekki án sársauka orðið að sættast á málamiðlun í ýmsum þeim málum sem við höfum barist fyrir. Við gerðum það vegna þessa ástands sem hér ríkir og höfum fullan vilja til þess að leysa vandann. Vissulega er hér um að ræða stjórn þar sem tveir þeirra flokka, sem sátu í síðustu ríkisstjórn, eiga aðild að. Hefur m.a.s. annar þeirra, Framsfl., verið í landsstjórninni meira og minna í tæpa tvo áratugi og því eðlilegt að menn spyrji: Hvað er það þá sem segir að þeir standi sig betur nú en áður? Því verður ekki svarað hér. Ef til vill liggja svörin fyrir í vor.

En viljinn og nauðsyn þess að leysa þau vandamál, sem við blasa, þjappar mönnum saman og kannski má segja að það séu horfur á friðsamlegri sambúð innan þessarar ríkisstjórnar, þar sem hver maður hefur það á tilfinningunni að hann sé á réttum stað, í réttum stól, og geri sér fulla grein fyrir því að í þetta sinn er að duga eða drepast. Æviskeið ríkisstjórnarinnar mun ráðast af verkum hennar og vilja þeirra sem ekki eiga aðild að stjórninni til þess að styðja hana til góðra verka.

Eins og fram hefur komið hér í kvöld var fjárlagafrv. þessarar ríkisstjórnar lagt fram nú í vikunni. Það frv. og markmið þess er í senn dapurlegt en þó jákvætt, þó einkennilegt sé að orða það svo. Dapurlegt vegna þess að þar er aðeins um að ræða lítið svigrúm til aukinna fjárveitinga til ýmissa þeirra þátta sem við alþýðubandalagsmenn vildum svo gjarnan sjá myndarlega tekið á. Það er jákvætt vegna þess að þar er gerð tilraun til þess að ná tökum á þeim gífurlega halla sem er á ríkisbúskapnum. Vegna þessa halla, sem myndast hefur

þrátt fyrir að við höfum búið á undanförnum árum við hagstæðari aðstæður en oft áður, verður enn einu sinni að boða niðurskurð á verklegum framkvæmdum og áframhaldandi skerðingu á nokkrum þáttum félagslegrar þjónustu. Enn einu sinni verður að biðja þjóðina um þolinmæði. Þetta er hart þegar litið er til þeirra ára sem á undan eru gengin og þess góðæris sem við höfum svo oft heyrt nefnt og ríkisstjórnir þessara ára hafa búið við. Það er erfitt að biðja enn einu sinni um þolinmæði fólksins sem hefur sýnt slíkt langlundargeð og góðmennsku síðustu ríkisstjórnum að það er með eindæmum.

En það er ekki allt neikvætt. Þrátt fyrir erfiðleika í fjárveitingum eru stigin marktæk skref til úrbóta, t.d. í mennta- og menningarmálum. Veruleg hækkun verður á framlögum vegna jöfnunar námskostnaðar. Stigið er skref í rétta átt hvað varðar uppbyggingu dagvistarstofnana og einnig veruleg hækkun á framlögum til ýmissa menningarmála. Síðast en ekki síst nefni ég að ákveðið hefur verið að opna leið til þess að koma í framkvæmd nýrri skólastefnu á grundvelli grunnskólalaganna. Við mótun þessarar stefnu verður haft fullt samráð við það fólk sem vinnur að skólastarfinu, þá sem vinna við skólana sjálfa svo og foreldra.

Mikilvægasta verkefni þessarar ríkisstjórnar verður þó að koma atvinnulífinu á réttan kjöl. Fyrstu aðgerðir ríkisstjórnarinnar voru að setja hér bráðabirgðalög um efnahagsráðstafanir, ráðstafanir sem bera nafn með réttu, taka aðeins á þeim vanda sem brennur mest á, en leysa hann ekki til frambúðar, eru til bráðabirgða og eru líka til þess gerð að vinna tíma til að finna úrlausnir sem duga. Þessar ráðstafanir liggja nú hér á borðum hv. alþm. í formi frv. til laga um efnahagsaðgerðir og bíða þess að verða afgreiddar. Allt bendir til að málinu verði þvælt hér fram og aftur í umræðu í deildum. Hv. alþm. halda hér langar og misgóðar ræður um það að hér sé ekki verið að ráðast að rótum vandans, hér sé aðeins um yfirborðskenndar bráðabirgðaúrlausnir að ræða. Jafnvel að frekar hefði átt að kjósa strax í haust, reyna ekki myndun ríkisstjórnar, heldur kjósa, breyta valdahlutföllum á Alþingi í takt við skoðanakannanir fjölmiðlanna, mynda síðan ríkisstjórn sem tæki á þeim vanda sem við blasir.

Allt svona tal er ábyrgðarlaust. Í fyrsta lagi hafa allir gert sér grein fyrir að þær ráðstafanir, sem ríkisstjórnin hefur lagt til að gerðar verði, eru, eins og ég sagði áðan, bráðabirgðaúrlausnir framkvæmdar vegna ríkjandi ástands og óþarfi að halda langar ræður um það atriði. Í annan stað: Ef ekkert hefði verið gert og farið út í að boða kosningar eftir stjórnarslit í haust er alveg ljóst að atvinnulífið í landinu hefði aldrei þolað það. Fyrirtæki höfðu stöðvast og önnur voru að stöðvast. Uppsagnir fólks á vinnustöðum blöstu hvarvetna við.

Ábyrgð okkar stjórnmálamanna á því ástandi sem nú þegar ríkir er mikil og komið er að því að við tökum okkur tak og vinnum af festu að því að leysa vandamálin, hættum að ýta þeim á undan okkur eða það sem verra er, ýta ábyrgðinni á því hvernig komið er yfir á aðra.

Virðulegi forseti. Það mætti halda eftir hlustun á slíka tölu sem ég hef flutt að ekkert sé fram undan nema svartnættið. Eðlilega verður manni tíðrætt um vandann sem við blasir og það hvort við munum hér á hv. Alþingi bera gæfu til þess að leysa hann.

Staðreyndin er hins vegar sú að við búum í góðu landi sem býr yfir náttúrugæðum og fegurð sem á sér varla hliðstæðu. Okkur ber að stjórna landinu þannig að landsins gæði nýtist öllum landsmönnum jafnt. Mér dettur ekki í hug að fullyrða að með tilkomu þessarar nýju ríkisstjórnar hafi verið stigið það skref sem dugar til þessa. Beri hún hins vegar gæfu til þess að koma efnahagsmálum þjóðarinnar í lag hefur verið stigið stórt skref í rétta átt og þá mun opnast leið til þess að vinna að raunverulegu jafnrétti allra landsmanna.

Ég þakka þeim sem hlustuðu. — Góða nótt.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Góðir landsmenn. Forsrh. hefur nú haldið þá hefðbundnu tölu sem honum er skylt í upphafi nýs stjórnartímabils. Ræða hans var svo sem menn hafa heyrt ekki til þess fallin að vekja fögnuð með þingheimi né lyfta huganum á flug. Ekki var minnst á framtíðarsýn um betra og réttlátara þjóðfélag, ekki minnst á framtíðarlausnir á vandamálum efnahagslífsins, aðeins þulin þreytuleg upptalning á meintum orsökum þess efnahagsvanda sem hrjáir þjóðina og þreytuleg upptalning á þeim úrræðum sem þessi nýja en þó gamla ríkisstjórn hyggst grípa til til að bjarga málunum.

Ég sagði nýja, en þó gamla. Þessi ríkisstjórn er nefnilega — og við skulum ekki gleyma því — að meiri hluta sú hin sama sem kom þjóðinni í þær efnahagskröggur sem við munum súpa seyðið af næstu árin. Forsrh. hóf mál sitt með því að segja að núverandi ríkisstjórn hafi hafið feril sinn með brýnum aðgerðum í efnahagsmálum, svo sem allar ríkisstjórnir á Íslandi hafi gert síðustu áratugina. Þarna er í hnotskurn lýsing á því stjórnarfari sem þjóðin hefur búið við síðustu árin og nú um langt skeið.

Allar síðari tíma ríkisstjórnir hafa hafið göngu sína með brýnum aðgerðum. Aldrei hefur þeim tekist að koma á neinni festu í stjórn efnahags- og atvinnumála og þegar vanda bar að höndum hefur sífellt verið gripið til sömu bráðabirgðaráðstafana sem fólk hefur þó löngu tapað trú á. Allir aðrir en stjórnvöld virðast hafa séð að þær gagnast ekki.

Í launamálum hafa viðmiðanir verið sóttar allt aftur fyrir Krists burð án þess þó í leiðinni að taka lærdóm af þeim fornþjóðum sem í góðæri lögðu fyrir fé til magrari ára.

Forsrh. eyddi miklum tíma í að rekja aðdraganda efnahagsörðugleikanna sem nú leika þjóðina svo grátt. Allt var það á þeim nótum að helst mátti ætla að hann og hans flokkur hefðu þar hvergi komið nærri og enga aðild átt né ábyrgð borið á þeirri efnahagsmálastjórn, sem þjóðin bjó við í tíð síðustu

ríkisstjórnar, sem birtist okkur nú í gífurlegum viðskiptahalla og greiðsluhalla á ríkissjóði upp á nokkra milljarða.

Ég vil minnast hér á nokkrar af aðgerðum fyrrv. ríkisstjórnar sem ætlað var að bæta hag ríkissjóðs og hvernig fór um framkvæmd þeirra. Fyrir ári síðan var lagt fram hér á þingi frv. til fjárlaga sem boðaði nýja stefnu í ríkisfjármálum. Veigamesta atriði þeirrar stefnu var talið vera endurskoðun á tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs í þeim tilgangi að gera kerfið einfaldara, réttlátara og skilvirkara. Einn helsti þáttur þessarar endurskoðunar var fækkun söluskattsundanþága og þar með tekinn upp hinn illræmdi matarskattur. Helstu rökin fyrir þeirri aðgerð voru þau að söluskatturinn yrði auðveldari í innheimtu og skilaði sér betur ef ekki væri um undanþágur að ræða. Auk þess skyldi stórlega hert á eftirliti og innheimtu.

Við kvennalistakonur mótmæltum því harðlega að lagður væri söluskattur á matvörur. Við mótmæltum matarskattinum. Við bentum á að hann kæmi verst niður á þeim sem minnst hefðu og væri þar að auki skattheimta af þeim sem hingað til hefði verið hlíft við slíku. En í nafni einföldunar og réttlætis var þessi breyting knúin fram. Ég man ekki til að alþýðubandalagsmenn spöruðu stóryrðin í vandlætingu sinni á þessari skattheimtu þá. Nú hafa þeir tækifærið til að breyta og bæta um þó ekki sjái þess stað í nýju frv. til fjárlaga að uppi séu áform í þá veru.

En hverjar eru svo niðurstöðurnar af þessari aðgerð til einföldunar og betri innheimtu? Í stuttu máli er það mat þeirra sem eftirlit hafa með ríkisfjármálum að ekkert bendi til þess að fækkun undanþága í söluskatti hafi leitt til betri skila.

Í umræðum í fyrra höfðu ýmsir þm. uppi efasemdir einmitt um þetta atriði, sem nú er sannarlega komið í ljós að höfðu við rök að styðjast. Hertar innheimtuaðgerðir áttu einnig að skila 400 millj. kr. og víst er að þær hafa enn ekki sést í ríkiskassanum. Réttlætingin fyrir þessum aðgerðum í söluskattsmálunum, bætt skil, náðist ekki fram því framkvæmdin brást. Vanskilin á söluskatti munu nú vera að nálgast milljarðinn. Þannig er þessi skrautflík Alþfl. götótt og gagnslítil og hönnun og saumaskapur ekki til að stæra sig af.

Því fjölyrði ég svo um framkvæmd söluskattsbreytingarinnar að hún var með nokkrum hætti túlkuð sem undanfari virðisaukaskatts sem væntanlega verður tekinn upp innan tíðar. Ég verð að segja að eftir allt það umtal um einföldun, réttlæti og skilvirkni söluskattsins, sem alls ekki hefur komið fram í reynd, þá sýnist mér ástæða til að hafa allan vara á um enn eina breytingu á þessum málum. Getum við á nokkurn hátt treyst því að betur takist til um framkvæmd virðisaukaskattsins? Gæti það ekki orðið að fara úr öskunni í eldinn? A.m.k. fækkar ekki mannahaldi á vegum fjmrn. við tilkomu hans.

Breytingin á skattalögum í fyrra yfir í staðgreiðslu var ávallt túlkuð þannig af stjórnvöldum að hún yrði ekki til þess að auka skattbyrði fólks. Sú hefur þó ekki orðið raunin. Skattbyrðin hefur þyngst, ráðstöfunartekjur heimilanna dregist saman og launafrystingin auðvitað verkað á sama hátt. Ég held það sé ekkert vafamál að þarna sé að leita orsaka fyrir minnkandi veltu sem virðist hafa komið fyrrv. ríkisstjórn í opna skjöldu þó að eitt af markmiðum hennar væri að draga úr þenslu. Þarna er enn ein orsökin fyrir rýrnun á tekjum ríkissjóðs.

Þannig rak eitt sig á annars horn í þessum efnahagsráðstöfunum fyrrv. ríkisstjórnar. Aðgerðirnar í skattamálum skiluðu sér ekki til hagsbóta fyrir ríkissjóð. Þrátt fyrir fögur fyrirheit er hann verr á sig kominn nú en nokkru sinni fyrr. Og þessi nýju keisaralegu föt, sem þjóðinni voru gerð til að klæðast í, skattabreytingarnar, eru haldlaus og skjóllaus og allir sjá í gegnum þau.

Ég vil enn benda á að sá efnahagsvandi, sem við búum við nú, er afleiðing stjórnarstefnu fyrri ára, stjórna sem ekki tók mið af því í undangengnu góðæri að safna í varasjóði, stjórna sem leyfðu fjármagni að leika lausum hala meðan útflutningsatvinnuvegirnir voru bundir á klafa, stjórna sem héldu taxtakaupi niðri með þeim afleiðingum að launaskrið fór úr öllum böndum en launafólk á töxtum hafði varla til hnífs og skeiðar, stjórnar sem sl. vetur beið með gengisfellingu þar til samningar höfðu verið gerðir og eyddi með því þeim kjarabótum sem náðst höfðu fram, og stjórnar sem aðhafðist ekkert að gagni þó auðséð væri hvert stefndi í málum útflutningsatvinnuveganna.

Enn vil ég undirstrika að meiri hluti núverandi ríkisstjórnar var þátttakandi í ríkisstjórn sem þannig skipaði málum. Hver er ábyrgð þeirra? Hvernig ætla þeir nú að hafa hemil á hruninu?

Vegna þeirra flokka sem sitja í ríkisstjórninni, þá mætti vænta þess að hún hefði tiltrú launafólks í landinu. En skyldi sú vera raunin? Skyldi þjóðin gleyma strax offorsi Alþfl. við að koma á matarskattinum, illræmdustu stjórnvaldsaðgerð síðustu ára? Skyldu menn vera sáttir við þá afstöðu Framsfl. að þykjast aldrei nærri koma óvinsælum stjórnaraðgerðum þrátt fyrir stjórnarsetu í fast að því 20 ár? Skyldu allir sem stutt hafa Alþb. vera sáttir við samþykki flokksins við launafrystingu og fjötraðan samningsrétt? Með því hefur Alþb. tekið þátt í svo ranglátri og vitlausri aðgerð að jafna má til matarskattsins. Stjórnin er þegar búin að gera þá árás á verkalýðsstéttina sem aldrei verður tekin til baka.

Efni stefnuræðu hæstv. forsrh. einkennist mjög af áformum og ákvörðunum um aðgerðir í efnahagsmálum. Ég nefni bráðabirgðalögin frá því síðast í september sem eiga að koma útflutningsatvinnugreinunum til hjálpar.

Eitt helsta hjálpartækið er svonefndur Atvinnutryggingarsjóður sem að hluta til skal fjármagnaður með þeim framlögum ríkisins sem annars ættu að fara í Atvinnuleysistryggingasjóð. Sú skerðing er réttlætt með því að með því þau renni í Atvinnu-

tryggingarsjóð sé verið að fyrirbyggja atvinnuleysi. Ekki er víst að einhlítt sé að það takist og satt að segja ekki verjandi að hróflað sé við tekjum Atvinnuleysistryggingasjóðs í ljósi þess að fjöldauppsagnir fólks blasa nú við sem afleiðing fyrri stjórnarstefnu og verulegur samdráttur er í atvinnuhorfum. Hvar eru nú þeir verkalýðssinnar sem hafa staðið vörð um þennan sjóð undanfarin ár? Eru þeir ekki í ríkisstjórn?

Atvinnutryggingarsjóður er nú tekinn til starfa án þess að lög um hann hafi hlotið staðfestingu Alþingis. Hvað gerist ef huldumaðurinn kemur ekki út úr steininum og lögin verða ekki staðfest? Vitað er að fram munu koma breytingartillögur við þær lagagreinar sem varða þennan sjóð svo e.t.v. er best að fara sér hægt í útdeilingu fjárins áður en tilvist hans er komin á hreint.

Ég drep ekki á fleira nú af fyrirætlunum þeim sem komu fram í stefnuræðu hæstv. forsrh. Ég vil aðeins nefna að málefni eins og fræðsla, uppeldi, menntun, menning og vísindi voru þar afgreidd með tveim setningum. Hvergi í þessari ræðu kemur neitt fram um framtíðarlausnir.

Bráðabirgðaúrræði eru einkenni máls hans og frestun á vanda og menn hljóta að bera ugg í brjósti um hvað gerist á útmánuðum þegar ákvæði bráðabirgðalaganna falla úr gildi. Hvað gerist þá? Kannski einhver stjórnarsinni vilji svara því. Það er nefnilega spurning sem brennur nú á launafólki þessa lands hvers sé að vænta af þeirri stjórn jafnréttis og félagshyggju sem hefur starfsferil sinn með taxtalaunin fryst og samningana í fjötrum. — Góða nótt.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Það sem einkennir öðru fremur ræðu hæstv. forsrh. er einhvers konar barnsleg undrun blandin iðrun eða e.t.v. iðrunarblandin undrun yfir því hvernig komið er fyrir íslenskri þjóð. Hann orðar það sjálfur eitthvað á þá leið, með leyfi forseta, að við höfum verið á hraðri ferð fram af hengifluginu, hneppt í hnappheldu, segir hann, fjármagnsfjötra og taprekstur. Þetta séu afleiðingar óstjórnar og síendurtekinna rangra ákvarðana sem ekki báru þann árangur sem menn ætluðu eða vonuðu.

Þetta segir sá maður sem hefur átt sæti í hverri ríkisstjórninni af annarri og jafnvel setið þar í forsæti. En rétt áður en við fórum fram af hengifluginu spyrntu tveir flokkar fyrrv. ríkisstjórnar við fótum og lýstu ríkisstjórnina óalandi og óferjandi. Maður vonar svo sannarlega að það hafi verið af heilindum gert og með hag landsmanna í huga en ekki til að geta hlaupið í hlutverk bjargvættanna með geislabauginn gljáfægðan og áruna heila. En þannig komu þeir óneitanlega fyrir sjónir þegar þeir blésu í lúðra til að safna nýju liði.

Þær stjórnarmyndunarviðræður sem í hönd fóru og einkenndust af flýti og asa snerust fyrst og fremst um málefnasamning sem Framsfl. og Alþfl. höfðu komið sér saman um. Þar var vissulega margt gott að finna og mörg góð áform en einn var þó hængur á. Frysting launa og afnám samningsréttar var hornsteinn þessa stjórnarsáttmála, það eina sem ekki skyldi hvikað frá. Undir engum kringumstæðum vildi Kvennalistinn eiga aðild að slíkri ríkisstjórn og þótt dagsetningum væri breytt, þ.e. samningsbanni aflétt nokkrum vikum fyrr en til stóð, breytti það ekki afstöðu Kvennalistans. Um afnám svo mikilvægra réttinda sem samningsréttur launafólks er setur maður einfaldlega ekki lög, ekki einu sinni til bráðabirgða.

Kvennalistinn setti fram hugmynd um þjóðstjórn sem hefði þrjú meginmarkmið. Nauðsynlegustu bráðabirgðaráðstafanir til að afstýra gjaldþroti og hruni undirstöðuatvinnuveganna, að ógilda bráðabirgðalög um frystingu launa og afnám samningsréttar og efna síðan til kosninga.

Þessi hugmynd um þjóðstjórn var ekki sett fram í bríarí eins og ýmsir hafa látið í veðri vaka, heldur á grundvelli þeirrar skoðunar að þegar siglt er í strand fari allir í björgunarbátana og leggist á árar, hvorki þeir einir sem báru ábyrgð á strandinu né hinir sem ekki voru við stýrið heldur — allir. Þannig bregst fólk við á neyðarstundum. En, nei, gamla karlaveldinu er um megn að skilja slíkar hugmyndir samábyrgðar og samvinnu. Þar virðist mikilvægara að marka sér sérstöðu, efla óvinaímyndir og skipa í andstæðar fylkingar. Svo hlægileg fannst þeim þessi kvenlega og óábyrga hugmynd að þeir nenntu ekki einu sinni að ræða hana. Gömlu leikreglurnar sem miða að því að finna fremur hvað sundrar en sameinar eru í fullu gildi alveg gagnstætt hugmyndafræði Kvennalistans sem leggur áherslu á að konur leiti að því sem sameinar þær en einblíni ekki á það sem sundrar. Og rétt eins og það hefur reynst konum bæði auðveldara og árangursríkara en þær kannski héldu að leita að og finna hið sameiginlega gæti hið sama gerst í stjórnmálum ef það væri reynt. Nei, samkeppni og óvinaímyndir skulu það vera.

Þegar ljóst var að enginn vildi líta við þessari bráðsnjöllu hugmynd Kvennalistans viðurkenndum við okkur ofurliði bornar og lýstum okkur reiðubúnar til að ganga til samstarfs við hverja þá sem vildu leggja til grundvallar sömu atriði og fyrr var greint frá. Í fyrsta lagi voru það bráðabirgðaráðstafanir af sama toga og nú standa fyrir dyrum, þ.e. að afla fjár með lánum og millifærslum af ýmsu tagi til að styrkja útflutningsatvinnuvegina og um þetta voru allir sammála. Menn greindi að vísu örlítið á um leiðir, en ekki meira en svo að um þær hefði mátt ná samkomulagi. Í öðru lagi afnám bráðabirgðalaganna og í þriðja lagi kosningar. Um þessi mál náðist ekki samkomulag og því fór sem fór hvað varðar þátttöku Kvennalistans í ríkisstjórn.

Ég ætla ekki að fjölyrða frekar um afstöðu Kvennalistans til bráðabirgðalaganna og til afnáms samningsréttarins. Það er deginum ljósara að þar hvikuðum við aldrei, teljum okkur enda ekki geta tekið okkur þann rétt að ráðast á grundvallarrétt

annarra, enda stendur það nærri konum að skilja hversu mikilvægt það er að standa vörð um áunnin réttindi. Það tók þær langan tíma að ná þeim rétti sem þær nú hafa til jafns við karla í orði þó ekki sé á borði og því fráleitt að þær ljái máls á því að skerða mannréttindi. Maður skyldi hafa hugfast að sértu tilbúinn að taka eitt skref er ekkert sem tryggir að ekki sé hægt að færa rök að því að nauðsynlegt sé að taka annað — og hver veit hver treðst undir í því skrefi!

Þriðja atriðið, kosningar, ætla ég að ræða örlítið nánar. Rök okkar fyrir kosningum voru þau fyrst og fremst að þjóðin ætti rétt á því að láta í ljós álit á því ástandi sem ríkir og fella þann dóm sem hún kysi. En hinu er ekki að leyna að við höfðum ástæðu til að ætla að Kvennalistanum yxi ásmegin í kosningum. Ef svo færi opnaðist leið til áhrifa og það er einmitt markmið Kvennalistans. Við sækjumst ekki eftir völdum heldur áhrifum. Við lærðum þá lexíu í stjórnarmyndunarviðræðunum eftir kosningarnar 1987 að við gætum fengið valdastóla til að setjast í en harla lítil áhrif. Sama var uppi á teningnum nú. Við áttum kost á valdastólum og síðan voru óljós loforð um áhrif þegar búið væri að kippa efnahagsmálunum í lag! Þetta hefur allt of oft einkennt samskipti kynjanna í stjórnmálum og svo sem víðar. Karlarnir hafa sí og æ beðið konur að hjálpa sér þegar mikið hefur legið við og lofað svo gulli og grænum skógum að launum ef þær bara vilji bíða um sinn með kvennamálin. Og konurnar, „góðu stúlkurnar", hafa hlaupið til eins og „góðum stúlkum" ber, en allt of oft rekið sig á að þegar upp var staðið reyndist flest mikilvægara en þær.

Konur hafa hjálpað körlum til að gera byltingar, staðið bak við þá í stríðum, háð með þeim verkalýðs- og mannréttindabaráttu fyrir utan alla vinnuna sem þær hafa innt af höndum auk þess smáræðis að hafa borið og annast allt mannkynið en hafa sjaldan haft erindi sem erfiði. Jafnvel í kristninni eru dæmin glögg. Fáa bandamenn átti Kristur traustari en konur, enda lá honum alltaf hlýtt orð til kvenna. Þær lögðu mikið af mörkum í frumkristninni, en þegar hin kristna kirkja hafði komið undir sig fótunum og varð stofnun var konum launað með því að dæma þær óæðri, óhreinar og skipað að þegja í bænahúsunum. Þetta þagnarbindindi, sem konur voru settar í, varð langvarandi og teygði sig langt út fyrir bænahúsin, m.a. inn á vettvang stjórnmálanna. Þetta þagnarbindindi eru nú konur óðum að rjúfa, en það vefst fyrir körlunum að hlusta því að þeir eru svo óvanir því. En þá verða konur að gæta þess að bregðast ekki við heyrnarleysinu með því að fara að breyta tungutaki eða rómi til þess eins að ná eyrum karla. Þær verða að kenna þeim að hlusta og nema þó tungumálið sé þeim framandi í fyrstu. Á sama hátt verða þær að hætta að hlaupa til og hjálpa, styðja við eða standa bak við því aldrei virðist skorta rökin fyrir biðinni. Ef það eru ekki heimsmálin þá eru það landsmálin. Ef það eru ekki landsmálin þá eru það efnahagsmálin, ef ekki efnahagsmálin þá launamálin, að vísu einhverra annarra en kvenna, o.s.frv. o.s.frv. og þegar allt um þrýtur eru það byggðasjónarmiðin. Já, rökin eru óendanleg og biðin verður það líka ef konur taka sífellt þessum rökum.

Ég get ekki stillt mig um að ræða örlítið meira um hlustun og hlustunarskilyrði og hvernig skortur á forvitni og einhvers konar heyrnarleysi fara oft saman. Í sumar sem leið hittust um það bil 10 þúsund konur frá Norðurlöndum og reyndar víðar að í Osló. Þarna voru flutt erindi í hundraðatali um allt milli himins og jarðar auk heitra umræðna alls staðar á undan, eftir og milli erinda. Auðvitað gafst hverri og einni ekki tóm til að fylgjast með nema örlitlu broti af því sem þarna var til umfjöllunar, en óhætt er að fullyrða að konurnar létu sér ekkert mannlegt óviðkomandi. Ég þykist vita að sú jákvæðni, samstaða og gleði, sem þarna réðu ríkjum, verði öllum konum ógleymanleg. En það vegarnesti sem þær fóru með heim var í stórum dráttum þetta:

Alls staðar þar sem mér gafst tóm til að fylgjast með voru konur að ræða sína framtíðarsýn og hún var um margt ólík þeirri nútíð sem við lifum í. Þeim ofbýður ofbeldið, þjösnaskapurinn og fyrirhyggjuleysið í ákvörðunum þar sem skammtímasjónarmið, stundarhagsmunir og hámarksgróði sitja í fyrirrúmi og allt verður undan að láta, menn, dýr og náttúra. Þær sjá fyrir sér þjóðfélag þar sem menn búa í sátt við aðra menn og umhverfi, samstarf og samhjálp ríki í stað samkeppni, menn leysi mál með orðum en ekki ófriði. Ef þessi framtíðarsýn rætist ekki stefni í óefni, jafnvel endalok. Og allar sögðu þær að kvenleg sjónarmið yrðu að komast að og jafnvel verða ríkjandi ef framtíðarsýnin ætti að verða að veruleika.

Þetta framtíðarþjóðfélag nefndu margar konur umönnunarþjóðfélagið og skýrir það sig sjálft og jafnframt hversu mikið mið það tekur af kvennamenningunni. Þetta umönnunarþjóðfélag var ofarlega í hugum kvenna hvort sem þær ræddu efnahagsmál, atvinnumál, mennta- og menningarmál, umhverfismál, uppeldismál, friðarmál og svo mætti lengi telja.

En hvað gerðu svo hinir karlstýrðu fjölmiðlar? Þeir sýndu þessu lítinn sem engan áhuga, gerðu frekar grín að ef þeir gátu eða einblíndu á litla hópa eða undantekningar. Kannski vegna þess að þeir heyrðu ekki, hlustuðu ekki, voru ekki forvitnir. Þessi skortur á forvitni og erfiðu hlustunarskilyrði gætu orðið mannkyninu skeinuhætt.

Því geri ég þessa framtíðarsýn að umtalsefni hér að varla er orð um slíkt að finna í ræðu hæstv. forsrh. Hann óskar okkur öllum að vísu efnahagslegs velfarnaðar, þó sumir eigi að bíða hans lengur en aðrir, sem er auðvitað ágætt svo langt sem það nær. Velferð er nefnilega svo afstætt hugtak og byggist ekki á efnahagnum einum en svo mætti ætla af ræðunni umtöluðu. Efnahagsmál og aftur efnahagsmál, varla orð um annað.

Það er erfitt að haga orðum sínum þannig að ekki

verði dregin sú ályktun að maður telji þau engu skipta en þess skal þó freistað. Með efnahagslegum rökum einum er auðvelt að reikna Ísland út af landakortinu. Það hníga fá skynsamleg rök að því að búa í þessu landi. Eflaust væri hægt að draga fiskinn sem við öll lifum á úr sjónum með miklu ódýrari hætti en nú er. Hagkvæmara væri eflaust að landið yrði eins og hver önnur verstöð. Erlendar stórþjóðir gætu sent menn í ver til Íslands, sjálfsagt sótt ódýrara vinnuafl en nú er suður um álfur og komist hjá því að halda uppi rándýru þjóðfélagi kringum verin. En af hverju viljum við þetta ekki fyrst það er bæði ódýrara og hagkvæmara? Vegna þess að við erum Íslendingar, tölum enn sem komið er íslenska tungu og eigum okkur sameiginlegan arf og menningu. Það eru einu rökin fyrir tilvist okkar sem þjóðar og búsetunni í þessu landi.

En til þess að þau rök haldist í fullu gildi verður að styrkja þann grunn sem við byggjum á sem þjóð. Sá grunnur er lagður í uppeldi barna okkar. Þau verða að læra að elska þetta land, virða tungu, menningu og arf þjóðarinnar. En hart er nú vegið að börnum og unglingum. Yfir þau er hellt síbylju erlends afþreyingarefnis sem einkennist oftar en ekki af ofbeldi og svo undrast menn ofbeldið allt í kring. Skólar eiga í vök að verjast, fjölskyldan er að kikna undan álagi, menningin og arfurinn fara fyrir lítið, enda litlu til kostað. Þetta ástand er afleiðing stjórnarhátta sem virða frelsi fjármagns meir en líðan fólks, efnahagslífið meir en mannlífið, rétt hins sterka meir en þess veika. Yfir þetta allt er til orð sem mikið er notað þessa dagana og ekki að ófyrirsynju. Orðið er ofbeldi.

Virðulegi forseti. Ég minntist á það í upphafi að margt væri um góð áform í stjórnarsáttmála núv. ríkisstjórnar og mörg til þess fallin að draga úr því efnahagslega ofbeldi sem nú ríkir öllum til skaða og munum við Kvennalistakonur styðja þessa ríkisstjórn af heilum hug til allra góðra verka. Mig langaði einungis til að beina þeim orðum til hæstv. forsrh. og ríkisstjórnar hans að gleyma ekki undirstöðunum í ákafanum við að laga yfirbygginguna. Ég þakka áheyrnina. — Góða nótt.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Það gleður mig hve berlega kom í ljós í ræðum Sjálfstfl. í kvöld hvað þeir óttast stöðu mína og málflutning. Ég vona að ég reynist maður til þess að halda þeim ótta við.

Ástæður þess að Samtök jafnréttis og félagshyggju léðu máls á því að styðja myndun ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar í septembermánuði síðastliðnum var að yfirvofandi neyðarástand blasti við í landinu. Firnamikill fjármagnskostnaður var og er fólki og fyrirtækjum svo þungur í skauti að ekki verður með nokkru móti við unað. Há gengisskráning veldur lágum tekjum útflutningsfyrirtækja og stórfelldu rekstrartapi í heilum atvinnugreinum. Stöðvun margra fyrirtækja vofir yfir sem gæti með keðjuverkunum valdið fjölda gjaldþrota og hruni í atvinnulífinu ef ekki verður við brugðið.

Með þessar staðreyndir í huga var brýnt að ná stjórn þjóðmála til bráðabirgða og gefa Alþingi tækifæri til að koma lagi á málin. Ljóst er hins vegar af ferli nokkurra síðustu ríkisstjórna að alvarleg stjórnmálakreppa er í landinu. Hún kemur fram í mörgum myndum. Ein er sú að stjórnmálamönnum hefur ekki tekist að ná þeim meginmarkmiðum sem þeir hafa sett sér. Nægir að nefna verðbólgu, viðvarandi halla á viðskiptum við útlönd og á ríkissjóði, hækkun erlendra skulda og aukið misrétti, sérstaklega gagnvart fólki í láglaunastörfum og á landsbyggðinni.

Við lögðum höfuðáherslu á að koma í veg fyrir að fjármagnið hefði áfram möguleika á að deila og drottna eins og verið hefur. Og hvernig var viðskilnaður ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar? Hefur almenningur gert sér fulla grein fyrir hvernig komið var? Á valdatíma þeirrar ríkisstjórnar fór fram meiri eignatilfærsla í þjóðfélaginu en nokkur dæmi eru til um í þessu landi. Og þar veldur að langmestu leyti hinn aukni fjármagnskostnaður sem ríkisstjórnin olli með síendurteknum yfirboðum á vaxtagreiðslum, t.d. á ríkisvíxlum. Þó að í stjórnarsáttmálanum stæði eftirfarandi: „Ríkisstjórnin mun stuðla að jafnvægi á lánamarkaði og lækkun vaxta“ var framkvæmdin önnur.

Þegar ríkisstjórnin var mynduð 8. júlí 1987 höfðu ríkisvíxlar verið í gangi frá því í febrúar það ár, þ.e. viðskiptabankarnir voru látnir kaupa þessa víxla af ríkissjóði. Ársávöxtun á 90 daga víxlum voru þá 20% og þeir vextir voru óbreyttir í júlímánuði þegar stjórnarskiptin urðu. Í ágústmánuði fóru vextir á ríkisvíxlum upp í 28,2% miðað við ársávöxtun. Í september fóru þeir svo upp í 38% og þá var almenningi gefinn kostur á að kaupa þessa víxla. 1. desember voru vextirnir komnir í 41,3% og í febrúar voru þeir orðnir 43%.

Ríkissjóður hefur á þennan hátt, með því að yfirbjóða í sífellu með hærri og hærri vöxtum, sett banka og sparisjóði í nokkurs konar spennitreyju. Þeir urðu að hækka vextina til samræmis við ríkisvíxlana, m.a. vegna þess að Seðlabankinn var einnig búinn að setja á þá aukabindiskyldu sem er um 10% af heildarinnlánum.

Til að skýra betur í hverju stjórnun ríkisstjórnar og Seðlabanka er fólgin í peninga- og vaxtamálum, þrátt fyrir allar yfirlýsingar og markmið, voru vextir gefnir frjálsir að nafninu til í nóvember 1986. Í febrúar 1987 var bindiskyldan, sem þá var 18% af heildarinnlánum, lækkuð í 13%. Af þessum 13% borgar Seðlabankinn enga vexti, aðeins verðtryggingu. Vaxtamunur banka og sparisjóða er rúmlega 2% hærri vegna viðskiptanna við Seðlabankann. Ef þessi munur minnkaði væri hægt að lækka vextina. Á sama tíma og bindiskyldan var lækkuð úr 18% í 13% var sett á ný lausafjárbindiskylda. Ef þessi lausafjárbindiskylda væri 1 milljarður hjá einhverjum banka og sá banki ætti ekki nema 700 millj. kr. á þessum reikningi, þá varð hann að borga í dráttar-

vexti af 300 millj. kr.

Þegar ríkissjóður bauð hærri og hærri ársávöxtun á ríkisvíxlum varð útstreymi úr peningastofnunum mjög mikið því margir vildu njóta hinna háu vaxta. Til að draga úr þessu útstreymi urðu bankar og sparisjóðir að hækka innlánsvextina til þess að forðast að lenda með stórar fjárhæðir í dráttarvöxtum hjá Seðlabankanum, og auðvitað fylgdu útlánsvextirnir eftir.

Þetta er það sem ríkisstjórnin kallar vaxtafrelsi og á þennan hátt hafa þeir staðið við það fyrirheit að gera ráðstafanir til þess að lækka vextina. Á fimm mánaða tímabili voru vextirnir t.d. komnir upp í 41,3%. Í desember hækkuðu vextir úr 20% í 41,3% og urðu síðan hæstir 43,13%. Dráttarvextir voru miðaðir við ársávöxtun og voru komnir upp í 56,4%. Fyrirframgreiddir vextir á víxlum voru orðnir 39% en á mestu verðbólguárunum komust þeir þó aldrei nema í 38%. Á þennan hátt efndi fyrrv. ríkisstjórn, ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar, fyrirheit sín um lækkaða vexti. Þarf nú nokkurn að undra þótt slík ríkisstjórn hafi ekki verið í hávegum höfð og illa færi fyrir henni?

Þetta er fyrst og fremst skýringin á því hvernig ástandið er nú í þjóðfélaginu.

Til að skýra það nánar hvað hefur verið að gerast í þessum málum vil ég segja tvær sögur, sem mér voru sagðar nýlega:

Fyrirtæki sem rekur þrjá togara og stórt fiskvinnslufyrirtæki skilaði í tekjuafgang um 80 millj. kr. árin 1986 og 1987. Þó fór fyrirtækið í hallarekstur síðustu mánuði ársins 1987. Fyrstu níu mánuði þessa árs hefur þetta fyrirtæki tapað 90 millj. kr. eða um 10 millj. kr. á mánuði að meðaltali. Tapið liggur eingöngu í auknum fjármagnskostnaði.

Fyrir u.þ.b. einum mánuði fengu ung hjón lánsloforð hjá húsnæðismálastjórn sem hljóðaði upp á 1300 þús. kr. og átti að koma til útborgunar eftir níu mánuði. Bankinn sem þau skiptu við gat ekki lánað þeim út á lánsloforðið vegna lausafjárbindiskyldunnar og því fóru þau út á gráa markaðinn og spurðu hvað þau fengju í peningum ef þau seldu þeim lánsloforðið. Svarið var 800 þús. kr. Sem sagt 500 þús. kr. í afföll og kostnað á níu mánaða tímabili af 1300 þús. kr.

Ég sagði þessa sögu hópi sunnlenskra bænda sem komu til mín í gær og ég lét þá geta upp á hvað kostnaður og afföll hefðu verið af umræddri upphæð. Eftir stundarþögn sagði einn bóndinn: Ég þekki þessi viðskipti af eigin raun. Þau hafa fengið um 800 þús. kr. Hann staðfesti því að hann vissi um þetta okur, enda virðist ástandið nú vera þannig í okkar þjóðfélagi að tveir af hverjum þremur, sem eru í framleiðslu til útflutnings, eru búnir að missa allt eigið fé í fyrirtækjunum og stór hluti af þeim kominn langt niður fyrir núllið, og eru því í sjálfu sér gjaldþrota. Það má því segja að viðskilnaðurinn sé sá að framleiðslufyrirtækin séu rjúkandi rúst, að flest þessi fyrirtæki séu nú rekin með tapi og það sama er í raun og veru ástandið hjá fjölda mörgum einstaklingum. Það er von að fyrrv. forsrh. stæri sig af viðskilnaðinum. Því er ekki nóg að skuldbreyta heldur verður að skapa framleiðslunni rekstrargrundvöll.

Eitt mikilsverðasta atriðið sem stendur í stjórnarsáttmálanum er að gerðar verði ráðstafanir til að lækka vexti, og það verulega. Rætt var um að nafnvextir færu niður í 15% og raunvextir í 6%. Mín samtök vildu ganga verulega lengra með raunvextina, eða að þeir færu niður í 3–4%. En hvað hefur gerst? Skráðir raunvextir eru nú 8,75%, hafa mjög lítið lækkað frá því að ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar tók við, og víða í kerfinu eru þeir miklu hærri.

Mál standa þannig nú að hjá því verður ekki komist að stjórnvöld sjái til þess að rekstrargrundvöllur atvinnuveganna verði nú þegar jákvæður, annars skellur yfir almenning stórfellt atvinnuleysi og mikið af framleiðslunni stöðvast. Því er ekki nema um tvennt að gera: Að ná niður kostnaði í fyrirtækjunum og ef það nægir ekki, þá verður að fella gengið. Það skiptir því sköpum að lækka fjármagnskostnaðinn eins og mögulegt er, og auðvitað annan kostnað, og það án tafar. Því sannleikurinn er sá að staðan í þessum málum er það slæm að þessa hluti verður að gera strax. Mínir stuðningsmenn gera kröfu til þess að vextirnir verði keyrðir niður án frekari tafa. Því meiri sem fjármagnskostnaðurinn er, því meira þarf að gera af öðrum ráðstöfunum. Og við vitum hvað það þýðir, hvaða áhrif það hefur á verðbólguna. Stjórnarsamstarfið stendur og fellur með því hver árangur næst í þessum málum. Og ég geri einnig kröfu til þess að losað verði um lausafjárbindiskyldu í bankakerfinu til að reyna að draga úr því að einstaklingar og fyrirtæki neyðist til þess að skipta við hinn gráa markað.

Ríkisstjórn, sem tilkynnir þjóðinni að hún gangi undir okkar merki, undir merki jafnréttis og félagshyggju, er ekki sjálfri sér samkvæm ef hún rekur fólk, sem er í neyð með fjármál sín, í hendur okrara, í hendur þeirra sem nota neyð almennings á svipaðan hátt og ég greindi frá hér að framan.

Ráðherrar í ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar viðurkenndu í lokin að ástandið í landinu væri orðið svo alvarlegt að ekki mættu líða nema örfáir dagar frá afsögn hennar þar til efnahagsaðgerðir yrðu gerðar ef forða ætti framleiðslunni frá algerri stöðvun. Sem sagt: Frjálshyggjan varð gjaldþrota og það undir forsæti ríkisstjórnar formanns Sjálfstæðisflokksins, Þorsteins Pálssonar.

Ekki dettur mér þó í hug að halda því fram að öll sökin á þessari strandsiglingu sé eingöngu að kenna Þorsteini Pálssyni og flokksmönnum hans. Því fer fjarri. Allir stjórnmálaflokkarnir er stóðu að fyrrv. ríkisstjórn bera fulla ábyrgð á hvernig fór og geta ekki undan því vikist. Á sama hátt bera þeir þm., sem styðja ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, ábyrgð á hennar gjörðum og verður því að hafa fullt samráð við alla þá sem styðja þessa ríkisstjórn í

aðgerðum og reyna að ná áttum í því öngþveiti sem viðskilnaður ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar skildi eftir sig.

Fjölmiðlar halda því fram að fjárlagafrv. sé skattpíningarfrv. Það er alröng skilgreining. Fjárlagafrv. er fyrst og fremst tekjujöfnunarfrv. Að því er stefnt að þeir beri meiri byrðar sem eru eignameiri og tekjuhærri í þjóðfélaginu og einnig er stefnt að því með þessu frv. að ná stöðugleika í verðlags- og atvinnumálum. Og sannarlega vænti ég þess að það takist, en það er hörð barátta sem fram undan er. En landsbyggðin og lágtekjufólkið á allt undir því að það takist.

Góðir Íslendingar. Gerum það sem í okkar valdi stendur til þess að þessi ríkisstjórn standi fullkomlega undir því nafni að hún sé ríkisstjórn jafnréttis og félagshyggju. Undir því merki verður boðið fram í öllum kjördæmum í næstu kosningum ef almenningur í þessu landi skilur sinn vitjunartíma.

Ég hef lokið ræðu minni, virðulegi forseti. Góða nótt.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Stjórnarseta ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar var stutt, en því miður of löng og áreiðanlega þjóðinni of dýrkeypt. Efnahagsstefna þeirrar ríkisstjórnar var að gera út af við atvinnulífið. Varnaðarorð okkar framsóknarmanna og beinar tillögur um breytta efnahagsstefnu voru að engu hafðar. Íslenskir atvinnuvegir sátu því uppi með efnahagsstefnu sem skráði gengi íslensku krónunnar í þágu heildsalanna gegn hagsmunum útflutningsframleiðslunnar, efnahagsstefnu sem ól verðbréfabraskarana á kostnað framleiðsluatvinnuveganna, efnahagsstefnu sem hélt uppi óhóflega háum raunvöxtum í skjóli ímyndaðs frelsis. Þessa útrýmingarstefnu undirstöðuatvinnuveganna brutum við framsóknarmenn á bak aftur.

Það hlýtur að vera umhugsunarefni fyrir Sjálfstfl., þann flokk sem hefur talið sig vera brjóstvörn atvinnulífsins í landinu, að það skuli hafa þurft að ýta honum til hliðar úr íslenskum stjórnmálum um sinn til þess að menn gætu náð tökum á efnahags- og atvinnulífinu, til þess að menn gætu forðað því úr klóm frjálshyggjunnar. Hv. þm. Þorsteinn Pálsson ítrekaði hér áðan í ræðu sinni að þessari stefnu vildi hann viðhalda ef Sjálfstfl. fengi að ráða.

Nú hentar það sjálfstæðismönnum að túlka ástæðurnar fyrir stjórnarslitum með óheilindum og óvönduðum vinnubrögðum einstakra ráðherra. Maður hefði nú haldið að eitthvað annað hefði verið eftirminnilegra úr tíð Birgis Ísl. Gunnarssonar úr menntmrn. en það að menn hefðu sýnt af sér óheilindi og óvönduð vinnubrögð. Hann man e.t.v. ekki eftir þeim glæsilegu embættisfærslum sínum þegar hann skipaði í lektorsstöðu við Háskóla Íslands, skólastjórastöðu við Ölduselsskólann og fjöldaskipanir íhaldsmanna í fræðslunefndir framhaldsskólanna. Það geislar af þessum embættisfærslum drengskapurinn, hlutleysið og hið faglega mat. Er það ekki?

Auðvitað eru ástæðurnar fyrir stjórnarslitunum allt aðrar. Sjálfstfl. gat ekki axlað þá ábyrgð sem því var samfara að veita ríkistjórn forustu. Hann þorði ekki að takast á við vandamálin. Sjálfstæðismenn hafa gagnrýnt ríkisstjórnina fyrir þær efnahagsaðgerðir sem hún greip til til þess að bjarga atvinnulífinu. Þær eru auðvitað ekki frekar en önnur mannanna verk yfir gagnrýni hafnar, en þessi gagnrýni kemur úr hörðustu átt. Ég vil í þessu sambandi minna á að í drögum að yfirlýsingu, sem fyrrv. forsrh., Þorsteinn Pálsson, lagði fyrir ríkisstjórnina 8. sept. um tafarlausar aðgerðir í efnahagsmálum, kemur fram að einn þáttur aðgerðanna sé að stjórn Verðjöfnunarsjóðs, frystideildar Verðjöfnunarsjóðs, hafi heimild til að taka lán, erlent eða innlent, að upphæð 550 millj. kr. til að ráðstafa til sjávarútvegsins. Hvað er hér annað á ferðinni en beinar millifærslur?

Formaður Sjálfstfl. undirstrikaði það hér áðan að hann vildi halda við gengisfellingarleiðina. Jú, það var hún sem hann lagði til á síðustu lífdögum ríkisstjórnarinnar, að gengið yrði fellt samfara millifærslunni. Þessu höfnuðu bæði Framsfl. og Alþfl., enda hefði það leitt af sér meira en 40% verðbólgu. Þetta gerði fyrrv. forsrh. fáum dögum eftir að hann sagði í sjónvarpsviðtali að það væri þó gengisfellingarleiðin sem ekki kæmi til greina við lausnir efnahagsvandans.

Ég fer að halda að það sé rétt sem tveir frammámenn úr Sjálfstfl. sögðu þegar þeir lýstu niðurstöðum af naflaskoðunarfundi flokksins nú fyrir skömmu. Jón Magnússon, formaður naflaskoðunarnefndarinnar, sagði að stefna Sjálfstfl. væri röng og varaformaður flokksins, Friðrik Sophusson, sagði: „Sú leið, sem prófkjörin eru og Sjálfstfl. hefur notað til að velja menn á framboðslista, er ónothæf.“ Hver er niðurstaðan? Niðurstaðan er auðvitað sú að Sjálfstfl., stærsti flokkur þjóðarinnar, hefur vitlausa stefnu og ranga menn á þingi. Það er ekki hægt að líta fram hjá þessari niðurstöðu stefnuskrárráðstefnunnar og allra síst eftir að hafa hlustað á ræður tveggja þm. flokksins hér í kvöld, þeirra Halldórs Blöndals og Þorsteins Pálssonar. Hvar í ræðum þessara hv. þm. var að finna málefnalegu stjórnarandstöðuna sem boðuð var? Hvar var að finna tillögurnar frá fyrrv. forsrh.? Hvar var að finna stefnu Sjálfstfl. í máli hans hér áðan? Hvar var krafturinn og framfarahugurinn? Hvar var nú bjartsýnin, eldmóðurinn og viljinn til góðra verka? Svar: Hvergi. Það var nöldur og nagg.

Við Íslendingar erum enn einu sinni að ganga í gegnum mikla efnahagserfiðleika. Spáð er minnkandi sjávarafla, lækkandi kaupmætti og jafnvel atvinnuleysi. Við þessar aðstæður þurfum við öll, hvort sem það eru einstaklingar, heilu sveitarfélögin, hvar í flokki sem við erum og hvar í stétt sem við stöndum, að vera tilbúin til að leggja eitthvað af mörkum. Við þurfum öll að láta eitthvað af okkar ýtrustu kröfum.

Þær fyrstu aðgerðir sem ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar hefur gripið til eru um margt sértækar skammtímaaðgerðir, aðgerðir sem fyrst og fremst eiga að koma í veg fyrir stöðvun útflutningsframleiðslunnar, treysta atvinnuöryggið í landinu og færa niður vexti og verðbólgu.

Þegar verðstöðvunartímabili og millifærslutímabili þessu lýkur þá taka við almennari aðgerðir í efnahagsmálum, aðgerðir sem tryggja stöðugleika og treysta atvinnuöryggið, draga úr viðskiptahalla, verja lífskjör hinna tekjulægstu. En við verðum að forða þjóðinni frá atvinnuleysi. Og takist okkur það með einbeittri samstöðu að sigrast á þessari efnahagskreppu, eins og okkur hefur áður tekist, þá er framtíðin björt.

Ég hygg að flestar þjóðir heims öfundi okkur af hreinni og ómengaðri náttúru þessa lands og þeim mikla auði sem í henni býr. Ísland er lýðveldi með þingbundinni stjórn og á grundvelli þess viljum við standa vörð um stjórnarfarslegt, efnahagslegt og menningarlegt sjálfstæði þjóðarinnar. Þessu sjálfstæði er auðvelt að glata og auðveldara en margur hyggur. Það þarf sterka ríkisstjórn á hverjum tíma til að viðhalda þessu sjálfstæði okkar. Málflutningur stjórnarandstöðunnar hér í kvöld hefur hvorki verið málefnalegur né trúverðugur. Væri það traustvekjandi að landsstjórnin væri nú í höndum Sjálfstfl. og Kvennalista? Annar vill ekki og hinn getur ekki. Þegar þetta tvennt fer saman er ekki mikils árangurs að vænta.

Virðulegi forseti. Sjálfstæði okkar og sjálfsákvörðunarrétti er nú á margan hátt ógnað. Erlendir þrýstihópar reyna að neyða fyrirtæki og stjórnvöld í löndum sínum til að beita okkur viðskiptaþvingunum vegna vísindalegra rannsókna okkar á hvalastofnunum. Undan slíkum hótunum og þvingunum megum við aldrei láta. Það er ljótt til þess að vita að þessa þrýstings skuli vera vart hér í sölum Alþingis. Við megum ekki fórna meiri hagsmunum fyrir minni, segja menn. Ég segi: Sjálfstæði og sjálfsákvörðunarréttur hverrar þjóðar eru hennar helgustu hagsmunir. — Góða nótt.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Ég geri ráð fyrir því að fleiri en ég hafi orðið hlessa á stefnuræðu hæstv. forsrh. Ætla hefði mátt að þegar stjórnmálamaður hefur lagt jafnmikið á sig og raun ber vitni til að fá tækifæri til að flytja þessa ræðu væri það vegna þess að hann hefði einhvern raunverulegan boðskap að flytja, einhverjar hugsjónir eða markmið um það hvert stefna beri í íslenskum þjóðmálum á næstu mánuðum og árum. En í stað þess háttar umfjöllunar um framtíðina snerist ræða forsrh. aðeins um tvennt þegar grannt er skoðað, annars vegar að allt sem miður hefði farið í landsmálunum væri samstarfsmönnum síðustu árum að kenna, annars vegar sem sagt vaskafatið eða handlaugina, sem hv. 1. þm. Suðurl. gat um og mér heyrðist raunar hæstv. utanrrh. hafa fengið að láni til að þvo hendur sínar af ömurlegum viðskilnaði sínum í ríkisfjármálunum. En hins vegar snerist ræða forsrh. hæstv. um það að afsaka það fyrir þjóðinni að nú skuli eiga að halda með framsókn í ferð til fortíðarinnar og færa stjórn efnahagsmála yfir á gamla millifærslustigið ein 30–40 ár aftur í tímann. Með því skrefi er veruleg hætta á að eðlileg framþróun í landinu stöðvist og brotið verði á bak aftur það sem þó hefur unnist við að færa stjórnarhætti og atvinnustarfsemi hérlendis til nútímalegra horfs.

Höfuðeinkenni þeirrar haftahyggju sem nú á að leiða til öndvegis er skömmtunar- og bónbjargarstefnan: Komið til Stefáns Valgeirssonar, hann mun velja úr hina verðugu og gauka að þeim einhverri gustuk. Pólitískur hugmyndaheimur manna með þetta asklok fyrir himinn snýst um það og það eitt hvað úthlutunarpotturinn eigi að vera stór og hverjir megi komast að til að ausa úr honum.

Forsrh. stærir sig af því hér í kvöld að það sé búið að gefa út reglugerð fyrir hinn nýja sjóð og hann hafi þegar tekið til starfa — allt án þess að nokkuð liggi fyrir um hvort lög um þetta fyrirbæri muni ná fram að ganga óbreytt hér á Alþingi — og gefið hefur verið í skyn að veð eða aðrar hefðbundnar tryggingar verði ekki látnar þvælast fyrir lánveitingum úr þessum nýja bjargráðasjóði stjórnarherranna. Byggðastefna ríkisstjórnarinnar byggist á því að fólkið á landsbyggðinni og útflutningsframleiðslan eigi að vera ofurseld ölmusum af þessu tagi úr sjóðunum fyrir sunnan í stað þess að búa atvinnulífinu alls staðar á landinu lífvænleg almenn starfsskilyrði þar sem menn keppa á jafnréttisgrundvelli. Auðséð er að slíkt gerist ekki við núverandi aðstæður án nokkurrar leiðréttingar á gengi íslensku krónunnar með viðeigandi hliðarráðstöfunum. En með þeirri stefnu, sem nú hefur verið tekin upp, fá ráðamenn útrás fyrir hina frumstæðu forsjárþörf sína og komast sjálfir í að úthluta og skammta.

En mótsagnirnar í málflutningi ráðherranna eru margvíslegar. Þannig verður t.d. alþýðuflokksráðherrunum tíðrætt um nauðsyn þess að undirbúa íslenskt þjóðarbú undir hinn sameiginlega Evrópumarkað 1992 með því að færa íslenskt efnahags- og atvinnulíf nær nútímanum og nær því sem gerist með öðrum þjóðum. Engu að síður hlaða þeir undir og eiga nú raunar allt sitt undir þeirri forneskju sem hv. þm. Stefán Valgeirsson er fulltrúi fyrir.

Forsrh. verður tíðrætt um vaxtamál og þá sem hafa ráðið stjórn peningamála undanfarið. Hann hefur að sjálfsögðu hvergi komið þar nærri, enda aðeins verið ráðherra í tíu ár samfleytt. En árásir hans hitta engan meir fyrir en viðskrh. í stjórn Steingríms Hermannssonar, hæstv. ráðherra Jón Sigurðsson, sem hefur í orði og á borði verið helsti stuðningsmaður svokallaðrar frjálshyggjustefnu í vaxtamálum og farið með framkvæmd þessara mála undanfarna 15 mánuði. Þessi ráðherra hefur iðulega legið undir ómaklegu ámæli vegna stefnu sinnar í þessum málum en kastar nú tólfunum þegar sjálfur forsrh. vegur að honum með þessum hætti.

En hvað sem líður kvörtunum forsrh. vegna vaxtastefnu viðskrh. síns liggur hitt fyrir, eins og bent hefur verið á í umræðunum, að stefna fyrri ríkisstjórnar var byrjuð að skila árangri með lækkandi vöxtum. Nafnvextir lækkuðu mun meira á síðustu fjórum vikum fyrri stjórnar en á fyrstu fjórum vikum núv. stjórnar. Og raunvextir á ýmsum óverðtryggðum skuldbindingum hafa hækkað en ekki lækkað í tíð þessarar stjórnar. Vextir af spariskírteinum ríkissjóðs voru lækkaðir með samningum í ágústmánuði sl. Núv. stjórn naut góðs af þeim samningum þegar hún lækkaði þessa vexti um 0,7% fyrir skömmu síðan. Hins vegar bólar hvergi á því að meðalraunvextir á spariskírteinum og öðrum skuldabréfum ríkissjóðs lækki um 3%, eins og ríkisstjórnin gaf fyrirheit um í september.

Forsrh. tilkynnir í ræðu sinni, eins og fram var komið í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, að búið sé að ákveða að auka vægi launa í lánskjaravísitölunni og stefnt sé að því að afnema hana hið fyrsta. Með þessum hætti á væntanlega að koma til móts við þá sem skulda. En Framsfl., góðir áheyrendur, er samur við sig. Þrátt fyrir að þessi ákvörðun liggi fyrir flytja tveir þm. hans tillögu á Alþingi um að endurskoða skuli þessa vísitölu og þar með ekki að afnema hana. Með þessari tillögu er eflaust meiningin að fara á fjörurnar við sparifjáreigendur. Þetta eru dæmigerð vinnubrögð hjá stjórnmálaflokki sem virðist ekki bara hafa einsett sér að afnema efnahagslögmálin heldur líka afsanna gamla máltækið um það að ekki verði bæði haldið og sleppt. Og í þessu framsóknarfjósi, svo notað sé orðbragð hans sjálfs, unir hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson glaður við sitt. Já, svo liggur hver sem hann hefur um sig búið.

Og margt er skrýtið í kýrhausnum í framsóknarfjósinu. Þaðan vegur nú utanrrh. illa og ómaklega að fyrri samstarfsmönnum sínum innan þings sem utan eins og menn heyrðu hér áðan. M.a. efnahagsráðgjafa fyrri ríkisstjórnar fyrir að leggja fram aðrar tillögur þegar ljóst var að niðurfærsluleiðin var ófær vegna andstöðu alþýðusamtakanna í landinu. Þetta mál mun flestum kunnugt og óþarft að hafa um það fleiri orð hér.

En þó að margt veki furðu í ræðu hæstv. forsrh. er ekki síður athyglisvert hverju sleppt er. Það er t.d. ekki vikið einu orði að utanríkissmálum eða framtíðaruppbyggingu á sviði stóriðju. Kannski er það vegna þess að um þessi mál er logandi ágreiningur innan ríkisstjórnarinnar og því forðast forsrh. það eins og heitan eldinn að drepa á þau. Og hvergi hefur komið fram í þessum umræðum hvað alþýðubandalagsráðherrarnir hafa þurft að borga fyrir sæti sín í ríkisstjórninni í þessum málaflokkum, hverju þeir hafa fórnað í þessum málum fyrir að komast í ríkisstjórn. En í ræðu hæstv. forsrh. er heldur ekki að neinu marki vikið að skattahækkunaráformum ríkisstjórnarinnar sem koma fram í því fjárlagafrv. sem lagt var fram í vikunni. Í því segir, og ég hef orðrétt eftir, með leyfi forseta, „að aukin skattheimta miðist við að þeir sem hafi mestar tekjur og eignir og hafa ráðstafað mestu til lúxuseyðslu og fjárfestinga á undanförnum árum beri stærstan hluta aukinnar skattbyrði."

Samt er meginþungi hinnar nýju skattheimtu í óbeinum sköttum sem menn greiða óháð tekjum og eignum eins og t.d. vörugjaldi, gjaldi á bensín og innflutningsgjaldi á bílum. Einnig á að hækka hinn almenna eignarskatt einstaklinga og til athugunar er að eyðileggja nýja staðgreiðslukerfið með því að bæta inn í það viðbótarskattþrepi. Eyðileggja nýja staðgreiðslukerfið. Einnig áformar ríkisstjórnin að skattleggja orkufyrirtækin í landinu sem stjórnarþm. eru þegar byrjaðir að afneita, eins og fram kom hér áðan í máli hv. formanns fjvn., hv. þm. Sighvats Björgvinssonar. En síðast en ekki síst ætlar ríkisstjórnin að ráðast til atlögu gegn öllum þeim aðilum á sviði líknar-, menningar- og íþróttamála sem hafa tekjur af happdrættum og hliðstæðri starfsemi. Af þessari starfsemi er ætlunin að klófesta upp undir hálfan milljarð króna á næsta ári með nýjum söluskatti. Og virðulegi forseti, þetta er sama upphæðin og ríkisstjórnin ætlar að greiða úr ríkissjóði í millifærslupottinn hjá Stefáni Valgeirssyni.

Alþb. varð í fyrra tíðrætt um svokallaðan matarskatt en hefur nú forustu um sérstakan skatt á starfsemi öryrkja, Krabbameinsfélagsins, Hjartaverndar, SÍBS, DAS, Háskólans og íþróttahreyfingarinnar og allra annarra aðila sem tekjur hafa af frjálsri sölu happdrættismiða, rekstri lottós og getrauna og hliðstæðri starfsemi. Ég held það væri tilvalið verkefni fyrir menningarvitana í Alþb. að finna viðeigandi nafngift á þessa skattheimtu, en á lýðskrumsmáli hæstv. fjmrh. heitir þetta að skattleggja þá sem mestar tekjur hafa og eignir og hafa ráðstafað mestu til lúxuseyðslu og fjárfestinga á undanförnum árum. Þetta endurtók hæstv. ráðherrann hér áðan og ég segi nú eins og sagt var í ævintýri H.C. Andersens: Mikið má maður heyra áður en eyrun detta af, hæstv. ráðherra.

Allir vita að nauðsynlegt getur verið að hækka skatta og auðvitað verður að standa undir sameiginlegum útgjöldum með sköttum. En það er hrein blekking að þeir milljarðar sem nú á að leggja á þjóðina í nýjum sköttum beinist eitthvað sérstaklega að hátekju- og eignafólki. Allt er þetta einn ómerkilegur blekkingarvefur og kemur engum á óvart þegar formaður Alþb. á í hlut. Það skortir ekki háleit markmið í fjárlagafrv. hæstv. ráðherra, þar segir m.a. að dregið verði úr starfsmannafjölda hjá ríkinu um 2,5% á ári í nokkur ár. Ég skal ekki gera ágreining um það markmið en skyldi það vera vísbending um það hver hugur fylgir máli að alþýðubandalagsráðherrarnir þrír hafa þegar ráðið sér fimm persónulega aðstoðarmenn.

Virðulegi forseti. Tími minn er á þrotum. Til þessarar ríkisstjórnar var ekki stofnað á grundvelli sem gera má ráð fyrir að verði varanlegur. Ég vænti þess að hún fari frá hið fyrsta. Þá geta ábyrg þjóðmálaöfl tekið höndum saman um það starf sem

fram undan er við uppbyggingu atvinnu- og menningarlífs á Íslandi og til að fullnýta þau tækifæri sem fyrir hendi eru í okkar góða og gjöfula landi. Og ég fullyrði að slík uppbygging getur ekki átt sér stað án þátttöku Sjálfstfl. — Góðar stundir.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Við höfum í kvöld heyrt marga stjórnarandstæðinga finna ríkisstjórninni og flokkunum sem að henni standa flest til foráttu. Alþfl. hefur ekki farið varhluta af þessari gagnrýni. Hann hefur verið sakaður um að hafa gefist upp á því að framfylgja þeirri stefnu sem hann hefur boðað undanfarin ár. Það eru einkum fulltrúar Sjálfstfl. sem hafa haldið þessu fram. Ég segi það hér og nú: Þetta er rangt, þetta er alrangt. Allt tal um haftabúskap og ölmusur er fjarstæða. Alþfl. hefur á undanförnum árum beitt sér fyrir umbótum í efnahagsmálum sem byggja á auknu frjálsræði með minni afskiptum ríkisins af atvinnurekstri og aukinni áherslu á markaðsbúskap. En þetta er engin trúarsetning. Aukinn markaðsbúskapur er ekki markmið í sjálfu sér. Þessi stefna er einfaldlega það sem reynslan hefur sýnt að er vænlegasta leiðin til þess að treysta efnahagslífið sem undirstöðu velferðarríkis og réttláts þjóðfélags á Íslandi.

Því fer fjarri að þær aðgerðir í efnahagsmálum, sem ríkisstjórnin hefur gripið til og felast einkum í tímabundinni launa- og verðstöðvun, verðjöfnun til fiskiðnaðarins og skuldbreytingum á hagræðingarlánum til fyrirtækja í útflutningsgreinum, séu til marks um það að Alþfl. hafi gefist upp við að fylgja sinni stefnu. Það er ekki uppgjöf að þora að takast á við aðsteðjandi vanda. Ég minni á að viðreisnarstjórnin greip á sínum tíma til slíkra aðgerða við líkar aðstæður.

Ég bið menn að hugleiða hvað hefði gerst ef ekki hefði verið gripið til aðgerða af þessu tagi. Annað af tvennu: Verðbólgan hefði hér ætt upp úr öllu valdi í kjölfar vonlausrar tilraunar til að bæta afkomu útflutningsfyrirtækjanna með stórfelldri gengisfellingu. Eða: Atvinnuleysi hefði skollið á þegar fyrirtæki í sjávarútvegi og iðnaði hefðu lokað unnvörpum. Alþfl. vildi ekki bera ábyrgð á slíkri þróun, hann vildi taka tafarlaust á vandanum.

Hér á landi hefur á síðustu árum geisað útgjaldaþensla á öllum sviðum. Hjá hinu opinbera, hjá fyrirtækjum og hjá einstaklingum og fjölskyldum. Þrátt fyrir uppgang í sjávarútvegi og tilraunum stjórnvalda til að hamla á móti aukningu útgjalda hefur meiru verið eytt en aflað hefur verið. Þetta hefur haft í för með sér að verðlag og framleiðslukostnaður innan lands hefur hækkað meira en erlendis. Þetta hefur þrengt að afkomu útflutningsgreina. Ofan á þetta bætist að þjóðarbúið hefur orðið fyrir verulegum áföllum á þessu ári, afli hefur dregist saman og verð á sjávarafurðum á erlendum mörkuðum hefur lækkað. Horfurnar fyrir næstu missiri eru því miður ekki bjartar. Á sl. sumri blasti einfaldlega við ófremdarástand með óðaverðbólgu eða atvinnuleysi væri ekki tekið fast í taumana og tafarlaust. Það var ekki um marga kosti að velja. Niðurfærslan, sem svo hefur verið nefnd, reyndist ekki framkvæmanleg og gengisfelling hefði við ríkjandi aðstæður ekki orðið til annars en að magna upp verðbólgu. Það var í rauninni ekki annarra kosta völ en fara þá leið sem varð fyrir valinu við myndun núv. ríkisstjórnar og hún er þessi: Að freista þess að færa verðbólgu niður með tímabundinni verð- og launastöðvun, bæta um leið afkomu útflutningsfyrirtækja með verðjöfnun til fiskiðnaðarins og lengingu lána.

Þetta eru auðvitað tímabundnar ráðstafanir. Þær leysa ekki vandann til frambúðar, en þær skapa stöðugleika í verðlagsmálum sem er forsenda vaxtalækkunar og gefur tóm til að móta með fjárlögum og lánsfjárlögum í þessu þingi umgjörð fyrir efnahagslífið þegar verðstöðvunartímabilinu lýkur í febrúar á næsta ári og kjarasamingar verða lausir á ný. Samdrætti í þjóðartekjum þarf að jafna á landsmenn með sanngjörnum og réttlátum hætti. Við gerð kjarasamninga á næsta ári mun skipta sköpum hvort tekist hefur að ná verðbólgunni niður á svipað stig og í helstu viðskiptalöndum okkar og vöxtunum líka. Það var því lífsnauðsyn að fá þetta hlé frá sífelldum verðlagshækkunum og nota það vel.

Ég vil minna þm. Sjálfstfl. á, einkum þá þm. sem nú hafa hæst um að Alþfl. hafi brugðist sinni stefnu, að nákvæmlega þessi leið var einmitt annar meginþátturinn í tillögum sem formaður Sjálfstfl., þáv. forsrh., lagði fram á síðustu dögum fyrri ríkisstjórnar. Með þessari tillögu viðurkenndi hann að kringumstæðurnar krefðust beinna afskipta stjórnvalda af verðlags- og launamálum og af afkomu útflutningsfyrirtækja og að gefa þyrfti ákveðna leiðsögn fyrir lækkun vaxta. Og úr því að hv. 1. þm. Suðurl. nefndi lánskjaravísitöluna vil ég í allri hógværð minna hann á að hann gerði sjálfur tillögu um breytingar á þessari vísitölu sem eru því nær hinar sömu og núv. ríkisstjórn hefur ákveðið að beita sér fyrir.

Hinn þráðurinn í tillögum formanns Sjálfstfl., og sá sem varð til þess að upp úr stjórnarsamstarfinu slitnaði, gekk hins vegar þvert á það markmið að koma hér á efnahagslegum stöðugleika. Lækkun söluskatts á matvælum hefði gert það verk enn erfiðara sem nú er einna brýnast að vel verði unnið en það er að ná jafnvægi í ríkisbúskapnum. Það eru til aðrar og betri leiðir og skilvirkari en lækkun söluskatts á matvælum til að verja kjör þeirra sem lægstar hafa tekjur. Alþýðubandalagsmenn hafa viðurkennt þetta í verki með þátttöku sinni í þessari ríkisstjórn. Þeir eru menn að meiri. Sjálfstfl. hins vegar gerði ófullnægjandi tillögur um tekjuöflun fyrir ríkissjóð og lækkun ríkisútgjalda. Með óábyrgum tillöguflutningi í fyrri ríkisstjórn dæmdi Sjálfstfl. sig frá landsstjórninni, hann vék sér undan ábyrgðinni á því að takast á við aðsteðjandi vanda þegar mest reið á. Það er grátbroslegt að hlusta nú á þm. Sjálfstfl. gagnrýna aðra fyrir að hafa haft þor til að

standa fyrir ráðstöfunum sem þeir höfðu sjálfir viðurkennt að væru nauðsynlegar.

Hæstv. utanrrh. vitnaði hér áðan til orða Einars Odds Kristjánssonar á Flateyri, en Einar sagði eitthvað á þá leið og ég rifja það upp, með leyfi hæstv. forseta: „Það er ferlegt að Sjálfstfl. skyldi hætta forustu þegar framleiðsluatvinnuvegirnir liggja á hliðinni.“ Þetta er þungur dómur yfir forustu Sjálfstfl. þegar þessi forustumaður hans telur að eigin flokksforusta hafði sleppt árunum í brimróðrinum og hlaupið fyrir borð.

Hæstv. forseti, góðir áheyrendur. Myndun núv. ríkisstjórnar bar brátt að og hún varð að grípa til umfangsmikilla efnahagsráðstafana án tafar. Það hefur sett mikinn svip á starf hennar þessar fyrstu vikur en það er ákaflega brýnt að menn missi ekki sjónar á langtímamarkmiðum í stanslausri glímu við stundarvanda. Ég ætla að tæpa á nokkrum atriðum sem varða framtíðina.

Horfur um afturkipp í sjávarútvegi á næsta ári setja á ný í brennidepil nauðsyn þess að auka fjölbreytni í íslensku atvinnulífi. Öll þjóðin er sammála um það að nýta eigi orkulindirnar til atvinnuuppbyggingar. Þetta hefur þó gengið helsti hægt hin síðari ár. Nú gæti hins vegar verið lag til þess að auka hér álframleiðslu til mikilla muna með hagkvæmum samningum við erlend fyrirtæki. Á vegum iðnrn. er nú unnið að undirbúningi aukinnar álframleiðslu og virkjana sem henni tengjast. Þetta starf miðar m.a. að því að tryggja að ströngustu kröfur um umhverfisvernd og hollustuhætti á vinnustað verði uppfylltar og að framkvæmdir falli sem best að íslensku atvinnulífi. Kannað verður hvort hagkvæmt sé að koma á fót fyrirtæki sem vinnur úr bráðnu áli og jafnframt hugað að framtíðaruppbyggingu áliðnaðar með tilliti til æskilegrar þróunar búsetu í landinu.

Þá eru ekki síður fram undan miklar breytingar á atvinnu- og viðskiptalífi í helstu viðskiptalöndum okkar þegar komið verður á hinum svonefnda innri markaði Evrópubandalagsríkja árið 1992. Til þess að Íslendingar geti staðið sig í alþjóðasamkeppni á næstu árum verða þeir að taka mið af þessum breytingum og gera nauðsynlegar umbætur á skipan íslenskra efnahagsmála, búa íslenskt atvinnulíf sömu frjálsræðiskjör og tíðkast annars staðar í Evrópu. Þar er ekki síst um að ræða umbætur á fjármagnsmarkaði og endurskipulagningu í bankastarfsemi sem í reynd eru forsendur varanlegrar lækkunar vaxta. Það þarf að setja löggjöf um verðbréfaviðskipti og eignarleigustarfsemi og um það hef ég flutt frv. hér í þinginu. Það þarf að efla innviði bankakerfisins með samruna lánastofnana og það þarf að auka aðhald að fjármagnskostnaði innan lands með því að heimila erlenda samkeppni á fjármagnsmarkaði hér í auknum mæli.

Hæstv. forseti. Breytingarnar sem í vændum eru snerta fjölmarga aðra þætti í viðskiptum Íslendinga við þjóðir Evrópu. Það er viðamikið verk að undirbúa þær breytingar sem hér þarf að gera. Ríkisstjórnin mun vinna ötullega að því verki. Hún var mynduð til þess að taka á vanda en ekki til þess að víkja sér undan honum. Hún var mynduð til þess að tryggja að Íslendingar búi sig af raunsæi undir framtíðina, framtíð sem verður björt ef við kunnum fótum okkar forráð í nútíðinni. Þannig mun Ísland halda sínu í samkeppni þjóðanna.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Það er ekki nema von að almenningur sé orðinn þreyttur á íslenskum stjórnmálamönnum. Stjórnleysi og ráðleysi gömlu flokkanna hefur bakað almenningi og atvinnulífinu í landinu mikil óþægindi og nánast kippt fótunum undan heilu starfsgreinunum. Það virðist vera nákvæmlega sama hverjir þeirra fara með völdin. Allt situr við hið sama, mikil óreiða í ríkisfjármálunum eins og hjá þeim einstaklingum og fjölskyldum sem lifa um efni fram. Sífellt er verið að slá nýja víxla, þ.e. taka ný erlend lán til þess að standa undir sukkinu þar sem skattpíning þegnanna dugar ekki til. Nú er svo komið að erlendar skuldir þjóðarbúsins nema orðið um 130 milljörðum kr. eða um tvöfaldri upphæð fjárlaga hins íslenska ríkis. Þetta er álíka og hjá fjölskyldu sem skuldar tvöfaldar árstekjur sínar. Skyldi henni líða vel?

Nærri hver einasta króna sem er í umferð á Íslandi er fengin að láni erlendis. Það stefnir því í efnahagslega ringulreið og sjálfstæði þjóðarinnar er komið í hættu. Borgfl. vill að opinberir aðilar hætti að taka erlend eyðslulán. Þannig er ástandið á því herrans ári 1988 í upphafi stjórnartíðar nýrrar ríkisstjórnar.

Almenningur veit þó að það er ekki við neinu að búast. Hér er nefnilega um hefðbundna ríkisstjórn gömlu flokkanna að ræða. Gamli fjórflokkurinn, þ.e. Sjálfstfl., Framsfl., Alþfl. og Alþb. hefur undanfarna áratugi farið með völdin til skiptis. T.d. er eina breytingin sem nú hefur orðið sú að nokkrum ráðherrum Sjálfstfl. hefur verið skipt út fyrir ráðherra Alþb. Gömlu flokkarnir eru orðnir ófærir um að stjórna landinu. Þeir eru svo önnum kafnir við að standa vörð um hagsmuni ákveðinna hópa innan vébanda sinna, halda völdum sínum, t.d. í bankakerfinu og í ýmsum mikilvægum samtökum, að annað kemst ekki að hjá þeim.

Í tíð gömlu flokkanna hefur þjóðfélagið orðið sífellt flóknara og ómanneskjulegra. Þeir hafa sett alls kyns lög og reglur sem alls ekki henta þessu fámenna þjóðfélagi hér á norðurhjara veraldar. Sú árátta gömlu flokkanna og embættismanna þeirra að innleiða hér sama þjóðfélagskerfi og ganga ávallt út frá sömu efnahagslegu forsendum og gilda fyrir milljónaþjóðfélögin í nágrenni við okkur er okkur dýrkeypt. Ég hef kallað það kommuskekkjuna þegar verið er að setja lög og reglur, búa til mennta- og heilbrigðiskerfi eins og 2½ milljón manna búi á Íslandi en ekki 250 þúsund. Það er engu líkara en ráðamenn séu haldnir einhverri minnimáttarkennd út af því hvað þjóðin er fámenn. Það er ólíkt virðulegra að geta sagt í hanastélsboði í Brussel: Við

erum líka með virðisaukaskatt.

Útflutningsframleiðsla okkar á nú undir högg að sækja. Á meðan allur rekstrar- og launakostnaður innan lands hefur hækkað um 20% á ári umfram það sem gerist í helstu samkeppnislöndum okkar hefur gengi krónunnar og þar með útflutningstekjurnar nánast staðið í stað. Ástandið er því orðið þannig að nær öll fyrirtæki sem byggja á útflutningstekjum og fyrirtæki í samkeppnisiðnaði eru komin í þrot. Forustumenn ferðamála eru einnig mjög uggandi um ástandið. Hætt er við að ferðamannaþjónusta, sem hefur veri mikill og vaxandi atvinnuvegur og skilar nú um 10 milljörðum kr. árlega í þjóðarbúið eftir mikið og gott uppbyggingarstarf, hrynji saman. Útlendingum sem hingað koma blöskrar verðlagið, einkum þó hið geypiháa verð á matvöru og hvað þeir fá lítið fyrir gjaldeyrinn sinn. Á sama tíma er erlendur gjaldeyrir nánast á útsölu og alls kyns erlendur varningur flæðir inn í landið, bílar og hvers kyns græjur.

Engu er líkara en hagkerfi okkar sé eingöngu miðað við innflutningsverslunina. Allur innflutningur er meira eða minna frjáls en útflutningsverslunin háð höftum og leyfum. Þeir aðilar sem eru að baksa við að framleiða eitthvað til útflutnings eru oft litnir hornauga, einkum og sér í lagi ef um iðnaðarvörur eru að ræða. Þetta eru einhverjir menn úti í bæ sem eru sífellt að kvarta yfir slæmum rekstrarskilyrðum, of háu gengi og of háum fjármagnskostnaði. Væri ekki betra að losna alveg við þá? Því geta þessir menn ekki gerst venjulegir launþegar, lagt kaupið sitt inn á banka og fengið háa vexti í staðinn, hugsar hæstv. iðnrh. og dæsir.

Fisk eiga helst engir aðrir að selja en gömlu sölusamtökin, svo ekki sé talað um landbúnaðarafurðir. Þar mega engir koma nálægt nema SÍS frændi. Það skyldi því engan undra þótt hinir fjölmörgu dugnaðarmenn í verslunarstétt hafi haslað sér völl á innflutningi. Á meðan allar þjóðir leggja höfuðáherslu á það að stuðla að auknum útflutningi á sem flestum sviðum virðist höfuðáherslan hér vera lögð á innflutning, enda viðskiptahallinn kominn upp í 12 milljarða kr. og talið að hann minnki ekkert á næstunni.

Nýfrjálshyggjupostularnir innan ríkisstjórnarinnar sem utan virðast halda að þjóðin geti lifað á því að höndla með pappíra og flytja inn vörur frá útlöndum. Þjóðartekjurnar virðast aðallega eiga að byggja á því að við seljum hvert öðru verðbréf á fjármagnsmörkuðum, þ.e. klippum hvert annað. Allir eru að vísu sammála um að selja fisk meðan við nennum að veiða hann sjálfir. E.t.v. væri betra að selja Efnahagsbandalaginu allan fiskveiðikvótann dýru verði. Við getum þá hætt allri atvinnustarfsemi og lifað á atvinnuleysisbótum.

Hér þarf að verða hugarfarsbreyting. Við verðum að gera stórátak í útflutningsmálum og hugsa um það eitt hvernig við getum skapað útflutningsgreinunum sem best ytri skilyrði. Hugsanlega verður að taka upp annars konar gengisskráningu sem tekur mið af raungildi útflutningsverðmæta okkar. Þá verður að gefa útflutningsverslunina frjálsa og heimila útflutningsfyrirtækjum að hafa erlend bankaviðskipti að vild til að treysta samkeppnisstöðu þeirra. Íslenska bankakerfið virðist ekki fært um að sinna alhliða erlendum viðskiptum. Borgfl. vill efla íslenskan iðnað og stuðla að útflutningi á íslensku hugviti og tækniþekkingu, ekki hvað síst í þeim iðngreinum sem tengjast sjávarútvegi. Borgfl. vill koma upp öflugum útflutningsábyrgðasjóði þannig að útflutningsfyrirtæki, bæði iðnfyrirtæki, afurðasölufyrirtæki og ráðgjafarfyrirtæki sem selja þekkingu, geti fengið útflutningsábyrgðir við gerð útflutningssamninga. Slíkar útflutningsábyrgðir eru veittar nánast sjálfkrafa í nágrannalöndum okkar á meðan íslenskir aðilar hafa átt í erfiðleikum með að útvega slíkar ábyrgðir.

Ástand fiskistofna við landið, einkum hvað varðar þorsk og rækju, er uggvænlegt. Stefnir í verulega minnkun sjávarafla ofan í alla aðra efnahagslega óáran. Stjórnleysi hvað varðar verndun fiskistofna er nú farin að segja til sín. Fimm ára fiskveiðistefna Framsfl. undir forustu hæstv. sjútvrh. hefur gjörsamlega brugðist. Borgfl. vill nýja fiskveiðistefnu, þar sem markviss friðun uppeldis- og hrygningarstöðva nytjafiska er höfð að leiðarljósi. Til greina gæti komið að friða stór strandsvæði fyrir öllum togveiðum og dragnótaveiðum, taka upp togveiðilandhelgi. Borgfl. vill vinna að því í samvinnu við hagsmunaaðila sjávarútvegsins að koma okkur út úr kvótakerfinu.

Borgfl. vill beita sér fyrir einfaldara og réttlátara samfélagi þar sem hagsmunir almennings eru hafðir að leiðarljósi og einstaklingurinn fær að njóta ávaxta elju sinnar og hugvits, ekki síst með því að sinna þeim vaxtarbroddi atvinnulífsins sem felst í hvers kyns nýjungum á sviði viðskipta, iðnaðar og tækni. Borgfl. vill hagnýta til fulls alla kosti upplýsinga- og tölvualdar. En fyrst og fremst þarf að leita leiða sem henta okkur Íslendingum, leiða til að rétta hlut landsbyggðarinnar og þess launafólks sem hefur borið skarðan hlut frá borði þrátt fyrir mikinn þjóðarauð.

Borgfl. er þess fullviss að dugnaður, ráðdeild og þrautseigja íslensku þjóðarinnar muni senn sem fyrr reynast henni besta leiðarljósið út úr þeim ógöngum sem gömlu flokkarnir hafa leitt hana í. Sú leið er þó vandfarin meðan gömlu flokkarnir halda dauðahaldi í völdin og standa sameiginlega vörð um hagsmuni sína. Það er því löngu orðið tímabært að hrista upp í stjórnmálalífinu á Íslandi. Þörf er fyrir nýja flokka og nýtt fólk sem tekur öðruvísi á málunum en gömlu flokkarnir. Í næstu kosningum er nauðsynlegt að kjósendur átti sig á þessu og hristi rækilega upp í kerfinu.

Fyrir hönd Borgfl. býð ég góða nótt.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Þær umræður, sem við höfum hlýtt á hér í kvöld og senn eru nú á

enda, fara fram við þær aðstæður að óvænt stjórnarskipti hafa orðið í landinu. Vikum og mánuðum saman horfði íslenska þjóðin upp á ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar standa úrræðalausa frammi fyrir verkefni sínu og að lokum liðast í sundur á haustdögum, nánast taka sjálfa sig af lífi í beinni útsendingu eins og frægt er orðið. Og hvað var það nú sem varð ríkisstjórninni að falli? Margt má tína til, en ég læt tvennt nægja. Hið fyrra, sem ég áðan nefndi, óeiningu og upplausn sem ágerðist í kastljósum fjölmiðlanna uns svo var komið að þjóðin horfði daglega upp á forustulið stjórnarinnar berast á banaspjótum. Hið síðara var vitlaus og gjaldþrota stjórnarstefna.

Þrautaganga ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar síðustu mánuðina og dapurlegt andlát í öndverðri sláturtíð mun þegar frá líður þykja merkilegust fyrir þá sök að það markar endanlegt gjaldþrot frjálshyggjunnar á Íslandi. Frjálshyggjan með sínum okurvöxtum, frelsi til að okra, ofvexti og þenslu eyðslugeirans og tilheyrandi auðsöfnun fárra, hinna ríku, á kostnað vinnandi fólks og undirstöðuatvinnugreina, þessi frjálshyggja varð endanlega gjaldþrota samtímis ráðuneyti Þorsteins Pálssonar nú í haust. Málflutningur þeirra sjálfstæðismanna hér í kvöld bar þess líka glöggt vitni að sá flokkkur er í sárum. Rjúkandi rúst eftir gersamlega mislukkaða forustu fyrir lélegri ríkisstjórn sem hrökklast hefur frá völdum.

Talsmenn þeirra sjálfstæðismanna reyndu að tala sig hér upp í hita og jafnvel hávaða án þess að koma nokkurn tíma að efninu og þeirri staðreynd að stefna þeirra, vaxtafrelsið og frjálshyggjan, hefur beðið skipbrot, er gjaldþrota. Aðkoma nýrrar ríkisstjórnar var, eins og hér hefur áður komið fram og verið lýst í umræðunum, allt annað en góð og eru þó ekki öll kurl komin til grafar í þeim efnum enn þá. Við slíkar aðstæður var og er oft freistandi að halda sig sem fjærst stjórnvelinum og láta öðrum það eftir að glíma við aðsteðjandi erfiðleika. Við alþýðubandalagsmenn völdum ekki þá leið. Við ákváðum þvert á móti að ganga í þau verkefni sem óumflýjanleg og lífsnauðsynleg eru orðin, sem sagt að grípa til ráðstafana til að halda hjólum atvinnulífsins, einkum útflutningsstarfseminnar, gangandi, forða yfirvofandi hruni á landsbyggðinni og grípa til aðgerða gagnvart vaxtaokrinu og fjármagnsbraskinu með tafarlausri lagasetningu.

Því er ekki að leyna að við hefðum kosið harðari aðgerðir og skjótvirkari en nú hefur verið gripið til. En segja má að enn sé reynslutími í þessum efnum og eitt allra mikilvægasta verkefni ríkisstjórnarinnar á næstu mánuðum er að ná raunvaxtastiginu mun meira niður og koma böndum á fjármagnsmarkaðinn. Þrátt fyrir þær aðgerðir sem þegar hefur verið gripið til er ljóst að enn er við verulega erfiðleika að glíma. Launamenn hafa um hríð búið við rýrnandi kaupmátt þó ríkisstjórnin hafi með gerðum sínum reynt að verja þá sem lakast standa. Einstaklingar og fyrirtæki bera enn á bakinu þungar byrðar af hinum gríðarlega fjármagnskostnaði sem hér var á góðri leið með að ríða öllu á slig.

Það mun taka tíma og verða okkur Íslendingum erfitt að vinna okkur frá þeim þrælabyrðum sem óstjórnar- og þensluskrúfa undanfarinna missira en þó fyrst og fremst hinn gríðarlegi fjármagnskostnaður hefur lagt á skulduga einstaklinga og atvinnurekstur. Það bætir svo ekki úr skák að skuldadagana ber upp á á samdráttarskeiði. Binda verður vonir við að það takist með lækkun verðbólgu og vaxta að skapa vinnufrið og stöðugleika til að leggja að nýju grundvöll að betri lífskjörum almennings og traustum rekstrargrundvelli atvinnulífsins.

Í þeim ráðuneytum landbúnaðar- og samgöngumála sem ræðumaður hefur með að gera í ríkisstjórninni er við mörg erfið úrlausnarefni að glíma. Á sviði landbúnaðar vil ég sérstaklega nefna erfiða stöðu yngri bændafjölskyldna, ekki síst í sauðfjárbúskap, sem hafa mátt þola mikinn samdrátt og kjararýrnun á undanförnum árum. Þar er í raun komið langt út yfir þau mörk sem réttlætanleg eru hvað lífsskilyrði fjölmargra þeirra verst settu snertir. Kjarajöfnun ásamt mörkun nýrrar framleiðslustefnu, sem tekur meira mið af landkostum til búrekstrar og tillit til félagslegrar aðstöðu fólks í strjálbýlinu og byggðasjónarmiða, eru að mínu mati einhver brýnstu verkefnin á vegum landbrn. Ríkisstjórnin greip í upphafi ferils síns til aukinna niðurgreiðslna á búvörum og hefur verð búvara því ýmist staðið í stað eða lækkað neytendum til hagsbóta og vonandi fylgja þessum aðgerðum einnig jákvæð áhrif í sölu þessara vara og bætt markaðsstaða. Alvarlegir erfiðleikar loðdýraræktarinnar hafa verið til skoðunar og nefnd hefur unnið að tillögum um rekstrarfjárvanda í fiskeldi, svo nokkuð sé nefnt af þeim verkefnum sem undir landbrn. heyra.

Framkvæmdum á sviði samgöngumála verða því miður þröngar skorður settar á næsta ári eins og öðrum opinberum framkvæmdum þó þörfin sé þar ærin og arðsemi samgöngubóta óumdeilanleg. Á sviði vegamála bíða mörg stórverkefni, m.a. jarðganga- og brúargerð og vegagerð við þéttbýli og er að því stefnt að sameina slík stórátök í flokki stórverkefna samhliða langtímaáætlun um almennar framkvæmdir í vegamálum.

Eitt af þýðingarmestu verkum þessarar ríkisstjórnar er að snúa við þeirri óheillaþróun sem ríkt hefur hér á landi í byggðamálum undanfarin ár. Í því skyni hyggst ríkisstjórnin beita sér fyrir margs konar ráðstöfunum til að jafna aðstöðu fólks á landsbyggðinni. Má í því sambandi nefna að Pósti og síma hefur þegar verið falið að skila samgrn. tillögum um hvernig jafna megi í áföngum símakostnaðinn í landinu með það í huga að gera sem fyrst landið allt að einu gjaldsvæði. Hér er ekki tími til að víkja að fjölmörgum öðrum ráðstöfunum sem brýna nauðsyn ber til að gera ef jafnvægi á að nást í búsetuþróun í landinu. Reynslan sýnir að taka verður á málefnum byggðanna í heild, ekkert síður þjónustu- og umhverfisþáttum og öllu hinu félagslega umhverfi

mannsins en atvinnulífinu.

Alþb. gekk inn í þessa ríkisstjórn vitandi vel að erfiðleikar væru fyrir stafni, en þörfin fyrir gagngera stefnubreytingu var brýnni en nokkru sinni fyrr. Landsbyggðin kallaði á breytingar. Skólafólk kallaði á breytingar. Undirstöðuatvinnuvegirnir kölluðu á breytingar. Krafan um gjörbreytta stefnu í efnahagsmálum og félagslegar úrlausnir var orðin sterk. Innganga Alþb. í ríkisstjórn var svar við slíkri kröfu: Aðgerð til að koma hinum hörðu íhalds- og frjálshyggjuöflum út úr ríkisstjórninni. Sl. fimm ár höfðu þau öfl verið þar fimm árum of lengi. Alþb. vinnur það til, til að koma félagshyggjunni að og frjálshyggjunni út, að axla ábyrgð og taka áhættu af þátttöku í ríkisstjórn sem tekur við vondu búi við erfiðar aðstæður.

Alþb. mun ekki hlaupa frá ábyrgð sinni og mun starfa af heilindum og alvöru innan þessarar stjórnar svo lengi sem hún situr. Alþb. mun sem sósíalískur flokkur, flokkur íslenskra vinstri manna, nú sem fyrr setja ofar öðru áherslu sína á jafnrétti og jöfnuð í lífskjörum og óskert sjálfstæði þjóðarinnar.

Góðir áheyrendur. Vonandi boðar það gjaldþrot frjálshyggjunnar sem hér var vikið að í minni ræðu undir forustu formanns Sjálfstfl. langa fjarveru íhalds- og frjálshyggjuaflanna frá ríkisstjórnum á Íslandi og betri tíð fyrir félagsleg og mannúðleg viðhorf. Með þeim óskum hef ég lokið máli mínu, hæstv. forseti, og býð góðar stundir.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Stefnuræða nýrrar ríkisstjónar lýsir þeim efnahagsvanda sem hlotist hefur af stjórn og óstjórn undanfarinna ára, einkum þó í tíð síðustu ríkisstjórnar. Þar er að vanda einblínt á efnahagsmál og ófagrar lýsingarnar. En stöldrum við. Þarna talar vanur maður og er að lýsa árangri af starfi ríkisstjórna sem hann hefur ýmist leitt eða fylgt. Þær efnahagslegu þrengingar sem nú blasa við féllu ekki niður úr skýjunum nú á haustdögum. Þær eiga sér aðdraganda og feril. Til þeirra hefur verið sáð.

Við Íslendingar höfum nú búið við betri tíð um nokkurra ára bil en oft áður. Við höfum notið hvers metaflaársins á fætur öðru og efnahagssérfræðingarnir hafa óspart reiknað yfir okkur góðæri. Jafnvel í ár munu þjóðartekjur ætlaðar svipaðar og áður. Samt er atvinnulífið og, gleymum því ekki, mörg heimili svo illa stödd sem raun ber vitni. Hvað segir það okkur um þá vönu menn sem hér hafa stýrt þjóðarskútunni, karlana í brúnni, eins og þeir hafa kokhraustir kallað sig sumir, áhafnir þeirra og ekki síst stefnu þeirra og vinnubrögð? Með stefnuræðunni lýsa þeir sjálfum sér og eigin verkum. Hæstv. forsrh. þarf því ekki að vera svona undrandi á því að hans eigin verk og samstarfsmanna skuli nú vera farin að bera ávöxt. Hins vegar skil ég vel að honum blöskri. En þeir bjóða sig blygðunarlaust fram aftur til að bjarga málum á nýjan leik, ráðherrar Framsfl. og Alþfl., eins og ekkert hafi í skorist og allt hafi verið einhverjum öðrum að kenna. Svo segjast þeir líka ætla að læra af reynslu undanfarinna ára og leitast við að halda jafnvægi í þjóðarbúinu með aðhaldi í ríkisfjármálum og peningamálum. Það var og. Nú eru þeir líka komnir í annan félagsskap, með alþýðubandalagsmönnum og jafnvel álfum, leita nýrra hliða á sjálfum sér og kenna sig við jafnrétti og félagshyggju.

Mörgum fannst þó lítið fara fyrir jafnréttinu við þessi stjórnarskipti og fyrstu verk þessarar ríkisstjórnar eiga fátt skylt við félagshyggju. Margt segist hún þó vilja vel gera og styðjum við hana til allra góðra verka. Henni bar nauðsyn til að bregðast við því ástandi atvinnulífsins sem við blasti því vissulega var úrbóta þörf. Langtímasjónarmið virðast þó eins og fyrri daginn eiga erfitt uppdráttar og við megum í sífellu horfa upp á skyndilausnir í formi bráðabirgðalaga þar sem verið er að bjarga þjóðinni eða stjórninni undan holskeflu yfirvofandi neyðarástands.

Setning bráðabirgðalaga er í raun bæði ólýðræðisleg og óþingræðisleg. En setning þessara laga er einkum gagnrýni verð vegna þeirra kjaraskerðinga sem þau boða og vegna þess að ekki er ljóst hvort fyrir þeim er nægur þingstuðningur. Enn fremur vegna þess að einungis tvær vikur voru til þingsetningar og hefði vel mátt kalla þing saman til að fjalla um frv. Oft grípa menn til þess ráðs að bæta gráu ofan á svart með því að nota lögin til að ganga á rétt einstaklinganna, dýrmætan óvefengjanlegan rétt launafólks, samningsréttinn. Nær væri mönnunum þó að nota lögin til að tryggja sæmandi lágmarkslaun í landinu.

Það kom fram hjá gamalreyndum verkalýðsforingja á dögunum að honum þótti of lítil umræða um grundvallaratriði í stjórnmálum. Allt snerist um hagfræðikenningar á hagfræðimáli. Kvennalistakonur geta tekið undir þetta sjónarmið, en við lítum einmitt á setningu bráðabirgðalaga, launafrystingu og afnám samningsréttar launafólks sem grundvallaratriði. Grundvallaratriði sem varða lýðræði og mannréttindi. Grundvallaratriði sem ber að virða og fara vel með. Fyrir bragðið hafa sumir stjórnmálamenn, fjölmiðlamenn og aðrir talið kvennalistakonur óraunsæjar, jafnvel ábyrgðarlausar. En það eru sem betur fer fleiri sama sinnis og við því að fjölmörg samtök launþega hafa á undanförnum vikum sent frá sér harðorð mótmæli gegn kjaraskerðingum og telja að hinn almenni launamaður beri ekki sök á offjárfestingu og óráðsíu þjóðfélagsins.

Það er heldur ekki lengra síðan en í ágústlok að enn fleiri voru samþykkir því að samningsrétturinn skipti máli. Þá sendu alþýðubandalagsmenn frá sér skorinorðar tillögur frá Hallormsstað sem byggðust á því að ekki kæmi til kjaraskerðinga og þar sem Alþb. taldi nauðsynlegt að verkalýðshreyfingin fengi á ný samningsréttinn með því að afnema bráðabirgðalögin. Og hvernig getur svo launafólk treyst því að bráðabirgðalög verði ekki aftur sett á

næsta ári og afnám samningsréttar framlengt, svo og launafrysting? Hvaða tryggingu hefur launafólk fyrir því, því nú var verið að framlengja bráðabirgðalög?

Réttindi kvenna eru í raun nýfengin og mörgum dýrmæt. Kvennalistakonur eiga ung samtök og eru enn að berjast fyrir réttindum. Við tökum því kannski hátíðlegar grundvallaratriði eins og samningsréttinn en þeir sem telja sig reyndari í stjórnmálum. Þeir og aðrir telja það jafnvel barnalegt að við skulum virða þessi grundvallaratriði í samskiptum fólks og ekki vilja versla með þau. En hafa menn hugleitt það ferli sem leiðir misrétti til *valdbeitingar og valdbeitingu til ofbeldis*? Hafa menn gætt að því hve óljós mörk eru þarna á milli og hvernig eitt leiðir af öðru? Hafa menn hugleitt þá hættu sem felst í því að sætta sig við misrétti, gera málamiðlun um aðgerðir sem í raun boða valdbeitingu?

Við teljum okkur hiklaust til siðmenntaðra þjóða og viljum án efa vera það. Misrétti fer þó vaxandi í þjóðfélagi okkar og mikil tekjutilfærsla orðið á *undanförnum árum*. Áætlað er að vísitölufjölskyldan þyrfti tæpar 188 000 kr. í mánaðarlaun til framfærslu en vegið meðaltal mánaðarlauna launafólks tæpar 74 000 kr. Á sama tíma er nú á einni fasteignasölu til leigu verslunar- og skrifstofuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu sem svarar tveimur Kringlum. Hvað segir þetta okkur um áherslur í fjárfestingu í þjóðfélaginu? Launamunur karla og kvenna er enn ótrúlega mikill hérlendis og vinnuálag meira en gerist með nágrannaþjóðum. Fyrir hvern er svo öll þessi mikla vinna, allt þetta strit okkar og púl, spurði kona nokkur og svaraði sjálfri sér: Það er auðvitað fyrir börnin. Fyrir fjölskylduna. Og fyrir hvern eru svo allar efnahagslausnirnar og hagfræðikenningarnar þegar öllu er á botninn hvolft, spyr ég. Eru þær ekki fyrir börnin og fyrir fjölskylduna?

Á *undanförnum áratugum* hefur sú geislavirkni sem mælist í umhverfi okkar aukist til muna vegna tilrauna með kjarnorkuvopn og slysa í kjarnorkuverum. Þessi grunngeislun er notuð sem viðmiðun fyrir allar mælingar á annarri geislavirkni. Sú geislavirkni sem við þannig teljum náttúrulega og eðlilega er því talsvert meiri nú en áður vegna þess að umhverfi okkar er mengaðra. Á svipaðan hátt venjumst við nú misrétti, valdbeitingu og ofbeldi í daglegu umhverfi í ríkara mæli en áður. Af erlendum vettvangi berast okkur hörmulegar sýnir af átökum milli manna og þjóða. Langoftast bitnar ofbeldið einmitt verst á þeim er síst skyldi, óvopnuðu saklausu fólki og ekki síst konum og börnum.

Fjölmiðlar skipa stóran sess sem afþreying barna og margir óttast neikvæð uppeldisáhrif þess efnis sem oft er hlaðið ofbeldi og þannig berst að ómótuðum hugum barna. Lífsstíll okkar einkennist um of af streitu og hraða, samkeppni, hörku og kröfum um velgengni. Í slíku samfélagi verða allt of margir undir og bera skerta sjálfsvirðingu og sumir snúast til varnar með ofbeldi. Ein grófasta birting ofbeldis, *líka hér á landi, lýsir sér í nauðgun og kynferðislegri misnotkun á börnum*. En á meðan við höfum talað hér í kvöld um landsmálin og þjóðmálin hefur einmitt verið sýndur þáttur um þetta efni á Stöð 2.

Kvennalistakonur eru oft spurðar hvort við höfum haft erindi sem erfiði með þátttöku okkar í stjórnmálum. Fyrsta mál sem við fengum samþykkt á þingi 1984 var einmitt þál. um skipun nefndar til að kanna hvernig háttað er rannsókn og meðferð *nauðgunarmála og gera tillögur í þeim efnum*. Sú nefnd hefur nú lokið störfum og skilað viðamiklum tillögum til úrbóta sem einnig taka á vanda þessara óhamingjusömu barna. Þetta er árangur af viðleitni okkar en aðeins eitt lítið skref í átt til þess umönnunarþjóðfélags sem kvennalistakonur vilja byggja, þjóðfélag samvinnu og samábyrgðar ofar samkeppni og sérhyggju, þjóðfélag þar sem sjónarmið og reynsla kvenna er jafngild til stefnumótunar og sjónarmið og reynsla karla.

Ég þakka áheyrnina og býð góða nótt.

SAMEINAÐ ÞING

10. fundur, mánudaginn 7. nóv., kl. 2 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Borist hafa tvö bréf. Hið fyrra er svohljóðandi:

„Þar sem ég er á förum til útlanda til að sitja þing Sameinuðu þjóðanna og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavík, Sólveig Pétursdóttir lögfræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, hæstv. forseti.

Birgir Ísl. Gunnarsson,
2. þm. Reykv."

Hið síðara bréf hljóðar svo:

„Þar sem ég er á förum til útlanda til að sitja þing Sameinuðu þjóðanna og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Framsfl. í Suðurlandskjördæmi, Unnur Stefánsdóttir fóstra, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, hæstv. forseti.

Jón Helgason,
2. þm. Suðurl."

Unnur Stefánsdóttir og Sólveig Pétursdóttir hafa báðar tekið sæti á Alþingi fyrr á þessu kjörtímabili og kjörbréf þeirra verið rannsökuð. Þær eru boðnar velkomnar til starfa á ný.

Staða og rekstur fiskvinnslufyrirtækja.

Beiðni KH o.fl. um skýrslu, 71. mál. — Þskj. 73.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Beiðnin leyfð með 36 shlj. atkv.

Staða list- og verkmenntagreina, heimilisfræða og íþróttakennslu.

Beiðni ÞÞ o.fl. um skýrslu, 76. mál. — Þskj. 78.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Beiðnin leyfð með 37 shlj. atkv.

Starfsemi Þróunarfélags Íslands hf.

Beiðni PJ o.fl. um skýrslu, 77. mál. — Þskj. 79.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Beiðnin leyfð með 38 shlj. atkv.

Aðalnámsskrá fyrir grunnskóla.

Beiðni BÍG o.fl. um skýrslu, 82. mál. — Þskj. 84.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Beiðnin leyfð með 42 shlj. atkv.

Bygging ráðhúss í Reykjavíkurtjörn, frh. fyrri umr.

Þáltill. SV, 34. mál. — Þskj. 34.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Málsháttur er á þessa leið: Oft veltir lítil þúfa þungu hlassi. Í þeim umræðum sem hér hafa átt sér stað um till. hv. 6. þm. Norðurl. e. hafa þm. Sjálfstfl. risið upp hver um annan þveran og mótmælt, ekki aðeins fyrir sína hönd heldur allra Reykvíkinga. Ég telst til þm. Reykvíkinga og tel að efni þessarar till. megi eins og margar aðrar tillögur koma hér til umræðu. Það særir mig ekki að rætt sé um byggingu ráðhúss hér í borginni og tala ég þar fyrir hönd margra annarra Reykvíkinga, eins og konu þeirrar sem heimsótti mig í morgun og átti ekki fyrir mat handa sér og barni sínu, Reykvíkings sem leitaði á náðir Félagsmálastofnunar en fékk ekki fyrirgreiðslu. Hana varðar ekkert um ráðhús eða hringekju á tönkunum í Öskjuhlíð. Hún gerði ekki aðrar kröfur en að eiga fyrir mat og húsaskjóli.

Að vísa til þess að flm. sé af landsbyggðinni og gera tillöguna ómerka fyrir bragðið er rökleysa. Við Reykvíkingar erum ekkert yfir aðra landsmenn

hafnir. Þvert á móti höfum við verið að ögra landsbyggðinni á undanförnum árum með gegndarlausri eyðslu og fjárfestingu og sogað til okkar fjármagn frá landsbyggðinni. Hins vegar get ég tekið undir það með hv. þm. Sjálfstfl. að till., eins og hún kemur fram, gengur of langt. Í henni er beint verið að vega að stjórn Reykjavíkurborgar og þeim ákvörðunum sem meiri hluti borgarinnar hefur tekið. Hvort sem okkur líkar það betur eða verr er ákvörðunin um byggingu ráðhúss tekin af þar til bærum aðila. Annað mál er hvort með ákvörðuninni hafi verið brotið á rétti einhvers aðila, þar á meðal Alþingis eða annarra eigenda eigna í nágrenni ráðhússins, og hvort við undirbúning og framkvæmd hafi verið farið eftir skipulags-, byggingar- og brunavarnalögum.

Félmrn. hefur úrskurðað að bygging ráðhúss skuli heimiluð og við það verður að sitja. Hvort úrskurður ráðuneytisins er réttur fæst ekki skorið úr um nema málinu sé skotið til dómstóla og þá í formi stefnu er byggi á því að ráðuneytið hafi á einhvern hátt ekki gætt réttra sjónarmiða.

Í mínum huga er þetta ráðhúsmál á margan hátt athyglisvert og sýnir hve mikil nauðsyn er á að koma á fót stjórnsýsludómstóli sem geti úrskurðað í pólitískum málum en það skuli ekki vera í höndum pólitísks ráðherra að úrskurða um lögmæti ákvarðana annars pólitísks aðila. Hvort það hafi haft áhrif í þessu máli er ekki gott að fullyrða. Hins vegar býður manni í grun að teknu tilliti til laga og þeirra gagna sem liggja fyrir að það hafi ekki spillt fyrir framgangi málsins að sami flokkur leiddi síðustu ríkisstjórn og tók ákvörðun um það að byggja þetta umdeilda ráðhús.

Flm. (Stefán Valgeirsson):

Virðulegi forseti. Umræðuna um þessa þáltill. mína tel ég vera einstæða, bæði innan þings sem utan. Lénsherrarnir hér í borginni urðu óttaslegnir og settu strengjabrúðurnar sínar í gang. Brúðurnar sem vita fullvel að framavon þeirra byggist á því að þær láti að stjórn eins og ég mun rökstyðja hér síðar. Eitt kom mér þó á óvart. Það var ræða hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar, fyrrv. forseta sameinaðs Alþingis. Ég átti satt að segja ekki von á því að hann mundi falla í sömu gryfju og hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson og Geir H. Haarde. Til marks um flumbruháttinn og skelfinguna sem virtist hafa gagntekið sumt af þessu fólki segir hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson í Morgunblaðinu 29. okt. sl. þar sem hann talar um tillögu mína, með leyfi forseta: „Tillagan felur í sér þvílíka skerðingu á lýðræðislegum réttindum Reykvíkinga til athafna í eigin málum að því verður ekki unað. Efni hennar er í stuttu máli það að Stefán Valgeirsson vill með nýrri lagasetningu stöðva framkvæmdir við byggingu ráðhúss Reykjavíkur sem efnt hefur verið til á grundvelli laga og reglna."

Hvar í þessari till. er gert ráð fyrir nýrri lagasetningu til lausnar þessu máli? Las þessi hv. þm. ekki till. áður en hann skrifaði þessa endemis grein? Var það einhver annar sem sagði honum að skrifa svona til þess að villa um fyrir landsmönnum hvað snertir það hvað í raun og veru felst í till.?

Í till. segir, með leyfi forseta: „Alþingi ályktar að kanna skuli sem ítarlegast öll lagaleg atriði sem tengjast ráðgerðri byggingu ráðhúss Reykjavíkurborgar í Reykjavíkurtjörn með tilliti til eignarréttar og grenndarréttar húseigna Alþingis við norðurenda Tjarnarinnar. Skal forsetum Alþingis falið að fá þrjá trausta lögfræðinga til að kanna lagaleg atriði málsins og gefa sérálit og einnig að fá könnun og sérálit þriggja manna sérfróðra um skipulags- og byggingarmál á málum sem tengjast ráðhúsbyggingunni." Hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson segir í umræðunni um till. að till. sé ekki þinglega flutt og raunar ekki umræðuhæf. Þetta leyfir hv. þm. sér að segja án þess að rökstyðja slík ummæli sín á nokkurn hátt. Slíkur málflutningur hæfir ekki hv. þm. sem er fyrrv. forseti sameinaðs Alþingis. Í þessum ummælum felst raunar aðdróttun að hv. forseta sameinaðs Alþingis því ef till. var ekki þingleg átti forseti að benda flm. á það og sjá til þess að hún yrði sett í þinglegt form eða að öðrum kosti að vísa henni frá.

Auðvitað eru þetta bábiljur einar. Hitt er annað mál að umræða um þetta mál er langt frá því að vera þægileg fyrir meiri hluta borgarstjórnar Reykjavíkur. Ætli það sé ekki skýringin á þessum viðbrögðum?

Hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson talaði um netlög í háðstón í þessu sambandi. Þó stendur í þessari bók, sem er Álit dómnefndar um byggingu Alþingis, á 4. síðu, með leyfi forseta: „Þá þurfti að gæta þess við staðsetningu nýbyggingarinnar að möguleikar yrðu fyrir hendi ef rétt þætti í framtíðinni að reisa nýtt Alþingishús á lóðarspildum þeim sem Alþingi hefur yfir að ráða á svæði því sem markast af Templarasundi, Kirkjustræti, Tjarnargötu og Tjörninni."

Í þessu felst að Alþingi eigi Tjarnarbakkann að langmestu leyti og þá er spurningin: Fylgja þá 115 metrar út í Tjörnina? Eitt er víst að úr því hefur ekki verið skorið og borgarfógetinn í Reykjavík segir í bréfi sem ég hef undir höndum að hjá því embætti sé ekkert að finna um það hver eigi Tjörnina. Er fyrrv. forseti Sþ. eitthvað hræddur við það að kannað sé til hlítar hver eigi umræddan hluta Tjarnarinnar? Var það ekki siðferðileg skylda hans að hafa frumkvæði að því að það yrði kannað til hlítar? Ef nú upp kæmi sú staða að það yrði að flytja Alþingi úr miðbænum vegna ráðhúsbyggingarinnar, eins og ýmsir telja nú, hvað þá um afskiptaleysi forseta Alþingis um það að láta rannsaka hver réttur Alþingis er á Tjarnarbakkanum og á Tjörninni?

Og hvað segja fulltrúar flokkanna sem eru í minni hluta í borgarstjórn Reykjavíkur? Í Pressunni 27. okt. sl. segir Alfreð Þorsteinsson, með leyfi forseta: „Margir æðstu embættismenn borgarinnar lúta í einu og öllu vilja borgarstjórans." Bjarni P. Magnússon segir: „Þarna eru menn sem eiga erfitt með að draga

mörkin milli hlutlausrar embættisfærslu og Sjálfstfl." Guðrún Ágústsdóttir segir: „Ég þarf að leita út í bæ til þess að fá lögfræðilegt álit í borgarmálefnum. Mér finnst ég ekki eiga aðgang að lögfræðingum borgarinnar." Og Össur Skarphéðinsson segir: „Embættismennirnir í kringum Davíð eru eins og mýs undir fjalaketti."

Síðan segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir í októberblaði Veru, með leyfi forseta: „Ráðhúsið sýnir í hnotskurn hvað ég á við. Í því máli hefur maður mátt horfa upp á embættismennina líta á andstæðinga ráðhúsbyggingarinnar sem sína andstæðinga, sem auðvitað er fráleitt. En hvernig vinna þeir svo sem pólitískir embættismenn og margir hverjir taka m.a.s. að sér að vinna ýmis verk sem meiri hlutinn ætti með réttu að sjá sjálfur um? Þeir eru tilbúnir til þess að tefla þá refskák sem flokkurinn þarf á að halda. Ég er þá að tala um pöntuð bréf, alls konar pantaðar yfirlýsingar og sjónarmið sem meiri hlutann vantar. Þannig öðlast þessi sjónarmið faglegan stimpil."

Og enn segir Ingibjörg Sólrún: „Skipulagsmálin sýna þetta best, en ég held að í þeim málaflokki sé meiri hlutinn kominn lengra í því að útrýma lýðræðislegum vinnubrögðum og það með dyggilegri aðstoð ýmissa embættismanna. Það er hrikalegt að horfa upp á hvað réttur hins almenna borgarbúa er fótum troðinn í þessum málum."

Fleira væri hægt að vitna í sem Ingibjörg Sólrún segir í þessu viðtali.

Á fundi skipulagsnefndar borgarinnar sem haldinn var 29. febr. 1988 gerir Alfreð Þorsteinsson borgarfulltrúi miklar bókanir. Ég vil vitna í hluta af þeim, með leyfi forseta:

„Hins vegar er ljóst að staðsetning ráðhúss við norðvesturenda Tjarnarinnar er umdeilanleg og ýmsum annmörkum háð. Með tilliti til þess hversu lítil lóð er, er húsið í stærra lagi miðað við lóð. Slíkt ætti þó ekki að koma að sök ef ekki kæmi fleira til. Er þar átt við væntanlegar nýbyggingar Alþingis sem ráðgert er að rísi við Kirkjustræti, Tjarnargötu og Vonarstræti. Ef Alþingi stendur fast við þau byggingaráform er ljóst að hagsmunaárekstrar verða milli Alþingis og borgaryfirvalda, þar sem þetta svæði rúmar ekki bæði ráðhús og nýbyggingar Alþingis með allri þeirri starfsemi sem þessum stofnunum fylgja. Hefur fækkun bílastæða í kjallara ráðhússins aukið enn á þann vanda. Þetta þýðir m.ö.o. að haldi borgaryfirvöld sínu striki um ráðhúsbyggingu við norðvesturenda Tjarnarinnar verður það á kostnað Alþingis sem ekki fær nægilegt svigrúm fyrir framtíðarbyggingar sínar samkvæmt þeim hugmyndum sem nú eru uppi."

Þetta segir Alfreð Þorsteinsson borgarfulltrúi. En síðast en ekki síst vil ég vitna hér í virðulegan forseta Sþ., Guðrúnu Helgadóttur. Hún segir í Dagblaðinu 15. okt. sl.:

„Ráðhúsið breytir auðvitað öllu í sambandi við byggingu Alþingishúss. Það er t.d. engin leið að gera sér grein fyrir hvernig umferðin verður í kringum húsið eða næsta nágrenni. Því veit enginn hvort pláss verður fyrir stækkun Alþingishúss. Þegar hún var áformuð var ekki farið að ræða um ráðhús á þessum stað," segir Guðrún Helgadóttir.

Og svo eru sumir þm. Sjálfstfl. undrandi yfir því að sú tillaga sem hér er til umræðu sé flutt þó að margir borgarfulltrúar séu í vafa um það hvort Alþingi geti haldið hér áfram starfsemi sinni.

Það hefur ýmislegt komið fram í blöðum og í ræðum manna. Menn tala t.d. um forneskju og forsjárhyggju mína og tala í fyrirlitningartón um fyrirgreiðslu sem ég og ýmsir aðrir reynum gagnvart þeim sem hafa orðið undir í kerfinu, þar sem kúgun, okur, valdbeiting og klíkuskapur veður uppi. Hvað segir þessi málflutningur um þá sjálfa sem þannig hugsa og tala? Þeir nota upphrópanir, sleggjudóma, dylgjur og jafnvel rógburð án þess að færa nokkur málefnaleg rök fyrir máli sínu. Þeir nota vald sitt og samtryggingu til þess að vaða yfir skoðanir og rétt annarra í nafni lýðræðis, frelsis eða nútímalegra vinnubragða. Á hvað minnir þetta? Minnir þetta ekki óhugnanlega á lénsskipulag miðalda þar sem hinir eðalbornu gátu leyft sér næstum hvað sem var í skjóli auðs og valds og boðuðu öðrum hina réttu skoðun, hina réttu trú? Hver er munurinn? Þetta er mikil og hættuleg sjóblinda og elur af sér kerfi þar sem misrétti og ofbeldi þrífst í ýmiss konar myndum og kemur hvað harðast niður þar sem síst skyldi, t.d. á börnum þessa lands.

Við skulum minnast þess að við sem sitjum hér í umboði þjóðarinnar á Alþingi Íslendinga berum mikla ábyrgð. Og ef við glötum dómgreind okkar og siðgæðisvitund og förum ekki eftir settum reglum í hvívetna, hvernig fer þá fyrir okkar þjóð?

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Eftir að ég ræddi þetta mál hér fyrr við umræðuna sl. mánudag féllu nokkur vinsamleg orð í minn garð og þess álits sem ég túlkaði í mínu máli þetta varðandi. Það var hv. þm. Geir H. Haarde sem sá ástæðu til þess að víkja að mínu máli á mjög hlýlegan hátt sem liggur fyrir í þingtíðindum. Og síðan kom hv. fyrrv. forseti Sþ., Þorv. Garðar Kristjánsson, og vísaði til þess sem hv. 17. þm. Reykv. Geir H. Haarde hafði mælt í minn garð því hann hefði tekið af sér ómakið, eins og hv. þm. orðaði það, að svara ofstæki og köpuryrðum hv. 2. þm. Austurl. út af þessu máli.

Hvað skyldi nú valda þessum ummælum hv. þm. sem við þekkjum að hógværð einni í málflutningi? Voru það köpuryrði sem ég lét falla í garð hv. þm.? Ég tel ekki svo vera. Ég tel að ég hafi rætt þetta mál hér á efnislegum forsendum og hafi þetta eitthvað komið við hv. þm., þá eru það einhverjar aðrar ástæður sem lágu þar að baki heldur en fram komu í mínu máli. Enda gerði hv. 17. þm. Reykv. ekki tilraun til að rökstyðja sitt mál, nánast minni tilraun, ef hægt er að stigbreyta, heldur en hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson sem talaði fyrr við umræðuna.

Það er alveg ljóst að hv. þm. Reykv., sem hér sitja á virðulegu Alþingi, eiga eitthvað erfitt með samvisku sína í sambandi við þetta mál, virðast a.m.k. hafa ástæðu til þess að koma hér í ræðustól til að skjóta skildi fyrir ákvörðun meiri hluta borgarstjórnar Reykjavíkur varðandi byggingu ráðhúss í norðurenda Tjarnarinnar í Reykjavík. Ég skil það ósköp vel að þessum þm. — fyrst þeir á annað borð kjósa að reyna að skjóta skildi fyrir þennan meiri hluta borgarstjórnar Reykjavíkur — sé ekki beinlínis rótt.

Hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson kom hins vegar öllu meira á óvart í sínum málflutningi. Hann staðhæfði þar m.a. orðrétt, með leyfi virðulegs forseta: „Á þeim rúmum 20 árum sem síðan eru liðin [þ.e. frá staðfestingu aðalskipulags Reykjavíkur] veit ég ekki til að nokkru sinni hafi Alþingi gert athugasemd við þessa ákvörðun eða mótmælt henni. Ég veit ekki heldur um mótmæli eða athugasemdir einstakra þm."

Ég verð að segja að mér finnst þetta nokkuð langt seilst hjá hv. þm. í málflutningi þegar hér liggja fyrir í umræðu næstliðinna ára, 1986 og 1987, ákveðnar og sumpart alvarlegar athugasemdir af hálfu einstakra þm. varðandi fyrirhugaða byggingu bæði ráðhúss og þinghúss og einkum litið á þessi mál í samhengi, þ.e. hið skerta svigrúm fyrir Alþingi með ákvörðun meiri hluta borgarstjórnar Reykjavíkur að reisa og, ég hef orðað það svo, að troða niður ráðhúsi Reykjavíkurborgar hér í næsta nágrenni þingsins.

Ég hef hér handa á milli þessar þingumræður sem fóru fram m.a. við umræðu frv. til fjárlaga fyrir árið 1987, þ.e. í desembermánuði 1986. Það fer kannski ekkert illa á því að ég vitni aðeins, virðulegur forseti, í þá umræðu og velji þá hv. sessunaut þáv. hæstv. virðulegs forseta Sþ., þ.e. ummæli hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar, sem mælti svo þegar hann gerði grein fyrir atkvæði sínu:

„Herra forseti. Samkvæmt tillögu þessari er gert ráð fyrir að hefja hönnun húss sem aldrei hefur verið samþykkt að byggja. Málið hefur aldrei verið rætt á Alþingi, aðeins kynnt í þingflokkum. Þar að auki er fásinna að byggja hér hús af þessari stærð, gerð og útliti sem engin þörf er á vegna starfa Alþingis og verður vonandi aldrei byggt. Ég segi nei."

Þetta var fyrirvari þessa hv. þm. og þannig má rekja mann eftir mann sem steig hér í stól til þess að gera athugasemdir, en svo kemur þáv. forseti þingsins og segir að hann hafi bara í 20 ár ekki heyrt athugasemdir frá þm. Þetta er langt seilst. Eg get vel trúað því að svona eftir á að hyggja sé hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson kannski ekkert mjög hreykinn af sinni frammistöðu sem forseti þingsins eins og hún liggur fyrir í fskj. með þeirri tillögu sem hér liggur fyrir til umræðu. Í orðsendingu frá forsetum Alþingis, af því að ekki gátu þeir svarað beint erindi hv. þm. Stefáns Valgeirssonar heldur kusu að nota Morgunblaðið til þess að svara óbeint í óbeinni ræðu því erindi sem hann hafði beint til þm., segir með leyfi forseta:

„Gert er ráð fyrir að núverandi Alþingishús verði notað til frambúðar. En til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að byggja hús í nálægð Alþingishússins fyrir þá starfsemi sem rúmast ekki þar. Þeim húsum er ætlaður staður á landspildunni sem Alþingi hefur til umráða, annars vegar á milli Kirkjustrætis og Vonarstrætis og hins vegar milli Templarasunds og Tjarnargötu.

Alþingi leggur áherslu á að tekið verði fullt tillit til þarfa þess við ráðstöfun byggingarlóða í næsta nágrenni Alþingishússins."

Þetta segir orðrétt í orðsendingunni frá forsetum Alþingis á þessum tíma, segir m.a., virðulegur fengu málið til umsagnar? Það var húsameistari ríkisins og sá arkitekt sem hafði unnið 1. verðlaun í samkeppni um húsið. Í umsögn húsameistara ríkisins, sem vísað er til sem rökstuðnings af forsetum Alþingis á þessum tíma, segir m.a. virðulegur forseti:

„Að sjálfsögðu hefði verið æskilegt fyrir Alþingi, sem á nánast allar lóðir milli Vonarstrætis og Kirkjustrætis, að engin bygging hefði risið milli lóða Alþingis og Tjarnarinnar. Þá hefðu byggingar Alþingis í reynd staðið áfram á Tjarnarbakkanum, svo sem Alþingishúsið gerði þegar það var reist.

Síðan fyrrnefnt aðalskipulag var staðfest hefur mátt búast við byggingu ráðhúss á þessu svæði, þótt sú ákvörðun hafi í gegnum árin átt misjafnlega miklu fylgi að fagna. Sé horfst í augu við þá staðreynd að ráðhús gæti risið við Tjörnina, sem í reynd var gert í samkeppni Alþingis um nýbyggingu fyrir starfsemi Alþingis á árinu 1986, þá ætti Alþingi eftir atvikum að geta vel við unað fyrirliggjandi tillögu að ráðhúsi."

Þetta eru stórmannleg viðbrögð sem þarna liggja fyrir. Alþingi á hnjánum gagnvart meiri hluta borgarstjórnar Reykjavíkur og lætur bjóða sér það sem nú blasir við.

Og í niðurstöðu húsameistara ríkisins þar sem að þessu er vikið er talað um að þessi bygging „hafi engin veruleg áhrif á hugmyndir Alþingis um nýtingu sinna lóða". Ja, með mörgum hætti má orða hlutina. Því gerir húsameistari ríkisins ekki sérstaka athugasemd við byggingu nýs ráðhúss?

Arkitektinn vísar bara í að þarna skapist einhver viðbótar tjarnarpollur í sambandi við nýja húsbyggingu fyrir Alþingi og ég vísa hv. þm. á að lesa sér til um það í fskj. á bls. 6 í þskj. 34.

Virðulegur forseti. Það er upplýst í dagblöðum að undirbúningskostnaður vegna nýrrar byggingar fyrir Alþingi nemi nú um 32 millj. kr. Það liggur jafnframt fyrir að margir hafa ekki trú á því að þetta hús eigi eftir að rísa, virðulegur forseti, eftir þær ákvarðanir sem teknar hafa verið af meiri hluta borgarstjórnar Reykjavíkur, það sé verið að kasta þessum fjármunum á glæ. Ég er í hópi þeirra sem líta svo til að því miður sé búið að loka á það svigrúm sem Alþingi þurfti að hafa hér fyrir sína starfsemi í Kvosinni í Reykjavík og þess vegna hljóti Alþingi að

taka þetta mál til umræðu og ákvörðunar í ljósi þess offors sem gætt hefur hjá meiri hluta borgarstjórnar Reykjavíkur í sambandi við ráðhúsið og þær ákvarðanir sem þar liggja fyrir. Ég geri ekki ráð fyrir því að menn sjái að sér og moki ofan í gryfjuna sem er hér í norðurenda Tjarnarinnar um þessar mundir.

Virðulegi forseti. Það hefði kannski verið ráðlegra í ljósi þessara staðreynda sem við blasa að forsetar þingsins notuðu frekar fjármuni til þess að hressa upp á beitarhúsin okkar hérna í kringum þinghúsið, þ.e. þessi sex hús sem Alþingi hefur starfsemi sína í hér í grenndinni, í staðinn fyrir að verja því í hönnun á húsi sem trúlega á ekki eftir að rísa. Ástand þessara húsa hér á Alþingislóðinni, eigna Alþingis, er þinginu ekki til sóma og ég held að það væri verðugt fyrir virðulegan forseta að fara með þingheim í vettvangskönnun um lóðir og lendur þingsins og líta á það. Og gjarnan mætti virðulegur forseti bjóða borgarstjóranum í Reykjavík að vera leiðsögumaður nr. eitt í þeirri ferð.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka þátt í umræðunni um þessa tillögu, en finnst að það sé rétt. Ég tel að hér hafi með óréttmætum hætti verið ráðist á meiri hluta borgarstjórnar Reykjavíkur. Því það er nú einu sinni þannig að hver sveitarstjórn, hver sem hún er og hvar sem hún er, ef hún hefur meiri hluta, þá hefur hún leyfi til að byggja hvort sem það er ráðhús, dagheimili eða einhver önnur stofnun. Það er hennar ákvörðun. Ég held að það fari ekki á milli mála að borgarstjórn Reykjavíkur hefur meiri hluta og þess vegna getur hún tekið þessa ákvörðun hvort sem mönnum líkar það betur eða verr.

Ég tel líka að hér hafi fallið heldur hörð ummæli um meiri hluta borgarstjórnar og borgarstjóra sem hefðu verið betur geymd. Það virðist sem hér hafi öfundsýki í garð Reykjavíkur orðið til að auka á spennu milli landsbyggðarinnar og Stór-Reykjavíkursvæðisins sem er alls ekki gott. Það hafa verið byggð hús úti á landsbyggðinni. Ég minni á stjórnsýsluhúsið á Ísafirði, en ef við færum að umreikna það miðað við stærð gætum við endalaust komist að þeirri niðurstöðu að ráðhúsið hérna væri náttúrlega allt of lítið. Það hefur enginn fjallað um það hér. (Gripið fram í.) Það er alveg ljóst að svo verður að vera að sveitarstjórn ákveður sín mál sjálf og það án okkar hér á Alþingi.

Hitt er svo annað mál hvort við erum með eða móti ráðhúsi eða hvort við erum með þessari staðsetningu á ráðhúsi sem slíku. Það er allt annar hlutur og það getum við rætt um sem slíkt. Við eigum auðvitað að ræða um það hvort við teljum að Alþingi hafi hér rými í framtíðinni eins og okkur þykir réttmætt eftir byggingu þessa ráðhúss. Það er allt annar hlutur. En ákvörðun sveitarstjórnar verður ekki hnekkt að þessu leyti. Hún hlýtur að ákveða það sjálf. Hún er kosin til þess og hefur meiri hluta og það er meira en núv. ríkisstjórn hefur. Hún hefur ekki meiri hluta hér á Alþingi.

Ég minni líka á ýmsar hugmyndir um að færa Alþingi, t.d. að Þingvöllum, sem hafa oft komið upp. Það er hugmynd sem menn gæla við. En hitt er annað mál að oftast eru þingin í höfuðborgum og við verðum að telja þetta höfuðborg okkar. Þannig að ef við lítum til lengri tíma, þá held ég að við hljótum að hafa Alþingi hér á þessu svæði.

En ég gat ekki látið hjá líða að taka til máls við þessa umræðu því að ég tel að þessar árásir á borgarstjórn, hvort sem ég er sammála því eða ekki, séu ekki réttmætar. Ég held að menn hefðu átt að beina spjótum sínum að öðrum stjórnum sem ekki hafa meiri hluta.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Hv. 2. þm. Austurl. vék nokkrum orðum til mín í ræðu sinni og þótti ég hafa verið nokkuð óforsetalegur og stórorður þegar ég mælti til hans. Hv. þm. verður að gera sér grein fyrir því að þegar ég var forseti, þá var það mitt hlutverk að gæta þess að hann gæti talað fyrir sínu máli, hvers eðlis sem það var, hindrunarlaust. En þegar ég er ekki forseti, þá er það skylda mín að ræða efnislega um þau mál sem hann er að tala um og það gaf mér tilefni til þess sem ég sagði. Og það má hver sem er lá mér þó ég taki nokkuð upp í mig í tilefni af því að hv. þm. er að gera því skóna að Alþingi Íslendinga flytji austur á Fljótsdalshérað út af því máli sem við hér ræðum.

Hv. þm. vitnaði í hv. 8. þm. Reykv. þegar hann gerði grein fyrir atkvæði sínu við atkvæðagreiðslu um fjárveitingu til nýbyggingar Alþingis. Hann las það sem hv. þm. sagði. Ég veit að hv. þm. nú hafa tekið eftir því sama og ég, að hv. 8. þm. Reykv. var ekki að tala um ráðhúsið í Reykjavík enda minntist hann ekki einu orði á það. Það er nokkuð langt seilst hjá hv. þm. að teygja sig í slíkar tilvitnanir. Það er líka nokkuð langt seilst, svo að ég noti hans eigin orð, þegar hann vitnar í umsögn húsameistara ríkisins, fer með nokkrar setningar slitnar úr samhengi en varast að fara með lokaorð í áliti húsameistara sem eru á þessa leið: „Undirritaður telur því ekki að Alþingi hafi sérstaka ástæðu til þess nú að gera athugasemd við byggingu nýs ráðhúss við norðurenda Tjarnarinnar í Reykjavík.“ — Ekki meira um hv. 2. þm. Austurl.

Hv. flm. þessarar till., 6. þm. Norðurl. e., kvartar líka undan því að ég hafi gerst nokkuð harðorður í þessum umræðum og vitnar til þess sem áður var þegar ég var forseti þingsins. Það er mér ekki til ama þó að vitnað sé til þess, en ég ætla ekki að fara að svara einstökum fullyrðingum hv. flm. tillögunnar í ræðu hans hér áðan. Ég ætla ekki að fara neinum orðum um það sem hann kallaði háðstón minn um netlög Alþingis í Tjörninni. Ég ætla að leiða þetta hjá mér.

En ég vil koma að einu sem ég vil ekki láta ómótmælt. Hv. þm. sagði að ég hefði dróttað því, eins og hann orðaði það, að hæstv. forseta að hann

hefði ekki staðið í stöðu sinni og hann hefði átt að vísa frá þeirri þáltill. sem hér er til umræðu. Ég vil taka það skýrt fram að ef ég hefði verið í forsetaembætti, þá hefði ég ekki vísað þessari þáltill. frá. Það verður nefnilega oft að gera fleira en gott þykir. (**SV:** Þá er hún þinghæf.) Já, frá því sjónarmiði er hún þinghæf þó að það sé meira en réttlætanlegt að segja að hún sé það naumlega. Og það er það sem ég hef lagt áherslu á.

Mér finnst þessar umræður vera að fara of mikið á dreif og við missum sjónar á aðalatriðum þessa máls. Og það er að samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur hefur verið gert ráð fyrir ráðhúsi síðan 1967 við norðurenda Tjarnarinnar. Þetta er það fyrsta sem við skulum hafa í huga. Í öðru lagi skulum við hafa í huga: Engin mótmæli hefur Alþingi sjálft haft uppi gegn þessu í 20 ár. Í þriðja lagi: Í samkeppni Alþingis um nýbyggingu fyrir starfsemi Alþingis, sem fram fór 1986, var gert ráð fyrir ráðhúsinu þar sem það er nú í byggingu.

Í þáltill. þeirri sem við nú ræðum leggur svo hv. 6. þm. Norðurl. e. til að Alþingi kanni öll lagaleg atriði ráðhúsmálsins, óski eftir því við borgarstjórn að framkvæmdir verði stöðvaðar án tafar. Og hér dugar ekkert múður. Ef borgarstjórn ekki hlýðir skal Alþingi láta dómstóla stöðva framkvæmdir. Þetta er ekkert að vefjast fyrir hv. þm. þó að málsmeðferð og allar ákvarðanir um byggingu ráðhússins hafi verið teknar eftir lögformlegum leiðum.

Hv. 6. þm. Norðurl. e. finnst, eins og ég áður vék að, að ég hafi farið hörðum orðum um þessa tillögu hans. Ég segi: Því miður. Tillagan og málatilbúnaður gefa svo vissulega tilefni til þess og ég fæ mig ekki til þess að segja að Alþingi sé virðing að máli þessu. En hv. þm. hefur sérstaklega haldið því fram að hann vilji standa vörð um virðingu Alþingis, sérstaklega sem aldursforseti Alþingis. Hv. þm. gerir það ekki með þessum tillöguflutningi. Ég fæ mig ekki, hvort sem hv. þm. líkar betur eða verr, til að tala mér um hug um þetta atriði. Hitt er nær sanni að tillagan sé eins og ég hef orðað það: naumast þinghæf.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. (**Gripið fram í:** Nei, ekki herra, hæstv.) — Herra forseti. Það má vel vera að hv. 5. þm. Vestf. telji að hann sé hér enn forseti og eigi að leiðrétta menn í ræðustól, en það er liðin tíð. En þetta er sama gildran og flestir ráðherrar hafa fallið í. Það er eins og þeir komist ekki úr sínum embættum fyrr en á miðju kjörtímabili eða þá seinna og sumir virðast lifa af því það sem þeir eiga eftir þingferil sinn hafi þeir verið ráðherrar í einhverri grein, að þá telji þeir að þeim beri afskiptasemin.

Ein af ástæðum fyrir því að ég kem hér upp er sú að mér blöskraði svo gjörsamlega þegar Ríkissjónvarpið birti þær fréttir að þessi tillaga sé naumast þinghæf og það er haft eftir fyrrv. forseta. Sú makalausa ósvífni að láta sér detta það í hug að hann, og ekki fer það nú á milli mála, eigi að vera dómari til að dreifa þeim upplýsingum til ríkisfjölmiðla hvað sé þinghæft og hvað ekki, gengur alveg fram af mér. Fulltrúi, sem kosinn hefur verið með fullum stuðningi Sjálfstfl. svo best er vitað til að gegna fyrsta varaforsetaembætti í þinginu, hefði að sjálfsögðu verið sá eðlilegi aðili til að svara slíku, hvort ágreiningur væri uppi á meðal forseta um það hvort taka bæri tillögu fyrir eða ekki. Ég tel að þetta kalli á það að hv. 5. þm. Vestf. verði að leiðrétta það svo að það skiljist hjá alþjóð og koma því á framfæri við sjónvarpið að hafi hann verið þeirrar skoðunar að till. sé ekki þinghæf, þá beri að leiðrétta það. Því allir skildu þetta á þann veg þegar fréttin kom að ef hann hefði setið í sæti forseta, þá hefði öðruvísi verið á þessu tekið. Þetta tel ég að þurfi að koma hér fram vegna þess að það er gjörsamlega ólíðandi að búa við þann fréttaflutning að forsetar verði fyrir árásum á þennan hátt í fjölmiðlum, að það sé nánast verið að láta að því liggja að þeir séu ekki hæfir til að gegna sínu starfi.

Ég ætla ekki að segja fleiri orð um þetta, en snúa mér að því sem ég vil að liggi fyrir á hreinu. Að sjálfsögðu eiga Reykvíkingar rétt á að byggja sitt ráðhús og að sjálfsögðu á löglega kjörinn meiri hluti að ráða því hvenær það er gert og hvar það stendur. Þetta fer ekkert á milli mála og þetta veit ég að hver einasti þm. á Alþingi Íslendinga telur að sé sjálfsagt mál.

Hitt er svo annað atriði að allir þurfa þegnar landsins að fara að lögum. Og það sem vekur spurningar í þessu sambandi er það hvort forsetar Alþingis hafi verið sér meðvitandi um það þegar þeir fengu bréf frá hv. 6. þm. Norðurl. e. að þeir hefðu ekki gætt lagalegs réttar Alþingis — og virðast ekki hafa hugsað sér að gera það. Þeir leita til húsameistara ríkisins, Garðars Halldórssonar, og hans umsögn er í alla staði góðra gjalda verð, en það breytir ekki því að það hefur fallið dómur í Hæstarétti um botn Mývatns og niðurstaðan er sú að Hæstiréttur dæmdi engum eignarréttinn yfir botninum. Það liggur ekkert fyrir hver á Tjarnarbotninn. Það liggur ekkert fyrir. Og hvað sem líður netalögnum og áhuga manna á silungsveiðum, þá er það hótfyndni þegar forsetar telja sig yfir það hafna að þurfa að svara bréfum á þeirri forsendu að það sé vandasamt að svara þeim. Hvers lags yfirlýsingar út í hött eru þetta? Eiga þeir að svara þeim bréfum einum sem eru svo einföld að gerð að það er enginn vandi að svara þeim? Á bara að safna hinu upp í hauga eða svara því óbeint? Eru engin takmörk fyrir því hvað menn láta frá sér fara? Auðvitað kallar það á það, þegar forsetar treysta sér ekki til að svara bréfum vafningalaust, að þeir leiti þá álits sér fróðari manna og í þessu tilfelli lögfræðinga.

Ég tel að öll umræða um þetta mál hafi núna snúist á þann veg að menn hafa viljað stimpla Stefán Valgeirsson sem einhvern sérstakan fjandmann Reykjavíkur. Ég les það ekki út úr þessu sem hér stendur. Ég les það ekki út úr því. Og ég hreinlega fullyrði að svo sé ekki.

Ég vil aftur á móti segja það að jafnstaðráðinn og ég er í því að hafa ekki af því afskipti hvar Reykjavík byggir sitt ráðhús, þá hlýt ég að hugleiða það með fullri virðingu fyrir því svæði sem við erum á, sem er að mörgu leyti hjarta höfuðborgarinnar, að það eru takmörk fyrir hve mikið er hægt að byggja hér, það er viðurkennt af öllum. Því að fari þéttleiki þessa svæðis mjög hátt upp, upp fyrir þær hugmyndir sem settar hafa verið fram í skipulagslögum, á þeirri forsendu að allir verði að nýta sínar lóðir miklu meira en í topp, að því er virðist, þá hlýtur það að vera mikið umhugsunarefni hvort ekki sé þá eðlilegt að Alþingi velji þann kostinn að færa sína starfsemi úr miðbænum, ekki sem hótun, ekki sem ógnun og enginn er að tala um að það sé gert af fjandskap við Reykvíkinga, heldur að við hugleiðum hvort raunhæft sé að fara í þær miklu byggingarframkvæmdir sem hér standa til með byggingu þinghússins. Ég segi fyrir mig að mér sýnist að það sé eðlilegt að menn endurskoði sína afstöðu í þeim efnum í rólegheitum, ekki í neinum æsingi. Því það blasir m.a. við að verulegt umferðaröngþveiti gæti orðið á þessu svæði í framtíðinni vegna sívaxandi bílaumferðar að miðborg Reykjavíkur, bílaumferðar sem þegar í dag gerir þar oft erfitt um vik að menn komist leiðar sinnar.

Ég vænti þess að lagður verði til hliðar sá vopnaburður að vegna þess að menn taka hér fyrir á Alþingi Íslendinga umræðu um byggingarframkvæmdir í Reykjavík þá líti menn svo á að verið sé að ráðast að einhverjum helgum rétti manna til þess að hafa þar einir alla umsögn um. Er ekki Reykjavík eina sveitarfélagið sem getur eða segja má með sanni að hafi með höndum stórframkvæmdir í öðrum sveitarfélögum? Eru þeir þá með slíku að ráðast á einhvern rétt þeirra sveitarfélaga? Auðvitað þurfa þeir að gera það innan laga og að sjálfsögðu verða menn að gera sér grein fyrir því að það þrengist þá mjög það umræðuefni sem þm. Reykv. mega hafa megi þeir ekki tala um neitt annað en það sem er innan borgarmarkanna.

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Hér hafa farið fram umræður um þáltill. sem fjallar um athugun á lagalegu réttmæti byggingar ráðgerðs ráðhúss við Reykjavíkurtjörn o.fl. Við Reykvíkingar erum ekkert hafnir yfir aðra Íslendinga, það er alveg rétt. En ég held að landsbyggðarfólkið yrði ekki ánægt ef þm. Reykv. færu að koma með þáltill. um málefni þeirra Íslendinga sem á landsbyggðinni búa um þeirra sveitarstjórnarmálefni.

Það er alveg með ólíkindum hvernig sumir hv. þm. tala um löglega kjörna fulltrúa í borgarstjórn Reykjavíkur. Það er þeim greinilega mikill þyrnir í augum að meiri hluti Reykvíkinga hugsi á annan hátt en þeir sjálfir. En þetta verða þeir bara að sætta sig við. Efnislega er þetta mál um ráðhúsið afgreitt. Og þetta verða sömu hv. þm. líka að sætta sig við.

En þar sem þessi till. er hér til umræðu langar mig til þess að benda aðallega á tvö atriði. Í till. er talað um að forsetum Alþingis skuli falið að fá þrjá trausta lögfræðinga til að kanna lagaleg atriði málsins og gefa sérálit. Ég spyr: Hvernig á þetta mat að fara fram? Og hvar endar sú umræða ef þm. hafa forgöngu á því að draga íbúa þessa lands í dilka á þennan hátt? Eigum við kannski að fara að leggja mat á það hvaða þm. eru traustir? Á að skipa sérstaka matsnefnd um það t.d. hvaða þm. eru nógu traustir til þess að gerast ráðherrar? Þetta hlýtur að vera vert umhugsunar. Seinna atriðið sem ég vildi nefna er að í lok till. segir: „Skal forsetum Alþingis falið að láta vinna að því fyrir dómstólum að stöðva framkvæmdirnar þar til ótvírætt liggur fyrir að framkvæmdirnar séu lögmætar." Hér er löggjafarvaldið að seilast til dómsvaldsins. Það er að sjálfsögðu mjög alvarlegt mál því þrígreining valdsins er grundvallaratriði í hinu íslenska lýðræðisþjóðfélagi. Þetta verða hv. þm. að hafa í huga og þetta atriði hlýtur einnig að skipta máli í umræðum um það hvort þessi till. teljist þinghæf.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegur forseti. Ég skal ekki vera langorður um þessa till., ég talaði hér fyrr í umræðunni. En vegna orða hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar þá hlýt ég að undirstrika það að Reykjavíkurborg hefur farið að lögum í sambandi við byggingu ráðhússins og ég vísa m.a. til orða hæstv. félmrh. hér fyrr í þessari umræðu. Það er kannski umhugsunarefni fyrir okkur hv. þm. hvort hv. þm. Stefán Valgeirsson og Ólafur Þ. Þórðarson séu að bera brigður á gjörðir hæstv. félmrh. Ef svo er þá hljótum við að líta þannig á að í því felist ákveðið vantraust á þann ráðherra í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar.

En varðandi ræðu hv. þm. Stefáns Valgeirssonar verð ég að segja að mig furðar að hann skuli eiginlega ráðast að þm. fyrir það að leyfa sér að hafa skoðanir á þáltill. Ég flutti hér fyrr í umræðunni mjög málefnalega ræðu um þessa þáltill., sleppti öllum stóryrðum um persónur manna en hv. þm. Stefán Valgeirsson gat ekki stillt sig um það að vera með óviðurkvæmileg orð og útúrsnúning varðandi einstaka þm. Ég mótmæli slíku orðalagi, ég mótmæli slíkri framkomu gagnvart þm. sem leyfa sér að hafa skoðanir á málum þótt hv. stjórnarþingmenn beri þau fram hér í sölum Alþingis.

Enn hafa þessir hv. þm. sem styðja ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar ekki náð því stigi að þeir geti bannað stjórnarandstæðingum að flytja hér mál sitt og mótmæla þáltill. ef þeim sýnist svo. Það er tími til kominn að þessir hv. þingmenn átti sig á því.

En varðandi það sem hv. þm. Stefán Valgeirsson segir í ræðu sinni: „ég gerði ekki till. um að byggingu ráðhússins yrði stöðvuð", þá leyfi ég mér að vísa enn einu sinni í orðalag till. sjálfrar og í grg. Með leyfi forseta vil ég lesa hér eftirfarandi úr till. Stefáns Valgeirssonar til þál., þar sem segir: „Dugi tilmæli Alþingis ekki til að stöðva framkvæmdir borgarstjórnar Reykjavíkurborgar í Reykjavíkurtjörn til

bráðabirgða skal forsetum Alþingis falið að láta vinna að því fyrir dómstólum að stöðva framkvæmdirnar þar til ótvírætt liggur fyrir að framkvæmdirnar séu lögmætar."

Nú hefur hæstv. félmrh. úrskurðað að þessar framkvæmdir séu löglegar. En ég vísa til þess sem segir í grg. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta: „Þingsályktunartillagan miðar að því að könnuð verði ítarlega m.a. öll lagaleg og skipulagsleg atriði sem tengjast ráðgerðri byggingu ráðhússins. Þau gögn verði lögð fyrir Alþingi og Alþingi sjálft fái tækifæri til að móta afstöðu sína til málsins og gera ráðstafanir ef það gefur tilefni til. Einnig að framkvæmdir verði stöðvaðar til bráðabirgða á meðan kannanir fara fram." Er þetta ekki ótvírætt? Það skal stöðva byggingarframkvæmdir skv. orðalaginu. Þessu mótmælum við Reykvíkingar. Og ég mótmæli því einnig hér fyrir hönd okkar Reykvíkinga að það sé ráðist á borgarstjóra Reykjavíkur, Davíð Oddsson, hér úr ræðustóli á Alþingi trekk í trekk af þeim mönnum sem eru að reyna að koma í veg fyrir að við Reykvíkingar getum byggt ráðhús sem löglega er til stofnað.

Borgarstjóri Reykjavíkur, Davíð Oddsson, á ekki sæti á Alþingi. Það er ódrengilegt að ráðast að borgarstjóra með þeim hætti sem hér hefur verið gert. Við mótmælum þessu. Þetta er framferði sem á ekki við á hv. Alþingi.

Eitt var það sem hv. þm. Stefán Valgeirsson sagði, sem kom auðvitað málinu ekki við, en menn hljóta þó að staldra við. Hann talaði um auð og völd. Ég segi fyrir mitt leyti. Hverjir hafa verið valdamestir á Íslandi síðustu tvo áratugi? Ég veit ekki betur en að flokkur Stefáns Valgeirssonar, Framsfl., hafi verið valdamesti flokkur á Íslandi síðan 1971. Og ég veit ekki betur en að eftir að hv. þm. þóttist hafa yfirgefið þann flokk, sem er náttúrlega ekkert annað en sýndarmennska, hafi hann tryggt þessum flokki áframhaldandi völd á Íslandi. Um hvaða valdamenn er hv. þm. að tala? Ég veit ekki betur en Framsfl. hafi komið sér þannig fyrir að völd hans eru afgerandi í stjórnsýslukerfi þjóðarinnar. Hans völd eru afgerandi í bönkum, í sjóðum og í opinberum stofnunum. Um hvaða valdamenn er hv. þm. að tala?

Núverandi ríkisstjórn var mynduð til að styrkja þetta valdakerfi. Hún var mynduð til að styrkja, ja, þann auð sem er til ráðstöfunar í þessu valdakerfi hvernig sem það er útfært á hverjum tíma. Ég held að óbreyttir borgarar á Íslandi verði ekki sakaðir um að hafa of mikil völd eða að auður sé það mikill hjá hinum almenna manni að hv. þm. þurfi að gæla við það, þótt talað sé við þá um þáltill., að fara að tala um óskyld atriði eins og auð og völd. En þar sem þm. bauð upp á það fannst mér rétt að undirstrika það að völdin eru fyrst og fremst hjá Framsfl. og hv. þm. Stefáni Valgeirssyni.

Ég skal, virðulegi forseti, ekki lengja þessa umræðu meira en orðið er en vil aðeins segja að lokum að hv. þm. Stefán Valgeirsson er kóróna þessa sköpunarverks. Valdakerfis Framsfl. á Íslandi.

Að lokum, háttvirti forseti, held ég að ýmsir hv. þm. ættu að tala varlega um auð og völd því það getur hitt þá sjálfa, eins og ég hef undirstrikað hér. Við Reykvíkingar stöndum auðvitað að baki borgarstjórn Reykjavíkur í byggingu ráðhúss. Það ráðhús mun verða borginni og íslensku þjóðinni til sóma.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég hef ekki vefengt rétt Reykjavíkurborgar, meiri hluta borgarstjórnar Reykjavíkur til að taka ákvarðanir um byggingu ráðhúss Reykjavíkur. Það hef ég ekki gert í þessari umræðu. Ég hef hins vegar leyft mér að benda á sérstöðu Reykjavíkur sem sveitarfélags. Sveitarfélags sem hefur tekið að sér þær skyldur sem fylgja því, að mínu mati, að vera höfuðstaður Íslands. Og ég tel að það hafi ekki verið hugað að því sem skyldi varðandi byggingu ráðhússins af ráðamönnum í Reykjavík. Ég efast satt að segja um að borgarfulltrúar í Reykjavík sem tekið hafa þátt í þessari ákvörðun hafi gert sér ljóst að hún gæti leitt til þess — líkurnar eru kannski mismunandi miklar að mati manna — að Alþingi yrði að endurskoða afstöðu sína varðandi aðsetur þingsins hér í miðborg Reykjavíkur. Það er það sem hér er til umræðu af minni hálfu. Það eru afleiðingarnar af því sem gerst hefur og ég harma að menn skuli ekki hafa haft víðsýni til þess að skoða þessi mál í því samhengi sem þeim ber.

Flm. (Stefán Valgeirsson):

Virðulegi forseti. Já, ég get víst ekki rætt þetta mikið en ég vil byrja á að spyrja að því, í sambandi við það sem hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson sagði um að það hefði verið ráðgert fyrir löngu að byggja ráðhúsið á þeim stað sem hafin er bygging á: Hvers vegna þurfti þá borgarstjórinn í Reykjavík í októbermánuði sl. að skrifa skipulagsstjórn borgarinnar og biðja þá um að setja ráðhúsið inn á byggingarreit, þar sem það var ekki áður á þessu skipulagi? Hvers vegna var það? Í sambandi við hvort þarna er staðið löglega að málum eða ekki vitna ég bara aftur í það sem ég var að lesa upp, það sem minnihlutafulltrúar í borgarstjórn Reykjavíkur hafa látið frá sér fara um þessi málefni. Og ætlar meiri hlutinn eða fulltrúar hans hér að halda því fram að þeir séu ekki marktækir eða að ekkert sé athugavert við vinnubrögðin í þessu máli? Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson reyndi enn að snúa út úr því sem ég sagði. Það sem ég var að vitna í í hans máli var að hann sagði: „er gert með nýrri lagasetningu". Hvar er það í minni till.? Með nýrri lagasetningu? Það stendur í hans máli frá fyrri umr. En hann vill ekki viðurkenna það.

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins segja það að lokum að sem alþm. hef ég ekki fengið nokkur gögn eða bein svör frá forsetum Alþingis um þetta mál og forseti borgarstjórnar Reykjavíkur hefur með bréfi til mín stuðlað að því að ég fái gögn um málið.

Borgarstjórinn í Reykjavík hefur m.a. sagt till. óskiljanlega. Hins vegar hef ég orðið áþreifanlega var við að allur almenningur skilur fullkomlega hvernig meiri hluti borgarstjórnar Reykjavíkur vinnur. Og mér hafa borist ótal gögn sem benda til þess að ég hefði átt að leggja fyrir sameinað Alþingi till. um að sett væri á stofn rannsóknarnefnd þm. til þess að kanna málið eða í annan stað að óska eftir opinberri rannsókn á því hvernig meiri hluti borgarstjórnarinnar hefur staðið að þessari ráðhúsbyggingu. En hvers vegna? Hvernig mun hv. 4. þm. Vestf. Þorv. Garðari Kristjánssyni og öðrum forsetum Alþingis líða ef í ljós kemur að fara þarf með Alþingi héðan af þessu svæði síðar meir? Ég spyr?

Ástæðan fyrir mínum flutningi er einvörðungu að ég er að hugsa um það og vil að Alþingi verði hér í framtíðinni.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég hef ekki leyfi til þess að gera meira en örstutta athugasemd, og athugasemdin skal vera stutt.

Hv. 6. þm. Norðurl. e. spurði að því hvernig stæði á því, ef ákveðið hefði verið árið 1967 að ráðhús skyldi koma við norðurenda Tjarnarinnar, að borgarstjóri hefði svo þurft á þessu ári að skrifa til skipulagsyfirvalda til þess að fá leyfi til þess að staðsetja húsið? Þetta liggur í augum uppi. Aðalskipulagið var samþykkt 1967 en borgarstjóri þarf að sjálfsögðu að fara lögformlegar leiðir við framkvæmd málsins.

Hv. 6. þm. Norðurl. e. hefur talað um áhuga sinn fyrir þessu máli og ég vil ekki gera lítið úr honum. En það er rétt að það komi hér fram að meðan síðasta þing sat hófust framkvæmdir í ráðhúsmálinu. Hv. 6. þm. Norðurl. e. gerði þá ekkert í málinu. Hann færði þetta mál aldrei í tal við þáv. forseta þingsins svo mikilvægt sem honum finnst nú að þetta mál hafi verið.

Hv. 2. þm. Vestf. talaði hér áðan. Hann nýtur þess að ég hef ekki leyfi til þess að svara honum í þessum umræðum. Svo sannarlega hefði ég viljað hafa tækifæri til þess að tala við hann út af þeim dæmalausu missögnum og misskilningi sem fram komu í hans máli.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Mér er það minnisstætt úr umfjöllun um þetta mál þegar fréttamaður sjónvarps sagði sem svo: Hvað er landsbyggðarþingmaður að blanda sér í þessi mál? Þar fannst mér fáránlega spurt. Hann hefði að sjálfsögðu átt að orða sína spurningu sem svo: Hvað er þingmaður að skipta sér af því sem sveitarstjórn eða borgarstjórn Reykjavíkur er að gera? Það er ekki hægt að skipta þm. upp með þeim hætti sem fréttamaðurinn gerði, þm. hafa auðvitað allir sama rétt til þess að blanda sér í og hefja umræður um þau mál sem þeir telja skynsamleg. Ég veit t.d. ekki hvar ég sem þetta mæli mundi lenda í þessari flokkun sjónvarpsins þar sem ég er þm. fyrir landsbyggðarkjördæmi en hef alla mína ævi átt lögheimili hér í Reykjavík og á enn.

Ég held að þessi till. sé ekki mjög skynsamleg, það er mín skoðun. Aðallega vegna þess að hún er allt, allt of seint fram komin ef menn vildu hafa einhver áhrif á framgang þessa máls. Það hefur komið hér fram skýrt og skilmerkilega að borgarstjórn Reykjavíkur hefur í einu og öllu farið að lögum og hefur fullan rétt til að gera það sem þarna er verið að gera. Það er ekkert hægt að draga það í efa. Það er hægt að hafa ýmsar skoðanir á því hvort það sé skynsamleg ákvörðun að byggja svona hús á þessum stað. En það er ákvörðun réttra yfirvalda í Reykjavík og hún hefur verið tekin. Og ég satt að segja á svolítið erfitt með að skilja það þegar hv. þm. koma hér og segja að ástæða sé jafnvel til að setja sérstaka rannsóknarnefnd þingsins vegna þessa máls. Mér finnst það öldungis fráleitt. Menn geta deilt endalaust um ágæti þessarar ákvörðunar en hún var tekin af réttum aðila og hún var rétt tekin. Það er það sem stendur upp úr og það verðum við þm. að virða og ber auðvitað skylda til. En sem skattgreiðanda í Reykjavík hefði mér ekkert fundist óeðlilegt að reykvískir útsvarsgreiðendur fengju að greiða atkvæði um þetta mál, eins og leyft var t.d. að greiða atkvæði um hundahald í borginni. Það hefði mér fundist mjög eðlilegt og einnig mætti greiða atkvæði um ýmsar meiri háttar framkvæmdir borgarinnar eða borgarfyrirtækja sem kosta mörg hundruð milljónir. Það er hægt að spyrja borgarana að því hvort þeir vilji hafa hunda hér eða ekki en það væri vissulega ástæða til að spyrja þá um það sem meira er, það finnst mér vera umhugsunarefni og kannski gagnrýni vert. En að fara að skipa einhverja sérstaka rannsóknarnefnd Alþingis til að fjalla um þetta mál finnst mér vera gjörsamlega út í hött.

Það getur vel verið að einhverjir árekstrar verði vegna ráðhúsbyggingarinnar og fyrirhugaðrar nýbyggingar Alþingis, það getur vel verið. Ég hef ekki þau gögn í höndum til að geta myndað mér skoðun á því. Ég hygg að þessar byggingar geti báðar þarna verið og þar að auki, ef fallið verður frá því að reisa þessa nýbyggingu fyrir Alþingi, eru margar leiðir til þess að leysa húsnæðisvanda Alþingis hér á þessu svæði. Þetta er ekki eina leiðin. Það eru margar aðrar leiðir til þess og ef niðurstaðan verður sú að þessi hús útiloki hvort annað, eins og sumir halda fram, er það mín skoðun að Alþingi og alþingismenn eigi að huga að nýjum leiðum hér á þessu svæði. Mín skoðun er sú að hér í þessu gamla, virðulega og sögufræga húsi eigi Alþingi að starfa.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég verð að byrja á því að biðja hv. 5. þm. Vestf. afsökunar því að, eins og hér hefur komið fram, átti hann ekki skammirnar skilið heldur hv. 4. þm. Vestf., sem þegar hefur tekið þær til sín. Og auðvitað er það ekki gott þegar mönnum verður á hvað þetta snertir.

Ég vil undirstrika að í minni ræðu fullyrti ég

ekkert um það hvort borgarstjórn Reykjavíkur hefði farið að lögum. Ég lít svo á að það sé um þrískiptingu valdsins að ræða. Mér vitanlega hefur sá hluti valdsins, sem á að dæma um hvenær er farið að lögum og hvenær ekki, ekki kveðið upp neinn dóm. Framkvæmdarvaldið hefur úrskurðað og það er allt annað mál heldur en að dómstólar hafi kveðið upp dóm yfir einu eða öðru. Hins vegar gat ég þess í mínu máli, og vona að það skiljist án þess að menn túlki það sem einhvern dómsúrskurð, að þegar ég fór að skoða þessa þáltill. staldraði ég við það að gömul lög gilda jafnt sem ung og óneitanlega var það sérstæður dómur hjá Hæstarétti þegar hann úrskurðar engum eignarréttinn að botni Mývatns. Og það er nú grunur minn að því hafi forsetar hikað við að svara bréfinu að þeir hafi áttað sig á því að ekkert lá ljóst fyrir hver væri eigandi að Tjarnarbotninum. Hæstaréttardómurinn er um allt annan stað í allt öðru sveitarfélagi en engu að síður um vatnsbotn þar sem menn sóttu sinn rétt, m.a. út á netalagnir og að þeir væru eigendur lands í kringum vatnið, og trúðu því að þar með ættu þeir botninn en svo reyndist ekki samkvæmt dómi Hæstaréttar. Ég tel þess vegna að það sem ég sagði um að forsetarnir hefðu raunverulega látið hjá líða að gæta réttar Alþingis í þessu máli sé hlutur sem stendur eftir.

Mér þykir rétt, hæstv. forseti (**Gripið fram í:** Virðulegur forseti, ekki herra.) — nú versnar mjög í því, því að hv. 14. þm. Reykv. hefur enn ruglast í ríminu. Hann telur að sér beri að leiðbeina mönnum í ræðustól eins og hann sé sjálfur orðinn forseti. En meðan það stendur sem mér var kennt í æsku, að menn skiptust í konur og karla og meðan það liggur ljóst fyrir að konur teljast til manna og engin breyting hefur verið útgefin um slíkt þá mun ég halda mér við það að segja hér „herra forseti".

Ég ætlaði hér aftur á móti að víkja að ummælum hv. 14. þm. Reykv. þegar hann gaf út hina sögulegu yfirlýsingu hér rétt áðan um völd Framsfl. í tvo áratugi. Ég neita því ekki að Framsfl. hefur haft veruleg völd seinustu tvo áratugi og þó við förum lengra aftur í tímann, en mig undraði það að á einu bretti skyldi ríkisstjórn formanns Sjálfstfl., fyrrv. borgarstjóra Reykjavíkur og þingmanns Reykvíkinga, hv. núv. seðlabankastjóra Geirs Hallgrímssonar, fá þann dóm að það hefði ekki verið forsrh. sem stjórnaði á því tímabili heldur framsóknarmenn. Og mig undraði það að varaformaður Sjálfstfl., fyrrv. borgarstjóri Reykjavíkurborgar, hefði einnig fengið þann dóm sem forsrh. að þá hefðu framsóknarmenn öllu ráðið. Sami maður lætur sér sæma að húðskamma þingheim fyrir að tala illa um núv. borgarstjóra Reykjavíkurborgar en tekur sjálfur tvo fyrir í einu skoti og afvopnar þá. Svona lagað gengur náttúrlega ekki og menn þurfa að gera sér grein fyrir því hvað þeir eru að gera. Mig skal ekki undra ef sjálfstæðismenn ætla að slátra svona til heimabrúks sínum fyrrv. forustumönnum að fækki í liðinu, en tekið skal fram að það er rétt að framsóknarmenn má finna í öllum flokkum.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Það má til sanns vegar færa að hv. 2. þm. Vestf. hefur teygt þessa umræðu nokkuð um víðan völl, eins og hans var reyndar von og vísa. Er jafnan á vísan að róa í því efni þegar hann er annars vegar. Ég vildi nú benda honum á í allri vinsemd, þar sem hann fór hér með nokkrar fræðilegar röksemdir um þrískiptingu valdsins, að það er rétt að um þetta ráðhús hefur ekki verið fjallað fyrir dómstólum.

Valdið greinist í löggjafar-, framkvæmdar- og dómsvald og þetta mál hefur ekki komið til kasta dómsvaldsins. En það er auðvitað ósköp einföld ástæða fyrir því, hv. þm., og hún er sú að enginn hefur séð ástæðu til þess að kæra eða stefna þessu máli fyrir dómstóla. Það telur enginn þannig á sér brotinn rétt að ástæða sé til þess að fara með málið fyrir dómstólana, ekki einu sinni hinn meinti eigandi að Tjörninni í Reykjavík. Hann hefur ekki gefið sig fram eða kvartað undan því við borgaryfirvöld í Reykjavík að verið sé að ganga á hlut hans eða vega að eignarréttindum viðkomandi aðila. Sá aðili hefur ósköp einfaldlega ekki gefið sig fram, ef það skyldi hafa farið fram hjá hv. 6. þm. Norðurl. e.

Nei, það er rétt sem komið hefur fram í þessum umræðum, m.a. hjá hv. 14. þm. Reykv., að við Reykvíkingar frábiðjum okkur till. og málflutning af þessu tagi. Þetta mál hefur verið til rækilegri umfjöllunar en mörg mál önnur og á réttum vettvangi. Þetta mál er margúrskurðað hjá réttum aðilum, hjá yfirvöldum skipulagsmála í landinu, þ.e. hjá félmrn., og það var vissulega ánægjulegt að félmrh., sem hefur rannsakað þetta mál flestum öðrum betur ásamt sínu starfsfólki í ráðuneytinu, tók hér af öll tvímæli í þessu máli í umræðunni fyrir viku síðan. En það er ekki að heyra að hv. flm. eða aðrir stuðningsmenn þessarar till. hafi tekið eftir því. Þeir láta bara eins og sá úrskurður liggi ekkert fyrir eða að hann að minnsta kosti komi þessu máli ekkert við. Er það auðvitað í samræmi við annað í þessum málatilbúnaði.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til allshn. með 34 shlj. atkv.

Endurskoðun á varnarsamningi Íslands, fyrri umr.

Þáltill. ÁHE o.fl., 53. mál. — Þskj. 55.

Flm. (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Hæstv. herra forseti, hv. alþingismenn. Ég flyt hér þáltill. um að láta endurskoða varnarsamning

milli þjóðanna Íslands og Bandaríkjanna. Það eru fimm flm. frá Borgarafl. að þessari till. og margar ástæður fyrir því að hver og einn þeirra vill láta endurskoða þennan samning. Hver mun gera grein fyrir sinni ástæðu þannig að ég tala hér algjörlega og eingöngu frá eigin brjósti en ekki í nafni flokksins í heild.

Ég held að það sé kominn tími til þess að við hættum að blekkja okkur sjálf í utanríkismálum. Varnarsamningurinn við Bandaríkin er líklega einhver þýðingarmesti þáttur utanríkismála þjóðarinnar og hann á sína sögu að rekja aftur til þess tímabils þegar Ísland var hernumið í seinni heimsstyrjöldinni af annarri vinaþjóð og Bandaríkjamenn komu síðan og tóku hér við hervörnum.

Allt frá því að erlent setulið kom hingað til landsins þá höfum við umgengist það með mjög sérstökum hætti. Við höfum sýnt allt of mikla undanlátssemi í samskiptum okkar við þessar tvær þjóðir. Þegar Bretar koma hingað til lands þá byggja þeir flugvöll inni í miðri Reykjavík. Flugbrautirnar liggja frá dyrum Landspítalans að dyrum Háskólans. Og þeir byggja íbúðarbragga hermannanna nánast inni í húsagörðum, hvar sem var að finna auðan blett. Þegar þeir fara síðan af landi brott með sitt setulið, þá skilja þeir eftir alls kyns mannvirki um allt landið. Og Íslendingar féllust á að kaupa þau fyrir 700 þús. kr., í staðinn fyrir að krefja um stórar fjárhæðir fyrir að fjarlægja þessar minjar af yfirborði landsins.

Bandaríkin eru gömul hernaðarþjóð þó þau sé ung þjóð í fjölskyldu núverandi þjóða. Maður þarf ekki að ganga lengi um götur í Washington til að sjá hverja þegna landsins Bandaríkjamenn sjá sérstaka ástæðu til þess að heiðra. Stytturnar í borginni eru flestar af gömlum vígamönnum. Fáar, ef nokkrar, eru af skáldum eða öðrum andans mönnum. Það er hernaðurinn sem situr þarna í fyrirrúmi. Og þar gína þeir hæst sem hafa gengið harðast fram í að berja á nágrönnum sínum í þrælastríðinu. Því stærsta styttan er af sjálfum Grant hershöfðingja.

Í lok seinni heimsstyrjaldar voru Bandaríkin með herstöðvar vítt og breitt um Evrópu og raunar um allan heim. Þau sóttust eftir því að fá að halda þessum stöðvum og leituðu m.a. til Íslendinga en þeirri beiðni var hafnað á þeim tíma. Þá gripu Bandaríkjamenn til þess snilldarbragðs að beita sér fyrir stofnun Atlantshafsbandalagsins. Það var síðan notað sem stærsti Trójuhestur sögunnar til þess að færa Bandaríkjamönnum lyklana að bakdyrum Evrópu. Sú bandaríska herstöð, sem var hafnað hér á landi undir bandarískum fána, var síðan reist hér undir NATO-fána. Enda er ljóst að mikill ávinningur var fólginn í því hjá Bandaríkjamönnum að kalla saman aðrar þjóðir Evrópu til þess að standa saman að NATO-sáttmálanum. Bandaríkin þurftu þá ekki að standa ein í þeirri varðstöðu sem þau höfðu stillt sér upp í í heiminum heldur kölluðu þau aðrar þjóðir Vestur-Evrópu til að standa með sér og hlutu fyrir bragðið yfirráð yfir sameiginlegum herafla þeirra í ófriði, áhrif á utanríkismálastefnuna og fleiri þætti. Færðu meðal annars víglínu sína frá ströndum Bandaríkjanna norður fyrir Ísland í Atlantshafi, norður fyrir Kanada og austur að járntjaldi í miðri Evrópu.

NATO-sáttmálinn, sem Íslendingar skrifuðu undir á sínum tíma, er því miður loðið plagg. Sérstaklega er orðalagið loðið í 5. gr., sem er þýðingarmest fyrir land á borð við Ísland, þar sem kveður á um skyldur varnarliðs í svokölluðu gistilandi. Þar verður ekki í fljótu bragði séð hvort varnarliðinu beri að verja landið ef á það er ráðist. Orðalagið er á þann veg, sem segir á ensku: „as it deems necessary", eða: „sem það telur nauðsynlegt." Ekki verður séð á samhenginu hvort þar er átt við gistilandið eða varnarliðið. Það vill segja að það er ekki ljóst af orðalaginu hvort grípa megi til þeirra vopna eða aðgerða sem gistilandið telur nauðsynlegar eða varnarliðið telur nauðsynlegar. Og mikill munur er á því hvað Íslendingar geta talið nauðsynlegt í stöðunni þegar ráðist er á landið og því sem Bandaríkjamenn geta talið nauðsynlegt þegar gripið er til varna.

Þetta er einn mikilvægasti þátturinn sem ég vil fá á hreint með endurskoðun. Hvort það sé Íslendingum einhvers virði eða hvort við þurfum að velkjast í vafa um það hvort landið sé í rauninni varið þó að hér sé varnarlið. Hvort varnarliðið sé hér til að verja Íslendinga eða hvort það sé hér til þess að verja Bandaríkin. Hvaða heimild þurfa yfirvöld í Bandaríkjunum til þess að varnarliðið megi grípi til vopna? Er nóg að forsetinn gefi fyrirmæli eða þarf að leggja slíka ákvörðun fyrir bandaríska þingið?

Það hefur löngum verið mín skoðun að varnarliðið sé hér fyrst og fremst til þess að verja vígstöðu Bandaríkjamanna í heiminum en kæri sig minna um þarfir Íslendinga á því sviði. Við höfum hingað til búið við að allar varnarframkvæmdir á landinu miði við að vernda landið fyrir árás en það er minna gert til að vernda sjálfa þjóðina. Nú skal ég ekki draga úr mikilvægi þess að sjálft landið, sjálf moldin sé vernduð. En ég vil á móti benda á það að mörgum okkar kann að þykja það harla lítil vernd sem er fólgin í því að verja eingöngu landið á meðan fólkinu er ekki séð fyrir þeirri vernd sem dugir í hernaði. Hér er hvergi á vegum varnarliðsins nokkur sú vernd, nokkurt það skjól eða nokkur aðstaða fyrir fólkið. Það hlýtur þó að vera meginkrafa okkar að sem flestir Íslendingar lifi af hugsanleg hernaðarátök í landi sínu.

Bandaríska herstöðin á Íslandi hefur oft og einatt komið til tals á hinum ýmsu málþingum og meðal annars lét Joseph Luns, þáverandi framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins, þau orð falla árið 1976 að Ísland væri eins og ósökkvandi flugmóðurskip. Þá var talan 40 milljarðar bandaríkjadollara nefnd sem kostnaður við að koma upp flota af þeim styrk sem gæti haldið uppi sambærilegum vörnum hér á norðurslóðum og mundi það þó hvergi, hvergi nærri koma að sömu notum fyrir Atlantshafsbanda-

lagið og Ísland gerir í dag.

Varnir lands á borð við Ísland eru ekki bara spurning um hervarnir. Land eins og Ísland þarf líka að geta varið sig efnahagslega. Við erum núna stödd á vissum tímamótum í efnahagssögu okkar þar sem erlendar skuldir eru að ná hættumörkum svo áhöld eru um það hvort landið sé ekki á barmi gjaldþrots. Hvort við getum gripið til nokkurra ráða hér til að forða því yfirvofandi gjaldþroti eftir þeim leiðum sem við höfum starfað eftir hingað til. Það er ekki að sjá á því frv. til fjárlaga sem nú liggur fyrir þinginu að þar sé gripið til nýrra leiða, til nýrra ráða, heldur er þar verið að reka áfram flóttann.

Það hefur stundum komið til tals allt frá því Bandaríkjamenn voru hér á sínum tíma að breyta og finna nýjar leiðir sem tengjast þeim samningum sem við gerðum við Bandaríkin. Það hefur verið rætt um tvíhliða samkomulag við Bandaríkin, annars vegar um varnir og hins vegar á viðskiptasviðinu. Jónas Jónsson frá Hriflu, fyrrv. alþingismaður og ráðherra, talaði fyrir þessum málum á sínum tíma. Hann vildi gera hér tvo jafnhliða samninga til 25 ára í senn. Með öðrum samningnum vildi hann tryggja varnir en með hinum samningnum vildi hann tryggja þjóðinni fjárhagslegt sjálfstæði. Ég veit ekki hvort Jónas hefur þá séð fyrir þennan dag en hann var framsýnn maður og líklega framsýnasti stjórnmálamaður þjóðarinnar. Hann hefur líklega séð fyrir sér þá stöðu sem Íslendingar eru í í dag. Fjárhagslegt sjálfstæði þjóðarinnar er u.þ.b. að líða undir lok ef ekki verður þegar gripið í taumana og tekið til nýrra ráða.

Ég tel að Íslendingar séu í dag í rauninni að komast út í horn. Hér duga ekki lengur þau ráð sem gripið hefur verið til áður til þess að tryggja okkur áframhaldandi búsetu hér sem sjálfstæð þjóð, heldur þurfum við í eitt skipti fyrir öll að reyna að losa okkur við þann skuldabagga sem hvílir á þjóðinni. Þær hugmyndir hafa komið fram áður hér á landi að semja við Bandaríkjamenn, standa uppréttir og semja við þá en vera ekki stöðugt í bónbjargarstellingum. Láta duga þá mola sem hrökkva af þeirra borðum: Flugstöð hér, Helguvík þar og jafnvel notaðar bækur. Að við séum ekki stöðugt að þiggja af þeim með útrétta höndina í stað þess að semja við þá í eitt skipti fyrir öll, horfast í augu við þá augliti til auglitis og gera við þá tvíhliða samning. Vilji þeir halda áfram að hafa herstöðvar hér í landi þá sé það sjálfsagt mál enda sé í leiðinni samið um að tryggja þessari þjóð fjárhagslegt sjálfstæði. Því við erum um það bil að síast smátt og smátt inn í eitthvert þjóðabandalag fyrir vestan eða fyrir austan Atlantshaf vegna þess að við kunnum fótum okkar ekki lengur forráð. Við erum eiginlega komin að þeim tímamótum að við þurfum að skoða í fyllstu alvöru í hvora blokkina, Evrópu eða Vesturheim, við erum að renna inn í. Gjaldþrotafordæmin eru til í Atlantshafi. Það er ekki lengra en að Nýfundnalandi sem er eyja og býr á margan hátt við svipuð kjör og svipaðan kost og við.

Ég vil láta endurskoða þennan varnarsamning og ég vil gera þær kröfur strax að úr því fáist skorið að Bandaríkjamenn megi og geti verndað landið þegar í stað ef á það er ráðist.

Ég vil í öðru lagi að Bandaríkjamenn og Atlantshafsbandalagið búi þannig um hnútana hér heima að þjóðin sjálf sé vernduð en ekki bara moldin. Fólk en ekki bara fold. Ég vil láta sjá okkur fyrir vegum út af mesta hættusvæðinu hér við Reykjanes og við Faxaflóasvæðið sem yrði fyrsta skotmark í ófriði. Ég vil að það fólk sem hér býr eigi greiðan aðgang burtu af svæðinu og ég vil að til séu öruggir staðir uppi við hálendið eða í uppsveitum Suðurlands þar sem hægt er að taka á móti slösuðu og sjúku fólki eftir hernaðarátök hér í grennd við tvo aðalflugvellina á landinu.

Almannavarnir hafa sýnt fram á að það eru geysilega miklar lífslíkur og miklir möguleikar að lifa af atómstyrjöld og vil ég í því sambandi minna á sérstaka æfingu sem var gerð á sínum tíma. Ef sprengja mundi springa út af Skagatá þá dugar það fyrir Siglfirðinga að komast inn í Strákagöng og þá gætu þeir varið sig allir fyrir geislavirku úrfelli. Á sama hátt má fara um Eyjafjörðinn. Ef nægilegt skjól er í héruðunum þar þá má draga verulega úr því að íbúar á því svæði verði fyrir miklu heilsutjóni af völdum kjarnorkusprengju sem spryngi út af Skagatá. Ég nefni þetta sem dæmi. Ég vil að þetta verði tryggt.

Í þriðja stað tel ég að varnarstöðin á Íslandi og allur annar hernaðarviðbúnaður Bandaríkjanna sé hér fyrst og fremst til þess að tryggja vígbúnaðarhagsmuni Bandaríkjanna sjálfra. Við erum varðturn í þeirra fremstu víglínu. Þess vegna vil ég að þeir greiði okkur gjald fyrir þessi afnot síðustu árin sem nemur kannski 10% af þeim kostnaði sem þeir þyrftu að leggja út í ef þeir ætluðu að setja hér upp flota af flugmóðurskipum til að halda uppi svipaðri varðstöðu, og mætti þá draga frá kostnaðinn við ýmis mannvirki hér á landinu, hernaðarmannvirkin, en eftir stæði samt sú fjárhæð sem nemur öllum skuldum íslenska ríkisins.

Íslendingar fluttu hingað á sínum tíma aðallega frá Skandinavíu en tóku sem betur fer með sér írska þræla sem kunnu bæði að lesa og skrifa. Við glötuðum fljótlega sjálfstæðinu og töpuðum því í ein 800 ár. Danir sáu þá um mál okkar lengst af og þeir héldu í okkur lífinu. Þó svo að við höfum hér árum saman talað um það í okkar sjálfstæðisbaráttu að þeir hafi kúgað okkur og selt okkur maðkétið mjöl, þá er það nú einu sinni danskinum að þakka að við lifðum fram á þessa öld. Það ber ekki að vanmeta það. En þessi 800 ár reyndi ekki á þá hvöt í Íslendingum að standa á eigin fótum þannig að þegar við endanlega hverfum úr nýlenduveldi Dana og gerumst í stríðinu hluti af herveldi bandamanna, þá bjuggum við ekki yfir þeim eiginleika sem þarf til að standa á eigin fótum. Þrátt fyrir það að við hefðum þá þegið 700 millj. kr. í Marshall-aðstoð og þótt við hefðum hagnast verulega á sjálfu stríðinu

töpuðum við þessum peningum fljótlega. Við höfum sólundað þeim. Við höfum þegið fleiri gjafir frá Bandaríkjunum. Öll bandarísk sekkjavara, tóbak, korn og annað, var send okkur að gjöf í ein 12 ár. Þjóðin hefur ekki enn þá náð að efla í sér þá taug sem þarf til þess að standa á eigin fótum.

Vonandi kemur að því í framtíðinni að við getum staðið fjárhagslega undir okkur því fólkið er fúst til að vinna og tækifærin eru hér mörg og blasa hvarvetna við. En ef við töpum fjárhagslegu sjálfstæði skiptir annað sjálfstæði þjóðarinnar harla litlu máli. Fjárhagslega ósjálfstæð þjóð er líka ósjálfstæð að öllu öðru leyti í fjölskyldu þjóðanna. Þetta vil ég taka með í reikninginn þegar við óskum eftir endurskoðun á varnarsamningnum. Margir aðrir vilja líka láta endurskoða varnarsamninginn vegna fjölmargra annarra atriða, en ég hef drepið á þau helstu sem ég vil að verði lögð til grundvallar þegar við göngum til samninga við Bandaríkin á nýjan leik.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Þegar tekin er til umræðu till. á þskj. 55 um endurskoðun á varnarsamningi milli lýðveldisins Íslands og Bandaríkjanna á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins fer ekki hjá því að maður leiði hugann að þeirri smán sem gekk yfir þessa þjóð á vordögum 1951 þegar þrír þingflokkar hittust utan Alþingis á leynifundi til þess að ganga frá hernámi Íslands af hálfu Bandaríkjanna og höfðu ekki þor til þess að kveðja Alþingi saman og standa Alþingi reikningsskil gjörða sinna fyrr en eftir á. Við þessa smán höfum við búið í 37 ár og haldið hefur verið við af talsmönnum þessara flokka, því að andstæðingar sem fundust meðal þeirra hafa gerst æ færri eftir því sem árin hafa liðið, þeirri blekkingu að dvöl þessa herliðs hér í landinu væri vörn fyrir Íslendinga, vörn fyrir íslenskt sjálfstæði, vörn fyrir íslenskt fólk.

Alþb. hefur á þessum tíma og Sósíalistaflokkurinn á meðan hann starfaði verið einn þingflokka, ásamt Þjóðvarnarflokknum sem var hér við lýði um skeið, til þess að standa gegn ítökum Bandaríkjamanna hérlendis, að standa gegn herstöðvum þeirra hér í landinu, að vera andstæður aðild Íslands að hernaðarbandalagi, Norður-Atlantshafsbandalaginu og hverju öðru bandalagi sem til greina kæmi. Þetta hefur verið afstaða Alþb. alla þessa tíð og ég hlýt að rifja hana upp þegar mál eru tekin til umræðu um endurskoðun þessa samnings, svokallaðs varnarsamnings, undir þeim formerkjum sem mál þetta er hér flutt undir.

Vissulega hefur það engum dulist á þessum 37 árum að efnahagsleg ítök Bandaríkjanna í gegnum þennan samning hafa verið mikil og hafa farið vaxandi með auknum umsvifum og aukinni hernaðaruppbyggingu hérlendis. Ég hef ekki handa á milli tölur til þess að vitna í um hversu stór hluti af tekjum íslenska þjóðarbúsins kemur í gegnum herstöðvarnar í landinu, en það eru umtalsverðar upphæðir. Einhvern tíma var nefnd talan 10% af þjóðarframleiðslu eða þar um bil, en ég vil ekki fara með hana hér svo óyggjandi sé. Auðvitað skipta þessi efnahagslegu ítök sem þarna eru á ferðinni mjög miklu máli fyrir stöðu Bandaríkjanna hérlendis, fyrir möguleika þeirra á að halda þessari aðstöðu hér, og það dylst auðvitað engum að hugmyndir herforingjanna í Pentagon og valdamanna í Washington eru að gera Ísland að viðvarandi herstöð, að viðvarandi hlekk *í hernaðaruppbyggingu Bandaríkjanna* á Norður-Atlantshafi.

Það hefur lítið verið spurt um það af talsmönnum þessa svokallaða varnarsamstarfs hvernig búið hafi verið um hnútana að því er snertir öryggi fyrir íslenska þjóð. Þeir hafa í rauninni ekki hætt sér út á þann hála ís að spyrja: Er einhver vörn fyrir almenning á Íslandi í þessum samningi, í þessum herstöðvum, í veru Bandaríkjahers hérlendis og því kerfi sem þeir viðhalda í kringum landið? Þeir hafa vikið sér undan því að ræða þau mál og þeir vita að því er mér best er kunnugt furðulega lítið um hina raunverulegu stöðu og hernaðaráætlanir Bandaríkjanna á Norður-Atlantshafi.

Í utanrmn. Alþingis hef ég ítrekað óskað eftir því að þessi mál, hernaðaruppbyggingin á Norður-Atlantshafi, yrðu tekin til umræðu og vandlegrar yfirferðar á vegum utanrmn. þingsins. Við því hafa menn ekki orðið til þessa, en ég vona að úr rætist, m.a. í krafti þess ákvæðis í stjórnarsáttmála núv. ríkisstjórnar að fram fari óháð mat á hernaðaruppbyggingunni á Norður-Atlantshafi. Það gerist ekki nema með vandlegri umræðu og vitnaleiðslum innan utanrmn. þingsins og auðvitað víðar þar sem menn teldu rétt að taka á þessum málum. Það er sannarlega tímabært að það sé gert og það sé leitast við að svipta frá hulunni og blekkingunum sem haldið er fram af talsmönnum þessa samnings í umræðum hér innan lands, umræðum þar sem þeir í rauninni ljá ekki máls á því að fara ofan í saumana á þessum þáttum út frá þessu sjónarhorni, þ.e. öryggis fyrir Íslendinga.

Ég er satt að segja undrandi á að hv. 1. flm. þessa máls, sem talaði hér áðan, skuli telja það nauðsynlegt að fara ofan í saumana á þessu máli, jafnauðsætt og það ætti að vera út frá þeim forsendum sem hann mælir út frá að það hefur aldrei verið ætlunin, það hefur aldrei staðið til með þessum samningi að tryggja öryggi íslenskra borgara í stríði, í því atómstríði sem Bandaríkjamenn og gagnaðilar þeirra eru þátttakendur í að halda á dagskrá með gagnkvæmri ógnun, með gagnkvæmri fælingu og þeirri hernaðaruppbyggingu sem þeir hafa staðið að á norðanverðu Atlantshafi og víða um heim.

Hitt er svo enn óhuggulegra að heyra þm. hér á Alþingi Íslendinga flytja mál af því tagi sem hv. 1. flm. hafði uppi hér áðan, að láta ekki það eitt nægja sem að er gert í sambandi við efnahagsleg ítök Bandaríkjanna í gegnum herstöðvarnar hérlendis, heldur að krefjast endurskoðunar samningsins til þess að geta farið á uppboðsmarkaðinn með opin-

skárri hætti en gerist nú, með því að falbjóða Ísland í heild sinni sem vettvang fyrir þessi hernaðarumsvif sem menn hafa samningsbundð og meiri hluti á Alþingi Íslendinga hefur haldið hlífiskildi yfir. Og svo er þessi hv. talsmaður jafnhliða að ræða um sjálfstæði Íslands og efnahagslegt sjálfstæði Íslands sem hann beri fyrir brjósti. Ég veit satt að segja ekki hvernig hugmyndirnar ganga í heilabúi hv. þm., hvernig boðleiðirnar eru þar, en það væri kannski þess virði að biðja hann um að rökstyðja það eitthvað nánar hvernig hann sér efnahagslegu sjálfstæði Íslands betur borgið með því að við verðum enn meira háðir gýligjöfum frá Bandaríkjunum fyrir þá hernaðaraðstöðu sem þeir hafa tryggt sér hér og þóknast að tryggja sér hér í framtíðinni, ef ekki verða breytt viðhorf til þessara mála á Alþingi Íslendinga og hjá íslenskum stjórnvöldum í heild sinni.

Ég hef í rauninni ekki geð í mér til þess að ræða mikið þessi mál undir slíkum formerkjum. Ég hef talið það illskárra þegar menn hafa leitast við að einangra herstöðvarnar, þegar menn hafa reist það merki, þó ekki reiðubúnir til þess að reka herinn eins og ætti að gera, til þess að vísa hernum úr landi, að menn hefðu þá burði í sér til þess að reyna að halda herstöðvunum frá íslensku þjóðlífi og einhverja viðleitni í þá átt að halda umsvifum hersins frá íslensku efnahagslífi.

Vissulega væri það skref í rétta átt að krefjast endurskoðunar á samningnum eins og lagt er til í þessari þáltill. En í 7. gr. þess samnings, sem hefur lagagildi með lögum nr. 110 frá 19. des. 1951, einum 8 mánuðum eftir að Bandaríkjaher kom hingað öðru sinni og tryggði sér aðstöðuna á Miðnesheiði, segir, svo að ég vitni til þess — ég tók ekki eftir að hv. frummælandi gerði það, á hverju hann reisti sinn málflutning um endurskoðun, hann vísaði almennt í Norður-Atlantshafssamninginn — með leyfi virðulegs forseta:

„Hvor ríkisstjórnin getur hvenær sem er að undanfarinni tilkynningu til hinnar ríkisstjórnarinnar farið þess á leit við ráð Norður-Atlantshafsbandalagsins að það endurskoði hvort lengur þurfi á að halda framangreindri aðstöðu og geri tillögur til beggja ríkisstjórnanna um það hvort samningur þessi skuli gilda áfram. Ef slík málaleitan um endurskoðun leiðir ekki til þess að ríkisstjórnirnar verði ásáttar innan 6 mánaða frá því að málaleitunin var borin fram getur hvor ríkisstjórnin hvenær sem er eftir það sagt samningnum upp og skal hann þá falla úr gildi 12 mánuðum síðar."

En í framhaldi af þessari grein er síðan vikið að 5. og 6. gr. sem fjalla um svokallaðar skyldur Bandaríkjanna gagnvart þessum samningi og um afnotin af Keflavíkurflugvelli og fleiri svæðum hérlendis. Hér er hins vegar verið að tala um að endurskoðun af hálfu Alþingis ljúki fyrir lok ársins 1991 svo að það virðist svo sem hv. flm. ætli ekki einu sinni ákvæðunum skv. 7. gr. að gilda í þessu máli, heldur skuli það dregið lengur en þar er ráð fyrir gert að afstaða liggi fyrir.

Það kemur einnig fram í málflutningi talsmanna þessarar tillögu sem hér liggur fyrir að hugmynd þeirra lýtur ekki að því að losa Ísland við herstöðvarnar, heldur að framselja Ísland endanlega í hendur Bandaríkjanna, hernaðarlega og efnahagslega með því að krefjast beinnar gjaldtöku fyrir heimild til handa Bandaríkjunum til þess að hafa herstöðvar hér í landinu. Það er kannski ágætt að menn komi út úr skúmaskotunum með slíkan málflutning, það er kannski ágætt. Og það kannski sviptir hulunni af þeim dulbúnu efnahagslegu tengslum, sem ættu raunar að liggja dagljóst fyrir, sem eru til staðar og eru besta tryggingin sem Bandaríkin hafa hér til að viðhalda aðstöðu sinni. Þar þekkjum við helmingaskiptin, þar þekkjum við enn fleiri sem vilja komast þar að, eins og við höfum heyrt, til að skipta kökunni, því að það eru ekki aðeins Framsfl. og Sjálfstfl. sem bera ábyrgð á veru Bandaríkjaliðs hér, heldur einnig Alþfl. sem hefur verið síst minni talsmaður þessa máls og stundum kaþólskari í því efni en jafnvel sjálft íhaldið.

Ég vænti þess, virðulegur forseti, að við getum tekið á þessum málum hér á Alþingi fyrr en seinna undir öðrum formerkjum í ljósi þeirra breyttu viðhorfa sem orðið hafa á alþjóðavettvangi á undanförnum árum, í ljósi þeirrar nauðsynjar sem er á því fyrir Ísland að breyta í grundvallaratriðum afstöðu sinni til hernaðarbandalaga og veru erlends hers í landi sínu. Sá tími er vonandi skemur undan en margan grunar.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég get út af fyrir sig verið sammála hv. síðasta ræðumanni um eitt atriði í öllu falli, þ.e. að almenn utanríkismálaumræða gæti naumast, held ég, farið fram undir þeim lið sem hér er á dagskrá nú, enda ef slíkt ætti að vera þyrftu auðvitað að vera mættir hér einhverjir ráðherrar, a.m.k. hæstv. utanrrh. og forsrh. Ég býst ekki við að menn ætlist til þess að hér verði almenn umræða, hvorki um utanríkismál almennt né þó sérstaklega varnar- og öryggismálin og ég ætla ekki að stofna til þeirrar umræðu.

Hv. 1. flm. hefur tjáð mér að honum hafi láðst að óska eftir að tillagan yrði send til hv. utanrmn. en mun gera það eða ég fyrir hans hönd nú, enda sjálfsagt að málið fái þinglega meðferð þó að þetta sé talsvert sérstakt mál. En þess er skylt að geta að hv. 1. flm. kom algjörlega hreint til dyranna með sínar sérskoðanir, þó að þær hafi um alllangt skeið verið uppi, um gjaldtöku fyrir það að láta verja okkur. Hann tók það rækilega fram að hann væri ekki að flytja skoðanir síns flokks, Borgfl., heldur sínar prívatskoðanir. Að sjálfsögðu hefur hann fullan rétt til að hafa þær og flytja þær yfir okkur hér í þingsölunum úr því að hann er nú hv. þm. um þessar mundir og ég er ekki að biðja hann endilega að stytta sitt mál ef hann vill segja okkur meira. Ég get hins vegar varla ímyndað mér að þingheimur sé

mjög inni á því að þetta tilefni verði notað til almennra umræðna um utanríkismál og varnarmál. Þess vegna ætla ég ekki að hafa mín orð fleiri. Ég á sæti í þeirri nefnd sem væntanlega fær málið til umfjöllunar og auðvitað hlýtur það að fá þinglega meðferð.

Júlíus Sólnes:

Virðulegur forseti. Ég er einn af meðflm. að þessari tillögu og ég vil ítreka það og taka það fram að í stefnuskrá Borgfl., sem var lögð fram í kosningunum vorið 1987, eru í kaflanum um utanríkismál skýr ákvæði þess efnis að endurskoðun varnarsamningsins fari fram reglulega, ekki aðeins núna, eins og við leggjum til í okkar till., heldur verði samningurinn í heild sinni athugaður og endurskoðaður með vissu millibili. Við vekjum fyrst og fremst athygli á því að það hefur nánast ekkert verið litið á þennan samning, sem nú er orðinn 37 ára gamall, öll þessi ár. Þetta hefur verið talið heilagt plagg og ekki mátt hreyfa þar við einum bókstaf þó að það séu gjörbreyttir tímar, allt aðrar aðstæður og allt annað þjóðfélag hér á þessu landi en var þegar varnarsamningurinn var gerður 1951.

Ég persónulega hef aldrei verið áhugamaður um að hér sé erlendur her og mig hryggir það í raun að hér skuli þurfa að vera erlendur her á friðartímum, þó svo að aðstæður og það öryggisleysi sem við búum við í alþjóðamálum hafi gert það nauðsynlegt. Ég vil t.d. vekja athygli á því að nú fer að verða liðin undir lok síðasta kynslóðin á Íslandi sem man Ísland án nokkurrar hersetu. Þeim fer ört fækkandi sem lifað hafa í þessu ágæta landi án þess að hér hafi verið herseta og brátt líður að því að hér búi enginn maður sem upplifað hefur það Ísland sem var án nokkurrar hersetu. Ég vildi heils hugar geta staðið að því að þessum varnarsamningi yrði breytt í þá veru að herinn gæti farið héðan. Ég vildi svo sannarlega óska að eins fljótt og framast væri unnt skapaðist það ástand í alþjóðamálum að hér yrði ekki lengur þörf fyrir hersetu.

Eitt af þeim atriðum sem að sjálfsögðu ber að skoða reglulega, og einmitt út frá ástandi í alþjóðamálum, er hvort ekki sé hægt að endurskoða samninginn með tilliti til þess m.a. að fækka megi í herliðinu, það megi draga úr umsvifum varnarliðsins. Ekkert af þessu hefur verið gert og engar tillögur þess efnis komið fram.

Hv. 2. þm. Austurl. vakti lítillega athygli á því í máli sínu með hvaða hætti samningurinn barst til okkar á sínum tíma. Það er rétt að rifja það upp að samningurinn var gerður að lögum með bráðabirgðalögum — og svona af því að við höfum töluvert fjallað um setningu bráðabirgðalaga upp á síðkastið, þá rekum við okkur enn einu sinni á það að einhverjar mikilvægustu athafnir og ráðstafanir sem gerðar eru af íslenskum stjórnvöldum eru hér sem endranær gerðar með bráðabirgðalögum, án þess þó að ég ætli að fara frekar út í það eða rekja það hvers vegna það var gert.

En það er alveg augljóst þegar samningurinn er lesinn yfir að ýmis ákvæði í honum eru að verulegu leyti orðin úrelt og mjög nauðsynlegt er að endurskoða ýmis ákvæði. T.d. eru mörg atriði mjög óljós, sérstaklega þó þau sem koma fram í fylgiskjali með samningnum sem heitir „Viðbætir um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra". Þar eru mjög mörg óljós ákvæði, t.d. með hvaða hætti skuli fara með innflutning á vegum varnarliðsins og hvernig eigi að tollafgreiða slíkan innflutning. Þegar samningurinn er lesinn mjög nákvæmlega verður ekki betur séð en að verulegu leyti sé um tollskyldu að ræða og það vakna upp ýmsar spurningar. Hefur ekki verið um það að ræða að innflutningur til varnarliðsins hafi verið undanþeginn tollum á ólögmætan hátt, þar sem samningurinn segir skýlaust til um að hann skuli vera tollaður?

Mig langar til að taka hér dæmi úr 8. gr. þessa viðbætis, nánar tiltekið í 6. tölul., með leyfi forseta, sem hljóðar svo: Nú flytja menn úr liði Bandaríkjanna eða skylduliði þeirra inn aðrar vörur en þær sem greindar eru í töluliðum 4 og 5 þessarar greinar, þar með taldar sendingar fyrir atbeina pósthúsa Bandaríkjanna, og skal þá slíkur innflutningur samkvæmt þessari grein ekki undanþeginn tolli eða öðrum skilyrðum.

Það eru mörg ákvæði í þessa veru sem mér býður í grun að séu þverbrotin daglega og þetta vil ég m.a. láta athuga. Ég hef aldrei verið því fylgjandi að gjaldtaka sé fyrir þá aðstöðu sem varnarliðinu er látin í té hér á Íslandi. Að því leytinu til get ég tekið undir með hv. 2. þm. Austurl. Að sjálfsögðu er æskilegt að reyna að halda varnarliðinu aðskildu frá íslensku efnahagslífi hvað varðar efnahagsmál. Hins vegar finnst mér jafnnauðsynlegt að á meðan varnarliðið er hér í landinu séu þeir Bandaríkjamenn sem dvelja hér á vegum varnarliðsins háðir íslenskum lögum og verði að beygja sig undir öll þau tollaákvæði sem við búum við, a.m.k. að því leyti sem ekki er um að ræða hreina og klára undanþágu í samningsgreinunum.

Að lokum vil ég svo taka það fram að ég vona svo sannarlega að líða fari að því að ástand í alþjóðamálum bjóði upp á að draga megi verulega úr umsvifum varnarliðsins hér á landi og það líði að því að á Íslandi verði enginn her.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Áður en ég vík að efni þessarar till. langar mig aðeins að undrast það ávarp sem hv. 1. flm. till. hafði við forseta. Það kunna að hafa verið mistök, eins og oft verða þegar maður snýr sér ekki við í stólnum, en ég hélt nú að það væri svo vel kynnt staðreynd að hér fara þrjár konur með stjórn þingsins að mér fannst undarlegt að heyra konu ávarpaða „herra" og hélt að það væri augljós mótsögn, hversu svo sem kynferði orðsins forseta er varið.

Ég tel eðlilegt að endurskoðun fari fram á því,

sem nefnt hefur verið varnarsamningur á milli lýðveldisins Íslands og Bandaríkjanna, og þó fyrr hefði verið, en fyrir því liggja reyndar margar orsakir. Ég vil leggja áherslu á það sem kom fram í máli hv. 2. þm. Austurl. en það eru áhyggjur vegna vaxandi vígbúnaðaruppbyggingar í Norður-Atlantshafi.

Ég átti þess nýlega kost að sækja ráðstefnu í Kanada þar sem fjallað var almennt um málefni heimskautsins. Þar voru saman komnir ýmsir vísindamenn frá öllum þeim löndum sem liggja að eða á norðurheimskautinu. Í máli þeirra og rannsóknum kom glögglega í ljós hve vígbúnaður hefur aukist mikið á norðurslóðum. Það kom einnig í ljós hve lífríkið og umhverfið allt er viðkvæmt og hversu miklu það varðar fyrir jörðina alla ef slys verða, t.d. á kjarnorkukafbátum, eða ef mikil mengun verður á þessu svæði. Þetta er mál sem varðar okkur Íslendinga eins og aðrar þjóðir sem eiga land að heimskautinu og væri einmitt mjög áhugavert ef utanrmn. gæti tekið upp sérstaka umræðu um þetta áhyggjuefni á sínum vettvangi og fært hana inn á þingið.

Ég get ekki séð að hér sé í raun um varnarsamning fyrir Íslendinga sérstaklega að ræða og ég veit ekki um neinn viðbúnað í herstöðinni í Keflavík sem miðar að því að verja fólkið sem býr á Íslandi. Ég bar þessa spurningu fram í heimsókn utanrmn. á sínum tíma við þann hershöfðingja sem var í forsvari á herstöðinni og hann gat engin dæmi nefnt mér um sérstakan viðbúnað sem væri beinlínis fyrir fólkið á Íslandi ef til árásar kæmi á landið. Herstöðin er í raun miklu fremur hlekkur í eftirlitskerfi Atlantshafsbandalagsins en varnarstöð til að verja þjóðina okkar. Þessu held ég að menn verði að gera sér grein fyrir hver svo sem afstaða þeirra er til herstöðvarinnar eða verunnar í Atlantshafsbandalaginu.

Mér finnst einnig fráleitt að hugsa sér að hægt sé að verjast þeim vopnum sem vega þyngst í því ógnarjafnvægi sem stórveldin tefla. Ég held að flestir viti það nú orðið að það er ekki hægt að verjast kjarnorkuvopnum. Þau eru ekki eins og hefðbundin vopn og við verðum að ítreka það fyrir okkur sjálfum og öðrum hversu fráleitt það hugsun er, að færa hugsun um hefðbundin vopn yfir á kjarnorkuvopn sem eru allt, allt annars eðlis.

Til þessa vígbúnaðar rennur óhemjulegt fé. Svo mikið að flestar venjulegar manneskjur geta ekki gert sér í hugarlund hversu mikið það er og hef ég iðulega úr þessum ræðustól nefnt ýmis dæmi um slíkt sem ég ætla ekki að tíunda nú. Þetta fé nýtist að sjálfsögðu ekki daglegum nauðþurftum jarðarbúa allra, en vígbúnaðarkapphlaupið bitnar ekki bara á stórveldunum. Efnahagskerfi heimsins er svo samslungið og þjóðirnar svo nátengdar hver annarri í þeirri efnahagslegu samvirkni sem ríkir að það bergmálar út um alla heimsbyggðina. Skuldir þróunarlandanna t.d. við hinar ríkari þjóðir í heiminum eru að ýmsu leyti til komnar einmitt vegna vopnakaupa og stórveldin nota þróunarlöndin í tafli sínu til þess að, við skulum segja, tappa af ákveðinni spennu sem ríkir á milli þeirra. Við erum nefnilega öll í litlu þorpi þar sem við búum á jörðunni.

Varnir almennt hafa jafnan verið skilgreindar afar þröngt. Þær varnir sem mönnum eru nauðsynlegar eru ekki einungis gegn hervæðingu eða gegn grimmd og yfirráðum annarra manna. Hugtakið varnir og öryggi er í raun miklu víðtækara og nær til varna gegn sjúkdómum, hungri, fátækt, atvinnuleysi, misrétti og fáfræði. Þetta skyldum við hafa í huga þegar við tölum um öryggi þjóða, öryggi landa, öryggi einstaklinga sem ýmis bandalög eiga að tryggja. Leiðin til þessa almenna öryggis liggur ekki í gegnum hernaðarbandalög, hernaðarbandalög sem nærast á virkum óvinaímyndum, sundrungu og því sem aðskilur menn og þjóðir. Hún liggur miklu fremur í því að byggja brýr á milli manna og þjóða, efla skilning, auka jafnrétti og jöfnuð.

Ég tek undir þá hugmynd að fram fari endurskoðun á þessum samningi og það virðist e.t.v. vera gott tækifæri til þess að fá slíka till. samþykkta í tíð þeirrar félagshyggjustjórnar sem nú situr. Hins vegar hlýtur sú endurskoðun að leiða ýmislegt í ljós sem orðið getur tilefni til breyttrar afstöðu þings og þjóðar og þess vegna er auðvitað ekki hægt að gefa sér niðurstöður endurskoðunarinnar fyrir fram, eins og mér fannst koma fram í málflutningi hv. 1. flm.

Mér finnst fráleitt og ég legg ríka áherslu á það að ég tel að það komi ekki til greina að við Íslendingar verðum efnahagslega háðari hervæðingu en nú þegar er orðið og get því alls ekki tekið undir þann málflutning hv. 1. flm. Kvennalistakonur telja það og hafa ævinlega talið mjög alvarlegt hve efnahagslega háðir herstöðinni við Íslendingar erum nú þegar og teljum brýna nauðsyn að draga úr þessum áhrifum frekar en að auka þau.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég vil taka undir það sem síðasti ræðumaður, hv. 6. þm. Reykv., sagði, að við Íslendingar ættum að reyna að beita okkur fyrir því eftir mætti, bæði hér innan lands og á erlendum vettvangi, að friður megi haldast í heiminum, að mannréttindi geti aukist í heiminum og séu virt, að hver og einn, hversu smár sem hann er, geti búið við það öryggi sem við búum sjálf við hér á landi. Og ég held að Íslendingar geti skipt máli á alþjóðavettvangi í þeirri viðleitni. En ég held að það sé misskilningur hjá hv. þm. að við komum meiru áleiðis með því að sitja alltaf hjá, með því að vera andvaralausir og með því að taka ekki á okkur einhverja ábyrgð.

Mér finnst sú umræða ekki rétt sem byggist á því að öll hernaðarbandalög séu í sjálfu sér vond, þegar hugsunin er sú að það eitt að bera vopnin sé glæpur og feli í sér fordæmingu á friði. Þetta er auðvitað alls ekki rétt. Við Íslendingar gengum ekki í Atlantshafsbandalagið í einhverju ófriðarskyni. Með því að bindast varnarsamtökum við vestrænar lýðræðisþjóðir vorum við auðvitað að reyna að tryggja okkur

sjálf og ég held að engum blandist hugur um að sagan hefur sýnt fram á það og sannað að þessi varnarsamtök vestrænna lýðræðisþjóða hafi borið þann ávöxt að friður er nú meiri fyrir vestan mörkin heldur en nokkru sinni hefur verið fyrr í sögu þessara þjóða. Friðurinn er meira að segja orðinn svo mikill að öðrum þræði fer mikið af umræðu okkar Íslendinga einmitt fram um það hvernig við eigum að bregðast við markaði í Vestur-Evrópu. Þær þjóðir sem þar eru og hafa í gegnum aldirnar borist á banaspjótum eru búnar að ná miklu betur saman heldur en þær hafa áður gert með margvíslegri samvinnu. Með því að brjóta niður þá þröskulda sem eru milli landamæra eru þessar þjóðir nánast sem eitt land, einn stór markaður.

Við erum að reyna að bregðast við þessari einingu þjóðanna í Vestur-Evrópu og stundum eru ræður hér í þingi einmitt um þennan mikla árangur og ávöxt sem þetta varnarbandalag hefur borið. Við þurfum ekki að fara langt aftur í sögu Vestur-Evrópu til þess að átta okkur á því að það hefði þá verið óhugsandi að Vestur-Þjóðverjar og Frakkar gætu orðið jafneindregnir vinir og þeir eru nú.

Þá er spurningin: Hvað er það sem hefur gerst? Hvernig stendur á því að einmitt þessar þjóðir ná svo vel saman? Svarið við því er auðvitað það eitt að búið er að opna landamærin. Hvergi í veröldinni eru mannréttindi jafnt í heiðri höfð eins og þar. Fólkinu sem þarna býr finnst það vera ein heild.

Á hinn bóginn hlustaði ég á það meðan ég var að aka frá Akureyri til Reykjavíkur í gærkvöldi þegar einn ágætur ungur blaðamaður, Illugi Jökulsson, var að fjalla um örlög þessara smáþjóða, Eistlands, Lettlands og Litháens, sem fengu fullveldi eins og við á árinu 1918 ásamt Úkraínu og Póllandi. Allar þessar litlu þjóðir fengu fullveldi og fögnuðu eins og við 1918. Hann var að ræða þarna um örlög þriggja þessara þjóða sem höfðu lent inni í öðru bandalagi, ekki inni í Efnahagsbandalaginu, heldur inni í bandalagi Sovétríkjanna, í því ríkjabandalagi. Hann var að lýsa því fyrir okkur að sá forsætisráðherra sem hafði verið lengst við völd í Eistlandi hafði lokið ævi sinni einmitt í fangelsi austur í Síberíu. Þannig endaði hann sitt líf. Og hver var ástæðan fyrir þessu? Ástæðan fyrir þessu var sú að þeir sem búa við hið austræna lýðræði — lýðveldi, það heitir víst lýðveldi, og það hefur oft komið fram hér í þingsölum líka að engin stjórnarskrá í veröldinni er ítarlegri né fullkomnari en einmitt stjórnarskrá Sovétríkjanna sem svo oft er vitnað til. Ég þarf ekki að minna á þau fögru orð sem voru viðhöfð í Þjóðviljanum þann dag sem Jósef Stalín andaðist og ég þarf ekki að tala um frelsisvininn mikla eins og hann birtist okkur í ljóðum Jóhannesar úr Kötlum. Og ég þarf heldur ekki að tala um það hvað maður eins og ég lítur á það með mikilli fyrirlitningu ef einhver maður sækir friðarþing austur til Sovétríkjanna vegna þess að ég veit að þegar leiðtogar Sovétríkjanna tala um frið tala þeir um frið með sama hljómi eins og talað var um frið í Nasista-Þýskalandi. Ég geri engan mun á friðargöngu í Sovétríkjunum eða friðargöngu undir Hitler. Samningurinn var gerður milli Stalíns og Hitlers, friðarsamningurinn. Annar réðst inn í Pólland fyrst, hinn inn í Eystrasaltslöndin. Þeir voru svona að innlima þessi ríki og það er enginn vafi á því að sú ógnun sem okkur stafar af Sovétríkjunum í dag er ekki minni en hún var þegar Atlantshafsbandalagið var stofnað vegna þess að síðustu atburðir sýna okkur að Sovétríkin eru jafnfjarri því nú og þau voru þá að þeir þegnar sem þar búa búi við nokkurt öryggi, að við getum treyst því að þeirra hervæðing sé einungis til þess að bjarga sjálfum sér frá yfirvofandi aðsteðjandi hættu annars staðar frá, heldur er hervæðingin auðvitað árásargjörn.

Nú getur maður velt fyrir sér hvernig stendur á því að hervæðing er árásargjörn í löndum Varsjárbandalagsins. Hervæðingin er árásargjörn í löndum Varsjárbandalagsins vegna þess að í þeim löndum þar sem fólk er ekki frjálst og getur ekki með sama hætti og hér tekist á um það hvernig eigi að skipta kökunni sem er til skipta, heldur er gefinn út einn stóri sannleikur um það hvernig skipting þjóðartekna skuli vera, opinber tilskipun um það hvað hver og einn á að fá, þá auðvitað þýðir það ekki um leið að einstaklingarnir í þessum löndum sætti sig við þá skiptingu. Auðvitað kemur mikill þrýstingur frá fólkinu upp á við til þeirra sem deila og drottna og auðvitað þurfa þeir með einhverjum hætti að beina athyglinni frá ástandinu innsveitis, ástandinu í sinni sókn, í sínu landi. Það gera þeir auðvitað með því að búa sér til einhvern óvin utan landamæranna sem þeir geta sameinað fólkið gegn. Það hefur auðvitað alltaf verið gert. Og það er auðvitað gert enn þá í þessum löndum, alið á hatri til einhverra þjóða sem búa utan landamæranna til þess að reyna að fá einhvern styrk inn á við.

Það er undarlegt hvað einmitt þessi barátta þessara manna, eins og þeirra sem eru við stjórnvölinn í Kreml, getur orkað jafnvel á mikla friðarsinna hér heima á Íslandi. Ég man eftir því að ég gekk einu sinni með einum manni sem er mjög nálægt Alþb. upp að Berlínarmúrnum og ég minnist þess að þegar við gengum niður vorum við að ræða um heimsmálin og þá kom Afganistan á dagskrá. Þá var hann að útskýra fyrir mér að Sovétríkin mundu auðvitað ekki ráðast á neitt land sem ekki væri við landamæri Sovétríkjanna. Þess vegna mundu þau ekki ráðast á Ísland en það væri ósköp eðlilegt að Sovétríkin vildu berjast í Afganistan vegna þess að Afganistan ógnaði öryggi Sovétríkjanna eða gæti gert það. Þannig er nú útþenslustefnan þar. Mér þótti þetta kaldranalega sagt þegar ég var að horfa á hundana þarna í girðingunni sem girðir af þá Berlínarbúana, sem skilur að Vestur- og Austur-Berlín. Það var svolítið óhuggulegt að tala um þetta við hann þar.

Ég hef líka heyrt það í útvarpinu að fólk sem hefur dvalist langdvölum á Kúbu er að útskýra fyrir okkur Íslendingum hvað Kastró sé friðsamur, og hvað hann hafi gert mikið fyrir heimsfriðinn. Einu sinni

hlustaði ég á prest sem hafði farið til Austur-Þýskalands. Hann var einmitt að dásama það hvað færi vel um biskupa í Austur-Þýskalandi og tók m.a. fram um einn þeirra að hann ætti mikið af bókum. Nú hef ég ekki farið heim til séra Péturs Sigurgeirssonar, biskupsins yfir Íslandi, og athugað hvort hann ætti mikið af bókum, en ég hygg að það þætti ekki fréttaefni hér á Íslandi a.m.k. þó hann kíkti einstaka sinnum í bók eins og virðist vera ef maður kemst austur fyrir tjaldið. Ég held þess vegna að þegar við ræðum um þessi mál hér í þinginu eigum við ekki að leyfa okkur þennan munað að segja, eins og það sé allt í lagi, að við getum ekki tryggt okkar öryggi með því að vera í varnarbandalagi. Ég held að það sé of mikil einföldun á hlutunum og ég held að það sé líka í aðra röndina siðlaust. Ég held að það sé í aðra röndina siðlaust.

Ég held að það að setja öll hernaðarbandalög undir sama hatt, bara það eitt að velja þetta orð lýsir vissri fyrirlitningu á því sem við erum að segja því með því er verið að gefa í skyn að á bak við allt starf, varnarstarf, hljóti að liggja sömu hvatir. Nú vitum við að þetta er alls ekki rétt. Við vitum vel að ef t.d. Norðurlandaþjóðirnar stofnuðu varnarbandalag mundi enginn maður geta haldið því fram að það væri árásarbandalag. Ég hef að vísu heyrt mann og mann segja að Finnar hafi ráðist á Sovétríkin á sínum tíma en ekki öfugt. Menn eru svona að gera ýmsu skóna. Á bak við það sem við erum að gera í Atlantshafsbandalaginu er hins vegar ekki árásarhvöt. Á bak við það sem við erum að gera í Atlantshafsbandalaginu er einungis krafan um það að þessar litlu þjóðir hér megi áfram lifa í friði, krafan um það að við getum ekki aðeins varið okkar eigin landamæri, við getum ekki aðeins aukið öryggið hjá okkur, aukið mannréttindin hjá okkur, heldur er krafan um það líka að við reynum að beita okkur út á við, þannig að aðrir beri traust til okkar og sýni hvað á bak við stendur og skilji að við erum kannski eina vonin í veröldinni um það að það geti orðið friður um allar heimsins álfur, að það geti loksins orðið friður á þessari hrjóstugu jörð sem við búum á og fer því miður versnandi einmitt vegna þess að sá hugsunarháttur sem er í Atlantsbandalaginu er ekki víðar. Hvernig ætlum við t.d. að geta barist fyrir umhverfismálum, svo að ég taki lítið dæmi, sem krefst auðvitað þess að eftirlit sé haft með hlutunum, ein þjóð hafi eftirlit með annarri. Við megum hins vegar ekki fara yfir landamærin, við megum ekki vita hvað hinir eru að gera.

Hvernig getum við treyst einhverjum manni sem ekki treystir okkur sjálfum? Hvernig getum við trúað því að einhver maður segi satt þegar hann heldur því fram um okkur lýðfrjálsu þjóðirnar, opnu löndin, að við séum að dylja eitthvað, við séum að fela eitthvað, þar sem blaðamenn geta farið bókstaflega ofan í — ég þori nú ekki að segja hvers manns kopp, auðvitað, en geta farið mjög víða a.m.k. um hirslur manna, skoðað mjög mikið.

Herra forseti. Ég hef orðið langorðari en ég ætlaði að vera en þessi klisja sem verið er að nota fór sem sagt í taugarnar á mér, að gefa í skyn að Atlantshafsbandalagið sé sömu ættar og Varsjárbandalagið. Það var þessi klisja sem fór í taugarnar á mér. Ég man eftir því að þegar þetta kom fyrst upp var ég ungur maður hér í Reykjavík. Þá kom einhver með þetta í Þjóðviljanum. Allur þorri Íslendinga var mjög undrandi á þessu smekkleysi vegna þess að menn vissu á þeim tíma, kannski betur en nú, hvaða regindjúp skilur að þær þjóðir sem eru í Atlantshafsbandalaginu og þær þjóðir sem eru í Varsjárbandalaginu, ekki vegna þess að ein þjóð sé annarri verri, heldur vegna þess hversu ólík skilyrðin eru hjá þessum þjóðum til þess að láta gott af sér leiða, hvaða mikli munur er á Póllandi og því landi sem Thatcher kemur frá þar sem hún er forsætisráðherra. Menn skildu þennan mikla mun, þann gífurlega mun sem er á virðingu þeirra manna sem ráða löndum, á fólkinu sjálfu og mannslífinu. Og ég held að við eigum, Íslendingar, ef við viljum á annað borð vekja athygli erlendis fyrir okkar friðarmálstað, að leggja einmitt áherslu á rétt hins smáa, hins litla, til þess að geta verið frjáls, ekki aðeins á pappírnum, ekki aðeins í áróðri, ekki aðeins til að láta taka myndir af sér, ekki aðeins til þess að hægt sé að bjóða einhverjum erlendum þingmönnum heim til sín og sýna þeim það sem á að sýna þeim en ekki eitthvað annað, heldur til þess að menn geti farið um hver og einn hver til annars, yfir landamæri, heimsótt, verið gistivinur hinum megin við landamærin og séð og gengið úr skugga um hvernig þeim líður.

Ég var að heimsækja þýska konu sem ég þekki vel á Akureyri. Hún á ættingja bæði austan og vestan múrsins og foreldrar hennar fengu að reyna það hvernig var að búa austan og vestan múrsins. Við þurfum ekki að segja þessu fólki einhver ævintýri um það að það sé eitt og hið sama að vera í Varsjárbandalaginu og vera í Atlantshafsbandalaginu. Við þurfum það ekki. Hins vegar eigum við að vera óhrædd við það í þessu gamla og góða þingi okkar, íslenska þjóðþinginu, að segja: Við þorum að standa með þeim þjóðum sem virða mannréttindi eins og við. Við þorum að berjast fyrir því líka innan þingmannasambandsins að mannréttindi séu í heiðri höfð. Þó að við vitum að allur meiri hlutinn í þingmannasambandinu kemur frá þjóðum þar sem mannréttindi eru einskis virði og fótum troðin eigum við samt sem áður að þora að segja Alþjóðaþingmannasambandinu að við viljum frið í heiminum þó svo að þeir haldi áfram að koma með tillögur fyrir okkur þar sem krafist er ofbeldis og krafist er þess að blóð renni sums staðar en annars staðar ekki.

Já, það var fallegt, herra forseti, að aka á laugardaginn til Húsavíkur í allri þeirri heiðríkju sem þá var yfir Norðurlandi, að sjá friðinn í náttúrunni, sjá landið eins og það er fegurst á haustdegi. Ég vona að sú stund eigi einhvern tíma eftir að koma að sú heiðríkja sem þá var yfir landinu geti líka orðið í samskiptum manna og menn hafi þrek til þess að

tala líka um hin viðkvæmustu mál þannig að hver og einn segi opinskátt hver hans hugsjón og hver hans meining er og láti njóta sannmælis það sem verið er að gera. Ég trúi því ekki þegar talað er um hernaðarbandalög eins og þau séu bara einn og einn bolli úr sama stelli, svo að maður fari nú í eldhúsið, að hugur fylgi þar máli. Ég held að hv. síðasti ræðumaður viti það líka eins og ég að það er mikill eðlismunur á Atlantshafsbandalaginu og Varsjárbandalaginu. Það er ekki hægt að tala um hernaðarbandalög eins og bolla í stelli og ... (Gripið fram í.) Það er allt brothætt, hv. þm. Það er líka brothætt að vera með málflutning sem ekki er sannur.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Ég hélt að hv. 2. þm. Norðurl. e. ætlaði aldrei að stoppa. Ég greindi ekki mikið í hans máli um það mál sem hér á að vera til umræðu, um endurskoðun varnarsamningsins, sem ég taldi þó vera ástæðuna fyrir því að hann steig hér upp í pontu. Ég fékk ekki það fram í hans máli hver afstaða þingflokks Sjálfstfl. er til þessarar tillögu og harma ég það mjög.

Ég er meðflm. að þessari till. til þál. um endurskoðun á varnarsamningnum. Ég er ekki sammála 1. flm. þessarar tillögu að því leyti til hvernig hann rökstuddi sitt mál. Ég er hins vegar á þeirri skoðun að brýna nauðsyn beri til að athuga þennan samning, sem er orðinn 37 ára gamall og hefur aðeins verið endurskoðaður lítillega og frekar til málamynda, og þá framkvæmd sem hefur verið á þeim samningi hingað til.

Því hefur margoft verið haldið fram að regluleg endurskoðun sé nauðsynleg vegna örrar þróunar í alþjóða- og viðskiptavenjum þjóða á milli, þessi samningur hafi verið einn hinna fyrstu stærri milliríkjasamninga á lýðveldistímanum og þá hafi okkur skort reynslu og þekkingu auk þess sem íslenskt atvinnulíf hafi á margan hátt verið vanþróað á þeim tíma. Það má minna á það að þá voru engin verktakafyrirtæki til staðar hér á landi.

En að hverju ætti þessi endurskoðun að beinast? Í mínum huga ætti hún að beinast að tiltölulega frjálsri verktakastarfsemi, hugvit og hönnun mannvirkja yrði í höndum Íslendinga, sölu á rekstrar- og framleiðsluvörum og íslensku vinnuafli. Það má minna á að aðgerðir hv. þm. Alberts Guðmundssonar á sínum tíma í svokölluðu kjötmáli voru undanfari þess að varnarliðið samdi um kaup á kjöti af okkur Íslendingum. Ég held að þessi eina aðgerð sem hann stóð fyrir sýni það að við getum komið ýmsum endurbótum á í þessum samningi.

Á það má minna að í viðbæti nr. 8 í varnarsamningnum stendur að ekki skuli leggja á tolla og skatta, en samt sem áður segir í 6. tölul. þessarar sömu greinar að menn úr varnarliði Bandaríkjanna skuli greiða tolla og önnur gjöld samkvæmt íslenskum lögum af öðrum innflutningi en talinn er upp í 3.–5. tölul. í sömu grein, þar með taldar vörur í gegnum pósthús Bandaríkjamanna. Þessu hefur aldrei verið framfylgt, bæði vegna undirlægjuháttar íslenskra stjórnvalda og þess að ekkert eftirlit er með starfrækslu pósthúss þeirra og spurning er hvort starfrækslu þess sé í trássi við varnarsamninginn.

Enn fremur segir hvergi í varnarsamningnum að íslenskir skattborgarar eigi að niðurgreiða íslenskar framleiðsluvörur, svo sem mjólk, kjöt, fisk og brauð, ofan í varnarliðsmenn og skyldulið þeirra. Þetta hefur þó verið gert um margra ára skeið. Er það ekki eðlilegt að greiddir séu tollar og skattar af innflutningi varnarliðsins? Ég mundi vilja að þetta yrði athugað sérstaklega í þeirri endurskoðun sem fram mundi fara ef þessi þáltill. yrði samþykkt.

Síðan vil ég spyrja: Er ekki í hæsta máta óeðlilegt og ekki í samræmi við samninginn að Íslendingar sem starfa hjá varnarliðinu gangist undir sérstakt ökupróf þar? Þetta hefur þó viðgengist átölulaust lengi og með blessun íslenskra lögregluyfirvalda á Keflavíkurflugvelli. Við getum einnig tekið að okkur fleiri störf á vegum varnarliðsins. Það má benda á að þar eru engir íslenskir veðurfræðingar. Síðan mætti koma því inn að ýmis tæknileg störf yrðu unnin á vegum Íslendinga.

Það er líka eitt í þessum málum sem ég tel nokkra ástæðu til að hafa áhyggjur af. Er ekki í hæsta máta óeðlilegt að íslensk yfirvöld viti harla lítið og ekki neitt um þá starfsemi sem fram fer innan varnarliðssvæðisins? Og að sömu menn hafa setið í varnarmálanefnd um áratugaskeið af okkar hálfu? Spurningin er: Höfum við ekki sofið á verðinum frá upphafi og er ekki full ástæða til þess að taka þetta mál föstum tökum strax og byrja að brjóta niður vegginn og koma á nútímafyrirkomulagi varðandi þennan samning?

Af nógu er að taka þegar þessi málaflokkur er hugleiddur. Alþingi á að hafa frumkvæði að því að taka á þessum málaflokki með nýjum hætti, ekki síst í ljósi þeirrar staðreyndar að svæðið á Keflavíkurflugvelli er orðið að dvergríki.

Umræðu frestað.

Um þingsköp.

(Framhald fundar í Sþ.)

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég verð leiðréttur fari ég með rangt mál en ég veit ekki betur en að meginforseti hafi lofað því að hv. 5. þm. Reykv., sem fer út af þingi eftir þennan dag, fái að mæla fyrir sínum málum sem hér eru á dagskrá. Það standa tvö mál enn þá út af borðinu og ég óska þess að forseti upplýsi það hvort hann fái að mæla fyrir sínum málum eða ekki.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Þar sem klukkan er nú orðin fimm og eðlilegur þingflokksfundatími að hefjast verður þessum fundi frestað. Fundurinn hefst aftur kl. 6.30. — [Fundarhlé.]

Endurskoðun á varnarsamningi Íslands, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁHE o.fl., 53. mál. — Þskj. 55.

Jón Sæmundur Sigurjónsson:

Virðulegi forseti. Aðeins stutt athugasemd út af þeirri staðhæfingu 2. þm. Austurl. Hjörleifs Guttormssonar að Alþfl. sé oftast nær kaþólskari en aðrir varðandi eindrægni í samstöðu vestrænna ríkja. Þetta er alveg hárrétt hjá hv. þm. Þessi afstaða hefur oft verið mjög eindregin í röðum okkar alþýðuflokksmanna og hún er tilkomin að mestu leyti af eindregnum manneskjulegum sjónarmiðum.

NATO eða Atlantshafsbandalagið var stofnað upp úr seinni heimsstyrjöldinni. Allir þeir sem þekkja hörmungar þær sem menn urðu að lifa í þeirri heimsstyrjöld vita hvers virði það er að stofna bandalag um þau mannlegu gildi sem í þeirri heimsstyrjöld voru fótum troðin.

Nú er það hafið yfir allan vafa að mjög margt er líkt í þjóðfélagsskipan í Þýskalandi nasismans og í þeim austrænu ríkjum þar sem kommúnisminn ríkir. Allir þekkja þá þróun sem varð eftir seinni heimsstyrjöldina þegar Sovétríkin flæddu yfir hvert smáríkið á fætur öðru fyrir vestan þeirra landamæri og sölsuðu þau undir sig. Það var full ástæða fyrir lýðræðisþjóðir að standa vörð um þá lýðræðislegu hefð, um þau mannlegu gildi sem lýðræðisríki standa fyrir og mynda með sér samstöðu til varnar því að svipuð þróun gæti átt sér stað í þeirra löndum, í þeirra ríkjum.

Hv. 6. þm. Reykv. Guðrún Agnarsdóttir sagði að það yrði frekar að byggja upp varnir annars staðar í þjóðfélaginu heldur en út á við, heldur en með hernaðarlegum varnarbandalögum, og átti þá við einmitt öll hin mannlegu gildi sem ég vil halda fram að hinar lýðræðislegu þjóðir standi fyrir og einungis verða varin með því að sýna styrk út á við. Það er aðeins hægt í löndum þar sem friður ríkir að byggja upp barnaheimili, að byggja upp heilbrigðiskerfi, að byggja upp sómasamlegan ellilífeyri fyrir gamla fólkið, að byggja upp velferðarríki í frelsi, að styrkir múrar séu utan um slík menningarleg samfélög. Afleiðingin er auðvitað samstaða Íslendinga í varnarbandalagi NATO. Og enn frekari afleiðing er vera varnarliðsins hér á landi.

Af hálfu Alþfl. hefur hins vegar aldrei komið til greina að Íslendingar bindi sig í efnahagslegar viðjar með gjaldtöku fyrir veru varnarliðsins hér á landi. Það er í hæsta máta óeðlilegt í frjálsum samskiptum frjálsra lýðræðisþjóða að við gerumst þar eins konar leiguliðar.

Annað mál er það að leggja ber aukna áherslu á gagnkvæma afvopnun varnarbandalaganna beggja, þannig að hægt sé að draga úr spennu á alþjóðlegum vettvangi. Einungis með gagnkvæmum tilslökunum er hægt að búast við að friðvænlegar horfi í heiminum og þá má vera að það verði sameiginleg niðurstaða okkar og bandamanna okkar að ekki þurfi lengur her á Íslandi.

Að öðru leyti má vel vera að ýmis tæknileg útfærsla í samskiptum þjóðanna í sambandi við veru varnarliðsins hér þurfi endurskoðunar við í tímans rás og þá er auðvitað rétt að viðræður fari fram á milli réttra aðila hvað það snertir.

Að lokum vildi ég aðeins taka undir ósk hv. 2. þm. Norðurl. e. sem sagði að hann vonaði að sú heiðríkja sem fegurst getur verið á Norðurlandi skuli ríkja í framtíðinni í samskiptum þjóða og manna.

Flm. (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Hæstv. forseti. Ég fagna sérstaklega áhuga Alþingis á þessu umræðuefni svo sem sést hér í tómum þingsölum. Mér þykir það með eindæmum hversu margir þingmenn sýna endurskoðun á varnarsamningi þjóðanna tveggja áhuga sinn með því að mæta ekki hér. En við því verður ekki gert. Í málflutningi hv. alþingismanna hér áðan kom afskaplega lítið fram sem ég get upplýst betur héðan úr pontu núna í lok fyrri umræðu um þetta mál. Ég vil þó leyfa mér að vera sammála hv. 2. þm. Austurl. Hjörleifi Guttormssyni um það að bandarískt herinn er ekki hér til þess að vernda Íslendinga. Ég fagna þeim liðsauka. Ég er líka sammála honum þegar hann skildi ekki innbúið í höfðinu á mér, ég skil það ekki oft sjálfur og hef ekkert á móti því að það sé skoðað. Þingið skilaði e.t.v. betri árangri ef þingmenn væru almennt skoðaðir að innan og endurskoðaðir ekki síður en varnarsamningurinn.

Hv. 6. þm. Reykv. Guðrún Agnarsdóttir skildi ekki alveg samhengið hjá mér hvernig hægt væri að forðast efnahagsleg tengsl í eitt skipti fyrir öll með því að gera nú samning við Bandaríkin. Þjóð okkar rambar á barmi gjaldþrots. Við erum um það bil að verða gjaldþrota. Við höfum verið háð Bandaríkjum Norður-Ameríku á margan hátt og misjafnan, og hirði ég ekki um að nefna einstök dæmi því til stuðnings á þessum tíma. En mín tillaga er sú, svo ég ítreki hana hér, að við göngum til samninga við Bandaríkin í eitt skipti fyrir öll til þess að losna undan þeim skuldum sem eru að gera okkur það háð, ekki bara Bandaríkjunum heldur öðrum þjóðum, að við okkur blasir að við þurfum að segja okkur á hinn alþjóðlega hrepp, sem er Alþjóðabankinn, en það er hann sem tekur við þjóðum sem missa fótanna. Þar með lít ég svo á að við getum losnað við þessi efnahagslegu tengsl í eitt skipti fyrir öll og byrjað á nýjan leik að reyna að fóta okkur sjálf hér í samfélagi þjóðanna.

Mér er alveg sama hvernig alþingismenn rökstyðja sitt mál hér, hvort þeir eru sammála mér eða ekki, svo lengi sem þeir taka undir það að varnarsamningurinn sé eins og önnur mannanna verk til þess fallinn að endurskoða í rás tímans við breyttar aðstæður og við breytt viðhorf. Það er númer eitt í þessari tillögugerð.

Ég lít svo á að við séum í ákveðinni nauðvörn, við séum komin upp að vegg og þess vegna vil ég ljúka þessum málflutningi mínum með þeirri skoðun minni að þegar stjórnmálaforustan í landinu hefur brugðist við að sjá landinu farborða með sjálft Alþingi í broddi fylkingar þá hefur þjóðin sjálf bæði réttinn og skylduna til þess að bjarga sér sjálf. Og svo er nú komið fyrir okkur í dag, því miður.

Að svo mæltu þakka ég fyrir tækifærið til þess að mæla fyrir þessari till. og bið þingheim vel að lifa.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Nýtt hús fyrir Alþingi Íslendinga, fyrri umr.

Þáltill. ÁHE, 51. mál. — Þskj. 53.

Flm. (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Hæstv. forseti. Hv. þingheimur. Ég mæli fyrir till. um að hætta við fyrirhugaðar framkvæmdir við nýtt alþingishús fyrir Íslendinga sem hefur verið teiknað og teikningar hafa legið frammi og verið birtar opinberlega í fjölmiðlum.

Ég rökstyð það á þann hátt aðallega að ég tel húsið mjög illa í sveit sett þar sem því er valinn staður við Austurvöll í Reykjavík. Húsið verði eitt af þeim skipulagsslysum sem við verðum að reyna að komast hjá og er ekki á þann hóp bætandi. Því miðborgin hér morar af slysum í skipulagi. Þarf í rauninni ekki að fjölyrða meira um það, hver og einn þekkir dæmi um slys af þessu tagi, en þó vil ég ekki láta hjá líða að nefna Morgunblaðshúsið, Seðlabankann og viðbyggingar við Landsbankahúsið og Útvegsbankahúsið. Nýja ráðhúsið er slys af þessum sama toga og um það bil að verða of seint að koma í veg fyrir að sá skaði verði allur.

Í staðinn fyrir það hús sem er á teikniborðinu legg ég til að reist verði hús sem er að ytra útliti nákvæmlega eins og þinghúsið gamla virðulega með danska konungsskjöldinn sem við erum í nú og því húsi verði valinn staður á lóðinni handan við Alþingisgarðinn þar sem núna eru bílastæði þingmanna á gömlu góðtemplaralóðinni. Þetta nýja hús leysir margan vanda. Útlit þess kemur til móts við sjónarmið margra sem óttast nýja húsið við Austurvöll hvað útlit, stærð og umfang varðar og eins geri ég ráð fyrir að það geti hýst alla þá starfsemi Alþingis sem núna er á hrakhólum. Ef svo er ekki þá eru fleiri hús í grenndinni, eins og hús Oddfellowa, en ég hef heyrt því fleygt í þeirra röðum að þeir hafi fullan hug á að byggja annars staðar í borginni.

Í annan stað er fjármálum þessarar þjóðar svo komið að hið opinbera á ekki að beita sér fyrir húsbyggingum. Það væri nær að hið opinbera hjálpaði því fólki sem er um það bil að missa húsin sín á uppboðum og öðrum nauðungarsölum. A.m.k. verður það ekki til þess að efla virðingu og traust borgaranna á Alþingi, ríkisstjórn og stjórnmálastarfi í landinu þegar hús af þessari stærð og þessu tagi eru reist á sama tíma og fólkið tapar sínum eignum.

Ég vil stytta mitt mál svo sem hægt er vegna þess hve naumur tími er hér skammtaður til umræðu og vil að lokum benda á annan lið í þessari till. sem gerir ráð fyrir því að ríkisstjórnin í umboði Alþingis geri tilboð í ráðhúsgrunninn og forði Reykvíkingum og höfuðborg allra landsmanna þar með frá því ráðhúsi sem þar á að rísa. Því grunninn sjálfan má nota sem bílastæði án þess að hann þurfi nokkurn tímann að rísa upp fyrir yfirborð Tjarnarinnar.

Ég hef áður tekið til máls um ráðhúsið hér á þessum stað. Það hafa verið umræður hér í allan dag og ég ítreka eingöngu andstöðu mína og ég hafna því að aðrir þingmenn Reykjavíkur tali fyrir mína hönd þegar þeir segja að Reykvíkingar allir séu á einu máli um að reisa þetta hús og að hvert það tal sem lýtur í aðra átt sé gegn vilja og hagsmunum Reykvíkinga. Ég vil fyrir mína parta ekki sjá þetta hús rísa af því að ég vil láta það rísa einhvers staðar annars staðar þegar og ef þess gerist þörf. En ég hef hins vegar verið að velta því fyrir mér að kannski gæti þetta verið innlegg í kosningabaráttuna fyrir næstu borgarstjórnarkosningar. Að þetta hús rísi af grunni sem minnismerki um þá borgarstjórn sem nú situr við völd og sem ábending til kjósenda um hverja á ekki að kjósa aftur. En við látum þær umræður bíða annars og betri tíma.

Til þess að nota megi grunn ráðhússins undir bílastæði hef ég bent á að færa megi alla starfsemi Reykjavíkurborgar í suðurhlíð Öskjuhlíðar. Þar er klettabelti sem frekar erfitt er yfirferðar og þar eru líka gamlir húsgrunnar frá stríðsárunum og því verður þar aldrei útivistarsvæði. Þar mætti vel koma fyrir allri starfsemi Reykjavíkurborgar og ekki aðeins þeim fáu liðum sem eiga að vera í ráðhúsinu nýja. Hápunkturinn á þeirri starfsemi yrði síðan nýja húsið á geymunum sem enginn maður hefur enn þá séð sérstakan tilgang í. Þetta gæti réttlætt þau útlát að einhverju leyti ef það hús tengdist borgarstjórninni og starfi hennar, hugsanlega sem fundarstaður og ráðhús þar sem embættismenn og borgarstjórnarfulltrúar mundu snúast um einn ákveðinn punkt: borgarstjórann.

Þessi tillaga mín verður ekki rökstudd hér nánar, enda liggja öll þessi rök fyrir í grg. og því öllum aðgengileg sem vilja tjá sig um þetta mál. En ég þakka fyrir að hafa fengið tækifæri til að mæla fyrir þessari till. hér í hæstv. Alþingi og legg til að lokinni þessari umræðu verði till. vísað til síðari umr. og hv. allshn.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Mig langaði aðeins að tjá mig um þessa till. með örfáum orðum. Þessi till. er allóvenjuleg. Það eru nokkur atriði sem lagt er fyrir að gera samkvæmt till.

Það er í fyrsta lagi að hætta þegar í stað greiðslum til þess að undirbúa byggingu nýs húss fyrir starfsemi þingsins við Kirkjustræti og Austurvöll eins og fyrirliggjandi teikningar gera ráð fyrir. Ég vek athygli á því að þetta er nokkuð einkennileg aðferð við það að breyta ákvörðun fjárlaga en fer ekki nánar út í það.

Í öðru lagi er lagt til að það skuli reisa nýtt alþingishús á lóð Alþingis við Vonarstræti. Það er og athyglisvert við það að það hús á að vera nákvæm eftirmynd af því húsi sem við stöndum hér í. Ég hef aldrei heyrt slíka hugmynd fyrr og ég leyfi mér að efast um hvað raunhæf slík hugmynd er.

Þá er í till. gert ráð fyrir að Alþingi komist yfir ráðhúsgrunninn í Tjörninni og geri að bílageymslu. Það er frumleg tillaga. Það verður að færa henni það til lofs.

Og það verður að segja að hv. flm. reiðir hátt til höggs. Hann segir í lok sinnar grg. með þessari till. þegar hann er búinn að reifa hvað hann ætlar að gera: „Þannig er hægt að slá þrjár flugur í einu höggi í Reykjavík. Setja niður deilur um þrjú opinber hús í borginni." Hér mun vera átt við það hús sem hefur verið teiknað fyrir Alþingi, ráðhúsið og svo húsið sem gert er ráð fyrir á hitaveitutönkunum.

Ég ætla ekki að ræða frekar um þetta. En ég vil vekja athygli á því, og það vita raunar allir, að þetta er ekki í fyrsta sinn sem rædd eru húsnæðismál Alþingis hér í þessum sölum. Það hefur verið ákaflega mikið rætt um þessi mál, ekki einungis á síðustu árum og ekki sérstaklega mikið á síðustu árum, oft og tíðum mikið á síðustu áratugum. Og það vill svo til að þá deildu menn um flest sem þessum húsnæðismálum kom við. Menn deildu m.a.s. um það hvort Alþingi ætti að vera til frambúðar í Reykjavík. Menn deildu um það hvort Alþingi ætti að vera á þeim stað sem Alþingishúsið er núna eða annars staðar í Reykjavík og þannig var deilt um þessi mál. En þó að það væri deilt um þessi mál, þá töluðu menn ekki af neinu ábyrgðarleysi. Þetta voru hjartans mál þingmanna og þingmenn úr öllum flokkum sýndu mikla ábyrgðartilfinningu í raun og veru alltaf þegar þessi mál voru rædd. Þau voru rædd í mörgum samböndum, í sambandi við tillöguflutning, í sambandi við fyrirspurnir o.s.frv. En það fengust engin úrslit í þessu máli og það var mjög bagalegt og í raun og veru alvarlegt fyrir Alþingi.

Þá kemur það herrans ár 1981. Á 100 ára afmæli Alþingishússins, sem við notum nú, var að tillögu forseta þingsins samþykkt, ágreiningslaust, að fram skyldi fara samkeppni um hús fyrir Alþingi til þess að rúma þá starfsemi sem ekki gæti rúmast í Alþingishúsinu sjálfu. Þetta var mjög merkileg tillaga og mjög merkileg ákvörðun því að þarna var ekki einungis um það að ræða að ákveða að gera útboð að teikningu. Það var tekin ákvörðun um það að það hús sem við notum í dag skuli vera til frambúðar, í næstu framtíð, Alþingishús og hið nýja hús Alþingis átti að vera einungis til þess að gera þetta mögulegt. Með tilliti til þessa var gert ráð fyrir að staðsetning hins nýja húss væri við Kirkjustræti og Tjarnargötu til þess að halda opnu og ónotuðu svæðinu við Vonarstræti því að þar gæti þá verið alþingishús framtíðarinnar, ef mönnum sýndist svo, þegar þar að kæmi.

Hv. flm. snýr þessu við. Hann vill ekki hafa hús við Kirkjustræti til þess að gera mögulegt að nota gamla alþingishúsið. Hann vill byggja nýtt alþingishús nú þegar við Vonarstræti. Um leið bendir hv. þm. á að það þurfi að fara varlega í að eyða fjármunum ríkisins í hús, en mér sýnist að þessar hugrenningar hans standist nú ekki það sjónarmið.

Það er rétt að það komi hér fram að eftir að samkeppnin, eins og menn vita, að nýju húsi fyrir Alþingi fór fram, ákváðu forsetar Alþingis að láta útfæra þá teikningu nokkuð til þess að Alþingi gæti tekið efnislega afstöðu til þess hvort það ætti að fullhanna hús samkvæmt þeirri teikningu. Nú er þessi undirbúningur kominn það langt að það er hægt að taka efnislega afstöðu til þessa. En ef það verður tekin efnisleg afstaða á þann veg að fullhanna skuli þessa byggingu, þá tekur það tvö til þrjú ár og þá þarf að taka aðra ákvörðun um það að byggja húsið og hvenær það verður gert.

Ég vil aðeins vekja athygli á þessu, hvernig þetta mál stendur því að það kemur auðvitað við þessari þáltill. Það er lagt til að hætta að framfylgja ákvörðun Alþingis frá 1981 sem var samstaða um eftir allt sem á undan var gengið, það er lagt til að kasta þessu til hliðar.

Og eins og ég hef lagt áherslu á, þá hefur jafnan verið leitast við hér á þinginu að ná sem víðtækastri samstöðu um það sem varðar framtíðarhúsnæði Alþingis. Hv. flm. þessarar till. hefur setið sem varaþm. hér á Alþingi í fáeina daga. Hann gerir hér tillögu um þessi viðamiklu og viðkvæmu mál. Ég geri ekki þessa skynditillögu að frekara umræðuefni. Þessi málatilbúnaður dæmir sig sjálfur.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að taka þátt í þessum umræðum með örstuttri athugasemd. Ég held að það sé orðið mjög brýnt að við alþingismenn tökum til gagngerrar umræðu húsnæðismál Alþingis og þá framtíð sem við sjáum fyrir okkur hér á þessum stað. Það er alveg ljóst að með byggingu ráðhússins í Reykjavíkurtjörn, sem ég persónulega tel nú að verði ekki stöðvuð héðan í frá og ráðhúsið muni rísa á þessum stað, þá er spurning hvort skipulagsyfirvöld Reykjavíkurborgar og hvort almenningur yfirleitt muni líða það að stórbygging Alþingis muni rísa á þeim stað sem henni hefur verið ætlaður.

Ég skil vel áhyggjur hv. 4. þm. Vestf. Þorv. Garðars Kristjánssonar, sem hefur beitt sér mjög í

þessu máli, að menn íhugi vandlega sinn gang og rasi ekki um ráð fram, en ég held því miður að það sé að verða alveg ljóst að það verður erfiðara og erfiðara fyrir Alþingi að fá samþykki fyrir þessu húsi sem fyrirhugað er og hefur verið unnið að undanfarið á þeim stað sem því er ætlaður. Þess vegna held ég að sé mjög brýnt að þessi mál séu tekin til gagngerrar endurskoðunar. Það má e.t.v. vekja þá umræðu upp á nýjan leik hvort Alþingi eigi endilega að vera á þessum stað áfram. E.t.v. er orðið tímabært, jafnvel að skoða á nýjan leik hugmyndir þess efnis, að Alþingi verði flutt til Þingvalla. Það er orðin greið leið þangað, það er ekki orðið nema kannski 40 mínútna akstur á Þingvöll þannig að það er kannski sú lausn sem gæti leyst húsnæðisvandamál Alþingis.

Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð, en bara ítreka þá skoðun mína að það þurfi að fara fram mjög ítarleg umræða um húsnæðismál Alþingis sem fyrst í þinginu.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég kem nú hér ekki upp til þess að mótmæla því sem hv. 7. þm. Reykn. var að segja. Við erum sammála um það að það er nauðsynlegt að aðhafast eitthvað í húsnæðismálum Alþingis. Það er nauðsynlegt.

Ég held að það sé ekki tímabært núna að fara að rifja upp fyrri hugmyndir um að breyta um aðsetur Alþingis. Hv. þm. minntist á Þingvöll og það kemur nú ekki illa við mig. Ég hef sjálfur haldið því fram að það muni enda með því að Alþingi verði á Þingvöllum. Ég hef lýst þeirri skoðun minni mjög rækilega opinberlega. En ég hef ekki trú á því að það verði á næstu árum, ekki næstu áratugum. Í mínum huga gæti ég látið mér detta í hug eitt eða tvö hundruð ár. Ég held að við spillum tíma og það séu ekki rétt vinnubrögð annað heldur en að byggja á þeim grundvelli sem lagður var 1981. Það er eðlilegast að flýta framkvæmdinni því að það er ekki hægt að nota þetta hús, sem við notum nú sem Alþingishús, ef ekki er byggt nýtt hús til þess að hýsa þá starfsemi sem á að vera undir venjulegum kringumstæðum í Alþingishúsi en rúmast ekki í þessu húsi. Það er engin ástæða hvernig sem litið er á að hafa aðsetur Alþingis í sjö húsum fyrir utan Alþingishúsið sjálft. Það sjá allir.

Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu. Ég veit að það eru fleiri en við, sem höfum talað í þessari umræðu, sem hafa áhuga á þessum málum. Auðvitað höfum við það allir og flm. líka. Ég dreg það ekkert í efa. En það eina raunhæfa í þessu að gera núna það er að framfylgja því samkomulagi sem gert var í þessum málum og allir alþingismenn stóðu að í minningu þess að Alþingishúsið varð 100 ára fyrir nokkrum árum.

Flm. (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Hæstv. forseti. Ég vil að endingu kasta kveðju á þingheim þegar þessu máli verður síðan vísað áfram inn í kerfið. Ég hef því miður ekki frekari tök á að fylgjast með því, en ég veit að það verður í góðum höndum.

Það er ljóst að það er ekki samstaða lengur um þær aðgerðir sem voru ákveðnar hér á Alþingi árið 1981 í minningu 100 ára afmælis Alþingishússins. Bæði hafa viðhorf breyst og annað fólk tekið sæti á þingi. Jafnframt hefur nýja ráðhúsið eða hugmyndin og framkvæmdirnar við nýtt ráðhús gjörbreytt svo allri mynd hér á þessu svæði að mörgum Reykvíkingnum mun þykja nóg komið þegar og ef það hús nær að rísa. Þannig að hæstv. Alþingi er að setja sig á móti og er að fá andstöðu frá stórum hluta Reykvíkinga ef haldið er áfram með þetta hús, og það að óþörfu. Ég lagði ekki til að nýja húsið yrði byggt strax, heldur kæmi húsið, sem ég sting upp á á góðtemplaralóðinni, í staðinn fyrir húsið á teikniborðinu þegar það á að rísa samkvæmt dagskrá. Ég vil ekki rjúka upp til handa og fóta og byggja þetta hús í dag. Málum er því miður þannig háttað í miðborg Reykjavíkur að það er nóg af leiguhúsnæði laust. Því miður. Því það er eitt af tímanna táknum að húsnæði stendur autt, stórar húseignir í miðborginni standa auðar, það fást ekki leigjendur vegna þess að þungamiðja viðskiptanna er að flytjast í annan bæjarhluta. Og er það í rauninni hörmuleg saga að gamli miðbærinn sé að grotna niður, hann sé að veslast upp sem sá miðbær sem hann þarf og verður að vera.

Þetta mál snertir líka Alþingi vegna þess að ríkið er örugglega stærsti húseigandinn í Reykjavík og Alþingi fer fyrir hönd ríkisins með æðsta umboð yfir þeim húseignum sem ríkið á, þannig að í Húsfélagi Reykjavíkur er Alþingi stærsti eigandinn og því eru byggingar á næsta leiti við eignir ríkisins alls ekki óviðkomandi Alþingi. Á sama hátt er það mikið hagsmunamál fyrir Alþingi að heilu bæjarhverfin hrynji ekki niður í verði þar sem eru hlutfallslega langflestar, dýrastar og stærstar eignir ríkisins. Eignir á borð við sjálft Alþingishúsið, Dómkirkjuna, bankahúsin öll, Hæstarétt, Þjóðleikhúsið, söfnin og fleiri góð hús.

Þess vegna vil ég svona í framhjáhlaupi minna á þá skyldu Alþingis að taka saman höndum við aðra húseigendur á svæðinu. Hvort sem það er borgin sjálf eða einstaklingar sem eiga hér ýmsan rekstur eða búa á svæðinu. Til þess að sporna við þeirri þróun að gamli miðbærinn hverfi, að gamli miðbærinn verði undir, því það er hættuleg þróun. Ég veit að þingheimur er ekki þess fýsandi að gamli miðbærinn glati sínu stóra hlutverki sem hjarta borgarinnar. Borgin er jú höfuðborg allra landsmanna þannig að það má segja að gamli miðbærinn sé hjarta alls landsins, enda er hann reistur á sjálfri landnámsjörð Ingólfs Arnarsonar sem eykur gildi hans fyrir þjóðina.

Það eru miklu fleiri fornminjar og þjóðminjar hér í gamla miðbænum en á nokkrum öðrum stað á landinu. Núna síðast var verið að grafa upp mjög merkilegar minjar í Viðey. Bærinn hér allur í kringum okkur er þakinn slíkum gömlum minjum, miklu

fleiri en á Þingvöllum. Þess vegna er það verkefni Alþingis og mig langar að koma því á framfæri við þá fáu hv. alþingismenn sem þó heiðra mig og málflutning minn með nærveru sinni að þetta er brýnt verkefni og bíður þingsins.

Þó að ég hafi hér haft hratt á hæli og eigi ekki von á því að koma nokkurn tímann hér inn aftur, sé varaskeifa og hafi aðeins verið hér í nokkra daga, þá má endalaust deila um það hversu stutt menn eiga að sitja og hversu lengi menn mega sitja á þingi. Það eru báðir endarnir. Best er þó meðalhófið og glöggt er gests augað. En ég ítreka þakklæti mitt fyrir að hafa fengið tækifæri til að fylgja þessu máli úr hlaði.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Það er aðeins til þess að fyrirbyggja misskilning. Það hefur komið hér fram sú skoðun að ráðhúsið útiloki þá byggingu sem Alþingi hefur látið teikna. Þetta er algjör misskilningur. Þegar þetta hús var teiknað þá var gert ráð fyrir ráðhúsinu þar sem verið er að byggja það núna. Öll vinna við teikningu og allt sem hefur verið gert í þeim málum hefur verið gert í fullu samráði við skipulagsyfirvöld borgarinnar sem ekki hafa gert athugasemd við framkvæmd málsins.

Flm. (Ásgeir Hannes Eiríksson):

Hæstv. forseti. Ég vildi einungis lýsa því yfir að ég tel ekki að ráðhúsið útiloki á einn eða annan hátt að Alþingishúsið verði byggt, en svo má hlaða upp af steinsteypu að fólki fari að ofbjóða. Það er það sem ég á við, að Reykvíkingar sætta sig ekki við Alþingishús af þessari stærð á þessum stað, beint á eftir ráðhúsi af þessari stærð á þessum stað. Það er of mikið af því góða og það er verið að bera í bakkafulla Tjörnina.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

8. fundur, þriðjudaginn 8. nóv., kl. 2 miðdegis.

Framleiðsla og sala á búvörum, 1. umr.

Frv. EgJ, 60. mál (greiðslur fyrir sauðfjárafurðir). — Þskj. 62.

Flm. (Egill Jónsson):

Virðulegur forseti. Þetta mál var á dagskrá á síðasta fundi en var frestað, m.a. að ósk landbrh. svo að hann gæti verið viðstaddur umræðuna. En eitthvað hefur hindrað hann í að koma hingað þrátt fyrir að ég viti um áhuga hans á því að fylgjast með þessari umræðu sem ég reyndar tel nú vera mjög af hinu góða.

Það er skemmst frá því að segja að frv. sama efnis og það sem nú er til umræðu var einnig rætt hér á síðasta þingi. Þá fór fram um það býsna mikil umræða, ekki einungis hér í deildinni heldur enn fremur í landbn. Ed. Svo vildi til að í rauninni voru menn afar stutt frá því að ná málinu fram og það tel ég að hafi gerst með þeirri tillögu sem þáv. forsrh. lagði fram hér við afgreiðslu málsins og byggðist m.a. á tilvísan til þess að þáv. landbrh. hefði fleiri tillögur í undirbúningi að því er varðaði breytingar á búvörulögunum, og þá með það að fororði að breyta þeim til hins betri vegar fyrir bændur landsins. Af þessu hefur ekki orðið. Fyrrv. ríkisstjórn slapp um bakdyrnar frá því að framkvæma þetta gefna loforð sem við urðum sammála um í þessari deild og það er ástæðan fyrir því að ég flyt málið hér öðru sinni.

Ég hef í þessu þskj. látið prenta sem fylgiskjal nál. sem landbn. Ed. lagði fram í fyrra, þannig að fyrir liggja að því er varðar skýringar á þessu máli afar mikilvægar upplýsingar sem hljóta að gera það að verkum til viðbótar við það að hér er stutt síðan málið var rætt ítarlega, að eins ítarleg framsaga og ella þyrfti að vera er núna við þessar aðstæður frá minni hendi að því er ég tel óþörf. Ég ætla með tilliti til þessara skýringa þess vegna að stikla á stóru.

Ákvörðun búvörulaganna að því er varðaði sauðfjárbændur og afkomu þeirra hefur hlotið mikla umræðu hér á Alþingi og m.a. hafa þar víða komið fram áhyggjur manna af afkomu þeirra bænda sem þá búgrein stunda. Það er alveg deginum ljósara að í búvörulögunum voru teknar upp harðar ákvarðanir að því er varðaði framleiðslustjórn á sauðfjárafurðum. Til þess að mæta þeim ákvörðunum m.a. var leitast við að gera aðrar breytingar sem mundu verða til þess að treysta afkomu sauðfjárbænda. Þessar ákvarðanir voru einkum tvær. Annars vegar var það, eins og gert var gagnvart mjólkurframleiðslunni, að kveðið var á um það að bændur ættu að fá tiltekið umsamið heildarmagn sauðfjárafurða greitt með skilvísum hætti. Þetta var önnur meginákvörðunin. Hin var svo sú að verðlagning sauðfjárafurða byggðist á sérstökum grundvelli en áður hafði verið sameiginlegur grundvöllur fyrir tvær höfuðgreinar í landbúnaðarframleiðslunni, sauðfjár- og nautgripaafurðir.

Þessar ákvarðanir voru gífurlega þýðingarmiklar og svo vill nú til að áhrif þeirra liggja fyrir. Alveg gagnstætt því sem fram hefur komið í hinni almennu umræðu hafa sauðfjárbændur verið að treysta stöðu sína fjárhagslega á síðustu árum. Nýjustu upplýsingar sem ég hef handbærar um þau efni eru að fjölskyldutekjur fyrir fjármagnskostnað hafi hækkað á síðustu þremur árum um 30%. Ástæðurnar fyrir þessu eru þær að nýr verðlagsgrundvöllur skilar réttari viðmiðun en áður var, bændur fá afurðir sínar greiddar með skilvísari hætti en áður var, og síðan, sem er ákaflega mikil söguleg niðurstaða, hafa bændur breytt búskaparháttum þannig að stærri hluti af heildarverðmætunum kemur nú til greiðslu heldur en áður hefur verið.

Ég fylgdist með setningu búvörulaganna, var einn í þeirri nefnd sem það verk vann. Þar áður hafði ég nú verið ráðunautur alla mína starfsævi. Ég hefði aldrei látið mér detta til hugar að bændastéttin hefði þau sögulegu viðbrögð fram að færa gagnvart breyttum framleiðslumarkmiðum eins og komið hefur fram á síðustu árum. Það er svo annað mál, og ég tek skýrt undir það, að þar með er ekki vandi sauðfjárræktarinnar í landinu leystur. Það er þveröfugt. En þau efni ætla ég ekki að ræða í þessari umræðu heldur hitt, sem er meginefni frv., að á grundvelli þeirrar reynslu sem fengist hefur verði stigið skref til viðbótar við það sem áður hefur verið gert til þess að treysta enn betur þær ákvarðanir sem voru teknar með búvörulögunum og samningnum við ríkisvaldið um greiðslu til sauðfjárbænda.

Um greiðslutilhögun á sauðfjárafurðum gilda aðrar reglur en varðandi greiðslu á mjólkurafurðum. Á því er sú einfalda skýring að þegar lögin voru sett þá lá það ekki fyrir hvernig hægt væri að koma slíku uppgjöri fram tæknilega. Ekki að það væri spurning um fjármagn, heldur hvernig væri hægt að koma því fram tæknilega. En nú hafa mál skipast þannig ár frá ári að framkvæmdin hefur sífellt orðið að þessu leyti auðveldari. Á þetta þó alveg sérstaklega við með greiðslu á sauðfjárafurðum í síðustu sláturtíð því að nú liggur alveg ljóst fyrir að það eru engar tilfærslur í því uppgjöri á milli bænda, hver og einn sauðfjárframleiðandi fær einungis sinn fullvirðisrétt. Þar af leiðandi er hér ekki fyrir hendi nokkurt einasta tæknilegt vandamál.

Í grg. með frv. og í nál. landbn. Ed. Alþingis frá því í fyrra eins og það liggur hér fyrir sem fskj. við frv., þá er það að sjálfsögðu sannað með algjörlega óyggjandi hætti að afurðastöðvar hafa fengið nálega 100% af því fjármagni sem þær hafa þurft að skila sem greiðslum til bændanna. Það kann vel að vera og ég geri ráð fyrir því að það hafi breyst á þessu ári. Ástæðan fyrir því að ég ræði það ekki sérstaklega núna er sú að ég hef lagt fram í Sþ. fsp. til hæstv. landbrh., sem ég dreg ekki í efa að hann muni svara með málefnalegum hætti, um það hvaða reglur það séu sem Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur lagaskyldu til að setja skv. 29. gr. búvörulaganna, og hvort þeim reglum verði ekki framfylgt. Ég veit vel að þar munu koma fram mikilvægar upplýsingar og ég efa ekki vilja hæstv. landbrh. til að upplýsa það mál með réttum hætti.

En þessi er ástæðan fyrir því að ég dreg einmitt þetta atriði ekki núna sérstaklega inn í umræðuna, en undirstrika það sem ég sagði áðan að það hefur ekki staðið á fjármagni frá ríkisvaldinu til að þessar greiðslur gætu borist bændum með skilvísum hætti. Ég minni á það að sem rök fyrir þessari fullyrðingu minni hef ég m.a. stuðst við grg. frá landbrn., reyndar miklu víðar að, sem er hér birt í fylgigögnum.

Ég skal nú, virðulegi forseti, stytta mál mitt. Þetta frv. gengur til landbn. sem lýtur að sjálfsögðu hinni bestu stjórn og ég er sannfærður um það að málið fær þar eðlilega og góða afgreiðslu. En mér er það hins vegar alveg óskiljanlegt ef Alþingi, miðað við þann stuðning sem þetta mál fékk í fyrra hvaðanæva að úr öllum flokkum, kemst ekki að sanngjarnri niðurstöðu í þessu máli. Ég þarf ekki að vera að gera samanburð á kjörum annarra stétta eða réttindum annarra stétta, en það á náttúrlega að gilda nákvæmlega það sama gagnvart þeim tveimur greinum, sem eru höfuðgreinarnar í íslenskum landbúnaði, sauðfjárrækt og nautgriparækt. Auðvitað á að gilda nákvæmlega það sama í þessum efnum. En eins og menn vita hafa ekki verið nein vandamál í sambandi við mjólkurframleiðsluna og tillögur mínar hér eru nákvæmlega sama eðlis, það verði tekin upp nákvæmlega sömu vinnubrögð gagnvart sauðfjárbændum og bændum sem stunda mjólkurframleiðslu. Þeir búa við sams konar aðstæður. Þar er í báðum tilvikum um að ræða harðar stjórnunaraðgerðir á framleiðslu þeirra og þar er í báðum tilvikum byggt á búvörusamningi, samkomulagi milli bændasamtakanna og ríkisvaldsins. Og því í ósköpunum skyldi þá ekki eitt eiga að ganga yfir bændur í þessum efnum án tillits til þess hvort þeir stunda sauðfjárrækt eða mjólkurframleiðslu?

Hér er um að ræða alveg einstakt sanngirnismál og, eins og ég sagði í umræðunni á sl. vori, eitthvert það augljósasta sanngirnismál sem ég veit um að hefur komið til umræðu á Alþingi síðan ég tók hér sæti.

Virðulegi forseti. Ég óska eftir því að þetta mál gangi til landbn. að lokinni þessari umræðu.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon): Hæstv. forseti. Fáein orð um þetta frv. sem hér er endurflutt, mun hafa hlotið þau örlög á síðasta þingi að vera vísað til ríkisstjórnarinnar, en eins og heyra mátti á máli frsm., þá þótti honum sem lítið hefði gerst úr því. Væntanlega er það ástæða endurflutnings hér að hv. flm. vill láta á það reyna betur hvort unnt er að hrinda þessum breytingum á búvörulögunum í framkvæmd.

Ég ætla ekki að hafa hér uppi stór orð til eða frá um það hversu mikilvægt réttinda- eða sanngirnismál sé hér á ferðinni, en mér finnst sjálfsagt að skoða hvort með breytingum af þessu tagi sé unnt að samræma betur þær reglur sem bændur búa við, annars vegar þeir sem stunda sauðfjárbúskap og leggja inn slíkar vörur og hinir sem stunda mjólkurframleiðslu. Mér er reyndar til efs að breytingin sé svo mikil miðað við það að framkvæmd greiðslna til sauðfjárbænda sé þá að fullu og öllu í samræmi við ákvæði búvörulaganna og þær verklagsreglur sem menn hafa reynt að setja sér í þeim efnum. Því miður hefur ekki alltaf tekist að standa þannig að framkvæmdinni að þetta væri hægt að fullu og öllu miðað við réttar dagsetningar, enda má segja að ákvæði laganna séu fyrst og fremst skuldbindandi hvað það varðar að fullnaðaruppgjör skuli hafa farið fram fyrir tiltekinn tíma í desembermánuði, nánar tiltekið 15. des.

Það má t.d. velta því fyrir sér hvort þessi breyting, sem yrði samkvæmt frv. þessu, yrði til bóta eða ekki fyrir þá bændur í sauðfjárbúskap sem slátra síðast í sláturtíðinni á hverju hausti. Ég hygg að ef grannt væri skoðað, þá kynni regla af því tagi að miða við 10. dag næsta mánaðar á eftir innlagsmánuði að minnka frekar en auka fyrstu inngreiðslu til þeirra bænda sem slátra seint í sláturtíðinni, en síðan mundi það væntanlega bætast upp aftur síðar á haustinu. Sláturtíð er yfirleitt tæplega hálfnuð um mánaðamót september–október og á sumum stöðum skammt á veg komin. Það gefur því auga leið að talsverður hluti bænda hefur annaðhvort lagt lítið eða jafnvel ekkert inn um þau mánaðamót. Að þessu þyrfti m.a. að huga.

Ég tel þó að það sem mestu máli skiptir í þessu sambandi sé að eðlileg framkvæmd laganna sé tryggð og þeim aðilum sem hér er ætluð framkvæmdaskylda, þ.e. afurðastöðvunum, séu tryggðar forsendur til þess að uppfylla ákvæði laganna. Þeir aðilar geta ekki frekar en aðrir uppfyllt ákvæði laga nema það sé þeim mögulegt af efnislegum ástæðum. Það er fyrst og fremst tvennt sem að mínu mati þarf að vera fyrir hendi til þess að afurðastöðvarnar geti uppfyllt þær kvaðir sem á þær eru lagðar, annars vegar að þær búi við eðlilega rekstrarafkomu þannig að um tap frá ári til árs sé ekki að ræða, sem auðvitað mundi torvelda þeim með hverju ári sem líður að uppfylla sínar skuldbindingar, og hið síðara er að þær búi við eðlilega fjármögnunar- og afurðalánafyrirgreiðslu. Þetta hvort tveggja hefur verið mikið til umræðu á hverju hausti og kann mönnum að sýnast nokkuð sitt hvað um það hvernig að þeim hefur verið búið, en ég hygg þó að allir kannist við næsta árvissar umræður um afurðalánafyrirgreiðslu til þessara aðila. Þau mál hafa verið til skoðunar af hálfu landbrn. síðan ég kom þar inn fyrir dyr. Við höfum rætt við viðskiptabankana á þessu hausti um að þeir taki þátt í því með sambærilegum hætti og verið hefur að veita afurðalán til landbúnaðarins og ég geri ráð fyrir því að endanleg ákvörðun þeirra liggi fyrir á næstu dögum þegar birgðastaða um síðustu mánaðamót verður orðin ljós.

Síðan er rétt að hafa í huga og minna á það ákvæði stjórnarsáttmálans að taka öll afurðalánaviðskipti til endurskoðunar. Ég hygg að m.a. breytingar af því tagi sem hér um ræðir ættu að skoðast í því ljósi hver verður þar niðurstaðan. Verði um að ræða umtalsverðar breytingar á fyrirkomulagi afurðalána, þá sé eðlilegt að skoða uppgjörsákvæði annarra laga eins og hér um ræðir í samhengi við það. En ég endurtek að fyrst og fremst skiptir hér máli að eðlileg framkvæmd sé af hálfu stjórnvalda tryggð og lagabókstafurinn einn og sér, ef ekki eru forsendur til þess að framkvæma hann, mun skila mönnum mjög litlu í þessu efni eins og oft endranær.

Ég hef ekki fleiru við þetta að bæta, hæstv. forseti. Hv. landbn. deildarinnar, sem væntanlega fær þetta mál til skoðunar, mun undir sinni traustu forustu, eins og hér kom fram í ræðu flm., skoða þetta mál. Ég treysti því að þar komist menn að gáfulegri niðurstöðu, hvort sem hún verður sú hin sama og á síðasta ári, að vísa þessu til ríkisstjórnarinnar til frekari fyrirgreiðslu og framkvæmda — það mætti hugsa sér það að menn vildu leyfa nýrri ríkisstjórn að spreyta sig við það efni — eða hvort menn komast að einhverri annarri niðurstöðu. Það kemur þá í ljós þegar nefndin hefur lokið sínum störfum.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í máli hv. flm. var frv. þetta flutt á síðasta þingi og var rætt allítarlega, bæði hér í deildinni svo og í landbn. Þetta frv. gefur e.t.v. tilefni til þess að ræða hið flókna og þunglamalega sölukerfi sem bændur búa við, en ég hirði ekki um það hér og nú. Það er enn þá langt í land með að álíka jafnvægi náist í framleiðslu sauðfjárafurða og náðst hefur í mjólkurframleiðslunni. Staða sauðfjárbænda er slæm og því tel ég efni þessa frv., þ.e. staðgreiðslu afurðanna, vera eitt skref í þá átt að bæta stöðu þeirra.

Í fyrra átti ég sæti í landbn. þessarar hv. deildar og ritaði undir álit hennar með fyrirvara. Sá fyrirvari minn byggðist á því að tryggt yrði með einhverjum hætti að afurðastöðvum yrði gert kleift að standa við slíkar skuldbindingar. Í raun fékkst viðurkenning síðustu ríkisstjórnar á nauðsyn þessa frv. með því að þáv. hæstv. forsrh. bar fram tillögu um að málið yrði leyst innan ríkisstjórnarinnar. Þar eð sú hæstv. ríkisstjórn sem nú situr er að meginstofni sú sama og í fyrra leyfi ég mér að vona að þetta mál geti náð fram að ganga.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu frv. til laga sem kemur okkur kunnuglega fyrir sjónir sem sátum í landbn. þessarar hv. deildar í fyrra. Ég hafði ekki hugsað mér að ræða það neitt hér við 1. umr. þar sem ég sit í landbn. En eftir að ég hafði heyrt fullyrðingar hv. 4. þm. Austurl., sem komu mér ekki á óvart, að ekki hafi staðið á fjármagni frá ríkisvaldinu á síðasta ári, þá gat ég eiginlega ekki setið undir þeim fullyrðingum. Það var nefnilega þannig að við ræddum þetta í landbn. og þar kom fram að þessi breyting, ef af yrði, kostaði einhverja milljónatugi í fyrirgreiðslu vegna þess að bændum yrði greitt fyrr en nú er (Gripið fram í.) og þessar staðreyndir sem embættismenn létu í ljósi vildi hv. 4. þm. Austurl. alls ekki skilja. Ég vil þá leyfa mér að spyrja hann að því núna hvort hann sé enn þá þeirrar skoðunar að þessi breyting, ef af yrði, kosti ekki peninga. Auk þess vil ég mótmæla þeirri fullyrðingu að ekki hafi staðið á fjármagni frá ríkisvaldinu á síðasta ári.

Ég vil svo lýsa ánægju minni með undirtektir hæstv. landbrh. um þetta mál. Það leynir sér ekki að hann skilur málið og það er mikils virði. Ég vil líka taka undir með honum þar sem hann sagði að auðvitað þurfi að tryggja afurðastöðvunum forsendur til

þess að uppfylla kvaðir laganna og um það snýst málið.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Eins og kom fram í ræðu hv. 4. þm. Austurl. stóð hann að því að semja búvörulögin 1985 og koma þeim í gegnum þingið. Þetta var eitt af verkum fyrstu frjálshyggjustjórnarinnar, þ.e. ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar, og þetta áttu að vera þau lög sem áttu að færa bændum betri tíma, taka á stjórnun búvöruframleiðslunnar og leysa, eftir því sem hér var talað þegar var verið að koma þessum lögum í gegnum þingið, meginhluta vanda landbúnaðarins.

Svo virðist nú sem flestir af stuðningsmönnum þessarar ríkisstjórnar hafi verið á þeirri skoðun, aðrir en 4. þm. Austurl. Hann kom hér inn í deildina í fyrra með þetta frv. sem hér er til umræðu og benti á ákveðna galla á þessari smíð sinni. Þarna þyrfti að laga, eins og hér hefur komið fram, það ætti að gefa sauðfjárbændum sömu möguleika í sambandi við greiðslu á afurðum og mjólkurframleiðendum. Ekki veit ég af hverju það fór á þann veg, þegar verið var að semja búvörulögin og tíunda ágæti þeirra hér í deildinni og hér í þinginu, að menn sáu þetta ekki þá. En það er náttúrlega oft þannig að menn sjá ekki hlutina fyrr en þeir koma í framkvæmd og þannig var með hv. 4. þm. Austurl.

En í ræðu hans núna kemur fram — ég man ekki eftir því að hafa heyrt það í framsöguræðu hans í fyrra — að framleiðslustjórnin í sauðfjárafurðunum hafi eftir allt saman verið á þann veg að staða sauðfjárframleiðandans sé miklu betri en hún hafi verið fyrir setningu laganna. Reyndar var hann ekki með neinn samanburð í sambandi við mjólkurframleiðendur en hann undirstrikaði það í ræðu sinni að nú væri staða sauðfjárbænda þannig að þeir væru með 30% betri afkomu en áður, 30% betri afkomu en fyrir setningu búvörulaganna. En hann var reyndar með smáaukasetningu, þ.e. fyrir fjármagnskostnað. Hvaða kostnaður skyldi það nú vera? Það er sá kostnaður sem er að drepa allan atvinnurekstur í landinu. Ætli hann bitni ekki á þessum bændum eins og öðrum framleiðendum í landinu? Þegar fjármagnskostnaður verður settur inn, þá er ég ansi hræddur um það að staða sauðfjárbænda verði ekkert sérstök og það verði erfitt að flagga með einhverri 30% betri stöðu þeirra nú heldur en þegar búvörulögin voru sett.

Hv. þm. taldi þetta einstakt sanngirnismál. Það má vel vera og að mörgu leyti er það það. En það er kannski ekki svo einfalt að það eigi að segja að þessi framleiðsla eigi endilega að njóta alveg nákvæmlega sömu kjara og önnur, þ.e. að möguleiki sé á því að standa að greiðslu sauðfjárafurðanna á sama máta og mjólkurafurðanna. Þar eru ýmsir hlutir sem eru sjálfsagt erfiðari þó að flm. hafi haldið að öll tæknivandamál í sambandi við það væru ekki lengur til staðar. Þetta komum við til með að skoða allt saman í þeirri ágætu nefnd sem málið kemur til, þ.e. landbn. þessarar hv. deildar, og ég skal sjá til þess að þá verði ekki síður um þetta fjallað en á síðasta ári.

En þegar hv. þm. segir að miðað við þá afgreiðslu sem þetta mál fékk á síðasta þingi hljóti það að fá fullnaðarafgreiðslu, að mér skildist, á þessu þingi. (**EgJ:** Ég sagði það nú ekki.) Eða a.m.k. miklu betri afgreiðslu. (**Gripið fram í:** Það er komin betri stjórn.) Já, það er komin betri stjórn. Sjálfsagt er það það sem hann gerir ráð fyrir. (Gripið fram í.) Við erum alveg sammála því, jú, jú. En ég held að það væri rétt að lofa hv. þm. að heyra hvernig málið var afgreitt hér á síðasta þingi þó að það sé hér sem fskj. með frv. Það var afgreitt á þennan veg, með leyfi forseta:

„Frávísunartillaga forsrh. á síðasta þingi.

Frv. þetta felur í sér staðfestingu á markmiðum búvörulaganna um staðgreiðslu sauðfjárafurða, hliðstætt því sem gildir í mjólkurframleiðslu. Þessi breyting ætti að vera auðveld í framkvæmd og ætti tæpast að leiða til umtalsverðs kostnaðarauka vegna minni lánsþarfar (staðgreiðslulána) milli áranna 1988 og 1989. Hér er því um mál að ræða sem ríkisstjórnin mun beita sér fyrir að komi til framkvæmda fyrir næstu sláturtíð.

Þar sem ríkisstjórnin hefur í athugun fleiri breytingar á tilhögun á greiðslum fyrir sauðfjárafurðir sem munu tryggja enn frekar afkomu sauðfjárbænda er lagt til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.“ (Gripið fram í.) Ég held að ríkisstjórnin hafi setið alveg fram undir sláturtíð. (**GA:** Hvaða sláturtíð?) Venjulega sauðfjársláturtíð og þess vegna hefði þessi ríkisstjórn, sem ég reikna með að hv. flm. hafi talið hina merkustu og bestu stjórn, átt að vera búin að koma þessu í höfn. Ekki aðeins það að hún ætlaði að gera þessa hluti, að koma lagi á greiðslur til bænda, heldur ætlaði hún að gera eins og þar segir: Ríkisstjórnin hefur í athugun fleiri aðgerðir. Það væri nú gaman að heyra það frá hv. flm., stuðningsmanni síðustu ríkisstjórnar, hverjar þessar fleiri aðgerðir voru. Þeim hefur kannski verið komið í framkvæmd. Ekki hefur það verið neitt í sambandi við refinn eða svoleiðis, það hefur verið basl í þeim málum. Það hefur kannski verið bara fyrst og fremst í sambandi við sauðfjárafurðirnar. Og hvernig í ósköpunum getur hann búist við því að núv. ríkisstjórn fari að taka á þessum málum með einhverjum ákveðnari tökum en sú ríkisstjórn sem hann var sjálfur stuðningsmaður að, nema kannski það sé þannig að flest hafi verið á þann veg hjá síðustu ríkisstjórn að það hafi verið frekar afslappt sem hún ætlaði sér að gera og hún misst það út úr höndunum hjá sér og komið fáu af því til leiðar?

En við skulum sjá. Þetta verður tekið til umfjöllunar í landbn. og kemur hingað aftur að þeirri könnun lokinni. Mér finnst að mörgu leyti að málið sé á þann veg, þar sem nú er ríkisstjórn nýsest að völdum, nýsest í stólana, að það væri ekki mjög óeðlileg afgreiðsla á þessu máli að vísa því til ríkisstjórnarinnar þegar þar að kemur. (**Gripið fram**

í: Er það ekki hjá henni?)

Flm. (Egill Jónsson):

Virðulegur forseti. Ég verð að segja það eins og er að það veldur vonbrigðum hvernig undirtektir núv. stjórnarsinna eru við þessu máli. Ég verð að segja það gagnvart ræðu hv. núv. formanns landbn. Ed. að mér fannst áhugi hans fyrir að koma þessu máli fram í landbn. Ed. og hér í deildinni í fyrra, sem ég met afar mikils og er honum afar þakklátur fyrir — mér finnst óneitanlega að í þeim efnum sé nú Bleik brugðið, hver sem ástæðan kann að vera fyrir því.

Ég á frekar von á því að það eigi eftir að eiga sér stað umfjöllun um málefni landbúnaðarins hér á þessu þingi við ýmsar aðstæður. Ég hef ekki valið þann kostinn að blanda almennri, pólitískri umræðu um þau mál inn í þessa umfjöllun núna, en ég get þó ekki annað en minnt á það að nú hafa menn væntanlega byr í þessum efnum. Það er satt að segja afar merkilegur leiðari í Tímanum á þessum degi sem ég ætla að leyfa mér að vitna aðeins til örfáum orðum. Þar segir svo m.a., með leyfi virðulegs forseta:

„Hins vegar slæddist óheppilegt inn í búvörulögin." Þarna er býsna sérkennilega að orði komist og svo er haldið áfram: „Fyrir ákafan þrýsting frá Sjálfstfl. var látið undan þeirri kröfu að afnema samvinnuskipulagið í sölu búfjárafurða. Framsóknarmenn gengust undir þessa óæskilegu nýskipan afurðasölunnar í trausti þess að viðeigandi afurðalánakerfi yrði sett á laggirnar í kjölfar þess að samvinnuskipulagið var lagt af og hin félagslega samábyrgð framleiðenda jöfnuð við jörðu með einni lagagrein. Það mátti hver maður sjá að þessi bylting á grónu skipulagi, sem nýkapítalistar og verslunarauðvald Sjálfstfl. knúði fram, krafðist í senn nýs lánakerfis og nýs rekstrarforms afurðastöðva, ekki síst sláturhúsa, auk viðeigandi verðlagsstefnu og markaðsátaks."

Enn fremur segir í þessum sama leiðara:

„Þrátt fyrir fullan skilning og ötula forustu Jóns Helgasonar í embætti landbrh. tókst framsóknarmönnum ekki að fá sjálfstæðismenn til samstarfs um rétta framkvæmd búvörulaga. Eins og fyrri daginn var ekkert gagn að svokölluðum landsbyggðarþm. Sjálfstfl. Þótt þeir slagi hátt upp í að vera helmingur af þingflokknum og þótt formaður flokksins sé á þingi í landsbyggðarkjördæmi, þá er þessi hópur afar kraftlítill í frægu reiptogi um völd og áhrif í Sjálfstfl."

Ég hef, bæði hér á Alþingi og reyndar í hinni almennu umræðu um búvörulögin og þá alveg sérstaklega af hendi Framsfl., verið talinn sérstakur höfundur þeirra laga, a.m.k. meðan bændur voru að átta sig á hvað í þeim fólst. Nú vill svo til að það er aðallega farið að kenna þetta við eitthvert verslunarauðvald í Sjálfstfl. Ég skil eiginlega ekki vel í því hvaða ástæður Framsfl. er nýbúinn að finna upp til þess að hvítþvo t.d. mig af þessari löggjöf. Þetta eru afar nýleg tíðindi fyrir mig.

Nú hafa aðstæður hins vegar breyst. Það er kominn nýr meiri hluti í Alþingi Íslendinga. Framsfl. er í þessum leiðara búinn að lýsa því yfir að eitthvað óheppilegt hafi komið inn í búvörulögin fyrir atbeina Sjálfstfl. og allir vita nú að bæði Alþb. og Alþfl. voru á móti þessari löggjöf. Þess vegna hlýtur það að vera alveg augljóst mál að þeir sem nú eiga samleið í málefnum landbúnaðarins hljóta að hreinsa eitthvað til, taka þetta óheppilega út úr og bæta þá einhverju betra við.

Það ætti að liggja nokkuð ljóst fyrir eftir þessar yfirlýsingar og skal ég svo sleppa allri pólitík út úr þessu máli.

Mér urðu það nokkur vonbrigði að heyra fyrstu orð hæstv. landbrh. í umræðum um löggjöf sem snertir bændur landsins, bóndasonur norðan úr Þistilfirði sem ég veit mætavel að þekkir vel aðstæður í þessari grein. Hæstv. landbrh. hafði sérstaklega tvennt fram að færa. Það var í fyrsta lagi það að þá yrði að vera eðlileg rekstrarafkoma í sláturhúsarekstrinum, rekstri afurðastöðva í sauðfjárrækt, og að fjármögnunin þyrfti að vera með eðlilegum hætti. Ég reyndar geri mér það vel ljóst að hæstv. landbrh. hefur ekki haft mikil tök á því að kynna sér það sem kemur hér fram í grg. og nál. frá því í fyrra og ég tel það út af fyrir sig vera ágæta afsökun. Ég held að það sé hins vegar algjörlega sannað að afurðastöðvar í sauðfjárframleiðslu hafa ekki verið sveltar.

Ég vek athygli á því sem kemur fram á bls. 16 í frv. þar sem skýrlega kemur fram að hlutdeild afurðastöðva hefur stöðugt farið vaxandi í heildsöluverði sauðfjárafurða og ef farið er í gegnum tíðina í þessum efnum hefur sá kostnaður numið árlega rétt um það bil 1 milljarði kr. og hefur ekki breyst frá því að hér voru lögð að velli í þessu landi hátt í 16 þúsund fjár til þess að nú er þessi sláturtala komin niður í 12 þúsund fjár. Afurðastöðvar í sauðfjárrækt taka til sín jafnmargar krónur nú og áður var og ég hygg að eftir síðustu verðlagningu hafi þetta stórlega breyst þeim til betri vegar. Ég held að illa væri komið ef bændur landsins hefðu unnið með sama hætti, ef þeir settu nú jafnháa reikninga inn í afurðaverðið og þeir gerðu þegar slátrunin var 16 þúsund fjár. Þetta eru náttúrlega algjörlega óyggjandi tölur.

Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir minnti á umræðu sem hefði farið fram í landbn. Ed. á sl. vetri, um kostnaðinn við að breyta þessu skipulagi á þann veg sem ég hef hér lagt fyrir. Það er alveg hárrétt að ég rengdi röksemdir afurðastöðvanna í þeim efnum, að þetta mundi kosta ótalda milljónatugi. Hvert skyldu þá þessir milljónatugir hafa lent? Ætli þeir hafi þá ekki lent í vasa sauðfjárbændanna? Það hygg ég vera. En til þess að menn gætu sleppt öllum deilum um þessi efni á sl. vetri var fengin umsögn um þetta frá vararíkisendurskoðanda, starfsmanni Alþingis. Og hvað leiddi hún í ljós? Að þessi breyting mundi kosta u.þ.b. 20 millj. kr. Það voru nú öll ósköpin. Og aðrar greinargerðir sem liggja hér frammi sögðu það með skýrum hætti að þetta mundi ekki kalla á aukið fjárstreymi inn í þessa greiðslu vegna þess, þó að slæmt sé frá að segja, að afurðastöðvarnar hafa

ekki skilað staðgreiðslulánunum. Hér var því um það að ræða að einungis þurfti að breyta texta á skuldabréfunum, fjármagnið var og er fyrir hendi. Þetta er að því er varðaði það sem kom fram hjá hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur.

Ég held að það sé nauðsynlegt, þrátt fyrir það að ég hafi tekið það hér fram í framsöguræðu minni, að skýra það enn frekar, vegna þess sem kom fram í ræðu hv. þm. Skúla Alexanderssonar, af hverju menn hafa ekki séð þessa skipan mála fyrir þegar afurðalögin voru sett. Þetta sagði ég í minni fyrri ræðu, vafalaust ekki nógu skýrt. Ástæðan var einfaldlega sú að í lögunum var ekki fundin aðferð til þess að skipta niður framleiðsluréttindum á milli bændanna í landinu. Það lá ekki fyrir fyrr en reglugerð var sett við þessi lög. Þar af leiðandi þótti eðlilegt að gefa nokkurt ráðrúm, ef hv. þm. vill nú fylgjast með því sem ég er að segja, til þess að sláturleyfishafar gætu sansað sín uppgjörsmál. Síðan, eins og ég sagði í fyrri ræðu minni, hafa mál skipast þannig að bændur hafa fengið ákveðinn og tiltekinn fullvirðisrétt. Á þessu hausti var ekki hægt að flytja á milli ónýttan fullvirðisrétt þannig að það er alveg ákveðin framleiðsluheimild sem hver og einn bóndi fær alveg eins og í mjólkurframleiðslunni og þess vegna geta menn nú fundið aðferðir til þess að koma þessum greiðslum til bændanna með skilvísum hætti.

Svo að það valdi nú ekki misskilningi, að því er varðaði mína fyrri ræðu þar sem ég talaði um kjör bænda í sauðfjárrækt, betri afkomu sem ég reyndar stend við, þá vil ég taka það fram að fyrir liggja um það upplýsingar sem engan veginn er hægt að hrekja. Ég get vel lagt þær fram við umfjöllun þessa máls í landbn. Ed. Alþingis. Ég skýrði það hvers vegna þessar breytingar hefðu orðið og ég tel ekki þörf á því að fara yfir það hér. Og það er rétt sem fram kom að ég talaði um fjölskyldutekjur fyrir fjármagnskostnað. Ástæðan fyrir því að fjármagnskostnaður er ekki tekinn með í þessu er sú að þær heimildir sem ég byggi á í þessum efnum hafa metið fjármagnskostnað með tvennum hætti og það ruglar þannig samanburðinn þegar til lengri tíma er litið.

Svo er það hins vegar annað mál að hér skiptir það afar miklu máli að fjármagnskostnaður í sambandi við sauðfjárræktina hefur sem betur fer lítil áhrif. Nú sé ég að hv. formaður landbn. lyftir brúnum, en ástæðan fyrir því er nefnilega sú að það eru fáar greinar og kannski engar í þessu landi sem búa við eins góða eiginfjárstöðu og bændur í sauðfjárrækt, hefur reyndar bjargað býsna miklu á síðustu árum. Heildarskuldir þeirra við Stofnlánadeild landbúnaðarins eru innan við ⅕ hluti af brúttóverðmætum sauðfjárafurða, enda hafa þeir verið að bæta eiginfjárstöðu sína á síðustu árum.

Ég hef út af orðum hæstv. landbrh. svarað annarri þeirri athugasemd sem hann hafði fram að færa, þ.e. í sambandi við rekstur afurðastöðvanna, en þá er það annað atriði sem ég má til með að koma hér á framfæri einu sinni enn. Það er eins og mönnum finnist ekkert sjálfsagt að virða lög í þessum efnum. Ef ekki er hægt að slá peninga til þess að greiða bændum þetta þarf ekkert að virða nein lög, þá er bara lagabókstafurinn dauður. Nú vildi svo til að þegar þessi búvörulög voru til meðferðar hér í Alþingi, reyndar í Nd. Alþingis, var leitað eftir því við þrjá mjög þekkta lagamenn að fá umsagnir um einstakar greinar frv. sem gátu hugsanlega orkað tvímælis.

Hér á bls. 2 í þingskjalinu er enn einu sinni birt umsögn þessara heiðursmanna og vegna þess að sá boðskapur verður aldrei of oft lesinn né skýrður, m.a. hér í þessari deild, ætla ég að leyfa mér að fara enn einu sinni með hann úr þessum stóli. Þeir menn sem þarna var leitað umsagnar hjá voru Benedikt Blöndal, nú hygg ég að hann sé orðinn hæstaréttardómari, Jón Þorsteinsson hæstaréttarlögmaður og Gaukur Jörundsson, umboðsmaður Alþingis. Það ætti nú satt að segja ekki að vera mikill vandi að taka mark á orðum þessara manna. Um þessi efni segja þeir þetta:

„Að lokum viljum við taka fram að í 18. gr. frv. er því slegið föstu að enginn megi kaupa eða selja búvöru innan lands á öðru verði en ákveðið hafi verið samkvæmt ákvæðum þess. Skiptir í því efni engu hvort um er að ræða umboðssölu eða ekki, framleiðanda ber það grundvallarverð sem ákveðið hefur verið, hvorki hærra né lægra. Í 29. gr. frv. eru ákvæði um gjalddaga. Heimilt er að semja um aðra gjalddaga“ — nú bið ég hv. þm. að taka vel eftir — „en slíkir samningar hljóta að verða einstaklingsbundnir. Ef frv. verður að lögum falla núgildandi samningar í þessu efni úr gildi, hvort sem þeir eru einstaklingsbundnir eða fólgnir í stofnsamningum félaga og ber að fara eftir reglum 29. gr. nema nýir samningar takist um aðra greiðslutilhögun en þar er ákveðin. Hitt er svo annað mál að framleiðendur geta síðar notið hagnaðar afurðastöðvar sem eigendur hennar, hvort sem er í samvinnufélagi, hlutafélagi eða með öðrum hætti. Fari svo að afurðastöð inni lögmætar greiðslur ekki af hendi á réttum gjalddaga ber henni að greiða framleiðanda dráttarvexti með sama hætti og tíðkast í verslunarviðskiptum.“

Virðulegi forseti. Ég læt þessar mikilvægu skýringar þessara þriggja lagamanna nægja hér til þess að sýna fram á það enn einu sinni hversu réttur bænda er ótvíræður í þessum efnum. Ég skil það ekki að hér úr þessum stóli telji menn það sem sjálfsagðan hlut að svona skýr niðurstaða sé ekki virt að fullu og öllu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Stofnlánadeild landbúnaðarins, 1. umr.

Frv. EgJ, 59. mál (stofnfjárreikningar). — Þskj. 61.

Flm. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingar á lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins. Þetta mál hef ég áður flutt í þessari virðulegu deild á 109. löggjafarþingi. Það var síðbúið á því þingi og náði ekki fram að ganga. Með frv. fylgdi þá ítarleg greinargerð sem er að mestu leyti óbreytt frá því sem þá var. Hún greinir frá viðhorfum sem uppi voru þegar lögin voru sett og síðan þeim breytingum sem voru gerð á lögunum, bæði árið 1971, 1973 og svo 1978. Síðan hefur þessari löggjöf ekki verið breytt, ekki að neinu marki a.m.k.

Ástæðan fyrir því að ekki hafa verið gerðar breytingar síðan er væntanlega sú að þá var tekin ákvörðun um að verðtryggja öll útlán Stofnlánadeildarinnar. Síðan hefur Stofnlánadeildin bætt rekstur sinn ár frá ári, en fram að þeim tíma komu jafnan upp rekstrarerfiðleikar hjá deildinni, sérstaklega þegar áttu sér stað breytingar á gengi, því að útlán hennar til landbúnaðarins voru þá og sérstaklega framan af ekki gengistryggð eða verðtryggð og urðu það ekki að fullu fyrr en með lögunum 1978.

Við setningu stofnlánadeildarlaganna var kveðið á um að bændur skyldu greiða til deildarinnar hlutstætt gjald og til Búnaðarmálasjóðs, 1% af framleiðsluverði landbúnaðarvara. Frv. sem ég legg hér fram gerir einmitt ráð fyrir að sú gjaldheimta verði lögð af. Fyrir því eru tvenn meginrök. Í fyrsta lagi er það að nú eru útlán deildarinnar verðtryggð og í öðru lagi að afkoma deildarinnar er orðin með þeim hætti að fjárhagur hennar er einkar traustur. Ég hygg að við síðustu áramót hafi varahöfuðstóll deildarinnar í varasjóði numið tæplega einum milljarði króna en sá varasjóður hefur safnast upp á allra síðustu árum. Það gefur að sjálfsögðu auga leið að það eru algjörlega breyttar aðstæður að því er varðar þessa tekjuöflun deildarinnar frá því sem var meðan deildin var jafnvel með neikvæðan fjárhag eins og Ræktunarsjóður og Byggingarsjóður Búnaðarbankans voru með þegar lögin voru sett árið 1962. Það er að sjálfsögðu grundvallaratriði í sambandi við frv. að þessar aðstæður hafa breyst. Í stað þess að stofnlánasjóðir landbúnaðarins voru þá með neikvæðan höfuðstól er Stofnlánadeildin núna komin með í varasjóð upphæð sem nemur tæplega einum milljarði króna. Þetta er að sjálfsögðu gífurlega verðmæt niðurstaða, sýnir m.a. hversu trúverðugir viðskiptaaðilar bændur landsins eru.

Það er af þessari ástæðu sem lagt er til að stofnlánadeildargjaldið verði lagt niður. Það þýðir, að því er ég hygg, svona u.þ.b. 3% tekjuaukningu fyrir bændur landsins og þó að það sé út af fyrir sig ekki há tala þá munar þó um það sem minna er í þeim efnum, auk þess sem fleiri gjöld hvíla á bændum landsins sem full ástæða væri til að endurskoða að einhverju marki.

Nú hefur því verið við borið sem andmælum gegn frv. að þetta mundi þrengja stöðu Stofnlánadeildarinnar og þá sérstaklega að því er varðar rekstur hennar. Það mundi valda erfiðleikum hjá deildinni að mæta vissri þörf sem jafnan getur verið fyrir hendi til að fresta eða heimila bændum að draga greiðslur á afborgunum vaxta og öðrum gjöldum sem til deildarinnar þarf að greiða. Það hef ég metið sem rök í þessum efnum. Þess vegna er lagt til að settur verði á fót sérstakur sjóður innan Stofnlánadeildarinnar sem hefði hlutstætt form á sér og Stofnfjársjóður fiskiskipa og að bændur mundu greiða af afurðaverði sínu inn í þennan sjóð 2% sem færðust inn á sérstakan reikning sem hver og einn búvöruframleiðandi mundi eiga við deildina.

Síðan, eins og kveðið er á um í frv., mundu greiðslur af þessum reikningum færast inn í viðskipti við deildina, þannig að þær upphæðir gengju til þess að greiða vexti og afborganir af lánum hjá hverjum og einum bónda eftir nánari reglum sem eru í frv. og síðan færi fram uppgjör þannig að þeir sem ættu meira inni en sem næmi skuldbindingum fengju það reitt af hendi til sín en aðrir mundu gera ráðstafanir til þess að greiða það sem út af stæði.

Menn bera það kannski fyrir sig að hér yrði um flókið reikningshald að ræða, en í þeim efnum ber að hafa það sérstaklega í huga að þegar er í rauninni fyrir hendi í þessum viðskiptum alveg sams konar bókhald að því er varðar Lífeyrissjóð bænda því að þar eiga sér stað með svipuðum hætti nákvæmlega sams konar viðskipti og hér eru lögð til. Það er þess vegna augljóst mál að tæknilega séð væri auðvelt að koma þessu í framkvæmd.

Ég læt þessar skýringar mínar nægja, virðulegi forseti, og vísa þá enn og aftur og frekar til þeirrar greinargerðar sem fylgir í þingskjalinu og er býsna nákvæm og reyndar get ég bætt því við, eins og hefur raunar komið fram, um þær röksemdir sem fyrir hendi voru þegar ég lagði frv. fram að tíminn hefur unnið með þeim þannig að staða deildarinnar hefur stórlega batnað frá því að ég flutti þetta mál hér á Alþingi. Með tilliti til þeirra breyttu uppgjörshátta í landbúnaði, sem ég lýsti hér við fyrra málið sem tekið var til umræðu, er þessi breyting enn fremur fullkomlega eðlileg.

Ég vil svo, virðulegi forseti, að lokinni þessari umræðu gera um það tillögu að málinu verði vísað til 2. umr. og landbn.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Það er ástæða til að þakka hv. flm. áhuga hans og elju við að sinna málefnum landbúnaðarins. Ég hef ekki haft tök á að kynna mér efni þessa frv. ítarlega. Það mun hafa dagað hér uppi í hv. Ed. á síðasta þingi og ekki komið til okkar þingmanna Nd. ef ég man rétt, þannig að það kom ekki sérstaklega til okkar kasta að taka afstöðu til þess. En ég get nú ekki haft uppi sömu hrósyrði um grg. frv. og hv. flm. og frsm. gerði. Ég hefði gjarnan kosið að í þeirri grg. væru ítarlegri upplýsingar um

áhrif þessara breytinga. Þar er að vísu að finna margar ágætar upplýsingar og magntölur úr útlánum og veltu Stofnlánadeildar og tekjur uppreiknaðar til verðlags ársins 1986. En mér sýnast ekki vera á ferðinni raunmiklir útreikningar á breytingum sem myndu leiða af samþykkt frv.

Ég vil lýsa því sem minni skoðun að ég tel að mikil nauðsyn sé á að fara varlega gagnvart því að gera nokkuð það sem kynni að veikja um of stöðu Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Það er lítill vafi á því að lágir vextir og hagstæð greiðslukjör útlána þeirrar stofnunar hafa verið mikil hjálp þeim bændum sem erfiðasta hafa stöðuna, þ.e. gjarnan yngri bændur og skuldugri bændur. Það má því segja að ákveðnir tekjustofnar til handa Stofnlánadeild, sem síðan styrkja stöðu hennar og gera henni kleift að bjóða hagstæðari útlánakjör en ella, komi til vissrar tekjujöfnunar innan bændastéttarinnar.

Það er einnig rétt að hafa í huga að færðar hafa verið auknar byrðar yfir á herðar Stofnlánadeildar landbúnaðarins undanfarin ár. Ég er hér til að mynda að tala um forfalla- og afleysingaþjónustu landbúnaðarins sem ríkissjóður kostaði áður, og gert var ráð fyrir á sínum tíma að greidd yrði af ríkissjóði, en hefur nú verið færð yfir á Stofnlánadeild sem gert er að fjármagna hana af sínum rekstrartekjum.

Einnig hefur í vaxandi mæli verið sótt á um skuldbreytingar og lengingu lána og fróðlegar upplýsingar eru í greinargerðinni um vaxandi vanskil á iðgjöldum til deildarinnar í árslok á hverju ári frá 1980. Þau hafa, sem hlutfall af árgjöldum, aukist úr 36,8% í 60% og það segir sína sögu um erfiðleika sem skuldugri bændur hafa átt við að glíma.

Skuldbreytingar, lenging lána og hagstæð lánakjör, miðað við það sem gerist á hinum almenna lánamarkaði, hafa án nokkurs vafa forðað fjölda bænda frá því að þurfa að hætta búskap.

Ég held að líka sé rétt að hafa í huga þegar talað er um varasjóð Stofnlánadeildar eða góða reikningslega stöðu sjóðsins að veð Stofnlánadeildarinnar eru með næsta sérkennilegum hætti. Þau eru í raun ekki sambærileg við veð margra annarra fjárfestingarlánasjóða sem eru afsetjanlegri í miklu meira mæli heldur en þær sérhæfðu eignir og þau sérhæfðu rekstrartæki sem Stofnlánadeild landbúnaðarins tekur veð í og eru í mörgum tilfellum ekki í raun afsetjanleg sem verðmæti nema þá til aðila sem haldi sambærilegum rekstri áfram á sama stað, en fyrir því eru ekki alltaf forsendur eins og kunnugt er. Þess vegna geta veð í mörgum tilvikum verið ótraust eða a.m.k. er rétt að hafa í huga eðli þeirra í þessu sambandi.

Í þessu tilviki eins og öðrum treysti ég auðvitað hinni ágætu hv. landbn. Ed. til að fara ofan í þetta mál. Ég held að það væri mjög fróðlegt og gagnlegt að fengnar yrðu ítarlegar upplýsingar frá Stofnlánadeild landbúnaðarins um stöðu hennar, svo og mat á því hversu þung greiðslubyrði bænda er og hvernig veð hennar standa. Ég minni á að í fyrirgreiðslu sinni til nýbúgreina eins og loðdýraræktar hefur Stofnlánadeildin rýmkað heimildir til útlána, hækkað veðmörk gagngert til þess að reyna að koma þeirri atvinnugrein til aðstoðar í hennar erfiðleikum. Og ég held að það liggi í hlutarins eðli að þar er tekin viss áhætta sem rétt er að muna eftir í þessu sambandi. Ég hvet eindregið til þess að farið verði varlega og málin skoðuð en ekki bara hlaupið til þess að gefa eftir þá tekjustofna sem Stofnlánadeildin hefur búið við vegna þess að hún kynni að þola það í augnablikinu. Vissulega væri það til hagsbóta fyrir framleiðendurna að framleiðslugjöldin yrðu lögð af og ekki nema eðlilegt að skoða hvað hægt er að gera í þeim efnum, en þá þarf a.m.k. að gæta þess að ganga ekki of langt.

Flm. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir að hafa lýst afstöðu sinni í þessu máli m.a. vegna þess að með hans orðum skýrist betur afstaðan til þessa máls. Það er rétt sem fram kom í ræðu hæstv. landbrh. að vanskil við deildina hafa aukist eins og grg. frv. sýnir. Ein meginröksemdin fyrir þessari breytingu er einmitt sú að það er nú orðið grundvallaratriði fyrir deildina að fá skilvísar greiðslur. Í þessu felst annar megintilgangur frv. sem er að í staðinn fyrir að upp safnist vanskil séu þau greidd inn á stofnfjárreikning sérhvers bónda. Þessi ábending er þannig fullkomlega í takt við meginanda frv.

Annað atriði sem hæstv. landbrh. minntist á eru veð og veðleysi innan landbúnaðarins og að deildin hætti miklu í þeim efnum. Það væri kannski rétt að fá það upplýst með einni lítilli fsp. hvernig þau viðskipti hafa gengið fyrir sig á milli bændastéttarinnar og Stofnlánadeildarinnar. Ætli hún hafi nú tapað mörgum krónum í viðskiptum sínum við bændur landsins? Það hygg ég ekki vera. Það er því ekki ástæða til þess að fara að mála þann skratta á vegginn þegar fjallað er um þessi efni.

Landbrh. getur þess að í grg. komi ekki skýrlega fram hver afkoma deildarinnar er og það er hárrétt, m.a. vegna þess að fram hafa komið mikilvægar upplýsingar frá því að ég samdi frv. og lét ég því það nægja, sem kom hér fram í máli mínu áðan, að eiginfjárstaða deildarinnar, varasjóður hennar, nemur nú tæplega 1 milljarði kr. En ég hygg að ekki hafi verið til margar krónur í varasjóði Stofnlánadeildar landbúnaðarins fyrir örfáum árum síðan.

Að lokum, hæstv. landbrh., þá er landbrh. með föðurlega varfærni í þessum efnum. Hann segir að ekki megi skerða tekjur deildarinnar eða það þurfi a.m.k. að athuga það mjög vandlega til þess að rekstur hennar og afkoma verði ekki gerð óbærileg. Hann minnir einnig réttilega á að á deildina hafa verið færðar vissar kvaðir og ég óttast reyndar að það muni verða gert í vaxandi mæli hér eftir einmitt vegna þess hversu deildin er vel sett. Þess vegna muni þetta fjármagn sem greitt er til deildarinnar, sem eru launagjöld frá bændum landsins, þar með

bindast býsna fast eftir því sem tímar líða. En vegna þess að hæstv. landbrh. var með varnaðarorð um að nú þyrftu menn að skoða málin vel og rasa ekki um ráð fram, þá vill nú svo til að hæstv. landbrh. hefur fyrir sitt leyti tekið ákvörðun í þessum efnum. Það eru fyrir því lög að ríkissjóður eigi að greiða ákveðið fjármagn til Stofnlánadeildarinnar, m.a. sem mótframlag. Hér segir í fjárlagafrv. um Stofnlánadeild landbúnaðarins sem hæstv. landbrh. ber ábyrgð á:

„Ekki er ætlað fyrir fjárveitingum til hinnar almennu starfsemi Stofnlánadeildarinnar í þessu frv. Í lánsfjárlögum mun verða leitað heimilda til þess að víkja frá gildandi lögum um framlag til deildarinnar."

Þetta er reyndar ekki nýtt ákvæði, þetta er á bls. 158, hæstv. landbrh. Þetta er ekki nýtt. Ríkisvaldið hefur vikið sér undan því að greiða þetta fjármagn til Stofnlánadeildarinnar og hæstv. landbrh. hefur ekki þurft að taka sér mjög langan tíma til þess að fá sannfærandi niðurstöðu um það að óhætt væri að haga þessum greiðslum með sama hætti og verið hefur, þ.e. skerða þetta fjármagn. Það hefur ekki tekið býsna langan tíma fyrir ríkisstjórnina að koma sér niður á það.

Það er svo annað mál að ég tek undir allar góðar ábendingar og varnaðarorð frá hæstv. landbrh. í þessum efnum og tel þær raunar vera mjög af hinu góða. Fjarri því að ég meti það sem slæmt innlegg í þessa umræðu., enda munu menn þá geta sannfært sig um það sjálfir sem ég hef nú lýst, að það standa ekki efni til þessarar skattheimtu lengur af bændastéttinni. En þess á mót er fullkomlega eðlilegt, eins og frv. gerir ráð fyrir, að gera ráðstafanir til þess að greiðslur til hennar berist jafnvel með enn skilvísari hætti en verið hefur og því eru gerðar tillögur um það í frv. að komið verði á fót sérstökum stofnfjárreikningum sem sérhver bóndi hefur fyrir viðskipti sín við Stofnlánadeildina. Það er að sjálfsögðu mjög til þess að létta og greiða rekstur deildarinnar eins og gert var með Stofnfjársjóð fiskiskipa, en þar hef ég fengið þær upplýsingar að mjög hafi skipt um til hins betra með viðskipti sjávarútvegsins við opinbera sjóði eftir að hann var tekinn upp. Þetta er hliðstæð framkvæmd og þangað er fyrirmyndin sótt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 15 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

9. fundur, þriðjudaginn 8. nóv., kl. 2 miðdegis.

Námslán og námsstyrkir, frh. 1. umr.

Frv. FI o.fl., 56. mál (framfærslugrunnur). — Þskj. 58.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til menntmn. með 26 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 1. umr.

Frv. MB og PJ, 49. mál (skipting lána milli kjördæma o.fl.). — Þskj. 51.

Flm. (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Þetta frv. sem ég mæli hér fyrir er að meginefni sama frv. sem flutt var á síðasta þingi, um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, og fjallar um það að útlán í helstu lánaflokkum í Byggingarsjóði ríkisins skiptist í sama hlutfalli milli kjördæma og greitt er til lífeyrissjóða.

Með það í huga að miklir fjármagnsflutningar hafa átt sér stað frá landsbyggðinni í skjóli húsnæðislánakerfisins, sem ekki varð séð fyrir við næstsíðustu breytingar á húsnæðislánakerfinu, tel ég nauðsynlegt að þetta sé gert.

Enn fremur er í frv. ákvæði um að Byggingarsjóð ríkisins megi varðveita í öðrum lánastofnunum en Seðlabanka Íslands, að fyrirtæki geti sótt um almenn húsnæðislán til að byggja leiguíbúðir fyrir starfsfólk sitt, að lán megi veita til að auðvelda byggingu almennra leiguíbúða fyrir aldraða og að heimilt sé að breyta kjörum á óhagstæðum eldri húsnæðislánum til samræmis við núverandi kjör.

Eins og fram kemur í grg. og töflu með þessu frv., sem raunar kom einnig með frv. sem flutt var í fyrra, þá kemur í ljós í þeirri grg. sem fylgdi frv. þá að skipting lánsloforða eftir kjördæmum er þessi, þ.e. bæði fjöldi lánsloforða og hlutfall: Reykjavík var í fyrra með 4326 lánsloforð og hlutfallið 48,3%, en miðað við skiptingu lánsloforða 12. okt. sl. er Reykjavík með 6237 lánsloforð og hlutfallstalan er 46,7%. Reykjanes kemur þar næst á eftir. Í fyrra var það 2192, hlutfall 24,5% en er nú samkvæmt þessum tölum 3401 lánsloforð og hlutfallið 25,5%. M.ö.o.: Hlutur lánsloforða var í fyrra 72,8% á þessu svæði, Reykjavík og Reykjanessvæðinu, á móti 72,2% nú miðað við 12. okt.

Skiptingin hjá öðrum kjördæmum í landinu er í fyrra 418, nú 605, hlutfall í fyrra 4,7% og nú 4,5% hvað Vesturland varðar; 280 í fyrra, nú 393 eða 3,1% og nú 2,9% á Vestfjörðum; á Norðurl. v. í fyrra 209, nú 333, hlutfallið er 2,3%, er núna örlítið hærra eða 2,5%; Norðurl. e. í fyrra 673, hlutfall 7,5% og nú 1065 og hlutfall 8%. Á Austurlandi eru það 298 í fyrra, 486 nú eða 3,3% í fyrra en 3,6% nú; og á Suðurlandi 502 í fyrra, 701 núna, hlutfall 5,6% í fyrra en núna 5,2%. Óskilgreint eru 60 lánsloforð í

fyrra en 137 núna, en hlutfallið er það sama, 0,7% í báðum tilfellum.

Með því að skoða framtaldar launagreiðslur eftir kjördæmum fæst einna öruggasta vísbendingin um hvernig greitt er í lífeyrissjóð, en þá ber að gæta þess að sumir lífeyrissjóðir eru fyrir launþega á öllu landinu og því er réttindamyndun í þeim bundin við tiltekna landshluta. Þess vegna er ekki unnt að miða við hvar lífeyrissjóðirnir starfa til þess að reikna út tilflutning á fjármagni með húsnæðislánakerfinu.

Á árinu 1987 nam fjármagn frá lífeyrissjóðum yfir 90% af útlánum Byggingarsjóðs ríkisins, en afgangur er eigið fé og framlag ríkissjóðs. Eigi að reyna að finna út hvernig eigið fé húsnæðislánakerfisins eða framlag ríkissjóðs sé myndað miðað við kjördæmi er skipting launagreiðslna eftir kjördæmum einna raunhæfasta viðmiðunin, ekki síst vegna fyrri tengsla launaskatts og húsnæðislána.

Á töflu 2 sem fylgir með frv. á bls. 3 er sýndur tilflutningur fjármagns á milli kjördæma með húsnæðislánakerfinu. Miðað við þær heimildir sem við flm. höfum fengið, þá er fyrri heimildin (þ.e. tafla 1) frá Húsnæðisstofnun ríkisins en sú sem ég tala hér um er bæði frá Húsnæðisstofnun og Byggðastofnun.

Framtaldar launagreiðslur eru í Reykjavík um 37,4%. Árlegt framlag til lánsloforða miðað við 5800 millj. kr. árleg útlán eru því 2169 millj. kr. hér í Reykjavík. Þá hefur tilflutningur annars staðar frá orðið hingað til Reykjavíkur um 540 millj. kr. á móti 995 millj. kr. sem var samkvæmt upplýsingum þegar frv. var flutt í fyrra. Í Reykjaneskjördæmi eru framtaldar launagreiðslur 24,6% og árlegt framlag 1427 millj. kr. Tilflutningur til kjördæmisins er því 52 millj. kr. sem hefur aukist frá því í fyrra, en þá stóð það á jöfnu.

Í öllum öðrum kjördæmum hefur tilflutningurinn orðið frá þeim og til þessara tveggja þannig að frá Vesturlandi hafa framtaldar launagreiðslur orðið 6,2% og árlegt framlag lánsloforða 360 millj. kr., þannig að þaðan hefa farið 99 millj. kr. miðað við 125 í fyrra. Á Vestfjörðum eru framtaldar launagreiðslur 4,5% og árlegt framlag lánsloforða 261 millj. kr., en þaðan hafa farið 93 millj. kr.; Norðurl. v. er með framtaldar launagreiðslur 4%, árlegt framlag 232 millj. kr., þaðan hafa því farið 87 millj. kr.; Norðurl. e. er með framtaldar launagreiðslur 10%, árlegt framlag 580 millj. kr. og tilflutningur framlags 116 millj. kr.; Austurland með framtaldar launagreiðslur 5,2%, árlegt framlag 302 millj. kr., tilflutningur hefur orðið þar frá þeim 93 millj. kr.; og Suðurland er með framtaldar launagreiðslur 8%, árlegt framlag 464 millj. kr. og tilflutningur frá þeim 162 millj. kr. Óskilgreint hafa orðið 58 millj. kr. á móti 60 millj. kr. í þeim upplýsingum sem fylgdu frv. þegar það var síðast flutt.

Ég held að það fari ekki á milli mála og verði að teljast sjálfsögð leið að gera þessa breytingu á húsnæðislánakerfinu. Við vitum það og finnum að landsbyggðin á sífellt meira í vök að verjast. Byggingarmál þar hafa dregist meira saman en sú nefnd gerði ráð fyrir sem endurskoðaði húsnæðislánakerfið. Ég er sammála þeirri nefnd og starfsemi hennar að það var nauðsynlegt að gera kerfið eins einfalt og hægt er að svo miklu leyti sem hægt var að kalla það einfalt. Hins vegar skal ég játa það að þetta er ekki einföldun heldur verður einhver meiri vinna ef þetta frv. nær fram að ganga í þeirri mynd sem það er flutt eða líkri mynd, en það verður landsbyggðinni til mikils gagns og það verður líka t.d. höfuðborgarsvæðinu til mjög mikils gagns að draga hér úr þeirri spennu sem ríkt hefur því það fylgir því mikill kostnaður fyrir hvaða sveitarfélag sem er sem á að taka við sífellt fleiri íbúum, það verður að byggja svo margt sameiginlegt þannig það er ekki allt hagnaður fyrir sveitarfélögin sem fólkið flytur til. Það eru einnig af því töluverð útgjöld, en við það koma þyngri útgjöld á þau byggðarlög sem missa íbúana í burtu.

Á Fjórðungsþingi Vestfirðinga, sem haldið var í septembermánuði, var samþykkt ályktun sem var flutt af, ég held ég megi segja, fulltrúum úr flestum eða öllum stjórnmálaflokkum sem áttu þar fulltrúa. Þar lýsir þingið yfir stuðningi sínum við frv. um breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, sem flutt var af Vilhjálmi Egilssyni og mér á síðasta þingi. Skorar þingið á stjórnvöld eða flm. að taka þetta mál upp að nýju.

Ég vil líka segja það að við 1. flm. þessa máls í fyrra urðum varir við mikinn áhuga fólks víðast hvar úti á landi á framgangi þessa máls. Frv. var flutt tiltölulega seint á síðasta þingi og var því ekki óeðlilegt að það hlyti ekki afgreiðslu þá. En nú er það flutt hér svo að segja í þingbyrjun og er verið að kynna það hér öðru sinni svo að ég leyfi mér að gera mér vonir um að menn taki þessu frv. vel. Það var svo sannarlega gert við þá einu umræðu sem átti sér stað í þessari hv. deild því þeir sem til máls tóku töldu hér vera hreyft mikilsverðu máli sem nauðsynlegt væri að skoða gaumgæfilega. Við flm. þessa frv. vonumst því til að hv. þingdeild taki þessu frv. vel og við gerum okkur vonir um það að samstaða geti náðst um það að fá afgreiðslu á því nú á þessu þingi.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Kristín Einarsdóttir:

Herra forseti. Ég vil taka undir það með 1. flm. þessa frv. og frsm. að það er mjög brýnt að grípa til einhverra ráðstafana til að sporna við þeim fjármagnsflutningum sem eru í gegnum húsnæðiskerfið frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Ég er því samþykk megintilgangi þessa frv. Það sem ég hef kannski mestar áhyggjur af er það sem flm. minntist á hér síðast, að þessi leið kosti mikla vinnu og geti orðið mjög flókin í framkvæmd. Þetta gæti orðið mikið apparat, eins og ég er frekar á móti, að þetta verði enn þá flóknara og að það muni fylgja þessu mikil skriffinnska. Það má t.d. benda á að margt af því fólki sem sækir um húsnæðislán og býr úti á landsbyggðinni sækir ekki um lán til þess að byggja í

sínu eigin kjördæmi þannig að þetta getur orðið dálítið flókið í framkvæmd. Fólk getur hugsanlega átt lögheimili í ákveðnu kjördæmi og búið annars staðar eða ætlað sér að byggja í kjördæmi, flytja hugsanlega frá Reykjavík og eitthvert út á land eða frá einum stað til annars. Þannig að þetta getur orðið dálítið erfitt í útfærslu. En ef fólk vill þá er það sjálfsagt hægt og er það tæknilegt mál sem e.t.v. er hægt að framkvæma.

Spurningin er hvort það þyrfti ekki bara sérstaka húsnæðisstofnun í hvert kjördæmi. Ég held að það verði allt of mikið og flókið mál og hætt við að mikill kostnaður yrði því samfara. En ég tel fyllstu ástæðu til að kanna hvernig hægt er að breyta þessum fjármagnsflutningum.

Það er alveg ljóst að það þarf að auka mjög framlag til leiguíbúða, sérstaklega úti á landi en reyndar í Reykjavík líka. Ég tel að það sem er brýnasti og mesti vandinn og brýnast að leysa sé einmitt bygging leiguíbúða og að meiri hluti fólks sé hlynntur því að fá miklu fleiri leiguíbúðir en hætta þessum byggingum á eignaríbúðum alls staðar.

Varðandi 6. gr. frv. þá er þar gert ráð fyrir því að veitt verði hámarkslán til sérhannaðra sölu- og leiguíbúða fyrir aldraða. Reglurnar sem gilda núna eru þær að 65% af kostnaði af leiguíbúðum fyrir aldraða er greiddur, þ.e. lánað er fyrir 65% af kostnaðinum, þannig að ef þessi grein yrði samþykkt óbreytt þá gæti þetta hugsanlega verið minni lánsréttur en nú er, a.m.k. í einhverjum tilvikum. Það þyrfti því að kanna það nánar hvernig þetta kæmi út, hvort þessi breyting eins og hún er orðuð þarna mundi ekki skerða rétt einhverra. Mér er líka kunnugt um að um söluíbúðirnar gilda sérstakar reglur sem þarf þá að kanna í sambandi við þessa grein.

En ég vil ítreka það að ég tek undir megintilgang þessa frv. þó að ég telji að aðrar lausnir gætu e.t.v. verið betri til að breyta þessum flutningi á fjármagni frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Ég vil lýsa yfir stuðningi við það sem liggur á bak við þetta lagafrv. Ég held að það sé enginn vafi á því að það er rétt stefna, sem kemur hér fram, að reyna að sjá til þess að það fjármagn sem skylda er að leggja til í gegnum opinbera sjóði verði ekki flutt, að það verði nýtt á heimaslóðum eins og hér er gert ráð fyrir.

Það var aðeins eitt atriði sem mig minnir að ég hafi gert athugasemd við þegar þetta frv. var fyrst lagt fram. Það er nauðsynlegt að finna möguleika á því að lagaákvæði hamli ekki gegn því að ef einhver svæði úti á landsbyggðinni yrðu þeirrar gæfu aðnjótandi að þar yrði uppsveifla í atvinnulífi og öðru slíku sem mundi þýða miklu meiri þörf fyrir íbúðarhúsnæði á viðkomandi svæði heldur en kannski þessar töflur gera ráð fyrir, að ákvæði í lögum um aðgengi að lánum á viðkomandi svæði hömluðu ekki gegn því að slík framþróun gæti orðið með eðlilegum hætti inni í lánakerfinu. Ég held að það sé nauðsynlegt að taka þetta með í athugun á þessu máli þannig að það sé alveg öruggt að það yrði ekki bremsa á mikilli uppsveiflu í byggingarsvæði þar sem tilefni gæfist til, vonandi sem víðast.

Ég vildi aðeins koma þessu að til þess að það yrði þá tekið með í athugun málsins. Að öðru leyti lýsi ég því yfir að ég tel að hér sé gott mál á ferðinni og sjálfsagt að finna flöt á að afgreiða það.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Ég þakka þær undirtektir sem fram hafa komið hjá hv. þm. hér í þessari hv. deild sem tekið hafa til máls um þetta frv. sem nú er flutt öðru sinni að mestu óbreytt.

Ég held að það sé óhjákvæmilegt, eins og fram kom hjá 1. flm. og frsm. frv., hv. 1. þm. Vestf., að bregðast nú við í þessum málum á þann hátt að stöðvað verði fjármagnsstreymi í gegnum opinbera sjóði til höfuðborgarsvæðisins utan af landsbyggðinni, þannig að fé streymi ekki eftir opinberum farvegum beinlínis til þess að auka á þenslu og uppbyggingu hér á höfuðborgarsvæðinu. Þetta er vitaskuld ekki mælt til þess að draga úr nauðsyn þess að halda áfram eðlilegri uppbyggingu hér í höfuðborginni en við höfum öll daglega fyrir augunum hvað þensluástandið hér í Reykjavík hefur mikinn kostnað í för með sér fyrir Reykvíkinga sjálfa og fyrir þjóðarbúið. Þessi kostnaður á eftir að fara vaxandi, ekki síst í gífurlegum framkvæmdum í samgöngukerfi sem er einn sá þáttur sem er dýrastur þegar borg á stærð við Reykjavík heldur áfram að vaxa stórlega.

Ég hef auðvitað ekki neina ástæðu til að bæta verulega við það sem hv. 1. flm. hefur glögglega gert grein fyrir. Ég vil aðeins segja það að við flm. frv. erum auðvitað opnir fyrir þeim hugmyndum sem kynnu að vera enn til bóta á því kerfi sem frv. gerir ráð fyrir að breyta, þar á ég við til að mynda ábendingu hv. 1. þm. Vesturl. Það er eðlilegt að gefa því mjög gaum hvort hægt er að finna ákvæði til að setja inn í frv. sem svari því sem hann hefur hér getið um.

Ég tel hins vegar ekki neina sérstaka ástæðu til að óttast það sem fram kom hjá hv. 12. þm. Reykv. að hér verði um allt of flókið kerfi að ræða. Við vitum það að nú eru þessi mál unnin á allt annan máta en áður var. Tölvukerfið hefur komið þar til hjálpar og leysir það margan vanda t.d. þegar um skiptingu á fjármagni er að ræða. Ég held að það sé ekki ástæða til að óttast að það kerfi sé svo flókið að við það verði ekki ráðið með tiltölulega auðveldum hætti. Það er auðvitað ekki meiningin eftir þessu frv. að setja upp sérstaka húsnæðisstofnun í hverju kjördæmi þó að það fé sem hvert kjördæmi leggur til í húsnæðiskerfið sé ávaxtað í innlánsstofnunum í heimabyggð og það fé sem þannig fellur til í hverju kjördæmi sé notað til uppbyggingar þar. Þetta þýðir ekki að við séum að leggja til að taka upp sex eða sjö nýjar húsnæðisstofnanir.

Það er vitaskuld ekkert ofsagt að þetta nýja húsnæðiskerfi hefur verið gagnrýnt eins og að er vikið bæði í grg. frv. og í ræðu hv. 1. flm. Það er ekki hægt að una því að kerfi gildi áfram sem virkar með þessum hætti. Við megum ekki við því á landsbyggðinni, sem stendur afar veikt nú um þessar mundir, að löggjöf beinlínis virki þannig að draga þaðan fé til að auka á þenslu í öðrum landshluta, þ.e. á höfuðborgarsvæðinu. Þess vegna er það algjör nauðsyn að bregðast við þessu með því að breyta lögunum eins og hér er lagt til. Ég vil því taka mjög undir það að að þessu verði staðið á þann máta að þetta frv. verði afgreitt. Við flm. erum opnir fyrir því að taka inn einhver þau atriði sem kynnu að þykja enn til bóta eða að útfæra þetta nánar ef mönnum þykir það við horfa, en ég tel að það sé afar þýðingarmikið að stefna að því að afgreiða þetta mál á þessu þingi.

Ég vil gjarnan bæta því við, sem út af fyrir sig kemur ekki þessu frv. við, að þegar hið nýja húsnæðiskerfi var tekið upp með mjög auknu fjármagni, sem lofað var húsbyggjendum árið 1986, þá tel ég að það hafi í sjálfu sér verið efnahagsleg mistök vegna þess hvað fé til þessa málaflokks var aukið skyndilega um mikla fjármuni. Það leiddi til þess í fyrsta lagi að meðalíbúð í blokk hækkaði um sem svaraði 1 millj. kr. á örfáum vikum. Það leiddi til þess að umsóknir streymdu inn sem allar fengu lánsloforð fyrsta kastið þangað til að kerfið sprakk, og það varð aftur til þess að glæða mjög, að ég segi ekki hrinda af stað því þensluástandi sem upp kom hér á höfuðborgarsvæðinu á árunum 1986 og 1987.

Þetta er eitt dæmi um það að mjög miklar og hastarlegar sveiflur í meðferð fjármuna verða til þess að raska efnahagslegu jafnvægi sem okkur er meiri nauðsyn á að halda hér á okkar landi heldur en margir hafa gert sér grein fyrir.

En þessi þáttur málsins kemur í sjálfu sér ekki þessu frv. við. Hann fjallar aðeins um það sem þar greinir: að bregðast við öðrum galla þessara laga og þessa kerfis, sem sé því að stöðva fjárstreymið af landsbyggðinni í gegnum húsnæðiskerfið og taka þar upp nýtt fyrirkomulag sem ætti að verða til þess að meiri friður ríki um þessi efni en verið hefur nú síðustu árin.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir:

Herra forseti. Ég vil lýsa stuðningi mínum við þetta frv. sem mér finnst réttlætismál. 2. gr. frv. hljóðar á þennan veg, með leyfi forseta:

„Fyrri málsgr. 10. gr. laganna orðist svo:

Byggingarsjóður ríkisins er í vörslu Seðlabanka Íslands og annarra bankastofnana sem húsnæðismálastjórn semur við. Skal leitast við að fé sjóðsins sé ávaxtað í byggðarlögum sem næst í samræmi við lán til sjóðsins og lánveitingar hans.“

Þetta er í raun og veru alveg í samræmi við það sem við borgaraflokksmenn höfum verið að halda fram, að hvert byggðarlag eigi að njóta afraksturs síns erfiðis. Það er vafalaust hægt að finna einhverja agnúa á þessu en þá hlýtur að vera hægt að sníða af. En við sem erum borgarbúar getum ekki bæði verið að tala um að rétta hlut landsbyggðarinnar, gera hlut landsbyggðarinnar réttlátari og ljá því svo ekki eyra þegar landsbyggðarmenn koma og leita réttar síns.

Ég sem sagt kem hérna upp óviðbúin en eingöngu til þess að lýsa stuðningi við þetta mál.

Flm. (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil þakka þeim sem tekið hafa hér til máls fyrir jákvæðar undirtektir við þetta mál og út af þeim athugasemdum sem fram hafa komið, t.d. frá hv. 1. þm. Vesturl., er sjálfsagt og eðlilegt að gæta þess í meðferð málsins þegar það kemur til nefndar. Ég get ekki séð að hætta sé á því en rétt er að gæta þess enn betur því að til þess er ekki ætlast. Það er heldur ekki ætlast til þess að því fjármagni sem hefur verið ráðstafað áður sé skilað aftur. Ég tel því að landsbyggðin eigi verulegar fjárhæðir inni.

Hv. 12. þm. Reykv. gerði hér aðallega tvær athugasemdir. Ég held að við þurfum ekki að gera ráð fyrir að það verði miklir erfiðleikar í sambandi við skiptingu. Það hefur ekki hvarflað að mér að fara að setja upp nýtt apparat í sex kjördæmum landsins. Þetta virðist mjög auðvelt í framkvæmd. Ég vil í því sambandi benda á það að Húsnæðisstofnun gerði úttekt á búsetu umsækjenda og veðstöðum lána sem sýnir hvar umsækjendur ætla að byggja eða kaupa. Úttekt þessi er dags. 12. okt. 1988, enda lögðum við áherslu á að vera með sem nýjastar upplýsingar því að nokkrar breytingar hafa orðið frá því fyrr á þessu ári og nauðsynlegt er að þær liggi fyrir. Þessi úttekt byggir á upplýsingum um 6722 umsækjendur. Niðurstaða hennar kemur fram í athugasemdum með frv. og er í stuttu máli sú að um 80% þeirra umsækjenda sem búa utan Reykjavíkur og Reykjaness eru að kaupa eða byggja í kjördæmum utan Reykjavíkur og Reykjaness. Það kemur fram í töflu með grg. að fjöldi umsækjenda í Reykjavík er 3033 og að af veðstöðum eru 2838 í Reykjavík og 160 í Reykjanesi, enda er stutt að fara þar yfir landamærin eins og skiljanlegt er, en umsóknir með veðstaði í öðrum kjördæmum eru 35. Umsækjendur af Reykjanesi eru 1755. Af veðstöðum eru 150 í Reykjavík, 1595 á Reykjanesi og aðeins 10 í öðrum kjördæmum. Önnur kjördæmi, þ.e. öll landsbyggðarkjördæmin, eru með 1934 umsækjendur. Þar af eru 189 umsóknir með veðstað í Reykjavík og 88 á Reykjanesi, en 1657 umsóknir með veðstaði í þessum landsbyggðarkjördæmum. Þetta eru heimildir sem við fengum og voru unnar í húsnæðismálastjórn. Ég held að þær sýni að ekki er eins mikið um það og margur hefur látið í veðri vaka að fólk af landsbyggðinni byggi eða kaupi íbúðir hér á höfuðborgarsvæðinu. Þó að nokkuð mikið sé um þetta, eins og fram kemur í þessum tölum, hafa sumir viljað halda því fram að þetta væri í meira mæli og því var fengur að því að þetta skyldi unnið af Húsnæðisstofnun.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri. Ég

endurtek þakkir mínar til þeirra hv. þingmanna sem hér hafa talað og mér finnst sjálfsagt og eðlilegt að skoða þær athugasemdir eða ábendingar sem fram komu í þeirri nefnd sem fær frv. til meðferðar. Við flm. erum opnir fyrir því að gera þær breytingar á frv. sem eru til góðs fyrir landsbyggðina og í fullu samræmi við að ekki er verið með þessu að ganga á hlut þess fólks sem býr á höfuðborgarsvæðinu, síður en svo. Eins og ég sagði í upphafi máls míns fylgja því stóraukin útgjöld ef enn þá meiri tilflutningar verða til þessa svæðis og það sleppur ekki heldur við útgjöld við slíka tilflutninga. Þess vegna tel ég að miklu skynsamlegra og eðlilegra sé að koma þannig til móts við og hvetja fólk til þess að fjárfesta hvert á sínu svæði eins og frv. þetta gerir ráð fyrir og ég held að enginn þurfi að óttast að það þurfi að verða neitt bákn í kringum þá breytingu.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Það frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins sem hér liggur fyrir er ágætt út af fyrir sig. Sú ágæta hugsun að halda fé í kjördæmum er góðra gjalda verð og ekki óréttmæt. Sú stefna er og í samræmi við stefnu Borgfl. Hins vegar er verið að binda fólk átthagafjötrum með því að koma í veg fyrir að það geti flutt á milli kjördæma og án þess að fá lán úr þeim sjóði sem það hefur þegar lagt í. Ég tel að sú stefna sé röng. Fólk verður að eiga rétt á lánum með sama hætti hvar sem það vill byggja eða búa og hlýtur það að vera grundvallarregla.

Þingmenn Borgfl. lögðu fram heilstætt lagafrv. um Húsnæðisstofnun ríkisins og húsbanka á síðasta þingi sem verður væntanlega endurflutt nú í vetur á Alþingi. Þær tillögur og þau lög eru miklu betur fallin til jöfnuðar og að vera réttlát gagnvart fólkinu í landinu. Og ég tel að sú lagasetning muni geta valdið grundvallarbreytingu. En eins og ég sagði í byrjun, þá er sú hugsun að halda fé í kjördæmum náttúrlega alveg réttmæt og við í Borgfl. höfum einmitt skoðað þessi mál. Þá get ég tekið undir það að fé úr lífeyrissjóði skuli lagt inn í innlánsstofnanir í hverju kjördæmi eða byggðarlagi. Það er mjög réttmæt tillaga og ég vil taka undir hana. Að öðru leyti held ég að þær tillögur sem við höfum lagt hér fram um Húsnæðisstofnun ríkisins og húsbanka eigi miklu betur við fyrir heildina.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég vil sérstaklega undirstrika þessa athugasemd mína hér áðan vegna þess að ég hef í höndum upplýsingar um að allmörg svæði á landinu mundu falla út í lánveitingum vegna þess að þau fá meira fé úr lánasjóði á viðkomandi ári heldur en viðkomandi lífeyrissjóðir leggja til, miðað við þann rétt sem því fylgir skv. lögum. Það þarf að skoða þetta mál vandlega þannig að ekki verði lagðar hömlur á framþróun í vissum byggðarlögum með frv. Ég vil undirstrika þetta sérstaklega.

En það sem kom mér til að koma hér upp var að mér fannst gæta talsverðs misskilnings í ummælum hv. 2. þm. Norðurl. v., þar sem hann sagði að húsnæðiskerfið væri sprungið. Það nefnilega sprakk ekki og hefur ekki sprungið. Og ég vil bara minna á það í þessu sambandi, vegna þess að hv. þm. var að finna að því að það hefði verið of mikil uppsveifla í skyndingu í þessum málum, að þetta nýja kerfi var tekið upp 1986 og það var gert samkvæmt ósk og kröfu launþegasamtakanna í landinu, og ekki aðeins launþegasamtakanna heldur einnig aðila vinnumarkaðarins í heild. Þetta þýddi að þeir leystu málið á þann hátt að þeir lögðu húsnæðiskerfinu til milljarða kr. á hverju ári sem ekki voru áður falar, þ.e. 55% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóða landsins. Þetta hefur m.a. þær afleiðingar að á næsta ári er gert ráð fyrir að rúmir 9 milljarðar komi inn í húsnæðiskerfið frá lífeyrissjóðum landsins. Þetta er ekkert smámál og hefur orðið til þess að þúsundir og aftur þúsundir hafa getað byggt með þessum háu lánum og góðu lánakjörum sem fylgja húsnæðislánakerfinu.

Ég er ekki að tala um að ekki geti verið gallar á þessu kerfi, enda kom það fram strax í upphafi að við töldum að það væri með innbyggða galla. En menn vildu sjá til, gefa því ákveðinn aðlögunartíma og í dag er biðtíminn kominn niður í 22 mánuði, þannig að það er ekki langur tími þegar um er að ræða allt að 60–70% af því lánahlutfalli sem um er að ræða. Eftir því sem mér er sagt nú síðustu daga, þá er þetta mjög að jafna sig og það er jafnvel talið að strax á næsta ári styttist lánstíminn meira en þarna er áætlað. Afföllin eru að vísu hækkandi, þau eru frá 25–30% af umsóknum.

Ég held því að það sé of mikið upp í sig tekið að segja að þetta kerfi sé ónýtt. Það hefur skilað mörgum fram á veginn í þessum málum og fjármagnið er til staðar. En ég tek undir það að auðvitað er með þetta eins og annað að sjálfsagður hlutur er að lagfæra það og aldrei skyldi ég taka mér það í munn að ég mundi ekki fylgja því að festa fjármagn sem verður til í byggðarlögunum, að það festist í þeim innlánsstofnunum og sé nýtt í kjördæmunum eða á stöðunum þar sem það verður til. Það er svo sjálfsagt grundvallaratriði að allir ættu að geta verið sammála um það. En ég vil endurtaka að ég vek athygli á þeirri hættu sem gæti skapast við of strangan lagaramma, að ekki má koma í veg fyrir að þeir staðir sem fólk vill byggja á úti um land fái lán vegna harðra ákvæða í lögum um að þau séu í samræmi við það sem safnast á viðkomandi stað eða er lagt inn. Þarna gæti orðið árekstur og þetta vil ég láta athuga í frv.

Jón Sæmundur Sigurjónsson:

Herra forseti. Aðeins nokkur orð til að lýsa yfir stuðningi við þá grundvallarhugsun sem felst í frv. sem hér er til umræðu. Á undanförnum árum hefur þróunin verið sú, og verið mjög til vandræða fyrir landsbyggðina, að fjármagn hefur streymt hingað til höfuðborgarsvæðisins og aukið á þá þenslu sem hér

hefur skapast, m.a. ein sog hv. 2. þm. Norðurl. v. lýsti hér áðan vegna breytinga á húsnæðislöggjöfinni á sínum tíma. Þess vegna held ég að frv., sem lýsir þeirri hugsun að fjármagn skuli ávaxtað í heimabyggð og notað að meginstofni til framkvæmda þar, sé af réttum toga.

Nú þarfnast frv. að sjálfsögðu nánari athugunar, sérstaklega með tilliti til þeirrar hugsunar sem kom fram hjá 1. þm. Vesturl. varðandi þá hættu sem getur skapast ef viss svæði úti á landsbyggðinni lenda í fjármagnshungri vegna þess að það fjármagn sem verður til á staðnum verður einungis notað til fjárfestinga þar og ekki annars staðar. Það þarf þess vegna visst flæði á milli svæða og frelsi þarf að vera til þess.

Það er athyglisvert í sambandi við frv. að þeir flm. sem að því standa koma úr Sjálfstfl. Það hefur yfirleitt verið grundvallarhugsun hjá sjálfstæðismönnum og öðrum borgaralegum flokkum að viðhalda frelsi fjármagnsins og að flæði þess skuli yfirleitt vera óheft. Það er allrar athygli vert að einmitt fulltrúar frá slíkum flokki skuli komast að þeirri niðurstöðu að sú grundvallarhugsun sé í raun ekki rétt og eigi a.m.k. ekki við hér á landi.

Það kom fram hjá hv. 11. þm. Reykn. Hreggviði Jónssyni að hann teldi að frv. miðaði að átthagafjötrum. Ég er að vísu ekki hingað kominn til að verja frv. á neinn hátt, það gera flm. þess væntanlega, en ég get ekki séð að það hafi vakað fyrir flm., enda stendur í 4. gr. að skiptingu útlána milli kjördæma skuli miða við búsetu umsækjanda, þ.e. útlán skuli veitt til viðkomandi eftir hans búsetu en ekki miðað við framkvæmdastað þannig að viðkomandi gæti þá væntanlega framkvæmt á þeim stað sem hann hugsar sér einna helst. Því sýnist mér að grundvallarhugsunin beinist miklu heldur að ávöxtuninni en að framkvæmdinni og þá erum við aftur komnir að hinni grundvallar borgaralegu hugsun, að það er þó tryggt eitthvert frjálst flæði fjármagnsins.

Hvað varðar 7. gr. um vexti af lánum Byggingarsjóðs ríkisins sé ég ekki að hún breyti mjög miklu. Ég sé ekki að miklar breytingar verði á núverandi skipan. Vextir á lánum Byggingarsjóðs eru breytilegir, ríkisstjórnin tekur ákvörðun um vexti á hverjum lánaflokki á hverjum tíma þannig að ég sé ekki að þessi grein breyti mjög miklu.

Ég vil síðan endurtaka samþykkt mína við þá grundvallarhugsun sem liggur að baki frv.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að efna til neinna deilna við hv. 1. þm. Vesturl. um húsnæðismál almennt. Hann sagði hins vegar að í máli mínu hefði komið fram misskilningur. Það held ég að sé nú ekki rétt. Það húsnæðiskerfi sem komið var á laggirnar 1986 byggðist á því, eins og hv. þm. sagði, að lífeyrissjóðirnir legðu til í það allt að 55% af sínum ráðstöfunartekjum. Þetta var gert í framhaldi af samkomulagi aðila vinnumarkaðarins í kjarasamningum sem þáv. ríkisstjórn og þingmeirihluti féllust á. Það breytir vitaskuld engu um það að með þessu nýja fyrirkomulagi komu allt í einu margir milljarðar inn í húsnæðiskerfið og í sama mund var öllum lofað lánum með niðurgreiddum vöxtum. Hver sem hafa vildi og hver sem sótti um lán í þessu nýja kerfi fékk lánsloforð og það fór nú svo að þeir sem voru hér á höfuðborgarsvæðinu voru nokkuð fljótari til að sækja um lán heldur en þeir utan af landi, enda var það staðreyndin að um eða yfir 80% af öllum lánsumsóknum voru héðan af þessu svæði. Allir þessir aðilar fengu lánsloforð meðan kerfið gekk og þessi mikla lánabylgja varð a.m.k. til þess að ýta mjög undir það þensluástand sem hér var á byggingarmarkaðinum og í verði húsnæðis. Þetta hafði þannig áhrif á verðbólguþróun og það þensluástand sem uppi var í landinu á árunum 1986 og 1987 og jafnvel fram á þetta ár.

Þetta er enginn misskilningur af minni hálfu. Auðvitað varð þetta kerfi til þess að hjálpa mörgum til þess að fá lán. Og það varð til þess að margir gátu byggt sem ella hefðu verið í erfiðleikum með sín húsnæðismál. Það haggar hins vegar ekki því að þegar svo stórar sveiflur verða í einum þætti efnahagslífsins eins og hér er um að ræða, þ.e. í húsnæðiskerfinu, stórar sveiflur koma allt í einu fram, hefur það ekki bara áhrif þar. Það hefur auðvitað stórkostleg áhrif í öllu efnahagskerfinu. Við erum kannski ekki búnir að bíta úr nálinni með það hvernig sú þensla spratt upp hér á þessu svæði sem raun varð á á þessum árum og ég hef hér vikið að.

Hv. þm. sagði að kerfið væri ekki sprungið. Kerfið var auðvitað sprungið þegar undir árslok 1987. Þá var orðinn tveggja til þriggja ára biðtími eftir lánum, eftir örfárra missira sögu þessa kerfis. Síðan var á síðasta þingi verið að lappa upp á þetta kerfi til þess að reyna að koma því fram að stytta þennan biðtíma og til þess að reyna að koma því fram að kerfið gæti gengið. Ég segi lappa upp á það vegna þess að biðtíminn er auðvitað allt of langur enn þá miðað við það mikla fjármagn sem í þetta kerfi fer.

Ég ætla aðeins að láta þessi orð fylgja með vegna þess að ummæli hv. 1. þm. Vesturl. eru auðvitað alveg út í bláinn. Í þessum orðum mínum, sem voru afskaplega hógvær og fá, fólust engar sérstakar ádeilur á þennan hv. þm., fyrrv. hæstv. félmrh., en í þeim fólst vitaskuld sannleikur.

Flm. (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Hv. 11. þm. Reykn. var að tæpa á átthagafjötrum. Ég held að það hafi ekki sést á tilflutningi á undanförnum árum og áratugum að fólk hafi verið fjötrað niður í vissum átthögum. Það hafa því verið ansi miklir tilflutningar hér og það er ekkert nýtt að það komi skipulag á meðferð fjármála og úthlutun fjár. Ég held því að þessi athugasemd hafi verið byggð á afar miklum misskilningi. En það voru þó öllu frekar þau orð sem 5. þm. Norðurl. v. sagði. Hann var mjög

undrandi á því að tveir þm. Sjálfstfl. skyldu flytja frv. sem þetta því að þeir væru fulltrúar markaðshyggjunnar, skildist mér, þar sem markaðurinn ætti að ráða. Það var löngu áður en hv. þm. fæddist sem Sjálfstfl. hafði forustu um setningu fjölmargra laga um félagslegar umbætur. Og hann hefur allt fram til þessa dags staðið að því. Þingmenn Sjálfstfl. hafa flutt mörg mál einir, þeir hafa flutt mál í samvinnu við aðra og í samstarfsríkisstjórnum. Ég nefni alveg sérstaklega allar þær umbætur sem orðið hafa á sviði tryggingamála, á sviði heilbrigðismála og heilsugæslu í landinu, fjölmörg atriði á sviði menntamála og samgöngumála. Þó ég nefni ekki fleiri málaflokka er hér um fleiri málaflokka að ræða. Sjálfstfl. hefur verið vakandi fyrir því að byggja upp eins réttlátt þjóðfélag og tök eru á hverju sinni og koma með margvíslegar félagslegar umbætur. Ég verð að segja það og það með ljúfu geði að það hafa verið fulltrúar úr flestum eða öllum stjórnmálaflokkum á hverjum tíma sem hafa tekið virkan þátt í félagslegri uppbyggingu vítt og breitt um landið. En þessi athugasemd hún kom mér a.m.k. til þess að gera hér athugasemd. Ég hef aldrei, þau ár sem ég hef setið hér á hv. Alþingi, verið talsmaður þess að einhver markaðshyggja eða peningamenn fengju einir að ráða og segja til um hvað gera skal. Og ég vænti þess að á því verði ekki breyting til hins verra heldur vil ég vona að áfram verði haldið umbótum á sviði félagsmála og framfara fyrir landsmenn alla.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til félmn. með 27 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

10. fundur, þriðjudaginn 8. nóv., að loknum 9. fundi.

Lögverndun á starfsheiti fóstra, 1. umr.

Frv. FI o.fl., 54. mál. — Þskj. 56.

Flm. (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum fóstra sem er á þskj. 56 og er 54. mál þingsins.

Flm. ásamt mér eru hv. þm. Guðrún Helgadóttir, Ingi Björn Albertsson, Kristín Einarsdóttir og Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Frv. er flutt í samráði við stjórn Fóstrufélags Íslands. Það var einnig flutt á síðasta þingi en náði þá ekki fram að ganga. Hv. menntmn. Nd. sendi frv. til umsagnar. Flestar umsagnir sem bárust um það voru jákvæðar, nema umsögn embættismanna Reykjavíkurborgar. Það kemur mér hins vegar ekki á óvart og allra síst eftir að hafa lesið viðtal við fyrrv. borgarfulltrúa Kvennalistans, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, í 4. tölublaði Veru þar sem hún segir, með leyfi forseta, „að æðstu embættismenn borgarinnar séu tilbúnir til að tefla þá refskák sem flokkurinn [þ.e. Sjálfstfl.] þarf á að halda.“ Segist hún þá vera að tala um pöntuð bréf, alls konar pantaðar yfirlýsingar og sjónarmið sem meiri hlutanum henta.

Hér er að segja frá fyrrv. borgarfulltrúi sem hefur verið í embætti í sex ár. Því skyldi maður ætla að frásögnin sé sannleikanum samkvæm. Og ef svo er sýnir þetta og margt annað, sem fram hefur komið í störfum Sjálfstfl. í borgarstjórn, okkur hversu hættulegt það er að láta einn flokk vera lengi við völd.

Við lestur þessa viðtals við Ingibjörgu fær maður það á tilfinninguna að kerfið, og þeir múrar sem Sjálfstfl. er búinn að byggja upp í kringum sig í Reykjavík, sé mjög svipað og það kerfi sem Gorbatsjov er nú að leggja af í Sovétríkjunum. Það skyldi þó ekki vera svo að borgarstjórinn hafi pantað neikvæðar umsagnir frá borgarlögmanni og Dagvist barna í Reykjavík um þetta frv. því borgarstjórinn virðist vera í heilögu stríði við fóstrur frá því í kjaradeilunni sem hann átti í við þær árið 1986 þegar fóstrur sögðu upp störfum og borgarstjóranum tókst ekki með yfirgangi og bolabrögðum að berja stéttina til hlýðni.

Tilgangurinn með þessu frv. er að tryggja að í framtíðinni verði starfandi á dagvistarheimilum starfsfólk sem hefur aflað sér sérfræðilegrar þekkingar á uppeldisstörfum fyrir börn. Foreldrar treysta dagvistarheimilunum að vissu marki fyrir barnauppeldinu. Uppeldisstörfin eru því í reynd falin fóstrum og því er mjög treyst á menntun þeirra. Ég lít svo á að dagvistarheimilin eigi að vera fjölskyldum og foreldrum til stuðnings og ættu því að vera sjálfsögð viðbót við foreldrauppeldið. Foreldrar verða því að geta treyst því að þar sé starfandi sérmenntað fólk, fólk sem hefur þekkingu á því hversu mikilvæg bernskan er barninu fyrir framtíðina. Með þessu er ég ekki að kasta rýrð á störf ófaglærðs fólks sem hefur í gegnum tíðina aflað sér mikillar reynslu við uppeldi. Það verður hins vegar að viðurkenna að hversu mikil sem sú reynsla er kemur hún aldrei í staðinn fyrir þá bóklegu þekkingu sem fóstrur afla sér í sínu námi.

Vaxandi áhugi á forskólauppeldi og auknar kröfur um dagvistarheimili eru fyrst og fremst nátengdar margháttaðri félagslegri þróun og breytingum sem hafa orðið á uppeldisskilyrðum barna og gæðum þeirra skilyrða. Það er því eðlilegt að foreldrar geri þær kröfur til dagvistarheimilanna að þar sé starfandi fólk sem hlotið hefur viðurkennda menntun.

1. gr. þessa frv. til laga felur í sér lögverndun á starfsheiti fóstra sem starfa við uppeldisstörf á dagvistarheimilum og öðrum þeim stofnunum fyrir börn þar sem uppeldi fer fram utan heimilis. Tilgangurinn með lögverndun starfsheitisins er að stuðla að aukinni viðurkenningu á menntun og starfi

fóstra. Jafnframt er verið að girða fyrir að aðrir en þeir sem hlotið hafa viðhlítandi menntun og starfa utan heimilis þar sem uppeldi fer fram geti notað þetta starfsheiti. Starfsheitið eiga bæði karlmenn og kvenmenn að geta notað. Í raun og veru er gert ráð fyrir því í lögunum um Fósturskóla Íslands að þann skóla geti bæði sótt karlmenn og kvenfólk. Fóstrufélag Íslands hefur leitað til Íslenskrar málnefndar og spurst fyrir um hvort það sé andstætt íslenskri málhefð að karlar geti borið starfsheitið fóstra. Nefndin hefur svarað því til að svo sé ekki. Fólk sem tekur börn í fóstur hefur eftir sem áður heimild til að kalla sig fóstru eða fóstra en auðvitað ekki rétt til að starfa sem slíkt á stofnunum fyrir börn þar sem uppeldi fer fram.

Í 2. gr. frv. er fjallað um skilyrði fyrir því að fá leyfi til að nota starfsheitið fóstra. Öllum þeim sem lokið hafa námi við Fósturskóla Íslands skal veitt leyfi, einnig þeim sem lokið hafa sambærilegu námi erlendis, en áður en slíkt leyfi er veitt skal leita umsagnar um leyfisveitinguna hjá Fóstrufélagi Íslands og skólanefnd Fósturskólans.

Í 4. gr. frv. er vitnað í lögin um byggingu og rekstur dagvistarheimila, nr. 40/1981, og í uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili frá 1985. Í þessum lögum og uppeldisáætluninni er fóstrum gert skylt að vinna eftir og bera ábyrgð á þeim settu uppeldismarkmiðum sem fram koma í uppeldisáætluninni. Þessa skyldu sína ber hverri fóstru að þekkja þegar henni er veitt starfsleyfið.

Markmiðið með 6. gr. frv. er að stemma stigu við að aðrir en þeir sem hlotið hafa viðhlítandi menntun verði ráðnir til fóstrustarfa. Tilgangurinn er sá að bæta það uppeldislega starf sem fram fer á dagvistarheimilum og taka af öll tvímæli um að hægt sé að ráða í störf fóstra ófaglært fólk þó það hafi öðlast mikla reynslu af barnauppeldi innan heimilisins.

Það kunna einhverjir að halda því fram að eftir að lögverndun á starfsheiti fóstra hefur verið veitt muni verða mjög erfitt fyrir minni sveitarfélög að ráða fóstrur til starfa. Fyrir þessu er séð. Það er gert ráð fyrir því í 16. gr. laganna um byggingu og rekstur dagvistarheimila að hægt sé að sækja um undanþáguheimildir til menntmrn. til að ráða ófaglært fólk í störf á dagvistarstofnunum. Það skuli þó ekki gert án undangenginna auglýsinga og starfsmaður sem ráðinn er skuli ekki geta borið starfsheitið fóstra. Þann starfsmann má heldur ekki endurráða án undangenginna auglýsinga, og aldrei skal ráða þann starfsmann lengur en til eins árs í senn.

Einhver kann að spyrja hvort ekki sé komið nóg af þessum múrum sem hinar ýmsu starfsstéttir hafi verið að byggja í kringum sig. Það kann vel að vera að svo sé. En þá hafa menn í upphafi stigið röng skref í þessa veru því það er ekkert réttlætismál að fóstrustarfið skuli vera eitt af sárafáum störfum í opinberri þjónustu sem ekki nýtur lögverndar á starfsheiti og starfsréttindum.

Á undanförnum árum hafa ýmsar starfsstéttir í opinberri þjónustu fengið lögverndun á starfsheitum sínum og starfsréttindum. Kennarastarfið hlaut slíka lögverndun árið 1986. Störf kennara og fóstra eru um margt mjög skyld og gegna báðar starfsstéttirnar afar mikilvægu hlutverki í uppeldi barna og unglinga.

Hæstv. forseti. Að aflokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til hv. menntmn.

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Að gefnu tilefni langar mig til að koma hér með örstutta athugasemd vegna þess málflutnings sem fór fram hér áðan.

Ég held að hv. þm. Finnur Ingólfsson hafi nokkuð misskilið hlutverk sitt hér á hinu háa Alþingi. Hann hefði greinilega átt að bjóða sig fram fyrir Framsfl. til borgarstjórnar í Reykjavík. Inngangur ræðu hans áðan sýnir það greinilega, sérstaklega þar sem hann ávítar borgarstjóra Reykjavíkur hér á mjög ósvífinn hátt. Í borgarstjórn Reykjavíkur hefði verið hans rétti starfsgrundvöllur og þar hefði hann fengið rétt svör.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Borgfl. hefur lýst stuðningi sínum við frv. á þskj. 56, um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum fóstra. Það hefur verið skoðað á flokksfundi hjá okkur í Borgfl. og það var með samþykki þingflokks Borgfl. að einn af okkar þingmönnum, Ingi Björn Albertsson, er meðflm. Þau orð sem fylgdu frv. úr hlaði frá hv. þm. Finni Ingólfssyni eru því ekki töluð fyrir hönd flm. frv. Stuðningur við frv. er þó óbreyttur þrátt fyrir orðin.

Ég hef ekki séð þau ummæli sem hv. þm., 1. flm., vitnaði í sem höfðu birst í Veru, tímariti Kvennaframboðsins og Kvennalistans, og eru höfð eftir borgarlögmanni. Hefðu þau ummæli verið talin æskilegt framlag til umræðu hér á hv. Alþingi hefði ég heldur viljað sjá þau ummæli á prenti með frv. sem eina af ástæðum fyrir því að frv. er flutt, en svo er ekki.

Ég sat í 16 ár í borgarstjórn, sem er 10 árum lengur en Ingibjörg Sólrún hefur setið þar, sem borgarfulltrúi Sjálfstfl. Þótt ég sé ekki lengur í Sjálfstfl. vil ég að það komi fram sem svar við þessum málflutningi hv. 1. flm. að ég þekki ekki þá lýsingu Finns Ingólfssonar á starfsháttum borgarstjóra né Sjálfstfl. sem hann vitnaði í og höfð eru eftir borgarfulltrúa Ingibjörgu Sólrúnu. Eða vinnubrögðin hafa breyst mjög mikið. Þrátt fyrir andstöðu mína við sjálfstæðismenn nú vil ég draga í efa að þessi orð Ingibjargar Sólrúnar beri í sér eitt einasta lítið sannleikskorn.

Borgfl. styður góð frv. með góðum mönnum en telur óþarfa að fyrir þeim sé talað með því að niðurlægja andstæðinga og ég endurtek að ég frábið mér sem formaður Borgfl. þau ummæli sem vitnað er í úr tímaritinu Veru og höfð eru eftir Ingibjörgu Sólrúnu. Ég undirstrika að þau eru ekki sannleikur eins og þau voru fram borin. En frv. fer sína leið og við skulum skoða það. Ég held að það sé gott frv. og

málefnalegt og við skulum halda umræðunni málefnalegri og ekki rægja niður utanaðkomandi aðila en reyna að tryggja þessu frv. framgang. Það gerir ekkert annað en eyðileggja fyrir frv. að tala svona fyrir því.

Flm. (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Aðeins örfá orð til að svara hv. 2. þm. Reykv. Varðandi það hvort ég sé á réttum stað á þingi nú eða hvort ég ætti að sitja í borgarstjórn, þá vil ég segja hv. þm. að það er ekki borgarstjórn Reykjavíkur sem setur lög í landinu. Það er Alþingi. Því þarf lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum fóstra að fara í gegnum Alþingi en ekki í gegnum borgarstjórn Reykjavíkur.

Vegna orða minna hér áðan þar sem ég vitnaði í ritið Veru og viðtalið þar við Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur. Þar var orðrétt haft eftir henni í þessu viðtali og þau orð notaði ég í framsögu minni og spurði hvort það gæti verið að andstaða borgarstjórans í Reykjavík eða umsagnar Dagvistunar barna í Reykjavík og borgarlögmanns gæti stafað af því að óskað hefði verið eftir einhverjum sérstökum umsögnum frá þessum embættismönnum um þetta lagafrv. vegna þess að það kemur svo skýrt fram í þessu viðtali við Ingibjörgu Sólrúnu að þannig starfi borgarstjórnin og borgarstjórinn í Reykjavík. Ég ætla ekki að leggja dóm á það, enda þekki ég ekki þar til. Ég var hins vegar að nota þessi orð hennar sem tilvitnun í þessu sambandi. Um leið leiðrétti ég hv. 5. þm. Reykv. Albert Guðmundsson. Í þessu blaði, Veru, koma ekki fram neinar umsagnir borgarlögmanns um fóstrufrv., síður en svo. Það eru umsagnir sem bárust hv. menntmn. á síðasta þingi og voru allar jákvæðar, og það geta hv. þm. kynnt sér í gögnum þingsins, frá öllum aðilum nema embættismönnum Reykjavíkurborgar og þess vegna spurði ég þessarar spurningar áðan.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

EFRI DEILD

9. fundur, miðvikudaginn 9. nóv., kl. 2 miðdegis.

Þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu, 1. umr.

Frv. HBl o.fl., 83. mál (undanþága öryrkja frá skatti). — Þskj. 85.

Flm. (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Eins og hv. þm. rekur minni til var víðtæk samstaða um það hér á Alþingi á vormánuðum 1985 má ég segja að fjár skyldi aflað til húsnæðismála á því ári og árinu 1986 með sérstökum eignarskattsauka og var ákveðið í þeim lögum að ellilífeyrisþegar skyldu undanþegnir eignarskattsauka en ekki öryrkjar. Í lögunum um þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu var það ákvæði tekið orðrétt upp.

Ég held ég geti fullyrt að á sínum tíma var það af athugunarleysi en ekki af ásetningi sem öryrkjum var sleppt úr upptalningunni. Ég hygg að fyrir þingmönnum hafi vakað á sínum tíma að sama reglan skyldi gilda um öryrkja og ellilífeyrisþega. Það kom svo í ljós 16. mars 1987, þegar ríkisskattanefnd felldi úrskurð um þetta atriði, að kærandinn, sem var 75% öryrki og naut örorkulífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins, sömu upphæðar og ellilífeyrisþegar, skyldi greiða eignarskattsaukann. Ég tel að þetta sé óeðlilegt og tel að í þessum lögum eins og öðrum sambærilegum eigi sama regla að gilda um öryrkja og ellilífeyrisþega.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa um þetta mörg orð. Frv. var lagt fram á síðustu dögum þingsins sl. vor og kom ekki einu sinni til umræðu, ef ég man rétt, og gat af þeim sökum ekki fengið þinglega meðferð. En ég vil vænta þess að fjh.- og viðskn. geti afgreitt þetta mál fljótlega þannig að það geti komið til framkvæmda þar sem ég býst ekki við að efniságreiningur sé um það hér í þinginu.

Ég legg til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 atkv.

NEÐRI DEILD

11. fundur, miðvikudaginn 9. nóv., kl. 2 miðdegis.

Um þingsköp.

(Fjarvera allra forseta sameinaðs þings samtímis.)

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Þær fréttir svífa um sali þingsins að allir forsetar Sþ., 1. forseti, 1. varaforseti og 2. varaforseti, séu á förum til útlanda samtímis. Ég beini þeirri spurningu til forseta, sem samkvæmt mínum skilningi á að veita brottfararleyfi úr þingsölum, hvort deildarforsetar hafi rætt það sín á milli að verða við slíku, ef af yrði, og einnig hinni almennri spurningu hvort þingmenn megi e.t.v. eiga von á því að allir forsetar þingsins hverfi samtímis til útlanda.

Forseti (Óli Þ. Guðbjartsson):

Forseti getur upplýst fyrirspyrjanda, hv. 2. þm. Vestf., um það að forsetar deilda hafa ekki komið saman til úrskurðar í því efni sem fyrirspurnin fól í sér, enda býst forseti ekki við því að það verði á einn eða neinn hátt í þeirra verkahring að fjalla um slíkt. Hins vegar ætti hv. þm. eins og öðrum að vera vel kunnugt um að í næstu viku hefur verið boðaður aukafundur Norðurlandaráðs og það liggur líka fyrir hverjir fulltrúar eru héðan kjörnir til þess fundar. Alþingi hefur ekki breytt þar neinu um enn þá. Þess vegna getur forseti ekki uppfrætt hv. 2. þm. Vestf. frekar um þetta efni.

Hins vegar hefur forseti Sþ. þegar tilkynnt um ætlun funda í næstu viku og það ætla ég að öllum sé þegar vitanlegt.

Útflutningsleyfi, 1. umr.

Frv. HJ o.fl., 75. mál (frjáls útflutningur). — Þskj. 77.

Flm. (Hreggviður Jónsson):

Hæstv. forseti. Hér liggur fyrir frv. til l. um breytingu á lögum um útflutningsleyfi, nr. 4 frá 11. jan. 1988. Flm. eru Hreggviður Jónsson, Ingi Björn Albertsson og Óli Þ. Guðbjartsson. Með leyfi forseta ætla ég að lesa upp hvað stendur í frv. en það er svohljóðandi:

„1. gr. 1. gr. laganna orðist svo:

Útflutningur hvers konar er frjáls og óháður útflutningsleyfum.

Útflytjendur eru þó skyldir að veita utanrrn. þær upplýsingar, sem óskað er, um magn og tegund vara eða vinnu sem seld er til útlanda.

Utanrrn. er heimilt að viðurkenna og hafa samvinnu við félög í einstökum atvinnugreinum sem hafa með gæðaflokkun á einstökum vöruflokkum að gera og getur löggilt slík félög.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi.

Frv. þetta er flutt til að draga úr miðstýringu ríkisins. Frjáls útflutningur er forsenda efnahagsframfara og þegar til lengdar lætur skilar hann meiri og betri tekjum í þjóðarbúið en nú er. Það að binda útflutning á vörum leyfisveitingum frá utanrrn. er tímaskekkja og leifar gömlu selstöðuverslunarinnar. Þótt verðfall geti orðið á erlendum mörkuðum vegna offramboðs á stundum er ekki rétt að taka þá ábyrgð og áhættu frá útflytjendum sem ávallt fylgir frjálsum markaðslögmálum. Þegar útflytjendur hafa áttað sig á hvaða lögmál gilda á mörkuðum erlendis munu þeir halda vel á þeim málum. Útflytjendur geta hins vegar sjálfir haft samráð eða félagsskap á milli sín óháð stjórnvöldum.

Nú eru allt aðrar forsendur fyrir verslun en fyrst eftir að við fengum hana í okkar hendur. Fjöldi vel menntaðra manna á sviði viðskipta og markaðssetningar er nú í landinu og reynslumiklir kaupsýslumenn sem aðallega eru í innflutningi en gætu vel tekið mun virkari þátt í gjaldeyrisöflun þjóðarinnar en hingað til.

Nauðsynlegt er samt sem áður að halda uppi gæðaeftirliti og má í því sambandi t.d. efla starfsemi eins og Ríkismat sjávarafurða. Gæðaflokkun og gæðamerking á útfluttum vörum mun skila góðum árangri og má í því tilliti taka Japana sér til fyrirmyndar og gæðamerkingu ýmissa frjálsra neytendasamtaka.“

Hæstv. forseti. Með þessu frv. er í raun verið að rjúfa síðustu böndin sem bundin voru á dögum einokunarverslunar Dana. Þá voru aðeins valdir herrar sem fengu að flytja út vörur. Nú er að sönnu margfalt rýmra um útflutning og í mörgum greinum útflutningsfrelsi. Samt sem áður verður að afla útflutningsleyfa á nokkrum vörutegundum sem ekki verður séð að þörf sé á að hafa.

Eins og frjáls milliríkjaviðskipti örva verkaskiptingu milli þjóða og þar með betra og meira og ódýrara vöruval leiða þau til verkaskiptingar milli einstaklinga á Íslandi og leysa úr læðingi og nýta starfsorku hvers einstaklings betur. Sú menntun, reynsla og þekking sem fjöldi einstaklinga í viðskiptum hefur aflað sér á undanförnum árum er dýrmæt eign sem aðeins nýtist til fullnustu með útflutningsfrelsi.

Verðmæti framleiðslu okkar innan einstakra atvinnugreina verður best tryggt með frelsi til athafna. Sú athöfn þýðir og að verðmæti útflutningsvara og útfluttrar þjónustu verður meira og ef til lengri tíma er litið þýðir þetta meiri gjaldeyristekjur.

Þar sem þau stjórnvöld sem veita öll útflutningsleyfi eru valin eftir stjórnmálalegum sjónarmiðum fylgja þessu fyrirkomulagi ýmsir gallar sem erfitt er að koma í veg fyrir. Hér má nefna kunningsskap, mútur og hrossakaup. Þetta leiðir einnig af sér jafnvægisleysi og gerir útflutningsverslunina oft óhagkvæma og hætt er við að svartur markaður myndist með neðanjarðarbraski við slíkar aðstæður. Þetta gerir og allan útflutning miklu þyngri í vöfum og hefur ýmsan kostnað í för með sér.

Einnig má benda á að í öllum haftakerfum verður sú tilhneiging að hlaða stöðugt utan á sig nýjum takmörkunum og reglum. Ljósasta dæmið er núverandi fiskveiðistefna sem verður æ meiri óskapnaður án þess að með henni sé náð þeim markmiðum að auka fiskveiðarnar og vernda fiskistofna.

Stefna fríverslunarmanna hefur eftir síðari heimsstyrjöld getið af sér mestu velsæld fyrir hinn vestræna heim sem sögur fara af og er nú ásamt starfi NATO að orsaka ótrúlega hluti. Hver hefði við lok síðustu heimsstyrjaldar látið sér detta í hug samruna stjórnmálaafla í Evrópu, niðurfellingu landamæra og frjálsan markað innan Efnahagsbandalagsins sem var stofnað 1957? Hverjum hefðu dottið í hug áhrifin af starfi EFTA sem var stofnað 1959?

Hér á landi hefur stefnt í rétta átt hægt og sígandi. Frelsi til útflutnings er eina leiðin til að tryggja okkur góða og örugga markaði til frambúðar. Þeir erfiðleikar sem hafa komið upp á frjálsum mörkuðum eins og ferskfiskmörkuðum eru fyrst og fremst afleiðing rangrar fiskveiðistefnu þar sem haftakerfið hefur skekkt útkomuna. Þrátt fyrir frjálst fiskverð og fiskmarkaði hefur ekki tekist að ná þeirri hagkvæmni sem mætti ná vegna þess að útkoman er gerð röng með útflutningsleyfum, kvótum, rangri fjárfestingu, niðurgreiddu bankakerfi og óþörfum afskiptum stjórnmálamanna.

Þau einu afskipti af útflutningi sem eru nauðsynleg eru vöruvöndun og eftirlit með gæðum. Í því sambandi er gæðaeftirlit og gæðamerking nauðsyn. Ríkismat sjávarafurða hefur á því sviði unnið gott starf bæði með úttekt á fiskvinnslustöðvum og með eftirliti á gæðum á fiski. Efling á slíkri starfsemi er því nauðsyn og forsenda frjáls útflutnings nú. Því er í frv. gert ráð fyrir að utanrrn. sé heimilt að viðurkenna og hafa samvinnu við félög í einstökum atvinnugreinum um gæðaeftirlit og geti löggilt þau.

Hæstv. forseti. Í stefnuræðu forsrh. á Alþingi fyrir nokkrum dögum sagði hann, með leyfi forseta:

„Í atvinnumálum verður lögð áhersla á hagvöxt og skynsamlega nýtingu sameiginlegra auðlinda þjóðarinnar. Tekið verður í því sambandi fyllsta tillit til byggðasjónarmiða. Byggt verður á athafnafrelsi einstaklinga og félaga og frjálsræði í milliríkjaviðskiptum. Hvatt verður til ábyrgðar eigenda þannig að arðsemissjónarmið ráði ákvörðun."

Nú er spurning mín þessi: Er þetta stefna ríkisstjórnarinnar allrar eða er þetta aðeins stefna hæstv. forsrh.? Styðja allir flokkar ríkisstjórnarinnar frjálsræði í milliríkjaviðskiptum eða eru þetta orðin tóm?

Um stefnu Sjálfstfl. þarf ekki að spyrja. Þingmenn hans hljóta að styðja þetta frv. eða svo skyldi maður a.m.k. ætla.

Hæstv. forseti. Ég hef lokið máli mínu og óska eftir að frv. verði vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Aðeins örfá orð í tilefni af flutningi þessa frv. og þeirri framsöguræðu sem við hlýddum á, framsöguræðu 11. þm. Reykn.

Hv. þm. spurði: Styðja aðildarflokkar núv. ríkisstjórnar það sem í málefnasamningi stendur um að stefna okkar í milliríkjaviðskiptum sé sú að stuðla að sem mestu frjálsræði í viðskiptum, byggja á grundvallarreglum um fríverslun? Svarið við því er já. Allir aðildarflokkarnir hafa undirgengist þá stefnuyfirlýsingu sem þarna kemur fram.

Jafnframt er þess að geta að eitt helsta viðfangsefni stjórnvalda á vettvangi milliríkjaviðskipta á næstu mánuðum, missirum og árum er í því fólgið að laga íslenskt efnahags- og atvinnulíf, grundvallarreglur þess og starfsskilyrði að þeirri þróun sem nú á sér stað á meginlandi Evrópu. Þá er ég að sjálfsögðu að vísa til samræmingar innri markaðar Evrópubandalagsríkja fyrir 1992 og viðræðna og samningaumleitana milli þeirra annars vegar og EFTA-ríkjanna um það að hrinda af stað samstiga þróun í þessu efni. Jafnframt vil ég bæta því við að það er mitt sjónarmið og okkar jafnaðarmanna að um leið og við fögnum þessari þróun í Evrópu í átt til þess að ryðja úr vegi viðskiptahindrunum og stuðla að því að koma með kerfisbundnum hætti á stærri og öflugri markaði meðal Evrópuþjóða og ryðja þar með úr vegi viðskiptahindrunum, þá leggjum við á það áherslu að þessi þróun má ekki verða til þess að hlaða upp nýjum viðskiptahindrunum, nýjum tollmúrum eða stuðla þar með að því að Evrópa vilji á einn eða annan hátt útiloka önnur ríki frá því að njóta ávaxta svipaðrar þróunar.

Það er jafnframt stefna þessarar ríkisstjórnar að jafna skilyrði íslenskra atvinnuvega því sem gerist í samkeppnislöndum okkar. Útflutningsleyfakerfi er þess vegna einn af þeim þáttum sem taka ber til endurskoðunar. Í utanrrn. er nú unnið af hálfu embættismanna samkvæmt fyrirmælum ráðherra að heildarathugun á útflutningsmálum okkar með það að markmiði að draga úr vægi raunverulegra útflutningstakmarkana þó að eftirlitshlutverkinu verði sinnt eftir sem áður. Meðan á þeirri athugun stendur og hún hefur ekki leitt til endanlegrar niðurstöðu er ég ekki reiðubúinn til þess fortakslaust að gjalda jáyrði við þessu frv. Það er margt sem verður að athuga í því efni: alþjóðlegar skuldbindingar okkar, áhrifin af því að falla skyndilega og í einu átaki frá slíkum kerfum. Þetta eru hins vegar einungis álitamál en ekki ágreiningur um stefnu. Stefna okkar er sú að auka frelsi í viðskiptum hvar sem því verður við komið og í þeim samningum sem fram undan eru milli EFTA og Efnahagsbandalagsins á seinni hluta árs undir okkar forustu hlýtur það að verða meginmarkmiðið því að hinn innri markaður Efnahagsbandalagsins kallar á að við hröðum þessari aðlögun í okkar efnahagsstarfsemi, þar með talin útflutningsstarfsemi, að þeim viðskiptaháttum sem þar er verið að móta.

Hitt er svo rétt að taka skýrt fram að það eru vissir þættir í okkar utanríkisviðskiptum sem eðlis síns vegna kalla á sérstöðu eða sérstök viðbrögð af okkar hálfu. Ef spurt væri hvaða rök væru fyrir því víðtæka útflutningsleyfakerfi sem við enn búum við mundu menn tilfæra sérstaklega: Í fyrsta lagi sérstöðu markaða í hinum lokuðu hagkerfum sem við eigum umtalsverð viðskipti við og þá á ég einkum við Sovétríkin og Austur-Evrópu þar sem hingað til hafa gilt aðrar reglur um viðskipti en tíðkast í vestrænum ríkjum. Þetta kann að vera að breytast, en enn sem komið er er sú breyting fyrst og fremst í orði fremur en á borði. Sama máli gegnir um ýmsa hefðbundna markaði okkar í Suður-Evrópu, sérstaklega að því er varðar saltfisk. Þeir hafa hingað til lotið ákveðnum reglum ríkisfyrirtækja. Þá hef ég einkum í huga Portúgal. En að öðru leyti er um að ræða kvóta, nokkuð flóknar reglur um kvóta, þannig að við erum í þessum tilvikum tilneyddir að taka tillit til

þeirra viðskiptahátta sem í þessum löndum ríkja og gæta þess að skaða ekki okkar eigin hagsmuni með því að víkja frá þeim.

Í annan stað höfum við skuldbundið okkur til þess samkvæmt Bókun 6 í fríverslunarsamningi Íslands og Efnahagsbandalagsins frá árinu 1972, sem kom til framkvæmda 1976, að fullnægja skilyrðum um viðmiðunarverð Efnahagsbandalagsins á þeim fisktegundum sem njóta fríðinda. Þetta er meginskýringin á því hvers vegna útflutningsleyfakerfi hefur verið beitt til þess að hafa stjórn á framboði á ferskum fiski á uppboðsmarkaðina í Bretlandi og Þýskalandi. Þar er fyrst og fremst um að ræða skuldbindingu fyrir utan það að reynslan kenndi okkur á tímabilum þegar um mikið offramboð hefur verið að ræða að þar höfðu fyrirtækin, einstaklingarnir, atvinnufyrirtækin, hegðað sér óskynsamlega og það var ekki hvað síst til þess að bregðast við því og fyrir þrýsting utan að sem til þess var gripið að frumkvæði stjórnvalda. Spurningin er hins vegar sú hvort þessu megi koma fyrir á annan hátt án aðildar eða frumkvæðis ráðuneytis og það er auðvitað einn af þeim þáttum sem eru í endurskoðun eins og ég vék að áðan.

Þá er þess í þriðja lagi að geta að kvótakerfi er viðhaft af hálfu Efnahagsbandalagsins t.d. varðandi útflutning á lambakjöti og það sama á við um sum önnur EFTA-ríki sem kallar á að við virðum það ef við viljum njóta þeirra fríðinda sem því fylgja að öðru leyti. Loks hefur verið hreyft þeim rökum að eftirlit með gjaldeyrisskilum vegna útflutnings kalli í sumum tilvikum á slík leyfakerfi þó þau rök geti undir engum kringumstæðum talist vega þungt.

Herra forseti. Ég hef í stuttu máli gert grein fyrir afstöðu minni og ríkisstjórnarinnar út frá málefnasamningi hennar til þessa frv. Ég dreg það saman í eina setningu: Það er ekki ágreiningur um það meginmarkmið, þá stefnumörkun að við eigum eins og aðrar grannþjóðir okkar að stuðla að sem víðtækustu frelsi í viðskiptum og halda þannig á málum að við njótum tollfrjáls aðgangs að mörkuðum og veita það á móti.

Við höfum hins vegar af sögulegum ástæðum búið við margvíslega ríkisíhlutun í þessu efni sem nú er til endurskoðunar, en sú endurskoðun tekur sinn tíma og henni þarf að ljúka áður en kveðið er upp úr með svo afdráttarlausum hætti um það að við víkjum frá því kerfi sem við nú búum við.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að lýsa því yfir að ég get ekki stutt þetta frv. einfaldlega vegna þess að ég tel að það sé afar hæpið að nokkuð það sé í því sem heitir frelsi í viðskiptum sem hugsanlega getur verið nokkurri þjóð til góða. Einnig þótti mér vanta í málflutning hæstv. utanrrh. hér áðan alla skilgreiningu á því um hvað hann var að tala. Hvað eiga menn við þegar þeir tala um frelsi í viðskiptum? Varla frelsi til þess að flytja út ónýta vöru sem ekkert gerir nema að skaða viðskiptamöguleika Íslands á erlendri grund. Ég tel nefnilega að við þurfum að hafa miklu strangari reglur um útflutning og raunar innflutning líka. Það þýðir ekki að fólk megi ekki flytja út og inn það sem það óskar svo fremi sem gæði vörunnar séu tryggð. Og það held ég að sé aðalatriði málsins.

Mig langar til að biðja hæstv. ráðherra að hlýða á mál mitt sem skal ekki verða langt. Það sem ég var að segja var það að ég vil gjarnan heyra hver er skilgreiningin á því sem ráðherrann kallaði áðan „frelsi í viðskiptum". Það getur ekki verið frelsi til að flytja út ónýta vöru eins og oft hefur verið gert. Og það getur heldur ekki verið neitt frelsi í viðskiptum að flytja inn ónýta vöru. Ég held nefnilega að það þurfi að hafa miklu strangari reglur um út- og innflutning í þessu landi.

Ráðherrann minntist á Efnahagsbandalagið og ég held að ég verði að minna hæstv. ráðherra á að hér hafa orðið alls kyns stórslys vegna þekkingarleysis embættismanna á reglum Efnahagsbandalagsins. Nægir að minna á niðurlægjandi meðferð sem Íslendingar urðu fyrir vegna flutnings hvalkjöts sem bannað var að flytja um lönd Efnahagsbandalagsins á tveimur síðustu árum.

Annað hef ég hnotið um í sambandi við ónákvæma vinnu þess sama ráðuneytis. Ef ég skil það rétt að upplýsingar Hagstofu um útflutning byggist á útflutningsleyfum, sem ég held að hljóti að vera, þá hefur margsinnis komið í ljós þegar við viljum fletta því upp hvað hefur verið flutt út, að þær upplýsingar sem í Hagtíðindum er að finna eru rangar. Vörur eru ekki rétt nefndar. Vinnubrögð á borð við þetta held ég að séu stórhættuleg öllum viðskiptasamböndum Íslands og annarra þjóða.

Ég get verið sammála ráðherranum um að auðvitað eiga menn að hafa frelsi til að framleiða vöru ef hún er góð og ef hún er þjóðinni til sóma. Ef hún er það ekki eiga menn ekki að hafa frelsi til að flytja hana út.

Þess vegna held ég að það sem okkur Íslendinga vanti sé miklu strangara gæðamat, bæði á út- og innflutningi. Þá fyrst getum við farið að tala um frelsi í viðskiptum. En þetta mat verður auðvitað að byggjast á þekkingu. Þetta á ekki að vera skrifborðsvinna manna sem sitja og horfa á skýrslur með skriflegum upplýsingum, heldur verður að byggja upp gott og heilbrigt vörueftirlit í landinu. Og auðvitað verður ráðuneytið líka að hafa á að skipa mönnum sem þekkja alþjóðlegar reglur um viðskipti og viðskiptahömlur.

Þessu vildi ég koma á framfæri.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

SAMEINAÐ ÞING

11. fundur, fimmtudaginn 10. nóv., kl. 10 árdegis.

Iðnráðgjafar, ein umr.

Fsp. HG, 12. mál. — Þskj. 12.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Á þskj. 12 hef ég leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. iðnrh.: „Hvað líður undirbúningi að frv. til laga um iðnráðgjafa?“

Ég rifja það hér upp vegna þessarar fsp. að lög voru í gildi frá árinu 1981 til 1986 um starfsemi iðnráðgjafa í landshlutunum. Þessi lög féllu niður þar eð þau voru ekki framlengd, en í upphaflegum lögum var svokallað sólarlagsákvæði til þess að fá endurskoðun fram í ljósi fenginnar reynslu.

Á árinu 1987 var mikil óvissa ríkjandi um framhald þessa máls þar sem inn í fjárlagafrv. 1988 hafði ekki verið tekin fjárveiting til iðnráðgjafa og vísað í það að engin lög giltu um þessa starfsemi. Ég bar fram fsp. við hæstv. fyrrv. iðnrh. Friðrik Sophusson, sem kom til umræðu hér í Sþ. 5. maí sl., þar sem spurt var um það hvað yrði gert af hálfu framkvæmdarvaldins til að tryggja áframhaldandi stuðning úr ríkissjóði við iðnráðgjöf í landshlutunum. Hæstv. þáv. ráðherra svaraði því til að þó að hann teldi ekki endilega þörf á því að lög giltu um þessa starfsemi væri hann þeirrar skoðunar, eins og hann sagði í svari sínu þá: „Í ljósi þessarar reynslu [þ.e. varðandi fjárveitingar] mun ég beita mér fyrir því að lög um iðnráðgjafa verði endurnýjuð á svipuðum grunni og þau lög sem í gildi voru og að stuðningur ríkisins við starfsemi iðnráðgjafa verði ekki minni en verið hefur.“ Þetta kom fram í svari fyrrv. iðnrh.

Ég er þeirrar skoðunar að starfsemi þessa þurfi að treysta með meiri stuðningi af hálfu hins opinbera en verið hefur, sérstaklega tryggja að það verði fleiri en einn ráðgjafi starfandi á hverju svæði þannig að þeir geti stutt hver annan. Ég held að það sé það sem hefur takmarkað þessa starfsemi, sem annars er mjög góð reynsla af, að aðeins hefur verið um einn starfsmann að ræða í hverjum landshluta nema á Vestfjörðum þar sem starfsemin hefur ekki komist til framkvæmda og því þurfi að tryggja þessa starfsemi með löggjöf og auknum stuðningi.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður spyr hvað líði undirbúningi að frv. til laga um iðnráðgjafa. Því er til að svara að á síðustu dögum ráðuneytis Þorsteins Pálssonar eða 13. september sl. skipaði þáv. iðnrh. nefnd til að fjalla um málið og áttu sæti í henni þrír þingmenn undir forustu hv. 1. þm. Austurl. Kristins Péturssonar. Afskipti mín af málinu eftir að ég tók við embætti iðnrh. hafa í fyrsta lagi verið þau að ég óskaði eftir framlagi til starfsemi iðnráðgjafa í fjárlagafrv. og er það framlag í samræmi við starfsemina á yfirstandandi ári, en þessari starfsemi hefur verið haldið áfram án löggjafar eftir að lögin um iðnráðgjafa nr. 86/1981 féllu niður með sólarlagsákvæði í árslok 1985 eins og fyrirspyrjandi nefndi. Hefur því á hverju ári verið farið eftir heimildum fjárlaga. En frv. sem flutt var til laga um iðnráðgjafa haustið 1986 náði ekki fram að ganga í þinginu.

Í öðru lagi hef ég ákveðið að taka frumkvæði að breytingum á þessari ráðgjöf sem veitt hefur verið í samstarfi ríkis og sveitarfélaga og hefur verið takmörkuð við iðnað og iðnráðgjöf.

Ég tel að hún muni nýtast betur verði hún almennari og hef því lagt til í ríkisstjórninni að ráðgjöfin verði útvíkkuð þannig að hún nái ekki einungis til iðnaðar heldur til annarra atvinnugreina, t.d. ferðaþjónustu og fiskeldis, og að hún nái til almennrar sérfræðiaðstoðar við stofnun og rekstur fyrirtækja, enda hefur starf iðnráðgjafanna þróast í þessa átt þar sem það hefur tekist best. Ég tel að slíka ráðgjöf mætti ýmist fela fastráðnum atvinnumálaráðgjöfum í viðkomandi landshluta eða sérhæfðum ráðgjafarfyrirtækjum sem sérstaklega væru fengin til að leysa einstök verkefni í samráði við sveitarfélög og samtök þeirra. Ég tel það líka galla á því fyrirkomulagi sem í gildi hefur verið að það hefur ekki náð til allra landshluta utan Reykjavíkur, þannig hefur Vestfjarðakjördæmi ekki haft neinn iðnráðgjafa.

Ég hef því í ríkisstjórninni lagt til að gerðar verði breytingar á 11. gr. laganna um Byggðastofnun þess efnis að stofnunin skuli í samráði við einstök sveitarfélög og samtök þeirra veita almenna ráðgjöf varðandi stofnun og rekstur fyrirtækja og hvers konar nýsköpun á sviði atvinnumála. Að mínu áliti mundi slík breyting vera til bóta. Ef þessi breyting verður að lögum munu fjárveitingar til starfsemi iðnráðgjafa sem nú eru veittar iðnrn. framvegis renna til Byggðastofnunar, sérstaklega til atvinnumálaráðgjafar. Þessi tillaga er nú til umræðu og athugunar í þingflokkum stjórnarflokkanna. Ég hef einnig kynnt hana formanni stjórnar Byggðastofnunar, og tel að hún hafi fengið allgóðar undirtektir.

Ég vil að lokum geta þess að ég hef skýrt formanni nefndarinnar um iðnráðgjafa, sem skipuð var í september, hv. 1. þm. Austurl. Kristni Péturssyni, frá þessari tillögugerð minni og leyst nefndina frá störfum.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Hæstv. ráðherra hefur hér kynnt sín viðhorf til þessa máls. Ég hef fengið vitneskju um hans hugmyndir í þessu sambandi alveg nýverið, en þær fela það í sér að Byggðastofnun verði falið að taka við þessu máli, atvinnuráðgjöf í landshlutunum, og fjárveitingar til þeirrar starfsemi komi af fjárveitingum til Byggðastofnunar í framtíðinni. Ég er ekki sáttur við þessa hugmynd hæstv. ráðherra og vil að það komi hér fram. Ég tel að Byggðastofnun hafi þegar ærnum hlutverkum að

sinna og það sé ekki skynsamlegt að bæta þar við með þeim hætti sem hér er að stefnt eða ráðherrann hefur nefnt.

Ég bendi á að fjárveitingar til Byggðastofnunar hafa nú verið við nögl skornar miðað við það hlutverk sem henni hefur verið ætlað og það verði nokkuð á óvissuna að róa í sambandi við fjárveitingar. Ég held líka að það skipti miklu máli að hér sé um að ræða stuðning við frumkvæði heima fyrir. Það var í upphaflegum lögum hugmynd ríkisins, framkvæmdarvaldsins, að þetta yrði stuðningur við frumkvæði heima fyrir og vaxið hafa upp iðnþróunarfélög í flestum landshlutum sem standa eiga að hluta af þessari starfsemi og styðja við hana. Ég held að það væri ekki skynsamlegt að lama þetta frumkvæði heimamanna. Byggðastofnun er ansi miðstýrt fyrirtæki þó að verið sé að koma upp stjórnsýslumiðstöðvum á stöku stað úti um landið. Ég vil ráða hæstv. ráðherra að líta á þessi mál á grundvelli fenginnar góðrar reynslu af starfsemi iðnráðgjafa, en helstu annmarkarnir hafa verið þeir að það hefur aðeins verið einn maður á stóru svæði til að annast þau miklu verkefni sem þarna er um að ræða.

Hitt er svo annað mál að vel kemur til greina að útvíkka ráðgjafarhlutverk iðnráðgjafanna og það hefur raunar verið gert í reynd og ég er alveg reiðubúinn að skoða það mál að tengja saman ráðgjöf í þágu annarra atvinnugreina en iðnaðarins eins, því að þetta getur vissulega farið saman og mörkin eru ekki mjög skýr á milli. En það þarf samt að fara mjög vel ofan í saumana þannig að það sé um aukningu að ræða, það sé um aukinn stuðning að ræða við þessa starfsemi um leið og allrar skynsamlegrar hagræðingar er gætt í því efni. Atvinnuþróunarstofur í landshlutunum gætu verið skynsamlegt markmið þar sem stutt væri við þessa ráðgjafastarfsemi hvort sem um er að ræða iðnað, sjávarútveg eða landbúnað.

Matthías Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það sjónarmið hæstv. ráðherra að útvíkka þessa starfrækslu þannig að þetta sé ekki bundið við iðnráðgjafa heldur auðvitað fleiri atvinnugreinar og ég tel að sú hugmynd, sem fram kom hjá honum, að færa þetta til Byggðastofnunar, yfirstjórn, sé ekki annað en að það er fært frá iðnrn. til einnar stofnunar. Annað er það ekki. Ég legg áherslu á að þær fjárveitingar sem Alþingi hefur veitt á fjárlögum til þessarar starfsemi séu tryggðar og ekki blandað saman við aðrar fjárveitingar til þessarar stofnunar. Ég vil benda á það sem höfuðkost þessara breytinga og hugmynda ráðherra að innan ekki langs tíma verða komin a.m.k. þrjú útibú þessarar stofnunar þar sem þessir ráðgjafar geta haft aðsetur. Það skiptir verulegu máli. Það tel ég mikinn kost. Það er hægt þar að sameina húsnæði, sameina ýmsa vinnu í sambandi við skrifstofu og tengja starfsemi þessara ráðgjafa við þau verkefni sem um er að ræða úti í kjördæmum landsins. Þau kjördæmi sem eru næst Reykjavík yrðu eðlilega eða þeir ráðgjafar að hafa nána samvinnu við höfuðbækistöðvarnar hér syðra. En fyrst og fremst lít ég svo á að þessi starfsemi eigi að vera í nánum tengslum við sveitarfélögin. Hitt er nánast sagt til sparnaðar, að samræma það Byggðastofnun, en ekki til aukinna yfirráða eða miðstýringar stjórnar Byggðastofnunar. Það tel ég ekki vera til góðs og ekki ástæðu til að fara þá leið.

En í heild sagt er ég sammála hugmyndum hæstv. ráðherra í þessum efnum og styð þær heils hugar.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Það er rétt, sem hér hefur komið fram í umræðunum, að á síðasta þingi svaraði ég fsp. frá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni og taldi að þessari starfsemi ætti að halda áfram. Því miður gekk ekki mjög hratt fyrir sig að setja nefnd til þess að endurskoða lögin, en sú nefndarskipun byggðist á samþykkt ríkisstjórnarinnar frá því í fyrravetur.

Ég get út af fyrir sig tekið undir hugmyndir hæstv. ráðherra um að það sé óhætt að breyta þessari starfsemi, jafnvel að færa hana til eins og kom fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns, en ég vil þó nefna tvennt sem mér finnst þá vera skilyrði. Annað er að fjármunir komi áfram með sama hætti og hingað til. Ég hygg að ég hafi sagt frá því í svari mínu á síðasta þingi að í raun skipta lögin ekki mjög miklu máli. Það er miklu meira virði að fá fjármunina en að hafa þetta í öðrum lögum en fjárlögunum því auðvitað þarf starfsemi eins og þessi að þróast. Hitt atriðið, sem ég held að skipti ákaflega miklu máli, er að þessi starfsemi verði áfram í einhvers konar tengslum við Iðntæknistofnun Íslands. Byggðastofnun, jafngóð og hún er, er fyrst og fremst fjármálastofnun, en Iðntæknistofnun er þjónustustofnun fyrir atvinnulífið og þjónusta Iðntæknistofnunar nær til fleiri greina en iðnaðarins eingöngu.

Ég skil það hins vegar vel að hv. þm. vilji útvíkka þessa starfsemi, einkum og sér í lagi þegar tekið er tillit til þess að iðnráðgjafar eru ekki starfandi alls staðar á landinu og það kann að vera heppilegra að ráðgjafar, atvinnuráðgjafar, hafi víðtækara svið en að vera eingöngu iðnráðgjafar. Það má benda á t.d. Vestfirði í því sambandi.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda og þeim þingmönnum sem hér hafa talað áhuga þeirra á málinu. Það eru nokkur atriði sem ég vil ítreka, einkum vegna þess sem fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda. Í fyrsta lagi fer því víðs fjarri að þessi tillaga um breytingar á fyrirkomulagi iðnráðgjafar sé hugsuð til að draga úr frumkvæði heimamanna. Þvert á móti er hún hugsuð til þess að efla slíkt frumkvæði og styðja það betur með gangvirkri starfsemi með Byggðastofnun. Í öðru lagi varðandi fjárveitingar til þessarar ráðgjafar tek ég undir það, sem fram hefur komið í máli þeirra sem hér hafa talað, að að veita þarf sérstaklega fé til hennar. Og það verður gert áfram en ekki sem hluti af hinum

almennu framlögum til Byggðastofnunar, samkvæmt mínum tillögum.

Ég tek undir það með hv. 1. þm. Vestf. að þetta fellur mjög vel að þeim hugmyndum sem uppi eru um að Byggðastofnun setji upp útibú úti um land og reyndar tel ég að það geti þá fallið saman við það sem kom fram í máli hv. fyrirspyrjanda, að hann sæi fyrir sér atvinnuþróunarstofur í landshlutum. Þetta tvennt á að fella saman að mínu áliti. Reyndar er það svo að Iðnþróunarfélag Eyjafjarðar er í sambýli við útibú Byggðastofnunar á Akureyri og það er ekki síst sú jákvæða reynsla sem fengist hefur af starfsemi Iðnþróunarfélags Eyjafjarðar og iðnráðgjafa sem þar starfa, sem er undirrót þeirrar tillögu sem ég hef flutt, en ég ítreka að tillagan er enn til athugunar og ýmislegt sem fram hefur komið í þessum umræðum og kann að koma fram síðar getur gert hana enn betri.

Ég tek undir með hv. 1. þm. Reykv. að tengslin við Iðntæknistofnun eru mikilvæg. En það þarf líka að huga að tengslum við aðrar rannsóknastofnanir atvinnuveganna. Ég sé fyrir mér að í fyllingu tímans megi færa búnaðarráðunautana inn í þessa atvinnumálaráðgjöf til þess að skapa starfsumhverfi eins og hv. fyrirspyrjandi ber mjög fyrir brjósti og fá þannig fleiri en einn starfsmann á stað sem styðja þá hver annan. Kannski verður hægt að koma þessu á í atvinnuþróunarstofum úti um land.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins leyfa mér að vekja athygli á því sem kom fram í síðustu orðum hæstv. viðskrh. þar sem hann gat þess að það væri áform núv. ríkisstjórnar að leggja niður búnaðarsamböndin og Búnaðarfélag Íslands. Þetta eru ákaflega mikilvægar upplýsingar í þessari umræðu. Það var satt að segja hreint út talað því að þetta er það sem kemur fram í fjárlagafrv. Ég leyfi mér að vekja athygli Alþingis, reyndar allrar þjóðarinnar, á þeirri mikilvægu stefnuboðun sem hér hefur verið látin ganga út af hendi ríkisstjórnarinnar.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég eftirlæt hæstv. ráðherrum að svara þeirri túlkun sem hér kom fram frá hv. 4. þm. Austurl., en kjarninn í því máli sem hér hefur verið til umræðu finnst mér vera sá að það þarf að marka skýrari stefnu en fyrir liggur af hálfu Alþingis varðandi atvinnuráðgjöf í landinu og tryggja fjárveitingar af hálfu ríkisins til að örva þá starfsemi til stuðnings við frumkvæði á hinum einstökum svæðum.

Ég held að það megi alls ekki líta á þessi mál þeim augum að ríkið geti leyft sér að draga við sig í þessum efnum varðandi stuðning. Ég held að allar aðstæður bjóði að hann verði aukinn. Ég tel ekki vænlegt að tengja þetta í löggjöf við Byggðastofnun heldur eigi þarna að vera sérstök löggjöf um stuðning við atvinnuráðgjöf í landshlutunum og vil skoða þetta mál áframhaldandi út frá þeirri hugsun.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég ætlaði aðeins að gera það skýrt að það sem ég varpaði hér fram áðan um að fá betra samstarf í héraði hjá þeim sem vinna að eflingu og nýsköpun atvinnulífs út um land, t.d. að tengja starf búnaðarráðunautanna við atvinnuþróunarstofur í landshlutum, er að sjálfsögðu ekki bein tillaga um breytingar á því fyrirkomulagi sem nú ríkir á þessu sviði heldur ábending um hvernig nýta mætti þessa starfskrafta betur en nú er gert. Ég er sannfærður um að það er hægt. Túlkun hv. 4. þm. Austurl. styðst ekki við neitt af því sem hér hefur verið sagt.

Bjargráðasjóður, ein umr.

Fsp. FÞ, 28. mál. — Þskj. 28.

Fyrirspyrjandi (Friðjón Þórðarson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 28 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. landbrh. um Bjargráðasjóð. Fyrstu lög um Bjargráðasjóð Íslands voru nr. 45 frá 1913. Þar segir í 1. gr. að stofna skuli allsherjarsjóð fyrir alla landsmenn til hjálpar í hallæri eða til að afstýra því. Þá var iðgjaldið til sjóðsins 25 aurar á hvern landsmann, en á móti áttu að koma 25 aurar úr landssjóði. Síðan hafa þessi lög verið endurskoðuð og í gildi hafa verið lög um þetta efni frá 1950, 1961, 1967 og núgildandi lög um Bjargráðasjóð eru nr. 51 frá 1972. Nú eru að vísu breytt viðhorf þar sem við höfum einnig löggjöf um viðlagatryggingu nr. 88 frá 1982 þar sem segir að setja skuli á fót stofnun er hafi það hlutverk að tryggja gegn tjóni af völdum náttúruhamfara. Það eru þó einungis vissar tegundir náttúruhamfara sem þar koma til greina, skv. 4. gr. eldgos, jarðskjálftar, skriðuföll, snjóflóð og vatnsflóð.

Á fskj. með stefnuræðu forsrh. frá því í október 1987 stóð að í vændum væri frv. til laga um Bjargráðasjóð frá landbrn., en á hinn bóginn er ekki neitt slíkt að finna í fskj. með stefnuræðu forsrh. frá því í nóvember 1988. Ég hef því leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp.:

„Hvað miðar endurskoðun lagaákvæða um Bjargráðasjóð og hverjar eru hugmyndir ráðherra og ríkisstjórnar um framtíðarhlutverk hans?“

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Það er rétt að taka fram í upphafi að málefni Bjargráðasjóðs heyra undir félmrn. og það er nokkur skýring á hvers vegna breytingar á lögum um Bjargráðasjóð er ekki að finna á listum frá landbrn. Það er hins vegar svo að mestur hluti núverandi starfsemi Bjargráðasjóðs fellur undir málefni landbúnaðarins sem slíks og því er ekki

nema eðlilegt að svarað sé hér þessari fsp.

Í fyrsta lagi er það svo, eins og hér var reyndar vikið að hjá hv. fyrirspyrjanda, að Bjargráðasjóður var stofnaður með lögum frá 10. nóv. 1913 til hjálpar í hallæri eða til að afstýra því og hallæri þannig skilgreint að það væri ef sveitarfélög yrðu svo illa stödd að þau megnuðu ekki af eigin rammleik að forða mönnum og skepnum frá harðrétti eða felli. Síðan hafa verið gerðar nokkrar breytingar á lögum sjóðsins, 1967, og 23. mars árið 1982 skipaði þáv. félmrh. nefnd til að athuga eftirfarandi atriði: Hvernig tryggja megi Bjargráðasjóði fjármagn, hvort eitthvað af þeim verkefnum sem Bjargráðasjóður hefur sinnt samkvæmt þágildandi lögum geti fallið að verkefnum Viðlagatryggingar og hvort hagkvæmt gæti verið að taka upp sérstakt tryggingakerfi fyrir landbúnaðinn í framtíðinni er tæki þá við stærstu verkefnum Bjargráðasjóðs.

Þessi nefnd skilaði áliti 23. febr. 1984, en skilaði ekki tillögum í formi lagafrv. Síðan var enn skipuð nefnd af félmrh. 15. apríl 1985 til að endurskoða lög um Bjargráðasjóð og sú nefnd tók í meginatriðum undir í áliti sínu nefndarálitið frá 1982 og er það á þá leið að með breytingum á lögum um Viðlagatryggingu sé í raun og veru hægt að færa öll verkefni hinnar almennu deildar Bjargráðasjóðs þar undir þannig að eftir stæðu eingöngu þau verkefni sem verið hafa hjá búnaðardeild sjóðsins og þá kæmi til álita að setja sérstök lög um þá starfsemi.

Síðan hefur í raun og veru ekkert frekar gerst í þessu máli nema það, eins og hér var áðan að vikið, að það hefur verið á dagskrá að breyta þessum lögum. Aðalfundur Stéttarsambands bænda og bændasamtökin hafa nokkuð um þetta fjallað og lagt áherslu á að tryggingamálefni í landbúnaði í heild sinni yrðu tekin til skoðunar og reynt yrði að samræma tryggingaskilmála fyrir hefðbundinn búskap þannig að tryggingamál landbúnaðarins gætu orðið með sambærilegum hætti og annarra atvinnugreina. Eftir sem áður gætu staðið út af ákveðin verkefni, svo sem tjón af völdum grasbrests og óþurrka og uppskerubrests sem ekki yrði með auðveldum hætti komið inn í almenna tryggingaskilmála atvinnugreinarinnar og þyrfti þá að skoða sérstaklega hvort eftir sem áður væri þörf fyrir sérstakan viðlagasjóð í því skyni.

Ég tel sem sagt af framansögðu augljóst að það er þörf á því að vinna að þessu máli og ég mun ræða það við félmrh., sem lögformlega fer með málefni Bjargráðasjóðs, á næstunni og vona að þetta svari í einhverju fsp. hv. þm.

Fyrirspyrjandi (Friðjón Þórðarson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. svarið. Ég vissi að hann mundi ekki telja eftir sér að svara mér. Hitt er svo hverju orði sannara, sem hann benti á, að málefni Bjargráðasjóðs eru dálítið á reiki milli þessara tveggja ráðuneyta, landbrn. og félmrn., og þarf að skýra þær línur. En það breytir ekki því að í fskj. með stefnuræðu forsrh. nú er hvergi minnst á Bjargráðasjóð, hvorki undir félmrn. né landbrn.

Auðvitað geta menn nú á tímum keypt sér tryggingar fyrir ýmsu, en þó ekki öllu. Það er mitt álit að Bjargráðasjóður hafi enn miklu hlutverki að gegna. En það er alls ekki einfalt mál hvernig á að skipa þeim málum eins og hæstv. ráðherra vék að. Þess vegna kemur mér það svolítið einkennilega fyrir sjónir þegar ofan á þetta bætist að í fjárlagafrv. fyrir árið 1989 á bls. 219 er hið hvimleiða ákvæði sem ég vil leyfa mér að kalla svo: „Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 51 frá 1972 um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57 1980, skal framlag til sjóðsins falla niður.“ Sams konar ákvæði var í fjárlagafrv. fyrir árið 1988, að mig minnir á bls. 221. Þetta er heldur leiðinlegt ákvæði og raunverulega andstætt öllum góðum siðum.

Loks má geta þess að eftir því sem mér hefur verið tjáð liggja 130 erindi fyrir stjórn Bjargráðasjóðs á morgun. Og við skulum minnast þess að þegar á þjóðveldisöld stóðu Íslendingar fremstir þjóða á sviði tryggingaréttar, þ.e. þeir fylgdu mjög merkilegum reglum til bjargræðis þeim sem varð fyrir óvæntu, tilfinnanlegu tjóni. Við ættum að sjá sóma okkar í því nútímamenn að halda í horfinu hvað þetta varðar.

Kaup á erlendum verðbréfum, ein umr.

Fsp. GHH, 39. mál. — Þskj. 41.

Fyrirspyrjandi (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Í októbermánuði 1987 gaf þáv. ríkisstjórn út yfirlýsingu um ráðstafanir í efnahagsmálum. Þar var m.a. svofellt ákvæði, með leyfi forseta:

„Einstaklingum og fyrirtækjum verður heimilað að eignast erlend verðbréf. Heimildir íslenskra fyrirtækja til að fjárfesta í atvinnurekstri erlendis og styrkja þannig viðskiptastöðu sína verða rýmkaðar. Íslendingum verður heimilað að kaupa skuldabréf ríkisins og annarra íslenskra aðila sem til sölu eru á verðbréfamörkuðum erlendis. Þá verða opnaðar heimildir til kaupa á öðrum tryggðum verðbréfum.“

Nú eru liðnir rúmir 13 mánuðir frá því að þetta áform var tilkynnt. Mér finnst ástæða til þess að grennslast fyrir um það hjá hæstv. viðskrh. hvað líði framkvæmd þessara fyrirætlana, ekki síst hvort nokkur breyting hefur orðið á afstöðu ríkisstjórnarinnar með tilkomu Alþb. í ríkisstjórn. Fsp. er svofelld:

„Hvað líður undirbúningi að því að heimila innlendum aðilum kaup á erlendum verðbréfum?

Hyggst ráðherra áfram beita sér fyrir því að heimildir íslenskra fyrirtækja til að fjárfesta í atvinnurekstri erlendis og styrkja þannig viðskipta-

stöðu sína verði rýmkaðar eins og segir í yfirlýsingu fyrri ríkisstjórnar frá 12. okt. 1987?"

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Í samráði við Seðlabankann hefur viðskrn. undirbúið drög að reglum um heimildir fyrir innlenda aðila til að kaupa og eiga erlend verðbréf. Ég stefni að því að slíkar reglur verði settar eftir að frv. til l. um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði hefur verið afgreitt hér á Alþingi. Ég tel eðlilegt að reglur um þetta efni bíði þess að slík lög hafi verið sett til þess að tryggja öryggi í þessum viðskiptum. Það er reyndar tillaga þeirra aðila sem um þetta mál hafa fjallað, Seðlabankans og annarra, m.a. aðila að verðbréfaþinginu, að þessi háttur verði á hafður. En í þeim reglugerðardrögum sem fyrir liggja er hér lagt til að viðskipti með erlend markaðsverðbréf fari fram með aðstoð og milligöngu þeirra sem eiga aðild að Verðbréfaþingi Íslands. Það er fyrirhugað að heimila einstaklingum og fyrirtækjum að kaupa og eiga verðbréf útgefin af ríkissjóði Íslands í erlendum gjaldeyri og af öðrum innlendum aðilum og sem skráð eru á opinberum markaði erlendis. Þá yrði þingaðilunum líka heimilað að reka verðbréfasjóði með kaupum á slíkum bréfum. Auk þess næði heimildin til þess að reka verðbréfasjóði með markaðsverðbréf sem útgefin eru af ríkissjóðum eða með sjálfskuldarábyrgð OECD-ríkja og reyndar einnig alþjóðastofnana sem skráð eru á opinberum verðbréfamarkaði og einnig hlutdeildarskírteini þeirra verðbréfasjóða sem skráð eru á opinberum verðbréfamarkaði erlendis. Seðlabankinn gæti samkvæmt þessum drögum líka heimilað íslenskum fyrirtækjum að kaupa erlend hlutabréf sem út eru gefin af erlendum fyrirtækjum og eru skráð á opinberum verðbréfamarkaði erlendis í þeim tilgangi, eins og kom fram í fsp., að styrkja viðskiptastöðu íslenskra fyrirtækja á erlendum markaði.

Í þessum reglum eru svo frekari ákvæði um endursölu bréfanna í gegnum þingaðila, um yfirfærslur á gjaldeyri í gegnum viðskiptabanka eða sparisjóði og svo er skilaskylda á innlausnarvirði slíkra bréfa samkvæmt sérstökum reglum nema ráðstöfunin fari fram á innlausnarandvirðinu til annarra lögheimilaðra gjaldeyrisviðskipta innan tilskilins frests.

Ég mun láta kynna þessi drög að reglum í hv. fjh.- og viðskn. Nd. sem nú fjallar um verðbréfafrv. Þessar breytingar eru mikilvægar því að þær stefna að því að auka frjálsræði til fjármagnshreyfinga milli ríkja í Evrópu á næstu árum. Það stefnir í þá átt að laga íslenskar viðskiptareglur að því sem almennt tíðkast í okkar nágranna- og viðskiptalöndum. Ég bendi líka á að það er nauðsynlegt að setja reglur um viðskipti í hina áttina, þ.e. viðskipti erlendra aðila með íslensk verðbréf, þótt fsp. væri ekki um það. En ég vona að þetta hafi svarað henni eins og hún var fram borin.

Fyrirspyrjandi (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir skýr og greið svör og vil sérstaklega fagna því að á þetta mál virðist vera kominn góður skriður og að aðild Alþb. að núv. ríkisstjórn virðist ekki ætla að koma í veg fyrir að þetta framfaraspor verði stigið. Hins vegar tel ég ekki einsýnt að þurft hefði að bíða eftir þeim lögum sem hæstv. ráðherra nefndi til þess að setja þessar reglur, enda var það ekki hugmyndin þegar áformin voru tilkynnt fyrir 13 mánuðum, þar sem þau voru tilkynnt sem sjálfstæð ráðstöfun án tengsla við þetta frv. En úr því sem komið er fagna ég því að þetta mál er á góðum skriði, og án þess að vilja fara út í umræður um þau einstöku atriði sem ráðherra nefndi, þá treysti ég því að að þessu máli verði þannig staðið að upphafleg markmið í áformunum frá því í október 1987 náist.

Greiðslur fyrir sauðfjárafurðir, ein umr.

Fsp. EgJ, 43. mál. — Þskj. 45.

Fyrirspyrjandi (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Þær fréttir hafa flogið um að tilhögun á greiðslum til sauðfjárbænda hafi á þessu hausti verið með öðrum hætti heldur en að undanförnu. Það hefur líka heyrst að fyrir því væru hvorki lög né reglur hvernig haga á þeim greiðslum með ákveðnum og skýrum hætti. Úr þessu vildi ég fá skorið með þeirri fsp. sem ég mæli hér fyrir.

Í 29. gr. búvörulaganna er kveðið skýrt á um að Framleiðsluráði landbúnaðarins beri að setja reglur um þessa greiðslutilhögun og þar sem það liggur fyrir, m.a. sem skýring frá þeim sem kaupa frá bændum þessar afurðir, að þessar reglur eru ekki fyrir hendi vildi ég fá staðfestingu á því hér á Alþingi frá landbrh. hverjar þessar reglur væru. Auðvelt er síðan að rekja málið í framhaldi af því, þ.e. þegar fyrir liggur hverjar reglurnar eru. Þá er spurningin: Er þeim framfylgt? Er farið eftir lögum í þessum efnum eða eru lög brotin á bændum landsins sem stunda þessa búgrein?

Vonandi verður það ekki niðurstaðan í svari hæstv. landbrh. og fjarri því er að ég ætli það hans vilja, en ef svarið verður á þann veg er alveg nauðsynlegt að fá það upplýst hvaða viðbrögð ríkisstjórnin ætlar að hafa uppi til að tryggja að ekki séu brotin lög eða réttur á sauðfjárbændum í þessum efnum.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Spurt er að því hvaða reglur gildi um greiðslur til sauðfjárbænda skv. 29. gr. búvörulaga. Því er til að svara að í þessu efni hafa þær reglur verið viðhafðar sl. ár að miðað er við að ¾ hlutar framleiðsluverðsins kæmu til útborgunar á tilsettum dagsetningum sbr. ákvæði búvörulaganna.

Það er ljóst að þær reglur hafa m.a. verið lagðar til grundvallar útreikninga á vaxtagjaldi. Við þá útreikninga hefur verið miðað þegar vaxtagjald hefur verið reiknað að sláturleyfishafar greiddu ¾ hluta afurðaverðs sauðfjárins til innleggjenda 15. okt. Svarið er því að þetta eru þær reglur sem notaðar hafa verið og settar eru af Framleiðsluráði landbúnaðarins og á öllum sláturleyfishöfum að vera það ljóst að þetta eru þær verklagsreglur sem Framleiðsluráð miðar við.

Í öðru lagi er spurt hvort greiðslur hafi verið í samræmi við þessar reglur, og ég endurtek og undirstrika orðið reglur. Því er til að svara að því miður hafa verið einhver brögð að því öll þau ár sem búvörulögin hafa verið í gildi að greiðslur hafi ekki alls staðar verið með þeim hætti. Greiðslurnar hafa verið eitthvað mismunandi en aðalatriðið er þó að lögin eru ótvíræð hvað varðar það atriði að uppgjör skuli hafa farið fram fyrir 15. des. Það hefur heyrst meira um það á þessu hausti en undanfarin haust að greiðslur hafa ekki verið samkvæmt reglum Framleiðsluráðs, þ.e. að ¾ hlutar hafi verið greiddir á fyrsta gjalddaga. Afurðastöðvar hafa í því sambandi borið við óvenju erfiðri stöðu vegna taprekstrar undanfarinna ára sem og ónógri fyrirgreiðslu viðskiptabanka. Við í landbrn. höfum rætt við viðskiptabankana um þetta mál og ég vænti þess að niðurstaða komi allra næstu daga, þegar birgðastaðan um síðustu mánaðamót verður ljós, frá þeim þremur bönkum sem aðallega veita afurðalánafyrirgreiðslu til landbúnaðarins. Í framhaldi af því vænti ég að ljóst verði að afurðalánafyrirgreiðslan frá bönkunum og ríkinu verði með sambærilegum hlutföllum og hún hefur verið undanfarin haust.

Ég vil í þessu sambandi einnig minna á að í stjórnarsáttmálanum eru ákvæði um endurskoðun afurðalánaviðskipta í heild sinni og mér er kunnugt um að í því máli hefjist vinna á allra næstu dögum af hálfu ríkisstjórnarinnar. Og ég tel að skoða og endurskoða beri reglur um greiðslur til bænda í samhengi við þá endurskoðun á afurðalánaviðskiptunum sem nauðsynlegt er að fari fram.

Í þriðja lagi er spurt: Ætlar ríkisstjórnin að beita sér fyrir því að ekki sé brotinn réttur á sauðfjárbændum í þessum efnum og þá með hvaða móti? Sé svo að réttur sé brotinn á bændum, sem ég vil nú ekki fullyrða á þessu stigi málsins eða taka svo djúpt í árinni, mun ríkisstjórnin að sjálfsögðu beita sér fyrir því og reyna að stuðla að því að þegnar hennar á þessu sviði eins og á öðrum verði ekki órétti beittir. En ég geri skýran greinarmun annars vegar á þeim verklagsreglum sem reynt hefur verið að styðjast við og hins vegar ákvæðum laganna, og það væri auðvitað sýnu alvarlegri hlutur ef ákvæði laganna væru ekki að fullu virt í þessu sambandi heldur en að einhverjar breytingar séu á inngreiðslum miðað við dagsetningar, sem byggjast fyrst og fremst á verklagsreglum og þeim reglum sem Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur haft til viðmiðunar.

En það verður að sjálfsögðu ekki að fullu ljóst fyrr en í lok ársins þegar málin verða gerð upp hvernig greiðslum hefur verið háttað í öllum tilfellum.

Fyrirspyrjandi (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir svör hans sem voru afar mikilvæg, sérstaklega að því er lýtur að fyrri hluta ræðu hans þar sem hann sagði alveg með skýrum hætti að í gildi væru reglur sem settar eru og byggðar á ákvæðum 29. gr. búvörulaganna og þeim reglum hefði verið fylgt m.a. með tilliti til vaxtaútreikninga.

Það kom líka alveg ótvírætt fram í svari ráðherrans, þó að hann væri með nokkrar slaufur í kringum það, að þessum reglum hefur ekki verið fylgt og að því leyti hafa lög verið brotin á bændum. Hann staðfesti líka að ríkisstjórnin ætlaði ekki að bregðast við og sjá til þess, eftir að málið hefur nú verið upplýst með þessum hætti, að bændur fái hlut sinn eins og þeim ber. Það verður ekki skilið öðruvísi af orðum ráðherrans en að draga eigi það fram í miðjan desember að láta slíkt uppgjör fara fram. Í því tilefni þá vil ég spyrja ráðherrann, m.a. með tilliti til þeirrar umsagnar sem fyrir liggur frá hendi þriggja þekktra lögmanna um réttindi bænda á grundvelli 29. gr. búvörulaganna, hvort séð verði til þess að bændur fái þær vaxtagreiðslur sem þeim ber vegna þess að þeir hafa ekki fengið útborgun á afurðum sínum svo sem lögin kveða á um. Hvort þeir fái þá til viðbótar við afurðaverðið, sem þeim verður þá væntanlega afhent 15. des. ef ég skil hæstv. ráðherra rétt, vexti fyrir þann drátt sem þeir hafa orðið fyrir vegna þess að lögunum hefur ekki verið framfylgt.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég vil nú hvetja hv. fyrirspyrjanda til að hlaupa ekki um of til túlkana, mér fannst reyndar nokkuð bera á því hér áðan í umræðum um aðra fsp. að hv. fyrirspyrjandi var þá nokkuð fljótur til að draga víðtækar ályktanir og túlka með mjög víðtækum hætti svör sem gefin eru. **(Gripið fram í:** Ráðherrann hefur möguleika á því að tala skýrar.) Ég vil í fyrsta lagi benda hv. fyrirspyrjanda á að það þarf að gera greinarmun annars vegar á ákvæðum búvörulaganna og hins vegar reglna sem settar hafa verið. Í öðru lagi vil ég benda hv. fyrirspyrjanda á það að í 2. mgr. 29. gr. laganna eru ákvæði sem heimila einstökum framleiðendum að semja um annan hátt á greiðslunum. **(EgJ:** Við hvern og einn.) Við þá hvern og einn, hv. framíkallandi. Og í þriðja lagi er auðvitað flókið mál að fá það upp hvernig greiðslum er háttað hjá hverjum einasta aðila í landinu og þess er varla að vænta að menn geti staðið hér og fullyrt mikið um það, nema þá að hv. fyrirspyrjandi geti dregið fram afrit af reikningum sem sýni hvernig inngreiðslur hafi verið hjá einstökum sláturleyfishöfum. Við höfum ekki treyst okkur til að kveða upp úr um slíka hluti á þessu stigi málsins. Það hafa hins vegar borist fréttir af því að

greiðslur hafi ekki verið með þeim hætti sem reglur Framleiðsluráðs landbúnaðarins, sem reyndar voru mótaðar á fundi í ráðinu þegar í októbermánuði 1985, mæla fyrir um, þ.e. að frumgreiðsla skv. 1. tölul. skuli vera 75% haustgrundvallarverðs. Hins vegar verða þær upplýsingar, ef þær koma, að sjálfsögðu teknar til athugunar af okkar hálfu ef mikill misbrestur hefur orðið á greiðslum án þess að um það væri samið við einstaka framleiðendur. Það er auðvitað sjálfsagt mál og leiðir af sjálfu sér að það munum við skoða sem og annað er lýtur að framkvæmd þessara laga og undir ráðuneytið heyra.

Fyrirspyrjandi (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég hlýt að taka það skýrt fram að áhyggjuefni er að hæstv. landbrh. ber fyrir sig, í svari um það hvort brotið hafi verið á bændum í sambandi við afurðagreiðslur, fréttir en leitar ekki eftir því að fá staðfestingu á því hvernig þessum málum sé háttað. Það hlýtur að vera mikið áhyggjuefni og bændur landsins munu áreiðanlega taka eftir því hvernig svör eru gefin þegar mikilvægustu réttindamál þeirra eru til umræðu hér á Alþingi.

Þriggja fasa rafmagn, ein umr.

Fsp. GuðnÁ, 44. mál. — Þskj. 46.

Fyrirspyrjandi (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram fsp. í þremur liðum:

„1. Hvaða áætlanir og reglur hafa verið í gildi um lagningu á þriggja fasa rafmagni um byggðir landsins?"

Ég tel mjög mikilvægt að gerðar séu áætlanir og settar reglur þar sem menn sitji við sama borð og viti hvað framtíðin ber í skauti sér í þessu efni.

„2. Hverjar eru áætlanir um lagningu á þriggja fasa rafmagni næstu tvö árin, 1989 og 1990?

3. Hefur verið metin þörf atvinnulífsins á landsbyggðinni fyrir þriggja fasa rafmagn?"

Í þessari þriðju spurningu er spurt um þörf atvinnulífsins á landsbyggðinni fyrir þriggja fasa rafmagn. Þörfin snýst ekki aðeins um að koma þriggja fasa rafmagni á bændabýlin heldur snýst hún einnig um að koma af stað umfangsmikilli atvinnustarfsemi í byggðakjörnum, og reyndar einnig á bændabýlunum. Það ástand sem nú ríkir í rafmagnsmálum stendur nýrri atvinnuþróun fyrir þrifum víða um land. Menn eiga sér drauma um að koma ýmsu á fót en þetta rafmagnsástand torveldar málið. Enn aðrir hafa komið ýmsu í gang í atvinnulífinu við einfasa rafmagn og búa því við erfiða samkeppnisaðstöðu og mun dýrari og óhagkvæmari rekstur.

Sveitarfélögin hafa víða um land reynt að mæta minnkandi landbúnaðarframleiðslu með því að stuðla að kjarnamyndun í sveitarfélaginu þar sem þjónusta er rekin og ýtt undir ný verkefni á mörgum sviðum. Verkefnin eru á sviði iðnaðar, úrvinnslu, fiskeldis og hvers konar þjónustustarfsemi. Hér búa menn, ekki síst bændur og þessi nýi vaxtarbroddur atvinnulífsins, við þá aðstöðu að verða að notast við einfasa rafmótora sem eru sérsmíðaðir því slíkir mótorar eru vart lengur framleiddir í heiminum, nema þá helst í Kína og hygg ég að þaðan séu slíkir mótorar keyptir hingað. Hér verða menn að leggja í mikinn aukakostnað, t.d. við hina öflugu súgþurrkunarmótora, og margvíslega tækni með miklum þéttaútbúnaði. Þessir einfasa mótorar eru rafmagnsfrekir ekki síst í starti, viðkvæmir fyrir spennufalli, helmingi dýrari í innkaupum og að auki viðhaldsfrekir. Það eru sveitabýlin og byggðakjarnarnir sem þurfa á því að halda að hér verði brugðist við með miklum krafti. Þetta ástand stendur ungu og dugmiklu fólki í atvinnurekstri fyrir þrifum, eins og ég hef greint frá. Þetta ástand gerir það að verkum að atvinnurekstur víða í dreifbýlinu situr skör lægra.

Nú er það svo að þriggja fasa rafmagn liggur víða í gegnum sveitarfélögin þannig að það sýnist tiltölulega auðvelt að gera átak án þess að um stórkostlegan kostnað sé að ræða.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Hv. fyrirspyrjandi spyr þriggja spurninga varðandi þriggja fasa raflagnir um byggðir landsins.

Fyrsta spurningin er um áætlanir og reglur sem í gildi hafa verið varðandi lagningu þriggja fasa raflína út um land. Það er frá því að segja að árið 1979 samþykkti orkuráð að leggja til við iðnrh. að á næstu átta árum þar eftir skyldi gera átak til þess að styrkja dreifikerfi fyrir raforku í strjálbýli. Þetta átak skyldi miðast við það að um 65% af dreifikerfinu yrði þriggja fasa en með því móti hefði kerfið nægilega flutningsgetu fyrir áætlað framtíðarálag. Verkfræðistofan Rafhönnun gerði áætlun um kostnað og var hann talinn svara til rúmlega tveggja milljarða kr. á núverandi verðlagi. Orkuráð lagði til að þessar framkvæmdir yrðu fjármagnaðar með óafturkræfum framlögum úr ríkissjóði.

Það er skemmst frá því að segja að samþykkt var að fara að tillögu orkuráðs en þrátt fyrir þetta er nú að átta árum liðnum ekki búið að verja nema 650 millj. kr. til þessa verkefnis, eða um 32% af áætluðum fjárveitingum. Áætlun Rafhönnunar um gerð nýrra þriggja fasa lína hefur verið fylgt, en breytingar á eldri línum eru enn langt á eftir áætlun og hefur nú um 300 km af samanlagt 2400 km af eldri raflínum verið breytt úr einfösun í þrífösun, þannig að þar hefur aðeins verið breytt broti af því sem áformað var.

Í öðru lagi spyr fyrirspyrjandi hvaða áætlanir séu um þrífösun lína á næstu árum. Því verð ég að svara þannig að því getur enginn maður svarað án þess að hafa fjárveitingarnar fyrir næstu tvö ár á reiðum höndum. Ég vil nefna það að í fjárlagafrv., sem nú

liggur fyrir þinginu, er gert ráð fyrir 40 millj. kr. framlagi til sérstakrar styrkingar á flutningsgetu raflína í strjálbýli og mun áformað að helmingur þeirrar fjárhæðar fari til þrífösunar en hinn helmingurinn til þess að styrkja raflínurnar á annan hátt. Ég get upplýst það að meðalkostnaður við þrífösun er talinn vera um 600 þús. kr. á km og þessar 20 millj. duga því í 33 km af raflínu en á orkuveitusvæði RARIK eru nú 2130 km eftir af einfasa línum. Hér er því ekki um stórt skref að ræða í þessu mikla verkefni og auðvitað verða ekki gerð þarna stór átök nema með verulegum fjárveitingum, og ég tel nú enga möguleika á að fá svo mikið fé til þessa verks.

Ég vil taka það fram að það er tæpast þörf á því að þrífasa allar þessar línur í bráð, en verkið mætti vissulega ganga hraðar en hingað til. Það er auðvitað ljóst að tímamörk átta ára áætlunarinnar frá 1979 hafa alls ekki staðist, en nú er það tímabil senn liðið. Ætli markið hafi ekki verið sett fullhátt miðað við fjárhagsgetuna?

Þá kem ég að þriðju spurningu hv. fyrirspyrjanda og hún er um það hvort metin hafi verið þörf atvinnulífsins á landsbyggðinni fyrir þriggja fasa línur. Mér virðist að það hafi ekki verið gert, en auðvitað er það ljóst að með aukinni notkun á stórum rafhreyflum fer þörfin fyrir þrífösun vaxandi. Mér virðist reyndar að 65%-markið, sem sett var í þessa átta ára áætlun, hafi ekki stuðst við neina skýrt skilgreinda viðmiðun eða röksemdir. Sú áætlun var því að mínu áliti næsta ómarkviss. Ég tel ástæðu til að taka þessa áætlun frá 1979 til endurskoðunar og að þörfin fyrir þriggja fasa raflínur verði í því sambandi metin að nýju. Rafmagnsveitur ríkisins hafa reyndar óskað eftir því við orkuráð að unnin verði ný slík áætlun í samvinnu orkuráðs, Rafmagnsveitnanna, Orkubús Vestfjarða og annarra aðila sem hlut kynnu að eiga að þessu máli. Ég hef tekið undir þessa ósk og tel að í nýrri áætlun þurfi að meta kostnað og ávinning í heild af þrífösun einstakra lína. Ávinningurinn sem af slíkri styrkingu á línunum fæst verður að vera meiri en kostnaðurinn, hvort sem hann fellur einkaaðilum eða opinberum aðilum í skaut. Ég er hræddur um að þessa hafi ekki verið gætt þegar 65%-markið var sett.

Fyrirspyrjandi (Guðni Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans. Við hann er ekki að sakast þó að þessi áætlun sem gerð var hafi ekki staðist. En ég fagna því sem fram kom í ræðu hans um að hann muni beita sér fyrir því að taka þessi mál til endurskoðunar, ekki síst þriðju spurningu mína um að þörf atvinnulífsins á landsbyggðinni verði metin út frá því hver kostnaður er og ávinningur.

Ég tel að hér sé mjög mikilvægt mál á ferðinni og mikilvægt að það verði mótað af festu og leitað leiða til að fjármagna það, ekki síst að mörg sveitarfélögin fái í svokallaða byggðakjarna þrífasa rafmagn til að mæta nýrri þróun í atvinnulífinu. Ég treysti ráðherra til að beita sér fyrir því innan ríkisstjórnarinnar að þetta þarfa mál byggðanna á Íslandi verði tekið föstum tökum á næstu árum.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, ein umr.

Fsp. GuðmÁ, 45. mál. — Þskj. 47.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 47, 45. mál þingsins, legg ég fram fsp. til hæstv. menntmrh. um málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna. Fyrirspurnin er í þremur liðum og er á þessa leið:

„1. Hyggst menntmrh. fella úr gildi breytingar á reglugerð nr. 578/1982, um námslán og námsstyrki, sem gerðar voru 3. jan. og 2. apríl 1986, þannig að þau ákvæði, sem áður giltu um framfærslukostnað, gildi að nýju?

2. Ef svo er, hvenær mega námsmenn eiga von á að þær breytingar komi til framkvæmda?

3. Telur menntmrh. að breytingar þær, sem gerðar voru á reglugerðum um Lánasjóðinn á árinu 1986, standist gagnvart lögum?"

Það er ekki að ástæðulausu að fsp. þessi er lögð fram því að nú hefur sest í stól menntmrh. fyrrv. formaður Alþb. og í sæti fjmrh. núv. formaður Alþb., en Alþb. gaf námsmönnum loforð um það að skerðing sú, sem Sverrir Hermannsson stóð fyrir á árinu 1986, skyldi leiðrétt um leið og Alþb. kæmist í ríkisstjórn. Raunar sögðu hinir háu herrar í Alþb. að skilyrði stjórnarsamstarfs yrði að lögunum um námslán og námsstyrki yrði framfylgt.

Eigi verður séð á fjárlagafrv. hæstv. fjmrh. að ætlunin sé að leiðrétta þessa skerðingu. Það er ekki nema von að maður spyrji í hverju efndirnar eigi að koma fram. Eða eiga efndirnar kannski ekki að koma fram? Voru yfirlýsingar bara gefnar til að slá ryki í augu námsmanna?

Á þinginu 1986 og aftur á þinginu 1987 þegar Alþb. var í stjórnarandstöðu lögðu nokkrir þm. flokksins, þar á meðal hæstv. menntmrh. og hæstv. landbrh., fram till. til þál. sem er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntmrh. að fella úr gildi breytingar á reglugerð nr. 578/1982, um námslán og námsstyrki, sem gerðar voru 3. jan. og 2. apríl 1986, þannig að þau ákvæði, sem áður giltu um útreikning á framfærslukostnaði námsmanna, taki gildi að nýju."

Þessi ályktun er samhljóða fyrsta lið fsp. minnar. En þeir bættu við:

„Jafnframt felur Alþingi ríkisstjórninni að gera ráðstafanir með aukafjárveitingum og lántökum til að tryggja eðlilega framkvæmd laga nr. 72/1982, um námslán og námsstyrki, út árið sem er að líða."

Þannig hljóðaði sú tillaga.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um kjör námsmanna. Þau eru þingheimi kunnug.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Hæstv. forseti. Fsp. er á þessa leið:

Í fyrsta lagi: „Hyggst menntmrh. fella úr gildi breytingar á reglugerð nr. 578/1982, um námslán og námsstyrki, sem gerðar voru 3. jan. og 2. apríl 1986, þannig að þau ákvæði, sem áður giltu um framfærslukostnað, gildi að nýju?“

Svarið er þetta: Ég mun gefa út nýja reglugerð um úthlutunarreglur úr Lánasjóði ísl. námsmanna að höfðu samráði við alla hlutaðeigandi aðila.

Í öðru lagi er spurt: „Ef svo er, hvenær mega námsmenn eiga von á að þær breytingar komi til framkvæmda?“

Svarið er þetta: Ákvörðun um tímasetningu hefur ekki verið tekin, en ætlunin er að hluti þessarar breytingar komi til framkvæmda á þessu skólaári og að annað skref í rétta átt verði stigið í haust.

Í þriðja lagi er spurt: „Telur menntmrh. að breytingar þær, sem gerðar voru á reglugerðum um Lánasjóðinn árið 1986, standist gagnvart lögum?“

Ég tel, eins og hef lengi talið, að það sé fullkomið álitamál og er með það í sérstakri athugun.

Varðandi málið að öðru leyti vil ég segja þetta: Ráðuneytið hefur ákveðið að skipa vinnuhóp með fulltrúum námsmanna og fleiri aðila til þess að fara yfir úthlutunarreglur úr Lánasjóði ísl. námsmanna á grundvelli þeirra talna sem m.a. liggja fyrir í fjárlagafrv. fyrir árið 1989. Ég bendi á í þessu sambandi, virðulegi forseti, að kostnaður sá sem orðið hefur við breytingar á tekjuviðmiðun Lánasjóðsins, breytingar sem ákveðnar voru af forverum mínum, er hvorki meira né minna en 312 millj. kr. á ári, þ.e. breyting tekjuviðmiðunar hefur haft í för með sér útgjöld úr Lánasjóðnum sem nemur á fjórða hundrað millj. kr. á verðlagi fjárlagafrv.

Í annan stað bendi ég á að fjárlagafrv. gerir ráð fyrir nokkurri hækkun til Lánasjóðsins, á ráðstöfunarfé hans frá því sem er á árinu 1988. Það er takmörkuð hækkun en samtals nemur sú hækkun og breytingin á tekjuviðmiðun u.þ.b. 400 millj. kr., þannig að það er ljóst að það er svigrúm til að koma til móts við þær áherslur, sem uppi hafa verið af hálfu námsmanna og m.a. okkar alþýðubandalagsmanna á undanförnum árum, um leiðréttingar frá þeirri reglugerð sem gefin var út og vitnað er til í fyrsta lið fsp.

Ég bendi einnig hv. fyrirspyrjanda á það að frá því að þessar reglugerðir komu út stöndum við frammi fyrir þeim veruleika að mynduð hefur verið ný ríkisstjórn í landinu sem tekur við halla á ríkissjóði upp á 5000 millj. kr. Í öðru lagi bendi ég á þann veruleika, sem allir í landinu hljóta að verða að taka tillit til, að þjóðartekjur á mann á árunum 1988 og 1989 dragast talsvert mikið saman. Þetta tvennt þrengir svigrúm til endurbóta, en að þeim verður unnið með þeim hætti sem ég hef hér lýst, virðulegi forseti.

Friðrik Sophusson:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð vegna þess sem kom fram í máli hv. fyrirspyrjanda, að Sverrir Hermannsson hafi gefið út reglugerð á sínum tíma, þá vil ég segja að það var gert í kjölfar þess að fjvn. samþykkti á sínum tíma að breyta reglum Lánasjóðsins. Það var á vitorði ríkisstjórnarinnar og þeirra flokka sem þá fóru með völd og það var á ábyrgð Framsfl. og Sjálfstfl. sem þetta var gert. Í framhaldi af því skipaði Sverrir Hermannsson nefnd til að ganga frá breytingum á lögum um Lánasjóðinn. Ég var formaður þeirrar nefndar. Í nefndinni sat enn fremur hv. þm. Finnur Ingólfsson. Tvívegis var skrifað undir — ég endurtek: Tvívegis var skrifað undir nál. á grundvelli tillagna Finns Ingólfssonar. Tvívegis hlupu Finnur Ingólfsson og framsóknarmennirnir frá sínum tillögum þannig að ekkert varð úr því að breyta lögum og reglum um Lánasjóðinn sem nauðsynlegt var að gera þá.

Þetta vildi ég að kæmi skýrlega fram við þessa umræðu. Ég vil jafnframt benda á að hæstv. utanrrh. lýsti því yfir hér um daginn að Lánasjóðurinn íslenski væri lúxussjóður á borð við þá allra bestu í heiminum og jafnvel betri. Undir það tók hæstv. fjmrh. Ég vil jafnframt benda á það, virðulegur forseti, að hæstv. núv. menntmrh. ætlar ekki að standa við þau orð sem hann gaf þegar hann var í stjórnarandstöðu. Fjárlagafrv. bendir ekki til þess þrátt fyrir orð hæstv. ráðherra. (Gripið fram í.) Það eru efasemdir uppi hjá forráðamönnum Lánasjóðsins um að fjárframlagið dugi. Gert er ráð fyrir fækkun námsmanna í fjárlagafrv. Ég vil hins vegar nota tækifærið til þess að hvetja hæstv. ráðherra til þess að breyta lögunum þannig að hægt verði að klára það verk sem Framsfl. hljóp frá á sínum tíma.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir þau svör sem hann gaf við fsp. minni. Ég harma það mjög að ekki sé ætlunin að breyta strax lögunum í þá átt að afnám þeirrar skerðingar sem varð á árinu 1986 komi til framkvæmda strax, en fagna því að breytingar séu í vændum.

Samkvæmt orðum hæstv. menntmrh. kemur fram að í vændum sé að breyta úthlutunarreglum sjóðsins. Þá gat ég ekki skilið orð hans á annan veg en þann að í stað þess að námsmenn reikni framfærslu sína út frá tekjum, þá eigi að jafna þetta þannig að hafi námsmenn tekjur yfir sumartímann, þá eigi þær að hafa veruleg áhrif á það hvað þeir fá mikið í námslán.

Að öðru leyti vil ég taka undir það sem kom fram hjá hv. 1. þm. Reykv. að skv. svari hæstv. menntmrh. er ekki ætlunin að efna það loforð sem hann gaf námsmönnum á sínum tíma.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Örstutt athugasemd við orð hv. 1. þm. Reykv. hér áðan. Lögin um Lánasjóð ísl. námsmanna frá 1982 eru samningur milli náms-

manna og ríkisvaldsins frá þeim tíma. Það hefur hv. 1. þm. Reykv. margoft viðurkennt. Fyrrv. menntmrh., Sverrir Hermannsson, fór þess á leit við okkur hv. 1. þm. Reykv. ásamt fleiri mönnum að endurskoða lögin um námslán og námsstyrki. Eitt vandamál hefur skotið upp kollinum frá því að þessi samningur var gerður en það er að endurheimtuhlutfall sjóðsins er miklu minna en áætlað var í upphafi. (**FrS:** Það var vitað þegar við störfuðum að málinu.) Það er rétt. Það var vitað þegar við störfuðum að málinu og þess vegna vorum við að vinna að því. Við vorum að leita leiða til að hækka endurheimtuhlutfallið úr 80–85% í yfir 90%. Við áttum að koma með tillögur um hækkun á þessu endurheimtuhlutfalli. Það gerðum við. Ég skrifaði undir það nál. Við sendum það til Sverris Hermannssonar menntmrh. Það var samkomulag um það að menntmrh. mundi síðan leita eftir samstöðu við námsmenn um málið og við ræddum það margoft í þessum hópi. Það var síðan gert. Þegar námsmenn fóru að skoða hlutina kom í ljós að það var hægt að fara aðra leið sem kom betur við námsmenn en sú leið sem við lögðum til. Þá var ég þeirrar skoðunar að það væri rétt að sú leið yrði farin. Ég er þeirrar skoðunar að ef menn sjá (Gripið fram í.) nýjar og skárri leiðir til að fara, þá eigi menn auðvitað að fara þær. En það virðist vera markmið Sjálfstfl. og var raunverulega markmið hv. 1. þm. Reykv. á þeim tíma að reyna að koma eins svínslega fram við námsmenn og mögulegt var.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Aðeins eitt orð. Hv. síðasti ræðumaður sagði að 1. þm. Reykv. hefði komið svínslega fram við námsmenn. Það getur verið að það sé hans álit. Mitt álit er að það sé kominn tími til þess að menn átti sig á því að hv. 10. þm. Reykv. tók að sér fyrir hönd Framsfl. eftir að skertir höfðu verið fjármunir til Lánasjóðs ísl. námsmanna að semja nýtt lagafrv. Lagafrv. var byggt á hans eigin hugmyndum. Hann skrifaði undir nál., ekki einu sinni heldur tvisvar, og í seinna skiptið eftir að lagafrv. hafði verið borið undir námsmenn. Hann hljóp frá þessu í bæði skiptin og aðallega vegna kosningaskjálfta og prófkjörsupphlaups hjá honum sjálfum hér í Reykjavík. Hann má gjarnan kalla vinnu mína svínslega framkomu í garð námsmanna. Ég var einn þeirra sem sömdu lögin frá 1982, sat í þeirri nefnd. En eitt vil ég segja: Þessi framkoma hv. 10. þm. Reykv. lýsir best hugrekki og þori þeirra manna sem ekkert vilja við kannast, enga ábyrgð taka, en það er sú lýsing sem hægt er að gefa á flestum framsóknarþingmönnum í dag og fer 10. þm. Reykv. þar ekki aftastur í flokki.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins til útskýringar láta koma fram að breytingar á reglugerð um Lánasjóð ísl. námsmanna höfðu í för með sér að lán til námsmanna voru skert verulega frá því sem gert hafði verið ráð fyrir, en um leið voru lánin opnuð fyrir námsmenn sem höfðu hærri tekjur þannig að sparnaðurinn, sem átti að nást, kom allur niður á lágtekjunámsmönnum meðan fleiri námsmönnum með hærri tekjur var hleypt inn í sjóðinn en áður hafði verið. Niðurstaðan varð sparnaður upp á núll. Það er það alvarlega í þessu vegna þess að Lánasjóður ísl. námsmanna á að vera sjóður til að jafna kjör námsmanna í landinu. Og það er athyglisverð sú tala sem ég nefndi áðan eftir upplýsingum sem ég fékk núna á dögunum frá Lánasjóði ísl. námsmanna, að hækkun útgjalda Lánasjóðsins vegna breyttra tekjuviðmiðana var 312 millj. kr. á ári. Þetta var það sem gert var af Sjálfstfl. meðan hann fór með þessi mál.

Varðandi svo það sem hv. 1. þm. Reykv. sagði um að það væru efasemdir uppi hjá námsmönnum varðandi framkvæmd okkar á þessum málum, þá skil ég það út af fyrir sig vel. Það er eðlilegt að það séu efasemdir meðan hlutirnir liggja ekki 100% fyrir. Við skulum spyrja að leikslokum og við skulum hvorki dæma mig né aðra aðila þessa máls fyrir svik eða neitt annað fyrr en við vitum nákvæmlega hvað gerist.

Ég blanda mér svo ekki í deilur aðila ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar, þ.e. fyrra ráðuneytis þess manns.

Ferðaskrifstofa ríkisins, ein umr.

Fsp. GuðmÁ, 46. mál. — Þskj. 48.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 48 legg ég fram fsp. til hæstv. samgrh. um Ferðaskrifstofu ríkisins. Fsp. er í fimm liðum og er á þessa leið:

„1. Hvert var matsverð og hvert var söluverð Ferðaskrifstofu ríkisins?

2. Hvernig voru eignir metnar og hve stór hluti matsfjárhæðarinnar var viðskiptavild?

3. Hve margir starfsmenn keyptu hlut í Ferðaskrifstofunni og hve hár var hlutur hvers starfsmanns?

4. Hvaða kvaðir eru á sölu hlutabréfanna?

5. Hefði verið hægt að fá hærra verð fyrir fyrirtækið á almennum markaði?“

Á síðasta þingi var samþykkt sem lög frá hinu háa Alþingi frv. þáv. samgrh. um heimild til handa ríkisstjórninni að selja ⅔ hlutafjár í hutafélagi því sem skyldi stofnað um Ferðaskrifstofu ríkisins. Jafnframt var í þeim lögum ákveðið að starfsmenn skyldu eiga forkaupsrétt að því hlutafé. Um þetta frv. sköpuðust töluverðar umræður í Ed. Alþingis þar sem frv. var fyrst lagt fram og sýndist sitt hverjum um þessa fyrirhuguðu sölu og þá opnu heimild sem samgrh. var gefin til sölunnar.

Eins og lesa má í Alþingistíðindum taldi ég frv.

mjög loðið og að nauðsyn væri á, áður en frv. yrði að lögum, að skýra það nánar. Lutu þær athugasemdir mínar í fyrsta lagi að starfsmönnum, hverjir teldust starfsmenn í skilningi laganna. Var í frv. átt við alla starfsmenn eða bara þá sem voru fastir starfsmenn Ferðaskrifstofu ríkisins? Hvert væri raunverulegt verðmæti hlutafélagsins á almennum markaði og hvað ríkið gæti fengið fyrir það ef það yrði selt án forkaupsréttar starfsmanna? Hvernig skyldi farið með föl hlutabréf og hvaða verð sett á hlutabréfin?

Málið var keyrt í gegn og hlutafélag síðan stofnað sem gefið hefur verið nafnið Ferðaskrifstofa Íslands hf.

Nú á síðustu mánuðum hefur ýmislegt komið í ljós varðandi sölu ríkisins á hlutabréfum í Ferðaskrifstofu Íslands hf. Það hefur verið upplýst í fjölmiðlum að Eimskipafélag Íslands hf. hefur að einhverju leyti fjármagnað kaup starfsmanna á þeim hlutum sem þeir hafa keypt á grundvelli forkaupsréttar síns. Þegar svo er í pottinn búið verður ekki hjá því komist að tortryggja þessa sölu og spyrja þeirra spurninga hvort því markmiði með sölunni hafi verið náð að tryggja starfsmönnum sem frjálsum einstaklingum kaup á fyrirtækinu.

Að síðustu vil ég leyfa mér, þó sú spurning hafi ekki verið lögð hér fram í tilvitnuðu þskj., að inna hæstv. samgrh. eftir því hvort hann hafi séð eitthvað óeðlilegt við sölu hlutabréfa ríkisins í Ferðaskrifstofunni.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Hv. 11. þm. Reykv. hefur lagt fram fyrir mig spurningar um sölu á Ferðaskrifstofu ríkisins og breytingu á því fyrirtæki í hlutafélag og sölu hlutafjár í því nýja fyrirtæki, Ferðaskrifstofu Íslands hf.

Í fyrsta lagi er spurt: „Hvert var matsverð og hvert var söluverð Ferðaskrifstofu ríkisins?“ Svarið er þetta: Matsverð Ferðaskrifstofu ríkisins var 30,4 millj. kr., en söluverðmæti 28,4 millj. kr. Í lögum nr. 59/1988 um breytingu á lögum um skipulag ferðamála er ríkisstjórninni heimilað að selja ⅔ af hlutafé ríkissjóðs í Ferðaskrifstofu Íslands hf. og jafnframt að ákveða fjárhæð einstakra hluta með það í huga að einstaklingar geti keypt hlut í félaginu. Með þetta ákvæði í huga var ákveðið að heildarverðmæti hluta yrði ekki það sama og matsverð heldur að skilja eftir 7,4 millj. kr. sem skuld fyrirtækisins við ríkissjóð. Heildarhlutafé Ferðaskrifstofu Íslands hf. er því 21 millj. kr. Starfsmenn Ferðaskrifstofu ríkisins keyptu ⅔ hluta hlutafjár í félaginu á nafnverði eða 14 millj. kr.

Í öðru lagi er spurt: „Hvernig voru eignir metnar og hve stór hluti matsfjárhæðarinnar var viðskiptavild?“ Í sömu lögum og ég áðan nefndi er ríkisstjórninni heimilað að leggja allar eignir og fylgifé Ferðaskrifstofu ríkisins til Ferðaskrifstofu Íslands hf. og skal þá höfð hliðsjón af mati sem framkvæmt verður á eignum fyrirtækisins, þar með talinni viðskiptavild. Í samræmi við þetta fól ráðuneytið tveimur löggiltum endurskoðendum, þeim Árna Birni Birgissyni og Sveini Jónssyni, að framkvæma mat á eignum Ferðaskrifstofu ríkisins er lagt yrði til grundvallar við sölu fyrirtækisins. Mat þetta miðast við 31. des. 1987. Því var skipt í fjóra liði, viðskiptakröfur, varanlega rekstrarfjármuni, eignarhluta í félögum og viðskiptavild. Viðskiptavild samkvæmt mati endurskoðenda var 6 millj. kr., en við sölu fyrirtækisins var sú fjárhæð lækkuð í 4 millj. og skýrir það þann mismun sem ég áðan nefndi á annars vegar matsverði Ferðaskrifstofunnar og hins vegar söluverðmæti.

Í þriðja lagi er spurt: „Hve margir starfsmenn keyptu hlut í Ferðaskrifstofunni og hve hár var hlutur hvers starfsmanns?“ Svar: Það voru 24 starfsmenn Ferðaskrifstofu ríkisins sem keyptu hlutabréf í Ferðaskrifstofu Íslands hf. sem hér segir: Sjö starfsmenn keyptu hlutabréf fyrir 1 millj. 490 þús. kr. hver, 14 starfsmenn keyptu hlutabréf fyrir 240 þús. kr. hver, einn starfsmaður keypti hlutabréf fyrir 110 þús. kr. og tveir starfsmenn keyptu hlutabréf fyrir 50 þús. kr.

Í fjórða lagi er spurt: „Hvaða kvaðir eru á sölu hlutabréfanna?“ Hluthafar hafa forgangsrétt til áskriftar að nýjum hlutum í réttu hlutfalli við hlutafjáreign sína í félaginu, en að öðru leyti eru engar kvaðir á eigendaskiptum að hlutabréfum í Ferðaskrifstofu Íslands hf. samkvæmt stofnsamningi félagsins.

Í fimmta lagi: „Hefði verið hægt að fá hærra verð fyrir fyrirtækið á almennum markaði?“ Svarið er: Á það reyndi ekki. Starfsmenn Ferðaskrifstofu ríkisins notuðu forkaupsrétt sinn og keyptu hlutabréfin á nafnverði og því reyndi ekki á þetta atriði.

Ég vil svo taka fram líka vegna orða hv. fyrirspyrjanda að ákveðin atriði sem lúta að framkvæmd eða frágangi sölunnar til starfsfólksins hafa verið til skoðunar í ráðuneytinu og væntanlega fæst niðurstaða í því máli innan fárra daga þannig að gengið verði endanlega frá þessum hlutum. Í því sambandi vil ég taka fram að það er afdráttarlaus skoðun mín að heimild þá til sölu sem er í áðurnefndum lögum hafi átt og eigi eingöngu að nýta til að selja starfsfólkinu samkvæmt forkaupsrétti. Viðræður við starfsfólkið nú, sem teknar hafa verið upp í framhaldi af skoðun ráðuneytisins, lúta að því að tryggja að þannig verði þessu farið.

Ég tel þó rétt að nefna það að það hefur komið inn í þær viðræður að hugsanlega gætu í framhaldinu komið til samstarfs og þátttöku í rekstrinum með ríkinu og starfsfólkinu aðilar eins og ferðamálasamtök landshlutanna.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir þessi greinargóðu svör.

Þegar mál þetta var til umræðu í hv. Ed. var mjög mikið rætt um hvert verðmæti þessa félags væri. Það er alveg ljóst að viðskiptavild svona ferðaskrifstofu

er mjög mikil þegar tekið er tillit til þeirrar sölu sem hefur verið á öðrum ferðaskrifstofum. 4 millj. í því sambandi er mjög lítið.

Hins vegar fagna ég því, sem fram kom í svari hæstv. samgrh., að það væri ætlun hans að afmarka þetta þannig að starfsmenn ættu einir þetta hlutafé og bæru fjárhagslega ábyrgð á því en ekki aðrir aðilar. Hins vegar verð ég að gera athugasemd við það sem fram kom varðandi kvaðir á hlutabréfum. Þar virðist gert ráð fyrir því að hægt sé að selja þessi hlutabréf öðrum aðilum en starfsmönnum Ferðaskrifstofunnar. Það held ég að sé ekki í anda þeirra laga sem samþykkt voru á síðasta þingi.

Eftir því sem fram kom í ræðu hæstv. ráðherra eru það 34 starfsmenn sem hafa keypt hlut í Ferðaskrifstofunni og þar af sjö sem hafa keypt fyrir 1 millj. eða meira. Þetta er minni dreifing en ég hafði átt von á að yrði þar sem ljóst er að starfsmenn Ferðaskrifstofu ríkisins eins og hún var voru nokkur hundruð og tilgangurinn með því að selja þeim var að dreifa hlutabréfum á sem flesta starfsmenn.

Ég fagna því að mál þetta hefur verið til skoðunar í ráðuneytinu og það skuli vera ætlun ráðherra að fara ofan í kjölinn á þessu því mér hefur virst ýmislegu ábótavant í þessu máli.

Matthías Á. Mathiesen:

Virðulegi forseti. Vegna fsp. sem hér er rædd, 46. mál þingsins, vil ég að eftirfarandi komi fram vegna sölu á ⅔ hlutum ríkisins í Ferðaskrifstofu ríkisins: Salan var framkvæmd samkvæmt samþykktum lögum frá 1988, þ.e. frá sl. vori, lög nr. 59. Það var í fyrsta lagi haft samráð við ríkislögmann varðandi lögformleg atriði og samningagerð. Eins og fram kom hjá hæstv. samgrh. var það endurskoðandi fyrirtækisins, sem tilnefndur er af Ríkisendurskoðun, ásamt öðrum endurskoðanda, sem kvaddur var til óvilhallur, sem mátu eignir fyrirtækisins til söluverðs.

Vegna fsp. um kvaðir er rétt að fram komi að ákvæði um forkaupsrétt voru ekki sett í stofnsamninginn m.a. vegna umræðna um kaup sveitarfélaga eða ferðasamtaka þeirra á þeim hlut ríkisins sem ekki var heimilað að selja að svo stöddu samkvæmt lögunum.

Þegar sala hlutabréfanna fór fram voru það starfsmenn Ferðaskrifstofu ríkisins sem voru kaupendur að hlutabréfunum eins og lögin gerðu ráð fyrir.

Albert Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég vil gera athugasemdir við málsmeðferð á sölu þessa ríkisfyrirtækis. Fyrirtæki ríkisins eru ekki einkamál starfsfólks. Starfsfólk hefur ekki umfram aðra landsmenn rétt til að kaupa fyrirtæki sem það vinnur hjá. Ég verð að segja alveg eins og er, af því að mér var kunnugt um að matsverðið var miklu hærra en söluverð, að það veit enginn hvaða markaðsverð er á þessu fyrirtæki vegna þess að það var ekkert sótt eftir verðtilboðum. En mér er líka kunnugt um að söluverðið er langt undir matsverði sem var mjög lágt. Undanfarin mörg ár hefur Ferðaskrifstofa ríkisins verið með þetta 10 og jafnvel upp í 20 millj. kr. hagnað sem allur hefur farið í fyrirtækið sjálft. Hann hefur ekki runnið til ríkissjóðs. Það er búið að fjárfesta í þessu félagi hagnað sem er mörgum sinnum söluverðið á undanförnum árum. Ég tel að hér hafi verið furðulega að verki staðið og ég hef ekki heyrt í þessum umræðum neitt svar við fsp. hv. fyrirspyrjanda í þessu máli.

Hvert var matsverðið? Ég spyr hæstv. samgrh. beint eða fyrrv. hæstv. samgrh. Var það undir eða yfir 50 millj.? Hvert var söluverðið? Það hefur ekki komið fram hérna beint. Viðskiptavild er 4 millj. sem er mjög lágt mat á slíku neti sem Ferðaskrifstofan hefur, dreifineti með nýjustu tækni eins og tölvuþjónustu víðs vegar um heim og sambönd við allar ferðaskrifstofur hingað og þangað. Það kostar svo mörgum sinnum meira að byggja það upp.

Ég vil halda því fram að þetta fyrirtæki allra landsmanna hafi verið illa meðhöndlað við sölu.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég tek undir það, sem fram hefur komið í þessum umræðum og skilja má á hv. fyrirspyrjanda, að það hefði verið betra ef hægt hefði verið að selja hlutabréf í Ferðaskrifstofu ríkisins, nú Ferðaskrifstofu Íslands, á almennum markaði. Það tókst ekki vegna þess að ekki var samkomulag um það á sínum tíma innan ríkisstjórnarinnar. Frv. tók því breytingum í ríkisstjórninni og síðan aftur í þingflokkunum og enn að einhverju leyti, að mig minnir, í meðförum Alþingis. Undir þetta vil ég sérstaklega taka og tel að framvegis eigi fyrst og fremst að reyna að koma fyrirtækjum í eigu ríkisins, eins og segir í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar, til almennings með beinni sölu án þess að það sé verið að taka fram að til starfsmanna skuli fara fyrst og fremst.

En við megum ekki gleyma því að það eru ekki kvaðir á hlutabréfunum þannig að það er eðlilegt að nýir hluthafar geti selt án kvaða. Það er hið algenga og það þekkir lögfræðingurinn, hv. þm. Guðmundur Ágústsson, að það mundi vera óeðlilegt að setja kvaðir á hlutafjáreign, ef til sölu er á annað borð, um það að ekki megi selja öðrum aðilum. Þá er eðlilegast að slíkt sé í samþykktum félagsins og það er hægt að taka slíkt upp í samþykktir félagsins.

En ég vil láta þess getið, af því að það hefur ekki komið fram í þessum umræðum, að til þess að þetta fyrirtæki, Ferðaskrifstofa Íslands hf., sé rekstrarhæft þarf að setja tryggingar fyrir ferðaskrifstofuleyfi, bankaviðskiptum og til flugfélaganna. Og ég held að ég fari rétt með að tryggingarupphæðin hafi í þessu tilviki verið 18 millj. kr. Þar af hlýtur starfsfólkið að leggja fram — og mér skilst að það sé þannig — 12 millj. kr. Og þar sem fasteignir eru engar gem fyrirtækið á þá verður þetta auðvitað gert með tryggingum af eigin fjármunum og fasteignum þeirra sem hafa keypt Ferðaskrifstofuna.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég hef nú tekið fyrirspurnatíma samkvæmt nýjum þingsköpum þannig að þeir væru til að svara beinum fyrirspurnum en ekki til að hefja almenna efnislega umræðu um mál. Ég held að það sé ekki tími til þess að fara í heild sinni yfir þetta mál. En vegna þess sem hér hefur verið spurt um sérstaklega get ég upplýst að það er rangt, sem haldið var fram af hv. 5. þm. Reykv., að Ferðaskrifstofa ríkisins hafi verið stórgróðafyrirtæki öll undanfarin ár. Því miður mun hafa verið tap á rekstrinum síðastliðið ár, svo dæmi sé tekið. Í öðru lagi svaraði ég því alveg skýrt að matsverð fyrirtækisins var 30,4 millj. kr. og það var lagt til grundvallar við þessa sölu. Söluverðmæti 28,4 millj. kr. Síðan var það enn lækkað með því að skilja eftir hluta af því sem skuld hjá ríkissjóði, þannig að útgefið heildarhlutafé í Ferðaskrifstofu Íslands hf. varð að endingu 21 millj. kr. Ég vona að þetta svari hv. þingmanni skýrt.

Ég endurtek það sem ég hér áðan sagði: Málið er til skoðunar, hefur verið það síðan ég kom að í ráðuneytinu og viðræður standa nú yfir við starfsfólkið, m.a. til að tryggja þann vilja að hér verði fyrst og fremst um samstarf starfsfólksins, ríkisins og þá hugsanlega aðila eins og ferðamálasamtaka landshlutanna að ræða.

Ég tel rétt að menn geri sér grein fyrir því að hér er um nokkuð sérstakan rekstur að ræða. Ferðaskrifstofan hefur nýtt sér m.a. húseignir heimavistarskólanna í landinu og notið þar góðs af samstarfi við sveitarfélög og opinbera aðila, þannig að tillit þarf að taka til þess.

Ég vona að frá þessu máli verði gengið á allra næstu dögum með þeim hætti sem ég hef hér gert grein fyrir. Það kann að koma til álita að taka upp í stofnsamþykktir félagsins ákvæði sem tryggja það betur en nú er að um samstarf þessara aðila og þessara aðila einna verði að ræða í rekstri Ferðaskrifstofu Íslands hf. Og það er einlæg von mín að þeim draugagangi sem staðið hefur um þetta fyrirtæki um langt árabil, með eilífum hugdettum um að selja það eða breyta því, ljúki og verði ekki upptekinn aftur á næstu áratugum.

Olíubirgðatankur á Seyðisfirði, ein umr.

Fsp. JHall og JK, 67. mál. — Þskj. 69.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Á þskj. 69 hef ég leyft mér, ásamt hv. varaþingmanni Jónasi Hallgrímssyni sem situr ekki á þingi lengur, að bera fram fsp. til viðskrh. um olíubirgðatank á Seyðisfirði. Fsp. er í þrem liðum og hljóðar þannig:

„1. Hefur viðskiptaráðherra átt hlut að ákvörðunum olíufélaganna um að nota ekki birgðatank Olís á Seyðisfirði?

2. Hver er þáttur verðjöfnunarsjóðs í þessum ákvörðunum? Hafa stjórnendur sjóðsins látið gera úttekt á hagkvæmni þessa fyrirkomulags?

3. Hefur viðskrn. látið gera úttekt á hagkvæmni innflutnings svartolíu í olíubirgðastöð á Seyðisfirði með tilliti til þess að meiri hluti loðnubræðslna er starfræktur á Norður- og Austurlandi?“

Ástæðan fyrir þessari fsp. er sú að það einkennilega fyrirkomulag hefur verið á olíuinnflutningsverslun landsmanna að á Seyðisfirði er stór birgðatankur fyrir olíu, sem tekur um 15 þús. lestir, en hefur staðið tómur í u.þ.b. sex ár. Þetta þykir mönnum eystra einkennilegt, m.a. af öryggisástæðum, því þó að ekki hafi verið hafísár nú upp á síðkastið þá má þó minnast þess að fyrir eigi alllöngu lagðist hafís að Austurlandi og alla leið suður fyrir Hornafjörð. Það skeði síðast árið 1968 eins og rifjað var upp í sjónvarpi einmitt núna í vikunni.

Í öðru lagi hafði Seyðisfjarðarbær á sínum tíma verulegar tekjur af þessum viðskiptum, en áætla má að hafnar- og vörugjöld af einum farmi af olíu nemi u.þ.b. 790 þús. kr. og á sínum tíma komu u.þ.b. fjórir til fimm farmar af olíu í þennan birgðatank árlega. Þar að auki má benda á að vegalengdin til Seyðisfjarðar frá olíuviðskiptalöndum okkar er styttri heldur en að sigla með alla olíu hingað suður fyrir Reykjanes og dreifa henni síðan á ströndina aftur. Því er hugsanlegt að um verulega hagkvæmni sé að ræða og síðasti liður fsp. hljóðar einmitt um þetta atriði.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Fyrirspyrjendur spyrja í fyrsta lagi hvort viðskrh. hafi átt hlut að ákvörðunum olíufélaganna um að nota ekki birgðatank Olíuverslunar Íslands á Seyðisfirði.

Svarið er nei. Viðskrh. átti ekki þátt í þeim ákvörðunum sem teknar voru árið 1983.

Í öðru lagi er spurt hver verið hafi þáttur verðjöfnunarsjóðs í þessum ákvörðunum og hvort stjórnendur sjóðsins hafi látið gera úttekt á hagkvæmni þessa fyrirkomulags.

Því er til að svara að stjórn verðjöfnunarsjóðs, flutningsjöfnunarsjóðs olíu og bensíns, hefur ekki tekið beinan þátt í þessum ákvörðunum. Þegar olíufélögin ákváðu á sínum tíma að hætta að nota birgðatank Olís á Seyðisfirði undir gasolíu ákvað stjórn þessa sjóðs hins vegar að greiða ekki flutningskostnað á gasolíu frá Reykjavík til Seyðisfjarðar. Stjórnin lítur því svo á að Seyðisfjörður sé áfram innflutningshöfn fyrir gasolíu. Það má kannski segja að með þessu hafi stjórn sjóðsins ekki fallist á þessa ákvörðun.

Á árunum 1983 og 1984 voru olíufélögin beðin um að gera úttekt á hagkvæmni birgðatanks fyrir gasolíu á Seyðisfirði með tilliti til dreifingar á Austfjarðahafnir. — Og ég endurtek að hér hefur ætíð verið um gasolíu að ræða en ekki svartolíu. — Olíuverslun

Íslands hf. taldi þann kost hagkvæman en Olíufélagið hf. og Skeljungur hf., komust að þeirri niðurstöðu að að þeirra áliti væri óhagkvæmara að dreifa gasolíu frá Seyðisfirði á Austfjarðahafnir en frá Reykjavík, m.a. vegna lakari nýtingar á því skipi sem notað er til að dreifa gasolíu á ströndina.

Þriðji liðurinn í fsp. hv. fyrirspyrjenda er hvort viðskrn. hafi látið gera úttekt á hagkvæmni innflutnings svartolíu í olíubirgðastöð á Seyðisfirði, með tilliti til þess að meiri hluti loðnubræðslnanna er starfræktur á norðausturhluta landsins.

Svarið er að það hefur ekki farið fram nein slík athugun af hálfu ráðuneytisins. Hins vegar hefur stjórn flutningsjöfnunarsjóðs, sem ráðuneytið á fulltrúa í, nýlega leitað eftir áliti olíufélaganna á því hvort hagkvæmt gæti talist að koma upp birgðatanki fyrir innflutning á svartolíu til Seyðisfjarðar, með það í huga náttúrlega að nota tankinn sem þar er fyrir reynist hann til þess brúklegur.

Nú liggur fyrir álit Olíufélagsins hf. og Olíufélagsins Skeljungs hf., en svar hefur hins vegar ekki borist enn frá Olís. Ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að vitna orðrétt í niðurstöður Olíufélagsins og Skeljungs, en kjarninn í þeim er á þennan veg, með leyfi hæstv. forseta:

„Niðurstaðan af þessum útreikningum er sú að þegar allt er tekið til út frá gefnum forsendum sýnist ekki hagkvæmt að dreifa innflutningshöfnum vegna svartolíu frekar en orðið er. Auk viðbótarkostnaðar sem slíkt hefur í för með sér versnar nýting á þeim birgðastöðvum og flutningatækjum sem fyrir hendi eru og ekki verður séð að fram náist beinn sparnaður vegna þeirrar aðgerðar, heldur þvert á móti. Áætlað er að rekstrarkostnaður mundi aukast um liðlega 8 millj. kr. á ári ef svartolíu yrði dreift frá Seyðisfirði.

Það gefur auga leið að matsatriði koma víða upp. Hins vegar eru þeir liðir sem hér um ræðir settir fram samkvæmt bestu vitneskju og mati miðað við þann skamma tíma sem gefist hefur til að framkvæma þessa útreikninga.

Til viðbótar við það sem fram kemur í ofangreindum útreikningum eru önnur atriði sem rétt er að benda á og skipta máli þegar rætt er um fjölgun innflutningshafna á svartolíu. Þar vegur þyngst að undanfarin ár hefur svartolíudreifing verið erfiðleikum háð á vissum tímabilum þar sem óvissa hefur verið um afhendingu seljenda á vörunni í tæka tíð. Þar hefur valdið veðrátta oft og tíðum sem helst í hendur við hámark eftirspurnar eftir svartolíu hér á landi. Af þeim sökum hefur verið mikilvægt að svartolíubirgðir séu staðsettar á sem fæstum stöðum þannig að hægt sé að nýta þær sem best eftir aðstæðum hverju sinni. Ekki er ástæða til að ætla að þessi möguleiki sé enn úr sögunni, þ.e. að afhendingarerfiðleikar geti komið upp varðandi svartolíu. Með því að setja upp nýja birgðastöð, og þar með dreifa innflutningsbirgðunum enn frekar, er ljóst að samstilling birgðadreifingar og notkunar verður mun erfiðari en ella. Jafnframt eru líkur á að biðdagagjöld, þ.e. vegna tankskipanna, verði eitthvað meiri við fjölgun losunarhafna."

Hér lýkur tilvitnum í álit Olíufélagsins og Skeljungs. Ég geri þetta álit þeirra ekki að mínu, en segi blátt áfram að þegar álit Olís liggur fyrir mun stjórn flutningsjöfnunarsjóðsins taka allar álitsgerðirnar þrjár til umfjöllunar og leggja á þær mat, því hér er í raun og veru verið að ræða um nýtt mál, þ.e. hvort taka eigi nýja birgðastöð fyrir svartolíu inn í dreifikerfi á þeirri olíutegund hér á landi.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir þau svör sem hann hefur flutt við fsp. okkar. Það er í raun aðeins eitt atriði sem ég vildi undirstrika í tilefni af svörum hans. Það er það atriði að ég tel nauðsynlegt að flutningsjöfnunarsjóður láti gera sjálfstæða úttekt á því hvort hagkvæmt sé að hafa olíubirgðastöð fyrir gasolíu eða svartolíu á Seyðisfirði.

Mér er fullkunnugt um afstöðu þeirra tveggja olíufélaga, sem ráðherra vitnaði hér í, til þessa máls. Ég veit að þau félög eru með olíubirgðastöðvar annars staðar og þeirra hugur stendur ekki til þess að hafa samstarf um að nota þá birgðastöð sem þarna er. Þess vegna koma mér svör þeirra ekki á óvart. Hins vegar finnst mér það hljóma afskaplega einkennilega ef hagkvæmt er að sigla með alla olíu til landsins í sólarhringsviðbótarsiglingu og dreifa henni síðan með skipum á alla ströndina aftur.

Ég held að sjálfstæð úttekt á þessu án þess að taka allt bókstaflega sem olíufélögin láta frá sér fara í þessum efnum sé mjög nauðsynleg og tel að brýn þörf sé á að slík úttekt sé gerð.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég ætla aðeins að segja það, eins og kom reyndar fram í máli mínu áðan, að þegar álit Olíuverslunar Íslands hf. liggur fyrir þá verður lagt sjálfstætt mat á álit og mat allra olíudreifingaraðilanna þriggja á því hvort hagkvæmt sé að hafa svartolíubirgðastöð á Seyðisfirði. Það mat verður sjálfstætt á vegum stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs og ég mun hlutast til um það að viðskrn. fylgist með því verki.

Námslán, ein umr.

Fsp. FI og PP, 65. mál. — Þskj. 67.

Fyrirspyrjandi (Finnur Ingólfsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 67, sem er 65. mál þingsins, er borin fram fsp. af mér og hv. þm. Páli Péturssyni til menntmrh. um námslán.

Þessi fsp. er um margt lík þeirri sem hér var til umræðu fyrr í dag, en þó vil ég með nokkrum orðum

innleiða þær spurningar sem á fsp. eru:

Í fyrsta lagi: „Mun ráðherra láta fara fram á næstunni heildarendurskoðun á lögunum um námslán og námsstyrki?“

Það er ekkert um Lánasjóð ísl. námsmanna í málefnasamningi núv. ríkisstjórnar og því er þessarar spurningar spurt.

Í öðru lagi segir í a-lið 21. gr. reglugerðar nr. 578 frá 7. okt. 1982, þar sem um ákvörðunaratriði um lánsfjárhæðir er rætt, að framfærslukostnaður á námsstað breytist að öðru jöfnu með þróun verðlags og gengis og að sjóðsstjórnin skuli fylgjast með því hvernig þessar tölur þróast í samanburði við launatekjur.

Á þessum eina staflið 21. gr. hafa verið gerðar fimm breytingar frá 1982 til 1986. Og þessar fimm breytingar hafa allar verið gerðar af menntamálaráðherrum Sjálfstfl. Þessar breytingar hafa leitt til þess að framfærsla námsmanna hefur verið mjög skert. En það má skipta þessari skerðingu í tvennt: Í fyrsta lagi skerðingu vegna breyttra viðmiðana á reiknuðum framfærslukostnaði og í öðru lagi frystingu á framfærslukostnaði. Vegna breyttra viðmiðana var gefin út reglugerð 27. des. 1984 þar sem gert var ráð fyrir því að árið 1985 skyldu fjárhæðir láns vegna náms á Íslandi fylgja þróun meðaltalsráðstöfunartekna samkvæmt útreikningi Þjóðhagsstofnunar frá 1. jan. til 31. des. 1985. Í september 1985 er þessi reglugerð felld úr gildi og engar frekari skýringar gefnar á því hvers vegna. Hins vegar er um frystingu á framfærslukostnaði námsmanna að ræða. Sú frysting hefst 3. jan. 1986 með reglugerð sem þáv. menntmrh., Sverrir Hermannsson, gaf út. Þar er gert ráð fyrir því að útgreidd lán í desember 1985 skuli vera þær sömu upphæðir og voru á tímabilinu september–nóvember 1985. Með reglugerð nr. 323 frá 2. júlí 1986 er síðan þessi sama reglugerð felld úr gildi. Og því er þessi önnur spurning á fsp. borin fram.

Í þriðja lagi er spurt: Hyggst menntmrh. breyta eða láta fara fram könnun á framfærslukostnaði námsmanna? Ástæðan fyrir þessari spurningu er sú að hann gefur ekki rétta mynd af framfærslukostnaðinum. Húsnæðiskostnaðurinn sem gert er ráð fyrir í grunninum er 5140 kr. en það er engan húsnæðiskostnað hjá námsmönnum hægt að finna undir 8300 kr. á mánuði.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Að því er varðar 1. tölul. vil ég svara því til að ætlun mín er að skipa á næstunni vinnuhóp til að fara yfir úthlutunarreglur og fleiri þætti Lánasjóðs ísl. námsmanna. Í framhaldi af því gæti komið til greina að láta fara fram endurskoðun á lögunum um námslán og námsstyrki, en þau lög eru hins vegar, eins og ég hef áður tekið fram, samningur milli námsmannahreyfinganna og ríkisvaldsins þannig að endurskoðun á lögunum færi ekki fram öðruvísi en í samvinnu við námsmannahreyfingu og niðurstöður yrðu að vera sameiginlegar ef nokkur kostur er. Þannig er ekki ætlunin að setja nú þegar af stað heildarendurskoðun á lögunum um námslán og námsstyrki heldur að vinna í úthlutunarreglum.

Varðandi 2. tölul. þar sem spurt er hvort ráðherrann ætli að beita sér fyrir því við afgreiðslu fjárlaga að skerðingin verði afnumin sem hv. fyrirspyrjandi vitnaði hér í áðan, er því til að svara að stjórnarflokkarnir hafa fyrir sitt leyti tekið ákvörðun um þann ramma sem við er að miða við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1989. Það getur auðvitað breyst við meðferð fjárlagafrv., en það getur ekki verið ákvörðun menntmrh. eins heldur hlýtur það að vera sameiginleg ákvörðun allra stjórnarflokkanna, bæði varðandi þennan lið og aðra.

Varðandi 3. liðinn tel ég að það sé einboðið að það verði að fara fram ný framfærslukönnun til að kanna raunverulegan framfærslukostnað námsmanna hérlendis og erlendis. Það er alveg rétt, sem hv. þm. Finnur Ingólfsson sagði, að framfærslukostnaðurinn er örugglega rangmetinn nú orðið, alveg sérstaklega húsnæðisliðurinn, t.d. fyrir þá sem eru á Íslandi, þannig að það er augljóst að þarna verður að fara fram könnun. Spurningin er hins vegar hvernig þeirri könnun verður fyrir komið. Það er upplagt verkefni fyrir þann vinnuhóp sem ég hef hugsað mér að skipa að líta á hvernig könnun yrði framkvæmd, könnun af því tagi sem hv. þm. nefnir í 3. tölulið.

Stefna menntmrn. og ríkisstjórnarinnar varðandi málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna er auðvitað sú að afnema skerðinguna. Það getur hins vegar tekið tíma og ræðst af aðstæðum, m.a. í fjárlögum á hverjum tíma.

Fyrirspyrjandi (Finnur Ingólfsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svörin. Með þau er ég fullkomlega ánægður. Þó vil ég leggja áherslu á eitt, að við allar breytingar á námslánakerfinu verði námsmenn hafðir með í ráðum.

Sjávarútvegsskóli, ein umr.

Fsp. FI og JK, 66. mál. — Þskj. 68.

Fyrirspyrjandi (Finnur Ingólfsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 68, sem er 66. mál þingsins, er ég ásamt hv. þm. Jóni Kristjánssyni með fsp. til menntmrh. um stofnun sjávarútvegsskóla.

Í júní 1984 hófu verkalýðshreyfingin og sjútvrn. mjög víðtæka samvinnu um verkmenntun fyrir starfsfólk í fiskvinnslu. Sumarið 1985 fór af stað námskeið um allt land fyrir verkafólk í fiskiðnaði. Í samningum verkalýðshreyfingarinnar og atvinnurekenda 1986 er samið sérstaklega um þetta nám-

skeiðshald og fyrir þá sem þessi námskeið sæki skuli greiddar sérstakar uppbætur á laun. Þetta námskeiðshald fer af stað í septebmer 1986 eftir átta mánaða undirbúning þar sem kennslugögn og allt námsefni var samið á þessum skamma tíma. Nú hafa 4600 manns sótt þessi starfsfræðslunámskeið fiskvinnslunnar.

Á ráðstefnu í Færeyjum um miðjan október sl. kom það fram, þar sem við Íslendingar kynntum þessa starfsfræðslu, að við værum orðnir fremstir á þessu sviði, við að kenna verkafólki sem starfandi er á gólfinu. Hinar Norðurlandaþjóðirnar líta mjög til þess verks sem hér hefur verið unnið. Hins vegar eru Norðmenn örugglega fremstir Norðurlandaþjóðanna hvað skólakerfið snertir.

Ég er sannfærður um að þessi fræðsla, sem hefur farið fram á vegum sjútvrn. og aðila vinnumarkaðarins, muni ekki til lengdar verða í höndum þessara aðila heldur þarf hún að flytjast inn í skólakerfið. Ég held að það séu líka flestir sammála um að eins og skólakerfið er uppbyggt í dag treysta menn því ekki til að sjá um þessa starfsfræðslu.

Í janúar 1986 skipuðu menntmrh. og sjútvrh. nefnd sem hafði það hlutverk að gera tillögur um stofnun sjávarútvegsskóla á framhaldsskólastigi. Helstu niðurstöður þeirrar nefndar voru þessar:

1. Að stofnaður yrði sjávarútvegsskóli í Reykjavík er tæki við hlutverki Stýrimannaskóla Íslands, Vélskóla Íslands og Fiskvinnsluskólans í Hafnarfirði.

2. Sjávarútvegsskólinn verði sérskóli á framhaldsskólastigi og heyri undir menntmrn. Aðfaranám að skólanum og nám á einstökum brautum geti einnig farið fram við aðra framhaldsskóla landsins.

3. Stofnað verði fræðsluráð sjávarútvegsins skipað fulltrúum hagsmunasamtaka, rannsóknastofnana og ráðuneyta sem verði stefnumarkandi í fræðslumálum sjávarútvegsins. Því spyr ég: Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að stofnaður verði sérstakur sjávarútvegsskóli á framhaldsskólastigi eins og starfshópur sá sem menntmrh. og sjútvrh. skipuðu í sameiningu lagði til í skýrslu til menntmrh. í október 1986?

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Hæstv. forseti. Frá því að starfshópurinn skilaði áliti, sem hv. fyrirspyrjandi gat um, 20. okt. 1986 hefur Alþingi samþykkt lög um framhaldsskóla. Þar er gert ráð fyrir því í 26. gr. að menntmrh. skipi fræðsluráð sjávarútvegs til fjögurra ára í senn og skal það skipað átta mönnum eins og hér er rakið og hér eru einnig nefndir tilnefningaraðilar í 26. gr. laga um framhaldsskóla nr. 57/1988.

Það er nauðsynlegt að hafa þetta í huga vegna þess að það mál sem hér er hreyft kemur allvíða við sögu í umræðum um þessar mundir og er nauðsynlegt að samstilla þá umræðu.

Það sem hefur verið í gangi og ég hef kynnst á síðustu vikum í menntmrn. er þetta:

Það er í fyrsta lagi sjávarútvegsnám sem burðarás í Háskólanum á Akureyri.

Það eru í öðru lagi hugmyndir uppi, m.a. frá nefndinni, um sérskóla á framhaldsskólastigi í sjávarútvegsfræðum. Enn fremur eru uppi hugmyndir um brautir innan hins almenna framhaldsskólakerfis, m.a. í þingmálum sem flutt hafa verið hér á hv. Alþingi af hv. 4. þm. Vesturl. o.fl.

Í þriðja lagi liggur fyrir að ýmsir staðir óska nú eftir því að þar verði stofnaðir sjávarútvegsskólar á framhaldsskólastigi burtséð í raun og veru frá þeim hugmyndum sem nefndin sendi frá sér. Þessir staðir eru t.d. Dalvík og Vestmannaeyjar, svo tvö dæmi séu nefnd.

Ég tel þess vegna að það eigi að reyna að ná utan um þetta mál í heild. Ég er sammála hv. þm. um að það er nauðsynlegt að taka þarna sérstaklega á þeim málum sem hafa verið í gangi og snerta námskeiðin. Ég sé þetta þannig fyrir mér að það yrði til samfellt fræðslukerfi í sjávarútvegi á Íslandi þar sem tekin eru inn námskeiðin, vinnustaðirnir líka sem slíkir, grunnskólinn, framhaldsskólinn, endurmenntunarkerfi, háskóli. Ég held reyndar að eitt brýnasta verkefni menntamála í þessu landi sé að endurvekja hina gömlu hugsjón sem lá til grundvallar alþýðufræðslunni á Íslandi.

Ég hef út af fyrir sig verulegar áhyggjur af þróun mála í skólakerfinu eins og við er að búast. Ég hef ekki síður áhyggjur af því unga fólki sem þúsundum saman dettur mjög snemma út úr hinu almenna skólakerfi og á ekki leið inn í það aftur. Og ég spyr: Hvar er betra að byrja þau verkefni að opna skólakerfið með skipulegum hætti, sveigjanlegum hætti fyrir þessu fólki en einmitt í sjávarútveginum?

Því miður, hæstv. forseti, get ég ekki á þessu stigi svarað spurningu hv. þm. með jái. Ég tel að hann hafi hreyft mikilvægu máli og ég mun vinna að því og ræða það við sjútvrh. og aðra hlutaðeigandi aðila.

Fyrirspyrjandi (Finnur Ingólfsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svarið svo langt sem það náði. Ég er hins vegar ánægður með það að vissu marki því að ég heyrði á máli ráðherrans að hann er á réttri leið.

Aðeins langar mig til að benda á kannski tvö atriði. Þessi starfshópur, sem áður er til vitnað, hélt ráðstefnu með mörgum aðilum sem tengjast þessari sjávarútvegsfræðslu áður en hann skilaði áliti. Það var einróma álit þeirra sem þar voru að það væri skynsamleg leið sem þarna væri lögð til, að stofna slíkan sjávarútvegsskóla.

Ég fagna því að ráðherra skuli ætla að hafa samvinnu um málið við sjútvrh. Ég held að það sé nauðsynlegt því að það er mjög nauðsynlegt að þetta tengist því fagráðuneyti einnig.

Varðandi þá þrjá skóla sem starfandi eru á höfuðborgarsvæðinu í dag, Vélskólann, Stýrimannaskólann og Fiskvinnsluskólann fullyrði ég að skipulag þeirra sé í molum, því miður. Uppi í sjómannaskólahúsinu, þar sem Vélskólinn og Stýrimannaskólinn eru til húsa, er kannski verið að kenna ensku

á 3. hæð fyrir hálfum bekk. Á sama tíma er verið að kenna sömu enskuna á 2. hæð fyrir hálfum bekk. Það er svo margt og alveg augljóst sem þarna er hægt að samnýta og verður í raun og veru að gera.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Hæstv. forseti. Ég tók þannig til orða áðan að ég gæti ekki svarað fsp. hv. þm. á þessu stigi með jái. Til að skýra það aðeins betur og koma í veg fyrir misskilning vil ég benda á að í fsp. stendur: „Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að stofnaður verði sérstakur sjávarútvegsskóli á framhaldsskólastigi eins og starfshópur sá gerði tillögur um?"

Ég treysti mér ekki til að slá því föstu að þessi skóli eigi að vera nákvæmlega eins og starfshópurinn gerði tillögu um, m.a. vegna seinni ákvarðana sem Alþingi hefur tekið varðandi framhaldsskólann. Ég vil vinna að málinu og segja að ég er fullkomlega sammála hv. þm. og það er ástæðan fyrir því að ég vil skoða málið í heild. Það á auðvitað að koma í veg fyrir tvíverknað og margverknað og stórfelldan aukakostnað sem hlýst af því að menn eru að gera sömu hlutina svo að segja á sama svæðinu. Ég tel að hér sé hreyft mjög þörfu máli og ég tel að ef við eigum að ná tökum á því að reisa þær hugsjónir sem alþýðufræðslan byggðist á í verki eigi einmitt að byrja í sjávarútveginum. Hvar ef ekki þar?

Orlofsdeild póstgíróstofunnar, ein umr.

Fsp. KP o.fl., 80. mál. — Þskj. 82.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason):

Virðulegi forseti. Á þskj. 82 hef ég leyft mér ásamt hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni, Skúla Alexanderssyni og Guðmundi Ágústssyni að bera fram eftirfarandi fsp. til hæstv. félmrh.:

„Hvenær er þess að vænta að starfsemi orlofsdeildar póstgíróstofunnar ljúki, sbr. bráðabirgðaákvæði orlofslaga nr. 30/1987 sem tók gildi 1. maí 1988?"

Með leyfi forseta vil ég lesa yfir þetta bráðabirgðaákvæði sem er örstutt. Þar segir:

„Ef sú breyting verður gerð á orlofslögum sem ráðgerð er í þessu frv. þarf að taka ýmsar ákvarðanir, m.a. varðandi lok á starfsemi orlofsdeildar póstgíróstofunnar og þykir eðlilegt að félmrh. setji reglur um þau atriði í samráði við þá aðila sem *mestra hagsmuna eiga að gæta.*"

Nú er það, að ég hygg, öllum hv. þm. ljóst að með þeirri breytingu á orlofslögum sem gerð var og tók gildi í maí sl., byrjun orlofsársins, varð grundvallarbreyting á orlofslöggjöfinni. Í staðinn fyrir að ávaxta þetta hjá orlofsdeild póstgíró eru nú tekin upp orlofslaun þannig að orlofsdeild póstgíróstofunnar átti að leggja niður. Það er einvörðungu um þrjá hluti að ræða að því er varðar orlofsgreiðslurnar. Það er í fyrsta lagi að þær séu geymdar í viðkomandi fyrirtæki og það greiði síðan orlofslaun á þeim tíma sem viðkomandi launþegi tekur sér orlof. Síðan er inni í orlofslögunum ákvæði þess eðlis að stéttarfélögum sé heimilt að semja við banka eða sparisjóði um ávöxtun þess orlofsfjár inni á reikningum. Það eru einvörðungu þessar þrjár leiðir sem lögin gera ráð fyrir að sé hægt að fara að því er varðar ávöxtun á orlofsfé.

Því hefur verið hreyft hér oft áður að orlofsdeild póstgíró varð launþegum mjög dýr. Það voru sáralitlir vextir greiddir á orlofsfé sem þar var ávaxtað lengi vel þar til önnur stéttarfélög gripu inn í málið og fóru að ávaxta fé í bönkum og sparisjóðum úti um land. Þá hækkuðu vextir hjá orlofsdeild póstgíró. Ríkið hefur borgað tugi milljóna með þessari stofnun um árabil. Það er því ástæða til nú, þegar lögin gera ráð fyrir því að þessi stofnun verði lögð niður, að menn taki til hendinni og spari. Ekki mun af veita á hinum erfiðu tímum. Og það er mjög sjaldan sem hér kemur upp umræða um að ástæða sé til þess að *nota tækifærið til að draga úr kostnaði sem er* auðvitað sjálfsagt að gera og lögin gera ráð fyrir eins og frá þeim var gengið.

Ég vænti þess að hæstv. félmrh. hafi svar sem stenst það að það verði farið að lögum og orlofsdeild póstgíró lögð niður.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Spurt er: „Hvenær er þess að vænta að starfsemi orlofsdeildar póstgíróstofunnar ljúki, sbr. bráðabirgðaákvæði orlofslaga nr. 30/1987 sem tók gildi 1. maí 1988?"

Því er til að svara að í 13. gr. laga nr. 87/1971, um orlof, með síðari breytingum, voru ákvæði um að launþegi skyldi innan eins árs frá lokum orlofsársins vitja orlofsfjár síns ella rynni það til lífeyrissjóðs launþegans. Samkvæmt þessu hefur verið talið að ávísanir á orlofsfé útgefnar af póstgíróstofunni héldu gildi sínu í eitt ár frá útgáfudegi. Í samræmi við þessa meginreglu þótti eðlilegt að setja hliðstætt ákvæði í reglugerð nr. 176/1988 um uppgjör orlofsfjár, þ.e. að póstgíróstofan skuli annast greiðslur þess orlofsfjár sem koma átti til útborgunar eftir 1. maí 1988 í eitt ár eða til 30. apríl 1989. Jafnframt var póstgíróstofunni falið að hafa með höndum innheimtu eldri vanskila til sama tíma.

Samkvæmt framansögðu lýkur þeim verkefnum sem póstgíróstofan hefur haft fyrir félmrn. vegna innheimtu og vörslu orlofsfjár 30. apríl 1989, sbr. reglugerð nr. 176/1988. Um er því að ræða að póstgíróstofunni hefur verið falið að ljúka uppgjöri orlofsfjár sem áunnið var fram til 30. apríl sl. Innborgun orlofsfjár til póstgíróstofunnar stöðvaðist 1. *maí sl. nema ef um er að ræða* greiðslur vegna vanskila frá orlofstímabilinu til 30. apríl sl.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin og er tiltölulega ánægður með þau. Ég met það svo að þessi stofnun verði lögð niður í lok apríl að ári og hlýt að skilja svör hæstv. ráðherra á þann veg.

Það er kannski ástæða til þess að spyrjast fyrir um hvort nokkuð er til í því þó ég ætlist ekki til þess að hæstv. ráðherra svari því hér, enda hefði það þá átt að gerast með formlegri afgreiðslu. Er nokkuð um það að inn í póstgíró sé núna lagt orlof til ávöxtunar frá því að lögin tóku gildi frá 1. maí?

Ég á vart von á þessu þó um það hafi komið upp sagnir. En ég met fullkomlega svarið. Með þessum hætti er þá búið að koma til skila því að ávöxtun orlofsfjár launþega hefur verið komið í miklum mun betra horf þeim til hagsbóta en nokkurn tímann var gert undir handleiðslu orlofsdeildar póstgíró og hún hafði brugðist vonum manna sem komu henni á laggir á sínum tíma.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Hv. fyrirspyrjandi orðaði það svo að hann liti þá svo á að póstgíróstofan yrði lögð niður 30. apríl 1989. Því er til að svara að póstgíróstofan er hluti af Póst- og símamálastofnuninni og hluti af hennar verkefnum, sennilega um 10%, var að hafa með höndum áður en lögin breyttust vörslu og ávöxtun á orlofsfénu. Það er sú starfsemi sem fellur niður við þessa breytingu. (**Gripið fram í:** Það er átt við hana?) Já.

Að því er varðar það hvort póstgíróstofan hafi eftir 1. maí tekið við orlofi til ávöxtunar, þá er því að svara að svo hefur ekki verið. Þó hefur það verið þannig að það er varðar hið opinbera eða ríkið hafa færslur farið fram í gegnum tölvuna hjá póstgíróstofunni en engin ávöxtun eða varsla á orlofsfé.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason):

Virðulegi forseti. Það eru aðeins örfá orð út af því sem hæstv. ráðherra sagði. Ég vænti þess að ég megi taka það svo að það eigi ekki að halda þessu „apparati" áfram með því að láta færslur fara þar í gegn og hafa starfskrafta þar áfram við. Er ekki meiningin að fara að lögum og leggja þessa starfsemi, orlofsdeild póstgíró, gjörsamlega niður þannig að ríkið þurfi enga ábyrgð að bera á henni lengur? Það hefur borgað tugi milljóna með þessu fyrirtæki í nokkuð mörg ár meðan það hefur verið starfandi. Ég vona að ég skilji það rétt að á þetta verði klippt gjörsamlega í endaðan apríl að ári og engir starfsmenn verði þar innan dyra sem sinna þeim þætti sem þarna hefur verið um að ræða.

SAMEINAÐ ÞING

12. fundur, fimmtudaginn 10. nóv., kl. 2 miðdegis.

Fjárlög 1989, 1. umr.

Stjfrv., 73. mál. — Þskj. 75.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til fjárlaga sem lagt hefur verið fram á þskj. 75. Í kjölfar fjárlagafrv. verða lögð fram önnur frv. sem ætlað er að hafa áhrif á bæði tekjur og gjöld ríkissjóðs og mæla fyrir um lántökur.

Fjárlagafrv. fyrir árið 1989 flytur engan gleðiboðskap. Það byggir á viðurkenningu á því að nú kreppi að í íslenskum þjóðarbúskap. Nauðsynlegt er að hverfa af þeirri braut viðskiptahalla og erlendrar skuldasöfnunar sem einkennt hefur undanfarin ár. Til að þetta megi takast verða bæði þingið og þjóðin öll að sameinast um að breyta þeirri stefnu sem fylgt hefur verið að undanförnu. Það frv. sem hér liggur fyrir er mikilvægur liður í slíkri stefnubreytingu.

Þróun efnahagsmála á yfirstandandi ári einkennist annars vegar af endalokum góðærisins, sem landsmenn hafa búið við síðan á árinu 1986, og hins vegar af djúpri kreppu í hagstjórn sem ríkti á síðustu mánuðum fyrri ríkisstjórnar.

Hagvaxtarskeiði síðustu ára er lokið í bili. Útlit er fyrir að afli dragist saman um 2% í ár og þjóðartekjur um svipað. Innlend eftirspurn hefur einnig minnkað, sérstaklega á síðustu mánuðum. Neysla og fjárfesting þjóðarbúsins mun í heild minnka um nær 1% en þjóðarútgjöld í heild enn minna vegna aukinna birgða í útflutningsgreinum.

Þrátt fyrir nokkurn samdrátt afla og þjóðartekna á þessu ári er ekki enn hægt að tala um að ytri skilyrði þjóðarbúsins séu verulega óhagstæð. Þjóðartekjur á mann verða í ár þær næsthæstu í sögu þjóðarinnar. Það hefði vissulega mátt ráða við aðsteðjandi vanda í þjóðarbúinu ef ekki hefði komið til sú kreppa í hagstjórninni sem einkenndi síðustu ríkisstjórn. Sá vandi á rætur að rekja til ofþenslu og rangra fjárfestinga, einkum á höfuðborgarsvæðinu, og til mikils misvægis í tekju- og kostnaðarþróun í útflutningsgreinunum, þar sem ekki tókst að skjóta stoðum undir fastgengisstefnuna með aðhaldi í ríkisfjármálum og peningamálum.

Af þessum ástæðum og vegna þeirra skipulagsbresta, sem einkenna marga atvinnuvegi okkar og koma m.a. fram í stöðugri tilhneigingu til offjárfestingar, blasti við stöðvun margra útflutningsfyrirtækja og atvinnuleysi fjölda fólks um allt land þegar núv. ríkisstjórn tók við. Fyrstu aðgerðir ríkisstjórnarinnar miðuðu þess vegna að því að rétta við stöðu útflutningsgreinanna og forða atvinnuleysi, samtímis sem verðbólgan er hamin.

Þær aðgerðir sem ríkisstjórnin beitti sér fyrir í upphafi voru eftirfarandi:

Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins var gert kleift með lántöku að greiða allt að 5% verðuppbót á freðfisk með sambærilegum áhrifum á afkomu.

Verðstöðvun var framlengd til 28. febr. 1989 en laun, almennt fiskverð og launaliður í verðlagsgrundvelli búvöru munu haldast óbreytt til 15. febr. 1989.

Niðurgreiðslur voru auknar í byrjun október, þannig að búvöruverð helst óbreytt til loka verðstöðvunartímabilsins.

Ríkisstjórnin beitti sér fyrir lækkun nafnvaxta og raunvaxta í upphafi október. Nafnvextirnir lækkuðu

í kringum 5% en raunvextirnir yfirleitt um 0,4–0,7%.

Þessar aðgerðir hafa þegar skilað umtalsverðum árangri. Atvinnuleysi hefur verið forðað og horfur eru á að verðbólgan verði komin niður fyrir 10% í árslok. Og nýjustu tölur um verðlagsþróun undanfarið munu á næstu dögum staðfesta enn frekar þann spádóm.

Fyrstu aðgerðir ríkisstjórnarinnar eru þó að sumu leyti bráðabirgðaaðgerðir. Þær voru hins vegar nauðsynlegar til að skapa svigrúm fyrir varanlegri aðgerðum. Raunverulegur árangur næst ekki með kollsteypum, heldur fyrst og fremst með samræmdri stjórn ríkisfjármála, peningamála og gengismála. Það fjárlagafrv. sem hér liggur fyrir er einn mikilvægasti hlekkurinn í þeirri keðju. Áður en gerð verður nánari grein fyrir þeirri stefnu sem í frv. felst mun ég fjalla um afkomu ríkissjóðs á yfirstandandi ári og kynna nýjustu tölur eins og þær hafa birst í októbermánuði.

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1988 var gert ráð fyrir að rekstur og greiðsluafkoma yrði því sem næst í jafnvægi.

Fyrir mitt ár fór hins vegar að gæta samdráttar í veltu innan lands og hefur sú þróun farið vaxandi eftir því sem liðið hefur á árið. Þessi samdráttur kemur eðli málsins samkvæmt einkum fram í minnkandi tekjum af söluskatti, tollum og öðrum veltusköttum. Jafnframt virðist innheimtan sjálf hafa gengið verr upp á síðkastið sem er ákveðin vísbending um vaxandi greiðsluerfiðleika í rekstri fyrirtækja.

Samkvæmt endurskoðaðri áætlun, sem ég kynnti Alþingi fyrir nokkrum vikum síðan, munu heildartekjur ríkissjóðs á árinu 1988 verða tæplega 66,4 milljarðar kr. Samkvæmt því nemur tekjutap ríkissjóðs á þessu ári 1–1½ milljarði kr. frá forsendum fjárlaga fyrir árið 1988. Óbeinir skattar hafa þó dregist mun meira saman eða um 3–3½ milljarð kr. Sá samdráttur á sér einkum stað í tekjum af aðflutningsgjöldum og söluskatti. Á móti vega auknar tekjur af beinum sköttum. Sú þróun skýrist fyrst og fremst af tvennu, betri innheimtu á tekjuskatti einstaklinga, svo og breytingum á tekjuskatti fyrirtækja.

Á gjaldahlið fjárlaganna hafa orðið verulegar breytingar frá forsendum fjárlaga. Annars vegar hafa útgjöld verið aukin til að styrkja stöðu atvinnuveganna og greiða niður verðlag nauðsynjavara til neytenda. Hins vegar hafa verðlagsbreytingar raskað forsendum fjárlaga. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun eru heildarútgjöld nú talin verða tæplega 69,5 milljarðar kr. Hækkun almennra rekstrarútgjalda frá fjárlagaáætlun nemur 2 milljörðum kr. eða um 7,5%. Það er svipað og almennar launa- og verðlagsbreytingar gefa tilefni til. Sama á við um lífeyris- og sjúkratryggingar. Þær hækka um tæplega 1100 millj. kr. frá fjárlögum. Þá hækka niðurgreiðslur um 560 millj. kr., m.a. til að draga úr áhrifum söluskatts á búvöruverð. Langstærsta frávikið frá fjárlagaáætlun er hins vegar í vaxtagjöldum ríkissjóðs en þau hafa farið 1,7 milljörðum kr. umfram áætlun. Að stærstum hluta vegna aukinna vaxtagreiðslna af yfirdrætti í Seðlabanka en þær fara 1200 millj. kr. fram úr fjárlagaáætlun. Önnur vaxtagjöld hækka í samræmi við það sem innlendar og erlendar verðbreytingar hafa farið umfram forsendur fjárlaga.

Eins og fram hefur komið hér að framan gerði sú áætlun, sem ég kynnti Alþingi fyrir nokkru síðan, ráð fyrir því að tekjuhalli á ríkissjóði verði ekki undir 3 milljörðum kr. Bráðabirgðatölur fyrir októbermánuð gefa hins vegar til kynna að sú aukning innheimtu, sem venjulega verður á síðustu mánuðum ársins, geti orðið mun minni í ár. Tekjuhalli ríkissjóðs gæti því á árinu 1988 orðið nær 4 milljörðum kr. en 3 milljörðum.

Innheimta á tekjum ríkissjóðs í októbermánuði virðist samkvæmt bráðabirgðatölum vera 600–700 millj. kr. undir þeirri áætlun sem síðast var gerð. Það felur í sér að sú viðbót, sem reiknað var með að mundi í októbermánuði koma til með að vega að hluta upp tekjutap á fyrstu níu mánuðum ársins, er röskum hálfum milljarði undir því sem menn töldu fyrir nokkrum vikum síðan að gæti orðið.

Til samanburðar má geta þess að tekjur ríkissjóðs í októbermánuði munu samkvæmt bráðabirgðauppgjöri verða lægri í krónutölu en í marsmánuði á þessu ári. Þetta kemur að langmestu leyti fram í veltusköttum, einkum söluskatti sem er um 350–400 millj. kr. undir endurskoðaðri áætlun í októbermánuði.

Þetta eru ískyggilegar tölur. Þær fela í sér að sá samdráttur í tekjum ríkissjóðs, sem hefur verið umræðuefni undanfarnar vikur og mánuði hér á Alþingi og í þjóðfélaginu, muni verða enn meiri en svartsýnustu raddir töldu að hann mundi verða. Þegar ég kynnti Alþingi áætlunina fyrir nokkrum vikum síðan vék ég að því að óvarlegt væri að ætla að hallinn á ríkissjóði yrði undir 3–4 milljörðum kr. Á þessari stundu, í ljósi þeirra nýju talna um útkomuna í októbermánuði sem ég hef nú kynnt, er mér nær að segja hér á þessari stundu að nauðsynlegt sé að Alþingi allt og þjóðin búi sig undir það að útkoman verði nær 4 milljarða kr. halla á rekstri ríkissjóðs á árinu 1988.

Sá samdráttur sem við höfum séð á undanförnum mánuðum heldur því áfram með sívaxandi þunga. Hann endurspeglast m.a. í vanda atvinnufyrirtækjanna í landinu og vaxandi fjölda gjaldþrota þar sem nánast er tilkynnt um ný og ný gjaldþrot í hverri viku. Hann endurspeglast einnig í gífurlegum vanskilum á söluskatti. Í upphafi þessa mánaðar námu heildarvanskil á söluskatti rúmum 3 milljörðum kr.

Virðulegi forseti. Því miður bendir flest til þess að sá samdráttur þjóðartekna sem hófst á þessu ári muni halda áfram á því næsta. Spáð er að afli minnki um 4,5% á árinu 1989 og þjóðartekjur minnki um 3%. Neysla og fjárfesting þjóðarbúsins í heild er talin minnka um 2,8%, en þar hafa þau áform sem kynnt eru í frv. einnig áhrif. Því er spáð að einkaneysla minnki um 3,5%, að samneysla aukist um 0,5% og að fjárfesting dragist saman um 3,2%. Nánast engin dæmi eru um svo litla aukningu samneyslunnar á undanförnum áratugum, enda mun samneysla á mann minnka á næsta ári.

Þrátt fyrir að útflutningstekjur dragist saman um nær 2,5% á næsta ári er ekki gert ráð fyrir því á þessu stigi að viðskiptahallinn aukist frá því í ár. Hann yrði a.m.k. 12,4 milljarðar kr. eða 4,5% af landsframleiðslu en gæti þó hæglega, ef ýmsar forsendur bresta, orðið enn meiri. Þar af stafa um 10 milljarðar kr. af vaxtagreiðslum af erlendum lánum. Þær horfur um samdrátt í tekjum og eftirspurn á næsta ári, sem hér hefur verið gerð grein fyrir, hafa óhjákvæmilega áhrif á stöðu ríkissjóðs á næsta ári og gerð þess frv. sem hér er lagt fram.

Við upphaf fjárlagagerðar nýrrar ríkisstjórnar blasti við að halli ríkissjóðs yrði verulegur á næsta ári að óbreyttum tekjum og þeim útgjaldaáformum sem lágu fyrir í Fjárlaga- og hagsýslustofnun. Ríkisstjórnin setti sér í upphafi það markmið að samþykkja fjárlög með afgangi. Þetta var talið nauðsynlegt til að vinna gegn þenslu og stuðla að lækkun verðbólgu og lækkun vaxta. Til að ná slíku markmiði var nauðsynlegt að skera niður fyrirliggjandi útgjaldaáform og afla ríkissjóði aukinna tekna.

Þær raddir hafa heyrst að nú séu aðstæður breyttar og því ekki ástæða til að samþykkja fjárlög með eins miklum afgangi og gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. Því er til að svara að þótt samdráttur á innlendri eftirspurn eigi sér nú stað verður hallinn á viðskiptum við útlönd umtalsverður, bæði í ár og á því næsta miðað við núverandi horfur. Innlend eftirspurn er því að lækka frá stigi sem alls ekki fékk staðist til lengdar og til að koma í veg fyrir aukningu viðskiptahallans er nauðsynlegt að ríkissjóður verði rekinn með afgangi á næsta ári.

Auk þess skal áréttað að það er markmið þessarar ríkisstjórnar að ná niður raunvöxtum. Þeir háu raunvextir, sem verið hafa hér á landi að undanförnu, fá ekki staðist til lengdar. Háir raunvextir eru ekki hvað síst því að kenna að stefnan í ríkisfjármálum hefur á undanförnum árum stuðlað að þenslu og mikilli eftirspurn á lánsfjármarkaðinum á sama tíma og stefnan í peningamálum hefur verið aðhaldssamari. Má í þessu sambandi nefna að hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs nam um 2,7% af landsframleiðslu á árinu 1987 og er talin munu vera 1,4% af landsframleiðslu í ár. Ef varanleg lækkun á raunvöxtum á að nást er nauðsynlegt að breyta þessu þannig að stefnan í ríkisfjármálum verði aðhaldssamari og minna þurfi því að leggja á stjórn peningamála. Reynslan sýnir auk þess að vextirnir eru veikara tæki til að stýra heildareftirspurn í hagkerfinu en breytingar á tekjum og gjöldum ríkissjóðs. Tekjuafgangur ríkissjóðs er því mikilvægt tæki til þess að ná niður vöxtunum.

Verði samdráttur í tekjum og eftirspurn í hagkerfinu meiri en nú er spáð, og það getur vissulega gerst, munu tekjur ríkissjóðs minnka sjálfkrafa og tekjujöfnuðurinn að sama skapi verða verri. Loks er rétt að geta þess í þessu samhengi að auðveldara verður að bregðast við vandamálum sem kunna að koma upp vegna samdráttar á næsta ári ef ríkissjóður hefur það svigrúm sem felst í tekjuafgangi á fjárlögum.

Að venju byggir fjárlagafrv. á áætlunum um þróun helstu hagstærða á næsta ári. Óvissan í því efni nú er í reynd með mesta móti. Engu að síður er þeirri reglu fylgt að fjárlagafrv. byggir í öllum meginatriðum á forsendum þjóðhagsáætlunar fyrir árið 1989, enda er sú regla bundin í lög. Heildartölur frv. eru settar fram á áætluðu meðalverðlagi 1989. Hins vegar eru launa- og rekstrargjöld einstakra stofnana færð á áætluðu verðlagi í janúar 1989 en mismunurinn færður til gjalda á sérstökum fjárlagalið. Í samræmi við þjóðhagsáætlun er í frv. gengið út frá því að framfærslukostnaður hækki um 12% á milli ára. Launabreytingar eru áætlaðar 8% á milli ára og hækkun vísitölu byggingarkostnaðar 10%. Áætlað er að meðalverð á erlendum gjaldeyri muni hækka um 7% á milli ára, en öll sú hækkun er þegar fram komin. Að teknu tilliti til erlendra verðbreytinga hækkar innflutningsverð í íslenskum krónum svipað og innlent verðlag.

Virðulegi forseti. Þessar forsendur fjárlagafrv. hafa verið gagnrýndar töluvert að undanförnu. Því hefur verið haldið fram að þær standist ekki og þar með sé grundvellinum kippt undan frv. Ef tekið er tillit til erlendrar verðbólgu fela þessar forsendur í sér að á næsta ári verði raungengi krónunnar svipað og það er á þessum ársfjórðungi og lækki lítillega á milli ára. Hvað raunlaun varðar gera þessar forsendur ráð fyrir óbreyttum raunlaunum frá því sem þau verða á fyrsta ársfjórðungi næsta árs. Þannig er það misræmi, sem kemur fram í þróun verðlags, gengis og launa, að mestu fram komið nú þegar. Enda þótt þróun verðlags og launa á næsta ári verði á annan hátt en hér er miðað við, kollvarpast fjárlagafrv. alls ekki af þeim sökum. Skýringin er það innbyrðis samhengi sem byggt er inn í frv. Ef verðbólga verður almennt meiri mun tekjuafgangurinn vaxa vegna krónutöluframlaga í frv. Ef kaupgreiðslur hækka umfram það sem hér er gert ráð fyrir aukast launaútgjöld ríkisins. Á móti kemur að eftirspurn og umsvif í hagkerfinu aukast og verðbólga einnig. Skattatekjur af bæði veltu- og tekjusköttum aukast. Tekjuafgangurinn getur því orðið meiri en á móti verður viðskiptahallinn við útlönd einnig meiri. Ef raungengi krónunnar lækkar meira en hér er gert ráð fyrir munu raunverulegar tekjur, eftirspurn og innflutningur verða minni auk þess sem vaxtagjöld aukast. Tekjuafgangurinn minnkar eða hverfur alveg, en það mun koma lítið að sök þar

sem á móti kemur að viðskiptahallinn verður minni. Vegna þessa rökræna samhengis frv. sjálfs er á þessu stigi máls engin ástæða til annars en að byggja á þeim forsendum sem hér hafa verið raktar.

Fjárlagafrv. fyrir árið 1989 markast annars vegar af þeim aðstæðum sem hér hefur verið lýst og hins vegar af þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar að stuðla að lækkun verðbólgu og vaxta og koma í veg fyrir aukinn viðskiptahalla á næsta ári þrátt fyrir samdrátt útflutningstekna. Megineinkenni frv. eru því þessi: Frv. er lagt fram með tæplega 1200 millj. kr. tekjuafgangi. Dregið er verulega úr opinberri fjárfestingu. Aðhald er veitt í útgjöldum ríkissjóðs á sama tíma og haldið er uppi óbreyttu þjónustustigi á sviði velferðarmála. Ríkissjóður greiðir niður skuldir í stað þess að bæta við þær, eins og gert hefur verið á undanförnum árum. Stórlega er dregið úr erlendum lántökum opinberra aðila.

Meginatriði fjárlagafrv. fyrir árið 1989 er að með því er gerð tilraun til að snúa við blaðinu frá þeim hallarekstri sem einkennt hefur ríkissjóð á síðustu árum. Ætlunin er að snúa um 3 milljarða kr. halla á árinu 1988 í rúmlega 1 milljarðs kr. afgang á árinu 1989. Þessi umbreyting svarar til um 1,5% af landsframleiðslu og það er rétt að árétta hér að það verður vissulega erfitt verkefni að tryggja framkvæmd þessa markmiðs. Tekjuafgangur ríkissjóðs er áætlaður 1 milljarður 184 millj. kr. en það samsvarar 1,6% af ríkisútgjöldum og 0,5% af landsframleiðslu. Til að þetta sé mögulegt er nauðsynlegt að stöðva nær alveg vöxt ríkisútgjalda og afla ríkissjóði nýrra tekna, eins og ég mun nánar fjalla um hér á eftir. Ríkisútgjöldin hækka aðeins um 0,3% af landsframleiðslu milli áranna 1988 og 1989, eða úr 27,4% í 27,7%. Ef ekki hefði komið til framleiðslusamdráttur á næsta ári hefði hlutfallið í raun lækkað um 0,1%, þ.e. ríkisútgjöld lækka að raungildi mælt á mælikvarða verðlags landsframleiðslu en aukast hins vegar lítillega ef miðað er við áætlaða verðlagsþróun einstakra þátta ríkisútgjalda. Tekjur ríkissjóðs aukast umn 1,25% að raungildi frá fjárlögum 1988 eða um tæplega 1 milljarð kr., en aukningin er auðvitað þó nokkru meiri út frá áætlaðri útkomu ríkissjóðs á þessu ári. Skýringin felst í þeim tekjubresti sem orðið hefur á árinu og mun að öllum líkindum halda áfram á þeim mánuðum sem eftir eru. Á þessu stigi er áætlað að heildartekjur ríkissjóðs muni verða um 28,1% af landsframleiðslu á næsta ári.

Í frv. er verulega dregið úr fjárfestingu og lántökum hins opinbera á næsta ári. Opinber fjárfesting í heild lækkar að raungildi um 3%, en þá er þess að gæta að töluverð aukning verður í fjárfestingu í rafvirkjunum og fjárfesting sveitarfélaga er einnig talin með hér. Fjárfestingar ríkissjóðs sjálfs dragast hins vegar mun meira saman eða um 7% að raungildi. Fjárfesting B-hluta fyrirtækja mun líklega dragast enn meira saman þar sem hún er nær óbreytt í krónutölu frá fjárlögum fyrir 1988 og felur það því í sér rúmlega 10% samdrátt að raungildi.

Samkvæmt þessu frv. mun ríkissjóður engin erlend lán taka á næsta ári. Þvert á móti mun hann greiða niður erlend lán sem nemur 1,5 milljörðum kr. Í heild mun ríkissjóður greiða niður skuldir sem nema 1,9 milljörðum kr. Til samanburðar má nefna að á þessu ári er áætlað að 3,5 milljarðar kr. bætist við skuldir ríkissjóðs og að viðbótin hafi verið 2,6 milljarðar 1986 og 5,5 milljarðar 1987, sem þó voru ár góðærisins. Hefði önnur stefna ríkt á þessum góðærisárum stæðum við ekki í þeim sporum sem við stöndum nú. Erlendar lántökur opinberra aðila og opinberra lánasjóða minnka verulega eða úr 8,9 milljörðum í ár í 5,9 milljarða á næsta ári. Hér er um að ræða 40% lækkun í erlendri mynt.

Virðulegi forseti. Fjárlagafrv. fyrir 1989 einkennist af því að gerð er tilraun til að stöðva útgjaldaþenslu ríkisins án þess þó að skerða margvíslega þjónustu á sviði velferðarmála, menningarstarfsemi, félagsmála og umhverfisverndar. Ýmis framlög til framkvæmda eru skorin niður og rekstri í ríkisstofnunum og fyrirtækjum er veitt meira aðhald. Aukin tekjuöflun ríkissjóðs miðast við að þeir sem hafa mestar tekjur og eignir og hafa ráðstafað mestu í lúxuseyðslu og fjárfestingu á undanförnum árum beri stærstan hluta aukinnar skattbyrðar. Hins vegar mun skattbyrði fólks með lægri tekjur og skattbyrði barnmargra fjölskyldna ekki hækka. Tekjuöflunin á einnig að halda aftur af innflutningi og fjárfestingu. Fjárlagafrv. fyrir árið 1989 byggir þannig á því að fulls félagslegs réttlætis sé gætt, þótt nú þurfi um hríð að leggja auknar byrðar á landsmenn.

Gjöld ríkissjóðs í frv. til fjárlaga fyrir 1989 eru alls 76,1 milljarður kr. Gjaldaáætlun þess er eins og tekjuáætlunin miðuð við meðalverðlag ársins 1989. Eins og að framan greinir er í öllum meginatriðum gengið út frá sömu forsendum og gert er í þjóðhagsáætlun. Þess ber að gæta að þó hækkun einstakra útgjaldategunda, svo sem launa og verðlags, sé mismunandi á milli ára, eins og að framan greinir, er ekki gert ráð fyrir mismunandi breytingum á þessum stærðum á árinu 1989.

Áætlað er að útgjöld A-hluta ríkissjóðs verði 76,1 milljarður kr. Af ríkisútgjöldunum er almennur rekstur ríkisstofnana um 29,9 milljarðar kr. Auk þeirra má telja sjúkratryggingar að mestu til samneyslu og eru þessir liðir samtals um 35,7 milljarðar samkvæmt áætluninni og munu hækka um 8,6% á milli ára. Er samneyslan því nær óbreytt að raungildi og er hún tæplega 47% ríkisútgjaldanna.

Neyslu- og rekstrartilfærslur aðrar en sjúkratryggingar eru 22,9 milljarðar kr. Hækkunin frá fyrra ári er um 10,4%. Þessar tilfærslur eru um 30% útgjaldanna. Stærsti liðurinn er lífeyristryggingar, um 10,8 milljarðar. Aðrir stórir liðir eru niðurgreiðslur á vöruverði og útflutningsbætur, samtals um 5,1 milljarður, framlag til Lánasjóðs ísl. námsmanna, um 1,6 milljarðar, og endurgreiðslur á söluskatti og jöfnunargjaldi í sjávarútvegi og iðnaði, um 1,2 milljarðar.

Vaxtagreiðslur eru nú áætlaðar 7,35 milljarðar eða um 13,1% hærri en þær verða á yfirstandandi ári. Frá fjárlögum 1988 er hækkunin hins vegar um 53%. Vaxtagreiðslur verða þannig nær 9,7% ríkisútgjaldanna á næsta ári samanborið við 9,4% á þessu ári. Þessar auknu vaxtagreiðslur stafa fyrst og fremst af þrennu: Í fyrsta lagi af gengisbreytingu sem hækkar vaxtagreiðslur á erlendum lánum. Í öðru lagi af aukinni innlausn spariskírteina ríkissjóðs. Og í þriðja lagi af viðbótarlántöku sem nauðsynleg er til þess að jafna yfirdráttarskuld ríkissjóðs við Seðlabankann vegna halla á þessu ári.

Framlög til fjárfestingar og fjármagnstilfærslur til sveitarfélaga og fjárfestingarsjóða eru áætluð um 8,7 milljarðar kr. og hækka um 10,2% frá þessu ári. Hækkunin er um 800 millj. kr. Nýr liður í frv. er 500 millj. kr. framlag ríkissjóðs til Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina. Auk þess eru hér talin 400 millj. kr. aukin útgjöld Vegagerðar ríkisins. Að þessum liðum frátöldum er framlag til fjárfestingar því nær óbreytt að krónutölu sem þýðir í reynd 10% samdráttur.

Útgjöld A-hluta fjárlaga munu samkvæmt frv. hækka úr 27,4% í 27,7% af landsframleiðslu eða um 0,3%, eins og að framan greinir. Hækkunin á raungildi útgjalda er lítil eða um 0,8%. Sú hækkun er einkum fólgin í hækkun vaxta, hækkun tilfærsluliða eins og lífeyristrygginga og tilkomu nýrra liða eins og framlagi til Atvinnutryggingarsjóðs. Aðrir liðir, svo sem hin eiginlega samneysla og fjárfesting á vegum ríkisins, dragast hins vegar saman að raungildi á milli ára.

Slíku marki, sem nauðsynlegt var talið með tilliti til stöðu efnahagsmála, varð ekki náð án ákvarðana um aðhald, bæði á sviði rekstrar og framkvæmda. Ber þá einnig að hafa í huga að samneyslan hefur síðustu árin vaxið minna en aðrir þættir þjóðarútgjalda þrátt fyrir sívaxandi kröfur um aukna þjónustu á ýmsum sviðum.

Þessari lækkun útgjalda er náð með ýmsum hætti. Dregið er úr framlögum til framkvæmda. Lækkun á þeim lið næst með því að nýjum byggingaráformum er slegið á frest og verkum í framkvæmd er dreift á lengri tíma en áður er fyrirhugað. Tekjum af Happdrætti Háskóla Íslands er ætlað að standa undir öllum framkvæmdum þeirra stofnana sem lögin kveða á um. Framlög til framkvæmda á vegum sveitarfélaga eða sérstakra framkvæmdasjóða eru lítt breytt að krónutölu frá yfirstandandi ári og því lægri að raungildi. Sama viðmiðun var höfð varðandi framlög til endurgreiðslu á söluskatti í sjávarútvegi og jöfnunargjaldi í iðnaði.

Starfsmannahald ríkisins hefur farið vaxandi ár frá ári um langt skeið. Auk eðlilegra breytinga vegna nýrra viðfangsefna og aukinnar þjónustu er þessi vöxtur einnig tilkominn vegna skorts á aðhaldi og endurmati á verkefnum stofnana og hvernig þeim er sinnt. Hverri stofnun er nauðsyn á að endurmeta starfsemi sína af og til og laga það sem úrskeiðis kann að hafa gengið og hagræða því sem betur má fara. Í ljósi þessarar þróunar hefur verið ákveðið að frá og með næsta ári verði stefnt að því að draga úr vinnuaflsnotkun ríkisins með markvissum aðgerðum á næstu árum. Fyrir árið 1989 er miðað við að þessi samdráttur geti orðið um 2,5%. Með tilliti til þeirrar fjölgunar sem orðið hefur á síðustu árum er hér ekki um stórfelldan samdrátt að ræða. Ætlunin er að veita þróun í þessum efnum nauðsynlegt aðhald og stuðla að því að bætt skipulag og aukin tækni leiði til framleiðniaukningar sem komi veittri þjónustu til góða og dragi úr kostnaði. Með núverandi launabókhaldi ríkisins eru öll tök á að fylgjast mjög nákvæmlega með framvindu vinnuaflsnotkunar í hverri einstakri stofnun og einstöku ráðuneyti. Á næstunni verða skipulagðar vinnuaðferðir og verklagsreglur í samvinnu við fagráðuneytin í þeim tilgangi að tryggt verði að þau markmið sem fjárlagafrv. setur megi nást. Einnig eru miklar vonir bundnar við samvinnu fjmrn., fjvn. og Ríkisendurskoðunar á þessu sviði.

Á vegum ríkisins starfa nokkrar þjónustustofnanir sem gert er ráð fyrir að afli tekna fyrir kostnaði með sölu á þjónustu sinni. Hingað til hefur ekki verið tekið tillit til alls kostnaðar. Stærsti liður þess sem litið hefur verið fram hjá er án efa þær skuldbindingar sem lenda á ríkissjóði vegna lífeyrismála. Vegna verðtryggingar sem ríkissjóður ábyrgist hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins má reikna með að raunverulegur launakostnaður sé a.m.k. 15% hærri en sá kostnaður sem bókfærður hefur verið hjá einstökum stofnunum ár hvert. Enn fremur starfa sumar af þessum stofnunum í húsnæði sem lagt er til án endurgjalds og án leigugreiðslna. Fleiri kostnaðarþætti mætti tína til. Með hliðsjón af þessum atriðum er í fjárlagafrv. nú farið út á þá braut að þessar stofnanir afli sér tekna sem eru hærri en bókfærður kostnaður sem nemur 20% af launum. Tekur þetta til nokkurra stofnana í þessu frv. og stefnt er að því að framvegis nái það til fleiri stofnana.

Í frv. er gert ráð fyrir að starfsemi ýmissa stofnana og einstök verkefni á vegum annarra verði tekin til sérstakrar athugunar með tilliti til hagræðingar. Kemur til álita að leggja einhverja starfsemi niður og hagræða annarri, m.a. með því að fela öðrum aðilum en nú er framkvæmdina. Sem dæmi um þetta má nefna skipaútgerð á vegum Landhelgisgæslu og vitaþjónustu á vegum Vitastofnunar. Enn fremur Skipaútgerð ríkisins, löggæslu og tollgæslu á Keflavíkurflugvelli og starfsemi Sölu varnarliðseigna. Í öllum þessum tilvikum og einnig fleiri er ætlað að ná megi verulegum sparnaði án þess að lögð sé niður nauðsynleg þjónusta og er þá miðað við að staðið sé við þær skuldbindingar sem á viðkomandi starfsemi hvíla.

Á síðasta Alþingi voru samþykkt ný lög um framhaldsskóla. Samkvæmt þeim lögum skyldi rekstrarkostnaður framhaldsskóla falla að fullu á ríkissjóð frá næstkomandi áramótum. Breyting þessi var gerð án þess að gera ráðstafanir í öðrum fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga

þrátt fyrir að hér sé um að ræða eitt þeirra atriða sem lengi hefur verið fjallað um á þeim vettvangi og vænta má að brátt verði þar til lykta leitt. Af þessum sökum m.a. hefur verið ákveðið að fjármálakafli laga um framhaldsskóla komi ekki til framkvæmda á næsta ári.

Af einstökum aðgerðum til lækkunar á útgjöldum skal hér að lokum minnst á fyrirhugaðan sparnað í heilbrigðiskerfinu. Í frv. er gert ráð fyrir að lyfjakostnaður verði lækkaður verulega með breyttum reglum um lyfjanotkun, lyfjasölu og verðákvörðun á lyfjum. Enn fremur er gert ráð fyrir að lækka megi kostnað vegna þjónustu sérfræðilækna, annars vegar með því að taka upp að nýju svokallað tilvísunarkerfi og hins vegar með breyttum samningsákvæðum og bættu skipulagi. Þá er gert ráð fyrir að kostnað við rannsóknarstofur megi lækka verulega með því að rekstur þeirra sé í meira mæli á vegum sjúkrahúsa en verið hefur.

Þær áformuðu aðgerðir sem lýst hefur verið hér að framan leiddu til þess að útgjaldaáætlanir stofnana og ráðuneyta voru lækkaðar um nálega 1700 millj. kr. frá því sem álitið var að stefndi í án sérstakra takmarkandi ráðstafana. Framkvæmd þessara ráðstafana er veigamikil forsenda þess að fjárlagafrv. þetta nái tilætluðum árangri í efnahagslegu hlutverki næsta árs og mun fjmrn. í samvinnu við hlutaðeigandi fagráðuneyti og í samvinnu við fjvn. og Alþingi leggja allt kapp á að svo megi verða.

Heildartekjur ríkissjóðs á næsta ári eru samkvæmt fjárlagafrv. áætlaðar rúmlega 77,3 milljarðar kr. eða tæplega 1200 millj. kr. meiri en áætluð heildarútgjöld ríkissjóðs. Þótt tekist hafi að halda útgjaldaþenslu í skefjum næst markmið ríkisstjórnarinnar um verulegan tekjuafgang á næsta ári ekki nema með því að grípa til aukinnar tekjuöflunar. Jafnframt er ljóst að vegna samdráttar í veltu innan lands munu nokkrir stórir tekjustofnar ekki skila jafnmiklu í ríkissjóð á næsta ári og í ár. Þetta tvennt kallar óhjákvæmilega á ýmsar breytingar og er í fjárlagafrv. gert ráð fyrir verulegri uppstokkun á tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs á næsta ári.

Hér skulum við aðeins staldra við. Það er auðvitað ljóst að skattahækkanir eru aldrei vinsælar. Jafnframt eru menn misjafnlega aflögufærir. Þess vegna er rétt að það komi mjög skýrt fram að í þessu fjárlagafrv. er lögð áhersla á að þeir aðilar, sem eiga miklar eignir og eru með háar tekjur, beri meiri hluta aukinnar skattheimtu. Auk þess er með þessum breytingum hamlað gegn innflutningi og fjárfestingu.

Ég á von á því að í umræðum hér í dag, eins og í umræðum undanfarna daga, m.a. um stefnuræðu forsrh., muni ýmsir hv. alþm. gagnrýna þessa tekjuöflun og þær skattahækkanir sem í henni felast. Ég vil í þessu sambandi hins vegar vekja athygli á því að Ísland er í langneðsta flokki landa í Vestur-Evrópu og á Vesturlöndum hvað snertir skatta sem hluta af landsframleiðslu. Árið 1985 var þetta hlutfall í Svíþjóð 50,5%, í Hollandi 45%, í Vestur-Þýskalandi 37,8%, í Noregi 47,8%. Fleiri tölur frá fleiri löndum mætti nefna þessu til staðfestingar. Hlutfallið á Íslandi, hlutfall skatta af landsframleiðslu á árinu 1985, var hins vegar aðeins 31,4% eða u.þ.b. 10–15% lægra en í velflestum þeim löndum sem ég gat um hér áðan. Það eru aðeins lönd eins og Portúgal, Spánn og Tyrkland í Vestur-Evrópu sem eru með lægra hlutfall skatta af landsframleiðslu heldur en Ísland. Þessar tölur endurspegla auðvitað þá staðreynd að það hefði verið nauðsynlegt í góðæri undanfarinna ára að hækka þetta hlutfall sem mikilvæga aðgerð í hagstjórninni og koma þannig að stórum hluta í veg fyrir þá erfiðleika sem við stöndum frammi fyrir í dag.

Helstu breytingar á tekjuhlið fjárlagafrv. eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi. Hækkun á ýmsum óbeinum sköttum, svo sem vörugjaldi, bensíngjaldi og innflutningsgjaldi af bílum. Auk þess að styrkja fjárhag ríkissjóðs draga þessar aðgerðir úr innflutningi og þar með úr viðskiptahalla.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir hækkun eignarskatta. Þyngst vegur þar hærra skattþrep fyrir þá einstaklinga sem eiga skuldlausa eign yfir ákveðnum mörkum, t.d. yfir 12 millj. kr. hjá hjónum. Auk þess komi almenn hækkun á eignarskatti einstaklinga og fyrirtækja, úr 0,95% í 1%.

Í þriðja lagi er stefnt að margvíslegum breytingum á tekjusköttum fyrirtækja. Gert er ráð fyrir að herða ákvæði skattalaga þess efnis að tekjur í formi hlunninda, hvort sem það eru bílaafnot, úttektir á reikning fyrirtækis eða lánafyrirgreiðsla, komi til skattlagningar. Jafnframt verða heimildir fyrirtækja til þess að leggja hluta af hagnaði sínum inn á sérreikninga skertar. Loks verða afskriftareglur fyrirtækja endurskoðaðar.

Í fjórða lagi er stefnt að breytingum á tekjusköttum einstaklinga. Fyrirhugað er að hækka skatthlutfallið en jafnframt hækka persónuafslátt þannig að skattbyrði lægri tekna breytist lítið sem ekkert. Þá hækki barnabætur sérstaklega. Einnig er til athugunar að taka upp sérstakt skattþrep á háar tekjur, en fjölmargir, bæði utan þings og innan, og minni ég þar m.a. á nýlega samþykkt þings BSRB, hafa óskað eftir því að athugun sé gerð á kostum þess og göllum að taka upp sérstakt hátekjuþrep. Ég hef þess vegna talið mér skylt að láta framkvæma þá vinnu í fjmrn. og mun kynna hana hv. Alþingi innan tíðar. Enn fremur er gert ráð fyrir skrefi í þá átt að samræma skattlagningu tekna, hvort sem þær eru laun, raunvextir, arður eða söluhagnaður.

Í fimmta lagi er stefnt að frekari samræmingu í skattlagningu peningastofnana með því að gera veðdeildir og fjárfestingarlánasjóði tekjuskattsskyld með sama hætti og bankar eru nú. Einnig er gert ráð fyrir að orkufyrirtækin verði skattlögð með almennum hætti. Mörg þeirra hafa skilað og skila verulegum hagnaði sem byggður er á möguleikum þeirra til að nýta sameiginlegar auðlindir lands-

manna allra.

Í sjötta lagi er rétt að nefna áform ríkisstjórnarinnar um að leggja 12% söluskatt á happdrættismiða. Um þetta mál hafa orðið talsverðar umræður, en þær hafa að langmestu ef ekki öllu leyti verið byggðar á misskilningi sem nauðsynlegt er að leiðrétta. Upp á síðkastið hefur sala á skrapmiðum og hvers konar getraunaseðlum farið mjög vaxandi. Á næsta ári er talið að þjóðin muni eyða u.þ.b. 4 milljörðum kr. í kaup á happdrættismiðum. Þetta er fjórum sinnum hærri fjárhæð en fer í framkvæmdir við Blönduvirkjun á næsta ári og er hún þó stærsta framkvæmd Íslands á því ári.

Ætlunin er að sala á þessum happdrættismiðum öllum verði söluskattsskyld líkt og gildir um hvers konar sölustarfsemi. Það er hins vegar ekki verið að leggja sérstakan skatt á sjálf happdrættin, aðeins miðaverðið, og það er mjög ólíklegt að 12% söluskattur, sem er u.þ.b. 6 kr. á hvern 50 kr. skrapmiða, verði til að draga mikið úr miðasölunni. Að gera því skóna, eins og sumir hafa gert hér úr ræðustól með dramatískum tilþrifum, að þessi skattlagning sé aðför að íþróttafólki, fötluðum og gamalmennum er málflutningur sem er algjörlega út í hött. Þvert á móti er verið að afla tekna til að auðvelda fjármögnun svo að hægt sé að standa undir þeirri miklu kostnaðaraukningu ríkisins sem óhjákvæmilega verður vegna framkvæmda á vegum happdrættisaðilanna sjálfra. Það þarf væntanlega ekki að útskýra það fyrir hv. alþm. að það stoðar lítt að reisa hús ef ekki er hægt að fjármagna hlut ríkisins í þeirri starfsemi sem á að fara fram innan hinna nýju veggja.

Auðvitað gæti einnig komið til greina, í stað þess að leggja á slíkan lágan söluskatt, að happdrættisaðilarnir sjálfir tækju að sér að fjármagna stærri hlut í þessari starfsemi. Mér finnst hins vegar eðlilegra að fara þessa söluskattsleið. Hitt er ljóst að það verður ekki hægt að halda áfram lengi á þeirri braut að í gangi sé sjálfvirkt stórbyggingakerfi á vegum fjölmargra aðila, og nefni ég þar m.a. Háskóla Íslands þar sem ég þekki vel til, og síðan sé komið til ríkisins með sífellt stærri kröfur um fjárframlög til aukinnar starfsemi innan hinna nýju veggja.

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið er gert ráð fyrir að heildarútgjöld ríkissjóðs verði rúmlega 76 milljarðar kr. á næsta ári í stað um 69,5 milljarða á þessu ári. Hækkunin stafar nær eingöngu af verðbreytingum á milli ára. Þrátt fyrir viðbótarútgjöld í tengslum við efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar, sem m.a. fólust í auknum niðurgreiðslum á vöruverði til neytenda, sérstakri hækkun á lífeyrisgreiðslum og framlagi Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina, er gert ráð fyrir að útgjöld ríkisins verði lítt breytt að raungildi á næsta ári.

Tekjur ríkissjóðs munu hækka meira en gjöldin, enda er gert ráð fyrir, eins og ég hef áður greint, að snúa hartnær 3 milljarða kr. hallarekstri, og jafnvel stærri hallarekstri, á árinu 1988 í rúmlega 1 milljarðs kr. rekstrarafgang á árinu 1989.

Með hliðsjón af því að tekjur ríkissjóðs á þessu ári hafa orðið miklu minni en reiknað var með er ljóst að markmið ríkisstjórnarinnar um verulegan rekstrarafgang á næsta ári felur óhjákvæmilega í sér nokkra hækkun tekna að raungildi frá áætlaðri niðurstöðu fyrir árið 1988, eða sem nemur 3½–4%. Hins vegar er raunhækkun tekna frá fjárlögum 1988 ekki nema 1¼%. Mismunurinn liggur í tekjubresti ríkissjóðs á þessu ári.

Virðulegi forseti. Áætlað er að lánveitingar ríkissjóðs muni nema 1265 millj. kr. á næsta ári, en þar af renna 915 millj. kr. til Lánasjóðs ísl. námsmanna og 350 millj. kr. til flugstöðvar í Keflavík. Að teknu tilliti til hluta- og stofnfjárframlaga, sem eru áætluð 115 millj. kr., innheimtra afborgana veittra lána, sem nema 2590 millj. kr., útstreymis á viðskiptareikningum, sem er áætlað 500 millj. kr., og 1184 millj. kr. tekjuafgangs, mun ríkissjóður greiða niður skuldir sem nemur 1,9 milljörðum kr. á næsta ári. Þar af verða erlendar skuldir greiddar niður sem nemur 1525 millj. kr. og staðan við Seðlabanka og sjóður munu batna um 844 millj. kr. Innlendar lántökur umfram greiddar afborganir eru áætlaðar 475 millj. kr.

Heildarlántökuþörf ríkissjóðs á árinu 1989 er áætluð 4,7 milljarðar kr. og á að afla þess fjár að öllu leyti með sölu á spariskírteinum ríkissjóðs. Afborganir af teknum lánum ríkissjóðs eru áætlaðar 6,6 milljarðar kr. Á árinu 1989 er því ráðgert að greiða niður skuldir A-hluta ríkissjóðs um tæpa 2 milljarða kr. eins og áður sagði.

Heildargreiðslur ríkissjóðs af teknum lánum á árinu 1989 eru 13,9 milljarðar kr. eða um 18% af heildartekjum. Þar af eru vextir um 10%. Á móti nema innborganir af veittum lánum ríkissjóðs alls 5,4 milljörðum. Hrein greiðslubyrði ríkissjóðs vegna afborgana og vaxta á lánareikningum nemur því 8,5 milljörðum eða um 11% af heildartekjum á árinu 1989. Þetta hlutfall er áætlað um 9% á árinu 1988.

Eins og oft áður ríkir óvissa um væntanleg lánskjör, bæði á innlendum og erlendum lánsfjármörkuðum á næstu missirum. Innlend lán ríkissjóðs eru flest bundin föstum vöxtum. Um 35% af erlendum lánum ríkissjóðs eru með breytilegum vöxtum og eru þau að mestu í bandaríkjadölum. Meðalvextir erlendra lána á árinu 1988 eru taldir verða um 7,7% en munu hækka í 8% á árinu 1989. Breytilegir vextir á dollaralánum sem koma til greiðslu í ár eru áætlaðir að meðaltali um 7,5% og í áætlun næsta árs er miðað við að þessir vextir verði um 8,5%. Gróft áætlað leiðir einnar prósentu lækkun breytilegra vaxta á erlendum lánsfjármarkaði til um 140 millj. kr. lækkunar á vaxtagreiðslum ríkissjóðs út á við á heilu ári.

Gert er ráð fyrir að skuldir A-hluta ríkissjóðs til lengri tíma en eins árs nemi um 68 milljörðum kr. í árslok 1988 eða sem svarar til um 25% af vergri landsframleiðslu. Á móti kemur að útistandandi kröfur ríkissjóðs vegna veittra lána eru um 47 milljarðar þannig að hreinar skuldir ríkissjóðs eru

áætlaðar um 23 milljarðar kr. í árslok 1988.

Framlög úr ríkissjóði til fyrirtækja og sjóða í B-hluta hækka um rúmlega 600 millj. kr. eða tæplega 13% frá fjárlögum þessa árs og verða alls 5416 millj. kr. Hækkun framlaga felst í framlagi til Atvinnutryggingarsjóðs, 500 millj. kr., hækkun á framlagi til byggingarsjóðanna, 150 millj. kr., og hækkun á framlagi til Ríkisábyrgðasjóðs um 100 millj. kr. Skil í ríkissjóð frá tekjuöflunarfyrirtækjunum verða hins vegar 6239 millj. kr. samanborið við 4745 millj. kr. í fjárlögum þessa árs. Þarna er um að ræða rúmlega 31% aukningu og má rekja hana að mestu leyti til gildistöku nýrra áfengislaga í mars á næsta ári þegar heimilt verður að selja áfengt öl í verslunum ÁTVR. Skil Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins í ríkissjóð eru áætluð 5600 millj. kr. á næsta ári og þar af eru um 900 millj. kr. vegna bjórsölu. Stærsta einstaka framlagið er sem fyrr til Lánasjóðs ísl. námsmanna. Það verður um 1617 millj. kr. og heimiluð lántaka 915 millj. kr.

Framlög til byggingarsjóðanna verða 1800 millj. kr. og er áætlað að skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna aukist um 52% milli ára og nemi þau 9295 millj. kr. Ráðstöfunarfé til lífeyrissjóðanna eykst verulega, m.a. vegna iðgjalda af yfirvinnu. Kaup þeirra á skuldabréfum er áætlað að verði áþekk og á þessu ári hvað varðar hlutfall af ráðstöfunarfé. Af þessum sökum aukast veitt lán byggingarsjóðanna um 41% frá endurskoðaðri áætlun fyrir þetta ár og hækka því verulega að raungildi.

Framlag í Ríkisábyrgðasjóð er byggt á áætlunum um hve mikið af kröfunum muni falla á ríkissjóð vegna ríkisábyrgða en vænta má aukinna vanskila í því harðæri sem ríkt hefur á undanförnum mánuðum.

Framlag til Skipaútgerðar ríkisins lækkar úr 155 millj. kr. í 61 millj. kr. en mismunurinn er nú færður sem framlag í A-hluta til endurskipulagningar strandferða.

Önnur stór framlög til B-hluta fyrirtækja og sjóða eru lítið breytt milli ára en til þeirra má telja 171 millj. kr. til Þjóðleikhúss, 138 millj. kr. til Póst- og símamálastofnunar og 233 millj. kr. til Orkusjóðs.

Í uppsetningu B-hluta fjárlaganna er gert ráð fyrir að rekstur Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar standi undir sér, þar á meðal greiðsla vaxta og afborgana. Til þess að endar næðu saman varð þó að breyta rekstraráætlun flugstöðvarinnar verulega frá upphaflegri áætlun stofnunarinnar. Hún gerði ráð fyrir um 25 millj. kr. lántöku vegna rekstrar og um 6 millj. kr. vegna afborgunar á lánum. Þessar áætlanir fólu því í sér um 11% rekstrarhalla á Flugstöð Leifs Eiríkssonar á næsta ári. Jöfnuði var náð í frv. með því að lækka rekstrargjaldaáætlun stofnunarinnar um nær 20% og gera ráð fyrir að tekjur vaxti um nær 15% umfram verðlagsbreytingar. Hins vegar er ekki séð fyrir á þessu stigi hvernig þessar áætlanir fá staðist og mun því miður að öllum líkindum verða verulegur halli á rekstri flugstöðvarinnar á næsta ári.

Sölu varnarliðseigna er ætlað að skila 50 millj. kr. í ríkissjóð. Þessi upphæð er mikil hækkun frá því sem nú er. Fjárhæðin er hins vegar miðuð við þá lágmarksfjárhæð sem talist getur viðunandi miðað við eðlilega kostnaðarreikninga hjá þessu fyrirtæki. Náist hún ekki er óhjákvæmilegt að endurskipuleggja þessa starfsemi, ef hún á ekki að vera fjárhagsleg og rekstrarleg byrði á ríkissjóði, og sinna þeirri þjónustu sem stofnunin á að veita með öðrum hætti.

Í samræmi við þá útgjaldastefnu að draga úr ríkisframkvæmdum eru fjárfestingar í B-hluta fjárlaganna nær óbreyttar að krónutölu frá gildandi fjárlögum. Veigamestu fjárfestingarnar eru sem fyrr á vegum Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, Póst- og símamálastofnunar, Rafmagnsveitna ríkisins og Ríkisútvarpsins. Fjárfesting Ríkisútvarpsins er miðuð við 10 millj. kr. lægri upphæð en í gildandi fjárlögum eða 185 millj. kr. Fjárfesting Rafmagnsveitna ríkisins er lækkuð um 34 millj. kr. frá gildandi fjárlögum og verður 176 millj. kr. en mesti niðurskurðurinn felst hins vegar í fjárfestingum hjá Pósti og síma samkvæmt frv. Þar er gert ráð fyrir að verja 204 millj. kr. til fjárfestingar á næsta ári en fjárlög þessa árs heimiluðu 577 millj. kr. til fjárfestingar. Þessi mikla lækkun hefur skiljanlega valdið nokkurri umræðu og skal hún því skýrð nánar.

Áætlanir fyrirtækisins miðuðu við að verja rúmlega 900 millj. kr. til fjárfestingar á næsta ári eða sem samsvarar 80% af samanlagðri fjárfestingu annarra fyrirtækja í B-hluta fjárlaga. Þetta er há upphæð, ekki síst þegar beita þarf ströngu aðhaldi í ríkisrekstri og hemja útgjöld til fjárfestinga jafnt sem rekstrar. Í annan stað er rétt að rifja upp að fyrirtækið er skuldugt við ríkissjóð vegna launagreiðslna og var áætlað að skuldin yrði um 150 millj. kr. um áramót. Í þriðja lagi er stefnt að því að gjaldskrárhækkanir verði í lágmarki á næsta ári. Stjórnendur Pósts og síma hafa sagt í blaðaviðtölum að tekjur hafi verið vanáætlaðar. Reynist það rétt eru það góð tíðindi en hins vegar er alls ekki tímabært að breyta ákvörðunum um fjárfestingar fyrr en sést í reynd á næsta ári hvort þessi tekjuauki birtist á borðinu án gjaldskrárhækkana.

Hafa ber í huga þegar fjárfestingarupphæðir eru ákveðnar ár hvert að um er að ræða ákvörðunarstærðir miklu fremur en þegar gerð er rekstraráætlun. Þegar aðstæður krefjast aðhalds og samdráttar hlýtur fjárfesting óhjákvæmilega að verða fyrir valinu svo framarlega sem ekki er um að ræða brýnustu þörf á endurnýjun vegna slits og úreldingar tækja.

Virðulegi forseti. Heildarfjárfesting hér á landi er áætluð 47,5 milljarðar kr. á árinu 1989 sem er um 3,3% samdráttur að magni til frá í ár. Hlutfall heildarfjárfestingar er áætlað 17,2% af landsframleiðslu og hefur það ekki verið lægra á síðustu 40 árum.

Á árinu 1989 er talið að fjárfesting atvinnuveganna dragist saman um 4%. Gert er ráð fyrir samdrætti í öllum atvinnugreinum nema samgöngum en aukningin þar stafar af flugvélakaupum Flugleiða

hf. að fjárhæð um 2,9 milljarðar kr. sem eru um 6% af heildarfjárfestingunni. Mestur er samdrátturinn áætlaður í fiskiskipum eða 35%, en fjárfesting í þeim hefur verið með mesta móti á árunum 1986–1988.

Áætlað er að framkvæmdir við íbúðarhús verði svipaðar og í ár, en fjárfesting hins opinbera er talin dragast saman um rúmlega 3% á árinu 1989, en 4,5% aukning er talin að verði í ár. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir við rafvirkjanir og rafveitur aukist um 16%. Stafar það af auknum framkvæmdum Landsvirkjunar við Blönduvirkjun. Gert er ráð fyrir 8% samdrætti í samgöngumannvirkjum á næsta ári. Samdrátturinn stafar einkum af minni framkvæmdum Póst- og símamálastofnunar sem áður var vikið að. Gert er ráð fyrir að nýframkvæmdir í vegagerð aukist um 4%. Sú tala byggist þó á breyttri skiptingu vegafjár milli viðhalds og nýframkvæmda þar sem hér er reiknað með að nær öll tekjuhækkunin á milli ára fari í nýframkvæmdir en viðhald dragist saman. Breyting heildarframkvæmdanna er því mun minni. Áætlað er að framkvæmdir við byggingar hins opinbera dragist saman um 6%, en fjórðungs aukning framkvæmda er talið að verði á þessu ári.

Hlutdeild opinberra framkvæmda í heildarfjárfestingu landsmanna á árinu er áætluð um 29% eða hin sama og á yfirstandandi ári.

Áætlað er að heildarlántökur opinberra aðila, opinberra lánastofnana og atvinnufyrirtækja verði tæpir 30 milljarðar kr. samanborið við 21,5 milljarða í lánsfjárlögum yfirstandandi árs. Hækkunin stafar einkum af auknum kaupum lífeyrissjóða á skuldabréfum byggingarsjóðanna og nýjum lántökum Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina, Landsvirkjunar og Framkvæmdasjóðs Íslands. Ráðgert er að afla 15,6 milljarða kr. innan lands á árinu 1989 og 14,2 milljarða með erlendum lántökum, að langstærstum hluta vegna þarfa atvinnulífs og fyrirtækja.

Hlutdeild innlendrar fjármögnunar af heildarlántökum á lánsfjáráætlun er um 52% samanborið við 56% í lánsfjárlögum 1988. Það hlutfall verður í reynd verulega lægra eða um 42% þar sem erlendar lántökur árið 1988 fara allnokkuð fram úr forsendum lánsfjárlaga.

Áform um innlenda lánsfjáröflun á árinu 1989 eru 3,4 milljörðum kr. hærri en gert var ráð fyrir í lánsfjárlögum 1988 eða sem nemur 28%. Að teknu tilliti til verðbreytinga er aukningin á milli ára um 14%. Mest er hækkunin í umsömdum kaupum lífeyrissjóðanna á skuldabréfum frá byggingarsjóðunum eða um 52%. Samkvæmt áætlunum Seðlabankans verður ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna árið 1989 tæpir 17 milljarðar kr. samanborið við 12,7 milljarða á árinu 1988. Aukningin á milli ára skýrist einkum af vaxandi hlutdeild verðtryggingar í eignum sjóðanna, hækkandi raunvöxtum og breiðari iðgjaldastofni.

Á grundvelli samkomulags um kaup lífeyrissjóða á skuldabréfum Húsnæðisstofnunar ríkisins og fenginnar reynslu er reiknað með að lífeyrissjóðirnir verji um 55% af ráðstöfunarfé sínu, eða 9,3 milljörðum kr., til kaupa á skuldabréfum húsbyggingarsjóðanna á árinu 1989. Óráðstafaður hluti lífeyrissjóðafjár er því áætlaður um 7,6 milljarðar kr.

Óumsamin innlend lánsfjáröflun á árinu 1989 nemur 6,3 milljörðum kr. Er það örlítið hærri fjárhæð en í lánsfjárlögum 1988. Af þeirri fjárhæð er stærstur hlutinn áformuð sala á spariskírteinum ríkissjóðs eða 4,7 milljarðar. Sölu spariskírteina verður ávallt að skoða í samhengi við áætlaða innlausn eldri skírteina en mikið af því fé skilar sér aftur í nýjum bréfum. Innlausn eldri skírteina er áætluð 4,1 milljarður kr. á árinu 1989 og nemur hrein fjárþörf ríkissjóðs af sölu spariskírteina því einungis 600 millj. kr. samanborið við 1460 millj. kr. á árinu 1988.

Þessi mikla lækkun á hreinni fjárþörf ríkissjóðs af sölu spariskírteina endurspeglar mikla lækkun á heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs og á að stuðla að lækkun vaxta. Leitað verður áframhaldandi samninga við banka, sparisjóði og verðbréfasjóði um fyrirkomulag á sölu spariskírteina á árinu 1989.

Önnur óumsamin lánsfjáröflun á innlendum fjármagnsmarkaði á árinu 1989 nemur 1,5 milljörðum kr. samanborið við 3 milljarða kr. í lánsfjárlögum 1988. Ekki er sett fram nákvæm áætlun um hvaðan eigi að afla þessa fjármagns en benda má m.a. á verulega aukið og óbundið ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna.

Í lánsfjáráætlun 1988 voru erlendar lántökur til lengri tíma en eins árs áætlaðar um 9,3 milljarðar kr. á árinu 1988. Hins vegar stefnir í að innstreymi erlends lánsfjár verði mun meira en áformað var eða nærri því tvöfalt hærri upphæð, um 18 milljarðar kr. Að stærstum hluta skýrist munurinn af lántökum atvinnufyrirtækja með milligöngu viðskiptabanka og fjárfestingarlánasjóða sem urðu verulega meiri en áætlað var. Þá hefur meðalgengi gjaldmiðla breyst um 22% innan ársins en í lánsfjárætlun var gert ráð fyrir óbreyttu gengi.

Loks er áformuð lántaka ríkissjóðs að fjárhæð 3400 millj. kr. til að fjármagna greiðsluhalla á árinu 1988 og skammtímaskuldir við Seðlabanka Íslands frá fyrra ári. Afborganir af löngum lánum eru taldar verða 6,9 milljarðar kr. og hreint innstreymi erlends fjármagns verður því um 11,1 milljarður. Er það um 4,4% af áætlaðri landsframleiðslu 1988.

Þjóðhagsáætlun fyrir árið 1989 gerir ráð fyrir að halli á viðskiptum við útlönd verði 12,4 milljarðar kr. eða um 4,5% af áætlaðri landsframleiðslu 1989. Í ár er reiknað með að viðskiptahallinn verði 11,6 milljarðar eða um 4,6% af landsframleiðslu ársins. Erlendar lántökur á árinu 1989 eru áætlaðar 14,2 milljarðar kr. og afborganir af löngum lánum 7,9 milljarðar. Talið er að aðrar fjármagnshreyfingar verði jákvæðar um 3,3 milljarða þannig að innstreymi erlends fjár er áætlað 9,6 milljarðar kr. Því vantar um 2,8 milljarða kr. upp á fjármögnun viðskiptahallans á árinu 1989 og versnar því gjaldeyrisstaðan sem því nemur. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að útlit er fyrir að gjaldeyrisstaðan

batni um 2 milljarða kr. á árinu 1988 vegna mikilla erlendra lántaka og því borð fyrir báru hvaða hana varðar.

Erlendar skuldir Íslendinga til langs tíma eru taldar aukast um 12% á árinu 1988. Á sama tíma dregst landsframleiðslan saman um 1%. Þrátt fyrir þetta hækkar hlutfall langra erlendra lána af landsframleiðslu aðeins um 1,5% eða úr 40,6% 1987 í 42,1% á árinu 1988. Lítil hækkun hlutfallsins á milli ára skýrist af hækkandi raungengi íslensku krónunnar á yfirstandandi ári. Forsendur lánsfjáráætlunar 1989 gera ráð fyrir 7% hækkun á meðalgengi erlendra gjaldmiðla og 5,3% aukningu erlendra lána. Skuldahlutfallið í árslok 1989 er áætlað 44% af vergri landsframleiðslu ársins. Er þar tekið tillit til 1,6% samdráttar í vergri landsframleiðslu næsta árs, en á móti vegur nokkur hækkun raungildis íslensku krónunnar.

Hreinar skuldir þjóðarbúsins eru taldar verða um 43,1% af vergri landsframleiðslu í árslok 1988. Forsendur áætlunarinnar fyrir árið 1989 gera ráð fyrir að þetta hlutfall hækki verulega á árinu 1989 og nemi 47,7% af vergri landsframleiðslu. Er það mun óhagstæðari þvóun en hlutfall langra erlendra lána sýndi hér að framan. Frávikið skýrist af því að löngu lánin sýna aðeins hluta af fjármögnun viðskiptahallans. Hrein staða þjóðarbúsins tekur til allra þátta til að mæta viðskiptahallanum, þ.e. langra lána, skammtímalántöku og rýrnandi gjaldeyrisstöðu.

Áætlað er að greiðslubyrði erlendra lána verði um 16,5% útflutningstekna á árinu 1988 og aukist í 18% á árinu 1989. Greiðslubyrði erlendra lána var hæst á árinu 1984, 24,3%, en hefur lækkað síðan bæði vegna aukins útflutnings og vaxtalækkunar á erlendum lánamörkuðum. Meðalvextir erlendra lána eru áætlaðir um 7,7% á árinu 1988 og 8% á árinu 1989. Vaxtabyrði erlendra lána er áætluð um 8,6% af útflutningstekjum á árinu 1988 en um 9,7% á árinu 1989.

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið í máli mínu ber fjárlagafrv. fyrir árið 1989 það með sér að gerð er alvarleg tilraun til að snúa við á þeirri braut skuldasöfnunar og hallareksturs sem ríkisfjármálin hafa verið á undanfarin ár. Útgjaldahlið frv. felur í sér viðleitni til þess að stöðva útgjaldaþenslu ríkisins án þess þó að skerða margvíslega þjónustu á sviði velferðarmála, menningarstarfsemi, félagsmála og umhverfisverndar. Hin óhjákvæmilega aukna tekjuöflun er byggð á því að þeir sem mestar hafa tekjur og eignir beri stærstan hlut þeirra byrða sem óhjákvæmilegt er að leggja á þjóðina á þeim erfiðleikatímum sem fram undan eru.

Það er mikilvægt fyrir íslensku þjóðina að sú meginstefna sem felst í þessu fjárlagafrv. nái fram að ganga. Frv. sjálft er hins vegar eingöngu upphafið á langri leið. Alþingi og þá sérstaklega fjvn. gegna mikilvægu hlutverki við að þróa áfram þá grundvallarstefnu sem hér hefur verið gerð grein fyrir og tryggja framkvæmd hennar á næsta ári. Ég vil nota þetta tækifæri til að lýsa eindregnum og einlægum vilja mínum til náins samstarfs við þingheim allan og fjvn. sérstaklega til að tryggja að við náum öll sameiginlegum árangri á þessu sviði.

Á vettvangi atvinnulífsins er óhjákvæmilegt að fjöldi fyrirtækja þurfi á næstunni að taka erfiðar ákvarðanir. Heimilin í landinu munu einnig þurfa að laga sig að breyttum skilyrðum og sú aðlögun kann ýmsum að verða sársaukafull. Það er þess vegna mjög brýnt að Alþingi allt og ríkisstjórn sýni í reynd gott fordæmi. Verk okkar þurfa að endurspegla að við skjótum okkur ekki undan erfiðum ákvörðunum. Við verðum öll, Alþingi og þjóðin í heild, að horfa af fullri ábyrgð framan í þau vandamál sem við er að stríða í efnahagslífinu og í fjármálum ríkisins.

Á næstunni er brýnt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að geta fylgst með frá einum mánuði til annars hver framvindan verður í framkvæmd þess fjárlagafrv. sem samþykkt verður hér á Alþingi. Í þeim efnum ítreka ég óskir mínar um gott og náið samstarf við fjvn., Ríkisendurskoðun og Alþingi allt.

Virðulegi forseti. Íslensk þjóð stendur nú á tímamótum. Berum við gæfu til að snúa við óheillaþróun undanfarinna ára? Höfum við áræði og kraft til að takast á við erfið verkefni og hrinda í framkvæmd óþægilegum og sársaukafullum ákvörðunum?

Fjárlagafrv. fyrir árið 1989 felur í sér tilraun til að svara þeim spurningum. Í því felst alvarleg viðleitni til þess að tryggja íslenskri þjóð á næstu árum betri lífskjör og traustari efnahag.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjvn.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. hefur nú mælt fyrir frv. til fjárlaga fyrir árið 1989. Öllum sem á hlýddu er það ljóst að í ræðu hæstv. ráðherra var ekki að finna eitt einasta orð sem boðaði stefnu í efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar eftir að verðstöðvunartímabilinu lýkur í febrúarlok á næsta ári.

Í fjárlagafrv. er þetta stefnuleysi hæstv. ríkisstjórnar augljóst. Svokölluð stefnuræða hæstv. forsrh. og fjárlagaræðan, sem hér var verið að enda við að flytja, hafa þar engu um breytt. Við þessar aðstæður er ekki mögulegt að fjárlagafrv. geti orðið trúverðugt. Margorð ræða hæstv. fjmrh. haggar ekki þeirri staðreynd.

Það sem við blasir er m.a. þetta:

1. Fjárlagafrv. afhjúpar stefnuleysi hæstv. ríkisstjórnar í efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar.

2. Forsendur frv. í verðlags-, launa- og gengismálum eru af þessum sökum gjörsamlega í lausu lofti. Niðurstöður á rekstraryfirliti A-hluta ríkissjóðs eru undir sömu sök seldar.

3. Frv. boðar stórauknar skattaálögur á þjóðina eða sem svarar 3,5–4 milljörðum kr. að raungildi. Skattar til ríkisins eiga samkvæmt þessu að hækka frá fjárlögum þessa árs úr 26,2% í 28,1% af vergri landsframleiðslu.

4. Ríkisstjórnarflokkarnir eru þegar berir að óheilindum hver í annars garð varðandi hinar nýju skattaálögur.

5. Þrátt fyrir niðurskurð á fé til opinberra framkvæmda og þýðingarmikilla sjóða og tilfærslum til atvinnuvega vaxa útgjöld ríkisins að raungildi um 0,8%.

6. Umfang ríkiskerfisins og kostnaður við ríkisreksturinn vex stórum og meira en sem nemur öllum niðurskurðinum á sama tíma sem samdráttar gætir í efnahagskerfinu og þrengt verður að öllum almenningi. T.d. boðar ríkisstjórnin 7% lækkun kaupmáttar launatekna.

7. Frv. boðar að þrengt verði að atvinnuvegunum með minnkandi framlögum hins opinbera, með vaxandi skattaálögum og með stórhækkuðum þjónustugjöldum stofnana á vegum ríkisins.

Virðulegi forseti. Ég mun nú leitast við að fara fáeinum orðum um nokkur þeirra atriða sem hér að framan hafa verið talin upp.

Þegar núv. hæstv. ríkisstjórn var mynduð undir lok septembermánaðar greip hún til nokkurra bráðabirgðaráðstafana. Þessar bráðabirgðaráðstafanir voru sumpart fólgnar í því að framlengja tímabundna verðstöðvun og frystingu launa sem ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar hafði ákveðið en að hinu leytinu að efna til stórfelldra millifærslna í þjóðfélaginu sem hæstv. forsrh. hefur sjálfur lýst á þann hátt að verið væri að fara áratugi aftur í tímann. Tekin verða erlend lán til þess að standa straum af hluta af þessari millifærslu. Í fyrsta lagi 800 millj. kr. til frystideildar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins og í öðru lagi 1 milljarður kr. til hins nýja Atvinnutryggingarsjóðs.

Ljóst er að þessar erlendu lántökur þrengja þegar svigrúmið í ríkisbúskapnum til þess að taka lán til annarra hluta, auk þess sem með þeim er verið að auka á erlenda skuldasöfnun, greiðslubyrði af erlendum lánum og viðskiptahalla. Þrátt fyrir að hæstv. fjmrh. segi að ríkissjóður muni ekki taka erlend lán á næsta ári gefur hann sjálfur í skyn að viðskiptahalli kunni að fara vaxandi og að erlend skuldasöfnun vaxi að sama skapi. Því er einnig spáð í fylgigögunm með þessu frv. að greiðslubyrði þjóðarbúsins af erlendum lánum vaxi á næsta ári úr 17% í tæp 19% af útflutningstekjum.

Á sama tíma sem alvarlega horfir í atvinnumálum landsmanna er gripið til þess að taka ráðstöfunarfé Atvinnuleysistryggingasjóðs yfir í hinn nýja Atvinnutryggingarsjóð og með því verið að lama Atvinnuleysistryggingasjóð og gera honum ókleift að sinna sínu hlutverki ef til atvinnuleysis kynni að koma þegar líður á vetur. Fróðlegt væri að heyra það hér í þessari umræðu hvar Atvinnuleysistryggingasjóður á að fá fé til þess að sinna sínu hlutverki ef til slíks ástands kemur. Engin svör hafa enn þá fengist við því hvar á að taka peninga til þess að útvega sjóðnum ef á þyrfti að halda. Eðlilegt væri að verkafólk spyrði: Er þetta umhyggja hæstv. ríkisstjórnar og hæstv. fjmrh. Alþb. fyrir hagsmunum verkafólks?

Hér er sannarlega djarft spilað en verst er þó að allir virðast sammála um að þessar aðgerðir dugi hvergi og séu raunar gagnslausar til þess að rétta við stöðu atvinnulífsins í landinu. Hvarvetna eru fregnir um alvarlegan hallarekstur og yfirvofandi gjaldþrot þrátt fyrir þær bráðabirgðaaðgerðir sem ríkisstjórnin hefur gripið til. Ekkert hefur komið fram hjá hæstv. ríkisstjórn um það hvað eigi að taka við þegar verðstöðvunartímabilinu lýkur í lok febrúar. Stefnuleysið virðist algjört. Flestum mun þó vera ljóst að staða atvinnuveganna er þannig að svo lengi má ekki bíða með að koma þeim á réttan kjöl.

Við þessar aðstæður, við þetta stefnuleysi í atvinnnu- og efnahagsmálum er auðvitað ekki mögulegt að leggja fram fjárlagafrv. sem byggir á traustum grunni. Forsendur frv. eru því algerlega í lausu lofti eins og áður sagði. Það er ekki að ófyrirsynju að í athugasemdum með fjárlagafrv. er sagt „að óvissa um forsendur sé með mesta móti". Frv. byggir á því að verðlag hækki frá meðalverði ársins 1988 til meðalverðs 1989 um 12%. Flestir munu sjá að þessi hækkun mun nú að mestu leyti komin fram.

Hér er að engu leyti gerð tilraun til að gera grein fyrir því eða skýra hvað muni gerast í lok bráðabirgðaráðstafana ríkisstjórnarinnar í febrúarmánuði nk. Hæstv. ríkisstjórn ákvað að greiða niður hækkun búvöruverðs sem tók gildi í haust rétt eftir að ríkisstjórnin kom til valda. Í fjárlagafrv. er fé ætlað fyrir þessari niðurgreiðslu til 1. apríl nk. Engin grein er gerð fyrir því hvernig þá verði haldið á málum og ekki er annað sýnilegt en að þá verði þessari hækkun búvöruverðsins velt út í verðlagið. Gert er ráð fyrir að laun hækki á milli ára 1988 og 1989 um 8% og er meiri hlutinn af þeirri launahækkun þegar kominn fram. Þá er gert ráð fyrir að gengi verði óbreytt á næsta ári. Allar eru þessar forsendur frv. vitaskuld óraunsæjar. Breytist þær að marki hafa þær veruleg áhrif á útgjöld fjárlaganna þannig að helsta skrautfjöður hæstv. fjmrh., tekjuafgangurinn, er líka í lausu lofti.

Hæstv. ráðherra taldi að í fjárlagadæminu væri innbyggt samhengi á milli tekna og gjalda þannig að niðurstöður mundu ekki haggast að ráði þó að forsendur frv. brygðust. Ef hæstv. fjmrh. verður fram eftir næsta ári í sínu ráðuneyti mun hann komast að raun um að þetta er ekki rétt nema að litlu leyti.

Á tekjuhlið fjárlagafrv. er gert ráð fyrir nýjum skattaálögum sem, eins og áður sagði, nema að raungildi um 3,5–4 milljörðum kr. eða 50–60 þús. kr. á hverja fjögurra manna fjölskyldu í landinu. Nú hefur hæstv. fjmrh. látið það mjög í veðri vaka að þessar nýju skattaálögur eigi að leggjast nær eingöngu á stóreignamenn og hátekjumenn, svo sem eins og fólkið í Arnarnesinu og aðra slíka. Að vísu er hér gert ráð fyrir hækkun eignarskatta og tekjuskatta, bæði einstaklinga og fyrirtækja, og hugleiðingar eru um það að taka upp ný skattþrep bæði í tekju- og eignarskatti. Óljóst er hvernig þetta verður útfært. En einnig er stefnt að hækkun skatta sem

eru hreinir neysluskattar og leggjast á allan almenning, svo sem hækkun vörugjalds, bensíngjalds og innflutningsgjalda af bifreiðum, enn fremur skattlagningu á orkufyrirtæki eða orkuskatt. Út yfir tekur þó þegar gert er ráð fyrir að leggja 12% söluskatt á sölu happdrættismiða og hliðstæða starfsemi, svo sem Lottó og Getraunir. Hér er um að ræða skatt á öryrkja og íþróttamenn. Þetta er skattur á Öryrkjabandalag Íslands, þetta er skattur á ungmennafélagshreyfinguna í landinu, þetta er skattur á íþróttahreyfinguna og margvíslega félagsstarfsemi og menningar- og mannúðarstarfsemi, svo sem eins og Slysavarnafélag Íslands, hjálparsveitir, Krabbameinsfélagið og fleira og fleira. Hér er einnig um að ræða skatt á uppbyggingarstarf Háskóla Íslands, á SÍBS og DAS, og þarf væntanlega ekki hér að tíunda hið þýðingarmikla starf og hlutverk þessara samtaka og stofnana. Ef þessir aðilar allir eru stóreignamenn í Arnarnesinu eiga þar fleiri heima en ég ætlaði.

Nú hefur hæstv. forsrh. sagt það við þjóðina að ekki sé víst að tekið verði upp nýtt skattþrep. Og þeir framsóknarmenn fleiri eru farnir að koma í bakið á hæstv. fjmrh. varðandi þessar skattalagahugmyndir.

Að sjálfsögðu breytast starfshættir framsóknarmanna lítið þótt komin sé ný ríkisstjórn. Það kemur ekki á óvart. En þegar allt er svo holgrafið í ágreiningi innan ríkisstjórnarflokkanna um það hvernig staðið skuli að þessum nýju skattaálögum er auðvitað þeim mun meiri óvissa um að þær komist nokkurn tíma fram því ekki veitir nú stjórnarliðinu af að standa saman ef það ætlar að hafa nokkra von um að geta komið málum, eins og nýjum skattaálögum, í gegnum neðri deild Alþingis.

Ég hef gagnrýnt það nokkuð harðlega síðan fjárlagafrv. kom fram að á sama tíma og samdráttar gætir í efnahagskerfinu og þegar að kreppir hjá öllum almenningi í landinu, þannig að hæstv. ríkisstjórn segir sjálf að á næsta ári muni kaupmáttur launa lækka um 7%, skuli ríkið taka til sín vaxandi hluta af ráðstöfunarfé þjóðarinnar.

Í töflu með fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að ráðstöfunartekjur heimila hækki á næsta ári um 5%, framfærsluvísitala hækki um 12% og lánskjaravísitala hækki um 13%. Þetta kemur heim við annað það sem sagt hefur verið um samdrátt í kaupmætti launa.

Hæstv. fjmrh. segir að frv. sé mikið aðhaldsfrumvarp og hann talar mikið um niðurskurð ríkisútgjalda. Þetta má til sanns vegar færa á vissum póstum í gjaldabálki frv. Það er vissulega niðurskurður á fé til opinberra framkvæmda sem víða hvar standa óbreyttar í krónutölu en eru annars staðar jafnvel lækkaðar. Það er einnig niðurskurður á fé til opinberra sjóða, þannig að sjóðirnir fá framlag sem er óbreytt í krónutölu frá fyrra ári. Svo er t.d. um Byggðasjóð, svo er t.d. um Framkvæmdasjóð aldraðra, en Framkvæmdasjóður aldraðra hefur mjög mikilvægu hlutverki að gegna, eins og allir vita, og miklar framkvæmdir eru í gangi við heimili fyrir aldraða í landinu.

Hæstv. forsrh. sagði í ræðu sem hann kallaði stefnuræðu að Byggðasjóður verði efldur. Á því hefði auðvitað verið full þörf miðað við það alvarlega ástand sem ríkir í atvinnulífi á landsbyggðinni. En það er nú öðru nær. Framlag ríkisins til Byggðasjóðs er óbreytt í krónutölu eins og áður sagði. Þess utan þætti sjálfsagt ýmsum fróðlegt að heyra það hvernig skattaálögur á lántökur sjóðsins muni koma til með að leika fjárhag hans.

Þá er einnig niðurskurður á tilfærslum til atvinnuvega. T.d. er endurgreiðsla á söluskatti í sjávarútvegi og í iðnaði óbreytt sú fjárhæð sem var á fjárlögum þessa árs og jöfnunargjald er óbreytt. Framlög til landbúnaðarins eru stórlega skorin niður, t.d. jarðræktarframlög stórum lægri en á síðasta ári og framlög til búfjárræktar eru þurrkuð út.

Þá er einnig fenginn nokkur niðurskurður í útgjöldum ríkisins með því að hækka verulega þjónustugjöld ýmissa stofnana ríkisins sem eiga að þjóna atvinnuvegum, fjárfestingaraðilum eða einstaklingum. Þar er til að mynda stórhækkun á þjónustugjöldum rannsóknarstofnana, svo mikil að varla er sýnilegt að þær geti risið undir starfsemi sinni eða hafi nokkra möguleika til að ná þeim gjöldum af atvinnuvegunum sem til er ætlast. Svo er einnig um ýmsar aðrar stofnanir sem annast þjónustu eða eftirlit á vegum ríkisins. Út yfir tekur þó þegar þessi gjöld eru hækkuð svo mikið að þau gera meira en að standa undir rekstri stofnananna því sumar þeirra eiga að skila tekjuafgangi til ríkissjóðs. Svo er t.d. um Vinnueftirlit ríkisins og skipulagsstjóra, svo nokkuð sé nefnt. Ég ætla að það verði ekki mikið tilhlökkunarefni fyrir fólkið á landsbyggðinni og í þéttbýlinu þegar liðssveitir Vinnueftirlits ríkisins verða sendar út af örkinni til þess að safna fé til ríkissjóðs eins og hér er gert ráð fyrir.

Niðurskurðartillögur fjárlagafrv. eru margar hverjar einstaklega lagaðar til þess að þrengja að atvinnuvegunum eins og atvinnuvegirnir eru nú staddir í okkar landi. Það má í raun og veru segja það að í frv. felist atlaga að atvinnuvegunum. Auk þess sjá auðvitað allir að niðurskurður opinberra framkvæmda og niðurskurður á viðfangsefnum, eins og framlaga til Framkvæmdasjóðs aldraðra og Byggðasjóðs, hitta fyrst og fremst hagsmuni landsbyggðarinnar.

En þrátt fyrir allan þennan niðurskurð, sem hér hefur verið lýst, þá er ekki um samdrátt að ræða í útgjöldum ríkisins samkvæmt þessu frv. á næsta ári. Það er öðru nær. Það er aukning á útgjöldum ríkisins, eða eins og segir í athugasemdum með frv., um 0,8% að raungildi. Og hvernig skyldi þá standa á því? Jú, það eru aðrir þættir í fjárlagadæminu sem fá aukið fé til ráðstöfunar. Umfang ríkisbáknsins og kostnaður við ríkisreksturinn vex þannig að það étur upp allan niðurskurðinn sem að framan hefur verið lýst og miklu meira til.

Þetta tel ég gagnrýnisvert. Ég tel að þegar að kreppir í þjóðfélaginu þá verði að reyna að hafa hemil á útþenslu ríkisbáknsins, halda aftur af kostnaði við ríkisrekstur inn þannig að rekstrarliðirnir taki ekki til sín sífellt stærri hluta af ráðstöfunarfé þjóðarinnar. Ríkisrekstur inn hlýtur að verða að taka á sig sinn hluta af samdrættinum eða a.m.k. verður að stöðva útþensluna.

Í fjárlagafrv. er brotin sú meginregla, sem fylgt hefur verið til þessa, að fé sem inn kemur vegna sérmerktra tekjustofna Vegagerðar ríkisins gangi til vegamála. Þessir sérmerktu tekjustofnar eru bensíngjald og þungaskattur af dísilbifreiðum. Það fé sem áætlað er að inn komi samkvæmt þessum sérmerktu tekjustofnum á næsta ári er samkvæmt tekjuhlið frv. 3565 millj. kr. En til vegamála er einungis áætlað að verja 3105 millj. kr. Þarna skakkar því 460 millj. kr. og að auki er ekki gert ráð fyrir því fé sem innheimst hefur umfram það sem skipt var til einstakra verkefna á vegáætlun þessa árs og var upphaflega áætlað að væru 285 millj. kr. en lítur út fyrir að verða nokkru minna eða um 200 millj. kr.

Eins og allir vita höfum við unnið stórvirki í vegagerð hér á landi á undanförnum árum og höfum mikla þörf fyrir að halda því áfram. Á næsta ári er ætlunin að vinna fyrir verulegt fjármagn við jarðgöng í gegnum Ólafsfjarðarmúla sem er stórvirki. Allsendis óljóst er hvernig það verk verður fjármagnað miðað við þá skerðingu sem hér er gert ráð fyrir að verði á fé til vegamála. Fróðlegt væri að heyra hvort stuðningsmenn hæstv. ríkisstjórnar hugsa sér að standa að afgreiðslu fjárlagafrv. á þann hátt að um 660 millj. kr. af því fé, sem inn kemur eða hefur komið af sérmerktum tekjustofnum til vegamála í landinu, verði teknar í ríkissjóðshítina.

Hafnaframkvæmdir hafa verið of litlar hér á landi á undanförnum árum. Það er út af fyrir sig ekki við núverandi ríkisstjórn að sakast. Á hinn bóginn má sá framkvæmdaliður ekki við því að hann fái óbreytta krónutölu frá því sem var á fyrra ári. Verkefnin eru mikil í höfnum landsins. Þar þarf víða viðhaldsverkefni og það þarf nýbyggingar vegna þess að bátum fjölgar og skipin stækka. Hafnirnar eru víða hvar lífæðar byggðanna. Þær mega ekki grotna niður. Við þurfum áfram að draga björg í bú.

Mér þykir einnig vert að vekja athygli á því að tiltölulega lítill liður er mjög lækkaður í þessu frv. en það er framlag til sjóvarnargarða sem á fjárlögum þessa árs er 25 millj. kr. en í frv. aðeins 10 millj. á næsta ári. Sannast sagna undrast ég hverju það sætir að þessi liður skuli skorinn svo niður þar sem mjög miklar óskir eru um framlög til sjóvarnargarða víðs vegar um land og þarfirnar án efa miklar.

Ýmsa fleiri liði fjárlagafrv. væri vitaskuld ástæða til að nefna. Ég vil aðeins segja það hér til að mynda í sambandi við styrki til menningarmála og aðra slíka styrki í fjárlagafrv. að ég dreg það mjög í efa að það hafi verið hyggilegt af hæstv. fjmrh. að færa þá upp í fjárlagafrv. eins og þar er raun á. Þessir liðir, sem sumir hverjir eru smáir, eru færðir upp mjög misjafnlega. Sumir eru hækkaðir mikið, aðrir lítið. Sumir eru látnir standa í stað, aðrir eru felldir út. Nýir liðir eru teknir upp, jafnvel liðir sem kostað hefur talsverða baráttu af hálfu fjvn. og Alþingis að fella út úr texta fjárlaganna, en fella á hinn bóginn inn í safnliði sem skipt er ýmist með bréfi af hálfu fjvn. eða af ráðuneytunum sjálfum. Ýmsir þessir liðir eru þess eðlis að þeir eiga betur heima í safnliðum á vegum ráðuneytanna þannig að ráðuneytin sjálf hafi þá meiri tök á því heldur en ef þeir eru sérmerktir í fjárlögum hvernig fé er til þeirra ráðstafað.

Ég hlýt að segja það hér að þau vinnubrögð, sem tekin eru upp varðandi þessa liði og auðvitað margt annað í þessu fjárlagafrv., eru að mínum dómi ekki hyggileg. Nú hlýt ég að undrast það að hæstv. fjmrh. skuli ekki sjá sóma sinn í því að vera við þessa umræðu. (**Gripið fram í:** Það er enginn ráðherra.) Það er enginn hæstv. ráðherra úr núv. ríkisstjórn sem hirðir um það að vera við 1. umr. fjárlaga eftir að hæstv. fjmrh. hefur lokið ræðu sinni. Þetta er óvirðing við Alþingi, þetta er óvirðing við okkur sem erum í stjórnarandstöðu og þetta er óvirðing við þjóðina. Ég tel þetta sannarlega ámælisvert og ég man ekki eftir því í annan tíma, og er ég búinn að sitja nokkuð lengi hér á hv. Alþingi, að hæstv. fjmrh. hafi ekki setið og hlustað á umræðu um fjárlög. Er þetta e.t.v. sú nýbreytni sem hæstv. fjmrh. hyggst taka upp þegar hann er að leita eftir nýju og betra samstarfi við hv. fjvn. og hv. Alþingi? Kannski er það svo.

Ég nefni hér enn smáliði sem sýna handahófskennd vinnubrögð hæstv. fjmrh. eða e.t.v. vinnubrögð í sambandi við smáliði, hæstv. ráðherra — sem nú gengur í salinn — sem eiga sér skýringar sem ekki liggja í augum uppi. Þar er til að mynda hækkað við Æskulýðssamband Íslands um 117%. Fáir munu sjá eftir því. En á sama tíma er hækkað við Æskulýðsráð um 11%, Ungmennafélag Íslands um 11% og Bandalag ísl. skáta um 10%, svo dæmi séu tekin. Þetta er aðeins dæmi um vinnubrögð sem kannski eiga sér aðrar rætur en handahóf en munu verða til þess að fjvn. og Alþingi mun væntanlega þurfa meira fé til að breyta hinum einstöku smáliðum en ella væri ef hæstv. ráðherra hefði notað venjubundin vinnubrögð í sambandi við liði af þessu tagi.

Ég mun ekki fara lengra út í það nú að fjalla um einstaka liði frv. Ég á sæti í fjvn. og þó að ég sé þar í minni hluta og í stjórnarandstöðu þá á ég ekki von á öðru en að þar verði gott samstarf svo sem yfirleitt hefur verið, a.m.k. mun ég reyna á það áður en ég fer að tala hér mjög um einstaka liði frv. sem er auðvitað ærin ástæða til í mörgum greinum. Ég mun því bíða með það til 2. umr. eða þangað til að séð verður hverju fram vindur um starf fjvn. og samstarf þar.

Ég geng þess að sjálfsögðu ekki dulinn að eðlilegt er að sýna í öllum slíkum málum, sem kosta kunna aukin útgjöld, bæði hófsemi og varfærni. Á þann máta hygg ég að stjórnarandstaðan eða a.m.k. við

fulltrúar Sjálfstfl. munum sýna okkar vilja í verki. Það kemur hins vegar ekki í veg fyrir það að þar sem með óvenjulegum hætti er um vélað af hálfu hæstv. fjmrh. og þar sem brotnar eru meginreglur, þá munum við ekki við það geta unað.

Hæstv. fjmrh. sagði í upphafi sinnar ræðu að fylgifrumvörp með fjárlagafrv. mundu birtast á næstunni. Eigi að síður hlýt ég að spyrja hæstv. ráðherra: Hvenær má vænta þess að fram verði lagt frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1989 og þau frumvörp sem þarf að leggja fyrir Alþingi varðandi hina nýju skattheimtu sem fjárlagafrv. boðar? Mig langar til þess að spyrja nokkurra fleiri spurninga og ég beini þeim til hæstv. fjmrh.: Hver verða verðlagsáhrif hinna nýju neysluskatta sem ráðgert er að taka upp samkvæmt fjárlagafrv.? Og hvernig hyggst hæstv. ríkisstjórn lækka verð á orku til fiskvinnslufyrirtækja svo sem yfirlýsingar hafa staðið um? Og ég spyr enn: Hvað á að taka við þegar verðstöðvunartímabilinu lýkur í febrúar? Og ég spyr einnig: Hvenær hyggst hæstv. ríkisstjórn taka einhverja stefnu í efnahags- og atvinnumálum?

Ég spyr vegna þess að atvinnufyrirtækjunum er að blæða út. Þau þola ekki að hæstv. ríkisstjórn liggi á meltunni fram eftir vetri eða langt fram á útmánuði. En ég spyr einnig vegna þess að nauðsynlegt er að hæstv. ríkisstjórn birti stefnu sína áður en afgreiðslu fjárlaga lýkur. Ef það er ætlun hæstv. ríkisstjórnar að sama stefnuleysið ríki áfram, og fjárlagafrv. verði afgreitt við þær aðstæður, verða fjárlögin sýndarplagg, forsendur þeirra fúasprek og niðurstöðutölur marklausar.

Albert Guðmundsson:

Það er enginn sjálfskipaður né á annan hátt skipaður talsmaður stjórnarandstöðunnar. Það er ekki nauðsynlegt að þeir stjórnmálaflokkar, sem ekki eiga fulltrúa í ríkisstjórn, séu endilega þar með sjálfskipaðir stjórnarandstæðingar. Það er eðlilegt að fjölmennasti stjórnarandstöðuflokkurinn, sem er eini flokkurinn sem hefur lýst sig beint stjórnarandstöðuflokk, tali fyrstur við umræðu eins og t.d. stefnuræðu forsrh. og stefnuræðu eða kynningu fjmrh. fyrir hönd ríkisstjórnarinnar á fjárlagafrv. Það hefur verið hefð, að því að mér var sagt þegar ég var fjmrh., að flokkarnir, sem ekki eiga fulltrúa í ríkisstjórn, töluðu í þeirri röð sem stærð þeirra segir til um. Þessi hefð hefur ekki verið brotin svo mér sé kunnugt. Nú skeður það að hæstv. fjmrh. hefur talað og kynnt fjárlagafrv., og virðulegur þm., fulltrúi stærsta stjórnarandstöðuflokksins, hefur talað. Næstur í þeirri röð er fulltrúi Borgfl. og það er eðlilegt að hann taki næstur til máls áður en einstaklingar sem styðja stjórnina og standa að fjárlagagerð ríkisstjórnarinnar fá orðið eða aðrir flokkar sem eru fámennari á Alþingi.

Ég óska eftir því, virðulegur forseti, enda hélt ég að um það væri samkomulag að fulltrúi Borgfl. fái að halda sínum rétti samkvæmt hefð og taki næstur til máls.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna orða hv. 5. þm. Reykv. vil ég lesa 37. gr. laga um þingsköp, en hún hljóðar svo:

„Forseti gefur þingmönnum venjulega færi á að taka til máls í þeirri röð er þeir beiðast þess. Þó getur hann vikið frá þeirri reglu við ráðherra og framsögumann svo og til þess að ræður með og á móti málefni skiptist á eða til þess að þingmaður geti gert stutta leiðréttingu eða athugasemd er snertir sjálfan hann."

Nú er það svo að mér var tjáð fyrir þessar umræður að sú hefð hefði skapast að til skiptis tækju til máls við umræðu um fjárlög stjórn og stjórnarandstaða. Sjálf hefði ég e.t.v. kosið að hafa þessa röð á annan veg en þar sem ég hafði ekki rætt það við formenn þingflokka kaus ég að halda mig við hina gömlu hefð. Þar með gaf ég orðið fulltrúa stærsta stjórnarandstöðuflokksins að loknu máli hæstv. fjmrh., síðan þótti mér eðlilegt að gefa orðið fulltrúa stærsta stjórnarflokksins.

Þannig hefur þetta verið og það vil ég segja hv. þm. Síðan hafði ég sett upp ræðumannalista áfram á þennan veg. Þess skal þó getið að fulltrúi eins stjórnarflokksins hefur ekki óskað að tala í þessari fyrstu umferð þannig að að loknu máli hv. 1. þm. Vesturl. munu þeir sem beðið hafa um orðið koma í réttri röð.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi máls míns taka það fram að Framsfl. stendur einhuga að efnahagslegum markmiðum þessa fjárlagafrv. en þau eru: Varanleg lækkun verðbólgu, sem er aðalmarkmið, lækkun vaxta, að koma í veg fyrir aukinn viðskiptahalla, minni erlendar lántökur, aukið réttlæti í skattamálum og þeim megineinkennum frv. að það er lagt fram með tæplega 1,2 milljörðum í tekjuafgang. Dregið er verulega úr opinberri fjárfestingu, aðhald er veitt að útgjöldum ríkissjóðs og reynt að halda uppi óbreyttri þjónustu á sviði velferðarmála. Ríkissjóður greiðir niður skuldir í stað þess að bæta sífellt við þær og stórlega verður dregið úr erlendum lántökum opinberra aðila.

Áður en ég kem nánar inn á ýmsa þætti fjárlagafrv. við þessa 1. umr. tel ég nauðsynlegt að fara nokkrum orðum um aðdraganda þess að þetta fjárlagafrv. er lagt fram og hvernig það er byggt upp við næsta óvenjulegar aðstæður í þjóðfélaginu. Nægir þar að sjálfsögðu að vitna til stefnuræðu hæstv. forsrh. þar sem rakið er í skýru máli ástand þjóðmála frá kosningum vorið 1987.

Starfssaga fyrrv. ríkisstjórnar er því miður saga mistaka, forustuleysis og ákvarðana sem teknar voru of seint þannig að aðgerðir náðu ekki þeim markmiðum sem að var stefnt þrátt fyrir skýra stefnu ríkisstjórnarinnar og nægan meiri hluta á Alþingi. Tillögur innan ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að lækka vexti og fjármagnskostnað og koma böndum á ofþenslu í fjármögnunarfyrirtækj-

um náðu aldrei fram að ganga. Fjármagnskostnaðurinn rauk upp úr öllu valdi þannig að fjársvelt útflutningsfyrirtæki neyddust til að nýta sér hið dýra fjármagn gráa markaðarins. Þetta varð til þess að undirstöðuatvinnugreinar í okkar þjóðfélagi eru nú í meiri lægð en oftast áður. Erlendar skuldir urðu 4 milljörðum hærri en gert var ráð fyrir og helmingur þess fór bakdyramegin inn í efnahagslífið í gegnum kaupleigufyrirtækin, sem blómstruðu eins og önnur peningafyrirtæki í hinum stjórnlausa geira fjármagnsmarkaðarins. Fjármagnsfyrirtækin soguðu þannig til sín fjármagn frá atvinnurekstrinum.

Eiginfjárstaða flestra fyrirtækja í undirstöðugreinum er nú neikvæð. Þetta var sú dökka mynd sem blasti við þegar ný ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar tók við 28. sept. sl. og kemur glöggt fram í fjárlagafrv. og í viðræðum stjórnarflokkanna og áformum þeirra til að snúa þessari óheillaþróun við. Sem dæmi um þetta er rétt að vitna í stefnuræðu forsrh., með leyfi forseta: „Atvinnulífið í landinu er á hraðri leið fram af hengifluginu, hneppt í hnappheldu fjármagnsfjötra og taprekstur.“

Í stjórnarmyndunarviðræðunum gerðu menn sér ljósa grein fyrir því að ef takast á að snúa þessu ástandi við þarf róttækar breytingar í efnahagskerfinu og mikla vinnu við stefnumörkun til lengri tíma, eins og kemur fram í stefnumörkun núv. ríkisstjórnar. Fjárlagafrv. og þau lagafrv., sem því munu fylgja, bera þessa ljósan vott.

Sjálfsagt flokkast þessi fjárlög undir þau erfiðustu sem lögð hafa verið fram síðari ár. Rekstrarhalli ríkissjóðs er hrikalegur, rúmir 3,5 eða jafnvel 4 milljarðar kr. og þar af er vaxtakostnaður ríkissjóðs við Seðlabankann 1,3 milljarðar umfram áætlun þessa árs. Innheimta skatttekna ríkisins hefur brugðist í ákveðnum atriðum, ekki síst hvað varðar vörugjald og söluskatt.

Það er mjög erfitt að þurfa að viðurkenna að skattkerfisbreytingin frá árinu 1987, er varðar söluskatt, skyldi ekki skila sér. Það sem menn færðu sem aðalrök fyrir söluskattssvikum og vanda þess að herða eftirlit voru undanþágur á söluskatti. Þegar þessu var breytt varð árangurinn því miður sáralítill. Ég tel að jafnhliða þessari breytingu hefði átt að herða innheimtuaðgerðir. Framkvæmd eftirlits hefur greinilega verið í molum og því þurfti harðari aðgerðir. Strax hefði átt að setja það sem skyldu að taka upp sölukassakerfi með innsigluðum upplýsingum sem lögskipaðir eftirlitsmenn skoðuðu eftir ákveðnu kerfi og bæru saman við söluskattsskýrslur. Brot gegn skilum eiga að varða tafarlausan missi réttinda til heildsölu- og smásöluverslunar. Það er ekki hægt að þola að sölugjaldi sem almenningur greiðir við móttöku vörunnar við kassa, eða á annan hátt, sé ekki skilað tafarlaust til ríkissjóðs. Annað eru svik sem verður að uppræta. Á þetta atriði hefur oft verið bent af talsmönnum framsóknarmanna og sumir hafa gert það að umtalsefni hér á hv. Alþingi ár eftir ár. Allt of mörg fyrirtæki í verslun og þjónustu hafa komist upp með að skila ekki innheimtum sköttum og opinberum gjöldum. Þetta safnast saman svo mánuðum skiptir og endar með aðgerðum, fyrirtækin verða gjaldþrota og um leið tapast tekjur ríkissjóðs. Það er fróðlegt að hafa heyrt nýjar upplýsingar um þetta mál, sem komu fram á fundi sem hæstv. fjmrh. var á í gær, þar sem upplýst er að vanskil á söluskatti til ríkisins eru ekki undir 4 milljörðum króna.

Ég tel að staðgreiðslukerfið hafi sannað gildi sitt, þótt nokkurn tíma þurfi til að ná réttum tökum á því svo að réttlæti aukist, en það lofar vissulega góðu bæði fyrir ríki, sveitarfélög og launþega almennt.

Ég tel eitt erfiðasta viðfangsefni ríkisfjármála vera þá sjálfvirkni sem er í öllu kerfinu. Þar ber hæst launakerfið. Nýjar stofnanir hafa ótrúlega mikið sjálfræði til að þenja sig út og vitnað er í lagasetningu frá Alþingi sem ekki er fylgt eftir með ströngu aðhaldi. Sjálfvirknin í launakerfinu er gífurlegt vandamál, aukning stöðugilda umfram heimildir í opinberum stofnunum og ráðuneytum kemur fram í ýmsum myndum. Fólk er ráðið í yfirvinnu og hlutastörf og kostar þessi verkefnaráðning í mörgum tilfellum jafnmikla fjárhæð og fastráðning starfsmanna skv. stöðugildum. Þessu fylgir svo krafa um önnur rekstrargjöld. Þarna er aftur farið á bak við fjárlög vegna skorts á eftirliti og staðfestu yfirmanna og kemur ekki í ljós fyrr en ríkisféhirðir hefur greitt viðkomandi reikninga.

Að öllu óbreyttu hefur launadeild fjmrn. ekki möguleika á að ráða við þetta sjálfvirka kerfi. Fjvn. hefur rætt þetta mál og ég tel að hún verði að taka það föstum tökum og láta stöðva þessa þróun eða draga úr neikvæðum áhrifum hennar og gera ákveðnar tillögur til ríkisstjórnar þar um.

Með breytingum á lögum um Ríkisendurskoðun, þar sem hún er tengd Alþingi, var stigið stórt framfaraspor í meðferð ríkisfjármála. Ríkisendurskoðun vinnur með fjvn. við yfirferð fjárlagafrv. og er það ómetanlegt, eins og fram kom við gerð síðustu fjárlaga. Hlutverk Ríkisendurskoðunar er skilgreint í lögum en ljóst er að hægt er að ætlast til, og raunar skilgreint í lögum, að Ríkisendurskoðun leggi þingnefndum til sérhæfða starfskrafta sem geti starfað að margvíslegum umsögnum og upplýsingaöflun varðandi fjárhagsmálefni ríkisins. Fjvn. hefur ákveðið að nota sér þetta og hefur gert samkomulag við Ríkisendurskoðun þar um og mun það auka mjög þessi afskipti.

Ríkisendurskoðun hefur þegar gert úttekt á framkvæmd fjárlaga 1987 og fjárlaga fram yfir mitt ár 1988, úttekt á ýmsum opinberum stofnunum sem gefur glögga mynd af ýmsum veigamiklum atriðum sem þarf að taka tillit til og gera á endurbætur. Varðandi framkvæmd fjárlaga fyrri hluta árs 1988 komu fram margar ítarlegar upplýsingar, m.a. um launakerfi ríkisins sem ég hef gert hér að umtalsefni. Ríkisendurskoðun telur brýnt að eftirtalin atriði séu tekin til athugunar vegna framkvæmda fjárlaga 1988:

1. Eflt verði til muna eftirlitskerfi hjá launaskrif-

stofu fjmrn. er varðar heimildir ráðuneyta og stofnana um fjölda stöðugilda og magn þeirrar yfirvinnu og annarra greiðslna sem fjárlög heimila á hverjum tíma.

2. Hert sé innheimta sölugjalds. Sérstök athugun hefur verið gerð á innheimtuárangri til júlíloka þessa árs. Í ljós kemur að innheimtuhlutfall, miðað við álagningu ársins og óinnheimtar eftirstöðvar, hefur lækkað frá því sem var á árinu 1987 og miðað við áætlun fjmrn. fyrir þetta ár.

3. Settar verði skýrar reglur um fjárhagsábyrgð aðila sem annast þjónustu fyrir ríkissjóð er hann greiðir að öllu eða að meginhluta til. Í þessu sambandi er bent m.a. á afkomu sjúkrastofnana á árinu 1987, sem var hrikaleg eða taprekstur upp á 700 millj.

Ég undirstrika mikilvægi Ríkisendurskoðunar fyrir meðferð og eftirlit mála í meðferð Alþingis og tel að því eigi að gefa miklu meiri gaum heldur en gert hefur verið.

Hæstv. fjmrh. hefur margtekið fram að þetta fjárlagafrumvarp og það sem því fylgir væri enginn gleðiboðskapur. Auðvitað er það hárrétt. Ný stefna í ríkisfjármálum er brýn nauðsyn ef ekki á illa að fara. Fjárlög með tekjuafgangi er rétt stefna. Lækkun útgjalda, lækkun vaxta og samræmd stjórn á fjármagnsmarkaði til lækkunar á rekstrarkostnaði atvinnurekstrar og heimila er einnig rétt stefna. Ef þetta tekst í meðferð Alþingis á þessu frv. er jákvæðum árangri náð til framhaldsaðgerða í stefnumörkun í okkar landi.

Í mínum huga er aðalatriðið að ná niður verðbólgunni, tryggja þar með atvinnureksturinn í landinu og forða atvinnuleysi. Þetta er ekki hægt nema ríkissjóður skili jákvæðum árangri, þ.e. tekjuafgangi í stað hallareksturs. Til þess þarf aukna skattheimtu og aðhald í eyðslu.

Í athugasemdum fjárlagafrv. er gert ráð fyrir lækkun útgjalda á eftirfarandi hátt, með leyfi hæstv. forseta:

Dregið er úr framlögum til framkvæmda, ekki síst þar sem mest þensla hefur ríkt. Ekki verði hafnar nýjar framkvæmdir og ýmsum framkvæmdum, sem í gangi eru, er dreift á lengri tíma en áður var áætlað.

Ákveðið var að ýmis framlög, svo sem til framkvæmdasjóða, endurgreiðslu söluskatts og jöfnunargjalds og óskipt framlög til framkvæmda, yrðu óbreytt að krónutölu milli ára.

Gert er ráð fyrir að dregið verði úr starfsmannahaldi á vegum ríkisins, eins og nánar er vikið að. Í fjárlögunum kemur sú lækkun fram með þeim hætti að fjárveiting til að bæta stofnunum launabreytingar innan ársins hefur verið lækkuð og mun þess verða gætt við ráðstöfun fjár til stofnana að náð verði þeim markmiðum sem viðkomandi ráðuneyti og fjmrn. setja í þessu efni.

Þjónustustofnunum er ætlað að verðleggja og selja þjónustu sína í auknum mæli í samræmi við tilkostnað. Þá er gert ráð fyrir að starfsemi nokkurra stofnana og einstök viðfangsefni þeirra verði tekin til sérstakrar athugunar, starfsemi lögð niður, flutt til annarra eða hagrætt.

Gert er ráð fyrir því að fjármálakafli laga um framhaldsskóla komi ekki til framkvæmda á næsta ári. Ekki hafa verið gerðar þær ráðstafanir í fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga sem réttlæta þá kostnaðartilfærslu sem af þeim lögum leiðir og rétt er að það mál verði skoðað í tengslum við aðra verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Stefnt er að verulegum sparnaði í heilbrigðiskerfinu. Áætlað er að lækka megi til muna lyfjakostnað, með breyttum reglum þar að lútandi, lækniskostnað vegna sérfræðiþjónustu, m.a. með því að taka upp að nýju tilvísunarkerfi, kostnað við rannsóknastofur o.fl. o.fl.

Í frv. eru tilgreindar breytingar á tekjuöflun ríkisins. Hæstv. fjmrh. hefur sérstaklega gert grein fyrir þeim í sinni ræðu og þessar hugmyndir um breytingar eru nú til meðferðar hjá ríkisstjórninni. Ég vil sérstaklega undirstrika að eftir er að ganga frá ákvörðun stjórnarflokkanna um hvaða leiðir verða endanlega farnar í tekjuöflun frv. En það var samþykkt í öllum þingflokkum og valdastofnunum stjórnarflokkanna að standa við áform fjárlagafrv. um tekjur og gjöld með tekjuafgangi allt að 1,2 milljörðum kr. Frá þessu er ekki hægt að hlaupa. Og ég vil ekki trúa því að ábyrgir stjórnmálamenn leyfi sér að koma í veg fyrir möguleikann á því að rétta við stöðu þjóðarbúsins, stöðva skuldasöfnun ríkissjóðs, lækka verðbólgu, ná niður vaxtakostnaði og stöðva gráa markaðinn, setja hömlur á fjármögnunarfyrirtæki, styrkja stöðu atvinnuveganna í landinu og vinna markvisst að jafnvægi í byggðamálum og þjóðarbúskapnum í heild. Það væru í raun einkennilega samsettir menn sem ekki kæmu auga á aðsteðjandi vanda, kreppuna í atvinnulífinu í dag, en gerðu allt sem þeir orkuðu til að sporna gegn opinberum aðgerðum til að komast út úr þessu efnahagsástandi. Slíkir menn vinna gegn þjóðarhagsmunum á erfiðleikatímum. Við þurfum að verja afkomu sjávarútvegsins, landbúnaðarins og iðnaðarins og allt sem þessum undirstöðugreinum tengist því það gerir okkur í raun kleift að lifa í þessu landi með atvinnu fyrir alla. Ég trúi því að þessari ríkisstjórn undir forustu Steingríms Hermannssonar takist þetta hlutverk. Ég er viss um það.

Virðulegi forseti. Ég hefði viljað sjá í þessu frv. meira dregið úr sjálfvirkum hækkunum útgjalda eða frestun framkvæmda í vissum greinum miðað við ástand þjóðmálanna í dag. Það væri engin frágangssök að fresta um sinn ýmsu sem við viljum framkvæma gegn því að við næðum tökum á því erfiða efnahagsdæmi sem er í atvinnurekstri þjóðarinnar í dag.

Ég tel tímabært að taka til endurskoðunar nokkrar framkvæmdir og mun beita mér fyrir því. Ég vil t.d. sjá úttekt á því hvers vegna framkvæmdir við þjóðarbókhlöðu fara hundruðum milljóna kr. fram úr frumáætlunum sem voru lagðar til grundvallar þegar samþykkt var að byggja húsið. Þetta liggur

ekki skýrt fyrir í dag en ljóst er að þessi frumáætlun hefur aldrei verið tekin til raunhæfrar athugunar fyrr en núna að farið er að framkvæma hana og þá kemur þetta hrikalega dæmi í ljós. Ég hefði viljað sjá kostnaðaráætlanir vegna kaupa og framkvæmda við hús sem keypt var af Vörumarkaðinum við Ármúla. Þar voru gerð mistök í upphafi vegna rangra upplýsinga um ástand og möguleika þess húss til að taka við því hlutverki sem því var ætlað. Þetta eru fá dæmi af allt of mörgum sem ákveðið er að framkvæma án þess að fyrir liggi vönduð úttekt eða framkvæmda- og kostnaðaráætlun um lokastig framkvæmda. Þessu verður að breyta.

Ég vil benda á að í frv. eru nokkrir liðir sem gera má ráð fyrir að þurfi að endurskoða sérstaklega við afgreiðslu frv. Ég nefni ýmsa þætti í landbúnaðarmálum, mál Búnaðarfélagsins, jarðræktarstyrki og búfjárræktarlög, sauðfjárveikivarnir og landgræðslu, svo eitthvað sé nefnt. Það er ljóst að þarna er að skapast vandi sem Alþingi er skyldugt að leysa.

Í sambandi við Vegagerð ríkisins vil ég undirstrika að við samþykkt vegáætlunar sl. vor fyrir árið 1988 voru markaðar umframtekjur Vegasjóðs vegna 1987 og 1988 samtals 285 millj. kr. og var þeim ráðstafað til framkvæmda í nýbyggingu vega 1989. Fjvn. skipti þessari fjárhæð á kjördæmin og þetta var samþykkt hér einróma á síðasta þingi.

Þessi skipting var þannig, með leyfi hæstv. forseta, að til stofnbrauta, þ.e. nýframkvæmda, var óráðstafað 224 millj. kr. á árinu 1989 og skiptast þær þannig á kjördæmin: Suðurland fær 23 millj., Reykjanes 13 millj., Vesturland 24 millj., Vestfirðir 32 millj., Norðurl. v. 18 millj., Norðurl. e. 32 millj., Austurland 32 millj., Ólafsfjarðarmúli 25 millj. og höfuðborgarsvæðið 25 millj. Til þjóðbrauta var á árinu 1989 skipt 39 millj. kr., þannig að Suðurland fær 9 millj., Reykjanes 2 millj., Vesturland 8 millj., Vestfirðir 5 millj., Norðurl. v. 5 millj., Norðurl. e. 5 millj., Austurland 5 millj. og til brúagerða fara 22 millj. Þessari ákvörðun verður að sjálfsögðu ekki haggað í þessu fjárlagafrv. Það kemur ekki til greina.

Þá tel ég rétt að taka fram við 1. umr. fjárlaga að til Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi var á þessu ári veitt framkvæmdafjárhæð að upphæð 5 millj. kr. til lokahönnunar og undirbúnings framkvæmda við byggingu þjónustu- og mötuneytisbygginga við skólann sem byggðar verði á næstu þremur árum og þar með var heimilað að hefja þessa framkvæmd. Í fjárlagafrv. fyrir árið 1989 hefur þessi upphæð fallið út, fyrir mistök skv. upplýsingum hæstv. menntmrh., og mun fjvn. leiðrétta þetta við 2. umr. fjárlaga í samráði við hæstv. ráðherra.

Þá vil ég vekja athygli á ákvörðun um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem ekki er í frv. Þetta mál er stórmál sem tengist tekjustofnabreytingu vegna sveitarfélaga. Ég tel sjálfsagt að vanda nú vel til í þessu máli og Alþingi taki á því á vetrarþingi. Ákvörðun liggi fyrir sem lög næsta vor og taki þau gildi haustið 1989 og við áramót 1989-1990. Breytingin nái þá yfir alla þætti þessa mikilvæga máls í fullu samráði við sveitarfélög landsins.

Hæstv. forseti. Ástæða væri til að ræða mörg fleiri atriði við 1. umr. fjárlaga. Ég skal ekki ofbjóða þolinmæði þingheims og hef ekki fleiri orð um fjárlagafrv. að sinni, enda á ég sæti í fjvn. og við höfum að sjálfsögðu tækifæri þar til þess að skoða ýmsa þætti nánar. Fjárlagafrv. kemur nú til fjvn. og nefndin mun að sjálfsögðu leggja sig fram um að ná samstöðu um stefnu og markmið þess. Nefndin mun fást við stóraukinn samdrátt og niðurskurð og reyna að láta hann koma sem jafnast niður á útgjaldaliði í ýmsum þáttum rekstrar og fjárfestinga og hún mun laga tekjukerfið sem hæstv. ríkisstjórn ákveður að raunverulegum möguleikum í framkvæmd.

Ég vænti þess að gott samstarf verði við alla aðila um að ná fram því sem skiptir mestu máli í markmiðum fjárlaga. Og ég tek undir þær óskir sem hæstv. fjmrh. bar hér fram um þetta atriði. Við viljum auðvitað allir, hv. þm. hér á Alþingi, fá fjárlög sem þjóðin getur tekið mark á og eru jákvæð fyrir efnahagskerfi þjóðarinnar.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Hæstv. fjmrh. hefur flutt sína fyrstu fjárlagaræðu, sem er um leið stefnumörkun nýrrar hæstv. ríkisstjórnar. Venja er að frv. til fjárlaga sé fyrsta þingskjal á hverju þingi og sýnir það í sjálfu sér mikilvægi þessa máls, og auðvitað yfirskyggir fjárlagaafgreiðslan flesta aðra vinnu á fyrri hluta hvers venjulegs þings.

Að þessu sinni er málum varið á annan veg en vant er. Frv. til fjárlaga 1989 er flutt á þskj. 75 og er 73. mál í Sþ. Skýringin er vitaskuld sú að núv. hæstv. ríkisstjórn settist að völdum aðeins fáum dögum fyrir þingbyrjun og því ekki óeðlilegt að hún þyrfti aukinn tíma til jafnviðamikilla ákvarðana og hér hljóta að liggja að baki til þess að koma frv. til fjárlaga fram með þeim hætti að sæmilegt lag væri á. Nú hefur það tekist, án þess að ég ætli hér í byrjun máls míns að kveða upp dóm um hvort eða hversu sæmilega eða ekki hafi til tekist. Ég kem e.t.v. að því síðar í máli mínu.

Þegar á það er minnst að hér er naumlegar að staðið en vant er má heldur ekki gleymast að hæstv. ríkisstjórn, sem væntanlega stendur að þessu frv. til fjárlaga, hefur að vísu aðeins eins atkvæðis meiri hluta hér í Sþ. sem gæti þó tryggt framgang þess ef öllu væri til skila haldið. Hins vegar hefur hæstv. ríkisstjórn ekki nægan þingstyrk í Nd. Alþingis til þess að fylgja fram óhjákvæmilegum ákvörðunum sem fylgja mundu samþykkt á tekjuhlið fjárlagafrv. Það er e.t.v. þess vegna sem svo mjög frómar óskir komu fram um einstakt og mjög náið samstarf við allan þingheim, í fjvn. og víðar í máli hæstv. fjmrh. og sem voru síðan endurteknar í máli varaformanns fjvn., hv. 1. þm. Vesturl. Þar er því sýnilega teflt á tæpt vað og því með öllu óvíst hvernig til muni takast.

Fyrstu spurnir úr stjórnarherbúðunum benda ekki til þess að jafnvel hinn naumi þingmeirihluti muni skila sér til fylgis við þá fjáröflun eða öllu heldur fjáröflunarleiðir sem hæstv. fjmrh. hafði boðað og kynnt í fjölmiðlum fyrir nokkru. Því er þegar sýnt að flest virðist nú vera hér á hverfanda hveli, jafnvel svo að hæstv. forsrh. neitar t.d. að um hafi verið samið að leggja á 12% íþrótta- og öryrkjaskatt sem hæstv. fjmrh. segir hins vegar frágengið mál og eina af forsendum frv., og hann endurtók það ríkulega og lagði áherslu á það í ræðu sinni hér fyrr í dag.

Það á sýnilega ekki af okkur Íslendingum að ganga um samlyndið á stjórnarskútunni því hér eru það engir léttadrengir sem tala heldur sjálfir höfðingjarnir í hólnum. Hér er ekki einungis um að ræða karp milli tveggja einstaklinga sem öðrum kemur lítið eða ekki við. Hér er hins vegar verið að fjalla um og taka afstöðu til mála sem snerta hvern einasta borgara í landinu með einum eða öðrum hætti.

Frv. til fjárlaga ríkisins 1989, frv. til lánsfjárlaga, sem að vísu hefur ekki formlega verið lagt fram enn en er þó væntanlega ákveðinn grunnur mikillar vinnu sem í fjárlagafrv. liggur, og seinast en ekki síst þjóðhagsáætlun 1989, sem lögð var fram af hæstv. forsrh. hinn 1. nóv. sl., eru allt saman mál sem snerta grundvallarþætti þjóðarbúskaparins. Öll þessi frv. og lagasetningin sem af þeim leiðir eru hagstjórnartæki í starfsáætlun sem ríkisstjórn hlýtur að beita til þess að reka ríkiskerfið í heild sinni. Einnig er hér um að ræða tæki sem hafa munu ómæld áhrif á aðra þætti þjóðarhags okkar, svo sem verðlag, vexti, neyslu, tekjuskiptingu í þjóðfélaginu og þar með ráðstöfunartekjur almennings og atvinnuvega.

Ekki færri en 29 töflur fylgja frv. að venju um hina ýmsu þætti fjárlagagerðarinnar og gefa þær yfirleitt allar býsna margbreytilegan fróðleik um þessi efni, um A- og B-hluta ríkissjóðs, um fjárfestingu í landinu, um fjármögnun, fjárfestingarlánasjóði, lífeyrissjóði, erlend lán og greiðslujöfnuð. Ekki verður undan því kvartað að þessi sundurgreining öll er hin greinarbesta og að auki fylgir eins konar syndakvittun allra ráðuneyta um útgefnar fjárheimildir frá 1. jan. til 30. sept. 1988, 93 að tölu og að upphæð 511 millj. 349 þús. kr. og kennir þar ýmissa grasa.

Þegar athugaðar eru helstu hreyfingar á milli ára í þessu frv. til fjárlaga 1989 er nauðsynlegt við slíkan samanburð að hafa ætíð í huga breytingar helstu vísitalna í prósentum frá meðaltali ársins 1987 til meðaltals ársins 1989 samkvæmt forsendum frv. Þannig hækkar framfærsluvísitalan frá árinu 1987 til 1988 um 25,5% en ætluð hækkun framfærsluvísitölunnar til meðaltals á næsta ári er hins vegar 12%. Hækkun lánskjaravísitölunnar frá 1987 til 1988 var þannig 23,5% en er nú áætluð til hækkunar um 13% til meðaltals næsta árs.

Með þessa þróun í huga er athyglisvert að athuga þróun á ráðstöfunartekjum heimilanna. Þær voru taldar hækka um 24% frá 1987 til 1988 en eru nú hins vegar einungis taldar munu hækka um 5% til meðaltals á næsta ári. Í þessum samanburði felst í hnotskurn mikill sannleikur um fjárlagafrv. og stefnuna sem í því felst. Á meðan allur tilkostnaður hækkar um 12–13% eiga ráðstöfunartekjur einungis að hækka um 5%. Um þetta geta menn lesið sér nánar til á töflu 9 í töfluauka frv. á bls. 355. Taflan sú arna lætur að vísu ekki mikið yfir sér, en hætt er við að það sem að baki býr sé hins vegar ýmsum bitur sannleikur. Ef tekjuhlið frv. er athuguð nánar eru heildartekjur áætlaðar 76,1 milljarður kr. Það er 22,5% hækkun frá fjárlögum 1988, en þá voru heildartekjur áætlaðar 63 milljarðar. Áætluð útkoma ársins er hins vegar 66 milljarðar 486 millj. kr. Því er hækkun frv. um 16% frá þeirri viðmiðun og höfum í þeim samanburði hugfasta 5% hækkun ráðstöfunarteknanna og 12% hækkun framfærsluvísitölunnar.

Nokkra athygli vekur í þessu sambandi að hækkun beinna skatta vegur snöggtum þyngra en óbeinna. Hækkun þeirra er um 70% frá fjárlögunum 1988 til þessa frv. á móti 24% hækkun óbeinna skatta við sömu viðmiðun.

Við samanburð á gjaldahlið fjárlagafrv. við fjárlög 1988 og áætlaða raunútkomu þeirra kemur þetta í ljós: Niðurstöðutala frv. er 76,1 milljarður kr. miðað við 63 milljarða á fjárlögum 1988, eða hækkun sem nemur 20,7%. Áætluð útkoma ársins 1988 á gjaldahlið A-hluta ríkissjóðs er hins vegar 69,5 milljarðar og er hækkunin frá þeirri viðmiðun um 9,6%. Eflaust eru mönnum í fersku minni helstu einkenni fjárlaganna fyrir 1988 frá því sem áður hafði verið en þá hækkuðu skattar um 46,6% frá fjárlögunum 1987 og annálsvert var að fjárlög 1988 voru afgreidd án halla og nánast í jöfnuði. Nú liggur niðurstaðan um hvernig takist að ná því markmiði nánast fyrir. Eins og fram kemur í forsendum frv. 1989 er fjárlagahallinn 1988 ekki á núlli eða þar um bil, eins og menn reiknuðu með, heldur segir í þessum forsendum að fjárlagahallinn sé 2 milljarðar 981 millj. kr. Hæstv. fjmrh. gat þess ríkulega á fundi með heildsölum og fleiri valinkunnum mönnum í gær að sönnu væri nær að fjárlagahallinn mundi nálgast 4 milljarða, og þetta tók hann einnig fram hér í ræðu sinni áðan. Hallinn yrði því 4 milljörðum kr. frá því markmiði sem að var stefnt með fjárlögum ársins 1988.

Hvers vegna ætli svo hörmulega og raunar sorglega hafi til tekist? Ekki skorti fyrrv. hæstv. ríkisstjórn þingmeirihluta, eins og núverandi hæstv. ríkisstjórn skortir í rauninni til þess að koma áformum sínum fram. Öðru var nú nær. Ég tel að fjögur meginatriði hafi valdið því hvernig til tókst.

Í fyrsta lagi gengisfellingarnar þrjár og e.t.v. hve seint var gripið til hverrar um sig og nánast alveg án bráðnauðsynlegra hliðarráðstafana. Við afgreiðslu fjárlaganna í fyrra gagnrýndi Borgfl. eftir mætti að allt of lítils aðhalds gætti við rekstur ýmissa þátta ríkiskerfisins, svo sem ráðuneytanna sem eins og menn e.t.v. muna hækkuðu eigin framlög nánast til sjálfra sín svona frá 30% upp í, að því er mig minnir,

109% sem hæst var frá árinu á undan. Þegar verðlagsforsendurnar voru hins vegar aðeins 17–18% tóku þessir aðilar í sinn hlut 30–100% hækkun. Það var ekki samdráttar- eða aðhaldshljóð í þann tíð.

Þegar líða tók á árið brast nánst innheimta söluskattsins, eins og hæstv. fjmrh. lagði hér verulega áherslu á í máli sínu fyrr í dag, svo að þar skorti víst um 3 milljarða um skeið, og jafnvel er talið að sú tala muni hækka undir árslokin. Þó að ýmsu sé þar um kennt, eins og einnig kom fram í máli hæstv. fjmrh., forðast menn — og ég tek eftir því að það á við bæði menn úr röðum stjórnarandstæðinga og stjórnarsinna — að minnast á eina meginástæðuna sem ég tel að þarna liggi að baki og er sú að skattprósentan sem þarna er um að ræða er allt of há og er þar af leiðandi mun fýsilegri kostur til undanskots en ella væri.

Meginniðurstaðan af þessu ári, 1988, miðað við fjárlögin í fyrra er einmitt sú að hið eina söluskattsstig með þessari háu söluskattsprósentu hefur gersamlega mistekist í innheimtu. Og það er rangt af núv. valdhöfum og það væri rangt af núv. hv. Alþingi að taka ekki tillit til þessara staðreynda um stefnubreytingu í næstu framtíð.

En fjórða og e.t.v. afdrifaríkasta ástæðan fyrir því hvernig til tókst um stjórn ríkisfjármálanna á Íslandi á því herrans ári 1988 er trúlega þensluhallinn sem fólst í fjárlögunum sjálfum sem samþykkt voru hér á Alþingi í fyrra. En hvað er þá átt við með þessum þensluhalla? Megintilgangur hæstv. fyrrv. ríkisstjórnar við fjárlagagerðina í fyrra var, og er vísast enn hjá hæstv. núv. ríkisstjórn, annars vegar að stuðla að hjöðnun verðbólgu og hins vegar að minnka viðskiptahallann við útlönd og draga þannig úr skuldaaukningu erlendis a.m.k. Ef allt fjárlagadæmið, bæði A- og B-hluti, auk helstu fjárfestingarlánasjóða, er athugað í heild, miðað við fjárlögin 1988, var opinber lánsfjárþörf þá röskir 14 milljarðar kr. Þegar frá voru dregnir um 9 milljarðar vegna vaxtagreiðslna, bæði erlendis og innan lands, stóð lánsfé að upphæð um 5 milljarðar kr. eftir, auk fjárlagahallans sem nú er talið að verði um 3 milljarðar kr. eða jafnvel 4. Sem sagt 8 til 9 milljarðar í raunverulegt lánsfé. Og þá er spurningin: Fór þetta fé til framleiðniaukandi undirstöðugreina í þjóðfélaginu eða að of stórum hluta til þenslu og óarðbærrar eyðslu? Trúa mín er sú að því miður hafi hið síðara orðið raunin. Niðurstaðan með viðskiptajöfnuðinn bendir a.m.k. eindregið til þess. Um þetta leyti í fyrra, þegar hæstv. þáv. fjmrh. fékk fjárlög sín afgreidd, var gert ráð fyrir að viðskiptahallinn yrði 4,4 milljarðar kr. Niðurstaðan virðist hins vegar ætla að verða, eins og kom fram í máli hæstv. fjmrh. áðan, nær 12 milljörðum kr., þreföldun frá markmiðinu frá því í fyrra.

Þessi niðurstaða er vitaskuld ekkert annað en staðfesting á því að við höfum sannarlega lifað um efni fram, m.a. vegna þensluhallans sem var fólginn í fjárlögum afgreiddum fyrir árið 1988. Enda þótt nú sé gert ráð fyrir um 1 milljarði kr. í tekjuafgang á A-hluta fjárlaganna 1989 sýnist mér að ýmsar svipaðar hættur séu faldar í þessu frv. og urðu fjárlögunum 1988 að falli, einkum þegar lánsfjárþörf alls fjárlagadæmisins er athuguð. Lítum nánar á það dæmi: Lánsfjárþörf A-hluta fjárlaganna er áætluð 4,7 milljarðar sem er að vísu einungis 12% hækkun frá því í ár svo að í sjálfu sér má segja að sú breyting sé ekki út úr kortinu. Í B-hlutanum er hins vegar bætt um betur. Þar er gert ráð fyrir 9,3 milljarða kr. lánsfjárþörf vegna byggingarsjóðanna eða um 50% hækkun frá því sem er í ár. Má merkilegt heita ef sú ætlun mun ekki ýta undir verðbólguþróun og þenslu þegar fram í sækir. Ef lánsfjárþörf annarra opinberra sjóða, sem sumir kalla C-hluta ríkissjóðs, er athuguð kemur í ljós að þar er gert ráð fyrir 6,8 milljarða kr. lánsfjárþörf sem er hvorki meira né minna en 78,9% hækkun frá hliðstæðu í fjárlögunum 1988. Þegar þessi lánsfjárþörf öll í heild er saman dregin er hún 20,8 milljarðar kr. miðað við 14,2 milljarða í fjárlögunum 1988, eða 46,8% hækkun, enda er ekki áætlað að viðskiptahallinn verði röskir 4 milljarðar, eins og menn töldu um þetta leyti í fyrra að verða mundi í ár. Nei, nú er hann áætlaður á þrettánda milljarð kr., eða ekki fjarri því sem reyndin verður í ár. Mann sundlar við þá tilhugsun ef skekkjumörkin yrðu álíka í þessu dæmi að ári. Sannarlega vona ég að sú verði ekki raunin.

Sumir álíta að vel kæmi til greina við aðstæður eins og ríkt hafa hér á landi undanfarin ár að gefa ætti lífeyrissjóðum og raunar landsmönnum öllum kost á að fjárfesta a.m.k. hluta aflafjár síns í erlendum verðbréfum og draga á þann hátt úr þenslu hér innan lands þegar þannig árar og að þar sé e.t.v. hluti þeirrar leiðar sem við verðum að feta okkur eftir við að minnka hlutfall erlendra skulda í þjóðarbúskap okkar. Ég tel að þessa leið mættu stjórnvöld gjarnan athuga nánar. Raunar kom það í ljós hér fyrr í dag að hæstv. viðskrh. hefur lýst sig nokkuð fylgjandi þeirri skoðun í svari við fsp. frá einum hv. þingmanna hér fyrr í dag.

Hæstv. forseti. Mér hefur orðið nokkuð tíðrætt um þann þátt fjárlagafrv. sem tekur til lánsfjárþarfar. Nú vil ég taka skýrt fram að mér er vel ljós sá mikli og raunar yfirþyrmandi vandi sem þjakar atvinnulíf, ekki síst við útflutningsframleiðslu og einkum á landsbyggðinni hér á landi. Engu að síður tel ég að aldrei fremur en nú sé ástæða til að farið verði með mikilli gát og einkum að vanda vinnubrögð og kröfur til framlegðar og ekki síst sparnaðar og aðhalds í rekstri ríkiskerfisins sjálfs.

Enn sýnist mér bregða fyrir nokkuð flaustursleg um vinnubrögðum og jafnvel brydda á kjötkatlapólitík í því frv. til fjárlaga sem hér liggur fyrir. Ég nefni aðeins örfá dæmi: Hvers vegna ætli fjmrn. þurfi endilega að hækka tekjur sínar um 63%, sem er nokkurn veginn þreföld hækkun á við önnur ráðuneyti? Hver ætli sé ástæðan fyrir þessu þegar að vísu er aðeins um að ræða tiltölulega lítinn flutning mannafla sem í sjálfu sér liggur þarna að baki, en ég tel að hafi verið tiltölulega þarflaus?

Framlag vegna Norræna verkalýðsskólans í Genf hækkar hins vegar um 248%, styrkur til dagblaðaútgáfu hækkar um 70%, en framlag vegna sjóvarnargarða lækkar hins vegar um 55% og framlag til Hallgrímskirkju þar sem er nú unnið að mjög dýrum viðgerðum lækkar um 30%. Eflaust munu gefast tækifæri til leiðréttinga á álíka atriðum og hér hefur lítillega verið minnst á í vinnu fjvn. Ég a.m.k. vænti þess að það tækifæri gefist á milli umræðna. Það er þó alltaf bót í máli að framlag til kvartananefndar, sem svo er kölluð, hækkar um 275%.

Hæstv. forseti. Borgfl. er *mótfallinn hlutfallslegri* hækkun skatta og telur, eins og margoft hefur komið fram, að álagning matarskattsins hafi verið meiri háttar mistök sem leiðrétta verði við fyrsta tækifæri. Örugglega má t.d. telja að samdráttur í ferðaþjónustu, sem áður var vaxtarbroddur í atvinnulífi hér á landi og nú er staðreynd, eigi rót sína að rekja til þessa óheillaspors.

Meginniðurstaða mín, hæstv. forseti, eftir þá athugun sem ég hef reynt að gera á þessu frv. til fjárlaga 1989, er að sömu hættumerki séu í því fólgin og voru í fjárlögunum 1988, nema að því tilskildu að mun betur takist til um aðhald og sparnað í ríkisrekstrinum sjálfum og að mun meiri aðgát verði í öflun og útdeilingu lánsfjár en hér virðist til stofnað. Ef ekki tekst betur til í þessum efnum en horfir er örvænt um meginmarkmiðin tvö, um lækkandi verðbólgu og minni viðskiptahalla og þar með minnkandi skuldir ríkisins.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Hverju sinni sem frv. til fjárlaga er lagt fram, einkum þó séu það nýir aðilar sem að því standa, hljóta landsmenn að taka því með nokkurri forvitni hvaða stefnu það boði, hvort þar séu *nýmæli á ferð, hvers konar fjármálastefna verði* ráðandi á þeim tíma sem væntanleg fjárlög taka til. Óhætt er að segja að megineinkenni þessa frv. sé samdráttur og niðurskurður en að því er virðist án stefnu, án þess að forgangsröð sé sjáanleg um það sem er skert og þá þætti sem halda sínu.

Eitt er hægt að segja strax. Það er einkennilega erfitt að festa hendur á ýmsum grundvallarþáttum frv., einkum varðandi tekjuöflunarhliðina. Útfærsla ýmissa veigamikilla þátta þar er ýmist óljós eða engin. Auk þess er ljóst að innan þessarar hæstv. ríkisstjórnar er nú þegar hafinn sá leikur sem tíðkaðist í hinni fyrri, að einstakir hæstv. ráðherrar telja sig ekki kannast við óvinsælar ákvarðanir sem kollegar þeirra taka. Og þetta lofar ekki góðu um samstarfið.

Markmið þessa frv. er að sögn aðstandenda þess að koma lagi á ríkisbúskapinn, og vissulega er höfuðnauðsyn að slíkt megi takast. Við kvennalistakonur höfum hins vegar efasemdir um að þær aðgerðir sem fyrirhugaðar eru til að ná markmiðinu *séu byggðar á nógu traustum grunni og að þær komi* til með að skila þeim árangri sem ætlað er.

Fyrst vil ég benda á að þær launaforsendur sem gefnar eru í frv. geta ekki falið annað í sér en stórfellda kjaraskerðingu sem nær yfir þann tíma sem fjárlögum er ætlað að taka til. Sé þessu ætlað að gilda þýðir það annað tveggja áframhaldandi launafrystingu og bundinn samningsrétt út árið eða þá að fjárlögin eru gersamlega marklaus. Hafa menn trú á því að slíkar launaforsendur standist, þar sem sú verðstöðvun, sem nú er sögð í gildi, er ekki verðstöðvun, í besta falli verðlagsaðhald þar sem hækkanir eru stöðugt í gangi bæði leynt og ljóst? Því er fáránlegt að ætlast til þess að fólk beri afleiðingar þessa *möglunarlaust*.

Í ljósi þessa er ástæða til að setja spurningarmerki við tekjuhliðina að því er varðar óbeina skatta. Hvað um samdrátt í verslun þegar litið er til minnkandi ráðstöfunartekna? Eru áhrif þess ekki vanmetin með tilliti til tekna af söluskatti? Þannig rekur eitt sig á annars horn og enn einu sinni hlýtur maður því miður að verða að lýsa vantrú á að áætlanir um fjárhag ríkisins fái staðist, hvort sem litið er á tekju- eða gjaldahlið þessa frv.

Að öðru leyti má segja um tekjuöflunarhliðina að hún er öll í lausu lofti þar sem hún byggist að miklu leyti á tekjustofnum sem ekki hafa enn verið tryggðir með lögum eða lagabreytingum og því enn algjörlega óljóst hver sú útfærsla yrði eða hvort hún hlyti staðfestingu.

Hæstv. fjmrh. hefur lýst hugmyndum sínum í þessum efnum og eins og fram hefur komið eru þær sumar hverjar á þeim nótum að ekki er ólíklegt að Kvennalistinn geti stutt þær. Það fer þó vitaskuld eftir því hvernig þær verða útfærðar í reynd.

Sagt er í þjóðhagsáætlun, sem er forsenda þessa frv., að gert sé ráð fyrir óbreyttu gengi krónunnar næsta ár frá því sem það nú er. Reiknað er með að söluverðmæti sjávarafurða erlendis hækki um 3–4%. *Jafnframt er gengið út frá að innflutningsverðlag* hækki um 4½% í helstu viðskiptalöndum okkar. Þetta þýðir að ekki er gert ráð fyrir að verð á sjávarafurðum haldi í við verðbólgu erlendis. Það lofar ekki góðu um afkomu sjávarútvegsins, undirstöðu þjóðarbúsins, en ekki verður séð af frv. sem hér er til umfjöllunar að gert sé ráð fyrir neinum viðbrögðum gagnvart því ástandi.

Í frv. er gengið út frá að landsframleiðsla dragist saman, svo og þjóðartekjur. Má rekja þessar óhagstæðu horfur til þess að gert er ráð fyrir að útflutningurinn dragist saman og einnig þjóðarútgjöld, sérstaklega útgjöld til einkaneyslu og fjárfestingar.

Þessar horfur fela í sér að áfram má búast við að dragi úr eftirspurn og umsvifum í landinu. Þetta leiðir óhjákvæmilega hugann að stöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs sem nú á í vök að verjast fyrir ásælni ríkisvaldsins. Ef þær spár um atvinnusamdrátt, sem uppi eru nú rætast, hvernig getur hann þá gegnt því hlutverki að greiða fólki laun ef ríkið greiðir honum ekki lögboðin framlög?

Þrátt fyrir fögur fyrirheit, bæði í þjóðhagsáætlun og fjárlagafrv., um að bæta og styrkja atvinnuástand og styrkja rekstrargrundvöll útflutningsgreina ber

þetta frv. ekki í sér neinar varanlegar lausnir á þeim málum. Um það ríkir óvissan ein. Aðgerðir til að styrkja atvinnuástand sjást ekki. Opinberar framkvæmdir dragast saman, sveitarfélögum er þröngur stakkur skorinn, ekki síst vegna óvissu um framlög úr Jöfnunarsjóði og erfiðrar stöðu fyrirtækja á landsbyggðinni yfirleitt. Ég fjölyrði svo ekki frekar um þennan hluta frv. en sný mér að öðru.

Á bls. 218 í frv. er sá hinn löngum umdeildi kafli: Lagabreytingar vegna tekju- og gjaldahliða frv. Ég vil leyfa mér að gera athugasemdir við nokkur atriði þar og þá í fyrsta lagi 12% söluskatt á happdrættismiða. Reiknað er með minnkandi ráðstöfunartekjum fólks á næsta ári og mér segir svo hugur um að happdrættismiðar njóti þá ekki forgangs þegar tekjum heimilanna er ráðstafað. Sala hlýtur að dragast saman. Öllum er ljóst hvílík menningar- og þjóðþrifafyrirtæki það eru sem eiga sitt undir happdrættistekjum, Háskóli Íslands, Dvalarheimili aldraðra sjómanna, SÍBS og fjölmörg fleiri. Þessi ráðstöfun verkar því í tvennum skilningi sem tekjuskerðing á þessar stofnanir, enda hafa þær mótmælt þeim eindregið. Þá má benda á að Happdrætti Háskólans greiðir einkaleyfisgjald til ríkisins sem er 20%. Það er líka skattlagning sem önnur happdrætti greiða ekki. Verði umtalsverð skerðing á tekjum þeirra sem reiða sig á afrakstur af Íslenskum getraunum og Íslenskri getspá þýðir það ekkert annað en auknar kröfur frá þeim til ríkisins á móti. Stjórn Happdrættis Háskóla Íslands hefur bent á að tæknilegar og viðskiptalegar ástæður hamli því að söluskattur verði lagður á miða happdrættisins á árinu 1989. Álagning 12% söluskatts þýðir að miðar í flokkahappdrætti hækka úr 400 í 448 kr. og happaþrennumiði úr 50 í 56 kr. Núgildandi verð í flokkahappdrættinu hefur verið ákveðið fyrir 1989 með reglugerð útgefinni af hæstv. dómsmrh. og er hækkunin 33% á milli ára. Flestir sem til þekkja telja að sú hækkun muni draga úr sölu og að söluskattshækkun í ofanálag muni reynast mjög hættuleg fyrir söluna. Þá segja stjórnarmenn happdrættisins að það muni hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir sölu happaþrennu ef verðið breytist því flestir kaupa slíka miða samkvæmt skyndiákvörðun, t.d. þegar þeir fá 50 kr. til baka. Þá benda þeir á að verð í flokkahappdrætti sé ákveðið fyrir mitt ár, m.a. vegna prentunar miðanna, en miðar fyrstu tveggja flokka hafa þegar verið prentaðir og á þeim kemur verðið fram. Þá á Happdrætti Háskólans nú þegar 8 milljónir happaþrennumiða að verðmæti 16 millj. kr. sem þegar er búið að prenta með verði miðanna. Afgreiðslufrestur fyrir nýja miða er 3–4 mánuðir. Það mundi skaða markaðinn verulega yrði happaþrennulaust í þann tíma, fyrir utan þau verðmæti sem liggja í þegar tilbúnum miðum verði þeir ekki notaðir. Áætlað er að sölutapið gæti numið 150–200 millj. brúttó.

Þetta allt ber að hafa í huga þegar skattlagning happdrættismiða er ákveðin því að ekki virðist sú tekjulind öruggari en ýmsir aðrir tekjustofnar sem ráð er gert fyrir í þessu fjárlagafrv. Þetta dæmi með skattlagningu á happdrættin sýnir okkur hve mikilvægt er að hugsa dæmið til enda þegar ákvarðaðir eru nýir tekjustofnar fyrir ríkið.

Ég vil nú aðeins víkja að Ferðamálaráði sem við kvennalistakonur höfum ætíð haft áhyggjur af og reynt að fá hækkuð framlög til samkvæmt lögum frá 1985 þar sem ráðinu er markaður tekjustofn sem skyldi vera 10% af söluhagnaði Fríhafnarinnar. Í þessu skyni var vöruverð þar hækkað þannig að það eru í raun ferðamenn, bæði íslenskir og erlendir, sem greiða þann skatt sem varið skal til þess að ráðið geti sinnt sínum mörgu og mikilvægu skyldum lögum samkvæmt. Enn hefur aldrei verið staðið við ákvæði laganna um framlög til ráðsins og er nú svo komið að langvarandi fjárskortur stendur allri starfsemi þess fyrir þrifum.

Þjóðin öll bindur miklar vonir við uppbyggingu ferðamannaþjónustu, ekki síst íbúar landsbyggðarinnar sem gætu horft fram á mörg ný atvinnutækifæri, einkum fyrir konur. En það er einmitt eitt atriði í stjórnarsáttmála núv. hæstv. ríkisstjórnar að auka og efla fjölbreytni í atvinnulífi kvenna á landsbyggðinni og verður fróðlegt að sjá lausnir hennar í því efni.

Síðustu ríkisstjórn tókst að fæla erlenda ferðamenn frá með álagningu matarskattsins og hvergi sér þess stað, þrátt fyrir setu Alþb. í hæstv. ríkisstjórn, að til standi að fella niður þann óréttláta og íþyngjandi skatt fyrir okkur landsmenn alla og erlenda gesti okkar. Þannig er nú staðið að svokallaðri uppbyggingu nýrra atvinnugreina sem ættu að geta orðið okkur mikilsverð tekjulind. Samkvæmt lögunum ætti Ferðamálaráð að fá 110 millj. kr. í sinn hlut en í fjárlagafrv. blasir við talan 28 millj. kr. Allir sjá að þetta er með öllu óverjandi og mun verða til þess, ef svo fer sem horfir, að Ferðamálaráð mun hvorki geta sinnt menntun leiðsögumanna né heldur umhverfismálum, að ekki sé minnst á alla aðra þætti starfseminnar sem lögboðin er.

Fulltrúar Ferðamálaráðs hafa staðfest nokkuð sem við vitum öll að það stórsér á landinu eftir það að sl. þrjú ár hafa þeir ekki haft krónu til að leggja til umhverfismála vegna umferðar ferðamanna. Og hvernig ætlar ríkisstjórn, sem segist ætla að taka umhverfismálin föstum tökum, að verja gerðir sínar í þessum efnum? E.t.v. er æskilegt að marka tekjustofna til vissra verkefna og stofnana en sú staðreynd að sífellt er skorið niður af þeim veldur miklum erfiðleikum viðkomandi stofnana, að ekki sé minnst á ómæld vonbrigði þeirra sem miða áætlanir sínar við þessar afmörkuðu tekjur.

Þá kemur að títtnefndum lið: „Þrátt fyrir ákvæði 22. og 23. gr. útvarpslaga skulu aðflutningsgjöld af innfluttum hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum til þeirra renna í ríkissjóð.“ Enn einu sinni er ætlunin að framkvæmdafé Ríkisútvarpsins sé skert. Og situr nú á stóli menntmrh. sá maður sem fyrir ári síðan átti varla nógu sterk orð í sínum fjölbreytta orðaforða til að lýsa hneykslun sinni á aðbúnaði þessarar stofnunar sem hann taldi, með leyfi hæstv.

forseta, vera eina mikilvægustu menningarstofnun þjóðarinnar og okkur bæri skylda til að sjá um að rekstur hennar gengi með eðlilegum hætti og þeirri reisn sem íslenskri menningu sómdi. Nú var lag að breyta til, hæstv. menntmrh., sem ekki er að vísu hér viðstaddur. En það er ekki of seint að sjá sig um hönd.

Ég mun ekki að þessu sinni fara út í málefni einstakra ráðuneyta að neinu ráði. Ég hef leitað að skipulagi og forgangsröð verkefna innan ráðuneytanna varðandi fjárveitingar, en ég kem hvergi auga á slíkt. Þó má e.t.v. segja að helst örli á slíku innan menntmrn. og þar er a.m.k. betur gert við menningu og listir en oft áður sem ekki er vanþörf á í ljósi margra ára fjársveltis. En langt er frá því að nóg sé að gert ef íslensk menning og íslensk tunga eiga að halda velli í því erlenda ómenningarflóði sem yfir ríður nú og ekki sést að sé að sjatna. Ég hef þó minnst á að við kvennalistakonur erum ekki sáttar við hvernig staðið er að fjármálum Ríkisútvarpsins og fleira má benda á sem ekki er ásættanlegt. Ég nefni hér Háskólann á Akureyri sem tók til starfa í fyrra.

Háskóla á Akureyri var aldrei og er ekki ætlað að vera smækkuð mynd eða eftirlíking af Háskóla Íslands. Þar eiga að vera námsbrautir sem ekki eru kenndar við Háskóla Íslands og þar ber hæst kennslu í sjávarútvegsfræðum og liggur fyrir samþykki menntmn. um það. Vitanlega er löngu tímabært að nám í sjávarútvegsfræðum á háskólastigi hefjist á Íslandi, hjá þessari þjóð sem byggir afkomu sína í jafnmiklum mæli og raun ber vitni á sjósókn og fiskvinnslu. Hingað til hafa þeir Íslendingar, sem aflað hafa sér slíkrar menntunar sem hér um ræðir, orðið að fara utan til þeirra hluta. Síðan vitnaðist að nám af þessu tagi væri fyrirhugað við Háskólann á Akureyri hefur ekki linnt fyrirspurnum um það. Sýnir það að ekki mun skorta nemendur.

Stofnun og starfræksla sjávarútvegsdeildar við Háskólann á Akureyri kostar vitanlega fé en þó aðeins örlítið brot af þeim fjármunum sem tengjast sjávarútvegi á Íslandi á einn eða annan hátt. Nám í þessum fræðum ætti að verða til eflingar atvinnugreininni sem og þjóðarhag. Á þessu ári var heimild í fjárlögum til ráðningar forstöðumanns fyrir sjávarútvegsdeild. En nú ber svo við að í fjárlagafrv. fyrir árið 1989 er ekki gert ráð fyrir slíku, engin forstöðumannslaun eru inni og við hljótum að spyrja: Eru þetta mistök, eða er þetta gert af ráðnum hug? Hvað um framtíð og mótun þessarar nýju stofnunar ef strax í byrjun er kippt fótum undan því sem ætlað var að væri eitt hennar mikilvægasta ætlunarverk fyrstu árin?

Ég vil líka benda á að komið er í ljós að nemendafjöldi framhaldsskóla er meiri en áætlað var í frv. og því þarf að athuga hvort kennslumagn og launaliðir standast.

Eitt mál enn get ég ekki látið kyrrt liggja, en það tengist hinum sívaxandi kröfum frá ríkinu um auknar sértekjur stofnana sem á stundum virðast nánast utan við alla skynsemi. Tilraunastöð Háskólans á Keldum skal hækka sértekjur um 62%. Að vísu eru henni á þeim lið lagðar til 8,7 millj. kr. af happdrættisfé sem líka er umdeild ráðstöfun. En að þeirri fjárhæð frádreginni þurfa sértekjur þó að hækka um rúm 30%. Hvar eiga svo þessar auknu sértekjur að fást? Jú, þær eiga fyrst og fremst að koma til af sölu bóluefnis til sauðfjárbænda á sama tíma og gengið er markvisst að því að fækka sauðfé. Að vísu er um smávegis aðra lyfjasölu að ræða en ekki sem neinu nemur. Svona áætlanir eru bara engan veginn marktækar og engum manni og engri stofnun bjóðandi. Vitanlega er eðlilegt að þeir sem þurfa að nota þjónustu ríkisstofnunar á borð við Tilraunastöðina á Keldum greiði fyrir það sanngjarna þóknun, en þeir verða þá að vera þess umkomnir. Auk þess má benda á að þessar auknu kröfur um sértekjur stofnana eru ein tegund skattheimtu sem þeir með öllu móti reyna að komast hjá með því að nota sér þá ekki þjónustu stofnananna. Og á tímum samdráttar í kaupmætti er tilgangslaust að byggja tilvist og rekstur stofnana á slíku nema að mjög litlu leyti. Þetta gengur ekki upp.

Kvennalistakonur hafa jafnan borið Lánasjóð ísl. námsmanna mjög fyrir brjósti og þar er einn þátturinn sem menn höfðu væntingar um betri tíð í ljósi nýrrar stjórnar í menntmrn. Eftir öll þau stóru orð sem fallið hafa undanfarin ár um fjármál sjóðsins var þess vissulega beðið með eftirvæntingu af námsmönnum að sjá sinn hlut færðan í sanngirnis- og réttlætisátt. Fjvn. á eftir að kynna sér nánar gögn varðandi Lánasjóðinn, en augljóst virðist að ráðstöfunarfé sjóðsins samkvæmt frv. dugir engan veginn til að afnema áhrif þeirra skerðinga á námslánum sem urðu á árunum 1984–1986 vegna breyttrar vísitöluviðmiðunar og beinnar skerðingar á framfærslugrunni Lánasjóðsins. Það má því ljóst vera að samkvæmt frv. fær Lánasjóðurinn varla staðið undir hlutverki sínu, þ.e. því að tryggja öllum jafnrétti til náms óháð efnahag, búsetu og félagslegum aðstæðum. Rangur viðmiðunargrunnur er m.a. staðfestur af fulltrúa ríkisstjórnarinnar í framfærslunefnd og er í skýrslu nefndarinnar frá því í júní sl.

Einn er sá liður sem ég verð að minnast á en það er Kvennaathvarfið. Framlag til þess hækkar að vísu um 1,6 millj. kr. frá fyrra ári, þ.e. um 36%, en ljóst er að til Kvennaathvarfsins leitar einungis lítill hluti þeirra kvenna og barna sem búa við eða verða fyrir ofbeldi og á Kvennaathvarfið fullt í fangi með að sinna þeim. Starfsemi þessi, sem konur stofnuðu til og annast, hefur átt ríkan þátt í því að afhjúpa ofbeldi á konum og í kjölfar þess ofbeldi á börnum.

Nýútkomin skýrsla um nauðgunarmál og sú umræða sem hefur verið í gangi um sifjaspell og kynferðislega misnotkun þar sem börn eru fórnarlömb hefur dregið enn betur fram í dagsljósið áður faldar staðreyndir, en þó er varla nema toppurinn á ísjakanum kominn í ljós. Það eru að vísu fleiri aðilar en Kvennaathvarfið sem sinna fórnarlömbum ofbeldis, en þörfin á eflingu þessa athvarfs er brýn.

Einnig þarf að hafa í huga að víða þarf að auka fjárveitingar til þessara mála, bæði til fræðslu og fyrirbyggjandi starfsemi, upplýsingaöflunar og eftirmeðferðar fyrir fórnarlömb.

Í beinu framhaldi af þessu er vert að minnast á lið sem lætur lítið yfir sér í fjárlagafrv., þ.e. kostnaður vegna laga nr. 25/1975. Þarna er um að ræða lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir. Þessi liður er skorinn niður um 13% og var þó ekki burðugur fyrir. Þessi niðurskurður dregur auðvitað úr ráðgjöf og fræðslu, þ.e. fyrirbyggjandi aðgerðum. Kvennalistakonur hafa margoft gert að umræðuefni hve fræðslu- og ráðgjafarþætti laganna er lítið sinnt og hafa lagt fram tillögur um úrbætur þar og m.a. fengið slíka tillögu samþykkta á Alþingi. Og nú er enn stigið skref aftur á bak.

Ég vil lítillega drepa á málefni landbúnaðarins, þó aðeins þann þátt sem snýr að rannsóknum og tilraunastarfsemi. Nú þegar hefðbundnar búgreinar eru á undanhaldi er meiri nauðsyn en nokkru sinni fyrr að leita þar hagkvæmnisleiða, svo og að styðja við nýjar búgreinar með vönduðum rannsóknum og leita allra leiða til að þróttmikil bændastétt haldi við byggð um sveitir landsins. Ég vil hér, með leyfi hæstv. forseta, vitna til viðtals við hæstv. landbrh. í Alþýðublaðinu 8. okt. sl. — En ég sé það að hæstv. ráðherrar telja ekki ástæðu til að sitja þennan þingfund og þykir mér það nokkuð einkennilegt. — Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að vitna í Alþýðublaðið og ummæli landbrh. þar. Hann segir þar:

Það verður að setja mikinn kraft í uppbyggingu nýrra búgreina og þá er ekki síst nauðsynlegt að leggja meiri áherslu á þá þætti landbúnaðarins sem atvinnugreinar þar sem mestur vöxtur og uppbygging á sér stað. Steingrímur vill leggja áherslu á rannsóknir og þróunarstarfsemi í landbúnaði og vill síst skera niður útgjöld á þeim sviðum. Eitt stærsta mein í íslensku atvinnulífi er að of lítil áhersla er lögð á rannsóknarstarfsemina, segir hann.

Ég vil benda á það að mér virðist sem tölur í fjárlagafrv. stangist mjög á við þessi orð hæstv. ráðherra.

Landgræðslu- og landnýtingaráætlun er ekki mikill gaumur gefinn. Ég vil hér minna á hve brýn nauðsyn er að gerð sé jarðabók svo að hægt sé að koma á laggirnar einhverri skynsamlegri áætlun þar sem búseta, landnýting og landvernd haldast í hendur.

Ég ætla að svo stöddu ekki að fara fleiri orðum um fjárlagafrv. þó að vissulega sé ástæða til að gera athugasemdir við fleiri þætti þess, svo sem það að hvergi ber á fjárveitingu til átaks í jafnréttismálum sem er þó boðað í stjórnarsáttmála. Aftur á móti gleðjast konur í hjarta yfir auknu framlagi til dagvistarheimila og var nú tími til kominn að slíks sæi stað.

Þetta frv. á vitanlega eftir að taka ýmsum breytingum í meðferð fjvn. og hæstv. Alþingis. Vonandi verða gerðar leiðréttingar á þeim þáttum sem hér hefur verið bent á sem og fleiri. Vitanlega kosta þær leiðréttingar fé og það fé má finna á ýmsum stöðum án óhæfilegs niðurskurðar á nauðsynlegum málaflokkum. Við kvennalistakonur höfum oft bent á að við fjárlagagerð sé nauðsyn að endurskoða reglulega markmið fjárveitinga ríkisins í stað þess að framreikna fjárlög fyrri ára svo sem tíðkast hefur.

Nú eru yfir 80% af fjárlagaupphæðinni bundin og getur hver maður séð á því hversu lítið svigrúmið er. Við viljum því benda á það brýna verkefni að endurskoða umfang og tilverurétt ýmissa stofnana og verkefna á vegum ríkisins og að athugað sé hvort aukin umsvif innan t.d. heilbrrn. og menntmrn. hafa skilað raunverulegum árangri í bættri kennslu, bættri þjónustu eða hvort þau komi aðallega fram í aukinni yfirbyggingu og óeðlilegri útþenslu í mannahaldi.

Sömuleiðis leggjum við til að tekin verði upp markvissari stefna í byggingarframkvæmdum hins opinbera þar sem lögð væri áhersla á skemmsta mögulegan framkvæmdatíma hvers verkefnis. Slíkt mundi spara ríkinu ómælda fjármuni í framtíðinni.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Hæstv. fjmrh. hefur ekki verið um hríð við þessa umræðu. Mér leikur hugur á að vita hvort hann hafi yfirgefið þinghúsið og hyggist ekki vera hér við. (**Forseti:** Forseti hefur nú þegar gert ráðstafanir til að fá hæstv. fjmrh. í salinn.) Það bendir til þess að það muni erfiðleikum bundið að fá hæstv. ráðherra í salinn, fyrst það hefur ekki tekist.

Hér í umræðunum hefur kennt ýmissa grasa. Hæstv. fjmrh. ætlar að taka til hendi. Nú skal verða lát á þeirri óráðsíu sem verið hefur í ríkisfjármálunum. Nú skal hætt að lifa um efni fram. Aðhald skal haft í meðferð fjármála og skuldasöfnun hætt. Brotið er í blað og horft til bjartari framtíðar.

Við höfum heyrt í þessum umræðum þennan boðskap hæstv. fjmrh. Þetta er fagnaðarboðskapur, en samt segir hæstv. fjmrh. af lítillæti sínu að fjárlagafrv. feli ekki í sér gleðiboðskap. Eða trúir ekki hæstv. fjmrh. sjálfur hástemmdum yfirlýsingum sínum? Hverju skal nú trúa?

Hæstv. fjmrh. sagði í ræðu sinni hér fyrr í dag að vegna hins rökræna samhengis sem sé í frv. sé á þessu stigi málsins engin ástæða til annars en að byggja á forsendum frv. Og hvað er nú þetta rökræna samhengi sem hæstv. fjmrh. orðar svo? Ég held að það sé ekki úr vegi að athuga þetta nokkru nánar, því að auðvitað er það höfuðatriði hvaða boðskap þetta frv., sem við nú ræðum, hefur að flytja.

Ég leita þá fyrst að því sem jákvætt er. Svo sannarlega má nú ekki við að fara í geitarhús að leita ullar í þeim efnum. Oft er þörf en nú er nauðsyn. Það er að sjálfsögðu þýðingarmikið að frv. gerir ráð fyrir tekjuafgangi ef raunhæft reynist. Það er og ekkert nema gott að segja um viðleitni til sparnaðar og hagræðingar í ríkisrekstrinum þó að ekki sé nema

sýndur einhver litur á slíku. En allt kemur fyrir ekki ef ekki kemur fleira til. Vegurinn til glötunar er varðaður góðum áformum.

Hér er enginn eðlismunur á því sem endurtekur sig við fjárlagaafgreiðslu á hverju ári. Talið um sparnað og hagræðingu er alltaf samt við sig. Það kann að vera stigmunur frá ári til árs sem nemur því sem alvara málsins er meiri eða minni í eina tíð eða aðra. Og víst er um það að ástandið er nú ógnþrungið og þörfin brýn fyrir niðurfærslu.

En sagan endurtekur sig. Þegar menn hafa verið að manna sig upp í sérstakar yfirlýsingar um samdrátt í ríkisútgjöldum, þá er það aldrei að átt sé við lækkun heildarútgjalda heldur í besta falli að aukningin sé minni en hún hafi einhvern tíma áður verið. Þetta þýðir alls ekki að samdráttur hafi orðið í ríkisbákninu. Það heldur alltaf áfram að þenjast út þó að reynt kunni að hafa einhvern hemil á heildarútgjöldunum. Það hefur nefnilega verið fundin sú ljúfa leið að lækka útgjöld til verklegra framkvæmda til að auka þeim mun meir rekstrarútgjöldin. En þetta er vegurinn til glötunar. Sú var tíðin að framlag fjárlaga til fjárfestingar var um 25% af heildarútgjöldunum en í fjárlögum þess árs sem nú er að líða nálgast það 5%. Þetta segir sína sögu.

Það skyldi nú ekki vera að sagan endurtæki sig við þá fjárlagagerð sem við nú ræðum? Því miður, öll sjúkdómseinkennin lýsa sér eins og venjulega. Þegar nú er talað um samdrátt í ríkisútgjöldunum hækka þau að raungildi þó að fjárfestingarútgjöld lækki að raungildi. Þetta er um samdráttinn í ríkisútgjöldunum, venjubundnar blekkingar, til að láta hjalið um góðan vilja og tilgang sýnast vera alvörumál. Það er að vonum að hæstv. fjmrh. segi að fjárlagafrv. boði ekki fagnaðarboðskap. Það er virðingarverð hreinskilni.

En við getum ekki hlaupist frá veruleikanum. Enginn efast um að í dag er ástandið alvarlegt og brýn þörf fyrir aðgerðir. Það neitar enginn staðreyndum. Efnahagslífið er í öngþveiti, kippt er stoðum undan heilbrigðum rekstrargrundvelli fiskiðnaðarins hvarvetna í landinu, sjávarútveginum, undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar. Og ekki nóg með það, þetta varðar ekki einungis frystihúsin í landinu heldur líka iðnaðinn, útflutninginn allan, efnahagslífið í heild. Ástandið hefur lýst sér í geigvænlegum greiðsluhalla við útlönd og erlendri skuldasöfnun, verðbólguhvetjandi þenslu í þjónustu og verslun á höfuðborgarsvæðinu og umturnun í byggðajafnvægi. Efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar og staða þjóðarbúsins er í húfi. Vituð ér enn eða hvat? Þurfa menn meira til að rumska?

Ríkisstjórnin er búin að gefa út sín bráðabirgðalög um efnahagsaðgerðir. Og við þingmenn erum búnir að ræða þau við 1. umr. í Ed. Ég fer ekki að rifja upp hér það sem ég sagði þar um þessar efnahagsaðgerðir. Það var nauðsyn efnahagsaðgerða strax þó að eðli þeirra aðgerða orki tvímælis í ýmsu svo að ekki sé meira sagt. Þetta eru hins vegar bráðabirgðaráðstafanir sem eru einskis nýtar nema annað fylgi á eftir. Allir ættu að gera sér grein fyrir hvað þurfi að fylgja á eftir ef menn á annað borð leggja trúnað á það sem segir í athugasemdum við fjárlagafrv. sem við nú ræðum. Ég trúi því sem þar stendur, að við eyðum meira en við öflum og ég vænti þess að hæstv. fjmrh. trúi sínum eigin orðum. Það er hins vegar ekki nóg að viðurkenna staðreyndir í orði, það verður að gera það á borði. Hæstv. fjmrh. getur það og ber raunar skylda til að gera það með fjárlögum fyrir næsta ár. En það skal haft í huga að þá þarf hæstv. fjmrh. að taka til hendi heldur betur en þetta fjárlagafrv. ber vott um.

Ég viðurkenni að það er ekkert áhlaupaverk og ekki heiglum hent að gera það sem gera þarf. Það er ekki nægilegt að koma við hagræðingu og sparnaði í einstaka útgjaldaliðum fjárlaga þó svo sannarlega mikilvægt sé. Það þarf að taka ríkisfjármálin í heild til meðferðar með það fyrir augum að draga úr ríkisumsvifunum til að sníða okkur stakk eftir vexti. Kemur þá margt til greina, svo sem að stýfa ríkisbáknið með því að fela sum verkefni, sem ríkið hefur með að gera, öðrum aðilum þar sem þau eru betur komin, sveitarfélögum, samtökum borgaranna og einstaklingum. En fyrst og fremst þarf að endurskipuleggja stjórnkerfi ríkisins frá rótum í stóru og smáu.

Ég viðurkenni að það var til nokkuð mikils mælst að hæstv. fjmrh. gerði svo gagngerða endurskipulagningu á ríkiskerfinu á svo skömmum tíma sem hann hafði til stefnu. Annað mál er að hann hefði átt að gefa gaum að því að fara sérstaka leið undir þeim sérstæðu kringumstæðum sem nú eru fyrir hendi. Kom þá tvennt til greina. Annað var það að ná niðurfærslu á fjárlögum með flötum niðurskurði, þ.e. að skera niður alla málaflokka jafnt og þannig komast hjá í bili að leggja vandasamt mat á mikilvægi hinna ýmsu útgjaldaliða. Raunar er það svo að ýmsir fræðimenn eða hagfræðingar halda fram að mikill niðurskurður ríkisútgjalda, sem þarf að bera brátt að, verði ekki með góðu móti framkvæmdur með öðrum hætti en flötum niðurskurði. Hin leiðin var sú að hæstv. fjmrh. gæfi sér nægan tíma til þess að vinna og undirbúa fjárlagafrv. með tilliti til gagngerðra breytinga og stefnumótunar ef mönnum er alvara að brjóta í blað og mæta þeim ógnvænlega vanda í efnahagsmálunum sem staðið er frammi fyrir. Þannig var farið að þegar viðreisnarstjórnin tók við efnahagslífinu í rúst á sínum tíma. Þá var fjárlagafrv. fyrir 1960 ekki lagt fram á Alþingi fyrr en um mánaðamótin janúar–febrúar það ár. Til að fullnægja ákvæðum stjórnarskrárinnar um framlagningu fjárlagafrv. í upphafi þings hafði annað frv. verið lagt fram á tilskildum tíma án þess að við því væri hreyft til afgreiðslu.

Hæstv. fjmrh. kaus hins vegar ekki að hafa vönduð vinnubrögð og gefa sér tíma til að vinna að máli sem hann sjálfur telur svo mikilvægt að hafi átt að vera tímamótandi verk. Það er ekki von á góðu. Í stað þess kastar hæstv. fjmrh. fram fjárlagafrv. hálfköruðu inn á Alþingi. Það er ekki von á góðu

þegar mál ber svo að og við verðum að skoða fjárlagafrv. í öllum sínum ófullkomleika í þessu ljósi.

Hér er að sjálfsögðu ólíku saman að jafna og fyrsta fjárlagafrv. viðreisnarstjórnarinnar 1960. Þá var lagt fram frv. sem fól í sér fráhvarf frá stjórnunarleiðum sem höfðu komið ríkisfjármálunum og efnahagsmálum þjóðarinnar í öngþveiti. Þá fólst í frv. boðskapur um nýja tíma og stefnumörkun sem lagði grundvöllinn að nýrri stjórnarstefnu flokka sem sátu samfleytt við stjórnvölinn í 12 ár. Nú er engu slíku fyrir að fara með fjárlagafrv. því sem nú hefur verið lagt fram. Þetta frv. hjakkar í sömu hjólförunum, í sama foraðinu sem við höfum verið í. Það boðar ekkert nýtt, leggur engan grundvöll að aðgerðum sem nauðsynlegar eru til úrlausnar aðkallandi vandamálum, engin framtíðarstefnumörkun í málum þjóðarinnar. Hér er tjaldað til einnar nætur. Sú ríkisstjórn sem stendur að þessu fjárlagafrv. eða ríkisstjórn sömu flokka mun ekki sitja við stjórnvölinn í 12 ár og raunar ekki einu sinni í 12 mánuði.

Þegar allt kemur til alls er það tvennt sem ræður sköpum um fjárlagafrv. það sem við nú höfum til meðferðar. *Annað er að það feli í sér nauðsynlegan* niðurskurð til viðréttingar efnahagslífinu. Hitt er að forsendur frv. fái staðist. Það er ekki sá niðurskurður ríkisútgjalda sem til þarf til að hafa hemil á verðbólgu, minnka þenslu, lækka vexti, minnka viðskiptahalla og lækka erlendar skuldir. Það er ekki einu sinni nægilega að gert til að skapa rekstrargrundvöll fyrir útflutningsatvinnuvegina og tryggja atvinnuöryggi fyrir fólkið í landinu. Þetta er ekkert samdráttarfrumvarp, þvert á móti.

Af þessum ástæðum verða efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar samkvæmt bráðabirgðalögunum einskis nýtar. Og vegna þessa verður ekki komist hjá mikilli gengislækkun til að halda atvinnulífinu gangandi og komast hjá atvinnuleysi. En þá eru allar verðlagsforsendur þessa fjárlagafrv. foknar út í veður og vind.

Það sem stendur þá eftir, þrátt fyrir allar heitstrengingar hæstv. fjmrh., er að fjárlagafrv. gerir ráð fyrir áframhaldandi útgjaldaþenslu hjá ríkissjóði sem er gerð möguleg með skattahækkunum. Farin er hin þægilega leið að hækka skatta fremur en að færa niður ríkisútgjöldin nægilega mikið til að komast hjá skattahækkun. Þetta er þægilegri leið að sjálfsögðu fyrir fjármálaráðherra en hin þyrnum stráða niðurfærsluleið. En þetta er ekki þægileg leið fyrir almenning í landinu sem skattabyrðina ber. Og víst er það kaldhæðnislegt að þessum byrðum er bætt á herðar þeirra sem byrðarnar bera fyrir en ekki fremur en áður náð til þeirra sem koma sér undan að bera sinn skerf af byrðunum.

Það gera sér allir grein fyrir að það kostar mikið fyrir fámenna þjóð sem okkur Íslendinga að halda uppi frjálsu og fullvalda velferðarríki. En fólkið í landinu er fúst að bera þær byrðar og raunar krefst þjóðarvitund okkar Íslendinga að svo skuli vera.

En þegar auknar byrðar eru lagðar á þjóðina þarf samt tvennt að vera fyrir hendi til þess að fólk uni auknum álögum. Annars vegar þarf fólk að trúa því að það sé ómaksins vert að taka á sig auknar byrðar, trúa því að það skili árangri til góðs. Hins vegar þarf fólk að finna að byrðunum sé réttlátlega skipt. Hvorugu þessara skilyrða er fullnægt með þessu fjárlagafrv. Þær auknu byrðar sem þetta frv. gerir ráð fyrir eru hvorki trúverðugar né réttlátar.

Það er því miður ekki um annað að gera en að taka undir þau ummæli hæstv. fjmrh. að fjárlagafrv. flytji okkur engan fagnaðarboðskap.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Aðrir hv. þm. Sjálfstfl. hafa rætt hér um forsendur fjárlagafrv. og þá meginstefnu sem kemur fram í því og mun ég því ekki gera því efni veruleg skil í þessari ræðu minni. Það er þó ljóst að Sjálfstfl. er í stjórnarandstöðu og í andstöðu við stefnu ríkisstjórnarinnar — það eru reyndar fleiri í andstöðu þótt ekki sé með sama hætti, þar á meðal sá þingmaður sem gengur nú úr salnum, hv. þm. Skúli Alexandersson, sem hefur lýst því yfir að hann treysti sér ekki til að verja þessa ríkisstjórn vantrausti (**SkA:** Það var góð yfirlýsing að Sjálfstfl. væri í stjórnarandstöðu.) þannig að við erum á sama báti hvað það snertir og þakka ég hv. þm. fyrir hans framíkall. Ég er sammála hv. þm. Skúla Alexanderssyni samherja mínum um þetta efni.

Það er ljóst að efnahagsstefna þessarar ríkisstjórnar byggir á því að halda genginu rangt skráðu með millifærslum, fyrst og fremst til sjávarútvegsins og frystingarinnar, með því að færa fé frá einum til annars Þannig tekst ríkisstjórninni væntanlega að halda niðri verðlagi í landinu á næstu vikum, enda gilda hér lög um launastöðvun sem hæstv. fjmrh. stendur að ásamt öðrum í hæstv. ríkisstjórn. Það er hins vegar ljóst og hverjum manni auðsætt að eftir örfáa mánuði, eða þegar þessar bráðabirgðaaðgerðir taka enda, blasir hyldýpi við og hæstv. ríkisstjórn hlýtur þá, ef ekki fyrr, að þurfa að leiðrétta gengið og skapa útflutningsgreinunum og atvinnulífinu í landinu eðlilegan rekstrargrundvöll.

Það er einkar athyglisvert að aðeins rúmum tveimur mánuðum áður en hæstv. fjmrh. tók við embætti, en þá var hann í stjórnarandstöðu, skrifaði hann greinargerð vegna niðurstaðna í þjóðhagsspá sem þá var birt. Í þessari greinargerð komu fram sjónarmið hæstv. ráðherra eftir að hann hafði dregið saman sitt álit. Þar segir hann m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Þessi niðurstaða er enn dapurlegri fyrir þá sök að áfram ríkja óvenjulega hagstæð ytri skilyrði í efnahagslífi Íslendinga.“ Og síðar: „Það eru því ekki óhagstæð ytri skilyrði sem skapa hinn mikla efnahagsvanda. Þau eru áfram Íslendingum í hag. Vandinn er algerlega heimatilbúinn.“

Þetta var birt í málgagni hæstv. fjmrh. 14. júlí í sumar.

Þessar yfirlýsingar hæstv. fjmrh. eru þeim mun

athyglisverðari fyrir þær sakir að á þeim tíma var komið fram það mikla verðfall sem orðið hefur á okkar mörkuðum erlendis fyrir okkar sjávarafurðir. Í dag flytur hæstv. ráðherra framsöguræðu sína fyrir fjárlagafrv. hér á Alþingi Íslendinga og segir þar orðrétt, með leyfi forseta:

„Fjárlagafrv. fyrir 1989 flytur engan gleðiboðskap. Það byggir á viðurkenningu á því að nú kreppi að í íslenskum þjóðarbúskap."

Þetta er athygli vert því að í raun og veru hefur ekkert gerst í ytri skilyrðum þjóðarbúsins á þeim tíma sem liðinn er frá 14. júlí til dagsins í dag, ekkert annað en það að hæstv. ráðherra er nú sestur í ríkisstjórn en var þá utan stjórnar.

Þegar hæstv. ráðherra var í stjórnarandstöðu réðist hann óþyrmilega að fyrirrennara sínum vegna svokallaðs matarskatts og sagði að hæstv. utanrrh., sem þá var fjmrh., væri brennimerktur maður og gæti ekki talað við fulltrúa launþegasamtakanna í landinu fyrr en hann drægi matarskattinn til baka. Aftur og aftur í fjölmiðlum og annars staðar klifaði hæstv. fjmrh. á þessum sjónarmiðum Alþb. Nú þegar hann er sestur í hæstv. ríkisstjórn heldur hann áfram skattlagningu á matvæli og gerir ekki minnstu tilraun til þess að efna loforð sín eða a.m.k. að standa við sínar yfirlýsingar. Þvert á móti bætir hann við sköttum á almenning í landinu. Að vísu talar hann þá um breiðu bökin, að hann ætli að sækja tekjur í ríkissjóð til þeirra sem meira mega sín. Og hverjir skyldu þetta nú vera? Þetta eru m.a. íþróttafólk, menntastofnanir og öryrkjar.

Ég býst við að allir hv. þm. hafi kynnt sér þann boðskap sem kom fram hjá fyrrv. þm. Alþb. Helga Seljan þegar hann skrifaði hæstv. ráðherra bréf og bað hann nú um að endurskoða afstöðu sína. En hæstv. ráðherra situr fast við sinn keip og talar meira að segja um misskilning þegar hæstv. forsrh. segir að aðeins sé um lausleg áform að ræða og þess vegna sé óhætt fyrir Framsfl. að vera á móti þessum skattaálögum. Það hlýtur því að vera fullt tilefni til þess að spyrja við þessa umræðu: Stendur ríkisstjórnin öll og stjórnarflokkarnir í heilu lagi, því að þeir þurfa á öllum atkvæðum sinna liðsmanna að halda, að baki þeim áformuðu skattabreytingum sem hæstv. ráðherra hefur lýst?

Ég hef nú rakið eitt dæmið þar sem hæstv. forsrh. segir að aðeins sé um lausleg áform að ræða og því sé óhætt fyrir Framsfl. að vera á móti þeirri skattheimtu. Getur verið að lausleg áform séu einnig um aðra skattheimtu og þess vegna sé lítið ef nokkuð að marka það fjárlagafrv. sem hér hefur verið lagt fyrir hv. Alþingi og hæstv. fjmrh. mælti fyrir fyrr í dag? Það er auðvitað ekki boðlegt að leggja fram fjárlagafrv. með þeim hætti að tekjumegin eða það sem fram kemur í 1. gr. frv. byggist á lauslegum áformum sem hæstv. forsrh. er á móti.

Nú skal ég reyndar viðurkenna það að hæstv. forsrh. er yfirleitt á móti ríkisstjórnum hvort sem hann situr í þeim eða ekki. En nú vill svo til að þingmeirihluti núv. hæstv. ríkisstjórnar er ekki meiri en svo að hún þarf meira að segja á atkvæði forsrh. að halda. Manni hlýtur því að koma í hug að eitthvað sé bogið við stjórnarsamstarf sem byggir á því að hægt sé að leggja fram fjárlagafrv. þegar ætlunin er að sækja tekjur til nýrra tekjustofna sem aðeins eru lausleg áform og heill stjórnmálaflokkur, flokkur hv. þm. Páls Péturssonar, er á móti sumum þessara áforma. Ég hugsa nú ekki að hv. þm. Páll Pétursson sé á móti þeim, hann gerir hvað sem er til að sitja þeim megin sem ríkisstjórnir eru á hverjum tíma. En foringi hans, hæstv. forsrh. Steingrímur Hermannsson, er ávallt beggja megin við borðið, situr í ríkisstjórn en er líka á móti henni þegar því er að skipta. Það hlýtur því að vera í verkahring hæstv. fjmrh. að gera hreint fyrir sínum dyrum við þessar umræður í dag. Standa hæstv. ríkisstjórn öll og stjórnarflokkarnir í heilu lagi með tekjuhlið þessa frv.? Þetta verður hæstv. ráðherra að staðfesta og maður verður að treysta því að hann, sem fer með æðstu völd í þessum efnum, hafi sér til fulltingis — ja, stjórnarþingmann á borð við hæstv. forsrh. Þó að ég viti að hæstv. fjmrh. leggi ekki mikið upp úr slíkum stuðningi, þá þarf hann á honum að halda ef þessi tekjufrv. eiga að nást fram á Alþingi. Og hæstv. fjmrh. hefur fullt leyfi til þess að tala í þessum málum fyrir hönd ríkisstjórnarinnar allrar. Vandinn er hins vegar sá að ef hæstv. fjmrh. staðfestir að um þetta hafi verið samið er hann um leið að segja að hæstv. forsrh. sé að hlaupa frá sínum yfirlýsingum. Hann er bókstaflega að brennimerkja, svo að ég noti nú hugtak sem hæstv. ráðherra er tamt, hæstv. forsrh. sem ósannindamann og auðvitað á hv. Alþingi rétt á að vita hvor þeirra hefur rétt fyrir sér því annars er ekki hægt að taka mark á þeim lagafrv. sem lögð eru fram á Alþingi, þar á meðal jafnmikilvægum frv. og fjárlagafrv.

Erindi mitt í ræðustól, hæstv. forseti, er þó fyrst og fremst að ræða örfá efnisatriði frv., en þó einkum þau sem snúa að iðnrn., og gera þar ákveðnar fyrirspurnir. Í fyrsta lagi vil ég benda á að samkvæmt texta sem er á bls. 303 og er í athugasemdum með fyrirliggjandi frv. kemur fram að í fjárlagafrv. er ekkert framlag til vöruþróunar- og markaðsdeildar Iðnlánasjóðs. Hér er um stefnubreytingu að ræða. Vöruþróunar- og markaðsdeild Iðnlánasjóðs var stofnuð þegar Iðnrekstrarsjóður sameinaðist Iðnlánasjóði. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Hefur hann stuðning allra í sínum eigin þingflokki við þessa tillögu? Og ég get sagt honum af hverju spurt er. Það er vegna þess að þessi stuðningur hefur verið eitt aðaláhugamál hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar. Og ég spyr hæstv. ráðherra: Hefur hv. þm. Hjörleifur Guttormsson samþykkt að ekkert ríkisframlag renni til Iðnlánasjóðs í þá deild sem kölluð er vöruþróunar- og markaðsdeild? Hafi hann stuðning þess hv. þm. úr röðum Alþb. Er hér um stefnubreytingu að ræða hjá þeim hv. þm.?

Í öðru lagi langar mig til þess að nefna sérstaklega liðinn „Ýmis orkumál" og þá einkum og sér í lagi texta sem kemur fram á bls. 305 í athugasemdum

með fjárlagafrv., en þar segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Framlag til niðurgreiðslna á rafhitun nemur 224 millj. 890 þús. kr. samanborið við 200 millj. kr. á árinu 1988 og hækkar því um 12%."

Þetta er merkilegur texti. Hann er merkilegur fyrir þær sakir að ekki alls fyrir löngu lýsti hæstv. fjmrh. því yfir, hvað fælist í stjórnarsáttmála núv. hæstv. ríkisstjórnar þar sem stendur að útgjöld ríkisins muni ekki breytast á milli ára að raungildi, að það væri eðlilegt að taka tillit til þess útgjaldaauka sem hefði orðið á árinu. Þetta sagði hæstv. ráðherra, að vísu ekki orðrétt en efnislega, eins og ég veit að hann man sjálfur. Í mars á þessu ári var nefnilega gert samkomulag á milli iðnrn. og fjmrn. og það var staðfest í ríkisstjórn með minnisblaði frá báðum þessum ráðuneytum að fjmrn. tæki að sér að greiða nákvæmlega jafnmikið að krónutölu til í niðurgreiðslur á rafhitun eins og gert var árið áður. Og áætlaðar tölur benda til að á þessu ári kunni sú greiðsla að vera 220–230 millj. kr. Árið 1987 voru greiddar 215 millj. kr., en síðan hafa nokkrir neytendur bæst við í hóp þeirra sem eiga að fá niðurgreiðslur skv. þessum lið. Ég hélt að þetta samkomulag væri enn í gildi, annað hef ég ekki heyrt. Hvað þýðir þetta? Þetta þýðir að sjálfsögðu það að niðurgreiðsla á rafhitun hækkar ekki vitund á milli ára, nákvæmlega ekki neitt. Og ég spyr hæstv. ráðherra: Var honum kunnugt um þetta samkomulag? Vissi hann kannski ekki að fjmrn. er bundið af samningi við iðnrn. um að greiða 65 aura á hverja kwst. og sú upphæð sem kemur til útgreiðslu er ekki 200 millj. kr. heldur líklega nær 220 millj. kr. eða jafnvel hærri. Vegna þess texta sem kemur fram í athugasemdunum er mér nær að halda að hæstv. ráðherra hafi ekki haft hugmynd um þetta og það væri auðvitað alvarlegt mál.

En það er fleira sem iðnrn. og fjmrn. gerðu samning um á sínum tíma, þar á meðal það, sem snertir þetta mál einnig, að Orkubú Vestfjarða og Rafmagnsveitur ríkisins þyrftu ekki að standa skil á greiðslum af skuldum sem urðu til þegar verðjöfnunargjald á raforku var lagt af. Þessi upphæð er u.þ.b. 100 millj. kr. Ef þessi samningur hefði ekki verið gerður hefði líklega þurft að hækka rafmagn til húshitunar um 10% og ég spyr: Byggir fjárlagafrv. á því að áfram verði staðið við ákvæði þessa samnings? Að vísu var það ekki tekið fram að það þyrfti að gerast á næsta ári, en ég spyr hæstv. ráðherra hvort framhald verði á þessari stefnu því ef svo verður ekki mun húshitunarkostnaður á landsbyggðinni hækka stórkostlega af sjálfu sér. Um síðustu áramót voru þessar upphæðir 40 millj. kr. hjá Orkubúi Vestfjarða og 56,7 millj. kr. hjá Rafmagnsveitum ríkisins, og verða áreiðanlega talsvert hærri er þær koma til greiðslu nú í lok desember á þessu ári. Þetta er kannski ekki stór upphæð en þó a.m.k. 100 millj. kr. Og allir vita að þessi fyrirtæki eru ekki aflögufær.

Þessu til viðbótar langar mig til þess að spyrja hæstv. ráðherra, sem á sæti í stjórn Landsvirkjunar, hvort rætt hafi verið í stjórn Landsvirkjunar um að framlengja þá samþykkt sem gerð var í mars sl., um sama leyti og samningur var gerður á milli iðnrn. og fjmrn., um að gefa afslátt til húshitunar. Það gerði stjórn Landsvirkjunar, eins og hæstv. ráðherra veit, til þess að tapa ekki markaðshlutdeild því að olía til húshitunar hefur lækkað stórkostlega á undanförnum árum. Verð á gasolíu er í dag líklega innan við þriðjung af verði olíunnar fyrir þremur til fjórum árum síðan. Ég spyr þess vegna hæstv. ráðherra, sem jafnframt er stjórnarmaður Landsvirkjunar: Stendur til að þessi samþykkt muni standa á næsta ári? Samþykktin sem gerð var í mars gilti nefnilega eingöngu fyrir yfirstandandi ár og þetta eru u.þ.b. 100 millj. kr. til viðbótar. Þetta eru stórar upphæðir og mundi þýða að raforkuverð mundi enn hækka af þessum sökum ef stjórn Landsvirkjunar sér ekki ástæðu til eða telur sig ekki geta haldið þeirri stefnu sem kom fram í samþykkt hennar fyrr á þessu ári.

Það er ljóst að ef ekki hefur verið gert ráð fyrir þessu í fjárlagafrv., og mér býður í grun að svo hafi ekki verið, horfir til þess að raforkuverð til húshitunar muni hækka allverulega. Ég veit ekki hvort hv. þm. Alexander Stefánsson ræddi þessi áhugamál sín í sinni ræðu hér áðan. En hann hefur nú verið einn helsti varðmaður landsbyggðarinnar um þetta efni í röðum framsóknarmanna. Hefur hv. þm. Alexander Stefánsson skoðað þetta mál? Eða treystir hann sérstaklega hæstv. ráðherra til að fara með þessi mál og kannski betur en hæstv. fyrrv. fjmrh.?

Staðreyndin er nefnilega sú að sá árangur náðist í tíð síðustu ríkisstjórnar að rafhitunarkostnaður lækkaði miðað við laun og hann hefur aldrei verið lægri á þessum áratug. Munur á hitunarkostnaði heimila á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu hefur aldrei verið minni.

Nú hef ég ekkert minnst á áform eða kannski lausleg áform hæstv. ríkisstjórnar um að leggja skatta á orkufyrirtæki. Hvers konar skattar eiga það að vera? Tekjuskattar, sem hvetja orkufyrirtækin til þess að hætta að reka fyrirtækin með einhverjum hagnaði þar sem það er hægt öllum til góðs, eða orkuskattur á hverja einingu, sem auðvitað mun stórhækka orkuverðið og það verða landsmenn að greiða.

Ég óska eftir að hæstv. ráðherra upplýsi okkur um þessi mál þegar hann flytur sína svarræðu síðar í kvöld því að hér er stórmál á ferðinni, mál sem er ákaflega viðkvæmt fyrir alla landsbyggðina. Ég veit að hér inni eru hv. þm. sem skilja þetta mjög vel og stóðu með mér í þeirri baráttu að lækka orkuverðið á yfirstandandi ári. Treysta þeir því að hæstv. ríkisstjórn muni halda áfram þeirri stefnu? Hafa þeir kannað það í þessu fjárlagafrv. hvort ekki sé gengið á rétt fólksins sem býr úti á landi og þarf að kynda hús sín með raforku? Ég spyr þá menn sem hæst létu á síðasta vetri og hér sitja í salnum: Hafa þeir kannað þetta mál? (**SV:** Það verður kannað.) Það verður kannað, segir guðfaðir ríkisstjórnarinnar.

M.ö.o., hann staðfestir það hér og nú að það hafi alls ekki verið kannað. En hann segir, þessi voldugi þingmaður sem hefur líf ríkisstjórnarinnar í greip sinni: „Það verður kannað".

Vona ég nú að hæstv. fjmrh. hafi heyrt erkibiskups boðskap. Hitt er svo annað mál hvort hann er ráðinn í því að hafa slíkan boðskap að engu. Það kemur í ljós, enda veit guðfaðirinn að hann hefur líf ríkisstjórnarinnar í hendi sér. En þetta voru athygli verðar upplýsingar sem komu hér fram í framíkalli hv. þm. Stefáns Valgeirssonar. (**SV:** Það voru engar upplýsingar.)

Nú skulum við aðeins bíða við. Það er einn þáttur þessa máls eftir. Og hann er þessi: Hæstv. forsrh., þessi maður sem hefur lag á því að vera bæði í ríkisstjórn og utan ríkisstjórnar og ber aldrei ábyrgð á neinum málum sem eru erfið, er þó stuðningsmaður þessarar hæstv. ríkisstjórnar, að maður heldur að minnsta kosti stundum en ekki alltaf, ekki þegar á að leggja á öryrkjaskatt. En stundum er hann stuðningsmaður sinnar eigin ríkisstjórnar. Það kemur að minnsta kosti fyrir. Hann hefur sagt: „Það á að lækka rafmagn til fyrirtækja í útflutningsgreinum sem hafa jafna notkun yfir árið." Þetta hafa menn skilið svo að nú eigi að lækka rafmagn til frystingarinnar í landinu og nefndar hafa verið tölur eins og 25%. Þeir sem þekkja til í þessum rekstri vita að rafmagnskostnaður þessara fyrirtækja er í kringum 2% af heildarútgjöldum fyrirtækjanna. Þannig að þetta er talsvert sem þarna á að gerast. En hvernig á að gera þetta? Sér maður það í fjárlagafrv.? Hefur hv. þm. Stefán Valgeirsson kynnt sér það? Getur verið að hægt sé að lækka verð til nokkurra notenda sem taka til sín mikið rafmagn án þess að einhver annar borgi þessar háu upphæðir? Ég spyr manninn sem situr í Landsvirkjunarstjórn, hæstv. fjmrh.: Getur Landsvirkjun prentað slíka peninga? Ég held ekki. Eðli málsins samkvæmt verða einhverjir að borga brúsann. Ef ekki þessi fyrirtæki, þá einhverjir aðrir. Ef ekki þeir sem nota raforkuna nú þá börnin okkar, eins og hæstv. ráðherra segir stundum, við vísum þessu fram á framtíðina með því að auka erlendar skuldir þjóðarinnar. Það hlýtur þó hæstv. ráðherra og stjórnarmaður Landsvirkjunar að vita að ef ekki kemur nægilega mikið í kassann þar þýðir það að ekki er hægt að borga niður jafnhratt þau lán sem Landsvirkjun hefur tekið. Og einmitt niðurgreiðslur á þessum lánum, afborganir og vextir, eru líklega um 85% af heildarveltu fyrirtækisins.

Svona hókus-pókus yfirlýsingar án þess að nokkuð sé á bak við þær verða auðvitað að opinberast með einhverjum hætti. Og það hlýtur að vera tími til þess nú, þegar fjárlagafrv. er til 1. umr., að fá skýr svör um það hvernig hæstv. ríkisstjórn ætlar að fylgja þessari stefnu sinni fram. Ástæðan fyrir því að spurt er er sú m.a. að Orkubú Vestfjarða, Rafmagnsveitur ríkisins og önnur orkudreifingarfyrirtæki eru ekki aflögufær. Það hlýtur því að vera tilvísun á Landsvirkjun sem hér er verið að tala um. Það hlýtur þess vegna að vera ætlast til þess að Landsvirkjun geri eitthvað í þessum efnum. En nú vill svo til að Landsvirkjun er sjálfstætt fyrirtæki sem þarf ekki að gegna hæstv. ríkisstjórn. Stjórn fyrirtækisins hefur nefnilega miklu meiri völd á sínum málefnum heldur en ef um ríkisfyrirtæki væri að ræða. Og það hefur verið staðfest margoft af lögfræðingum að Landsvirkjun er ekki ríkisfyrirtæki. Þess vegna hlýtur hæstv. ríkisstjórn að hafa vitað hvernig hún ætlaði að lækka rafmagn til frystingarinnar í landinu um 25% áður en þessi yfirlýsing var gefin. Og vegna þess að um orkufyrirtækin er fjallað í þessu frv. hljótum við að krefjast þess að við þessa umræðu komi fram svör um þessi mál.

Hæstv. forseti. Ég hef aðeins vikið hér að örfáum atriðum frv. og nánast ekkert rætt um meginstefnu þess. Það hafa aðrir hv. þm. Sjálfstfl. gert. En ég óska eftir því að hæstv. fjmrh. skýri þau sjónarmið sem ég hef óskað eftir að hann geri og svari þeim fyrirspurnum sem ég hef borið fram hér í minni ræðu.

Hrafnkell A. Jónsson:

Virðulegi forseti. Mér hefur nú um nokkurra daga skeið hlotnast sá heiður að taka sæti á hinu háa Alþingi. Og ég hef af fremsta megni leitast við að varpa ekki skugga á hina virðulegu stofnun, né á þá hv. þm. sem kjörnir eru sem aðalmenn. Síðustu dagana hefur mikið verið rætt um virðingu Alþingis og sú umræða hefur ekki síst beinst að okkur sem komum inn sem varamenn og talið nokkuð á skorta að við héldum uppi virðingu þingsins. Í dag hef ég hins vegar velt því fyrir mér hvort það hafi ekkert með virðingu hins háa Alþingis að gera að hér við 1. umr. fjárlaga sjást yfirleitt ekki hæstv. ráðherrar ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar utan hvað Ólafur Ragnar Grímsson, hæstv. fjmrh., tyllir sér hér af og til eins og fugl á grein. Hefur þetta ekkert með virðingu þingsins að gera? Mér er spurn. Og ég vænti að mér fyrirgefist þótt ég spyrji á þennan veg, nýliðanum sem þekki ekki til hefða þingsins og þess hvernig virðingu þess er best gætt.

Ég ætla að leyfa mér að taka til umræðu launa- og skattastefnu hæstv. ríkisstjórnar eins og hún kemur fram í því fjárlagafrv. sem mælt var fyrir í dag. Það fer ekkert hjá því, þegar launastefna hæstv. ríkisstjórnar er rædd, að óhjákvæmilegt er að ræða þann grunn sem hún byggir á. Lögin sem hæstv. núv. ríkisstjórn setti um bann við eðlilegri starfsemi verkalýðshreyfingarinnar voru að vísu að hluta tekin í arf frá fyrri ríkisstjórn. Það er hins vegar eftirtektarvert, ekki síst með tilliti til þess að hæstv. fjmrh., sem að sjálfsögðu er ekki í salnum, hefur haft mörg orð um arfinn sem núv. hæstv. ríkisstjórn fékk, það er eftirtektarvert að hæstv. fjmrh. og flokkur hans Alþb. hafa ekki fúlsað við þeim hluta arfsins sem snýr að launabindingunni.

Það er nú svo í sæmilega siðuðum þjóðfélögum að þar gilda ákveðnar meginreglur sem marka dagleg samskipti þegnanna hvers við annan og á milli borgaranna og ríkisvaldsins. Ein af grundvallarregl-

unum í samskiptum þegnanna og ríkisvaldsins í þeim löndum sem Íslendingar sækja sér fyrirmyndir til er frjáls og óþvinguð starfsemi stéttarfélaga. Og að sjálfsögðu hafa Íslendingar, ekki síst flokkur núv. fjmrh. og reyndar sem betur fer íslenskir stjórnmálaflokkar yfirleitt, haft uppi þung orð og miklar yfirlýsingar um þær ríkisstjórnir annars staðar í heiminum sem virða ekki þessa meginreglu. Ég vænti þess að menn geti flett upp samþykktum gegn stjórn Jaruzelskis í Póllandi, Pieter Botha í Suður-Afríku og Pinochet í Chile. Auðvitað eru starfsaðferðir þessara stjórna á annan veg heldur en íslensku ríkisstjórnarinnar en í grundvallaratriðum er verið að gera sömu hluti. Það er verið að leggja hömlur á eðlilega starfsemi borgaranna og því er aðeins stigsen ekki eðlismunur á þessum aðgerðum.

Því miður eru líklega flestar ríkisstjórnir sem hér hafa setið síðustu áratugi með þátttöku allra íslenskra stjórnmálaflokka sekar um þetta. Það breytir ekki þeirri staðreynd — og ég bið reyndar fulltrúa Borgfl. afsökunar, þ.e. þá sem ekki hafa átt sæti í ríkisstjórnum áður undir merki annarra flokka, en þeir hafa reyndar, að ég hygg, fetað sömu brautina og meginregla er hér í stjórnmálunum. Það kemur ekki til nokkurra mála að þessi ríkisstjórn eða nokkur önnur geti vænst samstöðu og samvinnu við stéttarsamtök á sama tíma og ríkisvaldið bindur hendur þeirra með lögum. Í mínum huga er það a.m.k. útilokað og ég vonast til þess að þau viðhorf ríki hjá þeim sem starfa innan verkalýðshreyfingarinnar því þau viðhorf eru almenn hjá hinum venjulega launþega. Það er ekki fyrr en þessi þvingunarlög hafa verið afnumin og þá fyrst sem eitthvert samstarf getur komið til greina við þá ríkisstjórn sem nú situr. Í stefnuyfirlýsingu hæstv. ríkisstjórnar segir, með leyfi forseta: „Ríkisstjórnin æskir vinsamlegra samskipta við aðila vinnumarkaðarins og mun hafa við þá samráð um stefnuna í kjaramálum." Þá fyrst að búið er að afnema þessi þvingunarlög er hægt að vænta þess að til slíkrar samvinnu komi. Á hvern hátt réttlæta þeir sem að hæstv. ríkisstjórn standa þau mannréttindabrot sem felast í aðgerðum ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar? Það hljóta að vera ríkar ástæður til þess að til þeirra er gripið.

Það skorti að sjálfsögðu ekki á dramatískar lýsingar á þeim vanda sem að steðjar í íslenskum efnahagsmálum. Og það er reyndar eftirtektarvert að þegar hæstv. núv. forsrh., sem talið er að hafi átt sæti í síðustu ríkisstjórn, lýsti þessum vanda á vordögum, og var þá m.a. að lýsa því ástandi sem ríkti eftir nær samfellda setu Framsfl. í ríkisstjórn frá 1971, þá talaði hæstv. forsrh. um blóðvöll þegar hann lýsti ástandi atvinnu- og efnahagsmála og hafði orð á því að nú brynni Róm. Á sama hátt hafa yfirlýsingar hæstv. fjmrh. og flokks hans Alþb. verið hofmóðugar. Þeir lýsa sér sem björgunarsveit sem kallað hafi verið í til að leysa vandann, líklega einhvers konar slökkvilið til þess að slökkva framsóknareldana sem brunnið hafa síðustu mánuðina.

Það fer ekki hjá því þegar á slíkar yfirlýsingar er hlýtt að mönnum detti í hug það sem ýmsir sem kannað hafa atferli brennuvarga telja staðreynd: Mennirnir með eldspýturnar eru yfirleitt í hópi þeirra sem mest láta á sér bera þegar eldarnir eru slökktir. Forsenda þessarar stjórnarmyndunar var að með henni ætti að snúa við hruni í útflutningsatvinnuvegunum. Það var að vonum að bent væri á mjög alvarlegt ástand sem hefur skapast, ekki síst víða úti um land þar sem sjávarútvegur hefur barist í bökkum og víða leitt til gjaldþrota. Það var á þeim forsendum sem hv. þm. Stefán Valgeirsson gerðist stuðningsmaður þessarar ríkisstjórnar og fékk að launum lykilaðstöðu í nýjum skuldaskilasjóði sem er reyndar orðið þvílíkt feimnismál að það virðist enginn sem nálægt þessum sjóði kemur vilja kannast við hv. þm.

En hafa þá aðgerðir hæstv. ríkisstjórnar leitt til þess að vandanum, sem ríkisstjórnin var stofnuð til að leysa, hafi verið bjargað? Er líklegt að ríkisstjórninni takist að treysta svo undirstöður útflutningsatvinnuveganna að komist verði hjá stórslysum? Því miður get ég ekki séð að það hafi verið gert. Það er fátt sem bendir til þess. Við heyrum enn þá dag eftir dag fréttir um gjaldþrot hér og þar á landinu. Því miður er fátt sem bendir til að þeirri þróun hafi verið snúið við.

Hæstv. fjmrh. sagði í fjárlagaræðu sinni að atvinnuleysi hefði verið forðað, og vísar þá væntanlega til þess að þær aðgerðir sem ríkisstjórnin hafi gripið til hafi leitt til þess. Því miður er yfirlýsing af þessu tagi lítið marktæk þegar staðreyndirnar sýna allt annað. Nýi skuldaskilasjóðurinn, Atvinnutryggingarsjóðurinn, er að mínum dómi ekki líklegur til þess að bjarga einu eða neinu. Það eru í það minnsta alveg ný fræði ef skuldugum aðila með langan vanskilahala er bjargað með því að lána honum meira, gera hann enn skuldugri. Því er það að þessi sjóður er alls ekki líklegur til þess að leysa vanda útflutningsatvinnuveganna. Því til viðbótar, og það er alvarlegur hlutur, er að þessum Atvinnutryggingarsjóði er að sjálfsögðu fyrst og fremst ætlað að koma til liðs við fyrirtæki í útflutningsgreinum, en við heyrum dag hvern um fleiri eða færri þjónustu- og verslunarfyrirtæki sem eru að verða gjaldþrota. Nú er það að vísu ljóst að þensla í þjónustu og verslun var langt frá því að vera eðlileg og ég held að það neiti því enginn að samdráttur í þessum greinum er og var óhjákvæmilegur. En það breytir ekki þeirri staðreynd að vandi launþeganna sem starfa í þessum atvinnugreinum, launþeganna sem eru þessa dagana að missa vinnuna vegna stórfelldra gjaldþrota í verslunar- og þjónustufyrirtækjum, er nákvæmlega jafnmikill og vandi verkamannsins sem missir vinnu í fyrirtæki sem vinnur í útflutningi. Og ábyrgð ríkisvaldsins gagnvart þessu fólki er nákvæmlega jafnmikil og ábyrgðin gagnvart verkamanninum. Það veldur mér verulegum áhyggjum að í allri

umræðunni um atvinnumál á undanförnum dögum og vikum er eins og þetta fólk hafi gleymst. Aðgerðir hæstv. ríkisstjórnar benda til þess að þar á bæ standi mönnum kannski nokkuð á sama. Í það minnsta taldi hæstv. ríkisstjórn að heppilegasta leiðin til þess að fjármagna Atvinnutryggingarsjóðinn væri að gera aðför að Atvinnuleysistryggingasjóði og taka hluta af lögbundnu framlagi hans og leggja til Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsatvinnuveganna.

Sú aðgerð að taka framlag Atvinnuleysistryggingasjóðs er verulega alvarleg. Þetta er gróft brot á áratugagömlu samkomulagi aðila vinnumarkaðarins. Þetta er aðgerð sem er líkleg til að veikja stórlega Atvinnuleysistryggingasjóð á tímum þegar sjóðsins er verulega þörf. Samtök vinnumarkaðarins hafa brugðist mjög hart við þessum áformum og Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands hafa sent frá sér sameiginlega yfirlýsingu svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands og framkvæmdastjórn Vinnuveitendasambands Íslands hafa fjallað um þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að skerða umsamin og lögbundin framlög ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs um 600 millj. kr. og setningu bráðabirgðalaga í þeim tilgangi. Það er sameiginleg afstaða samtakanna að með þessu sé ríkisvaldið einhliða að rjúfa áratuga samkomulag aðila vinnumarkaðarins, ríkisvaldsins og sveitarfélaganna um uppbyggingu og fjármögnun Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Atvinnuleysistryggingasjóður var stofnaður árið 1955 á grundvelli samkomulags um lausn vinnudeilu það ár og var ein meginforsenda að lausn þeirrar deilu. Í samkomulaginu var m.a. ákveðið hver framlög aðila til sjóðsins skyldu vera og hafa lög um sjóðinn síðan byggt á þessu samkomulagi. Tilgangur sjóðsins hefur frá upphafi verið að tryggja lágmarksframfærslu þeirra sem missa vinnu sína.

Á síðustu árum hefur að sönnu reynt lítið á bótagreiðslur vegna atvinnuleysis. Sjóðurinn hefur á hinn bóginn þungar skyldur m.a. vegna greiðslu eftirlauna til aldraðra. Þetta hefur rýrt fjárhagslega getu sjóðsins þrátt fyrir lítið atvinnuleysi. Það sætir því furðu að stjórnvöld áformi einmitt nú stórfellda skerðingu á framlögum til sjóðsins, einkum í ljósi þess að samdráttar í atvinnustarfsemi verður nú vart og því fyllsta ástæða til að treysta fjárhagslega stöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Samtökin telja með öllu óviðunandi að einn aðili þríhliða samnings sem bundinn er í lög skuli með þessum hætti leysa sig undan fjárhagslegum skuldbindingum sínum. Samtökin gera þá kröfu að ríkisvaldið standi við sinn hluta samningsins og greiði að fullu umsamið og lögbundið framlag sitt til sjóðsins. Ella er stöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs teflt í tvísýnu."

Svo mörg voru þau orð. En e.t.v. lítur hæstv. ríkisstjórn þannig á að þetta sé einn liðurinn í vinsamlegum samskiptum við aðila vinnumarkaðarins. Hér er um mjög alvarlega aðgerð að ræða. Ég skora á hæstv. ríkisstjórn að breyta þessum áformum gagnvart Atvinnuleysistryggingasjóði. Þau eru í senn óskynsamleg og fullkomlega ábyrgðarlaus. Ef ekki verður horfið frá þessu getum við staðið frammi fyrir því á næstu mánuðum að Atvinnuleysistryggingasjóður geti ekki staðið við þær skuldbindingar sem honum er ætlað að standa við, ef fer sem horfir að hér stefni í fjöldaatvinnuleysi þegar kemur fram á næsta vetur. Það er algjörlega ljóst að atvinnustefna hæstv. ríkisstjórnar getur á engan hátt réttlætt þær aðgerðir sem hæstv. ríkisstjórn sá ástæðu til að beita við launþegasamtökin í landinu.

Skattastefna ríkisstjórnarinnar hlýtur þá að vera eitthvað sem réttlætir þessar aðgerðir og það vantar ekki hástemmdar yfirlýsingar þar. Í fjárlagaræðu hæstv. fjmrh. segir, með leyfi forseta:

„Aukin tekjuöflun ríkissjóðs miðast við að þeir sem hafa mestar tekjur og eignir og hafa ráðstafað mestu í lúxuseyðslu og fjárfestingu á undanförnum árum beri stærstan hluta aukinnar skattbyrði."

Og það gefur á að líta þegar skoðað er í skattaframskógi hæstv. ríkisstjórnar. Þar ber auðvitað hæst matarskattinn sem Alþb. og hæstv. fjmrh. sáu sérstaka ástæðu til að framlengja þegar þeir komust loksins í ríkisstjórn. Ég geri ráð fyrir því að það séu ekki eingöngu þeir sem ráðstafa mestu í lúxuseyðslu sem greiða þann skatt.

Það er ákveðið að leggja 12% söluskatt á happdrætti. Þetta er tekjustofn sem á að skila tæplega hálfum milljarði í ríkissjóð. Þetta er skattur sem þeir greiða sem lagt hafa á sig ómælt starf við að styrkja ýmis líknarsamtök, íþróttafélög, aldraða og ýmsa þá sem starfa að menningarmálum. Ég geri ekki ráð fyrir því að þeir sem leggja fé í þetta séu upp til hópa einhver sérstakur hátekjuhópur. Ég hygg að það sé staðreynd að það er allur almenningur í landinu sem spilar í happdrættum. Því er ljóst að þessi sérstaki öryrkjaskattur ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar er almennur neysluskattur á landsmenn. Ekki er hægt að segja að þessi skattheimta sé stórmannleg, enda kom það að sjálfsögðu í ljós að þegar framsóknarmönnum varð ljóst hvernig við þessari skattheimtu var brugðist af almenningi, þá hlupu þeir eins og fætur toguðu frá öllu og segja í dag að hér hafi verið um lausleg áform að ræða og það sé fyrst og fremst fjmrh. sem eigi þessar hugmyndir. Þessi viðbrögð framsóknarmanna koma væntanlega engum á óvart sem með þeim hafa starfað undanfarin ár en það getur vel verið að hæstv. fjmrh. hafi hrokkið við.

Önnur skattheimta sem boðuð er í fjárlagafrv. er síðan hækkun vörugjalds, sem hækkar væntanlega innfluttar vörur, almennar neysluvörur, hækkun bensínverðs og enn er bifreiðin almenningseign. Síðan er talað um nýtt tekjuskattsþrep sem eftir því sem næst verður komist er sérstök kveðja til íslenskra sjómanna því að þrepið verður væntanlega miðað við að ná til þeirra. Þeir eru að hluta til a.m.k. með hærri tekjur en gerist og gengur og það

er ljóst að sú stétt sérstaklega mun koma illa út í nýju tekjuskattsþrepi.

Það er því sama hvar litið er á skattaáform hæstv. ríkisstjórnar. Þau benda öll til þess að hér sé um almenna skattlagningu að ræða og sá blekkingarvefur, sem verið er að vefa um skattastefnu hæstv. ríkisstjórnar, um að hér sé verið að ná til auðkýfinganna, hann gengur einfaldlega ekki upp.

Þegar svo litið er á verðlags- og launaforsendur frv. og reynt að gera sér grein fyrir því hvaða kjarastefnu hæstv. ríkisstjórn ætlar að móta til næstu mánaða þá er ljóst að hér er stefnt í gífurlegt kaupmáttarhrap. Það er að vísu þannig að ýmsir, sem m.a. standa hæstv. fjmrh. býsna nálægt í stjórnmálaskoðunum, eins og forseti Alþýðusambands Íslands, Ásmundur Stefánsson, hafa ýmislegt við forsendurnar sjálfar að athuga. En Ásmundur sagði í blaðaviðtali fyrir nokkru þegar rætt var um forsendur fjárlagafrv., með leyfi forseta: „Þær eru rugl, það er alveg augljóst. Það dettur engum heilvita manni í hug að mál gangi fram með þeim hætti og ég hef ekki trú á því."

E.t.v. er forseti Alþýðusambands Íslands ekki marktækur en það er ljóst að skoðun hans á forsendum fjárlagafrv. er ótvíræð. Það kemur í ljós þegar verðlagsforsendurnar eru skoðaðar að þar er gert ráð fyrir því að verðlag hækki um 12% á móti 8% hækkun launa. Hins vegar er augljóst þegar skattastefna frv. er skoðuð að verðlagsforsendur hljóta að vera rangar og því til viðbótar, sé á annað borð meining hæstv. ríkisstjórnar að útflutningsatvinnuvegirnir gangi til lengri tíma, þá er breyting á gengi íslensku krónunnar óhjákvæmileg eða að hæstv. ríkisstjórn stefnir í þá niðurfærsluleið sem fyrrv. ríkisstjórn var sprengd út af, leið sem ráðherrar núv. ríkisstjórnar virðast ekki hafa viljað fara þrátt fyrir hástemmdar yfirlýsingar um ágæti niðurfærsluleiðarinnar.

Ég hlýt að beina þeirri spurningu til leiðtoga ríkisstjórnarflokkanna, — það fer eins og áður heldur lítið fyrir þeim hér í salnum en hér er þó hæstv. fjmrh. staddur — ég hlýt samt sem áður að beina þeirri spurningu til þeirra, ef einhver getur komið skilaboðum til hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh.: Hvað ætlar hv. ríkisstjórn að gera þegar launastöðvun og verðlagsstöðvun lýkur um miðjan febrúar? Er það virkilega meining hæstv. ríkisstjórnar að launþegar í landinu eigi að taka á sig bótalaust 10–15% kaupmáttarskerðingu? Er það meiningin? Er það sú stefnumótun sem felst í fjárlagafrv. hæstv. ríkisstjórnar? — Nú er m.a.s. hv. þm. Stefán Valgeirsson búinn að yfirgefa salinn, en ég vil gjarnan fá að vita hvernig sá hv. þm., sem hefur auglýst sig upp sem sérstakan málsvara fátæka fólksins í landinu, ætlar að snúast við þessum hlutum. Ætlar hann að láta ganga yfir verst setta fólkið í landinu almenna 10–15% kaupmáttarskerðingu? Var það til þess sem hann stóð að myndun núv. ríkisstjórnar? Ætlar hv. þm. að standa að því að Atvinnuleysistryggingasjóður verði gerður fjárvana á þeim tíma sem stefnir í stórfellt atvinnuleysi? Eða hefur hv. þm. Stefán Valgeirsson e.t.v. engar áhyggjur af ástandi og efnahag fátæka fólksins í landinu? Ég fagna því að hv. þm. Stefán Valgeirsson er hér í heyrnarmáli og hefur þá væntanlega heyrt þær spurningar sem ég lagði fyrir hann.

Virðulegi forseti. Ástand atvinnumála er uggvænlegt og aðdragandi þess er búinn að vera nokkuð langur og má vafalaust gagnrýna fyrrv. ríkisstjórn fyrir að hafa ekki brugðist við í tíma. En þeir sem setja þá gagnrýni fram, og settu fram á sínum tíma eins og hæstv. fjmrh., eiga að vera svo heiðarlegir að lýsa þá ástandinu og orsökum vandans rétt. Þeir eiga að viðurkenna það að meginorsökin er röng gengisskráning krónunnar til lengri tíma og þeir eiga að viðurkenna það að með þessari gengisskráningu var deilt út til alls almennings í landinu verulegum upphæðum í lægra verði á innfluttum vörum, í lágu verði á ferðalögum til útlanda og ýmsu því sem hinn almenni neytandi nýtur. Það er alveg ljóst að sú mikla þensla sem var afleiðing þessarar gengisskráningar kom auðvitað fram í þenslu í þjónustu- og verslunargreinum, en jafnframt í góðri afkomu þeirra sem við þær greinar störfuðu.

Það var ítrekað bent á það, ekki síst af fulltrúum verkalýðshreyfingarinnar utan af landi á síðustu mánuðum, að gengisskráningin gerði hvort tveggja í senn: leiddi til minnkandi kaupmáttar starfsfólks í greinum í sjávarútvegi og hraðversnandi afkomu fyrirtækjanna í þessum greinum. En ég minnist þess ekki að t.d. hæstv. fjmrh. hafi haft uppi miklar ræður um það að draga þyrfti úr launaskriði á höfuðborgarsvæðinu, enda þjónaði það ekki hans tilgangi né flokks hans. Það var hins vegar afskaplega þægilegt fyrir hann og aðra fulltrúa Alþb. að koma síðan út á land og tala dálítið illa um m.a. borgarstjórann í Reykjavík. En í dag súpum við seyðið af þessu. Við sjáum hvernig samdrátturinn er að leiða til fjöldagjaldþrota hér í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu. Við sjáum hvernig afkoma útflutningsatvinnuveganna er. Við þessu verður að sjálfsögðu að bregðast. Ég held að það verði ekki gert með því að auka skuldir þessara fyrirtækja. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að gera það með því m.a. að leiðrétta gengi krónunnar og ég er ekki frá því að hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstjórn verði að taka sér tak í því að lækka m.a. neysluskatta, eins og matarskattinn, í því að draga úr áformum í útþenslu ríkiskerfisins og í því að falla frá áformum um stóraukna almenna skatta í landinu.

Ef hæstv. ríkisstjórn gengur ekki á undan með góðu fordæmi í þessu efni er aldeilis útilokað að hún geti vænst þess að launþegar í landinu séu tilbúnir að vinna með þessari ríkisstjórn á vetri komanda þegar kemur að því, og ef kemur að því, að hæstv. ríkisstjórn þóknast að afhenda íslenskum launþegum sjálfsögð og eðlileg mannréttindi á nýjan leik.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Það hefur nú staðið yfir fundur

hér í mestallan dag og horfur á því að hann standi hér lengi kvölds enn þá. Það hlýtur að vera fullkomin ástæða til þess að vekja athygli á því að ráðherrar núv. ríkisstjórnar, þegar undan er skilinn hæstv. fjmrh. og reyndar fyrrv. fjmrh., hafa ekki lagt það á sig að koma hér í þingsalinn. Ráðherrar Framsfl. hafa ekki látið sjá sig hér að neinu marki a.m.k. á þessum fundi. Reyndar hefur sá flokkur, Framsfl., að mestu leyti verið í felum í allan liðlangan dag. Það virðist ekki passa að láta bera mikið á svörtu börnunum hennar Grýlu um þessar mundir.

Það vill nú svo til að ég á ótalað hér í umræðunni síðar í kvöld og þarf þá m.a. að segja fáein vel valin orð við ráðherra Framsfl. Ég vil m.a. af þeirri ástæðu að hæstv. forseti láti nú framsóknarráðherrana vita af því að óskað sé eftir því að þeir verði hér við umræðuna, enda ekki vanþörf að þeir komi fram að þessu leyti eins og sæmilega siðuðum mönnum ber.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna orða hv. 4. þm. Austurl. vill forseti taka það fram að hún hefur litið svo á að ríkisstjórnin bæri til hæstv. fjmrh. órofa traust og hann yrði hér málsvari hennar í dag, en forseti lofar jafnframt að gera að því gangskör að finna hæstv. ráðherra Framsfl. og tilkynna þeim á hverju þeir eiga nú von.

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Umræða hefur staðið lengi dags og miðað við orð hv. síðasta ræðumanns eru líkur á því að hún standi áfram lengi kvölds. Kemur mér þá í hug saga sem ég heyrði einu sinni frá því þegar haldinn var framboðsfundur í Ögri við Ísafjarðardjúp í gamla daga, fyrir daga núverandi kjördæmaskipunar, og voru þá m.a. í framboði þeir ágætu menn Sigurður Bjarnason fyrir Sjálfstfl. og Friðfinnur Ólafsson fyrir Alþfl. Luku þeir sínum framsögum og talaði Sigurður síðastur. Var síðan mælendaskrá opnuð og kvaddi sér þá hljóðs Baldur bróðir Sigurðar og talaði drjúga stund og var það ekkert óvanalegt. Þegar Baldur hafði lokið máli sínu, þá kvaddi sér hljóðs Björn bróðir Sigurðar og var það mun sjaldgæfara að það gerðist og talaði drjúgt lengi. Þegar hann hafði lokið máli sínu varð nokkur bið á því að fleiri kveddu sér hljóðs. Þá sagði Friðfinnur: „Heyrðu, Sigurður. Ætlar ekki mamma þín að segja eitthvað líka?“ Það er kannski eins með hv. þm. Sjálfstfl. að þeir eru allflestir búnir að tala og það væri kannski ástæða til að spyrja hv. 2. þm. Reykn., sem gegnir svona móðurhlutverki þeirra hér á þingi, hvort ekki væri nú rétt að mamman segði nokkur orð líka.

Ég ætla að taka það fram fyrir hönd okkar alþýðuflokksmanna að við stöndum að sjálfsögðu að þessu fjárlagafrv. eins og aðrir stjórnarsinnar með þeim eðlilegu fyrirvörum sem eru um öll mál sem til Alþingis koma af hálfu ríkisstjórnar, þau verða að sjálfsögðu skoðuð í meðförum Alþingis. Sjálfsagt verður sitthvað þar sem menn við betri aðgát telja rétt að breyta kannski eitthvað. Það er ekkert óvanalegt. Þannig hafa fjárlagafrv. alltaf verið afgreidd og þannig verða þau afgreidd. Menn hafa rætt mikið um forsendur þessa frv. og sýnist sitt hverjum um það. En menn mega ekki gleyma því að í Ólafslögum er kveðið á um að fjárlagafrv. skuli byggja á forsendum þjóðhagsáætlunar. Það hefur verið gert nú þannig að fjárlagafrv. þetta er byggt á áætlun Þjóðhagsstofnunar um þjóðhagshorfur á næsta ári lögum samkvæmt. Það er ekkert sem hæstv. ríkisstjórn getur valið um eða hafnað. Þetta ber henni að gera. Þannig ber henni að leggja fjárlagafrv. sitt fram. Og eins og vaninn er má síðan að sjálfsögðu búast við því að Þjóðhagsstofnun komi á fund fjvn. fyrir 3. umr. og lokaafgreiðslu fjárlaga. Þá kemur hún væntanlega eins og vani er með nýja þjóðhagsspá og verður þá fjárlagafrv. endurskoðað eins og vani er með tilliti til þess. Hér er því ekki um neitt annað að ræða en hefðbundna og eðlilega afgreiðslu. Gagnrýni menn þjóðhagsspá Þjóðhagsstofnunar þá gefst mönnum kostur á að fá endurskoðaða áætlun áður en fjárlagafrv. verður afgreitt þannig að þær forsendur, sem hér eru lagðar til grundvallar, eru þær forsendur sem bestar finnast í dag. En eins og önnur mannanna verk geta þær forsendur breyst, og hafa oftast nær breyst í meðförum frá því að fjárlagafrv. hefur fyrst komið til kasta Alþingis þangað til það var afgreitt.

Auðvitað verður málum ekkert öðruvísi háttað nú en jafnan áður þannig að það er ástæðulaust að hafa hér langt mál um forsendur fjárlagafrv. Þær eru hinar sömu eins og Þjóðhagsstofnun kemst að niðurstöðu um í sinni þjóðhagsáætlun og hæstv. fjmrh. og ríkisstjórn ber lögum samkvæmt að leggja fjárlagafrv. fram miðað við þær forsendur. Menn geta síðan að sjálfsögðu deilt um það hvort þeim sýnist þessar forsendur sennilegar eða ósennilegar, en í þeim umræðum sem hér hafa farið fram hef ég ekki heyrt neinn koma fram, ekki einu sinni með hugmynd um þær forsendur t.d. í verðlags- og launamálum sem þeir mundu heldur kjósa að hafa fyrir fjárlagafrv. og telja réttlátari og sennilegri en þær sem frv. byggist á. Þannig að þó svo að menn gagnrýni þessar forsendur þá er enginn, ekki heldur hv. síðasti ræðumaður sem hér talaði, reiðubúinn að leggja fyrir þingið hvaða aðrar forsendur væru þá e.t.v. nærtækari, sem væru þá líklegri til að standast dóm reynslunnar en þær sem Þjóðhagsstofnun leggur til grundvallar í sinni þjóðhagsáætlun. Menn geta auðvitað farið mörgum orðum um það að þetta séu sennilegar eða ósennilegar forsendur en menn hafa ekki getað bætt um betur þrátt fyrir sínar löngu ræður og mikla málaskraf.

Við höfum einnig samþykkt það og stöndum að því með hinum stjórnarflokkunum að tryggja það við fjárlagaafgreiðsluna að ríflegur rekstrarafgangur geti orðið hjá ríkissjóði á árinu 1989. Og þó svo að skiptar skoðanir kunni að vera milli stjórnarflokkanna um einstök framkvæmdaatriði nýrrar tekjuöflunar, þá er meginatriðið ljóst. Við munum afla

þeirra tekna sem til þarf og að sjálfsögðu munu þau mál verða skoðuð hér í þinginu eins og önnur mál. Ég vek athygli á því að auðvitað verður að ná um það samkomulagi, ekki bara innan stjórnarinnar sem verður ekki mikið vandaverk vegna þess að við erum sammála um niðurstöðurnar og allar megináherslur í því sambandi, heldur verður einnig að fá meiri hluta Alþingis í báðum deildum til samstarfs um afgreiðslu þeirra mála. Þar reynir á í fyrsta lagi íslenskt þingræði og í öðru lagi á ábyrgð alþingismanna. Þar reynir á hvort Alþingi Íslendinga er þess megnugt að takast á við erfið og vandasöm úrlausnarefni og leysa þau. Þar reynir á hvort ábyrgð þingmanna nær lengra en til þess eins að samþykkja útgjöld, hvort ábyrgð þeirra nær þá það langt að þeir treysti sér til að afgreiða tekjuöflun til þeirra útgjalda sem þeir eru reiðubúnir að samþykkja í fjárlagaafgreiðslu. Þetta er sjálfsagt nýtt og óvanalegt hlutverk sem bíður alþingismanna bæði í stjórn og stjórnarandstöðu því að það er ekki vanalegt að hér á Íslandi starfi ríkisstjórn sem ekki hefur öruggan meiri hluta fyrir fram í báðum deildum Alþingis, en þeim mun meira reynir á þingræði okkar Íslendinga og á ábyrgð einstakra þingmanna hvernig þeir taka á málum við þær aðstæður. Sjálfsagt mun þjóðin fylgjast vel með því hvaða afstöðu menn hafa hér á Alþingi til einstakra mála af þessum toga.

Þrátt fyrir það sem menn kunna að segja hér úr þessum ræðustól, þá er ég sannfærður um það að þegar til kastanna kemur mun ábyrgð alþingismanna vega þyngra en ímyndaðir skammtímahagsmunir einstakra flokka og flokksforingja. Ég hef því ekki ástæðu til að ætla það, og læt mér ekki einu sinni koma það í hug, að Alþingi sé ekki reiðubúið að takast á við að afgreiða þau erfiðu mál sem allir eru sammála um að verður að afgreiða frá Alþingi á þessum vetri með einum eða öðrum hætti, því að enginn ræðumanna hér í dag hefur t.d. haldið því fram að það sé ástæðulaust að draga saman seglin, að það sé ekki þörf á því að reyna með ábyrgum hætti að takast á við þau fjárhagsvandamál sem blasa við ríkissjóði.

En það nægir ekki að vilji alþingismanna standi til þess að afgreiða ríkissjóð með rekstrarafgangi með afgreiðslu fjárlagafrv. Þar standa spjótin líka á ráðherrum hæstv. ríkisstjórnar, m.a. með hvaða hætti þeir eru reiðubúnir til að standa að því að leggja sínar hugmyndir fyrir Alþingi og fjvn. í þá veru að hin einstöku ráðuneyti standi við þær ákvarðanir, samþykktir og tillögur sem ráðuneytin gera um t.d. einstaka framkvæmdaþætti í fjárlagafrv. til Alþingis. Þá kemur spurningin um það hvort einstakir ráðherrar eru fremur fulltrúar ráðuneyta sinna í ríkisstjórn eða sjálfstæðir yfirmenn sinna ráðuneyta sem ætla að marka þá stefnu sem þeir hafa samþykkt í fjárlagafrv. og ætla að standa að afgreiðslu hennar jafnt á Alþingi sem í ríkisstjórn.

Ég vek athygli hæstv. fjmrh. og þingmanna allra á því að það skiptir ekki minna máli að hæstv. ráðherrar standi í reynd við þær afgreiðslur sem þeir hafa gert tillögur um í fjárlagafrv. að Alþingi hafi á einstaka málum. Það skiptir ekki minna máli að þeir standi við sínar eigin ákvarðanir í því sambandi heldur en hitt að alþingismenn séu allir af vilja gerðir til þess að reyna að afgreiða ríkissjóð hallalausan. Það mun auðvitað koma í ljós hvort líklegt sé að á það megi treysta.

Það eru að sjálfsögðu mörg og mjög merkileg stefnumarkandi málefni í því frv. sem hér er lagt fram. Ég ætla ekki að hafa um þau mörg orð vegna þess að mér og öðrum fjárveitinganefndarmönnum gefst kostur á að fjalla nánar um það í meðferð málsins í fjvn. Ég vil aðeins minna á tvennt. Í fyrsta lagi er stefnt að því í fjárlagafrv. að auka sjálfræði og sjálfstæði stofnana ríkisins. Það tel ég vera rétt, en vil hins vegar minna á vegna afgreiðslu Alþingis fyrir einu ári síðan að ef gera á kröfu til stjórnenda stofnana, t.d. þeirra stofnana sem í B-hluta eru, að þeir standi við þær afgreiðslur sem Alþingi ræður í fjárlögum, við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni, ef gera á kröfu til þess að stjórnendur stofnananna virði þá niðurstöðu hvað varðar útgjaldaramma sinna stofnana, þá verður náttúrlega framkvæmdarvaldið líka að gæta þess að virða þá með sama hætti þá afgreiðslu sem Alþingi gerir á tekjustofnamálum þessara stofnana og gjaldskrármálum. Það nær náttúrlega ekki nokkurri átt ef verið er að afgreiða útgjöld B-hluta stofnana og tekjuforsendur þeirra að þeim sé breytt í miðjum klíðum hvað tekjurnar varðar, þessum stofnunum sé neitað um þær gjaldskrárhækkanir sem voru forsendur fyrir afgreiðslu Alþingis á útgjaldarömmum þeirra, þannig að það sé gersamlega ómögulegt fyrir stjórnendur þessara stofnana að ná þeim árangri sem Alþingi hefur ákveðið. Ef gera á kröfur til stjórnenda stofnananna að þeir standi við þann útgjaldaramma sem Alþingi hefur markað verða þeir að gera kröfur til stjórnvalda um að stjórnvöld breyti ekki þeim tekjuforsendum sem eru fyrir því að við þessa útgjaldaramma verði staðið. En ég tel að í frv. sé verið að marka mjög ákveðna, afdráttarlausa og sterka stefnu um sjálfræði stofnana sem ég er fylgjandi og treysti því að Alþingi afgreiði málið í þá veru að hægt verði að halda áfram því verki sem hafið var á yfirstandandi ári í því sambandi.

Í annan stað vil ég nefna það sem einnig er rætt um í fjárlagafrv. og í greinargerðum þess, en það er ákvörðun ríkisstjórnarinnar og vilji hæstv. fjmrh. til þess að koma upp virku launaeftirliti hjá ríkinu og stofnunum ríkisins. Það hefur komið fram að á síðasta ári hafi fjölgað hjá ríkinu og ríkisstofnunum um 334 stöðugildi umfram samþykktar heimildir. Þetta hefur raunar gerst án þess að fagráðuneyti hafi getað við ráðið og án þess að fjmrn. og launadeild hafi getað komið í veg fyrir þessa þróun og hafi getað tryggt það að staðið yrði við þær afgreiðslur, hvað varðar laun og ráðningarmál, sem Alþingi hefur gert. Til þess að hægt verði að koma í veg fyrir þessa sjálfvirku útþenslu í launamálum ríkisins verður auðvitað að koma upp virku eftirliti, í fyrsta lagi hjá

þeim fagráðuneytum sem eiga að bera ábyrgð á rekstri viðkomandi stofnana og hins vegar hjá launadeild fjmrn. og ríkisféhirði sem eiga að greiða þessi laun. Ég lýsi ánægju minni með það að hæstv. fjmrh. og ríkisstjórnin skuli hafa tekið þá ákvörðun að koma slíku eftirliti upp því að á því er ekki vanþörf.

Það gleður mig einnig að hæstv. fjmrh. skuli hafa óskað eftir auknu samstarfi við fjvn. Alþingis og Alþingi m.a. um slík mál, um eftirlit með framkvæmd fjárlaga og um samstarf almennt á milli Alþingis og fjvn. annars vegar og framkvæmdarvaldsins og fjmrn. hins vegar og ég held að ég tali þar fyrir munn allra fjárveitinganefndarmanna, bæði minnihlutamanna og meirihlutamanna, þegar ég lýsi því yfir að við fögnum því að sjálfsögðu og erum reiðubúnir til samstarfs við hæstv. fjmrh. um slík mál.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Mig langar að byrja á því að taka undir eitt og annað af því sem fram kom í ræðu hv. formanns fjvn. sem talar um þessi mál af mikilli reynslu. Það er alveg rétt að það er mjög virðingarverð viðleitni að flytja ábyrgð á útgjöldum í auknum mæli yfir á herðar forstjóra ríkisstofnana. Það er líka virðingarvert markmið sem fram kemur í frv. að draga úr útþenslunni í vinnuaflsnotkun ríkisins og reyna með skipulegum hætti að fækka fólki sem vinnur við störf hjá hinu opinbera.

Hins vegar var ekki rétt með farið hjá honum það sem hann sagði í upphafi máls um að allar forsendur í frv. byggðust á því sem kæmi frá Þjóðhagsstofnun. Hann veit það auðvitað mætavel, alveg eins og við öll, að það eru ekki eingöngu efnahagslegar forsendur fyrir frv. heldur sömuleiðis pólitískar forsendur og þjóðhagsáætlun byggir að sjálfsögðu að hluta til á slíkum forsendum. Það er t.d. pólitísk forsenda og pólitísk ákvörðun að hafa hér í landi verðstöðvun út febrúarmánuð og launahækkunarstöðvun til 15. febr. Auðvitað hefur þetta áhrif bæði á þjóðhagsáætlun og þetta fjárlagafrv. Það liggur í augum uppi. Það er ekki hægt að koma hér og segja: Forsendurnar eru óbreytanlegar og koma frá Þjóðhagsstofnun, enda var það nú þannig að þegar fyrrv. þjóðhagsstjóri var gagnrýndur fyrir nokkrum árum fyrir það að lítið samræmi væri milli þjóðhagsspáa hans og hinnar raunverulegu útkomu lét hann það koma mjög skýrt fram að þjóðhagsáætlunin væri pólitískt plagg frá ríkisstjórninni.

Mig langar aðeins að fara nokkrum orðum um þessar forsendur vegna þess að þær skipta auðvitað verulegu máli og allt sem á eftir kemur í þessu frv., m.a. hin fögru áform hæstv. fjmrh. varðandi lánsfjáráætlun hrynja til grunna ef það kemur í ljós að þessar forsendur standast ekki. Félagar mínir úr Sjálfstfl. hafa reyndar fjallað verulega um þessi mál og ég skal reyna að vera stuttorður því að hér er orðið áliðið, en það er engin tilviljun sem fram hefur komið, m.a. hjá virðulegum forseta Alþýðusambands Íslands, að forsendur frv. séu bara algert rugl. Hann segir það í blaðaviðtölum og það kom fram hjá hv. 5. þm. Austurl. Það er haft eftir forseta Alþýðusambandsins: „Forsendurnar eru algert rugl. Þær standast ekki, því er fljótsvarað," segir forseti ASÍ í viðtali, sem ég hef í höndunum, við dagblaðið Tímann. Hins vegar reynir hæstv. fjmrh. að bera af sér þessa gagnrýni í ræðu sinni í dag og það er augljóst við hvað er átt. Hann segir, með leyfi froseta:

„Þessar forsendur [þ.e. forsendur frv.] hafa verið gagnrýndar töluvert að undanförnu. Því hefur verið haldið fram að þær standist ekki og þar með sé grundvellinum kippt undan frv."

Síðan er haldið áfram að útskýra þetta og það er alveg augljóst mál að hér er verið að beina spjótunum að forseta Alþýðusambandsins, samflokksmanni hæstv. fjmrh., varaþm. Alþb., Ásmundi Stefánssyni. Áframhaldið er á þann veg að það sé slíkt innra samhengi í frv. að það sé engin ástæða til annars, eins og hér stendur, en að byggja á þeim forsendum sem hér hafa verið raktar, þ.e. forsendunum um launa- og verðlagsmál. Það er svo mikið innra rökrænt samhengi, eins og það heitir, í frv. Á þessu stigi málsins er engin ástæða til annars en að nota þær forsendur sem um er talað.

Hér orkar margt tvímælis, virðulegi forseti. Vissulega er það þannig að það er samhengi í hlutunum, í fjármálum ríkisins og efnahagsmálum þjóðarinnar og vissulega er dálítið til í því að það sé innbyrðis samhengi að því er varðar verðbólgu, tekjur ríkisins, tekjuafgang og t.d. krónutöluframlög þau sem hér eru nefnd. En þetta samhengi er bara óvart alltaf fyrir hendi þegar samin eru fjárlagafrv. Það vita það allir að tekjur ríkissjóðs hækka með aukinni verðbólgu. Það vita það allir að krónutölueframlög standa í stað í aukinni verðbólgu og þannig minnkar í raun framlagið. Það vita það hins vegar ekki allir, og í því skjóli skákar hæstv. fjmrh. með þessum fullyrðingum, að þó að stefnan í þessum breytingum, tilhneigingin í þessum breytingum, sé sú sem hann segir frá er auðvitað engin fullvissa fyrir því að tölurnar standist á, að það verði akkúrat nákvæmlega það sama sem út úr þessu kemur þegar upp er staðið eins og hér er í raun og veru haldið fram. M.ö.o., þó að stefnan sé sú í þessum hreyfingum eða tilhneigingum sem ráðherrann segir er enginn kominn til með að segja það fyrir fram að upphæðirnar, stærðirnar, verði nægar til þess að þessar forsendur haldi og útkoman verði sú sem um er talað — og nú gengur hæstv. fjmrh. á dyr. (**Fjmrh.:** Ég kem fljótlega aftur.)

En það er eitt og annað fleira í þessum forsendum sem ég tel ástæðu til að gera athugasemdir við eins og t.d. það að launin í frv., launaútgjöldin öll, eru á áætluðu verðlagi í janúarmánuði nk. Þó að önnur útgjöld séu á áætluðu meðalverðlagi 1989 eru launa- og rekstrargjöld einstakra stofnana á áætluðu verðlagi í janúarmánuði. Og síðan er sagt að þett sé bætt upp með sérstökum lið sem heitir „Launa- og verðlagsmál" og margir munu kannast við úr fyrri frumvörpum. Sá liður lækkar að vísu um 600 millj. frá því

í fyrra og þar er komin ein skýringin á þeim tekjuafgangi sem sýnist vera í frv., það eru lækkaðir liðir eins og þessi sem eru mjög óvissir. Það sem ég vildi hins vegar benda á í þessu sambandi er það að á þessum launalið er ekki gert ráð fyrir nema 250 millj. kr. hækkun frá þessu áætlaða janúarverðlagi. M.ö.o., ríkisstarfsmennirnir 10 þúsund eða 15 þúsund, ég man ekki hvað þeir eru margir, eiga að fá frá janúarverðlagi 250 millj. kr. í launahækkanir þegar heildarlaunasumma ríkisins er milli 23 og 24 milljarðar samkvæmt frv. Þetta er sem sagt u.þ.b. 1%. Þetta er launaforsendan. Er það furða þó að menn reki upp stór augu eins og forseti Alþýðusambandsins og eins og hv. 5. þm. Austurl. sem stendur framarlega í verkalýðshreyfingunni í sínum landshluta?

Sama er að segja um verðlagsforsendurnar. Hæstv. fjmrh. víkur sér gjörsamlega undan því að láta þess getið hvaða áhrif skattahækkunaráform hans munu hafa á verðlagið. Samt er augljóst mál að hækkun óbeinna skatta sem er uppistaðan í þessum hækkunum muni hafa áhrif á verðlagið. En það er ekki minnst á það. Það er heldur ekkert minnst á það hvaða áhrif hækkun á þjónustugjöldum einstakra ríkisstofnana, sem menn hafa gert hér að umtalsefni, muni hafa á verðlagið. Það er ekki vikið einu einasta orði að því. Ég er að vísu sammála því markmiði sem fram kemur í hækkun þjónustugjalda einstakra stofnana að það sé skynsamlegt að fara þá leið og tek undir það sem ráðagerð hjá ráðherranum. En auðvitað verða menn að horfast í augu við það að slíkt ráðabrugg hefur einhver verðlagsáhrif og verður að koma með inn í þær verðlagsforsendur sem frv. gerir ráð fyrir.

Mig langar nú, virðulegur forseti, í örfáum orðum að víkja að hinni auknu tekjuöflun sem áformuð er með þessu frv. Skattahækkanir heita nú reyndar á máli hæstv. fjmrh. „breyttar áherslur í tekjuöflun". Þannig er það kynnt í sérstöku fylgiskjali með fjárlagafrv. Það sem almenningur kallar skattahækkanir heitir „breyttar áherslur í tekjuöflun" hjá fjmrh. Ég hef vikið að þeim málum á öðrum vettvangi, m.a. fyrir viku síðan í umræðum um svokallaða stefnuræðu forsrh., en félagar mínir hafa jafnframt bent á hvers konar mótsagnir séu í þessum áformum og hvers konar blekking það er að vera að tala um einhverja lúxuseyðslu og fjárfestingar og að það sé verið að skattleggja þá sem hafa staðið mest í lúxuseyðslu og fjárfestingum. Er það það fólk sem kaupir happdrættismiðana og lottómiðana og getraunaseðlana, þeir sem stunda mesta lúxuseyðslu? Það mætti halda það. Auðvitað er það tóm fjarstæða og það er heldur ómerkilegt yfirklór í staðinn fyrir að koma bara hreint til dyranna og segja að það sé verið að hækka skattana á öllum almenningi sem er auðvitað það sem er verið að gera og þó alveg sérstaklega á tilteknum stofnunum sem hafa verið margumræddar hér í dag og hafa sérstakar tekjur af happdrættismiðum og líkri starfsemi.

Mér dettur nú í hug þegar hæstv. fjmrh. talar um lúxus í þessu sambandi, að það er engu líkara en lúxus sé það í hans augum sem annað fólk kaupir. Eins og kerlingin sagði: Lúxus er það sem aðrir kaupa og veita sér. Nei, hér eru miklar blekkingar á ferðinni. Ráðherrann reyndi ekki einu sinni í sinni ræðu að bera hönd fyrir höfuð sér gagnvart þeirri gagnrýni sem komið hefur fram á þessi atriði. Ég ætla ekki að rekja hér hvern einasta tekjustofn sem meiningin er að kreista frekari tekjur úr. Ég nefndi áðan, meðan ráðherrann var fjarverandi, að hann hefur ekki látið þess getið hver verði verðlagsáhrif hinna nýju óbeinu skatta.

En ég ætla að koma aðeins að tekjusköttum einstaklinga vegna þess að ég óttast að þar sé yfirvofandi skemmdarverk, glapræði, sem felst í því að ætla að taka upp sérstakt nýtt viðbótarskattþrep inn í þetta kerfi. Og ég hygg að hæstv. ráðherra þurfi ekki annað en ræða það við sína sérfræðinga í skattamálum til þess að komast að því að slíkt þrep, þó það gangi mjög í augun á ýmsum aðilum, er auðvitað ákveðin eyðilegging á þessu nýja staðgreiðslukerfi skatta, ákveðið skemmdarverk sem ég hygg að verði erfitt að bæta fyrir og ég hygg að ráðherrann, þegar hann skoðar það mál grannt, mundi ekki vilja láta verða eitt af hans minnismerkjum í skatta- eða ríkisfjármálum. Hann segir reyndar hér í ræðu sinni, með leyfi forseta:

„Einnig er til athugunar að taka upp sérstakt skattþrep á háar tekjur, en fjölmargir hafa óskað eftir því innan þings og utan að athugun sé gerð á kostum þess og göllum að taka upp sérstakt hátekjuþrep." Hann hefur að vísu aðeins hörfað með þessum ummælum frá því sem fram hefur komið áður vegna þess að nú er hann ekki jafnákveðinn í þessari afstöðu sinni. Nú vísar hann í það að BSRB hafi beðið um þetta. Það er því ákveðin von til þess að hann hörfi nú endanlega í þessu máli og hætti við þessi áform sem eru hreint glapræði að mínum dómi. Það þarf ekki annað en að nefna eitt atriði fyrir utan það að einfaldleikinn í kerfinu hverfur og framkvæmdakostnaðurinn, bæði fyrir ríkið, launagreiðendur, launþega verður auðvitað miklu hærri. Það er hægt að nefna þetta allt, en ég nefni eitt til viðbótar og það er spurningin um samsköttun í þessu kerfi, þegar hjón lenda í mismunandi skattþrepi og mismununin sem yrði á heimilum með jafnháar tekjur eftir því hvort þeirra er aflað af öðrum aðilanum eða báðum og hvort sá sem aflar meira eða hugsanlega allra teknanna lendir þá í hærra þrepinu, en hitt heimilið hins vegar með allar sínar tekjur í því lægra. Ég held að hæstv. ráðherra ætti að hugleiða þetta.

Hér hefur verið vikið að fyrirhuguðum áformum um skattlagningu á happdrættismiða. Ég ætla ekki að koma nánar að því, en ég skal viðurkenna eitt gagnvart hæstv. ráðherra vegna þess að hann lítur svo á, að því er manni sýnist, að þessi skattlagning á happdrættismiða og þess háttar starfsemi sé ekki skattur á starfsemina sjálfa heldur á þá sem kaupa miðana. Það sem ég ætla að viðurkenna fyrir ráðherranum er það að þetta atriði getur verið um-

deilanlegt. Maður veit það ekki fyrir víst fyrir fram hver greiðir þennan skatt, hvort neytandinn gerir það eða hvort sá sem selur miðana gerir það. Þetta er klassískt dæmi um tilfelli þar sem slíkt er ekki vitað fyrir fram. Ef þetta lendir á neytendunum er það almenningur í landinu sem borgar þetta. Ef þetta lendir á happdrættisseljendunum eru það öryrkjarnir, Háskólinn, menningarstofnanirnar og þeir aðilar sem borga skattinn. Hugsanlegt er að þetta blandist eitthvað og þetta muni skiptast að einhverju leyti milli þessara tveggja aðila. Hæstv. ráðherra segir hins vegar að það sé hugasnlegt að fara aðra leið, sem sé þá leið að draga úr framlögum ríkisins til reksturs þeirrar starfsemi sem happdrættin fjármagna. Og þá er hins vegar, hæstv. ráðherra, enginn vafi á því hver borgar starfsemina þannig að þarna stangast á annars vegar yfirlýsingar ráðherra um það hver eigi að borga happdrættisskattinn, hann segir að neytandinn eigi að gera það, almenningur í landinu, fólkið með lúxuseyðsluna, og hins vegar hin leiðin sem hann býður upp á sem er sú að draga úr ríkisframlaginu til reksturs þeirrar starfsemi sem happdrættin fjármagna vegna þess að þá er enginn vafi á því hver borgar hana. Það eru aðilarnir sem reka happdrættin, getraunirnar, lottóin, þ.e. Háskólinn, íþróttastarfsemin og menningarstarfsemin sem marggetið er hér í þessum umræðum.

Ég skal ekki lengja þetta mikið frekar, virðulegi forseti. Ég þakka fyrir að hafa fengið að skjótast inn í umræðurnar á milli ræðumanna. En ágreiningurinn í ríkisstjórninni leynir sér ekki. Gegn þessum skatti hefur fulltrúaráð Framsóknarfélaganna í Reykjavík sérstaklega ályktað og þm. fulltrúaráðs Framsóknarfélaganna í Reykjavík, hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson, hefur lýst því yfir að hann styðji ekki þessa skattlagningu. Það sem fram hefur komið hjá hæstv. forsrh. er aftur á móti að þetta sé svona allt til athugunar. Það sé ekkert ákveðið í þessum efnum en margt komi til greina og þetta verði allt saman einhvern tíma ákveðið. (**Fjmrh:** Það er rétt hjá honum.) Það er rétt hjá honum, já. Þá er það í samræmi við það sem hann segir í blaðaviðtali, þegar hann er að tala um niðurskurðinn á ríkisfjármálunum, „kannski ekki nógu mikill á sumum sviðum, e.t.v. of mikill á öðrum, ég viðurkenni það.“ Hugsanlega of mikið gert fyrir suma, of lítið gert fyrir aðra. Er þetta ekki þessi dæmigerða framsóknarafstaða sem þarna er komin fram og menn sem hafa starfað með Framsfl. þekkja?

Virðulegi forseti. Ég skal ekki hafa frekari orð um þetta að sinni og hef lokið máli mínu.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Það hefur vissulega vakið nokkra eftirtekt, þegar fram fer 1. umr. um fjárlög nýrrar ríkisstjórnar, hversu slælega stjórnarliðið hefur sótt fundinn og sýnir það reyndar með nokkuð ótvíræðum hætti hversu lítinn áhuga það hefur fyrir fjárlagafrv., og e.t.v. fyrir þessari ríkisstjórn. Sérstaklega er það eftirtektarvert, eins og raunar hefur verið minnt á áður í umræðunni, að ráðherrar Framsfl. hafa ekki mætt til þessa fundar og reyndar einungis örfáir þm. flokksins. Stundum hefur það verið svo að ekki einn einasti þm. Framsfl. hefur verið staddur á fundinum. Þetta er ekki síst eftirtektarvert í ljósi þeirrar staðreyndar að menn hafa verið hér með frýjunarorð gagnvart stjórnarandstöðunni. Þetta kom t.d. mjög greinilega fram í ræðu formanns fjvn., hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, sem hafði um það mörg orð að ríkisstjórnin gæti ekki mikið ein og að Alþingi hefði mikla ábyrgð, m.a. í sambandi við afgreiðslu fjárlaga. Menn yrðu að sýna þar mikla ábyrgð og ráðdeild og kallaði hann stjórnarandstöðuna mikið til þeirra verka. Það verður vissulega fróðlegt að fylgjast með því hvernig formaður fjvn. vinnur hin þýðingarmiklu störf, hve mikið samráð verður þar haft við minni hlutann í nefndinni og hversu samkvæmur hann verður sínum eigin orðum hér á þessu kvöldi.

En þetta er þeim mun athyglisverðara þegar ljóst er hversu ríkisstjórnin er sjálfri sér sundurþykk og kannski er eitt skýrasta dæmið þar um það sem fram kom í útvarpsfréttum núna í kvöld þar sem hv. 2. þm. Austurl., sá þekkti maður Hjörleifur Guttormsson, lýsti því yfir að ef ekki linnti þeim uppákomum sem ríkisstjórnin hefði orðið fyrir á þessum degi og hinum síðustu hlyti það að valda miklum brestum í stjórnarsamstarfinu. Og það var helst svo að skilja að hér væri að vænta till. til þál. frá einhverjum þm. Alþb. og Framsfl. sem gengi mjög gegn stefnu núv. utanrrh. Ég minni sérstaklega á þetta og vek athygli á því að stjórnarliðinu er nær að tala um sína eigin þingmenn og kalla þá til ábyrgðar heldur en að hafa uppi frýjunarorð við stjórnarandstöðuna.

Það fer nú ekki hjá því að stefna ríkisstjórnarinnar sé að skýrast. Þar um vitnar m.a. sú umræða sem fór hér fram um stefnuræðu forsrh. og það sem í þeirri ræðu var tilgreint. Á þessum degi og þessu kvöldi er verið að fjalla um fjárlög og reyndar er lánsfjáráætlunin líka kynnt í grg. fjárlagafrv. þannig að málin fara að sjálfsögðu öll að skýrast. Nú stendur einnig svo á að í Ed. hefur farið fram umræða um bráðabirgðalög ríkisstjórnarinnar. Henni er nýlega lokið og þar skýrðust mál líka. Ef öll þessi mál eru nú borin saman við ræður ráðherranna og yfirlýsingar við stjórnarmyndun skýtur þar sannarlega skökku við. Þó verður ekki annað sagt en að hægt sé að finna ákveðin tengsl á milli bráðabirgðalaganna og fjárlaganna og mun ég víkja sérstaklega að því hér síðar.

Nú vildi svo til fyrir nokkrum dögum að inn á borð hjá mér barst blað þeirra framsóknarmanna í Kópavogi þar sem því var að sjálfsögðu slegið upp að nýr forsrh. hefði tekið við og ný forusta væri komin í landið. Í blaðinu var birt stórt viðtal við forsrh. og í fyrirsögninni að þessu viðtali segir: „Hjól atvinnulífsins verða að snúast af krafti.“ Og í undirfyrirsögn segir, með leyfi virðulegs forseta: „Margt hefur verið ritað og rætt um einstaka liði fyrstu

aðgerða nýju ríkisstjórnarinnar. Hver er megintilgangur aðgerðanna án þess að farið sé út í einstaka liði og hvar munum við sjá áhrif þeirra?" er forsrh. spurður um. Og svar hans er: „Tilgangurinn með aðgerðunum er að fá hjól atvinnulífsins til þess að snúast með krafti." Boðskapur forsrh. er hvernig hjólin eigi að fara í gang og snúast af krafti.

Nú var leitað eftir því í umræðunni um bráðabirgðalögin að fá vitneskju um það hjá ríkisstjórninni hvernig þessi gangsetning ætti að fara fram. Það helsta sem var hægt að greina í þeim efnum var að raungengi íslensku krónunnar yrði að lækka um 15% án þess að til gengisfellingar kæmi. Og þegar á það er litið að laun í landinu eru um tveir þriðju hlutar af heildartekjum liggur ljóst fyrir að ef launin eiga einungis að bera sinn hlut af verðlækkuninni í landinu þurfa þau að lækka um 10%. Þetta er í raun inni nákvæmlega það sama og fram kemur í fjárlagafrv. og þetta er eina tilvikið þar sem ég hef orðið þess var að skýrt samband væri á milli bráðabirgðalaganna og fjárlagafrv. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að raunlækkun á launum verði um 10–15%, í raun inni nettó, en á móti gætu í mesta lagi komið 2–3% launahækkanir. Þetta stenst því á. Það er því er alveg ljóst mál hvernig ríkisstjórnin ætlar að koma hjólunum í gang. Það er með því að lækka launin og halda verðlaginu þannig niðri. Og væntanlega er öllum ljóst til hvers það leiðir að því er varðar atvinnulífið í landinu.

Hér hafa verið skýrðar með greinilegum rökum aðalforsendur fjárlagagerðarinnar og við hvað fjárlagafrv. er sérstaklega miðað. Eins og reyndar hefur komið fram áður er gert ráð fyrir því að verðlagshækkun innan lands verði 12%, erlendar verðhækkanir 7% og launabreytingar um 8%. Á þessu byggir fjárlagafrv. Og þegar litið er á þau launamarkmið sem fjárlagafrv. byggir á, þ.e. 10% kjaraskerðing í landinu, og hvaða viðbrögð þau markmið hafa fengið hjá forustusveit verkalýðsins og launþeganna er það að sjálfsögðu alveg ljóst á hve miklum brauðfótum fjárlagafrv. stendur.

Það vekur líka eftirtekt í þessari umræðu hvernig menn tala um nauðsyn á skattahækkunum og þó öllu frekar hvernig þær eru sérstaklega forsvaraðar. Á fjmrh. er helst svo að skilja að skattarnir eigi allir að koma úr Arnarnesinu. Þar er viðmiðunin. Þess vegna er fróðlegt að íhuga hvernig þessir póstar eru í fjárlögunum. Ég hygg að það hafi villt nokkuð um fyrir mönnum sem hafa farið yfir frv. að þeir hafa fyrst og fremst virt fyrir sér prósentutölur. Ef menn skipta nú þessari skattahækkun á aðalpóstana, þá er hún með þessum hætti:

Eignarskattar eru áætlaðir munu hækka um u.þ.b. 860 millj. kr., tekjuskattur um 2 milljarða 650 millj. kr., söluskattur um mjög svipaða upphæð, eða 2 milljarða 600 millj. kr., og gjöld af innflutningi um rúmlega 2,6 milljarða kr. Þetta gerir tæplega 9 milljarða kr. af þeirri 10,8 milljarða kr. skattahækkun sem um er að ræða. Því er fróðlegt að íhuga að langstærsti hlutinn af þessari skattheimtu er óbeinu skattarnir, skattarnir sem ganga inn í neysluna og fólkið í landinu borgar án tillits til þess hver efnahagur þess er. Beinu skattarnir hækka þannig um u.þ.b. 3,5 milljarða kr. en óbeinu skattarnir um rúmlega helmingi hærri tölu, eða um 7,3 milljarða kr., ef trúa má því sem fram kemur í fjárlagafrv. Það er afar eftirtektarvert að á sama tíma og ríkisstjórnin er með þá áætlun uppi að laun í landinu lækki um 10% á fjárlagaárinu verði óbeinir skattar hækkaðir helmingi meira en beinu skattarnir, þótt hlutfallið í prósenttölum breytist.

Það er svo annað mál að að sjálfsögðu er mikil óvissa með þessa skattheimtu alla saman og af þeirri ástæðu var m.a. afar fróðlegt að hlusta á mál formanns fjvn. sem var m.a. að tala mikið fyrir skattahækkunum í landinu og hafði reyndar uppi um það þau orð líka að það væri furðulegt að þingmenn hér í þessari almennu umræðu kæmu ekki með skýrari vitnisburð um aðstæður í þessum málum en Þjóðhagsstofnun hefði tök á. Það er hins vegar afar eftirtektarvert að fylgjast með því hvernig spár hafa gengið manna á milli í þjóðfélaginu. Ég skal nefna um það eitt dæmi: Það er gert ráð fyrir því í forsendum fjárlagafrv. að innflutningur á bifreiðum verði álíka mikill á næsta ári og á þessu ári, eða um 13–14 þús. bifreiða. Þessi innflutningur hefur minnkað mjög á síðustu mánuðum þessa árs. Þeir sem hins vegar annast þennan innflutning gera ráð fyrir því að tala innfluttra bifreiða verði um 6–7 þúsundir. Og með því að hér er gert ráð fyrir því í forsendum fjárlagafrv. að innflutningsgjöld af bifreiðum muni nema 1,2 milljörðum kr. má ætla, með tilliti til þess hvað innflytjendur áætla í þessum efnum, að sú tala sé ofmetin um 600 millj. kr., ein út af fyrir sig.

Það er reyndar margt annað sem veldur mikilli óvissu eins og hefur komið hér fram í umræðunni á þessum degi, og þá ekki síst að því er varðar söluskattinn. Bensíngjald er reyndar ríflega áætlað líka, mætti kannski frekar búast við samdrætti á þeim pósti enn fremur, þrátt fyrir það að um 500 millj. kr. af skattstofni vegafjár verði nú tekið yfir í ríkissjóð ef farið verður að tillögum hæstv. fjmrh. Það verður vissulega fróðlegt að fylgjast með því hér á Alþingi hvað hinir hugprúðu vegagerðarmenn, ekki síst í Alþb., sem hafa verið með mikil svigurmæli á undanförnum árum um sviksemi í vegamálum, hafa til málanna að leggja í þessum efnum.

Það sem skiptir þó kannski meginmáli er sú mikla óvissa sem er um stuðning við þessi skattaáform ríkisstjórnarinnar. Það er reyndar gífurlega mikið mál, eitt út af fyrir sig, að hér skuli vera lagt fram fjárlagafrv. sem byggir á margháttaðri annarri löggjöf sem þarf að setja hér á Alþingi í framhaldi af fjárlagafrv. þegar fyrir liggur að ríkisstjórnin hefur ekki til þess þingstyrk. Það er býsna mikið alvörumál og sýnir kannski enn einu sinni hversu mikla virðingu ríkisstjórnin ber fyrir Alþingi og íslenska lýðveldinu þegar hér er haldið áfram með lagagerð, ekki ómerkari en fjárlögin sjálf, sem byggir á

margháttuðum öðrum ákvörðunum í framhaldi af fjárlagafrv. sem þarf að styðjast við meiri hluta í báðum deildum. Það vekur vissulega undrun að ekki skuli koma fram áhyggjur um það hér við þessa umræðu nema frá formanni fjvn. Hann er þó líklega blessanlega laus við það að þurfa að koma þeim málum í gegnum nefndir og í gegnum umræðu hér á Alþingi.

Það hefur verið mikið talað um það, og þá sérstaklega af hæstv. fjmrh., hve myndarlega væri tekið til við niðurskurð á ríkisútgjöldum og á það lögð alveg sérstök áhersla að nú ættu að renna upp miklir tímar sparnaðar og ráðdeildar í þessu þjóðfélagi. Það skyldi þó ekki vera að hér hefði heyrst eitthvað líkur boðskapur áður, kannski við sama tækifæri fyrir einu ári síðan. Sá hæstv. ráðherra sem nú gegnir embætti utanrrh. hafði orð á því hér á dögunum að það hefði orðið honum mikill skóli að vera fjmrh. þann tíma sem hann gegndi því starfi. Það er sjálfsagt rétt að það hafi verið honum mikill skóli, en það var hins vegar dýr skóli fyrir íslensku þjóðina vegna þess að nemandinn brást. Og það má þakka fyrir að ekki sé að hefjast ný skólaganga sem muni fara eitthvað líkt.

Eins og ég sagði hefur verið býsna mikið um það talað að það ætti að auka ráðdeild og bæta meðferð ríkisfjár og það hefur reyndar verið einn aðalboðskapurinn. Í þeim efnum, eins og stundum í annan tíma, hefur hæstv. forsrh. ekki verið eftirbátur annarra í yfirlýsingum þótt almennt sé hann nú talinn einn orðvarasti ráðherra norðan Alpafjalla og jafnvel þó víðar sé leitað. En það hefur nýlega komið fram í málgagni framsóknarmanna ákaflega mikilvæg yfirlýsing frá forsrh. í þessum efnum. Þetta gerðist 3. nóv. og þá á forsíðu Tímans. Þar er yfirskriftin: „Steingrímur Hermannsson um fjárlög og efnahagsástand í viðtali við Tímann í gær." Síðan kemur hér fram í undirfyrirsögn, með leyfi forseta: „Steingrímur Hermannsson forsrh. sagði í viðtali við Tímann í gær að hann væri ánægður með fjárlagafrv. það sem lagt hefur verið fram. Hann segir niðurskurð mikinn og hafi framsóknarráðherrar gengið manna drengilegast fram í þeim aðgerðum og aðrir hefðu mátt taka sér þeirra forgöngu til fyrirmyndar." Hæstv. forsrh. talar sérstaklega um drengskap í þessum efnum, drengileg vinnubrögð framsóknarmanna, og drengileg vinnubrögð við niðurskurð í þeirra ráðuneytum. Og það út af fyrir sig hlýtur að vekja eftirtekt, ekki síst með tilliti til framkomu formanns Framsfl. í fyrrv. ríkisstjórn, þegar hann talar núna sérstaklega um drengskap í sambandi við niðurskurð ríkisútgjalda.

Það er býsna eftirtektarvert að leggja ofurlítið mat á þennan drengskaparniðurskurð hæstv. forsrh. og ráðherra Framsfl. alveg sérstaklega. Ráðuneyti hæstv. forsrh. sjálfs hækkar að meðaltali um 17%, en ef það á hins vegar að meta sérstaklega hvernig statt er á því heimili hefur forsrh. náð árangri í einum lið að því er varðar sparnað og niðurskurð og það er Byggðasjóður. Það er sá liður sem fékk að gjalda þessa sérstaka drengskapar Steingríms Hermannssonar, formanns Framsfl. Þróun mála í sjútvrn. skýrist með því að í hinum nýju húsakynnum ráðuneytisins var varið til innréttinga á sl. ári 17,1 millj. kr. Sú fjárveiting er ekki inni í fjárlagafrv. nú sem eðlilegt er vegna þess að það er búið að búa um sjútvrn. að því er þetta varðar. Það er hins vegar komin ósk til fjvn. um áframhaldandi innréttingar í sjútvrn. Það er búið að koma þeirri ósk inn bakdyramegin. Það er nú drengskapurinn á bænum þeim. Það fer reyndar ekki mikið heldur fyrir sparnaði hjá hæstv. heilbr.- og trmrh., nema þá helst ef væri á liðum sem honum tókst ekki að færa niður á þessu ári þrátt fyrir að það væri áformað við síðustu fjárlagagerð. Ég held að Framsfl. hafi fallið á þessu prófi. Ég held að það sé ekki neinn drengskapur á bak við þennan niðurskurð sem hæstv. forsrh. sjálfur gefur einkunn af þessu tagi. Og það er alveg augljóst mál að í þessum efnum eru til miklu meiri drengskaparmenn í ríkisstjórninni en ráðherrar Framsfl. Mér sýnist t.d. að sá ráðherra sem sérstaklega fer með byggðamálin, málefni hinna dreifðu byggða, sé miklu meiri drengskaparmaður en allir ráðherrar Framsfl. samanlagt, og meira að segja mikið meira en það. Ég tala nú ekki um ef farið er yfir landbúnaðarmálin í þessu fjárlagafrv.

Það var lagt fram fjárlagafrv. af Jóni Baldvini Hannibalssyni fyrir rúmlega einu ári síðan sem fékk býsna kaldar kveðjur og miklar breytingar voru gerðar á, sérstaklega að því er varðaði málefni í íslenskum landbúnaði. En það fjárlagafrv. sem verið er að fjalla hér um í dag gengur miklu lengra fram í því að skera niður í landbúnaðarmálum en gerðist meira að segja í ráðherratíð Jóns Baldvins Hannibalssonar. Ýmsir af allra verðmætustu póstum sem landbrn. fjallar um og sem byggðir eru á landbúnaðarlöggjöfinni eru ýmist þurrkaðir út, gjörsamlega hreint, eða eyðilagðir þannig að þeir hljóta að hrökkva út á allra næstu árum. Svona mikinn drengskap hafa ráðherrar Framsfl. ekki sýnt í niðurskurði, svo að notuð séu orð hæstv. forsrh. Og ef haldið er áfram að líta betur á afgreiðslu byggðamálaráðherrans batnar ekki þegar farið er að líta á gróðurverndarmálin sem eiga að vera svo afar hugstæð núv. ríkisstjórn. Slíka meðferð fengu þau ekki einu sinni hjá Jóni Baldvin fyrir rúmu ári síðan. Þannig er landgræðslu- og gróðurverndaráætlun sem byggir á afar víðtæku samkomulagi innan Alþingis skorin niður um 50%. Það er hvorki meira né minna.

Það vekur nokkra eftirtekt hvernig fjallað er um málefni Landgræðslunnar og Skógræktarinnar í fjárlagafrv. Þannig er sagt frá því t.d. í sambandi við Landgræðsluna að einn liður hennar hækki um 34% sem við fljótan yfirlestur mætti ætla að væri sá málaflokkur í heild sinni, en þegar dæmið er lagt saman kemur í ljós að hækkunin er ekki einu sinni á móti verðlagsforsendum. Svona hefur nú tekist vel til að því er varðaði þessi stóru áform um að bæta landið okkar og vernda gróður þess. Þannig mætti lengur telja. Nálega allir póstar sem snerta sam-

göngumál, þýðingarmestu málin fyrir landsbyggðina, sem snerta landbúnaðarmál, annað en rekstur, er skorið niður. Nálega eini marktæki niðurskurðurinn sem sést er í málefnum hinna dreifðu byggða vítt um landið. Ég sakna vissulega þess að sumir þeir alþýðubandalagsmenn sem hafa á síðustu árum haft hvað hæst í þessum efnum, eins og samþingsmaður minn Hjörleifur Guttormsson, 2. þm. Austurl., skuli ekki hafa fylgst með þessari umræðu í dag.

Það væri fróðlegt að bera saman allan þann mikla áhuga, sem hefur verið hjá Alþb. í tíð tveggja síðustu ríkisstjórna, og allar þær orðræður, sem þaðan hafa komið og hafa lýst með svo greinilegum hætti áhuga þeirra á málefnum landbúnaðarins og hinna dreifðu byggða, við það sem gerist þegar Alþb. er einrátt í þessum málum, hefur bæði fjmrh. og svo líka fagráðherrann, bæði ráðherra samgöngumála og landbúnaðarmála.

Nei, virðulegi forseti, niðurskurðardrengskapur hæstv. forsrh. og Framsfl., eins og hann sjálfur orðar það, er ekki stór í sniðum á móti því hvað hjartað er stórt í Alþb. um þessar mundir. Það er svo annað mál að það verður býsna fróðlegt að fylgjast með því við afgreiðslu fjárlaga, m.a. í fjvn. og síðar við afgreiðsluna á Alþingi, hvað Framsfl. ætlar að gera í þessum málum. Það er kannski óþarfi að það sé spurt um það því að svo vildi nú til að þegar var verið að mynda þessa ríkisstjórn var formaður Framsfl. spurður um það hvort ekki væri erfitt fyrir Framsfl. að ná samstöðu við Alþfl. um landbúnaðarmál. Nei, svaraði formaður Framsfl., þar er ekki um neinn ágreining að ræða. Og skilst nú þá kannski einhverjum betur það sögufræga samkomulag sem þeir formenn þingflokkanna, Framsfl. og Alþfl., hv. þm. Eiður Guðnason og Páll Pétursson, gerðu fyrir einu ári síðan en við sjálfstæðismenn hrundum við síðustu fjárlagagerð. Hins vegar fer náttúrlega ekkert hjá því að auðvitað hljóta menn að veita því mikla athygli, ekki einungis bændur landsins, og ekki einungis landsbyggðarfólk, heldur þjóðin öll, hvort bændablóðið sé með öllu hætt að renna í æðum framsóknarmanna hér á Alþingi.

Ég má kannski aðeins minna á það í þessu sambandi að það eru aðeins örfáir dagar frá því að málgagn þeirra framsóknarmanna lét frá sér fara mikilvægan boðskap í landbúnaðarmálum. Þetta var í leiðara í Tímanum sem birtist sl. þriðjudag. Ég má til með að fara um það örfáum orðum, ekki síst vegna þess að núna við uppgjör sauðfjárafurða hefur það skeð í fyrsta sinn frá því að búvörulögin voru sett að bændur hafa ekki fengið greiðslur sem þeir eiga rétt á lögum samkvæmt. Það var reyndar góður kostur að hæstv. landbrh. svaraði fsp. minni fyrr á þessum degi einmitt um þetta efni. Það má segja að þar hafi ríkisstjórnin fallið í fyrsta sporinu sem hún þurfti að taka í sambandi við afgreiðslu mála landbúnaðarins. En í leiðara Tímans segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hins vegar slæddist eitthvað óheppilegt inn í búvörulögin. [Er þetta reyndar illskiljanlegt þó að trúlega sé þetta nú skrifað af fyrrv. menntmrh.] Fyrir ákafan þrýsting frá Sjálfstæðisflokknum var látið undan þeirri kröfu að afnema samvinnuskipulagið í sölu búfjárafurða. Framsóknarmenn gengust undir þessa óæskilegu nýskipan afurðasölunnar í trausti þess að viðeigandi afurðalánakerfi yrði sett á laggirnar í kjölfar þess að samvinnuskipulagið var lagt af og hin félagslega samábyrgð framleiðenda jöfnuð við jörðu með einni lagagrein. Það mátti hver maður sjá að þessi bylting í grónu skipulagi, sem nýkapítalistar og verslunarauðvald Sjálfstæðisflokksins knúðu fram, krafðist í senn nýs lánakerfis og nýs rekstrarforms afurðastöðva, ekki síst sláturhúsa."

Þá hafa menn það hverjir það voru sem réðu því að bændur fengju greiddar afurðir sínar með sama hætti og gerist í hinum almennu viðskiptum hér á landi. En því rifja ég þetta sérstaklega upp að nú er Sjálfstfl. ekkert fyrir í þessum efnum. Alþb. var á móti þessari löggjöf, Alþfl. líka, og nú liggur það fyrir að Framsfl. er samkvæmt því sem hér segir á móti því að bændur fái afurðir sínar greiddar með skilvísum hætti. Af hverju og hvað er þá til fyrirstöðu? Af hverju er þessu ekki breytt? Menn ættu að spyrja bændur landsins hvernig þeim lítist á þau mál.

Ég hef rifjað þetta sérstaklega upp hér vegna þess að sú aðför sem farin er að landbúnaðinum í þessu fjárlagafrv. er hættuleg. Það hafa náðst fram mikilvæg markmið í framleiðslumálum landbúnaðarins á síðustu árum og bændur hafa með ótrúlegum hætti náð tökum á því að aðlaga búskap sinn að breyttum háttum. Auðvitað hlýtur svo byggðin að ráðast af því hvernig þeirri atvinnugrein verður gert kleift að þróa sig áfram. Þetta fjárlagafrv. gengur gegn því að slík þróun geti átt sér stað. Ákvæði frv. eru þess vegna stórhættuleg fyrir landbúnaðinn í landinu.

Nú hef ég rakið þá helstu pósta sem ég vildi leggja áherslu á í þessari umræðu. Mér er að sjálfsögðu eins farið og öðrum þeim þm. sem eiga sæti í fjvn. að þar gefst tóm til að fjalla um hina einstöku þætti fjárlagafrv. og af þeirri ástæðu hef ég ekki rætt þá þætti svo sérstaklega ítarlega við þessa umræðu. Það er hins vegar vert að leggja á það áherslu að þetta frv. er borið fram á hinum mestu brauðfótum. Meira að segja hæstv. fjmrh. sjálfur hefur bent á við þessa umræðu hve veikar forsendur væru á bak við ýmis þau markmið sem hér eru fram sett. Þar er meira um að ræða óskalista en að þau markmið geti á nokkurn hátt talist marktæk. Reyndar óttast ég að svo muni fara fyrir hæstv. núv. fjmrh. sem er að hefja sína skólagöngu, eins og fyrirrennari hans komst að orði hér á dögunum um sjálfan sig, að hann muni falla á því prófi og að þjóðin muni í þessu tilviki sem hinu fyrra bíða mikinn hnekki af.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég kem hér eingöngu upp vegna þess að fyrir mig voru lagðar spurningar en fyrst ég er kominn hér upp á annað borð og hef hlustað á

skörulega ræðu hv. þm. Egils Jónssonar og að vísu fleiri sjálfstæðismanna vil ég bara minna hv. þm. og aðra sjálfstæðismenn á hvaða búi þessi ríkisstjórn tók við. Að eigin sögn töldu ráðherrar fyrrv. ríkisstjórnar að ástandið í þjóðfélaginu væri þannig að það væri dagaspursmál hvenær hjól atvinnulífsins mundu stöðvast. Þetta voru þeirra orð, þeirra vitnisburður um viðskilnaðinn.

Það er líka vitað að það hefur aldrei orðið jafnmikil eignatilfærsla í þjóðfélaginu eins og á því tímabili sem fyrrv. ríkisstjórn sat að völdum. Ég vil líka minna á að það eru aðeins sex vikur síðan stjórnarskiptin urðu og það er ekki þess að vænta að búið sé að ganga frá fjárlagafrv. að öllu leyti. Á undanförnum árum hefur það ekki verið á þessum tíma og raunar ekki fyrr en í kringum 20. des. þó að fyrrv. ríkisstjórnir hafi haft allt sumarið til þess að undirbúa fjárlög. Og það er heldur ekkert nýtt þó að það hafi þurft að taka fjárlagafrv. ekki einu sinni heldur tvisvar eða þrisvar upp á árinu vegna þess að forsendur og þróun mála hafa orðið aðrar heldur en miðað var við. Þessa ættu hv. sjálfstæðismenn og raunar aðrir þm. að minnast og taka tillit til þess.

Hv. þm. Hrafnkell Jónsson spurði hvort ég hefði ekki áhyggjur af fátækara fólkinu í landinu. Ég tók það fram þegar ég ákvað að verða stuðningsmaður þessarar ríkisstjórnar að ég gerði það fyrst og fremst vegna þess hvernig ástand var í þjóðfélaginu þar sem við blasti atvinnuleysi, þar sem við blasti það sem ég var að segja frá áðan. Það var þess vegna. Hvernig svo til tekst verður bara reynslan að sýna. Ég vænti þess að þannig verði haldið á málum að aðstöðumunurinn í þjóðfélaginu minnki og verði það ekki niðurstaðan þá verð ég fyrir vonbrigðum.

Hv. þm. hafa eðlilega áhyggjur af ýmsu nú, en hverjar eru ástæðurnar fyrir því hvernig komið er? Fyrst og fremst og að langstærstum hluta er það hvernig fjármagnskostnaðurinn hefur leikið atvinnulífið og einstaklinga að undanförnu. Ef ekki næst árangur í því að ná vöxtunum niður og sérstaklega raunvöxtunum og að fyrirtækin í landinu séu rekin þannig að þau komist upp fyrir núllið verður að gera aðrar ráðstafanir.

Mér heyrðist hv. þm. Hrafnkell Jónsson spyrja einnig um Atvinnutryggingarsjóðinn. Ég hef áhyggjur af því að eins og atvinnuvegirnir eru dugi ekki það fjármagn sem honum er ætlað. Það er sama hvaða leið er farin, þá standa mál þannig að það verður einhver kauplækkun hjá einhverjum í þessu þjóðfélagi. Halda menn virkilega að það sé ekki kauplækkun samfara gengisfellingum? Halda menn það? Nei, það sem um er að ræða nú er fyrst og fremst að reyna að jafna aðstöðuna, reyna að halda fullri atvinnu, reyna að tryggja það að framleiðslan geti gengið. Hversu langar sem ræðurnar eru og hvort sem menn koma hér upp og berja sér á brjóst yfir útlitinu skulu menn fyrst, áður en þeir gera það, muna eftir því hvernig komið var í septembermánuði sl., að missa ekki sjónar á því ástandi sem er viðurkennt af öllum, a.m.k. innst inni þó að menn tali svo eins og ræður manna hafa verið hér í dag og kvöld.

Ég viðurkenni það að það er eftir að ganga frá ýmsum hlutum í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna, en það sem menn hafa komið sér saman um er með einhverju móti að afla þeirra tekna sem stendur að þurfi að ná í fjárlagafrv. Það hefur nú áður gerst, það vita þeir sem hafa verið hér einhver ár, að það taki verulegum breytingum á þeim tíma sem nú er t.d. til jóla.

Ég vona að svar mitt til hv. þm. sé fullnægjandi.

Albert Guðmundsson:

Virðulegur forseti. Hæstv. fjmrh. hefur flutt sína frumræðu sem slíkur um fjárlög íslenska ríkisins og margt af því sem hann sagði og er skrifað hér á blað sem dreift var til þingmanna að hefð er alveg rétt. Ég held að þigmenn geti almennt tekið undir mest af þeim lestri sem var í kringum tölurnar í ræðunni og er ákaflega hefðbundinn lestur fjmrh. Ég kannast sjálfur við ýmislegt af þessu frá forverum mínum í því embætti og frá sjálfum mér líka. Lítið hefur því breyst annað en að sjálfsögðu ástandið í þjóðfélaginu og tölurnar.

Ég var á fundi síðdegis í dag og var með ræðu hæstv. fjmrh. með mér. Á þessum fundi voru um 70–80 manns og ekkert fólk sem hæstv. fjmrh. nær til með nýjum skattstiga. Það merkilega við þetta fólk, sem sumt á í miklum erfiðleikum, er að sumt hefur tapað öllu sem því hafði tekist að byggja upp í kringum sig, fasteignum, heimili, öllu nema trúnni. Þó að margir einstaklingar hafi tapað trúnni á líðandi stund og trúnni á framtíðina var þarna fólk sem hafði glatað öllu öðru en trúnni og þetta fólk sagði og vitnaði í hin fleygu orð Kennedys forseta þegar hann sagði að fólk ætti að spyrja: Hvað getum við gert fyrir þjóðina? Það ætti ekki að spyrja allan tímann: Hvað getur þjóðin gert fyrir mig? Þetta fólk vantaði leiðtoga, það vantaði einhvern flokk, einhvern sem gæti leitt það inn á brautir sem bæru árangur þjóðfélaginu í hag. Það sagði í dag: Hvað getið þið þingmenn fært okkur? Hvaða boðskapur er það sem getur sameinað okkur því að við gerum okkur grein fyrir því að þjóðin stendur frammi fyrir sama vanda og áður en þó stærri? Vandinn er sá sami og hann var þegar ég var fjmrh., en hann er stærri og meiri og meira áberandi vegna þess að eftir því sem tíminn líður og við erum lengur í því hjólfari ógæfunnar sem við erum í í efnahagsmálum og höfum verið undanfarin mörg ár kemur hann nær og nær einstaklingum og fyrirtækjum og endanlega að sjálfsögðu móðurskipinu sjálfu, þjóðfélaginu. Og fólkið, þetta fólk sem finnur sig í vanda statt, veit ekki hvar það á að sofa í kvöld, veit ekki hvað það borðar á morgun, segir: Hvað getum við gert til þess að þjóðin sameinist í stríðinu við verðbólguna, í stríðinu við tilveruna? Og á sama tíma og ég er að hlusta á þetta litla fólk kem ég svo hingað niður í Alþingi inn í sömu hefðbundnu ræðurnar ár eftir ár, sömu deiluna á milli flokka og á milli einstaklinga

sem ber okkur ekkert fram á veginn til blessunar. Ég verð að segja að það er erfitt fyrir mig að tala svona héðan úr ræðustól á hv. Alþingi á sama tíma sem ég hef engin önnur ráð til úrlausnar en vonina um að einhvern tíma geti orðið þjóðarfriður, sem hefst hér á Alþingi, um að taka raunverulega á vanda þjóðarinnar í efnahagsmálum. Og þetta litla fólk vitnaði í stórar stundir í okkar sögu, það vitnaði til baráttunnar í landhelgismálinu og öðrum slíkum málum sem eru stór og sameinuðu þjóðina og á sama hátt var óskað eftir því að við hér á Alþingi hefðum forustu um að finna leiðina. En það er alveg ljóst, hvort það ert þú, kæri kollegi, eða hvort það er ég sem stend hér, að við erum ekki menn til þess að finna þessa leið. Það er alveg ljóst því að við höldum áfram að hjakka í sama farinu.

Það þýðir ekkert að tala málefnalega um fjárlagafrv. eins og það liggur fyrir, það þýðir ekki vegna þess að það stenst ekki. Það stenst ekki þegar ein ríkisstjórn, sem ég var í, sú næsta sem tók við og þessi sem er við völd núna hefur það að leiðarljósi að reyna að minnka, alla vega ekki auka erlendar skuldir, heldur ekki innlendar, að á sama tíma sé ríkissjóður, sem kvað hafa verið síðast þegar ég vissi með 11 eða 12 milljarða yfirdrátt í Seðlabankanum, að gera ráðstafanir sem þýða aukinn yfirdrátt í Seðlabankanum sem á að nota til þess að stofna nýtt bákn, sem er Atvinnutryggingarsjóður, og með því framlagi sem átti að fara í Atvinnuleysistryggingasjóð, á sama tíma og fyrirtæki og fjölskyldur eru að fara á hausinn og atvinnuleysi blasir við, á sama tíma og ráðstafanir fyrir sjávarútveginn á að gera með nýjum erlendum lánum og svona má lengi telja. Það blasa við þjóðinni efnahagsvandamálin. Við skulum ekkert loka augunum fyrir því. Erlendar skuldir eru að fara upp í 140–150 milljarða kr. og hvað skeði á síðustu þremur árum? Það skeður það að útgjaldahlið fjárlaga eykst frá einu ári til annars. Ef við tökum síðustu þrjú árin voru útgjöld ríkissjóðs 33 milljarðar fyrir rúmum þremur árumm, voru 43 milljarðar 1987. Það eru 65 milljarðar 1988, það eru 76 milljarðar 1989 og fjvn. og Alþingi hafa ekki enn þá komist að endanlegri niðurstöðu útgjaldahliðarinnar. Til þess að ná jöfnuði þarf að auka skatta og þeir hafa að sjálfsögðu aukist í hlutfalli við aukin útgjöld. Og nú á að innheimta skatta, allt samkvæmt niðurstöðu Þjóðhagsstofnunar, samkvæmt formanni fjvn. til þess að hafa 1,2 milljarða tekjuafgang umfram þessa 76 milljarða í útgjöldum á sama tíma sem fyrirtæki, einstaklingar og fjölskyldur þurfa að þola niðurlægingu heimsókna opinberra aðila sem loka fjölskylduna úti.

Og ég get sagt ykkur eitt. Hingað til mín í Alþingi hafa komið einstaklingar sem báðu um aðstoð. Ég gat ekki veitt þá aðstoð því að ég heyrði ekkert meira frá þessum einstaklingum. En þegar ég fór að leita að ástæðunni fyrir því hvers vegna þeir komu ekki aftur fékk ég að vita að þeir mundu aldrei koma aftur. Svo mikil var pressan að þeir komu aldrei til mín, þeir komu aldrei til neins okkar. Eftir stendur ekkja með börn. Og þetta er ekkert einsdæmi. Og aðalástæðan er hver? Við hér, þjóðkjörnir fulltrúar, komum okkur ekki saman um lausnir.

Ég þarf ekki að hafa þessa ræðu mikið lengri vegna þess að öll vinnubrögð og allar niðurstöður verða líka heföbundnar, breyta engu. Næsta ár hækkar útgjaldahliðin um 20–30 milljarða til viðbótar og til þess að ná jöfnuði hækka skattarnir enn þá um hlutfallslega sömu upphæð. Svona heldur þetta áfram svo lengi sem við erum ekki menn til þess að taka á vandanum sem ein heild og getum þá kannski einu sinni gleymt flokkadráttum og lókalpólitík.

Það er nefnilega mikið til í því sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sagði hér áðan: Þar reynir á hvort ábyrgð þingmanna er svo rík að þeir afgreiði þetta frv. af bestu samvisku — eða eins og hann sagði, afgreiði útgjaldahlið fjárlaga. Ég er ekki í nokkrum vafa um það að hver einasti maður hér inni vill gera vel. En það er með ykkur alveg eins og mig, ég finn ekki leiðina. Og það skiptir ekkert um niðurstöðu Þjóðhagsstofnunar meðan við hér, hvort sem við erum ráðherrar eða þingmenn, gefum pólitískar forsendur sem byggt er á, eins og hv. þm. Geir H. Haarde sagði hér í sinni ræðu og er alveg rétt, hvar í flokki sem við stöndum er það rétt.

Það sem mér þótti upplýsandi hjá hv. formanni fjvn. var að hann gaf mér tilefni og ástæðu til þess að skilja hans ræðu þannig að þessi fjárlög hafi ekki verið betur rædd í stuðningsflokkum ríkisstjórnarinnar en það að hann gaf í skyn að þm., hver og einn, alla vega í hans flokki, ættu eftir að gera sínar athugasemdir og þar gætu komið breytingar. Ég veit það að þegar ég gegndi embætti fjmrh. fór ekkert frv. og ekki lína í fjárlögunum inn á Alþingi fyrr en allir flokkarnir, þeir voru ekki nema tveir þá, Framsfl. og Sjálfstfl., voru búnir að samþykkja. Og þá á ég við þingflokkana, ekki bara ríkisstjórnina. Fyrst var það ríkisstjórnin, síðan þingflokkarnir og þegar stuðningur var nokkuð tryggður fór frv. fyrir Alþingi en ekki fyrr. Þess vegna var það mér ekkert undrunarefni að ræða hans var öll á þá leið að lýsa ábyrgð á þingmönnum almennt vegna væntanlegs skipbrots fjárlaganna. Þetta var sá skilningur sem ég lagði í orð hv. formanns fjvn., að gera þingheim fyrir fram ábyrgan fyrir því, helst þá sem ekki standa að ríkisstjórninni, ef fjárlögin næðu ekki fram að ganga, en bætti svo við að ábyrgðin væri þung á þeim sem ekki standa að ríkisstjórninni, líklega vegna þess að ríkisstjórnin veit nú, og átti að vita það áður en hún var mynduð, að hún hefur ekki tryggan meiri hluta. Ég skal ekkert segja hvort hún hefur hugsanlegan meiri hluta eða ekki fyrir þeim tekjuöflunarfrv. sem hljóta að eiga eftir að sjá dagsins ljós.

Ég vil ekki lýsa neinu, hvorki andstöðu né stuðningi við þetta fjárlagafrv., síst af öllu, og þá sérstaklega vegna þess að ég hef ekki kynnt mér það svo vel að ég telji mig færan um það. Ég vil lesa betur fjárlagaræðu hæstv. fjmrh. og ég vil sjá betur þau

tekjuöflunarfrv. sem hafa verið boðuð, en eiga eftir að koma. En hvernig sem okkar hugur er til ríkisstjórnarinnar, og ég tel mig svo sannarlega ekki stuðningsmann hennar, er alvaran fyrir hendi og ábyrgðin sem hvílir á okkur öllum er fyrir hendi og fólkið sem við þykjumst vera að vinna fyrir skilur ekki það sem við erum að segja hér, það skilur ekki umræðuna fram og til baka um einstaka liði. En það skilur hvar skórinn kreppir að úti í þjóðfélaginu sem virðist vera svo langt frá okkur hér. Það kallar til okkar, gefið okkur leiðsögn, vísið okkur veginn. En við erum ekki fær um það, hvorki þú né ég. Þessi fjárlög, eins og þau eru hér og nú, eru staðfesting á þessari skoðun fólksins og með þeim höldum við áfram að þrengja að fólkinu. Fyrirtækin halda áfram að loka og fólkið að missa sín heimili og þjóðfélagið að koðna niður. Og það þýðir ekkert að segja að það hafi ekki verið góðæri vegna þess að guð hefur gefið okkur meira undanfarin ár en nokkurn tíma áður í sögu þjóðarinnar. En við þurfum alltaf meira og meira en við höfðum mest áður og þetta gengur ekki, það gengur ekki. Þrátt fyrir andstöðu mína við ríkisstjórnina ætla ég að vona að hún finni leið til að vísa okkur og litla fólkinu, sem ég var að segja frá áðan, veginn út úr þessum vanda.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér erum við komnir aftur til að ræða um fjárlagafrv. Sl. haust var líka rætt um fjárlagafrv. Hér hafa menn rætt um að ríkið þurfi meiri tekjur, þurfi meiri skatta, þurfi meira til sín. Sl. haust voru aðrir flokkar við stjórn. Þá hækkuðu fjárlög um helming frá árinu áður. Það er mesta hækkun sem hefur orðið á fjárlögum sem menn muna. Núna heldur þessi hækkun áfram. Það er mikil hækkun núna. Það eru 17 milljarðar sem það hækkar um frá því fjárlagafrv. sem var lagt fram í fyrra.

Þessar hækkanir eru einhverjar þær mestu í sögu þjóðarinnar. Ef við tökum mið af árinu 1986, förum ekki lengra aftur í tímann en það, má ætla ef við aðeins framreiknum með verðlagi að það sé svona um það bil fimmtungs hækkun á fjárlögum frá 1986, 20% eða um 12 milljarðar. Og hvað þýðir þetta? Þýðir þetta betri afkomu fyrir fólkið? Þýðir þetta minni verðbólgu? Hvað þýðir þetta?

Fjármálaráðherrar beggja þessara stjórna hafa lagt fram þessi frv. Þeir leggja áherslu á nýja skatta. Auðvitað þýðir þetta aðeins það að fólkið hefur minna til ráðstöfunar, fyrirtækin hafa minna til ráðstöfunar og við sjáum ástandið og orsakirnar núna í þjóðfélaginu. Fyrirtækin fara á hausinn vegna þess að það eru lagðir meiri skattar á þau. Einstaklingarnir þola ekki þær álögur sem eru lagðar á þá og víða eru gjaldþrot. Þetta eru hinar raunverulegu ástæður fyrir því ástandi sem er í þjóðfélaginu vegna þess að aldrei í sögu lýðveldisins hefur verið meira góðæri, meiri fiskveiði, betra verð í heild og betri útkoma. Þetta er óráð í stjórnun fjármála. Þeir þingmenn sem voru í síðustu stjórn geta ekkert þvegið hendur sínar í handlaug hér á því ástandi sem er núna. Þessar hækkanir eru svo gífurlegar að fólkið finnur fyrir því. Ráðstöfunartekjur eru minni og ofan á það bætist að við höfum niðurgreitt bankakerfi sem fólkið borgar og greiðir niður vegna þess að vextirnir eru miklu hærri hér en annars staðar. Ég held að það sé kominn tími til að menn líti aðeins lengra aftur í tímann og sjái hvað hefur farið úrskeiðis í stjórnun fjármála, í hvaða ráðuneytum, í hvað peningarnir hafa farið.

Við höfum heyrt Sjálfstfl. mótmæla hér skattlagningu á íþróttafélög. En þeir gleymdu að mótmæla því á sl. ári þegar þeir skáru niður framlög til íþróttahreyfingarinnar. Í þessu fjárlagafrv. virðist gert ráð fyrir sköttum á skatta ofan. Við erum ekki enn þá búnir að sjá þau frv., því þau hafa ekki verið lögð fram, en það er gert ráð fyrir meiri eignarsköttum. Ég fullyrði það að fólk sem á húskofa úti í bæ þolir ekki meiri eignarskatta, því þessu er stefnt gegnt gamla fólkinu m.a., fólki sem er búið að búa allt sitt líf í sama húsinu, á það skuldlaust og er að ljúka ævidögum, er kannski eitt og hefur litlar tekjur, það þolir ekki meiri eignarskatta. Og það er fleira. Gert er ráð fyrir hærri tekjusköttum. Ég tel að fólkið þoli ekki öllu meiri tekjuskatta. En það er ekki gert ráð fyrir því að ríkið gangi á undan með fögru fordæmi. Nei, svo er ekki. Aðalatriðið er að auka útgjöldin og það góðæri sem hefur verið hefur farið í að belgja út ríkið, ríkið hefur verið belgt út, það hefur ekki farið til fatlaðra, það hefur ekki farið til íþrótta og það hefur ekki farið í menningarmál yfirleitt. En það hefur farið í ráðuneytin. Hér var því lýst áðan hvernig hið háa sjútvrn. hefur fengið 17 millj. kr. á síðasta ári til að innrétta þar glæsilega. Þá vantar ekki peninga.

Þetta frv. er ekkert annað en staðfesting á því að fjármálastjórn ríkisins er í rúst. Þeir menn sem hafa verið fjármálastjórar frá 1986 a.m.k. hafa ekki ráðið við það. Þeir hafa ekki ráðið við það. Útgjöld ríkisins hafa vaxið langt umfram verðlag, langt umfram verðlag. Þetta er ein aðalástæðan fyrir því ástandi sem núna er í þjóðfélaginu, þ.e. gjaldtaka ríkisins. Ríkið hefur tekið peningana frá fólkinu, það hefur tekið peninga frá fyrirtækjum og það er að koma í ljós núna. Áætlanir um aukna skattheimtu virka alveg öfugt vegna þess að fólkið þolir ekki meira og fyrirtækin þola ekki meira. Þetta er niðurstaðan. Ég held að ríkisstjórnin ætti að finna sér einhverjar aðrar leiðir út úr vandanum en þær að auka skattana því að með meiri sköttum mun það gerast að tekjur ríkisins, eins og við sáum í kvöld í sjónvarpinu, munu minnka vegna þess að fólkið og fyrirtækin hafa ekki þessar tekjur sem áætlað var vegna þess að ríkið er búið að taka allt frá þeim. Þetta mun verða niðurstaðan. Þær áætlanir sem voru gerðar í fyrra stóðust ekki vegna þess að skattarnir voru orðnir svo miklir. Þær áætlanir sem uppi eru núna um að auka skatta enn frekar munu fara sömu leið. Við stöndum því frammi fyrir því að tekjur ríkisins munu ekki vera nægar miðað við það sem

gert er ráð fyrir í frv. Það eru rangar áætlanir og það er röng niðurstaða sem er fengin með þessu.

Að öðru leyti ætla ég ekki að fara í gegnum einstaka liði og að sjálfsögðu ekki í gegnum þau frv. sem ekki hafa verið lögð hér fram, en við hljótum að líta á þessi fjármál, skoða þau á annan hátt en áður vegna þess að sú aðferð sem hingað til hefur verið notuð er röng. Ef þær skattaálögur sem núv. ríkisstjórn áformar að leggja á fólkið í landinu ná í gegn, þá þýðir það einfaldlega gjaldþrot þjóðarinnar, fólksins, fyrirtækjanna. Já, þetta er allt saman rangt og gengur ekki. Þetta er það sem er mesta vandamál þjóðarinnar í dag: Röng fjármálastjórn undanfarinna ríkisstjórna. Verði ekki snúið við af þeirri braut þá mun fara illa.

Ólafur G. Einarsson:

Hæstv. forseti. Það var nú ekki sagan af kosningafundinum við Ísafjarðardjúp, sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sagði hér fyrr í dag, sem réði því að ég kvaddi mér hljóðs. Það var annað atriði í ræðu þingmannsins sem vakti athygli mína. Það var hversu ríka áherslu hann lagði á það að nú mundi reyna á íslenskt þingræði, held ég að hann hafi orðað svo, þegar kæmi að afgreiðslu frumvarpa ríkisstjórnarinnar, frumvarpa sem fylgja munu í kjölfar fjárlagafrv. og varða tekjuhliðina.

Hv. þm. lagði líka ríka áherslu á að nú mundi reyna alveg sérstaklega á ábyrgð þingmanna til þess að samþykkt yrðu þau tekjuöflunarfrumvörp sem stjórninni er nauðsynlegt að fá samþykkt ef þessi spilaborg, sem fjárlagafrv. er, á ekki að hrynja til grunna. Í þessu samhengi höfðaði hv. þm. alveg sérstaklega til þingmanna stjórnarandstöðunnar. Það væri nefnilega þannig ástatt fyrir stjórninni að hún hefði ekki alveg öruggan meiri hluta fyrir sínum málum hér í þinginu. Þingmenn ríkisstjórnarflokkanna virðast smátt og smátt vera að átta sig á því að þetta er ekki meirihlutastjórn. Sumir þeirra treysta að vísu enn á huldufólk, en huldumaður er ekki huldumaður nema hann sé huldumaður eins og sjálfur álfakóngurinn orðaði það.

Þessum hvatningarorðum hv. þm. fylgdi svo frásögn af því að það væri ekki vandaverk að ná samstöðu innan stjórnarflokkanna. Þeir hefðu þegar komið sér saman um niðurstöðuna. Mér skildist þó að það kynni að þurfa að hnika einhverju til í þessum skattlagningaráformum, en það væri auðvitað auðvelt. Heildarútkoman í skattlagningaráformunum væri þegar fengin og samstaðan auðvitað fyrir hendi um hana.

Ég hef ákveðnar efasemdir um að trú þingmannsins um eindrægnina í stjórnarliðinu endist lengi. Þessar efasemdir mínar byggi ég auðvitað á ákveðnum forsendum. Mér sýnist nefnilega að í ýmsum efnum skorti á þessa eindrægni. Og eins og við sjálfstæðismenn þekkjum mætavel þá eiga þessar brotalamir í samstarfinu upphaf sitt að rekja ýmist til Alþfl. eða Framsfl. Má ég nefna nokkur dæmi:

Framsóknarmenn hafa lýst andstöðu við þá ákvörðun, sem virðist vera samkvæmt fjárlagafrv., að leggja sérstakan skatt á sölu happdrættismiða. Þar átti að ná inn tæpum hálfum milljarði kr. ef ég man rétt. Þetta er þessi svokallaði öryrkja-, íþrótta- og menningarskattur. Um þetta hafa ungir framsóknarmenn ályktað, ef ég man rétt, hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson hefur eitthvað látið hafa eftir sér í viðtölum, og svo náttúrlega hæstv. forsrh. sem hefur sagt að þetta hafi nú bara verið svona bollaleggingar sem engar ákvarðanir hafi í raun og veru verið teknar um. En hæstv. fjmrh. segir að þarna sé náttúrlega „allt í galla slegið“ eins og þeir segja fyrir vestan, auðvitað verði Framsfl. að standa við gefin loforð. Þetta er eitt dæmi.

Mig minnir líka endilega, það hefur kannski ekki komið fram í þessum umræðum, að Alþfl. hafi lýst andstöðu sinni við fyrirhugaðar hækkanir á tekjuskatti einstaklinga. Mig minnir að það hafi komið fram í umræðunum um stefnuræðu forsrh. Og heyrði ég ekki rétt hérna áðan að hv. þm. Alexander Stefánsson teldi að ýmsir útgjaldaliðir hefðu gleymst í frv.? Hvað segir hæstv. fjmrh. um það?

Nú, það mætti auðvitað taka miklu fleiri dæmi sem ekki kannski snerta beint fjárlagafrv. Mér dettur í hug hvort stjórnarliðar séu allir á einu máli í hvalveiðimálinu svonefnda, hvort tillöguflutningur hv. þm. Árna Gunnarssonar bendi til þess. Framsóknarmenn hafa líka flutt tillögu hér í þinginu um endurskoðun á grundvelli lánskjaravísitölunnar. Ég er að velta því fyrir mér hvort alþýðuflokksmenn séu sammála þeim tillöguflutningi, séu sammála því að með því skuli þessi málaflokkur tekinn úr höndum viðskrh. Alþfl. Og hvað með eindrægnina í utanríkismálum? Er hún algjör? Ekki sýndist mér það nú við að horfa á sjónvarpsfréttir í kvöld eftir ákvörðun hæstv. utanrrh. um hvernig fulltrúar Íslands skyldu greiða atkvæði á þingi Sameinuðu þjóðanna í morgun. Annað dæmi sem snertir utanríkismálin er varaflugvallarmálið svonefnda og hvort blanda eigi mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins þar inn í. Mér heyrist á öllu að þar sé ekki alveg fullkomin eindrægni.

En þessi dæmi eru nú bara tekin af handahófi og mætti sjálfsagt tína fleira til. Og þetta er auðvitað smáræði milli vina og verður auðvitað leyst allt saman í einingu andans og bandi friðarins eins og þar stendur. (**Gripið fram í:** Það er rétt hjá þér.) Já.

En það sem skiptir máli að mati hv. þm. Sighvats Björgvinssonar er að stjórnarandstaðan sé sér meðvituð um ábyrgð sína og skyldur. Það reynir á íslenskt þingræði, það reynir á ábyrgð þingmanna, sagði hv. þm., og þá sérstaklega stjórnarandstöðuþingmanna. Það verður ekkert vandaverk að ná samkomulagi við stjórnarflokkana, sagði hann. Við bíðum nú og sjáum hvað setur.

En hvað er það sem þingmaðurinn og aðrir stjórnarliðar væntanlega eru að biðja stjórnarandstöðuna að styðja? Það er í fyrsta lagi meiri skattahækkanir en lengi hafa sést tillögur um hér í þinginu. Það er verið að biðja okkur um að styðja hækkun ýmissa

óbeinna skatta, svo sem vörugjalds, bensíngjalds og innflutningsgjalds á bíla, hækka almenna eignarskatta, auk þess sem sett yrði sérstakt skattþrep á þá sem eiga eign yfir tilteknu marki. Það er svona nokkurs konar refsiskattur fyrir ráðdeild. Það eru breytingar á tekjusköttum einstaklinga og að því er manni skilst á að taka upp sérstakt þrep á háar tekjur og eyðileggja þar með staðgreiðslukerfið. Við eigum að styðja sérstaka skattlagningu á orkufyrirtæki án þess að hafa hugmynd um hvernig ríkisstjórnin hugsar sér þá skattlagningu, ekkert hefur verið lagt fram í þeim efnum, og svo væntanlega þennan happdrættisskatt. Ég tala nú ekki um ef Framsfl. heltist þar úr lestinni, þá á víst stjórnarandstaðan að koma þar til hjálpar.

Það er verið að biðja okkur um að styðja þennan makalausa Atvinnutryggingarsjóð, svipta með því Atvinnuleysistryggingasjóð framlagi sínu í tvö ár, 600 millj. kr., 400 millj. kr. úr ríkissjóði og að heimila svo þessum sjóði og þessari sjóðsstjórn að valsa með allt að 5000 millj. kr. í skuldbreytingum. Þetta erum við beðnir um að styðja. Og hverjir stjórna svo þessum sjóði? Stjórnarandstaðan á auðvitað hvergi þar að koma nærri. Nei, nei. Hún á bara að rétta upp höndina með þessu sulli. Við erum í raun og veru beðnir um að styðja þá efnahagsstefnu sem kemur fram í frv. þar sem unnið er gegn atvinnulífinu í landinu.

Hæstv. forseti. Það er til of mikils mælst að biðja um stuðning okkar við þessar fyrirætlanir.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þær umræður sem hér hafa orðið í dag um frv. til fjárlaga. Einkum fagna ég því að þeir fjárveitinganefndarmenn, sem hér hafa talað, hafa tekið undir óskir um það að samvinna fjmrn. og fjvn. geti orðið með ákjósanlegum hætti til þess að tryggja framkvæmd á margvíslegum breytingum sem við erum öll sammála um að nauðsynlegar séu.

Ég held að það sé mjög mikilvægt að við reynum að þróa vinnubrögð við bæði endanlegan frágang fjárlagafrv. og við eftirlit með framkvæmd þess á nýju ári svo að þingið í heild sinni, og þar með þjóðin, hafi á hverjum tíma betri upplýsingar um gang mála og menn geti tekið sameiginlega á því að knýja fram breytingar sem allir telja nauðsynlegar. Eins og ætíð vill verða í umræðum af þessu tagi hafa komið fram fjölmargar athugasemdir við fjárlagafrv. sem teknar verða til nánari umfjöllunar í fjvn. og við síðari umræðu um frv. Mér finnst ekki ástæða til þess hér og nú að taka þær allar til umfjöllunar þó að ærin ástæða væri til að gera nánari grein fyrir skoðunum ríkisstjórnarinnar og þeim forsendum sem liggja að baki frv. vegna margvíslegra ummæla sem hér hafa fallið í umræðunni.

Ég vil þess vegna endurtaka það sem ég sagði í upphafi: Í meðferð málsins hér á Alþingi er það eindreginn vilji minn að góð samvinna geti tekist við fjvn. og við alþingismenn alla um þá skoðun sem nauðsynlegt er að frv. fái og enn fremur um ákvarðanir sem tryggja að við getum á næsta ári haft betra og raunhæfara eftirlit með þróun ríkisfjármálanna frá einum mánuði til annars.

Hv. þm. Pálmi Jónsson spurði að því hér fyrr í dag hvenær væri að vænta þess að frv. til lánsfjárlaga yrði lagt fram hér á Alþingi. Ég vænti þess að það geti orðið allra næstu daga, jafnvel á morgun, ef prentun verður lokið í tæka tíð. Hann spurði einnig hver yrðu verðlagsáhrif nýrra tekjuöflunaráforma sem fela í sér breytingu á neysluskattum. Á þessu stigi er erfitt að svara nákvæmlega þeirri spurningu. Það fer m.a. eftir því hvaða hliðarráðstafanir eru gerðar við þær ákvarðanir. Þó er hægt að segja hér að það geti verið á bilinu 1/2–1½%, eftir því hvaða leiðir eru valdar og hvaða hliðarráðstafanir eru gerðar.

Hv. þm. Pálmi Jónsson spurði einnig að því hvað tæki við eftir að verðstöðvunartímabilinu lýkur. Á þessu stigi er erfitt að fullyrða nokkuð um það. Ég held þó að þær tölur um verðlagsþróun, sem hafa verið að birtast að undanförnu og munu birtast næstu daga, muni sýna það að verulegur árangur hefur náðst í að hemja verðbólguna á þessum stutta tíma sem ríkisstjórnin hefur starfað. Og ég hef þá trú að á næstu mánuðum takist að undirbúa bæði gerð kjarasamninga og ákvarðana í efnahagsmálum sem tryggi það að eðlilegt framhald verði af þessari verðstöðvunarstefnu í reynd eftir að febrúarmánuður er liðinn þannig að ekki muni opnast neinar flóðgáttir verðhækkana né aðrar umtalsverðar breytingar verða í efnahagslífinu. Hins vegar veit enginn okkar nú hve djúpur öldudalur samdráttarins kann að verða á næstu mánuðum og það er óhjákvæmilegt að ríkisstjórnin og Alþingi muni taka mið af þeim veruleika þegar hann birtist okkur skýrar, bæði við endanlega afgreiðslu fjárlaganna og eins í upphafi nýs árs. Þannig mun stefnan í efnahags- og atvinnumálum, sem ríkisstjórnin vinnur að, skýrast stig af stigi á næstu mánuðum í samræmi við þá þróun sem verður á þessum vettvangi.

Hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson gerði mjög fróðlegan samanburð á því fjárlagafrv. sem hér er lagt fram og fyrsta fjárlagafrv. sem hæstv. þáv. fjmrh. og síðar forsrh., Gunnar Thoroddsen, lagði fram á fyrsta ári viðreisnarstjórnarinnar. Mér þótti að mörgu leyti vænt um það vegna góðrar samvinnu minnar við Gunnar Thoroddsen á sínum tíma að hans skyldi nú að svo góðu getið af einum virtasta og þingreyndasta þm. Sjálfstfl. Ég vænti þess að ræða hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar feli í sér, eins og oft vill verða þegar tímar líða, að menn fái að njóta sannmælis jafnvel í sínum eigin flokki og tími endurreisnar Gunnars Thoroddsens í Sjálfstfl. sé þar með hafinn. Ég tók a.m.k. eftir því, án þess að ég ætli að gera mikið úr þeim samanburði, að hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson sótti ekki fyrirmyndir um ágæt fjárlagafrv. til þeirra hv. þm. Þorsteins Pálssonar eða Matthíasar Á. Mathiesens, sem báðir hafa á síðari árum gegnt embættum fjármálaráðherra,

heldur fór aftur til vetrarins 1959–1960.

Nokkrir hv. þm. Sjálfstfl. hafa spurt að því hvort ríkisstjórnin standi öll að baki þeim tekjuöflunaráformum sem tekjuafgangur fjárlagafrv. tekur mið af. Svarið við þeirri spurningu er eindregið já, eins og fram hefur komið í ræðum hv. þm. Alexanders Stefánssonar og Sighvats Björgvinssonar. Hitt er svo einnig rétt, og gildir um þetta fjárlagafrv. og næstu mánuði, eins og nær alltaf hefur gilt þegar tekjuöflunarfrumvörp eru látin fylgja fjárlagagerð, að þau geta tekið ýmsum breytingum í eðlilegri vinnslu innan þingflokkanna og innan þingsins. Margt kemur til álita í þeim efnum. Kjarni málsins er hins vegar sá að ríkisstjórnin hefur sameiginlega einsett sér að afla þeirra tekna sem þarf til að tryggja tekjuafgangsstefnu frumvarpsins.

Mér fannst þess vegna í sjálfu sér ekkert tilefni vera til að leggja svona mikið út af orðum hæstv. forsrh. eða nokkurra annarra stjórnarþingmanna, eins og hér var gert, þó að það sé að vissu leyti fróðlegt að heyra það á málflutningi hv. þm. Friðriks Sophussonar að hann virðist telja að núv. hæstv. forsrh. sé einnig leiðtogi stjórnarandstöðunnar og fannst mér þar ómaklega að formanni Sjálfstfl. vegið í þeirri ræðu. Hins vegar er það misskilningur hjá hv. þm. Friðriki Sophussyni, sem var forsenda ærið margra spurninga sem hann bar fram til mín, að ég sæti enn í stjórn Landsvirkjunar og gæti þess vegna svarað hér úr ræðustól hvað sú ágæta stofnun hygðist gera á næstu mánuðum. Ég hef, eins og aðrir ráðherrar, vikið úr þessari stjórn á meðan ég gegni embætti ráðherra. Varamaður minn hefur tekið þar sæti svo að ég hef ekki síðan ég tók sæti í þessari ríkisstjórn og mun ekki á meðan ég sit í henni eiga neina aðild að ákvarðanatöku innan stjórnar Landsvirkjunar þó að ég muni eðlilega reyna að hafa áhrif í þeim efnum eins og öðrum til að tryggja að skynsamleg niðurstaða fáist. Um þau atriði önnur sem hv. þm. spurði um er lítið að segja annað en það að afstaðan sem birtist í fjárlagafrv. er sú stefna sem ákveðin var við gerð fjárlagafrv., en hins vegar er um þessi efni eins og mörg önnur nauðsynlegt að fram fari viðræður bæði á milli þeirra ráðuneyta sem þessi mál heyra undir og eins þingsins alls til þess að tryggja sameiginlega niðurstöðu í þeim, eins og reyndar ætíð gerist þegar þessi atriði eru til umfjöllunar í þinginu.

Varðandi ummæli hv. þm. Geirs H. Haarde um hátekjuþrep í tekjuskatti vil ég bara ítreka það sem ég hef sagt áður: Um það hefur engin ákvörðun verið tekin og ástæða þess að það hefur verið nefnt í sambandi við tekjuöflunaráform þessarar ríkisstjórnar er að ærið margir í stuðningsliði stjórnarinnar, bæði innan þings og utan og einnig ýmis samtök í landinu, hafa viljað skoða þessa leið. T.d. hefur einn af stjórnarandstöðuflokkunum lýst yfir stuðningi sínum við þessa leið. Hins vegar hafa margir bent á það að á henni væru ýmsir gallar, eins og hv. þm. Geir H. Haarde gerði hér í sinni ræðu. Ég hef þess vegna talið nauðsynlegt að framkvæma nýja athugun á kostum þeim og göllum sem þessu máli tengjast, til þess að allir þeir sem vilja skoða málin nú fái til þess tækifæri að nýju.

Hv. þm. Hrafnkell A. Jónsson vék nokkuð að hugmyndum í efnahagsmálum sem hafa komið frá forustu samtaka launafólks. Ég vil í þessu sambandi vekja sérstaka athygli á því að sú leið, sem þessi ríkisstjórn fór í mörgum höfuðþáttum sinna fyrstu aðgerða varðandi aðgerðir í málefnum útflutningsatvinnuveganna og hvað tekjuöflun snertir í því skyni, er í höfuðatriðum svipuð og þær tillögur sem forseti Alþýðusambands Íslands setti fram í ágúst- og septembermánuði sl., eðlilega að undanskildu því sem hann sagði um launamálin. En þegar það er tekið frá og skoðuð meginleiðin sem farin er til þess að glíma við vanda útflutningsgreinanna af hálfu þessarar ríkisstjórnar, þá er hún í grófum dráttum sú hin sama og forseti Alþýðusambandsins lagði til í ræðu á formannafundi Alþýðusambandsins.

Hitt er svo rétt að árétta einnig að úr þeim herbúðum hefur á undanförnum mánuðum komið eindregin andstaða við gengisfellingu. Mér fannst þess vegna fróðlegt að heyra það hér að hv. þm. Hrafnkell A. Jónsson skyldi í reynd vera að tala fyrir gengisfellingu, en ég skildi mál hans á þann veg. Ég er sannfærður um það að gengisfelling væri alls ekki aðgerð í þágu launafólks við þær aðstæður sem nú eru í okkar þjóðfélagi.

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að ég hafi þar með svarað flestum þeim beinum spurningum sem til mín var beint í þessari umræðu. Margt hefur gott verið sagt af hálfu allra sem hér hafa talað. Mér fannst sú ræða sem hv. þm. Albert Guðmundsson flutti á margan hátt vera mjög athyglisverð og sönn. Hún endurspeglar einlægan vilja vonandi allra alþingismanna til þess að takast á við þau miklu vandamál sem við er að glíma í okkar þjóðfélagi. Mér fannst ég heyra á hans máli að í hans huga væri djúpur skilningur á því að fólkið í landinu gerði þær kröfur til bæði þings og ríkisstjórnar að allra leiða væri leitað til þess að snúa óheillaþróun undanfarandi ára við. Það finnst mér vera kjarninn í því verkefni sem við okkur blasir. Fjárlagafrv. er bara einn þáttur þess mikla verks. Það er eins og ég sagði í minni framsöguræðu aðeins upphafið á langri ferð. Það sem er eftir er að ganga frá frv. sjálfu í endanlegri gerð og vinna að öðrum aðgerðum í efnahagsmálum sem óhjákvæmilega verður að framkvæma á næstu mánuðum. Mér finnst andinn í þeirri umræðu sem hér hefur verið í dag sýna það að fulltrúar allra flokka eru reiðubúnir til að taka þátt í þeirri vinnu með opnum huga og ég fagna því. Það finnst mér vera jákvæð viðbrögð við þeim hugleiðingum sem ég setti fram í minni framsöguræðu og sýna það að allir flokkar og allir þingmenn bera á vissan hátt ábyrgð á þeirri þróun sem orðið hefur í okkar þjóðfélagi og ber þannig skylda til að takast á við það verkefni að reyna að greiða úr þessum vandamálum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv. og til fjvn. með 35 shlj. atkv.

Nýtt hús fyrir Alþingi Íslendinga, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁHE, 51. mál. — Þskj. 53.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til allshn. með 33 shlj. atkv.

Endurskoðun á varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁHE o.fl., 53. mál. — Þskj. 55.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til utanrmn. með 33 shlj. atkv.

SAMEINAÐ ÞING

13. fundur, föstudaginn 11. nóv., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.
Afstaða utanrrh. á alþjóðavettvangi.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Áður en gengið verður til dagskrár hefur verið fallist á að hér fari fram nú þegar umræða utan dagskrár. Að ósk hv. 2. þm. Austurl. hefur verið fallist á þessa umræðu. Umræðan fer fram skv. síðari mgr. 32. gr. þingskapa, þ.e. um hana gilda ekki tímatakmarkanir heldur hinar almennu reglur 36. gr. um umræður. Umræðan fjallar um afstöðu utanrrh. á alþjóðavettvangi. Rætt hefur verið um að þingmenn reyndu að haga svo máli sínu að þessi fundur tefðist ekki fram úr öllu hófi og hefur verið reynt að miða við að honum kynni að geta lokið eigi seinna en kl. hálffimm og umræðunni þá helst ekki seinna en kl. hálffjögur, en forseti mun að sjálfsögðu á engan hátt hefta málfrelsi manna og verður auðvitað að fara að hætti um það mál.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Á tæpu einu ári hefur það verið að gerast á hernumdum svæðum í Palestínu, svæðum sem haldið er hernumdum af Ísraelsher, að drepnir hafa verið óbreyttir borgarar, hátt í 400 manns, þar af 28 börn innan við 6 ára aldur, 13 börn á aldrinum 7–12 ára, 66 unglingar á aldrinum 13–17 ára, 132 unglingar eða ungt fólk á aldrinum 18–24 ára og 136 fullorðnir, 25 ára og eldri. Þetta var staða mála samkvæmt yfirliti Palestínumanna þann 27. sept. sl. og síðan hafa bæst í þennan hóp margir. Síðustu fregnir sem komu í gær greindu okkur frá að óbreyttir borgarar hefðu verið felldir, hús óbreyttra borgara brennd til ösku. Einnig var greint frá því að framkvæmdastjóri Flóttamannaaðstoðar Sameinuðu þjóðanna í Palestínu hefði borið fram sérstakar umkvartanir í stjórnmálanefnd Sameinuðu þjóðanna í New York vegna þeirrar meðferðar sem starfsmenn Flóttamannaaðstoðarinnar hafa fengið þar sem þeir hafa verið handteknir og haldið í fangelsi án þess að réttarhöld hafi verið haldin yfir þeim og þannig komið í veg fyrir eðlilega gæslu þessarar stofnunar Sameinuðu þjóðanna.

Þetta eru aðeins örfá atriði til að minna á það sem hefur verið að gerast í Austurlöndum fyrir botni Miðjarðarhafs á tæpu ári frá því að uppreisn Palestínumanna hófst á hinum herteknu svæðum sem Ísraelsher hefur haldið síðan í styrjöldinni 1967 og þar sem ísraelskir landnemar hafa verið að setjast að í æ auknum mæli síðan.

Það hefur einnig verið að gerast á alþjóðavettvangi þrátt fyrir einstök atriði jákvæð í sambandi við viðræður um afvopnunarmál, eins og samninginn um eyðingu og fækkun skammdrægra og meðaldrægra eldflauga, að vopnakapphlaupið heldur áfram, að kjarnorkuvígbúnaðurinn er á fullri ferð hjá báðum risaveldunum, bætt er við nýjum vígtólum í kjarnorkuvopnabúrið og verið er að þróa vopnabúnað til þess að koma fyrir í himingeimnum. Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna hafa legið fyrir tillögur nú árum saman sem taka á þessum málum og þar sem gerð er krafa um stöðvun kjarnorkuvígbúnaðarins, svokölluð frysting kjarnorkuvopnanna, til þess að stemma stigu við þessari þróun.

Hver er afstaða Íslands til þessara mála? Hver er afstaðan til þess sem hefur verið að gerast fyrir botni Miðjarðarhafs eins og hún birtist okkur í atkvæði Íslands á alþjóðavettvangi, á vettvangi þjóðanna? Hver er afstaðan til stöðvunar kjarnorkuvígbúnaðarins? Á síðasta ári fögnuðum við því að þáv. utanrrh., nú hæstv. forsrh. Steingrímur Hermannsson, breytti svo sem löngu var tímabært afstöðu Íslands á vettvangi Sameinuðu þjóðanna til stöðvunar kjarnorkuvígbúnaðarins. Með því slóst hann í hóp yfirgnæfandi meiri hluta þjóða heimsins og annarra Norðurlanda allra, sem greiddu tillögum um stöðvun kjarnorkuvígbúnaðarins og kjarnorkuvopnakapphlaupsins atkvæði sitt, og við fögnuðum því hér á Alþingi Íslendinga þessari stefnubreytingu, sem við viljum undirstrika, að Ísland leggi lóð sitt réttum megin á vogarskálir þegar afvopnun er annars vegar.

En hvað hefur verið að gerast síðustu daga undir merkjum nýrrar ríkisstjórnar á Íslandi? Hvaða ákvarðanir hefur formaður Alþfl., hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson, verið að taka án þess að ráðfæra sig við utanrmn. Alþingis, án þess að ráðfæra sig við ríkisstjórn Íslands? Varðandi Palestínumálið gerðist sá atburður 3. nóv. að ég hygg eða í byrjun vikunnar að hæstv. utanrrh. ákvað að Ísland sæti hjá við ályktunartillögu þar sem framferði Ísraelshers er fordæmt á hernumdu svæðunum og yfirtroðsla af þeirra hálfu í sérstakri ályktun. Þessi ályktun hlaut aðeins tvö mótatkvæði á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, frá Ísrael og Bandaríkjum Norður-Ameríku. 16 þjóðir sátu hjá, Ísland í þeim hópi. Af vesturveldunum eða vestrænum ríkjum sem svo eru kölluð voru í þessum hópi Stóra-Bretland og Kanada auk Íslands og síðan nokkur ríki sem búa við sérstök samskipti við Bandaríki Norður-Ameríku, efnahagslega og hernaðarlega, m.a. í Mið-Ameríku og Suður-Ameríku. En utanrrh. Íslands kaus ekki að skipa sér í hóp þeirra ríkja, um 130 talsins, sem greiddu tillögunni atkvæði, þar á meðal öll Norðurlönd nema Ísland.

Síðan gerist það á fundi utanrmn. í gær, þriðja fundi nýrrar utanrmn., að hæstv. utanrrh. upplýsir nefndina um það um leið og hann reyndi að réttlæta afstöðu sína varðandi Palestínumálið að hann hafi ákveðið að breyta þeirri afstöðu sem fyrir lá af Íslands hálfu á allsherjarþinginu í fyrra til tillagnanna um stöðvun kjarnorkuvopnakapphlaupsins og skipa Íslandi í þá fámennu sveit sem heldur að sér höndum í því máli og situr hjá á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Þetta gerist þrátt fyrir það að ég hef frá því að utanrmn. var kölluð saman nú fyrir nokkrum vikum og aftur á öðrum fundi nefndarinnar óskað eftir því sérstaklega að hæstv. ráðherra kynnti viðhorf sín til líklegra átaka- og álitamála á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og við ræddum í utanrmn. sérstaklega um Palestínumálið. Hæstv. utanrrh. bregst við þessum tilmælum samstarfsaðila í ríkisstjórn með því að ráðstafa einhliða og án samráðs atkvæði Íslands á vettvangi Sameinuðu þjóðanna í þessum stórmálum. Þetta tel ég vera mjög sérkennilega framkomu svo að ekki sé fastar að orði kveðið. Hér er um að ræða storkun gagnvart samstarfsaðilum Alþfl. í ríkisstjórn og hér er um að ræða fullkomlega óeðlileg vinnubrögð gagnvart utanrmn. þingsins.

Ég átti ekki von á slíkum vinnubrögðum af hæstv. núv. utanrrh. Ég var algerlega grunlaus að hæstv. ráðherra ætlaði að taka afstöðu í þá veru sem nú liggur fyrir og hann hefur kynnt. Að vísu hygg ég að ráðherrann hafi enn möguleika á því að breyta af þeirri afstöðu sem hann kynnti í gær í utanrmn. á vettvangi Sameinuðu þjóðanna þar eð atkvæðagreiðslu var frestað í tveimur ályktunum varðandi frystingu kjarnorkuvopna og sú atkvæðagreiðsla hefur tæpast farið fram enn þar sem nú er morgunn vestur í New York. Ég skora á hæstv. ráðherra að hringja til sendinefndar Íslands í New York og breyta afstöðu Íslands varðandi þessi mál, hreinsa þann blett sem á nafn Íslands mun falla ef hæstv. ráðherra heldur við þessa fráleitu afstöðu sína.

Hvað er það sem hæstv. ráðherra vill ekki taka undir á vettvangi Sameinuðu þjóðanna? Ég tel rétt að að komi fram í þýðingu utanrrn. hvaða ályktun það var sem hæstv. ráðherra gat ekki greitt atkvæði varðandi Palestínumálið. Ég leyfi mér, virðulegur forseti, að lesa þá ályktun hér, hún er ekki löng, eins og hún liggur fyrir í þýðingu frá utanrrn.:

„Allsherjarþingið, meðvitandi um uppreisn Palestínumanna síðan 9. des. 1987 gegn hernámi Ísraels, sem hlotið hefur talsverða athygli og fengið hlutteknigu almenningsálitsins í heiminum, áhyggjufullt yfir hinu alvarlega ástandi sem skapast hefur á palestínsku landssvæðunum sem hernumin hafa verið síðan 1967, þar með talin Jerúsalem, og öðrum hernumdum palestínskum landsvæðum vegna viðvarandi hernáms Ísraels, hernámsveldisins, og vegna áframhaldandi stefnu og aðgerða gagnvart Palestínumönnum, ítrekar að fjórði Genfarsamningurinn frá 12. ágúst 1949, um verndun óbreyttra borgara á stríðstímum, tekur til allra palestínskra og annarra arabískra landsvæða sem Ísrael hefur hernumið síðan 1967, þar á meðal Jerúsalem, minnist viðeigandi samþykkta sinna og samþykkta öryggisráðsins nr. 605/1987 frá 22. des. 1987, nr. 607/1988 frá 5. jan. 1988 og nr. 608/1988 frá 14. jan. 1988, viðurkennir þörfina á auknum stuðningi og aðstoð við og samstöðu með Palestínumönnum sem búa við hernám Ísraels, meðvitað um bráða nauðsyn þess að komast fyrir rót vandans með víðtæku, réttlátu og varanlegu samkomulagi, þar með talin lausn á öllum þáttum palestínska vandamálsins:

1. Fordæmir viðvarandi stefnu og aðgerðir Ísraels sem brjóta gegn mannréttindum Palestínumanna á hernumdum palestínskum landsvæðum, þar með talið Jerúsalem, og þá sérstaklega aðgerðir eins og skothríð ísraelska hersins og ísraelskra landnema sem leitt hafa til mann- og líkamstjóns varnarlausra palestínskra borgara, barsmíða og beinbrota, nauðungarflutninga palestínskra borgara úr landi, takmörkunar á efnahagslegri starfsemi, eyðileggingu húsa, fjöldarefsinga og varðhalda ásamt því að banna aðgang fjölmiðla.

2. Ítelur harðlega stöðugt virðingarleysi ísraelska hernámsríkisins fyrir viðkomandi ákvörðunum öryggisráðsins.

3. Ítrekar að hernám Ísraels á palestínskum landsvæðum síðan 1967, þar á meðal Jerúsalem, breytir í engu lagalegri stöðu þessara landsvæða.

4. Krefst þess að Ísrael, hernámsveldið, virði þegar í stað og undanbragðalaust 4. Genfarsamninginn frá 12. ágúst 1949, um verndun óbreyttra borgara á stríðstímum, og láti þegar í stað af stefnu sinni og aðgerðum sem brjóta gegn ákvæðum samningsins.

5. Skorar á öll aðildarríki samningsins að grípa til viðeigandi aðgerða í samræmi við skyldur þeirra skv. 1. gr. samningsins til að tryggja að Ísrael, hernáms-

veldið, virði samninginn undir öllum kringumstæðum.

6. Hvetur aðildarríki Sameinuðu þjóðanna, stofnanir þeirra, opinberar stofnanir, fjölþjóðastofnanir, frjáls samtök og fjölmiðla að halda áfram og auka stuðning sinn við Palestínumenn.

7. Skorar á öryggisráðið að taka til umfjöllunar ástandið á hernumdu palestínsku svæðunum þar sem tekið verði mið af tillögum í skýrslu S-19443 aðalritara Sameinuðu þjóðanna.

8. Fer einnig fram á að aðalritarinn kanni ástandið á hinum hernumdu palestínsku landsvæðum eftir öllum þeim leiðum sem honum eru færar og leggi fram reglubundnar skýrslur þar af leiðandi, þá fyrstu eigi síðar en 17. nóv. 1988." Ártalið 1988 og 17. nóv. sem er skammt undan.

Þetta er í heild sú ályktunartillaga þar sem Ísland sat hjá. Við höfum heyrt það frá hæstv. utanrrh. að hann hafi ekki treyst sér til þess að styðja þessa ályktun vegna meintra fúkyrða sem þar væri að finna. Ég bið hæstv. utanrrh. að tilgreina það hér á hv. Alþingi hvaða þættir það eru í þessari ályktun sem valda afstöðu hans.

Ég ætla ekki, virðulegur forseti, að fara hér yfir þær ályktanir sem eru til afgreiðslu í dag á vettvangi Sameinuðu þjóðanna varðandi stöðvun kjarnorkuvígbúnaðarins. Þær eru efnislega svipaðar þeim ályktunum sem legið hafa fyrir allsherjarþinginu og sem ég birti sem fylgiskjal við þáltill. sem lögð var fram í desember 1986, 151. mál á þskj. 161, um afstöðu Íslands til stöðvunar kjarnorkuvígbúnaðar. Þar, í þeirri ályktun sem nú liggur fyrir Sameinuðu þjóðunum, er tekið tillit til þess sem hefur verið að gerast á alþjóðavettvangi að undanförnu, þar á meðal þeirra jákvæðu skrefa sem stigin hafa verið af risaveldunum. En þessar ályktanir, sem þarna eru, eru tímabærar og í fullu gildi vegna þess að vígbúnaðarkapphlaupið er áfram á flugferð og stöðvun kjarnorkuvígbúnaðarins væri stórt og jákvætt skref eins og þessar ályktanir fela í sér.

Þess vegna er það fráleit afstaða af hálfu hæstv. utanrrh. að vísa þessum tillögum frá, skipa sér á bekk þeirra sem ekki taka afstöðu með þessum ályktunum, og það með þeim rökum að þetta séu úreltar tillögur og jafnvel til skaða. Ég geri ráð fyrir því að hæstv. ráðherra reyni hér á eftir að rösktyðja afstöðu sína eins og hún hefur legið fyrir, en jafnframt minni ég á það að hæstv. ráðherra hefur enn ráðrúm til þess að breyta þessari afstöðu sem hann kynnti í utanrmn. þingsins í gær.

Virðulegur forseti. Um þetta mál má margt segja. Við hljótum að spyrja: Hvers konar Alþfl. er það sem stendur fyrir slíkri stefnumótun af hálfu Íslands á alþjóðavettvangi? Hvaða samræmi er í þessari afstöðu, sem hér liggur fyrir af hálfu hæstv. utanrrh., og þeim samþykktum sem Alþjóðasamband jafnaðarmanna hefur gert og tekið síðast í Madrid á fundi Alþjóðasambands jafnaðarmanna sl. vor? Ég held að það sé mjög lítið, enda eru það engin ný tíðindi að þessi flokkur, sem hæstv. utanrrh. mælir fyrir, er hreint viðundur í viðhorfi til alþjóðamála miðað við þá afstöðu sem jafnaðarmenn víða um heim hafa tekið og mótað á sínum vegum í sambandi við vígbúnað og í sambandi við vandamálin fyrir botni Miðjarðarhafs, sérstaklega varðandi Palestínumálið.

Ég vara hæstv. ráðherra við að feta þá braut sem hann hefur lagt hér út á. Ég fullyrði að fyrir því er enginn meirihlutastuðningur í ríkisstjórn Íslands. Ég fullyrði að hæstv. ráðherra mælir þar ekki fyrir munn Alþb., það liggur fyrir. Ég hef lesið ummæli hæstv. forsrh. til þessa máls eins og þau birtust í fyrradag eða í gær í dagblaðinu Tíminn þar sem hann m.a. segir að hann geti ekki séð að annað sé hægt, efnislega, en fordæma framferði Ísraelsmanna á herteknu svæðunum og fleira sem fram kemur í þessu viðtali.

Ég tel að sú stefna sem hæstv. ráðherra fylgir í þessum málum sé andstæð því sem rætt var á milli stjórnarflokkanna, þeirra flokka sem tekið hafa saman um myndun ríkisstjórnar sem settist hér á stóla 28. sept. sl. Ég bendi á að það er ekki aðeins í þessum málum á alþjóðavettvangi sem hæstv. ráðherra er að troða samstarfsmönnum sínum um tær. Hann sá ástæðu til þess að bæta við frammi fyrir alþjóð í ríkissjónvarpinu í gærkvöld og kynna þar þá stefnu sína að koma upp nýjum herflugvelli á Íslandi, nýjum herflugvelli á vegum NATO þrátt fyrir ákvæði stjórnarsáttmálans um að engar ákvarðanir skuli teknar um nýjar meiri háttar hernaðarframkvæmdir á Íslandi af núv. ríkisstjórn. (**EgJ:** Hvar á hann að vera?) Virðulegur 5. þm. Austurl. spyr hvar hann eigi að vera. (**EgJ:** 4.) Hv. 4. þm. Austurl. Hann hefur hækkað aðeins í tign alveg nýlega. Hann spyr um hvar völlurinn eigi að vera. Það á enginn hernaðarvöllur að bætast við á Íslandi. Við þurfum að strika yfir þá sem fyrir eru, hv. þm. Þó ég viti að hv. þm. hafi áhuga á því að fjölga þeim eins og hefur komið fram m.a. í nýlegri þáltill. sem hann stendur að hér í þinginu.

Ég tel að Alþfl. hafi barið upp á rangar dyr þegar hann leitaði eftir samstarfi við Alþb. um ríkisstjórn landsins hafi það verið ásetningur flokksins að fylgja fram þeirri stefnu í utanríkismálum sen núv. formaður flokksins, hæstv. utanrrh., stendur hér fyrir. Ég tel að hann hafi þar farið húsavillt og ég harma að hæstv. ráðherra skuli sjá ástæðu til að byrja feril sinn með þeim hætti sem hann hefur gert, bæði gagnvart samstarfsaðilum sínum heima fyrir en alveg sérstaklega á alþjóðavettvangi þar sem blettur, og það fleiri en einn, hafa fallið á nafn Íslands sem tekur sér sérstöðu á vettvangi þjóðanna í mjög vafasömum félagsskap svo ekki sé meira sagt.

Virðulegur forseti. Þingsköp okkar leyfa það ekki, sem þó er að finna í þingsköpum ýmissa grannþjóða, að mál séu tekin upp til ákvörðunar með dagskrártillögum á þinginu. Það er heimilt á danska þinginu t.d. þar sem slíkar tillögur hafa verið samþykktar oftsinnis, m.a. varðandi utanríkismál, brugðist skjótt við og leitað afstöðu þingsins til slíkra

mála. Því miður leyfa þingsköp okkar Alþingis ekki slíka skjóta afgreiðslu. Ég hefði talið það eðlilegt að nú á þessum mínútum, þessari klukkustund hefðum við hér á Alþingi getað skorið úr um hver væri vilji þingsins í þessum málum þannig að hægt væri að koma í veg fyrir þann ásetning ráðherrans að sitja hjá við nefndar tillögur í dag á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. En þennan möguleika höfum við því miður ekki.

Ég kynnti á vettvangi utanrmn. í gær drög að ályktunartillögu varðandi deilur Ísraels og Palestínumanna. Þessi drög voru tekin saman um síðustu helgi áður en ég frétti af því að tillagan væri að ganga til atkvæða varðandi Palestínumálið þar vestra. Málið var rætt í utanrmn. þingsins í gær. Ég leitaði eftir samstöðu nefndarinnar um að flytja þetta mál. Niðurstaðan varð sú að þetta mál hefur verið lagt hér fram á þinginu, það hefur verið skráð sem þingskjal og ég hef beðið um að því verði dreift á borð hv. þm., þar sem er till. til þál. um deilur Ísraels og Palestínumanna. Flm. þessarar till. eru auk mín hv. 12. þm. Reykv. Kristín Einarsdóttir, sem er fulltrúi Kvennalistans í utanrmn., og hv. 1. þm. Norðurl. v. Páll Pétursson, formaður þingflokks Framsfl. Þetta mál mun koma hér fram fullbúið með fylgiskjölum á næsta fundi þingsins, en fylgiskjöl eru í þýðingu og það er ástæðan fyrir því að málið liggur ekki fyrir fullbúið hér í dag. Ég taldi hins vegar eðlilegt að það kæmi hér fyrir hv. Alþingi þegar við ræðum þessi afdrifaríku mál.

Ég vil að lokum, virðulegur forseti, lýsa yfir megnri óánægju minni með framgöngu hæstv. utanrrh. í nefndum málum, miklum vonbrigðum með hvernig hann hagar atkvæði fyrir Íslands hönd á alþjóðavettvangi í viðkvæmum stórmálum án þess að leita samráðs, hvernig hann brýtur á samstarfsaðilum sínum í ríkisstjórn, hvernig hann gengur gegn anda stjórnarsamnings nýrrar ríkisstjórnar, hvernig hann, með þeim ákvörðunum sem hann er að taka, er að veikja það samstarf sem þrír flokkar bundust um myndun ríkisstjórnar landsins fyrir röskum mánuði eða u.þ.b. einum og hálfum mánuði.

Ég geri kröfu til þess að hæstv. ráðherra skoði sinn gang og ég þakka virðulegum forseta fyrir að leyfa þessa umræðu hér utan dagskrár nú á þessum degi þegar atkvæði eru að falla á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og þegar það liggur fyrir að sífellt er að versna ástandið í Palestínu á herteknum svæðum sem Ísraelsmenn lögðu undir sig og á hugsanlegum tímamótum þar sem boðuð hefur verið stofnun sjálfstæðs ríkis Palestínumanna nú um komandi helgi. Allt er þetta tilefni til að ræða þessi mál hér í þinginu og ég vænti þess að hæstv. ráðherra mæli hér eitthvað sem boðar stefnubreytingu frá þeim ákvörðunum sem hann hefur tekið.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Mér er það að sjálfsögðu mikið ánægjuefni að verða við tilmælum hv. 2. þm. Austurl. um að gera Alþingi Íslendinga grein fyrir ákvörðunum utanrrh. um atkvæðagreiðslur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

Fyrst nokkrar almennar athugasemdir. Íslendingar reka sjálfstæða utanríkisstefnu. Það eru ekki rök í málinu þótt Íslendingar kunni að taka ákvörðun um að greiða atkvæði á annan veg en einhverjar aðrar tilteknar þjóðir af þeirri einföldu ástæðu að í fullveldisrétti okkar felst að við leggjum sjálfstætt mat á mál eftir málefnum og rökum en förum ekki eftir fyrirmælum frá öðrum þjóðum né heldur beygjum við okkur undir það að eiga að fylgja forræði annarra þjóða. Það er fyrsta athugasemd.

Önnur athugasemd. Það er á misskilningi byggt ef menn ætla að sá sem hér stendur sé ófús til samráðs við hv. utanrmn. eða samstarfsmenn í ríkisstjórn eða reyndar hv. Alþingi Íslendinga. Ég lýsi því yfir að ég er reiðubúinn til slíks samráðs og til þess að skiptast á skoðunum við alla hv. alþm. um þau mál. En ég vek athygli á einu. Það er hlutverk utanrrh. að taka ákvarðanir um það með hvaða hætti Íslendingar greiða atkvæði á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og ég áskil mér þann rétt því ég ber ábyrgð á því og ég bíðst ekki afsökunar á því.

Í annan stað vil ég sérstaklega taka það fram að gefnu tilefni að forveri minn, hæstv. núv. forsrh., þá utanrrh., hafði sama hátt á. Hann var að sjálfsögðu ævinlega reiðubúinn til viðræðna og samráðs, en hann tók ákvarðanir um það hvernig atkvæði voru greidd á vettvangi Sameinuðu þjóðanna einn, án samráðs um þá ákvörðun við samstarfsmenn í ríkisstjórn og í utanrmn., og ég fyrir mitt leyti gerði ekki athugasemd við það þá vegna þess að ég vefengdi ekki forræði hans yfir þeim málum.

Loks er þess að geta að þau tilvik geta komið upp og þau komu upp að þess var enginn kostur að hafa slíkt samráð vegna þess skamma fyrirvara sem ég hafði í nokkrum tilvikum til ákvörðunartöku.

Þá er það enn ein athugasemd almenns eðlis. Það er á misskilningi byggt að atkvæðagreiðslan um tillöguna um fordæmingu á stefnu Ísraelsstjórnar og athöfnum í Júdeu og Samaríu og á Gazasvæðinu sé breyting frá fyrri afstöðu. Staðreyndin er nefnilega sú að þetta er ný tillaga og hefur ekki verið flutt áður og í annan stað að í fyrra var flutt tillaga sem var eðlisskyld í þeim skilningi að hún fól í sér einhliða fordæmingu á öðrum deiluaðilanum, Ísraelsstjórn og athöfnum hennar og Íslendingar sátu hjá í atkvæðagreiðslu um þá tillögu, till. 160 d, samkvæmt fyrirmælum forvera míns sem er sambærilegt við ákvörðun mína nú. Ég tek það fram að þetta eru ekki sömu tillögurnar, en þær eru eðlisskyldar um það meginatriði að þær voru einhliða fordæming á öðrum aðilanum.

Hins vegar greiddum við í fyrra samkvæmt ákvörðun forvera míns atkvæði með tillögu sem kvað á um andmæli gegn og gagnrýni á stefnu Ísraelsstjórnar sérstaklega að því er varðaði framkvæmd þeirrar stefnu á hinum umdeildu landsvæðum og þá sérstaklega ákvörðun þáv. stjórnar Ísraels að efna til landnáms á þessum svæðum sem við þar

með töldum mundu torvelda friðsamlegar leiðir og greiddum atkvæði með slíkri tillögu.

Loks er þess að geta, og það er enn fremur almenn athugasemd, að ef menn vilja túlka þessar ákvarðanir á þann veg að Íslendingar séu að lýsa sig andvíga afvopnunarsamningum, lýsa sig andvíga afvopnun á alþjóðlegum vettvangi, þá er það svo himinhrópandi misskilningur að ég trúi því vart að mönnum sé sjálfrátt að leggja það út á þann veg. Að sjálfsögðu er það ekki svo og fyrir því má tíunda og færa endalaust röksemdir sem ekki verða hraktar. Og í annan stað er það á miklum misskilningi byggt, vægast sagt, ef menn halda að hjáseta við þessa tillögu þýði að við Íslendingar séum þar með að leggja blessun okkar yfir ofbeldi eða mannréttindabrot. Því ver víðs fjarri. Íslendingar eru reiðubúnir nú sem endranær í samræmi við sína stöðu meðal þjóða heims að fordæma mannréttindabrot og ofbeldi í hvaða mynd sem er og að sjálfsögðu viljum við stuðla að því að undirokaðar þjóðir nái rétti sínum. Það er hins vegar ekki sama hvort það er gert með þeim hætti að taka undir eingöngu einhliða fordæmingu á öðrum deiluaðilanum í hatrömmu, viðkvæmu, langvarandi deilumáli sem síðan er einfaldað í svarthvítt og sagt: með eða móti. Og þessu til staðfestingar erum við að sjálfsögðu reiðubúnir að fylgja öllum tillögum sem krefja Ísraelsstjórn og raunar alla aðra hvar sem mannréttindabrot eiga sér stað til þess að fara að alþjóðalögum, þar með t.d. að fylgja fram bókstaflega 4. Genfarsamningnum frá 1949, um vernd borgara á stríðstímum og um rétt fórnarlamba í styrjöldum, sem reyndar bæði Ísraelsríki og Arabaríkin flest eiga aðild að. Loks er þess að geta að ég gaf fyrirmæli um það að sendinefnd Íslands greiddi atkvæði með tillögu sem kvað á í mörgum liðum um áskorun til þjóða heims um að leggja fram raunverulega aðstoð til hins hrjáða fólks á þessum umræddu svæðum, til Palestínufólksins. Ekki aðeins læknishjálp, sjúkrahjálp og annað slíkt heldur víðtækt alþjóðlegt hjálparstarf. En ég fór að fordæmi Finna í því efni um það að af því að inn í þá tillögu hafði líka verið smyglað pólitískum einhliða fordæmingum vildum við fá tillöguna borna upp í tvennu lagi. Við vildum styðja að sjálfsögðu kröfuna um aðstoð, um hjálp, um mannúðlega starfsemi án þess að þar með værum við bakdyraleiðina búnir að skuldbinda okkur til einhverrar afstöðu með öðrum deiluaðilanum í þessu viðkvæma stríði.

Ástæðurnar fyrir því að ég mat það svo og gaf fyrirmæli um að við sætum hjá við þessa atkvæðagreiðslu eru þessar:

1. Vegna þess að tillagan var einhliða fordæming á stefnu og athöfnum annars aðilans ólíkt flestum ef ekki öllum þeim tillögum sem fluttar hafa verið af ábyrgum aðilum um lausn á þessum djúpstæðu vandamálum sem lengi hafa verið með okkur og varða Mið-Austurlönd, löndin fyrir botni Miðjarðarhafsins.

2. Vegna þess að það vantaði inn í þessar tillögur alla jákvæða hugsun um það hvernig menn vildu leita leiða til þess að leysa þennan vanda, en um það liggja fyrir ótal tillögur um jákvæðar lausnir.

3. Vegna þess að Ísland á að vera friðaraðili á alþjóðlegum vettvangi. Það á að fylgja þeim að málum sem vilja setja niður deilur, sem vilja binda endi á ofbeldi, sem vilja leiða deiluaðila að samningaborði og vilja greiða götu þess að það verði unnt, ekki með einhliða fordæmingum og ofstæki heldur með mannviti, byggðu á húmanisma, mannúðarstefnu. Og það var þetta sem vantaði í þessar tillögur. Það er nefnilega ekki nóg að fordæma. Það er til lítils að hreykja sér af siðferðilegum yfirburðum sínum með því að fordæma aðra sem eru í erfiðri stöðu og loka reyndar augunum fyrir vanda þeirra og sálarháska og lífsháska. Það er til lítils. Það er billegt!

Hvað er sameiginlegt með þeim tillögum sem hafa verið fluttar til þess að leita lausnar á þessum vanda, tillögum sem hægt er að rekja allt frá Camp David-samkomulaginu, Reagan-áætluninni, Amman-yfirlýsingunni, samþykktum Alþjóðasambands jafnaðarmanna, sem hv. þm. vitnaði í og hafði greinilega ekki lesið og rangtúlkaði vegna þess að það var ekki einhliða fordæming þar eins og ég skal kynna hv. þm. hér á eftir, eða ályktunum Evrópuráðsins? Þar er fjallað um þetta mál af viti, ofstækisleysi, raunsæi en ekki einu saman ofstæki og blindni.

Ég vík aftur að því máli, virðulegi forseti, því ég ætla svo sannarlega að verja hendur mínar í þessu máli, en fyrst ætla ég að víkja að tillögunni, að atkvæðagreiðslunni um frystingartillögurnar tvær.

Það er rétt að af þeim eitthvað um 25 tillögum um afvopnunarmál sem við höfum tekið afstöðu til voru fimm að mínu mati þess eðlis að þær þyrfti að skoða vandlega, matsatriðin, þótt ég hefði ekki nema hálftíma til þess eins og fram hefur komið. Að vísu skal það tekið fram að flestar eru þetta gamlar tillögur og þess vegna kunnugar stjórnmálamönnum og kunnugar alþingismönnum og hafa verið ræddar hér. Þær eru ekki í þeim skilningi nýlega fyrir mig lagðar. En um þessar tillögur er það að segja, þessar fimm, að um þrjár þeirra ákvað ég að við hefðum óbreytta afstöðu, en um tvær, tillögur annars vegar Indlands og annarra ríkja og hins vegar Mexíkó-Svíþjóðar, ákvað ég að breyta afstöðu frá fyrra ári á þann veg að í stað þess að styðja þær sætum við hjá. Nú skal ég gera grein fyrir rökunum fyrir því.

Þessar tillögur hafa verið á dagskrá allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna síðan 1982. Þá var í fyrsta skipti lögð fram tillaga Mexíkó-Svíþjóðar þar sem hvatt var til stöðvunar framleiðslu kjarnavopna og kjarnakleyfra efna í vígbúnaðarskyni. Á sama þingi sama ár lögðu Indverjar ásamt með Afríkuþjóðum og Austur-Þjóðverjum fram tillögu svipaðs efnis. Tvær þessara tillagna, þ.e. Mexíkó og Svíþjóðar annars vegar og Indverja hins vegar, hafa síðan skotið upp kollinum ár eftir ár. Um fyrri tillöguna má það segja að hún hafi breyst í hófsamara form með árunum og feli ekki lengur í sér einhliða gagnrýni á annað stórveldið sem einkenndi hana í

upphaflegri mynd. Hin er að mestu efnislega óbreytt frá 1982.

Það vekur mína athygli að þrátt fyrir breytingar á kjarnorkuvígbúnaði beggja stórveldanna skuli tillögur um frystingu koma fram ár eftir ár. Það virðist ekki skipta flutningsmenn máli hvernig hlutföll breytast í vígbúnaðarmálum. Höfuðatriðið er að frysta vígbúnað á því stigi sem hann er hverju sinni. Hugtakið „frysting" tekur m.ö.o. ekkert tillit til aðstæðna sem ríkja á hverjum tíma með tilliti til vígbúnaðar eða hvort þær eru í jafnvægi eða ójafnvægi. Mér virðist því ljóst að frystingin ein sér feli í sér ákaflega takmarkað framlag til umræðu um afvopnunarmál. Þetta sambandsrof frystingarhugtaksins við raunveruleikann hefur orðið æ meira áberandi í seinni tíð. Við skulum hafa í huga að þegar þessar tillögur komu fyrst fram 1982 og 1983 voru aðstæður gjörólíkar því sem nú er. Atlantshafsbandalagið t.d. stóð þá frammi fyrir því í lok árs að hefja uppsetningu Pershing II stýriflauga til mótvægis við milli 300 og 400 SS-20 flaugar Sovétmanna sem miðað var á ríki Vestur-Evrópu. Þetta þótti sársaukafull pólitísk ákvörðun fyrir þau ríki bandalagsins sem í hlut áttu, en fáir sáu þá fyrir um þann árangur sem þessi ákvörðun skilaði síðar.

Samningur stórveldanna um útrýmngu allra meðaldrægra kjarnaflauga á landi, sem undirritaður var í Washington í desember sl., hefði að mínu mati og flestra annarra forustumanna lýðræðisríkjanna ekki orðið að veruleika hefðu tillögur um frystingu náð fram að ganga og komist til framkvæmda árið 1983. Ég bið menn að taka eftir því. Þvert á móti hefði slík tillaga, *ef hún hefði verið samþykkt, lögleitt yfirburði* þess stórveldisins á þessu afmarkaða sviði sem hafði ótvíræða slíka yfirburði og gert því þannig kleift að beita önnur ríki pólitískum og efnahagslegum þvingunum sem ekki hefðu stuðlað að friði eða öryggi. Raunin varð sem betur fer önnur. Samningurinn um útrýmingu meðaldrægra kjarnaflauga á landi hefur orðið til þess að treysta í sessi yfirlýsta grundvallarstefnu Atlantshafsbandalagsins sem miðar að því að ná fram raunhæfum og gagnkvæmum samningum um afvopnun og vopnaeftirlit í skjóli trúverðugra varna og öryggis. Í kjölfar þessa samnings er mannkynið nú e.t.v. að verða vitni að þáttaskilum í samskiptum austurs og vesturs, löngu tímabærum þáttaskilum. Pólitísk samstaða Atlantshafsríkjanna hefur m.a. orðið til þess að ryðja braut fyrir frekari árangri í afvopnunarmálum á öðrum sviðum.

Við bindum miklar vonir við að það takist nú að semja um 50% niðurskurð langdrægra kjarnavopna á næsta ári. Þrátt fyrir að viðræður um jafnvægi á sviði hefðbundinna vopna í Evrópu hljóti því næst að vera eitt höfuðmarkmið vestrænna ríkja stefnum við að því að semja einnig um sameiginleg mörk fyrir skammdræg kjarnavopn. Eins og þessi verkefnalisti Atlantshafsbandalagsríkjanna, bandalagsþjóða okkar, ber með sér er stefnt að umtalsverðri fækkun kjarnavopna en ekki að stöðva framleiðslu við núverandi aðstæður. Með því að tala um nauðsyn þess að frysta vopnabúrin nú eru Mexíkanar, Svíar og Indverjar að mínu mati að gegna þeim gæsum sem flugu í gær og vekur raunar furðu að svo úreltar hugmyndir skuli enn þykja gjaldgengar sem framlag í alvöruumræðum um afvopnunarmál.

Þær röksemdir sem ég hef nú leitt fram gegn frystingartillögunum tveimur eru almenns eðlis og snerta ekki einstaka efnisþætti tillagnanna. Ég tel í fyrsta lagi að hugmyndin um frystingu kjarnavopna sé órökvís sem viðleitni til þess að stuðla að jafnvægi og öryggi þar sem hún taki ekkert tillit til aðstæðna hverju sinni.

Í öðru lagi er það mitt mat að hún sé tímaskekkja þar sem allar raunhæfar tilraunir í átt til afvopnunar hljóti að miða að því að fækka kjarnavopnum en ekki að viðhalda eða einfaldlega setja skorður við núverandi birgðum. Þannig er meginmunur á gamla SALT-samningnum frá 1972 og 1979 annars vegar og hinum nýja afvopnunarsamningi frá því í fyrra vegna þess að hinir fyrri samningar kváðu einungis á um takmarkanir við frekari framleiðslu. Frystingartillögurnar eru þess vegna að mínu mati a.m.k. áratug á eftir tímanum.

En það eru fleiri röksemdir, virðulegi forseti. Einn markverðasti árangur afvopnunarsamningsins er í því fólginn að hann kveður á um svokallaða ósamsíða fækkun kjarnorkuvopna, asymmetrical. Í þessu felst að Sovétmenn fallast á að fækka hlutfallslega miklu fleiri eldflaugum en ríki Atlantshafsbandalagsins af þeirri ástæðu að þeir höfðu miklu fleiri fyrir og þá hafa menn gert sér vonir um að *sama regla gæti gilt á öðrum sviðum afvopnunar*samninga þar sem þeir, Sovétmenn, njóta yfirburða, t.d. á sviði skammdrægra kjarnavopna þar sem hlutföllin eru 15:1 Sovétríkjunum í hag. Frysting við þessar aðstæður, hv. 2. þm. Austurl., mundi gera þennan ávinning afvopnunarsamningsins að engu og festa ójafnvægi í sessi í afvopnunarsamningum. Samþykkt þessarar tillögu mundi þess vegna torvelda, að mínu mati, framgang næstu áfanga í afvopnunarviðræðum. Frysting á ójafnvægi, hvort heldur við erum að tala um skammdræg kjarnavopn eða langdrægar kjarnaflaugar á landi, mundi spilla fyrir frekari samningum um raunhæfan niðurskurð því að sá aðilinn sem yfirburðanna nýtur mundi ekki sjá sig knúinn til að láta þá yfirburði af hendi. Þetta, hv. þm., er yfirvegað mitt mat og við þá sannfæringu stend ég.

Samningar um frystingu kjarnavopna yrðu að fela í sér ákvæði um strangt eftirlit með framkvæmd slíkra samninga. Hvorug ályktunin, sem við hér erum að ræða um, felur í sér neinar ábendingar um það hvernig ætti að standa að slíku eftirliti.

Ákvörðun mín um að Ísland skyldi sitja hjá við þessar úreltu tillögur er því að mínu mati fyllilega eðlileg og styðst við veigamikil rök. Þegar þess er gætt hve ágætur árangur hefur náðst í afvopnunarmálum og reyndar alþjóðamálum almennt á undanförnu ári ber Íslendingum tvímælalaust að mínu mati

að leggja öllum raunhæfum tillögum lið, tillögum sem stuðlað geta að auknu öryggi í skjóli minni vopnabúnaðar. Frystingartillögur allsherjarþingsins eru því miður að mínu mati ekki í hópi slíkra tillagna.

Virðulegi forseti. Er það siðferðilega rangt af fulltrúum Íslands á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna að greiða ekki atkvæði með heldur sitja hjá, ekki greiða atkvæði gegn, sitja hjá, tillögu sem felur í sér einvörðungu einhliða fordæmingu á stefnu og athöfnum annars deiluaðilans í illvígum langvarandi deilum Ísraels og arabaríkjanna? Er það siðferðilega rangt? Hverjir erum við að við þykjumst geta kveðið upp salómonsdóm í því máli? Hvað erum við yfirleitt að tala um? Halda menn að þessar deilur hafi byrjað í desember í fyrra? Halda menn að þessar deilur hafi byrjað árið 1967? Halda menn að þessar deilur hafi byrjað í lok seinni heimsstyrjaldar þegar Ísraelsríki var stofnað þar sem Íslendingar komu mjög við sögu? Hv. þm. sem talaði áðan hefur sótt menntun sína til Austur-Þýskalands, sem byrjaði feril sinn sem sovéskt hernámssvæði á þýsku landi, og hefur svolítil kynni af örlögum gyðinga í austanverðri Evrópu, ekki bara á millistríðsárunum. Halda menn að þetta vandamál sé eitthvað nýtt? Halda menn að gyðingavandamálið, sem við höfum búið við í a.m.k. 1500 ár, verði afgreitt með einhverri einhliða fordæmingu? Leyfist mér að biðja þá menn sem eru Evrópubúar að hugsa svolítið aftur í tímann og setja sitt siðferðilega mat í svolítið sögulegt samhengi? Leyfist mér úr þessum ræðustól að rifja upp hver var hlutur Evrópubúa gagnvart gyðingum? Þjóðarmorð, skipulögð útrýming Evrópuþjóða á 6 milljónum gyðinga, ofsóknir áratugum og öldum saman. Halda menn að slíkt skilji eftir einhver spor, einhver ör á sál og sinni?

En hvað hefur síðan gerst? Hafa Evrópumenn siðferðilega efni á því að setja sig á háan hest og fordæma, fordæma ísraelsku þjóðina í þeim lífs- og sálarháska sem hún nú er í? Halda menn að það leysi málið? Og halda menn að smáríkið sem berst fyrir lífi sínu fyrir botni Miðjarðarhafsins taki það mjög hátíðlega þegar fulltrúar þeirra þjóða sem ofsóttu þá og komu þeim í gasklefana ætla að kenna þeim siðgæði? Halda menn að allar ályktanir Sameinuðu þjóðanna fluttar að frumkvæði kommúnistaríkja og arabaríkja séu lýsandi dæmi um siðferðilega yfirburði? Má ég minna á samþykkt Sameinuðu þjóðanna frá árinu 1975 þar sem Sameinuðu þjóðirnar samþykktu tillögu um það að sionismi væri kynþáttahatursstefna eftir að hafa boðið þjóðhöfðingja Uganda þeirrar tíðar, Idi Amin, með sérstaklega hátíðlegum og virðulegum hætti til að ávarpa allsherjarþingið, manni sem var nýbúinn að senda skeyti til Þýskalands um það að úr því að þeir hefðu ekki haft rænu á því að reisa mannvininum Adolf Hitler sérstakt minnismerki, þá mundi hann gera það í ríki sínu Uganda, maðurinn sem var ekki einungis fjöldamorðingi á sínu eigin fólki heldur með eigin hendi og var vitað þá og hylltur, hylltur hvað eftir annað þegar hann flutti sinn kynþáttahatursáróður á þingi Sameinuðu þjóðanna og í kjölfarið gerð samþykkt um að sionismi sé kynþáttahatursstefna. Áttu Íslendingar kannski að greiða atkvæði með því?

Við skulum reyna að ræða þessi mál yfirvegað, öfgalaust og af einhverju viti með öðrum hætti en að áfellast og fordæma. Hvað er það sem er sameiginlegt með öllum þeim tillögum þar sem verið er að leita lausnar á þessum málum, hvað er sameiginlegt með þeim? Það sem er sameiginlegt með þeim er að það er verið að skapa einhverja umgjörð um frið þar sem þarf að fullnægja a.m.k. í einfaldri mynd tveimur skilyrðum.

Í fyrsta lagi: Það verður að fást trygging fyrir því að nágrannaríki Ísraels viðurkenni tilverurétt þess ríkis. Öryggi Ísraels er einn þáttur þessa máls. Og af hverju það? Það er vegna þess að grannþjóðir Ísraels hafa þrisvar sinnum farið með ófriði á hendur þeim með yfirlýsingum um að útrýma þeim og reka þá í sjóinn og þurrka þá af landakortinu þannig að helförin sem Evrópubúar bjuggu gyðingum verði endurtekin. Og ég spyr: Ætla Evrópubúar að þvo hendur sínar af því eða bera þeir kannski einhverja siðferðilega ábyrgð?

Hinn þátturinn, grundvallarskilyrði sem verður að nást fram, er sjálfsákvörðunarréttur Palestínumanna, réttur þeirra til þess að ráða sínum eigin málum, réttur þeirra til þess að kjósa sér yfirvöld, réttur þeirra til þess að koma sem aðili að samningum um framtíð þeirra. Þetta tvennt, að tryggja öryggi Ísraelsríkis og að virða sjálfsákvörðunarrétt Palestínumanna, er sameiginlega rauði þráðurinn í öllum tillögum sem fluttar hafa verið af góðviljuðum aðilum sem hafa reynt að bera vopn á klæðin í staðinn fyrir að fordæma og fordæma og skilja ekkert. Sá ágæti maður, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, George Shultz, hefur t.d. kallað þetta að láta land fyrir frið. En vandinn er auðvitað sá að öryggi Ísraels verður ekki tryggt í ljósi reynslu af þremur innrásum gegn því ríki nema því aðeins að til komi alþjóðlegt samkomulag, innsiglað að frumkvæði stórvelda, ekki síst Bandaríkjanna, um varanleg landamæri, vopnahlé, grið með þessum þjóðum. Og það þarf líka, að sjálfsögðu, að fylgja fram og styðja allar tillögur um að lögmæt réttindi og réttur Palestínumanna sé virtur í orði og verki. Ég er ekkert að horfa á Ísraelsríkisstjórn ógagnrýnum augum, tel hana ekkert hafna yfir gagnrýni, fjarri því. Ég er vissulega reiðubúinn að ræða það mál fyrir mál. Og vissulega hefur hún gert sig seka að ómannúðlegum og óréttlætanlegum ofbeldisverkum og vissulega ber að fordæma það og vissulega ber að harma það og vissulega ber að gera eitthvað annað. Það ber að gera fyrst og fremst eitthvað til að reyna að binda endi á þessi gagnkvæmu ofbeldisverk því að þau eru gagnkvæm. Ef menn vilja fara ofan í þá sögu, þá er hægt að telja þau upp í smáatriðum. Menn skulu ekki gleyma því að þetta mál byrjaði ekki í gær. Ofbeldisverkin eru gagnkvæm.

Í grunnsáttmála PLO-samtakanna er því yfirlýst að það beri að þurrka Ísraelsríki út og það skuli gert með ofbeldi. Og þó að leiðtogi þeirra hafi á síðustu árum sýnt ýmis merki þess að hann vilji taka í einhverja sáttahönd og hlíta sáttatillögum hefur hann ekki megnað að gera það og ekki skal honum álasað fyrir það. Sá maður er líka í lífs- og sálarháska, í mjög erfiðri stöðu.

En þetta er það sem tillögur snúast um, öryggi Ísraels, sjálfsákvörðunarréttur Palestínumanna, land fyrir frið, alþjóðleg ráðstefna, samkomulag um þróun á millibilsástandi. Og hverjir hafa flutt slíkar tillögur? Ég hef nefnt nokkra. Sú tillaga sem er hvað nýjust er tillaga Shultz og þær eru fleiri og fleiri og þeir sem kynna sér samþykktir Evrópuráðsins um þetta sjá að það er fjallað um þessi mál af sögulegri þekkingu, fordómaleysi og raunverulegum friðar- og sáttavilja.

Og með leyfi forseta, af því að hv. þm. vék sérstaklega að samþykkt Alþjóðasambands jafnaðarmanna og leyfði sér einhvern skæting um Alþfl. af því tilefni, er rétt að kynna hv. þm. þá samþykkt því það er greinilegt að hann hafði ekki lesið hana. (**HG:** Ég hef hana hér.) Já, þá hafði hann lesið hana með svipuðum augum og skrattinn les Biblíuna, þ.e. öfugt. Þessi ályktun er dæmi, hún er samþykkt á miðstjórnarfundi Alþjóðasambands jafnaðarmanna í Madrid um mitt ár 1988. Samþykktin er nokkuð ítarleg. En hver eru aðalatriðin í henni? Þau eru þessi:

Í þessari samþykkt fer því fjarri að annar deiluaðilinn sé atyrtur eða yfir honum kveðinn upp áfellisdómur. Kjarni málsins er þessi: Alþjóðasamband jafnaðarmanna er skuldbundið til að leita friðsamlegra lausna á deilunni og hefur djúpa sannfæringu fyrir því að raunverulegur friðarferill sé framkvæmanlegur. Við áréttum stuðning okkar við alþjóðlega friðarráðstefnu sem verði haldin á vegum Sameinuðu þjóðanna og á grundvelli mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna og á grundvelli tillagna öryggisráðsins nr. 242 og 338, þ.e. frá 1967 og 1973, sem voru um hvað? Sem voru um það að fá lausn sem tryggði öryggi Ísraels og sjálfsákvörðunarrétt Palestínumanna.

Á þessari ráðstefnu skyldu allir aðilar málsins, þar með talið Palestínumenn sem ættu að hafa rétt til þess að velja sér sína eigin fulltrúa, sbr. tillögu Peresar fyrir seinustu kosningar í Ísrael um sérstakar kosningar á svæðunum, á þessari ráðstefnu skyldu allir aðilar stefna að því að tryggja öryggi ríkja fyrir botni Miðjarðarhafsins, þar með talið Ísraels, og jafnframt að framfylgja og hrinda í framkvæmd réttindum palestínsku þjóðarinnar til sjálfsákvörðunar. Þetta er eitt dæmið. Síðan er áskorun:

„Alþjóðasamband jafnaðarmanna beinir því til allra deiluaðila og til gyðinga og fólksins í arabalöndunum að forðast ofbeldi" — endurtek: að forðast, refrain from violence, „að forðast ofbeldi og allar athafnir sem brjóta í bága við alþjóðalög og mannréttindi. Meðan yfir stendur hernám Ísraels á þessum svæðum hvílir sérstök skylda á herðum hernaðaryfirvalda Ísraels. Við fordæmum harðlega það ofbeldi sem Ísrael hefur sýnt á hernumdu svæðunum. Á sama tíma", og takið nú eftir, „á sama tíma fordæmum við harðlega skæruliðaárásir Palestínuhópa eða annarra samtaka gegn Israeli civilian targets", þ.e. borgaralegum fórnarlömbum, „sem einnig eru aðeins til þess fallnar að dýpka kreppuna eða gera illt verra", deepen the crisis.

Virðulegi forseti. Rauði þráðurinn í öllum tillögum sem stuðla í alvöru að friði, ekki til þess að upphefja sjálfan sig á kostnað annarra, sem vilja í alvöru stuðla að friði, eru tillögur af þessu tagi. Þessa ályktunartillögu Alþjóðasambands jafnaðarmanna get ég stutt í einu og öllu, í hverju einasta orði, og sama máli gegnir um aðrar þær tillögur sem fyrir liggja sem hafa það að sameiginlegu markmiði — ekki að gera illt verra, ekki að etja deiluaðilum saman, ekki að egna menn til frekari ofbeldisverka heldur leiða þá að samningaborði að tilstuðlan Sameinuðu þjóðanna á grundvelli mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna fyrir tilstuðlan stórvelda og annarra ríkja sem vilja stuðla að friði í þessum heimshluta um þetta, um pólitíska lausn í leit að friði. Fordæmingar eru ekki til þess fallnar.

Virðulegi forseti. Ég biðst velvirðingar á því að hafa talað hér nokkuð lengi, en ég tel að það hafi ekki verið að tilefnislausu. Ég vænti þess að hv. þm. hafi heyrt það á mínu máli að ég hef djúpa sannfæringu fyrir því að við eigum ekki að ganga fram í málum eins og deilumálum araba og Ísraelsmanna *með fordæminguna eina að vopni heldur* styðja jákvæðar velviljaðar tillögur um raunverulegan frið. Og ætli það sé ekki best að ljúka þessari ræðu með tilvitnun í heilaga ritningu: „Sá yðar sem syndlaus er kasti fyrsta steininum."

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég verð að játa það að mér hnykkti nokkuð við þegar ég frétti af ákvörðun hæstv. utanrrh. um að sitja hjá við tillöguna um Palestínu. En utanrrh. hefur vissulega dálítið til síns máls, þ.e. þessi tillaga er ekki nógu uppbyggjandi, hún er ekki nógu líkleg til að leiða til lausnar. Í henni felst fordæming, réttmæt fordæming á framferði Ísraelsmanna því að framferði Ísraelsmanna við Palestínumenn er virkilega fordæmanlegt. Ég held að það hafi engin ástæða verið til að skjóta þetta þriggja ára gamla barn í fyrradag, ekki heldur að skjóta þennan ellefu ára dreng í bakið í fyrradag. Ísraelsríki stafaði engin hætta af þessum tveimur börnum sem þarna voru skotin. Heródes var að vísu ekki sérstaklega barngóður heldur.

Það er ekki hægt að réttlæta þetta framferði. En þrátt fyrir réttmæta fordæmingu var Palestínutillagan ekki líkleg til þess að greiða til fullnustu úr vandamálunum fyrir botni Miðjarðarhafs þannig að mér finnst að hæstv. utanrrh. eigi nokkra vörn í málinu.

Hins vegar og samkvæmt ræðu hans hér áðan sé ég fram á að hann kemst ekki hjá því að styðja þá tillögu sem við flytjum hér þrjú, Hjörleifur Guttormsson, Kristín Einarsdóttir og ég. Tillögugreinin hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að lýsa áhyggjum sínum yfir því ástandi sem ríkir fyrir botni Miðjarðarhafs og telur það stöðuga ógnun við heimsfriðinn.

Alþingi fordæmir síendurtekin mannréttindabrot Ísraelsstjórnar gagnvart Palestínumönnum að undanförnu og leggur áherslu á að ísraelsk stjórnvöld virði mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og 4. Genfarsáttmálann um vernd óbreyttra borgara á stríðstímum.

Alþingi styður kröfuna um að tafarlaust verði haldin alþjóðleg friðarráðstefna á vegum Sameinuðu þjóðanna með þátttöku allra deiluaðila og telur að Ísland eigi að bjóðast til að vera gestgjafi slíkrar ráðstefnu.

Alþingi leggur áherslu á að viðurkenna beri sjálfsákvörðunarrétt palestínsku þjóðarinnar og rétt hennar til að stofna eigin ríki í samræmi við ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna nr. 181 frá 29. nóv. 1947 um leið og viðurkenndur er tilveruréttur Ísraelsríkis innan öruggra landamæra. Jafnframt ber að viðurkenna rétt palestínskra flóttamanna til að snúa aftur til fyrri heimkynna sinna í samræmi við margítrekaðar ályktanir allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna.

Alþingi felur ríkisstjórninni að framfylgja ofangreindri stefnu og viðurkenna frelsissamtök Palestínu, PLO, sem málsvara palestínsku þjóðarinnar."

Þannig hljóðar þessi tillögugrein um Palestínumálið. Þarna er bent á þá leið sem fara ber ef einhver von á að vera til að leysa þessa deilu. Þarna er um hófsamlega og skynsamlega tillögu að ræða þar sem Alþingi gefst tækifæri til þess að leggja sitt af mörkum til lausnar deilunnar og eftir þá ræðu sem hæstv. utanrrh. flutti hér áðan sé ég að hann hlýtur að vera í hópi stuðningsmanna þessarar tillögu.

Afstaða utanrrh. til Palestínutillögunnar á vettvangi Sameinuðu þjóðanna var bara fyrsta vers. Annað vers kom því miður í gær þegar utanrrh. greindi frá því að hann hefði ákveðið að víkja frá þeirri skynsamlegu stefnu sem fyrrv. utanrrh. Steingrímur Hermannsson markaði. Sú stefna sem hæstv. fyrrv. utanrrh. og núv. forsrh. Steingrímur Hermannsson markaði í sinni utanríkisráðherratíð til afvopnunar- og friðarmála var og er skynsamleg og okkur ber að framfylgja henni. Íslendingar eiga að koma fram af þjóðlegri reisn á alþjóðavettvangi og við eigum að leggja okkar lóð á vogarskál friðar og afvopnunar þar sem við fáum því við komið.

Ég átti nokkurn hlut að myndun núv. ríkisstjórnar. M.a. hafði ég forustu í þeim hópi sem samdi utanríkismálakafla málefnasamningsins. Þar tóku þátt með mér ágætir menn eins og hv. þm. Kjartan Jóhannsson og hæstv. samgrh. Steingrímur J. Sigfússon og fleiri komu að því verki. Ég vil, með leyfi forseta, lesa þann stutta kafla úr málefnasamningnum sem fjallar um utanríkismál:

„Markmið utanríkisstefnu Íslendinga er að treysta sjálfstæði landsins og gæta hagsmuna þjóðarinnar í alþjóðlegum samskiptum. Að því verður unnið með virkri þátttöku í alþjóðlegu samstarfi. Þessum markmiðum verður m.a. náð með aukinni aðstoð og samvinnu við þróunarríki; með stuðningi við baráttu fyrir mannréttindum hvar sem hún er háð; með því að stuðla að friðsamlegri og bættri sambúð þjóða; með virkri þátttöku í umræðum um afvopnunarmál og kjarnorkuvopnalaus svæði í okkar heimshluta; áhersla verður lögð á að auka þekkingu Íslendinga á vígbúnaðarmálum, sérstaklega á hernaðarumsvifum á Norður-Atlantshafi, til þess að leggja óháð mat á öryggismálefni landsins og nálægra svæða; með því að hvetja til og taka þátt í alþjóðlegu samstarfi um umhverfismál, sérstaklega um mengunarvarnir á Norður-Atlantshafi; með því að búa íslenskt atvinnulíf undir þær breytingar sem verða á viðskiptaháttum og efnahagsstjórn í Evrópubandalaginu á næstu árum. Sérstaklega verður unnið að því að laga íslenskt efnahagslíf að hinum nýju aðstæðum og tryggja viðskiptastöðu íslenskrar atvinnustarfsemi án aðildar að bandalaginu.

Ríkisstjórnin áréttar áður yfirlýsta stefnu Alþingis að hér á landi skulu ekki vera kjarnorkuvopn. Ríkisstjórnin mun ekki gera nýja samninga um meiri háttar hernaðarframkvæmdir og skipti Íslendinga við varnarliðið verða endurskipulögð."

Þannig hljóðaði, herra forseti, kaflinn um utanríkismál í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar. Ég og ég hygg flestir stjórnarliðar töldum að með þessari forskrift yrði það tryggt að áfram yrði fylgt þeirri utanríkismálastefnu sem hæstv. fyrrv. utanrrh. Steingrímur Hermannsson markaði. Þess vegna urðu það mér mjög mikil vonbrigði þegar ég í gær eftir hádegi fékk vitneskju um að utanrrh. hefði ákveðið að hverfa frá þeirri stefnu sem mörkuð hefði verið. Forsrh. hafði samband við mig í morgun og tjáði mér að hann hefði ekki haft hugmynd um þessa afstöðubreytingu fyrr en eftir að hann frétti af fundi utanrmn. í gær. Forseti Ed., hv. þm. Jón Helgason, sem nú situr allsherjarþingið, hringdi í mig rétt áðan og upplýsti að þessi stefnubreyting hefði vakið mikla athygli og undrun þar vestra, ekki bara hjá íslensku sendinefndinni heldur hjá þeim sem höfðu haft veður af henni, en raunverulega, og það var erindi hans, að láta vita af því að öll nótt væri ekki úti. Næstu klukkutímana hefði hæstv. utanrrh. umsvif til þess að senda skeyti eða hringja vestur. Atkvæði er ekki búið að greiða og það verður ekki gert fyrr en eftir einhverja stund þannig að enn er ekki öll nótt úti. Við greiddum í fyrra atkvæði með báðum frystingartillögunum. Það var og er skynsamleg afstaða og eðlileg. Utanrrh. hefur að vísu ákveðið eða gefið fyrirmæli um það, sem standa þangað til annað verður ákveðið eða þangað til hann ákveður annað, að við sætum hjá í þetta skiptið.

Það er rétt hjá hæstv. utanrrh. að það er ekkert

nýjabragð að þessum frystingartillögum og að sumu leyti, ef þær væru frumskrifaðar í dag, mundu þær verða hafðar með öðrum hætti. Það er alveg rétt hjá hæstv. utanrrh. En það er hin siðferðilega kúvending sem felst í því að breyta afstöðunni frá í fyrra og hverfa aftur í kaldastríðspólitík fortíðarinnar sem er mér fullkomið áhyggjuefni. Við erum að færa okkur úr samfélagi þeirra þjóða sem eru okkur skyldastar að tungu og menningu og lífsviðhorfi og veljum okkur annan félagsskap í viðhorfi til þessara mála. Auðvitað eiga ekki Svíar, Norðmenn, Finnar eða Danir að ákveða hvaða stefnu við Íslendingar höfum í utanríkismálum. Það er okkar að taka ákvarðanirnar en ekki þeirra fyrir okkar hönd. En það er okkur engin vansæmd, okkur er fremur heiður að því, að vera í hópi þeirra á alþjóðavettvangi. Norrænt samstarf er Íslendingum mikilvægara en nokkurt annað samstarf sem við tökum þátt í og það þarf gildar þjóðernislegar og þjóðmenningarlegar ástæður til að rjúfa þá samstöðu.

Hæstv. utanrrh. hefur borið við tímaskorti þegar hann tók sína misheppnuðu ákvörðun, hann hafi ekki haft tíma, talaði um hálftíma sem hann hefði haft til að ákveða sig. Ég held að hann hefði átt að taka sér rýmri tíma, lengri tíma til að lesa þetta enn þá betur og velta fyrir sér hvaða afleiðingar þetta hefði vegna þess að tíminn var til reiðu og meira að segja enn. Hann hefði getað hugsað þetta mál í alla nótt ef hann hefði viljað. Hann hefði getað ráðfært sig við ríkisstjórnina. Hann hefði getað ráðfært sig við hóp af samstarfsmönnum og sérfræðingum og gefið sín fyrirmæli núna klukkan þrjú — og getur reyndar enn. Það er svo hamingjunni fyrir að þakka að það er ekki öll nótt úti.

Ég vil í fullri einlægni sem stuðningsmaður, samstarfsmaður og ábekingur þessarar ríkisstjórnar og hæstv. utanrrh. fara fram á það við hann að hann hugleiði alvarlega hvort hann treystir sér ekki til að nefna lausnarorðið og senda það skeyti sem til þess þarf að atkvæði Íslands falli eins og það féll í fyrra.

Þá kemur þriðja vers. Utanrrh. kom í sjónvarpið í gærkvöld og var þar með yfirlýsingar um varamillilandaflugvöll sem, eins og hann sagði, væri byggður af NATO en þó ekki herflugvöllur. Því miður gengur þetta tvennt ekki upp. NATO byggir ekki hér flugvelli fyrir þjóðkirkjuna. Það þarf ekki að ímynda sér það. NATO byggir ekki hér flugvelli nema ætla sér að nota þá. Það vill svo til að ég á sæti í flugráði og hef haft tækifæri til að fylgjast með þessu varaflugvallarmáli nákvæmlega. Það hefur verið unnin skýrsla um þetta mál. Ég er að vísu ekki sammála öllu því sem þar stendur eða því mati sem er þar sett fram, en þar kemur glögglega fram hver munur er á varaflugvelli sem Íslendingar þurfa til eigin afnota og þeirra þarfa sem NATO gerir kröfur um. Ég ætla, með leyfi forseta, að lesa örfáar línur úr inngangi þessarar skýrslu og hefst lesturinn:

„Á síðustu árum hefur áhugi Atlantshafsbandalagsins beinst að því í vaxandi mæli að komið yrði á fót fullkomnum varaflugvelli á Íslandi, Grænlandi eða Færeyjum. Utanrrh. og samgrh. skipuðu snemma á seinasta ári viðræðunefnd um þetta mál og eiga sæti í henni Ólafur Steinar Valdimarsson ráðuneytisstjóri, Pétur Einarsson flugmálastjóri, Sverrir Haukur Gunnlaugsson, skrifstofustjóri varnarmálanefndar, og Þorgeir Pálsson prófessor.

Í framhaldi af könnunarviðræðum við fulltrúa Atlantshafsbandalagsins ákvað viðræðunefndin að fara þess á leit við Flugmálastjórn að setja á fót vinnuhóp til þess að kanna aðstæður á þeim stöðum sem einkum þykja koma til álita. Með hliðsjón af því að hugsanlegur varamillilandaflugvöllur gæti í senn nýst umferð herflugvéla, millilandaflugi Íslendinga og innanlandsflugi á Íslandi ákvað nefndin að láta kanna aðstæður á eftirtöldum stöðum: Blönduósi, Sauðárkróki, Akureyri, Húsavík, Egilsstöðum og Hornafirði.

Í starfshópinn voru tilnefndir Jóhann H. Jónsson, framkvæmdastjóri Flugmálastjórnar, formaður, Hörður Sveinsson, deildarstjóri kortadeildar Flugmálastjórnar, Gunnlaugur Helgason flugstjóri frá Félagi ísl. atvinnuflugmanna, Trausti Jónsson veðurfræðingur frá Veðurstofu Íslands, Þóroddur Þóroddsson jarðfræðingur frá Náttúruverndarráði, Pétur Stefánsson verkfræðingur, Almennu verkfræðistofunni.

Fjárveiting til verksins var frá upphafi mjög naum og var því ákveðið að byggja athugun starfshópsins alfarið á vettvangsskoðun og fyrirliggjandi gögnum. Ákveðið var jafnframt að takmarka athugunina einkum við útilokandi þætti, þ.e. aðflugsskilyrði, veðurfar, aðstöðu til mannvirkjagerðar og umhverfismál.

Flugvöllur sá er athuganir starfshópsins hafa beinst að er í meginatriðum 3000 m löng flugbraut ásamt sérstökum akstursbrautum og flugvélastæðum í samræmi við kröfur Atlantshafsbandalagsins um herflugvöll. Við könnun á aðflugsskilyrðum hefur verið stuðst við Standard Category 1, aðflug samkvæmt pans. ops. doc. 81 68 frá Alþjóðaflugmálastofnuninni."

Þannig hljóðar þessi inngangur skýrslunnar og dylst engum að þarna er um að ræða að Atlantshafsbandalagið er að biðja um flugvöll þar sem þeir geti látið sínar vélar lenda þegar þeim hentar og þar sem hægt er að hafa æfingaaðstöðu. Þeir gera m.a. kröfu um verulega mikið eldsneytisrými, verulega mikil flughlöð þannig að þeir geti geymt þarna tugi véla eða jafnvel hundruð.

Því miður gengur ekki upp sá draumur ráðherrans að hægt sé að byggja þennan varamillilandaflugvöll, láta NATO byggja hann án þess að NATO noti hann. Hann samræmist heldur ekki, eins og hv. 2. þm. Austurl. benti á, þessum lið í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar: „Ríkisstjórnin mun ekki gera nýja samninga um meiri háttar hernaðarframkvæmdir." Þetta tvennt fer ekki saman.

Það má að lokum geta þess að hv. þm. Jón Helgason, forseti Ed., sem átti tal við mig rétt áðan lét það í ljós við mig að sendimönnum okkar vestra

hefði sárnað að heyra það frá hæstv. utanrrh. að hann væri að væna þá um að hafa ekki staðið í stykkinu við að kynna fyrir sér þau málefni sem væru á dagskrá. Vitna ég til Dagblaðsins í dag þar sem Jón Baldvin ávítar sendimenn hjá Sameinuðu þjóðunum. Þetta vil ég að komi fram. Þeim þykir hart við þetta að búa.

Ég árétta ósk mína til hæstv. utanrrh. að hann gái vel að sér hvort hann telur sig ekki geta framfylgt þeirri stefnu sem Steingrímur Hermannsson markaði í utanríkismálum. Við samstarfsmenn hans ætlumst hreinlega til þess að hann fylgi fram þeirri stefnu. Við gengum út frá því þegar við gerðum þennan málefnasamning og við gengum út frá því þegar við völdum hann sem utanrrh. að hann mundi gera það.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegi forseti. Fyrir nokkrum dögum fengum við að heyra að utanrrh. hefði án alls samráðs við aðra ákveðið að Ísland sæti hjá á þingi Sameinuðu þjóðanna í síðustu viku við atkvæðagreiðslu um ályktun þar sem Ísrael er fordæmt fyrir þá stefnu og aðgerðir sem brjóta gegn mannréttindum Palestínumanna á hernumdu svæðunum og hann hefur gert grein fyrir hér og mikið hefur verið talað um. Það er furðulegt að ráðherrann telji sig geta greitt þessari ályktun atkvæði fyrir Íslands hönd og ég sannfærðist síður en svo af ræðu hans áðan að það hafi verið rétt ákvörðun af hálfu ráðherrans og þar með Íslands, því hann er að taka ákvörðun fyrir okkur öll.

Mér finnst líka einkennilegt að ráðherrann skuli grípa til þess að tala um fortíðina og tala um ofbeldi og morð á gyðingum í Evrópu um miðja öldina og réttlæta það sem þeir eru að gera núna. Ég tók það þannig að hann væri nánast að réttlæta gerðir Ísraelsmanna í Palestínu núna með því að tala um að þeir hefðu verið beittir kúgun og ofsóttir áður fyrr. Þetta þykir mér mjög hæpið að draga fram og telja að það sé einhver réttlæting.

Það er alveg rétt að Ísraelsríki var stofnað árið 1947 og að það var gert að frumkvæði vestrænna ríkja og Íslendingar áttu þar hlut að máli. Einmitt í ljósi þess verðum við að skoða þetta mál. Það er dapurlegt að vita til þess að þeir sem hafa verið ofsóttir og kúgaðir í aldaraðir, ekki bara á þessari öld heldur í aldaraðir, eins og gyðingar hafa verið, skuli nú kúga og ofsækja Palestínumenn.

Þótt Íslendingar hafi átt hlut að máli þegar Ísraelsríki var sett á fót held ég að það sé leitun að þeim Íslendingi sem ekki hefur megnustu andúð á framferði Ísraelsmanna gagnvart Palestínumönnum og nú sérstaklega upp á síðkastið. Ráðherrann má heldur ekki gleyma því að Ísrael er sjálfstætt ríki með viðurkenningu hjá Sameinuðu þjóðunum og við höfum stjórnmálasamband við Ísrael, en að Palestínumenn eru kúgaðir á þessum stað og þeir hafa enga stöðu sem sjálfstætt ríki. Þegar verið er að tala um tvo deiluaðila hafa þessir tveir deiluaðilar mjög ólíka stöðu, ekki síst gagnvart okkur. Mér finnst ekki sanngjarnt að tala á þeim nótunum. Þegar verið er að ræða um að fordæma Ísraelsmenn, sem mér finnst fyllsta ástæða til þess að gera, er ekki þar með sagt að maður sé að réttlæta það sem hinir hafa gert. Og þó að mannréttindi séu fordæmd á einum stað er ekki þar með sagt að verið sé að réttlæta mannréttindabrot alls staðar annars staðar í heiminum. Þannig má ekki rugla því saman að þó við fordæmum það framferði sem Ísraelsmenn hafa orðið uppvísir að núna upp á síðkastið erum við ekki að réttlæta önnur mannréttindabrot. Ég er alveg sannfærð um að meiri hluti Íslendinga er á annarri skoðun en ráðherrann í þessu máli.

En eins og fram hefur komið er það ekki eingöngu þessi ályktun, sem ráðherrann hefur tekið ákvörðun um að greiða atkvæði um, sem er í öllu ósamræmi við þann vilja sem komið hefur fram bæði á Alþingi og ekki síður annars staðar í þjóðfélaginu. Þar á ég við ályktanir um afvopnunarmál sem ráðherrann hefur ákveðið að Ísland muni ekki styðja. Það hefur nú þegar verið gerð grein fyrir þeim ályktunum að einhverju leyti í þessari umræðu, en þær fjalla um svokallaða frystingu kjarnorkuvopna. Sú ályktun sem mesta athygli hefur vakið er tillaga flutt af Mexíkó, Svíþjóð og fleiri ríkjum. Þessi ályktun hefur verið flutt mörgum sinnum lítið breytt á þingum Sameinuðu þjóðanna og hefur Ísland setið hjá við atkvæðagreiðsluna þangað til í fyrra þegar þáv. utanrrh. og núv. hæstv. forsrh. ákvað að Ísland greiddi tillögunni atkvæði.

Fimm sinnum hafa þingkonur Kvennalistans lagt fram tillögu á Alþingi um að Alþingi lýsi því yfir að það sé fylgjandi því að þessari tillögu sé greitt atkvæði og í umræðunni um þessa tillögu í fyrra kom fram að nánast þótti óþarfi að fjalla um þessa tillögu hvað þá heldur að samþykkja hana þar sem utanrrh. hafði þá þegar ákveðið að greiða þessari till. atkvæði. Hún var þar af leiðandi ekki borin fyrir þingið.

Mig langar til að lesa, með leyfi forseta, aðeins upp úr þessari tillögu sem Mexíkó, Svíþjóð og fleiri hafa flutt, bara tvo liði í henni. Tölul. 1: „hvetur enn einu sinni Sovétríkin og Bandaríkin sem tvö fremstu kjarnorkuveldin til að lýsa yfir, annaðhvort með einhliða yfirlýsingu samtímis eða með sameiginlegri yfirlýsingu, tafarlausri frystingu kjarnavopna sem að formi og umfangi yrði sem hér greinir:

a. Hún mundi fela í sér allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn og skotbúnað þeirra, algera stöðvun framleiðslu kjarnavopna og skotbúnaðar þeirra, bann við allri frekari uppsetningu kjarnavopna og skotbúnaðar þeirra, algera stöðvun framleiðslu kjarnakleyfra efna í hernaðarlegum tilgangi."

Svo er einnig tekið fram hér: „Hún yrði háð viðeigandi eftirlitsráðstöfunum og reglum um eftirlit."

Þarna er gert ráð fyrir eftirliti og allsherjarstöðvun. Það er mjög einkennilegt að halda því fram að með því að frysta kjarnorkuvopn getum við ekki fækkað þeim. Þetta er mjög einkennilegt vegna þess að ef kjarnorkuveldin tækju mark á þessari ályktun

og hættu tilraunum með, framleiðslu og dreifingu kjarnorkuvopna væri tekið stórt skref í átt til afvopnunar. Ef fólk vill ekki viðurkenna það hlýtur það að stafa af blindu á staðreyndum. Ég er alveg viss um að meiri hluti þjóðarinnar er fylgjandi því að við styðjum þessa tillögu því að það hefur komið ótvírætt í ljós í skoðanakönnunum að Íslendingar eru á móti kjarnorkuvopnum og vilja t.d. að Norðurlönd verði lýst kjarnorkuvopnalaust svæði. Þess vegna er ákvörðun utanrrh. nú alveg furðuleg og óskiljanleg.

Með afstöðu sinni til þessara tillagna hefur ráðherrann markað sér sérstöðu og er sú sérstaða fólgin í því að taka stórt skref aftur á bak varðandi afstöðu til afvopnunarmála.

Í viðtölum við utanrrh. í fjölmiðlum hefur hann gjarnan talað um tímaleysi varðandi ákvarðanatöku um afstöðu til þessara tillagna og hann hélt því fram áðan að hann hefði aðeins haft hálfa klukkustund til að taka afstöðu til 20 tillagna í afvopnunarmálum. Þetta er hreinn fyrirsláttur. Ráðherrann veit alveg jafn vel og ég að það líður langur tími frá því að tillögurnar eru lagðar fram í nefnd og þangað til þær koma til atkvæðagreiðslu. Það var því hægur vandi fyrir ráðherra að kynna sér málin. Mér er einnig kunnugt um að á mánudagsmorguninn fengu fulltrúar á þingi Sameinuðu þjóðanna, sem eru þar á vegum Alþingis og hv. þm. Páll Pétursson minntist á áðan, tillögurnar um afvopnun, allar tillögurnar, þessar 20 og sjálfsagt fleiri, sem átti að greiða um atkvæði í gær og í dag. Þær lágu í endanlegri mynd fyrir á mánudaginn var og í uppkasti mikið fyrr. Mér þykir því furðu sæta að *ráðherrann beri fyrir sig* tímaskort í þessu máli.

Eins og fram hefur komið fer atkvæðagreiðslan um frystingartillögurnar fram í dag og það er í fyrstu nefnd. Það er í nefnd en ekki í allsherjarþinginu sjálfu. Þótt venjan sé að greiða atkvæði í allsherjarþinginu á sama hátt og í nefndum finnst mér sjálfsagt að breyta út af því í þetta sinn ef búið er að greiða atkvæði í nefndinni sem er ekki alveg öruggt að sé búið. Tímaleysistal hæstv. ráðherra er e.t.v. komið til af því að hann er ekki sáttur við þá ákvörðun sem hann tók. Varðandi þessar tillögur er enn þá tími til að breyta afstöðu Íslands, e.t.v. í fyrstu nefnd en alla vega er hægt að taka breytta afstöðu þegar tillagan kemur fyrir allsherjarþingið. Ég skora á ráðherrann að gera það nú þegar því að enn er tími. Hæstv. ráðherra verður að gera sér grein fyrir því að þótt hann *hafi vald til að taka afstöðu eins og honum sjálfum* þóknast hlýtur það að vera skylda hans að taka tillit til skoðana annarra.

Áætlanir um nýjan herflugvöll, sem ráðherrann virðist einnig vera búinn að taka ákvörðun um, sem þó er ekki herflugvöllur eins og hann sagði í gær í fréttunum, eru enn eitt dæmið um hvernig hann misnotar vald sitt í ósamræmi við meiri hluta á Alþingi og ég tala nú ekki um í ríkisstjórn eins og hér hefur komið fram.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég vil hefja mál mitt á því að staðfesta að það er rétt með farið af hálfu hæstv. utanrrh. hvernig þessi mál bar að. Á fundi utanrmn. í gær skýrði hann frá því, eins og fram hefur komið, að hann væri að taka ákvarðanir um afstöðu til ýmiss konar mála á allsherjarþinginu. Sannleikurinn er sá að mjög svipað átti sér stað í fyrra í utanrmn., eins og raunar varð opinbert. Það var á síðustu stundu sem þáv. hæstv. utanrrh., núv. forsrh., skýrði nefndinni frá því að atkvæðagreiðslur væru u.þ.b. að fara fram og að því er eina tillöguna varðaði hafði hann orð á því, eins og upplýst var svo ég er ekki að upplýstra leyndarmálum, að hugsanlegt væri að breyta þar fyrirætlunum um atkvæðagreiðslu. Það *reyndist hins vegar vera orðið of seint að gera það.* Það var tímahrak þarna líka.

Nú er ég alveg sammála því, sem hefur komið fram hjá hæstv. utanrrh. og auðvitað mörgum öðrum, að það þarf ekki að vera jafnmikið tímahrak og þetta, jafnvel þótt við séum fámennir erlendis. En svo vill til að fyrir tveimur árum var ég á þessu þingi, allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, og var einmitt að reyna að aðstoða eitthvað Tómas Karlsson, sem þá var fastur fulltrúi í fyrstu nefnd, við að greiða fram úr þeirri málaflækju sem þarna er einmitt um afvopnunarmálin og þau málefni sem hér hefur borið á góma. Þar voru þá eitthvað 70–80 tillögur til meðferðar, gamlar og nýjar, auk allra mögulegra og ómögulegra breytingartillagna og þetta var satt að segja hið mesta torf. Það leyndi sér ekki að ýmislegt af þessum tillögum var til umræðu *og flutt til heimabrúks ábyggilega vegna þess að* tillögurnar voru meira og minna sama efnis, bara mismunandi flutningsmenn til að geta haft þetta með heim í farteskinu til að sýna að þeir hefðu eitthvað afrekað á þinginu.

En við skulum horfast í augu við staðreyndir. Það hefur komið hér fram í umræðum að það eru nú einu sinni stórveldin og leiðtogar stórþjóðanna sem ráða ferðinni. Og það var svo glöggt að allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna þann veturinn vakti nákvæmlega enga athygli. Ég hef gífurlega gaman af að horfa á fréttir í góðum sjónvarpsstöðvum og þær eru góðar fréttirnar í bandarísku stöðvunum, byrja jafnvel kl. 5 eða 6 á morgnana svo að ég lagði stund á að fylgjast með því. Húsið í Höfða sást nærri því á hverjum einasta degi, en hús Sameinuðu þjóðanna aldrei. Í stórblöðum í New York á þeim tíma var varla hægt að finna frásagnir af neinu því sem var að gerast hjá Sameinuðu þjóðunum en það var hægt að lesa um Reykjavík alls staðar.

Ég veit ekki hvort við getum dregið einhvern lærdóm af þessu. Því miður hafa Sameinuðu þjóðirnar verið allt of máttfarnar og tillögur þar oft kafnað í of miklu málskrúði og jafnvel tilhneigingu til þess að hugsa meira um heimamarkað en heimsbyggð. Við skulum ekki falla í þann farveg, Íslendingar. Þegar við ræðum jafnalvarleg málefni og afvopnunarmálin þá skulum við ekki vera að hugsa

eingöngu um heimamarkað þegar við ræðum þau erlendis. Ég kem nánar að þessu örlítið síðar.

En á þessu stigi vil ég vekja á því athygli að hér hefur ekki sést einn einasti ráðherra Framsfl. í dag. Það er út af fyrir sig ekkert nýtt að þeir sjáist ekki og sérstaklega ekki nýtt þegar rætt er um utanríkismál og öryggismál. Þá eru þeir oft fjarverandi. (**PP:** Forsrh. hefur fjarvistarleyfi í dag.) Jú, jú, hann hefur fjarvistarleyfi, en hinir ekki. En þetta var nú ekki aðalatriðið heldur hitt að ráðherrar Alþb. hafa forðast eins og heitan eldinn að koma hér nálægt nema einn þeirra stansaði við hér í gættinni í eina mínútu eða tvær. Og hver biður um þessa umræðu? Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, málsvari Alþb. í utanríkismálum. Hann er málsvari Alþb. í utanríkismálum, Hjörleifur Guttormsson. Málflutningur hans er málflutningur þeirra, sérstaklega þegar þeir undirstrika það með því að þurfa ekkert að vera mættir. Hv. þm. getur séð um þetta allt saman. Og það hafa heldur engir þingmenn frá Alþb. verið hér nema þeir sem skyldum eiga að gegna, nauðsynlegum skyldum eins og hæstv. forseti. Og hv. formaður þingflokks Alþb. sýnir auðvitað þá kurteisi að mæta hér. Nei, nei, við skulum hafa það allt á hreinu.

Það er mjög gott að íslenska þjóðin viti það að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson er málsvari Alþb. í þessum málum þangað til þeir, ráðherrarnir og ráðamenn þar, sýna það þá betur en þeir hafa gert í verki að þeir ætli ekki að láta málflutning þessa eina manns vera málflutning sinn. Þeir gerðu það að vísu mjög rækilega að reka hann út í horn nú í byrjun þings þegar hv. þm. Hjörleifur Guttormsson lýsti því yfir í öllum fjölmiðlum sem hann gat troðið sér í — og er nú á hlaupum á milli fjölmiðla eins og þeir eru nú fleiri náttúrlega — að hann bæri enga ábyrgð á því hver væri formaður nefndarinnar o.s.frv. Menn muna þetta allt saman. Hann ætlaði sko að gera uppsteyt og hann ætlaði að krefjast þess að það yrði öðruvísi farið með málefni í hv. utanrmn. og meira tillit yrði tekið til Alþb., ekki bara þar heldur líka í ríkisstjórninni og öllu hennar framferði. Jú, hann ætlaði sko að sjá um það. Menn biðu mjög spenntir að vita hvað yrði nú um þetta allt saman. (**Forseti:** Ég verð að benda þingmanninum á að hér fer fram umræða utan dagskrár. Hún fjallar ekki um þetta.) Fjallar hún ekki um þetta? (**Forseti:** Nei.) Um talsmann Alþb. (**Forseti:** Ég verð að minna þingmanninn á að hann er kominn langt út fyrir umræðuefni sitt. Hér hefur staðið yfir umræða utan dagskrár í næstum tvo tíma. Forseti getur ekki leyft umræðu um málefni hinna ýmsu og einstöku flokka hér í þessari umræðu.) Ég verð nú að lýsa furðu minni á þessu, en ég skal hlíta úrskurði forseta að sjálfsögðu. En ég hafði ekki verið beðinn um að stytta mitt mál og hér hafa verið fluttar mjög ... (**Forseti:** Forseti er ekki að biðja þingmanninn um að stytta sitt mál, einungis að halda sig við umræðuefnið.) Já, já. Umræðuefnið er sem sagt utanríkismál af því að þau snerta Ísland og íslenska stjórnmálamenn og þess vegna verð ég að hafa leyfi til þess aðeins að ljúka þessu máli, þessum þætti, að það gerðist ekkert af þessu sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson ætlaði sér að gera. Hann greiddi atkvæði með núverandi formanni utanrmn. og tók þar með afstöðu um stuðning við ríkisstjórnina. En ég þori nú varla að tala um ákveðna þingmenn eftir þetta og verð þá kannski eitthvað stuttorðari líka. En við skulum ekki fara lengra út í þessa sálma og einangrun þessa hv. þm. og ég skal ekki heldur ræða meira um það sem í utanrmn. hefur gerst. Það vita allir.

Ég skal þá víkja að því sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson vakti máls á, sem er fyrst og fremst Ísraelstillagan, fordæming á Ísrael. Það mál er vissulega viðkvæmt og margt af því sem hæstv. utanrrh. sagði hér get ég fullkomlega tekið undir. Það er vandmeðfarið í slíku máli að smáþjóð eins og við ályktum og ætlum að gera okkur sérlega digra. Engu að síður er sjálfsagt að ræða þessi mál og það er búið að boða að tillaga verði flutt um það mál hér í þinginu. Hv. þm. Páll Pétursson gerði grein fyrir efni þeirrar tillögu. Sú tillaga fer væntanlega til utanrmn. og verður þar að sjálfsögðu rædd. Við höfum þess vegna tíma til þess síðar að fara nánar ofan í þessi mál og ég skal ekkert vera að eyða tíma í það vegna þess að ég veit að þó að hæstv. forseti hafi verið svo tillitssamur við mig að vera ekki að biðja mig að stytta mál mitt, þá flýgur tíminn áfram og a.m.k. úr mínum flokki veit ég að margir vilja fá að tala í þessari umræðu og ég vil ekki verða þess valdandi að þeir komist ekki að í umræðunni og þarf þess vegna ekki að fara ýkja langt út í þessa sálma. En ég gagnrýni ekki afstöðu hæstv. utanrrh. í þessu máli.

Þá er komið að frystingartillögunum. Það er alveg rétt sem hv. þm. Páll Pétursson sagði að að er ekkert nýjabragð að frystingartillögunum lengur. Það er það svo sannarlega ekki. Frystingartillögurnar voru mjög ræddar fyrir þrem, fjórum, fimm árum á alþjóðavettvangi og sýndist sitt hverjum um það hvort þær væru heppilegar eða líklegar til að bera einhvern árangur. Við vorum margir hér, ég held áreiðanlega meiri hluti, sem töldum að það væri lítið á því að græða að ætla að frysta vopnabirgðir sem nægðu til að drepa heimsbyggðina hundrað sinnum skilst mér. Hættan væri nú lítið minni þó að ekki yrði hægt að drepa allt mannkynið 200 sinnum í staðinn fyrir 100 sinnum. Þannig að ég hef nú aldrei haft mikla trú á þeim tillögum. Ég játa það hreinskilnislega. En hafi einhverjir haft trú á þeim, þá vildi svo til að allur slíkur þankagangur var drepinn. Og hvar var hann drepinn og hvenær? Hér í Reykjavík á leiðtogafundinum. Þá var stigið fyrsta skrefið til afvopnunar, til að eyða þessum vopnum, ekki bara að fara að frysta þau niðri í kjöllurum eða neðanjarðar eða á höfum úti eða hvar sem þau eru, heldur til að eyða þeim. Þetta gerðist hér í Reykjavík og þótti einhver stórkostlegasti atburður í sögu mannkyns. Og hvað þá um Ísland, gistilandið? Þessir menn fóru ekkert eftir þeim tilmælum, eins og hv. þm. Kristín Einarsdóttir var að greina okkur frá að væru í hugmyndum Kvennalista og fleiri um frystinguna, við tillögum

þeirra, að hvetja leiðtoga stórveldanna til að lýsa yfir annaðhvort sameiginlega eða einhliða stuðningi við þessa stefnu. Þeir eru búnir að tala saman nokkrum sinnum síðan. Ég minnist þess ekki að annar hvor þeirra hafi sérstaklega lagt áherslu á það einhliða, eða þeir saman að þeir létu sér nægja einhverja frystingu á kjarnorkuvopnum. Þeir hafa gengið hreint til verks og eru að gera sér grein fyrir því, vonandi í fyllstu einlægni og á báða bóga, að heimsbyggðin er auðvitað í nákvæmlega sömu hættunni þó að það séu ekki framleidd fleiri kjarnavopn.

Hitt er svo aftur alveg rétt sem kom hér fram hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að vígbúnaðarkapphlaupið er enn á fullri ferð. Hin svokölluðu hefðbundnu vopn eru auðvitað ekkert hefðbundin. Það er hægt að framleiða í dag vopn sem eru fullkomin manndrápstæki miðað við það sem var í síðustu heimsstyrjöld. Tækin sem þá voru notuð voru kannski eins og skammbyssur á móti fallbyssum nú, þannig að ekkert af þessu er mjög einfalt og auðleysanlegt og kannski síst á færi okkar — eða a.m.k. játa ég minn vanmátt í því að átta mig á þeim hlutum öllum saman, ég þekki ekkert af þessum vopnum. Ég veit bara að þau eru ógnvænleg og það vitum við öll. En hver styrkurinn er á hverjum tíma? Það er mál sem hefur ósköp lítið upp á sig, held ég, að eyða miklum tíma í að ræða.

Ég kann ekki við annað en að víkja þá að síðasta atriðinu, og það er varaflugvöllur á Íslandi sem yrði byggður að einhverju eða öllu leyti fyrir fé úr mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins. Það er ekki rétt sem hv. þm. Páll Pétursson sagði hér áðan: NATO byggir ekki flugvöll ef það ætlar sér ekki að nota hann. Þetta er öfugt. Varnir NATO hafa verið og eru gerðar til þess að þurfa ekki að nota styrkleikann. Það vitum við allir jafnt. Og þessar traustu varnir og sú staðfesta vestursins, lýðræðisþjóðanna, hefur áorkað því sem nú er að gerast, að það er þó glæta, vonarglæta í heimsbyggðinni. Það er von um að stórveldunum takist að feta sig áfram niður stigann skulum við segja, frá ógninni og niður á jörðina, að fá komist niður á jörðina í sínum umræðum og sínum þankagangi. Og aðalatriðið er að fyrsta skrefið var tekið, fyrsta trappan var stigin hér í Reykjavík. Ættum við þá endilega að fara að setja okkur í einhver dómarasæti um það hvað mikilvægast væri fyrir þessa leiðtoga að ræða þegar við vitum að það er ekkert á okkur hlustað? Það er kannski ljótt að segja það, en þannig var það á fundi Sameinuðu þjóðanna. Ég leitaði auðvitað að því hvort það væri ekki eitthvað sagt frá einhverjum tillögum, sem ég var að puða í að lesa og lesa, í New York Times eða einhverju blaði eða í sjónvarpsfréttum. Það örlaði ekki á því þó að Höfði væri, eins og ég segi, á hverjum sjónvarpsskermi. Þetta er nú staðreyndir þess máls.

Afstöðu hæstv. utanrrh., um að breyta nú frá þeirri nýju afstöðu í frystingarmálunum sem fyrirrennari hans tók á sl. ári, kallar hv. þm. Kristín Einarsdóttir „furðulegt og óskiljanlegt skref aftur á bak". Ég get ekki annað en verið sammála því sem hæstv. ráðherra sagði, að það væri auðvitað skref aftur á bak að ætla núna að fara að gera frystingu að einhverju meginmáli. Hún er bara ekkert í umræðunni lengur. Hún er sem betur fer dauð. Það er verið að reyna að eyða þessum vopnum í staðinn fyrir að geyma þau.

Ragnhildur Helgadóttir:

Frú forseti. Hér fer fram umræða um einn meginþátt íslenskra stjórnmála. Sú umræða hefur verið vakin vegna áhuga talsmanns Alþb. í utanríkismálum á afgreiðslu mála hjá Sameinuðu þjóðunum. Þessi umræða hefur leitt það í ljós að það er grundvallarágreiningur innan ríkisstjórnarinnar um þennan meginþátt í stjórnmálum. Hv. frummælandi sagði orðrétt að Alþb. hefði barið að röngum dyrum. (**HG:** Alþfl.) Að Alþfl. hefði barið að röngum dyrum. Ég bið afsökunar á þessu mismæli, en það stafar af eðlilegri ástæðu því að Alþb. hafði barið að ýmsum dyrum árum saman án árangurs. En núna sem sagt hleypti Alþb. þessum samstarfsflokkum inn til sín í þennan félagsskap með þeim árangri að í ljós kemur að það er ekkert samkomulag þar inni fyrir. Í gær kom auðvitað líka í ljós að um annan meginþátt íslenskra þjóðmála var heldur ekki samkomulag og allt mjög í ruglingi, ef ég má taka svo til orða, svo að ég noti ekki líkinguna hver hafi barið að röngum dyrum hjá hverjum. En hvað um það atriði.

Það hefur komið fram að aðalgagnrýnisefnið er að hæstv. utanrrh. hafi breytt um stefnu. Það má kannski segja að hæstv. utanrrh. hafi leiðrétt stefnu. Það er ekki langt síðan að breytt var um stefnu í vissum þeim málum sem hér hafa verið til umræðu án þess að utanrmn. eða ríkisstjórnin hafi verið að því spurð.

Það er vitanlega gott og æskilegt að umræður fari fram á Alþingi um afstöðu íslenska ríkisins til mála sem upp koma á alþjóðavettvangi, þar á meðal um atkvæðagreiðslur um ýmis einstök mál sem þýðingu hafa. Og nú hefur hv. 2. þm. Austurl. vakið máls á því sem fer fram þessa dagana á þingi Sameinuðu þjóðanna og telur ekki unnt að fallast á sjónarmið hæstv. utanrrh. um afgreiðslu og afstöðu til þeirra mála. Ég tel að ákafi hv. þm. og orðalag hans sé að vísu allmikið úr hófi en ég efast ekkert um að hugur hans fylgi máli. Og að því er varðar ástandið, ef ég vík að þeim tillögum einstökum sem hv. þm. hefur hér fjallað um og vík fyrst að tillögunum um ástandið fyrir botni Miðjarðarhafs, eins og oft er sagt, þá er auðvitað ljóst að þar hefur verið eins konar púðurtunna í alþjóðastjórnmálum sl. 40 ár og vandi og deilur auðvitað miklu lengur, árhundruðum saman, öldum og næstum árþúsundum saman.

Ísraelsríki var svo stofnað í óþökk þeirra sem fyrir sátu í landinu og hver styrjöldin hefur rekið aðra. Íslendingar eru ætíð andvígir hryðjuverkum, styrj-

öldum og öðru ofbeldi hvar sem er í heiminum. En fyrst og fremst ættum við að stuðla að því með atkvæði okkar og öðrum áhrifum, ef einhver kynnu að vera í slíkum málum, að friður komist á og varanleg lausn finnist á vandanum í sambúð Ísraelsríkis og nágranna þess. Ég geri ráð fyrir því að hv. 2. þm. Austurl. taki ekki undir þær kröfur af hálfu annars deiluaðila að Ísraelsríki verði svipt allri viðurkenningu, og það er vel að hann vilji það, eftir því sem ég tel að hann geri, að gyðingar sitji í friði að sínu. Það eru mikil mannréttindi að fá að vera í friði í landi sínu. En harðorð gagnrýni nú á Ísraelsmenn, annan aðilann í þessari deilu, og fordæming á þeirra aðgerðum er ekki líkleg til að laða þá að samningaborði sem er þó megintilgangur allra sem raunverulega vilja stuðla að friði þessara deiluaðila. Það er meginatriðið og það er það atriði sem þær alþjóðasamkomur sem um þetta mál hafa fjallað hafa unnið að. Ég leyfi mér að halda, tel mig hafa ástæðu til að halda að við höfum á ýmsum tímum síðustu mánaða verið jafnvel nokkuð nær því marki en fyrir örfáum árum. Ég held að hvert slíkt skref, eins og stigið er með alþjóðlegri fordæmingu á aðgerðum annars aðila, verði til að eyðileggja slíka þróun eða a.m.k. að seinka henni mjög og þá er til lítils unnið með slíkri tillögugerð. Þess vegna er ég þeirrar skoðunar að það hafi verið hárrétt afstaða að sitja hjá við afgreiðslu þessarar tillögu nú á þingi Sameinuðu þjóðanna einmitt með það fyrir augum að greiða fyrir því að mál þróist á þann veg að unnt sé að koma deiluaðilum að samningaborði á alþjóðlegri ráðstefnu, eða utan hennar, í framhaldi af henni eða hvernig sem það tækist. Ég er þeirrar skoðunar að tillaga eins og tillögurnar um alþjóðlega ráðstefnu til að vinna að friði hljóti að vera gagnlegar. Þegar það skref er stigið að báðir aðilar hafa fallist á að senda sína fulltrúa til slíkrar ráðstefnu er mjög mikið unnið.

Hæstv. utanrrh. vék aðeins að tillögum Evrópuráðsins um þessi mál. Þar hafa vitanlega á ýmsum tímum verið gerðar ályktanir um þetta alvarlega mál sem hefur sannarlega þýðingu langt út fyrir það svæði þar sem deilurnar fara nú fram. Nú var gerð ályktun snemma í sumar þar sem enn er áréttaður stuðningurinn við alþjóðlega ráðstefnu um ástandið fyrir botni Miðjarðarhafs þar sem fulltrúar beggja deiluaðila væru. Mál þessi voru rædd ítarlega í návist fulltrúa Ísraels sem á aukaaðild að Evrópuráðinu og í návist sendifulltrúa arabaríkjanna. Þeir aðilar sem þarna áttu hlut að máli áttu því sína fulltrúa þar sem þessar umræður fóru fram. Ég hygg að hvert slíkt skref, þótt lítið sé, sem fólgið er í því að fá fulltrúa hinna deilandi aðila til þess að vera þó ekki nema viðstaddir slíkar umræður og kynna sér mjög ítarlegar skýrslur nefnda sem gert hafa vettvangskannanir á löngum tímabilum á staðnum, að allt þetta séu skref í áttina. En hvert það skref sem stigið er til þess að fordæma annan aðilann, lýsa hann óalandi og óferjandi, það dregur úr möguleikanum til þess að koma á friði. Við lemjum ekki neinn til þess að koma að samningaborði. Það sest enginn við samningaborð undir dynjandi formælingum þeirra sem til samningaviðræðnanna boða. Þess vegna er það algjörlega ljóst að það hefði ekki verið rétt að greiða atkvæði með þessari tillögu.

Um aðrar tillögur, sem hv. þm. gerði hér að umtalsefni og fjallað hefur verið um í ræðum hæstv. utanrrh. og nú rétt áðan af hálfu hv. 8. þm. Reykv., er það að segja að þar gildir hið sama. Tillögur um þau mál eru harla gagnslausar og högg út í vindinn ef ekki er verið að vinna að því sem er raunverulegt, en það er samkomulag þeirra aðila sem raunverulega geta ráðið þessum málum. Þess vegna ber okkur fyrst og fremst að styðja alla þá viðleitni sem verður til þess að greiða fyrir slíku samkomulagi en ekki að gefa yfirlýsingar sem eru margsögð orð og geta fremur orðið til þess að tefja fyrir samningaviðræðum heldur en hitt. Og það er, eins og hér hefur verið bent á, að þær tillögur, frystingartillögurnar, eru orðnar úreltar í raun og veru og ég veit ekki hvers vegna þessi áhugi er svona mikill á þeim nema það sé e.t.v. vegna félagsskaparins sem hv. þm. gerði sér hér nokkuð tíðrætt um í sinni frumræðu. Hann gerði nokkurt mál úr því að við, með afstöðu okkar á þingi Sameinuðu þjóðanna til tillögunnar um ástandið fyrir botni Miðjarðarhafs, héldum okkur ekki í þeim félagsskap sem hann teldi heppilegastan, en ef mig misminnir ekki, þá er meðal fremstu flutningsmanna í þessum tillögum t.d. Rúmenía sem ég hafði nú kannski haldið að væri ekki heppilegasti leiðbeinandinn um það hvernig halda bæri á mannréttindum og stuðla að friði í heiminum. Ekki hef ég heyrt hv. frummælanda minnast á neina tilburði til fordæmingar á þeim mannréttindabrotum sem fara fram í því landi, þar sem stjórnvöld í rólegheitum framkvæma landbúnaðarstefnu sína á þann veg að jöfnuð eru við jörðu mörg þúsund þorp hundraða þúsunda manna og þeir hraktir frá heimkynnum sínum og þau eyðilögð. Um þetta tala menn ekki. Það er e.t.v. vegna félagsskaparins.

Ég held, frú forseti, að það sem máli skiptir fyrir utanríkismálastefnu Íslands sé það að standa að því með fullri reisn að leggja okkar litla lóð á metaskálarnar til þess að varðveita öryggi Íslands í friði í heiminum. Við höfum átt hlut að því að varðveita frið í heiminum í þeim heimshluta þar sem hörmulegar styrjaldir hafa dunið yfir mannkynið tvisvar sinnum á þessari öld, við höfum átt hlut að því að þar hefur nú haldist friður lengur en nokkru sinni áður. Og þessu starfi viljum við halda áfram. Ég leyfi mér að láta í ljós, og ég veit að ég mæli fyrir munn mjög stórs hluta þjóðarinnar, þegar ég segi að ég hef af því þungar áhyggjur að það liggur ljóst fyrir að við völd er í landinu ríkisstjórn þar sem e.t.v. meiri hluti ráðherranna er á annarri skoðun um þessa grundvallarstefnu í utanríkis- og friðarmálum heldur en fylgt hefur verið allt frá því í lok síðustu heimsstyrjaldar. Og þess vegna er það að ég tel að hæstv. utanrrh. verði að taka upp sérstaklega til skoðunar afstöðu sína, afstöðu ríkisstjórnarinnar í

heild og gera Alþingi grein fyrir því skýrt og skorinort hver stefnan er að þessu leyti. Alþingi á rétt á því. Margítrekaður vilji Alþingis liggur fyrir um þessi efni og ég tel, fyrst verið er að ræða almennt um þessi mál eins og gert hefur verið, að þá eigum við lágmarksrétt á að þetta liggi fyrir og Alþingi geri þá sínar ráðstafanir ef út af því er brugðið sem við höfum talið heppilegast fyrir íslenskt öryggi og frið í heiminum.

Ég ítreka það, frú forseti, að þessi mál eru meðal grundvallarmála í íslenskum stjórnmálum og þess vegna verður það að vera ljóst að það er engin meirihlutastjórn í landi þar sem er ljóst að það er algjört ósamkomulag um þessi atriði, svo og fjármálin, þannig að ég held að það sem hér hefur birst sé ekki alveg í samræmi við það sem við almennt skiljum með orðinu þingræði.

Ég vona að það sé ekki misnotkun á rýminu hér í ræðustól, frú forseti, þó að ég segi að ég leyfi mér að gera athugasemd við þá áminningu sem hv. 8. þm. Reykv. fékk er hann vék að því hvernig forusta þingsins í utanríkismálum var valin, þ.e. formennska í utanrmn., og honum þá álasað fyrir það að hann væri að tala um vandamál einstakra flokka. Þetta er að vísu viðbót við okkar pólitísku upplýsingar að hæstv. forseti upplýsi að þetta sem þar var að gerast var bara vandamál einhvers tiltekins pólitísks flokks. Ég hélt að það væri vandamál a.m.k. tveggja pólitískra flokka, en það skiptir ekki litlu máli fyrir heildarstefnu í utanríkismálum hvernig gengið er frá forustu í þessum málum. Og það kom líka fram í máli hv. 1. þm. Norðurl. v. að hann hafði átt hlut að og haft forustu fyrir þeim hópi sem mótaði kaflann um utanríkismálastefnu í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar og mælti eindregið gegn stefnu hæstv. utanrrh. en stefna utanrrh. í hverri ríkisstjórn er utanríkismálastefna þeirrar ríkisstjórnar. Þess vegna hafa hér komið fram mjög mikilsverðar upplýsingar sem sýna okkur líka á hvaða vegi þingræði á Íslandi er statt.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna orða hv. 3. þm. Reykv. vill forseti ítreka það að honum ber að sjá til þess að umræðan hér snúist um það efni sem beðið var um að fá að ræða.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Að gefnu tilefni leyfi ég mér að spyrja hæstv. forseta: Hvað heitir þetta umræðuefni sem hér hefur farið fram? (**Forseti:** Umræðuefnið hér er afstaða utanrrh. á alþjóðavettvangi.) Og ekkert meira, ekkert annað má ræða? (**Forseti:** Nei.) Hefur þá enginn annar þm. en þessi sem hér stendur rætt um eitthvað fleira? (**Forseti:** Hv. þm. var farinn að víkja að öðrum málum sem var hvernig stofnað var til hv. utanrmn. Það mál er ekki á dagskrá hér.) Og nefndin kannski alls ekki þegar ... (**Forseti:** Forseti ætlar sér ekki að eiga orðastað við hv. þm. hér milli ræðustóla.)

Ragnhildur Helgadóttir:

Frú forseti. Ég vil andmæla þessu því að hv. 2. þm. Austurl. flutti hér frumræðu sem hefur sennilega verið um það bil þrjú hjörl að lengd. Hún fól í sér yfirlýsingar vítt og breitt um afstöðu þessa og hins í stjórnarliðinu, einkanlega þó sjálfs hæstv. utanrrh., og samanburð á utanríkismálastefnu hans og utanríkismálastefnu hæstv. forsrh. sem var áður utanrrh. Þannig var að þessu vikið vítt og breitt og það þarf enga orðabók til að sjá að í þessu fólst lýsing á alvarlegu vandamáli margra stjórnmálaflokka.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það hlýtur að vera grundvallaratriði hér í þingsal að þó að menn séu ekki sammála forseta um allt sem hann gerir virði þeir vald forseta. Ég veit ekki hvort það er neitt sérstaklega alvarlegt mál þó að það hendi að þm. fari út fyrir dagskrárefnið. Í það minnsta hlýtur það að vera fyrirgefanlegt þegar það er upplýst að hann vissi ekki hvað það var.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Af því að við ræðum þingsköp vil ég að það sjónarmið mitt komi hér fram að ég tel að það sé ofur eðlilegt í umræðu sem þessari að vikið sé að málum sem nátengd eru stefnumörkun varðandi utanríkismál í þinginu, þar með talið kjör utanrmn. og það sem snýr að nefndinni þannig að ég get út af fyrir sig ekki tekið undir þann úrskurð forseta að hv. 8. þm. Reykv. hafi verið á hálum ís þegar hann vék að því máli og ég sakna þess að hann skyldi ekki spinna þann lopa áfram.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna orða hv. 2. þm. Austurl. vill forseti ítreka að hann er ósammála þessari skoðun.

Albert Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Má ég fara fram á það að forseti endurtaki forsendur þessarar utandagskrárumræðu vegna þess að eins og hún stendur í mínu minni var kynnt að það yrði utandagskrárumræða á undan hefðbundinni dagskrá um utanríkismál. Ég sé ekki að neinn af þeim sem hafa talað, og ég hef hlustað á þá alla meira eða minna, meira frekar en minna, hafi haldið sig við utanríkismál.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna orða hv. 5. þm. Reykv. vill forseti ítreka að hún telur hv. 2. þm. Austurl. ekki vera utanríkismál.

Albert Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég hélt mig vera farinn að skilja minna og minna um hvað dagskráin væri, en nú verð ég að segja að ef það er rétt að hv. 2. þm. Austurl. sé dagskrárefnið líst mér ekki á það. En ég vil bara ítreka ósk mína um að fá það skýrt frá forseta hvort ekki eru á dagskrá utanríkismál utan dagskrár.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna orða hv. 5. þm. Reykv. skal það enn upplýst að sú var ástæða til áminningar minnar að farið var að ræða hér úr ræðustól hv. 2. þm. Austurl. sem forseti telur ekki utanríkismál. Umræðu um þingsköp er lokið.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki blanda mér í frekari deilur um þingsköp við hv. 2. þm. Austurl., sem gefur nú að vísu að jafnaði tilefni til heilmikilla umræðna.

Við umræður um stefnuræðu forsrh. hér í sl. viku vakti ég athygli á því að í ræðu hans var hvergi vikið að utanríkismálum og ég bar fram þá tilgátu að það væri vegna þess að um þau mál væri slíkur logandi ágreiningur í ríkisstjórninni að forsrh. forðaðist eins og heitan eldinn að færa þau í tal. Ég held að umræðan hérna í dag hafi sýnt að þetta var rétt tilgáta. Það er allt logandi í ágreiningi innan ríkisstjórnarinnar og ríkisstjórnarliðsins um utanríkismál og það er alvarlegt mál, eins og hér hefur verið bent á, vegna þess að það er mjög mikilvægt fyrir smáþjóð að standa saman um hagsmuni sína út á við.

En upphaf þessarar umræðu má rekja til atburða í vikunni og afstöðu utanrrh. til atkvæðagreiðslna á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Hv. 2. þm. Austurl. sagði reyndar að formaður Alþfl. hefði barið að röngum dyrum ef hann héldi að sú afstaða sem hann tók í vikunni væri afstaða sem samstjórnaraðilar hans gætu sætt sig við. Ég er hræddur um að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson berji ekki bara að röngum dyrum í þessum málum. Hann geltir upp í vitlaust tré eins og stundum er sagt af svona tilefni.

Við erum að tala um tvær tillögur sem breytt hefur verið um afstöðu í, reyndar þrjár. Tvær eru sama eðlis, um svokallaða frystingu kjarnavopna, önnur frá Indlandi og Rúmeníu, hin frá Sviþjóð og Mexíkó. Það vill svo til að við umræður um skýrslu utanrrh. fyrr á þessu ári, í febrúarmánuði á þessu ári, umræðu um skýrslu þáv. utanrrh., hæstv. núv. forsrh., gerði ég þessar tillögur einmitt að umtalsefni og gagnrýndi mjög með hvaða hætti þáv. utanrrh. fór með þau mál, gagnrýndi mjög hvernig hann breytti þá afstöðu Íslands til þessara tillagna frá því að sitja hjá og í það að greiða þeim atkvæði. Ég rakti það, og það er í þingtíðindum frá því 26. febr. sl., hvers vegna ég taldi að þetta væru rangar ákvarðanir og ekki bara rangar í sjálfu sér heldur rangar vegna þess að þær stönguðust á við þá meginstefnu sem Íslendingar hafa skrifað undir og tekið þátt í að móta á vettvangi Atlantshafsbandalagsins. Menn verða stundum að gæta að því á vettvangi utanríkismála að vera sjálfum sér samkvæmir og þegar menn hafa skrifað undir samþykktir og stefnu á vettvangi okkar bandalagsríkja innan Atlantshafsbandalagsins er auðvitað fráleitt að koma síðan á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og greiða þar tillögum atkvæði sem í raun ganga þvert gegn þeirri stefnu sem samþykkt var með bandalagsríkjunum.

Ég er reyndar ekki einn um þessa skoðun því að hæstv. þáv. utanrrh. Ólafur heitinn Jóhannesson lét þess getið í ræðu um skýrslu sína til Alþingis 1983 hvaða augum hann liti tillögur af þessu tagi. Ég hef áður lesið upp þessar tilvitnanir í Ólaf heitinn Jóhannesson og skal ekki ítreka þær hér, en kjarni málsins er sá að sú stefna sem Vesturlönd hafa barist fyrir á vettvangi afvopnunarmála er farin að skila árangri. En frystingartillögurnar allt frá árinu 1982 hefðu þýtt að það væri verið að falla frá hinum tvíþættu áformum, Dual Track-ákvörðuninni svokölluðu, um að mæta Sovétmönnum með vopnauppbyggingu í Vestur-Evrópu en knýja þau samtímis að samningaborðinu. Stuðningur okkar við slíka tillögu á þeim tíma hefði auðvitað verið það sama og að koma í bakið á okkar bandalagsríkjum. Nú vill hins vegar svo til að þessi stefna Atlantshafsbandalagsríkjanna og þar með Íslands hefur skilað svo miklum árangri að frystingartillögurnar er orðnar gersamlega úreltar — eða vilja menn fara að frysta hér vopn sem búið er að ná samkomulagi um að útrýma? Auðvitað er þetta mótsögn og auðvitað er það alveg rétt ákvörðun, sem utanrrh. hefur tekið, að breyta okkar atkvæði á þessum vettvangi í það fyrra horf sem hér hafði tíðkast allt þar til í fyrra. Ég fagna því að hann skuli ekki láta kúga sig í þessu stjórnarsamstarfi til að breyta gegn betri vitund í þessum málum.

Nú má vænta þess að fleiri tillögur sambærilegar þeirri sem ég var að tala um, tillögu Svíþjóðar og Mexíkó, komi til afgreiðslu á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna síðar í haust. Ég vænti þess að utanrrh. verði þá jafntrúr samvisku sinni og hann hefur verið í þessari viku, t.d. þegar til afgreiðslu kemur tillaga Úkraínu og Tékkóslóvakíu um skilyrðislausa framkvæmd allra ályktana allsherjarþingsins um afvopnunarmál sem Ísland álpaðist til þess að samþykkja í fyrra — (**Utanrrh.:** Úkraínu og hverra?) Tékkóslóvakíu. — að ég tel fyrir hrein mistök og að mjög óathuguðu máli og ég vona að það verði ekki látið henda okkur á nýjan leik.

En nú langar mig til að víkja örlítið að hinni tillögunni um málefni landanna fyrir botni Miðjarðarhafs sem hv. 2. þm. Austurl. gerði svo mjög að umtalsefni og reyndar fleiri ræðumenn. Ég er líka sammála afstöðu utanrrh. til þeirrar tillögu. Ég tel að það sé mjög varhugavert skref fyrir okkur Íslendinga á alþjóðavettvangi að ætla að ganga fram fyrir skjöldu með einhliða afstöðu í viðkvæmum deilumálum af þessu tagi, mjög varhugavert skref sem gæti haft alvarlegar afleiðingar. Mér dettur ekki í hug frekar en utanrrh. annað en harma og fordæma ofbeldi sem Ísraelsmenn hafa orðið sekir um á herteknu svæðunum svokölluðu. Mér dettur auðvitað ekki annað í hug. Og ég treysti því, vegna þess að Ísrael er réttarríki og lýðræðisríki, að lögum verði komið yfir þá einstaklinga sem þar hafa farið með

ofbeldi gegn saklausum borgurum. Ég treysti því að í réttarríki, eins og þar er, muni lögum verða komið yfir slíka menn. En hitt er ástæðulaust að vega að tilverurétti Ísraelsríkis eins og í raun er verið að gera með ályktunum sem ganga út á einhliða fordæmingar á störfum Ísraelsstjórnar.

Ég vil gjarnan greina frá því, virðulegi forseti, að það er víðar en á vettvangi Sameinuðu þjóðanna sem mál af þessu tagi koma fram. Á síðasta þingi Alþjóðaþingmannasambandsins, sem haldið var í septembermánuði sl., var fram borin tillaga sem mér sýnist að sé mjög svipaðs efnis og sú tillaga sem utanrrh. hefur hér greint okkur frá og hefur verið rædd hér í dag þó ég hafi að vísu ekki borið þær nákvæmlega saman. Ég hef ekki haft tækifæri til þess. En þessi tillaga fjallaði um hina svokölluðu uppreisn almennings á herteknu svæðunum. Um þessa tillögu urðu mjög harðvítugar deilur eins og alls staðar þar sem reynt er að fjalla um þessi mál af ósanngirni.

Sannleikurinn er sá að á vettvangi Alþjóðaþingmannasambandsins koma saman þingmenn, bæði þjóðkjörnir og tilkjörnir með öðrum hætti, og bera saman bækur sínar, koma þar ekki í nafni sinna ríkisstjórna þó að fulltrúar kommúnistaríkjanna og raunar miklu fleiri landa hafi ekki aðra afstöðu þar en ríkisstjórnir landa þeirra. En á þessum vettvangi reyna menn gjarnan að koma sér saman um ályktanir um ýmis alþjóðleg deiluefni og það hefur oft gefið góða raun. Fyrir ári náðist t.d. í fyrsta sinn, að því er mér er kunnugt um, samkomulag milli Írana og Íraka um ákveðna lausn á þeirra deilum sem ég hygg að hafi átt nokkurn þátt í því að á endanum náðist þar vopnahlé þó ekki sé séð fyrir endann á þeirri deilu. En sú tillaga, sem ég geri hér að umtalsefni og borin var upp á þingi Alþjóðaþingmannasambandsins, var mjög á eina hlið, var mjög eindregin fordæming á Ísraelsmönnum. M.a.s. svo mikil að langflest vestræn ríki treystu sér ekki til þess að koma þar nærri, jafnvel þó að mikil vinna hefði verið lögð í það í undirnefnd að samræma þarna sjónarmið og reyna að ná einhverjum sáttum um orðalag sem menn gætu orðið sammála um jafnvel þó að Ísraelsmennirnir sjálfir hefðu ekki treyst sér til þess að eiga þar aðild að. Auðvitað er það svo að þó að vestræn ríki hafi í gegnum árin stutt Ísraelsmenn eru það vinir sem fyrst til vamms segja og það eru vestrænir lýðræðissinnar og þingmenn á Vesturlöndum sem hafa hvað harðast gengið fram í að kvarta undan því við Ísraelsmenn þegar þeir hafa gert sig seka um ofbeldi eða einhvers konar yfirgang.

En í sem stystu máli, virðulegi forseti, vildi ég bara segja frá því að um þessa ályktun voru mjög skiptar skoðanir. Hún var að vísu samþykkt vegna þess að þau ríki sem ráða lögum og lofum hjá Sameinuðu þjóðunum eru auðvitað líka í miklum meiri hluta á vettvangi eins og hjá Alþjóðaþingmannasambandinu. Hún var samþykkt með 636:139 atkvæðum en 211 sátu hjá. Nú er það þannig að lönd fara með misjafnlega mörg atkvæði, allt frá 9 og upp í 22. Við Íslendingar höfum 9 atkvæði og sendinefndir hafa rétt til að skipta atkvæðum sínum. Í þessu tilfelli gerðum við það. Við hv. þm. Ólafur Þórðarson sátum í sæti Íslands á þessari ráðstefnu og skiptum með okkur atkvæðum þannig að 5 atkvæði voru nei en 4 sátu hjá og ég held að það sé ekki rangt með farið að ég hafi sagt nei, en hv. þm. Ólafur Þórðarson hafi setið hjá. Það var mjög svipað með önnur Norðurlönd. Það var allt til í því og af 55 sameiginlegum atkvæðum Norðurlandanna voru 11 já, 19 nei og 25 sátu hjá. Ég vildi gjarnan nota þetta tækifæri til að greina frá því að það er víðar á vettvangi alþjóðlegs samstarfs sem menn verða að taka afstöðu til þessara mála. Þarna var það svo að mjög fáir vestrænir þingmenn treystu sér til þess að ganga fram fyrir skjöldu og fordæma Ísraelsríki með þeim hætti sem þarna var verið að gera og með þeim hætti sem mér sýnist að hafi verið alveg sambærilegur við þá tillögu sem er undanfari þeirra umræðna sem hafa farið fram í dag.

Málið snýst nefnilega ekki um einhliða fordæmingu á einum eða neinum, hvorki Ísraelsmönnum né Palestínumönnum, sem auðvitað eiga sinn rétt og sem auðvitað verður að koma fram við af fullri sæmd og reisn. Auðvitað eiga þeir sinn rétt sem verður að virða. En málið snýst ekki um að fordæma þessa aðila eins og utanrrh. sagði réttilega. Málið snýst nú um að koma þessum aðilum saman að samningaborði. Við eigum að leggja okkar lóð á vogarskálarnar til að koma á alþjóðlegri ráðstefnu um þessi mál, ekki til að þvinga Ísraelsmenn eða Palestínumenn, deiluaðilana, til að sætta sig við einhverja lausn sem t.d. ríkin í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna geta fallist á heldur til að fá þau til að ræða hvert við annað og ná sameiginlegri niðurstöðu. Það verður aldrei komist að niðurstöðu um vanda þessara ríkja fyrr en deiluaðilarnir sjálfir fást til þess að tala saman. Það liggur fyrir grunnur að slíku starfi, að slíkri lausn með ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 242 og 337 og það eru þær ályktanir sem skipta máli en ekki áróðurskenndar yfirlýsingar allsherjarþingsins sjálfs þar sem ofstæki hefur því miður allt of oft náð yfirhöndinni yfir eðlilegri og heilbrigðri skynsemi.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Það hafa orðið alllangar umræður hér í dag um hin mikilvægustu mál. Ég mun nú til þess að stytta mál mitt ræða einungis um einn þátt af þeim þrem málum sem hér hafa verið til umræðu og tala um það sem við kemur tillögu allsherjarþingsins um einhliða fordæmingu á Ísrael. Mínum flokksbræðrum hefur orðið tíðrætt um þetta mál og þeir hafa gert því góð skil. Ég mun freista þess að endurtaka ekki mikið af því sem þeir hafa sagt því að af mörgu er að taka.

Hv. 2. þm. Austurl. fór hörðum orðum um ákvörðun utanrrh. um að Ísland sæti hjá við atkvæðagreiðslu um tillöguna í allsherjarþinginu um

fordæmingu Ísraels. Ég ætla að gagnrýni þessi sé sett fram frá nokkuð þröngu sjónarhorni og beri þess vegna vott um takmarkað hugarjafnvægi og yfirsýn sem þarf að vera til staðar þegar rætt er um það sem varðar samband Íslands og Ísraels. Þetta er viðkvæmt mál. Það skyldu menn hafa í huga.

Í gær var minningarathöfn á þinginu í Bonn í tilefni þess að 50 ár eru liðin frá Kristalsnóttunni svokölluðu sem markaði þáttaskil í ofsóknaræði nasista á hendur gyðingum. Forseti þingsins, Philipp Jenninger, flutti minningarræðuna í gær. Í dag sagði hann af sér forsetaembættinu. Ræðan hafði þótt, að því er virtist fyrir klaufaskap, nálgast að geta skoðast ótilhlýðileg réttlæting á framferði nasista.

Þegar minnst er á Ísrael kemur fyrst í huga manns sá harmleikur sem er skelfilegastur í sögu mannkyns. Ofsóknir, útrýming og þjóðarmorð nasista á gyðingum rennur hverjum heilbrigðum manni til rifja. Á því landsvæði sem þýsku nasistarnir komu til með að ráða yfir í aðeins örfá ár bjuggu níu milljónir gyðinga. Útrýmt var a.m.k. sex milljónum. Hinn svokallaði siðmenntaði heimur lokaði augunum að meira eða minna leyti fyrir voðaverkunum. Og það sem enn verra var, hinu dauðadæmda fólki var varnað að forða sér og flytja til gyðingalandsins og ekki veitt landvist annars staðar þar sem það gat búið óhult og bjargað lífinu. Þannig var heiminum að því er varðar þessar sex milljónir fórnarlamba skipt í staði þar sem þau gátu ekki haldið lífinu og staði sem þau máttu ekki fara til. Sex milljónir.

Þegar heimsstyrjöldinni lýkur og tekur að rofa til er hafist handa við að reisa úr rústum og byggja upp betri heim. Sameinuðu þjóðirnar eru settar á fót og taka til starfa. Eitt af því fyrsta sem Sameinuðu þjóðirnar tókust á hendur var að finna lausn á „gyðingavandamálinu". Á hinum mörgu öldum herleiðingar og útlegðar hafði vonin um afturkomu til heimalandsins aldrei slokknað. Samtök gyðinga höfðu um langan aldur barist fyrir stofnun ríkis. Þeir gyðingar sem lifðu af útrýmingarherferð nasistanna gátu ekki búið í þeim heimkynnum sem höfðu verið vettvangur blóðbaðsins. Þeirra eina von var að fá að fara til fyrirheitna landsins. Hinn siðmenntaði heimur fann til sektarkenndar fyrir það sem gerst hafði og gagnvart þeim sem eftir lifðu. Menn vildu úrlausnir á miklum vanda og koma á skipan til frambúðar.

En lengi vel gekk hvorki né rak hjá Sameinuðu þjóðunum. Þar voru margvíslegar og flóknar deilur um málið. Sum ríkin vildu stofna sjálfstætt ríki Palestínu fyrir gyðinga. Önnur ríki snerust hatrammlega á móti. Svo leit út að erfitt yrði að finna lausn sem aðildarríki gætu almennt komið sér saman um. Það var þá sem hlutur Íslands varð mikilvægur. Því megum við aldrei gleyma.

Þegar allt um þraut var tekið til þess ráðs að stjórnmálanefnd allsherjarþingsins skipaði þriggja manna undirnefnd til að gera tillögur í málinu sem allsherjarþingið tæki síðan til afgreiðslu. Einn þessara nefndarmanna var fulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum, Thor Thors. Hinir tveir nefndarmennirnir gufuðu upp þegar á hólminn var komið, veigruðu sér við að taka þátt í störfum nefndarinnar vegna þrýstings frá ríkjum sem voru andstæð stofnun ríkis fyrir gyðinga.

Abba Eban, sem síðar varð utanríkisráðherra Ísraels, gefur góða lýsingu á þessum atburðum í sjálfsævisögu sinni, en hann var þá í New York til að gæta hagsmuna gyðinga hjá Sameinuðu þjóðunum. Frásögn Ebans er hin athyglisverðasta og þá ekki síst fyrir okkur Íslendinga. Samtal hans við Thor kvöldið fyrir hinn örlagaríka dag, lýsingin á framgöngu Thors, framsöguræðu hans í umræðunum, umræðunum sem lyktaði með atkvæðagreiðslu þar sem samþykkt var að stofna skyldi Ísraelsríki.

Ég hygg að aldrei hafi áhrif Íslands verið eins afgerandi og örlagarík á alþjóðavettvangi svo sem hér varð raun á. Þetta sýnir hvers við erum megnugir þegar hinir mikilhæfustu menn halda á málum þjóðarinnar.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði í þessum umræðum áðan að Íslendingar eigi að koma fram af þjóðlegri reisn á alþjóðavettvangi. Þetta sem ég hef hér greint frá er dæmi um það.

Ég verð að segja að ég er stoltur sem Íslendingur af þessari frásögn eins af fremstu forustumönnum Ísraels. Og ég verð líka að játa það að ég var ekki síður snortinn þegar ég fyrir nokkrum árum í fjölmennu samsæti í Ísraelsþingi hlýddi á ræðu forseta þess þar sem hann sagði að nafn Thors Thors væri greypt með gullnu letri í sögu Ísraels. Mér þykir við hæfi að þessi ummæli komist inn í okkar þingsögu.

Svipuð ummæli hafa að vísu margir aðrir af helstu forustumönnum Ísraels viðhaft fyrr og síðar. Eitt er víst: Ísraelsmenn eru sér mjög meðvitandi um hlut Íslands á örlagastund og persónulegt samband milli Íslands og Ísraels er engin tilviljun. Ben Gurion, Golda Meir og fleiri stórmenni frá Ísrael heimsóttu land okkar þegar á fyrstu árum Ísraels, létu þessar heimsóknir ganga fyrir flestum öðrum.

Ásgeir Ásgeirsson, forseti Íslands, flutti einn erlendra gesta, einn erlendra gesta hátíðaræðu við vígsluathöfn þinghússins í Jerúsalem. Þetta var engin tilviljun. Bjarni Benediktsson og Emil Jónsson fóru í opnbera heimsókn til Ísraels, svo ekki séu fleiri taldir.

Ég vík aðeins að þessu, ég endurtek, aðeins að þessu til að minna á að milli þjóða okkar hefur verið sérstakt samband vinsemdar og virðingar. Og það er ekki ofmælt að lögð sé áhersla á þetta á þessum vettvangi þar sem við erum nú í þessum umræðum, því að einhliða fordæming okkar á hendur Ísrael samræmist harla illa þessari sögulegu staðreynd.

Ég ætla mér ekki þá dul að fara hér að rifja upp sögu Ísraelsríkis. Aðeins er nauðsynlegt af því tilefni sem þessi umræða er að hafa í huga hvað Sameinuðu þjóðirnar ákváðu með samþykkt sinni um stofnun Ísraelsríkis. Sameinuðu þjóðirnar samþykktu að skipta skyldi Palestínu milli gyðinga og araba. Það er nauðsynlegt að hafa þetta í huga og líka hitt að

gyðingar samþykktu þetta fyrir sitt leyti og stofnuðu Ísraelsríki sem náði yfir það landsvæði sem Sameinuðu þjóðirnar afmörkuðu þeim til handa. Þeir fóru að vilja Sameinuðu þjóðanna. Þeir fóru að því sem Thor Thors hafði lagt til í hinni örlagaríku framsöguræðu sinni á allsherjarþinginu og samþykkt var þar. En arabar neituðu að virða samþykkt allsherjarþingsins. Þeir neituðu því og svöruðu með því að fjögur ríki þeirra réðust á hið nýstofnaða Ísraelsríki í styrjöld í þeim yfirlýsta tilgangi að ómerkja samþykkt allsherjarþingsins og reka gyðinga úr landi sínu. Það var einmitt þannig sem sá ófriður hófst og ófriðarástand sem síðan hefur ríkt fyrir botni Miðjarðarhafs.

Stríð er skelfing öllum friðelskandi mönnum. Virðingarleysi fyrir mannslífinu er algjört. Raunar er leikurinn fólginn í því að tortíma mannslífum. Í algjöru stríði er grimmdaræðið takmarkalaust hver sem í hlut á. En jafnvel þá leyfum við okkur þó að gera mun á eftir því hver á heldur. Þannig gerum við mun á árásaraðila og þeim sem er sá einn kostur að verja hendur sínar. Það hygg ég að við gerum öll. M.a.s. fögnum við því og þökkum að bandamönnum skyldi takast, að sjálfsögðu með tortímandi vígvélum sínum, að kveða niður grimmdaræði nasistanna, sigra þá, firra heiminn villimennsku þeirra og bjarga mannslífum undan ofsóknum þeirra. Við teljum *þetta af hinu góða og svo sé fyrir þakkandi að* þjóðarmorðinu slotaði, svo það skuli þá hafa verið eftir einhverjir gyðingar til að flytjast til fyrirheitna landsins.

Sú skálmöld, sem verið hefur fyrir botni Miðjarðarhafs, er tilkomin vegna vopnaðrar andstöðu við ákvörðun Sameinuðu þjóðanna og að Ísraelsmenn þurftu á sínum tíma að grípa til vopna til að verja hendur sínar. Í 40 ár hefur ríkt hernaðarástand og í ár sérstaklega á því landsvæði sem til skipta átti að koma samkvæmt samþykktum allsherjarþings *milli* gyðinga og Palestínumanna. Við heyrum daglega fréttir um átök, um hryðjuverk og mannfelli á báða bóga, svo sem fylgir því þegar barist er á banaspjótum.

Hv. þm. hafa í þessum umræðum, ég hygg allir sem hafa tekið til máls, lýst þessum hryggilegu atburðum sem enginn mælir bót. Þetta er hryggilegt ástand sem ógnar friðnum í þessum heimshluta. Mest er um vert að binda enda á þetta og það verður einungis gert með því að koma fram vilja Sameinuðu þjóðanna um friðsamlega sambúð gyðinga og Palestínumanna. Það verður ekki gert með hatursfullum *ákærum á hendur Ísraelsmönnum á vettvangi* Sameinuðu þjóðanna eins og fólst í þeirri tillögu sem er tilefni þessarar umræðu. Það eru í raun og veru engin efnisleg rök fyrir slíku og slík vinnubrögð koma engu góðu til leiðar. Og allra síst ættum við Íslendingar að láta leiða okkur til slíks eftir þátt okkar í viðleitninni til að bæta fyrir mestu glæpaverk heimsbyggðarinnar og með okkar sögulegu tengsl við stofnun Ísraelsríkis. Vegna þessa lýsi ég stuðningi við þá ákvörðun hæstv. utanrrh. að Ísland greiddi ekki atkvæði á allsherjarþinginu með fordæmingu á Ísrael.

Hæstv. utanrrh. á lof skilið fyrir stefnu sína og ákvörðun í þessu máli.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég hygg að sú umræða sem hér fer fram sýni það og sanni að Íslendingar hafa verulega ólíkar skoðanir á ýmsum málum í hinum stóra heimi og satt best að segja held ég að það væri hættulegt fyrir þessa þjóð ef svo væri ekki því að þá væri hér annað land með öðrum formerkjum.

Ég vil undirstrika það að hæstv. utanrrh. hefur forræði yfir þessum málaflokki. Ríkisstjórn er ekki fjölskipað stjórnvald eins og Ólafur heitinn Jóhannesson margsagði okkur framsóknarmönnum og ég hygg að þeir sem rísa hér upp og lýsa yfir sérstökum áhyggjum af hvert þessi þjóð stefni í utanríkismálum hljóti þá fyrst og fremst að vera að deila á hæstv. utanrrh. eða bera til hans vantraust, hvort sem þeir eru úr hópi Sjálfstfl., Alþb. eða annars staðar. Þetta segi ég vegna þess að ég finn að inn í þessa umræðu hafa menn reynt að koma því á framfæri að af því að þeir flokkar sem nú stjórna landinu eru ekki sammála um *allt* í utanríkismálum sé þar með vonlaust að þeir geti unnið að stjórn landsins. Ég mótmæli þeirri mistúlkun á þeirri umræðu sem hér fer fram.

Ég minnist þess að þegar ég sat á þingi Sameinuðu þjóðanna var þar til umræðu frystingartillaga Mexíkó og Svíþjóðar og það skal játað að ég gat ágætlega unað við afstöðu utanrrh. þess tíma sem boðaði að Íslendingar skyldu sitja hjá. Mér hefur oft fundist gæta hjá Svíum viss tvískinnungs í utanríkismálum. Mér hefur fundist að óbeit þeirra á kjarnorkuvopnum hafi þá fyrst komið til sögunnar þegar þeir komust að því sjálfir að þeir gætu ekki framleitt þau, en fram að þeim degi og þó nokkuð mörgum árum *seinna, eftir að þeir sögðust nú vera hættir*, var áhuginn til staðar að búa til kjarnorkuvopn. Mér hefur líka fundist stundum að þeirra vopnaskak, þ.e. þeirra stöðugu vopnasölur til annarra landa, samrýmist ekki þeirri mynd sem þeir vilja að menn hafi af þeirra ásýnd, sem þeir vilja að menn sjái á vettvangi Sameinuðu þjóðanna sem hina friðelskandi þjóð.

Eg verð aftur á móti að segja það að eftir að sá árangur náðist að menn eru vongóðir um að stórveldunum takist að slíðra vopnin og fækka þeim efast ég enn meira um að það sé nein sérstök þjóðarnauðsyn að ráðast á hæstv. núv. utanrrh. fyrir þá afstöðu sína að hafa setið hjá í þessu máli.

Varðandi Ísraelsríki og sögu þess alla er hægt að segja margt og það kom hér fram hjá hv. 17. þm. Reykv., sem var satt og rétt, að hjá Alþjóðaþingmannasambandinu í Búlgaríu greiddum við atkvæði á þann veg að hann sagði nei en ég sat hjá við tillögu sem þar var til umfjöllunar og gekk ekki aðeins út á uppreisnina á hernumdu svæðunum heldur miklu, miklu lengra og hún er á allan hátt miklu róttækari en sú tillaga sem var til umræðu á þingi Sameinuðu

þjóðanna. Ég verð að segja það fyrir mig að þar hefði ég fært mig til þess að segja já og ég hygg að það sé mikil spurning hvort hv. þm. Geir H. Haarde hefði ekki setið hjá við þá tillögu á þingi Sameinuðu þjóðanna. (**GHH:** Eins og utanrrh.) Eins og utanrrh. Þetta segir okkur kannski að hér er ekki um sambærilegar tillögur að ræða.

Þá er rétt að við víkjum örlítið að sögulegum staðreyndum og einnig hinu hvert mál hafa þróast. Það fyrsta sem hér hefur verið sett fram og margrætt, að örlög gyðinganna í seinni heimsstyrjöld hljóti að vera harmsefni, mikið harmsefni vestrænum þjóðum. Spurningin er aðeins þessi og hún er einföld: Er hugsanlegt að fyrir öll þau morð sem þá áttu sér stað hafi þeir eignast rétt til mannslífa í staðinn? Er hugsanlegt að Íslendingar eigi rétt til mannslífa vegna þess að Tyrkir drápu menn hér á landi á sínum tíma? Eiga Spánverjar e.t.v. rétt til mannvíga vegna þess að forfeður okkar Jóns Baldvins tóku trúlega þátt í því að drepa þá á Ísafjarðardjúpi og e.t.v. forfeður Þorvaldar Garðars Kristjánssonar líka? Þetta er spurningin sem brennur. Og ef Vesturlönd hafa haft jafnmikið samviskubit og hér hefur komið fram, eru það þá sanngjarnar vígsbætur fyrir glæpi sem Vesturlönd frömdu að það séu arabarnir sem skaffi börnin sem á að drepa í staðinn? Gengur það dæmi upp? Ég segi nei.

Við fordæmum Rússa fyrir það að okkur finnst að þeir hafi ekki skilað þeim hernumdu svæðum sem þeir unnu í heimsstyrjöldinni síðari. Sjálfir trúa þeir því að þeir hafi aðeins skipulagt þar sams konar stjórnarfyrirkomulag og þeir búa við sjálfir en þeir hafi skilað þessum löndum. Það er þeirra mat. Við fordæmum þá fyrir þetta. Er það þá verjandi að Ísrael skili engu landi aftur?

Ég ætla ekki að ráðast á verk Thors Thors með því sem ég segi hér varðandi skiptinguna á Palestínu. Ég er sannfærður um það að hann vildi vel og taldi sig vera að vinna gott verk og ég trúi því að þegar hann vann það hafi e.t.v. engin lausn verið betri. Hvað hefur gerst síðan? Við segjum: Arabarnir réðust á Ísraelsríkið, þ.e. þann helming Palestínu sem gyðingarnir fengu. Hvers vegna réðust þeir á þennan helming? Vegna þess að ef við Íslendingar færum til Noregs í dag og heimtuðum hálft ríkið, við færum náttúrlega aldrei upp á minna, mundu Norðmenn rísa upp sem þar byggju og segja: Þetta er okkar land, þið fóruð fyrir löngu. Arabarnir litu að sjálfsögðu svo á að sá helmingur af Palestínu sem Sameinuðu þjóðirnar voru að úthluta væru jafnt þeirra land og hinn helmingurinn. Þeir vissu það að landsstjórn Breta var búin að brjóta það sem þeir höfðu lofað þeim, að hleypa ekki fleiri flóttamönnum inn í landið áður en það fengi sjálfstæði. Nei, við skulum heldur ekki fordæma Arabana fyrir árásina, einfaldlega vegna þess að þeir þóttust vera að verja sitt föðurland og trúðu því að þeir væru að verja sitt föðurland. Það er nefnilega að mörgu leyti billeg lausn, hvort heldur það er hjá Bretum, Bandaríkjamönnum eða Frökkum, að láta nýjan aðila skaffa landið fyrir fólkið sem þeir vildu ekki taka við.

Núna í dag standa málin því miður þannig að svo virðist sem forráðamenn Ísraelsríkis vilji ekki setjast að neinu samningaborði með þeim sem þeir hafa undirokað innan sinna landamæra. Þeir skipa þeim að selja gyðingum sínar afurðir, þeir mega ekki selja þær sjálfir úr landi, hinn undirokaði hluti. Hann verður að búa við það að það er stöðugt þrengt að þeim á minna og minna svæði og kaupahéðnar Ísraels hirða stöðugt meira og meira land. Það er aðeins eitt sem þeir ráða ekki við. Hvað haldið þið að það sé? Það er mannfjölgunin. Þeim stendur ógn af fjölgun arabanna.

Hér segja menn: Ísrael er réttarríki. Ég trúi því að svo sé. Meðan sá maður hefur þar völd sem var í innsta hring þess hóps sem lét drepa sendimann Sameinuðu þjóðanna á sínum tíma og enginn dómur hefur fallið yfir morðingjunum öll þau ár, þá spyr ég: Gera menn ekki meiri kröfur til réttarríkis en þetta? Er svo komið að við Íslendingar berum á því ábyrgð, e.t.v. umfram alla aðra menn í þessum heimi, hvað er að gerast á herteknu svæðunum í Ísrael? Og ætlum við ekki að hafa kjark og hugrekki til að segja við Ísraelsmenn: Þetta gengur ekki? Það gengur aldrei upp að vopnlaust fólk sé murkað niður, það gengur aldrei upp.

Ég tel, því miður, að eitthvert stærsta vandamál þess að hægt sé að koma nokkrum skynsamlegum mannlegum rökum við sé gamli draumurinn um stóra ríkið hans Davíðs. Og það skulu menn vita að enn þann dag í dag hefur Ísrael ekki náð þeirri stærð sem rétttrúarmenn í þeirra röðum segja að eigi eftir að verða. Það er líka sagt í þeim fornu fræðum að þeir eigi eftir að upplifa það að allur heimurinn verði á móti þeim. Þess vegna bregður þeim ekkert við í dag, ekki nokkurn skapaðan hlut. Okkar von er sú að innan veggja Ísraels geri þeir sem þar eru að vaxa úr grasi sér grein fyrir því að þeirra hætta stafar fyrst og fremst af því í framtíðinni ef þeir ekki sjá að sér og fara að koma fram við hina herteknu eins og menn.

Ég tel þess vegna að alveg eins og Íslendingar hafa fordæmt þá sem vilja halda öðrum undirokuðum með ýmsum hætti, hvort sem það er í Suður-Afríku eða annars staðar, getum við ekki horft fram hjá því að ástandið á herteknu svæðunum minnir á þrælahald heillar þjóðar. Svo alvarlegt er ástandið. Það er enginn vegur að sveipa slíkt dýrðarljóma. Menn segja í dag: Arabarnir gerðu þetta, þeir gerðu hitt. Þeir mega berjast eins og þeir vilja við fullorðna hermenn innbyrðis ef þeir hafa áhuga á því. En hver er munurinn á gasklefunum og því að drepa varnarlaust fólk með skotvopnum á götum úti? Hver er munurinn?

Nei, íslenska þjóðin hefur nefnilega hreinum skyldum að gegna, að reyna að koma vitinu fyrir Ísraelsmenn í þessum efnum. Fyrir því eru söguleg rök eins og hér var mjög vel rakið af hv. 4. þm. Vestf. Þeir geta aldrei vænt okkur um það með

neinum rétti að við viljum þeim illt. Ég vil ísraelsku þjóðinni allt hið besta, en ég el þá von í brjósti að m.a. á þingi Sameinuðu þjóðanna, sama þinginu og ákvað að þeir skyldu fá land, gleymið þið því ekki, hljóti þeir að átta sig á því að það er eitthvað stórt og mikið að þegar þetta sama þing telur að þeir séu búnir að brjóta svo af sér að það þurfi að fordæma þá fyrir framferðið.

Jón Sæmundur Sigurjónsson:

Virðulegi forseti. Hv. 17. þm. Reykv. vék að því í ræðu sinni hér áðan að nú logaði allt í bullandi ágreiningi innan ríkisstjórnarinnar vegna deilna um utanríkismál. Í sambandi við það skal sagt, eins og öllum er kunnugt, að þessi ríkisstjórn var auðvitað ekki mynduð um utanríkismál. Hún var mynduð, eins og kunnugt er, um allt aðra hluti. Og síðasta ríkisstjórn féll ekki út af ágreiningi um utanríkismál. Það er því skiljanlegt að þegar aðilar innan ríkisstjórnarinnar, hverra afstaða er kunnug fyrir fram, verða fyrir því að þeir sem hafa forræði fyrir viðkomandi málaflokkum halda fram stefnu sinni í bág við þeirra afstöðu, vilji þeir fá tækifæri til að undirstrika hana. Það breytir samt engu um það að öllum var kunnugt um afstöðu allra í þessum málum. Það vita allir hver hún var og hver hún verður. Það sem við erum að gera í dag er að við erum að hnoðast um málin, við erum að ræða þau.

En í dag er fordæmingardagur. Það er alveg greinilegt. Við erum að lyfta vísifingri og benda á þá sem sekir eru. Það eru atburðir eins og þeir sem hv. 1. þm. Norðurl. v. lýsti hér áðan sem særa réttlætiskennd okkar. Það var litla barnið í gær sem var skotið, það var litli drengurinn í fyrradag sem fékk skotið í bakið sem auðvitað vekja okkar réttlátu reiði og verða til þess að einhverjir okkar vilja fordæma. En í því sambandi má spyrja: Hvar voru fordæmingarmenn þegar sprengjunni var laumað inn í skólarútuna og 18–20 lítil ísraelsk skólabörn sprungu í tætlur? Hvar voru fordæmingaraðilar Kvennalistans þegar sprengjunni var hent inn í matvörubúðina og saklausar ísraelskar hagsýnar húsmæður, sem voru þar að kaupa í matinn, urðu fyrir limlestingum og dauða? Og hvar voru fordæmingar hv. þm. Páls Pétursson ar þegar Palestínumenn réðust með sprengjuvörpum á saklaus ísraelsk sveitabýli og limlestu þar og deyddu bændur og landbúnaðarverkamenn? Þá heyrðist engin rödd.

Gyðingar eiga sér langa sögu ofsókna, kúgunar og hremminga. Hv. 4. þm. Vestf. vék að því áðan. Nýjasta atvikið í þeirri sögu átti sér stað í þinginu í Bonn í gær. Forseti þess varð að segja af sér í dag. Við skulum ekki stilla okkur upp í röð þeirrar atburðarásar. Ef við fordæmum, þá skulum við fordæma allt óréttlæti hvar sem er, hvar sem það á sér stað í heiminum.

Í grg. með þessari till. til þál. sem okkur hefur verið kynnt í dag segir, með leyfi forseta: „Palestínuþjóðin er til og verður að geta ráðið sjálf málum sínum.“ Þetta er afskaplega góð setning, feikilega góð, en hún á bara við svo miklu, miklu fleiri. Hvað um málefni þýsku þjóðarinnar t.d.? Hún tapaði stríði. Hún tapaði löndum og hún lifir í a.m.k. þremur hlutum ef ekki miklu, miklu fleiri. Engin fordæming þar. Það er kannski af því að þeir lifa í formlegu ríki og búa við það hernaðarlega ofríki að þeir geta sig hvergi hreyft og þar eru engin mannvíg. En óréttlætið er engu að síður til staðar og forsendur mjög svipaðar. (**Utanrrh.:** Það eru mannvíg, hv. þm., þeir skjóta flóttamenn.) Að sjálfsögðu, hvernig gat ég gleymt því?

En það eru líka miklu fleiri dæmi en þetta. Mig langar til að telja nokkur upp og þar eigum við að vera tilbúnir í startholunum til að fordæma. Hvað með Kúrda í Íran, Írak og Tyrklandi? Hvað um indíána Suður-Ameríku, svarta í Suður-Afríku, baháía í Íran, gyðinga í arabaríkjunum? Þeir eru meðhöndlaðir ósköp svipað og þeir sem eru ofsóttir, Palestínumenn innan Ísraelsríkis. Eða múhameðstrúarmenn á Filipseyjum, Síkkar á Indlandi, Eritreumenn í Eþíópíu, Tamílar á Shri Lanka, Tíbetar í Tíbet, Tyrkir í Búlgaríu, Ungverjar í Rúmeníu, Þjóðverjar í Rúmeníu, Armenar í Svartbakalandi, Serbar í Kosovo, Baskar á Spáni og í Frakklandi, Suður-Týrólar á Ítalíu, Líbanir í Líbanon, Saharabúar í Marokkó, gyðingar í Sovétríkjunum, Volgu-Þjóðverjar í Sovétríkjunum og baltísku þjóðirnar í Sovétríkjunum. Listinn er sjálfsagt miklu, miklu lengri. Við skulum fordæma ofsóknir gegn öllu þessu fólki, en ekki að tína gyðingana eina og sér út úr. Þeir eru að vísu vanir því í langri þrautasögu í gegnum heimssöguna alla. En af hverju eigum við að stilla okkur upp í þá röð?

Enn fremur segir í grg. með þessari tillögu, með leyfi forseta, að áframhaldandi hernám Ísraelsmanna sé storkun við almenningsálit og ógnun við heimsfriðinn. Og í framhaldi af því að framferði Ísraelsstjórnar beri að fordæma.

Hv. 2. þm. Vestf. sagði hér áðan að við hefðum fordæmt hernám Sovétríkjanna í mörgum löndum eftir seinni heimsstyrjöldina. Við fordæmum það þannig að það er storkun við almenningsálitið og við tökum þátt í því. En ég man ekki eftir neinni tillögu héðan frá Alþingi þar sem slíkt hefur verið fordæmt beinlínis. Við getum fordæmt hernám Sovétríkjanna á hluta Finnlands, Póllands, Rúmeníu og Kína. En af hverju gerum við það ekki? Af hverju kemur sú tillaga ekki fram? Þetta er storkun við almenningsálitið, en að vísu engin ógnun við heimsfriðinn. En það er bara vegna ógnarherveldis Sovétríkjanna sjálfra. (**ÓÞÞ:** Klofnaði ekki heill stjórnmálaflokkur vegna þessara mála?) Það er alveg rétt og það er langt síðan. En kom einhver fordæming á Alþingi þess vegna? Ég held að það sé kannski kominn tími til að sá flokkur sameinist aftur. (Gripið fram í.)

Enn fremur segir í grg. að krafist sé réttlætis fyrir palestínsku þjóðina sem orðið hefur þolandi ákvarðana sem Ísland ber ábyrgð á. Berum við þá ekki nákvæmlega eins ábyrgð á öllum ofsóknum Sovétríkjanna gegn öllum þeim þjóðum sem undir þau

hafa verið undirokaðar? Jú. Í dag er fordæmingardagur. Við skulum ganga gegn öllu óréttlæti í heiminum og fordæma það. En hvernig væri að líta sér nær. Ég held að það sé af nógu að taka hérna heima.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég er ekki undrandi á því að Alþb. skuli hefja þessa umræðu. Þeim er greinilega eitthvað farið að hitna í þeirri félagshyggju- og jafnréttisstjórn sem þeim þótti svo eftirsóknarverð.

Þetta voru nú aumlegu ákvarðanirnar sem hæstv. utanrrh. tók fyrir okkar hönd hjá Sameinuðu þjóðunum og hugum nú betur að því. Hann sagði nefnilega einmitt, með leyfi forseta: „Ég tók þá ákvörðun að við mundum sitja hjá.“ Og svo sagðist hann vilja verja hendur sínar og það undrar mig ekki.

Merkileg voru líka vinnubrögðin við þessa ákvarðanatöku og leiðir hugann að því hvernig menn vinna í ríkisstjórnum. Ég heyrði því miður ekki þegar ráðherra lýsti því hvernig þetta hefði orðið, en það var vitnað í það síðar í máli hans og annarra, en hann mun einungis hafa haft um 30 mínútur til að taka afstöðu til fjölda tillagna. Það þykir mér undarlegt vinnulag vitandi eins og kom fram í máli hv. 12. þm. Reykv., en við höfum báðar farið til Sameinuðu þjóðanna, að tillögurnar koma fram með nokkrum fyrirvara og ætti því að veitast svigrúm til að taka afstöðu til þeirra. Hvernig stóð á því að svo skammur tími gafst til ákvörðunar um tillögur sem sumar voru gamalkunnar og búast mátti við að yrðu endurfluttar og hefði verið hægt að taka afstöðu til fyrr? Og hvers vegna var ekki ríkisstjórnin höfð með í ráðum? Nú eða þá Alþfl.? Það má nota síma. Það gerðu kvennalistakonur með góðum árangri í síðustu stjórnarmyndunarviðræðum á dögunum á stuttum tíma en náðu þó að stunda mjög valddreifð vinnubrögð þar sem fjöldi kvenna tók þátt í ákvörðunum. (**Gripið fram í:** Hver var ákvörðunin?) Ákvörðunin að yfirveguðu ráði var að hafna þátttöku í þessari félagshyggju- og jafnréttisstjórn sem nú tekur afstöðu á þingi Sameinuðu þjóðanna. — En hverjir voru það eiginlega sem ráðlögðu hæstv. ráðherra? Það kom hvergi fram. Eða var það bara hann einn, eins og hann vék að í máli sínu? „Ég tók þá ákvörðun,“ sagði hann.

Síðan var það efni tillagnanna. Þá er það fyrst tillagan um málefni Ísraels og Palestínu, þau langvarandi og viðkvæmu deilumál, eins og hæstv. ráðherra réttilega nefndi þau. Hann sagði að það mundi reynast betur að leysa þau mál með góðviljuðum tillögum fremur en fordæma, fordæma, fordæma. Svo fordæmdi hann tillögur bornar fram af kommúnistum og arabaríkjum. Og hann fordæmdi þá sem fordæma aðra. Síðan vitnaði hann í ályktun alþjóðaþings jafnaðarmanna, ef ég heyrði rétt, þar sem einmitt voru fordæmd ofbeldisverk Ísraelsmanna. Samt gat hann ekki stutt þá tillögu sem lá fyrir þingi Sameinuðu þjóðanna þar sem í henni fólst einhliða fordæming á þessum ofbeldisverkum. Nei, hæstv. utanrrh. vill vera jafnaðarmaður í hvívetna, m.a. í fordæmingum og deila þeim jafnt út á milli deiluaðila.

En hvernig er það nú í daglega lífinu, hæstv. ráðherra? Hvað gera menn þegar góðviljaðar ábendingar duga ekki og ófögnuðurinn eða ofbeldið eða hin illa hegðun heldur áfram? Margir grípa til þess ráðs að byrsta sig og síðan þarf e.t.v. að grípa til strangari aðgerða til að knýja fram breytingu á hegðuninni án þess þó að beita ofbeldi á móti. Hvor er sterkari aðilinn í þessari deilu? Hvor aðilinn beinir einkum vopnum sínum að óvopnuðum borgurum, aðallega börnum og unglingum?

Það er dapurlegt að sú þjóð sem svo lengi hefur barist fyrir tilverurétti sínum, gyðingar, skuli ekki enn hafa fundið friðsamlega lausn á sambýlisvanda sínum við nágranna sína fyrir botni Miðjarðarhafs. Sú þjóð, sem mátti þola svo miklar hörmungar að nær einsdæmi er, hörmungar, sem enn eru í minni margra þeirra sem nú búa í Ísrael, ekki síst ráðamanna. Hún beitir nú flóttamannaþjóð slíku ofbeldi að það vekur undrun og hryggð þeirra sem á horfa. Það er erfitt að skilja og sætta sig við að minni hennar skuli ekki ná lengra og menn trúa ekki eigin eyrum þegar þeir heyra yfirlýsingar utanríkisráðherra Ísraelsþjóðar um að það sé stefna Ísraelsmanna að meiða og limlesta palestínsk börn og unglinga þangað til þau læra að henda ekki grjóti í hermenn Ísraelsríkis. Og hv. 17. þm. Reykv. sambykkti að lögum yrði komið yfir þá menn sem fara þannig með ofbeldi á hendur saklausum borgurum. En þetta er yfirlýst stefna utanríkisráðherrans, kjörins utanríkisráðherra þjóðarinnar. Svo treysta menn sér ekki til að fordæma þetta athæfi opinberlega þó svo að þeir hafi allir fordæmt það hér úr hægum ræðustóli Alþingis.

Hæstv. ráðherra talar um að það standi í grunnsáttmála PLO að Ísraelsríki skuli þurrkað út með ofbeldi. Hann er vel lesinn þessi ráðherra. Nú hafa samt orðið ýmsar breytingar á áherslum og stefnu PLO og þeirra fylkinga sem þá hreyfingu styðja og það getur verið að þetta hafi breyst. Og vegna þess að ég veit þetta ekki sjálf, þá mundi ég vilja biðja hann um að segja mér hvort þetta er enn yfirlýst stefna þeirra í dag eða hvort hún var það einu sinni.

Menn töluðu um það hér að nauðsyn væri og rétt að fordæma mannréttindabrot, ofbeldi og kúgun. Þegar kemur svo að því að gera slíkt í einstökum tilvikum vilja oft ýmsir aðrir hagsmunir verða yfirsterkari þeirri réttlætiskennd sem menn hafa í orði. Vissulega er það rétt að best væri að þær þjóðir sem deila settust að samningaborði og leystu sín mál. Hitt verða menn þó einnig að muna og viðurkenna að oft þarf að þrýsta á menn og þjóðir og þeir verða að finna vandlætingu annarra til þess að öðlast nægan vilja til að setjast að samningaborði. Oft er það einnig svo að sá sterkari er tregari til og á hann þarf meira að þrýsta. Og þar eru ekki smáþjóðir minni til áhrifa en stórþjóðir. Átökin hafa harðnað

og versnað og vafalaust mundi það verða hæstv. ráðherra mikil lífsreynsla að taka því boði sem honum hefur verið gert um að heimsækja hernumdu svæðin. E.t.v. mundi hann skipta um skoðun við það.

Hann sagðist vilja fylgja mannúðarstefnu, húmanisma, sagði hann og hallaði sér aftur á bak, kastaði til höfðinu og taldi billegt, eins og hann orðaði það, að hreykja sér yfir aðra sem væru í sálarháska og erfiðri stöðu. Og vissulega er hlutverk hræsnarans ekki eftirsóknarvert. Hann sagði að mannvit þyrfti til að leysa deilur. En hæstv. ráðherra: Það þarf ekki bara umburðarlyndi heldur einnig mannvit og hugrekki *til þess að fylgja mannúðarstefnu og til þess að* mótmæla og jafnvel fordæma þegar það á við þrátt fyrir alla hagsmuni sem kynnu að verka gegn manni af þeim völdum.

Samúð manna hefur réttilega verið rík með raunum gyðinga. Hún gefur þeim þó ekki leyfi til að kúga aðra og beita þá ofbeldi og enn síður — og vík ég þá að máli hv. 2. þm. Vestf. — gefur hún þeim réttindi til að taka líf annarra. Ofbeldi getur af sér ofbeldi og þann vítahring þarf að rjúfa jafnvel þótt það kosti fordæmingu.

Þá vík ég máli mínu að frystingartillögunni sem oft og lengi hefur verið hér til umræðu á þinginu og orðið tilefni utandagskrárumræðna og nokkurra þingmála eins og áður var minnst á. Hugmyndir um frystingu eru hreint ekkert úreltar, hæstv. ráðherra og hv. þm., þær eru bara óvinsælar. Óvinsældir þeirra stafa ekki síst af því að þær hindra stórveldin í að halda áfram tilraunum sínum með kjarnorkuvopn, og ekki síst: Þær hindra framgang stjörnustríðsáætlunarinnar. Þær eru hreint ekkert gamaldags en trufla vígbúnaðarkapphlaupið. Og samþykkt þeirra kæmi heldur ekki í veg fyrir frekari afvopnunarsamninga því að þó að öll kjarnorkuvopn yrðu fryst nú, þá væri alveg hægt að semja um að fækka þeim í áföngum. Menn skulu ekki standa hér eins og bláeyg börn, þó að það fari þeim alls ekki illa, og halda að vígbúnaðarkapphlaupið sé stöðvað þó að fallegir afvopnunarsamningar hafi verið innsiglaðir. Vandinn er sá að þegar vopnum er fækkað í augsýn á alþjóðavettvangi eru í fullum gangi áætlanir þess iðnaðar sem kenndur hefur verið við hergögn og vísindi og veltir milljörðum, sem hugurinn fær ekki numið, til að finna upp, hanna og smíða léttari, hraðari, minni en markvissari og mun hættulegri vopn.

Þeir sem taka ákvarðanir um þessi efni eru alls ekki margir. Þeir eru kannski bara svona um 600 manns í allt í heiminum í dag og því miður eru það yfirleitt ekki stjórnmálamenn því að þeim er stillt upp gagnvart orðnum hlut. Þeir eru kannski þegar orðnir samsekir og geta oft ekki annað en samþykkt smíði þeirra vopna sem mikill fjáraustur hefur þegar farið í að finna upp og hanna. Svigrúm þeirra er því miður mjög lítið þannig að í flestum tilvikum eru það ekki kjörnir fulltrúar fólksins sem taka slíkar ákvarðanir.

En okkur er svo gjarnt að hugsa í hólfum. Meðan sumir dæma Svíþjóð, Mexíkó og fleiri þjóðir úti að aka, að þessar þjóðir fylgist ekki með því sem er á seyði í afvopnunarmálum, þrátt fyrir veru sína í þeim hópi sex þjóða frá fimm heimsálfum sem hafa haft hvað sterkast frumkvæði í afvopnunarmálum á undanförnum árum, þá fordæma þeir sannarlega þá þróun sem orðið hefur í kjölfar afvopnunarsamninganna, nefnilega að flytja kjarnorkuvopnin út í höfin til þess að samningarnir nái ekki til þeirra, því að þeir varða fyrst og fremst þær eldflaugar sem settar eru upp á landi.

Ég vara menn við því að vera ekki á varðbergi og ég ráðlegg þeim að fylgjast vel með þeim nýju vopnum sem verið er að koma fyrir og knýja fram samþykktir um á þjóðþingum hinna ýmsu Vesturlanda. Sama máli gegnir auðvitað ekki um Sovétríkin þó að þar hafi orðið vart við þíðu á undanförnum mánuðum. Þar er það ekki þjóðarinnar að taka ákvarðanir um slík efni.

Ég er ósátt við afstöðu hæstv. utanrrh. til beggja þeirra tillagna sem hér eru til umræðu, finnst hann hafa sýnt að hann er bæði glámskyggn og skammsýnn í þessum efnum og allt of einráður og ekki veit ég hverjir ráðgjafar hans eru. Ég veit ekki heldur hvernig meðstjórnarflokkar hans una við ráð hans en því miður eru allt of fáir samráðherrar hans viðstaddir í dag. Það er hér nánast enginn þeirra.

Varðandi mál hv. 5. þm. Norðurl. v. þá heyrði ég *því miður ekki nema hluta þess því ég þurfti að* bregða mér frá, en ég held að hann hafi vísað til kvennalistakvenna að þær fordæmdu ekki nóg, sýndu ekki nægilega sterkan vilja eða víðtækan til fordæmingar á öllu því ofbeldi sem brýst fram og er iðkað í heiminum. En vitanlega er ofbeldi fordæmingarvert og á ekki að viðgangast. Það er sama hvar því er beitt og hver beitir því, það er jafnóréttlætanlegt.

Menn hafa minnst á ákvörðun hæstv. utanrrh. um að leyfa byggingu varaflugvallar hér á landi. Nú heyrði ég ekki fréttir í gærkvöldi þannig að ég veit ekki nóg um það mál til að tjá mig um það. (Gripið fram í.) Nei, en einu vil ég þó vara menn við, að bera ekki þá ógæfu til þeirra embætta sem þeir gegna um stundarsakir að draga Ísland nánara og frekara inn í það hervæðingarnet sem er verið að ríða hér í Norður-Atlantshafi. Því vil ég vara menn við.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það hafa orðið hér miklar umræður í framhaldi af inngangi mínum við þessa utandagskrárumræðu og ég sé ástæðu til að þakka þá umræðu fyrir mitt leyti. Hún ber vott um að það hefur verið rík þörf á því að taka þessi mál hér upp í þinginu og þau tilefni sem til þess voru þó að menn líti misjöfnum augum á það eins og ekki er óeðlilegt og ég þóttist raunar vita fyrir fram. Ég ætla að leitast við í ekki mjög löngu máli að koma að örfáum atriðum varðandi þau efni sem leiddu til þessarar

umræðu af minni hálfu.

Ég vil þá fyrst koma að viðbrögðum hæstv. utanrrh. í ræðu hans áðan þar sem hann eðlilega reyndi að færa rök og skýra ástæður fyrir afstöðu sinni. Ég tel að það hafi ekki komið fram af hálfu ráðherrans neinar viðhlítandi skýringar á þeirri niðurstöðu sem hann komst að í sambandi við þau tvö málefni sem ég hef gagnrýnt og ég ætla að benda á nokkra þætti sem að því snúa.

Lítum fyrst til Palestínumálsins. Hæstv. ráðherra og raunar ýmsir fleiri sem hafa reynt að verja hans niðurstöðu og hans málstað hafa lagt að jöfnu þá aðila sem takast á innan þess svæðis sem við köllum Palestínu. Hæstv. ráðherra taldi sig ekki geta átt hlut að því að fordæma framferði Ísraelsmanna gagnvart fólki á herteknu svæðunum vegna þess að meintir aðrir aðilar, sem stunduðu hermdarverk á þeim sömu svæðum, væru ekki fordæmdir í leiðinni. Ég held að þeir sem hafa uppi svona málflutning þyrftu að setja sig betur inn í aðstæðurnar sem fyrir liggja og ég tel að hv. 2. þm. Vestf. hafi í sínu máli, skýru máli sem hann flutti um stöðuna á þessum svæðum, sagt margt af því sem ég vildi sagt hafa og get tekið undir. Það er ekki sambærilegt á nokkurn hátt ríkið Ísrael með sínum herstyrk og þolendur þess hernáms, sem hefur verið viðvarandi frá 1967, varnarlaust fólk á þeim svæðum sem hrakið hefur verið af lendum sínum og úr heimkynnum sínum og ráðist er að með vopnum með þeim hætti sem dæmi hafa verið rakin um hér í umræðunum. Þetta er að mínu mati ekki frambærilegur málflutningur. Við getum tekið undir almennar fordæmingar á hryðjuverkum og hermdarverkum, en við hljótum að velta fyrir okkur þeim aðstæðum sem að baki liggja hverju sinni þegar við kveðum upp dóma um slíkt.

Ég er ekki að verja neinar árásir gagnvart vopnlausu fólki og get tekið þátt í almennri fordæmingu á slíku framferði, en ég vísa hins vegar til þess sem fram kemur í samþykkt Alþjóðasambands jafnaðarmanna, sem hæstv. ráðherra var að leitast við, og ég gagnrýni það ekki, að stauta sig fram úr í þýðingu, en þar kemur fram eindregin og einörð fordæming á framferði Ísraelshers, eins og hæstv. ráðherra raunar kom að í sínu máli, á sama hátt og einstakir hópar eru fordæmdir sem hafa beitt hermdaraðgerðum eða árásum gegn borgaralegum fórnarlömbum á yfirráðasvæði Ísraelsmanna. Þarna er tekið undir kjarna þess máls sem fyrir lá í tillögu Sameinuðu þjóðanna sem hæstv. ráðherra gat ekki tekið undir. Í þeirri tillögu kemur hins vegar fram margt fleira en fordæmingin ein eins og fram kemur ef menn lesa tillöguna og ég fór yfir hana hér áðan þannig að hún liggur fyrir í þingtíðindum.

Jafnframt stendur í ályktun Alþjóðasambands jafnaðarmanna sem samþykkt var sl. vor, í lauslegri þýðingu, með leyfi virðulegs forseta: „Við styðjum viðleitni Palestínumanna til að finna samkomulagslausn til friðar. PLO gæti lagt fram mikilvægan skerf í friðarátt með því að breyta þjóðarsáttmála sínum, National Charter, í þá veru að viðurkenna Ísraelsríki."

Þetta stendur þarna og snertir þann þátt sem að hefur verið vikið hér í umræðunni, að menn vilji tryggja réttindi Ísraelsmanna innan öruggra landamæra. Ég tek undir það markmið en ég spyr: Hvernig ætla menn hernuminni þjóð, Palestínumönnum, að taka fyrir fram afstöðu til ríkis sem hefur ekki skilgreint landamæri sín á annan hátt en fyrir liggur? Hlýtur ekki slíkt að verða niðurstaða samkomulagsumleitana en ekki forsenda og upphaf? Hvar liggja fyrir yfirlýsingar og skilgreiningar af hálfu valdamanna í Ísrael um hver séu þau landamæri sem þeir vilji draga um ríki sitt og á bás sem þeir hyggjast skammta Palestínumönnum? Ég spyr hæstv. utanrrh. og ég spyr þá sem hafa borið þetta fram sem röksemd í sínu máli hér við umræðuna.

Ég get stytt mál mitt hér varðandi Palestínuþáttinn með vísan til þeirrar þáltill. sem hér liggur fyrir og ég er 1. flm. að. Hún verður rædd hér í þinginu innan skamms. Þar gefst tækifæri til að fara yfir einstaka þætti í þessu máli, bæði sögulegar röksemdir og stöðuna í nútímanum.

Ég bendi á að í tillögutextanum er að finna vísan til ályktunar Sameinuðu þjóðanna frá 29. nóv. 1947, þeirrar ákvörðunar sem leiddi af sér stofnun Ísraelsríkis sem m.a. hv. 4. þm. Vestf. vék að í sínu máli. En ég vara menn við því að ætla að fara að meta ástandið í dag eða taka afstöðu til mála út af tilfinningalegum forsendum vegna glæpaverka sem framin hafa verið gegn gyðingum, m.a. í Evrópu, og ætla með einhverjum hætti að fara að milda dóminn yfir rangmætu, óréttlætanlegu framferði Ísraelsstjórnar gagnvart Palestínumönnum á hernumdum svæðum, óbreyttum borgurum. Slíkt er ekki frambærilegt, slíkt er ekki Ísraelsmönnum til framdráttar því að það sem gengur mér og ég vænti flestum sem ræða þessi mál til er það að leysa þessa deilu, að þessi deila megi leysast með friðsamlegum hætti, að forða Ísraelsmönnum frá þeirri ógæfu að feta þá braut áfram, þá slóð sem þeir hafa gengið að undanförnu og sem felur í sér feigðina ef áfram verður haldið að óbreyttu.

Og eins og kom hér fram í máli hv. þm. frá Kvennalistanum sem hér hafa talað við umræðuna er það ekki frambærilegt og það er ekki hægt að ætla að fara að taka afstöðu til þessa máls út frá forsendum liðinnar tíðar og með vísan til þess sem þar hefur gerst. Við getum ekki afsakað óréttlætanlegt framferði í dag með einhverju sem unnið hefur verið af forfeðrum okkar á fyrri tíð.

Ég ætla, virðulegur forseti, að láta þetta nægja varðandi Palestínumálið en ég ætla að koma í örfáum orðum að hinum þáttunum, frystingartillögunni ... (**Forseti:** Leyfist mér að trufla ræðumann andartak. Það er ljóst að þessi umræða er nú komin langt fram yfir það sem talað var um og mér er ómögulegt að halda fundinum áfram lengur en til í hæsta lagi korter yfir sex. Þá verð ég að fresta þessum fundi. Ég vil spyrja hv. ræðumann hvort

hann eigi langt mál eftir.) Virðulegur forseti. Ég á ekki langt mál eftir. Ég hef ekki ætlað mér að halda hér langa ræðu frekar en í upphafi.

Ég skil það svo að mér leyfist að halda áfram máli mínu og ég ætlaði að víkja aðeins að frystingartillögunum, afstöðu hæstv. ráðherra og annarra sem hafa varið afstöðu hans í því máli. Ég tel að rök hæstv. ráðherra og málflutningur í þá átt að þetta séu úreltar tillögur, færi jafnvel stöðu mála til baka ef samþykktar væru og framkvæmdar, vera gersamlega út í hött og óframbærilegar.

Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson tók t.d. undir þennan málflutning hæstv. ráðherra og af máli hv. þm. mátti skilja að við ættum sem allra minnst að vera að blanda okkur í deilur stórveldanna, að við ættum ekki að gera mikið að því að vera að flytja okkar mál á alþjóðavettvangi um þessi atriði þar sem það væri niðurstaða úr samningum stórveldanna sem skæri úr. Auðvitað skiptir það máli hver lokaniðurstaðan verður hjá þeim sem hafa vígtólin, stýra þeim og stjórna og framleiða þau, en það er illa komið fyrir smáþjóð ef hún ekki vill nýta rétt sinn á vettvangi þjóðanna til þess að halda fram sínum skoðunum, þeim sem hún telur réttar og leiða til betri stöðu heimsmála. Ég vísa þessum málflutningi því algerlega á bug. Ég vek athygli á því að í þessum tillögum og þá sérstaklega í tillögu Svíþjóðar og Mexíkó er að finna fjölmörg atriði sem mundu bæta stöðu mála stórkostlega ef samþykkt yrðu og framkvæmd. Hér hefur verið bent á af einstökum talsmönnum, t.d. af hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur, að bann við tilraunum með kjarnavopn, væri það framkvæmt, væri það samþykkt af báðum risaveldunum og við það staðið, væri að sjálfsögðu gífurleg framför í sambandi við vígbúnaðarkapphlaupið. Ég minni á það að annað risaveldanna gerði tilraun til þess að koma á samkomulagi um slíkt bann með því að halda að sér höndum í eitt og hálft ár en það var ekki komið til móts við það. Það voru bundnar vonir við að það leiddi til gagnkvæmrar stöðvunar tilrauna með kjarnavopn. Svo var því miður ekki. Bæði risaveldin halda uppi slíkum tilraunum nú neðan jarðar og eru að þróa vopnabúnað, nýjan vopnabúnað m.a. sem tengist geimvopnum.

Það er því ekki frambærilegt að samþykkt á þessum svonefndu frystingartillögum sé spor til baka, þýði í rauninni frystingu vopnanna og hindrun á samkomulagi um afvopnum. Slíkt er gersamlega út í hött. Hæstv. ráðherra afgreiddi í rauninni þetta mál með almennum athugasemdum en vék ekki að einstökum þáttum tillagnanna. Ég tók eftir því í hans málflutningi. (**JBH:** Jú, hann gerði það.) Hann fór um þetta almennum orðum til þess að reyna að slá ryki í augu fólks sem fylgist með þessum málum. Ég gagnrýni það um leið og ég gagnrýni þá niðurstöðu sem hann hefur komist að í þessu máli en hefur enn tækifæri á að breyta því enn mun ekki vera búið að greiða atkvæði um þessi mál á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Virðulegur forseti. Ég hefði ástæðu til þess að víkja hér að mörgum fleiri þáttum en ég ætla ekki, vegna þeirra aðstæðna sem virðulegur forseti hefur minnst á, að hafa þessa ræðu mína öllu lengri.

Ég vil að lokum segja það að sú ríkisstjórn sem nú situr og sem hæstv. utanrrh. situr í var ekki mynduð um neitt einstakt atriði eins og skilja mátti á máli eins hv. þm. Hún var ekki mynduð sérstaklega um utanríkismál eða sérstaklega um atvinnumál. Í hennar verkahring er málasviðið allt, einnig utanríkismál, og hv. þm. Páll Pétursson hefur farið með í sinni ræðu það sem fært var til bókar í þeim efnum á milli stjórnarflokkanna. Þess vegna skiptir meðferð utanríkismála á vegum þessarar ríkisstjórnar mig og aðra sem eru stuðningsmenn stjórnarinnar miklu máli og getur ráðið úrslitum um viðhorf mitt til þessarar ríkisstjórnar alveg eins og er um aðra mikilsverða þætti. Ég minni á það hér um leið og ég heiti á hæstv. ráðherra að hugleiða sitt valdsvið og verksvið og leitast við að gera það með opnum huga og öðru hugarfari og öðrum vinnubrögðum en birst hafa okkur undanfarna daga.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég tel ærna ástæðu til að flytja hv. 2. þm. Austurl. þakkir fyrir að hafa gefið tilefni til þessarar umræðu. Hún var síst af öllu óþörf, á köflum merk og í mínu skamma þingminni með þeim merkari sem hér hafa farið fram. Ég mun virða tilmæli forseta um að draga ekki þessa umræðu mjög á langinn og takmarka athugasemdir mínar við fá atriði.

Í fyrsta lagi: Mér þykir miður að hafa verið borið á brýn að ég hafi ávítað sendimenn Íslands á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Það tel ég mig ekki hafa gert. Ég skýrði frá því að af hálfu utanrrn. hefði þeim verið bréfað að gæta þess betur framvegis að þær ályktunartillögur sem að mati sendinefndarinnar þættu helst flokkast undir álitaefni bærust utanrrn. fyrr en reyndin varð á um nokkrar af þessum tillögum. Þetta eru ekki ávítur. Þetta eru ábendingar um verklag. Ég geri mér fyllilega grein fyrir því þótt ég hafi ekki setið þing hinna Sameinuðu þjóða sem þingmaður eða tekið þátt í störfum þar að við erum fáliðuð, málaflóðið mikið og þeim kann að vera vandi á höndum um þetta. Þetta er ábending um vinnubrögð, að velja úr öllu flóðinu þær tillögur sem ástæða er til að ætla að þarfnist sérstaklega skoðunar.

Í öðru lagi: Mönnum hefur orðið nokkuð tíðrætt um að það séu uppi ólík sjónarmið meðal þeirra flokka sem standa að núv. hæstv. ríkisstjórn í utanríkismálum og ekki mikil tíðindi. Það er rétt. Það eru ólík sjónarmið uppi. Sá ágreiningur var að sjálfsögðu ekki settur niður með því samkomulagi sem tókst um málagrundvöll. Þar settu menn á blað það sem menn höfðu sameinast um. Hver er stefna Íslands á alþjóðlegum vettvangi? Að gæta hagsmuna Íslands að sjálfsögðu. Að reyna eftir fremsta megni að stuðla að vináttu við aðrar þjóðir og stuðla að afvopnun og friði hvar sem við megum. Blandast

nokkrum hugur um að það er sú stefna sem ríkisstjórnin fylgir?

Ég tók eftir því að menn spyrja sem svo: Þýða þessar ákvarðanir, sem hér hafa verið til umræðu, þrjár talsins, að það hafi verið breytt stefnu í utanríkismálum frá tíð fyrri ríkisstjórnar, frá tíð forvera míns í embætti utanrrh.? Mitt svar er nei. Við fylgjum óbreyttri utanríkisstefnu. Hornsteinar hennar eru þátttaka í starfi Norðurlandaráðs þótt þess sé ekki getið í sáttmála af ástæðum sem okkur báðum, mér og Páli Péturssyni, hv. 1. þm. Norðurl. v., er fullkunnugt um. Við tökum þátt í starfi Norðurlandaráðs. Við tökum þátt í starfi Sameinuðu þjóðanna. Við tökum þátt í starfi Atlantshafsbandalagsins. Við tökum þátt í ýmsum öðrum alþjóðlegum samtökum, t.d. á vettvangi efnahagsmála. Og stefnunni hefur ekki verið breytt. Afstaðan gagnvart umræddri tillögu, sem vakið hefur hvað mestar umræður og ástríður, þ.e. spurningunni um einhliða fordæmingu á stefnu Ísraelsríkis, er óbreytt frá því sem hún var í fyrra. Hún er sú hin sama. Þá sat Ísland hjá við tillögu sem var eðlisskyld, svipuð. Og að því er varðar hinar tillögurnar tvær um frystingu kjarnavopna réttlæta þær ekki og standa ekki undir svo stórum orðum að á bak við það standi einhver breyting í utanríkismálum. Mín rök í því máli eru þau að þær tillögur eru tæknilega úreltar. Það er allt og sumt.

Ég sagði áðan að á köflum hefðu þessar umræður verið merkar og ég þykist þess fullviss að það verður eftir þeim tekið, ekki bara í okkar þjóðfélagi heldur víðar. Mér þótti t.d. mjög fróðleg söguleg upprifjun sem fram kom í máli hv. 4. þm. Vestf. um hlut Íslands við stofnun Ísraelsríkis.

Mér þótti líka afar áhugavert og tilefni til íhugunar margt sem fram kom í ræðu hv. 2. þm. Vestf. Einkum var það tvennt og það eru ekki meginatriði málsins. Hver á land, hver er réttur til lands fyrir botni Miðjarðarhafsins? Ég er búinn að lofa virðulegum forseta að lengja ekki mál mitt svo að ég ætla ekki að hafa um það mörg orð. En ég ætla aðeins að segja eitt. Líkingin milli Íslands og Noregs, ef víkingar þeir sem byggja veiðistöð þessa vildu nú fara með landakröfum á hendur Norðmönnum aftur, er ekki rétt af þeirri einföldu ástæðu að hin umdeildu landsvæði Júdea og Samaría, eins og þau heita á biblíumáli, voru ekki í eigu þeirra ríkja sem fóru með ófriði á hendur Ísrael, þ.e. Sýrlendinga og Egypta. Á þessum slóðum hafa gyðingar og arabar byggt land í sameiningu öldum saman og eiga báðir tilkall til landa, en stundum hefur það gerst þegar landnemar nema óbyggt land svo til að þeir ávinna sér rétt til lands með berum höndunum, þess lands sem þeir breyta úr eyðimörk í aldingarð.

En hitt þótti mér þó meginatriði í máli hv. 2. þm. Vestf. þegar hann sagði: Von okkar um jákvæðar aðgerðir til að binda endi á ofbeldisverkin, hatrið, stríðið er því bundin að innan Ísraels heyrist raddir og rísi upp fólk sem skynjar að það verður eitthvað á sig að leggja fyrir friðinn, jafnvel að bjóða land fyrir frið. Og þær raddir hafa heyrst. Tillögur fyrrv. utanríkisráðherra Ísraels, Símonar Peres, tillögur Verkamannaflokksins í Ísrael í því efni vekja von vegna þess að sá flokkur hefur það á stefnuskrá sinni að leita í alvöru eftir samkomulagi við Palestínumenn undir merkjum þess að láta land fyrir frið og öryggi. Og þeir hafa lagt fram tillögur um að fram fari kosningar í Júdeu og Samaríu og Gaza sem leysi deilumálið um PLO þannig að það fáist úr því skorið að Palestínumenn nái því að kjósa sér í kosningum, sem gjarnan mættu fara fram undir eftirliti Sameinuðu þjóðanna, fulltrúa sína til þess að stýra þeirra sjálfstjórnarkröfum og taka þátt í þeim samningum við Ísrael og aðra á jafnréttisgrundvelli. Þessar raddir eru því til og sakar ekki að geta þess að þarna fara fyrir flokki, hv. þm., jafnaðar- og samvinnumenn.

Það er á misskilningi byggt þegar menn segja að það megi ekki draga samasemmerki milli Ísraelsríkis annars vegar og ríkislausra Palestínumanna af því að annars vegar sé hinn ægilegi hernaðarmáttur Ísraelsríkis, en hins vegar varnarlaust fólk. Við skulum gæta að því að í þessum illdeilum eigast við arabaríki grá fyrir járnum með á annað hundrað milljónir íbúa og smáríki sem telur nokkrar milljónir, en hefur orðið að færa þær fórnir að verja um það bil helmingi af fjárlögum sínum á ári hverju, svo að ég tali nú á þingmáli, til þess að tryggja varnir sínar gegn ofurefli, yfirgnæfandi ofurefli.

Virðulegi forseti. Ég læt máli mínu lokið. Ég þakka fyrir þessar umræður. Þær hafa verið fróðlegar, gagnlegar, upplýsandi og þessari samkundu til sóma. Ég tek það jafnframt fram að ég hef ekki enn heyrt þau rök, þó ég hafi hlustað grannt, sem munu sannfæra mig um að breyta þeirri afstöðu sem þegar liggur fyrir.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég þarf ekki langan tíma. Ég verð að játa að ég varð fyrir vonbrigðum með ræðu hæstv. utanrrh., þ.e. niðurstöðu hennar.

Hvað varðar ávítanir til starfsmanna sendiráðsins, sem ég nefndi í minni fyrri ræðu, þá vitnaði ég þar til Dagblaðsins í dag og viðtals við hæstv. utanrrh. og mér er kunnugt um að starfsmenn þar telja sig ekki í neinni skömm, ekki bera neina sök á því að þeir hafi ekki upplýst ráðherra sinn um gang mála á allsherjarþinginu með eðlilegum fyrirvara. Og sem betur fer hafa þær góðu fréttir borist að öll nótt er ekki úti enn. Það var nefnilega ákveðið á allsherjarþinginu að fresta afgreiðslu þessara tillagna. Atkvæðagreiðslan fer ekki fram fyrr en á mánudag svo að það er enn þá tími til þess að breyta um afstöðu.

Ég lít svo á að málefnasamningurinn sem við gengum frá og eigum að starfa eftir sé sú forskrift, utanríkismálakafli hans, sem við treystum utanrrh. til þess að fara eftir og ég nefni einungis tvo punkta sem ég tel að með þessari afgreiðslu, sem hann hefur nú beitt eða hótað að beita á allsherjarþinginu, brjóti hann gegn. Einn liður utanríkismálaályktun-

arinnar er að þessum markmiðum verði m.a. náð með stuðningi við baráttu fyrir mannréttindum hvar sem hún er háð og með því að stuðla að friðsamlegri og bættri sambúð þjóða. Ég tel að til þess að uppfylla þessi skilyrði þurfi utanrrh. að gefa fyrirmæli um það að atkvæði Íslands falli á þann hátt sem það féll í fyrra. Það er annað mál með Ísraelstillöguna vegna þess að það er ný tillaga. Þar hefur hann tækifæri til þess að móta sér stefnu og hann hefði þurft að samræma hana stuðningi við baráttu fyrir mannréttindum hvar sem hún er háð eins og við sögðum svo fagurlega í okkar málefnasamningi.

Spurningin um hvort stefnunni hafi verið breytt eða ekki: Utanrrh. lætur að því liggja að hann hafi ekki breytt stefnunni. Ég get ekki hjá því komist að telja að svo hafi verið. Það eru fleiri í umræðunum sem telja að stefnunni hafi verið breytt. Hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir tók m.a.s. svo til orða að stefnan hefði verið leiðrétt. Mér finnst vafasamt „kompliment" við hæstv. utanrrh. hve sjálfstæðismenn eru ánægðir með afstöðu hans. Það hefði verið betra fyrir okkur alla ef við hefðum komið upp í kór sem berum ábyrgð á honum í utanríkisráðherraembættinu og þakkað honum fyrir hve hann stæði sig vel en ekki stjórnarandstæðingar.

Þessar frystingartillögur eru ekki að mínum dómi úreltar. Það mætti endurbæta þær, það mætti umskrifa þær og það mætti taka inn þætti sem hafa gerst síðan þær voru fyrst festar á blað. Það er svo með flest sem við skrifum að það er alltaf hægt að bæta það, en þær eru ekki úreltar. Það eru í þeim þættir sem eru fyllilega tímabærir og eðlilegt að hamrað sé á. Þó er það ekki meginmálið. Það er hin siðferðilega kúvending sem tekin er með því að rjúfa samstöðu Norðurlanda, ganga úr flokki menningar- og vinaþjóða og slást í för með annars konar liði. Það er það sem er alvarlegast í þessu máli.

Ég ætla ekki að níðast á þolinmæði forseta og þarf ekki öðru við að bæta en því að nú vona ég að ráðherra minn, hæstv. utanrrh., noti þann frest sem hefur gefist, noti þá helgi sem fram undan er til þess að ráðfæra sig í fyrsta lagi við samráðherra sína og aðra ráðholla menn í stjórnarflokkunum, hugsa málið vandlega bæði nótt og nýtan dag og þá er ég viss um að á mánudagsmorgun verður hann tilbúinn með símskeyti til sendinefndar Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum þar sem hann leggur fyrir þá að greiða atkvæði eins og gert var á síðasta allsherjarþingi.

Efnisskrá.

Aðalnámsskrá fyrir grunnskóla (82. mál) 606.
Bjargráðasjóður (28. mál) 696.
Bygging ráðhúss í Reykjavíkurtjörn (34. mál) 606.
Endurskoðun á varnarsamningi Íslands (53. mál) 624, 643, 815.
Ferðaskrifstofa ríkisins (46. mál) 710.
Fjárlög 1989 (73. mál) 725.
Framleiðsla og sala á búvörum (60. mál, greiðslur fyrir sauðfjárafurðir) 651.
Greiðslur fyrir sauðfjárafurðir (43. mál) 700.
Húsnæðisstofnun ríkisins (49. mál, skipting lána milli kjördæma o.fl.) 668.
Iðnráðgjafar (12. mál) 691.
Kaup á erlendum verðbréfum (39. mál) 698.
Lánasjóður íslenskra námsmanna (45. mál) 706.
Lögverndun á starfsheiti fóstra (54. mál) 679.
Námslán (65. mál) 718.
Námslán og námsstyrkir (56. mál, framfærslugrunnur) 667.
Nýtt hús fyrir Alþingi Íslendinga (51. mál) 645, 815.
Olíubirgðatankur á Seyðisfirði (67. mál) 715.
Orlofsdeild póstgíróstofunnar (80. mál) 723.
Sjávarútvegsskóli (66. mál) 720.
Staða list- og verkmenntagreina, heimilisfræða og íþróttakennslu (76. mál) 605.
Staða og rekstur fiskvinnslufyrirtækja (71. mál) 605.
Starfsemi Þróunarfélags Íslands hf. (77. mál) 606.
Stofnlánadeild landbúnaðarins (59. mál, stofnfjárreikningar) 663.
Um þingsköp 642 (framhald fundar í Sþ.); 684 (fjarvera allra forseta Sþ. samtímis).
Umræður utan dagskrár 815 (afstaða utanríkisráðherra á alþjóðavettvangi).
Útflutningsleyfi (75. mál, frjáls útflutningur) 685.
Varamenn taka þingsæti 605.
Þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu (83. mál, undanþága öryrkja frá skatti) 683.
Þriggja fasa rafmagn (44. mál) 703.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Guðrún Helgadóttir 605, 643, 752, 787, 815, 845, 846, 847.
Forseti Nd. Óli Þ. Guðbjartsson 685.
Félmrh. Jóhanna Sigurðardóttir 724, 725.
Fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson 725, 811.
Landbrh. Steingrímur J. Sigfússon 654, 664, 696, 700, 702, 711, 715.
Menntmrh. Svavar Gestsson 707, 709, 719, 721, 723.
Utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson 687, 821, 866.
Viðskrh. Jón Sigurðsson 691, 694, 696, 699, 704, 716, 718.
Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir 663.
Albert Guðmundsson 682, 713, 751, 804, 846.
Alexander Stefánsson 671, 675, 752.
Ásgeir Hannes Eiríksson 624, 644, 645, 649, 651.
Danfríður Skarphéðinsdóttir 656.
Egill Jónsson 651, 659, 663, 666, 695, 700, 702, 703, 786, 795.
Eiður Guðnason 621.
Eyjólfur Konráð Jónsson 632, 838, 845.
Finnur Ingólfsson 679, 683, 708, 718, 720, 722.
Friðjón Þórðarson 696, 697.
Friðrik Sophusson 694, 708, 709, 714, 774.
Geir H. Haarde 624, 698, 700, 791, 847.
Guðmundur Ágústsson 606, 641, 706, 708, 710, 712.
Guðmundur H. Garðarsson 618.
Guðni Ágústsson 703, 705.
Guðrún Agnarsdóttir 634, 859.
Guðrún Helgadóttir 689.
Halldór Blöndal 636, 683.
Hjörleifur Guttormsson 610, 620, 629, 691, 692, 695, 816, 846, 862.
Hrafnkell A. Jónsson 780.
Hreggviður Jónsson 613, 675, 685, 807.
Ingi Björn Albertsson 642.
Jón Kristjánsson 715, 718.
Jón Sæmundur Sigurjónsson 643, 676, 857.
Júlíus Sólnes 633, 648.
Karvel Pálmason 723, 724, 725.
Kristín Einarsdóttir 670, 835.
Matthías Bjarnason 668, 674, 678, 693.
Matthías Á. Mathiesen 713.
Málmfríður Sigurðardóttir 763.
Ólafur G. Einarsson 809.
Ólafur Þ. Þórðarson 615, 622, 684, 846, 854.
Óli Þ. Guðbjartsson 758.
Páll Pétursson 830, 868.
Pálmi Jónsson 672, 677, 744.
Ragnhildur Helgadóttir 842, 846.
Sighvatur Björgvinsson 787.
Skúli Alexandersson 657.
Sólveig Pétursdóttir 617, 682.
Stefán Valgeirsson 607, 620, 802.
Valgerður Sverrisdóttir 656.
Þorv. Garðar Kristjánsson 614, 621, 647, 649, 651, 770, 850.

NEÐRI DEILD

12. fundur, þriðjudaginn 15. nóv., kl. 2 miðdegis.

Getraunir, 2. umr.

Stjfrv., 57. mál (vinningshlutfall o.fl.). — Þskj. 59, n. 93.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um frv. til laga um breyting á lögum um getraunir, nr. 59 frá 29. maí 1972.

Nefndin kallaði til viðræðu um frv. Jón Ármann Héðinsson, stjórnarformann Getrauna hf., Hákon Gunnarsson, framkvæmdastjóra Getrauna hf., Svein Björnsson, formann Íþróttasambands Íslands, og Sigurð Þorsteinsson, framkvæmdastjóra Ungmennafélags Íslands.

Varðandi frv. vill nefndin undirstrika að þessir aðilar, sem fyrir voru kallaðir, voru meðmæltir málinu en eins og fram kom í framsögu ráðherra fyrir frv. eiga þær breytingar sem þarna er um að ræða að gera það kleift að samnýta sölukerfi Íslenskrar getspár og Íslenskra getrauna. Þessi samnýting er mikið hagræði fyrir þá sem taka þátt í íslenskum getraunum og gefur möguleika á áheitum á einstök félög. Einkum er þessi samnýting mikið hagræði úti á landsbyggðinni og gefur jafna möguleika þar til þátttöku við þéttbýlið hér á höfuðborgarsvæðinu.

Þar sem þessi breyting hefur mikinn stofnkostnað í för með sér er lögum um vinningshlutfall breytt þannig að möguleikar eru á því að lækka vinningshlutfall ofan í 40%. Það er sama lágmark og Íslensk getspá hefur í lögum.

Nefndin vill undirstrika það sérstaklega að það kom fram að allur þessi gerningur byggist á fullu samkomulagi rekstraraðila Íslenskrar getspár og Íslenskra getrauna.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt. Sighvatur Björgvinsson var fjarverandi lokaafgreiðslu málsins, en undir nál. skrifa Jón Kristjánsson, Kristín Halldórsdóttir, Geir Gunnarsson, Guðni Ágústsson, Hrafnkell A. Jónsson og Friðjón Þórðarson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Sveitarstjórnarlög, 1. umr.

Frv. KH og ÁrnG, 96. mál (almenn atkvæðagreiðsla). — Þskj. 99.

Flm. (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram frv. til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 8 frá 18. apríl 1986, ásamt hv. þm. Árna Gunnarssyni. Frv. er á þskj. 99. Frumvarpsgreinarnar eru aðeins tvær og hljóðar hin fyrri svo, með leyfi forseta:

„54. gr. laganna orðast svo:

Sveitarstjórn getur efnt til almennrar atkvæðagreiðslu um einstök mál og boðað til almennra borgarafunda um málefni sveitarfélagsins. Til almenns borgarafundar eða sveitarfundar skal boðað með opinberri auglýsingu og skal í henni koma fram hverjir hafi atkvæðisrétt á fundinum ef í ráði er að láta atkvæðagreiðslu fara þar fram.

Í sveitarfélagi með færri en 1000 íbúa er skylt að halda almennan sveitarfund ef fjórðungur atkvæðisbærra manna í sveitarfélaginu óskar þess. Ályktanir slíkra funda eru ekki bindandi fyrir sveitarstjórn.

Sveitarstjórn er skylt að láta fara fram atkvæðagreiðslu um einstök mál ef tíundi hluti kjósenda óskar þess eða þriðjungur sveitarstjórnar. Í sveitarfélögum með færri en 1000 íbúa skal þó miða við fjórðung kosningabærra manna. Slík atkvæðagreiðsla telst bindandi fyrir stjórn sveitarfélagsins ef tveir þriðju hlutar kjósenda taka þátt í henni og skal þá meiri hluti ráða. Atkvæðagreiðslan skal fara fram samhliða næstu almennum kosningum í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn er skylt að fresta framkvæmdum varðandi þau mál er íbúar óska atkvæðagreiðslu um þar til úrslit atkvæðagreiðslu liggja fyrir. Sveitarstjórn getur flýtt atkvæðagreiðslunni, en þó skal hún ekki fara fram fyrr en sex vikur eru liðnar frá því að ósk um hana kemur fram. Um framkvæmd slíkrar atkvæðagreiðslu skal fara skv. III. kafla laga þessara eftir því sem við á."

Síðari greinin hljóðar svo:

„Lög þessi öðlast þegar gildi."

Herra forseti. Þetta þingmál er tæpast með öllu ókunnugt hv. þm. Svipaðar hugmyndir hafa vissulega verið reifaðar hér fyrr þótt ég kunni þá sögu ekki nákvæmlega. Það frv. sem hér um ræðir er nú til umfjöllunar í þriðja sinn svo sem fram kemur í grg.

Fyrst var það til umræðu haustið 1986. Þá var það lagt fram í Ed. Alþingis, en þá sat þar ein af varaþingkonum Kvennalistans, María Jóhanna Lárusdóttir. Hún vann þetta þingmál fyrst og fremst og á heiðurinn af þeirri grg. sem því fylgir. Það var aftur lagt fram á síðasta þingi, þá borið fram af þingkonum Kvennalistans hér í Nd., en þar sem þinginu var hespað nokkuð snögglega af hér á síðasta vori fékk það aldrei aðra umfjöllun en 1. umræðu hér í þingsölum. En það er skylt að geta þess að hæstv. félmrh., sem nú er því miður ekki

viðstödd, tók þátt í þeirri umræðu og taldi frv. allrar athygli vert og lét um það falla vinsamleg orð.

Við kvennalistakonur höfum frá upphafi lagt mikla áherslu á virkt lýðræði og dreifingu valds og ábyrgðar, ekki aðeins í orði heldur einnig á borði. Þessi atriði vega þungt í stefnu okkar og við höfum þau mjög að leiðarljósi í störfum okkar, bæði í innra starfi og út á við, og ætti það að vera ýmsum ljóst og kunnugt eftir margvíslega umfjöllun síðustu daga. Þessi atriði höfum við einnig að leiðarljósi við útfærslu þingmála svo sem fram kemur í því þingmáli sem hér er á dagskrá. Sem annað dæmi má nefna tillögur okkar um framkvæmd fiskveiðistefnu sem til umfjöllunar voru á síðasta þingi, en þar lögðum við til að framkvæmd fiskveiðistefnu lyti almennum reglum en nánari ákvörðun og ábyrgð flutt til byggðarlaganna sjálfra. Og í ljósi síðustu atburða á Suðurnesjum erum við enn sannfærðari en áður um réttmæti þeirra tillagna okkar. Valdið á með öllum ráðum að færa sem næst þeim sem málin brenna á.

Frv. sem hér er nú til umræðu hefur þann tilgang að tryggja aukinn rétt íbúa sveitarfélaga til að hafa áhrif á ákvörðun í einstökum málum. En eins og lögin eru nú er sá réttur í raun mjög takmarkaður. Sumir telja hann jafnvel fótum troðinn á stundum. Með leyfi forseta skal ég nú lesa 54. gr. núgildandi laga sem við leggjum til í þessu frv. að verði breytt. Hún hljóðar svo:

„Heimilt er sveitarstjórn að efna til almennrar atkvæðagreiðslu um einstök mál og að boða til almennra borgarafunda um málefni sveitarfélagsins.

Í sveitarfélagi með færri en 500 íbúa er skylt að halda almennan sveitarfund ef ¼ hluti atkvæðisbærra manna í sveitarfélaginu óskar þess.

Til almenns borgarafundar eða sveitarfundar skal boðað með opinberri auglýsingu og skal þar taka fram hverjir hafi atkvæðisrétt á fundinum ef ætlunin er að atkvæðagreiðsla fari þar fram.

Ályktanir slíkra funda eru ekki bindandi fyrir sveitarstjórn.

Sveitarstjórn getur efnt til almennrar atkvæðagreiðslu í sveitarfélagi eða hluta þess til þess að kanna vilja kosningabærra íbúa um tiltekið málefni. Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar er ekki bindandi um afgreiðslu málsins fyrir sveitarstjórn nema hún hafi fyrir fram ákveðið að svo skuli vera."

Svo sem hv. þm. heyra er hér um fremur máttlitla stoð að ræða fyrir þá sem vilja hafa áhrif á gang mála í sínu sveitarfélagi. Stjórnum sveitarfélaga með innan við 500 íbúa er skylt að halda almennan sveitarfund ef fjórðungur atkvæðisbærra manna óskar þess. Engin slík skylda er lögð á stærri sveitarfélög en stjórnum jafnt stórra sem smárra sveitarfélaga er veitt heimild til þess að efna til almennrar atkvæðagreiðslu um einstök mál og boða til almennra borgarafunda um málefni sveitarfélagsins. Þessi ákvæði eru algjörlega ófullnægjandi og í engu samræmi við yfirlýsingar stjórnmálamanna í öllum flokkum um nauðsyn valddreifingar og virks lýðræðis. Lagaheimild og lagaskylda er sitt hvað og reynslan sýnir að meiri hluti sveitarstjórnar á hverjum tíma telur sjaldnast þörf á því að kanna vilja almennings í einstökum málum jafnvel þótt þau séu augljóslega umdeild í sveitarfélaginu.

Breytingarnar, sem við leggjum til með frv., eru því í fyrsta lagi að miða skyldu sveitarstjórnar til að halda almennan sveitarfund ef fjórðungur atkvæðisbærra manna óskar þess við stærri sveitarfélög en núgildandi lög kveða á um eða allt að 1000 íbúa sveitarfélag í stað 500 íbúa og víkka þar með þennan möguleika til umfjöllunar um einstök málefni á almennum vettvangi. Aðalbreytingin er þó fólgin í því að tryggja rétt íbúa í öllum sveitarfélögum, stórum sem smáum, til að fá fram almenna atkvæðagreiðslu um einstök mál, en í lögunum frá 1986 er aðeins um heimild að ræða fyrir sveitarstjórn og algjörlega í hennar valdi og sömuleiðis í hennar valdi hvort niðurstöður slíkrar atkvæðagreiðslu skulu vera bindandi um afgreiðslu málsins. Þessu viljum við frumvarpsflytjendur breyta og leggjum til svo sem hér segir að sveitarstjórn sé skylt að verða við óskum að lágmarki eins tíunda hluta kjósenda eða þriðjungs sveitarstjórnar um atkvæðagreiðslu um einstök mál. Sömuleiðis að niðurstaða slíkrar atkvæðagreiðslu teljist bindandi fyrir stjórn sveitarfélagsins ef ⅔ hlutar kjósenda taka þátt í henni og svo áfram eins og segir í frumvarpsgreininni sem ég hef nú þegar lesið og hv. þm. hafa fyrir sér á þskj. 99. Að sjálfsögðu er hentugast að tengja slíka atkvæðagreiðslu um einstök mál almennum kosningum en jafnsjálfsagt er að hafa möguleika á því að gera það ekki ef brýnt þykir að fá fram ákvörðun í málinu fyrr.

Í sveitarfélögum gildir nú reglan um fulltrúalýðræði. Allir íbúar í sveitarfélagi sem kosningarrétt hafa, þ.e. eru orðnir 18 ára, eiga rétt á að kjósa menn í sveitarstjórn til fjögurra ára til að fara með stjórn sveitarfélagsins. Hér er um eins konar valdaframsal að ræða frá íbúum sveitarfélags, kjósendum, til sveitarstjórnar. Í stað þess að allir kjósendur taki ákvarðanir og ráði öllum málum fela þeir nokkrum mönnum fullt vald á tilteknu tímabili. Sveitarstjórnarmenn eru þó ekki bundnir af fyrirmælum umbjóðenda sinna í afstöðu sinni til einstakra mála heldur einungis af lögum og sannfæringu sinni eins og segir í 2. mgr. 40. gr. sveitarstjórnarlaganna. Í almennum kosningum er því fyrst og fremst kosið um meginstefnur og hugmyndafræði en ekki einstök mál. Það er oft óhægt um vik fyrir almennan kjósanda að hafa áhrif á einstök málefni. Einkanlega í stórum sveitarfélögum er oft löng leiðin frá kjósanda til fulltrúans og því vafasamt að fulltrúinn taki alltaf afstöðu í samræmi við óskir og vilja umbjóðenda sinna. Það er að okkar dómi mikilvægt að bæta hér um og efla áhrif íbúanna að þessu leyti. Menn getur svo sannarlega greint á við kjörna fulltrúa einhvers flokks um einstakar byggingar, forgangsröð verkefna eða tímasetningu framkvæmda enda þótt þeir séu hjartanlega sammála hugmyndafræði hans og meginstefnu. Fái þeir ekki að láta afstöðu sína í ljós með afgerandi

hætti og þurfi að una því sem þeir skynja oft sem hreina valdbeitingu er viðbúið að þeir endurskoði afstöðu sína til viðkomandi flokks og snúi jafnvel baki við þeirri stefnu sem í raun stendur þeim næst.

Nú hefur það lengi þekkst hér á landi í fámennari sveitarfélögum að haldnir séu svonefndir borgarafundir, eða sveitarfundir, til að kynna íbúum málefni sveitarfélagsins almennt, svo sem í tengslum við afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar eða til að leita álits þeirra í einstökum málum. Hafa íbúar smærri sveitarfélaga haft lagalegan rétt til að óska eftir slíkum fundum, bæði samkvæmt eldri og núgildandi lögum. En ekkert ákvæði er í lögum sem tryggir rétt íbúa hinna stærri sveitarfélaga til að hafa áhrif á ákvarðanir sveitarstjórnar í einstökum málum, nema að því er varðar áfengisútsölur og sameiningu sveitarfélaga.

Ég las áðan 54. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga þar sem það nýmæli er að sveitarstjórn skuli heimilt að efna til almennrar atkvæðagreiðslu í sveitarfélaginu um einstök mál. Þótt ekki hafi verið um þetta ákvæði í lögum fyrr en nú hefur jafnan verið talið að sveitarstjórn væri heimilt að efna til almennrar atkvæðagreiðslu eða skoðanakönnunar meðal íbúa, kjósenda sveitarfélags, til að kanna afstöðu til einstakra mála. Slíkar skoðanakannanir hafa farið m.a. fram um hundahald, um fasteignakaup og nafnbreytingar á sveitarfélagi og er því í rauninni ekki nein nýjung á ferðinni í 54. gr., heldur er þar kveðið nánar á um heimild sveitarstjórnar sem hún hefur haft í raun.

Í stjórnlagafrumvarpi því sem Gunnar Thoroddsen flutti hér vorið 1983 og í skýrslu stjórnarskrárnefndar frá sama tíma er kveðið á um rétt íbúa sveitarfélags til að óska eftir atkvæðagreiðslu um málefni sveitarfélagsins og er það nýmæli skýrt með því að þar sé verið að tryggja lýðræðisleg réttindi íbúanna og auka þau. Þar segir enn fremur að svipaðar heimildir hafi gefið góða raun, m.a. í Bandaríkjunum og Sviss. Þær hugmyndir sem hér koma fram eru því ekki nýjar af nálinni eins og ég tók fram fyrr í máli mínu.

Þegar þetta frv. var til 1. umr. í efri deild í októberlok 1986 urðu margir þar til þess að láta í ljós álit sitt og voru yfirleitt hlynntir meginstefnu þess og markmiði, en vildu þó hafa nokkurn vara á. Sumir töldu reyndar ekki nauðsynlegt að lögfesta þennan rétt manna til að fá fram atkvæðagreiðslu. Þessi afstaða virtist tilkomin vegna trúar á sanngirni og virðingu sveitarstjórnarmanna almennt fyrir skoðunum umbjóðenda sinna. Nú er ekki ólíklegt að sú trú hafi beðið nokkurn hnekki á þeim mánuðum sem liðnir eru síðan sú umræða fór fram. Einnig gætti meðal þátttakenda í umræðunum ótta við að framkvæmd þessarar lagagreinar yrði þung í vöfum, hún yrði tímafrek og kostnaðarsöm. Reyndar lét einn hv. þm. jafnvel í ljós í þessum umræðum að slíkar uppákomur eins og þarna væri boðið upp á væru leiðinlegar og vitnaði þar til reynslu sinnar af atkvæðagreiðslum um áfengismál og af prestskosningum. Þessar umræður eru annars skjalfestar í 3. hefti Alþingistíðinda 1986, og ég bendi hv. þingmönnum á að kynna sér þær.

Herra forseti. Ég hef nú gert grein fyrir tilgangi og markmiði frv. og er ekki miklu við það að bæta. Ég vil þó að lokum minna á að hv. þm. þekkja vafalaust mörg mál sem fengið hefðu aðra umfjöllun á sínum tíma ef þessi ákvæði hefðu verið í lögum. Nærtækasta dæmið er auðvitað ráðhúsmálið í Reykjavík. Átökin um það stóðu mánuðum saman og skammt er að minnast nýlegra umræðna um það hér inni á Alþingi. Stór hópur fólks með sundurleitar stjórnmálaskoðanir hefur reynt með öllum tiltækum ráðum að hnekkja ákvörðun meiri hluta borgarstjórnar um byggingu ráðhúss við Tjörnina og í Tjörninni og það fer ekkert á milli mála að þessum hópi finnst meiri hluti borgarstjórnar hafa misbeitt valdi sínu og sýnt umbjóðendum sínum tillitsleysi og lítilsvirðingu. Á skömmum tíma á sl. vetri söfnuðust undirskriftir 10 þúsund borgarbúa gegn ráðhússbyggingunni. En þessi fjöldi hefði nægt til þess að fá fram almenna atkvæðagreiðslu um málið ef frv. það sem hér er til umræðu hefði verið orðið að lögum. Nú skal engum getum leitt að því hvernig sú atkvæðagreiðsla hefði farið, enda er það ekki meginmálið, en allténd hefðu þá allir fengið tækifæri til þess að segja hug sinn og hafa áhrif á gang málsins og þá betur getað sætt sig við endanlega niðurstöðu.

Það er auðvitað satt og rétt að lýðræði kostar oft tíma og það getur kostað bæði fyrirhöfn og fjármuni í framkvæmd, og það getur jafnvel kostað leiðindi eins og einn þingmannanna benti á þegar frv. var til umræðu í efri deild fyrir tveimur árum. Þetta verð hljótum við hins vegar að greiða. Valddreifing og samábyrgð er krafa samtíðarinnar. Við eigum öll rétt á að vera virkir þátttakendur í mótun umhverfis okkar og daglegs lífs, ekki aðeins þolendur. Æðsta valdið á heima hjá almenningi.

Að lokinni umræðu um þetta mál legg ég til að því verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til félmn. með 22 shlj. atkv.

Skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, 1. umr.

Frv. GGÞ og IBA, 35. mál (vörukaupalán). — Þskj. 37.

Flm. (Guðmundur G. Þórarinsson):

Herra forseti. Ég hef ásamt hv. þm. Inga Birni Albertssyni lagt hér fram á þskj. 37 frv. til laga um breytingar á lögum nr. 63 frá 31. maí 1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, með síðari

breytingum. Frv. þetta var lagt fram á síðasta þingi en varð þá ekki útrætt.

Frv. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. gr. 1. og 2. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Ekki mega opinberir aðilar né einkaaðilar semja um að taka lán erlendis nema með samþykki ríkisstjórnar. Til lána telst í þessu sambandi einnig hvers konar greiðslufrestur á þjónustu, svo og leigusamningar. Greiðslufrestur á vörum fellur ekki undir þetta ákvæði.

Viðskiptaráðuneytið setur, að höfðu samráði við Seðlabankann, reglur um erlendar lántökur.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Það sem hér er um að ræða er að rýmka heimild til greiðslufrests á innflutningi á vörum. En með lögum nr. 63 frá 1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, ásamt tilheyrandi reglugerðum, er kveðið á um að vörur megi ekki flytja til landsins nema greiðsla hafi verið innt af hendi eða tryggð með öðrum hætti, svo sem með lántöku eða greiðslufresti. En í þessu frv. er með vörum einnig átt við vélar og tæki. Um þetta mál hefur talsvert verið rætt á undanförnum missirum og flestir sem hafa kynnt sér þetta mál eru þeirrar skoðunar að það fyrirkomulag sem hér er um að ræða hafi í för með sér bæði aukinn kostnað og óhagræði miðað við það fyrirkomulag sem tíðkast í öðrum löndum.

Það munu einfaldlega ekki til þess dæmi, eftir því sem flm. hafa kynnt sér, að fyrirkomulag sem þetta ríki með þjóðum, a.m.k. ekki þjóðum sem eru á svipuðu stigi viðskipta- og menningarlega og Íslendingar telja sig vera. Í þessu sambandi er sérstaklega rétt að ítreka og benda á að hér er um að ræða mjög takmarkaða rýmkun á heimildum til erlendrar lántöku. Hér er ekki talað um að rýmka varðandi lántöku vegna þjónustu- eða leigusamninga eða erlendrar lántöku almennt, heldur er eingöngu um að ræða vöruinnflutning. Rök í þessu sambandi eru fyrst og fremst þau að flm. telja ákaflega óeðlilegt að íslensk stjórnvöld taki að sér að sjá um viðskipti íslenskra manna við erlenda á þennan hátt. Þess eru ekki dæmi að íslenskir útflytjendur geti fengið erlend yfirvöld til þess að tryggja sér greiðslur á sama hátt og hér er gert. Það er óeðlilegt að íslenskur aðili sem pantar eða kaupir vöru frá Jensen í Danmörku geti ekki átt við hann nein viðskipti fyrr en íslenskum stjórnvöldum hefur verið gerð grein fyrir því að greiðsla hafi farið fram.

Ef litið er aftur í tímann munu menn hafa hugsað það svo að lög þau sem hér um ræðir ættu að tryggja að aðhald yrði nokkuð að þenslu og innflutningi í landið. Þeir sem söguna kynna sér sjá þó að um það er ekki að ræða og hafa þessi lög auðvitað reynst haldlítil að því er lýtur að innflutningi og þenslu. Á síðasta ári jókst til að mynda innflutningur um 33% og viðskiptahalli við útlönd var mjög mikill. Landið er yfirfullt af hvers konar varningi og það er kaupmáttur í landinu og aðstæður inni í landinu sem ráða því hvort hann selst eða ekki. Hins vegar er alveg ljóst að þetta fyrirkomulag sem við höfum, og mun einsdæmi meðal þróaðra landa, eykur mjög á kostnað. Það hækkar vöruverð. Eins og allir vita eru vörur fluttar til landsins og liggja hér á hafnarbakka þar til innflytjandi getur innt greiðslur af hendi í samræmi við lög og reglur. Þetta þýðir að verulegt magn af vörum liggur hér hverju sinni á hafnarbakka.

Þetta þýðir í fyrsta lagi að greiðslufrestur erlendra framleiðenda og seljenda er ekki nýttur og kemur þess vegna ekki að notum við lækkun vöruverðs. En í mörgum tilvikum er hér um að ræða greiðslufrest án vaxta þar sem vörur liggja tvo til þrjá mánuði á hafnarbakka, eða jafnvel lengur, en sem kemur engum að notum.

Í öðru lagi hefur þetta fyrirkomulag leitt til þess að hér á landi hefur víða verið komið upp viðamiklum vörugeymslum. Geymslukostnaður er mikill á hafnarbakka sem leggst ofan á vöruverð. Fjárfesting er mikil í þessum geymslum og vinnuafl við geymslur, umsjón, eftirlit og jafnvel tjón hækka vöruverð. En ekki bara það heldur er það jafnframt svo, sem flestir vita, að smásölukaupmenn greiða innflytjendum og framleiðendum gjarnan með svokölluðum vöruvíxlum. Heildsalar og innflytjendur selja þessa víxla í banka í því skyni að afla fjár til að leysa út nýjar sendingar. Bankar kaupa þessa vöruvíxla á gengi og eru þessi viðskipti eins og séð hefur verið í blöðum að undanförnu mjög dýr. Raunvextir af víxlum eru mjög háir. Eðlilega leggst þessi kostnaður ofan á vöruverð þannig að á sama tíma og lán hins erlenda framleiðanda eða seljanda nýtast ekki er í gangi hér og uppbyggt vörukaupavíxlakerfi sem er umfangsmikill þáttur í starfsemi íslenskra banka og e.t.v. ein skýringin á útþenslu bankakerfisins. Samdráttur í þessu vöruvíxlakerfi væri bein afleiðing ef lögunum yrði breytt í samræmi við þetta frv. Það mundi því þýða bæði samdrátt í kerfi bankanna og lækkun vöruverðs.

Nú er talið að um 70% af heildarinnflutningi íslensku þjóðarinnar falli þegar undir heimiluð vörukaupalán. Á bannlista eru nú aðallega matur, fatnaður, heimilistæki og slíkt. En álitið er að í u.þ.b. helmingi tilvika af þessum 70% innflutningi sé lánsheimildin nýtt. Ef reynt er að meta þetta í tölum kemur í ljós að árið 1987 var heildarinnflutningur um 61 milljarður króna, þannig að 30% innflutningsins, þ.e. sá hluti sem ekki nýtur vörukaupalánanna, nemur um 18,3 milljörðum kr. Ef miðað er við að sama regla gilti um þessi 30% og gildir í reynd um 70%, þ.e. að heimildin sé notuð á helming, er hér um að ræða 9 milljarða kr. Og ef menn líta svo á að um væri að ræða þriggja mánaða greiðslufrest er heildarupphæðin sem um er að ræða um 2,2 milljarðar, en líklega tæki 1–2 ár að ná þessari upphæð. Seðlabankinn hefur metið að þessi upphæð gæti legið einhvers staðar á bilinu 1–4,7 milljarðar kr. Þess vegna er ljóst að röksemdir varðandi það að lögin verki sem stýritæki vegna erlendrar lántöku og þenslu standast tæpast þar sem 70% af innflutningnum er þegar laus við þessi lög samkvæmt sérstökum

reglugerðum.

Það er ákaflega erfitt að meta hvort þensluáhrif fyrst í stað yrðu einhver af þessu. Mér sýnist nú að þau séu afar lítil. Og eins og þjóðlífið stefnir nú, þar sem samdráttareinkenni eru að verða augljós, hygg ég að menn þurfi síður að óttast það. Enda hafa menn ekki velt áhrifum á peningamarkaðinn eða peningamagn í umferð að undanförnu fyrir sér þegar menn hafa heimilað kaupleigustarfsemi, sem ég tel reyndar mjög þarfa starfsemi í þessu þjóðfélagi, notkun greiðslukorta og ekki síst notkun greiðslukorta erlendis, sem er orðin mjög mikil, yfirdráttarheimildir sem heimilaðar hafa verið á ávísanareikningum o.s.frv. Ef menn skoðuðu þær upphæðir sem um er að ræða hygg ég að menn komist að þeirri niðurstöðu að ekki er verið að tala um stórar tölur þegar allt kemur til alls.

Það er ákaflega þýðingarmikið að ef þessi greiðslufrestur erlendra seljenda og framleiðenda er nýttur, sem eru vafalaust með ódýrustu lánum sem hægt er að fá, gæti þrýstingur minnkað mjög á lánsfjármarkaði innan lands og vextir lækkað. Eða menn gætu sparað sér erlend lán sem svara því sem þarna er um að ræða. Hið úrelta kerfi sem við lýði er á Íslandi, og varðar afskipti ríkisvalds af viðskiptum íslenskra og erlendra aðila við vöruinnflutning til landsins, er auðvitað ekkert annað en leifar af gömlu hafta- og stýrikerfi. En þetta kerfi hefur leitt af sér ýmiss konar óhagræði og óarðbæra starfsemi í þjóðfélaginu, eins og hér hefur áður verið drepið á. Má þar nefna ofþenslu eða ofvöxt í vörugeymslukerfi flutningsaðila og vöruvíxlakaupakerfi banka, auk þess sem það veldur hækkun á vöruverði.

Þegar Alþingi breytti á sínum tíma ákvæði í lögunum nr. 63 frá 1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, á þann veg að ekki þyrfti staðfestingu gjaldeyrisbanka svo að tollafgreiða mætti vöru voru flestir þeirrar skoðunar að verið væri að breyta lögunum á þann veg sem þetta frv. leggur til. Svo var þó ekki og mun mörgum ef ekki flestum hafa komið það á óvart. Frv. sem hér er til umræðu er skref í átt að meiri fríverslun og aðlögun að viðskiptaháttum helstu viðskiptaþjóða okkar. Hér er um að ræða mikilvægt skref í aðlögun að þróun innan Evrópubandalagsins.

Það er e.t.v. ekki úr vegi og í tengslum við þetta mál að geta þess að einmitt á þessu ári eru 200 ár liðin frá því að einokunarverslun Dana var aflétt. Ef menn líta á þróun verslunar frá þeim tíma með öllum þeim innflutningshöftum, einhliða verðákvæðum konungs og ákvörðunum sem teknar voru og talin miða að því marki að halda niðri óeðlilegum innkaupum og lántöku, hygg ég að flestar þær ákvarðanir verði broslegar þegar litið er yfir þær nú. Nú hefur verðlagning þróast mjög í frjálsræðisátt og samkeppni orðið virkari þó að um tímabundin áhrif sé að ræða nú þegar verðstöðvun er í landinu.

Ég held að það sé mjög mikilvægt að þingmenn geri sér grein fyrir því að það fyrirkomulag sem fyrir er í landinu og þau lög sem í gildi eru um innflutning á vöru eru í reynd ekkert annað en leifar af gömlu hafta- og stýrikerfi.

Að svo mæltu, herra forseti, legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn. að lokinni þessari umræðu.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér liggur frammi frv. til laga um breytingu á lögum nr. 63 frá 1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála. Flm. eru hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson og Ingi Björn Albertsson. Ég vil lýsa stuðningi mínum við frv. sem ég tel mjög tímabært. Það felur í sér mikla og góða breytingu á utanríkisverslun okkar. Eins og hv. 1. flm., Guðmundur G. Þórarinsson, kom hér inn á í ræðu sinni eru í frv. mörg og mikilsverð atriði til bóta.

Ég vil minna á að afskipti stjórnmálaafla vegna þessara hafta hafa oft á tíðum ýtt undir hrossakaup, okurstarfsemi og miður heppilega milliliði sem hafa með vörukaupum hagnast á þessum höftum. Það er nokkuð ljóst, eins og ég kom inn á í ræðu í síðustu viku, að þessar viðskiptahömlur eru síðustu leifar af selstöðuversluninni og afskiptum Dana af okkar verslunarháttum. Ég tel óþarft að vernda erlenda verslun með þeim hætti sem hér er gert og andstætt hugmyndum fríverslunarmanna. Með þessum breytingum mundi miklum þunga létt af bankakerfinu og áhættan af vanefnd kaupenda leggjast á erlenda aðila í stað innlendra. Það er því kominn tími til að þessi breyting nái fram að ganga. Það mundi þýða lægra vöruverð og á margan hátt miklu hagstæðari útkomu fyrir þjóðfélagið í heild þar sem fjármagnskostnaði yrði velt yfir á erlenda seljendur og við mundum losna við að greiða hann í vöruverði.

Það er ekki nokkur vafi á því að þetta mundi þýða mikinn sparnað fyrir alla aðila, minna rými yrði tekið undir vörugeymslur og við mundum fá miklu betri verslun í landinu. Ég fagna því frv. og vona að það fái skjóta og góða afgreiðslu hér á hinu háa Alþingi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

SAMEINAÐ ÞING

14. fundur, mánudaginn 21. nóv., kl. 2 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Borist hafa tvö bréf, dags. 21. nóv. 1988. Hið

fyrra er svohljóðandi:

„Skúli Alexandersson, 4. þm. Vesturl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég get ekki sinnt þingstörfum næstu tvær vikur vegna sérstakra anna, m.a. við undirbúning að málarekstri við sjútvrn., óska ég eftir því að varamaður taki sæti á Alþingi í forföllum mínum. Vegna óhjákvæmilegra starfa 1. varamanns Alþb. í Vesturlandskjördæmi nú er óskað eftir að 2. varamaður, Ólöf Hildur Jónsdóttir, Grundarfirði, taki sæti í minn stað."

Þetta er yður hér með tilkynnt, hæstv. forseti, og jafnframt farið fram á rannsókn kjörbréfs í Sþ.

Guðrún Agnarsdóttir,
forseti Ed."

Með þessu bréfi fylgir skeyti Gunnlaugs Haraldssonar á Akranesi þar sem hann tilkynnir að hann geti ekki tekið sæti á Alþingi vegna óhjákvæmilegra starfa nú um stundir.

Hið síðara bréf hljóðar svo:

„Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að vegna forfalla 1. varamanns taki 2. varamaður Alþb. í Norðurl. v., Unnur Kristjánsdóttir iðnráðgjafi, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, hæstv. forseti, og jafnframt farið fram á rannsókn kjörbréfs í Sþ.

Kjartan Jóhannsson,
forseti Nd."

Með þessu bréfi fylgir skeyti Þórðar Skúlasonar á Hvammstanga þar sem hann tilkynnir að hann geti ekki tekið sæti á Alþingi vegna annríkis á næstunni.

Samkvæmt þessum bréfum og samkvæmt 4. gr. þingskapa ber nú kjörbréfanefnd að prófa kjörbréf Ólafar Hildar Jónsdóttur, 2. varamanns Alþb. í Vesturlandskjördæmi, og Unnar Kristjánsdóttur, 2. varamanns Alþb. í Norðurl. v., og verður gert hlé á fundinum á meðan. — [Fundarhlé.]

Frsm. kjörbréfanefndar (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Kjörbréfanefnd hafa borist tvö erindi, annars vegar kjörbréf 2. varaþingmanns Alþb. í Norðurlandskjördæmi vestra, Unnar Kristjánsdóttur, er taki sæti 4. þm. Norðurl. v., Ragnars Arnalds, og hins vegar kjörbréf 2. varaþingmanns Alþb. á Vesturlandi, Ólafar Hildar Jónsdóttur, er taki sæti 4. þm. Vesturl., Skúla Alexanderssonar. Kjörbréfanefnd hefur rannsakað þessi kjörbréf og leggur til að þau verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Kjörbréf Ólafar Hildar Jónsdóttur samþ. með 34 shlj. atkv.

Kjörbréf Unnar Kristjánsdóttur samþ. með 38 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Nýtt álver við Straumsvík.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vildi vekja athygli á því að í byrjun þessa þings eða nánar tiltekið þann 12. okt. var útbýtt frá mér fsp. til iðnrh. um undirbúning að nýju álveri við Straumsvík og óskað eftir skriflegu svari. Ég hef ekki fengið neitt skriflegt svar við þeirri fsp. enn þá. Það stendur í 31. gr. þingskapa, með leyfi forseta: „Ef óskað er skriflegs svars sendir ráðherra forseta það að jafnaði eigi síðar en sex virkum dögum eftir að fsp. var leyfð." Ég hef einu sinni spurt ráðherra eftir því hvernig gengi með þetta svar. Fékk ég þau svör fyrir tveim eða þrem vikum að það hlyti að fara að koma. Ég vildi aðeins vekja athygli forseta á þessu og vil spyrja hvaða skýringar séu á þessum drætti.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill upplýsa hv. þm. um að svarið hefur borist og er að ég hygg að finna í pósthólfi þingmannsins. Forseti undirritaði bréf þar um í morgun.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Mér sýnist að það hafi orðið verulegur dráttur á að hæstv. iðnrh. veitti svör við þeirri fsp. sem hér var nefnd af hálfu hv. 12. þm. Reykv. Jafnframt tilkynnti virðulegur forseti í byrjun fundar að hér ætti að fara fram á þessum degi, á þessum fundi eða utan fundar, umræða utan dagskrár um það efni nákvæmlega sem spurst var fyrir um af hv. 12. þm. Reykv. í byrjun þings. Hér er verið að spyrja um sundurliðað á þessu þingskjali margar grundvallarupplýsingar frá hæstv. ráðherra varðandi undirbúning að nýju álveri í Straumsvík og mér finnst vera mjög einkennilegt ef teknar eru upp utan dagskrár í þinginu umræður um mál sem eru á dagskrá þar sem er þessi fsp. frá hv. 12. þm. Reykv. Mér finnst eðlilegt að umræða um þetta efni utan dagskrár fari ekki fram fyrr en útbýtt hefur verið svari hæstv. ráðherra við þeirri fsp. í mörgum liðum sem liggur fyrir um undirstöðuþætti þessa máls.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill upplýsa í fyrsta lagi að þegar umræðan utan dagskrár var leyfð var ekki ljóst að svarið við fsp. hv. 12. þm. Reykv. kæmi fram í dag, enda hygg ég að það hafi engin áhrif á leyfi til utandagskrárumræðu. Það voru engar forsendur til þess að hafna þeirri beiðni og fer hún að sjálfsögðu fram.

Drengskaparheit unnið.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ólöf Hildur Jónsdóttir og Unnur Kristjánsdóttir hafa ekki tekið sæti á Alþingi. Þeim ber því nú skv. 2. gr. þingskapa að vinna drengskaparheit að stjórnarskránni.

Ólöf Hildur Jónsdóttir og Unnur Kristjánsdóttir undirrituðu drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ólöf Hildur Jónsdóttir og Unnur Kristjánsdóttir hafa undirritað drengskaparheit um að halda stjórnarskrána. Þær eru boðnar velkomnar til starfa á Alþingi.

Umræður utan dagskrár.

Afgreiðsla bráðabirgðalaga ríkisstjórnarinnar um efnahagsaðgerðir.

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegur forseti. Hinn 28. september sl. var mynduð sú ríkisstjórn sem nú situr. Aðstandendur hennar leyfðu sér aðeins örskamman tíma til þess að leggja grunn þess samstarfs og hefðu sennilega betur viðhaft heldur minna írafár ef marka má margvíslega uppúrsuðu og sendingar undanfarna daga og nægir þar að minna á hvöss orðaskipti og yfirlýsingar vegna furðulegra vinnubragða hæstv. utanrrh. í atkvæðagreiðslu á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, svo og sókn og vörn í álversmáli sem við fáum umræður um hér á eftir.

En mönnum lá mikið á að mynda stjórnina, að því er sagt var til þess að hindra hrun útflutningsatvinnuveganna, og þótt örfáir dagar væru til þingsetningar lét hæstv. ríkisstjórn verða sitt fyrsta verk að setja bráðabirgðalög, nokkuð sem alþýðuflokksmenn og alþýðubandalagsmenn hafa sýknt og heilagt gagnrýnt þegar þeir eru utan ríkisstjórnar, bráðabirgðalög sem höfðu m.a. að geyma áframhaldandi launafrystingu, slökun á verðlagsbindingu og ákvæði um alræmdan Atvinnutryggingarsjóð.

Þessi bráðabirgðalög hafa nú verið til meðferðar í þinginu alveg frá þingbyrjun og sér ekki enn fyrir endann á umfjöllun þeirra í fyrri deild. Slíkur seinagangur í umfjöllun á staðfestingu bráðabirgðalaga hefur vissulega oft verið látinn viðgangast vegna þess einfaldlega að menn hafa gefið sér niðurstöðuna miðað við stuðning stjórnarinnar á Alþingi. Nú eru aðstæður aðrar og engan veginn gefið að þessi bráðabirgðalög hljóti blessun Alþingis. Því miður eru reyndar líkur til þess að launafrystingin gangi í gegn þar eð sjálfstæðismenn geta tæpast afneitað því sem þeim þótti réttmætt fyrr á þessu ári og ekki þarf að fjölyrða um aðra sem fyrr á tímum töluðu fjálglega um helgan rétt launafólks en hafa nú gleypt öll stóru orðin um þau mál. Ríkisstjórnin þarf því vart að óttast mótatkvæði frá meiri hluta Alþingis hvað þessi ákvæði varðar.

Öðru máli gegnir með ákvæðin um Atvinnutryggingarsjóð sem allir þingflokkar stjórnarandstöðu hafa mikið við að athuga svo sem fram kom við 1. umr. málsins í Ed. Ég leyfi mér að fullyrða að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki nokkra einustu tryggingu fyrir því að bráðabirgðalögin, og þá sérstaklega ákvæðin um Atvinnutryggingarsjóðinn, verði afgreidd óbreytt frá Alþingi og ég vil sérstaklega minna á andstöðu okkar kvennalistakvenna við ákvæði um að fjármagna þennan sjóð með framlögum úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Þrátt fyrir þessa óvissu situr nú umboðsmaður ríkisstjórnarinnar í skrifborðsstóli sínum inni í Byggðastofnun og tekur á móti pöntunum í ímyndað fé þessa umdeilda sjóðs sem m.a. margir forkólfar atvinnulífsins hafa efasemdir um. Og það sem meira er og vekur mestar áhyggjur: stjórn hins svonefnda Atvinnutryggingarsjóðs hyggst hefja útdeilingu þessa fjár innan fárra daga samkvæmt fréttum í fjölmiðlum.

Ég endurtek það, virðulegi forseti, að ríkisstjórnin ætlar, að því er virðist blygðunarlaust, að láta sérlegan starfsmann sinn og skömmtunarstjóra hefja útdeilingu fjár svo hundruðum milljóna skiptir nú á næstu dögum úr sjóði sem óvíst er að Alþingi leggi blessun sína yfir í þeirri mynd sem hann birtist í bráðabirgðalögunum. Þetta er að mínum dómi, virðulegi forseti, og ég get nú farið að ljúka máli mínu, óvirðing við Alþingi. Og ég spyr hæstv. forsrh. hvaða tryggingu hann hafi fyrir því að bráðabirgðalögin verði samþykkt óbreytt frá Alþingi, hvort honum finnist ekki ástæða til þess að fara fram á að afgreiðslu málsins verði hraðað hér í þinginu til að fá úr því skorið sem fyrst hvern stuðning þau hafa eða hvort einstökum ákvæðum þeirra verði breytt og hvort hann telji ekki rétt að bíða með útdeilingu fjár þar til séð verður hvernig Alþingi afgreiðir málið.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Ríkisstjórnin hefur enga tryggingu fyrir því að bráðabirgðalögin verði samþykkt óbreytt hér á hinu háa Alþingi. Við vitum að sjálfsögðu um stuðning þeirra þingmanna sem ríkisstjórnina opinberlega styðja.

Ég vil í öðru lagi vekja athygli á því sem svar við annarri spurningu að ríkisstjórnin lagði fram, eða ég fyrir hennar hönd, bráðabirgðalögin strax í upphafi þings. Ég vildi ekki á nokkurn máta tefja að þau fái skjóta afgreiðslu. Þau eru nú í höndum þingnefndar í Ed. og það er ekki á mínu valdi að hraða starfinu þar. Ég hef svo sannarlega ekki nokkurn skapaðan hlut á móti því, en nefndin verður að meta sjálf hvað hún þarf að afla sér ítarlegra upplýsinga um þau mál sem þarna er um að ræða.

Um Atvinnutryggingarsjóðinn er það að segja að mikið af umsóknum hefur borist inn, um 50 talsins var mér sagt nýlega. Þessar umsóknir hafa verið metnar og unnar af Byggðastofnun. Mjög er þrýst á að byrjað verði að afgreiða þessar umsóknir, ekki aðeins af fyrirtækjunum sjálfum heldur af mörgum lánastofnunum sem hafa dregið að ganga til ákveðinna aðgerða gagnvart slíkum fyrirtækjum. Ég hef að sjálfsögðu ekki haft afskipti af því hvenær verður byrjað að afgreiða umsóknir, en mér skilst að það geti orðið í þessari viku og ég mun ekki tefja það á nokkurn máta.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Ef hv. 10. þm. Reykn. Kristín Halldórsdóttir hefði óskað eftir upplýsingum um hvernig vinna við þetta mál stæði í nefndinni voru nú hæg heimatökin hjá henni að leita til síns þingflokksformanns, hv. þm. Danfríðar Skarphéðinsdóttur sem situr sem áheyrnarfulltrúi í nefndinni, í stað þess að hlaupa hér upp í ræðustól og fara m.a. að spyrja um það mál. Ég skal segja hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur að vinna við þetta frv. gengur eftir áætlun. Það hefur verið óskað eftir því að a.m.k. 15 aðilar komi til fundar við nefndina. Nokkrir þeirra hafa þegar komið og á fund nefndarinnar nk. miðvikudagsmorgun verða boðaðir fulltrúar Sambands fiskvinnslustöðva, hraðfrystiiðnaðarins, Sölusambands ísl. fiskframleiðenda, fulltrúar lagmetisframleiðenda, Sambands rækjuvinnslustöðva, Landssambands ísl. útvegsmanna og Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins. Ef hv. þm. hefði óskað frekari upplýsinga um störf nefndarinnar eða lætur að því hér liggja að þau séu ekki með eðlilegum hætti, þá vil ég bara geta þess að það hafa engar athugasemdir komið fram frá áheyrnarfulltrúa Kvennalistans í fjh.- og viðskn. Ed. um hvernig vinnubrögðum við þetta frv. hefur verið háttað. Það hefur allt verið í góðu samráði í nefndinni og enginn ágreiningur gerður þar um eins og ég hygg að aðrir nefndarmenn geti hér vottað.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég vil fyrst gera athugasemd við það að nefndarmönnum fjh.- og viðskn. Ed. var ekki gert aðvart um að þessi utandagskrárumræða færi fram sem mér hefði þótt eðlilegt eins og á stendur. Ég get vel tekið undir það, sem hv. 3. þm. Vesturl. segir hér, að ekki hefur orðið ágreiningur um það í fjh.- og viðskn. hvernig staðið verði að vinnubrögðum í sambandi við þetta frv., enda hefur tíminn verið naumur síðan nefndin fékk málið til meðferðar og eins og við vitum féll öll vinna niður í þinginu í síðustu viku þannig að það var ekki við því að búast í þessari nefnd frekar en öðrum að hægt væri að vinna neitt og er vissulega ástæða til þess að gagnrýna það hér og nú hversu illa ríkisstjórnin hefur staðið einmitt að því að leggja þingmál fyrir þingið, hversu verkstjórnin í ríkisstjórninni og verkstjórnin í þinginu hefur verið léleg. Það er eins og það sé enginn verkstjóri í ríkisstjórninni. Og ekki aðeins hefur það komið fram í slappri málafylgju ríkisstjórnarinnar hér, slappri stjórn á þingmálum, heldur hefur það líka komið fram í því að það er mjög slappleg stefnumörkunin hjá ríkisstjórninni sjálfri. Þannig heyrði ég t.d. um það í fréttum nú að hæstv. forsrh. hefði í hyggju að breyta uppbyggingu Atvinnutryggingarsjóðsins þannig að hann ætli sér að hafa ríkisábyrgðir á öllum þeim skuldabréfum sem Atvinnutryggingarsjóðurinn gefur út. En það getur raunar verið að blaðamenn hafi misskilið það sem hæstv. forsrh. hefur sagt um þetta eða jafnvel ég blaðamennina því að það misskilja svo margir alla sem eru í kringum hæstv. forsrh., heyra í honum eða heyra frá því sem af honum er sagt. Það er óskaplegur misskilningur alltaf í kringum hann, en ekki svo að skilja að ég sé að segja að hann misskilji eitt eða neitt.

Ég vil, herra forseti, leggja áherslu á að þessu máli verði hraðað. Við höfum nægan tíma nú í nefndinni til að ljúka þessu. Við getum unnið frá morgni til kvölds vil ég segja. Það eru engin mál í Ed. sem liggur á. Það liggur í rauninni ekkert annað fyrir deildinni. Ég vil því þakka hv. þm. fyrir að hafa vakið máls á þessu og tek undir með þingmanninum að við efrideildarmenn eigum að koma málinu frá okkur og við eigum að nota tímann núna til þess að vinna rækilega í sambandi við bráðabirgðalögin og láta þá koma í ljós hvort hæstv. ríkisstjórn hefur þann stuðning sem hún þykist hafa til að koma málinu í gegn.

En hitt skil ég afskaplega vel að hæstv. forsrh. skuli ekki vilja gera eitt né neitt til þess að reyna að fresta því að stjórn Atvinnutryggingarsjóðsins afgreiði málin vegna þess að hæstv. forsrh. hefur ekki hugmynd um hvort meiri hluti þingsins stendur á bak við þá stjórn sem í sjóðnum er og tveir þingmenn stjórnarflokkanna hafa harðlega gagnrýnt í Ed. að þessi leið skuli hafa verið farin, að pólitískir mattadorar ríkisstjórnarinnar skuli skipa stjórnina en hún ekki kjörin á Alþingi eins og eðlilegt hefði verið við þessar aðstæður.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Að gefnu tilefni vill forseti taka fram að formenn þingflokka voru látnir vita af þessari umræðu þannig að það er ekki við forseta að sakast þó hv. 2. þm. Norðurl. e. hafi ekki af því heyrt.

Jafnframt vill forseti taka fram að verkstjórn hér í þinginu það sem af er þessu löggjafarþingi hefur verið mjög svipuð og verið hefur og á engan hátt lakari.

Albert Guðmundsson:

Virðulegur forseti. Ég trúi því, sem hv. 3. þm. Vesturl. sagði hér, að vinnubrögð í viðkomandi nefnd séu eðlileg og engar athugasemdir hafi komið fram við gang mála þar. Ég veit að hann er duglegur verkstjóri, ég þekki hann af fyrra samstarfi, þannig að ég hef enga ástæðu til að rengja það. Það að það

skuli vera þegar búið að biðja 15 aðila að koma til umsagnar í nefndinni bendir í mínum huga á að það stendur nú til að tefja framgang málsins nokkuð og þætti mér ekki ósennilegt, þegar farið er að líða á það verkefni að 15 aðilar hefðu komið, að 5 eða 6 til viðbótar verði þá kallaðir.

En það sem kom mér upp í ræðustól er annað og miklu alvarlegra mál. Út af fyrir sig skipta mig þessar umræður engu og þessi utandagskrárumræða, en svar hæstv. forsrh. er þess eðlis að ég ber kvíðboga fyrir framtíðinni ef þessi vinnubrögð eiga að verða framtíðinni sem leiðarljós. Ég spyr hæstv. forsrh. í beinu framhaldi af hans svari sem ég skrifaði niður. Hann sagði: Ríkisstjórnin hefur enga tryggingu fyrir samþykkt bráðabirgðalaganna. Þessi orð hlustuðum við öll á fyrir augnabliki. Á hvaða forsendum fékk hæstv. ríkisstjórn undir forustu forsrh. forseta Íslands til þess að skrifa undir þessi bráðabirgðalög? Ég er hræddur um að þar sé skýringar þörf því að forseti Íslands lætur áreiðanlega ekki leiða sig út í neitt glapræði. En það er alveg ljóst að það er engin trygging, eins og hæstv. forsrh. sjálfur gat um, fyrir því að umrædd bráðabirgðalög, sem forseti Íslands hefur undirritað, fái samþykki á Alþingi og það er alvarlegt mál.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Ég get ekki á mér setið að benda á að hæstv. forsrh. vék sér undan að svara því sem mér finnst vera meginmálið í spurningu málshefjanda, þ.e. því hver sé staða þessa sjóðs ef lagaákvæðin um hann ná ekki fram að ganga hér á Alþingi. Vinnubrögðin í hv. fjh.- og viðskn. Ed. koma því ekkert við. Það er ekkert verið að kvarta undan því hvernig þar er unnið. Það sem skiptir máli er: Hvað skeður ef þessi sjóður nær ekki fram að ganga á Alþingi? Hver er staða þeirra sem hafa fengið þar lán og hver er ábyrgð ráðherranna sem bera ábyrgð á því að það er farið að veita lán í stórum stíl úr sjóði sem engin trygging er fyrir að meiri hluti alþingismanna styðji?

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu sem var gagnleg út af fyrir sig. Það er kannski ástæða til að taka það fram að við kvennalistakonur höfum fullan skilning á erfiðleikum atvinnulífsins og viljum leggja okkar lóð á vogarskálarnar til að leysa eða a.m.k. lina þann vanda sem þar er við að fást. Það er hins vegar ekki sama hvernig það er gert og við erum t.d. gersamlega andvígar því að enn sé sótt að launafólki með því að ganga á ráðstöfunarfé Atvinnuleysistryggingasjóðs. Okkur finnast það ekki stórmannlegar aðfarir stjórnvalda að frysta launataxta og afnema samningsrétt og ganga svo af fullkomnu miskunnarleysi í Atvinnuleysistryggingasjóð á sama tíma og víðast hvar þrengir að í atvinnulífinu og horfur á atvinnuleysi fara vaxandi. Atvinnuleysistryggingasjóður er sjóður launafólksins og hann má ekki skerða, allra síst nú með tilliti til ástandsins í atvinnumálunum.

Við höfum reyndar ýmislegt fleira að athuga við framkvæmd þessa máls, eins og fram kom við 1. umr. í Ed., og það hafa margir aðrir þingmenn. En aðalatriðin eru þessi: Núverandi ríkisstjórn hefur ekki öruggan meiri hluta í báðum deildum Alþingis. Núverandi ríkisstjórn setti bráðabirgðalög tólf dögum áður en Alþingi kom saman til starfa. Frv. til staðfestingar á þeim lögum hefur legið fyrir þinginu allt frá þingbyrjun, en afgreiðsla þeirra er augljóslega ekki í augsýn á næstu dögum, ekki einu sinni í fyrri deild. Þrátt fyrir margar og margvíslegar athugasemdir þingmanna úr stjórnarandstöðu lætur ríkisstjórnin sem hún hafi öll ráð í hendi sér og lætur starfa eftir bráðabirgðalögunum eins og gulltryggt sé að þau fáist samþykkt óbreytt sem í rauninni er ólíklegt. Svona vinnubrögð eru, virðulegi forseti, óviðunandi.

Ég tel fullvíst að allir þingmenn stjórnarandstöðunnar, a.m.k. vil ég lýsa því yfir fyrir hönd kvennalistakvenna, séu reiðubúnir til þess að leggja þá vinnu af mörkum sem þarf til þess að unnt verði að eyða allri óvissu varðandi þetta mál. Annað er ekki sæmandi gagnvart Alþingi og ekki heldur gagnvart þeim aðilum sem treysta á aðgerðir stjórnvalda í atvinnulífinu. Og vegna orða hv. formanns fjh.- og viðskn. Ed. vil ég taka fram að aðalatriðið er ekki fyrst og fremst seinagangur þingsins heldur er meginatriðið það, eins og kom fram í máli fleiri sem hér hafa talað, að það er unnið af fullum krafti eftir bráðabirgðalögum sem ekki hafa hlotið staðfestingu þingsins og engin trygging er fyrir að þau hljóti slíka staðfestingu í óbreyttri mynd. En það vakti athygli mína og furðu að hæstv. forsrh. sér ekki ástæðu til að reyna að hafa áhrif á hvort beðið er með útdeilingu fjár úr Atvinnutryggingarsjóði meðan beðið er eftir staðfestingu þingsins á þessum lögum og ég vil hvetja hæstv. forsrh. til að endurskoða þessa afstöðu sína.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Út af ummælum hv. þm. Geirs Haarde vil ég vekja athygli á því að þau lán sem kunna að hafa verið veitt úr sjóðnum áður en svo færi e.t.v. að það ákvæði eða lögin yrðu felld hér á Alþingi eru í fullu gildi. En vitanlega mundi slíkum lánveitingum þar með ljúka.

Ég vil sérstaklega þakka fyrir síðustu orð hv. fyrirspyrjanda. Ég er tilbúinn að eiga viðræður við þá þingmenn sem þess óska, eins og t.d. Kvennalistans, um þetta mál.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Mér þótti það mjög athyglisvert boð hjá hæstv. forsrh. að hann skuli nú vera reiðubúinn að eiga viðræður við einstaka þingmenn um ýmsar upplýsingar sem við kynnum að óska að fá um þetta frv. Ég spurði hann margra spurninga í sambandi við þetta mál í Ed. og málið var engan veginn efnislega tæmt þar og auðvitað hefði verið

eðlilegra að hæstv. forsrh. hefði á þeim tíma reynt að gera gleggri grein fyrir málinu einmitt á þeim vettvangi í staðinn fyrir að umræðunni er lokið til þess að reyna að fá einhverjar fyllri upplýsingar um eitt eða annað. Það er auðvitað alveg út í bláinn.

En úr því að hæstv. forsrh. vill svara spurningum langar mig til þess að spyrja hann þessarar einföldu spurningar: Hæstv. forsrh. hefur viðurkennt að það sé ekki rekstrargrundvöllur fyrir sjávarútveginum. Hann hefur jafnframt lýst því yfir að sjóðurinn megi ekki lána til fyrirtækja nema það sé grundvöllur fyrir rekstri þeirra eftir að þau eru búin að fá lánin. Hvernig er hægt að lána fyrirtækjum í sjávarútvegi ef fyrir liggur að þau hafi ekki rekstrargrundvöll og það yrði skilyrði að sjóðurinn megi ekki lána til fyrirtækja sem ekki hafa rekstrargrundvöll og margyfirlýst einmitt af hæstv. forsrh.? Ég er honum alveg sammála um að það þýðir ekkert að vera að „konvertera" lánum. Það þýðir ekkert að vera að breyta lánum ef ekki er grundvöllur fyrir rekstrinum. Um þetta er ég alveg sammála hæstv. forsrh., vil einmitt taka undir þetta. Þetta er heilbrigt sjónarmið. En þess vegna spyr ég enn: Hvernig ætlar hæstv. forsrh. að koma til móts við fyrirtækin fyrst þau hafa ekki rekstrargrundvöll? Þetta er spurningin. Nú væri fróðlegt að fá svar til fjh.- og viðskn. eða einslega til einstakra þingmanna. Ég er til reiðu hvenær sem er ef hæstv. forsrh. vill svara þessu, ef hæstv. forsrh. vill t.d. svara því hvenær hann telji tímabært að leiðrétta gengið. Hann segir að það þurfi að fella gengið. Það sé of hátt. Hvenær telur hæstv. forsrh. tímabært að fella gengið?

Það er ýmislegt annað sem tengist efnahagsaðgerðum og tengist þessu frv. með beinum og óbeinum hætti og vissulega full ástæða fyrir hæstv. forsrh. að upplýsa okkur um þetta og ég ítreka: Ég veit að ég og aðrir þingmenn í stjórnarandstöðunni erum reiðubúnir að koma til fundar við forsrh. á nóttu eða degi í þinginu eða utan við þingið ef hann vill svara einföldustu spurningum sem varða þetta frv. og stefnuna í efnahagsmálum og stöðuna í efnahagsmálum yfir höfuð að tala.

Ragnhildur Helgadóttir:

Frú forseti. Ég leyfi mér að þakka hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur fyrir að vekja máls á því atriði sem hér er rætt. Mig langar sérstaklega að draga fram þann þátt í þessum umræðum og undirstrika mikilvægi hans að hér er verið að útdeila fé án þess að menn hafi vissu um í hvers eigu þetta fé sé. Það a.m.k. liggur mjög nærri að svo sé. Til þessa sjóðs er stofnað undir mótmælum þeirra sem eru umboðsmenn eigenda Atvinnuleysistryggingasjóðs. Því fær enginn breytt nema löggjöf á Alþingi eins og á stendur. Vissulega hafa bráðabirgðalögin verið sett og halda gildi sínu þangað til þau eru felld, en engu síður er óvissan svo mikil í þessu að það sem þegar hefur verið gert, það sem þegar hefur verið úthlutað, er á afar hæpnum forsendum, að vísu e.t.v. löglegum, en hér á við það sem áður hefur verið sagt í öðru sambandi í þessum sal, að þetta er e.t.v. löglegt en þetta er svo sannarlega siðlaust gagnvart Alþingi og gagnvart eigendum Atvinnuleysistryggingasjóðs. Þess vegna tek ég mjög eindregið undir að það beri að bíða með úthlutanir úr sjóðnum þangað til lögin eru sett af Alþingi. Ég hygg að það hljóti að geta orðið samkomulag um það. Það heyrist á máli þingmanna að þeir eru fúsir til þess að leggja í það mikla vinnu að afgreiða lögin um þetta mál. Annað eins hefur verið gert hér á Alþingi og það á skemmri tíma.

Þess vegna lýsi ég undrun minni á því að hæstv. forsrh. skuli segja bara með mestu rósemi að sér detti ekki í hug að hafa áhrif á að úthlutanir muni trúlega fara fram síðar í þessari viku eða nú á næstunni. Auðvitað á hæstv. forsrh. að grípa í taumana, það er það sem er alveg ljóst, og ná samstarfi við þingnefndir um að lögin verði afgreidd. Annars verður maður í æ meiri vafa um hvers konar stjórnarfar sé eiginlega komið á Íslandi ef bráðabirgðalögin, sem sett eru nokkrum dögum fyrir þingsetningu, verða framkvæmd með þessum hætti og við þessar aðstæður. Og eftir frægar yfirlýsingar hæstv. forsrh. nú í síðustu viku í tilbót, þá er von að menn hafi áhyggjur.

Albert Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvort hæstv. forsrh. telur það ekki svara vert að upplýsa á hvaða forsendum forseti Íslands skrifaði undir þessi bráðabirgðalög, ég veit að mér þætti það afskaplega leiðinlegt fyrir Alþingi og allt að því Alþingi til skammar ef forseti Íslands hefur fengið rangar upplýsingar þegar hún undirritar lög sem síðar, nokkrum vikum eftir undirritun, eru felld á Alþingi Íslendinga. Við sjáum öll, ef við viljum hugsa, í hvaða stöðu Alþingi annars vegar og þjóðhöfðinginn hins vegar eru eftir að hún hefur skrifað undir lög sem Alþingi fellir svo. Ég ítreka fyrirspurn mína til hæstv. forsrh.: Á hvaða forsendum voru lögin kynnt forseta Íslands með þeim hraða sem þá var hafður á? Ef ég man rétt var hún stödd utan bæjar, úti á landi, þegar til hennar var send flugvél með lögin til undirritunar. Mér finnst þetta vera stærsta atriðið í þessu máli og ég harma ef niðurstaðan á að verða sú að forseti Íslands hafi undirritað lög sem ekki hafa meiri hluta á Alþingi. Það finnst mér hafa komið glögglega fram hér með mínu tali fyrir Borgfl. og fyrirspurn Kvennalistans og með þátttöku Sjálfstfl. í þessum umræðum.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Aðeins örstutt. Ég vil leggja ríka áherslu á að forseta Íslands var að sjálfsögðu kunnugt um að ríkisstjórnin hefur eins atkvæðis meiri hluta í Ed. en jöfn atkvæði í Nd. Það hefur aldrei farið leynt. Verði frumvarpinu breytt í Nd., sem ekki næst samkomulag um, vita menn að það fer aftur til Ed. og síðan fyrir Sþ. og verði það fellt er

það að sjálfsögðu búið mál. Þetta hefur alltaf legið fyrir. (**FrS:** Málið fer ekki á milli deilda ef það fellur.) Nei, ég tók það fram. Ef það fellur fer það ekki á milli deilda. Þetta vita vitanlega allir þingmenn mjög vel.

Ég tók aðeins fram út af orðaskiptum okkar hv. fyrirspyrjanda að óski einhverjir þingflokkar stjórnarandstöðunnar að fjalla um breytingar á frumvarpinu er ég fús til þess að ræða það.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. forsrh. hefur nú svarað að hluta því sem ég hefði viljað fá fram í þessari umræðu, þ.e. að hæstv. forsrh. svaraði fyrirspurn hv. þm. Alberts Guðmundssonar. Ég vil taka undir orð hv. þm. Alberts Guðmundssonar. Það er vissulega mjög alvarlegt mál fyrir Alþingi Íslendinga og þjóðina í heild að nú skuli sitja að völdum ríkisstjórn sem er með forsrh. sem vísvitandi lætur undirbúa og gefa út bráðabirgðalög sem hann hefur enga örugga vissu fyrir að verði samþykkt á Alþingi Íslendinga í jafnalvarlegu máli og bráðabirgðalögin snúast um sem er að tryggja rekstrarforsendur grundvallaratvinnuvega þjóðarinnar. Þetta er mjög alvarlegt mál og hefði verið full ástæða til að ræða það meira á þingi.

Ég vek athygli á því enn einu sinni að hér hefur hæstv. forsrh. gefið út bráðabirgðalög og látið forseta Íslands staðfesta þau og hefur enga örugga vissu fyrir því að Alþingi Íslendinga samþykki þessi lög. Þetta er einsdæmi í þingsögunni og mjög alvarlegt fyrir þróun lýðræðis og þingræðis á Íslandi.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég vil vegna síðustu orða hæstv. forsrh. taka fram að ef ríkisstjórnin hefur í huga að gera einhverjar breytingar á bráðabirgðalögunum er mér sérstaklega ljúft að ræða það hvenær sem er.

Um þingsköp.

Nýtt álver við Straumsvík.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Á þeim tíma sem liðinn er síðan hér voru rædd þingsköp fyrr í dag hef ég frekar staðfestst í því að það er óeðlilegt að taka til umræðu í sameinuðu þingi mál sem er á dagskrá þingsins, þ.e. beiðni um skriflegt svar frá hæstv. viðskrh. um undirbúning að nýju álveri við Straumsvík, 10. mál þingsins, á þskj. 10. Ég held að það séu fá fordæmi fyrir því að mál hafi verið tekið til umræðu utan dagskrár í þinginu sem er á dagskrá þingsins. Mér finnst algert lágmark að svar hæstv. ráðherra hafi borist inn á borð þingmanna áður en þetta mál er tekið til umræðu. Í þessari beiðni, sem ég hef undir höndum, þskj. 10, er beðið um fjölmargar grundvallarupplýsingar um það mál sem hér er óskað eftir umræðu utan dagskrár um. Mér finnst það móðgun við þingmenn að fara að taka þetta mál hér til umræðu utan dagskrár nema það séu komin svör frá hæstv. viðskrh. við þessu þingmáli.

Ég ítreka að ég tel lágmark að þessi svör séu komin á borð þingmanna áður en þessi umræða hefst. Það var upplýst af virðulegum forseta að svar væri komið fram við þessu, en því hefur ekki verið dreift. Því ber ég fram þessa eindregnu ósk.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna orða hv. 2. þm. Austurl. skal fram tekið að almennt eru skrifleg svör ekki tekin á dagskrá. Í öðru lagi var ástæða hv. 1. þm. Reykv. til þessarar umræðu sú og hann gat þeirrar ástæðu í bréfi til forseta þingsins að ráðherrar hefðu á undanförnum dögum gefið út „misvísandi", eins og hv. þingmaður orðaði það, yfirlýsingar varðandi stöðu þessa máls. Það er því með öllu eðlilegt að þetta mál komi til umræðu hér, enda hefst nú umræðan.

Umræður utan dagskrár.

Nýtt álver við Straumsvík.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir að fá tækifæri til þess að ræða um þetta mál utan dagskrár. Að vísu má kannski segja að ýmislegt fleira hefðu menn viljað fjalla um hér á hinu háa Alþingi í dag í ljósi síðustu atburða. Þjóðin hefur horft upp á að hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. hafa opinberað trúlofun flokka sinna og haldið þannig upp á 70 ára afmæli hv. þm. Stefáns Valgeirssonar, sem var um helgina, svo ekki sé minnst á ýmislegt sem hefur fallið í umræðuna frá hæstv. forsrh. eins og það að vextir sem fiskvinnslan þurfi að greiða séu 400–500%, að eflaust sé gengi íslensku krónunnar rangt skráð, að OECD sé að þvinga frjálshyggju upp á Íslendinga og síðast en ekki síst að á þessu landi liggi við þjóðargjaldþroti. Allt þetta hefði vissulega getað gefið tilefni til þess að hv. þm., sem hafa ekki verið mjög önnum kafnir að undanförnu, hefðu beðið um umræður utan dagskrár.

Það er óþarfi að rifja upp í löngu máli gang mála varðandi ATLANTAL-verkefnið svokallaða. Það var ríkisstjórn, sú hin fyrri, hæstv. forsrh. sem tók á þessu máli og markaði stefnu á sínum tíma, en þá var hv. þm. Albert Guðmundsson iðnrh., en grunnur var lagður að þessu máli í febrúar árið 1987. Undirbúningur hefur síðan staðið allar götur síðan og vel til hans vandað af færustu mönnum. Þess skal getið að forustumönnum fyrrverandi stjórnarflokka var auðvitað kynntur gangur málsins, m.a. í byrjun janúar á sl. ári þegar fyrir lá forathugun á þessu máli.

Það kemur í ljós núna, virðulegur forseti, að það er nauðsynlegt að renna fleiri stoðum undir atvinnu- og efnahagslíf þessarar þjóðar. Kemur kannski best í ljós einmitt þegar við erum minnt á það, Íslendingar, að auðlindir sjávarins eru takmarkaðar, eins og kemur fram m.a. í ákvörðun hæstv. sjútvrh. um það magn sem verður tekið úr sjó á næsta ári.

Ég vil einnig taka fram að í öllum undirbúningnum hefur verið kappkostað að sjá fyrir því að mengunarhætta verði eins lítil og hægt er af því álveri sem hugsanlega verður byggt hér, enda auðvelt miðað við nýjustu tækni sem yfirleitt er notuð um þessar mundir við byggingu slíkra vera.

Hinn 4. júlí sl. var skrifað undir „memorandum of understanding", sem sá sem hér stendur ritaði undir ásamt fulltrúum fjögurra álfyrirtækja í Evrópu, og síðan hefur verið unnið að þessu máli í samræmi við það samkomulag. Þau fjögur erlendu fyrirtæki sem standa að hagkvæmnisathuguninni kosta hana að jöfnu, en markmið þeirra er, ef niðurstöður verða jákvæðar og ef um semst við íslensk stjórnvöld, að aðild þeirra að verksmiðjunni verði jöfn, enda þurfa þau á áli að halda í samræmi við það.

Við stjórnarskiptin fyrir u.þ.b. tveimur mánuðum kallaði ég eftir upplýsingum frá þeim starfshópi sem þá starfaði að þessu máli um það hver staða málsins væri og ég leyfi mér, virðulegur forseti, að vitna til þeirrar skýrslu sem mér var send frá starfshópnum. Í þeim hópi áttu sæti Jóhannes Nordal, Geir A. Gunnlaugsson, Guðmundur G. Þórarinsson og Gunnar G. Schram. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ljóst er að fyrirtækin fjögur hafa þegar skuldbundið sig um veruleg útgjöld vegna þessara verkefna og er líklegt að þær skuldbindingar nemi þegar í dag nálægt 30 millj. kr. Er því enginn vafi á því að hér fylgir hugur máli og öll fyrirtækin hafa mikinn áhuga á framgangi þessa máls."

Og síðar í þessari sömu skýrslu segir, með leyfi forseta:

„Jafnframt þeirri tæknilegu undirbúningsvinnu sem fram undan er og mest áhersla verður lögð á næstu mánuði er mikilvægt að undirbúa samtímis" — ég undirstrika „samtímis" — „ýmsa aðra þætti málsins til að búa sem best í haginn fyrir lokasamningum sem væntanlega hefjast þegar hagkvæmnisathugun liggur fyrir. Hér er um ýmislegt að ræða. Í fyrsta lagi má nefna lögfræðilega undirbúningsvinnu sem varðar form og uppbyggingu hugsanlegra samninga og skilgreiningu á þeim álitamálum sem nú þarf að leysa. Í öðru lagi er undirbúningur af hálfu Landsvirkjunar á áætlunum um raforkuverð og fyrirkomulag raforkusamnings. Og í þriðja lagi ýmis mál er varða umhverfisáhrif verksmiðjunnar og samskipti við önnur stjórnvöld, þar á meðal Hafnarfjarðarbæ."

Og enn síðar segir, með leyfi forseta, að aðstæður til samninga um aukna álframleiðslu hér á landi séu óvenjulega hagstæðar um þessar mundir og síðan orðrétt: „Jafnframt er ljóst að öll fyrirtækin fjögur leggja mikla áherslu á að undirbúningur þess og samningar geti gengið nægilega hratt fyrir sig næstu mánuði til þess að lokaniðurstaða geti fengist fyrir mitt næsta ár." — Ég undirstrika orðið „lokaniðurstaða". — „Miðar öll undirbúningsvinna fyrirtækjanna fjögurra og starfshópsins að því marki."

Það skal tekið fram, virðulegur forseti, að könnun eða athugun á þjóðhagslegum áhrifum hafa farið fram í nokkur skipti. Fyrst var það 1986 sem skýrsla um það var send til þáv. iðnrh., hv. þm. Alberts Guðmundssonar, en í þeirri nefnd sátu hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson og Guðmundur G. Þórarinsson og Garðar Ingvarsson framkvæmdastjóri, en ritari þeirrar nefndar var Hermann Sveinbjörnsson. Nú veit ég að fyrir stuttu hefur Sigurður Guðmundsson hjá Byggðastofnun lokið við að fara yfir þessa skýrslu, en það var gert að minni beiðni, og þess skal getið að helstu niðurstöður þeirrar skýrslu, sem þá var unnin, voru þessar, með leyfi forseta:

„Stóriðjuafurðir, ál og kísiljárn, voru 18,8% af verðmæti alls vöruútflutnings landsmanna árið 1984. Íslenskar gjaldeyristekjur vegna rekstrar Ísals og Íslenska járnblendifélagsins námu rúmum þriðjungi af veltu þessara fyrirtækja á árinu 1984. Um 800 manns starfa nú við stóriðju hér á landi eða tæplega 1% alls vinnuafls í landinu. Laun eru hærri en í sambærilegum störfum í öðrum atvinnugreinum. Starfsmenn Ísals og Íslenska járnblendifélagsins hafa verið næstlaunahæsti hópurinn í landinu meðal launþega á síðustu árum. Eftir 15 ára rekstur er meðalstarfstími hjá Ísal um 10 ár. Stóriðjuver notuðu 58% af allri orkusölu Landsvirkjunar árið 1984. Stóriðjan hefur skapað grundvöll fyrir virkjanauppbyggingu Íslendinga og innleitt nýjan tíma í verkefnum og stórframkvæmdum."

Þetta var, virðulegur forseti, úr niðurstöðum skýrslu sem skilað var til ráðherra árið 1986 og ég veit að það hefur verið unnið að því að endurskoða þessa skýrslu þannig að tekið sé tillit til nýrri talna.

Jafnframt vil ég að það komi fram að fyrir nokkrum mánuðum voru þeir Guðmundur Magnússon prófessor, áðurgreindur Sigurður Guðmundsson og Yngvi Harðarson hjá Þjóðhagsstofnun beðnir um að gera úttekt, en þeir voru valdir með tilliti til þess að sú úttekt — ég þakka fyrir. Ég sé að hæstv. utanrrh. sér aumur á mér, ég þakka honum fyrir að vilja hraða framgangi þessa máls þannig að ég fái a.m.k. lokið ræðu minni ef ljósin skyldu aftur slokkna. Þakka ég honum kærlega fyrir þessa sendingu sem er rautt, laglegt kerti og stendur mér hér á vinstri hönd. — En þeir menn sem voru valdir í þetta verkefni voru auðvitað fulltrúar þessara stofnana, valdir sem slíkir, enda eru þetta hlutlausar stofnanir og þarna átti að vera um faglega úttekt að ræða.

Starfshópurinn vann auðvitað líka að þessu máli en nú hefur það gerst, eins og fram hefur komið í fréttum, að bæði starfshópurinn og hópurinn sem átti að vinna að könnun á efnahagslegum áhrifum hafa verið stækkaðir, en svo virðist samt sem áfram sé fylgt þeirri stefnu sem áður var mörkuð í þessu máli.

Breytingar á nefndarskipaninni og nefndunum sem hafa starfað eru auðvitað eðlilegar og þær hafa verið kynntar af hæstv. iðnrh. Það er eðlilegt þegar breyting verður á stjórn landsins og nýr stjórnmálaflokkur sest í ríkisstjórn, að hann fái fulltrúa í nefndirnar. Ég vil enn fremur taka fram að ekki er sjáanleg nein stefnubreyting í þeim erindisbréfum sem liggja fyrir og það er jafnframt, virðulegur forseti, ljóst að mikill meiri hluti Alþingis styður þá stefnu sem mörkuð var á sínum tíma í þessu máli og þá undirbúningsvinnu sem nú hefur farið fram og fer fram um þessar mundir. Þetta er auðvitað vandmeðfarið mál, en tilefni þess að ég hef beðið um að fá að ræða um þetta mál utan dagskrár eru yfirlýsingar einstakra hæstv. ráðherra og hv. þm. og þess vegna finnst mér eðlilegt að hér sé spurt nokkurra spurninga sem ég kem að innan tíðar.

Fyrst langar mig, virðulegi forseti, til þess að rifja upp að 11. nóv. mátti lesa á forsíðu DV þessi ummæli höfð eftir formanni þingflokks Alþb., orðrétt með leyfi forseta: „„Það er í sáttmála ríkisstjórnarinnar að ekki verði unnið að stækkun álvers í Straumsvík. Við viljum að við þær samþykktir verði staðið. Við munum því ekki standa að neinni undirbúningsvinnu," sagði Margrét Frímannsdóttir, formaður þingflokks Alþb." Og síðar í þessu sama viðtali segir formaður þingflokks Alþb. orðrétt: „Við erum alfarið á móti þessu álveri og stöndum ekki að neinum breytingum."

Í sama streng tekur reyndar hæstv. landbrh. í viðtali við Þjóðviljann en þar segir orðrétt: „Álmálið olli nokkrum deilum við ríkisstjórnarmyndunina en að lokum var fallist á það samkomulag í sáttmála ríkisstjórnarinnar að ekki verði unnið að stækkun álversins í Straumsvík."

Í bæði þessi skipti er vitnað til stjórnarsáttmálans, en ég hélt að þetta efni hefði fallið út úr þeim sáttmála áður en yfir lauk, en kannast við að hafa séð stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar í fyrri gerð þar sem þessi orð voru inni.

Síðan segir, haft eftir hæstv. ráðherra, Steingrími J. Sigfússyni, með leyfi forseta, um skipan þessarar nefndar. Þetta er orðrétt úr Þjóðviljanum, efnislega haft eftir hæstv. ráðherra: „Um skipan þessarar nefndar sagði Steingrímur að ef ætlunin væri að fulltrúar í nefndinni væru fulltrúar sinna flokka, þá þætti sér heldur ógeðfellt að ráðherra handveldi einhverja fulltrúa út úr Alþb." — Ég tek það fram og skýt því hér inn í að „handveldi einhverja fulltrúa út úr Alþb." er innan gæsalappa. Og síðan orðrétt: „Ef nefndarmenn ættu að vera fulltrúar flokkanna ætti að fjalla um það á lýðræðislegan hátt innan flokkanna hver sá fulltrúi ætti að vera."

Þingflokkur Alþb. mótmælti í ríkisstjórn, eins og kom fram í málgagni Alþb., en í síðustu viku var síðan útvarpsviðtal við hæstv. menntmrh. þar sem hann sagði orðrétt, með leyfi forseta: „Við erum ekki á móti því að það fari fram athuganir á svokallaðri hagkvæmni í þessu sambandi, en á ríkisstjórnarfundi í morgun mótmælti ég vinnubrögðum iðnrh. í þessu máli undanfarna daga og lét þar koma fram þá afstöðu sem varð niðurstaða þingflokks okkar í gær." Og síðar í þessu sama viðtali, sem fréttamaður Ríkisútvarpsins, Atli Rúnar Halldórsson, tók, segir hæstv. menntmrh. — og þá er fyrst spurning fréttamanns orðrétt: „Þú afskrifar þá ekkert að þið verðið með í því að þetta álver verði reist á endanum eins og stefnt er að." Og svar menntmrh. orðrétt: „Ég afskrifa erlenda stóriðju með aðild Alþb."

Það er annað atriði sem skiptir máli í þessu sambandi, virðulegur forseti, og það er spurningin um hraða verksins. Það kemur fram í viðtali í Þjóðviljanum við hæstv. menntmrh. að hann telur að athugun á þjóðhagslegri hagkvæmni komi til með að taka lengri tíma en hagkvæmniathugun fyrirtækjanna fjögurra. Og í Tímanum 17. nóv. sl. segir orðrétt, með leyfi forseta: „Ekki er ljóst hvenær hin nefndin" — ég skýt hér inn í, þá er átt við nefndina sem á að skila athugun á áhrifum á efnahagslífið — „skilar af sér, en álit hennar mun koma seinna."

Að öllu þessu samanlögðu, virðulegur forseti, langar mig til þess að beina hér fyrirspurnum aðallega til iðnrh., en ég tek það fram að ég hef haft samband við hann auk hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. og mun jafnframt beina fyrirspurnum til þeirra. Fyrirspurnirnar eru svohljóðandi til hæstv. iðnrh.:

1. Fylgir ríkisstjórnin þeirri stefnu sem mörkuð var af síðustu ríkisstjórn að hagkvæmnisathugun og öðrum undirbúningi vegna fyrirhugaðs álvers við Straumsvík verði hraðað þannig að ákvörðun um byggingu versins verði hægt að taka fyrir mitt næsta ár?

2. Er stefnt að því að athugun á þjóðhagslegum áhrifum verði lokið um líkt leyti og hagkvæmnisathugunum fyrirtækjanna fjögurra?

3. Mun ríkisstjórnin á þessu þingi leggja fram stjórnarfrv. sem heimilar samninga við þau fjögur fyrirtæki sem standa að athuguninni, enda verði niðurstöður hennar jákvæðar?

4. Fylgir ríkisstjórnin þeirri stefnu að hvert þessara fjögurra fyrirtækja eigi fjórðungsaðild að nýja álverinu, ef gengið verður til samninga við þau?

Til hæstv. forsrh. beini ég einnig fyrirspurn, svohljóðandi:

Hvaða samningar voru gerðir milli stjórnarflokkanna um byggingu nýs álvers þegar núverandi ríkisstjórn var mynduð? Hafa nýir fyrirvarar komið fram?

Og til hæstv. fjmrh., sem jafnframt er formaður Alþb., eru þrjár fyrirspurnir:

1. Hefur Alþb. gert ákveðna fyrirvara í þessu máli? Ef svo er, hverjir eru þeir fyrirvarar?

2. Telur hæstv. fjmrh. að Alþb. geti fallist á þá eignaraðild sem gengið er út frá í undirbúningsvinnunni, verði niðurstöður hagkvæmnisathugananna jákvæðar?

3. Var hæstv. fjmrh. og formanni Alþb. fyrir fram kunnugt um tilnefningu Baldurs Óskarssonar

og Guðna Jóhannessonar í nefndir sem vinna að undirbúningi málsins af hálfu iðnrn.?

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir að fá að hafa tekið þetta mál upp hér utan dagskrár. Ég hef haft samband við hæstv. ráðherra og kann þeim fyrir fram þakkir fyrir það að fallast á að koma hér og gefa svör við þessum fyrirspurnum.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Vegna fyrirspurnar hv. þm. vil ég taka fram eftirfarandi: Enginn samningur um þetta mál hefur verið gerður á milli stjórnarflokkanna. Hins vegar eru, eins og kunnugt er, skiptar skoðanir innan og á milli stjórnarflokkanna um byggingu nýs álvers. Ég gaf þá yfirlýsingu við myndun ríkisstjórnarinnar að stjfrv. um byggingu álvers yrði að sjálfsögðu ekki flutt nema stjórnarflokkarnir allir samþykki það eins og venja er um stjórnarfrv. Ég lýsti því jafnframt yfir að verði samþykkt lög um nýtt álver á Alþingi, þá hlýt ég, þegar um svo viðamikið mál er að ræða, að líta svo á að orðinn sé nýr meiri hluti á þingi og hljóti stjórnarflokkarnir að taka slíkt til meðferðar.

Sem sagt: Ekkert samkomulag hefur verið gert en hins vegar hefur verið litið á það sem sjálfsagt að þeirri könnun, sem hv. þm. sem iðnrh. hóf, verði lokið. Ég hef m.a. og margir fleiri, eins og ég veit að hv. þm. kannast við úr fyrri ríkisstjórn, lagt áherslu á að áður en slík ákvörðun er tekin sé óhjákvæmilegt að skoða vandlega þjóðhagsleg áhrif af byggingu álvers. Ég er því mjög sáttur við þá ákvörðun hæstv. iðnrh. að láta slíka athugun fara fram þannig að málið liggi fyrir í heild sinni þegar taka þarf endanlega ákvörðun.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi máls míns staðfesta það sem kom fram hjá forsrh. að ekkert samkomulag hefur verið gert um þetta mál sérstaklega fyrir fram. Ég bendi hins vegar á að í sáttmála stjórnarinnar eru skýr ákvæði um það að orkulindir landsins skuli nýttar til atvinnuuppbyggingar. Það er einmitt í þeim anda sem athuganir fara nú fram á þessu máli.

Ég vil ekki lengja þessar umræður en vind mér að því að svara þeim spurningum sem hv. 1. þm. Reykv. beindi til mín.

Málshefjandi spurði fyrst um hagkvæmniathugun á nýju álveri og framvindu þess verks. Þessi athugun er, eins og fram hefur komið, gerð á vegum fjögurra álfyrirtækja, þeirra Swiss Aluminium frá Sviss, Gränges Aluminium frá Svíþjóð, Alumined frá Hollandi og Austria Metall frá Austurríki. Samkomulag um þessa athugun var gert, eins og fram kom hjá málshefjanda, á sl. sumri. Þessi athugun stendur nú yfir og henni vindur fram með eðlilegum hætti.

Ég hef nýlega skipað ráðgjafarnefnd til þess að vera tengiliður af Íslands hálfu við þetta verk til að tryggja að réttar upplýsingar um íslenskar aðstæður og um íslensk sjónarmið í þessu mikilvæga máli verði notaðar í þessari athugun. Ég sé á þessari stundu enga ástæðu til að ætla annað en að þessari athugun ljúki snemma á næsta ári.

Ég legg á það sérstaka áherslu að þessi athugun miðist við ýtrustu kröfur um mengunarvarnir, um hollustuhætti á vinnustað, um góð samskipti starfsmanna og stjórnenda og auk þess verði kannað í tengslum við þessa athugun á álbræðslu hvort ekki sé vænlegur kostur að koma hér á fót úrvinnslu úr bráðnu áli og e.t.v. endurvinnslu úrgangsáls.

Stefnt er að því að undirbúningsvinnunni verði lokið á fyrri hluta næsta árs, þannig að unnt verði að taka endanlega ákvörðun í þessu máli á grundvelli samkomulagsins einhvern tíma á því ári. Ákvörðun um það hvort ráðast skuli í að byggja verksmiðju verður tekin innan 90 daga frá því nauðsynlegum undirbúningi er lokið, þó í síðasta lagi fyrir lok næsta árs. Þetta eru formsatriðin í sambandi við þessar ákvarðanir.

Ég vildi geta þess að ráðgjafarnefndin sem ég hef nýlega skipað hefur það verkefni að fylgjast með hagkvæmniathugun fyrirtækjanna fjögurra og veita upplýsingar um íslenskar aðstæður sem skipta miklu máli — og auðvitað verður engin hagkvæmniathugun gerð á slíku máli af erlendum aðilum nema með slíkum tengilið. Þarna koma m.a. við sögu verð og afhendingarskilmálar á orku og íslensk skattamál.

Ég hef lagt það fyrir þessa samráðs- og ráðgjafarnefnd að hafa náið samstarf við þá aðila sem fara með þau mál sem tengjast þessari athugun hér á landi, t.d. fjmrn., heilbrrn., Landsvirkjun, Hafnarfjarðarbæ, Hollustuvernd ríkisins, Náttúruverndarráð og Vinnueftirlit ríkisins. Ég vil taka fram að sá starfshópur, sem málshefjandi vitnaði til, hafði erindisbréf sem var skrifað sumarið 1986 af þáv. iðnrh., hv. núv. 5. þm. Reykv. Albert Guðmundssyni. Hafði starfshópurinn samkvæmt því mjög takmarkað verkefni: Að ræða við Ísal um hugsanlega stækkun álversins í Straumsvík. Það verkefni er löngu tæmt og erindisbréf starfshópsins því úr sér gengið.

Ég vil líka taka það fram hér í hv. Sþ. að ég hef falið Þjóðhagsstofnun í samráði við Byggðastofnun og Orkustofnun að kanna þjóðhagsleg áhrif aukinnar álframleiðslu. Ég hef skipað nefnd sérfræðinga til að vera þessum stofnunum til ráðuneytis í verkinu og til þess að semja skýrslu um langtímauppbyggingu orkufrekrar stóriðju hér á landi, ekki síst með tilliti til æskilegrar búsetu- og atvinnuþróunar og uppbyggingar raforkukerfisins. Ákvarðanir um mál eins og hér er til umræðu þarf að taka þannig að falli sem best að íslensku atvinnulífi, að því hagskipulagi sem við viljum sjálfir hafa. Það er ekki nóg að vísa til fyrri athugana í málinu eins og mér fannst aðeins vaka í máli hv. málshefjanda. Þetta er mál sem hefur ekki fengið viðhlítandi könnun að mínu áliti en fær hana nú. Þessi athugun verður á vegum þeirra stofnana ríkisins sem hafa almenna starfsábyrgð á slíkum málum, en ekki á vegum markaðsskrifstofu

iðnrn. og Landsvirkjunar eins og áður var ætlað.

Þá kem ég að því að málshefjandi spurði hvort flutt yrði á þessu þingi stjórnarfrv. um samninga um nýja álbræðslu ef niðurstaða hagkvæmniathugunar yrði jákvæð. Það liggur auðvitað í augum uppi að reynist niðurstöður hagkvæmniathugana jákvæðar, bæði varðandi rekstrarhagkvæmni og þjóðarhag, þá verður leitað heimildar Alþingis til að gera samninga um slíka framleiðslu og um virkjanir sem nauðsynlegar kynnu að reynast vegna slíkrar framleiðslu. Annaðhvort yrði þetta með heimildarlögum eða leitað yrði staðfestingar Alþingis á gerðum samningum. Báðar fyrirmyndirnar eru til um samninga um orkufreka stóriðju. Hvenær þetta yrði gert er ekki unnt að fullyrða nú, en það verður gert þegar málið er til þess þroskað. Hvorki fyrr né síðar.

Málshefjandi spurði líka hvort athugun á þjóðhagslegum áhrifum álbræðslu yrði síðar á ferðinni en athuganir fyrirtækjanna fjögurra á rekstrarhagkvæmni. Ég sé á þessari stundu enga ástæðu til að ætla annað en að könnun á þjóðhagshlið málsins verði lokið á þeim tíma sem við höfum til umráða til að taka ákvarðanir í málinu á næsta ári. Ég bendi líka á að hin þjóðhagslega athugun er ekki eitthvað sem tefur málið. Hún er jafnmikilvæg eða jafnvel mikilvægari en þær athuganir á rekstrarhagkvæmni sem fara fram á vegum fyrirtækjanna fjögurra.

Þá spurði málshefjandi hvort ríkisstjórnin fylgdi þeirri stefnu að hvert álfyrirtækjanna fjögurra ætti fjórðung í hugsanlegu félagi um nýja álbræðslu. Ég get ekki á þessari stundu svarað þessu á annan veg en þann að í því samkomulagi sem þessi fjögur fyrirtæki hafa gert með sér um hagkvæmniathugun, sem er þeirra viðskiptalega samkomulag, er gengið út frá því um endanlega skiptingu hlutafjár ef til félagsstofnunar kæmi, en hins vegar er ekkert hægt að fullyrða um þetta mál á þessu stigi. Ef einhver aðilanna kynni að óska að draga sig í hlé kæmu aðrir í skarðið, það er það eina sem ég get sagt á þessari stundu, ef úr þessu verður alvara.

Ég vil að lokum láta þess getið vegna umræðna um þingsköp fyrr á þessum fundi að ég hef sent hæstv. forseta ítarlegt skriflegt svar við fsp. frá hv. 12. þm. Reykv. Kristínu Einarsdóttur um undirbúningsathuganir vegna aukinnar álframleiðslu á Íslandi. Ég vona að þetta svar hafi nú borist þingmönnum. Ég harma að það skyldi dragast svo sem raun ber vitni að gefa þetta svar. Fyrir því voru þær ástæður ekki síst að fjarstaddir voru þeir starfsmenn sem mest höfðu um málið fjallað svarið skyldi samið. Ég bið hv. þingheim forláts á töfinni en vona að nú hafi verið bætt úr.

Að lokum þetta: Við athuganir á álmálinu og öðrum nýiðnaðarmálum mun ég leggja höfuðáherslu á tvennt: Fullkomnustu mengunarvarnir vegna ytra umhverfis slíkrar starfsemi og hins vegar á hollustuhætti á vinnustað sem ekki verður að fundið. Þetta hvort tveggja hlýtur að verða ófrávíkjanleg krafa af hálfu Íslendinga. Þar verður hvergi til slakað.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Friðrik Sophusson vék að því í upphafi síns máls að mörg brýn verkefni blöstu nú við í okkar þjóðfélagi og ærin ástæða væri að ræða afkomu útflutningsatvinnuveganna, stöðu þeirra, stöðu gjaldmiðilsins og fjölmargt annað sem allt eru höfuðþættir í okkar efnahagsstjórn. Engu að síður tók hann þá ákvörðun að nota ekki rétt sinn hér á Alþingi til þess að krefjast umræðna um þessi brýnu mál heldur taldi brýnna en allt annað að hefja hér á Alþingi umræður um athugun á nýju álveri. Þessi ákvörðun hv. þm. Friðriks Sophussonar endurspeglar mjög vel þá afstöðu hans og kannski fleiri fulltrúa Sjálfstfl. að nýtt álver sé í sjálfu sér miklu merkilegra fyrirbæri en staða útflutningsatvinnuvega Íslands og afkoma atvinnuveganna í heild og þær yfirlýsingar sem komið hafa fram um þau efni bæði frá fulltrúum atvinnuveganna og öðrum á undanförnum dögum. Það er út af fyrir sig ekki nýtt að sú afstaða komi fram, en það er fróðleg staðfesting enn á ný á afstöðu Sjálfstfl. til atvinnuuppbyggingar á Íslandi og rétt að hafa hana í huga fyrir þá fulltrúa Sjálfstfl. hér í salnum sem hafa á sínu æviskeiði og í sinni stjórnmálabaráttu talið sjávarútveginn og þróun hans vera það mikilvægasta fyrir þróun íslensks þjóðfélags.

Hv. þm. Friðrik Sophusson var iðnrh. nokkurn tíma og fer nú heldur lítið fyrir afreksverkum hans á því sviði. Hlutdeild íslensks iðnaðar í markaðnum í landinu fór hnignandi og erfiðleikar hins íslenska iðnaðar voru meiri þegar hv. þm. Friðrik Sophusson lauk iðnaðarráðherraferli sínum en þegar hann tók við. En það var hins vegar eitt mál sem hv. þm. hafði greinilega mikinn áhuga á og það var að gera samning um nýtt álver við fjögur erlend stórfyrirtæki. Það er greinilega enn svo brýnt áhugamál hans að hann telur nauðsyn á því að hefja upp umræðu utan dagskrár um það mál þótt honum hafi átt að vera ljóst, eins og nú þegar hefur komið fram í svörum hæstv. núv. iðnrh. og hæstv. forsrh., að það er ærið langt í það að þetta mál komi til einhverrar alvarlegrar umræðu eða ákvörðunartöku þannig að efnislega var engin ástæða til þess að fara hér upp utan dagskrár í dag til að knýja á um svör í þessum efnum.

Þegar núverandi hæstv. ríkisstjórn var mynduð urðu eðlilega miklar umræður um þessa áætlun hæstv. iðnrh. Friðriks Sophussonar. Ég vil í því sambandi rifja upp að hæstv. núv. sjútvrh., sem einnig var sjútvrh. í þeirri ríkisstjórn sem hv. þm. Friðrik Sophusson sat í, lýsti því yfir á sínum tíma að hann hefði mjög alvarlega fyrirvara um þessi áform um nýtt álver í Straumsvík, enda hefði málið ekki verið rætt í fyrrverandi ríkisstjórn áður en þáv. iðnrh. Friðrik Sophusson gerði þennan samning um hagkvæmnisathugunina. Og hæstv. núv. forsrh. og formaður Framsfl. lýsti því einnig yfir að hann hefði alvarlega fyrirvara um þau þjóðhagslegu áhrif sem staðsetning þessa álvers í Straumsvík fæli í sér. Það

var því alveg ljóst að innan fyrrv. ríkisstjórnar var á engan hátt eining um þetta mál. En hv. þm. Friðrik Sophusson, þáv. iðnrh., hélt engu að síður áfram og gerði þennan samning við fyrirtækin fjögur án þess að fyrir lægi samkvæmt blaðafregnum á þeim tíma formlegt samþykki þingflokka þáverandi ríkisstjórnar fyrir þeirri athugun, hvað þá heldur samþykkt Alþingis. Það er eitt út af fyrir sig ámælisvert að hæstv. ráðherra skuli á þeim tíma hafa stigið skref af þessu tagi án þess að taka það upp á Alþingi eða kynna það fyrir Alþingi sérstaklega þegar á þeim tíma voru fluttar hér á Alþingi tillögur um að af hálfu þingflokkanna allra yrðu fulltrúar sem gætu fylgst með og tekið rækilega þátt í viðtækri þjóðhagslegri athugun á slíkum atvinnukosti. Það er þess vegna kannski skiljanlegt að hv. þm. Friðrik Sophusson kjósi að reyna að breiða yfir þennan aðdraganda málsins með málflutningi sínum hér í dag, en það verður ekki til þess að upphaf málsins og málsmeðferð hans sem iðnrh. verði ekki dregin einnig inn í umræðurnar.

Þegar núv. ríkisstjórn var mynduð lá það hins vegar fyrir að samningur hafði verið gerður um þessa tilteknu hagkvæmnisathugun. Ég ítreka í því sambandi að sú hagkvæmnisathugun er ekki samningsgerð um nýtt álver. Hún er eingöngu hagkvæmnisathugun fjögurra tiltekinna fyrirtækja sem sín á milli hafa gert samning um þessa hagkvæmniathugun. Í henni felst ekki neinn samningagerningur af hálfu Íslendinga. Þvert á móti er það verk algerlega eftir ef og þegar forráðamenn Íslendinga telja að sá hagkvæmnigrundvöllur sem þessi fyrirtæki kunna að komast að niðurstöðu um samrýmist hagsmunum Íslendinga, en það liggur ekkert fyrir um það á þessu stigi máls.

Ég nefni í þessu sambandi eitt atriði sem athyglisvert var að hv. þm. Friðrik Sophusson vék mjög lítið að í sínu máli, nánast ekki neitt, en er þó lykilatriði út frá efnahagslegum hagsmunum Íslendinga í málinu. Það er orkuverðið. Hv. þm. Friðrik Sophusson hefur vikið að því nokkrum sinnum hér á Alþingi að ég eigi sæti í stjórn Landsvirkjunar. Ég hef að vísu vikið úr þeirri stjórn meðan ég gegni mínu núverandi embætti. En það er hins vegar svo skammt um liðið síðan ég sat í þeirri stjórn að það vill svo til að ég þekki mjög vel þær athuganir sem gerðar hafa verið á orkuverði í því fyrirtæki. Að mínum dómi er alveg ljóst að eigi að vera einhver raunhæfur efnahagslegur grundvöllur með tilliti til nýrra virkjana og kostnaðarverðs orku frá þeim er lágmark að orkuverðið sé á bilinu 18–22 mill. Hvort þessi fjögur tilteknu fyrirtæki telja hagkvæmt fyrir sig að reisa orkuver á grundvelli verðs af því tagi liggur ekkert fyrir um í dag með neinum hætti. Það mál er algerlega eftir og þess vegna fullkomlega ótímabært að fjalla um það hér.

Þetta eitt ætti að sýna að það er á engan hátt brýn nauðsyn fyrir hv. þm. Friðrik Sophusson að krefjast þess að þetta mál sé tekið fyrir hér og nú. Hins vegar gagnrýni ég það ekkert sérstaklega né heldur ákvörðun forseta í þeim efnum. Það er sjálfsagt að fulltrúar stjórnarandstöðuflokks Sjálfstfl. geti valið þau málefni sem þeir telja brýnast að fjalla um. Hins vegar skal ég svara þeim spurningum sem hv. þm. beindi til mín, bæði sem fjmrh. en þó skildist mér nú einna helst sem formanns Alþb., og skal ekki með neinum hætti skjóta mér undan því.

Þegar núverandi ríkisstjórn var mynduð var um það rætt milli fulltrúa stjórnarflokkanna að sú samninganefnd sem hv. þm. Friðrik Sophusson hafði skipað mundi ekki starfa lengur, í öðru lagi að starfsemi þeirrar markaðsskrifstofu sem hv. þm. Friðrik Sophusson kappkostaði mjög að koma á og mótmælt var í stjórn Landsvirkjunar af bæði mér og öðrum stjórnarmönnum Landsvirkjunar yrði tekin til rækilegrar endurskoðunar þegar eins árs samningstímanum yrði lokið. Ég vil vekja athygli á því hér að stjórn þessarar markaðsskrifstofu er t.d. þannig skipuð, ef ég man rétt, að stjórnarformaður hennar er hv. þm. Geir H. Haarde, fulltrúi Sjálfstfl., og ýmsir aðrir fulltrúar Sjálfstfl. eru þar nánast í meiri hluta. Það eitt út af fyrir sig er með ýmsum hætti mjög óeðlilegt út frá þeim nýja meiri hluta sem myndast hefur á Alþingi. (**FrS:** Vill ekki hæstv. ráðherra nefna mér meiri hlutann?) Það getur vel verið að það sé nýtt fyrir hv. þm. Friðrik Sophusson, að hann þekki svo illa sinn flokk og fylgjendur hans. Ég er alveg reiðubúinn að gera það fyrir hann hér sérstaklega utan fundar.

En síðan var það einnig samþykkt milli stjórnarflokkanna, eins og hæstv. forsrh. hefur hér greint frá, að stjfrv. um nýtt álver yrði ekki flutt nema með samþykkt allra stjórnarflokkanna. Yrðu hins vegar einhverjir aðrir til þess að flytja frv. um það efni og það yrði samþykkt á Alþingi yrði litið á það sem nýjan þingmeirihluta á Alþingi. Sú afstaða, eins og hæstv. forsrh. hefur lýst hér, liggur hins vegar alveg ljós fyrir.

Það var hins vegar einnig samþykkt að þeirri hagkvæmniathugun, sem gerður hafði verið samningur um og fjármunir lagðir í, yrði lokið, eins og hér hefur verið greint frá, en þó eingöngu þannig að hún er á vegum þeirra fjögurra fyrirtækja sem samning hafa gert um hana og afskipti fulltrúa íslensks ráðherra í þeim efnum eru á engan hátt samningar að einu eða neinu leyti um verkefnið sjálft. Þess vegna tel ég að það endurspeglist í þeim orðum sem hæstv. iðnrh. flutti hér að í stað þeirrar nefndar sem hv. þm. Friðrik Sophusson setti upp hefur núna verið sett ráðgjafarnefnd iðnrh. í tengslum við þessa hagkvæmniathugun sérstaklega.

Hv. þm. Friðrik Sophusson spurði einnig um afstöðu Alþb. til þeirrar eignaraðildarforsendu sem hann gaf sér í þeim samningum sem hann gerði eða fyrirtækin gerðu sín á milli meðan hann var iðnrh. Afstaða Alþb. er auðvitað á þann veg að við erum með allan fyrirvara og andstöðu við þau grundvallaratriði sem hv. þm. Friðrik Sophusson mótaði í þessum málum meðan hann var iðnrh.

Að lokum spurði hv. þm. hvort mér hefði verið

kunnugt um að iðnrh. ætlaði að óska eftir því við Baldur Óskarsson og Guðna Jóhannsson að þeir tækju sæti í þessum nefndum. Svarið við því var einfalt. Mér var kunnugt um að iðnrh. ætlaði að leita til þessara einstaklinga um að þeir tækju sæti í þessum nefndum, en ég tek jafnframt skýrt fram að þeir eru ekki flokkslegir fulltrúar Alþb. vegna þess að sú ráðgjafarnefnd sem iðnrh. hefur skipað er ekki skipuð flokkslegum fulltrúum. *Ég lít t.d. ekki á Ólaf* Davíðsson, þó að hann sé flokksbundinn í Sjálfstfl., sem fulltrúa Sjálfstfl. í þessari nefnd. (**FrS:** Er hæstv. menntmrh. sammála því?) Ja, því skaltu nú spyrja hann að. Ég vænti þess að hann sé sammála því, enda hlýtur hv. þm. Friðrik Sophusson að sjá *það í hendi sér að hvorki hæstv. iðnrh. né ríkis*stjórnin mundu sýna öðrum flokkum stjórnarandstöðunnar þá ókurteisi eða vanvirðu að gefa þeim ekki kost á því að eiga einnig flokkslegan fulltrúa í þessari nefnd ef um flokkslega fulltrúa væri að ræða — eða hvers vegna ætti Sjálfstfl. að sitja á einhverj*um sérstökum forgangsbekk í þessu máli fram yfir* Borgfl. eða Kvennalistann? Alls ekki.

Þess vegna er alveg ljóst að flokkarnir sem slíkir hafa ekki komið að þessu máli, hvorki fulltrúar flokka ríkisstjórnarinnar né flokkar stjórnarandstöðunnar. Það gildir um báðar þær nefndir sem þarna voru skipaðar, enda vænti ég þess að hæstv. iðnrh. hafi frekar litið á það starf sem Ólafur Davíðsson gegnir sem framkvæmdastjóri Félags ísl. iðnrekenda en flokksskírteini hans í flokki hv. þm. Friðriks Sophussonar.

Hefði verið um að ræða flokkslega fulltrúa í þessari nefnd hefði málið verið meðhöndlað með allt öðrum hætti, bæði innan ríkisstjórnarinnar og af hálfu flokkanna og einnig hvað snertir samskipti við stjórnarandstöðuna, vegna þess að þá hefði legið alveg ljóst fyrir að allir flokkar á Alþingi ættu að eiga fulltrúa í þessari nefnd. Nefndin er hins vegar bara ráðgjafarnefnd iðnrh. sérstaklega vegna þessarar hagkvæmniathugunar eingöngu.

Ég vænti þess, virðulegi forseti, að ég hafi þar með svarað þeim spurningum sem hv. þm. Friðrik Sophusson beindi til mín og vona að virðulegur forseti misvirði það ekki þó ég hafi notað þetta tækifæri einnig til að koma að ýmsum öðrum sjónarmiðum og upplýsingum varðandi þetta mál.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Skoðanir mínar á þessu máli eru kunnar. Ég tel afdráttarlaust að við eigum í fyrsta lagi að halda hiklaust áfram þeim athugunum sem í gangi eru og í annan stað að ef niðurstöður sýna að hér sé um hagkvæman kost að ræða og erlendir aðilar eru tilbúnir að ganga til samninga eigum við að ganga til slíkra samninga og þá með þá stefnu að ná jákvæðri niðurstöðu þannig að ráðist verði í þær framkvæmdir sem hér um ræðir.

Hæstv. iðnrh. svaraði fyrirspurnum frá hv. 1. þm. Reykv. um þetta efni á mjög afdráttarlausan og skýran hátt og í samræmi við þá stefnu sem ég tel að okkur sé nauðsynleg og hef lýst mig fylgjandi og ég þakka hæstv. iðnrh. þessi skýru og afdráttarlausu svör.

Ég vil af þessu tilefni minna á að það hefur oft komið til umræðu að atvinnulíf á Íslandi væri einhæft. En möguleikar okkar til að auka fjölbreytni þess eru reyndar nokkuð takmarkaðir og það hefur ekki gengið vel þrátt fyrir allar yfirlýsingar að auka *hér fjölbreytni í atvinnulífi. Eitt af því sem við* höfum stefnt að í því sambandi, einn af þeim fáu möguleikum sem virðast nokkuð borðleggjandi, er að nýta orkulindirnar til atvinnuuppbyggingar eins og fram er tekið í stjórnarsáttmála núv. ríkisstjórnar. Að þessu hefur verið unnið annað veifið, líklega *með hléum stundum, en árangur hefur orðið* takmarkaður. Sannleikurinn í þessu máli er vitaskuld sá að tækifærin bjóðast ekki alltaf og ævinlega eða alls staðar heldur bjóðast þau stundum og sums staðar og það á við núna líka. Ef stefna okkar er sú, sem ég held að sé meirihlutavilji fyrir, að auka hér fjölbreytni í atvinnulífi með þessum hætti verðum við að framfylgja þessari stefnu samfellt og vera reiðubúin að grípa tækifærin þegar þau gefast.

Nú eru nokkrar horfur á því að slíkt tækifæri gefist og þá tel ég einsýnt og nauðsynlegt að menn séu reiðubúnir að grípa það tækifæri, ganga til samninga ef hinir erlendu viðsemjendur eru til þess reiðubúnir og hér reynist um hagkvæman kost að ræða. Að öðrum kosti verður stefna okkar marklaus og hlægileg og það má hún ekki vera.

Í annan stað hlýt ég að vekja athygli á að þetta varðar líka álit á Íslendingum á erlendum vettvangi. Hér er um að ræða samskipti við erlenda aðila, það hefur verið unnið að þessu máli í nokkur ár og við viljum að það sé tekið mark á okkur. Þá koma engar kúvendingar til greina. Ef við viljum að það sé tekið mark á okkur, ef við viljum halda áliti okkar á erlendum vettvangi verður stefnan að vera sjálfri sér samkvæm. Þetta tvennt tel ég að hafi komið fram í ræðu hæstv. iðnrh. að hann er tilbúinn til þess að tryggja.

Þessi eru kannski meginatriði málsins. Vitaskuld vitum við ekki um niðurstöður þeirra athugana sem hinir erlendu aðilar eru að vinna. Vitaskuld vitum við ekki hvernig gengur að semja við hina erlendu aðila, en stefnumörkunin, viðhorfið til þessara athugana, viðhorfið til þessara samningaumleitana þarf að vera skýrt og ljóst. Það hefur verið það í mínum huga og ég tel mikla nauðsyn fyrir Íslendinga að þeir sýni staðfestu í þessu og ég tel að það hafi komið skýrt fram hjá hæstv. iðnrh. áðan að hann hyggist tryggja það og fyrir það tel ég að við öll eigum að vera þakklát.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Herra forseti. Aðeins örfá orð um þetta mál eins og það horfir við frá mínum sjónarhóli. Ég dreg mjög í efa í fyrsta lagi að það sé tímabært að hefja utandagskrárumræður um þetta mál og ég skal færa að því nokkur rök, en fyrst þetta: Í mínum huga er

alveg skýrt að sú hagkvæmniathugun sem nú er unnið að varðandi byggingu nýs álvers í Straumsvík er hafin að frumkvæði íslenskrar ríkisstjórnar. Íslensk ríkisstjórn leitaði út fyrir landsteinana til ýmissa fyrirtækja með það fyrir augum að efla orkufrekan iðnað á Íslandi og skjóta fleiri stoðum undir efnahagslíf. Árangur af því frumkvæði var sá að fjögur fyrirtæki undirrituðu samning við íslensk stjórnvöld um að gera á því hagkvæmniathugun hvort hér mundi reynast góður kostur að byggja nýja álbræðslu. Áætlanir benda til að slík hagkvæmniathugun muni kosta um 30 millj. kr. og taka nokkuð mikinn tíma. Ég lít svo á, hafandi starfað að þessum málum, að þau fyrirtæki sem að frumkvæði íslenskrar ríkisstjórnar ráðast í slíka hagkvæmniathugun og verja til þess verulegum fjármunum og tíma hljóti að vera í góðri trú með það að íslensk stjórnvöld ætli sér að standa að byggingu slíks álvers ef samningar nást, þ.e. ef hagkvæmniáætlun er jákvæð og samningar nást við Íslendinga um þau atriði sem að sjálfsögðu þarf að semja um.

Ég verð hins vegar að taka undir með fjmrh. um það að það liggur engan veginn fyrir hvað út úr þessari hagkvæmniáætlun kemur. Ég hef svo lengi starfað að samningum um orkufrekan iðnað að mér er enn ljóst að það getur brugðið til beggja vona. Ég minni í því sambandi sérstaklega á samninga um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði þar sem samningar voru nánast komnir á lokastig en hagkvæmniáætlun brást. Lengi framan af voru menn mjög bjartsýnir á að slík hagkvæmniathugun gæti orðið jákvæð og úr byggingu þeirrar verksmiðju gæti orðið. Það brást hins vegar og ég get ekki neitað því að það er enn í kollinum á mér að um þá hagkvæmniathugun, sem nú er unnið að, getur brugðið til beggja vona. Það er ekkert sem bendir enn til þess að hún verði jákvæð. Við vitum ekki hver niðurstaðan úr henni verður.

Jafnframt er það líka rétt að samningar sem á eftir henni fylgja hljóta að verða á þann veg að Íslendingar séu fyllilega sáttir við þá. Þetta hljóta menn að verða að hafa í huga. En að því gefnu að samningar náist sem Íslendingar geta sætt sig við og hagkvæmniathugun verði jákvæð hlýt ég að lýsa því yfir að ég lít svo á að þessir erlendu aðilar hljóti að vinna að þessu í góðri trú og það verði ákaflega erfitt fyrir Íslendinga að þessum atriðum uppfylltum og gefnum, sem ég þegar hef nefnt, að lýsa því yfir að þeir hafi nánast ekki meint neitt með þessu, það sé fróðlegt að sjá hvað út úr þessu hafi komið, en hvorki sé tími, staður eða stund til að halda áfram með málið.

Ég ítreka hins vegar að ég tek undir með hæstv. fjmrh. með það að mér þykir þetta tæplega tímabær umræða vegna þess að enginn veit enn hvað út úr þessu kemur og því miður hafa þeir samningar sem við hingað til höfum staðið í teflst á þann veg að niðurstaða hefur orðið neikvæð jafnvel þótt við höfum átt von á hinu gagnstæða.

Ég vil hins vegar jafnframt segja það sem mína skoðun að ég tel afar mikilvægt að skjóta sem flestum stoðum undir atvinnulíf og efnahagslíf Íslendinga. Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar að virkjun auðlindanna, orkufrekur iðnaður, sé ein þeirra leiða sem við eigum til þess að nýta. Leiðirnar eru að sjálfsögðu margar og auðvitað eigum við ekki að einblína á orkufrekan iðnað, en sú atvinnugrein hlýtur að vera ein þeirra sem við reynum að byggja hér upp og ekki síst nú þegar við horfum til aukins samdráttar, e.t.v. atvinnuleysis og erfiðleika í þessu landi, og viðskiptahallinn við útlönd er svo mikill sem raun ber vitni.

Ég get ekki látið hjá líða að nefna í þessu sambandi að auðvitað koma fleiri leiðir til greina og eiga að vinnast samhliða og notast um leið. Í því sambandi vil ég aðeins nefna að ef við eingöngu ölum þau laxaseiði til slátrunar sem nú eru í landinu og gætu orðið sláturafurð um áramótin 1989–1990 mundi það geta skilað inn í þjóðarbúið svipuðum tekjum og tvö álver af þeirri stærð sem nú eru í Straumsvík. Bæði fjmrh., formaður Alþb., og núv. landbrh. vinna að því að þetta markmið geti náðst og það er afar mikilvægt, en jafnhliða hljóta menn að benda á að álverið í Straumsvík núna, sem er með vergar tekjur einhvers staðar upp undir 7000 millj. á ári, skilar í þjóðarbúið, inn í landið svipuðum tekjum og veiði á milljón tonnum af loðnu. Að vísu eru þetta stærðargráðureikningar hjá mér, en mér sýnist að milljón tonna loðnuveiði skili inn í þjóðarbúið brúttó einhvers staðar um 4½ milljarði og ef menn meta það svo að erlend aðföng séu um 30–40% stenst það nokkurn veginn á endum að eftir inni í landinu af þessum milljón tonnum verða um 2½–3 eða um 3 milljarðar kr. eða svipað og eftir verður af tekjum álversins í Straumnsvík. Þá hljóta menn að sjá að hér er um afar mikilvægan kost að ræða sem engin leið er að horfa fram hjá þegar menn líta til bæði samdráttar í efnahagslífi og viðskiptahalla.

Það er heldur enginn vafi á því án þess að ég fari um það mörgum orðum að stóriðja á Íslandi hefur orðið til þess að byggja upp raforkukerfi landsins. Það eru yfir 50% af framleiðslu Landsvirkjunar sem eru seld til stóriðju.

Það er líka ljóst að það eru sjálfsagt einhvers staðar á milli 800 og 1000 Íslendingar sem vinna beint við stóriðju og eru óneitanlega meðal tekjuhæstu launahópa í landinu. Það hefur verið giskað á að það séu um 6000 Íslendingar sem hafa beint eða óbeint lífsviðurværi sitt af stóriðju.

Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að það ætti að vera tiltölulega einfalt mál fyrir Íslendinga að sjá að þörf er á því að renna fleiri stoðum undir efnahagslífið. Mér hefur líka fundist að það ætti að vera hægt að ná sæmilegri sátt um það hér í landinu að virkjun orkulindanna sé ein leiðin til þess að gera það. Mér hefur fundist að menn ættu að leita fremur að meiri sátt og friði um orkumálin og stóriðjumál en hvessa andstæðurnar stöðugt og gera þessi mál að meiri pólitískum deilum í þjóðfélaginu en ástæða er til.

Mér er ekki alveg ljóst hvað fyrir hv. málshefjanda vakir í þessu máli. Þar finnst mér ég eiga um tvo kosti að velja. Annars vegar að skilja hann svo að honum sé ákaflega brýnt í huga að fá upplýsingar um stöðu þessa máls og forvitni reki hann áfram. Hann hafi þess vegna ekki séð aðra leið til þess að fá þessar upplýsingar en hefja máls á málinu utan dagskrár á Alþingi. Ég vil ekki útiloka þessa skýringu þó að ég verði að játa að mér þykir hún ekki sennileg. Hinn kosturinn er að skilja málshefjanda svo að hann telji að með þessari utandagskrárumræðu takist honum að hvessa andstæður og jafnvel vekja deilur, ekki bara á þinginu heldur innan stjórnarflokkanna, um þetta mikilvæga mál. Ef þannig á að skilja málshefjanda harma ég það vegna þess að ég þykist vita að honum sé það jafnofarlega í huga og mér að renna fleiri stoðum undir efnahagslíf Íslendinga og telji það með mér að framleiðsla sem getur skilað inn í þjóðarbúið svipuðum tekjum og milljón tonna veiði á loðnu sé mikilvæg og þess vegna sé ástæða til að reyna að koma henni fram án þess að vekja um það allt of miklar deilur og væri þess vegna þjóðhagslega meiri ástæða til að vinna að sátt um málið.

Ég ætla ekki að fara út í heimspekilegar vangaveltur um það hvað fyrir málshefjanda vakir, en ég dreg mjög í efa að ástæða hafi verið til að hefja á þessari stundu umræður um þetta mál hér og ég dreg mjög í efa að það sé framgangi málsins til góðs þó að ég þykist þess fullviss að fyrrv. iðnrh. Friðrik Sophusson vildi vinna að því máli einlæglega.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Þegar litið er yfir farinn veg má segja að stóriðjumálin á Íslandi hafi verið hálfgerð harmsaga. Þau hafa einkennst af misskilningi og hálfgerðu klúðri frá því að við fórum fyrst að hugsa um stóriðju upp úr 1960 til að nýta okkur þær miklu orkulindir sem við áttum þá óbeislaðar.

Það sem ég vil gagnrýna á þessum stað er að þessi mál hafa eiginlega alla tíð verið í höndum stjórnmálamanna og embættismanna, en ýmsir athafnamenn og framkvæmdamenn hafa þar lítið komið nærri. Því hafa áætlanir og þær ákvarðanir sem hafa verið teknar í stóriðjumálum okkar oft byggst á óraunsæi og loftköstulum einum. Hins vegar er því ekki að neita að stóriðjan leit á tímabili út fyrir að vera mjög vænn kostur fyrir okkur Íslendinga, en gallinn er bara sá að við vorum allt of seinir í gang. Það var þegar í seinni heimsstyrjöldinni og aðallega á árunum eftir seinni heimsstyrjöldina að hráefnisiðnaður og þungaiðnaður var í hámarki í Evrópu og þá voru byggð stóriðjuver í Evrópulöndunum. Norðmenn frændur okkar voru fljótir að átta sig á þessu og notfærðu sér þetta mjög. Við fórum ekki í gang fyrr en upp úr 1960 og má segja að það var ekki fyrr en undir 1970 að fyrsta stóriðjuverið, þ.e. álverið í Straumsvík, kom til sögunnar, en þá er þetta tímabil mikillar uppbyggingar í hráefnisiðnaði í Vestur-Evrópu og Vesturlöndum að líða undir lok. Því má benda á að það eru allar líkur á því að við höfum nokkuð misst af lestinni vegna þess hve við vorum seinir í gang.

Upp úr 1970 verður mikill samdráttur í hráefnisiðnaði á Vesturlöndum og eru reyndar allar líkur á því að Vestur-Evrópa og Vesturlönd verði ekki lengur sá staður þar sem þungaiðnaður og hráefnisiðnaður er aðalatriðið heldur eru allar líkur á því að þessi iðnaður muni færast til landa þriðja heimsins þar sem eru gífurlegar orkulindir ónotaðar og vinnuafl mun ódýrara en á Vesturlöndum. T.d. er verið að virkja vatnsorku í Brasilíu sem nemur mörgum þúsundum megawatta þannig að virkjanir eins og Búrfell og Hrauneyjafoss eru eins og dropi í hafið þegar borið er saman við þær framkvæmdir. Í Afríku eru sömuleiðis virkjunarkostir sem eru svo stórkostlegir að það sama er hægt að segja um þá, að litlu virkjanirnar okkar verða ansi litlar í þeim samanburði.

Fyrst eftir að við fórum að huga að stóriðju litu ráðamenn svo á að stóriðjan ein sér mundi bjarga þjóðfélaginu og renna traustum stoðum undir atvinnulíf okkar Íslendinga. Á þessu var misskilningurinn byggður að mínum dómi. Stóriðjuver og stóriðja geta komið sem ákaflega hagkvæmur kostur til viðbótar því fátæklega atvinnulífi sem við höfum á Íslandi og þannig bar að líta á málin. Ef við hefðum haft vit á því að hagnýta okkur þá kosti þegar þeir gáfust, grípa gæsina þegar hún gafst og byggja á því að stóriðjan kæmi til viðbótar atvinnulífinu en ekki að hún ætti að vera aðalatriði, þá er líklegt að okkur hefði vegnað betur í þeim málum.

Eins og nú horfir eru litlar líkur á því að um frekari uppbyggingu á stóriðjufyrirtækjum verði að ræða í Vestur-Evrópu. Hins vegar eru margar verksmiðjur sem enn þá eru starfræktar að ganga úr sér og einhver endurnýjun mun fara fram á þeim. Því er að sjálfsögðu nauðsynlegt fyrir okkur að hafa augun opin og huga að möguleikum þegar þeir gefast. Fyrir nokkrum árum áttum við kost á því að reisa hér kísilmálmverksmiðju og voru samningar langt komnir eins og einn hv. þm. gat um í ræðu sinni hér áðan. Hins vegar fórum við þá að blanda uppbyggingu stóriðju saman við byggðamálin. Við ætluðum að fara að gera vandamál dreifbýlis á Íslandi að útflutningsvöru sem er algjörlega fráleitt. Ef okkur gefst færi á því að fá erlend fyrirtæki til að byggja stóriðju á Íslandi, þá verður, eins og ég sagði áðan, að grípa gæsina þegar hún gefst. Við getum ekki farið að gera slíka möguleika að byggðamálum. Ég er ekki í nokkrum vafa um það að hefði sú ákvörðun verið tekin á sínum tíma að reisa kísilmálmverksmiðju við hliðina á járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga, þá hefðu samningar náðst um það á þeim tíma. En þessum möguleika var fórnað á altari byggðastefnunnar vil ég segja.

Ef það er mögulegt að fá fyrirtæki til þess að stækka álverið í Straumsvík, þá ber að taka þann kost um leið og hann gefst. Það gæti vel verið síðasti möguleikinn sem við höndlum til að nýta okkur

orkulindir okkar með þessum hætti því að ég hef ekki trú á því að það verði um marga fleiri stóriðjukosti að ræða í framtíðinni. Hins vegar vil ég gagnrýna það hversu lítið við höfum sinnt því að byggja upp annan iðnað í landinu og notfæra okkur þessar hagkvæmu, ódýru orkulindir okkar til almennrar iðnaðaruppbyggingar. Það hefur skort mjög á að Íslendingar hafi viljað nýta sér þá möguleika sem felast í því að bjóða almennum iðnaði upp á ódýrt rafmagn og nýta sér þessar orkulindir til almennrar iðnaðaruppbyggingar. Þar er mikið verkefni eftir óleyst og ég vil skora á þá sem nú fara með þessi mál að huga að þeim möguleikum fremur en einblína á stóriðjuna eina saman.

En ég vil þó að lokum taka undir það að án stóriðjunnar er ekki líklegt að okkur hefði miðað eins vel í að byggja okkar glæsilegu orkuver og nýta orkulindir okkar eins og þó hefur gerst. Það hefur vissulega margt jákvætt komið með stóriðjunni. Við höfum náð tökum á þeim erfiðu verkefnum sem eru því samfara að virkja og beisla orkulindirnar og nú er svo komið að við ráðum vel við þau verkefni einir sér. Á árunum eftir stríð var engin tæknikunnátta til í landinu þannig að við gætum einir og óstuddir ráðið við þessi verkefni. Það höfum við þó fengið út úr þessu.

Að lokum vil ég ítreka þá skoðun okkar þm. Borgfl. í Reykjaneskjördæmi að ef tækifæri gefst til þess að ná samningum um að stækka álverið í Straumsvík, þá ber að grípa það tækifæri strax og það gefst.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem þessi mál eru rædd hér á hv. Alþingi og tilefnin hafa kannski stundum verið næg og nærtækari en það sem hér er um að ræða.

Það er ekki ónýtt fyrir þá aðila sem eru að bera sig saman úti í heimi um það hvernig þeir eigi að koma sér fyrir hugsanlega hér uppi á Íslandi að fá yfirlýsingar úr ræðustól á Alþingi frá hv. alþm. eins og hér hafa komið fram frá nokkrum þeim sem hér hafa talað. Ég nefni þar til sögu hv. þm. Kjartan Jóhannsson og hv. þm. Júlíus Sólnes sem var að ljúka máli sínu áðan og tala fyrir hönd Borgfl. væntanlega, enda formaður þess þingflokks hér á Alþingi, og hnykkja á því að það beri að ganga til samninga við þessa aðila um þreföldun álðju í Straumsvík ef nokkur kostur sé að krækja slíku saman. Það er ekki ónýtt að fá slíkar pólitískar yfirlýsingar hér á Alþingi varðandi þá samningsstöðu sem menn sem eru kappsfullir um og ætla sér kannski að byggja upp í þessu máli, að fara að reisa hér nýtt álver, tvöfalt stærra en það sem fyrir er. Það er ekki ónýtt fyrir hæstv. viðskrh. að fá slíkt í vegarnesti, ef það skyldi einhvern tíma koma í hans hlut að reyna að ná þessum samningum, að sjá það að hér er hluti af hv. alþm. á hnjánum í sambandi við það að koma fótum undir þetta erlenda fyrirtæki suður í Straumsvík. Það vissu allir um viðhorf Sjálfstfl. í þessum málum og á þeim bæ er allt óbreytt. Það fengum við að vita nú síðast frá hæstv. fyrrv. iðnrh. Friðriki Sophussyni. Það var það eina flagg sem hann reisti í tíð sinni sem iðnrh. að gera samning um hagkvæmniathugun við fjögur erlend fyrirtæki um byggingu álvers í Straumsvík á sama tíma og grunnurinn var að hrynja undan almennum iðnaði í landinu eins og raun ber vitni og menn þekkja.

Það er rétt sem hæstv. fjmrh. mælti hér úr þessum ræðustól áðan að það er nokkuð sérstætt að það birtist okkur sem aðaláhugamál stærsta stjórnarandstöðuflokksins og einstakra þm. sem styðja núv. ríkisstjórn að keppa að því að semja um atvinnurekstur af þessu tagi hið allra fyrsta — fyrir lok næsta árs ef ég hef skilið hæstv. viðskrh. rétt — á sama tíma og grunnurinn er hruninn undan útflutningsatvinnuvegum landsmanna vegna stjórnarstefnu fyrrv. ríkisstjórnar sem kom innlendum atvinnurekstri á vonarvöl, fiskvinnslunni í landinu og almennum iðnaði, að samkeppnisiðnaði meðtöldum, eins og menn þekkja og eins og nú er að koma í ljós þegar fyrirtækin í landinu eru að birta tölur sínar um milliuppgjör að loknum níu eða tíu mánuðum þessa árs. Það verður falleg jólabók sem hægt er að efna í handa hæstv. fyrrv. forsrh. Þorsteini Pálssyni og hæstv. fyrrv. iðnrh. Friðrik Sophussyni að senda þeim núna á jólaföstunni niðurstöðurnar úr rekstrarafkomu útflutningsatvinnuveganna á Íslandi um það leyti sem stjórnarskipti urðu. Það er sannarlega skammdegislesning sem ekki er uppörvandi.

En fremsta áhugamál þessara manna hér á hv. Alþingi er ekki að fara yfir þessa stöðu heldur að reka á eftir því að gerðir verði samningar um erlenda stóriðju í Straumsvík, engin smáfyrirtæki, aukningu á raforkuframleiðslu til að afhenda útlendingum hér í atvinnurekstri. Aukningu um 2600 gwst. af orku þegar heildarframleiðslan í landinu nú er um 4000 gwst. til þess á þann hátt að koma upp vinnustað sem hæstv. viðskrh. upplýsir í svari við fsp. á þskj. 10 — sem ég þakka fyrir, virðulegur forseti, að hefur borist á borð þm. — að muni veita um 430 manns atvinnu. — Og féll þá kertið frá fyrrv. iðnrh. fyrir borð og væntanlega verða það einnig örlög drauma hans um það að bæta við það dæmi sem Sjálfstfl. og Alþfl. bera ábyrgð á frá sjöunda áratugnum í sambandi við álver í Straumsvík. — Það ætti að vera verkefni Alþingis nú í framhaldi af því sem dregið var fram í dagsljósið fyrir átta árum síðan: Hver eru þjóðhagsleg áhrif og hver er uppskeran úr þeim rekstri sem fram fer í Straumsvík? Hver er bagginn sem lagður hefur verið á innlendan atvinnurekstur með því að greiða niður raforkuna fyrir þennan iðnað?

Það er heldur fátæklegt á þessum blöðum sem við vorum að fá sem svar frá hæstv. viðskrh. Það er lítið sagt um það hvaða raforkuverð það er sem menn hafa í huga vegna þessarar verksmiðju sem þeir bera fyrir brjósti. En út úr ársreikningum Landsvirkjunar, hæstv. viðskrh., fyrir árið 1987 lesum við að meðalkostnaðarverð á hverri seldri kwst. af orku út

úr kerfi Landsvirkjunar til stóriðju og til almenns rekstrar og til heimila í landinu — hvert skyldi það vera, virðulegur viðskrh.? Hvert skyldi það vera, hv. þm. Friðrik Sophusson? Ætli það séu 12,5 mill eins og lengst hefur verið búið við eftir að samningar voru endurskoðaðir vegna álversins í Straumsvík? Eða 18,5 mill sem samkvæmt hámarki og umsömdu þaki er toppurinn sem hægt er að ná? Nei, það eru 22 mill. 21,9 mill nákvæmlega reiknað samkvæmt ársreikningum Landsvirkjunar.

Um hvað eru menn að tala? Hvað er verið að hvísla í eyrun á ATLANTAL-hópnum í sambandi við raforkuverð? Hvaða upplýsingar eru það? Per Olof, eins og ég held að hann heiti að fornafni, forstjóri Gränges Aluminium í Svíþjóð, sagði hvað hæstv. fyrrv. iðnrh. hefði hvíslað í sín eyru meðan hann sat þar í embætti. Hann upplýsti það í viðtali við Morgunblaðið 5. júlí sl. Það væru sömu forsendur eins og í raforkusölunni til núverandi álbræðslu í Straumsvík. Raforkusamningur sem getur hreyft sig á bilinu 12,5–18,5 mill, óverðtryggður, og hefur lækkað að raungildi um fjórðung frá því að Sverrir Hermannsson skrifaði undir hann í nóvember 1984, rýrnað að verðgildi síðan um einn fjórðung, um 25%.

Er það alvara hv. alþm. að fara að efna til samningaviðræðna og eyða fjármagni af hálfu íslenska ríkisins og fyrirtækja eins og Landsvirkjunar í það að koma upp fyrirtæki af því tagi sem þarna er verið að láta liggja að að eigi að reisa fyrir 1992 og tvöfalda, samkvæmt upplýsingum frá hæstv. viðskrh. nú, að framleiðslugetu upp í 180 þús. tonn hið *minnsta, 4–6 árum síðar? Er það meining* hv. alþm., m.a. þeirra sem eru fulltrúar landsbyggðarinnar sem er stödd í þeim sporum sem þeir menn þekkja sem fylgjast með atvinurekstrinum úti um land, að ætla að fara að láta liggja að því að það komi til greina að fara að verja 20–25 milljörðum íslenskra króna í að byggja upp virkjanir á Suðurlandi til þess að selja orkuna á því undirverði sem viðgengist hefur í samningum um stóriðju á Íslandi undanfarna áratugi? Ætla menn að fara að láta nafn sitt við þetta? Ég spyr hv. þm. hvar í flokki sem þeir standa, ég spyr fulltrúa landsbyggðarinnar hér á Alþingi — hér sitja t.d. fyrir framan mig hv. þm. fulltrúar Vestfirðinga þeir Þorv. Garðar Kristjánsson og Matthías Bjarnason — ætla þeir í sínum flokki að taka þátt í að reka á eftir þessum fyrirætlunum þeirra sem hafa látið flækja sig í þessi net í eigin flokki og eru að reka þar á eftir?

Hér situr formaður þingflokks Framsfl., hv. þm. Páll Pétursson. Ætlar hann að beita sér fyrir því í sínum þingflokki að farið verði að efna í samninga á þeim kjörum sem hv. þm. veit ósköp vel hver bjóðast í þessum efnum? Hann situr í stjórn Landsvirkjunar, en það hefur víst ekki verið haft mjög mikið fyrir því á þeim bæ að viðra orkuverðið sem Landsvirkjun hefði upp á að bjóða til þessa væntanlega fyrirtækis. Ég hygg að það hafi heyrst ansi lítið um það á þeim bæ, enda má niðurstöðuna finna í ársreikningum fyrirtækisins fyrir síðasta ár: 22 mill sem meðalkostnaðarverð allrar seldrar orku frá fyrirtækinu. Talið við þá í ATLANTAL-hópnum, hvort þeir vilji borga svona 50% ofan á þetta. Spyrjið þá að því. (**ÞP:** Fær landbrh. líka fsp. frá þm.?) Landbrh.? Ætli hæstv. landbrh. svari ekki fyrir sig ef hann hefur einhverju við að bæta eða ef hv. þm. Þorsteinn Pálsson ætlar að beina til hans fsp. Hæstv. landbrh. hefur hlýtt hér af gaumgæfni á þessar umræður sem eðlilegt er. Það vantar hins vegar ýmsa sem mættu gjarnan taka hér til máls. Hér eru engin smámál til umræðu.

Við erum hér að fást við draug úr tíð síðustu ríkisstjórnar, einn af mörgum draugum frá tíð þeirrar ágætu verkstjórnar sem hv. þm. Friðrik Sophusson var að minna á hér í ræðustól áðan. Hann var að tala um verkstjórnina í ríkisstjórninni og það brostu allir hv. þm. í kampinn sem eðlilegt var. Ríkisstjórnin sem lék íslenskan atvinnurekstur með þeim hætti sem nú blasir við. (Gripið fram í.)

Ég held, virðulegur forseti, að það sé rétt að ég rifji aðeins upp hver stefna Alþb. er í þessum efnum. Það hefur komið fram í ræðu hæstv. fjmrh. og ég vil ítreka það sem er stefna Alþb. eins og hún hefur legið fyrir síðan 1974 þegar Alþb. markaði sína meginstefnu til atvinnumála, almenna stefnu til þjóðmála. Það er ekki langur kafli, virðulegur forseti:

„Alþb. er því andvígt að erlend auðfélög fái aðstöðu til atvinnurekstrar á Íslandi og telur að uppbyggingu stóriðju í landinu beri að haga eftir efnahagsgetu þjóðarinnar sjálfrar. Alger forsenda er að íslenska ríkið eigi meiri hluta í stóriðjufyrirtækjum. Við byggingu og staðsetningu stóriðjumannvirkja ber að sýna ýtrustu aðgæslu um mengunarvarnir. En ekki er síður nauðsynlegt að taka fullt tillit til félagslegra og efnahagslegra áhrifa. Við undirbúning framkvæmda í orkumálum og iðnaði, sem og við aðra mannvirkjagerð, ber að leggja áherslu á að fullt tillit sé tekið til umhverfissjónarmiða frá byrjun."

Þetta er hin almenna stefna Alþb. til þessara mála, sem er nánar útfærð í samþykktum flokksins frá 1976, sem ekki hefur verið breytt síðan, bæði varðandi eignaraðild, umhverfisvernd og félagslega þætti, þar á meðal byggðamál.

Hér kom talsmaður eins stjórnarandstöðuflokksins, Borgfl., og fór að fjalla um viðhorfið til byggðar í landinu í sambandi við þessa atvinnuuppbyggingu. Það var satt að segja mesta raun á að hlýða. Hv. þm. Júlíus Sólnes var ekkert að skera utan af því hér í sinni ræðu. Það á ekki að taka nokkurt tillit til þess ef útlendingunum þóknast annað. Menn eiga bara að fara eftir því sem þeim þóknast hvernig staðið er að uppbyggingu atvinnurekstrar í landinu. Vegna þess að menn ætluðu að byggja litla kísilmálmverksmiðju austur á landi þá vildu útlendingarnir ekki bíta á og það var ósköp eðlilegt! Það mátti skilja það á orðum hv. þm. Hvers vegna ætli hafi ekkert orðið úr því fyrirtæki? Jú, „hagkvæmniathugunin kom

ekki nógu vel út," sagði hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson. Hún brást m.ö.o. Hagkvæmniathugun hverra? Rio Tinto Zink. Mánuði eftir að hv. fyrrv. iðnrh., Friðrik Sophusson, kistulagði það fyrirtæki og lagði það niður, hlutafélagið sem stofnað var í kringum það 1982, hafði afurðaverðið á kísilmálmi hækkað það mikið að það nægði til að fleyta arðseminni inni í þeim líkönum sem miðað var við yfir það lágmark sem útlendingarnir höfðu talað um að uppfylla þyrfti. En það er auðvitað ekkert verið að líta á það. Þarna voru ráðin í höndum útlendinganna frá upphafi til enda. Það var algerlega lagt í vald eigendanna, hluthafanna suður í London og víðar út um heim, hvort af þessu fyrirtæki yrði eða ekki. Það er ein afleiðingin, hæstv. viðskrh., af því að láta útlendingana um það að ráða ferðinni sem eignaraðila að slíkum fyrirtækjum. Það er afleiðingin af því í hvaða rekstri sem er. Ef menn afhenda útlendingum meirihlutaeign í íslenskum atvinnurekstri, þá erum við að sigla inn á braut hjálendunnar á nýjan leik.

Hér hefur verið minnst á Noreg. Norðmenn hafa lært af sinni reynslu í stóriðju. Þeir fóru út á þá braut á sjöunda áratugnum og þeim áttunda að kaupa upp hlutabréfin í erlendu stóriðjufyrirtækjunum til að tryggja sér þar ítök og meirihlutaáhrif í flestum tilvikum. Skyldu þeir hafa gert það að gamni sínu? Ó-nei. Þeir voru reynslunni ríkari af samskiptum við þessa útlendu herra. Og núna? Ég var á ferð í Noregi í síðustu viku, ræddi þar m.a. við fulltrúa í umhverfisráðuneytinu norska, sem væri nú fróðlegt fyrir hv. alþingismenn að kynna sér hvernig starfar, ræddi um þau verkefni sem þar er verið að fara yfir. Eitt af því sem lagt er til fjármagn á komandi ári er að athuga þjóðhagsleg áhrif málmvinnslunnar í landinu, frekari þróunar á því sviði, frekari uppbyggingar á því sviði, með spurningum, með stóru spurningarmerki: Er það þjóðhagslega rétt að leggja meira fjármagn í slíkan rekstur og þá með hliðsjón af öðrum kostum í atvinnulífi?

Nýjustu upplýsingar í sambandi við ál sem ég heyrði úr munni þessara manna voru þær að líkurnar á þeirri aukningu, sem menn hafa talið að lægju fyrir hvað snertir markað fyrir ál, væru minnkandi, m.a. vegna þess að ál er nú talið, það eru vísbendingar um það a.m.k., að ál sé heilsuspillandi þegar það er notað í heimilistæki og matarílát og slíka hluti en það er drjúgur hluti af hinni almennu notkun áls, nýtingu hrááls. Það er talið leiða til hrörnunarsjúkdóma, einkum á efri árum manna. Þeir hlutir eru ekki til fulls upplýstir, en Rannsóknaráð Noregs ver umtalsverðri upphæð á komandi ári til þess að fara ofan í saumana á þeim málum.

Það er ekki allt gull sem glóir. Þau áform sem hér er verið að ræða eru sannarlega umræðunnar virði. En ég vil biðja hæstv. viðskrh. um það að draga svolítið niður í áhuga sínum á þessu máli og sameinast um það með öðrum í ríkisstjórninni að reyna að finna lausnir á þeim mikla vanda sem núverandi atvinnurekstur á Íslandi býr við og kanna þá þróunarkosti í íslensku atvinnulífi sem eru allt of lítið athugaðir. Það liggja fyrir fjölmargir þættir sem við þurfum að athuga og gætu orðið að veruleika, arðskapandi og auðskapandi fyrir þessa þjóð, bara ef menn hafa hug til þess að leggja í þá, standa að rannsóknarstarfsemi í landinu fyrir íslenskt fjármagn og með íslensku hugviti til þess að byggja hér upp atvinnulíf sem við ráðum við, sem við ráðum yfir og sem fellur að því markmiði að byggja Ísland allt í framtíðinni.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil mótmæla því að þessar umræður séu ekki tímabærar vegna þess að ég tel fyllstu ástæðu til þess að taka upp umræður um þetta mál hér á Alþingi, þó miklu fyrr hefði verið. Að vísu ætla ég ekki að taka til máls á sömu forsendu og málshefjandi og vil lýsa því strax yfir að ég tel allar áætlanir um byggingu álvers á þessum forsendum sem hér eru og yfirleitt á hvaða forsendum sem er nánast tóma vitleysu. En það er samt alveg greinilegt á öllu að Alþb. er komið inn í þessa samningagerð og virðist á öllu að þeir hafi breytt afstöðu sinni frá því 28. sept. þegar ríkisstjórnin var mynduð, þar sem þeir hafa fallist á að taka þátt í þeim viðræðum sem hér er lýst og kemur fram á minnisblaði frá hæstv. viðskrh. Eða líta kannski þessir fulltrúar, sem hér hefur komið fram að eru alþýðubandalagsmenn, ekki á sig sem fulltrúa Alþb.? Eru þeir þar sem sérlegir sérfræðingar, þá væntanlega að mati viðskrh., og hefur Alþb. ekki neitt með þetta mál að gera?

Í DV föstudaginn 11. nóv. sl. segir Margrét Frímannsdóttir, formaður þingflokks Alþb., með leyfi forseta: „Það er í sáttmála ríkisstjórnarinnar að ekki verði unnið að stækkun álversins í Straumsvík. Við viljum að við þær samþykktir verði staðið. Við munum því ekki standa að neinni undirbúningsvinnu." Seinna segir hún í þessu sama viðtali: „Við erum alfarið á móti þessu álveri og stöndum ekki að neinum breytingum." Þarna tekur formaður þingflokks Alþb. alveg ákveðið af skarið, þannig að það virðist ekki vera að hennar skapi það sem hér hefur verið að gerast. Og í Þjóðviljanum 12. nóv. sl. er haft eftir hæstv. landbrh. Steingrími J. Sigfússyni: „Um skipan þessarar nefndar [þ.e. nefndar viðskrh.] segir Steingrímur að ef ætlunin væri að fulltrúar í nefndinni væru fulltrúar sinna flokka þá þætti sér heldur ógeðfellt að ráðherrann „handveldi einhverja fulltrúa" úr Alþb. Ef nefndarmenn ættu að vera fulltrúar flokkanna ætti að fjalla um það á lýðræðislegan hátt innan flokkanna hver sá fulltrúi ætti að vera." Nú heyrðist mér hér áðan að formanni Alþb. hefði verið fullkunnugt um þessa skipan mála þannig að það virðist vera ljóst að þrátt fyrir allt eru þessir menn þarna sem fulltrúar Alþb. þó að formaður flokksins reyni að sverja það af sér á undarlegan hátt.

Hér hefur komið fram að margir sem talað hafa fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og stuðningsmenn

hennar eru þeirrar skoðunar að fyrirtækin fjögur sem hér er rætt um hafi verið í góðri trú um að hér verði byggt álver ef samningar náist og ef hagkvæmniathugun er jákvæð. En ef farið er að athuga þau svör sem ég fékk við fsp. varðandi nýtt álver, þá kemur í ljós að ekki liggur fyrir hvaða mengunarvarnarkröfur verða gerðar. Það er einungis talað um það að þar verði að lúta jafnströngum mengunarvarnarkröfum og gilda um ný álver í Vestur-Evrópu og Bandaríkjunum. Þetta þykir mér ákaflega veikt orðað. Mér finnst einkennilegt ef hægt er að gera hagkvæmniathugun án þess að kröfur um mengunarvarnir liggi fyrir. Það liggur heldur ekkert fyrir um það hvert verði fyrirkomulag skattamála fyrirtækisins. Það kemur einnig fram hér að ekki hefur verið samið á neinn hátt um það. Það hlýtur að sjálfsögðu líka að þurfa að koma inn í hagkvæmniathugunina. Og það liggur heldur ekkert fyrir um orkuverðið. Ég á því mjög erfitt með að skilja hvernig hægt er að gera hagkvæmniathugun án þess að þetta allt liggi fyrir.

Það kemur fram á minnisblaðinu, sem er fylgiskjal með þessu svari, að ráðgjafarnefndin hefur það verkefni að fylgjast með hagkvæmniathuguninni og veita upplýsingar um íslenskar aðstæður sem máli skipta, t.d. varðandi verð og afhendingarskilmála orku og íslensk skattamál. Þannig er alveg greinilegt að ráðgjafarnefnd á að fara að semja um þessi atriði og að þetta felst ekki í þeim samningi sem gerður var við fyrirtækin á sínum tíma. Svo að ég veit ekki hvernig Alþb. ætlar að snúa sig út úr þessu og halda því fram að þeir séu ekki komnir inn í samninganefnd um þessi mál.

Það hefur reyndar ekki fengist upplýst hvernig þessi samningur hljóðar sem var gerður 4. júlí sl. milli fyrirtækjanna fjögurra og íslenskra aðila. En það er greinilegt að ekkert er inni í þeim samningi um orkuverð, skattamál eða mengunarvarnir. Ég á því mjög erfitt með að skilja á hvaða forsendum sá samningur er gerður. En það kemur fram í svari frá hæstv. viðskrh. að ekki er hægt að fallast á þá ósk mína að samkomulagið á milli íslenska ríkisins og fyrirtækjanna fjögurra verði birt vegna þess að þeir vilja líta á þetta sem viðskiptaleyndarmál. Þetta þykir mér mjög slæmt, sérstaklega með tilliti til þess hvað þarna virðast margir lausir endar.

Mér finnst það því hafa komið mjög greinilega fram að þetta mál er mjög illa undirbúið og það eru alls ekki öll kurl komin til grafar enn. Það kom fram í fjölmiðlum hér fyrr í sumar, bæði í blöðum og útvarpi, að þeir fjórir aðilar sem hafa verið að vinna að þessari hagkvæmniathugun hafa gengið út frá því að orkuverð verði á svipuðum nótum og orkuverð til Ísals, sem greinilega er allt of lágt og allsendis óviðunandi ef við eigum að fara að semja á þeim nótum. Það er varla hægt að minnast á það ógrátandi hvernig undanfarin ár hefur verið staðið að mengunarvarnarmálum í Straumsvík varðandi Ísal. Þannig að það má ekki standa eins illa að þeim málum og gert var á sínum tíma — og við gerum enn. Í núgildandi samkomulagi við Íslenska álfélagið stendur að mengunarvarnir „verði að bestu manna vitneskju". Ég veit ekki hvort hægt er að telja það viðunandi ef ekki er farið betur með mál en nú er raunin í Straumsvík.

Hér er líka talað um að við þurfum að hafa fjölbreyttara atvinnulíf. Því get ég verið alveg sammála. Við þurfum að efla okkar atvinnulíf og fjölbreytni þess. En það eina sem ráðamenn virðast láta sér detta í hug er að fá nýtt álver. Það getur varla aukið mikið á fjölbreytni vegna þess að við erum hér með eitt álver, illu heilli, og eigum við svo að bæta við álveri? Þá erum við raunverulega enn að bæta við sams konar atvinnu og fyrir er og það getur ekki aukið fjölbreytni. Ef við eigum því enn að setja öll eggin í sömu körfuna þá getur það ekki leitt til neinnar farsældar.

En ég fagna því að þetta mál skuli koma hér upp þó að ég geti alls ekki fallist á að það skuli vera komið svo langt sem raun ber vitni, að það sé þegar farið að semja við þessa aðila. Því að ekki er hægt að skilja það sem hér hefur komið fram öðruvísi en svo að samningar séu komnir á fulla ferð.

Albert Guðmundsson:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda þessar umræður. Ég held að það sé alrangt hjá hv. 10. þm. Reykv. að það sé annaðhvort eða. Annaðhvort er hv. þm., fyrrv. hæstv. iðnrh., að spyrja til að vita eitthvað meira um málið eða hann er að spyrja til þess að skapa pólitíska óróa. Ég vil meina að hann hafi spurt til að vita meira, til þess að við þingmenn, sem ekki fylgjumst daglega með þessu máli, vitum líka meira. Þetta er stórmál. En ég held að honum hafi tekist á sama tíma að skapa ansi mikinn pólitískan óróa og ég skal útskýra hvers vegna ég fullyrði það.

En ég vil lýsa samstöðu minni með hæstv. iðnrh. Ég held að hann hafi haldið vel á málinu. Það sem hann hefur gert er eðlilegt framhald af þeirri vinnu sem hæstv. fyrrv. iðnrh. setti í gang. Þannig að ég lýsi fullri samstöðu með því sem hann er að gera. Ég vil vara við þeim hugsunarhætti, sem kom fram hjá hv. 2. þm. Austurl. Hjörleifi Guttormssyni, að umræður hér á Alþingi þurfi endilega að vera þannig upplýsandi fyrir fólk úti í heimi að þær hafi bein áhrif á niðurstöðu væntanlegra samninga, sem er að sjálfsögðu rangt að öðru leyti en því að það getur gefið þessum aðilum meira undir fótinn en æskilegt er, að við viljum endilega ná samkomulagi. Það gæti hugsanlega haft áhrif á niðurstöður samninga. En reynist hagkvæmt að stækka álverið eða byggja nýtt álver þá hef ég ekki trú á því að þeir sem fara með samningana á lokastigi láti hafa slík áhrif á sig. Ég treysti því fullkomlega að við eigum íslenska samningsaðila sem eru færir um að tala af fullu jafnræði við útlendinga.

Það hefur komið ýmislegt athyglisvert fram því að hæstv. ráðherrarnir, sem hér hafa talað, hafa alls ekki verið sammála — og svo mikið ósammála að

það er upplýsandi fyrir Alþingi. Og ég vil þá, því að hæstv. fjmrh. er genginn í salinn, telja það afskaplega óheppilegt tal að dreifa athyglinni frá því máli sem er á dagskrá núna og er stórt atvinnuspursmál fyrir þjóðina. Það fer ekkert á milli mála. Við sjáum hvernig Hafnarfjörður og bæirnir í kring hafa byggst upp af miklum tekjum frá því álveri sem er fyrir. Hann hefði átt að gera önnur atvinnumál að umræðuefni, sagði hæstv. ráðherra, t.d. sjávarútveginn sem er í miklum vanda, frekar en byggingu nýs álvers sem ekki væri neitt sérstakt stórmál, alla vega ekki orðið stórmál. (**Fjmrh.:** Frummælandi minntist á sjávarútveginn.) Já, frummælandi. Ég byrjaði bara að skrifa niður það sem ég heyrði hæstv. fjmrh. segja og að það væri ekki tímabært af þeim ástæðum að ræða þetta mál.

Það er alveg rétt hjá hæstv. fjmrh. að hagkvæmniathuganir eru ekki samningagerningur, eins og ég skrifaði orðrétt eftir honum. Þess vegna erum við ekkert að ræða um endanlega samninga. En það sem ég vil segja að sé pólitískt og hefur komið fram í þessum umræðum er þetta, og fer ég þá í rétta röð og byrja á hæstv. forsrh. sem er því miður — eða kannski sem betur fer alltaf fjarstaddur þegar umræður eiga sér stað um mál sem hann snerta. Hæstv. forsrh. svarar fyrstu spurningu sem til hans er beint, en hún hljóðar svo: Hvaða samningar voru gerðir milli stjórnmálaflokkanna um byggingu nýs álvers? o.s.frv. Og hann svarar: „Stjfrv. verður ekki flutt án samþykkis allra stjórnarflokkanna." Forsrh. segir að stjfrv. verði ekki flutt án samþykkis allra stjórnarflokkanna, en það er samkomulag um að ljúka þeirri könnun sem er í gangi sem er eðlilegt.

Síðan kemur hæstv. iðnrh. í púltið og svarar þeim spurningum sem hv. fyrirspyrjandi leggur fyrir hann og þá segir hæstv. iðnrh.: Reynist niðurstaða hagkvæmniskönnunarinnar hagkvæm verður leitað heimilda Alþingis. Þá er komið út í það að hæstv. forsrh. segir að það verði ekki lagt fram frv. nema stjórnarflokkarnir séu allir sammála. Hæstv. iðnrh. segir: Það byggist á niðurstöðum könnunar hinna fjögurra erlendu aðila plús nefndarinnar að sjálfsögðu, sem hann skipaði, hvort málið verður rætt á Alþingi eða ekki. Þar er kominn upp ágreiningur á milli þessara ráðherra um málsmeðferð. Það á ekki að spyrja stjórnarflokkana hvort málið komi fyrir eða ekki fyrir ef niðurstaðan reynist hagkvæm heldur verður það lagt fyrir Alþingi. Og þá segir hæstv. fjmrh.: Verði frv. flutt og samþykkt á Alþingi verður litið á það sem nýjan meiri hluta á Alþingi. (**Fjmrh.:** Það sagði hæstv. forsrh. líka.) Það sagði hæstv. fjmrh. hér í dag og þetta þýðir hótun um stjórnarslit, hæstv. fjmrh. — Hvort er það ég eða hæstv. fjmrh. sem hefur orðið? (**Forseti:** Báðir.) Ég verð þá að bíða eftir því að virðulegur forseti gefi mér orðið á ný. (**Forseti:** Þingmaðurinn hefur orðið en ekki til einkaviðræðna við hæstv. fjmrh.) Einkaviðræður hafa ekki farið fram af minni hálfu. Ég er hér að vitna í ræðu sem hæstv. fjmrh. flutti fyrr á þessum fundi og í þeirri ræðu, eins og ég hef bent á með tilvitnunum í hans ummæli, hefur hann hótað stjórnarslitum ef sú málsmeðferð verður viðhöfð sem iðnrh. kynnti. Ef niðurstöður hagkvæmnikönnunar þeirra erlendu fyrirtækja sem eru nú að kanna hvort hér verður talið hagkvæmt að byggja álver eða ekki verða lagðar fyrir Alþingi, þá lítur Alþb. þannig á samkvæmt ummælum formanns flokksins að þá hafi myndast nýr meiri hluti á Alþingi verði það samþykkt og þar með er um stjórnarslit að ræða. Þetta fer ekkert á milli mála. Ég held að hv. 1. þm. Reykv. hafi náð markmiði sínu með því að upplýsa hv. þm. um hvernig málin ganga fyrir sig, hvar málin standa, bæði efnislega og pólitískt, þannig að ég held að hann geti verið ánægður með þessa dags vinnu sína.

Ég hef ekki mikið meira að segja annað en að það væri ákaflega æskilegt, hæstv. iðnrh., ef þessi nefnd virðulegra fjögurra útlendra stórfyrirtækja kæmist sem fyrst að niðurstöðu, og niðurstaðan verður vonandi jákvæð svo að hæstv. iðnrh. geti þá staðið við það sem hann sagði, að verði niðurstaðan jákvæð mun Alþingi fá að fjalla um það og taka ákvörðun. Þar með er ég hæstv. iðnrh. alveg sammála, að Alþb., kommúnistarnir á Íslandi, ráði ekki ferðinni í pólitík á Íslandi þrátt fyrir stjórnarþátttöku sína, þeir ráði því ekki hvort hér ríkir velmegun eða ekki velmegun, þeir ráði því ekki við hvað fólk starfar eða starfar ekki á Íslandi, að þeir hafi ekkert með það að gera að skapa sér þann jarðveg sem þeir þrífast best í, fátækt og eymd. Ég tel að það sé góður árangur og mikill árangur af þessari fsp.

Þá vil ég líka þakka hæstv. iðnrh. fyrir þau svör sem hann hefur gefið hv. 12. þm. Reykv. og var dreift fyrr á fundinum.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ég vil minna menn á að nú eru tíu mínútur eftir af þessum fundi því að honum á að ljúka kl. fimm, en þá hefjast þingflokkafundir. Það eru þrír á mælendaskrá þannig að ég verð að fara þess á leit við þá hv. ræðumenn að þeir reyni sem kostur er að stytta mál sitt.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Ég skal freista þess að reyna að lengja ekki þessar umræður úr hófi fram. Ég tel að þær hafi verið mjög gagnlegar og varpað ljósi á stöðu þessa máls. Það vakti hins vegar alveg sérstaka athygli þegar hæstv. fjmrh. kom í ræðustólinn að hann gerði það að aðalefni ræðu sinnar að kvarta yfir því að stjórnarandstaðan skyldi ekki í dag hafa tekið til umfjöllunar stefnuleysi og úrræðaleysi ríkisstjórnarinnar almennt í efnahagsmálum. Hann gerði það að umkvörtunarefni að stjórnarandstaðan skyldi ekki hafa í dag tekið það hér til umræðu hvað ríkisstjórnin ætlar að gera í þeim efnum og að stjórnarandstaðan skuli ekki veita ríkisstjórninni nokkra leiðsögn um það hvernig bregðast eigi við um stjórn efnahagsmála og við það að bæta úr bágri stöðu atvinnugreinanna í landinu.

Það er öllum ljóst að það slitnaði upp úr stjórnarsamstarfi fyrrv. ríkisstjórnar vegna ágreinings um hvernig taka ætti á málum atvinnuveganna vegna þess að samstarfsflokkar Sjálfstfl. í þeirri ríkisstjórn vildu ekki á þeim tíma taka á þeim vanda og kröfðust þess að honum yrði skotið á frest. Menn hafa heyrt alveg skýrt og skorinort hvernig atvinnulífið í landinu hefur brugðist við. Það er alveg sjálfsagt að taka áskorun hæstv. fjmrh. um að hefja hér almennar umræður um nauðsyn aðgerða í efnahagsmálum fyrst hæstv. ráðherra kallar á aðstoð stjórnarandstöðunnar í þeim efnum.

Það er líka athyglisvert að talsmenn stjórnarflokkanna í þessari umræðu hafa lagt á það mikla áherslu að það væri ástæðulaust að fjalla um þetta mikilvæga mál hér á Alþingi. Hvers vegna er það ástæðulaust? Allir viðurkenna að þetta er mikilvægt mál. Allir viðurkenna að það hefur mjög mikla þýðingu varðandi atvinnuþróun í landinu. Ég man ekki betur en þetta hafi verið eina málið sem Alþfl. lagði áherslu á við myndun þessarar ríkisstjórnar, fékk að vísu ekki stefnu sína inn í stjórnarsáttmálann, en hæstv. iðnrh. hefur unnið að framgangi þess í ljósi þeirrar stefnumörkunar sem forveri hans hafði lagt og þeirra samninga sem forveri hans hafði lagt í þeim efnum. Hann á allar þakkir skildar fyrir það efni. Hann fær allan stuðning fyrir áframhaldandi vinnu á þeim grundvelli og svör hans voru mjög skýr og afdráttarlaus. Þó fannst mér gæta nokkurrar úrtölu þegar hæstv. ráðherra ræddi um að eins gæti farið að frumvörp um þetta efni yrðu ekki lögð fram fyrr en á öðru þingi. Auðvitað er ekkert hægt að segja fyrir um niðurstöður samninga og ég skil mætavel það sjónarmið hæstv. iðnrh. Hitt hefði þó verið fastara og í ákveðnari skorðum og einarðari stefna, að það yrði skýrt og skorinort tekið fram að að því væri stefnt að afgreiða nauðsynlegar lagaheimildir í þessu skyni á þessu þingi. Ég geri alveg ráð fyrir því að það sé í huga hæstv. ráðherra og komi kannski fram í hans máli í umræðunni, enda hefur hann til þess stuðning.

Þegar núverandi ríkisstjórn var mynduð var ljóst að Alþb. setti sig á móti stórvirkjunum og samningum við erlenda aðila um álbræðslu. Alþfl. krafðist þess og gerði þetta reyndar að sínu eina máli við stjórnarmyndunina, en það kom aldrei fram hver væri afstaða forustuflokksins í ríkisstjórn, Framsfl. Það var þess vegna einkar athyglisvert að hæstv. fjmrh. upplýsti í umræðunni að það væri bullandi ágreiningur innan Framsfl. um þetta mál. Þar skiptust menn í tvo hópa. Það kom ekki fram í ræðu hæstv. forsrh. hver stefna Framsfl. væri í málinu. Ég skil það svo að hann sé ekki viðstaddur þessa umræðu í dag og tek undir það, sem hér hefur komið fram hjá hv. 5. þm. Reykv., að það er býsna algengt að hæstv. forsrh. dvelst annars staðar en á Alþingi, kannski í fílabeinsturninum, þegar umræður fara fram um mikilvæg mál. En það væri fróðlegt að fá að vita hver er stefna Framsfl. Við höfum heyrt skoðanir þess hluta sem hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson er talsmaður fyrir. En hver er stefna Framsfl. í málinu? Það væri býsna nauðsynlegt að fá fram.

Síðan segir hæstv. fjmrh. að Alþb. sé andstætt því grundvallaratriði um eignaraðild útlendinga sem fram komi í samningsdrögunum um hagkvæmniathugun. Hæstv. iðnrh. hafði hins vegar tekið fram að eignaraðildin yrði í þeim hlutföllum ef til samninga kæmi nema einhver þessara aðila drægi sig út og þá yrðu aðrir erlendir aðilar að koma þar í staðinn, enda hygg ég að út frá þessu hafi verið gengið. Hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson sagði: Þessir erlendu aðilar, sem með samningum við íslensk stjórnvöld hafa tekið að sér að gera hagkvæmniathugun, hljóta að vera í góðri trú um áframhaldandi vilja íslenskra stjórnvalda til þess að takast þetta verkefni á hendur. Ég tek alveg hjartanlega undir með hv. þm. Það væri meira en lítið skrýtið ef efnt væri til samningagerðar við erlenda aðila um hagkvæmniathugun af þessu tagi ef þeir viðsemjendur íslenskra stjórnvalda gætu ekki treyst því að það væri vilji til þess að hagkvæmniathuguninni lokinni að fara í samningaviðræður. En þá upplýsir hæstv. fjmrh. að einn flokkur sem að ríkisstjórninni stendur sé algerlega andvígur því grundvallaratriði að erlendir aðilar komi að þessari stóriðju. Nú veit ég ekki hvort marka má þessa yfirlýsingu því að það er mjög algengt að Alþb. gefi út sverar yfirlýsingar um grundvallaratriði en hafi þær svo að engu, kannski miklu algengara en hitt, í tilvistarkreppu sinni. Ef marka má þessa yfirlýsingu hæstv. fjmrh. felst í henni yfirlýsing um að það eigi að draga hina erlendu viðsemjendur á asnaeyrunum inn í viðræður þegar fyrir liggur að Alþb. er andvígt eignaraðild í hugsanlegum samningum sem koma í kjölfarið. Yfirlýsing hæstv. ráðherra verður ekki skilin á annan veg. Það eigi að draga þá þingmenn Alþfl. og Framsfl., sem vilja vinna að framgangi málsins, á asnaeyrunum og finna svo einhver önnur rök í samningaviðræðum eða hagkvæmniathugun til að koma málinu fyrir kattarnef síðar. En ég bind satt að segja ákveðnar vonir við það og styðst þar við reynslu í gegnum tíðina að það sé lítið að marka yfirlýsingu af þessu tagi um stefnu Alþb., jafnvel þó að formaður þess tali. Það er alveg ljóst að það er meirihlutavilji hér á Alþingi fyrir því að ganga í slíka samninga, koma þessum verkum fram til að auka fjölbreytni í íslensku atvinnulífi ef hagkvæmniathuganir eru á þá lund að það sé skynsamlegt og samningar takast. Ég hef trú á því og vona það satt best að segja að þá láti Alþb. undan þeirri grundvallarstefnu sem hæstv. fjmrh. lýsti.

En það breytir ekki því að í orðum hans felst það eitt að draga erlenda viðsemjendur ríkisstjórnarinnar, sem hann á sjálfur sæti í, á asnaeyrunum og draga þá þingmenn Alþfl. og Framsfl. sem styðja ríkisstjórnina á asnaeyrunum í málinu og það lýsir fremur ástandinu innanborðs í hæstv. ríkisstjórn en efni málsins.

Aðalatriðið er að þessi umræða hefur verið býsna þörf. Hún hefur varpað ljósi á hver afstaða einstakra

aðila innan ríkisstjórnarflokkanna er í málinu þó að enn sé nokkuð á huldu um skoðanir framsóknarmanna í þeim efnum og kemur kannski ekkert á óvart. Aðalatriðið og meginniðurstaðan er þó sú að þrátt fyrir hinar sveru yfirlýsingar Alþb. er hér meirihlutavilji til að halda málinu fram ef hagkvæmniathugun og niðurstöður samninga benda í þá veru og leiða til þess að við getum haldið áfram á þeirri braut. Þeir þingmenn og stuðningsmenn ríkisstjórnarflokkanna sem hæstv. fjmrh. er nú að reyna að draga á asnaeyrunum mega eiga alveg vísan málefnalegan stuðning stjórnarandstöðunnar í því efni að koma þessu hagsmunamáli fram ef niðurstöður áframhaldandi athugana verða í þá veru. Það er kjarni þessa máls.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég þarf ekki langan tíma og ég tel að það sé lítil ástæða til að eyða löngum tíma í umræður um þetta mál á þessu stigi vegna þess að þessi umræða er ekki tímabær. Það er verið að vinna að málinu og eðlilegur gangur á þeirri vinnu svo best ég veit, en niðurstöður liggja ekki fyrir og fyrr er ástæðulaust að taka tíma til ítarlegrar umræðu. En þessa umræðu þarf að taka þegar niðurstöður liggja fyrir.

Við höfum of mikið rafmagn þegar Blönduvirkjun er tekin til starfa, þ.e. framleiðslugetan er miklu meiri en notkunarmöguleikarnir. Það væri í sjálfu sér hagstætt ef markaður fyndist sem borgaði meira en framleiðslukostnaðarverð. Bygging álvers má ekki verða til þess að íslenskir notendur þyrftu að borga hærra verð vegna byggingar álversins.

Til þess að gera þessa verksmiðju starfhæfa þarf að ráðast í viðbótarvirkjanir. Það dæmi er ekki fullreiknað hvað rafmagn úr þeim muni kosta og þess vegna hafa ekki verið sköpuð skilyrði til þess að ræða raforkuverð í smáatriðum og það er ekki búið að binda neitt raforkuverð enn þá í þessari hagkvæmniathugun. Landsvirkjun hefur ekki komist að niðurstöðu um hvert raforkuverð þurfi að vera að lágmarki. Þjóðhagsleg áhrif eru ókunn enn. Það er unnið að því að reyna að gera sér grein fyrir þeim sem eðlilegt og sjálfsagt er sem liður í þessu undirbúningsverki.

Á þenslutíma væri staðsetning í Straumsvík mjög óheppileg. Það kann að verða breyting á ef um samdráttarskeið er að ræða. Það þarf að athuga byggðapólitísk sjónarmið. Hv. þm. Reyknesinga hafa nú einkum haft áhuga fyrir sjávarútvegsmálum á undanförnum vikum og unnið að þeim, en það kann að vera að það breytist.

Það fylgja því geysilegar fjárskuldbindingar að ráðast í svo miklar virkjunarframkvæmdir sem hér er um að ræða og það þarf að gera sér grein fyrir hugsanlegum áhrifum af þeim.

Hv. þm. Friðrik Sophusson hefur að mínu mati ekki auðveldað eða flýtt fyrir byggingu álvers í Straumsvík með upphlaupi sínu í dag. Að sjálfsögðu tekur hv. þm. áhættu á að hann tefji málið og spilli því með því að taka það hér til umræðu. Auðvitað er hv. 1. þm. Reykv. að reyna að reka einhvern fleyg í hið ljúfa og góða stjórnarsamstarf okkar. Það mun honum að sjálfsögðu ekki takast.

Það liggur alveg ljóst fyrir að stjórnarfrumvörp, hvorki um þetta efni né önnur, verða flutt nema með samþykki allra stjórnarflokkanna. Forsrh. gaf skýra og ótvíræða yfirlýsingu við myndun þessarar ríkisstjórnar að yrði samþykkt frv. um meiri háttar mál, ég held ég muni þetta orðrétt, í andstöðu við einhvern af stjórnarflokkunum teldi hann, þ.e. forsrh., að nýr meiri hluti hefði myndast og mundi að sjálfsögðu þá í framhaldi af því biðjast lausnar.

Hv. 1. þm. Suðurl. spurði um stefnu Framsfl. í málinu. Framsfl. hefur af skiljanlegum ástæðum ekki tekið endanlega afstöðu til málsins, enda eru ekki gögn fyrirliggjandi enn þá sem geri slíka vitræna ákvarðanatöku mögulega. En ég vonast eftir því að Framsfl. komi til með að móta sína afstöðu þegar nauðsynleg gögn liggja fyrir. Og Framsfl. telur rétt að afla þeirra gagna sem til þarf til að komast að skynsamlegri niðurstöðu.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð. Að vísu var sú ræða sem hv. þm. Páll Pétursson flutti áðan á þann veg að ég hefði getað fallið frá orðinu. (**PP:** Þá skaltu bara láta það eftir okkur.) Já. Það var þó ein setning sem hefði þurft að bæta við en ég gat varla ætlast til að hv. þm. Páll Pétursson gerði. (**PP:** Þá er hún óþörf.) Nei, hún þarf að liggja hér fyrir vegna margítrekaðra ummæla og endurtekinna hv. þm. Alberts Guðmundssonar.

Hv. þm. Páll Pétursson greindi réttilega frá því hér að hæstv. forsrh. hefði við myndun þessarar ríkisstjórnar lýst því yfir sama daginn og ríkisstjórnin var mynduð að verði frv. á Alþingi samþykkt í meiri háttar máli sem einn stjórnarflokkanna hefur ákveðið að styðja ekki jafngildi það tilkomu nýs þingmeirihluta á Alþingi. Þetta var það sem ég sagði í ræðu minni og hv. þm. Albert Guðmundsson taldi hinn mikla árangur hv. þm. Friðriks Sophussonar við þessa umræðu. Hann er ekki meiri en svo þessi árangur að þetta hefur legið fyrir skjalfest í öllum fjölmiðlum landsins frá því að þessi ríkisstjórn var mynduð. Hv. þm. Albert Guðmundsson fylgist væntanlega svo vel með að það hefur ekki farið fram hjá honum. Það sem ég gerði hér var síðan að endurtaka ummæli hæstv. forsrh. sem hann reyndar líka endurtók við þessa umræðu.

Hv. þm. Albert Guðmundsson hefur hins vegar upp á síðkastið gert sér tíðrætt um hinn vonda kommúnistaflokk, Alþb. Það sé svo illur flokkur og óalandi og óferjandi, þessi vondi kommúnistaflokkur, að það verði fyrir alla muni að koma í veg fyrir að hann hafi nokkur áhrif á gang þjóðmála. Ég ætla ekki að gera þennan stimpil, sem ég tel ekki við hæfi gagnvart mínum flokki, sérstaklega hér að umræðuefni. En hitt vil ég þó minna hv. þm. Albert Guðmundsson á, að það eru fáir menn í þessum sal

fyrir utan Alþb. sjálft sem bera meiri ábyrgð á jafnlangri stjórnarsetu þessa flokks en hv. þm. Albert Guðmundsson þegar hann skrifaði frægt bréf á fyrstu mánuðum ársins 1980 og gerði hæstv. fyrrv. forsrh. Gunnari Thoroddsen kleift að mynda þá ríkisstjórn með Alþb.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég vil að gefnu tilefni taka það fram að ég tel alls ekki ástæðulaust að ræða þetta *mál hér á þingi þótt vel megi vera að seinni tími* hefði verið hentugri.

Ég vil næst víkja að því sem hér hefur verið talað um tímasetningar og flutning stjórnarfrumvarpa og fleira af því tagi sem komið hefur fram í máli margra. Það eru ekki mikil tíðindi að það þurfi samstöðu stjórnarflokka um stjfrv., og þarf hvorki að vitna til skjala eða fyrri yfirlýsinga í því máli. Það er alkunna. Hitt er annað mál að ég tel það fullkominn óþarfa að menn séu unnvörpum að taka afstöðu hér til óframkominna frumvarpa eða draga ályktanir af athugunum sem enn hafa ekki skilað niðurstöðu. Ég legg til, virðulegi forseti, að við látum þetta allt saman bíða síns tíma þótt ég taki aftur fram að þessi umræða hafi á sinn hátt verið þörf. Um tíma fyrir þessi væntanlegu mál, sem vonandi koma í fyllingu tímans á dagskrá þingsins, ætla ég engu að spá öðru en því, sem ég hef þegar greint frá, að ég tel að næsta ár muni vel duga til að ljúka þessum verkum.

Nokkur orð um orkuverðið. Hv. 1. þm. Norðurl. v. vék að því að auðvitað væri ekki unnt að ræða orkuverðið fyrr en fyrir lægju áætlanir Landsvirkjunar um jaðarkostnaðinn við þá orku sem afla þarf vegna þessara framkvæmda og þá að teknu tilliti til ákvæða 13. gr. laga um Landsvirkjun sem segir einfaldlega að orkusala og framleiðsla fyrir stóriðju megi ekki valda verðhækkun til almennings. Auðvitað verður þetta virt og helst þarf það að vera þannig að þetta lækki orkuverð til almennings þegar nógu langt er liðið fram á veginn. En bæði af þessari ástæðu og eins af hinni, sem liggur í augum uppi, er engan veginn tímabært að nefna hér tölur um orkuverð þótt ég skilji á vissan hátt þau orð sem hér féllu af hálfu hv. 2. þm. Austurl. og hv. 12. þm. Reykv. Það er rétt að í þessum svörum er ekki talað um tölur í þessu sambandi. En ég vil taka það fram að auðvitað verður stefnt að hagkvæmari orkuverðssamningi fyrir Íslands hönd en Ísal nýtur nú.

Að lokum nokkur orð um mengunarvarnakröfurnar. Það segir í því svari sem ég hef lagt fram í þinginu í dag að viðræður séu hafnar við heilbrrn. og Hollustuvernd um þessar kröfur. Ég vil taka fram að slíkar viðræður geta ekki farið fram af nákvæmni eða viti eða til verðs og kostnaðar fyrr en búið er að skilgreina þann framleiðsluferil sem nota skal. Nú hefur það verið gert, að mér skilst, af þeim sem vinna að hagkvæmniathugunum, en það er auðvitað alveg hárrétt hjá hv. 12. þm. Reykv. að fyrr en það liggur fyrir er ekki hægt að meta þetta hvað þá að greina í efnafræðilegum skilningi, eins og skilja mátti af spurningu hv. 12. þm. Reykv. að hún vildi fá, og þegar það liggur fyrir verður það svo sannarlega gert opinskátt og nákvæmlega, en fyrr er það ekki hægt. Um þetta þurfa að fara fram viðræður. Þess vegna þarf tengiliði af Íslands hálfu við þessa hagkvæmniathugun. Það væri ábyrgðarlaust að standa öðruvísi að því máli.

Að lokum þetta: Mér finnst það ekki brúkleg röksemd, sem hér hefur komið fram í máli nokkurra hv. þm., að menn eigi ekki að vera að ræða svona nýja kosti í framleiðsluaukningu í atvinnulífinu af því að gömlu greinarnar standi svo illa. Mér finnst þetta satt að segja vera hreint öfugmæli. Mér finnst nánast að það sé ábyrgðarhluti að kanna ekki til hlítar þá kosti sem nú kunna að gefast á því að auka við framleiðslumátt okkar þjóðfélags þegar svo stendur á, sem nú háttar, að erfiðlega gengur í því sem fyrir er. Við þær aðstæður, sem nú blasa við á þjóðarbúinu, ber okkur skylda til að kanna þetta mál til hlítar. Með réttum rökum og á réttum tíma fram borið veit ég að þingmenn munu taka afstöðu til þess máls, ekki á grundvelli einhverra kredda eða kennisetninga heldur í anda raunsæis og mats á því hvað þjóðinni er fyrir bestu.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Vegna orða hv. 1. þm. Suðurl. Þorsteins Pálssonar um afstöðu stjórnarandstöðunnar vil ég taka fram að stjórnarandstaðan er algerlega á móti byggingu nýs álvers í Straumsvík af ýmsum ástæðum.

Friðrik Sophusson:

Hæstv. forseti. Það líður senn að lokum þessarar umræðu, trúi ég, þótt ég sjái að þingmenn séu enn að biðja um orðið. Þessar umræður hafa að mínu mati verið gagnlegar og skýrt rækilega hver staða þessa vandmeðfarna máls er.

Fyrst ætti ég kannski örstutt að víkja máli mínu til hv. 2. þm. Austurl. þegar hann sagði að grunnurinn hefði hrunið undan iðnaðinum í landinu á meðan ég sat í ráðuneyti iðnaðarmála. Þetta er ræða sem hv. þm. flytur aftur og aftur. Við stjórnarslit síðustu ríkisstjórnar kom skýrt fram að Sjálfstfl. undi því ekki að gripið væri eingöngu til sértækra aðgerða en ekki almennra aðgerða fyrst og fremst og aðallega vegna þess að þær bráðabirgðaaðgerðir sem þá voru að sjá dagsins ljós hjá Alþfl. og Framsfl. dugðu iðnaðinum ekki. Þetta veit hv. þm. og það er kannski óhætt að bæta því við að hæstv. fjmrh. lýsti því yfir tveimur mánuðum áður en hann gekk til samstarfs við Alþfl. og Framsfl. að ytri aðstæður væru afskaplega hagstæðar, mjög hagstæðar orðaði hann það. Það var ekki á þessum mönnum að finna að þeir tryðu því að gengið væri rangt skráð. Það er fyrst núna sem forsrh. er að viðurkenna slíkt. Ég vísa því á bug þegar hv. þm. orðar þetta með þeim hætti sem hann gerði. Það er hann sem styður þá stefnu sem er iðnaðinum mjög öndverð nú um stundir. Það

er hann, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, sem þess vegna ber ábyrgð á því hvað er að gerast í íslenskum iðnaði í dag en ekki einhverjir fyrri ráðherrar ef hann heldur það. Þetta höfum við talað um áður.

Ég ætla enn fremur að láta það koma fram að ég hef ekki hvíslað neinu raforkuverði að einum eða neinum. Það hefur komið skýrt fram hjá hæstv. ráðherra hvernig að því máli hefur verið staðið.

Í þriðja lagi vil ég segja frá því til upplýsingar varðandi kísilmálmverksmiðjuna að það mál var afhent markaðsskrifstofunni til áframhaldandi vinnu. Því miður, og ég tek undir það með hv. þm., gekk það mál ekki fram. Við erum þó væntanlega samherjar um að reyna að koma á öflugum iðnaði sem víðast á landinu þar sem það á við þannig að við eigum þar þó a.m.k. sameiginlega drauma á sumum sviðum þó ekki séu þau mörg.

Það sem liggur fyrir eftir þessa umræðu, hæstv. forseti, er að enginn efnislegur samningur var gerður við stjórnarskiptin. Það eina sem gerðist, eins og kom fram hjá hæstv. forsrh., er að hann gaf yfirlýsingu þess efnis að ef meiri háttar frv. yrði samþykkt gegn vilja eins stjórnarflokksins hefði skapast nýr meiri hluti og stjórnin mundi segja af sér. Þetta er yfirlýsingin. Hún gildir ekkert fremur um þetta mál en önnur mál. Það liggur, eins og hann sagði sjálfur, enginn efnislegur samningur fyrir um þetta mál sérstaklega þrátt fyrir það sem formaður þingflokks Alþb. hefur haldið fram í fjölmiðlum. Þetta er athygli vert.

Í öðru lagi: Hæstv. fjmrh. sem er formaður Alþb. vissi um það fyrir fram hverjir yrðu tilnefndir í nefndir hæstv. iðnrh. Honum var kunnugt um það þannig að auðvitað ber Alþb. og formaður þess ábyrgð á áframhaldandi starfi. Þetta er gert þrátt fyrir orð samráðherra hæstv. fjmrh., Steingríms J. Sigfússonar, þar sem hann segir að þetta sé ólýðræðisleg aðferð. Það kemur samt í ljós að hæstv. fjmrh. vissi af þessari tilnefningu fyrir fram. Þetta er ákaflega athyglisverð staðreynd sem hér fæst í fyrsta skiptið upplýst.

Hins vegar er það rétt, sem hér hefur verið bent á margoft, að hæstv. ráðherra, þó að hann talaði ekki mjög skýrt í sínu máli, virtist vera sammála þeim öðrum hv. þm. Alþb., sem um þessi mál hafa fjallað, að Alþb. mundi ekki standa að samvinnu við útlendinga um stóriðju hér á landi ef útlendingarnir eiga meiri hluta. Ég tek undir það, sem hér hefur verið sagt, að annaðhvort er ekkert að marka yfirlýsingar hv. alþýðubandalagsþingmanna í þessu máli, ekkert frekar en í ýmsum öðrum málum — það má rifja upp fjölda mála reyndar í því sambandi — eða þeir eru vísvitandi að blekkja bæði erlenda viðsemjendur og sína samstjórnarmenn í núverandi ríkisstjórn. Ég held að þeir séu tilbúnir að hverfa frá sínum sjónarmiðum í þessu máli alveg eins og í matarskattinum, í varnarmálunum og í hinum og þessum öðrum málum sem ég hirði ekki um að tíunda.

Hæstv. forseti. Ég lýsi yfir stuðningi við þau sjónarmið sem komu fram hjá hæstv. iðnrh., ekki síst stuðningi eins og birtist í orðum hv. þm. Kjartans Jóhannssonar. Ég tek undir það heils hugar og það hefur alltaf verið í þessu máli grundvallaratriði að auðvitað ber okkur að vinna að mengunar- og óhollustumálum eins og okkur sæmir og best gerist meðal annarra þjóða. Það hefur ávallt verið undirstöðuatriði. Ég einnig tek undir það með hv. þm. Guðmundi G. Þórarinssyni að erlendu aðilarnir verða að geta tekið mark á þeim aðilum sem ræða við þá af og til í nafni iðnrh.

Það er, hæstv. forseti, og það hefur komið mjög skýrt fram í umræðum í dag, meiri hluti fyrir því að halda áfram óbreyttri stefnu í þessu máli. Það liggur fyrir. Og ég vil undirstrika það sem kom fram hjá hv. þm. Albert Guðmundssyni. (**Fjmrh.:** Matthías Bjarnason hefur ekki talað.) Við þurfum ekki að tala allir, hver einn og einasti maður. Og það skal ekki hæstv. fjmrh. halda að menn komi hér upp og tali út og suður eins og þegar talsmenn Alþb. taka til máls þar sem einn segir eitt og hinn segir annað.

Það er eitt sammerkt með öllum ræðumönnum sem tala af hálfu Alþb., að það er ekki orð að marka þá þegar þeir komast til valda. (**Fjmrh.:** Lestu bara viðtalið.) Það eiga þeir sameiginlegt. Ég er fyllilega læs og þarf ekkert að benda mér á hvernig á að lesa. Þótt hæstv. ráðherra sé prófessor og telji sig umkominn að kenna einhverjum þarf hann ekki að kenna mér að lesa. Ég er það læs að ég veit að ekki er orð að marka alþýðubandalagsráðherrana og gildir það sama væntanlega um ræður þeirra hér í dag og ýmsar aðrar ræður sem þeir hafa flutt, a.m.k. ef maður ber saman þær sem þeir fluttu fyrir stjórnarskiptin og síðan hinar, sem fluttar eru eftir stjórnarskipti. (**Fjmrh.:** Þetta er greinilega viðkvæmt með Matthías Bjarnason.) Nema síður sé.

Það sem skiptir mestu máli, og ég er að koma að því, er það sem kom fram hjá hv. þm. Albert Guðmundssyni — ef ég fæ frið til þess að halda áfram fyrir viðkvæmni hæstv. ráðherra — er þetta: Það mátti skilja það skýrt af ummælum hæstv. iðnrh. að Alþingi fengi að fjalla um þetta mál. Þá kemur það auðvitað í ljós í fyllingu tímans hver niðurstaðan verður.

En ég vil, hæstv. forseti, að endingu þakka bæði hæstv. forseta og eins hæstv. ráðherrum fyrir þeirra svör, þar á meðal hæstv. fjmrh. þótt svör hans hafi verið eins og þau voru og byggðust kannski meira á öðru en beinum svörum. Ég vil þakka þeim fyrir að veita Alþingi Íslendinga og íslensku þjóðinni upplýsingar um stöðu þessa vandmeðfarna máls á þessari stundu.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég bendi hv. 12. þm. Reykv. Kristínu Einarsdóttur á að hún talaði ekki fyrir hönd stjórnarandstöðunnar og heldur ekki aðrir þingmenn sem ekki eiga fulltrúa í ríkisstjórninni. Ég hef sagt það áður úr þessum ræðustól: Það að hafa ekki ráðherra í ríkisstjórn þýðir ekki að sá flokkur sé

endilega í stjórnarandstöðu. Það fer allt eftir málum hverju sinni. Nú erum við að tala um mál þar sem ég og aðrir sem hafa tekið til máls úr Borgfl. erum ekki sammála flestum þeim sem hafa talað og þar á meðal hæstv. fjmrh. Ég sé ekki ástæðu til að biðja hann afsökunar á því að hafa stutt einn af hæfustu þingmönnum frá upphafi Alþingis til forustu í ríkisstjórn. Það færi betur ef ríkisstjórnin í dag hefði einhvern sem kæmist í hálfkvisti við þann látna heiðursmann. Við skulum halda okkur innan velsæmis þegar við tölum hér. En komúnistaflokkurinn er jafnvondur fyrir því og hann heldur áfram að vera kommúnistaflokkur hvort sem menn koma þar til forustu úr öðrum kommúnistaflokkum eða Framsfl.

En niðurstaða orða ráðherranna, sem varð til þess að hæstv. fjmrh. gerði orð hæstv. forsrh. að sínum, var sú að ég vitnaði í það sem hæstv. iðnrh. sagði, að verði niðurstaða hagkvæmniathugana hagstæð talin fyrir land og þjóð mun Alþingi fá að taka ákvörðun. Þá mun það verða lagt fyrir Alþingi að taka ákvörðun. Á sama tíma og á sama fundi segir forsrh. að málið muni ekki koma fyrir Alþingi nema allir stjórnarflokkarnir séu sammála. Ég treysti betur þeim sem þessi málaflokkur heyrir undir, hæstv. iðnrh., og tel að hann hafi starfað og staðið rétt að málum.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það mætti halda þessari umræðu áfram á öðrum fundi, efnin eru nóg til að ræða. Hér erum við að fjalla um gamlan draug, arf frá fyrri ríkisstjórn. Við nýja stjórnarmyndun 28. sept. sl. var verið að taka á þeim vanda sem við blasir í íslensku atvinnulífi sem einnig var arfur frá fyrrv. ríkisstjórn. Hér hafa þingmenn og hæstv. viðskrh. verið að minna á nauðsyn samfellu í stórum málum. Hún getur haft þýðingu, rétt er það. En hún er ekki meiri en um er samið og samstaða er um hverju sinni hjá þeim sem taka á í landsstjórninni.

Það er ekkert sjálfsagt að stefnu af því tagi sem Sjálfstfl. knúði hér fram á sínum tíma og sem Alþfl. átti hlut að að leiða hér inn á sjöunda áratugnum verði fram haldið í landinu á hverju sem gengur. Menn hljóta að meta hverju verði slíkt er keypt. Það liggur fyrir að engin ákvörðun hefur verið tekin um að fara út í samninga um álver í Straumsvík. Þetta vita auðvitað þeir sem stóðu að samningi við fyrrv. hæstv. iðnrh. og undirritaðir voru 4. júlí. Það eitt var ákveðið að þeirri hagkvæmniathugun yrði lokið. Alþb. á engan hlut að framhaldi þess máls. Það segi ég m.a. vegna orða hv. 12. þm. Reykv. hér. Alþb. hefur enga fulltrúa tilnefnt til þess máls og ber enga ábyrgð á því sem hæstv. iðnrh. kann að gera í sambandi við að leiða þessa hagkvæmniathugun til lykta.

Ég ítreka það, sem ég hef sagt við hæstv. viðskrh., að hann ætti að nota krafta sína til annarra þátta en þeirra að vera að rembast við að koma fótum undir erlenda stóriðju í Straumsvík sem er algerlega andstætt stefnumiðum og samþykktum eins þeirra flokka sem hann á samstarf við í ríkisstjórn. Það eru næg efni til að reisa íslenskt atvinnulíf úr rústum, einnig með nýjum atvinnugreinum og þróunarmöguleikum öðrum en þeim sem kenndir eru við álíðju útlendinga.

EFRI DEILD

10. fundur, þriðjudaginn 22. nóv., kl. 2 miðdegis.

Beiðni um leyfi deildarinnar til málshöfðunar gegn þingmanni.

Forseti (Guðrún Agnarsdóttir):

Ég legg hér fram bréf frá sérstökum ríkissaksóknara til forseta Ed. og vil leyfa mér að lesa það bréf.

„Reykjavík, 11. nóv. 1988.

Með bréfi dómsmálaráðherra dags. 6. ágúst 1987 var undirritaður skipaður til þess sem sérstakur ríkissaksóknari að fara með mál er tengjast gjaldþroti Hafskips hf. Með dómum Hæstaréttar upp kveðnum 4. júní og 24. júlí 1987 var ákærum, sem hinn reglulegi ríkissaksóknari hafði gefið út vegna þessara mála, vísað frá dómi þar sem eigi var talið rétt að hann færi með ákæruvald í þeim. Hin opinbera rannsókn hefur m.a. beinst að því að upplýsa hvort stjórnendur og starfsmenn Útvegsbanka Íslands hafi gerst sekir um brot í opinberu starfi skv. XIV. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19 frá 1940.

Rannsókn hefur m.a. leitt til þess að gefin hefur verið út ákæra á hendur fjórum mönnum er sátu í bankaráði Útvegsbanka Íslands á þeim tíma þegar bú Hafskips hf. var tekið til gjaldþrotaskipta hinn 6. des. 1985. Þeim er gefið að sök að hafa sem bankaráðsmenn sýnt af sér saknæma vanrækslu við yfirstjórn bankans og við eftirlit með starfsemi hans og þannig látið hjá líða að fylgjast með skuldbindingum og tryggingum vegna viðskipta bankans við Hafskip hf. sem var einn af helstu viðskiptaaðilum hans, en samkvæmt fundargerðum bankaráðsins var ekki fjallað um málefni Hafskips hf. á fundum þess á tímabilinu frá 1. jan. 1980 til 6. des. 1985 fyrr en 1. mars 1985.

Auk þeirra fjögurra fyrrv. bankaráðsmanna Útvegsbanka Íslands sem ákærðir hafa verið átti Jóhann Einvarðsson alþingismaður sæti í bankaráðinu þegar bú Hafskips hf. var tekið til gjaldþrotaskipta hinn 6. des. 1985. Með vísan til 1. mgr. 49. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33 frá 1944, er hér með leitað samþykkis hv. efri deildar Alþingis til málshöfðunar á hendur Jóhanni Einvarðssyni alþm. eins og öðrum bankaráðsmönnum Útvegsbankans er fyrr greinir.

Allra virðingarfyllst,
Jónatan Þórmundsson."

Jóhann Einvarðsson:

Hæstv. forseti. Með bréfi dags. 11. þ.m. hefur sérstakur saksóknari í svonefndu Hafskipsmáli óskað heimildar hv. Ed. Alþingis til þess að birta mér ákæru. Ákæru vegna meintrar vanrækslu í starfi mínu sem bankaráðsmaður í Útvegsbanka Íslands.

Svo sem kunnugt er tók ég fyrst sæti í bankaráði Útvegsbanka Íslands þann 1. jan. 1985. Í starfi mínu sem bankaráðsmaður lagði ég mig fram um ásamt félögum mínum í bankaráðinu að gæta hagsmuna Útvegsbanka Íslands í hvívetna.

Sérstakur saksóknari hefur þegar birt fjórum bankaráðsmönnum ákæru vegna fyrrgreinds máls. Ég hlýt því að mæla með því að hv. Ed. heimili sérstökum saksóknara að birta mér sams konar ákæru.

Harma ber að mál þetta skuli bera að með þessum hætti, að hv. deild skuli þurfa að taka þetta erindi fyrir. Þannig hefði ekki þurft að vera.

Hæstv. forseti. Ég tel mig saklausan af ákæru þessari, en er að sjálfsögðu þeirrar skoðunar að virða beri óskir sérstaks saksóknara, enda ber ég fyllsta traust til dómstólanna. Í ljósi þessa mæli ég með því að umbeðin beiðni verði veitt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Beiðnin samþ. með 18 shlj. atkv.

Forseti (Guðrún Agnarsdóttir):

Ég mun nú senda sérstökum ríkissaksóknara upplýsingar um niðurstöður þessarar atkvæðagreiðslu.

Lánsfjárlög 1989, 1. umr.

Stjfrv., 103. mál. — Þskj. 106.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til lánsfjárlaga sem er 103. mál þessa þings.

Frv. til lánsfjárlaga er nú eins og ávallt áður mjög mótað af því fjárlagafrv. sem hér hefur verið lagt fram á hæstv. Alþingi. Og eins og virðulegum alþm. er kunnugt mótast forsendur frv. til fjárlaga af því að ríkisbúskapurinn skili afgangi á næsta ári sem nemur eigi lægri upphæð en 1,2 milljörðum kr. Það yrðu veruleg umskipti frá því sem stefnir í á yfirstandandi ári. Ég hef á undanförnum vikum, allt frá því að Alþingi kom saman, gert Alþingi grein fyrir nýjustu horfum um afkomu ríkissjóðs á yfirstandandi ári. Þetta var gert bæði í sérstakri greinargerð sem ég kynnti á Alþingi í umræðu utan dagskrár í Sþ. og enn fremur í framsöguræðu minni með fjárlagafrv. E.t.v. má orða það svo að í tilefni dagsins að ég mæli nú fyrir frv. til lánsfjárlaga hef ég einnig því miður sams konar boðskap að flytja eins og ég flutti þá.

Boðskapurinn við fyrri ræðurnar tvær var að hallinn hefði hækkað um 1 milljarð kr. við hverja ræðu. Gamansamir menn hafa sagt í morgun að líklegast ætti ég ekki að halda fleiri ræður á næstu mánuðum til þess að þessi þróun yrði stöðvuð. Hins vegar er það nú því miður svo að ræður mínar eru ekki orsakalögmál í þessum efnum, heldur sú þróun sem er að verða í okkar þjóðarbúskap og sá mikli samdráttur sem heldur áfram jafnt og þétt í okkar þjóðfélagi.

Ég flyt því Alþingi þau tíðindi í dag að nánari greining á októbertölum sem ég kynnti lauslega við 1. umr. um fjárlagafrv. leiðir í ljós að líkur eru nú á því að rekstrarhalli ríkissjóðs á árinu 1988 geti orðið á bilinu 4,5–5 milljarðar kr.

Á undanförnum árum hefur það löngum verið svo í okkar þjóðfélagi að tekjur ríkissjóðs á síðustu þremur mánuðum ársins hafa að stórum hluta komið til móts við tekjutap á öðrum hluta ársins. Sá mikli samdráttur sem nú er að verða í okkar þjóðfélagi virðist hins vegar benda til þess að svo verði ekki í ár. Ég tel þess vegna skyldu mína að greina hæstv. Alþingi frá því nú þegar í dag að niðurstaða athugana í fjmrn. hefur leitt þetta í ljós. Í grófum dráttum má segja að samdráttur í tekjum af söluskatti nemi 1 milljarði 360 millj. kr., samdráttur í tekjum af aðflutningsgjöldum nemi 640 millj. kr. og hærri vaxtagreiðslur nemi 700 millj. kr. Samdrátturinn á tekjuhlið í samanburði við fyrri áætlanir er nú því alls orðinn um 2 milljarðar 260 millj. kr. Í októbermánuði einum var tekjuhallinn 550 millj. kr. á meðan áætlanir höfðu gert ráð fyrir 400 millj. kr. tekjuafgangi. Þessar tölur sýna það að niðurstaðan af ríkisfjármálunum á árinu 1988 verður mun verri en svartsýnar spár, jafnvel fyrir fáeinum vikum, hvað þá heldur fáeinum mánuðum, gáfu til kynna.

Ríkisendurskoðun hefur samkvæmt beiðni 1. þm. Reykn. framkvæmt sérstaka athugun á þróun mála fyrstu níu mánuði ársins og mun væntanlega innan tíðar birta Alþingi þá niðurstöðu og jafnframt mat Ríkisendurskoðunar á því hvað þróunin fyrstu níu mánuði ársins gefi til kynna varðandi þá þrjá mánuði sem eftir eru og jafnframt heildarútkomu ársins. Þessi niðurstaða sýnir hve brýnt er að snúa við á þessari braut, stefna frá þessari braut hallabúskapar og skuldasöfnunar yfir í það að ná jöfnuði í ríkisfjármálunum og fara að greiða niður þær miklu skuldir sem hallarekstur undanfarinna ára hefur haft í för með sér. Jafnframt er nauðsynlegt að hafa það í huga að slík niðurstaða í ríkisfjármálum, tekjuafgangur í stað stórkostlegs halla, er ein meginforsendan fyrir því að það takist að ná fram verulegri lækkun raunvaxta í okkar hagkerfi. Ég mun síðar í minni framsögu víkja nánar að þeirri nauðsyn að ná raunvöxtunum niður og þeim aðferðum sem nauðsynlegt kann að vera að beita í þeim efnum.

Lánsfjárráðstöfun opinberra aðila á árinu 1989 er áformuð um 6,4 milljarðar kr. Í samanburði við endurskoðaða áætlun árið 1988 lækkar lánsfjárráðstöfunin um 4,2 milljarða. Það er einkum þrennt

sem skýrir breytinguna.

Í fyrsta lagi batnar afkoma ríkissjóðs verulega eða úr tekjuhalla að fjárhæð um 4,5 milljarðar kr., jafnvel um 5 milljarðar kr., í tekjuafgang að fjárhæð a.m.k. 1,2 milljarðar kr. ef þau áform sem lýst er í fjárlagafrv. ná fram að ganga. (**EKJ:** Gott að hafa efin með.) Eins og hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni er ljóst hef ég alltaf haft efin með. Ég er ekki einn þeirra manna sem telja sig hafa fundið patent á það hvernig fjármálum næsta árs verður fyrir komið í reynd og hef lýst því yfir hvað eftir annað að það fjárlagafrv. sem ég hef lagt fram hér á Alþingi og þær aðrar aðgerðir sem við stöndum að eru tilraun til þess að ná árangri í þeim efnum. Mér er kunnugt um það að hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson hefur aðrar skoðanir á samhengi ríkisfjármála og verðbólguþróunar í landinu en velflestir aðrir þm., þar með taldir hans eigin flokksmenn, en ég hef áður lýst því yfir hér á Alþingi að ég virði þær skoðanir að mörgu leyti og er reiðubúinn, eins og ég mun koma að síðar í minni framsöguræðu, að stuðla að breytingum varðandi spariskírteini ríkissjóðs sem ættu að geta tryggt það að ríkissjóður í heild, í æ ríkara mæli en verið hefur til þessa, mundi eingöngu sækja fjármögnun sína til innlendrar spariskírteinaútgáfu. Í þeim efnum er kannski styttra á milli mín og hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar en hans og ýmissa annarra í hans flokki þó ég ætli ekki að blanda mér inn í þær umræður hér.

Í öðru lagi er skýring á þeim breytingum sem ég var hér að lýsa sú að þau gleðilegu tíðindi birtast okkur í þessu frv. að lántaka vegna framkvæmda við Flugstöð Leifs Eiríkssonar er verulega lægri á árinu 1989 en á yfirstandandi ári. Vonandi verður næsta ár það síðasta sem þurfi að leggja fyrir Alþingi frv. um nýjar lántökur vegna Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Ég hef þó vissar efasemdir um að það geti tekist og vara hv. Alþingi við því að þær ákvarðanir um byggingar sem voru teknar þegar sú flugstöð var reist og meðferð þeirrar byggingar mun að öllum líkindum, því miður, hafa það í för með sér að Alþingi og stjórnvöld munu um langa framtíð þurfa að glíma við hallarekstur og skuldasúpu þess fyrirtækis.

Í þriðja lagi er ekki gert ráð fyrir milligöngu ríkissjóðs um erlendar lántökur fyrir atvinnufyrirtæki á næsta ári.

Af þeim 6,4 milljörðum kr. sem opinberir aðilar munu afla með lánum á næsta ári verða 4,7 milljarðar teknir að láni innan lands, en einungis 1,5 milljarðar erlendis. Áætlaðar endurgreiðslur af erlendum skuldum nema 3,1 milljarði kr. Afborganir umfram erlendar lántökur opinberra aðila eru því áætlaðar 1,6 milljarðar. Þetta yrðu veruleg umskipti frá yfirstandandi ári þegar erlendar lántökur opinberra aðila eru taldar aukast um 3,5 milljarða kr.

Erlendar skuldir þjóðarinnar til langs tíma eru taldar aukast um 12% frá árinu 1988. Á sama tíma dregst landsframleiðslan saman um 1%. Þrátt fyrir þetta hækkar hlutfall langra erlendra lána af landsframleiðslu aðeins um 1,5% eða úr 40,6% á árinu 1987 í 42,1% á árinu 1988. Lítil hækkun hlutfallsins milli ára skýrist af hækkandi raungengi íslensku krónunnar á yfirstandandi ári.

Forsendur lánsfjáráætlunar 1989 gera ráð fyrir 7% hækkun á meðalgengi erlendra gjaldmiðla og 5,3% aukningu erlendra lána. Skuldahlutfallið í árslok 1989 er áætlað 44% af vergri landsframleiðslu ársins. Er þar tekið tillit til 1,6% samdráttar í vergri landsframleiðslu næsta árs, en á móti vegur nokkur hækkun raungengis íslensku krónunnar.

Greiðslur þjóðarbúsins af löngum erlendum lánum eru áætlaðar 17 milljarðar 160 millj. kr. á árinu 1989. Þar af eru afborganir 7 milljarðar 910 millj. og vextir 9 milljarðar 250 millj. kr. Hreinar erlendar lántökur til langs tíma nema því um 6 milljörðum 555 millj. kr. Greiðslubyrðin af erlendum lánum í hlutfalli við útflutningstekjur af vörum og þjónustu er talin verða um 16,5% á árinu 1988 og aukast í 18% á árinu 1989. Greiðslubyrði erlendra lána var hæst á árinu 1984 24,3%, en hefur lækkað síðan bæði vegna aukins útflutnings og vaxtalækkunar á erlendum lánamörkuðum. Hins vegar er ljóst að ef á næstu árum verður haldið áfram á sömu braut og hefur ráðið ferðinni á undanförnum árum getur þetta hlutfall haldið áfram að hækka og lítið þarf út af að bera í útflutningsmálum okkar Íslendinga eða í vaxtaþróun á erlendum mörkuðum til þess að hér yrði um allverulegar byrðar fyrir þjóðina að ræða.

Meðalvextir erlendra lána, sem voru 10–12% á árunum 1980–1984, hafa farið lækkandi og eru áætlaðir um 7,7% á árinu 1988 og 8% á árinu 1989. Vaxtabyrði erlendra lána er áætluð um 8,6% af útflutningstekjum á árinu 1988 og um 9,7% á árinu 1989.

Samkvæmt frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1989 eru heildarlántökur opinberra aðila, opinberra fjárfestingarlánasjóða og atvinnufyrirtækja áætlaðar um 30 milljarðar 85 millj. kr. samanborið við 21½ milljarð samkvæmt lánsfjárlögum yfirstandandi árs. Hækkunin stafar einkum af auknum kaupum lífeyrissjóða á skuldabréfum byggingarsjóðanna og nýjum lántökum Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina, Landsvirkjunar og Framkvæmdasjóðs Íslands. Ráðgert er að afla 15 milljarða 620 millj. kr. innan lands á árinu 1989 og 14 milljarða 465 millj. kr. með erlendum lánum.

Af innlendum lántökum eru skuldabréf lífeyrissjóða veigamest eða um 9,4 milljarðar kr. Fjáröflun með sölu spariskírteina er áætluð 4,7 milljarðar kr. og önnur innlend lántaka er áætluð 1½ milljarður kr. Hlutdeild innlendrar fjármögnunar í heildarlántökum á lánsfjáráætlun er um 52% samanborið við 56% á lánsfjárlögum 1988. Það hlutfall verður í reynd verulega lægra eða 42% þar sem erlendar lántökur árið 1988 hafa farið allnokkuð fram úr forsendum lánsfjárlaga 1988 og er það auðvitað eitt af stóru vandamálunum sem við er að glíma í hagstjórninni hér á landi hvað erlendar lántökur hafa farið úr böndunum á yfirstandandi ári, sérstak-

lega hjá bankakerfinu og hjá fyrirtækjunum í landinu, þrátt fyrir samþykktir Alþingis í þeim efnum. Ég tel það vera eitt af brýnustu verkefnunum í hagstjórninni á næsta ári að tryggja að sú aðhaldsstefna í erlendum lántökum sem mörkuð er í þessu frv. haldi einnig varðandi aðra aðila í þjóðfélaginu, bæði einkaaðilana, önnur opinber fyrirtæki og atvinnulífið í heild, því það þjónar litlum tilgangi að setja þröngar skorður við erlendum lántökum hjá ríkinu ef erlendar lántökur einkaaðila, atvinnulífs og fyrirtækja halda áfram að vaxa stórum og hröðum skrefum.

Áform um innlenda lánsfjáröflun á árinu 1989 eru 3,4 milljörðum kr. hærri en gert var ráð fyrir í lánsfjárlögum 1988 eða um 28%. Hækkunin skýrist nær alfarið af umsömdum kaupum lífeyrissjóðanna á skuldabréfum frá byggingarsjóðunum. Reiknað er með að lífeyrissjóðirnir verji um 55% af ráðstöfunarfé sínu eða 9,3 milljörðum kr. til kaupa á skuldabréfum húsbyggingarsjóðanna.

Það er rétt að vekja athygli á því að ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna hefur aukist verulega að raungildi á undanförnum árum og er áætlað 16,9 milljarðar kr. á árinu 1989 sem er fast að helmingur áætlaðs heildarsparnaðar í landinu. Hækkun á ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna á milli áranna 1988 og 1989, sem er um 33%, skýrist einkum af vaxandi hlutdeild verðtryggingar í eignum sjóðanna, hækkandi raunvöxtum og breiðari iðgjaldsstofni. Lífeyrissjóðirnir eru nú orðnir ein höfuðuppspretta fjármagnsins í landinu. Það er þess vegna mjög mikilvægt að eigendur og stjórnendur þessara sjóða geri sér skýra grein fyrir því mikilvæga hlutverki sem lífeyrissjóðirnir gegna í hagstjórninni í landinu og í tilraun þjóðarinnar allrar til að hverfa af braut erlendrar skuldasöfnunar yfir í vaxandi innlendan sparnað og fjármögnun á því sviði, fjármögnun sem er fyrst og fremst beint í heilbrigða uppbyggingu og eðlilegan búskap hins opinbera en ekki í eyðslulán sem leiða til vaxandi viðskiptahalla og erfiðleika í framtíðinni.

Ríkisstjórnin mun í samræmi við málefnasamning sinn og í viðræðum við lífeyrissjóðina beita sér fyrir viðræðum um það hvaða breytingum er hægt að koma fram í lífeyriskerfinu í landinu, bæði til þess að samræma kjör og tryggja þann almenna árangur sem ég lýsti hér áðan. En það er hins vegar einnig nauðsynlegt að taka til rækilegrar skoðunar hvernig best verði stuðlað að því að fjármagn lífeyrissjóðanna nýtist til arðbærrar fjárfestingar, jafnframt því sem hagur ellilífeyrisþega framtíðarinnar er tryggður.

Óumsamin innlend lánsfjáröflun á árinu 1989 nemur 6,3 milljörðum kr. eða 40% af heild. Er það aðeins hærri fjárhæð en í lánsfjárlögum 1988. Af þeirri fjárhæð er stærstur hlutinn áformuð sala á spariskírteinum ríkissjóðs eða 4,7 milljarðar kr.

Ég vil vekja athygli á því að sölu spariskírteina ríkissjóðs verður ávallt að skoða í samhengi við áætlaða innlausn eldri skírteina, en mikið af því fé skilar sér aftur í nýjum bréfum. Innlausn eldri skírteina er áætluð 4,1 milljarður á árinu 1989 og nemur hrein fjárþörf ríkissjóðs af sölu spariskírteina því einungis 600 millj. kr. samanborið við 1 milljarð 460 millj. kr. á árinu 1988. Þessi mikla lækkun á hreinni fjárþörf ríkissjóðs af sölu spariskírteina endurspeglar mikla lækkun á heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs og á þess vegna að stuðla að varanlegri lækkun vaxta.

Önnur óumsamin lánsfjáröflun á innlendum lánsfjármarkaði á árinu 1989 nemur 1,5 milljörðum kr., en var um 3 milljarðar í lánsfjárlögum 1988. Því er ljóst að ekki verða lagðar auknar byrðar á innlenda lánsfjármarkaðinn á næsta ári nema síður sé. Í því sambandi má m.a. benda á verulega aukið óbundið ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna sem ég vék að áðan. Það aukna svigrúm á að auðvelda að halda á innstreymi erlends fjármagns á þann veg að aukið aðhald sé veitt í þeim efnum, en það aukna aðhald er nauðsynlegt á næsta ári og er ein af forsendum þess frv. sem hér er mælt fyrir.

Ég vék að því áðan, þegar ég átti í upphafi ræðu minnar í orðaskiptum, vinsamlegum þó, við hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson, að ég væri sammála honum um það að sala spariskírteina ríkissjóðs ætti að geta gegnt mjög veigamiklu hlutverki í fjármögnun ríkisins og almennri hagstjórn í landinu. Ég tel það þess vegna vera eitt af brýnustu verkefnum næsta árs og næstu ára að efla markaðinn fyrir spariskírteini ríkissjóðs og tryggja skilning almennings á því að það sparnaðarform er öruggasta og þá um leið arðvænlegasta sparnaðarformið sem bæði einstaklingarnir og þjóðarheildin eiga völ á. Til þess að ná þessum árangri er mikilvægt að þróa áfram sölukerfi spariskírteina ríkissjóðs. Á þessu ári voru stigin ákveðin skref í þá átt með samningum ríkissjóðs við viðskiptabanka og verðbréfasjóði. Þá samninga þarf að endurnýja en jafnframt skoða reynslu þessa árs til að geta enn aukið við nýjungum á þessu sviði sem tryggja að almenningi í landinu detti fyrst í hug spariskírteini ríkissjóðs þegar hver og einn einstaklingur eða fjölskylda hyggur að sparnaði og varanlegum og öruggum sparnaðarformum.

Í þessum efnum tel ég koma til greina að efna til víðtæks samstarfs, sem ég mun koma að síðar, í því formi að kynna almenningi í landinu sérstaklega hvað raunávöxtun þessara spariskírteina hefur í raun og veru í för með sér í ávinning fyrir eigendur þeirra og hvers vegna spariskírteini ríkissjóðs eru í öllum nágrannalöndum okkar talinn einn dýrmætasti þátturinn sem almenningur á kost á í sparnaðarkerfi hvers lands. Þess vegna á að vera hægt að auka og örva sölu spariskírteina ríkissjóðs án þess að hækkun á vöxtum þeirra þurfi endilega að vera tæki í þessum efnum.

Ég vil einnig vekja athygli á því hér að í eðlilegri hagstjórn, þar sem heilbrigt vaxtakerfi er við lýði, mynda vaxtaákvarðanir á spariskírteinum ríkissjóðs vaxtagólf lánakerfisins og peningamarkaðarins og þá eðlilegu viðmiðun sem aðrir aðilar á þessum peningamarkaði taka mið af. Þess vegna er það í

senn brýnt um leið og beitt er margvíslegum aðgerðum til þess að ná vaxtastiginu í landinu niður að tryggja og efla sölukerfið á spariskírteinum ríkissjóðs. Ég tel að bankarnir ættu að geta stuðlað að miklu betri kynningu í þessum efnum en þeir hafa gert nú þegar. Ég mæli þetta ekki hér í gagnrýnistón heldur eingöngu til þess að benda á eitt af því sem breyta þarf því að það er eðlilegt að það taki bankakerfið ákveðinn tíma að venja sig á það að vera söluaðilar í þessum efnum og á ýmsan hátt kannski óeðlilegt að þetta sparnaðarform keppi við bankabréf og aðra þá þætti sem bankakerfið sjálft hefur komið sér upp.

Til þess að tryggja enn frekar þann trausta grundvöll sem spariskírteini ríkisins þurfa að hvíla á vil ég geta þess sérstaklega hér að spariskírteini ríkissjóðs munu búa við trygga og örugga verðtryggingu á næstu árum. Í þeim efnum er hægt að beita þeirri sömu lánskjaravísitölu og beitt hefur verið á undanförnum árum eða öðrum tryggingarvísitölum sem eðlilegar eru taldar og heilbrigðar í þessum viðskiptum.

Ég vil einnig lýsa því yfir, eins og ég hef reyndar áður gert hér á Alþingi, að mín skoðun er sú að spariskírteini ríkissjóðs eigi áfram að vera skattfrjáls, jafnvel þótt tekin verði upp skattlagning á öðrum vaxta- og fjármagnstekjum. Ég gat þess sérstaklega á Alþingi fyrir nokkrum vikum að nauðsynlegt væri að á kæmist samstarf milli allra þingflokka um slíka stefnu. Slíkt samstarf mundi sannfæra þjóðina um að spariskírteini ríkissjóðs yrðu áfram í senn örugglega verðtryggð og mundu búa við þau forréttindi að vera skattfrjáls. Tilvist þeirra forréttinda er réttlætt síðan með því að efling þessa sparnaðarforms sé mjög veigamikið tæki til að koma á eðlilegri hagstjórn og draga úr erlendri skuldasöfnun og ná jafnvægi í hagkerfinu. Þess vegna tel ég mjög mikilvægt á næstu mánuðum að festa í sessi þennan skilning og þessi höfuðeinkenni á spariskírteinasölu ríkissjóðs, sem ég hef hér vikið að, annars vegar verðtryggingunni og hins vegar áframhaldandi skattfrelsi spariskírteina ríkissjóðs.

Virðulegi forseti. Í lánsfjáráætlun 1989 með áorðnum breytingum, sbr. lög nr. 10/1988, um aðgerðir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum, voru erlendar lántökur til lengri tíma en eins árs áætlaðar 9,3 milljarðar kr. á árinu 1988. Niðurstaðan virðist hins vegar ætla að verða sú að innstreymi erlends lánsfjár verði mun meira en áformað var eða um 18 milljarðar kr., þ.e. tvisvar sinnum hærri upphæð en ætlað var að yrði. Hafa ber þó í huga að meðalgengi gjaldmiðla hefur breyst um 22% innan ársins, en í lánsfjáráætlun var gert ráð fyrir óbreyttu gengi.

Auk þess má skýra þetta aukna innstreymi með þrennum hætti. Í fyrsta lagi má ætla að lántökur atvinnufyrirtækja með milligöngu viðskiptabanka verði um 3,4 milljörðum kr. umfram það sem ráðgert var í lánsfjáráætlun. Að stærstum hluta eru það lán út á heimildir viðskrn. til fjárhagslegrar endurskipulagningar fyrirtækjanna. Ég vék að því áðan að ég teldi það brýnt þegar á næstu vikum að taka kerfi erlendrar lántöku atvinnufyrirtækjanna til rækilegrar endurskoðunar og hef ég ákveðið að beita mér fyrir viðræðum innan ríkisstjórnarinnar á næstunni til að ná fram þeirri endurskoðun. Hún er nauðsynlegur þáttur í því að tryggja að á sama tíma og við reynum að skrúfa fyrir krana erlendrar lántöku hjá hinu opinbera séu ekki skrúfaðir lausir enn frekar kranarnir sem eiga að veita erlendu lánsfé inn til atvinnulífsins í landinu. Ef það yrði áfram væri til lítils unnið að leggja byrðar og skorður á þá fjölmörgu þætti sem snerta opinbera aðila í þessu landi, bæði ríki, sveitarfélög og opinbera rekstraraðila. Ég vænti þess einnig að í umræðum á Alþingi, bæði í nefnd og einnig almennum umræðum í deildum, veiti menn athygli þeirri nauðsyn að tryggja að breyting verði á varðandi innstreymi erlends lánsfjár fram hjá þeim ákvörðunum sem teknar eru í frv. til lánsfjárlaga.

Í öðru lagi er skýringin á þessari miklu aukningu sú að erlendar lántökur opinberra fjárfestingarlánasjóða verða um 1,5 milljörðum kr. umfram lánsfjáráætlun. Stærstur hluti þeirrar upphæðar var endurlánaður atvinnufyrirtækjum og mun helmingur þess vera heimildir sem fyrrv. ríkisstjórn veitti Framkvæmdasjóði Íslands og Byggðastofnun á fyrri hluta ársins fyrir erlendum lántökum sem nota átti til endurlána hjá fyrirtækjum.

Í þriðja lagi er skýringin fólgin í væntanlegri lántöku ríkissjóðs til að fjármagna greiðsluhallann á árinu 1988 og skammtímaskuldir við Seðlabanka Íslands frá fyrra ári.

Afborganir af löngum lánum eru taldar verða 6 milljarðar 880 millj. kr. og hreint innstreymi erlends fjármagns verður því um 11 milljarðar 120 millj. Er það um 4,4% af áætlaðri landsframleiðslu ársins 1988.

Þjóðhagsáætlun fyrir árið 1989 gerir ráð fyrir að halli á viðskiptum við útlönd verði 12 milljarðar 400 millj. kr. sem yrði um 4,5% af áætlaðri landsframleiðslu árið 1989. Nú er að óbreyttu útlit fyrir það að hallinn geti orðið enn meiri í ljósi þeirra ákvarðana sem teknar hafa verið um fiskveiðar á næsta ári. Það gæti haft í för með sér að viðskiptahallinn yrði allt að 5% af landsframleiðslu sem er auðvitað hrikaleg stærðargráða fyrir litla þjóð sem illa getur unað því að hennar málum sé stýrt á þann veg að ár frá ári sé viðskiptahallinn af því tagi sem hann hefur verið á undanförnum árum og horfur eru á að hann verði að öllu óbreyttu.

Á yfirstandandi ári er reiknað með að viðskiptahallinn verði um 11 milljarðar 600 millj. kr. eða 4,6% af landsframleiðslu ársins. Erlendar lántökur á árinu 1989 eru áætlaðar 14 milljarðar 465 millj. kr. og afborganir 7 milljarðar 910 millj. kr. Talið er að aðrar fjármagnshreyfingar verði jákvæðar um 3 milljarða 300 millj. kr. þannig að innstreymi erlends fjár er áætlað um 9 milljarðar 855 millj. kr. Það sem vantar upp á fjármögnun viðskiptahallans á árinu 1989 kemur því fram í verri gjaldeyrisstöðu. Í þessu

sambandi er rétt að geta þess að útlit er fyrir að gjaldeyrisstaðan batni um 2 milljarða kr. á árinu 1988 vegna mikilla erlendra lántaka og því borð fyrir báru hvað gjaldeyrisstöðuna snertir.

Heildarfjárfesting hér á landi er áætluð 47,5 milljarðar kr. á árinu 1989 sem er um 3,3% samdráttur að magni til frá því í ár. Hlutfall heildarfjárfestingar er áætlað 17,2% af landsframleiðslu og hefur það ekki verið lægra á síðustu 40 árum. Á árinu 1989 er talið að fjárfesting atvinnuveganna dragist saman um 4% og gert er ráð fyrir samdrætti í öllum atvinnugreinum nema samgöngum, en aukningin þar stafar af flugvélakaupum Flugleiða sem áætlað er að nemi tæpum 3 milljörðum kr. sem er reyndar um 6% af heildarfjárfestingunni. Er rétt að menn hafi það í huga við samanburð við önnur ár þar eð slík flugvélakaup gerast ekki nema með margra ára millibili.

Mestur er samdrátturinn áætlaður í fiskiskipum eða um 35%, en fjárfesting í þeim hefur verið með mesta móti á árunum 1986–1988. Það er áætlað að framkvæmdir við íbúðarhús verði svipaðar og í ár, en fjárfesting hins opinbera talin dragast saman um rúm 3% á árinu 1989 en 4,5% aukning er talin vera í ár. Þessi samdráttur í fjárfestingum hins opinbera er m.a. ákveðinn til þess að stuðla að breyttri efnahagsstjórn í landinu.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir við rafvirkjanir og rafveitur aukist um 16%. Stafar það af auknum framkvæmdum Landsvirkjunar við Blönduvirkjun. Gert er ráð fyrir 8% samdrætti í samgöngumannvirkjum á næsta ári. Samdrátturinn stafar einkum af minni framkvæmdum Póst- og símamálastofnunar. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir í vegagerð aukist um 4%, en þó verður að skýra þá tölu sérstaklega vegna þess að hún byggist eingöngu á breyttri skiptingu vegafjár milli viðhalds annars vegar og nýframkvæmda hins vegar þar sem hér er reiknað með því að nær öll tekjuhækkunin milli ára fari í nýframkvæmdir en viðhaldið dragist saman. Þess vegna kemur þetta út sem 4% aukning framkvæmda þó að heildarupphæðin sé í raun og veru af sömu stærðargráðu og í ár.

Áætlað er að framkvæmdir við byggingar hins opinbera dragist saman um 6%, en fjórðungsaukning framkvæmda er talin verða á þessu ári. Hlutdeild opinberra framkvæmda í heildarfjárfestingu landsmanna á árinu er áætluð um 29% eða sú sama og á yfirstandandi ári.

Ekki er í frv., virðulegi forseti, né heldur í grg. þess fjallað um niðurfellingu ríkisábyrgða á fjárfestingarlánasjóðum. Mér þykir þess vegna rétt að taka það fram hér að í þessu felst ekki nein stefnumótun um að frá því markmiði sé horfið. Ríkisstjórnin mun þvert á móti í samræmi við málefnasamning sinn taka það mál til meðferðar og leggja niðurstöður þess fyrir þingið.

Veiting ríkisábyrgða á að mínum dómi að vera sérstakt ákvörðunaratriði hverju sinni. Ríkisábyrgðir á að nota mjög sparlega og yfirleitt aðeins í undantekningartilvikum þar sem þær eru taldar nauðsynlegar til að lækka lántökukostnað þjóðarbúsins. Er eðlilegt að þeir sem njóta þeirra greiði fullt verð fyrir til ríkisins. Því miður er það þannig þegar litið er yfir reynslu undanfarinna ára að ærið oft hafa ríkisábyrgðir verið nánast sjálfvirkar og verið knúðar fram með allt of auðveldum hætti af þeim fjölmörgu aðilum sem hafa talið sér vegna eins eða annars nauðsynlegt eða hagkvæmt að leita slíkra ríkisábyrgða. Þessi mikla veiting ríkisábyrgða hefur dregið úr nauðsynlegu aðhaldi í fjármálastjórn og atvinnulífi í okkar landi og ber þess vegna mjög að takmarka hana á næstu árum til að tryggja að þeir aðilar sem hingað til hafa talið sig á þeim þurfa að halda eða aðrir sem í þær vilja sækja geri sér fyllilega grein fyrir því að við byggjum ekki upp heilbrigt og eðlilegt atvinnulíf í landinu nema það geti sjálft staðið undir sínum lántökum og þurfi ekki að leita til ríkissjóðs eða hins opinbera með ábyrgðir af þessu tagi.

Það er svo einnig rétt að vekja athygli á því í þessu sambandi að bankakerfið í landinu er því miður of vanþróað og of veikburða. Þess vegna getur verið nauðsynlegt meðan verið er að knýja fram ákveðnar breytingar á bankakerfinu til þess að styrkja það og gera það sambærilegt hvað þjónustu og starfsemi snertir við bankakerfi nágrannalanda okkar að veita ríkisábyrgðir í undantekningartilfellum eitthvað á allra næstu missirum, en ég ítreka það þó hér að meginstefnan gagnvart framtíðinni er að draga úr þeim, bæði vegna þeirra almennu sjónarmiða sem ég hef hér lýst og einnig til þess að knýja bankakerfið til að sinna á sjálfstæðan hátt þeirri eðlilegu lánafyrirgreiðslu sem því er ætlað að sinna.

Eins og okkur er öllum kunnugt gegna fjárfestingarlánasjóðirnir mjög þýðingarmiklu hlutverki í fjármögnun fjárfestinga á Íslandi, ekki síst sökum þess hve áhættufjármagn í atvinnurekstri er óverulegt í okkar landi. Í lánsfjáráætlun 1989 eru ný útlán fjárfestingarlánasjóðanna áætluð alls um 20,5 milljarðar kr. eða um 28% umfram endurskoðaða áætlun yfirstandandi árs. Hækkunin skýrist að stærstum hluta af tilkomu Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina sem var stofnaður með bráðabirgðalögum um efnahagsaðgerðir í lok september eins og hv. alþm. er kunnugt. Án Atvinnutryggingarsjóðs hækka útlán fjárfestingarlánasjóðanna á árinu 1989 um 1,6 milljarða kr. frá yfirstandandi ári eða um 10%. Útlán Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna hækka um 3,1 milljarð kr. á milli ára þannig að áætlaður samdráttur í útlánum annarra fjárfestingarlánasjóða nemur því um 1½ milljarði kr. á árinu 1989. Er þetta í samræmi við áætlaðan samdrátt í fjárfestingu á því ári sem áður hefur verið vikið að.

Það er rétt að vekja athygli hv. deildar sérstaklega á því að áætlað er að útlán Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna aukist samtals um 40% á milli ára sem er nær 30% aukning að raungildi. Á sama tíma er gert ráð fyrir að fjárfesting í íbúðarhús-

næði standi í stað. Gangi þessar áætlanir eftir munu útlán byggingarsjóðanna nema meira en samanlagðri fjárfestingu í íbúðarhúsnæði á næsta ári eða 11 milljörðum kr. í samanburði við 9,9 milljarða kr. Það er því ljóst og sést greinilega af þessum stærðartölum að þetta mál þarf að skoða mjög rækilega, bæði varðandi næsta ár og næstu ár, einkum og sér í lagi þegar höfð er í huga sú staðreynd að fjármagn lífeyrissjóðanna mun fara jafnt og þétt vaxandi og nauðsynlegt er að móta nýja stefnu um það hvernig því er ráðstafað og hvernig best sé að tryggja að það geti þjónað þeim markmiðum sem ég var að lýsa áðan. (**GHG:** Er það hlutverk stjórnmálamannanna fyrst og fremst?) Það er ekki hlutverk stjórnmálamannanna, Guðmundur H. Garðarsson, þó að sumir stjórnmálamenn hafi komið hag sínum þannig fyrir, eins og hv. þm., að hann stýri þessum málum, að vísu þá undir öðrum hatti en væntanlega einnig sem stjórnmálamaður, sem fulltrúi Verslunarmannafélags Reykjavíkur, kosinn þar til pólitískrar forustu eins og hann gegndi í forustu alþýðusamtakanna um áraraðir og ekkert nema gott um það að segja. En að halda því fram hér í frammíkalli að það sé eitthvað ópólitískt verksvið sem tengist Verslunarmannafélagi Reykjavíkur er nú að mínum dómi út úr öllu korti. (**GHG:** Eða Alþýðusambandinu.) Nema síður sé. Ekki skulum við nú gleyma þeim miklu pólitísku átökum sem voru samfara því að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson og Pétur Sigurðsson settust í miðstjórn Alþýðusambandsins á sínum tíma og er rétt að hafa það í huga í tilefni dagsins. (Gripið fram í.) Já, já, það er rétt. Þeir voru sjálfkjörnir þá, en ef hv. þm. telur að það hafi gerst án fyrirhafnar með einhverjum allsherjar hallelúja aðdraganda ... (**Forseti:** Má ég biðja hæstv. ráðherra og hv. þm. að eiga tvítal annars staðar en í salnum.) Ég skal virða tilmæli forseta og hætta þessu tvítali, en ég vil þó vekja athygli virðulegs forseta á því að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson greip fram í. (**HBl:** Og var ærin ástæða til.) Já, já, og vakti athygli á því að það væri ekki verkefni stjórnmálamanna að stýra lífeyrissjóðum. Af því tilefni taldi ég nauðsynlegt að vekja athygli á því að fáir alþm. hafa haft jafnafgerandi áhrif á starfsemi lífeyrissjóðanna í „praxís" í landinu og hv. alþm. Guðmundur H. Garðarsson.

En virðulegi forseti. Ég skal ljúka ræðu minni á næstu fáeinum mínútum og vil að lokum vekja athygli á því að á undanförnum árum hafa lántökur sveitarfélaganna nær eingöngu verið tengdar fjármögnun framkvæmda og skuldbreytingum hjá hitaveitum. Endurgreiðslutími fjárfestingarlána hitaveitna hefur verið mun skemmri en afskriftartími mannvirkjanna. Margar hitaveitur hafa af þeirri ástæðu lent í miklum erfiðleikum, bæði vegna þungrar greiðslubyrði af áhvílandi skuldum og byrjunarörðugleikum í rekstri. Ríkissjóður hefur á síðustu árum létt á erfiðleikum margra veitna með því að yfirtaka hluta af skuldum þeirra og skuldbreyta öðrum lánum. Markmiðið hefur verið að tryggja rekstrargrundvöll hitaveitnanna til frambúðar. Í framhaldi af þessum aðgerðum er sú stefna mörkuð í frv. að ekki skuli veita ríkisábyrgðir fyrir nýjum fjárfestingarlánum hitaveitna.

Virðulegi forseti. Það frv. sem ég hef hér mælt fyrir til lánsfjárlaga felur m.a. í sér að gerð er tilraun til að skapa forsendur fyrir varanlegri lækkun raunvaxta þar sem lánsfjáreftirspurn hins opinbera minnkar verulega frá yfirstandandi ári. Forsendur lækkunar raunvaxta voru einnig skapaðar með aðgerðum ríkisstjórnarinnar strax og hún tók við og hafa haft í för með sér óvenjumikla lækkun verðbólgu á undanförnum mánuðum. Lækkun raunvaxta hefur þó gengið hægar á undanförnum vikum en þessar efnahagslegu forsendur gefa vissulega tilefni til. Ég tel þess vegna nauðsynlegt við þetta tilefni að vekja athygli á því að stjórnendum íslenska bankakerfisins ber skylda til að haga ákvörðunum sínum um vexti í samræmi við hinar efnahagslegu forsendur sem nú eru fyrir hendi.

Það hefur stundum verið haft á orði að bankakerfið ætti að búa hér við frjálsa markaðsákvörðun vaxta, en í þeirri umræðu hafa menn gleymt að greina fræðilega hvert er eðli peningamarkaðarins á Íslandi með tilliti til smæðar íslenska hagkerfisins. Þegar sú greining er framkvæmd kemur skýrt í ljós að hér eru nánast engin almenn skilyrði til þess að frjáls samkeppni á peningamarkaði geti haft í för með sér þær afleiðingar sem kennimenn um slíka samkeppni telja að séu eðlilegar og réttar. Hér ríkir aftur á móti sá markaður sem í hagfræði er kenndur við fákeppnismarkað þar sem nokkrar meginpeningastofnanir, sem vita vel hver af annarri og horfa fyrst og fremst á hvað hver gerir, ráða ferðinni. Rannsóknir í hagfræði sýna mjög rækilega að við slíkar markaðsaðstæður er nauðsynlegt, óhjákvæmilegt að opinberir aðilar hjálpi til og stýri vaxtaákvörðunum þessara fákeppnisstofnana til að tryggja að þær fyllist nægilegri öryggiskennd til að framkvæma þessar ákvarðanir. Þær geti ekki af sjálfu sér gert það nema með slíkri leiðbeiningu.

Ég vek athygli hv. alþm. á því að á morgunverðarfundi Félags viðskiptafræðinga fyrir nokkru var ítarlega fjallað um þessi markaðseinkenni íslenska peningakerfisins og gerð rækilega grein fyrir því af Má Guðmundssyni, sem lengi hefur starfað í Seðlabankanum og nú gegnir starfi efnahagsráðunautar fjmrh., hvernig vaxtakerfi fákeppnismarkaðar væri í reynd og hvernig íslensk stjórnvöld þyrftu að haga sér til að tryggja í slíku peningakerfi að vextirnir yrðu lækkaðir. Það er þess vegna ekki óeðlilegt heldur blátt áfram nauðsynlegt út frá almennu eðli peningamarkaðarins á Íslandi og kennisetningum hagfræðinnar að opinber stjórnvöld hafi bein og óbein afskipti af því að tryggja að raunvaxtalækkun verði framkvæmd í íslenska bankakerfinu á næstu dögum og næstu vikum í samræmi við þann árangur sem náðst hefur í verðbólguþróuninni. Það er mjög mikilvægt að einstakir bankastjórar í stórum og litlum bönkum og öðrum sjóðum geri sér grein fyrir

þessu. Annars er hætta á því að vaxtastigið frjósi á óeðlilega háu stigi sem stjórnendur bankakerfisins geta engin efnisleg rök fært fyrir að eigi að vera þar, hvorki bankaleg, efnahagsleg eða fagleg, heldur eru eingöngu byggð á tilfinningalífi viðkomandi bankastjóra. Við stjórnum ekki peningakerfinu í landinu á þeim grundvelli. Við erum að keppa að því að þróa peningakerfið á Íslandi í faglegri átt, í traustari átt og í alþjóðlegri átt og þá er tími til kominn að stjórnendur þeirra banka, sérstaklega þeirra stærstu, fari að haga ákvörðunum sínum í samræmi við eðlileg lögmál hagfræðinnar og viðskiptalífsins og almenn peningaleg sjónarmið, en hætti að láta tilfinningalíf sitt eða órökstutt mat á einhverju sem kunni að gerast einhvern tíma í framtíðinni að þeirra dómi e.t.v. ráða ferðinni og fara kannski eftir því hvernig liggur á þeim þann morguninn þegar þeir fara í vinnuna.

Ég segi þetta hér, virðulegi forseti, að gefnu tilefni því það er mjög mikilvægt þegar verið er að gera grein fyrir mjög alvarlegri tilraun til að stuðla að verulegri vaxtalækkun í okkar landi að þeir sem stýra mikilvægustu peningastofnun landsins hagi orðum sínum á þann hátt að umræðan geti verið fagleg, málefnaleg og efnisleg.

Það er nauðsynlegra en nokkru sinni fyrr að reyna að tryggja á næstu missirum og árum að innlendur sparnaður verði aukinn í okkar landi. Jafnvel þótt vextir muni lækka eitthvað á næstunni er ljóst að raunvextir munu áfram vera í gildi og það er óhjákvæmilegt að efla skilning bæði lántakenda og sparifjáreigenda á því hvað raunvextir hafa í för með sér. Ég hef rekið mig á það, bæði í sumar og eins núna í haust, að mjög skortir á að stjórnendur fyrirtækja, forsvarsmenn í umræðu eins og fjölmiðlamenn og aðrir, hvað þá heldur almennir sparifjáreigendur, geri sér nægilega grein fyrir muninum á nafnvöxtum og raunvöxtum svo að ég nefni einfalt atriði, hvað þá heldur að þeir geri sér grein fyrir hinum stóra mun sem er á 3% raunvöxtum og 8% raunvöxtum svo að ekki séu nú nefndir 13% raunvextir. (**Gripið fram í:** 17.) Eða enn þá hærri. Forsvarsmenn fyrirtækja sem eru að taka lán á 14–20% raunvöxtum, jafnvel 9–13% raunvöxtum, þurfa að hafa ærið sterka stöðu eða ótrúlega bjartsýni á getu sinna fyrirtækja til að halda að reksturinn geti staðið undir slíkum lántökum. Þess vegna hef ég átt um það viðræður við bæði forsvarsmenn bankastofnana og verðbréfasjóða og aðra kunnáttumenn á þessu sviði hvernig best sé hægt að tryggja þegar á næstu mánuðum að skilningur almennings, skilningur stjórnenda fyrirtækja og skilningur fjölmiðlafólks á vaxtakerfinu í landinu verði bættur og efldur. Í þessu skyni hef ég ákveðið að efna til viðræðna við þessa aðila um sérstakt kynningar- og upplýsingarátak á næstu mánuðum til að tryggja kunnáttu alls almennings, forsvarsmanna fyrirtækja og annarra á þessum einföldu efnisþáttum því að sú hugmynd hagfræðinnar að hver einasti gerandi á þessu sviði sé sjálfum sér skynsamur og geti framkvæmt þetta mat án nokkurrar hjálpar er einfaldlega röng. Það verður með miklu alvarlegri hætti en gert hefur verið til þessa að gera sér grein fyrir því að við komum ekki almennilegum skikk á okkar efnahagsstjórn nema þekking á þessum einföldu atriðum sé fyrir hendi. Þess vegna þarf að efna til samvinnu við fjölmiðla, sjónvarp og útvarp, við dagblöð, við skólakerfi, við samtök atvinnulífsins, við stjórnendur fyrirtækja, við forsvarsmenn bankastofnana og fjölmarga aðra aðila um víðtæka kynningar- og upplýsingaherferð um eðli vaxta, sparnaðar og lántöku í okkar landi. Ég vænti þess einnig að hv. Alþingi geti orðið virkur þátttakandi í þeirri kynningarherferð og væri fróðlegt að heyra við frekari umfjöllun þessa máls álit hv. alþm. á þessum hugmyndum.

Svo þakka ég, virðulegi forseti, um leið og ég mælist til þess að frv. verði að lokinni umræðu vísað til hv. fjh.- og viðskn. og vil sérstaklega að gefnu tilefni taka fram að það hefði verið fyllilega eðlilegt af minni hálfu, ef ég hefði leitt að því nægilega hugsun, að leggja þetta mál fyrir Nd. til þess að greiða fyrir vinnu sem ég veit að er mikil í þessari hv. deild. Ég vildi þess vegna taka það sérstaklega fram að það hefði e.t.v. verið réttari ákvörðun að leggja málið fyrir Nd. út frá vinnuálagi í þessari hv. deild, en þó kann það að hafa verið ómeðvituð löngun hjá mér, sem hér á árum áður átti varanlegt sæti í þessari virðulegu deild, að fá hið fyrsta tækifæri til að eiga orðræðu við þá ágætu menn sem hér hafa setið lengi og voru ásamt mér sannfærðir um að þetta væri án efa og hefði verið lengi vitrænasti hluti þingsins.

Halldór Blöndal:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það með hæstv. fjmrh. að ekki veitir af því að halda uppi öflugri kennslu og kynningu á eðli markaðar og eðli vaxta ef hæstv. fjmrh. ímyndar sér eitt andartak að það frv. sem hann leggur hér fyrir leiði til lækkunar á raunvöxtum hér á landi. Ég held að flestir sem hafa skoðað þetta frv. séu sannfærðir um hið gagnstæða og eru ástæðurnar fyrir því margvíslegar.

Í fyrsta lagi er ástæðan sú að frv. er þannig upp byggt að það er kreppt að atvinnuvegunum með margvíslegum hætti. Bæði er gert ráð fyrir því að draga verulega úr möguleikum þeirra á erlendum lántökum um leið og uppi eru hugmyndir hjá hæstv. fjmrh. um að sækja enn meiri peninga á innlenda sparifjármarkaðinn. Og ofan í þær miklu áætlanir sem uppi eru í frv. hefur hæstv. fjmrh. lýst þeirri skoðun sinni og ítrekar mjög rækilega að nauðsynlegt sé að almenningur í landinu sé þess fullviss að verðtrygging á ríkisskuldabréfum skuli standa, henni skuli ekki breyta. Þeir sem kaupi ríkisskuldabréf megi treysta því að verðtryggingin haldi. Og ekki nóg með það heldur sagði hæstv. fjmrh. ofan í kaupið að hann stefndi að því að spariskírteini ríkissjóðs skyldu vera einu spariskírteinin hér á landi sem ættu að njóta skattfríðinda, bæði varðandi eignarskatt og tekjuskatt. Það er af þessum ástæðum

gersamlega ljóst, þó svo að vegna hinnar miklu menntunar hæstv. fjmrh. verði maður annað slagið var við örlítið „glimt", að hann skilji þá miklu þýðingu sem markaðurinn hefur, sem kannski er óvanalegt af manni í hans flokki, að það slær þó út í fyrir honum annað slagið þegar hann ímyndar sér að velferð og hagsmunir íslensks þjóðfélags séu helstir þeir að með öllum hætti eigi að tryggja hagsmuni ríkisins á kostnað annarra, tryggja að ríkið geti dregið til sín sem mest fjármagn en á hinn bóginn sé lítið eftirlit haft með því hvernig fjármagninu sé eytt.

Hæstv. fjmrh. sagðist þegar hann kom hér inn, ég bið virðulegan forseta afsökunar á því að þurfa aðeins að víkja mér að fjárlagafrv. af því tilefni, ætla að sýna okkur þingmönnum það traust að skýra okkur frá því að halli ríkissjóðs yrði meiri en hann hafði áður látið í veðri vaka hér í þinginu. Nú var það lítið traust sem hann sýndi okkur, lítil virðing, því að við vorum áður búnir að lesa þessar fréttir í Dagblaðinu Vísi og er nauðsynlegt að víkja að því nokkrum orðum. En hæstv. fjmrh. sýndi okkur ekki fullan trúnað, það gerði hann ekki, heldur tíndi hann út upplýsingar, þær sem hann vildi að við fengjum í hendur, en sleppti á hinn bóginn öðrum sem líka var nauðsynlegt að fá. Hann segir réttilega að söluskattur hafi dregist saman um 1,3 milljarða, aðflutningsgjöld um 640 millj., en hann minntist ekki einu einasta orði t.d. á tekjuskattinn. Nú væri fróðlegt að fá upplýsingar um það hvort sú flugufregn er rétt, sem ég hef heyrt, að tekjuskatturinn hafi farið mjög fram úr áætlun, jafnvel hafi hann farið meira fram úr áætlun en nemur þeim krónum sem töpuðust í söluskattinum. Nú veit ég ekki hvort þetta er rétt.

Ég vil líka vekja athygli á því að það er lítinn lærdóm hægt að draga af því þótt aðflutningsgjöldin hafi lækkað um 640 millj. vegna þess að þar er um að kenna reikningsskekkju í löggjöf. Við fengum þær upplýsingar í fjh.- og viðskn. Ed. á síðasta þingi að tekjurnar af vörugjaldinu yrðu mun hærri en þær reyndust vegna þess að það gleymdist að taka tillit til þess að vitaskuld hlaut vörugjaldið að lækka um leið og tollar lækkuðu vegna þess að vörugjaldið er lagt á bæði kaupverðið og tolla. Þess vegna hygg ég að innbyggð skekkja í fjárlögunum nemi um 700 millj. kr. af þessum sökum. Ég hef ekki endanlegar tölur um það, en það segir okkur ekki nokkurn skapaðan hlut annað en það að við fengum rangar upplýsingar, segir ekkert um þróun mála með einum eða öðrum hætti. En auðvitað þýðir þetta að söluskattur verður líka að sama skapi minni sem aðflutningsgjöldin lækka af þessum sökum.

Á hinn bóginn er ég sammála hæstv. fjmrh. um að hinn mikli tekjuhalli sem við blasir nú á ríkissjóði er okkur mikið áhyggjuefni. Hér er talað um að hallinn á ríkissjóði sé 3,4 milljarðar, en nú hefur sem sagt verið upplýst að hann sé 4,5–5 milljarðar kr. og geri ég ráð fyrir því að nauðsynlegt sé þá að hækka erlendar skuldir í samræmi við það nema hæstv. fjmrh. hafi uppi aðrar hugmyndir um þau efni.

Ég vil vekja athygli á því að um leið og ég legg áherslu á það að aukin sókn ríkissjóðs inn á innlenda fjármagnsmarkaðinn, á sama tíma og gert er ráð fyrir því að einkaneyslan dragist saman um 3,5%, á sama tíma og fjárfesting dregst saman um 3,2%, hlýtur að leiða til hærri vaxta, þrengja að atvinnurekstrinum, en gert er ráð fyrir því að halli upp á 2½ milljarð verði fjármagnaður af Seðlabankanum, og þegar við svo bætum því við að í þessu frv. er gert ráð fyrir því að verðlagshækkanir á næsta ári verði um 12% á sama tíma og meðalgengi íslensku krónunnar á að hækka um 7%. Það er m.ö.o. stefnt að því af hæstv. ríkisstjórn og hæstv. fjmrh. í frv. sem hér liggur fyrir að meðalgengi íslensku krónunnar verði enn hækkandi á næsta ári. Það er beinlínis forsenda fyrir þeim lánsfjárlögum sem hér eru lögð fram og verður að segjast eins og er að það er meira en lítil ósvífni að hæstv. fjmrh. skuli koma með þennan boðskap hingað inn í deildina, svo skammt sem liðið er síðan hæstv. forsrh. var rassskelltur á aukafundi Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, á sama tíma og það liggur fyrir að hæstv. sjútvrh. hefur lýst því yfir að gengi íslensku krónunnar sé 15% of hátt, á sama tíma og maður fer um byggðarlög á Austurlandi þar sem við blasir að fólkið er að verða atvinnulaust í sjávarútveginum vegna þess að ríkisstjórnin fæst ekki til þess að taka á atvinnumálunum.

Hæstv. menntmrh., fyrrv. formaður Alþb., talaði um það hér fyrir skömmu að ríkisstjórnin hefði verið að reisa eitthvert atvinnulíf úr rústum. Hver er svo hlutur atvinnulífsins hér? Eigum við að horfa á það eitt andartak hvernig fjmrh., sem talar um þetta sem eitthvert tímamótafrv., fer með það fjármagn sem nettó er búist við að hingað komi inn í landið af erlendum lántökum?

Það er gert ráð fyrir því að lán til langs tíma, langar erlendar lántökur séu 6½ milljarður þegar tekið hefur verið tillit til afborgana. Af þessum erlendu lánum er gert ráð fyrir því að 2½ milljarður eða svo fari til flugvélakaupa. Er það ekki rétt hæstv. fjmrh.?

Það er gert ráð fyrir því að einn milljarður renni til Stefánssjóðsins fræga, Atvinnutryggingarsjóðs á fínu máli, og ég hygg að það sé gert ráð fyrir því að 800 millj. kr. af þessu fé renni til þess að halda uppi hallarekstri í frystiiðnaðinum með því að taka þessa peninga í gegnum Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Er það ekki rétt skilið? Eitthvað svo? Það væri fróðlegt að fá upplýsingar um það ef ég hef misskilið en ég held að þetta sé laukrétt. Ef við horfum á það að hæstv. ríkisstjórn ætlar í fyrsta lagi að halda uppi hærra raungildi á íslensku krónunni á næsta ári en nú er, sem er forsendan fyrir þeim lánsfjárlögum sem hér liggja fyrir, það á m.ö.o. að halda áfram hallarekstrinum, og ef ríkisstjórnin ætlar að halda við þau áform sín að þrátt fyrir minnkandi landsframleiðslu eigi að auka útgjöld ríkissjóðs á næsta ári um 0,7% eða 0,8%, ég man það ekki alveg en samkvæmt áætlunum ríkisstjórnarinnar er gert ráð

fyrir að auka enn útgjöld ríkissjóðs að magni til, þá sjáum við náttúrlega að búið er að kippa fótunum undan öllu þessu. Auðvitað sýnir þróun undanfarinna vikna það betur en mörg orð að hæstv. fjmrh. getur ekki búist við því að fá þær tekjur inn í ríkissjóð sem hann talar um í grg. fjárlagafrv. þó svo að meðráðherrar hans vildu standa með honum, hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh., þó svo honum takist að fá svokallaða stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar hér á þinginu til að samþykkja alla skattaálögurnar.

Ég verð líka að spyrja hæstv. fjmrh., úr því að hann varði svo löngu máli í það að útskýra að hann vildi lækka raunvextina og að forsendan fyrir því væri sú að hægt væri að skila greiðsluafgangi upp á einn og hálfan milljarð á næsta ári í ríkissjóði, hvort hann hafi þegar hann talaði um þessa fjárhæð endurskoðað þær áætlanir sem liggja til grundvallar fjárlagafrv. síðan það var lagt fram. Það er að vísu rétt að hæstv. fjmrh. vék að því í ræðu sinni að forsendurnar fyrir lánsfjárlögunum og þjóðhagsáætlun væru brostnar vegna þess að sýnt væri að mjög mundi draga úr aflabrögðum margra nytjastofna á næsta ári. Ég hygg að gert sé ráð fyrir því að í grálúðunni dragist fiskveiðar saman úr 50 í 30 þús. tonn, karfi úr 90 í 77 þús. tonn, þorskur fari niður í 325 þús. tonn, rækja niður í 20 þús. Og það eru fleiri ótíðindi sem við megum búast við. Að vísu minntist hæstv. fjmrh. á þetta í öðru orðinu, svona í upphafi, en hann dró engan lærdóm af þessum nýju upplýsingum. Það var ekki að heyra að hann hefði hugsað sér að breyta einni einustu tölu í lánsfjáráætlun af þessum sökum. Ég varð ekki var við það að hann hygðist reyna að bregðast við með þeim hætti að minnkandi landsframleiðsla ætti eitthvað að valda því að hann vildi spara í ríkisrekstrinum. Ekki orð um það. Ekki eitt einasta orð. Hæstv. ráðherra fór að tala um bankana og hann fór að tala um atvinnureksturinn, en það var ekki að heyra að hann ætlaði að draga neitt úr ríkisútgjöldunum þó fyrir lægi að tekjur þjóðarbúsins minnkuðu og það var ekki að heyra að hann ætlaði að draga úr þeim kröfum sem hér eru lagðar fram í þjóðhagsáætlun um útgjöld í sambandi við lánsfjáráætlun af þeim sökum.

Þetta er auðvitað afskaplega einfalt. Við sem höfum opin augun sjáum hvernig stefna ríkisstjórnarinnar í sjávarútvegsmálum hefur valdið því að lánsfjárþörf fyrirtækjanna vegna hallarekstrar hefur vaxið frá einum mánuði til annars og við vitum að uppi eru hjá ríkisstjórninni miklar hugmyndir um auknar lántökur svo skiptir milljörðum af þeim sökum. Nú lýsir hæstv. fjmrh. því yfir og leggur fram plagg um það að enn eigi að þrengja að sjávarútveginum með hærra raungengi en nú er. Auðvitað mun það kalla á enn frekari erlendar lántökur til þess að halda hallarekstrinum áfram, hæstv. fjmrh., nema áður komi til þess að fyrirtækin fari á höfuðið og stöðvist af þeim sökum. Þetta er alveg deginum ljósara þannig að þetta frv. sem hér liggur fyrir er sorglegur vottur um það skilningsleysi sem ríkisstjórnin hefur á eðli íslensks þjóðfélags, um það skilningsleysi sem ríkisstjórnin hefur — ég vil segja á landsbyggðinni og uppbyggingu atvinnulífs á landsbyggðinni.

Ég man eftir því þegar hæstv. fjmrh. kom hér ungur maður inn á Alþingi. Ég man eftir því að þá vildi hann mikið tala um það að hann væri sannur byggðamaður og bæri það fyrir brjósti að stofnanir yrðu fluttar út á land. Þá man ég eftir að hæstv. fjmrh. flutti um það frv. og hafði um það mörg orð að eðlilegt væri að 2% af útgjöldum fjárlaga hverju sinni rynnu til Byggðasjóðs eða byggðamála. Þá þóttist hann bera þau mál svo mjög fyrir brjósti. Í fyrsta fjárlagafrv. sem hann leggur fram er sú tala nær að vera 2 prómill, 1/10 af því sem hann ætlaði öðrum. Og það er eftirtektarvert að hann skuli um leið hafa dregið úr framlögum til Byggðasjóðsins þvert ofan í það sem segir í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Virðulegi forseti. Nú stendur svo á að í þessu frv. er fjallað um Byggðastofnun og ekki að sjá annað en að gert sé ráð fyrir því að þær 200 millj. kr., sem á ári hverju hefur verið veitt til skipasmíðaverkefna, falli niður. Á síðasta þingi átti ég langt stríð við þáv. hæstv. viðskrh., núv. hæstv. iðnrh. um það að áfram yrði varið fé til þessara mála. Nú væri mjög fróðlegt ef hægt væri að fá hæstv. viðskrh. í salinn eða einhvern ráðherra Alþfl. Það virðist alveg ljóst að ráðherrar Alþfl. telja sig ekki þurfa að vera við umræður um mikilvæg mál. Enginn þessara manna lét svo mikið sem sjá sig, nema kannski í flugumynd, þegar við ræddum um efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar og tók það þó langan tíma. Nú erum við hér að ræða frv. til lánsfjárlaga og það er ekki að sjá að einn einasti ráðherra Alþfl. sjái ástæðu til að vera viðstaddur. Og það sem verra er: Talsmaður Alþfl. í efnahagsmálum í þessari deild, hv. 3. þm. Vestf. er heldur ekki viðstaddur þannig að þetta er satt að segja heldur bágborið ástand. (**Forseti:** Ég skal gera ráðstafanir til þess að kallað verði í hæstv. viðskrh.) Það væri mjög fróðlegt að fá hæstv. viðskrh. hingað af þessu tilefni. (**Gripið fram í:** Og talsmann Alþfl.)

Nú langar mig að spyrja hæstv. fjmrh. í fjarveru hæstv. iðnrh. hvort meiningin sé sú að skipasmíðaiðnaðurinn verði skilinn eftir á köldum klaka. Ég þorði ekki að ... (Gripið fram í.) Ja, það er kannski nauðsynlegt aðeins að fara nokkrum orðum um þetta mál.

Við vitum það sem höfum fylgst með á undanförnum árum að það er mun auðveldara fyrir útgerðarmenn að fá fjármagn til endurbóta og meiri háttar viðhalds á fiskiskipum hjá erlendum slippstöðvum og viðgerðarstöðvum heldur en innlendum. (**Forseti:** Má ég trufla hv. þm.? Hæstv. iðnrh. er ekki í húsinu.) Nei, ég átti nú ekki von á því, virðulegi forseti, að hæstv. viðskrh. teldi ástæðu að vera viðstaddur þegar rætt er um lánsfjárlögin. En mig minnir að það standi samt hér í grg. að hann hafi verið mjög duglegur að veita heimildir til erlendrar

lántöku umfram það sem segir í lánsfjáráætlun þessa árs þannig að hæstv. viðskrh. hefði kannski þurft að vera viðstaddur og heyra umvöndunarræðu hæstv. fjmrh. (**EgJ:** Það skakkaði nú ekki nema 9 milljörðum hjá honum í þeim efnum.) Það hefði kannski ekki veitt af.

Nú er það svo að fyrir nokkrum árum var það skipasmíðaiðnaðinum mjög til baga að hann hafði ekki aðgang að fjármagni til þess að útgerðarmenn gætu farið í slippana hér á landi þegar um meiri háttar viðgerðir var að ræða. Vandamálið var sprottið af þeim sökum að hvorki Iðnlánasjóður né Fiskveiðasjóður lána eðli sínu samkvæmt til viðhaldsverkefna þótt þau séu stórbrotin, þó svo að fyrir liggi að skipið eigi erfitt með að gegna sínu hlutverki nema því sé haldið sæmilega við og þó svo að ljóst sé að skipasmíðastöðin geti ekki haldið uppi sínum verkum heldur, þeim mikilvæga iðnaði, nema hún hafi peninga til sinna verkefna. Þetta leiddi til þess að skipin fóru í vaxandi mæli úr landi. Hins vegar tókst að snúa þessu við með því að mörg undanfarin ár hefur verið varið fyrst 150 millj. kr. og nú tvö til þrjú síðustu árin 200 millj. kr. til verkefna í skipasmíðaiðnaði. Þessi lán eru yfirleitt til 5 ára, kannski upp í 8 ár ef um mjög miklar framkvæmdir er að ræða, og það kemur fram í reikningum Byggðasjóðs að skil á þessum lánum hafa verið mjög góð, þannig að þarna hafa ekki safnast upp vanskil.

Útgerðarmenn hafa smátt og smátt farið að treysta því að Byggðasjóður mundi með þessum hætti hlaupa undir bagga. Þó hefur verið við það miðað að þessi lánsfyrirgreiðsla nemi ekki hærri fjárhæð en 80% af heildarkostnaði við endurbæturnar og það meiri háttar viðhald sem metið er lánshæft í þessu samhengi. Það hefur verið krafist mjög strangra veða og settar tryggingar fyrir endurgreiðslum. Ég er þeirrar skoðunar að skipasmíðaiðnaðurinn muni eiga í mjög miklum erfiðleikum ef samsvarandi lánsfyrirgreiðslu verður ekki haldið uppi á næsta ári. Fyrir því eru þrjár ástæður fyrst og fremst.

Sú fyrsta er auðvitað sú að hér er haldið uppi rangri gengisskráningu. Gengið er allt of hátt sem auðvitað skerðir mjög verulega samkeppnisstöðu íslenska skipasmíðaiðnaðarins og er þess vegna niðurgreiðsla á erlendan iðnað. Þetta háa gengi er ekki aðeins niðurgreiðsla á erlendan skipasmíðaiðnað, það er líka niðurgreiðsla á hvers konar samkeppnisvörur aðrar sem við fáum erlendis frá í samkeppninni við íslenskan iðnað. Það er þess vegna mikill misskilningur ef einhverjir halda t.d. að þeir erfiðleikar sem nú eru í atvinnurekstrinum séu bundnir við sjávarútveginn. Það eru bullandi erfiðleikar í öðrum atvinnugreinum einnig út af því að gengið er rangt, út af því að hér er haldið uppi háum raunvöxtum sem sýnilegt er að muni ekki lækka á næsta ári ef stefna ríkisstjórnarinnar nær fram að ganga nema beitt verði lagaþvingunum sem aftur mun undir eins valda því að verulega dregur úr sparnaði vegna þess að þá er trúnaðartraustið horfið.

Það er í öðru lagi vegna þess að sjávarútvegurinn hefur gengið illa. Þess vegna hafa útgerðarmenn minni möguleika en áður á því að reiða fram þau 20% sem áskilin hafa verið ef um meiri háttar viðgerðir og endurbótaverkefni hefur verið að ræða hér á landi, en erlendu skipasmíðastöðvarnar hafa verið í standi til að lána 100% undir vissum kringumstæðum. Þannig að líka það mun reka skipin úr landi.

Ég vil trúa því að hæstv. fjmrh. endurskoði afstöðu sína í þessu máli. Ég mundi meta það mjög mikils ef hann setti sig inn í þessi mál og hægt yrði að komast að einhverju samkomulagi um það að skipasmíðaiðnaðurinn gleymdist ekki í lánsfjárlögum. Ég verð þó að taka það fram að þetta er ekki í fyrsta skiptið sem þessa fjárhæð hefur vantað í frv. Sl. ár var það vegna andstöðu þáv. hæstv. viðskrh. sem það vantaði og einnig hefur það komið fyrir að framsóknarmenn hafa haft lítinn skilning á þessum málum þó ég hljóti að fagna því að hv. 3. þm. Norðurl. v. Stefán Guðmundsson hefur nú flutt þáltill. um eflingu skipasmíðaiðnaðar. Ég býst við að ég fái stuðning hans í því hér í deildinni að þessari fjárhæð verði haldið inni.

Í sambandi við 9. gr. þessa frv. vil ég aðeins minna á það að í gildandi lánsfjárlögum er heimild til að taka fé að láni vegna Herjólfs hf. í Vestmannaeyjum, með því skilyrði þó að heimildin sé háð samþykki fjmrh., samgrh. og fjvn. Alþingis. Nú liggur það fyrir að á meðan hæstv. utanrrh. var fjmrh. stóð hann á móti þessu máli og kom í veg fyrir að það næði fram að ganga. Vil ég mega vænta þess að hæstv. núv. fjmrh. skilji betur en fyrirrennari hans nauðsyn þess fyrir eyjaskeggja að þeir hafi sómasamlega ferju milli lands og eyja. Ég hlýt líka að harma það að hæstv. fjmrh. skyldi ekki hafa vikið einu einasta orði að því að uppi eru hugmyndir um það að smíða ferju fyrir aðra eyjaskeggja norðanlands, í Hrísey og Grímsey, en það var vilji hæstv. fyrrv. forsrh. og hæstv. fyrrv. samgrh. að á þeim málum yrði tekið nú á þessu hausti. Ég vildi því spyrja hæstv. fjmrh. að því hvað liði því máli, hvort hæstv. samgrh. hafi enga áherslu lagt á það að Hríseyjarferja yrði hér inni eða hvort ríkisstjórnin hafi gert það upp við sig að sinna málinu ekki.

Ég hjó eftir því í ræðu hæstv. fjmrh. að hann vék ekki einu einasta orði að hafnamálum. Nú vona ég að það þýði ekki að hafnamálum verði ekki sinnt eins og áður og að einstök sveitarfélög úti á landi megi ekki eins og áður fá fé að láni úr Hafnabótasjóði í gegnum Framkvæmdasjóð til þess að standa undir verulegum hafnarframkvæmdum. Um það var fullt samkomulag hjá þm. Norðurl. e. fyrir einu ári að standa þannig að málum í sambandi við miklar og óhjákvæmilegar hafnarframkvæmdir, bæði á Húsavík, Akureyri og í Grímsey til þess að hægt væri að leysa þann bráða vanda sem þar er og ég geri ráð fyrir að svipað sé háttað annars staðar á landinu, að framlög á fjárlögum dugi engan veginn til þess að

hægt sé að fara í brýnustu framkvæmdirnar, eins mikið og hafnaféð er skorið niður og vegaféð. Það virðist vera þannig að ef Sjálfstfl. er ekki í ríkisstjórn sé gengið á samgöngumálin, þá sæki menn sér hnefa úr sjóðnum. Og þó svo að hæstv. samgrh. sé úr flokki hæstv. fjmrh. er ekki að sjá að hann hafi neinn skilning á því að hæstv. samgrh. kemur úr því kjördæmi þar sem hafnamál eru í mestum ólestri og það er ömurleg kveðja sem hann sendir þessum samstarfsmanni sínum, að ekki skuli vera betur séð fyrir þeim málaflokki. En ég sé að bæði framsóknarmennirnir og alþýðuflokksmennirnir hafa borið alþýðubandalagsmennina ofurliði nema það sé svo að hæstv. fjmrh. sé sama sinnis og þeir gistivinirnir Jón Baldvin Hannibalsson og Steingrímur Hermannsson.

Ég geri ráð fyrir því að hv. þm., fleiri en ég, hafi orðið svolítið undrandi þegar allt í einu kviknaði þessi mikli áhugi formanns Alþfl. og formanns Framsfl. hvors á öðrum og blíðlegir voru þeir þegar maður horfði á þá í sjónvarpinu þannig að það minnti pínulítið á blíðulætin í formanni Alþfl. fyrir síðustu kosningar þegar hann var að nudda sér utan í 1. þm. Vestf. sem kunni því illa. Eldi heitari/brennur með illum vinum/friður fimm daga,/en þá slokknar/er hinn sjötti kemur/og versnar allur vinskapur. — Ég geri ráð fyrir því um formann Alþfl. og formann Framsfl. að þessi heiti skyndilegi funi sem kviknað hefur milli þeirra muni jafnskyndilega slokkna og þá muni það á sannast sem hv. 2. þm. Árnesinga sagði á sínum tíma: „Þessi veislu- og vinahót/verða ei nema prettir,/eftir skammvinn skálamót/skyrpa þeir eins og kettir." Má búast kannski við því. Þess vegna geri ég ráð fyrir að hæstv. fjmrh. taki þessu öllu með jafnaðargeði og taki því bara vel þó að honum hafi ekki verið boðið líka, en hann huggar sig eflaust við það að formaður Framsfl. sagði að auðvitað fengi Alþb. að vera með, það mætti ekki gleyma garminum honum Katli. (**Fjmrh.:** Hvað var þetta með 1. þm. Vestf.? Ég skildi það ekki.) Það sem ég sagði um 1. þm. Vestf. var það að hann tók því illa þegar formaður Alþfl. biðlaði sem ákafast til okkar sjálfstæðismanna og þóttist nú vilja standa sig vel í því að aðlaga íslenskt þjóðfélag vestrænum atvinnuháttum og viðskiptaháttum, þóttist eins og við vilja halda sköttunum í lágmarki, þóttist eins og við vilja standa á bak við atvinnureksturinn, þóttist eins og við vilja hafa raungengið svona eitthvað í takt við atvinnulífið í landinu, þóttist eins og við vilja halda uppi hallalausum ríkisbúskap, þóttist eins og við vilja stefna svona heldur til hægri en ekki nudda okkur til vinstri. (**Fjmrh.:** Ég var að spyrja um hv. 1. þm. Vestf.) Hv. 1. þm. Vestf. tók þessu ekki vel.

Ég tel óhjákvæmilegt að vekja athygli á því í sambandi við 20. gr. þessa frv. að nú er gert ráð fyrir að ríkið leggi ekki eina einustu krónu í Atvinnuleysistryggingasjóð, enga krónu. Þessar 277 millj. kr. sem hér er gert ráð fyrir eru framlag atvinnurekenda. Þar til viðbótar kemur svo framlag sveitarfélaganna, jafnmikið, og síðan er ætlast til þess að ríkið leggi fram mótframlag á móti hvoru um sig, 554 millj. kr., og það er allt skorið niður, en þess í stað á það að ganga í Stefánssjóðinn. Ég verð að segja eins og er að mér finnst miklu eðlilegra, úr því að nota á þetta fé til þess að lána fyrirtækjum sem eru illa stödd, að Atvinnuleysistryggingasjóður geri það bara sjálfur og eygi þá von í að fá peningana til baka ef fyrirtækin geta þá endurgreitt. Ég sé alls ekki hvað er verið að gera með þennan millilið, Atvinnutryggingarsjóðinn. Mér er það alveg óskiljanlegt. Þetta er bara aukin fyrirhöfn og kostnaður. Þeir sem eiga sæti í Atvinnuleysistryggingasjóði hafa miklu betri skilning á atvinnulífinu og þörfum þess en þessir mattadorar ráðherranna sem sitja við hringborðið inni í Byggðastofnun, hafa hreiðrað þar um sig í óþökk allra, og betra að þessi mál séu með eðlilegum hætti. Ég man ekki hvort í rauninni er mikið meira um þetta að segja. Þetta er kjarni málsins í þessu.

Mér finnst sumt heldur smátt. Þessi 25. gr. um eyðingu refa og minka má missa sig. Það er lítið við hana að gera. En það eru vegamálin. Hvernig var með þennan biðreikning? Það voru 180 millj. kr. á biðreikningi hjá ríkissjóði og var hugmyndin að þegar betur áraði skyldi skila þessu fé. Nú er mér ekki alveg ljóst hvað það er, en hitt þykir mér illt að nú skuli beinlínis gert ráð fyrir að þeir tekjustofnar sem standa undir vegaframkvæmdunum skuli skertir og ætlað að fara beint inn í ríkissjóð. Þetta er auðvitað algjör stefnubreyting. Við þm. höfðum fallist á það að hækka bensíngjaldið og þungaskattinn með því skilyrði að hækkunin rynni öll til vegamálanna svo að þetta er í raun og veru brot á gömlum samningi og gömlu samkomulagi í þinginu. Við sjálfstæðismenn tókum það mjög nærri okkur fyrir einu ári að vera neyddir til þess að fallast á að hluti af fé Vegasjóðs skyldi lagt á þennan biðreikning, en þeir voru svo áfjáðir í það bæði kratar og framsóknarmenn að skera niður vegaféð að undan því varð ekki komist og var því þó aðeins bjargað út í horn. En nú er lengra gengið. Nú á að skerða vegaféð beinlínis og auðvitað er það rangt hjá hæstv. fjmrh. að hægt sé að draga svo úr viðhaldi að það svari til 4% aukningar í nýframkvæmdum. Það þykir mér alveg með ólíkindum og skal þó ekki segja meira um það. Þetta er mjög ótrúleg saga. Það verður auðvitað nauðsynlegt að spyrja vegamálastjóra um það hvað hann hafi um þetta að segja, en mér finnst það mjög hæpið.

Það vekur athygli að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skuli ekki fá meira fjármagn en þarna er rætt um, 1 milljarð 275 millj. kr., var á síðasta ári 1 milljarður 142 millj. Hér segir í athugasemd um 29. gr.: „Í þessu frv. er að svo komnu máli miðað við að fjárhæð þessi verði 1 milljarður 275 millj. kr. á árinu 1989. Sú ákvörðun kemur til endurskoðunar við afgreiðslu frv. um tekjustofna sveitarfélaga og breytta verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga."

Á síðasta þingi stóð Framsfl. gegn því að hægt

væri að koma áfram hugmyndunum um breytta verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og því fór sem fór og umræður um þessi mál lágu algjörlega niðri hjá hæstv. félmrh. Það var svo sem ekkert unnið að því að móta hugmyndir um breytta skipan á þessum málum. Nú væri fróðlegt að fá upplýsingar hjá hæstv. fjmrh. um það hvað ríkisstjórnin hugsi sér fyrst svona beinlínis er skírskotað til þessara mála, hvenær megi búast við þessu frv. og hvort hann geri ráð fyrir að breytt verkaskipting ríkis og sveitarfélaga taki gildi á næsta ári. Hér er það greinilega gefið í skyn og það hlýtur auðvitað að koma bæði inn í umræðuna um þetta frv. og eins fjárlagaumræðuna.

Eitthvað var nú hæstv. fjmrh. órólegur þegar hann var að skamma einhvern ónafngreindan bankastjóra úti í bæ eða einhvern umsjónarmann mikilla fjármuna — ég náði því nú ekki alveg — fyrir það að hann kynni ekki að haga málflutningi sínum þannig að hann væri faglegur, málefnalegur og efnislegur og mér fannst á hæstv. fjmrh. að hann óttaðist mjög að þessi óvarkárni — Var það ekki bankastjórans? (**Fjmrh.:** Já.) — kynni kannski að valda því að fólk yrði órólegt og það drægi úr sparnaði og gæti komið inn á fjármagnsmarkaðinn með óheppilegum hætti. Mér fannst þegar hæstv. fjmrh. var að tala um þetta að hann væri að skamma Albaníu þegar hann vildi ekki skamma Kína. Mér fannst hann vera að rifja það upp fyrir deildinni að hæstv. forsrh. hefur verið að tala um þjóðargjaldþrot sem hefur ekki haft góð áhrif á mann og ég get ekki skilið hvernig hæstv. fjrmh. býst við að fólk haldi áfram að eyða með sama hætti og áður ef gjaldþrot þjóðarinnar blasir við að bestu bænda yfirsýn. Og ýmislegt er það annað sem hæstv. forsrh. sagði sem greinilegt var á augum hæstv. fjmrh. að hann hafði áhyggjur af þegar hann var að skamma bankastjórann þó að það kæmi ekki út um munninn á honum og yrði ekki sagt með tungunni. Og þannig skilið átti þessi ádrepa auðvitað rétt á sér.

Auðvitað hefur hæstv. forsrh. sagt margt óheppilegt. Auðvitað tekur maður eftir því að hæstv. sjútvrh. hengir gjarnan haus þegar hæstv. forsrh. er að tala. Og auðvitað tekur maður eftir því að hæstv. fjmrh. skemmtir sér þegar hæstv. forsrh. talar sem mest því að hæstv. fjmrh. hefur svolítið blendinn húmor þegar þannig liggur á honum og hefur gaman af því þegar aðrir tala af sér. En þó er það nú svo að þetta mun að síðustu bitna á hæstv. fjmrh. sjálfum og mjög draga undan þeim trúnaði sem þessi ríkisstjórn hefur og var hann þó ekki mikill fyrir. Hæstv. fjmrh. segir í DV í dag, með leyfi hæstv. forseta:

„Innheimtutölur fyrir október sýna mjög mikinn samdrátt. Endurmat á hvað muni gerast í nóvembermánuði og desember leiðir síðan að þessari niðurstöðu. Hún felur í sér að menn þurfa að endurskoða ýmsar af þeim hugmyndum sem þeir hafa haft um þróunina áfram. Ég tel að menn eigi að íhuga það mjög alvarlega að grípa fyrr til aðgerða heldur en ætlunin var."

Nú hefur hæstv. forsrh. lýst því yfir hér í deildinni að ekki verði gripið til gengisfellingar eða annarra slíkra aðgerða fyrr en í vor. Það frv. sem hér liggur fyrir gerir ráð fyrir því að gengið muni hækka á næsta ári. Eitthvað stangast þetta nú á. Nú segir hæstv. fjmrh. í dag að það þurfi að grípa til aðgerða fyrr en ætlunin var. Nú spyr ég: Var það rétt hjá hæstv. forsrh. að ætlunin hafi verið að fella gengið í vor? (Gripið fram í.) Hann talaði um vor, það er ekki um dag, það er árstíð. Ég hef spáð því að gengið verði fellt í janúar. Hefur hæstv. fjmrh. í huga að gengið verði fellt í janúar? Eða ætlar hæstv. fjmrh. að halda því til streitu að gengið hækki á næsta ári eins og hann leggur til í því frv. sem hér liggur fyrir?

Það er viss list að vera vinsæll hjá blaðamönnum og fjölmiðlamönnum þegar ráðamenn eru með hálfkveðnar vísur. Ég held hins vegar að það geti verið mjög skaðlegt þegar ekki aðeins forsrh. landsins heldur líka nú hæstv. fjmrh. talar með þeim hætti að ógjörningur er að skilja það öðruvísi en að gengisfelling vofi yfir í ljósi þeirra funda sem voru í síðustu viku og þeirra yfirlýsinga sem komu þaðan, í ljósi þeirra frétta sem við fengum t.d. af framsóknarfundinum þegar stjórnarformaður SÍS (Gripið fram í.), forstjóri KEA og væntanlegur bankastjóri Landsbanka Íslands (**Gripið fram í:** Að sjálfsögðu.), allir þessir þrír menn, þessi þríeini guð — ég veit ekki hvort ég á að segja, ég þori ekki að segja það sem mér datt í hug því að ég gæti verið áminntur fyrir guðlast, virðulegi forseti, hér í ræðustólnum — sá þríeini segir að það sé nauðsynlegt að fella gengið nú þegar um 15%. (**Gripið fram í:** Minnst.) Minnst 15%. (**Gripið fram í:** Helst 20%.) Alveg í kjölfarið á þessu kemur síðan fjmrh. og segir að það þurfi að grípa fyrr til ráðstafana en ætlunin var, alveg í kjölfarið á því að frystihúsin í landinu hafa þingað og lagt fram óyggjandi gögn um það að greiðslustaða þeirra sé hörmuleg og rekstrarstaðan óviðunandi.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, virðulegi forseti. Ég vil aðeins leggja áherslu á það í lokin að eins og þetta frv. liggur fyrir og ef maður um leið hefur í huga hvernig fjárlagafrv. er gert og les þjóðhagsáætlun er það ljóst að ríkisstjórnin hefur enn þá í hyggju að auka hlutdeild sína í landsframleiðslunni, auka útgjöld sín að magni til, og hyggst standa undir því annars vegar með því að skattleggja atvinnureksturinn í meira mæli en gert hefur verið, skattleggja launatekjur manna í meira mæli en gert hefur verið, og á hinn bóginn með því að þrengja að fyrirtækjunum á erlenda lánamarkaðinum og loks með því að sækja stærri hlut en áður inn á innlenda fjármagnsmarkaðinn en gert hefur verið. Ég ítreka það sem ég sagði í upphafi ræðu minnar að hæstv. fjmrh. hefur áhyggjur af því að ríkisskuldabréfin muni ekki seljast og hann muni ekki ná þessum peningum með góðu. Þess vegna setti hann upp undarlega tölu um það að í hagkerfi eins og hinu íslenska sé nauðsynlegt að hin föðurlega hönd komi til og stjórni og stýri fjármagninu og það hyggst

hann gera með því að skattleggja allan sparnað annan en þann sem fer í ríkishítina, bæði í bönkunum og annars staðar. Skuldabréf ríkissjóðs eiga að njóta skattfríðinda ein allra skuldabréfa. Og ekki nóg með það, hæstv. fjmrh. lýsti því yfir tvívegis í ræðu sinni að menn þyrftu ekki að óttast það að hreyft yrði við verðtryggingu ríkisskuldabréfanna. Þeir sem keyptu þau gætu verið óhræddir, þeir mundu fá sína peninga til baka.

Að síðustu er óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann hafi með þeim töluðum orðum haft í huga að það ætti að draga svo úr verðtryggingu, t.d. á skuldbindingum lífeyrissjóða, einstaklinga, fyrirtækja, banka og annarra, að menn gætu ekki verið tryggir um það að verðtryggingin héldi. Var hann að gefa í skyn að hér yrði lögfest tvenns konar verðtrygging, sérstök verðtrygging fyrir ríkisskuldabréfin og svo einhvers konar B-hluta verðtrygging fyrir aðra? Það kom ekki vel fram en nauðsynlegt er að fá það upplýst.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Það frv. til lánsfjárlaga sem nú liggur fyrir hv. deild er í engu frábrugðið þeim lánsfjárlögum sem við fjölluðum um á síðasta ári og árin þar á undan. Þau bera þess öll merki að um er að ræða langvarandi fjármálaóstjórn gömlu flokkanna. Eins og ég hef oft vakið athygli á áður þá skiptir ekki orðið nokkru máli hver hinna gömlu fjögurra flokka fer með stjórnina hverju sinni. Fjármálastjórn þeirra er a.m.k. mjög svipuð og geri ég engan greinarmun á því hvort við erum að fjalla hér um lánsfjárlög ríkisstjórnar þar sem búið er að skipta nokkrum ráðherrum Sjálfstfl. út fyrir nokkra ráðherra Alþb. Þetta er sami grauturinn úr sömu skál eftir sem áður.

Það fyrsta sem vekur athygli þegar í 1. gr., og segir raunverulega alla söguna, er að fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka allt að 4,7 milljarða kr. lán innan lands á árinu 1989. Vandi ríkissjóðs er hin mikla umframeyðsla sem verið hefur hér um langan aldur, þ.e. ríkissjóður hefur forgöngu um það að eyða um efni fram. Þetta er alvarlegt þjóðarmein og margar fjölskyldur í landinu berjast við þennan sama vanda, að lifa um efni fram, en það er kannski ekkert einkennilegt að þær geri það þegar ríkið sjálft hefur forustu í þessum efnum. Hvar er nú hagsýna húsmóðirin? Við höfum eiginlega verið vitni að hálfgerðu eyðslufylliríi hér í marga, marga áratugi, allt frá stríðslokum.

Í framhaldi af þessu er svo annað höfuðatriði þessa lánsfjárlagafrv. erlenda skuldasöfnunin og hvernig fjármálastjórn eða hæstv. fjmrh. í ríkisstjórn hverju sinni reynir að stíga á bremsurnar eins og framast er unnt án þess að verða mikið ágengt í þeim efnum.

Ég átti þess kost sl. sumar að koma í heimsókn í japanska þingið. Skrifstofustjóri þess fór með mig þar um og sýndi mér aðstöðuna sem japanskir þingmenn búa við. M.a. kom ég þar í herbergi fjárveitinganefndar japanska þingsins sem var stór salur, svona álíka stór og sá salur þar sem við sitjum í sameinuðu þingi. Ég fór að spyrja hann að því hvernig væri með halla japanska ríkisins og hvernig hann væri fjármagnaður. Jú, hann sagði að því miður væri búinn að vera langvarandi og mikill halli á ríkisfjármálum í Japan, sem mér kom nokkuð á óvart. Það kemur reyndar allvel fram í ágætri skýrslu, sem ég hef verið að glugga í, sem nýbúið er að senda okkur þingmönnum, um ríkishalla og ríkisskuldir með meiru, að það hefur verið langvarandi ríkishalli í velflestum löndum hins vestræna heims. Ég spurði síðan skrifstofustjóra japanska þingsins: Hvernig fjármagnið þið þennan halla á ríkisfjármálunum? Jú, við reynum að selja spariskírteini innan lands — og kom það mér ekkert á óvart. Ég spurði þá: En hvað með erlend lán? Þurfið þið ekki stundum að taka erlend lán til þess að brúa bilið? Nei, það er algjörlega óhugsandi. Hvorki japanska ríkið né opinberir aðilar aðrir, þ.e. sveitarfélög eða nokkrir opinberir aðilar taka nokkurn tíma erlend lán. — Ég spurði þá: Eru þá engin erlend lán tekin í Japan? Jú, allir aðrir mega taka öll þau erlendu lán sem þeim sýnist án þess að nokkur afskipti ríkisvaldsins komi þar nálægt. En ríkið sjálft og aðrir opinberir aðilar mega aldrei taka erlend lán.

Af þessu má draga mikinn lærdóm. Ég held nefnilega að þarna sé kannski kjarni málsins. Hér hefur fjármálastjórn verið með þeim hætti að ríkið sér um allar erlendar lántökur og skammtar síðan erlent lánsfé til fjárfestingarlánasjóða og til atvinnurekstrarins. Það væri strax mikil landhreinsun í því ef við tækjum út úr ríkisreikningnum og fjárlögunum hluta atvinnurekstrarins í erlendum lántökum. Tökum svokallaðan C-hluta algjörlega út úr lánsfjárlögum og jafnvel hluta af þeim ríkisstofnunum sem eru undir B-hluta fjárlaga enn fremur. Ég held að það væri hollt fyrir okkur að endurskoða algjörlega stefnu okkar gagnvart erlendum lántökum. Ég held nefnilega að við ættum að fara að dæmi Japana og banna ríkinu og sveitarfélögum að taka erlend lán. Leyfa hins vegar Jóni Jónssyni að taka öll þau erlendu lán sem honum sýnist. Ef Jón Jónsson úti í bæ getur fengið einhvern banka í New York til að lána sér peninga út á þær eignir sem hann á á Íslandi á hann að fá leyfi til þess. Ef hann fer síðan á hausinn gerist ekkert annað en það að einhver banki í New York krefst þess að eignir hans verði boðnar upp og þá það. Halda menn kannski að ef einhver erlendur banki verður að slá sér eign hér á uppboði á Íslandi taki hann þær með húð og hári og flytji þær til Bandaríkjanna, hann taki eitthvert einbýlishús hér upp með rótum og sigli því burt úr landinu? Nei, það gerist nefnilega ekki. Þess vegna held ég að það heilbrigðasta sem við gætum gert í okkar fjármálalífi væri að hreinsa erlendar lántökur algjörlega burt frá ríkinu og láta atvinnulífinu það eftir að sjá um þann þátt mála. Það kann vel að kosta það að vextir verði eitthvað óhagstæðari en verið hefur, þegar ríkið

hefur gengið í ábyrgð fyrir allar erlendar lántökur, en ég held kannski að það mundi þá vera sú bremsa sem þarf að vera til þess að atvinnulífið fari ekki á algjört fjárfestingarfylliri eins og því miður hefur oft viljað bera við hér.

Annars eru tvær meginstærðir sem ganga sem rauður þráður í gegnum lánsfjárlögin. Það er viðskiptahallinn og útgjaldahalli fjárlaga eða halli á fjárlögunum, hvernig á að brúa hann. Ef við tökum viðskiptahallann fyrst sýnist mér nú að hann sé orðinn höfuðvandamál íslenskrar fjármálastefnu. Hvernig í ósköpunum eigum við að ráða niðurlögum hins mikla viðskiptahalla sem er orðinn varanlegur? Það virðist ekkert koma í veg fyrir að hann haldi áfram að aukast. Viðskiptahallinn var um 7 milljarðar kr. á árinu 1987. Hann stefnir í 10–12 milljarða kr. á árinu 1988 og í lánsfjáráætlun er gert ráð fyrir að hann verði rúmlega 12 milljarðar kr. eða þar um bil á árinu 1989 og mér kæmi ekkert á óvart þó hann endaði í 14–15 milljörðum.

Þarna er kannski ein höfuðmeinsemdin í íslensku efnahagslífi. Eina ráðið til þess að vinna okkur út úr þessum viðskiptahalla er að sjálfsögðu að auka útflutning okkar og draga úr innflutningi með einhverjum ráðum. Þar komum við að ýmsum hlutum, þ.e. hver vandamál útflutningsatvinnuveganna eru og hvers vegna það hefur alla tíð á Íslandi verið með þeim hætti að innflutningur hefur verið aðalatriðið, útflutningur hefur alltaf verið hálfgerð hornreka í okkar þjóðfélagskerfi. Enda hefur það verið þannig um langan aldur að duglegir viðskiptamenn og verslunarmenn hasla sér yfirleitt völl í innflutningsgreinunum því þar ríkir fullt frelsi, þar geta þeir athafnað sig. Þeir eru færri sem hasla sér völl í útflutningsgreinunum af því að þar ríkja alls konar höft og hömlur og þar er yfirleitt um það að ræða að ríkið stjórnar útflutningsmálunum, skammtar fjármuni til útflutningsfyrirtækja og stendur oft í veginum fyrir því að menn geri útflutningssamninga. Ef einhverjum aðila tekst t.d. að gera samning um að selja töluvert af kindakjöti, þá rekst hann hér á vegg ef hann kemur með slíkar hugmyndir til stjórnvalda. Það er yfirleitt séð til þess að allar slíkar hugmyndir séu kæfðar í fæðingu.

Hér þarf algjöra hugarfarsbreytingu, bæði hjá ráðamönnum þjóðarinnar og e.t.v. hjá þjóðinni í heild, að þjóðin sem slík með ríkisvaldið í broddi fylkingar einbeiti sér að því að efla útflutning þjóðarinnar. Ég er ekki að segja að innflutningsverslunin sé algjörlega óþörf en það er sjálfsagt að leggja minni áherslu á innflutningsverslunina en gert hefur verið hingað til. Að sjálfsögðu hlýtur land eins og Ísland alla tíð að vera mjög háð innflutningi. Við þurfum að flytja inn hráefni til framleiðslu okkar. Við þurfum að flytja inn vélar og tæki til atvinnufyrirtækja okkar og það er auðvitað mjög þýðingarmikið að innflutningsverslunin sé hagkvæm, að hún geti þróast á skynsamlegan hátt. En númer eitt hlýtur þó að vera að gera útflutningsversluninni hærra undir höfði þannig að við getum smám saman reynt að vinna okkur út úr þeim mikla viðskiptahalla sem við eigum við að stríða.

Hæstv. fjmrh. nefndi áðan að það væri kominn tími til að draga úr ábyrgðum ríkissjóðs vegna alls konar atvinnustarfsemi, bæði vegna útflutningsfyrirtækja og kannski átti hann fyrst og fremst við fjárfestingar, geri ég ráð fyrir. Það er þá eitt sem vekur athygli mína og það er að flest vestræn ríki hafa komið sér upp mjög öflugu útflutningsábyrgðakerfi. Við könnumst ekki við neitt slíkt hér á Íslandi. Það er að vísu örlítill vísir að útflutningsábyrgðum í gegnum Útflutningslánasjóð, en þar er þó um að ræða mjög veikburða framtak. Hér er mikil þörf fyrir að í staðinn fyrir beinar ríkisábyrgðir verði komið upp öflugum útflutningsábyrgðasjóði sem taki að sér það verkefni að útvega útflutningsfyrirtækjum hagstæð erlend lán og fjármagna útflutningsviðskipti. Ég held að það væri mjög þarft verk fyrir ríkisstjórnina að beita sér að slíku.

Það er svo sorgleg staðreynd að aukinn viðskiptahalli eykur tekjur ríkissjóðs. Það er einn af þeim einkennilegu hlutum sem auðkenna íslenskt efnahagslíf að nú seinni mánuði þessa árs hefur dregið verulega úr innflutningi og einnig hafur dregið úr þenslunni sem margir tala svo mikið um. Þá minnka tekjur ríkissjóðs, hríðminnka, þannig að því miður þá er þversögn í þessu: Þeim mun meiri viðskiptahalli, þeim mun meiri tekjur ríkissjóðs.

Ef við tölum hins vegar um útgjaldahallann eða hallann á ríkissjóði, þá virðist hann vera orðinn ólæknanlegur sjúkdómur. Ég held að vandinn sé hér fyrst og fremst sú útgjaldaþensla sem hefur verið að undanförnu og þar er auðvitað ekkert um annað að ræða en að við ætlum okkur um of. Við erum að reyna að reka þetta fámenna þjóðfélag eins og við værum fleiri, fleiri milljónir manna. Við höfum innleitt hér rándýr kerfi, ef ég má nota það í víðtækri merkingu. Við erum að burðast við að halda hér uppi menntakerfi, heilbrigðiskerfi, samgöngukerfi og ýmsu fleira sem ætti betur við 2½ milljónar manna þjóð, svo að maður tali nú ekki um bankakerfið. Bankakerfið mundi sennilega ekki taka eftir því þó að þjóðin yrði allt í einu 10 milljónir manna. Það mundi ekki muna mikið um að sinna þörfum svona eins og 10 milljóna manna.

Ég held að við þyrftum að endurskoða allt þjóðfélagið og rekstur þess frá grunni til þess að vinna okkur út úr þessum útgjaldavanda. Sem dæmi um útgjaldavandann má benda á að það hefur nú verið upplýst, og kom það reyndar fram áðan í ræðum hv. alþm. og reyndar í ræðu hæstv. fjmrh., að hallinn á ríkissjóði hækkar um einn milljarð króna við hverja ræðu hæstv. ráðherra eins og hann sagði sjálfur. Ég var því að velta því fyrir mér hvort ekki yrði að taka desember út úr þessu ári með þál., reyna að ljúka árinu sem allra fyrst svo við komumst þá í gegnum árið með svona 5–6 milljarða halla. Ef við höfum desember með gæti hann endað í 7 milljörðum. Þetta er svona hugmynd sem ég læði hér að. En það er augljóst að nú þarf að taka ný erlend lán til að

fjármagna halla á ríkissjóði sem stefnir í 5 eða jafnvel 6 milljarða. Síðan var sérstaklega veitt heimild til þess að auka ríkissjóðshallann um 600 millj. kr. Mér finnst ekki koma nógu vel fram hvort þessar 600 millj. kr. séu með í þessum 5 milljörðum sem verið er að tala um; ég geri ráð fyrir því að svo sé.

Í stjórnarsáttmála fyrrv. ríkisstjórnar var lögð mikil áhersla á það að ríkissjóður yrði rekinn með tekjuafgangi og var reyndar gert ráð fyrir því í fjárlögum fyrir 1988 að tekjuafgangur yrði 30 millj. kr. Hann verður líklega í staðinn neikvæður um 5 milljarða eða meira. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar er líka talað um að ríkissjóð skuli reka hallalaust og er reyndar gert ráð fyrir því að ríkissjóður skili tekjuafgangi upp á einar 1200 millj. kr. fyrir árið 1989. En mig grunar að þegar við stöndum hér að ári liðnu — ja, þeir okkar sem enn þá verða á þingi, við skulum ekki alveg útiloka þann möguleika, það getur hafa orðið breyting á því hverjir sitja á þingi þegar komið er að jólum, að ári liðnu — munum við vera að ræða margra milljarða halla enn á ný. Og ástæðan fyrir því er, eins og ég sagði í upphafi ræðu minnar, röng fjármálastefna gömlu flokkanna. Það er raunverulega alveg sama hvaða ríkisstjórn er mynduð með þátttöku gömlu flokkanna, hvaða mynstur sem svo er oft kallað er við lýði þá stundina, fjármálastefnan er í heild alltaf sú sama.

Ef við förum yfir einstök atriði í frv. rekum við okkur á í 3. gr. að Landsvirkjun er heimilt að taka erlent lán á næsta ári að upphæð allt að einum milljarði króna og er síðar í skýringum talað um að það sé vegna framkvæmda á árinu 1989 sem eru áætlaðar upp á 1420 millj. kr. Þar er sagt að 900 millj. kr. séu vegna Blönduvirkjunar. Það er einnig athyglisvert að sjá að vaxtabyrði vegna Blönduvirkjunar verður 250 millj. kr. á næsta ári. Það hefði verið fróðlegt að fá nánari upplýsingar um stöðu mála við Blönduvirkjun því að það er ógnvekjandi að Blönduvirkjun, sem því miður hefur verið tímasett mjög vitlaust að margra dómi og það hefði verið hægt að fresta framkvæmdum þar og reyndar aldrei átt að byrja á þeim fyrr en það lá ljóst fyrir að þörf væri fyrir rafmagnið frá Blönduvirkjun, að það skuli þegar vera komin vaxtabyrði upp á 250 millj. kr. vegna Blönduvirkjunar og það er enn þá ekki ljóst hvað á að gera við rafmagnið frá þeirri virkjun.

Það eru miklar viðbótarlántökur erlendis eins og í lánsfjárlögum frá því í fyrra þrátt fyrir yfirlýsta stefnu stjórnvalda hverju sinni um að hætta nú öllum erlendum lántökum eða draga verulega úr þeim. Þar eru gamlir kunningjar á ferð. Þróunarfélagið fær heimild til þess að taka lán allt að 100 millj. kr. Það verður fróðlegt að sjá hvernig þeim fjármunum skal varið, en væntanleg er skýrsla sem segir frá starfsemi Þróunarfélagsins. A.m.k. minnist ég þess að hafa verið með á beiðni um skýrslu um starfsemi Þróunarfélagsins, meðflutningsmaður að þeirri beiðni.

Nokkrar hitaveitur, mér sýnist þetta vera nánast sömu hitaveitur og var verið að ræða um í lánsfjárlögum í fyrra, fá heimild upp á 250 millj. kr. lántöku erlendis og Byggðastofnun og Framkvæmdasjóður fá til samans lántökuheimild upp á 1 milljarð kr. erlendis. Síðan kemur flóabáturinn og Herjólfur.

Skerðingarákvæðin eru ákaflega hliðstæð og voru í fyrra. Það er orðin föst venja að þurfa að horfa upp á að fyrst eru sett lög um ákveðna tekjustofna fyrir hinar og þessar ríkisstofnanir og síðan eru alltaf í lánsfjárlögum þessar tekjur ýmist skertar eða felldar niður með öllu. Það væri þá miklu hreinlegra að endurskoða starfsemi þessara stofnana en að gera þetta með þeim hætti að fyrst er lofað miklum fjármunum til reksturs þessara stofnana og síðan eru þessir fjármunir aftur teknir til baka með lánsfjárlögum. Það vekur t.d. athygli að enn á ný eru öll aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum látin renna í ríkissjóð og Ríkisútvarpið mun væntanlega þurfa að burðast með mikinn hallarekstur á næsta ári. Við eigum áreiðanlega eftir að fá að heyra um mikinn vanda Ríkisútvarpsins þegar líður fram á næsta ár, um hvernig á að láta enda ná saman.

Eins og þegar hefur verið bent á af hv. þm. sem hér hafa talað á undan mér og hæstv. ráðherra einnig kemur þarna fram hvernig framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs er skert til að standa undir hinum nýja Atvinnutryggingarsjóði sem verður að setja stórt spurningarmerki við. Það kom greinilega fram í umræðunum utan dagskrár í sameinuðu þingi í gær að það fer að verða spurning um Atvinnutryggingarsjóðinn, hvort ákvæði um hann verða samþykkt á hinu háa Alþingi. Það skyldi þó aldrei verða, þegar við höfum lokið við að fara yfir bráðabirgðalögin og greiða um þau atkvæði, að Atvinnutryggingarsjóðurinn verði hreinlega horfinn út úr bráðabirgðalögunum. Þá vaknar spurningin um hvort það þurfi ekki að leiðrétta þessa grein þegar þar að kemur.

Það er eitt smámál, sem kannski er varla vert að fara að minnast á hér, en ég geri það af því að ég er sérstakur áhugamaður um að refum verði ekki algerlega útrýmt á Íslandi. Mér finnst nefnilega gaman að sjá villt dýr á ferð í náttúru landsins. Því tel ég algerlega óþarfa að eyða nokkrum peningum í að eyða refum eða mink. Ég er ekki að segja að það þurfi að friða þessar skepnur því þær valda eflaust nokkru tjóni, þó sérstaklega minkurinn. En þeir sem telja sér stafa einhverja ógnun af þessum skepnum geta hreint og beint sjálfir séð um að verjast ágangi þeirra án þess að fá fyrir það nokkra greiðslu.

Það er ekkert nýtt að peningum sé rænt af vega- og samgöngumálaframkvæmdum. Hér er um að ræða að 600 millj. kr. skuli renna í ríkissjóð af tekjum vegna hækkunar á bensíngjaldi og þungaskatti. Það er ekkert nýtt að umferðin er skattlögð til að hjálpa upp á ríkishítina. Minnst af því sem umferðin leggur til af fjármunum til ríkissjóðs fer til

vegagerðar, því miður.

Eins eru sömu skerðingarákvæðin eftir sem áður á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Nú hlýtur að ráðast hvað verður um verkaskiptingarlögin, hvort þetta gengur heim og saman eða hvort við þurfum að horfa upp á að í janúar nk. verði ríkisstjórnin að koma með bráðabirgðalög um að hækka framlag í Jöfnunarsjóð vegna þess að menn hafi ekki náð samkomulagi um verkaskiptinguna. Reyndar þætti mér ekki ólíklegt að svo færi vegna þess að ég held að við séum jafnfjarri því og við vorum fyrir ári að ná saman um með hvaða hætti verkaskipting sveitarfélaga og ríkis skuli vera. Ég held að grundvöllurinn að því frv. sé alrangur og það þurfi að stokka þar spilin algerlega upp á nýtt. Þess vegna held ég að það hefði verið ráðlegra að láta Jöfnunarsjóð hafa þá fjármuni sem hann þarf án tillits til þess að verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga verði breytt að sinni.

Þá er mikið fjallað um hvernig eigi að fjármagna þann útgjaldahalla sem er fyrirsjáanlegur. Hæstv. fjmrh. fjallaði töluvert um sölu á spariskírteinum. Ég get út af fyrir sig verið alveg sammála því að ef ríkið þarf á annað borð að fjármagna halla á ríkissjóði er skynsamlegast og best að reyna að gera það með sölu á spariskírteinum, með innlendum sparnaði. Það er hins vegar ógnvekjandi hugsun, sem kom fram hjá hæstv. ráðherra áðan, að spariskírteini ríkissjóðs verði eina sparnaðarformið sem verði án skattlagningar. Heyrðist mér ekki betur en hæstv. fjmrh. væri að boða að vextir af almennum sparisjóðsbókum í bönkum og sparisjóðum yrðu skattlagðir, þvert ofan í það sem var talað um í fjárlagaræðunni og reyndar í sambandi við myndun ríkisstjórnarinnar í september sl. Þá kom það skýrt fram, og reyndar minnir mig að það komi óbeint fram í stjórnarsáttmálanum, að vextir af almennu sparifé muni ekki skattlagðir. En nú heyrist mér að það sé stefna hæstv. fjmrh. a.m.k. að skattleggja sparifé landsmanna nema þeirra sem velja að kaupa sér spariskírteini ríkissjóðs. Ég tel þetta ákaflega varhugaverða stefnu. Reyndar er þarna verið á mjög einkennilegan hátt að stýra því fjármagni sem fólk dregur saman með sparnaði til ríkisins í stað þess að gefa fólki kost á að velja þær sparnaðarleiðir sem því finnst henta hverju sinni.

Þá er spurningin hvernig þessi áform muni ganga upp. Það er áætlað að sala á spariskírteinum ríkissjóðs verði um 5,1 milljarður á næsta ári. Í grg. með frv. er rifjað upp að það var gert ráð fyrir að innlend fjármögnun fyrir ríkissjóð á yfirstandandi ári yrði 56% en varð ekki nema 42% vegna þess að spariskírteini, a.m.k. síðustu mánuði ársins, seljast illa. Þess vegna er spurt hvort það sé raunhæf áætlun að það verði hægt með innlendri fjármögnun að ná 52% af fjárþörf ríkissjóðs á árinu 1989.

Það er bent á að óumsamin lánsfjáröflun sé upp á rúma 6 milljarða kr. Þar af eru 4,7 milljarðar í spariskírteinum. Það má vel vera að það gangi betur að selja spariskírteini á næsta ári en var í ár vegna þess sérstaka samkomulags sem var gert við bankana síðla sumars, en þó er ég mjög efins um að þessar áætlanir muni standast.

Síðan er talað um að 1½ milljarði verði náð með því að sækja fé í sjóði lífeyrissjóðanna. Í raun og veru er ekkert annað sagt þar um hvernig eigi að afla þessa viðbótarfjármagns. Það er aðeins talað um að það megi benda á verulega aukið óbundið ráðstöfunarfé lífeyrissjóða. Nú er mér spurn: Hvernig og með hvaða hætti er ætlunin að ná meira fé út úr lífeyrissjóðunum? Lífeyrissjóðirnir hafa þegar velflestir fallist á að kaupa skuldabréf af byggingarsjóðum ríkisins sem nemur 55% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna. Það er gert ráð fyrir því að þetta muni gefa byggingarsjóðum ríkisins fjármagn sem verður 9,3 milljarðar kr. á næsta ári.

Nú er athyglisvert að það eru uppi hugmyndir um það með breyttum húsnæðislögum að draga úr kaupskyldu lífeyrissjóðanna niður í 45%. Það er kannski ekki tímabært að fjalla um það frekar hér vegna þess að drög að nýjum húsnæðislögum hafa verið í vinnslu í sérstakri endurskoðunarnefnd um húsnæðislánakerfið, en ég held að ég brjóti engan trúnað þó að ég geti þess að það hafa komið upp þær hugmyndir að draga úr kaupskyldu lífeyrissjóðanna þannig að hún lækki um 10%. Mér er því spurn: Hvernig á að afla þess mismunar sem verður á 9,3 milljörðum kr. og því sem fæst með 45%?

Virðulegi forseti. Ég held að ég fari að stytta mál mitt. Ég get ekki látið hjá líða að benda á mjög athyglisvert lesendabréf sem birtist í Dagblaðinu Vísi í morgun. Þar er verið að fjalla um og spurt um nýja fjármálastefnu. „Byrjum frá grunni" er yfirskriftin á þessu lesendabréfi. Ég held að ég geti alveg tekið undir það með viðkomandi, sem ritar þetta bréf, að það er spurningin hvort það þurfi ekki einmitt að byrja upp á nýtt, byrja á núlli. Það er nefnilega með fjárlögin og lánsfjárlög og svo margt fleira í ríkiskerfinu, og reyndar er þetta orðin föst venja hjá flestum ríkisstofnunum og reyndar hjá flestum fyrirtækjum, að reikningurinn frá því í fyrra er tekinn og síðan er bara strikað yfir tölurnar og þær færðar upp með áætlaðri verðbólgu milli ára og lagðar fram sem ný áætlun fyrir árið sem er að koma. Þannig er lítið reynt að glugga í það sem er á bak við hinar ýmsu tölur. Er raunveruleg þörf þar á bak við? Þarf þessi útgjöld? Þarf þessar tekjur? Ég held að við ættum að taka okkur tak. Hér þarf raunverulega öll þjóðin að vera með, með hæstv. fjmrh. í broddi fylkingar að sjálfsögðu, og fara kirfilega ofan í öll ríkisfjármálin og rannsaka hvort þetta sé allt nauðsynlegt. Má ekki draga úr ýmsu af því sem ríkið hefur sett í gang, síðan er það orðið nánast sjálfvirkt, að til hinna ýmsu liða þarf fjárveitingar á hverju ári? Það hefur stundum verið talað um svokallaðar núllgrunnsáætlanir. E.t.v. er það lausnarorðið í þessum útgjaldavanda og þensluvanda ríkissjóðs að taka upp núllgrunnsáætlanagerð, þ.e. byrja alls staðar á núlli og athuga hvort það sé þörf fyrir allar þessar framkvæmdir og

allan þennan rekstur sem ríkissjóður stendur undir.

Ég get heils hugar tekið undir það með hæstv. ráðherra að það er full þörf á því að kenna þjóðinni að umgangast betur fjármuni og fara með þá. Ég hef oft velt því fyrir mér að það þyrfti að hafa sérstök námskeið í grunnskólum landsins þar sem skólabörnum er kennt að fara með fjármuni og hvernig á að passa upp á fjármuni og hvernig á að gæta þeirra peninga sem þau afla. Ég er alveg sannfærður um að við Íslendingar höfum því miður vanið okkur á alls konar ósóma í þessu sambandi og það væri ákaflega hollt fyrir okkur öll að læra að fara betur með fjármuni. Mig óar oft við því, þegar ég kem í hina ýmsu söluturna hér í bænum, að sjá ung börn sem eru að versla þar, hvernig þau reyna oftast að eyða hverjum einasta eyri. Þegar þau eru búin að fá það sem þau báðu um sitja þau eftir með kannski nokkrar krónur og þá er aðalvandamálið hjá þeim hvernig þau geti nú fengið eitthvað þannig að þau geti eytt hverri einustu krónu sem þau hafa á milli handanna áður en þau yfirgefa búðina. Í raun og veru er ríkissjóður engu betri. Það er einmitt vandamálið að það er verið að reyna að eyða öllum þeim peningum sem aflað er og meira til ef ekki vill betur.

Ég held að það sé kominn tími til, eins og ég sagði áðan, að við endurskoðum alla okkar fjármálastefnu og fjárlagagerð frá grunni.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Áður en ég hef mál mitt um það sem hér er til umræðu, sem er frv. til laga um lánsfjáráætlun, vil ég lýsa ánægju minni yfir því að formaður þingflokks Alþfl. skuli heiðra samkunduna með því að vera mættur. Einnig verð ég að lýsa ánægju minni yfir því að hæstv. fjmrh. er aftur kominn í salinn. (**Fjmrh.:** Ég þurfti óhjákvæmilega að skreppa frá.) Ég skil það vel, hæstv. ráðherra, og virði það að sjálfsögðu. Ég hefði bara beðið augnablik með að ræða þetta efnislega þar til ráðherrann hefði verið mættur. Það er kannski táknrænt og einkennandi fyrir hv. Alþingi hvað við hv. alþingismenn sýnum oft hvert öðru óvirðingu og þessari stofnun með því að vera ekki viðstödd þegar verið er að ræða meiri háttar mál sem frv. til lánsfjárlaga er auðvitað.

Ég byrja á segja að ég var ekki að öllu leyti sammála flokksbróður mínum, hv. alþm. Halldóri Blöndal, um að ræða hæstv. fjmrh. hafi ekki verið góð. Í ræðu hæstv. fjmrh. voru mörg ágæt atriði. Mér fannst ræðan mjög vönduð og vel fram sett og er það af hinu góða þegar ráðherrar vanda sitt mál með þeim hætti sem mér fannst hæstv. fjmrh. gera þó ég geti ekki verið að öllu leyti sammála honum um ýmis efnisatriði.

Það sem mér féll vel og kom fram í upphafi ræðu ráðherra var m.a. það atriði sem ég ætla að gera að umtalsefni í sambandi við frv. til lánsfjárlaga, en það er varðandi lífeyrissjóðina. Ég mun fyrst og fremst ræða þann þátt þessa máls og ekki fara út í önnur atriði.

Það sem mér fannst mikils virði og virði sérstaklega við hæstv. ráðherra var að það vafðist ekkert fyrir honum hverjir væru eignaraðilar að lífeyrissjóðum landsmanna. Mér finnst það veigamikil yfirlýsing miðað við hvernig margir hv. alþm. og jafnvel hæstv. ráðherrar hafa fjallað um þessi mál á undangengnum árum. Hæstv. ráðherra viðurkenndi það fullkomlega, sem er auðvitað rétt og kjarni málsins, að eigendur lífeyrissjóðanna eru að sjálfsögðu þeir sem greiða í sjóðina, þ.e. lífeyrissjóðafélagarnir sjálfir. Hæstv. ráðherra kom inn á það margsinnis í sinni ræðu að það væri auðvitað við þetta fólk sem bæði hv. alþm. og ráðherrar sem aðrir ættu erindi við þegar þeir vildu ræða um fjármuni þessa fólks. Til þessara sjóða flestallra var stofnað í frjálsum samningum á milli aðila vinnumarkaðarins, annars vegar verkalýðsfélaganna og hins vegar vinnuveitenda eða samtaka þeirra, þannig að hér er um löghelgan rétt að ræða sem Alþingi á að virða og mun virða, treysti ég, á meðan hæstv. fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson situr í því embætti þannig að hann verður með okkur hinum ákveðinn útvörður gagnvart þeim hákörlum í hinum flokkunum, sem mynda þessa ríkisstjórn, sem líta á það sem sjálfsagðan hlut að ganga inn í eignir annarra eins og dæmin sanna og mun ég ekki ræða það nánar á þessu stigi.

Það er rétt sem hæstv. ráðherra sagði þegar hann sagði í ræðu sinni að við stjórnendur þessara sjóða, fulltrúa eigenda, þyrfti að semja um það hvernig á að nýta þessa sjóði og hvernig á að byggja þá upp og hvernig á að tryggja ávöxtun þeirra með þeim hætti að þeir geti tryggingalega séð staðið við sínar skuldbindingar sem er auðvitað meginatriði.

Lífeyrissjóðsframlag hvers einstaklings, sem greitt er í 30–40 ár, sem er um 10% af launum og í sumum tilfellum hærri iðgjöld, er auðvitað stærsta eign sérhvers lífeyrissjóðsfélaga. Húseign eða íbúð kemst ekki í hálfkvisti við þá persónubundna eign sem myndast á 30–40 ára tímabili í lífeyrissjóðunum. Þannig að við erum hér, þegar við tökum lífeyrissjóðina til meðferðar inn í lánsfjárlögum og almennt í umræðunni, að tala um stærstu eign sérhvers einstaklings, sem er kominn á vinnuskyldan aldur eða hefur hafið sína starfsævi, vegna þess að nú er það skylda samkvæmt lögum að vera í lífeyrissjóðum þannig að enginn er undanskilinn. Þessi sparnaður er gífurlega mikill og þess vegna er mjög þýðingarmikið eins og hæstv. ráðherra kom inn á að öll starfsemi lífeyrissjóðanna og uppbygging sé heilbrigð og geti náð tilætluðum tilgangi.

Hæstv. ráðherra kom einnig inn á að það þyrfti að framkalla ákveðnar breytingar í sambandi við lífeyrissjóði landsmanna. Ég get tekið undir það sjónarmið. Þá átti hann sérstaklega við, að því er mér skildist, að það þyrfti að styrkja ávöxtun, þ.e. þetta tryggingafé, með þeim hætti að sjóðirnir gætu staðið við sínar skuldbindingar. Undir það tek ég að sjálfsögðu.

Hæstv. ráðherra talaði einnig um að nýta þyrfti betur fjármagnið. Í þeim efnum kom hann inn á að það þyrfti væntanlega að stýra því betur af hálfu hins opinbera. Í því atriði er ég honum ekki sammála. Ég get fallist á að hið opinbera setji ákveðnar og mjög strangar aðhalds- og eftirlitsreglur eða lög, þ.e. um grundvallaratriði, sem tryggi heildarrekstur sjóðanna. Það er náttúrlega meginatriði. En hvað aðra stýringu áhrærir held ég að hv. Alþingi eða stjórnmálamenn almennt og þar með ég meðtalinn eigi ekki að ganga of langt í að grípa inn í eðlilegan rekstur og starfsemi sjóðanna. Við getum hins vegar með frjálsum samningum og viðræðum, eins og mér skildist að hæstv. ráðherra ætlaði sér að gera, reynt að hafa áhrif á með hvaða hætti þetta er gert. Ef það kæmi síðan upp að einstaka sjóðir eða sjóðirnir í heild höguðu sér með þeim hætti í sambandi við sitt ráðstöfunarfé að nauðsyn krefði að Alþingi Íslendinga gripi í taumana hljótum við að gera það sem sitjum nú á þingi og þeir sem síðar taka við.

Ég sagði í upphafi ræðu minnar að lífeyriseign hvers einstaklings væri stærsta eign hans á starfsævinni. Þetta er ekki aðeins stærsta eign hvers einstaklings, þetta er hugsanlega mesta og öruggasta sparifjárform sem við Íslendingar nú búum við. Við megum búast við því á næstu áratugum að það fjármagn sem safnast fyrir í lífeyrissjóðunum verði mjög mikið sem kemur til ráðstöfunar. Það stafar m.a. af því að aldurssamsetning þjóðarinnar er með þeim hætti að tryggingarlegar skyldur lífeyrissjóðanna koma ekki fram af fullum þunga fyrr en eftir einn til tvo áratugi, nær því eftir tvo áratugi, kringum árið 2004 eða 2010. Ég man ekki alveg nákvæmlega þessar tölur þó ég hafi skýrslur undir höndum, að vísu ekki hér, um áætlanir í þessum efnum. Þetta þýðir að ráðstöfunarfé til þessara sjóða verður gífurlegt. Þetta ráðstöfunarfé og það hvernig með það verður farið getur ráðið örlögum þjóðarinnar í sambandi við framtíðaruppbyggingu íslenskra atvinnuvega og einnig, eins og hæstv. ráðherra kom inn á, með hvaða hætti ríkisfjármál verða á Íslandi í framtíðinni og með hvaða hætti lífeyrissjóðirnir koma við sögu í þeim efnum.

Ég var að reyna að gera mér grein fyrir því í stuttu máli, háttvirtur forseti, áður en ég kom í ræðustól, miðað við þær forsendur sem gefnar eru í frv. til lánsfjárlaga um áætlað ráðstöfunarfé, hvaða fjárhæðir getur verið um að ræða á næstu fimm árum í lífeyrissjóðakerfinu. Í stuttu máli sagt, miðað við að árleg aukning sé ekki 33% heldur einhvers staðar á bilinu 25–27%, má gera ráð fyrir því að á árinu 1993 verði árlegt ráðstöfunarfé sjóðanna komið upp í ca. 50 milljarða.

Ef við lítum á þá lánsfjáráætlun sem hér liggur fyrir og hvernig gert er ráð fyrir að lífeyrissjóðirnir komi til skjalanna í sambandi við skuldabréfakaup, aðeins er lýtur að íbúðar- og húsnæðismálum, en það eru 60%, má gera ráð fyrir því árið 1994 að tæplega 30 milljarðar færu í að kaupa skuldabréf af húsbyggingarsjóðum og fjárfestingarlánasjóðum hins opinbera. Þá hefur ekki verið tekið inn í hver yrði þáttur lífeyrissjóðanna í kaupum á spariskírteinum úti á hinum frjálsa markaði. Miðað við þessar gefnu forsendur, sem ég er ekki þar með að segja að ég sé bundinn af, enda hef ég mínar efasemdir um að þær séu rétt upp byggðar, og mun koma að því nánar hér á eftir, sjáum við að lífeyrissjóðirnir koma til með að vera ráðandi þáttur í gerð lánsfjárlaga í nánustu framtíð. Það er athyglisvert, og ég segi það, að kannski eru þingmenn svo vel upplýstir um þetta að þeir þurfi ekkert að hugsa um þessi mál og þurfa þess vegna ekki að sitja hér á þingfundum til að ræða og fjalla um þetta mál. Þeir lesa bara plaggið og hlusta á foringjana. En það er athyglisvert að menn skuli ekki leggja meiri vinnu í að skoða þessi mál því hér er raunverulega verið að ræða um ekki bara þátt ríkisins eins og oft er í sambandi við lánsfjárlög heldur einnig um það hvernig því fé verður væntanlega ráðstafað í framtíðinni sem lífeyrissjóðirnir hafa yfir að ráða. Það er þetta fé sem mun ráða úrslitum um hvernig fjárfesting verður í íslensku atvinnulífi og hvert við beinum þessum peningum og þá er ég að tala um nettóráðstöfunarfé.

Þess vegna endurtek ég að mér fannst ræða hæstv. fjmrh. að mörgu leyti mjög athyglisverð og mun betri en ræður fyrrv. fjmrh. þó að ég hafi stutt hann í ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar og ekki gert athugasemd við þær ræður út af fyrir sig. En hann mat þetta allt öðruvísi og var mun léttara á vogarskálunum hjá honum hvernig með þetta yrði farið, enda ekki neitt sérstakur vinur þeirra sem hafa stofnað til þessara sjóða, sem eru verkalýðurinn og vinnuveitendur. En það er nú annað mál. Annar hv. þm., Halldór Blöndal, afgreiddi það mjög vel áðan og geri ég örugglega ekki betur í þeim efnum.

En þá er það stefnan og það er það atriði sem mér finnst mest um vert að fá að ræða hér um þar sem ég get ekki að öllu leyti fallist á þá tilhneigingu, ég segi ekki stefnumörkun því hæstv. fjmrh. var ekki mjög ákveðinn í þeim efnum en þó gaf hann ákveðnar ábendingar af skiljanlegum ástæðum sem stefndu nokkuð í aðra átt en ég gæti hugsað mér.

En þá er það stefnan. Hvernig eigum við að líta til framtíðarinnar í þessum efnum? Ef maður í stuttu máli lítur til fortíðarinnar og það er fljótafgreitt, þá er óhætt að segja, og það er kannski á því sem mín innigrip í ræðu hæstv. fjmrh. byggðust áðan, án þess að ég biðjist nokkuð afsökunar á því, að ef maður lítur til fortíðarinnar og til þess hvernig ýmsir og mjög margir stjórnmálamenn hafa litið til lífeyrissjóðanna og ráðstöfunarfjármagns lífeyrissjóðanna hefur hún verið afskaplega einföld hjá flestöllum stjórnmálamönnum. Hún hefur verið sú að reyna að hirða sem mest af þessum peningum, annaðhvort inn í ríkiskassann eða til annarra þarfa sem hentaði stefnu viðkomandi flokka eða stjórnmálamanna í þeirri viðleitni þeirra að halda völdum á Íslandi. Þetta er forkastanleg stefna hvaða flokkur sem í hlut á vegna þess að það sem er meginatriðið þegar

maður fjallar um þetta fé er hvernig það skilar sér best aftur til að fullnægja sínum skuldbindingum sem eru tryggingarnar. Og þá vaknar spurningin sem er það sem skiptir meginmáli: Hvers virði er frelsið á Íslandi? Hvers virði er frelsið á Íslandi? Þetta segi ég að gefnu tilefni. Ég nefni til dæmis þá lífeyrissjóði sem við í verkalýðshreyfingunni stofnuðum á sínum tíma og sumir áratugum á undan almennu hreyfingunni, stofnuðum þetta úr engu, án stuðnings hins opinbera. Við gerðum það í góðri trú og við lögðum fyrir okkar fé í þessa sjóði í tryggingarlegum tilgangi, en gerðum okkur grein fyrir því að það varð að nýta féð þar til kæmi að greiðsluskyldu sjóðanna. Nú er svo komið að maður spyr: Hvers virði er frelsi á Íslandi? Við höfum öll meira og minna tekið þátt í að skerða þetta frelsi. Við höfum skert samningsfrelsið, við höfum skert frjálsa kjarasamninga og við erum með mjög ríkar tilheigingar til þess núna, vegna þess að lífeyrissjóðirnir, sem stofnað var til í frjálsum samningum, eru stórar stærðir, að grípa líka inn í þann þátt frelsisins að þeim sjóðum sem fólk stofnaði til í góðri trú um að það fengi að ráðstafa þeim. Þótt ég sé kjörinn fulltrúi fólksins á Alþingi í bili, kjörinn til fjögurra ára væntanlega, lít ég ekki þannig á mitt kjör að ég hafi frelsi til að ganga á alla þá samninga, öll þau réttindi sem ég hef gefið mig út fyrir að vilja berjast fyrir vegna fólksins í landinu. Og ég treysti því að aðrir hv. þm. hugsi einnig þannig.

Þess vegna vil ég dvelja við það sem lýtur að framtíðinni. Fortíðin er ekki góð. Hún er ekki til þess að taka til viðmiðunar eða fylgja og er enginn undanskilinn þar hvað flokka áhrærir.

Ef ég ætti að setja fram á þessu stigi, og ég geri það hér með til frekari umhugsunar, vegna þess að það snertir þetta mál og það snertir niðurstöðu þessa máls, hvað ég teldi eðlilega stefnu og verkefnaröð í sambandi við lífeyrissjóðina og lífeyrissjóðsfé mundi ég setja eitthvað þessu líkt fram:

Í fyrsta lagi tel ég — og þá geng ég út frá því sem gefinni forsendu að þær leiðir sem ég fer tryggi það sem tryggja skal sem er eðlileg ávöxtun fjármagns til að tryggingarnar verði nægilegar þegar kemur til útborgunar — að lífeyrissjóðirnir hafi skyldum að gegna í sambandi við fjármögnun húsnæðismálakerfisins eða húsnæðismála fyrir lífeyrissjóðsfélaga sem eru allir landsmenn sem eru komnir í fullt starf 16 ára og eldri.

Þegar maður talar um húsnæðismál kemur fleira til greina en bara íbúðamál. Hingað til hefur verið lögð meginhersla á að lífeyrissjóðspeningar væru notaðir til að tryggja íbúð fyrir alla, hvort sem það hefur verið á félagslegum grundvelli eða á sjálfseignargrundvelli. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að líta til fleiri hluta en bara íbúðamála þeirra sem eru í fullu starfi eða að hefja sitt lífsstarf. Ég tel að það eigi að nota fé lífeyrissjóðanna mun meira í sambandi við öldrunarmál. Því tengjast einnig hjúkrunarmál í sambandi við þá sem eldri eru. Ég tel að það eigi einnig að nota mun meira af fjármunum lífeyrissjóðanna til húsnæðismála fyrir aldraða og einnig vegna þjónustu við aldraða og á ég þá sérstaklega við þann þátt þjónustunnar sem lýtur að fjárfestingu í tækjum, aðbúnaði, umönnun og menntun þeirra sem fjalla um öldrunarmál á Íslandi. Þessi tegund fjárfestingar þarf einnig að koma inn í myndina í sambandi við nýtingu fjármuna lífeyrissjóðanna og mun skila sér vel. Þetta verður að þróa mun betur en gert hefur verið og umræðan þarf að snúast um þetta einnig í sambandi við það fjármagn sem hér er til umræðu.

Ég viðurkenni það og vil undirstrika að margt hefur verið vel gert í sambandi við aldraða, t.d. á vegum DAS. Nú er nýkomin stofnun sem heitir Skjól. Grund og fleiri aðilar hafa gert vel í fortíðinni. En það þarf að gera enn betur og við höfum enn betri möguleika til að gera það í sambandi við fjármagn lífeyrissjóðanna.

Annað atriði í þeirri verkefnaröð sem ég mundi setja upp í sambandi við ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna er fjármögnun atvinnulífsins. Það er þáttur sem menn hafa verið mjög feimnir við að ræða um nema í skjóli opinberra fjárfestingarsjóða. Auðvitað er það rangt. Lífeyrissjóðirnir eiga sjálfir að koma til skjalanna gagnvart atvinnulífinu, hvort sem það gerist í sambandi við hið opinbera eða fjármálastofnanir eins og banka eða aðrar viðurkenndar stofnanir. Lífeyrissjóðirnir eiga að lána til atvinnuveganna með svipuðum hætti og tíðkast í nágrannalöndum okkar, þ.e. með kaupum á skuldabréfum og verðbréfum og einnig með samningum við banka sem og löggiltar, ábyrgar og viðurkenndar fjármálastofnanir. Undir þennan lið kemur að sjálfsögðu hjá mér sá þáttur er lýtur að kaupum á spariskírteinum ríkissjóðs.

Þá er það þriðja atriðið, sem ekki hefur verið fjallað um á Íslandi sem skyldi þegar rætt er hvernig eigi að nýta ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna, sem er eignarþátttaka lífeyrissjóðanna í atvinnulífinu. Ég er þeirrar skoðunar að lífeyrissjóðirnir eigi að koma inn í atvinnulífið með miklu sterkari og öflugri hætti en hefur verið hingað til. Þeir eiga ekki eingöngu að vera veitendur með því að beina sínum peningum í formi lána til opinberra fjárfestingarsjóða eða með samningum við banka. Þeir eiga einnig að koma inn í atvinnulífið sem þátttakendur með því að kaupa hlutabréf í stórfyrirtækjum, í fyrirtækjum sem varða sérstaklega almannaheill.

Hæstv. fjmrh. talaði um að við Íslendingar lifðum í því sem hann kallaði samkeppnisþjóðfélag fárra fyrirtækja. **(Fjmrh.:** Fákeppni á peningamarkaði.) Já, alveg rétt. Og þetta er að mörgu leyti rétt. Það eru ekki margir og miklir möguleikar á Íslandi til þátttöku í því sem stórt er úti í atvinnulífinu. Fólkið í landinu á geysilega mikið undir því að vel takist til í rekstri þessara fyrirtækja og sérstaklega þeir sem eru í fyrirtækjum sem taka ákveðna áhættu, þ.e. eru ekki verndaðir af ríkinu á meðan ríkið getur verndað einhvern. Lífeyrissjóðirnir eiga að koma sem eignaraðilar að þessum fyrirtækjum. Við erum í litlu landi

og á flestöllum sviðum og í flestöllum atvinnugreinum eru fá stór markaðsráðandi fyrirtæki.

Þetta á að gerast með þeim hætti að lífeyrissjóðirnir eiga að hafa heimild til að koma með takmarkaða aðild í kaupum á hlutabréfum í viðkomandi fyrirtækjum, t.d. mætti hugsa sér að það væri allt að 10% af árlegu ráðstöfunarfé sjóðanna og einnig mætti hugsa sér að það væri takmarkandi miðað við höfuðstól sjóðanna. Síðan ætti það að vera takmarkandi gagnvart því hvað það mætti vera mikill hluti að hlutabréfum viðkomandi fyrirtækis. Auðvitað yrði þetta allt að gerast á grundvelli laga og í samræmi við reglugerðir þar um.

Við verðum að komast út úr þeim gamla forpokaða hugsunarhætti að fé lífeyrissjóða eigi ekki að koma til skjalanna inn í atvinnulífið með sama hætti og tíðkast í nágrannalöndum okkar. Ég get nefnt sem dæmi og hef haft tækifæri til þess í gegnum árin að kynna mér það nokkuð vel að í Vestur-Evrópu sem og í Kanada og Bandaríkjunum eru lífeyrissjóðir mjög sterkir eignaraðilar í stórfyrirtækjum. Að vísu býr fólk þar við allt aðrar aðstæður. En hvað sem því líður höfum við ákveðna möguleika hérlendis ef við nýtum þá rétt.

Í Bandaríkjunum er það t.d. þannig í dag að í þúsund stærstu fyrirtækjum Bandaríkjanna eiga lífeyrissjóðirnir um 60% af öllu hlutafé þessara fyrirtækja. Það gerist auðvitað með allt öðrum hætti en við getum framkvæmt hér vegna þess að þeir hafa peningakerfi sem er með öðrum hætti og ég er ekkert að segja að við getum framkvæmt með þeim hætti. En þetta undirstrikar aðeins það sem þar hefur gerst.

Í Vestur-Þýskalandi eru verkalýðsfélögin og sjóðir verkalýðsfélaganna og lífeyrissjóðir, hvort sem það eru fyrirtækjasjóðir eða sjóðir sem verkalýðsfélögin sjálf eru með samningsbundið við vinnuveitendur, einnig miklir þátttakendur í stórfyrirtækjum. Svona gæti ég talið áfram, en mun ekki gera á þessu stigi.

Þessi aðferð, þ.e. að lífeyrissjóðirnir komi inn í fyrirtæki með þessum hætti, leiðir til eðlilegri þátttöku fólksins, opnar stórfyrirtæki fyrir fólkið, eyðir tortryggni og gefur þeim aðilum sem eru í forsvari t.d. fyrir verkalýðshreyfingunni allt annan aðgang að upplýsingum og þær komast með allt öðrum hætti inn í umræðuna um hvað sé til heilla í sambandi við stórfyrirtækin. Ég nefni sem dæmi það, sem fram kom í ræðu hæstv. fjmrh. áðan, að fram undan eru kaup á nýjum þotum fyrir Flugleiðir hf. Það er verið að endurnýja flugflotann sem er geysilega þýðingarmikið atriði fyrir þjóðina í heild. Þarna hefði verið eðlilegt að lífeyrissjóðirnir hefðu komið til skjalanna en ríkið eitt þyrfti ekki að koma inn í þetta dæmi þegar þar að kemur og það eru margar leiðir sem koma til greina í þeim efnum.

Þá er fjórða atriðið sem ég ætla að koma inn á. Ég gæti komið með mörg fleiri í verkefnaröðinni. Ég tek það sem ég tel æskilegast að komi fram á þessu stigi. Það er í sambandi við uppbyggingu heimila fyrir aldraða. Það getur vel verið að hv. þm. líti þannig á að það sé búið að gera svo mikið í þessum efnum að það þurfi ekki að gera mikið meira og ég nefndi það áðan að það hefur vissulega verið mikið gert. En það er hægt að gera miklu meira og með allt öðrum hætti og það getur vel komið til þess að Íslendingar þurfi að horfast í augu við það vandamál, ég kalla það vandamál, að menn þurfi að ljúka sinni starfsævi fyrr en menn óska. Þetta vandamál hefur komið upp hjá öðrum þjóðfélögum þar sem atvinnuleysi hefur verið mikið.

Ég geri varla ráð fyrir því að margir hafi hugleitt að það eru til staðir á Íslandi sem eru þess eðlis að ef aldraðir, ef fullorðið fólk ætti kost á því að fá að búa þar í lok ævikvölds mundi það kjósa það frekar jafnvel en að búa hér á þéttbýlissvæðinu. Það er mikið kvartað undan því að það sé aðstreymi fólks til Reykjavíkur. Það er m.a. vegna þess að við höfum ekki hugleitt hvernig við getum snúið þessu við og skapað eldra fólki allt aðra og nýja og betri möguleika til að búa annars staðar á landinu sem eru ekki í mikilli fjarlægð, þótt landfræðilega séð sé það mikil fjarlægð, ef maður lítur það út frá sjónarmiði tækninnar. Innan nokkurra ára verður t.d. hægt að fljúga frá Reykjavík til Austfjarða á mun skemmri tíma en nú er. Þegar við verðum búin að koma þar upp stórum flugvelli sem getur tekið stórar þotur erum við búin að koma okkur upp aðstöðu þannig að það tekur ekki meira en 30–40 mínútur að fljúga frá flugvöllum á Stór-Reykjavíkursvæðinu austur að Egilsstöðum.

Ég sé að hv. þm. Eiður Guðnason hristir höfuðið. Það verður hver að fá að eiga það við sig ef hann þorir ekki og vill ekki horfa til framtíðarinnar. (**EG:** Ferðatíminn styttist ekki í þeim mæli sem hv. þm. er að segja.) Það er mitt mat að ferðatíminn innan lands muni styttast mjög. Ég veit að hv. þm. Eiður Guðnason er stundum dálítið þröngur. Ég minnist þess á sínum tíma þegar hann talaði á móti frjálsu útvarpi, en sér nú eftir því. En ég ætla samt að eiga mína framtíðardrauma í þessu eins og fleira og ég er sannfærður um að ef maður lítur á þetta út frá þessu sjónarmiði skiptir það engu máli sem hv. þm. var að koma að með sínu frammíkalli vegna þess að það eru aðstæðurnar og það eru breyttar samgöngur, nýir möguleikar sem skipta meginmáli.

Það hefur verið farið með hundruð Íslendinga fársjúka til útlanda til að bjarga þeim frá bráðum dauða og þykir engum langt. Þess vegna segi ég að það er ekki langt að fara frá Reykjavík til Austfjarða á 30–40 mínútum til nýrra framtíðarbyggða fyrir aldraða.

En ég ætla ekki að reyna að sannfæra þennan ágæta alþýðuflokksmann um það því þeirra er ekki framtíðin eins og við vitum öll. Þeir hafa komið sér þannig fyrir. (Gripið fram í.) Ég ætla ekki að reyna að sannfæra hann vegna þess að mínir kjósendur eru ekki þingmenn Alþýðuflokksins þannig að ég ætla ekki að reyna að sannfæra hv. þm. Mér dettur það ekki í hug.

En þetta er eitt af því sem við þurfum að horfa til. Við þurfum að breyta afstöðu okkar til þess og bera það undir þá sem eiga að njóta þess í ellinni, skapa nýja möguleika, spyrja fólkið sjálft, bjóða upp á nýja möguleika, ekki bara á þéttbýlissvæðunum heldur, og ég nefni það sem dæmi, á Austfjörðum. Eftir hverju leita menn þegar þeir verða eldri og þegar starfsævi lýkur? Þeir vilja hafa einhver verkefni að sjálfsögðu ef hægt er að koma því við, en þeir vilja líka hafa kyrrð, þeir vilja búa á fögrum stað og njóta góðrar umönnunar og hvíldar í kyrrlátu umhverfi. Þetta er allt hægt að skapa og þetta munum við auðvitað gera með hæfu ungu fólki sem hefur lært sérstaklega að fjalla um og reka slíka staði.

Virðulegi forseti. Ég er nú orðinn langorðari en ég ætlaði, en ég vil að lokum segja þetta. — Er hæstv. fjmrh. á næstu grösum því nú kem ég að því aftur sem skiptir miklu máli? Nei, hann hlustar ekki á meðan hann er í símanum. (**EG:** Þá vitum við að það sem sagt hefur verið til þessa skiptir ekki neinu máli.) Ég hef minni áhyggjur af því þótt hv. þm. Eiður Guðnason hreyfi sig og hristi sig vegna þess að það vill svo til að ég hef ekki þurft að hafa áhyggjur af því að sumt af því sem ég hef beitt mér fyrir í gegnum ævina hafi ekki gengið eftir og hef enga minnimáttarkennd út af því. En ég hugsa að hv. þm. eigi að sjá eftir þessum frammígripum sínum ef hann hefði hlustað á ræðuna eins og hún var flutt. En sem betur verður hún prentuð og af því að ég veit að hv. þm. er greindur og góður maður les hann ræðuna og mun komast að annarri niðurstöðu þegar hann er búinn að lesa hana. — En ég óska eindregið eftir því að hæstv. ráðherra ljúki sínu símtali.

Það sem ég vildi segja hæstv. fjmrh. er að það er rétt að það þarf að endurskoða stefnumörkun varðandi ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna m.a. með það í huga sem ég hef hér sagt og ýmislegt af því sem kom fram í ræðu hæstv. ráðherra. En það þarf að skoða fleira í því samhengi sem ekki hefur komið fram, hvorki í ræðu hæstv. ráðherra né hjá mér enn sem komið er, og það er að enginn hv. þm. sem hefur tekið þátt í þessari umræðu og ekki heldur hæstv. ráðherra hefur lagt áherslu á það í sambandi við lífeyrissjóðsféð að það þarf að tryggja öllum landsmönnum sambærilegar lífeyristryggingar, sambærilegan rétt. Þá kemur að því sem ég varpa fram til hæstv. ráðherra: Finnst hæstv. fjmrh. t.d. eðlilegt að á sama tíma sem í fjárlögum síðustu ára og nú er gert ráð fyrir sérstökum viðbótargreiðslum til lífeyrisþega í lífeyrissjóði opinberra starfsmanna, þ.e. greiðslu upp á hundruð milljóna, skuli lífeyrisþegar lífeyrissjóða atvinnulífsins búa við mun lakari kjör? Hvers vegna ræðum við ekki um að jafna kjörin, þ.e. ellilífeyristrygginguna? Við vitum öll að það er mikill ójöfnuður í þessum efnum og það eru fyrst og fremst peningarnir úr lífeyrissjóðum þeirra sem búa við lökustu kjörin sem við erum að fjalla um. Það eru þeir peningar sem eiga að bjarga lánsfjárlögum í ár og á næstu árum. Ég vona að hv. þm. Eiður Guðnason sé sammála mér um að hlutur verkakonunnar á Akranesi og sjómannsins í Ólafsvík er stærstur í því framlagi sem við erum að fjalla um.

Hvers vegna byrjum við ekki á sjálfum okkar í sambandi við þessi mál, þ.e. í sambandi við þau lífeyrisréttindi sem hv. þm. hafa, t.d. með því að leggja niður þann ósið að eini og sami maðurinn geti tekið margfaldar lífeyrisgreiðslur í gegnum hið opinbera hafi hann t.d. verið alþm., ráðherra, bankastjóri í ríkisbanka eða framkvæmdastjóri í opinberri stofnun? Hvað skyldi vera hægt að spara marga tugi milljóna á því að samræma þetta og færa það nær því sem aðrir búa við? Nægir ekki — ég varpa fram þeirri spurningu — nægir ekki að maður sem hefur gegnt öllum þeim stöðum sem ég nefndi hjá hinu opinbera fái t.d. lífeyrisgreiðslur á grundvelli bestu tekna á starfsævi sinni? Þetta tíðkast í öðrum löndum, m.a. í gamla kratalandinu Danmörku. Það voru sósíaldemókratar í Danmörku sem beittu sér fyrir því m.a. að þessu yrði breytt þannig í Danmörku á sínum tíma þar sem þetta óréttlæti tíðkaðist. Ég geri mér fullkomlega grein fyrir að allar þessar greiðslur eru samningsbundnar og samningar skulu standa gagnvart fortíðinni, en ég er að tala um framtíðina og við erum að tala um fjárlög næsta árs.

Hvers vegna kemur ekki ríkisstjórn félagshyggju og jafnréttis með tillögur sem fela í sér þennan jöfnuð, þ.e. að þeir sem hossa sér í hæstu stöðum stjórnmála og ríkisafskipta láti nú eitthvað af þessum óeðlilega háu greiðslum til sín úr ríkissjóði? Í þessu felst jafnrétti mikið og einnig sparnaður. Ég veit að hæstv. núv. fjmrh. er í hjarta sínu sammála mér um það, sem ég sagði og varpaði fram í spurnarformi, að vilja skapa meiri jöfnuð og tryggja meira réttlæti, en hann er því miður í félagsskap með mönnum sem þekkja aðeins eitt réttlæti og það er: hvað kemur mér og mínum best, valdalega, aðstöðulega og peningalega? Og þar er ekki spurt um jöfnuð og réttlæti heldur þrönga pólitíska hagsmuni.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir síðustu orð hv. 14. þm. Reykv. Því miður ber allt of mikið á þeirri hugsun að mitt er mitt en þitt er til skiptanna. Það á einmitt við í þeirri spurningu sem hann lagði fram til hæstv. fjmrh., af hverju sumir geti fengið meiri lífeyrissjóðsgreiðslur en aðrir fyrir það að hafa gegnt ýmsum stöðum í þjóðfélaginu.

En það sem knúði mig til að taka þátt í þessari umræðu voru þau ummæli hæstv. fjmrh. að nauðsyn yrði að gera almenningi, forsvarsmönnum fyrirtækja, bankamönnum og fleiri almenna grein fyrir ýmsum hugtökum sem notuð eru í þjóðfélaginu og þá sérstaklega af stjórnmálamönnum og hagfræðingum, hvernig samspil ýmissa þátta er og hvaða áhrif einn þáttur hefur á annan. Það er nefnilega þannig að þeir sem fylgjast almennt með pólitík og því hvað er að gerast á þeim vettvangi gera sér oft ekki grein fyrir hvaða þýðingu ýmis hugtök hafa. Það er rétt, sem kemur fram hjá hæstv. fjmrh., að bara þessi einfalda spurning um nafnvexti og raunvexti vefst

fyrir ég verð að segja meiri hluta almennings. Þetta einmitt spila sumir stjórnmálamenn á, að fólk gerir sér ekki almennilega grein fyrir þessu. Það má í þessu sambandi minna á yfirlýsingar stjórnmálamanna síðustu mánuði þegar talað er um lækkun á vöxtum og lækkun á vöxtum ofan. Þar er aðeins verið að tala um lækkun nafnvaxta en raunvaxtalækkunin er mjög takmörkuð. Ég vil taka undir heils hugar þá herferð, sem hæstv. fjmrh. ætlar að hrinda í framkvæmd, að reyna að upplýsa fólk og þá aðila í atvinnulífinu sem þessi mál skipta hvað í þessum hugtökum felist og hvernig eigi að nota það fjármagn sem þeir fá til ráðstöfunar og hvað það þýðir raunverulega að taka lán með 8 eða 10% vöxtum. Ég minnist þess að oft og tíðum kemur fólk til mín og er að spyrja um hvort það gæti fengið lán einhvers staðar. Þá er aldrei spurning um hverjir vextirnir eru. Það er aðeins spurning um að fá lánið og ef það fær ekki lán í bankastofnunum spyr það hvort ekki sé hægt að fá það á einhverjum fjármagnsmarkaði. Fólk hugsar ekkert út í hvernig það ætlar að borga þetta. Það er því fjarlægt og hugsunarhátturinn er enn þá svo mikill og ríkur í Íslendingum að leysa málin frá degi til dags.

Þetta er eitt af þeim málum sem ég held að stjórnmálamenn eigi drjúgan þátt í. Hér hefur verið lenska að leysa alltaf mál með bráðabirgðalausnum sem duga kannski í 3–6 mánuði. Þetta er nákvæmlega sami hugsunarhátturinn og sá hugsunarháttur almennt hjá fólki að slá lán og hugsa ekki út í afleiðingar lántöku. Það hugsar ekkert um að spara með sér heldur einungis að fá lánið til að greiða skuld eða fara í einhverja skemmtireisu. Ég hvet fjmrh. til þess að hrinda þessu í framkvæmd.

Á sama hátt, þar sem ég er lögfræðingur og hef fundið ýmislegt á sviði lögfræðinnar berast hér á borð, að það verði gert átak í því að gera fólki grein fyrir ýmsu á sviði lögfræðinnar og þeirrar stjórnskipunar sem við búum við. Þá á ég aðallega við grunnregluna um þrígreiningu ríkisvaldsins, um þingræðið og lýðræðið og hvaða rétt fólk hefur í þessu landi. Sérstaklega með tilliti til þess að sú ríkisstjórn sem nú situr styðst við mjög takmarkaðan meiri hluta á þinginu er stór spurning: Er það eðlilegt þingræði og eðlilegt lýðræði sem hefur hleypt henni á valdastólana?

Það frv. sem hér er til umræðu er frv. til lánsfjárlaga og eitt af því sem ég held að fólk geri sér almennt ekki grein fyrir er hvað í þessu frv. felst og hve áríðandi lánsfjárlög eru. Eins og kannski flestir hér inni vita byggjast lánsfjárlög annars vegar á þjóðhagsáætlun og hins vegar á fjárlagafrv. Í lánsfjárlögum er mælt fyrir um lánsfjáröflun innan lands og erlendis og ýmsar skerðingar á lögbundnum framlögum. Ég held að fólki sé þetta almennt ekki ljóst, en þetta er mjög veigamikið frv. og það sem ég held að einnig sé áríðandi að tala um í þessari umræðu er að þetta frv. fer á milli deilda og hefur aðra meðferð en fjárlögin sem þau óneitanlega tengjast mjög. Án þessa frv. eru fjárlögin einskis virði, en ríkisstjórnin hefur ekki þingmeirihluta í Nd. til að fá þetta frv. samþykkt. Mér hefur fundist eins og það hafi skort í umræðunni sem hér hefur farið fram að ef þetta frv. verður fellt í Nd. er allt fjárlagadæmið út úr kortinu. Þá hefur það frv. sem mjög líklega verður samþykkt í Sþ. mjög takmarkaða þýðingu þegar vantar svo margar heimildir sem í þessum lögum er mælt fyrir um.

Það sem ég vildi gera að umtalsefni er að sú þjóðhagsáætlun sem þetta frv. byggir á er reist á mjög veikum forsendum. Þar er t.d. gert ráð fyrir að það verði engin gengisfelling og raunar gert ráð fyrir því að raungengi komi til með að hækka, en við sjáum öll sem fylgjumst með og vitum hvað er að gerast að þetta er mjög óraunhæft, enda hafa lánsfjárlög í gegnum tíðina verið meira og minna óraunhæf, því miður, út af því einmitt að forsendurnar og þá yfirleitt þjóðhagsspáin byggja á einhvers konar óskalista viðkomandi ríkisstjórnar sem verður til í október eða nóvember árið á undan því fjárhagsári sem lánsfjárlögin eiga að gilda.

Hitt atriðið sem þetta frv. byggir á er fjárlagafrv. Eins og flestir vita er gert ráð fyrir nýjum tekjustofnum í því fjárlagafrv. sem nú hefur verið lagt fram, en því miður hefur ekkert af þessum nýju tekjustofnum komið fyrir augu okkar og þess vegna er mjög erfitt að gera sér grein fyrir hvort tekjuhlið þessa fjárlagafrv. eigi við nokkur rök að styðjast. Þar fyrir utan hefur þessi ríkisstjórn ekki meiri hluta til að koma því fjárlagafrv. í gegn.

Annað í fjárlagafrv. sem ég held að þurfi að koma hér fram er að þeir tekjustofnar sem til eru, t.d. söluskattur, virðisaukaskattur o.fl., byggjast á þeim forsendum sem eru en ekki eins og þær verða á næsta ári. Það hefur nefnilega verið lenska í gegnum tíðina að áætla tekjur út frá eyðslu fyrra árs en ekki út frá því hvernig þetta kemur til með að líta út á næsta ári nema að takmörkuðu leyti. Þess vegna hafa forsendurnar stundum verið mjög villandi.

Lánsfjárlagafrv. er að ég tel reist á mjög veikum grunni og er mjög óraunhæft að tala um frv. af nokkru viti fyrr en réttar forsendur liggja fyrir um fjárlagafrv. og hvort sú þjóðhagsáætlun sem lögð er fram sé reist á þeim grunni að hægt sé að taka mark á henni. Eins og fram hefur komið eru strax komin tvö veruleg frávik frá þjóðhagsáætluninni. Það er annars vegar um ríkissjóðshallann, hann var áætlaður 3,4 milljarðar en stefnir núna í hátt í 5 milljarða, og síðan viðskiptahallann á næsta ári sem samkvæmt orðum hæstv. fjmrh. stefnir í 14–15 milljarða, en í þjóðhagsáætlun er gert ráð fyrir 12,6 milljörðum. Svona frávik geta sett mjög stór strik í reikninginn.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð mikið fleiri, en ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir mjög góða ræðu þegar hann mælti fyrir þessu frv. þó ég sé kannski ekki sammála honum í einu og öllu um það sem hann lagði áherslu á. En það kom margt mjög upplýsandi fram og þá sérstaklega að hann stefnir að því að takmarka mjög heimildir til fjárfestingarsjóða og bankastofnana til að taka erlend lán.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að tala hér langt mál, en minnast einkum á tvennt í þessu sambandi. Hið fyrra er að hæstv. fjmrh. hóf mál sitt með því að flytja þær fréttir að halli ríkissjóðs væri nú áætlaður 4½–5 milljarðar kr. og fór um það nokkrum orðum hvað hann færi samkvæmt áætlunum stöðugt vaxandi eftir því sem á árið líður. Nú er það þannig að fjvn. Alþingis hefur gefist kostur á að fylgjast með þeim athugunum sem fjmrn. hefur í frammi til að leggja mat á skattainnheimtuna fyrir þetta ár en með því að það liggja ekki fyrir neinar niðurstöður um það geri ég það að sjálfsögðu ekki að umtalsefni.

Hins vegar vildi ég vekja athygli á því sem fyrir liggur um þessi efni. Þá er það fyrst til að taka hvaða áhrif þær skattkerfisbreytingar, sem voru gerðar á sl. vetri, kunna að hafa á tekjustofna ríkissjóðs. Þar á ég við breytingu á innheimtu tekjuskatts, þ.e. staðgreiðslunni, sem skilar á þessu ári um 20% meira fjármagni í ríkissjóð en gert var ráð fyrir við setningu fjárlaga sem að sjálfsögðu dregur úr ráðstöfunartekjum fólksins og þá helst þeim tekjum sem skila að öðru jöfnu mestum sköttum. Þetta er íhugunarefni út af fyrir sig og sú umdeilda ákvörðun, sem líka var tekin fyrir einu ári, að leggja söluskatt á matvörur. Það leiðir af þeirri ákvörðun, vonandi fæst það upplýst, að söluskattsinnheimtan er færð til í vöruvalinu og í staðinn fyrir að hún að öðrum kosti hefði komið af hátollavörum og þeim vörum í þjóðfélaginu sem fólk getur frekar verið án, þá er hún núna færð yfir á matvöruna. M.ö.o.: það er ýmislegt sem bendir til þess að skattþolið í þjóðfélaginu sé brostið, það dugi ekki að leggja á meiri skatta. Skattarnir hafa færst til á milli þeirra flokka sem þeir eru innheimtir af, en þeir hafa alls ekki aukist í sama mæli og ráð var fyrir gert.

Ef það kynni að vera að það fengist staðfesting fyrir því að hér væri um nokkra skýringu að ræða sést það enn frekar hvað stefna núverandi ríkisstjórnar er algerlega vonlaus, sú stefna að draga saman meira fjármagn í þjóðfélaginu í gegnum skatta til að reka ríkissjóð og til að draga úr viðskiptahalla í stað þess að hækka útflutningsvörurnar með réttri gengisskráningu og taka þannig inn aukið fjármagn í þjóðfélagið. Þetta er að sjálfsögðu ákaflega skýr stefna hjá núverandi ríkisstjórn, þ.e. að reka atvinnulífið með halla og sækja fjármagn út í þjóðfélagið til að valda þessi markmið, en í ljósi þess að skattþolið er e.t.v. brostið hlýtur það að vera öllum hugsandi mönnum alveg ljóst hversu mikil eyðimerkurganga hér er farin.

Ýmislegt er það að sjálfsögðu sem blandast saman í fjárlögum og lánsfjárlögum og með því að ekki liggur nú fyrir afstaða gagnvart afgreiðslu fjárlaga heldur einungis fjárlagafrv. ætla ég ekki að gera það sérstaklega að umtalsefni hér. Og með tilliti til þess hvernig fjárlög voru lögð fram má segja að það sé ekki óeðlilegt þó að lánsfjárlög taki þar mið af.

En ég veiti því athygli, eins og reyndar kemur fram í skýringum fjárlagafrv., að ýmsan arf, sem hæstv. núv. fjmrh. tók við af fyrirrennara sínum, hefur hann nú endurprentað og hygg ég að það sé nokkurt áhyggjuefni. Þannig er t.d. bæði með 23. gr. og 24. gr. um að skerða hina mikilvægu löggjöf sem snertir landbúnaðinn. Ég hef satt að segja trú á því að það mál hafi hæstv. fjmrh. ekki hugsað til enda. Ég verð að segja það alveg eins og er að það kæmi mér mjög á óvart, og þá er það ekki út frá neinni umfjöllun í fjvn. að þessu sinni, ef það gengi eftir eins og er í fjárlögum og eins og er í lánsfjárlögum, en það er best að láta tímann leiða það í ljós.

Hins vegar finnst mér ástæða til að vekja athygli á meðferð lánsfjáráætlunar og fjárlagafrv. á vegagerðarfénu. Það hefur verið um það býsna góð samstaða á Alþingi að reyna að halda því í bærilegu horfi og ekki voru okkur vandaðar kveðjurnar frá Alþb. meðan það var í stjórnarandstöðu um fjárveitingar til vegamála. Ég tók eftir því að enn einu sinni hafði hæstv. fjmrh. orð á því að það ætti að auka fjármagn til framkvæmda í vegagerð en draga aftur þess í stað á móti úr viðhaldsfé. Ég held að þetta sé afar mikil einföldun og ég er alveg sannfærður um að hæstv. fjmrh. á eftir að komast að því og reyndar við öll í þessari deild og á Alþingi að þessi verður niðurstaðan ekki. Ég skal máli mínu til sönnunar fara aðeins yfir þetta dæmi í afar fáum orðum.

Nú er það þannig að heildartekjur samkvæmt mörkuðum tekjustofnum til vegaframkvæmda, þ.e. bensíngjald, þungaskattur og sérstakt árgjald, eru samtals 3 milljarðar 565 millj. kr. Það er lagt til í frv. til lánsfjárlaga að skerða þessa tekjustofna um 600 millj. þannig að þá verða eftir 2 milljarðar 965 millj. kr. Síðan eru eftirstöðvar af þessum tekjustofnum frá fyrra ári upp á 180 millj. kr. þannig að þegar búið er að draga frá skerðinguna upp á 600 millj. gefa þessir tekjustofnar 3 milljarða 145 millj. kr. Fjárlagatalan er hins vegar 3 milljarðar 105 millj. eða 40 millj. kr. lægri en tekjustofnarnir eru þrátt fyrir skerðinguna. Hér er sem sagt ekki einu sinni staðið við að skila því fjármagni sem geymt var samkvæmt ákvörðun síðasta Alþingis. En það segir svo aftur kannski öllu meira í þessu dæmi að bera saman vegáætlunina og fjárlagafrv. og þá er það að sjálfsögðu það sem skiptir máli að bera saman vegáætlun þessa árs yfirfærða á verðlag fjárlagafrv. Þá væri hún samkvæmt því 3 milljarðar 350 millj. kr. eða 245 millj. kr. hærri tala en fjárlagafrv. kveður á um að eigi að fara til vegamála. Hér er þess vegna um að ræða umtalsverða skerðingu frá þeirri vegáætlun sem unnið er eftir á þessu ári.

Það er líka athyglisvert og á það legg ég áherslu að ýmsir stórir kostnaðarþættir sem þegar eru ákveðnir, t.d. eins og í sambandi við vegaframkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu og í sambandi við jarðgangagerð í gegnum Ólafsfjarðarmúla, eru úti í kuldanum og vek ég sérstaklega athygli á því að til viðbótar við Ó-vegafé þarf 300 millj. kr., sem hvergi eru inni í þessu frv., til að mæta kostnaðinum við Ólafsfjarðarmúla og það vantar 50 millj. kr. miðað við það sem var á þessu ári til vegaframkvæmda hér í

þéttbýlinu sem hvergi er í fjárlögum né heldur í lánsfjáráætlun. Hlutur Vegagerðarinnar og vegaframkvæmda í fjárlagafrv. er því sannarlega ekki *með þeim hætti* að þar verði um framkvæmdaaukningu að ræða heldur þvert á móti. Ef þær tölur sem fyrir liggja í fjárlagafrv. verða með sama hætti og þar er sett upp verður að sjálfsögðu um umtalsverðan samdrátt í nýbyggingu í vegaframkvæmdum að ræða. Ég er satt að segja hissa á því hvað menn tala ógætilega í þessum efnum og þá sérstaklega hæstv. fjmrh. þegar niðurstöður um þessi efni liggja jafnskýrt fyrir og raun ber vitni um.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég fagna því sérstaklega að hv. 14. þm. Reykv. og höfuðtalsmaður Sjálfstfl. um atvinnumál og efnahagsmál skuli vera staddur í deildinni þessa stundina og ég beini orðum *mínum* sérstaklega til hans, m.a. vegna þeirrar ræðu sem hann flutti áðan. Það eru fáein atriði sem mig langaði til að víkja sérstaklega að varðandi þessa umræðu alla.

Það er mjög sérkennilegt að heyra hv. þm. Sjálfstfl., eins og hv. 2. þm. Norðurl. e. Halldór Blöndal, sem nokkuð hefur blandað sér í þessa umræðu, fara hamförum gegn þessu frv. til lánsfjárlaga sem hér er nú til umræðu. Það þarf ekki að hafa langt minni til þess — bara nokkur ár aftur í tímann, bæði í fyrra og þar áður og kannski þar áður líka, var þessi hv. þm. helsti verjandi lánsfjárlaga sem þá voru til meðferðar hér á þingi. Raunar hygg ég að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson hafi stundum komið þar við sögu líka. Nú er það svo að þetta frv. til lánsfjárlaga er í öllum meginatriðum svipað og verið hefur hér á umliðnum árum. Það eru að vísu nokkur áhersluatriði sem hér eru öðruvísi og jafnvel sumt í skynsamlegri áttir en áður hefur verið, a.m.k. stundum. Og það er svolítið sérkennileg reynsla, en maður venst nú ýmsu hér á hinu háa Alþingi, þegar maður heyrir hv. þm. Sjálfstfl. fara hamförum, bæði úr framsóknararmi Sjálfstfl. og eins úr öðrum örmum flokksins, fara hamförum gegn þessu frv. Það er svolítið sérkennilegt. (**EgJ:** Er framsóknarmaður Alþfl. að tala?)

Ég heyrði hv. þm. Egil Jónsson tala hér um söluskattinn á matvæli sem hans flokkur stóð að, alveg eins og minn flokkur, að setja á og talaði um þær breytingar sem þetta hefði valdið á skattheimtunni. (**EgJ:** Þið eigið sök líka.) Nú veit hv. þm. það mætavel að þessi skattlagning leiddi ekki til *hækkunar á innlendum matvælum*. Það var allt saman greitt niður og því var mætt með auknum niðurgreiðslum. Þetta veit hv. þm. þó hann kannski fáist ekki til þess að viðurkenna það.

Ég heyri það nú að talsmenn Sjálfstfl. tala um að það eigi að fella gengið. Þeir hafa sagt það hér berum orðum. Það væri þá kannski fróðlegt að heyra hversu mikið og heyra röksemdir þeirra fyrir því hvernig það leysi þann vanda sem nú er við að etja í þjóðarbúinu. Það er fróðlegt að heyra þessa speki frá fulltrúum flokksins sem heyktist, sem hafði ekki döngun í sér, hafði ekki kraft, hafði ekki forustu til að standa að þeim aðgerðum sem þurfti að gera, og skorti pólitískt hugrekki. Þar varð pólitíski heigulshátturinn ofan á og ekki kannski í fyrsta skipti þegar við vandamál var að stríða hér sl. haust. (*Gripið fram í.*) Nú heyri ég að ég kem við kaun á hv. þm. sem kalla nú allir þrír sjálfstæðismenn hér fram í í einu. Það er svo sem ágætt. (**EgJ:** Svo geta menn nú talað vitlaust að ofbjóði.) Það er svo sem ágætt. (**Forseti:** Forseti vill fara þess á leit að einn tali í einu og nú er hv. 3. þm. Vesturl. í ræðustóli.) Það breytir ekki því að Sjálfstfl. var í ríkisstjórn þar til í lok september þegar þeir heyktust á því að ráðast til atlögu við þann vanda sem við var að etja. Þetta veit þjóðin. Forusta Sjálfstfl. brást og það er alveg sama hvað þessir hv. þm. reyna nú að bera sig mannalega og tala digurbarkalega við okkur hv. samþingmenn sína. Þjóðin hefur ekki trú á því.

En hver eru úrræði Sjálfstfl. núna? Við höfum afskaplega lítið heyrt um þau. Það er gagnrýnt allt sem gert er. Það er gagnrýnt þegar reynt er að koma í veg fyrir að hér stansi allt, fyrirtækin á landsbyggðinni, undirstöðuatvinnugreinarnar. En hver voru úrræði Sjálfstfl.? Hvað gerði formaður Sjálfstfl. þegar hann var forsrh.? Hann fékk nefnd sérfræðinga til að búa til úrræði fyrir sig eins og frægt er. (**Gripið fram í:** Hvað vildi Alþfl.?) Og hvað gerði *hann síðan*? Hann fékk aðra menn úti í bæ til að hafna þessum sömu úrræðum. Þetta er það sem gerðist og allir vita með sérfræðinganefndina undir forustu Flateyringsins. Síðan voru aðrir menn úti í bæ fengnir til að hafna þessum sömu úrræðum. Það var ekki beitt sömu aðferðum og dr. Bjarni Benediktsson beitti þegar hann var stjórnandi og formaður Sjálfstfl. og forsrh. en hann kallaði — þetta veit ég að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson man — forustumenn verkalýðshreyfingarinnar á sinn fund 1968 þegar við mikla erfiðleika var að etja í íslensku þjóðarbúi. Hann sagði ekki við þá: Samþykkið þið þetta. Ég hygg að dr. Bjarni Benediktsson hafi sagt þá við leiðtoga verkalýðshreyfingarinnar: Ég er ekki að biðja ykkur um að samþykkja eitt eða neitt. Þetta er spurning um það hverju þið getið unað og ég mælist til að þið unið þessu. Og það var. Og þjóðin sigldi út úr þeim erfiðleikum. Þá var öðruvísi um stjórnartaumana haldið en í tíð hæstv. fyrrv. forsrh. Þetta vitum við öll. (Gripið fram í.) Það brast kjark og það brast stjórnvisku. Það brast forustu. Þetta veit öll þjóðin og það er alveg sama hvað hv. þm. Halldór Blöndal og Guðmundur H. Garðarsson tala hér digurbarkalega um þessi mál núna. Það hefur ákaflega lítið að segja. (**GHG:** Er það niðurfærslan enn þá sem Alþfl. vill?) Alþfl. axlaði ábyrgð (**GHG:** Vill Karl Steinar verkalýðsforingi ...) og tók þátt í að mynda nýja ríkisstjórn þegar Sjálfstfl. brást bæði þjóðinni og kannski fyrst og fremst sjálfum sér. Það er svolítið athyglisvert að hugsa til þess, hv. þm., að í rauninni (**HBl:** Hvað sagði Karl Steinar?) (**GHG:** Karl Steinar neitaði ...) Það er greinilegt, virðulegi

forseti, að hv. þm. Sjálfstfl. una þessu illa. (**Forseti:** Má ég biðja menn um að tala einn í einu. Ég hef áður vakið athygli á því að hv. 3. þm. Vesturl. er í ræðustól og öðrum þingmönnum er heimilt að koma upp í ræðustólinn á eftir og tjá sig.)

Ég bið hv. þm. um að horfa til baka til sögunnar. Hvað er langt síðan Sjálfstfl. hefur myndað stjórn á Íslandi upp á eigin spýtur? Hvað er langt síðan? Það er mjög langt síðan. (**Gripið fram í:** 30 ár.) A.m.k. Myndaði hæstv. fyrrv. forsrh., Þorsteinn Pálsson, ríkisstjórn? Það vita allir að hann gerði það ekki. Myndaði fyrrv. formaður Sjálfstfl., Geir Hallgrímsson, nokkurn tímann ríkisstjórn þó að hann væri forsrh.? Það vita allir að hann gerði það ekki. Þetta er nefnilega býsna athyglisverð saga þegar farið er aftur í tímann.

En ég ætlaði að víkja aðeins að ræðu sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson flutti hér áðan og var um ýmsa hluti athyglisverð. Hann talaði eingöngu um málefni lífeyrissjóðanna. Það er vissulega ástæða til þess undir þessum dagskrárlið. Ég veit að hann gjörþekkir þau mál, er búinn að vera í stjórnum lífeyrissjóða og hefur stjórnað fjármálum verkalýðshreyfingarinnar eða hluta hennar um áratuga skeið, er glöggur maður og þekkir þessa hluti mjög vel. En ég verð að játa það að ég skildi ekki alveg hvað hann var að fara og þess vegna greip ég fram í fyrir hv. þm. þegar hann talaði um það að með því að byggja nýjan flugvöll á Austurlandi mætti stytta ferðatímann þangað um helming. Ég held að það sé ekki rétt, hv. þm. Ég held að það hafi ekki afgerandi áhrif á ferðalög manna til Austurlands hvort það tekur hálftíma eða klukkutíma að komast þangað. Ég held að það sé mjög einfalt mál og hafi í rauninni ekkert að segja. Hins vegar skildist mér á honum að það ætti kannski að fara að flytja aldrað fólk út á land. (**GHG:** Bjóða upp á möguleikann.) Ég held að þeir möguleikar séu fyrir hendi í dag. En ég held að hv. þm. hafi eitthvað misskilið mitt frammíkall. Ég sé ekki hvaða máli það skiptir hvort það er flugvöllur fyrir austan og hvort það tekur hálftíma eða klukkutíma að komast þangað. Ég sé bara ekki að það snerti þetta mál. Hins vegar veit ég að við hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson erum áreiðanlega sammála um það að það ber brýna nauðsyn til að byggja varaflugvöll á Austurlandi, en það kemur bara þessu máli ekkert við. Ég held að hv. þm. hafi þarna verið að blanda saman einhverju sem ekki hafi átt að blanda saman.

En, eins og ég sagði hér, virðulegi forseti, er uppsetning þessara lánsfjárlaga og efni þeirra ekki frábrugðið því sem verið hefur um langt skeið. Það eru hér mér til hrellingar og leiðinda sömu skerðingarákvæðin og verið hafa í bráðabirgðalögum, hvort sem fjmrh. hefur heitið Þorsteinn Pálsson eða Jón Baldvin Hannibalsson eða Ólafur Ragnar Grímsson. Mér finnst, og ég segi það aftur og enn að mér finnst það heldur vond lögfræði að setja ein lög og skerða þau síðan með öðrum. Ég sé líka mér til ekki mikillar ánægju að hér eru enn skerðingarákvæði varðandi Ríkisútvarpið. Það er ekki ný bóla. Hins vegar er nú að störfum sérstakur starfshópur sem hæstv. menntmrh. setti til þess að gera tillögur um það hvernig megi ná Ríkisútvarpinu út úr þeim fjárhagslegu ógöngum sem það hefur lent í og ég hef rökstuddar og sterkar vonir um það að fjármál Ríkisútvarpsins mæti meiri skilningi hjá þessari ríkisstjórn en þeirri síðustu þar sem hæstv. menntmrh., leyfi ég mér að segja, hafði ekki mikinn skilning á vandamálum Ríkisútvarpsins eins og ljóst má vera af því að Ríkisútvarpinu var synjað um hækkanir á afnotagjaldi í samræmi við fjárlagaforsendur sem Alþingi hafði samþykkt. Því var synjað. Það er líka til marks um þann hug sem hæstv. fyrrv. menntmrh. og flokkur hans hafa borið til þessarar mestu menningarstofnunar þjóðarinnar að daginn sem ríkisstjórnin var að fara frá, eða kvöldið áður, þá var eitthvað farið að ámálga það að afnotagjald Ríkisútvarpsins yrði hækkað. Það var þegar klukkuna vantaði eins og tvær mínútur í tólf á síðasta sólarhring þeirrar ríkisstjórnar sem þá var.

Og það er líka til marks um góðan hug fyrrv. ríkisstjórnar, eða fyrrv. hæstv. menntmrh. segi ég öllu heldur, gagnvart Ríkisútvarpinu að útvarpsstjóri skrifaði ráðuneyti hans þrisvar sinnum til að freista þess að fá úr því skorið hvort — ja, ég vil segja augljóslega ólöglegar auglýsingaaðferðir Stöðvar tvö færu ekki í bága við og væru á svig við settar reglur. Hæstv. menntmrh. svaraði aldrei þessum þremur bréfum útvarpsstjóra. Aldrei. Það var svo mikill skilningur á málefnum Ríkisútvarpsins í því ráðuneyti þá.

Ég vonast til að þessi mál verði öðruvísi núna þótt þessi skerðingarákvæði kunni að haldast hér inni, enda má deila um ágæti þess að stofnun eins og Ríkisútvarpið hafi tekjur af aðflutningsgjöldum. Það má deila um markaða tekjustofna yfirleitt. Ég hygg að við munum fá á þessu skýringar í nefndinni þegar hún fjallar um þetta. Það má deila um merkta tekjustofna af þessu tagi. Hins vegar verður Alþingi auðvitað að standa við þau loforð sem gefin voru við breytingu á útvarpslögunum. Hv. þm. Halldór Blöndal kom nokkuð nálægt því og hann veit jafn vel og ég að í greinargerð þeirrar nefndar sem samdi það frv. var það beinlínis tekið fram að Ríkisútvarpinu yrðu bættar þær auglýsingatekjur sem það kynni að missa við það að fleiri aðilar fengju leyfi til að útvarpa. Við þetta var ekki staðið.

Við gerð fjárlaga fyrir árið 1988 var gengið út frá ákveðnum forsendum varðandi afnotagjöld Ríkisútvarpsins, hækkun þeirra og verðlagsþróun á árinu 1988. Þetta var svikið og það vita þeir sem sæti eiga í fjvn. Hið opinbera getur auðvitað ekki leyft sér að koma fram með þessum hætti gagnvart stofnun eins og Ríkisútvarpinu. Ég veit það hins vegar líka að ýmsir af hv. þm. Sjálfstfl. mundu svo sem ekkert gráta það þó að Ríkisútvarpið liði undir lok eða hlutur þess yrði miklu minni en hann er núna. Það hafa ýmsir þeirra beinlínis sagt berum orðum. Og að því er varðar menntmrh. Sjálfstfl. í síðustu ríkis-

stjórn, þá tala auðvitað verkin eða öllu heldur verkleysið um hug flokksins til þessarar stofnunar.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að hafa mikið fleiri orð um þetta. Hér eru margir gamlir kunningjar í þessu. Hér er líka sitt af hverju nýtt og fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar mun þurfa nokkurn tíma til að fjalla um þetta mál. Ég geri ráð fyrir að nefndin þurfi að kalla allmarga aðila til funda og þurfi eins og áður að leita eftir upplýsingum og aðstoð úr fjmrn. og Fjárlaga- og hagsýslustofnun. Við munum auðvitað afgreiða þetta mál í tæka tíð, en til þess þarf áreiðanlega töluvert mikla vinnu og töluverðan tíma. Ég veit að það stendur ekki á nefndarmönnum í hv. fjh.- og viðskn. að halda fundi þótt það verði um helgar og á kvöldin til að koma þessu máli fram og sinna öllum þeim óskum sem ég veit að fram munu koma um að kalla menn til fundar við nefndina.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu, en að gefnu tilefni vil ég segja þetta vegna ummæla hv. þm. Eiðs Guðnasonar. Meginástæðan fyrir því að sjálfstæðismenn gátu ekki unnið með alþýðuflokksmönnum í ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar var sú að við vorum ekki sammála um þá leið, sem alþýðuflokksmenn lögðu áherslu á, sem var niðurfærsluleiðin. Meiri hluti sjálfstæðismanna sem fjölluðu um þetta mál var á móti því að sú kjaraskerðing yrði sem niðurfærsluleiðin gerði ráð fyrir. Við vildum ekki taka þátt í því að lækka kaup láglaunafólks, þ.e. fólksins sem vinnur fyrir 40–60 þús. kr. mánaðarkaupi. Við vildum ekki taka þátt í því að lækka kaup þessa fólks beint um 3600 kr. miðað við 40 þús. kr. mánaðarkaup og 5300 miðað við 60. þús. kr. kaup eða sem nam 43.200 kr. á ári hjá þeim sem höfðu 40 þús. kr. og 63.600 kr. hjá þeim sem voru með 60 þús., eða sem svaraði heilum mánaðarlaunum á ári. Þessu neituðu sjálfstæðismenn þrátt fyrir forstjóranefndina. Ég legg áherslu á það að þetta komi skýrt til skila.

Ef alþýðuflokksmenn hafa svo gjörsamlega gleymt sínum uppruna þá getur hv. þm. Eiður Guðnason fagnað því eins og hann vill að Sjálfstfl. hafi ekki myndað nema svo og svo margar ríkisstjórnir á liðnum áratugum. Það er betra að mynda ekki ríkisstjórnir heldur en gefa sig út fyrir það að vilja vinna fyrir fjöldann og svíkja það svo í hverri umferð fyrir þann metnað og hégóma sem er að troða sér í ríkisstjórn á Íslandi. Ef Alþfl. hefur það eitt í heiðri hverjir mynda stjórn og hverjir ráða og svíkja það sem þeir lofa, þá verði honum og Alþfl. að góðu.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur orðið. Það hefur margt athyglisvert komið fram í ræðum manna og mér þykir vænt um þær undirtektir sem sumar af þeim hugmyndum, sem ég kynnti í framsöguræðu minni, hafa fengið við þessa umræðu. Það er einnig ljóst að þetta frv. mun fá ítarlega skoðun í hv. fjh.- og viðskn. og frekari umræða um einstök atriði sem hér var vikið að getur þess vegna beðið eftir því að hv. nefnd hafi jafngóða aðstöðu og þeir sem að frv. standa til þess að kynna sér þær upplýsingar sem þar liggja að baki.

Það eru hins vegar nokkur atriði sem ég vildi gjarnan víkja að undir lok þessarar umræðu til upplýsingar og nánari skýringar og síðan til þess að forða ákveðnum misskilningi. Ég vil þá segja fyrst, og vona að það verði ekki misskilið, að mér fannst sumt í þeim ræðum sem sumir fulltrúar Sjálfstfl. fluttu hér við umræðurnar skýra að nokkru leyti þá erfiðleika sem kunna að hafa verið innan síðustu ríkisstjórnar, án þess að ég ætli þó að blanda mér mikið í þá umræðu. Það er einfaldlega þannig við þær aðstæður sem núna ríkja í okkar þjóðfélagi að það er óhjákvæmilegt að skerða fé til vegaframkvæmda, til hafnaframkvæmda og ýmissa annarra mikilvægra framkvæmda. Því miður. Það er bara óhjákvæmilegt. Og ef menn gera sér ekki grein fyrir þeirri staðreynd þá er ekki nema tvennt til: Annaðhvort að halda áfram að reka ríkissjóð með verulegum halla og auka erlendar skuldir eða hins vegar að auka skatttekjurnar í landinu enn frekar en þó er lagt til af þessari ríkisstjórn, og er það nú sjálfsagt nokkuð hátt að dómi flestra. Þess vegna er m.a. í þessu frv. farið inn á þá braut, sem auðvitað er ekki skemmtileg en er nauðsynleg, að hluti af þeim tekjum sem koma í gegnum tekjustofna vegagerðarinnar í landinu verði tekin í það verkefni að reyna að ná endum saman í ríkissjóði en renni ekki til vegaframkvæmda. Á sama hátt er brugðið við á ýmsum öðrum sviðum.

Varðandi tekjuskattinn, en það var spurt um það hér hvernig innheimta hans hefði gengið, þá má um það segja þrennt á þessu stigi: Í fyrsta lagi að staðgreiðslukerfið hefur skilað góðum árangri. Það hefur nú þegar verið allgóð innheimta af því hlutfalli. Í öðru lagi að tekjuskattar einstaklinga hafa skilað umfram það sem áætlað var. En í þriðja lagi bendir ýmislegt til þess að tekjuskattar fyrirtækja muni skila minna en ætlað var. Skýringin á því getur verið tvenns konar: Annars vegar fólgin í þróun mála hjá fyrirtækjunum en hins vegar, og ég tel það nú öllu líklegra, sé hún fólgin í því að verulegur hluti þessara skatta var áætlaður af hálfu skattyfirvalda og verið er að meta skilin á grundvelli þeirra áætlana. Hins vegar bendir allt til þess að þær áætlanir hafi verið of ríflegar þegar þær voru upphaflega settar fram. En það mun væntanlega betur skýrast á næstu mánuðum.

Varðandi skipasmíðaiðnaðinn er rétt að vekja athygli á því að út af fyrir sig er það samkvæmt frv., eins og kom fram hjá hv. þm. Halldóri Blöndal, að ekki eru sérmerktar til skipasmíða ákveðnar upphæðir í þessu frv. Hins vegar mun Byggðastofnun hafa, ef ég man rétt, rúmar 1300 millj. til ráðstöfunar og fullkomlega heimilt og eðlilegt að verja hluta af þeim fjármunum til skipasmíðaiðnaðarins.

Og það er atriði sem verður örugglega fjallað um í Byggðastofnun og á öðrum vettvangi.

Hvað Jöfnunarsjóð sveitarfélaga snertir þá er ætlunin að reyna að ljúka viðræðum við sveitarfélögin núna fljótlega um verkaskiptinguna og tekjustofnana. Og eins og fram hefur komið áður, en er rétt að ítreka hér, er hugmyndin í fyrsta lagi sú að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga geti fengið fastan tekjustofn sem verði hluti af tekjuskattsinnheimtunni í landinu og verði þess vegna ekki háður einhliða ákvörðunum Alþingis frá ári til árs, heldur verði í samræmi við þær kröfur sveitarfélaganna, sem fram hafa verið settar um langan tíma, að hafa fastbundinn og óskertan tekjustofn.

Í öðru lagi verði reglum Jöfnunarsjóðsins breytt á þann veg að hann fari í reynd að gegna hlutverki í samræmi við heiti sitt, þ.e. að honum verði einkum ætlað að styrkja fjárhagsstöðu þeirra sveitarfélaga sem erfiðast eiga og fjármagni sjóðsins verði að mestu ef ekki öllu leyti varið til þeirra þátta. Mér er tjáð að þessar hugmyndir hafi hlotið góðan hljómgrunn hjá þeim fulltrúum sveitarfélaga sem um þær hafa fjallað. Á samráðsfundi Sambands ísl. sveitarstjórna og ríkisstjórnarinnar í gær kom fram, og mér fannst það fróðlegt og jákvætt, frá fulltrúa Reykjavíkurborgar í þeirri stjórn að þessi hugmynd nýtur einnig stuðnings hans. Mér finnst það vera fagnaðarefni að fulltrúar stóru sveitarfélaganna hér á höfuðborgarsvæðinu skuli taka jákvætt í það að reglum um Jöfnunarsjóðinn verði breytt á þann veg að hann geti í ríkara mæli farið að gegna þessu jöfnunarhlutverki gagnvart sveitarfélögum landsbyggðarinnar.

Nái þetta tvennt fram að ganga er ljóst að fjárþörf sjóðsins verður með öðrum hætti en hún hefur verið á undanförnum árum. Og eins og lýst var í fjárlagafrv., og enn fremur er gert hér í þessu frv., mun endanleg afgreiðsla þessa máls taka mið af því hvort niðurstaða fæst í málefnum Jöfnunarsjóðsins, t.d. á þann veg sem ég var að lýsa eða einhvern annan, og endanleg tala við síðari meðferð málsins mun taka mið af því.

Í þessum umræðum hefur allmikið verið rætt um gengismálin. Það er misskilningur að í þessu frv. sé miðað við hækkun raungengisins. Hins vegar er í frv. miðað við óbreytt gengi frá því sem nú er. Raungengið verður einnig óbreytt ef tekið er tillit til erlendrar verðbólgu. En þegar rætt er um 7% hækkun meðalgengis erlendra gjaldmiðla á milli ára, eins og ég gerði í framsöguræðu minni, þá er vikið að þeirri breytingu sem nú þegar er fram komin og felur þess vegna í sér samanburð á þeim breytingum á gengi sem þegar hafa verið gerðar á þessu ári og hljóta þannig að mynda grunn að samanburði milli áranna tveggja. Þetta finnst mér nauðsynlegt að fram komi og harma það að ég skuli ekki hafa kveðið skýrar að orði í framsöguræðu minni, ef þau fáu orð sem ég sagði um þetta í ræðunni hafa valdið þeim misskilningi sem kom fram hér áðan.

Þar að auki er það nú þannig að jafnvel þótt menn geti haft ýmsar skoðanir á því hvort gengið sé rétt skráð eða rangt, þá er það alveg ljóst að genginu er ekki breytt í framsöguræðum hér á Alþingi með frumvörpum af þessu tagi, heldur gerist það á öðrum vettvangi og við aðrar aðstæður. Og því minna sem menn segja um það, því betra.

Enn fremur er rétt að það komi fram að eignastaða Atvinnuleysistryggingasjóðs er mjög góð um þessar mundir og þess vegna er ekki nein sérstök ástæða til að byggja þann sjóð upp enn frekar, enda má segja eðli málsins samkvæmt að ef hér verður, sem við skulum vona að ekki verði, verulegt atvinnuleysi, þá fela greiðsluskyldur ríkissjóðs það í sér að hann muni þá þurfa að greiða úr þeim erfiðleikum sem upp kunna að koma varðandi lögbundnar bætur. Hins vegar er rétt að vekja athygli á því að eignastaða sjóðsins er mjög góð.

Einnig hefur verið vikið hér allnokkuð að lífeyrissjóðunum. Ég fagna sérstaklega þeirri umræðu sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson hafði frumkvæði að hér. Hún var mjög nauðsynleg. Það er mikilvægt að hv. Alþingi fjalli rækilega um það hvernig þróun lífeyrissjóðanna verður því að það er alveg ljóst að hvaða ríkisstjórnir sem hér kunna að sitja á næstu árum, þá er það eitt af stærstu verkefnunum og viðfangsefnunum sem menn þurfa að glíma við.

Það má vel vera að sumum finnist ríkissjóður ætla sér um of í þessum efnum, t.d. varðandi óumsamda lánsfjáröflun. Þó er það nú þannig að þegar hún er skoðuð, þá er hún einungis um 20% af óráðstöfuðu fé lífeyrissjóðanna. Og það er okkar mat að ekki sé óeðlilegt að miða við það að slíkt geti tekist.

Einnig er rétt að vekja athygli á því að þótt sölutregða hafi verið síðustu vikur í spariskírteinum ríkissjóðs, þá hefur það ekki áhrif á innlenda lánsfjáröflun á þessu ári vegna þess að samningurinn, sem gerður var við bankakerfið og verðbréfasjóðina, felur það í sér að þeir tryggja sölu ákveðins magns og ef þeir ná ekki að selja það á almennum markaði, þá taka þeir það að sér sjálfir sem kaupendur.

Hér hefur einnig nokkuð verið vikið að skattbyrðinni í landinu og má margt um það segja. Ég vil þó vekja athygli hv. þingheims á því að tölur OECD — sem að vísu eru dálítið skiptar skoðanir hér um hvað sé merk stofnun, en látum það nú liggja á milli hluta. Væntanlega eru tölurnar ábyggilegar sem frá henni koma — samkvæmt tölum OECD eru aðeins þrjú lönd í Evrópu með lægri skattbyrði en ríkir hér á Íslandi, þ.e. Spánn, Portúgal og Tyrkland. Ég veit að ég þarf ekki að lýsa því í mörgum orðum fyrir hv. alþm. að þetta eru hin vanþróaðri lönd Evrópu. En í öllum hinum þróaðri löndum, sem við viljum helst bera okkur saman við á hátíðarstundum, eins og Norðurlönd, Þýskaland, Bretland, Holland og önnur slík lönd, að ógleymdum löndum eins og Kanada og fleirum, er skattbyrðin sem hlutfall af landsframleiðslunni mun hærra. Hér er skattbyrðin rétt rúmlega 30% en í velflestum hinna landanna er hún á bilinu 35–50%. Það er mjög nauðsynlegt að

menn átti sig á þessum tölulegu staðreyndum þegar menn eru að fordæma mikla skattbyrði hér á Íslandi því að í þessum ríkjum, sem öll búa við frjálst markaðskerfi og kenna sig við vestræna stjórnunarhætti og þar sem góðir og gegnir íhaldsmenn hafa í sumum þeirra árum eða áratugum saman farið með landsstjórnina, hafa menn komist að þeirri niðurstöðu, sem þessar tölur sýna, að það er ekki hægt að halda uppi nútíma velferðarþjóðfélagi og samfélagi nútímamanna með vestrænum hætti, svo ég noti nú það orðalag, án þess að skattbyrðin sé mjög há.

Við Íslendingar höfum hins vegar undir forustu ýmissa kosið þá leið á undanförnum árum að halda uppi þessu velferðarþjóðfélagi með lágri skattbyrði en háum erlendum lántökum. Það eru líka til lönd sem sýna hvert sú þróun leiðir. Þau eru hins vegar ekki í Evrópu, þau eru ekki á Vesturlöndum, þau eru í hinum vanþróaða hluta þriðja heimsins og á sumum svæðum þar sem stjórnkerfi hefur verið óstöðugast og þar sem harðstjórnir og herforingjastjórnir af ýmsu tagi hafa verið við völd of lengi og margvísleg spilling ræður ríkjum.

Ég held þess vegna að það sé mjög nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir því að ef við viljum skipa okkur í sveit með þeim þjóðum sem við oftast nefnum á hátíðastundum og halda uppi sambærilegu þjóðfélagi, þá er einnig nauðsynlegt að við horfumst í augu við þá staðreynd að þau þjóðfélög, hvort sem það er undir forustu íhaldsmanna, vinstri manna eða miðjumanna, hafa komist að þeirri niðurstöðu að það gerist ekki nema með hárri skattbyrði. Þegar menn í þessum löndum, t.d. í Danmörku, eins og heyra mátti í fréttum í morgun, eru að tala um að lækka skattana, þá er verið að tala um að lækka þá frá tölum sem eru rúmum þriðjungi hærri skattbyrði en ríkir hér á Íslandi niður í það sem væri kannski svona fjórðungi hærri en er hér á Íslandi, jafnvel af hálfu þeirra sem harðastir eru um kröfugerð um skattalækkanir í þeim löndum.

Þetta held ég að sé mjög mikilvægt að allir hugleiði vegna þess að stjórnmálaþróunin hér á landi sýnir okkur nú að ríkisstjórnir koma og fara og enginn veit með hve skömmum fyrirvara þeir þurfa að glíma við það vandamál að ráða fram úr þessari þraut að fjármagna velferðarsamfélagið á Íslandi og það umbótasamfélag landsbyggðarinnar í vegamálum, í landbúnaðarmálum sem stór hluti af ríkisútgjöldunum fer til án hárrar skattbyrði.

Eins og ég gat um áðan hefur einnig verið vikið aðeins að gengismálunum. Það hafa verið framkvæmdar þrjár gengisfellingar á þessu ári og ég held að niðurstaða allra í þeim efnum sé sú að þær hafa ekki læknað vandamálið. Hér var vikið að stjórnarformanni Sambandsins, væntanlegum bankastjóra þjóðbankans, og hann mun hafa sagt á þingi Framsfl. að hann vildi 15% gengisfellingu. Ég vil í því sambandi rifja upp að fyrr á þessu ári flutti sérstakur einkavinur stjórnarformannsins, þ.e. forstjóri Sambandsins, mjög margar ræður um það efni að fella yrði gengið og höfuðvandi atvinnulífsins væri fólginn í því að gengið hefði ekki verið fellt. Síðan var gengið fellt og nokkrir mánuðir liðu og forstjórinn og stjórnarformaðurinn þurftu báðir að útskýra það, hvernig stæði á því að tap Sambandsins á fyrstu mánuðum þessa árs næmi um 700 millj. kr. Og rétt er að hafa það í huga að ef það tap heldur áfram á næstu 10–14 mánuðum, þá verður Sambandið úr sögunni vegna þess að það getur ekki endurnýjað sig með auknum hlutafjárframlögum eða öðrum þeim aðferðum sem önnur fyrirtæki geta beitt. En hver var skýringin sem þessir tveir ágætu menn gáfu á þessu mikla tapi í sögu samvinnuhreyfingarinnar? Hún var ofur einföld. Hún var fólgin í gengisfellingunum sem höfðu verið framkvæmdar á árinu.

Nú eru þessir sömu menn aftur að biðja um gengisfellingar. Ég mun auðvitað spyrja þá næst þegar ég hitti þá: Þegar þið verðið búnir að setja Sambandið á hausinn og verðið spurðir um ástæðurnar, ætlið þið þá að svara því að það sé fólgið í gengisfellingunum sem framkvæmdar voru einhvern tímann á vetrinum 1988–1989? Það væri fróðlegt að heyra svörin við því.

Ég vænti þess, virðulegi forseti, að ég hafi svarað flestu af því sem fram kom hér beinlínis þó að margt hafi verið á drepið. Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson spurði að vísu um sambærilegan lífeyrisrétt opinberra starfsmanna. Ég er alveg sammála honum um það að það er mjög óeðlilegt að menn taki margföld lífeyrislaun úr mörgum sjóðum. Ég talaði fyrir því hér á síðustu vikum að jafnvel væri haldið inn á þá braut að breyta reglum um ellilífeyri á þann hátt að tekjuhæstu hóparnir, sem eru kannski með hátt yfir 100 þús. kr. í tekjur annars staðar frá, fengju ekki sömu 10 þús. kr. í ellilífeyri eins og þeir sem hafa bara 30 þús. kr. Að svo komnu máli virtist ekki vera nægilegur skilningur á þessu atriði, en ég mun halda áfram að ræða það vegna þess að ég er sannfærður um það að það er óeðlilegt í okkar þjóðfélagi að búa við slíkt skipulag, alveg á sama hátt og ég er sammála því að það er óeðlilegt að halda við lýði því skipulagi sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson flutti hér.

Varðandi lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna og almennra starfsmanna í verkalýðsfélögunum, þá er það stórt og mikið vandamál sem ég mun fara að vinna að á næstu vikum. Við þekkjum rök með og móti í þeim efnum og óþarfi að endurtaka þau hér, en hárrétt ábending hjá hv. þm. að þetta er eitt af stóru óleystu vandamálunum varðandi skipan lífeyrissjóða í landinu.

Að lokum, virðulegi forseti, vil ég þakka hv. þm. Júlíusi Sólnes fyrir hugleiðingar hans um mikilvægi útflutningsstarfseminnar. Ég held að það sé alveg hárrétt hjá honum að ef ekki verður grundvallarbreyting á viðhorfum Íslendinga, bæði stjórnvalda og ekki síður starfsmanna í atvinnulífinu, til útflutningsstarfsemi, þá mun seint miða í því að snúa efnahagsþróuninni við hvað svo sem menn gera hér í ríkisfjármálum, fjárlagafrv. og lánsfjárlögum.

Forseti (Guðrún Agnarsdóttir):

Ég vil vekja athygli hv. þingdeildarmanna á því að forseti hafði hugsað sér að hafa fund til kl. sex, en nú hefur fundi verið fram haldið til tuttugu mínútur yfir sex. Það er ekki ætlunin að halda hér kvöldfund. Einn þingmaður hefur kvatt sér hljóðs, hv. 2. þm. Norðurl. e. Ég vil ekki biðja hann að stytta neitt mál sitt, en ef við ljúkum ekki þessum fundi fyrir kl. hálfsjö, þá mun ég leggja til að við höldum umræðunni áfram á morgun.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Þó seint sé þá var huggulegt að heyra í hv. 3. þm. Vesturl. hér áðan. Hann flutti að vísu ræðu sem hefði fallið betur að efninu þegar hér var talað um efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar. Ég skal ekki á þessum fundi fara í kappræður um það hvernig hafi staðið á því að ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar bar ekki gæfu til að taka á vanda atvinnulífsins. Á hinn bóginn liggur alveg ljóst fyrir að þær aðgerðir, sem núverandi ríkisstjórn beitti sér fyrir og hv. þm. er mikill talsmaður fyrir, njóta ekki mikils stuðnings í þeim sjávarplássum á Vesturlandi þar sem hann er fulltrúi ef eitthvað er að marka það rabb sem ég hef átt við einstaka menn þaðan að vestan. Og ég held að menn úti um land hafi áttað sig á því hvað raunverulega varð til þess að þeir Steingrímur Hermannsson og Jón Baldvin Hannibalsson báðu Þorstein Pálsson að segja af sér. Það hefur margsinnis komið fram að það er rétt, sem stóð í Alþýðublaðinu, að það var baktjaldamakk við stjórnarandstöðuna í ágústmánuði. Þetta hefur verið staðfest bæði með beinum og óbeinum hætti síðar. Ég skil vel að þessi hv. þm. skuli mjög hrósa sér af því að Alþfl. skyldi hafa tekist að mynda nýja ríkisstjórn nú þó svo að ég hefði líka gjarnan viljað heyra hv. þm. segja að þau vinnubrögð, sem notuð voru í lok ágústmánaðar og byrjun september, séu til fyrirmyndar og eins og Alþfl. vill hafa það í stjórnarsamstarfi. Það hefði verið skemmtilegra að heyra hv. þm. segja það einnig.

Hitt finnst mér hálfundarlegt að þessi hv. þm. skuli nú nota tækifærið, þegar Karl Steinar Guðnason er fjarstaddur, til að gera lítið úr þeim ummælum, sem hann viðhafði hér fyrr á þessu þingi, að hann hefði lýst því yfir í Alþfl. að fyrr yrði gengið yfir hann dauðan en hann hefði samþykkt niðurfærsluleiðina. Nú kemur formaður þingflokks Alþfl., breiðir sig út og talar um það að Þorsteinn Pálsson hafi pantað það úti í bæ að niðurfærsluleiðinni yrði hafnað. Ég held að þessi hv. þm. ætti fremur að snúa sér að þessum þm. Alþfl., Karli Steinari Guðnasyni. Það er ekki nóg með að lítið sé gert úr skoðunum hans nú á þessum fundi heldur var það æpandi í Þjóðviljanum sl. föstudag þegar þessi hv. þm. var brýndur á því að hann kæmi ekki til greina sem forseti eða varaforseti Alþýðusambands Íslands vegna þess að hann væri stuðningsmaður þeirra efnahagsráðstafana sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir. Ég skal svo ekki tala meira um þessi efni, en mér þótti vænt um þetta innskot formanns þingflokks Alþfl. þótt seint sé. Það lýsir svolítið þeim hugarhrellingum sem þm. er í.

Það sem mér fannst eftirtektarvert í svörum hæstv. fjmrh. var þetta — og ég skal reyna að fara hratt yfir sögu og virða tilmæli forseta. Þegar hann talaði um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga kom fram að ríkisstjórnin hugsar sér að Jöfnunarsjóðurinn fái fastan tekjustofn af tekjuskatti. Nú á ég ekki sæti í fjvn. og get þess vegna ekkert um það sagt hvort þar sé gert ráð fyrir því að taka hluta af tekjuskattsálagningunni eins og hún var áætluð í fjárlagafrv. þannig að hluti af þeim peningum, sem þar var gert ráð fyrir að kæmu inn, færi til þessara þarfa sveitarfélaganna eða hvort hæstv. fjmrh. hugsar sér að hækka tekjuskattinn enn meira en jafnvel hann hefur talað um fram að þessu. Það var annar þáttur í ræðu hæstv. fjmrh. sem benti til að svo gæti verið. Það var þegar hann fór að halda yfir okkur sína hjartnæmu ræðu, sem við erum nú farnir að kannast við hér í þinginu, að vegna þess að skattar væru hærri einhvers staðar annars staðar þá þyrfti endilega að hækka skattana hérna líka. Ég skil nú illa þennan þankagang. Ég held að það sé óþarfi fyrir okkur að apa endilega allt eftir sem gerist erlendis. Það er alveg fráleitt að hugsa sér það að setjast í sæti fjmrh. með þeim hugsunarhætti að það sé svo sem allt í lagi þó að ríkisbáknið þenjist út, það sé svo sem allt í lagi þó að settir séu þyngri baggar á atvinnureksturinn í bullandi hallarekstri, það sé allt í lagi þó að settir séu þyngri pinklar á alþýðu þessa lands á sama tíma og kaupmátturinn dregst saman, þá skulum við samt klípa af færri krónum enn fleiri krónur í ríkissjóð, skerða afkomuna enn meir og sýna kæruleysi í ríkisfjármálum. Þetta er náttúrlega ekki góð latína eins og við íhaldsmenn kunnum hana og þarf að tala betur til okkar en gert var hér áðan til að sannfæra okkur um að þetta sé rétta leiðin nú í þeim erfiðleikum sem við búum við að halda uppi hækkandi gengi. Það kemur skýrt fram í fskj. með þjóðhagsáætlun, í töflu 5, að frá upphafi til loka árs muni framfærsluvísitala hækka um 6%, byggingarvísitala um 5% en hins vegar muni gengið vera óbreytt. Jafnframt kemur þar fram að meðalhækkun frá fyrra ári sé veruleg, eða 12% í framfærsluvísitölunni meðan hún er 7% í genginu, en munurinn þarna á milli er auðvitað meiri en nemur þessari alheimsverðbólgu eins og hún kemur við okkur ef ég hef réttar upplýsingar um þau efni, en það má vera að ég hafi það ekki.

Eftir sem áður liggur fyrir að raungengi krónunnar er of hátt. Það liggur fyrir að það stuðlar annars vegar að hallarekstri atvinnugreina. Það stuðlar að meiri viðskiptahalla en ella væri. Það kemur í veg fyrir eðlilega uppbyggingu í atvinnulífinu. Það vinnur á móti því að menn ráðist í ný verkefni og kemur einnig í veg fyrir það að menn beiti sér eins og áður til meiri verðmætasköpunar í þjóðfélaginu. Þetta hefur auðvitað þau áhrif að landsframleiðslan verður minni en ella. Þetta hefur þau áhrif að skatttekjur

ríkissjóðs dragast saman, eins og hv. 4. þm. Austurl. gerði rækilega grein fyrir hér áðan, þannig að ég hygg að það sé alveg ljóst að þetta frv. staðfestir það að ríkissjóður verður rekinn með miklum halla á næsta ári. Það verður reynt að halda atvinnuvegunum gangandi með vaxandi erlendum lántökum. Það verður þrengt að lánamarkaðnum hér innan lands með þeim afleiðingum að raunvextir fara hækkandi nema gripið verði harkalega inn í af stjórnvöldum sem aftur mun hafa þau áhrif að það dregur óeðlilega úr frjálsum sparnaði í landinu. Þetta er í stuttu máli sú mynd sem við blasir.

Ég skal svo virða ummæli virðulegs forseta og geyma mér frekari athugasemdir þar til síðar.

Forseti (Guðrún Agnarsdóttir):

Ég þakka hv. þm. fyrir tillitssemina. Ég vil líka vekja athygli þingdeildarmanna á því að svo stendur nú á að þessi forseti er ein í því starfi í deildinni og kemst því ekki úr sæti sínu þó henni sé í reynd engin vorkunn með það.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki tefja þennan fund, en þannig vill til að ég verð ekki á þingfundi á morgun og þar af leiðandi ætla ég að gera hér tvær örstuttar athugasemdir.

Sú fyrri er varðandi þau ummæli hv. 3. þm. Vesturl. þegar hann tók sérstaklega fram að ekki hefðu náð fram að ganga þær ákvarðanir sem teknar voru við fjárlagagerð fyrir þetta ár um hækkun á tekjum Ríkisútvarpsins. Ýmsar þær heimildir sem veittar voru í fjárlögum — það nær nú víðar en til Ríkisútvarpsins — náðu ekki fram að ganga á fyrstu níu mánuðum ársins. En ég vek athygli á því að það er kominn annar menntmrh. og það er komin önnur ríkisstjórn sem fer með framkvæmd þeirra fjárlaga, sem voru sett fyrir tæpu ári síðan, þrjá síðustu mánuði ársins. Og þá skyldi nú vera hægt að grípa til þess að lagfæra aðeins hlut Ríkisútvarpsins. Það er ekki við fyrrv. menntmrh. að sakast þótt þær heimildir hafi ekki verið nýttar til fulls vegna þess að hann hefur ekki verið í starfi allt þetta ár og verður ekki.

Annað sem ég vildi líka gera athugasemd við voru ummæli hæstv. fjmrh. þar sem hann vék að útgjöldum landbúnaðarins og komst þannig að orði að stór hluti af ríkisútgjöldunum færi til þess atvinnuvegar. Það er væntanlega skýringin á því hvernig landbúnaðurinn er leikinn í þessu fjárlagafrv. sem nú er til meðferðar og er staðfest hér með frv. til lánsfjárlaga. Staðreyndin er hins vegar sú að ríkisútgjöld til landbúnaðar hafa stórlækkað á síðustu árum. Árið 1982 t.d. nam hlutdeild landbúnaðar af ríkisútgjöldum 12%. Fyrir árið 1986 var sambærileg tala orðin helmingi lægri, hafði lækkað niður í 6%. Inni í þessari tölu eru t.d. allar niðurgreiðslur sem eru bókfærðar undir landbrn. og allir vita nú hvert þær hafa farið. (**Fjmrh.:** Það er misskilningur.) Já, fyrirgefðu, en þær eru inni í þessari tölu. Þetta hlutfall hefur að sjálfsögðu hækkað eitthvað á síðasta ári vegna þess að niðurgreiðslur voru teknar upp, eins og hér hefur komið fram, vegna matarskattsins. Það er nefnilega mesti misskilningur að það fari stór hluti af ríkisútgjöldum til landbúnaðarins og það er vissulega vert að vekja á því athygli að landbúnaðurinn hefur dregið úr útgjöldum alveg stórlega á síðustu árum sem m.a. kemur fram í hlutdeild hans í ríkisútgjöldunum. Þessu er eins farið þó að litið sé til þjóðarframleiðslu.

Mér finnst líka vert að vekja athygli á því að hér er um að ræða fjárveitingu til allra stofnana landbúnaðarins, bændaskólanna, rannsóknarstarfseminnar, Landgræðslunnar og Skógræktarinnar þannig að þegar búið er að taka þessar fjárveitingar í burtu, sem eru býsna mikið alþjóðlegs eðlis, þá eru fjárveitingar til landbúnaðarins sáralitlar — auk þess sem hluti af þeim er, eins og menn vita, samningsbundinn og við það miðaður að ná fram ákveðnum markmiðum í sambandi við aðlögun búvöruframleiðslunnar vegna breyttra markaðsskilyrða. Ég vil því vona að hæstv. fjmrh. fari betur yfir þessar tölur og sannreyni fullyrðingar sínar í þessum efnum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

NEÐRI DEILD

13. fundur, þriðjudaginn 22. nóv., kl. 2 miðdegis.

Getraunir, 3. umr.

Stjfrv., 57. mál (vinningshlutfall o.fl.). — Þskj. 59.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Helgidagafriður, 1. umr.

Stjfrv., 109. mál (heildarlög). — Þskj. 112.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vil í upphafi biðjast velvirðingar á því að hv. deild skuli hafa tafist, en vegna atkvæðagreiðslu í Ed., þar sem ég á sæti, gat ég ekki komið fyrr til fundar.

Ég mæli hér fyrir frv. til laga um helgidagafrið sem kveður á um helgidaga þjóðkirkjunnar og

helgidagafrið. Frv. þessu er ætlað að leysa af hólmi lög um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar frá árinu 1926. Lengi hefur verið ljós þörf á því að endurskoða lögin frá 1926. Talið var nauðsynlegt að endurskoðunin færi fram í fullu samráði við þjóðkirkjuna. Málið varðar jafnframt allan almenning og þá sem fara með framkvæmd mála, svo sem löggæslu.

Á árinu 1984 undirbjó kirkjulaganefnd, sem starfar á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, frv. til laga um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar. Var það ásamt greinargerð lagt fyrir kirkjuráð og síðan fyrir kirkjuþing 1985 og 1986. Í fyrra skiptið samþykkti kirkjuþing frv. með nokkrum breytingum. Í síðara skiptið afgreiddi kirkjuþing frv. svo að felld voru úr því þau ákvæði sem viku að því hvaða starfsemi væri óheimil á helgidögum eða einstökum helgidögum. Einnig voru felld niður ákvæði um heimild lögreglustjóra til að veita undanþágur frá lögunum. Samkvæmt því skyldi frv. aðeins fjalla um það hverjir vera skyldu helgidagar þjóðkirkjunnar og um friðunartíma einstakra helgidaga og svo skyldi vera þar almennt ákvæði er legði bann við því að trufla guðsþjónustu eða kirkjuathöfn, sbr. 3. gr. þessa frv. Gert var ráð fyrir að málum þeim, sem lagt var til að felld væru niður í frv., yrði skipað með reglugerð.

Af hálfu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins hefur frv., eins og það kom frá kirkjuþingi, sætt rækilegri athugun. Þau ákvæði í frv. kirkjulaganefndar, sem kirkjuþing felldi niður, varða ekki síst löggæslu og lagaframkvæmd. Þótt kirkjuþing 1986 hafi talið heppilegra að fjalla um þessa þætti í reglugerð en í lögunum sjálfum lýsir afgreiðslan út af fyrir sig ekki andstöðu við efnisákvæði þau í frv. sem hér er um að ræða, sbr. og afgreiðslu kirkjuþings 1985.

Ráðuneytið telur eðlilegra að skipa ákvæðum um nánari afmörkun á þeirri starfsemi, sem ætlunin er að sporna við á helgidögum, með lögum af eftirfarandi ástæðum:

a. Helgidagalöggjöf varðar mjög almenning á landi hér. Ákvæði laga eru að jafnaði betur kunn en ákvæði reglugerða. Ólíkt er greiðara fyrir almenning og raunar einnig þá sem fylgjast eiga með framkvæmd þessara réttarreglna að kynna sér lög í lagasafni en að leita uppi reglugerð. Öll meginatriði slíkra reglna ættu að vera í lögunum sjálfum.

b. Þá er eðlilegt að löggjafinn kveði á um þau atriði sem greinir í þeim ákvæðum er hér um ræðir, þ.e. 4.–7. gr. þessa frv. Þar reynir á atriði sem varða mjög almenning og þá sem standa fyrir margs konar félaga- og atvinnustarfsemi. Grundvöllur reglugerðarákvæða, sem væntanlega er þörf á, sbr. 8. gr. frv. þessa, verður enn fremur traustari ef löggjafinn hefur fjallað um þessi efni og markað meginstefnu í þeim.

Frv. það, sem hér er flutt, er að efni til í samræmi við þau grundvallarsjónarmið sem hér var lýst. Ákvæði 1.–3. gr. frv. eru í megindráttum í samræmi við afgreiðslu kirkjuþings 1986 á frv. því er kirkjulaganefnd samdi. Ákvæði 4.–10. gr. frv. eru í megindráttum byggð á frv. kirkjulaganefndar og er hliðsjón höfð af afgreiðslu kirkjuþings 1985 sem taldi að ákvæði þessi ættu að vera í frv. sjálfu. Ákvæði 2. gr. frv. um helgidaga og afmörkun á helgi þeirra er í samræmi við afgreiðslu kirkjuþings, en gert er ráð fyrir að helgi skírdags verði hin sama og sunnudaga. Sleppt er ákvæðinu um að bann liggi við skemmtanahaldi laugardaga fyrir páska og hvítasunnu frá kl. 21.

Í grg. með frv. er nokkuð rakin saga löggjafar um helgidaga og helgidagahald. Verður það ekki rakið hér. Hins vegar vil ég rekja þau sjónarmið sem legið hafa til grundvallar við samningu frv. Kemur þar fram að kirkjulaganefnd viðaði að sér löggjöf um þetta efni frá allmörgum löndum í Evrópu. Helsta fyrirmynd frv. eru norsku helgidagalögin, en einnig hefur verið höfð hliðsjón af öðrum erlendum lögum, m.a. dönsku lögunum, sem ganga skemmra í friðun helgidaga en frv. þetta. Verður hér fyrst og fremst getið nokkurra almennra sjónarmiða sem koma til álita við samningu frv. um þetta efni.

Oft er því haldið fram að helgidagalöggjöf sé slælega framfylgt. Könnun málsins veitir vísbendingu um að lögreglustjórum sé hér ærinn vandi á höndum. Bent er m.a. á það af hálfu þeirra sem framkvæmdin hvílir á að friðaðir séu dagar sem lítil helgi virðist hvíla á í hugum almennings, sbr. t.d. uppstigningardag og skírdag og laugardag fyrir páska og hvítasunnu (eftir kl. 18). Þá er vísað til þess að athafnir séu óheimilar sem lítil ástæða sé til að amast við, svo sem blómasala á skírdegi eða uppstigningardegi, svo að dæmi sé nefnt. Þeir sem kunnugir eru framkvæmd laganna benda einnig á að framkvæmdin sé talsvert mismunandi eftir lögsagnarumdæmum, þar á meðal um undanþágur sem lögreglustjórar veita. Bent er á sérstök álitamál út af íþróttamótum og svo listahátíðum, þar á meðal kvikmyndasýningum í tengslum við þær. Í sumum umdæmum hefur það vandamál leitað á hvernig líta eigi á mannfundi sem til er stofnað á messutíma. Þurfa þeir út af fyrir sig ekki að trufla guðsþjónustu sem slíka, en slík tilhögun getur þó verið til ama fyrir þá sem að kirkjuathöfn standa.

Eitt af vandamálum við samningu frv. um helgidaga og helgidagahald er sú spurning hvort sú löggjöf eigi að taka til atvinnustarfsemi eins og verslunar. Rök mæla með því að þessum málum sé skipað í löggjöf um opnunartíma sölubúða og annarra þjónustustofnana. Í norskri löggjöf virðist það t.d. gert. Hér á landi hefur hin leiðin verið farin, enda getur verslunarstarfsemi raskað mjög þeirri helgi sem eðlilegt má telja að hvíli á helgidögum.

Vert er að taka fram að inn í helgidagalöggjöf og spurninguna um það hvernig hún verði úr garði gerð grípa ýmis sjónarmið sem ekki varða málefni kirkjunnar. Ef fækka ætti helgidögum mætti vænta þess að launþegasamtökin brygðust öndverð gegn því, bæði frá vinnuverndarsjónarmiðum og af kaupkjaraástæðum. Einnig mætti vænta viðbragða frá

samtökum verslunar- og skrifstofumanna ef breyta ætti reglum um lokunartíma sölubúða og fleiri stofnana með ákvæðum helgidagalöggjafar. Hér kemur einnig til, svo sem fyrr greinir, tillitið til löggæslu. Örðugt er að fylgja eftir helgidagalöggjöf sem ekki er í samræmi við viðhorf almennings til þessara mála og er það þó engan veginn auðkannað. Þá skiptir það miklu fyrir löggæslu að sem gleggst viðmiðun sé gefin í lögunum sjálfum um þær athafnir sem óheimilar eru samkvæmt lögunum. Vart verður hjá því komist að heimila lögreglustjórum að veita undanþágu frá banni laga sem þessara, en þá er mikilvægt að reyna að samræma eftir föngum framkvæmd slíkra mála í mismunandi lögsagnarumdæmum.

Í öðru lagi vildi ég aðeins ræða um þá spurningu hvort fækka eigi helgidögum. Umræður síðustu ára hafa einkum hnigið að afnámi skírdags og uppstigningardags og svo friðunar laugardags eftir kl. 18 fyrir páska og hvítasunnu.

Í frv. þessu er hvorki lagt til að skírdagur né uppstigningardagur séu numdir úr tölu helgidaga. Ekki virðist almennur vilji fyrir slíkri breytingu og sú breyting mundi örugglega sæta mikilli andspyrnu af hálfu kirkjunnar.

Spurningin um afnám friðunar laugardaga fyrir páska og hvítasunnu horfir öðruvísi við. Danir hafa t.d. afnumið þá friðun og Norðmenn einskorðað hana við tímabilið eftir kl. 21. Í frv. þessu er fylgt danska fordæminu og lagt til að dregið verði úr friðuninni sem nú gildir. Reynslan hefur leitt í ljós að framkvæmd þessara ákvæða er mjög örðug og ákvæðin alloft ekki virt. Samkvæmt frv. yrðu t.d. kvikmyndasýningar heimilaðar laugardag fyrir páska og hvítasunnu allt til kl. 12 á miðnætti.

Í þriðja lagi er um að ræða þá spurningu við hvaða athöfnum og starfsemi er réttmætt að sporna á friðuðum dögum. Frá lagatæknilegu sjónarmiði koma hér einkum tveir kostir til greina. Annars vegar að greina sem rækilegast í lögunum sjálfum við hvaða starfsemi sé spornað eins og áður er getið. Hinn kosturinn er að greina þetta aðeins með almennu orðalagi og láta annað velta ýmist á reglugerðarákvæðum eða mótast af lagaframkvæmd. Dönsku lögin fylgja síðari stefnunni, en hin norsku (og gildandi lög hér á landi) hinni fyrri. Í frv. er miðað við þá stefnu sem síðast var greind og norsku lögin lögð til grundvallar. Stefnt er að því að sem auðveldast verði fyrir almenning og löggæsluaðila að átta sig á bannákvæðunum, einkum með því að sérgreina þær athafnir og þá starfsemi sem bann er lagt við, sbr. 4. gr., og frávik frá því, sbr. 5. og 6. gr.

Í 3. gr. frv. er almennt ákvæði um athafnir og starfsemi sem raskar helgi guðsþjónustunnar og kirkjuathafna. Í 4. gr. er hins vegar sérgreint ákvæði sem kveður allnáið á um athafnir og starfsemi sem andstæðar eru helgidagafriði. Slíkt ákvæði mun væntanlega hafa verulegt leiðsögugildi fyrir þá sem við lögin eiga að búa. Frávik frá banni 4. gr. er svo lögmælt bæði í 5. og 6. gr. þar sem m.a. er tekið tillit til viðskiptaþarfa og virt þörfin á að koma við menningarlegum og listrænum viðburðum á helgum dögum, svo sem listsýningum, samkomum um listræn efni o.fl., sbr. 5. gr. Einnig er komið til móts við óskir og þarfir íþróttamanna með ákvæði 6. gr. Um verslunarstarfsemi er dregið úr banni að vissu marki og reynt að sníða ákvæði að breyttum þörfum, viðhorfum og viðskiptaháttum.

Ekki er vikið sérstaklega að skólastarfsemi í frv., enda er það mál í tiltölulega föstum skorðum. Þá eru hér ekki sérákvæði um útvarps- og sjónvarpsstarfsemi á helgum dögum og eru engar skorður reistar við henni í frv. Vænta má þess að stjórnvöld og aðrir forráðamenn þeirra mála taki tillit til helgidaga í efnisvali sínu þá daga, og á það treyst að svo sé, þótt um það megi vissulega fjalla eins og annað.

Í fjórða lagi mun ég fara með yfirlit yfir friðunartíma helgidaga samkvæmt frv.:

Það eru í fyrsta lagi helgidagar alfriðaðir allan sólarhringinn sem eru jóladagur, föstudagurinn langi, páskadagur og hvítasunnudagur; friðun frá kl. 10–15: Sunnudagar, nýársdagur, skírdagur, annar dagur páska, uppstigningardagur, annar dagur hvítasunnu og annar dagur jóla; í þriðja lagi friðun frá kl. 18: Aðfangadagur jóla; í fjórða lagi: Frávik frá friðunartímum eru í 5. og 6. gr.; og í fimmta lagi: Aukin friðun getur leitt af ákvæði 3. gr.

Þá er í fimmta lagi rétt að geta um efni frv. miðað við gildandi lög:

a. Helgidagar eru hinir sömu samkvæmt frv. og samkvæmt gildandi lögum en þeir eru greindir í frv. andstætt því sem nú er.

b. Frumvarpið gerir ráð fyrir að felld verði niður friðun laugardaga fyrir páska og hvítasunnu eftir kl. 18.

c. Friðun sunnudaga og annarra almennra helgidaga er kl. 10–15 samkvæmt frumvarpinu, en kl. 11–15 nú.

d. Ákvæðin um starfsemi þá, sem bönnuð er á helgidögum, er sérgreindari í frv. en samkvæmt gildandi lögum og lagt er til að ýmis frávik verði lögfest í samræmi við reynslu af þeim lögum.

Að því er varðar efni einstakra greina frv. að öðru leyti leyfi ég mér að vísa til athugasemda í frv.

Ég hef hér rakið nokkuð efni frv. þessa. Eins og þegar hefur komið fram er það samið upp úr tillögum sem lagðar hafa verið fyrir kirkjuþing og hlotið þar breytingar. Það var niðurstaða í ráðuneytinu að leggja það fram í þessum búningi þótt það sé ekki að öllu leyti í samræmi við vilja kirkjuþings 1986. Frv. var kynnt biskupi og lagði hann það fyrir kirkjuþing nú á dögunum. Tel ég rétt að greina frá þeirri afgreiðslu sem frv. fékk, en í samþykkt kirkjuþings segir, með leyfi forseta:

„Kirkjuþing 1988 hefur fjallað um frv. til laga um helgidagafrið sem dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur sent biskupi til fróðleiks en hann taldi rétt að kynna kirkjuþingi. Kirkjuþing 1986 samþykkti fyrir sitt leyti frv. um þetta efni sem það taldi fullnægjandi af kirkjunnar hálfu.

Að gefnu tilefni vill kirkjuþing benda á brýna nauðsyn þess að helgi skírdags sé tryggð eftir kl. 18, enda er algengasti tími helgihalds þess dags að kvöldi. Þá minnir þingið á mikilvægi þess að tryggja helgi aðfarardags páska og hvítasunnu eftir kl. 21.

Enn fremur tekur kirkjuþing undir ábendingar um nauðsyn þess að sporna gegn samkomuhaldi eftir miðnætti á jóladag og páskadag þar sem af því hefur víða hlotist truflun og óregla á mestu hátíðisdögum kirkjunnar sem spillir þeim sem heimilishátíð.

Loks er ástæða til þess að íhuga það álit margra að skemmtidagskrá fyrir börn í sjónvarpi á sunnudagsmorgni hafi valdið togstreitu hjá mörgum börnum sem á þeim friðhelga tíma hafa sótt barnastarf kirkjunnar."

Það er ljóst að frv. það sem hér er til meðferðar fjallar um viðkvæmt efni. Álitamál kunna að koma upp bæði að því er varðar form og efni. Frv. hefur hlotið ítarlega meðferð kirkjunnar manna og er nú komið til kasta Alþingis. Ég tel að Alþingi beri að styðja kirkjuna og vernda starf hennar. Jafnframt þurfum við að hafa í huga að löggjöf um þetta efni verði með þeim hætti að allur almenningur virði hana. Frv. er ætlað að stuðla að þessu. Ákvæði frv. eru færð til samræmis við reynslu og þróun og viðhorf manna nú.

Ég tel að frv. þetta, ef samþykkt verður, muni að ýmsu leyti skapa ný og bætt viðhorf að því er framkvæmd helgidagalöggjafar varðar. Ég tek þó fram að ég tel mig ekki hafa mótað afstöðu til fulls til efnisatriða allra. Frv. lá fyrir í ráðuneytinu þegar ég tók þar til starfa nú á haustdögum og ég taldi rétt að það kæmist fyrir sjónir þm. með þeim hætti sem þar var og síðan yrði nánar fjallað um það hér á hv. Alþingi. Og að sjálfsögðu verður Alþingi að taka afstöðu til þess hvort ekki sé rétt að breyta einhverju í þeim efnum, m.a. hvort meira tillit skuli tekið til vilja kirkjunnar eins og fram kom á síðasta kirkjuþingi og ég greindi hér frá áður.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Það er eitt og annað sem kemur manni nokkuð á óvart við að lesa þetta frv., bæði þægilega og óþægilega á óvart. Meðal þess sem kemur skemmtilega á óvart er sá kirkjulegi kansellístíll sem mjög víða kemur fram í frv. og grg. þess. Ég vil, hæstv. forseti, lesa skemmtilegt dæmi hér um þar sem segir í athugasemd um 3. gr.: „Þá er ákvæðið að sínu leyti viðbót við t.d. 4. gr. með því að ekki skiptir máli hvers konar starfsemi eða háttsemi um er að ræða ef hún truflar guðsþjónustuhald o.fl. Oftast mundi háttsemin fara fram í grennd við kirkju, en ekki þarf það þó að vera." — Þetta er svona gamalt orðalag fornt þar sem sleginn er varnagli við öllum hugsanlegum uppákomum þó ekki sé tekið fram hversu fjarri kirkju háttsemin megi vera til þess að teljast háttsemi er varðar við lög, en um það geta að sjálfsögðu verið nokkuð deildar meiningar.

Ég vil einnig vekja athygli hv. þm. á því að ég sé ekki betur en að samkvæmt ákvæði 5. gr. frv. sé verið að heimila lyfjabúðum, bensínsölum, brauð- og mjólkurbúðum, blómasölum og söluskálum að vera opin og stunda sína starfsemi eftir kl. 18 á aðfangadag jóla og held ég það geti varla verið hugmynd hvorki kirkjuþings né hæstv. kirkjumálaráðherra og kirkjumálaráðuneytis. En í 5. gr., þar sem talin er upp sú starfsemi sem undanþegin er banni því sem greinir í 4. gr., er sérstaklega nefnt varðandi lyfjabúðir, bensínsölur, brauð- og mjólkurbúðir, blómasölur og söluskála að starfsemi þeirra sé undanþegin banni því sem greinir í 4. gr. á öðrum dögum en þeim sem frá er greint í 2. tölul. 2. gr. En það er ekkert minnst á 3. tölul. þar sem er gert ráð fyrir því að helgidagafriður á aðfangadag skuli hefjast kl. 18 eins og vani er. Ekki verður ráðið af þessu annað en það að hugmyndir séu uppi um það að heimila starfrækslu lyfjabúða og bensínsala, brauð- og mjólkurbúða, blómasala og söluskála eftir kl. 18 á aðfangadag jóla. Tel ég þá vart horfa til aukinnar guðskristni í þessu landi að svo skuli gert og held að þetta hljóti að vera einhver misskilningur hjá frumvarpssmiðum.

En það var nú eiginlega enn annað atriði, herra forseti, sem vakti fyrir mér, og við ræðum hér á eftir. En áður vildi ég þó drepa á tvö atriði. Í athugasemdum við 4. gr. frv. segir m.a. á bls. 8 að meðal þess sem þar er lagt bann við séu skemmtanir „þar sem happdrætti eða bingó eða svipuð spil eru höfð um hönd" og tekið er fram: „Hér getur verið um einkasamkvæmi að ræða, þ.e. ekki þarf skemmtun að vera opinber." — Það er sem sé verið að leggja bann á þessum tímum við hvers konar spilum eins og happdrætti og bingóum jafnt þó um sé að ræða slíka starfsemi í heimahúsum eða meðal fjölskyldna þar sem tekið er fram að þetta skuli banna jafnvel þó svo að ekki sé um opinberar samkomur að ræða. Nú er þetta siðvenja sem hefur gengið öld fram af öld á Íslandi að fjölskyldur grípi, ja kannski ekki þegar háheilagast er en a.m.k. á sumum þessara hátíðisdaga kirkjunnar, til þess að dunda sér við einhvers konar spil í sínum eigin heimahúsum. Ég fæ ekki betur séð en að gert sé ráð fyrir því að þetta sé óheimilt þó ég fái ekki séð hvernig eigi að framfylgja því banni. Því vart held ég að hugmyndin sé sú að senda af stað löggæslusveitir til þess að gá að því á mestu hátíðisdögum íslenskrar kirkju hvort einhverjir stundi spil í heimahúsum við slík tækifæri. Þetta ætti nú að minna á dansbannið hér á öldum áður hjá kirkjuyfirvöldum þegar gengið var hart eftir því að menn hefðu ekki um hönd danslist í heimahúsum á hátíðisdögum kirkjunnar. En þetta finnst mér nú nokkuð langt seilst.

Enn fremur vek ég athygli á ákvæðum 6. gr. þar sem m.a. bann sem þar er um að ræða er skýrt svo að mót hestamanna falli ekki undir bannákvæði 4. gr., en keppni í hestamennsku og annað því um líkt

eigi að falla undir bannákvæði 6. gr. — Ég veit ekki um það hestamannamót þar sem ekki á sér stað einhvers konar keppni í hestamennsku og finnst það furðu sæta ef heimila á hestamönnum að koma saman en ekki heimila þeim að iðka þá vinnu sem er kjarni í flestum hestamannamótum sem verið hafa á voru landi. Ég held að það verði líka afskaplega erfitt að túlka þetta ákvæði til fullnustu. Enn fremur er gert ráð fyrir því að heimiluð séu á þessum dögum mót íþróttamanna en þá því aðeins að enginn atvinnumaður taki þátt í slíku móti. Og meðal þeirra íþróttamanna sem ekki mega keppa, þótt ekki séu atvinnumenn, eru íþróttamenn í bifreiðaíþróttum og í fluglist.

Ég spyr: Ef talið er eðlilegt að áhugamenn, við skulum segja í handknattleik eða í fótbolta, fái að keppa á þessum tímum, sem ég skal ekki dæma um út af fyrir sig, hvernig stendur þá á því að áhugamenn um bifreiðaíþróttir eða fluglist mega ekki keppa við slík tækifæri? Og hvernig ætla menn að taka á því erfiða máli ef upp skyldi koma að einn eða tveir atvinnumenn hefðu hugsað sér að slæðast með í keppni áhugamanna? Ætti þá að banna keppnina vegna þess að lögin kveða svo á að atvinnumönnum sé óheimilt að keppa á sömu dögum og áhugamönnum er heimilað að keppa? Mér finnst farið að verða talsvert erfitt að túlka þessi ákvæði og kæmist sjálfsagt margur löggæslumaðurinn að því fullkeyptu sem ætti að skera úr um hvað væri rétt og hvað væri ekki rétt í sambandi við þessar túlkanir. Ég vara mjög við því að menn reyni að hnýta niður í lög með slíkum hætti venjubundna starfsemi sem menn hafa stundað árum og áratugum saman og jafnvel um aldir hér á landi. Ég held að svo lengi sem hin óskráðu lög í þessu efni eru virt, eins og flestir ef ekki allir gera, þá ættu menn að hugsa sig um tvisvar eða jafnvel þrisvar áður en þeir taka upp svona fyrirmæli í lagasetningu.

Að lokum, herra forseti, nokkuð sem varðar kannski okkur stjórnmálamennina, því e.t.v. er þetta frv. til laga um stundarfrið fyrir okkur, þá sé ég ekki í neinni tillögugreininni að gert sé ráð fyrir því að fundir á vegum stjórnmálaflokka séu hvort heldur er bannaðir eða leyfðir. Það er tekið hérna sérstaklega fram um helgidagafrið að þá sé starfsemi óheimil sem tengist opinberu skemmtanahaldi eða sýningum, dansskemmtunum, fjölleikahúsum, revíusýningum, leiksýningum, balletsýningum, kvikmyndasýningum o.s.frv. Nú býst ég varla við að hæstv. ráðherra, sem flytur þetta mál, láti sér til hugar koma að stjórnmálafundir séu heimilaðir á þessum helstu hátíðisdögum íslensku þjóðkirkjunnar fremur en þessi starfsemi sem ég hef hér rakið. En það væri gaman að fá lagskýringu á því frá hæstv. ráðherra hvort stjórnmálastarfsemi að hans áliti mundi þar flokkast undir dansskemmtanir eða fjölleikahús eða revíusýningar eða ballettsýningar eða leikfimisýningar eða kannski vörusýningar, ef verið er að kynna nýja frambjóðendur, nú eða viðskipti svo maður hafi ekki einu sinni orð á því. Ég held því að full ástæða sé til þess að sú nefnd sem fær þetta frv. til meðferðar kíki aðeins á bak við þann kansellístíl sem í frv. felst og hugi eitthvað svolítið að almennri skynsemi í landinu.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Ef deildin felst á að afgreiða þetta mál þá tel ég óhjákvæmilegt að það verði lagfært í mjög verulegum atriðum og ég vísa til ágætra og réttmætra athugasemda hv. síðasta ræðumanns. Mér finnst þetta mál mótast um of af norskum heittrúarviðhorfum aftan úr öldum sem ekki eiga við nú um stundir. Ég tel eðlilegt og sjálfsagt að guðsþjónustuhald sé varið fyrir truflun og ekki sé gengið á rétt þeirra manna sem það stunda. En ég sé ekki ástæðu til þess að ganga svo langt sem hér er gert í að hindra eðlilega og siðlega starfsemi og lama þjóðfélagið með þeim hætti sem hér er lagt til að gera og koma í veg fyrir eðlilegt og heilbrigt tómstundastarf. Ég geri mjög sterka athugasemd við greinarnar um t.d. íþróttir, hvernig þar er á málum haldið. Varðandi það hvort stjórnmálafundir séu leyfðir eða ekki þá kann að vera hægt að flokka þá undir íþróttamót, en þá væntanlega íþróttamót atvinnumanna, a.m.k. í mörgum tilfellum.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vil taka það fram út af ummælum hv. þingmanna að það verður að sjálfsögðu aldrei sett tæmandi upptalning um það hvernig málum skuli háttað á þessum dögum, heldur ber að virða almennan vilja sem kemur fram í lögunum. Það má vel vera rétt að skilja megi það svo t.d. að heimilt sé að hafa bensínsölur opnar eftir kl. 18 á aðfangadag, en ég held að það sé alveg ljóst að sá almenni vilji sem er hér á landi og þau almennu viðhorf sem hér ríkja eru með þeim hætti að litlar líkur eru á að slíkt sé gert. Þar af leiðandi er e.t.v. ekki brýn nauðsyn að taka það fram. Hins vegar er ekkert á móti því að taka það skilmerkilega fram í þessu sambandi.

Að því er varðar t.d. stjórnmálafundi á tímabilinu kl. 10–15 á sunnudögum liggur ljóst fyrir að það er almenn venja og þykir sjálfsagt að stjórnmálamenn vinni um helgar hér á landi. Ég býst ekki við að stjórnmálamenn séu sérstaklega ánægðir með þá tilhögun mála að það skuli þykja sjálfsagt að þeir vinni um allar helgar. Væri e.t.v. stjórnmálamönnum mest þægð í því ef umferð þeirra væri bönnuð að öllu leyti á sunnudögum þannig að þeir yrðu að vera heima hjá sér. (**PP:** Og kosningarnar líka?) (**Gripið fram í:** Þær eru komnar á laugardaga.) Það er að sjálfsögðu ekki ætlunin með þessu frumvarpi að setja almennar starfsreglur fyrir stjórnmálamenn, langt í frá. Hins vegar hefur sú venja viðgengist, og ég vænti þess að hún verði áfram í heiðri höfð, að ekki skuli halda almenna fundi eða stjórnmálafundi meðan messað er í viðkomandi byggðarlögum. Ég hygg að flestir stjórnmálamenn hafi virt það í gegnum tíðina. Ég á ekki von á því að

stjórnmálamönnum muni fara svo mikið aftur að þeir taki upp nýja siði í þeim efnum og því ekki nauðsynlegt að það komi skilmerkilega fram í lögum.

Að því er varðar spil og spilamennsku inni á heimilum, sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson nefndi, er rétt að taka það skýrt fram að ákvæði frv. eiga ekki við um athafnir inni á heimilum, t.d. að því er varðar á hvað fólk horfir í sjónvarpi. Það nær ekki til þess hvað gerist inni á heimilum. Ég vænti þess að hann geti verið alveg rólegur í þeim efnum, enda ekki ætlun frv. að fjalla um þau atriði.

Vegna þess sem hv. þm. Páll Pétursson sagði, að frv. dragi í allt of miklum mæli dám af norskum siðum vil ég ekki fallast á það. Að vísu erum við að einhverju leyti komnir af Norðmönnum og höfum flutt hingað með okkur siði þeirra. En almennt má segja að frv. tekur mið af breyttum tímum og framkvæmd þessara mála. Það er verið að draga úr ýmsu því sem áður var, eins og ég tók sérstaklega fram í framsögu minni. Auðvitað má deila um það hvað upptalningin skuli vera nákvæm. Það verður samt að reikna með því að þar gæti samræmis. T.d. tel ég enga ástæðu til þess að leyfa veðreiðar og hestamannamót en banna kvikmyndasýningar á hverjum tíma. Og ég tel alveg jafnnauðsynlegt fyrir hestamenn eins og stjórnmálamenn að taka tillit til helgidaga og þeirrar helgi sem á að hvíla yfir þeirri starfsemi sem þá fer fram. Starfsemi krikjunnar er mikilvæg í þessu landi og hestamenn verða að gjöra svo vel að viðurkenna það sem aðrir.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég hef löngum verið þeirrar skoðunar að Íslendingar megi ekkert verk vinna svo slæmt að ekki megi vinna það á sunnudegi. En auðvitað getur verið ágreiningur um það sem fleira. Ég vek hins vegar athygli á því að sunnudagarnir eru 52. Ef við leggjum hina dagana við erum við komnir með allálitlegan fjölda eða mikinn meiri hluta af þeim frítíma sem almenningur hefur. Við erum þess vegna, með þessari lagasetningu, að setja því verulegan ramma hvernig almenningur getur hegðað sér í sínum frítímum. Ég tel t.d. að það fari ekkert á milli mála að þær reglur sem gilt hafa um annan dag hvítasunnu hafa orðið til að skapa veruleg vandamál hér á landi. Það hefur leitt til þess að menn hafa leitað í stórum stíl út í náttúrunna til þess að komast undan þessum lögum, ef svo mætti komast að orði, því það er ekki bannað að tjalda. Ég veit ekki heldur til þess að flm. ætli að leggja til að bannað verði að drekka brennivín á þessum dögum. Þessar hvítasunnuhátíðar æskumanna, sem eru tilkomnar vegna þess að við höfum þetta bann, hafa náttúrlega skapað veruleg vandamál.

Ég verð að segja eins og er að ég held að það væri mjög lærdómsríkt og jákvætt fyrir þá sem fara yfir þetta að minnast þeirrar guðsþjónustu sem við hlustuðum á þegar þingið var sett. Þar tók ágætur kennimaður sig til og vakti athygli á því að þegar farísearnir ætluðu að setja reglur um alla skapaða hluti lentu þeir í voðalegum ógöngum. Það var nú einu sinni svo að þeir bættu alltaf við reglu á reglu og voru komnir með fyrirmæli um það hvernig mönnum bæri að hegða sér og hvað þeir mættu ekki gera sennilega yfir 60–70 daga á ári. Og ég er ekki búinn að sjá það, þó að sumum finnist hestamennskan til lítils gagns, að það bæti nokkurn skapaðan hlut hátterni manna í kristnu tilliti þó að þeir fari af hestbaki. Ég er ekki búinn að sjá það. Ég vil fá upplýsingar um það ef menn geta sýnt einhver rök fyrir því. Ég held þess vegna að það þurfi mjög að gá að sér þegar menn ætla að fara að setja reglur um hegðun manna yfir 60 daga á ári og segja að Alþingi skuli boða þar mjög harða og ákveðna stefnu. Auðvitað má segja sem svo að menn taki þetta kannski ekki allt of alvarlega en hins vegar er það spurning hvort við höfum vald á að koma í veg fyrir ýmsa skemmtun þó menn vildu nú standa á þessu. Nú er t.d. alls staðar sjónvarp í heimahúsum og menn geta horft á kabarett og revíur. Þeir geta horft á veðreiðar og hvað sem er í heimahúsum þessa dagana og það eru gervihnettir sem útvarpa þessu. Ég vil því eindregið mælast til þess að menn gái að sér í þessum efnum og í það minnsta að lagasetningin sem slík verði ekki til þess að hópa mönnum til starfsemi sem er miklu óhagstæðari kristnu samfélagi en ef Alþingi léti ógert að semja of strangan ramma um hátterni manna.

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Það er oft siðvenja, þegar einhver atriði í lögum orka tvímælis, hvernig beri að túlka þau, að þá er gáð í athugasemdir þær sem viðkomandi lagafrv. fylgdu. Hafi lagagreinin verið samþykkt óbreytt frá því sem í frv. stóð er skýringa á hvernig beri að túlka hana leitað akkúrat þar.

Í 3. tölul. 4. gr. frv. segir að á þeim u.þ.b. 60 dögum sem hv. síðasti ræðumaður ræddi um, þ.e. á öllum sunnudögum á tímabilinu kl. 10–15, á öðrum degi jóla, nýársdag, skírdag, öðrum degi páska, uppstigningardegi o.s.frv. séu skemmtanir, þar sem happdrætti, bingó eða svipuð spil eru höfð um hönd, bannaðar. Á bls. 8, í skýringum við 4. gr., segir orðrétt, herra forseti: „Í 3. tölul. er vikið að skemmtunum þar sem happdrætti eða bingó eða svipuð spil eru höfð um hönd. Þykir rétt að hafa sérákvæði um þetta efni. Hér getur verið um einkasamkvæmi að ræða, þ.e. ekki þarf skemmtun að vera opinber."

Ég get ekki túlkað þetta öðruvísi en svo að á þessum tíma, öllum þessum dögum, á tímabilinu frá 10–15 og þar á meðal á þeim heilu sólarhringum sem þarna er um rætt, sé lagt bann við hvers konar happdrætti, bingói eða spilum sem stunduð eru þó ekki sé um opinber samkvæmi að ræða, þ.e. á einkaheimilum, á einkasamkomum, hjá fjölskyldum og öðrum slíkum aðilum. Ég verð að segja eins og er að mér finnst þetta gjörsamlega fráleitt. Og ef það er rétt, eins og hæstv. ráðherra sagði hér áðan, að

hvað svo sem líður ákvæði laganna, t.d. um það að heimila eigi sjoppum, blómaverslunum, brauðbúðum, bensínsölustöðvum og öðrum slíkum að vera opnar eftir kl. 18 á aðfangadag — ef hæstv. ráðherra telur að það verði ekki gert hvers vegna er þá verið að setja lög um að slíkt sé heimilt? Og af hvaða ástæðu er verið að binda í lög ákvæði eins og þau sem ég var að lýsa hér áðan sem samkvæmt grg. frv. geta orðið túlkuð þannig að jafnvel í fjölskyldusamkvæmum sé mönnum óheimilt á þessum tímum að taka sér spil í hönd? Þetta eru ákvæði sem eru langt aftan úr forneskju og eru ekki í nokkru samræmi við það þjóðfélag sem við lifum í nú. Það er auðvitað ástæðulaust, og þá vitna ég bara til orða hæstv. ráðherra, að vera að setja lög á árinu 1988 sem eru ekki í samræmi við þá siði og venjur sem þjóðin lifir við. Og ef, eins og hæstv. ráðherra síðan segir, ástæðulaust er að ætla að þessum lagaheimildum verði fylgt, hvers vegna erum við þá að setja þetta í lög, ef menn lýsa því yfir jafnóðum og menn mæla fyrir málunum að menn geti eins átt von á því að ekkert sé farið eftir þessum lögum?

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég held að ástæðulaust sé að fjölyrða frekar um þetta mál. En ég vildi aðeins taka það fram að þau almennu sjónarmið lágu til grundvallar við samningu þessa frv. að virða sjónarmið kirkjunnar annars vegar og þann almenna vilja og þá almennu siði sem hafa þróast hér í landinu síðan þessi lög voru sett á sínum tíma, 1926. Hvort þar hefur tekist nægilega vel til má út af fyrir sig lengi deila um því að siðir eru misjafnir í landinu. En hvernig svo sem menn vilja skilgreina orðið „einkasamkvæmi" liggur það fyrir að það er sjálfsagt erfitt í mörgum tilvikum að greina á milli opinberrar samkomu og einkasamkvæmis og ýmislegt það sem ekki er hægt að framkvæma undir orðinu „opinber samkoma" er þá gert í nafni einkasamkvæmis. Þetta á við áfengislöggjöfina og ýmislegt fleira.

Það er hins vegar alveg ljóst að þetta frv. tekur ekki til athafna sem fara fram á heimilum manna, það verður að vera alveg skýrt, enda væri fráleitt að setja slíkt í löggjöf því að það er algjörlega útilokað að framfylgja því og dettur að sjálfsögðu engum manni í hug að það yrði lagt á löggæslu landsmanna að fylgjast með því hvað færi fram á heimilum manna á hinum helgustu dögum. Ég vænti þess því, hvað svo sem þarna stendur, að þetta sé alveg skýrt og verði ekki dregið í efa.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Það er rétt að undirstrika það sérstaklega hvað þetta er fráleitt ákvæði í 6. gr.: „Ákvæði 1. mgr. eiga ekki við um keppni vélknúinna farartækja ...", þ.e. það má ekki keppa á vélknúnum farartækjum á sunnudögum fyrr en eftir kl. 15. Það má ekki keppa á loftförum fyrr en eftir kl. 15. Það má ekki hafa hestamannamót, sem er alveg fastur liður að séu haldin á sunnudögum, fyrr en eftir kl. 15. Og það má ekki keppa í íþróttum ef atvinnumenn eiga þar einhvern hlut að máli. Við megum t.d. ekki taka þátt í landsleikjum þar sem áhugamenn okkar leika nema þá að reka atvinnumennina úr landsliðinu. (**Gripið fram í:** Hvernig er með skákmót?) Við getum ekki haldið skákmót. Og ekki einu sinni teflt biðskákir. Sjá menn ekki í hvaða óskaplega vitleysu menn eru að fara? Það er ekki hægt að hafa hrútasýningu. Þetta er bara fjarstæða. Þetta er bara fjarstæða. Það er ein leið til að gera frv. eðlilegt. Ég vil leyfa mér að benda nefndinni á leið til þess að gera þetta frv. skynsamlegt og gott, þ.e. að taka fyrstu þrjár greinar frv. ásamt gildistökugreininni, 10. gr., og gera þær að lögum og það yrðu ágæt lög.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. KJóh, 113. mál (greiðsla opinberra gjalda með skuldaviðurkenningum). — Þskj. 116.

Flm. (Kjartan Jóhannsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga á þskj. 116, 113. mál, um breyt. á lögum um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum.

Það kom fram í svari við fsp. frá mér til fjmrh. á síðasta þingi að samkvæmt gögnum þess ráðuneytis hefði fjmrh. á árunum 1980–1987 heimilað greiðslu opinberra gjalda með skuldabréfum eða sambærilegum skuldaviðurkenningum 127 sinnum umfram það sem mælt hefur verið fyrir um í sérstökum lögum. Í skattalögum er skýrt kveðið á um gjalddaga opinberra gjalda og dráttarvexti sem gjaldendum ber að greiða sé ekki staðið í skilum á lögbundnum gjalddögum. Það er ekki að finna í lögum ákvæði um heimild stjórnvalda til að breyta gjalddögum opinberra gjalda eða falla frá dráttarvaxtatöku. Samkvæmt þessu er ekki lagastoð fyrir þeim aðgerðum sem hér hafa verið raktar, þ.e. að fjmrh. heimili greiðslu opinberra gjalda með skuldabréfum eða sambærilegum skuldaviðurkenningum. Þetta er reyndar viðurkennt í svari fjmrn., sem ég vitnaði til og var á þskj. 177 á síðasta löggjafarþingi. Hins vegar hafi ráðuneytið talið að því væri heimilt að ganga til samninga við skuldara um greiðslufyrirkomulag skuldar þegar talið væri að staða skuldara og trygging fyrir skattkröfum væri það léleg að telja mætti að skuldin væri að verulegu leyti töpuð. En fyrir þessu er sem sagt engin lagastoð.

Þetta svar sem ég hef nú rakið þýðir auðvitað að fyrir Alþingi liggur vitneskja um að fjármálaráðherra hafa tekið sér vald sem þeir hafa ekki að lögum til að leyfa einstökum aðilum að greiða jafnvel háar fjárhæðir opinberra gjalda, sem gjarnan

voru í vanskilum, með skuldabréfum til lengri eða skemmri tíma og með mismunandi kjörum að öðru leyti eftir því sem ráðherra ákveður. Með þessu móti hefur verið brotið gegn því sem segja má að sé meginstefna allrar skattalöggjafar að allir þegnar þjóðfélagsins sem eins stendur á um hljóti sömu meðferð og þá eingöngu samkvæmt lögum eins og kveðið er á um í stjórnarskrá lýðveldisins. Með vitneskju um þessa lögleysu getur Alþingi að mínum dómi ekki annað en tekið þetta mál til meðferðar og þá virðist vera eðlilegast að setja í lög skýr ákvæði um innheimtu á opinberum gjöldum og hvernig bregðast megi við þegar um vanskil er að ræða.

Í þessu frv. sem ég nú flyt er einmitt gert ráð fyrir að tekið verði á þessu máli og þá með því að gera tiltölulega einfalda breytingu á 111. gr. laga nr. 75 frá 1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Það er að sjálfsögðu rétt að vekja athygli á því að þessi breyting mun einnig ná til innheimtu á söluskatti skv. lögum nr. 10 frá 1960 þar sem kveðið er á um í 28. gr. að ákvæði laga nr. 75/1981 skuli einnig gilda um söluskatt eftir því sem við á.

Þetta frv. var flutt á síðasta þingi, en kom þar nokkuð seint fram. Tilefni þess voru þær upplýsingar sem lágu fyrir í svari við fsp. minni til fjmrh. eins og ég hef rakið, en það hlaut þá ekki afgreiðslu og er því endurflutt núna.

Frv. er einungis tvær greinar. Sú fyrri hljóðar svo:

„Við 111. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Það skal vera stefna við innheimtu á tekjuskatti og eignarskatti samkvæmt lögum þessum að allir gjaldendur, sem eins stendur á um við innheimtu, vanskil og nauðungaraðgerðir, skuli hljóta sams konar meðferð. Telji innheimtumaður tök á að tryggja greiðslu á kröfu, sem ella mundi tapast, með samningi um greiðslu skal hann gefa fjármálaráðherra ítarlega skýrslu um málavöxtu. Fjármálaráðherra er heimilt að samþykkja slíkan samning að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar. Að loknu hverju innheimtuári skal Ríkisendurskoðun gefa Alþingi skýrslu um alla samninga af þessu tagi."

Með þessari grein eins og hún er hér orðuð eru sem sagt settar ákveðnar leikreglur, sett skilyrði fyrir því að fjmrh. sé heimilt að leyfa einstökum aðilum að greiða opinber gjöld með skuldaviðurkenningum til lengri eða skemmri tíma. Samkvæmt þessu skal einungis heimilt að lána opinber gjöld í þeim tilvikum þar sem innheimtuaðili telur að krafan fáist ekki greidd nema með því að semja um greiðslu á henni. Í slíkum tilvikum er gert ráð fyrir því að fjmrh. sé heimilt að samþykkja greiðsluskilmála, enda liggi þá fyrir umsögn Ríkisendurskoðunar. Með þessum hætti er ætlunin að tryggja samræmd vinnubrögð að því er þetta atriði varðar þannig að ekkert fari á milli mála hvernig að er staðið þegar tilvik af þessu tagi koma upp.

Loks er gerð grein fyrir því í greininni að Ríkisendurskoðun gefi Alþingi árlegar skýrslur um slíka samninga. Með því móti er gert ráð fyrir að Alþingi geti með eðlilegum hætti rækt aðhaldshlutverk sitt og ekki sé nein ástæða til þess fyrir einstaka þingmenn að bera fram fyrirspurnir um þetta efni.

2. gr. frv. er einungis um það að lög þessi öðlist þegar gildi og þarfnast hún því ekki skýringa.

Kjarni málsins er sá, herra forseti, að fyrir liggur að leyft hefur verið að greiða opinber gjöld með skuldabréfum eða þess háttar greiðslum. Fyrir því er ekki lagastoð samkvæmt upplýsingum frá fjmrn. sjálfu. Talið hefur verið að fjmrh. hefði heimild til þess að gera eins konar nauðungarsamninga fyrir ríkisins hönd þegar illa stæði á og á þeim grundvelli hafa þessir samningar verið gerðir. Hitt er ljóst að það er auðvitað rétt að setja ákvæði um þetta efni í lög og ganga frá því með þeim hætti sem Alþingi telur best viðeigandi. Hér er ekki um flókna lagasetningu að ræða. Það eru einungis tvö ákvæði sem gert er ráð fyrir að setja í lögin, annars vegar það að ráðherra geti veitt heimild ef innheimtumaður óskar eftir því og rökstyður ósk sína að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar og hitt ákvæðið er að eftir á skuli skilað skýrslum árlega til Alþingis um það hvernig þessari heimild hafi verið beitt.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Albert Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég er einn af þeim fyrrv. fjármálaráðherrum sem líklega er átt við þegar vitnað er til samninga við þá sem ekki gátu af einhverjum ástæðum staðið í skilum við innheimtumenn ríkissjóðs, þá sem horfðust í augu við það að verða gerðir upp þar sem þeir gátu ekki greitt af einhverjum ástæðum og þurftu kannski að tvístra heimilum og hefðu á allan hátt orðið á köldum klaka ef ekki næðist samkomulag um greiðslutilhögun. En það skal ég viðurkenna að fólk er almennt þeirrar skoðunar að opinberir innheimtumenn séu þeir aðilar í þjóðfélaginu sem einna ósveigjanlegastir séu og ekki við mælandi til samkomulags ef tímabundinn eða varanlegur vandi gerði það að verkum að ekki væri staðið í skilum. Ég tel að því leytinu til gott að fá þetta frv. að það leyfir samninga við þessa aðila. En ég vil mótmæla því að það hafi verið túlkun fjmrn. að þessir samningar hafi verið óheimilir hingað til.

Í því frv. sem hér er lagt fram er gert ráð fyrir því að innheimtumenn mæli með samningnum við ráðherra að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar. Hingað til og í þann tíma sem ég þurfti að taka ákvörðun um þessi mál var það venjulega svo að innheimtumenn ríkisins sáu sér hag í að neita öllum um fyrirgreiðslu vegna þess að þeir höfðu beinlínis hag af því að fólk yrði gert upp og gengið yrði að því miskunnarlaust. Þannig var síðasta leiðin sem fær var að fara til ráðherra og spyrja hvort hann vildi gefa sitt leyfi til þess að frekar yrði samið en að fólk yrði sett í þann vanda sem það kæmist kannski ekki á lífstíðinni úr aftur.

Ég get staðið að þessu frv. út af fyrir sig en tel það hreina heimsku og vanþekkingu á gangi mála í ríkiskerfinu að ætla að setja innheimtumann, starfsmann ráðherra, í eins konar yfirmannsstöðu yfir ráðherra eða að gera Ríkisendurskoðun að eins konar yfiraðila á annan hátt en þann sem hún á að vera, þ.e. sem endurskoðun. Slík spennutreyja á ráðherra, hver sem hann er, á engan rétt á sér. Ef ráðherra er maður sem hefur hæfileika til þess að hugsa með hjartanu þegar á reynir, og það hafa þeir flestir, á hann að hafa frjálsar hendur til þess að taka sínar ákvarðanir. Að sjálfsögðu verður hann svo að standa reikningsskil sinna ákvarðana til Ríkisendurskoðunar hér eftir sem hingað til, þrátt fyrir þá breytingu sem gerð hefur verið á Ríkisendurskoðun sem heyrði áður undir fjmrn. en er nú orðin stofnun sem heyrir beint undir Alþingi.

Það gengur ekki að Alþingi, löggjafinn, haldi áfram að torvelda ráðherrum starf sitt. Ráðherrar, alveg sama í hvaða málaflokki þeir eru, eiga að hafa ákveðið svigrúm til þess að þeirra persóna og þeirra mat á hlutunum hverju sinni nái fram að ganga. En að sjálfsögðu verða þeir að vera ábyrgir gerða sinna á sama hátt og við, sem hér erum, kjósum ráðherra sem við treystum. Við kjósum menn sem við treystum til þess að gegna ábyrgðarstöðu. Ég ætla ekki að gera neinar athugasemdir við það þó að starfsmaður ráðherra sé gerður að yfirmanni ráðherra í þessum málum, en það skal vera innheimtumaður sem færir málið til ráðherra, ekki sá sem er í vanda, ekki sá sem á að standa skil á greiðslunni. Ég verð að segja alveg eins og er að ég hef verið áhorfandi að því að innheimtumenn ríkisins eru miskunnarlausir í sinni innheimtu og hugsa ég að flm. hafi líka orðið var við það. Í hverju horni í þjóðfélaginu er fólk í vandræðum. Reynið að fara með erindi til Gjaldheimtunnar í Reykjavík og athugið hvaða svar þið fáið. Hún er sameiginleg fyrir ríki og borg. Það er fyrir fram ákveðið að þar skuli ekki orðið við neinni beiðni. Núna er komin smá smuga, ég skal viðurkenna það, en það var ekki nokkur leið að ná samkomulagi. Lagalegu leiðina skyldi það ganga.

Þegar ég gegndi embætti fjmrh. var talið af mínum starfsmönnum og líka af innheimtumönnum ríkisins að heimilt væri fyrir ráðherra að veita greiðslufrest, að fara samningaleiðina. Það getur aldrei hið sama gengið yfir alla, það er ekki nokkur leið, því miður. Við skulum taka sem dæmi mann sem fær algera neitun hjá ráðherra af því að ráðherra hefur ekki leyfi til þess að veita neinum greiðslufrest lögum samkvæmt. Við semjum ekki, við erum opinberir aðilar, við höfum valdið til þess að knésetja þig. En sumir geta gengið inn í ríkisbankana, ekki allir, og fengið lán af því að þeir þekkja kannski bankastjórann eða af því að þeir eiga hús sem þeir geta látið í tryggingu. En litli maðurinn getur ekki gengið inn í ríkisbankann og fengið lán fyrir opinberum gjöldum. Hann verður bara að tapa því litla sem hann á af því að hann þekkir ekki bankastjórann og á ekkert stórhýsi til þess að láta að veði. Það er aldrei hægt að gera alla jafna í þjóðfélaginu. Það er ekki hægt þó að við reynum það. Og þess vegna er gott að hafa mann eða menn í öllum málaflokkum ríkisstjórnarinnar sem geta hugsað með hjartanu þegar á reynir. Mann sem getur haft vit fyrir innheimtumanninum og staðið seinna skil gjörða sinna við Ríkisendurskoðun. Enginn ráðherra brýtur af sér til þess að þóknast einhverjum. Það gerir enginn. En það getur vel verið að ráðherra sveigi jafnvel til lögin til þess að bjarga öðrum, til þess að bjarga fjölskyldum.

Ég kannast ekki við þá fullyrðingu sem kom hér fram hjá hv. flm. að greiðslufrestur sé veittur með mismunandi kjörum. Það frábið ég mér. Hann verður að beina því á einhvern ákveðinn vegna þess að þetta er ásökun. Þetta þekki ég ekki. Kjörin hafa alltaf verið þau sömu hvað mig snertir. Og ég vil vara við því að innheimtumaður ríkissjóðs, maðurinn sem er undir ráðherrann settur í kerfinu, vinnur fyrir hann og á hans ábyrgð, skuli þurfa að óska eftir greiðslufresti og að litli maðurinn geti ekki gengið inn af götunni og talað við ráðherra um sín vandamál og fengið fyrirgreiðslu, fengið afgreiðsluna.

Að öðru leyti er ég sammála þessu frv., tel það að vísu gersamlega óþarft en það skemmir ekki.

Flm. (Kjartan Jóhannsson):

Herra forseti. Að því er varðar þau ummæli sem ég lét falla um mismunandi greiðslukjör vísa ég bara í svarið við fsp. frá í fyrra og hver og einn getur gengið úr skugga um það sjálfur hvort honum sýnist að öll greiðslukjör séu jöfn eða að þau séu mismunandi. Ég þarf ekkert að þræta um það. (Gripið fram í.) Ég tek enga afstöðu til þess, hv. þm. Ég vísa mönnum bara í svarið við fsp. og hver og einn getur skoðað það.

Hv. 5. þm. Reykv. talaði um möguleika þeirra sem verr eru settir í þjóðfélaginu til þess að koma málum sínum fram, hversu erfitt gæti verið fyrir þá að fá t.d. lánafyrirgreiðslu í bönkum. Aðrir stæðu betur að vígi í þeim efnum. Vafalaust er það rétt. En það er náttúrlega stefna þessa frv. að það misræmi sem hv. 5. þm. Reykv. tók dæmi um varðandi bankafyrirgreiðslu eigi sér þá ekki stað líka í opinbera kerfinu. Stefnan sem hér er mörkuð er sú að allir eigi sömu möguleikana. Og það er tekið fram í 1. mgr. þessa lagafrv., þannig að það liggur fyrir að meiningin með þessu lagafrv. er að komið sé með sama hætti fram við alla.

Um það sem hv. 5. þm. Reykv. gerði að umtalsefni varðandi stöðu innheimtumanna og því um líkt, þá tel ég að ráðherra hafi öll ráð, þó að þetta sé orðað með þeim hætti sem hér er, til þess að fá umsagnir frá innheimtumönnum ef erindi skyldi berast á borð ráðherra og ráðherra vildi að það yrði tekið til sérstakrar umfjöllunar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

11. fundur, miðvikudaginn 23. nóv., kl. 2 miðdegis.

Lánsfjárlög 1989, frh. 1. umr.

Stjfrv., 103. mál. — Þskj. 106.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Veiting ríkisborgararéttar, 1. umr.

Stjfrv., 110. mál. — Þskj. 113.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar þar sem talin eru upp nöfn þeirra sem sótt hafa um ríkisborgararétt og lagt er til að veittur verði. Ég sé ekki ástæðu til að rekja þetta mál frekar. Það kemur fyrir hv. Ed. á hverju einasta Alþingi og er því kunnugt öllum.

Ég vil leggja til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Aðför, 1. umr.

Stjfrv., 111. mál (heildarlög). — Þskj. 114.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir frv. til nýrra aðfararlaga. Þar er um að ræða frv. sem ætlað er að leysa af hólmi núgildandi löggjöf um aðfarargerðir, einkum lög um aðför frá árinu 1887 og lög um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar frá árinu 1985 auk nokkurs fjölda annarra og enn eldri fyrirmæla um þetta svið réttarfars okkar.

Segja má að tvær ástæður hafi öðrum fremur búið að baki því að ráðist var í samningu þessa frv. Annars vegar eru núgildandi lög á þessu sviði nær öll orðin eldri en einnar aldar gömul og sárafáar breytingar hafa verið á þeim gerðar frá upphaflegri mynd. Þótt þessi lög hafi staðið vel af sér þær miklu breytingar sem orðið hafa á íslensku samfélagi frá setningu þeirra getur naumast hjá því farið að hár aldur laganna hljóti að einhverju leyti að koma niður á framkvæmd þeirra, enda voru þau samin með hliðsjón af gjörólíkum aðstæðum.

Þeir tveir fornu lagabálkar sem ég nefndi, lögin um lögtak og lögin um fjárnám, voru upphaflega nánast orðréttar þýðingar samsvarandi danskra laga, en til hliðsjónar má hafa að Danir hafa margsinnis endurskoðað reglur sínar á þessu sviði. Síðast með umfangsmiklum breytingum á árinu 1976.

Má með nokkrum rétti segja að íslensk lög hafi á þessu sviði dregist mjög aftur úr upphaflegum fyrirmyndum sínum og löngu sé orðið tímabært að laga reglurnar um aðfarargerðir að breyttum aðstæðum þótt annað hefði ekki komið til.

Hin meginástæðan fyrir samningu frv. er að í framhaldi af samningu frv. um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, sem kom fyrir á síðasta Alþingi, var ljóst að ráðast þyrfti í margvíslegar breytingar á réttarfarslöggjöf til samræmis og til þess að skipta verkefnum milli héraðsdómstóla og sýslumanna í samræmi við þá stefnumörkun sem fram kemur í grg. umrædds dómstólafrv. Má segja að frv. sé fyrsti áfangi að þeirri umfangsmiklu endurskoðun á gildandi réttarfarslöggjöf sem nú er unnið að á vegum dómsmrn.

Við samningu frv. var leitað fyrirmynda og annarra aðfanga víða í erlendri löggjöf. Má segja í grófum dráttum að uppbygging frv. eigi sér helst samsvörun í norskri löggjöf, en norsku aðfararlögin eru miðuð við þá skipun dómsvalds og stjórnsýsluvalds í héraði sem mjög líkist þeirri skipan sem stefnt er að hér á landi eftir mitt ár 1990, svo aftur sé vitnað til frv. um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði sem lagt verður fram á Alþingi mjög fljótlega eftir þá umfjöllun sem það frv. hefur fengið í milliþinganefnd. Norsku lögin eru reyndar að þessu leyti keimlík löggjöf í Svíþjóð, Finnlandi og í allmörgum ríkjum sunnar og vestar í álfunni. Um önnur atriði hefur hins vegar verið horft til danskra lagareglna, enda nærtækt í ljósi þess að núgildandi dönsk löggjöf er nánast endurnýjuð mynd þeirra laga sem enn gilda á þessu sviði hér á landi. Eru þannig allmargar efnisreglur frv. mjög líkar nýjum dönskum lagafyrirmælum. En að þessu mun ég koma nánar síðar.

Þá eru ýmis atriði frv. frumsmíð frumvarpshöfunda sem hafa mikla reynslu af framkvæmd aðfarar og við úrlausn dómsmála sem risið hafa af því tilefni. Af frumvarpshöfundum vil ég sérstaklega tilgreina Markús Sigurbjörnsson, settan prófessor, sem er aðalhöfundur frv. Ásamt honum hafa ýmsir aðrir lögfræðingar unnið að gerð þess eða farið yfir frumvarpstextann. Má þar nefna Skúla Guðmundsson, deildarstjóra í dómsmrn., Stefán Má Stefánsson prófessor, Guðmund Vigni Jósefsson gjaldheimtustjóra, Pál Þorsteinsson borgarfógeta, Þorstein Thorarensen, fyrrv. borgarfógeta, og Sigurmar Al-

bertsson hæstaréttarlögmann. Þá hafa bæði réttarfarsnefnd og laganefnd Lögmannafélags Íslands fylgst með samningu frv. og yfirfarið frumvarpstextann. Dómsmrn. hefur síðan fylgst með verkinu í heild.

Efni frv. er rakið og skýrt í mjög ítarlegum athugasemdum sem því fylgja og sem einar út af fyrir sig gætu verið kennslurit í lögfræði. Ég mun því takmarka framsöguræðu mína við helstu breytingarnar sem í frv. felast.

Frv. var eins og áður segir samið með hliðsjón af þeim tillögum sem til umræðu eru um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, en frv. þar að lútandi var flutt á síðasta þingi eins og áður er getið og það verður endurflutt hér með þeim breytingum sem hin sérstaka milliþinganefnd lagði til, en milliþinganefndin fjallaði um það í sumar og hefur skilað af sér.

Eins og lýst er nánar í athugasemdum með því frv. er gengið út frá því að ýmis verkefni sem héraðsdómstólar hafa fengist við til þessa verði framvegis á verksviði framkvæmdarvaldsins í höndum endurskipulagðra embætta sýslumanna. Þetta yrðu eigi lengur dómsathafnir heldur stjórnsýsluaðgerðir. Fjölmargt þótti mæla með þeirri breytingu og yrði of langt mál að tíunda það hér í einstökum atriðum. Þó má nefna hagræðingarsjónarmið þar sem aðskilnaðarfrv. gerir ráð fyrir að héraðsdómstólar verði aðeins átta að tölu og flestir með víðlend umdæmi, en sýslumannsembætti verði áfram 27 talsins og þannig betur sett til þess að annast verkefni af þessum meiði. Tvímælalaust verður meiri staðarþekking hjá sýslumönnum en héraðsdómstólum auk þess sem við embætti sýslumanna verður beinn aðgangur að upplýsingum úr þinglýsingabókum og öðrum opinberum eignaskrám og bein tengsl væru almennt við lögreglu sem getur haft þýðingarmiklu hlutverki að gegna við framkvæmd fullnustugerða.

Þá er þess að geta að í öllum nágrannalöndum okkar nema hér og í Danmörku eru fullnustugerðir taldar stjórnvaldsgerðir. Hin danska undantekning sem varð fyrirmynd okkar í núgildandi lögum á sér skýringu í aðstæðum sem uppi voru í Danmörku við lok einveldistímabilsins og skýrð var í frumvarpi til danskra réttarfarslaga frá 1877. Í framkvæmd hafa þó Danir að verulegu leyti falið svokölluðum „pante"fógetum og „kontor"fógetum aðfararaðgerðirnar, en þar er um ólöglærða starfsmenn dómsmála að ræða sem framkvæma aðfarargerðir en fara ekki með úrskurðarvald.

Við samningu þessa frv. voru þeir sem um málið fjölluðu sammála um að rétt væri að hverfa frá núgildandi skipan á aðfarargerðum og skilgreina þær framvegis sem stjórnsýsluathöfn er yrði í höndum umboðsmanna framkvæmdarvaldsins í héraði, þ.e. sýslumannanna.

Frv. er nokkuð óvanalegt í uppbyggingu í samanburði við yngri löggjöf hér á landi að því leyti að því er skipt í einstaka þætti, sex að tölu, en þáttunum er aftur skipt í afmarkaða kafla í áframhaldandi númeraröð, alls 17 talsins. Þetta á sér fyrirmynd í skiptalögunum, en þessi skipan er einnig mjög algeng í dönskum lagabálkum. Þetta er ekki gert af sérvisku heldur er hér einfaldlega verið að undirstrika innbyrðis samhengi í frv. og auðvelda leit að ákvæðum sem þörf er á hverju sinni.

Um röðun einstakra reglna frv. má að öðru leyti vekja athygli á því að reynt er að setja reglurnar fram í tímaröð, þ.e. á þann veg að þær séu nánast í sömu röð og atburðarás yrði almennt við undirbúning og framkvæmd aðfarargerðar.

Svo ég snúi mér að efni einstakra greina frv. vil ég fyrst nefna 1. gr. þess þar sem taldar eru upp aðfararheimildir. Þótt þær séu flestar óbreyttar frá því sem nú gildir er í 1. gr. að finna tvö veigamikil nýmæli. Hið fyrra er í 7. og 8. tölul. 1. mgr. Þar er mælt fyrir um að aðför megi gera án undanfarins dóms eða réttarsáttar til fullnustu kröfum samkvæmt skuldabréfum, víxlum og tékkum. Þessi breyting hefur verið til umræðu hér á landi um árabil, en hún á sér fyrirmynd í nýjum búningi danskra reglna um aðfararheimildir. Af þessari breytingu mun leiða verulegan sparnað í meðferð mála jafnframt því sem réttaröryggi verður að teljast fullnægjandi.

Síðara atriðið sem kemur fram í 1. gr. frv. felst í því að lögtaksheimildir samkvæmt fyrirmælum ýmissa sérlaga eru taldar upp sem aðfararheimild og er þar verið að leggja af greinarmun á fjárnámi og lögtaki að öðru leyti en því að mismunandi heimildir búi að baki því að fullnægja megi viðkomandi kröfum með aðför. Framvegis verður í einu lagi fjallað um bæði þessi afbrigði aðfarar til að fullnægja peningakröfum með samheitinu fjárnám og enginn greinarmunur gerður á reglum um framkvæmd eða réttaráhrif. Þessi breyting á sér danska fyrirmynd eins og fleiri breytingar í frv., en dönskum lögum var breytt í samsvarandi horf á árinu 1976.

Að öðru leyti en nú hefur verið nefnt eru óverulegar breytingar ráðgerðar á aðfararheimildum í 1. gr. frv., en vekja má athygli á reglu 2. mgr. hennar þar sem reynt er að taka af skarið um það til hvaða kröfuliða aðfararheimild nái.

Reglur 2. og 3. gr. kveða á um hver geti krafist aðfarargerðar og að hverjum megi beina gerðinni. Hér eru á ferð nokkrar breytingar frá núgildandi reglum sem nánar eru skýrðar í athugasemdum frv.

Í 4. gr. þess kemur fram ákvæði sem vert er að staldra aðeins við. Þar er mælt fyrir um að sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra fari með aðfarargerðir, en þessir embættismenn annist framkvæmd aðfarargerðar sem stjórnvaldsathafnir. Eins og nánar verður komið að síðar eiga héraðsdómstólar að sinna ákveðnum viðfangsefnum í tengslum við aðfarargerðir, en í meginatriðum er þar um að ræða að dómstólar verða við vissar aðstæður að fjalla um ódæmdar kröfur áður en aðfarar verður krafist fyrir þeim, auk þess að þeir verði einir bærir um að leysa endanlega úr ágreiningi sem rís við framkvæmd sýslumanns á aðförinni sjálfri. Nær allt annað sem

snýr að aðfarargerð í þeirri mynd sem við þekkjum nú verður í höndum sýslumanna.

Regla 4. gr. minnir einnig á þá hugtaksnotkun frv. að sá sem aðfarargerð framkvæmir er nefndur sýslumaður en ekki fógeti. Fógetahugtakið er þannig hvergi notað í frv. og heldur ekki samsett hugtök úr því, svo sem fógetagerð og fleiri sem nú tíðkast ef frá eru taldar sérreglur um tengsl eldri laga og yngri undir lok frv.

Í II. kafla frv. koma fram reglur um aðfararfrest meðal þeirra atriða sem vert er að nefna sérstaklega. Í fyrsta lagi eru lagðar til nýjar reglur í 5. gr. um aðfararhæfi dóma og úrskurða. Í þeim efnum má annars vegar benda á að gert er ráð fyrir að birting dóms eða úrskurðar verði ekki skilyrði fyrir aðför heldur megi krefjast aðfarar án frekari ráðstafana að liðnum 15 dögum frá uppkvaðningu dómsúrlausnar. Hins vegar koma fram ráðagerðir um nokkuð breyttar reglur varðandi áhrif áfrýjunar eða kæru aðfararheimildir sem eftir eðli máls snýr fyrst og fremst að dómum og úrskurðum. Málskot innan almennra málskotsfresta hefur að vísu eins og eftir núgildandi lögum frestandi áhrif á rétt til aðfarar, en þau nýmæli koma hins vegar fram í II. kafla frv. að ef almennur málskotsfrestur er liðinn frestast aðför að meginreglu ekki þótt áfrýjað sé að veittu áfrýjunarleyfi.

Í öðru lagi koma fram sérstök skilyrði í 7. og 8. gr. fyrir aðför til fullnustu kröfum sem eigi hafa á fyrri stigum komið til kasta dómstóla. Í 7. gr. er þannig kveðið á um að ef leita á aðfarar fyrir kröfu samkvæmt úrskurði eða ákvörðun yfirvalds, skuldabréfi, víxli, tékka eða á grundvelli annarrar lögtaksheimilda en fyrri skattkröfu verður gerðarbeiðandi að beina sérstakri greiðsluáskorun að gerðarþola áður en lengra verður haldið. Ef um skattkröfur er hins vegar að ræða kemur fram sérregla í 8. gr. um almenna greiðsluáskorun þótt um ódæmdar kröfur sé að ræða. Þessi síðast nefnda aðgerð kemur í stað núgildandi reglna um almenna lögtaksúrskurði sem þjóna tæpast neinum raunhæfum tilgangi í dag.

Þá má loks nefna í þriðja lagi að í 9. gr. er kveðið á um að aðför megi gera til fullnustu kröfu svo lengi sem hún er ófyrnd, án þess að þörf verði birtingar sérstakra greiðsluáskorana eins og þarf samkvæmt 9. gr. núgildandi aðfararlaga.

Ég flyt mig svo í III. kafla frv. Vil ég einkum vekja athygli á þýðingarmiklum reglum í 11. og 16. gr. sem í sameiningu snúa að því hvert beina eigi aðfararbeiðni. Í 11. gr. er kveðið á um að byrja þurfi á að leggja beiðnina fyrir héraðsdómara í tilvikum sem nánar eru talin í sex töluliðum. Megineinkenni þeirra tilvika sem þurfa að sæta þessari meðferð er að hér er almennt um þær aðfararhæfu kröfur að ræða sem ekki hafa áður komið til kasta dómstóla. Þetta er þó ekki einhlítt því að ekki er gert ráð fyrir að ódæmdar skattakröfur hins opinbera þurfi að fara þessa boðleið. Þegar fyrirmæli 11. gr. eiga við um kröfu er gert ráð fyrir að aðfararbeiðni og fylgigögn hennar verði lögð fyrir héraðsdómara sem taki með einföldum hætti afstöðu til hennar án þess að gerðarþoli verði almennt kvaddur til af því tilefni. Héraðsdómara er því ætlað að framkvæma forprófun á kröfu ef svo má kalla og ef skilyrðum aðfarar er fullnægt að árita aðfararbeiðnina þar að lútandi.

Í 16. gr. er gert ráð fyrir að slík árituð aðfararbeiðni gangi því næst til sýslumanns sem annast framkvæmd gerðarinnar sjálfrar.

Þá ber að vekja athygli á því þýðingarmikla atriði að ef krafa fellur ekki undir reglu 11. gr. fer aðfararbeiðni beint til sýslumanns án undangenginnar meðferðar fyrir dómi, en þessi tilhögun á við um algengustu aðfararheimildirnar eftir núgildandi reglum, þ.e. dóma, úrskurði, áritaðar áskorunarstefnur, réttarsáttir og skattakröfur sem njóta lögtaksréttar samkvæmt fyrirmælum annarra laga.

Um reglur III. kafla að öðru leyti má benda á að í 16. gr. er gert ráð fyrir að krefjast megi aðfarar á fleiri stöðum en nú leiðir af varnarþingsreglum aðfararlaga.

Í IV. kafla frv. koma fram almennar reglur um upphafsaðgerðir þegar aðfararbeiðni hefur borist sýslumanni. Sú regla kaflans sem helst er ástæða til að nefna hér kemur fram í 21. gr. Samkvæmt henni verður meginreglan sú að tilkynna eigi gerðarþola fyrir fram um væntanlega aðfarargerð, en frá því má þó víkja vegna tiltekinna atvika. Þessi regla á sér fyrirmynd í nýlegum breytingum á dönskum lögum sem þóttu m.a. nauðsynlegar vegna rýmkunar á heimildum fyrir aðför til fullnustu ódæmdum kröfum. Fyrir því eru rök sem eigi er tóm til að rekja að svo stöddu.

Í 22.–24. gr. koma fram reglur um hvar byrja megi aðfarargerð sem eru hliðstæðar núgildandi reglum, en einnig koma fram heimildir til að ljúka gerðinni án þess að gerðarþoli hafi mætt til hennar. Hér er ekki ráðrúm til að skýra einstök atriði þeirra reglna, en í heild má segja að hér sé byggt á því meginsjónarmiði að ef gerðarþoli hefur á annað borð fengið tilkynningu um væntanlega aðfarargerð megi ljúka henni án viðveru hans eða einhvers fyrir hans hönd ef tök eru á annarra hluta vegna. Ef þessi möguleiki er ekki fyrir hendi eru nokkuð strangar skorður settar við því að gerð verði lokið án þess að náð verði til gerðarþolans sjálfs eða einhvers sem honum er nákominn.

Í 26. og 27. gr. koma fram mikilvægar reglur sem taka til þess hvernig sýslumaður eigi að bregðast við ef ágreiningur rís um framkvæmd gerðarinnar, hvort sem um frestsveitingu er að ræða eða deilt er um hvort gerðin megi yfirleitt ná fram að ganga. Hér er gert ráð fyrir að sýslumaður taki þegar í stað ákvörðun um það hvort og þá hvernig gerðin haldi áfram ef gerðarbeiðandi krefst þess á annað borð. Þær líkindareglur eru settar í þessum ákvæðum að mótmæli gerðarþola eigi að jafnaði ekki að hafa áhrif á framgang gerðarinnar, en frá því megi þó víkja ef sýslumaður telur þau valda því að málefnalegar ástæður séu til að draga réttmæti krafna gerðarbeiðanda í efa. Getur sýslumaður þá ákveðið

að stöðva frekari aðgerðir.

Þannig er gert ráð fyrir því að sýslumaður haldi gerðinni almennt áfram eins og ekkert hafi í skorist og hún verði ekki stöðvuð til dómsmeðferðarágreinings, enda á gerðarþoli þess kost að fá dómsúrlausn um réttmæti gerðarinnar eftir á samkvæmt fyrirmælum XV. kafla. Ef sýslumaður tekur hins vegar ákvörðun gerðarbeiðanda í óhag getur gerðarbeiðandi þegar í stað borið ákvörðunina undir héraðsdóm eftir reglum XIV. kafla, auk þess að gerðarbeiðandi getur ávallt óskað eftir frestun gerðarinnar og heimilað gerðarþola þar með að fá leyst úr ágreiningi þeirra fyrir dómi eftir sömu reglum áður en gerðinni verður fram haldið.

Í framhaldi af þessu má benda á að í 29.–31. gr. koma fram reglur um þvingunarúrræði og valdbeitingu sýslumanns við framkvæmd aðfarargerðar. Þessar reglur eru nokkuð frábrugðnar núgildandi reglum í 36. og 37. gr. aðfararlaganna um hliðstætt efni, en sérstaklega má vekja athygli á að heimildir til frelsisskerðingar gerðarþola eru verulega breyttar samkvæmt 29. gr. frv.

Í 32. og 34. gr. þess eru reglur um framlagningu gagna við aðför og bókanir, auk þess að gert er ráð fyrir að almennt verði ekki þörf votta við aðför, en ef aðstæður krefjast nægi að vottur sé einn.

Í 35. gr. er að finna reglu sem heimilar sýslumanni að fara út fyrir umdæmi sitt til að ljúka aðfarargerð ef nauðsyn krefur. Í samhengi við þessa heimild er þó vert að benda á að ekki er gert ráð fyrir að almennt þurfi að flytja gerð milli umdæma þó bent sé á eign til fjárnáms í öðru umdæmi. Í 2. mgr. 51. gr. er mælt fyrir um að það megi ljúka fjárnámi almennt án tillits til þess hvar eign sú, sem gert er fjárnám í, sé niður komin.

Í VI. kafla frv. koma fram reglur um andlag fjárnáms sem að meira eða minna leyti eru mótaðar eftir fyrirmynd í nýlega breyttum dönskum lagareglum um fjárnám. Af helstu breytingunum sem hér er gert ráð fyrir má benda á að eftir 38. gr. er ekki ætlast til að virðing eigna fari fram við fjárnám nema sérstakar aðstæður krefji. Þetta er veruleg breyting frá núgildandi lagafyrirmælum á pappírnum þótt hana megi vart merkja í raun þar eð í forprentuðum embættisbókum sem notaðar eru við aðfarargerðir hefur lengi tíðkast að prenta setninguna „Aðilar féllu frá virðingu".

Þá má nefna reglur 41.–50. gr. sem rýmka undanþágur eigna frá fjárnámi og frátökuheimild gerðarþola. Um frátökuheimildina er vert að vekja sérstaka athygli á 43. gr. sem er ekki aðeins rýmri til hagsbóta fyrir gerðarþola en núgildandi lagafyrirmæli heldur er að auki að mestu tekin úr tengslum við tölulegar viðmiðanir.

Í VII. kafla frv. er að finna reglur um réttaráhrif fjárnáms og um fleiri skyld atriði sem rétt er að gera nánari grein fyrir. Í fyrsta lagi koma fram nýmæli í 54. gr. þar sem mælt er fyrir um að eigi megi knýja fram nauðungarsölu eignar á grundvelli fjárnáms fyrr en fjórar vikur eru liðnar frá því að það er gert. Þessi regla á sér danska fyrirmynd og byggist á þeirri augljósu hugsun að rétt sé að veita gerðarþola ráðrúm til að leysa sín mál eftir fjárnám án þess að hann eigi nauðungarsölu eigna yfir höfði sér þegar í stað.

Þá er rétt að vekja sérstaka athygli á því að í 54. gr. er kveðið á um að ef ágreiningur um réttmæti fjárnámsgerðar er borinn undir héraðsdóm samkvæmt reglum XV. kafla hefur það þá afleiðingu að meginreglu að nauðungarsala getur ekki náð fram að ganga eftir kröfu fjárnámshafa fyrr en málið hefur verið til lykta leitt fyrir héraðsdómi.

Í öðru lagi er ástæða til að vekja máls á því að í 56. gr. kemur fram sú almenna regla að gerðarþoli haldi vörslum eða umráðum hins fjárnumda þar til komið er að ráðstöfun þess með nauðungarsölu. Heimild er þó til vörslusviptingar ef sérstök hætta þykir á að gerðarþoli misfari með viðkomandi eign. Hér er ekki að finna frekari sérreglur um framkvæmd vörslusviptinga, enda er hér byggt á því að þær tengist ekki í framtíðinni fjárnámsgerðinni sem slíkri heldur fari þær fram í tengslum við nauðungarsölu og þá fyrir atbeina þess sem hana annast.

Af reglum VII. kafla má loks í þriðja lagi benda á ákvæði 60. gr. þar sem mælt er fyrir um að fjárnám í lausafé eða kröfum falli almennt sjálfkrafa niður að liðnu ári frá því að fjárnám er gert ef gerðarbeiðandi hefur ekki krafist nauðungarsölu hins fjárnumda innan þess tíma. Þessi regla, sem á sér danska fyrirmynd, á að koma í stað svokallaðrar tólf vikna reglu í 2. mgr. 50. gr. núgildandi aðfararlaga.

Í VIII. kafla frv. koma fram sérreglur um skilyrði fyrir því að fjárnámi verði lokið án árangurs. Meginbreytingin sem hér er ráðgerð felst í því að fjárnámi megi almennt ekki ljúka án árangurs nema gerðarþoli eða málsvari hans hafi mætt við gerðina og hafi annaðhvort ekki getað bent á neina eign eða einungis bent á eign sem hrekkur ekki fyrir kröfu gerðarbeiðanda.

Í IX. kafla er síðan að finna reglur sem taka afstöðu til heimilda til endurupptöku fjárnámsgerðar. Reglurnar eru að flestu leyti samsvarandi þeim reglum sem nú er fylgt, en þó má benda sérstaklega á að í 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. er gert ráð fyrir að gerðarþoli geti krafist endurupptöku ef fjárnám hefur verið gert að honum fjarstöddum í eign sem ekki mátti taka fjárnámi eða hefði fallið innan frátökuréttar hans.

Í X. kafla eru sérstakar reglur um fjárnám til fullnustu kröfum um dagsektir sem ekki eiga sér hliðstæðu í núgildandi lögum.

Í XI. kafla frv. er komið að reglum um aðför til fullnustu krafna um annað en peningagreiðslur. Svara þær í flestu til núgildandi reglna. Þó má nefna að regla 77. gr., sem snýr að þeim aðstæðum að kröfu verður ekki fullnægt samkvæmt efni sínu með valdbeitingu, er að nokkru leyti frábrugðin núverandi fyrirmælum í aðfararlögum.

XII. kafli frv. fjallar sérstaklega um útburðar- og innsetningargerðir án undangengins dóms eða

réttarsáttar eða m.ö.o. um beinar fógetagerðir. Ákvæði kaflans fela ekki í sér neina breytingu frá núverandi framkvæmd á grundvelli dómvenju.

Í V. þætti frv. er fjallað sérstaklega um meðferð mála um aðfarargerðir fyrir héraðsdómstólum og er þættinum skipt í þrjá kafla sem hver um sig tekur til ákveðinna afbrigða dómsmála. Í XIII. kafla er fjallað um meðferð mála þar sem ágreiningur hefur risið um aðfararbeiðnir við upphafsgerðir fyrir héraðsdómi samkvæmt 11. gr., en þar eru þau tilvik talin þar sem leggja þarf aðfararbeiðni fyrir héraðsdómara áður en henni er beint til sýslumanns.

Í XIV. kafla er fjallað sérstaklega um meðferð mála sem koma til vegna ágreinings sem rís við framkvæmd aðfarargerðar og þar sem heimilt er að leggja afmarkaðan ágreining fyrir héraðsdómara.

Í XV. kafla er fjallað um meðferð þeirra mála sem ætlunin er að hafi helst þýðingu í framkvæmd. Í frv. er gert ráð fyrir þeirri aðalreglu að ágreiningur í sambandi við aðfarargerð komi almennt ekki til kasta héraðsdóms fyrr en sýslumaður hefur lokið gerðinni. Eftir þau tímamörk og á næstu átta vikum geta gerðarbeiðandi, gerðarþoli eða þriðji maður, sem hefur hagsmuna að gæta, krafist úrlausnar héraðsdóms um öll atriði aðfarargerðarinnar með tiltölulega einföldum hætti og fengið hana fellda úr gildi eða breytt eftir atvikum. Reglur XV. kafla taka þannig sérstaklega til mála sem koma til með þessum hætti og er lögð áhersla á einfalda og fljótvirka málsmeðferð.

Í XVI. kafla frv. koma fram nýmæli um skaðabótaábyrgð vegna aðfarargerðar, en til þessa hefur sú óverulega framkvæmd, sem orðið hefur hér á landi í þessum efnum, stuðst við ólögfestar skaðabótareglur. Ákvæði þessa kafla eru að mestu sniðin eftir danskri fyrirmynd og eru áþekk reglum sem taldar hafa verið gildandi hér á landi um slík tilvik er hér um ræðir.

Þá er loks í XVII. kafla frv. að finna fyrirmæli um gildistöku, brottfellingu eldri laga og skil milli reglna frv. og núgildandi laga. Reglur 100.–108. gr., sem varða skil eldri laga og yngri, eru mun ítarlegri en samsvarandi reglur hafa almennt verið við setningu réttarfarslöggjafar hér á landi.

Í frv. er lagt til að það taki gildi sem lög, ef samþykkt verða, hinn 1. júlí 1990, en það er sama gildistökuákvæði og lagt var til í frv. um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds. Ekki veitir af nokkrum tíma fyrir dómstóla, stjórnsýslu og lögmannastétt landsins svo að þessir aðilar geti tileinkað sér þær réttarfarsbreytingar sem aðfararlagafrv. er hluti af.

Virðulegi forseti. Ég hef nú lokið því að skýra í stuttu máli efni þessa frv. Hér er um að ræða frv. sem er mjög vandlega undirbúið og sem leysir af hólmi gamla og í mörgum atriðum úrelta löggjöf. Ég legg á það áherslu að þetta frv. geti orðið að lögum á þessu þingi og legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu frestað.

NEÐRI DEILD

14. fundur, miðvikudaginn 23. nóv., kl. 2 miðdegis.

Helgidagafriður, frh. 1. umr.

Stjfrv., 109. mál (heildarlög). — Þskj. 112.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 28 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. KJóh, 113. mál (greiðsla opinberra gjalda með skuldaviðurkenningum). — Þskj. 116.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 31 shlj. atkv.

Hlutafélög, 1. umr.

Stjfrv., 115. mál (heildarendurskoðun). — Þskj. 121.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 frá 12. maí 1978, um hlutafélög, sem ég mæli hér fyrir, er að mestu leyti efnislega samhljóða samnefndum frumvörpum sem lögð voru fyrir 109. og 110. löggjafarþing en urðu þá ekki útrædd.

Tvær smávægilegar efnisbreytingar hafa verið gerðar á síðara frv. Breytingarnar varða annars vegar 3. mgr. 1. gr. laganna þar sem vísað er til lánskjaravísitölu og hins vegar nýja 3. mgr. 20. gr. laganna þar sem settur er þriggja mánaða frestur til mats á innlausnarverði hlutabréfa.

Frv. sem hér er til umræðu er í meginatriðum árangur af starfi nefndar sem viðskrh. skipaði í byrjun árs 1984 til að endurskoða m.a. lögin um hlutafélög og koma með tillögur um nauðsynlegar úrbætur með hliðsjón af fenginni reynslu af framkvæmd laganna, einkum hvað varðar hin smærri hlutafélög.

Ein veigamesta breytingin sem nefndin gerði tillögu um var að íslensk lög verði samræmd lögum

nágrannalandanna um kröfur að því er varðar fjölda stofnenda og hluthafa í félögum. Hér er lagt til að lágmarksfjöldi þeirra sem þarf til að stofna hlutafélag og eiga hluti í slíku félagi lækki úr fimm í tvo. Þá er einnig lagt til að í stjórn hlutafélags megi skipa einn eða tvo menn ef hluthafar eru fjórir eða færri í félaginu. Samkvæmt gildandi lögum skulu minnst þrír menn skipa stjórn í hlutafélagi. Með því að fækka á þennan hátt í félögum og stjórnum þeirra er að mínu áliti fækkað málamyndahluthöfum og þar með stuðlað að aukinni hagræðingu við stofnun hlutafélaga og í rekstri þeirra. Þess má geta að í sumum nálægum löndum er heimilt að stofna til rekstrar með takmarkaðri ábyrgð þótt eigandinn sé aðeins einn. Það var hins vegar ekki tillaga nefndarinnar að ganga svo langt í þessu máli.

Þá er lagt til í frv. að lágmarksfjárhæð hlutafjár við stofnun hlutafélags verði hækkuð úr 20 þús. kr., eins og er í gildandi lögum, í 400 þús. kr. Fjárhæðin hefur staðið óbreytt frá setningu laganna um hlutafélög um mitt ár 1978, en lögin gengu í gildi í ársbyrjun 1980. Fjárhæðin sem hér er gerð tillaga um sem lágmark hlutafjár er að miklu leyti miðuð við breytingar á verðlagi, þó ekki til fulls, því líklega hefði full breyting með verðlagi fram til september á þessu ári haft í för með sér að lágmarksfjárhæðin færi í 660 þús. kr. Hér er hins vegar gerð tillaga um 400 þús. kr. Í þessari ákvörðun hefur verið tekið nokkurt tillit til fjárhæðar lágmarkshlutafjár í löggjöf nálægra landa, einkum Norðurlandanna. Lagt er síðan til í frv. að fjárhæðirnar breytist hér eftir í samræmi við breytingar á lánskjaravísitölu samkvæmt ákveðnum reglum sem greinir í frv.

Þá er lagt til í frv. að sett verði í lögin ákvæði sem bætir stöðu hluthafa þegar stjórn hefur synjað hluthafa um leyfi til að selja hlut sinn. Er gert ráð fyrir að hluthafinn geti krafist þess að félagið leysi til sín hlutina sem það synjar um sölu á.

Í frv. eru ýmsar breytingar sem stefna að því að fella ákvæði hlutafélagalaganna að þeim breytingum sem orðið hafa á reikningsskilareglum hér á landi á síðustu árum og gera auk þess ýmsar breytingar á gildandi reglum um ársreikninga. T.d. yrði skýrsla stjórnarinnar samkvæmt frv. ekki hluti ársreiknings eins og nú er heldur sjálfstætt skjal. Enn fremur er í þessu frv. lagt til að ráðherra hafi einungis heimild til að veita almennan aðgang að ársreikningum þeirra hlutafélaga sem engar hömlur leggja á heimild hluthafanna til að ráðstafa hlut sínum, þ.e. til að selja þá eða ráðstafa á annan hátt, í stað þess sem nú er að ráðherra sé rétt að veita aðgang að ársreikningum allra hlutafélaga. Þessi takmörkun á upplýsingaskyldu þykir heppileg m.a. með tilliti til þess hversu smá hlutafélög hér eru yfirleitt.

Þá eru gerðar nokkar tillögur um breytingar á reglum sem varða slit á hlutafélögum. Helstu breytingarnar sem gerðar hafa verið í viðskrn. á tillögu nefndarinnar sem samdi stofninn að frv. fela af eðlilegum ástæðum ekki síst í sér hækkun á lágmarksfjárhæð hlutafjár. Þá er í frv. lagt til að heimild verði til að gefa út hlutabréf án atkvæðisréttar. Nokkru strangari kröfur eru gerðar um úrlausn mála sem ekki hafa verið greind í dagskrá hluthafafundar, þ.e. það eru sett takmörk á afgreiðsluheimildir þegar mál eru tekin fyrir á hluthafafundi án þess að um þau hafi verið tilkynnt fyrir fram.

Í frv. er ekki lögð skylda á öll hlutafélög að skila ársreikningum fortakslaust eins og verið hefur, heldur einungis þau sem engar hömlur leggja á heimild hluthafanna til að versla með eða ráðstafa hlutabréfunum. Þó má kalla eftir ársreikningum annarra hlutafélaga ef ástæða þykir til. Þá skulu hlutafélögin auk venjulegra tilkynninga senda hlutafélagaskrá sérstakar tilkynningar um nöfn stjórnarmanna og fleira miðað við 1. júní ár hvert til þess að auka áreiðanleika þeirra upplýsinga sem skráin veitir og er á þessu mikil þörf því satt best að segja er framkvæmd núgildandi skráningar á stjórnarmönnum og hluthöfum í hálfgerðum lamasessi.

Loks eru ákvæði til bráðabirgða þar sem gert er ráð fyrir tímabundnum möguleika til að slíta hlutafélögum á einfaldari hátt en nú er unnt. Ég ætla nú að skýra í nokkrum orðum helstu brtt. frá frv. nefndarinnar.

Tillagan um heimild til að gefa út hlutabréf án atkvæðisréttar er nýmæli því samkvæmt gildandi lögum skal hverjum hlut fylgja atkvæðisréttur. Að vísu er nú heimilt að gefa út hlutabréfaflokka með aðeins 10% atkvæðisrétti á við almenn hlutabréf. Ég vil geta þess að hlutabréf án atkvæðisréttar eru mjög vinsæl víða í viðskiptalöndum okkar, t.d. í Frakklandi, Ítalíu og í Þýskalandi. Rétt þykir að skapa með lagaákvæðum farveg fyrir nýja ávöxtunar- eða sparnaðarleið hér á landi til þess að örva atvinnulífið og viðskipti með hlutabréf auk þess sem fyrirtæki þyrftu þá síður að leita eftir innlendu eða erlendu lánsfé. En hlutabréf án atkvæðisréttar fela einmitt í sér ávöxtunarform fyrir þá sem eingöngu vilja festa sinn sparnað í hlutabréfum án þess að skipta sér af rekstrinum. Hitt er svo annað mál að breyta þyrfti skattalögunum ef menn vildu örva hér hlutabréfaviðskipti fyrir alvöru.

Þá er, eins og ég nefndi áðan, gert ráð fyrir því að mál sem ekki hafa verið greind í dagskrá hluthafafundar megi ekki taka til úrlausnar á fundinum nema með samþykki allra mættra hluthafa, en jafnframt er þess krafist að hinir atkvæðisbæru fundarmenn sem samþykki kynnu að veita fari með minnst 3/4 hluta atkvæða í félaginu. Þetta er mikilvægt ákvæði þótt það láti ekki mikið yfir sér og er hér m.a. höfð hliðsjón af athugasemdum lögmanna um þetta atriði og fram komu á málþingi Lögfræðingafélags Íslands haustið 1987. Einnig er höfð hliðsjón af löggjöf nágrannalandanna þar sem jafnvel eru gerðar enn strangari kröfur og er sums staðar beinlínis krafist samþykkis allra hluthafa til þess að slíkt mál megi taka fyrir. Í 72. gr. gildandi laga um hlutafélög nægir nú samþykki 2/3 hluta mættra hluthafa án tillits til atkvæðamagns sem þeir hafa á bak

við sig. Það er öldungis óviðunandi að stjórnir í félögum geti komið óvænt með mál á hluthafafundi og leitt þau til lykta án þess að í raun og veru sé tryggur meiri hluti fyrir ákvörðun í félaginu.

Í ákvæði til bráðabirgða er byggt á tillögum skiptaráðanda og er þar gert ráð fyrir að mögulegt verði nú nokkur næstu ár að slíta hlutafélögum á einfaldari hátt en verið hefur. Nokkur hluti þeirra u.þ.b. 6000 hlutafélaga sem skráð eru hér á landi hefur í raun og veru hætt sinni starfsemi og verður að telja til bóta að unnt verði að slíta þeim með tiltölulega einföldum hætti. Það mun án efa geta haft í för með sér nokkurn sparnað bæði fyrir hluthafa viðkomandi félags og hið opinbera.

Herra forseti. Ég hef nú í grófum dráttum rakið helstu atriði í því hlutafélagafrv. sem liggur fyrir hv. þingdeild og leyfi mér að öðru leyti að vísa til hinna prentuðu athugasemda sem með því fylgja og fyrri umræðna á þinginu, þ.e. 109. og 110. löggjafarþingi. Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. að lokinni þessari umræðu.

Ég legg mikla áherslu á að frv. fái vandaða en rösklega þinglega umfjöllun og verði samþykkt sem lög á þessu þingi.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Ég fagna því að þetta frv. er nú endurflutt og get tekið undir þau orð hæstv. ráðherra að nauðsyn beri til að hraða afgreiðslu þessa máls og vænti þess að það verði að lögum á þessu þingi. Ég hef áður mælt fyrir þessu frv. sem nú er flutt lítillega breytt. Það var ekki vanþörf á því að gera margvíslegar breytingar á lögum um hlutafélög því að þau eru að stofni til orðin mjög gömul eða frá árinu 1921, þó að þeim hafi verið breytt árið 1978, en sú breyting var að mínum dómi fremur lítilfjörleg og engan veginn í takt við tímann.

Eins og hæstv. ráðherra gat um, þá hefur frv. tvisvar sinnun verið lagt fyrir Alþingi, árin 1986 og 1987, og er byggt á starfi nefndar sem skipuð var á árinu 1984. Endurflutningur frv. er með tveimur smávægilegum efnisbreytingum, annars vegar varðandi 3. mgr. í 1. gr. laganna, en þar er aðeins vísað í lánskjaravísitölu, og hins vegar ný 3. mgr. 20. gr. laganna þar sem tímatakmörk eru sett vegna mats á innlausnarverði hlutabréfa. Svo og eru leiðréttingar á örfáum villum sem slæðst hafa inn. Ítarleg greinargerð fylgir frv. og skýrir vel hvaða breytingar eru hér gerðar. Margar þessar breytingar eru mjög mikils virði. Það er einnig mjög mikils virði að hin minni hlutafélög fá þarna bæði aukinn rétt og um leið aðhald sem þarf á að halda. Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða frekar um þetta frv. efnislega að öðru leyti en því að ég endurtek að ég fyrir mitt leyti, en ég á sæti í þeirri nefnd sem væntanlega fær frv. til meðferðar, mun leggja áherslu á það að nefndin afgreiði það því að það er, eins og ég sagði hér í upphafi, brýn nauðsyn á því að Alþingi setji nýja löggjöf um hlutafélög þar sem gildandi löggjöf er á margan hátt úrelt. Hins vegar áskil ég mér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma um hin minni atriði sem alltaf getur komið til í sambandi við meðferð nefndar á frv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Grunnskóli, 1. umr.

Frv. RH o.fl., 88. mál (skólaskylda, starfstími nemenda o.fl.). — Þskj. 90.

Flm. (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Á þskj. 90 höfum við þrír þm. Sjálfstfl. leyft okkur að flytja frv. til til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 63/1974. Frv. er byggt annars vegar á stefnumörkun Sjálfstfl. og hins vegar stefnumörkun fjölskyldunefndar ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar. Tilgangur frv. er að auka réttindi og menntun barna og bæta aðstöðu fjölskyldna með því fyrst og fremst að samræma vinnutíma foreldra og barna.

Efnisatriði frv. bera það með sér að þau ráð sem það bendir á eru fyrst og fremst fólgin í lengingu daglegs skólatíma. Á sama tíma og þetta frv. er borið fram höfum við einnig borið fram önnur frv. og þáltill. um skólamál sem varða svipað atriði. Á þskj. 91 er till. til þál. um lengd skólaárs og samfelldan skóladag og í efri deild hefur hv. þm. Salome Þorkelsdóttir ásamt fleirum flutt frv., sem hún hefur raunar flutt áður, um skólaráð sem fela í sér aukin áhrif foreldra á skólastarfið.

Ef ég vík nánar að efnisatriðum frv. felst í 1. gr. þess ákvæði um að 6 ára bekkur verði fyrsti bekkur grunnskólans, þ.e. að 6 ára börn verði skólaskyld, það sé ekki einungis fræðsluskylda heldur og skólaskylda að því er 6 ára börn varðar. Menn geta spurt: Hví er verið að skylda blessuð börnin til að fara í skóla? Þeim leiðist kannski sumum þar. Og hvað hyggjast menn fyrir með tillögu sem þessari? Nú er það svo að það er ljóst að skólaskyldan hér á landi hefur tvímælalaust verið lykill að miklu betri aðstöðu barna til menntunar en var fyrr á tíð og hún er liður í því að tryggja jafnrétti barna hvar sem þau búa á landinu.

Staðreyndin er sú að af öllum 6 ára börnum eru það 98,7% sem eru í grunnskóla núna og njóta skólavistar í svokallaðri forskóladeild en í mismunandi mæli og af ástæðum sem ég kem síðar að. Þetta sýnir að vilji foreldra til þess að láta börn sín njóta þessarar fræðslu er mjög eindreginn. Það er því ljóst að þessu tilboði hafa foreldrar tekið fagnandi. En samkvæmt núgildandi lögum fer sú kennsla sem 6 ára börn fá eftir því hve mörg börn eru í bekknum, þannig að 6 ára börn, sem eru e.t.v. í hópi með 5–6

öðrum börnum, fá langtum minni kennslu. 18 barna bekkur fær þrefalt meiri kennslu. Í þessu teljum við að verulegur galli sé fólginn, sérstaklega alvarleg mismunun gagnvart börnum í dreifbýli. Í mörgum umdæmum er það líka svo að þessi kennsla er dregin saman í tiltölulega skamman tíma að vorinu og er ekki að öðru leyti.

Með því að hverfa að því ráði sem lagt er til í þessu frv. verður 6 ára hópurinn einfaldlega að bekk í skólanum eins og 7 ára og 8 ára bekkurinn er núna og 6 ára bekkurinn verður þá 1. bekkur grunnskólans. Það þýðir að viss réttindi eru við það bundin. Þau réttindi felast fyrst og fremst í því að þá tekur ríkið á sig ábyrgð á útvegun námsgagna. Sú ábyrgð er ekki sjálfkrafa talin fylgja fræðsluskyldunni einvörðungu en þegar um er að ræða skólaskyldu eða skyldunám nemandans gilda ákvæði laga um Námsgagnastofnun þess efnis að skylt sé að leggja þeim hópi til námsgögn. Þetta þýðir það líka að þá verður auðveldara allt skipulag skólaársins fyrir þennan aldurshóp, meiri samfelldni verður í öllu skólahaldinu og það verður líka kostur á samkennslu 6, 7 og 8 ára barna í mjög fámennum skólum þar sem nú stendur svo á að 6 ára börnin eru mjög afskipt.

Til þess að ná þessu marki leggjum við til í 2. gr. frv. að kennslutími á hvern nemanda verði skipulagður í 6 ára bekknum eins og í 7 ára og 8 ára hópunum og öðrum hópum grunnskólans, þ.e. að á hvern nemanda verði í 1. bekk 6 ára barna 1200 mínútur á viku. Þetta er vissulega framtíðarmarkmið og ég kem að því síðar hvernig við leggjum til að því verði náð. Stefnt er að því með þessu að dvöl barns í skólanum geti orðið allt að 6 klst., þ.e. í þeim 6 klst. eru innifaldar kennslustundirnar sjálfar sem eru 40 mínútur hver, stundahlé á milli þeirra kennslustunda og matarhlé. Samtals geti því viðvera nemanda í skólanum orðið 6 klst.

Við teljum að þetta skipti geysimiklu máli fyrir öryggi barna og festu í fjölskyldulífi. Við gerum okkur það ljóst að hér er um allmikinn kostnað að ræða. Þess vegna gerum við okkur líka ljóst að þetta er framtíðarmarkmið sem ekki verður öllu náð í einu vetfangi. Lagt er til að markinu verði náð í vissum áföngum sem skilgreindir eru í fylgiskjali með frv. en þetta fylgiskjal er sá hluti áfangaskýrslu fjölskyldumálanefndar ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar sem fjallar um skólamálin.

Á meðan aðstaða hefur ekki myndast til að veita 6 ára börnum alla þá kennslu sem hér er gert ráð fyrir leggjum við á það mikla áherslu að komið verði á fót skólaathvörfum við hvern grunnskóla þar sem nemendur geta dvalist utan kennslustunda undir leiðsögn uppeldismenntaðs fólks. Við gerum ráð fyrir að heimilt sé að taka gjald fyrir dvöl nemanda í skólaathvörfum og upphæð gjaldsins skuli ákveðin af skólastjóra í samráði við fræðslustjóra. Þessar hugmyndir um skólaskyldu 6 ára barna, lengri skólatíma þeirra og skólaathvörf, þannig að lítil börn geti haft aðstöðu til að dveljast í skólanum undir leiðbeinandi eftirliti á þeim tíma eru í samræmi við álit forskólanefndar sem svo var kölluð og vann mikla skýrslu fyrir menntmrn. á sínum tíma. Sú skýrsla lá reyndar fyrir þegar á árinu 1981 en formaður þeirrar nefndar, Sigríður Jónsdóttir námsstjóri, hefur nokkrum sinnum ritað bréf í framhaldi af þessu og minnist ég þess á þeim tíma sem ég átti sæti í menntmrn. að hennar ábendingar um þau réttindi, sem fælust í sjálfri skólaskyldunni fyrir börnin, voru mjög þungar á metum. Hún færði fyrir þeim þau rök sem ég m.a. benti á áðan. Þau rök eru einfaldlega fólgin í því að skyldunámsfólki eru í lögum búin tiltekin réttindi. Svo að ekkert fari nú á milli mála með hugtökin eru þeir sem stunda skyldunám þeir sem eru skólaskyldir. Svo skringilegt sem það er að vera að tala um hvað svona einföld orð þýða, þá geri ég það nú samt því ótrúlegt er hvað menn geta teygt hugtök í umræðum um þessi mál sem ýms önnur.

Nú gerum við í frv. ráð fyrir að daglegur skólatími annarra nemenda lengist einnig. Við gerum líka ráð fyrir að lengd kennslustundanna fari eftir ákvörðun skólastjóra en samfelld kennslustund megi ekki vera lengri en 80 mínútur og alls ekki skemmri en 20 mínútur en meðallengd kennslustunda verður um 40 mínútur. Síðan er gert ráð fyrir að stundahléin séu aldrei styttri en 15 mínútur á móti hverjum 100 mínútum sem kenndar eru.

Þessar hugmyndir um lengingu skóladags eru mikilvægasti þátturinn í að koma á samfelldum skóladegi. Ég hygg að það sé orðið almennt viðurkennt víðast hvar að það fyrirkomulag sé mjög æskilegt fyrir fjölskyldur og fyrir öryggi barna, fyrir heilsu þeirra og menntun.

Á þetta atriði var mjög eindregið bent í nefnd þeirri sem fjallaði um samstarf heimila og skóla og hv. þm. Salome Þorkelsdóttir veitti forstöðu á sínum tíma og tók til starfa á árinu 1983. Bæði þar og í öðrum starfshópum, sem um þetta hafa fjallað, hafa menn komist að þeirri niðurstöðu að samfelldur skóladagur sé lykilatriði. En samfelldur skóladagur er einungis það að börn þurfi ekki að fara nema einu sinni á dag til og frá skóla. Þó hefur það ekki verið talið rjúfa þessa samfelldni að börn í dreifbýli hafi getað farið heim til sín í matarhléi ef unnt var tímans vegna.

Ég vil taka fram að hugmyndirnar um það að foreldrar beri kostnað af starfsemi skólaathvarfs utan kennslustunda kom fram í nefndinni um forskólann á sinni tíð og hlýtur að auðvelda framkvæmd þessa verkefnis.

Ég tek það fram að hér í ákvæði til bráðabirgða hefur slæðst inn lítil prentvilla. Þar er vísað í ranga grein. Í síðari mgr. ákvæðis til bráðabirgða í þessu frv. stendur: „Ákvæði 5. gr. um vikulegan kennslutíma ...“ Þar á að standa: „Ákvæði 2. gr. ...“ eins og menn sjá af frv. Og þau ákvæði skulu að fullu koma til framkvæmda skólaárið 1993–1994.

Þá vil ég víkja að áfangaskiptingunni við framkvæmd þessa ákvæðis, ef að lögum verður sem ég

vona. Gert er ráð fyrir því að byrjað verði á lengingu skóladags í 7 og 8 ára bekkjum. Það er látið ganga fyrir lengingu skóladagsins, lengingu kennslutímans fyrir 6 ára börn. En í áliti nefndarinnar segir um þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Með breytingu á 44. gr. grunnskólalaganna, sem samþykkt verði fyrir næstu áramót, verði skóladagur 1. og 2. bekkjar lengdur sem nemur 4 kennslustundum á viku fyrir hvorn árgang frá því sem nú er í gildi og verði því 26 stundir á viku. Breytingin taki gildi fyrir skólaárið 1989–1990. Samkvæmt upplýsingum menntmrn. mun kostnaður ríkissjóðs aukast um tæpar 48 millj. kr. á ári vegna kennslumagnsins. Kostnaðarauki sveitarfélaganna er óverulegur af þessari breytingu."

Þetta var úr áliti nefndarinnar, tillagan um framkvæmd 1. áfanga. Nú vil ég taka það fram, herra forseti, að mér þykir ekki mjög mikil von um að þetta komist fram fyrir áramót, en hins vegar geri ég mér vonir um að hv. Alþingi geti samþykkt þetta frv. fyrir þinglok. Það þýðir að þessi kostnaður mundi minnka stórlega og aðeins verða þriðji hluti hans eftir, að því er ég tel, þetta kæmi til framkvæmda á næsta skólaári, þ.e. næsta haust þannig að þessi tala, kostnaðartalan, mundi þá breytast í samræmi við það fyrir næsta ár.

Í 2. áfanga gerir nefndin svohljóðandi tillögu, með leyfi hæstv. forseta:

„Í honum er gert ráð fyrir að forskólanum verði breytt í bekkjarfyrirkomulag þannig að allir njóti sama kennslustundafjölda óháð fjölda barna í árgangi. Gerð er tillaga um að breytingin taki gildi skólaárið 1990–1991.

Kostnaðarauki fyrir ríkissjóð er áætlaður um 55 millj. kr. á ári. Þegar liggja fyrir tillögur starfshóps á vegum menntmrn. um þetta mál."

Þetta atriði, sem rætt er um í 2. áfanga, fjallar um 6 ára bekkinn sem ég gerði grein fyrir nú áðan. Að því er kostnaðartöluna varðar vil ég taka fram að inni í þessari tölu er einnig kostnaður vegna námsgagnanna.

Síðan gerir nefndin ráð fyrir því að 3. áfangi komi til framkvæmda 1991–1992 og þá verði skóladagur lengdur þannig að 1. bekkur fái 28 kennslustundir á viku, 2. bekkur sama magn og 3. bekkur líka. 4. bekkur fái 30 kennslustundir á viku, 5. fái 33, 6. fái 35, 7., 8. og 9. bekkur fái 36 kennslustundir á viku hver bekkur. Kostnaður vegna aukins kennslumagns í þessum áfanga verður rúmlega 72 millj. kr. Það er ljóst að þessi áfangi kallar á aukið húsnæði þar sem þörf verður á einsetningu. Í Reykjavík verður þörfin á almennum kennslustofum fyrir rúmlega 200 bekkjardeildir sem nú eru síðdegisdeildir. Þessi breyting sem frv. gerir ráð fyrir þýðir að við verðum að gera ráð fyrir einsetnum skóla. Nú er það svo að einsetningu hefur sem betur fer víða verið náð, en töluvert vantar þó á, eins og hv. þm. heyra, að svo sé enn.

Áætlað er að stofnkostnaður vegna einsetningar í Reykjavík muni nema um 860 millj. kr. ef miðað er við norm menntmrn. sem gerir ráð fyrir um 55 þús. kr. kostnaði á hvern fermetra. Hins vegar má benda á að samkvæmt útreikningum sveitarfélaga er byggingarkostnaður á fermetra mun hærri en norm menntmrn. gera ráð fyrir og þess vegna verðum við að vera við því búin að þessar tölur verði þó nokkuð hærri eins og oft vill verða um hinar opinberu framkvæmdir og dæmin sanna. Ef upplýsingar skólaskrifstofu Reykjavíkur eru lagðar til grundvallar, þá má reikna með að þessi kostnaður nemi allt að 80 þús. kr. á fermetra og séu þær tölur lagðar til grundvallar yrði kostnaður um 1250 millj. kr. Þar af yrði hlutdeild ríkisins 430–625 millj. kr. Þetta vil ég taka fram því að menn verða að ganga að slíkri breytingu með opnum augum en meta líka mikilvægið og átta sig á því að þótt við séum að tala um mjög háar fjárhæðir, þá erum við að tala um hlut í starfsemi sem kostar í rekstri 3,2 milljarða á þessu ári bara samkvæmt fjárlögum. Og menn vita að ekki fer sú upphæð lækkandi að óbreyttu þannig að það er ljóst að rekstrarkostnaðurinn er í sjálfu sér ekki svo feikilega stór í samanburði við heildarrekstrarkostnaðinn.

Loks kem ég, herra forseti, að hugmyndinni um framkvæmd 4. áfanga, en nefnd ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar gerði ráð fyrir því að fyrir skólaárið 1992–1993 yrði skóladagur lengdur þannig að 1., 2. og 3. bekkur færu þá upp í 30 kennslustundir á viku hver og 4. bekkur fengi 32, 5. bekkur 34, 6. bekkur 35, 7. bekkur 36–37 og sama væri um 8. og 9. bekk, þeir fengju 36–37 kennslustundir á viku hvor. Kostnaðarauki ríkissjóðs vegna þessa áfanga er áætlaður 72 millj. kr. á ári. Og vegna þessa gerum við þá brtt. sem felst í frv. á 44. gr. grunnskólalaganna.

Við getum spurt: Hvers vegna er verið að leggja til að daglegur skólatími nemenda sé lengdur? Og við getum líka spurt: Hvers vegna eru sjálfstæðismenn að leggja til að árlegur skólatími nemenda í mörgum skólum sé lengdur? Við teljum einfaldlega að hér sé um jafnréttismál að ræða. Við teljum að hér sé um mikilvægt byggðamál að ræða. Stundum hefur það verið haft á orði, ekki síst meðal þeirra sem eiga börn í dreifbýlisskólum, að það sé einkennilegt að þessi börn standi öðruvísi að vígi þegar þau koma í framhaldsskólann heldur en önnur börn á landinu. Menn telja kannski að þar sé hið alræmda Reykjavíkurvald að klekkja á blessuðum börnunum. Menn kvarta um það að þetta kunni að vera vegna þess að þau fái lélegri kennara. Ég leyfi mér að draga í efa að slíkar tilgátur séu réttar. Ég held að þetta mál sé miklu flóknara. Það liggur að vísu ekki fyrir alhliða vísindaleg athugun á þessu, en það skyldi þó ekki vera að orsakarinnar væri að leita í því að þau börn, sem standa höllum fæti eftir grunnskólann eða a.m.k. ekki eins vel og meiri hluti barna, hafi oft og tíðum fengið skemmri skólatíma, þau hafi fengið minni kennslu en hin. Þar virðist vera nokkuð einföld orsök.

Hér er um að ræða mál sem ég held að ætti að

vera tiltölulega augljóst að bæta þurfi úr og kippa í lag. Spyrja má hvort þarna sé um mikið kostnaðaratriði að ræða. Það er ekki um kostnaðarauka fyrir ríkið að ræða í breytingu úr 8 mánaða skóla í 9 mánaða skóla, en það kann að vera lítils háttar kostnaðarauki fyrir sveitarfélagið vegna þeirra þátta sem það hefur haft á sinni könnu. En þar eru fjárhæðir sem eru svo hverfandi samanborið við heildarkostnaðinn og sjálfan ávinninginn að ég tel ekki áhorfsmál að þarna verði að breyta til í þessu máli sem er ótvírætt jafnréttismál byggðarlaga. Það er afar erfitt að sjá rökin fyrir mismunandi framkvæmd í sumum fræðsluumdæmum, jafnvel milli einstakra staða innan fræðsluumdæma. Það er mjög erfitt að sjá t.d. af hverju börn á Egilsstöðum fá skemmri skólatíma en jafnaldrar þeirra á Sauðárkróki og Ísafirði. Þetta er einfaldlega spurning um það hvort ríkisvaldið og löggjafarvaldið viðurkennir þá breytingu sem orðið hefur á þróun þjóðfélagsins þar sem gerð er enn meiri krafa en áður var til menntunar þjóðfélagsþegnanna og þar sem þekking þjóðfélagsþegnanna er ein öruggasta auðlindin sem þetta land á og það sem við verðum að byggja á í framtíðinni. Það er líka spurningin um það hvort stjórnmálamenn yfirleitt hafa áttað sig á þeirri staðreynd að það þýðir ekki að snúa klukkunni aftur á bak. Við snúum ekki við til þeirra þjóðfélagshátta að við höfum heimiliskennara sem geta annast menntun barna okkar eins og kannski sumir forfeður okkar höfðu eða þá að foreldrar, mæður kannski fremur, afar eða ömmur, geti annast fullnægjandi fræðslu barnanna.

Ég hef heyrt skynsamt fólk segja: Hvers vegna í ósköpunum eruð þið sjálfstæðismenn að berjast fyrir slíkum málum og einkanlega þó konurnar í Sjálfstfl.? Eruð þið konurnar í Sjálfstfl. allar komnar á þá skoðun að mæðurnar eigi bara allan daginn að geyma börn sín í skólunum vegna þess að þær vilja ekki sinna þeim? Og bæta svo gjarnan við: Ja, afi minn var allra manna best menntaður og hann hafði ekki aðra skólamenntun en þrjá mánuði í farskóla. Hann var afar vel að sér, hann afi minn. Við þekkjum yfirlýsingar á borð við þetta. Við búum bara í öðru þjóðfélagi í dag og við viljum að foreldrar dagsins í dag geti öruggir sinnt þeim verkefnum sem nútímaþjóðfélag krefst að þeir sinni með því að börn þeirra, sem ætlast er til að stundi skólanám og þau vilja að njóti menntunar, þau njóti líka öryggis og umönnunar af hálfu þeirrar stofnunar sem deilir uppeldishlutverkinu með þeim.

Þess vegna finnst mér vera tímabært að velta því fyrir sér, þó að að því sé ekki vikið í þessu frv. eða grg. þess, að framtíðarverkefni séu fyrir enn nýja stétt í uppeldismálum, þ.e. þá sem annast börn í svokölluðum skólaathvörfum eða frístundaathvörfum í tengslum við skólann eða innan skólans, það sem okkar kæru frændur á Norðurlöndum kalla „fritidspedagoger", sem eru ekki beinlínis með kennaramenntun en fóstrumenntun með nokkuð öðru sniði þar sem miðað er við eldri börn. Mér þykir tímabært að velta þessu fyrir sér því að breytingin sem við erum að fjalla um hér krefst margra nýrra stöðugilda kennara. Þegar hún verður komin til framkvæmda eftir 5 til 6 ár, þá þarf að gera ráð fyrir 300 nýjum stöðugildum samkvæmt útreikningum þeim sem fjölskyldumálanefndin byggði á.

Það er ljóst að við búum nú þegar við kennaraskort víða og það er líka ljóst að hið nýja fyrirkomulag og þróun þess samfélags sem við búum í gerir líka enn nýjar kröfur til kennara. Það má því kannski búast við að kröfur sem við höfum heyrt frá kennurum geri líka vart við sig. En mér þykir ekki úr vegi að minna á að kennarar hafa staðið saman um vissa stefnumörkun að þessu leyti en þeir segja í skólamálastefnu Kennarasambands Íslands um nemandann, ef ég má vitna til þess, með leyfi hæstv. forseta:

„Menntun hvers einstaklings skiptir sköpum fyrir hann og umhverfi hans. Menntunin mótar lífsferil, félagslega stöðu og sjálfsmynd manna og hefur jafnframt áhrif á tækifæri til starfa og þátttöku í þjóðfélaginu. Hér er ekki aðeins átt við grunnmenntun og sérmenntun, heldur einnig og ekki síður þá símenntun sem hver og einn öðlast á lífsferli sínum. Nemendur eiga rétt á því að skólinn standi vörð um andlega og líkamlega heilsu þeirra í samvinnu við foreldra og forráðamenn. Þeir eiga rétt á því að vinnudagur þeirra sé samfelldur, skólastarfið vel skipulagt og að þeim líði vel í skólanum. Kennslan á að miðast við þarfir og þroskastig hvers nemanda þannig að í skólanum öðlist hann skilning, leikni og kunnáttu sem stuðli að því að gera hann ánægðan og virkan þátttakanda í lýðræðislegu menningarsamfélagi í sífelldri þróun."

Þetta var, herra forseti, inngangur þess kafla sem heitir „Nemandinn" í skólamálastefnu Kennarasambands Íslands.

Kennarasambandið hefur líka í stefnu sinni minnt á hvaða áhrif þjóðfélagsbreytingar síðustu ára hafa haft vegna aukinnar þátttöku beggja foreldra í atvinnulífinu og hvernig skapast hefur þörf fyrir athvarf eða aðstöðu fyrir nemendur lengri tíma en skólinn getur veitt við núverandi aðstæður.

Ég hygg því að um þetta mál ætti að geta verið víðtæk samstaða foreldra og kennara. Ég held að fyrir liggi nægilega miklar rannsóknir á samhengi lengdar skólatíma nemenda og árangurs nemenda til þess að við sjáum að máli skiptir fyrir menntun barnanna að skólatíminn sé jafnlangur hvar sem er á landinu og að börnin séu jafnrétthá að þessu leyti hvort sem þau búa í borg eða byggð. Í því sambandi vil ég nefna rannsókn sem fram hefur farið á vegum Rannsóknarstofnunar uppeldismála á árangri barna í íslensku en þar bendir ýmislegt eindregið til þess arna. Sama má segja um niðurstöður á samræmdu prófunum. Ég er ekki að segja að þetta sé einhlítt en það er afar margt sem bendir til að þarna sé verulegt samhengi á milli. Því tel ég að hér sé um ótvírætt réttindamál barna að ræða og um leið hagsmunamál þjóðfélagsins alls. Það skiptir ekki litlu máli að börn

á unga aldri búi bæði við öryggi og þá aðstöðu sem veitir þeim þekkingu og þroska.

Ég leyfi mér herra forseti að leggja til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til hv. menntmn. og 2. umr.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. 1. flm. þessa frv. fyrir frv. en get ekki látið hjá líða að minna á frv. sem lagt var fram í Ed. í fyrra af kvennalistakonum, og hefur reyndar verið lagt þar fram aftur, þar sem þessi tvö frv. hníga mjög í sömu átt. Þetta segi ég alls ekki til að hvetja til þess að farið verði að bítast um málefnið eða metast um heiðurinn af frv. heldur vil ég einungis undirstrika að svo almennur er þessi vilji fyrir því að börnum okkar sé búin betri aðstaða í þjóðfélaginu að það á sér nú svona víða hljómgrunn. Enda er eitt af brýnustu málum íslensks samfélags í dag að bregðast við mjög breyttum þjóðfélagsaðstæðum, breyttum aðstæðum í fjölskyldu og búa betur að börnum, bæta menntun þeirra og þar með auka möguleika þeirra og þjóðarinnar allrar í framtíðinni.

Innihald frv. beggja hnígur mjög í þá átt að stuðla að auknu jafnrétti barna, bæði með tilliti til búsetu og eins hvað varðar efnahag og félagslegar aðstæður. Meginmarkmið beggja þessara frv. er að lengja skólatíma og gera hann samfelldan og að skólar verði einsetnir og samræmist þannig betur vinnutíma foreldra eins og hann er í dag. Ég tel því ekki ástæðu til að fjölyrða um þau atriði sem eru eins eða mjög lík en mun aðeins drepa á þá þætti sem eru ólíkir í þessum frv. Þó vil ég aðeins geta þess að í frv. Kvennalistans er gengið ögn lengra hvað varðar lengingu skólatíma en það er þó ekki svo mikill munur að þar mætti ekki finna samkomulag. Á sama hátt og í frv. sem hér er til umræðu er þar gert ráð fyrir að þessi lenging náist í áföngum og held ég að mér sé óhætt að fullyrða að þar sé um sama árafjölda að ræða.

En það sem skilur í milli er aðallega tvennt. Hið fyrra er að í frv. Kvennalistans er gert ráð fyrir því að aðstaða verði í hverjum skóla til þess að neyta málsverðar og njóta hvíldar og að skólamáltíðir séu framreiddar í öllum skólum. Þörfin á þessu kann að vera örlítið mismunandi eftir staðsetningu en þó hygg ég að mjög víða sé málum þannig háttað að ekki sé aðstaða fyrir börn, þó fjarlægðir leyfðu, að fara heim til sín í hádeginu til að matast þar sem oftar en ekki er enginn þar til þess að taka á móti þeim eða að útbúa þeim mat.

Það kemur t.d. fram í heilbrigðisskýrslu landlæknis, Mannvernd í velferðarþjóðfélagi, að u.þ.b. helmingur allra barna á skólaaldri á Íslandi gengur, eins og það er kallað, sjálfala utan skólatíma. Það gefur auga leið að það hlýtur að bitna mjög á mataræði þessara barna, enda benda ýmsar rannsóknir til, svo undarlegt sem það má virðast í velferðarþjóðfélagi eins og hér á Íslandi, að allt að því vannæringareinkenna gæti hjá fjölda barna og unglinga. Þetta stafar ekki af hungri eða skorti á fæðu heldur rangri samsetningu fæðunnar og er eflaust afleiðing þess að allt of mörg börn sjá sjálf um þann mat sem þau leggja sér til munns og því er auðvitað oft það úrræði næst, sem bæði er fljótlegt og einfalt, að grípa til einhvers matar sem þá er keyptur, e.t.v. í sjoppum eða álíka stöðum. Það er mjög alvarlegt mál ef þetta er rétt, sem ég hef ekki ástæðu til þess að rengja, og mjög brýn þörf að bætt sé úr. Annað sem bendir líka til þess að ekki sé nógu vel staðið að þessum málum eru tannskemmdir barna á Íslandi sem eru meiri en nokkurs staðar annars staðar í sambærilegum þjóðfélögum.

Þess ber einnig að geta að það þykir sjálfsagt að fullorðið fólk hafi aðgang að góðum mat á sínum vinnustað, meira að segja oft mikið niðurgreiddum, og hvað í ósköpunum veldur því þá að við ætlum ekki börnum sama hlut? Þau eru þó að vaxa og þurfa meira á góðri næringu að halda heldur en fullorðnir.

Nú mun ég reyna að taka upp þráðinn aftur. Ég var komin þar í máli mínu þegar hátalarakerfið fór úr sambandi að ég var að ræða um tannskemmdir. Ég hafði að vísu haldið áfram óvitandi um það að hátalararnir voru ekki á en ég neyðist þá til þess að reyna að endurtaka þetta svo að það liggi þó fyrir í heild í þingtíðindum.

Þessar miklu tannskemmdir íslenskra barna, sem eru miklu meiri en þekkist í nágrannalöndum okkar, hljóta auðvitað að standa í beinu sambandi við það hvað börn sjá mikið sjálf um sig utan skólatíma og velja þar af leiðandi oft sjálf sína fæðu.

Kostnaður af því að koma upp skólamáltíðum í öllum grunnskólum yrði auðvitað talsverður. Samkvæmt útreikningi sem gerður var hjá Félagsvísindastofnun Háskólans nemur sá kostnaður í dag u.þ.b. 140 millj. kr., en ef þess er gætt að um er að ræða líkamlegan þroska og velferð barna er þetta nú kannski ekki umtalsverð upphæð. Auk þess má benda á það að sjálfsagt mundu sparast peningar annars staðar því ef öll börn fengju hollar og góðar máltíðir í skóla, ég tala nú ekki um ef á eftir fylgdi tannburstun á hverjum degi, er ég viss um að stórar upphæðir mundu sparast í skólatannlækningum. Þær eru börnum og foreldrum nú að kostnaðarlausu en þær gífurlegu upphæðir sem í það fara hafa einmitt oft verið til umræðu. Ef þetta kæmist á væri hollt að gera fljótlega á því samanburð hvort það skilaði ekki fljótt og vel árangri. Að nauðsyn þessa atriðis má því leiða ótal rök bæði efnahagsleg og þau sem auðvitað vega þyngst, þ.e. þau sem varða velferð barnanna.

Hitt meginatriðið sem er öðruvísi í frv. kvennalistakvenna varðar skólaathvörf. Mér heyrðist að vísu hv. flm., Ragnhildur Helgadóttir, segja að gert væri ráð fyrir að börn gætu dvalið í skólum utan skólatíma í skólaathvörfum undir eftirliti uppeldismenntaðs fólks. Ég sé það nú ekki í frv. sjálfu en auðvitað er gleðilegt, þó það standi ekki í frv., að reiknað sé með að svo sé. Við töldum nú samt ástæðu til þess að setja inn í lögin að þau skyldu vera

undir umsjá fólks sem hefði menntun í uppeldisfræðum. Það gætu auðvitað bæði verið fóstrur, kennarar og eins sú stétt sem hv. flm. gerði að umræðuefni og kallast hjá nágrannaþjóðum okkar „fritidspedagoger".

Það hefur gefist misvel þar sem reynt hefur verið að fá ómenntað fólk í þessum greinum til starfa. Auðvitað hefur stundum tekist þannig til að sómakonur hafa fengist til starfa og allt hefur gengið vel en í öðrum tilfellum hefur eitthvað bjátað á og það er sjálfsagt að hnykkja á því í lögum að að þessu skuli vel staðið. Okkur kvennalistakonum finnst það líka áríðandi að fyrir dvöl í þessu athvarfi komi ekki greiðsla því undir engum kringumstæðum má það markast af efnahag foreldra hvort börn eigi sér athvarf utan skólatíma þegar enginn er heima til að annast þau.

Mig langar aftur að vitna í skýrslu landlæknis, með leyfi forseta, þar sem talað er um að u.þ.b. helmingur barna á skólaaldri gangi sjálfala flesta daga utan skólatíma en hjá einstæðum foreldrum, sem í flestum tilfellum eru auðvitað einstæðar mæður, er ástandið enn verra því þar eru það jafnvel börn undir 7 ára aldri sem búa við þau kjör að enginn geti annast þau, eða þá í besta falli eldri systkini og ekki er nánar tilgreint hversu gömul þau eru eða hvernig þau geti staðið að þeirri gæslu. Það er einmitt þessi hópur foreldra sem á kannski hvað örðugast með að greiða fyrir gæslu barna sinna og þess vegna er brýnt að slík gæsla sé þeim að kostnaðarlausu.

Það er ekki af kæruleysi sem mæður láta börn sín ganga sjálfala hálfu og heilu dagana, heldur er það vegna skorts á úrræðum og aðstöðu og vegna þess hvað þær bera lítið úr býtum fyrir sín störf og hafa hreinlega ekki efni á að kaupa þeim þá gæslu og þá umönnun sem þær annars sjálfsagt svo gjarnan vildu. Það kostar tugi þúsunda á mánuði að borga fyrir gæslu fyrir börn ef það er í heimahúsum og er þó ekki ofgoldið fyrir þau störf. Þess vegna vil ég enn og aftur undirstrika brýna nauðsyn þess að verði þessi frv. eða vonandi einhvers konar sambræðsla þessara frv. að lögum verði þetta atriði tekið inn, þannig að það sé ekki háð efnahag foreldra hversu mikið þeir geta nýtt sér athvarf fyrir börn sín utan skólatíma.

Mér finnst ástæða til að geta þess líka í þessu sambandi, þegar rætt er um hversu áríðandi það er að börn geti dvalið áfram í skóla ef þau eiga sér ekki annað athvarf í bili, að tíðni umferðarslysa á börnum er miklu, miklu meiri á Íslandi en nokkurs staðar þekkist, og er það kaldhæðnislegt, þegar við minnumst þess að ungbarnadauði er hér lægstur í heiminum, að við skulum svo ekki hafa borið gæfu til að gæta þessara barna þannig að þau fái sem flest að lifa eða a.m.k. tapi ekki heilsu í umferðarslysum. Umferðarslys á gangandi vegfarendum eru algengust á börnum og unglingum og þar er einmitt hópurinn 7–12 ára stærstur. Mér skilst að einhver rök hafi verið leidd að því að þau væru ekki endilega á leið úr og í skóla þegar þessi slys verða, en auðvitað verða þau þegar börn eru stödd utan einhverrar gæslu eða athvarfs. Þau eru þá væntanlega ein á ferli annaðhvort gangandi eða á reiðhjólum meira en sæmir í því ástandi eins og hér er nú í umferðarmálum sem fer síst batnandi.

Það er auðvitað fjöldamargt annað sem mætti rekja til að rökstyðja nauðsyn þess að frv. af þessu tagi nái að verða að lögum, en það er kannski óþarfi að staldra of mikið við það í 1. umr. Ég vona svo sannarlega að þau fái bæði góða umfjöllun í nefndum. Nú vill svo vel til að þau munu sjálfsagt fara bæði í nefndir, annað í efri deild og hitt í neðri deild. Og ég trúi því, þar sem þau eru svo lík, að það muni nást einhver sameiginleg niðurstaða úr þessum tveimur frv. Einmitt í umræðu um þetta frv. Kvennalistans í fyrra, í efri deild, tók til máls hæstv. núv. menntmrh., Svavar Gestsson, og lýsti góðum vilja til þess að framkvæma slíkar breytingar á skólakerfinu. Við skulum vona að áhugi hans hafi ekki dofnað við að komast í það ráðuneyti sem fer með þessi mál og að þetta fái skjóta og góða afgreiðslu. Auðvitað er framkvæmd þessara frv. nokkuð dýr, en fátt er afstæðara en tölur nema ef vera skyldi tíminn. Í þessum málum gildir kannski meir en í flestum öðrum að hér er það forgangsröð sem skiptir öllu máli.

Flm. (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Ég þakka undirtektir hv. 18. þm. Reykv. Ég vil skýra það að ástæðan til þess að frv. er svo stutt sem raun ber vitni er að í það eru einungis tekin þau atriði úr ábendingum fjölskyldumálanefndarinnar sem þarfnast lagabreytinga til að unnt sé að framkvæma þau. Í því frv. sem hv. þm. nefndi og var verið að leggja fram núna eru ýmis atriði önnur sem unnt er að framkvæma án lagabreytinga. Að því er varðar sérstaklega aðstöðu til hádegisverðar þarfnast það t.d. í sjálfu sér ekki lagabreytingar. Það er unnt að framkvæma þetta án þess og er það víða gert. Þannig er það.

Efnislega erum við því sammála um það sem kemur einmitt fram í grg. með þessu frv. Á bls. 11 er einmitt talað um aðstöðu til hádegisverðar og lögð á það áhersla. Þetta vildi ég nú taka fram. Mér þykir hins vegar að áfangaskiptingin sé það sem máli skiptir til þess að unnt sé að koma þessu í framkvæmd. Þetta verður að sjálfsögðu eitt af framkvæmdaratriðunum, enda eru orðin nokkur ár síðan sjálfstæðismenn lögðu áherslu á viðunandi aðstöðu til að matast sem eina af leiðum að því marki að ná samfelldum skóladegi, en það var einmitt eitt af verkefnum nefndarinnar um samstarf heimila og skóla, þeirrar sem hv. 6. þm. Reykn. hafði forstöðu fyrir. Á þetta var mikil áhersla lögð þar og hefur þráfaldlega komið fram í hennar umfjöllun um þessi mál inni í hv. efri deild. Efnislega erum við því að sjálfsögðu sammála um það atriði. Mér líst hins vegar ekki á ef við byrjuðum breytinguna á slíkum framkvæmdum. Ég óttast að þá mundum við e.t.v.

tefja fyrir að samfelldur skóladagur kæmist í framkvæmd. Ég held því að niðurröðunin á áföngum í áliti fjölskyldumálanefndar ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar sé mjög skynsamleg. Ég hygg að um það verði mjög víðtæk samstaða.

Ég tek það fram, herra forseti, að þó að svo vilji til að einatt tali einvörðungu konur um þessi mál situr nú í forsetastól maður sem hefur þekkingu og reynslu af þessum málum og mundi vafalaust taka þátt í þessum umræðum ef hann væri ekki bundinn í forsetastól. Þær hugmyndir sem að baki þessu liggja hafa verið mikið áhugamál kvenna í mörgum stjórnmálaflokkum og ekki síst Sjálfstfl. þar sem konur hófu útgáfustarf einmitt um fjölskyldumálefni fyrir allmörgum árum. Við höfum hins vegar séð þá gleðilegu þróun að nú er þetta málefni ekki síður áhugamál okkar karlkyns félaga í flokknum. Þær hafa ekki af slíku að státa hjá Kvennalistanum. Við höfum sem betur fer í okkar flokki marga karlmenn sem eru afar áhugasamir um þetta og þá ekki er síst formaður flokksins sem átti frumkvæði að því að nefndin var stofnuð til þess að gera rækilega úttekt á þessu sviði og vinna tillögur um það. Sú er ástæðan fyrir því að þetta frv. er flutt núna og víðtæk samstaða er um það og ég vona að svo verði í öllum flokkum þingsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

15. fundur, fimmtudaginn 24. nóv., kl. 10 árdegis.

Um þingsköp.

Viðvera ráðherra.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Mér kemur það mjög á óvart að hæstv. utanrrh. boðar fjarvist. Ég er hér með fsp. til ráðherrans sem er reyndar fyrsta mál á dagskrá í dag og hefur legið fyrir í rúman mánuð án þess að tími hafi gefist til þess að svara henni. Það er reyndar önnur fsp. á dagskrá í dag sem þessi hæstv. ráðherra hefur verið beðinn um að svara.

Ég geri mér grein fyrir því að ráðherrar geta haft lögmæt forföll, en það er nú lágmarkskrafa að haft sé samband við þá þm. sem hér eiga mál á dagskrá þegar þannig stendur á.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti mun nú kanna hverju það sætir að hæstv. utanrrh. gat ekki verið viðstaddur þennan fund í dag.

Sala ríkisfyrirtækja, ein umr.

Fsp. GHH, 41. mál. — Þskj. 43.

Fyrirspyrjandi (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Mér er ljúft að taka hér til máls, en ég vil helst ekki gera það í fjarveru virðulegs ráðherra. Ég skal gjarnan falla frá orðinu ef forseti vill taka fyrir næsta mál. (**Forseti:** Ég mun athuga hverju það sætir að hæstv. fjmrh. er ekki kominn hér í salinn.) Mér þætti afar vænt um það.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti hefur ákveðið að doka aðeins við með 2. mál á dagskrá í fjarveru hæstv. fjmrh. sem hlýtur að koma hér innan tíðar.

Umræðu frestað.

Meðferðarheimili fyrir ósakhæfa afbrotamenn, ein umr.

Fsp. ÁHE, 64. mál. — Þskj. 66.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Á þskj. 66 er fsp. frá Ásgeiri Hannesi Eiríkssyni, varaþm. Borgaraflokksins í Reykjavík. Þar sem hann átti þess ekki kost að fylgja þessari fsp. eftir hefur það komið í minn hlut að mæla fyrir henni og gera grein fyrir efni hennar.

Fsp. þessari er beint til dómsmrh. og er um meðferðarheimili fyrir ósakhæfa afbrotamenn, en orðrétt er fsp. á þessa leið:

„Hvenær verður tekið í notkun meðferðarheimili fyrir ósakhæfa afbrotamenn sem hafa hlotið úrskurð dómara um að fá vistun á viðeigandi stofnun?"

Það er kannski að bera í bakkafullan lækinn að spyrja um meðferðarheimili fyrir ósakhæfa afbrotamenn, svo oft hefur þetta mál verið til umræðu hér á Alþingi, í fjölmiðlum og manna á meðal. Það sem einkennt hefur þessa umræðu er að stjórnvöld hafa í orði sýnt máli þessu mikinn skilning, en samt ekkert aðhafst til lausnar. Eins og málum er nú háttað og hefur raunar verið í allmarga áratugi eru ósakhæfir menn vistaðir á Litla-Hrauni meðal þeirra fanga sem dæmdir hafa verið og eru að afplána sína tímabundnu dóma.

Það kviknaði von hjá mörgum, þegar Hæstiréttur tók af skarið og dæmdi sakhæfan mann í meðferð, um að stjórnvöld mundu vakna og setja á stofn heimili fyrir menn sem fengju slíka dóma og svo þá sem dæmdir hafa verið ósakhæfir. Sá neisti slokknaði fljótt þegar sá aðili var sendur utan í meðferð.

Í ríkiskerfinu hefur mjög verið um það deilt hvort

þeir menn sem dæmdir hafa verið ósakhæfir skuli sæta meðferð á sjúkrastofnunum og þá einnig hvort sú stofnun eigi að heyra undir heilbrrn. eða hvort þarna sé um að ræða afbrotamenn sem dómsmrn. eigi alfarið að sjá um að koma í gæslu. Af þessu stigi hefur umræðan innan ríkiskerfisins því miður tæpast komist og við það situr enn. Að sjálfsögðu vona ég að hæstv. ráðherra gleðji mig og þingheim með því að verið sé með raunhæfum hætti að taka á þessum málum sem eru til skammar íslenskum stjórnvöldum og íslenskri þjóð.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegi forseti. Til mín hefur verið beint fsp. um það hvenær verði tekið í notkun meðferðarheimili fyrir ósakhæfa afbrotamenn sem hafa hlotið úrskurð dómara, eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, um vistun á viðeigandi hæli.

Þegar mönnum hefur verið refsað fyrir afbrot sökum geðveiki, andlegs misþroska og fleira er samkvæmt almennum hegningarlögum heimilt að ákveða með dómi, ef það þykir nauðsynlegt vegna réttaröryggis, að viðkomandi manni verði komið fyrir á viðeigandi hæli. Það verður að gera ráð fyrir að átt sé við stofnun þar sem viðkomandi aðili fær viðeigandi meðferð við sínum sjúkdómi eða sérhæfða umönnun ef aðrar ástæður en sjúkdómur leiða til að slíkur dómur er kveðinn upp.

Hér á landi hefur sérstakri stofnun fyrir þessa menn ekki verið komið á fót og er aðalástæðan sú að slík stofnun yrði mjög dýr og umræddir einstaklingar eru á hverjum tíma mjög fáir. Fram að þessu hafa þessir einstaklingar, eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, verið vistaðir í fangelsum þótt allir viti að þar er ekki hægt að veita þeim nauðsynlega þjónustu. Auk þess hafa nokkrir verið vistaðir um skamman tíma í stofnunum í nágrannalöndum okkar.

Á síðasta þingi voru samþykkt lög um fangelsi og fangavist sem taka gildi 1. jan. nk. Í upphaflegu frv. að þeim lögum var ákvæði um að heimilt væri að vista öryggisgæslufanga í fangelsum. Þetta ákvæði var fellt út í meðförum Alþingis. Af því leiðir að frá og með næstu áramótum verður óheimilt að vista öryggisgæslufanga í fangelsum landsins. Þótt ekki sé nema rúmur mánuður til áramóta liggur ekki fyrir endanleg ákvörðun um það hvernig þetta vandamál verður leyst. Nú fyrir skömmu áttum við saman fund, heilbrrh. og ég, ásamt embættismönnum sem fjalla um þessi mál, og það er sameiginlegur ásetningur okkar að finna viðeigandi frambúðarlausn á þessu máli á næstu vikum og ég hef fulla ástæðu til að ætla að það muni takast. Það er ljóst að þetta mál verður ekki leyst á hagkvæman hátt nema í nánu samstarfi dóms- og heilbrigðisyfirvalda. Það að dómsmálayfirvöld komi á fót sérstakri stofnun er bæði dýr og óhagkvæm lausn sem m.a. kemur fram í því ástandi sem nú er, sem rétt er að upplýsa, að það eru aðeins þrír einstaklingar vistaðir í fangelsum sem dæmdir hafa verið til vistar á viðeigandi hæli.

Alþt. 1988. B. (111. löggjafarþing).

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þetta svar. Hins vegar tel ég það ekki í þeim anda sem ég vænti. Ég átti von á því, með tilliti til þeirra laga sem voru samþykkt á síðasta þingi, að einhver skriður væri kominn á þetta mál. Eins og réttilega kom fram í hans svari ber ríkisvaldinu skylda til þess að sjá um að svona stofnun sé fyrir hendi hinn 1. janúar nk. Ég er hins vegar mjög ánægður með að virkilega skuli verið að gera eitthvað í þessu máli og fagna því jafnframt að heilbrrn. skuli koma inn í þau mál.

Auðvitað er þetta alltaf spurning um peninga og kostnað. Svo hefur það alltaf verið. Hve stöndugir þurfum við Íslendingar að vera svo að ráða megi bót á þessu máli? Er þetta ekki aðeins spurning um forgangsröð verkefna? Og þó svo að aðeins sé þarna um þrjá eða fjóra aðila að ræða tel ég að þeir eigi jafnmikinn rétt eins og hverjir aðrir.

Sláturhúsið á Óspakseyri við Bitrufjörð, ein umr.

Fsp. AðB o.fl., 95. mál. — Þskj. 98.

Fyrirspyrjandi (Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir):

Virðulegi forseti. Tilefni þessarar fsp. er það að við sem að fsp. stöndum, þrír þm. Borgfl., vorum á ferð í sumar á Ströndunum, stoppuðum nokkuð lengi í þessum hreppi. Það reyndist vera almennt áhyggjuefni hreppsbúa ef ætti að leggja þetta sláturhús niður. Þarna tapa hreppsbúar 2–3 millj. kr. í vinnulaun yfir haustið og auk þess hreppurinn, sem er lítill, fámennur og fátækur, aðstöðugjöldum.

Ég hef ekki fengið neina skýringu á því hvers vegna þetta er gert. Þetta sláturhús hefur alltaf framleitt góða vöru. Þetta kaupfélag virðist vera eitt af fáum kaupfélögum sem skila hagnaði. Dýralæknir á staðnum hefur tekið sláturhúsið út, sent skýrsluna til yfirdýralæknis, en kaupfélagsstjórinn, Sigrún Magnúsdóttir, Þambárvöllum, fær enga skýringu á því af hverju þetta á að gerast.

Ég bið hæstv. landbrh. að svara þessu skýrt og skilmerkilega: Hvers vegna á þetta að gerast? Það getur náttúrlega ekki gengið að ganga með einhvern skurðarhníf á byggðarlög án þess að fyrir því liggi rökstuddar ástæður hvers vegna það er gert. Ég vænti þess að ráðherrann svari þessu skýrt.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Það er spurt hvers vegna eigi að leggja niður sláturhúsið á Óspakseyri við Bitrufjörð. Því er til að svara að ekki liggur fyrir nein sérstök ákvörðun af hálfu ráðuneytisins um að leggja þetta tiltekna sláturhús niður. En það er rétt að taka fram

jafnframt í þessu sambandi að hér á hinu háa Alþingi var sl. vor afgreitt frv. til laga og gert að lögum um að heimila landbrh. að veita undanþágur tvö ár í viðbót til slátrunar í sláturhúsum sem ekki hafa hlotið löggildingu en nauðsynlegt er talið að slátrun fari fram í.

Við afgreiðslu málsins lagði landbn. hv. Nd. á það mikla áherslu að þegar í stað yrði hafist handa um að endurskipuleggja og endurbæta sláturhús landsins og að loknu þessu tveggja ára tímabili, þ.e. frá og með árinu 1991 yrðu öll sláturhús landsins komin undir löggildingu. Þetta er hin opinbera stefna löggjafans og samkvæmt þessu er landbrn. að vinna. Sláturhús Kaupfélags Bitrufjarðar á Óspakseyri hefur eins og mörg önnur sláturhús verið starfrækt á undanþágu, í raun og veru allt frá því að lög nr. 30 frá 1966 voru samþykkt. Þetta hús fékk undanþágu til slátrunar sl. haust, en við afgreiðslu þeirrar undanþágu var bent á, eins og venja mun vera, að sláturhúsið fullnægði ekki þeim kröfum sem gerðar eru og á þeim forsendum væri óvíst um frekari starfrækslu þess.

Sláturleyfishöfum, þar á meðal að sjálfsögðu Kaupfélagi Bitrufjarðar, er það í sjálfsvald sett hvort þeir byggja upp ný sláturhús eða lagfæra núverandi hús sín þannig að þau fulllnægi kröfum sem landslög kveða á um. En það er ljóst að slíkt mun hins vegar hafa í för með sér umtalsverðan kostnað sem allsendis óvíst er að geti skilað sér til baka í mörgum tilvikum.

Það er rétt að nefna í þessu sérstaka tilviki að héraðsdýralæknir hefur bent á að fé sem kemur til slátrunar í sláturhúsi Kaupfélags Bitrufjarðar kemur bæði af sýktu og ósýktu riðusvæði og vakið athygli á mögulegri smithættu því samfara.

Annað sem ég vil taka fram í þessu sambandi er að eins og hv. þm. vita fékk ég í arf þykka skýrslu um sláturhúsamál sem verið er að athuga þessa dagana í landbrn. Það er ljóst að einhver fækkun sláturhúsa hlýtur að koma til á næstu árum, þó ekki væri nema vegna þess að slátrun hefur dregist gríðarlega saman á undanförnum árum samfara fækkun sauðfjár í landinu, um allt að þriðjung á tiltölulega fáum árum, en jafnframt er ljóst að einhver minni hús munu koma til með að halda velli og þurfa að halda velli, m.a. af landfræðilegum ástæðum. Að öðru leyti get ég í rauninni ekki svarað þessari fsp. en vísa til þeirrar athugunar á þessum málum sem yfir stendur og undirstrika að engin sérstök ákvörðun hefur verið tekin um að leggja þetta tiltekna sláturhús niður.

Matthías Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég lýsi ánægju minni yfir því svari sem landbrh. hefur gefið við þessari fsp. og hvet hann eindregið til þess að taka meira en nokkra daga til að endurskoða sláturhúsaskýrsluna og yfirleitt öll þessi mál því að þessi sláturhúsamál eru komin í algert óefni. Það var búið að byggja fyrir hundruð milljóna allt of stór hús sem er lagt á herðar neytenda í landinu. Það er hægt að gera fyllstu hreinlætiskröfur og fylgja þeim vel eftir án þess að íþyngja svo sem gert hefur verið í þessum málum á undanförnum árum. Ég fagna þeim skilningi hæstv. ráðherra að hann ætlar sér ekki að ganga af hinum litlu byggðarlögum dauðum með því að taka atvinnutækin burtu frá þeim. Þess vegna stend ég hér upp til að fagna undirtektum hans og vænti þess að hann taki betur á þessum málum en forverar hans hafa gert.

Fyrirspyrjandi (Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég tek undir þetta. Ég fagna þeim anda sem er á bak við svar landbrh. og ég treysti honum sem landsbyggðarmanni til að taka öðruvísi á þessum málum en tekið hefur verið. En hitt finnst mér, að skyldur embættismanna séu þær að svara t.d. kaupfélagsstjóranum og láta hana vita hvað þarf að gera til að þarna sé hægt að vinna áfram. Það er til gamalt máltæki sem segir: Kurteisi kostar ekkert en kaupir allt. Og það er óþarfa ókurteisi að svara ekki fólki og láta það vita hvað þarf að gera.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegi forseti. Vegna síðustu orða hv. fyrirspyrjanda vil ég taka fram að eitt af því sem ég held að sé mjög mikilvægt að gera í sambandi við framkvæmd þessara mála er að það liggi fyrir með góðum fyrirvara hvar sé stefnt að því að slátrun fari fram á hverju hausti. Því miður hafa verið brögð að því undanfarin ár að allt fram að því að sláturtíð eigi að hefjast sé fullkomin óvissa um hvar bændur á tilteknum svæðum geti slátrað fé sínu og sams konar óvissa í sambandi við rekstur þeirra aðila sem fara með slátrun. Þess vegna er það eindreginn vilji minn að það geti legið fyrir með góðum fyrirvara, helst á útmánuðum eða fyrir vorið, hvar sé reiknað með að slátrun verði á næsta hausti og hvar ekki.

Sala ríkisfyrirtækja, frh. einnar umr.

Fsp. GHH, 41. mál. — Þskj. 43.

Fyrirspyrjandi (Geir H. Haarde):

Virðulegur forseti. Ég fagna því að fjmrh. er kominn hér í salinn þó að hann hafi verið fjarverandi þegar fyrirspyrjanda var fyrst gefið orðið í upphafi fundar.

Það vakti ánægju mjög margra þegar í ljós kom við myndun núv. ríkisstjórnar að hún hygðist halda óbreyttri stefnu tveggja síðustu ríkisstjórna að því er varðar sölu ríkisfyrirtækja. Jafnframt vakti þetta nokkra undrun þar sem flokkur hæstv. núv. fjmrh. hafði ekki verið kunnur fyrir þá afstöðu að vilja draga úr atvinnurekstri ríkisins eða umfangi þess á

því sviði. Ég vil með þessari fsp. fá skýrt fram hvað það er nákvæmlega sem vakir fyrir hæstv. ríkisstjórn í þessum málum og hef þess vegna leyft mér að bera fram svofellda fsp., með leyfi forseta:

„1. Með hvaða hætti verður unnið „að því að bjóða almenningi til kaups ríkisfyrirtæki og hlutafé ríkisins í fyrirtækjum sem stunda atvinnurekstur" eins og segir í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um fyrstu aðgerðir í efnahagsmálum frá 28. september sl.?

2. Hvaða ríkisfyrirtæki verða boðin almenningi til kaups og hlutafé hvaða fyrirtækja í atvinnurekstri verður boðið til sölu?

3. Hvenær verður hafist handa við að hrinda þessari stefnu ríkisstjórnarinnar í framkvæmd?"

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Vegna upphafsorða hv. þm. Geirs H. Haarde vil ég taka það fram að hann ætti að lesa sér betur til um sögu og viðhorf þess ágæta flokks sem ég er fulltrúi fyrir í ríkisstjórninni. Á meðan hv. alþm. Ragnar Arnalds var fjmrh. lét hann kanna rækilega möguleika á breytingum á þátttöku ríkisins í ýmiss konar starfsemi með það að markmiði að draga úr henni og Alþb. hefur hvað eftir annað ítrekað nauðsyn þess að eðlilegt sé að endurskoða með hvaða hætti ríkið tekur þátt í atvinnulífi og margvíslegri annarri starfsemi í okkar landi.

Það er rétt, eins og hv. fyrirspyrjandi vék að, að í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er því lýst yfir að það verði unnið að því að bjóða almenningi til kaups ríkisfyrirtæki og vek ég sérstaka athygli á því orðalagi. Það mál verður tekið til mjög rækilegrar athugunar í fjmrn. og öðrum ráðuneytum á næstu mánuðum. Það hefur ekki verið ákveðið nú hvaða fyrirtæki þetta verða nákvæmlega eða í hvaða röð það verður gert. Það sem ég tel mikilvægara og hef sett fram sem mína skoðun er að áður en kemur að því að selja slík fyrirtæki og hrinda slíkum áformum í framkvæmd sé nauðsynlegt að móta mjög skýrar reglur um með hvaða hætti þetta sé gert.

Ég vek athygli hv. Alþingis á því að sú reynsla sem hefur verið að koma í ljós varðandi sölu á Ferðaskrifstofu ríkisins gefur tilefni til þess að vanda mun betur vinnubrögð í þessum efnum en gert var í tíð síðustu hæstv. ríkisstjórnar. Það sem komið hefur í ljós varðandi sölu á Ferðaskrifstofu ríkisins bendir eindregið til þess að lengri aðdragandi, skýrari reglur og opnari umfjöllun um málið þurfi að einkenna slíkar aðgerðir til að koma í veg fyrir að einstök fyrirtæki, sem eru fyrst og fremst að hugsa um útþenslustefnu sína og hugsanlega drottnunarstefnu sína á ákveðnum markaði, notfæri sér slíkar aðgerðir, sem áttu að vera í þágu starfsfólks og almennings, til þess að styrkja rekstrarstöðu og drottnunarstöðu viðkomandi stórfyrirtækis.

Fyrirspyrjandi (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég þakka fjmrh. fyrir þessi svör. Þau leiða í ljós að það munu ekki vera mistök eða handvömm að þessar setningar eru inni í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um fyrstu aðgerðir í efnahagsmálum og fagna ég því að sjálfsögðu.

Ég er stuðningsmaður þessarar stefnu og ég er sammála ráðherranum um nauðsyn þess að marka um þetta ákveðnar reglur og ákveðin vinnubrögð upp á framtíðina. En ég vil sérstaklega fagna því, um leið og ég áminni ráðherrann um sannsögli varðandi sagnfræðina og Alþb., að Alþb. hefur skipt um skoðun í þessu máli. Alþb. barðist um á hæl og hnakka gegn sölu Landssmiðjunnar t.d. hér á Alþingi, gegn sölu Siglósíldar og öðrum málum af því tagi sem hæstv. þáv. ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, undir forustu þáv. hæstv. fjmrh. Alberts Guðmundssonar, beitti sér fyrir.

Það er líka rétt að hæstv. núv. fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson beitti sér mjög eindregið á árinu 1980 fyrir allt annarri stefnu t.d. í málefnum Flugleiða, sem þá voru uppi, þegar hann barðist mjög eindregið fyrir því að auka hlut ríkisins í því fyrirtæki. Hér hefur því orðið mjög ákveðin stefnubreyting sem ég út af fyrir sig fagna og er sammála núverandi viðhorfi ráðherrans, að það sé til bóta fyrir íslenskt þjóðfélag að draga úr umsvifum ríkisins í atvinnurekstri.

En ég vil jafnframt vekja athygli á því, virðulegur forseti, að ríkisstjórnin er að þessu leyti til sammála áliti og mati Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París sem telur í skýrslu sinni, sem er nýútkomin, nauðsynlegt að menn beiti sér fyrir áframhaldandi svokallaðri einkavæðingu í landinu. Þetta er mjög athyglisvert, ekki síst í ljósi þess að hæstv. forsrh. hefur lýst því yfir að þessa skýrslu hafi hann ekki nennt að lesa. En það kemur á daginn núna með ummælum fjmrh. að ríkisstjórnin, eða a.m.k. hann sjálfur, hæstv. fjmrh., er stuðningsmaður þessa hluta þeirrar stefnu sem þar er boðuð.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það kann að verða þörf á því að endurskoða þingsköp til að heimila einstökum þingmönnum Sjálfstfl. að bera fram sérstakar fsp. til formanns Alþb. í nafni þess embættis vegna þess að fyrir nokkrum dögum kaus hv. alþm. Friðrik Sophusson að fara hér upp utan dagskrár með sérstakar spurningar til mín sem formanns Alþb. en ekki sem fjmrh. Nú kemur í ljós að a.m.k. verulegur hluti af áhuga hv. þm. Geirs H. Haarde beinist að embætti formanns Alþb. en ekki að embætti fjmrh. Skal ég taka það skýrt fram að ég hef ekkert á móti því að þingsköpum verði breytt í þá átt að opnað sé fyrir þann möguleika að formaður Alþb. sé sérstaklega spurður í fyrirspurnatíma. (**GHH:** Hann verður þá að sitja á þingi.) Já, hann gerir það um þessar mundir þannig að þetta getur þá verið bráðabirgðaákvæði.

Hins vegar vil ég vekja athygli hv. þingmanns á því að það er allnokkur munur á kröfunni um einkavæðingu og kröfunni um atvinnulýðræði. Krafan um einkavæðingu felur í sér að stórfyrirtæki hvers

konar geta keypt sig inn í þann hlut sem ríkið hefur haft. Það er t.d. hugsanlega sú aðferð sem Eimskipafélagið ætlaði að beita gagnvart Ferðaskrifstofu ríkisins með því að gera baksamning við starfsfólkið. Ég tel óeðlilegt að það að minnka hlutdeild ríkisins verði til þess að auka hlutdeild stórfyrirtækja sem hafa drottnunaraðstöðu á markaðnum fyrir. Hitt er svo atvinnulýðræði sem miðast við það að fólkið sjálft sem starfar í fyrirtækjunum eða almenningur í landinu hafi víðtækari áhrif á rekstur þeirra. Á þessu er nauðsynlegt að gera skýran mun.

Þótt Alþb. hafi barist gegn sölunni á Siglósíld og Landssmiðjunni á sínum tíma tengdist það þeim fyrirtækjum sérstaklega og fyrir því voru færð mjög skýr rök og þegar ég háði baráttu hér í Flugleiðamálinu fyrir mörgum árum var hún fyrst háð hér í þessum sal til að vara Alþingi við því að fullyrðingar forsvarsmanna fyrirtækisins um rekstrarstöðu fyrirtækisins og framtíðarþróun væru rangar og að það kynni að koma að því innan tíðar að beðið yrði um stórfelldar ríkisábyrgðir og ríkisbjörgunaraðgerðir gagnvart fyrirtækinu. Þær spásagnir mínar reyndust réttar, en yfirlýsingar forsvarsmanna fyrirtækisins rangar.

Fyrirspyrjandi (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir að fá að taka til máls í þriðja sinn. Ég vek athygli á því að fjmrh. reynir að drepa þessu máli á dreif með því að snúa því upp í umræðu um annars vegar atvinnulýðræði og hins vegar einkavæðingu. Það er misskilningur. Það stendur ekkert um það í stefnu ríkisstjórnarinnar að þarna sé eitthvað verið að tala sérstaklega um atvinnulýðræði. Það er bara verið að tala um að selja ríkisfyrirtækin almenningi. Það heitir á mæltu máli einkavæðing. Það stendur ekkert um hverjir kaupendurnir eigi að verða aðrir en almenningur þannig að ráðherrann getur ekki snúið sig út úr þessu með því.

Að auki vildi ég vekja athygli á sérstaklega óviðurkvæmilegum ummælum ráðherrans um forustumenn Flugleiða, þáverandi og núverandi, sem eru honum í núverandi embætti ekki til sæmdar þó þau geti farið honum vel sem formanni Alþb.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Til nánari skýringar skal það tekið fram að Eimskipafélag Íslands er ekki almenningur. Og ef hv. þm. Geir H. Haarde skilur ekki muninn á eign almennings í fyrirtækjum og einkavæðingu sem byggist á stórfyrirtækjum óska ég eftir því að hann eigi sérstakar viðræður við flokksbróður sinn, Eyjólf Konráð Jónsson, sem kann glögg skil á muninum á þessu tvennu.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Mitt nafn bar nú hér á góma, en það er ekki þess vegna kannski sem ég stend hér þó það sé út af fyrir sig rétt að ég viti talsvert um almenningshlutafélög og við getum rætt það síðar. En þar sem ég átti sæti í fjh.- og viðskn. í hv. Ed. þegar Flugleiðamálið var þar á dagskrá og það átti hæstv. núv. fjmrh. líka ætla ég að endurteka það, sem ég sagði þá í sjónvarpi þegar hann var með aðdróttanir í garð þeirra manna sem veittu okkur allar upplýsingar, að hann færi með rangt mál. Hann gerir það enn héðan úr skjóli Alþingis.

Gjalddagi söluskatts, ein umr.

Fsp. GuðmÁ, 47. mál. — Þskj. 49.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 49 legg ég fram fsp. til hæstv. fjmrh. um breytingu á gjalddaga söluskatts. Fsp. er í þrem liðum og er á þessa leið:

„Stendur til að breyta gjalddaga söluskatts frá því sem nú er þannig að eindaga söluskatts beri upp á sama dag og útborgun greiðslukorta?

Ef svo er, hvenær má búast við að sú breyting komi til framkvæmda?

Ef svo er ekki, eru þá í undirbúningi aðrar aðgerðir til að létta smásöluversluninni að fjármagna skilvísa greiðslu söluskatts?"

Sú breyting hefur orðið á verslunarháttum á undanförnum árum að neytendaviðskipti hafa breyst frá staðgreiðslu í það að seljendur neysluvarnings og ýmiss konar þjónustu láni viðskiptamönnum sínum andvirði vörukaupanna eða þjónustunnar í allt að 40 daga. Viðskipti þessi, sem fara fram með svokölluðum greiðslukortum, hafa eftir því sem notkun þeirra hefur aukist haft veruleg áhrif í þjóðfélaginu. Þessir breyttu viðskiptahættir hafa aukið mjög verulega á fjármagnskostnað seljenda vöru og þjónustu sem lána viðskiptamönnum sínum með þessum hætti. Sérstaklega hefur þetta bitnað hart á fyrirtækjum í matvöruverslun, en talið er að á milli 40 og 70% allra viðskipta í matvöruverslun fari fram með greiðslukortum. Hinn aukna fjármagnskostnað í verslun má einnig rekja til þess að greiðslu innheimts söluskatts og útborgunardag greiðslukortafyrirtækjanna ber ekki upp á sama dag. Gjalddagi söluskatts er 15. hvers mánaðar og eindagi 25., en útborgunardagur greiðslukortafyrirtækjanna er yfirleitt 2. hvers mánaðar þar á eftir.

Til að fjármagna skilvísa greiðslu söluskatts í þessa fáu daga hefur það farið í vöxt að greiðslukortanótur séu seldar í bankastofnunum og verðbréfamörkuðum á háum vöxtum eða með þeim hætti að fyrirtæki grípi til þess ráðs að gefa út innistæðulausar ávísanir til að standa skil á söluskattinum. Rekstur verslunarfyrirtækja með þessum hætti getur ekki gengið til lengdar og getur haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar, ekki aðeins fyrir fyrirtækin sjálf heldur og bankastofnanir sem fyrirtækin versla við og einnig ríkissjóð þegar til gjaldþrots

fyrirtækjanna kemur. Á þessum grunni er fsp. lögð fram, hvort til standi að breyta gjalddaga og eindaga söluskatts.

Á það má benda að við skattkerfisbreytinguna um sl. áramót, þegar söluskattur var settur á matvæli, breyttist staða matvöruverslana. Stærri hluti veltunnar varð söluskattur og þegar það kom saman við aukna notkun greiðslukorta gerði það versluninni enn erfiðara fyrir að standa skil á sínu. Í mínum huga er hér aðeins spurning um réttlæti og að ríkisvaldið eins og atvinnufyrirtækin taki mið af breyttum viðskiptaháttum og þeirri þróun sem orðið hefur á undanförnum árum.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að mjög mikil breyting hefur orðið á viðskiptaháttum almennings á undanförnum árum. Það tíðkast í æ ríkara mæli að greiðslukort séu notuð sem greiðsluform. Hins vegar er rétt að vekja athygli á því hér að enn skortir löggjöf um greiðslukortaviðskipti og starfsemi þeirra fyrirtækja og fer það að verða mjög brýnt miðað við magn þessara viðskipta að löggjöf um það efni sé undirbúin.

Ég hef tekið ákvörðun um það að láta skoða í fjmrn. og í viðræðum við aðra aðila hvað felst í þeirri ákvörðun að breyta gjalddaga söluskatts og eindaga og tengja þá breytingu meira starfsemi greiðslukortafyrirtækjanna. Að vísu er einnig hugsanlegt að þessi aðlögun komi til framkvæmda á þann veg að greiðslukortafyrirtækin breyti sínum dagsetningum. Ég tel satt að segja afar óheppilegt að sá munur sem er þarna á milli hefur leitt til óeðlilegra viðskiptahátta og nú tíðkast það mjög í okkar þjóðfélagi að seðlar greiðslukortafyrirtækjanna ganga kaupum og sölum, jafnvel í bankakerfinu, og eru seldir með stórfelldum afföllum.

Vandi þessa máls er hins vegar sá að hann snýr ekki bara að greiðslukortafyrirtækjunum og gjalddaganum, heldur einnig að því að breytingin hefði í för með sér verulega útgjaldaaukningu fyrir ríkissjóð. Ég hef látið meta það hvað sú útgjaldaaukning væri mikil, hún er allveruleg að því er virðist við fyrstu sýn og nauðsynlegt að ræða þann þátt bæði við Seðlabankann og viðskiptabankana. Ég hef nú þegar átt bráðabirgðaviðræður við Seðlabankann um það atriði og mun halda þeim viðræðum áfram á næstu vikum þannig að ákvörðun geti legið fyrir í þessum efnum fljótlega.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Svar hæstv. fjmrh. veldur mér miklum vonbrigðum. Þetta mál var mjög ítarlega rætt í fjh.- og viðskn. Ed. á síðasta þingi og þá var skotið inn í lög um virðisaukaskatt heimild til fjmrh. til þess að fresta eindaga söluskatts fram yfir skiladag greiðslukorta til að koma í veg fyrir það misræmi og öll þau vandræði sem hafa hrúgast upp vegna þess að greiðslukortaviðskiptin miðast við það að launamenn geti staðið í skilum eftir mánaðamótin en hins vegar er ákvörðunin um eindaga söluskattsins mjög gömul og eldri en greiðslukortaviðskiptin.

Það var álit fjh.- og viðskn. Ed., og ég hélt Alþingis, sl. vetur að nauðsynlegt væri að samræma þessa tvo eindaga, koma í veg fyrir þær þungu byrðar sem núverandi fyrirkomulag leggur á matvöruverslunina í landinu og hefur þess vegna bein áhrif á hækkun matarverðs, þetta fyrirkomulag sem nú er á eindaga söluskatts. Ég skal nú ekki segja hvað hæstv. fjmrh. kallar mikla útgjaldaaukningu en það sem við erum að tala um er vaxtabyrðin frá 25. hvers mánaðar til 5. hvers mánaðar, vaxtabyrðin í 10 daga. Það eru þessi miklu útgjöld sem við erum að tala um og er það auðvitað einfalt reikningsdæmi.

En ég lýsi vonbrigðum mínum yfir því að hinn nýi fjmrh. skuli að engu gera vilja Alþingis í þessu efni sem kom skýrt fram á síðasta þingi með heimildinni inn í virðisaukaskattinn. Þetta kennir manni að það á ekki að gefa ráðherrum heimild heldur taka af skarið í lögum.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Mér finnst nú sanngjarnt að hv. þm. Halldór Blöndal fái líka að endurtaka það sem hann sagði hér, a.m.k. seinni hluta sinnar ræðu. Ég skal endurtaka það sem ég sagði og sleppa þá athugasemdum um ljóskerfi og rafmagnskerfi hússins. En ég bið hv. þm. Halldór Blöndal að virða það að ég hef nú þegar sett í gang vinnu í ráðuneytinu í þessu máli og ætla mér þess vegna að reyna eftir bestu getu að framkvæma þann vilja sem kom fram í samþykkt Alþingis á sínum tíma. Hins vegar hefði verið nauðsynlegt að hæstv. fjh.- og viðskn. hefði athugað málið betur og gert sér skýra grein fyrir því hvað þessi breyting kostar ríkissjóð og hvernig hún yrði framkvæmd hvað snertir samskipti ríkissjóðs og Seðlabanka. Sá kostnaður er því miður ekki talinn í tugum milljóna heldur verður hann að teljast í hundruðum milljóna.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þetta svar og finn að það er vilji hjá honum til að breyta þessu. Hann setur fyrir sig kostnað og telur það í hundruðum milljóna sem þetta getur komið til með að kosta ríkissjóð. Ég er ekki jafnsannfærður og hæstv. fjmrh. í þessu efni. Ég bendi á að gjalddagi söluskatts nú er 15. hvers mánaðar og eindagi 25. Stór hluti þeirra sem eiga að skila söluskatti borga á gjalddaga, það eru ekki allir sem borga hinn 25. eins og reikningsdæmin eru yfirleitt reiknuð út frá, að allir borgi þegar síðasti dagur er. Ég hef að vísu ekki beinar tölur um þetta, en þær upplýsingar sem ég hef fengið benda til þess að þetta sé ekki eins mikill kostnaður og margir vilja telja.

Ég vil taka undir það, sem fram kom hjá hv. þm. Halldóri Blöndal, að þegar lögin um söluskatt voru til umræðu kom fram hugmynd um að breyta gjalddaganum. Þessi fsp. var eiginlega hugsuð með það í huga hvort það stæði ekki til og í samræmi við þær

upplýsingar sem þá komu fram.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég hef þá eitthvað bilað í reikningi ef vextir af 33 milljörðum kr. í tíu daga skipta hundruðum milljóna. Ég er hræddur um að ef það er rétt hjá hæstv. fjmrh. verði þokkaleg vaxtastefnan á næsta ári. Þá er ég hræddur um að raunvextirnir fari nokkuð upp á við. En það er gert ráð fyrir því á næsta ári að heildartekjur af söluskatti verði 33 milljarðar kr. Ég fer fram á að eindaganum verði frestað í tíu daga sem kemur auðvitað á alla upphæðina. Síðan getur hæstv. fjmrh. látið reikna það út uppi í fjmrn. hvaða raunvexti hann þurfi nú til þess að fá hundruð milljóna kr. vexti af 33 milljörðum í tíu daga. Það væri gaman að fá að vita hvernig sá útreikningur lítur út. Staðreyndin er sú að þetta fyrirkomulag veldur miklu óhagræði. Við vissum í fjh.- og viðskn. sl. vetur ekki betur en fjmrn. væri undir það búið að koma þessari breytingu í kring og það hefur valdið okkur vonbrigðum að fyrrv. fjmrh. skyldi ekki hafa komið því í verk. Það er ekkert í þessu máli flókið, það er ekkert í þessu máli sem stríðir gegn réttlætinu og ef hæstv. fjmrh. vill gera það sem hann sagðist vilja gera áðan, fara að vilja Alþingis, þá ætti hann að drífa sig. Mér þætti fara vel á því að breytingin færi saman við kirkjuárið. Nýtt kirkjuár byrjar nú á aðventu og það væri mjög ánægjulegt ef hann gæti látið nýjan eindaga söluskatts taka gildi líka nú í byrjun desembermánaðar.

Albert Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég held að þessi fsp. frá hv. þm. Guðmundi Ágústssyni hafi verið tímabær, ekki síður en hún var þegar hún var rædd í Ed. og fjh.- og viðskn. Ed., en niðurstaða fjh.- og viðskn. Ed. er ekkert öðruvísi en niðurstaða í umræðum í Sjálfstfl. þegar ég var þar og í Alþingi meðan ég var fjmrh. og svör hæstv. fjmrh. nú í þessum vandamálum sem hann er að glíma við eru nákvæmlega þau sömu og ég var að glíma við sem sjálfstæðismaður í fjmrn. Það var sami velvilji hjá mér, og ekki minni af því að ég tilheyri þeirri stétt verslunarinnar sem hér um getur, en virðist koma fram hjá hæstv. fjmrh. í dag. Ég sé ekki neina ástæðu til að gera þetta að einhvers konar pólitísku máli, umræður um það hvort hæstv. fjmrh. er í Alþb., ég í Borgfl. og aðrir í Sjálfstfl. sem taka til máls. Þetta er ekkert pólitískt mál. Þetta er mál sem þarf að leysa. Þetta er vandamál. En það verður ekki leyst auðveldlega eins og hæstv. fjmrh. hefur getið um.

Ég reyndi að leysa þetta mál. Ég var með nákvæmlega sömu vinnubrögð og hæstv. fjmrh. í dag. Mér tókst það ekki vegna þess að þær upplýsingar sem ég fékk þá voru að það kostaði hundruð milljóna í vaxtatapi fyrir fjmrn. Ég held að þær upplýsingar sem hv. þm. Halldór Blöndal gaf upp áðan, að það væru yfir 30 milljarðar á ári sem um væri að ræða eða 30 milljarðar, bendi til að það kosti hundruð milljóna að breyta þessu. Við þurfum bara að finna leiðir. Ef þingnefnd eða Alþingi fyrirskipar ráðherra að framkvæma verður líka að taka dæmið upp við gerð fjárlaga þannig að það sé gert ráð fyrir þessum kostnaði.

Um þingsköp.

Fsp. um innflutning á hundum.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ástæða þess að ég kveð mér hljóðs um þingsköp er að á þskj. 71 lagði ég fram fsp. til hæstv. landbrh. um innflutning á hundum. Fór ég fram á að við fsp. fengist skriflegt svar, en hún hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„1. Hverjum hefur verið heimilað að flytja hunda til landsins sl. tíu ár? Þess er óskað að fram komi í svarinu nöfn innflytjenda og hvaðan hundarnir hafa verið fluttir, enn fremur rökstuðningur fyrir heimildinni.

2. Hverjum hefur ráðuneytið synjað um slíkan innflutning á hundum á sama tíma? Óskað er eftir að upplýsingarnar verði sundurgreindar eins og við fyrri spurningu.

3. Hvenær má vænta þess að komið verði á hundasóttkví til nota í þessu tilefni?“

Nokkurs konar svar hefur borist frá hæstv. ráðherra á þskj. 119. Sá er þó galli á að mínu mati að fsp. er alls ekki svarað og því um alls ófullnægjandi og óviðunandi afgreiðslu fsp. að ræða. Í svari ráðherra er engan veginn reynt að svara meginatriðum fsp., þ.e. hverjir fengu að flytja inn hunda á sl. tíu árum og á hvaða rökum fengu þeir það og hins vegar hverjir fengu ekki að flytja inn hunda á sama tímabili og á hvaða rökum var þeim synjað.

Um svör ráðherra er hægt að hafa mörg orð og stór, en þau ætla ég að spara mér og reyndar vona að til notkunar þeirra þurfi ekki að koma. Engu að síður ítreka ég óánægju mína með svör ráðherra.

Hæstv. forseti. Fsp. þessi fór hina hefðbundnu leið, þ.e. áður en hún fékkst send ráðherra til afgreiðslu yfirfór forseti fsp. og að því loknu heimilaði hann hana. Því vil ég spyrja hæstv. forseta hvort hún telji afgreiðslu ráðherrans fullnægjandi. Í öðru lagi vil ég spyrja hæstv. forseta hver sé staða og réttur þingmanna varðandi fsp., hvort það geti verið að ráðherra eigi að komast upp með alls ófullnægjandi svör. Ef svo er ekki, hæstv. forseti, hvað er þá til ráða?

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna orða hv. 5. þm. Vesturl. hlýtur forseti að fallast á að svar við umræddri fsp. er ekki í samræmi við það sem um var spurt. Forseti vill því fara þess á leit við hæstv. landbrh. að hann endurskoði það svar sem nú liggur fyrir hinu háa Alþingi og leggi fram svar að nýju þar sem nánar verður svarað því sem

um var beðið.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Það er rétt, eins og kom fram í máli fyrirspyrjanda, hv. þm. Inga Björns Albertssonar, að fsp. er ekki svarað að öllu leyti í botn í því skriflega svari sem dreift hefur verið á hinu háa Alþingi og er á þskj. 119. Ástæður þessa, að nöfn viðkomandi einstaklinga eru í þessu tilviki ekki birt, eru þær að það þykir orka tvímælis að heimilt sé að birta nöfn einstaklinga í vissum tilvikum þegar um viðkvæm einkamálefni er að ræða. Fyrir því eru nokkur fordæmi á hinu háa Alþingi að fsp. af þessu tagi hafi ekki verið svarað og hygg ég að hægt sé að rifja þau upp eða vitna til þeirra ef þess er óskað.

Ég hef ráðfært mig við nokkra aðila hvað þetta áhrærir og hafa menn haft um þetta efasemdir. Það er þó rétt að taka fram að formlegra álitsgerða hefur ekki verið leitað í þessu efni. Ég tel hins vegar sjálfsagt og ekki síst í ljósi orða hæstv. forseta að leita formlegra álitsgerða aðila eins og ríkislögmanns, tölvunefndar og þeirra aðila fleiri sem fyrst og fremst fjalla um réttindi og skyldur í þessum tilvikum, hvort skylt sé eða heimilt að birta nöfn einstaklinga í þessu tilviki.

Í þessu sambandi er rétt að minna á að íslensk löggjöf er því miður fátækleg af ákvæðum hvað þetta áhrærir. Þannig er til að mynda ekki til nein heildarlöggjöf um upplýsingaskyldu stjórnvalda né heldur um meðferð persónulegra upplýsinga í svona tilvikum. Það má út af fyrir sig líka rifja það upp og vitna þar til að mynda til bókar Ólafs Jóhannessonar um stjórnskipun Íslands hvort rétt sé að heimila fyrirspurnir ef þær fela í sér e.t.v. ósk um upplýsingar sem ekki er rétt að birta. Í því sambandi langar mig til að vitna, með leyfi hæstv. forseta, í bls. 272 í þessari ágætu nefndu bók, en þar segir: „Vitaskuld getur stundum verið álitamál hversu ítarlegs og nákvæms svars er hægt að krefjast af ráðherra." — Hér er átt við svör við fyrirspurn. — „Og hugsanlegt er að fyrirspurn varði efni er ráðherra telur sér ekki heimilt að ræða, en í því tilfelli hefði þingið ekki átt að leyfa fyrirspurnina."

Ég tel að það skriflega svar við fsp. sem hér hefur verið vitnað til og er á þskj. 119 svari í öllum aðalatriðum fsp. nema hvað þetta efni áhrærir, þ.e. nöfn viðkomandi einstaklinga eru ekki birt.

Ég tel að í svarinu skorti á að það sé útskýrt og rökstutt hvers vegna nöfnin eru ekki birt og tek það á mig að þar hefði betur mátt fara. Við þessar aðstæður hefði verið eðlilegt að í hinu skriflega svari hefði komið fram hvers vegna ráðherra treysti sér ekki, a.m.k. ekki að svo stöddu, til að birta viðkomandi nöfn einstaklinga.

Ég tek það fram að til þess gæti komi síðar ef það yrði að bestu manna yfirsýn heimilt, ég tala nú ekki um skylt.

Ragnhildur Helgadóttir:

Frú forseti. Ég tel ástæðu til að blanda mér í þessar umræður, ekki vegna þess að ég sé áhugamanneskja um hundahald heldur vegna þess að mér sýnist að hér sé verið að ræða um jafnréttismál, ekki jafnrétti meðal manna heldur jafnrétti meðal hunda.

Hv. fyrirspyrjandi er vel kunnugur frægasta hundi landsins, sem er frægur vítt um heimsbyggðina reyndar, og hann vill greinilega ekki láta mismuna öðrum hundum þessa lands vegna þessa og gera þá líka fræga með því að listi sé yfir þá til í skjölum Alþingis. Ég vil nú spyrja hvort í beiðninni felist ekki fleira en beiðni um upplýsingar um eigendur hundanna og nöfn þeirra. Mér þætti eðlilegt að á þeim lista væru líka og jafnvel öllu fremur nöfn hundanna sem mundu áreiðanlega auðga tungu okkar og vera fróðleg lesning.

Ég tel annars að viðbrögð hæstv. ráðherra séu rétt í þessu máli. Ég er ekki að segja að hér sé um viðkvæm einkamál að ræða, en þetta eru málefni sem eru afar sambærileg við það eins og hverjir hafi fengið byggingarleyfi í sambandi við byggingar einbýlishúsa, t.d. bílskúra eða eitthvað slíkt sem varðar meira einkalíf manna án þess að þar sé um viðkvæm mál að ræða. Ég held því að þetta séu rétt viðbrögð ráðherra, en ég áfellist heldur ekki hæstv. forseta þar eð það hlaut að vera matsatriði hæstv. ráðherra hvernig hann tæki á þessu máli, hversu nákvæmlega hann svaraði fsp.

En ég vildi vekja athygli á því að mér þykir það afar sérkennilegt þingmál að hér eigi að birta nöfn manna sem eiga hunda og birta ekki einu sinni nöfn hundanna. Ég fékk þær upplýsingar rétt áðan að frægasti hundur lands og heims væri nú orðinn 17 ára svo ekki virðast þessar upplýsingar ná til jafnaldra þess fræga vinar mannsins. En ég vildi benda á þetta. Ég held að þetta sé afar sérkennilegt mál og hvet hæstv. ráðherra til að láta athuga jafnréttisþáttinn í þessu máli.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna orða hv. 3. þm. Reykv. og þeirra sem hér hafa talað vill forseti segja að þegar þessi fsp. barst til undirskriftar gerði forseti sér ekki grein fyrir að upplýsingar um það fólk sem fengið hefði að flytja inn hunda erlendis frá væru svo viðkvæmt einkamál að það gæti valdið vandræðum að sá nafnalisti birtist. Nú má vel vera að svo sé. En hæstv. ráðherra hefur fallist á að leita umsagnar um hvort við hæfi sé að birta slíkan lista og fyrir það vil ég þakka honum og vænti þess að hv. 5. þm. Vesturl. sætti sig við þá afgreiðslu mála og lúti þeirri niðurstöðu sem þær umsagnir gefa til kynna.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka síðasta ræðumanni, hv. 3. þm. Reykv., fyrir mjög fróðlegt erindi og ég er alveg sannfærður um að það má útvega þessi nöfn fyrir hv. þm. ef það er mikið mál. En mér fannst þessi ræða alveg kostuleg. Hún væri tilvalin til notkunar á árshátíðum einhvers staðar úti í bæ.

Hér er verið að spyrja um hvort menn sitji við

sama borð í þessu þjóðfélagi eða ekki og það hlýtur hv. þm. að skilja. Í skjóli þeirrar leyndar sem ráðherra talar fyrir þrífst ekkert annað en spilling og það er það sem við viljum fá hérna upp á yfirborðið hvort það sé í raun og veru þannig að menn sitji ekki við sama borð. Hverju er í raun og veru verið að leyna? Hverjir eru eigendurnir? Hér stendur í lista yfir undanþágur: Íslenskir sendiherrar við heimflutning fjórir á síðustu tíu árum. Er eitthvert mál að fletta upp á því hvaða sendiherrar komu heim á síðustu tíu árum? Er einhver nafnleynd þarna? Ekki til.

Þessi fsp. svarar engu af því sem spurt er um, engu öðru en því frá hvaða löndum hundarnir koma. Engu öðru er svarað í fsp. Ég bað ekki um fjölda umsókna. Ég gat alveg lagt það saman sjálfur. Reyndar er það tekið fram að þetta séu aðeins skriflegar umsóknir. Maður veltir því þá fyrir sér hvað komu í rauninni margar umsóknir inn. Þær eru sennilega miklu, miklu fleiri og öllum munnlegum umsóknum hefur væntanlega verið hafnað.

Ég skil ekki af hverju þessi nöfn þola ekki dagsbirtu. Það hlýtur að gefa hugmyndafluginu lausan tauminn þegar þessu er haldið leyndu. Af hverju fá t.d. erlendir sendimenn eða íslenskir sendiherrar að flytja inn hunda en ekki aðrir? Eru þeirra hundar eitthvað betri en aðrir hundar? (**Forseti:** Má ég biðja hv. þm. að fara ekki út í efnislega umræðu. Hér fara fram umræður um þingsköp.) Já, virðulegi forseti. Ég bíðst afsökunar á því. Ræða hv. 3. þm. Reykv. var svo kostuleg að maður missir aðeins tauminn. En ég sætti mig vel við málsmeðferð þá sem hæstv. forseti leggur hér til og mun þá væntanlega fá að taka málið upp aftur í ljósi þess sem frá ráðherra kemur.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það hlýtur að vera ærið umhugsunarefni hver sé réttarstaða Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu og hvaða stefnu forseti þingsins hafi í þeim efnum. Undir forseta eru bornar allar fyrirspurnir. Undir hann eru bornar allar heimildir til að fara í utandagskrárumræðu eða hvað sem er og þegar forseti leyfir fyrirspurnir hlýtur það að vera hans mat að hann telji að fsp. sé innan þess ramma sem Alþingi telji eðlileg vinnubrögð. Það hvílir þess vegna á forseta sú skylda að meta það hvort svarað er út í hött eða hvort fsp. er svarað því það er í sjálfu sér einskis virði sá réttur þingmanna að mega spyrja ef framkvæmdarvaldið telur að því beri engin skylda til að svara fsp. efnislega eins og þær eru fram settar. Ef forseti aftur á móti telur að í fsp. sé farið fram á meira en sanngjarnt er gagnvart framkvæmdarvaldinu ber forseta að gera grein fyrir því við fyrirspyrjandann og reyna að leita samkomulags um það að þá sé tekið út úr fsp. það sem ekki samræmist störfum þingsins.

Í þessu tilfelli hefur forseti leyft ákveðna fsp. Í sjálfu sér geta verið mjög deildar meiningar um hvort eitthvað í henni sé þess efnis að eigi að leyfa eða ekki. Það verður svo hver og einn að eiga við sjálfan sig. En hitt blasir við að svarið sem lagt hefur verið fram er ekki í neinu samræmi við þá fsp. sem sett var fram.

Mér er ljóst að hér á ekki að fara fram efnisleg umræða og þá ber forseta einnig að gæta þess að menn séu ekki heldur með persónuleg skot á þá sem sækja hér með fyrirspurnir. Ég hygg að sá vopnaburður hljóti að vera umhugsunarefni. Skáldið Steinn Steinarr gerði kannski minna af því en flestir aðrir að flíka sínum tilfinningum, en athyglisvert er, þegar lesið er það sem eftir hann er á prenti í óbundnu máli, að þar er bréf til borgarstjórnar Reykjavíkurborgar eða borgarstjórans í Reykjavík ef ég man þetta rétt og bréfið er bænarskjal út af einu sennilega mjög ómerkilegu málefni að dómi valdsmanna vorrar þjóðar. Það er beiðni um að mega herbergja tík eina, þurfa sem sagt ekki að drepa hana en mega herbergja hana. Þetta finnst okkur sennilega flestum, sem höfum lesið þetta, lítið erindi, ekki stórt. Við vitum ekki hver erindislokin urðu, en Steinn leggst svo lágt gagnvart þessu stjórnvaldi til að ná þessu fram að hann játar að hann hafi ást á hundkvikindi þessu.

Ég vil segja að mér kemur það spánskt fyrir sjónir á okkar tímum, þegar almennt er litið svo á að mannúð hafi heldur farið vaxandi, að annað eins fjaðrafok geti orðið út af beiðni um að fá að herbergja eitt hundkvikindi eins og leitað hefur verið eftir. Og ég ætla að bæta því við að mér finnst það forkostulegt, af því að ég sá svar ráðuneytisins um heimild til að flytja umrætt hundkvikindi til landsins, að þar er farið fram á að eigandi hundsins sé reiðubúinn að lofa því að brjóta landslög. Þess er krafist af ráðuneytinu að hann sé reiðubúinn að brjóta landslög. Og í hverju er það fólgið? Jú. Ef hundkvikindi þetta verður til þess að eignast afkvæmi á eigandinn að lofa að hann muni sjá til þess að það afkvæmi verði drepið. Og ef það yrði nú tík, landbrh., sem yrði fyrir því að njóta ásta með ákveðnu hundkvikindi yrðu hvolparnir eign landbrh. og eigandinn búinn að lofa því að taka að sér að drepa þá í óþökk ráðherrans.

Auðvitað verða að vera einhver takmörk fyrir því hvað embættismenn setja á prent og ég skora á hæstv. ráðherra að láta ekki sína undirmenn villa sér sýn eins og gert hefur verið í þessu máli.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna orða hv. 2. þm. Vestf. skal það upplýst að skáldinu Steini Steinarr barst aldrei svar frá borgarstjóranum í Reykjavík.

Forseti vill hins vegar vinna að því nú að svar berist við þeirri fsp. sem hér um ræðir og hefur náð samkomulagi við hæstv. ráðherra um að það verði reynt.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég tel rétt að upplýsa vegna þessarar umræðu, sem fer nú of víða, að landbrh. á

enga tík og yfirleitt ekki hundkvikindi þannig að til þess kemur ekki, eins og hér var þó leitt líkum að í máli síðasta ræðumanns, að vandkvæði hljótist af hundaeign landbrh.

Ég held að það sé einnig rétt, hæstv. forseti, að upplýsa að meðferð þessara mála hefur verið til athugunar í landbrn. og tekin hefur verið ákvörðun um breytingar þar á, sem ætti að tryggja að okkar mati betur en hingað til hefur verið samræmda og trausta meðferð þessara mála, þar sem er ákvörðun um að koma á fót einangrunarstöð í Hrísey norður. Verður frá og með þessari ákvörðun ekki heimilaður neinn innflutningur á gæludýrum öðruvísi en að þau fari til einangrunar í þessari stöð undir eftirliti dýralækna og er þannig reynt að sjá betur fyrir því en áður var að um mjög trausta framkvæmd þessara mála sé að ræða. Ég hygg að það sé óþarfi, enda ekki ætlunin að ræða þessi mál hér efnislega, hæstv. forseti, að rekja það fyrir hv. alþm. hvers vegna mikillar varúðar er gætt í þessum efnum og reynt hefur verið eins og nokkur kostur hefur verið að halda undanþágum frá lögbönnuðum innflutningi þessara dýra í algeru lágmarki.

Að öðru leyti hef ég engu við fyrra svar að bæta og vonast til þess að innan tíðar fáist það eins rækilega á hreint og kostur er, miðað við að ýmsu leyti óljósa löggjöf landsins í viðkomandi tilviki, hvort rétt sé eða skylt að birta nöfn viðkomandi einstaklinga í þessu tilviki.

SAMEINAÐ ÞING

16. fundur, fimmtudaginn 24. nóv., að loknum 15. fundi.

Kosning eins manns í stjórnarnefnd ríkisspítalanna í stað Svavars Gestssonar ráðherra.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna athugasemdar hv. 3. þm. Reykv. vill forseti upplýsa að vegna þeirra rafmagnstruflana sem eru í gangi í húsinu er tölva borðsins ekki í lagi, en ég held að ekki sé vafi á því að það er nægilegur fjöldi þingmanna í húsinu til að þetta mál verði afgreitt, finnist tillögumaður.

Ragnhildur Helgadóttir:

Frú forseti. Það er náttúrlega ekki nægilegt að þingmenn séu í húsinu ef þeir eru ekki á þingfundinum. Ég verð þess vegna að lýsa undrun minni á því að kosning skuli tekin fyrir og beðið um lista á meðan fundurinn sjálfur er ekki ályktunarfær, en það er hann ekki fyrr en yfir helmingur fundarmanna er hér í salnum.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Það mun vera rétt hjá hv. 3. þm. Reykv. að svo er að sjá sem ekki sé nægilegur fjöldi þingmanna á þessum fundi. Forseta hefur verið dálítið erfitt um að sjá það vegna þess að eins og áður er sagt er tölvan í borðinu ekki í gangi, en eftir ítrekaðar hringingar sýnist ekki vera nægilegur þingmannafjöldi hér til að mál þetta verði tekið fyrir og því verður því frestað um sinn.

Kosningu frestað.

Efling atvinnu fyrir konur í dreifbýli, fyrri umr.

Þáltill. USt o.fl., 93. mál. — Þskj. 96.

Flm. (Unnur Stefánsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um að efla atvinnu fyrir konur í dreifbýli á þskj. 96. Meðflm. mínir eru hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir, Jón Kristjánsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Stefán Guðmundsson og Alexander Stefánsson. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera sérstakt átak til að efla atvinnumöguleika kvenna í dreifbýli."

Gífurlegar breytingar hafa orðið á í landbúnaði hér á landi á undanförnum árum. Ekki er þar eingöngu um að ræða breytingu á atvinnuháttum heldur einnig á félagslegri stöðu sveitafólks. Stórfelldust er þó e.t.v. sú breyting sem orðið hefur á stöðu sveitakonunnar sem áður stýrði stóru búi, oft með fjölda manns í vinnu, en situr nú í mörgum tilvikum uppi með takmörkuð verkefni á eigin búi.

Auk almennrar þjóðfélagsþróunar og breytinga á atvinnuháttum eru ástæður þessa m.a. eftirfarandi:

Í fyrsta lagi varð vélvæðing í landbúnaði þess valdandi að karlar tóku að sinna mörgum þeim störfum sem áður voru hefðbundin kvennastörf, svo sem mjöltum og ýmsu sem við kemur heyskap. Enda þótt vélvæðingin geri konum jafnframt kleift að sinna hinum erfiðustu störfum ekki síður en körlum hefur orðið mikil breyting á starfsvettvangi konunnar.

Þá hefur fólksfækkun í sveitum haft miklar breytingar í för með sér, ekki hvað síst fyrir konurnar. Eins og í bæjum hefur fjölskyldan minnkað og börn og unglingar eru að heiman mikinn hluta dagsins og í sumum tilvikum mikinn hluta vikunnar

vegna skólagöngu sinnar. Vinnukonan, vinnumaðurinn og kaupakonan eru horfin og mjög hefur færst í vöxt að aldraðir dveljist á vistheimilum eða sjúkrastofnunum.

Í öðru lagi hefur orðið gífurlegur samdráttur í búvöruframleiðslu á undanförnum 8–10 árum (15% í mjólkurframleiðslu og 28% í kindakjötsframleiðslu) og hefur það dregið mjög úr tekjumöguleikum þeirra sem vinna við þessa framleiðslu.

Samkvæmt verðlagsgrundvelli landbúnaðarins er umhirða 225 ærgilda sauðfjárbús talin vera eitt ársverk. Í mjólkurframleiðslu er hliðstæð tala 246 ærgildi. Árið 1987 höfðu um 64% þeirra sem höfðu fullvirðisrétt í sauðfjárrækt minni fullvirðisrétt en sem nam einu ársverki. Um 18% hreinna kúabúa voru undir þeirri stærð. Ef öll bú í landinu eru talin hafa 41% þeirra minni fullvirðisrétt en sem nemur einu ársverki. Þessar staðreyndir tala skýru máli um það að á um 40% allra búa í landinu er ekki vinna fyrir nema annað hjónanna — ég endurtek: að á 40% allra búa í landinu er ekki vinna nema fyrir annað hjónanna. Hitt verður annað tveggja að leita vinnu utan bús, sé slíka vinnu að fá, eða sætta sig við skerta atvinnumöguleika.

Engar horfur eru á að svigrúm til framleiðslu mjólkur og kindakjöts aukist við núverandi aðstæður nema hluti framleiðenda hverfi að öðrum störfum. Ljóst er af þessu að mikið skortir á að næg atvinna sé fyrir allt það fólk sem nú stundar hefðbundin landbúnaðarstörf.

Það sem gerir þessa stöðu mun alvarlegri en ella og undirstrikar aðstöðumun sveitafólks og þeirra sem í þéttbýli búa er sú staðreynd að afkoma flestra heimila í landinu byggist á vinnu tveggja einstaklinga.

Með samþykkt búvörulaganna svonefndu, laga nr. 46/1985, var ákveðið að um helmingi þess fjár, sem áður rann til útflutningsbóta á kjöt og mjólk, skyldi varið til „eflingar nýrra búgreina, markaðsöflunar og til fjárhagslegrar endurskipulagningar búreksturs á lögbýlum".

Á síðustu þremur árum hefur verið varið um 380–400 millj. kr. af fé sjóðsins til uppbyggingar nýrrar atvinnustarfsemi í sveitum og skyldra verkefna. Útlit er fyrir að sjóðurinn eigi um 1000 millj. kr. óráðstafað til slíkra verkefna fram til ársins 1992.

Ýmislegt hefur áunnist í eflingu atvinnulífs í sveitum, svo sem tilkoma loðdýraræktar, ferðaþjónustu og kanínuræktar og enda þótt uppbygging atvinnu fyrir konur hafi ekki verið sérstaklega á verkefnaskrá Framleiðnisjóðs, sem með þessi mál hefur farið, munu það ekki hvað síst vera konur sem að þessum störfum vinna. Vil ég þar sérstaklega benda á ferðaþjónustuna. En þótt nokkuð hafi hér áunnist er hvergi nærri fyllt það mikla skarð sem höggvið hefur verið í atvinnulíf sveitanna með samdrætti í framleiðslu mjólkur og kindakjöts. Þar að auki virðist prjónaiðnaðurinn, sem víða var kominn vel á legg í sveitum og skapaði mörgum konum vinnu, vera að lognast út af. Það má benda á að í dag eru um tíu saumastofur starfandi sem voru fyrir nokkrum árum fjörutíu talsins. Þarna hefur orðið mikil breyting til hins verra.

Atvinnumál kvenna í dreifbýli hafa fengið ótrúlega litla umfjöllun og bendir það til þess að mörgum sé alls ekki ljóst það erfiða ástand sem þar ríkir.

Vegna hefðbundinnar verkaskiptingar kynjanna er það í flestum tilfellum konan sem verður að sætta sig við skerta atvinnumöguleika á búi sínu eða leita að vinnu utan heimilis. Ég nefni tvö dæmi:

Ung kona á Suðurlandi býr á blönduðu búi ásamt manni sínum og ungu barni. Atvinnan er ekki næg fyrir tvo einstaklinga allt árið. Það er stutt í næsta þorp, en leiti hún vinnu þangað er ekki möguleiki að fá vinnu þar því að þar ganga fyrir þær konur eða þeir aðilar sem búa þar. Þannig að sú vinna sem hún getur fengið utan síns bús er aðeins fimm vikur í sláturhúsi á hverju hausti.

Hitt dæmið er af konu á Austurlandi sem er komin yfir miðjan aldur. Börn þeirra hjóna eru komin í framhaldsskóla og því lítið heima á veturna. Vinnan er ekki fyrir tvo einstaklinga þar allt árið, en ætli annað þeirra, t.d. konan, að fara í vinnu utan bús þyrfti hún að aka fleiri tugi kílómetra til að komast á áfangastað og það er náttúrlega ekki gott í vetrarhörkum eins og við vitum að eru á Austurlandi. Þessi kona sagði mér að hún gæti auðvitað fundið sér ýmislegt að gera, dunda við heima fyrir, en hún sagði einfaldlega: Ég þarf bara að fá kaup fyrir vinnu mína eins og aðrir einstaklingar í landinu.

Við uppbyggingu nýrrar atvinnustarfsemi í sveitum þarf því öðru fremur að leggja áherslu á störf sem henta konum.

Árið 1979 var samþykkt þingsályktun á Alþingi um eflingu úrvinnslu- og þjónustuiðnaðar í sveitum. Framkvæmdastofnun ríkisins var falið að gera úttekt á stöðu mála og tillögur til úrbóta á árinu 1980. Ekkert hefur enn orðið úr framkvæmdum. Þó hafa ýmsir aðilar áttað sig á þessari stöðu varðandi atvinnu fyrir konur í dreifbýli. Að tilhlutan Kvenfélagasambands Íslands hefur starfað hópur sem fjallar um möguleika á uppbyggingu heimilisiðnaðar í sveitum. Í hópnum vinna konur frá Kvenfélagasambandinu, Heimilisiðnaðarfélaginu, Þjóðminjasafni, Ferðamálaráði, Byggðastofnun, ferðaþjónustu bænda og Heimilisiðnaðarskólanum.

Á sl. sumri skipaði þáv. landbrh. nefnd sem ætlað er að gera tillögur um atvinnuuppbyggingu fyrir konur í sveitum. Og til athugunar er að setja upp sérstaka heimilisiðnaðarbraut við Bændaskólann á Hvanneyri. Ég tel það mjög gott að bændaskólarnir taki að sér það hlutverk að bjóða upp á ýmsa nytjalist og ýmislegt sem tengist heimilisiðnaði.

Hins vegar er það áhyggjuefni að í grunnskólum landsins er ekki hægt að segja að nemendur fái nægilega mikla kennslu í handmenntum. Og annað verra, að í framhaldsskólum landsins er víða lítil eða engin kennsla í handmennt. Og í þriðja lagi og það er kannski það versta, að Kennaraháskóli Íslands

útskrifar ekki lengur leiðbeinendur til þess að kenna ungmennum á framhaldsskólastigi handmenntir. Við þurfum því e.t.v. að horfast í augu við það að þegar þeir nemendur okkar, sem nú eru á grunnskólaaldri, verða komnir um þrítugt þá kunni þeir lítið til handverka. Þarna þarf að leiðrétta ýmsa hluti.

Á nokkrum stöðum á landinu hafa konur bundist samtökum um að stofna til atvinnureksturs. Má þar nefna að konur á Seyðisfirði hafa stofnað hlutafélagið Frú Lára, í gömlu húsnæði, og fengið aðstoð til heimilisiðnaðar þar. Svipað átak er í undirbúningi á Egilsstöðum og á Vopnafirði hafa konur fengið afnot af Torfastaðaskóla fyrir heimilisiðnað og skyldan atvinnurekstur. En þar skortir fjármagn til greiðslu á hita og rafmagni og það eru miklar upphæðir.

Iðntæknistofnun Íslands hefur um skeið starfrækt námskeið fyrir konur í atvinnurekstri. Þessi námskeið hafa fram til þessa einvörðungu farið fram í Reykjavík, en nú í haust var loks farið með þau út á land og var byrjað á Suðurlandi, á Selfossi, og fyrirhugað er námskeið í Vestmannaeyjum. Á þessum námskeiðum er fjallað um stjórnandann, stofnun fyrirtækja, markaðssetningu, fjármál, skipulagningu og framtíðarsýn fyrirtækja. Markmið þessara námskeiða er m.a. að efla sjálfstraust kvenna og aðstoða þær við að komast í tengsl við konur með svipuð framtíðaráform.

Það vandamál, sem hér er lýst, er engan veginn séríslenskt, heldur er við svipað vandamál að fást í flestum löndum Evrópu. Samfara aukinni vélvæðingu landbúnaðarins og samdrætti í framleiðslu skortir atvinnu fyrir konur sem þær geta stundað með bústörfunum. Víða er það einnig vandamál hve margar ungar konur yfirgefa sveitirnar. Vegna hinna hefðbundnu viðhorfa í flestum fjölskyldum að sonurinn skuli taka við búinu eru stúlkurnar ekki jafnbundnar heimaslóðum og leita sér því fremur menntunar og atvinnu í þéttbýlinu. Skortur á kvenfólki er orðinn áberandi vandamál í dreifbýli í mörgum löndum. T.d. eru 20% sænskra bænda ókvæntir. Afleiðingin er margs konar félagsleg vandamál, uppgjöf og vonleysi.

Samkvæmt upplýsingum frá Alþjóðasambandi búvöruframleiðenda hafa stjórnvöld og samtök bænda í mörgum löndum gert sér ljóst að auka verður hlut kvenna í atvinnuuppbyggingu dreifbýlisins. Lögð er áhersla á nauðsyn þess að efla sjálfstraust kvenna og auka þekkingu þeirra á rekstri fyrirtækja og markaðsstarfsemi. Í löndum eins og Ástralíu, Kanada, Hollandi, Ítalíu og Frakklandi hafa verið sett í gang námskeið svipaðs eðlis og námskeið Iðntæknistofnunar.

Í samvinnu við sænsku bændasamtökin hafa stjórnvöld þar í landi hrundið af stað sérstöku átaki til þess að auka atvinnu fyrir konur í sveitum. Ætlunin er að verja 5 millj. sænskra kr. til þessa verkefnis og svipað átak er í gangi í Noregi.

Ekki hefur verið gerð úttekt á stöðu þessara mála hér á landi, en samkvæmt upplýsingum frá Byggðastofnun eru konur á landsbyggðinni 1770 færri en karlar. Þessi tala gæti gefið okkur vísbendingu um hvert stefnir í þessum efnum.

Það mál sem hér er flutt er því mjög brýnt.

Hér er ekki verið að tala um að konurnar eigi eða ætli að hlaupa frá skyldum sínum, hér er einfaldlega verið að ræða um þann grundvallarrétt hvers einstaklings að fá vinnu við sitt hæfi, þroska hæfileika sína og afla sér tekna.

Enginn efi er á því að konur vilja áfram sinna hlutverki sínu í íslenskum landbúnaði, en þegar þeim störfum sleppir eiga þær að hafa hliðstæð tækifæri og kynsystur þeirra í þéttbýli til þess að leita sér viðbótarstarfs. Ef sveitir landsins eiga áfram að vera lifandi samfélög verðum við því að skapa þar fjölbreytta atvinnu fyrir konur á öllum aldri.

Virðulegi forseti. Að lokum langar mig að vitna til orða Ágústu Þorkelsdóttur á Refsstað, en hún sagði um þessi mál nú nýverið: „Framtíð byggðar byggist á að gera þar lífvænlegra fyrir börn framtíðarinnar sem ekki sætta sig við léleg laun og einhæfa atvinnumöguleika. Í samráði við yngri kynslóðina verðum við að leita ráða til að gefa konum jafnt sem körlum starfsvettvang í sveitum. Kvenmannslaus byggð er dæmd til að deyja."

Virðulegi forseti. Að lokinni umræðunni geri ég það að tillögu minni að þáltill. verði vísað til síðari umr. og félmn.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það mál sem hér er til umræðu varðar marga og er fullkomlega eðlilegt að um það sé rætt á hv. Alþingi. Ég get í raun tekið undir flest ef ekki allt það sem fram kom í framsögu hv. 1. flm., Unnar Stefánsdóttur, sem rökstuðningur fyrir þeirri till. sem hún mælir fyrir. Ég vil jafnframt benda á það sem kemur fram í grg. með þessari till. að sú ríkisstjórn sem nú situr hefur samkvæmt málefnasamningi sínum ætlað sér „að gera sérstakt átak til að auka fjölbreytni í atvinnu kvenna á landsbyggðinni" eins og það er orðað í stjórnarsáttmála.

Hér er sérstaklega rætt um dreifbýli. Mörk þess og landsbyggðar eru kannski ekki alltaf skýr, hvað menn hugsa þegar þeir tala um dreifbýli. En ég skil það bæði af grg. og máli hv. 1. flm. að fyrst og fremst sé átt við sveitir landsins, þ.e. hluta af landsbyggðinni.

Það er út af fyrir sig verkefni okkar sem styðjum ríkisstjórnina að átta okkur á því hvernig við ýtum á eftir þeim málum sem um hefur verið samið milli flokka við stjórnarmyndun. Við gætum tekið okkur til hér og sameinast um það, væntanlega 32 hv. þm., að flytja málefnasamning ríkisstjórnarinnar í heild sem till. til þál. hér á hv. Alþingi og fengið umræðu um málefnasamninginn þannig. Ég er ekki með þessum orðum að lasta það að þetta mál sé tekið upp, því að oft er það svo að í málefnasamninga ríkisstjórna eru tekin atriði sem ekki er sá gaumur gefinn sem ástæða væri til og mörg frjósa inni af

ýmsum ástæðum, bæði vegna þess að líftími ríkisstjórna er ekki alltaf langur og eins vegna þess að þeim er ekki fylgt eftir af þeim sem aðallega eiga um að fjalla. En ég vona að það ákvæði stjórnarsáttmálans, sem varðar það mál sem hér er til umræðu, verði virt og að því unnið af þeim aðilum innan ríkisstjórnar sem sérstaklega eiga þar um að fjalla. En það er vissulega fleiri en einn ráðherra sem hlýtur að koma þar við sögu.

Til þess að fá fram hvað ríkisstjórnin hyggst gera í sambandi við þetta ákvæði, hvaða hugmyndir liggja nú þegar fyrir, hef ég ásamt hv. þm. Margréti Frímannsdóttur flutt fsp. til hæstv. forsrh. um það hvernig ríkisstjórnin hyggist framkvæma þetta mál sem varðar að auka fjölbreytni í atvinnu kvenna á landsbyggðinni. Því ég held að það sé mjög nauðsynlegt fyrir þá þingnefnd sem fær þessa þáltill. til meðferðar að það liggi fyrir strax og um hana er fjallað í nefnd — það vill svo til að ég er formaður þeirrar nefndar sem tillaga er um að fái þetta mál til meðferðar — að það liggi fyrir hvaða hugmyndir eru hjá stjórnvöldum nú þegar varðandi þetta efni.

Það er síðan sögulegs eðlis að þetta ákvæði í stjórnarsáttmála er raunar komið út úr viðræðum milli þeirra flokka sem tóku síðan saman um ríkisstjórn. Ég man eftir því að í hópi Alþb., sem fjallaði um málefnasamninginn, var þetta efni mjög ofarlega á baugi og bein tillaga gerð um það að það kæmi inn í málefnasamning ríkisstjórnarinnar. Áhugi á þessu máli er því áreiðanlega hjá öllum stjórnarflokkunum og væntanlega einnig innan stjórnarandstöðunnar því að þetta mál er þess eðlis að menn ættu að geta sameinast um það að reyna að fá fram úrbætur.

Eins og hv. 1. flm. greindi frá í sinni ræðu er vandi sveitanna vissulega sértækur hvað snertir atvinnumöguleika fyrir konur. Það felst fyrst og fremst í því að sú sérstaða er einkum í því fólgin að fábreytnin er meiri en á þéttbýlisstöðunum úti um land. Og fyrir sveitakonur er það oft nánast útilokað eða mjög erfitt og kostnaðarsamt að leita atvinnu út fyrir heimili sitt, út fyrir viðkomandi bú. Vissulega eru konurnar þátttakendur í búrekstri — og fullgildir þátttakendur, þó að það sé ekki viðurkennt sem skyldi í sambandi við lög og reglur um þessi efni, og það er eitt af þeim atriðum sem þarf að taka á til þess að leiðrétta stöðu kvenna í sveitum.

Það má segja að við vissar aðstæður séu konur í sveitum nánast eins og í hnappheldu, nánast eins og aflokaðar þar sem þær geta ekki aflað lágmarkstekna. Tryggingakerfið tekur ekki á slíkum vandamálum nema takmarkað. Þarna er því hluti af þegnum landsins sem býr í rauninni við mjög bágar aðstæður og fær ekki aðgang að nauðsynlegum og sjálfsögðum mannréttindum í sambandi við lágmarkstekjur þar sem aðstæðurnar til að afla þeirra eru tæpast til staðar og viðurkenning á aðstæðunum ekki fyrir hendi samkvæmt lögum og reglum.

Hv. flm. nefndi fólksflóttann úr sveitum, og af landsbyggðinni almennt, og hvernig þar hallar á varðandi kynin, hvað konur eru mun færri en karlar samkvæmt manntalsskýrslum úti á landi. Nefndar voru tölur, 1700–1800 manns, þ.e. að á landsbyggðinni séu 1700–1800 færri konur en karlar. Ég hygg að í mínu kjördæmi, Austurlandi, muni heilum 5%. Ég held að um þriðjungurinn af þessari tölu varði Austurland. Í því þrettán þúsund manna kjördæmi eru karlar um 600 fleiri en konur. Þetta er því auðvitað gífurlegur munur. Og það eru ekki bara sveitirnar, þó að vissulega halli þar á í þessum efnum, það eru einnig ýmsir þéttbýlisstaðir þar sem þessi munur er til staðar.

En vandamálið sem hér er til staðar snertir ekki bara sveitirnar. Það snertir einnig þéttbýlisstaði á landsbyggðinni. Það snertir fólkið í frumvinnslugreinunum þar sem konur nánast standa jafnfætis körlum tölulega séð. En aðstæður þeirra til atvinnuþátttökunnar eru allt aðrar og oft lélegri. Þar er auðvitað launamunurinn sagna drýgstur, sá mikli munur í launum sem endurspeglast í tekjum kvenna miðað við karla í okkar frumvinnslugreinum úti um land. Vissulega gætir þess einnig hér á höfuðborgarsvæðinu þótt fjölbreytnin í atvinnuframboði sé hér mun meiri.

Ég tel að hér sé gott mál á ferðinni og vænti þess að bæði þing og ríkisstjórn auðnist að taka á því til úrbóta fyrir þá sem í hlut eiga.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Það hefur nú fjölgað nokkuð karlmönnum hér í þingsal þannig að ég ætla að sleppa því að hafa nokkur orð um slælega mætingu þeirra á fundinum. En það var þannig þegar 1. flm. flutti framsöguræðu sína að þá voru konur helmingi fleiri en karlar og mér datt í hug hvort það segði kannski nokkuð um áhuga þeirra á þessu málefni. En nú hafa svo margir birst að ég hef ekki fleiri orð um það.

Hér er til umræðu till. til þál. um að efla atvinnumöguleika fyrir konur í dreifbýli. Fyrsti flm. hefur nú þegar gert málinu góð skil í framsöguræðu en ég ætla að bæta nokkrum atriðum við þar sem þetta málefni hefur verið mér mjög hugleikið í nokkur ár. Ég mun einbeita mér að stöðu sveitakonunnar.

Konur í sveitum hafa ekki hrópað á torgum yfir stöðu sinni í þjóðfélaginu. En staðreyndin er sú að þær hafa í gegnum áratugina og aldirnar unnið mikil og vanþakklát störf fyrir þjóðarbúið. Hver kannast ekki við að hafa heyrt af konunni sem kom upp tíu barna hóp ásamt því að stunda bústörfin og sinnti auk þess öldruðum rúmliggjandi foreldrum? Auk þess að hafa unnið mikilvæg störf fyrir þjóðarbúið hefur sveitakonan sparað mikla fjármuni með því að annast börn sín sjálf á sínu heimili í stað þess að senda þau á dagvistarstofnanir, kostaðar að verulegu leyti af opinberum aðilum. Þá má einnig nefna það að bóndakonan — ég nefni þetta svona til upplýsingar um hennar stöðu — hefur matreitt og þjónað iðnaðarmönnum sem komið hafa til starfa á búinu án þess að fá greiðslur fyrir. Ókeypis fæði er

nefnilega viðbót á laun þeirra er koma til vinnu á sveitaheimilum. Það er eins og það hafi læðst inn í hugarheim einhverra að maturinn í sveitinni kosti ekki peninga. Það er staðreynd að nú í seinni tíð hefur atvinnumöguleikum kvenna í dreifbýli farið mjög fækkandi. Í öllum sveitum landsins eru fullfriskar konur sem vildu gjarnan, a.m.k. yfir vetrartímann, hafa aukin verkefni, auknar tekjur og meiri félagsskap.

Eins og fram kemur í grg. hafa konur bundist samtökum á nokkrum stöðum á landinu og hafið framleiðslu á ýmsum smávarningi. Mér segir svo hugur um og reyndar veit ég að þessar ágætu konur þurfa aðstoð í formi ráðgjafar og í formi fjármagns. Við bindum vonir við að útlendingar muni áfram heimsækja Ísland og sumir gera sér jafnvel vonir um að fjöldi ferðamanna til landsins muni stóraukast á komandi árum. Staðreyndin er hins vegar sú að úrval minjagripa hér á landi er frekar af skornum skammti. Þarna tel ég að séu möguleikar fyrir konur í dreifbýli sem þarf að athuga betur.

Á síðustu dögum hefur umræðan um útflutning á íslenskri fegurð verið nefnd í umræðum manna á meðal. Nú ætla ég ekki að leggja það til að íslenskar bændakonur verði til útflutnings en þeirri hugmynd hefur verið hreyft að hefja framleiðslu á brúðum með nöfnum þeirra Hófíar og Lindu. Þessu hreyfi ég hér sem hugmynd. Staðreyndin er nefnilega sú að það þýðir ekki lengur að halda því fram að konur í sveitum geti prjónað lopapeysur sér til tekjuöflunar þar sem þær fá innan við 1400 kr. fyrir peysuna og lopinn kostar um 600 kr. Einhvern tíma tekur nú að prjóna peysuna ef ég þekki rétt.

Ferðaþjónusta er annað og tengt atriði sem ég nefni sem hugsanlegan atvinnugjafa í ríkari mæli en nú er. Mér heyrist að fólk til sveita sé orðið jákvæðara fyrir þjónustu við ferðafólk og er það vel. Á sl. sumri notuðu Íslendingar sér ferðaþjónustu bænda meira en nokkru sinni fyrr og eftir því sem ég hef aflað mér upplýsinga um er almenn ánægja meðal gesta með frammistöðu bændafólks. Mín skoðun er sú að þarna leynist gífurlegir möguleikar og ég vil geta þess að fyrirhuguð er ráðstefna á næstu vikum um þetta málefni samkvæmt ósk aðalfundar ferðaþjónustu bænda. Mér er kunnugt um að oft hafa skapast merkar umræður um stöðu þéttbýlis og dreifbýlis við þessar aðstæður þegar þéttbýlisbúar gista sveitaheimili sem ferðaþjónustugestir og margur misskilningur hefur verið leiðréttur á sumarkvöldum í sveitinni við þessar aðstæður. Þetta er kannski það allra mikilvægasta við starfsemi ferðaþjónustu bænda.

Í gegnum árin hafa mörg börn úr þéttbýli dvalið á sveitaheimilum yfir sumartímann. Á síðari árum hefur þeim börnum farið hlutfallslega fækkandi sem notið hafa þessa og er það verr. Ég tel að athuga þurfi hvort ekki er aðstaða til að veita miklu fleiri börnum tækifæri til dvalar í sveit gegn greiðslu. Það mundi einnig auka skilning á milli þéttbýlis og dreifbýlis eins og ég kom að áður.

Ég nefni við þetta tækifæri, þó að það sé kannski örlítið á skjön við umræðuna, að bóndakonan hefur fram til þessa ekki fengið greitt fullt fæðingarorlof hjá Tryggingastofnun ríkisins. Því hefur reyndar verið breytt nú alveg nýlega, en þó er það svo að bóndakonan fær ekki tekið tillit til greiðslna vegna fæðingarorlofs við greiðslu skatta, a.m.k. er það svo í mínu kjördæmi. Þeim eru áætluð laun frá búi á bundnu skattkorti í staðgreiðslukerfinu og þær fá ekki leiðréttingu þar á við greiðslu fæðingarorlofs fyrr en þá a.m.k. síðar. Maður veltir því fyrir sér hvort þetta stenst lög þar sem konan má ekki taka laun á meðan hún er í fæðingarorlofi. Þessu hefði ég nú gjarnan viljað beina til hæstv. fjmrh. sem er því miður ekki hér til staðar.

Um ástæðu þess að við framsóknarmenn leggjum fram till. hér á hv. Alþingi um átak til eflingar atvinnumöguleika kvenna í dreifbýli þarf ekki að fjölyrða frekar. Í grg. með till. koma fram margar mikilvægar upplýsingar um stöðu konunnar í dag og ég legg sérstaka áherslu á félagslega þáttinn í þessu efni, þ.e. einangrun bændakvenna, sérstaklega yfir vetrartímann. Það er því ekki lausnin að hver kona fari að puða í sínu horni. Það þarf að skapa þeim aðstæður til þess að vinna saman.

Að síðustu vil ég að það komi fram að að mínu áliti eru það fyrst og fremst konur sem komnar eru yfir miðjan aldur sem vantar meiri atvinnu þar sem yngri konurnar vinna meira við bústörfin og uppbyggingu á búunum.

Ragnhildur Helgadóttir:

Frú forseti. Ég kveð mér hljóðs til þess að lýsa stuðningi við þessa till. og þær ánægjulegu umræður sem fram hafa farið um hana. Ég lít svo á að með till. sé verið að lýsa yfir því að stuðnings sé að vænta við hinar margháttuðu aðgerðir sem ýmsir aðilar hafa haft með höndum til þess að efla fjölbreytni verkefna kvenna hvar sem er á landinu og ekki síst í dreifbýlinu. Ég leyfi mér að nefna aðgerðir Iðntæknistofnunar með stuðningi fyrrv. ríkisstjórnar og þá sérstaklega hæstv. iðnrh. Friðriks Sophussonar. Lengi vel voru námskeið fyrir konur í atvinnurekstri í Reykjavík en voru síðan flutt út á land og slíkt námskeið fór fram í haust á Selfossi.

Þá finnst mér tilhlýðilegt að við lýsum stuðningi okkar við og virðingu fyrir því mikla starfi sem unnið hefur verið á vegum Kvenfélagasambands Íslands í þessu sambandi. Það er ótrúlegt verk sem innt hefur verið af höndum á þess vegum einmitt í því að efla konur til ýmissa starfa og fræða þær um sitthvað sem að haldi kemur bæði í búrekstri þeirra og öðrum störfum. Ég nefni Heimilisiðnaðarfélag Íslands og svo má lengi áfram halda og auðvitað koma manni í hug ýmsir frumkvöðlar í kvennahópi einmitt á þessu sviði. Væri það of langt upp að telja en þeirra störf miðuðust við annars konar þjóðfélag, má segja, sem bauð kannski ekki upp á jafnfjölbreytta möguleika og nú bjóðast.

Í gær var merkilegur dagur á margan veg, að ég

held, einmitt í sögu atvinnuhátta kvenna. Ég tel það ekki koma neinum flokksböndum við þó að ég lýsi í fyrsta lagi gleði yfir því að til varaformennsku í Alþýðusambandi Íslands var kosin kona. Í öðru lagi hlustaði ég í gærkvöldi á í útvarpinu frásagnir kvenna sem hafa verið í forustu í ýmiss konar atvinnurekstri úti um land. Frásagnir þessara kvenna, ásamt því sem gerðist fyrr um daginn í Alþýðusambandinu að því er konur varðaði, voru þess eðlis að það hlaut að vera til uppörvunar öðrum konum. Ég ímynda mér að sérstaklega það sem konurnar sem stjórnuðu atvinnurekstri sögðu í útvarpinu um sín störf hafi mjög verið til uppörvunar þeim sem hyggja á slíkt og líka þeim sem ekki stjórna atvinnurekstri. Mér þótti þetta mjög uppörvandi og er þó ekki hægt að kalla að það komi neinu slíku við þó að kona hafi um langan aldur starfað á þingi. En þingið hefur að mestu verið skipað körlum. Það eru helst horfur á því að úr því sé að draga svona innan tíðar. En þetta að fá umfjöllun þeirra sem reynslu hafa í atvinnulífi er mikils virði til leiðbeiningar þeim sem vilja hasla sér nýjan völl. Ég hvet til þess að í þessu sambandi verði fengnar til liðs þær konur úti um landið sem nú þegar standa fyrir ýmiss konar atvinnurekstri, hafa gert það lengi og með miklum árangri. Ég tel að þetta hafi geysimikla þýðingu og verði öðrum konum til stuðnings og uppörvunar. Það er einmitt það sem menn segja að helst þurfi. Það kom svo sannarlega í ljós í umfjöllun þessara kvenna að þær sinna þessum störfum af mikilli skynsemi, kostgæfni og elju. Þegar þær voru spurðar hverju árangurinn væri að þakka sögðu þær ósköp einfaldlega: Þetta er það sama og kemur til greina þegar við stjórnum heimili. Um það þarf ekki að hafa fleiri orð, en ég held að þetta sé mergurinn málsins.

Að því er varðar þau ummæli sem hér hafa fallið um fábreytta möguleika kvenna á landsbyggðinni til þess að finna kröftum sínum viðnám eða nýta sína vinnugetu til fulls tek ég fram að ég efast um að það sé í öllum tilfellum rétt. Ég er ansi hrædd um að nútímahúsmóðirin, og þá ekki síður á landsbyggðinni en í þéttbýli, hafi á ýmsan veg mjög mikið starf með höndum og einmitt vegna þess að núna er ekki um að ræða vinnukonur og vinnumenn, kaupakonur og kaupamenn. Nú veltur enn meira á hennar eigin vinnugetu og skipulagningarhæfileikum. Þess vegna held ég að það sé oft á tíðum einmitt svo nú á dögum að hún hafi yfrið nóg að starfa og það sé ekki það sem á skortir. Ég tel því að við megum ekki heldur fjalla um þessi mál á þann veg að við ætlum að kona sem telur sig ekki hafa tíma til að sinna fleiri verkefnum en þeim sem falla til á hennar eigin heimili hljóti að vera einhver ónytjungur. Ég held að það sé afar hættulegt að fjalla um málið með þeim hætti að hún geti með nokkru móti lagt þann skilning í það. Hitt er annað mál að víða háttar svo til að þennan möguleika skortir til fleiri og fjölbreyttari verka og að því leyti til er þetta mjög nauðsynlegt mál. Í því hefur mikið verið unnið og ég fagna því að í þessari þáltill. kemur fram stuðningur við það starf og vilji til að efla það.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil lýsa ánægju okkar kvennalistakvenna með að þessi þáltill. liggur hér frammi og þá ágætu grg. sem henni fylgir. Á sl. sumri tók ég saman nokkurs konar yfirlit yfir atvinnuaðstöðu kvenna á landsbyggðinni. Hún er allt of löng til að fara með hana alla hér, en mig langar aðeins að koma inn á þær niðurstöður sem ég fékk svona um sveitakonur og hvernig þeirra staða væri. Þar sýndist mér að réði mestu hvernig byggðamynstrið var ef svo mætti kalla það. Ef eingöngu er stundaður landbúnaður í sveitinni er hlutverk konunnar hin hefðbundna sveitahúsmóðurstaða, segja menn, en það hugtak trúi ég nú að verði að fara að skilgreina á ný. Þegar vélvæðingin hélt innreið sína í landbúnaðinn fækkaði kvennastörfum víða, t.d. við heyskap, og mjaltavélarnar tóku karlmenn að sér í þeirri sjálfgefnu trú þess tíma að konur og vélar ættu ekki samleið. En mér virðist að sú breyting hafi gerst að sveitahúsmæður séu yfirleitt nú orðnar þátttakendur í vélavinnu um heyskapartímann og á málum og víða í sveitum eru konur í fullu starfi við búin, a.m.k. á sumum tímum ársins. Því er það svo á mörgum sveitaheimilum, einkum séu þar ekki ung börn, að þá hefur konan, þótt ein sé um heimilisforsjá, oftlega tíma aflögu sem hún kysi að nota fyrir sjálfa sig til að læra eitthvað, endurhæfa sig eða beinlínis til vinnu innan eða utan heimilis í þeim beina tilgangi að drýgja tekjurnar. Þetta síðasttalda oftar en ekki af brýnni nauðsyn, þó svo að efnahagslegar aðstæður bændakvenna séu afar mismunandi. Enda kemur fram í grg. að um 40% allra búa við hefðbundinn búskap á landinu hafa ekki vinnu nema fyrir einn aðila.

En hvað er í boði fyrir sveitakonur til að mæta þessum þörfum? Innan flestra landbúnaðarbyggðarlaga hafa myndast þéttbýliskjarnar, sums staðar eru sjávarpláss í nánd. Þéttbýliskjarnar til sveita eru oft í kringum ylrækt eða gróðurhús þar sem konur leggja fram vinnu eða umhverfis skóla, hótel, elliheimili eða þjónustu af einhverju tagi. Sveitakonur sem þurfa að drýgja tekjur heimilisins leita í störf á þessa staði sem kennarar, sem leiðbeinendur, sem starfsstúlkur og í mörgum sveitum eru þetta einu atvinnutækifæri kvenna utan heimilis. Flest hafa þau þá ókosti að vera árstíðabundin, óviss og lágt launuð. Konur á sveitabæjum í námunda við sjávarpláss leita nokkuð í vinnu þangað og í sumum tilfellum við svipuð störf og ég nefndi en auk þess í nokkrum mæli til fiskvinnu. Í þeirri grein er þó yfirleitt litið á þær sem varavinnukraft og dragi úr atvinnu eru það þær sem fyrst er sagt upp. Það sem ég nú hef sagt undirstrikar í rauninni mikilvægi þess sem sú þáltill. fjallar um sem hér er til umræðu, þ.e. varanlegar úrbætur á því að treysta atvinnuöryggi kvenna á landsbyggðinni.

Vandamál landsbyggðar og dreifbýlis eru ekki

sérislenskt fyrirbæri, eins og hér hefur verið nefnt, né heldur vandamál kvenna á þeim stöðum. Þar eru t.d. frændþjóðir okkar á Norðurlöndum í svipaðri aðstöðu en hafa þegar gripið til aðgerða með margvíslegu móti. Haft er eftir menntamálaráðherra Svía að eina byggðaaðgerð sem þar hefði skilað verulegum árangri væri sú að færa betri og meiri menntun út á landsbyggðina. Sú þróun er vissulega hafin hér og hefur komið konum til góða og þá á ég við menntaskóla, öldungadeildir og síðast Háskóla Akureyrar. Á þessa staði hafa konur flykkst til að sækja sér aukna menntun. Fjarnám sem nú er hafið er líka kostur sem þær geta nýtt sér.

Ég get talað t.d. um það að Finnar hafa ráðunaut um atvinnuuppbyggingu fyrir konur í dreifbýli og það hefur skilað umtalsverðum árangri og á öllum Norðurlöndunum er eitthvað í gangi einmitt í þá veru að byggja upp þátttöku kvenna í atvinnulífinu. Mig langar að segja frá átaki sem gert var á einum stað í Noregi því þar eru víða erfiðar aðstæður á landsbyggðinni og mörg samfélög að tærast upp, sérstaklega þau afskekktu. Bö er samfélag norðan við heimskautsbaug, 4000 manna dreifbýlissamfélag og aðalatvinna fiskveiðar, 12 verksmiðjur og 200 sveitabýli. 24% íbúanna eru eldri en 67 ára. Konur eru mun fjölmennari á atvinnuleysisskrá en karlar, enda flytja þær frekar burt en þeir. Nýjar atvinnugreinar hafa ekki bætt ástandið þrátt fyrir opinber markmið þar að lútandi. Þess vegna var á vegum bæjarfélagsins sett af stað sérstakt verkefni sem eingöngu er ætlað konum. Byrjað var á að kanna hvað konurnar vildu sjálfar og reynt að hvetja þær til athafna. Í ljós kom að það þurfti að breyta ýmissi þjónustu til að konur gætu unnið á sömu forsendum og karlar og sérstaklega átti þetta við um barnagæslu. Markmið verkefnisins var að skapa ný störf, efla frumlega hugsun og framkvæma hugsunina eða hugmyndina um „gróðurhús" fyrir konur, þá er átt við að hugmyndir kvenna um störf og atvinnu fái að njóta sín. Árangurinn er enn sem komið er fiskeldisstöð sem konur reka sjálfar. Það er eftirtektarvert að konur höfðu engan áhuga á þessari atvinnugrein áður, en nú reka þær eigin stöð af miklum áhuga. Tekjuafgangurinn er notaður til að kosta nám átta kvenna í skipulagi og stjórnun, hagfræði, fiskirækt og rannsóknum. Þetta hefur stórfjölgað atvinnutækifærum kvenna í þessu byggðarlagi.

Ég vil líka drepa á að fyrir skömmu var gerð sameiginleg könnun í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi á atvinnuháttum dreifbýlisins og því hvernig best mætti snúa af vegi fólksfækkunar og auðnar og styðja landsbyggðina og byggja þar upp heilbrigt og gróandi mannlíf. Þessi könnun leiddi til þeirrar niðurstöðu að við mótun nýs atvinnulífs og atvinnutækifæra væri þátttaka kvenna höfuðnauðsyn. Áhrifum þeirra yrði að koma að við atvinnureksturinn vegna þess að þær hafa aðra sýn og aðrar viðmiðanir. Þær yrðu að vera með þar sem ráðum væru ráðið og vegna vinnuframlags þeirra yrði að taka tillit til hagsmuna þeirra. Ráðamenn í Noregi hafa látið í ljós að við uppbyggingu atvinnu í dreifbýli skuli þessar niðurstöður hafðar að leiðarljósi. Vonandi vitrast ráðamönnum hér þessi sannleikur sem okkur konum finnst nú reyndar augljós. En ég vil leggja áherslu á það að ef samtök kvenna í dreifbýlinu, kvenfélögin, sneru sér í alvöru að því að vinna að því að skapa fjölbreyttari atvinnutækifæri fyrir konur, þá gætu þær án efa lyft grettistaki.

Mig langar að minnast aðeins á strjálbýlisátak Evrópuráðsins, sem var ætlað að vekja athygli þjóða á þeim vandamálum sem afskekktar byggðir Evrópu eiga við að stríða og finna úrbætur í þeim efnum. (Forseti hringir.) Ég er að ljúka máli mínu, forseti. — Hér á landi hefur þetta eingöngu beinst að náttúruvernd, en byggð og mannlíf orðið út undan í þeim umræðum.

Sl. vor héldu kvennalistakonur ráðstefnu á Hvanneyri um atvinnumál kvenna í dreifbýli og þar komu ýmsar athyglisverðar niðurstöður fram. En athyglisverðast þótti mér að sjá og heyra hugmyndaauðgi kvennanna um möguleika á margvíslegri atvinnustarfsemi fyrir konur og langsamlega athyglisverðast hvernig þær hugsuðu sér uppbygging þess því að hugmyndir þeirra byggjast allar á samvinnu kvenna. Atvinnureksturinn tekur mið af börnum og heimili og því að störfum skuli hagað þannig að konur séu ekki knúnar til að varpa frá sér ábyrgð á fjölskyldunni. Við getum að gamni litið á á móti hvernig karlar byggja upp atvinnufyrirtæki. Þar eru konur og börn og þarfir þeirra ekki inni í myndinni þó að gengið sé út frá að vinnuframlag kvenna sé nýtt. Og þó er ávallt vísað til karlanna sem hinna ábyrgu aðila. Konur miða yfirleitt við að byrja smátt, efla reksturinn hægt og örugglega, karlar vilja byrja stórt, verða ríkir strax og sorglegar afleiðingar þess hugsunarháttar blasa allt of víða við.

En ég vil enda mál mitt á því að segja að landsbyggðinni er bráður og stórkostlegur vandi á höndum um atvinnumál og atvinnuuppbyggingu sem ég fæ ekki séð að verði leystur nema aðstoð stjórnvalda komi til í einhverjum mæli. En heimamenn verða sjálfir að eiga frumkvæðið, hugmyndirnar og tillögurnar um hvað gera skuli og þar verða konur að hafa frumkvæði að sínum hluta. Hugmyndirnar skortir þær ekki. Það verður að hlusta á konur og taka mið af skoðunum þeirra, því að það skiptir öllu máli um framtíð landsbyggðarinnar að tillit sé tekið til þess hvernig þarf að búa að konum og þannig sé búið að konum að þær geti komið inn í atvinnulífið á eigin forsendum og uppbyggingin taki mið af því hvað þeim hentar.

Og með tilvitnun í stjórnarsáttmálanum um átak til eflingar atvinnu kvenna í dreifbýlinu, þá skora ég á hæstv. ríkisstjórn að láta nú athöfn fylgja orðum.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég lýsi ánægju minni yfir þessari till. Hún er mjög tímabær og mjög umhugsunarverð. Maðurinn er félagsvera, segjum við öðru hvoru

a.m.k., en ég er hrædd um að það hafi oft gleymst að hluti mannkynsins, konur, eru líka félagsverur. Þær þola illa þá einangrun sem þær búa við t.d. í sveitum landsins. Þær þurfa á félagsskap að halda. Þegar þar við bætist að vinnan á heimilinu minnkar, ég hygg að það sé ekkert óalgengt að t.d. um miðjan daginn eða hluta af deginum sé frekar lítið að gera inni á heimilinu, þá væri ákaflega gott að konur gætu komist frá heimilinu og unnið eitthvað í félagsskap hver við aðra.

Ég held að konur hafi ýmsar hugmyndir um þetta sjálfar, þær sjái ýmsa möguleika. Þær vantar einhvern veginn einhverja forustu til að koma þessu af stað.

Ferðaþjónusta bænda er mjög merkilegt fyrirbæri, finnst mér. Ég hef notað þessa ferðaþjónustu nokkur sumur og haft mikið gaman og gagn af. Ég held að það þyrfti að koma þessari ferðaþjónustu betur á framfæri við útlendinga. Það er ekki svo mikið að sjá fyrir þá hér í Reykjavík, hver borgin er annarri lík, en það væri mikils virði fyrir þá að komast út á landsbyggðina. Ég held einmitt að í tengslum við ferðaþjónustuna væri hægt að koma upp ýmsu, t.d. eins og minnst var á hér áðan, minjagripasölu, ýmsum verkum kvenna og þess háttar. — Mér sýnist hæstv. landbrh. vera að fara út og þess vegna ætla ég að koma hérna að ágætri hugmynd sem ég heyrði konur í Borgarfirði tala um. Þar er t.d. einn staðurinn þar sem verið er að leggja niður sláturhús. Ég held að það sé enginn ágreiningur um að leggja það niður, en þessi hús sem eru lögð niður sums staðar eru ágætis hús, það er margt hægt að gera í þeim. Ég heyrði ungar konur vera að tala um að það væri nú ágætt ef þær gætu fengið þetta hús og sett þarna upp einhvern matvælaiðnað, mat sem þær framleiddu í bökkum t.d. og gætu svo sent frá sér. Ég vil mælast til þess við hæstv. ráðherra að hann taki því mjög vinsamlega ef konur hafa einhverjar hugmyndir um hús sem verið er að leggja niður og standa kannski bara til hálfgerðra leiðinda fyrir alla og eru ekkert notuð. Það væri ágætt að konur gætu fengið þessi hús bara ókeypis og hagnýtt sér þau eftir því sem þær þyrftu.

Það er merkilegur þáttur sveitakonunnar í uppeldi, mér liggur við að segja þjóðarinnar. Allflestar sveitakonur hafa alveg fram á þennan dag verið með mikið af börnum í uppeldi, börnum sem þær eiga ekki sjálfar, ekki — ja, mér liggur við að segja sjaldnast peninganna vegna, miklu oftar vegna þess að þær hafa verið að gefa þessum börnum færi á að kynnast lífinu í sveitinni. Þetta er að vísu dálítið að breytast. Það er verið að setja upp sumardvalarheimili sem rekin eru eins og hver önnur barnaheimili. Þessi þáttur sveitakvenna hefur ekki komið fram eins og skyldi finnst mér, en hann er út af fyrir sig mjög merkilegur. Ég hef haft mikla ánægju af því að heyra viðtöl við tiltölulega unga rithöfunda sem hefur verið rætt við t.d. í útvarpi hvað þeir minnast þessarar veru með mikilli ánægju og finnst eiginlega að þarna hafi þeir fengið undirstöðuna, þarna hafi sköpunargáfa þeirra fengið sína undirstöðu.

Ég lýsi mikilli ánægju yfir því hvað hér hefur orðið mikil og góð umræða um sveitakonuna. Ég hugsa að staða hennar hafi ekki oft verið rædd inni á Alþingi og það gleður mig sannarlega að heyra þær umræður sem hér hafa farið fram. Ég lýsi eindregnum stuðningi við þessa tillögu og tel að við ættum að sameinast um að hún komist mjög vel á framfæri.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það eru kannski tvö til þrjú atriði, sem fram hafa komið hér í umræðunni, sem ég ætlaði að víkja að.

Eins og fram kom í máli hv. 3. þm. Reykv. er yfirstandandi þing Alþýðusambandsins og virðulegur þm. vék að því að þar hefðu orðið umskipti, ánægjuleg tíðindi. Ég vona að það sé rétt, að þar hafi allt farið fram með þeim hætti að við getum lýst ánægju með það, en ég hef ekki fylgst svo mikið með störfum þess. Ég sé hins vegar ekki að það hafi orðið sú breyting á stöðu kvenna þar í forustu að það sé kannski sérstakt tilefni yfirlýsinga. Þar var varaforseti kona á síðasta kjörtímabili og það er sama staða að því er ég best veit í þeirri forustu. Tíðindi hefðu það verið ef þar hefði orðið önnur og meiri breyting í sambandi við það efni sem við erum að ræða hér þótt óbeint sé, þ.e. áhrif kvenna í þjóðfélaginu almennt.

Hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir vék einnig að því að húsmæður til sveita hefðu nóg að starfa. Það er sannarlega rétt. Það leggst mikið verkefni á húsmæður til sveita og í þéttbýli. Kannski enn frekar í strjálbýlinu. Það er alveg rétt hjá hv. þm., en það er e.t.v. ekki vandamálið heldur hitt að verkefni fyrir uppvaxandi konur í sveitum eru ekki til staðar og það veldur auðvitað brottflutningi. Aðstaða ungra kvenna til að sækja vinnu og ætla sér framtíð í sveitinni er lakari en karla, þó að þeirra aðstaða sé engan veginn sem skyldi og einnig brottflutningur uppvaxandi æsku hvort sem um karla eða konur er að ræða.

Aðalatriði sem ég vildi þó gera hér athugasemd við og nefna snertir þá viðleitni sem vissulega er í gangi, sumpart fyrir frumkvæði kvenna í sveitum, að auka atvinnumöguleikana eins og hér hefur verið vikið að. Allt er það góðra gjalda vert og nauðsynlegt að frumkvæðið komi heiman að og njóti stuðnings hjá stjórnvöldum og öðrum sem nærri þessum málum koma og geta lagt þessu lið. En margar af þessum hugmyndum eru þess eðlis að því miður eru ekki miklar líkur á því að þær skili þeim tekjum til kvenna sem sómasamlegar geti talist eða lífvænlegar. Við vitum hvernig aðstaðan er t.d. með almennan iðnað í landinu og hvaða ótíðindi hafa orðið í þeim efnum — og þá er ég ekki að tala um sveitirnar sérstaklega heldur landsbyggðina og gildir raunar um landið allt — þar sem fyrirtæki hafa verið að leggja upp laupana vegna breyttrar samkeppnisaðstöðu, vegna kannski ónógs stuðnings og framsýni stjórnvalda til þess að hlutast til um breytingar.

Sumt af þessu er þróun sem við ráðum ekki við, annað eru atriði sem við hefðum getað brugðist við með öðrum hætti. Ég óttast að margar af þeim hugmyndum sem upp hafa komið til þess að auka fjölbreytnina í atvinnu í strjálbýli hafi því miður ekki þær undirstöður að skila lífvænlegum kjörum til þeirra sem við þennan rekstur er ætlað að starfa.

Auðvitað er það ákveðin félagsleg þörf fyrir konur að hafa atvinnu og atvinnumöguleika, en til lengri tíma litið er það samt ekki það eitt sem um er spurt, það er að til séu lífvænleg störf, störf sem skila sambærilegum tekjum og gerist annars staðar í samfélaginu því að nógur er nú tekjumunurinn fyrir milli kynjanna eins og við erum oft að ræða hér þegar þessi efni ber á góma. Það er þetta sem ég vildi benda á. Þarna þarf sannarlega að koma til athugun á þessum aðstæðum, um leið og menn eru að meta möguleikana að það skili eðlilegum lífvænlegum tekjum í samanburði við önnur störf.

Ég held einnig að um leið og farið er ofan í atvinnumöguleika kvenna í sveitum sé þörf á því að farið sé ofan í félagslegar aðstæður jafnhliða. Ég nefndi hér í fyrra máli mínu tryggingakerfið, götin í því að því er snertir aðstæður sveitakvenna. Ég nefndi aðstæður þeirra að því er varðar skilgreiningu á þeirra hlut sem bónda, þar sem þær standa engan veginn jafnfætis körlunum. Möguleikar til að vera aðili að félagsbúi með sínum sambýlismanni og annað fleira, sem þarf að fara yfir, þetta varðar almennt hag þeirra kvenna sem í sveitunum eru. Hitt er svo önnur hlið á þessu máli, sem hér hefur verið rædd, að fjölga þurfi atvinnumöguleikunum þannig að fleiri geti staldrað við í sveitinni til frambúðar.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í efnislegar umræður um þessa tillögu. Ég ætla aðeins að vekja athygli á því að hér er um mjög sérkennileg vinnubrögð að ræða. Hér er farið í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar, ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar, og upp úr honum nánast tekin orðrétt, ég segi ekki alveg orðrétt, en efnislega er tekin upp ein setning hér á bls. 10, þar sem stendur: „Sérstakt átak verður gert til að auka fjölbreytni í atvinnu kvenna á landsbyggðinni." Þetta er góðra gjalda vert. Um þetta var gott samkomulag í stjórnarmyndunarviðræðunum þó að það megi nú kannski bæta því við að ég held að mönnum hafi ekki alveg verið ljóst á þeirri stundu í hverju þetta ætti nákvæmlega að felast frekar en ýmislegt annað sem þarna er skrifað á blað. Síðan koma hér nokkrir þingmenn eins stjórnarflokksins, taka þessa setningu og gera úr henni þáltill. sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera sérstakt átak til að efla atvinnumöguleika kvenna í dreifbýli."

Ég vek athygli á því að hér er um mjög óvenjuleg vinnubrögð að ræða sem ekki hafa verið tíðkuð hér á Alþingi svo ég best viti. Mér finnst þetta nú svona heldur einföld og ekki mjög merkileg leið til að afla sér mála til að flytja á Alþingi þegar stjórnarþingmenn taka setningar úr stjórnarsáttmálanum og breyta þeim í þáltill. Mér finnst það ekki vera vinnubrögð sem eru beinlínis til fyrirmyndar.

Flm. (Unnur Stefánsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka þeim hv. þm. sem hér hafa tekið til máls og rætt um þessa fram komnu þáltill. Ég fagna því að þm. annarra flokka en þeirra sem standa að ríkisstjórninni hafa lýst yfir stuðningi við þessa tillögu, ýmist hafa þeir lýst stuðningi einir og sér eða fyrir hönd sinna flokka.

Í framhaldi af ræðu síðasta ræðumanns, hv. 3. þm. Vesturl., varðandi vinnubrögð. Ef þetta eru ný vinnubrögð þá held ég að það sé gott. Það má nú kannski aðeins breyta til stundum á Alþingi og koma með ný vinnubrögð. Ég sé ekkert athugavert við þetta. Málið er lagt fram vegna þess að það hefði þurft að framkvæmast í fyrra, eftir eitt ár er það orðið of seint.

Það hafa ýmsir þingmenn bent á ýmsa möguleika varðandi atvinnu fyrir konur í dreifbýli og ég fagna því. Bent hefur verið á að ferðaþjónustu bænda megi efla, matvælaiðnaði megi koma upp í þeim húsum sem e.t.v. eru ekki nýtt núna og það var talað um að auka megi dvöl fyrir þéttbýlisbörn í sveit, svo nokkur dæmi séu tekin. Einn hv. þm. benti á það að hugmyndin þyrfti að koma frá konunum sjálfum og það held ég að sé afskaplega mikilvægt. Þessi námskeið sem Iðntæknistofnun hefur komið af stað eiga að vera til þess að efla sjálfstraust kvenna og hvetja þær til þess að hugsa þessi mál, af því að ég veit að þær hafa hugmyndirnar á reiðum höndum, en það þarf að hvetja þær til þess að leggja hugmyndirnar fram.

Þessi till. er komin fram m.a. vegna þess, eins og getið var um í grg., að á um 40% allra búa í landinu þar sem búið er við hefðbundinn landbúnað er ekki vinna nema fyrir annað hjónanna og því mjög eðlilegt að í framhaldi af því verði farið að huga að því hvaða atvinnu þeir geti tekið að sér sem ekki hafa fulla vinnu við búið.

Hv. 2. þm. Austurl. benti réttilega á það að lögð hafi verið fram fsp. af honum og hv. þm. Margréti Frímannsdóttur, þar sem forsrh. er spurður að því hvernig háttað skuli framkvæmd þessa ákvæðis í stjórnarsáttmálanum, og ég tel það af hinu góða. En ástæðan fyrir því að þetta mál var sérstaklega tekið út úr stjórnarsáttmálanum er það, að þetta er svo brýnt mál að það er nauðsynlegt að vekja umræðu um það strax og þess vegna er það tekið fyrir nú. Ég vona að því verði sýndur skjótur framgangur og að athafnir verði látnar fylgja orðum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til

félmn. með 38 shlj. atkv.

Starfslok og starfsréttindi, fyrri umr.

Þáltill. GuðnÁ o.fl., 42. mál. — Þskj. 44.

Flm. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér ásamt fimm þingmönnum öðrum till. til þál. um nýjar reglur um starfslok og starfsréttindi, svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nefnd er fái það hlutverk að móta reglur um sveigjanlegri starfslok, t.d. á aldursbilinu 64–74 ára.“

Ég vil fara nokkrum orðum um tilgang og þau rök sem mæla með þessari breytingu. Í grg. segja flm. að það séu mannréttindi að fólk haldi starfsréttindum svo lengi sem hæfni, starfsorka og starfslöngun eru fyrir hendi.

Flutningsmenn telja að eftirlaunaaldur ætti að vera mun sveigjanlegri en nú er þannig að fólk geti sjálft valið hvenær það hættir störfum t.d. á aldursbilinu 64–74 ára. Það á hvorki að vera lögþvingun né einhliða réttur atvinnurekanda að þvinga fólk til að hætta störfum þegar ákveðnu aldursmarki er náð. Allar rannsóknir benda til þess að ófrávíkjanleg starfslok fólks við ákveðin aldursmörk valdi ótímabærri hrörnun.

Flutningsmenn leggja áherslu á eftirtalin atriði:

1. Það eru mannréttindi að halda óskertum starfsréttindum og eiga það ekki undir náð atvinnurekanda hvort viðkomandi heldur vinnu sinni.

2. Fólk á að halda áunnum eftirlaunaréttindum en starfslok þurfa að vera mun sveigjanlegri svo að fólk geti hætt störfum að eigin vali, t.d. á árabilinu 64–74 ára.

3. Gefa þarf fólki rétt á að sinna hlutastarfi í „fastri vinnu“ þegar aldur færist yfir.

4. Heilsufar fólks 64–74 ára er betra en áður var, enda starfar nú helmingur fólks 67–74 ára fullan starfsdag en oft í íhlaupavinnu. Þetta fólk hefur verið svipt fastráðningu.

5. Meðferð öldrunar er ekki alger hvíld heldur andleg og líkamleg örvun og þar af leiðandi eru lög um vinnulok við 67 eða 70 ára aldur ekki læknisfræðilega réttlætanleg.

6. Enn fremur þarf að bæta lífeyri fólks svo að það neyðist ekki til að vinna lengur en heilsa og hugur leyfa.

Eins og ég hef sagt eru ástæður þess að þetta mál er flutt hér á Alþingi margar. Það er sú sem ég hef þegar nefnt, sjálfsögð mannréttindi. Það benda öll rök til þess, eins og hér verður komið nánar inn á, að heilsufari fólks hraki mjög þegar vinnu lýkur, valdi ótímabærum dauða, heilsuleysi og ærnum kostnaði í meðulum og sjúkrahúsvist, auk þess sem óvissa og tilgangsleysi raskar sálarheill margra.

Mannfjöldaspár og þróun aldursskiptingar benda ótvírætt til þess — ef við höldum áfram á sömu braut að svipta fólk vinnu um og fyrir sjötugt, svo ég tali nú ekki um ef stefnt yrði að því, sem kannski ýmislegt bendir til, fyrr á æviskeiðinu, upp úr sextugu eins og á Norðurlöndum og víðar — að vinnandi fjöldi í þjóðfélaginu yrði það lágt hlutfall að með svona kerfi mundum við sigla inn í verulegar efnahagslegar þrengingar. Einhvern tímann mælti vitur maður: Vinnan hefur ekki alltaf hamingju í för með sér en það er engin hamingja án vinnu.

Ef við fyrst hugsum um mannréttindin. Það er harður dómur að vísa fólki burt úr vinnu þótt einhverju ákveðnu aldursmarki sé náð. Ekki síst hjá þjóð sem þarf á öllu sínu liði að halda til að byggja stórt og erfitt land. Það er skerðing á mannréttindum að verða að yfirgefa starfsvettvang eftir langa og dygga þjónustu og sitja eftir með mjög skerta lífsafkomu eins og þorri launþega verður að gera hér á landi við okkar vanmáttuga lífeyriskerfi. Hér fær þorri fólks, sem lætur af störfum og er á eftirlaunaaldri, ekki nema u.þ.b. 60% af launum. Þetta fólk gerist þá jafnvel á fullorðinsaldri farandverkafólk og stundar ígripavinnu sem fer illa með heilsuna. Í nálægum löndum munu þeir sem af störfum láta ná u.þ.b. 90% af launum.

Atvinnan er Íslendingum mjög mikils virði og einn stærsti tilgangurinn með lífshlaupinu. Veðráttan á Íslandi á sinn þátt í því hvað það er mikilvægt að stunda vinnu. Stutt sumur og langir og umhleypingasamir vetur. Þegar ákveðið var að borga fólki grunnlífeyri eða ellilífeyri við 67 ára aldur var það hár aldur og heilsan oft á þrotum eftir erfiðan starfsdag. Þetta var gert fyrir einum 60 árum. Nú er sjötugur maður og jafnvel enn eldri með mikla starfsorku og starfslöngun sé heilsan í lagi. Enn eitt atriðið er mjög mikilvægt í mínum huga, það eru sveigjanleg starfslok. Að fólk geti mætt aldri sínum með því að minnka vinnuna sígandi, jafnvel ef það óskar upp úr sextugu. Það gæti gerst með tvöföldu sumarfríi, með því að færa vinnuna úr 100% niður í 75%, úr 75% niður í 50% og síðan haldið hálfu starfi t.d. til 74–75 ára aldurs.

Á eitt vandamál benda margir þegar þetta ber á góma, ef starfsaldur yrði lengdur, en það er endurnýjun á vinnustöðum, ekki síst að menn héldu verkstjórn og stjórnunarstörfum allt of lengi og allt of gamlir. Ég tel rétt að mæta þessari hættu. Mér fyndist ekkert óeðlilegt við það ef starfslok yrðu hækkuð og gerð sveigjanleg að setja jafnhliða þær reglur hjá t.d. ríkinu að menn væru ekki í forustustörfum t.d. eftir að 67 ára aldri væri náð.

Ég ætla hér að rýna aðeins í mannfjöldaspár í Hagtíðindum frá því í desember 1987, en þar segir, með leyfi forseta:

Sumarið 1984 ákvað framkvæmdanefnd, sem forsrh. skipaði í apríl það ár til að hafa forgöngu um framtíðarkönnun fyrir árin 1985–2010, að koma á fót

nokkrum starfshópum til að fjalla um einstaka þætti í þessari könnun. Einum hópanna var fengið það verkefni að kanna horfur um þróun mannfjölda hér á landi næstu áratugina og gera mannfjöldaspá. Hópurinn vann einkum að spánni veturinn 1984–1985. Hún var látin ná til ársins 2020 og var fullgerð vorið 1985. I aðalspá þessarar skýrslu er miðað við það að börnum sem hver kona eignast á ævinni fækki á sjö árum úr 2,08 1984 í 1,7 árið 1991. Þessi forsenda er við það miðuð að á Íslandi hefur tala barna sem hver kona eignast á ævinni lækkað um helming á aldarfjórðungi. Hefur þróunin hér á landi fylgt því sem hefur gerst í Vestur-Evrópu, nema að *því leyti að hún verður seinna á ferðinni á Íslandi.* Þá er verið að segja að þessi tala er hverju sinni á Íslandi svipuð og hún var nokkrum árum fyrr annars staðar. *Um 1980 stöðvaðist hin hraða lækkun fæðingartíðninnar víða erlendis og breytist hún nú minna ár frá ári. Tala barna sem hver kona eignast á ævinni er á bilinu 1,3–1,7 í mörgum Evrópulöndum.*

Þegar fólksfjölgun var mest hér á landi 1950–1960 var árleg fjölgun um og yfir 2%. Á síðustu árum hefur hún verið um 1% og spáð er að *hún verði um* 0,7% á næstu fimm árum. Eftir það verði hún um 0,5% á ári fram að aldamótum og verði þá Íslendingar 262 þúsund, eða 9% fleiri en þeir voru 1985. Eftir aldamót dregur enn úr fólksfjölgun samkvæmt spánni og mun hún stöðvast fljótlega eftir árið 2020. En þá verður mannfjöldinn samkvæmt aðalspá 276 þúsund. Varasamt er þó að treysta forsendum um fæðingartíðni og flutninga svo langt fram í tímann.

Milli 4000 og 5000 börn hafa fæðst á ári hverju sl. 35 ár. Um þessar mundir fæðast innan við 4000 börn á ári, en spáð er að fæðingum fækki í 3400 árið 2000. Það vekur athygli að því er spáð að hinni íslensku þjóð fari að fækka upp úr árinu 2020. Þá hafi hún náð því hámarki sem hún kemst í miðað við þær forsendur sem menn gefa sér.

Hér á landi deyja árlega um 1700 manns. Gert er ráð fyrir að sú tala hækki hægt og sígandi í 2000 árið 2000. Dauðsföllum fjölgar ekki verulega fyrr en eftir 2020, þegar fjölmennu árgangarnir, fæddir eftir 1950, komast á efri ár. Náttúrleg fjölgun, eða mismunur lifandi fæddra og dáinna, er nú 2200 manns á ári, en lækkar í um 1400 árið 2000 samkvæmt spánni.

Því er spáð að aldursskipting Íslendinga muni breytast á næstu áratugum með líkum hætti og gerst hefur í öllum grannlöndum okkar á nýliðnum áratugum. Aldursskiptingin hefur verið teiknuð hér í píramíta en ég fer ekki út í það. En ég ætla hér t.d. að minna á það að árið 1930 voru 65 ára og eldri 7,6% af þjóðinni, 1970 eru þeir orðnir 8,9%, árið 2000 er spáð að þeir verði 11% af þjóðinni og árið 2020 verða hvorki meira né minna en 17,5% af þjóðinni 65 ára og eldri.

Árið 1985 var fólk á aldrinum 65–74 ára 14 þúsund en verður 18 þúsund árið 2000 og 28 þúsund árið 2020.

Sem rök í þessu máli ætla ég að ræða um þann þátt sem ég minntist á í sambandi við heilsufar. Í grg. birtist skýrsla eftir Ólaf Ólafsson landlækni og Þór Halldórsson yfirlækni um mannréttindi og eftirlaunaaldur, en þar segja þeir:

„Lok fastráðningar hafa í för með sér tekjumissi og skerðingu á tilteknum réttindum. Á Norðurlöndum er eftirlaunaaldur yfirleitt við 67 ár, í Svíþjóð við 65 ár en á Íslandi eru mörkin nokkru sveigjanlegri. Opinberir starfsmenn ráða hvort þeir hætta störfum við 67 ára eða 70 ára aldur. Einnig gildir þar „95 ára reglan".

Ýmsir lífeyrissjóðir á Íslandi leyfa starf til allt að 70 ára aldurs. Á félagssvæði Alþýðusambandsins eru starfslok komin undir samkomulagi launþega við vinnuveitanda. Launþegi verður þar að sækja rétt sinn til vinnu til hans. Mörg fyrirtæki hafa ákveðnar reglur um að segja starfsfólki upp við 70 ára aldur. Athyglisvert er að í einkarekstri halda menn mun lengur starfi sínu eftir að eftirlaunaaldri *er náð en hjá ríki og sveitarfélögum.*"

Þeir minnast á líklegar orsakir starfsloka áður en eftirlaunaaldri er náð. Það er atvinnuleysi, að *menntunarkröfur atvinnuveganna hafa aukist,* hagræðing er orðin meiri, m.a. vegna tölvuvæðingar, félagslegur þrýstingur, menn eiga að hætta þegar *ellin færist yfir og hleypa hinum ungu að* vegna atvinnuleysis o.s.frv. Verkalýðspólitík fagfélaganna er oft neikvæð í garð þeirra gömlu. Og í einstökum *tilfellum er fjárhagsleg hagkvæmni* að hætta vinnu. En um heilsufar og aðstæður eftirlaunafólks segja þeir:

„Aðeins örfáar rannsóknir hafa farið fram sem lýsa aðstæðum og heilsu eftirlaunafólks.

Samkvæmt rannsóknum Félagsmálarannsóknastofu Danmerkur reyndist heilsufar aldraðra frekar batna á árunum 1962–1979. Í samræmi við þessar niðurstöður minnkaði dánartíðni fólks á aldrinum 65–74 ára á Norðurlöndum á árunum 1970–1980.

Flestar rannsóknir sem gerðar hafa verið fjalla um ástand hjá ófaglærðum starfsmönnum í lægri launaflokkum en fáar um menntamenn og sjálfstæða atvinnurekendur. Launþegar hætta störfum mun fyrr en þeir sem starfa sjálfstætt. Algengast er að menntamenn og atvinnurekendur eigi sér frekar áhugamál er komi í stað starfsins en verkamenn. Sá hópur sem er mótfallinn því að hætta störfum við 64 ára aldur er á bilinu 15–30% og allt að þriðjungur ellilífeyrisþega á Norðurlöndum kemst illa af fjárhagslega. Í kjölfar þessa hrakar oft næringarástandi fólks. Einmanaleiki, depurð og leiði eru algeng, lyfjanotkun eykst, sérstaklega hjá konum."

Þeir víkja hér að nauðsyn líkamlegrar og andlegrar örvunar: „Til að fólk haldi líkamlegri og andlegri hæfni sem lengst er líkamleg og andleg örvun nauðsynleg, svo sem skyn- og hreyfigetu, andlegrar hæfni, félagslegrar og sálrænnar aðlögunarhæfni. Tamt er að líta á mannsævina sem göngu á fótinn framan af með sífellt aukinni getu en síðan halli undan fæti þegar lengra líður. Vitað er að frumum líkamans fjölgar og þær stækka fram að

kynþroska og e.t.v. að 20–25 ára aldri, en í sumum tilvikum fer þá þegar að draga úr stærð þeirra og fjölda. Niðurstöður langtímarannsókna, sem gerðar eru á mannslíkamanum með nútímatækni, sýna að þrátt fyrir það að viss rýrnun frumna líkamans byrji um 25 ára aldur eru breytingarnar litlar næstu 20 árin. Almennt benda rannsóknir til þess að breytingar á frumum líkamans með hækkandi aldri verði ekki verulegar fyrr en komið er yfir 65–75 ára aldur. Meira máli skiptir minnkun starfsgetu heldur en myndrænar breytingar. Mörg líffæri búa yfir mikilli aukagetu. Sum þeirra má skerða um ¾ hluta án þess að nokkur greinileg starfsskerðing komi í ljós. Margs konar geta, sem skiptir okkur máli, nær hámarki um kynþroskaaldur en stendur síðan að mestu leyti óbreytt í langan tíma þar til hægfara skerðing verður með háum aldri.

Það er mikilvægt að benda á að á sumum sviðum geta menn aukið hæfni sína á miðjum aldri og býsna lengi fram eftir ævinni. Það hefur oft komið í ljós að fram að 70 ára aldri er andleg hæfni flestra lítt eða ekki skert og má jafna við getu þrítugra eða fertugra.“ — Ég vek athygli á þessu. — „Þó verður að taka fram að snerpunni hrakar heldur.

Rannsóknir á sjötugu fólki fyrir og eftir þjálfun sýna að þjálfun eykur ekki aðeins vöðvastyrk heldur aukast einnig meira viðbrögð skjótvirkra vöðvaþráða en hægfara.“

Ég fer senn að ljúka máli mínu, hæstv. forseti. Mig langaði að lokum að ítreka það að hér er bent á þau rök að við þurfum fleiri sjúkrarúm og við þurfum miklu, miklu dýrari og meiri meðul í fólk eftir að það lætur af störfum. Það hefur komið fram að lyfjaneysla fólks frá 67 ára til 73 ára á Íslandi eykst verulega á þessu aldursbili og eina ástæðan fyrir því sem er greinanleg er sá leiði og sá kvíði sem kemur yfir gamla fólkið þegar því er umsvifalaust varpað til hliðar í þjóðfélaginu.

Að lokum legg ég til að að lokinni þessari umræðu verði þessu máli vísað til hv. félmn.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Mig langar til að lýsa stuðningi mínum við þessa till. sem hér hefur verið mælt fyrir og tel mjög mikilvægt það sem kemur fram í ályktunartillögunni sjálfri um sveigjanleg starfslok. Það skiptir verulega miklu máli að hægt sé að sveigja þau bæði niður á við og ekki síður upp á við því að það eru mjög margir sem hafa fulla starfsorku miklu lengur en til 67 eða 70 ára aldurs.

Það er líka mjög mikilvægt að eldra fólk geti minnkað við sig vinnu undir lok ævinnar án þess að lífeyrisréttindi þess skerðist eins og nú er algengt og það er mjög slæmt að margir neyðast til þess að vinna mjög mikið þó svo að getan sé orðin mjög skert, alla vega gildir það um marga. Það er ekki síður mikilvægt og kom reyndar fram í ræðu 1. flm.

Það var gaman að hlusta á þennan líffræðilega fyrirlestur sem við fengum hérna einnig varðandi hvernig breytingar verða við aldur á frumum og öðru en mig langar til að bæta við öðru sem kemur fram vegna þess að hv. þm. Guðni Ágústsson, 1. flm., hætti lestrinum einmitt þar sem mér fannst vera svo mikilvægt en í grg. stendur á bls. 4, með leyfi forseta: „Líkamsþjálfun vinnur gegn aldursbreytingum í vöðvum og stoðkerfi. Hæfileg þjálfun getur hamlað beineyðingu og efnaskiptabreytingum. Þjálfun styrkir hjartavöðvann, þ.e. eykur slagrúmmál hjartans og þol.“ Þetta tel ég vera mjög mikilvægt og þetta er það sem við þyrftum að beina athygli okkar ekki síður að, að jafnframt því sem starfsorkan minnkar þurfum við að auka áróður og benda fólki á, og reyndar vita það nú kannski flestir nú þegar, að þessi þjálfun er mikilvæg ekki síst til að hamla gegn þeim aldursbreytingum sem verða í vöðvum og á stoðkerfi og sem koma reyndar fram miklu fyrr en við 67 ára aldur. Þetta kemur fram miklu fyrr.

Ég ítreka því að ég styð þessa till. sem hér er fram komin og vona að hún fái skjóta meðferð í þinginu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til félmn. með 34 shlj. atkv.

Kosning eins manns í stjórnarnefnd ríkisspítalanna í stað Svavars Geirssonar ráðherra, frh.

Fram kom einn listi með einu nafni. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosinn væri án atkvgr.:

Geir Gunnarsson alþingismaður.

Umræður utan dagskrár.

Ummæli viðskrh. um gróðurvernd.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Nú um stundir tíðkast að flokksþing stjórnmálaflokkanna séu opin fréttamönnum. Því birtist í fjölmiðlum ýmislegt af því sem ella kynni að hafa farið hljótt. Í Morgunblaðinu í gær er frétt af ræðu hæstv. viðskrh., sem fjallar um gróðurvernd, á flokksþingi Alþfl. undir fyrirsögninni „Herferð gegn kinda- og hrossakjöti eina ráðið?“ Þar segir eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Orsakir eyðingarinnar eru fleiri en ein, en ljóst er að hún verður ekki leyst án þess að lausaganga búfjár á viðkvæmu gróðurlendi verði alfarið bönnuð. Alþýðuflokkurinn hefur margsinnis krafist aðgerða í þessa átt en því miður hefur lítið gerst. Ef til vill er eina ráðið að efna til herferðar meðal almennings um að hann hætti að kaupa kjöt af þeim

dýrum sem alin eru á beit afrétta í uppblásturshættu. Þetta á bæði við um afurðir sauðfjár og hrossa."

Síðan segir Morgunblaðið: „Undir þessi sjónarmið ráðherrans er tekið í umhverfismálaályktun flokksþingsins."

Ef rétt er eftir haft er hér alvarlegt mál á ferð. Hlutverk viðskrh. á að mínum dómi m.a. að vera það að greiða fyrir viðskiptum landsmanna, ekki síst viðskiptum með innlendar framleiðsluvörur. Hér er hins vegar eitthvað annað á seyði. Samkvæmt tilvitnuðum texta hótar hæstv. ráðherra viðskiptaþvingunum innan lands gegn innlendri framleiðslu. Hann er að leggja til að almenningur í landinu efni til herferðar gegn neyslu kinda- og hrossakjöts, að efnt verði til herferðar gegn bændastéttinni. Hafa menn heyrt aðra eins forsmán?

Hæstv. ráðherra virðist, ef þetta er satt, hafa lært sitthvað af grænfriðungum úti í heimi sem efnt hafa til herferðar gegn íslenskum framleiðsluvörum. Kemur ekki að því að efna til herferðar gegn neyslu á fiski þegar fiskstofnar eiga í vök að verjast? Mér er ekki kunnugt um hversu vel hæstv. ráðherra veit hvað hann er að tala um. Veit hæstv. ráðherra að hrossabeit á afrétti er nálega aflögð? Veit hann að sauðfé í landinu hefur fækkað um meira en þriðjung á 11 árum eða yfir 300 þús. fullorðins fjár? Og veit hann að fleira fé gengur nú í heimahögum að sumarlagi en áður var og að beitartími á afréttum hefur verið styttur enda fer ástand afrétta víðast batnandi?

Virðulegi forseti. Mér þykir nauðsynlegt að gera þessi mál að umtalsefni utan dagskrár þannig að hæstv. viðskrh. fái tækifæri til þess að bera tilvitnuð ummæli til baka ef þau eru ekki rétt eftir höfð ella bæri honum að biðjast afsökunar. Mér þykir líka tilefni til þess að heyra álit hæstv. landbrh. og hæstv. forsrh., eða fulltrúa hans þar sem hæstv. forsrh. er ekki við í þingsalnum, á því hvort hér sé um að ræða stefnu hæstv. núv. ríkisstjórnar sem hæstv. viðskrh. er að túlka með þessum hætti.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Eitt stærsta umhverfisvandamál á Íslandi er hin geigvænlega gróðureyðing. Menn komu hér upphaflega að ósnortnu heiðalandi sem var þéttvaxið viðkvæmum norðurhjaragróðri, lyngi og kjarri. Á 1100 árum hefur gróið land gengið úr sér. Við höfum gengið á lífgefandi náttúru landsins svo mjög að í staðinn fyrir að ⅔ hlutar flatarmáls landsins séu þaktir gróðri er þetta hlutfall nú við fjórðung.

Auðvitað eru orsakir þessarar gróðureyðingar margar, en þeim sem til þekkja ber öllum saman um það að þar sé lausaganga búfjár alvarlegasta málið. Við verðum að breyta þessu. Það þekkist hvergi í Evrópu að búsmalinn gangi svona lausbeislaður um landið og darki í því þannig að upp úr landinu blási. Við verðum að breyta þessu. Landið má ekki spillast áfram af manna völdum.

Ég sagði á nýafstöðnu flokksþingi Alþfl. að menn þyrftu þá að beina viðskiptum sínum frá þeim sem landinu spilla til hinna sem hlúa að því. Þetta er ekki herför gegn bændastéttinni. Þetta er herför til varnar landinu. Þetta er að beina viðskiptunum landinu til hagsbóta.

Hv. 2. þm. Norðurl. v. beindi því sérstaklega til mín sem viðskrh. að mér væri ætlað að greiða fyrir viðskiptum í landinu. Það er rétt, en það er að vísu svo að viðskipti með landbúnaðarvörur eru einmitt það svið sem ríkið skiptir sér mest af, og auðvitað ættum við ekki að nota almannafé til að greiða niður gróðureyðinguna. Við eigum að reyna að beina því fé og almannafé yfirleitt til þess að hlúa að landinu. Þetta er kjarni míns máls. Það vil ég taka skýrt fram. Við viljum þar með beina viðskiptum til þeirra bænda sem beita fé sínu af skynsemi, gæta hæfilegrar ítölu, en við þurfum auðvitað að gera þetta almennt því á afréttunum er landið almenningseign.

Það er út í hött að líkja mínum orðum við aðgerðir erlendra samtaka eins og Greenpeace gagnvart Íslendingum. Okkar málsvörn í því máli er einmitt sú að við höfum ekki ofgert hvalastofninum. Við förum þar af skynsemi, gætum þess að spilla ekki lífríkinu. Hættan er sú að það sé ekki gert alls staðar þar sem við beitum fé á úthaga. Það er alveg rétt sem kom fram hjá hv. þm. og málshefjanda að sem betur fer miðar nú nokkuð í rétta átt. Það hefur dregið úr hrossabeit á afréttum í Norðurlandi vestra m.a. Það er þakkarvert. Þó er það ekki alveg aflagt eftir því sem fróðustu menn segja mér. Það er líka rétt að meira er beitt á ræktarland en áður var. Það sér hins vegar hver maður að ofbeitin er önnur hlið á landbúnaðarvandanum. Við megum ekki halda þessu áfram miklu lengur. Almenningur í landinu er orðinn þreyttur á því að horfa bæði á gróðurlandið eyðileggjast og þurfa að greiða útflutningsbætur með þeim afurðum sem eru upp vaxnar á þessu ofsetna landi og þurfa svo að borga landgræðsluna til þess að laga sárin. Þessu verður að linna. Þetta er kjarninn í mínu máli.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill gjarnan taka það fram strax að það eru margir á mælendaskrá og aðeins ætlaður hálftími í þessar umræður. Ég bið hv. þm., sem eiga eftir að taka til máls, að hafa þetta í huga, taka tillit hver til annars.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Gróðureyðing er sannarlega eitt stærsta umhverfisvandamál á Íslandi. Þar hafa margar kynslóðir í landinu komið við sögu. Þar hefur dregist úr hömlu hjá stjórnvöldum í þessu landi og þeim sem ráðið hafa ferðinni í búnaðarmálum m.a. að taka þessi mál til meðferðar heildstætt. Það er ekki við því að búast að einstakir bændur geti gripið til sinna ráða vegna þess að þeir hafa ekki aðstöðu til að meta heildina, gróðurlendið, gróðurþekjuna. Nánast hver bóndi í landinu ann sinni jörð og vill hag hennar og þeirra sem við henni taka sem bestan.

Ég tel kjarna þessa máls vera þann að þeir sem ráða ferðum í stjórn landsins og fyrir stefnumörkun í atvinnumálum þurfa að sameinast um að taka þessi mál út frá viðhorfum og þekkingu okkar á auðlindinni, í þessu tilliti gróðurþekju landsins, breyta framleiðsluháttum í landinu þannig að í framtíðinni verði eingöngu stundaður beitarbúskapur í landinu á þeim svæðum þar sem gróðurþekjan þolir það. Það er hins vegar með öllu ótækt að einstakir ráðamenn, eins og í þessu tilviki hæstv. viðskrh., fari að beina spjótum sínum að bændastéttinni og einstökum aðilum þar með þeim hætti sem fram kemur í hans ummælum. Það er skammsýni að mínu mati. Það eru ekki rétt málstök.

Núverandi ríkisstjórn hefur ætlað sér að taka á umhverfismálum og m.a. að samræma yfirstjórn þeirra. Ég legg áherslu á að það verði gert hið fyrsta með því að stofna sjálfstætt umhverfisráðuneyti óháð öðrum ráðuneytum, ráðuneyti sem vinni að því að leggja mat á stöðu auðlinda til lands og sjávar og gefi leiðbeiningar til fagráðuneyta þar að lútandi. Ég er sannfærður um að bændastéttin í landinu og forsjármenn hennar, trúnaðarmenn á hverjum tíma, eru reiðubúnir til að taka höndum með öðrum landsmönnum um það að snúa frá þeirri ofbeit og ofnotkun lands sem því miður á sér stað allvíða, en það háttar mjög misjafnlega til á landinu í þessum efnum og því þarf að beina nýtingunni, þ.e. beitarbúskap, frá svæðum sem eru ofnotuð yfir á svæði sem þola álagið, þar sem menn geta stundað sauðfjárbúskap, jafnvel hrossarækt, án þess að landið bíði tjón af.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Fyrir einu ári fluttu forustumenn Alþfl. í hverri umræðu frá Alþingi sem útvarpað var eða sjónvarpað árásarræðu um landbúnaðinn vegna þess hve hann væri dýr og kostnaðarsamur og hafa þeir reyndar komist að því eins og öll þjóðin hve þar hefur orðið mikil breyting á. Ég held að það sé nánast á þeim eina stað sem hægt er að finna sparnað, þ.e. í landbúnaðinum. Og nú hafa þeir fundið sér aðra leið og tekið sér þar að sjálfsögðu til fyrirmyndar erlend öfgasamtök sem hafa mjög sótt að Íslendingum upp á síðkastið í sambandi við viðskipti með fiskafurðir. Þetta er kjarni málsins. En það sætir furðu hvernig þetta mál ber að þegar þetta er aðaltextinn í máli viðskrh. á aðalfundi miðstjórnar Alþfl. og sérstaklega er tekið undir þetta í ályktun fundarins.

Menn tala hér um að það sé þýðingarmikið að græða og bæta landið og í ýmsum stjórnmálaályktunum er fjallað um þessi efni. En hvernig var nú þegar Alþfl. undirbjó frv. til fjárlaga fyrir einu ári? Hvernig var gróðarverndarmálanna þá gætt? Þau voru stórlega skorin niður. Og hvernig er núna aðhafst gagnvart því fjárlagafrv. sem nú liggur fyrir? Gróðurverndarmálin eru líka stórlega skorin niður. Þetta eru þeirra verk. Þetta er afstaða áhugamannanna um landgræðslu og gróðurvernd í landinu. Svo á að stofna nýtt ráðuneyti, nýjar skrifstofur og ráða sérfræðinga á sama tíma og verið er að draga með mjög skýrum hætti úr því að landið sé grætt upp og gróður verndaður. Það verður t.d. gaman að sjá hverjar verða tillögur um að leggja fjármagn í að græða upp Mývatnsöræfi, eins og nú liggur fyrir við næstu fjárlagagerð svo að dæmi séu nefnd.

Tími minn er á þrotum, virðulegi forseti, og ég skal ljúka máli mínu. Hér er ekki hægt að taka efnislega umræðu um gróðurverndar- og landgræðslumál. Til þess eru engin efni. Málið ber að á grundvelli stjórnmála, á grundvelli áróðurs og því hljótum við alveg sérstaklega að mótmæla hér. Þótt Alþfl. sé veikur um þessar mundir hygg ég að þessi aðför að íslenskum landbúnaði muni ekki verða honum til farnaðar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti verður enn að minna á tímann. Það mun varla gefast nema eins og ein og hálf mínúta í mesta lagi fyrir hvern hv. ræðumann.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Það ber að harma ummæli hæstv. ráðherra. Þau eru sögð á viðkvæmum tímum. Þau eru forkastanleg. Það er sorglegt þegar tungan verður hugsuninni yfirsterkari. Þau eru líkleg, þessi ummæli, til að spilla þeirri þjóðarsátt sem nú var að takast um gróðurvernd og vaxandi áhuga um skógrækt. Bændurnir eru þeir aðilar sem þarf að hafa mest og best samstarf við um það efni. Stríðshanskar, hótanir og svigurmæli stjórnmálamanna í garð einnar stéttar, og það bændastéttarinnar, mega ekki eiga sér stað. Öfgabarátta fyrrv. skógræktarstjóra og fyrrv. búnaðarmálastjóra um trjárækt og sauðfé var óheppileg á sínum tíma.

Nú hafa bændurnir, Landgræðslan og Náttúruverndarráð á ýmsum sviðum samvinnu í baráttu fyrir verndun örfoka lands. Engum svíður sárar en bóndanum og ræktunarmanninum að sjá fjúkandi land. Hvað veldur rofabörðum og landeyðingu? Þar eru stærstu orsakavaldarnir eldgos, köld veðrátta, jökulár, fannir á köldum árum sem leysast seint upp. Gróðurlína landsins hreyfist um 50 metra við hverja eina gráðu í meðalárshita. Við landnám óx skógur við 600 metra yfir sjó en nú aðeins við 400 metra. Ég tel að ráðherrann hafi misst vald á tungu sinni og mörg þau ummæli sem hann viðhafði, eins og að hross væru á afréttum, eru þegar berleg ósannindi.

Ég tek ekki mark á því tískuorði sem menn nú nefna, vörsluskylda búfjár. Ég vil að bændurnir og þjóðin lifi sátt við þetta land.

Það er margt annað sem er ástæða til að ræða um hér á hv. Alþingi, ekki síst hvernig fjölmiðlarnir hafa markvisst ráðist að bændastéttinni og reynt að gera hana að sökudólg. Ég vil að menn átti sig á því að þessum galdrabrennum nútímans verður að ljúka og ég veit að hæstv. iðnrh. hefur næga greind til að

biðjast afsökunar á ummælum sínum.

Eggert Haukdal:

Virðulegi forseti. Svo sem kunnugt er hefur hæstv. viðskrh. allt frá því er hann kom frá prófborði ungur að aldri helgað sig þeim störfum að vinna að bættum þjóðarhag. Sem þjóðhagsstjóri varð hann helsti ráðgjafi margra ríkisstjórna og markmiðið var alltaf að finna rétta þjóðarhaginn á hverjum tíma. Þótt hann sé nú ráðherra hefur hann viljað halda í þjóðhagsstjóraembættið til að geta helgað sig því embætti á nýjan leik þegar hann er hættur að efla þjóðarhaginn sem ráðherra.

Ekki er óeðlilegt að maður með slíka reynslu finni upp „þjóðráð" til að efla þjóðarhag. Nú er upplýst að hæstv. ráðherra hefur einmitt fundið upp nýtt „þjóðráð" og hið nýja „þjóðráð" er ekki af lakari endanum. Aðferðir grænfriðunga skulu notaðar við útbreiðslu „þjóðráðsins". Nú skulu Íslendingar hætta að borða hinar náttúrlegu afurðir, kjötið af íslenskum grasbítum, vegna þess að kindur og hross fara svo illa með fósturjörðina.

Sem betur fer hefur ofbeit mjög minnkað á Íslandi, en að sjálfsögðu þarf að taka fyrir hana að fullu á þeim tiltölulega litlu svæðum þar sem hennar verður enn vart. Eyðingu af völdum vatns og veðra er erfiðara að bæta en er þó stöðugt viðfangsefni.

Því hefur verið haldið fram að viðskiptahalli væri ærinn hér á landi um þessar mundir og þyrfti að spara gjaldeyri. Hæstv. viðskrh. virtist hafa nóg af honum til að kaupa fyrir erlent ket í stað íslensks og framkvæma þannig „þjóðráð" sín.

Hæstv. forsrh. hefur sagt að ekkert beri á milli Framsfl. og Alþfl. í landbúnaðarmálum. Eru þetta kannski tillögur beggja flokkanna? Ég þykist þess þó fullviss að hæstv. landbrh. styður ekki þessa stefnu.

En þessi tillaga er ekki fyrsta „þjóðráð" hæstv. ráðherra. Hæstv. ráðherra gat aldrei gert rétta þjóðhagsspá meðan hann var þjóðhagsstjóri. Allir þekkja „þjóðráðið" í vaxtastefnu hæstv. ráðherra. Allt hefur verið miðað við markaðslögmálin sem ekki verkuðu, en nú loks er hann að snúa frá villu síns vegar þegar heimilin og fyrirtækin eru komin í strand vegna vaxtaokursins. Hann beitir nú handafli í gríð og erg og er vonandi að það þjóðráð gagni betur en það nýja sem hann setti fram á þingi Alþfl.

Hæstv. ráðherra hefði átt að setja fram á þingi Alþfl. þá tillögu að afnema lánskjaravísitöluna að fullu. Með þeirri tillögu hefði hann bætt fyrir eitthvað af sínum fyrri „þjóðráðum".

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegi forseti. Það er aðeins út af því sem fram kom í orðum málshefjanda, hv. þm. Pálma Jónssonar, þar sem hann beindi fsp. til hæstv. forsrh. sem því miður er ekki hér viðstaddur og ég get ekki svarað fyrir hann öllum spurningum sem til hans er beint. Ég leyfi mér þó að fullyrða að ummæli einstakra ráðherra eða persónulegar skoðanir þeirra geta ekki sjálfkrafa talist stefna ríkisstjórnar og ummæli á flokksþingum og afskipti fjölmiðla af þeim geta ekki heldur flokkast sem slíkt jafnvel þótt náin samvinna sé milli þeirra flokka sem nú vinna saman í ríkisstjórn eins og alþjóð er kunnugt um.

Auðvitað er nauðsynlegt að huga vel að gróðurverndarmálum, þau eru mikilvæg, og umhverfismál og samræming þeirra í stjórnkerfinu eru m.a. á stefnuskrá þessarar ríkisstjórnar. En það er einnig mikilvægt að huga vel að málefnum landbúnaðar. Landbúnaðurinn hefur á undanförnum árum gengið í gegnum mjög erfitt tímabil þar sem hann hefur reynt að aðlaga sig breyttum aðstæðum. Þar hefur verið reynt að tefla saman markaðsmálum og að sjálfsögðu einnig gróðurverndarmálum. En að það verði gert með viðskiptaþvingunum tel ég fráleitt og ég leyfi mér aftur að ítreka og fullyrða að slíkt getur ekki verið og er ekki afstaða ríkisstjórnar.

Ég undirstrika það enn frekar að það er mikilvægt að samræma þessi sjónarmið, þ.e. gróðurverndarsjónarmiðin og aðstæður landbúnaðarins. Það verður að gera með því að sameina krafta hagsmunaaðila og reyna að ná fram þeim viðhorfum sem mikilvægust eru sem auðvitað eru þó viðkvæm. Þess vegna þarf að vinna að þeim í sátt og samlyndi en ekki með hótunum.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Hæstv. viðskrh. er örðugt að klóra sig út úr þessu máli. Ekki bar hann til baka fréttaflutning Morgunblaðsins frá fundinum og hann dró ekki til baka þessi dæmalausu ummæli, þá furðulegu hugmynd sem hann varpaði þarna fram. Þetta eru ekki forsvaranleg ummæli hjá viðskrh. Þetta er atvinnurógur af verstu gráðu. Hann ræðst á sauðfjárbændur og hrossabændur í heild. Neytandinn veit ekkert um hvaðan kjötið er sem hann sér í kjötborðinu. Það er einungis verið að ráðast á stéttina í heild.

Eins og bent hefur verið á beitir hann hliðstæðum bellibrögðum og Greenpeace-menn gera við okkur út af hvalveiðum. Hann reynir að fá fólk til að kaupa ekki kjöt af sauðfé eða hrossum. Eins og bent hefur verið á ganga hross hvergi á afréttum sem eru í uppblásturshættu á Íslandi. Það er bæði fáfræði og illvilji sem þarna lýsir sér í ummælum ráðherrans.

Það á auðvitað hvergi að líða ofbeit á hálendinu og því er auðvelt að stjórna og það stendur ekkert á bændum að leggja sitt af mörkum þar í. Við ráðum hins vegar ekki við veðráttuna. Og landbúnað þarf auðvitað að skipuleggja og það er unnið kappsamlega að því þannig að létt sé beit af þeim svæðum þar sem gróður er viðkvæmur. Það er hægt að ná árangri með skynsamlegri stjórnun og því ætti ráðherra að beita sér fyrir en ekki nota þá fáu staði þar sem um er að ræða uppblástur sem er ofbeit að kenna til þess að ráðast á bændastéttina og atvinnu hennar í heild.

Alger vörsluskylda búfjár hefur í för með sér að varan hækkar í verði vegna þess að það kostar að

girða og halda við girðingum. Viðskrh. verður að horfast í augu við það. Alvara málsins er mjög mikil og ég undirstrika að það er viðskrh. þjóðarinnar sem opnaði þarna munninn, ekki einhver léttgeggjaður smákrati.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég verð að lýsa vanþóknun á orðbragði hv. 1. þm. Norðurl. v. í þessum ræðustól. Það er honum ekki sæmandi og raunar finnst mér sorglegt að þessi umræða um þetta mikilvæga mál skuli einkennast hjá allt of mörgum hv. þm. af ómerkilegum áróðursupphrópunum og útúrsnúningum, afar lítið merkilegum. (**PP:** Viltu bera þetta til baka?) Í grunnskólum landsins er notuð við kennslu bók sem heitir Gróðureyðing og endurheimt landgæða. Ég held að sumir hv. þm. og kannski 1. þm. Norðurl. v. hefðu gott af því að glugga í þessa bók — og kannski hv. 5. þm. Suðurl. líka. Þar stendur, þetta er eftir Ingva Þorsteinsson og Sigurð Blöndal, og ég les upp úr þessari bók, með leyfi forseta:

„Veðurfari er oft kennt um þessa rýrnun gróðurs og einkanlega er þeirri skoðun haldið á loft í köldum árum. Auðvitað vex allur gróður minna þegar kalt er í veðri og skaðlegra áhrifa kólnandi veðurs gætir því meira sem nær dregur veðurfræðilegum gróðurmörkum jarðar. En því verra sem ástand gróðurs er, því verr þolir hann áföll eins og lækkandi hitastig. Núverandi gróðurfar er ekki bara afleiðing slíkra áfalla. Lélegt ástand þess á sér miklu lengri aðdraganda og veðurfar er ekki frumorsökin heldur ofnýting gróðursins, fyrst og fremst eyðing skóganna og of mikið beitarálag sem hefur aukið skaðleg áhrif kuldaskeiða."

Síðan segir, með leyfi forseta: „Ísland okkar tíma er aðeins skuggi þess sem var í árdaga byggðar. Það er mikið áhyggjuefni og það hlýtur að vera eitt meginverkefni okkar nú og í framtíðinni að endurheimta horfin landgæði."

Ég held að við hér á hinu háa Alþingi ættum að ræða þessi mál með svolítið öðrum hætti en ýmsir hv. þm. hafa gert hér í dag.

Unnur Stefánsdóttir:

Virðulegi forseti. Stjórnvöld ættu að taka til í eigin garði. Það sem spillir fyrir árangri í gróðurverndarmálum er að málflutningur þeirra opinberu stofnana sem um þessi mál fjalla er ósamhljóða og þar nefni ég til RALA, Búnaðarfélag Íslands, Landgræðsluna og landbrn. Það er ekki á færi annarra en Alþingis að ákveða bann við búfjárhaldi með lagasetningu á einstökum svæðum. Viðskrh. ætti því fremur að taka málið upp á Alþingi en hvetja til aðgerða gegn bændum.

Halldór Blöndal:

Virðulegi forseti. Mér þótti hæstv. iðnrh. tala fremur kuldalega til bændastéttarinnar áðan. Það sem vakti athygli mína var í fyrsta lagi það að hann fullyrti að almenningur væri orðinn löngu þreyttur á bændastéttinni. Hann fullyrti í öðru lagi — fullyrti ekki en gaf í skyn með sínum tón að bændastéttin vildi ekki græða upp landið, stæði á móti því og væri sama um landið. Og í þriðja lagi þótt mér með ólíkindum að alþm. skuli segja hér úr stólnum að hann geti hugsað sér að beita bændur efnahagslegum þvingunum, svelta þá af löndum sínum með sama hætti og þýskir peningamenn og auðjöfrar eru nú að reyna að svelta Íslendinga til þess að breyta sínum atvinnuháttum og hætta þeim tilraunaveiðum sem nú fara fram á hvölum. Þetta er afskaplega skrýtin staða, ótrúleg staða. Fyrir fram hefði ég aldrei búist við því að heyra slíka rödd á Alþingi frá óbreyttum þingmanni, jafnvel ekki í gáska. En hitt er með öllu óviðeigandi, algerlega óþinglegt og ósiðlegt að viðskrh. landsins skuli tala eins og hann gerði áðan og ég tala ekki um formann þingflokks Alþfl. sem aldrei kom að efni málsins, aldrei vék einu einasta orði að yfirlýsingu viðskrh. en reyndi að breiða yfir skömmina með því að tala eingöngu um umhverfismál. Auðvitað erum við allir ræktunarmenn hér í hinu háa Alþingi. Við viljum leggja mikið af mörkum til að græða upp landið og við sjálfstæðismenn höfum verið sterkir talsmenn þess, en við viljum ekki gera það með því að níðast á bændastéttinni.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Það væri að sönnu fróðlegt og æskilegt að hafa lengri tíma til að ræða þetta mál hér og hefði ég gjarnan viljað ræða nokkuð um gróðureyðinguna og frumorsakir hennar, en læt það eitt nægja að benda á það að fleiri eru fræðimenn en höfundar tiltekinnar kennslubókar og ég veit það mætavel af kynnum mínum við þá stétt manna sem helst fjallar um gróðureyðingu og orsakir hennar að það eru býsna deildar meiningar um vægi hinna einstöku þátta sem þar eru á ferðinni.

Í öðru lagi vil ég segja og taka undir ummæli hæstv. heilbrmrh.: Það er augljóst mál að hæstv. viðskrh. talaði sem flokksmaður á fundi þeirra krata og ég hygg að það geti verið vænlegt til árangurs hvað varðar skilning á ummælum hans að taka tillit til þess hvar þau eru fram borin og að þar kann ýmislegt að vera betur til vinsælda fallið en annars staðar í þjóðfélaginu.

Ég vil þó segja að ég tel þessi ummæli fremur óheppileg og afar lítt grunduð vegna þess að hér eru viðkvæm mál og afar mikil hagsmunamál á ferðinni þannig að ráðamenn þurfa að vega og meta ummæli sín vel. Það er ljóst að það er í raun mjög mikilvægt að neyslan innan lands á hinni hefðbundnu búvöruframleiðslu sé sem mest þannig að sem minnst þurfi að flytja út með verðábyrgð ríkisins eins og þeim málum er nú fyrir komið innan ramma búvörusamningsins milli ríkisvaldsins og bænda, því að dragi úr neyslunni innan lands kostar það meiri útflutningsuppbætur sem eru mun dýrari og óhagkvæmari en þær niðurgreiðslur sem eru á framleiðslunni til sölu

innan lands.

Í öðru lagi þykir mér rétt að minna á að það er með fjölmörgum mismunandi hætti verið að vinna að gróðurverndarmálum, m.a. því að beita ítölu og reyna að draga úr beit á þeim svæðum sem verst eru farin. Ég hygg að það eigi að reyna að ná árangri í þessum málum með þeim hætti og ég verð að segja fyrir mitt leyti að ég tel öfgar af því tagi að afnema með öllu lausagöngu búfjár í landinu fráleitar. Ég bendi á að í heilum landshlutum er ástand gróðurlendisins gott og ekki nokkur ástæða til að leggja í þann vörslukostnað og girðingarkostnað, til að mynda á Austurlandi og Vestfjörðum og norðausturhorni landsins, sem öfgastefna af þessu tagi mundi hafa í för með sér.

Það er hins vegar rétt að taka þarf þessi mál fastari tökum á þeim svæðum þar sem ástandið er verst. Því ætlar landbrn. sér að sinna og þiggur að sjálfsögðu hjálp góðra manna í því efni, hvort sem heldur er í mörkun nýrrar framleiðslustefnu eða gróðurverndarmálum, og vona ég að hugur fylgi máli og ekki muni þá á skorta liðsstyrk þeirra sem um þetta fjölluðu á flokksþingi Alþfl. að taka nú myndarlega á gróðurverndarmálum á næstunni.

Árni Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Þessi umræða er æðisérkennileg og mér finnst verulega á það skorta að menn hafi rætt um grundvallaratriði þessa máls, þ.e. ótta þjóðarinnar við að land okkar sé að blása upp í æ ríkari mæli. Staðreyndin er sú að land hefur fokið upp meira á undanförnum árum og áratugum en nokkru sinni fyrr og í baráttu gegn uppfokinu erum við á undanhaldi.

Það hefur verið skoðun mín um langt árabil að við þyrftum að gera meira af því að haga búskap eftir landsháttum og reyna að stuðla að því að vernda gróðurlendi eins og afrétti á Suðurlandi, svo ég beini orðum mínum til hv. þm. Suðurl., þar sem Biskupstungnaafréttur, Landmannaafréttur og fleiri beitarlönd eru að verða ónýt.

Það er ekkert skrýtið þó að sú hugmynd komi upp að menn vilji verja þeim tugum og hundruðum millj. kr. sem varið hefur verið til afréttagirðinga til þess frekar að girða af einhvers staðar og í áföngum það búfé sem nú gengur laust í landinu. Við eigum að rækta heimahaga til beitar. Og mig langar í lok orða minna að segja frá því að einn af varaþingmönnum Framsfl. orðaði það svo við mig norður á Akureyri fyrir nokkrum mánuðum að upprekstur búfjár á afrétti, sem væru meira eða minna lélegir eða ónýtir, væri ekkert nema gömul rómantík.

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki vera margorð, en það er augljóslega ekki vanþörf á umræðu af þessu tagi. Ég ætla ekki að verja ógætileg orð hæstv. ráðherra um herferð gegn kjötáti tengdu gróðurfari lands okkar, sem ég tók reyndar sem svo að þau hefðu verið látin flakka í hita landsfundar. En ég verð nú að segja að fleiri þyrftu að gæta tungu sinnar svo sem sannast hefur í þessari umræðu og finnst mér menn viðkvæmir úr hófi.

En ég vil af þessu tilefni taka undir þau sjónarmið að okkur ber að stöðva gróðureyðinguna og landspjöllin sem eru einn hrikalegasti umhverfisvandinn sem við Íslendingar eigum við að etja. Í því skyni eigum við að taka mið af könnunum, m.a. á ástandi afrétta og beitarþoli, og gera áætlun um nýtingu landsins samkvæmt þeim og þar hljótum við fyrst og fremst að taka mið af heildarhagsmunum sem um of hafa verið fyrir borð bornir. Það er hins vegar naumast vænlegt til þjóðarsáttar, sem er nauðsynleg í slíku máli sem þessu, að skekja breiðu spjótin. Ég vara við því og hvet menn til að grafa þau spjót og snúa sér að jarðabótum á leiði þeirra spjóta.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Því miður var ég ekki staddur í salnum þegar þessar umræður hófust, en ég verð að átelja og harma að formenn Framsfl. og Alþfl. skuli ekki vera hér staddir og þessi umræða skuli fara fram án þess að þeir séu hér því að það er athyglisvert eftir trúlofunina sem gerðist um síðustu helgi að hæstv. viðskrh. skuli svo á sama augnabliki hafa slík ummæli eins og Morgunblaðið skýrir frá og mér skilst að hann hafi ekki borið til baka, hann hafi raunar staðfest að þetta sé haft rétt eftir.

Ég hygg að þeir sem búa í strjálbýli muni mjög hrökkva við og ég er ekki viss um að menn hafi meira langlundargeð, þeir sem búa úti í strjálbýlinu, gagnvart Alþfl. eftir slík ummæli. Ég held að þegar þetta kemur ofan á þá umræðu sem vissir fjölmiðlar hafa tileinkað sér á síðustu árum sé orðið langt gengið.

En ég harma að formennirnir skuli ekki vera hér og ég harma að þessi umræða skuli fara fram innan þeirra marka að menn geti í raun og veru ekki tjáð sig um þessi mál.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Vegna síðustu ummæla hv. 6. þm. Norðurl. e. vill forseti taka fram að það var samkomulag milli aðila að þessi háttur á umræðunni yrði við hafður og forseti veit ekki annað en allir þingflokkar hafi verið látnir vita um það.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég harma þau ummæli sem eftir ráðherra eru höfð í Morgunblaðinu. Ég verð að segja að þessi ummæli hljóta að jaðra við atvinnuróg. Vissulega má líkja þessu við starfsaðferðir Greenpeace þar sem þau samtök beita einmitt þeim aðferðum að beita viðskiptaþvingunum og skemmdarstarfsemi á mörkuðum andstæðinga sinna. Ráðherra ætti frekar að snúa sér að því að bændur fái lögbundin afurðalán samkvæmt búvörusamningi greidd á tilsettum tíma úr bönkunum.

Þá má spyrja ráðherra: Hvernig á að auðkenna þessa vöru í verslunum eða er það e.t.v. hugmynd

hans að sláturhús taki ekki við þessum dýrum til slátrunar? Hver var hugsun ráðherra á bak við þessar yfirlýsingar? Ég hvet ráðherra til að snúa sér frekar að markaðs- og sölumálum landbúnaðarins en vera með skaðlegar múgæsingayfirlýsingar.

Til upplýsingar fyrir hv. þm. Árna Gunnarsson vil ég geta þess að samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef frá formanni samtaka sauðfjárbænda fyrir hálftíma er beitt á Biskupstungnaafrétt þrisvar sinnum færra fé en afrétturinn er talinn þola.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Nú munu fulltrúar allra flokka hafa tekið til máls í þessari umræðu að því er best verður séð þannig að nú mun forseti fara fram á það að þeir sem enn eru á mælendaskrá geri aðeins stuttar athugasemdir.

Albert Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Að gefnu tilefni vegna ummæla forseta vil ég taka fram að ég hef ekki litið á þessar umræður utan dagskrár sem flokksmál þannig að hér hefur enginn talað fyrir hönd Borgfl., hver og einn talar fyrir sína eigin hönd.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti leggur ekki dóm á það fyrir hverra hönd hv. þm. taka til máls. Hins vegar hefur forseti reynt að sjá svo til að það kæmi fram málsvari ... (Gripið fram í.) Vissulega, en þannig háttar til um þetta mál að hér eru mikil tímatakmörk og þess vegna er reynt að sjá til þess að þingmenn úr öllum flokkum geti komist hér að. (**AG:** Forseti getur ekki gert það að flokksmáli.) Forseti er ekki að gera þetta að flokksmáli.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég kem ekki upp til að halda því fram að sauðkindin og sauðfjárbóndinn eigi ekki einhvern þátt í því að gróðureyðing hefur átt sér stað hér á Íslandi heldur til þess að vara eindregið við þeirri aðferð sem hæstv. viðskrh. hefur valið til að koma á úrbótum í þessum efnum sem ég þó efast ekki um að hann hafi áhuga á. Það er þetta sem ég vil leggja áherslu á.

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Það gladdi mig mjög sú stutta ræða sem hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir flutti áðan vegna þess að því miður hefur það verið svo allt of lengi að ef menn hafa rætt um vandamál landbúnaðarins hafa of margir rætt málið á þeim grundvelli að tala svo hátt að aðrir fái hellu fyrir eyrun og geti því ekki hlustað á eðlileg og skynsamleg rök og hins vegar með því að hvetja menn til að stinga höfðinu í sandinn.

Kjarni málsins er að sjálfsögðu, eins og hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir sagði áðan, að það eru margir þættir sem eiga hlut að því að gróðureyðing hefur átt sér stað á Íslandi. Þar á meðal er að sjálfsögðu ofnýting landgæða. Ég vil bara benda á, virðulegi forseti, að fyrir stuttu var okkur fortalið í sjónvarpinu frá forsjármönnum bænda sjálfra að Framleiðnisjóður byðist til þess að kaupa upp framleiðslurétt bænda á þeim svæðum þar sem um gróðureyðingu vegna ofbeitar væri talið að ræða. Ég man ekki betur en í þeirri mynd af landinu sem þá var sýnd á sjónvarpsskerminum til að skýra þetta mál nánar hefði bróðurpartur af gróðurlendi landsins verið talinn til þess flokks.

Ég man eftir því, virðulegi forseti, að það eru ekki nema 3–4 ár síðan að hv. þm. Páll Pétursson stóð hér í ræðustól og hélt því fram í fullri alvöru að hvorki væri um ofbeit að ræða á Íslandi né offramleiðslu landbúnaðarvara. Og vegna þess sem hv. þm. Halldór Blöndal sagði áðan, að það væri markmið Alþfl. að svelta bændur burtu af jörðum sínum: Hvað er kvótakerfið sem landbúnaðurinn býr við annað en tilraun til þess að fá bændur til að hætta búskap þó að menn taki ekki svo mikið upp í sig að segja að það væri til þess gert að svelta bændur af jörðum sínum?

Og virðulegi forseti. Hver ber ábyrgð á þessu kerfi? Hver ber meiri ábyrgð á því kerfi en hv. þm. Páll Pétursson?

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Þetta mál snýst ekki um það hvort þingmenn eru sammála eða ósammála um gróðurvernd og uppgræðslu landsins. Umræðan snýst ekki um það. Hún snýst um að það liggur hér fyrir að hæstv. viðskrh. hefur lýst því yfir að það eigi að beita bændur efnahagslegum þvingunum.

Það kann vel að vera og er alveg vafalaust rétt að við gróðurvernd og uppgræðslu landsins kann það að vera eitt af þeim ráðum sem nauðsynlegt er að grípa til að takmarka beit, en það er óafsakanlegt og fordæmanlegt þegar ráðherra í ríkisstjórn Íslands lýsir því yfir að til þess að ná því marki eigi að beita bændur efnahagslegum þvingunum. Það er sú krafa sem hér er gerð að hann biðjist afsökunar á þessum ummælum og taki þau til baka.

Ég sé að hv. 1. þm. Norðurl. v. kinkar kolli. Ég vil hins vegar taka það fram að bæði Framsfl. og Alþb., þar á meðal hv. 1. þm. Norðurl. v., bera stjórnskipulega ábyrgð á setu hæstv. viðskrh. og bera pólitíska ábyrgð á ummælum hans þangað til þau hafa verið dregin til baka. Það er sú krafa sem er gerð hér í dag til hæstv. ráðherra að hann dragi ummælin til baka og það er það sem máli skiptir í þessari umræðu.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir ýmislegt sem fram hefur komið í þessum umræðum, þar á meðal ummælum hæstv. landbrh. og hæstv. heilbrmrh., þar sem þeir taka skýrt fram að þeir taka ekki ábyrgð á þeim ummælum sem hæstv. viðskrh. hefur hér látið falla. Þó bera þeir auðvitað sinn hluta ábyrgðar og pólitíska ábyrgð að sínum hluta á því sem ráðherra í ríkisstjórn Íslands segir.

Ég hef hins vegar lítið að þakka hæstv. viðskrh. Hann gerði hvorugt, að draga ummæli sín til baka né biðjast á þeim afsökunar. Á hinn bóginn reyndi hann og ýmsir fleiri þingmenn, einkum þingmenn Alþfl., að drepa þessu máli á dreif með fallegum ræðum um gróðurvernd sem er allt annað mál en það sem ég bar hér upp í upphafi. Ég las ummæli hæstv. ráðherra, sem hann hefur ekki dregið til baka, svohljóðandi, með leyfi forseta, m.a.:

„Ef til vill er eina ráðið að efna til herferðar meðal almennings um að hann hætti að kaupa kjöt af þeim dýrum sem alin eru á beit afrétta í uppblásturshættu. Þetta á bæði við um afurðir sauðfjár og hrossa."

Það er alvarlegt þegar hæstv. ráðherra viðskiptamála, ekki síst, hefur slík ummæli, beinir slíkri hótun til bænda landsins, til þjóðarinnar. Það er alvarlegt. Og þau ummæli skora ég enn á hann að draga til baka, en biðjast afsökunar ella. Nú segir hæstv. ráðherra að neytendur eigi að finna það á sér hvaðan kjöt er sem er á boðstólum í verslunum og ekki kaupa kjöt sem er af gripum sem gengið hafa á landi sem hann telur ofbeitt. — Ég beini því til hæstv. forseta að ég á þriggja mínútna ræðutíma. — Hann segir líka að það sé ómerkilegur útúrsnúningur og menn hafa talað hér um ómerkilegan útúrsnúning að gera þessa hótun hæstv. ráðherra að umtalsefni. Það er nú svo að hæstv. ráðherra talar í þessu tilliti ekki sem einhver skriftlærður stofuspekingur heldur sem ráðherra í ríkisstjórn Íslands.

Hér hefur verið sagt að landið hafi verið fagurt við landnám. Víst var það eftir sögnum. Þá var góðæri hér í landi eftir öllum heimildum. Það góðæri stóð ekki mjög lengi. Seint á þjóðveldisöld tók mjög að kólna og kuldaskeiðið, harðindaskeiðið frá 17. öld til 1920 gekk nær gróðurlendi landsins en ýmsir nú vilja vera láta. Hv. þm. Árni Gunnarsson sagði áðan að nú væri meira landfok en nokkru sinni fyrr. Eftir móðuharðindin var svo komið að þjóðin var ekki nema 38 þús. manns, að sauðfé í landinu var aðeins 40 þús. vegna landeyðingar. Þá var ekki hægt að hafa fleira, þá lifði ekki hér fleira fé en 40 þús., ein kind á mann. Svo kemur þessi þingmaður með blekkingar og segir að nú sé meiri landeyðing en nokkru sinni fyrr.

Ég tek undir að við þurfum að huga að varðveislu gróðurlendis og að auka gróðurlendi landsins, endurheimta það sem tapast hefur. Það er út af fyrir sig annað mál. Það er gott mál og fagurt um að tala og verður ekki rætt í svo stuttum ræðutíma. En það verður ekki gert með þeim hætti að kasta stríðshanska til þeirrar stéttar sem mest á í húfi, sem mest þarf að hafa samstarf við, bændastéttarinnar. Það verður ekki gert með því að hafa hótanir í frammi í garð þessarar stéttar af hálfu hæstv. ráðherra, þeirra sem fara með stjórn landsins. Það verður að gerast með samstarfi. Það verður að fá þá aðila sem mest um þessi mál véla til samstarfs. Og bændur eru fúsir til samstarfs og hafa verið það á undanförnum árum sem ég hef nokkuð rakið í minni frumræðu.

Ég vil því enn segja aðeins þetta: Við skulum ekki hafa hótanir í frammi. Við skulum laða aðila til samstarfs. Það er skylda stjórnvalda að halda svo á málum að það verði til þess að vinna þessum málum gagn, ekki til þess að efna til úlfúðar, ekki til þess að reyna að magna almenning í landinu gegn bændastéttinni meira en verið hefur. Enn skora ég á hæstv. ráðherra: Dragðu ummæli þín til baka, en biddu afsökunar ella. Þú værir maður að meiri.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Það er deginum ljósara að málflutningsyfirlýsing mín á flokksþingi Alþfl. hefur komið býsna nærri kjarna máls. Og hver er kjarni málsins? Hann er þessi: Það eru mikil tengsl á milli landbúnaðarstefnunnar og markaðsstefnunnar í landbúnaðarmálum annars vegar og gróðurverndar og landnýtingarstefnu í þessu landi hins vegar.

Ég vísa á bug fráleitum fullyrðingum manna sem hér hafa talað, eins og t.d. hv. 2. þm. Norðurl. e., að frá mér hafi andað köldu í garð bændastéttarinnar, að ég hafi haldið því fram að bændur vildu ekki græða landið. Svipuðu máli gegnir um yfirlýsingar hv. 1. þm. Norðurl. v. (**EgJ:** Hvað stendur í ræðunni?) Ekkert um þetta sem hér var nefnt. Ég hef ekki hvatt til aðgerða gegn bændum. Ég hef hins vegar hvatt til aðgerða gegn gróðureyðingunni og úr því að menn töluðu hér um langlundargeð var það einmitt kjarni míns máls að draga kynni að því að fólk færi að segja einfaldlega: Við viljum ekki styðja þetta með okkar peningum.

En auðvitað eigum við á Alþingi fyrst að horfa í eigin barm sem eru afskipti ríkisins sjálfs af viðskiptum með landbúnaðarvörur. Það er ágætt að fá hérna yfirlýsingar um gróðurvernd og aðgerðir, en auðvitað væri líka gott að fá yfirlýsingar frá staðbundnum samtökum bænda um hvaða aðgerðir þeir hafa haft til að vernda gróður í sínum landshlutum. Og þótt orðaval hv. 1. þm. Norðurl. v. væri dálítið handahófskennt og líkt og þar talaði léttgeggjaður hlaupastrákur, svo ég velji orð úr hans orðasafni, þá lýsa þau samt, og það er gleðiefni eins og kom reyndar líka fram hjá málshefjanda, auknum skilningi á því að verja og friða þurfi afrétti í Norðurlandi vestra. Það er rétt að hrossabeit hefur verið takmörkuð á Auðkúluheiði, en mér skilst af fróðustu mönnum að hins vegar sé enn syðst á Eyvindarstaðaheiði hrossabeit á viðkvæmu landi. (Gripið fram í.) Ég fullyrði ekki um þetta, ég bara lýsi því sem mér miklu fróðari menn um þetta mál hafa fortalið mér.

Það er líka almennt viðurkennt að afréttarlönd, jafnvel heimalönd, á eldfjallasvæði landsins, skáhallt yfir landið frá suðvestri til norðausturs, séu víðast hvar í hættu. Á þetta þurfum við allt að horfa. Það er alveg óhugsandi annað en að tengja þetta við sjálfa landbúnaðarstefnuna. Það var tilgangur orða minna. Þau hafa greinilega haft rétt áhrif.

Kjararannsóknir, fyrri umr.

Þáltill. KE o.fl., 48. mál. — Þskj. 50.

Flm. (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. á þskj. 50 um að efla kjararannsóknir. Flm. eru ásamt mér hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir, Guðmundur H. Garðarsson, Hjörleifur Guttormsson og Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir. Ályktunin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá til þess að kjararannsóknir verði gerðar áreiðanlegri en nú er. Í því skyni verði launamiðar og skattagögn þannig úr garði gerð að fram komi á launamiðum áreiðanlegar upplýsingar um fjölda vinnustunda að baki dagvinnulaunum, yfirvinnulaunum og öðrum launagreiðslum. Jafnframt verði starfsheiti skilgreind og samræmd og þau tilgreind á launamiðum og skattframtali. Enn fremur verði settar reglur sem tryggi skil á launamiðum og réttum upplýsingum."

Þessi till. til þál. var lögð fram í lok 110. löggjafarþings og var þá tekin á dagskrá en kom ekki til umræðu. Því er tillagan endurflutt óbreytt. Efni tillögunnar er enn jafnbrýnt og áður.

Í mörg ár hafa margir aðilar gert kannanir á kjörum fólks á vinnumarkaði hér á landi. Rannsóknir hafa byggst á svörum einstakra launamanna svo sem í könnunum einstakra stéttarfélaga og Félagsvísindastofnunar, svörum fyrirtækja eins og t.d. kjararannsóknarnefnd gerir eða á skattframtölum eins og Framkvæmdastofnun og Þjóðhagsstofnun gera. Hagstofan byggir einnig á skattframtölum í sínum könnunum.

Kjararannsóknir byggja að sjálfsögðu á þeim upplýsingum sem hægt er að ná til. Skattagögn eru mikilvæg, sérstaklega ef upplýsingar á þeim væru ítarlegri og áreiðanlegri. Ef gögnin eru illa unnin getur það leitt til þess að upplýsingar um kjör heilla starfshópa koma ekki fram. Því er haldið fram af mörgum að mikill misbrestur sé á því að upplýsingar sem unnið sé úr séu áreiðanlegar. Mjög oft vantar á launamiðana þær upplýsingar sem þar er beðið um og nánast lítið annað útfyllt en heildarupphæð launa auk nafns og þess háttar. Ef upplýsingar eru ekki réttar er sú mynd sem kemur fram í könnuninni ekki rétt.

Launamiðar eru nú þannig að á þeim eiga að koma fram ýmsar upplýsingar um laun, hlunnindi, stéttarfélag, lífeyrissjóð og fleira og eru þær án efa misgóðar. Hingað til hefur ekkert verið gert til tryggja að þær upplýsingar sem nú er beðið um komi fram. Það þarf því að sjá til þess að þessar upplýsingar séu samræmdar og áreiðanlegar. Í því skyni getur verið nauðsynlegt að setja viðurlög við því ef ekki koma réttar og fullnægjandi upplýsingar fram á launamiðum. Nú þarf að skila launamiðum fyrir ákveðinn tíma, en engin nýtanleg ákvæði eru til varðandi upplýsingar á launamiðum.

Á síðasta þingi var flutt till. til þál. þar sem gert var ráð fyrir að rannsaka m.a. tekjumyndun og tekjuskiptingu á Íslandi. 1. flm. þeirrar till. var hv. þm. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir. Í umsögn Þjóðhagsstofnunar um tillöguna segir m.a., með leyfi forseta: „Engum blöðum er um að fletta að nauðsynlegt er að efla upplýsingaöflun um laun, tekjur og lífskjör til þess að fá traustar tölur á líðandi stundu. Lögð skal áhersla á það hér að öflun traustra frumupplýsinga er meginvandamálið hvað þetta talnaefni varðar."

Við samanburð á niðurstöðum kjararannsókna hefur skort á alla samræmingu í notkun hugtaka, t.d. er ekki hægt að bera saman tiltekin starfsheiti úr könnunum frá ýmsum aðilum. Þannig notar kjararannsóknarnefnd eitt kerfi og Framkvæmdastofnun annað. Þetta skapar rugling og ónákvæmni. Þess vegna gerir till. ráð fyrir að starfsheiti verði skilgreind og samræmd, bæði til hagræðis þeim sem skrifa launamiða og þeim sem eru að gera kannanir á launum mismunandi stétta.

Í Hagtíðindum frá því í mars á þessu ári er fjallað um vinnuaflsnotkun á Íslandi á árinu 1986. Segir þar m.a., með leyfi forseta: „Sé upplýsingum á launamiðum frá launagreiðendum um starfsgrein launþega ábótavant, en það kemur oft fyrir, ákveður starfsfólk skattstofanna atvinnugreinamerkingu eftir líkum. Í þessum tilvikum gætir tilhneigingar til þess að atvinnugreinamerking ráðist eingöngu af aðalrekstri fyrirtækis og ekki sé skeytt um frekari atvinnugreinaskiptingu fyrirtækisins. Í þessu sambandi má einnig geta þess að sé vinnutíma á launamiðum einstaklinga ekki getið áætlar skattstofan vikukaup viðkomandi launþega og deilir þeirri upphæð í framtaldar tekjur hans og er þar með fengin áætluð lengd vinnutímans."

Undanfarin ár hafa orðið verulegar breytingar á launakerfinu í landinu. Í meginatriðum er hægt að segja að um tvö launakerfi sé að ræða. Launakerfi opinberra starfsmanna er nánast hreint taxtakerfi, en launakerfi á almennum vinnumarkaði er taxtakerfi í grunninn en ofan á er byggt kerfi með bónus, yfirborgunum og uppmælingum. Taxtar á almennum markaði sýna því lágmarkslaun á hverjum tíma. Allmargar stéttir, einkum kvennastéttir, taka eingöngu laun samkvæmt töxtum en stór hluti launafólks fær aukagreiðslur af ýmsu tagi. Margir fá þessar greiðslur fyrir mikla vinnu, en þó er töluvert um að samið sé beint við vinnuveitanda um hærri laun en taxtar kveða á um. Hugtök eins og ómæld yfirvinna og jafnvel óunnin heyrast gjarnan í umræðum um launamál og þykir orðið sjálfsagt að semja um slíkar greiðslur ef mögulegt er. Þetta á við um einstakar stéttir í opinberri þjónustu, en aðallega á þetta við um almenna vinnumarkaðinn.

Í mörgum tilvikum eru taxtalaun aðeins fjarlæg viðmið við yfirborganir og ýmis hlunnindi. Yfirborganir og aukagreiðslur sýna svo að ekki verður um villst getu atvinnuveganna til að greiða hærri laun en

taxtar segja til um. Yfirvinna af ýmsu tagi verður stöðugt stærri hluti af þeim launum sem fólk fær úr launaumslaginu. Það er því mikilvægt að auðvelt sé að gera sér grein fyrir hve stór hluti af launagreiðslum er annað en grunn- og taxtalaun.

Till. sem hér er mælt fyrir felur í sér að skráðar verði á einfaldan hátt upplýsingar til að auðvelda og bæta kjararannsóknir. Með því verður hægt að átta sig betur á því fyrir hvers konar vinnuframlag laun eru greidd, svo sem dagvinnu og yfirvinnu. Einnig gerir till. ráð fyrir að samræma og skilgreina starfsheiti betur en nú er gert. Kannanir sem gerðar eru á launum fólks verða síðan að vera aðgengilegar, bæði fyrir launafólk og atvinnurekendur. Efldar og nákvæmar kjararannsóknir auka líkur á að unnt sé að gera launakerfin auðskiljanlegri. Um leið og upplýsingar af því tagi, sem hér er lagt til, liggja fyrir aukast líkurnar á því að launakerfin verði jafnframt aðgengilegri og með því er stigið eitt skref í þá átt að skapa réttlátari tekjuskiptingu í þjóðfélaginu.

Virðulegur forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að tillögunni verði vísað til félmn.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Hér er lögð fram till. til þál. um að efla kjararannsóknir. Ég kveð mér hljóðs til þess að taka undir efni þessarar till. Hér hafa sameinast menn úr öllum alvörustjórnmálaflokkum á Íslandi fyrir utan það að ég sakna þess að hér skuli ekki vera fulltrúi frá okkar vinsamlega Alþfl. því að ekki hef ég trú á öðru en að þeir mundu vilja taka þátt í því að þessum málum sem hér er fjallað um verði komið á réttan grundvöll. Ég fagna því auðvitað sérstaklega að sjá að hér hefur gengið til liðs við þessa hugsun hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson því að það er mikilvægt að Sjálfstfl. skilji mikilvægi þessa máls og þarna sé ég að hann fyllir þann hóp.

Ég held að það sé mjög mikilvægt að skapa þjóðarsátt á Íslandi í launamálum. Það ríkir mikil óánægja með það ástand sem hefur verið á vinnumarkaði hér á landi sl. ár, ekki síst eftir að frjálshyggjan kom til sögunnar og margt fór úr skorðum því að það er nú svo að við skulum gera okkur það ljóst að stór hópur fólks í landinu, 10% alla vega eða 15% — það er fullyrt dag eftir dag að þessi stóri hópur á íslenskum vinnumarkaði hafi laun upp á 150–400 þús. á einum mánuði og þaðan af hærri. Við skulum átta okkur á þessari staðreynd. Og hvar sem menn leita að töxtum, hvort sem það er hjá ríki, sveitarfélögum, verkalýðshreyfingu eða hvar sem er, vinnur þetta fólk allan sólarhringinn ef það ætti að ná þessum launum. Þess vegna er það brýnt, ekki síst gagnvart láglaunafólkinu, að hér verði mynduð þjóðarsátt um gerð launamiða þar sem allar áreiðanlegar upplýsingar um vinnustundir koma fram, eins og hér er lagt til, þar sem dagvinnu er skipt, yfirvinnu og ekki síst öðrum launagreiðslum ef þær eru fyrir hendi.

Ég tel að við megum aldrei gefast upp og ég held að ríði á því núna á þessari stundu, við þessi tímamót í íslensku þjóðfélagi, að þessi mál verði tekin föstum tökum. Við vitum að það sverfur að og við þurfum að breyta stefnunni í landinu þannig að fólk lifi sem mest af sinni dagvinnu og ég held einmitt að það sé hægt ef hér fer ákveðinn jöfnuður í gang. Ég hvet því til þess að þessi ágæta þáltill. fái hér þinglega meðferð og skjóta afgreiðslu í nefnd því að mín skoðun er sú sem hér hefur komið fram, að það er ekkert mikilvægara en að efla og gera nákvæmari kjararannsóknir. Þær munu auka líkur á því að unnt sé að gera launakerfin í landinu auðskiljanlegri, þannig að fólkið sætti sig við sín kjör.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég þarf ekki að lýsa viðhorfi til þessarar þáltill. þar sem ég er einn af flm. hennar, en ég vil koma því á framfæri að ég held að það efni sem í henni felst skipti mjög verulegu máli. Launamál í landinu, umræður um þau, samanburður milli starfsstétta og harðar deilur á stundum eru staðreynd og það er nauðsynlegt að fyrir liggi sem fyllstar upplýsingar um það hvernig skiptin eru á vinnumarkaði.

Þessi till. gerir ráð fyrir efldum rannsóknum. Rannsóknir skortir á fjölmörgum sviðum í landi okkar. Umræðuefnið hér áðan utan dagskrár var dæmi um eitt slíkt mál þar sem þekkinguna skortir og að þekkingin sé orðin allra eign til þess að grunda á skynsamlega umræðu og ákvarðanir. Það sama gildir um launamálin. Þar er mjög margt dulið og þess vegna ber yfirvöldum í landinu að hlutast til um það að fá réttar upplýsingar fram, réttan grunn fyrir umræðu og þær ákvarðanir sem teknar eru á vinnumarkaði hverju sinni. Þetta styður það markmið sem hv. frummælandi vék að í sínu máli, að auka jöfnuð, skapa réttlátari tekjuskiptingu í þjóðfélaginu með því að gera launakerfin aðgengilegri og auðskiljanlegri. Ég vænti þess að þessi tillaga hljóti stuðning. Ég get vart ímyndað mér að þetta verði ágreiningsmál milli stjórnmálaflokka. Ég trúi ekki öðru en að það sé áhugamál allra stjórnmálamanna að styðja við upplýsingaöflun af þessu tagi svo þýðingarmikil sem hún er fyrir þjóðfélagið.

Ég á sæti í þeirri nefnd sem gerð hefur verið tillaga um að fái þetta mál til meðferðar og á þannig kost á að fylgja málinu eftir á þeim vettvangi. Ég þakka hv. 1. flm. Kristínu Einarsdóttur fyrir frumkvæði hennar í þessu máli og ég vona að af því spretti margt gagnlegt fyrir það efni sem þessi till. varðar, skiptingu þjóðarteknanna, samskiptin á vinnumarkaðinum.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegur forseti. Ég er einn af flm. þessarar tillögu og tek einnig undir þau orð annarra hv. þm. að það er mjög þýðingarmikið að efla kjararannsóknir.

Vegna ummæla hv. 5. þm. Suðurl. Guðna Ágústssonar um að það væri mikilvægt að Sjálfstfl. skildi mikilvægi þessa máls tel ég nauðsynlegt að það komi

fram sem þjóð veit náttúrlega, þó að honum hafi e.t.v. ekki verið kunnugt um það, að Sjálfstfl. hefur ætíð skilið hagmunamál launafólks og það mjög vel. Það vill svo til að mikill fjöldi sjálfstæðismanna er virkir þátttakendur í verkalýðshreyfingunni og vegna þeirrar þátttöku hafa sjálfstæðismenn að sjálfsögðu mjög komið við sögu í kjaramálum og einnig í sambandi við það mál sem hér er til umræðu.

Við viljum að sjálfsögðu styrkja stöðu launafólks og þessi till. sem hv. flm. Kristín Einarsdóttir átti frumkvæði að að koma með er auðvitað liður í þeirri sameiginlegu baráttu okkar allra að styrkja stöðu launafólks með þeim hætti sem till. gerir ráð fyrir. Þess vegna endurtek ég það og tek undir þau ummæli annarra hv. þm. að ég vænti þess að þessi tillaga fái jákvæða afgreiðslu á Alþingi.

Jón Sæmundur Sigurjónsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka flm. þessarar þáltill. fyrir að hafa borið hana fram og þá sérstaklega hv. 12. þm. Reykv. Kristínu Einarsdóttur. Ég held að hér sé mjög þarft mál á ferðinni og kemur það heim og saman við áhuga okkar alþýðuflokksmanna á þessu máli sem hefur lýst sér í því, þó að hv. 5. þm. Suðurl. Guðna Ágústssyni sé greinilega ekki kunnugt um það hefur mál mjög svipað þessu verið flutt á tveimur þingum af Jóhönnu Sigurðardóttur og það hefur verið athugunar innan þingflokks Alþfl. hvort sú tillaga skyldi ekki flutt aftur. Hún tekur á þessu máli frá nokkuð öðru sjónarhorni, gæti kannski verið viðbót við þessa góðu till. Ég held að það verði úr að við flytjum þessa tillögu og þær ættu þá að skoðast í samhengi er hún kemur fram. Ég vil hins vegar endurtaka mínar þakkir. Þetta mál er af hinu góða og það mun örugglega hljóta okkar stuðning.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Hv. 5. þm. Norðurl. v. Jón Sæmundur Sigurjónsson hefur kannski misskilið mína meiningu hér áðan því að ég spurði sérstaklega eftir því hvort vinir mínir í Alþfl. væru með þessal sem hún er fyrir þjóðfélagið.

Ég á sæti í þeirri nefnd sem gerð hefur verið tillaga um að fái þetta mál til meðferðar og á þannig kost á að fylgja málinu eftir á þeim vettvangi. Ég þakka hv. 1. flm. Kristínu Einarsdóttur fyrir frumkvæeyndar á ný tillögu sem ég þekki gjörla og að hún verði flutt hér í þinginu. Ég vildi láta það koma fram að ég var ekki að sneiða að Alþfl. Ég harmaði aðeins að enginn af þeirra myndarlegu fulltrúum voru flutningsmenn till.

Flm. (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka undirtektir við till. og þá kannski sérstaklega hv. 5. þm. Suðurl. og 5. þm. Norðurl. v. vegna þess að þeir standa ekki að tillögunni með mér. Ég get tekið það fram að ég bauð að sjálfsögðu einum þm. Alþfl. að vera með á till. en hann taldi sér það ekki fært. Hins vegar hefur hv. þm. Jón Sæmundur Sigurjónsson lýst því yfir að hann styðji till. og það gleður mig. Þess vegna á ég von á að till. geti fengið fljóta afgreiðslu og verði samþykkt á þessu þingi.

Því miður er langt liðið á þingið þannig að skammt er í jólaleyfi og ekki víst að hægt sé að vinna mikið að till. fyrir jólaleyfi. Varðandi aðrar tillögur sem tengjast þessu máli geta þær ekki annað en stutt þessa tillögu. Svipaðar tillögur, sem geta komið í tengslum við þessa og á einhvern hátt tengjast kjararannsóknum, mun ég sjálfsagt geta stutt sem og aðrir. Mér þykir að sjálfsögðu leiðinlegt að þm. Alþfl. skyldu ekki treysta sér til þess að vera meðflm. að till. en þykir mjög vænt um að þeir hafi hugsað sér að styðja hana.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Könnun á jarðvarma, jarðsjó og ferskvatni á Vesturlandi, fyrri umr.

Þáltill. FÞ, 63. mál. — Þskj. 65.

Flm. (Friðjón Þórðarson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 65 hef ég leyft mér að flytja till. til þál. um könnun á jarðvarma, jarðsjó og ferskvatni á Vesturlandi. Tillagan er þess efnis að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að láta fara fram samræmda könnun á jarðvarma, jarðsjó og fersku vatni á Vesturlandi í samvinnu við sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila. Markmið slíkrar könnunar verði að safna upplýsingum um forða af heitu og köldu vatni og jarðsjó er hagnýta megi m.a. í þágu fiskeldis og til eflingar byggðar og búsetu á Vesturlandi.

Tillaga þessi hefur tvívegis áður verið flutt. Á 109. löggjafarþingi voru flm. þeir Friðjón Þórðarson, Valdimar Indriðason og Sturla Böðvarsson. Tími vannst ekki til að fjalla um málið á því þingi. Í fyrra, á 110. löggjafarþingi, var tillagan endurflutt en varð ekki útrædd. Hún er því flutt nú með þeirri breytingu að jarðsjó er bætt við, þar sem Orkustofnun leggur nú mikla áherslu á rannsóknir varðandi vinnslu jarðsjávar.

Greinargerð er nokkuð breytt í samræmi við framþróun mála og fylgiskjöl eru nú bréf og greinargerð Orkustofnunar frá okt. 1988 og hafa þau að geyma nýjustu viðhorf í þessum efnum. Þar er fjallað nánar um efni tillögunnar og tilgang hennar. Tel ég því ekki þörf á að rekja þau málefni ítarlegar í framsögu en vísa til greinargerðar og fylgiskjala. Þó tel ég rétt að stikla á nokkrum atriðum.

Flestir virðast vera sammála um að íslenska þjóðin eigi að halda áfram að byggja landið allt en safnast ekki öll saman á einu horni þess. Þetta hlýtur

a.m.k. að eiga við um allar lífvænlegar og blómlegar byggðir landsins. Meginstefnan hlýtur að vera sú að gera allt sem hægt er til þess að fólkið geti búið við sem jöfnust lífsskilyrði hvar sem það býr, til sjávar eða sveita. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að þekkja landið sem best, náttúru þess, auðlindir og önnur verðmæti. Landsmenn verða að kunna skil á því að nýta þessi gæði með hófsamlegum hætti og búa í sátt við umhverfi sitt.

En sannleikurinn er sá að hagnýtum rannsóknum á náttúruauðæfum landsins miðar of hægt áfram og víða skortir frumrannsóknir, en á þessu sviði sem öðrum skortir nægilegt fé til framkvæmda þótt mörgum vel hæfum vísindamönnum sé á að skipa og verkefnin séu hin mikilvægustu.

Samkvæmt lögum er hlutverk Orkustofnunar m.a. að annast yfirlitsrannsóknir á orkulindum landsins, eðli þeirra og skilyrðum til hagnýtingar þeirra. Sömuleiðis yfirlitsrannsóknir í orkubúskap þjóðarinnar er miði að því að unnt sé að tryggja að orkuþörf þjóðarinnar sé fullnægt og orkulindir landsins hagnýttar á sem hagkvæmastan hátt á hverjum tíma og aðrar rannsóknir á sviði orkumála eftir því sem tilefni gefast. Hér er því mikið verk að vinna og kostnaðarsamt.

Á síðari árum þegar kvótareglur sníða mönnum þröngan stakk í sjávarútvegi og landbúnaði verður að leita nýrra leiða til öflunar verðmæta, nýrra búgreina eins og oft er haft á orði. Að því er Vesturland varðar koma fyrst í hugann ferðaþjónusta og fiskeldi, auk ýmissa þjónustugreina. Að þessu sinni er fiskeldi aðallega haft í huga. Að mati Orkustofnunar eru réttar undirbúningsrannsóknir tryggasti grundvöllurinn undir réttum vatns- og varmaöflunarframkvæmdum. Rannsóknir nýtast best séu þær gerðar í áföngum og ákvörðun um framhald tekin eftir hvern áfanga. Ár frá ári eykst þekking á þessum efnum með nýjum rannsóknum, en jafnframt breytast ýmsar forsendur. Nú er mikil áhersla lögð á könnun varðandi vinnslu jarðsjávar, þar á meðal á Snæfellsnesi þar sem unnið var að rannsóknum á sl. sumri með góðum árangri.

Fyrir allmörgum árum flutti ég till. til þál. um jarðhitaleit á Snæfellsnesi. Í umsögn um þá tillögu sögðu sérfræðingar Orkustofnunar m.a., með leyfi forseta:

„Það hefur háð jarðhitaleit á norðanverðu Snæfellsnesi hversu skammt alhliða rannsóknir á eiginleikum og dreifingu jarðhita á nesinu eru á veg komnar. Allt þekkt jarðhitavatn á Snæfellsnesi er ölkelduvatn og talsvert frábrugðið heitu vatni á flestum öðrum lághitasvæðum landsins að efnasamsetningu og e.t.v. uppruna. Þá eru kaldar ölkeldur mun algengari á Snæfellsnesi en í öðrum landshlutum."

Á fskj. I með þessari tillögu segir svo í bréfi frá verkefnisstjórn fiskeldisverkefna, með leyfi forseta:

„Við teljum einnig rétt að geta annarra nýtingarmöguleika, svo sem nýrra hitaveitna. Enn fremur má það ekki gleymast að efnasamsetning heita vatnsins við Lýsuhól og víða í Hnappadal er sams konar og vatns sem víða er notað til heilsubaða í Mið-Evrópu og víðar. Þó að það sé ekki beint á dagskrá hér má telja það orka tvímælis að eyða vatni af þessum toga til fiskeldis þegar nóg er af öðru."

Að sjálfsögðu er ýmislegt vitað um jarðhita á Vesturlandi frá fornu fari. Í Borgarfjarðardölum er eitt öflugasta lághitasvæði landsins. Rannsóknir hafa verið gerðar, vísindarit skrifuð og jarðhiti nýttur á margan veg. Þorvaldur Thoroddsen telur í eldfjallasögu sinni 106 heitar uppsprettur á 28 stöðum í Borgarfjarðarsýslu norðan Skarðsheiðar. Þá telja sumir Deildartunguhver vatnsmesta hver í heimi með 200 sekúndulítra af 100 gráða heitu vatni. Hann hefur nú verið virkjaður fyrir Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar svo sem kunnugt er. Svo mætti lengi telja. Auk þess sem heitar lindir hafa nýlega fundist og eru að finnast þar sem enginn jarðvarmi er á yfirborði svo sem bent er á í niðurlagi greinargerðar um Hvalfjarðarströnd.

Á fskj. II með tillögu þessari er yfirlit frá Orkustofnun um álitleg rannsóknarsvæði og þess getið að markmið rannsóknanna sé að fá yfirlit um möguleika á öflun jarðvarma, ferskvatns og jarðsjávar í þeim mæli sem nægi hitaveitum, fiskeldi eða annarri starfsemi ef verkast vill á öllu Vesturlandi. Þetta er allt saman mjög fróðlegt og stefnir í rétta átt, en það gefur auga leið að þetta yfirlit er langt frá því að vera tæmandi af þeirri ástæðu að segja má að í hverri leit finnist nýjar uppsprettulindir.

Á hinn bóginn tel ég afar brýnt að fá með þessu móti sem allra fyrst glöggt yfirlit um vatnsforða Vesturlands. Með slíka heimild að leiðarljósi er hægara um vik og auðveldara að vinna að hagnýtingu auðlindanna í þágu heimamanna og landsins alls.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til síðari umr. og hv. atvmn.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég kveð mér hér hljóðs til þess að taka undir þá viðleitni sem felst í tillöguflutningi þeim sem hv. þm. Friðjón Þórðarson stendur hér fyrir með flutningi á till. til þál. um könnun á jarðvarma, jarðsjó og ferskvatni á Vesturlandi. Eins og fram kemur í þessu þingmáli og í máli hv. flm., þá skiptir það miklu að hægt sé að afla aukinnar þekkingar á náttúrugæðum landsins, ekki síst þeim þáttum sem orðið geta til þess að styrkja atvinnulíf eða leggja grunn að atvinnustarfsemi sem víðast á landinu. Náttúrugæði á borð við jarðvarma, jarðsjó og ferskvatn eru undirstaða fyrir starfsemi af margháttuðu tagi, fyrir utan nýtingu jarðvarmans til húshitunar sem er býsna langt komin.

Ég þekki áhuga hv. flm. á að þoka þessum málum fram í sínu kjördæmi m.a. frá þeim tíma þegar við sátum saman í ríkisstjórn en einnig af tillöguflutningi hans á öðrum sviðum og fleiri hv. þm. Vesturlands hafa á þessum árum sannarlega ýtt á eftir um að fá aukna vitneskju um þessi mál.

Vikið var að nýtingu jarðvarma á Vesturlandi þar sem Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar hafa Deildartunguhver sem uppsprettu. Það var sannarlega mikilvæg framkvæmd þótt þyngra hafi orðið fyrir fæti í sambandi við fjárhag þess fyrirtækis heldur en vonir stóðu til þegar ákvarðanir voru teknar af heimamönnum með stuðningi ríkisvaldsins. Það minnir á það að í sambandi við þau gæði sem hér er um rætt í þessari þáltill. skortir talsvert á að löggjafinn hafi sett ákvæði um nýtingarrétt og eignarhald á þessum gæðum.

Ég hef oft á fyrri þingum flutt tillögur sem snerta lagasetningu varðandi eignarhald á jarðhita og á fersku vatni. Þær tillögur hafa því miður enn ekki náð fram að ganga. Ég vænti þess hins vegar að skilningur fari vaxandi á nauðsyn þess að setja ákvæði í lög varðandi þessi atriði og vil hvetja þá hv. þm., sem eru að leitast við að efla rannsóknir á þessum þáttum hver í sínu umdæmi, til að leiða hugann að því hve þýðingarmikið er að skýrar reglur verði mótaðar af löggjafanum varðandi umráðaréttinn. Ég tek það fram að þegar ég mæli fyrir víðtækum almannarétti varðandi eignarhald á þessum gæðum hef ég ekki aðeins ríkið í huga heldur einnig sveitarfélögin sem geta með sama hætti verið fulltrúi almannaréttar og almannavalds.

Virðulegur forseti, ég skal ekki lengja þetta mál. Ég vænti þess að þessi tillaga fái eðlilega meðferð svo sem hún verðskuldar því að það er nauðsynlegt, ekki síst eins og nú horfir í sambandi við atvinnulíf víða úti um land, að hert verði á rannsóknum á þeim gæðum sem geta orðið undirstaða undir fjölþættara atvinnulíf. Það mun vera markmiðið með þessum tillöguflutningi og öðrum málum svipaðs eðlis sem þingmenn eru að bera hér fram. Auðvitað þarf samræmt átak í þessum málum eins og vikið er að í tillögunni. Það þarf samræmt átak yfir landið sem heild. Með rannsóknum þarf að auka vitneskju okkar á náttúrugæðum landsins og möguleikum til að nýta þau af skynsemi og einnig með verndun í huga. Við þyrftum að hafa meira fjármagn til ráðstöfunar í þessu skyni en því miður hefur verið skorið við nögl og dregið úr fjárveitingum til rannsóknarstofnana á undanförnum árum. Þeim hefur verið ætlað að afla sér fjár með sértekjum í vaxandi mæli sem hefur aftur leitt til þess að minna verður afgangs til að sinna grundvallarrannsóknum eins og þeim sem hér er í raun verið að fjalla um í þessari tillögu.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Virðulegur forseti. Aðeins örfá orð vegna þeirrar tillögu sem hér liggur fyrir. Ég held að ekki sé annað hægt en að taka jákvætt undir þessa tillögu þó að hún sé takmörkuð og miðuð við Vesturland, en ef litið er til aðstæðna flm. er eðlilegt að hún sé miðuð við hans kjördæmi. Tillagan er út af fyrir sig góðra gjalda verð. Óskað er eftir upplýsingum sem við þurfum á að halda og þar er sérstaklega vísað til fiskeldis, þ.e. að nýta megi þessar náttúruauðlindir, sem þarna er óskað eftir að fá upplýsingar um, til fiskeldis og til eflingar byggðar og búsetu á Vesturlandi.

Það er ábyggilega alveg rétt, og ég tek undir það með flm., að líklega er fiskeldi ein þeirra greina sem helst koma til greina til eflingar byggðar víða um land og vænlegar gætu orðið. Í því sambandi er heita vatnið mjög mikils virði ekki síst í seiðaeldi og við klakið. Nokkuð greinir menn þó á um hver muni vera æskilegasti hitinn í eldi á fullorðnum laxi, en þess get ég vegna þess að flm. vísar til þess í greinargerð með þessari þáltill. Við sem fáumst dálítið við laxeldi bendum gjarnan á að villti fiskurinn fer sína leið sennilega allt norður undir Grænland, elst þar upp í tiltölulega köldum sjó og vex þó hraðar heldur en við tiltölulega góðar aðstæður í eldi. Menn greinir þess vegna nokkuð á um það hvaða þættir það eru sem mest áhrif hafa á vaxtarhraðann og það er ekki endilega víst að hitinn hafi svo mikil áhrif eftir því sem fiskurinn stækkar, enda hygg ég að það sé útilokað að hita sjó mjög mikið ef um eitthvert verulegt eldi á fullorðnum fiski er að ræða, rennslið er það mikið og hitamagnið sem þyrfti því að vera mjög mikið. En eigi að síður er heita vatnið afar mikilvægt til byrjunareldis og þó að ég hyggi að enginn sé nú eins og stendur að hvetja til aukins eldis á seiðum hygg ég þó að silungseldi gæti til að mynda komið mjög víða til greina. Það sem e.t.v. kæmi þó sterkast til greina á þessari stundu væri matfiskeldi á laxi auk annarra tegunda sem þróaðar verða. En þar er lengst komið, þar er skjótast að grípa til aðgerða og markaður er fyrir eldislaxinn. Fram undir þetta hefur fengist tiltölulega gott verð fyrir laxinn þó að sveiflur á markaðsverði á laxi verði ævinlega einhverjar eins og á öllum vörum sem boðnar eru á markaðinn.

Í þessu sambandi er auðvitað afar mikilvægt að ná jarðsjó og það er athyglisvert að flm. miðar við það að ná jarðsjó og þá væntanlega með borunum eða öðrum slíkum aðgerðum. En eldi úti fyrir Vesturlandi í kvíum kann víða að orka tvímælis vegna þess hve fjörur eru miklar og kæling á sjó getur þess vegna orðið mikil og undirkæling orðið að vetri til. Einn meginvandinn við jarðsjóinn er hvað sjótakan sjálf er dýr. Ég hygg að það sem væri einna brýnast fyrir þá sem að matfiskeldi standa væri að gera einhverjar athuganir á því hvernig hægt sé að ná þessum sjó á ódýrari hátt. Dýrasti þátturinn í eldinu og það sem gerir matfiskeldi eða strandeldi erfitt er hversu dýr sjótakan er. Þær rannsóknir sem Orkustofnun gerir í þessu sambandi eru í flestum tilvikum ódýrar, m.a. rannsóknir á efnasamsetningu jarðsjávarins og súrefnisinnihaldi hans, sem er ákaflega mikilvægt í fiskeldi því að fiskurinn lifir náttúrlega að verulegu leyti á súrefninu í sjónum og þarf á því að halda og þeim mun minna sem af súrefni er í jarðsjónum þeim mun meira þarf að dæla. Þetta eykur náttúrlega kostnaðinn og hangir saman við lyftihæð og annað slíkt. Þannig að sjótakan er mjög dýr. Það er væntanlega meginmál, ef menn vilja

ráðast í matfiskeldi á Vesturlandi sem og víðar, hvernig sjórinn yrði tekinn. Efnasamsetning á honum og gæði að öðru leyti þarf auðvitað að athuga.

Ég hygg að flm. miði talsvert við það og vitnar í skjöl frá Orkustofnun að Orkustofnun geti staðið að þessum rannsóknum. Í því sambandi vil ég aðeins drepa á tvennt: Varðandi efnasamsetningu og gæði kalda vatnsins hygg ég að raunvísindadeild Háskólans hafi ráðið starfsmann til þess að fást sérstaklega við athugun á kalda vatninu. Gæði ferska vatnsins eru mjög mikilvæg og í rauninni vita menn ekki nægilega mikið kannski um áhrif efnasamsetningar þess, en margir hafa komið fram með þá kenningu að einn meginbölvaldur í íslensku fiskeldi, sem er tálknveikin aðallega í seiðaeldi, stafi að verulegu leyti af efnasamsetningu íslenska vatnsins, þ.e. hversu mjúkt það er. Þarna hygg ég að séu hlutir sem þarf að skoða. En þegar kemur að sjótökunni hygg ég að fleiri þurfi að koma inn í en bara Orkustofnun og stærsti þátturinn í þeim rannsóknum sem þar þarf að gera er sjótakan sjálf og það dýrasta.

Mig rekur minni til eins verkefnis sem sérstaklega var ráðist í á Suðurlandi þar sem að stóðu saman Orkustofnun, Jarðboranir hf. og síðan ein þrjú eða fjögur fiskeldisfyrirtæki þar sem meiningin var að gera sérstaka könnun á jarðsjónum og allir lögðu nokkuð til. Nú er nokkuð langt um liðið síðan þetta samkomulag var gert og hygg ég að flestir hafi staðið við sinn hlut nema Orkustofnun sem að mínu viti átti þó að gefa út skýrslu sem var ekki mjög viðamikið verkefni og hefur eingöngu fengist í frumdrögum enn. Það hefur valdið mér nokkrum vonbrigðum.

Það er mín skoðun varðandi þær rannsóknir sem þarna fara fram að það sé afar mikilvægt að þær séu ekki eingöngu fræðilegar athuganir, akademískar rannsóknir, e.t.v. opinberra stofnana sem að einhverju leyti vantar verkefni og vilja leita slíkra. Það er mjög brýnt mál, og á það vil ég sérstaklega benda flm., að rannsóknir sem þessar, ef menn eru að tala um fiskeldi, séu unnar í tengslum og samvinnu við þá aðila sem í fiskeldinu eru og landssamtök þeirra vegna þess að þeir hafa ákveðnar óskir og vita hvar vandinn brennur og hvaða upplýsingar þeir þurfa og vilja fá. Óskir hinna opinberu stofnana snúast stundum svolítið í aðra átt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Efling fiskeldis, fyrri umr.

Þáltill. GGÞ, 23. mál. — Þskj. 23.

Flm. (Guðmundur G. Þórarinsson):

Forseti. Ég hef leyft mér að leggja hér fram á Alþt. 1988. B. (111. löggjafarþing). Alþingi till. til þál. um eflingu fiskeldis ásamt hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni, Alexander Stefánssyni, Jóni Kristjánssyni, Guðna Ágústssyni og Stefáni Guðmundssyni. Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að efling fiskeldis á Íslandi skuli vera meðal forgangsverkefna í atvinnumálum og felur ríkisstjórninni að vinna að uppbyggingu og þróun þessarar atvinnugreinar í samræmi við þá stefnumörkun. Í því sambandi er sérstaklega áréttað:

1. Að starfsskilyrði fiskeldis hérlendis verði sem líkust því sem gerist í helstu samkeppnislöndum.

a. Komið verði á samræmdu afurðalánakerfi er geri fiskeldisfyrirtækjum kleift að fjármagna rekstrurinn fram að sölu afurða.

b. Söluskattur og aðflutningsgjöld verði endurgreidd bæði af stofn- og rekstrarkostnaði.

c. Lántökuskattur verði endurgreiddur.

d. Stimpilgjöld verði greidd með sama hætti og í sjávarútvegi.

e. Raforka til fiskeldis verði seld á taxta er taki mið af nýtingartíma og orkunotkun.

f. Reglur um takmörkun erlendrar lántöku hindri ekki uppbyggingu arðbærra fiskeldisfyrirtækja.

g. Fyrirtækjum verði heimilt að taka sjálf beint lán erlendis, enda leggi þau sjálf til ábyrgðir.

2. Komið verði á kennslu í fiskeldi á háskólastigi og menntun eldismanna efld.

3. Rannsóknir á sviði fiskeldis verði efldar og unnið eftir markvissri áætlun.

4. Kerfisbundin athugun verði gerð á hugsanlegum þætti fiskeldis í búháttabreytingum innan landbúnaðarins.

5. Sjúkdómaeftirlit og sjúkdómavarnir verði efld.

6. Komið verði á samræmdu gæðamati fiskeldisafurða.

7. Fylgst verði grannt með þróun fiskeldis í helstu samkeppnislöndum og leitað formlegrar samvinnu við Norðmenn.

8. Sett verði samræmd heildarlöggjöf um fiskeldi."

Þó að fiskeldi sé tiltölulega ung atvinnugrein á Íslandi hefur greinin vaxið mjög hratt og flutningsmenn eru þeirrar skoðunar að fiskeldi geti orðið mjög mikilvægur þáttur í atvinnulífi Íslendinga í *þjóðarbúskapnum ef rétt er á málum haldið.*

Í árslok 1987 voru skráðar fiskeldis- og hafbeitarstöðvar alls um 113, en fjölgaði um 14 það sem af er árinu 1988 þannig að nú eru um 127 fyrirtæki í þessari grein á landinu. Talið er að framleiðsla ársins 1988 af laxi verði um 1100–1200 tonn. En laxeldi er viðamest, fyrirferðarmest, í íslensku fiskeldi eins og er og verður vafalaust í næstu framtíð þó að silungseldi sé hér talsvert og menn séu að byrja að fikra sig áfram með tilraunaeldi á öðrum tegundum. Hafrannsóknastofnun og Íslandslax standa til að mynda saman að tilraunum með lúðueldi á Stað fyrir vestan Grindavík og Fiskeldi Eyjafjarðar hf. er

með tilraunaeldi á lúðu á Hjalteyri. Norðmenn eru komnir mun lengra í tilraunaeldi á lúðu og hafa reynt að klekja lúðu og byrjunarfóðra hana. Enn sem komið er er árangur ekki nægur af því, en um leið og menn ná tökum á því eldi munu margir hlutir breytast varðandi lúðuna. Napi hf. hefur verið með eldi á kræklingum í Hvalfirði með nokkuð góðum árangri og á Stað er hafið tilraunaeldi á sæeyra eða „red abalone" og tilraunaeldi á hörpudiski er hafið á vegum Hafrannsóknastofnunar í Breiðafirði. Þannig er verið að horfa í ýmsar áttir.

Ég er þeirrar skoðunar að engin atvinnugrein á Íslandi í dag búi yfir jafnhröðum vaxtarmöguleikum og fiskeldi. Ég er þeirrar skoðunar að engin atvinnugrein geti aukið þjóðartekjur jafnmikið á næstu árum og fiskeldi, fiskurinn er að verða húsdýr.

Til samanburðar vil ég geta þess að Norðmenn, sem lengst eru komnir í eldi, áætla að framleiða um 100 þús. tonn af eldislaxi þegar á næsta ári. Þessi framleiðsla svarar til hvorki meira né minna en 700 þús. tonna af þorski, sem eru u.þ.b. tvöfaldar þorskveiðar Íslendinga, og þá sjáum við hvílíkir möguleikar þarna eru. Þetta gefur okkur vísbendingu um hvað Íslendingar geta gert í fiskeldi á næstu árum ef rétt er á málum haldið.

Ég er þeirrar skoðunar að innan tiltölulega stutts tíma geti fiskeldi gefið allt að því helmings tekjur á við sjávarútveg ef við byggjum greinina skipulega upp. Ég hygg að enginn geti bent á aðra atvinnugrein sem býr yfir slíkum framtíðarmöguleikum innan tiltölulega stutts tíma, ekki síst á þeim tíma þegar Íslendingar búa við viðvarandi viðskiptahalla, viðskiptahalla sem nemur 7–12 þús. milljónum kr. á ári. Þá verður ljóst að auka þarf framleiðsluna. Þessi viðskiptahalli hefur verið hér þrátt fyrir tiltölulega gott árferði og hversu mikið sem menn tala um hinar ýmsu leiðir í efnahagsmálum, niðurfærsluleiðir, millifærsluleiðir eða uppfærsluleiðir, komast menn ekki fram hjá því að ein aðalleiðin hlýtur að vera framleiðsluleiðin eða útflutningsleiðin, að auka framleiðsluna og auka þjóðartekjurnar. Vilji menn gera það eiga menn að horfa til fiskeldisins, horfa til reynslu Norðmanna sem munu á sínum tíma, ef ég hef réttar upplýsingar, hafa samþykkt á sínu þjóðþingi að veita fiskeldi nokkurs konar forgang í atvinnuuppbyggingu. Árangurinn er augljós.

Aðstaða á Íslandi er slík nú og ég vil segja að óvæntar aðstæður bjóða upp á nánast framleiðslubyltingu í íslensku fiskeldi á árunum 1988–1990. Ástæðan er auðvitað sú að norski seiðamarkaðurinn lokaðist, ég vil segja óvænt, sem veldur því að mjög mikið af laxaseiðum er í landinu sem Íslendingar geta alið til sláturstærðar ef þeir eingöngu vilja og beita til þess afli að standa rétt að málum. Starfsskilyrðanefnd, sem á sínum tíma var skipuð til að kanna aðstöðu fiskeldis á Íslandi, áætlaði þá að um 10 millj. seiða geti orðið til slátrunar hér — ja, ekki seinna en um árslok 1989 og fram á vorið 1990. Áætluð útflutningsverðmæti þessarar framleiðslu eru um 5000 millj. á ári, því að slíku er hægt að viðhalda síðan ár eftir ár, sem er um 10% af heildarútflutningsverðmætum íslensku þjóðarinnar árið 1987. Þessar tölur miða reyndar við talsvert mikil afföll og að verulegur hluti af þessum seiðum sé alinn í sjókvíum.

Það er ekki fráleitt og miðað við markaðsverð undanfarinna mánaða og ára má reikna með að kílóið af laxi sé um sjö sinnum verðmætara en kíló af þorski upp úr skipi. Þetta svarar þess vegna til að þorskveiðar væru auknar um 125 þús. tonn á ári, þ.e. nálægt því 40% aukning á þorskveiðum frá því sem Hafrannsóknastofnun leggur til að veitt verði. Það er ekki lítils virði, þegar menn þurfa að draga saman slíkar veiðar, að búa yfir þannig möguleika sem er í höndunum á okkur. Við þurfum þess vegna sérstaklega að huga að því að búa greininni möguleika til að geta gert þennan draum að veruleika.

Það er fróðlegt að bera saman framleiðslumöguleika í fiskeldi og kannski okkar helstu útflutningsgreinum eða þeim greinum sem mest er talað um. Ég hef gert það að gamni mínu að fletta upp tölum varðandi fjárfestingu og framleiðslu annars vegar í sjávarútvegi, í útgerð, og hins vegar í strandeldisstöð. Þær tölur sem ég fékk fram á sínum tíma bentu til þess að um 500 tonna frystitogari, en frystitogari er kannski sú gerð skipa sem einna best ber sig í dag, gæti kostað einhvers staðar á bilinu um 450 millj. og þegar ég gerði þessa skoðun benti margt til að að meðaltali gætu skip af þessari stærð skilað framleiðsluverðmætum upp á um 270 millj. kr. á ári. Ef strandeldisstöð fyrir lax er byggð fyrir um 450 millj. kr. ætti hún að geta framleitt um 1800 tonn af laxi á ári og framleiðsluverðmætin hæglega svarað til um 540 millj. á ári, þ.e. framleiðsluverðmæti væru tvöföld miðað við fjárfestingu í þó þessum af einum besta kosti sem Íslendingar eiga í dag. Þetta hlýtur að segja okkur nokkuð um arðsemi þess fjármagns sem þarna er um að ræða, ekki síst þegar þess er gætt að innlend aðföng eru mun meiri í strandeldisstöðinni, sem þarna er borin saman við frystitogarann, en í útgerðinni sem nýtir olíur og jafnvel innflutt verðmæti og stofnkostnaður togarans er að miklum meiri hluta keyptur erlendis frá en fiskeldisstöðin er byggð fyrir. Fiskeldisstöðin gerir síðan ekki út á ofnýtta fiskistofna, þorskstofna, þannig að samanburðurinn verður enn þá hagstæðari.

Til þess að gera mönnum grein fyrir þeim möguleikum sem hér er um að ræða hef ég líka að gamni mínu sett upp reikningsdæmi og borið þá saman við þann kost sem mörgum þykir afar vænlegur í okkar þjóðlífi, þ.e. nýtt álver. Það er ekki ólíklegt að um 100 þúsund tonna álver, sem nokkuð er í umræðunni nú og gæti verið byggt í Straumsvík ef hagkvæmniáætlanir verða jákvæðar og samningar nást, kosti um 14000 millj. kr. og að ársframleiðsla þess gæti verið um 7 milljarðar á ári. Strandeldisstöð, sem væri byggð og miðaði við það að geta nýtt og alið til slátrunar þau seiði sem í landinu eru, mundi geta kostað einhvers staðar um 5000 millj. eða rúmlega ⅓ af því sem álverið kostar, en útflutn-

ingsverðmæti gætu verið um 6000 millj. Þar með er ekki öll sagan sögð vegna þess að ef litið er til þeirra 7000 millj. sem álverið skilar brúttó verður ekki eftir inni í landinu nema hluti af þeim peningum. Mér sýnist að raforkan skilji eftir einhvers staðar um rúman milljarð ef miðað er við að álverið nýti um 1300 gígawattstundir á ári og orkan væri seld á 17–18 mill. (Gripið fram í.) Atvinnutækifærin eru sennilega fleiri í fiskeldinu. Þau eru miklu fleiri, hv. þm., og ég skal koma að því á eftir, sérstaklega vegna þeirra gífurlegu möguleika í hliðargreinum sem myndast í fiskeldinu.

En við skulum líta á álið. Álið hefur enn, því miður, ekki byggt upp hliðargreinar hér á landi. Það kann að vera að það geti orðið í framtíðinni. Ég er ekki sá bjartsýnismaður á úrvinnslugreinar í áli sem margir aðrir, en vonandi geta slíkir draumar ræst. Ég miða við að laun í álveri séu um 16% af rekstrarkostnaði og þá gæti þar verið rúmur milljarður í viðbót þannig að eftir í landinu frá álverinu gætu orðið einhvers staðar um 2½–3 milljarðar kr. á ári í erlendum gjaldeyri ef miðað er við að keypt sé þjónusta hér og flutningar og annað slíkt sem inn í þetta dæmi kemur.

Strandeldisstöðin skilur hins vegar nánast allt sitt fé eftir í landinu. (Gripið fram í.) Nánast allt, í hvorugu dæminu er reiknað með vöxtum af fjárfestingu, hv. þm., þannig að samanburðurinn verður ekki óhagstæðari fyrir þann hluta. Þetta þýðir að grófur reikningur sýnir að eingöngu það að ala þessi 10 milljón seyði til sláturstærðar og efla fiskeldi þannig skilar inn í landið í gjaldeyri, í tekjum inni í landinu svipað og tvö álver. Það kann að vera að menn hristi hausinn og eigi erfitt með að átta sig á þessum tölum, en þetta sýnir hvað um er að ræða.

Í þessu sambandi er sérstaklega rétt að geta þess og geta þess að fiskeldið byggir upp gífurlegar hliðargreinar. Fremst ber þar kannski að geta fóðuriðnaðarins, en Íslendingar hafa sérstöðu í fóðurframleiðslu. Við höfum allt hráefnið til fiskafóðurframleiðslunnar. Mér sýnist gróft tekið að við getum tuttugufaldað verðmæti ýmiss konar fiskúrgangs og loðnu með því að breyta í lax. Aðrar hliðargreinar í iðnaði geta vaxið feiknarlega eins og sýnir sig í Noregi, ýmsar iðngreinar í sambandi við þjónustu og byggingu þessara greina.

Forseti er þegar farinn að gefa mér merki um tíma og hafði ég þó eingöngu lokið litlu af því máli sem ég ætlaði að flytja. Ég skal þó freista þess, forseti, að stytta mál mitt mjög.

Í greinargerðinni geri ég grein fyrir því að á Íslandi eru óvenjulega góðar aðstæður til fiskeldis, bæði til eldisins og hafbeitar. Matvælaframleiðsla á Íslandi hlýtur þess vegna að eiga mjög mikla framtíð í heimi vaxandi mengunar. Þrátt fyrir þetta hefur fiskeldi átt mjög undir högg að sækja og í greinargerðinni geri ég grein fyrir ýmsum atriðum varðandi það hversu statt er með afurðalánakerfi til fiskeldisins sem engan veginn er slíkt sem í öðrum útflutningsgreinum. Tímans vegna er mér líklega ekki fært að rekja það hér, en þeir sem áhuga hafa geta rakið sig í gegnum það í þessari greinargerð. Þannig standa stjórnvöld að uppbyggingu þessarar nýju greinar að 1 millj. af hverjum 10 sem teknar eru að láni til fjárfestingar verða menn að greiða ríkinu í skatta nánast áður en þeir fá féð í hendur. Þannig mætti lengi telja.

Í greinargerðinni er síðan dregin saman og birt niðurstaða starfsskilyrðanefndar um samanburð á starfsskilyrðum, þ.e. stofnkostnaði og rekstrarlánum, í helstu samkeppnislöndum Íslendinga, sem eru Noregur og Skotland, Írland og Færeyjar, og þar kemur í ljós fyrir þá sem það vilja kynna sér að þar er gífurlegur munur á. Hér er drepið á nauðsyn þess að efla bæði rannsóknir og menntunarmál og vísa ég enn til greinargerðar vegna þess hversu tíminn líður hratt. Ég vísa til málsins sem hér var til umræðu á undan þessari þáltill. um Vesturland og bendi þá á að víða um land er unnt að nota fiskeldi til búháttabreytingar í landbúnaði. Sérstaklega bendi ég á nauðsyn þess að við náum náinni samvinnu við Norðmenn til að nýta þá reynslu sem þeir þegar hafa. Ég bendi mönnum á töflu í greinargerðinni um þá gífurlega öru þróun sem í Noregi er í fiskeldi, ekki síst það að Norðmenn reikna með að innan stutts tíma séu þeir komnir með um 213 þús. tonna framleiðslu úr fiskeldi. Þar af get ég nefnt dæmi eins og að lúða sé orðin 10 þúsund tonn í eldi 1995, laxinn 130 þús. tonn, þorskurinn 20 þús. tonn og nýjustu tölur benda til þess í Noregi að í hverjum mánuði séu lagðar inn til stjórnvalda 40 beiðnir um að fá að setja á stofn fiskeldisfyrirtæki, 40 beiðnir sem ekki snúast um lax heldur allar um aðrar greinar. Við höfum hreinlega ekki efni á því að dragast aftur úr í þessu sambandi.

Sjúkdómaeftirlit þarf að efla mjög. Í þeirri sprengingu sem er að verða í þessari grein er ljóst að rannsóknadeild fisksjúkdóma á Keldum ræður ekki við að sinna þessu verkefni nema betur sé að henni hlúð.

Heildarlöggjöf vantar á sviði fiskeldis. Herra forseti, hér væri unnt að fara miklu fleiri orðum um, en ég geri það ekki tímans vegna en bendi enn á að mikil nauðsyn er að fiskeldi séu búin svipuð starfsskilyrði og aðrar þjóðir hafa búið þessari grein. Ef menn vilja horfa til framtíðar og gera það mun það launa sig vegna þess að hér liggja möguleikar til aukinnar framleiðslu og aukinna þjóðartekna.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill benda hv. 10. þm. Reykv. á að hafi hann ekki lokið sinni ræðu á hann í seinni umferð aðrar 15 mínútur til að nýta tíma sinn.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Hér er hreyft merkilegu máli sem hlýtur að vekja áhuga flestra á þessum síðustu og verstu tímum þegar ýmsar atvinnugreinar eiga undir högg að sækja. Nefndar hafa verið samanburðartölur sem mann sundlar af að heyra og maður

hefur kannski varla móttökutæki á. Mig langar samt til að segja það að sem leikmanni dettur mér í hug að hafa efasemdir um að rétt sé að samþykkja slíka tillögu meðan hvergi liggur fyrir opinber úttekt á hugsanlegri þjóðhagslegri arðsemi fiskeldis. Við höfum ýmis dæmi um atvinnugreinar sem er hlaupið út í og eiga að leysa allan efnahagslegan vanda okkar í lengd og bráð en hafa ekki orðið að því liði sem ætlað var. Ég lýsi þá jafnframt eftir því hvort slíkt úttekt hafi verið gerð.

Skemmst er að minnast þeirra fjárhagsörðugleika sem eldisstöðvar hafa verið og eru í á þessu ári. Uppbygging fiskeldis hefur hingað til stuðst við arðsemismat þeirra einstaklinga sem hafa komið þessu á fót og í sumum tilfellum hefur þessi atvinnuvegur gengið vel og öðrum ekki eins og kom fram á sl. vori þegar forstöðumenn eldisstöðva ráku upp ramakvein vegna skertra sölumöguleika á eldisseiðum og töldu sig þurfa á fyrirgreiðslu að halda sem næmi hundruðum milljóna. E.t.v. leysast þessi mál betur en á horfðist í vor en ég vil nú samt hreyfa þeirri spurningu hvað gerist ef eldisstöðvarnar geta ekki selt fiskinn, seiðin sem þeir héldu áfram að ala með ærnum tilkostnaði frá því í vor. Ef þessar afurðir seljast ekki, hvað gerist þá?

Þessi atvinnugrein hefur byggst mjög hratt upp og e.t.v. ekki með nauðsynlegri fyrirhyggju í hverju tilviki. Í undangengnum samdrætti hefðbundinna búgreina hefur verið lögð áhersla á eflingu nýrra og þá lögð mikil áhersla á loðdýrarækt og fiskeldi. Menn hafa flykkst í þessar búgreinar að því er manni virðist meira af kappi en forsjá, sumar hverjar. Skortur á fjárhagsfyrirgreiðslu hefur ekki beinlínis orðið þessum greinum til trafala, fremur má segja að skort hafi á ráðgjöf, einkum í sambandi við loðdýraræktina. Staða hennar er nú slík sem allir vita, þessarar búgreinar sem ætlað var að leysa helst allan vanda bændastéttarinnar. Landsmenn eru að verða tortryggnir á þessar töfralausnir sem öllu eiga að bjarga. Þeir vilja sjá röksemdir fyrir arðsemi og gagnsemi uppbyggingar atvinnugreina áður en flanað er af stað með framkvæmdir sem síðan verða að þiggja lán og styrki af almannafé til að halda lífi ef það þá tekst. Mér finnst vanta röksemdir í þessa till. um það sem mestu varðar, arðsemina. Ég verð hins vegar að játa að greinargerðina hef ég trúlega ekki lesið nógu vel. Samt sem áður lýsi ég eftir þessu opinbera arðsemismati.

Hins vegar er hér réttilega drepið á ýmsa þætti sem þarf að huga að við uppbyggingu og þróun þessarar atvinnugreinar svo að við verðum samkeppnisfær við aðrar þjóðir og ég er fyllilega sammála flestum þeim sjónarmiðum sem þar koma fram og vil aðeins árétta fáeina þætti.

Ég minni á það að við Háskólann á Akureyri er fyrirhugað að taka upp kennslu í sjávarútvegsfræðum og það væri rétt að huga að hvort kennsla í fiskeldi á háskólastigi gæti farið fram þar því að okkur er nauðsyn á að eignast fleiri háskólamenntaða menn í þessum fræðum. Best væri að þurfa ekki að sækja alla þá menntun út fyrir landsteinana. Rannsóknaþáttinn þarf einnig að efla og líta þá í leiðinni á hvernig búið er að rannsóknastofnunum atvinnuveganna yfirleitt. Þar vil ég minna á að það er þörf á því að athuga að ríkið gangi ekki of langt í kröfum um sértekjur stofnana. Þó að vissulega sé réttmætt og sjálfsagt að greitt sé fyrir þá þjónustu sem þær veita má ekki ganga of nærri þeim sem þurfa á grundvallarrannsóknum að halda. Það má ekki krefja atvinnugreinar í uppbyggingu um svo há gjöld fyrir rannsóknir að þær telji sig ekki geta staðið undir þeim greiðslum því að þá láta þær kannski hjá líða að nota sér rannsóknirnar í þeim mæli sem þyrfti.

Um sjúkdómaeftirlit og sjúkdómavarnir mætti ýmislegt segja. Það er skortur á faglærðu fólki til að sinna þessum störfum nú og ég vil upplýsa að Dýralæknafélag Íslands hefur farið fram á opinberan styrk til að sinna viðbótar- og endurmenntun dýralækna á þessu sviði. Þess er að vænta að sú bón fái undirtektir því að það er svo mikið undir því komið að nóg sé af vel menntuðu fólki í þessum greinum og til þess að sinna þessum þætti.

Hvað viðvíkur fjórða þættinum hefði jafnvel þurft að vera búið að gera þessa athugun, en það er betra seint en aldrei. Ýmsir bændur binda vonir við umskipti í búskap á þessa leið og það er auðséð að það hlýtur að verða samvinnuverkefni bænda í sveitum því að einn og sér fær bóndi ekki staðið undir þeim kostnaði sem þarf til uppbyggingar.

Fimmti þátturinn var sjúkdómaeftirlitið sem ég var að tala um áðan, en sjötti þátturinn er samræmt gæðamat fiskeldisafurða. Það er brýnt að því verði komið á sem allra fyrst og væri meira að segja ástæða til að athuga hvort ekki væri hægt að taka það út úr þessari tillögu og flýta framkvæmd þess því að þetta er mál sem enga bið þolir. Í sölumálum okkar á þessu sviði gildir núna algjört frumskógarlögmál. Það eru engar reglur og engir staðlar í gildi, það hefur ekki fengist reglugerð frá landbrn. um þessa hluti og það eru of margir smáir aðilar í þessari sölu. Góðir markaðir tapast vegna þess að það tekst ekki að sjá fyrir nógu magni og líka vegna þess að gæðin eru ekki nógu stöðug og samræmd. Þetta er mál, eins og ég sagði áðan, sem alls ekki þolir bið.

Síðasta atriðið í þessu er að sett verði samræmd heildarlöggjöf um fiskeldi og það held ég líka að sé mál sem enga bið þolir. Ég held að fullkomin ástæða sé til að líta mjög nákvæmlega á þessa þáltill. og að hún fái góðan framgang.

Árni Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Nokkur orð um þessa till. Það fer nú jafnan svo að þegar rædd eru hin merkustu mál í hv. Sþ. er fátt um þingmenn í sætum sínum.

Ég lýsi stuðningi mínum við till. og það sem kemur fram í henni í grundvallaratriðum. Ég verð þó að segja það að ég sakna þess nokkuð að ekki skuli í þessari tillögu fjallað um fóðurframleiðsluna og hvernig eigi að búa að henni í náinni framtíð því að

óvart er hún undirstaða þess að vel takist til með fiskeldi hér á landi.

Ég hygg að því miður sé till. á ferðinni 20 árum of seint og hefði hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson haft þann brennandi áhuga á fiskeldi fyrir 20 árum sem hann hefur nú hefði hann ugglaust getað tekið undir með Skúla Pálssyni á Laxalóni um það að þessi merka atvinnugrein hafi verið bundin í viðjar og hún ekki fengið að þróast á eðlilegan hátt hér á landi.

Ég hygg að við getum mikið og margt um þetta rætt. Sjálfur hefði ég haft gaman af því að taka fyrir einstaka liði eins og sjúkdómaeftirlit og sjúkdómavarnir. Við höfum ekki hér á landi nægilega stóran hóp sérmenntaðra manna í fisksjúkdómum og það hefur háð okkur verulega. Við þessi störf hafa unnið menn sem hlotið hafa dýralæknismenntun, fróðir menn á sínu sviði en ekki að fullu til þess hæfir að fjalla um fisksjúkdóma.

Ég hef líka saknað þess að þarna er ekki fjallað um umhverfisverndarþátt fiskeldis sem er orðinn *geysilega mikilvægur* þáttur og hefur valdið bæði spjöllum og erfiðleikum í Noregi og Færeyjum þar sem ég þekki skást til. Affall frá fiskeldisstöðvum hrúgast á sjávarbotn þar sem fiskur er alinn í sjó og veldur þar breytingum á lífríki sem eru mjög háskasamlegar, einnig affall frá fiskeldisstöðvum í landi sem rennur beint í haf. Það þarf að setja mjög strangar reglur um hreinsun á þessu affalli og jafnvel um hugsanlega gerilsneiðingu á því vatni sem notað er til fiskeldis almennt.

Þá hefði ég gjarnan viljað sjá koma fram í till. þá skoðun margra manna, sem áhuga hafa á fiskeldi á Íslandi, að fiskeldið, allur sá málaflokkur, verði nú fluttur frá landbrn. yfir til sjútvrn. Ég tel að það sé orðið fyllilega tímabært og það hefði raunar þurft að gera það fyrir mörgum árum, a.m.k. stóran þátt fiskeldis. Vont er að þurfa að skipta þessum mikilvæga málaflokki á milli ráðuneyta, en ég hygg að hann væri betur kominn hjá sjútvrn.

Ég get tekið undir allar þær hugmyndir sem koma fram um aðgerðir til að greiða fyrir fiskeldisfyrirtækjum, stofnun þeirra og fjármögnun, m.a. a- og b-lið till., svo og c-liðinn. Um d-liðinn hef ég nú ekki mikið annað að segja, en það er svo sjálfsagt mál að því ætti að vera unnt að hrinda í framkvæmd þegar í stað.

Það sem sagt er um raforku til fiskeldis sem verði seld á taxta er taki mið af nýtingartíma og orkunotkun get ég fyllilega fallist á, reglur um takmörkun erlendrar lántöku, að þær hindri ekki uppbyggingu arðbærra fiskeldisfyrirtækja. Fjármögnunin hefur verið *höfuðvandi fiskeldisfyrirtækja*, og okkur er auðvitað kunnugt um fyrirtæki sem hafa verið byggð upp af mikilli bjartsýni, kunnáttu, þekkingu og mikilli vandvirkni en hafa síðan lent í mjög alvarlegum rekstrarfjárvanda vegna þess að fjármögnun í upphafi var of dýr. Við þær aðstæður sem ríkja í okkar þjóðfélagi þar sem fjármagnskostnaðurinn er kominn upp fyrir öll skynsamleg mörk er þessi grein í miklum erfiðleikum mjög víða nú um stundir.

Ég hefði haft hug á að ræða ýmsar greinar fiskeldis sem lítið hefur verið fjallað um í umræðum hér á þingi og víðar. Ég er þeirrar skoðunar og hef lengi verið að við höfum lagt allt of litla áherslu á eldi hraðvaxandi fiska, þ.e. fiska sem vaxa hratt, m.a. í volgu vatni. Þá á ég einkum við regnbogasilung og þann margumrædda ál sem ég hef nú barist fyrir að *fá að flytja hingað til lands og rækta*. En leyfi til þess hefur ekki fengist þrátt fyrir það að hingað til lands hafa verið fluttar lifandi fisktegundir eins og vatnarækja sem reynt var eldi á á Suðurnesjum en svo illa tókst til að þar drapst allt. Nú nýverið var fluttur inn skelfiskur sem ég hefði álitið að væri ekki síður smithætta af fyrir aðra fiskstofna og hrogn, hrognainnflutningur sem ég held að líffræðingar hafi verulegar áhyggjur af, blöndun á stofnum. Allt hefur þetta verið leyft átölulaust, en það er eins og ekki eigi allir innhlaup hjá þeim *mönnum sem fara með völd í þessum málaflokk*. Þar er sitt hvað Jón og séra Jón. Þessu verður auðvitað að breyta og þessu verður breytt áður en yfir lýkur.

Ég vil þakka hv. 1. flm. fyrir flutning till. og hefði talið eðlilegt að hér hefði setið einhver ráðherra til þess að fjalla um jafnmerkan tillöguflutning og hér er á ferðinni, til þess þó ekki væri annað en að láta álit sitt í ljós og greina frá því hvað núverandi stjórnvöld hyggjast gera í þessum efnum.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni mál sem við verðum mjög að huga að. Ég þakka flm. fyrir að flytja þetta mál hér inn á Alþingi á þann hátt sem gert er. Mér er auðvitað ljóst að það eru ýmsar hliðar á þessu máli og ekki þess að vænta að hvert atriði sem snertir fiskeldið sé tekið upp í slíka tillögu, enda fer þetta mál til nefndar og hún hefur þá það verkefni að bæta inn í hana því sem talið er að skipti mestu máli.

Það hefur ýmislegt komið fram um þetta efni. En það er fyrst og fremst tvennt sem að mínu mati hefur verið að í þessum málum. Það var farið allglannalega af stað með klak- og seiðaeldisstöðvar, langt fram yfir það sem skynsamlegt var. Menn áttu raunar að sjá það fyrir að ekki yrði markaður í öðrum löndum fyrir seiði til langframa, en á þetta var treyst. Þess vegna hafa ýmsar stöðvar nú fengið skell af þessari framleiðslu. Það þurfti að byggja upp samtímis matfiskseldisstöðvar í langtum meira mæli en gert var og fara hægar með seiðaeldisstöðvarnar. Í svona atvinnugreinum, þar sem ekki er allt skipulagt fyrir fram, er alltaf hætta á slíkum mistökum. Það verður að harma það að stjórnvöld skyldu leyfa að farið var út í eins margar klak- og seiðaeldisstöðvar og gert hefur verið á undanförnum árum. Hitt hefur aftur alveg legið eftir, að tryggja þessum stöðvum rekstrarfjármagn. Og það er það sem hefur valdið fyrst og fremst áföllum og vandræðum.

Ég hef reynt að kynna mér þessi mál nokkuð og ég hef þær skoðanir, hvort sem þær reynast rangar

eða réttar, að sjókvíaeldi, eins og það hefur verið framkvæmt, sé allt of áhættusamt til þess að reka það í stórum stíl, og við ekki betri veðurskilyrði sem við búum við hér verði aldrei hægt að komast hjá áföllum. Það er auðvitað hugsanlegt að hægt sé að hafa — það er gert víða — fisk í eldi yfir sumarmánuðina og fram undir desembermánuð, en áhættan er allt of mikil víðast hvar, ef ekki alls staðar, að hafa það allt árið. Og þá erum við komin að þeim atriðunum hvaða möguleika við höfum á þessum landstöðvum. Ég held að það séu þær sem við eigum fyrst og fremst að keppa að að byggja. En það er ekki sama hvernig það er gert og það er enginn vafi á því að víða hefur sú fjárfesting verið allt of mikil og handahófskennd og þeir sem hafa staðið að slíkri uppbyggingu hljóta að lenda í erfiðleikum, vonandi að það verði samt ekki þannig að það ríði þeim að falli. Ég held að mjög mikill skortur sé á eftirliti með því hvernig að þessu er staðið, að undirbúning og eftirlit hafi skort.

Það hefur verið talað um það hér að eðlilegt væri að fara með fiskeldið frá landbrn. í sjútvrn. Ég verð að segja það að ég sé ekki að það leysi nokkurn vanda. Ég held að þetta sé meira trúaratriði en að hægt sé að benda á það með nokkrum rökum að það leysi vanda. Ef menn eru þeirrar skoðunar að það verði fyrst og fremst þessar landeldisstöðvar sem við byggjum í framtíðinni og byggjum á, þá sé ég ekki tilganginn í því að færa þetta frá landbrn., a.m.k. sé ég ekki að það skipti neinu meginmáli.

Ég vonast til að það verði þannig í framtíðinni að við tökum upp eldi á miklu fleiri fisktegundum en er í dag. Að vísu hef ég ekki trú á því að við höfum mikinn ábata af því að fara að framleiða ál. Ekki hefur það gefist í Noregi. Þeir hættu því þar. Danir aftur á móti telja sumir hverjir að grundvöllur sé fyrir slíkan rekstur þar og hann hefur gefist þar sæmilega, en Norðmenn hurfu frá þessu. Verðið á regnbogasilungnum er það lágt, það er ekki nema eins og hálft það verð sem við fáum fyrir laxinn. (Forseti hringir.) Virðulegi forseti. Ég skal ljúka máli mínu þó að margt væri hægt að ræða um þessi mál.

Ég vil benda á það í þessu sambandi að það eru ýmis rök sem benda til þess að bleikjueldið sé eins og sakir standa áhugaverðasta eldið, og e.t.v. að reyna að fá hingað sandhverfu. Eldi á sandhverfu hefur gengið mjög vel í Noregi og bendir til þess að það sé fiskur sem við vissar aðstæður hér mundi gefast mjög vel í eldi. En hann þarf verulegan hita.

Það hefði verið gaman að geta rætt þessi mál frekar. Ég sé ekki betur en allt bendi til þess að við höfum meiri möguleika í fiskeldi en á flestum öðrum sviðum. Og ég vil undirstrika það sem frsm. till. sagði áðan, ég er sannfærður um að það er nokkuð áhugaverðara fyrir okkar þjóð að beina augum okkar og getu að fiskeldi en að reyna að fá hér stóriðjurekstur í landi í einhverjum mæli sem gæti orðið til þess að við mundum ekki halda þeim stimpli sem við höfum þó, að við höfum nokkurn veginn hreint land.

Flm. (Guðmundur G. Þórarinsson):

Forseti. Ég vil þakka þær ágætu undirtektir sem þessi till. hefur fengið hjá þeim þingmönnum sem til máls hafa tekið. Hv. þm. Málmfríður Sigurðardóttir kom víða við í sínu máli. Sjálfsagt er það alveg rétt hjá henni að menn þurfa að hafa vaðið fyrir neðan sig þegar talað er um atvinnugreinar sem öllu eiga að bjarga. Ég hygg að það sé alveg rétt. En ég vil biðja þingmanninn að lesa tillöguna með athygli og gera sér grein fyrir því að þarna er nánast verið að fara fram á það að þessi nýja atvinnugrein njóti sömu starfsskilyrða og aðrar atvinnugreinar njóta. Ef grg., sem með þessari till. fylgir, er lesin, en ég hafði því miður ekki tíma til að fara ítarlega í gegnum hana í mínu máli, þá verður mönnum ljóst að svo er ekki. Hvorki nýtur þessi grein sambærilegra starfsskilyrða og aðrar útflutningsgreinar hér innan lands né heldur sambærilegra starfsskilyrða við það sem þessi grein, fiskeldið, nýtur meðal annarra þjóða, meðal okkar helstu samkeppnislanda.

Í því sambandi er rétt að benda á að fiskeldið er ein af fáum greinum sem ekki hefur kvartað undan gengisskráningu íslensku krónunnar eða þeim aðstæðum sem flestar útflutningsgreinar kvarta undan nú og eru reyndar að bera þær flestar ofurliði. Það sem undan er kvartað er auðvitað það að afurðalánakerfi er ekki til samræmt hér í landinu.

Þingmaðurinn benti nokkuð á að erfiðleikar hefðu skapast hjá fiskeldisstöðvunum vegna sölu eldisseiða. Það er alveg rétt. Og það er líka rétt sem kom fram í máli hv. þm. Stefáns Valgeirssonar að líklega hafa seiðaeldisstöðvar fyrir lax verið byggðar af of lítilli fyrirhyggju miðað við það að matfiskeldið fylgdi ekki á eftir. Ég vil hins vegar bera nokkuð hönd fyrir höfuð fiskeldisstöðvanna í þessu sambandi því að ég hygg að lokun markaðarins í Noregi hafi komið mönnum mjög á óvart. — Ég sé að þingmaðurinn Stefán Valgeirsson hristir höfuðið. En ég vil benda á það að þó nokkuð margar þessara seiðaeldisstöðva höfðu þegar gert samninga við erlenda aðila um kaup á seiðunum og þeir samningar voru reknir til baka vegna mikillar framleiðslu í Noregi. Það er ekki tími til að fara ítarlega í þetta. Ég veit um seiðaeldisstöðvar hér sem stofnuðu fyrirtæki með Norðmönnum sem beinlínis áttu að sjá um þessa seiðasölu, Norðmönnum sem höfðu annast þessa seiðasölu undanfarin ár og voru alveg jafnblindir og Íslendingarnir á að markaðurinn skyldi lokast, alveg fram í mars–apríl á þessu ári. En hvað um það. Það gekk ekki eftir. Hins vegar ef byggt er upp matfiskaeldi hér í landinu til samræmis við þessa seiðaframleiðslu sem möguleg er, þá býður það upp á gífurlega útflutningsmöguleika.

Menn verða að gera sér grein fyrir því að erfiðleikar fiskeldisfyrirtækjanna eru fyrst og fremst vegna þess að afurðalánakerfi er ekki til staðar. Það er deilt um veð í lifandi fiski. Langflest þau fisk-

eldisfyrirtæki sem nú hafa afurðalán, og það hafa þau ekki öll, fá lán sem svarar um 37,5% af verðmætum í stöðinni. Í sjávarútvegi og landbúnaði er hér um að ræða 75%. Þ.e. fiskeldisfyrirtæki — ef við tökum matfiskastöð sem er búin að framleiða matfisk fyrir um 100 millj. kr., matfisk sem verður slátrað eftir u.þ.b. ár en er komin að verðmæti í 100 millj. kr. — hefur í mörgum tilvikum rekstrarlán upp á 37,5 millj. kr. Það vantar því um 60 millj. kr. á sem bera þarf í heilt ár í viðbót auk þess vanda sem hleðst upp á því ári.

Nefnd hefur nýlega skilað tillögum um úrbætur og ég á von á því að hér á hv. Alþingi komi fram frv. innan tíðar um nýja greiðslutryggingadeild við Ríkisábyrgðasjóð sem geri kleift að veita þessum fyrirtækjum afurðalán í svipuðum mæli og aðrar útflutningsgreinar njóta hér innan lands og í svipuðum mæli og aðrar þjóðir hafa leyst þennan vanda, samkeppnisþjóðir okkar. Það væri mikið skref fram á við.

Ég vil jafnframt benda á að söluskattur af rekstrarkostnaði hefur ekki verið endurgreiddur í þessum atvinnugreinum, svipað og hefur verið gert í nánast öllum öðrum útflutnignsgreinum, nema kannski að loðdýraeldinu undanskildu.

Og ég vil biðja menn að velta fyrir sér raforkukostnaði, lántökuskatti sem lagður hefur verið á, við fráleitar aðstæður vil ég segja, vegna þess að ríkisstjórnin lagði skatt á erlendar lántökur til að draga úr erlendum lántökum og draga úr þenslu. Samhliða því veitti hún fiskeldisfyrirtækjunum heimild til að taka erlend lán til frekari uppbyggingar vegna þess að hjá því varð ekki komist þar sem seiðin seldust ekki úr landi. Það er þess vegna alveg fráleitt að segja í öðru orðinu: „Við veitum ykkur heimild til erlendrar lántöku vegna þess að það er ekki unnt að draga hana og það verður ekki hjá því komist til þess að bjarga þjóðarverðmætum," en segja í hinu orðinu: „Við ætlum að leggja sérstakan lántökuskatt á ykkur til þess að reyna að hindra að þið takið þessi lán." Þannig mætti lengi telja, en hér er eingöngu verið að fara fram á að starfsskilyrði séu samræmd.

Arðsemi í þessari grein er auðvitað mjög mismunandi, svo ég haldi áfram varðandi mál hv. þm. Málmfríðar Sigurðardóttur, mjög mismunandi eftir greinum. Margir hafa mikla trú á hafbeit. Ég hygg að markaðsverð á laxi í dag sé um 300–350 kr. á kg, nokkuð mismunandi eftir stærðarflokkum. En framleiðslukostnaður er ekki nema svona 250–270 kr. Arðsemi er samkvæmt öllum reikningum glettilega mikil ef vel gengur. Ég skal fúslega játa það að menn eru auðvitað mishæfir í þessari grein og gengur misvel eins og í öllum öðrum atvinnugreinum. Hvort sem talað er um trésmíði eða bakaraiðn þá gengur mönnum misvel og sjálfsagt er það eins í þessari grein. Hér er ekki kvartað undan afkomuskilyrðum, hér er kvartað undan starfsskilyrðum sem þarf að bæta og það er fráleitt að búa ekki þessari grein slík starfsskilyrði þegar litið er til þeirra möguleika á aukningu þjóðartekna sem í húfi eru.

Ég hygg að flestir þeir þingmenn sem hér töluðu hafi komið nokkuð inn á sjúkdómavarnir. Við sem að þessu eldi störfum erum þeirrar skoðunar að það þurfi að koma fram gleggri starfsskipting milli þeirra sem að sjúkdómavörnum og sjúkdómaeftirliti vinna. Þar á ég við rannsóknadeild fisksjúkdóma á Keldum, embætti yfirdýralæknis fisksjúkdóma og dýralæknana um land allt. Það er engan veginn nægilega ljóst hvernig starfsskipting og verkaskipting er á milli þessara aðila. Það er eðlilegt að dýralæknar séu almennt ekki nægilega vel inni í fisksjúkdómum. Greinin er ný og menntun þeirra er í flestum tilvikum á öðrum sviðum, en þar er venjulega um að ræða mjög vel menntaða og hæfa menn sem án mikilla erfiðleika eiga að geta sett sig inn í það sem um er að ræða.

Hv. þm. Árni Gunnarsson talaði nokkuð um það að ekki væri fjallað sérstaklega um fóðuriðnaðinn. Það er alveg rétt. Hann er í rauninni sérstakt mál. Fóðuriðnaðurinn er kominn vel á legg hér á landi og er á réttri braut. Fiskafóður er þegar orðið talsverð útflutningsvara og verður það vafalaust í vaxandi mæli. Innan fóðuriðnaðarins verður gífurleg aukning á næstu árum ef allt fer í fiskeldi sem fram horfir hér.

Hv. þm. nefndi einnig að hann saknaði þess að ekki væri getið sérstaklega um umhverfisþáttinn. Flutningsmenn hugðu nú að að honum yrði komið í þættinum um heildarlöggjöf varðandi fiskeldi og sjálfsagt eru margir hliðarþættir við fiskeldið sem hefði mátt koma að í þessari till. og þykir þó mörgum hún vera ítarleg eins og hún liggur fyrir.

Ég skal taka undir með hv. þm. Árna Gunnarssyni að þessi till. hefði líklega átt að koma fram 20 árum fyrr. En betra er seint en aldrei. Við þekkjum vissulega baráttu frumkvöðlanna, t.d. Skúla á Laxalóni, og þeirra slag við kerfið í gegnum árin. Enn halda þessi áflog áfram og enn býr fiskeldi við einna lökust starfsskilyrði allra atvinnugreina á Íslndi. Þessari till. er ætlað að bæta þar um.

Landssamband fiskeldis- og hafbeitarstöðva hefur haft það á stefnuskrá sinni að vistun fiskeldis verði í sjútvrn. en ekki landbrn. Það er nokkuð einróma álit þeirra sem að fiskeldi vinna, eftir því sem ég kemst næst og hef hlustað á á fundum þeirra. Sjálfur hef ég ekki mikla sannfæringu fyrir því og vil taka undir með hv. þm. Stefáni Valgeirssyni að ég hygg að það skeri ekki endanlega úr hvar þessi grein er vistuð. Síðan ég fór að vinna að þessum málum á vegum landssambandsins virðist mér að landbrn. eigi sérstakar þakkir skildar fyrir sína framgöngu og vilja til að starfa að þessum málum.

Hv. þm. Árni Gunnarsson kom nokkuð inn á það að það hamlaði eldi á áli að innflutningur á honum hefði ekki verið heimilaður, en benti á innflutning á ýmsum öðrum tegundum. Ég er þeirrar skoðunar að vel megi safna gleráli við strendur landsins, ekki síst við Suðurland, og hefja frumeldi á áli með íslenskum stofnum ef menn vilja. Það er ekki nauðsynlegt að flytja inn ál til að byrja slíkt eldi. Áll gengur hér upp að suðurströndinni og með vesturströndinni úr

Þanghafinu og það væri vel hægt að safna honum saman, og er raunar gert í einhverjum mæli, og ala hann til áframeldis.

Ég hef þegar talað langt mál og væri þó hægt að lengja það mjög. Það má vel vera að það sé rétt hjá hv. þm. Stefáni Valgeirssyni að sjókvíaeldi sé áhættusamt. Ég hygg að reynslan hafi sýnt það nokkuð. Þar ber margt til. Í fyrsta lagi það að þar sem sjór er hvað heitastur við Ísland og minnst er hætta á undirkælingu þar er skjól minnst og hlé minnst. Þar sem skjólið er mest og best þar er mest hætta á undirkælingu og sjór yfirleitt kaldari en það er talið hafa áhrif á vaxtarhraða. Þess vegna er vandi að velja sjókvíaeldi rétta staði. Reynslan úr Hvalfirði sýnir okkur að þar sem fjörur eru mjög miklar er áhættan talsverð. Ég hygg að strandeldi eigi mikla framtíð, e.t.v. í samvinnu við sjókvíaeldi í nokkurs konar fareldi þar sem fiskurinn væri fluttur að vori úr landstöðvunum eða strandstöðvunum út í sjókvíar þegar hann þarf á mestu rými að halda og síðan slátrað að hausti fyrir veturinn áður en verður gerast vályndd.

Hafbeitarmöguleikum mega menn heldur ekki gleyma. Þar eru miklir möguleikar. Til eru þeir, og þeir eru ófáir, sem telja að hafbeit sé vaxtarbroddurinn í fiskeldi á Íslandi, þar leynist ótæmdir möguleikar. Á það skal ég ekki leggja dóm, en ég hygg að þar sé mjög vaxandi atvinnugrein.

Ég vil líka taka undir með hv. þm. Stefáni Valgeirssyni varðandi bleikjueldið. Við bleikjueldi mundi ég binda miklar vonir víða um sveitir jafnvel þar sem ekki er hægt að láta bleikjuna ganga í sjó. Bleikjan hefur mjög mikla sérstöðu að því leyti að hún vex vel við lægra hitastig en lax og urriði, eða sjóbirtingur, og gæti þess vegna búið yfir miklum möguleikum og svo mætti lengi telja. Í grg. er sérstaklega minnst á ferskvatnshumar sem mikill markaður er fyrir t.d. í Svíþjóð á ákveðnum árstímum og gæti boðið upp á mikla möguleika.

Ég vil svo, forseti, að loknum þessum umræðum leggja til að þessari till. verði vísað til síðari umr. og hv. atvmn.

Umræðu frestað.

SAMEINAÐ ÞING

17. fundur, föstudaginn 25. nóv., kl. 2.30 miðdegis.

Kjararannsóknir, frh. fyrri umr.

Þáltill. KE o.fl., 48. mál. — Þskj. 50.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til félmn. með 33 shlj. atkv.

Könnun á jarðvarma, jarðsjó og ferskvatni á Vesturlandi, frh. fyrri umr.

Þáltill. FÞ, 63. mál. — Þskj. 65.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til atvmn. með 38 shlj. atkv.

Hvalveiðistefna Íslendinga, fyrri umr.

Þáltill. ÁrnG, 38. mál. — Þskj. 40.

Flm. (Árni Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram hér í Sþ. till. til þál. um endurskoðun á hvalveiðistefnu Íslendinga. Tillgr. er á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja þegar í stað endurskoðun á hvalveiðistefnu Íslendinga með það fyrir augum að stöðva vísindahvalveiðar um a.m.k. þriggja ára skeið. Sá tími verði notaður til að ljúka nauðsynlegum vísindarannsóknum án veiða og til aukinnar kynningar á málstað Íslendinga. Fulltrúum umhverfisverndarsamtaka verði gefinn kostur á að fylgjast með og taka þátt í þessum rannsóknum.“

Í grg. till. segir á þessa leið:

„Með þessum tillöguflutningi er réttur Íslendinga til hvalveiða ekki vefengdur. Það er hins vegar ljóst að hinar svonefndu vísindahvalveiðar hafa þegar stórskaðað hagsmuni íslenskra útflutningsfyrirtækja og þjóðarinnar í heild vegna áróðurs umhverfisverndarmanna gegn hvalveiðum. Á því er veruleg hætta að þessi áróður eigi enn eftir að auka á erfiðleika Íslendinga við sölu fiskafurða og fleiri vörutegunda á erlendum markaði og geti haft neikvæð áhrif á ferðir útlendinga til Íslands. Þó vegur það þyngst að leiða má að því gild rök að hinn góði orðstír íslenskrar þjóðar erlendis hafi beðið hnekki.

Hvalveiðar hafa ekki lengur neina verulega efnahagslega þýðingu fyrir Íslendinga. Tekjur af sölu hvalaafurða voru á síðasta ári um 0,6 af hundraði heildarútflutnings. Tekjutap þjóðarinnar, sem má rekja beint til áróðurs gegn hvalveiðum, er hins vegar umtalsvert og mun að öllu óbreyttu fara vaxandi. Alþingi og ríkisstjórn verða að horfast í augu við þessar staðreyndir og taka ákvarðanir í samræmi við þær.“

Virðulegur forseti. Talsvert er nú umliðið síðan þessi tillaga var lögð fram. Hér á þingi urðu nýlega talsverðar umræður um hvalveiðar okkar Íslendinga

í tengslum við frv. til l. um bann við hvalveiðum. Við þær umræður tók ég skýrt fram að ég væri algerlega mótfallinn því að binda slíkt bann í lög, enda fjallar tillaga mín um tímabundna stöðvun hvalveiða.

Megintilgangur þessarar tillögu er sá að við reynum að stöðva þann gegndarlausa áróður sem nú er beint gegn vísindaveiðum og um leið að skapa svigrúm til að koma málstað okkar á framfæri, til að útskýra afstöðu okkar til hvalveiða almennt og til að vinna samtök umhverfisverndarmanna á okkar band í stað þeirrar fásinnu að flokka aðgerðir þeirra undir glórulausa villimennsku og þá sjálfa sem hryðjuverkamenn. Ég held að það hljóti að vera einstakt að hópur fólks sem eyðir bæði kröftum og peningum til að koma í veg fyrir mengun þess hafs sem við sækjum lífsbjörgina í sé kallaður flokkur hermdarverkamanna.

Ég er þeirrar skoðunar að í stað þess að virða samtök umhverfisverndarmanna ekki viðlits eigum við að taka aðgerðum þeirra í umhverfisverndarmálum fegins hendi og jafnvel að bjóða þeim aðstöðu hér á landi til að sinna því mikilvæga verkefni að stöðva hvers konar mengun Norður-Atlantshafsins. Við eigum að starfa með þessu fólki en ekki gegn því.

Virðulegi forseti. Að mínu mati erum við Íslendingar búnir að tapa stríðinu við umhverfisverndarsamtök á meginlandi Evrópu og í Bandaríkjunum ef ekki verður stefnubreyting af okkar hálfu. Okkur mun ekki gagna að ræða við ríkisstjórnir þeirra landa þar sem veiðum okkar er mótmælt og það mun aðeins bera tímabundinn árangur að útskýra málin fyrir fiskinnflytjendum. Það er almenningur í þessum löndum sem ræður ferðinni. Látlaus áróður umhverfisverndarmanna við verslanir og veitingahús mun að lokum knýja eigendur þeirra til að hætta sölu á íslenskum framleiðsluvörum eða þá að þeir gera kröfu til þess að vörumerki Íslendinga sjáist ekki á umbúðum íslenskra vörutegunda. Íslensk stjórnvöld hafa gert virðingarverðar tilraunir til að koma málstað Íslendinga á framfæri, en ég hygg að það sé bæði of seint og of lítilvirkt. Þar að auki erum við ekki að tala við rétta aðila. Við eigum að ræða málin við samtök umhverfisverndarmanna. Það er upphafið og þar verður endir þessa máls.

Það er mikil skammsýni að halda að milljónasamtök fólks, sem hefur ógrynni fjár til umráða, vel skipulagða hreyfingu, hæfileikafólk á sviði vísinda og áróðurs og stuðning meiri hluta þjóða að baki sér, verði brotin á bak aftur með sendinefndum stjórnarerindreka.

Áður en lengra er haldið vil ég að það komi mjög skýrt fram að ég tel að Íslendingar eigi að halda hvalveiðum sínum áfram í samstarfi og samráði við Alþjóðahvalveiðiráðið. Ég veit að hér við land eru hvalastofnar sem með fyllsta öryggi má veiða úr dýr og nefni ég þá sérstaklega hrefnu og hnúfubak. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að vísindaveiðar okkar séu of dýru verði keyptar.

Ég mótmæli því harðlega, sem fram hefur komið, að með því að draga í land með vísindaveiðar séum við að afsala okkur sjálfsákvörðunarrétti. Umdeilt upphaf þessara vísindaveiða er með þeim hætti að við getum með fullri reisn hætt þeim hvenær sem er á þeirri forsendu að nægra gagna hafi verið aflað, enda eigum við eftir að vinna úr talsverðu magni upplýsinga sem safnað hefur verið. Ég skil vel sjónarmið þeirra manna sem segja að við getum ekki látið undan kröfum útlendinga um að við nýtum auðæfi hafsins á annan veg en við sjálf viljum. Sjálfur er ég ekki ýkja eftirgefanlegur þegar ég tel mig hafa réttinn mín megin, en ég álít það höfuðdyggð að taka rökum. Í þessu máli er betra að bogna örlítið en að brotna. Það má nefnilega alltaf rétta úr sér aftur.

En lítum aðeins á upphaf vísindaveiða Íslendinga. Það var árið 1983 að Alþingi Íslendinga samþykkti með eins atkvæðis meiri hluta að mótmæla ekki samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins um bann við hvalveiðum í atvinnuskyni. Þá var það Halldór Ásgrímsson, núv. sjútvrh., sem var frsm. meiri hl. utanrmn. sem lagði til að banninu yrði ekki mótmælt. Áður en þessi ákvörðun var tekin höfðu Íslendingar orðið fyrir miklum þrýstingi og áföllum vegna aðgerða hvalavina sem fögnuðu mjög ákvörðun Alþingis og hófu þegar herferð til að kynna þessa ákvörðun og hvetja fólk til að kaupa og borða íslenskan fisk.

Um þessi mál ríkti síðan friður í rúmlega tvö ár. En þá gerðist það fyrirvaralítið að þáv. hæstv. sjútvrh. Halldór Ásgrímsson birti áætlun, sem sögð var frá Hafrannsóknastofnun, um hvalveiðar í rannsóknarskyni árabilið 1986–1990. Ekki er mér kunnugt um hvers vegna þessi ákvörðun var tekin eða hver var upphafsmaður þessarar hugmyndar. Og af hverju var þessi ákvörðun þá ekki tekin þegar í stað eftir að við hættum hvalveiðum?

Fréttin um vísindaveiðarnar birtist í dagblaðinu NT, málgagni hæstv. sjútvrh., undir fyrirsögninni: „Hvalir verða veiddir þrátt fyrir bann.“ Sá skilningur hefur þá verið fyrir hendi að hér ríkti hvalveiðibann. Hvalfriðunarmenn urðu ókvæða við og töldu Íslendinga brjóta þær samþyktir sem þeir höfðu sjálfir ákveðið að undirgangast. Reiði í okkar garð magnaðist fljótt og aðgerðir gegn okkur hafa síðan stigmagnast. Íslendingar nutu og njóta enn virðingar fyrir verndun fiskstofna sem kristallaðist í baráttunni fyrir útfærslu landhelginnar. Þá nutum við stuðnings og samúðar þess fólks sem nú berst gegn okkur. Það er því gersamlega út í hött þegar menn eru að bera saman baráttu okkar fyrir útfærslu landhelginnar og vísindaveiðarnar. Það er eins og að bera saman svart og hvítt og telja sama litinn. Allt frá því að vísindaveiðarnar hófust hafa þær verið þjóð okkar til vandræða. Íslenskir vísindamenn, einkum líffræðingar, hafa ekki verið sammála um nauðsyn veiðanna, stór hópur talið þær með öllu ónauðsynlegar og jafnvel hefur túlkun okkar sjálfra á ályktunartillögu Alþjóðahvalveiðiráðsins verið vefengd.

Reynt var að smygla íslensku hvalkjöti um Finnland til flutnings um Sovétríkin til Japans, þrátt fyrir bann finnskra stjórnvalda við innflutningi á hvalaafurðum til landsins. Umhverfismálaráðherra Finna tók á þessu máli af fyllstu hörku og fyrirskipaði að 196 tonn af hvalkjöti skyldu flutt þegar í stað frá Finnlandi og aftur til Íslands. Þetta mál tel ég að hafi orðið okkur til skammar. Ég þarf vart að nefna þá erfiðleika sem þetta mál hefur valdið í samskiptum Íslands og Bandaríkjanna. Fyrst með málshöfðun grænfriðunga á hendur bandarískum stjórnvöldum og síðar með klaufalegum afskiptum bandarísks stjórnarerindreka af frjálsum viðskiptum Íslendinga og Japana.

Eins og ég sagði áðan tel ég að orðstír okkar Íslendinga hafi beðið verulegan hnekki vegna þessa máls. Heimskunnir menn úr röðum þjóðhöfðingja, vísindamanna og stjórnmálamanna hafa legið okkur á hálsi fyrir þessar veiðar og fjölmiðlar um allan heim hafa dregið upp heldur ófélega mynd af Íslendingum. Einn af þekktustu hvalasérfræðingum samtímans, dr. John Gulland, segir í grein í tímaritinu New Scientist 29. október sl., og verður hann að teljast óhlutdrægur í þessu máli: „Óski hvalveiðiþjóðir þess að halda áfram hvalveiðum vegna viðskiptahagsmuna er þeim að líkindum fyrir bestu að horfast í augu við afleiðingar þess fremur en að klæða veiðarnar í vísindalegan búning." Gulland rifjar upp að þegar hvalveiðiþjóðum þótti gengið á sinn hlut á sínum tíma hefðu þær teflt fram valkostinum um vísindaveiðarnar. Hann segir að vísindalegt gildi slíkra veiða sé í flestum tilvikum lítið. Engar rannsóknir sem lagðar hafi verið til séu líklegar til þess að efla umtalsvert vísindalega þekkingu á hvölum.

Virðulegi forseti. Það er ekki á mínu færi að draga í efa vísindalegt gildi hvalveiða okkar en hvalaafurðir seldum við engu að síður á síðasta ári fyrir um 300 millj. kr. Á sama tíma seldum við niðurlagðar sjávarafurðir fyrir 1 milljarð 113 millj. kr., en það er einmitt lagmetið sem verst hefur orðið fyrir barðinu á þeim viðskiptahömlum sem á okkur hafa verið lagðar.

En það eru ekki eingöngu erlendir vísindamenn sem telja vísindaveiðar lítils virði og gera því skóna að um sé að ræða veiðar í atvinnuskyni. 21 íslenskur líffræðingur hefur undirritað áskorun til ríkisstjórnar Íslands þar sem segir orðrétt, með leyfi forseta: „Rannsóknir Hafrannsóknastofnunar á lifandi hvölum eru líklegar til að bæta verulega þekkingu á fjölda, útbreiðslu og atferli hvala og gera kleift að meta veiðiþol hvalastofna við landið. Sama verður ekki sagt um „vísindaveiðarnar". Þrátt fyrir söfnun gagna með hvalveiðum í áratugi hefur ekki reynst unnt að ákvarða stærð og veiðiþol hvalastofna hér við land. Núverandi veiðar í vísindaskyni breyta þar litlu um. Hvalveiðar okkar Íslendinga eru því ekki réttlætanlegar eins og á stendur og við teljum rangt að kenna þær við vísindi."

Við hljótum því að spyrja: Hvers vegna er svona mikið lagt í sölurnar til að halda þessum veiðum áfram? Er þetta þrjóska eða þjóðarstolt sem byggir á hæpnum kenningum um þjóðernisvitund þeirra réttlátu og þjóðníðingshátt þeirra ranglátu, fljótfæru og eftirgefanlegu? Hverjar eru afleiðingar áróðursins gegn okkur og stífni okkar sjálfra? Íslensk framleiðslufyrirtæki í sjávarútvegi hafa þegar orðið fyrir alvarlegu áfalli og þá um leið þjóðin öll. Forustumenn útflutningsfyrirtækja hafa tjáð mér að á því leiki enginn vafi að samningsaðstaða Íslendinga við erlenda kaupendur hafi stórversnað og að þetta mál kunni að hafa haft óbein áhrif til verðlækkunar á íslenskum afurðum. Áróðurinn gegn Íslendingum sé notaður til að þrýsta verði niður í harðri samkeppni. Við höfum ekki átt svar við áróðrinum gegn okkur. Starfsemi íslenskra sendiráða á erlendri grund er ekki mikil á markaðssviði, enda mannafli og fjárráð lítil.

Sjálfur tel ég að ímynd okkar hafi beðið hnekki, fjármunum og vinnu til markaðsöflunar hefur verið eytt og sú hótun vofir yfir að áratuga starf verði að engu gert. Íslensk fyrirtæki í niðurlagningu hafa orðið fyrir verulegu áfalli. Erlend fyrirtæki hafa hætt að skipta við okkur. Í Bandaríkjunum má nefna Burger King með 50 þúsund veitingastaði, Long John Silver, Shop and Stop verslanakeðjuna í Boston, skólamötuneyti í Boston og víðar. Grænfriðungar telja einnig upp í áróðursbæklingum sínum Shony's-veitingahúsin sem eru 600 og Jerico með 1600 sölustaði sem hafi sagt upp 9 millj. dollara samningi. Í Vestur-Þýskalandi má telja upp Tengelmann, Nordsee, Hans Warnholtz í Hamborg, Aldi-stórfyrirtækið hætti við að hætta en hefur nú óskað eftir því við Sölustofnun lagmetis að hún hætti að merkja framleiðsluvörur sínar með nöfnum sem minna á eða tengjast Íslandi.

Íslensk fyrirtæki hafa farið inn á þá braut að selja undir erlendum merkjum, nota t.d. North Atlantic í staðinn fyrir Icelandic. Þetta þykir mér niðurlægjandi og nokkur ógnun við mitt þjóðarstolt. Vesturþýska fyrirtækið Igloo hefur beint viðskiptum annað en til Íslendinga. Lübbert í Hamborg lét í það skína í fyrradag að ekki yrði keypt af Íslendingum ef hvalveiðum yrði ekki hætt. Undir höndum hef ég skeyti og telexa sem sýna þetta svart á hvítu.

Hvað er það sem fiskkaupendur óttast, hvort sem það eru verslanir eða veitingahús? Þeir óttast auðvitað að tapa viðskiptum og peningum. En fyrst og fremst vilja þeir ekki láta draga nöfn sín inn í áróðursherferðir umhverfisverndarmanna og skaða viðskiptavildina. Hvort sem þeir selja eingöngu fisk eða fisk og aðrar vörutegundir vita þeir að viðskiptavinir forðast að lokum sölustaði þar sem þeir verða fyrir stöðugu áreiti og hafa það á tilfinningunni að þeir séu að gera eitthvað rangt þótt vitneskja þeirra og þekking á Íslandi, hvalveiðum og íslenskum málstað eða málstað umhverfisverndarmanna í viðkomandi máli sé nákvæmlega engin.

Lögmál viðskiptanna eru flókin og markaðir viðkvæmir, það þekkjum við best frá ormafárinu í

Þýskalandi. Nú stöndum við frammi fyrir viðvarandi og vaxandi fári, svokölluðu hvalafári, endurteknum aðgerðum í Vestur-Þýskalandi 15. desember nk., í Bretlandi í þessum mánuði og næsta og í Bandaríkjunum í byrjun næsta árs. Keppinautar okkar á fiskmörkuðum eru varla harmi slegnir vegna þessara atburða.

Þeir íslenskir menn, sem stunda útflutning, þekkja lögmál markaðarins og utanríkisviðskipta og hafa tekið þátt í samkeppninni, hafa miklar áhyggjur sem þeir hafa lýst opinberlega og í einkaviðræðum. Sama hafa Íslendingar búsettir erlendis gert. Þannig segir ungur háskólanemi í Freiburg í Vestur-Þýskalandi í blaðagrein: „Það er mikill misskilningur að andstaða við hvalveiðar takmarkist einvörðungu við illa upplýsta Bandaríkjamenn. Í Bretlandi og hér í Vestur-Þýskalandi er hún engu minni og jafnvel meiri og virðist vera sama hvar í stétt manna er borið niður. Raunar eru hvalveiðarnar eitt af því fáa sem kemur Íslandi í fréttir hér á landi og þær fréttir eru sannarlega ekki jákvæðar."

Félag íslenskra iðnrekenda hefur sent þingmönnum yfirlýsingu þar sem segir m.a.:

Að mati stjórnar Félags íslenskra iðnrekenda virðist nú um tvo kosti að ræða í ljósi atburða að undanförnu. Annar kosturinn er að auka verulega kynningu á stefnu Íslendinga í þessu máli og röksemdum fyrir henni. Ef þetta verður ekki gert hlýtur hinn kosturinn að vera sá að taka núverandi stefnu til endurskoðunar.

Á það er minnt að á undanförnum árum hafi framleiðsla á lagmeti farið ört vaxandi. Áætlað útflutningsverðmæti á þessu ári sé um 1,5 milljarðar kr. og sé það rúmlega þreföldun útflutningsverðmætis á síðustu sex árum, reiknað á föstu gengi. Á sama tíma hafi störfum í lagmetisiðnaði fjölgað úr 300 í rúmlega 400, auk þess sem talsverður fjöldi sjómanna afli hráefnis til þessarar framleiðslu. Áætlað er að um helmingur lagmetisframleiðslunnar fari á Þýskalandsmarkað eða fyrir um 750 millj. kr. — Virðulegur forseti. Ég á dulítið eftir af þessari ræðu. Ég skal reyna að hraða lestri mínum á henni, ella mun ég reyna að semja um það að fá að flytja það sem eftir er í síðari ræðutíma mínum, en þessu skal ég reyna að hraða eftir mætti. — Sem dæmi er nefnt að fyrst árið 1986 hafi tekist að ná sölusamningi við fyrirtækið Tengelmann eftir margra ára tilraunir. Þetta fyrirtæki hafi nú ákveðið að stöðva kaup á íslensku lagmeti. Nú sé til í landinu fullunnin og frágengin vara, rækja og kavíar, að verðmæti 45 millj. kr. sem átti að fara til þessa fyrirtækis. Ekki er talið unnt að selja þessa vöru til annarra fyrirtækja eins og nú horfir. Verksmiðjurnar sem framleiddu þessa vörur eru Hik hf. á Húsavík, Pólstjarnan á Dalvík, sem nú hefur lokað, K. Jónsson og Co. á Akureyri, niðursuðuverksmiðja Böðvars Sveinbjarnarsonar á Ísafirði, Arctic hf. á Akureyri og ORA hf. í Kópavogi.

Þá segir orðrétt: „Öll þessi fyrirtæki hafa orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna þessa máls. Tjónið í framtíðinni gæti hins vegar orðið langtum meira og þá ekki aðeins í Þýskalandi heldur einnig á öðrum mörkuðum."

Í Fiskifréttum, 25. október, lýsa fiskvinnslumenn áhyggjum sínum. Ég ætla ekki að rekja þær. Það er nokkuð langt mál og vil ég ekki lengja ræðu mína með því. Þetta eru Jón Páll Halldórsson, framkvæmdastjóri Norðurtangans, og Vilhelm Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Útgerðarfélags Akureyringa, ásamt Finnboga Jónssyni, framkvæmdastjóra Síldarvinnslunnar í Neskaupstað.

Virðulegi forseti. Ég get ekki látið hjá líða að gera að umræðuefni þann málflutning sem heyrst hefur, að við getum einfaldlega hætt að selja fiskafurðir til Evrópu og jafnvel Bandaríkjanna og snúið okkur að nýjum markaði í Asíu, einkum í Japan. Þetta er sagt á sama tíma og við erum að undirbúa viðræður við Efnahagsbandalagið um viðskipti okkar við innri markað bandalagsins eftir 1992. Það styrkir varla samningsstöðu okkar þegar ráðamenn hér láta að því liggja að við munum bara snúa okkur til Japana af því að Evrópumenn séu okkur svo vondir. Evrópubandalagið hefur átt í látlausu stríði við Japana og innflutning þeirra til Evrópu, þvingað þá til að draga úr innflutningi með kvótum vegna erfiðrar samkeppnisstöðu evrópskra fyrirtækja við japönsk. Sama gildir raunar um Bandaríkjamarkað. Í öllu frelsinu hafa Bandaríkjamenn nú vaxandi áhyggjur af stöðugt auknum ítökum Japana í bandarísku bankakerfi, kaupum þeirra á bandarískum fyrirtækjum. Í tímaritinu Business Week frá 14. nóv. sl. er því haldið fram að Japanar ætli að nota Bandaríkin sem eins konar bakdyr inn í Evrópu. Þessar tilraunir Japana eru ekki til vinsælda fallnar í Evrópu né í Bandaríkjunum, en í báðum þessum heimsálfum eru áhyggjur ráðamanna vaxandi vegna fjármálalegrar útþenslu og áhrifa Japana. Íslenskir ráðamenn ættu að huga að þessari staðreynd áður en þeir hvetja til þess að við berum öll okkar egg í einni körfu, gefum hinum sígilda markaði okkar langt nef og leitum á vit Japana sem þegar hafa gert talsvert vart við sig hér á landi.

Virðulegi forseti. Ég er alveg að ljúka máli mínu. Það væri vel þess virði að stikla á stóru um starfsemi náttúruverndarsamtaka á borð við grænfriðunga. Samkvæmt skoðanakönnunum njóta þessi samtök stuðnings yfirgnæfandi meiri hluta Vestur-Þjóðverja eða 65%. Sama gildir í fleiri Evrópulöndum. Grænfriðungar hafa komið við sögu í mjög mörgum umhverfisverndarmálum sem snerta okkur beint eða óbeint og gæti ég rakið það í löngu máli og mun gera það síðar.

Barátta þeirra nýtur stuðnings og því miður hefur okkur ekki tekist að sannfæra grænfriðunga og önnur umhverfisverndarsamtök um það að okkar vísindaveiðar séu í góðu lagi. Ef einhverjum dettur í hug að miðað við óbreyttar forsendur takist okkur að vinna sigur í baráttunni við þessi samtök þá tel ég það mikinn misskilning. Nú eigum við að rétta fram sáttarhönd og segja: Vegna þess að miklar

áhyggjur hafa komið fram hjá umhverfisverndarmönnum víða um heim um að við Íslendingar stefnum hvalastofnum í útrýmingarhættu með vísindaveiðum viljum við sem fyrr sýna verndunarsjónarmið okkar í verki og lýsa yfir frestun hvalveiða næsta sumar a.m.k. án þess að afsala okkur nokkrum rétti. Við munum bíða eftir fundi Alþjóðahvalveiðiráðsins í San Diego næsta sumar og lýsa því yfir að við munum hlíta niðurstöðum hans sem og öðrum skynsamlegum niðurstöðum sem byggja á staðreyndum um hvalastofna. Jafnframt eigum við að bjóða umhverfisverndarmönnum til ærlegs samstarfs og kynna málstað okkar. Um þá kynningu hef ég sjálfur margar hugmyndir sem ég gæti lagt á borð nú þegar.

Að lokum, virðulegur forseti. Það er öllum ljóst að við getum ekki haldið áfram óbreyttri stefnu.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til hv. atvmn.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Þetta mál hefur verið rætt á Alþingi áður þar sem ég fjallaði um það í allítarlegu máli og sé því ekki ástæðu til að fjalla um það í löngu máli hér, enda hefur flest af því sem kom fram í ræðu hv. þm. Árna Gunnarssonar verið rætt hér áður og andsvör við því. Ég vildi aðeins gera það að umtalsefni sem hann sagði að það hefði á engan hátt verið reynt að hafa samstarf við umhverfisverndarsamtök. Það er ekki rétt. Þeim var strax í upphafi kynnt þessi áætlun og var farið yfir hana með þeim. Þeir hafa hins vegar aldrei viljað hlusta á rök í þessu máli, því miður. Og þegar hv. þingmaður talar um það að nú eigi að rétta fram sáttarhönd gagnvart þessum aðilum fjallar það væntanlega um það að fallast á allt sem þeir segja, hvort sem það er rétt eða rangt, og taka undir allan þeirra málflutning. Það hefur verið reynt að tala við þessa aðila. Þeir hafa fengið margvísleg gögn. Það stendur enn til boða og það hefur verið reynt að nálgast þá og það er sjálfsagt að halda áfram að gera það.

Ég vil líka gera að umtalsefni annað atriði sem kom fram í máli hv. þm.: Hvers vegna hófust þessar rannsóknir ekki strax? Það var einfaldlega vegna þess, sem hann virðist ekki gera sér nægilega grein fyrir, að það var tvennt sem var ákveðið af Alþjóðahvalveiðiráðinu. Það var í fyrsta lagi að hætta veiðum í atvinnuskyni og í öðru lagi að stórauka rannsóknir.

Við Íslendingar tókum þessa samþykkt alvarlega þótt vitað sé að sjónarmið þeirra sem hann talar hér fyrst og fremst fyrir, að því er mér virðist, voru þau að það ætti engin alvara að búa þar að baki, það ættu engar rannsóknir að eiga sér stað. Okkar vísindamenn voru beðnir um slíka rannsóknaáætlun. Það tók alllangan tíma að undirbúa þessa áætlun, jafnframt lagalegur undirbúningur. Það var því um mjög eðlilegan tíma að ræða.

Hv. þm. vitnaði í erlendan líffræðing eða vísindamann. Ég minnist þess ekki að þessi vísindamaður hafi unnið í vísindanefnd Alþjóðahvalveiðiráðsins, a.m.k. koma hans sjónarmið ekki fram í þeirri skýrslu. Og að því er vísndamenn varðar vitna ég fyrst og fremst til vísindamanna á þeim vettvangi. Ég hef heldur ekki orðið var við það að margir þeirra líffræðinga sem hann vitnaði til hafi lagt sig sérstaklega fram um það að kynna sér þessa áætlun. Við hljótum fyrst og fremst að treysta á þá vísindamenn sem sérstaklega hafa unnið að þessu máli.

Hv. þm. vitnaði til þess að við hljótum að vinna í samræmi við niðurstöðu Alþjóðahvalveiðiráðsins. Við höfum gert það. Við förum eftir samþykktum Alþjóðahvalveiðiráðsins. Við förum eftir stofnskrá Alþjóðahvalveiðiráðsins. Við förum hins vegar ekki eftir öllum tilmælum sem koma frá Alþjóðahvalveiðiráðinu. Það verður að gera greinarmun á því. Þó hefur það verið svo að við a.m.k. teljum, þó að aðrir segi að svo sé ekki, að við höfum farið eftir ályktunartillögu Alþjóðahvalveiðiráðsins frá 1986 og 1988, en við teljum hins vegar ályktunartillöguna frá 1987 vera ólöglega, í andstöðu við stofnskrá og samþykktir ráðsins og höfum haldið um það langt mál og lagt fram um það langar greinargerðir. Og við munum ekki fara eftir ályktunartillögum sem við teljum ólöglegar. Það veit ég að hv. þm. skilur. Ég vil að öðru leyti vitna til þess sem ég hef áður sagt í þessu máli. Ég tel að það sé ekki þess eðlis að hægt sé að reikna það út í debet og kredit eins og mér fannst hv. þm. vera að gera hér með ýmsum tölum. Þetta er ekkert bókhaldsmál. Og ég er ósammála flestu af því sem hann sagði hér. Það vantaði að sjálfsögðu þær röksemdir inn í það mál sem hafa verið settar fram af okkar vísindamönnum. Hann dró hér upp einhliða mynd af málinu. Ég vitna hins vegar til þess sem ég hef áður sagt hér á Alþingi og skal ekki þreyta þingheim með því að endurtaka það.

Flm. (Árni Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir þau orð sem hann lét falla hér. Hann sagði að ég kæmi fram sem einhver sérstakur sendimaður umhverfisverndarmanna sem er auðvitað alrangt. Mitt sjónarmið í þessu máli er fyrst og fremst að reyna að koma í veg fyrir það stórfellda viðskiptalega tjón sem við eigum eftir að verða fyrir vegna aðgerða grænfriðunga og af því tilefni er þessi tillaga lögð hér fram. Menn mega ekki meta það svo, þó að ég taki upp hanskann að einhverju leyti fyrir þá menn sem hér á þingi og víðar hafa verið kallaðir hermdarverkamenn en vinna einhver merkustu umhverfisverndarstörf í Evrópu sem um getur um þessar mundir, að ég taki upp hanskann fyrir þá og komi málstað þeirra að einhverju leyti á framfæri hér.

Ég vil benda á það, mér láðist að geta þess í upphafsræðu minni, að nú hefur það gerst að Samband ísl. samvinnufélaga, sjávarútvegsdeild, hefur sent hv. sjútvn. Nd. umsögn um það frv. um hvalveiðibann sem hér hefur verið lagt fram þar sem kemur skýrt fram að Samband ísl. samvinnufélaga

hefur lagt til að þessum vísindaveiðum verði að vísu haldið áfram en án þess að drepa hvali. Þetta er það viðhorf sem ríkir hjá þeim mönnum sem þurfa að koma sínum varningi á framfæri í þeirri hörðu samkeppni sem á sér stað, bæði í Evrópu og á Bandaríkjunum, og ég vara eindregið við því, og það skulu verða mín lokaorð til að lengja ekki þessa umræðu vegna þess hve löng hún var út af frv. sem lagt var fram, að þeir menn sem þybbast við að taka á þessu máli af alvöru skulu þá bera ábyrgðina á því hvað gerist ef þetta mál hefur þann framgang sem nú virðist ætla að verða. Og ég hef miklar áhyggjur af því að aðgerðir þær, sem umhverfisverndarmenn hafa þegar boðað og hafa stofnað til og munu halda áfram á þessu ári og á næsta ári, eigi að öllu óbreyttu, ef við ekki tökum í taumana að einhverju leyti, eftir að skaða viðskipti okkar við umheiminn mjög verulega.

Hæstv. sjútvrh. sagði að það væri ekki hægt að reikna þetta mál út í debet og kredit. Auðvitað er það alveg hárrétt. Það hefur engum manni dottið í hug að gera það. En ég held að það áfall sem ímynd okkar og orðstír erlendis hefur orðið fyrir af þessu máli verði að fara á debetreikning og ég hygg að við munum kannski eiga duggulítið erfitt með að bæta upp þann skaða sem þegar er orðinn.

Virðulegi forseti. Ég mun ekki lengja þessa umræðu meira en orðið er nema sérstök ástæða gefist til hér á eftir og lýk máli mínu.

Jón Sæmundur Sigurjónsson:

Virðulegi forseti. Sú till. til þál., sem hér liggur fyrir, flutt af hv. 3. þm. Norðurl. e., um endurskoðun á hvalveiðistefnu Íslendinga er flutt, eftir því sem ég best veit eftir löng samtöl við flm., af djúpstæðum áhyggjum af því hvernig komið er í þessum málum. Hún er flutt af fullri alvöru og umhyggju fyrir hagsmunum Íslendinga og hún er ekki flutt af neinum talsmanni grænfriðunga. Það veit ég eftir löng samtöl við flm. tillögunnar. Það þýðir hins vegar ekki að við séum sammála að öllu leyti hvernig á að halda á þessu máli.

Flm. sagði m.a. að tillagan væri flutt vegna skemmdarverka Greenpeace á efnahag Íslendinga og það er alveg hárrétt athugað. Auðvitað eru það skemmdarverk sem Greenpeace hefur í frammi og það eru skemmdarverkamenn gagnvart okkar efnahag sem þar eru að starfi. Það má segja um önnur umhverfissamtök eins og Sea Shepherd, sem Greenpeace-menn sögðu hér um árið að þeir vildu ekkert hafa með að gera vegna þess að þar væru skemmdarverkamenn að starfi, að það sem þeir höfðu í frammi með því að sökkva tveimur hvalveiðibátum og rusla til í hvalveiðistöðinni hér um árið hafi nánast verið prakkarastrik miðað við það sem Greenpeace-menn ætlast fyrir þessa dagana. Þeir ætla sér beinlínis að stefna atvinnu fjölda fólks á Íslandi í hættu. Það gerðu Sea Shepherd-menn ekki í raun og veru. Þeir ætla sér að þrengja þannig að efnahag okkar Íslendinga að við eigum ekki að sjá okkur annað fært en láta undan í máli þar sem mér virðist augljóst að öll rök séu okkar megin.

Flm. sagði einnig réttilega að hvalveiðar hefðu enga efnahagslega þýðingu fyrir okkur Íslendinga. Þetta sannar enn og aftur að hann er enginn talsmaður grænfriðunga því að það eru einmitt rök grænfriðunga að hvalveiðar séu stundaðar á Íslandi af gróðafíkn, vísindaveiðar okkar séu einungis feluleikur fyrir atvinnuveiðar vegna þess að hvalveiðar skipti okkur efnahagslega svo miklu máli.

Þá vill flm. einnig stöðva þann gegndarlausa áróður sem Greenpeace-menn hafa í frammi og ég held að sé rétt að það verði gert, en um leið fullyrðir hann að við séum búnir að tapa þessu áróðursstríði. Það held ég að sé rangt mat á aðstæðum. Við erum ekki búnir að tapa því. Við erum varla byrjaðir að fara í áróðursstríð vegna þess að fram til þessa höfum við varla mætt grænfriðungum í eitt einasta skipti. Okkar málstaður er varla nokkurs staðar kunnur. Það eru einungis grænfriðungar sem hafa getað komið sínum áróðri á framfæri. Við höfum ekki gert það. Við höfum ekki staðið í áróðursstríði.

Það er held ég löngu tímabært að við förum að láta menn vita af því hver okkar afstaða er í þessum málum, hvers vegna við höfum gripið til vísindaveiða á hvölum og hvers vegna afstaða Íslands er á þann hátt í þessu máli, jafnvel þó að þessar veiðar hafi um þessar mundir enga beina efnahagslega þýðingu fyrir Íslendinga.

Það vill svo til að áróður grænfriðunga er á þann veg að þeir þurfa að grípa til þess a.m.k. að hagræða sannleikanum, ef ekki að hafa í frammi hrein ósannindi gagnvart okkur. Þannig segja þeir og halda fram blákalt að allir hvalir séu í útrýmingarhættu og vísindaveiðar okkar Íslendinga stuðli beinlínis að því að hvölum verði útrýmt. Þeir gera ekkert með þær talningar sem farið hafa fram á hvalastofnunum sem leiddu í ljós að af þeim þremur tegundum sem um er að ræða, þ.e. hrefnu, sandreyði og langreyði, séu til a.m.k. 30 þúsund dýr sem talin hafa verið syndandi í höfunum í kringum Ísland. Þeir gera ekkert með það þó að við tökum einungis 78 dýr úr þessum stofnum, halda því jafnframt blákalt fram að stofnarnir séu í hættu, 30 þúsund dýr, meðan við veiðum 78 þar úr. Þeir gera ekkert með það að einungis eitt ár er eftir af okkar vísindaveiðum. Við eigum einungis eftir að taka 78 dýr. Af áróðrinum mætti halda, og það halda t.d. Þjóðverjar sem hlusta á þennan áróður, að við stundum gegndarlausar hvalveiðar. Þetta er gefið í skyn og þetta er ekki rétt. Þess vegna er það viss galli á þessari þáltill. þegar stungið er upp á að við hættum vísindaveiðum í þrjú ár þegar einungis eitt sumar, einn fjórði, er eftir af okkar vísindaveiðum. Það eru ekki þrjú ár sem liggja fyrir höndum heldur einungis eitt ár.

Þá halda grænfriðungar því óspart fram að við Íslendingar séum að brjóta alþjóðalög, alþjóðarétt, og þess vegna séum við svo að segja réttdræpir. Það megi starta á okkur gegndarlausa veiði. Þeirra

hermdarverk séu réttlætanleg vegna þess að við séum réttarbrjótar. Og hvernig er sú staða? Jú, við höfum haldið okkur nákvæmlega við sáttmála Alþjóðahvalveiðiráðsins þar sem segir í 8. gr. þess sáttmála að hverri sjálfstæðri þjóð sé í sjálfsvald sett hversu marga hvali sé leyfilegt að taka í vísindaskyni þegar um hvalveiðibann er að ræða. Allar aðrar samþykktir hvalveiðiráðsins hafa farið fram á þeim grundvelli að gefa ráðleggingar við því hvernig ætti að fara að meðan á hvalveiðibanninu stendur. Þetta eru einungis ráðleggingar sem hafa enga lagalega þýðingu í raun og veru. Það er einungis sáttmálinn sem er lagalega bindandi fyrir hverja þjóð fyrir sig, ekki ráðleggingar þó svo þær séu samþykktar af meiri hluta aðildarþjóðanna.

En hverjar eru þessar aðildarþjóðir? Þegar við meðtókum þennan sáttmála, alþjóðahvalveiðisáttmálann, voru 17 aðildarþjóðir í ráðinu, þjóðir sem allar höfðu haft með hvalveiðar að gera. Núna eru um 42 þjóðir í ráðinu. Þetta eru þjóðir eins og Sviss, eins og Mónakó, eins og smáþjóðir í Karabíska hafinu sem varla nokkurn tíma hafa nálægt hvalveiðum komið. Þessar þjóðir eru að segja okkur fyrir um hvernig við eigum að haga okkar hvalveiðum og þessar þjóðir eru að gefa ráðleggingar. Eftir þessum þjóðum eigum við að fara. Þetta er að mínu mati út í hött.

Ég vil aðeins koma inn á frekari rök þeirra grænfriðunga sem þeir halda fram í bæklingum sínum sem þeir dreifa á torgum í Þýskalandi þessa dagana. Þeir segja að við séum með þessar vísindaveiðar í gróðaskyni. Sannanir? Jú, 49% kjötsins sem við öflum lendir í fínum kjötbúðum í Japan, kjöt af 35 hvölum svo að segja. Ég held að hver maður ætti að sjá í hendi sér að það er ekki hægt að halda uppi neinum iðnaði vegna kjötsölu af 35 hvölum. Það fellur um sjálft sig. En þetta dugar til þess að fjármagna hið vísindalega prógramm þannig að prógrammið beri sig sjálft.

Þá er það einnig rangt að vísindaveiðarnar séu feluleikur fyrir atvinnuveiðar. Þær eru það ekki. Þær byggjast á alvarlegri starfsemi tíu líffræðinga sem leggja sinn metnað í vandaða vinnu við þetta prógramm.

Hvað varðar áhuga Þjóðverja á hvalveiðum okkar Íslendinga, þá er það rétt sem flm. sagði. Grænfriðungar njóta mikilla vinsælda fyrir hin ýmsu störf að umhverfisverndarmálum. Þar á hvalveiðimálið ekki nokkurn hlut.

Grænfriðungar höfðu stórátak í frammi sl. laugardag. Þeir komu fram í 79 borgum Þýskalands og dreifðu áróðri. Samkvæmt fréttum af árangri þeirra höfðu þeir safnað um 19 þúsund undirskriftum þar sem mótmælt var hvalveiðum okkar Íslendinga. Það geta verið margar undirskriftir á Íslandi, en þessi söfnun fór fram í 59 borgum Þýskalands. Þeir hafa sem sagt safnað um það bil 300 undirskriftum í borgum eins og Hamborg sem telja 2½ milljón, borgum eins og Bonn sem telja 300 þús. o.s.frv. Þannig má útskýra þau læti sem urðu í gær þegar grænfriðungar stilltu sér upp fyrir framan verslanir og meinuðu fólki inngöngu. Það var auðvitað vegna þess að þeir álíta sjálfir að átak þeirra sl. laugardag hafi verið mikil mistök og hafi ekki verið þeim til framdráttar. Þeir treysta sem sagt ekki á að þeirra áróður hafi komist áfram til þýskra neytenda, að þýski neytandinn megi hafa sjálfstætt val um það hvort hann velur íslenskar vörur eða ekki. Þeir telja ofbeldi hið eina sem kemur til greina til að koma í veg fyrir að Þjóðverjar kaupi íslenskar vörur. Þeir treysta ekki á að þeir geti haft áhrif á þýska neytendur. 19 þúsund undirskriftir náðust og það er sagt að 3000 manns hafi tekið þátt í þessu átaki frá grænfriðungum. Það vill segja að 16 þúsund manns hafa komið þar að auki. Þetta er varla dropi í hafið. Það er ekki nema helmingur þeirrar tölu sem við segjum að sé til af hinum þremur tegundum hvala sem synda í kringum Ísland sem við viljum veiða úr í framtíðinni. Ef 16 þúsund er mikill sigur eru 30 þúsund hvalir í kringum Ísland enn þá meiri sigur og ekki er hægt að segja að þeir séu í neinni hættu.

Ég er þeirrar skoðunar að við eigum ekki að láta kúga okkur til hlýðni jafnvel þótt nokkrir grænfriðungar standi fyrir framan verslanir í Þýskalandi og varni því að við getum selt okkar rækjur. Við eigum að þola áföll í þessu máli. Þau eru tímabundin. En kúgun kemur ekki til greina.

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Þegar frv. tveggja hv. þm. Borgfl. um hvalveiðibann var til umræðu fyrir fáeinum vikum lýsti ég afstöðu minni til þessara mála í nokkuð ítarlegri ræðu og sé ekki ástæðu til að hafa mörg orð um þá afstöðu nú. Ég vil þó ítreka áhyggjur vegna stefnu stjórnvalda sem ég tel að hafi spillt verulega fyrir lífsnauðsynlegu samstarfi við aðrar þjóðir um víðtæka umhverfisvernd.

Það er mín skoðun að Íslendingar hafi verið á vægast sagt hálum brautum með hinar svokölluðu hvalveiðar í vísindaskyni og hafi sýnt háskalega þrjósku og óbilgirni í þessum málum. Íslensk stjórnvöld hafa stöðugt haldið fram rétti sínum, en Alþjóðahvalveiðiráðið hefur ítrekað gert athugasemdir við hvalveiðarnar og haft miklar efasemdir um að þær væru fyrst og fremst í vísindaskyni.

Hv. síðasti ræðumaður gerði töluvert úr því að í þessum veiðum væri einungis um 70–80 dýr á ári að ræða, það væri allt og sumt, og það er satt. En áætlunin hljóðaði í upphafi upp á miklu fleiri dýr. Það hefur sannarlega verið bakkað í málinu. Og við skulum ekki gleyma því að markmiðið með þessari vísindaáætlun er undirbúningur að áframhaldandi veiðum og vegna forsögu okkar, sem er lítt til sóma, er okkur ekki treyst. Það er mergurinn málsins. Það er að sönnu ekkert auðvelt fyrir leikmenn að átta sig á því hvort hér hefur verið um vísindaáætlun að ræða eða ekki, enda hefur vísindamenn sjálfa greint á um það. Íslenskir andmælendur og efasemdarmenn hafa þó ekki verið ýkja háværir af þeirri einföldu ástæðu að menn hafa í lengstu lög viljað forðast átök sem

gætu skaðað úthafið og vonað að stjórnvöld kæmu sér skammlaust út úr þessu vandræðamáli. Því miður óttast nú margir, og vil ég taka undir það með hv. flm., að meira en lítill skaði sé skeður og það verði þrautin þyngri að vinna aftur upp það traust sem hefur tapast meðal annarra þjóða vegna þessa máls.

Þetta vildi ég aðeins ítreka við umræðu um þessa tillögu sem ég tel ákaflega varlega orðaða og flestir alþm. ættu að geta verið sammála meginefni hennar.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Þar sem í hv. Nd. hefur þegar verið rætt um frv. sem gengur mjög í sömu átt og þessi tillaga, eða gefur alla vega tilefni til sams konar umræðna, hafa allmargir þingmenn þegar haft tækifæri til að tjá sig ítarlega um málið, en við sem erum svo lánsamir að sitja í hv. Ed. höfum ekki haft tækifæri til þess fyrr en núna. Þess vegna vildi ég hafa um þetta nokkur orð.

Þessi tillaga felur í sér að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að hefja þegar í stað endurskoðun á hvalveiðistefnunni og flm. gefur sér til hvers sú endurskoðun eigi að leiða, þ.e. að vísindahvalveiðar verði stöðvaðar um a.m.k. þriggja ára skeið.

Nú hygg ég að það hafi komið fram í þessum umræðum að það er aðeins eitt ár eftir af þessari vísindaveiðiáætlun eins og hún er nú hugsuð þannig að mér finnst tillagan ekki í fullu samræmi við þann veruleika sem við stöndum andspænis. Mér finnst það líka vera ljóður á ráði þessarar tillögu, ef þannig má að orði kveða, að hér er verið að tala um að stöðva mikilvæga leit að þekkingu sem við höfum beitt okkur fyrir og haft frumkvæði um meðal þjóða. Ég held að þeim vísindamönnum sem gerst til þekkja beri saman um að þessar mjög svo takmörkuðu vísindaveiðar hafi þegar skilað ómetanlegum gögnum á ýmsum sviðum líffræði og sjávarlíffræði sem raunar er hvergi nærri lokið við að vinna úr og áreiðanlega eiga eftir að færa vitneskju okkar töluvert lengra fram á við, auka hana og efla og leiða til ýmissa hluta sem við ekki sjáum fyrir í dag. Slíkt er nú eðli vísindarannsókna og þekkingarleitar. Þess vegna finnst mér miður að hér skuli flutt tillaga um að stöðva þessa þekkingarleit. Það er staðreynd að margra þeirra upplýsinga sem fást með veiðum á hvölum verður ekki aflað með öðrum hætti, vísindamenn mæla því ekki mót.

Hér hefur verið vitnað til ályktunar 20 líffræðinga sem starfa að ég hygg við Háskóla Íslands. Ég minnist þess ekki að sá ágæti hópur hafi nokkurn tíma ályktað jákvætt um eitt eða neitt sem gert hefur verið á vegum Hafrannsóknastofnunar, ég minnist þess ekki, og má það þó vel vera.

Það er rétt, sem hér hefur fram komið, að þessar takmörkuðu vísindaveiðar hafa valdið okkur ýmsum óþægindum. Það er alveg rétt. Mín skoðun er sú að ef hér verður slegið undan og nú verður gefist upp og sagt: Við skulum ganga að öllu óskum og kröfum svonefndra grænfriðunga, þá fyrst muni okkar vandræði byrja.

Samtökin sem kenna sig við hinn græna lit og frið, grænfriðungar, hafa vissulega gert mjög margt lofsvert, einkum í baráttunni gegn mengun. Þau hafa gert mjög margt lofsvert og það er ástæða til að meta það og virða. Þar eigum við sameiginlegra hagsmuna að gæta. En við getum ekki, við megum ekki og við eigum ekki að taka undir með þessum samtökum þegar þau afflytja okkar málstað, þegar þau breiða út um íslensku þjóðina og Íslendinga ósannindi, rangar fullyrðingar, óhróður og lygi. Slíku hljótum við að berjast gegn, slíku hljótum við að andmæla og slíku eigum við auðvitað aldrei að kyngja.

Þessi samtök halda því m.a. fram að við förum ekki að alþjóðalögum og samþykktum. Þetta er rangt. Þetta hefur verið margsinnis hrakið, margsinnis bent á. Þetta er rangt! Þessi samtök kunna því miður hvorki að umgangast sannleikann né staðreyndir þegar hvalveiðar eru annars vegar og þar er farið með óhróður og ósannindi um okkur og okkar mál.

Það er svo aftur annað mál að ég er þeirrar skoðunar að það hafi ekki verið gert nægilega mikið af því og ekki nægilega öfluglega gert fyrr en núna síðustu missirin kannski að mótmæla þessum málflutningi, að gera gangskör að því að koma okkar sjónarmiðum á framfæri. Ég veit að það er ekkert auðvelt, en ég er samt þeirrar skoðunar að þar hefði þurft að gera meira.

Mér finnst það og hefur lengi fundist, allar götur síðan 1983, áhyggjuefni hvað þessi samtök, og þá er ég ekki bara að tala um grænfriðunga heldur ýmis önnur samtök og sumt öfgasamtök á þessum vettvangi, hafa átt greiðan aðgang að íslenskum fjölmiðlum. Það virðast liggja beinar línur milli talsmanna þessara samtaka og íslenskra fjölmiðla. Þetta kom mjög vel í ljós 1983 þegar Ríkisútvarpið hafði sérstakan fréttamann í Bandaríkjunum og í hverjum fréttatíma kvölds og morgna voru fluttar fréttir af viðbrögðum talsmanna grænfriðunga og fleiri samtaka í Bandaríkjunum og svo var látið í veðri vaka sem bandaríska þjóðin stæði í rauninni á öndinni yfir þessum málum. Staðreyndin var sú að það var mjög lítið um þessi mál fjallað í bandarískum fjölmiðlum og fólk sem þar var á ferð um þetta leyti vissi nánast ekki af því og þegar bandarískir fiskkaupendur komu hingað þetta sama ár, einir 25 eða 30, og var ekið með þá í langferðabíl um Skúlagötuna og leiðsögumaðurinn benti þeim á hvalbát sem var að sigla út úr höfninni, þetta var undir vorið, og sagði: Þarna er nú einn af þessum hvalbátum sem lætin hafa verið út af, þá urðu þeir eitt spurningarmerki og sögðu: Hvaða læti?

Við höfum fengið ranga mynd af því sem hefur verið að gerast þarna úti og þessi samtök hafa átt ótrúlega greiða leið að fréttamönnum og ýmsum fleiri áhrifamiklum einstaklingum í þessu þjóðfélagi. Við skulum nefnilega hafa í huga að gildi þessara aðgerða er ekki fyrst og fremst fólgið í því að þær fari fram, heldur að þeim upplýsingum að þær hafi

farið fram sé komið á framfæri við okkur til þess að skjóta okkur skelk í bringu. Þetta finnst mér vera áhyggjuefni. Það er ekki fréttaefni í Bandaríkjunum, í 6–7 millj. manna borg eins og Fíladelfíu, þó að 30 manns komi þar á fund. En það verður hins vegar fyrsta frétt í ljósvakamiðlunum hér. Það er engin frétt.

Ég held að við þurfum að hafa áhyggjur af því hvað gerist næst. Talsmenn þessara samtaka hafa lýst því yfir að þeir muni ekki endilega láta staðar numið þótt hvalveiðum linni. Hvað kann að koma næst? Selveiðar? Síldveiðar? Síldin er mikilvæg fæða fyrir suma hvali, eins og háhyrninga. Einu sinni — og það er ekki gamansaga — var íslenskur loðnumjölsframleiðandi beðinn um staðfestingu á því, það er alkunn saga, að loðnan, sem mjölið hafði verið unnið úr, hefði ekki verið tekin frá hvölum. Við vitum ekkert hvar það endar ef undanlátsseminni verður beitt og hörfað við fyrsta mótlæti og hlaupið til baka.

Það getur vel verið að við þurfum að lúta í lægra haldi. En við eigum ekki að gefast upp strax, um leið og á móti blæs. Það er ekki líkt þessari þjóð. Við höfum staðið af okkur annað eins og menn eiga ekki að vera hræddir og ekki fara með veggjum og hlaupa í felur um leið og á okkur er blásið. Við eigum að halda okkar reisn og við eigum að ljúka því vísindalega verki sem við höfum hafið. Við eigum að kynna árangur þess og síðan eigum við að berjast fyrir því innan ramma laga og réttar, eins og við höfum gert til þessa, að við getum haldið áfram að nýta þennan stofn í hafinu eins og aðra stofna í sjávarlífríkinu hér í kring.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég hef nú látið þessar umræður fara fram hjá mér á þessum fundi, en ég get ekki látið hjá líða að taka aðeins til máls um þessa þáltill. þó lagafrv. komi hins vegar fyrir sjútvn. þar sem ég á sæti.

Ég vil taka sérstaklega undir þau rök sem komu hér fram hjá hv. 5. þm. Norðurl. v. Mér fannst hann taka á einfaldan hátt skýrt á þessu máli í hnotskurn miðað við það ástand sem í raun og veru er á erlendum vettvangi.

Ég get sagt það strax að þegar hér var tekin ákvörðun á hv. Alþingi um bann við hvalveiðum á sínum tíma var ég andvígur þeirri afgreiðslu sem hér fór fram og greiddi atkvæði gegn því. Ég þarf ekki að rökstyðja það eða endurtaka það hér. Ég taldi að við Íslendingar ættum að ráða okkar málum sjálfir, en við ættum að leggja fyrst og fremst áherslu á auknar rannsóknir á þessu sviði og átta okkur á því og hafa forustu um það meðal þjóða hvernig raunverulegt ástand væri í sambandi við þennan hvalastofn miðað við þær hóflegu veiðar sem Ísland hafði stundað árum saman.

Ég er andvígur þessari þáltill. og vísa til þess, sem raunverulega er kjarni málsins, að eftir þá ákvörðun sem Alþingi Íslendinga tók á sínum tíma hefur verið unnið að þessum rannsóknarveiðum í samræmi við samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins og liggur alveg ljóst fyrir að við erum að slá botninn í þessar vísindaveiðar. Þær eiga að endurskoðast eftir eitt ár, árið 1990, og þá verður ljóst hvaða stefnu Alþjóðahvalveiðiráðið tekur og hvaða stefnu við Íslendingar komum til með að berjast fyrir. Ég tel að þau rök sem hér hafa komið fram hjá fyrri ræðumönnun og raunar fyrr í þessum umræðum öllum séu nægjanlega sterk fyrir okkur að þessu leyti til.

Ég tel að svona tillöguflutningur, bæði að því er varðar þáltill. og eins lagafrv. sem var lagt fram í hv. Nd., sé á vissan hátt skaði, það sé í raun og veru vantraust á okkar ágætu vísindamenn sem njóta sívaxandi álits á alþjóðavettvangi. Við getum glaðst yfir því í leiðinni að þeir hafa fengið sérstaka viðurkenningu fyrir sín miklu störf þannig að um leið hefur Ísland fengið viðurkenningu fyrir að vera viss brautryðjandi á þessu sviði meðal þjóða, enda er það mikilvægt fyrir okkur sem erum fyrst og fremst fiskveiðiþjóð og eigum allt undir því komið að halda skynsamlega á þessum málum fyrir hvaða fiskistofn sem er og hvaða afurð sem er í hafinu sem við þurfum að nýta á skynsamlegan hátt og er um leið undirstaða undir okkar þjóðfélagsbyggingu í nútíð og framtíð. Ég tel þess vegna að þessi tillöguflutningur sé nokkurt vantraust og ég vil undirstrika mikilvægi vísinda á þessu sviði sem eins og ég áður sagði leggur grunn að viðurkenningu fyrir vissum mikilvægum þætti í okkar uppbyggingu atvinnulega séð.

Ég hef ekki látið fara frá mér neitt í sambandi við þann áróður sem viðgengst á erlendum vettvangi. Ég tel hann að vissu marki vera tískufyrirbrigði sem gengur yfir. Það eru viss samtök sem geta unnið ágæt störf að ýmsum mikilvægum málum, eins og landvernd, mengunarvarnir og allt sem því fylgir, en ég tel að þarna sé um ósvífinn áróður að ræða og þarna fari öfgamennirnir fylktu liði jafnvel í óþökk þeirra aðalmanna sem stýra þessum samtökum á vissan hátt gagnvart þjóðum. Við höfum dæmið um Grænlendinga, en þessi samtök lögðu mikilvæga atvinnugrein hjá Grænlendingum í rúst fyrir ósvífinn áróður í máli sem þeir höfðu ekki einu sinni haft fyrir því að kynna sér hvernig var í pottinn búið í raun og veru.

Ég vil leggja mikla áherslu á að miðað við þessar aðstæður verði kappkostað að auka kynningu á okkar málstað í þessu máli og að hefja gagnáróður gegn því sem fram hefur komið á erlendum vettvangi. Þó að við séum fátækir og smáir er öruggt að málstaður okkar er svo góður og skýr að það er tiltölulega auðvelt að koma mótáróðri í gang. Það sýnir ljóslega sú sendiferð sem er nýafstaðin til Þýskalands. Hún bar strax jákvæðan árangur. Ég er ekki í neinum vafa um að það er hægt að ná árangri að þessu leyti til.

En ég vil segja að lokum að ég vil alls ekki að það sé gefið eftir í þessu máli miðað við þáltill. sem hér er. Hún mundi gera okkur ógagn. Hún grípur inn í

atburðarásina sem er rétt að verða lokið, rannsóknastarfið sem tekur enda á næsta ári. Ég legg áherslu á að það verði hvergi hvikað í þessu máli.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Sú till. til þál. sem hér liggur frammi um endurskoðun á hvalveiðistefnu Íslendinga frá hv. 3. þm. Norðurl. e. er í meginstefnu samhljóma því lagafrv. sem ég hef flutt í Nd. Við erum sammála um meginlínuna í þessum málum vegna þess að við gerum okkur grein fyrir því að þessi mál eru að okkar mati komin í óefni. Hvernig hefur verið haldið á þessum málum er saga út af fyrir sig sem ekki verður svo auðveldlega rakin hér, en það er alveg ljóst að við erum ekki að berjast við opinbera aðila, ekki við ríkisstjórnir. Við erum að berjast við fólkið í hinum frjálsu löndum, frjáls félagasamtök og frjálst fólk sem hefur skoðanir. Þetta fólk hefur miklu meiri áhrif en menn vilja vera láta hér og þau fara vaxandi. Áhrifin af þessu höfum við séð undanfarna mánuði í auknum áróðri gegn okkur með þeim afleiðingum að margir af okkar samningum um sölu á fiskafurðum hafa gengið til baka eða við höfum átt í erfiðleikum af þeim sökum.

Þá er athyglisverð sú skoðun, sem hér hefur komið fram, að jafnvel hafi þetta haft áhrif til lækkunar á fiskverði á erlendum mörkuðum og ég gæti vel trúað að svo sé. Það er því alveg ljóst að við höfum þegar tapað jafnvel hundruð milljóna á þessari stífni okkar og ekki verður öllu lengur gengið þessa braut.

Í Frosti, 6. tbl. 3. árgangi 1988, segir svo, með leyfi forseta: „„Stöðvum hvalveiðar strax", segir Benedikt Guðmundsson í Hamborg." Svo er tekin upp bein tilvitnun í hann: „„Áhrif hvalamálsins eru ekki komin fram enn þá. Við höfum aldrei selt meira en á þessu ári. Salan í ár er þegar orðin jafnmikil og allt árið í fyrra", sagði Benedikt Guðmundsson, framkvæmdastjóri VIK í Hamborg, um áhrif hvalamálsins á sölu íslenskra sjávarafurða í Þýskalandi.

Síðan er vitnað til hans aftur og segir þar: „Forráðamenn Nordsee, sem rekur um 150 veitingahús víðs vegar á Þýskalandi, hafa tilkynnt okkur að þeir muni ekki kaupa af okkur frystan fisk vegna þvingana frá Greenpeace, en hvað þau gera svo veit ég ekki. Það hafa verið nokkurra daga mótmælaaðgerðir við a.m.k. tvo veitingastaði Nordsee og þær verða fleiri. Vonandi tekst að ljúka hvalveiðirannsóknum án þess að um frekari hvalveiðar verði að ræða nk. sumar. Við eigum á hættu að fleiri fyrirtæki hætti viðskiptum við Ísland vegna þess að þar eru mikil verðmæti í húfi, mun mikilvægari en hvalveiðar."

Þetta segir í stuttu máli hver eru viðhorf fjölda manna sem eru úti á akrinum, eru að selja okkar afurðir og hafa fylgst með þessum málum.

Til okkar í sjútvn. Nd. hafa komið umsagnir um þetta mál og segir svo í bréfi Verslunarráðs Íslands frá 22. nóv. 1986, með leyfi forseta:

„Alþingi og ríkisstjórn hafa þegar markað ákveðna stefnu varðandi hvalveiðar í fiskveiðilögsögu Íslands. Hana á að endurskoða frá grunni eftir eitt ár þegar núverandi veiðum í vísindaskyni lýkur. Þar að auki er ljóst að Alþjóðahvalveiðiráðið mun endurskoða sína stefnu árið 1990 þegar bann þess við hvalveiðum í atvinnuskyni rennur út.

Í samræmi við stefnumótun Alþingis er framkvæmd vísindaveiða í höndum framkvæmdarvaldsins. Það er því hlutverk ríkisstjórnar að framfylgja veiðum með hliðsjón af þjóðarhag. Ekki verður séð að önnur skipan mála sé eða hafi verið skynsamlegri. Í framhaldi af framansögðu er ekki hægt að mæla með að Alþingi samþykki umrætt frv. til laga um hvalveiðibann.

Verslunarráð Íslands vill nota þetta tækifæri til að undirstrika þá skoðun að margs þarf að gæta þegar reynt er að framfylgja hvalveiðum og móta hvalveiðistefnu með hliðsjón af þjóðarhag. Teldi ráðið það vel til fundið ef ríkisstjórn eða sjútvrn. beitti sér fyrir úttekt og skoðanaskiptum á þjóðarhag í þessu sambandi í víðtækasta skilningi."

Þetta bréf frá Verslunarráði Íslands sýnir að Verslunarráðið er tvístígandi. Þeir eru þó einkennilega hallir undir ríkisstjórnina og mætti ætla að ef ríkisstjórn og Alþingi marki stefnu í einhverju máli muni þeir ekki vera á móti þeirri stefnu fyrr en sú stefna fellur úr gildi og á ég nú von á að þetta muni gerast í efnahagsmálum líka. Hins vegar er það að þeir ræða um þjóðarhag og þá koma þeir að því sem þeir raunverulega meina. Þeir eiga við að það séu svo miklir hagsmunir í húfi að það eigi að hætta hvalveiðum með núverandi hætti.

Samband ísl. samvinnufélaga, sjávarafurðadeild, sendir nefndinni einnig bréf og þar segir svo, með leyfi forseta:

„Við höfum fyrir nokkru síðan komið þeirri skoðun á framfæri við sjútvrh. að ljúka beri rannsóknaráætlun þeirri sem nú er unnið að án þess að veiddir verði fleiri hvalir. Gangi þetta eftir munu niður falla vísindaveiðar sumarið 1989. Mun þá gefast nokkurt hlé til úrvinnslu rannsóknarefnis og óhlutdrægrar skoðunar málsins."

Ég tel að þetta bréf sé mjög merkilegt. Þar kemur fram að Samband ísl. samvinnufélaga vill hætta vísindaveiðum og styður þá skoðun að við höfum aldrei átt að fara út í vísindaveiðarnar heldur halda okkur við hvalveiðar ef við hefðum ætlað að gera það.

Um þessi mál hafði verið fjallað vítt og breitt á þessum fundi. Ég hafði þegar haldið alllanga ræðu í Nd. um þetta og ætla ekki að endurtaka það sérstaklega hér, en það er alveg ljóst að við getum ekki lokað augunum fyrir þeim staðreyndum sem liggja fyrir og við getum ekki haldið áfram hvalveiðum í vísindaskyni með þeim hætti sem við gerum nú. Það er líka ljóst að það er ágreiningur um þessar vísindalegu niðurstöður, ef við viljum ræða það sérstaklega. Ég ætla ekki að gera þetta sérstaklega

að umræðuefni hér, en undirstrika að það virðist vera sitt hvað hvort menn vinna undir sjútvrn., í tengslum við það, eða á öðrum stöðum hvað þetta varðar.

Hæstv. forseti. Ég fer senn að ljúka máli mínu. Ég vil þó aðeins undirstrika að lokum að sá bæklingur sem sjútvrn. hefur notað til kynningar erlendis, er að vísu kominn með nýtt innlegg væntanlega, er mjög slæm kynning á okkar málum. Eins og ég hef sagt áður hefði verið betra að standa betur að þessum málum frá upphafi. Það er alveg ljóst að við verðum að huga að þessum málum með öðrum hætti en hingað til og sú stífni sem hefur ríkt í þessum málum gengur ekki lengur.

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Hv. 3. þm. Vesturl. minnti á áskorun 21 líffræðings frá því í júlí á síðasta ári, áskorun til ríkisstjórnar Íslands um að hætta hvalveiðum, en lét um leið þau orð falla að hann minntist þess ekki að frá þessum hópi hefði nokkurn tíma komið nokkuð jákvætt í garð Hafrannsóknastofnunar. Þetta er fullyrðing sem ég get ekki látið hjá líða að mótmæla. Vegna þessara orða hv. þm. vil ég vitna til örfárra orða, fyrst í áskoruninni sem birtist í júlí 1987 og hefst á þessum orðum, með leyfi hæstv. forseta:

„Við undirritaðir líffræðingar fögnum auknum rannsóknum á lifandi hvölum hér við land, en skorum jafnframt á ríkisstjórn Íslands að virða tímabundið veiðibann Alþjóðahvalveiðiráðsins, hætta hvalveiðum og kosta rannsóknir á hvalastofnum með öðrum hætti en með ágóða af hvalveiðum."

Nokkru síðar í sömu áskorun segir svo, með leyfi forseta: „Rannsóknir Hafrannsóknastofnunar á lifandi hvölum eru líklegar til að bæta verulega þekkingu á fjölda, útbreiðslu og atferli hvala og gera kleift að meta veiðiþol hvalastofna við landið."

Síðan birtist greinargerð í ágúst sama ár og í lokaorðum þeirrar greinargerðar segir, með leyfi forseta: „Því áliti okkar, sem fram kom í áskorun til ríkisstjórnarinnar, að rangt væri að kenna hvalveiðar Íslendinga við vísindi, var ekki beint til þeirra sem nýta sér dauða hvali til ýmiss konar líffræðilegra rannsókna. Við teljum þær rannsóknir í sjálfu sér hinar merkustu. Það er hins vegar mat okkar að öflun gagna með veiðum skili svo litlum viðbótarupplýsingum um stærð og veiðiþol stofnanna að rangt sé að tala um hvalveiðar í vísindaskyni og notfæra sér þannig undanþáguákvæði í alþjóðasáttmálanum um hvalveiðar."

Ég vildi aðeins, virðulegi forseti, láta þetta koma fram til leiðréttingar á þessari fullyrðingu.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Hæstv. forseti. Það hlýtur að vekja nokkra athygli hversu hatrömm barátta grænfriðunga er gegn vísindahvalveiðum Íslendinga og það kann að vera að íslenskir fréttamenn eigi verulegan hlut að máli þegar að því kemur. Það hlýtur að vekja athygli hversu hart grænfriðungar berjast gegn hvalveiðum þar sem um er að ræða veiði 70 dýra sem allir hljóta að vera sammála um að hefur engin meginárif á hvalastofna þegar tekið er tillit til þess að barátta grænfriðunga snýr sáralítið að Japönum, Norðmönnum, Færeyingum eða Sovétmönnum. Í hverju skyldi það leynast að barátta þeirra snýst svo hatrammt gegn Íslendingum? Það skyldi nú ekki liggja að hluta í því að íslenskir fjölmiðlar hafa fjallað um og auglýst starfsemi grænfriðunga meira en líklega nokkrir aðrir fjölmiðlar í heiminum. Á sama tíma og hlutverk grænfriðunga á þessari jörðu er sjálfsagt mjög mikilvægt og áríðandi, á þeim tíma þegar umhverfisvernd er í máli allra manna, á sama tíma og mengun eykst á jörðinni, á sama tíma og verkefni þessara samtaka eykst stöðugt dag frá degi ef þau eiga að sinna sínu hlutverki, þá verja þau meginhluta síns fjár, vinnu og tíma og skipulagi í að berjast gegn Íslendingum sem veiða 70 hvali á ári, verulegum fjármunum og verulegum tíma. Ég kemst ekki hjá því að draga þá ályktun að íslenskir fréttamenn eigi verulegan hlut að máli.

Ég er alveg sannfærður um að grænfriðungar hafa góðar fréttir af því sem skeður á Íslandi. Þeir fá fréttir frá sínum stuðningsmönnum hér um umræðuna, hvernig hún er. Og ég er alveg viss um að þeir telja af þeim fréttum sem hér eru stöðugt í sjónvarpi og útvarpi að hér séu þeir að ná verulegum árangri. Þess vegna eigi þeir að beita sér verulega hér. Þess vegna eigi þeir að einhenda sér í það að berjast gegn Íslendingum fram yfir aðrar þjóðir sem hvali veiða. Og ég verð að játa að ég held einmitt að þessi umræða hér á þinginu og tillöguflutningur efli þessa starfsemi þeirra fremur en hitt því að vafalaust fá þeir fréttir af því sem hér skeður.

Ég er þeirrar skoðunar og auðvitað vitum við öll að veiði á þessum 70 dýrum hefur enga úrslitaþýðingu á efnahag Íslendinga. En vafalaust eru þær upplýsingar sem með þessum rannsóknum fást mikils virði. Ég held að við hljótum hverju sinni að verða að meta hagsmuni okkar, hvaða hagsmunir eru sterkastir og ríkastir. Og það verðum við að gera sjálfsagt kalt og án mikilla tilfinninga. En ég kemst ekki fram hjá því að ég hygg að Íslendingar hafi sjálfir verið sínir mestu óvinir í þessu máli. Ég hygg að íslenskum fréttamönnum megi þakka eða hallmæla fyrir hvernig málin eru komin. Fréttamat þeirra og stöðugur fréttaflutningur af grænfriðungum og þeirra starfsemi hér á landi hefur vafalaust orðið til þess að efla grænfriðunga í þessari baráttu.

Flm. (Árni Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Það er einkum vegna orða hv. síðasta ræðumanns sem ég vil koma hér upp og segja nokkur orð. Hann ásakar íslenska fréttamenn hörðum orðum fyrir þeirra starf. Ég held að það sé algerlega rangt og úr lausu lofti gripið hjá honum að umræður í fjölmiðlum séu eitthvert vatn á myllu grænfriðunga. Grænfriðungar gera sínar áætlanir eitt ár fram í tímann þannig að umræður hér munu engu

breyta um hvort þeir fara í aðgerðir í Þýskalandi, Frakklandi, Belgíu, Hollandi, Bandaríkjunum og víðar eða ekki, breytir engu um það, ekki nokkrum sköpuðum hlut.

Hér var sagt: Þeir snúast gegn okkur Íslendingum. Þeir eru með geypilegar aðgerðir í Japan og gegn Japönum. Þeir komast ekki upp með það hins vegar að vera með aðgerðir í Sovétríkjunum af mjög skiljanlegum ástæðum þannig að þetta er hinn mesti misskilningur.

Að lokum þetta, virðulegi forseti: Mér finnst að í þessari umræðu, sem hefur verið bæði hógvær og skynsamleg að flestu leyti, hafi menn misst sjónar á meginþætti þessa máls, þættinum sem við ráðum ekki við sjálfir. Ég sagði í ræðu minni að þetta snerist ekki lengur um samninga á milli stjórnvalda, um samninga við fiskkaupendur. Nú erum við í stríði við almenning. Það stríð hygg ég að verði seint unnið.

Mig langar aðeins vegna þeirra ummæla sem hér hafa komið fram að benda á að umhverfisverndarsamtök sem við höfum verið að ræða um hér áttu mestan þátt í því að stöðva kjarnorkutilraunir Frakka í andrúmsloftinu, mestan þátt í því að stöðva losun á geislavirkum úrgangsefnum í írska hafið, að stöðva losun á kemískum efnum í Norðursjó. Þeir börðust hatrammlega gegn brennslu hættulegra efna á Norðursjó þar sem samtökin höfðu fullan sigur. Þeir börðust gegn breskum stjórnvöldum og stöðvuðu losun á geislavirkum úrgangi á mörgum stöðum í Bretlandi. Og þeir hafa barist fyrir veigamiklum þáttum í því að koma í veg fyrir mengun Norður-Atlantshafsins. Við erum ekki að fást við neina aukvisa og þó að við séum konungborin þjóð og að við séum voldugir að margra mati, sem hér hafa talað, munum við ekki vinna þennan sigur — og ég segi: því miður.

Albert Guðmundsson:

Virðulegur forseti. Ég hjó eftir því þegar 5. þm. Norðurl. v., hv. þm. Jón Sæmundur Sigurjónsson, talaði að hann gaf hluta af skýrslu sinni til Alþingis sem ferðamaður á vegum ríkisstjórnarinnar til Þýskalands. Ég kom inn í salinn um það leyti sem hann var að gera lítið úr því að 19 þúsund manns í Þýskalandi hefðu skrifað undir mótmæli gegn hvalveiðum okkar og talaði þannig, þann tíma sem ég hlustaði á, að 19 þúsund manns skiptu bara engu máli, þetta væri svo lítill hluti af öllum þeim milljónum sem búa í Þýskalandi. Það minnti mig á það að ég var einu sinni að ræða stjórnmál í Suður-Frakklandi við ágætan kunningja minn sem er mikill sósíalisti og Mitterand-maður. Hann taldi að það væri eitthvað um 10 þúsund manns sem ynnu fyrir Alþýðuflokkinn þar, Sósíalistaflokkinn, í þeim landshluta. En þegar kosninganiðurstöðurnar komu skiptu atkvæðin tugum milljóna. Ég held að það hafi verið hátt á annan tug milljóna atkvæða sem flokkurinn hafði fengið samtals í þessum landshlutum þar sem þessi 10 þúsund manns unnu. Við skulum ekkert gera lítið úr því að 19 þúsund manns hafi skrifað undir mótmælaskjöl. Þessi 19 þúsund manns fara heim til vina og ættingja og við skulum segja að það séu að meðaltali þrír til fjórir í hverri fjölskyldu og þar eru málin rædd og svo heldur þetta áfram eins og snjóbolti.

Við skulum átta okkur á því hvaða boðskap við færum hv. Alþingi þegar við komum til baka frá því að vera opinberir sendimenn. Því var flaggað í blöðum hér og fjölmiðlum öllum að fyrirtæki sem áður höfðu lýst því yfir að þau mundu hætta að selja íslenskar vörur hafi nú breytt um og ætluðu að halda áfram að kaupa íslenskar vörur. En þegar maður las fréttina var hún um það að þeir ætluðu að klára þann samning sem þeir höfðu þegar undirskrifað. Ekkert var sagt um að þeir ætluðu að halda áfram kaupum eftir að samningurinn rynni út, ekki nokkurn skapaðan hlut og það liggur ekkert fyrir um það.

Svona er hægt að fara illa með upplýsingar. Ég trúi því ekki að menn hafi verið sendir til útlanda til þess eins að koma til baka með ákveðnar fréttir sem voru kannski búnar til áður en þeir fóru. Svona fréttaflutningur gengur ekki. Við skulum bara átta okkur á því að málstaður okkar hefur ekkert breyst frá því að utanrmn. mælti með því að Alþingi mótmælti ekki hvalveiðibanni, það hefur ekkert breyst síðan. Alþingi stóð þá að því að mótmæla ekki hvalveiðibanni. Og við vorum þá með þau rök sem gilda enn þann dag í dag. Við vorum ekki að gefast upp, eins og hv. 3. þm. Vesturl. sagði hér áðan, við erum ekki að gefast upp fyrir einum eða neinum. Við erum bara að meta meiri hagsmuni fyrir minni og það þýðir ekkert að standa eins og álfur út úr hól og segja: Við skulum ekki brotna þó að við bognum. Við réttum okkur við aftur þó við þurfum að beygja okkur. Við erum heldur ekki af þeirri stærðargráðu í síminnkandi veröld að við getum gengið um eins og einhverjir yfirmenn, húsbændur í veröldinni. Við verðum að taka tillit til annarra og starfa með en ekki á móti.

Ég vil benda hv. 3. þm. Vesturl. á það að ég á fjölskyldu í Bandaríkjunum sem ég heimsótti í október í fyrra og ég varð alveg furðu lostinn hvað þrjú barnabörnin, öll undir 10 ára aldri, vissu mikið um hvalveiðar Íslendinga og hvalveiðimálið. Og þegar ég fór að leita mér upplýsinga um þetta kom það í ljós að hjón sem buðu mér heim, vinafólk dóttur minnar sem býr þarna og eru útlagar frá Íran og bæði verkfræðingar sem vinna við olíulindir í olíufyrirtæki í Oklahoma, vissu alveg ótrúlega mikið um þetta mál. Og af hverju? Vegna þess að sjónvarp um gervöll Bandaríkin hafði sýnt fræðslumyndir og samtalsþætti um málið og það var eins konar kennsluatriði í skólunum. Og að segja svo að Fíladelfía hafi verið skilin út undan skil ég ekki. En þetta var furðuleg niðurstaða í mínum huga, því mér fannst málið ekki vera það stórt fyrir veröldina í heild að það gæti fengið þetta mikla athygli í svo stóru ríki sem Bandaríkin eru. En þetta var nú samt tilfellið. Og að kenna svo íslenskum fjölmiðlum og

blaðamönnum um aukinn styrk grænfriðunga held ég að sé of billegt til þess að taka það alvarlega á hv. Alþingi, mér liggur við að segja hæstv. Alþingi því þetta er nú æðsta stofnun þjóðarinnar. Ég held að svona rök eigi ekki heima í umræðum um þetta mál.

Hv. flm. tillögunnar, 3. þm. Norðurl. e., sagði réttilega að áróður grænfriðunga væri að sjálfsögðu hlutfallslega miklu meiri í Japan en hann er hér. Og mér fannst hann gefa í skyn að sá áróður næði ekki til Sovétríkjanna. Hann horfði þannig á hv. þm. Guðmund G. Þórarinsson þegar hann sagði þetta að ég hélt að hann væri að meina að hann næði ekki til Sovétríkjanna vegna þess að Framsfl. væri svo sterkur í Sovétríkjunum. (**GHG:** Í samvinnuversluninni.) Í samvinnuversluninni, það er nú líka það sem ég á við. Þú skildir það rétt, kannski sá eini í salnum sem það gerði. Mér finnst það vera rétt hjá hv. þm. Guðmundi G. Þórarinssyni að það hafi komið mjög skýrt fram hjá hæstv. fjmrh. Íslands að samvinnuverslunin á eftir að lifa tíu mánuði, sé ekki vaxandi og aukist ekki styrkur frá degi til dags.

Ég tala um þessar 19 þúsund undirskriftir og ég segi frá mínum fjölskyldutengslum í Bandaríkjunum og samtölum við mína fjölskyldu þar um þessi hvalamál vegna þess að ég vonast til þess að það beri einhvern árangur, það beri þann árangur að við misreiknum ekki eða gefum rangar upplýsingar um áróður og áróðursgildi þeirrar vinnu sem grænfriðungar inna af hendi um víða veröld og kosta til auðæfum. Og það hefur komið fram hjá ráðamönnum okkar að við höfum ekki fjármagn til þess að vinna á sama hátt gegn þeim, við verðum að beita einhverjum öðrum ódýrari brögðum.

En ég er alveg sama sinnis og hv. 3. þm. Vesturl. Mér er bölvanlega við að taka við fyrirskipunum annars staðar frá, frá útlendingum sem ætla að sveigja okkar vilja inn á einhverjar brautir sem þeim hentar. En ég er líka sammála flm. þessarar tillögu um að við getum ekki leyft okkur að fórna stærstu hagsmunum þjóðarinnar fyrir minni hagsmuni og það skiptir engu máli hver minn persónulegur vilji er í þessu máli. Við komum ekki alltaf því fram sem við viljum. Það er stundum betra að taka sönsum áður en það er of seint.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég veit mætavel að í augum hv. 5. þm. Reykv. erum við, sá sem þetta mælir og sjálfsagt flestir hér, eins og hverjir aðrir álfar út úr hól, eins og hann kallaði okkur hér áðan, og auðvitað unum við því og viðurkennum að við komumst ekki með tærnar þar sem þessi heiðursmaður hefur hælana, bæði að því er snertir andlegt atgervi og yfirleitt alla skapaða hluti. (Gripið fram í.) Og við erum hér eins og hverjir aðrir álfar út úr hól, eins og hv. þm. sagði.

Hann kom hér og sagði fjölskyldusögur frá Bandaríkjunum og það eru ósköp einfaldar skýringar á þessu, hv. þm., sem jafnvel álfar út úr hól kunna nokkur skil á. Þær skýringar eru m.a. þær að þessi samtök í Bandaríkjunum hafa yfir að ráða milljónum og aftur milljónum dollara. Og hvernig nota þau það fjármagn? Til þess að komast í samband við alla kennara í landinu sem kenna litlum börnum í grunnskólum. Og hvað gera þessi samtök síðan? Þau senda þessum kennurum margs konar efni og kennararnir segja við þessi litlu börn: Nú skuluð þið skrifa bréf til hinna vondu ráðherra á Íslandi og biðja þá um að hætta að drepa í stórum stíl hina gáfuðu og elskulegu hvali. Þetta gera þessi blessuð börn. Þau hlýða sínum kennurum. Sum þeirra eru varla skrifandi og varla læs. Mörg þeirra hafa aldrei séð hval og aldrei séð sjó. Íslenskir ráðherrar eiga þessi bréf í tuga kílóa tali í sekkjum í Stjórnarráðinu. Það er svona, hv. þm., sem þessi samtök starfa. Þau nota saklaus börn til að koma þessum sjónarmiðum á framfæri, börn sem hafa ekki neina aðstöðu til að mynda sér skoðun á þessu. Þetta er staðreynd.

Ég get líka sagt hv. þm. afar stutta sögu um hugsunarhátt sumra hverra þeirra manna sem að þessu standa. Fyrir fáeinum árum var ungur íslenskur námsmaður í skóla í Bandaríkjunum og hann átti að taka svokallað stöðupróf í enskri tungu. Kennarinn, ungur maður sem var með tvær doktorsgráður, sagði: Það er alveg sama um hvað þið skrifið. Ég ætla bara að sjá hvað þið eruð góð í ensku. Þessi ungi Íslendingur kunni ensku ágætlega og hann skrifaði stutta ritgerð um hvalveiðar og fáránlega baráttu Greenpeace, sem hann nefndi svo, gegn hvalveiðum Íslendinga. Hann fékk ritgerðina til baka og það var ekki mikið strikað í hana og ekki margar villur í henni. En fyrir neðan ritgerðina stóð: „D mínus, ég er félagi í Greenpeace.“ Og prófessorinn skrifaði síðan nafn sitt undir. Það er m.a. svona fólk sem við erum að berjast við og það er illt að eiga svona andstæðinga.

Þessi samtök nota hvalveiðarnar í fjáröflunarskyni. Þessar litlu hvalveiðar okkar gefa þessum samtökum í aðra hönd tekjur sem eru áreiðanlega þúsundfaldar á við þær tekjur sem við höfum af hvalveiðum. Og ég ætla aðeins að segja það hér að lokum: Það er mikill misskilningur að við eigum í einhverju stríði við almenning í þessum löndum, það er mikill misskilningur. Við eigum í stríði við þá sem ráða ferðinni hjá þessum samtökum og hafa kosið að beina öllum spjótum sínum að okkur af því að við erum smáþjóð en ekki stærri þjóðum eins og Sovétmönnum, Japönum og öðrum sem stunda víðtækar hvalveiðar sem við gerum ekki. Það er þetta fólk sem við eigum í stríði við. Við erum ekki í stríði við almenning í þessum löndum, það er grundvallarmisskilningur.

Jón Sæmundur Sigurjónsson:

Virðulegi forseti. Undarlegt þótti mér að heyra af munni hv. 5. þm. Reykv. Alberts Guðmundssonar að nú skyldum við beygja okkur. Hvað svo sem um þennan hv. þm. má segja þá stendur það þó upp úr í stjórnmálasögu Íslendinga hin síðustu missiri að

einmitt þessi stjórnmálamaður hefur getið sér orð fyrir það að láta ekki beygja sig þótt á móti blási. Þess vegna þótti mér verulega undarlegt að þetta skuli einmitt koma úr þessari átt. Það átti ég síst von á undanslætti.

Mér þykir miður að hv. þm. hafði ekki tækifæri til að hlusta á alla mína ræðu og kom einmitt inn þegar ég var að tala um 19 þúsund undirskriftir sem komu á blað hjá grænfriðungum sl. laugardag í átaki þeirra sem fram fór í 59 borgurum, þar á meðal milljónaborgum. Við vitum að grænfriðungar njóta verulegra vinsælda í Þýskalandi. Í skoðanakönnunum hafa þeir m.a. annaðhvort lent í þriðja sæti eða jafnvel í efsta sæti meðal þeirra stofnana sem njóta hvað mestrar samúðar hjá Þjóðverjum. Ég segi því að hjá þessari milljónaþjóð, sem telur yfir 60 milljónir manna, hafi átakið ekki skilað árangri þegar ekki koma fleiri en 19 þúsund undirskriftir á lista hjá grænfriðungum. Það er sagt að í þessum 59 borgum hafi 3000 manns starfað að þessu átaki. Þeir hafa væntanlega allir skrifað undir líka sem þýðir að í hverri borg eru minna en 300 undirskriftir sem safnast hafa.

Hvað svo sem varðar skipulag franskra kosninga fullyrði ég að í Þýskalandi er þetta lítið. Þetta hefur líka fengið litla fjölmiðlaathygli. Daginn áður en þetta átak átti sér stað settu grænfriðungar upp varðmenn með kyndla og dreifibréf fyrir utan skrifstofu ræðismanns okkar í Hamborg. Einhvers staðar hafði þetta vakið athygli. Það kom reyndar eitt lið sjónvarpsmanna á staðinn til þess að taka mynd af þessum atburði og það voru sjónvarpsmenn sem voru leigðir af íslenska sjónvarpinu. Það hafði ekki nokkur annar áhuga á þessum atburði. Eftir átakið stóra á laugardaginn kom ekki ein einasta frétt um það í stóru þýsku sjónvarpsstöðvunum að kvöldi þess dags. Og vinir mínir í Þýskalandi sem ég hef hringt í í þessari viku, og ég á fjölmarga vini þar, segja að þeir hafa ekki orðið varir við að þetta hafi borið neinn árangur. Ég fullyrti í ræðu minni hér áðan að einmitt það að grænfriðungar skuli hafa stillt sér upp fyrir framan verslanir og meinað fólki inngöngu sýni að þeir hafi sjálfir megnustu vantrú á því að þessar aðgerðir þeirra á laugardaginn hafi borið nokkurn árangur. Það sýnir að þýskir neytendur fá ekki að velja sjálfir, þeir treysti ekki þýskum neytendum til þess, þeir vilji beita valdi.

Hv. 3. þm. Vesturl. Eiður Guðnason sagði hér áðan réttilega að við ættum ekki í stríði við almenning. Það er alveg hárrétt, enda segja fisksölumenn okkar í Þýskalandi að salan á fiskafurðum okkar hafi aldrei verið meiri en einmitt þetta ár. Það sýnir afstöðu þýskra neytenda. Afstaða þýskra grænfriðunga sýnir hins vegar að þeir treysta ekki þýskum neytendum til að fara út í sjálfstætt val.

Hv. 10. þm. Reykn. Kristín Halldórsdóttir kom inn á það hér áðan að auðvitað stefndu okkar vísindaveiðar að því að komast að ástandi hvalastofnanna með það í huga að við tækjum upp veiðar í atvinnuskyni seinna meir, og auðvitað má það til sanns vegar færa. Ef hvalastofnarnir verða nýtanlegir höfum við það einmitt í hyggju. Talningar á hvalastofnunum sem áttu sér stað sl. sumar benda til að fleiri þúsund dýr, tugþúsundir dýra séu syndandi umhverfis Ísland. Sjómenn segja okkur að Faxaflói sé fullur af hrefnu. Rækjusjómenn fyrir Norðurlandi segja okkur að þeir séu sífellt að rekast á hrefnu. Loðnusjómenn fyrir Norðurlandi segja okkur að þeir geti varlað kastað svo á loðnu að ekki séu þar hnúfubakar, sem eru þó í fullri vernd og við hugsum okkur alls ekki að veiða jafnvel þótt af talningunni í fyrra hafi mátt ráða að þeir séu á milli 2 og 5 þúsundir, sem séu stöðugt að trufla þeirra veiðar. Við getum þannig gengið út frá því að hvalastofnarnir séu ekki í hættu.

Þingmaðurinn sagði einnig: „Allur þessi áróður hefur borið með sér að okkur sé ekki treyst.“ Þessu halda grænfriðungar á lofti, að okkur sé ekki treyst. Þeir segja hins vegar um leið að þeir hæli okkur — og það kom fram í viðræðum mínum við talsmann grænfriðunga í Þýskalandi nú á dögunum — fyrir fiskveiðistefnu okkar. Þeir segja: Þið Íslendingar vitið hvernig á að umgangast fiskstofnana. Þið eruð til fyrirmyndar í því hvernig á að koma fram. Þið takmarkið ykkar veiðar. Þið gangið ekki það nálægt stofnunum að þeir séu í hættu. Ákvarðanir okkar varðandi umgengni við fiskstofnana byggjast einmitt á rannsóknum líffræðinga, fiskifræðinga sem segja okkur hversu mikið við skulum veiða í hvert skipti og við förum um það bil eftir þeirra ráðum. Nákvæmlega það sama á sér stað varðandi hvalveiðirannsóknirnar. Það eru líffræðingar sem stjórna rannsóknunum. Það verða líffræðingar sem segja til um það hvers megnugir stofnarnir verða, hversu nýtanlegir þeir verða. Þess vegna er það undarlegt þegar grænfriðungar hæla okkur fyrir fiskveiðistefnu okkar að þeir skuli ekki treysta okkur þegar nákvæmlega sömu vísindamennirnir gefa ráð í því skyni.

Virðulegi forseti. Ég hefði viljað koma miklu meira til skila í ræðu minni, en ég get látið þessum orðum lokið.

Albert Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Hv. síðasti ræðumaður, 5. þm. Norðurl. v., gerði þetta að persónulegri umræðu um mig sem stjórnmálamann sem ekki léti beygja sig. Þetta er alrangt. Ég hef oft verið beygður og það hefur stundum verið talað um að ég hefði níu líf því ég kæmi alltaf niður á fæturna. (Gripið fram í.) Það er bara vegna þess að maður keyrir ekki bíl á miðri götu ef annar kemur beint á móti manni, maður víkur og fer eftir umferðarreglum og heimurinn er að verða minni og minni og menn verða bara að kunna að umgangast hver annan. Það þýðir ekkert að segja: Ég er sterkur, ég er svo sterkur að það ræður enginn við mig. Það skal enginn beygja mig. Ég skal brjóta niður allt og alla sem koma nálægt mér. Það getur vel verið að það sé hægt. (Gripið fram í.) Það er akkúrat það sem felst í þessum

orðum, að láta ekki beygja sig undir neinum kringumstæðum, vera ekkert að hugsa um það hvort við erum að fórna meiri hagsmunum fyrir minni. Látum þjóðina bara líða frekar en að beygja okkur.

Ég vil segja það að með þeim málflutningi sem hv. þm. hefur haft hér, er hann ekki góður talsmaður af því að hann er ekki hlutlaus til að meta stöðuna eins og hún er í Þýskalandi eða annars staðar en koma svo heim og tala eins og hann talar. Það er ekki verið að gefa hlutlaust mat. Það er verið að tala fyrir málinu og ég er engu nær um það hvernig ástandið er í Þýskalandi eftir að hv. þm. hefur farið á kostnað ríkisins þangað til að segja mér sem þm. hvernig ástandið er þar, hlutlaust. Og ég tel, og ég á erfitt með að skilja að aðrir skuli ekki hugsa það sama, að það sé hættulegt að telja fólki trú um máttleysi grænfriðunga. Við getum verið með þeim eða við getum verið á móti þeim, við þurfum ekki að vera sammála þeim. En að vanmeta þá, að vanmeta andstæðing er það versta sem maður gerir.

„Álfur út úr hól" kom hér upp samkvæmt hans eigin skýringu. Ég vissi ekki að hann teldi sig vera „álf út úr hól", ég hef alltaf haldið að hann væri 3. þm. Vesturl. en hann um það. Ég kallaði engan álf út úr neinum hól, það voru ekki mín orð, og tilefni þess að ég kom hér upp nú er að leiðrétta. Ég kæri mig ekkert um að vera misskilinn. Það er rétt sem hv. þm. sagði. Samtökin, og á hann þá við Greenpeace, hafa milljónir dollara úr að spila og hann segir, gefur mér upplýsingar, að þær milljónir séu notaðar til að hafa áhrif á kennara og að kennararnir láti jafnvel ungabörn sem eru jafnvel ekki skrifandi gera stíla og ritgerðir um hvalamálið að þeirra geðþótta. Þetta vissi ég ekki.

En vegna þess að hv. 3. þm. Vesturl. sagði sögu — hann sagði sögu af kaupendum okkar afurða sem komu hingað til þess að kynna sér okkar útflutningsafurðir. Þegar þeir keyrðu Skúlagötuna sá bílstjórinn hvalveiðiskip sigla út úr höfninni. Hann benti þessum mönnum á hvalveiðiskipið og þá kom í ljós að þeir höfðu ekki hugmynd um hvalveiðimálið. Og þetta átti að gefa til kynna hvað Greenpeace væri máttlaust í Bandaríkjunum, að fullorðið fólk sem er í fiskbisniss, sem kaupir okkar afurðir, hafði ekki heyrt um þetta hvalveiðimál. Þess vegna sagði ég þá einu sögu sem ég kann af hvalveiðimálum frá sama landi, frá Bandaríkjunum. Ég vona að hann taki það ekki illa upp, en um eitt getum við verið sammála hvort sem amerískir fiskkaupendur ferðast í rútubíl á Skúlagötunni eða barnabörn mín eru í skóla og læra um hvalveiðimálið í Oklahoma, þá tek ég undir með hv. 3. þm. Vesturl. að það er áreiðanlega illt að eiga Greenpeace-menn að andstæðingum. Það erum við að upplifa og ég sé enga ástæðu til þess að egna þá umfram það sem nauðsynlegt er. Ég sé enga ástæðu til þess. Og ég vil segja það eitt að bæði frv. sem var lagt fram af borgaraflokksmönnum og eins þessi þáltill. frá hv. 3. þm. Norðurl. e. eiga fullan rétt á sér þegar við metum blákalt hagsmuni þjóðarinnar þar sem við erum að gæta meiri hagsmuna gegn minni hagsmunum, hvort sem við sem einstaklingar erum sammála eða ekki sammála. Það er þjóðarhagur að við getum selt afurðir okkar, okkar hefðbundnu afurðir sem gefa okkur mörgum, mörgum sinnum meira og betra lifibrauð en hvalveiðin getur nokkru sinni gert.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi ræðu minnar leiðrétta þann misskilning sem kom fram hjá hv. þm. Jóni Sæmundi Sigurjónssyni, að mínu mati, varðandi hv. þm. Albert Guðmundsson þegar hann hélt því fram að Albert Guðmundsson hefði flutt sitt mál með þeim hætti að það mætti túlka þannig að hann hefði látið beygja sig. Þetta var alrangt en þannig túlkaði hv. þm. Jón Sæmundur Sigurjónsson ræðu hv. þm. Alberts Guðmundssonar. Ég vil mótmæla því. Það sem hv. þm. Albert Guðmundsson gerði var einfaldlega það að hann sagði sannleikann eins og hann birtist honum. Hann gerði meira og var maður að meiri. Hann viðurkenndi stöðu Íslendinga í þessu erfiða máli.

Ég er þeirrar skoðunar að hér sé ekki um mál að ræða sem hægt sé að ræða við útlendinga um með rökum. Flestir þeir útlendingar sem ég hef lent í og eru þeir miklu, miklu, miklu fleiri en hv. þm. Jón Sæmundur Sigurjónsson hafði tækifæri til að ræða við á þremur til fjórum dögum í Þýskalandi, þeir ræða þetta út frá sjónarmiði tilfinninga en ekki hagsmuna og því skulum við gera okkur grein fyrir.

Hv. þm. Albert Guðmundsson vitnaði í þá reynslu sem hann varð fyrir í Bandaríkjunum varðandi þetta mál, en ég get sagt það fyrir mitt leyti að ég hef ferðast til Bandaríkjanna sem sérstakur upplýsingafulltrúi stórs útflutningsaðila á hverju einasta ári frá 1961 til 1988 og geri enn og oft á ári og því miður verð ég að segja að það sem hv. þm. Albert Guðmundsson sagði og ég mun fara hér nánar inn á á eftir eru orð að sönnu. Þetta mál er okkur í óhag miklu, miklu víðar í Bandaríkjunum en við höfum viljað viðurkenna. Ég tek það hins vegar skýrt fram áður en ég held lengra áfram í mínu máli að það er stefna Sjálfstfl. í þessu að við reynum að sameina þjóðina, að við reynum að sameina þingheim um að komast að samkomulagi sem leiðir til jákvæðrar niðurstöðu fyrir þjóðina í heild og einnig við lausn þessa máls. En því miður finnst mér að stjórnarþingmenn hafi talað þannig, þó ekki allir en allt of margir, að greinilega er ekki að vænta neinnar samstöðu úr þeim herbúðum því að hér standa þeir hver um annan þveran og rífast í þessu alvarlega máli. Og það sem verra er og það finnst mér forkastanlegt, þeir reyna að gera lítið úr þeim sem koma hingað upp og hafa aðra skoðun eða túlka þetta með öðrum hætti en þeim hentar nú í þessari stöðu vegna stjórnarsamstarfsins. Þess vegna segi ég það að það er nauðsynlegt fyrir hv. þm. að gæta þess að þetta mál er miklu stærra en einhver rifrildisfundur á hv. Alþingi. Þetta mál er þess eðlis, og sjálfstæðismenn hafa lagt áherslu á það, að það

verður að leysast með samstöðu okkar allra, hv. þm. Þess vegna var það sem við lögðum áherslu á það að við lögðum til að hv. utanrmn. reyndi að komast að sameiginlegri niðurstöðu sem tryggði hagsmuni íslensku þjóðarinnar og álit. Því miður eru það hins vegar stjórnarþingmenn sem greinilega munu koma í veg fyrir það með sínum þvergirðingshætti og ég vil segja að mörgu leyti ósæmilegri framkomu gagnvart okkur hinum sem höfum okkar skoðanir á þessu eins og þeir en viljum fá sátt, viljum fá niðurstöðu sem sameinar þjóðina en sundrar henni ekki.

Auðvitað er þetta mál hluti af okkar þjóðarstolti. Það er spursmál um þjóðarstolt að láta ekki erlenda aðila hafa þau áhrif á gang mála hérlendis að við getum ekki hagað okkar málum eins og okkur hentar best á hverjum tíma. En það er líka rétt sem hv. þm. Albert Guðmundsson sagði: Við skulum gera okkur grein fyrir að við erum ekki einir í heiminum. Við verðum að leita sátta eins og aðrar þjóðir um lausn erfiðra og viðkvæmra mála og við erum að tala um viðkvæmt mál.

Þá kemur það atriði að vega og meta meiri hagsmuni og minni hagsmuni. Það sem ég hef tekið sérstaklega eftir í umræðum á Alþingi, bæði nú og fyrr, þegar þessi mál hafa komið á dagskrá er hvað framganga þeirra manna er harkaleg sem ég tel að túlki sjónarmið minni hagsmuna, þ.e. þeirra sem alfarið halda til streitu að okkur beri að stunda hvalveiðar, ekki bara vísindalegar hvalveiðar heldur hvalveiðar almennt. Ég get út af fyrir sig fallist á það sem Íslendingur að það sé ekkert athugavert við það að stunda hvalveiðar, fjarri því. En ég segi líka sem Íslendingur: Ég verð vegna annarra og sjálfs mín að vega og meta meiri hagsmuni. Það getur vel verið að pólitískum loddurum henti það hér í þessari stöðu, til þess að fá stig í vinsældum, að halda því fram sem höfðar meira til þjóðarstoltsins, en það mun ekki skila þeim árangri þegar til lengdar lætur.

Við skulum gera okkur grein fyrir því að öll sú neikvæða umræða sem hefur orðið um hvalveiðarnar úti í hinum stóra heimi hefur þegar haft mjög afdrifarík og vond áhrif á afkomu þjóðarinnar, bæði beint og óbeint. Það er hægt að taka dæmin frá vestri og til austurs í þeim efnum, en dæmin eru bara ekki alveg eins, niðurstaða þeirra er ekki alveg sú sama hvað afkomuna snertir þótt hið sama snúi að okkur hvað þjóðarstolt áhrærir. Ég mundi t.d. aldrei taka Vestur-Þýskaland sem sérstakt viðmiðunarland þegar ég ætti að vega það og meta hvernig Íslendingar eiga að haga sínum málum og afstöðu í sambandi við hvalveiðar. Þýskaland hefur ekki verið það land í markaðs- og sölumálum Íslendinga að það hefði afgerandi áhrif eða úrslitaáhrif. Þjóðverjar eru mjög harðdrægir viðskiptamenn. Þeir eru mjög harðdrægir kaupendur og þeir eru fljótir að tryggja sína eigin hagsmuni ef þeir sjá leiðir í þeim efnum. Þýskaland er þannig markaður að það hentar Þjóðverjum sjálfum betur að fá óunninn eða ferskan fisk, ferskar vörur frá Íslandi en ekki frystar eða niðurlagðar. Frystur fiskur á Íslandi keppir við hagsmuni mjög sterkra innflytjenda, mjög sterkra kaupenda á ferskum fiski, sérstaklega í Bremerhaven, Cuxhaven og Hamborg, alveg sérstaklega Bremerhaven.

Því miður er hæstv. forseti að slá á klukkuna þannig að ég hef ekki svigrúm til að skýra nánar markaðshlið þessara mála. Ég vil hins vegar aðeins fá að segja í stuttu máli að Bandaríkin eru það land sem hefur verið okkur erfiðast. Það er m.a. vegna þess að þessir friðunarsinnar í Bandaríkjunum hafa komist mjög sterkt inn í skólana, komist mjög sterkt inn á kennarastéttina og þar af leiðandi komist að börnunum og unglingunum og í gegnum það hafa þeir komist inn í fjölmiðla. Þar er því við ramman reip að draga.

En hvað sem því líður þýðir ekki að gefast upp. Við verðum að vinna þannig að við eigum að standa sameinaðir um þetta. Við eigum að vinna þannig að Íslendingar séu ekki að rífast um aukaatriði á hv. Alþingi heldur aðalatriði. En því miður haga stjórnarsinnar málflutningi sínum þannig hér á hv. Alþingi að ég sé enga von í því að stefna okkar sjálfstæðismanna verði framkvæmd, að menn geti sameinast um þetta mál og og þar með væntanlega að baki hæstv. sjútvrh. þannig að hann geti skilað því í sæmilega höfn, vegna óeiningar meðal stjórnarliða.

Ég legg sem sagt áherslu á það, og það er stefna okkar sjálfstæðismanna, að utanrmn. skili sínum tillögum og hugmyndum hið fyrsta.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég tek undir þau orð hv. síðasta ræðumanns að það fer best á því í þessu máli að við tölum með gát. Ég harma þau upphlaup sem orðið hafa af þessu tilefni hér á Alþingi og mörg óvarkár ummæli sem hér hafa fallið eins og t.d. í þá veru að nýting okkar á hvalastofnum hafi stofnað þeim í hættu sem er auðvitað algjörlega rangt. Við höfum stundað hér hvalveiðar síðan 1949 og það sýndi sig, jafnvel meðan hvalbátarnir voru fjórir, að stofnarnir stóðu vel undir veiðinni þá og þeir vísindamenn sem á þeim tíma fylgdust með hvalveiðum okkar Íslendinga töldu að þær hefðu verið til mikillar fyrirmyndar, enda var innra eftirlit mikið með þeim veiðum og þess vandlega gætt að hvalir yrðu ekki of gamlir, heldur væri hægt að nýta þessar afurðir eins vel og nokkur kostur var þannig að þær yrðu sem verðmætastar í útflutningi og reynt að gæta þess að ekki bærist of mikið að í senn þannig að hráefnið skemmdist.

Ég tek mjög undir þau sjónarmið sem hæstv. sjútvrh. hefur lýst hér úr þessum stóli og vil vænta þess að við berum gæfu til þess að leysa þetta mál þannig að það verði okkur til sóma og legg áherslu á það að utanrmn. vinni sín verk vel og að við alþm. reynum að ganga fram fyrir skjöldu á þann veg að við högum orðum okkar á engan veg með þeim hætti að skaði okkur í bráð né lengd og vara mjög við því að menn séu of fljótir að draga ályktanir eða séu með svartari liti en ástæða er til. Ég hef áður sagt að ég er þeirrar skoðunar að við eigum að halda áfram

okkar vísindahvalveiðum á næsta ári og síðan verðum við að ákveða framhaldið á grundvelli þess. Ég vil einnig segja að auðvitað er nauðsynlegt, þegar um er að ræða átök eins og nú er erlend stórfyrirtæki bindast samtökum um að reyna að knýja okkur til þess að haga okkur öðruvísi en við viljum og höfum rétt til, að slíkur herkostnaður lendi ekki á þeim einstöku fyrirtækjum, heldur verði reynt að afla markaða erlendis og sjá um að það fólk sem við þau fyrirtæki vinnur verði ekki fyrir áföllum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rekstrarskilyrði garðyrkju og ylræktar, fyrri umr.

Þáltill. USt o.fl., 114. mál. — Þskj. 117.

Flm. (Unnur Stefánsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um könnun á rekstrarskilyrðum garðyrkju og ylræktar á þskj. 117. Meðflm. mínir eru hv. þm. Guðni Ágústsson, Margrét Frímannsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir, Friðrik Sophusson og Ingi Björn Albertsson. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera úttekt á rekstrarskilyrðum garðyrkju og ylræktar í landinu. Sérstaklega skulu könnuð áhrif skattabreytinga sem urðu í ársbyrjun 1988."

Á undanförnum árum hefur orðið mikil aukning á framleiðslu grænmetis og gróðurhúsaafurða hér á landi. Samtals mun útiræktun vera í um 30 ha lands (kartöflu- og rófuakrar ekki með taldir). Um 170.000 m^2 eru undir gleri. Samtals munu um 500 ársverk, ég endurtek, 500 ársverk vera í þessari búgrein. Samhliða aukinni framleiðslu hefur fjölbreytni aukist. Neysla grænmetis mun nú vera um 28 kg á íbúa á ári og er áætlað að innlend framleiðsla fullnægi um 40% neyslu. Veruleg framþróun hefur því orðið á sviði garðyrkju og ylræktar á undanförnum árum sem m.a. er árangur af umfangsmiklu rannsókna- og tilraunastarfi við Garðyrkjuskóla ríkisins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Bændaskólann á Hvanneyri.

Þrátt fyrir þessa jákvæðu þróun stendur þessi búgrein frammi fyrir miklum vanda vegna mjög aukinnar samkeppni frá innfluttri vöru.

Á undanförnum árum hafa tollar á innfluttu grænmeti verið lækkaðir úr 70% í 30%. Í gildandi tollalögum eru ákvæði um að 1. janúar 1989 lækki tollar í 20%, fari í 10% í janúar 1990 og falli alveg niður 1. janúar 1991. Hér er m.a. um að ræða tolla af afskornum blómum, kartöflum, tómötum, káli og gulrótum. Þessari breytingu, ef til framkvæmda kemur, mun fylgja stóraukinn þrýstingur á innflutning garðyrkjuafurða og er vonlítið að íslensk framleiðsla, eins og nú er að henni búið, geti staðist þá samkeppni.

Þess er einnig að geta að um síðustu áramót var lagður 25% söluskattur á allt grænmeti og hefur hann ekki fengist endurgreiddur líkt og gert er með kjöt, fisk, mjólk og fleiri matvörur.

Svipuðu máli gegnir um innfluttar pottaplöntur og afskorin blóm. Þar er tollur nú 30%, en var til skamms tíma 80%. Þá er og þess að geta að oft er hægt að fá afganga á mörkuðum erlendis fyrir brot af gangverði og við slíkt er auðvitað ekki hægt að keppa.

Fjármagnskostnaður flestra þeirra landa, sem við okkur keppa, er ekki nema hluti af því sem hér er. Má t.d. geta þess að útlánsvextir í Hollandi eru um 6,5% og verðbólga nánast engin. Bankaþjónusta fyrir garðyrkjubændur er mjög góð sökum þess hve þessi atvinnugrein er þýðingarmikil fyrir þjóðarbúið. Gasverð er greitt verulega niður til gróðrarstöðva eða um 20%. Ráðunauta- og tilraunastarfsemi er afar öflug. Einnig er rétt að geta þess að víðast eru þessar greinar ríkisstyrktar á einn eða annan hátt.

Norðmenn styrkja garðyrkju á margvíslegan hátt. Enn fremur stýra Norðmenn markaði mjög markvisst eftir innlendu framboði þannig að innflutningur markast af ástandi á markaði hverju sinni. Sömu viðhorf eru í Finnlandi.

Víðast í grannlöndum okkar geta garðyrkjubændur fengið hagstæð lán til lengri tíma á viðráðanlegum vöxtum fyrir allt að 80% af byggingarkostnaði. Ef byggingarkostnaður hér á landi er borinn saman við byggingarkostnað í grannlöndum okkar sést að hann er okkur mjög óhagstæður. Samkvæmt mati Stofnlánadeildar landbúnaðarins er byggingarkostnaður á m^2 í gróðurhúsi nú í kringum 8000 kr. Til samanburðar má geta þess að byggingarkostnaður í Hollandi og Bretlandi er talinn vera u.þ.b. 2000–2500 kr. á m^2. Í Danmörku er kostnaður talinn um 3000–4000 kr. á m^2 eftir byggingum.

Ef leitað er skýringa er m.a. þess að geta að hér á landi eru gerðar miklu meiri kröfur varðandi vindálag en víðast annars staðar sem þýðir mun meiri notkun á stáli í burðargrindur og þéttara á milli glerpósta. Þá er og 25% söluskattur á stáli til gróðurhúsabygginga, en slíku er ekki til að dreifa í grannlöndum okkar. Þegar við bætist svo miklu meiri fjármagns- og flutningskostnaður er ekki furða þótt þess sjái stað einhvers staðar. Þá eru allar rekstrarvörur miklu dýrari hér en í löndunum í kringum okkur og er ekki óalgengt að þar muni 50–100%.

Um blómaframleiðslu erlendis er það að segja að hún hefur í verulegum mæli flust til landa þar sem hitastig er þannig að upphitunarkostnaður er lítill sem enginn. Af slíkum löndum má t.d. nefna Ísrael, Kenía, Suður-Afríku, Kólumbíu, Ekvador o.fl. Í þessum löndum þarf aðeins lítilfjörleg skýli fyrir gróður og vinnulaun eru yfirleitt mjög lág. Nokkuð hefur orðið vart við að evrópsk stórfyrirtæki hafi sett upp útibú í þessum löndum og annars staðar til að

styrkja stöðu sína.

Varðandi innflutning hér á landi er rétt að geta þess að aðstaða til skoðunar á heilbrigði plantna er nánast engin og þess eru dæmi að einstakir ræktendur hafa beðið tjón sem nemur hundruðum þúsunda króna því að heilbrigðisvottorð frá ýmsum löndum eru oft næsta lítils virði. Sama gildir einnig varðandi efnainnihald í innfluttu grænmeti; þar má heita að ekkert eftirlit sé með magni varnarefna. Sjálfsagt er að sett sé upp aðstaða til að kanna þessa hluti og eðlilegt að innflytjendur greiði kostnað sem því fylgir.

Í gærkvöldi birtist í Ríkisútvarpinu frétt um að stöðvuð hefði verið sala á gráfíkjum frá Tyrklandi vegna gruns um að þær innihéldu krabbameinsvaldandi efni. Enn fremur kom fram að ekki er aðstaða til að ljúka rannsókn málsins hér á landi vegna þess að tækjabúnaður er ekki fyrir hendi og verður að senda sýni til útlanda. Þessi frétt er talandi dæmi um hve illa við stöndum að þessum málum.

Þess má geta í sambandi við innflutning í Svíþjóð, Noregi og Finnlandi að standist plöntur eða grænmeti ekki skoðun varðandi heilbrigði eða efnainnihald er varan annaðhvort endursend umsvifalaust eða henni eytt á staðnum. Sömu viðhorf eru t.d. í Bandaríkjunum og Japan.

Virðulegi forseti. Af fyrrgreindum orsökum er íslensk garðyrkja nú í varnarstöðu. Því er með þingsályktunartillögu þessari lagt til að rekstrarstaða og þróunarmöguleikar búgreinarinnar verði kannaðir, m.a. verði rekstrarskilyrði garðyrkju og ylræktar borin saman við þá aðstöðu sem hliðstæðri framleiðslu er búin í nálægum löndum. Í framhaldi af því verði kannað á hvern hátt megi styrkja stöðu búgreinarinnar, svo sem með lækkun gjalda af aðföngum og fjárfestingarvörum, lækkun orkuverðs, hóflegum fjármagnskostnaði og fleiri slíkum aðgerðum.

Virðulegi forseti. Að lokinni umræðunni geri ég það að tillögu minni að þáltill. verði vísað til síðari umr. og félmn.

Umræðu frestað.

Leiðréttingar:

Í 2. hefti, 277. dálki, í ræðu Hjörleifs Guttormssonar, við 17. línu að neðan bætist: ekki dönsk stjórnvöld.

Í 4. hefti, 612. dálki, í ræðu Hjörleifs Guttormssonar, í stað 13.–20. línu að ofan standi:

Þetta segir orðrétt í orðsendingunni frá forsetum Alþingis og síðan er vísað til umsagnar. Og hverjir fengu málið til umsagnar? Það var húsameistari ríkisins og sá arkitekt sem hafði unnið 1. verðlaun í samkeppni um húsið. Í umsögn húsameistara ríkisins, sem vísað er til sem rökstuðnings af forsetum Alþingis á þessum tíma, segir m.a., virðulegur forseti:

Í 4. hefti, 810. dálki, í ræðu Ólafs G. Einarssonar: Í stað orðanna „í galla slegið“ komi: „í gadda slegið“.

Efnisskrá.

Aðför (111. mál, heildarlög) 1007.
Beiðni um leyfi deildarinnar til málshöfðunar gegn þingmanni 930.
Drengskaparheit unnið 885.
Efling atvinnu fyrir konur í dreifbýli (93. mál) 1050.
Efling fiskeldis (23. mál) 1097.
Getraunir (57. mál, vinningshlutfall o.fl.) 873, 990.
Gjalddagi söluskatts (47. mál) 1040.
Grunnskóli (88. mál, skólaskylda, starfstími nemenda o.fl.) 1020.
Helgidagafriður (109. mál, heildarlög) 990, 1016.
Hlutafélög (115. mál, heildarendurskoðun) 1016.
Hvalveiðistefna Íslendinga (38. mál) 1112.
Kjararannsóknir (42. mál) 1087, 1111.
Kosning í stjórnarnefnd ríkisspítalanna 1049, 1072.
Könnun á jarðvarma, jarðsjó og ferskvatni á Vesturlandi (63. mál) 1092, 1112.
Lánsfjárlög 1989 (103. mál) 931, 1007.
Meðferðarheimili fyrir ósakhæfa afbrotamenn (64. mál) 1032.
Rekstrarskilyrði garðyrkju og ylræktar (114. mál) 1143.
Sala ríkisfyrirtækja (41. mál) 1032, 1036.
Skipan gjaldeyris- og viðskiptamála (35. mál, vörukaupalán) 878.
Sláturhúsið á Óspakseyri við Bitrufjörð (95. mál) 1034.
Starfslok og starfsréttindi (42. mál) 1067.
Sveitarstjórnarlög (96. mál, almenn atkvæðagreiðsla) 874.
Tekjuskattur og eignarskattur (113. mál, greiðsla opinberra gjalda með skuldaviðurkenningum) 1002, 1016.
Um þingsköp 884, 893 (nýtt álver við Straumsvík); 1031 (viðvera ráðherra); 1044 (fyrirspurn um innflutning á hundum).
Umræður utan dagskrár 885 (afgreiðsla bráðabirgðalaga ríkisstjórnarinnar um efnahagsaðgerðir); 894 (nýtt álver við Straumsvík); 1072 (ummæli viðskrh. um gróðurvernd).
Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa 882.
Veiting ríkisborgararéttar (110. mál) 1007.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Guðrún Helgadóttir 882, 884, 885, 888, 894, 920, 1031, 1032, 1044, 1046, 1048, 1049, 1050.
Forseti Sþ. Salome Þorkelsdóttir 1074, 1076, 1082, 1083, 1102.
Forseti Ed. Guðrún Agnarsdóttir 930, 931, 987, 989.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 886, 890, 892, 899.
Fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson 902, 924, 931, 981, 1037, 1038, 1039, 1041, 1042.
Heilbr.- og trmrh. Guðmundur Bjarnason 1077.
Landbrh. Steingrímur J. Sigfússon 1034, 1036, 1045, 1048, 1080.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 990, 998, 1001, 1007, 1033, 1119.
Viðskrh. Jón Sigurðsson 899, 925, 1016, 1073, 1086.
Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir 1034, 1036, 1062.
Albert Guðmundsson 888, 892, 918, 928, 1004, 1043, 1083, 1133, 1138.
Alexander Stefánsson 1127.
Árni Gunnarsson 1081, 1104, 1112, 1120, 1132.
Eggert Haukdal 1077.
Egill Jónsson 975, 989, 1075.
Eiður Guðnason 887, 977, 1065, 1079, 1125, 1135.
Eyjólfur Konráð Jónsson 1039.
Friðjón Þórðarson 1092.
Friðrik Sophusson 894, 926.
Geir H. Haarde 889, 1031, 1032, 1036, 1037, 1039.
Guðmundur Ágústsson 972, 1032, 1034, 1040, 1042.
Guðmundur H. Garðarsson 893, 963, 981, 1090, 1140.
Guðmundur G. Þórarinsson 878, 906, 1095, 1097, 1108, 1131.
Guðni Ágústsson 1068, 1076, 1089, 1091.
Halldór Blöndal 887, 890, 893, 944, 987, 1041, 1043, 1079, 1142.
Hjörleifur Guttormsson 884, 893, 911, 929, 1054, 1064, 1074, 1090, 1094.
Hreggviður Jónsson 882, 1129.
Ingi Björn Albertsson 1044, 1046, 1082.
Jóhann Einvarðsson 931.
Jón Kristjánsson 873.
Jón Sæmundur Sigurjónsson 883, 1091, 1121, 1136.
Júlíus Sólnes 909, 955.
Kjartan Jóhannsson 905, 1002, 1006.
Kristín Einarsdóttir 884, 916, 926, 1071, 1087, 1091.
Kristín Halldórsdóttir 874, 885, 889, 1081, 1124, 1131.
Matthías Bjarnason 1019, 1035.
Málmfríður Sigurðardóttir 1060, 1102.
Ólafur Þ. Þórðarson 999, 1047.
Páll Pétursson 923, 998, 1001, 1078.
Pálmi Jónsson 1072, 1084.
Ragnhildur Helgadóttir 891, 1020, 1030, 1045, 1049, 1058.
Sighvatur Björgvinsson 995, 1000, 1083.
Stefán Valgeirsson 1082, 1106.
Unnur Stefánsdóttir 1050, 1066, 1079, 1143.
Valgerður Sverrisdóttir 1056, 1083.
Þorsteinn Pálsson 920, 1084.
Þórhildur Þorleifsdóttir 1027.

SAMEINAÐ ÞING

18. fundur, mánudaginn 28. nóv., kl. 2 miðdegis.

Hvalveiðistefna Íslendinga, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁG, 38. mál. — Þskj. 40.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til atvmn. með 34 shlj. atkv.

Rekstrarskilyrði garðyrkju og ylræktar, frh. fyrri umr.

Þáltill. USt o.fl., 114. mál. — Þskj. 117.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég er einn þeirra sem skrifuðu undir sem flm. að till. til þál. um könnun á rekstrarskilyrðum garðyrkju og ylræktar, en 1. flm. er hv. varaþm. Unnur Stefánsdóttir. Umræðan er hafin, en henni var frestað og nú hefur hv. 1. flm. horfið af þingi eins og tilkynnt var í upphafi þessa þingfundar.

Mér finnst eðlilegt að við þessa umræðu komi það skýrt fram að fyrrv. ríkisstjórn vann að þessu máli. Það var gert undir forustu þáv. landbrh., hv. þm. Jóns Helgasonar, sem skipaði nefnd samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar til að kanna sérstaklega áhrif þeirra breytinga sem urðu á rekstrargrundvelli íslenskrar garðyrkju við nýja lagasetningu um innflutningsgjöld frá sl. áramótum. Nefndinni var ætlað að kanna hvort styrkja mætti samkeppnisstöðu íslenskrar garðyrkju með því að beita aðflutningsgjöldum sem gætu verið breytileg eftir árstíðum og tegundum.

Ég vil, virðulegur forseti, láta þetta koma fram vegna þess að það féll í hlut iðnrh. að tilnefna mann í þessa nefnd sem starfaði undir forustu Sveinbjarnar Eyjólfssonar, deildarstjóra í landbrn., en nefndarskipunin átti sér stað 7. mars á þessu ári.

Það er öllum ljóst að breytingar hafa orðið á rekstrarskilyrðum garðyrkju og ylræktar í landinu og það var þess vegna nauðsynlegt að taka á þessu máli. Ég harma það að þessi könnun og þetta nefndarstarf hafi þurft að taka svo langan tíma, en mér finnst full ástæða til þess þegar þetta mál er til umræðu að það komi fram að þetta starf var í gangi undir forustu þess hv. þingmanns sem var ekki á Alþingi þá stund sem varamaður hans kom og flutti tillöguna. Nú þegar mál hafa skipast þannig að hv. þm. Jón Helgason er kominn í stað 1. flm. þykir mér ekki úr vegi að spyrja hvort hv. þm. Jón Helgason geti sagt þingheimi frá því hver afdrif þessa nefndarstarfs urðu, en mér skilst að það hafi tafist ýmissa hluta vegna. Ég tel, virðulegur forseti, að full ástæða sé til þess að hér komi fram að varamaður hv. þm. Jóns Helgasonar, fyrrv. landbrh., sá sig tilknúna til þess að flytja till. um efni sem hv. þingmaður hóf athugun á. Ég held að það væri eðlilegt, þar sem hér er dálítið sérkennilegur málatilbúnaður, að hv. aðalþingmaður, Jón Helgason, fái hér tækifæri til þess að gera hreint fyrir sínum dyrum.

Að svo mæltu, virðulegur forseti, mælist ég til þess að þessi þáltill. verði samþykkt, enda er hér um gott efnisatriði að ræða sem fyrrv. hæstv. ríkisstjórn byrjaði að starfa að og það væri ekki úr vegi að halda því starfi áfram. Vegna þess að þessi till. er komin fram og hv. þm. Jón Helgason er kominn væri hins vegar rétt að fá upplýsingar um málið ef vera kynni að niðurstaða væri fengin í málið og tillöguflutningurinn þess vegna óþarfur.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Eins og fram kom í máli hv. síðasta ræðumanns hef ég verið fjarverandi um nokkra stund af Alþingi og hef því ekki fylgst með gangi mála og þá ekki upphafi umræðu um till. sem hér er á dagskrá.

Vegna fyrirspurnar hv. 1. þm. Reykv. til mín um hvað líði starfi þeirrar nefndar sem ég skipaði í mars sl. með fulltrúum frá þremur ráðuneytum er rétt að gefa upplýsingar um það að ég óskaði eftir því, strax þegar nefndin hafði verið skipuð, að hún reyndi að hraða störfum eins og hún gæti. Innan nefndarinnar kom hins vegar fram ósk um að úttektin yrði rækileg, þannig að aflað yrði upplýsinga úr reikningum frá garðyrkjubændum um það hvernig staðan væri, sem ekki var nema eðlilegt. Öflun þessara upplýsinga, sem unnin var a.m.k. að einhverju leyti af Þjóðhagsstofnun, tók því miður miklu lengri tíma en ég hafði reiknað með og óskaði eftir. Þessi gögn voru að berast smátt og smátt eftir því sem leið á sumarið, og undir lok þess sem ég var í landbrn. ítrekaði ég einu sinni enn að nefndin reyndi að skila sem fyrst endanlegu verki sínu og niðurstöðum. Þá var mér tjáð að þau gögn sem óskað var eftir væru að mestu leyti komin. Ég vænti þess að ekki eigi a.m.k. að líða á löngu að álitið komi frá nefndinni.

En þar sem þetta mál er hér til umræðu vil ég taka undir það sem síðasti ræðumaður sagði um nauðsyn þess að meta stöðu garðyrkjunnar. Það hafa orðið ýmsar breytingar. Tollalækkanir á síðustu árum sem hafa breytt samkeppnisstöðunni fyrir íslenska garðyrkju. Og nú síðast, frá síðustu áramótum, álagning söluskatts sem að sjálfsögðu leggst jafnt á innlenda sem innflutta framleiðslu, en getur engu að síður haft áhrif á samkeppnisstöðu gagnvart öðrum vörutegundum. En þetta allt var ætlast til að nefndin tæki til ítarlegrar athugunar.

Að undanförnu hefur einnig verið umræða um það hvert gildi íslenskrar garðyrkju sé og þá hafa

heyrst þær raddir að það væri ekki ástæða til þess að leggja kapp á að framleiða það sem unnt er hér á landi þegar hægt er að fá innflutt grænmeti kannski á miklu lægra verði. Ég held að þarna sé um mjög mikinn misskilning að ræða. Það séu öll rök sem mæla með því að nýta þá framleiðslumöguleika sem hér eru eins og frekast er kostur, þar sem vitað er að við fáum hvergi betri vöru og hvergi hollari vöru en þá sem hér er framleidd. Sífellt eru að koma í ljós ný og ný atriði víða erlendis um mengun á sambærilegum framleiðsluvörum. Ég vil því nota þetta tækifæri til þess að ítreka þá skoðun mína að á samkeppnisstöðu íslenskrar garðyrkju verði að halda þannig að hún geti notað alla þá möguleika sem hér eru til að framleiða góða og holla vöru fyrir íslenska neytendur.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir þær upplýsingar sem komu fram hjá hv. 2. þm. Suðurl., fyrrv. landbrh. Það er hins vegar athygli vert þegar þess er gætt að starfinu hafði miðað vel áfram í lok hans stjórnartíðar að varaþm. hv. þm. skuli þurfa að flytja tillögu á borð við þessa. Einn af tillögumönnum er hv. þm. Margrét Frímannsdóttir sem er formaður þingflokks Alþb. Ég verð satt að segja að draga þá ályktun að núv. hæstv. ríkisstjórn hafi sópað þessu máli út af sínu borði og núv. hæstv. landbrh. hafi ákveðið að láta þetta starf ekki halda áfram fyrst formaður þingflokks Alþb. og ýmsir stjórnarþm. sjá sig knúna til að flytja þetta mál hér inn í þessum tillögubúningi.

Vænti ég þess að upplýsingar komi frá hæstv. landbrh. og hann a.m.k. lýsi því yfir að hann sé tilbúinn til að fara að þessari tillögu, ef samþykkt verður, og gegna þannig þeim tilmælum sem koma fram m.a. hjá formanni þingflokks Alþb.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Hv. 1. þm. Reykv. Friðrik Sophusson gaf okkur gott dæmi um það hversu fljótur hann er að taka ákvarðanir og draga ályktanir af framkomnum upplýsingum. Stundum er nú betra að flýta sér hægt. Hann hefði til að mynda í þessu tilviki gjarnan mátt byrja með spurningu en ekki gefa sér niðurstöðuna fyrir fram.

Ég hef að sjálfsögðu ekki tekið neina ákvörðun um að ýta þessu verkefni út af borðinu eða leggja niður í skúffu starf eða álit þessarar nefndar. Ég hef einu sinni spurst fyrir um það á þeim réttum tveimur mánuðum síðan ég kom í ráðuneytið hvar þetta starf væri á veg komið og ég fékk þær upplýsingar að nefndin væri að störfum. Mér er kunnugt um að hún hefur haldið fundi, en um það nákvæmlega hvenær hún skilar af sér get ég ekki sagt á þessu stigi málsins ef það liggur þá fyrir hjá nefndinni sjálfri. En ég vonast til þess að það geti orðið mjög fljótlega.

Síðan vil ég bæta því við að ýmislegt af þeim efnum sem varða beint rekstrarstöðu eða rekstrarskilyrði garðyrkju og ylræktar í landinu er til sérstakrar skoðunar, þar á meðal tollamál á innflutningi. Í fjmrn. er sérstaklega verið að athuga þau mál í tengslum við mögulegar breytingar á tollskrá og tollalöggjöf á næstunni.

Hvað varðar aftur það að flutt sé almenn þáltill. um nauðsyn þess að kanna rekstrarskilyrði garðyrkju og ylræktar held ég að það sé ekki rétt að láta formið þvælast allt of mikið fyrir sér í þeim efnum. Þó svo að nefnd sé að störfum þá getur það verið fullkomlega eðlilegt að hv. alþm. vilji engu að síður leggja áherslu á mikilvægi þess að málefnum garðyrkju og ylræktar sé sinnt með tillöguflutningi af þessu tagi. Ég mundi hneigjast til þess að taka þannig á málinu að skoða það nál. sem vonandi kemur í mínar hendur innan tíðar og láta mat á því ráða því hvort ástæða sé til ítarlegri könnunar eða hvort á grundvelli þess nál. sé hægt að ráðast beint í þær aðgerðir og grípa til þeirra úrræða sem nauðsynleg kunna að þykja til að halda vel utan um hag þessara greina.

Ég er alveg sammála því sem kom hér fram í máli hv. ræðumanna að það er mjög mikilvægt að tryggja sem best starfsskilyrði garðyrkjunnar og ylræktarinnar. Þar hefur verið um vaxandi grein að ræða sem veitir sífellt meiri atvinnu, skapar störf út um sveitir og veitir ekki af að standa vel við bakið á þeirri starfsemi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til atvmn. með 33 shlj. atkv.

Endurskoðun lánskjaravísitölu, fyrri umr.

Þáltill. GGÞ og ÓÞÞ, 33. mál. — Þskj. 33.

Flm. (Guðmundur G. Þórarinsson):

Hæstv. forseti. Ég hef ásamt hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni lagt fram till. til þál. á þskj. 33 um endurskoðun lánskjaravísitölu. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa fimm manna nefnd til að endurskoða grundvöll lánskjaravísitölunnar."

Eins og flestir vita, ef ekki allir, er lánskjaravísitala sú, sem nú er í notkun og hefur verið í notkun síðan 1979, samsett af tveimur öðrum vísitölum, að ⅔ hlutum byggð á framfærsluvísitölu og ⅓ hluta á byggingarvísitölu. Lánskjaravísitala þessi hefur verið mjög umdeild og ný ríkisstjórn hefur ákveðið að breyta grunninum þannig að vísitala launa vegi helming en framfærsluvísitala og byggingarvísitala hvor um sig einn fjórða.

Þessi grunnur var ákveðinn af nokkurri skyndingu og það er erfitt að sjá, ef horft er til framtíðar, hver

áhrif hann muni hafa. Grunnur vísitölulauna er byggður að hálfu á vísitölu kauptaxta og að hálfu á vísitölu atvinnutekna á mann.

Áformað er í yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar að afnema verðtryggingu fjárskuldbindinga er verðbólga hefur hjaðnað niður fyrir ákveðið stig. Þó svo yrði verður verðtrygging eldri fjárskuldbindinga tæpast afnumin. Í því sambandi er rétt að benda á að fjölmargir þegnar þjóðfélagsins eru með fjárskuldbindingar áratugi fram í tímann. Það er því mjög mikilvægt að endurskoða grunn lánskjaravísitölunnar.

Svonefnd verðtrygginganefnd sem skilaði áliti í júlí sl. dró saman ýmsar mikilsverðar upplýsingar en lagði þó ekki nýjan grunn, enda er þar um vandasamt verk að ræða. Mér virðist að ekki sé síður ástæða nú til endurskoðunar á faglegum grundvelli og því er þessi tillaga hér endurflutt frá síðasta þingi þrátt fyrir skipun verðtrygginganefndar þar sem hún lagði ekki til nýjan grunn.

Vísitala launa er mjög umdeild sem slík, ef litið er til þess nýja grunns sem nú er áformað að taka upp, en eðli hinna vísitalnanna tveggja er að mæla kostnað, annars vegar kostnað við framfærslu hinnar svonefndu vísitölufjölskyldu og hins vegar byggingarkostnað.

Lánskjaravísitalan er notuð sem reiknigrunnur við verðtryggingu fjárskuldbindinga og sparifjár. Vextir ofan á lánskjaravísitölu eru metnir sem raunvextir og allt tal um raunvexti er ómarkhæft ef grunnurinn er ekki réttlátur.

Í þessu sambandi vil ég sérstaklega benda á að verðtryggða íslenska krónan er sennilega sterkasti gjaldmiðill veraldarinnar í dag og ef skoðuð er hreyfing verðtryggðu íslensku krónunnar samanborið við gengi gjaldmiðla ýmissa annarra þjóða kemur í ljós að á tímabilinu frá 1. janúar 1984 til nóvember 1988 hefur verðtryggða íslenska krónan hækkað 67,5% umfram dollar og 36,06% umfram sterlingspund. Gagnvart öðrum gjaldmiðlum er hækkunin nokkuð minni. Gagnvart danskri krónu hefur verðtryggða íslenska krónan hækkað um 15,5% umfram dönsku krónuna og 8,5% umfram þýska markið sem er mjög sterkur gjaldmiðill.

Hér kemur augljóslega fram það misvægi sem verður í lánakjörum útflutningsatvinnugreinanna hér og erlendis, ekki síst að þeir sem flytja út á Bandaríkjamarkað og eru með einhver af sínum lánum tryggð með lánskjaravísitölu eiga ekki bara við fall dollarans að stríða og fastgengisstefnu heldur líka það að lánskjaravísitalan hefur hækkað hina verðtryggðu íslensku krónu um nærfellt 70% umfram dollara. Út frá því hlýtur að verða nokkurt umhugsunarefni hvar menn reikna raunvexti.

Eldri grunnur lánskjaravísitölu hefur nú verið í notkun í nærfellt tíu ár og þess vegna er auðvelt að bera saman þróun hennar við þróun ýmissa stærða í efnahagslífinu á þessu tímabili. Nýjan grunn má einnig reikna aftur í tímann og freista þannig að meta framtíð ef menn vilja gera svo.

Nokkur atriði sem þarf að hafa í huga við endurskoðun á grunni lánskjaravísitölu eru:

Í fyrsta lagi: Hvert er eðlilegt hlutverk þessarar lánskjaravísitölu? Og enn á ný bendi ég mönnum á að jafnvel þó að ríkisstjórn afnemi lánskjaravísitölu, þá orkar mjög tvímælis hvort unnt er að afnema hana af eldri fjárskuldbindingum, þannig að áratuga fjárskuldbindingar fram í tímann skipta hér gríðarlega miklu máli fyrir þá sem slíkar fjárskuldbindingar hafa tekið á sig. Þess vegna er spurningin um eðlilegt hlutverk lánskjaravísitölu mjög tímabær.

Í öðru lagi: Núverandi lánskjaravísitala er mjög „vensluð" þeim stærðum sem henni er ætlað að meta. Þar er í fyrsta lagi rétt að benda á að í framfærslugrunni frá 1. júlí sl. eru vextir og verðbætur af íbúðarhúsnæði reiknuð með sem hluti af framfærslukostnaði. Hækkuð lánskjaravísitala og aukinn fjármagnskostnaður þýða þess vegna hækkuð framfærsluvísitala. Hækkuð framfærsluvísitala þýðir síðan hækkaða lánskjaravísitölu vegna þess að framfærsluvísitalan gengur beint inn í grunn lánskjaravísitölunnar. Hækkuð lánskjaravísitala þýðir síðan hækkuð framfærsluvísitala vegna þess að fjármagnskostnaðurinn gengur inn í framfærsluvísitöluna og sú hækkun framfærsluvísitölunnar veldur enn á ný hækkun lánskjaravísitölunnar. En ekki bara það, heldur hlýtur öllum að vera ljóst að fjármagnskostnaður gengur mjög inn í vöruverð. Hækkaður fjármagnskostnaður þýðir hækkað vöruverð, hækkað vöruverð þýðir hækkuð framfærsluvísitala, hækkuð framfærsluvísitala þýðir hækkuð lánskjaravísitala, hækkuð lánskjaravísitala þýðir hækkað vöruverð. Hækkað vöruverð þýðir hækkuð framfærsluvísitala og hækkuð framfærsluvísitala þýðir hækkuð lánskjaravísitala. Þannig verður sjálfgengi vísitöluleiksins augljósara.

Flestir stærðfræðingar og hagfræðingar vita það að mælikvarðinn má ekki vera „venslaður" þeim stærðum sem hann á að mæla, þá skekkist allt málið. Hér er þess vegna ekki bara um að ræða hættuna sem felst í sjálfum mælikvarðanum fram í framtíðina í sveiflukenndu efnahagslífi, heldur líka sjálfgenginu sem um er að ræða.

Við höfum varpað hér fram spurningunni hvort unnt sé að miða slíka lánskjaravísitölu meira við gengisskráningu eða viðskiptakjör þannig að inngrip stjórnvalda í efnahagslífið hafi ekki bein áhrif á lánskjaravísitöluna, til að mynda með óbeinum sköttum, með niðurgreiðslum og öðru slíku.

Hinum nýja grunni lánskjaravísitölu sem ríkisstjórnin áformar er ætlað að draga úr misgengi launa og fjárskuldbindinga. Hins vegar getur misgengi við erlend lánskjör orðið mikið með alvarlegum áhrifum á útflutningsgreinarnar eins og ég gerði grein fyrir hér með því að lýsa hvernig lánskjaravísitalan, hvernig verðtryggða íslenska krónan hefur hækkað frá því 1. jan. 1984 um nær því 70% umfram dollara.

Raunverð íslenskra peninga hlýtur að endingu að verða að nokkru leyti háð hagvexti og framleiðslu í landinu sem og viðskiptakjörum og gengi.

Margt bendir til þess að lánskjaravísitalan henti illa við að tengja verðgildi peninga við verðgildi annarra eigna, hvort sem um er að ræða eldri eða nýrri grunn. Verðgildi peninga verður að meta að hluta eftir því hvað unnt er að fá fyrir þá, svo sem kaup á fasteignum, notuðum bílum eða nýjum o.s.frv., og er þess vegna háð ýmsum markaðsaðstæðum.

Það er augljóst að á svipaðan hátt og ekki er unnt að tryggja lífskjör í landinu með lögum, þá er ákaflega erfitt að tryggja raungildi íslensku krónunnar með lögum.

Það er mikill vandi að finna „réttan" grunn fyrir lánskjaravísitölu. Mér virðist hins vegar ljóst að fyrri grunnur er mjög umdeildur og gallaður og nýi grunnurinn er ákveðinn af skyndingu og erfitt að sjá hvaða áhrif hann muni hafa fram í tímann fyrir þá sem þegar hafa tekið á sig áratuga skuldbindingar samkvæmt þessari vísitölu. Þess vegna tel ég nauðsynlegt að vinnuhópur reyni á faglegum grunni að skoða málið. Hér er um gífurlega mikilvægt mál að ræða fyrir fjölda þegna þessa þjóðfélags, ef ekki þjóðfélagið allt, og því leggjum við til að nefnd verði skipuð og endurskoðun fari fram.

Hæstv. forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til síðari umr. og hv. allshn.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Mig langar aðeins til að vekja athygli á þeirri að mörgu leyti merkilegu ræðu sem hér var nú flutt. Veit ég satt að segja ekki hvort allt það sem hv. þm. sagði var meint í alvöru eða hvort sumt var sagt í glensi. Hygg ég þó að sambland hafi verið af alvörunni og glensinu og fer vel á því. En það sem eftir stendur er að ákvörðun um breytingu á grundvelli lánskjaravísitölu hafi verið tekin í skyndingu, eins og margendurtekið var, og óljóst væri hver mundi verða afleiðingin af því að breyta þessum grundvelli á þann veg sem hæstv. ríkisstjórn hefur boðað, þ.e. hvort það þýddi hækkun eða lækkun á lánskjaravísitölu. Þetta hygg ég að sé nákvæmlega rétt. Menn þurfa að hafa í huga að þetta er ein dellan í viðbót við allar hinar og menn vita ekkert hvert þeir stefna. Þeir stefna alltaf í tvær eða þrjár gagnstæðar áttir, nema þeir taki allar fjórar höfuðáttirnar í einu.

Í sambandi við þann kafla sem fjallaði um grínið þegar ein vísitalan hefur áhrif á aðra vonast ég til að hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson hafi verið með þetta allt saman skrifað, en ef ekki vonast ég til að blaðamenn sýni að þeir hafa góðan húmor og taki upp af böndum sínum kaflann sem um þetta fjallaði vegna þess að ég held að allt sem þar var sagt hafi verið rétt. En það kom auðvitað gífurlega hlægilega út þegar sagt var að þetta væri allt samfléttað og menn væru flæktir í öllu saman og því þyrfti að setja einn hóp í viðbót við alla hina hópana til þess að reyna að greiða úr þessari flækju. Það er auðvitað búið að gera efnahagslíf á Íslandi að flækju til þess að viðhalda og koma á kreppu, til þess að reyna að koma í veg fyrir að hér sé þensla eða með öðrum orðum full atvinna. Það á að reyna að koma á enn meiri kreppu og atvinnuleysi. Drepa þessa óskaplegu þenslu í þjóðfélaginu vegna þess að hún er svo ofboðsleg að svo til hver maður á Íslandi hefur vinnu. Þetta á nú að stöðva.

En sá þáttur sem hér var fluttur áðan er alveg sér þáttur. Og ef a.m.k. þeir sem hafa einhverja smá kímnigáfu geta ekki haft gaman af þeim þætti, og hann hlýtur að vera til orðréttur á bandi, núna á næstunni eða t.d. í áramótaskaupi eða öðru slíku þá er illa farið. En ég er ekki að ásaka hv. þm. Guðmund G. Þórarinsson fyrir það að segja sannleikann og jafnt þó að hann hafi sagt hann í gleði og glenstón, viljandi eða óviljandi, þá er það ekki ásökunarefni af minni hálfu. Svona eiga menn að tala, segja það sem þeim býr í brjósti og sem þeir telja réttast.

Ég endurtek að það sem eftir stendur er að þarna er ein allsherjar hringavitleysa sem enginn í ríkisstjórninni hefur hugmynd um hvernig muni virka — og nú horfir sá hæstv. ráðherra á mig sem lengst hefur fjallað um öll þessi fjármál, eða frá Ólafslögum og jafnvel löngu fyrr til þessa dags, og það er kannski rétt að spyrja hann hvort hann viti hvort þessi nýi grunnur muni bæta hag manna og þá hag hvaða manna. Og hvernig mun hann verka? Eða hvort það sé rétt hjá hv. þm. Guðmundi G. Þórarinssyni að nú þurfi að setja nýjan starfshóp til þess að greiða úr flækjunni, eða reyna að greiða úr henni því auðvitað verður aldrei úr henni greitt.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Það vakti athygli mína að hæstv. viðskrh. kvaddi sér ekki hljóðs þegar frsm. lauk máli sínu. Ég hefði nú talið eðlilegt að hann tjáði sig um till. vegna þess að hún kemur frá tveimur stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar á hv. Alþingi. Till. gengur hins vegar nokkuð á skjön við þá stefnu sem ríkisstjórnin hefur markað í þessu máli, því lýst hefur verið yfir að breyta eigi lánskjaravísitölunni frá og með næstu áramótum og meira að segja er búið að tilkynna með hvaða hætti það eigi að gerast.

Það vakti jafnframt athygli mína að hv. flm., 10. þm. Reykv., lýsti því yfir að þessi ákvörðun hefði verið tekin í mikilli skyndingu. Um það get ég verið honum alveg sammála, eins og raunar mjög margt annað sem kom fram í hans ræðu. Það á nefnilega að auka vægi launanna í lánskjaravísitölunni sem hefur að sjálfsögðu þær afleiðingar að þegar kaupmáttur vex á nýjan leik í þjóðfélaginu, sem vonandi verður áður en mjög langt um líður og er auðvitað okkar framtíðarmarkmið, þó mun greiðslubyrði lána þyngjast umfram það sem verið hefði. Það er það sem þessi breyting á lánskjaravísitölunni frá og með næstu áramótum þýðir.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra að því hvort hann ætli að styðja till. eða ekki. Ég ætla ekki að taka afstöðu með eða á móti till. eins og sakir standa. Ég

áskil mér rétt til þess að gera það síðar. En við óbreyttir þingmenn á Alþingi eigum að sjálfsögðu rétt á því að fá að vita hver viðbrögð ríkisstjórnarinnar og viðkomandi fagráðherra eru þegar stjórnarþingmenn flytja mál sem varða það sem ríkisstjórnin er þegar búinn að ákveða. Því vildi ég spyrja viðskrh. um það hver hans afstaða er í þessu máli. Hvernig ætlar hann að greiða atkvæði um till.? Eða er hann e.t.v. með önnur ráð undir rifi í þessu máli?

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Um fátt er meira deilt í íslensku þjóðfélagi en lánskjaravísitöluna og því er ekkert óeðlilegt að umræður um hana eigi sér stað með reglulegu millibili á hinu háa Alþingi.

Þróun lánskjaravísitölu og verðlags á Íslandi er með ólíkindum ef farið er yfir tímabil sl. níu ára eða frá því að lánskjaravísitala var fyrst skráð í júníbyrjun 1979. Ég hef gert það að gamni mínu að reikna út þróun ýmissa stærða þetta tímabil, m.a. helstu gjaldmiðla í sölu útflutningsafurða okkar svo sem breskra punda, þýskra marka, bandaríkjadollars og dönsku krónunnar. Það vill svo einkennilega til að ef allar þessar tölur eru hundraðstilltar 1. júní 1979, eða um leið og lánskjaravísitalan var tekin í notkun, er ástandið orðið þannig 1. júní 1988 að lánskjaravísitalan er orðin 2051 stig á meðan breska pundið hefur rétt skriðið yfir 1000 stig, bandaríkjadollar reyndar kominn í 1209 stig, þýska markið í aðeins fleiri eða 1252 stig og danska krónan ekki nema í 934 stig. Þegar þessar tölur eru skoðaðar verður deginum ljósara af hverju atvinnulíf á Íslandi er nánast í rúst. Þessar tölur segja það einfaldlega berum orðum. Þeir sem hefðu t.d. fengið að taka lán 1. júní 1979 í dönskum krónum skulduðu núna helmingi minna en ef þeir hefðu tekið lán samkvæmt lánskjaravísitölu og þannig má lengi telja. Ég fæ ekki betur séð af þessum tölum og miðað við þessa þróun en gengið sé 30–40% of hátt skráð. Það er því fyllilega orðið tímabært að velta fyrir sér hvað lánskjaravísitalan er að gera efnahagslífi okkar þjóðar.

Í stjórnarsáttmálanum er m.a. gert ráð fyrir tvennu, þ.e. að breyta lánskjaravísitölunni á þann hátt að launin vegi mun þyngra í vísitölunni, eða allt að 70%, *en í núgildandi lánskjaravísitölu vega* launin sennilega ekki nema u.þ.b. 25–30%. Í öðru lagi er vikið að því að þegar efnahagsástand er orðið með þeim hætti að verðbólga hafi um langt skeið ekki verið mjög mikil megi fella lánskjaravísitöluna niður. *Að vísu minnist ég þess að hæstv. viðskrh.* hafði um það einhver slík orð að það tímabil þyrfti að vera sjö sinnum sjö ár áður en vogandi væri að leggja niður lánskjaravísitöluna. En hann svarar því kannski sjálfur á eftir hvert álit hans er á þeim málum.

Ég vil taka undir það með síðasta hv. ræðumanni sem hér talaði að mér óar við því að launin verði skyndilega 70% af nýrri lánskjaravísitölu, sem mér skilst að eigi að setja í gang eftir áramótin með handafli ef ekki vill betur. Því þegar stíflan brestur, þ.e. verðstöðvun lýkur og samningar verða aftur lausir, er enginn vafi á því að launþegar ætla sér að ná í eitthvað af þeim kaupmætti sem þeir misstu tímann sem samningar voru skertir eða bannaðir. Það má þá alveg búast við því að nýja lánskjaravísitalan stefni lóðrétt upp til himins og guð hjálpi okkur þá.

Það er furðuleg afstaða ýmissa manna sem hafa stjórn á efnahagsmálum þjóðarinnar að halda að lánskjaravísitalan sem slík geti læknað meinsemdir efnahagslífsins. *Þetta er eins og ef einhver læknir* ætlaði sér að láta hitamælinn lækna sjúklinginn í stað þess að láta hann gera það sem honum er ætlað, þ.e. að segja til um ástand sjúklingsins. Hitamælir getur aldrei læknað sjúklinginn. Nákvæmlega sama gildir um lánskjaravísitöluna. Hún getur sagt okkur hvert er ástand mála í þjóðfélaginu og hver verðlagsþróunin er en hún getur ekki læknað eitt eða neitt. Þess vegna er langeinfaldast að taka t.d. úr sambandi tengsl milli lánskjaravísitölu og fjárskuldbindinga. Hins vegar er mér persónulega sama þótt lánskjaravísitala yrði reiknuð og birt daglega um aldur og ævi til þess að menn geti haft hana til upplýsinga alveg eins og læknirinn hefur hitamælinn. En ég held að á meðan lánskjaravísitalan er beint tengd við fjárskuldbindingar virki hún nákvæmlega á sama hátt og þegar launavísitalan var beint tengd við launin, þ.e. sem olía á verðbólgubálið, hún skrúfar upp verðbólguna. Þetta hafa allar þjóðir í nágrenni við okkur séð fyrir lifandi löngu. Ég held t.d. að Finnar hafi verið með svipaða verðtryggingu og við Íslendingar fram til ársins 1967 þegar þeir sáu sitt óvænna og afnámu slíkar verðtryggingar með lögum, enda hefur efnahagsástand í Finnlandi lagast verulega síðan. Spurningin er hvort það sama mundi ekki geta gerst hjá okkur.

Ég held að engin ástæða sé til þess að endurskoða lánskjaravísitöluna. Það sem fyrst og fremst þarf að gera er að huga að því hvort skynsamlegt sé að halda við þeim sjálfvirku vísitölutengingum sem við höfum búið við um mjög langt skeið eða hvort við ætlum að fylgja dæmi annarra vestrænna þjóða og nota vísitölur í þeim tilgangi sem þeim er ætlaður, til að segja okkur hvert ástandið er en ekki að ætla þeim að lækna efnahagsástandið.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Sú till. sem hér er á dagskrá er um margt athygli verð. Einkanlega er það athyglisvert að hún er í hópi fjölmargra þáltill. frá þingmönnum Framsfl. um það að mál séu flutt frá ráðherrum og í sérstakar nefndir og að þeim ráðherrum, sem ekki tilheyra Framsfl., séu falin sérstök verkefni. Fyrr á dagskránni var til að mynda til umræðu þáltill. um að bæta rekstrarstöðu ylræktar. Um leið og Framsfl. er búinn að gefa frá sér landbrn. flytja þingmennirnir auðvitað till. um að nýja landbrh. verði gert skylt að bæta rekstrarstöðu ylræktarinnar í landinu.

Um þessa till. er það að segja að í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og yfirlýsingum hennar segir

mjög skýrt að það eigi að breyta grundvelli lánskjaravísitölunnar í fyrsta lagi og í öðru lagi eigi að afnema lánskjaravísitöluna. Sumum hefur þótt sem svo að þessar yfirlýsingar stönguðust nokkuð á og væru svolítið framsóknarlegar í eðli sínu en hvort tveggja er þetta þó mjög skýrt og skilmerkilega skrifað í yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar. Hvað gerist þá? Þá koma þingmenn Framsfl. og flytja um það till. að þetta skuli tekið úr höndum þess ráðherra sem fer með þessi mál, þ.e. hæstv. viðskrh., sem hefur verið að vinna að þessum málum lengi, skipaði t.d. sérstaka nefnd í fyrri ríkisstjórn til þess að fjalla um þetta og hefur falið Seðlabankanum að vinna sérstaklega að þessu. En þá flytja þingmenn Framsfl. till. um að taka þetta mál úr höndunum á hæstv. viðskrh. Ekki er nú traustið meira þar innanbúðar og lýsir þetta eitt út af fyrir sig því sérstaklega hvernig staðið er að verki og hvert traustið er innanbúðar í þessum efnum og ýmsum fleirum. En efnislega hlýtur þessi tillöguflutningur og umræða að kalla fram ýmsar spurningar, fyrir svo utan vinnubrögðin sjálf og það vantraust sem fram kemur í tillöguflutningnum á þeim ráðherra sem fer með þessi mál og hefur sérstaklega skipað nefndir og falið stofnunum ríkisins að fjalla um þau.

Það var tilkynnt á flokksþingi Framsfl. fyrir skömmu að ekki hefði einasta verið tekin ákvörðun um að breyta grundvelli vísitölunnar heldur hefði ríkisstjórnin náð samkomulagi við Seðlabanka Íslands um að breyta grundvelli vísitölunnar frá 1. janúar nk. Því var beinlínis lýst yfir að þetta væri ekki einasta stefnumið lengur heldur hefði verið gert um þetta samkomulag á milli ríkisstjórnar og Seðlabanka. Það er auðvitað ástæða til þess hér í umræðunni að óska eftir því við hæstv. viðskrh. að hann geri mjög skilmerkilega grein fyrir því í hverju samkomulagið var fólgið og geri nákvæma grein fyrir því hvaða breyting verður á vísitölunni um áramótin eins og boðað var á flokksþingi Framsfl. og lýst var yfir að búið væri að gera samkomulag við Seðlabankann um. Það er auðvitað ekki seinna vænna að Alþingi sé gerð grein fyrir þessu. En auðvitað er það líka alveg nauðsynlegt vegna umræðunnar í þjóðfélaginu að ríkisstjórnin geri grein fyrir þessu því það hefur áhrif á fjármagnsmarkaðinn og það hefur áhrif á ákvarðanir manna um það hvernig þeir gera sína samninga og hvernig þeir koma sparifjármagni sínu fyrir hvaða breytingar verða gerðar í þessu efni og nauðsynlegt að hæstv. viðskrh. geri nákvæma grein fyrir þeim.

Ef hæstv. ráðherra er svo fylgjandi þessari till. verður að koma fram hvort aftur eigi að gera breytingu á grundvellinum þegar nefndin sem á að taka málið úr höndum ráðherrans hefur verið skipuð. Á þá enn á ný að gera breytingar á grundvellinum? Svör verða að fást við þessu. Á að fara að breyta þessu frá einum mánuði til annars? Hvenær á nefndin að ljúka störfum og hvenær eiga þær breytingar að taka gildi, ef hæstv. ráðherra er á annað borð hlynntur því að þessi till. þingmanna Framsfl. nái fram að ganga? Við þessu verða að fást alveg skýr svör því að það er ekki einasta Alþingi sem þarf að fá að vita þetta heldur ekki síður þeir aðilar í þjóðfélaginu sem á hverjum degi gera fjárskuldbindingar sín á milli og ráðstafa sparifé sínu.

Það er einnig nauðsynlegt að fá að vita meira um það álit sem sagt hefur verið frá að Seðlabankinn hafi skilað ríkisstjórninni af þessu tilefni. Það hefur verið greint frá því að Seðlabankinn hafi gefið ríkisstjórninni álit um þessa breytingu sem taka á gildi um áramótin. Og nú spyr ég hæstv. viðskrh. að því hvort hann sé tilbúinn að birta þetta álit og afhenda það alþingismönnum þannig að umræðan geti farið fram á þeim grundvelli að menn hafi í höndum álit Seðlabankans um þessa breytingu.

Síðan er auðvitað spurning um þessa breytingu sjálfa. Ég er þeirrar skoðunar að alveg megi taka til athugunar að breyta grunni vísitölunnar. En auðvitað þurfa menn að ganga úr skugga um það lögfræðilega hvaða áhrif það getur haft. Hvaða breytingar er unnt að gera án þess að það hafi áhrif á þá sem þegar hafa gert fjárskuldbindingar á núverandi grunni? Er hægt að gera breytingar eða hversu miklar?

Þetta er auðvitað nauðsynlegt að draga fram í þessu skyni. Síðan er nauðsynlegt að fá gleggri upplýsingar um ýmis önnur efni og m.a. um það hvaða áhrif aukin launatenging hefur. Ég hygg að það sé alveg laukrétt og engum sem um þetta hefur fjallað hefur blandast hugur um það og ég hygg að flestum sem fjölluðu um þetta innan fyrri ríkisstjórnar hafi verið ljóst að aukin launatenging hefur þau áhrif til lengri tíma að gera verðtrygginguna hagkvæmari fyrir fjármagnseigendurna en meira íþyngjandi fyrir þá sem lánin taka, fyrir skuldarana. En um þetta þurfa auðvitað að liggja fyrir skýrar upplýsingar.

Það þarf líka að liggja fyrir hvaða ákvarðanir hafa verið teknar um spariskírteini ríkissjóðs. Á að afnema vísitölu af spariskírteinum ríkissjóðs og hvenær á það afnám að koma fram? Nú liggur fyrir að verðbólga er því sem næst engin og þó að fæstir í þjóðfélaginu hafi trú á því að stjórnarstefnan sé með þeim hætti að það haldist nema í nokkrar vikur verður að gera þá kröfu til hæstv. ríkisstjórnar að hún trúi því sjálf að þetta ástand verði varanlegt og þá hlýtur spurningin að koma um það hvenær vísitalan verður afnumin, ríkisstjórnin hlýtur að geta svarað því með óyggjandi hætti eftir þann tíma sem hún hefur nú setið, og hvenær það kemur til framkvæmda gagnvart spariskírteinum ríkissjóðs. Nú liggur fyrir að þau eru hætt að seljast og þá þarf að svara því hvað á að gera í staðinn til þess að gera spariskírteini ríkissjóðs seljanleg — eða treysta menn sér til að reka ríkissjóð án þess að afla lánsfjár með sölu spariskírteina? Æskilegt væri og nauðsynlegt að hæstv. ráðherra gerði nánari grein fyrir þessu og ýmsum fleiri atriðum hér í umræðunni.

Karl Steinar Guðnason:

Hæstv. forseti. Ég get tekið undir það með hv. 8. þm. Reykv. Eyjólfi Konráð Jónssyni að þessi umræða er afar skringileg. Fyrir nokkrum mánuðum heyrðum við að því var haldið fram af ráðandi mönnum í Framsfl. að það ætti að leggja lánskjaravísitöluna niður, það væri meginverkefnið, ekkert annað dygði. Ég hygg að menn hafi komist að því að það þyrfti að útfæra hvernig það skyldi gerast, en svör við því voru víst engin. Nú kemur tillaga um að breyta þessari vísitölu, lánskjaravísitölunni, og skipa sérstaka nefnd í það.

Vafalaust gengur mönnum gott eitt til. Ég hef hins vegar í mínum þingflokki margoft varað við því að hringla í lánskjaravísitölunni og hef haldið því fram að hún væri í eðli sínu ekki vandamálið heldur verðbólgan í landinu. Takist okkur að slá niður verðbólguna, eins og nú er að takast, verður lánskjaravísitalan ekki til ama. En að hverfa hins vegar frá þeirri umræðu, einangra sig við lánskjaravísitöluna og kenna henni um allar ófarir. Þar er rangt að farið. Það er verðbólgan sem er vandamálið.

Í stjórnarsáttmálanum er ákvæði um að endurskoða lánskjaravísitöluna og ég verð að játa að ég get tekið undir það með hv. flm. að það hefur verið gert af fljótræði. Ég hef upplýsingar um að hefði sú lánskjaravísitala sem menn tala þar um verið í gildi á sl. ári hefði hún mælt 3% hærri greiðslubyrði en raunin varð á. Ég vara sterklega við því að menn standi í þessu hringli án þess að vita hvað verði um framhaldið. Ég tel að við hv. alþm. ættum að gefa því meiri gaum hverjar eru rætur vandans. Það er verðbólgan, sú ófreskja, sú skepna sem eyðileggur allt efnahagslíf, en ekki hitamælirinn eða mælitækið sem gert er til þess að tryggja að menn greiði til baka það sem þeir fá lánað. Hugsunin er ekki sú að menn greiði meira heldur það sem þeir fá lánað að verðmæti.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Undan því verður ekki vikist að víkja örfáum orðum að ræðu hv. 1. þm. Suðurl. Í fyrsta skipti hef ég heyrt úr þessum ræðustól almenna leiðbeiningarstarfsemi til hv. þm. hvernig tillögur þeir mættu flytja og einnig sérstaka útlistun á því að tillögur fluttar af framsóknarmönnum væru sérstakrar gerðar og tegundar.

Varðandi gróðurhúsin og stefnumörkun í þeim efnum hefði hv. 1. þm. Suðurl. verið hollt að hlusta á ræðu varaformanns Sjálfstfl. þegar hann gerði grein fyrir því að það væri verið að fara fram á að halda áfram vinnu á þessu sviði sem farin hefði verið af stað áður en þessi ríkisstjórn komst til valda. Það hefði í það minnsta stytt útskýringarnar á þeim hártogunum sem viðhafðar voru gagnvart þeirri tillögu.

Um hitt atriðið, að ekki megi flytja tillögu sem snertir mál einhvers ráðherra í ríkisstjórninni, hlýtur það að verða umhugsunarefni hvernig tillögur má þá flytja á Alþingi. Ég hygg að það hefði verið hollt fyrir hann að hugleiða örlítið hvernig tillögu hv. 3. þm. Suðurl. flutti þegar hann lagði fram lagafrv. um að leggja niður lánskjaravísitöluna. Hafi hv. 1. þm. Suðurl. verið sjálfum sér samkvæmur hlýtur hann að hafa kallað á sínum tíma hv. 3. þm. Suðurl. fyrir sig og gert honum grein fyrir því að svona mætti alls ekki starfa. Þetta gengi ekki. Þetta væri í fyrsta lagi vantraust á viðskrh. og í annan stað vantraust á forsrh. fyrir það að efnahagsmál heyrðu undir hann. En engu að síður, þrátt fyrir þetta, sem vafalaust verður að telja að hv. 1. þm. Suðurl. hafi gert, lét hv. 3. þm. Suðurl. ekki segjast og flutti tillöguna. Makalaus þrjóska má það nú vera eftir jafngreinargóðar útskýringar á því hvað megi flytja í þinginu og hvað ekki.

Ég ætla þá að víkja að efnislega grunni þeirrar umræðu sem hér fer fram, lánskjaravísitölunni. Lánskjaravísitalan verður til í reynd með lagasetningu hér á Alþingi, viljayfirlýsingu þingsins í lögum að það eigi að verðtryggja fjárskuldbindingar m.a., að bankarnir eigi að tryggja að sparifé landsmanna rýrni ekki í bönkunum. Ég hygg að ef menn vilja horfa á það með sanngirni hafi það verið söguleg staðreynd að undan því var ekki hægt að víkjast að taka á því ófremdarástandi, sem verið hafði, að sparifé landsmanna hafði verið að brenna upp í bankakerfinu. Stjórnmálamenn eftirlétu sérfræðingum að setja það upp hvernig kerfi ætti þá að taka við til að tryggja að vilji Alþingis yrði virtur. Ég hygg að hverjum manni sem skoðar hvað hefur gerst eftir þetta sé ljóst að sérfræðingaliðið teymdi þingið á hreinar villigötur því það þarf enginn að halda því fram að hér sé um verðtryggingu að ræða. Hér er um ávöxtun að ræða. Með hvaða rökum ætla menn að halda því fram að með því að greiða atkvæði með umferðarlögunum seinast, heilum bálk umferðarlaga, eigi menn að gá að sér og passa sig á því að þeir séu ekki að hækka lánskjaravísitöluna? Þegar þingmenn greiddu atkvæði með umferðarlögunum hér á Alþingi Íslendinga hækkuðu þeir lánskjaravísitöluna. Ég verð bara að segja eins og er: Er það rökrétt? Hvers vegna, spyrja menn e.t.v. Vegna þess að kostnaðurinn í sambandi við bílinn hækkaði, fór inn í framfærsluvísitöluna og þaðan inn í lánskjaravísitöluna. Svo einfalt er málið. Og hvert lagafrv. eftir annað, sem þingmenn hafa verið að samþykkja hérna í þinginu, hefur farið beinustu leið inn í lánskjaravísitöluna. Það gengur ekki, það hreinlega gengur ekki að setja upp kerfi sem virkar á þann hátt að það kemur óorði á flesta gjaldmiðla hins vestræna heims, hreint út sagt. Þeir eru ekki taldir nægilega merkilegir til að eiga peninga í þeim. Sjá menn ekki að við höfum farið úr öskunni í eldinn? Sjá menn ekki að með því að vera með einn best tryggða gjaldmiðil heims höfum við farið langt upp fyrir gulltrygginguna og skapað vísitölutryggða krónu sem kemur óorði á alla aðra gjaldmiðla? Það er ekki efnilegt ástand að tarna.

Menn gera grín að því að miða við vinnu. Ef allir Íslendingar væru með hliðstæð laun væri mjög rökrétt að miða við vinnuna. Þú lánar manni eina

stund af lífi þínu og þú greiðir það með annarri stund af lífi þínu. Þetta gekk upp hjá frumstæðum þjóðum og var þar ekkert vandamál. Menn veittu vinnulán. Fram á þessa öld og langt fram eftir þessari öld var það algengt í sveitum að menn launuðu vinnu með vinnu. En við búum við þær aðstæður að laun manna eru svo misjöfn. Þau eru svo misjöfn að út frá því getur það gerst með því að miða við launin að kjör eins gagnvart afborgunum hafi stórkostlega batnað en annars aðila versnað. Það verður ekki séð að það sé auðvelt að feta sig jafnmikið eftir þeirri braut og hugmyndir manna eru í dag.

Ég veit að margir segja: Þið eigið ekki að hafa skoðun á þessu. Þetta er verkefni fyrir Jón Sigurðsson að hugsa um, hæstv. viðskrh. Ég vil bara segja það eins og er að þrátt fyrir hans góðu greind, sem enginn efar, getur þeim góða manni skjátlast líka. — Vonandi er það ekki refsivert að dómi forseta að maður fullyrði slíkt hér í stólnum, en þá yrði ég líka að taka fram dæmi um að ég hefði upplýsingar um slíkt einmitt úr þessum stól.

En ég ætla að biðja um eina skýrslu frá hæstv. viðskrh. Það er greinargerðin sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn eða Alþjóðabankinn, ég man hreinlega ekki hvor var, sendi Seðlabanka Íslands, upplýsingar um hverjar væru afleiðingarnar af því að hafa lánskjaravísitölu. Það er nefnilega tímabært að menn séu fræddir í réttri röð og þessi skýrsla verði kynnt og hæstv. ráðherra geri grein fyrir því hvers vegna Seðlabankinn kom þessu ekki á framfæri og hvers vegna ráðherra viðskiptamála á sínum tíma gerði Alþingi Íslendinga ekki grein fyrir hinni alvarlegu greinargerð sem birtist þar um þetta mál.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Það er auðvitað full ástæða til að ræða þetta mál hér, ekki síst vegna forsögu þessara mála, og það er út af fyrir sig athyglisvert, eins og kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, hvernig tillöguflutningur kemur um þessar mundir frá stjórnarliðinu ef maður ber þann tillöguflutning saman við það sem verið er að vinna í Stjórnarráðinu hjá þeirri ríkisstjórn sem hv. þm., flm. þessarar tillögu, þykjast styðja, a.m.k. í orði kveðnu. Eftir sem áður er þetta gagnleg umræða. Það er ljóst að lánskjaravísitala er eins og allar aðrar vísitölur viðmiðun sem er mjög erfitt að ákveða. Það skiptir samt mjög miklu máli fyrir alla þá sem við þurfa að búa að hún sé eitthvað sem almenn samstaða er um í þjóðfélaginu.

Við skulum rifja upp að þetta er svipuð umræða og þegar verið var að ræða um beina og óbeina skatta og áhrif þeirra á vísitölu. Við vitum að áhrif óbeinna skatta koma fram í verðlagsvísitölunni en ekki áhrif beinna skatta. Menn hvetja síðan stjórnvöld til að haga sér samkvæmt því.

Við megum ekki heldur falla í þá gryfju að halda að verðtrygging sé einhvers konar ávöxtun fjármagns. Vextir eru ávöxtun fjármagns. Verðtryggingin á aðeins að sjá um að það sé verið að skila sömu stofnfjárhæð. Þar lendum við í nákvæmlega sömu vandræðum og þegar við erum að bera ýmsar þjóðhagsstærðir saman, eins og þjóðarframleiðslu og landsframleiðslu þar sem hver þáttur hefur áhrif á annan, er venslaður eins og hv. 1. flm. gat um. En hagfræðin er ekki nákvæmari en svo að ein stærð hefur áhrif á aðra einfaldlega vegna þess að hagfræði er ekki verkfræði og ekki stærðfræði.

En umræður sem hafa orðið um þetta mál á undanförnum vikum hafa komið sér mjög illa á einn máta. Þær hafa dregið úr tiltrú fólks á sparnaði í landinu. Það hefur sannarlega komið fram. Og það er mjög slæmt hvernig hæstv. forsrh., sem sækir nú afar illa þingfundi og er oftast ekki hér til þess að svara spurningum sem til hans er beint, hefur haldið á þessu máli. (**Gripið fram í:** Það vantar fleiri en hann.) Það vantar fleiri en hann, en það er mjög áberandi hve hann vantar oft.

Hann lýsti því yfir í sumar að það ætti að hætta við lánskjaravísitöluna. Þegar til núv. ríkisstjórnar var stofnað sagði hæstv. forsrh. að það hefði verið ákveðið að breyta vísitölunni vegna kröfu frá Alþýðusambandi Íslands. Hann sagði það. Ari Skúlason, hagfræðingur Alþýðusambandsins, svaraði í DV. Ég er með það hérna: „Hrein og klár lygi hjá Steingrími.“ Þar er átt við sjálfan forsrh. en óþarfi að hafa svona hátt um það því að það tekur enginn mark á forsrh. landsins um þessar mundir, því miður. (**Gripið fram í:** Hver er það?) Ari Skúlason er hagfræðingur Alþýðusambands Íslands. (**ÓÞÞ:** Tekur einhver mark á honum?) Það skal ég ekkert um segja, en hann er ekki formaður Framsfl. og ekki forsrh. þjóðarinnar enn þá, kannski því miður.

Þegar þetta var upplýst sagði Steingrímur Hermannsson hæstv. forsrh. og ég les orðrétt frá 17. október hvað hann sagði: „Tillaga um að breyta grunni lánskjaravísitölu kom inn í stjórnarmyndunarviðræðurnar frá Alþfl. og Alþb. með því fororði að þetta væri mjög að vilja verkalýðshreyfingarinnar.“

Við heyrðum hvað hv. þm. Karl Steinar sagði áðan. Það botnar enginn neitt í neinu í þessum málum.

Það sem skiptir öllu máli er þetta: Við höfum ríkisstjórn í landinu. Á bak við þá ríkistjórn er sagt að sé þingmeirihluti. Menn hafa efast um það. En þeir menn sem telja sig til þessa þingmeirihluta bera ábyrgð á ríkisstjórninni, þeir bera ábyrgð á stjórnarathöfnum og þeir bera ábyrgð á þeirri stefnu sem fylgt er. Og það sem er kannski erfiðast að þurfa að þola við þetta allt saman er að umræður á hv. Alþingi í dag sýna og sanna að það er enginn meiri hluti á bak við eitt eða neitt hjá þessari ríkisstjórn, ekki einu sinni um jafnviðkvæman hlut og lánskjaravísitöluna. Þess vegna er það skýlaus krafa okkar þingmanna og reyndar þjóðarinnar allrar að sá maður sem hefur rétt til þess að tala í nafni hæstv. ríkisstjórnar, hæstv. viðskrh. sjálfur, Jón Sigurðsson, komi hér upp og segi nákvæmlega hver sé þingmeirihlutinn á bak við stefnu ríkisstjórnarinnar

og hvað ríkisstjórnin ætlar að segja í þessu máli. Og ef þessi umræða verður til þess að við fáum skýr svör þannig að almenningur í landinu megi treysta orðum þeirra sem fara með stjórn landsins, þá er vel að þessi umræða skuli eiga sér stað í dag. Ég skora á hæstv. viðskrh. að koma nú hér upp og tala í nafni ríkisstjórnarinnar allrar, líka Steingríms Hermannssonar sem aldrei kemur hingað í þingsali. (**Gripið fram í:** Og tali á íslensku.) Og tali þannig að við hinir skiljum.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Fyrst nokkur orð um eðli tillögunnar sem mönnum hefur hér orðið tíðrætt um. Mig langar til að byrja á því að rifja upp einfaldan hlut, sem er að till. til þál. sem hér er flutt er endurflutt óbreytt frá fyrra þingi. Þá flutti hana 1. flm., 10. þm. Reykv., einn. Með honum hefur nú fengist annar flm., hv. 2. þm. Vestf. Tillögugreinin er óbreytt, en skýringarnar eru nokkuð breyttar. Þetta vildi ég rifja upp til þess að glöggva fyrir mönnum að hér er fráleitt um nýjan hlut eða uppákomu að ræða í stjórnmálunum og fjarri lagi að líta á þetta sem vantrauststillögu á þá sem með þessi mál fara nú eða fóru áður.

Ástæðan er einföld því þegar maður les grg. og hlustar á flm. er hverjum manni ljóst að þeir eru að ræða fyrst og fremst mælingarvandamál. Ég geri ekki lítið úr því. Þeir rekja hér dæmi sem þeir segja að sýni að lánskjaravísitalan íslenska hækki úr hófi fram og feli í sér, eins og hv. 2. þm. Vestf. sagði víst hérna áðan, ekki bara verðtryggingu heldur líka ávöxtun. Þeir byggja sitt mál m.a. á samanburði við þróun gengis mikilvægra gjaldmiðla. Þetta eru athyglisverðar ábendingar, en ekki að minni hyggju óyggjandi vísbendingar um það að lánskjaravísitalan margumrædda sé óalandi og óferjandi sem verðlagsmælikvarði. Hún hefur vafalaust, eins og flestar vísitölur sem byggðar eru á föstum grunni, tilhneigingu til að ofmeta verðbreytingar þegar fram í sækir. Það má vel vera að hún hafi í sér fólgið meira víxlgengi við ýmsar aðrar stærðir í hagkerfinu en vera skyldi. Þó leyfi ég mér að benda á að þær kvótaraðir verðhækkana sem hv. 10. þm. Reykv. fór hér með í mæltu máli áðan og hrifu svo mjög hv. 8. þm. Reykv. að hann vildi helst láta letra þær gullnu letri á spjöld sögunnar, að því er ég skildi hann, eða a.m.k. í Morgunblaðið og ég vona að þær birtist þar, eru auðvitað ekki ný tíðindi. Það er, eins og kom fram í umræðunum áðan, ekki síst hjá hv. 9. þm. Reykn. Karli Steinari Guðnasyni, verðbólgan sem er vandamálið. Þetta er lýsing á þeim víxlhækkunum sem verða þegar verðbólguþróun fer úr böndunum.

Ég held þess vegna að besta meðferðin á tillögu sem þessari, sem fjallar um athugun á því hvort vísitölurnar sem mynda lánskjaravísitöluna, framfærslukostnaðarvísitalan og byggingarkostnaðarvísitalan, ofmeta verðbreytingarnar, sé að athuga hana vandlega í þeirri nefnd Sþ. sem með þessi mál fer, og til hennar verður þessu máli vísað, að hún leiti álits Hagstofunnar og annarra til þess bærra aðila hvort þetta sé raunverulega svona. Þetta finnst mér vera kjarni málsins eins og það er hér flutt og alls engin ástæða til að amast við því, síður en svo.

Hitt er svo annað mál, hvernig þetta dugir til að verðtryggja fjárskuldbindingar og hvort það sé alls kostar heppileg aðferð. Það er önnur saga, saga sem er mikið umdeild, en hún er í raun og veru ekki kjarni þeirrar tillögu sem þeir gera hér, nema hvað þeir benda sérstaklega á í greinargerðinni að vera *megi ráð að líta betur á gengið sem hugsanlegan* verðtryggingargrundvöll. Það tel ég reyndar fullkomna ástæðu til þess að gera og bendi á að í ákvörðunum ríkisstjórnarinnar er einmitt sagt að jafnframt verði heimilað að velja viðmiðun við gengið sem lánskjaravísitölu þegar breytingar verði gerðar. Þetta þurfa menn að skoða. Hins vegar vil ég benda á það að mér finnst vanta í málflutningi flm. þessarar tillögu að gera grein fyrir því að í heimalöndum þeirra gjaldmiðla, sem hafa dregist aftur úr lánskjaravísitölunni, eins og þeir kjósa að orða það, hefur verið um verðbreytingar að ræða og þar er nafnvaxtastig breytilegt þannig að hluti af skarðinu sem þeir telja að sé þarna á milli verður af þessu tvennu fylltur. Samanburðurinn er því ekki óyggjandi.

En þá kem ég að því sem kalla mætti efnahagsstefnuatriðið í þessu máli sem margir hafa gert hér að umtalsefni. Hv. 8. þm. Reykv., hv. 17. þm. Reykv. og hv. 7. þm. Reykn., *ef ég man rétt, bentu* á að það hefði verið ákveðið í nokkurri skyndingu að breyta samsetningu lánskjaravísitölunnar þannig að vægi launanna væri aukið. Ég er ekki alveg viss um að þetta hafi verið sú skyndiákvörðun sem þeir vilja vera láta. Ég bendi á að hv. 1. þm. Suðurl., þá forsrh., bar í fyrri hluta septembermánaðar fram tillögu, sem er í eðli sínu nákvæmlega hin sama. Hann lagði til að ný lánskjaravísitala skyldi mynduð að ⅓ af launum, ⅓ af byggingarvísitölu og ⅓ af framfærslukostnaðarvísitölu í stað þess sem á endanum varð stefnuyfirlýsing þeirrar stjórnar sem nú situr, að launin skyldu vega helming og hinar vísitölurnar tvær fjórðung hvor. Á þessu er enginn eðlismunur og afar lítill fjárhagsmunur. Ég er þess vegna ekki hissa á því að hv. 1. þm. Suðurl. telji að það komi til greina að gera slíkar breytingar. Hann hefur gert tillögur um þær sjálfur og reyndar haldið því fram í málflutningi bæði fyrr og síðar að þetta væru þær einu raunhæfu tillögur. Ég stóð satt að segja í þeirri trú að þingmenn Sjálfstfl., þingflokkur Sjálfstfl., hefðu samþykkt þessar tillögur sem þeir nú kjósa að kalla skyndiákvarðanir. Þær ákvarðanir, vel að merkja, vil ég benda þeim á að þeir tóku sjálfir í byrjun september. (**GHH:** Það var flm. sem kallaði þetta skyndingu.) Þið kölluðuð þetta sjálfir skyndiákvarðanir og tókuð það upp eftir þeim. En ég vildi benda á þessar einföldu sögulegu staðreyndir í þessu máli.

Það er ekki þar með sagt að þetta verði betra fyrir bragðið. Ég held að það sé ekki réttur skilningur á

tillögunni, sem hér er flutt, að hún gangi sem slík á skjön við stefnu stjórnarinnar. Hún er beinlínis til þess hugsuð og ærlega meint af hálfu flm. eins og þeirra var von og vísa að þeir vilja bæta þessa mælikvarða. Það er reyndar beinlínis gert ráð fyrir því í lögunum um verðtryggingu fjárskuldbindinga að grundvöllur vísitölunnar verði endurskoðaður þannig að hann sé jafnan sem bestur verðlagsmælikvarði. Þetta má auðvitað ekki verða of ótt og títt, eins og hv. 1. þm. Suðurl. kom m.a. inn á, því þarna þarf að freista þess að skapa nokkra festu. Ég þykist vita að umræðan sem hér fer fram sé einmitt til þess hugsuð af þeirra hálfu.

Þá kem ég að því að fjalla nokkuð um stöðu málsins eins og hún er nú. Hv. 1. þm. Suðurl. spurði um álit Seðlabankans á þessu máli. Það er rétt. Seðlabankinn gerði grein fyrir skoðunum sínum á þeim ákvörðunum ríkisstjórnarinnar sem fyrir hann voru lagðar í lok september. Álit þetta var í eðli sínu vinnuskjal, en það er sjálfsagt mál að þingmenn kynnist því í nefnd Sþ., þegar um þessi mál verður fjallað, sem ég tel ástæðu til að fjalli sem vandlegast um þetta allt. Þar komu fram ýmiss konar ábendingar sem ég tel að hafi verið skylda Seðlabankans að koma með. Um einstök atriði má síðan deila. Ég ætla svo í örstuttu máli að gera grein fyrir því hvernig málið stendur, með leyfi hæstv. forseta, það tekur mig eina eða tvær mínútur, sem ég verð að taka vegna þess að um þetta hafa komið ítrekaðar fyrirspurnir hér í umræðunni.

Í fyrsta lagi vildi ég segja að nú er að því stefnt að taka upp nýja lánskjaravísitölu frá 1. janúar nk. sem verður samsett með þeim hætti sem ríkisstjórnin hefur ákveðið og margoft hefur verið frá skýrt. Ef ekki reynast á því neinir sérstakir annmarkar verður þannig frá þessu gengið að eingöngu megi nota þessa nýju lánskjaravísitölu í verðtryggðum lánssamningum sem gerðir verða eftir þennan tíma.

Í öðru lagi er verið að vinna að því að sem flestum verði gefinn kostur á að semja svo um að hin nýja vísitala taki einnig gildi í eldri lánssamningum. Jafnframt verði haldið áfram að reikna gömlu lánskjaravísitöluna vegna þeirra samninga sem báðir aðilar fallast ekki á að breyti um vísitölugrundvöll. Til að undirbúa þetta mál, og það þarf auðvitað að gera vandlega, þarf í fyrsta lagi — og nú rek ég nokkur atriði enn, með leyfi hæstv. forseta, — að undirbúa formskilyrðin fyrir því að Seðlabankinn geti gefið út frá 1. janúar nýja lánskjaravísitölu sem miðist að hálfu við launavísitöluna en að fjórðungi við framfærsluvísitölu og að fjórðungi við byggingarvísitölu. Ég vek athygli þeirra þingmanna sem hér hafa mest talað um þingmeirihluta að þetta er lögum samkvæmt ákvörðun sem Seðlabankinn getur tekið. En ég tel að hann styðjist þar við mjög ótvíræða yfirlýsingu um að breyting af þessu tagi — eða þessa eðlis — njóti mikils stuðnings í þinginu, þar sem fram voru komnar áður en þessi stjórn var mynduð tillögur frá forustumanni fyrri stjórnar um nákvæmlega sama hlut. Það þarf að kanna hvort auglýsing Seðlabankans ein nægi til að gera þetta og hvort nota megi þessa vísitölu eingöngu í lánssamningum sem eru gerðir eftir 1. janúar. Þetta er fyrsta atriðið, mjög mikilvægt lögfræðilegt atriði.

Í öðru lagi verður athugað nánar hvort nokkuð er því til fyrirstöðu að núgildandi launavísitala til greiðslujöfnunar, sem lögfest var á árinu 1983, verði notuð sem hluti af grundvelli nýju lánskjaravísitölunnar uns ný og betri launavísitala hefur verið tekin upp.

Í þriðja lagi verði Hagstofunni falið að undirbúa nýja vandaða launavísitölu í samráði við Þjóðhagsstofnun, Seðlabanka og kjararannsóknarnefnd og undirbúa frv. um útreikning slíkrar vísitölu, telji menn það tryggara.

Í fjórða lagi tel ég að kanna þurfi hvort unnt sé og rétt að fella niður núgildandi lög um greiðslujöfnun fjárskuldbindinga sem að hluta var ætlað sama verk og breytingin á grunninum nú, þ.e. að draga úr misgengi launa og lánskjara, að gera þetta um leið og ný lánskjaravísitala með auknu launavægi tekur gildi.

Í fimmta lagi verði undirbúin auglýsing um gengisvísitölu sem nota megi í samningum á hliðstæðan hátt og lánskjaravísitölu, hún verði líka auglýst frá 1. janúar.

Þótt það verði ekki gert skylt, sem enn er kannski ekki alveg útkljáð, að taka hina nýju lánskjaravísitölu upp í eldri lánssamningum, ef ekki næst um það samkomulag milli aðila, er æskilegt að gefnar verði leiðbeiningar um það hvernig sanngjarnast sé að tengja milli gömlu og nýju vísitölunnar. Fyrir slíku er reyndar beinlínis gert ráð í lögunum og um það fjallar sérstök nefnd. Ég tel að það þurfi að veita samningsaðilum ráðgjöf til þess einmitt að tryggja að ekki verði valin önnur verðtryggingarviðmiðun en menn koma sér sjálfir saman um.

Þetta er að sjálfsögðu býsna viðurhlutamikið mál og ég bið þingheim velvirðingar á því að hafa þurft að rekja í nokkuð löngu máli þær athuganir og undirbúning sem nú fer fram vegna þess. Hjá því varð þó ekki komist vegna fyrirspurna sem fram voru bornar.

Að lokum vildi ég segja vegna þess sem fram kom hjá hv. 2. þm. Vestf. um álit Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á lánskjaravísitölunni og verðtryggingu fjárskuldbindinga að það er rétt að í áliti þeirrar stofnunar, sem ekki eru opinber plögg að allri venju, kom fram sú skoðun að nokkrir gallar gætu verið á lánskjaravísitöluviðmiðun eða verðtryggingu yfirleitt í peningamálastjórn vegna þess að hún gerði skuldurunum lífið of létt, þveröfugt við það sem verið hefur málflutningur hv. 2. þm. Vestf. og annarra. Þetta segi ég að lokum míns máls, en tel líka eðlilegt að í nefndinni verði þetta og önnur slík atriði rædd.

Ég þakka forseta fyrir að hafa sýnt mér umburðarlyndi.

Halldór Blöndal:

Virðulegi forseti. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem þessi hæstv. ráðherra hefur að engu haft mjög glögg ákvæði í fundarsköpum um ræðulengd og má vera að hann sé með því að gefa þingmönnum stjórnarandstöðunnar leiðbeiningu um hvernig þeir eigi að haga sér, að þingmenn stjórnarandstöðunnar eigi að láta sig engu skipta þótt forseti með kurteislegum hætti bendi þeim sem í ræðustólnum er á það að hann eigi að ljúka máli sínu, hann hafi þegar notað þann tíma sem Alþingi ætlar honum og ef ræðumaður er ekki í færum um að koma því efni til skila sem hann ætlar sér getur hann engum um kennt nema sjálfum sér og reynt næst að vera skýrari í sínum málflutningi og nota færri orð. Það má koma miklu til skila ef menn kunna tunguna vel og hugsa sér að vera stuttorðir, en ef hins vegar þingmenn vilja finna sér eitthvað til að vera langorðir, þá getum við allir gert það. Við getum alltaf komið meiri upplýsingum á framfæri en hægt er í stuttri ræðu. Við getum komið inn margvíslegum athugasemdum við málflutning hæstv. ráðherra. Ég satt að segja geri mér ekki alveg grein fyrir því hversu langir fundir yrðu að vera hér í deildinni ef við ætluðum að víkja að öllu því sem ráðherrar segja og er misjafnt, orkar tvímælis eða er beinlínis rangt þó ég verði að segja að sumt er rétt af því sem ráðherrar segja, eins og þegar forsrh. sagði að ráðherrarnir hefðu verið í fílabeinsturni þegar þeir mynduðu ríkisstjórnina. Væri fróðlegt að fá að vita hvað hæstv. viðskrh. segir um það. Var hann í fílabeinsturninum hjá forsrh. þegar hann myndaði ríkisstjórnina? Það væri býsna skemmtilegt að fá upplýsingar um það.

En til þess stóð ég ekki upp, virðulegi forseti, að vekja athygli á því að sumir hefðu verið í fílabeinsturni þegar þeir áttu að vera annars staðar. Þjóðarhagur ætlaðist til þess að þeir væru annars staðar. Ég ætlaði að spyrja hæstv. viðskrh. um hvort hann væri sammála þeirri yfirlýsingu hæstv. fjmrh. í Ed. þegar rætt var um lánsfjárlög að það ætti að skattleggja öll skuldabréf nema ríkisskuldabréf. Ríkisskuldabréf skyldu vera undanþegin skatti, en allur annar sparnaður átti að vera skattlagður. Ég hafði orð á því þá við umræðurnar að það væri svolítið erfitt fyrir stjórnarandstöðuna að átta sig á því hver væri raunveruleg stefna ríkisstjórnarinnar þar sem þeir væru yfirleitt ekki við nema svona einn og einn í senn. Þannig hafa ráðherrar Alþfl. kosið að vera fjarverandi þegar talað var um efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar. Þeir kusu líka að vera fjarverandi þegar talað var um lánsfjárlögin eins og þau komi hæstv. viðskrh. ekki við þó svo að sagt sé beinlínis í athugasemdum með því frv. að skýringin á því hversu mjög lánsfjárlögin fara fram úr áætlun á þessu ári sé sú að viðskrn. hafi verið mjög örlátt á erlendar lántökuheimildir. Þó svo hæstv. fjmrh. hafi haft orð á þessu var viðskrh. víðs fjarri þannig að ekki var hægt að spyrja hann að því hvort þetta væri rétt hjá hæstv. fjmrh.

Mig langar líka til að spyrja hæstv. viðskrh. að því hvort hugsunin sé sú að ríkisskuldabréf skuli vera með annarri og betri verðtryggingu en önnur skuldabréf. Mér datt það í hug eftir ræðu hæstv. viðskrh. áðan að hugmyndin sé að bjóða fram tvenns konar vísitölu, gömlu vísitöluna áður og svo nýja vísitölu og síðan mættu menn velja á milli. Ég held að það sé nauðsynlegt að ráðherrar tali skýrar um þessi efni.

Hitt fannst mér undarlegt þegar hæstv. viðskrh. sagði: Þeir sem eru alltaf að tala um meiri hlutann hér í þinginu geta verið rólegir. Ég held að ráðherrar ættu að hugsa um það í sínum embættisverkum öllum hvort þeir hafi meiri hlutann á bak við sig hér í þinginu vegna þess að við búum í þingræðislandi. Við erum áreiðanlega sú þjóð sem leggur meira upp úr réttu þingræði en flestar aðrar þjóðir og eigum erfitt með að þola það ef einstakir ráðherrar láta sig engu skipta vilja þingsins.

Hins vegar var ég mjög ánægður yfir því þegar hæstv. viðskrh. var að tala um að þingið vildi ugglaust samþykkja þá breytingu á lánskjaravísitölunni sem hann talaði um vegna þess að það gefur honum þá tilefni til þess að bera breytinguna undir Alþingi. Þá getur hann fengið úr því skorið hvort þingið sé með þessum tillögum.

Nú held ég að það sé líka óhjákvæmilegt að velta því pínulítið fyrir sér hvort sá viðskrh. sem nú er sé í grundvallaratriðum sammála þeim viðskrh. sem var í ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar um þau sjónarmið sem leggja beri til grundvallar í almennri peninga- og vaxtapólitík og væri vissulega, virðulegi forseti, tilefni til að bera fram með þinglegum hætti fyrirspurn á Alþingi um hvort núv. viðskrh. geti fallist á grundvallarsjónarmið fyrrv. viðskrh. og athuga hvort hann geti komið því til skila á þeim tíma sem Alþingi ætlar ráðherrum í fyrirspurnum í hvaða efnum ber á milli. Það væri mjög fróðlegt að fá um það pínulitla útlistun.

Ég hef rekið mig á að hv. 3. þm. Norðurl. e. hefur haft gaman af því bæði í blöðum, hér á Alþingi og víðs vegar annars staðar að lýsa því hvers konar áþján það hafi verið fyrir þjóðina að búa við þá stefnu í peninga- og vaxtamálum sem fyrrv. viðskrh. fylgdi og var helsti baráttumaður fyrir í þinginu. Ég geri ráð fyrir því að þessi þingmaður sé nú ánægður yfir því að hafa skotið út í horn sjónarmiðum fyrrv. viðskrh. Og ég hygg að hann sé ekki í neinum vafa um að það sé batnandi maður sem nú situr í sæti hæstv. viðskrh. og ímyndar sér ugglaust að hann hafi haft einhver áhrif á sinnaskiptin.

Auðvitað vitum við það sem hlustum á viðskrh. nú að honum hefði aldrei komið til hugar að tala með sama hætti um „handaflið" og hann gerði fyrir einu ári. Ég held að það sé alveg ljóst. En virðulegi forseti. Þó hæstv. viðskrh. léti við það eitt sitja að útskýra fyrir okkur hvers vegna einungis spariskírteini ríkissjóðs eigi að njóta skattfrelsis, en engin önnur spariskírteini og enginn annar sparnaður í landinu, þá væri það fróðlegt. Ef hæstv. viðskrh. efast hins vegar um að ég hafi tekið rétt eftir í Ed. verð ég einungis að harma að þessir tveir menn skuli

aldrei sjást saman í umræðum þegar talað er um ríkisfjármál eða peningamál, hæstv. fjmrh. og hæstv. viðskrh., og þá væri auðvitað tilefni til að reyna að finna einhvern tíma sem gæti hentað þeim báðum þannig að þingmenn gætu fengið glögga mynd af því sem er að gerast. En ugglaust er hæstv. forsrh. sammála báðum tveim hvernig sem þeir tala.

Albert Guðmundsson:

Virðulegur forseti. Ég er ekki alveg viss um að þessi þáltill., sem er flutt af þeim Guðmundi G. Þórarinssyni og Ólafi Þ. Þórðarsyni, sé þess eðlis að hún kalli virkilega á þessar umræður. Málið, lánskjaravísitalan, kallar sannarlega á umræður af þessu tagi og þá á frjálsan tíma ræðumanna. En till. til þál. um endurskoðun á lánskjaravísitölu, endurskoðun sem mér finnst felast í orðunum að þarna eigi að breyta ef það finnst eitthvað athugavert við útreikningsaðferð á lánskjaravísitölu, er út af fyrir sig einskis virði. Og það er alveg rétt, sem hér hefur komið fram, að hæstv. ráðherra, sem er okkar mesti fagmaður í þessum málum, er með þetta í vinnslu og við þurfum ekkert að vera að flytja svona till. Við höfum engan hæfari mann með þjóðinni til þess að vinna þá vinnu sem hann er að vinna. Það sem ég hefði viljað sjá, hvort sem það er frá stjórnarliðum eða öðrum, er þáltill. um að fella lánskjaravísitöluna niður á sama hátt og það er búið að fella niður launavísitöluna. Hver er reiðubúinn til að trúa því að lánskjaravísitala sé eins konar hitamælir? Það er alveg rétt sem kom hérna fram hjá hv. þm. Júlíusi Sólnes. Það er notað sem meðal líka, en er ekkert meðal. Menn læknast ekki af því að éta hitamælinn.

Við höfum hvað eftir annað talað um þá staðreynd að menn hafa fengið vísitölutryggt lán úr húsnæðiskerfinu. Ég kom hér með dæmi einu sinni um einstakling sem hafði fengið 80 þús. kr. að láni árið 1980 og hafði alltaf staðið í skilum og 1985, eftir að hafa staðið í skilum í fimm ár, skuldaði hann tæp 600 þús. kr. Og ætlið þið svo að segja að lánskjaravísitalan hafi ekki neitt að segja? Hún eykur í krónutölu kvaðir sem eru á einstaklingnum en launin standa í stað. Orkan í manninum, ég er margbúinn að tala um það, sem hann á eftir að breyta í krónur og aura, hefur ekki sama gildi og krónan sem hann fær að láni. Og á meðan svo er er þjóðfélagið allt skakkt. Við höfum það daglega fyrir framan okkur að fyrirtæki og fjölskyldur fara á hausinn vegna þess að fólk vinnur ekki fyrir daglegum þörfum og fyrirtækin ekki heldur. Ég er alveg sannfærður um að það ætti að taka og skoða betur tillögu sem ég var með sem fjmrh. um hið fræga pennastrik sem var notað þegar á þurfti að halda í einstaka neyðartilfellum en aldrei viðurkennt. Hvað haldið þið að það mundi bjarga miklu ef þetta pennastrik yrði notað á vísitöluþátt þeirra lána fyrirtækja og fjölskyldna sem nú eru að fara á hausinn? Hvað haldið þið að það mundi bjarga miklu ef einstaklingar og fyrirtæki skulduðu höfuðstólinn einan? Ég tel að það sé kominn tími til að hugsa ekki eingöngu um þá sem eiga peninga til að vinna fyrir sig heldur líka um þá sem þurfa peninga til að koma sér áfram á hvaða sviði sem er.

Ég hef eins og allir lesið og hlustað á í öllum fjölmiðlum, aðallega ríkisfjölmiðlunum, þann boðskap ríkisstjórnarinnar að verðbólgan sé að koma niður, hún sé komin niður í núll og vísitalan hraðminnki frá degi til dags. Hún var komin á annað hundrað prósent árið 1983 þegar Sjálfstfl. og Framsfl. tóku þá við stjórnarstörfum. Hún var komin niður í rúmlega 20% eða á milli 20 og 30% í tíð hæstv. fyrrv. forsrh. Þorsteins Pálssonar. Hún er sögð vera komin niður í núll núna, í annarri stjórnartíð hæstv. forsrh. Steingríms Hermannssonar. En getur nokkur landsmaður sagt mér hvar það kemur fram annars staðar en í áróðri frá ríkisstjórninni í fjölmiðlum og aðallega ríkisfjölmiðlum? Það kemur ekki fram í lækkandi verðlagi. Það kemur ekki fram í lækkandi húsaleigu. Það kemur ekki fram í neinu þar sem fólk þarf að borga. Það kemur bara fram í eyrum þeirra sem hlusta. Og hver trúir svo ríkisstjórninni þegar svona staðreyndir blasa við? Það trúir ekki nokkur maður, ekki nokkur maður vegna þess að fólkið í landinu er vel upplýst fólk. Það veit hvað það þarf frá degi til dags. Frá morgunmat til kvöldmatar veit það nákvæmlega hvað það þarf vegna þess að það getur ekki eytt meiru en það nauðsynlega þarf. Það á ekki peninga fyrir því. Ég hef ekki séð kaupmáttinn aukast undanfarið vegna boðskapar ríkisstjórnarinnar. Kaupmátturinn fer hraðminnkandi þrátt fyrir að verðbólgan er komin niður í núll og vísitalan sama og engin. Það er skýringin á þessu sem þarf að koma fram.

Ég held að það sé rétt hjá hv. 1. þm. Suðurl. að vegna þeirra blekkinga sem þjóðin hefur orðið fyrir eru þingmenn stjórnarinnar sjálfir orðnir hræddir, þeir eru orðnir hræddir við að styðja stjórnina. Ég veit ekki um neitt frv. sem er stjfrv. og er í nefnd núna sem hefur stuðning stjórnarinnar í annarri deildinni hvað þá báðum. En við skulum bíða. Samkvæmt umræðum sem hér voru fyrir nokkrum dögum í hæstv. sameinuðu Alþingi koma lánsfjárlögin úr nefnd í byrjun næstu viku eða kannski þessari viku. Það reynir kannski á það því að formaður þeirrar nefndar sem fer með þau í Ed. tjáði þingheimi að það yrði lagt fram þegar 15 umsagnaraðilar hefðu gefið sitt álit. (**Gripið fram í:** Það voru bráðabirgðalögin.) Bráðabirgðalögin. Já, fyrirgefðu. Ég er að tala um bráðabirgðalögin. Þau koma þá fram mjög fljótlega. Hvað sagði ég? (**Gripið fram í:** Lánsfjárlög.) Já, fyrirgefðu.

Forseti hefur óskað eftir því að ég ljúki máli mínu og ég sé enga ástæðu til annars en að gera það. Þetta mál er hægt að ræða lengi, en ég tel að ég hafi sagt nokkurn veginn allt það sem ég vildi hafa sagt.

Flm. (Guðmundur G. Þórarinsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka þær að mörgu leyti athyglisverðu umræður sem hér hafa farið fram um þessa þáltill. Ég held að þessar umræður sýni að

málið er ofarlega í huga margra þingmanna og er eðlilegt og æskilegt að ræða hér á þinginu. Ég er hins vegar dálítið undrandi á því hve mikill misskilningur hefur komið fram í máli sumra þingmanna.

Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson taldi lýsingar á víxlverkun lánskjaravísitölunnar broslegar. Það kann að vera að þær lýsingar sem ég var með hér, hvernig Einbjörn togar í Tvíbjörn og Tvíbjörn í Þríbjörn, hvernig framfærsluvísitalan hækkar lánskjaravísitöluna sem aftur hækkar framfærsluvísitöluna, sem aftur hækkar lánskjaravísitöluna o.s.frv., virki broslega þegar frá því er sagt. En ég get fullvissað þingmanninn um og ég veit að hann skilur það að afleiðingarnar eru ekki broslegar fyrir þá sem eiga að greiða. (**EKJ:** Sammála.) Sammála. Þarna er um að ræða mjög alvarlegt atriði í sjálfgengi þess mælikvarða sem við notum. Það er auðvitað engin ástæða til annars en að lagfæra það og endurskoða. Lagfæring er hins vegar mjög flókið og erfitt mál og þess vegna er lagt til að nefnd sé skipuð.

Mér fannst gæta nokkurs misskilnings líka hjá fulltrúum Borgfl. sem hér töluðu. Mér fannst þeir báðir tala fyrir því að það ætti að afnema lánskjaravísitöluna beint og þess vegna væri tillaga sem þessi óþörf. Það kann að vera að þar komi að lánskjaravísitalan verði afnumin. Það vil ég vona að verði. En mér er tjáð af ýmsum lögfróðum mönnum að það muni verða erfitt að afnema hana á fjárskuldbindingar sem þegar eru bundnar lánskjaravísitölu. Þá bendi ég enn á að margar fjárskuldbindingar eru tengdar lánskjaravísitölu áratugi fram í tímann. Fyrir þá aðila er hér um að ræða mjög erfitt mál. Þess vegna er mjög mikilvægt að stjórnvöld reyni að finna sem réttlátasta lausn á þessum mælikvarða með tilliti til þeirra gífurlegu hagsmuna bæði einstaklinga og atvinnulífs sem þarna eru í húfi.

Ég verð að játa að ég hef orðið fyrir miklum vonbrigðum með málflutning margra sjálfstæðismanna í þessari umræðu. Sumir þeir sem hér hafa talað hef ég nú reyndar talið að væru bæði gætnir og athugulir menn. Sérstaklega verð ég að segja að ég varð fyrir mjög miklum vonbrigðum með mál hv. 1. þm. Suðurl., fyrrv. forsrh. Þorsteins Pálssonar. Mér fannst hann vilja nota þetta mál til þess að hefja einhverja sérstaka sókn gegn framsóknarmönnum. Það kann vel að vera að hann sé bitur í garð framsóknarmanna og Framsfl. eftir þá atburðarás sem á undan hefur gengið. Hins vegar er hér um miklu, miklu alvarlegra mál að ræða en svo að ástæða sé til að hefja hér sérstaklega pólitískar skylmingar í því sambandi. Raunar skil ég ekki þingmanninn þegar hann talar um að það sé nánast óhæfa að flytja hér mál sem heyri beint undir ráðherra sem eigi að fjalla um það. Ég held stjórnskipun Íslands sé þannig að öll mál heyri undir einhvern ráðherra. Ef menn reyndu að draga ályktanir í beinu framhaldi af þessari ræðu hv. 1. þm. Suðurl. ættu menn alls ekki að flytja nein mál heldur treysta ráðherrunum sem fara með öll mál og alla málaflokka.

Ég þykist vita að þannig hafi þingmaðurinn ekki meint þessi undarlegu orð sem hann lét falla. En ég verð að játa að ég lít á það sem starfssvið og vettvang Alþingis að fjalla um ýmsa þætti þjóðmála. Ég tel eðlilegt að Alþingi ræði mál sem þetta og geri um það tillögur og fjalli um jafnvel þó framkvæmdarvald sé í landinu. Þarna held ég að við séum í grundvallaratriðum ósammála, nema hv. 1. þm. Suðurl. hafi sérstaklega hagað orðum sínum á þennan hátt úr ræðustól til að snúa út úr og reyna að koma höggi á — ja, framsóknarmenn í þessu sambandi.

Mér finnst ekki þurfa að vera neinn misskilningur í þessu máli. Það er alveg ljóst að ríkisstjórnin hefur ákveðið að breyta lánskjaravísitölunni. Það veit hv. 1. þm. Suðurl. Það er líka ljóst að hún hefur gefið yfirlýsingar um að lánskjaravísitala verði afnumin þegar verðbólga hafi farið niður fyrir eitthvert ákveðið stig einhvern tíma. Það breytir ekki því að eðli þessa máls er þannig að nauðsynlegt er að endurskoða þessa lánskjaravísitölu að mati flm. Sú lánskjaravísitala sem á að taka gildi um áramót og viðskrh. lýsti er að mínu mati ákveðin í nokkurri skyndingu. Það þarf ekki að koma neinum á óvart og kannski allra síst hv. 1. þm. Suðurl. sem veit hvernig kaupin gerast á eyrinni og hvernig ákvarðanir eru nú oft teknar. Þarna var gripið inn í til þess að breyta þeirri lánskjaravísitölu sem í gildi er, er mjög umdeild og hefur skekkt marga hluti, bæði í lífi einstaklinga og atvinnulífs. Það breytir ekki því að sú ákvörðun þarf endurskoðunar við.

Ég gerði mér ekki grein fyrir því og veit ekki hvort það er rétt sem hv. þm. Karl Steinar sagði áðan að samkvæmt útreikningum sem hann hefði í höndum hefði þessi nýja lánskjaravísitala, ef hún hefði verið í gildi á síðasta ári, aukið greiðslubyrði einstaklinga um 3%. Ég geri mér ekki grein fyrir því. Þessi yfirlýsing hv. þm. sýnir okkur hins vegar við hvað er að fást, hversu einfaldar ákvarðanir geta haft gífurleg áhrif á líf einstaklinga og rekstur og afkomu atvinnufyrirtækja.

Ég verð líka að játa að ný lánskjaravísitala sem byggir að 70% á launum kann að valda launþegum nokkrum erfiðleikum í kjarabaráttu vegna þess að launagreiðendur eru þá ekki bara að samþykkja launahækkanir, heldur líka hækkanir á sínum fjármagnskostnaði. Það er líka spurning, ef launþegar eiga að taka slíka hækkun á sínar skuldbindingar, hvort þeir eiga ekki í meira mæli að njóta, við skulum segja aukins hagvaxtar og aukinnar útflutningsframleiðslu, ef þess gætir, þannig að það sé ekki tekið þá beint aftur í lánskjörunum. Ég held að þarna séu menn að fjalla um glettilega flókin mál, en ég veit að tíminn líður og ekki er tími til að fara mjög ítarlega ofan í það hér.

Hæstv. viðskrh. taldi að hér væri fyrst og fremst um að ræða mælingavandamál. Ég vil taka undir margt í hans ræðu sem var athyglisvert og viturlega mælt að vanda þó að ég sé ekki tilbúinn að gefa

honum jafnsterka traustsyfirlýsingu og hv. þm. Albert Guðmundsson gerði áðan, að við ættum engan hæfari mann ef ég skildi orð hans rétt. Mælikvarðavandamál getur verið mikið vandamál og menn verða að gá að því að mælikvarðinn passi við það sem þeir eru að mæla. Siðferðisvitund manna verður til að mynda aldrei mæld með metramælikvarða, og þannig mætti lengi telja. Og mælikvarði má ekki verða venslaður því sem hann á að mæla.

Hæstv. ráðherra minntist sérstaklega á gengisviðmiðun. Við tölum í greinargerð líka um viðmiðun við viðskiptakjör, útflutningsframleiðslu eða hagvöxt og að athugað sé hvort lánskjaravísitala eigi að vera háð beinum ákvörðunum stjórnvalda eins og til að mynda ákveðnum sköttum, niðurgreiðslum og öðru slíku.

Virðulegur forseti. Í mínum huga er um mjög alvarlegt mál að ræða. Ég held að umræður hafi að mörgu leyti verið gagnlegar þó að ég harmi á hvern hátt sjálfstæðismenn sem hér hafa talað hafa tekið á þessu máli að undanteknum hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni. Ég er ekki í neinum vafa um að fagleg athugun, fagleg endurskoðun á grunni lánskjaravísitölunnar er mikið nauðsynjamál.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. flm. fyrir það að staðfesta hér skýrt og skorinort að tillagan er flutt vegna þess að hann hefur ekki traust á þeim ákvörðunum sem teknar hafa verið um breytingar og þeirri vinnu sem hæstv. viðskrh. hefur látið fara fram í því efni. Auðvitað er það útúrsnúningur einn að ég hafi verið að amast við því að þm. Framsfl. flyttu tillögur af þessu tagi. Til þess hafa þeir auðvitað þinglegan rétt og er ekkert nema gott eitt um það að segja. Hitt er alveg augljóst að tillagan er borin fram vegna þess, eins og hv. flm. orðaði það held ég alveg skýrt og skorinort, að hann hefur ekki traust á því sem ákveðið hefur verið og vill að það sé athugað betur. Það er ekki hægt með skýrari hætti að staðfesta það að hér er um að ræða vantraust á það sem hæstv. viðskrh. hefur verið að gera og staðfestir orð mín um það efni.

Það var athyglisvert sem hv. 2. þm. Vestf. sagði hér. Hann sagði að hér væri enn eitt dæmi um það að sérfræðingar hefðu teymt Alþingi á villigötur. Frv. um vísitöluna og lögin um vísitöluna eru þó kennd við fyrrum formann Framsfl. Eitt stærsta baráttumál Framsfl. var löggjöfin um vísitöluna. Þetta er enn eitt dæmið um það að sérfræðingar hafi teymt Alþingi á villigötur. Það virðist vera orðið þannig með sérhvert mál sem Framsfl. kemur að að þeir eru alltaf plataðir. Það kemur alltaf í ljós eftir á að einhverjir sérfræðingar eða óvandaðir samstarfsmenn plötuðu þá til þess arna.

Hitt er svo athyglisvert við þessa umræðu að hæstv. viðskrh. staðfestir að breytingar á vísitölunni eigi að koma til framkvæmda svo sem hann hefur lýst um næstu áramót. Hér liggur hins vegar fyrir tillaga um það að það sé ófullnægjandi endurskoðun, tillaga frá áhrifamönnum í stjórnarliðinu. Og tveir aðrir stjórnarþm. a.m.k., bæði úr Framsfl. og Alþfl., hafa talað hér og varað við þessu hringli með vísitöluna eða sagt að það sé óeðlilegt að búa til svona tengingu vegna þess að menn hafi misjöfn laun. Samt sem áður ætlar hæstv. ríkisstjórnin að láta breytinguna koma fram þó að enginn stjórnarþm. hafi mælt með því, heldur hafi allir stjórnarþm. sem hafa talað mælt á móti þessari breytingu. Svo hleypur hæstv. viðskrh. í það að segja að þetta sé tillaga Seðlabankans sem ekki þurfi atbeina Alþingis til. Það er rétt að skýrt verði alveg hreint berum orðum fyrir Alþingi hver sé vilji Seðlabankans í þessu efni. Er þetta sérstakt baráttumál Seðlabankans, að fá þessa breytingu fram? Vegna orða hæstv. viðskrh. er alveg nauðsynlegt að fá þá afstöðu alveg skýra.

Hæstv. viðskrh. taldi nauðsynlegt að draga hér fram tillögugerð í fyrrv. ríkisstjórn. Auðvitað er það rétt að ég gerði um það tillögu að launavísitalan yrði tekin inn að ⅓ vegna þess að einn af þáverandi stjórnarflokkum gerði um það kröfu, og það var verið að reyna að miðla málum, ná samstöðu, og þess vegna var tillaga af þessu tagi flutt í þeim tilgangi að ná samstöðu. Ég tel og taldi þá að það gæti verið verjandi að tengja launin inn í vísitöluna að einhverju leyti, í hæsta lagi að ⅓ hluta, og skal alveg standa við það fullkomlega. Ástæðan var hins vegar þessi og er rétt að hæstv. viðskrh. taki það til greina, og hann getur ekki notað þetta sem ástæðu fyrir því hér á hinu háa Alþingi að það sé eitthvert sérstakt áhugamál seðlabankastjóranna að þessi breyting nái fram um áramót. Hann verður þá að gera grein fyrir því hér og flytja þann boðskap seðlabankastjóranna hingað inn á Alþingi en ekki fara með þessum hætti á flótta í málinu. Staðreyndin er þessi: Ríkisstjórnin hefur tekið ákvörðun sem allir þeir stjórnarþm. sem hér hafa talað hafa varað sterklega við. Það verður að fá alveg skýr svör um það hér hjá hæstv. ráðherra hvort þetta breyti engu um áform ríkisstjórnarinnar, hvort kröfuna um aðra endurskoðun eigi að hafa að engu eða hvort eigi svo aftur að breyta vísitölunni eftir örfáar vikur eða örfáa mánuði. Það er nauðsynlegt að hæstv. ráðherra svari því. Hann skaut sér undan því í fyrri hluta umræðunnar. Það er nauðsynlegt að fá svar við því: Á að gera þá breytingu? Í annan stað er nauðsynlegt að fá svar við því, alveg skýrt, hvort ríkisstjórnin ætlar sér að standa við hitt loforðið sem gefið var í stjórnarsáttmálanum um að afnema vísitöluna með öllu.

Nú er engin verðbólga til staðar. Hefur ríkisstjórnin trú á því sjálf að það sé varanlegur árangur? Það hefur það enginn annar í þjóðfélaginu. Hafi hæstv. ríkisstjórnin hins vegar trú á því sjálf hlýtur hún að láta þetta fyrirheit koma til framkvæmda þegar í stað. Þess vegna er unnt að krefja hæstv. ráðherra svara um það hvort þetta fyrirheit kemur til framkvæmda nú þegar eða ekki eða hvenær það

komi til framkvæmda. Á það að ná til spariskírteina ríkissjóðs? Nú seljast þau ekki. Hvað ætlar hæstv. ríkisstjórn að gera til að örva sölu á þeim? Það er nauðsynlegt og óhjákvæmilegt að þingið fái skýr svör við þessu. Auðvitað er þetta í beinum tengslum við vaxtaákvarðanir. Nú þegar verðbólga er því sem næst engin er auðvitað alveg óþolandi að vextir séu jafnháir og þeir eru. Allir gera sér grein fyrir að þeir fara upp í tengslum við verðbólgu. Þegar verðbólga vex, þá hækka vextirnir. Þegar verðbólgan er hins vegar nánast horfin verður að gera þá skýlausu kröfu að vextirnir fylgi alveg jafnhratt niður. En því fer auðvitað víðs fjarri að það hafi gerst eftir að breyttir stjórnarhættir voru teknir upp. Þess vegna eru þær spurningar áréttaðar hér í ljósi þeirra staðreynda sem fyrir liggja um vantraust stjórnarþm. á þessari breytingu: Verður tekið tillit til þess vantrausts eða á að hringla með vísitölugrunninn frá einum mánuði til annars? Á að afnema vísitöluna fyrir fullt og allt þegar verðbólgan er komin niður eins og núna? Hefur ríkisstjórnin traust á því að verðbólgan sé varanlega búin að vera? Það er nauðsynlegt að hæstv. ráðherra svari þessum spurningum.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Vegna fyrirspurna hv. 1. þm. Suðurl. ætla ég að segja hér örfá orð.

Í fyrsta lagi: Ég benti einungis á það að til að breyta grundvelli lánskjaravísitölu og að auglýsa nýja slíka sem styðst við opinberlega skráðar vísitölur þarf ekki löggjafaratbeina, ef fylgt er ákvæðum laganna um verðtryggingu fjárskuldbindinga. Þetta benti ég á. Ég vil líka bæta því við að það er áform þessarar ríkisstjórnar að taka upp nýja lánskjaravísitölu um áramót sem hafi helmingsvægi launa, fjórðungsvægi framfærsluvísitölu og fjórðungsvægi byggingarvísitölu. Við þessa breytingu verður gætt sanngirni og hagsmuna þeirra sem heldur kjósa annað verðtryggingarform verður líka gætt eftir því sem tiltækilegt er, eins og ég gerði grein fyrir í ræðu minni.

Það er alveg rétt hjá hv. 1. þm. Suðurl. að þær breytingar sem ég hef verið að ræða eru ekkert sérstakt baráttumál Seðlabankans. En þær eru heldur ekki mál sem hann berst gegn, eins og virðist vaka í máli sumra sem hér hafa talað. Ég vil ekki setja þetta mál upp á þann hátt sem hv. 1. þm. Suðurl. gerði áðan. Þetta er ekki þeirrar náttúru. Þetta er mál sem varðar það að gefa fjölbreytta verðtryggingarmöguleika og svo að lokum: Auðvitað er hið endanlega markmið það að víxlhækkun verðlags, launa og lánskjara hverfi, að við náum þeim tökum á efnahagsmálum að umræður eins og þessi um vísitölu og verðtryggingu verði eftirkomendunum torskildar. Það er hið endanlega markmið og ég veit að um það erum við sammála, flestir þm. Hvenær það verður, hvenær lambið leiðir ljónið, um það ætla ég ekki að spá, og þótt ég heyri það að hv. 1. þm. Suðurl. hafi tröllatrú á því að þessi ríkisstjórn hafi endanlega lagt verðbólguófreskjuna að velli vil ég taka mér enn nokkurn skoðunarfrest á því, heldur lengri en hann kýs sjálfur að hafa.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég hlustaði með athygli á hæstv. viðskrh. og verð að segja eins og er að mestallt skildi ég sem hann sagði en áttaði mig þó ekki á því hvernig hann fann það út að ég legði á það sérstakt kapp að fara illa með skuldara. Ég hef ekki hug á að leggja það til að farið verði vel eða illa með skuldara. Ég tel að það markmið sé eðlilegt sem sett var fram á sínum tíma í Ólafslögum og fjallaði um verðtryggingu, að menn greiði til baka það sem þeir fá að láni. Ég gat þess hins vegar áðan og tel að það blasi við hverjum manni sem það vill skoða af sanngirni að lánskjaravísitalan er ekki aðeins verðtrygging, heldur felur hún einnig í sér ávöxtun. Út úr þessu mega menn snúa eins og þeir vilja. Það er að sjálfsögðu skemmtiatriði hvers og eins að ná sem mestri hæfni í þeim efnum.

Ég ætla að nefna örfá dæmi um viðfangsefnið sem Hagstofan fæst við við að reikna út vísitölur sem lánskjaravísitalan er byggð á. Einu sinni var volvóinn settur inn í vísitöluna og svo kom nýr volvó. Og þá kom spurningin: Hve mikið af verði nýja volvósins er vegna endurbóta á þeim gamla og hve mikið er verðbólga? Ég trúi því að þeir hafi skoðað bílinn bæði hátt og lágt en komust þeir að réttri niðurstöðu? Og svo hélt þetta áfram og eftir 10 ár stóð sama spurning enn: Hve mikið af volvóinum er verðbólga og hve mikið er endurbætur?

Ég ætla ekki að fara í að ræða það í hvaða ógöngum þeir lentu forðum með silkisokkana þegar þeir urðu hreinlega úreltir í neyslugrunninum og þeir urðu að taka upp nælonbuxur í staðinn. Það getur hins vegar hver maður sest niður og farið yfir gamla grunninn, gömlu úttektina á því í hvað fjölskyldan eyddi sínu fé og fært sig svo yfir í það nýja og brotið um þetta heilann: Komust menn nú alls staðar klakklaust á milli? Ég er sannfærður um að hver maður sem skoðar þetta áttar sig á að þessar vísitölur eru enginn heilagur sannleikur. Þær eru eins og önnur mannanna verk tilraun til þess að komast að niðurstöðu, en miðað við þá þróun sem orðið hefur í misgengi á milli lánskjaravísitölu og annarra gjaldmiðla hygg ég að öllum sé ljóst að þarna hafa átt sér stað mikil mistök.

Ég vil svo segja það varðandi þann ræðuflutning sem hér hefur verið viðhafður að mér þótti vænt um hvað hv. 2. þm. Norðurl. e. hefur tekið gleði sína og finnst að hægt sé að fullyrða að það er mikil framför á hans stjórnarandstöðu frá því hann var í andstöðu við ríkisstjórn Gunnars heitins Thoroddsens til þeirrar andstöðu sem hann er í við þessa ríkisstjórn. Hann hefur áttað sig á því að það er engin lausn að setja bara undir sig hausinn og ætla að ryðja öllu um koll. En ég verð að segja eins og er að ég hef vissar áhyggjur af formanni Sjálfstfl., hv. 1. þm. Suðurl., og varaformanni Sjálfstfl., hv. 1. þm. Reykv. Þegar

hv. 1. þm. Reykv. lýsir því yfir í reiði að hæstv. forsrh. sjáist aldrei í fundarsalnum er málflutningurinn kominn á það stig að ef þessi setning væri tekin sem mælikvarði á sannleiksgildi almennrar umræðu hjá hv. þm. yrði niðurstaðan sú að það bæri ekki að trúa einu einasta orði. Nú veit ég náttúrlega að menn virða honum það til vorkunnar að honum þótti betra að vera ráðherra en þingmaður og þess vegna er dálítil reiði til staðar.

Í þeirri ágætu bók eftir dr. Brodda Jóhannesson, „Frá mönnum og skepnum", er minnst á það að ungur maður spyr annan eldri hvaða mann hann ætli að kjósa. Gamli maðurinn segir honum að hann sé að vissu leyti miklu meiri skoðanabróðir þess eldri sem væri í framboði í stjórnmálunum, en hann ætli að kjósa unga manninn af því að það sé svo mikið af reiðu blóði í þessum gamla stjórnmálamanni. Og strákurinn varð sér til skammar næsta vetur þegar hann spurði náttúrufræðikennarann að því hvort til væri reitt blóð í dýrum en náttúrufræðikennarinn kannaðist ekkert við þetta. En í lok þessarar sögu dregur hann upp þá mynd hvernig fór fyrir hönunum þegar þeir voru orðnir reiðir: Þeir slógust og slógust jafnvel þó að eigandinn kæmi og stráði korni til að bjóða þeim upp á eitthvað ætilegt sem hefði nú verið þegið undir öðrum kringumstæðum. Þeir voru svo gjörsamlega búnir að tapa áttum, reiðin var búin að beina þeim í svo ákveðinn farveg að þeir höfðu ekki valfrelsi lengur. Ég vænti þess að þeir ágætu ungu menn, sem vafalaust eiga eftir að starfa lengi í stjórnmálum, átti sig á því að það er ekki gott að láta reiðina stjórna gjörsamlega í stjórnarandstöðu og hyggilegra að fara að fordæmi hv. 2. þm. Norðurl. e. sem hefur þó tekið gleði sína hvað sem öllu öðru líður.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Aðeins örstutt athugasemd. Það kom glöggt fram í máli hæstv. viðskrh. að hann hefur ekki trú á þeirri verðbólguhjöðnun sem nú hefur orðið. Staðreynd er að bankarnir hafa verið að þráast við að lækka vexti í samræmi við þá lækkun verðbólgu sem nú er skráð vegna þess að þeir hafa ekki trú á því að þetta sé varanlegt ástand. Og nú staðfestir hæstv. viðskrh. það að þetta sé rétt mat hjá bönkunum þegar krafan er sú, meira að segja af hálfu hæstv. ríkisstjórnar, að tekið sé tillit til skráðrar verðbólgulækkunar við vaxtaákvarðanir. Það er athyglisvert að þessi staðfesting skuli koma fram af hálfu hæstv. viðskrh.

Hitt er svo annað að ég tel nauðsynlegt, frú forseti, að hæstv. ráðherra verði gefið hér tækifæri til að svara því, sem hann hefur í tvígang færst undan að svara, hvort framkvæma eigi með tvennum hætti endurskoðun á vísitölugrundvellinum, gera fyrst breytingu um áramót, taka svo til við í sérstakri nefnd endurskoðunina, sem hv. þm. Framsfl. eru að fara fram á að gerð verði, og hvenær sú breyting eigi síðan að koma til framkvæmda. Það er nauðsynlegt að menn fái skýr svör við því hvernig eigi að standa að þessum málum fyrst ekki er unnt á það að fallast að tengja þessa endurskoðun saman þannig að sú endurskoðun sem stjórnarþm. eru að fara fram á, þar sem einn hópurinn segir: Við viljum þessa breytingu, hún á að koma fram um áramótin. Aðrir segja að það sé hringlandi og rugl að gera þá breytingu um áramótin og heimta endurskoðun í sérstakri nefnd. Það verður að koma alveg skýrt fram hvort þetta á að gerast með tvennum hætti, hvort báðir hóparnir eiga að fá sitt fram og hvenær síðari hópurinn á þá að fá sitt fram.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Í fyrsta lagi til þess að eyða öllum misskilningi vil ég taka það skýrt fram að ég hef mikla trú á þeirri verðbólguhjöðnun sem náðst hefur. Hún er ákaflega mikill og góður árangur. Hún veitir lífsnauðsynlegt hlé til þess að ná betri tökum á okkar efnahagsmálum. Hins vegar er ég raunsær maður og vil halda þessu lengur áður en ég segi að fullnaðarsigur sé unninn.

Ég mun fylgja því fast eftir að menn reyni að koma efnahagsmálum hér svo fyrir að það verði ekki lengur til umræðu hvort víxlhækkun verðlags og lánskjara sé sérstakt vandamál. Hún bara hverfur af sjálfu sér. Ég vil ekki tímasetja þetta. En ég segi það líka skýrt að bankarnir munu sýna það í verki núna 1. des. að þeir lækka vextina vegna þeirrar miklu hjöðnunar verðbólgu sem orðið hefur þannig að vextirnir verða lægri en þeir hafa verið um árabil ef ekki áratuga bil og lægri eða jafnir þeim sem gerast í okkar nágrannalöndum.

Um þá endurskoðun sem er tillaga þm. tveggja, sem flytja hér þáltill., vil ég að lokum segja þetta: Hún er annars eðlis en þær breytingar sem hér hafa verið ræddar mest af hv. 1. þm. Suðurl. Hún er akademísk athugun á því hvort þessir verðmælikvarðar séu í allra besta lagi. Það er sjálfsagt að slík athugun fari fram, en ég held að það væri hyggilegast að allshn. leiti álits sérfræðistofnana og annarra fróðra manna um málið áður en hið endanlega form ályktunarinnar verður ákveðið.

Halldór Blöndal:

Virðulegi forseti. Það var óhjákvæmilegt eftir ræðu hv. 5. þm. Reykv. að vekja athygli á því að í þessum umræðum hefur ekki komið fram hvort hæstv. viðskrh. sé sammála hæstv. forsrh. um það að nauðsynlegt sé að taka aftur inn verðtryggingu launa um leið og sú ákvörðun er tekin að halda lánskjaravísitölunni áfram. Það er auðvitað hörmulegt að hæstv. viðskrh. skuli hafa talað þrisvar þannig að hann getur ekki svarað þessu núna og enginn annar hæstv. ráðherra er við þannig að það er ekki hægt að spyrja þá að því hvort þeir séu þessu sammála.

Ég hef í Ed. hvað eftir annað vakið athygli á ummælum hæstv. forsrh. og beint þeirri fsp. bæði til hæstv. sjútvrh. og hæstv. fjmrh. hvort þeir séu sammála þessari skoðun hæstv. forsrh. En vegna þess að við vitum að hæstv. forsrh. er góður

verkstjóri og af því að við vitum að hann fer ekki að fleipra með hlutina, hann meinar á hverri stundu það sem hann segir, þá má auðvitað búast við því að þetta dúkki upp síðar, að það komi einhvern tímann til þess, svona a.m.k. eina ögurstund, að ríkisstjórnin vilji beita sér fyrir því að verðbætur komi á nýjan leik. Það eru að vísu hér inni margir stjórnarþm. Ég veit ekki hvort einhver þessara stjórnarþm. vilji upplýsa þingheim um sína skoðun á þessu máli.

En ég sem sagt harma það enn og aftur, virðulegi forseti, vegna þess að þó að ríkisstjórnin sé kannski þríein, þá er meiri sundrung innan hennar en venjulega þegar við tölum um hið þríeina og þess vegna hefði verið notalegt að hafa einhverja fleiri ráðherra viðstadda sem gætu upplýst um þetta. Ég held að það sé ekki aðeins spurning um það hvort meiri hluti sé fyrir stefnumiðum hæstv. forsrh., eins og hann talar stundum á Alþingi, heldur orki mjög tvímælis að skoðanir hæstv. forsrh. þegar hann talar stundum séu skoðanir ríkisstjórnarinnar. En við verðum að bíða og sjá hvað setur, hvort einhvern tímann verði hægt að fá fleiri en einn ráðherra til að vera viðstadda umræðurnar. Ég hef að vísu tekið eftir því að ef fleiri skjótast inn í salinn og maður fer að spyrja, þá eru þeir fljótir að tínast út úr salnum aftur þannig að það sé bara einn málsvari fyrir ríkisstjórnina hverju sinni og þá er bara að svara því sem mönnum sýnist, öðru er sleppt. Einkanlega hef ég tekið eftir því að hinir óbreyttu ráðherrar, liðsmennirnir sjálfir, verkamennirnir í víngarði forsrh., eru mjög ófúsir að ræða einstakar yfirlýsingar forsrh. Ég hef stundum sagt að hæstv. sjútvrh. velti því fyrir sér hvernig Hornafjarðarmáninn sé þegar hann hlustar á hæstv. forsrh. Og ef Hornafjarðarmáninn er á réttum stað, þá eru áhrif sjútvrh. mikil á forsrh. og þá talar hann ekki af sér. En hins vegar ef það er Keflavíkurmáninn, þá er ekki von á góðu og þá kemur fyrir að hæstv. sjútvrh. hengir haus og segir ekki margt, en maður sér á svipnum á honum að tunglið er á röngum stað þegar hæstv. forsrh. talar undir slíkum kringumstæðum.

Eggert Haukdal:

Frú forseti. Í ræðu sinni áðan vakti hv. 2. þm. Vestf. athygli á frv. því sem ég flutti fyrir réttu ári síðan um lánskjör og ávöxtun sparifjár, en meginmál þess frv. var að afnema lánskjaravísitöluna. Þetta frv. fékk mikinn stuðning úti í þjóðfélaginu, en það fékk lítinn stuðning meðal ráðamanna og það fékk líka lítinn stuðning meðal óbreyttra þingmanna. Þessi umræða, eins og umræðan allar götur síðan, hefur sýnt að almennt er ráðamönnum, þingmönnum órótt út af lánskjaravísitölunni. Það er ekkert óeðlilegt að þeim sem komu á þessu kerfi fyrir tæpum tíu árum sé farið að líða illa þegar litið er til þess til hvers kerfið hefur leitt fyrir fyrirtækin og heimilin, þau eru mörg í strandi.

En í staðinn fyrir að viðurkenna að lánskjaravísitalan sé sprungin fara menn aðrar leiðir. Þeir eru að reyna að friða samviskuna með því að setja í endurskoðun, endurskoða þennan bölvald, þennan höfuðmeinvætt verðbólgunnar á Íslandi. Það á að laga hana, segja menn, í staðinn fyrir að ganga bara hreint til verks, hafa kraft og dug í að setja þetta kerfi af, afnema lánskjaravísitöluna. En til þess virðist krafturinn ekki vera.

Lánskjaravísitalan var sett í athugun í nefnd á þessu ári. Hvað kom út úr því? Nefndinni var nánast gefin fyrirsögn um að hún skyldi segja að þetta væri allt í lagi, það þyrfti engu að breyta. Þó gloprðist út úr henni að það mætti breyta þessu kerfi. Veðurfræðingurinn hafði að vísu sérstöðu, einn maður í nefndinni, hann vissi að það þarf að gá til veðurs í náttúrunni og hann sá að það þurfti líka að líta eftir veðrinu í peningamálunum, en það hefur bara vantað að undanförnu hjá þeim sem til forustu hafa verið valdir um þessi mál, Seðlabanka og fleirum.

Fundartími er orðinn skammur og ég skal ekki hafa þessi orð öllu fleiri. Menn vilja ekki viðurkenna að lánskjaravísitalan sé verðbólguvaldur, en kaupgjaldsvísitalan var afnumin af því að hún er verðbólguvaldur. Þessar vísitölur á að sjálfsögðu báðar að afnema, allar vísitölur eru vitlausar. Núna er tækifærið, verðbólgan er í núlli. Hún getur senn farið á fulla ferð aftur, en vel væri ef svo yrði ekki. Nú ættu menn að ganga til þess leiks, einmitt við þetta tækifæri, að afnema lánskjaravísitöluna að fullu og öllu.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Hv. þm. Karl Steinar Guðnason komst svo að orði hér áðan að verðbólgan væri vandamálið. Það er sannarlega ástæða til þess að velta því fyrir sér af hverju verðbólgan blossar upp. Á hverju þrífst verðbólgan? Á hverju nærist hún? Verðbólgan nærist að verulegu leyti á háum vöxtum. Peningarnir eru of dýrir. Peningarnir eru teknir fram yfir manninn, fram yfir manneskjuna. Arður af peningum er settur hærra en arður af vinnu. Tekjur sem maður aflar sér með höndunum eða höfðinu eru skattlagðar. Tekjur sem safnast af peningum hafa verið skattfrjálsar. Atvinnulífið getur ekki þrifist og staðið undir fjármagnskostnaði eins og hann hefur verið undanfarið í þessu þjóðfélagi. Erfiðleikar okkar í þjóðarbúskapnum núna eru að verulegu leyti, leyfi ég mér að fullyrða, vegna þess að við höfum rofið þetta samhengi. Við höldum uppi háum vöxtum, mikilli leigu fyrir peningana, hærri leigu en atvinnulífið getur borið.

Ég fagna því að hér hafa orðið þessar umræður vegna þess að þær eru upplýsandi og gagnlegar. Lánskjaravísitalan, eins og hún hefur verið, er órökrétt og á það var ágætlega bent af hv. 1. flm. Hún hækkar sjálfa sig sjálfkrafa. Það er ekki bara það að Einbjörn togi í Tvíbjörn og Tvíbjörn í Þríbjörn og Þríbjörn í Fjórbjörn, heldur fer Einbjörn að toga í Fjórbjörn — og að því leyti er þetta orðið öfugt við ævintýrið og rófan bara gengur ekki með þessum látum.

Það er innibyggt mein í lánskjaravísitölunni sem

skrúfar hana upp sjálfkrafa og á það benti hv. 1. flm. prýðilega í ræðu sinni. Lánskjaravísitalan verður að vísu ofurlítið löguð 1. janúar. Það er skárra að miða við launin, að láta launin vega þyngra en þau hafa gert, m.a. vegna þess að við hækkandi laun hafa menn væntanlega skárri greiðslugetu. Um þessa breytingu varð samkomulag við stjórnarmyndunina. Ég lít á þetta sem bráðabirgðaástand, þetta hlýtur að vera áfangi til að vinna sig út úr lánskjaravísitölunni. Við þurfum að losna við lánskjaravísitöluna. Það hlýtur að vera takmarkið og um það þurfum við fyrr en varir að taka um það pólitíska ákvörðun. Við þurfum að reyna að rjúfa þennan vítahring. Það hlýtur að vera framtíðarmarkmiðið og því verðum við að ná. Það er vandrötuð leið að því marki sem er framkvæmanleg og formleg, en þá leið verðum við að finna.

Hv. 3. þm. Suðurl. Eggert Haukdal minnti á frv. sem hann flutti í fyrravetur um afnám lánskjaravísitölu og í minningum mínum frá síðasta þingi hygg ég að það hafi verið eitt merkasta þingmálið sem fram kom á Alþingi sl. vetur. Ég var einn af þeim mönnum sem eru hv. þm. þakklátir fyrir þann málflutning sem hann hafði þá í frammi.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður mikið, enda ástæðulaust. Það er hins vegar svo að þessar umræður verða þeim mun athygli verðari sem fleiri úr stjórnarliðinu tala. Nú síðast sagði hv. 1. þm. Norðurl. v., formaður þingflokks Framsfl., að það þyrfti að taka um það pólitíska ákvörðun að afnema vísitöluna. Ég hélt satt að segja að formaður þess flokks hefði þegar tekið þá pólitísku ákvörðun, kannski aðeins fyrir sjálfan sig, en maður áttar sig ekki alltaf á því hvenær hann tekur ákvörðun fyrir sjálfan sig, hvenær fyrir hæstv. ríkisstjórnina alla og hvenær fyrir Framsfl. einan og svo mætti lengi telja.

Við höfum rætt í dag um mjög viðkvæmt mál. Það er viðkvæmt vegna þess að þessi umræða hefur áhrif úti í þjóðfélaginu. Það sem sagt er í þessum sal hefur áhrif á það hvort einhverjir vilji leggja fjármuni til hliðar og mynda þann sparnað sem nauðsynlegur er í þjóðfélaginu til þess að hægt sé að taka fé að láni, bæði fyrir heimilin og fyrir atvinnulífið í landinu. Mér er ekki kunnugt um að þeir sem hafa lagt fé til hliðar hafi nokkun tímann verið spurðir í þessu máli.

Ég vakti athygli á því í minni ræðu að hæstv. forsrh. væri ekki í salnum, vegna þess að hann, hæstv. forsrh., hefur sagt afgerandi hluti í þessu máli. Hann hefur m.a. lýst því yfir opinberlega að hæstv. ríkisstjórn hafi tekið á þessu máli með þeim hætti sem hún gerði vegna þess að krafa hafi komið fram um það frá Alþýðusambandi Íslands. Og þegar starfsmaður Alþýðusambands Íslands segir að þetta sé hrein og klár lygi kemur hæstv. forsrh. fram á síðum dagblaðanna og segir að þetta hafi komið frá samstarfsflokkunum, Alþfl., flokki viðskrh., og Alþb., að því er hann telji vegna þess að Alþýðusambandið hafi beðið þá um að krefjast þess við stjórnarmyndunina. Í framhaldi af þessu stendur einn af forvígismönnum Alþýðusambandsins upp, hv. þm. Karl Steinar Guðnason, og segir að þetta sé ekki rétt. Það var af þessum ástæðum og vegna þess að yfirlýsingar ganga í allar áttir í jafnviðkvæmu máli og þessu sem mér fannst vera full ástæða til þess að vekja athygli á því að hæstv. forsrh. var ekki í salnum.

Ég skal hins vegar, virðulegur forseti, viðurkenna það hér og nú ... (**Forseti:** Forseti vill skjóta því hér inn að hæstv. forsrh. hefur fjarvist samkvæmt því sem tilkynnt var í upphafi fundar í dag.) Ég skal einmitt viðurkenna það, hv. forseti, að forsrh. mætir hér stundum. Það er ekki oft. Þannig skal ég draga þau orð mín til baka að hann hafi aldrei mætt. Hann var hér a.m.k. við þingsetningu og ég man eftir nokkrum skiptum í viðbót. Meira að segja eru til hv. þm. sem segja að hann komi hingað of oft, en ekki ætla ég að gera þeirra orð að mínum.

Þetta skal ég viðurkenna um leið og ég skal viðurkenna fúslega að ósköp þykir mér miklu meira gaman að hlusta á hv. 2. þm. Vestf. lesa upp úr dýrafræðinni sinni en þegar hann þykist vera að rembast við að tala um alvarleg málefni þjóðfélagsins.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Þessi umræða, sem hér hefur farið fram lengi dags, hefur verið fyrir margra hluta sakir merkileg og raunar ánægjuleg. Ég býst við því að flestum sé hér vel í minni að vísitöluskuldbindingar af ýmsu tagi hafa lengi einkennt efnahagslíf hér á landi. Ég býst við því að það hafi verið snemma á heimsstyrjaldarárunum hinum síðari sem vísitöluskuldbindingar byrjuðu og þá fyrst og fremst varðandi laun.

Ég held að það blandist fáum hugur um að þær vísitölubindingar urðu hluti af þeirri verðbólguþróun og ástæður fyrir verðbólguþróun sem hér var um áratugi. Síðan gerist það árið 1979 að sú löggjöf, sem enn er í gildi um vísitölubindingu fjárskuldbindinga, sem að vísu hafði verið að nokkru komið á áður, er samþykkt hér á hinu háa Alþingi, víst á útmánuðum 1979, og tekur gildi í júnímánuði það ár. Menn hafa nokkuð deilt um það allar götur síðan hver áhrifin eru. Það sem mér finnst vera annálsvert við þessa umræðu og ánægjulegt er að finna að nánast í öllum stjórnmálaöflum á hinu háa Alþingi er að finna á því vaxandi skilning að á þessari braut verði að verða endir. Að vísu kemur það held ég greinilega fram í þessari umræðu að það er aðeins eitt stjórnmálaafl sem er óskipt í afstöðunni að þessu leyti. Það er yngsta stjórnmálaaflið, Borgfl., sem er með þá ákveðnu stefnu að vilja afnema lánskjaravísitöluna sem viðmiðun í fjárskuldbindingum.

Ástæðan er ósköp einföld. Ég kalla til vitnis dr. Magna Guðmundsson. Hann hefur mikið skrifað um þessi mál í langan tíma og verið nánast rödd hrópandans í eyðimörkinni. Hann formar skoðun

sína í tveimur, þremur línum á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Í verðbólgu gildir annað tveggja, að lifa við hana og verðtryggja allt eða lifa án hennar og verðtryggja ekkert. Að taka einn þátt út úr og verðtryggja hann skapar hagskekkjur sem fá ekki staðist til lengdar.“

Þetta er kjarni máls í boðskap dr. Magna Guðmundssonar. Ég fæ ekki betur séð en sú röksemdafærsla sem þarna liggur að baki komi greinilega fram í grg. fyrir þeirri þáltill. sem hér er til umræðu. Eins og fyrri flm. gat ríkulega og vel í sínu máli segir þar: „Núverandi lánskjaravísitala er að hluta „vensluð“ þeim stærðum sem henni er ætlað að mæla.“ Þetta er líka sami kjarni þessa sama máls. En þá hafi menn líka í huga að það sem hv. flm. leggja hér til er ekki að breyta þessum meginkjarna heldur að breyta aðeins viðmiðun, sömu viðmiðun og menn urðu sammála um að breyta við núverandi stjórnarmyndun og sömu viðmiðun og nú á að taka upp að nýju með nýjum hætti væntanlega um næstu áramót.

Því geri ég þetta að umtalsefni að mér finnst mest á skorta í umræðunni sem hér hefur orðið í dag að menn séu enn komnir á þá braut, orðnir nógu margir sammála um það aðalatriði, sem fylgir því miður þessari sjálfvirkni í fjárskuldbindingum alveg eins og sjálfvirkni í kaupgjaldi sem menn supu seyðið af um langan aldur hér á árum áður, að ef þessar hagskekkjur, sem þarna verða, fá að ganga þannig sjálfala hefta þær það hreyfiafl með þjóðinni sem mest á ríður að fái að vera óheft, en það er atvinnulífið sjálft. Að auki fylgir þessari sjálfvirkni gífurlegt misrétti á milli þeirra annars vegar sem lána fé og hinna sem þurfa að taka það að láni. Og seinast en ekki síst: Seinasta ríkisstjórn sem hér sat að völdum féll af þeim ástæðum sem hér liggja að baki. Það var vegna þess hvernig atvinnulífi hér á landi var komið. Það var vegna þess hvernig útflutningsatvinnugreinarnar voru þá komnar hér á landi. Þær voru í þeirri stöðu sem þær voru þá og eru mikils til enn af þessari sömu ástæðu, misréttinu sem fylgir lánskjaravísitölunni. Beri menn gæfu til þess að stíga það skref sem Borgfl., eina stjórnmálaaflið, leggur hér ákveðið til held ég að það fari ekki á milli mála að þjóðarheill muni fylgja.

Flm. (Guðmundur G. Þórarinsson):

Virðulegi forseti. Aðeins vegna þessarar ágætu ræðu hv. þm. Óla Þ. Guðbjartssonar vil ég segja þegar hann talar um að markmið flm. sé fyrst og fremst að breyta viðmiðun: Tillöguflutningurinn byggist ekki hvað síst á því og þeim skilningi okkar að það kunni að vera lagalega mjög erfitt að fella lánskjaravísitölu niður á eldri skuldbindingum. En við höfum ítrekað bent á að fjölmargir eru bundnir í eldri fjárskuldbindingar áratugi fram í tímann. Þar af leiðandi sé nauðsynlegt að fagleg endurskoðun komi fram á grunninum þó að ég telji að það hafi komið fram í mínu máli að ég er þeirrar skoðunar að best væri að geta afnumið lánskjaravísitöluna. Ekki fleiri orð um það.

Hv. þm. Friðrik Sophusson sagði að hér væri viðkvæmt mál til umræðu og benti til þeirra sem spara fé. Það er líka viðkvæmt, Friðrik Sophusson, fyrir þá sem skulda, sem eru nánast að tapa öllu sem þeir eiga, bæði einstaklingar og fyrirtæki.

Ein játning, virðulegi forseti, í restina. Þessar umræður hafa skýrt nokkuð fyrir mér og ég skil mikið betur eftir en áður vanda fyrrv. ríkisstjórnar, ekki síst eftir að hafa hlustað á hv. 1. þm. Suðurl. Að sá maður kalli það hringlanda að vilja endurskoða viðmiðun lánskjaravísitölunnar, sem sýndi einhvern mesta hringlanda sem við höfum upplifað á erfiðum efnahagsaugnablikum þegar hann lagði sjálfur til að farin yrði niðurfærsluleið, hvarf síðan frá henni þegar stuðningsflokkar hans voru tilbúnir að styðja þá leið yfir í millifærsluleið, hvarf síðan frá henni þegar stuðningsflokkarnir fóru að ræða hana yfir í uppfærsluleið og vissi nánast aldrei sjálfur á hvaða leið hann var — þegar slíkur maður talar um að það sé hringlandi að endurskoða grundvöll lánskjaravísitölunnar fara ýmsir hlutir að snúast öfugt.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins benda á að ég tel óeðlilegt að gera hlé á þessari umræðu til að taka inn annað dagskrármál með þeim hætti sem hér er verið að gera.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti getur fallist á að það geti verið óheppilegt að gera hlé á umræðu og taka inn annað dagskrármál, en þannig stendur á að það eru aðeins sjö mínútur þangað til fundartíma lýkur og á mælendaskrá eru enn þá tveir ræðumenn. Hér er um að ræða að sýna ofurlitla tillitssemi gagnvart varaþingmanni sem er að fara út af þingi í dag, er einn flm. till. og þess vegna ekki um aðra að ræða sem geta flutt hana. Þess vegna vildi forseti taka tillit til þess.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég hef áður lýst þeirri skoðun minni, bæði á fundum með þingflokksformönnum og forsetum, að varaþingmenn eiga ekki að hafa meiri rétt en þingmenn.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseta er kunnugt um að þessi mál hafa verið rædd á fundum forseta og þingflokksformanna og er meðvituð um þá skoðun, en í framkvæmd hefur hins vegar þrátt fyrir allt verið reynt að taka tillit til þessa atriðis eins og kostur er og það mun forseti gera að þessu sinni.

Umræðu frestað.

Nýting innlendra orkugjafa, fyrri umr.

Þáltill. ÓHJ, 125. mál. — Þskj. 131.

Flm. (Ólöf Hildur Jónsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um nýtingu innlendra orkugjafa á vegum sveitarfélaga og ríkisins. Till., sem er á þskj. 131, er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna orkunotkun fyrirtækja og stofnana á vegum ríkis og sveitarfélaga þar sem fram komi hlutfall notkunar á a. olíu, b. raforku og c. jarðvarma. Að niðurstöðum fengnum verði gerð áætlun um notkun innlendrar orku til upphitunar í byggingum á vegum ríkis og sveitarfélaga og jafnframt verði leitað leiða til að samræma verðlagningu innlendra orkugjafa."

Markmið þessarar till. er að leiða í ljós hvaða orkugjafar eru notaðir í fyrirtækjum og stofnunum í opinberri eigu hérlendis, að leitað verði leiða til að nýta eingöngu innlenda orkugjafa og verðlag á þeim verði jafnað um land allt. Þótt olía sé nú notuð í litlum mæli við upphitun íbúðarhúsnæðis kemur hún enn víða við sögu þegar um er að ræða atvinnuhúsnæði og ekki síst við upphitun sundlauga þar sem nýtanlegan jarðvarma er ekki að finna.

Mikill verðmunur er á orkugjöfum, ekki aðeins á olíu og ódýrum jarðvarma heldur ekki síður á rafmagni og jarðvarma svo og á milli einstakra hitaveitna. Þessi verðmunur veldur ekki aðeins mikilli mismunun í hitunarkostnaði íbúðarhúsnæðis eftir byggðarlögum heldur einnig miklum aðstöðumun hjá sveitarfélögum í landinu.

Flest sveitarfélög þurfa að standa undir upphitun húsnæðis eins og skóla og íþróttahúsa, félagsheimila og sundlauga, auk ýmiss konar atvinnuhúsnæðis. Þar sem eingöngu er völ á olíu eða rafmagni til upphitunar verða þessir rekstrarþættir afar þungir í skauti ekki síst fyrir fámenn sveitarfélög. Hár upphitunarkostnaður sundlauga veldur því líka að þær eru ekki nýttar nema hluta úr ári. Kemur það sér auðvitað afar illa fyrir þá sem stunda vilja sund að ekki sé talað um þá sem heilsu sinnar vegna þurfa á sundiðkun að halda. Þessir þættir ásamt mörgum öðrum geta vegið þungt varðandi viðhorf fólks til búsetu. Ekki síst þegar yngra fólk á í hlut að ekki sé talað um þá sem leggja vilja stund á sund sem keppnisíþrótt.

Þá er augljóst að sveitarfélög sem búa við hátt orkuverð hafa úr minna fjármagni að spila en hin sem búa við hagstætt orkuverð. Þetta bitnar óhjákvæmilega á framlögum til annarra þátta, t.d. í íþrótta- og æskulýðsmálum og menningarmálum.

Ég tel að það eigi að vera hlutverk hins opinbera, ríkis í samvinnu við sveitarfélögin, að leita lausna á þessum vanda. Undirstöðuþættir í daglegu lífi eins og orka til heimilisnota og húshitunar eiga að vera sem næst á sama verði hvar sem fólk býr á landinu. Það krefst aðgerða til jöfnunar, en allt of hægt hefur miðað í þeim efnum. Þá er það sjálfsagt markmið að nýta innlenda orku í stað innfluttrar hvar sem því verður við komið, til að spara gjaldeyri og auka um leið öryggi íbúanna. Jöfnun á verði innlendrar orku mundi hvetja sveitarfélög til að leggja af olíunotkun og auðvelda þeim að skipta yfir í jarðvarma eða rafmagn. Með því yrði líka jafnaður sá mikli aðstöðumunur sem nú ríkir á milli sveitarfélaga vegna mismunandi kyndingarkostnaðar og þau sem nú standa höllum fæti gætu haldið uppi meiri og betri þjónustu við íbúa sína en nú er.

Íslensk stjórnvöld hafa til þessa talið sér fært að skipta auðlindum landsins niður á þegna þjóðfélagsins. Nægir þar að nefna nýtingu fiskistofna og landgæði til búskapar. Hins vegar vekur það furðu að stór hluti orkuöflunar er afhentur einstaka sveitarfélögum og stofnunum án tillits til afkomumöguleika annarra sem ekki hafa jafngreiðan aðgang að þessum auðlindum. Nauðsynlegt er að skoða með hvaða hætti þessum auðlindum verði skipt milli þegna landsins og ekki er óeðlilegt að jöfnun orkukostnaðar í stofnunum ríkis og sveitarfélaga verði fyrsta skrefið að jöfnu orkuverði fyrir alla landsmenn. Ef sama stefna ætti að ráða um skiptingu auðlinda sjávar og ríkir í orkumálum ættu einungis Breiðfirðingar að veiða fisk í Breiðafirði og þeir einir ættu að hirða hagnaðinn af því. Þá gætum við Snæfellingar vafalaust byggt hringsnúandi veitingahús á Snæfellsjökli, en ósköp er ég hrædd um að dýrt yrði að kynda það.

Tillagan sem ég mæli hér fyrir gerir ráð fyrir að unnið sé að þessu máli í tveimur áföngum. Í fyrsta lagi fari fram könnun á orkunotkun og þá um leið orkuverði í stofnunum og fyrirtækjum í opinberri eigu. Í framhaldi af því verði gerð áætlun um úrbætur sem fælu í sér að innlend orka verði tekin í gagnið alls staðar þar sem það getur talist þjóðhagslega hagkvæmt og verð á þeirri orku verði jafnað og samræmt til að draga úr og afnema þá mismunun sem nú ríkir.

Virðulegi forseti. Ég sit á hv. Alþingi sem varamaður í stuttan tíma. Engu að síður vænti ég þess að þessi þáltill. verði athuguð þar sem hún snertir hag fjölmargra byggðarlaga og er mikið réttlætismál. Ég þakka fyrir það tækifæri sem mér hefur hér verið veitt til að mæla fyrir henni. Að umræðu lokinni legg ég til að tillögunni verði vísað til hv. atvmn.

Umræðu frestað.

EFRI DEILD

12. fundur, þriðjudaginn 29. nóv., kl. 2 miðdegis.

Aðför, frh. 1. umr.

Stjfrv., 111. mál (heildarlög). — Þskj. 114.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Á síðasta þingi lagði þáv. dómsmrh. fram frv. til l. um aðskilnað dómsvalds og um-

boðsvalds í héraði, frv. sem gerði ráð fyrir að stofnaðir skyldu átta héraðsdómstólar, einn í hverju kjördæmi, sem alfarið færu með dómsvald. Þá gerði það frv. ráð fyrir að öll núverandi sýslumannsembætti héldu sér og verkefni þeirra væri stjórnsýsla í héraði. Lagðist Framsfl. og raunar Sjálfstfl. líka á móti þessum breytingum og töldu þær mikið óhæfuverk. Með þeim væri verið að kollvarpa réttindamálum íbúa landsbyggðarinnar.

Eftir 1. umr. á þingi var málinu vísað til milliþinganefndar þar sem sjónarmið þessara tveggja flokka voru áréttuð. Afstaða Framsfl. eins og hún birtist var að neita þessari aðgreiningu og séráliti skilað þar að lútandi þegar milliþinganefndin skilaði áliti.

Þetta er rifjað upp hér þegar rætt er um það frv. sem hér er til umræðu um aðför. Ljóst er að sú breyting sem hér er lögð til hefur ekkert gildi nema frv. sem ég nefndi nái fram að ganga. Af þessu tilefni vil ég spyrja hæstv. dómsmrh. hvort það frv. um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds verði lagt fram innan tíðar og þá jafnframt hvort Framsfl. muni styðja það frv. og hvort það sé þá stjfrv.

Eftir lestur frv. til l. um aðför er ekki annað hægt en að lýsa yfir sérstakri ánægju með framlagningu þess og þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið við samningu frv. Verði frv. að lögum leiðir það í senn til fljótvirkari meðferðar aðfararmála jafnhliða því að þar er rækilega gætt réttar þeirra sem aðför beinist að. Mér finnst frv. vera skipulega upp sett og skýrlega og greinargerð þess sú gleggsta sem ég hef lesið síðan ég kom inn á Alþingi. Það er rétt, sem fram kom hjá hæstv. dómsmrh., að greinargerðin er nægileg kennslubók í aðför og kemur eflaust til með að verða notuð sem slík við kennslu í lagadeild Háskóla Íslands.

Í frv. er leyst úr þeim mörgu vandamálum sem hafa verið í framkvæmd aðfarar og á greinargóðan hátt er vikið að því hvernig ætlað er að leiða þessi mál til lykta. En þó svo ég hafi lesið þetta frv. og gert mér í hugarlund hvað er þarna að ske er of snemmt að úttala sig um frv. sem slíkt. Það er svo margþætt og erfitt að átta sig á hvernig það verður í framkvæmd að ég ætla að bíða þangað til 2. umr. fer fram að úttala mig nánar um það, en ég á sæti í þeirri nefnd sem fjallar um frv., hv. allshn., og mun að sjálfsögðu leggja mitt af mörkum til þeirrar vinnu sem þar fer fram. En það sem ég vildi að lokum sagt hafa er að ég fagna þessu frv. og vonast eftir því að það frv. sem er grundvöllur þessa, aðskilnaðarfrv., verði lagt fram svo fljótt sem verða má svo að hægt sé að taka þessi frumvörp bæði til meðferðar í einu.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vil mjög taka undir með hv. 11. þm. Reykv. Guðmundi Ágústssyni. Hér er um mjög vel unnið frv. að ræða og það er jafnframt rétt hjá honum að það er nauðsynlegt að frv. um aðskilnaðinn komi jafnframt fram og það mun verða lagt fram á Alþingi nú alveg á næstunni. Það er tilbúið til framlagningar. Vegna fsp. hans um afstöðu Framsfl. vil ég taka fram að Framsfl. stóð að því í síðustu ríkisstjórn að þetta frv. var lagt hér fram. Hitt er svo annað mál að það eru aðilar í einhverjum flokkanna á Alþingi, þar á meðal Framsfl., sem hafa vissar efasemdir um málið. Ég tel þetta mál vera þess eðlis að það sé eðlilegt að það sé unnið í því hér á Alþingi og alls ekki þannig að þar megi engu hvika og engu breyta. Það var hér lengi til meðferðar frv. til l. um lögréttu og var lagt fram nokkrum sinnum á Alþingi. Ég tel mjög mikilvægt að frv. komi fram sem alira fyrst þannig að það geti hlotið umfangsmikla umfjöllun á Alþingi, en ég mun leggja á það áherslu að frv. verði afgreitt á þessu þingi og það mun verða flutt sem stjfrv. alveg á næstunni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Getraunir, 1. umr.

Stjfrv., 57. mál (vinningshlutfall o.fl.). — Þskj. 59.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á lögum um getraunir, en þetta frv. var flutt í Nd. og hefur nú hlotið afgreiðslu þar og verið mikil og góð samstaða um málið.

Meginefni þessa frv. kemur fram í 2. gr. þess þar sem fjallað er um hvert skuli vera hlutfall vinninga í getraunastarfseminni. Samkvæmt núgildandi lögum er það 50% eða helmingur, en lagt er til að því verði breytt þannig að ákveðið verði að það skuli aldrei vera minna en 40%.

Þetta frv. er flutt að beiðni stjórnar Íslenskra getrauna og hefur tekist mjög gott samstarf við Íslenska getspá. Hér er um mikilvægt mál að ræða fyrir íþróttahreyfinguna. Ég vænti þess að um þetta mál sé full samstaða hér á Alþingi og vildi óska þess að því verði vísað til hv. allshn. að lokinni þessari umræðu og leyfi mér að fara þess á leit að reynt verði að flýta afgreiðslu þess.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

15. fundur, þriðjudaginn 29. nóv., kl. 2 miðdegis.

Grunnskóli, frh. 1. umr.

Frv. RH o.fl., 88. mál (skólaskylda, starfstími nemenda o.fl.). — Þskj. 90.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til menntmn. með 24 shlj. atkv.

Virðisaukaskattur, 1. umr.

Stjfrv., 134. mál (gildistaka). — Þskj. 141.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til breytinga á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Svo sem hv. alþm. er kunnugt munu að öðru óbreyttu lögin nr. 50 frá 1988, um virðisaukaskatt, sem samþykkt voru s.l. vor, koma til framkvæmda 1. júlí 1989. Frá sama tíma mundu lög um söluskatt falla niður.

Eins og fram kemur í stjórnarsáttmála hæstv. ríkisstjórnar hefur verið ákveðið að fresta gildistöku virðisaukaskattsins um hálft ár eða til 1. janúar 1990. Því er þetta frv. lagt fram, en það felur í sér breytingu á gildistökuákvæðum laganna til samræmis við þessa ákvörðun stjórnarflokkanna. Ástæður að baki þessarar ákvörðunar eru margvíslegar. Þeirra mikilvægust er að í ljós hefur komið að mun lengri tíma þarf til undirbúnings þessarar kerfisbreytingar en gert var ráð fyrir í upphafi. Það er alveg ljóst að það hefur verið vanmetið, bæði af hv. alþm. og þeim embættismönnum og sérfræðingum sem um þetta mál hafa fjallað, hve víðtækur undirbúningur þyrfti að eiga sér stað til þess að tryggt væri að framkvæmd virðisaukaskattsins færi ekki úr böndum. Í því sambandi er rétt að vekja athygli á því að bæði á yfirstandandi ári og næsta ári er ákveðinn tilraunatími víðtækra breytinga í skattamálum og það er almennt álit þeirra sem að þeim málum starfa að því séu ákveðin takmörk sett hvað okkar tiltölulega fámenna embættis- og starfsmannakerfi á sviði skattamála geti tekið á sig af nýjum víðtækum breytingum á sama tíma, og finnst þó sjálfsagt mörgum ærinn starfsmannafjöldi vera á því sviði.

Rétt er að minna á einnig að undirbúningur virðisaukaskattsins snertir verksvið fjölmargra stofnana sem þarf að samhæfa og tryggja þarf fyrir fram að ekki verði neinir óeðlilegir árekstrar við framkvæmdina. Hér er um að ræða fjölmarga verkþætti og má t.d. á þessu stigi nefna sérstaklega hönnun mjög viðamikils tölvukerfis. Þetta tölvukerfi á að taka bæði til álagningar skattsins, innheimtu hans, endurgreiðslu og síðast en ekki síst vera grundvöllur að mjög öflugu eftirlitskerfi. Ýmsir sérfræðingar hafa unnið að hönnun þessa tölvukerfis á undanförnum mánuðum, en það er alveg ljóst að allmikil vinna er enn óunnin á því sviði. Í raun og veru má segja að vinnan við þetta viðamikla tölvukerfi sé enn á frumstigi. Ég held að það sé eitt af þeim atriðum sem hafa verið vanmetin þegar menn voru að gera sér í hugarlund hvað framkvæmd virðisaukaskattsins hefði í för með sér, menn hafi ekki gert sér nægilega grein fyrir því hvað það er tímafrekt og yfirgripsmikið verkefni, miðað við þann sérfræðingahóp sem við eigum völ á í okkar landi, að tryggja að tölvukerfið verði nægilega tryggt, ítarlegt og öruggt.

Auk þessara atriða sem ég hef hér nefnt er mjög víðtæk reglugerðarsmíð þessu samfara, í því sambandi samning framkvæmdareglna af ýmsu tagi og svo einnig mjög viðamikil handbókargerð til að tryggja það að þeir ótrúlega mörgu aðilar sem koma að framkvæmd virðisaukaskattsins fái strax í upphafi glöggan og ítarlegan skilning á því hvað hún felur í sér. Þessu til viðbótar er svo einnig þjálfun starfsmanna og síðan undirbúningur að kynningarstarfi, bæði gagnvart fyrirtækjum og framkvæmdaraðilum en ekki síður gagnvart öllum almenningi í landinu.

Ég veit að þegar hv. alþm. líta yfir öll þessi verkefni sjá menn að það er jafnvel hættuspil að ætla sér að tryggja að þeim verði öllum lokið á þeim fáeinu mánuðum sem eru til stefnu ef tryggja á að skattkerfisbreytingin geti komið til framkvæmda á upphaflegri dagsetningu. Það er að vísu hugsanlegt að þessu verki mætti hraða með því að ráða allmikinn fjölda nýrra starfsmanna inn á þetta svið, en bæði dreg ég nú í efa að slíkt sé skynsamlegt á þeim aðhaldstímum sem við nú lifum og einnig efast ég um að slík starfsmannaaukning mundi skila miklu vegna þess að hér þarf fyrst og fremst að reiða sig á kunnáttumenn, fagmenn og sérfræðinga sem langa reynslu og yfirgripsmikla þekkingu hafa á þessu sviði.

Einnig er rétt að hafa það í huga að mörg atriði, sem þarf að skýra nánar og e.t.v. eru meira pólitísks eðlis en tæknilegs, sérfræðilegs og embættislegs, þurfa nánari umfjöllun. Þá má í því sambandi benda á það að meiri hluti fjh.- og viðskn. beggja deilda vakti á sínum tíma athygli á fjölmörgum slíkum atriðum sem þyrftu nánari skoðunar og ákvörðunar ef og þegar skatturinn kæmi til framkvæmda. Þessi atriði eru, eins og ég sagði áðan, meira pólitísks eðlis en fagleg og tæknileg.

Einnig er rétt að vekja athygli á því að við nánari skoðun hafa margir talið að fyrst í júlí eða um mitt ár sé ekki alveg heppilegur tími til þess að hrinda í framkvæmd breytingu af þessu tagi. Eðlilegra væri að miða við áramót og þá væri hægt að taka mið af

tímasetningu í bókhaldsuppgjöri fyrirtækja og hjá öðrum skattskyldum aðilum. Ef framkvæma ætti slíka breytingu um mitt ár mundi það óhjákvæmilega hafa í för með sér aukauppgjör í bókhaldi hjá fyrirtækjum og öðrum rekstraraðilum sem væri bæði kostnaðarsamt, fyrirhafnarmikið og hjá ærið mörgum tilefni til verulegra óþæginda.

Ég vék að því áðan að á yfirstandandi ári hefði verið að koma til framkvæmda veigamikil breyting í skattkerfi okkar og átti ég þar fyrst og fremst við nýja staðgreiðslukerfið. Fjölmargir forsvarsmenn skattkerfisins í landinu hafa tjáð mér að það hafi verið ótrúlegt álag á starfsmenn skattstofa og skattinnheimtunnar að tryggja það að staðgreiðslukerfisframkvæmdin yrði örugg og traust. Það hafi hins vegar nokkurn veginn tekist, en þó sé enn þá nauðsynlegt að hafa rúman tíma til þess að festa þá framkvæmd í sessi og geti þá verið hættuspil að leggja gífurlega mikið nýtt vinnuálag á þessa sömu starfskrafta.

Ég ítreka í því sambandi það sem ég sagði áðan að þótt mörgum kunni að finnast margt fólk starfa við skattinnheimtu og á skattstofum í okkar landi er það engu að síður svo að mikill fjöldi þessa fólks starfar undir miklu vinnuálagi og mjög mikið er í húfi fyrir ríkið og opinber stjórnvöld önnur að þau störf séu trygg.

Auk þessa, virðulegi forseti, er rétt að vekja athygli á því, eins og hv. alþm. er kunnugt, að efnahagserfiðleikar okkar eru mjög miklir um þessar mundir og ég held að flestir séu sammála því að þótt reynt hafi verið og verði reynt að takmarka útgjöld eftir fremsta megni geti verið hæpið að framkvæma á slíkum tímum aðgerð sem hafi í för með sér verulega tekjuskerðingu fyrir ríkissjóð. Það er alveg ljóst að ef ætti að halda sig við upphafleg áform mundu tekjur ríkisins minnka um 1200 millj. kr. á næsta ári og það er auðvitað allveruleg upphæð. Ég hugsa að ýmsir kunni kannski að halda að frv. sem hér er flutt, um frestun gildistöku virðisaukaskattsins, sé e.t.v. fyrst og fremst til komið vegna tekjuþarfa ríkissjóðs, og það er ekkert óeðlilegt að menn haldi það. Svo er hins vegar ekki. Jafnvel þótt ríkissjóður stæði vel, jafnvel þótt ekki þyrfti að taka neitt tillit til þessara tekjuþátta, þá er ég sannfærður um það, eftir þá athugun sem ég hef framkvæmt á þeim tíma sem ég hef gegnt embætti fjmrh., að þegar um slíka grundvallarbreytingu í skattkerfi okkar Íslendinga er að ræða og miðað við það hve undirbúningurinn hefur tekið miklu lengri tíma og felur í sér miklu fleiri þætti en nokkurn óraði fyrir væri það mikið hættuspil að framkvæma slíka breytingu á upphaflega áætluðum tíma. Það er deginum ljósara að þegar verið er að hrinda í framkvæmd veigamiklum breytingum á skattkerfi landsins þarf að tryggja það að þeir tugir þúsunda fyrirtækja og rekstraraðila sem þurfa að framkvæma þessa breytingu, svo að ekki sé nú minnst á allan almenning í landinu, skilji hana og sjálft skatteftirlitskerfið og álagningarkerfið, og til þess verks þarf því miður miklu lengri tíma. Þess vegna vildi ég sérstaklega vekja athygli á þessum þáttum. En ég veit af fenginni reynslu, og kannski er það eðlilegt, að menn halda að aðgerðir fjmrh. taki nánast eingöngu mið af tekjuþörfum eða útgjaldasjónarmiðum ríkissjóðs og því minni ég á að þótt þær séu vissulega þáttur í þessu máli er það ekki höfuðástæðan. Hún er fyrst og fremst sú að þegar farið væri í að framkvæma þessa skattkerfisbreytingu, sem búin er að vera til umræðu líklegast í nærri 20 ár og hér til umfjöllunar á Alþingi um árabil, væru það mikil mistök ef ekki væri tekinn nægilegur tími til að tryggja að allur undirbúningurinn gæti verið með eðlilegum og réttum hætti svo að bæði þjóðin og kannski ekki síst þeir aðilar í atvinnulífinu sem lengi hafa óskað eftir því að fá þennan skatt hafi tryggingu fyrir því að hið opinbera hafi vandað svo vel til verksins að sjálf framkvæmdin fari ekki úr böndunum í upphafi.

Þess vegna, virðulegi forseti, er þetta frv. lagt fram og ég legg til að því verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Hér er komið til umræðu fyrsta frv. hæstv. ríkisstjórnar sem fjallar um þau viðamiklu áform sem hæstv. ríkisstjórn hefur uppi um stórfellda tekjuaukningu og aukna skattheimtu. Að því leyti er umræðan hér allrar athygli verð, en hún er líka athygli verð fyrir það að hún felur í sér yfirlýsta stefnubreytingu Alþb. í skattamálum.

Alþb. hafði árum saman, og ekki síst þegar frv. til l. um virðisaukaskatt var hér til meðferðar á síðasta þingi, barist gegn breytingu úr söluskatti yfir í virðisaukaskatt en nú kemur fram í máli hæstv. fjmrh. að áform hans eru að standa að þeirri breytingu sem Alþingi hefur ákveðið, en leggja einungis til að gildistöku laganna verði skotið á frest um sex mánuði. Það er út af fyrir sig fagnaðarefni og ástæða til þess að vekja á því athygli að Alþb. hefur breytt um stefnu í þessu efni og fallist á þá grundvallarstefnumörkun, sem ákveðin var á síðasta þingi, að breyta úr söluskattskerfi yfir í virðisaukaskatt og rétt að leggja á það áherslu sem jákvætt er í málflutningi hæstv. ráðherra í þessu máli.

Hæstv. ráðherra gerði grein fyrir tveimur ástæðum fyrir flutningi á þessu frv., eins og fram kemur í athugasemdum. Aðalástæðuna taldi hæstv. ráðherra þá að nú skorti mjög á að skattkerfið og embættismenn fengju nægan tíma til undirbúnings fyrir þessa viðamiklu breytingu. Þegar frv. um þetta efni var til meðferðar á síðasta þingi kom mjög glögglega fram af hálfu hæstv. páv. fjmrh. að það mat sem jafnan hefur legið til grundvallar áformum um breytingar í þessu efni, þ.e. að skattkerfið og embættismennirnir þyrftu um það bil eitt ár til þess að undirbúa þessa breytingu, væri rétt og á þeim tíma ætti að vera unnt að ljúka allri nauðsynlegri undirbúningsvinnu. Ég sá og heyrði ekki að ráðherra breytti í neinu því mati sem forveri hans lagði fram í þessu efni og ég er

þeirrar skoðunar að unnt væri að koma þessum breytingum fram á þeim tíma sem forveri hæstv. núv. fjmrh. taldi gerlegt og því óþarfi að fara svo mörgum orðum um þessa ástæðu. Auðvitað getur það verið hentugt fyrir skattkerfið að fá meiri tíma.

Hin ástæðan eru hinar augljósu þarfir ríkissjóðs og það er auðvitað meginástæðan fyrir flutningi frv. og ástæðulaust að fara í launkofa með að það er fyrst og fremst hún sem hér kemur til álita við flutning frv.

Ég saknaði þess í framsöguræðu fjmrh. að þar komu ekki fram neinar frekari útlistanir á skattastefnu ríkisstjórnarinnar. Að mínu mati hefði verið eðlilegt þegar fyrsta frv. liggur hér fyrir til umræðu að fjmrh. gerði nánari grein fyrir stefnu ríkisstjórnarinnar í skattamálum, þeim áformum sem hún hefur nú til aukinnar skattheimtu og með hvaða hætti á að ná þeim áformum. Við þekkjum þær yfirlýsingar sem fram hafa komið af hálfu hæstv. fjmrh., í fyrsta lagi á fyrstu dögum ríkisstjórnarinnar, um það að flytja ætti marga milljarða til í þjóðfélaginu með því að leggja skatt á fjármagnstekjur. Nú hafa þau áform öll verið skorin býsna mikið niður og fjárlagafrv. ber nú ekki með sér þann milljarðatilflutning sem hæstv. ráðherra fjallaði sem mest um í sem stærstum yfirlýsingum fyrstu daga sína í fjmrn.

Það hafa komið fram mjög misvísandi yfirlýsingar af hálfu stjórnarflokkanna varðandi öryrkjaskattinn, menntunar- og menningarskattinn og íþróttaskattinn og væri ástæða til þess við upphaf þessarar skattaumræðu að fá nokkra greinargerð frá hæstv. ráðherra um það hvort stjórnarflokkarnir hafi samræmt stefnu sína í þessum efnum, en yfirlýsingar einstakra stjórnarflokka hafa þar um gengið nokkuð út og suður. Þannig mætti lengi telja og væntanlega gerir hæstv. ráðherra frekari grein fyrir þessum atriðum hér á eftir og þar á meðal áformum um breytingar á tekjuskatti, en einnig á því sviði hafa komið fram mjög mismunandi yfirlýsingar af hálfu ríkisstjórnarinnar. Í upphafi kom mjög ákveðin stefnuyfirlýsing af hálfu hæstv. fjmrh. um sérstakt nýtt skattþrep í staðgreiðslukerfið sem aðrir ríkisstjórnarflokkar hafa dregið mjög í efa að væri skynsamlegt, enda liggur nokkuð í augum uppi að það mundi brjóta núverandi staðgreiðslukerfi niður.

Það var auðvitað mikið álitaefni þegar virðisaukaskattsfrv. var til umræðu hér á síðasta þingi hvert skatthlutfallið ætti að vera. Innan þáv. ríkisstjórnar voru mismunandi sjónarmið uppi í því efni. Þáv. hæstv. fjmrh. lagði mikla áherslu á að skatthlutfallið yrði lækkað þó að það leiddi til þess að ríkissjóður mundi augljóslega tapa nálægt tveimur milljörðum króna í tekjum. Bæði af hálfu ráðherra Sjálfstfl. og Framsfl. í þeirri ríkisstjórn var varað við þessum áformum vegna hagsmuna ríkissjóðs og lögð á það áhersla að skatthlutfallið yrði því sem næst í réttu hlutfalli við núverandi innheimtu söluskattsins. Á þetta var ekki fallist af þáv. fjmrh., sennilega vegna þeirrar stefnu sem Alþfl. boðaði meðan hann var í stjórnarandstöðu um fækkun undanþága í skattkerfinu sem áttu að leiða til mjög verulegrar lækkunar á skatthlutfalli í söluskatti, í að mig minnir 10–12%, en raunveruleikinn varð annar.

Þegar undirbúningur hófst fyrir fjárlagagerð þessa árs var augljóst að ríkissjóður gat ekki látið af svo miklum fjármunum sem þessi umtalsverða skattalækkun gerði ráð fyrir og þess vegna komu þegar á vordögum fram hugmyndir um að fresta gildistöku hinna nýju laga ellegar að hækka skatthlutfallið á nýjan leik. Flestum bar saman um að í þessari stöðu væri skynsamlegra að fresta gildistöku laganna til áramóta og skapa ríkissjóði þannig svigrúm til þess að fá tekjur af söluskatti á næsta ári í samræmi við það hlutfall sem núverandi skattstofn gefur. Það væri m.ö.o. ekki tilefni til verulegrar skattalækkunar eins og aðstæður eru hjá ríkissjóði um þessar mundir. Frv. byggir á þessum sjónarmiðum sem Sjálfstfl. styður og telur þess vegna eðlilegt við þessar aðstæður að gildistöku virðisaukaskattslaganna sé frestað af þeim augljósu ástæðum að ríkissjóður getur ekki verið án þeirra tekna sem söluskattskerfið gefur í dag og það er ekki tilefni til skattalækkana.

Það var augljóst mál um leið og virðisaukaskattslögin voru samþykkt að athuga þyrfti ýmis framkvæmdaatriði sem kynnu að leiða til breytinga á lögunum áður en þau tækju gildi. Eitt af þeim atriðum sem hlýtur sérstaklega að þurfa að skoða í þessu efni er spurningin um hvort hafa eigi sérstakt lægra skattþrep fyrir skattlagningu á matvæli. Með breytingunum sem gerðar voru á söluskattslögunum á síðasta þingi var sú stefnubreyting gerð að tekið var upp sérstakt lægra skattþrep á ákveðin svið skattlagningar. M.ö.o. farið var inn á þá braut að hafa tvö skattþrep í söluskattskerfinu, lægra skattþrep á þjónustu ýmissa háskólamenntaðra sérfræðinga sem hafa með höndum sjálfstæðan atvinnurekstur.

Í umræðum um þær skattbreytingar sem fram fóru á síðasta þingi urðu talsvert miklar deilur, sérstaklega um skattlagningu á matvæli. Mig minnir að hæstv. núv. fjmrh. hafi þá sagt um forvera sinn að hann yrði brennimerktur maður þangað til hann hefði tekið þær breytingar til baka. Nú eru þetta sjálfsagt svona stóryrði af því tagi sem ekki ber að taka mikið mark á. Hitt er svo annað að þessi ummæli og afstaða flokks hæstv. fjmrh. hljóta að kalla á þá spurningu hvort Alþb. hafi ekki einasta breytt stefnu sinni á þann veg að fallast á að virðisaukaskattur skuli nú leysa söluskatt af hólmi, sem er jákvæð stefnubreyting, heldur einnig hvort þessi stefnubreyting feli í sér að það sé óumbreytanleg afstaða af hálfu Alþb. að ekki megi undir neinum kringumstæðum lækka skatt á matvöru og innleiða lægra skattþrep á hana. Ég beini þessari spurningu til hæstv. ráðherra og óska eftir því að hann geri grein fyrir afstöðu sinni í þessu efni og hvort hann sé tilbúinn til þess að beita sér fyrir því við þá endurskoðun sem fram þarf að fara áður en lögin taka endanlega gildi að sett verði ákvæði sem feli í

sér lægra skattþrep á matvæli með svipuðum hætti og nú á sér stað að því er varðar skattlagningu á þjónustu ýmissa háskólamenntaðra stétta sem reka sjálfstæðan atvinnurekstur. Þetta er mikið grundvallaratriði og einnig væri nauðsynlegt að fá fram af hálfu hæstv. ráðherra hvernig hann hyggst standa að þeirri nauðsynlegu endurskoðun á lögunum sem fram á að fara og hvernig taka eigi á þeim málum og öllum þeim atriðum sem upp kunna að koma og kalla á lagabreytingar fyrir gildistökuna. Með hvaða hætti hyggst hæstv. ráðherra standa að þessari endurskoðun og hefur hann í hyggju, eins og stundum hefur tíðkast þegar viðamiklar breytingar hafa verið gerðar í skattkerfismálum eins og til að mynda þegar staðgreiðslukerfið var lögleitt, að skipa millþinganefnd með fulltrúum allra þingflokka til þess að fara yfir þessi mál og leggja á ráðin um þær breytingar sem gera þarf fyrir gildistökuna. Það væri fróðlegt að fá að heyra hvaða áform hæstv. ráðherra hefur í þessu efni.

En aðalatriði málsins er auðvitað það að vegna fjárhagsaðstæðna ríkissjóðs er ekki tilefni til þeirrar miklu skattalækkunar sem virðisaukaskattslögin fela í sér og af þeim sökum er skynsamlegt við þessar aðstæður að fresta gildistökunni um hálft ár og Sjálfstfl. styður það meginefni frv.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Það var að mörgu leyti mjög athyglisvert að hlýða á framsöguræðu hæstv. fjmrh. fyrir því frv. sem er til umræðu. Ég ætla ekki að gera neinar athugasemdir við efni frv. eða þau rök sem fyrir því eru flutt í greinargerð. Ef það kemur í ljós að mati færustu manna að undirbúningstíminn sem ætlaður hafi verið sé ekki nægur tel ég að það sé eðlilegt að gefa sér meiri tíma til undirbúnings þessa máls og seinka gildistökunni um sex mánuði. Ég held sömuleiðis að eðlilegt sé að meta það hvort fjárhagsstaða ríkissjóðs á næsta ári leyfi þá hliðrun í tekjum sem óhjákvæmilega leiðir af virðisaukaskattinum. Ég treysti mati sérfræðinga fjmrn. og ríkisskattstjóra að því er þessa hluti varðar og það er auðvitað alveg rétt að á það hafa starfslið, sem vinnur að þessum málum hjá skattkerfinu, hefur verið lögð gríðarlega mikil vinna á þessu ári og verður áfram á því næsta með þeim umfangsmiklu skattbreytingum sem búið er að hrinda í framkvæmd, en hæstv. núv. fjmrh. var að vísu flestum á móti. Ég tel því að það séu ágæt efnisrök fyrir þessu frv.

Ég stend hins vegar hér upp til þess að vekja athygli á þeirri forvitnilegu stöðu sem upp er komin varðandi þetta mál vegna þess að fjmrh. var ekki að mæla fyrir neinu öðru í sambandi við virðisaukaskatt heldur en frestun á framkvæmd laganna. Samt talar hér formaður þess stjórnmálaflokks sem harðast barðist gegn þessu frv. á síðasta þingi. Hann er ekki að leggja til neinar efnisbreytingar á sjálfu málinu, hann er eingöngu að leggja til að því verði frestað um sex mánuði. Ég sem gamall stuðningsmaður þessarar breytingar úr söluskatti yfir í virðisaukaskatt hlýt að sjálfsögðu að fagna þessari afstöðubreytingu hjá Alþb. og hlýt að fagna því að hæstv. núv. fjmrh. og félagar hans úr Alþb. í ríkisstjórn hafa skipt um skoðun þegar þeir tóku sæti í ríkisstjórn.

En það var þannig að þegar þetta frv. var afgreitt á sl. vori var sett á laggirnar sérstök nefnd sem átti að vinna úr ýmsum álitamálum sem eftir stóðu og sem óhjákvæmilegt var vegna umfangs þessa máls. En fjmrh. minnist ekki einu sinni á hvað líði starfi þessarar nefndar, hvað líði því verki að ganga frá þeim lausu endum sem í þessu máli voru. Hann telur kannski að starf þessarar nefndar hafi verið óþarft.

En mig langar rétt svona til gamans, virðulegi forseti, að rifja upp hver málflutningur flokks hæstv. núv. fjmrh. í þessu máli var hér á þinginu sl. vor. Aðaltalsmaður flokksins á þeim tíma var hæstv. núv. landbrh. Hann byrjar ræðu sína þegar hann mælir fyrir sínu nál., fyrir minnihlutaáliti hv. fjh.- og viðskn. hér á Alþingi 10. maí sl., á því að rífast og skammast yfir því að hér séu fáir ráðherrar mættir. (**Fjmrh.:** Þú getur endurtekið það.) Já, má ég lesa þetta upp. Með leyfi forseta ætla ég að lesa upp úr þessari ræðu: „Ég fer fram á það að forseti setji auglýsingu í útvarpið og lýsi eftir ríkisstjórninni því að hún er greinilega einhvers staðar annars staðar en á Alþingi eins og sjá má hér á stólunum.“ Og hann neitaði að taka til máls fyrr en úr rættist. En það má segja að það komi vel á vondan að hann sér ekki ástæðu til þess að vera hér viðstaddur þegar þetta mikla áhugamál hans, sem hann talaði um klukkutímum saman á síðasta þingi, er tekið til umræðu. Áhuginn virðist alveg búinn á málinu. Það er nú að vísu þannig að við margir sem sátum hér á síðasta þingi söknum þess hve lítið núv. hæstv. landbrh. lætur til sín taka á þinginu miðað við það sem hann gerði í fyrra, enda sér þess nú stað í umfangi Alþingistíðinda hvað þau hafa skroppið saman frá því að hann tók sæti í ríkisstjórn. (**Fjmrh.:** Sparnaður hjá ríkinu.) Já, það má kannski segja að það sé sparnaður í ríkisrekstrinum og pappírskostnaði fyrir Alþingi að spara í útgáfu Alþingistíðinda með þessum áþreifanlega hætti. En það er ekki aðalatriði málsins.

Má ég enn vitna í hæstv. núv. landbrh. í þessu áliti hans. Hann leggur til að þetta frv. verði fellt. Hann leggur til, og greiddi auðvitað þannig atkvæði eins og allir þingmenn Alþb., að þetta frv. verði fellt og það sent út í hafsauga. Hér er því auðvitað mjög umfangsmikil stefnubreyting hjá flokki hæstv. núv. fjmrh. og hann rekur það í mjög svo ítarlegu máli hvers vegna hann sé á móti þessu frv. Nú dettur mér auðvitað ekki í hug að fara hér með álíka langt mál, en ég ætla aðeins að rekja nokkrar helstu röksemdirnar um leið og ég spyr fjmrh. um hverja og eina þeirra. Hefur hann skipt um skoðun að því er þær varðar? Ætlar hann að beita sér fyrir breytingum á þessum lögum í anda athugasemda hans eigin flokks eða var þetta bara allt saman einn skrípaleikur frá

upphafi til enda hér á sínum tíma? Ég bið hann um að svara því. En með leyfi forseta segir hér:

„Fyrstu og veigamestu röksemdir að mínu mati gegn frv. eru þær að með því yrði festur í sessi hinn illræmdi matarskattur, þ.e. að með frv. yrði lagður skattur á matvæli og aðrar brýnustu nauðsynjar fólks."

Síðan er rakið í löngu máli hversu mannfjandsamlegur virðisaukaskatturinn sé af þessari ástæðu. Síðan, með leyfi forseta, segir hér:

„Í öðru lagi er í nál. minni hl. vikið að því að með þeirri ákvörðun að leggja virðisaukaskattinn, sem þar gengur undir nafninu „VASKurinn", á í einu þrepi er sá möguleiki útilokaður að flokka vörur og þjónustu upp með tilliti til mikilvægis fyrir almenning."

Þetta er auðvitað náskylt fyrri athugasemdinni, en þar sem núv. hæstv. landbrh. sá ástæðu til að skipta þessu upp í tvennt breyti ég því ekki.

Þriðja athugasemd talsmanns Alþb. í þessu máli á síðasta þingi er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Enginn vafi er á því að upptaka virðisaukaskatts hefur í för með sér geysilega aukið skrifræði og veldur auknum tilkostnaði og fyrirhöfn, bæði fyrir hið opinbera og er þó ekki á bætandi en ekki síður fyrir atvinnulífið."

Hann bætir enn við í fjórða lagi, með leyfi forseta: „Algerlega ófullnægjandi rök hafa að mati minni hl. verið færð fyrir því að virðisaukaskatturinn sé það lausnarorð í sambandi við skattsvik sem ýmsir vilja vera láta."

Er hæstv. núv. fjmrh. sammála þessu eða hefur hann sannfærst af starfsmönnum sínum í ráðuneytinu um að þessi skattur geti gert eitthvert gagn að því er varðar upprætingu skattsvika?

Síðan víkur núv. hæstv. landbrh. að ýmsum öðrum atriðum eins og t.d. tilkomu virðisaukaskatts í byggingariðnaði sem hann telur að geti kallað á aukin skattsvik. Hvað segir hæstv. fjmrh. um það?

Hann talar enn um og eyðir löngu máli í áhrif virðisaukaskattsins á ýmsa menningarstarfsemi og þar segir, með leyfi forseta: „Þar er komið að þeim þætti þessa máls sem er kannski einna snautlegastur fyrir hæstv. ríkisstjórn og er þá mikið sagt." Síðan bætir hann við: „Það væri gaman, herra forseti, ef það væri hægt að setja viðbótarauglýsingu í útvarpið og auglýsa eftir hæstv. menntmrh. Það væri nú ekki dónalegt að fá hæstv. menntmrh. hérna einu sinni á fund fyrir sumarið og mega eiga við hann orðastað um menninguna og virðisaukaskattinn."

En þeir sjá auðvitað hvorugir, Alþýðubandalagsfélagarnir, núv. hæstv. menntmrh. eða landbrh., sem þessi orð mælti, einu sinni ástæðu til þess að láta sjá sig þegar þessi mál eru hér til umræðu og þegar þeir hafa raunverulega aðstöðu til þess að hafa áhrif á þessi mál — eða hvað hyggst fjrmh. fyrir hvað þessa athugasemd varðar? Um þetta hefur sá aðili sem ég er hér að vitna í, hæstv. núv. landbrh. og samgrh., langt mál, þ.e. menninguna og virðisaukaskattinn. Hann m.a.s. gengur svo langt að fullyrða eftirfarandi, með leyfi forseta: „Virðisaukaskatturinn mun ganga af mjög miklum hluta þeirrar menningarstarfsemi sem ekki er að stórum hluta eða verulegum hluta til ríkisstyrkt eða styrkt með einhverjum öðrum hætti dauðri. Svo einfalt er það mál."

En ef á að túlka framsöguræðu hæstv. núv. fjmrh. eins og beinast liggur við er hann að gera sig sekan um einmitt þetta, en munar sjálfsagt ekkert um það frekar en annað sem hann hefur þurft að kokgleypa á undanförnum vikum og mánuðum í sambandi við sína fyrri stefnu í ýmsum málum, enda er nú margt skrýtið í kýrhaus Alþb. um þessar mundir. En hann sá ekki ástæðu til þess að rekja neitt hvernig hann hygðist bjarga þessari starfsemi í virðisaukaskattskerfinu. Kannski gerir hann það hér á eftir.

Enn víkur talsmaður Alþb. að nýjum atriðum í ræðu sinni sem ég er að vitna í og kemur nú að áformum ríkisstjórnarinnar um að skattleggja bókaútgáfu. Og eins og hann segir hér, með leyfi forseta: „Hafi ég sagt áðan, hæstv. menntmrh., að þessi þáttur allur, þ.e. virðisaukaskatturinn á menninguna, væri nú einna snautlegastur af öllu fyrir hæstv. ríkisstjórn, þá held ég að ég sé kominn að rúsínunni í pylsuendanum þegar ég minnist á þá útfærslu frv. sem snýr að bókaútgáfu og útgáfu prentaðs máls í landinu."

Vill nú ekki núv. hæstv. fjmrh. svara okkur því hvað hann hyggst fyrir í þessum efnum, hvað hann hyggst fyrir varðandi virðisaukaskattlagningu á bækur og samræmið við aðra útgáfustarfsemi sem talsmaður Alþb. gerir hér mjög að umtalsefni og ég skal ekki rekja frekar, samræmið milli skattlagningar á bækur, tímarit, dagblöð o.fl.? Af hverju fáum við engin slík svör? Ætlar sem sagt hæstv. fjmrh. að hafa þetta óbreytt frá því sem ráð er gert fyrir í frv. eða ætlar hann að breyta því? Það er „godt nok" að koma hér og leggja fram frv. um að framlengja gildistöku þessara laga um sex mánuði og halda þá að menn sleppi við að ræða þetta mál efnislega. Það er kannski fullbillegt ef menn halda það.

En hv. talsmaður Alþb., núv. landbrh., lét ekki þar við sitja sem ég hef nú rakið. Hann kemur enn að íslenskum matvælum og segir þá í sjötta lagi að því er hann telur hér, með leyfi forseta: „Í sjötta lagi er með þessum virðisaukaskatti ætlunin að festa endanlega í sessi fulla skattheimtu af íslenskum matvælum, þar með talið íslenskum landbúnaðarvörum." Og síðan rekur hann hvílík árás þetta sé á íslenskan landbúnað og er kannski sérstaklega eðlilegt að spurt sé hvað hann í hans núverandi hlutverki sem landbrh. muni gera í þessum efnum ef frv. var á sínum tíma og þessi lagasetning sérstök aðför eða árás á þá atvinnugrein sem hann ber nú ábyrgð á — eða hafa þeir kannski ekkert rætt þetta saman, hæstv. fjmrh. og landbrh.?

Síðan víkur talsmaður Alþb. í ræðu sinni að vinnubrögðum og fleiru þess háttar og milliþinganefndinni sem skipuð var, vinnubrögðum í hv. fjh.- og viðskn. og fleiru af því tagi. Hann segist kalla þá

vinnuaðferð „ruslakistuafgreiðsluaðferðina“ og biðst síðan afsökunar á að nota svona langt orð. En síðan er vikið sérstaklega að einum máttarstólpa núv. ríkisstjórnar, sem er reyndar hér í salnum, ef mér leyfist, hæstv. forseti, að vitna til þess:

„Ég hef leyft mér, herra forseti, að kalla þessa aðferð ruslakistuafgreiðsluaðferðina ef fyrirgefst að nota svo langt orð sem gerist nú líklega ekki. Þessi nafngift er komin til af því að hjá hv. stjórnarliðum er það þannig að þegar til fundar við nefndir þingsins koma t.d. menn sem hafa ábendingar fram að færa um frumvörp og stinga upp á úrbótum eða gagnrýna eitthvað sérstaklega sem þar er inni segja þessir snillingar, Páll Pétursson og fleiri hv. þm.: Þetta er allt í lagi. Við tökum þetta bara upp í nefndina.“

Nú hafa að vísu orðið hlutverkaskipti og þó að hv. þm. Páll Pétursson hafi oft og tíðum sýnt snilldartakta við að glíma við þann sem þetta sagði í hv. fjh.- og viðskn. veit ég ekki hvort nafngiftin sem honum var gefin þarna var hugsuð í því skyni að hrósa honum fyrir samstarfið í nefndinni. Eitthvað dreg ég það í efa, en sjálfsagt á hann við okkur fleiri sem sátum í hv. fjh.- og viðskn. á síðasta þingi og studdum þáv. ríkisstjórn.

Ég skal ekki ergja núv. hæstv. fjmrh. öllu lengur með því að rifja allt þetta upp. Auðvitað er það einstök háðung fyrir Alþb. og formann þess að það eru ekki liðnir nema örfáir mánuðir frá því að talsmaður hans flokks lætur öll þessi ummæli falla þangað til hann tekur hér til máls sem fjmrh. og er búinn að gera þetta mál algerlega að sínu. En þetta segi ég ekki vegna þess að ég sé ósammála ráðherranum í þetta sinn heldur eingöngu til að benda á hringlandaháttinn í Alþb. og háðungina sem því hefur fylgt fyrir þennan stjórnmálaflokk og verðið sem það hefur þurft að greiða fyrir að komast í valdastólana í núv. ríkisstjórn.

Hæstv. núv. landbrh. segir í lok ræðu sinnar þegar hann er að tala um þetta frv., með leyfi forseta: „Ég verð að segja eins og er að þetta er hin argasta lítilsvirða við þingið. Þetta er auðvitað ekkert annað. Þetta er hreinasta lítilsvirða, herra forseti. Það er kannski erfitt að víta menn fyrir svona lagað af því að þeir segja ekkert ljótt, en þetta eru auðvitað vítaverð vinnubrögð. Það er alger skömm hvernig að þessu er staðið. Svo fáum við þetta auðvitað inn hér í haust með næstum því jafnmörgum brtt. og frv. eða lögin eru löng. Það er alveg ljóst. Það verður gaman“, segir síðan hæstv. landbrh.

En nú virðist ekkert vera gaman lengur í þessum málaflokki hjá Alþb. sem er búinn að kokgleypa þetta frv. og hæstv. núv. landbrh. lætur ekki einu sinni svo lítið að mæta hér til að taka þátt í fagnaðinum og gamninu þegar virðisaukaskatturinn kemur aftur inn á Alþingi. Nei, hann er sjálfsagt að gefa út leyfisbréf fyrir hunda eða eitthvað slíkt uppi í landbrn. og má ekkert vera að því að sinna þingstörfunum frekar en 7/9 af ríkisstjórninni. (**Fjmrh.:** Hann er að ræða við forsvarsmenn fiskeldisstöðva.) Hann á að velja sér annan tíma til þess en þegar þingið er að störfum, ekki síst þegar um er að ræða mál sem hann hefur látið sér svo mjög fyrir brjósti brenna, ekki síst þegar hann er sá maður sem manna lengst og mest hefur fjallað um þetta mál í sölum Alþingis og manna mest hefur tekið upp í sig um þetta mál, en sennilega þó aðeins vegna þess að hæstv. núv. fjmrh. sat ekki á þingi þegar málið var til umfjöllunar. Ég geri ráð fyrir að hann hefði ekki tekið minna upp í sig hefði hann setið í stjórnarandstöðunni á þeim tíma. (Gripið fram í.) Ég heyri að hann tekur undir það.

En að því er varðar efni þessa frv. vil ég endurtaka að ég er stuðningsmaður frv. og vil gjarnan leggja fjmrh. lið í því að koma því greiðlega í gegnum þingið og öðru því sem snýr að góðri og snurðulausri framkvæmd á þessu hagsmunamáli sem ég tel vera fyrir atvinnulíf á Íslandi, virðisaukaskatt í stað söluskatts. En ég held að það sé nauðsynlegt að ráðherrann taki hér af allan vafa sem kann að hafa skotið upp í hugum manna við þessa upprifjun úr máli alþýðubandalagsmanna frá fyrra þingi um raunverulega afstöðu flokksins til málsins. Ég held að það væri gott að hann upplýsti okkur um það í stað þess að láta menn hér inni leiða af líkum hvort það sé ekki örugglega rétt að hann og flokkur hans hafi skipt um skoðun í þessu máli. Er það ekki örugglega svo eða er hann kannski að reyna að plata menn hér, vinna tíma með því að fresta málinu og hugsar hann sér kannski að leggja fram frv. í samræmi við afstöðu hæstv. núv. landbrh. á síðasta þingi og Alþb. þá um að fella þessi lög um virðisaukaskatt úr gildi? Ætlar hann kannski að gera það síðar á þinginu? Það var sú stefna sem Alþb. talaði fyrir á síðasta þingi. Ég held að það væri ágætt ef fjmrh. gæfi sér tíma til þess að upplýsa þingheim um þetta því að það skiptir miklu máli í sambandi við framhald þessa máls hvort hér er um raunveruleg sinnaskipti að ræða hjá þeim stjórnmálaflokki sem ber ábyrgð á ríkisfjármálunum í dag eða ekki.

Svo er hitt allt annað mál hvaða upplit er á því hjá hæstv. núv. fjmrh. og ríkisstjórninni, sem hefur boðað hér hvert skattafrv. á fætur öðru, að fyrsta málið sem hún leggur fram og snertir skattana er sex mánaða frestun á þessu máli. Hvar eru öll þau skattafrv. sem boðuð voru með fjárlagafrv.? Af hverju sjá þau ekki dagsins ljós? Á kannski að keyra þau í gegnum þingið á tíu dögum eða viku eða einhverju því um líku fyrir jól (Gripið fram í.) eða ... (**Forseti:** Ekki samtöl í salnum.) Ég þakka forseta fyrir liðsinnið.

Er það kannski vegna þess að stjórnarliðarnir koma sér ekki saman um það hvernig þessi skattafrv. eiga að líta út? Er það kannski vegna þess að ágreiningur í stjórnarliðinu, sem opinberaðist eftir framlagningu fjárlagafrv., er svo mikill að það er ekki samkomulag um annað en einhver tiltölulega léttvæg mál? Hverjar eru ástæðurnar? Hvernig væri nú að fjmrh. greindi okkur frá því og héðan úr ræðustól en ekki úr sæti sínu? Ég mælist til þess að

hann geri það um leið og ég heiti honum liðsinni mínu í þessu tiltekna máli.

Albert Guðmundsson:

Virðulegur forseti. Ég hef hlustað á bæði hv. 1. þm. Suðurl. og hv. 17. þm. Reykv. tala um allt annað frv. en það sem er á dagskrá. Hér er frv. til l. um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, þar sem í 1. gr. kemur fram tilgangurinn, þ.e. frestun gildistöku á lögum sem þegar hafa verið samþykkt eins og kemur fram í fyrirsögninni, þ.e. lög nr. 50/1988 og samþykkt undir forustu Sjálfstfl. Virðisaukaskattslögin sem slík eru mjög í anda Sjálfstfl. þannig að ég vona að allt þetta tal sem lengir náttúrlega bæði skrifað mál og talað mál um virðisaukaskattinn þrátt fyrir fjarveru hæstv. landbrh. verði ekki til þess að virðisaukaskattsfrv. verði breytt yfir í það sem Sjálfstfl. á sínum tíma og ég þar með talinn vildum ekki og það í anda Alþb. Mér finnst eins og það sé verið að seiða fram brtt. frá Alþb.

Ég lít svo á að virðisaukaskattslögin séu ekki til umræðu. Lögin eru samþykkt og þó að Alþb. hafi verið á móti þeim á sínum tíma er ráðherra fjármála frá Alþb. skylt að framkvæma þau samkvæmt vilja Alþingis á sínum tíma þangað til annað verður ákveðið af Alþingi. Það kemur ekkert málinu við hvað hann vill eða vill ekki eða Alþb. sem slíkt. Ég heyrði ekki, það getur verið að það hafi farið fram hjá mér, að fram kæmi í ræðu hæstv. fjmrh. að það stæði til að endurskoða lögin með það í huga að breyta þeim frá því sem er. Það getur verið að það hafi farið fram hjá mér. En ég vil taka undir það með hv. 1. þm. Suðurl. að verði breyting hugsuð á virðisaukaskattslögunum verði það gert í samráði við þingnefnd allra flokka. Það er ekki mikil eða þung krafa til ríkisstjórnarinnar frá okkur sem ekki erum í ríkisstjórn.

En hæstv. fjmrh. talaði um að það væru bæði málefnalegar og pólitískar ástæður fyrir frestun á framkvæmd virðisaukaskattsins. Þingmenn Borgfl. tóku nokkuð oft til máls þegar virðisaukaskatturinn var til umræðu og bentu á að tímamörkin væru afskaplega naum. Það hefur komið í ljós núna að hæstv. fjmrh. undirstrikar þennan málflutning Borgfl. frá þeim tíma.

Ég segi að það er eðlilegt að ráðherra, sem er ábyrgur fyrir framkvæmd þeirra miklu breytinga sem upptaka virðisaukaskattsins hefur í för með sér, vilji tryggja sem mestan og bestan undirbúning að framkvæmd laganna. Ég tel það ábyrg vinnubrögð og þar af leiðandi tek ég undir með hv. 1. þm. Suðurl. að ég styð þetta frv. og sé enga ástæðu til að fjölyrða um það. En ég legg mikla áherslu á þann þátt sem kom fram í ræðu hæstv. fjmrh., en það er fræðsluþátturinn sem ég tek undir að er mikilvægur í öllum undirbúningi og nauðsynlegur fyrir alla þá sem bæði framkvæma þessi lög og eins þá sem eiga að vinna samkvæmt þeim í þjóðfélaginu.

Ég lagði fram virðisaukafrv. á sínum tíma sem fjmrh. Það var lagt fram í Ed. og þá var enginn flokkanna, ekki einu sinni minn eiginn, sem studdi frv. Það var ekki samkomulag um frv. þá í neinum flokkum þannig að það hefur orðið stefnubreyting í öllum flokkum. Formaður fjh.- og viðskn. Ed. á þeim tíma, Eyjólfur Konráð Jónsson, ráðlagði mér að leggja ekki áherslu á að fá frv. úr nefnd vegna þess að það væri ekki meirihlutastuðningur í Ed. fyrir frv. En lögin eru ekki til umræðu, þau eru samþykkt og ráðherra ber að framkvæma vilja Alþingis í þessum málum. Ég leyfi mér að lýsa yfir stuðningi mínum við þá frestun sem hann leggur til á þskj. 141 og tel það góð og ábyrg vinnubrögð.

Friðrik Sophusson:

Herra forseti. Það eru nú liðnir u.þ.b. tveir mánuðir síðan hæstv. ríkisstjórn tók við völdum í landinu. Hún opinberaði stefnu sína strax í upphafi, þá stefnu sem hún hugðist fylgja í efnahagsmálum. Sú stefna felst fyrst og fremst í því að falsa gengi íslensku krónunnar með erlendum lántökum annars vegar og hins vegar með nýjum skattaálögum á almenning. Það er yfirlýst stefna, sem kemur fram í efnahagsaðgerð ríkisstjórnarinnar, þeirri fyrstu, að taka erlend lán beinlínis til að þurfa ekki að leiðrétta gengi íslensku krónunnar. Það er gert til að halda verðbólgunni niðri um skeið, en öllum er ljóst að sú ráðstöfun dugir ekki nema um nokkurra vikna skeið, kannski örfáa mánuði. Það sem er merkilegt er að Alþb., flokkur hæstv. fjmrh., hélt fund fyrir örfáum dögum, miðstjórnarfund, og lýsti þar yfir að ekki kæmi til greina að leiðrétta gengi íslensku krónunnar þrátt fyrir að hæstv. forsrh. hafi þá örfáum dögum áður sagt frá því opinberlega að gengi krónunnar þyrfti að leiðrétta og hafði hann þá áður talað um að 15% væri sú tala sem þyrfti að hafa til viðmiðunar. Þannig hefur Alþb. mótað sér þá stefnu að vera gegn hreyfingum á gengi íslensku krónunnar og það virðist vera þrátt fyrir að utanaðkomandi aðstæður gætu hæglega breyst og reyndar hafa þær verið að breytast að undanförnu þegar bandarískur dollar hefur fallið í verði á alþjóðlegum gjaldeyrismörkuðum.

Einn liður í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar er auðvitað stefnan, ef hægt er að tala um stefnu í því sambandi, sem birtist í fjárlagafrv. Hún er sú að á sama tíma og hæstv. ríkisstjórn ætlast til þess að almenningur í landinu, einstaklingar, fjölskyldur og heimili dragi saman seglin vegna þeirra áfalla sem þjóðarbúið hefur orðið fyrir vegna verðfalls á erlendum mörkuðum ætlar ríkissjóður ekki að taka neitt á sig. Hann ætlar að halda sínu og ná jöfnuði í ríkisfjármálum og gott betur með því að auka skattheimtuna á fyrirtækin í landinu, þau fyrirtæki sem nú eru að berjast í bökkum, og skattheimtu á venjulega borgara þessa lands sem þurfa samt sem áður að taka á sig þá kjaraskerðingu sem ríkisstjórnin stefnir að og hefur lýst yfir að þurfi að vera u.þ.b. 7% á næsta ári.

Það frv. sem hér er til umræðu, virðulegur forseti,

er fyrsta frv. sem varðar tekjuhlið fjárlaga og það er þess vegna eðlilegt að hér fari fram nokkuð almennar umræður um skattastefnu hæstv. ríkisstjórnar. Það er afar eðlilegt að bent sé á það að Alþb. styðji nú virðisaukaskattinn og þann söluskatt sem lagður var á þar til virðisaukaskatturinn tæki gildi og ég tek undir það með þeim hv. ræðumönnum sem hér hafa talað áður í dag að hér er um mikilvæga og mjög merkilega stefnubreytingu að ræða hjá Alþb.

Þegar Alþb. fyrir einu ári og einum mánuði var í stjórnarandstöðu kom inn á þing sem varamaður núv. hæstv. fjmrh., eins og hann hefur stundum gert, og hafði sig talsvert í frammi í umræðum hér á Alþingi. Þar á meðal talaði hann hinn 15. okt. 1987 í umræðum utan dagskrár um efnahagsákvarðanir ríkisstjórnarinnar og réðst þar af mikilli hörku á fyrrv. fjmrh., hæstv. utanrrh., og gekk svo langt að brennimerkja þennan fyrrv. ráðherra. Með leyfi forseta sagði hæstv. fjmrh.: „Það stendur þess vegna, hæstv. fjmrh., enn þá á þér krafan um að draga matarskattinn til baka. Þegar þú ert búinn að því getur þú komið og rætt við samtök launafólks." — Og síðan: „Fyrr en þú gerir það ertu brennimerktur sem maður sem ekki er hægt að treysta."

Við erum í dag að ræða um að fresta gildistöku virðisaukaskattsins og framlengja þannig það söluskattskerfi sem nú er í gildi. Einn þátturinn í því söluskattskerfi er skattur á matvæli, sá skattur sem hæstv. fjmrh. var að ræða í umræðum utan dagskrár fyrir rúmu ári þegar hann var í stjórnarandstöðu. Nú talar hann í umræðu um framlengingu virðisaukaskattsins og segir það án þess að segja það að hann hafi snúið við blaðinu og styðji nú svokallaðan matarskatt. Það hlýtur þess vegna að vera krafa þeirra, sem hlustuðu á hæstv. fjmrh. segja þessi orð í fyrra, að spyrja hvað hefur breyst. Hvernig stendur á því að hæstv. fjmrh. gat fyrir ári lýst því yfir að þáv. hæstv. fjmrh. væri brennimerktur nema hann dragi matarskattinn til baka, en nú þegar hann ári síðar kemur hér í þennan ræðustól og flytur framsögu fyrir fyrsta tekjuöflunarfrv. ríkisstjórnarinnar, því óneitanlega er þetta það, minnist hann ekki einu orði á hvort hann sé brennimerktur maður sem ekki geti talað við samtök launafólks? Þessi orð hæstv. ráðherra frá því í fyrra eru þess eðlis að maður hlýtur að biðja um skýringar á því hvað við var átt og hvort hæstv. ráðherra vilji láta kalla sig brennimerktan mann því nú hefur hann tekið við þar sem frá var horfið og í raun og veru fetað dyggilega í fótspor fyrirrennara síns og haldið áfram þeirri stefnu að leggja skatt á matvæli. Á þetta vildi ég, virðulegur forseti, minna því að þessi ummæli hæstv. fjmrh. undirstrika kannski betur en flest önnur ummæli hve gífurlega mikil stefnubreyting hefur átt sér stað. Fyrir ári sagði hæstv. fjmrh.: Sá sem lagði á matarskattinn er brennimerktur. Nú kemur hæstv. fjmrh. í ræðustól og óskar eftir því að matarskattinum verði haldið a.m.k. út næsta ár.

Það er alveg ljóst að frestun á gildistöku virðisaukaskattsins er auðvitað liður í því að afla ríkissjóði tekna. Það þýðir ekkert að kenna embættismönnum um að þeir hafi ekki bolmagn eða getu til þess að breyta skattkerfinu. Þessi mál hafa verið í undirbúningi og auðvitað hefði verið hægt að gera þessar breytingar ef menn hefðu viljað. En það skal þó sagt til þess að sannsögli sé viðhöfð að þessi ákvörðun hans markast af því að fyrirrennarar hans og fyrrv. ríkisstjórn höfðu hugleitt það mál náið hvort ekki væri ástæða til að fresta gildistökunni. Og fyrrv. hæstv. ráðherra orðaði þetta beinlínis með þeim hætti, þegar hann rökstuddi þessa frestun, að með því væri hægt fyrir ríkissjóð að ná inn u.þ.b. 1200 millj. kr. sem ella mundu glatast vegna þess að nýi virðisaukaskatturinn gæfi ekki ríkissjóði jafnmiklar tekjur og söluskatturinn. Þess vegna er alveg óþarfi að fela sig á bak við embættismenn og skattkerfið. Menn eiga að segja það sem satt er í þessu máli. Þessi frestun er auðvitað til komin vegna þess að hæstv. ráðherra þarf á þessum 1200 millj. kr. að halda.

Fyrir nokkrum vikum gerði hæstv. fjmrh. grein fyrir stöðu ríkissjóðs. Hann gerði það í framhaldi af fyrri yfirlýsingum sínum um að það hefðu orðið milljarða mistök í ríkisfjármálum hjá fyrirrennara hans, hæstv. utanrrh., sem þá fór með málefni fjmrn. Hæstv. fjmrh. sagði ekki löngu fyrir stjórnarskiptin að í raun og veru væru ytri skilyrði þjóðarbúsins ákaflega hagstæð og þau mundu áfram verða Íslendingum í hag. Þess vegna væru það ófyrirgefanleg mistök að láta ríkisfjármálin fara í þá hönk sem þau óneitanlega fóru og hæstv. ráðherra var að gera grein fyrir á Alþingi þegar hann gerði grein fyrir skýrslu sinni um ríkisfjármálin. Niðurstaða hans í þeim umræðum var sú að líklega mundi halli á ríkissjóði verða 3,5 milljarðar á þessu ári — 3,5 milljarðar — í stað þess að vera innan við milljarður eins og fyrirrennari hans hafði spáð í september.

Örfáum vikum síðar, hálfum mánuði síðar, kemur svo hæstv. ráðherra í ræðustól á Alþingi og segir réttilega að það sé kannski kominn tími til fyrir hann að þegja því að í hvert skipti sem hann opni munninn bætist við milljarður á halla ríkissjóðs og nú sé líklegt að halli á ríkissjóði verði 5 milljarðar. Ef fram heldur sem horfir og hæstv. ráðherra fær að ræða meira um ríkisfjármálin getum við reiknað í huganum hve hallinn verður orðinn mikill ef hann hækkar um 1 milljarð eða 1,5 milljarða á hálfs mánaðar fresti. Við getum líka þakkað guði fyrir að hann skuli ekki hafa verið fjmrh. allt árið því þá væri hallinn alveg gífurlega miklu meiri en hann er í dag, þ.e. ef marka má orð fjmrh., að í hvert skipti sem hann opni munninn um ríkisfjármálin aukist hallinn um 1 milljarð.

Það er ljóst að þessar nýju upplýsingar um stöðu ríkissjóðs hljóta að valda því að gera verður verulegar breytingar á því fjárlagafrv. sem nú er til úrvinnslu og meðhöndlunar í hv. fjvn. Þess vegna liggur beinast við að spyrja hæstv. ráðherra nú, þegar hann mælir hér fyrir fyrsta tekjuöflunarfrv., hvernig hann hyggist bregðast við því það hlýtur

öllum hv. þm. að vera ljóst að það er tilgangslaust að afgreiða fjárlagafrv. til 2. umr. fyrr en hæstv. ríkisstjórn hefur gert upp við sig hvernig hún ætlar að mæta þeim mikla halla sem nú er fyrirsjáanlegur í ríkisfjármálunum. Þess vegna hljótum við að spyrja að því: Hvað hefur ríkisstjórnin ákveðið að gera? Liggur það fyrir af hálfu ríkisstjórnarflokkanna hvernig á að mæta þessum aukna halla og hvað hyggst ríkisstjórnin gera í þeim málum þar sem skiptar skoðanir hafa orðið til þess að ekki er hægt að leggja fram tekjuöflunarfrv. í þá veru sem í upphafi stóð til að gera og á ég þá sérstaklega við öryrkja- og íþróttaskattinn sem hæstv. forsrh. sló af á félagsfundi hjá Framsfl. í Reykjavík þar sem hann sagði að það væri alveg óhætt að fara gegn þessum skatti því um þennan skatt væru einungis „lausleg áform" í ríkisstjórninni? Og Framsfl. í Reykjavík, trúr sinni sannfæringu, samþykkti að vera á móti þessum skatti. Hv. þm. Framsfl. í Reykjavík, Guðmundur G. Þórarinsson, lýsti því yfir í fjölmiðlum að hann væri bundinn af þeirri samþykkt sem auðvitað þýðir að það er ekki meiri hluti fyrir þeim skatti í þingsölum.

Ef það er svo í þessu máli að það hafi einungis verið „lausleg áform" innan ríkisstjórnarinnar um þessa tekjuöflun getur verið að það sama gildi um aðrar hugmyndir hæstv. fjmrh., að um þær séu einungis lausleg áform í ríkisstjórninni en ekki samþykktir sem ríkisstjórnarflokkarnir standa að. Nú við lok nóvembermánaðar hlýtur að vera kominn tími til þess að hæstv. fjmrh. geri hreint fyrir sínum dyrum, segi hreint út á hvaða grunni 1. gr. fjárlaganna byggir um tekjuöflun ríkissjóðs. Eru samþykktir í ríkisstjórninni og þingflokkum ríkisstjórnarinnar fyrirliggjandi? Hvaða samþykktir hafa verið gerðar og hvaða frv. verða lögð fram á næstu dögum? Það hlýtur að vera lágmarksskilyrði að þau frv. verði lögð fram á Alþingi áður en 2. umr. fjárlaga fer fram. Það er nefnilega ekki hægt að ætlast til þess að hv. alþm. afgreiði fjárlög til 3. umr. nema það liggi fyrir skýrt að á Alþingi sé meiri hluti fyrir þeim tekjuöflunaráformum sem hæstv. ráðherra ætlar að leggja fyrir þingið.

Það er ástæða til þess og ég vil spyrja hæstv. ráðherra að því hvort hann geti gert okkur hér og nú nákvæmlega grein fyrir því hvaða áhrif hin nýja áætlun um hallann á ríkissjóði hefur á væntanlega tekjuöflun ríkissjóðs á næsta ári. Ætlar hæstv. ríkisstjórn áfram að stefna að því að á fjárlögum verði niðurstaðan sú að það verði 1200 millj. kr. tekjuafgangur? Nú er tækifærið til að skýra hv. Alþingi frá því hver er afleiðingin af þessum nýja útreikningi fjmrn.

Það er jafnframt, hæstv. forseti, ástæða til að spyrja um fleiri atriði þó að þau tilheyri ekki því litla máli sem hér er til umræðu heldur vegna þess að hér er verið að opna umræðuna um tekjuöflunarfrv. ríkissjóðs, að hæstv. ráðherra noti þetta tækifæri til að gera hreint fyrir sínum dyrum um nokkur atriði. Þess vegna vil ég spyrja: Verður frv. til l. um skatt á happdrætti lagt fram á Alþingi eða hefur stefna ríkisstjórnarinnar breyst? Í öðru lagi: Stendur til áður en 2. umr. fjárlaga fer fram að lagt verði fram á Alþingi frv. um breytingu á tekjuskattslögum sem felst í því að setja á tvö skattþrep?

Að þessu er spurt vegna þess að hæstv. ráðherrar aðrir hafa sagt að slíkt sé nánast ógerlegt. Þarf ég ekki að vitna í hvaða mann ég á við. Það er maður sem hæstv. fjmrh. þekkir afar vel, bæði af nýjum og gömlu kynnum, enda hefur enginn gefið hæstv. forsrh. aðra eins einkunn eins og hæstv. fjmrh. þegar hann sagði að blaðrið í Steingrími Hermannssyni væri mesta efnahagsböl íslensku þjóðarinnar. Nú gæti reyndar forsrh. svarað fyrir sig og sagt að þegar hæstv. fjmrh. opnar munninn sé það mesta ríkisfjármálaböl sem uppi hefur verið á Íslandi. Þannig geta þeir skipst á ýmsum upplýsingum sem eru auðvitað gagnlegar fyrir áheyrendur um það hverjum augum þeir líta hvor á annan.

Þá vil ég enn fremur biðja hæstv. ráðherra um að nota það ágæta tækifæri sem hér býðst til að segja þinginu frá því hvort það standi til að leggja skatt á fjármagnstekjur eins og a.m.k. lausleg áform voru um í ríkisstjórninni á sínum tíma. Og ég vil jafnframt spyrja að því hvort það sé rétt að ekki verði lagðir skattar á vexti af ríkisskuldabréfum, spariskírteinum ríkissjóðs og hvort það sé rétt að ríkissjóður ætli þannig að láta þá sem spara fyrir ríkið njóta forréttinda fram yfir aðra sparendur í þjóðfélaginu. Ég ætla að spyrja hæstv. ráðherra að því hvort hann telji hyggilegt, æskilegt og eðlilegt að ríkissjóður njóti slíkra réttinda á meðan atvinnulífið í landinu þarf að gefa út skuldabréf sem aðrir sparendur kaupa en þurfa síðan að greiða skatta af þeim fjármagnstekjum sem af því kemur. Þetta er undirstöðuatriði og sjálfsagt alveg einstakt fyrirbrigði ef slíkt á að gerast.

Þá vil ég enn fremur spyrja hæstv. ráðherra að því — og taki nú hæstv. ráðherrann eftir — hvort það geti verið að það sé hugmynd hæstv. ríkisstjórnar að leggja skatta á fjármagnstekjur innlendra sparifjáreigenda en sleppa þeim erlendu sem lána Íslendingum, en erlent fjármagn sem er í umferð í landinu skiptir mörgum milljörðum kr. Það er vitað mál að þegar íslenska ríkið og ríkisbankar og aðrir slíkir taka lán erlendis eru ekki greiddir skattar jafnvel þó að sá sparnaður myndi tekjur hér á landi. Ef hæstv. ráðherra ætlar að leggja skatta á fjármagnstekjur Íslendinga, sem hafa lagt fé til hliðar, en ekki að leggja skatta á þær tekjur sem verða til hér á landi en útlendingar eiga spariféð, þá er hann að ganga erinda útlendinga gegn Íslendingum. Ég trúi því illa að þessi fulltrúi Íslendinga á erlendri grund, einn sá frægasti sem uppi hefur verið í manna minnum, ætli að ganga erinda útlendinga með þessum hætti.

Ég vona að hæstv. ráðherra hafi áttað sig á þessari spurningu og geti hér og nú eytt þeirri gífurlegu óvissu sem ríkir á fjármagnsmarkaðnum vegna þessa máls og vegna sífelldra yfirlýsinga um að nú eigi að taka peninga hér og taka peninga þar. Síðan hefur

hæstv. ráðherra að vísu runnið af hólmi og tekið til baka orðin og sagt: Ég ætlaði ekkert að ráðast á þessa og hina. Ég ætlaði bara af taka af þessum ríku með breiðu bökin, bara þeim sem eiga 4 milljónir eða 3 milljónir, ekki þá sem eiga 1 milljón eða eitthvað þess háttar. En í raun og veru er enginn neinu nær.

Þess vegna held ég að nú sé kjörið tækifæri fyrir hæstv. ráðherra að segja okkur frá því nú um mánaðamót nóvember og desember hvort ríkisstjórnin sé búin að taka ákvörðun í þessu máli vegna þess að hér er um tekjuöflun fyrir ríkissjóð að ræða og það er lágmarkskrafa alþingismanna að tekjuöflunarfrumvörpin verði komin fram og þau sýnd og það staðfest hvort það sé meiri hluti fyrir þeim áður en 2. umr. fjárlaga fer fram.

Virðulegur forseti. Í trausti þess að hæstv. fjmrh. svari spurningum sem til hans er beint þrátt fyrir að það sé um önnur atriði en þau sem nákvæmlega er verið að ræða um undir þessum ákveðna dagskrárlið læt ég máli mínu lokið.

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að vera margorð við þessa umræðu um það þingmál sem hér er á dagskrá. Við kvennalistakonur styðjum að gildistöku þessara laga sé frestað og þó lengur væri. Við höfum mikla efasemdir um að kerfið nái tilætluðum árangri og hefur sú afstaða margsinnis komið fram í sölum Alþingis og annars staðar. Ég sé ekki ástæðu til að endurtaka allt sem áður er sagt um það, enda gefur þetta frv. ekki beint tilefni til þess þar sem hér er eingöngu um að ræða frestun á gildistöku laganna um virðisaukaskatt en engar vísbendingar að hafa um að aðrar breytingar séu fyrirhugaðar á þeim lögum.

Nú hafa aðrir ræðumenn á undan mér rifjað upp andstöðu flokkssystkina hæstv. núv. fjmrh. og skal ég ekki endurtaka þá upprifjun þótt fróðleg sé, en ég vil taka eindregið undir þær fyrirspurnir sem hér hafa komið fram til hæstv. ráðherra um það hvort hann og samflokksmenn hans hyggist ekki reyna að ná fram umbótum á þessum lögum svo sem hvað varðar matarskattinn illræmda og menningarskattinn sem einnig var illræmdur og sem alþýðubandalagsmenn börðust gegn við afgreiðslu málsins á síðasta þingi. Það gerðum við kvennalistakonur einnig og eigum töluvert bágt með að skilja þann snarsnúning í hverju málinu af öðru sem alþýðubandalagsmenn stunda þegar þeir stökkva yfir borðið. Það er hreint með ólíkindum og allt að því aumkunarvert.

Við kvennalistakonur höfum legið undir ámæli fyrir að vilja ekki og sumir segja þora ekki að axla ráðherraskinn þegar þau hafa verið hrist framan í okkur. Við höfum hins vegar kosið að standa fast við ákveðin grundvallaratriði í okkar stefnu og hafna stjórnarþátttöku sem væri keypt því verði að þurfa að bregðast þeim þótt við gerum okkur vitaskuld fyllilega grein fyrir því að málamiðlanir eru nauðsynlegar í einhverjum mæli. En fyrr má nú aldeilis fyrr vera eins og þekktur skemmtikraftur hefur orðað það.

Alþýðubandalagsmenn börðust ákaflega hart í stjórnarandstöðu, voru stórorðir, ekki síst um það mál sem hér er á dagskrá, og feikilega aðgangsharðir og maður hlýtur að spyrja hvort það sé ekkert atriði að standa við stóru orðin. Því hlýt ég að taka undir með fyrri ræðumönnum og lýsa eftir hugmyndum hæstv. fjmrh. um frekari athugun á þessum lagabálki sem samflokksmenn hans börðust svo hart gegn ásamt okkur hinum sem þá voru í stjórnarandstöðu. Það er kannski ekki að undra þótt manni komi í hug orðin fleygu: „Þetta sem helst hann varast vann/ varð þó að koma yfir hann."

Þótt það feli í sér hættu og kannski hugsanlegan kostnað að kalla hæstv. fjmrh. upp í ræðustól hljótum við nú að gera það vegna þessarar umræðu. Það væri vissulega fróðlegt að fá svör við þeim spurningum sem hv. síðasti ræðumaður t.d. lagði fram og ég tek undir þær, en ég legg áherslu á tvennt: Ég lýsi fyrst og fremst eftir afstöðu hæstv. fjmrh. gagnvart matarskattinum og skattlagningu á menningarstarfsemi. Ég tel slíka eftirgrennslan fyllilega réttmæta þrátt fyrir orð hv. 5. þm. Reykv. sem mér heyrðust fela í sér nokkurs konar álas á þá sem áður töluðu vegna þess að þeir hefðu farið út fyrir efni þess frv. sem hér er á dagskrá, en ég tel það fyllilega gefa tilefni til þess að kalla eftir afstöðu hæstv. ráðherra og hugmyndum í þessu efni.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Sú umræða sem hér hefur farið fram hefur á ýmsan hátt verið fróðleg og ánægjuleg, sérstaklega vegna þess að hún hefur ekki síst beinst að Alþb. frekar en því frv. sem hér er til umræðu og undirstrikar enn á ný kannski þörfina á því að það verði ætlað sérstaklega í þingsköpum fyrir því að áhugamenn um stefnu og afstöðu flokksins hafi tækifæri til að grennslast fyrir um hana. Eins og ég sagði fyrir nokkrum dögum skýt ég mér ekki undan því að ræða það hér.

Áður en ég kem að afstöðu Alþb. sérstaklega vil ég þó víkja að einu grundvallaratriði í íslenskri stjórnskipun og stjórnmálum. Flokkar hafa auðvitað haft mismunandi afstöðu til fjölmargra frumvarpa sem síðan eru gerð að lögum í okkar landi. Síðan næst um þessi mál ákveðið samkomulag á Alþingi sem meiri hlutinn ákveður hverju sinni. Þótt flokkar hafi verið á móti þeim frumvörpum á sínum tíma er það ekki eðli þeirrar stjórnskipunar og stjórnmála í samsteypustjórnum sem við höfum þurft að iðka á Íslandi að þar með séu menn að rífa upp öll þau hugsanlegu lög og frumvörp sem menn hafa verið á móti þegar kemur að nýrri stjórnarsamvinnu. Það vill svo til að síðar á þessum fundi er á dagskrá ágætt dæmi um þetta, skatturinn á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Þegar hann var fyrst fluttur á Alþingi var Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu og gagnrýndi þennan skatt mjög harkalega. Ef ég man rétt var það ein-

hver harðasta lota sem þingmenn Sjálfstfl. gerðu að skattabreytingum ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar 1978–1979 sem þeir gerðu að skattinum á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Engu að síður hefur niðurstaðan orðið sú að fjmrh. Sjálfstfl. hafa bæði framkvæmt þessi lög og hvað eftir annað lagt fyrir Alþingi frumvörp um að þessi skattur sé framlengdur.

Þar að auki er alveg ljóst að samsteypustjórnir á Íslandi fela í sér ákveðna málamiðlun, fela í sér ákveðna ákvörðun flokka, meðvitaða ákvörðun flokka, að þegar þeir ganga til samstarfs við aðra flokka setja þeir ákveðin takmörk fyrir kröfum um það hverju þeir ætli sér að ná fram. Það gerðum við í Alþb. þegar við tókum þátt í þessari ríkisstjórn. Við töldum að aðgerðir í efnahagsmálum, sérstaklega gagnvart útflutningsatvinnuvegum og atvinnumálum landsbyggðarinnar og enn fremur nauðsyn á nýrri tejuöflun til þess m.a. að viðhalda velferðarþjónustunni á erfiðum tímum væri eitt sér ásamt ýmsu öðru nægilega mikil réttlæting til að taka þátt í ríkisstjórninni þótt við næðum ekki fram kröfum okkar í fjölmörgum öðrum málum, hvorki því máli sem hér hefur verið vikið að og ég mun koma að síðar né ýmsum öðrum. Það er einfaldlega það mat sem íslenskir stjórnmálaflokkar verða að leggja hverju sinni þegar þeir taka þátt í samsteypustjórnum á það hvað þeir telji mikilvægast miðað við kringumstæður þeirrar ríkisstjórnar til að geta réttlætt þátttöku sína.

Ég vil segja það vegna orða síðasta hv. ræðumanns, Kristínar Halldórsdóttur, að um leið og ég vænti þess að þeir stjórnarflokkar sem nú starfa og jafnvel ríkisstjórnin sjálf geti átt gott samstarf við Kvennalistann og Kvennalistinn frekar fyrr en síðar íhugi alvarlega þátttöku í ríkisstjórn á Íslandi er óhjákvæmilegt að við ákvarðanatöku eru einhver baráttumál sem menn annaðhvort fresta um sinn eða verða að taka tillit til ákveðinnar niðurstöðu sem hefur verið fengin. Þetta er nauðsynlegt að menn hafi í huga þegar menn koma að þeirri umræðu sem hér hefur verið á dagskrá.

Ég vil einnig segja almennt vegna orða séstaklega hv. þm. Friðriks Sophussonar að fyrr á þessu þingi gagnrýndu bæði hann og hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson og hvort það eru ekki fleiri fyrrv. ráðherrar Sjálfstfl. mjög að hafa ekki fengið nægilega fljótt og nægilega vel upplýsingar um stöðu ríkisfjármála og gagnrýndu harðlega að þeim hefði ekki verið sagt í ágúst og september rétt eða nægilega ítarlega frá stöðu ríkisfjármála. Ég hef talið það skyldu mína að greina hv. Alþingi, fjvn. og almenningi í þessu landi frá bestu upplýsingum sem ég hefði um þessi mál nánast um leið og ég hef þær í höndum en vera ekki að liggja með þær inni í ráðuneyti eða fela þær um einhvern langan tíma. Það er að vísu rétt að halli ríkissjóðs hefur hækkað á nokkurra vikna fresti. Og af því að menn eru svo fúsir til nafngifta, eins og mátti heyra á hv. þm. Þorsteini Pálssyni, sem talaði um einhvern öryrkjaskatt sem ég kannast satt að segja ekki við, þá má segja að „Þorsteinsskaðinn" í ríkisfjármálunum hafi bara reynst meiri en menn reiknuðu með. Hæstv. fyrrv. forsrh. varð þjóðinni dýrari en jafnvel við héldum í fyrstu vegna þess að niðurstöðutölur úr októbermánuði sýndu að þróunin í ágúst, september og október gæfi tilefni til að ætla að hallinn á ríkissjóði gæti orðið 5 milljarðar á þessu ári.

Ég ætla hins vegar ekki að fara í einhvern eltingarleik um það hér að rekja þennan „Þorsteinsskaða" sérstaklega ef við viljum kalla hann það út frá slíkri nafngiftaiðju eins og hv. þm. Þorsteinn Pálsson iðkaði áðan til að villa um fyrir fólki. Ég mun hins vegar halda því áfram, hve margar ræður sem það kostar, að greina hv. þm. fljótt, vel og ítarlega frá þeim bestu upplýsingum sem ég hef um stöðu þessara mála og hélt nú satt að segja að hv. þm. kynnu frekar að meta það en vera að gagnrýna það eins og mér fannst hv. þm. Friðrik Sophusson vera að gera áðan þar sem hann nánast óbeint virtist vera að óska eftir því að ég léti það vera að greina mönnum frá þessu. (**FrS:** Ég notaði nú orð hæstv. ráðherra sem sagði þetta sjálfur einu sinni.) Ja, það var létt gaman. (**FrS:** Átti ekki að taka mark á þessu?) Jú, jú, auðvitað átti að taka mark á því. En ég hef haldið nokkrar ræður síðan og ég vona að hv. þm. hafi tekið eftir því að hallinn hefur nú ekkert hækkað í þeim. En við skulum hins vegar vonandi verða sammála um að bæði ríkisstjórn og Alþingi á auðvitað kröfu á að vita fljótt og vel um ástand mála, m.a. vegna þess, sem hv. þm. réttilega vék að, að það er ekki bara ríkisstjórnin sem þarf að taka afstöðu til fjárlaga heldur Alþingi allt. Ég vænti þess að hv. þm. annarra flokka kunni að meta það að hafa þá einnig rúman tíma til að skoða hvað þeir mundu gera við þær aðstæður sem greinilega eru uppi, frekar en vera að demba því yfir þingheim með litlum fyrirvara, jafnvel nokkurra daga fyrirvara, þegar kemur að endanlegri afgreiðslu fjárlaganna.

Síðan ætla ég að víkja að þeim atriðum sem voru nefnd af einstökum ræðumönnum og skal þá fyrst víkja að því sem fleiri en einn nefndi en hv. þm. Þorsteinn Pálsson vék að fyrstur og það er hvort hér væri um stefnubreytingu hjá Alþb. að ræða.

Alþb. hefur lengi haft efasemdir um kosti virðisaukaskatts og eins og hv. þm. Albert Guðmundsson upplýsti áðan hafa þær efasemdir verið innan annarra flokka einnig mjög lengi. Ég vek t.d. athygli á því að á sínum tíma þegar ég sat í fjh.- og viðskn. Ed. fengum við upplýsingar um að gagnstætt því sem ýmsir höfðu haldið hefðu skattsvik ekki minnkað í Noregi við tilkomu virðisaukaskatts og þær fullyrðingar, sem ýmsir höfðu þá sett fram, að kerfið væri flókið, viðamikið og jafnvel dýrt í framkvæmd hefðu ýmislegt til síns máls. Mér finnst sú reynsla sem komið hefur nú á þessum mánuðum að mörgu leyti benda til þess að þetta sé stærra og viðameira verk en margur hélt. Það er misskilningur hjá hv. þm. Friðrik Sophussyni að hér sé eingöngu eða fyrst og fremst um einhvers konar tekjuöflunaræfingu að ræða því það var mælt af heilum hug þegar ég sagði það áðan að jafnvel þótt hagur ríkissjóðs væri svo

góður að það þyrfti ekki að taka neitt tillit til þeirra þátta við ákvarðanatöku af þessu tagi væri það engu að síður rangt að ætla sér ekki meiri tíma til að undirbúa þessa framkvæmd.

Við höfum í Alþb. einnig bent á að í öðrum löndum eru fleiri en eitt þrep í virðisaukaskatti. Ég tel nauðsynlegt að það mál sé skoðað betur, reynsla annarra þjóða, og enn fremur hafi menn tækifæri til að velta því fyrir sér hér og koma þá auðvitað til greina þeir þættir sem hv. þm. Kristín Halldórsdóttir nefndi hér, bæði matvæli, menningarstarfsemi og fjölmargt annað. Ég vil fá tækifæri til að skoða þessa þætti málsins mjög rækilega og ég veit að ekki bara innan flokka núverandi ríkisstjórnar heldur einnig hjá öðrum flokkum á Alþingi eru ýmsir sem hafa einnig áhuga á að gera það. Það getur vel komið til greina að endurskoðun eða yfirferð á þessum málum verði gerð í samvinnu allra þingflokka.

Varðandi skattastefnu ríkisstjórnarinnar, sem hv. þm. Þorsteinn Pálsson vék að, eru meginatriði hennar ljós. Meginatriðin eru þau að sækja tekjurnar fyrst og fremst til þeirra sem hafa hærri tekjur, meiri eignir og úr meira að spila til eyðslu. Það er sú meginstefna sem við höfum verið að útfæra í einstökum frumvörpum, sem sum eru þegar komin hingað eða eru að koma, og tekjuöflunarfrv. munu birtast á Alþingi næstu daga og í næstu viku. Þá fær hv. Alþingi tækifæri til að fjalla um einstaka þætti og áform í þeirri mynd. Ég vil í þessu sambandi í fullri vinsemd biðja menn að hafa ekki svona stór orð um þessi áform um að þeir sem haldnir eru spilafíkn greiði söluskatt af þeirri spilafíkn, að kenna það við öryrkjaskatt, menningarskatt, menntaskatt eða hver voru nú skrautyrðin sem hv. þm. Þorsteinn Pálsson valdi. Ef það er staðreynd að velta núverandi happdrættisaðila mundi á engan hátt minnka við að 12% söluskattur væri lagður á þá sem eru haldnir þessari spilafíkn minnka tekjur öryrkjanna, menningarsamtakanna og menntasamtakanna ekki neitt frá því sem nú er. Þá eru það eingöngu þeir sem spila sem þurfa að borga meira fyrir þennan gerning. Það getur vel verið að hv. þm. finnist sjálfsagt að 4 milljarðar, kannski 5 milljarðar, kannski 10 milljarðar, kannski 15 milljarðar, kannski 20 milljarðar séu í happdrættisveltu í landinu án þess að greitt sé af því sams konar gjald og annarri veltu og eyðslu — eða hvar eru mörkin, hv. þm. Þorsteinn Pálsson? Ég held að það sé alveg ljóst að það er mun meira fjármagn í umferð á þessu sviði en menn hafa haldið. Þess vegna endurtek ég það, sem ég hef sagt áður, að ég tel eðlilegt að lægsta stig af söluskatti sé greitt af þeim sem hafa gaman af að spila í lottóum og happaþrennum og á öðrum vettvangi alveg eins og að ef við værum með spilastofnanir af margvíslegu tagi þætti mönnum eðlilegt að þær greiddu sams konar gjöld og önnur viðskipta- og verslunarfyrirtæki. Það væri eingöngu hægt að álasa þessari ríkisstjórn fyrir að ætla sér að fara í atlögu við öryrkja, Háskóla Íslands, íþróttamenn og aðra ef hægt væri að leiða að því sterk rök að tekjur þessara aðila mundu minnka við þessa aðgerð. Það er hins vegar erfitt að kveða af eða á um í þeim efnum, en ég hef ekki trú á því. Og ég er persónulega sannfærður um að fyrr eða síðar verður lagður söluskattur á happdrættisveltuna í landinu. Þá held ég að ýmsir ættu að spara sér stóru orðin svo að einhverjir þingmenn sem þá sitja ... (Gripið fram í.) Jú, ég sagði að fyrr eða síðar yrði það gert. (**FrS:** Hvort er það fyrr eða síðar?) Ja, það getur komið í ljós hvort það verður fyrr eða síðar. Það getur m.a. farið eftir því hvort hv. þm. Friðrik Sophusson greiðir því atkvæði því að eins og kunnugt er hefur núv. ríkisstjórn ekki nægilegan fjölda þingmanna til að geta ein og sér tryggt framgang frumvarpa í þessari hv. deild. Kannski gerist hv. þm. Friðrik Sophusson liðsmaður okkar í þessum efnum. (**FrS:** Er hæstv. ráðherra að bjóða mér ráðherrastól?) Ja, ef hv. þm. Friðrik Sophusson er tilbúinn að styðja happdrættisskattinn gegn því að fá sæti í ríkisstjórn er augljóst að bak við stóru orðin hvílir ekki alveg þessi umhyggja fyrir öryrkjunum, íþróttafólkinu og þessum fötluðu. (**FrS:** Voru það þá öryrkjar og fatlaðir eftir allt saman?) Nei, nei, auðvitað var það ekki það en ég held að punkturinn sé hins vegar alveg augljós eins og ég sagði áðan: Haldi þessi starfsemi áfram að vaxa eins mikið. Og ég er alveg sannfærður um að hefði hv. alþm. verið sagt það fyrir nokkrum árum að það ætti eftir að verða fjórum sinnum meiri velta í þessari starfsemi en umfang stærstu orkuframkvæmdanna í landinu á næsta ári, Blönduvirkjunar, hefði ýmsum hv. þm. þótt það ótrúleg saga. Ég endurtek það þess vegna hér: Ég er sannfærður um að fyrr eða síðar verður lagt lágt stig af söluskatti á þessa starfsemi. Þess vegna held ég að það væri hyggilegra fyrir hv. alþm., þá sem nú ætla sér að tala á móti slíku, að gera það með varlegra orðalagi en sumir hafa gert hér.

Hv. þm. Þorsteinn Pálsson spurði um annað þrep í tekjuskatti. Ég hef sagt það nokkrum sinnum á Alþingi og get sagt það enn að við myndun þessarar ríkisstjórnar var það eindregin skoðun ærið margra sem að henni stóðu að þeir vildu láta skoða kosti og galla þess að setja annað þrep í tekjuskatti. Það var ekki tekin nein ákvörðun um að gera það heldur eingöngu að skoða kosti og galla þess. Sá áhugi er ekki bara bundinn við einstaka þingmenn og stuðningsmenn þessarar ríkisstjórnar. Ég minni t.d. á að Kvennalistinn hefur á landsfundi sínum lýst áhuga á nýju skattþrepi og kann þá einnig væntanlega að meta það að slík athugun um kosti þess og galla hafi farið fram. Ég minni einnig á það að á þingi BSRB, sem nýlega var haldið, kom fram ályktun um sama efni þannig að það er alveg ljóst að það er víðtækur áhugi á því innan og utan þings að skoða kosti þess og galla að hafa nýtt þrep í tekjuskattinum. Þess vegna höfum við innan fjmrn. og í samvinnu við sérfræðing í skattamálum unnið að þeirri könnun, en ég hef ávallt tekið fram að það lægi engin ákvörðun fyrir hjá ríkisstjórninni um að framkvæma það atriði fyrr en menn hefðu haft tækifæri til að skoða þessa þætti.

Ég held ég hafi þar með svarað flestum af þeim beinu spurningum sem hv. þm. Þorsteinn Pálsson beindi til mín og vil segja vegna ræðu Geirs H. Haarde að það frv. sem hér er lagt fram er eingöngu um að fresta gildistöku þessara laga. Það er ekki tekin að öðru leyti nein afstaða til efnisþátta málsins. Ég vék hins vegar að því í minni stuttu framsöguræðu að málið hefði verið til ítarlegrar skoðunar og m.a. ýmis pólitísk atriði sem hefði ekki verið tekin afstaða til en þyrfti að taka afstöðu til áður en lögin endanlega kæmu til framkvæmda. Þar vísa ég m.a. til starfs þeirrar nefndar sem hann benti á, en einnig til fjölmargra annarra atriða sem komu fram hjá fulltrúum þáv. stjórnarandstöðuflokka hér á Alþingi. Það er nauðsynlegt þess vegna að skapa betri tíma til að fjalla um þetta mál vegna þess að það er á engan hátt einfalt og það eru fjölmörg álitaatriði sem þarf að skoða í þessu efni.

Ég held að það sé satt að segja alveg óþarfi að ég sé að fara í gegnum öll þau atriði sem hann nefndi úr ágætri ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar á sínum tíma vegna þess, eins og ég hef þegar sagt, að það er sjálfsagt að skoða það á þeim tíma sem við höfum, verði þetta frv. samþykkt, hvort menn vilja gera þrepamun eftir vörutegundum og þjónustutegundum. Mér fannst ég skilja t.d. hv. þm. Þorstein Pálsson á þann veg að hann teldi að það gæti vel komið til greina þótt hann hafi fyrir ári greitt því atkvæði að hér væri eingöngu um eitt þrep að ræða. Þannig má benda á fjölmörg önnur atriði sem þarfnast nánari skoðunar.

Ég þakka svo hv. þm. Friðrik Sophussyni fyrir að hafa lesið í fimmta sinn þessa ágætu tilvitnun úr ræðu minni á Alþingi og mun það efni örugglega endast honum veturinn (**FrS:** Alveg örugglega.) en sýnir kannski hvað ég hef hagað orðum mínu skynsamlega að þetta skuli vera eini textinn sem hann hafi fundið sem hann getur notað því ekki hafa neinar aðrar setningar verið hér á borð bornar af hv. þm. Friðrik Sophussyni.

Það er misskilningur hjá honum að ég hafi verið að kenna embættismönnum um í minni framsöguræðu, nema síður sé. Ég var eingöngu að lýsa staðreyndum varðandi vinnuna, hvað undirbúningurinn tekur langan tíma og hvað fjölmörg atriði hafa reynst flóknari og yfirgripsmeiri og svo einnig að við lok þessa árs hafa menn betri reynslu en við upphaf þess hvað t.d. staðgreiðslukerfisbreytingin var mikið vinnu- og verkálag á skattkerfið í landinu. Ég held þess vegna að menn þurfi að taka meira tillit til þess þáttar nú en menn áttuðu sig á fyrr á þessu ári þegar menn voru að áætla tímann sem þyrfti til að koma þessum viðamiklu breytingum til framkvæmda.

Hv. þm. Friðrik Sophusson beindi til mín fjórum sérstökum spurningum. Ég tel að ég hafi nú þegar svarað þeim tveimur fyrstu, hv. þm. Friðrik Sophusson, varðandi happdrættissöluskattinn og annað þrep í tekjuskatti. En síðan vék hv. þingmaður að því að ég hefði lýst því yfir að vaxtatekjur af spariskírteinum ríkissjóðs ættu að vera skattfrjálsar. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að ég ef lýst því yfir. Ég hef lýst því nokkrum sinnum yfir. Ég hef meira að segja lýst því yfir í þessum ræðustól og einnig í ræðustól Ed. Sú yfirlýsing sem ég gaf um helgina af minni hálfu er því ekkert ný. Og ég hef bæði við umræður um fjárlagafrv. og við 1. umr. um lánsfjárlög í Ed. rökstutt rækilega hvers vegna ég tel að þetta sé bæði rétt og eðlilegt.

Meginrökin eru þau að það þjónar almennum þjóðarhagsmunum að efla spariskírteini ríkissjóðs sem grundvallarþátt í innlendum sparnaði. Þetta er kenning sem við erum sammála um, ég og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson sem hvað eftir annað hefur bent á mikilvægi þess að spariskírteinaútgáfa ríkissjóðs sé grundvallarþáttur í innlendum sparnaði. Gífurlegar erlendar lántökur hafa verið veruleg undirrót erfiðleika í efnahagslífi okkar hér á landi. Ef við ætlum að geta styrkt innlendan sparnað og dregið úr lántökuþörf ríkissjóðs þurfum við að skapa kerfi af þessu tagi. Ástæðan fyrir því að hv. þm. Friðrik Sophusson virðist vera andvígur þessu eins og ráða mátti af þessum orðum hans ... (**FrS:** Ég er það ekki.) Nú, þá ætla ég að geyma mér að fjalla nánar um það. (**FrS:** Ég spurði spurninga.) Já, já, ég tel að þetta eigi eingöngu að eiga við um spariskírteini ríkissjóðs. Það er alveg ljóst, eins og ég hef sagt hvað eftir annað úr þessum ræðustól og í Ed., að spariskírteini ríkissjóðs eigi að hafa þessi forréttindi vegna þess að þetta sparnaðarform gegni ákveðnu þjóðhagslegu markmiði og vegna þess að spariskírteini ríkissjóðs séu ákveðinn grundvallarþáttur í vaxta- og peningakerfinu í landinu. Það hefur kannski verið skýringin á því hvers vegna þessi kenning hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar hefur átt svo erfitt uppdráttar í Sjálfstfl. að ýmsir af forustumönnum Sjálfstfl. hafa jafnframt viljað láta þetta ná til ýmiss konar annarra sparnaðarforma, fyrirtækja, verðbréfasjóða og fjölmargra aðila sem vilja fá að starfa á þessum markaði. (**Gripið fram í:** Banka.) Sagði hv. þingmaður eitthvað? (**Gripið fram í:** Banka.) Já, banka. M.a. bankanna. Já já, það er alveg rétt.

Varðandi skattlagningu á fjármagnstekjur og áform ríkisstjórnarinnar í þeim efnum, þá verða þau auðvitað lögð fram hér á hv. Alþingi á sínum tíma. Ástæðan fyrir því að það tekur lengri tíma en ýmis önnur áform sem munu birtast í frv. á næstu dögum er það að það þarf að semja nýja löggjöf um þetta efni. Hún er flókin, hún er tæknilega erfið og það þarf að vanda hana vel. Við höfum ákveðið að kynna okkur sérstaklega þau lög sem gilda um þetta efni í Bretlandi og sem íhaldsflokkur Margrétar Thatchers hefur talið sjálfsagt og eðlilegt að væru í gildi í því landi, en þar eru, hv. þm. Friðrik Sophusson, eignatekjur af verðbréfum og vaxtatekjur skattlagðar eins og launatekjur, hjá íhaldsflokki Margrétar Thatchers. Það er nú öll róttæknin í þessum hugmyndum.

Í öðru lagi ætlum við að kynna okkur skattlagn-

ingu fjármagnstekna í Bandaríkjunum þar sem ríkisstjórn Ronalds Reagans í átta ár hefur frekar styrkt skattlagningu á fjármagnstekjur og er líka fylgjandi því grundvallarviðhorfi að það eigi að skattleggja fjármagnstekjur eins og vinnutekjur.

Síðan ætlum við að kynna okkur slíka löggjöf í Danmörku þar sem íhaldsstjórn Schlüters hefur framkvæmt og komið á slíkum sköttum á fjármagnstekjur. Það er þess vegna ærið sérkennilegt að heyra forustumenn Sjálfstfl. innan og utan þings, kannski ekki síður þá sem utan þings eru, búa hérna til eða reyna að búa til eitthvert gerningaveður í landinu um að þetta sé einhver mesta aðför að einstaklingsfrelsi sem hér hafi heyrst í langan tíma, boði til fjöldafunda til þess að reyna að berjast gegn þessum vondu áformum án þess að átta sig á því að svo víðtækur er skilningurinn á því að þetta sé sjálfsagt og eðlilegt að ýmsar traustustu íhaldsstjórnir í Evrópu og Bandaríkjunum hafa talið rétt að búa til og leggja á skatta af þessu tagi. Þess vegna vænti ég að þegar það frv. kemur hér á Alþingi muni Sjálfstfl. styðja það og fara í þessu efni eftir fordæmi Margrétar Thatchers, Ronalds Reagans og Poul Schlüters.

Ég vil svo til viðbótar benda á að ef hv. þm. Friðrik Sophusson meinar eitthvað með því, sem hann er oft að tala um, að það eigi að opna íslenska hagkerfið meira fyrir tengslum við markaðskerfi og fjármálastarfsemi og framleiðslustarfsemi í Evrópu eða jafnvel víðar, þá er það líka ákveðinn grundvallarþáttur í slíkri opnun að skattakerfin séu samræmd og þá einkum og sér í lagi skattarnir á fjármagninu og fjármagnstekjunum. Þannig er satt að segja alger mótsögn í því, ef það er skoðun hv. þm. Friðriks Sophussonar, að vilja annars vegar þá opnun sem hann er oft að tala fyrir en vera á móti því að sambærileg skattlagning á fjármagnstekjur sé innleidd hér á landi og í flestöllum löndum Vestur-Evrópu.

Það er hins vegar vandaverk og það tekur tíma og það er flókin sérfræðivinna sem þar þarf að leggja fram. Þess vegna mun það frv. ekki verða tilbúið jafnsnemma og hin. (**FrS:** Hve snemma?) Ég þori ekki að fullyrða það á þessu stigi. Það eru sérfræðingar að vinna það verk. Það hefur verið ákveðið að þeir ræddu við ýmsa sérfræðinga Seðlabankans, muni einnig ræða við ýmsa aðra sérfræðinga og kunnáttumenn sem eru í okkar landi, bæði innan og utan ríkiskerfisins. Ég vil að sú vinna verði vönduð, legg meiri áherslu á það en hvort hún tekur nokkrum vikum eða mánuðum skemmri eða lengri tíma.

Ég vænti þess vegna að ég hafi svarað þeim spurningum sem hér hafa komið fram og þakka fyrir þann stuðning sem einnig hefur komið fram í umræðum. (**AG:** Er þetta þá íhaldsstjórn í byggingu?) Hjá okkur? Nei, þetta er ekki íhaldsstjórn í byggingu, en það sem hér er hins vegar sagt af minni hálfu er að það er ýmislegt sem jafnvel íhaldsstjórnir í ýmsum öðrum löndum hafa talið sjálfsagt og eðlilegt í samræmi við nútímaviðhorf um réttlæti og samræmingu vinnulauna, fjármagnstekna og eignatekna sem þessi ríkisstjórn er einnig fylgjandi þó að það kunni að vera ágreiningur í ýmsum öðrum efnum. Það er ýmislegt fleira sem læra má af þeim stjórnum sem ég hef hér nefnt. Það er líka ýmislegt sem má læra af þeim að forðast, m.a. atvinnuleysið sem er í öllum þessum löndum mjög mikið og mjög erfitt, sérstaklega hjá ungu fólki. En það er nú önnur saga. (**AG:** Er það ekki hérna líka?) Nei, sem betur fer búum við ekki við 9–14% atvinnuleysi hér á Íslandi, hvað þá heldur 20–30% atvinnuleysi eins og er í sumum gömlu iðnaðarborgunum í Bretlandi.

Ég vil svo þakka fyrir þann stuðning sem ... (Gripið fram í.) Já, ég tel að ég muni á þessu stigi ekki svara þeirri spurningu mjög nákvæmlega vegna þess að ég teldi eðlilegt að svar við því biði þar til þessi athugun og greinargerð, samanburður á lögunum í þeim löndum sem ég nefndi og þeim áformum menn hafa uppi hér, lægi fyrir.

Að lokum, virðulegi forseti, þakka ég fyrir þær undirtektir sem þetta frv. hefur fengið hér og þá umræðu sem hér hefur farið fram.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Það sem eftir stendur eftir tvær ræður fjmrh. í dag um þetta mál er það að þrátt fyrir öllu stóru orðin í fyrra taldi Alþb. þetta mál ekki nógu merkilegt til að halda sig við sína upphaflegu stefnu. Þetta væri bara ekki nógu stórt mál til að gera það að einhverju úrslitaatriði í þessu stjórnarsamstarfi. Ég get auðvitað ekki annað en fagnað því. En það skýtur dálítið skökku við í ljósi t.d. þeirra ummæla sem ég vitnaði til í ræðu minni áðan að Alþb. skuli meta þetta svo. Það eru nefnilega til önnur dæmi um mál sem Alþb. hefur gert stórkostlega fyrirvara um alveg eins og var með þetta mál.

Má ég t.d. benda hæstv. fjmrh. á það þegar viðbótarsamningur út af álverinu í Straumsvík var til umfjöllunar hér á Alþingi á árinu 1984? Þegar sérstök nefnd á vegum ríkisstjórnarinnar hafði komist að samkomulagi í kjölfarið á þeirri aðför sem fyrrv. hæstv. iðnrh. Hjörleifur Guttormsson hafði gert að álverinu náðist um það samkomulag. Þegar það var til meðferðar á Alþingi stóð þessi hv. þm., 2. varaforseti deildarinnar nú, upp og lýsti því yfir að Alþb. mundi við fyrsta tækifæri sem gæfist reyna að rifta þessum samningum og hafa þá að engu. En það mál hefur greinilega horft eitthvað öðruvísi við alþýðubandalagsforustunni jafnvel þó að stóryrðin í báðum málunum hafi verið svipuð. Þannig að málflutningur hæstv. fjmrh. um að það sé eitthvað í stjórnskipuninni um það að eftir að búið er að samþykkja lög geti menn ekki breytt þeim ef þeir eru komnir í ríkisstjórn er fáránlegur.

Eins og ég segi fagna ég því að hann skuli hafa tekið þá afstöðu að því er þetta mál varðar. Það er hins vegar eftir sem áður eilítið undrunarefni, ekki síst í ljósi þeirra ummæla sem ég hef þegar vitnað til og sem jöðruðu auðvitað við það sem talsmaður Alþb. í málefnum Ísals hafði hér uppi á Alþingi árið 1984, varðandi þann samning sem þá var verið að

staðfesta hér á Alþingi og sem Alþb. gerði sérstakan fyrirvara um og lýsti yfir að það mundi að engu hafa kæmist það í valdaaðstöðu síðar eða í aðstöðu til þess að hnekkja þeim samningi.

Skattastefna ríkisstjórnarinnar, segir hæstv. fjmrh., er að sækja til þeirra sem meira hafa. Ég hef a.m.k. tvívegis í umræðum á Alþingi vakið máls á því hvers lags öfugmæli þetta í raun og veru er og skal ekki endurtaka það. Hins vegar fagna ég því að í hvert skipti sem fjmrh. tekur til máls um tekjuskattinn og það sem eitt sinn voru fyrirætlanir hans um nýtt viðbótarskattþrep skuli hann draga í land frá þeim áformum sínum. Ég skildi hann nefnilega þannig þegar hann talaði áðan að nú væri hann nánast að láta kanna þetta til málamynda vegna þess að Kvennalistinn hefði einhvern tímann beðið um það og formaður BSRB hefði líka beðið um það í kjölfarið á BSRB- þinginu, en hann sjálfur hefði ekkert mikla sannfæringu fyrir því frekar en samráðherrar hans úr fyrri ríkisstjórn. Ég fagna þessu líka vegna þess að nýtt skattþrep væri að mínum dómi skemmdarverk eins og ég hef margsagt og nánast óframkvæmanlegt í núverandi skattkerfi.

En fjmrh. hefur drepið á ýmsa aðra þætti, svarað ýmsum öðrum þáttum sem menn komu inn á fyrr í umræðunni. Eins og t.d. þessu sem manna á meðal gengur undir nafninu „öryrkjaskatturinn" eða „menningarmálaskatturinn", þessu sem fólkið í landinu kallar nú ýmist „íþróttamannaskatt", „öryrkjaskatt" eða „menningarmálaskatt".

Það er ýmislegt um þá skattheimtu að segja, en kannski væri eðlilegast að einhver framsóknarráðherrann eða t.d. hv. 10. þm. Reykv. Guðmundur G. Þórarinsson tæki nú til máls og skýrði afstöðu sína í því máli. Hann var í salnum fyrir augnabliki. En hitt er annað mál hvernig fjmrh. hefur talað þar um upphæðir. Í fjárlagafrv. segir að í fyrra hafi veltan af þessu verið 3,5 milljarðar og nú gefa menn sér að á næsta ári verði veltan 4 milljarðar, jafnvel þó að í hinu orðinu kvarti hann sáran undan almennum veltusamdrætti í landinu og almennt undan því að almenningur hafi minna á milli handanna. Samt sem áður reiknar hann með því í fjárlagafrv. að veltan á næsta ári verði 4 milljarðar og hefur auðvitað hvergi fundið þeirri tölu stað þannig að neitt vit sé í. Þetta er auðvitað bara ágiskun út í loftið — eða halda menn kannski að þegar sverfur að heimilunum verði happdrættismiðarnir eða lottómiðarnir ekki eitt af því sem fólk neitar sér fyrst um? Heldur fjmrh. kannski að það verði eitt af því síðasta sem fólk lætur á móti sér ef harðnar á dalnum?

Auðvitað er þessi tala meira og minna út í bláinn og þar af leiðandi líka skatttekjurnar af henni, 12% skatturinn, 480 millj. af þessum tilbúnu 4 milljörðum. En þetta má allt ræða þegar og ef þetta frv. sér einhvern tíma dagsins ljós, ef Framsfl. stöðvar það ekki í fæðingunni eins og Framsóknarfélag Reykjavíkur og hv. 10. þm. Reykv. hafa haft orð uppi um.

Hins vegar er það alveg rétt, eins og ég reyndar benti á í umræðum um fjárlög, að það er kannski ekki alveg einhlítt hver borgar þennan skatt. Það er ekki vitað nákvæmlega fyrir fram hvort hann lendir að öllu leyti á neytendunum eða að öllu leyti á happdrættunum eða hvort hann skiptist á milli þeirra í einhverjum mæli. Það er eðli skatta sem þessara að það verður ekki séð fyrir fram með hvaða hætti þeir bitna á aðilum eða á hvorum aðilanum, seljandanum eða kaupandanum, þeir endanlega lenda. Hins vegar er það þannig að ef hann lendir á seljandanum eru það happdrættin eða þeir aðilar sem standa að góðgerðarstarfseminni og menningarmálunum, íþróttastarfseminni, sem borga þennan skatt. Ef hann hins vegar lendir að stærstum hluta til á neytendunum, eins og fjmrh. fullyrðir að hann muni gera, bendir allt til þess að veltan í þessu muni dragast saman, að eftirspurnin eftir þessari tilteknu þjónustu, þessari starfsemi muni minnka. Og hvað þýðir það? Það þýðir auðvitað líka ákveðið tekjutap fyrir happdrættin, fyrir þá sem standa að þessari starfsemi, ef salan dregst saman af þeim sökum. Raunverulega má segja að í báðum tilfellunum bitni þetta á afkomu þessara aðila. Og fyrst fjmrh. hefur léð máls á umræðu um þetta á þessum nótum, sem auðvitað er sjálfsagt að ræða og auðvitað er fullt vit í, held ég að hann ætti líka að viðurkenna að ef skatturinn lendir á herðum neytandans, eins og hann telur að muni verða og ég segi að við vitum ekki um fyrir fram, er langlíklegast að eftirspurn neytandans eftir þessari starfsemi dragist saman. Þar með minnka tekjur þeirra sem að þessu standa.

En ég ætla ekki að eyða meiri tíma í þetta að svo stöddu. Hins vegar væri mjög forvitnilegt að heyra hvaða skoðanir hv. 10. þm. Reykv. Guðmundur G. Þórarinsson hefur á þessu máli ef hann skyldi vera einhvers staðar nærri. En væntanlega kemur nú frv. um þetta fyrr eða síðar þó að ýmsir efist reyndar um það.

Síðan ræðir fjmrh. mikið um skatta á fjármagnstekjur og vitnar auðvitað, eins og hann hefur gert áður í sjónvarpi og annars staðar, í nálæg lönd og önnur vestræn ríki, en hann gleymir því að sá skattur sem þar er lagður á fjármagnstekjur er í allt öðru efnahagsumhverfi en hér er. Það er allt annað að ræða þetta mál ef tekist hefur að koma á slíku jafnvægi í efnahagsmálum og þjóðarbúskapnum að hér sé allt yfirfullt af sparnaði, eins og t.d. í Þýskalandi eða öðrum vestrænum löndum sem hann hefur vitnað til. Það er allt annað mál að tala um þetta þegar tekist hefur að treysta svo sparnað í landinu í sessi að við þurfum ekki að óttast afleiðingar slíkrar skattheimtu eða þegar efnahagsjafnvægi hefur hér náðst þannig að verðbólga hafi verið kveðin í kútinn o.s.frv.

Hæstv. fjmrh. er prófessor við Háskóla Íslands og honum er væntanlega ljóst, eins og hann væntanlega uppfræðir nemendur sína um, að það er samhengi í hlutunum í þjóðfélagsmálum, í efnahagsmálum og stjórnmálum. Það er ákveðið samhengi milli þess

jafnvægis sem ríkir í efnahagsmálum og þess hvernig menn taka á fjármagnstekjum og skattlagningu þeirra. Auðvitað er það tóm blekking, en að vísu mjög í anda hæstv. fjmrh., að belgja sig síðan hér út um það að allar helstu íhaldsstjórnir á Vesturlöndum hafi lagt á slíkan skatt. Vill hann þá ekki líka segja okkur hvernig efnahagsástandið er að öðru leyti í þessum löndum? Vill hann þá ekki gera svo vel að koma með allan samanburðinn og flytja okkur þann boðskap? (**Fjmrh.:** Miklu hærra skattahlutfall en hjá okkur.) Skattahlutfallið stendur í nánu samhengi við aðrar efnahagsstærðir og aðra þá hluti sem skipta máli þegar verið er að tala um sparnað í landinu. Það þýðir ekkert að koma hér og bera á borð fyrir fólk í áróðurstón að þetta hljóti að vera allt í lagi vegna þess að þetta sé svona í Bretlandi og Bandaríkjunum, Þýskalandi og Danmörku. Það verður að huga að fleiru. Sums staðar í þessum löndum er verulegt atvinnuleysi þar sem beinlínis er verið að hvetja fólk til að eyða til að skapa eftirspurn eftir vinnuafli til að reyna að blása í glæður efnahagslífsins í ríkari mæli en verið hefur. Þar eru menn kannski að vinna að allt öðrum markmiðum, eins og ég segi í löndum þar sem sparnaður er mikill og menn jafnvel flytja út peninga í stórum stíl vegna þess að það er ekki hægt að koma öllum sparnaðinum út í fjárfestingum innan lands.

Fjmrh. sá ástæðu til þess í sjónvarpsþætti fyrir skömmu að núa formanni Félags sparifjáreigenda því um nasir að hann kynni svo lítið í hagfræði og það sæist best á hans málflutningi í þessum tiltekna sjónvarpsþætti. Mér þóttu þetta að vísu afar ósmekklegar aðdróttanir í garð manns sem hafði tekið að sér að mæta fjmrh. í þessum þætti, en ég held að fjmrh. ætti að líta í eigin barm í þessum efnum áður en hann heldur áfram málflutningi af þessu tagi.

Ég ætla síðan ekki, virðulegur forseti, að orðlengja frekar um þetta. Ég geri ráð fyrir því að fjmrh. muni gefa ærin tilefni til þess þegar fram í sækir að fjalla um þessi mál og við skulum ræða þau öll í fúlustu alvöru. Það má kannski segja að þetta sé komið örlítið út fyrir umræðuefni dagsins sem var þetta litla og ómerkilega skattafrumvarp, eða lítilfjörlega réttara sagt, sem fjallar um að skjóta framkvæmd virðisaukaskattsins á frest í sex mánuði.

En í því efni stendur upp úr og það er meginboðskapurinn í ræðum fjmrh.: Alþb. hefur tekið stakkaskiptum varðandi virðisaukaskattinn, hefur skipt gjörsamlega um skoðun, hefur gleypt öll stóru orðin, kokgleypt þau. Þau var ekkert að marka í margra blaðsíðna ræðum hæstv. landbrh. og því er sjálfsagt að fagna.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Það hefur verið vikið að því í þessari umræðu að umræðan hefur snúist almennt um stefnumörkun í skattamálum ríkisins. Auðvitað er það eðlilegt að umræðan snúist um stefnuna í skattamálum í víðum skilningi þó að þetta frv. sé kannski ekki stórt í sniðum og snúist sem slíkt aðeins um afmarkaðan þátt skattastefnunnar vegna þess að hér er um að ræða fyrsta frv. af þeirri röð af frv. um breytingar í skattamálum sem hæstv. ríkisstjórn hefur boðað, fyrsta frv. í þeirri keðju skattahækkunarfrumvarpa sem boðuð hefur verið. Auðvitað er eðlilegt að sníða umræður sem mest að þeim stakki sem viðkomandi mál segir til um, en hér stendur mjög sérstaklega á af því að þetta er 1. umr. og það hlaut að vekja mikla athygli, sérdeilis mikla athygli að hæstv. fjmrh. gat í engu í upphafsræðu sinni um hina almennu stefnumörkun ríkisstjórnarinnar og í hinni síðari ræðu gat hann ekki gefið nein skýr svör um hver væri stefna stjórnarinnar, hvaða endanlegar ákvarðanir hefðu verið teknar um formið á þeirri miklu skattheimtu sem boðuð hefur verið og þó á að leggja þessi frv. fram í næstu viku og afgreiða þau fyrir jól. Og það er ekki enn hægt að greina þinginu frá því í umræðum þegar fyrsta málið kemur til umræðu í einstökum atriðum hvernig þessi skattastefna verður útfærð. Það er allt í hugleiðingarstíl og athugunarstíl enn sem komið er.

Hæstv. ráðherra sagði að stjórnskipun landsins væri með þeim hætti að sérhver ríkisstjórn tæki við þeim lögum sem fyrir væru og það mátti skilja hann á þann veg að þau væru þar með óumbreytanleg. Nú stendur á þann veg um þetta mál að það er að vísu búið að samþykkja um það lög, en þau taka ekki gildi samkvæmt efni sínu fyrr en á miðju næsta ári þannig að ljóst er að hæstv. núv. fjmrh. hefði getað flutt lítið frv. einfaldlega þess efnis að lögin tækju ekki gildi ef flokkur hans væri enn sömu skoðunar og á síðasta þingi, aðeins fyrir örfáum mánuðum, án þess að raska nokkuð þeirri stjórnskipulegu stöðu að ríkisstjórn tekur við því stjórnkerfi sem byggt hefur verið upp og fyrri ríkisstjórnir og Alþingi hafa staðið að. Þess vegna er það að sönnu ánægjulegt og full ástæða til að lýsa yfir fögnuði yfir því að Alþb. hefur breytt um skoðun og að öll stóru orðin sem mælt voru í umræðunni á síðasta þingi voru marklaus, voru bara leikaraskapur og sýndarmennska og hæstv. landbrh., sem hafði nú hæst, sér ekki einu sinni ástæðu til þess að vera viðstaddur umræðuna í dag.

Þetta sýnir eitt með öðru að þær stóru yfirlýsingar sem verið er að gefa eru furðu fljótar að fjúka út í veður og vind. Hæstv. fjmrh. er einkar laginn við að gefa út miklar yfirlýsingar, kalla á blaðamenn og gefa út stórar yfirlýsingar og ég hef orðið var við menn sem segja jafnvel: Ja, hann gefur út stórar yfirlýsingar þessi ráðherra. Það er engu líkara en hann ætli að gera eitthvað. — En þær eru yfirleitt foknar út í veður og vind eftir örfáa daga og að öllu leyti eftir nokkra mánuði eins og þessi umræða sýnir gleggst hér.

Hæstv. ráðherra vék að því að ríkissjóður byggi nú við mikinn vanda vegna þess að tekjuáætlanir hefðu brugðist. Það er að sönnu rétt að það eru miklir erfiðleikar fyrir ríkissjóð þegar það gerist. Og það er líka hárrétt hjá hæstv. ráðherra að efnahagsstefna

getur haft nokkur áhrif á hverjar tekjur ríkissjóðs eru á hverjum tíma. Því meiri sem þenslan er, því meiri sem veltan er, því betur líður ríkissjóði. Það eru staðreyndir sem við búum við vegna þess að ríkissjóður byggir á óbeinni skattheimtu, byggir á skattheimtu sem að langmestu leyti sækir fjármuni sína í veltuna í þjóðfélaginu. M.ö.o., hæstv. ráðherra: Þegar ríkisstjórn tekst það ætlunarverk að draga úr þenslu vegna þess að það hefur almenna þýðingu fyrir efnahagsstarfsemina í þjóðfélaginu, fyrir atvinnulífið í þjóðfélaginu til þess að stuðla að auknu jafnvægi hefur það neikvæð áhrif á afkomu ríkissjóðs. Þetta eru einfaldar staðreyndir sem margar ríkisstjórnir hafa þurft að glíma við. En skaðinn, sem hæstv. ráðherra er að tala um, er þessi, að það tókst að draga úr ofþenslunni í atvinnulífinu, í viðskiptunum. Það er stóri skaðinn sem hæstv. fjmrh. er að tala um. Auðvitað kemur þetta þungt niður á ríkissjóði, en mér finnst skjóta nokkuð skökku við þegar hæstv. fjmrh. ríkisstjórnarinnar talar um að það sé skaði að stjórnvöld nái þeim árangri að draga úr ofþenslunni í þjóðfélaginu. Þvert á móti var það markmið og það náðist verulegur árangur í því að komast að því markmiði sem að var stefnt í þessu efni.

Hitt er svo annað mál að þegar menn hafa náð jafnvægi og dregið hefur úr ofþenslunni ber auðvitað að varast að keyra áfram kreppustefnu eins og núv. hæstv. ríkisstjórn virðist ætla að gera og dæma atvinnuleysi yfir þjóðina. Menn verða að kunna skil á því hvenær jafnvægi er komið á vinnumarkaðinn og hinu hvort stefna eigi í beinlínis atvinnuleysi. Það er nauðsynlegt að ná jafnvægi eins og gert var. Það jafnvægi náðist í septembermánuði, en nú er stefnt, yfirlýst af hálfu ríkisstjórnarinnar, ekki bara í gjaldþrot heldur er stefnt í atvinnuleysi með þeirri efnahags- og fjármálastefnu sem núv. ríkisstjórn fylgir.

Það vakti líka athygli að í seinni ræðu hæstv. ráðherra var nánast útilokað að fá nokkur skýr svör. Ráðherrann, sem brennimerkti forvera sinn í umræðum hér í fyrra út af skattlagningu matarskatts, gat ekki tekið stærra upp í sig núna en það að segja: Ég er tilbúinn að skoða hvort hugsanlega gæti komið til álita að setja annað skattþrep sem þá hugsanlega gæti tekið til matvæla. Þetta var allt og sumt sem hæstv. ráðherra gat sagt eftir öll stóru orðin í fyrra. Það fer ekki mikið fyrir skýrum svörum. Það væri kannski ástæða fyrir hæstv. ráðherra að kalla á blaðamannafund til þess að flytja svona skýran boðskap inn í sjónvarpið.

Og hæstv. ráðherra gat ekki gefið skýr svör um það hvort hann væri reiðubúinn til þess að stofna nefnd allra þingflokka til að framkvæma þá nauðsynlegu endurskoðun sem fram þarf að fara á þessum lögum áður en þau taka gildi, m.a. til þess að skoða hvort hér á að taka upp lægra skattþrep á matvæli. Það er aðeins hægt að skoða hvort það kemur til álita, en hæstv. ráðherra gat ekki gefið um það nein skýr svör og er ástæða til að inna eftir því enn einu sinni hvort hæstv. ráðherra geti ekki tekið af skarið í þessu efni og gert upp hug sinn um hvort hann er tilbúinn að standa að þessari endurskoðun á þennan veg. Það hefur oft verið gert áður þegar meiri háttar skattkerfisbreytingar hafa verið gerðar. Og ég nefni dæmi um það. Síðast þegar slík breyting var gerð, þegar staðgreiðslukerfið var tekið upp, var þessi háttur hafður á þannig að fordæmin eru fyrir hendi. Hann þarf ekki að óttast það, hæstv. ráðherra, að hann sé að ganga í berhögg við það sem fyrri ríkisstjórnir hafa tekið upp varðandi undirbúning slíkra frumvarpa.

Það kom heldur ekkert fram í ræðu hæstv. ráðherra, engin skýring á því hvers vegna ráðherrann talaði á fyrstu dögum eftir að hann kom í ríkisstjórnina um að færa ætti milljarða króna til með fjármagnstekjuskatti í þjóðfélaginu og þeirri tölu sem er eins og lítil lús við hliðina á öllum milljörðunum sem átti að flytja til með fjármagnstekjuskattinum á fyrstu dögunum í ráðherrastólnum. Það er nauðsynlegt að hæstv. ráðherra skýri muninn á þessum yfirlýsingum og tölunni sem stendur í frv. Ráðherrann baðaði sig allmikið í sviðsljósinu í þessum yfirlýsingum, en þær hafa einhvern veginn fokið út í veður og vind og standa afar litlar tölur eftir. Nú hefur þar að auki verið bætt við að það á ekki að skattleggja spariskírteini ríkissjóðs, innleiða enn eina mismununa í skattakerfið og efnahagsstefnuna. Öll efnahagsstefna og fjármálastefna þessarar ríkisstjórnar byggir á því að koma hér á aukinni mismunun. Undir nafni félagshyggjunnar á að auka mismunun í þjóðfélaginu, mismunun í atvinnulífinu. Það á í nafni félagshyggjunnar að gefa sumum lán, þeim sem ríkisstjórnarflokkarnir og kommissarar þeirra telja að eigi að lifa. Það á að afskrifa skuldir, hjá sumum hjá þeim sem ráðherrar vilja að lifi og það á að leyfa sumum að leggja sparifé sitt inn í ríkissjóð skattfrjálst en öðrum ekki. Og hvaða áhrif hefur þetta? Þetta hefur þau áhrif að það er verið að gera þá mismunun í þjóðfélaginu að þær fjármálastofnanir sem standa við bakið á atvinnulífinu í landinu eiga að taka við sparnaði sem ber fulla skatta. Það á að leggja þær byrðar á þær fjármálastofnanir sem styðja við bakið á atvinnulífinu í landinu. En þeir sem vilja spara til að þjóna eyðslustefnu hæstv. fjmrh. eiga að vera skattlausir. Og einkennilegt er, ef eitthvert réttlæti er í því að leggja skatt á sparnað, ráðdeild og sparsemi í þjóðfélaginu, að undanþiggja þá sem vilja spara fyrir ríkissjóð. Hvers vegna mega menn þá hlaupa með sparifé sitt þangað og eiga það skattfrjálst? Hvar er nú réttlætið ef þeir sem vilja spara í ríkissjóði eiga að vera skattfrjálsir, þeir sem vilja spara í bönkum og standa á bak við atvinnulífið í landinu verða að borga skatta? Og hvar er umhyggjan fyrir atvinnulífinu? Ég hélt, hæstv. fjmrh., að það skipti býsna miklu máli í dag að reka efnahags- og fjármálastefnu sem þjónaði hagsmunum atvinnulífsins og ýtti undir atvinnulífið í landinu og þær fjármálastofnanir sem styðja atvinnulífið.

Það væri gaman að heyra sjónarmið Framsfl. í þessu efni. Hvaða afstöðu hefur Framsfl.? Hæstv.

forsrh. sér ekki ástæðu til þess að sitja hér. Hann hefur virðulegra sæti í sínum fílabeinsturni en hann á á hinu háa Alþingi og eyðir ekki tíma sínum, auðvitað ekki, til þess að fjalla um skattastefnu ríkisstjórnar sinnar og allra síst þegar verið er að ræða um skattastefnu sem felur í sér að það á að íþyngja fjármálastofnunum sem þjóna atvinnulífinu en ívilna ríkissjóði þegar krafa atvinnulífsins hefur verið sú síðustu vikur og síðustu mánuði að ríkissjóður sýni aðhald til að gefa atvinnulífinu svigrúm. Þá kemur hæstv. fjmrh. og boðar þessa stefnu og hæstv. ráðherrar Framsfl. hlaupa í fílabeinsturna sína til þess að vera hvergi nærri og svara hvergi fyrir. Ég geri ekki ráð fyrir því að hv. 10. þm. Reykv. hafi áhuga á að ræða hagsmuni atvinnulífsins út frá þeirri stefnu sem ríkisstjórn Framsfl. fylgir í skattamálum.

Síðan vék hæstv. ráðherra að þeim sem spilafíkn eru haldnir og var það aldeilis sérstakur kafli í ræðu hæstv. ráðherra. Er ekki ástæða til að skattleggja alla þá sem spilafíkn eru haldnir? Um hvað snýst það mál? Öflug félagasamtök í landinu hafa fengið að afla fjármagns til einhverrar mikilvægustu félagsmálastarfsemi, æskulýðsstarfsemi, velferðarstarfsemi, menningarstarfsemi sem um getur. Það hefur komið á daginn að þessi frjálsu félagasamtök hafa unnið mikið verk, lyft grettistaki. Ég fullyrði að engin ríkisstjórn hefði einu sinni getað lofað öllu því sem þessi samtök hafa komið í framkvæmd vegna þess að þeim hefur verið gefið svigrúm með tekjuöflun af þessu tagi til að vinna að þessum málum, velferðarmálum öryrkja, endurhæfingu á vegum samtaka berklasjúklinga, uppbyggingu Háskólans og uppbyggingu íþróttaaðstöðu fyrir æskufólkið í landinu. Það er þetta svigrúm, sem Alþingi Íslendinga og allar ríkisstjórnir fram til þessa hafa verið sammála um að gefa þessum samtökum, sem hefur leitt til þess að þetta átak hefur verið mögulegt. Þetta framtak frjálsra félaga er nokkuð einstætt og hefur vakið athygli víðar um heim. Svo kemur hæstv. fjmrh. Alþb. í nafni félagshyggjunnar — í nafni félagshyggjunnar — og segir: Nú á að leggja skatt á þetta framtak, og kallar það spilafíkn, kallar það skatt á spilafíkn þegar á að leggja skatt á þetta mesta velferðarframtak í íslensku þjóðfélagi og sennilega þó víðar væri leitað. Allt er þetta borið fram í nafni félagshyggjunnar, félagshyggjuríkisstjórn, félagshyggjustefna, félagshyggjuskattheimta, að leggja skatt á öflugustu velferðar-, æskulýðs- og menningarsamtök í landinu. Sér er það nú hver félagshyggjan!

En það sem skiptir meginmáli í þessu sambandi er þetta og hæstv. ráðherra gat ekki svarað. Hann hefur lýst því yfir að um það hafi verið gert bindandi samkomulag milli stjórnarflokkanna að koma fram þessum skatti því hann sé nauðsynlegur og óhjákvæmilegur í nafni félagshyggjunnar. En hæstv. forsrh., sem ekki er viðstaddur í dag, hefur lýst því yfir að þetta hafi verið lausleg umræða, stjórnarflokkarnir séu ekki bundnir af þessu, þess vegna hafi það verið sjálfsagt af framsóknarmönnum í Reykjavík að hafna þessu og hv. 10. þm. Reykv. að lýsa því yfir að hann stæði ekki að þessari skattheimtu.

Það er auðvitað óhjákvæmilegt þegar hæstv. ráðherra flytur fyrsta skattafrv. sitt að hann geri nákvæma grein fyrir því hver er stefna ríkisstjórnarinnar. Hann sagði: Mér finnst að þetta sé réttlátt og þetta sé skynsamlegt. En það er nauðsynlegt að fá að vita hver er stefna ríkisstjórnarinnar eftir þessar yfirlýsingar út og suður og útilokað að ljúka þessari umræðu án þess að fá skýr svör þar um.

Hæstv. ráðherra er þekktur að stóryrðum. Brennimerktur, sagði hann um forvera sinn þear hann kom á matarskattinum. Nú má hugsanlega taka til athugunar ef það gæti hugsast að það mætti skoðast að hugsanlega mætti taka upp lægra skattþrep. Fyrir nokkrum mánuðum var það „brennimerktur". Milljarða átti að flytja til með fjármagnstekjuskatti. Það er orðið að lítilli upphæð og svo mega allir leysa sig undan þeim skatti með því að spara bara hjá ríkissjóði, þeir sem vilja eyða í þjóðfélaginu, ef þeir bara spara ekki í þágu atvinnulífsins í landinu. Það stendur eftir af hinum stóru yfirlýsingum hæstv. ráðherra. Þeir sem spara í þágu atvinnulífsins verða að borga skatta en þeir sem spara í þágu eyðslunnar í þágu ríkissjóðs mega vera undanþegnir allir saman. Þá þarf ekkert réttlæti í skattheimtunni ef menn bara spara fyrir ríkissjóð. Þá þarf ekkert að vitna í Thatcher eða Reagan eða Schluter ef menn bara spara fyrir ríkissjóð. En þeir sem spara fyrir atvinnulífið. Það er lítið eftir af stóru orðunum, spurning hvort hæstv. fjmrh. ætti ekki að fara og halda blaðamannafund um það hversu lítið stæði eftir af stóru yfirlýsingunum. Og hann gæti bætt við: Það var yfirlýst stefna í nafni félagshyggjunnar að bæta við nýju skattþrepi til að ná til þeirra ríku, þeirra stóru. Núna var það rétt til athugunar og skoðunar og verður að sjálfsögðu ekki gert. En það voru auðvitað gefnar um þetta stórar yfirlýsingar og fjölmiðlar birtu stórar yfirlýsingar um þetta. Þannig mætti tína til allar stóru yfirlýsingarnar sem að engu eru orðnar og að engu verða. Ég skora á hæstv. ráðherra að efna til blaðamannafundar um það hvernig farið hefur fyrir öllum stóru yfirlýsingunum hans.

Albert Guðmundsson:

Virðulegur forseti. Ég hef um þó nokkurn tíma, langan tíma má segja, haft áhyggjur af því ástandi sem smám saman er eins og þoka að læðast yfir land og þjóð. Þá á ég við það ástand, sem er nú að skapast í þjóðfélaginu, að fyrirtæki og einstaklingar eru gjaldþrota og vinnumarkaðurinn þrengist. Þess vegna kom það mér til að standa upp og tala svolítið öðruvísi en ég hafði ætlað mér að gera undir þessum dagskrárlið þar sem ég hélt mig að því frv. sem er á dagskrá, en umræðan hefur farið vítt og breitt um svið fjármála og vinnumarkaðarins.

Ég hafði miklar áhyggjur af ummælum hæstv. fjmrh. þegar hann gaf til kynna að atvinnuástandið á Íslandi væri svo tryggt að það gæti aldrei orðið

sambærilegt við það sem er annars staðar, tók sem dæmi hvernig atvinnuástand væri í ýmsum Evrópulöndum sem hann telur til fyrirmyndar af því að þau eru leidd af íhaldsöflum. Það varð til þess að ég kallaði fram í fyrir ráðherra hvort hann stefndi að því að hér kæmi þá hreinræktuð íhaldsstjórn, sem hann hafnaði að sjálfsögðu.

En ég hef áhyggjur af þessu svari vegna þess að nú er vitað að í þeim löndum sem hann vitnaði til er mikið atvinnuleysi, en atvinnuleysi í þeim flestum hefur minnkað verulega mikið undanfarin ár, bæði í Englandi, Frakklandi, Þýskalandi og annars staðar þar sem atvinnuleysi hefur farið allt upp í 10–15% af vinnufæru fólki sem hefur verið atvinnulaust. Ég fylgist með fréttum frá þessum löndum á hverjum einasta degi gegnum sjónvarp þannig að staðreyndirnar blasa við.

Hjá okkur er því svolítið öðruvísi farið. Við höfum fulla ástæðu til þess að óttast að við séum að komast inn í tímabil atvinnuleysis. Við erum með fjárlög sem hlupu verulega upp hjá síðasta hæstv. ráðherra fjármála og í ár hækka fjárlögin frá 65 og upp í 76 milljarða. Frv. segir ekki allt. Fjvn. og Alþingi á eftir að fjalla um það þannig að það gæti farið upp í 80–85 milljarða. Það kæmi engum á óvart að það gæti hækkað, ekki síður en hallinn hefur hækkað. Þetta þýðir að skattheimta mun aukast, eins og hæstv. fjmrh. hefur margendurtekið, og við það að skattheimta eykst minnka náttúrlega tekjur fyrirtækja og fyrirtækjum heldur áfram að fækka því að við vitum öll að fyrirtækjum hefur fækkað verulega. Það gerir að verkum að fleiri og fleiri fjölskyldur komast í erfiðleika eins og við höfum verið áhorfendur að. Þetta hefur skapað aukið atvinnuleysi og gert það að verkum að kaupgeta almennings sem heildar hefur minnkað gríðarlega mikið. Þó að enn þá sé stærri hópur sem hefur sæmilega kaupgetu sem betur fer hefur kaupgeta minnkað svo verulega að tekjur ríkissjóðs eru minni. Ég hef heyrt um það getið að minnkandi tekjur ríkissjóðs séu áhyggjuefni hæstv. fjmrh. og ríkisstjórnarinnar. A.m.k. tel ég mig hafa þessar upplýsingar frá áreiðanlegum heimildum og að þarna sé um verulegar áhyggjur að ræða.

Við það að tekjur ríkissjóðs dragast saman verður að minnka umsvifin. Ég veit um ríkisstofnanir sem hafa sagt upp fólki undanfarið af brýnni nauðsyn vegna þess að það hafa ekki verið til peningar til að fjármagna þau verkefni sem þegar voru ákveðin. T.d. má taka þá stofnun sem ég er með efst í huga núna, Iðntæknistofnun. Þar hefur mönnum verið sagt upp undanfarið vegna þess að verkefni sem átti að framkvæma fengu ekki fyrirhugaðar fjárveitingar. Þannig stækkar sá hópur sem hefur minnkandi kaupgetu og verður að ganga á hugsanlegt sparifé þannig að í farveginum eru verulegar áhyggjur af sívaxandi atvinnuleysi.

Síðan hefur hæstv. fjmrh. látið hafa eftir sér, sem ég tel áhyggjuefni, kannski eitt það stærsta í okkar þjóðfélagi, að Samband ísl. samvinnufélaga, miðað við sama ástand, eigi eftir svona tíu mánuði ólifað, við skulum segja eitt ár, og stríði við vanda, vanda sem gæti kannski riðið Sambandi ísl. samvinnufélaga að fullu. Nú er það staðreynd, hvort sem við erum með eða móti samvinnuhreyfingunni, með eða móti Sambandi ísl. samvinnufélaga eða ekki, að Samband ísl. samvinnufélaga hefur vaxið samhliða íslensku lýðveldi, íslenskri þjóð og Samband ísl. samvinnufélaga hefur verið undirstaða vinnumarkaðarins um land allt. Nú vitum við að frystihús og stórir vinnustaðir Sambandsins víðs vegar um land eru í miklum vandræðum. Sumir hafa þegar lokað. Þetta skapar atvinnuleysi og ef það reynist rétt, sem hæstv. fjmrh. hefur látið hafa eftir sér, að Sambandið eigi lífdaga sem taldir eru í mánuðum eftir miðað við sama áframhald, blasir við gríðarlegt atvinnuleysi og í miklu stærra mæli og ríkara mæli í prósentutölu en í nokkru því Evrópuríki sem hann vitnaði til áðan. Þetta atvinnuleysi virðist vera samkvæmt ummælum hæstv. ráðherra á næsta leiti.

Ég er þeirrar skoðunar og hef áður talað um það úr þessum ræðustól að hæstv. ríkisstjórn — ekki bara þessi ríkisstjórn heldur allar ríkisstjórnir — hafi farið öfugt að í skattamálum. Við höfum farið öfugt að í hugsunarhætti. Ég held að það sé athygli vert sem er að ske nú í Svíþjóð. Af því að hæstv. fjmrh. vitnaði til Bandaríkjanna og Reagans kemur mér í hug að Svíar telja sig vera að taka upp einhvern hluta a.m.k. af skattakerfi þeirrar íhaldsstjórnar sem ég hélt að væri síst til fyrirmyndar fyrir núv. ríkisstjórn á Íslandi. Það er ósköp einfaldlega að sjá til þess að fyrirtæki og fólkið í landinu haldi sem allra mestu eftir af sínum sjálfsöflunartekjum, að kaupmátturinn verði eins mikill og mögulegt er til þess að fólkið eyði peningum, til þess að ríkið fái tekjur af eðlilegri eyðslu en ekki af því að ríki taki peningana af fólki áður en fólk getur notað sjálfsaflafé. Þetta er það sem er að ske í Svíþjóð núna og þetta er það sem ég held að sé eðlilegur gangur mála, að hver fái sitt en ekkert meira, að ríkið taki ekki af fólki og fyrirtækjum sjálfsaflafé áður en viðkomandi aðili fær að njóta afraksturs erfiðis síns. Þess vegna hefði ég gjarnan viljað sjá ríkisstjórnina, þó að ég sé ekki beint stuðningsmaður hennar, það er langt frá því, fara inn á einhverjar slíkar brautir.

Fram að síðasta ári bjuggu bæði ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar og ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar við vandamál sjávarútvegsins, vandamál í íslensku efnahagskerfi sem að verulegu leyti voru sögð byggjast á tvennu: Á verðbólguþróuninni og mjög háu hráefnisverði. Þegar olíutunnan var komin upp í 25 dollara var það sagt valdur að allri okkar ógæfa. Nú er verðbólgan, hæstv. fjmrh., komin niður í núll og nú er olíutunnan komin niður í 10–14 dollara. En vandinn sem við höfum við að glíma er nákvæmlega sá sami þó að þessi rök séu ekki lengur til staðar. Það þýðir ekki að segja: Dollarinn hefur lækkað. Vegna þess að verð á dollaranum er enn hærra en frá 1983 til 1987.

Þessi verðbólga og vandamál í efnahag þjóðarinn-

ar virðast nú vera meira heimatilbúin en nokkru sinni áður og engin skýring hefur komið fram hvers vegna. Ástæðan er að sjálfsögðu sú að ríkið er farið að eyða langt, langt umfram það sem fólkið í landinu þolir í álagningu og það er þess vegna sem fiskvinnslufyrirtæki loka og að búist er við að 10–20 verslanir á einum stað í Reykjavík loki upp úr áramótunum. Það er talið að þjónustu- og verslunarfyrirtæki í Reykjavík bíði aðeins eftir þeim eina mánuði á árinu sem gefur þeim veltu sem samsvarar að jafnaði veltu hinna 11 mánaðanna til þess að loka. Þess vegna á ég svo erfitt með að skilja þegar hæstv. fjmrh. hefur engar áhyggjur af vinnumarkaðinum og að hér geti verið atvinnuleysi á næsta leiti. Ég ber þennan ótta í brjósti og ég er reiðubúinn til að taka þátt í hvaða skynsamlegum lausnum sem hæstv. ríkisstjórn eða aðrir — virðulegur forseti, ég ætlaði að fara að segja aðrir hér inni og ég geri það. Ég veit að þeir sem eru hér inni eru þeir sem hafa mestar áhyggjur af ástandinu í þjóðfélaginu. Hinir sem ekki telja sig þurfa að vera viðstadda þegar svona umræður fara fram hafa náttúrlega engar áhyggjur af stöðu mála.

Gengisbreyting var og er miklu áhrifameiri hér og miklu meiri sveiflur eru í efnahag okkar litlu þjóðar heldur en í þeim löndum sem við erum að miða okkur við. Ég var t.d. í Bandaríkjunum skömmu eftir gengisbreytingu dollarans, þegar hann átti að hafa fallið meira en okkar veikburða efnahagur átti að þola. Þegar ég kom til Bandaríkjanna og bjó þar í hálfan mánuð til þrjár vikur spurði ég fólk úr viðskiptalífinu og einstaklinga hvort gengisfellingin hefði komið þungt niður á fólkið í landinu, hvort minni kaupmáttur dollarans hefði gert því erfiðara fyrir. En fólkið heima fyrir hafði bara enga hugmynd um gengislækkun. Verð hafði ekki breyst á neinu. Það hafði ekkert breyst innan lands þó að sveiflurnar í dollaraverði hér hefðu komið mjög illa við íslenskt efnahagskerfi og þjóðfélag. Það má því ekki ske að hæstv. fjmrh. noti sveiflur á erlendum gjaldeyri innan lands hjá okkur til þess að kenna vanda í öðrum löndum um okkar ógæfu. Ég endurtek þess vegna: Vandinn hér er heimatilbúinn. Þess vegna getum við sjálf lagað hann og ég tek undir margt af því sem kom fram hjá hv. 1. þm. Suðurl. í þessum efnum.

Ég sé ekki ástæðu til að tefja þessa umræðu mikið lengur. Það liggur við að maður kunni það vel við sig þegar svo margir eru fjarverandi að maður vilji standa hérna miklu lengur. Það eru margir sem hafa saknað ríkisstjórnarinnar úr þingsölum en ég sakna hennar aldrei.

En ég tek undir það sem hv. 1. þm. Suðurl. sagði um væntanlega keðju skattahækkana til þess að mæta hinum gríðarlegu auknu útgjöldum í krónutölu á næsta ári. Ég óttast því þennan heimatilbúna vanda sem er tilkominn vegna þess að útgjaldaaukning fjárlaga er meiri en fólkið í landinu þolir, því að jafna þarf útgjaldaaukninguna með nýjum og nýjum skattheimtum. Það yrðu skattheimtur þar sem fólk og fyrirtæki yrðu að láta af hendi sjálfsöflunarfé áður en þau hafa komist til þess að velta fénu. Það er þannig ekki eðlileg prósenta af veltu eða tekjum heldur er verið að taka af fólki 100% af óskiptum tekjum og það gengur ekki. Það er hægt að taka skatta af ágóða en það er ekki hægt að ganga á höfuðstól allan tímann. Með því að gera það erum við að skapa það atvinnuleysi sem hæstv. fjmrh. óttast ekki en ég sé að er á leiðinni, sérstaklega ef þær fullyrðingar sem hann hefur látið frá sér fara eru réttar, og hann er í aðstöðu til að fullyrða slíkt en ég ekki til að gera athugasemdir þar við, að eitt stærsta og öflugasta fyrirtæki þjóðarinnar sem er vinnuveitandi á borð við ríkið sjálft, þ.e. samvinnuhreyfingin, sé að fara á hausinn á næstu 10–12 mánuðum.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Þessar umræður hafa farið nokkuð á víð og dreif en þó haldist innan þess málasviðs sem hægt er að kalla skattamál, enda eðlilegt þegar hæstv. fjmrh. flytur hér sitt fyrsta tekjuöflunarfrv. Það er mjög athyglisvert að hlusta á hæstv. ráðherra verja örorkuskattinn, sem hann kallar spilafíknisskatt, jafnmikið og hann gerði í sinni ræðu með sérstöku tilliti til þess að þann skatt er búið að slá af ef marka má yfirlýsingar a.m.k. eins þm. úr Framsfl., hv. 10. þm. Reykv. Guðmundar G. Þórarinssonar, sem sagðist vera bundinn af samþykkt Framsfl. í Reykjavík eftir að hann hafði mótmælt fyrirhugaðri skattheimtu. Því miður hefur hv. 10. þm. Reykv. ekki séð ástæðu til þess að koma í ræðustól og staðfesta þetta en ég veit að seta hans undir þessum umræðum og undir þessum orðum staðfestir að ég fer rétt með er ég segi að hann muni ekki styðja þessa skattheimtu. Þetta þýðir væntanlega það að þessi skattheimta kemst ekki í gegnum hv. deild jafnvel þótt hæstv. ráðherra hafi mikinn hug á að troða henni upp á þjóðina.

Í öðru lagi, virðulegur forseti, vil ég taka undir það sem hér hefur komið fram í gagrýni á hæstv. ráðherra um það hvernig hann hyggst mismuna í skattheimtu fjármagnstekna. Hann hefur nú þegar gefið þá yfirlýsingu að hann muni ekki skattleggja fjármagnstekjur þeirra sem kaupa spariskírteini ríkissjóðs en lét þau orð falla að hann mundi hins vegar ætla sér að skattleggja aðrar fjármagnstekjur. Hæstv. ráðherra sagði að hann og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson væru sammála um þetta. Ég staðhæfi að hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson hafi ekki lagt til að skattur væri lagður á aðrar fjármagnstekjur og að fjármagnstekjum væri mismunað með þessum hætti.

Hæstv. ráðherra gat ekki svarað þeirri spurningu hvort hann hygðist með einhverjum hætti ná til þeirra fjármagnstekna sem verða til í landinu af erlendu fé, hvort ætlunin væri að mismuna Íslendingum og erlendum aðilum í þessu efni. Hann sagðist ætla að geyma það til betri tíma og þýðir það vonandi að hann ætli að kynna sér þessi mál rækilega á næstunni.

Ég átti, hæstv. forseti, von á hæstv. ráðherra í þingsalinn eftir 1–2 mínútur og fer því svona hægt af stað í minni ræðu af því að ég átti von á því að hann kæmi nú, en mun halda áfram ræðu minni með viðeigandi hraða þar til hæstv. ráðherra kemur í salinn.

Kem ég þá að því að ræða aðeins frekar um fjármagnstekjuskattinn. Það er hárrétt hjá hæstv. ráðherra að víðast gildir sú regla að fjármagnstekjur eru skattlagðar eins og aðrar tekjur, þó að auðvitað séu til þær reglur annars staðar að gerður sé nokkur munur á. Hér á landi eru tvær reglur í gildi. Önnur gildir um fyrirtæki, hin um einstaklinga. Fyrirtæki sem greiða fjármagnskostnað fá hann að sjálfsögðu frádreginn sem kostnaðarlið en fjármagnstekjur fyrirtækja lenda á tekjuhlið reikninga fyrirtækjanna og teljast til tekna eins og aðrar tekjur fyrirtækjanna. Þetta er sú meginregla sem er í gildi um íslensk fyrirtæki. Hins vegar var gerð sú breyting á skattalögunum 1978 að önnur regla var tekin upp um einstaklinga. Það var horfið frá því að hafa sömu reglu um einstaklinga og fyrirtæki. Ástæðan var auðvitað sú að menn vildu hvetja til sparnaðar. Menn hurfu frá þeirri reglu að skattleggja fjármagnstekjur og að leyfa fólki að draga fjármagnskostnað frá áður en heildartekjur voru skattlagðar. Þetta var viljandi gert til þess efla sparnað í landinu. Og auðvitað dettur hæstv. ráðherra það ekki í hug að hægt sé að leggja skatta á fjármagnstekjur nema að veita frádrátt á móti fyrir þá sem þurfa að greiða fjármagnskostnað. Það hlýtur að vera þannig í hugarskoti hæstv. ráðherra að það séu nettófjármagnstekjur sem greiða eigi af.

Hæstv. ráðherra fór víða um lönd. Hann heimsótti í sínum málflutningi Reagan, Thatcher og Poul Schlüter. En hann gat þess ekki að í Noregi hafa á undanförnum vikum og mánuðum staðið yfir miklar umræður um þessi mál þar sem norska ríkisstjórnin, sem er nú andlega skyldari hæstv. ráðherra heldur en ríkisstjórnir hinna landanna, hefur mikið verið að velta fyrir sér að breyta skattalögunum m.a. vegna þess að þær reglur sem þar gilda ganga út á að skattleggja fjármagnstekjur en leyfa á móti að fjármagnsgjöldin séu dregin frá tekjum. Þessi regla hefur leitt til þess á undanförnum árum að fjölmargir Norðmenn hafa tekið eyðslulán til þess að ná niður sköttum. Þetta er m.a. einn stærsti þátturinn í því vandamáli sem þar hefur komið upp og ég veit að hæstv. ráðherra þekkir til fjármagnsmarkaðarins norska og þeirra alvarlegu vandamála sem hann á við að etja. Það verður nefnilega að taka tillit til ástandsins hér, efnahagsástandsins og ástandsins á fjármagnsmarkaðinum, og bera það saman við ástandið í þeim löndum sem hann ætlar að heimsækja. Og það kemur auðvitað í ljós að sparnaður hér á landi er of lítill ef eitthvað er.

Ef við lítum á muninn á innlendum sparnaði og innlendum fjárfestingum á árunum 1980–1988 vantar upp á um það bil 4% af þjóðartekjum. Þetta er, ef hæstv. ráðherra veit það ekki, það sem við köllum að safna upp erlendum skuldum og það sem veldur viðskiptahallanum. Þegar menn eru að fikta í fjármagnstekjum og fjármagnskostnaði verða menn að átta sig á afleiðingunum því að þær geta orðið þær að Íslendingar verði að ná í aukið fjármagn erlendis og auka þannig erlendar skuldir og viðskiptahalla. Þess vegna ber að fara mjög varlega í skattlagningu fjármagnstekna hér á landi og menn verða að íhuga mjög vel hvort það geti gerst að slík skattlagning geri það að verkum að fólk dragi úr sparnaði. Mesta hættan er sú að ef fjármagnstekjur verða skattlagðar þá hækki vextir hér á landi. Hæstv. ráðherra verður að átta sig á að ef hann ætlar að skattleggja fjármagnstekjur er hann um leið að ýta undir vaxtahækkun hérlendis.

Þetta vil ég, hæstv. forseti, að hæstv. ráðherra fái að heyra því að þrátt fyrir hagfræðimenntun sína efast ég um að hann hafi gert sér grein fyrir þessu. Ég viðurkenni það að vísu að ég hef glaðst yfir því að hlusta á ræður, umsagnir og orð hæstv. fjmrh. um þessi mál á undanförnum vikum því að smám saman hefur hann verið að klifra niður úr skýjunum og er smám saman að komast niður á jörðina í þessum efnum. Og nú síðast er hann að tala um miklu lægri upphæðir en hann talaði um í upphafi sem gætu komið inn og nú segir hann ekki að það eigi að leggja þessa skatta á frá áramótum, heldur sé þetta til skoðunar og verði sent hinum og þessum sérfræðingum og það skipti ekki máli hvort þetta verði nokkrum mánuðum fyrr eða seinna því að rétt sé að vanda sem best til lagasetningarinnar. Undir þetta vil ég taka. Ég skora á hæstv. ráðherra að skoða þetta mál mjög vandlega því að þetta getur haft verulega slæmar efnahagslegar afleiðingar ef ekki er rétt á haldið.

Að öðru leyti tel ég að þessi umræða hafi verið gagnleg. Þetta er upphafsumræða um þessi skattamál ríkisstjórnarinnar, og ég vil enn á ný ítreka það að það er óverjandi fyrir hæstv. ríkisstjórn að afgreiða fjárlög til 3. umr. nema fyrir liggi í þingskjölum frumvörp sem sýna svart á hvítu hvernig hæstv. ríkisstjórn ætlar að afla þeirra tekna sem um getur í 1. gr. fjárlagafrv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, 1. umr.

Stjfrv., 135. mál. — Þskj. 142.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það frv. sem ég mæli hér fyrir er gamalkunnugt á Alþingi, frv. til laga um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Það er vonandi ekki óviðeigandi að ég rifji það upp hér í upphafi að þegar ég í fyrsta sinn sat hér á þingi heilan vetur, veturinn 1978–1979, var það eitt af

mínum fyrstu verkum sem stuðningsmaður þeirrar ríkisstjórnar sem þá sat að vinna að undirbúningi frv. til þeirra laga um skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði sem ætlunin er að framlengja með frv. sem hér er flutt. Ég minnist þess að við þann undirbúning höfðu mjög margir efasemdir um þennan nýja skatt og auðvitað var ekkert alveg sjálfsagt að hann kæmi nákvæmlega út eins og gerst hefur. Þó finnst mér athyglisvert, þegar maður lítur til baka yfir þessi 10 ár, að þrátt fyrir ólíkar skoðanir flokka á þessu máli á sínum tíma hefur þessi skattur reynst það lífseigur að enn á ný er af nýrri ríkisstjórn flutt frv. um að framlengja þennan sérstaka skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Líklegast munu það þá, fljótt talið, vera um sex ríkisstjórnir mismunandi flokka sem að þessari skattlagningu hafa staðið.

Hins vegar hefur e.t.v. blundað með mönnum sá draumur að þennan skatt mætti hugsanlega leggja af því að formið sem valið hefur verið er að á hverju ári er flutt heildarfrv. um skattinn. Enn á ný stendur þess vegna fjmrh. í þeim sporum að leggja fram heildstætt frv. um þennan skatt og frv. sem ég mæli fyrir nú er að öllu leyti nema hvað eina tölu snertir samhljóða fyrri frumvörpum.

Það er hins vegar eðlilegt að menn hugleiði það nokkuð við núverandi efnahagsaðstæður og erfiðleika verslunar hvort eðlilegt sé að framlengja þennan skatt með sama hætti og áður, en ég minni þó á að á undanförnum árum hefur verið um gífurlega fjárfestingu í verslunar- og skrifstofuhúsnæði að ræða, jafnvel offjárfestingu. Sumir áætla að þeir skipti mörgum tugum þúsunda, kannski tveimur hundruðum þúsunda, fermetrarnir sem bæst hafa við í slíku húsnæði hér á höfuðborgarsvæðinu á allra síðustu árum. Þess vegna tel ég að þessi skattur geti og þurfi e.t.v. í ríkara mæli en áður að vera hömlunarskattur til þess að draga að einhverju leyti úr viðbótarfjárfestingum á þessu sviði. Ef við tækjum upp sérstakan fjárfestingarskatt sem ýmsir hafa haft áhuga á að undirbúa, sá skattur væri virkt stýritæki til fjárfestingarstjórnar, væri e.t.v. hugsanlegt að endurskoða skattlagningu af því tagi sem hér er lagt til að verði framlengd. Meðan slíkur sérstakur fjárfestingarskattur sem stýritæki í efnahagsmálum hefur ekki verið smíðaður er óhjákvæmilegt að framlengja þá skatta, bæði þennan og einnig sérstakan lántökuskatt, sem geta orðið tæki til þess að hamla gegn fjárfestingu á þessu sviði og öðrum.

Ákvæði laganna um skatthlutfall hafa yfirleitt haldist óbreytt, verið 1,1% en hæst 1,4%. Í endurskoðaðri tekjuáætlun fyrir árið 1988 er áætlað að innheimtar tekjur af skattinum verði um 235 millj. kr., en í fjárlagafrv. fyrir næsta ár, sem nú þegar er til meðferðar hér á Alþingi, er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af þessum skatti aukist nokkuð. Þess vegna er lagt til í frv. að skatthlutfallið verði 2,2% í stað 1,1% sem það er á yfirstandandi ári. Þessi skattur er þess vegna ákveðinn liður í að framkvæma þá almennu skattastefnu, sem ég lýsti fyrr í dag og hef gert áður, að skattbyrðin eigi frekar að leggjast á þá sem miklar eignir eiga og verulegar tekjur hafa, en leitast við að hlífa hinum tekjulægstu og eignaminnstu í okkar þjóðfélagi. Það er m.a. á þessum grundvelli sem ákveðið var að hækka hlutfallið í því frv. sem hér er lagt fram og er þá miðað við að skatturinn kunni að gefa rúmar 400 millj. á næsta ári.

Virðulegi forseti. Ég held að það sé óþarfi að ég sé að fjalla nánar um þetta frv. á þessu stigi. Eins og ég gat um í upphafi hefur verið mælt fyrir því í 10 ár hér á Alþingi. Það eru kannski fá skattafrumvörp sem í sjálfu sér og í heild sinni hafa verið rædd jafnoft hér á undanförnum árum. Ég tel þess vegna að þótt ég reyni að láta reyna á hugmyndaflug mitt sé erfitt að finna eitthvað nýtt þar til viðbótar sem ekki hefur verið sagt áður, en vildi hins vegar, eins og ég hef gert, gera grein fyrir þeim ástæðum sem liggja að baki því að núv. hæstv. ríkisstjórn hefur ákveðið að hækka hlutfallið úr 1,1% í 2,2%.

Ég legg svo til, virðulegur forseti, að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til fjh.- og viðskn.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Það er hárrétt sem hæstv. fjmrh. sagði að frv. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði var fyrst lagt fram á árinu 1979 og síðan hafa þessi lög verið endurnýjuð árlega. Sá veldur hins vegar miklu sem upphafinu veldur og það hefur viljað bera við í okkar þjóðfélagi, þegar einhverjir skattar hafa verið teknir upp, að það hefur ekki gengið eins greiðlega að losa sig við þessa skattaófreskju aftur. Þó voru gerðar á þessu nokkrar breytingar. Þegar sjálfstæðismenn komu næst til áhrifa að stjórn landsins var þessi skattur lækkaður og var ætlunin að hann yrði látinn hverfa á nokkrum árum því það er alltaf erfitt að finna nýja skattstofna og því er erfitt þegar eitthvað hefur einu sinni komist á, þó að ranglátt sé, að halda því stöðugt áfram.

En nú þykir mér keyra um þverbak. Nú er ekki verið að framlengja þennan skatt, heldur er verið að tvöfalda skattaprósentuna auk þess sem hækkun verður á fasteignamati. Hér er því um verulegan skatt að ræða fyrir þá sem hafa greitt hann og þá skulum við taka nokkuð mið af því ástandi sem nú er í landinu. Það er verðstöðvun ríkjandi í þessu landi og ríkisstjórnin ætlar að lemja verðbólguna niður og segist hafa gert það og verðbólgan sé nú komin niður í núll. Í stað þess að vera trúr sinni stefnu og halda verðbólgunni á núllinu er ríkisstjórnin núna með þessu fyrsta frv. sínu að hækka þennan skatt að krónutölu um töluvert á annað hundrað prósent. Þá skulum við einnig líta á fleira í því sambandi. Hvernig er ástand og horfur í þeirri atvinnugrein, sem og öðrum atvinnugreinum, sem á að greiða þennan skatt? Er þetta sanngjarn skattur? Er þetta eðlilegt við verðstöðvun að taka upp svona gífurlega hækkun á þessum skatti og raunar að taka upp hækkun á honum hvort sem hún væri mikil eða lítil?

Dreifbýlisverslun er núna á undanhaldi. Þar eru þessar fasteignir fyrir. Þær hækka að fasteignamati

og hæstv. fjmrh. ætlar að hækka þennan skatt á dreifbýlisversluninni um töluvert á annað hundrað prósent. Núna alveg nýverið var einn af höfuðstólpum Framsfl., sem er kaupfélagsstjóri stærsta kaupfélags landsins, KEA, Valur Arnþórsson, verðandi bankastjóri í Landsbankanum núna um áramótin, í útvarpi að viðra þá hugmynd að nauðsynlegt væri að setja á sérstaka styrkaðstöðu fyrir dreifbýlisverslunina vegna þess hve illa væri fyrir henni komið. Ég efast ekki um að þessi mikli ráðamaður í samvinnuhreyfingunni og í Framsfl. hafi ekki farið að hlaupa með þessa hugmynd í útvarp nema hafa um það náið samráð við forustu Framsfl. og þá flokksforingja sinn, hæstv. forsrh. Því tel ég að það sé nauðsynlegt, herra forseti, að hæstv. forsrh., formaður Framsfl., skýri fyrir þingheimi hvað sé á bak við þessa hugmynd Vals Arnþórssonar til þess að styrkja strjálbýlisverslunina. Er Framsfl. virkilega kominn á þá skoðun að hækka þurfi skattana á kaupfélögunum í landinu og þessari litlu einkaverslun sem eftir er úti á landi um á annað hundrað prósent eins og í þessu tilfelli? Á sama tíma er talað um að styrkja þessa atvinnugrein. Hefur ekki hæstv. fjmrh. gert sér grein fyrir því að verslunin er að færast af landsbyggðinni og hingað til Reykjavíkur til stórmarkaðanna? Stórmarkaðirnir eru að taka við mikilli verslun sem áður var úti á landsbyggðinni. Þetta er sú breyting sem er að verða á verslun sem ekkert er hægt um að segja annað en það að verslunin víða úti á landi hefur farið halloka og hún er víðast hvar að fara á hausinn. Þá kemur þessi félagshyggjustjórn, hæstv. ríkisstjórn, og segir: Hvað varðar okkur um það þó að verslanir í heilu landshlutunum séu að fara á hausinn? Við ætlum að hækka skatta á henni um á annað hundrað prósent. Við ætlum hins vegar líka að halda niðri verðbólgunni. Hver borgar þennan skatt? Hver borgar þessa skatta? Hvað hefur gerst hér á undanförnum árum? Það sem hefur gerst er það að hér á höfuðborgarsvæðinu þar sem verslunin er mest hefur auðvitað tekist að færa þessa skattlagningu að verulegu leyti út í verðlagið. Það vitum við. Það hefur gengið svona fram til þessa, en hvort það gengur lengur er annað mál.

En það sem hefur gerst líka er að þar sem samdráttur hefur orðið verulegur í verslun hafa þessi fyrirtæki orðið að standa uppi með þennan skatt. Það segir okkur saga margra kaupfélaga úti á landsbyggðinni, saga margra annarra verslana þar.

Stórmarkaðurinn og verslunin hér í Reykjavík og næsta nágrenni Reykjavíkur tók við og jók umfang sitt um tíma, en er það ekki líka að verða liðin tíð? Hvað er svo að gerast núna í þróun mála á þessu sviði? Það sem er að gerast er að verslunin er að færast í ríkari mæli úr landinu. Hvað er að gerast núna í verðstöðvuninni? Fólk er að fara unnvörpum til útlanda og versla í stórverslunum í nágrannalöndum okkar. Nú er tekin upp sú nýbreytni í ferðalögum að menn fara í innkaupaferðir eldsnemma að morgni og koma seint að kvöldi þreyttir heim með fangið fullt af bögglum. Það er talið borga sig að fara í eins dags innkaupaferðir og það eru fleiri hundruð manns sem stunda núna þessa verslun, fyrir utan allt annað. Hvað ætli ríkissjóður missi í tekjur af því að færa verslunina með þessum hætti út úr landinu? Svo fær fólk gjaldeyrinn með afslætti, 20% afslætti má segja. Hæstv. forsrh. hefur talað um 15%, og alltaf heldur hjól ógæfunnar áfram að snúast. Valur Arnþórsson, sem ég vitnaði í áðan, viðhafði sömu ummæli á flokksfundi eða landsfundi Framsfl. þar sem þeir féllust í faðma, formaður Alþfl. og formaður Framsfl. Hann viðhafði þau ummæli að gengisbreyting væri nauðsynleg og væri fram undan.

Fólkið heldur áfram, það eykur á eyðsluna. Þegar það heyrir að frammámenn þjóðfélagsins, og vinsælustu menn þjóðarinnar og sennilega vinsælustu menn a.m.k. norðan Alpafjalla, eru sama sinnis er ósköp eðlilegt að fólkið haldi áfram: Ja, við verðum að flýta okkur að eyða. Við verðum að kaupa fyrir þær krónur sem við höfum á milli handanna og eiga nógu mikið og eyða nógu miklu því að þetta ástand getur ekki varað lengi. Ég er nú ekki verri maður en það að ég ann vel núv. hæstv. fjmrh. þess að fá með réttu fleiri krónur í ríkiskassann en þá er þetta ekki leiðin til þess, að ráðast á þá sem eru farnir á hausinn og selja gjaldeyri til eyðslu með afslætti.

Fjmrh. á hverjum tíma á auðvitað að stuðla að því að öllu sé haldið til skila en það er ekki gert með þessu heldur þveröfugt. Tekjutap ríkissjóðs er upp á fleiri hundruð milljóna. Hvað er svo að gerast í framhaldi af þessari gjaldeyrissölu með afslætti? Það sem er auðvitað að gerast er að útflutningsatvinnuvegirnir eru látnir bera skaðann. Þeir fá ekki nægilega og eðlilega margar krónur fyrir sínar afurðir sem þeir flytja úr landi. Þeir sem eru að flytja inn, hvort sem það eru nauðsynlegar eða ónauðsynlegar vörur, eru að kaupa þær á niðursettu verði. Þeir eru að kaupa þær á tombóluprís og þetta er búið að ganga núna svo til í fleiri mánuði og þessar sífelldu yfirlýsingar um að gengisbreytingin sé í raun og veru nauðsynleg og hún sé orðin. Svo koma menn og berja sér á brjóst og segja að það komi ekki til greina að breyta gengi krónunnar. Það lækni ekki nokkurn skapaðan hlut. Sjávarútvegurinn sé orðinn svo skuldugur, hann fái ekkert meira þó að gengið sé skráð réttu verði, alls ekkert meira. En hvað skeður? Sjávarútvegurinn er ekki einn um þetta. Það sem við þurfum að gera er að þótt við réttum ekki af rekstrarstöðu eða efnahagsstöðu einhverra ákveðinna fyrirtækja erum við um leið að segja þjóðinni: þetta er hlutur sem er orðinn. Þetta er ekki til þess að ráðast að rótum efnahagsmeinsins. Þetta er viðurkenning á því sem er þegar orðið og við komumst ekki hjá því að viðurkenna það. Við getum ekki boðið neinni grein útflutningsfyrirtækja okkar að búa við þetta lengur. Við getum heldur ekki boðið samkeppnisiðnaðinum þetta sama. En að flytja svo inn það sem erlend fyrirtæki hafa fullunnið, á undirverði, er leiðin inn í kreppuna. Þetta er leiðin til atvinnuleysis eins og allir hljóta að skilja.

Ég held því að hæstv. fjmrh. sé að fara alranga leið með framlagningu frv. og ég verð að segja það að meðan fyrrv. ríkisstjórn var við völd var alltaf sagt: Það gerist ekki neitt. Það er ekki komist fyrir rætur meinsins. Ástæðan var sú að samstarfsflokkar Sjálfstfl. í þeirri ríkisstjórn voru aldrei tilbúnir að fara í aðgerðir. Svo koma þeir hlaupandi út úr Stjórnarráðinu, formaður Framsfl. og formaður Alþfl., og slíta þeirri stjórnarsamvinnu á Stöð 2 og það er sennilega eina ríkisstjórnin í veröldinni sem hefur verið slitið í sjónvarpi. Flokkurinn sem hafði forustu í ríkisstjórninni fékk fréttina á sjónvarpsskerminum á Stöð 2. Þetta er ekki traustvekjandi fyrir íslenska stjórnmálamenn og stjórn þessa þjóðfélags. Þeir sögðu báðir: Allt er þetta Sjálfstfl. að kenna og sér í lagi Þorsteini Pálssyni sem lagði fram tillögur og vildi fá afgreiðslu mála. Allt er þetta honum að kenna. Nú spyr ég: Nú er Þorsteinn Pálsson ekki lengur í ríkisstjórn, nú er Sjálfstfl. ekki lengur í ríkisstjórn, nú er Alþb. komið í ríkisstjórn með þessum tveimur flokkum sem voru einnig í fyrri ríkisstjórn. Hún er búin að sitja í tvo mánuði og það hefur ekkert gerst, ekki nokkur skapaður hlutur. Þeir höfðu allt á hraðbergi. Það þyrfti bara að mynda nýja ríkisstjórn, þá væri björninn unninn, þá væri búið að koma öllu í besta lag. Ég vil alls ekki trúa því að þetta sé Alþb. einu að kenna. Það hlýtur að eiga sína aðild að þessu. En af hverju koma ekki þessar ráðstafanir, að rétta af framleiðsluatvinnuvegina, hvort sem það er í sjávarútvegi eða hinumn ýmsu greinum samkeppnisiðnaðarins? Þetta er alröng leið að fara við þær aðstæður sem núna eru í þjóðfélaginu.

Það er ekki hægt að segja að margmenni sé á fundi hæstv. Nd. en mér finnst nú rétt, af því að það er ekki orðið svo áliðið dags því klukkuna vantar fimmtán mínútur í sex, að taka fram að fjmrh. er eini ráðherrann viðstaddur, og ég er ekkert að þakka honum það alveg sérstaklega af því að hann er að mæla hér fyrir frv. sem heyra undir hans ráðuneyti, og eini stjórnarliðinn sem sést í deildinni er hæstv. forseti Nd. og það skilja nú allir af hverju hann er hérna. Þeir fáu sem eftir eru eru stjórnarandstæðingar. Þetta er nú áhugi stjórnarliðsins á skattamálum og fyrsta skattafrv. sem ríkisstjórnin ber fram. Hvað verður þá þegar skattafrv. verða orðin fleiri? Verða ekki bæði fjmrh. og forseti deildarinnar bara orðnir örþreyttir og nenna ekki lengur að standa í þessu. (Gripið fram í.) Ég spyr hæstv. fjmrh.: Finnst honum ekki rétt að hæstv. forsrh. skýri stefnu Framsfl. og þessa hugdettu verðandi landsbankastjóra? (**Fjmrh.:** Frv. er stefna Framsfl.) Er þetta virkilega hún? Þó ég vilji ekki segja hæstv. fjmrh. segja ósatt er ég svo tortrygginn að ég vil fá að heyra hæstv. forsrh. staðfesta þetta og gefa frekari skýringu. (**Fjmrh.:** Já.) Það þýðir ekkert að vera að tala alltaf svona. Það er auðvitað voðalega gott og ég er alveg undrandi á því að maður sem er jafnfljótur að hugsa og hæstv. fjmrh. skyldi ekki, þegar var verið að lýsa skoðunum hans flokks, bæði hans og fyrrv. formanns þingflokksins, núv. hæstv. samg.- og landbrh., nota þessa einu setningu sem er hægt að afgreiða andstæðinginn á, að þetta hafi verið svona þá, þetta var okkar skoðun þá eins og á virðisaukaskattinum. Auðvitað mega menn skipta um skoðun. Það mega það fleiri en hæstv. núv. forsrh. En ég fer að halda, ef Alþb. ætlar að halda áfram að snúa svona gjörsamlega við blaðinu í öllum málum frá því sem það hefur áður haldið fram, að þeir séu alætur.

Alþfl. hefur verið á móti frv. og talið að það komi ekki til greina, en það er enginn sjáanlegur nema hæstv. forseti sem getur vegna síns virðulega embættis alls ekki staðið í því að verja Alþfl., nema með því að ná sér í varaforseta, annan hvorn. Alþfl. veit ekki orðið sitt rjúkandi ráð. Það er kannski skýringin á því að það finnst enginn þm. fyrir Alþfl., að þeir séu að leita að kúrsinum sem Alþýðublaðið hefur verið að kvarta um að væri týndur. Kannski kúrsinn hafi farið út í heim með formanninum. (**Gripið fram í:** Og átt sér bróður að baki.) Ja, það er kominn tími til þess að a.m.k. einhver af þessum þremur stjórnarflokkum finni kúrsinn, nema kúrsinn sé hjá Stefáni Valgeirssyni. Það má vel vera. Það er kannski besti kúrsinn sem þeir geta fengið.

Ég furða mig á því að ríkisstjórnin skuli leggja hér til á sama tíma og hún er að krefjast þess af almenningi í landinu að hann sýni skilning og gæti hófs í kröfugerð — á sama tíma og hér er verðstöðvun í landinu er komið með skattahækkun sem er í raun og veru um á annað hundrað prósent. Ég skil alls ekki þessa afstöðu ríkisstjórnarinnar og ég sé ekki annað en að þessi ríkisstjórn ætli ekki að ná nokkrum tökum á þeim vanda sem fram undan er. Það er ekki nóg að tala alltaf um vandann og ganga svo aldrei hreint til verks um að leysa vandann og finna hvar rætur meinsemdarinnar eru en halda ekki áfram svona glórulaust eins og með þessu frv. er verið að leggja til.

Ef einhvern tímann hefur verið réttlætanlegt að leggja fram frv. sem þetta er það alls ekki á þessu ári. Við sjáum fram undan fleiri tugi gjaldþrota í verslun og viðskiptum. Ef hæstv. fjmrh. ætlar að koma í veg fyrir áframhaldandi fjárfestingu eins og nú standa sakir væri sönnu nær að gera það með þeim hætti að hamla á móti þeim sem ætla að fara að hefja byggingar nú, til þess að draga úr spennunni. Að vísu hefði það mátt koma miklu fyrr en það á ekki að hegna þeim sem á engan hátt mega við því að fá á sig aukinn kostnað og aukna skattheimtu. Þar nefni ég aftur strjálbýlisverslun í landinu sem er að verða að engu.

Það er víða vá fyrir dyrum, bæði í útflutningsatvinnuvegunum og annars staðar. Við þurfum að gera þær ráðstafanir sem gera það að verkum að við færum verslun og viðskipti og framkvæmdir inn í landið en kaupum þær ekki af erlendum þjóðum. Ef þessi ríkisstjórn ætlar að koma í veg fyrir vaxandi atvinnuleysi um allt land verður hún að taka upp aðra stefnu en þessa hérna.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Í máli hv. 1. þm. Vestf. kom fram ósk um það að hæstv. forsrh. yrði viðstaddur þessa umræðu. Sú ósk var studd alveg skýrum rökum. Þetta er að vísu ekki alveg nýtt mál hér inni á Alþingi. Það er gamalkunnugt, 10 ára gamalt. Þessi skattur var að vísu lækkaður í fjármálaráðherratíð hv. 5. þm. Reykv. en kemur nú inn í tillöguformi þar sem hæstv. fjmrh. gerir ráð fyrir að tvöfalda þennan skatt. Það hefur komið fram í umræðunni að forustuflokkur ríkisstjórnarinnar hefur lagt til sérstakar aðgerðir í þágu dreifbýlisverslunarinnar. Þetta frv. vinnur gegn þeirri yfirlýstu stefnu. Það hefur líka komið fram í umræðunni að núv. ríkisstjórn fylgir fram svokallaðri verðstöðvun. Frv. stríðir gegn þeirri stefnu. Það er þess vegna alveg óhjákvæmilegt að hæstv. forsrh. og hæstv. viðskrh. taki þátt í þessari umræðu. Það er ekki unnt að láta hana fara fram án þess að þeir taki þátt í umræðunni og þingmönnum gefist kostur á að inna þá eftir þeim áleitnu spurningum sem upp hljóta að koma af þessu tilefni. Enn fremur, herra forseti, í ljósi þess að þetta er fyrsta frv. sem ríkisstjórnin leggur fram og hæstv. fjmrh. mælir fyrir sem felur í sér verulega hækkun á sköttum, og þegar fyrsta slíka stefnumarkandi frv. er til umræðu er viðeigandi að stuðningsmenn stjórnarinnar sýni einhvern stuðning á bak við stefnu hennar en hæstv. fjmrh. sé ekki hér einn og að menn eigi þess kost að ræða hér við þá aðra ráðherra sem málið snertir efnislega. Þess vegna fer ég þess vinsamlegast á leit, herra forseti, að umræðunni verði frestað þangað til þessir hæstv. ráðherrar geta verið hér við og tekið þátt í umræðunni.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Það verður leitað eftir því hvort þeir hæstv. ráðherrar sem hér var um talað hafa tækifæri til þess að koma á þennan fund áður en honum lýkur. En á meðan gengið verður úr skugga um það, eða til lengri tíma ef svo hentar, verður þessari umræðu frestað og tekið fyrir næsta mál á dagskrá.

Umræðu frestað.

Umferðarlög, 1. umr.

Frv. IBA, 98. mál (*forgangur hringvegarins*). — Þskj. 101.

Flm. (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga á þskj. 101 um breytingu á umferðarlögum, nr. 50 1987. Frv. er svohljóðandi:

„1. gr.: Við 81. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 1. mgr. og orðast svo:

Þjóðvegur með vegnúmeri 1 skal vera aðalbraut og hvarvetna hafa forgang gagnvart annarri umferð.

2. gr.: Lög þessi öðlast gildi 1. október 1989."

Í greinargerð segir eftirfarandi: „Flestir álíta að hringvegurinn, þjóðvegur númer 1, sé alls staðar aðalbraut. Svo er hins vegar ekki. Þessi misskilningur veldur verulegri slysahættu og ljóst er að til hans má rekja orsakir allmargra slysa sem orðið hafa í umferðinni. Sem viðleitni til frekara umferðaröryggis er frumvarp þetta flutt."

Grg. með frv. er mjög stutt enda málið augljóst og sjálfsagt í mínum huga að ekki á að þurfa að hafa um það langt mál, enda er það ekki meining mín. Ég vil þó að það komi fram hér í umræðunum að ég reyndi að hafa samband við vegamálastjóra vegna málsins, en hann var því miður erlendis. Í hans stað hafði ég samband við umdæmisverkfræðing Vegagerðarinnar í Borgarnesi, Birgi Guðmundsson. Tók hann undir það að fyllilega væri orðið tímabært að taka á málinu þar sem óbreytt fyrirkomulag skapaði verulega slysahættu vegna þess að ökumenn álitu sig vera að aka á aðalbraut er þeir ækju þjóðveg númer 1.

Þá setti ég mig einnig í samband við Óla H. Þórðarson hjá Umferðarráði og lýsti hann yfir stuðningi sínum við frv. en benti jafnframt á að um nokkur vafasöm gatnamót væri að ræða þar sem umferð væri meiri á viðkomandi vegi en á þjóðvegi 1 en að á því yrði að taka sérstaklega og jafnvel að breyta þeim gatnamótum.

Þá hef ég einnig undir höndum afrit af bréfi frá sýslumanninum í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, dags. 19. ágúst 1985, til Umferðarráðs um einmitt þetta málefni, en það hljóðar svo með leyfi forseta:

„Sendi yður hér með til athugunar samþykkt sem gerð var á síðasta aðalfundi sýslunefndar Borgarfjarðarsýslu, mál nr. 41/2."

Þetta er undirritað af Rúnari Guðjónssyni.

Samþykktin er svohljóðandi:

2. Aðalfundur sýslunefndar Borgarfjarðarsýslu 1985 telur að stefna beri að því að gera hringveginn, þ.e. þjóðveg númer 1 að aðalbraut og felur sýslumanni að vinna að framgangi málsins.

Samþykkt samhljóða.

Bréf þetta var sent Umferðarráði og afrit send dómsmrn. og Vegagerð ríkisins.

Þá hef ég einnig undir höndum afrit af bréfi frá Umferðarráði, dags. 28. jan. 1986, þar sem fram kemur á hvern hátt Umferðarráð tók á bréfi sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, en bréfið er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Sýslumaðurinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

Á fundum Umferðarráðs 23. okt. og 11. des. 1985 var samþykkt sýslunefndar Borgarfjarðarsýslu, mál nr. 41.2 um þjóðveg nr. 1, til umræðu. Eftirfarandi ályktun var gerð:

„Fundur í Umferðarráði 11. des. 1985 beinir því til dómsmrn. og Vegagerðar ríkisins að þessir aðilar móti reglur um það hvaða þjóðvegir skuli teljast aðalbraut og verði þjóðvegur 1 sérstaklega hafður í huga í þessu sambandi. Jafnframt verði kannaðir aðrir valkostir."

Ályktun þessi hefur verið send dóms- og kirkjumálaráðuneyti og Vegagerð ríkisins til umfjöllunar.

Þetta tilkynnist hér með."

Undir bréfið ritar Óli H. Þórðarson, framkvæmdastjóri Umferðarráðs.

Hæstv. forseti. Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að því fylgir nokkur kostnaður að framkvæma það sem hér er farið fram á. Kostnaður er vegna skiltagerðar og uppsetningar, svo eitthvað sé nefnt. Hins vegar er ég ekki í nokkrum vafa um að þeim fjármunum er vel varið því að ekki þarf að verða mikil fækkun á slysum í umferðinni vegna núverandi ástands til þess að samþykkt þessa frv. borgi sig.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Leyfi frá störfum vegna umönnunar barna, 1. umr.

Frv. KH o.fl., 128. mál. — Þskj. 135.

Flm. (Kristín Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Það eru nú ekki meðmæli með þeirri sem hér stendur að það var ekki fyrr en nú í morgun, þegar ég fór að undirbúa mig undir að mæla fyrir þessu þingmáli sem hér er á dagskrá, að ég tók eftir afleitum mistökum við framlagningu þess, og er best að taka það skýrt fram strax að þau mistök eru algjörlega á mína ábyrgð en ekki starfsmanna þingsins. Ég gerði þegar í stað ráðstafanir til þess að fá þskj. prentað upp með þeim breytingum sem áttu að fylgja handritinu frá upphafi og því hefur nú verið dreift og var dreift hér í upphafi fundar í sinni réttu mynd. En ég vil benda hv. þm. á það að í prentaðri dagskrá deildarinnar er þskj. af eðlilegum ástæðum á annan veg.

Þetta frv. er sem sagt að finna á þskj. 135, volgu úr prentsmiðjunni, og meðflytjendur eru hv. þingkonur Þórhildur Þorleifsdóttir, Kristín Einarsdóttir og Málmfríður Sigurðardóttir.

Þetta frv. kom fyrst fram hér á Alþingi fyrir tveimur árum. Þá sat Sigríður Dúna Kristmundsdóttir í efri deild fyrir þingflokk Kvennalistans og bar þetta frv. fram þar. Þar hlaut frv. talsverða umfjöllun og umræður en var að þeim loknum vísað til ríkisstjórnarinnar með meiri hluta atkvæða í Ed., en vonandi fær það verðugri afgreiðslu þessu sinni.

Þetta frv. kveður á um rétt foreldris til að taka sér launalaust leyfi frá starfi fyrstu tvö árin eftir fæðingu barns síns og að geta gengið að því starfi aftur og sömu kjörum að þeim tíma liðnum. Þetta frv. tekur ekki beint til fjárhagslegrar afkomu foreldra ungra barna heldur til atvinnuöryggis þeirra.

Þótt hér sé vitanlega um að ræða réttindi til handa báðum foreldrum, hvort sem er móður eða föður, þá dylst það vafalaust engum að þau munu fyrst og fremst nýtast konum. Umönnun og uppeldi ungra barna fyrstu æviár þeirra hafa lengst af verið í höndum kvenna og svo er enn þótt breytinga verði nú sem betur fer vart hjá ungu fólki.

Á undanförnum árum hefur atvinnuþátttaka kvenna aukist hröðum skrefum og nálgast nú atvinnuþátttöku karla. Ástæður þess að báðir foreldrar vinna utan heimilis eru margar, en oftast er þar um brýna nauðsyn að ræða.

Í skýrslu Byggðastofnunar „Byggð og atvinnulíf 1985" kemur fram að karlar höfðu að meðaltali 59% hærri laun á ársverk en konur árið 1985. Nýrri skýrsla er því miður ekki tiltæk en samkvæmt mínum heimildum er ekkert sem bendir til breytinga í þessu efni, alla vega ekki breytinga til batnaðar. Þessi mikli munur á meðaltalslaunum karla og kvenna á sér ýmsar orsakir. Ein sú veigamesta er að ábyrgð á heimili og umönnun og uppeldi barnanna hvílir að langmestu leyti á herðum kvenna og er nú kvenþjóðin orðin harla langeyg eftir einhverju áþreifanlegra en skilningi í orði hvað það varðar.

Hinu getum við ekki breytt, og viljum auðvitað ekki breyta, að það er hlutverk konunnar að ganga með börnin og fæða þau en af því leiðir að atvinnuferill kvenna er iðulega rofinn þegar þær eignast börn sín, flestar hverfa þá af vinnumarkaði um stundarsakir og sumar lengur en lögbundið fæðingarorlof leyfir. Því miður geta það alls ekki allar sem vilja þar eð fjárhagsástæður leyfa ekki slíkan munað, þ.e. að dvelja heima launalaust, og enn síður geta heimilin komist af án launa föður barnsins sem eins og allir vita eru oftast mun hærri en móðurinnar. Það er sem sagt oftast konan sem hverfur af vinnumarkaðnum um stundarsakir til þess að sinna börnum og heimili. Vilji hún síðan hefja störf utan heimilis á nýjan leik hefur hún sjaldnast tryggingu fyrir því að geta gengið að starfi sínu aftur og er því oftar en ekki í sporum nýliða á vinnumarkaðnum. Þetta er ein orsök þess að konur eiga mun örðugra en karlar með að byggja upp atvinnuferil sinn og það hefur þá ásamt ýmsu öðru í för með sér skerta tekjumöguleika. Hér er því m.ö.o. á ferðinni ein af orsökum lágra meðallauna kvenna. Frv. þetta miðar að því að taka á þessum þætti hins kynbundna launamisréttis og gera foreldrum kleift að hverfa tímabundið af vinnumarkaði án þess að gjalda fyrir það með algjörri óvissu um atvinnuferil að leyfi loknu.

Þeim til hughreystingar sem vilja helst ekki að félagslegar aðgerðir kosti svo sem nokkuð í peningum skal það undirstrikað að þetta frv. hefur engan reiknanlegan kostnað í för með sér. Þetta er réttindamál sem gengur út frá því að umönnun barna eigi að vera eðlilegur þáttur í skipulagi vinnumarkaðarins. Það á að tryggja það að öryggisleysi um atvinnuferil og ótti við tekjutap síðar meir verði ekki til þess að koma í veg fyrir að foreldri geti sinnt barni sínu óskipt fyrstu tvö árin í ævi þess.

Svo sem fram kemur í niðurlagi grg. var frv. áður flutt á 109. löggjafarþingi og var að lokinni umfjöllun vísað til ríkisstjórnarinnar, en það er ráð sem stundum er gripið til hér á hv. Alþingi þegar meiri hlutinn treystir sér ekki til að samþykkja mál sem annars þykir gott. Í nál. meiri hl. hv. félmn. í Ed. kom m.a. fram sá vilji meiri hl. að ríkisstjórnin hefði frumkvæði að því að koma á fót viðræðunefnd aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar til þess að gera tillögur um rétt foreldra til leyfis frá störfum vegna umönnunar barna. E.t.v. er það fyrir áhrif þessa að í stjórnarsáttmála síðustu ríkisstjórnar var ákvæði varðandi þetta atriði þar sem kanna átti hvernig unnt væri að gefa foreldrum færi á að fá launalaust leyfi vegna umönnunar barna „þegar sérstaklega stendur á" eins og sagði í kafla um fjölskyldu- og jafnréttismál á bls. 22 í starfsáætlun ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar. Ekkert slíkt er að finna í málefnasamningi núv. ríkisstjórnar sem kennir sig við jafnrétti og félagshyggju.

Virðulegi forseti. Þetta frv. er hvorki viðamikið né flókið og ætti ekki að þurfa frekari skýringar við. Við sem stöndum að því leggjum það nú fram öðru sinni í þeirri von og í trausti þess að umræða síðustu ára hafi opnað augu nægilega margra til þess að tryggja slíku máli framgang, máli sem krefst engra fjárútláta, hvorki af hálfu ríkisins né annarra aðila, og kann e.t.v. að þykja léttvægt á mælistiku þjóðfélagsins en er mikilvægt réttindamál fyrir ung börn og foreldra þeirra.

Að svo mæltu legg ég til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, frh. 1. umr.

Stjfrv., 135. mál. — Þskj. 142.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Eins og sést hefur hæstv. forsrh. gengið í salinn og vil ég inna hv. 1. þm. Suðurl. eftir því hvort ekki megi halda fram umræðunni um 135. mál á þeirri forsendu, en hins vegar taka fram að ekki hefur tekist að ná í hæstv. viðskrh. (**ÞP:** Það er mjög mikilvægt að viðskrh. sé viðstaddur líka.) Ég skil þetta svo að við getum haldið áfram umræðunni. (**ÞP:** Ég hefði nú kosið að viðskrh. yrði einnig viðstaddur. Það var um það beðið.) Við hefðum náttúrlega kosið að fleiri væru hér, helst allir. En ég er að leita leyfis til þess að halda áfram umræðunni með samþykki þeirra sem hér eru, og hlýt þá að skilja það svo að menn séu til þess reiðubúnir, þó að ekki hafi tekist að ná í hæstv. viðskrh.

Ólafur G. Einarsson:

Herra forseti. Eins og þegar hefur komið fram og öllum hv. þm. er kunnugt er hér svo sem ekki nýtt mál á ferðinni. Hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir því í framsöguræðu sinni hvernig hann hefði barist fyrir þessu máli sem nýr þingmaður hér 1978 og dyggur stuðningsmaður þeirrar ríkisstjórnar sem fann þetta upp. Þá var hæstv. núv. forsrh. ráðherra í þeirri ríkisstjórn og fjmrh. var þá Tómas Árnason, sem mælti fyrir frv. á haustþingi 1978. Þá var gert ráð fyrir að þessi sérstaki skattur yrði lagður á verslunar- og skrifstofuhúsnæði og væri 1,4%. Og þá var honum ætlað að gefa ríkissjóði 550 millj. gamalla króna, þ.e. á árinu 1979.

Rökstuðningurinn fyrir skattlagningunni þá var í fyrsta lagi að þessi skattur yrði lagður á til þess að draga úr þeirri þróun sem orðið hafði, að menn verðtryggi fé sitt í verslunar- og skrifstofuhúsnæði, eins og það hét hjá hæstv. páv. fjmrh. Þá voru að vísu ekki alveg sömu möguleikar og kannski eru nú á að tryggja fé sitt. Það dugði ekki þá sem nú að leggja fé sitt inn á bankareikninga. Nú er svo komið að hæstv. núv. ríkisstjórn þykir sem menn fái of mikið í sinn hlut ef þeir hafa fé sitt á bankareikningum. Þess vegna eru nú uppi ráðagerðirnar um að lækka vextina með handafli eins og það hefur verið kallað. Þá kann að vakna freisting hjá mönnum, eins og var áður, að tryggja fé sitt í steinsteypu og þá er fundið ráðið núna til þess að koma í veg fyrir það með því að hafa uppi ráðagerðir um að tvöfalda þennan sérstaka skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Og það er það sem hér er gert ráð fyrir, að skatturinn fari í 2,2% og álagningin er áætluð 410 millj. kr. á árinu 1989, en innheimtan 425 millj. kr. að meðtalinni innheimtu af eftirstöðvum fyrri ára eins og segir í grg. með frv. Sem sagt: Til þess að koma í veg fyrir það að menn fari að fjárfesta áfram í skrifstofu- og verslunarhúsnæði á að leggja á skatta og þá dugar ekkert minna en 100% hækkun frá því sem nú er.

Það má sjálfsagt til sanns vegar færa að fjárfesting í verslunar- og skrifstofuhúsnæði hafi verið mikil og e.t.v. úr hófi hér á höfuðborgarsvæðinu að undanförnu. Maður verður sjálfsagt að álykta svo ef rétt er hermt að mikið af slíku húsnæði standi nú ónotað, engin sé eftirspurnin, hvorki til að kaupa það né taka það á leigu. En ég næ því ekki alveg saman hvers vegna þá skuli vera tvöfaldaður skatturinn ef nota á þennan rökstuðning. Ætli það dugi ekki til þess að draga úr mönnum kjarkinn að fara að byggja frekar skrifstofu- og verslunarhúsnæði, ef það sem fyrir er gengur ekki út? Ég skil ekki að menn haldi áfram að byggja slíkt húsnæði ef þetta er svona sem sagt er, að það seljist ekki og heldur ekki sé hægt að leigja það. Það skyldi þó aldrei vera að þarna liggi annað á bak við en það að reyna að leiða menn á réttar brautir í fjárfestingum? Það skyldi ekki vera það að alþýðubandalagsmenn geti látið gamlan draum sinn rætast, að reyna að ná sér niðri á þeim sem stunda verslun og viðskipti í landinu? Núna hafa þeir fjmrn. og óneitanlega betri aðstöðu en áður til

að koma þessu áhugamáli sínu fram. Og því skyldu þeir ekki nota þá aðstöðu sína? Þeir geta vafalaust reiknað með stuðningi frá ýmsum í röðum framsóknarmanna og alþýðuflokksmanna þótt þeir flokkar hafi ekki áður fallist á að tvöfalda skattinn.

Sannleikurinn er nefnilega sá að hér er um að ræða eina aðförina að atvinnurekstrinum í landinu, að vísu atvinnugrein sem aldrei hefur átt neitt sérstaklega upp á pallborðið hjá þeim alþýðubandalagsmönnum.

En við vildum gjarnan fá að vita hvað þeir framsóknarmenn segja um þetta. Þess vegna var óskað eftir því að hæstv. forsrh. og formaður flokksins yrði viðstaddur þessa umræðu og ég fagna því að hann hefur séð af tíma til þess að vera hér við umræðuna. Það hefur þegar verið minnst á það hér í umræðunni að tillögur hafi verið uppi á flokksþingi Framsfl. um að styrkja með opinberum framlögum dreifbýlisverslunina í landinu. Ég held að það sé alveg ómögulegt að segja að þær ráðagerðir sem hér eru uppi með þessu frv. séu líklegar til þess að renna stoðum undir dreifbýlisverslunina í landinu eða verslunina yfirleitt.

Þess vegna er alveg nauðsynlegt að fá upplýst hjá hæstv. forsrh. og formanni Framsfl. hvort það sé rétt sem hæstv. fjmrh. sagði hér í umræðunni í dag — hann greip reyndar fram í ræðu þingmanns sem var í ræðustól — að þetta væri stefna Framsfl. og hún birtist hér í þessu frv. Og það er afar mikilvægt að fá því svarað þegar við 1. umr. hvort hæstv. fjmrh. hafi skýrt rétt frá og verið að túlka hér með framlagningu frv. stefnu Framsfl.

Maður veit ekki hvort þær tillögur, sem uppi voru á borðum framsóknarmanna á flokksþingi þeirra og fluttar voru af kaupfélagsstjóran KEA, hafa kannski bara verið hugsaðar til þess að styðja við kaupfélagsverslunina í landinu. Það kæmi í sjálfu sér ekkert á óvart þó hugsunin hafi ekki náð lengra heldur en til þess að styðja við kaupfélagsverslunina. En það fáum við sjálfsagt upplýst líka. Mér sýnist að í þessu felist alveg dæmalaus tvískinnungur. Það er verið að leggja skatta á eina atvinnugrein um leið og a.m.k. einn stjórnarflokkurinn er að tala um að nauðsynlegt sé að styrkja þá sömu atvinnugrein, alla vega úti á landsbyggðinni. Það sem veita á með annari hendinni skal sem sagt tekið aftur með hinni.

Mér er alveg ljóst að Sjálfstfl. kyngdi því á sínum tíma eftir að hann kom í ríkisstjórn 1983 að þessum skatti var viðhaldið. En skatturinn var þá lækkaður eins og hér hefur þegar komið fram. Í fjármálaráðherratíð hv. þm. Alberts Guðmundssonar var hann lækkaður úr 1,4% í 1,1% og þannig hefur hann haldist síðan. Og það er mikill munur á því hvort þessi skattur er 1,1% eða 2,2% eins og nú er lagt til.

Raunar er það heldur ekki ný tillaga að skatturinn skuli fara í 2,2%. Þegar framlenging skattsins var til meðferðar í hv. Ed. fyrir einu ári lýsti núv. hæstv. menntmrh. Svavar Gestsson þeim draumi sínum að skatturinn yrði hækkaður. Og ekki bara það, heldur yrði þetta varanlegur skattur þannig að ekki þyrfti að vera að þvælast með þetta mál fyrir Alþingi á hverju einasta hausti. Hann yrði gerður varanlegur og hann yrði hærri. Núv. hæstv. menntmrh. fékk góðar undirtektir við þessa draumsýn sína. Þær fékk hann hjá fulltrúa Kvennalistans sem talaði í hv. Ed. Og þær eru staðfastar í trúnni kvennalistakonur eins og menn vita svo ríkisstjórnin getur sjálfsagt dregið andann léttara og treyst því að frv. nái fram að ganga hér í hv. Nd. Þar er sjálfsagt komin skýringin á því hvers vegna frv. er lagt fram í hv. Nd. en ekki hv. Ed. eins og þótt hefur öruggara með þau frv. sem þeir vita ekki alveg með vissu hvort hafi meiri hluta í báðum deildum. Það er sjálfsagt skýringin á því að málið er nú til umræðu hér í Nd.

Þegar þetta hliðstæða mál var til meðferðar í Nd. í fyrra flutti hæstv. núv. samgrh. Steingrímur Sigfússon till. um tvöföldun skattsins, þ.e. að hann færi í 2,2% eins og núna er lagt til. Við þann tillöguflutning sinn naut hann stuðnings fulltrúa frá Kvennalistanum, hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur. Þetta sýnist þess vegna allt vera blúndulagt og þótt þeir framsóknarmenn og alþýðuflokksmenn hafi verið á móti tvöföldun skattsins í fyrra þá gegnir auðvitað allt öðru máli núna. Það eru allt aðrir menn með þeim í ríkisstjórn og það þarf auðvitað að gera eitthvað fyrir Alþb. Það gengur auðvitað ekki til lengdar að vera alltaf að ergja ráðherra Alþb. með alls konar leiðindauppákomum eins og þeir kratarnir hafa verið með á þessum stutta tíma sem núv. ríkisstjórn hefur starfað. (**ÓRG:** Þeim fer nú að fækka líka.) Ja, við eigum eftir að sjá það. Við eigum eftir að sjá það. Við bíðum og sjáum hvað setur. Þeir hafa verið að breyta afstöðu Íslands, svo ég nefni dæmi, við atkvæðagreiðslur á þingi Sameinuðu þjóðanna. Þannig hafa þeir verið að færa utanríkisstefnu ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar til þeirrar utanríkisstefnu sem rekin var í tíð fyrri ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar og hverfa þannig af þeirri braut sem utanrrh. Steingrímur Hermannsson markaði í fyrra. Svo eru kratarnir líka með meiningar um varaflugvöll sem kostaður yrði að einhverju leyti að mannvirkjasjóði NATO. Og þeir eru líka jafnvel að tala um stækkun álversins í Straumsvík. Allt er þetta auðvitað til þess að ergja ráðherra Alþb. og getur auðvitað ekki gengið nema að eitthvað komi í staðinn til að þeir megi halda þessum hætti áfram að vera að pirra svona ráðherra Alþb.

Ég ætla að ítreka þá spurningu sem hér hefur komið fram og biðja hæstv. forsrh. að svara henni, hvort það ríki ekki verðstöðvun hér á landi. Við höfum litið svo á og hv. 1. þm. Vestf. nefndi það í sinni ræðu fyrr í dag. Samningar um kaup og kjör hafa ekki verið settir í gildi svo vitað sé. Sem sagt: Almenningur á að þola kjaraskerðinguna en ekki ríkið. Á meðan launþegar fá ekki umsamin laun, og með þessu er ég ekkert að segja að staðan leyfi það, á ríkið hins vegar að fá sitt, og ekki bara það sem það hafði, heldur þarf það að fá viðbót. Það þarf að fá viðbót. Þessi skattur er hækkaður um 100%. Hver á að greiða þessa viðbót? Og ekki bara þessa því

fjárlagafrv. segir okkur að meira eigi eftir að koma. Það eru auðvitað skattgreiðendurnir í landinu. Og ef það er ekki hinn almenni skattborgari þá á að auka óréttlætið með sérstakri skattlagningu sem tekur aðeins til hluta borgaranna og leggst á tilteknar fasteignir en ekki allar.

Ég legg áherslu á það að við sjálfstæðismenn vorum andvígir þessari skattheimtu þegar hugmyndin kom fyrst fram 1978 og þegar frv. var þá samþykkt hér á hv. Alþingi. Að skattlagningunni stóðu þá sömu flokkar og standa að þessum hugmyndum núna um tvöföldun skattsins. Við sjálfstæðismenn beittum okkur fyrir lækkun skattsins 1983, eins og ég sagði áðan, þegar ekki voru aðstæður til þess að fella hann að fullu niður. Nú eru tillögurnar í þá átt að tvöfalda skattinn og því erum við sjálfstæðismenn algerlega andvígir.

Það hefur verið óskað eftir því að hæstv. viðskrh. væri viðstaddur þessa umræðu. Ég ítreka þá ósk að þessari umræðu ljúki ekki öðruvísi en að hæstv. viðskrh. verði viðstaddur framhald hennar. Hann þarf að gera grein fyrir því hver verðlagsáhrif frv. eru ef samþykkt verður. Það er nauðsynlegt að við fáum þær upplýsingar og því þarf hæstv. viðskrh. að svara. Ef hann getur ekki verið við umræðuna nú óska ég eftir að umræðunni verði frestað.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Spurt er um stefnu Framsfl. í tengslum við þetta mál. Það er stefna Framsfl. að ná jafnvægi í ríkisfjármálum og það verður ekki gert nema auka skattheimtuna og draga úr útgjöldum. Ljóst er að öll aukin skattheimta kemur við einhvern og þar er raunar að velja eða hafna. Og Framsfl. styður hækkun á þessum skatti í þeirri stöðu sem við erum nú með ríkisfjármálin.

Nú veit ég að hv. sjálfstæðismenn styðja einnig jafnvægi í ríkisbúskapnum og ég efa ekki að þeir hafi stutt þennan skatt í fimm ár af því að þeir sáu ekki aðra leið til að nálgast það að ná jafnvægi í ríkisfjármálum. Því miður tókst það ekki. Og ég veit að þeir eru mér einnig sammála um það, það þekki ég af mörgum viðræðum við þá um þessi mál, að það var ekki gott. Og ég veit að þeir eru okkur einnig sammála um að halli á ríkisfjármálum er eitt versta meinið í okkar efnahagsbúskap.

Þessi ríkisstjórn er ákveðin í því að ná hallalausum ríkisfjármálum og hefur því m.a. valið þessa leið til öflunar tekna. Ég vil segja fyrir mitt leyti að ég er reiðubúinn til að hlusta á aðrar hugmyndir um tekjuöflun til að ná því markmiði sem ég veit að hv. sjálfstæðismenn og þessi ríkisstjórn eru sammála um, þ.e. hallalausan ríkisbúskap.

Spurt var sérstaklega um það hvort þetta gengi þvert á þá stefnu Framsfl. sem tillaga hefði verið flutt um á flokksþingi, þ.e. í sambandi við erfiðleika dreifbýlisverslunar. Þar var engin tillaga um það flutt svo ég viti, það hefur þá verið í einhverri nefnd. En hitt er rétt að kaupfélagsstjóri KEA, Valur Arnþórsson, ræddi þar um dreifbýlisverslun, ekki aðeins samvinnuverslun heldur dreifbýlisverslun almennt, ég get fullvissað hv. síðasta ræðumann um það. Hann lýsti þar þeim miklu erfiðleikum sem eru vegna þeirra breytinga sem hafa orðið í ýmsum atriðum, t.d. samgönguháttum og fleiru þess háttar. Hann lýsti því m.a. að það þyrfti að gera ítarlega athugun á því hvernig dreifbýlisverslun yrði rekin. Ég hef lýst því að ég mun ræða það við Byggðastofnun að hún geri úttekt á dreifbýlisversluninni og komi kannski með tillögur um skipulagsbreytingar. Engin tillaga var flutt um það að styrkja ætti dreifbýlisverslunina. Hins vegar lýsti þessi ræðumaður því í sinni ræðu að það tíðkist í sumum löndum eins og t.d. í Svíþjóð. Ég hef ekki tekið neina afstöðu til þess hvort svo eigi að gera, né hefur flokksþing framsóknarmanna gert það. En allir geta verið sammála um að þetta er mikið vandamál. Það er alveg ljóst að þessi skattur auðveldar þetta ekki. Það er hárrétt. En ég vísa til þess sem ég sagði áðan að öll skattheimta mun valda einhverjum aðilum í okkar þjóðfélagi erfiðleikum. Spurningin er bara um að velja og hafna. Við viljum ná hallalausum fjárlögum og erum vonandi sammála um það.

Einnig var nefnt að komið hefði fram spurning fyrr um það hvort ekki væri hér verðstöðvun. Jú, það er verðstöðvun. Ég tel ekki að þetta hafi áhrif á verðstöðvunina á þeim tíma sem hún er. Óskað var eftir því að viðskrh. ræði það nánar og eflaust gerir hann það þegar hann kemst í ræðustól. En ég vil þó fullvissa menn um, ef það má verða til aðstoðar, að það er ekki okkar skoðun að þetta hafi áhrif á verðstöðvunartímanum.

Albert Guðmundsson:

Virðulegur forseti. Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði hækkar nú um yfir 100%. Einhvern tíma var því haldið fram að samvinnuverslunin í landinu réði yfir 25% af heildarviðskiptum landsmanna á því sviði. Ef við segjum að það sé rétt má reikna með að hlutfallslega standi samvinnuhreyfingin að 1/4 hluta greiðslna á þessum nýja skatti. Í fljótu bragði gæti maður hugsað sem svo að 105 millj. plús það sem á eftir að innheimta frá gamalli tíð, svona 110–115 millj., kæmu í hlut samvinnuverslunarinnar að greiða af þessum rúmum 400 millj. Miðað við það sem ég sagði fyrr í dag í umræðu um annað mál og hafði eftir hæstv. fjmrh., þá á samvinnuhreyfingin að óbreyttu ástandi eftir að lifa 10–12 mánuði. Hún verður komin á hausinn eftir 10–12 mánuði. Ég reikna með að ef við bætum 50–60 millj. við þann halla sem hún á við að stríða gæti tímabilið styst niður í 9 eða 8 mánuði.

Nei, aukin skattheimta, hæstv. forsrh., breytir ekki nokkrum sköpuðum hlut fyrir ríkið sem slíkt en það breytir alveg gríðarlega miklu fyrir einstaklinga og atvinnurekstur inn í landinu fyrst og fremst. Það kemur síðast niður á ríkinu. Aftur á móti kemur það niður á ríkinu seinna meir og þetta seinna meir er komið. — Það er leiðinlegt að þurfa að endurtaka vegna fjarveru ráðherra það sem maður hefur sagt í

ræðustól fyrr á sama degi. — Fólkið og fyrirtækin fá ekki að njóta og nota afrakstur vinnu sinnar á eðlilegan hátt vegna þess að ríkinu liggur svo á að taka það sem það getur af fólki um leið og það aflar þess og því eru tekjur ríkissjóðs óeðlilegar og fólk og fyrirtæki fara á hausinn. Þetta veit hæstv. forsrh.

Á þeim tíma sem fjárlagagerðin fer í gang hjá ríkisstjórninni sjálfri er ákveðin verðbólguforsenda innbyggð í niðurstöður. Þetta veit hæstv. fjmrh. og að sjálfsögðu hæstv. efnahagsmálaráðherra. Á þeim tíma sem fjárlagagerðin fer í gang í ár er verðbólgan talin á uppleið vegna þess að fyrrv. ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar hafi staðið sig svo illa. Þetta var málflutningurinn. Og til þess að mæta þessari vondu afkomu er fjárlagagerðin með um 30% innbyggðri aukaálagningu miðað við það sem hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. halda fram í dag, þ.e. að verðbólgan sé komin niður í 0%. Það þýðir að í krónutölu eru fjárlögin u.þ.b. 30% hærri í útgjaldalið heldur en þau þurfa eða eiga að vera samkvæmt eðlilegum útreikningum.

Þegar ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar tók við 1983 var talið að verðbólguþáttur fjárlaga hefði verið rangur að því marki að verðbólgan nálgaðist um 100% í maí 1983, en forsendur fjárlaga voru sagðar hafa verið 42% verðbólga. Ríkissjóður var tómur og allir aðilar sem áttu til hans að sækja voru í það miklum vanda, við munum það sem vorum í ríkisstjórn þá, að skólar gátu ekki greitt akstur á skólabörnum, þeir gátu ekki greitt hitakostnað né rafmagnskostnað og svona má lengi telja. Nú er þessu öfugt farið. Við upphaf fjárlagagerðar er reiknað með 30% verðbólgu en hún er komin niður í 0% samkvæmt upplýsingum ríkisstjórnarinnar. Allt það sem hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. hafa sagt um þennan mikla vanda hlýtur því að vera rangt. Það getur ekki verið að þeir segi fólkinu í landinu að hér sé engin verðbólga vitandi það að þeir hafa innbyggt hana í eyðsluþátt ríkissjóðs og á þeim forsendum verða þeir að leggja nýja og hærri skatta. Þetta dæmi gengur ekki upp. Með blekkingum eða jafnvel bara hreinum lygum verður ekki náð hallalausum ríkissjóði því að slík vinnubrögð koma alltaf fram í dagsljósið. Ég vil trúa því að ríkisstjórnin hafi sagt satt þegar hún talaði um 30% verðbólgu. Ég vil trúa því að hún segi satt þegar hún segir að það sé engin verðbólga. En við vitum hvaða fjárlagafrv. liggur frammi með 76–80 milljarða niðurstöðu í eyðsluhlið fjárlaga. Vegna þessarar hækkunar á gjaldahlið um 16–20 milljarða verður að leggja á nýja skatta. En dæmið gengur samt ekki upp. Þarna segir einhver ósatt.

Það er talað um að ástandið í Reykjavík sé þannig að þar séu um 200 000 m^2 í verslunarhúsnæði ónotaðir. Það getur vel verið að það sé rétt, ég ætla ekki að mótmæla því. En hverjir hafa byggt og breytt í Reykjavík undanfarin ár? Stærsta dæmið er Mjólkursamsalan, ekki er hún á vegum Reykvíkinga. Sláturfélag Suðurlands, ekki er það á vegum Reykvíkinga. (**Gripið fram í:** Hagkaup.) Osta- og smjörsalan, ekki er hún á vegum Reykvíkinga. Mikligarður og öll þau umsvif sem þar eru í vörugeymslum og hafnarmannvirkjum, ekki eru þau á vegum Reykvíkinga. Ekki er Kirkjusandsbyggingin, sem er stærsta skrifstofubygging í Reykjavík, á vegum Reykvíkinga heldur Sambandsins. Ríkisstjórnin sjálf hefur verið með skrifstofubyggingar og innréttingar hingað og þangað um borgina. Hafnarhúsið er að mestu leyti komið undir ríkisfyrirtæki. Ríkið hefur verið með umsvif inni á Grensásvegi og á Laugavegi, þ.e. Mjólkurstöðin gamla, og það nýjasta er hér í Austurstræti 14. Kirkjuhvoll og skrifstofubyggingarnar hérna í kring eru komnar undir ríkið. Þetta er ekki fyrir einstaklinga. Svo ég tali nú ekki um byggingar eins og Seðlabankann og Útvarpshúsið sem hvorug er fyrir Reykvíkinga eina. Verðbólguþátturinn er m.ö.o. eins mikið hjá opinberum aðilum og einkageiranum.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, virðulegi forseti. Það getur verið að hægt sé að segja við þjóðina eins og sagt er við bankakerfið: Með illu skal það í gegn ef það fer ekki með góðu. Ykkar er mátturinn en dýrðin verður aldrei ykkar, það er alveg ljóst.

Umræðu frestað.

EFRI DEILD

13. fundur, miðvikudaginn 30. nóv., kl. 2 miðdegis.

Getraunir, 2. umr.

Stjfrv., 57. mál (vinningshlutfall o.fl.). — Þskj. 59, n. 157.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. allshn. (Jón Helgason):

Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um 1. dagskrármál þessarar deildar, frv. til l. um breytingu á lögum um getraunir. Á fund nefndarinnar kom Jón Árm. Héðinsson, sem er stjórnarformaður Íslenskra getrauna, og skýrði hann fyrir nefndinni efni frv. svo og rekstur Íslenskra getrauna.

Nefndarmenn voru sammála um að mæla með samþykkt frv. Eiður Guðnason skrifar þó undir nál. með fyrirvara, en Salome Þorkelsdóttir var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Eins og fram kom hjá frsm., hv. 2. þm. Suðurl., ritaði ég undir þetta nál. með fyrirvara og ég tel rétt að láta það hér fram koma hvers vegna ég gerði það. Ég gerði það m.a. vegna þess að hér er verið að lækka vinningshlutfall frá því sem áður var.

Ég gerði það einnig vegna þess að það er verið að tengja þessa starfsemi svonefndu lottói og þeirri starfsemi sem fer fram á vegum Íslenskrar getspár. Á sínum tíma, þegar það mál var til meðferðar hér í þessari hv. þingdeild, talaði ég gegn því að það yrði látið fram ganga með þeim hætti sem menn höfðu sameinast um hér og benti þá á að hér væri verið að setja í gang, eins og ég hygg að ég hafi orðað það þá, mestu peningamaskínu sem nokkurn tíma hefur verið sett í gang á Íslandi. Það reyndust orð að sönnu. Ég hef enn nákvæmlega sömu efasemdir og ég hafði þá um skiptingu fjárins, þá aðila sem að þessu standa og lengd einkaleyfistímans og tel að átt hefði að standa allt öðruvísi að.

Ég sá ekki ástæðu til þess að leggjast gegn þessu máli í þeirri mynd sem það liggur nú fyrir í, en skrifaði hins vegar undir nál. með fyrirvara og minn fyrirvari felst í því sem ég hef nú sagt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Eiturefni og hættuleg efni, 2. umr.

Stjfrv., 72. mál (eiturefnanefnd). — Þskj. 74, n. 155.

Frsm. heilbr.- og trn. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 155 um eiturefni og hættuleg efni. Heilbr.- og trn. hv. deildar hefur fjallað um frv. og mælir með að það verði samþykkt.

Undir nál. rita Valgerður Sverrisdóttir, Karl Steinar Guðnason, Guðrún Agnarsdóttir og Stefán Guðmundsson. Aðrir nefndarmenn voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

EFRI DEILD

14. fundur, miðvikudaginn 30. nóv., að loknum 13. fundi.

Getraunir, 3. umr.

Stjfrv., 57. mál (vinningshlutfall o.fl.). — Þskj. 59.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 162).

Eiturefni og hættuleg efni, 3. umr.

Stjfrv., 72. mál (eiturefnanefnd). — Þskj. 74.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

NEÐRI DEILD

16. fundur, miðvikudaginn 30. nóv., kl. 2 miðdegis.

Virðisaukaskattur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 134. mál (gildistaka). — Þskj. 141.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Umferðarlög, frh. 1. umr.

Frv. IBA, 98. mál (forgangur hringvegarins). — Þskj. 101.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Leyfi frá störfum vegna umönnunar barna, frh. 1. umr.

Frv. KH o.fl., 128. mál. — Þskj. 135.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til félmn. með 22 shlj. atkv.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, frh. 1. umr.

Stjfrv., 135. mál. — Þskj. 142.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Þetta frv. kom hér til umræðu í gær þegar nokkuð var liðið á þingfund og þá var þess óskað í umræðunni að hæstv. forsrh. og hæstv. viðskrh. yrðu viðstaddir og auðvitað og sérstaklega fjmrh. sem fylgdi þessu frv. úr hlaði. Það gekk illa að ná í ráðherrana, en þó mætti nú forsrh. og sagði nokkur orð, en viðskrh. var ekki til staðar í gær, en það gleður mitt aldna hjarta að sjá að hann er viðstaddur í dag því að til hans var ætlunin að beina nokkrum fyrirspurnum. En af því að hann var ekki viðstaddur umræðuna í gær þykir mér rétt að nefna að frv. sem hér liggur fyrir gerir ráð fyrir því að tvöfalda þennan skatt á þann veg að hækka hann úr 1,1% í 2,2% og ég og fleiri gerðum að umræðuefni í gær að þetta frv. kæmi fram þrátt fyrir að það er verðstöðvun í landi. Það er yfirlýst stefna stjórnvalda að koma verðbólgunni niður og það var líka á það minnst og það rakið allítarlega að verslun úti á landsbyggðinni er rekin undantekningarlítið með mjög miklu tapi og verslanir hafa verið að fara á hausinn eins og við segjum á góðu máli. Þær hafa verið að gefast upp hver á fætur annarri og á þetta alveg jafnt við um einkaverslunina sem samvinnuverslun.

Kaupfélögin víðast hvar úti um land hafa verið að gefast upp eða eru í þann veginn að gefast upp með örfáum undantekningum. Verslunin hefur verið að færast frá landsbyggðinni til stórmarkaðanna í Reykjavík og nú skeður það að verslunin er að færast aftur frá stórmörkuðunum og meira til erlendra þjóða. Það eru miklu blómlegri Glasgow-markaðirnir um þessar mundir en stórmarkaðirnir hér í Reykjavík. Við þessar aðstæður leggur núv. ríkisstjórn til að hækka þennan skatt jafngífurlega og raun ber vitni.

Hæstv. fjmrh. upplýsti í gær að hann hefði verið einn af aðalhöfundum þessa frv. fyrir tíu árum sem aðstoðarmaður þeirrar ríkisstjórnar sem þá tók við og maður sá ekki neitt á honum annað en honum þætti eðlilegt að hækka þennan skatt svo gífurlega. En ég vil gjarnan vita hvort hæstv. viðskrh. er jafnánægður með þetta frv. við þær aðstæður sem verslunin á nú við að búa og við þær aðgerðir stjórnvalda að stjórnvöld hreint og klárt eru að ýta undir að viðskipti fari úr landi með því að selja gjaldeyri með allt að 20% afslætti. Það er útsala á gjaldeyri til þess að kaupa fyrir. Ég undraðist þegar ég sá auglýsingu um dagsferðir til innkaupa erlendis. Ég hélt að nú væru þær alveg orðnar vitlausar, þessar ferðaskrifstofur. Ég tryði því ekki að það mundi nokkur fara í eins dags ferð, en mér er sagt að það séu fleiri hundruð manna búin að fara og versla, kaupa, kaupa. Ríkissjóður er galtómur, tapar söluskatti, aðflutningsgjöldum af því að gjaldeyririnn er seldur með afslætti hér heima.

Ég spyr hæstv. viðskrh.: Hefur hann gert athugun á því hver áhrif þetta frv., ef að lögum verður eins og það er hér lagt fram, muni hafa á verðlag, bæði á vörum og þjónustu? Er ekki ætlunin að þeir sem eiga að borga þennan skatt geti hækkað sína þjónustu og verðlag til að standa undir skattlagningunni? Ekki geri ég ráð fyrir því að verslunarfyrirtækin bæði úti á landi og eins í höfuðborginni, sem nú ramba á barmi gjaldþrots, eigi peninga til að greiða þennan skatt. Því getur ekki verið um annað að ræða en þetta hafi áhrif á verðlag og verði til þess að hækka verð á vörum og þjónustu sem fyrirtæki í þessu húsnæði reka.

Ég spyr hæstv. viðskrh. að því hvort hann telji að þetta sé leiðin til að standa á bremsunum í því að verðbólgan fari ekki aftur af stað. Þetta er fyrsta skattafrv. núv. hæstv. ríkisstjórnar og það er ekki meiri fögnuður með það en svo í herbúðum ríkisstjórnarflokkanna að það virðist ógerningur að fá þá þrjá ráðherra til að vera viðstaddir umræðuna, ekki alla í einu. Það verður annaðhvort að vanta einn eða tvo, en fjmrh. hefur nú verið við umræðuna þó að hann sé eitthvað ókyrr núna þessa stundina, enda er það margt sem leitar á hann á þessum erfiðu dögum.

Ég minni hæstv. viðskrh. á að hans flokkur, Alþfl., hefur verið mjög mikið á móti þessum skatti eins og hann var. Hefur Alþfl. skipt svo snarlega um skoðun að hann telji nú vera alveg sjálfsagðan hlut að hækka þennan skattstofn úr 1,1% í 2,2%?

Ég gerði líka að umræðuefni í gær þá hugmynd sem Valur Arnþórsson, formaður Sambands ísl. samvinnufélaga og verðandi bankastjóri í Landsbanka Íslands eftir einn mánuð, viðraði í útvarpi og sennilega á þingi Framsfl. um að nauðsyn bæri til að styrkja strjálbýlisverslunina vegna þess hve staða hennar er veik og hve hún væri rekin með miklum halla. Ég lét þau orð falla að ég teldi illt að þessi mikli valdamaður í Framsfl., sem er nú að verða landsbankastjóri, hafi ekki viðrað þessa hugmynd sína nema í nánu samráði við flokksforustu Framsfl. Hæstv. forsrh. sagði í gær að þetta hefði ekki verið tillaga heldur hugmynd sem hefði verið viðruð og hann sæi enga aðra leið en að leggja þennan skatt á verslunina þrátt fyrir þær aðstæður sem verslunin er í og það væri að vísu ekki samband þarna á milli,

sem hver maður skildi, að koma strjálbýlisversluninni til hjálpar með því að hækka um 100% skattinn á hana fyrir það húsnæði sem hún er í.

Ég skil ekki Framsfl. að ganga inn á þessa hækkun við þessar aðstæður. Hæstv. forsrh. sagði: Við erum tilbúnir að tala um aðra tekjuöflun við þingmenn og þá átti hann við stjórnarandstæðingana og hann lýsti eftir tekjuöflun. Ég skal koma með tekjuöflun alveg á stundinni sem er ekki lægri heldur hærri, alveg örugglega miklu hærri, margfalt hærri en þessi skattahækkun gerir ráð fyrir. Sú tekjuöflun er með þeim hætti að hætta að selja gjaldeyri með afslætti, hætta útsölu á gjaldeyri. Þá geta þeir haldið áfram að fara til Glasgow og annarra borga sem það vilja, en þeir eiga að borga rétt verð fyrir gjaldeyrinn. En það fylgir líka sá böggull skammrifi að útflutningsatvinnugreinarnar eiga líka að fá rétt verð fyrir sína vöru en ekki vera tekið af þeim allt að 20% eða því sem næst til þess að auka á eyðsluna.

Stjórnmálamenn tala ár og síð um að þessi þjóð eyði of miklu og aðgerðir stjórnvalda eru í þá átt að hvetja þjóðina til meiri eyðslu. Ég held að það liggi alveg ljóst fyrir að hæstv. ríkisstjórn getur skipt um skoðun, hætt að selja gjaldeyri með afslætti, hætt að ýta undir eyðsluna, horfið frá því að hækka skatt sem þennan sem er verðbólguhvati og ekkert annað, ósanngjarn eins og málum er háttað og um leið er hún að auka tekjur útflutningsatvinnuveganna. Sjá menn ekki hvert er verið að fara? Það er hreinlega markvisst verið að stefna í aukið atvinnuleysi með þessu. Þessi þjóð er að kaupa afurðir, tæki og annað frá erlendum þjóðum, er að standa að því að skapa atvinnu fyrir erlendar þjóðir og að kaupa inn á undirverði á sama tíma sem allur okkar samkeppnisiðnaður er að fara í rúst. Það þýðir ekki að berja hausnum við steininn eða reka höfuðið í sandinn. Það er alveg sama hvor aðferðin er notuð. Það er alveg tilgangslaust að halda áfram þessum leik. Svo segja þessir menn, sem eru nýhlaupnir út úr ríkisstjórn, ríkisstjórn sem mynduð var af þremur stærstu flokkum landsins miðað við síðustu kosningar og allir gerðu sér bjartar vonir um að tæki af alvöru á þeim mikla efnahagsvanda sem að steðjar, bæði efnahagsvandi sem er viðráðanlegur og líka efnahagsvandi sem var óviðráðanlegur vegna markaðsfalls á okkar útflutningsvörum á erlendum markaði, að henni mundi takast þetta. En í staðinn fyrir að taka ákvörðun um þær efnahagsaðgerðir sem fyrrv. forsrh. lagði til var hlaupið til og slitið stjórnarsamstarfi með þeim hætti að því var ekki slitið eins og gerist og gengur í stjórnmálum og ríkisstjórnum heldur mættu þeir elskendurnir á Stöð 2 til þess að tilkynna sína trúlofun. Þeir sögðu að allt væri Sjálfstfl. að kenna og sér í lagi Þorsteini Pálssyni forsrh. sem þá var, hann hefði ekki viljað gera neitt. Svo eru þeir lausir við þennan vonda mann og þennan vonda flokk sem hefur þó verið í löngu samstarfi við báða þessa stjórnmálaflokka. Nú eru þeir lausir við hann og hafa verið lausir við þennan flokk í tvo mánuði. Og hvað skeður? Það skeður nákvæmlega ekki neitt nema eyðslan heldur áfram, eigið fjármagn útflutningsatvinnuveganna er að brenna upp. Róm er að brenna og það er spilað á fiðlu eins og Neró gerði forðum. Er nú ekki kominn tími til þess að foringjar þessara flokka fari að líta á sig sem alvörustjórnmálamenn en ekki einhverja leikendur í fjölmiðlum eins og mér sýnist að sé yfirstandandi? Ég skil ekki í manni eins og hæstv. viðskrh. að geta tekið þátt í þessum hrunadansi.

Ég endurtek svo óskir mínar um að hæstv. viðskrh. svari þessum fyrirspurnum mínum og segi jafnframt þingheimi frá því hverjar eru ástæðurnar fyrir algerri stefnubreytingu Alþfl. í þessum málum. Það væri fróðlegt að fá að vita. Það var rifjuð upp í gær ræða núv. hæstv. viðskrh. og landbrh. af hv. 17. þm. Reykv. Geir H. Haarde. Það var mjög lærdómsrík og eftirminnileg upprifjun þar sem landbrh. er að fara þveröfugt við það sem hann var að prédika hér fyrir ekki ári. Hann hefur sennilega frétt af þessu og haldið áfram að funda með fiskeldismönnum því hann sést ekki heldur hér í dag.

Það er kominn tími til að stjórnmálamenn geti ekki sagt þetta í stjórnarandstöðu og annað í stjórnaraðstöðu. Það er fyrst og fremst krafa almennings, ef stjórnmálamaðurinn á að halda áliti meðal fólksins í landinu, að hann sé sjálfum sér samkvæmur. Hann hefur tekið að sér að stjórna þessu landi, en það verður ekki gert með því sem núna á sér stað. Landið er gersamlega stjórnlaust og hefur verið og það er kominn tími til að breyta þar um.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Það vakti athygli, þegar hæstv. fjmrh. hóf í gær umræður um skattastefnu ríkisstjórnarinnar með því að mæla fyrir fyrstu tveimur frumvörpunum af allmörgum sem boðuð hafa verið um hækkun skatta í tengslum við fjárlög ársins 1989, að hæstv. fjmrh. færðist undan því í einu og öllu að gera skilmerkilega grein fyrir stefnu ríkisstjórnarinnar í skattamálum, fyrir þeim ákvörðunum sem fyrir liggja um skattheimtu, í hverju hún á að vera fólgin, hvaða skattar það eru sem eigi að leggja á og með hvaða hætti. Og þykir auðvitað ýmsum skjóta nokkuð skökku við að hæstv. fjmrh. skuli færast undan því að gera Alþingi skýra grein fyrir þessu þegar augljóst er að svo skammur tími er til stefnu fram að jólaleyfi þingmanna sem ég geri ráð fyrir að nota eigi til að fjalla um þessi mál hér á hinu háa Alþingi. Þess vegna var nú m.a. óskað eftir því að hæstv. forsrh. tæki þátt í þessum umræðum einmitt í þeim tilgangi að fá nokkuð skýrari mynd af stefnu stjórnarinnar og þeim ákvörðunum sem hún hefur tekið í þessu efni. Ekki trúi ég því a.m.k. upp á ríkisstjórnina að hún hafi ekki nú þegar tekið endanlegar ákvarðanir um þau skattafrumvörp sem leggja á fram og skil þess vegna ekki hvers vegna hæstv. ríkisstjórn er svo mikið að vanbúnaði að greina frá þeim ákvörðunum sem fyrir liggja því að það hlýtur að liggja í augum uppi að hæstv. ríkisstjórn hafi nú þegar tekið þessar ákvarðanir.

Hæstv. forsrh. kom hingað stundarkorn laust fyrir kvöldmatarleytið og flutti stutta ræðu, en bætti þó í engu úr í þessu efni, gerði ekki á nokkurn hátt frekari grein fyrir skattastefnu stjórnarinnar en hæstv. fjmrh. Auðvitað er ástæðulaust að gagnrýna hæstv. forsrh. fyrir þetta. Öllum var ljóst að komið var undir kvöldmat og ekki unnt að gera þær kröfur til hæstv. forsrh. að hann á þeim tíma færi að gera nokkra grein svo heitið geti fyrir stefnu ríkisstjórnarinnar með tilliti til þess að þá var komið nærri hefðbundnum kvöldmatartíma þegar hann kom hingað að beiðni hæstv. fjmrh. Það hefði þess vegna verið ástæða til þess, herra forseti, að hæstv. forsrh. væri við þessa umræðu á hefðbundnum fundartíma deildarinnar og á þeim tíma sem hv. þm. eiga að gegna þingskyldum sínum, svo og ráðherrar, ekki síst vegna þess að það skortir nokkuð á að hæstv. forsrh. geri gleggri grein fyrir stefnu stjórnarinnar en hæstv. fjmrh. hefur treyst sér til að gera og kannski líka enn fremur vegna þess að hæstv. forsrh. hefur í viðtali við dagblaðið Þjóðviljann í dag gert heldur gleggri grein, þó ófullnægjandi sé, fyrir stefnu stjórnarinnar og þegar af þeirri ástæðu nauðsynlegt að hann taki hér þátt í umræðunni. Ég óska eftir því við hæstv. forseta að hann hlutist til um að hæstv. forsrh. komi til fundar og taki þátt í þessari umræðu.

Það fór ekki fram hjá nokkrum Íslendingi þegar hæstv. fjmrh. tók við embætti að hann gaf út býsna stórar yfirlýsingar, sem fjölmiðlar lögðu mikla áherslu á að koma á framfæri við þjóðina, og það leyndi sér ekki að þar fór maður sem menn töldu að vissi nú nákvæmlega hvað hann ætlaði að gera og ætlaði að taka til hendinni. Að vísu boðaði hann miklar skattahækkanir, en það leyndi sér ekki með hvaða hætti ætti að standa að því verki. Með leyfi forseta segir hæstv. fjmrh. í viðtali við DV 28. september:

„Fjármálastefna þessarar ríkisstjórnar markast af því að nú verður í fyrsta sinn sótt fjármagn í stórum stíl til fjármagnseigenda í þessu landi, sem á undanförnum árum hafa tekið stóran hlut til sín í skattlausum gróða, þannig að þeir sem hafa hagnast í góðæri undanfarinna ára en lítt lagt af mörkum til samfélagsins munu nú þurfa að bera byrðarnar fyrst og fremst."

Og fyrirsögnin er auðvitað þessi: „Fjármagn sótt í stórum stíl til fjármagnseigenda."

Í Þjóðviljanum segir hæstv. fjmrh. daginn eftir, með leyfi forseta: „Þessi ríkisstjórn ætlar sér aðrar áherslur í skattamálum. Hún ætlar að sækja peninga fyrst og fremst til þeirra sem hafa gert það gott í góðæri undanfarinna ára án þess að leggja sinn réttláta skerf til sameiginlegs sjóðs landsmanna." Svo mörg voru þau orð.

Það átti að sækja milljarða í greipar fjármagnseigendanna. Nú er birt fjárlagafrv. og það bólar hvergi á þessum milljarðatilfærslum frá fjármagnseigendunum og hæstv. fjmrh. hefur skotið sér undan því að svara með skýrum hætti hvers vegna þessi mikli mismunur er á hinum stóru yfirlýsingum sem fjölmiðlar höfðu eftir honum um gerbreytta skattastefnu og þeirri litlu tölu um fjármagnstekjuskatt sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir. Enn á ný er ástæða til þess, vegna þess að menn tóku eftir því í þjóðfélaginu þegar þessi nýi hæstv. ráðherra gaf sínar stóru yfirlýsingar, að hann geri grein fyrir þeim mikla mismun sem aðeins hefur orðið á tveimur mánuðum.

Hann lýsti því yfir að það ætti að taka nýtt skattþrep í tekjuskattinn, eyðileggja hið nýja staðgreiðslukerfi skatta með því að setja á nýtt skattþrep. Allt var þetta í samræmi við þá meginstefnu sem lýst hafði verið. Hæstv. fjmrh. hafði varla gefið þessar yfirlýsingar út er samráðherrar hans úr Framsfl. og Alþfl. fóru að gefa út yfirlýsingar um að þeim væri mjög til efs að skynsamlegt væri að eyðileggja nýja staðgreiðslukerfið. Nú er eftir því gengið hver sé stefna ríkisstjórnarinnar í þessum efnum. Verður sett á nýtt þrep í tekjuskattskerfið, í staðgreiðslukerfi skatta? Ætlar ríkisstjórnin að eyðileggja staðgreiðslukerfið með þeim hætti? Það er alveg nauðsynlegt að fram komi óyggjandi svar um það við upphaf þessarar umræðu hver stefna stjórnarinnar er að þessu leyti.

Það er líka nauðsynlegt að fyrir liggi hvort það sé sameiginleg stefna ríkisstjórnarflokkanna að leggja fjármagnsskattinn á með þeim hætti sem hæstv. fjmrh. hefur boðað. Nú hygg ég að það sé býsna umdeilt í þjóðfélaginu og hefur reyndar komið fram verulegur efi af hálfu samstarfsflokka hæstv. fjmrh. um hvort skynsamlegt sé að skattleggja sparsemi og ráðdeild á Íslandi þar sem öllum er ljóst að einn meginvandi í íslenskri hagstjórn er sá að við þurfum að auka sparnað og lækka vexti. En hverjum manni er líka ljóst að skattlagning á fjármagnstekjur við þessar aðstæður leiðir ekki til annars en að draga úr sparnaði og hækka vexti. Þessi áform ganga því gegn því meginmarkmiði í fjármálastefnu sem íslensk stjórnvöld þurfa að fylgja eftir. Skattlagning á sparsemi og ráðdeild gengur auðvitað gegn því meginmarkmiði að lækka vexti og örva sparnað. Þess vegna þarf hér skýrari svör um það hvort í raun og veru sé stuðningur á bak við þetta viðhorf.

Hitt sem þarfnast svo líka skýringar er sú neikvæða atvinnustefna sem hæstv. fjmrh. hefur boðað með því að skattleggja sparnað í bankastofnunum og öðrum peningastofnunum að fullu, þeim fjármálastofnunum sem þjónusta atvinnulífið í landinu, en undanþiggja skattlagningu á sparnað hjá þeim sem vilja spara í ríkissjóði. M.ö.o.: það er búið að falla frá því að það sé einhver réttlætiskrafa að skattleggja allar tekjur, burtséð frá því hvernig þær verða til, vegna þess að fjármagnstekjur hjá þeim sem spara í ríkissjóði eiga að vera skattlausar. Þannig mega allir gróðamennirnir hlaupa með sparifé sitt í ríkissjóð skattfrjálst, það er fullkomið réttlæti, félagshyggja geri ég ráð fyrir, en þeir sem ætla að spara í þeim stofnunum sem þjónusta atvinnulífið í landinu eiga að greiða skatta. Það er

alveg nauðsynlegt og óhjákvæmilegt að fá skýrt fram hvort hæstv. forsrh. og Framsfl. fylgja þessari neikvæðu atvinnustefnu sem hæstv. fjmrh. boðar og ég geri ráð fyrir að Alþfl. fylgi einnig. En það kemur mér svolítið spánskt fyrir sjónir ef Framsfl. ætlar með þessum hætti að leggjast gegn hagsmunum atvinnulífsins í landinu, skattleggja sérstaklega sparnað hjá þeim fjármálastofnunum sem þjónusta atvinnulífið en hafa hann skattfrjálsan hjá þeim sem spara í ríkissjóði. Ég óska eftir því að hæstv. forsrh. svari fyrirspurnum um þetta efni.

Það er einnig nauðsynlegt að fá skýrari mynd við upphaf þessarar skattaumræðu af áformum um hækkun tolla og vörugjalda, ekki síst með hliðsjón af því í hversu ríkum mæli verslunin er að færast úr landinu. Einhver orðaði það svo að ef þessi áform, sem lýst hefur verið með óglöggum hætti, næðu fram að ganga, þá væru góðar horfur á því að hæstv. fjmrh. yrði gerður að heiðursborgara í Glasgow. Þó að það sé út af fyrir sig góðra gjalda vert að hljóta heimsfrægð í útlöndum, eins og hæstv. fjmrh. hefur svolítinn vanda til, hygg ég að af mörgu mætti hann verða frægari og fá heiðursnafnbót í útlöndum öðru en því að verða heiðursborgari í Glasgow um þessar mundir. Væri því ástæða til að fá hér skýrari mynd af því hvort að þessari heiðursnafnbót sé stefnt með áframhaldandi skattastefnu.

Hæstv. forsrh. átti viðtal við dagblaðið Þjóðviljann í morgun um skattastefnu stjórnarinnar og það sem í vændum væri í þeim efnum. Í því viðtali segir svo, með leyfi forseta:

„Aðeins rétt rúmar þrjár vikur eru fram að jólaleyfi þingmanna. Það hefur vakið athygli að ríkisstjórnin hefur ekki lagt mjög mörg mál fyrir deildir þingsins, þó vissulega séu þau mál stór í sniðum sem lögð hafa verið fram. Steingrímur Hermannsson forsrh. segir allmörg mál hafa verið samþykkt í ríkisstjórninni og í þingflokkum stjórnarflokkanna, en höfuðáhersla verði lögð á að koma tekjuöflunarfrumvörpum ríkisstjórnarinnar í gegn fyrir áramót.

Eitt þessara frv. var til umræðu í Nd. í gær, en þá lagði Ólafur Ragnar Grímsson fram frv. um seinkun gildistöku virðisaukaskatts sem mundi rýra tekjur ríkissjóðs um 1,2 milljarða tæki hann gildi um mitt næsta ár eins og gert hefur verið ráð fyrir.

Steingrímur sagði Þjóðviljanum í gær að því væri ekki að neita að það hefði tekið nokkurn tíma að undirbúa tekjuöflunarfrumvörpin. Þau væru oft flókin en ötullega hefði verið unnið að þeim og þau færu að koma fram eitt af öðru næstu daga. Steingrímur vildi engu spá um það hvort stjórninni tækist að koma öllum fjáröflunarfrumvörpunum í gegn fyrir áramótin.

Fjmrh. mun að sjálfsögðu hefja viðræður við stjórnarandstöðuna um þessi mál, sagði Steingrímur. Það væru mörg viðkvæm mál í þessum málaflokki og enginn vafi á að menn þyrftu að mætast á miðri leið."

Hér eru þrjú efnisatriði sem nauðsynlegt er að fá svör við:

Í fyrsta lagi er hér sagt að það sé búið að taka ákvörðun í ríkisstjórn um mörg mál, en ráðherrarnir neita að greina frá efnisatriðum þeirra þó að svo virðist sem augljóst sé að Alþingi eigi að afgreiða þau fyrir áramót. Er það rétt að búið sé að taka ákvarðanir um viðamikil skattamál og ekki sé talin ástæða til þess að greina frá meginniðurstöðu þeirra hér á hinu háa Alþingi þegar skattaumræðan er að hefjast?

Í öðru lagi er hér vikið að því hvort unnt sé að koma þessum frumvörpum fram fyrir áramót. Hæstv. forsrh. segist ekki vilja fullyrða hvort það takist. Þá er ástæða til þess að spyrja hvort það séu áform ríkisstjórnarinnar að ná þessum frumvörpum öllum fram fyrir áramót eða hvort hún hafi í hyggju að afgreiða þau á Alþingi eftir áramót, á nýju ári. Hvaða áform eru uppi í þessu efni? Nauðsynlegt er að fá við því skýr svör.

Síðan er það þriðja atriðið sem auðvitað er það mikilvægasta í þessu viðtali. Þar er um að ræða mjög stóra pólitíska yfirlýsingu af hálfu hæstv. forsrh. Hann segir að fjmrh. eigi nú að hefja viðræður við stjórnarandstöðuna, ekki einasta um framgang mála í þinginu, heldur verði menn að mætast á miðri leið í samningum. Hvað þýðir þessi yfirlýsing? Að fjmrh. eigi að mæta stjórnarandstöðunni á miðri leið í samningum um skattafrv. ríkisstjórnarinnar? Ríkisstjórnin hefur boðað milljarða kr. aukna skatttheimtu. Þýðir þetta að forsrh. hafi falið hæstv. fjmrh. að semja við stjórnarandstöðuna um helmings afslátt af boðaðri skattheimtu? Hafa farið fram einhverjar umræður á milli hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. um þessar viðræður? Hvernig má það vera að hæstv. forsrh. boðar viðræður um helmings afslátt af skattaáformum ríkisstjórnarinnar áður en ríkisstjórnin hefur lagt fram í endanlegu formi frumvörp sín um stóraukna skattheimtu í landinu? Það er nauðsynlegt að fá skýr svör við þessu. Hvað er það sem semja á um? Ber að taka þessi orð bókstaflega eða á að taka mark á þeim? Að ríkisstjórnin sé reiðubúin til þess að mætast á miðri leið? Er hún tilbúin til þess að falla frá helmingnum af boðuðum skattahækkunum í viðræðum við stjórnarandstöðuna? Eða eru þetta ummæli sem ekki á að taka mark á, eru sögð af einhverjum misskilningi eða ber alls ekki að skilja eins og þau eru sögð? Hafa farið fram um þetta viðræður á milli hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh.? Hvenær hefjast þessar viðræður ef mark má taka á þessari yfirlýsingu? Og má ganga út frá því sem vísu að ríkisstjórnin ætli að mæta stjórnarandstöðunni og stjórnarandstöðuflokkunum, hverjum um sig væntanlega, á miðri leið í breytingum á þeim skattalagafrumvörpum sem boðuð eru? Hér er nauðsynlegt að skýrt sé talað.

Hér liggur fyrir til umræðu frv. um tvöföldun á skatti á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Ég er þeirrar skoðunar að það megi alveg taka þetta mál til samninga eins og hæstv. forsrh. boðar hér. Það getur vel komið til álita að taka þetta mál til

samninga. Þetta er að vísu viðkvæmur skattur og í sjálfu sér ranglátur. Hann var lagður á fyrir áratug síðan og hefur verið framlengdur á hverju ári. Hv. núv. 5. þm. Reykv. beitti sér hins vegar fyrir því að hann var lækkaður til muna á meðan hann var fjmrh. Nú er hins vegar lagt til að hann verði tvöfaldaður.

Þó að skatturinn sé í sjálfu sér ranglátur þá má auðvitað líta á fjárhagsstöðu ríkissjóðs við þessar aðstæður. Auðvitað verður að gera það með ábyrgum hætti. Sjálfstfl. er fyrir sitt leyti tilbúinn til þess ef ríkisstjórnin er tilbúin til viðræðna um breytta stefnu í efnahags- og atvinnumálum, um stefnu sem getur tryggt rekstur atvinnuveganna í landinu, um það að hætta að selja gjaldeyri á útsölu og þar fram eftir götunum. Þá má auðvitað taka það til athugunar að semja um það við ríkisstjórnina að þessi fyrirhugaða skattheimta verði lækkuð um helming, niður í það hlutfall sem hún er á þessu ári, og taka hæstv. forsrh. á orðinu og mætast á miðri leið ef samningar geta náðst um breytt áhersluatriði, hvernig fjármunum ríkisins er varið, hvernig stefnan eigi að vera í efnahagsmálum og hvernig koma megi í veg fyrir gjaldþrot atvinnuveganna, þá má alveg taka hæstv. forsrh. á orðinu og mæta ríkisstjórninni á miðri leið og taka þátt í því með henni að afgreiða þetta frv. á þann veg að fyrirhuguð skattheimta verði lækkuð um helming.

Ég vil inna hæstv. fjmrh. eftir því í ljósi ummæla hæstv. forsrh. hvort hann sé ekki tilbúinn til viðræðna samkvæmt boðskap og fyrirmælum hæstv. forsrh. — ég lít nánast á að þetta séu fyrirmæli hæstv. forsrh., að fjmrh. beri að mæta stjórnarandstöðunni á miðri leið — hvort hann sé ekki tilbúinn til þess hér og nú, á þessum fundi hv. deildar, að mæta stjórnarandstöðunni á miðri leið og lýsa því yfir að það megi draga úr þessari skattheimtu um helming. Fyrir því eru auðvitað gild rök því eins og hér hefur mjög rækilega verið bent á og vakin athygli á, þá leggst þessi skattur með þunga á verslunina og einkanlega þó dreifbýlisverslunina í landinu. Á það hefur verið bent hér í umræðunni að það er ekki síst verslunin úti á landsbyggðinni sem á nú í vök að verjast, svo í vök að verjast að einhver áhrifamesti forustumaður Framsfl., sem í miðstjórnarkjöri þar naut hvað mests trúnaðar, Valur Arnþórsson, lagði til að stofnaður yrði sérstakur sjóður, úreldingarsjóður, til þess að treysta dreifbýlisverslunina. Sumir hafa að vísu skilið þá hugmynd á þann veg að það eigi að leggja fjármuni úr ríkissjóði til þess að mynda úreldingarsjóð þannig að SÍS geti keypt upp verslanir einkafyrirtækjanna úti á landsbyggðinni, en það verður nú sjálfsagt skýrt út nánar hér af talsmönnum Framsfl. í umræðunni. En ljóst er að þarna er við mikinn vanda að etja. Það skýtur svolítið skökku við að í þessum mikla vanda — og ekki síst af hálfu Framsfl. sem stundum hefur verið annt um dreifbýlisverslunina í landinu — að leggja þessar nýju byrðar á dreifbýlisverslunina.

Hæstv. fjmrh. sagði að þetta væri liður í því að leggja skattinn á breiðu bökin í þjóðfélaginu. Hvernig skyldi nú þessi skattur vera í ljósi þeirrar kennisetningar? Ætli reyndin hafi ekki verið sú að þar sem uppgangur hefur verið og þensla hefur ekki verið nokkur vandi fyrir eigendur verslunar- og skrifstofuhúsnæðis að koma skattinum út í verðlagið. Og hann hefur í raun farið út í verðlagið, ekki síst hér á þéttbýlissvæðinu. Þar sem meir hefur kreppt að úti á landsbyggðinni hafa verslunarfyrirtæki þurft að taka þennan skatt á sig. Þannig hefur falist í þessu mikil mismunun á milli dreifbýlisverslunar og þéttbýlisverslunar vegna þess að aðstaða þéttbýlisverslunar hefur verið sú að koma skattinum út í verðlagið en það hefur ekki átt sér stað, a.m.k. ekki í sama mæli, úti á landsbyggðinni.

Og nú þegar erfiðleikar dreifbýlisverslunarinnar hafa tvöfaldast er verið að gera ráð fyrir því að tvöfalda misréttið. Því var sérstaklega lýst hér yfir af hæstv. fjmrh. að það væri áhugamál Framsfl., sérstakt stefnumál Framsfl., að tvöfalda þetta misrétti dreifbýlisversluninni í óhag.

Mér er tjáð að það sé líka býsna algengt að leigjendur atvinnuhúsnæðis, eigendur atvinnuhúsnæðis sem þeir leigja út, leigi það með þeim skilmálum að leigjendurnir borgi skattinn. Og nú er það spurning til hæstv. viðskrh.: Þegar bannað er að hækka húsaleigu og hann stendur að því að tvöfalda þennan skatt, sem í ýmsum tilvikum er hluti af húsaleigusamningi, hverjir eiga þá að borga skattinn í þessu tilviki? Er það leigjandinn? Þarf hann, þrátt fyrir skýr ákvæði um það að ekki megi hækka leigu, að taka á sig tvöföldun á þessum skatti eða á eigandinn að gera það? Um þetta þarf að fá skýr svör því að þetta er býsna algengt og sýnir kannski eitt með öðru hversu mikið yfirklór það er þegar því er haldið fram að þessi skattur leggist sérstaklega á eigendur verslunar- og skrifstofuhúsnæðis. Hann leggst í reynd á þá sem þjónustunnar njóta, nema þar sem aðstaða verslunarinnar er svo knöpp að engin leið er að velta skattinum yfir á neytendurna, þ.e. úti á landsbyggðinni, og þar á að tvöfalda misréttið. Svo má spyrja: Hverjir eru þessir eigendur, ekki síst úti á landi, að verslunar- og skrifstofuhúsnæði, þeir sem eiga að taka skattinn á sig? Því ekki eru það eigendurnir þar sem þenslan er mest og menn geta velt þessu út í verðlagið. Það eru eigendurnir að verslunar- og skrifstofuhúsnæði úti á landi. Og hverjir ætli eigi mest af verslunar- og skrifstofuhúsnæði á landsbyggðinni? Ætli það séu ekki kaupfélögin? Og hverjir eru eigendur að kaupfélögunum? Það skyldu ekki vera nokkrir eigendur að kaupfélögum hér inni? Það væri til að mynda fróðlegt að vita hvort hæstv. fjmrh. væri ekki félagsmaður í kaupfélagi. Ætlar hann sem eigandi að kaupfélaginu að taka á sig þennan skatt? Eða ætlar hann að velta honum út í reksturinn?

Þetta sýnir auðvitað að yfirlýsingar af því tagi að hér sé verið að leggja skatt á breiðu bökin í þjóðfélaginu fá ekki staðist. Það er mest áhyggjuefni að í reynd er hér verið að tvöfalda misrétti

sem viðgengst í þjóðfélaginu. Og þó að svo geti háttað til vegna erfiðrar afkomu ríkissjóðs að menn verði að leggja á skatta umfram það sem besta regla segir til um, þá er auðvitað fásinna við þessar aðstæður að tvöfalda þennan skatt.

En Sjálfstfl. er a.m.k. fyrir sitt leyti alveg tilbúinn til viðræðna á grundvelli yfirlýsingar hæstv. forsrh. um að mæta hæstv. ríkisstjórn á miðri leið. Ekki bara í þessu efni heldur öðrum fyrirhuguðum skattafrumvörpum. En auðvitað að því tilskildu að hafa eitthvað um það að segja hvernig fjármununum er varið og hafa eitthvað um það að segja hver stefna ríkisstjórnarinnar er í efnahags- og atvinnumálum. Ef stefna hennar í þeim efnum á að vera sú, eins og boðað hefur verið, að lama endanlega atvinnulífið í landinu, láta ekki nægja að ná jafnvægi á vinnumarkaðnum heldur að knýja hér fram atvinnuleysi, eins og hæstv. ríkisstjórn hefur verið að boða, jafnvægi náðist í haust sem leið en nú hefur hæstv. ríkisstjórn verið að knýja fram samkvæmt yfirlýstri stefnu aðvinnuleysi í landinu. Auðvitað er nauðsynlegt um leið og menn setjast niður til þess að mæta hæstv. ríkisstjórn á miðri leið í þessum miklu skattahækkunaráformum að ræða þau efni öll.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Þetta var ágætur endurflutningur á þeirri ræðu sem hv. þm. Þorsteinn Pálsson flutti hér í gær, því að sú ræða sem hann flutti nú var svona 80% endurtekning á þeirri ræðu sem hann flutti hér í gær. Öllum þeim spurningum sem hann beindi til mín, nema einni, var svarað hér í gær þegar ég tók til umfjöllunar þær spurningar sem hann og hv. þm. Friðrik Sophusson og aðrir fulltrúar Sjálfstfl., Geir H. Haarde og Matthías Bjarnason töluðu bæði um það í umræðum um það frv. sem fyrr var á dagskrá í gær og það frv. sem er á dagskrá hér og nú.

Það er svo sem hægt að fara að taka upp þau vinnubrögð hér á Alþingi að menn endurflytji ræður sínar og við endurflytjum þá svörin. En mér finnst það ekki vera skynsamlegt. Kannski er skýringin sú að þessi mikli ræðuflutningur hv. þm. Þorsteins Pálssonar fór algjörlega fram hjá Ríkissjónvarpinu í gær, að hann sé að endurflytja ræðuna hér og nú í því skyni, því að sjónvarpið flutti eingöngu frásögn af ágætri ræðu hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur.

Ég tel þess vegna að það sé algjör óþarfi að fara aftur í gegnum það sem ég sagði hér í gær varðandi nánast öll þau efnisatriði sem hv. þm. Þorsteinn Pálsson vék að, nema eitt atriði sem ég skal koma að á eftir.

Ég vil einnig vekja athygli á því að hv. þm. Þorsteini Pálssyni er tamt að tala fyrir hönd stjórnarandstöðunnar. Hann gerði það t.d. hér í síðustu viku. Kom upp og lýsti því yfir fyrir hönd stjórnarandstöðunnar að hún væri andvíg tilteknu máli. Það varð svo til þess að ágæt forustukona Kvennalistans kom upp og lýsti því yfir fyrir hönd stjórnarandstöðunnar að hún væri með viðkomandi máli, hv. þm. Þorsteini Pálssyni til háðungar. Það má einnig geta þess að á fyrstu vikum þingsins hafði þetta þó náð þeim árangri að fréttaritari útvarpsins sagði að umræða í þinginu hefði sýnt það að hv. þm. Þorsteinn Pálsson væri leiðtogi stjórnarandstöðunnar. Þorsteinn Pálsson, virðulegur þingmaður, er formaður Sjálfstfl. og það ber auðvitað að sýna honum fulla virðingu sem slíkum. Sjálfstfl. er hins vegar aðeins einn af þeim flokkum hér á Alþingi sem ekki eru í þessari ríkisstjórn. Ég vil gera það alveg skýrt hér að ég hef ávallt og mun áfram fylgja þeirri reglu að þeir flokkar, sem ekki eru í viðkomandi ríkisstjórn á Íslandi, mynda sjálfstæðar einingar hver fyrir sig og ber að koma fram við þá sem slíka. Þar eru forustumenn hvers flokks fyrir sig jafnréttháir hver öðrum. Og enginn þeirra er með forgang fram yfir aðra eða situr þar í æðri sessi.

Þetta held ég að sé alveg nauðsynlegt að komi fram vegna þess að í þeirri ræðu sem hér var að ljúka reyndi hv. þm. Þorsteinn Pálsson enn á ný að tala fyrir hönd stjórnarandstöðunnar, lýsti því m.a. yfir að stjórnarandstaðan væri reiðubúin að mæta ríkisstjórninni á miðri leið — ef þetta og ef hitt.

Þá er aðeins eitt atriði sem er eftir og það er það eina sem hafði gerst frá ræðu hv. þingmanns í gær sem ítarlega var svarað í umræðunum í gær. Það er viðtalið við hæstv. forsrh. í Þjóðviljanum í dag. Þar segir hæstv. forsrh. að rætt verði við stjórnarandstöðuna um þau mál sem ríkisstjórnin er hér með. Það er sjálfsagt og eðlilegt sjónarmið. Það kom fram í umræðunum í gær að allir flokkar sem ekki styðja ríkisstjórnina lýstu yfir samþykki sínu við frestun gildistöku virðisaukaskattsins sem er ígildi 1200 millj. kr. tekjubreytingar fyrir ríkissjóð. Ég fagnaði þeim viðbrögðum, þannig að þessi samskipti hafa nú þegar að þessu leyti skilað þeim árangri að samstaða hefur náðst með öllum flokkum um þessar 1200 millj. sem þarna var rætt um, þó að ég hafi að vísu getið þess að það var ekki höfuðástæðan. Ég þakka hv. þm. Þorsteini Pálssyni fyrir ágætan árangur af þeim viðræðum okkar í gær.

Annað held ég að sé ekki um þetta að segja. Eins og ég sagði í gær, og vænti þess að hv. þm. hafi heyrt, munu tekjuöflunarfrv. koma fram hér næstu daga og þá gefst þingmönnum tækifæri til þess að ræða þau hvert og eitt.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Hæstv. forseti. Það voru einkum nokkur atriði í ræðu hv. 1. þm. Sunnlendinga sem urðu til þess að ég kvaddi mér hljóðs nú. Ég verð að játa það að ég er afar undrandi á þeim ræðum sem fyrrv. forsrh. íslensku þjóðarinnar flytur hér á Alþingi þessa dagana. Einhvern veginn er það svo að helst koma manni í hug sögur þjóðsagnanna um umskiptinga þegar maður heyrir þessar ræður. Ég veit eiginlega ekki almennilega hvar þessi maður hefur verið. Menn hljóta að verða að hafa það í huga að ræðumaðurinn sem flytur þessar ræður var forsrh. íslensku þjóðarinnar fyrir örstuttum tíma og var það

í nokkuð langan tíma.

Þegar staða atvinnuveganna er rædd komast menn auðvitað ekki hjá því að velta því fyrir sér hvernig sú staða hefur komið upp og þá verða menn að skoða það að þessi ræðumaður, hv. 1. þm. Sunnlendinga, var forsrh. íslensku þjóðarinnar í miklu góðæri. Hann var forsrh. íslensku þjóðarinnar á árum þegar fiskveiðar voru með því mesta sem Íslendingar hafa haft, þegar viðskiptakjör voru tiltölulega góð, og líklega með þeim bestu sem við höfum búið við ef litið er yfir nokkuð langan tíma, og útflutningur mikill, ytri aðstæður því góðar. Árangurinn af þessum valdaferli hv. 1. þm. Sunnlendinga er hins vegar sá að þrátt fyrir þetta góðæri kemur íslenska þjóðin út úr þessu stjórnartímabili fyrrv. forsrh. þannig að viðskiptahalli hefur aukist um 20 milljarða á stjórnartíma hans, eða nálægt því 25% aukning á erlendum skuldum sem eru að verulegu leyti eyðsluskuldir. Ekki bara viðskiptahalli og ekki bara gífurleg aukning á erlendum skuldum, heldur er einnig staða útflutningsatvinnuveganna með slíkum hætti að menn velta því fyrir sér hvernig hægt hafi verið að koma þeim í slíka stöðu á svo stuttum tíma. Gjaldþrot blasa við um allt land og almennur samdráttur og eignatilflutningur innan þjóðfélagsins er með algjörum eindæmum frá þessari stjórnartíð hv. 1. þm. Sunnlendinga, ekki bara á milli einstaklinga og milli fyrirtækja, frá útflutningsfyrirtækjum yfir í þjónustugreinar, heldur á milli landshluta líka. Um allt land standa menn og spyrja sig: Hvernig var þetta hægt? Hvernig gat þáv. forsrh., hv. núv. 1. þm. Sunnlendinga, komið íslensku efnahagslífi í þessa stöðu á svo stuttum tíma sem hann var forsrh.? (**Gripið fram í:** Var hann einn í stjórninni?) Hann var yfirmaður efnahagsmála. Því segi ég það, sérstaklega vegna þeirra ræðna sem þessi þingmaður flytur hér nú.

Nú hefur ný ríkisstjórn tekið við völdum. Hún hefur leikið biðleik sem ég vil kalla. Hún hefur gripið inn í efnahagslífið á ýmsan hátt til þess að skapa ráðrúm til efnahagsaðgerða. Hún ætlar að nota þann tíma til þess að móta efnahagsstefnu. Hún er hins vegar vart tekin við völdum þegar þessi hv. þm., forsrh. og yfirmaður efnahagsmála á Íslandi á þeim tíma þegar þessi staða skapaðist, stendur upp og fær ekki með orðum lýst vanþóknun sinni á því að núv. ríkisstjórn sé að koma öllu á kaldan klaka.

Ég verð að játa það að ég er afar undrandi á þessum málflutningi. Ég skil hann ekki og ég held að nær hefði verið að hæstv. fyrrv. forsrh. tæki jákvæðar á málunum og reyndi að bæta úr þeirri stöðu, sem hann átti svo drjúgan þátt í að koma þjóðinni í, en að nálgast málin á þennan hátt. Ég verð að játa það að eftir að hafa hlustað á þessar ræður hv. 1. þm. Sunnlendinga hér dag eftir dag, að hluta endurteknar, um ástandið sem hann á sterkastan þátt í að komið hefur upp í efnahagslífi Íslendinga og menn eru enn að spyrja sig að um allt land hvernig hægt var að koma á, er ég ekkert undrandi á því þó að almenningur kalli þessa samkundu stundum leikhús. Ef þetta er ekki leikaraskapur veit ég ekki hvað er leikaraskapur í stjórnmálum. Það hlýtur að vera leikaraskapur þegar þingmaður sem slíka ábyrgð ber, sem nýkominn er úr slíkum valdastól sem hann hefur verið í, með þá ábyrgð og þau völd sem hann hafði sem forsrh. og yfirmaður efnahagsmála á Íslandi, flytur slíkar ræður rétt kominn úr þessum stól og á engin orð til að lýsa vanþóknun sinni á því að ríkisstjórn sem nýkomin er til valda skuli ekki í einu vetfangi verið búin að kippa þessu öllu í lag.

Ég skal hins vegar taka undir það að þessi ríkisstjórn sem nú situr við völd á mikið starf fyrir höndum. Hún á eftir að móta skýra efnahagsstefnu. Ég er einn af þeim sem bíða eftir því og binda við það vonir að það takist á þeim tíma sem hún hefur til ráðstöfunar á meðan þessi biðleikur varir sem gripið var til. Ég lýsti því yfir hvað eftir annað á meðan valdaferill hv. 1. þm. Sunnlendinga var sem forsrh. að sú efnahagsstefna sem þá var rekin væri hættulegasta efnahagsstefna sem ég hefði séð í framkvæmd á Íslandi frá því að ég fór fyrst að fylgjast með stjórnmálum. Þessu lýsti ég yfir bæði í blöðum, útvarpi og sjónvarpi og fékk þó ekki ráðið um breytingar. Fyrst og fremst hygg ég að þar hafi fastgengisstefnan ráðið mestu. Ég hef margsinnis lýst því yfir að það er mín skoðun að gengisstefna, önnur en sú sem tryggir útflutningsatvinnuvegunum sæmilega örugg starfsskilyrði, gengur ekki á Íslandi.

Vaxtastefnan fór óneitanlega í vitleysu í stjórnartíð hv. þm. Þorsteins Pálssonar, ekki kannski fyrst og fremst vegna þess frelsis sem menn vildu eða voru að reyna að láta ríkja, heldur vegna þess að ríkisstjórnin breytti aðstæðum stöðugt þannig að vaxtakerfið réð aldrei við neina aðlögun. Á sama tíma og ríkissjóður fer fram á milljarða eftir milljarða úr þessu innlenda lánakerfi og meðan fastgengisstefnan setur útflutningsatvinnuvegina í slíka bóndabeygju að forstjórar þeirra standa allir í biðröðum í bönkunum til þess að fá lán er alveg augljóst að vaxtakerfið nær ekki nokkurri aðlögun.

Ég held, þegar litið verður yfir Íslandssöguna, að menn muni virða fyrir sér valdaferil hv. 1. þm. Sunnlendinga með mikilli athygli, þann tíma sem hann var forsrh., hversu mjög efnahagslíf íslensku þjóðarinnar hallaðist á þeim tíma og hversu mikil átök það verða við að koma því í lag aftur. Í ljósi þess hljóta menn að lesa ræður hans og hlusta á þær sem nú eru fluttar. Og þá hygg ég að dómur sögunnar um þennan hæstv. fyrrv. forsrh. okkar verði ekki hagstæður.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Frv. til laga, sem hér er flutt, um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, hef ég ekki trú á að verði til þess að leysa þann efnahagsvanda sem þjóðin býr við.

Í fyrsta lagi held ég að hæstv. núv. fjmrh. þyrfti að gera sér grein fyrir því að skattstofn Íslendinga er

takmörkuð auðlind. Það er ekki hægt að sækja skatta í vasa borgara og fyrirtækja endalaust. Annars væri löngu búið að hækka þetta upp úr öllu valdi. Það eru ákveðin takmörk fyrir því hvað hægt er að sækja í vasa borgaranna. Það eru akkúrat þau mörk sem eru deiluefni hér.

Matthías Bjarnason, hv. 1. þm. Vestf., sagði hér að hægt væri að leysa þetta með því að leiðrétta gengið. Ég er sammála því. Það er vegna þess að gengisskráningin er röng sem viðskiptahallinn hefur orðið svona mikill. Um það er talað nú að raungengið geti verið rangt í dag upp á 20%.

Ég ætla að lesa úr lögum um Seðlabanka Íslands, með leyfi hæstv. forseta: „Ákvarðanir um gengi íslensku krónunnar skulu miðast við að halda sem stöðugustu gengi og ná jöfnuði í viðskiptum við útlönd, en tryggja jafnframt rekstrargrundvöll útflutningsatvinnuvega og samkeppnisgreina.“ Hæstv. ríkisstjórn getur ekki skráð gengið eins og henni sýnist. Þar að auki má benda á að það samrýmist ekki eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar að gera þessa eigur fyrirtækja upptækar með þessum hætti. Menn eru eitthvað að vandræðast yfir því að sjávarútvegurinn skuldi orðið svo mikið í erlendum gjaldeyri að ekki sé hægt að fella gengið þess vegna. Hver ber ábyrgð á því? Er það ekki ríkissjóður? Þessu hefur verið troðið upp á þessi fyrirtæki. Þeir geta leiðrétt gengið og tekið þennan mismun á sig. Það er vandalaust.

Í dag láta menn líta svo út sem verið sé að leysa einhvern vanda með því að skuldbreyta yfir í erlend lán. Hvað skeður svo þegar gengið verður lagað, þegar loksins kemur að því að menn neyðast til að viðurkenna þetta? Þá fá menn þessa snöru um hálsinn á sér.

Hefur verslunin á landsbyggðinni efni á að borga þennan skatt sem hér er flutt frv. um? Ég held ekki. Og hvað með sjávarútvegsfyrirtækin sem þurfa að borga líka þennan skatt af því skrifstofuhúsnæði sem þau hafa? Hafa þau efni á því að borga þetta? Það held ég hreint ekki. Ég held að það sé deginum ljósara að þessir peningar sem verið er að leggja til að verði sóttir til þeirra eru ekki til. Þetta er því enn eitt dæmið um þá sýndarmennsku sem maður verður vitni að þessa dagana.

Herra forseti, er hægt að fá hæstv. fjmrh. í salinn? Hann var hér einhvers staðar. (**Forseti:** Það verða gerðar ráðstafanir til þess. Hann er hér.) Ég ætlaði að spyrja hann einnar spurningar varðandi fjárlög þessa árs. Er ríkissjóður búinn að eyða því sem ákveðið var að eyða á fjárlögum þessa árs? Og ef hann er kominn fram yfir eins og hefur gerst áður, er hann þá á fittinu? (**Gripið fram í:** Er hann hvað?) Á fittinu. Hæstv. fjmrh. ætti að kynna sér ákvæði stjórnarskrárinnar um það að ekki er heimilt að greiða fé úr ríkissjóði nema samkvæmt fjárlögum eða þá aukafjárlögum sem hann ætti þá að manna sig upp í að búa til. Aðalatriði málsins er hins vegar það, varðandi þetta frv., að þeir peningar sem menn ætla að sækja eru ekki til. Og sú skattagleði sem hér er boðuð leiðir bara til þess að fólk hættir að vinna yfirvinnu sem þýðir minni peningur í kassann og það dregur úr verslun sem þýðir líka minni peningur í kassann. Þetta gæti þýtt það að ríkissjóður fengi í kassann 20–30% minna á næsta ári en hann áætlar. Þetta eru staðreyndir.

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Af óviðráðanlegum orsökum hef ég ekki haft tækifæri til að fylgjast með þessari umræðu nema að hluta og ég hef ekki tekið til máls fyrr í þessari umræðu og heldur ekki nein úr þingflokki Kvennalistans, mér vitanlega. Þrátt fyrir það hafa hv. sessunautar mínir tjáð mér að sú frétt hafi birst í að mig minnir Ríkisútvarpinu eða Sjónvarpinu að Kvennalistinn muni styðja frv. sem hér er á dagskrá.

Nú er það ekki að undra að menn álykti sem svo því við kvennalistakonur höfum stutt þessa skattheimtu sem komið hefur til kasta þingsins árlega um allnokkurt skeið. Við höfum jafnframt stutt hækkun skattprósentunnar, en um það hafa verið gerðar tillögur til breytinga. Það er því út af fyrir sig eðlilegt að menn búist við stuðningi okkar við frv.

Ég kann því hins vegar betur að menn bíði eftir staðfestingu þess og ætla ekkert endilega að létta mönnum þá bið. Þetta er umtalsverð hækkun eins og menn hafa væntanlega margsagt og það þarf vitanlega að athuga það rækilega í nefnd hvort allar aðstæður leyfa að nú verði þessi prósenta upp tekin sem hér er lagt til og hvernig það muni koma við þau fyrirtæki sem hér er um að ræða og hvort líklegt sé að þessi skattheimta beri tilætlaðan árangur. Þetta þarf allt að athuga. Ég leyfi mér að minna á það að þegar síðasta hv. ríkisstjórn vildi leggja launaskatt á fyrirtæki í sjávarútvegi og iðnaði á síðasta ári lýsti ég þeirri skoðun minni að enda þótt æskilegt væri að sama regla væri látin gilda um allan atvinnurekstur, þau sætu við sama borð að sem mestu leyti, yrði að taka tillit til aðstæðna. Við mátum það svo að vegna erfiðrar stöðu í atvinnurekstri, í sjávarútvegi og samkeppnisiðnaði gætum við ekki fallist á þá skattheimtu. Við greiddum því atkvæði gegn þeim lögum, um launaskatt á fyrirtæki í sjávarútvegi og iðnaði, og það kom svo síðar í ljós að það var rétt mat og stjórnvöld urðu að taka aftur þá gjörð. Þau urðu sem sagt að hætta við að leggja launaskatt á þau fyrirtæki því að þau þurftu nú meira á öðru að halda en auknum álögum. Á sama tíma vorum við þeirrar skoðunar að skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði væri fyllilega réttlætanlegur, enda bentu allar athafnir og fjárfestingargleðin í þeirri grein til þess að þar væri þenslan, þar væru peningarnir.

Nú kunna forsendur að hafa breyst þó ég geti ekki dæmt um það hér og nú. Þess vegna vil ég biðja menn að slá engu föstu um afstöðu okkar kvennalistakvenna fyrr en við höfum fengið ráðrúm til að athuga okkar gang og annarra. Ég treysti mér a.m.k. ekki til að fullyrða um það á þessari stundu

og áskil mér að sjálfsögðu allan rétt til að athuga það í nefndinni. Það er kunnara en frá þurfi að segja að það eru miklir erfiðleikar í íslensku atvinnulífi og efnahagslífi. Gjaldþrot eru tíð og mörg fyrirtæki á ystu nöf með sína starfsemi. Auðvitað er þar í mjög mörgum tilfellum um að ræða sjálfskaparvíti, glannaskap og fífldirfsku. Fjárfestingargleðin, ekki síst í verslunar- og skrifstofuhúsnæði, hefur gjörsamlegt keyrt úr hófi. Það var raunar mörgum ljóst fyrir löngu og enn fremur ljóst að ástæða væri til að reyna að slá á þá gífurlegu og óæskilegu þenslu sem þar hefur verið um að ræða. M.a. þess vegna studdum við kvennalistakonur þessa skattlagningu og vildum auka hana, t.d. á síðasta ári þegar þetta mál var til umræðu.

Nú er það vitað mál að þessi offjárfesting hefur sagt rækilega til sín. Húsnæði af þessu tagi stendur jafnvel autt eða gengur ekki út og það er a.m.k. ástæða til að efast um að þessi skattur muni skila sér í þeim mæli sem gert er ráð fyrir í grg. með frv. Ég dreg það hiklaust í efa. Ég hef enga trú á því að þessi skattheimta, verði hún að lögum, skili 410 millj. kr. í ríkissjóð eða ... (**Gripið fram í:** 425 millj.) Já, en innheimtan 425 millj. kr. að meðtalinni innheimtu af eftirstöðvum fyrri ára eins og segir hér í grg.

Þetta munum við að sjálfsögðu athuga í hv. fjh.- og viðskn. þar sem ég á sæti. Ég ætla a.m.k. að vona að okkur gefist tími til þess. Hún er mjög önnum hlaðin og ásetin og margt þar í vændum því að stjórnarfrv. hafa látið um of á sér standa og það er ástæða til að gagnrýna vinnubrögð ríkisstjórnarinnar í þeim efnum. Því miður er það ekki ný saga. Þá athugasemd þurftum við að gera æ ofan í æ einmitt á sama tíma í fyrra og urðum meira að segja að taka skemmra jólaleyfi af þeim sökum að vinnubrögðum ríkisstjórnarinnar var sannarlega áfátt þá. Við sjáum því miður enn einu sinni fram á vertíðarlok í sama dúr og verið hafa með tilheyrandi flumbrugangi.

Ég ítreka aðeins að allar forsendur fyrir því þingmáli sem hér er á dagskrá þarf að athuga í nefnd og til þess ber okkur að fá tíma og ráðrúm.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég ætla að reyna að svara nokkrum orðum þeim spurningum og athugasemdum sem til mín hefur verið beint vegna frv. sem hér liggur fyrir hv. Nd. Þessi umræða hefur líka orðið vettvangur fyrir almenn skoðanaskipti um stefnuna í efnahagsmálum, gengismálum og heildarstefnu ríkisstjórnar í skattamálum.

Ég ætla ekki að taka langan tíma í að ræða þau mál, en vil þó eingöngu segja þetta til þeirra sem hafa hreyft því að þetta frv. leysir ekki efnahagsvandann, eins og hv. 5. þm. Austurl. komst að orði. Þá kem ég að því sem hv. 1. þm. Vestf. sagði, og reyndar líka hv. 10. þm. Reykv., að gengisstefnan væri þá og því aðeins rétt, og reyndar kom hv. 5. þm. Austurl. líka að því, að afkoma undirstöðuatvinnuveganna væri tryggð. Þetta er sannarlega rétt, en ég vara við því að gera það sama mál og að segja að genginu eigi sífellt að breyta til þess að eltast við mýrarljós því að sannleikurinn er sá, og þar kem ég að því sem við erum hér að ræða, að það var lífsnauðsyn að rjúfa víxlgengi gengisbreytinga og verð- og kostnaðarhækkana innan lands. Þess vegna var leikinn þessi sterki biðleikur fram til loka febrúar með launastöðvun, verðstöðvun. Þetta er tilraun til þess að komast að stöðunni eins og hún raunverulega er, ná á henni tökum eins og margir hafa hér rætt. Þetta var reynt í allt sumar, en tókst ekki í fyrri stjórn. Tilraunin stendur enn hjá þeirri stjórn sem mynduð var 28. september. Þetta bið ég menn að hafa í huga. Enginn dregur í efa að það sé mikilvægast fyrir okkar efnahag og okkar atvinnumál að gengisskráningin sé þannig að útflutningsatvinnuvegirnir beri sig. Svarið er hins vegar ekki fólgið í genginu einu, heldur í öllum efnahagsaðstæðum í okkar þjóðfélagi, í launastefnu, verðstefnu og vaxtamyndun, öllu þessu í samhengi, og síðast en ekki síst fjármálunum og þar kem ég að því sem er hér til umræðu í dag. Það er nefnilega alveg rétt, eins og kom fram hjá hv. 1. þm. Suðurl., að það þarf að skoða þetta frv. í ljósi fjárhagsstöðu ríkissjóðs.

Þessa tillögu um að hækka skatt af verslunar- og skrifstofuhúsnæði gera menn ekki að gamni sínu. Hún er gerð til þess að fá einn stein í þá hleðslu sem nú þarf að hlaða til þess að stöðva hallarekstur inn á ríkinu. (Gripið fram í.) Þetta er að sjálfsögðu mál sem við komum að síðar, hv. 5. þm. Austurl. Það er auðvitað rétt að það er úr vöndu að ráða og í þessum niðurjöfnunarvanda staðnæmdust menn við það að hækka þennan skatt.

Ég get tekið það skýrt fram og það kom fram í máli hv. 1. þm. Vestf. að Alþfl. hefur ekki verið sérstakur stuðningsmaður þess að leggja á skatta eins og þennan sem ekki tekur tillit til rekstrarafkomu eða eignastöðu í þeim fyrirtækjum sem eiga að borga. Það er rétt. Hins vegar var hér úr vöndu að ráða, hvar átti niður að bera, og ég heyrði það hjá hv. 1. þm. Suðurl. að hann hafði skilning á því að þetta skyldi nú enn einu sinni gert, í ellefta sinn eða hvað það nú er, því þessi skattur hefur verið lagður á með misjöfnu skatthlutfalli allar götur síðan 1978, m.a. með atkvæðum þeirra þm. sem hér gagnrýna hann. Ég mæli honum ekki bót að öðru leyti en því að ég segi: Á þetta höfum við fallist alþýðuflokksmenn, og styðjum það að sjálfsögðu, fyrst og fremst af fjárhagslegri nauðsyn. Það er rétt sem kom fram hjá hv. 1. þm. Vestf. að skatturinn mun koma illa við dreifbýlisverslunina, en ég vildi gera það alveg skýrt að þetta er alls ekki neinn sérstakur skattur á dreifbýlisverslunina eins og skilja hefði þó mátt af máli hv. 1. þm. Suðurl. Eins og hann talaði gæti mönnum virst að svo væri. Það er ekki. Skatturinn mun að sjálfsögðu koma helst niður hér í Reykjavík þar sem verslanirnar eru flestar, stærstar og dýrastar, og þar er ég kominn að rökunum fyrir því að hafa þennan skatt. Hann gæti verið eins og stífla fyrir offjárfestingu í verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Þá gerir hann líka gagn. En það má

vel vera, eins og kom fram í máli hv. 10. þm. Reykn., að hann hefði kannski átt að koma fyrr. Það má vel vera rétt. Nú er hér gerð þessi tillaga og ég vil líka biðja menn að skoða þetta sérstaka mál sem við ræðum hér í dag í réttum stærðarhlutföllum.

Það kastaði tólfunum þegar hv. 5. þm. Austurl. sagði: Þessi skattur leysir ekki efnahagsvandann. Honum er ekki ætlað að gera það. Hann á að skila 150 millj. kr. í ríkissjóð á næsta ári umfram það sem annars hefði komið að óbreyttum verslunar- og skrifstofuhúsnæðisskatti eins og ég veit að þeir þm., sem skoðað hafa málið bæði í grg. þessa frv. og í grg. með fjárlagafrv., geta séð. Hvað er það hátt hlutfall af veltu þeirra greina sem þarna eiga hlut að máli? Ég efast um að það nái þriðjungi úr hundraðshluta af heildarveltu þeirra greina sem þennan skatt bera. Ég vil ekki fara með nákvæmar tölur í málinu, en hærra en helmingur er alveg fráleitt, og líklega liggur það nær fjórðungi af einum hundraðasta af veltunni í þessum búskap sem þarna er verið að tala um. Þetta getur komið misjafnlega niður, og ég tek undir það með hv. 1. þm. Vestf., en ég segi það eitt að þetta verður ekki banabiti dreifbýlisverslunarinnar. Í vanda hennar fléttast saman langtímaþróun sem við þurfum að greina og ég treysti því að viðskrn. nái góðu samstarfi við þá stofnun sem hv. 1. þm. Vestf. stýrir, Byggðastofnun, um úttekt á stöðu verslunarinnar í dreifbýlinu og hvað þar sé helst til ráða. Og ég veit að ég mun fá um það góða samvinnu við þann hv. þm. Vestf.

Það er rétt að verslanir eiga víða í vanda. Vegna hvers? Vegna þess að samgöngur hafa batnað, tekjur hafa hækkað, fólkið leitar annað til þess að versla. Það leitar til Reykjavíkur og það leitar jafnvel út fyrir landsteina, en að kenna þetta allt við einhverja vonda stefnu ríkisstjórnarinnar er hrein fjarstæða. Þetta er langvirkandi þróun í okkar samfélagi sem við þurfum að horfast í augu við af raunsæi, velta fyrir okkur að hvaða leyti sé viðfangsefni stjórnvalda um að véla, en við megum ekki tengja það við einstök tiltölulega umfangslítil skattamál eins og það sem við ræðum hér. Ég geri ekki lítið úr þessu og ég tek það fram að ég ber mikla virðingu fyrir skoðunum hv. 1. þm. Vestf. sem lýsti réttilega áhyggjum af því hversu höllum fæti undirstöðugreinarnar standa. Ég met það hversu reiðubúinn hann virðist vera, af hans máli að dæma, og reyndar þekki ég það af fyrri reynslu, til að leita af raunsæi skynsamlegra leiða til að leysa þann vanda. Leiðin er hins vegar ekki sú að sleppa bandinu á fjárhag ríkissjóðs. Leiðin er einmitt sú að hlaða fyrir þar sem út streymir, þetta frv. er einn steinn í þeirri hleðslu. Hv. 1. þm. Vestf. notaði líkingu sem mjög hefur verið notuð í umræðum um efnahagsmál á þessu ári og hófst víst í byrjun árs með ræðu hæstv. núv. forsrh.: Að Róm væri að brenna. Þetta er tilvitnun sem margir nota. Mér er nú tamara að hugsa til þess að Róm var ekki byggð á einum degi og það sem við erum hér að gera er upphaf að byggingu, upphaf að stöðugleika í efnahagsmálum sem ég vonast til að þingmenn vilji taka þátt í að byggja.

Matthías Á. Mathiesen:

Herra forseti. Í gær og í dag hafa farið fram umræður um tvö frv. sem hæstv. ríkisstjórn hefur lagt fram á Alþingi og eru að hluta til í tengslum við fjárlög ríkisins fyrir árið 1989. Ég sagði að hluta til í tengslum við fjárlög 1989 vegna þess að frv. um virðisaukaskatt hafði í raun og veru meiri þýðingu, þ.e. sú afstaða sem kom þar fram af hálfu hæstv. fjmrh. fyrir hönd flokks hans, en eins og hér var bent á í gær var sá flokkur í harðri andstöðu við það mál þegar það var flutt á hv. Alþingi þannig að þar fólst í breyting á afstöðu og kúvending frá því sem áður hafði verið sagt hér í sölum Alþingis.

Frv., flutt sem hluti af miklu, miklu stærra dæmi, því dæmi sem hæstv. ríkisstjórn stendur frammi fyrir, þ.e. fjárlögum ríkisins fyrir árið 1989, eru þess eðlis að eðlilegt hefði verið að af hálfu ríkisstjórnarinnar hefði verið gerð grein fyrir með hvaða hætti ríkisstjórnin hygðist haga stefnu sinni í tekjuöflun fyrir ríkissjóð á árinu 1989.

Hæstv. fjmrh. hefur að undanförnu, eða frá því hann tók við, gert grein fyrir stöðu ríkissjóðs á þessu ári eftir því sem hann hefur fengið vitneskju um og það hefur verið sagt að í hvert skipti sem hann talaði hækkaði halli ríkissjóðs um milljarð og það er alveg hárrétt. Þetta stafar að sjálfsögðu af því að honum hefur borist vitneskja frá þeim aðilum sem þekkja best til þessara mála og hann hefur viljað láta Alþingi fylgjast með í þeim efnum. Hvort tveggja er hins vegar að sú reynsla og sú þekking sem hann hefur fengið af þessum málum sýnir ekki að þar hafi verið um að ræða nein viðbrögð, neitt sem væri í þá átt að það sýndi hver væri stefna ríkisstjórnarinnar, hvorki í sambandi við breytingar á þessu ári né heldur hverjar væru hugmyndir og tillögur ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1989.

Hæstv. viðskrh. sagði í ræðu sinni áðan að það bæri að skoða frv. sem við fjöllum um nú, um skattlagningu skrifstofu- og verslunarhúsnæðis, í ljósi stöðu ríkissjóðs og gat um það hvað þetta frv., ef að lögum verður, ætti að gefa ríkissjóði á næsta ári auk þess sem frv. með sömu prósentu gerði, þ.e. 150 millj. kr. Ég spyr: Hefði ekki verið eðlilegt að fyrir Alþingi lægju þessa daga hugmyndir ríkisstjórnarinnar um hvernig ætti að brúa þetta bil þannig að menn fengju heildstætt dæmi, menn fengju tillögurnar á skjali þannig að hægt væri að meta þær í samhengi og gera sér grein fyrir dæminu þar af leiðandi í heild?

Það er vissulega við mikinn vanda að etja í efnahagsmálunum og þess vegna ekki óeðlilegt að út frá því sé skoðað með hvaða hætti ríkissjóður aflar sér tekna. Hv. 10. þm. Reykv. Guðmundur G. Þórarinsson vék áðan að þeim ræðum sem hv. 1. þm. Suðurl. Þorsteinn Pálsson, hæstv. fyrrv. forsrh., hefði flutt og vék að efnahagsmálum ríkisstjórnar hans. Það mátti skilja af orðum þessa hv. þm. að

Framsfl. hefði nú bara ekki komið nálægt stjórn þessara mála á undanförnum árum, þaðan af síður að hann gerði sér grein fyrir því að sjávarútvegurinn, sem á kannski í hvað mestri vök að verjast, hefur notið leiðsagnar tveggja manna lengst af þetta tímabil, að undanteknum örfáum mánuðum, annars vegar hæstv. forsrh. á árunum 1980–1983 og hæstv. núv. sjútvrh. frá árinu 1983 til dagsins í dag. Það skyldi þó aldrei vera að þessir menn hefðu ráðið einhverju um það með hvaða hætti ákvarðanir hafa verið teknar og í hvaða veru? Þetta vildi ég aðeins að kæmi hér fram vegna þeirra orða sem hv. þm. lét falla hér áðan.

Þegar þessi frv. eru til umræðu vildi ég mega vekja athygli á þeirri skýrslu sem hv. alþm. hefur borist frá Ríkisendurskoðun og óskað var eftir af minni hálfu, þ.e. skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga til desemberloka 1988. Þessi skýrsla gerir grein fyrir stöðu ríkissjóðs á þessu ári og hvert er mat Ríkisendurskoðunar á þeirri útkomu. Það kemur glögglega fram á bls. 2 í skýrslunni þar sem stendur, með leyfi forseta:

„Ríkisendurskoðun telur að að öllu óbreyttu stefni í 4,7–5 milljarða kr. rekstrarhalla hjá A-hluta ríkissjóðs á árinu 1988."

Þetta kom fram þegar hæstv. fjmrh. talaði síðast í þessum málum, þ.e. í hv. Ed. í sambandi við lánsfjárlagafrv.

Þegar þessi niðurstaða er skoðuð þá verða menn að gera sér ljóst að það er ekki aðeins verið að meta stöðu ársins í ár heldur er í leiðinni, þegar þessi áætlun liggur fyrir, kippt undan fjárlagafrv., sem liggur fyrir Alþingi, þeim forsendum sem það frv. er byggt á. Á næstu dögum er ætlunin að taka fjárlagafrv. til 2. umr. Þeim forsendum sem það frv. er byggt á, þ.e. tekjuhliðin, er kippt alfarið undan með þeirri skýrslu sem Ríkisendurskoðun birtir. Í tekjuhlið fjárlagafrv. er gengið út frá áætlun ársins 1988 og grundvallað á henni í framreikningi á tekjuáætlun fyrir árið 1989. Þess vegna hefði það verið eðlilegt, eins og fram kom í ræðu hv. 1. þm. Suðurl. Þorsteins Pálssonar, formanns Sjálfstfl., strax í upphafi umræðu um virðisaukaskattinn að ríkisstjórnin gerði grein fyrir því með hvaða hætti hún hygðist bregðast við því sem þessi skýrsla leiðir í ljós með tilliti til fjárlagafrv. og legði fyrir Alþingi sínar hugmyndir þannig að þær fengjust skoðaðar af þingheimi og væru til umfjöllunar dagana áður en fjárlagafrv. verður tekið til 2. umr.

Eins og fram kom hjá hv. 1. þm. Suðurl. er það fyrst í morgun að hæstv. forsrh. lætur þess getið í viðtali við Þjóðviljann að það eigi að ræða við stjórnarandstöðuna. Og eins og fram kom er það viðtal með þeim hætti að ekki verður auðveldlega skilið við hvað hæstv. forsrh. á. En þegar komið er að mánaðamótum nóvember/desember þá hefði þeim umræðum, sem þar er talað um, þurft undir eðlilegum kringumstæðum að vera lokið og samstaða að hafa náðst um afgreiðslu mála með einum eða öðrum hætti. Ég er ekki að tala um samstöðu um þau frv. sem þurfa að fara fram, heldur samstöðu um framgang mála. Þetta hefði þurft að liggja fyrir til þess að fjárlagafrv. fyrir árið 1989 gæti gengið fram undir eðlilegum kringumstæðum og verið það frv. og þau fjárlög sem stjórnarskráin gerir ráð fyrir.

Þar sem í þessari skýrslu er vikið að ríkisfjármálunum er m.a. bent á að í ræðu hér á Alþingi hafi hæstv. fjmrh. fjallað um þessa útkomu sérstaklega, eða eins og þar segir, með leyfi forseta: „Eins og fram hefur komið hér að framan er nú gert ráð fyrir að tekjuhalli á ríkissjóði verði ekki undir 3 milljörðum kr. [þ.e. þegar fjárlagaumræðan fór fram]. Bráðabirgðatölur fyrir október gefa til kynna að sú aukning innheimtu sem venjulega verður á síðustu mánuðum ársins geti orðið minni."

Hann segir enn fremur í ræðu sinni 27. okt. sl.: „Á grundvelli upplýsinga um afkomu fyrstu níu mánuði ársins og þeirra hækkana á gjaldahlið sem þekktar eru og með hliðsjón af öðrum stærðum í efnahagslífinu er hægt að leggja mat á afkomu ársins í heild ..."

Hann bætir við og segir: Tekjuhalli ríkissjóðs gæti því orðið mun meiri og jafnvel nær fjórum milljörðum. — Síðan bætir hann við: Það yrði ískyggileg niðurstaða, það eru fjórir milljarðar sem nú er staðreynd að áætlað er að verði fimm, og því er brýnt að ræða á næstunni hvort nauðsynlegt er að grípa til gagnráðstafana innan tíðar.

Hér metur hæstv. fjmrh. það svo þegar aðeins er spáð fjögurra milljarða kr. halla á ríkissjóði að það þurfi að ræða málin og athuga hvort nauðsynlegt sé að grípa til gagnráðstafana innan tíðar. Nú þegar niðurstaðan er um fimm milljarðar þá spyr ég hæstv. fjmrh. hvort ekki sé ástæða til að ræða þessa hluti og grípa til gagnráðstafana innan tíðar. Ég met svo af því sem hér hefur komið fram að það sé ekki frekar samkomulag í ríkisstjórninni um þessa hluti heldur en um annað og þess vegna hafi hæstv. fjmrh. ekki verið og sé ekki hér og nú reiðubúinn til þess þar sem ekki hafa fengist svör við þeim fyrirspurnum sem hér hafa verið lagðar fyrir hann varðandi þessa hluti. En það hlýtur að vera grundvallaratriði, þegar ræddur er halli ríkissjóðs á árinu 1988, hvernig við verði brugðist í heild, hvernig dæmið verði leyst í heild árið 1989. Þegar það liggur fyrir af hálfu Alþingis, þ.e. af hálfu meiri hluta Alþingis, þá væri möguleiki á því að grípa til einhverra þeirra ráðstafana sem hann hefur sjálfsagt verið með í huganum þegar þessi orð eru sögð.

Nú hefur það hins vegar verið að gerast á síðustu vikum, eða frá því að hæstv. fjmrh. flutti sína fjárlagaræðu og tíundaði með stórum yfirlýsingum hvernig hann hygðist leysa þessi vandamál og gera Alþingi grein fyrir því þegar vikur liðu, að hans samstarfsflokkar hafa verið að hverfa frá hugmyndum sem hann hefur sett fram og það verið sagt, m.a. af hæstv. forsrh., að sumt af því sem fjmrh. sagði hafi aðeins verið á umræðustigi og engar ákvarðanir teknar um þá hluti.

Mér sýnist að það stefni í þannig fjárlagagerð núna að útgjaldahlið fjárlagafrv. verði ákveðin og síðan verði teiknaðar tölur til þess að fylla skarðið og e.t.v. hafðar það rúmar að hægt verði að sýna á *því skjali greiðsluafgang til þess að standa* við það sem hæstv. fjmrh. sagði í upphafi við 1. umr. fjárlaga. Það að tekjuhlið fjárlaga byggi á lögum sýnist mér ekki að verði nema að litlu leyti. Ef lög þau um tekjuöflun ríkissjóðs, sem í gildi verða þegar fjárlög verða samþykkt, sem gert er ráð fyrir fyrir jól, þá skortir marga milljarða upp á til þess að sú útkoma náist sem hæstv. fjmrh. hefur verið að tala um.

Ég er þeirrar skoðunar að sá skattur sem hér er til umræðu hafi aldrei verið til þess að réttlæta. Menn hafa að vísu stutt hann hér í sölum Alþingis en talið að sú leið sem fara ætti væri að lækka þennan skatt og láta hann svo hverfa. Eins og fram kom hér áður hefur verið staðið þannig að málinu frá því að hann var lagður á fyrst að ákvörðun um hann hefur verið tekin til eins árs í senn. En það var réttilega bent á það af hálfu hv. 1. þm. Vestf. hér áðan hvaða áhrif þessi skattur, þ.e. eins og honum er ætlað að verða, hefur nú á íslenskt atvinnulíf með einum eða öðrum hætti. Þar skiptir ekki máli hvort um er að ræða verslun eða útgerð. Þetta er skattheimta sem kemur til með að þyngja enn róðurinn hjá okkar útflutn*ingsatvinnuvegum svo og íslenskri verslun.*

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Það hefur komið fram í máli margra ræðumanna í tengslum við þetta frv. að hér er á ferðinni vandræðaskattur. Það eru ekki bara talsmenn stjórnarandstöðuflokkanna sem hafa haldið því fram heldur hefur það líka komið fram í máli hæstv. ráðherra, a.m.k. skildi ég hæstv. viðskrh. svo að hann væri sammála því að þessi skattur væri í eðli sínu ekkert sérstaklega þrifalegur. Auðvitað er hann það ekki, herra forseti, vegna þess að hann mismunar á milli greina í atvinnulífinu. Hann leggst með mismunandi hætti á atvinnuhúsnæði, þ.e. hann leggst bara á tiltekna tegund atvinnuhúsnæðis meðan aðrar tegundir atvinnuhúsnæðis sleppa við þennan skatt.

Það er því alveg rétt hjá hæstv. viðskrh. að þessi skattur er í eðli sínu ranglátur að þessu leyti til. Þegar honum var komið á fyrir 10 árum síðan var það í algjörri andstöðu við Sjálfstfl., en það er ekki rétt sem hæstv. fjmrh. leyfði sér að halda fram hér í gær að Sjálfstfl. hefði síðan skipt um skoðun á þessum skatti, eða það að flokkurinn hefði neyðst til þess að styðja hann í nokkur ár væri til marks um slíka stefnubreytingu. Eina ástæðan fyrir því að sjálfstæðismenn á árabilinu frá 1983 þangað til í fyrra studdu þetta mál var sú að það var ekki hægt að ná nokkru samkomulagi við samstarfsflokkana um að falla frá þessari skattheimtu. Það er hin rétta túlkun á aðild Sjálfstfl. að þessari skattlagningu undanfarin fimm ár. Hins vegar er það líka þannig að aðstæður í ríkisfjármálum eru erfiðar um þessar mundir og þess vegna geri ég ráð fyrir því að við mundum fallast á að þessi skattheimta yrði óbreytt í því horfi sem verið hefur, þ.e. 1,1% skatthlutfall í staðinn fyrir þá tvöföldun sem hér er gert ráð fyrir *með frv.*

Hæstv. fjmrh. á eftir að svara því hvort hann ætlar að taka í þá útréttu sáttahönd sem formaður Sjálfstfl. rétti honum hér áðan að þessu leyti til. Við værum eflaust tilbúnir til að brjóta odd af oflæti okkar og styðja þessa skattheimtu áfram, 1,1%, vegna aðstæðna í ríkisfjármálum þó að við séum andvígir þessari skattheimtu af sömu grundvallarástæðum og viðskrh. gerði hér að umtalsefni áðan.

En hvað þýðir það þegar farið er með eignarskatt eins og þennan upp í 2,2 af hundraði fasteignamats? Það þýðir ósköp einfaldlega það að ríkið gerir þessa eign sem skatturinn leggst á upptæka á 40–50 ára bili. Það þarf ekki lengri tíma, u.þ.b. 45 ár til að þessi eign verði öll komin í vasa ríkisins. Hitt er svo annað mál að menn borga væntanlega skatt sem þennan af þeim tekjum sem eignin gefur af sér og þá komum við að því hvaða áhrif þetta hafi á tekjumyndunina þar. Það er náttúrlega augljóst mál að skattur sem þessi hefur áhrif á það afnotagjald sem inna verður af hendi í einni eða annarri mynd af þeim eignum sem skatturinn leggst á, í þessu tilfelli húsaleiguna sem hefur áhrif á það hvað leigjandinn þarf að fá fyrir sína starfsemi eða sína þjónustu. Ef þetta húsnæði er hins vegar ekki í leigu heldur í notkun eigandans þá hefur þetta auðvitað áhrif á hans rekstur, það verð sem hann þarf að fá fyrir sína þjónustu o.s.frv.

Þetta hafa menn auðvitað gert hér að umtalsefni í umræðunum á undan mér og þetta hafa ráðherrarnir tekið undir vegna þess að þeir gera sér alveg grein fyrir þessu. Skattur sem þessi mun hafa áhrif á húsaleigu og vöruverð og væntanlega í mörgum *tilfellum tilfinnanleg áhrif. En þeim er alveg sama* um það því að þeir telja sig þurfa að fá þessa peninga.

Hæstv. forsrh. spurði hér að því í gær hvað menn væru með í staðinn ef þeir gagnrýndu þessa tekjuöflun og sagðist tilbúinn að hlusta á alla möguleika í því efni. En það er nú þannig með ríkisfjármálin að það er ekki bara hægt að auka tekjurnar. Það er líka hægt að lækka útgjöldin. Ef ég mætti benda hæstv. forsrh. og fjmrh. í fjarveru hans á eitt gott atriði í því efni, sem mundi spara vel fyrir þeirri hækkun sem verður á þessum skatti og reyndar mun meiru, þá mundi ég vilja benda þeim á 500 millj. kr. sem þeir ætla að leggja í þann sjóð sem manna á meðal hjá fólkinu í landinu gengur undir nafninu Stefánssjóður. Sá sjóður á að fá hvorki meira né minna en 500 millj. kr. vegna þess að ríkisstjórnin skirrist við að leiðrétta rekstrargrundvöll atvinnulífsins, en ætlar þess í stað að skattleggja almenning í landinu upp á fleiri hundruð milljónir ef ekki milljarða til þess að leggja í slíkar millifærslur. Það er auðvitað engin mynd á slíkum málflutningi þegar menn koma hér og segja: Við verðum að fá þessa peninga, hækka

hér alla tekjustofna ríkisins eins og nokkur kostur er vegna þeirrar kreppu sem er í ríkisfjármálum og eyða síðan peningunum í slíka vitleysu eins og hér er verið að tala um, millifærslur, borga niður tapið í atvinnulífinu í stað þess, eins og hv. 10. þm. Reykv. sagði, að horfast í augu við það að rekstrargrundvöllurinn er horfinn og það verður að skapa atvinnulífinu, útflutningsatvinnuvegunum nýjan grundvöll.

Hvernig væri nú að núverandi stjórnarliðar og núverandi ráðherrar byrjuðu á því að hlusta á hv. 10. þm. Reykv. fyrst hann kvartar svo mjög undan því að það hafi ekki verið gert í fyrri stjórn? Ekki sýnist mér að höfundur fastgengisstefnunnar upphaflega, hæstv. núv. forsrh., ætli að gera mikið af því núna því að það er margyfirlýst, m.a. núna síðast á flokksþingi Alþb., að það komi ekki til greina að hreyfa við genginu. En hæstv. síðasta ríkisstjórn mannaði sig upp í það oftar en einu sinni að hreyfa við genginu þó að þær aðgerðir hafi kannski ekki skilað nægilegum árangri, m.a. vegna skorts á nægilegum hliðarráðstöfunum en ekki síður vegna þess að gengi erlendra gjaldmiðla, gengi bandaríkjadollars ekki síst, hefur lækkað og máð út þær gengisbreytingar sem hæstv. síðasta ríkisstjórn beitti sér fyrir. Ég held að það væri vel til fallið hjá hv. þm. Guðmundi G. Þórarinssyni, 10. þm. Reykv., að flytja þá ræðu sem hann flutti hér áðan yfir núv. ráðherrum og ríkisstjórn og kanna, ef gerð hafa verið slík alvarleg mistök á undanförnum mánuðum og missirum, hvort þessir herrar sem núna ráða ríkjum geta ekki tekið leiðsögn hjá hv. þm. í þessum málum.

Hæstv. viðskrh. fór hér með tölur um það hvað sá skattur sem hér er til umræðu mundi skila miklum fjárhæðum í ríkissjóð umfram það sem hann hefði gert ef lög um hann hefðu staðið óbreytt. (**Forseti:** Forseti vill benda á að klukkan er nú rúmlega fjögur og þingflokksfundir hefjast um þetta leyti og vill því beina því til hv. þm. hvort hann muni geta lokið ræðu sinni innan fáeinna mínútna eða ekki.) Ég tel engar líkur á því, virðulegi forseti, að mér auðnist að ljúka máli mínu á örfáum mínútum. Ég er hins vegar fús til þess að gera hlé á ræðu minni ef óskað er eftir. (**Forseti:** Það er einmitt hinn valkosturinn og þá óska ég eftir því að við veljum þá leiðina og tökum til aftur á næsta fundi.)

Umræðu frestað.

Efnisskrá.

Aðför (111. mál, heildarlög) 1188.
Eiturefni og hættuleg efni (72. mál, eiturefnanefnd) 1251, 1252.
Endurskoðun á lánskjaravísitölu (33. mál) 1152.
Getraunir (57. mál, vinningshlutfall o.fl.) 1190, 1250, 1252.
Grunnskóli (88. mál, skólaskylda, starfstími nemenda o.fl.) 1191.
Hvalveiðistefna Íslendinga (38. mál) 1149.
Leyfi frá störfum vegna umönnunar barna (128. mál) 1241, 1253.
Nýting innlendra orkugjafa (125. mál) 1187.
Rekstrarskilyrði garðyrkju og ylræktar (114. mál) 1149.
Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði (135. mál) 1232, 1243, 1253.
Umferðarlög (98. mál, forgangur hringvegarins) 1239, 1252.
Virðisaukaskattur (134. mál, gildistaka) 1191, 1252.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Salome Þorkelsdóttir 1186.
Forseti Nd. Kjartan Jóhannsson 1239, 1243.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 1247.
Fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson 1191, 1210, 1232, 1263.
Landbrh. Steingrímur J. Sigfússon 1151.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 1189, 1190.
Viðskrh. Jón Sigurðsson 1165, 1177, 1180, 1269.
Albert Guðmundsson 1171, 1203, 1226, 1248.
Eggert Haukdal 1181.
Eiður Guðnason 1186, 1250.
Eyjólfur Konráð Jónsson 1155.
Friðrik Sophusson 1149, 1151, 1163, 1183, 1204, 1230.
Geir H. Haarde 1156, 1197, 1218, 1275.
Guðmundur Ágústsson 1188.
Guðmundur G. Þórarinsson 1152, 1172, 1185, 1264.
Halldór Blöndal 1169, 1180.
Ingi Björn Albertsson 1239.
Jón Helgason 1150, 1250.
Júlíus Sólnes 1157.
Karl Steinar Guðnason 1161.
Kristinn Pétursson 1266.
Kristín Halldórsdóttir 1209, 1241, 1268.
Matthías Á. Mathiesen 1272.
Matthías Bjarnason 1234, 1253.
Ólafur G. Einarsson 1244.
Ólafur Þ. Þórðarson 1161, 1178.
Óli Þ. Guðbjartsson 1184.
Ólöf Hildur Jónsdóttir 1187.
Páll Pétursson 1182.
Valgerður Sverrisdóttir 1251.
Þorsteinn Pálsson 1158, 1175, 1179, 1194, 1221, 1239, 1256.

Leiðrétting:

Í 5. hefti, 1091. dálki hefur aðvífandi texti slæðst inn í ræðu Guðna Ágústssonar. Rétt er ræðan svona:

Hæstv. forseti. Hv. 5. þm. Norðurl. v. Jón Sæmundur Sigurjónsson hefur kannski misskilið mína meiningu hér áðan því að ég spurði sérstaklega eftir því hvort vinir mínir í Alþfl. væru með þessari till. Ég sagði að allir alvörustjórnmálaflokkar væru þarna með nema Alþfl. og mér datt í hug hvort þarna hefði það nú gerst að Alþfl. hefði aðra skoðun í þessu máli. En nú hefur hann komið fram og lýst yfir stuðningi við till. og boðað reyndar á ný tillögu sem ég þekki gjörla og að hún verði flutt hér í þinginu. Ég vildi láta það koma fram að ég var ekki að sneiða að Alþfl. Ég harmaði aðeins að engir af þeirra myndarlegu fulltrúum voru flutningsmenn till.

SAMEINAÐ ÞING

19. fundur, mánudaginn 5. des., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Formaður þingflokks Framsfl. hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem Steingrímur Hermannsson, 3. þm. Reykn., er erlendis í opinberum erindum og getur því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér að hans beiðni að óska þess að 1. varamaður Framsfl. í Reykjaneskjördæmi, Níels Árni Lund deildarstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans."

Þetta er yður hér með tilkynnt, hæstv. forseti.

Óli Þ. Guðbjartsson,
forseti neðri deildar."

Níels Árni Lund hefur áður tekið sæti á hinu háa Alþingi á þessu kjörtímabili og er hann boðinn velkominn til starfa.

Umræður utan dagskrár.

Áfengiskaup handhafa forsetavalds.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég vil taka það fram áður en ég hef hið eiginlega mál mitt að ég hafði ekki óskað eftir sérstökum umræðum um það sem ég ætla að flytja hér þó að það sé auðvitað ekki í mínu valdi hvort það séu umræður um það eða ekki.

Það hefur mikið verið talað síðustu daga um áfengiskaup handhafa forsetavalds. Með því að ég var sem forseti sameinaðs Alþingis einn af handhöfum forsetavalds í fimm ár þykir mér hlýða að flytja þinginu svohljóðandi yfirlýsingu:

Þegar ég var forseti sameinaðs Alþingis keypti ég áfengi af Áfengisverslun ríkisins á kostnaðarverði. Mér var kunnugt um að handhafar forsetavalds hefðu þessi réttindi og svo væri í framkvæmd og enga athugasemd hefur Ríkisendurskoðun gert við mín áfengiskaup í fimm ár.

Ég leit svo á að kaup mín á áfengi á þessum kjörum fylgdu embætti mínu og gengju raunar að hluta upp í risnukostnað vegna embættis míns sem ég bar sjálfur og gerði Alþingi ekki reikning fyrir. Alþingi greiðir að sjálfsögðu allan kostnað af opinberum veislum sínum og móttöku erlendra gesta og annað þess háttar sem til fellur, en alltaf vill það henda að vel geti farið á að forseti sameinaðs Alþingis fái menn á vegum þingsins, hvort heldur innlenda eða erlenda gesti, á sitt heimili ef við verður komið og veiti þar það sem þykir við hæfi. Forsetar erlendra þjóðþinga hafa ákveðna risnu til að mæta slíkum kostnaði, auk þess sem þeir hafa ráðherralaun. Hér er um hvorugt að ræða.

Hins vegar hafa aðrir, svo sem ráðherrar í ríkisstjórn Íslands, risnu. Það er jafnsjálfsagt sem það er vandfarið með þau fríðindi. Í raun og veru eru áfengiskaup handhafa forsetavalds angi af miklu stærra máli. Það varðar stjórnsýsluna í heild og þá ekki síst ríkisstjórn landsins. Hvarvetna þarf að hafa yfirsýn til samanburðar í þessu efni og beita því aðhaldi sem sæmir góðum stjórnarháttum.

Með tilliti til atburða síðustu daga, fjölmiðlafárs hæstv. fjmrh. og glaðbeittra ummæla hæstv. forseta sameinaðs Alþingis um áfengiskaup mín vil ég bæta við nokkrum orðum.

Málefnaleg gagnrýni er af hinu góða hvar sem við verður komið, en ég er hugsandi út af því sjónarspili sem alþjóð hefur verið áhorfandi að síðustu daga vegna áfengiskaupa handhafa forsetavalds. Ég ætla ekki hér að hafa uppi gagnrýni á einstaka fréttamenn eða fjölmiðla sem mest hafa aðstoðað við að koma sýningu þessari á fjalirnar, en ég kemst ekki hjá að víkja nokkrum orðum að hæstv. forseta og hæstv. fjmrh.

Ég ætla ekki að í raun og veru geti verið ágreiningur um að handhafar forsetavalds hafi haft heimild til kaupa á áfengi á kostnaðarverði. Hins vegar getur menn greint á um hvað sé hæfilegt að nota heimildina mikið. Staðreyndin er að þessi réttur til áfengiskaupa hefur verið svo lengi sem elstu menn muna og að því er ætlað er frá fyrstu tíð þegar handhafar forsetavalds komu til.

Nú hefur Guðrún Helgadóttir, hæstv. forseti, fullyrt að handhafar forsetavalds og þar með forseti sameinaðs Alþingis hafi ekki átt neinn rétt og kaupin á áfengi á kostnaðarverði hafi verið heimildarlaus. Ég leyfi mér að mótmæla þessari fullyrðingu sem rangri og órökstuddri. Ég nota þetta tækifæri til að mótmæla þó að ummælin hafi verið við fjölmiðla en ekki viðhöfð í forsetastól, enda er það ekki hlutverk hæstv. forseta að kveða upp dóm um lögmæti þessa. Hins vegar er það rannsóknarefni hvers vegna hæstv. forseti leggur sig fram um að halla réttu máli til að reyna að ófrægja forvera sinn.

Hæstv. fjmrh. hefur vaðið fram á víðan völl í áfengiskaupamálinu þó að hann eigi stjórnskipulega enga aðild þar að. Að vísu heyrir undir hann Áfengisverslun ríkisins og sem slíkur gæti hann vandað um við starfsmenn fyrirtækisins ef ástæða hefði verið til út af þessu máli sem nú er ekki til að dreifa. Hins vegar hefur hæstv. fjmrh. ekkert að gera með handhafa forsetavalds eða nokkuð sem þeim við kemur hvort sem það eru áfengiskaup þeirra eða annað. Aðfarir hæstv. ráðherra brjóta í bág við reglur um stjórnskipun landsins og eru andstæðar allri góðri hegðun í stjórnsýslu.

Eftir að Ríkisendurskoðun var gerð óháð handhöfum framkvæmdarvaldsins þurfti að móta venjur og reglur er varðaði yfirstjórn Alþingis á stofnun-

inni. En meginatriðið var að Ríkisendurskoðun starfaði sem áður sjálfstætt og væri bundin af almennum stjórnskipunar- og stjórnsýslureglum svo sem um hlutlæga málsmeðferð. Þetta er grundvallaratriði sem ríkisendurskoðandi hefur alltaf lagt áherslu á. Yfirstjórn Alþingis yfir Ríkisendurskoðun má aldrei vera andstæð þessari grundvallarreglu. Síst af öllu má beita eftirlitsvaldi að geðþótta og handahófi til að þjóna skammtímasjónarmiðum í stjórnmálabaráttu eða leggja einstaka menn í einelti. Fylgja verður föstum almennum reglum um hvaða upplýsingar eru birtar í stað þess að láta handahóf og tilviljanir ráða. Ef þessa er ekki gætt væri eftirlitsvaldið sannarlega illa komið í höndum Alþingis. Til þess má aldrei koma en áfengiskaupamálið nú minnir okkur á skyldurnar við réttarríkið.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna ummæla fyrrv. hæstv. forseta sameinaðs þings hlýt ég að segja þetta:

Ég harma mjög orð hans í minn garð sem eru byggð á miklum misskilningi. Ég hef engin afskipti haft af þessu máli í fjölmiðlum önnur en þau að ég hef verið spurð um gildandi reglur. Því hef ég svarað og þær eru á þennan veg:

Forseti sameinaðs þings nýtur engra sérréttinda varðandi áfengisinnkaup hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Fyrir því liggur bókun ríkisstjórnarinnar frá því í október, nánar tiltekið minnir mig 14. október, 1971 þar sem þau fríðindi ráðherra og forseta Alþingis voru afnumin. Um þetta verður ekki deilt.

Það kann svo að vera túlkunaratriði hvort handhafar forsetavalds eru handhafar hver í sínum rétti. Ég tel svo ekki vera. Ég tel að þegar forseti landsins víkur sér af landi og handhafar taka við hljóti þeir allir eða enginn að koma fram fyrir hönd forseta lýðveldisins.

Ég veit ekki til þess að þess hafi nokkurn tíma gerst þörf að móttöku þyrfti að halda í nafni forsetans þar sem áfengi var haft um hönd og þess vegna tel ég að ekki hafi verið ástæða fyrir þessum innkaupum.

Þetta er skoðun mín og minn skilningur á þessum reglum og aðrar yfirlýsingar hef ég ekki gefið varðandi þetta mál.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég sé ástæðu til að þakka Ríkisendurskoðun fyrir afskipti hennar af þessu máli. Ég sé einnig ástæðu til að þakka hæstv. fjmrh. fyrir þau afskipti sem hann hefur haft. Og ég sé einnig ástæðu til að þakka hæstv. forseta sameinaðs þings fyrir hógværa yfirlýsingu sem forsetaembætti sameinaðs þings gaf til blaða varðandi þetta mál. En ég harma að hafa orðið vitni að því að fyrrv. forseti sameinaðs þings fór ekki rétt með tölur um sín áfengiskaup.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Vegna ræðu hv. alþm. Þorvalds Garðars Kristjánssonar vil ég aðeins geta þess að þegar áfengiskaup Magnúsar Thoroddsens, fyrrv. forseta Hæstaréttar, komu á dagskrá hafði hann þau ummæli að þau væru á sama veg og önnur áfengiskaup annarra handhafa forsetavalds á árum áður. Þá komu fram eindregnar óskir til mín, sérstaklega frá fulltrúum fjölmiðla, að upplýst yrði hver hefðu verið áfengiskaup handhafa forsetavalds undanfarin ár. Ég varð við þessari ósk og lét þær upplýsingar í té. Auðvitað má um það deila hvort fjmrh. hafi átt að gera það eða Ríkisendurskoðun. Það getur verið formságreiningur. Hitt tel ég ekki að eigi að vera nein launung, hver þau hafi verið, einkum og sér í lagi þegar fyrrv. forseti Hæstaréttar, Magnús Thoroddsen, hafði um það ákveðnar fullyrðingar.

Það er misskilningur hjá hv. þm. Þorvaldi Garðari Kristjánssyni að þetta hafi verið gert í pólitísku skyni. Og ég veit það að ef hann hugleiðir það mál vel sér hann að það eru lítt ástæður til þess af minni hálfu að hafa haldið þannig á þessu máli. Ef hv. alþm. kjósa hins vegar að upplýsingar af þessu tagi fari alfarið á opinberan vettvang frá Ríkisendurskoðun hef ég ekkert við það sjónarmið að athuga og mun beita mér fyrir því. En ef krafan er að upplýsingar séu ekki látnar í té verð ég að lýsa því yfir að ég er ekki sammála því og taldi skyldu mína að verða við þeim óskum sem til mín bárust um það efni.

Geir H. Haarde:

Virðulegur forseti. Fyrst umræður eru hafnar um þetta mál hér langar mig til að vekja athygli á einni hlið þessa máls sem mér finnst skipta verulegu máli en hefur ekki komið nægjanlega fram. Það er með hvaða hætti upplýsingar um þessi efni hafa verið birtar, með hvaða hætti menn hafa látið frá sér fara upplýsingar um trúnaðarmál.

Það vill þannig til, virðulegi forseti, að alþjóð hefur tvívegis orðið vitni að því á undanförnum vikum að á æðstu stöðum þjóðfélagsins hafa menn ekki virt trúnað um viðkvæm mál heldur látið fréttir af þeim berast nafnlaust með óviðurkvæmilegum hætti til fjölmiðla.

Hér er annars vegar um að ræða upplýsingar um bréf sérstaks ríkissaksóknara í svonefndu Hafskipsmáli til forseta Ed. Alþingis þar sem þess var farið á leit að tiltekinn alþm. yrði sviptur þinghelgi. Frétt birtist í sjónvarpi um bréf þetta án þess að heimilda væri getið áður en réttum aðilum var formlega greint frá tilvist þessa bréfs.

Í þessu máli, sem hér var fitjað upp á, er um að ræða upplýsingar um áfengiskaup forseta Hæstaréttar sem ríkisendurskoðandi kom á framfæri til forseta Sþ., en um það mál birtist einnig sjónvarpsfrétt sem ekki var höfð eftir nafngreindum heimildarmanni áður en málið var rætt við viðkomandi aðila.

Mér dettur ekki í hug að gera lítið úr nauðsyn þess

að mál sem þessi fái eðlilega umfjöllun í fjölmiðlum. Fréttaflutning um trúnaðarupplýsingar sem þessar verður hins vegar að bera að með eðlilegum hætti og þeir ráðamenn sem veita fjölmiðlum slíkar upplýsingar eiga að gera það undir fullu nafni en ekki að skýla sér á bak við nafnleynd þá sem tíðkast hefur í æ ríkari mæli í fjölmiðlun á Íslandi.

Ég tel að í þessum tveimur málum hafi orðið mjög alvarlegur trúnaðarbrestur á æðstu stöðum. Ég tel óhjákvæmilegt að stjórnvöld og forsetar þingsins geri hreint fyrir sínum dyrum svo að unnt verði að treysta því framvegis að eðlilegs trúnaðar verði gætt við meðferð upplýsinga af þeim toga sem hér er um að ræða.

En ég vil endurtaka að ég er ekki að tala um að mál sem þessi eigi ekki að ræða á opinberum vettvangi heldur aðeins að þeir trúnaðarmenn íslenska ríkisins sem fara með þessar upplýsingar og vilja koma þeim á framfæri geri það undir fullu nafni, en ekki með þeim óviðurkvæmilega hætti, sem ég vil kalla og sem við höfum orðið vitni að í þessum málum tveimur.

Mér er kunnugt um það sem yfirskoðunarmaður ríkisreiknings með hvaða hætti ríkisendurskoðandi kom upplýsingum um það mál sem hér er til umræðu á framfæri. Mér er kunnugt um hvaða einstaklingar það voru og trúnaðarmenn þingsins og ríkisstjórnar sem vissu um þetta mál og ég hef ákveðnar grunsemdir um hver það var sem kom þessu máli með þessum óviðurkvæmilega hætti á framfæri.

Ég beini því til stjórnar þingsins og forseta þess að þeir grennslist fyrir um uppruna þessara upplýsinga, með hvaða hætti þeim er lekið til fjölmiðla og sjái til þess í framtíðinni að slíkt endurtaki sig ekki og þingið tapi ekki trúnaði og trausti almennings af þeim sökum.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég sagði að það væri ekki ætlun mín að efna til almennra umræðna um þetta mál hér nú. Ég mun halda við þann ásetning minn og ekki fara að minnast á ýmis atriði sem hér hafa komið fram og gæti verið ástæða til þess að ræða frekar.

Ég vil aðeins segja það við hæstv. forseta að ég hef þá trú að hæstv. forseti komist að hinu sanna í þessu máli áður en lýkur og það þurfi aðeins að gæta þess að ekki ríki neinn misskilningur í þessu.

Hæstv. forseti vitnaði til ákvörðunar ríkisstjórnar frá 1971. Það vill svo til að ég er með blað um það efni og formálann fyrir því sem samþykkt var. Þar eru tíundaðar þær reglur sem þá giltu um áfengiskaup á kostnaðarverði og taldir upp allir aðilar, fyrst forseti Íslands, síðan handhafar forsetavalds o.s.frv. Það eru gerðar breytingar á þessum reglum nema um forseta Íslands og handhafa forsetavalds.

Hæstv. fjmrh. lét liggja að því, en það var kannski misskilningur, að ég héldi fram að það ætti að ríkja launung á slíkum málum sem þessu og almenning varða. Það er misskilningur. Ég tók skýrt fram að það sem ég legði áherslu á væri að það yrði starfað þannig að það væru hafðar í huga almennar stjórnskipunar- og stjórnsýslureglur, svo sem um hlutlæga meðferð. Og ég sagði: Fylgja verður föstum almennum reglum um hvaða upplýsingar yrðu birtar í stað þess að láta handahóf og tilviljanir ráða.

Hv. 2. þm. Vestf. var með dylgjur um það og harmaði það að ég hefði skýrt rangt frá áfengiskaupum mínum. Sárt bítur soltin lús. Hann mun eiga við viðtal sem ég átti við Sjónvarpið þar sem ég var spurður um áfengiskaup mín og þar nefndi ég tölurnar 100–200 flöskur. Það mun hafa misskilist þannig, og ég vil ekki fría mig neinni ábyrgð af því, hef sjálfsagt ekki talað nógu greinilega, að þetta var talið að væru áfengiskaup á hverju ári í fimm ár. En það sem ég meinti eða ætlaði að segja var að þetta hefði verið magnið í hvert sinn sem ég hefði gert kaup. Þegar ég tók eftir því að þarna hafði verið um misskilning að ræða bað ég Sjónvarpið, sem hafði birt þessi ummæli, að leiðrétta þetta skýrt og greinilega og það var gert. Ég hef að sjálfsögðu engu að leyna í þessu efni.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Seint hef ég uppi deilur við hv. 4. þm. Vestf. um hve sárt soltin lús bíti því vafalaust veit hann allt betur um það mál en ég. Hitt er svo annað mál að ég hlustaði á hans ummæli. Þau var ekki hægt að misskilja á nokkurn hátt og ég misskildi þau ekki. Hann verður svo að meta það sjálfur við sína samvisku hvort hann telur að hann hafi skýrt rétt frá.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Það er raunar svo augljóst hvað ég þarf að segja núna, að ég vil aðeins endurtaka það, sem ég sagði áðan, að það hefðu verið mistök, sem hafa sjálfsagt verið mér að kenna, að það var hægt að misskilja viðtal mitt í Sjónvarpinu. Ég sagði að þegar ég hefði komist að þessu hefði ég gert ráðstafanir til þess að þetta væri leiðrétt og það var leiðrétt. Ég læt mér nægja að segja hv. 2. þm. Vestf. þetta tvisvar. Hann má svo eiga sitt álit í þessu efni.

Bætt samkeppnisstaða innlends skipaiðnaðar, fyrri umr.

Þáltill. StG, 37. mál. — Þskj. 39.

Flm. (Stefán Guðmundsson):

Hæstv. forseti. Ég tala hér fyrir till. til þál. á þskj. 39 um bætta samkeppnisstöðu innlends skipaiðnaðar, en tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að tryggja að allra leiða verði leitað til að efla og bæta samkeppnisstöðu innlends skipaiðnaðar og sporna

við því að skipaiðnaðarverkefni fari úr landi. Ríkisstjórnin tryggi að útvegsmenn og opinberir sjóðir semji ekki um nýsmíði skipa eða viðhaldsverkefni erlendis án undangengins útboðs þar sem innlendir aðilar keppi á jafnréttisgrundvelli við erlendan skipaiðnað, m.a. varðandi meðhöndlun tilboða og fjármagnsfyrirgreiðslu. Tilboðin verði metin á viðskiptalegum grundvelli áður en lánveitingar eru ákveðnar. Gerðar verði staðlaðar reglur um útboð, veðskilmála og tilboð í skipaiðnaðarverkefni. Ríkisstjórnin beiti sér fyrir því að bankarnir veiti sambærilegar ábyrgðir vegna skipaiðnaðarverkefna innan lands og veittar eru þegar verkefnin eru unnin erlendis."

Í grg. með till. segir svo m.a.:

„Íslendingum ber öðrum þjóðum fremur nauðsyn til að eiga góðan skipastól. Ein af forsendum fyrir þróttmikilli útgerð er öflugur skipaiðnaður. Líkt og aðrar atvinnugreinar á Íslandi, sem eiga í alþjóðlegri samkeppni, stendur innlendur skipaiðnaður nú höllum fæti. Valda þar mestu hinar miklu kostnaðarhækkanir sem orðið hafa hér á landi umfram hækkanir hjá samkeppnisþjóðunum. Til að tryggja aukna framleiðni og betri þjónustu innlends skipaiðnaðar þurfa að koma til aukin og stöðug verkefni.

Á meðfylgjandi yfirliti frá Þjóðhagsstofnun um fjárfestingu í fiskiskipum árin 1986 og 1987 kemur fram að hlutur innlends skipaiðnaðar hefur farið minnkandi."

Á árinu 1986 eru erlendar framkvæmdir í þessum efnum 1 milljarður 226 millj. kr., en árið 1987 er þetta komið upp í hvorki meira né minna en 2 milljarða 679 millj. kr. En innlendar framkvæmdir eru árið 1986 1 milljarður 422 millj. og árið 1987 1 milljarður 421 millj. kr. þannig að greinilega má sjá á þessum tölum hvert stefnir og ég er nokkurn veginn sannfærður um að enn hefur sigið á ógæfuhliðina.

„Í svari fyrrv. iðnrh. við fsp. hér á þinginu sl. vetur kom fram að Fiskveiðasjóður hefur á árinu 1987 veitt lán til smíði á 20 skipum erlendis fyrir íslenska aðila samtals að upphæð 1 milljarður 680 millj. kr. Heildarverðmæti þeirra skipa er áætlað um 2 milljarðar 960 millj. kr. Jafnframt kom fram hjá iðnrh. að samkvæmt upplýsingum Siglingamálastofnunar ríkisins voru 16 þilfarsbátar í smíðum í íslenskum skipasmíðastöðvum. Þar af voru 14 bátar 10 tonn eða minni. Auk þess voru 63 opnir bátar í smíðum innan lands 10 tonna og minni. Til viðbótar þessu er ein skipasmíðastöð innlend að hefja smíði á tveimur 220 tonna fiskiskipum.

Að undanförnu hefur borið á því að fiskiskip séu send utan til viðgerða og breytinga án undangenginna útboða innan lands. Þetta hefur aukist eftir að heimild var gefin til beinnar erlendrar lántöku. Meðan samþykki langlánanefndar þurfti til erlendrar lántöku var það jafnan haft til hliðsjónar að verk væru formlega boðin út innan lands og lán Fiskveiðasjóðs háð því skilyrði.

Samtök skipaiðnaðarins hafa lagt áherslu á að stjórnvöld komi því til leiðar að áður en lán eru veitt úr opinberum sjóðum eða leyfi veitt til erlendrar lántöku til endurbóta eða meiri háttar viðgerða á skipum erlendis verði verk formlega boðin út innan lands. Nýsmíðaverkefni eru sjaldnast boðin út, en eðlilegt þykir að slíkt verði gert. Það er orðið tímabært að langlánanefnd og Fiskveiðasjóður geri hliðstæðar kröfur um útboð og verðsamanburð vegna nýsmíði og lengst af hafa gilt um endurbætur og viðgerðir. Flm. tekur undir með samtökunum um að eðlilegt sé að láta á það reyna hvort innlend fyrirtæki þurfi verkefnanna við og hvort þau geti leyst þau af hendi á jafnhagkvæman hátt eða hagkvæmari en erlend fyrirtæki.

Með þessari þáltill. er því beint til stjórnvalda að þau geri nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að íslenskur skipaiðnaður geti keppt á jafnréttisgrundvelli við þær þjóðir sem í æ ríkari mæli taka að sér íslensk skipaiðnaðarverkefni og skapa fjölda manns atvinnu. Því hefur raunar margoft verið lýst yfir af hálfu stjórnvalda að brýnt væri að grípa til aðgerða og vel verið tekið í tillögur samtaka skipaiðnaðarins í þessum efnum."

Þannig hljóðar grg. þessarar þáltill.

Hæstv. *forseti.* Samband málm- og skipasmiðja hefur eðlilega unnið mikið að þessum málum og reynt að kryfja þau þannig að sem þægilegast verði að greina vandann. Þann 24. júní 1986 skrifaði Samband málm- og skipasmiðja þáv. ríkisstjórn bréf og gerði ítarlega grein fyrir þeim hugmyndum sínum á hvern hátt mætti sporna gegn því að skipaiðnaðarverkefni fari úr landi í svo ríkum mæli. Þáv. ríkisstjórn fjallaði um þetta mál á fundi sínum um mánaðamótin ágúst/september árið 1986 og gerði svofellda samþykkt:

„Opinberum sjóðum verði tilkynntur sá vilji ríkisstjórnarinnar að leita skuli tilboða innan lands um endurbætur og viðhald fiskiskipa og samanburður gerður á slíkum tilboðum og erlendum og þau metin á viðskiptalegum grundvelli áður en lánveitingar eru ákveðnar. Lögð verði áhersla á það við viðskiptabankana að bankaábyrgðir vegna skipaiðnaðarverkefna innan lands verði sambærilegar og þær sem veittar eru þegar verkefni eru unnin erlendis.

Ríkisstjórnin samþykkir að gera ráð fyrir lántökuheimild til Byggðasjóðs eins og verið hefur undanfarin tvö ár þannig að sjóðurinn geti veitt viðbótarlán vegna viðgerðarverkefna hér á landi svo að lánin verði allt að 80% af kostnaðarverði. Þess verði farið á leit við Iðnlánasjóð að hann veiti skipaiðnaðinum samkeppnislán til þess að mæta sérstökum undirboðstilboðum eða niðurgreiðslum frá erlendum skipasmíðastöðvum."

Undir þetta ritar þáv. forsrh. Steingrímur Hermannsson.

Sjávarútveginum er það lífsnauðsyn að íslenskur skipaiðnaður sé sem öflugastur. Svo augljóst er það mál að á það þarf ekki að eyða orðum. Í dag er það svo að langstærsti hluti innlends skipaiðnaðar er í viðgerðarverkefnum, breytingum skipa, svo og

hefðbundinni klössun flotans. Viðverðarverkefnin eru mjög árstíðabundin og þannig hefur það þróast að langstærstur hluti þessara verkefna fer fram á tímabilinu maí til október. Af þessu hlýst mikið óhagræði, ekki bara af því að manna þessi fyrirtæki svo hægt sé að sinna þessum verkefnum á jafnskömmum tíma og þörf er á heldur og ekki síður er óhagræðið fyrir útgerðina að þurfa að taka skip úr rekstri á þeim árstíma þegar útgerðarkostnaður er hvað lægstur. Af þessum sökum verður nýtingartími stöðvanna mjög óhagstæður sem þýðir aftur að stöðvarnar þurfa að ná inn mjög miklum hluta heildartekna sinna á allt of skömmum tíma sem hlýtur aftur að leiða af sér hærra verð til verkkaupa.

Hér kemur það vitaskuld til m.a. hvað við erum í þessu efni háð veðurfari. Í mínum huga er það nokkuð ljóst að íslenskar skipasmíðastöðvar munu um nokkurt skeið þurfa í vaxandi mæli að byggja afkomu sína á viðgerðar- og þjónustuverkefnum fyrst og fremst. Því er þeim nauðsynlegt að búa sig þar betur í stakk.

Þá aðstöðu sem nú er fyrir hendi þarf víða að bæta, m.a vinnuaðstöðu starfsfólks. Þá hljótum við að verða að koma upp þeirri aðstöðu að geta unnið að viðgerðum flotans allan ársins hring og það undir þaki ef því er að skipta. Hér er ekki verið að tala um þær nýfjárfestingar sem okkur er ofviða að ráðast í. Þegar svo verður komið mun nýtingartími stöðvanna stórlega aukast og margvísleg hagkvæmni önnur fylgja í kjölfarið.

Ég trúi því að ef skynsamlega verður að þessum málum staðið séu möguleikar okkar umtalsverðir í þessari atvinnugrein. Ekki bara að þjónusta eigin flota heldur mun sú þekking og það hugvit sem við búum yfir verða til þess að aðrar þjóðir munu kjósa að nýta sér þá kosti alla.

Hér er mál sem atvinnugreinin sjálf verður að taka til umfjöllunar og leita skynsamlegra leiða til lausna, en þá verða íslenskir útvegsmenn og ríkisvaldið að skilja að sjávarútvegur á Íslandi verður ekki rekinn án þessarar atvinnustarfsemi og haga gjörðum sínum með tilliti til þess.

Það er óhætt að fullyrða að samtök málmiðnaðarins hafa barist fyrir þeim breytingum sem þáltill. kveður á um og vænta þess að alþm. allir sjái þá vá sem hér er rætt um og geri allt sem hægt er til að tryggja framgang þessarar till.

Við stöndum nú frammi fyrir því að fjöldauppsagnir starfsfólks í þessari atvinnugrein eru ekki spádómar einir heldur er nú svo komið að hér er um ískaldan raunveruleikann að ræða.

Getur það virkilega gerst í dag að menn fljóti sofandi að þeim feigðarósi sem svo margir hafa farist í?

Eins og atvinnuhorfur eru nú ætti hverjum sjáandi manni að vera það ljóst að þá öfugþróun sem viðgengist hefur með útflutningi verkefna, atvinnutækifæra og tækniþekkingar úr þessari atvinnugrein, sem nemur milljörðum króna á ári, verður að stöðva og það nú þegar.

Þeim aðilum sem komu í veg fyrir að takast mætti að framfylgja markaðri stefnu í þessum málum verður einfaldlega að gera ljóst að erlendir hagsmunir verða í þessum efnum að víkja fyrir íslenskum. Það er ekkert sem heitir. Við óbreytt ástand verður ekki unað lengur. Það verður mönnum að vera ljóst.

Íslenskum iðnaði hefur því miður ekki verið sinnt sem skyldi. Hann hefur m.a. mátt þola samkeppni við nánast óheftan niðurgreiddan erlendan iðnað allt of lengi og í allt of ríkum mæli. Hillingar hafa villt mörgum sýn í þessum efnum. Allt of margir sjá möguleika okkar stærsta í einhverju öðru en því sem við þekkjum og kunnum betur en flestir aðrir. Þess vegna m.a. er nú svo illa komið.

Hver getur svarað því hversu miklir fjármunir og það í dýrmætum erlendum gjaldeyri hafa verið greiddir erlendum fyrirtækjum vegna þess að innlendum aðilum hafði ekki verið gefið sjálfsagt og eðlilegt tækifæri að leggja fram tilboð í umrædd verk?

En eru íslenskar skipasmíðastöðvar og okkar ágætu íslensku iðnaðarmenn samkeppnishæfir við erlenda aðila? kynni nú einhver að spyrja. Ég þori að segja það hér úr þessum ræðustól að þrátt fyrir hvernig búið er að þessari atvinnustarfsemi og það að helstu erlendu samkeppnisaðilar okkar njóta stórkostlegra ríkisstyrkja til að treysta samkeppnisaðstöðu sína erum við fyllilega samkeppnishæfir bæði hvað varðar verð og gæði. Um þetta eru til nægar upplýsingar. Ég veit t.d. um nýlegt dæmi þess að leitað var verðtilboða í viðgerðarverkefni bæði hér heima og erlendis. Niðurstaðan varð sú að íslensku tilboðin voru helmingi lægri en erlendu tilboðin. Ég endurtek: Þau voru helmingi lægri.

Mörg dæmi eru um að erlendar skipasmíðastöðvar hafi lækkað áður upp gefin tilboðsverð vegna þess að íslensk fyrirtæki buðu hagstæðar. Það eru vitaskuld alveg fráleit vinnubrögð, eins og dæmi eru um, að endursemja um verk og jafnvel um meiri háttar frávik án þess að bjóðendur allir hafi haft sama tækifæri. Vinnubrögð sem þessi eru allt of tíð, fyrir neðan allar hellur og ekki sæmandi að vera með slíka eftirmála sem standast raunverulega ekki lágmarkskröfur um eðlilega viðskiptahætti.

Hvernig má vera að lánastofnanir og opinberir sjóðir skuli ekki beita sér af meiri ábyrgð í þessu máli þannig að ætíð skuli liggja fyrir hvar hagstæðast sé að gera þau viðskipti sem um ræðir? Ekki skortir þessar stofnanir hagdeildir né lögfræðideildir. Nei, þær skortir hins vegar skilninginn.

Svo dæmalaust er þetta mál að bankastofnanir veita þeim sem flytja úr landi verkefni, atvinnu og tækniþekkingu í jafnstórum stíl og hér um ræðir nánast sjálfkrafa bankaábyrgðir á verkum á meðan íslenskum atvinnufyrirtækjum er synjað um hliðstæða fyrirgreiðslu. Er nema von að mönnum ofbjóði skilningsleysið?

Hæstv. forseti. Mín lokaorð eru þessi: Íslenskur iðnaður og iðnaðarmenn eru hér ekki að biðja um

sérréttindi. Hér er beðið um jafnrétti, jafnrétti gagnvart erlendum aðilum. Um það snýst þetta mál. Við getum ekki staðið álengdar aðgerðarlaus og fylgst með því að heil atvinnugrein sé nánast rústuð eins og hér sýnist stefna í ef heldur fram sem horfir. Ábyrgð okkar þingmanna er meiri en svo. Ég skora á núv. ríkisstjórn að bregða við þegar í stað og láta frá sér fara hliðstætt bréf og ég vitnaði til fyrr í máli mínu og sjá til þess að eftir því verði farið. Ríkisstjórninni væri ekki aðeins sómi að slíku heldur væri íslenskum hagsmunum á þann hátt best borgið.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna þeirrar utandagskrárumræðu um vanda sjávarútvegsins sem um hefur verið beðið hefur forseti ákveðið að gera hlé á þeirri umræðu sem hér var hafin um 8. dagskrármálið og halda henni áfram síðar. Það er ljóst að hér verður fram haldið fundi í kvöld vegna mikils álags í Sþ. og ef enginn mótmælir því hefst nú að lokinni umræðu um þingsköp sú umræða sem þrír stjórnarandstöðuflokkarnir hafa beðið um.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér hefur verið á dagskrá er eitt af þýðingarmeiri málum sem varða íslenskan sjávarútveg, þ.e. staða skipasmíðaiðnaðar í landinu. Það er ekkert launungarmál að það var ætlunin að þetta mál yrði á dagskrá fyrir viku síðan. Það hafði verið undirbúið með þeim hætti að fjölmargir málmiðnaðarmenn héðan af Reykjavíkursvæðinu höfðu hug á að fá að fylgjast með þessari umræðu en fóru hingað erindisleysu fyrir viku þar sem málið komst ekki á dagskrá. Nú er sú staða komin upp á nýjan leik að á þingpöllunum eru mjög margir málmiðnaðarmenn af Reykjavíkursvæðinu sem höfðu haft hug á því að fá að fylgjast með umræðum um þetta mál. Því harma ég það, virðulegi forseti, að þetta mál skuli tekið út af dagskrá þó að ég viðurkenni fúslega að það mál sem nú fer á dagskrá, staða íslensks sjávarútvegs, er ekki síður mikilvægt. En gagnvart þeim gestum okkar sem sitja á þingpöllum og ætluðu að fylgjast með þessu máli væri æskilegt að fá að vita hvenær framhaldsumræðan fer fram.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna orða hv. 7. þm. Reykn. verður forseti að lýsa því yfir að nú skilur hann ekki alveg verklag þingsins eða til hvers er ætlast af forseta. Sjálfur er hann formaður þingflokks eins stjórnarandstöðuþingflokksins sem beðið hefur um umræðu utan dagskrár. Forseti hefur orðið við því þrátt fyrir miklar annir þingsins. Ég hlýt því að spyrja: Er hægt að ætlast til þess að forseti sameinaðs Alþingis miði verklag þingsins við það hvort ákveðnir hópar úti í þjóðfélaginu vilja fylgjast hér með umræðum? Til þess hef ég gert tilraun með því að hér hefur verið gefin út verkáætlun þingsins. Hv. þm. hafa síðan beðið um hverja utandagskrárumræðuna á fætur annarri og vilji þingmenn hafa áheyrendur eða að fólk úti í þjóðfélaginu vill fylgjast með umræðu, þá er eina leiðin til þess að forseti geti haldið þeirri dagskrá sem boðuð hefur verið. Ég mun því reyna að lokinni þessari umræðu um þingsköp að standa við það sem ég hef sagt, að umræða utan dagskrár fer fram að beiðni m.a. hv. 7. þm. Reykn. og frá því verður ekki vikið nema þingheimur mótmæli því.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég skil mætavel að hæstv. forseti hafi leyft hér umræður utan dagskrár um málefni sjávarútvegsins, sem auðvitað er nátengt því máli sem hérna átti að vera fyrst á dagskránni, og tel að það þurfi að sjálfsögðu að ræða það mál eftir það sem síðast hefur gerst í þeim málaflokki, en ég harma það að hæstv. forseti skuli hafa leyft flm. endurfluttrar till. að koma í pontu og flytja ræðu. Þetta mál var ekki brýnt. Þetta mál kom upp í fyrra og það gat vel beðið. Ég ber fulla virðingu fyrir þeim sem standa á þingpöllum, en það er lágmark að aðrir fái að segja sitt álit á þessu máli, ekki síst þeir sem hafa unnið að þessum málum að undanförnu. Og ég harma að það skuli hafa gerst hér í dag að stjórnarþingmanni er hleypt upp í pontu, látinn tala fyrir þessari endurfluttu þáltill., sem er hrein árás á hæstv. sjútvrh., og síðan á að slíta þessa umræðu í sundur. Ég er næstur á mælendaskrá í þessari umræðu og mér þykir það fjári hart, svo ekki sé nú fastar að orði kveðið, ef það á að gilda hér að aðeins einn maður úr stjórnarliðinu megi fá að tala í þessu máli og síðan eigi að taka málið út af dagskrá vegna annarrar umræðu. Þá hefði verið þrifalegra, hæstv. forseti, að byrja í upphafi á utandagskrárumræðunni. Þá hefði enginn getað kvartað neitt í þessum þingsal.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill upplýsa að vegna eindreginnar beiðni hv. 3. þm. Norðurl. v. og með tilliti til þeirra tilheyrenda sem hann átti von á varð forseti við því að hann fengi orðið í upphafi fundar. Það er ákaflega erfitt að gera öllum til hæfis, en forseti vill leitast við í lengstu lög að sýna liðlegheit þegar um er beðið. En það er erfitt mörgum herrum að þjóna. Ég hef einungis ákveðið að fresta þessari umræðu, hún fer fram síðar í dag, þannig að ég held að það sé engin hætta á öðru en að hv. 1. þm. Reykv. komi sínu máli að.

Friðrik Sophusson:

Hæstv. forseti. Það hefur verið upplýst af hæstv. forseta að það er hægt fyrir hv. stjórnarþingmann að koma með beiðni um að mál sé tekið fyrir. Hann fái einn að tala vegna þess að hann hafi áheyrendur á þingpöllum. Ég held vegna jafnræðisreglunnar, hæstv. forseti, að forseti hljóti, a.m.k. næst þegar slík ákvörðun er tekin, að verða að átta sig á því að það kann að vera að það þurfi að gefa fulltrúum annarra flokka en stjórnarflokkanna tækifæri til þess

að ræða þetta mál og það í viðurvist áheyrenda á pöllunum og mun ekki af veita. Þess vegna sagði ég áðan að ég harma þann úrskurð forseta að láta slíta þessa umræðu í sundur með þessum hætti. Gagnrýni mín beinist að því að byrja ekki umræðu um till. hv. þm. Stefáns Guðmundssonar síðar þannig að við gætum klárað það mál sem allir eru sammála um að er mjög brýnt og varðar sjávarútveginn og síðan sé mál hv. þm. Stefáns Guðmundssonar tekið í heilu lagi. Auðvitað þurfa áheyrendur á þingpöllum og þjóðin að fá að fylgjast með þessum umræðum um skipasmíðastöðvarnar og skipasmíðaiðnaðinn í heilu lagi. Á þessu byggðist mín gagnrýni. Það hefur hins vegar komið fram í þessum umræðum hvers vegna hæstv. forseti gerði þetta. Það var vegna þess að það voru eindregin tilmæli eins stjórnarþingmannsins sem einn vildi fá að ná eyrum manna sem standa hér á þingpöllum.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill upplýsa að hv. 3. þm. Norðurl. v. hafði engin áhrif á það hvort þessi umræða færi fram í heilu lagi eða hvort hún yrði sundur slitin. (**FrS:** Þess vitlausari er úrskurður forseta.) Það var ákvörðun forseta til þess að sýna stjórnarandstöðunni viðlíka tillitsemi og stjórnarþingmönnum. Það er því alrangt að hér hafi verið gerður munur á stjórn og stjórnarandstöðu. Forseti telur ekki neinn vafa á því að þeir áhugamenn um skipasmíðar sem hér eru komnir muni vel geta hugsað sér að hlýða hér á umræður um vanda sjávarútvegsins þar sem þessi mál eru svo nátengd. (**FrS:** Af hverju var þá ekki byrjað á því máli?) Ég hygg þess vegna að allir geti komið fram sínu máli hér í dag.

Flm. (Stefán Guðmundsson):

Já, forseti. Það er rétt að það komi fram að þegar þetta mál átti að vera á dagskrá í síðustu viku reiknuðum við með því og það var ætlan manna að þetta mál gæti verið á dagskrá að mig minnir kl. hálfþrjú. Það er rétt að fjöldi aðila hafði haft samband við mig og aðra þingmenn um það hvenær þetta mál yrði á dagskrá til þess að fá að fylgjast með umræðu hér. Það eru þessir heiðursmenn sem sitja hér uppi og hafa lagt niður vinnu til að fá að fylgjast með umræðum í hinu háa Alþingi um það hvern hug menn bera til þeirrar atvinnustarfsemi sem þeir hafa framfæri sitt af.

Það er rétt, sem kom fram hjá fyrrv. iðnrh., að ég ætlaði fyrst og fremst í máli mínu, og gerði það, að tala til fyrrv. ráðherra og núv. ráðherra einnig. Þegar ég talaði við forseta í morgun um þetta mál skildi ég það svo: Eftir að ég hafði heyrt það í útvarpi að hér ætti að fara fram utandagskrárumræða gekk ég á fund forseta og ræddi við hann um hvernig með þetta mál yrði farið. Forseti sagði mér þá að þetta mál yrði fyrst á dagskrá og ég var í þeirri góðu trú þá að málið yrði á dagskrá í heild, utandagskrárumræðan færi þess vegna fram að þessari umræðu lokinni. Ég vona þá að hv. 1. þm. Reykv. hafi fengið það inn í höfuðið sem hann þarf að fá.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill ítreka að verkstjórn í þinginu mun ekki stjórnast af því hverjir áhugahópar eru komnir hingað í húsið til að hlýða á umræður. Slíkt væri gjörsamlega ógerlegt með allri virðingu fyrir því að auðvitað reynir fólk að fylgjast með umræðum hér. En forseti getur ekki stjórnað þinginu eftir því. Það hljóta hv. þm. að skilja.

Umræðu frestað.

Umræða utan dagskrár.

Vandi sjávarútvegsins.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Stjórnarandstöðuflokkarnir hafa óskað eftir því að hér færi fram umræða utan dagskrár um vanda sjávarútvegsins. Ég þakka forseta og hæstv. sjútvrh. fyrir að ljá máls á því að taka þátt í þessari umræðu hér í dag.

Það fer ekki milli mála og hefur verið ljóst um alllangt skeið að íslenskur sjávarútvegur hefur búið við mikinn vanda sem er erfiður úrlausnar. Hann er af margþættum toga spunninn og við honum eru engar einfaldar lausnir. En mál eru sannarlega kominn í þann farveg að lengur verður ekki beðið með aðgerðir, lengur verður ekki við það unað að biðleikir einir séu leiknir. Afkoma íslensku þjóðarinnar er sannarlega undir því komin að rekstur sjávarútvegsins gangi skaplega og því er nauðsyn á því að hér fari fram umræða um þessi efni og hæstv. ríkisstjórn geri grein fyrir nauðsynlegum aðgerðum til úrbóta í rekstri sjávarútvegsins.

Það er að sönnu mikilvægt mál sem tekið var á dagskrá fyrr á þessum fundi, en það má öllum vera ljóst að skipasmíðaiðnaður á Íslandi á allt undir því að rekstur sjávarútvegsins gangi og það er haldlítið að flytja hér tillögur eða langt mál um nauðsyn aðgerða til að styrkja skipasmíðaiðnaðinn ef ekki hafa áður verið teknar ákvarðanir sem tryggja rekstur sjávarútvegsins, útgerðar og fiskvinnslu í landinu.

Þessi vandi er ekki nýr af nálinni og orsakir hans eru margþættar. Á þessu ári hafa í tvígang verið gerðar ráðstafanir til að mæta vandanum fyrst og fremst vegna breyttra ytri ástæðna. Í septembermánuði varð hins vegar svo alvarlegur ágreiningur um nauðsynlegar aðgerðir að þáverandi ríkisstjórn þurfti að slíta samvistum og mynduð var ný ríkisstjórn. Það hefur verið upplýst hér á hinu háa Alþingi af talsmönnum stjórnarflokkanna að hún hafi ekki gert aðgerðir í þágu sjávarútvegsins heldur leikið í því efni „biðleik" eins og það var orðað. Um

þetta varð ágreiningur í september. Það var ágreiningur um þetta sem leiddi til stjórnarslita.

Í sumar sem leið gengu yfirlýsingar manna þó á þann veg að ekki fór milli mála að bæði Sjálfstfl. og Framsfl. töldu að lengur yrði ekki dregið að gera raunverulegar ráðstafanir en til loka ágústmánaðar eða byrjunar septembermánaðar, en nú situr Framsfl. í forustu fyrir nýrri ríkisstjórn sem leikið hefur einvörðungu biðleiki í þessu efni eins og hv. 10. þm. Reykv. hefur lýst aðgerðum stjórnarinnar.

Nýlega hafa verið birtar nýjar tölur um afkomu í sjávarútvegi, bæði frá Þjóðhagsstofnun og endurskoðendum sjávarútvegsfyrirtækja. Þessar tölur sýna að vandi sjávarútvegsins er miklum mun meiri en talsmenn núverandi ríkisstjórnar töldu eftir að þeir höfðu kynnt þær aðgerðir sem nú eru kallaðar biðleikur, en þá var talið, eftir að biðleiknum var leikið, að botnfiskveiðar og vinnsla væru reknar með 1% halla, veiðarnar með 3% halla, frystingin með ½% hagnaði og söltun með 3% hagnaði. Þess er þó að geta að inni í þessum tölum er framlag ríkissjóðs í Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins eins og hæstv. sjútvrh. hefur skilgreint þá ráðstöfun.

Nú gerir Þjóðhagsstofnun hins vegar ráð fyrir því að botnfiskveiðar og vinnsla í heild séu reknar með 4–5% tapi, veiðarnar með 4–5% tapi, frystingin með 4–5% tapi og söltunin með 2% hagnaði. Tölur sem samtök atvinnufyrirtækjanna sjálf og endurskoðendur hafa gefið út benda til meiri taprekstur. Það er út af fyrir sig ekki nýtt af nálinni að mismunur hafi verið á milli talna um afkomu í sjávarútvegi frá Þjóðhagsstofnun og hins vegar forustumönnum samtaka í sjávarútvegi. Sá mismunur skiptir ekki höfuðmáli í þessu efni. Aðalatriðið er að það er ljóst að hallarekstur í sjávarútvegi í heild er nú svo mikill að ekki verður við unað.

Það hefur komið fram í skjölum Þjóðhagsstofnunar að sá mismunur sem er á afkomutölum frá því að biðleikur núv. ríkisstjórnar var kynntur og þar til nýjar tölur voru birtar fyrir nokkrum dögum eigi fyrst og fremst rætur að rekja til þess að í biðleiknum var áformuð lækkun á raforkuverði og 3% lækkun raunvaxta. Jafnframt tekur Þjóðhagsstofnun fram að gengi bandaríkjadals hafi lækkað um 5% miðað við septembertölur og nú sé reiknað með heldur meiri aflasamdrætti en þá var gert ráð fyrir. Jafnframt liggur ljóst fyrir að sjávarútvegurinn á ekki hér einn í hlut. Vandi annarra atvinnugreina er mjög mikill einnig, ekki síst útflutnings- og samkeppnisiðnaðar sem er undir svipaða sök seldur.

Það hefur komið fram af hálfu hæstv. sjútvrh. og hæstv. forsrh. að undanförnu að nauðsynlegt væri að grípa til raunhæfra aðgerða. Engin svör hafa þó fengist við spurningum um það í hverju þær aðgerðir eru fólgnar né hvenær þær eiga að koma fram. Af hálfu talsmanna Alþb. í ríkisstjórn verður hins vegar ekki annað ráðið en að biðleikurinn einn eigi að duga og með öllu hefur því verið hafnað að breyta gengi krónunnar. Þó liggur fyrir í yfirlýsingum hæstv. forsrh. að raungengi krónunnar sé nú allt of hátt, en samt verði það ekki leiðrétt fyrr en síðar og enginn fær skýringu á því hvenær þetta „síðar" er, hvort það er síðar í þessari viku, síðar í þessum mánuði, hvort það er með vori komanda eða kannski ekki fyrr en á nýrri öld.

Hæstv. sjútvrh. hefur nú lýst því yfir að af þessum sökum verði að lækka laun og er þá tekin upp á ný umræða um svokallaða niðurfærslu. Samt liggur hér fyrir þinginu frv. frá hæstv. ríkisstjórn til staðfestingar á bráðabirgðalögum sem felur í sér lögbundna hækkun á launum þegar gildistími launastöðvunar er úti um miðjan febrúar. Yfirlýsingar ganga því hér í tvær áttir, annars vegar um nauðsyn launalækkunar, sem hlýtur þá að fara fram með lögum, og hins vegar yfirlýsing um að laun eigi að hækka með lögum þegar launafrystingu lýkur. Úr því þarf auðvitað að fást skorið í hvora áttina ríkisstjórnin stefnir.

Vandi sjávarútvegsins er af mörgum rótum runninn. Fyrir um það bil ári byrjaði bandaríkjadalur að lækka. Síðan kom verðfall á erlendum mörkuðum. Það hefur orðið samdráttur í afla og enn á sá vandi eftir að aukast á næsta ári. Sjávarútvegurinn er enn að kljást við þann vanda sem hlaust af misgengi í hagkerfinu þegar í góðæri, við verðum að játa það, fjármunir soguðust frá útflutningsframleiðslunni yfir til neyslunnar í þjóðfélaginu með þeim afleiðingum að ofneysla varð í hagkerfinu og umframeftirspurn eftir vinnuafli. Með aðgerðum tókst að draga úr þessari umframeftirspurn og hún var komin í jafnvægi í septembermánuði sl. Nú horfir hins vegar í þá átt með þeirri efnahagsstefnu sem enn er fylgt, með skattahækkunum og þeirri stefnu að framfylgja skráningu á gengi krónunnar sem er algerlega óraunhæf, að atvinnulífið smám saman lamist og í stað þess að við hefðum náð jafnvægi á vinnumarkaðnum í september stefnir nú í atvinnuleysi ef ekkert verður að gert, atvinnuleysi sem gæti orðið 4–5% þegar líður á þennan vetur.

Frystingin á svo auðvitað við sérstakan vanda að etja umfram þann almenna vanda sem hér er til umræðu. Auk minni afla hefur ferskfiskútflutningur aukist og sjófrysting orðið meiri. Allt eru þetta sérstakar aðstæður.

Ég er þeirrar skoðunar að það sé engin allsherjarlausn til og sú krafa verður auðvitað ekki borin hér fram til hæstv. ríkisstjórnar að hún leysi allan vanda sjávarútvegsins í einu vetfangi. Hann er miklu alvarlegri en svo og þær ytri aðstæður sem hér hafa breyst og uppbygging atvinnugreinarinnar eru með þeim hætti að slíkar kröfur verða ekki með sanngirni bornar fram ef umræða um þetta á að vera málefnaleg. Það eru engar almennar aðgerðir sem geta í einu vetfangi bjargað öllum atvinnufyrirtækjum í þessari grein. Ég tek undir það sjónarmið, sem komið hefur fram hjá hæstv. forsrh., að slíkar ráðstafanir eru ekki til sem bjarga öllum fyrirtækjum í þessari atvinnugrein og gagnrýni hann ekki fyrir þau ummæli. Ég tek líka undir það að raunhæfar ráðstafanir hljóta að fela í sér kaupmáttarrýrnun við þessar aðstæður og raunhæfar ráðstafanir hljóta líka að fela

í sér mikið aðhald eða samdrátt í ríkisbúskapnum og fráhvarf frá þeirri skattastefnu sem nú er fylgt og leggst með mjög miklum þunga á atvinnulífið í landinu.

Hæstv. ríkisstjórn þarf ekki að óttast að hún fái gagnrýni á sig fyrir ráðstafanir þó að þær hafi þessar afleiðingar. Þvert á móti hljóta menn í málefnalegri umræðu um þetta að gera sér fulla grein fyrir því að vandinn er mikill og að hann hlýtur að deilast niður á þjóðina alla. Það er ekki hægt að koma fram ráðstöfunum nema deila byrðunum réttlátlega niður á alla í þjóðfélaginu. Það er af þeim sökum ástæðulaust fyrir hæstv. ríkisstjórn að draga það að taka ákvarðanir í þessu efni ef hún óttast gagnrýni af þessum sökum.

Umræðan af hálfu hæstv. ríkisstjórnar bendir hins vegar til þess að sumir aðilar innan hennar telji nauðsyn á aðgerðum en fái engu um þokað, en aðrir telji nægjanlegt að leika þann biðleik sem ríkisstjórnin gerði við myndun hennar. Það væri mjög nauðsynlegt að fá upplýsingar um það frá hæstv. sjútvrh. hvort sú tilfinning sem allur almenningur hefur af þessari stöðu sé rétt því auðvitað er það áhyggjuefni ef það viðhorf er innan stjórnarinnar og einkanlega hefur verið lýst af hálfu ráðherra Alþb. að ekki þurfi að gera neinar ráðstafanir. Ég trúi því a.m.k. að hæstv. sjútvrh. sé þeirrar skoðunar að það þurfi að gera ráðstafanir og hann sé þeirrar skoðunar að það sé ástæðulaust og beinlínis hættulegt að draga ákvarðanir þar um.

Eðli biðleiksins sem svo hefur verið nefndur felst í því að veita lán til sjávarútvegsfyrirtækjanna til þess að fjármagna tapið. Í því felst ekki nein lausn, fyrst og fremst gálgafrestur. Það sjónarmið hefur verið sett fram af hálfu fiskvinnslufyrirtækja að slíka lánafyrirgreiðslu ætti að veita eftir framleiðslumagni hvers og eins fyrirtækis en ekki eftir geðþóttaákvörðunum kommissarastjórnar sem ríkisstjórnarflokkarnir hafa skipað. Síðan kemur sú spurning upp: Á að veita þessi lán fyrst og fremst til þeirra fyrirtækja sem verst eru stödd eins og ýmislegt bendir til þegar umræður eru hafnar um að ekki eigi að taka veð fyrir þeim lánum sem veitt eru og þegar fréttir berast af því frá ríkissjóði að ríkissjóður sé að leggja fram fjármuni til þess að bjarga rekstri ákveðinna fyrirtækja?

Nú er það svo að ég hef fullan skilning á aðstöðu manna í Súgandafirði. Þar ber eitt fyrirtæki uppi allt atvinnulíf í byggðarlaginu og alveg augljóst að fullkomlega eðlilegt er að horfa til þess vanda sem þar er fyrir hendi. En hitt hlýtur að vekja upp mjög margar spurningar þegar það er gert með þeim hætti að veita fjármunum úr ríkissjóði eins og tilkynningar hafa verið gefnar um. Spurningar hljóta að vakna um hvort þetta á að vera aðferðin við að bjarga fyrirtækjunum í landinu. Á að velta því yfir á skattborgana með þessum hætti? Á að skilja best reknu og vel reknu fyrirtækin eftir? Kjarni málsins er einfaldlega sá að langflest fyrirtæki í sjávarútvegi eru vel rekin, en auðvitað eru þar innan um hús sem eru ekki eins vel rekin. Þar eru líka fyrirtæki sem hafa verið óheppin í fjárfestingum og þar fram eftir götum. En meginþorri fyrirtækja í sjávarútvegi er vel rekinn. Þessi fyrirtæki eru komin á vonarvöl. Ef hér á með biðleikjum einungis að lána fyrirtækjum og veita þeim fyrirtækjum sem allra verst eru sett gjafafé með framlögum úr ríkissjóði er verið að koma vel reknu fyrirtækjunum, flestum fyrirtækjum í sjávarútvegi, á kné því að þau njóta í engu ráðstafana af þessu tagi. En auðvitað er fyrst og fremst þörf á því að gera ráðstafanir sem tryggja hagsmuni vel rekinna fyrirtækja. Almennar ráðstafanir í efnahagsmálum hljóta að miða að því. Þær fréttir sem borist hafa af ákvörðunum hæstv. ríkisstjórnar benda því miður til hins, að það eigi að láta vel reknu fyrirtækin halda áfram að sökkva enn dýpra þangað til þau eru komin í sömu stöðu og verst reknu fyrirtækin í dag og það eru ekki svo margar vikur þangað til að því kemur.

Síðan berast fréttir af því að það eigi að senda sérstaka erindreka ríkisstjórnarinnar út um landsbyggðina til að endurskipuleggja fyrirtækin. Það kann vel að vera að það sé sums staðar þannig ástatt um stjórn fyrirtækja í sjávarútvegi að stjórnendurnir þurfi aðstoðar við. En í flestum tilvikum eru stjórnendurnir ekki bara fullfærir um að stjórna fyrirtækjunum, endurskipuleggja þau og hagræða heldur miklu betur færir um það en nokkrir kommissarar ríkisstjórnarflokkanna. Og hættan sem í því felst ef taka á einstök fyrirtæki sem í reynd eru gjaldþrota og færa þeim fjármuni úr ríkissjóði er að þá sé í raun verið að stefna að því að þjóðnýta sjávarútveginn. Ég er ekki viss um að þetta sé markmið hæstv. ríkisstjórnar og er nánast sannfærður um að það er ekki markmið hæstv. sjútvrh., en ég gæti vel trúað því að ráðherrar Alþb. mundu ekki gráta það að ná því fram að koma sjávarútveginum svo á kné að það verði gripið til þess ráðs að ausa fjármunum úr ríkissjóði inn í fyrirtækin og koma þannig yfirráðum ríkisins yfir sjávarútveginn í landinu. Það er vafalaust til í hugskoti ráðherra Alþb. að fara þá leið, en ég trúi því ekki að óreyndu að þetta sé markmið hæstv. sjútvrh. Þess vegna er óhjákvæmilegt að hæstv. ríkisstjórn geri nú þegar grein fyrir þeim ráðstöfunum sem gera á.

Ég beini því til hæstv. sjútvrh., sem eðli máls samkvæmt ber ábyrgð á þessum málaflokki og hefur frumkvæðisskyldu um nauðsynlegar aðgerðir, hvort bjarga eigi fleiri fyrirtækjum með beinni aðstoð úr ríkissjóði, hvort það sé á döfinni að beita þeirri aðferð í fleiri tilvikum. Og í annan stað vil ég inna eftir því ef svo er hvort þær ákvarðanir byggjast á einhverjum almennum reglum sem ríkisstjórnin hefur sett eða heimildum sem ríkisstjórnin hefur aflað sér.

Í annan stað vil ég inna hæstv. ráðherra eftir því hvort veita eigi Atvinnutryggingarsjóði sérstakar heimildir til að lána án veðtrygginga og jafnframt spyrja í því tilviki hverjir það séu sem þá koma til með að bera ábyrgð á slíkum lánveitingum með sér-

stöku tilliti til þess að ekki fyrir löngu hafa menn verið kallaðir einmitt til ábyrgðar vegna þess að veð sem tiltekin bankastofnun tók rýrnuðu í verði. Höfuðspurningin er hins vegar sú: Til hvaða ráðstafana mun ríkisstjórnin grípa til þess að tryggja rekstur sjávarútvegsins? og í öðru lagi: Má treysta því að slíkar ráðstafanir verði kynntar þegar í þessari viku?

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Sú utandagskrárumræða um afkomu sjávarútvegsins sem hér er hafin af stjórnarandstöðuflokkunum er bráðnauðsynleg og það af mörgum orsökum. Í fyrsta lagi verður að grípa þegar í stað í taumana og taka með afgerandi hætti á þessu mikla vandamáli. Í öðru lagi verður að tryggja öllum fyrirtækjum sömu fyrirgreiðslu og meðferð þeirra að fara eftir fyrir fram ákveðnum áætlunum og reglum. Í þriðja lagi verða aðgerðirnar að byggjast á heildaryfirsýn yfir alla þætti þjóðarbúsins og afleiðingum þeirra sem hljótast af hinum ýmsu sviðum þjóðlífsins. Ekki er deilt um hver rekstrarstaðan hjá fyrirtækjum í sjávarútvegi er, heldur hvað gera skuli og hvernig.

Í fjölmiðlum sl. daga hefur verið tæpt á þessu. Það þarf ekki út af fyrir sig að vitna mjög mikið í það, svo kunn eru þau ummæli sem þar hafa verið höfð í frammi. En ef maður ræðir sérstaklega um 30 fyrirtæki í sjávarútvegi sem voru tekin út úr og gerð úttekt á, að þar er mikill vandi á höndum, mun meiri en Þjóðhagsstofnun hafði áður gert ráð fyrir og það er talandi dæmi um hvernig staða sjávarútvegsins er.

Þær aðgerðir sem hafa verið í bígerð hafa náttúrlega ekki borið neinn árangur því það hefur ekki verið gert neitt undanfarna mánuði sem hefur skipt máli. Í riti Fiskifélags Íslands frá 1987 kemur fram hver er afkoma vélbáta og togara fyrir utan fjármagnsliði það árið og er þá hagnaður af þeim, en þegar fjármagnsliðir hafa verið teknir inn í er afkoman öfug hjá öllum tegundum skipa nema togara af minnstu gerð. Þetta segir ákveðna hluti og gefur okkur vísbendingu um hvað er að gerast í þessari mikilvægu atvinnugrein okkar. Því hefur verið haldið fram að ein aðalorsökin í þessum málum og hvernig komið sé sé m.a. aflasamdráttur. Er það rétt?

Í bráðabirgðatölum frá Fiskifélagi Íslands frá 5. nóv. 1988 kemur fram að aflatölur fyrir 1988 í heild eru hærri en aflatölur fyrir sama tíma frá 1987 þannig að það er ekki um samdrátt í afla að ræða. Það er rangt. Það er ekki þess vegna. Og þá er spurningin: Er rétt að það hafi orðið svo mikið verðfall á erlendum mörkuðum að það hafi úrslitaáhrif? Ef litið er á verð á erlendum mörkuðum undanfarin ár kemur í ljós að verð núna er með hærra lagi þannig að það er heldur ekki rétt þó við höfum eignast á tímabili heldur meira og hærra verð en eðlilegt má telja.

Því hefur líka verið haldið fram að þetta hafi orðið til vegna þess að dollarinn hafi fallið svo mikið. En hver er þróun gjaldmiðla og annarra þátta til samanburðar? Ef við tökum yfir tíu ára tímabil frá 1979, frá því að hin frægu Ólafslög voru sett, kemur í ljós að þýska markið er skráð miðað við það frá 100 og upp í 1252 stig. Bandaríkjadollarinn er þó ekki nema rétt aðeins lægri. Hann er 1209. Breska pundið er 1008 og danska krónan 934 kr. En lánskjaravísitala er komin upp í 2051 stig. Hvað segja þessar tölur? Þær segja að dollarinn hefur ekki lækkað jafnmikið og talað er um. Hann er nálægt því að vera jafnmikils virði og þýska markið á þessu tímabili, á tíu ára tímabili, og hann er hærri en bæði breska pundið, en þar eigum við mikil viðskipti í þessari atvinnugrein, og danska krónan. En lánskjaravísitalan er nærri helmingi hærri. Þá erum við komin að rótum þess vanda sem sjávarútvegurinn býr við og það er hin óeðlilega taka af fjármagnskostnaði og fjármagni frá fyrirtækjum. Þess vegna er komið svo fyrir fyrirtækjunum fyrst og fremst.

Í fjölmiðlum hefur verið rætt um gengisfellingu og ef við lítum á þá aðgerð eina saman verðum við að hugsa um ýmislegt fleira. Hvaða áhrif hefur gengisfelling? Það hefur verið talað um 20% gengisfellingu. Þjóðarskuldir Íslendinga eru um 130 milljarðar. Ef við fellum gengið um 20% þýðir það að þjóðarskuldirnar aukast um 26 milljarða. Vandi sjávarútvegsins er talinn á bilinu 5–8 milljarðar þannig að við erum að fara öfuga leið. Það verður að reikna út alla þá þætti sem um er að ræða í þessu sambandi og það má ekki fara í gengisfellingu aðeins ef beðið er um það. Vandi sjávarútvegsins er allt annar og öðruvísi en að gengisfelling komi til greina. Ég vitna í að það hefur verið haft viðtal við marga forustumenn sjávarútvegsins undanfarið og þegar hefur verið gengið á þá í þessu sambandi hafa þeir sagt að gengisfelling sé aðeins skammtímalausn.

Ég ætla að minna á að í maí sl. skrifaði ég grein í Morgunblaðið um þessi efni, en þá voru sjálfstæðismenn, framsókn og kratar í stjórn, vegna þess að þá var rætt um gengisfellingu líka og einn flokkurinn talaði um 7% gengisfellingu, einn um 12% og sá þriðji um 20% gengisfellingu. Það lágu nefnilega engir útreikningar fyrir um hve þyrfti að fella gengið mikið eða hvort það þyrfti að fella gengið. Það er mikilvægt í þessu að það verður að hafa allar stærðir útreiknaðar og það verður að reikna út hvort gengisfelling hefur þá þýðingu sem um er að ræða. Þá erum við komin að því sem frægt var á sinni tíð þegar hv. 5. þm. Reykv. Albert Guðmundsson lét falla þau orð að nú þyrfti að grípa til pennastriksins. Hvað var hann að tala um þá? Hann var að tala um að höfuðstóll skuldanna yrði reiknaður til baka og eðlilegir vextir lagðir á hann. Ef við lítum á fyrirtæki sem hefði tekið lán með lánskjaravísitölu 1979 og lítum á höfuðstól núna væri hann 205 millj. Ef það hefði tekið sama lán í bandaríkjadollurum væri það 20 millj., ef það hefði tekið það í þýskum mörkum 25 millj. og í breskum pundum væri það 100 millj. Í þessu sést munurinn. Það hefur verið tekið fjármagn frá útveginum í bankakerfið sem er raunverulega niðurgreitt vegna þess að fjármagnskostnaðurinn

hefur verið gífurlegur og allt of mikill og í því er fyrst og fremst vandi útvegsins fólginn.

Við hljótum að höggva á þá hnúta sem þar eru og við höfum margoft talað um. Það kom einmitt í ljós í nýlega gerðri úttekt að á sama tíma sem tapið er svona í sjávarútvegi er ekki tap í viðskiptabönkunum. Þá er talað um að hlutfall af tekjum hafi verið í fyrra 9,6%, hagnaður af sparisjóðum 15,6% og önnur fjármagnsfyrirtæki munu hafa skilað um 19,5% hagnaði og tryggingafélög 9,7%. Þarna eru hin stóru viðskipti fyrirtækja í sjávarútvegi. Ég held að það verði að taka þetta í einum pakka og sjá hvort það er ekki meira vit í því að það verði grynnkað á skuldum þessara fyrirtækja í heild. Þær teknar yfir með einhverjum hætti og þau látin reka sig frá þeim degi á eðlilegum fjármagnsskuldum því öðruvísi tel ég að það verði ekki hægt að laga þessi mál.

Við stöndum líka á tímamótum í sjávarútvegi. Við höfum lagt mikið upp úr frystingu allt frá því að við vorum að hefja frystingu og flytja á Bandaríkjamarkað þangað til núna. Núna eru ýmsar blikur á lofti og breyttar viðskiptavenjur. Með fisk eins og allar aðrar vörur er það að gerast að menn vilja heldur ferskan fisk eins og ferska ávexti og önnur matvæli en frystan. Með breyttri samgöngutækni er meiri ásókn í nýmeti og við fáum hærra verð fyrir það einnig. Við sjáum að nú mun fyrirtækið „Flying Tiger" hafa óskað eftir lendingarleyfum hér til að fljúga beint til Japans með ferskan fisk sem þeir eru að hugsa um að flytja héðan. Við sjáum að hér á landi eru staddir fulltrúar frá Frakklandi sem eru að hugsa um að tryggja sér ferskan fisk héðan. Og við heyrum um að fulltrúar frá Bretlandi, af Humbersvæðinu, eru hér staddir til að tryggja sér viðskipti á ferskum fiski. Þetta þýðir að við munum verða að horfa á þau vandamál sem blasa við með þeim hætti að hugsa um breyttar aðstæður. Það er ekki hægt að ganga fram hjá því að við verðum að reikna út hvað er hagstæðast fyrir okkur því annað væri mjög óskynsamlegt.

Í blöðum hefur það einnig komið nýlega fram að Efnahagsbandalagið hefur gert athugasemdir við að hér skuli vera takmörkun á útflutningi eða stjórn á útflutningi fersks fisks, kvótakerfi hér, á markaði þangað. Þetta er brot á okkar samningum við Efnahagsbandalagið og þetta er líka brot á okkar samningum við GATT þannig að það er ljóst að íslensk stjórnvöld munu snúa frá þessari stefnu fljótlega og það verður frjáls útflutningur héðan. Við verðum að búa okkur undir það, eins og ég kom að í mínum málflutningi þegar ég flutti hér frv. fyrr í haust um frjálsan útflutning, að samtök þeirra sem eru í útgerð taki þessi mál sjálf á sínar hendur og reyni að stýra því með þeim hætti sem hagstæðast er. Það er alveg ljóst að þessi mál verða breytt á næsta ári og við getum ekki gengið fram hjá því.

Hér hefur verið rætt um vanda sjávarútvegsins og komið inn á Atvinnuleysistryggingasjóð. Í fregnum hefur komið fram að eitt ákveðið fyrirtæki hafi fengið alveg sérstaka fyrirgreiðslu nýlega. Ég vil spyrja hæstv. sjútvrh. hvort það sé þá ekki raunin að önnur fyrirtæki muni fá sömu fyrirgreiðslu því það er mjög mikilvægt að öll fyrirtæki fái jafna fyrirgreiðslu. Svo er hitt málið, að það er nokkuð ljóst að það eru fyrirtæki hér sem mun ekki vera hægt að reka hvort sem mönnum líkar það betur eða verr vegna þess að fjármagnskostnaðurinn er svo mikill og skuldirnar svo miklar að það er útilokað að reka þessi fyrirtæki. Ég get nefnt fyrirtæki sem skuldar nærri því 600 millj., en á eignir upp á 300 millj. að talið er. Það fyrirtæki mun aldrei geta borið sig vegna þess að það er komið út í það fen af skuldum að því verður ekki breytt, hvorki með gengisfellingu né öðrum aðgerðum, nema með pennastriki. Það er kannski mikilvægast í þessum málum að við verðum að líta yfir allt sviðið, horfa á heildardæmið, reikna út hvort við eigum bara ekki að nota pennastrikið og strika út skuldir umfram eðlilegan höfuðstól þannig að fyrirtækin standi í raun á réttum grunni. Ég held að þetta sé eina lausnin.

Ég hef farið lauslega yfir þessi mál. Það er hægt að kafa dýpra í þetta og miklu víðar hægt að koma við, en það er hins vegar alveg ljóst að það verður að reikna út stöðu mála, hvað er best að gera og hvernig á að gera það, og mér sýnist í fljótu bragði, miðað við þær upplýsingar sem ég hef, að gengisfelling muni ekki á þessu sviði koma að þeim notum sem ætlast verður til. Það verði því að grípa til annarra ráða en gengisfellingar. Ég hef minnst hér á pennastrikið sem ég tel einu raunhæfu leiðina til að koma þessum fyrirtækjum á réttan kjöl.

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Af fréttum af dæma er nú tími Rómarbrennu runninn upp. — 1842 kr. tap á mínútu. Þjóðlíf á brauðfótum. Tíminn að renna út. Fyrirtæki að brenna upp. Tap fiskvinnslunnar 2 milljarðar á árinu. Allt á hausnum nema rekstur banka, sparisjóða, tryggingarfélaga og annarra fjármagnsfyrirtækja. Þetta eru sýnishorn af fyrirsögnum blaðanna nú um helgina og á þessu síðasta atriði tók hv. síðasti ræðumaður í sínu máli.

Oddviti ríkisstjórnarinnar segir m.a. í Tímanum á laugardaginn, með leyfi forseta: „Því verður ekki neitað að staðan er satt að segja svo alvarleg að orða megi það sem svo, eins og einn sjávarútvegsmaður sagði við mig, að þessi höfuðatvinnuvegur þjóðarinnar stefnir hraðbyri í að vera með neikvæða eiginfjárstöðu eða eins og venjulega er sagt „gjaldþrota"."

Hér er ekki verið að fegra ástandið. Það er hins vegar fátt um fína drætti þegar leitað er eftir viðbrögðum ríkisstjórnarinnar eða eins og segir í grein Tímans á laugardag, með leyfi forseta: „Hvað hyggst ríkisstjórnin gera í málunum? — „Það er unnið að þessum málum á mjög mörgum stöðum og verið að draga saman heillegri upplýsingar en ég hygg að hafi áður legið fyrir um þessi mál", sagði Steingrímur. Hann sagði að í næstu viku verði rætt

við aðila atvinnuveganna og forsvarsmenn launþega um stöðu mála og í framhaldi leitað frekari leiða til að rétta við atvinnuvegina."

Það sem við blasir án þess að leita þurfi heillegri upplýsinga er að hvert fiskvinnslufyrirtækið af öðru hefur hætt starfsemi eða beðið skipbrot. Uppsagnir starfsfólks eru í stórum stíl hafnar og atvinnuleysi yfirvofandi í meira mæli en lengi hefur þekkst. Tap, lokanir og hrun blasir alls staðar við.

Eitt af því sem kannski fyrst og fremst vekur athygli er að svokallaðir ráðamenn í þjóðfélaginu skuli koma fram á þennan hátt með jöfnu millibili og lýsa efnahags- og atvinnuástandi eins og hér sé um eitthvað óvænt að ræða, rétt eins og náttúruhamfarir sem enginn getur séð fyrir. Og í hvert sinn er talað um að athuga og skoða og afla gagna og leita leiða. Slíkar yfirlýsingar eru auðvitað aðeins viðurkenning á því að allar þær ráðstafanir á aðgerðir ofan sem gerðar hafa verið hafa aðeins orðið til þess að slá vandanum á frest og lengja í hengingarólinni eins og það hefur stundum verið orðað.

Ráð ríkisstjórnarinnar við vanda sem málaður er dekkri litum en við höfum lengi séð eru, svo að vitnað sé til orða hæstv. forsrh., „að draga saman heillegri upplýsingar". Um það vil ég m.a. segja þetta: Að þegar ótryggt efnahags- og atvinnuástand var sem mest til umræðu á sl. hausti og stólar teknir að liðast sundur undir þáv. ráðherrum leituðum við kvennalistakonur fast eftir heillegum upplýsingum um stöðu fyrirtækja, fyrst og fremst í sjávarútvegi. Við fengum þær ekki. Okkar krafa helgaðist ekki síst af því að fjölmargar konur, sem starfa hjá ýmsum fyrirtækjum, fiskvinnslufyrirtækjum víðs vegar um landið, höfðu lýst því yfir við okkur að þær hefðu miklar efasemdir um hagkvæman rekstur þeirra fyrirtækja sem þær starfa hjá, en litla sem enga aðstöðu til að sanna eða afsanna þær efasemdir sínar.

Við fengum meðaltalstölur eins og aðrir um rekstur og stöðu fyrirtækja í sjávarútvegi, en tölur um frávik fengum við ekki. Það voru sagðar svo viðkvæmar upplýsingar. En það eru að okkar dómi einmitt upplýsingar sem skipta afar miklu máli. Það er engin leið að átta sig á hinni raunverulegu stöðu eftir tölum um meðaltalsafkomu. Við verðum að hafa á borðinu sundurgreindar upplýsingar um stöðu fyrirtækja í sjávarútvegi og við verðum að hafa vissu eða a.m.k. vísbendingar um hvað liggur að baki góðrar eða slæmrar afkomu þeirra. Með tilliti til þessa lögðum við kvennalistakonur ásamt fulltrúum annarra þingflokka í stjórnarandstöðu fram beiðni til hæstv. forsrh. um skýrslu um stöðu og rekstur tíu verst stöddu og tíu best stöddu fiskvinnslufyrirtækja í landinu. Við óskuðum eftir nákvæmlega sundurgreindum upplýsingum um hvert fyrirtæki fyrir sig þannig að fram kæmi stærð vandans eða hagnaðarins og hvað lægi þar að baki, hvort sem um væri að ræða hagnað eða tap. Þetta eru að okkar mati nauðsynlegar upplýsingar til þess að hægt sé að ráðast að rótum þessa ástands og þess vanda sem kemur upp aftur og aftur. Þessi beiðni er á þskj. 73 og var leyfð á fundi í Sþ. 7. nóv. sl. Skýrslan hefur ekki látið á sér kræla þrátt fyrir alla þá aðila sem til er að leita í þessu efni. Mig undrar þetta og ég vil nota þetta tækifæri til að minna á þessa skýrslu og reka á eftir henni.

Þarna væri að fá t.d. þær heillegu upplýsingar sem hæstv. ríkisstjórn hefði átt að hafa á borðinu fyrir löngu. Það er alls ekki nóg að hafa meðaltalsupplýsingar um hlutfallslega skiptingu hinna ýmsu kostnaðarþátta t.d. í fiskvinnslu, skiptingu á milli hráefniskaupa, launagreiðslna, fjármagnskostnaðar og fleiri liða. Slíkt er mjög mismunandi á milli fyrirtækja og upplýsingar um þessi atriði geta sagt okkur mjög mikið. Ég hvet hæstv. ráðherra til að kalla þegar í stað eftir þessari skýrslu.

Ég verð að segja að ég skil ekki tilganginn með síendurteknum yfirlýsingum ráðherra um ástandið, það ástand sem hefur í rauninni verið öllum ljóst í marga mánuði. Kannski er verið að reyna að lama viðnámsþrótt þeirra sem næstu efnahagsráðstafanir bitna enn og aftur á. Nú er t.d. aftur farið að ýja að niðurfærsluleiðinni sem ýmsir litu hýru auga á liðnu sumri. Hún skýtur aftur upp kollinum í umræðunni þegar æ fleiri hafa í rauninni misst trú á þeirri millifærsluleið sem valin var. Við þessu mátti svo sem búast, en hugsanlega er þetta bara útspil til að undirbúa jarðveginn fyrir það sem helst ekki má nefna í þessu húsi. Kröfurnar um þá leið, þ.e. hina ónefnanlegu gengisfellingu, eru orðnar háværar og allir vita að sú leið hefði verið valin fyrir löngu ef henni fylgdu ekki alvarlegir kvillar sem gera slíka lækningu vafasama.

Ýmsir, m.a. stjórnmálamenn og jafnvel stjórnmálamenn sem talið er að styðji þessa ríkisstjórn, hafa tjáð sig um þennan möguleika til leiðréttingar á stöðu útflutningsfyrirtækjanna og bent enn fremur á leiðir til að tryggja árangur slíkrar aðgerðar sem ég ætla ekki að dæma um á þessari stundu. En það vekur vissulega athygli að slík umfjöllun tekur ævinlega til vanda fyrirtækjanna, en gjörsamlega er sneitt hjá þeim gífurlegu áhrifum sem mikil gengisbreyting hefði á afkomu launafólks. Afkoma launafólks og heimilanna er afgangsstærð eins og venjulega.

En virðulegi forseti. Ég ætla ekki að vera langorð. Hæstv. ráðherra hefur fengið að heyra forsendur fyrir þessari umræðu utan dagskrár sem er óhjákvæmileg með tilliti til umræðunnar og yfirlýsinga hæstv. ráðherra. Það liggur í loftinu að ríkisstjórnin grípi til aðgerða, enda geta ráðherrar hennar ekki leyft sér keisaratilburði á meðan Róm brennur. Við kvennalistakonur höfum fullan skilning á erfiðri stöðu atvinnulífsins og þjóðarbúsins og erum reiðubúnar að styðja sanngjarnar úrlausnir sem auðvitað hljóta að byggjast á sameiginlegu átaki landsmanna. En við leggjum áherslu á mismunandi aðstæður fólks í þessu landi og við getum ekki fallist á lausnir sem þrengja að láglaunafólki. Það verður að vera alveg skýrt.

Ég ætla ekki að endurtaka þær fyrirspurnir sem fram hafa komið en bæti við aðeins einni. Finnst hæstv. sjútvrh. forsvaranlegt að ganga á ráðstöfunarfé Atvinnuleysistryggingasjóðs í því ástandi sem nú ríkir?

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegi forseti. Ég held að það sé mjög gagnlegt að taka þessi mál til umræðu á hv. Alþingi og fagna því að þessi alvarlegu mál séu tekin til umræðu og get vel skilið að þingmenn hv. stjórnarandstöðu sjái nauðsynlegt að ræða þessi mál hér. Ég vil á engan hátt draga úr hinni alvarlegu stöðu sem ríkir í málefnum sjávarútvegsins og ég tel eðlilegt að málefni atvinnuveganna séu til umfjöllunar á Alþingi á næstu dögum jafnhliða því að hér verður reynt að ná samkomulagi um afgreiðslu á fjárlögum og tekjuöflun vegna ríkisútgjalda. Afkomumál sjávarútvegsins og atvinnuveganna hljóta að verða til umfjöllunar í því sambandi og á það mun áreiðanlega reyna hér á Alþingi hvort takast muni að koma saman skynsamlegum fjárlögum sem jafnframt taki mið af atvinnulífinu í landinu. Þetta er erfitt viðfangsefni sem ekki er eingöngu á færi hæstv. ríkisstjórnar og stuðningsmanna hennar. Þetta er málefni sem varðar allt þingið og því er eðlilegt að það sé rætt hér.

Ég vildi aðeins hverfa nokkuð aftur í tímann og líta á nokkrar stærðir úr okkar þjóðarbúskap til að færa að því nokkur rök að kjör í landinu séu umfram það sem sjávarútvegurinn þolir og nauðsyn þess að menn viðurkenni þær staðreyndir. Ég segi það ekki vegna þess að það sé eitthvert sérstakt kappsmál mitt eða annarra þingmanna að rýra kjör landsmanna, en þeir sem ekki vilja horfa framan í staðreyndir þessar, sem eru æðimargir, eru í reynd að vinna því fylgi að þessum atvinnugreinum blæði út. Þetta sést í einföldum töflum um hlutfall launa af vergum þjóðartekjum á Íslandi og nokkrum nágrannalöndum sem nýlega hefur verið birt. Þar kom fram að þetta hlutfall var 1983 62,2%, árið á undan 69,8% en það var um það leyti sem mjög umfangsmiklar ráðstafanir voru gerðar í sjávarútvegi. Síðan hefur þetta hlutfall farið hækkandi með hverju ári, var 72,1% 1987, er áætlað 1988 73,6% og er áætlað 1989 72,3%. Það getur engin þjóð í hinum vestræna heimi, þar sem við þekkjum fyrst og fremst til, staðið undir þessu hlutfalli launa. Það er ekki mögulegt. Það sem hefur reynst mögulegt í flestum löndum, eins og t.d. okkar nágrannalöndum, er á bilinu 60–65%.

Ég vil ekki draga úr þeim áhrifum sem fjármagnskostnaðurinn og fjármagnsfyrirtækin hafa haft á atvinnugreinarnar. Það er alveg ljóst að vaxtatakan og fjármagnskostnaður hér á landi undanfarin ár hafa verið allt of há. En það er sjálfsblekking að halda því fram að launin skipti engu máli og um þau þurfi ekkert að tala. Þetta kemur jafnframt fram í því að á árinu 1985 jókst kaupmáttur ráðstöfunartekna um 10,8%, á árinu 1986 um 9,7% og á árinu 1987 um 20,4%. Það ætti öllum að vera ljóst að svo mikil aukning ráðstöfunartekna er ekki möguleg, hvorki í okkar landi né öðrum. Þarna var gengið allt of langt og við stöndum frammi fyrir því að leiðrétta það með einhverju móti.

Ég vildi aðeins fara yfir það sem gerst hefur undanfarið ár og rúmlega það sem er mikilvægt í þessu sambandi, fyrst við myndun fyrri ríkisstjórnar vorið 1987 þar sem var ákveðin tregða og jafnvel ákveðin vanþekking á því sem hafði gerst og ætla ég þá ekki að undanskilja einn né annan. En mönnum auðnaðist ekki að taka á fjármálum ríkisins og ýmsu öðru eins og nauðsynlegt hefði verið að gera. Það kom reyndar mjög vel í ljós haustið 1987, síðast í september, þegar verðbótaþáttur launa hafði hækkað um 6% og átti að bætast við umsamdar launahækkanir, að það var um það rætt m.a. við aðila vinnumarkaðarins hvort ekki væri skynsamlegt að fresta þessum launahækkunum þar til kjarasamningar væru gerðir. Þetta var ekki gert. Þá hækkuðu laun um rúmlega 7% og jafnframt lá það fyrir að verðlag á erlendum mörkuðum fór lækkandi. Það vissu allir að fyrir þessu voru ekki til neinir peningar. Það var þá rætt hvort ekki væri nauðsynlegt að taka tillit til þessara staðreynda með breytingu á gengi. Það var rætt í fyrri ríkisstjórn, rætt við aðalráðgjafa ríkisstjórnarinnar í gengismálum, sem er að sjálfsögðu Seðlabankinn, en niðurstaðan varð sú að hér ætti við engu að hreyfa, m.a. vegna þess að kjarasamningar væru fram undan og það væri óskynsamlegt að grípa til slíkra ráðstafana því að þær mundu ekki skila sér.

Síðan voru gerðir kjarasamningar um veturinn, fyrst á Vestfjörðum og síðan annars staðar, sem höfðu í för með sér um 10% upphafshækkun. Þá var ákveðið að breyta gengi hinnar íslensku krónu um 6%. Það var öllum ljóst, sem að þessum kjarasamningum stóðu, ekki síst vinnuveitendum í landinu, að hér var teflt á tæpasta vaðið og engin von til þess að sjávarútvegurinn gæti staðið undir þessu. Þeir mæltu hins vegar með því að ekki yrði gengið lengra og Seðlabankinn var enn við sama heygarðshornið og taldi að ekkert ætti að gera. En það var samt gert þó að ég fari ekki dult með að ég taldi að hér væri of skammt gengið.

Síðan voru enn gerðar ráðstafanir í maí sl. Þá var genginu breytt um 10% og fiskverðshækkun, sem var óhjákvæmileg, aðeins um 5%, sem er mun minni hækkun en aðrar hækkanir sem hafa verið hér innan lands, kom í kjölfarið og samþykkt var heimild til ríkisstjórnar að breyta genginu um 3%. Það var þvælt um það allt sl. sumar fram og til baka hvenær ætti að nota þessa heimild. Auðvitað átti að nota hana strax eftir að fiskverðshækkun fór fram. Menn gerðu það hins vegar ekki og ekki stóð á ráðgjafa ríkisstjórnarinnar í gengismálum sem taldi að hér ætti alls ekki að hreyfa eitt né neitt.

Síðan gerist það, eins og hv. 1. þm. Suðurl. tók fram, að mynduð var ný ríkisstjórn og hann sagði að aðalágreiningurinn hefði verið sá hvort ætti að fara í biðleiki eða ekki. Ég býst nú við, ef allrar sanngirni

er gætt, að allt sem verið er að gera í efnahagsmálum á hverjum tíma megi á vissan hátt skilgreina sem biðleiki vegna þess að menn vita ekki um allt það sem fram undan er, eru að vonast eftir því að betur muni ganga, eru í óvissu um það hvort nauðsynlegur friður skapist um aðgerðirnar o.s.frv., o.s.frv. Að það hafi hins vegar verið sá grundvallarágreiningur sem kom fram í hans máli vil ég ekki kannast við að því er varðar tekjumál sjávarútvegsins vegna þess að annars vegar var verið að tala um það að nýta þá heimild sem var til gengisbreytinga, að fella það um 3% þar til viðbótar, sem skiptir ekki öllu í þessu stóra og alvarlega dæmi.

Hins vegar hefur verið uppi margvíslegur ágreiningur um það hvernig skuli taka á ýmsum þenslumálum, með hvaða hætti skuli reynt að ná fjárlagadæminu saman og standa að nauðsynlegri tekjuöflun til að koma í veg fyrir þá þenslu sem fjárlög hafa skapað hér og sá tekjubrestur sem hefur orðið í þjóðfélaginu. Það hefur verið uppi margvíslegur ágreiningur um það hvernig skuli taka á fjármagnsmarkaðinum og þeim atburðum sem þar hafa orðið því í sannleika sagt þá hefur allt of mikið gerst þar í einu vetvangi. Þarf ekki annað en að minna á heimildir til notkunar greiðslukorta á sínum tíma, óhóflegar heimildir til erlendrar lántöku til margvíslegrar starfsemi hér á landi, ofnotkun ýmissa kaupleigufyrirtækja á erlendum heimildum og þá staðreynd að ýmsir bankar og fjármálafyrirtæki hafa gengið allt of langt í að greiða fyrir fjárfestingum sem ekki voru tímabærar, þar með talið fjárfestingum í sjávarútvegi, svo sem til skipakaupa og endurnýjunar á skipum, þótt erlendar lántökur til annarra hluta hér í landinu, eins og atvinnuhúsnæðis, hótelbygginga o.s.frv., hafi gengið miklu, miklu lengra.

Hins vegar var það ljóst við myndun núv. ríkisstjórnar að jafnframt var ágreiningur um það hvort nauðsynlegt væri að stofna sérstakan sjóð til að annast nauðsynlegar skuldbreytingar í sjávarútvegi því að þó ég taki undir það með hv. 1. þm. Suðurl. að það er að sjálfsögðu ekki nægilegt að breyta tapi í lán, og ætti í sjálfu sér ekki að þurfa að ræða það, en ég veit að við hv. 1. þm. Suðurl. erum sammála um það þótt vel kunni að vera að einhverjir aðrir hér í þinginu séu því ekki sammála, verður ekki fram hjá því gengið að til þess að fyrirtækin geti staðið undir sínum skuldbindingum í framtíðinni þurfa þau að geta komið lánum sínum í skil. Þau þurfa jafnframt að fá rekstrargrundvöll til að standa undir þessum skuldum.

Fram að þessu hefur starf ríkisstjórnarinnar í fyrsta lagi beinst að upphafsaðgerðum, í öðru lagi að því að vinna að nauðsynlegum undirbúningi fjárlaga og í þriðja lagi að vinna að lækkun vaxta, þar með talið raunvaxta, m.a. í þeim tilgangi að einhver von væri til þess að atvinnufyrirtækin gætu rétt úr kútnum. Mér er það hins vegar ljóst að sjávarútvegsfyrirtækin hafa ekki nægilegar tekjur til að geta staðið undir skuldum sínum í framtíðinni. Það hefur verið lögð á það áhersla, þótt sumir geri lítið úr því, að reyna að sýna fram á það með beinum og óbeinum hætti hver þessi staða er, og ég hygg að þar sé ekki mjög mikill ágreiningur. T.d. kemur það fram í þeim uppgjörum sem hafa verið gerð yfir 30 fyrirtæki víðs vegar um landið sem eru u.þ.b. 40–50% af sjávarútvegsfyrirtækjunum þegar talað er um veltu. Hér er því um að ræða úrtak sem gefur mjög góða mynd af því sem hefur verið að gerast. Þar kemur fram að hagnaður án afskrifta og fjármagnskostnaðar í fiskvinnslu er 4,8%, í söltun 11,3%, í útgerð 14,4%. Þetta kemur nokkuð vel heim og saman við tölur Þjóðhagsstofnunar. Þótt nokkur munur sé þar á þá er hann ekki þess eðlis að verulegu máli skipti. Hins vegar kemur fram verulegur mismunur á afskriftum og fjármagnskostnaði, fyrst og fremst vegna þess að Þjóðhagsstofnun reiknar ákveðna ávöxtun af heildarfjármagni en hér er um raunverulegar afskriftir og fjármagnskostnað að ræða.

Ég held að það megi fullyrða að þessi fjármagnskostnaður, sem er mjög mikill, t.d. í útgerðinni, þar kemur fram að hann er 30% sem verður þess valdandi að tap útgerðarinnar er 15%, gefur ekki raunsanna mynd af veruleikanum vegna þeirrar einföldu staðreyndar að afkoman er sýnd of góð á árinu 1987 og aftur á móti of slæm á árinu 1988. Þetta markast fyrst og fremst af því að það eru verulegar gengisbreytingar á árinu 1988 en engar á árinu 1987 því í reynd hækkar gengið á því ári. Því má segja að sú lækkun á raungengi sem varð á árinu 1988 á móti þeirri hækkun á raungengi sem varð á árinu 1987 eigi að jafna þetta nokkuð út. Og það er ekki ólíklegt að þessar staðreyndir hafi villt mönnum sýn þegar þessi mál eru metin.

Ég hygg að um það þurfi ekki að deila að þessar tölur sýna að sjávarútvegurinn á við meiri vanda að etja um þessar mundir en oftast áður. Eiginfjárstaða hans hefur verið rýrð mjög verulega, ekki aðeins með háum vöxtum og miklum fjármagnskostnaði, heldur með mikilli einkaneyslu í landinu og almennri eyðslu. Þeir aðilar sem vilja horfa fram hjá því eru ekki að horfa á þessi mál af raunsæi. Þess vegna endurtek ég það sem ég hef áður sagt, að það verður ekki hjá því komist að viðurkenna að við höfum orðið fyrir verulegri kjaraskerðingu sem enginn mun af okkur taka og því er ekkert annað að gera en að jafna henni út með ákveðnum hætti.

Hv. 1. þm. Suðurl. spurði síðan ákveðinna spurninga sem ég skal reyna að svara eftir bestu getu þótt, ég vil segja það fyrir fram, auðvitað geti þar ekki verið um tæmandi svör að ræða og það veit ég að hv. 1. þm. Suðurl. skilur. Hann spurði í fyrsta lagi: Stendur til að bjarga fleiri fyrirtækjum með aðstoð úr ríkissjóði? Nú er það svo með þetta eina fyrirtæki sem þarna er átt við að hinn gamli Útvegsbanki mun hafa átt verulega hjá þessu fyrirtæki. Hann mun hafa tapað á viðskiptum við ýmis fyrirtæki í sjávarútvegi, þar á meðal þetta fyrirtæki, og eftir þeim upplýsingum sem ég hef fengið mun þetta tap bankans hafa verið viðurkennt af ríkissjóði í þessu

tilviki. Hv. fjmrh. mun eflaust geta veitt frekari upplýsingar um það.

Það hefur ekkert verið ákveðið um að aðstoða fleiri fyrirtæki beint af ríkissjóði. Ég get tekið undir það með hv. 1. þm. Suðurl. að það er mjög vandrötuð leið og miklum erfiðleikum háð að semja reglur sem geti orðið með þeim hætti að alls hlutleysis sé gætt, þótt að sjálfsögðu verði að gera ráð fyrir því að ríkissjóður tapi sínum eignum að einhverju leyti hjá þessum fyrirtækjum eins og öðrum. Í mörgum tilvikum kann það að vera betra fyrir ríkissjóð og ýmsa aðra að taka þátt í einhvers konar nauðarsamningum gagnvart slíkum aðilum en að krefjast gjaldþrots. Þetta er að sjálfsögðu matsatriði sem ekki er hægt að setja nákvæma reglu um. Hitt er svo annað mál að þegar ríkissjóður á í hlut er sú leið að sjálfsögðu vandasamari en í ýmsum öðrum tilvikum.

Hv. þm. spurði hvort til stæði að veita Atvinnutryggingarsjóði lánsréttindi án veðtryggingar og hverjir beri þá ábyrgð. Ég svara þeirri spurningu neitandi. Það hafa verið settar upp ákveðnar viðmiðunarreglur af hálfu Atvinnutryggingarsjóðs. Það hafa aðeins þrjú fyrirtæki fengið afgreiðslu þar og það liggur fyrir að ýmis fyrirtæki standast ekki þær kröfur sem stjórn Atvinnutryggingarsjóðsins hefur sett eða sú samstarfsnefnd, sem hefur verið starfandi á vegum banka og fjárfestingarlánasjóða, gerir ráð fyrir. Það er því ekki gert ráð fyrir að veita Atvinnutryggingarsjóði slíkan lánsrétt. Hitt er svo annað mál að það er mikið umhugsunarefni með þessar eilífu veðtryggingar, sem byggja á alls konar brunabótamötum og vátryggingaverðmætum, hvað það eru góðar reglur. Þótt bankarnir hafi mest lagt upp úr því á undanförnum árum að láta meta og endurmeta og meta á nýjan leik allar eignir fyrirtækja eru það nú einu sinni tekjumöguleikarnir í framtíðinni sem skipta meginmáli. Ég gef því ekki mikið fyrir þessi möt sem verið er að framkvæma oft og tíðum. Það eru til ýmsar sendinefndir sem fara hver á eftir annarri til að endurtaka þessi möt. Þau voru ekki mikils virði síldarplönin á Siglufirði eftir að síldin fór, jafnvel þótt menn hafi sjálfsagt haft á þeim einhver brunabóta- eða vátryggingamöt. Sú regla hefur fyrst og fremst verið höfð í heiðri, eftir því sem mér skilst hjá Atvinnutryggingarsjóðnum, að tekjur fyrirtækjanna til lengri tíma litið séu þess eðlis að geta staðið undir skuldbindingum viðkomandi fyrirtækis og notuð sú regla að meta tekjurnar á móti skuldum að frádregnum veltufjármunum miðað við ákveðnar vaxtaforsendur. Með þessu móti ætti að vera nokkuð tryggt eða a.m.k. betra mat á það lagt hvort fyrirtækin geti staðið undir skuldbindingum sínum.

Í þriðja lagi spurði hv. þm.: Til hvaða ráðstafana mun ríkisstjórnin grípa? Þá vildi ég aðeins tala um þau fyrirtæki sem ekki uppfylla skilyrði Atvinnutryggingarsjóðs og hafa ekki möguleika á því að fá skuldbreytingu á sínum skuldum. Þar verður um mjög mörg fyrirtæki að ræða. Það er alveg ljóst. Ekki verður hjá því komist að allveruleg uppstokkun eigi sér stað hjá mörgum þessara fyrirtækja, sameining, hagræðingaraðgerðir. Ég tek hins vegar undir það með hv. þm. að það verður að sjálfsögðu að vera í höndum fyrirtækjanna sjálfra og þeirra sem þau leita aðstoðar til. Það er ekki óeðlilegt að það séu sett ákveðin skilyrði fyrir aðstoð, m.a. að leitað sé eftir hagræðingu. Þess vegna er ekki óeðlilegt að Atvinnutryggingarsjóður hafi vissa forgöngu um það, ef fyrirtæki telja sig geta endurskipulagt sinn rekstur, að aðstoða við slíkt. Verður það að sjálfsögðu gert því að það hefur komið fram að rekstur fyrirtækjanna er mjög misjafn. Það eru mörg fyrirtæki þar sem rekstrargjöld eru umfram rekstrartekjur án þess að nokkur fjármagnskostnaður hafi verið greiddur eða tekið tillit til afskrifta. Jafnvel þótt núverandi skilyrði séu slæm er alveg ljóst að slík fyrirtæki geta ekki gengið áfram. Þetta eru í mörgum tilvikum fyrirtæki sem voru með mjög slæma stöðu 1983 og 1984, fyrirtæki þar sem menn treystu e.t.v. á það að betri staða sjávarútvegsins mundi koma fram í tryggari eiginfjárstöðu og meiri uppgreiðslu skulda hjá þessum fyrirtækjum. En sannleikurinn er sá að sjávarútvegsfyrirtækin fengu ekki mikla möguleika til þess vegna þess að þjóðfélagið heimtaði þessar viðbótartekjur til sín til þess að nota til einkaneyslu í landinu og til þess að nota í þarfir ríkissjóðs, verslunar, bankastofnana o.s.frv. Sjávarútvegurinn fékk því ekki næg tækifæri til þess að rétta úr kútnum þegar tækifæri var til og núna mun ekki verða komist hjá því að það komi í verulegum mæli fram á öllum landsmönnum. Ég hef sagt að það sé ekki annað að gera og ég endurtek það enn að menn viðurkenni að kjör okkar þurfi að taka mið af þessum aðstæðum.

Hv. þm. spurði hvort treysta mætti því að það sem gert yrði yrði kynnt í þessari viku og ef ekki þá hvenær. Því get ég svo sannarlega ekki svarað. Hann talaði einnig um gengið og hvenær því yrði breytt. Ég vænti þess að allir séu sammála um það á hv. Alþingi að mjög mikilvægt er að koma í veg fyrir það að genginu verði breytt. Menn hljóta að leggja sig fram um að reyna að halda niðri þeirri verðbólgu sem hefur verið svo ríkjandi hér á undanförnum árum. Við þær aðstæður sem nú eru, þegar þensla fer minnkandi, hljótum við að leggja á það áherslu.

Ég veit til þess að ýmis fyrirtæki eru að endurskipuleggja sinn rekstur um þessar mundir. Þau gera það einfaldlega með því að draga úr útgjöldum, draga úr yfirvinnu og bjóða jafnvel sínu fólki að laun séu lækkuð. Laun í fyrirtækjunum verða að taka mið af tekjunum. Ég er ekki að segja að þetta geti gengið yfir allt þjóðfélagið en auðvitað ættu menn að gera það við þessar aðstæður. Því miður er það svo að þessi mynd er ekki orðin nægilega ljós. Það er ekki langt síðan upplýsingar fóru að berast og þótt ekkert hafi komið mjög á óvart í þeim er það ljóst að starfskjör sjávarútvegsins eru óviðunandi og það þarf og verður að taka mið af þeirri staðreynd við þá umfjöllun sem nú er hér á Alþingi að því er varðar

fjárlög og ýmislegt annað. Ég held að sú mynd blasi við að mörg fyrirtæki munu ekki geta hafið starfsemi eftir áramót. Mörg eru að stöðvast um þessar mundir, ekki fyrst og fremst út af rekstrarerfiðleikum heldur líka vegna hráefnisskorts, og það verður erfitt fyrir mörg þeirra að komast af stað.

Hitt er svo annað mál að ýmislegt annað skiptir máli í sambandi við sjávarútveginn en starfskjör hans og margt sem þarf að gæta að á næstunni. Ég vil t.d. nefna að það er ekki ráðlegt að leggja út í fjárfestingar vegna kaupa eða endurbóta á skipum. Ég get vel skilið áhyggjur skipasmíðaiðnaðarins í þeim efnum vegna þess að sjávarútvegurinn hefur í reynd ekki peninga til þess að leggja í slíkar fjárfestingar og því er ekki ráðlegt að greiða mikið fyrir því um þessar mundir. Það er heldur ekki ráðlegt að fjárfesta mikið í fiskvinnslu nema þá til þess að auka hagræðingu, m.a. með því að hjálpa til við sameiningu fyrirtækja. Margir spyrjast fyrir um sameiningu veiðiheimilda, þ.e. að leggja skipum og reyna að gera önnur skip út með meiri hagkvæmni, sérstaklega vegna aflasamdráttar, og ég býst við því að mun meira verði um það á næstunni að veiðiheimildir verði sameinaðar. En það sem stendur m.a. í vegi er sú staðreynd að lögin um fiskveiðar í okkar landhelgi, sem hafa verið nefnd kvótalög en að vísu eru til önnur lög frá 1976 um veiðar í landhelgi, gilda aðeins um þriggja ára skeið þannig að óvissa ríkir um framhaldið.

Það hafa jafnframt átt sér stað viðræður milli aðila í sjávarútvegi um aflamiðlun og meiri jöfnun á útflutningi á óunnum fiski og að því er stefnt að láta á það reyna hvort hægt sé að stofna samstarfsvettvang innan sjávarútvegsins til þess að stýra útflutningi á óunnum fiski og aflamiðlun milli einstakra byggðarlaga.

Það er jafnframt ljóst að hægt er að ná meiri verðmætum út úr því sjávarfangi sem við drögum upp úr sjó. Allt of miklu er hent af svokölluðum úrgangi sem hægt væri að nýta. Jafnframt er ljóst að gæðin geta verið betri, þótt þar hafi verulega áunnist. Með betri gæðastýringu er hægt að koma fram verðmætaaukningu. Það þarf að sjálfsögðu að nota tækifærið þegar afli dregst saman til þess að brýna menn enn á ný til að taka á slíkum málum og reyna að ná árangri og ég er fullviss um að það er hægt, þó að það sé að sjálfsögðu hættulegt að ætla sér um of í þeim efnum.

En þrátt fyrir allt verður aðalvandamálið hvort og þá með hvaða hætti þau fyrirtæki sem eiga vart fyrir sínum skuldum verða aðstoðuð. Ég er viss um að í mörgum tilfellum er hagkvæmara fyrir lánardrottna þessara fyrirtækja að ganga til nauðasamninga við þau, m.a. til þess að auðvelda þeim að koma við hagræðingu í sínum rekstri. Jafnframt hlýtur að koma til álita hvort ekki sé rétt að greiða fyrir slíkum nauðasamningum m.a. með því að opinber sjóður, t.d. Byggðasjóður, leggi fram eitthvert fé til þess að greiða fyrir slíkum nauðasamningum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, þó að sjálfsögðu þurfi þá að útvega fé fyrir þann sjóð til þess að gera slíka hluti. Það verður ekki hjá því komist að margir af þeim aðilum sem eiga hjá slíkum sjávarútvegsfyrirtækjum þurfi að afskrifa hluta af sínu fjármagni annaðhvort með slíkum samningum eða þá með gjaldþroti. Ég er fullviss um að í mörgum tilvikum er hagstæðara fyrir þá að ganga til slíkra samninga heldur en þurfa að horfa á eftir viðkomandi fyrirtæki í gjaldþrot. Og ég á nú von á að ástæðan fyrir því að þær ráðstafanir voru gerðar sem minnst var á varðandi þetta eina fyrirtæki sem hér var nefnt hafi m.a. verið sú að hagsmunagæslumenn ríkissjóðs og viðkomandi banka hafi séð að ef fyrirtækið yrði gert upp sem gjaldþrota væri hætta á að þeir töpuðu enn þá meiru.

Hæstv. forseti. Ég skal ekki lengja mál mitt að þessu sinni. Þessi mál eru og hafa verið til umfjöllunar hjá ríkisstjórn. Það er ekki komin niðurstaða í þeim og ég vil ítreka að ég tel nauðsynlegt að þessi mál verði rædd á Alþingi á næstunni því að hér er um svo stórt mál að ræða að það hlýtur að blandast inn í aðrar ákvarðanir sem þarf að taka. Ég vænti þess að um það geti verið samvinna milli þeirra sem styðja núverandi ríkisstjórn og stjórnarandstöðunnar hér á Alþingi og ég þakka hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar fyrir að taka mál þetta upp og sýna þar með í verki áhyggjur sínar út af þessum vanda. Ég veit að það mun koma fram í afgreiðslu mála hér á næstu vikum á Alþingi að aðilar eru tilbúnir að taka höndum saman í þessum málum.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað eðlilegt að fram fari á Alþingi umræða um þau mál sem þar er verið að fjalla um. En ég verð nú að segja að engum þarf að koma það á óvart miðað við stöðu mála þegar fyrrv. ríkisstjórn fór frá, því að hennar eigin sögn máttu ekki líða nema nokkrir dagar að einhverjar aðgerðir yrðu svo að hjól atvinnulífsins stöðvuðust ekki. Auðvitað er það mjög slæmt að dráttur verði á þessu og málin hefðu þurft að ganga fljótar fyrir sig en raun ber vitni, en þau eru ekki létt viðureignar eins og dæmin sanna.

Mér fannst það dálítið athyglisvert hjá hv. 1. þm. Suðurl. er hann talaði um að mest áríðandi væri að þau fyrirtæki sem stæðu best og væru best rekin nytu fyrst fyrirgreiðslu. Í mínum huga og margra annarra er mest aðkallandi að þau fyrirtæki sem eru sæmilega rekin fái fyrirgreiðslu til þess að þau stöðvist ekki. Hin mega mikið frekar bíða. Ég er ákaflega hræddur um að það fólk sem býr í hinum ýmsu byggðarlögum þar sem fyrst og fremst eitt fyrirtæki skaffar atvinnu muni vera á annarri skoðun ef við blasir að þetta fyrirtæki muni stöðvast. Það munu heyrast gagnrýnisraddir ef best reknu og best stæðu fyrirtækin gengju þar á undan.

Hv. 1. þm. Suðurl. sagði að jafnvægi hefði verið komið á varðandi framboð og eftirspurn í sambandi við vinnuaflið. Það er rétt. En hvað sagði það okkur? Í septembermánuði er einmitt langmesta

eftirspurnin eftir vinnuafli og það hefði átt að opna augu þeirra sem stjórnuðu landinu að háski væri á ferðum þegar vetraði, eins og komið hefur fram. Hvernig sem á málin er litið var strax í ágúst sl. orðið háskalegt ástand í landinu. Þó að ég vilji ekki hafa stór orð um það í þessari umræðu vil ég þó láta þá skoðun mína í ljósi að síðasta ríkisstjórn var í raun og veru aldrei starfshæf. Það var m.a. ástæðan fyrir því hvernig fór. Fyrstu fimm mánuðina sem sú stjórn sat að völdum var alltaf boðið hærra og hærra í fjármagnið, hærri og hærri vextir boðnir af ríkisvíxlunum og þeir meira en tvöfölduðust á fimm mánuðum, frá 20% upp í 41,3% en fóru hæst í febrúarbyrjun upp í 43%. Ætli þetta mál hafi ekki valdið mestu um hvernig fór?

Það liggur auðvitað á borðinu og allir sjá að lítið þýðir að lána fyrirtækjum sem eru að tapa, þ.e. breyta taprekstrinum í lán, ef grundvellinum er ekki breytt um leið þannig að slíkur taprekstur hætti. En er hægt að fleyta þeim áfram með öðrum hætti ef grundvöllurinn er þó lagaður þannig að einhver von er um bættan rekstur? Sjálfsagt verður hann ekki bættur þannig að á stuttum tíma geti það unnið upp tapreksturinn, eða hver treystir sér til þess að gera slíkar ráðstafanir eins og nú er, hvaða leið sem verður farin? Þess vegna verður auðvitað með einhverjum hætti að ganga þannig í málin að fyrirtækin séu eitthvað yfir núllinu og ekki einungis fyrirtækin í sjávarútvegi heldur öll þau fyrirtæki sem framleiða fyrir utanlandsmarkað. Þessi fyrirtæki sem ég kalla, og á ég ekki uppástungu að því orði, fyrirvinnufyrirtæki þjóðarinnar. Ef fyrirvinnufyrirtæki þjóðarinnar hafa ekki þann grundvöll að þau geti gengið ættu allir að skilja hvernig fer með aðra í þessu þjóðfélagi.

Hitt er mér áhyggjuefni og hlýtur að vera öllum áhyggjuefni að þær ráðstöfunartekjur sem fólk hefur haft byggjast að miklu leyti á löngum vinnutíma og mikilli yfirvinnu. Þegar kreppir að missa fjölskyldurnar þessa yfirvinnu og miðað við hvernig ástandið er í landinu víðast hvar þá duga dagvinnulaunin engan veginn, allra síst hjá þeim sem þurfa að borga helmingi hærri orkukostnað en t.d. er á því svæði sem við erum hér nú á. Það verður í leiðinni líka að huga að þessum þætti, ekkert síður, því að ef vinnufyrirtækin fá ekki fólk, ef það fer af þessum köldu svæðum vegna þess að þar er ekki hægt að lifa, ja hvernig fer þá fyrir þjóðinni?

Ég ætla ekki að flytja langt mál við þessa umræðu. Auðvitað væri það æskilegt ef hægt væri að finna þá leið að lækka kostnað, fyrst og fremst að lækka kostnað. Eitt af því sem stefnt var að var að fiskvinnslan fengi lækkun á orkukostnaði frá rafveitunum um 25%. Hvernig gengur að semja við þá sem ráða þar málum? Þá er líka áhyggjuefni það launamisrétti sem er í landinu. Hvernig á að breyta því? Eru menn tilbúnir að setja á eitt eða tvö skattþrep til viðbótar til þess að minnka þetta bil? Eða hvernig hugsa menn sér að koma málum saman? Þar sem minna er til skipta verður a.m.k. að skipta þannig að allir hafi í sig og á, en miðað við aðstæður sé ég ekki að það verði öðruvísi en að lægstu launin með minni vinnutíma hækki og að sama skapi verði þá tekið af hinum sem betur eru launaðir.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Mér fannst nokkuð merkileg yfirlýsing hæstv. sjútvrh. að ein leið til þess að bæta stöðu sjávarútvegsins nú um stundir væri það að stefna að því að fá meira verðmæti og auka gæðastjórnun, með því væri hægt að laga stöðu sjávarútvegsins nokkuð. Í sambandi við þá ráðleggingu mundi ég óska eftir því að þeir sem það gerðu þyrftu ekki að eiga von á því að sjútvrn. sækti þá menn með lögum og reyndi að hnekkja á þeim vegna þess að þeir væru að gera þá hluti. Það er hægt að hvetja menn til að gera hluti sem þessa en ég tel það nokkuð vafasamt að hægt sé að kalla það siðlegt ef á sama tíma eru þeir hlutir gerðir eins og þeir sem hafa verið gerðir gagnvart fyrirtækinu Jökli hf. á Hellissandi. En ekki meira um það.

Við höfum heyrt hér ræður tveggja fyrrv. ráðherra úr síðustu ríkisstjórn, hæstv. fyrrv. forsrh. og núv. sjútvrh. Þeir hafa dregið upp dökka mynd af stöðu sjávarútvegsins, annar eftir það að hafa verið forsrh. í rúmt ár og ráðherra í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, hinn eftir það að hafa verið sjútvrh. undanfarandi rúm fimm ár og er það enn. Þeir hafa lýst því yfir héðan úr þessum ræðustól í dag að búast megi við því að mörg fyrirtæki geti ekki hafið starfsemi eftir áramót. Þetta er lýsing hæstv. ráðherra á þeirra eigin störfum. Mér finnst að það hafi verið fleiri í fílabeinsturni en ráðherrann sem sat inni við Hlemm. Það er eins og líka hafi verið fílabeinsturn við Lindargötuna og nú upp á síðkastið við Skúlagötuna og líka hér við Lækjartorg.

Sú umræða sem hér hefur verið og á sjálfsagt eftir að halda áfram í kvöld staðfestir hverslags ráðleysi hefur verið hér á undanförnum árum og ekki síst á síðustu missirum og mánuðum, staðfestir það að meginhluti fiskvinnslufyrirtækja á landinu stendur nú frammi fyrir því að eiginfjárstaða þeirra er komin niður fyrir núllið. Því hefur verið lýst héðan úr þessum ræðustól núna að sum þeirra séu þannig á vegi stödd að þau eigi ekki nema brot — Nú, forseti biður mig um það að hætta hér ræðu minni. Mér er ljúft, ef það getur lagað til fyrir hv. þm. sem forseti nefnir, að lofa honum að komast hér að. Það er alveg sjálfsagður hlutur. Ég get haldið ræðu minni áfram í kvöld.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ég vil þakka þingmanninum þessi vinsamlegu tilmæli. En svo að þingheimi sé skýrt frá hvað hér er um að ræða, þá hafði ég lofað hv. 1. þm. Vestf. að komast hér að vegna þess að hann þarf að fara frá, gleymdi því síðan, og ef hv. 4. þm. Vesturl. vill gera hlé á ræðu sinni þá væri mér þökk í því, og hv. 1. þm. Vestf. tekur nú til máls. Það er ljóst að hér verður

fram haldið fundi að loknum þingflokksfundum þannig að ég vil þakka hv. 4. þm. Vesturl. fyrir þetta.

Matthías Bjarnason:

Virðulegi forseti. Það var að mörgu leyti dapurlegt að hlusta á ræðu hæstv. sjútvrh. sem nú hefur setið í því embætti í rúm fimm ár, eins og hv. síðasti ræðumaður greindi, og jafnframt því að í raun og veru liggur ekkert fyrir frá hendi ríkisstjórnarinnar. Það gekk nógu illa hjá fyrri ríkisstjórn en enn þá situr við það sama. Í fjárlagafrv. segir að fyrstu aðgerðir ríkisstjórnarinnar miði að því að rétta við stöðu útflutningsgreinanna, forðast atvinnuleysi, hemja verðbólgu. Meginaðgerðirnar voru þær að Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins verði gert kleift með lántöku að greiða allt að 5% verðuppbót á freðfisk. Verðstöðvun var framlengd til 28. febr. á næsta ári, en laun, almennt fiskverð og launaliður á verðlagsgrundvelli búvöru munu haldast óbreytt til 5. febr. á næsta ári. Til að bæta stöðu hinna verst settu var tekjutrygging elli- og örorkulífeyrisþega og heimilisuppbót hækkuð um 3% og 150 millj. kr. á að veita til að liðsinna húsbyggjendum og fjölskyldum þeirra í alvarlegum greiðsluerfiðleikum. Niðurgreiðslur voru auknar í október og ríkisstjórnin beitti sér fyrir lækkun bæði nafnvaxta og raunvaxta í upphafi október en þær aðgerðir voru framhald af því sem búið var að gera í fyrri ríkisstjórn.

Þá segir í fjárlagafrv.: Laun haldast óbreytt til 15. febr. 1989 en hækka þá almennt um 1,25%. Lagaákvæði um takmörkun samningsréttar, er sett voru af fyrri ríkisstjórn í maí 1988 og áttu að gilda til 10. apríl, munu falla úr gildi 15. febr. Launaliður í verðlagsgrundvelli búvöru verður sömuleiðis óbreyttur til 15. febr. en hækkar þá um 1,25% og sama gildir um almennt fiskverð.

Ríkisstjórnin beitti sér fyrir ýmsum aðgerðum til að milda áhrif launafrystingar á þá sem verst voru settir. Tekjutrygging elli- og örorkulífeyrisþega og heimilisuppbót hækkuðu um 3% 1. okt. Persónuafsláttur og barnabætur verða hækkaðar sérstaklega í tengslum við aðgerðir í skattamálum og gert er ráð fyrir 150 millj. kr. til skuldbreytinga húsbyggjenda.

Allt kemur þetta fram hér í fjárlagafrv. Nú kemur hæstv. sjútvrh. og boðar að helsta áhyggjuefnið sé hvað launin séu há, að nú þurfi að lækka launin. Það er því skammt á milli fyrirheita þessarar hæstv. ríkisstjórnar þegar við berum saman rúmlega mánaðargamalt fjárlagafrv. og þá ræðu sem hæstv. sjútvrh. var að flytja hér áðan.

Í lögum um Seðlabanka Íslands segir að ákvarðanir um gengi íslensku krónunnar skuli miðast við að halda sem stöðugustu gengi og ná jöfnuði í viðskiptum við útlönd en tryggja jafnframt rekstrargrundvöll útflutningsatvinnuveganna og samkeppnisgreina. Þarna er tvímælalaust, og fer ekki á milli mála, lagaákvæði um það að tryggja jafnframt rekstrargrundvöll útflutningsatvinnuveganna og samkeppnisgreina. En það eru fleiri greinar útflutningsafurða en sjávarútvegur. Það er atvinnulífsframtíðin fyrir ný atvinnufyrirtæki að þau standi jafnfætis í keppninni við erlend atvinnufyrirtæki. Með því að skrá gengið rangt er verið að kippa grundvellinum undan öllum útflutnings- og samkeppnisgreinum í íslensku atvinnulífi. Forsrh. hefur haldið því fram að raungengi krónunnar væri rangt en það næði samt ekki nokkurri átt að leiðrétta það. Tilvonandi bankastjóri Landsbankans, mikill áhrifamaður í Sambandi ísl. samvinnufélaga, Valur Arnþórsson, sagði á framsóknarþinginu fyrir nokkru að gengið þyrfti að lækka um 15%. Hver er að biðja um gengislækkun? Ekki nokkur maður. Ég er sammála hæstv. sjútvrh. um það að það er enginn hér inni sem vill fá gengislækkun. Hins vegar er annað mál að þegar gengi er þegar fallið þá verða menn að játa staðreyndum, þá þýðir ekki að berja höfðinu við steininn, ekki í nokkra daga heldur í fleiri mánuði eins og búið er að gera. Og alltaf er sagt: Það þarf nýjar aðgerðir til þess að tryggja grundvöll atvinnulífsins, útflutningsatvinnuveganna. Svo nær þetta bara ekkert lengra. Hvað um hugbúnaðinn sem við höfum verið þátttakendur í og erum að selja okkar framleiðslu á erlendum vettvangi? Hvernig eiga þessi ungu fjárvana fyrirtæki að standast samkeppnina við rótgróin erlend fyrirtæki ef við neitum að játa þá staðreynd að gengi íslensku krónunnar er fallið? Og hvers vegna er verið að ýta undir eyðsluna með þessari röngu gengisskráningu mánuð eftir mánuð? Þúsundir landsmanna fara úr landi til þess að kaupa og kaupa núna fyrir jólin. Verslunin er að færast út úr landinu. Ríkissjóður er að glata stórfelldum tekjum í aðflutningsgjöldum af vörum og söluskatti með þessum hætti. En ráðherrarnir bara berja hausnum við steininn viku eftir viku og tala eins og þeir skilji ekki nokkurn skapaðan hlut.

Hvað er um ýmsar aðrar atvinnugreinar en sjávarútveginn, eins og ullariðnaðinn, loðdýraræktunina? Ætli refirnir þyrftu ekki að fá rétt skráð gengi? Eða réttara sagt eigendur þeirra, og minkaframleiðendur, svo dæmi séu nefnd. Og hvað með tillöguna sem var flutt hér í dag um samkeppni innlends skipaiðnaðar? Er ekki verið að kaupa inn vinnuafl annarra þjóða á fölsku gengi, á gengi sem er ranglega skráð þannig að þeir sem stunda þennan iðnrekstur fara halloka í þeirri samkeppni?

Það er talað mikið um gróða bankanna og tryggingafélaganna. Fær ekki ríkissjóður aðild að því? Á að ganga það nærri tryggingafélögunum að þau geti ekki staðið við sínar skuldbindingar? Þau geta nú farið á hausinn eins og aðrir, eins og aðrar atvinnugreinar. Er ekki sérstakt tryggingaeftirlit samkvæmt lögum um vátryggingastarfsemi sem á að sjá um það að tryggingafélögin séu traustar stofnanir sem megi byggja á fyrir viðskiptamenn sína en ekki að þau hangi þannig að viðskiptamenn viti ekki hvenær þeir tapa því ef þeir verða fyrir tjóni í sambandi við það? Það verður að fara varlega í þessum efnum.

Hæstv. sjútvrh., sem hefur setið í því embætti óslitið frá því í maílok 1983 og ætti þar af leiðandi að

vera vel heima í því hvernig ástand og horfur eru í sjávarútvegsmálum, hefur nú tekið undir orð hæstv. forsrh. að hann sjái enga ástæðu til þess að skrá gengi íslensku krónunnar réttu verði. M.ö.o.: Hann telur að þrátt fyrir stöðu sjávarútvegsins sé ekki ástæða til þess að breyta skráðu gengi. Skráð gengi skiptir miklu meira máli en það sem ég hef þegar nefnt. Það skiptir því máli að fólk veit hvað það má og hvað það má ekki. Þess vegna verður það að byggja á því hvað hlutirnir í raun og veru kosta en ekki að selja, eins og ég hef margoft tekið hér fram áður, gjaldeyri með afslætti.

Það er gripið til skuldbreytingalána hvað eftir annað sem ekki skilja neitt eftir annað en það að þar sem rekstrarhalli er þar verður hann áfram þrátt fyrir þau skuldbreytingalán. Hæstv. sjútvrh. sagði að það gæti vel komið til og ætti að koma til að Byggðasjóður tæki að sér að leggja jafnvel fram hlutafé í ýmis fyrirtæki sem væru illa á vegi stödd. Við skulum athuga þetta aðeins nánar. Í stefnuskrá þessarar hæstv. ríkisstjórnar er talað um að efla Byggðasjóð. Eigum við svo ekki að líta á fjárlagafrv. og sjá hvernig það er gert? Það er gert með þeim hætti að honum eru ætlaðar 125 millj. kr. eins og hann hafði í fjárlögum þessa árs. En þar hefur bæst við. Miðað við þau lán sem sjóðurinn hefur tekið á þessu ári, þá greiðir hann ríkissjóði 86 millj. kr. í lántökugjald, um 23 millj. kr. í stimpilgjald og um 10 millj. kr. í ríkisábyrgðasjóðsgjald. Það verða m.ö.o. eftir 6 millj. kr. Þetta er nú myndarátak sem hæstv. ríkisstjórn er að leggja fram til uppbyggingar atvinnulífsins úti á landi. Stórmyndarlegt! Svo er auðvitað hægt að bæta á og gerast hluthafar með því að taka dýr lán erlendis og síðan á sjóðurinn sennilega að tapa algjörlega sínu eigin fjármagni. Og þá verður hægt að segja eins og sagt er um bankastjóra banka þegar þeir tapa lánum: „Það voru nú meiri hálfvitarnir sem voru í stjórn í þessari stofnun. Hún er búin að glata gersamlega eiginfjárstöðunni og sjóðurinn er þegar gjaldþrota." Þá mun ekki standa á vandlætingarpostulum, hvorki hér á hv. Alþingi né annars staðar.

Við skulum bera saman framlag til byggðamála í landinu með þessum hætti. Í fjárlagafrv. er styrkur til blaðaútgáfu upp á 50 millj. kr. og til útgáfumála samkvæmt ákvörðun þingflokka 22 millj. kr. Á þessum tveimur liðum eru 72 millj. kr. Það var ekkert verið að hafa þetta sömu upphæð og var í fjárlögum ársins 1988. Nei, það var verið að hækka það verulega, margfalt meira en laun hækkuðu á milli ára. Þarna er ekki verið að skera við nögl sér.

Ég spyr: Hvernig ætlar hæstv. ríkisstjórn, sem boðar núna stórfelldar skattahækkanir og óskar eftir samstarfi við stjórnarandstöðuna um þær miklu skattahækkanir, að búa að atvinnufyrirtækjunum í landinu? Hæstv. fjmrh. hefur sagt að það verði að láta þessar skattahækkanir fyrst og fremst koma á fyrirtæki. Hvar endar með þessi fyrirtæki? Er markvisst verið að stefna að því að þau leggi upp laupana hvert á fætur öðru og að atvinnuleysi herji hér um allt land á næstu vikum eða mánuðum? Það er þegar byrjað á því.

Hv. 10. þm. Reykv. flutti hér afar þunga ádeilu á hv. 1. þm. Suðurl. í umræðum um fyrsta skattafrv. ríkisstjórnarinnar, um 100% hækkun á skatti á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, og taldi að allt væri það honum að kenna. Það máttu allir halda sem hér voru inni og hlustuðu á ræðu þessa hv. þm. að það hefði enginn annar verið í þeirri ríkisstjórn en hv. 1. þm. Suðurl. Ég verð nú að benda á það að enginn flokkur hefur setið lengur á undanförnum áratugum í ríkisstjórn en Framsfl. Hann hefur farið með þessi mál. Hann hefur farið með forsæti í ríkisstjórn í mörg ár og fer nú aftur. Hann hefur farið með sjávarútvegsmálin fyrst og fremst og þess vegna verður ekki hjá því komist núna að draga hann til nokkurrar ábyrgðar.

Ég spyr: Hvernig stendur á því að meira að segja þar sem fjármagn er fyrir hendi hefur fyrirtækjum verið gert svo erfitt fyrir að þau hafa jafnvel farið á hausinn, þau hafa hallast á ógæfuhliðina eins og t.d. varðandi Verðjöfnunarsjóðinn? Ef við lítum á eignarstöðu rækjudeildarinnar, þá var talið að um síðustu áramót væru þar inni 450 millj. kr. Þegar framleiðendur komu og óskuðu eftir því að breyta útgreiðslum og hætta að greiða til sjóðsins vegna vaxandi tapreksturs, þá drógu stjórnvöld lappirnar í fleiri mánuði. Það þurfti ekki að útvega fjármagn til þess. Nei, alls ekki. Þegar ég ásamt hv. 2. þm. Norðurl. v. flutti frv. um gerbreytingu á Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins, þá brást hæstv. sjútvrh. mjög hart við og fór í slæmt geðillskukast, kom ekki einu sinni inn á meðan málið var til umræðu því að honum fannst svo nærri sér vegið að leyfa sér að flytja frv. þó að hann hefði haft málið til athugunar. Þá voru skipaðir í nefnd af þeirri ríkisstjórn þrír menn sem komust að þeirri gáfulegu niðurstöðu að leggja beri þennan verðjöfnunarsjóð niður með öllu. Svo skeður það 4. júní, þegar þáv. hæstv. utanrrh. er á ferð vestur á fjörðum, nánar tiltekið á Ísafirði, að hann segir mönnum þar að hann gegni nú störfum sjútvrh., sem er þar vel vitað, og hann kemur til viðræðna við bæjarráð og forráðamenn rækjuverksmiðjanna. Þar gerir hæstv. utanrrh. og starfandi sjútvrh. grein fyrir tillögum nefndarinnar og sagðist hann hafa ákveðið í fjarveru Halldórs Ásgrímssonar að leggja fram skýrsluna til umfjöllunar. Hann lýsti því yfir að ríkisstjórnin hefði ákveðið að Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins yrði lagður niður, lagt yrði fyrir Alþingi frv. um málið í haust, sem sagt núna á sl. hausti. Ég hrökk við þegar ég sá þetta og spurði þáv. forsrh. hvort ríkisstjórnin væri virkilega búin að ákveða að leggja Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins niður. Nei, það hafði aldrei verið tekið til afgreiðslu í ríkisstjórn. (**Forseti:** Forseti vill leyfa sér að spyrja hvort þm. eigi mikið eftir af ræðu sinni. Nú er klukkan sex mínútur yfir fimm og þingflokksfundir ættu að vera byrjaðir. Sé ekki því meira eftir af ræðu hv. þm. væri mér ljúft að leyfa honum að ljúka máli sínu, en dragist það um

einhverjar mínútur held ég að ég sé tilneydd til að fresta fundi.) Ég held að það fari betur á að fresta fundi úr því sem komið er. — [Fundarhlé.]

Virðulegi forseti. Ef ég man rétt þá var ég þegar fundi var frestað að vitna í hvorki meira né minna en hæstv. forsrh. þegar hann greindi frá upplýsingum um það að ríkisstjórnin hefði ákveðið að leggja niður Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, en þegar ég spurði hæstv. fyrrv. forsrh. út í það mál sagði hann mér að það hefði aldrei komið til afgreiðslu í ríkisstjórn. Hins vegar hefði nál. þeirra þriggja manna sem ég nefndi verið lagt fyrir. En það undarlega skeður að hæstv. þáv. utanrrh. og settur sjútvrh. segir á fyrrnefndum fundi vestur á Ísafirði að komið hafi fram um endurgreiðslu fjármagns úr sjóðnum að m.a. helmingur af inneign í sjóðnum vegna rækju yrði greiddur út fljótlega. Þetta segir hann á fundi 4. júní. En alltaf eru fæturnir dregnir og engin útgreiðsla kemur fram.

Svo fellur ríkisstjórnin á sl. hausti og önnur ríkisstjórn tekur við. Og þar er ákveðið að útvega þeirri deild, einni stærstu deild sjóðsins, fé að láni, deild sem ekkert á, en hún er látin taka lánið. En vitaskuld er það ríkissjóður sem kemur til með að borga þetta lán, enda var þasð í fyrstu ræðunni sem hæstv. sjútvrh. hélt — mig minnir að það hafi verið á þingi Sjómannasambands Íslands — sem hann lét alveg hiklaust að því liggja að ríkissjóður kæmi til með að borga þetta lán, enda tekur enginn lán upp á fleiri hundruð millj. kr. sem ekkert á. Það er gefið mál að sá aðili getur aldrei borgað. En því er ekki hægt að ganga alveg hreint til verks í þessum efnum og segja það sem á að ske? Af hverju þarf alltaf að vera með þennan leikaraskap?

Og nú spyr ég hæstv. sjútvrh.: Hver er ætlun hans og ríkisstjórnarinnar um framhald Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins? Nú er ekkert verið að reka afskaplega á eftir. Þetta mál er ekkert að koma upp í dag eða í gær svo að það er fullkomlega kominn tími til að þessari spurningu sé svarað og hver sé stefnan. Er hæstv. ráðherra í meginatriðum e.t.v. sammála mér, sem lagði fram þetta frv. á síðasta þingi, um það að inngreiðslur í sjóðinn verði á nafni hvers fyrirtækis fyrir sig? Það er höfuðbreytingin og nauðsynleg breyting að mínu viti. Ég tel rangt að farið að leggja niður þennan sjóð þó að það sé bráðnauðsynlegt að gera á honum þessa grundvallarbreytingu og skiptir miklu máli sérstaklega fyrir framtíð þeirra greina sjávarútvegsins þar sem verðbreytingar eru hvað mestar og örastar.

Í upphafi þessarar umræðu var minnst á fyrirtæki eitt sem hefði fengið fyrirgreiðslu og afgreiðslu hjá fjmrn. Þetta fyrirtæki og þetta mál er mér mjög vel kunnugt um. Eigandi þessa fyrirtækis er eitt af stærstu fyrirtækjum í landinu. Það samþykkti á sl. hausti að heimila framkvæmdastjórn sinni að breyta í víkjandi hluthafalán eða hlutafé eða afskrifa 40 millj. kr. af viðskiptaskuld þessa fyrirtækis. Sömuleiðis náði þessi heimild einnig til allt að 10 millj. kr. sem eigandinn hafði ábyrgst af skuldum þessa fyrirtækis til viðbótar framangreindum 40 millj. kr. Þessi samþykkt var skilyrt því að ríkissjóður fyrir hönd gamla Útvegsbankans afskrifi eða breyti í hlutafé kröfu á þetta fyrirtæki sem er talið vera um 45 millj. kr. Þetta fyrirtæki hefur eins og mörg önnur átt við ákaflega mikla erfiðleika að etja en það hefur verið svo lánsamt að hafa við stjórnvölinn bráðduglegan mann sem hefur ekki látið deigan síga þrátt fyrir mikla erfiðleika og barist hetjulegri baráttu fyrir því að halda áfram útgerð og starfrækslu frystihúss sem er ekki nema af því góða.

Þetta litla kauptún sem fyrirtækið er í á meira inni hjá þessu fyrirtæki en nokkurt annað sveitarfélag á landinu, svo langt yfir það sem önnur sveitarfélög eiga. Í samantekt sem átti sér stað á inneignum sveitarfélaga hjá sjávarútvegsfyrirtækjum var þetta litla kauptún að krónutölu með meira en helmingi hærri upphæð en það næsta. Þarna var því alveg um sérstaka ráðstöfun að ræða sem ég tel að eigi að afgreiða með þeim hætti að eigandinn afskrifi það sem hann gefur eftir. Það tel ég langeðlilegast eins og efnahag fyrirtækisins er komið og að ríkið eða fjmrn. noti það til að breyta því í víkjandi lán vaxtalaust, en ekki að þessir aðilar, hvorki eigandinn sem hefur reiknað dráttarvexti af skuld fyrirtækisins um langan tíma, fari að breyta því í hlutafélag, það tel ég óeðlilegt.

Samhliða þessu eru fjölmargir aðrir kröfuhafar sem hafa lýst sig reiðubúna að afskrifa hluta af sínum skuldum eða þá að breyta kröfum sínum í hlutafé. Það litla sveitarfélag sem hér á hlut að máli hefur einnig lýst því yfir að það vilji gjarnan reyna að koma til aðstoðar, þó að það hafi alls ekki ráð á því, með því að breyta hluta af skuldinni í hlutafé.

Ég get verið sammála bæði málshefjanda og sjútvrh. í því að sum fyrirtæki eru svo illa komin að það er e.t.v. engin önnur leið en að gera þau upp og stokka spilin að nýju. En í einstaka tilfellum getur það verið afar erfitt eins og í þessu tilfelli. Vegna fiskveiðistefnunnar, vegna kvótans vitum við ekkert hvert skipin mundu fara úr þessu kauptúni. Það gæti þýtt að eftir stæði fisklaust fyrirtæki og við blasti flótti fólksins af staðnum. Þess vegna styð ég að þessi breyting sé gerð með þessum hætti og gagnrýni hvorki fjmrh. né ríkisstjórn fyrir það. En það er auðvitað vandlifað í henni veröld og við verðum eðlilega að skoða margt í því ljósi að sýna sanngirni í afgreiðslu þessara mála.

Hæstv. sjútvrh. sagði að hann vonaðist til góðrar samvinnu við stjórnarandstöðuna í afgreiðslu mála. Þá skildist mér að hann væri að bjóða fram þessa góðu samvinnu með því að við yrðum nú góðu börnin við ríkisstjórnina og samþykktum helst öll hennar skattafrumvörp, bæði þau sem þegar eru komin á borðið og eins þau sem væntanleg eru. Ég vil í þessu sambandi segja honum það og ríkisstjórninni að til þess að ná góðri samstöðu við stjórnarandstöðu á hverjum tíma, þá verður traustið að vera gagnkvæmt. Þegar ríkisstjórnin setti bráðabirgðalögin um Atvinnutryggingarsjóðinn, þá var ekki

verið að ræða neitt við stjórnarandstöðuna. Látum það vera. En hvernig voru þessi bráðabirgðalög úr garði gerð? Óskaði hæstv. ríkisstjórn eftir samstarfi við stjórnarandstöðuna? Nei, hún gerði það ekki. Hún vildi útiloka stjórnarandstöðuna frá öllum áhrifum. Hins vegar á að taka þessa peninga frá öllum landsmönnum. En 32 þingmenn af 63 eiga að ráða einir ferðinni og hafa með alla lánafyrirgreiðslu að gera. Hinir, 31 þingmenn eða fulltrúi þeirra, áttu ekkert að hafa. Þetta finnst mér ekki vera lýðræði. Í bankaráðum og öðrum sjóðsstjórnum og fyrirtækjum sem ríkið á eða kýs til ættu samkvæmt þessari reglu eingöngu að vera stjórnarliðar en alls ekki þeir sem eru í stjórnarandstöðu. En stundum verða stjórnarliðar stjórnarandstæðingar og það oft fyrr en varir og öfugt svo að það er vissara og hyggilegra að hafa hinn háttinn á, að hafa alla með í ráðum og reyna að ná eins og frekast er unnt samkomulagi um hlutina.

Í reglugerð um Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina, sem byggð er á bráðabirgðalögum en lá mikið á að setja, segir í 2. gr. að fyrirtæki komi því aðeins til álita við lánveitingu eða skuldbreytingu samkvæmt reglugerð þessari að grundvöllur teljist vera fyrir rekstri þeirra að loknum skipulagsbreytingum á fjárhag þeirra og rekstri. Þetta er afdráttarlaus grein og auðskiljanleg. Ég er að frétta það núna undanfarna daga að til stæði að breyta 2. gr. þannig að sjóðsstjórnin hefði rýmri hendur og gæti afgreitt fleiri þó að hagur þeirra stæði ekki traustum fótum en væri jafnvel á brauðfótum. Er það satt og rétt að þetta standi til? spyr ég hæstv. sjútvrh.

Enn fremur hef ég heyrt að bönkum sé ætlað að kaupa þau skuldabréf sem Atvinnutryggingarsjóðurinn kemur til með að gefa út handa þeim sem lán fá. Er það rétt að til standi og hefur samninga verið leitað við viðskiptabankana um að þeir kaupi þessi bréf án affalla og jafnframt að þeir hafi fengið fyrirheit um að Seðlabankinn muni endurkaupa þessi bréf af þeim upp í bindinguna sem er verið að greiða til Seðlabankans? Ég spyr hæstv. viðskrh. að því hvort þetta sé í raun og veru það sem unnið er að og þá jafnframt: Ætlar Seðlabankinn að kaupa og getur Seðlabankinn keypt þessi bréf nema þau séu tryggð? Telur hæstv. viðskrh. að þessi bréf Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina séu nægileg trygging frá þessum sjóði? Þarf ekki ríkisábyrgð að koma til til þess að Seðlabankinn geti í raun og veru keypt þessi bréf af viðskiptabönkunum? Þetta finnst mér nauðsynlegt að komi fram í þessari umræðu.

Hæstv. sjútvrh. hefur verið svo elskulegur að leggja á borðið reglugerð um breytingu á reglugerðinni sem ég var að tala um og þar er þessari 2. gr. breytt þannig að fyrirtæki koma því aðeins til álita við lánveitingu eða skuldbreytingu samkvæmt reglugerð þessari að grundvöllur teljist vera fyrir rekstri þeirra þegar til lengri tíma er litið og að loknum skipulagsbreytingum á fjárhag þeirra og rekstri, enda uppfylli þau skilyrði 11. gr. um tryggingar. Gaman væri að fá frekari skýringu á „til lengri tíma litið". Hvaða ár ætli það sé? 2100 eða kannski bara 2050? Þetta er snilld og það þarf ekki að taka fram að reglugerðin er undirrituð af sjálfum hæstv. forsrh. Steingrími Hermannssyni og Guðmundi Benediktssyni og þetta hefur hann gert, blessaður, áður en hann fór för sína til Bretlands til að hitta þar merka konu og vonandi getur hann mikið af henni lært. Mönnum gerist tíðförult til Bretlands, en það eru ekki allir sem fara á fund þeirrar konu til þess að nema af henni.

Það eru líka aðrar breytingar hér. Það er breyting á 3. málsl. 3. mgr. 8. gr. Þar komi orðin „2. mgr." í stað „1. mgr." og svo aftur í 3. gr. að sjálfsskuldarábyrgð banka, sjóða og traustra fyrirtækja eða einstaklinga eða á ábyrgð sveitarsjóðs eða bæjarfélags. Ég held að sveitarfélögin séu þarna komin inn í dæmið. Þau hafa svo sterkan bakhjarl.

Hún kemur mjög víða við fiskveiðistefnan þegar rætt er um þessi mál. Allir eru logandi hræddir við uppstokkun fyrirtækja á hinum ýmsu stöðum á landinu. Það er hræðslan við fiskveiðistjórnunina, við kvótann, hvert skipin fara. Það er enginn hræddur við að frystihúsin verði ekki áfram á sínum stað, en hræðslan er við það hvert skipin fara með aflakvótann í burtu. Ég sagði það þegar frv. um fiskveiðistjórnun var afgreitt að þeir sem felldu þá tillögu mína um sérstakan byggðakvóta vissu ekki hvenær röðin kæmi að sér. Og það er nú komið á daginn að hún er komin að sumum þeirra sem felldu þá sanngjörnu tillögu. Þetta er eitt af því sem er mikil óvissa um víða í sjávarkauptúnum og kaupstöðum landsins og menn óttast. Ég er ekkert viss um að núv. hæstv. ríkisstjórn hafi meiri hluta við þessa stefnu. Mér heyrðist ekki gott hljóðið í þeim ágæta þingmanni sem var í ræðustólnum á undan mér og á eftir að koma aftur. Ég minnist líka eins af þingmönnum Alþfl. Hann var ekki myrkur í máli þegar hann talaði um þessa fiskveiðistefnu og hann skrifaði fyrir kosningar m.a. þessi orð, með leyfi hæstv. forseta, í blað sitt: „Þessa óhæfu verður umsvifalaust að stöðva. Það þolir enga bið að svona miðstýringarófreskja verði að velli lögð. Annars verður það of seint. Þegar það er orðið nauðsyn fyrir ekki aðeins hið pólitíska hagsmunakerfi íhalds og framsóknar heldur einnig banka og lánastofnanir á landinu að viðhalda þessu kerfi vegna þeirra hagsmuna sem umræddar stofnanir hafa að gæta, þá verður erfitt að vinda ofan af skömmtunarkerfinu aftur. Einmitt af þessum ástæðum töldu frambjóðendur Alþfl. svo mikið við liggja að þeir gáfu fyrir fram þá yfirlýsingu að þeir mundu enga þá ríkisstjórn styðja sem ætlaði sér að framlengja þetta kerfi. Um slíka hluti erum við ekki einu sinni tilbúnir að ræða hvað þá heldur meira við varaformann Framsóknarflokksins."

Þetta sagði þessi hv. stjórnarþingmaður og hann er ekki einu sinni búinn að styðja varaformann Framsfl. til að fara með sjávarútvegsmál heldur tvisvar.

Ég veit að fleiri á þeim bæ eru óánægðir með

þessa stefnu. Ég veit líka að það er óánægja í flokki hæstv. sjútvrh. og hafa þar ákveðnir menn ekki dregið neina dul á það.

Ég verð að vekja sérstaka athygli á því þegar hæstv. sjútvrh. sagði hér áðan að við þyrftum að gæta hófs í framkvæmdum í sjávarútvegi sem og í öðrum greinum, og ég get alveg tekið undir það. Það er gott að hæstv. sjútvrh. sé kominn á þá skoðun því hann braut lögin um samræmingu veiða og vinnslu hvað rækjuveiðar og vinnslu snertir með því að fjölga stórlega vinnslustöðvum og á þann hátt raskaðist grundvöllur þeirra stöðva sem fyrir voru. Það var farið geyst í þá veiði og núna hefur hún dregist saman og er orðin nokkur þúsund tonnum innan við það sem ráðuneytið gerði ráð fyrir á þessu ári. Það hefði verið betra að grípa fyrr til þess ráðs sem hæstv. ráðherra boðaði í dag.

Þegar á heildina er litið verðum við að segja að sjaldan eða aldrei hafa verið jafnmiklar blikur á lofti hvað snertir rekstur og efnahag sjávarútvegsins í heild og því er nauðsyn á því að grípa þegar í stað til aðgerða sem koma að gagni. Það kemur ekki að gagni að lána þessum fyrirtækjum sífellt meira. Eigið fé þeirra er að brenna upp. Það nöturlegasta sem hefur skeð er að góð fyrirtæki, sem voru fyrir einu ári, eru í raun og veru mjög illa sett nú. Ég hrökk töluvert við þegar sjútvrh. sagði að það verði ýmsir að blæða ef fyrirtæki fara á hausinn og þá eru það þjónustuaðilarnir við fyrirtækin. En þá segi ég: Er það sanngjarnt að þau fyrirtæki sem hafa lánað sjávarútvegi og útflutningsatvinnuvegunum vinnu sína og þjónustu eigi að blæða og þau eigi jafnvel að fara á hausinn fyrir að hafa reynt að halda uppi fyrirtækjunum og atvinnu gangandi í landinu? Mér finnst það ósanngjarnt, en þeir sleppa sem hafa verið harðir og sagt: Við lánum ekki neitt. Við vinnum ekkert fyrir ykkur því þið borgið ekki.

Nú óttast ég að þegar Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreinanna fer að kaupa skuldabréfin og selja geti stóru aðilarnir, olíufélögin, tryggingafélögin, komist í gegnum sína viðskiptabanka og fengið bréf keypt. Eiga aðilar sem eru í viðskiptum við litlar lánastofnanir, t.d. sparisjóði, ýmsir aðilar úti á landi, þá að verða eftir? Þarna er mikið verk að vinna og vandasamt. Við höfum ekki ráð á því að láta þessi þjónustufyrirtæki fara á höfuðið, fyrirtæki sem hafa verið vel rekin, mörg hver, en þau verða þá að fara á höfuðið fyrir það að þeir voru ekki nógu harðir að segja nei við sjávarútvegsfyrirtækin þegar þau voru í nauð eins og þau hafa verið á þessu ári og einkum er líða tók á árið.

Ég skora á hæstv. sjútvrh. að taka nú alvarlega til hendi og leggja fram ákveðnar tillögur í ríkisstjórninni til lausnar vanda sjávarútvegsins til þess að þau fyrirtæki sem er nauðsynlegt að haldi áfram starfrækslu geti starfað með eðlilegum hætti. Ef haldið verður áfram á þeirri braut sem nú hefur verið farin sé ég ekki fram á annað en að það verði vaxandi atvinnuleysi á næstu mánuðum. Atvinnuleysi er miklu verra en tímabundin verðbólga. Atvinnuleysi er það versta sem fyrir getur komið. Það er nauðsynlegt að hafa aðhald að verðbólgunni og til þess erum við vafalaust flest eða öll sem erum í stjórnarandstöðu reiðubúin til samstarfs við ríkisstjórnina. Ég tel að það sé enginn maður á hv. Alþingi sem ekki vill styðja skynsamlega lausn þessara mála og þá þarf ríkisstjórnin ekki að óttast neitt um sinn hag, en ef ríkisstjórnin sýnir, eins og hún gerði með setningu bráðabirgðalaganna, þann hofmóð sem hún hefur ekki ráð á að sýna held ég að það sé langt í land að samstarf geti orðið betra á milli stjórnar og stjórnarandstöðu.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill vekja athygli á að enn eru tíu hv. þm. á mælendaskrá í þessum utandagskrárumræðum. Enn eru fjölmörg mál á dagskrá og forseti mun eftir getu leitast við að ljúka dagskrá þessa fundar þegar utandagskrárumræðu lýkur. Ég hlýt því að fara þess á leit við hv. þm. að þeir reyni að stytta mál sitt sem allra mest, ella verður gripið til þess að takmarka ræðutíma.

Skúli Alexandersson (frh.):

Virðulegi forseti. Ég hafði aðeins byrjað ræðu mína þegar forseti fór þess á leit við mig að ég hleypti öðrum hv. þm. að. Ég hafði minnst á að hæstv. sjútvrh. hafði nefnt að eitt af þeim atriðum sem gætu komið sjávarútveginum nú til bjargar væri að auka verðmæti aflans, meiri gæðastýring, og hafði aðeins bent á að slíkt hefði ekki reynst sumum vel. Mig langar til að bera upp þá spurningu til hæstv. ráðherra hvort þeir sem færu nú að ósk hans, legðu sig fram um að auka nýtingu, auka verðmæti aflans, reyna að gera eins mikið úr aflanum og mögulegt væri, láta skipin ekki vera með netin í sjó yfir helgar og gera hvað eina sem hægt væri til að auka verðmæti aflans, auka verðgildi hans og auka magn hans, hvort þeir ættu á hættu nú, þegar ráðherra óskar eftir þessu, að verða sóttir til saka, ákærðir fyrir að hafa brotið landslög. Ég óska sérstaklega eftir því að hæstv. ráðherra svari þessari spurningu minni, hvort þeir sem mundu fara að ósk hans eigi það á hættu að þurfa að sanna sakleysi sitt frammi fyrir dómstólum, sanna að þeir væru ekki lögbrjótar, ef þeir stæðu sig í því að auka verðmæti aflans, auka nýtingu hans. Það ætti að vera auðveldara fyrir hæstv. sjútvrh. að svara þessari spurningu þar sem hann er nú líka dómsmrh.

Ég hafði bent á það í ræðu minni líka að tveir hæstv. ráðherrar hefðu flutt tölu um stöðu sjávarútvegs á Íslandi í dag, hæstv. fyrrverandi ráðherrar eða ráðherrar úr fyrri ríkisstjórn, þ.e. fyrrv. forsrh. og ráðherra úr tveimur stjórnum og hæstv. sjútvrh., ráðherra í þrem stjórnum, hefðu lýst því hvernig ástandið væri núna í íslenskum sjávarútvegi. Hæstv. sjútvrh. hafði lýst því yfir í ræðu sinni að mörg fyrirtæki í sjávarútvegi gætu ekki hafið starfsemi eftir áramót. Eftir fimm ára stjórn þessa hæstv. ráðherra á íslenskum sjávarútvegi er staðan þannig

og eftir fimm ára setu Sjálfstfl. og Framsfl. í ríkisstjórn er staðan þannig. Þá kemur Þorsteinn Pálsson, 1. þm. Suðurl., eftir stjórnarsetu í fimm ár og lýsir hvernig ástandið er í efnahagsmálum þjóðarinnar, í stöðu sjávarútvegs á Íslandi. Það var ekki skemmtileg lýsing. Og sá hv. þm. ætlast til þess nú að ný ríkisstjórn, sem hann er ekki þátttakandi að og hefur setið í rétt tvo mánuði, hljóti að vera tilbúin með ráð og aðgerðir til að bjarga þessari stöðu. Ja, ekki er farið fram á lítið.

Það er mikið rætt um að eiginfjárstaða sjávarútvegsfyrirtækja sé nú orðin vond og í sumum tilfellum á þann veg að fyrirtækin eigi ekki fyrir skuldum. Þessi fyrirtæki voru sum hver fyrir hálfu ári eða ári sæmilega stödd fyrirtæki og þegar við sem vorum stjórnarandstæðingar um þetta leyti í fyrra og fram á vor vorum að benda á hvað væri að ske í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum fór ekki mikið fyrir því að hæstv. ráðherrar, ráðherrar þeirrar stjórnar sem þá sat, tækju undir þær aðvaranir sem við vorum að nefna á hv. Alþingi. Það var talið frekar ómerkileg gagnrýni stjórnarandstöðu. Sem betur fer viðurkenna nú þessir hv. þm. þessa stöðu, viðskilnað sinn við stöðu þjóðarbúsins, við stöðu sjávarútvegsins. En þessi þáttur, eiginfjárstaða fyrirtækjanna, er kannski ekki aðalatriðið í stöðu sjávarútvegsins. Það er annar þáttur sem allt of lítið hefur verið talað um sem er miklu alvarlegri. Það er kannski hægt að komast yfir það að nokkur fyrirtæki geti ekki haldið áfram rekstri, en það verður erfiðara að komast yfir þann þátt sem við blasir í sambandi við stöðu fiskstofnanna og þá fyrst og fremst þorskstofnsins.

Þessir sömu hv. þm. og ráðherrar, sem ég nefndi áðan, hafa staðið að hinni sömu fiskveiðistefnu undanfarandi fimm ár og árangurinn af þeirri fiskveiðistefnu er sá að nú blasir við að við verðum að minnka sóknina í þorskstofninn í staðinn fyrir að við eðlilega stjórn á þeim málum hefðum við átt að vera að auka sóknina. Síðustu árin hafa verið mjög góð skilyrði í hafinu á þann veg að viðgangur fiskstofnanna hefur verið eðlilegur og góður og jafnvel meiri en við meðalaðstæður. Það hefur verið mjög gott ástand. Þrátt fyrir það stöndum við frammi fyrir því að á næsta ári á að minnka sóknina og við blasir enn þá meiri minnkun á þar næsta ári. Og hver hefur þróunin verið í sambandi við sókn í þorskstofninn á síðustu árum?

Ég er með fyrir framan mig töflu um hver sóknin hefur verið í íslenska þorskstofninn á undanförnum árum. Á tímabilinu 1955–1964, þ.e. tíu ára tímabili, var meðalaflinn 448 þús. tonn og á 20 ára tímabili 1955–1974 er ársmeðalaflinn 422 þús. tonn. Á fimm ára tímabili 1985–1989, ef gert er ráð fyrir 360 þús. tonna afla í ár og 330 þús. tonnum 1989, verður ársmeðalaflinn 355 þús. tonn. Ég segi 355 þús. tonn. Það er 93 þús. tonnum minni ársafli en á tímabilinu 1955–1964.

Afraksturinn af þeirri fiskveiðistefnu sem fylgt hefur verið á undanförnum árum er þessi: Peningastefnan hjá hæstv. ríkisstjórnum hefur kannski ekki verið upp á marga fiska, en stefnan í fiskveiðimálunum hefur verið enn þá verri. Það er hægt að gera ýmsa hluti til að bjarga fjárhagsstöðu fyrirtækja. Það er oft og tíðum hægt að fá lán. En það er erfiðara að bjarga stöðu eins og þeirri sem nú blasir við í sambandi við þorskstofninn því að á síðustu árum, þegar sjálfsagt var að standa að því að byggja upp þennan veiðistofn, var gengið í hann á þann veg sem ég hef verið að benda á hér, gengið í hann þannig að hann er svo skertur að við stöndum frammi fyrir því að aflinn verði minnkandi ár frá ári og að sá þorskstofn sem við eigum núna í hafinu er að meginhluta til smáfiskur, fjögurra og fimm ára, þannig að við getum nærri því gengið að því vísu að á næstu árum verði afli á hinu hefðbundna vertíðarsvæði mjög lítill. Og það sem alvarlegra er, að nýliðunin á næstu árum verður að öllum líkindum á þann veg að togaraaflinn muni hrynja miðað við þá spá sem við blasir, þ.e. að nýliðun sl. þriggja ára er svo lítil að hún er hálf á við þau þrjú ár sem þar eru á undan.

Það kom fram í ræðu hv. þm. og ráðherra, sem ég hef hér nefnt, að miðað við hvernig staðan væri lægi beint fyrir að þjóðin öll yrði að taka á sig þann bagga sem við blasir, þar mætti ekki skipta upp á ójafnan veg. Hæstv. sjútvrh. nefndi það beint að það þyrfti að lækka kaupið. Geta þessir hv. þm. leyft sér það, eftir að hafa stjórnað landinu á þann veg sem þeir hafa gert, að koma svo til þjóðarinnar, koma svo til almennings í landinu og segja: Þið verðið að borga öll jafnt. Þið verðið að gera svo vel og borga öll jafnt. Þetta er skaði sem skal ganga jafnt yfir alla þjóðina.

Vitaskuld hafa hlutirnir verið þannig á liðnum mánuðum og liðnum missirum að það hefur verið skammtað misjafnt. Sumir hafa fengið meira út úr þjóðartekjunum en aðrir. Það sem hlýtur að vera krafa almennings í landinu í dag þegar þarf að hlaupa undir bagga gagnvart þeirri stöðu sem þjóðarbúið er í er að skattheimtan og leiðréttingin verði tekin á sama máta, alls ekki jafnt yfir alla. Það er alveg fráleitt að tala um það, eftir að stór hluti þjóðarinnar hefur búið við launaskrið og þenslu, að við skulum fara að lækka almennt kaup hjá almenningi í landinu. Það verður að leita annarra ráða til að bjarga því sem aflaga fer.

Það kom ekki margt fram, hvorki hjá hv. 1. þm. Suðurl. né sjútvrh., um hvað nauðsynlegt væri að gera til að styrkja sjávarútveginn þó að óskað hafi verið eftir þessari umræðu á þeim grunni að það ætti að ræða stöðu sjávarútvegsins. Ég varð ekki var við að það kæmu margþættar tillögur frá hv. 1. þm. Suðurl. og ekki heldur margþættar tillögur frá hæstv. sjútvrh. Ég hef látið frá mér heyra að ég telji að ekki verði komist hjá því að fella eða leiðrétta gengi krónunnar. Ég tel að stöðu fiskvinnslunnar og annarra útflutningsgreina, einnig ullariðnaðarins, verði ekki komið í lag með öðru móti en gengið verði leiðrétt. En vitaskuld þarf að gera ýmsar hliðarráðstafanir um leið í sambandi við peningamál

og kannski fyrst og fremst fyrir fiskvinnslufyrirtækin. Ég tel að á síðustu missirum, síðustu mánuðum hafi miklir fjármunir verið færðir frá fiskvinnslufyrirtækjunum og útflutningsgreinunum til eyðslugeirans í þjóðfélaginu og að það þurfi að leita leiða til að skila einhverju af þessari millifærslu aftur til þessara greina. Ég tel að auðveldasta leiðin til þess sé sú að um leið og gengið yrði leiðrétt yrði séð til þess að afurðalán á afurðabirgðum útflutningsgreinanna, sérstaklega frystingarinnar, yrðu ekki hækkuð í krónutölu. Við þetta skapaðist munur í viðskiptabönkum viðkomandi aðila. Þeim mun yrði að ráðstafa á þann veg að Seðlabanki yfirtæki hann til að byrja með og síðan yrði hreinlega gerð skattlagning hjá ákveðnum aðilum til að greiða þennan gengismun. Við þessar aðstæður mundi gengisleiðrétting skapa þá stöðu hjá útflutningsfyrirtækjunum að þau fengju um leið og gengisfelling yrði gerð beinar greiðslur til að laga sína greiðslustöðu, um leið og rekstrargrundvöllur fyrirtækjanna lagaðist, í staðinn fyrir að bíða eftir því að afurðalánin séu greidd upp og fyrr en það skeður skilar sér lítill peningur til fiskvinnslufyrirtækjanna, en það getur tekið oft og tíðum margar vikur, í sumum tilfellum mánuði. Við þessa stöðu mundi færast líf og kraftur í þessar greinar, en ef gengisfelling yrði á þann veg að slík aðgerð sem ég hef hér nefnt yrði ekki framkvæmd mundi þetta dragast í marga mánuði og gengisfelling koma að litlu gagni fyrr en eftir allt of langan tíma. Vitaskuld þarf að gera ýmsar ráðstafanir fleiri, en ég tel að þetta sé sú grundvallaraðgerð sem gera þarf.

Ég skal ekki hafa tölu mína lengri að sinni.

Guðrún Agnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Það vakti athygli mína í svörum hæstv. sjútvrh. hversu skammt á veg athugun og úrbætur eru í raun komnar í málefnum sjávarútvegsins. Þegar ég hugsa til þeirra daga sem stjórnarmyndunarviðræður fóru fram og hversu mjög lá þá á svo að enginn tími var til stefnu vegna þess að svo bráðar voru kröfurnar um aðgerðir undrar það mig að þetta skuli nú svo stutt á veg komið.

Hæstv. ráðherra boðaði tíma kjaraskerðingar, en hann sagði einnig að þá yrði að jafna byrðunum sem bera þyrfti. En nokkru síðar í ræðu sinni minntist hann á fyrirtæki sem ætluðu að leysa vanda sinn með því að bjóða fiskvinnslufólki lækkuð laun. Og þá verður mér að orði: Sér er nú hver jöfnuðurinn ef hann á einungis að lenda á þeim sem þegar bera minna úr býtum en aðrir.

Það má vissulega deila um hver beri ábyrgð á þeim mikla vanda sem nú dynur yfir hvert fyrirtækið á fætur öðru í aðalútflutningsatvinnuvegi okkar. Hitt er þó óumdeilanlegt að fyrir löngu hefði átt að grípa til róttækra aðgerða til að styrkja undirstöður þessa atvinnuvegar. Það er satt að segja illskiljanlegt að svo hrapallega skuli takast til eftir að hvert metaflaárið hefur rekið annað og ýmis ytri skilyrði verið hagstæð þessum atvinnurekstri. Löngu var ljóst að hagræðingar var þörf í rekstri einstakra fyrirtækja og samræma þurfti rekstur fyrirtækja með tilliti til þarfa hvers byggðarlags og þjóðarbúsins í heild. Hugmyndir og jafnvel óskir um endurskoðun og traustari rekstrargrundvöll hafa hljómað lengi. Það er því óskiljanleg sú töf sem orðið hefur á framkvæmdum og úrbótum.

Í eldhúsdagsumræðum þann 3. maí sl. var þegar orðið svo uggvænlegt ástand að fiskvinnslufyrirtækin víða um land voru rekin með allt að 15% tapi eins og sagt var, fyrirtæki sem víða bera uppi byggðarlög sem standa og falla með afkomu þeirra. Það var því þá þegar ærin ástæða til að bera fram spurningu eins og ég gerði til ráðherra þáv. ríkisstjórnar um það til hvaða ráðstafana þeir hygðust grípa til að leysa vanda fyrirtækjanna, byggðarlaganna og ekki síst fólksins. Sú ríkisstjórn sem þá sat var í gengisfellingarbindindi eins og margar á undan henni og vildi einnig eins og margar á undan henni hafa efnahagsdæmið snyrtilegt. Hún gerði kröfu til þess að fyrirtækin ættu að spjara sig, finna í sér hrygglengjuna og rétta úr henni. Hún ætlaði að skilja sauðina frá höfrunum. En hvernig ætlaði hún að taka á vandanum? Við því fékk ég engin svör. Og hvernig ætlar svo núverandi ríkisstjórn að taka á þessum sama vanda? Við því hafa ekki nægilega greið svör fengist enn og vandinn hefur fengið að þróast óáreittur allan þennan tíma eins og komið hefur fram í máli margra á undan mér. Gleymum því heldur ekki að núverandi ríkisstjórn hefur um margt sömu innviði og sú fyrri.

Endurskipulagningu útgerðar og fiskvinnslufyrirtækja verður að gera á yfirvegaðan hátt á löngum tíma og hún verður einnig að taka mið af byggðastefnu og þörfum fólksins. Hún getur aldrei farið fram með þeim grimmilega hætti, sem nú er orðinn, að fyrirtækjum er hreinlega leyft að sigla í strand með þeim afdrifaríku afleiðingum sem slíkt hefur fyrir einstaklinga, atvinnuleysi t.d. og kreppu. Á meðan hafa glæfralegar fjárfestingar verið leyfðar óheftar. Fjármagnið hefur leitað á suðvesturhornið eins og við vitum til ávöxtunar á hinum svonefnda gráa peningamarkaði sem ráðið hefur miklu um vaxtastig í harðri samkeppni um sparifé og lánsfé. Þannig hafa vextir verið keyrðir óheyrilega hátt og gert fjármagnskostnað óbærilegan fyrir venjulegan rekstur. Þetta er auðvitað hin mesta óstjórn og með eindæmum að stjórnvöld skuli í raun komast upp með slíkt ábyrgðarleysi ár eftir ár og láta málin þróast í slíkt öngþveitisástand sem nú er orðið.

Sú atvinnugrein sem fengið hefur einna mest svigrúm til þenslu, verslunin, berst nú jafnvel víða í bökkum, einkum þó úti á landi. Það blöskraði því mörgum þegar enn ein verslunarhöllin opnaði dyr sínar nú fyrir helgina hér í höfuðborginni undir svipu tímaþrengdar eins og hún ætti lífið að leysa og það er kannski einmitt réttnefnið, en þó varla víst að hún leysi líf sitt með því að opna. Það kom mér á óvart þegar hæstv. ráðherra tók þannig til orða, ég man nú ekki nákvæmlega orðalag hans, en hann talaði um

að þjóðin hefði beðið um fé til verslunarinnar og þess vegna m.a. hefði farið sem fór. Ég held ekki að þjóðin hafi beðið um þetta fé. Það hafa þó vissulega hagsmunaaðilar í verslunargeiranum gert og stjórnvöld látið undan með eftirlátssemi af ýmsu tagi og ívilnunum.

Mikið hefur verið rætt um gengisfellingu sem lausn á vanda fiskvinnslunnar, enda á allra vitorði að gengið er of hátt skráð. Hún getur þó aldrei ein og sér leyst vanda útflutningsgreinanna, en hlýtur að kalla á margvíslegar hliðarráðstafanir. Gengisfelling ein mun reynast fyrirtækjunum misjafnlega vel. Þeir sem verst eru settir og skulda meira en þeir eiga eru ekki bættari þótt þeir fái fleiri íslenskar krónur fyrir afurðir sínar þar sem skuldir þeirra munu jafnframt hækka að sama skapi, bæði innlendar og erlendar. En ef til gengisfellingar kemur er auðvitað nauðsynlegt að draga úr óæskilegum áhrifum hennar með hliðarráðstöfunum bæði vegna afkomu útflutningsgreinanna og ekki síður vegna launafólks og afkomu heimilanna. Úrræði í þeim efnum eru t.d. að afnema matarskattinn, sem ég hef engan heyrt minnast á, og hækka skattleysismörk til að mæta þeim þrengingum sem á launafólki mundu mæða. Hvað hafa stjórnvöld í raun í hyggju í þeim efnum? Um það vildi ég spyrja hæstv. ráðherra.

Ekki má heldur gleyma þeim sem nú horfa fram á atvinnuleysi en þeim fer fjölgandi. Það er því vafasöm ráðstöfun að mínu mati að ætla að nota fé úr Atvinnuleysistryggingasjóði til að mæta vanda útflutningsatvinnugreinanna.

Hv. 10. þm. Reykn. bar reyndar fram spurningu til hæstv. ráðherra sem ég vil endurtaka vegna þess að hún fékk engin svör. Hún taldi það ekki forsvaranlegt að veita fé úr Atvinnuleysistryggingasjóði undir þeim kringumstæðum sem nú ríkja. Og ég vil spyrja hæstv. ráðherra að því hvernig hann líti á það mál og krefjast svara við þeirri spurningu.

Það er að sama skapi fráleitt að leyfa t.d. völuverði að hækka í kjölfar gengisfellingar en viðhalda launafrystingu og afnema samningsrétt.

Af heimafengnum böggum er það ekki bara fjármagnskostnaður sem hefur haft mikil áhrif á rekstur fiskvinnslunnar heldur einnig sjófrysting og aukinn ferskfiskútflutningur. Í því sambandi vil ég víkja að fréttum sem ég heyrði í morgunútvarpinu í dag. Þar var greint frá því að evrópskir fiskifræðingar hafa eindregið ráðlagt að takmarka mjög þann þorsk- og ýsuafla sem draga má úr Norðursjó á næsta ári. Jafnframt var einnig greint frá því að lélegt ástand ríkti meðal fiskistofna undan Noregsströndum sem takmarkaði að sjálfsögðu veiðar. Það fylgdi fréttinni að fiskkaupmenn á Humber-svæðinu í Bretlandi huguðu nú að því að gera langtímasamninga um ferskfiskkaup við íslenska aðila til að tryggja hráefni á markaði sína og væru á leið til landsins í þeim erindum. Síðar í morgun frétti ég svo að franskir kaupahéðnar kembdu nú Vestfirði í sömu erindagjörðum. Mörg fyrirtæki eru illa stödd eins og hæstv. ráðherra veit og margítrekað hefur komið fram hér í máli manna. Því þarf ekki mikið ímyndunarafl til að láta sér detta í hug að erlendir áhugamenn um ferskfiskkaup reyni að þrýsta niður verði á fiski um leið og þeir freista fyrirtækjanna með staðgreiðslufé. Þeir vilja því gera nauðasamninga við fyrirtæki sem horfa fram á gjaldþrot. Ég vil því spyrja hæstv. sjútvrh. í fyrsta lagi: Hvaða augum lítur hann á þessa þróun? Í öðru lagi: Hvaða afleiðingar heldur hann að slíkir viðskiptasamningar eða nauðasamningar muni hafa á atvinnulíf í dreifbýli í náinni framtíð? Í þriðja lagi vil ég líka spyrja hann hver áhrif hann telji að slíkt háttalag muni hafa á menningu þessarar þjóðar þegar til lengdar lætur.

Nú liggur fyrir umsókn um lendingarleyfi á Íslandi frá risastóru erlendu vöruflutningaflugvélafyrirtæki. Flying Tiger heitir það. Eflaust má eygja gull og græna skóga í auga hins fljúgandi tígurs sem líklega er alþjóðlegrar ættar ef vel er að gáð. Hann ku selflytja ótrúlegt vörumagn milli landa, tígurinn sá. Það er auðvitað nauðsynlegt fyrir okkur Íslendinga að hafa góð samskipti við erlendar þjóðir, bæði viðskiptaleg og menningarleg. Hins vegar er okkur jafnnauðsynlegt að gera slíkt á jafnréttisgrundvelli og þannig að við getum verið sjálfstæð og aflögufær. Það er því ekki úr vegi í þessari umræðu að leiða hugann að því á hverju þessi þjóð lifir í raun og veru og hvernig við búum að menningu okkar og hvernig við stöndum að þeim atvinnuvegi sem er undirstaða lífs okkar í landinu. Annars gæti farið svo að við verðum að auðveldri bráð fyrir erlenda kaupahéðna sem smám saman kaupa okkur frá eigin sjálfstæði. Og þá verður það léttur leikur og ekki lengi gert fyrir „fljúgandi tígur" að flytja 250 þúsund manns úr landi sem hafa glatað menningu sinni og sjálfstæði og flytja hingað í staðinn aðra þá sem öðlast hafa rétt til að draga fisk úr íslenskum sjó.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Það vakti nokkra athygli, sem fram kom í máli hæstv. sjútvrh., hvað það vakti mikinn fögnuð hjá honum að þessi umræða skyldi nú fara fram á Alþingi. Hann margendurtók þakklæti sitt til stjórnarandstöðunnar fyrir að hafa haft frumkvæði að þessari umræðu. Það vakti líka athygli að ráðherrann lýsti því yfir að það væri ekki bara ríkisstjórnin sem stæði frammi fyrir vanda í sjávarútvegi, sem hér væri til umræðu, heldur væri sá vandi þingsins alls.

Það er núna liðið u.þ.b. eitt og hálft ár síðan fram fór mikil pólitísk þjóðmálaumræða. Þá fór Framsfl. með forræði fyrir sjávarútvegsmálum eins og hann gerir nú. Og þá var líka forustan í ríkisstjórninni í höndum Framsfl. Ein megináherslan hjá Framsfl. í þeirri umræðu var að sýna fram á hversu giftusamlega hefði tekist í málefnum sjávarútvegsins þau fjögur ár sem hann hafði þá farið með þau mál. Það var ekki eins og menn væru að lýsa þeim árangri í íslenskum krónum, heldur var talað um að verðmæti sjávarafurða hefði aukist um 500 millj. dollara frá því að Framsfl. fór að stjórna hér veiðum og vinnslu,

500 millj. dollara. Þetta var boðskapur Framsfl. til þjóðarinnar þá. Og var það nokkuð mikið þó að fólkið í frystihúsunum, sem fékk að heyra þennan boðskap, vildi fá einhverjar íslenskar krónur af þessari köku? Og var það heldur nokkuð mikið þó að sjávarútvegurinn og fiskvinnslan færu að leitast við að laga ýmislegt til hjá sér? Þetta var árangur sem Framsfl. skilaði þjóðinni og þessu ætlaði Framsfl. að halda áfram.

Nú er liðið rúmlega eitt og hálft ár frá því að þessi umræða fór fram og enn þá ræður Framsfl. yfir sjávarútvegsmálum og enn þá fer Framsfl. með forustu í ríkisstjórn og menn beri nú saman hvernig til hefur tekist.

Það er vissulega ástæða til að rifja upp þá umræðu sem hæstv. núv. forsrh. hefur sérstaklega haft í frammi á síðustu vikum og mánuðum. Þegar septemberstandið var á honum lýsti hann því m.a. yfir að hans þolinmæði væri fyrir löngu þrotin vegna þess að ekki hefðu verið hafðar í frammi aðgerðir til að bæta hag sjávarútvegsins í landinu og koma efnahag þjóðarinnar á réttan kjöl. Fyrsti boðskapur ríkisstjórnarinnar, þar sem þrír ráðherrar voru í málsvari, byggðist alveg sérstaklega á því að nú væri verið að koma hjólum atvinnulífsins í gang. Það væri í rauninni umhugsunarefni og athugunarefni hvað hæstv. forsrh. er búinn að lýsa þessari gangsetningu oft yfir á þeim stutta valdaferli sem núv. ríkisstjórn hefur haft.

Þetta rifja ég sérstaklega upp til að vekja athygli á því hvernig þessi umræða af hendi Framsfl., sem hefur verið í forræði fyrir þessi mál, hefur þróast bæði fyrr og síðar. Þegar þetta er rifjað upp þarf engan að undra þó að nálega ekkert nýtt hafi komið fram í ræðu hæstv. sjútvrh. áðan.

Á það hefur verið bent áður, m.a. af mér, að afstaða núverandi ríkisstjórnar liggur fyrir að því er varðar sjávarútvegsmál og aðgerðir í efnahagsmálum. Þær niðurstöður liggja fyrir í frv. til fjárlaga sem nú bíður 2. umr. og þetta hefur verið rakið að stórum hluta til af hv. 1. þm. Vestf. En í forsendum frv. er þó kveðið enn skýrar að að því er varðar laun og verðþróun því þar er beinlínis gert ráð fyrir að laun lækki á árinu að raungildi um 8–9%. Boðskapur hæstv. sjútvrh. að þessu leyti er því ekkert rýr. Hann er bara endurtekning á því sem kemur fram í fjárlagafrv.

Nú er það svo að öðru hvoru hafa ráðherrarnir verið að tala um gengisfellingu og á tímabili talaði t.d. hæstv. forsrh. um að það væri alveg nauðsynlegt að lagfæra gengið. Ég held að það hafi verið sl. föstudag sem allar yfirlýsingar um það voru dregnar til baka og kannski hefur það verið niðurstaðan af langa fundinum sem forsrh. var áður búinn að boða að ætti að halda í ríkisstjórninni þar sem málefni sjávarútvegsins yrðu algerlega krufin til mergjar. Það sem virðist hafa komið út úr þeim fundi var sem sagt áréttingin um að genginu ætti ekki að breyta.

Áherslur sjútvrh. um kauplækkun áðan eru virkilega umhugsunarefni. Ég veitti því sérstaklega eftirtekt að verkalýðsforingjar Alþfl. fylgdust vel með þeirri umræðu. Þeir voru þá mættir í þingsal, bæði Karvel Pálmason og Karl Steinar Guðnason, og fylgdust vel með orðum ráðherrans. Það skyldi þó ekki vera að hæstv. sjútvrh. væri með þessu að segja þeim í Alþfl. fyrir um það að þeir skyldu velja á milli þess að lækka gengið eða lækka launin. Það verður tæpast séð að það hafi verið sérstök ástæða til að leggja jafnríka áherslu á þessi efni af hendi hæstv. sjútvrh. nema til að árétta að aðra hvora leiðina yrðu menn að velja því að eins og ég hef áður sagt liggur það fyrir sem ásetningur ríkisstjórnarinnar að það eigi að ná fram árangri í rekstri sjávarútvegsins með því að draga úr launum í landinu.

Það styttist væntanlega í það að menn ræði hér fjárlagafrv. Þá gefst tími og tækifæri til að fjalla með nákvæmari hætti um efnahagsmál. En þó er vert að spyrja: Hvernig ætla menn að koma því saman að lækka launin í landinu og auka skattheimtuna? Einhvern veginn virðist það ganga býsna illa upp, ekki síst vegna þess að það liggur fyrir að skattþolið í því formi sem það er nú er nánast brostið. Það innheimtast ekki einu sinni allir þeir skattar sem fólkið í landinu verður nú að greiða í sameiginlegan sjóð, ríkissjóð. Hvernig skyldi það þá ganga þegar verður bæði búið að auka skattana og lækka launin? En þetta er yfirlýst stefna núv. ríkisstjórnar svo að ekki verður um villst.

Það er vert að leggja á það áherslu, eins og raunar hefur komið fram í þessari umræðu, að það er vissulega að ýmsu öðru að hyggja í landinu en bara afkomunni í sjávarútveginum. Menn hafa talað um það fyrr á þessu ári að gjaldeyririnn sem væri aflað í landinu, hvort sem það væri í sjávarútvegi eða í öðrum útflutningsgreinum, væri á útsölu og þar af leiðandi væri sá varningur sem fluttur er inn til landsins með óeðlilega hagstæðum kjörum. Leiðrétting á genginu er þannig hluti af miklu stærra dæmi en því aðeins sem snýr að sjávarútveginum, miklu stærra dæmi. Það má vel vera að einmitt þessi stefna gefi það betur til kynna en nokkuð annað hvað núverandi ríkisstjórn er ráðlaus í þessum efnum.

Virðulegi forseti. Ég vek sérstaka athygli á því sem kom hér fram í ræðu hæstv. sjútvrh. þar sem hann var að tala um að vandinn sem íslenska þjóðin stæði nú frammi fyrir væri ekki bara vandi ríkisstjórnarinnar. Það væri þýðingarmikið að ræða þessi mál vegna þess að þingið allt stæði frammi fyrir þessum vanda. Það skyldi þó aldrei vera að farið væri að bresta í böndunum hjá ríkisstjórninni? A.m.k. hefur verið afboðaður fundur í fjvn. sem átti að halda í dag og engin ákvörðun tekin um annan slíkan. Það skyldi ekki vera að það væri eitthvað farið að bresta í böndunum? (**SkA:** Traustabrestirnir.) Já, ég vek athygli á því sem hér kom fram og í þessu felst að sjálfsögðu afar mikil játning, en það eru brestir samt. Ég óttast að traustabrestir af þessu tagi muni nú reynast býsna haldlitlir, hv. þm.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu stórmál sem er hin slæma staða sem undirstöðuatvinnugreinin, sjávarútvegurinn, býr við um þessar mundir. Það er fyllilega eðlilegt að þessi mál séu tekin til umræðu á Alþingi og það ber vissulega að fagna áhuga stjórnarandstöðunnar á að ræða þessi mál nú. Því er þó ekki að neita að ræður þeirra hv. þingmanna Sjálfstfl., sem hér hafa talað, hljóma dálítið einkennilega. Vandi sjávarútvegsins er alls ekki nýr eins og hér hefur komið fram. Það má segja með sanni að vandinn hefur verið ljós um langan tíma þó að staðan sé e.t.v. verri en menn hafa vonað hingað til.

Ég get ekki látið hjá líða í þessari umræðu að rifja upp, í örstuttu máli þó, nokkur atriði um það sem liðið er. Það vita þó vonandi flestir hv. þingmenn að vatnaskilin í afkomu sjávarútvegsins voru í september á sl. ári, 1987. Þá voru mörg sjávarútvegsfyrirtækin komin í taprekstur eftir tiltölulega góða afkomu á fyrri hluta ársins. Þá var þegar hafin umræða í þingflokkum og á Alþingi um hallarekstur fyrirtækja, en því miður sáu efnahagsaðgerðir hins vegar ekki dagsins ljós fyrr en upp úr mánaðamótunum febrúar–mars. Þær aðgerðir voru ónógar og okkur framsóknarmönnum var það a.m.k. ljóst. Í apríl voru málin komin á það stig að boðaður var sérstakur aukafundur miðstjórnar flokksins vegna ástandsins í efnahagsmálum og einkum þó ástandsins í undirstöðuatvinnugreininni, sjávarútveginum. Í framhaldi af þessum fundi var knúið á um efnahagsaðgerðir innan ríkisstjórnarinnar sem þá sat og í maí var svo komið að vegna utanaðkomandi þrýstings í þjóðfélaginu var knúin fram gengisfelling þann 16. maí, ef ég man rétt, og hét það að leiðrétta gengið, eins og svo mikið er talað um núna. Þessari leiðréttingu á gengi fylgdi mikil umræða um efnahagsmálin almennt og sú skoðun var almenn í þingflokki okkar framsóknarmanna að þessi gengisfelling væri einskis virði nema víðtækar aðgerðir fylgdu, einkum í sambandi við vaxtamál og fjármagnskostnað. Þann 20. maí var samþykkt viðamikil yfirlýsing sem ríkisstjórnin gaf út um aðgerðir til að draga úr fjármagnskostnaði og jafna starfskjör fjármálastofnana. Þessar aðgerðir voru í mörgum liðum. Því miður var það svo að næstu vikurnar gerðist sáralítið og sumarið leið án þess að þingmenn Sjálfstfl. eða forusta hans virtust hafa ýkja miklar áhyggjur af afkomu atvinnuveganna í landinu. Ég minnist þess að í sumar vorum við þingmenn Framsfl. kallaðir með stuttu millibili hingað til Reykjavíkur utan af landi, þeir sem þar áttu heima, á fundi með framkvæmdastjórn flokksins til að ræða þessi mál og kallað var í menn úr atvinnulífinu til viðræðu um afkomu í undirstöðuatvinnuvegunum en aðgerðir sáu ekki dagsins ljós.

Þar kom að í lok ágúst og í byrjun september sauð upp úr og upp úr þessu ríkisstjórnarsamstarfi slitnaði m.a. vegna þess að Sjálfstfl. var ekki fáanlegur til þess að taka á vaxtamálum og verðlagsmálum með nógu afgerandi hætti. Einnig bar á milli um hvað fara ætti í víðtækar aðgerðir til þess að bæta eiginfjárstöðu atvinnuveganna. Sjálfstfl. gerði vissulega tillögur um það en algerlega ónógar að okkar mati. Ég held að það sé nauðsynlegt að rifja upp þessa forsögu þó að vissulega beri að fagna því nú að hv. þingmönnum virðist vera ljós sá geigvænlegi vandi sem þessar atvinnugreinar eiga við að stríða.

Það var þannig í maí að gengisfellingu var ekki fylgt eftir með viðunandi aðgerðum. Nú virðist vera kominn aftur þrýstingur á um að leiðrétta gengið, eins og menn orða það hér í umræðunni. Ég lýsi því yfir sem minni skoðun að sú gengisleiðréttingu er einskis virði nema aðgerðir fylgi til þess að draga úr verðlagsáhrifum þeirrar leiðréttingar. Ég vona að menn eigi ekki við það, þegar menn tala um vandamál sjávarútvegsins, að nóg sé að fella gengið og annað þurfi ekki að gera til bjargar þessum atvinnuvegi. Ég held að framtíðin skipti mestu máli og miklu máli skiptir að rætt sé um framtíð þessarar atvinnugreinar og vissulega ber að fagna því ef menn boða nú að þeir séu tilbúnir til samstarfs og samstöðu varðandi þær aðgerðir sem nauðsynlegar eru. Vonandi fylgir hugur máli í því efni. Það er vissulega brýnasta verkefnið í dag að rétta hag þessarar undirstöðu. Mín skoðun er hiklaust að fyrir því verði önnur markmið að víkja og hversu góð sem þau önnur markmið kunna að vera verða þau að víkja um sinn fyrir þessu höfuðmarkmiði. Ef okkur tekst ekki að snúa þarna vörn í sókn er allt annað unnið fyrir gýg og allar aðrar umbætur byggðar á sandi. Við getum ekki aukið félagslega þjónustu eða bætt kjörin í landinu ef þessa undirstöðu vantar.

Skattamálin hafa lítillega blandast inn í þessa umræðu þó að á öðrum vettvangi sé og hv. síðasti ræðumaður spurði hvernig það færi saman að lækka launin og auka skattheimtuna. Það kann að vera að það fari ekki saman en ef menn treysta sér ekki til þess að auka skattheimtuna er ekki nema ein leið eftir og það er að skera niður ríkisútgjöld enn frekar en orðið er. Það má vel vera að menn standi frammi fyrir því.

Ég vil endurtaka að þau markmið að auka framkvæmdir, félagslega þjónustu eða að bæta kjör verða að víkja fyrir því að styrkja þessa undirstöðu ef við eigum að eiga von til að ná þessum góðu markmiðum á næstu árum.

Ég vil ekki lengja þessa umræðu frekar en ég vil ljúka máli mínu með því að ég vona að með umræðu um gengismálin eigi menn ekki við að endurtaka söguna síðan í maí um að leiðrétta gengið, eins og það var orðað þá, en hirða ekkert um þau áhrif sem fylgdu á eftir í þjóðfélaginu.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Við ræðum hér í dag og kvöld mikið alvörumál: Afkomu sjávarútvegsins sem er sá grundvöllur sem allt hvílir á í þessu landi. Eins og margir hafa rætt á þessum fundi benda nýjustu tölur til þess að afkoma sjávarútvegsins sé sýnu lakari en talið var þegar ríkisstjórnin greip til þeirra aðgerða

sem hún ákvað með bráðabirgðalögum í lok september. Talið er að nú geti staðið svo að hagur sjávarútvegsins í heild sé 3–4% lakari en þá var áætlað. Þessi lakari staða skýrist að því að talið er að hálfu af því að hún hafi ekki verið rétt metin, grundvöllurinn hafi ekki verið réttur fundinn, og að hálfu af því að fisksölukjör og fiskaflahorfur séu nú lakari en þá var talið.

Hv. 1. þm. Suðurl., sem hóf þessa umræðu, rakti í sínu máli að rætur þessa vanda væru margar. Undir það er auðvelt að taka. Hann nefndi líka að til kæmu bæði breyttar ytri aðstæður, eins og ég hef nefnt, en hann lagði líka áherslu á að skipulagsvandamál í sjávarútveginum ættu hér stóran hlut að máli. Það er hægt að taka undir þetta og eins það sem hann nefndi að engar almennar aðgerðir gætu bjargað öllum fyrirtækjum í þessari atvinnugrein við ríkjandi aðstæður og einnig það, sem er mjög mikilvægt, að raunhæfar aðgerðir til úrlausnar hlytu að fela í sér kaupmáttarrýrnun. Um þetta er ekki deilt. Um þetta virðast allir hér vera sammála og þá er eðlilegt að spurt sé: Um hvað er þá deilt? Ég vil í djúpri alvöru og vinsemd minna hv. 1. þm. Suðurl. á að þær tillögur sem við ræðum nú, og hann gagnrýnir, eru mjög líkar þeim sem ræddar voru undir hans forustu í september. Þær eru að mínu áliti alveg sama eðlis.

Hann benti réttilega á að víða væri við að glíma staðbundin og greinarbundin vandamál. Ég held að það geti verið þáttur í þessum síendurtekna vanda sjávarútvegsins að menn einblína um of á elsta hluta sjávarútvegsstarfseminnar, á hina hefðbundnu fiskverkun og hina hefðbundnu útgerð en taka sjaldan með í dæmið nýjungarnar, nýju greinarnar, og segja sem svo: Þetta nýja gengur núna sæmilega. En það kemur málinu eiginlega ekki við. Þetta er mjög mikil veila í aðferðinni við að nálgast þessi vandamál. Ég tel að nú sé mikilvægt að huga að endurskipulagningu útgerðar og fiskvinnslu í heild sem, eins og margir hafa nefnt, hlýtur að taka alllangan tíma.

Menn ákváðu í haust að reyna að rjúfa víxlhækkun milli innlends kostnaðar og gengis sem því miður hefur oft hrakið okkur út í óðaverðbólgu á liðnum árum. Ég tel að það hafi verið rétt ákvörðun að grípa til þeirra aðgerða sem gert var með verðstöðvun, launastöðvun, verðjöfnunarbótum og fjárhagslegri endurskipulagningu sjávarútvegsins með tilstyrk Atvinnutryggingarsjóðsins. Þetta var tilraun til þess að skapa hlé, hlé til góðra verka, hlé til þess að ná tökum á árinni. Ég sé ekkert enn sem bendir til þess að annað verklag sé hyggilegra. Hins vegar er okkur mjög vel ljóst að vandinn er stærri en við héldum þegar þetta verk var hafið. Það þýðir ekkert annað en horfast í augu við það og verður líka gert. Hins vegar er það ekki hygginna manna háttur að hætta í miðjum klíðum og segja: Við byrjum alveg upp á nýtt. Þetta dugir alls ekki sem við höfum tekið okkur fyrir hendur, þegar verkið er alls ekki farið að sýna hvort það getur tekist. Þegar nú er komið sögu er ekkert sem segir að við getum ekki náð tökum á málinu.

Ég minni á að hv. 1. þm. Suðurl. ræddi það oft á liðnu ári og réttilega, og sætti fyrir það gagnrýni, að menn þyrftu að huga að skipulagsmálum sjávarútvegsins, menn mættu ekki alltaf fara undansláttarleiðina. Það mætti ekki alltaf fylgja lögmáli minnsta viðnáms og láta undan síga þegar upp komi þrýstingur á gengið og slá undan, heldur þyrftu menn að huga að því, sem hann nefndi hér réttilega og ýmsir aðrir hafa tekið undir með honum, að það eru grundvallarveilur í okkar sjávarútvegsskipulagi, veilur sem hægt er að bæta úr en verður ekki bætt úr ef menn reyna jafnan að láta fljóta yfir hvern stein.

Það er mjög erfitt að meta afkomuna á líðandi stund vegna þeirra miklu breytinga sem orðið hafa í gengismálum og verðlagsmálum úti í heimi á síðustu missirum. Það var einmitt þess vegna sem það tók svo langan tíma á liðnu ári að átta sig á því hvernig málum væri raunverulega háttað. Ég gagnrýni menn ekki fyrir það. Ég segi hins vegar að þegar komið var fram á haust var ljóst að ekki varð undan því vikist að taka á þessum vanda. Á honum var líka tekið og ég harma að ekki skyldi takast um það víðtækari samstaða en raun ber vitni því hér er mikið í húfi.

Ég ætla svo, virðulegi forseti, að víkja nokkrum orðum að því sem kom fram í máli hv. 1. þm. Vestf. Hann nefndi tvennt sem ég tel ástæðu til að nefna sérstaklega. Í fyrsta lagi spurði hann um breytingar á reglugerðinni sem Atvinnutryggingarsjóðurinn starfar eftir. Hann spurðist fyrir um hvort rétt væri að í 2. gr. reglugerðarinnar hefði verið aukið orðunum „þegar til lengri tíma er litið“, þegar litið væri á það hvort fyrirtæki sem fengju fyrirgreiðslu úr sjóðnum væru komin með viðunandi rekstrarafkomu. Það er rétt, þetta var gert og ástæðan er ákaflega einföld. Það kom í ljós þegar fara átti að framkvæma hlutina að þeir aðilar sem undirbjuggu ákvarðanir sjóðsstjórnarinnar vildu skilja þessi orð í reglugerðinni þannig að þetta væri bundið við stöðuna nánast á þeim degi sem tillögurnar voru fram lagðar í sjóðsstjórninni. Þeir töldu nánast að þeir mættu hvorki líta fram né aftur við þetta mat. En það gefur alveg auga leið að þegar meta á afkomu fyrirtækis eftir fjárhagslega endurskipulagningu verða menn að líta í gegnum hagsveifluna, líta bæði fram og aftur nokkur ár. Það getur t.d. staðið svo á í rekstri einhvers fyrirtækis að eitthvert sérstakt áfall hafi orðið árið 1988 sem litar allar tölur um reksturinn, eða þá hitt að fyrirtæki hafi orðið fyrir sérstöku happi það ár. Þessi tilvik verður að jafna út. Þess vegna á að mínu áliti að líta nokkur ár aftur í tímann þegar hagur fyrirtækis er metinn í þessari tilraun sem nú er gerð til að bæta fjárhagslegt og rekstrarlegt skipulag sjávarútvegsins. En það þarf líka að skyggnast nokkuð fram og það dylst engum að eins og málum er nú háttað er staða sjávarútvegsins í öldudal. Við verðum hins vegar að horfa lengra, sjá fram á veginn og þess vegna var reglugerðinni

breytt. Í því felst enginn undansláttur heldur eingöngu skýring á því sem við skyldi miðað. Þetta tel ég einfalt mál og auðskilið hverjum sem skilja vill og verð nú að segja blátt áfram að ég skil alls ekki þá kátínu sem þessar upplýsingar vöktu hér þegar hv. 1. þm. Vestf. talaði. Mér skilst að mönnum þætti skoplegt að svo skjótt eftir að reglugerðin hefði verið sett þyrfti að breyta henni. Það tel ég þvert á móti sýna að menn lögðu af stað í þessa umfangsmiklu vinnu án þess að sjá fyrir alla hluti í smáatriðum og um leið og ljóst varð að þarna var um framkvæmdaþröskuld að ræða var alveg sjálfsagt og heiðarlegt að breyta því strax, sem hæstv. forsrh. reyndar gerði með því að breyta reglugerðinni. Þetta var fyrra atriðið.

Seinna atriðið varðar skuldbreytingabréf Atvinnutryggingarsjóðs og hvort viðræður hefðu átt sér stað við viðskiptabanka og Seðlabanka um hugsanleg kaup þessara aðila á skuldbreytingabréfum af þjónustufyrirtækjum sjávarútvegsins. Hv. 1. þm. Vestf. spurði hvort ekki þyrfti betri tryggingar fyrir þessum bréfum til þess að Seðlabankinn gæti keypt þau. Ég vil taka það skýrt fram að fram hafa farið viðræður við bankana og Seðlabankann um hvernig hyggilegast sé að standa að viðskiptum með þessi bréf. Hefði það ekki verið gert væri það nánast ámælisvert því þarna er um svo mikilvægan hlut að ræða í banka- og lánaviðskiptum sjávarútvegsfyrirtækjanna að menn þurfa að átta sig á því hvað gerist þegar þessi bréf koma í umferð. Það er hins vegar ekki rétt að farið hafi verið fram á það við Seðlabankann að hann kaupi þessi bréf. Ég tel það ekki hyggilegt. Ég vil hins vegar ræða það, og hef þegar gert það við Seðlabankann, hvort hann vilji rýmka til í viðskiptum sínum við helstu viðskiptabanka sjávarútvegsins þannig að þeir geti veitt sjávarútveginum betri þjónustu m.a. á þann hátt, ef svo stendur á, að þeir eignist skuldbreytingabréf frá lánardrottnum sjávarútvegsins og ýmsum viðgerðar- og þjónustufyrirtækjum hans. Þetta er ekki nýtt fyrirbæri eins og hv. 1. þm. Vestf. mun manna gerst vita. Við fyrri skuldbreytingar í sjávarútvegi hefur það oft og iðulega komið upp á að viðskiptabankarnir hafi tekið þátt í þessum skuldbreytingum á þann hátt að taka við slíkum bréfum til þess að greiða fyrir viðskipta- og þjónustufyrirtækjum sjávarútvegsins. Það er ekkert athugavert við þetta en það er heldur ekki hægt að gefa út um þetta neina almenna reglu.

Það er nú einu sinni svo að ákaflega misjafnt er hversu mikið af lausaskuldum sjávarútvegsfyrirtækjanna lendir hjá bönkum og hversu mikið lendir hjá lánardrottnum sem veita þeim beina þjónustu. Það fer eftir bankaþjónustunni á hverjum stað, eftir venjum og viðskiptaháttum, sem mega ekki ráða því hvort fyrirtækin fá eðlilega fyrirgreiðslu eða ekki í þeim vanda sem þau nú hafa lent í. Ég tel að það eigi að liðka til í þessu máli og þá líklega helst þannig að þeir viðskiptabankar sjávarútvegsins sem lent hafa í skuldum við Seðlabankann eða yfirdrætti fái þeim skuldbindingum breytt eða þær linaðar til þess að viðskiptabankinn geti veitt sjávarútveginum betri fyrirgreiðslu. Það er alls ekki rætt um að taka þessi skuldbreytingabréf beinlínis upp í bindiskyldukvaðir, hvað þá lausafjárkvaðir. Hins vegar er óbein skuldbreyting fyrir viðskiptabanka sjávarútvegsins mál sem ég tel ekki einungis ástæðu til að ræða, heldur tel ég það beinlínis skylt eins og nú stendur á. Skuldbreytingabréfin eru hins vegar eðli málsins samkvæmt eingöngu tekin sem greiðsla fyrir kröfur af þeim fyrirtækjum sem vilja heldur þessi bréf, eins og þau eru skilgreind af Atvinnutryggingarsjóðnum, en að eiga beina kröfu á fyrirtækin. Í þessu felst að þau taka sjálf áhættuna af því hvort þau geti fengið þessa peninga í hendurnar strax eða eingöngu á gjalddögum bréfanna. Þetta er sjálfviljug ákvörðun og ég tel ekkert athugavert við það þótt það þýði í sumum tilfellum að fyrirtækin sem taka við þessum bréfum sem greiðslu þurfi að þola af þeim einhver afföll. Það er m.ö.o. á vissan hátt sú eftirgjöf skuldar sem í því felst að kjósa heldur slíkan pappír en að eiga áfram beina kröfu á fyrirtækið. Þetta er ekki heldur mál sem hægt er að gefa um eina einfalda reglu.

En ég vil að endingu segja það að tryggingarnar fyrir þessum bréfum eru býsna góðar vegna þess að Atvinnutryggingarsjóðurinn ábyrgist þessi bréf með eigum sínum og fjárhagslegum styrk að bakhjarli sem annars vegar er beint fjárframlag og hins vegar lántökuheimild sem ríkið ábyrgist og veitir sjóðnum. Í þriðja lagi er svo sú staðreynd að þetta er stofnun sett á fót af ríkinu með sérstökum lögum sem felur í sér óbeina ábyrgð á öllu saman.

Ég vil að endingu taka undir það með hv. 1. þm. Vestf. að nú þarf að leita allra leiða til þess að koma sjávarútveginum í betra horf. Það þýðir að við eigum ekki að láta reka undan vindi og segja sem svo að við grípum bara til minnstu viðnáms lausna. Við eigum einmitt að nota andstreymið til þess að taka virkilega á og bæta skipulag sjávarútvegsins. Ég leyfi mér að hafa þá skoðun á því að þessi ríkisstjórn hafi alls ekki nálgast þetta viðfangsefni með neinum hofmóði eins og mig minnir að hv. 1. þm. Vestf. hafi lýst afstöðu ríkisstjórnarinnar, því fer víðs fjarri. Afstaða ríkisstjórnarinnar er þvert á móti auðkennd af hógværð og vilja til samstarfs við alla þá sem vilja hér gott til leggja.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það með þeim öðrum sem hér hafa tjáð sig í þessari umræðu að það er ákaflega eðlilegt að málefni sjávarútvegsins séu hér til umræðu í dag, ekki síst eftir þá skýrslu sem borist hefur frá Þjóðhagsstofnun.

Ég vil í upphafi máls míns rifja það upp að við stjórnarskiptin fyrir rúmum tveimur mánuðum kom upp nokkur efniságreiningur á milli þáv. stjórnarflokka sem í megindráttum snerist um að Sjálfstfl. lagði áherslu á að nota almennar aðgerðir fremur en að gripið væri til svokallaðra sértækra aðgerða. Þetta þýðir á mæltu máli að Sjálfstfl. sá þá þegar

nauðsyn þess að leiðrétta gengi íslensku krónunnar, enda hafði páv. ríkisstjórn oftar en einu sinni gripið til slíkra aðgerða fyrr á þessu ári með atbeina allra stjórnarflokkanna, þar á meðal Alþfl., flokks hæstv. viðskrh. sem síðast talaði hér úr þessum ræðustól.

Ástandið í sjávarútveginum nú, skv. þeim lýsingum sem Þjóðhagsstofnun hefur gefið út, er að 4,5% tap sé á botnfiskveiðum og vinnslu samanlagt. Veiðarnar tapi 4,5%, frystingin 4,5%, söltunin sé rekin með 2% hagnaði og rækjuvinnslan sé síðan rekin með 1,5% hagnaði. Ef við lítum til upphafs þessa stjórnartímabils og reynum að átta okkur á því á hverju fyrstu aðgerðir hæstv. ríkisstjórnar byggðust þarf að rifja það upp að þær byggðust í fyrsta lagi á því að nýta 3% gengisfellingarheimild sem til var frá því í vor en hafði ekki verið notuð, einkum og sér í lagi vegna þess að Seðlabankinn og hæstv. viðskrh. vildu það ekki þótt aðrir í þeirri ríkisstjórn væru tilbúnir til þess. Til þess að ná sjávarútveginum rekstrarlega á núllið var gert ráð fyrir því að lækka raforkukostnað til fyrirtækja. — Mér þætti vænt um, virðulegur forseti, ef hæstv. iðnrh., sem um leið er viðskrh., gæti komið í salinn því mig langar til að varpa til hans þeirri fyrirspurn hvar það mál sé á vegi statt. Nú eru liðnir tveir og hálfur mánuður frá því að ríkisstjórnin var mynduð og þetta var eitt af þeim atriðum sem hæstv. ríkisstjórn lagði hvað mesta áherslu á.

Í öðru lagi var í forsendum núv. hæstv. ríkisstjórnar sagt að raunvaxtalækkun yrði 3% og það var reiknað inn í rekstrargrundvöll sjávarútvegsins, einkum og sér í lagi fiskvinnslunnar. Ég spyr hæstv. ráðherra og sú spurning á raunar erindi til hæstv. viðskrh.: Hefur þessi raunvaxtalækkun átt sér stað? Ég er ansi hræddur um ekki. Nafnvextir hafa að vísu lækkað eðlilega vegna þess að verðbólgan hefur farið niður en um raunvaxtalækkun er varla að ræða nema að því litla leyti að vextir hafa lækkað um frá 0,2% í 0,7%, eða einhvers staðar þar um bil. En það sem er kannski alvarlegra er að ríkisskuldabréfin, spariskírteini ríkissjóðs sem bera vexti sem hafa veruleg áhrif á vaxtastigið á öðrum skuldabréfum en hafa reyndar verið lækkaðir örlítið, seljast alls ekki heldur hlaðast þau upp í bönkum og hjá þeim sem tekið hafa að sér að selja þau skv. samningi við fjmrn. Bréfin seljast ekki. Þegar skoðað er skráð vaxtagengi hjá Verðbréfaþingi Íslands má í raun og veru halda því fram að þessi vaxtalækkun hafi alls ekki átt sér stað. Þess vegna vil ég, virðulegur forseti, fá tækifæri til þess að spyrja hæstv. viðskrh. hver raunvaxtalækkunin hefur raunverulega orðið því ég kannast ekki við að um 3% raunvaxtalækkunar hafi orðið vart hér í efnahagslífinu.

Í þriðja lagi var sagt frá því að vaxtamunur afurðalána ætti að lækka um 0,7%. Ég veit að hæstv. sjútvrh. getur svarað þeirri spurningu hvort þessi breyting hafi nú þegar átt sér stað. Um það veit ég ekki og spyr þess vegna að því. — Ég veit ekki, virðulegur forseti, hvort ég á að halda áfram fyrst hæstv. viðskrh., sem hér talaði síðastur, hefur vikið úr húsinu, en ég er með beinar spurningar til hans, hann er þátttakandi í þessum umræðum. (**Forseti:** Það skal upplýst að hæstv. viðskrh. er hér í húsinu og þegar hefur verið sent eftir honum.) Þá get ég endurtekið spurningar til hans þegar hann kemur hér á eftir.

Það er ljóst að meginefnahagsstefna þessarar ríkisstjórnar byggist á því að falsa gengi íslensku krónunnar. Þetta er staðreynd sem ekki er hægt að mótmæla. — Áður en ég kem að þessum kafla tel ég rétt, til þess að hæstv. viðskrh. þurfi ekki að dvelja hér lengi, að ég endurtaki spurningar mínar til hans.

Í fyrsta lagi beini ég máli mínu til hans sem hæstv. iðnrh. og spyr hvað líði 25% lækkun raforkuverðs til fyrirtækja sem var liður í því að koma eðlilegum rekstrargrundvelli á í frystingunni og fiskvinnslunni. Í öðru lagi hvað líði 3% raunvaxtalækkun. Mér er sagt að sú litla raunvaxtalækkun sem hefur átt sér stað á spariskírteinum ríkissjóðs hafi gert það að verkum að þau spariskírteini sem eru til sölu seljist ekki heldur hlaðist upp hjá þeim aðilum sem tóku að sér að selja þessi skírteini skv. sérstökum samningi við fjmrn. Og í þriðja lagi er atriði sem ég satt að segja veit ekki hvernig hefur farið en það er það sem stóð að baki þeim útreikningum hæstv. ríkisstjórnar að vaxtamunur afurðalána lækkaði um 0,7%. Það má vera að sú lækkun hafi þegar átt sér stað en þá er hægt að fá úr því skorið hér á eftir og mér er sama hvor hæstv. ráðherra svarar þessu.

Ég var kominn þar, virðulegur forseti, að lýsa efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Ekki þarf að endurteka að hæstv. ríkisstjórn fylgir þeirri stefnu að halda niðri verðlaginu með því að falsa gengi íslensku krónunnar. Það liggur fyrir að fjármagn er fært til í þjóðfélaginu. Það er ráðgert að u.þ.b. 800 millj. kr. renni til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins og þetta eru óafturkræfir fjármunir. Samkvæmt bráðabirgðalögum sem ríkisstjórnin gaf út í haust og er nú til meðferðar í hv. Ed. er sagt að þessir fjármunir séu til láns en hæstv. sjútvrh. hefur sagt opinberlega að þessi fjármunir verði ekki aftur sóttir til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Þess vegna vil ég spyrja þann hæstv. ráðherra sem kýs að verða fyrir svörum: Er þá ekki rétt að bókfæra þessa fjármuni þannig að þeir komi inn við lánsfjárlagagerð þar sem sú yfirlýsing liggur fyrir frá hæstv. ríkisstjórn að þessir fjármunir séu ekki lánsfé til Verðjöfnunarsjóðs heldur séu þeir teknir að láni erlendis og muni falla á ríkissjóð? Þetta þýðir ekkert annað en það að ríkissjóður hefur tekið erlent lán til þess að setja í millifærslu. Hann ætlar ekki að endurheimta þetta lán sem þýðir eingöngu það að verið er að falsa gengi íslensku krónunnar til þess að geta haldið áfram að berja höfðinu við steininn og viðurkenna ekki að það þurfi að leiðrétta gengi íslensku krónunnar. Þessir fjármunir eru til viðbótar þeim 600 sem um getur í sömu bráðabirgðalögum.

Þá hefur hæstv. ríkisstjórn ákveðið að haga reglum um Atvinnutryggingarsjóð með þeim hætti að þar er verið að skuldbreyta og gefa út skuldabréf í

stað þess að leggja áherslu á það í starfi sjóðsins að lána fjármuni til þeirra sem væru tilbúnir til þess að leggja eigið fé inn í þessi fyrirtæki. Hæstv. viðskrh. talaði mikið um endurskipulagningu hér áðan í sinni ræðu og auðvitað væri það besta endurskipulagning sem gæti átt sér stað í sjávarútvegi ef eigið fé fyrirtækjanna væri aukið. En það má ljóst vera að mörg undanfarin ár hefur eigið fé þessara fyrirtækja verið harla lítið og allt of lítið og þess vegna mega þessi fyrirtæki við ákaflega litlu til þess að eigið fé þverri. Þetta er stórmál í endurskipulagningunni. Þarna er tæki, Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina, sem hægt væri að nota en mér sýnist hæstv. ríkisstjórn ekki ætla að nota fjármunina til þess sem skynsamlegast sýnist.

Hæstv. viðskrh. ræddi síðan um skuldabréfin sem gefin verða út. Hann viðurkenndi að um nokkur afföll hlyti að verða að ræða og sagði að það væri út af fyrir sig eðlileg eftirgjöf skulda. Við getum alveg eins orðað það eins og hæstv. viðskrh. veit að þetta er hluti af ávöxtunarkjörum og mætti líta á þetta sem vexti eða ávöxtunarkjör því að afföll eru náttúrlega ekkert annað en eins konar ávöxtun þótt tekið sé með öðrum hætti. Þetta er enn ein viðurkenningin á því að vextir hafa ekki lækkað.

Þá held ég að það sé kominn tími til að hæstv. viðskrh. skýri það betur hvernig hann hyggst beita því sem hann kallar óbeinni skuldbreytingu, en það mun þýða að þeir viðskiptabankar sem eiga að taka að sér að kaupa þessi skuldabréf eiga að fá sérstaka fyrirgreiðslu hjá Seðlabanka Íslands. Nú er það svo að Seðlabanki Íslands, þótt voldugur sé, og það veit hæstv. sjútvrh. sem á sínum tíma var bankaráðsformaður Seðlabankans, er ekki óþrjótandi lind. Það verður að grípa til erlendra lána eða taka af gjaldeyrisvarasjóði. Og ef ég skil ráðherrann rétt er hann að benda á þá leið að nú eigi að ná í nýja fjármuni úr þessum brunni sem auðvitað þýðir að það er stefnt í erlendar lántökur til viðbótar þeim sem núverandi ríkisstjórn hefur tekið ákvörðun um að taka, en núverandi hæstv. ríkisstjórn ákvað það strax í upphafi síns stjórnartíma að stórauka erlendar lántökur og auka þannig á þann vanda sem fyrir var í þjóðfélaginu.

Það hlýtur að teljast dálítið merkilegt þegar menn líta á þjóðfélagsumræðu hér á landi að hæstv. forsrh. þessarar þjóðar, sem nú dvelst í læri hjá frú Thatcher í Bretlandi og vonandi lærir hann nú eitthvað þar því að ég veit að hann getur lært heilmikið af henni. (**Viðskrh.:** Aldrei fóruð þið ...) Nei, það gerðum við ekki, hæstv. viðskrh., en það er nú þannig með hæstv. forsrh. að hann er eins og kameljónið, hann skiptir litum eftir því í hvernig ríkisstjórn hann er á hverjum tíma. Þegar hann sat í ríkisstjórn með sjálfstæðismönnum gerðist hann bóksali fyrir Gorbatsjov í síðustu jólabókavertíð því að þá þurfti hann að sýna hve frjálslyndur hann var og höfða til vinstri, en um leið og hann er kominn í félagshyggju- og jafnréttisstjórn vinstri flokkanna þarf hann að sýna hve „líberal" hann er í hina áttina og þess vegna fer hann og heimsækir Thatcher. Þetta er auðvitað alveg eins og Framsfl. hagar sér, hann er bæði í stjórn og utan stjórnar á sama tíma. Hér koma ráðherrar Framsfl. upp og segja: Nú þarf að gera eitthvað. Nú þarf að gera eitthvað. Hvernig stendur á því að ekkert hefur verið gert? Þetta er flokkur sem hefur setið í ríkisstjórn í 17 ár eða er það ekki, hæstv. sjútvrh.? Ég veit ekki hvort sjútvrh. man svo langt, en þetta er nú einu sinni staðreynd sem er erfitt að neita.

Ég var byrjaður að lýsa stefnu ríkisstjórnarinnar. Hún er nú ærið sérstök. Sjálfur hæstv. forsrh. segir: Gengið er rangt skráð. Og hann endurtekur: Gengið er rangt skráð. Nú veit ég ekki hvort allir taka mark á hæstv. forsrh. en ég held að svona víðast hvar þar sem forsætisráðherra mundi orða það þannig að gengið væri rangt skráð, þá byggist landsins lýður, hvar sem er á jörðinni, við því að forsætisráðherra þeirrar þjóðar mundi þá leiðrétta gengið. Nei. Íslenski forsætisráðherrann ætlar ekki að leiðrétta gengið. Hann lýsir því bara yfir rétt eins og hann sé í einhverjum saumaklúbbi úti í bæ og sé að tala þar við vinkonu sína. (Gripið fram í.) Ja, við getum sagt karlaklúbbi, Lionsklúbbi ef hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir vill hafa það. Lionsklúbbi skulum við hafa það eða Rotaryklúbbi. (**GA:** Hvort er líklegra, hv. 1. þm. Reykv.?) Ja, ég veit ekki hvernig maddama Framsókn hagar sér í sínum frístundum, þess vegna gæti hún tekið þátt í saumaklúbbi, en við skulum hafa það Rotary til þess að vera sammála um það, hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir. — Það er nefnilega þannig að stundum hvarflar að manni að það þurfi að taka hæstv. forsrh. alvarlega og í raun og veru meira að segja hvarflar það stundum að mér að það sé bara nauðsynlegt að taka hæstv. forsrh. alvarlega, það sé eiginlega þjóðarnauðsyn því að annars missi þjóðin traust og álit á stjórnmálamönnum og haldi bara að það sem við erum að tala um hérna skipti ekki nokkru máli. En ég segi: Það er náttúrlega alvarlegur hlutur þegar hæstv. forsrh. lýsir því yfir aftur og aftur að gengið sé rangt skráð, en segir svo til viðbótar að hann ætli ekkert að gera með það. Þá mætti maður ætla að hæstv. forsrh. hefði eitthvert annað ráð undir sínu rifi. En svo er ekki. Þess vegna er nú stofnað til þessarar umræðu hér. Enn hafa engar lausnir fundist og ekki komið fram hjá hæstv. ráðherrum.

Það er beðið eftir aðgerðum og það er ljóst að eftir því sem við bíðum lengur þeim mun erfiðara verður að leysa þetta mál. Ég staðhæfi að fyrr en síðar hlýtur hæstv. ríkisstjórn, hversu þrjósk sem hún er, að viðurkenna að það verður að leiðrétta gengið eins og hæstv. forsrh. lætur liggja að þá stundina sem hann lætur ekki liggja að þjóðargjaldþroti sem er hina stundina.

Það þyrfti kannski að ræða iðnaðinn með sama hætti. Sá iðnaður, sem ekki nýtur fyrirgreiðslu og fær ekki millifærslur í sinn hlut, stendur núna þannig að það stefnir í gjaldþrot hjá fjölmörgum fyrirtækjum. Það átti að ræða hér um skipasmíðar í dag, en

vegna mistaka var aðeins flutt ein ræða. Ég held að stefna hæstv. ríkisstjórnar sé versti óvinur iðnaðarins í dag. Með því að berja höfðinu við steininn, neita að viðurkenna að það þurfi að lagfæra gengið en lýsa því samt yfir að gengið sé rangt skráð, þá eru menn vitandi vits að setja skipasmíðaiðnaðinn og annan slíkan iðnað beint á höfuðið. Þetta verða menn að viðurkenna. Ég teldi það mjög eðlilegt að hv. þm. Stefán Guðmundsson a.m.k. segði hæstv. forsrh. frá því að gengisskráningin er afgerandi fyrir skipasmíðaiðnaðinn og samkeppnishæfni þess iðnaðar gagnvart þeim iðnaði sem hann á að keppa við erlendis. Þetta er grundvallaratriði og það veit ég að hv. þm. Stefán Guðmundsson hlýtur að vera mér sammála um.

Hæstv. sjútvrh. sagði hér í umræðunum í dag að hann vildi helst lækka laun, að vísu án gengisfellingar. Það er út af fyrir sig sjónarmið að taka launin niður og þessi sjónarmið hafa heyrst áður. Þetta er stundum kallað niðurfærsla. Svo kemur annar stjórnarþm., hv. þm. Skúli Alexandersson. Hrópaði hann ekki húrra fyrir hæstv. sjútvrh.? Tók hann ekki undir þetta og sagði: Auðvitað á að lækka launin? Nei, hann sagði þvert á móti að laun ætti ekki að lækka heldur ætti að nota allt, allt aðrar aðferðir við að leysa vanda sjávarútvegsins. Nú spyr ég aðra hv. þm. Alþb. sem hér eru í salnum, þeir eru að vísu ekki margir: Eru þeir sammála hv. þm. Skúla Alexanderssyni? Eða eru þeir sammála hæstv. sjútvrh.? Eða hefur Alþb. enga skoðun á þessu máli fremur en öðrum málum nú orðið eins og matarskatti og hernum og hvað þetta allt saman var sem var svo heilagt þegar þeir voru í stjórnarandstöðu? Nú sitja þeir í stjórn. Þeir hafa kastað öllu til hliðar. Það eina sem þeir koma sér saman um er að hækka skattana. Og hv. þm. Skúli kemur hingað, flytur ræðu og segir að hann vilji gengislækkun með ákveðnum skilyrðum en laun megi ekki lækka, þvert á það sem hæstv. sjútvrh. sagði. Ég spyr aðra hv. þm. Alþb.: Hvort eru þeir sammála hv. þm. Skúla eða hæstv. sjútvrh.? Er ekki kominn tími til að þeir segi eitthvað í þessu efni?

Það var jafnframt rætt hér örlítið um aðstoð á Súgandafirði. Ég vil taka undir það, þekkjandi dálítið til fiskvinnslu vestur á fjörðum, að sá sem stýrir því fyrirtæki hefur staðið sig ágætlega í sínu starfi. Það er hins vegar ljóst að þegar Samband ísl. samvinnufélaga og kaupfélögin keyptu þetta fyrirtæki, þá létu þau inn í fyrirtækið ákaflega takmarkaða fjármuni í upphafi þannig að fyrirtækið reisti sig aldrei úr sjó, ef svo má að orði komast. Nú hefur það gerst að hæstv. fjmrh. hefur skrifað Sambandsforstjóranum og boðist til þess að lána með víkjandi láni án vaxta og án verðbóta 45 millj. kr. sem Útvegsbankinn gamli, sem nú er þrotabú í hillu hjá hæstv. fjmrh., lána þessa fjármuni með þeim skilyrðum að manni skilst að Samband ísl. samvinnufélaga, aðaleigandi fyrirtækisins, afskrifi u.þ.b. 40 millj. kr. skuld, leggi 10 millj. kr. til viðbótar inn sem hlutafé, enda muni Byggðasjóður þá koma til skjalanna, lána 30 millj. kr., og ef það gerist muni sveitarfélagið og aðrir lánardrottnar heima fyrir lækka sínar skuldir verulega. Þannig á að reisa þetta fyrirtæki úr rústum að því er manni skilst. Þetta er auðvitað gott og blessað. En þessi 45 millj. kr. skuld var venjuleg bankaskuld við ríkisbanka. Ekkert öðruvísi skuld en frystihús víða um land skulda í öðrum ríkisbönkum, Búnaðarbankanum og Landsbankanum. Það er þess vegna næst að spyrja hæstv. viðskrh., sem ræður yfir þessum bönkum, er æðsti yfirmaður þeirra: Er þetta byrjunin á nýjum aðgerðum? Er þetta sú endurskipulagning sem hann var að tala um í sínu máli? Ætlar hann að tala við landsbankastjórana, við búnaðarbankastjórana og segja við þá: Ef einhver sjávarútvegsfyrirtæki skulda ykkar bönkum, þá skuluð þið segja þeim að þið ætlið að lána víkjandi lán sem eiga að greiðast til baka þegar fyrirtækin geta borgað arð að tiltölu við það hve hlutaféð hefur hækkað, upp á þau býti að eigendur eða nýir eigendur leggi fram nýja fjármuni eða afskrifi skuldir til fyrirtækisins, afskrifi lán sem þeir hafi veitt fyrirtækinu. Er þetta sú stefna sem hæstv. viðskrh. var að ræða um þegar hann talaði hér áðan um endurskipulagningu í frystiiðnaðinum? Er hæstv. viðskrh. sammála því sem kemur fram í þessum aðgerðum sem beitt er á Súgandafirði sem út af fyrir sig eru mjög gagnlegar aðgerðir, ákaflega sértækar, taka á þessu vandamáli. Væntanlega færa þeir sig næst yfir á Siglufjörð og síðan koll af kolli. Hæstv. viðskrh. talaði nefnilega ekki nákvæmlega um það hvers konar endurskipulagningu hann vildi.

Hæstv. sjútvrh. sagði hins vegar að bankar yrðu að sjá í gegnum fingur sér meira en þeir gerðu. Ef ég skildi hann rétt, sem ég er nú ekki alveg viss um, þá sagði hann: Það þarf að breyta viðhorfum bankastjóranna til trygginga. Ég skil hann þannig að hann ætlist til þess að bankastjórar og bankaráð rýmki heimildir sínar til lánveitinga þannig að tryggingar séu ekki eins góðar og miklar og þær hafa verið og þurfa að vera að mati þeirra sem stjórna bönkunum. Ef þetta er rétt skilið, spyr maður sig að því: Hvernig hefði farið fyrir ýmsum fyrirtækjum sem á sínum tíma fóru á hausinn, urðu gjaldþrota vegna þess að veð eyddust upp af ytri ástæðum rétt eins og hjá þessum fyrirtækjum? Við skulum nefna Hafskip, það er eitt dæmi. Og hver yrði þá ábyrgð, svo að ég spyrji hæstv. viðskrh., bankaráðanna í þessum bönkum ef það kæmi í ljós að þessi rýmkun, það að sjá í gegnum fingur sér, það að heimta ekki eins miklar tryggingar og áður, yrði til þess að bankarnir töpuðu fjármunum? Má þá búast við því að þar sé um saknæmt atferli að ræða? Ég held að hæstv. ráðherrar verði að tala hér mun skýrar en þeir hafa gert. (**Sjútvrh.:** Þú verður að skilja það betur.) Eða ég að skilja það betur. Þá vænti ég þess líka, af því að ég veit að fleiri hafa skilið það svo, að hæstv. sjútvrh. skýri það betur út fyrir okkur hvað hann átti við þegar hann talaði um veð og tryggingar í sinni ræðu.

Það sem situr eftir í þessari umræðu er fyrst og

fremst þetta: Hæstv. ríkisstjórn hefur ekki komið sér saman um nein úrræði í sjávarútvegsmálum, engin, önnur en þau sem þeir auglýstu við stjórnarskiptin. Og þau hafa sannarlega mistekist samkvæmt þeim dómi sem Þjóðhagsstofnun felldi í síðustu viku.

Einn hæstv. ráðherra segir að gengið sé rangt skráð. Annar segir að það hafi verið gert hlé til að leita allra leiða. Orðrétt sagði hæstv. viðskrh. að það þyrfti að „leita allra leiða". Hve lengi á sú leit að standa? Eitthvað fram eftir næsta ári? Tvö ár? Þrjú ár? Fjögur ár? Hve lengi? (**Viðskrh.:** Þar til lausnin finnst.) Þar til lausnin finnst, jafnvel þótt hún finnist ekki fyrr en eftir aldamótin. Heyrði þingheimur þetta? Það á bara að halda áfram að leita og leita og leita, það á ekki að hafa neina stefnu, bara leita, leita allra leiða. Hugsið þið ykkur! Þetta eru úrræðin! Og nú ætla þeir að halda áfram að leita og leita og leita. Aumingja mennirnir!

Nei, það er auðvitað gott að fá sér hlé til góðra verka þegar maður er þreyttur. En það breytir ekki því, hæstv. viðskrh., að gengið er rangt skráð. Og þó að hæstv. viðskrh. taki ekki mark á forsrh. þá er það nú þannig að ýmsir þeir sem hafa áhuga á því að lausn finnist á þessu máli hafa áhyggjur af því að ríkisstjórnin ætli ekkert að gera, bara halda áfram að leita.

Hæstv. viðskrh. þarf að skýra hér út fyrir okkur og þjóðinni hvað hann á við með endurskipulagningu. Á hann við það að það eigi að bíða, það eigi að þverskallast, það eigi ekki að viðurkenna það að gengið sé rangt skráð þar til fyrirtækin fara á hausinn, þar til gjaldþrot verður og þá verði fyrirtækin reist úr rústum? Þetta er vissulega aðferð. Aðferð sem víðast er notuð hér á Vesturlöndum. Ein af þessum vestrænu aðferðum sem hæstv. forsrh. hafnaði í sinni svokölluðu stefnuræðu. Þess vegna held ég að við verðum að heimta þau svör af hæstv. viðskrh.: Hvað á hann við þegar hann talar um endurskipulagningu? Það kom ekkert fram í hans máli sem benti til þess að það væri einhver hugsun á bak við orðið endurskipulagning.

Virðulegur forseti. Þessi umræða hefur sýnt það að hæstv. ríkisstjórn er úrræðalaus. Hún tók við völdum, setti upp dæmi um það hvernig mætti bjarga sjávarútveginum þannig að reksturinn kæmist á núll. Sá útreikningur reyndist rangur af ýmsum ástæðum. Þar á meðal hefur það gerst síðan ríkisstjórnin tók við að dollarinn hefur fallið. Það skulum við viðurkenna. Það hefur líka komið fram að nýir reikningar liggja fyrir. Það skulum við viðurkenna. En það hefur einnig komið fram að ríkisstjórnin stóð ekki við það sem hún lofaði til þess að koma sjávarútveginum í núll. Þess vegna lagði ég fram mínar spurningar hér áðan.

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu. Hún hefur leitt það í ljós sem ég var hræddastur um að væri satt, að ríkisstjórnin hefur engin úrræði. Hún heldur einungis áfram að leita allra leiða.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Hv. 1. þm. Reykv. hefur beint til mín nokkrum spurningum og athugasemdum. Ég ætla að reyna að svara þeim í stuttu máli.

Ég byrja á því að svara spurningunni um lækkun raforkuverðs um fjórðung til fiskiðnaðarfyrirtækja. Þetta mál er í athugun í starfshópi sem ég skipaði fyrir nokkrum vikum. Hann mynda fulltrúar orkuvinnslu- og dreifingarfyrirtækja ásamt fulltrúum iðnrn. Þetta er vandasamt mál og ég veit að hv. 1. þm. Reykv. kannast við það frá sinni fyrri tilveru sem iðnrh. Ég mun fyrir mitt leyti freista þess að ná þarna árangri á næstu vikum og mánuðum til þess að ná lækkun allt að fjórðungi á þessum gjaldskrárliðum. Það er hins vegar erfitt um vik meðan verðstöðvun stendur því að einhvers staðar kynni að þurfa að breyta öðrum þáttum gjaldskránna eða finna til þess annan fjárstyrk. Ég vil ekki gefast upp við þetta verk. Ég mun finna leið til þess að ljúka því. Ég minni hins vegar hv. 1. þm. Reykv. á að í tölunum sem hann sjálfur las í inngangi sinnar ræðu, og höfðu þó margir lesið áður, um það hvernig Þjóðhagsstofnun teldi að nú væri háttað afkomu sjávarútvegsins, er ekki reiknað með þessari lækkun. Það er einmitt ein af ástæðunum fyrir því að Þjóðhagsstofnun sýnir í sínu stöðumati á líðandi stund núna fyrir fáum dögum lakari afkomu en að var stefnt með aðgerðum ríkisstjórnarinnar. (Gripið fram í.) Að sjálfsögðu og það mun líka verða. En ég minni bara á það að þetta er ein af skýringunum og þegar þetta verður fram komið verður staðan þeim mun betri.

Næsta spurning laut að raunvaxtalækkun. Ég var því miður ekki í salnum þegar hv. 1. þm. Reykv. fór með spurninguna en eins og ég skildi hana mun hann hafa innt eftir því hvað liði þeirri 3% lækkun raunvaxta sem ríkisstjórnin stefndi að. Svarið er að hún stefnir enn að þessari lækkun. Hún hefur þegar náð fram, á þann mælikvarða sem almennastur er og eru verðtryggðir vextir, raunvextir verðtryggðra skuldabréfa í viðskiptabönkunum, þeim árangri að bestukjaravextir á slíkum bréfum hafa lækkað úr 9,5% í 7,75% eða um 1,75%. Þetta er ekki einhlítur mælikvarði. Þetta er einn af mörgum. Hv. 1. þm. Reykv. mun hafa nefnt ríkisskuldabréfavextina sem hafa lækkað á bilinu 0,2–0,7%. Ég vil fremur líta á raunvextina í viðskiptabönkum sjávarútvegsins. Þar hefur þegar náðst verulegur áfangi í þá átt sem ég veit að hv. 1. þm. Reykv. vill stefna í með mér og öðrum sem vilja ná raunhæfri lækkun vaxta. Þar held ég að sígandi lukka sé best og ég treysti á það að fá stuðning hv. 1. þm. Reykv. og annarra þm. hér í þessu hv. þingi til þess að koma því lagi á ríkisfjármálin að við getum náð þarna frekari áföngum. Betra jafnvægi í ríkisfjármálum er forsenda þess. Það þýðir að við þurfum að hækka skatta, við þurfum að lækka útgjöld og þar með er komið til Teits og Siggu að leggja því máli lið, ef þeir vilja ná raunhæfri lækkun vaxta.

Þriðja spurningin laut að vaxtamun á afurðalánum. Vaxtamunurinn hefur þegar lækkað úr 1,95% í 1,25%, eða um það sem að var stefnt.

Fjórða atriðið sem hv. 1. þm. Reykv. nefndi var hvað við væri átt með endurskipulagningu sjávarútvegsins og fjárhags hans. Ég ætla ekki að rekja það í ítarlegu máli. Þarna er fyrst og fremst um það að tefla að ná samruna og samstarfi fyrirtækja. Sums staðar þarf að losa fyrirtæki úr rekstri. Þetta þekkir hv. 1. þm. Reykv. mætavel sem vitnar hér títt og ótt í reynslu sína af rekstri sjávarútvegsfyrirtækja á Vestfjörðum. Það er gott að hann hefur slíka þekkingu því þá veit hann betur hvað við er átt. Það er víða svo að hægt er að ná slíkum árangri. Það tekur tíma. Það er líka nauðsynlegt, eins og hv. 1. þm. Reykv. nefndi, að fá meira eigið fé í rekstur og stofnfé þessara fyrirtækja. Ég tel að það eigi svo sannarlega að vera ein af viðmiðunum Atvinnutryggingarsjóðsins að þau fyrirtæki sem geta sýnt að þau geta aflað eigin fjár eigi að ganga fyrir öðrum um stuðning úr þeim sjóði. Ég tel líka að fyrstu dæmin um ráðstöfun fjár úr sjóðnum sýni að þar er einmitt farið eftir slíkri hugsun.

Ég vil ekki líta á Súgandafjörð eða Suðureyri sem algilt dæmi um ráðstafanir af þessu tagi. Eins og kom fram í máli hæstv. sjútvrh. stendur þar alveg sérstaklega á og ég veit að hv. 1. þm. Reykv. gerir ekki ágreining við mig eða hæstv. sjútvrh. þegar við segjum að þar hafi sannarlega þurft að grípa til einhverra ráða. Ég bendi á að sú víkjandi lánveiting sem fjmrh. hefur boðið þeim Súgfirðingum upp á með skilyrðum, einmitt um eiginfjárframlag, um eftirgjöf eða breytingu á skuldum annarra lánardrottna — allt þetta er mál sem hefur mikla sérstöðu, sérstaklega vegna þess að hér er um að ræða fjárhæðir frá hálfu ríkisins sem stóðu á biðreikningi skulda við Útvegsbanka Íslands hinn gamla og gegnir alveg sérstöku máli um og hefur ekkert fordæmisgildi gagnvart bankarekstri að öðru leyti. Þetta vil ég segja alveg skýrt og ég vil reyndar benda á að sá maður í bankakerfinu sem kannski hefur nú mest rætt þann möguleika að bankarnir ættu að koma inn í fjárhagslega endurskipulagningu sjávarútvegsins með þeim hætti að breyta skuldum í víkjandi lán eða hlutafé mun vera flokksbróðir hv. 1. þm. Reykv., bankastjóri Sverrir Hermannsson. Þar má vera að hann hafi stundum farið með himinskautum eins og honum er stundum hætt við að gera, en þó er hann nú sennilega nokkuð nærri kjarna máls að sums staðar þurfi menn að viðurkenna orðna hluti. Um það hlýtur þó jafnan að fara að lögum en lögin um viðskiptabankana takmarka heimildir þeirra til þess að eiga í hlutafélögum og reyndar til þess að veita víkjandi lán og um það hef ég reyndar ekki fleira að segja, einfaldlega vegna þess að það er hvergi á stefnuskrá þessarar stjórnar að víkja frá þeim ákvæðum viðskiptabankalaganna sem um þetta gilda.

Þetta ætti kannski að nægja um þetta mál, þ.e. um óbeinar skuldbreytingar, og það sem ég kallaði að rýmka til í viðskiptum Seðlabankans við viðskiptabanka sjávarútvegsins til þess að gera þá betur í stakk búna að sinna þessum brýnu þörfum, að tryggja sæmilega örugga fjármögnun undirstöðuframleiðslunnar. Það er mál sem ég tel að þurfi ekki að skýra nánar. Við vitum vel að þessar bankastofnanir hafa oft og einatt lent þar í yfirdrætti með refsivöxtum. Við sumar aðstæður getur verið réttlætanlegt að breyta þessum reglum í einstökum tilfellum. Hvergi með almennri reglu en þarna er eitt um málið að segja að þarna geta komið upp dæmi sem nauðsynlegt er að taka á. Ég rifjaði líka upp að á árunum 1983–1984, á árunum 1980–1982 og reyndar á árunum 1974–1977 voru gerðar ráðstafanir af þessu tagi, og þótti ekki stefna í heimsendi þótt á það væri litið. Allt þetta verður þó að sjást í heildarsamhengi peningamála og lánamála landsins og það er vissulega rétt, sem kom fram hjá hv. 1. þm. Reykv., að erlendu skuldirnar setja okkur þarna ákveðin mörk. Við erum þar hvergi á heljarþröm, en þurfum þó að gæta okkar.

Ég tel að fullyrðingar þær sem hv. 1. þm. Reykv. hafði við lok sinnar ræðu um að dómur Þjóðhagsstofnunar sýndi að ríkisstjórnin hefði ekki staðið við neitt af því sem hún hefði ætlað sér að gera og mat hennar á málinu væri út í hött, eru einmitt það, fullkomlega út í hött. Við erum alls ekki komnir að niðurstöðu í þessu máli og það er svo fjarri því að það sé stefnuleysi að halda áfram við það verk sem hafið var þegar þessi stjórn var mynduð, að vinna áfram eftir því verklagi sem þá var ákveðið. Það er einmitt stefnufesta. Að hlaupa nú til og slá undan væri uppgjöf og stefnubreyting sem enn eru engin rök til, og ég segi það ósköp blátt áfram að mér þótti það nú koma úr hörðustu átt þegar hv. 1. þm. Reykv. vék að því að gott væri að fá sér hlé þegar menn þreyttust á því verki sem þeir hefðu tekið að sér, því hverjir voru það sem viku frá verkinu? Hverjir voru það sem slepptu árinni í brimróðrinum? Hverjir voru það sem hlupu fyrir borð?

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér hafa farið fram alllangar og gagnlegar umræður og nauðsynlegar um þetta mikilvæga mál okkar Íslendinga, en það er búið að rifja það upp nokkrum sinnum í dag og í kvöld hvað hefur verið að gerast að undanförnu. Eins og menn vita blasti í haust við hrun í efnahags- og atvinnulífinu og þá var sú hæstv. ríkisstjórn sem nú situr mynduð í miklum fljótheitum. Miðað við asann sem var á við myndun hennar og þann bjargvættabrag sem á henni var hefði mátt ætla að gripið yrði til skjótra og jafnvel fljótvirkra aðgerða. Reyndin hefur orðið önnur og því stöndum við hér og þjóðin öll frammi fyrir stórum og miklum vanda. Enn þá hefur ekkert gerst og áfram engist þessi verðmæti frumatvinnuvegur okkar í dauðateygjunum með allri þeirri upplausn, því öryggisleysi og tekjutapi sem óhjákvæmilega fylgir í kjölfarið fyrir alla þjóðina.

Ég hafði hugsað mér að bera fram spurningar til hæstv. iðn.- og viðskrh. en hann svaraði þeim reyndar áðan. Það var varðandi fyrirhugaða raforku-

verðslækkun svo og vaxtalækkun en það olli mér nokkrum vonbrigðum að heyra að þessi mál eru líka í athugun því að í raun og veru var þessu slegið þannig fram í haust þegar stjórnin var mynduð að menn hefðu getað búist við að þetta gerðist fyrr en raun varð á. Hins vegar er auðvitað nauðsynlegt að gaumgæfa málin vel því of oft höfum við þurft að leiðrétta mistök eftir á. En ég vona að þessi tvö atriði nái fljótt fram að ganga og tel að það sé afar mikilvægt fyrir sjávarútvegsfyrirtækin að einmitt raforkuverðið lækki því að það er stór liður í þeirra kostnaði og mörg þeirra eru stórskuldug við orkuveitufyrirtækin.

Í stjórnarsáttmála hæstv. ríkisstjórnar segir m.a., með leyfi forseta: „Mörkuð verður ný atvinnustefna sem stuðlar að hagvexti og skynsamlegri nýtingu sameiginlegra auðlinda þjóðarinnar. Tekið verður fyllsta tillit til byggðasjónarmiða."

Hvorki bólar á hinni nýju atvinnustefnu né heldur byggðasjónarmiðum í aðgerðarleysi hæstv. ríkisstjórnar. Hvergi kemur fram nein framtíðarsýn en reyndar minntist einn stjórnarliða, hv. 3. þm. Austurl. Jón Kristjánsson, á það hér fyrr í kvöld að það væri framtíðin sem skipti mestu máli og þar er ég honum auðvitað alveg sammála. Þó að við séum niðri í þessum öldudal núna verðum við að reyna að sjá upp úr og horfa fram á veginn og leysa málin með tilliti til framtíðarinnar. Ekki ætla ég að dæma um hvers eða hverra ábyrgðin er á því ófremdarástandi sem nú ríkir. Það er hins vegar ljóst að hér hefur verið um ákveðna þróun að ræða um nokkurt skeið, en hraði þeirrar neikvæðu þróunar er nú orðinn slíkur að ekki verður lengur við unað og nauðsynlegt er að grípa til aðgerða sem duga mega.

Í frétt Alþýðublaðsins nú um helgina koma fram tölur um afkomu 15 fyrirtækja sem sótt hafa um lán frá Atvinnutryggingarsjóði. Þar kemur m.a. fram að árið 1987 var tap þeirra 46,5 millj. kr. en milliuppgjör fyrstu 8–9 mánuði þessa árs spáir tapi upp á 617,5 millj. kr. Svar hæstv. forsrh. við upplýsingum um þetta er einfaldlega á þann veg að þessi frumatvinnuvegur okkar sé gjaldþrota. Já, hæstv. forsrh. hefur títt látið sér orðið gjaldþrot um munn fara að undanförnu eftir að hann sté niður úr hinum vel hljóðeinangraða fílabeinsturni utanrrn. enda gerir hann sér nú grein fyrir að hann, eins og við öll, stendur frammi fyrir þessu vandamáli sem hlýtur að teljast vandamál allrar þjóðarinnar. Ég vil taka undir þær fjölmörgu spurningar sem hér hafa verið bornar fram. Það er kominn tími til að vita hvaða skref verða tekin og hvenær. Það er mjög nauðsynlegt fyrir þá sem vinna í þessum undirstöðuatvinnuvegi okkar og reyndar okkur öll. Ég ítreka það að auðvitað er vandamálið okkar allra.

Það er auðvitað sjálfsagt og gott að unnið skuli að málinu á mörgum stöðum til að draga saman heillegri upplýsingar eins og fram kemur í máli hæstv. forsrh. í Tímanum sl. laugardag. En auðvitað hefðu sundurgreindar upplýsingar þurft að liggja fyrir fyrir löngu. Ég bendi á að fyrir forgöngu Kvennalistans var snemma á þessu þingi beðið um skýrslu með upplýsingum um stöðu 10 best stöddu og 10 verst stöddu fiskvinnslufyrirtækjanna í landinu. Í beiðni okkar og fleiri hv. þm. stjórnarandstöðunnar kom einnig fram ósk um að fram komi stærð vandans eða hagnaðarins og hverjar séu taldar helstu orsakir hans. Það hlýtur að vera orðið löngu tímabært að greina þennan vanda og reyna að leysa hann með tilliti til þeirra niðurstaðna sem fyrir liggja þá, en bíða ekki eins og nú hefur gerst þangað til allt er komið í þrot. En það stendur líka í sáttmála hæstv. ríkisstjórnar um atvinnumálin að fiskveiðistefnan verði endurskoðuð og ég vil leggja áherslu á að það hlýtur að koma að því líka og minni á tillögur þingflokks Kvennalistans sl. vetur, þegar fjallað var um nýja fiskveiðistefnu, þar sem við vildum leggja áherslu á byggðasjónarmið og hvetja til hagræðingar og betri nýtingar aflans.

Á fyrstu blaðsíðu stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar segir að núverandi ríkisstjórn sé mynduð til að leysa bráðan efnahagsvanda sem steðjar að þjóðinni. Sá vandi er nú engu minni en áður og því brýnt að tekið verði til við lausn hans nú. Þjóðin á rétt á því að fylgjast með hvernig ætlunin er að vinna að þeim málum og hún á líka rétt á því að biðinni verði aflétt strax og hafist verði handa af fullri einurð.

Hæstv. sjútvrh. minntist á það í máli sínu fyrr í dag að hér á landi væri hlutdeild launa af þjóðartekjum miklu hærri en í öllum okkar nágrannalöndum. Ekki skal ég rengja það, en ég vil leggja áherslu á og benda á að við getum ekki leyft okkur að tala um þetta háa hlutfall launa án þess að minnast um leið á tekjuskiptinguna í landinu en öllum er ljóst að tekjuskiptingin í þjóðfélaginu er mikil og óréttlát og bilið hefur því miður aukist á undanförnum árum. Það er líka til lítils að draga upp tölur um meðaltalsaukningu ráðstöfunartekna á árunum 1985–1987 án þess að minnast einu orði á tekjubilið og þann vinnustundafjölda sem að baki liggur. Hæstv. sjútvrh. veit eins vel og við öll að launabilið í þjóðfélaginu er með öllu óþolandi og óréttlætanlegt. Ég vil að endingu leyfa mér að spyrja hæstv. ráðherra með hvaða hætti hann telji að draga megi úr þessu launabili til þess að minnka þann mun sem nú er, ekki síst með tilliti til þess stóra hóps kvenna sem vinnur við þá frumatvinnugrein sem við erum hér að fjalla um. Ég tek undir og ítreka sérstaklega þær spurningar sem bornar voru fram fyrr í dag af hv. þingkonum Kvennalistans Guðrúnu Agnarsdóttur og Kristínu Halldórsdóttur og spyr enn einu sinni um viðhorf hæstv. sjútvrh. til þess að skert verði hið lögbundna framlag ríkisins til Atvinnuleysistryggingasjóðs við þær aðstæður sem nú ríkja.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. viðskrh. Jón Sigurðsson hefði getað sleppt niðurlagi ræðu sinnar áðan. Ég vil minna á að það var ekki Sjálfstfl. sem sleit ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar sl. haust. Það gerðu þeir

hæstv. ráðherrar Steingrímur Hermannsson og Jón Baldvin Hannibalsson svo sem frægt er orðið. Þeir höfnuðu tillögum okkar sjálfstæðismanna um lausnir á vandamálum atvinnulífsins, sérstaklega í sambandi við sjávarútveginn. Þess vegna er nú komið sem komið er vegna aðgerðaleysis núv. ríkisstjórnar.

Það er nefnilega þannig í sambandi við sjávarútveg, eins og þeir vita sem hafa starfað við hann, að þar geta hlutirnir gerst mjög hratt og þegar hlutirnir gerast þar í stórum stærðum er ekki verið að tala um milljónir heldur milljarða. Það hefur því miður gerst úr vondri stöðu, sem þessi atvinnugrein var komin í sl. vor, að vegna aðgerðaleysis núv. ríkisstjórnar frá því í haust hefur staðan versnað mun meir vegna þess um hvaða stærðir er að ræða. Þetta veit hæstv. sjútvrh. og mun örugglega staðfesta á eftir ef hann tekur aftur til máls.

Ég vil víkja fáeinum orðum að nokkrum atriðum í ræðu hæstv. sjútvrh. Halldórs Ásgrímssonar fyrr í dag sem mér finnst þess eðlis að nauðsynlegt sé að kryfja nánar til mergjar. Hann sagði, hæstv. ráðherra, að setja þyrfti það markmið við gerð fjárlaga að tekið væri mið af getu atvinnulífsins í landinu. Undir þessi orð skal tekið. En hvað hefur núv. hæstv. ríkisstjórn gert í þeim efnum? Hún hefur ekki tekið mið af þessu við gerð fjárlaga nema síður sé. Það sem hún er að gera þessa dagana og þessar vikurnar er í fyrsta lagi að hækka skatta, í öðru lagi að hækka vörugjöld og í þriðja lagi að hækka allt verðlag. Í stuttu máli sagt: Hæstv. ríkisstjórn er að rýra kjörin og þrengja svigrúmið til að styrkja stöðu sjávarútvegsins eins og ég mun víkja að á eftir.

Þá er annað atriði í ræðu hæstv. ráðherra sem ég kunni ekki almennilega við. Það var þegar ráðherra var að tala um hlutfall launa í vergum þjóðartekjum og sagði m.a., þegar hann hafði komið með tölur þar um, að hlutfallið hefði verið 1987 72,1%, árið 1988 73,6% og árið 1989 mundi hlutfallið verða væntanlega 72,3%. Þar er greinilega gert ráð fyrir ákveðinni kjaraskerðingu. Hann sagði síðan að hjá öðrum þjóðum væri þetta 60–65% og undirstrikaði að þessu háa hlutfalli, sem hann teldi að væri hjá okkur Íslendingum, gæti engin þjóð staðið undir. Þetta mun vera orðrétt eftir honum haft og ráðherra kinkar kolli til samþykkis.

Mér finnst að þegar verið er að ræða um laun í vergum þjóðartekjum verði maður m.a. að gera sér grein fyrir eftirfarandi atriðum. Það er í fyrsta lagi hver er heildarskipting launa í vergum þjóðartekjum. T.d. hver er hlutur launafólks í atvinnulífinu í heildartekjunum annars vegar og hver er hlutur launafólks sem starfar hjá hinu opinbera hins vegar? Hvað segir heildarskiptingin okkur? Ef við lítum á þá breytingu sem hefur orðið á vinnumarkaðnum á Íslandi síðustu áratugi kemur í ljós að það hefur fjölgað gífurlega mikið hjá hinu opinbera. Opinberir starfsmenn eru orðnir mun fleiri núna en þeir voru fyrir einum áratug. Skiptir það þúsundum. Á sama tíma hefur þeim fækkað hlutfallslega sem starfa úti í atvinnulífinu. Ég nefni sérstaklega sjómenn á fiskiskipum. Hlutfall þeirra sem starfa úti í atvinnulífinu, hlutur launanna hjá fólkinu úti í atvinnulífinu hefur lækkað beint og óbeint miðað við hlutdeild þeirra sem vinna hjá hinu opinbera. Þá kemur einnig inn í atriði, sem er mjög þýðingarmikið, en það er tekjuskiptingin. Hefur tekjuskiptingin ekki neitt að segja í hlut launa í vergum þjóðartekjum? Er ekki tekjunum misskipt? Á mætti einnig nefna að á síðasta þingi varð hér skattkerfisbreyting, skattkerfisbreyting sem alveg örugglega hefur komið þeim sem hafa hærri millitekjur og hátekjur betur í hag en þeim sem eru með lægri tekjur og eru rétt fyrir ofan skattleysismörkin.

Þetta eru atriði sem mér finnst að menn verði að hafa í huga þegar verið er að tala um hlutfall launa í vergum þjóðartekjum. Það er ekki eins einfalt mál og hæstv. ráðherrar vilja vera láta, bæði hæstv. forsrh. Steingrímur Hermannsson og ég segi, því miður, einnig hæstv. sjútvrh. sem hefur tekið undir hans orð. Það er ekki unnt að fjalla um laun fólks í landinu eins og þeir hafa gert síðustu daga, enda er ég sannfærður um að það muni ekki reyna á það að til þeirrar lækkunar komi á launum sem þeir boða með þessu tali sínu.

Það er hins vegar augljóst mál og kom fram í ræðu hæstv. ráðherra að stefna núv. ríkisstjórnar felst fyrst og fremst í því að tryggja hlutdeild hins opinbera með stórauknum opinberum álögum. Það þýðir að minna verður til skiptanna handa fólkinu sem vinnur úti í atvinnulífinu og einnig minna til skiptanna til fyrirtækjanna. Það er sem sagt verið að þrengja stöðu atvinnuveganna, framkalla hugsanlega atvinnuleysi, beygja fólkið og stjórnendur fyrirtækjanna með þessari aðferð.

Það má einnig lækka hlutfall launa í vergum þjóðartekjum með því að framkalla atvinnuleysi. Það er sú stefna sem t.d. Margrét Thatcher hefur innleitt í Englandi. Það hefur sín áhrif á hlutfall launa í vergum þjóðartekjum þegar 2 millj. manna ganga atvinnulausar í Bretlandi og voru á sínum tíma rúmlega 3 millj. Það er fólk sem fær síðan atvinnuleysisstyrk sem það getur varla lifað af og það er fólk sem hefur enga von vegna þess að það er búið að vera atvinnulaust svo lengi.

Að lækka launin beint. Þótt hæstv. ráðherra Steingrímur Hermannsson og Jón Baldvin hafi verið reiðubúnir að skera niður laun með svokallaðri niðurfærsluleið trúi ég því ekki að óreyndu að þeir geti endurvakið þann draug í núverandi ríkisstjórn vegna þess að ég trúi því ekki að ýmsir hv. þm. Alþb. og jafnvel hæstv. ráðherrar þess eða hv. þm. Karl Steinar Guðnason og Karvel Pálmason láti hafa sig til slíkra verka. Það getur vel verið að fyrir hámenntaða menn, sem eru að hefja þátttöku í stjórnmálum núna og hafa verið að gera það á síðustu árum, sé það létt þar sem þeirra bíða alltaf örugg störf ef þeir fjúka út úr pólitíkinni og hafa yfirleitt lifað í skjóli ríkisins og skjóli verndaðra starfa. Það getur vel verið að það sé létt mál fyrir þá

að tala um að lækka laun fólksins sem þeir komast aldrei í snertingu við. Það getur vel verið að það sé létt verk fyrir þá að segja að það sé ekkert mál að lækka laun um 9%. Við sjálfstæðismenn höfum leyft okkur að hafna slíkri kjaraskerðingu vegna þess að við vitum, við höfum verið það nálægt því fólki sem við erum að starfa með, láglaunafólkinu m.a., að slík kjaraskerðing vegna niðurfærslu mundi koma harðast niður á láglaunafólki. Það mun þess vegna aldrei koma til greina að Sjálfstfl. ljái því lið.

Það getur verið að það sé háttur núverandi valdamanna að fara létt með það að menn leyfi sér að segja launafólki eitthvað til varnar. Því miður eru það allt of fáir hv. þm. sem ræða hér um stöðu láglaunafólks og er það slæmt. En þegar verið er að tala um launakjör fólks með þeim hætti sem hér hefur tíðkast hljótum við að mótmæla því.

Hv. þm. Matthías Bjarnason vék nokkrum orðum að því hvernig búið væri að fyrirtækjum í dag og ætla ég ekki að orðlengja það. En hann sagði eitt sem ég vil taka undir. Það er að atvinnuleysi er það versta sem fyrir getur komið á Íslandi og hvar sem er. Ég tek undir þessi orð. Og ég trúi því ekki að hæstv. ríkisstjórn með alþýðubandalagsmenn innanborðs ætli að taka upp þau vinnubrögð að hér verði framkallað atvinnuleysi.

Meginumræðan í dag hefur verið um vandamál fiskvinnslunnar og ætla ég ekki að orðlengja það mikið, en þó vil ég víkja nokkrum orðum að fortíðinni. Það er augljóst mál og þekkt að árið 1986 kom mjög vel út fyrir sjávarútveg og fiskvinnslu á Íslandi. En því miður komu í upphafi árs 1987 fram ákveðin hættueinkenni á erlendum mörkuðum á sama tíma sem staða dollarans fór versnandi með þeim hætti að það fór að halla undan fæti, sérstaklega hjá frystingunni. Á sama tíma stóð saltfiskurinn vel og útgerðin einnig allvel, m.a. vegna ferskfiskmarkaða í Evrópu. En hvað sem því líður var og er hraðfrystiiðnaðurinn meginatvinnugrein á Íslandi og mjög margir háðir því afkomulega, fjöldi fólks og fyrirtækja, hvernig hraðfrystiiðnaðinum vegnar. Það var þess vegna tímabært þegar stjórnarformaður Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, Jón Ingvarsson, viðhafði þessi aðvörunarorð á aðalfundi SH í maí 1987:

„Hvorki er þá réttlátt né skynsamlegt að nálgast *þessi markmið alfarið að halda genginu föstu*", þ.e. varðandi afkomu frystiiðnaðarins, „hvað sem líður kostnaðarhækkunum fiskvinnslunnar. Skráning gengis hér á landi hlýtur ávallt að þurfa að taka mið af afkomu í aðalútflutningsatvinnuvegi þjóðarinnar, fiskvinnslu. Því ber að leggja höfuðáherslu á það að fiskvinnslunni verði ekki íþyngt með kostnaðarhækkunum sem ekki verða uppi bornar af aukinni verðmætasköpun í greininni."

Formaður stjórnar SH ítrekaði þetta í grein sem hann birti í Morgunblaðinu þann 13. nóv. 1987 og sagði m.a., með leyfi forseta: „Það hlýtur að vera ljóst hverjum manni að hraðfrystiiðnaðurinn fær ekki lengur staðist þá tekjuskerðingu er hlotist hefur af falli dollarans auk stöðugrar hækkunar alls tilkostnaðar."

Þetta voru orð að sönnu, en því miður tókst ekki að taka á þessum málum í samræmi við þessa skoðun og er ekki gert enn. Hraðfrystiiðnaðurinn á enn í gífurlegum erfiðleikum eins og fram hefur komið hér í ræðum manna vegna þess að því grundvallaratriði hefur ekki verið fullnægt að gengið sé rétt skráð með tilliti til útflutningsatvinnuveganna, þ.e. sjávarútvegs, fiskiðnaðar, ferðamálaiðnaðar, vegna flugsins og almenns útflutningsiðnaðar, svonefnds samkeppnisiðnaðar. Þessi ranga gengisskráning, sem enn er, hefur ekki aðeins skaðað útflutningsatvinnuvegina heldur einnig mjög allan almennan iðnað. Ég nefni sem dæmi skipasmíðar, viðgerðaþjónustu og fleira.

Því miður hefur staða útflutningsatvinnuveganna verið vanmetin eða réttara sagt: Stjórnmálamenn hafa ekki tekið þessi mál nægilega föstum tökum.

Formaður Sambands fiskvinnslustöðva hafði í byrjun þessa árs svipuð aðvörunarorð uppi og formaður stjórnar SH og ætla ég ekki að ítreka það. Því miður var ekki hlustað á aðvörunarorð þessara forustumanna fiskvinnslunnar. Þess vegna kemur upp þessi spurning: Hvað var útvörðurinn í sjávarútvegsmálum, hæstv. sjútvrh. Halldór Ásgrímsson, að hugsa eða tók hann ekki eftir þessum aðvörunarorðum? Hvers vegna brást hann ekki við með þeim hætti sem við höfum séð hann gera í öðrum málum oft á hinu háa Alþingi? Fiskiðnaðurinn heyrir alveg sérstaklega undir þennan hæstv. ráðherra. Það er eins og þessi annars skörulegi ráðherra hafi ekki beitt sér sem skyldi, hvorki í fyrrv. ríkisstjórn, þ.e. ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar, né í núv. ríkisstjórn, til að rétta við og laga stöðu útflutningsatvinnuveganna og hann gerir það ekki enn. Það kom ekki fram í ræðu hæstv. ráðherra í dag að hann ætlaði sér að berjast fyrir og tryggja stöðu sjávarútvegs og harma ég það. Við sjálfstæðismenn höfðum og höfum enn fullan vilja til að rétta við hag sjávarútvegs og fiskvinnslu.

Þá kemur önnur spurning sem ég vil beina til hæstv. ráðherra: Hvað eða hverjir komu í veg fyrir að gengið væri rétt skráð á sl. vori og sl. vetur þar sem ekki skorti viljann af hálfu sjálfstæðismanna né framsóknarmanna að grípa til réttra ráðstafana hvað gengisskráninguna áhrærði? Ég vona að hæstv. ráðherra svari þessum spurningum. Það væri fróðlegt. Ég vil segja að það væri meira en fróðlegt, það væri nauðsynlegt að ráðherra sjálfur skýri þingheimi frá því hvaða valdamenn það hafi verið sem komu í veg fyrir að gripið væri til nauðsynlegra aðgerða vegna sjávarútvegs og fiskiðnaðar í byrjun þessa árs.

Enn á af hálfu núv. hæstv. ríkisstjórnar að svelta sjávarútveginn og setja hann algerlega á hausinn þrátt fyrir að hæstv. forsrh. Steingrímur Hermannsson hefur marglýst því yfir að gengið sé rangt skráð gagnvart stöðu útflutningsatvinnuveganna og hann hefur nefnt 15%. Á sama tíma sem eigið fé fyrirtækjanna er að verða að engu vegna rangrar gengis-

skráningar eru núverandi valdhafar, fulltrúar núverandi ríkisstjórnar, farnir að taka út eitt og eitt fyrirtæki í sjávarútvegi og veita þeim sérstaka fyrirgreiðslu. Þetta er í hæsta máta óeðlilegt. Það er meira en óeðlilegt. Það er hættulegt, það er óheilbrigt og jaðrar við að vera ólöglegt. Það sem auðvitað á að gera er að leiðrétta stöðu sjávarútvegs og fiskiðnaðar í heild. Það eiga allir að sitja við sama borð. Vel rekin fyrirtæki eiga ekki að gjalda þess að hafa staðið sig. Þau eiga rétt á sambærilegri þjónustu, sambærilegri lánafyrirgreiðslu og sambærilegum rekstrargrundvelli og fyrirtæki sem nú er verið að rétta tugi milljóna ef ekki hundruð. Ég álít að hæstv. ríkisstjórn hafi engar lagalegar heimildir til að mismuna aðilum með þessum hætti. Það brýtur í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar um jafnan rétt manna og er það mjög alvarlegt mál og umhugsunarefni hvort ekki eigi að taka það upp á öðrum vettvangi.

Ég er þeirrar skoðunar að hæstv. ríkisstjórn sé íslensku atvinnulífi og þá alveg sérstaklega sjávarútvegi mjög hættuleg. Það getur vel verið að ráðherrar í hæstv. ríkisstjórn telji leið óbeinnar þjóðnýtingar æskilega, en breyting á eignarhaldi breytir engu um að rekstrargrundvöllur sjávarútvegsins verður ætíð að vera jákvæður hver sem á eða rekur fyrirtækin. Ríkisstjórn með rangt mat á gildi atvinnugreina og ríkisstjórn sem hækkar skatta vegna þarfa ríkissjóðs en setur sjávarútveginn í biðstöðu er ófær um að stjórna. Hún er þjóðarógæfa. Hún skilur ekki hlutverk sitt í þágu Íslendinga. Ríkisstjórn sem hefur forsrh. sem heldur því fram að launakostnaður sé of mikill verður að skilgreina nánar hvað hann á við. Var hæstv. forsrh. Steingrímur Hermannsson að tala um heildarlaunakostnað landsmanna? — Virðulegi forseti. Ég vildi gjarnan, vegna þess að ég geri ráð fyrir því að hæstv. sjútvrh. gegni stöðu forsrh. í fjarveru hans, að hæstv. ráðherra hlustaði á þessar spurningar. Ef yfirlæti hæstv. ráðherra tveggja er svo mikið að þeir þurfi ekki að hlusta á mál manna er það mjög fróðlegt og athyglisvert. Það kemur ekki á óvart ákveðið yfirlæti hæstv. viðskrh. Það er alþekkt. En það kemur á óvart þegar hæstv. sjútvrh. hlustar ekki á ræður hér um sjávarútvegsmál. Ég veit að hæstv. ráðherra tekur tillit til orða minna í þeim efnum.

Ég vil þess vegna endurtaka það, sem ég sagði, hæstv. ráðherra, að ríkisstjórn sem hefur forsrh. sem hefur haldið því fram að launakostnaður sé of mikill verður að skilgreina hvað hann á við. Var hæstv. forsrh. að tala um heildarlaunakostnað landsmanna, var hæstv. ráðherra Steingrímur Hermannsson að tala um launakostnað opinbera geirans eða var hæstv. ráðherra að tala um launakostnaðinn í atvinnulífinu eða er hæstv. forsrh. enn að tala um hugsanlega niðurfærslu í einhverri mynd, beina kauplækkun hjá fiskverkafólki, hjá verslunarfólki, hjá iðnverkafólki, hjá láglaunafólki hjá hinu opinbera o.s.frv.? Er hann kannski enn að tala um leið niðurfærslu sem felur í sér breytingu á skiptakjörum sjómanna? Veit hæstv. forsrh. Steingrímur Hermannsson kannski ekki eins og sjútvrh. veit að tekjur sjómanna fara nú lækkandi vegna minni afla og lægra verðs fyrir afurðirnar?

En hvernig gengur niðurfærsluhugsunarhátturinn upp á sama tíma sem hæstv. ríkisstjórn er að hækka hlutdeild ríkissjóðs í þjóðartekjunum með hærri sköttum og hærri aðflutningsgjöldum? Þá fer verðlag einnig hækkandi. Var ekki meginforsenda niðurfærslunnar samdráttur hjá hinu opinbera, niðurskurður og verðlækkun eða verðstöðvun? Það má ekki leiðrétta gengið, það má ekki laga stöðu sjávarútvegsins, en það má hækka skatta, það má íþyngja fólkinu í landinu og það má íþyngja fyrirtækjunum.

En þá kemur önnur spurning: Hvernig skyldu þessir skattar vera nýttir af hæstv. ríkisstjórn? Hvað líður niðurskurði eða aukinni hagræðingu hjá hinu opinbera svo ég beini nú orðum mínum til hæstv. ráðherra Jóns Sigurðssonar? Hvað líður hagræðingu hjá hinu opinbera? Hæstv. ráðherra fer létt með að leggja mönnum lífsreglur, hvernig þeir eigi að reka sín fyrirtæki úti í atvinnulífinu. Hvernig væri ef hann, af sinni alkunnu þekkingu á því sem gerist hjá hinu opinbera, sneri sér að því að auka hagræðingu hjá hinu opinbera og kæmi með hugmyndir og tillögur um það efni inn á hið háa Alþingi? Það væri verðugt verkefni fyrir mann sem er búinn að vera í kerfinu í 2–3 áratugi og heldur stöðu sinni enn.

Nei, það er ekki nægjanlegt að leggja á nýja skatta. Það er ekki nægjanlegt að segja að lækka eigi laun. Það er líka hægt að segja á móti: Viljið þið ekki, ágætu herrar, líka laga til hjá ríkinu og segja okkur hvernig á að nota og verja þessum tekjum. Það vill fólkið í landinu líka fá að vita. Það er ekki nóg að fagna því að það skuli vera búið að koma þannig málum í atvinnulífi landsmanna að fólk getur ekki unnið yfirvinnu og eftirvinnu og verði að lifa á dagvinnulaunum. Það er ekkert fagnaðarefni.

Nei, í stað þess að skera niður og draga saman í ríkisfjármálum boðar fjmrh. Steingríms Hermannssonar, hæstv. ráðherra Ólafur Ragnar Grímsson, aukin ríkisútgjöld, hærri skatta og aukna tekjuöflun fyrir ríkissjóð. Þetta er ekki niðurfærsla eða hluti af niðurfærslu.

Hvernig stendur á því að hæstv. ráðherrar Steingrímur Hermannsson og Jón Baldvin Hannibalsson standa ekki við loforðin sem þeir gáfu fiskframleiðendum á góðri stund vestur í Stykkishólmi sl. sumar? Þá var létt lofað. Þeir ætluðu að sjá til þess að staða sjávarútvegs mundi batna. Það eru liðnir fimm mánuðir síðan þau loforð voru gefin og staða sjávarútvegs hefur aldrei verið verri.

Ekki kemur það útflutningsatvinnuvegunum til góða að hækka vörugjald á innfluttum nauðsynjavörum um tugi prósenta áður en afstaða er tekin til þess með hvaða hætti eigi að treysta undirstöðuna, þ.e. sjávarútveginn. Við það eykst greiðslubyrðin hjá almenningi, vöruverð hækkar en stendur ekki í stað. Þetta heitir ekki verðstöðvun á mæltu máli

heldur verðhækkun sem rennur í eyðsluhít hins opinbera. Íslendingar eru orðnir langþreyttir á svona kúnstum.

Þær aðgerðir sem greinilega hafa forgang hjá ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar snúast fyrst og fremst um það að styrkja stöðu hins opinbera, efla hinn opinbera geira. Það heitir á mæltu máli og einföldu að styrkja stöðu manna sem ráða í valdakerfi þjóðarinnar, hinu pólitíska, á kostnað atvinnuveganna. Kerfið er aukið og það er eflt og starfsmönnum er fjölgað. Ríkiskerfið er fest enn betur í sessi en þar með er ekki sagt að hinn almenni launamaður hjá hinu opinbera sé of sæll af sínu. Vandi þeirra og þjóðarinnar er að þeir sem starfa hjá hinu opinbera eru orðnir of margir. Heildarkostnaður hins opinbera er orðinn of hár en ekki laun einstakra starfsmanna sem þar eru. Atvinnuvegirnir standa ekki lengur undir þessari byrði, en samt ætlar núverandi ríkisstjórn að þyngja byrðarnar í gjaldþrotastöðu íslensks sjávarútvegs, og í erfiðri rekstrarstöðu verslunar, þjónustu og iðnaðar. Þá vaknar spurningin: Er þetta tilviljun? Ég segi nei. Þetta er ekki tilviljun. Nú ætla flokkar félagshyggju að láta kné fylgja kviði. Þeir ætla að framkalla gjaldþrot hjá meginþorra fyrirtækja með aðgerðaleysi gagnvart rekstrarvanda þeirra og með aukinni skattheimtu. Síðan á að stokka upp og leiða nýja stétt, nýja menn til valda í íslensku atvinnulífi. Það verða væntanlega fulltrúar félagshyggjuflokkanna. Þetta er gamall og nýr draumur vinstri flokkanna. Það er þess vegna engin tilviljun að ríkið, þ.e. innheimta og hækkun skatta, skuli hafa forgang hjá hæstv. núv. ríkisstjórn. Það er engin tilviljun að það er dregið að reyna að laga stöðu sjávarútvegsins, það er engin tilviljun að sjávarútvegurinn er settur í biðstöðu og það er engin tilviljun að svigrúmið til leiðréttingar á stöðu sjávarútvegsins með leiðréttingu gengisins er vísvitandi þrengt. Í stað þess að lækka hlutdeild hins opinbera í vergum þjóðartekjum er hlutur ríkisins aukinn með aukinni skattheimtu og alls konar millifærslum. Þetta þýðir aukin ríkisafskipti. Það er verið að framkalla grundvallarbreytingu í stjórn og eignarhaldi íslensks sjávarútvegs og fiskiðnaðar í skjóli ríkjandi erfiðleika. Þess vegna má ekki leiðrétta skráningu gengisins með viðeigandi hliðarráðstöfunum þrátt fyrir að það er viðurkennt af hæstv. forsrh. að gengið sé ranglega skráð sem nemur 15%.

Það skal einnig koma þeim sem enn geta bjargað sér á kné. Það skal hræða fólkið með hótunum um að lækka verði launin, þau séu of há, og það skal framkalla atvinnuleysi til að beygja fólkið. Þetta er stefna, því miður, hæstv. ríkisstjórnar í hnotskurn. Þannig ætlar ríkisstjórn félagshyggju og jafnréttis að búa í haginn fyrir endurskipulagningu nýs kerfis í íslensku atvinnulífi. Ráðagerðir þessara manna snúast um völd og metorð, flestallra, en ekki um jafnrétti. Þær snúast um breytt eignarhald. Stefna hæstv. ríkisstjórnar snýst því ekki um að efla stöðu útflutningsatvinnuveganna á grundvelli núverandi eignarréttar.

Ég sé að hæstv. sjútvrh. Halldóri Ásgrímssyni líður ekki vel undir þessari tölu og ég skil það vel. Það er enginn skemmtilestur að greina frá þessu í þeirri mynd sem þetta birtist. Þess vegna verður það að segjast eins og er að ýmsir í stjórnarherbúðunum, og ég undanskil hæstv. sjútvrh., fagna niðurlægingu sjávarútvegsins. Það gefur ýmsum atvinnustjórnmálamönnum, valdaspekúlöntunum eins og ég hef nefnt þá, sem hafa aldrei tekið þátt í rekstri fyrirtækja, kjörið tækifæri til aukinna afskipta af málefnum atvinnulífsins.

Það er sorglegt að svo skuli vera komið fyrir íslenskum atvinnuvegum sem raun ber vitni. Ég ætla ekki að rekja orsakir þess frekar, en alvarlegast er þó að nú skuli sitja við völd ríkisstjórn sem ætlar sér vísvitandi að gera stöðu atvinnulífsins, fyrirtækja og starfsmanna enn verri, stefna að því að framkalla gjaldþrot fjölda fyrirtækja og koma á atvinnuleysi hjá launafólki í fiskiðnaði, verslun og þjónustu á sama tíma sem staða hins opinbera er tryggð meðan aðrir standa í erfiðleikum. Það er greinilegt markmið, enda komið fram hjá hæstv. ráðherra Ólafi Ragnari Grímssyni. Það er greinilegt markmið sumra ráðherra með þessari stefnu að reyna að umbreyta íslensku þjóðfélagi úr þjóðskipulagi einstaklingsfrelsis og einkaeignarréttar yfir í þjóðfélag sósíalisma og félagslegrar sameignar. Því fylgir visst ófrelsi og fámennisvöld. (**SkA:** Hvenær sagði Ólafur þetta?) Þetta sagði hæstv. ráðherra í Ed. í haust og ég skal finna það fyrir hv. þm. Skúla Alexandersson. Hann fór ekkert dult með það þegar við ræddum um lánsfjáráætlun.

Það er einu sinni þannig að þessi áform hafa áður verið uppi og ekki tekist hjá vinstri flokkunum, en spursmálið er hversu miklu þarf fólkið að fórna á altari þessara valdamanna, þessara svokölluðu félagshyggju- og jafnréttismanna áður en þeir átta sig sumir hverjir sem geta væntanlega haft vald og getu til að hrinda þessum ósköpum af okkur. Ef þeir gera það ekki sjálfir, einstakir hæstv. ráðherrar, mun fólkið gera það fyrr en síðar. Hinn almenni verkamaður, sjómenn, verslunarfólk, iðnaðarmenn, fólkið úti í atvinnulífinu mun aldrei sætta sig við að pólitískir hámenntaðir valdaspekúlantar keyri niður laun þess og afkomu. Krafa þessa fólks er að staða atvinnuveganna verði tryggð og þar með atvinna þess og afkoma. Ef afkoma sjávarútvegs er ekki tryggð með réttri gengisskráningu er allt annað í hættu. Forgangsverkefnið er því að gengið verði nú þegar rétt skráð og að skattheimtan minnki en aukist ekki.

Það er ekki stórmannlegt að kenna launafólki eða launum þess um erfiðleika atvinnulífsins. Erfiðleikarnir stafa fyrst og fremst af eftirfarandi: 1. Af rangri gengisskráningu. 2. Af of miklum ríkisútgjöldum. 3. Af óhagstæðum ytri aðstæðum. 4. Af pólitískri upplausn. 5. Af rangri stjórnarstefnu.

Breyting verður því aðeins til hins betra að hæstv. ríkisstjórn og stuðningsmenn hennar á hinu háa

Alþingi geri sér grein fyrir því að það verður að endurreisa stöðu íslensks sjávarútvegs og fiskiðnaðar með viðeigandi hætti. Til þess þarf ekki fræðilegar útskýringar né pólitíska upphafningu heldur heiðarleika og þor.

Að lokum, virðulegi forseti, vil ég segja að því miður hafa komist til valda á Íslandi nokkrir stjórnmálamenn sem eru upphafnir í valdinu. Í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar eru þó enn nokkrir jarðbundnir hæstv. ráðherrar. Þó að ég hafi verið mjög gagnrýninn á þessa ríkisstjórn og atferli hennar eða aðgerðir til þessa treysti ég því að þeir hæstv. ráðherrar í þessari ríkisstjórn hafi annaðhvort vit fyrir hinum eða sjái til þess að þessi stjórn fari frá hið fyrsta.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég skal reyna að stytta mál mitt þar sem nú er orðið áliðið.

Það var 15. okt. 1975 sem við færðum landhelgina út í 200 mílur og núna 13 árum síðar erum við hér á hinu háa Alþingi að ræða vandræðin hjá skuldum vöfnum sjávarútvegi sem rambar á barmi gjaldþrots. Ekki held ég að þetta hafi verið markmiðið fyrir 13 árum. Öllum þeim stórkostlegu möguleikum sem íslenska þjóðin á enn og hefur átt hefur verið klúðrað allhressilega. Við höfum líka átt orkulindir í landi sem ekki hefur tekist að nýta. En ég verð að segja að mér finnst eins og nú er komið fyrir efnahagsmálum þessarar þjóðar með allar þessar auðlindir að þetta jaðri við að vera heimsmet í klúðri.

Orsökin að þessu klúðri er léleg íslensk hagstjórn. Verðbólga hefur geisað hér undanfarin ár og étið eigið fé undirstöðufyrirtækja þessarar þjóðar til lands og sjávar. Og á hverju hefur svo þessi verðbólga nærst? Hún hefur aðallega nærst á illa reknum ríkissjóði sem haldið er gangandi með erlendum lántökum sem kynda verðbólgubálið. Þó svo að verðbólga hafi farið minnkandi er það tjón sem hún er búin að valda það sem er umræðuefnið í dag. Og hvað er svo verið að tala um að gera til ráðstöfunar í þessari stöðu? Það er verið að tala um að hækka vörugjald, það er verið að tala um að hækka verðlag í landinu með því að leggja vörugjald á innfluttar vörur. Er það líklegt til að leysa þann vanda sem við erum að fást við? Ég held að það sé alveg þveröfugt. Ég held að það sé alveg augljóst að það muni magna vandann.

Í annan stað eru hér til umfjöllunar hugmyndir um að hækka skatt á skrifstofuhúsnæði og verslunarhúsnæði, hugmyndir um að hækka skatt á skrifstofur fyrirtækja í sjávarútvegi sem við erum að ræða um í dag að eigi í stórkostlegum erfiðleikum. Það er ekki til þess að leysa vandann. Þessar hugmyndir um aukna skattheimtu finnast mér alveg þvert ofan í þær staðreyndir, sem ættu öllum að vera ljósar, að íslenskt efnahagslíf þolir ekki aukna skattheimtu.

Það eru enn fremur hugmyndir um að hækka tekjuskatt líka ofan á þetta allt saman. Og hvar á að taka þá peninga? Hvar halda menn að þessir peningar séu til? Þeir eru ekki til. Þessir peningar verða ekki teknir inn í kassann því þeir eru ekki til. Þetta eykur bara kreppuna í landinu.

Varðandi Atvinnutryggingarsjóðinn vil ég segja að ég er viss um að þeim mönnum sem að honum standa gengur gott eitt til og vilja vel. En er þá verið að gera mönnum einhvern greiða með því að lána þeim í erlendum gjaldeyri á röngu gengi því það hlýtur að koma að því fyrr eða síðar að þurfi að laga gengið? Er þá ekki verið að leiða menn í gildru hvort sem það er viljandi eða óviljandi? Það er hins vegar allt í lagi að undirbúa að skuldbreyta hjá fyrirtækjum. Það hefur verið gert áður. Það leysir engan vanda. Það lengir greiðslubyrði fyrirtækjanna, gefur fyrirtækjum lengri möguleika á að ná sér upp aftur, en það leysir engan vanda og það er stórhættulegt að lána fyrirtækjum erlendan gjaldeyri á röngu gengi. Það er hins vegar mögulegt að borga út úr Verðjöfnunarsjóði þá peninga sem þar eru í öðrum deildum en freðfiskdeild. Flest þessi fyrirtæki eru með blandaða samsetningu í framleiðslu þannig að það mundi hjálpa þeim verulega. Og að taka í Verðjöfnunarsjóðinn eins og gert er í dag af Ítalíuskreið er alveg úr lausu lofti, að láta sér detta það til hugar.

En mál málanna er leiðrétting gengis. Verðlag á Íslandi er orðið allt of hátt miðað við nágrannalöndin og það er þess vegna sem þarf að leiðrétta gengið. Það kostar u.þ.b. 10 dollara vinnustundin á Íslandi í dag í almennri verkamannavinnu. Hún kostar 8½ dollar í Bandaríkjunum og hún kostar 6 dollara í Bretlandi á Humber-svæðinu. Það er það sem við erum að keppa við.

Flutningatækni eykst með hverju ári. Við komumst ekki hjá því að taka tillit til annarra þjóða. Þessar tölur eru eitt sýnishorn enn um það að gengið er rangt skráð. Svo eru til lög um gengisskráningu. Það segir í lögum um gengisskráningu, með leyfi forseta: „Ákvarðanir um gengi íslensku krónunnar skulu miðast við að halda sem stöðugustu gengi," — sem stöðugustu, ekki stöðugu — „ná jöfnuði í viðskiptunum við útlönd," — hver er sá jöfnuður? Tíu milljarða halli eða meira. Það er jöfnuðurinn — „en tryggja jafnframt rekstrargrundvöll útflutningsatvinnuvega og samkeppnisgreina" — sem er mikilvægast.

Ég tel að ekki fari neitt á milli mála að stjórnvöld á Íslandi geta ekki skráð gengið bara einhvern veginn, af því bara. Þau hljóta að verða að taka mið af staðreyndum og lögum, svo maður tali nú ekki um stjórnarskrá lýðveldisins. En 67. gr. stjórnarskrárinnar gerir ekki ráð fyrir því að hægt sé að gera eigur fyrirtækja upptækar. Í 67. gr. segir: „Ekki má gera eigur upptækar nema almenningsheill krefji og þarf þá að greiða fullt verð fyrir."

Herra forseti. Ég tel að framkvæmdarvaldinu í landinu sé lagalega skylt og skylt samkvæmt stjórnarskrá lýðveldisins að skrá gengi krónunnar rétt. Og gengið er rétt þegar afkoma fyrirtækjanna er tryggð.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessar umræður mjög, en hef þó nokkrar athugasemdir sem mig langar til að koma á framfæri. Fyrst vil ég þó segja að það sem einkennir þessa umræðu, sem og velflestar umræður af þessu tagi sem hafa farið fram hér á hinu háa Alþingi í haust, er þetta uppgjör gömlu flokkanna sem hér fer fram, þ.e. núv. stjórnarflokkar og Sjálfstfl. eru að gera upp sín mál. Við nýju flokkarnir, sem hlustum hér á, veltum því fyrir okkur hvort þetta sé ekki nánast sönnun á því sem við höfum haldið fram, að gamli fjórflokkurinn, Sjálfstfl., Framsfl., Alþfl. og Alþb., sé orðinn gjörsamlega ófær um að stjórna landinu. Ég hef vikið að því áður hér í ræðustóli að það er alveg sama hvaða stjórnarmynstur þessara fjögurra flokka er í gangi hverju sinni, það er alltaf sama óstjórnin. Eina vonin sem þetta þjóðfélag á, ef það ætlar að komast út úr allri þessari vitleysu, er því að stokka stjórnmálin algjörlega upp, gefa nýjum flokkum og nýjum stjórnmálahreyfingum færi á því að finna nýjar leiðir. Ég held að við getum öll verið sammála um að það gerist ekki undir stjórn gömlu flokkanna.

Hér hefur verið til umræðu sjávarútvegurinn sem að sjálfsögðu er mikilvægasta atvinnugrein okkar. Það ætti öllum að vera ljóst. Sjávarútvegurinn er sú mjólkurkýr sem við öll lifum á. Það er með ólíkindum hversu illa hefur verið búið að þessari atvinnugrein undanfarin ár. Hún hefur verið misnotuð á marga vegu. Þar má kannski fyrst og fremst fjalla um nýfrjálshyggjustefnuna sem hefur stefnt að því, að því er oft virðist, að eyðileggja sjávarútveginn nánast. Nýfrjálshyggjustefnan byggist á því að við eigum að selja hvert öðru verðbréf, lifa á því, leggja launin okkar inn á banka og fá sem hæsta vexti, vera sem minnst í annarri atvinnustarfsemi. Fyrirtæki eiga helst að fara á hausinn en allir eiga að vera á þessum verðbréfamarkaði. Ég hef oft lýst þessu þannig að þessi stefna gengur nánast út á það að við eigum öll að lifa á því að klippa hvert annað og möndla svo með alls konar pappíra og fást við að flytja peningana á milli staða eftir því hvar þeir gefa mestan arðinn af sér. Ég held að okkur væri nær að huga betur að sjálfu atvinnulífinu og tryggja því sem hagkvæmust ytri skilyrði. Fastgengisstefnan, sem mjög hefur verið við lýði hér undanfarið, er nánast trúaratriði hjá nýfrjálshyggjumönnunum og gengisþróunin, eins og hún hefur verið hér undanfarin ár, er líka liður í trúarbrögðum nýfrjálshyggjumannanna.

Ég gerði það að gamni mínu að reikna þróun verðlags frá 1979, og hef reyndar vikið að því hér nýverið í ræðustól. Ef við skoðum þróun verðlags, eins og hún hefur orðið frá því að lánskjaravísitala var tekin upp í júní 1979 og hundraðsstillum helstu gjaldmiðla svo og helstu vísitölur sem við miðum við, svo sem lánskjaravísitölu, byggingarvísitölu og launavísitölu og skoðum síðan hvernig sú þróun hefur orðið til 1. júní 1988, þá sjáum við alla söguna birtast í þessum tölum. Þegar danska krónan er orðin 934 frá því að hafa verið 100 í júní 1979, þá er lánskjaravísitalan komin í 2051 stig og dollarinn í 1209 og þýska markið í 1252. Þ.e. raungengi íslensku krónunnar hefur hækkað næstum því 100% fram yfir helstu gjaldmiðla sem við þurfum að selja útflutningsafurðir okkar í. Það er ekki nema von að illa sé komið fyrir helstu útflutningsgreinum okkar.

Hér fyrr í sumar, reyndar síðla sumars, var talað um að reyna að lagfæra gengisskráninguna með því að fara svokallaða niðurfærsluleið, þ.e. að lækka launin og ná raungenginu niður með þeim hætti. Það er annars mjög fróðlegt að velta því fyrir sér að þrátt fyrir u.þ.b. 20% gengisfellingu á árinu 1988 þá hefur engu að síður haldið áfram raungengishækkun íslensku krónunnar. Að vísu hefur orðið vart við örlitla raungengislækkun eftir gengisfellinguna í september, þ.e. 3% gengisfellinguna, en spurningin er hvort hún á ekki eftir að skila sér í verðlaginu þannig að áfram haldi raungengishækkunin þegar áhrif gengisfellingarinnar eru að fullu komin fram.

Þeir eru margir sem halda því fram að fyrirtækin eigi að geta lifað af þá raungengishækkun sem hér hefur orðið og þeim beri einfaldlega að hagræða. Margir halda því fram að hér sé um lélegan rekstur að ræða, fyrirtækin séu svo illa rekin, þetta sé þeim sjálfum að kenna að svo illa er komið sem raun ber vitni. E.t.v. er eitthvað til í þessu a.m.k. í sumum tilvikum. Það er viðurkennd staðreynd að það hefur orðið um gífurlega offjárfestingu að ræða í sjávarútvegi, sérstaklega þó í fiskvinnslu og hvað mest í frystingunni. Það hefur verið bent á það m.a. að við höfum stóraukið frystingu til sjós, þ.e. við höfum keypt og komið okkur upp fjölmörgum skipum sem geta fryst um borð þannig að það er ætlað að um 20% af sjávarafla séu nú fryst um borð í frystitogurum og öðrum skipum sem hafa búnað til þess að einhverju leyti. Á sama tíma hefur orðið veruleg aukning á fjárfestingu í frystihúsum í landi. Á meðan á þeirri þróun hefur staðið að við höfum farið út í sjávarfrystingu þá skyldi ætlað að það hefði dregið úr fjárfestingu í landi. En það er nú öðru nær. Hún hefur stórlega aukist á sama tímabili svo það er eitthvað til í því að offjárfestingin hafi hér valdið miklu um hvað illa er komið fyrir okkur.

Ég held að það blandist þó engum hugur um að höfuðorsökin fyrir því hversu illa er komið sé hin furðulega gengisþróun sem hefur átt sér stað undanfarið þegar íslenska krónan er allt í einu orðin sterkasti gjaldmiðill heimsins, liggur mér við að segja. Enginn gjaldmiðill, a.m.k. í nágrannalöndum okkar, hefur roð við íslensku krónunni þegar litið er á þær tölur sem ég nefndi áðan um gengisþróunina frá 1979.

Það er margt annað sem mætti víkja að í sjávarútvegi. T.d. þykir mér orðið ráð að fjalla hér örlítið um fiskveiðistefnuna. Við höfðum um hana langar ræður hér á þinginu í fyrra um þetta leyti þegar við vorum að fjalla um fiskveiðistefnufrv. þáv. og núv. hæstv. sjútvrh. Ég held að hún eigi sinn þátt í því

hversu illa er komið ekki síður en erfiðleikarnir sem hafa gert vart við sig í landi. Kvótastefnan hefur orðið þess valdandi að þróun í sjávarútvegi hefur verið afar óhagstæð og við höfum ekki náð þeirri arðsemi í fiskveiðunum sem skyldi. Þessi atvinnugrein er alveg lokuð af. Það er engin endurnýjun sem er möguleg þar, það koma engir nýir menn inn í atvinnugreinina vegna þess að þeir fá engan kvóta. Kvótastefnunni var líka ætlað að reyna að koma á betri stýringu á fiskveiðunum þannig að fiskveiðarnar væru markvissari og verndunarsjónarmið voru talin auðveldari viðfangs með kvótastefnunni en með heildarkvóta eins og var hér áður. En þegar betur er að gáð þá fæst ekki betur séð en að þetta hafi með öllu brugðist þannig að stjórnun fiskveiða er miklu erfiðari með kvótastefnunni. Sér í lagi hefur reynst erfiðara að hafa hemil á fiskveiðum til að halda nytjastofnunum við, passa upp á hrygningarstofninn og koma í veg fyrir smáfiskadráp.

Annars er fróðlegt að velta því fyrir sér með hvaða hætti sjávarútvegi hefur verið ætlað að standa undir byggð í landinu. Það er stundum sem mönnum finnist að sjávarútvegurinn eigi einn að sjá um það að hægt sé að halda uppi byggð alls staðar á landinu. Sjávarútveginum hefur verið ætlað að tryggja atvinnu í hinum dreifðu byggðum. Það út af fyrir sig er ekki nema eðlileg ráðstöfun. Hins vegar má ekki búa þannig að þessari mikilvægu atvinnugrein að hún sé rekin með tapi til þess eins að halda uppi byggð hvað sem kostar þar sem ekki er nokkur leið að láta fyrirtæki í sjávarútvegi bera sig. Hér er komið að mjög viðkvæmum punkti í byggðamálum okkar. Það kann að vera að við eigum eftir að sjá hér miklar og sársaukafullar breytingar bæði í búsetu og atvinnuháttum til þess að komast í gegnum það breytingaskeið sem við göngum nú í gegnum. Má vel vera að við eigum eftir að sjá byggð leggjast niður á ýmsum stöðum á landinu og sjávarútveginn þjappast saman þar sem fyrirtækin geta orðið stærri og hæfari til rekstrar. Að sjálfsögðu verður að fara ákaflega varlega í þessu efni því eins og ég gat um áðan er þetta viðkvæmt og erfitt viðureignar. Það er ekki auðvelt að vera í dómarasætinu og segja: Hér er ekki neinn vegur að halda uppi byggð eða fyrirtækjum í sjávarútvegi.

Þá vaknar líka spurning: Er ekki að verða sú breyting í sjávarútvegi, sérstaklega í fiskvinnslunni, að sú aðferð sem hefur verið aðalstofninn í vinnslu sjávarafurða, þ.e. frystingin, er að verða meira eða minna úrelt? Það hafa orðið mjög litlar breytingar í frystingunni í eina tvo áratugi. Við höfum haldið áfram að pakka þessari hefðbundnu fimm punda pakkningu og senda hana á markað til Bandaríkjanna. En spurningin er hvort markaðirnir kalli ekki á allt aðra vöru. Við sjáum það að nokkru leyti hvað eftirspurn eftir ferskum og ísuðum fiski fer ört vaxandi og hvað verðið virðist vera mun hærra fyrir góðan, ferskan fisk ef hægt er að koma honum á markað en verðið sem við fáum fyrir frystan fisk. Það er a.m.k. eins og málin standa núna allankannalegt að við fáum meira fyrir ferskan fisk á mörkuðum erlendis en fyrir frystan fisk eftir að búið er að fara með hann í gegnum frystihúsin okkar. Og þá fara menn að spyrja: Borgar þetta sig?

Það er spurning hvort við þurfum ekki að hugsa þessi mál upp á nýtt, hvort við þurfum ekki að reyna annars konar vöruþróun, reyna að fara meira út í tilbúna rétti, hugsanlega í samstarfi við erlenda aðila. Við höfum séð dæmi um það núna á síðustu árum þar sem mönnum hefur tekist vel upp með að framleiða tilbúna fiskrétti til sölu beint til neytenda. Ég er á því að við ættum að huga betur að slíkum möguleikum. Þar þurfum við eflaust að taka upp samstarf við stóra erlenda aðila, stór fyrirtæki sem hafa dreifingarkerfi sem dugar til þess að koma slíkum vörum á framfæri.

Þá er annar angi í sjávarútvegi sem er vert að gefa betur gaum að og það eru fiskmarkaðirnir. Það er mjög umdeilt hvort við eigum að reka hér fiskmarkað eða ekki. Fiskmarkaðir hafa verið má segja tilraun sem við förum út í fyrir nokkrum árum. Það virðist ætla að fara á þann veg að fiskmarkaðir muni eiga rétt á sér hér á höfuðborgarsvæðinu en annars staðar virðast fiskmarkaðir ekki geta gengið. Við höfum hugsað okkur fiskmarkaðina með þeim hætti að aðeins innlendir aðilar fái þar aðgang og þeir geti virkað sem miðlun fyrir fiskverkunarhús sem geta keypt ferskan fisk á mörkuðum til vinnslu í landi. En ég vil varpa þeirri spurningu fram hvort ekki þurfi að hugsa þessi mál í dálítið stærra samhengi. Væri ekki alveg athugandi að opna hér fiskmarkaði fyrir kaupendur erlendis frá? Og þá vaknar sú spurning: Gætum við ekki gert Ísland að stærsta fiskmarkaði Evrópu? Að við beindum hingað kaupendum frá öllum Evrópulöndunum sem hafa hug á því að kaupa íslenskan fisk, t.d. Þjóðverjum, Frökkum, Belgum og Englendingum, sem fengju að koma hingað og kaupa fiskinn hér beint á fiskmörkuðum? Þetta er hugmynd sem ég held að væri vert að rannsaka betur og kanna til þrautar hvort þetta gæti verið lausn sem gæti gefið okkur betri arðsemi í sjávarútvegi. En þá vakna einnig upp spurningar. Ef það sýnir sig að við fáum mest fyrir fiskinn með þessum hætti verðum við annaðhvort að stilla gengið þannig af að fiskvinnslan verði samkeppnisfær við það verð sem fæst á fiskmörkuðum með þessum hætti eða við verðum hreinlega að leggja niður fiskvinnslu í landinu. Hvað á þá að gera til að halda uppi atvinnu í hinum dreifðu byggðum? Ja, það er spurning sem er ósvarað af þeim sem hugsa málið á þessum nótum.

Það er alveg ljóst að sjávarútveg sem er ætlað að standa undir þjóðlífi í þessu landi verður að reka á þann hátt að hann skili sem mestum hagnaði, færi þjóðarbúinu sem mestan hagnað í aðra hönd. Ef það gerist með þeim hætti að hagkvæmast sé að selja fiskinn á stórum fiskmörkuðum hér með þeim hætti sem ég hef lýst er það auðvitað besta leiðin. Við öflum a.m.k. á þann hátt meiri tekna sem við getum notað til þess að standa undir annars konar atvinnu-

starfsemi úti á landi og reyndar hvar sem er. Það er þó alveg ljóst að við þurfum að fara að líta á atvinnumál okkar í allt öðru samhengi en við höfum gert hingað til og hugsa upp nýjar leiðir í atvinnumálum. Nýjar leiðir til þess að renna styrkari stoðum undir atvinnulífið og einnig til að treysta það með þeim hætti að það skili meiri hagnaði en verið hefur. Við verðum að hætta að hugsa um það eitt að reka sjávarútveg á núlli eins og hingað til hefur verið aðalmarkmið íslenskra stjórnvalda.

Albert Guðmundsson:

Virðulegur forseti. Maður er bæði stirður og syfjaður. Ég er búinn að sitja hér bróðurpartinn af deginum, frá því kl. 2 í dag þar til nú að klukkan er rúmlega hálfeitt að nóttu. **(Gripið fram í:** Hver stendur fyrir þessari umræðu?) Alþingi er að störfum, virðulegi þm., sem virðist sofa líka því hann áttar sig ekki á því hvað er að ske í kringum hann. Hann spurði hver stæði fyrir fundum hér í þessu húsi.

Það er ekki að ástæðulausu að ég hef þraukað þetta lengi. Ástæðan er einfaldlega sú að á dagskrá er stórt mál. Það er stór hluti af efnahagsvanda þjóðarinnar, stór hluti af því sem hæstv. forsrh. er með í huga þegar hann segir að íslenskt þjóðfélag sé að fara á hausinn.

Ég bjóst við að þegar tveir hæstv. virðulegir ráðherrar svara fyrirspurnum hæstv. fyrrv. forsrh. um ráðstafanir til að koma í veg fyrir að vandinn verði það mikill að landið fari á hausinn kæmu fram svör við fyrirspurnunum og það kæmi fram eitthvað þess virði að bíða þótt löng sé biðin eftir lausnum frá hæstv. ríkisstjórn eða frá hæstv. ráðherrum sem tekið hafa til máls og eru svaramenn ríkisstjórnarinnar hér í dag. En það hefur ekki komið. Og það gengur ekki að halda Alþingi gangandi bráðum hálfan sólarhring án þess að fá lausnir á vandamálum sem ríkisstjórnir hafa verið að glíma við undanfarið, og sami maður hefur þó verið með þennan málaflokk í a.m.k. tveimur ríkisstjórnum og hans flokkur í þremur ef ekki fleiri ríkisstjórnum samfellt.

Hæstv. sjútvrh. byrjaði með því að fagna því að þessi umræða skyldi fara fram og það sé sjálfsagt að ræða þessi málefni atvinnuveganna yfirleitt við gerð fjárlaga og að þm. taki mið af þeim umræðum. Út af fyrir sig er það rétt, en ég vil ekki meina að þessi umræða sé beint tengd fjárlagaumræðunum. Að sjálfsögðu snertir útkoman í sjávarútveginum fjárlögin, en umræðan sem slík eða vandinn sem við erum að ræða, vandinn sem varð til þess að þessi umræða var sett af stað, er ekki beint tengdur fjárlögunum.

Hæstv. ráðherra talar um að lausnin á vandanum lægi í því að lækka hlutfall launa. Hlutfall launa er of hátt á Íslandi, sagði hæstv. ráðherra. Ég er út af fyrir sig ánægður með að ráðherra skuli taka svona til orða vegna þess að það hættulegasta fyrir okkur hér á landi á þessu augnabliki, með stjórnvöld eins og þau eru, er það að verkalýðshreyfingin er veik í dag og hún þarf einmitt þessi ummæli ráðherra til að herða hana upp, til að láta hana skilja að saman geta þeir staðið gegn slíkum hugsunarhætti, gegn árangri ríkisstjórnarinnar ef ríkisstjórnin hefur valið sér þessar leiðir. Ég er alveg sannfærður um að þessi orð ráðherra eru þvílík hvatning til fólksins í landinu að upp úr þessu stígur verkalýðshreyfingin sterkari en nokkru sinni áður í samstarfi við hæstv. ríkisstjórn. (Gripið fram í.) Samstarfi við ríkisstjórn til að leysa vandamál þjóðarinnar því að verkalýðshreyfingin hefur verið til samstarfs hingað til. Verkalýðshreyfingin á Íslandi hefur ekki verið notuð sem baráttuafl gegn landi og þjóð. Þá skulum við verða sammála að hún verður hörð í baráttu til samstarfs ef rétt er á haldið. Hún lætur hins vegar ekki ógna sér á þennan hátt, hún lætur ekki segja sér enn þá einu sinni að nú skulum við leysa vanda þjóðfélagsins með því að skerða launin enn meira.

Hæstv. ráðherra ræðir alls ekki málin sem hér eru á dagskrá. Hann dreifir huganum frá málunum með því að fara að tala um aðdragandann að slæmri stöðu atvinnuveganna eins og þeir eru í dag. Hann viðurkennir það að 17 ára stjórnarferill Framsfl. hefur þá borið þann árangur að staða atvinnuveganna er slæm. En hann segir: Það er ekki okkur að kenna. Það er því að kenna að framkvæmdir hafa verið of miklar, það er því að kenna að greiðslukort hafa verið tekin í notkun og þau eru misnotuð. Það er erlendum lántökum að kenna en ekki þeim sem hafa staðið fyrir ríkisstjórnum sl. 17–20 ár. **(Sjútvrh.:** Þú hefur nú eitthvað verið með í þessum leik.) Ég var með í því, en ég ætla að segja hæstv. ráðherra að þegar ég var með í því skilaði ég fjárlögum með tekjuafgangi og við lækkuðum tekjuskatt um 600 millj. það ár og við endurgreiddum söluskatt til sjávarútvegsins til þess að forða gengislækkun. Ég var með í því, það er rétt. Hvað hefur skeð síðan og hvað skeði áður? Og Framsfl. var í báðum þeim stjórnum.

Ég hefði gjarnan viljað fá svar við því hvort sú ráðstöfun á 45 millj. kr. skuld sem var venjuleg viðskiptaskuld í Útvegsbankanum en er nú notuð sem peð í tafli á að vera fordæmaskapandi. Ef Sambandið leikur þessum leik og einhverjir hluthafar leika öðrum leik skulum við leika ykkur í hag, þá skulum við misnota fé Útvegsbankans. En hvar er skýrsla til Alþingis yfir það fé sem hægt er að nota svona og var skuld við Útvegsbanka Íslands þegar hann var ríkisbanki? Mér er sagt að það séu 1–2 þús. millj. sem ríkissjóður þurfti að taka yfir, ekki 300–400 millj. sem Hafskip hafði átt að tapa eða bankinn réttara sagt vegna Hafskips. Og hvar er mismunurinn? Hverjir hafa skuldað bankanum? Er þetta upphæðin sem ríkisstjórnin ætlar að nota í taflinu eða á bara að nota þetta fyrir Sambandsfyrirtæki? Þetta eru engar ráðstafanir í efnahagsmálum. Þetta er að standa óheiðarlega að málum.

Ég er ekki sammála hv. 14. þm. Reykv. Ég er ekkert sammála hv. þm. þegar hann snýr sér að hæstv. ráðherra viðskiptamála og talar til hans eins

og hann gerði, ég er ekki sammála því. Það er enginn ljóður á manninum að hann skuli vera vel menntaður og að hann skuli hafa unnið lengi hjá ríkinu. Ég tel að það sé mjög gott fyrir Alþingi að fá slíkan mann hingað til starfa. Það er ekki nauðsynlegt að vera auli til að fá starf á Alþingi, en það hjálpar til. Mér finnst það alls ekki rétt. Ég fagna því þegar menntaðir menn og vel undirbúnir koma til starfa, en ég vil segja alveg eins og er að mér finnst menn misnota þekkingu sína og kunnáttu á peningamálum þegar farið er að eins og farið er með fé Útvegsbankans í þessu tilfelli og menn ættu að passa sig á því. Ég vil gjarnan fá að vita: Á að halda þessu áfram eða er hægt að fá að vita hvað mikið er í þessum sjóði sem hægt er að tefla svona með? Og hverjir eru það sem skulda? Hvaða skuldir eru það? Hverjir eru á bak við þær? Það er búið að gera Hafskip upp. Það er eitt af þeim fyrirtækjum sem ríkið þurfti að blæða fyrir. Hverjir eru hinir skuldararnir, ef skuldirnar eru komnar upp undir 2 þús. millj. sem ríkissjóður þurfti að yfirtaka af skuldum Útvegsbankans? Ég óska eftir því hér og nú að hæstv. viðskrh. leggi fram lista hér á Alþingi og ég bið þess, virðulegur forseti, að því verði fylgt eftir að það komi listi yfir alla þá sem ríkissjóður þurfti að yfirtaka skuldir frá þegar gert var upp við Útvegsbankann, að það verði eins ljóst hverjir aðrir voru í þeirri súpu en Hafskip.

Ég hef hlustað í allan dag, á ráðherrana sem aðra. Ég hef ekki heyrt neina stefnu birta í efnahagsmálum eða í vandamálum sjávarútvegsins. Engin stefna, engin lausn. Hvar er lausnin? Á virkilega að bjóða Alþingi og alþm. upp á það að sitja í hér um bil hálfan sólarhring og bíða eftir að fá svar við fyrirspurnum í almennum umræðum án þess að fá nokkurt svar? Eigum við að fara í rúmið í kvöld og láta það halda vöku fyrir okkur að stjórnin er stefnulaus og eftir stendur tilefni fyrirspurnarinnar, tilefni þess að það er beðið um umræður utan dagskrár, að sjávarútvegurinn, undirstöðuatvinnuvegur þjóðarinnar, er gjörsamlega munaðarlaus undir stjórn þessarar ríkisstjórnar.

Hæstv. sjútvrh. segir svona eins og út í bláinn, eins og hvaða aðili sem er getur sagt: Fyrirtækin þurfa að fá rekstrargrundvöll til að standa undir skuldbindingum. Hvaða nýr sannleikur er þetta? Við hvern heldur hæstv. ráðherra að hann sé að tala? Einhverja algjöra aula? Það þarf ekki að segja neinum, hvorki einum né neinum, að auðvitað þarf að vera rekstrargrundvöllur undir hvaða fyrirtæki sem er til þess að fyrirtækið geti staðið undir skuldbindingum. Hvernig í ósköpunum dettur ráðherranum í hug að fara að upplýsa fólk svona vel. Ja, þvílík viska.

Nei, svona þýðir ekki að tala, hæstv. ráðherra. Það þýðir ekki að tala svona. Það er spurt að gefnu tilefni. Undirstöðuatvinnuvegirnir eru í vanda og það er litið til ríkisstjórnarinnar um leiðsögn út úr vandanum og það er spurt og það er beðið eftir svari. Svarið kemur ekki vegna þess að það er ekki til. Er það vegna þess að ríkisstjórnin og þá í þessum málaflokki hæstv. sjútvrh. er kominn á leiðarenda í sinni getu til að vera ráðherra sjávarútvegsmála? Er hann búinn með þann sjóð, það sem hann vissi um málaflokkinn til þess að gegna honum? Það kemur fyrir í mörgum fyrirtækjum að menn verða að skipta um stöðu vegna þess að þeir eru búnir að ausa úr öllum sjóðum visku sinnar og getu og þá verða þeir að fara í annað ráðuneyti eða fá sér eitthvert annað starf, í þessu tilfelli að allir ráðherrarnir færu og fengju sér annað starf. Þetta er enginn nýr sannleikur sem ég er að koma með. Þegar ráðherra svarar svona út í hött í einum alvarlegasta efnahagsvanda þjóðarinnar er kominn tími til þess að þeir spyrji sig sjálfir þessarar spurningar en láti ekki mig eða aðra lítillækka þá með svona tali úr ræðustól á hv. Alþingi.

Þessi vandi er þrátt fyrir það að hæstv. ráðherra, og ríkisstjórnin öll, fullyrðir að nú sé verðbólgan komin niður í núll. Vextir hafa lækkað, rekstrarkostnaður, olían, virðulegur hæstv. viðskrh., hefur farið úr 25 dollurum niður í 10–12 dollara. Það er allt hagstætt sem áður var óhagstætt. Ef hæstv. ríkisstjórn fylgist hins vegar með því sem er að gerast úti í heimi eru meiri líkur á því nú en hefur verið undanfarið rúmt ár að olíuverð sé að fara upp aftur. Og hvað skeður þá? Ætlar ríkisstjórnin að halda áfram að sitja og segja svo við Alþingi: Fyrirtækin þurfa að fá rekstrargrundvöll til að standa undir skuldbindingum. Ha? Þetta er alveg furðulegt. Þetta er alveg stórfurðulegt. (**Gripið fram í:** Er þetta ekki satt?) Auðvitað er þetta satt. En hæstv. ráðherra, það er engin lausn og þetta er ekki svar, heldur er það sama og að segja hér: Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera til þess að skapa undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar starfsgrundvöll? Ef ráðherra vill gera þetta að einhverri grínsamkomu hér og nú með frammígripum er það allt í lagi mín vegna. Hann opinberar þeim mun betur ráðleysi sitt og það sem ég sagði áðan, að hann er búinn með alla getu sem hann hafði fram að leggja. Stundum fara menn af stað í ferðalag með nesti, en það kemur að því að þeir éta það upp og verða svangir. Hann er búinn með sitt nesti, í miðju ferðalaginu.

Það nægir ekki að taka undir það sem ábyrgur maður í málaflokki að það sé rétt að sjávarútvegur eigi við mikinn vanda að etja. Hvar er lausnin? Hvaða ráðstafanir ætlar ríkisstjórnin að gera? Og hvenær ætlar hún að gera þær, aðrar en þær sem komnar eru fram í nýjum tekjuöflunarfrv. sem eru bara til að standa undir eyðslu og viðbótareyðslu en ekki til þess samkvæmt fjárlögum að leysa neinn sérstakan vanda sem við erum að ræða hér og nú?

Ráðherra segir líka, og það segja báðir hæstv. ráðherrarnir, að þeir voni að ekki komi til að genginu verði breytt. Ég vona það líka. Hver vonar að það þurfi að breyta genginu? Það vona náttúrlega allir að við losnum við vandann. Það er enginn sem vonast til þess að þörf verði fyrir gengisbreytingar. Ef hins vegar ekkert annað er til í þeirra hugmynda-

banka getur vel verið að það verði nauðsynlegt. Hér talaði hv. 4. þm. Vesturl. áðan af þekkingu þó að ég sé honum algjörlega ósammála um það sem hann sagði þar, að það ætti að vera mismunandi gengi, jafnvel eftir atvinnuvegum, skildist mér. Það gengur ekki. Hér verðum við að viðurkenna í eitt skipti fyrir öll að við búum hér sem ein þjóð og verðum að hafa eitt og sama gengi, bæði á peningum og öðru sem snertir mannlegt líf og ég tala nú ekki um daglegan rekstur.

Þegar ég var samráðherra hæstv. sjútvrh. talaði ég um svokallað pennastrik sem var ýtt til hliðar. Ég hafði það á tilfinningunni að hálfgert grín væri gert að því vegna þess að menn gáfu sér ekki tíma til þess að hugsa og skilja. Það er nefnilega vandi að leika, þó ekki sé nema leika, það að einhver annar sé minni vitsmaður en „ég", þetta stóra „ég". Við skulum passa okkur á því að vanmeta ekki, hvort sem það eru samstarfsmenn eða andstæðingar.

Það getur vel verið að það sé einhverjum peningamönnum í hag að halda fast við lánskjaravísitöluna. Ef við stöndum hins vegar frammi fyrir þeirri staðreynd í dag, eins og við gerðum 1983, að tapa öllu eða tapa hluta af eignum okkar vil ég persónulega heldur tapa hluta af því sem ég á en öllu sem ég hef á milli handanna, eða öllu sem mér er trúað fyrir, og þegar ég talaði um pennastrikið var það til að bjarga því sem bjargað varð og hugmyndin er enn þá í gildi. Hún er einfaldlega sú að strika út frá undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar þann hluta af þeim skuldum, sem eru að sliga atvinnuvegina núna, sem hægt er að heimfæra undir lánskjaravísitölu, en að atvinnuvegirnir greiði höfuðstólinn plús að sjálfsögðu eðlilega vexti en ekki okurvexti bankakerfisins eins og þeir hafa verið undanfarin ár. Lánskjör hér eru okkur öllum til skammar. Það þarf enga hagfræðinga til að sjá það. Við sem höfum rekið fyrirtæki finnum fyrir því.

Nú segir hæstv. ráðherra, og mér liggur við að túlka tóninn í ummælum hans, að mörg fyrirtæki stöðvist eftir áramótin en ekki vegna þessa vanda sem við höfum verið að tala um, heldur vegna hráefnisskorts.

Það er undarlegt, það er alveg stórfurðulegt að þetta blessað þjóðfélag okkar skuli aldrei geta lifað árið út án þess að vera með metár í öllu og á öllum sviðum. Það sem var metár fyrir tveimur árum er bara hrein „katastrófa" í ár. Hvernig í ósköpunum á þetta að geta gengið? Og allt því að kenna að kaupið er of hátt. Lausnin liggur í því að skera niður laun. Það var mjög gott erindi um þann þátt sem hv. 14. þm. Reykv. hélt áðan. Ég trúi því ekki að þingmenn eða hæstv. ráðherrar hafi gleymt því sem virðulegur þm. sagði í þeim efnum.

Við erum að tala um að aðstoða undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar. Við erum að tala um að aðstoða það sem öll okkar tilvera byggist á. Þetta voru orð hæstv. sjútvrh. Aðalvandamálið er hvort eða hvernig framleiðslufyrirtækin verða aðstoðuð. Bæði í einkaeign og í Sambandseign. — Hvort eða hvernig. Þetta er ekkert svar, hæstv. ráðherrar, og ég verð að fara þess á leit, og ég tel mig ekki vera ósanngjarnan, að þið gefið okkur, hæstv. ráðherrar, sem hljótið að hafa svörin, svör við þeim spurningum sem frummælandi lagði fram í dag kl. nálægt því tvö þegar hann hóf þessar umræður, og látið okkur ekki sitja hér til klukkan að ganga tvö að nóttu, allan daginn með lítilli hvíld fyrir þingflokksfundi og kvöldmat, og fá ekkert út úr deginum. Bara það að hafa talað og talað og talað. Það er ekki líkt neinni ríkisstjórn, það er ekki neitt líkt þeim ráðherrum sem við viljum hafa að gefa ekkert svar. Málin eru í athugun hjá ríkisstjórn. Þetta er ekki nóg svar. Þetta er hefðbundin útgönguleið ráðherra. Með svona svari læknum við ekkert. Það væri kannski hægt. Ef hæstv. ríkisstjórn fyndi einhverja leið til þess að kynna og leggja fyrir Alþingi er ekkert útilokað að Alþingi gæti í krafti samtakamáttar þingsins sameinast um að leysa þennan efnahagsvanda sem er að sliga þjóðfélagið. Ef hins vegar kemur ekkert annað svar en að ríkisstjórnin sé að athuga málið felst engin lausn í því. Auðvitað sýnir það þá miklu ábyrgð og þungu áhyggjur sem þeir flokkar, sem ekki eiga aðild að ríkisstjórn, hafa á sínum herðum að málið er tekið upp í dag og hæstv. ráðherra þarf ekkert að þakka okkur fyrir að gegna þeirri frumskyldu okkar að vera stjórnarandstaða. Það er bara sú mikla ábyrgðartilfinning sem á okkur hvílir sem gerir það að verkum að hv. 1. þm. Suðurl. tekur þetta mál á dagskrá í dag, með leyfi virðulegs forseta. Ástæðan er einfaldlega sú að ekkert skeður í ríkisstjórn.

Ég held að ekki sé ástæða fyrir mig að hafa þessi orð miklu fleiri. Ef umræðurnar enda á þann hátt sem ég held, á þann hátt sem ræður hæstv. ráðherra gefa mér tilefni til að ætla, vitum við öll hvað ríkisstjórnin er að gera. Þá gefur hún okkur þær upplýsingar og undirstrikar þá staðreynd að ríkisstjórnin er í öllum þessum vanda að gera akkúrat ekki neitt. Ekkert. Árangurinn er náttúrlega eftir því og vandinn heldur áfram að vaxa. Hann vex. Við höfum haft þetta mynstur áður. Það endar með því að stjórnin springur, hún fer frá, og við öll hér inni kennum hvert öðru um og þá er allt of seint að finna leið. Við sitjum bara eftir og fólkið segir: Hættið þessu, þið getið þetta ekki. Nú skulum við kjósa aftur. Þetta er niðurstaðan, nema ráðherrarnir bregðist öðruvísi við en ég geri ráð fyrir og komi hér upp og segi okkur hvaða lausnir þeir hafa í dag, á þessari stundu, því að tíminn hefur ekki verið of stuttur til þess að komast að niðurstöðu.

Ég segi að lokum og hef eftir hæstv. ráðherrum: Við eru í öldudal. Við erum í öldudal, segja þeir, og gefa ástæður fyrir því hvers vegna við erum í öldudal. Og ég endurtek það sem ég sagði áðan: Við erum í öldudal þrátt fyrir það að ríkisstjórnin haldi því fram að við séum komnir á núllverðbólgu. Við erum búnir að lækka vextina. Og ég endurtek: Olían er helmingi ódýrari en hún var fyrir rúmu ári eða tveimur árum síðan þegar verð á henni var aðalvandi

sjávarútvegsins. Þrátt fyrir þessa miklu, hagstæðu breytingu sem ríkisstjórnin segir hafa orðið, en fáir verða varir við, vitum við af fréttum að meiri líkur eru nú en hafa verið undanfarna marga mánuði fyrir því að OPEC-ríkin séu að sameinast um verðhækkun á olíunni. Í dag var endurkjörinn forseti Venezúela, en það getur haft mikla þýðingu fyrir olíuverðið í heiminum vegna þess að síðast þegar hann var forseti, þetta er í annað skipti sem hann er kosinn, tókst honum að sameina OPEC-ríkin í að hækka olíuverðið. Hann hefur strengt þess heit og lofað því í kosningabaráttu að hann skuli beita sér aftur fyrir hækkun á olíuverðinu. Ef það bætist ofan á þetta góðæri ríkisstjórnarinnar, hvað förum við þá mikið dýpra niður í öldudal? Þess vegna segi ég: Með þessa vitneskju um væntanlegt olíuverð, hvað er fram undan, hæstv. ráðherra? Svar óskast, strax.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Þessi umræða hefur staðið drjúgan tíma, frá því um miðjan dag í gær og fram á þennan nýja dag og ég skal ekki lengja umræðuna til muna. Hún hefur um margt verið athyglisverð. Niðurstaða hennar er líka skýr, en því miður afar dapurleg.

Hæstv. sjútvrh. sendir þau skilaboð frá Alþingi Íslendinga í þessari umræðu til fólksins sem vinnur í sjávarútveginum, sjómannanna, útgerðarmannanna, fiskverkafólksins og stjórnenda fiskvinnslufyrirtækjanna að það eigi ekkert að gera. Það eru þau skilaboð sem hæstv. ráðherra sendir þjóðinni í þessari umræðu. Hæstv. ráðherra hefur verið þekktur fyrir málafylgju og atorku í sínu ráðuneyti. Hann hefur notið allmikillar virðingar og trausts í sjávarútveginum langt út fyrir raðir sinna eigin flokksmanna. Það er ekki síst vegna þessa sem niðurstaða þessarar umræðu er dapurleg. Það er ekki síst í ljósi þessarar staðreyndar að hún hlýtur að valda mörgum vonbrigðum. Það kom skýrt fram í máli hæstv. ráðherra að biðleikur hæstv. ríkisstjórnar væri ófullnægjandi, það yrði að gera ráðstafanir, en þær yrðu samt ekki gerðar. Og dapurlegri niðurstöðu er ekki unnt að fá.

Hæstv. forsrh. mætti, sem kunnugt er, á sérstökum fundi Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og forustumanna Sambandsfrystihúsanna. Hann flutti þar boðskap um það að íslenska þjóðin væri að færast nær þjóðargjaldþroti. Hann hefur áður talað um að Róm væri að brenna. Það eru ekki orð úr orðasafni stjórnarandstöðuflokka. Niðurstaða þess fundar varð sú eftir yfirlýsinguna um fílabeinsturninn að það ætti að boða til langs ríkisstjórnarfundar. Langur ríkisstjórnarfundur hét það. Það var niðurstaðan. Það var boðskapurinn sem fólkið í sjávarútveginum fékk og menn bundu nokkrar vonir við langan ríkisstjórnarfund. Og það var haldinn langur ríkisstjórnarfundur. Niðurstaðan varð engin.

Nú er efnt til umræðu á hinu háa Alþingi og hæstv. sjútvrh., sem er kunnur málafylgjumaður og nýtur virðingar, gefur og flytur þann boðskap að ekkert eigi að gera. Hann sagði orðrétt, að ég man, að „myndin væri ekki nógu skýr". Fólkið sem vinnur í sjávarútveginum hefur alveg nægjanlega skýra mynd og ég hygg að flestir hv. alþm. hafi alveg nægjanlega skýra mynd af stöðu sjávarútvegsins í dag. Og ég þykist vita að þingmenn úr ríkisstjórnarliðinu hafi alveg nægjanlega skýra mynd, enda hafa hæstv. ráðherrar ekki fengið stuðning frá þingmönnum stjórnarflokkanna hér í dag við að fylgja fram biðleiksstefnunni. Enginn þingmanna stjórnarflokkanna hefur séð ástæðu til þess að koma upp og styðja stjórnarstefnuna.

Biðleikur. Myndin ekki nægjanlega skýr. Hæstv. ráðherra hefði líka getað orðað þessa hugsun á annan veg. Hann hefði svo sem getað sagt eins og formaður Framsfl.: Við erum allir í fílabeinsturni. Það hefði lýst sömu hugsun með nokkuð svipaðri niðurstöðu.

Hæstv. viðskrh. flutti svo þann boðskap að það þyrfti að hagræða meira í sjávarútveginum, það þyrfti að endurskipuleggja í sjávarútveginum. Það er auðvitað laukrétt. Í sjávarútvegi þarf að endurskipuleggja meir. Þar hefur verið unnið gríðarlega mikið að endurskipulagningu og hagræðingu, en það þarf meira til. En það verður ekki gert á þann veg sem hæstv. ráðherra lýsti. Það verður ekki gert á þann veg að knésetja sjávarútveginn og draga úr honum allan mátt. Það má vel vera að hæstv. viðskrh. geti á gamla reiknistokk gamla Þjóðhagsstofnunarforstjórans fengið þá niðurstöðu að með því að taka erlend lán til að greiða niður verðlagið í landinu og með því að neita að viðurkenna að raungengi krónunnar er of hátt og með því að stefna að því að draga allan mátt úr framleiðsluatvinnuvegum þjóðarinnar, þá megi á þennan gamla reiknistokk fá niðurstöðuna núll í verðbólgu. En ég ætla að segja hæstv. viðskrh. það að þó að þessi gamli reiknistokkur sýni með þessum hætti þessa niðurstöðu mun hún ekki fást í búð reynslunnar. Niðurstaðan í búð reynslunnar af þessari stjórnarstefnu verður önnur og býsna alvarlegri en ég hygg að hæstv. ráðherra geri sér grein fyrir.

Við læknum ekki verðbólguna með því að taka erlend lán í niðurgreiðslur og með því að knésetja sjávarútveginn, framleiðsluatvinnuveg þjóðarinnar, og við endurskipuleggjum ekki í sjávarútveginum með því að nota fé skattborgaranna í ríkissjóði til að setja inn í þau fyrirtæki sem eiga að lifa að mati þeirra sem ferðinni ráða eins og Þjóðviljinn lýsti stjórnarstefnunni og ekki með því að gera það eitt að veita aukin lán til fyrirtækja sem eru of skuldsett fyrir. Hæstv. sjútvrh. viðurkenndi enda að í því væri engin lausn fólgin.

Með þessu móti er hægt að lengja í hengingarólinni, en það er verið að knésetja vel reknu fyrirtækin. En það er á vel reknu fyrirtækjunum í sjávarútveginum, sem er auðvitað meiri hluti fyrirtækjanna, sem íslenska þjóðin lifir og það eru þau fyrirtæki sem tryggja öruggan hagvöxt og batnandi lífskjör þjóðarinnar. En í staðinn á að eyða allri

orkunni í að velja þau fyrirtæki úr sem ekki hafa rekstrargrundvöll, eyða allri orkunni í það að bjarga þeim með fjármagni skattborgaranna í ríkissjóði og sérstökum lánveitingum og nú er búið að breyta reglugerð Stefánssjóðs, svokallaðs Atvinnutryggingarsjóðs, til þess að vinna að málunum með þessum hætti. Það þarf að endurskipuleggja í sjávarútvegi, en það verður gert með því að tryggja rekstrargrundvöll vel rekinna fyrirtækja. Það er ekki hægt við núverandi aðstæður með almennum aðgerðum að tryggja rekstur allra fyrirtækja í sjávarútvegi og það gerir enginn þær kröfur og hér hafa engar þær ómálefnalegu kröfur verið settar fram að til þess sé ætlast af ríkisstjórninni að hún kynni hér ráðstafanir sem tryggi þetta. En krafan er sú að vel reknum fyrirtækjum sé tryggður rekstrargrundvöllur og að því búnu má ræða aðgerðir til fjárhagslegrar endurskipulagningar og fjárhagslegrar uppbyggingar og uppstokkunar í þeim fyrirtækjum sem ekki standast þegar búið er að tryggja almennan rekstrargrundvöll. En ríkisstjórnin stefnir í þveröfuga átt og það er það sem er alvarlegt og það er það sem fólkið í landinu mun ekki taka þegjandi og það er sá boðskapur sem mun vekja ugg í brjóstum fólksins í landinu, ekki síst þeirra sem í sjávarútvegi starfa, þegar fréttir spyrjast af þessari umræðu hér í dag.

Ég efa ekki að hæstv. sjútvrh. skilur það, eins og reyndar kom fram í hans máli, að það þarf að gera aðgerðir. En það virðist svo sem Framsfl. í þessu stjórnarsamstarfi komi ekki því máli fram. Hann sé af öðrum aðilum í ríkisstjórninni króaður af. Og í reynd hygg ég, ef allrar sanngirni á að gæta, að það sé meginniðurstaðan af þessari umræðu. Og auðvitað er það kannski jafndapurlegt að svo skuli vera.

En hæstv. ráðherra sagði að það væri mikilvægt að ræða þessi mál samhliða skattafrumvörpum ríkisstjórnarinnar og fjárlagafrv. Í því er auðvitað fólgin viðurkenning á því að það þurfi að gera aðgerðir. Í því er fólgin viðurkenning á því að efnahagsstefnan eins og hún birtist í skattafrumvörpunum og fjárlagafrv. stefnir gegn hagsmunum atvinnulífsins og það er auðvitað nauðsynlegt að gerbreyta þeirri efnahagsstefnu sem fjárlagafrv. byggir á, hverfa frá þeirri skattastefnu sem boðuð er og stefnir gegn hagsmunum atvinnuveganna og viðurkenna það, sem hæstv. forsrh. segir á hverjum degi, að gengið sé of hátt skráð. Það er ekki unnt að flytja slíkar yfirlýsingar svo til á degi hverjum, en segja svo: Það á ekkert að gera í málinu. Og það er ekki unnt að gefa slíkar yfirlýsingar en ætla svo að samþykkja fjárlagafrv. sem byggir á allt öðrum forsendum. Niðurstaðan þess vegna af máli hæstv. sjútvrh. er auðvitað sú að það sé ekkert vit í því að afgreiða fjárlög eða skattheimtufrumvörp ríkisstjórnarinnar fyrr en leitin mikla að raunhæfum ráðstöfunum hefur borið einhvern árangur og ríkisstjórnin flytur tillögur í þeim efnum. Ég leyfi mér að skilja orð hæstv. ráðherra á þann veg að hann leggi til að fjárlagafrv. og skattafrumvörpin verði ekki afgreidd fyrr en ríkisstjórnin hefur komist að niðurstöðu um aðgerðir í efnahagsmálunum til að bæta rekstrarstöðu sjávarútvegsins. Ef þetta er réttur skilningur er ég alveg sammála hæstv. ráðherra. Auðvitað er það forsenda fyrir fjárlagafrv. og ráðstöfunum í skattamálum að stefnan í málefnum sjávarútvegsins og atvinnuveganna liggi ljós fyrir. Ég fagna því ef þetta er réttur skilningur. Það er þá eini ljósi boðskapurinn í máli hæstv. ráðherra í dag.

Þessi umræða er engin lokaumræða um þessi viðfangsefni. Hún hlýtur að tengjast umræðum á Alþingi á næstu dögum og vonandi leiðir hún til þess að hæstv. ríkisstjórn sjái að sér og kynni hér á Alþingi áður en gengið er til afgreiðslu fjárlaga ráðstafanir til að treysta rekstur útflutningsframleiðslunnar. Um það eigum við ekki að þurfa að deila að við lifum ekki í þessu landi nema það verði gert.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegi forseti. Það er að sjálfsögðu ekki rétt skilið hjá hv. 1. þm. Suðurl. að það eigi að skilja þessa umræðu þannig að það verði að gera eitthvað en það eigi ekkert að gera. Mér kemur það nokkuð á óvart ef hann ætlar sér að halda því fram og hv. þm. Albert Guðmundsson að þessi vandasömu mál verði leyst í umræðu á Alþingi utan dagskrár. Það væri þá í fyrsta skipti sem ég þekki til að mál séu tekin fyrir í umræðum utan dagskrár á Alþingi með litlum fyrirvara og leyst einfaldlega í þeirri umræðu. Það er mjög merkilegt að hv. þm. Albert Guðmundsson hafi gert sér í hugarlund þegar hann kom hér kl. tvö í dag að öll mál yrðu leyst vegna þess að hann ætlaði sér að vera hér fram eftir nóttu og nú þurfi hann að hafa áhyggjur af því að geta ekki sofið vegna þess að öll mál hefðu ekki verið leyst í umræðum utan dagskrár. Þannig gerast hlutirnir ekki. Og hlutirnir gerast ekki með þeim hætti að það sé komið hér í upphafi fundar og sagt: Það verður að fella gengið. Gengið skal fellt og við skulum bara fella það í umræðum utan dagskrár. Það var sá boðskapur sem kom fram í upphafi.

Ég minni hv. 1. þm. Suðurl. á að allt sl. ár og alveg frá sl. hausti hafa menn verið að ræða um með hvaða hætti skuli taka það áfall á sig sem við höfum orðið fyrir. Þetta er að sjálfsögðu ekki svo einfalt mál að það sé hægt að segja: Þetta er bara vandamál sjávarútvegsins. Þetta er að sjálfsögðu vandamál alls þjóðfélagsins. Allt sem hefur verið gert í þessu þjóðfélagi, hvort sem það hefur verið í sambandi við fjárlög, peningamál og ýmislegt annað, fjárfestingar, jafnvel húsnæðismál, hefur veruleg áhrif á afkomu sjávarútvegsins. Ég tek undir það með hv. þm. Þorsteini Pálssyni að auðvitað hefur afgreiðsla fjárlaganna áhrif á afkomumöguleika atvinnulífsins.

Menn hafa gert nokkuð mikið úr því þegar ég hef haldið því fram að launahlutfallið í þjóðfélaginu væri of hátt. Og eins og venjulega þegar það er nefnt rísa menn upp á Alþingi, þar á meðal hv. þm. Guðmundur Garðarsson og fleiri, og segja: Nú er boðskapurinn sá að það eigi að skerða kaupið og skerða

kjörin. En hvað eru menn að tala um hér? Er ekki verið að tala um að það verði að breyta genginu? Á það að fela í sér kjarabót fyrir almenning? Auðvitað er það kjarabót til framtíðar að taka á sig áföllin. Auðvitað er það rétt að vegna þess að við höfum ekki gert það fyrr mun það koma niður á okkur í meira mæli nú. En hver er valkosturinn? Hann er m.a. sá að horfa upp á fyrirtækin verða gjaldþrota. Og þótt hv. þm. Albert Guðmundsson hafi dregið hér upp gamla pennastrikið sitt sagði hann jafnframt að það væri staðið óheiðarlega að málum vegna þess að pennastriki var beitt á fyrirtæki vestur á fjörðum og talaði þá mikið um Útvegsbankann í því sambandi og nefndi jafnvel eitthvert skipafélag í sambandi við það mál sem ég skildi ekki alveg. Þá var það allt í einu orðið óheiðarlegt í fyrsta skipti sem þessu pennastriki er beitt. Ég hafði haldið að hv. þm. fagnaði sérstaklega að nú skyldu menn vera farnir að beita hans aðferðum.

En það er alveg með eindæmum að maður sem er búinn að vera jafnlengi í viðskiptalífinu og hv. þm. Albert Guðmundssn skuli tala um pennastrik með þeim hætti sem hann gerir. Ætlast hann til þess að ríkisstjórn ákveði að strika út skuldir ákveðinna fyrirtækja í landinu? Hver á að botna í slíkum málflutningi? Auðvitað verða fyrirtækin sjálf að ákveða í gegnum samninga hvort þau skuli gefa upp sínar skuldir. Það er ekki hægt að beita opinberri forsjá í svo miklum mæli sem hann kemur þar inn á.

Hér hafa komið fram ýmsar fyrirspurnir. Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson spurði mig um hvað eða hverjir hefðu komið í veg fyrir að gengið væri rétt skráð á sl. ári við hin ýmsu tækifæri. Ég ætla mér ekki að ræða það sérstaklega eða kenna þar einum eða öðrum um. En ég vil bara endurtaka að ráðgjafi ríkisstjórnar á hverjum tíma í gengismálum, Seðlabanki Íslands, og þeir bankastjórar sem þar eru við völd, ráðgjafar fyrrv. forsrh., fyrrv. ríkisstjórna og núv. ríkisstjórnar, hafa ekki ráðlagt það nokkurn tíma mér vitanlega. E.t.v. getur hæstv. fyrrv. forsrh. upplýst það, en mér var a.m.k. ekki kunnugt um að þeir ágætu menn hefðu einhvern tíma ráðlagt að breyta gengi um eina einustu prósentu. (Gripið fram í.) Nei, það er rétt, en mér fannst oft á tíðum, hv. þm. Þorsteinn Pálsson, að það væri tekið ansi mikið tillit til þeirra því mér hefur fundist þeir vera farnir að gerast heldur íhaldssamir í seinni tíð og enn þá íhaldssamari en áður var, þótt í sjálfu sér sé Seðlabankinn íhaldssöm stofnun og eigi að vera það eins og í öllum öðrum löndum. En ég er ekki að segja með þessu að það eigi að kenna þessum mönnum um. Það er langt í frá. En það verður að ætlast til þess að þeir geti lagt á þetta bærilegt mat og gefið ríkisstjórn rétt ráð. Ég fullyrði að þeirra ráð voru heldur til að spilla fyrir því að réttar ákvarðanir væru teknar. Og ég fullyrði að þeirra ráðleggingar í sambandi við ýmislegt á fjármagnsmarkaði höfðu mjög slæm áhrif því þar var allt of mikið gefið laust á sama tíma. Ég nefndi hér kreditkort og erlendar lántökur. Auðvitað var t.d. upptaka staðgreiðslukerfisins 1987 þensluhvetjandi aðgerð vegna þess að allir þeir sem unnu þá gátu vitað að þeir þyrftu ekki að borga skatt af launum sínum. Það var ekki heppilegt eftir á að hyggja að taka staðgreiðslukerfið upp með þeim hætti á því ári.

En þetta er allt saman fortíð og auðvitað er það sem fram undan er það sem skiptir máli. Ég minni á að það er verið að starfa að þessum málum. Það er gert lítið úr Atvinnutryggingarsjóðnum og hv. þm. Friðrik Sophusson sagði að það væri nær að lána fyrirtækjunum til að byggja upp sitt eigið fé. Ég held að menn þurfi þá líka að hafa í huga, sem gagnrýna okkur, að eigið fé verður ekki byggt upp heldur með lánsfé. Það eru ekkert óskaplega margir aðilar í þessu landi sem eru tilbúnir að taka lán til að kaupa hlutafé í fyrirtækjum. Eigið fé verður fyrst og fremst byggt upp með hagnaði fyrirtækjanna og það er það sem hefur skort á alllengi að fyrirtækin hafi nægilegan hagnað, sérstaklega upp á síðkastið, og það er þess vegna sem þeirra eigið fé rýrnar. Fyrirtækin þurfa að græða, hafa hagnað til að byggja upp sitt eigið fé.

Hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir spurði hvort ekki væri óeðlilegt að taka fé úr Atvinnuleysistryggingasjóði við þessar aðstæður. Það tel ég alls ekki vera vegna þess að það er mikilvægt að reyna að koma í veg fyrir atvinnuleysi og ég hygg að fjármagni Atvinnuleysistryggingasjóðs sé ekki til annars betur varið en að hjálpa til við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja. Menn hafa haldið því fram að það væri hætta á að þarna yrði sérstaklega illa farið með ákveðin fyrirtæki og ákveðin fyrirtæki tekin fram yfir önnur og minnst þar sérstaklega á Sambandsfyrirtæki og önnur fyrirtæki. Hvaða dylgjur eru þetta, hv. þm. Albert Guðmundsson? Verður ekki að aðstoða öll þessi fyrirtæki og gera það jafnt? Af hverju er hv. þm. Albert Guðmundsson að koma sérstaklega með þessar dylgjur? Er einhver ástæða til þess? Það fyrirtæki sem fyrst fékk fyrirgreiðslu úr þessum sjóði var ágætt fyrirtæki hér í Reykjavík, í kjördæmi hv. þm. Alberts Guðmundssonar, Grandi hf., sem er með tiltölulega góða eiginfjárstöðu, m.a. vegna þess að það var mjög vel stutt af Reykjavíkurborg á sínum tíma. Þetta fyrirtæki var fyrsta fyrirtækið sem fékk fyrirgreiðslu. Auðvitað verður að gera það eftir hlutlægum reglum. Ég tek undir það. Og það er engin ástæða til að gefa annað í skyn.

Virðulegur forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu. Ég vil þó segja að lokum að það er mjög mikilvægt að grípa til aðgerða, ég tek undir það. En ég vona að það hafi í reynd engum dottið í hug að það gerðist hér í dag utan dagskrár. En hvað svo sem verður gert er að sjálfsögðu mikilvægast að fyrirtækin fái rekstrargrundvöll þótt það sé e.t.v. aulalegt að segja það, eins og hv. þm. Albert Guðmundsson lét koma fram, að það væru ekki nema aular sem notuðu slík orð. Það er að sjálfsögðu það sem skiptir máli en ekki pennastrik og ég veit að við getum verið um það sammála.

Það er alveg ástæðulaust að láta í það skína að það

sé enginn vilji til þess hjá núv. ráðherrum að grípa til nauðsynlegra aðgerða, en það er að sjálfsögðu ekki sama hvað gert er og með hvaða hætti það er framkvæmt. En það mun væntanlega koma í ljós á næstu vikum, ekki næstu dögum. Við verðum að hafa þolinmæði til þess að takast á við þessa hluti. Við höfum fyrr séð mikla erfiðleika og okkur hefur tekist að komast út úr þeim og það er engin ástæða til þess að ætla að okkur takist það ekki núna ef menn viðurkenna þá staðreynd að það verður ekki gert öðruvísi en að kjör landsmanna skerðist. Þeir sem halda öðru fram og tala um að nú muni menn loks bjarga íslenskri verkalýðshreyfingu, sem þarf að sjálfsögðu að vera sterk, en hún þarf líka að vera raunsæ, og hér sé verið að kasta einhverjum stríðshanska með því að tala um ákveðnar staðreyndir, það eru menn sem tala gegn betri vitund og þeir ættu ekki að koma í ræðustól á Alþingi og ásaka aðra fyrir að vilja ekkert gera í málum og vita ekkert um hvað gera skal.

Albert Guðmundsson:

Virðulegur forseti gaf mér ekki orðið í dag þegar ég bað um það svo að ég ætla ekki að láta forseta taka af mér réttinn til að tala tvisvar í þessu máli.

En hæstv. forsrh. Það er rétt er það ekki? (**Sjútvrh.:** Sjútvrh.) Ekki forsrh.? Hver er forsrh.? (**Sjútvrh.:** Jú, ég gegni fyrir hann.) Já, þá leiðréttir virðulegur ráðherra mig ekki með það. Virðulegur forsrh. segir að mál verði ekki leyst í umræðum utan dagskrár og gefur þá til kynna að ég hafi búist við því að hann gæti það. En það er langt frá því að virðulegur hæstv. ráðherra gæti skilið orð mín þannig að ég teldi hann hafa hæfileika til að leysa nokkurt mál á svo skömmum tíma. En hitt er annað mál að eftir margra ára glímu við vandamálið með þeim afleiðingum að málaflokkurinn er í molum hélt ég að hæstv. ráðherra hefði gert eitthvað til að hugsa um lausnir en ekki bara láta reka á reiðanum. Það er það sem ég var að vonast til, en gerði ráð fyrir því í mínum málflutningi að þær vonir mundu bregðast. Þess vegna endaði ég orð mín á því að ríkisstjórnin hefði sýnt að það sem hún væri flinkust í væri að gera ekkert.

En ég óskaði eftir svari strax. Svarið er komið. Hæstv. ráðherra staðfesti með þeim meiningarlausu orðum sem hann sagði til mín að það er einmitt það sem ríkisstjórnin hefur gert. Hún hefur afrekað ekkert og hefur ekkert svar við spurningu sem er búin að dynja á henni í heila 12 tíma. En það er kannski ekki nóg. Kannski við ættum að halda áfram í 24 tíma. En ég reikna ekki með að ríkisstjórnin eða hæstv. ráðherra verði nokkru nær svari. Sem sagt: allt hans tal staðfestir það, sem ég hélt og bjóst við, að ríkisstjórnin væri ráðlaus, ráðvillt og væri upptekin við að gera ekki neitt.

Ég þakka fyrir svarið. Það er svar eins og hvað annað. Þá vitum við það. Þá veit þjóðin að það þarf að reyna að finna menn sem reyna að gera eitthvað til að finna lausn. Þess vegna segi ég: Gerið okkur greiða. Gerið okkur greiða með því að gera ykkur grein fyrir því sjálfir að þið eruð komnir á leiðarenda, eins og ég orðaði það. Þið eruð búnir að tæma þann brunn sem þið höfðuð í vegarnesti þegar lagt var af stað upp í þetta ferðalag sem ráðherrar.

Hæstv. ráðherra, í sinni vissu um að vera nú að svara endanlega, segir líka á sama hátt og hann segir: Málið verður ekki leyst utan dagskrár: Gengið verður ekki fellt utan dagskrár. Ég fór ekki fram á að gengið yrði fellt hér og nú utan dagskrár. En hæstv. ráðherra. Ég veit ekki til þess, að síðan ég kom á þing, og gengið hefur verið fellt nokkrum sinnum á þeim tíma, frá 1974 til þessa dags, hafi gengið verið tekið á dagskrá og fellt á Alþingi. Það gerist annars staðar. En ég man eftir því að áður en lögin um Seðlabanka Íslands komu, en þá var ég þingsveinn hér, voru stundum lokaðir fundir hér. Þá vissi maður að það var verið að ræða viðkvæm mál eins og gengismál og fleira. En síðan ég kom á þing hefur það aldrei verið fellt á dagskrá, svona til upplýsingar fyrir hæstv. ráðherra. Það hlýtur hæstv. ráðherra að hafa vitað.

Á ekki að hjálpa öllum? Best væri að geta hjálpað öllum og best væri að þeir sömu hefðu ekki alltaf forgang. Og ef við færum í Landsbankann og kynntum okkur hverjir hafi forgang í fyrirgreiðslu hvað heldur hæstv. ráðherra að kæmi í ljós? Er mögulegt að nokkrum manni detti í hug að halda að Sambandsfyrirtækin hafi fyrirgreiðslu umfram aðra? Það get ég ekki ímyndað mér ef ég á að taka mark á orðum hæstv. ráðherra. Hver lætur sér detta í hug að Samband ísl. samvinnufélaga eða fyrirtæki þess hafi einhvern forgang í peningastofnunum? Óttalegur kjáni hlýtur sá maður að vera. Ég er þar fremstur í fylkingu í þeim hópi kjána. Ég hugsa að ég fengi hvergi atvinnu nema á Alþingi. Er það ekki meining hæstv. ráðherra? (Gripið fram í.) Ég er ekki búinn að fá hana. Það gæti verið. Það getur vel verið að ég fengi að kenna bókfærslu í Háskólanum, ég veit það ekki.

En ég var ekki að kasta stríðshanska þegar ég sagði að ummæli hæstv. ráðherra hefðu verið svo óheppileg hans vegna að það sameinar verkalýðshreyfinguna. Hún hefur verið veik undanfarið vegna sundurlyndis. Af hverju heldur ráðherra að það sameini? Á hverju heldurðu að ég hafi byggt það? Svona ummæli ráðherra sameina menn til átaka, vegna þess að þau storka fólki.

Sá hæstv. ráðherra ekki viðtal við Ásmund Stefánsson í sjónvarpinu í kvöld í matartímanum? Ég skil ummæli hæstv. ráðherra þannig að hann hafi ekki séð viðtalið við Ásmund. Veit hæstv. ráðherra ekki að það er búið að boða stóran fund, hafa samtal í útvarpinu, í fréttatímanum, við nýkjörinn varaforseta Alþýðusambandsins? Ég held að ráðherra ætti að kynna sér hvað þar kom fram og sjá hvaða stríðshanska var þar kastað. Alþýðusambandið og verkalýðsfélögin eru að sameina sig. — Sameinast um hvað? Móti stefnu ríkisstjórnarinnar, móti þeirri frystingu launa sem er í gangi og fleira. Ef ráðherra

heldur að hann geti skákað í því skjólinu að enginn annar hefði horft á fréttir eða hlustað á Ásmund bara af því að hann gerði það ekki, þá er það mesti misskilningur. Sumt fólk horfir á annað og les annað og veit annað en hæstv. ráðherra og hæstv. ráðherra verður að sætta sig við það því hann ræður ekkert við að breyta því.

Ég sé ekki ástæðu til að lengja þessar umræður. Ég veit að virðulegur forseti vill gjarnan losna við mig úr ræðustólnum. En hitt er annað mál að af því að hæstv. ráðherra minntist á pennastrikið sem hann var að hrósa sér af að nú væri nýbúið að gera, þessar 45 millj., þetta peð sem notað var í Sambandsfyrirtæki, ég held að ég fari rétt með það. Ef þið gerið þetta skal ég launa ykkur með framlagi úr fyrrverandi eign Útvegsbankans með kröfu einhvers annars á fyrirtækið. Það er ekki pennastrik og það er mikill misskilningur, hæstv. ráðherra, ef það á að blanda því saman í billegum rökþrotum á Alþingi í umræðum um pennastrikið að þetta sé einhver pennastriksaðgerð. Það er aulahátturr, en ekki frá minni hálfu.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Út frá ræðu hæstv. sjútvrh. í dag þar sem hann ræddi um þá leið að skapa meiri verðmæti úr sjávarafla lagði ég fyrir hann spurningu og óskaði eftir því að hann svaraði mér. Hann sá ekki ástæðu til þess að gera það í sinni ræðu áðan. Þess vegna ætla ég að endurtaka þessa spurningu.

Ég ætla að spyrja hæstv. ráðherra hvort þeir sem færu að ráðum hans og færu í að reyna að auka verðmæti síns hráefnis, reyna að auka nýtingu og gera betur úr þeim hlutum sem í fyrirtækin koma, eigi á hættu að vera ákærðir fyrir að sýna árangur í því starfi.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Mér vitanlega hefur enginn verið ákærður fyrir það í þessu landi að sýna árangur í starfi og ég skil ekki spurningu hv. þm. Það sem ég sagði var einfaldlega að það væru möguleikar að ná ákveðnum árangri í gæðamálum og það ætti að vinna að því og ég get endurtekið það hér, en sé ekki ástæðu til að elta ólar við það sem hann er að tala um með þessum hætti. Ég mun ekki frekar en endranær ræða á Alþingi málefni einstakra aðila eða fyrirtækja í sambandi við þessi mál.

SAMEINAÐ ÞING

20. fundur, mánudaginn 5. des., að loknum 19. fundi.

Úrbætur í atvinnumálum kvenna, fyrri umr.

Þáltill. UK o.fl., 131. mál. — Þskj. 138.

Flm. (Unnur Kristjánsdóttir):

Hæstv. forseti. Tillagan sem ég ætla að mæla fyrir er till. til þál. um úrbætur í atvinnumálum kvenna og hún hljóðar svona:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa fjögurra manna nefnd til að gera tillögur til úrbóta á atvinnumöguleikum og starfsskilyrðum þeirra kvenna sem vinna við iðnað, landbúnað og sjávarútveg á landsbyggðinni.

Félmrh. skipi formann nefndarinnar en sjútvrh., iðnrh. og landbrh. skipi einn nefndarmann hver.

Nefndin starfi á vegum félmrn. og skal skila áliti eigi síðar en 1. júní nk.“

Fólksfækkun á landsbyggðinni á sér áratuga sögu, margvíslegar ástæður og hefur valdið áhyggjum lengi. Þó að ýmislegt hafi verið gert til að stöðva þessa þróun hefur það ekki tekist. Athygli vert er að á síðustu árum hefur fólksflóttinn af landsbyggðinni fengið á sig nýja mynd. Það eru fleiri konur en karlmenn sem flytja þaðan. Svo er komið að konur eru um 2000 færri en karlar utan þéttbýlissvæðisins á suðvesturhorni landsins.

Á Austurlandi einu eru konur 600 færri en karlmenn og í mörgum sveitum er hlutfallið 60 karlar á móti 40 konum. Og hverjar eru ástæðurnar? Í einangruðum sveitum hafa konur víða enga möguleika á starfi utan bús. Í sveitum í grennd við þéttbýli býðst íhlaupavinna í frystihúsi, rækjuvinnslu og sláturhúsinu. Í sjávarplássum eru það störfin í fiskvinnslunni sem kalla á konur og þá nær eingöngu störf ófaglærðra við snyrtingu og pökkun.

Á undanförnum árum hafa hundruð kvenna á landsbyggðinni starfað í ullariðnaði og í einhverjum mæli hafa þær stjórnað og átt saumastofurnar sjálfar. Margar þessar konur eru atvinnulausar í dag og fátt sem bendir til annars en að fleiri verði það. Stundum hefur verið sagt að ekki ætti að syrgja illa launuð störf saumakvenna, en á hitt ber að líta að margar þeirra eru af léttasta skeiði og skiptir meira máli að hafa starf sem þær ráða vel við en há laun. Og eitt er víst að enn hefur ekkert komið í staðinn og útkoman orðið fábreyttari starfsmöguleikar kvenna á landsbyggðinni.

Hátt hlutfall kvenna meðal þeirra sem vinna störf ófaglærðra í frumvinnslunni hefur ekki breyst þó að konur hafi sótt í sig veðrið á fjöldamörgum sviðum. Konum hefur ekki fjölgað í stjórnunarstörfum innan þessara greina né í betur launuðum störfum tengdum þeim. Þetta geta konur ekki sætt sig við og flytja því til staða sem bjóða þeim betri aðstæður. Og hvað er þá langt í að karlarnir fari sömu leið?

Flótti kvenna af landsbyggðinni er ekkert sérístenskt. Frændur okkar í Noregi og Svíþjóð þekkja þetta líka og reyna með ýmsu móti að hafa áhrif á þessa óheillaþróun. Ég bendi á að í greinargerð hv. varaþingmanns Unnar Stefánsdóttur með till. til þál. á þskj. 96 er að finna ítarlegar upplýsingar um stöðu kvenna í sveitum og er þar bent á að Svíar og Norðmenn eru að gera átak til að breyta ástandinu. Ég

lýsi fullum stuðningi við tillögu Unnar Stefánsdóttur o.fl., en bæti við að þetta vandamál á ekki síður við um sjávarplássin og frumvinnsluna almennt.

Í nyrstu byggðum Noregs hefur konum fækkað mikið undanfarin ár. Þar hefur fiskvinnsla og útgerð staðið höllum fæti. Nýlega var hrint af stað verkefni þar sem hópur kvenna lærði notkun tölva í fiskvinnslu og fiskvinnu. Að náminu loknu eiga þær að gegna því lykilhlutverki að koma á notkun á nútímatækni og aðferðum sem talið er að geti breytt miklu um ört versnandi hag sjávarútvegs á þessum svæðum og kannski ættum við að gera það þá líka hér.

Í Noregi hefur líka á undanförnum árum verið gert átak til að auka þátttöku kvenna í hefðbundnum karlastörfum svo sem á bifreiðaverkstæðum, í flutningagreinum og í sjómennsku með góðum árangri.

Hæstv. forseti. Í greinargerð með tillögunni er bent á að ýmsar aðgerðir til að hvetja konur til atvinnulegs sjálfstæðis og meiri framtakssemi hafi gefist vel. En betur má ef duga skal. Það er sorgleg staðreynd í jafnréttisumræðu og baráttu síðustu ára að staða og kjör þess stóra hóps kvenna sem vinnur í frystihúsum og iðnfyrirtækjum hefur sáralítið breyst og staða sveitakvenna líklega versnað. Er hægt að finna leiðir til úrbóta? Þessi tillaga er flutt til að fá svör við því.

Að lokum legg ég til að tillögunni verði vísað til félmn. og síðari umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um þingsköp.

Þáltill. um bætta samkeppnisstöðu innlends skipaiðnaðar.

Ólafur G. Einarsson:

Hæstv. forseti. Nú er klukkan orðin tvö að nóttu og ég hefði haldið að nóg væri messað. Ég vil mælast til þess í fullri vinsemd við hæstv. forseta að hér verði látið staðar numið. Ég sætti mig illa við að það verði haldið áfram umræðunni um það dagskrármál sem nú hefur verið kynnt, 2. málið á dagskránni, bætt samkeppnisstaða innlends skipaiðnaðar. Fyrrv. iðnrh., hv. þm. Friðrik Sophusson, gerði athugasemdir við málsmeðferðina í dag og hann hefur ekki átt þess kost að vera á fundi núna síðustu klukkutímana. Ég fer sem sagt þess vinsamlegast á leit við hæstv. forseta að hann fresti umræðu um þetta mál og raunar taki ekki fleiri mál fyrir og slíti fundi.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill upplýsa að stjórnarandstaðan hefur haldið hér uppi umræðum í allan dag. Klukkan er nú tvö að nóttu. Nú er komið mál til fyrir forseta að fá að halda dagskrá og hér verður haldið áfram svo lengi sem forseti heldur kröftum.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég vil gera athugasemdir við það ef hér á að halda áfram þingfundi. Ég vil í fyrsta lagi minna á að hér var settur fundur áðan, nýr fundur, og þá án þess að það væri farið að þingsköpum því það var ekki nægur meiri hluti inni í salnum til að hægt væri að setja fundinn. Ég geri athugasemd við það og óska eftir að þessum fundi verði slitið.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ég vil upplýsa hv. þm. að fundur var settur fullkomlega að þingsköpum.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með hv. 2. þm. Reykn. að það er í hæsta máta óeðlilegt að taka nú fyrir svo mikilvægt dagskrármál sem samkeppnisstaða íslensks skipasmíðaiðnaðar er. Það er að vísu rétt að í dag hafa verið langar og strangar umræður, en það er ekki við stjórnarandstöðuna eina þar um að sakast. Fjölmargir þingmenn stjórnarliða hafa tekið þátt í þessum umræðum. Það er kannski ekki málið heldur það að ég tel að það dagskrármál sem hæstv. forseti hefur fyrirhugað að taka fyrir hér í framhaldi sé of mikilvægt til þess að við förum að ræða það nú kl. rúmlega tvö að nóttu til þegar fjölmargir þingmenn, sem áreiðanlega hefðu töluvert um þetta mál að segja, eru ekki viðstaddir. Ég vil því í fullri vinsemd mælast til þess, hæstv. forseti, að við fáum þessu máli frestað þar til við getum tekið það á dagskrá þannig að við getum rætt þetta mikilvæga mál málefnalega og að viðstöddum þeim þingmönnum sem hafa áreiðanlega mikið um þetta mál að segja.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ég vil upplýsa hv. þm. að það eru tveir á mælendaskrá, annar er hann sjálfur og hinn er fyrrv. iðnrh. Ég vil einnig minna þingmanninn á að það var m.a. hann sem bað um þessa utandagskrárumræðu í dag. Ég vil jafnframt upplýsa hv. þingheim um að hér verða ekki fundir milli jóla og nýárs hvað sem raular og tautar þannig að hér verður áfram haldið svo að hægt verði að halda dagskrá samkvæmt verkáætlun þeirri sem fram hefur verið sett.

Kristín Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vildi aðeins svo að það sé ljóst láta í ljós ósk fyrir hönd þingflokks Kvennalistans um það að hæstv. forseti taki tillit til tilmæla okkar. Kvennalistinn tekur undir þær óskir sem hér hafa komið fram og það er ekki síst með tilliti til starfsfólks þingsins. Ég held að það sé óráð að taka upp næturfundi nú. Það er hætt við því að tilefni gefist til þess þegar dregur nær jólum, ekki síst ef það er einlægur ásetningur hæstv. forseta að ekki verði neitt þing á milli jóla og nýárs. Ég vildi aðeins að þetta kæmi fram og óska eindregið eftir því að umræðu verði frestað og fundi slitið.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti skal að þessu sinni verða við þessum tilmælum. En það er auðvitað ljóst að það er ekkert til fyrirstöðu að ljúka þessu máli. Það er aðeins einn hv. þm. fjarverandi sem beðið hafði um orðið. Það er ljóst að menn vilja ekki lengur sitja þennan fund og verður honum því slitið, en af þessu mun nokkur lærdómur verða dreginn nú á næstu vikum.

EFRI DEILD

15. fundur, þriðjudaginn 6. des., kl. 2 miðdegis.

Grunnskóli, 1. umr.

Frv. GA og DS, 126. mál (skólaskylda, samfelldur skóladagur o.fl.). — Þskj. 132.

Flm. (Guðrún Agnarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á l. um grunnskóla, nr. 63/1974, með síðari breytingum, sem er 126. mál þingsins á þskj. 132. Meðflm. minn að þessu frv. er Danfríður Skarphéðinsdóttir, þingkona Kvennalistans.

Frv. var flutt á síðasta þingi en er nú endurflutt lítillega breytt og eru breytingarnar fyrst og fremst fólgnar í því að tímasetningum er frestað þegar breytingar eiga að komast til framkvæmda miðað við frv. á fyrra þingi, en einnig er tölum breytt í meðfylgjandi kostnaðaráætlun til samræmis við núgildandi verðlag.

Það er ekki lengra síðan en í mars á þessu ári að fjallað var um þetta mál hér í deildinni og spunnust af því tilefni mjög málefnalegar og góðar umræður sem tóku allan tíma deildarinnar þann dag. Þeir sem tóku til máls þá voru að mestu leyti sammála aðalerindi frv. þótt kostnaður við framkvæmd þess yxi sumum í augum.

Sú samstarfsnefnd ráðuneyta um fjölskyldumál sem Þorsteinn Pálsson, fyrrv. forsrh., skipaði á árinu 1987 hefur í áfangaskýrslu sinni á árinu 1988 gert tillögur um margar svipaðar breytingar og hér eru lagðar til og varða lengd skólaskyldu og lengd skóladags. Þær hafa verið lagðar fram í frumvarpsformi í Nd. af hv. þm. Sjálfstfl. Einnig er mér kunnugt um að mikill áhugi ríkir innan Fossvogsskóla á því að lengja skólatíma barna þar og hefur erindi þess efnis verið sent fræðsluyfirvöldum, en kennarar og skólayfirvöld og foreldrar vilja gjarnan gera tilraun með heils dags skóla sem yrði framkvæmd á næstu þremur skólaárum þar sem allir nemendur mundu hefja nám að morgni dags og ljúka skóla á sama tíma.

Þessi dæmi sem ég hef nefnt undirstrika í raun að flestir eru sammála um það, bæði utan þings og innan, að það er löngu orðin brýn þörf að samræma betur vinnudag barna og foreldra hér á landi. Og það er samdóma álit flestra sem þetta mál varðar að vinnudag barna í skóla þurfi að gera samfelldan. Það þarf að lengja kennslutíma yngstu árganganna og öll börn verða að hafa tækifæri til að geta matast í skólanum sínum. Enn fremur er nauðsynlegt að börn eigi þess kost að dveljast í skólanum utan kennslustundanna og njóta þar umsjár kennara eða annarra sem hafa uppeldisfræðimenntun. Grunnskólar þurfa að verða einsetnir heilsdagsskólar þar sem vinnutími og viðvera bæði nemenda og kennara er samfelld. Nauðsynlegt er einnig að fækka nemendum í hverjum bekk þannig að nám og kennsla komi að sem bestum notum. Það er einkum mikilvægt í yngstu bekkjunum. Einnig þarf að gæta þess að skólarnir verði ekki of stórir né heldur of fjölmennir.

Í þessu frv. er lagt til að lögbundin verði fræðsluskylda 6 ára barna á skólaárinu 1989–1990, en skólaskylda 6 ára barna verði lögbundin á skólaárinu 1990–1991, enn fremur að kennslutími yngri árganganna verði lengdur í áföngum sem miði að einsetnum heilsdagsskóla fyrir öll börn, þar sem nemendur eiga einnig kost á viðveru utan kennslustunda í þroskandi umhverfi og umsjá fullorðinna. Jafnframt er gert ráð fyrir aðstöðu til hvíldar, einkum fyrir yngri börnin og aðstöðu fyrir öll börn til að matast. Einnig er gert ráð fyrir að nemendur í yngstu bekkjunum verði að meðaltali 14, en 18 að meðaltali í öðrum bekkjum. Síðan eru sérstakar breytingar gerðar sem ákvarða stærð skólahúsnæðisins og þá er miðað við að fjöldi nemenda í grunnskólum verði ekki meiri en 400 í mesta lagi. Jafnframt einnig ákvæði sem miðar að því að auðvelda aðgang nemenda að skólabókasöfnum.

Frv. er lagt fram til að gera nauðsynlegar breytingar á grunnskólalögunum í þágu barna, foreldra og kennara. Breyting á samfélagsháttum á síðustu áratugum hefur leitt til þess að breyttar og vaxandi kröfur eru nú gerðar til kennara og skóla. Til þess að þeir geti svarað þessum kröfum og veitt þá þjónustu sem börn og foreldrar þurfa verður að breyta lögunum og jafnframt, og ekki síður, verja nægilegu fé til nauðsynlegra umbóta.

Grunnskólinn ber nafn með réttu því að þar er í raun lagður grunnur að því námi, starfi og lífi sem einstaklingar eiga fyrir höndum. Það varðar því miklu að vel sé til upphafsins vandað því framtíð einstaklingsins getur ráðist af því hvernig honum vegnar í byrjun. Flestir verja miklum hluta lífs síns frá 6 ára aldri og fram undir tvítugt, og jafnvel lengur, í skóla. Fjórðungur þjóðarinnar situr í raun á skólabekk og með vaxandi kröfum um almenna menntun og starfsmenntun á þessi hluti væntanlega eftir að stækka. Það kemur fram í grein um skóla- og menntastefnu eftir Jón Torfa Jónasson dósent í nýlegu tölublaði BHMR-tíðinda að árið 1985 voru 41,5 þúsund nemendur í grunnskólanum, 15,5 þúsund nemendur í framhaldsskólum og nálægt 7 þúsund í Háskólanum og þá eru taldir með allir þeir sem

þiggja lán úr Lánasjóði ísl. námsmanna og eru við nám erlendis. Á hverjum virkum vetrardegi það ár fóru því um 64 þúsund íslenskir nemendur í skóla. Kennarar og annað starfslið við fræðslukerfið er nálægt 6,5 þúsund manns þannig að hér er um að ræða æði umfangsmikinn atvinnuveg.

Á fjárlögum fyrir árið 1988 var varið nálægt 10 milljörðum til menntakerfisins og er þeirri upphæð í grófum dráttum skipt á þann veg að um 44% fer til grunnskólanna, um 15% til mennta- og fjölbrautaskóla, 8% til annarra framhaldsskóla, 9% til Háskóla Íslands og 16% til Lánasjóðs ísl. námsmanna. Þetta munu vera um 15% af heildarútgjöldum hins opinbera og hefur það hlutfall breyst lítið undanfarin 25 ár.

En á undanförnum árum hafa umtalsverðar breytingar orðið á kennslu yngri barna í mörgum löndum Evrópu og þá er átt við börn á aldrinum frá 5–6 ára og fram að 12 ára aldri. Þessar breytingar hafa aðallega falist í því að færa starf skólanna nær raunverulegum þörfum barna og fjölskyldna þeirra eins og þær birtast okkur í nútímaþjóðfélagi og þá varða þær bæði starfið sjálft og einnig starfstíma skólanna ásamt ýmsum öðrum þáttum.

Víðast hvar er megináhersla lögð á að lengja skólatíma yngstu barnanna og bjóða þeim jafnframt upp á dagvist fyrir eða eftir hinn eiginlega skólatíma. Þannig hefur áherslan hvarvetna verið að koma á og þróa heilsdagsskóla þar sem nemendur geta dvalist frá morgni og fram eftir degi við nám og leik í þroskandi og öruggu umhverfi með öðrum börnum og í umsjá fullorðinna. Mikil áhersla er lögð á að öll börn fái að þroskast með sínum eðlilega hraða bæði til líkama og sálar. Því er víðast reynt að hafa skóla yngri barnanna fámenna, allt frá skólum með um eða innan við 100 nemendur til skóla með um 300–400 nemendur. Jafnframt er reynt að hafa bekki ekki of fjölmenna þannig að hægt sé að veita einstaklingsbundna kennslu.

Víða er reynt með ýmsum ráðum að koma á heimilislegum blæ í skólunum, t.d. með því að blanda saman árgöngum þar sem þau eldri „fóstra" þau yngri og gerðar sérstakar ráðstafanir varðandi búnað og umhverfi. Séð er fyrir líkamlegum jafnt sem andlegum þörfum nemenda meðan þau dveljast í skólanum eftir því sem framast er unnt, líkt og á góðum heimilum. Þannig hafa mörg samfélög brugðist við breytingum sem orðið hafa á högum barna í nútímaþjóðfélagi með því að bæta þjónustu við þau.

Helstu breytingar sem orðið hafa á högum barna í öllum löndum Evrópu eru fyrst og fremst stóraukin atvinnuþátttaka beggja foreldra utan heimilis, en eins og við öll vitum og höfum margoft rætt hefur almenn atvinnuþátttaka kvenna hérlendis aukist mjög á sl. 20 árum svo nánast má líkja við félagslega byltingu. En langur vinnutími og meira vinnuálag en gerist meðal nágrannaþjóða okkar leiða til fjarvista foreldra frá heimili og aukinnar streitu þeirra, en vaxandi fjöldi heimila þarfnast nú vinnuframlags tveggja til framfærslu.

Börnin þurfa oft að hafa ofan af fyrir sér sjálf, jafnvel frá unga aldri.

Í skólaskýrslum úr Reykjavík frá 1975 kemur fram að um 40% 7–12 ára barna séu meira eða minna ein heima á daginn. Í skýrslu frá landlækni sem kom út á árinu 1987, Mannvernd, kemur fram að um fjórðungur barna einstæðra foreldra, 7 ára og yngri, og um 64% 7–12 ára barna ganga sjálfala á daginn. Í nýlegum þætti í Ríkisútvarpinu heyrði ég á tal sálfræðinga og félagsfræðinga sem höfðu mjög miklar áhyggjur af því að uppeldi yngri barna væri að mjög stórum hluta á höndum annarra barna sem væru ekki nema nokkru eldri. Mikil ábyrgð, allt of mikil ábyrgð væri þannig lögð þeim á herðar en það er ábyrgðarmikið að fela svo ungum börnum að stórum hluta til uppeldi annarra sér yngri barna. Það rísa ekki öll börn undir slíku álagi.

Við höfum einnig margoft rætt um það hve fjölmiðlar skipa stóran sess sem afþreying barna og menn hafa í vaxandi mæli áhyggjur af því að börn séu gerð að óvirkum þiggjendum auk þess sem neikvæð uppeldisáhrif berast þannig að ómótuðum hugum barnanna án þess að fullorðnir komi þar að til að ræða það myndefni sem börn horfa á. Við höfum einnig rætt hér áður hve mikið af því efni er á erlendum tungumálum meðan börnin hafa varla lært sitt eigið mál og naumur tími er til mannlegra samskipta til að rækta móðurmálið. En kennarar hafa tekið eftir því í skólum á síðustu árum að kunnátta grunnskólanemenda í íslensku fer minnkandi, bæði hvað varðar orðaforða, málfræði og stafsetningu. Ég bið menn að huga að því að ólæsi hefur verið mikið vandamál meðal svokallaðra menningarþjóða á sl. árum svo að vaxandi fjöldi fullorðins fólks er í raun ólæs. Þá meina ég þannig að þeir geti jafnvel ekki lesið leiðbeiningar á skiltum. Síðan má velta því fyrir sér hvort ekki má nefna það ólæsi þegar fólk í raun tekur sér aldrei bók í hönd, því er ekki tamt að lesa bækur, en bindur huga sinn fyrst og fremst við afþreyingarmyndefni.

Segja má því að mörg heimili séu vanbúin að gegna hefðbundnu uppeldishutverki vegna breyttra félagslegra aðstæðna og foreldrar hafa þegar gert eindregnar kröfur til samfélagsins um að það taki í ríkari mæli þátt í uppeldi barna. Langt er frá að það hafi brugðist við sem skyldi og er nú mikill skortur víða um land á samastað fyrir börn þar sem þau geta unað við nám, leik og hvíld í öruggu, uppeldislega jákvæðu umhverfi.

Lykillinn að því að stuðla að velferð fjölskyldunnar er að sjálfsögðu að minnka vinnuálag á foreldrum og gera þeim kleift að lifa af dagvinnulaunum sínum. Jafnframt þarf að finna viðunandi lausnir á húsnæðisvandanum sem er mikill streituvaldur og hvati að auknu vinnuálagi foreldra. Slíkar ráðstafanir einar sér mundu gefa fjölskyldum mun meiri tíma til samvista en þær hafa nú og e.t.v. einmitt sjálfkrafa leysa mikið af þeim félagslega vanda sem blasir við mörgum fjölskyldum.

Á hinn bóginn eru síauknar kröfur gerðar í nútímaþjóðfélagi um menntun og þekkingu og ætla má að þær verði síst minni í framtíðinni.

Margir telja að undirstaða framfara og hagvaxtar í þjóðlöndum framtíðarinnar felist ekki síst í framförum í vísindum og tækni, en undirstöður þeirra eru einmitt menntun og þekking. Menn virðast samt ekki gera sér almennt nægilega grein fyrir því að gott menntakerfi er algjört skilyrði fyrir afkomu okkar í framtíðinni. Það er reyndar grundvöllurinn fyrir uppbyggingu og nýsköpun í atvinnulífi þjóðarinnar. Og til þess að Íslendingar geti orðið gjaldgengir á vinnumarkaði framtíðarinnar og menningar- og efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar sé tryggt, þá verðum við að standa vörð um menntakerfið og bæta það með öllum ráðum. Þjóð sem á jafnfáar auðlindir og Íslendingar hlýtur að þurfa að veðja á hugvit sitt ekki síður og jafnvel meira en aðrir. Það hlýtur því að skipta meginmáli fyrir okkur að fjárfesta í menntun og við hljótum að taka alvarlega þá gagnrýni sem við sjálf höfum haft uppi og staðfest hefur verið og nánar skilgreind af Efnahags- og framfarastofnuninni um menntastefnu á Íslandi sem bendir á margt sem betur mætti fara og annað sem þarfnast tafarlausra úrbóta ef við ætlum ekki að missa af lestinni.

Á þessu og sl. ári voru einmitt haldnar nokkrar ráðstefnur á vegum menntmrn. til þess að fjalla um þessa skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar og ég vil spyrja hæstv. menntmrh.: Hvað líður frekari vinnu í sambandi við þessar ráðstefnur og umfjöllun um skýrsluna? Er einhver vinna í gangi í ráðuneytinu í þeim efnum?

Ég vil nú víkja nánar að frv. Flestir eru sammála um að sú ráðstöfun hafi verið rétt að hefja kennslu fyrir 6 ára börn í grunnskólum og flestir eru einnig sammála um að kennslutíma þeirra þurfi að lengja. Óþrjótandi forvitni og námfýsi ungra barna er þörf sem verður að svara og það getur skipt sköpum fyrir barn hvort, hvernig og hvenær slíkri þörf er svalað eða sinnt. Í frv. leggjum við til í 1. gr. að breyting verði gerð á 1. mgr. 1. gr. grunnskólalaganna og hún orðist svo, með leyfi forseta:

„Skylt er ríki og sveitarfélögum að halda skóla fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 6–16 ára eftir því sem nánar segir í lögum þessum. Skóli þessi nefnist grunnskóli og er öllum börnum og unglingum á aldrinum 6–16 ára skylt að sækja skóla. Undanþágu má þó veita frá skólaskyldu, sbr. 5., 7. og 8. gr."

Hér er í raun verið að leggja til að lögleidd verði bæði fræðsluskylda og skólaskylda 6 ára barna. Það er gert ráð fyrir að fræðsluskylda verði lögbundin strax og lög þessi taka gildi, þ.e. á skólaárinu 1989–1990, en skólaskylda hins vegar ekki fyrr en á skólaárinu 1990–1991 eins og segir í bráðabirgðaákvæði. Okkur þykir nauðsynlegt að gefa aðlögunartíma fyrir skóla og þá einkum skóla í dreifbýli til að búa sig undir það að 6 ára börnin verði skólaskyld. En auk áskilins aðlögunartíma eru síðan jafnframt undanþáguákvæði í 5., 7. og 8. gr. grunnskólalaganna sem nota má þegar aðstæður leyfa ekki að 6 ára börn sæki skóla eins og ákvæði um skólaskyldu bjóða.

Ég vísa síðan í greinargerðina þar sem nokkuð ítarleg umfjöllun er um sögu skóla- og fræðsluskyldunnar auk þess sem frekari rökum er rennt undir það að lengja skólaskylduna á þennan veg. En varðandi yngri börnin, þá þykir okkur rétt að hið opinbera marki skýra stefnu varðandi þátttöku í uppeldi og menntun 5 og 6 ára barna. Slík stefnumörkun auðveldar bæði uppbyggingu dagvistarheimila og skóla og einnig menntun fóstra og kennara. Við teljum að það sé ekki tímabært að taka 5 ára börnin inn í grunnskólann meðan aðbúnaði 6 ára barna og reyndar annarra aldurshópa er enn svo ábótavant sem raun ber vitni. Menntun grunnskólakennara hefur ekki verið miðuð við að kenna 5 ára börnum en menntun fóstra miðar hins vegar að því að sinna þessum aldurshópi, enda fær hann nú mun betri umönnun og þjónustu á dagvistarheimilum en í skólum. Okkur þykir því ekki réttlætanlegt að bjóða 5 ára börnum lakari aðbúnað og þjónustu en þeim býðst nú þegar á dagvistarheimilum. Er þá höfð í huga tímalengd dvalar á hverjum degi, fjöldi barna í umsjá hvers fullorðins og mikil útivinna foreldra sem þurfa á öruggri gæslu barna að halda. Enn fremur má búast við því að mikil eftirspurn yrði á þéttbýlissvæðum eftir skólarými fyrir 5 ára börn, meiri en í dreifbýli. Slíkt gæti aukið enn frekar á þann aðstöðumun sem þegar er of mikill milli dreifbýlis og þéttbýlis.

Flestum nágrannaþjóðum okkar hefur tekist að samræma vinnudag barna og foreldra að verulegu leyti. Á Norðurlöndunum, í flestum öðrum Evrópulöndum og í Bandaríkjunum fara börn jafnan til skóla á morgnana kl. 8 eða 9 og dveljast þar til kl. 2 eða 4 síðdegis. Það er venja að börnin geti matast í skólanum, annaðhvort með því að kaupa þar heita máltíð, brauð eða annað létt fæði eða neyta þar nestis að heiman. Stundum gefst yngri börnum þess kostur að fara heim í hádeginu til fullorðinna til að borða ef aðstæður leyfa. Algengt er að skólinn beri ábyrgð á börnunum meðan þau dveljast þar og er nemendum ekki ætlað að fara út af lóð skólans meðan á skólatíma stendur. Þessu banni er yfirleitt framfylgt og það virt. Yngri börnin eru gjarnan eitthvað skemur í skólanum en þau eldri og er vinnudegi þeirra jafnan lokið er heim kemur, en þau eldri þurfa fremur að sinna einhverju heimanámi. Þessi háttur hefur verið hafður á um margra ára eða áratuga skeið meðal nágrannaþjóða okkar óháð því hvort fjarvistir beggja foreldra frá heimili, eins og hér er oft raunin, eða aðrar félagslegar aðstæður krefðust þess. Það er því verulegt umhugsunarefni hvers vegna þetta fyrirkomulag hefur ekki verið tekið upp hérlendis, einkum þegar litið er til þeirra félagslegu aðstæðna sem ég hef nú þegar lýst og varða hag barna.

Í 2. gr. frv. leggjum við til að breyting verði gerð á

2. mgr. 23. gr. laganna sem orðist svo, með leyfi forseta:

„Í hverju skólahverfi skal vera skólahúsnæði sem fullnægir þörfum grunnskóla við þær aðstæður sem þar eru. Við gerð eða breytingar skólamannvirkja skal m.a. tekið tillit til hvort nemendur ganga til skóla, er ekið þangað daglega, búa þar í heimavist eða um blandað fyrirkomulag er að ræða. Menntamálaráðuneytið ákveður að fenginni umsögn hlutaðeigandi fræðsluráðs, skólanefndar og sveitarstjórna hvaða gerð skólamannvirkja skuli reisa á hverjum stað. Stærð skólahúsnæðis grunnskóla fyrir nemendur í 1.–10. bekk skal miða við að fjöldi nemenda í skólanum fari ekki yfir 400, né fjöldi nemenda í skólum fyrir nemendur í 1.–7. bekk yfir 300 nemendur."

Okkur fannst ástæða til þess að taka skýrt fram í lögunum um gerð eða breytingar skólamannvirkja hver æskileg stærð skólahúsnæðisins eigi að vera. Eins og þegar hefur komið fram í máli mínu, þá eru kennarar og skólamenn almennt þeirrar skoðunar að heppilegra sé að hafa grunnskóla smáa og fámenna en stóra og fjölmenna og á það ekki síst við um skóla fyrir yngri börnin. Smærri skólar hafa reynst bæði nemendum og kennurum manneskjulegri og betri vinnustaðir. Það er auðveldara að skapa þar heimilislegar aðstæður og það má mæta ýmsum tæknilegum ókostum smærri skóla með aukinni samvinnu og samstarfi skóla og kennslumiðstöðvar og skóla innbyrðis.

Ég vil vekja athygli á því að einelti er mikið vandamál þar sem það kemur upp í skólum og fer tíðni þess jafnvel fremur vaxandi en minnkandi. Það getur verið mjög erfitt að eiga við og erfitt að taka eftir því en það er mun auðveldara að fást við slíkt vandamál í smærri skólum og þar kemur það reyndar miklu síður upp.

Auðvitað gæti fylgt þessu fyrirkomulagi meiri kostnaður því hver lítill skóli þarf á svipuðum náms- og kennslugögnum að halda sem gætu e.t.v. samnýst betur í stærri skóla. En þetta mundi kannski fremur hvetja til aukinnar samvinnu milli skóla þannig að hægt væri að nýta tæki og ýmis gögn milli skóla á sama svæði.

Í áætlun þessari er miðað við svokallaðan tveggja hliðstæðna skóla, þ.e. þar sem tvær bekkjardeildir eru í hverjum árgangi. Lagt er til grundvallar að meðaltal nemenda í bekkjardeild sem frv. gerir ráð fyrir eru 14 börn í 1. og 2. bekk og 18 börn í 3.–10. bekk. Í slíkum skóla yrðu því 344 börn.

Í 3. gr. frv. er lögð til breyting á 1. mgr. 25. gr. laganna sem orðist svo, með leyfi forseta:

„Í skólahúsi skal auk kennslurýmis gera ráð fyrir aðstöðu fyrir nemendur milli kennslustunda, aðstöðu til að neyta málsverðar og njóta hvíldar, snyrtiherbergjum, skrifstofu- og vinnuherbergjum skólastjóra og kennara, safni bóka og annarra námsgagna, aðstöðu til heilsugæslu, íþróttaiðkana, almennrar félagsstarfsemi í þágu nemenda og annars þess er lög þessi gera ráð fyrir. Ef henta þykir má ætla aðstöðu til íþrótta og verklegrar kennslu í öðru húsnæði."

Okkur þótti rétt að taka einnig mjög skýrt fram í meginskilgreiningu á skólahúsnæðinu að þar eigi nemendur að geta neytt málsverðar og hvíldar, að á því léki enginn vafi. Það er reyndar tiltekið síðar í þessari lagagrein en einungis þar sem talað er um breytingar á skólahúsnæði eða byggingu nýs skólahúsnæðis. Einnig fannst okkur nauðsynlegt að fram kæmi að það þyrfti aðstöðu til hvíldar og þar vorum við fyrst og fremst með yngstu börnin í huga þar sem kennslutími þeirra verður lengdur samkvæmt þessu frv. Það er auðvitað ekki alls staðar nauðsynlegt að hafa sérstakt húsnæði sem eingöngu er notað til að neyta nestis eða málsverðar eða þá til hvíldar. Auðvitað má víða gjarnan nota sali sem einnig þjóna öðrum tilgangi. En fyrst og fremst þarf að skipuleggja starfið og gera ráð fyrir því jafnframt að hægt sé að matast eða hvílast eftir aðstæðum. Ég vek athygli á því að í þeirri áætlun frá Fossvogsskóla, sem ég vitnaði til áður, er gert ráð fyrir að börnin hafi með sér heimanfengið nesti, en geti að einhverju leyti keypt það einnig í skólanum, en að þau neyti nestisins í skólastofunni sjálfri. Það er því ekki alltaf að um er að ræða þörf fyrir aukið húsnæði eða auknar byggingar, heldur fyrst og fremst skipulagningu og vilja til að taka inn nýja starfsemi.

Næst vík ég að 4. gr. Þar leggjum við til breytingar á 1.–4. mgr. 34. gr. sem orðist svo, með leyfi forseta:

„Ráðuneytið ræður, setur eða skipar skólabryta til forstöðu mötuneytis í heimavistarskólum og öðrum grunnskólum, sem starfrækja mötuneyti, samkvæmt tillögum skólastjóra og skólanefndar.

Heimilt er skólanefnd að setja skilyrði um menntun eða starfsþjálfun skólabryta.

Skólabrytar og annað starfsfólk við framreiðslu eða umsjón skólamáltíða eru ríkisstarfsmenn.

Skólastjóri ræður með samþykki skólanefndar stunda- og forfallakennara við skóla með nemendum færri en 30 og starfsfólk með uppeldisfræðimenntun til að annast nemendur í grunnskólum fyrir eða eftir eiginlegan skólatíma, svo og starfsfólk til aðstoðar í mötuneytum."

Það er líklegt að skólar velji að bjóða nemendum ýmist upp á heitar máltíðir, léttar kaldar máltíðir eða þá að nemendur neyti nestis að heiman í skólanum, allt eftir vali hverju sinni. Það er einnig nauðsynlegt að kveða skýrt á um ráðningar og stöðu þess starfsfólks sem ætlað er að sjá um mötuneyti eða framleiðslu og umsjón skólamáltíða og jafnframt þarf einnig að kveða skýrt á um ráðningar þeirra sem sinna börnum utan kennslustunda. Því eru þessar breytingar gerðar.

Síðan er það 5. gr. frv. sem er breyting á 44. gr. laganna sem varðar lengd kennslutíma og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við ákvörðun daglegs og vikulegs starfstíma nemenda í grunnskóla skal þess gætt að hann fari í heild (kennslutími, stundahlé og sjálfsnám utan kennslustunda) ekki fram yfir hæfilegt vinnuálag

miðað við aldur nemenda og þroska.

Vikulegur kennslutími á hvern nemanda í grunnskóla skal vera sem næst þessi:

Í 1. bekk, 6 ára börn, 1200 mínútur eða 30 stundir. Í 2. bekk fyrir 7 ára börnin sama kennslumagn. Í 3. og 4. bekk, 8 og 9 ára börnin, 1280 mínútur eða 32 stundir. Fyrir 5. og 6. bekk, 10 og 11 ára börn, 1400 mínútur eða 35 stundir. 7. bekkur, 12 ára börn, 1440 mínútur eða 36 stundir."

Við höfum engar breytingar gert á grunnskólalögunum í þessu frv. hvað varðar kennslu 13, 14 og 15 ára barna en þeim er ætlaður kennslutími sem svarar 1440–1480 mínútum eða 36–37 stundum. Reynslan er þó að vísu önnur samkvæmt reglugerðinni að ég hygg því kennslutíminn er styttri en ákvæðin í lögunum segja til um.

„Í 1.–6. bekk er skólastjóra í samráði við kennararáð eða kennarafund og með samþykki fræðslustjóra heimilt að lengja eða stytta vikulegan kennslutíma nemenda um allt að 40 mínútur frá framangreindum ákvæðum. Skal þá hvors tveggja gætt að heildartímafjöldi nemenda skólans það skólaár fari sem minnst fram yfir ákvæðin og að samanlagður kennslutímafjöldi nemenda á skólaferli þeirra á umræddu skólastigi verði sem næst ákvæðunum.

Um lengd kennslustunda fer eftir ákvörðun skólastjóra í samráði við kennararáð eða kennarafund. Eigi má þó samfelld kennslustund vera lengri en 80 mínútur og eigi að jafnaði skemmri en 20 mínútur. Meðallengd kennslustunda í grunnskóla telst vera 40 mínútur.

Stundahlé í grunnskóla skulu að jafnaði vera 15 mínútur á móti hverjum 100 mínútum sem kenndar eru.

Daglegur kennslutími nemenda skal vera samfelldur með eðlilegum stundahléum og matartímum.

Nemendur skulu eiga þess kost að dveljast í umsjá kennara eða annarra með uppeldisfræðimenntun í skólanum utan kennslustunda, þ.e. frá kl. 8–9 að morgni, í hádegi og kl. 15–17 síðdegis."

Lenging kennslutímans er af ásettu ráði ráðgerð í áföngum til að leyfa aðlögun að þeim breyttu kröfum sem slíkt hefur í för með sér. Er þeim áföngum nánar lýst í bráðabirgðaákvæðinu. Það kann að vera að ýmsum þyki of hratt í sakirnar farið og kannski þurfi að hægja eitthvað á ferðinni. En við ákváðum við endurflutning frv. að lægja ekki metnað okkar fyrir hönd barna, frekar en við frumflutning þess, svo lengi sem þau hafa beðið, og þess vegna settum við þetta fram á þann hátt sem við gerum. Hins vegar krefst þessi lenging, sem hér er ráðgerð, þess í raun og veru að skólarnir verði einsetnir heilsdagsskólar og víða þarf að bæta við einhverju kennslurými til þess að svo geti orðið, jafnframt að öll börn eigi kost á því að matast í skólanum. Við gerum ráð fyrir styttri kennslutíma fyrir yngri börnin en þau eldri, en í kennslutíma eru að sjálfsögðu meðtaldar allar kennslugreinar, þar á meðal list- og verkmennt og líkamsrækt. Einnig má reikna með því að lengri kennslutími dragi mjög úr nauðsyn þess að börn stundi heimanám, einkum yngri börnin, þannig að þegar þau komi heim úr skóla sé vinnudegi þeirra að jafnaði lokið og þá eigi þau í raun og veru frí. Við gerum sem sé ráð fyrir að dagleg skóladvöl grunnskólanemenda verði a.m.k. 6 klst. á dag að meðtöldum eðlilegum stundahléum og matarhléum.

Okkur þykir rétt að taka það fram að ákvarðanir um breytingar á kennslutíma séu teknar af skólastjóra í fullu samráði við kennara skólans þannig að um raunverulega valddreifingu innan skólans sé að ræða. Við miðum sem sagt að því að lengja í áföngum kennslutíma 6–12 ára barna þannig að skólarnir verði að lokum að einsetnum heilsdagsskólum. Við ætlum 6–7 ára börnum að verða samtals 20 klst. í skóla á viku, 8 og 9 ára börnum 21 klst. og 20 mínútur, 10 og 11 ára börnum 23 klst. og 20 mínútur og 12 ára börnum 24 klst. Þetta er í raun á bilinu frá rúmlega 6 klst. samtals upp í 7 klst. á dag þegar gert er ráð fyrir stundahléum og matarhléum. Og eins og ég áður sagði gerum við ráð fyrir því að allar kennslugreinarnar verði kenndar á þessum tíma.

Hvað varðar gæsluna í skólunum utan kennslustundanna, sem okkur þykir mjög nauðsynlegt að gert verði ráð fyrir, ætlumst við til þess að börnin geti þar unnið, leikið sér eða hvílt sig allt eftir þörfum og að í lögunum sé gert ráð fyrir starfsfólki til að annast þetta starf. Fjöldi grunnskólakennara og forsvarsmanna barna sem við höfum rætt við, bæði við undirbúning frv. í byrjun og einnig síðar, lögðu þunga áherslu á mikilvægi þess að fækka nemendum í einstökum bekkjardeildum grunnskólans. Sumir töldu það jafnvel brýnustu einstöku aðgerðina til úrbóta í málefnum skólans. Í því sambandi má vísa í könnun sem gerð var af Þórólfi Þórlindssyni prófessor á vegum menntmrn. þar sem fram kom að samtals 89,22% grunnskólakennara telja að fækka þurfi í bekkjardeildum frá því sem nú er. Það er athyglisvert að í þessari könnun bárust svör frá óvenjulega mörgum grunnskólakennurum eða tæpum 84% aðspurðra.

Flestir þeirra sem við höfum rætt við töldu að við núverandi aðstæður væri erfitt að sinna öllum nemendum í fjölmennum bekkjardeildum með blönduðum bekkjum. Reynslan væri sú að kennslan miðaðist fyrst og fremst við getu meðalnemendanna, en þeir sem þyrftu á sérstakri aðstoð kennarans að halda yrðu einfaldlega út undan. Þeir sem þannig njóta ekki kennslu í samræmi við námshæfileika sína verða út undan og geta misst bæði áhuga og tök á náminu og yfirgefið skólann með skerta sjálfsímynd, en slíkt er auðvitað í fyllsta ósamræmi við markmið og anda grunnskólalaganna og stríðir gegn betri vitund kennara. Það er því tvímælalaust bæði nemendum og kennurum í hag að fækkað sé í bekkjardeildum. Brýnast er það í yngstu bekkjum skólans þegar börnin eru að byrja skólanámið.

Í 6. gr. frv. höfum við lagt til breytingar á 1. mgr. 46. gr. grunnskólalaganna í samræmi við það sem é-

hef þegar minnst á og með leyfi forseta langar mig að lesa upp greinina:

„Eftir að frá hafa verið taldir sérbekkir fyrir nemendur sem ekki stunda nám í almennum bekkjum grunnskóla, sbr. 50. og 51. gr., skal við það miðað að meðaltal nemenda í 1. og 2. bekk, þ.e. 6 og 7 ára barna, hvers grunnskóla fari ekki yfir 14 né nemendafjöldi í einstakri bekkjardeild yfir 16. Á sama hátt skal við það miðað að meðaltal nemenda í 3.–10. bekk fari ekki yfir 18 né nemendafjöldi í einstakri bekkjardeild yfir 20."

Síðan höfum við vegna breytingar á skólaskyldunni í 7. gr. lagt til að 74. gr. laganna falli einfaldlega brott. Það verður þó reyndar ekki fyrr en skólaskylda 6 ára barna verður lögbundin að þessi heimild eða heimildarákvæði falli niður, en það er heimildarákvæði fyrir sveitarfélög að starfrækja forskóla fyrir 5 og 6 ára börn.

Síðasta málsgr. greinarinnar flyst þá reyndar yfir á 75. gr. Þessi ákvörðun er í samræmi við þá stefnu sem hér er mörkuð varðandi þátttöku hins opinbera í uppeldi og menntun 5 og 6 ára barna og ég hef áður rökstutt. Ég vil einungis endurtaka það að 5 ára börn eiga nú völ á mun betri umönnun og þjónustu á dagvistarheimilum en í skólum og þess vegna þykir okkur rétt að vanda fremur til aðbúnaðar þeirra aldurshópa sem þegar eru í grunnskóla en auka við nýjum árgangi og bjóða honum upp á lakari kost en hann á völ á.

Í 8. gr. leggjum við til breytingar á 75. gr. laganna svohljóðandi:

„a. Orðin „eða forskóla, sbr. 74. gr.," í 1. málsl. 1. mgr. falli brott.

b. Á eftir 1. mgr. bætist ný málsgrein er orðist svo:

Óheimilt er einkaaðila að reka skóla fyrir börn undir skólaskyldualdri nema með leyfi fræðslustjóra og að uppfylltum skilyrðum sem menntmrn. setur um starfsáætlun, menntun kennara og annan aðbúnað barnanna."

Þessar breytingar gerum við fyrst og fremst til samræmingar vegna þess sem ætlað er að fella úr 74. gr. og til að tryggja áframhaldandi rekstur gróinnar og vel látinnar stofnunar eins og skóla Ísaks Jónssonar sem við teljum enga ástæðu til þess að hrófla við og hefur fyrir löngu sannað tilverurétt sinn.

Í 9. gr. leggjum við til breytingar á 5. mgr. 76. gr. laganna sem orðist svo:

Til kennslutíma skal hvorki telja kennslustundir utan námsskrár né kennslustundir umfram þann tíma sem ákveðinn er í 44. gr. nema hvað verja má einni stund á viku á hverja 20 nemendur í 1.–10. bekk grunnskóla til reglubundins náms á skólasafni undir leiðsögn kennara.

Þessi grein er fyrst og fremst gerð til þess að tryggja nemendum aðgang að skólasafni og lagt er til að allir nemendur grunnskólans eigi tilskilinn rétt til reglubundins náms á skólasöfnum. Áður var það miðað einungis við 3.–9. bekk. Enn fremur fellum við niður að slíkt þurfi að vera bóknám heldur geti nemendur og kennarar ákvarðað það sjálfir hvernig slíkt nám fer fram. Það þykja eðlilegri vinnuhættir.

10. gr. er einungis til að ákvarða gildistöku laganna. Síðan kemur ákvæði til bráðabirgða, með leyfi forseta:

„Ákvæði 1. gr. um skólaskyldu 6 ára barna komi ekki til framkvæmda fyrr en á skólaárinu 1990–1991 og sömuleiðis ákvæði 7. gr. um niðurfellingu almennrar heimildar um rekstur forskóla. Fram að þeim tíma verður upphaf skólaskyldu við 7 ára aldur.

Ákvæði 5. gr. um vikulegan kennslutíma á hvern nemanda koma ekki til framkvæmda fyrr en á skólaárinu 1991–1992. Fram að þeim tíma gilda ákvæði sem sett eru fyrir skólaárið 1989–1990 og einnig fyrir skólaárið 1990–1991", sem reyndar eru prentuð í bráðabirgðaákvæðinu en ég mun ekki lesa hér en vísa hv. þingdeildarmönnum á.

Nánar er vikið að mikilvægi þess að einsetning í grunnskólum sé í raun eitt af frumskilyrðum þess að samfelldur heilsdagsskóli komist á í raun og veru og er þá vitnað í niðurstöður vinnuhóps sem starfaði undir forustu hv. 6. þm. Reykn. Salome Þorkelsdóttur og einnig í svar við fsp. hv. varaþm. Unnar Stefánsdóttur.

En öllum þessum ráðstöfunum og einsetningunni fylgir vitanlega aukinn kostnaður, a.m.k. til að byrja með, og er nauðsynlegt að reyna að gera sér eins glögga grein fyrir honum og unnt er þó að hann geti vitanlega aldrei orðið hindrun í framkvæmd jafnmikils grundvallaratriðis og þessi breyting á skólamálum er og varðar í raun menntastefnu þjóðarinnar. Hins ber þó að gæta að þarna er fyrst og fremst um byrjunarkostnað að ræða þó einhver aukinn rekstrarkostnaður fylgi og bættur aðbúnaður barna í skólum er góð fjárfesting er til framtíðar er litið. Það mun skila sér í betri menntun og betri andlegri og líkamlegri heilsu þeirra sem byggja landið.

Jón Torfi Jónasson, dósent í félagsvísindadeild Háskólans, hefur að undanförnu unnið að því og reyndar nýlokið við að kanna og áætla þann kostnað sem yrði samfara því að koma á einsetningu í grunnskólum. Þetta hefur verið hluti af vinnu hans sem nú er lokið og framkvæmd var fyrir tilstuðlan skólamálahóps framtíðarspárnefndar forsrh. Greinargerð sem er hluti af þessum niðurstöðum hans er raunar birt sem viðauki við frv. með góðfúslegu leyfi höfundar og ég vísa hv. þm. á þann viðauka til frekari upplýsinga.

Sú áætlun sem Jón Torfi gerði fyrir okkur þar sem hann sundurliðaði þann kostnað sem þetta frv. gæti haft í för með sér er í raun mjög gróf leg áætlun, en þar gekk hann út frá svipuðum forsendum og koma fram í þeim viðauka sem ég vísaði til áðan. Þó ber að undirstrika að áætlunina má alls ekki túlka of nákvæmlega. Það er ekki síst vegna þess að mjög margir kostnaðarliðir, sem hljóta að fylgja þessu dæmi, eru óvissir og byggjast á viðmiðunum eða forsendum sem eru álitamál eða mikið matsatriði. Þó að þessi kostnaðaráætlun hafi verið leiðrétt og

færð til núgildandi verðlags, telur höfundur hennar að hún sé í raun mjög ríflega reiknuð. Ég vísa til þess frv., sem liggur fyrir Nd., sem hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir, Birgir Ísl. Gunnarsson og Þorsteinn Pálsson flytja. Þar er vísað til skýrslu fjölskyldunefndarinnar sem ég gat um áðan og er kostnaðaráætlun hennar mun lægri í raun og þar miðað við aðrar forsendur.

En ég vil í örstuttu máli draga niðurstöður af þeim kostnaði sem hann áætlar. Á þessum þremur árum er um að ræða vegna einsetningarinnar um 540 millj. kr. en vegna stofnkostnaðar, og þá er áætlaður kostnaður fyrir kennslustofur fyrst og fremst, 975 millj. kr., þ.e. 1½ milljarður samtals. Hins vegar er mun dýrara að taka á fækkun nemenda í bekkjum. Þar er um að ræða rekstrarkostnað upp á 900 millj. kr. og stofnkostnað upp á rúmlega 2½ milljarð sem í heildina gerir 3½ milljarð. En ég vísa aftur til þess að þetta eru mjög ríflegar kostnaðartölur.

Annað sem ég hef ekki minnst á en rennir stoðum undir það mál sem ég flyt hér er ekki síður mikilsvert og það eru slys á börnum og mataræði þeirra, en þetta eru mikilvægir þættir þegar við hyggjum að almennum aðbúnaði barna og nauðsyn þess að sinna þeim, bæði í skóla og utan, heima og heiman. Það skortir mikið á að nógu vel sé almennt hugað að frumþörfum vaxandi barna eins og t.d. næringarþörf og er undir hælinn lagt hvernig börnin bera sig að því að sinna henni í fjarveru foreldra, en almennt er engin eða lítil aðstaða til þess í skólunum.

Mikið áhyggjuefni eru einnig tíð slys á börnum. Á Íslandi er lægstur ungbarnadauði í heiminum. Hins vegar er börnum hérlendis búin meiri slysahætta en börnum í nágrannalöndum okkar, bæði í umferðinni og reyndar líka í heimahúsum. Ástæða er til að ætla að skortur á umsjá fullorðinna og sundurslitin stundaskrá valdi þar mestu. Vinnudagur foreldra og barna hérlendis er ekki samræmdur. Stundaskrá og kennslutímar grunnskólabarna eru allt of oft ósamfelld og útheimta margar ferðir þeirra á degi hverjum til og frá skóla og börn hafa yfirleitt hvorki tök á því að fá mat í skólanum né hafa þau almennt aðstöðu til að matast þar. Það er reyndar ótrúlegt skeytingarleysi um tíma og virðingarleysi gagnvart velferð barna að bjóða þeim upp á þann vinnudag í skóla sem við höfum látið viðgangast, fullorðna fólkið í samfélaginu. Við mundum tæplega bjóða öðru fullorðnu fólki upp á slíkt, enda njóta flestir fullorðnir þess að hafa mötuneyti eða aðstöðu til að neyta nestis á vinnustað og finnst það reyndar sjálfsagt. Það er alveg dæmalaust metnaðarleysi foreldra að hafa í raun látið þetta viðgangast svo lengi og ekki myndað virkari þrýstihóp á framkvæmdaraðila í þjóðfélaginu til að knýja á um bætta stöðu barna í skólunum.

Í raun hljóta allir að vera sammála um að það sé sjálfsagt réttlætismál barna að þeim sé tryggður samfelldur vinnudagur, holl og góð næring og öryggi gagnvart slysum. Við teljum að skref sé stigið í rétta átt með þeim breytingum á grunnskólalögunum sem hér eru lagðar til. Að sjálfsögðu hefði mátt gera ýmsar fleiri breytingar, en hér hefur þó aðeins verið tekið á því sem brýnast þótti og þess má reyndar geta að fyrir deildinni liggur einmitt frv. til l. um breytingar á grunnskólalögunum sem er flutt af hv. 6. þm. Reykn. ásamt öðrum og varðar þá breytingu að komið sé á skólaráði við hvern skóla. Síðan liggur einnig annað frv. fyrir deildinni, sem varðar breytingar á grunnskólanum og ég hélt að ég hefði haft með mér upp í pontuna, en það varðar fyrst og fremst skiptingu þéttbýlissvæða niður í fleiri skólahverfi þar sem skólanefndir eru til ráðgjafar og stuðnings fyrir skólayfirvöld, en að því frv. standa flm. úr flestum flokkum.

Það frv. sem ég hef mælt fyrir nú er unnið fyrst og fremst í samráði við konur innan Kvennalistans og þá einkum þær sem höfðu mikla reynslu af skólamálum. Ég vil þá sérstaklega geta Elínar G. Ólafsdóttur kennara sem hefur um langt skeið unnið að skipulagi mála barna á forskólaaldri og verið mjög virk í mótunarstarfi í skólamálum. Einnig vil ég geta Guðnýjar Guðbjörnsdóttur lektors sem hefur stundað uppeldisfræðilegar rannsóknir á högum skólabarna, en ýmsar aðrar konur lögðu þarna hönd að verki. Það kom fram í máli núv. hæstv. menntmrh. að hann tók eftir því hvernig þetta frv. var unnið þegar ég mælti fyrir því á síðasta þingi, þ.e. að það væri unnið af konum. Hins vegar taldi hann nauðsynlegt að í máli af þessu tagi, sem snerti alla foreldra og öll börn, kæmu karlar einnig við sögu. Hann taldi að þeir ættu rétt á því ekki síður en aðrir. Ég vil þá geta þess, að Jón Torfi Jónasson veitti góðfúslega leyfi til að birta hluta af vinnu sinni fyrir framtíðarspárnefndina og samdi einnig kostnaðaráætlun fyrir þetta frv. Síðan vil ég beina þeim orðum til hæstv. núv. menntmrh., sem einmitt er karl, að þarna býðst honum mjög gott tækifæri til að láta til sín taka sem foreldri og sem menntmrh. til þess að vinna að þessu mikilsverða máli.

Við teljum sem sé, flm., að ekki verði lengur beðið eftir því að koma betri skipan á málefni grunnskólans. Til þess þarf auðvitað átak stjórnvalda og samvinnu allra þeirra sem telja sig ábyrga fyrir farsælli framtíð barna og það hljótum við öll að telja okkur á þessu þingi. Kjörorð þessa átaks gætu reyndar verið: Öll börn eru á ábyrgð okkar allra.

Ég hef nú lokið máli mínu, herra forseti, og vonast til þess að máli þessu verði vísað til hv. menntmn. deildarinnar og 2. umr. að lokinni þessari umræðu.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. flm. þessa frv. fyrir frv. og endurflutning þess og þá miklu vinnu sem í það hefur verið lögð af konum og fleirum. Það er gagnlegt að fá enn á ný umræðu um skólamál í hv. Ed., en frv. var, eins og fram kom í framsöguræðu hv. 6. þm. Reykv., flutt hér í fyrra líka.

Þá liggur einnig fyrir, eins og hv. þm. gat um, frv.

til l. um breytingu á grunnskólalögum sem hv. 6. þm. Reykn. er 1. flm. að og sömuleiðis liggur hér fyrir frv. með flm. úr mörgum flokkum stjórnar- og stjórnarandstöðuflokka, frv. til l. um breytingu á grunnskólalögum sem snertir skiptingu í skólahverfi og yfirstjórn fræðsluumdæma. Þetta er auðvitað eins og það á að vera. Það eiga að koma fram mörg mál sem snerta skólann, skólamál, og þau eiga að koma úr öllum áttum. Þau eiga að koma frá stjórnarflokkum, ríkisstjórn og stjórnarandstöðu vegna þess að hér er um að ræða málaflokk sem á að vera sem víðtækust samstaða um.

Sem betur fer gefst okkur kostur á því að ræða þessi mál enn frekar, ekki aðeins í þessari umræðu heldur einnig síðar, því að fyrir þinginu liggur beiðni um skýrslu frá hv. þm. Kvennalistans um stöðu verk- og listmenntagreina í skólum. Sú skýrsla er mjög viðamikil og verður því miður ekki tilbúin fyrr en undir jól eða um jól þannig að það gefst sennilega ekki kostur á því að ræða hana fyrr en í janúar eða febrúar hvernig sem það æxlast. Síðan er gert ráð fyrir því að það verði hér gefin skýrsla af menntmrh. um vinnuna að aðalnámsskrá grunnskólans. Sú skýrsla er einnig í vinnslu og samkvæmt þeim vinnuáætlunum sem við höfum sett okkur verður hún tilbúin í kringum 20. janúar og þá gefst einnig kostur á því að ræða um málefni grunnskólans hér á hv. Alþingi.

Það er mjög mikilsvert að fá þannig tækifæri til þess að fjalla rækilega um skólamál, ekki síst á þeim tímum sem við lifum nú þar sem menn eru af eðlilegum ástæðum uppteknari oft af ýmsum öðrum þáttum í þjóðlífinu eins og t.d. efnahags- og atvinnumálum, og er ekki að undra, en á þeim tímum er ekki síður mikilvægt að huga að þessum greinum sem eru líka undirstaða þegar allt er skoðað, undirstaða þess að við erum Íslendingar og viljum eiga íslenska menningu og undirstaða þess að við búum í velferðarþjóðfélagi og viljum búa vel að börnunum okkar. Þess vegna er þetta þarfleg umræða, ekki síst á tímum eins og við lifum nú.

Ég ætla að fara í fyrsta lagi yfir almenn efnisatriði eða svör við þeim ábendingum sem fram komu hjá hv. þm. Síðan ætla ég að víkja að almennri skólastefnu, skólaþróun, stjórn skólans. Í þriðja lagi ætla ég að fara yfir einstaka þætti frv. og loks í einstakar greinar þess frv. sem hér liggur fyrir.

Það er þá fyrst það að hv. 6. þm. Reykv. spurði hvort einhver vinna væri í gangi vegna skýrslu OECD. Eins og hv. þm. gat um voru fyrr á þessu ári og í lok síðasta árs, hygg ég, haldnar ráðstefnur um ákveðna þætti þessarar skýrslu og það er í gangi vinna í framhaldi af þessum ráðstefnum í menntmrn., kannski ekki allt of markviss satt best að segja. Það er t.d. eftir að fjalla um einn þátt skýrslunnar á ráðstefnu sem ætlunin er að halda og fjallar um háskólastigið sérstaklega. Það er ætlunin að halda þá ráðstefnu. Hvenær hún verður veit ég ekki, en það er meiningin að hún verði á fyrra hluta næsta árs.

Hv. þm. hugleiddi dálítið í sinni ræðu hvernig á því stendur að við Íslendingar erum ekki hér með samfelldan skóladag eins og tíðkast með öðrum menningarþjóðum. Ég hygg að svarið liggi í augum uppi þegar við hugleiðum það nánar. Okkar þjóðfélag hefur þróast mjög hratt. Það hafa verið mjög miklar sviptingar í íbúasamsetningu í landinu. T.d. hefur það gerst á undanförnum örfáum árum að það hefur fjölgað um 12.000–14.000 manns í Reykjavík einni þannig að veruleikinn hefur kollvarpað öllum áætlunum sem voru gerðar fyrir fáeinum árum um þróun grunnskólans á Íslandi í raun og veru. Það eru komin ný mál á dagskrá vegna þess hvernig íbúasamsetningin hefur breyst. Þessar sveiflur hafa gert að verkum að það hefur verið erfitt að taka á ytri þróunarskilyrðum skólastarfsins í landinu. Það hefur verið áhugi á því hygg ég víðast hvar, en veruleikinn hefur verið sá sem t.d. birtist okkur í Reykjavík í þeirri staðreynd að við erum með yfirfulla skóla, mjög þröngt skipaða og illa, t.d. bæði Seljaskóla og Foldaskóla, í þeim hverfum sem nýjast hafa byggst, m.a. af því fólki sem hefur brugðið á það ráð að fara hingað til Reykjavíkur vegna bágborins atvinnuástands í dreifbýlinu.

Það er rétt sem hv. þm. sagði, þegar hún var að rökstyðja fjárútlátin sem frv. hefur í för með sér, að börnin hafa beðið lengi. Það er skynsamlegt af hv. þm. Kvennalistans að setja á blað ýtrustu hugmyndir sínar um þróun þátta skólastarfsins. Það er engu að síður nauðsynlegt fyrir þingheim allan að gera sér sem gleggsta grein fyrir því hvað hlutirnir kosta og þó að það sé alveg rétt að börnin eigi rétt á þessu má segja það um fleiri sem eru að leggja áherslu á þjónustu og fjárframlög úr ríkissjóði. Rétturinn er oft og tíðum mjög ótvíræður og það er mjög erfitt að standa gegn þeim rétti. Það vill enginn maður vera í þeirri stöðu. Og það er engin spurning um að hér hefur oft og tíðum verið sparað úr hófi fram, en það er engu að síður ljóst að við þurfum að gera okkur grein fyrir því að hér er um að ræða geysilega stórar tölur. Ársútgjöld, ef það yrði framkvæmt til fulls sem hér er á blöðum frv. Kvennalistans, eru sennilega í kringum 2000 millj. kr. í rekstri þegar allt væri komið til framkvæmda með þeim hætti sem hér er ýtrast gert ráð fyrir. Það er auðvitað fróðlegt að íhuga það á sama tíma og við stöndum í því að koma saman fjárlögum, en það breytir ekki því að við eigum að fara yfir málið og kanna hvaða leiðir eru færar til að ná okkar markmiðum í þessu efni. Við eigum hvergi að hlífast við þar og við eigum að ganga mjög langt í því að gera kröfur fyrir börnin og uppvaxandi kynslóð í landinu. Við verðum engu að síður að gera okkur sem gleggsta grein fyrir því hvað hlutirnir kosta þó að það sé oft erfitt að horfast í augu við það, sérstaklega þegar maður finnur að maður hefur ekki fjármuni til að greiða peningana.

Varðandi skýrslu Jóns Torfa Jónassonar, sem hv. þm. gat um, þá er það greinargóð skýrsla sem nýlega hefur borist menntmrn. og verður gefin út fljótlega þar sem farið er yfir hugsanlega þróun skólastarfs

hér á komandi árum eða fram til 2010. Það er kannski fróðlegt fyrir hv. þm. að átta sig á því að langmesta aukningin að hans mati til ársins 2010 verður ekki á þeim hefðbundnu skólastigum sem við erum oft að tala um heldur í endurmenntuninni. Það er gert ráð fyrir því að þar verði um að ræða margföldun og aftur margföldun á þeim árum sem skýrsla hans nær yfir.

Að undanförnu hefur verið víðar en hér talsverð umræða um skólamál og í stjórnarsáttmála núv. ríkisstjórnar er komið inn á þætti skólamála. Ég ætla að víkja að nokkrum atriðum sem hefur verið fjallað um að undanförnu á vettvangi menntmrn.

Í fyrsta lagi ætla ég að víkja að forskólastiginu. Það er ætlun okkar á næstunni að setja af stað vinnu, reyndar er vinnan hafin, en að setja af stað vinnuhóp við að undirbúa löggjöf um forskólastigið. Við göngum m.ö.o. út frá því að þessi þáttur í okkar þjóðfélagi verði hluti af uppeldis- og menntakerfi landsins og að í störfum þess vinnuhóps sem með þetta mál fer þegar þar að kemur verði fjallað bæði um inntak starfs á forskólastiginu og einnig um þróunarverkefni þess á komandi árum. Þarna stöndum við frammi fyrir því eins og miklu víðar að það er búin að vera í gangi í þjóðfélaginu nokkuð lengi umræða sem ber yfirskriftina „verkaskipting ríkis og sveitarfélaga" og ég gæti sagt ýmislegt um, sérstaklega af því að ég er orðinn svo leiður á henni. Þar er m.a. gert ráð fyrir því í þeirri umræðu að dagvistarstofnanir flytjist alfarið yfir á sveitarfélögin. Það hefur verið meginstefnan varðandi verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga að því er varðar forskóla eða að því er varðar dagvistarstofnanir. Þetta er mál sem verður að skoða sérstaklega í tengslum við löggjöf um forskólastigið. Mín skoðun er sú að í framtíðinni eigi að miða við að forskólastigið hafi svipaða stöðu í samfélaginu og grunnskólastigið gerir, það hljóti að vera það markmið sem miðað er við, bæði að því er varðar stofnkostnað og rekstrarkostnað. Það tekur að sjálfsögðu tíma að ná því markmiði eins og öllum þeim áherslum sem við höfum um endurbætur á skólastarfinu, en þetta tel ég að eigi að miða við sem markmið varðandi þróun forskólastigsins.

Varðandi grunnskólann höfum við verið með það á döfinni að flutt verði í vetur frv. um minni háttar lagfæringar á grunnskólalögunum jafnframt því sem við hyggjumst setja af stað heildarendurskoðun á grunnskólalögunum. Ég tel að það sé ekkert á móti því að við könnum eins og kostur er hvort hægt er að ná saman einhverjum þeim sjónarmiðum sem uppi eru í frv. hv. stjórnarandstæðinga og þeim frv. sem fram kunna að koma frá ríkisstjórninni í þessum efnum. Þau atriði sem við ætlum okkur að setja fram varðandi grunnskólann sérstaklega í stjfrv. eru annars vegar snertandi 6 ára börnin og hins vegar atriði sem snerta stöðu fræðsluumdæmanna og sjálfstæði þeirra. Í þessu efni er rétt að hafa í huga að þarna munu ítarlegar lagabreytingar, tillögur, koma inn í þingið fljótlega sem hluti af verkaskiptingarmálum ríkis og sveitarfélaga þar sem gert er ráð fyrir grundvallarbreytingum á öllum kostnaðarþáttum grunnskólans eða flestöllum frá því sem nú er. M.a. er gert ráð fyrir því í þeim hugmyndum sem uppi eru og hafa verið lengi að stofnkostnaður grunnskóla verði að verulegu leyti, ekki öllu, kostaður af sveitarfélögunum og það er einnig gert ráð fyrir því að vissir þættir rekstrarkostnaðar, sem ríkið hefur tekið þátt í með sveitarfélögunum, flytjist yfir á sveitarfélögin alfarið. Þetta er auðvitað mál sem er grunnskóli líka og verður hér á dagskrá örugglega eftir ekki langan tíma þegar búið er að fjalla um það með venjubundnum hætti í stjórnarflokkunum og í þeirri nefnd sem með málið hefur farið og í viðræðum við samtök sveitarfélaga.

Þriðji þátturinn, sem ég ætlaði að koma hér að, sem við höfum fjallað um í menntmrn., er framhaldsskólinn sjálfur. Þar gerum við ráð fyrir því, vegna þess að breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga verður örugglega frestað og kemur ekki til framkvæmda um næstu áramót, að fresta fjármálakafla framhaldsskólalaganna og jafnframt höfum við í undirbúningi reglugerðir á grundvelli framhaldsskólalaganna að öðru leyti, reglugerðardrög sem verða tilbúin um næstu áramót, þar sem tekið er á hinum einstöku þáttum, bæði í kostnaði og kennslu á vegum framhaldsskóla, sérkennslu þar á meðal.

Af því ég nefni sérkennsluna er rétt að skýra frá því að næstu daga mun nefnd sem fjallað hefur um breytingu á sérkennslureglugerðinni skila tillögum til menntmrh., sennilega seinna í þessari viku.

Þegar við erum að fjalla um skólamál er oft og tíðum lögð á það áhersla að taka á skólanum einum en ekki öðrum þáttum í kringum skólann. Þetta vil ég sérstaklega nefna í sambandi við framhaldsskóla. Það er eins og menn gleymi því að þriðji til fjórði hver unglingur fer ekki í framhaldsskóla og það er kannski það fólk sem er brýnast að opna skólakerfið fyrir, koma í veg fyrir að þetta fólk verði svo að segja innlyksa í láglaunastörfum úti um allt þjóðfélagið. Ég held að það sé vissulega rétt að menntmrh. hafi áhyggjur af skólakerfinu á sinni tíð, en ætli það sé ekki alveg eins nauðsynlegt að við sem hér erum öll hugsum aðeins um þetta fólk, vegna þess að skólakerfið eins og það er býður þetta fólk ekki velkomið aftur til sín. Þetta fólk er feimið við að fara aftur í skóla, hefur ekki fjárhagslegar aðstæður til þess, og það eru ekki sérstakar brautir eða möguleikar opnir fyrir þetta fólk í skólakerfinu í landinu. Það er í raun og veru mjög alvarlegt umhugsunarefni hvernig við getum búið til hér skemmri námsbrautir og mikið úrval námsbrauta af ýmsu tagi í þjóðfélaginu sem eru opnaðar fyrir þessu fólki, námsbrautir sem m.a. hefjast á því að starfsreynsla þessa fólks úti í þjóðfélaginu áður er metin einhvers í skólunum þannig að ekki sé talið einskis virði í skólum í landinu allt það sem unnið er úti í þjóðfélaginu á hinum almennu vinnustöðum.

Ég vil einnig í þessu sambandi, herra forseti, rétt tæpa á þeim þáttum sem lúta að háskólastiginu og

endurmenntunarmálunum. Ég tel reyndar að endurmenntunarmálin séu ein allra stærstu málin í þessu efni og þau tengjast því sem ég var að segja í sambandi við unglinga sem detta út úr framhaldsskólanum. Það vill svo til að það er í gangi endurmenntun víða á vegum margra ráðuneyta, á vegum samtaka, einstaklinga og fyrirtækja. Hins vegar er ekki til eins og er yfirlit yfir það námsframboð sem kostur er á í endurmenntun hér á landi og ekki skipulagt kerfi t.d. af því tagi að það opni launafólki aðgang að endurmenntun á launum meðan það stundar tiltekin endurmenntunarnámskeið, en kerfi af því tagi hafa verið til á Norðurlöndum um langt skeið og við höfum flutt á Alþingi, einhver okkar, t.d. hef ég flutt nokkrar tillögur um það á undanförnum árum að þetta fólk fái rétt til launa í námsleyfum sem ég held að sé mikilvægur lykill að því sem er grundvallaratriði, sem ég kem þá að næst, í skólamálastefnunni, þ.e. jafnrétti til að nota tækifærin sem skólinn skapar. Það er meginatriðið. Það sem við leggjum höfuðáherslu á er þetta jafnrétti annars vegar og hins vegar valddreifing, að dreifa sem mestu valdi frá ráðuneytinu út til fræðsluumdæmanna, út til skólanna, til fagfólksins sem um þessi mál á að fjalla, foreldra og kennara og skólastjórnenda.

Hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir gat um þær miklu breytingar sem hafa orðið á íslenska þjóðfélaginu á undanförnum árum og hefði reyndar mikið frekar átt að segja áratugum. Það er orðin í sögu lýðveldisins feikileg breyting. Fjölmiðlunin annast stærri og stærri hluta uppeldisins. Heimilin eru mikið veikari sem uppeldisaðilar en þau voru áður af margvíslegum ástæðum. Vinnuþrældómurinn er hér gífurlegur. Fólk liggur undir miklu vinnufargi og börnin verja álíka löngum tíma við fjölmiðlun, jafnvel á erlendum tungum, og þau verja í skólanum. Þetta gerir það allt að verkum að það er sótt að skólanum. Fjölmiðlunin rífur huga barnanna frá skólanum og það gerir það að verkum og fleira að nauðsyn er á því að ná sem víðtækastri samstöðu um mótun skólastefnu, menntastefnu. Við getum kallað það íslenska skólastefnu ef menn vilja. Ég tel reyndar að það sé eitt brýnasta verkefni menntmrn. að ná sem allra víðtækastri samstöðu þjóðarinnar um skóla- og uppeldisstarfið í landinu. Ég tel að fræðslulögin, eins og þau voru sett 1946, og grunnskólalögin 1974 hafi skapað góðan grundvöll að þjóðarsamstöðu um skóla og það sé mjög mikilvægt að varðveita þá samstöðu og haga yfirstjórn menntamála þannig að hún laði samstöðuna fram en sprengi ekki upp forsendur fyrir samstöðu um þessi veigamiklu mál.

Við höfum í ráðuneytinu hafið undirbúning að vinnu við mótun íslenskrar skólastefnu. Við gerum það með þeim hætti að við munum senda út til allra skóla og skólamanna í landinu bréf fljótlega með fyrirspurn um hvaða atriðum fólk telur mikilvægast að breyta í skólastarfinu, hvaða atriði það eru sem fólk telur að eigi að vera aðaláhersluefnin í skólastarfinu. Á grundvelli þessa munum við síðan vinna að málinu áfram og auðvitað kalla til mikinn fjölda manns, bæði utan þings og auðvitað innan, þegar verkinu vindur fram.

Það hefur ekki farið fram hjá neinum og kom vel fram hjá hv. 6. þm. Reykv. að þær ástæður sem valda því að umræðan um skólamál fer vaxandi eru ekki síst þær að þjóðfélagið hefur verið að breytast og það eru hrikalegar tölur sem maður sér t.d. um fjölgun barnaverndarmála á undanförnum árum. Á tímabilinu 1981–1987 hefur fjöldi barna sem barnaverndarnefndir þurftu að hafa afskipti af aukist um 155% og fjöldi þeirra barna sem eru ein heima mestan hluta dags eykst ár frá ári eins og allir þekkja. Þetta allt og fleira hefur það í för með sér að uppeldis- og umönnunarhlutverk fjölskyldunnar hefur stórlega veikst. Í mörgum tilvikum taka nýir uppalendur við með afar sterk mótunaráhrif. Þar er átt við sjónvarp og myndbönd. Þeir eru margir sem halda því fram að fjölmiðlar og þá fyrst og fremst sjónvarp hafi skemmt hinn verndaða heim barnæskunnar og barnamenningu byggða á bókum. Það sem áður fyrr var leyndarmál hinna fullorðnu stendur nú opið og frjálst hverju barni. Barnið er í mörgum tilvikum áhorfandi að verstu hliðum lífsins án þess að hafa skilning, reynslu eða þroska til að taka á móti. Slíkt getur haft hinar alvarlegustu afleiðingar fyrir börnin. Með hliðsjón af öllu þessu og fleira ber að fjalla um skólamál sem mikilvægan þátt í öllu okkar stjórn- og velferðarkerfi.

Fyrir utan þau mál sem hv. þm. Kvennalistans flytja inn í deildina eru auðvitað fjöldamörg mál sem mætti nefna, áherslumál varðandi breytingar á grunnskólalögum og breytingar á skólakerfinu í landinu. Ég segi þetta fyrst og fremst til að leggja á það áherslu að sá listi sem þarna er lagður fram af þeim er ekki tæmandi, enda ekki ætlast til þess af flm. Ég nefni nokkur atriði sem ég held að við eigum að hugleiða til viðbótar þeim sem þegar liggja fyrir hv. Alþingi í formi frv. og ég nefni þau ekki í neinni mikilvægisröð.

Ég tel t.d. að það sé nauðsynlegt að auka margvíslega skólaráðgjöf í skólum landsins. Þar er ég bæði að tala um kennslufræðilega ráðgjöf, náms- og starfsráðgjöf og einnig persónulega ráðgjöf til nemenda vegna tilfinningalegra, félagslegra erfiðleika eða annarra erfiðleika.

Ég tel einnig nauðsynlegt að leggja á það áherslu að verk- og listnám verði eflt í eldri bekkjum grunnskólans og að listnám verði gildur þáttur í öllu starfi grunnskólans. Það er dálítið skrýtið að koma inn í menntmrn. og kynnast því hvernig menn hafa unnið þannig, og við vinnum þannig oft hér, að þessi mál, menntun og menning, eru eins og í tveimur hólfum þar sem þetta er þó þannig að góð menntun í grunnskóla, m.a. gilt og öflugt listnám, er veigamikill undirbúningur þess að börnin verði tilbúin að taka á móti þróuðu menningarsamfélagi. Ég held þess vegna að við eigum að leggja ríka áherslu á að listnámi af ýmsu tagi, sem nú er í alls konar sérskólum, verði í vaxandi mæli komið inn í grunn-

skólakerfið sjálft. Hér er ég t.d. að tala um tónlistina og myndlistina.

Ég tel einnig að við umræður um þessi mál í sambandi við breytingar á grunnskólalögunum sé eðlilegt að hafa í huga að við styrkjum verulega þá hugsun sem liggja á til grundvallar skólaþróunar- og tilraunastarfs. Við erum nú í fyrsta sinn með framlög til Þróunarsjóðs grunnskóla í fjárlagafrv. fyrir árið 1989, eins og það liggur fyrir, og það er mjög mikilvægt að setja það þróunarstarf af stað sem átti að hefjast strax samkvæmt grunnskólalögunum 1974 en hefur ekki verið kostur á að gera. Nátengt þessu er að mínu mati það að Kennaraháskóli Íslands, Rannsóknastofnun uppeldismála, geti verið gildur þáttur í skólaþróun í landinu, ekki aðeins í Kennaraháskólanum sjálfum eða við hann heldur t.d. með virkum tengslum við fræðsluumdæmin í landinu. Í því sambandi vil ég benda á það nám fyrir sérkennslu kennara sem sett var af stað á Hallormsstað fyrir einu eða tveimur árum og hefur gefist mjög vel og ætlunin er að halda áfram í Norðurl. e. og Norðurl. v. á næsta ári. Ég hygg að það ætti að vera unnt að koma kennaramenntun af stað úti í umdæmunum í tengslum við Kennaraháskólann, þó að sú aðferð sem hefur verið notuð, að sópa öllum á námskeið á sumrin suður í Reykjavík sé svo sem betri en ekki, en best er auðvitað að endurmenntun kennara tengist því starfi sem þeir vinna í skólunum sjálfum úti á akrinum, úti í umdæmunum.

Þetta eru nokkur atriði sem ég vil benda á í sambandi við þessi mál sem ég satt að segja hef þörf fyrir að koma hér á framfæri og á fullan rétt á að nefna við þingheim í samhengi við þetta mál vegna þess að þau tengjast öllu grunnskólastarfinu.

Ég held reyndar að það hafi verið þannig með okkur sem höfum verið að vasast í stjórnmálum á undanförnum árum eða áratugum að menn hafi gjarnan viljað mæla árangur sinn í steinsteypu, menn hafi séð niðurstöður af stjórnmálastarfi sínu í fleiri húsum, heilsugæslustöðvum eða fleiri skólum og það er út af fyrir sig ekkert skrýtið þó að árangur manna hafi verið mældur með þessum hætti. Það er líka mjög auðvelt að mæla hann svona. Það er hægt að telja þetta og sýna í línu- og súluritum. Það er hins vegar mikið erfiðara að sýna og mæla árangur sem birtist inni í skólastofunum, í auknu skólaþróunarstarfi sem ég held þó að eigi að leggja vaxandi áherslu á. Ef ég fyrir mitt leyti ætti að velja á milli þess að hafa 50 millj. kr. til skólaþróunar eða bygginga tæki ég verulegan hluta af því til skólaþróunar. Ég held að við þurfum að temja okkur að skoða málin þannig þó að vissulega séu byggingarnar mikilvægar, ekki síst t.d. hér á þéttbýlissvæðinu þar sem vandinn er verulegur.

Vík ég nú, herra forseti, að einstökum atriðum í frv. og þá fyrst að 1. gr. þess. Þar er gert ráð fyrir því að um verði að ræða fræðsluskyldu fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 6–16 ára. Þetta er mál sem um hefur verið samstaða í þinginu mjög lengi hjá fulltrúum allra flokka að ég hygg. Spurningin hefur verið um að finna peninga í verkið og í fjárlagafrv. fyrir árið 1989 er gert ráð fyrir talsverðri aukningu á framlögum til kennslu 6 ára barna frá því sem verið hefur og ætlunin er að stíga verulegt skref í þeim efnum. Ég tel að það sé enginn ágreiningur uppi um þetta efni á hv. Alþingi en hins vegar er ljóst, svo að ég veki athygli á því, að ef þetta yrði gert yrði að breyta nokkrum fleiri greinum grunnskólalaganna, en það er tæknilegt atriði sem óþarfi er að fara ítarlega í.

Í annan stað leggja hv. þingmenn til að settar verði reglur um hámarksstærð skóla. Ég styð litla skóla út af fyrir sig þó að ég viti ekki hvort það eru nein endanleg vísindi á bak við töluna 400, það getur sjálfsagt verið eitthvert ágreiningsefni uppi í þeim efnum. Við hljótum þó að spyrja okkur hver verður hlutur menntmrn. í þessu efni eftir að grunnskólinn og byggingar hans hefðu verið flutt alfarið yfir á sveitarfélög, eins og hafa verið uppi hugmyndir um.

Ég tel að þær hugmyndir sem eru í 3. gr. frv. í sambandi við aðstöðu til að neyta málsverðar, njóta hvíldar o.s.frv., séu ágætar hugmyndir sem auðvitað kosta nokkra fjármuni. Ég vil vekja athygli á því að þrátt fyrir þær breytingar á grunnskólalögunum sem menn hafa verið að ræða um hefur verið gengið út frá því að auk launa kennara kosti ríkið bókasöfnin og ráðgjafar- og sálfræðiþjónustuna við fræðsluumdæmin. Ég vildi skjóta því hér rétt inn í.

Í 4. gr. er einnig vikið að verkefni sem skv. umræðunum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga hefur verið gert ráð fyrir, því auðvitað er það Alþingi sem ræður, að fari alveg yfir á sveitarfélögin.

Í 5. gr. er gert ráð fyrir því m.a. að nokkuð nákvæmlega verði tiltekið hversu mikið má lengja eða stytta kennslutíma nemenda eða um allt að 40 mínútur frá framangreindum ákvæðum, sbr. 4. mgr. Ég tel út af fyrir sig að viðmiðunarákvæðin séu skynsamleg. Auðvitað er álitamál hvað á að skrifa niður nákvæmlega í lögum. Ég hef satt að segja minni og minni trú á slíkum forskriftum. Fyrir þeim eru auðvitað viss rök, en mér finnst það nokkuð lítið svigrúm, svo að ég finni hér að minni háttar atriði, ekki stórvægilegu, að ætla aðeins sveigju upp á 40 mínútur á viku til eða frá. Í 5. og 6. mgr. er talað um að samfelld kennslustund megi ekki vera lengri en 80 mínútur og að jafnaði eigi skemmri en 20 mínútur og stundahlé skuli að jafnaði vera 15 mínútur á móti hverjum 100 mínútum sem kenndar eru. Slík atriði finnst mér að eigi að vera á valdi skólans. Mér finnst að ekki eigi að skrifa þetta eins nákvæmlega upp og gert er í 5. og 6. mgr., þ.e. varðandi frímínútur, lengd þeirra o.s.frv. Við eigum ekki að vera að setja svona í lög. Það getur vel verið að setja eigi einhverja heimild í lög um að hægt sé að setja niður ákvæði af þessu tagi tímabundið með reglugerð en mér finnst að þetta eigi ekki að vera svo nákvæmt í lögum.

Ég vík næst að 6. gr. þar sem gert er ráð fyrir verulegri fækkun í bekkjum. Það er örugglega allt

rétt sem hv. flm. segir um það mál en mín skoðun er að fyrst eigi að einsetja skólann og síðan að fækka í bekkjunum.

Varðandi 9. gr. um skólasöfnin, þá er ég henni mjög sammála, eins og reyndar kom hér rækilega fram þegar við ræddum þetta mál á síðasta þingi.

Varðandi málið að öðru leyti er ljóst að hér er hreyft mörgum góðum málum. Það er margt í grunnskólalögunum sem þarf að laga eins og við er að búast þó að þau séu í grundvallaratriðum góð. Ég tel enga ástæðu til þess að fara að setja í gang einhverja heildarendurskoðun á grunnskólalögunum. Það þurfi bara að líta þar á einstaka þætti í ljósi reynslunnar. En allt kostar þetta fjármuni og það er kannski það sem gerir okkur erfiðast fyrir og þetta frv., ef að lögum yrði, mundi kosta okkur verulega fjármuni. Ég held þess vegna að skynsamlegt væri að við reyndum að finna leið til þess að ná sem víðtækastri samstöðu um þróun og mótun íslenskrar skólastefnu þar sem við röðum verkefnunum í forgangsröð. Að við áttum okkur á því hvað það er sem við viljum byrja á og hvað svo o.s.frv. af því að við vitum og hljótum öll að geta viðurkennt það að við getum ekki gert allt í einu. Þess vegna er skynsamlegt að raða málum niður í einhverja forgangsröð og reyna þannig að mynda sem víðtækasta samstöðu um þá niðurstöðu sem verður.

Það er beinlínis hættulegt að hafa ekki íslenska skólastefnu. Það er beinlínis hættulegt að mynda ekki slíka samstöðu um forgangsröðun. Það gefur færi á geðþóttaákvörðunum og tilviljanakenndum ákvörðunum sem geta komið okkur í koll. Þess vegna þurfum við, ekki bara þingsins vegna heldur líka barnanna og þjóðarinnar vegna, að reyna að mynda sem víðtækasta samstöðu um forgangsröð varðandi verkefni í skólamálum. Ef við höfum eitthvað aflögu til að bæta við þurfum við að raða því niður hvernig við viljum ganga í verkin. En gott er að átta sig á því hvað við viljum gera og síðan þurfum við að sameinast um að reyna að raða því niður.

Með íslenskri skólastefnu er ég ekki að tala um forskrift fyrir skólann í einstökum atriðum. Ég er að tala um almennar þróunarlínur fyrir skólann. Ég vil ekki sjá forskrift ofan frá fyrir skólann í einstökum atriðum. Ég held að það þurfi þvert á móti að draga úr þeirri tilhneigingu sem hefur verið til miðstýringar í skólakerfinu, tilhneigingu sem stafar ekki af neinu öðru en því að aðstæðurnar hafa að mörgu leyti kallað á þetta kerfi. Við höfum þurft að byggja upp okkar skólakerfi tiltölulega mjög hratt og það hefur verið nauðsynlegt að viðhafa stýringu á því með þeim hætti sem verið hefur. Í rauninni er því ekki hægt að finna að þessari miðstýringu, en það er ástæða til að staldra við og spyrja sig: Er ekki kominn tími til að breyta? Ég held að hann sé kominn og þess vegna hef ég m.a. farið nokkuð víða í þessari ræðu minni, vikið að ýmsum þáttum frv. og hinni almennu skólastefnu, bæði í sambandi við grunnskólann og aðra þætti skólans, um leið og ég endurtek þakkir mínar til flm. frv. fyrir þá vinnu sem þeir hafa lagt í málið og deildinni fyrir að gefa sér nú, áður og vonandi framvegis góðan tíma til að fjalla um þennan mikilvæga þátt í okkar þjóðlífi.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það eru áreiðanlega orð að sönnu að við þingmenn megum gjarnan tala meira um skólamál og íslenska menningu yfirleitt en við gerum hér í hinum háu sölum Alþingis og vil ég í raun þakka þeim þingmönnum öllum sem á þessu þingi hafa lagt fram frv. til breytinga á lögum um grunnskóla. Hér í þessari deild er áður fram komið frv. sem hefur það að megintilgangi að auka aðild foreldra og nemenda að stjórn og innra starfi skólans. Fyrsti flm. að því frv. er Salome Þorkelsdóttir en með henni flytja málið þingmenn úr öðrum stjórnmálaflokkum. Í Nd. er Ragnhildur Helgadóttir 1. flm. að frv. til laga um breytingu á lögum um grunnskóla sem í verulegum atriðum fellur saman við það frv. sem hér er til umræðu og er raunar að finna greinar í frv. hv. 6. þm. Reykv. sem eru algerlega samhljóða í því frv. Þetta gefur auðvitað tilefni til þess að varpa fram þeirri hugmynd hvort ekki sé rétt að menntamálanefndir beggja deilda vinni saman að athugun á þessum frv. öllum og þeim breytingum sem þeim kann að þykja rétt að gera á grunnskólalögunum yfir höfuð að tala.

Það er laukrétt, sem hæstv. menntmrh. sagði hér áðan, að ýmis atriði í frv. orka mjög tvímælis og hefur reynslan skorið úr um að þar var ekki rétt staðið að verki. Ég hjó sérstaklega eftir því að hæstv. menntmrh. talaði á móti því að mikil miðstjórn væri í skólakerfinu. Þetta er algerlega öndvert við það sem lagt var til grundvallar er grunnskólafrv. var keyrt í gegnum þingið á síðasta degi þess á sínum tíma. Ég er auðvitað mjög ánægður yfir því að hæstv. menntmrh. skuli vera mér sammála um það að nauðsynlegt sé að gefa skólamönnum sem frjálsastar hendur til þess að þeir geti innt sitt mikilvæga starf af hendi því að auðvitað hlýtur það eingöngu að vera jákvætt ef hægt er að efla frumkvæði skólastjóra og kennara og um leið að gera starf þeirra ánægjulegra og árangursríkara.

Ég tel rétt, herra forseti, að lesa hér upp smákafla úr fylgiskjali með frv. hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur sem mjög kemur inn á þessi atriði sem við erum hér að fjalla um. Þetta er raunar kafli úr áfangaskýrslu um skóla og dagvistunarmál sem samstarfsnefnd ráðuneyta um fjölskyldumál skilaði, en í þeirri nefnd áttu sæti Inga Jóna Þórðardóttir formaður, Jóna Ósk Guðjónsdóttir, tilnefnd af fjmrh., Bessí Jóhannsdóttir, tilnefnd af menntmrh., Lára V. Júlíusdóttir, tilnefnd af félmrh., og Þrúður Helgadóttir, tilnefnd af heilbr.- og trmrh. Áður hafði starfað nefnd, sem hv. þm. Salome Þorkelsdóttir var formaður fyrir, er skilaði áliti um samskipti foreldra og skóla og eru þessi frumvörp öll angi af því starfi hvert með sínum hætti. Í þessari áfangaskýrslu segir svo, með leyfi forseta:

„Þjóðfélagsbreytingar síðustu tveggja til þriggja áratuga hafa haft sín áhrif á skólastarf og samstarf heimila og skóla. Í kjölfar þess að algengara er að báðir foreldrar vinni langan vinnudag utan heimilis hefur hlutverk skólanna orðið æ þýðingarmeira. Ýmis uppeldisleg atriði eru nú í ríkari mæli í höndum skólanna en áður var. Skólastarfið hefur breyst mikið og gert það að verkum að foreldrum finnst oft á tíðum erfitt að taka þátt í því. Margt hefur því valdið því að samstarf foreldra og skóla hefur ekki verið eins og æskilegt væri, bæði út frá hagsmunum heimila og ekki síður hagsmunum skóla.

Á síðustu árum hefur þó ýmislegt verið gert til að bæta hér úr. T.d. eru nú starfandi foreldra- og kennarafélög við allflesta grunnskóla landsins og hafa þau átt mikinn þátt í að efla tengsl heimila við skóla. Skólinn hefur þó ekki reynst þess megnugur að öllu leyti að mæta þeim þörfum sem tvímælalaust skapast þegar foreldrar vinna úti eins lengi á degi hverjum og raun ber vitni. Til skamms tíma tíðkaðist það víða að börn þyrftu að fara margar ferðir til og frá skóla daglega. Gjörbreyting hefur orðið hér á, einkum á allra síðustu árum. Stærstur hluti grunnskólabarna býr við samfelldan skóladag og vantar nú víða einungis herslumuninn til að ná markinu. En hins vegar er skóladagur enn tiltölulega skammur, einkum þó hjá yngstu börnunum. Tillögur nefndarinnar sem hér fara á eftir miða við að samræma enn betur skólastarfið og þarfir fjölskyldunnar.

Nefndin vill auk þess leggja áherslu á að nauðsynlegur þáttur í fjölskyldustefnu er að skólar taki í starfi sínu mið af jöfnum rétti og jafnri ábyrgð kynjanna. Börnum sé kennt allt frá fyrstu tíð um ábyrgð og skyldur fjölskyldulífs og að foreldrar bera jafna ábyrgð á börnum sínum. Brýnt er að nemendur fái sams konar kennslu hvort sem um er að ræða drengi eða stúlkur. Benda má á að efling heimilisfræðslu er þýðingarmikill þáttur í þessu sambandi.

Margt hefur verið til umfjöllunar hjá nefndinni sem ekki verða gerðar tillögur um að sinni. Má í því sambandi nefna umferðarmál sem er veigamikill þáttur í nútímaþjóðfélagi. Um þau verður sérstaklega fjallað síðar. Enn fremur vill nefndin vekja athygli á nauðsyn þess að margvíslegar fræðsluherferðir í skólum landsins, svo sem vegna ávana- og fíkniefna, heilbrigðis og tannverndar, verði fremur ofnar saman við almennt kennsluefni.

Helstu tillögur nefndarinnar í þessum málaflokki eru eftirfarandi:

Nefndin telur æskilegt markmið að allir grunnskólanemar njóti skóladvalar a.m.k. 6 klst. á dag. Þessu markmiði verði náð í fjórum áföngum þannig að skóladagur verði lengdur úr 22–35 stundum á viku í 36–37 stundir á viku.

Með skipulögðum aðgerðum innan fræðsluumdæmanna verði komið á skólaathvörfum þar til tillögur um lengingu skóladags verði komnar til framkvæmda. Lokið verði við að koma á samfelldum skóladegi miðað við núverandi húsakost skólanna skólaárið 1989–1990.

Forskóladeildum við grunnskóla verði breytt þannig að allir njóti sama kennslustundafjölda óháð fjölda barna. Skólaráð sem í eigi sæti fulltrúi foreldra starfi við hvern grunnskóla. Fræðsluskrifstofur hafi yfirlit um starfsemi foreldra- og kennarafélaga. Staða umsjónarkennara við 7.–9. bekk verði styrkt. Kannað verði rækilega hvað valdi því að skólaár er enn víða styttra en níu mánuðir.“

Ég sé ekki ástæðu til að fara frekar yfir þetta en eins og sést af þessum upplestri er gripið þarna á mörgum þáttum sem nauðsynlegt er að hyggja betur að en gert hefur verið. Sjálfur hef ég reynslu af því sem kennari hversu þýðingarmikið það er að með skipulögðum aðgerðum verði komið á skólaathvörfum innan fræðsluumdæmanna. Það er auðvitað oft mjög sorglegt að horfa til þess hvernig börnum og jafnvel unglingum reiðir af á þeim tímum sem þau eiga ekkert athvarf. Ég tel að þetta sé því skólamál og menningarmál, auðvitað uppeldismál líka, og geti átt mjög mikinn þátt í því að það losni svo um börn eða unglinga að þau nái ekki að festa sig við það verk sem unnið er í skólunum og njóti þar af leiðandi ekki þeirrar kennslu sem þar fer fram. Ég tel þetta mál kannski með því brýnasta sem við erum nú að ræða um í sambandi við skólamálin almennt, af því sem snýr að nemendum, og vil mjög hvetja til þess að með öllum hætti verði reynt að stuðla að því að öryggi barna og unglinga í skólum landsins geti orðið viðhlítandi og þar verði enginn brestur á.

Ég hlýt að fagna þeim ummælum hæstv. menntmrh. að hann vilji mjög stuðla að endurmenntun kennara. Það er auðvitað ekki vansalaust hvernig sums staðar er búið að nemendum vegna ónógs kennaraskorts. Þetta er eitt af þeim málum sem við þingmenn utan af landi hljótum að leggja hvað ríkasta áherslu á. Það var mjög ánægjulegt þegar ofan á varð í tíð Sverris Hermannssonar sem menntmrh. í tengslum við lög um starfsréttindi kennara að þessi mál yrðu tekin fastari tökum, en eins og við vitum öll hér er framkvæmdin auðvitað undir því komin að fé fáist á fjárlögum til þess að fylgja eftir endurmenntun kennara. Þó hef ég orðið mjög var við það að ýmsir kennarar sem ekki höfðu fyllstu réttindi hafa aflað sér þeirra á síðustu árum eða jafnvel áratugum og er greinilegt að vilji þeirra margra hverra stendur til þess að nýta sér slíka möguleika eins og hægt er að krefjast af þeim eða jafnvel enn þá frekar og hafa þeir mikinn áhuga á því. Þeir leggja margir hverjir nótt við dag til þess að ná tökum á slíku námi sem auðvitað er nauðsynlegt fyrir þá sem vilja gera kennslu að atvinnu. Ég fagna því þess vegna mjög að hæstv. menntmrh. vildi ýta sem mest á það mál og auðvitað erum við þá ekki að tala um að gera slíkt í eitt skipti, heldur er nauðsynlegt að slík endurmenntun geti haldið áfram, raunar ekki aðeins í sambandi við kennaramenntunina heldur líka á öðrum sviðum. Það er nú einu sinni svo að hér í sölum Alþingis hefur oft verið lítill skilningur á nauðsyn þess að menn geti með auðveldum

hætti lagað sig að breyttum þjóðfélagsháttum og breyttum kröfum sem gerðar eru í þjóðfélaginu. Mér koma aðeins í hug í þessu sambandi þeir miklu erfiðleikar sem því hafa fylgt að gera ýtrustu kröfur til skipstjórnarmanna eða vélamanna á t.d. dagróðrarbátum og er auðvitað tími til kominn að íhuga hvað hægt sé að gera til þess að auðvelda mönnum hvar sem er á landinu að afla sér þeirrar lágmarksmenntunar að tök séu á því, raunveruleg tök, fyrir fólkið úti í hinum dreifðu byggðum að manna báta sína þannig að forsvaranlegt sé. Þetta er aðeins einn þáttur, sem snýr að vísu að útgerð og veiðum en ekki að menntun skólabarna, en er eigi að síður mjög mikilvægur þó svo að við horfum fram á það nú, herra forseti, að ríkisstjórnin hafi lítinn skilning á útgerð almennt eða þýðingu sjávarútvegsins fyrir þjóðfélagið. Það má kannski segja að það sé vel við eigandi að minnast á þetta hér í þessum ræðustól núna vegna þess að ég minnist þess að þegar grunnskólafrv. var rætt á sínum tíma stóð einmitt hér í þessum sal í ræðustól einn af þm. Sjálfstfl. og þá stóð einnig svo á að forsrh. landsins var úr Framsfl. og þá stóð einnig svo á að þm. Sjálfstfl. sá ástæðu til þess að brýna ríkisstjórnina á því að ekki mætti gleyma sjávarútveginum né þeirri staðreynd að kennslu verður ekki haldið uppi hér í landinu ef við hættum að fiska. Það má því líka hér og nú við þetta tækifæri leggja ríka áherslu einmitt á þetta atriði.

Ekki skal ég fara frekar út í endurmenntunarmálin, en ástæða er til vegna orða hæstv. menntmrh. að víkja að því síðar með öðrum hætti en í sambandi við grunnskólann hvernig unnt sé að styðja að því að starfsmenntun manna úti í þjóðfélaginu sé nægileg og trygg þannig að atvinnuvegirnir geti gengið.

Ég er öldungis sammála því að það er okkur mikið áhyggjuefni hversu margir það eru sem fara á mis við framhaldsskólanám og fyrir því eru auðvitað margvíslegar ástæður. Ein ástæðan er vafalaust sú að unglingarnir mótast mjög af því umhverfi sem þeir vaxa í. Það veldur því t.d. í ýmsum sjávarplássum að fólk tekur sig síður upp á þeim stöðum til þess að sækja framhaldsskóla en kannski annars staðar þar sem þéttbýlið er meira og unglingarnir eiga erfiðara með að komast í vinnu. Það liggur ekki jafnbeint við eins og t.d. að fara á grásleppu eða sækja sjóinn eða eitthvað því líkt. Að sumu leyti valda þessu kannski atvinnuhættir í fæðingarsveit þar sem viðkomandi unglingar vaxa upp. Að öðru leyti er skýringin áreiðanlega sú að efstu bekkir grunnskólans eru byggðir upp með þeim hætti að þeir nemendur sem á annað borð verða undir eiga litla möguleika á því að rétta sig aftur við. Þetta byggist að sumu leyti á þeirri ákvörðun sem tekin var með grunnskólalögunum að allir nemendur skyldu ljúka níu bekkjum, og ég hygg að námskröfur sem gerðar eru séu svipaðar í öllum þessum bekkjum, hvort sem nemandanum sækist námið vel eða misjafnlega.

Nú vitum við það að sumir nemendur hafa gaman af því að reyna á sig. Þeir eru kannski duglegir að grípa til erfiðra verka en eru ekki bókhneigðir. Aðrir nemendur eiga betra með að festa sig við bókina. Nemendur á þessum aldri eru misjafnir eins og fullorðið fólk, eins og við öll sem hér erum inni. Menn eiga auðvitað að vera mismunandi bókhneigðir og hafa mismikinn áhuga á því að leggja sig eftir því sem á dagskrá er hverju sinni. Þess vegna held ég að sú hugsun sé röng að stefna öllum nemendum að grunnskólaprófinu eins og það er uppbyggt.

Í gamla daga var sá háttur á hafður í gagnfræðaskólanum að sumir nemendur, þeir sem voru mest bráðþroska eða höfðu lagt sig mest eftir hinu bóklega námi, áttu kost á að ljúka landsprófi á þremur árum en aðrir nemendur fengu fjögur ár og gátu þá lokið gagnfræðaprófi sem síðustu árin hafði sama gildi og landsprófið. Við sem kenndum í þessum almennu gagnfræðaskólum, ekki í landsprófinu heldur undir hið almenna gagnfræðapróf, fundum það glögglega að þessi tilhögun var mjög skynsamleg og það er enginn vafi á því að 4. bekkur gagnfræðaskólans gamla hafði mikla þýðingu fyrir marga unglinga á þeim tíma og við urðum vör við það. Einmitt í þeim bekk fengu þeir nýtt sjálfstraust og höfðu oft vilja til þess að nálgast námsefnið með öðrum hætti en áður. Það var eins og þau lifnuðu við á þessum eina vetri. Þess vegna olli það okkur kennurum á þeim tíma miklum vonbrigðum þegar einmitt þessi bekkur var lagður niður. Ég gæti nefnt fjölmarga nemendur sem ég hafði og einmitt blómstruðu þetta síðasta ár gagnfræðaskólans. Ég hygg því að það sé ekki aðeins nauðsynlegt að velta fyrir sér hvernig við eigum að byrja grunnskólann, heldur sé kominn tími til að endurmeta hvort skólastefnan í efstu bekkjum grunnskólans sé rétt og hvort gefa eigi nemendum kost á því að fara tvær leiðir. Sumir geti kannski orðið einu ári lengur í skólanum en aðrir og auðvelt að gera það með þeim hætti að ekki verði neinum til minnkunar og þarna verði um sjálfstætt val að ræða sem nemendur smátt og smátt laga sig að. Ég held að nauðsynlegt sé að koma þessu á framfæri. Að vísu hef ég ekki á allra síðustu árum rætt þetta við kennara. Ég veit ekki hvort einhverjir nýir möguleikar eru komnir til sögunnar frá því sem ég vissi síðast. Ef svo er fagna ég því auðvitað, en ég held að þetta sé atriði sem nauðsynlegt er að athuga mjög gaumgæfilega.

Ég tek mjög undir það sem hæstv. menntmrh. sagði áðan þegar hann talaði um að verk- og listmennt verði efld í skólunum og að það hafi mikið gildi fyrir nemendur. Ég hef oft haft orð á því í sölum Alþingis hversu ánægjulegt hafi verið að fylgjast með því hvernig tónlistarnám hefur eflst í skólum, ekki aðeins hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu eða á helstu þéttbýlisstöðunum úti á landi, heldur hefur maður orðið var við þetta í fámennum skólum og fámennum byggðarlögum, að fólkið þar hefur viljað leggja einmitt mikla rækt við tónlistarnámið og þar hefur náðst á sumum stöðum ævintýralegur árangur ekki aðeins innan skólans, heldur hefur orðið getum við sagt tónlistarleg vakning í heilum

sjávarplássum. Auðvitað er slík vakning af hinu góða og sérstaklega ef við gætum líka að hinu, að þeir unglingar sem venjast við þau öguðu vinnubrögð sem tónlistarnám útheimtir hafa reynst betri nemendur einnig í öðrum greinum. Þó svo að tónlistarnámið hafi tekið mikinn tíma hefur komið í ljós að þessir nemendur hafa, kannski af nauðsyn, lært að skipuleggja sinn tíma betur en ýmsir aðrir og þess vegna hafa þeir oft og tíðum reynst öðrum fremri í öðrum greinum einnig. Þannig hefur tónlistarnámið ekki aðeins uppeldislegt gildi. Það hefur mikið þroskagildi og er að öllu leyti þess eðlis að nauðsyn er að efla það sem best og þykist ég vita að hið sama eigi við um aðrar listgreinar þó svo að þær komi öðruvísi við nemendur og ég hafi mínar efasemdir um að þær hafi sama þroskagildi og tónlistarnámið.

Um leið og ég tek undir að rétt sé að stuðla að meiri verk- og listmennt en verið hefur vil ég leggja áherslu á að íslenskunni má ekki gleyma. Ég þori ekki að fara með það hvernig íslenskunámið er nú í skólum. Ég þekki heldur ekki nú síðustu árin hvernig kennslu í íslenskri sögu er háttað eða hvernig íslensk menning er yfirleitt kynnt í skólum landsins. Ég hef að vísu séð bækur í íslenskri sögu sem komu mér mjög á óvart og ollu mér miklum vonbrigðum því að þær hafa verið svo þrautleiðinlegar að ég efast um að einn einasti alþingismaður hefði nennt að lesa þær til enda, hvað þá reyna að gera sér grein fyrir inntaki þeirra, en þó er ætlast til þess af börnunum að þau lesi þetta eins og páfagaukar. Sú bók sem ég á við hefur verið mjög gagnrýnd opinberlega, en ég held að hún hafi samt verið notuð áfram, a.m.k. fékk drengur mér nákominn einu sinni að lesa þetta í skóla og var mjög fýldur á svipinn þegar kom að því að maður var að reyna að fá hann til þess að sökkva sér niður í þau fræðin. Ég held að það væri mjög gagnlegt, hæstv. menntmrh., ef menntamálanefndum þingsins væri kynnt hvernig staðið er að íslenskukennslu í grunnskólum og framhaldsskólum og væri ég mjög þakklátur fyrir það ef nefndirnar gætu fengið þó ekki væri nema einn bókastafla með leiðbeiningum um hvað sé lesið í grunnskólum og framhaldsskólum. Sumt af því sem ég hef orðið var við að nemendur eru látnir lesa er algjörlega út í hött. Það hefur kannski verið komið inn með skáldsögu til barnanna, sem þau hafa verið látin lesa, sem eiga ekki aðra skýringu en einhverja kunningjaskýringu að þær eru lesnar, eru týndar og tröllum gefnar tveim árum síðar og tíu árum síðar eru allir búnir að gleyma að viðkomandi bók kom út. En ofan í slíkan fróðleik er börnunum skipað að steypa sér og sjá auðvitað hvergi til lands þegar þau reyna að synda. Þess vegna væri mjög fróðlegt að fá slíka upptalningu, fá að kynna sér það hvaða sess t.d. Íslendingasögur okkar hafa í skólunum, fá yfirlit yfir það hvaða ljóð t.d. nemendum er gert skylt að ræða utan að. Það var ekki lítill þáttur í okkar uppeldi að læra kvæði þjóðskáldanna, okkar stórskálda, og auðvitað nauðsynlegur þáttur í þeirri rækt sem við Íslendingar hljótum að leggja við það að frá kynslóð til kynslóðar geymist tilfinningin um stuðla og höfuðstafi. Það er gjörsamlega ómögulegt að halda að það erfist eins og svartur háralitur eða eitthvað þvílíkt. Það gerir það ekki. Menn verða að fara með ljóðin upphátt, menn verða að hlusta á þau. Það verður að leggja mikla rækt einmitt við þann þátt námsins ef við eigum að geta geymt þennan menningararf til næstu kynslóðar, menningararf sem er einstæður í sögu þjóðanna og okkur hefur tekist að varðveita í þúsund ár.

Ég er auðvitað ánægður yfir því hversu mikið hefur áunnist í sambandi við framhaldsskólana nú á allra seinustu árum með því að efla framhaldsskólana úti um land í kjölfarið á framhaldsskólalöggjöfinni og í tíð síðustu menntmrh. Ég legg sérstaka áherslu á það að nú hefur t.d. í mínu kjördæmi þar sem ég er kunnugastur tekist að ná því fram að stýrimannaskóli er á Dalvík og sömuleiðis kennsla í fiskiðnaði á framhaldsskólastigi sem tengist auðvitað mjög atvinnuháttum við Eyjafjörð og á þessu svæði. Á Akureyri er vélstjóranám og síðan verður sett þar á stofn háskóladeild í sjávarútvegsfræðum. Þetta er auðvitað allt saman mjög ánægjulegt og vonir mínar hafa satt að segja staðið til þess að í kjölfarið á þessu eða jafnhliða sé hægt að koma upp kennslu í fiskeldi á Húsavík vegna þeirrar sérstöðu sem það svæði hefur í sambandi við fiskeldið, Öxarfjörðurinn með öllum þeim möguleikum sem þar eru. Laxá er þarna rétt við og miklir möguleikar á þessum vettvangi, atvinnulegir möguleikar, sem ég hygg að nauðsynlegt sé að huga vel að, og fellur vel inn í þann þríhyrning sem ég var hér að lýsa. Það var auðvitað ánægjulegt að sjá það nú á þessu vori að t.d. framhaldsskólinn á Laugum skyldi fá að njóta jafnmikillar aðsóknar og raun ber vitni. Skýringin er auðvitað að sumu leyti sú að fyrsti bekkur framhaldsskólans er nú fjölmennari en bæði fyrr og síðar. Eftir sem áður held ég að þetta sé vísbending um að æ fleiri hyggi á framhaldsnám, stærri hluti hvers árgangs en áður var.

Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, til að hafa um þetta fleiri orð. Öll þessi frv. sem ég hef hér vikið að eru merkileg, hvert með sínum hætti, og að sumu leyti eru þau af sama grunni. Ég tel nauðsynlegt að Alþingi afgreiði þetta mál núna á þessu þingi og vildi mjög stuðla að því að frv. yrðu öll unnin saman þannig að menntmn. beggja deildanna gætu komið að þessu verki og ekki mundi spilla fyrir ef hæstv. menntmrh. sýndi nefndunum þann trúnað að þær fengju að fylgjast með því sem hann kallar íslenska skólastefnu og ég vil vona að rísi undir nafni.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Það hefur komið fram í umræðum um þetta frv. sem er á þskj. 132, um breyting á lögum um grunnskóla, að hér í þessari hv. deild hefur oftlega áður verið fjallað um skólamál og þá í tengslum við frv. sem þingmenn hafa flutt, m.a. sú sem hér stendur. Og það var ánægjulegt að heyra að

hv. 2. þm. Norðurl. e. er ánægður með að vera kominn í þennan góða hóp og uppgötva það að hér fer fram mikil og góð menningarleg umræða um svo mikilvæga málaflokka sem skólamálin eru.

Framsögumaður, hv. 6. þm. Reykv., flutti ítarlega ræðu þegar hún mælti fyrir frv. bæði á síðasta þingi og eins aftur nú. Í raun og veru þyrfti ég ekki svo miklu við hennar mál að bæta eða annarra þeirra sem hér hafa talað. En þar sem ég á því miður ekki lengur sæti í hv. menntmn. Ed. og hef því ekki tækifæri til að fjalla um þessi mál í nefnd, þá vildi ég aðeins láta í mér heyra. Eins og aðrir fagna ég þeirri umræðu sem hér hefur orðið um skólamálin. Segja má að það verði aldrei of mikið af slíkri umræðu á hv. Alþingi eða í þessari hv. deild því að góð vísa er aldrei of oft kveðin.

Það kom fram hjá frsm., hv. 6. þm. Reykv., að stundum hefur verið talað um að það séu aðeins konur sem fjalli um þessi svokölluðu mjúku mál, það séu aðallega þeirra áhugamál, mál sem þær láti sig fyrst og fremst varða. Að sumu leyti er þetta auðvitað rétt því að dagleg umönnun barna hvíldi fyrst og fremst, ég segi nú hvíldi, á konum, á mæðrum, og ábyrgðin og þá samviskan var á þeirra herðum eða brennur fyrst og fremst á þeim þegar vandamálin sem snúa að umönnun barna færast á aðra aðila, svo sem dagvistarstofnanir og skóla, færast í ríkara mæli frá heimilunum. Þess vegna hefur það verið fyrst og fremst hlutskipti kvenna á vettvangi stjórnmálanna, og ég vil nú leyfa mér að segja í öllum stjórnmálaflokkum, að benda á mikilvægi þess að aðlaga þjóðfélagið þessum breyttu þörfum eins og hér hefur reyndar komið fram. Það er vissulega ánægjulegt að viðhorf karla hafa breyst og þeir láta sig sem betur fer þessi mál nú varða jafnhliða sem konur gera það eins og reyndar hefur sýnt sig og sannað í þessum umræðum í dag. Þannig var líka staðið að þessum málum hjá fyrrv. ríkisstjórn þegar hæstv. fyrrv. forsrh. skipaði samstarfsnefnd ráðuneytanna um málefni fjölskyldunnar og hér hefur hv. 2. þm. Norðurl. e. komið inn á þau mál sem hafa verið flutt af þingmönnum Sjálfstfl. í Nd. og reyndar þáltill. í Sþ. í framhaldi af þeim tillögum. Ég ætla þess vegna að sleppa því að endurtaka það hér.

En ég fagna sérstaklega þeim viðhorfum sem endurspegluðust í ræðu hæstv. menntmrh. áðan því að mér finnst þau staðfesta það, sem ég hef reyndar trúað að væri að gerast á undanförnum árum, að þessi mál, sem við erum hér að fjalla um, eru í raun og veru hafin yfir öll flokksbönd. Ég get ekki betur séð en að allir stjórnmálaflokkar eigi að geta sameinast um þau meginatriði sem brenna á íslensku þjóðfélagi í dag í skólamálum, sem er að sveigja skólastarfið, innra starf skólanna, að breyttum þjóðfélagsháttum en það er einmitt það sem þetta frv., sem hér er verið að fjalla um, felur í sér.

Eins og fram kom í máli hv. 2. þm. Norðurl. e. var mælt fyrir hliðstæðu frv. í Nd. fyrir nokkru. Það er á þskj. 90 og er 88. mál þingsins. Það frv. er flutt af þremur þingmönnum Sjálfstfl. í framhaldi af tillögum áðurumræddrar nefndar og er samhljóða þessu frv. að öðru leyti en því að það er styttra og þar er fyrst og fremst fjallað um þær lagabreytingar sem þarf að gera til þess að framfylgja tillögum nefndarinnar.

Ég tek undir það sem kom fram hjá hæstv. ráðherra. Ég er sammála honum í því að það má ekki þrengja óþarflega ýmis atriði í lögunum sem varða breytingar og starf skólanna, eins og t.d. varðandi mötuneytin eða 4. gr. frv. sem hér er til umræðu. Ég held að það sé í raun og veru ástæðulaust. Það er hægt að koma þessum málum í kring án þess að lagabreyting komi til, því að aðstæðurnar eru mjög misjafnar eftir skólum, eftir því hvar á landinu það er eða eftir því um hvaða skóla er að ræða, eins og hér hefur reyndar komið fram í máli manna. Það er hægt að breyta og lagfæra svo margt án þess að það þurfi að kosta svo mikið fjármagn. Við þekkjum dæmi þess að nestismál skólabarna hafa verið leyst í skólum t.d. með því móti að ráða konur, húsmæður sem vilja taka að sér hlutastörf, þar sem þær sjá jafnvel um að smyrja handa börnum og elda kannski súpu eða annan léttan málsverð.

En ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram og skiptir meginmáli: að börnum sé tryggð holl og góð næring í skólanum, ekki síst í lengdum skóladegi. Það er dálítið merkilegt til umhugsunar um breytt viðhorf að það eru ekki ýkja mörg ár, kannski áratugur, síðan meginátherslan og krafan var sú að kennarar fengju næringu í skólanum. Það var víða komið upp mötuneytum kennara en börnin máttu láta sér nægja reykinn af réttunum. Ég hef alltaf verið mótfallin þessu og ég hef oft bent á það að kannski mætti snúa þessu við, hafa endaskipti á hlutunum og láta börnin fara í mötuneytin og kennarana taka með sér nesti. Það væri kannski skynsamleg ráðstöfun á meðan ekki er hægt að framfylgja þessu fyrir alla starfsmenn skóla, þ.e. bæði kennara og nemendur?.

Ég vildi, eins og ég sagði, aðeins koma hér upp til þess að láta í mér heyra, taka undir meginefni þessa frv. og í raun og veru taka undir öll þau viðhorf sem komu fram í máli hæstv. ráðherra. Ég fagna því svo sannarlega að hann vill ekki sjá forsjárhyggjuna í skólunum, hann vill hafa þetta sveigjanlegt, að skólarnir geti aðlagað sig þörfum á hverjum stað. Og ég gat ekki betur skilið en að hann væri sammála því að skólinn væri fyrir börnin en ekki öfugt.

Það var minnst hér á stærð skóla og húsnæði. Ég held að við ættum að læra af reynslunni. Það hefur of mikið verið lagt upp úr því og of miklu fjármagni varið í útlit skólanna og hönnun húsnæðisins. Ég held að það þurfi að snúa sér frekar að því að þar sem slíkar aðstæður kalla á að skólarnir séu smærri og þeir séu sveigjanlegri sé húsnæðið þannig gert að það sé hægt að hafa t.d. grenndarskóla á þéttbýlisstöðum til þess að auka umferðaröryggi barnanna, eins og hér kom fram, en einn af þessum þýðingarmiklu þáttum sem lúta að samfelldum skóladegi er

umferðaröryggi, að fækka ferðum barna á milli heimilis og skóla og stytta leiðirnar á milli heimilis og skóla yfir hættulegar umferðaræðar.

Það var sjálfsagt fjölmargt fleira sem ég ætlaði að koma inn á, hæstv. forseti, en ég þykist vita að við séum farin að syndga hér upp á náðina hvað varðar tíma þessa fundar, eða er það ekki rétt? (**Forseti:** Það er ekkert tímabundið svo upp á mínútu hér.) Getum við haldið áfram hér endalaust? Ég hélt að það væru þingflokksfundir. (**Gripið fram í:** Það er á morgun.) Það voru gleðileg tíðindi að ég hef tekið dagafeil. Mér fannst vera kominn miðvikudagur og það væri þingflokksfundur og var orðin svolítið óróleg, en það er vegna þess að ég á svo auðvelt með að setja mig í hlutverk hæstv. forseta og veit hvernig honum líður ef farið er að misnota tímann. — En engu að síður er ýmislegt fleira sem ég gæti komið hér inn á, t.d. það sem hæstv. ráðherra fjallaði um varðandi lista- og menningarmál sem ætti að færa meira inn í skólana. Ég er honum svo hjartanlega sammála í þeim efnum. Ég vil einnig taka undir það sem hv. 2. þm. Norðurl. e. kom hér inn á og vildi leggja megináherslu á þýðingu tónlistarkennslunnar í grunnskólanum, tónlistaruppeldisins vil ég leyfa mér að kalla það, því að þetta er mjög þýðingarmikill þáttur sem ekki hefur verið lögð nægjanleg rækt við.

Við erum svo heppin að tónlistarskólar hafa risið upp úti um allt land á undanförnum árum eða áratugum. Og þeir hafa, eins og kom fram í máli hv. 2. þm. Norðurl. e., sannað gildi sitt fyrir löngu. Það vill svo til að tónlistarskóli í Mosfellsbæ á einmitt 20 ára afmæli á þessu hausti. Og ég þekki það af reynslu þar sem ég var búin að vera formaður skólanefndar þar í 20 ár þegar mér þótti nú mál að linnti og þekki því vel til þess starfs sem tónlistarskólarnir hafa unnið fyrir æskufólkið og þann uppeldislega þátt sem það gefur nemendunum. Þess vegna vil ég segja það við hæstv. menntmrh. að ef við eigum eftir að sjá það í náinni framtíð að undirstöðumenntun tónlistarfræðslunnar verði færð inn í grunnskólana, eins og ég held að margir séu sammála um að ætti að vera, þá væri það af hinu góða.

Ég hef alltaf litið svo á að t.d. það að læra að lesa nótur ætti að fylgja öðru lestrarnámi því að það eru talverð fjárútlát fyrir fjölskyldur að senda börn sín í tónlistarskóla. Þar þarf að greiða nemendagjöld sem eru þó nokkur fjárútlát, því að oft er það svo að ef það eru fleiri en eitt barn á sama bæ, eins og þar stendur, þá er það bara ekki eitt þeirra sem fer í tónlistarnámið heldur öll. Og þá er þetta orðinn talsverður peningur fyrir eina fjölskyldu að rísa undir. Þess vegna held ég að það væri af hinu góða ef tekin væri sú stefna að undirstöðufræðslan í tónlistinni færi fram í grunnskólunum. Tónlistarskólarnir gætu svo orðið framhaldsskólarnir fyrir þá sem vilja halda áfram á þeirri braut. Ég vildi aðeins skjóta þessu inn vegna þess að talað var um þýðingu tónlistarkennslu.

Hv. 2. þm. Norðurl. e. minntist á kennslubækurnar. Það er nú kannski ekki beinlínis það sem er hér á dagskrá, en ég vildi benda honum og öðrum hv. þingdeildarmönnum á að í því frv. sem hér hefur verið minnst á og ég mælti fyrir og er 1. flm. að, um skólaráðin, komum við einmitt inn á þennan þýðingarmikla þátt. Ef foreldrar ættu fulltrúa í slíku skólaráði þá væri kominn lykillinn að því að fylgjast með hvaða ljóðabækur viðkomandi skóli ætlar að kenna sínum nemendum eða sögubækur eða hvað við viljum kalla það. Þetta var svona smáinnskot varðandi þann þátt málsins.

Ég nefndi hér mjög þýðingarmikinn þátt sem við vitum að er einn af þessum stóru útgjaldaliðum á fjárlögum, skólabyggingarnar. Það væri áreiðanlega þess virði að endurskoða t.d. normin og aðrar reglur í sambandi við byggingar skólamannvirkja og þær kröfur sem gerðar eru í þeim efnum með það fyrir augum að þar væri meiri sveigjanleiki. Með því móti væri hægt að spara meira. Því að það er staðreynd, eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra að ég held, að íbúafjölgun og -fækkun getur sveiflast til og frá í sama bæjarfélaginu, í bæjarhlutum ef við tökum t.d. höfuðborgina eða kaupstaði af stærri gerðinni. Það getur orðið vandamál í viðkomandi sveitarfélagi að sitja uppi með þessar stóru skólahallir þegar börnum á skólaaldri fækkar. Það væri æskilegra vegna útvíkkunar á byggðakjörnum að geta fært grenndarskólana heim til barnanna og að þurfa ekki að sitja uppi með þessar stóru byggingar, en oft hefur það nú komið í hugann þegar við stöndum frammi fyrir þessu dýru skólabyggingum sem eru svo jafnvel vanbúnar að öðru leyti þar sem ekki eru til peningar til að búa þessi fallegu, dýru hús tækjum og búnaði eins og þyrfti að vera.

Þetta er í megindráttum það sem ég vildi segja. Ég ítreka það að ég lýsi stuðningi við meginefni þessa frv., þó að í því séu atriði sem að mínu mati hefðu kannski mátt missa sig og ég minntist hér á áðan að væru ekki brýn nauðsyn. En ég tek líka undir það, sem kom fram hjá hv. 2. þm. Norðurl. e., að þar sem hliðstæð frv. eru til umfjöllunar í báðum deildum held ég að skynsamlegt væri að koma á samvinnu á milli nefndanna tveggja sem fá frumvörpin til umfjöllunar.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 6. þm. Reykv. fyrir þetta frv. og ræðumönnum sem hér hafa talað fróðlegar og gagnlegar upplýsingar varðandi grunnskólakerfið og hvað hér hefur á Alþingi komið fram af lagafrumvörpum um þessi mál.

Ég er sammála því sem hér hefur komið fram að áríðandi er að taka lögin um grunnskóla til endurskoðunar. Ekki aðeins í ljósi þeirra þjóðfélagsbreytinga sem orðið hafa heldur einnig þar eð þau lög sem samþykkt voru 1974 hafa aldrei komið fyllilega til framkvæmda. Líta þyrfti á það hvaða ástæður lágu þar að baki og svo í þeirri umræðu hvernig má gera betur í framtíðinni.

Það eru alltaf peningarnir sem öllu máli skipta og hvernig þeim skuli varið. Þetta frv. sem hér hefur verið lagt fram gerir ráð fyrir verulegum peningaútlátum. Eftir því sem mér sýnist er um að ræða 3½ milljarð ef hrinda á þessum hugmyndum í framkvæmd. En eftir því sem mér skilst einnig þá kostar núverandi grunnskólakerfi um 3 milljarða. Þarna er því um helmings hækkun að ræða.

Ég er sammála því sem kom fram hér hjá hv. 1. flm. að þetta er spurning um forgangsröðun og tek heils hugar undir það. Hins vegar verðum við einnig að líta til þeirra peninga sem til skiptanna eru og hvernig við teljum þeim best ráðstafað í hvert og eitt skipti.

Núverandi grunnskólakerfi er að mínu mati ekki nógu gott og ekki nógu skilvirkt og þá sérstaklega hið innra starf. Það var gerð könnun á vegum Morgunblaðsins ekki alls fyrir löngu á almennri þekkingu Íslendinga. Ég verð nú að segja það að niðurstaða þeirrar könnunar kom mér mjög á óvart. Og þá er spurningin: Er þetta íslensku skólakerfi að kenna? Það var spurt um ýmis grunnhugtök og grunnspurningar varðandi sögu Íslendinga, um málfar og fleira og stór hluti þeirra sem spurðir voru var ekki með þetta á hreinu.

Ég vil sem sagt leggja megináherslu nú sem endranær á innra starf skólanna. Hitt, einsetning skóla, samfelldur skóladagur, stærð skóla, fjöldi nemenda í hverjum bekk, er kannski ekki aðalatriðið í þessari umræðu. Það hlýtur að vera markmið skólanna að koma sem bestri menntun inn í nemendur og að sú menntun nýtist þjóðfélaginu.

Innra starfið hlýtur að byggjast á samstarfi barna, foreldra, kennara og fræðsluyfirvalda og réttri skólastefnu ráðandi stjórnvalda. Þetta eru þær grunneiningar sem jákvætt og gott skólastarf þarf að byggjast á. En ég vil samt sem áður, þó að ég taki svona til orða um innra starfið, alls ekki kasta rýrð á þetta frv. Mér finnst þær hugmyndir sem þarna koma fram mjög góðar og réttmætar. En við verðum alltaf þegar um svona hluti er að ræða að hugsa um það hvernig við nýtum best þá peninga sem til skiptanna eru.

Þegar þetta frv. kom til umræðu hér í fyrra þá lýsti *ég þeirri skoðun minni að margt í því væri til bóta* og rakti það nokkuð. Ég ætla ekki að endurtaka það nú en vísa til þess sem ég sagði þá.

Ég tel einnig mjög mikilvægt þegar skólamál eru rædd að koma inn á tengslin á milli þeirra þriggja skólastiga sem skólakerfið byggist á, grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla, hvernig grunnskólinn getur undirbúið nemendur undir framhaldsskólann og síðan framhaldsskólinn undir háskólann. Það þarf að ræða þetta í einni samfellu og reyna að átta sig á þessu þrennu í einni heild.

Í fyrra var mikið rætt um framhaldsskólana og einnig nýjan háskóla á Akureyri og hver tengslin þar voru. Hér ætti því að beina svolitlum kröftum í það að ræða um grunnskólann og hvernig nemendur væru undirbúnir undir framhaldsskólann. Hæstv. menntmrh. ræddi þetta nokkuð hér áðan og fagna ég þeim áhuga sem hann hefur á þessum málum, og því að ný námsskrá sé væntanleg núna í febrúar. Vona ég að þar verði tekið á þessum málum og við fáum að hefja hér góða og gagnmerka umræðu um þessi mál.

Ég fagna því sem fram kom í ræðu hæstv. ráðherra um að hann ætli að koma í veg fyrir þá miðstýringu sem verið hefur og beita sér fyrir því að kröfurnar sem gerðar eru til grunnskólans fæðist hjá skólafólkinu sjálfu, heimilunum og jafnvel börnunum og að skólarnir verði þá sem sjálfstæðastir.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð mín mikið fleiri en vil ítreka það, sem ég sagði hér í upphafi, að ég þakka fyrir þessa umræðu. Mér hefur fundist hún gagnleg og fróðleg.

Karvel Pálmason:

Herra forseti. Kannski er það nú ekki við hæfi að nær óskólagenginn þingmaður troði hér í pontu til þess að ræða jafnmikilvægt mál og hér er um að ræða, enda skal ég ekki setja á langa tölu að því er þetta varðar.

Það er enginn vafi á því að ýmislegt í þessu frv. gæti orðið til bóta. Ég taldi rétt nú við þessa umræðu að tjá mig um meginþáttinn í þessu frv., þ.e. um lengingu skólatíma. Ég er andvígur því. Þó tel ég mig ekkert síðri barnavin en þá sem standa að því frv. sem hér er um að ræða. Ég fékkst sjálfur við kennslu í níu ár, að vísu sem fúskari í faginu, en taldi mig þá komast að reynslunni um það að börn eru orðin leið á löngum skólatíma. Við horfum framan í þá staðreynd að talsvert af grunnskólalögunum, sem sett voru 1974, er ekki framkvæmt enn þann dag í dag. Margt af því sem ekki er framkvæmt í þeirri löggjöf gæti orðið til bóta. Og ég er þeirrar skoðunar að ekki bara grunnskólakerfið hjá okkur, heldur og menntakerfið allt, þurfi nánast að stokka upp. Ég tek mjög undir það sem hér kom fram hjá hv. þm. Halldóri Blöndal, að því er varðar t.d. tónmenntunina, að því er varðar það að kenna ungu fólki að koma á framfæri skilmerkilega og læra ljóð okkar góðskálda, en það er nöturlegt til þess að vita að m.a.s. æðsta stofnun í menntakerfi okkar Íslendinga er að útskrifa einstaklinga sem nánast eru hvorki talandi né skrifandi. Nánast hvorki talandi né skrifandi. Þar þarf ábyggilega líka að verða breyting á í menntun. Ég held að við gætum gert ýmislegt innan þess lagaramma sem nú er til staðar án þess kannski að það mundi kosta ýkja mikla fjármuni. Ég *er á engan hátt að hafa á móti ýmsu því sem er í því* frv. sem hér er verið að ræða, þó að ég hafi þessa skoðun að vera andvígur lengingu skólatíma. Það er ýmislegt annað í þessu frv. sem er með öðrum hætti og gæti orðið til bóta, en allt kostar það peninga. Og það er auðvitað spurning til flm. frv.: Hvar er meiningin að ná í þá peninga? Hvaðan á að taka þá, 2½ til 3 milljarða? Það er auðvitað afskaplega gott og gaman að geta staðið að flutningi mála, sem vissulega geta horft til bóta á ýmsa vegi, en það þarf

auðvitað líka að fylgja slíkum málum tekjuöflun. Hvar á að fá fjármagnið til þess að gera hlutina? Mér sýnist að allt sigli nú ... (Gripið fram í.) Hvað segir hv. þm. Eiður Guðnason? (**EG:** Þá er það bara búið til.) Það er búið til já, nú þá er fengið svar við því. Væntanlega svarar hv. þm. fyrir Kvennalistann. (Gripið fram í.) Mér sýnist nú allt benda til þess að menn þurfi frekar að draga saman seglin að því er varðar ríkisútgjöld heldur en að fara á hinn veginn, a.m.k. í bili því miður. Menn þurfa að hyggja betur en oft áður að þeim krónum sem þeir telja sig geta séð af til menntunarstarfa.

En eigi að síður er umræða um þessi mál gagnleg og nauðsynleg og það er mjög nauðsynlegt að sjónarmið sem flestra komi fram því að auðvitað eru um það skiptar skoðanir með hvaða hætti er hægt að gera betur við ungdóminn en nú er innan menntakerfisins. Ég hygg að allir séu sammála um að slíkt beri að gera þó að menn greini á um leiðir að því marki. Ég vildi sem sagt láta það koma fram að varðandi þann þátt, lengingu skólatíma, er ég andvígur því að slíkt sé gert, teldi kannski frekar að fara ætti á hinn veginn, frekar að stytta skólatíma en lengja.

Að síðustu vil ég láta það koma fram að mér hefur fundist að verknámið innan núverandi skólakerfis hafi nánast verið lagt til hliðar að því er varðar grunnskólana víða út um land. Þar sem ég þekki til, eins og á Vestfjörðum, hefur verknámið á því svæði a.m.k. verið hornreka og trúlega víðar ef skoðað væri. Það er ekki síður mikilvægt að sinna þeim þætti í menntun fyrir þá unglinga sem eru hlynntari verklegri uppfræðslu en bóknámi. Það er ekki eðlilegt menntakerfi að einvörðungu sé litið á bóknámið sem nánast skyldufög en hitt sé sett til hliðar. Þetta er því miður sú reynsla sem mér hefur fundist vera undangengin ár í skólakerfinu.

Ég sagði áðan: Ég skal ekki setja á langa tölu hér í ræðuhöldum og hefði kannski ekki átt að blanda mér í þessa umræðu, en eigi að síður taldi ég rétt að mitt sjónarmið kæmi fram. Kannski er ég sá eini af hv. þingdeildarmönnum sem er þessarar skoðunar varðandi skólatíma, en eigi að síður: Skoðun mín er þessi.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Það er ekki einleikið hvað þetta er góð deild sem við erum hér í. Hér er hún klukkutímum saman að ræða um skólamál í ró og spekt og sé ég ekki betur en að þar sé margt sem sameinar okkur í þessari umræðu. Og út af því sem hv. þm. Karvel Pálmason sagði, þá átti hann auðvitað að blanda sér í þessa umræðu eins og aðrir sem telja að þeir hafi eitthvað um skólamál að segja. Gallinn við skólamálaumræðu er nefnilega stundum sá að það eru aðeins tilteknir aðilar með tiltekin próf í þjóðfélaginu sem telja sig rétt borna til þess að stunda skólamálaumræðu. Skólamálaumræða verður aldrei að neinu gagni nema allir sem skólinn snertir taki þátt í þeirri umræðu með einhverjum hætti, og að því er menntun varðar er það nú einu sinni þannig, hvort sem okkur líkar betur eða verr, að hún er ekki alltaf einvörðungu niðurstaða skólagöngu. Ég hef kynnst afar illa menntuðu fólki eftir tiltölulega langa skólagöngu og líka afar menntuðum einstaklingum eftir litla skólagöngu og kemur það í rauninni ekkert þessu máli við. Þess vegna fagna ég því auðvitað að þeir þm. sem hér hafa talað skuli hafa gert það.

Ég vil hins vegar aðeins segja vegna þess sem hv. þm. Karvel Pálmason sagði að núna fá nær öll 6 ára börn einhverja kennslu. Það er talið að það sé yfir 95%, jafnvel 98%, 6 ára barna sem fá einhverja kennslu. Kennslutíminn er hins vegar afar mismunandi, allt frá nokkrum dögum á ári, eins og þetta er í dreifbýlinu, einkum í sveitunum, upp í samfellda kennslu allt skólaárið eins og kemur m.a. fram í grg. með frv. Kvennalistans sem hér er verið að ræða. Ákvörðun um að lengja fræðsluskylduna er því í raun og veru ákvörðun um skref í átt til jafnréttis í mínum huga.

Í þessu sambandi er kannski nóg að nefna eitt atriði sem eru námsgögnin. Þar sem 6 ára börn eru ekki skólaskyld hafa þau ekki átt rétt á að fá úthlutað námsgögnum á kostnað ríkisins. Hins vegar hafa 7 ára börn átt rétt á þessu. Hér er auðvitað um augljósa mismunun að ræða, margþætta mismunun sem ástæðulaust er að viðhalda og engin rök fyrir. Ég held þess vegna, þegar við skoðum þó ekki væri annað en þennan veruleika, að við komumst að þeirri niðurstöðu að miðað við allar aðstæður sé eðlilegt að fræðsluskyldan nái einnig til 6 ára barnanna.

Í sambandi við önnur atriði sem hv. þm. Karvel Pálmason nefndi langar mig aðeins til þess að koma inn á það sem hann gat um, að börnin væru gjarnan orðin leið eftir langa skólavist og það er rétt. Það er mikið áhyggjuefni hvað krökkunum finnst leiðinlegt í skólanum, ekki þeim yngstu heldur þegar ofar dregur og þetta á að valda okkur áhyggjum. Við eigum að hugsa um af hverju þetta er svona. Ég held að ein ástæðan sé sú að það starf sem unnið er inni í skólanum er oft í ótrúlega litlum tengslum við þann veruleika sem börnin lifa við að öðru leyti, hvort sem þar er um að ræða atvinnulíf, félagslíf eða fjölmiðlun. Ég er ekki að tala um að það eigi að láta fjölmiðlunina og atvinnulífið ráða skólanum. Ég held hins vegar að við fáum aldrei góðan árangur í skólanum öðruvísi en að við munum að börnin lifa við hvort tveggja. Þegar við, eins og hv. 11. þm. Reykv., erum að undrast það af hverju börnin kunna ekki þetta og kunna ekki hitt, og okkur hættir til þess að kenna jafnvel skólanum um, gleymum við því að skólinn er mikið veigaminni þáttur í hinu daglega uppeldi barnanna en var fyrir 2–3 áratugum. Það gerir fyrst og fremst þessi ofboðslega fjölmiðlun sem börnin búa við, fjölmiðlun sem í raun og veru veikir skólann sem uppeldisstofnun.

Mig langar til að segja frá því hér út af ummælum hv. þm. Karvels Pálmasonar, af því að það hefur held ég hvergi komið fram, að við höfum aðeins litið

á þau mál sem sérstaklega snerta skólann í dreifbýlinu. Skólinn í dreifbýlinu er allt öðruvísi. Það eru allt, allt önnur vandamál þar en þau sem við erum að tala um hér. Hann nefndi sérstaklega verknámið. Við fáum tækifæri til þess að ræða það hér fljótlega þegar skýrsla verður lögð fram í framhaldi af fsp. og beiðni Kvennalistans um skýrslu um það mál, en við höfum skipað nefnd til þess að fara sérstaklega yfir þróunarmál skólanna í dreifbýlinu. Það er svo fjöldamargt sem er þar allt öðruvísi en er hér á þéttbýlissvæðinu, ekki aðeins verknám og listnám, heldur margt fleira.

Ég vil aðeins víkja að því sem hér hefur komið fram að öðru leyti hjá hv. þm. Halldóri Blöndal og Salome Þorkelsdóttur. Ég bendi á að í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir dálitlum framlögum til endurmenntunar. Það er auðvitað ekki nóg miðað við þarfirnar þar. Það er gert ráð fyrir endurmenntun framhaldsskólakennara, þó nokkurri hækkun frá því sem er á þessu ári. Það er inni endurmenntunarliður á Kennaraháskólanum. Það er gert ráð fyrir Þróunarsjóði grunnskólans, og það er liður í að efla innra starf skólans að það eru auknir fjármunir til áfanga- og fagstjórnar í grunnskólanum í framhaldi af samningum sem kennarasamtökin gerðu í síðustu kjarasamningum sínum. Allt eru þetta skref í þá átt að efla innra starf skólans og þau þróunarverkefni sem þar þarf að sinna.

Varðandi það sem hv. þm. Halldór Blöndal sagði um framhaldsskólann og grunnskólann og sérstaklega gamla 4. bekkinn og gagnfræðanámið og gamla verknámið játa ég það fúslega fyrir mitt leyti að ég var þeirrar skoðunar þegar ég fylgdist með þessari umræðu og fékkst dálítið við kennslu í nokkur ár að sú breyting sem þar var gerð væri í raun og veru að öllu leyti til bóta vegna þess að maður gerði ráð fyrir að verknámið fengi gildan sess í framhaldsskólanum eins og hann átti að þróast. Það varð ekki. Og þegar maður hugsar um þessa tíma og það sem við stöndum frammi fyrir í dag finnst mér að við eigum aðeins að velta því fyrir okkur hvort ekki er eitthvað nýtilegt úr þeirri hugmyndafræði sem lá til grundvallar gagnfræðastiginu á sínum tíma. Ég held að við þurfum að vera með fjölþætt net styttri námsbrauta sem skapa fólki möguleika til að ná tilteknum árangri fyrr en nú er og opna um leið fyrir þá sem eru úti í atvinnulífinu inn í framhaldsskólakerfið á nýjan leik. Mér fannst þess vegna að þessar ábendingar hv. þm. Halldórs Blöndals ættu vel heima í þessari umræðu.

Varðandi síðan íslenskukennsluna, sem hann nefndi sérstaklega, að menntamálanefndir þingsins hefðu áhuga á að koma saman og fara yfir það sem kennt er í þeim efnum. Það er mikið fagnaðarefni ef menntamálanefndirnar hafa tíma til að koma inn í Námsgagnastofnun eða hittast með starfsmönnum menntmrn. til að fara yfir þessi mál og ég er staðráðinn í að taka hv. þm. á orðinu og slá því föstu að við reynum að skapa aðstæður til þess að við getum farið yfir málin og rætt þessa hluti þannig að einstakir nefndarmenn í menntamálanefndum geti sett sig sem allra best inn í einstök atriði mála. Það er mikilvægt að þekkja rammann, lögin og hina ytri umgjörð, fjárlögin o.s.frv., fjárveitingarnar, en það er ekki síður mikilvægt ef menn hafa aðstöðu til að þingmenn, menntamálanefndarmenn, setji sig inn í einstaka þætti þessara mála.

Af því að hv. þm. nefndi sérstaklega framhaldsskólana á Norðurl. e. verð ég að segja það alveg eins og er að ég hef velt því fyrir mér hvort það hefði ekki verið betra fyrir framhaldsskólann á Norðurl. e. og framhaldsskólana yfirleitt að það væri til í hverju umdæmi einhver samræmingaraðili framhaldsskólanna. Á Vesturlandi hafa sveitarfélögin slegið sér saman um framhaldsskóla og raunar má segja að það sé svipað uppi á teningnum á Norðurl. v. Á Norðurl. e. hafa verið að verða til nokkrir framhaldsskólar og allir geta auðvitað verið ánægðir með það að það séu til margir framhaldsskólar og blómlegir framhaldsskólar og allt það. Vandinn er hins vegar sá að þegar skólarnir eru orðnir margir er t.d. mjög erfitt að skipuleggja nýtingu fjármunanna og ég held að það hefði verið betra fyrir þjóðina og Norðurl. e. og Suður-Þingeyinga, þar sem eru orðnir tveir framhaldsskólar, að það hefði verið til samræmingaraðili um framhaldsskólann í þessu umdæmi, bæði að því er varðar skipulag áfanga og brautir og eins heimavistir, sem er veruleg þörf fyrir á Akureyri og er nú kallað á á Húsavík, til viðbótar við framhaldsskólann á Laugum.

Það sem ég er að koma að hér er það að við höfum ekki gamla framhaldsskólalöggjöf. Framhaldsskólalög voru reyndar sett á síðasta þingi og við þyrftum að eiga einhvern samræmingaraðila varðandi framkvæmdir og skólastefnu í framhaldsskólanum rétt eins og við höfum lengi haft að því er varðar fræðsluráðin fyrir grunnskólann.

Ég þakka svo af minni hálfu fyrir þessa umræðu, herra forseti, og vona að hún skili okkur eitthvað áleiðis.

Karl Steinar Guðnason:

Hæstv. forseti. Hér hafa verið fróðlegar umræður um skólamál og margt hefur komið fram. Frv. sem hér liggur fyrir er svipað því sem rætt var hér í fyrra og gerir ráð fyrir veigamiklum breytingum í skólastarfi. Þær breytingar lúta að því m.a. að lengja skólatíma, einsetningu í skóla, fækkun í bekkjum. Þetta eru allt atriði sem að sjálfsögðu enginn er á móti, menn eru afar hlynntir og hefur verið stefnt að hvarvetna á landinu svo sem kostur hefur verið á. Hins vegar hafa sveitarstjórnir og menntmrn. rekið sig á að mikla fjármuni þarf í þetta verkefni og því miðar seinna áfram en menn hefðu viljað.

Það er enginn vafi á að að því kemur að þetta markmið næst, en ég hygg að það verði vart á þeim tíma sem ætlaður er í það samkvæmt frv. Jafnhliða horfum við upp á það að þau lög sem fyrir hendi eru nú þegar um fræðslu barna eru hvergi nærri haldin. Við búum við mikil vandræði hvað varðar kennara.

Það er kennaraskortur í landinu. Kennaramenntunin er ekki alltaf fyrir hendi þar sem kennsla fer fram og þeir sem hafa þá menntun sækja ekki sem skyldi í þessi störf. Það er auðvitað vandamál sem þarf að leysa.

Ég tel líka að það sé spurning hvort ekki sé ástæða til að breyta því formi sem fyrir nokkrum árum var tekið upp, að ekki sé valið í bekki. Hvers vegna, má spyrja. Það er vegna þess að ekki hefur verið staðið við það fyrirheit að stuðningskennsla yrði meiri. Það gerir það aftur að verkum að árangur nemenda í slíkum bekkjum er ekki sem skyldi. Það er mín skoðun að báðir tapi á þessu, þ.e. þeir sem eru slakir nemendur og þeir sem eru góðir nemendur, á meðan ekki er séð fyrir nægri hliðarkennslu eða aðstoð við þá sem erfiðara eiga um nám. Hvers vegna skyldi ekki hafa verið staðið við þessi fyrirheit? Vafalaust er það vegna fjárskorts, kannski viljaleysis, ég vil ekki fullyrða um það. Þetta er hins vegar vandamál sem ástæða er til að gefa gaum.

Ég tel líka að mjög áríðandi sé, eins og kom raunar fram í máli menntmrh., að þess verði freistað að ná til þeirra fjölmörgu sem heltast úr lestinni, ná ekki að halda áfram námi. Ekki er það endilega vegna getuleysis, heldur ýmissa félagslegra aðstæðna. Fólk hverfur á brott úr skóla jafnvel áður en skólaskyldu lýkur og fer beint út í atvinnulífið hvar möguleikar þessa fólks eru afar takmarkaðir. Það fólk er oft og tíðum dæmt til að vera láglaunafólk vegna þess að það hefur ekki þá menntun sem krafist er hverju sinni. Ég tel mjög brýnt að sinna þessu verkefni, að reyna svo sem kostur er á að ná til þessa hóps. Reyndar er það hægt á annan hátt en hefðbundið hefur verið hér á landi.

Það er gjarnan talað um það að framleiðni á Íslandi sé lítil og að verkkunnátta mætti vera betri. Ég tel að þar þurfi að gera betur líkt og gert er á Norðurlöndum hvar skólar eru fyrir hendi til að mennta fólk í atvinnulífinu, verkafólk, iðnverkafólk, alls konar launþega sem þurfa á meiri verkþekkingu að halda. Ég tel að sá þáttur hafi verið gjörsamlega vanræktur hér á landi og honum verði að sinna betur. Ég minni á að verkalýðshreyfingin hefur tekið þessi mál upp á arma sína, kannski vonum seinna, í samráði við atvinnurekendur og hefur sá árangur náðst að haldin hafa verið námskeið um allt land fyrir fiskvinnslufólk þar sem fólki er kennt hvaðeina sem lýtur að fiskiðnaðinum með það fyrir augum að gera fólk hæfara til starfa. Fyrirhugað er að gera þetta líka varðandi byggingaverkamenn, vélamenn og aðra og vænti ég þess að það geti farið af stað innan ekki langs tíma. Þetta er þáttur sem félagar okkar á Norðurlöndum sinna mjög mikið og ég minnist þess að fyrir einu eða tveimur árum var haldið upp á það að 20 ár voru liðin frá setningu laga um starfsmenntun í Danmörku og þá hafði milljón manns farið í gegnum þá skóla. Ég hygg að þarna sé akur sem þarf að yrkja mun betur og það þarf stuðning ríkisvaldsins í þeim efnum. Ég er sannfærður um það að ef vel yrði staðið að þessu og betur hugað að þessum málum á það eftir að koma íslenskri þjóð mjög að gagni og þar náum við í það fólk sem helst hefur úr lestinni af félagslegum ástæðum, af alls konar ástæðum sem erfitt er að tilgreina.

Ég ætla að hverfa aftur að frv. Ég er þakklátur flm. fyrir að nú í annað sinn skuli frv. hennar vera hvati til umræðu um þessi mál, en því miður óttast ég að hér sé frekar um óskalista að ræða en það að með samþykkt þessa frv. sé hægt að koma þessu í framkvæmd á þessum tíma og þá er það fjárskorturinn sem stendur í veginum. Það er ætlað í grg. að kostnaðurinn skipti milljörðum. Vera má að það sé ofáætlað, ég vil ekki draga úr því, en þó að aðeins yrði tekinn helmingur af því eða ætlað að það væri aðeins helmingur af þessu þyrfti að taka vel á til að ná þeim peningum ofan á allt annað. Það þyrfti t.d., ég gleymdi að minnast á það, að huga að því hvernig varið er útgáfu námsbóka. Ég held að mjög sé pottur brotinn í þeim efnum og skorti mikið fé til að gera betur. Ég hef gert mér það til gamans að fara yfir námsefni barna í barnaskólum og var löngum kunnur því áður, en það er dapurlegt að sjá að námsbækur í sumum greinum eru svipaðar ef ekki eins og fyrir 20 árum. Þótt ekki færu nema örfáar milljónir til þess verkefnis yrði það til mikilla bóta. Það þarf víða að bera niður í þessu, en ég hygg að þrátt fyrir góðan vilja, vandað frv. og góðan tilgang verði langt í það, því miður, vegna þess sem ég hef getið hér um áður, að ekki hefur verið staðið að skólamálum sem skyldi, að þetta komist í framkvæmd.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Þessi umræða hefur farið mjög um víðan völl og ber þess nokkur merki. Nú telja menn í þessari hv. deild sig hafa nógan tíma til að ræða þessi mál meðan önnur mál bíða umfjöllunar og eru svona á döfinni og það er auðvitað ágætt. Menn hafa margir haldið mjög langar ræður og komið víða við. Ég ætlaði svo sem ekki endilega að blanda mér í þessa umræðu, en vegna þess að hv. 2. þm. Norðurl. e., sem gengur nú í salinn, mun hafa gert það að umtalsefni í sinni ræðu að menntmn. þingsins ættu að kynna sér námsefni í íslensku í grunnskólum, að mér skilst, er rétt að það komi fram að þessi hv. þm. talar ekki fyrir hönd menntmn. þessarar deildar. Hann var þar að vísu formaður, hann er það ekki lengur. Þetta mál hefur ekkert verið rætt í menntmn. þessarar hv. deildar. Hins vegar er auðvitað sjálfsagt að nefndin taki þetta til umfjöllunar þó að ég verði að játa að ég hef vissar efasemdir um það að þingnefndir eigi beinlínis að setja sig í dómarasæti yfir námsefni í grunnskólunum. Auðvitað er það af hinu góða að menn kynni sér þessi mál, þeir sem áhuga hafa á, og ef menntmn. hefur tíma, sem hún sjálfsagt hefur einhvern tíma síðar á vetrinum, til að fjalla eitthvað um þetta er það sjálfsagt gott og að heimsækja Námsgagnastofnun og eitthvað því um líkt og eiga viðræður við skólafólk.

Hv. þm. vék að námsefni í íslensku. Það var svo fyrir nokkrum árum að það var mikið gagnrýnt að móðurmálskennslan í grunnskólanum væri málfræðistagl. Svo var því breytt. Og ég segi: Svo var því breytt, illu heilli. Nú tala menn ekki lengur um málfræðistagl í grunnskólunum, menn tala um bókmenntasnakk, og fyrir því hef ég orð eins ágætasta íslenskumanns hér að það er margfalt, margfalt erfiðara að kenna bókmenntir en að kenna málfræði. Það er ekkert endilega hverjum manni ætlandi að skila því vel að kenna bókmenntir og koma því til skila. Hins vegar hygg ég að staðan sé sú núna að eftir grunnskólanámið sé það miklu fremur undantekning en regla að menn kunni yfirleitt nokkuð í málfræði. Alla vega er málfræðikunnáttu mjög ábótavant. Síðan kemur þetta ágæta fólk í framhaldsskólana, lærir erlend tungumál í vaxandi mæli þar sem koma fyrir málfræðihugtök og málfræðilærdómur sem það hefur aldrei kynnst á sínu eigin móðurmáli. Þetta er vandamál. Það er auðvitað líka vandamál sem hefur verið vikið að, skorturinn á námsefni og námsgögnum, og mér finnst það dálítið merkilegt umhugsunarefni að þegar sumir af okkar nemendum koma í framhaldsskóla og fara þar t.d. að læra frönsku fá þeir kennslubækur á dönsku. Gallinn er bara sá að dönskukennslan í grunnskólanum og framhaldsskólanum skilar sér ekki. Þegar þetta aumingja unga fólk á að fara að læra frönsku á dönsku og kann ekki dönsku geta menn auðvitað alveg séð hvað kemur út úr því. En svona er þetta því miður.

Varðandi það sem hv. þm. Karl Steinar Guðnason sagði áðan um að námsbækurnar væru í sumum tilvikum óbreyttar frá því sem var fyrir 20 árum, þá held ég að í sumum tilvikum sé það kannski alls ekki slæmt. Hver man ekki eftir tilraunininni með nýju stærðfræðina sem í raun hefur þýtt það að heilu árgangarnir af nemendum kunna sáralítið í reikningi og geta ekki reiknað í huganum? Nýja stærðfræðin, eða mengjafræðin, er einhver alvarlegustu og örlagaríkustu mistök sem hafa verið gerð í íslenska skólakerfinu. Það var allt saman meira og minna út í hött og þess vegna var það skref fram á við þegar aftur voru teknar upp kennslubækur í reikningi eftir Elías Bjarnason þó þær væru 25 eða 30 ára gamlar. (Gripið fram í.) Já, já, ég tek undir það að ekki gildir það sama um allar námsgreinar. Ég held t.d., svo að við tölum um kennslubækur af sérstakri gerð, forskriftarbækur, að það væri betur fyrir skrift margra að bækur frá eldri tíma hefðu verið notaðar frekar en — (Gripið fram í.) Já, ég tek undir það, hv. þm. — að kenna þá hryllilegu skrift sem maður sér að grunnskólinn skilar hjá nemendum sínum. Ég veit dæmi þess í einum skóla að þar var kennarinn búinn að skrifa í nokkrar vikur eða í þó nokkurn tíma með skrifstöfum á töfluna og þá kom bara í ljós að nemendurnir höfðu ekki getað lesið þetta. Þeir bara kunnu ekki að lesa svona skrift. Þeir höfðu aldrei lært hana.

Það má alveg taka undir það, bæði með hæstv. ráðherra sem hér talaði og eins með hv. þm. Halldóri Blöndal, að það gamla er ekki endilega slæmt í skólamálum, alls ekki. Og ég hygg að menn hafi verið of nýjungagjarnir í þeim efnum hér og of ginnkeyptir fyrir ýmsu sem kemur erlendis frá vegna þess að ástandið er ekki alls staðar til fyrirmyndar þar í grunnskólum, t.d. á Norðurlöndunum, enn þá síður ef við förum lengra og förum vestur um haf. Ég hygg að okkar grunnskólar séu nánast eins og himnaríki miðað við marga grunnskóla þar, þar sem er vaðandi eiturlyfjanotkun og glæpastarfsemi af öllu tagi, og þetta þekkjum við. Það er því ekki allt gott sem að utan kemur og við eigum að forðast það að horfa stöðugt með glampa í augunum til annarra landa um þetta. Við eigum að horfa á það gagnrýnum augum og taka upp það sem getur komið okkur til góða, en við eigum ekki að vera of ginnkeypt fyrir nýjungum þó að ég taki ekki undir með ágætum manni sem einu sinni sagði: Við eigum að gæta okkur á nýjungum, þær gefast misjafnlega og sumar geta verið til mikillar bölvunar. Það er kannski fulllangt gengið en við eigum að vera gagnrýnin á þetta.

Um þetta frv., að lokum. Þetta er svona óskalagafrumvarp. Það er ekki mikið raunsæi í þessu þó að við getum auðvitað verið sammála um hin góðu markmið og hinn góða vilja sem ég efast ekki um að er á bak við þetta mál sem er vel unnið og margir hafa áreiðanlega lagt mjög mikla vinnu í. Það er hins vegar ekki góður siður að setja fram mál sem hafa gífurlegan kostnað í för með sér eins og er alveg deginum ljósara að þetta mál hefur og er kannski fyrst og fremst þéttbýlismál. Ég finn ekki, ég skal að vísu viðurkenna að ég hef ekki lesið þetta alveg frá orði til orðs, að gerðar séu tillögur um hvernig á með raunhæfum hætti að koma þessu í framkvæmd, hvernig á með raunhæfum hætti að fjármagna þetta. Þess vegna er þetta óskalagafrumvarp og það er mjög auðvelt að skrifa slík mál. Það er mjög auðvelt að flytja slík mál og það er kannski vel til vinsælda fallið hjá ýmsum að flytja slík mál. Það eru hins vegar ekki mjög raunsæ vinnubrögð. Menn verða að horfast í augu við veruleikann og það hverju er unnt að áorka. Hitt er og verður óskalagafrumvarpaflutningur eins og þetta mál er þó ég efist ekki um hinn góða hug sem þarna liggur að baki. Við getum verið sammála um að æskilegt er að breyta ýmsu af þessu, ég segi ekki öllu, en þetta eru ekki vinnubrögð sem eru líkleg til að leiða til mikils árangurs, því miður.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu merkisfrumvarp sem mig langar að segja nokkur orð um. Því miður þurfti ég að víkja af fundi og hef því misst af nokkru af umræðunum sem hafa staðið í nokkra klukkutíma og það er vel, en eins og kom fram hjá framsögumanni stenst skólakerfið hér á landi ekki samanburð við nágrannalönd hvað snertir samfelldan skóladag, betri samræmingu á vinnudegi foreldra og barna og fleira. Þetta vitum við og við hljótum að stefna að

úrbótum í þeim efnum. Hitt er líka staðreynd, eins og kom fram hjá hæstv. menntmrh., að við höfum á örfáum áratugum verið að byggja upp okkar menntakerfi, nánast frá grunni, og þegar ég, sem tel mig nokkuð unga manneskju, upplifði það að byrja fyrst 10 ára gömul grunnskólanám svo heitið geti, ef frá eru talin námskeið að vori og hausti þrjú ár þar á undan, finnst mér, þegar ég miða við það, að við stöndum býsna vel í dag. Ég tek samt sem áður undir þau meginsjónarmið sem koma fram í frv. og tel að við hljótum að stefna að því sem þar er lögð áhersla á.

Okkur er tamt að bera okkur saman við okkar nágrannalönd, og það er vel og það er eðlilegt. Ég tek samt undir með hv. 3. þm. Vesturl., sem talaði hér áðan, að við verðum að sigta það dálítið sem þaðan kemur. Við megum passa okkur á að gleypa það ekki hrátt. Það held ég að hafi nú þegar orðið okkur dýrkeypt á vissum sviðum, í ákveðnum námsgreinum grunnskólans. Þjóðfélagið hefur verið að breytast alveg gífurlega á síðasta áratug og þá sérstaklega hvað snertir atvinnuþátttöku kvenna. Á því sviði hefur nánast orðið bylting. En mér finnst samt örlítið brydda á því í þessu ágæta frv. eða grg. að það sé verið að gera foreldrana svolítið stikkfrí í uppeldinu. Þrátt fyrir mikla atvinnuþátttöku foreldra finnst mér að fólk verði að gera sér grein fyrir því, ef það eignast börn á annað borð, að það verður að sinna börnunum sínum og það má ekki sitja á hakanum, umfram allt. Mér finnst því ekki að við eigum bókstaflega að færa uppeldið inn í skólana.

Það er annað mál sem mig langar til þess að nefna fyrst umræðan hefur verið nokkuð á breiðum grundvelli eftir því sem mér hefur heyrst. Ég held að það þyrfti að vera skylda í grunnskólanum að kenna börnum betur að tjá sig en nú er, að kenna þeim að koma hugsunum sínum í orð. Ég veit að það er eitthvað um það í grunnskólunum að kennarar hafa tekið það nánast upp hjá sjálfum sér, að kenna börnum að halda ræðu, að standa frammi fyrir bekknum og tjá sig, og ég veit að t.d. í ákveðnum grunnskóla í Reykjavík þar sem mín börn stunda nám er þetta gert. Þetta finnst mér vera til fyrirmyndar. Þess vegna nefni ég þetta í þessari umræðu.

Ég ætla ekki að lengja umræðuna. Ég tek undir með flm. og þakka þeim fyrir að flytja þetta frv. Þetta er markmiðið að mínu mati, en því miður, ég sé ekki fyrir mér á allra næstu árum að það komist í framkvæmd.

Flm. (Guðrún Agnarsdóttir):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka öllum þimgdeildarmönnum og hæstv. ráðherra fyrir mjög málefnalega og ánægjulega umræðu um skólamál hér í dag. Og sérstaklega þakka ég fyrir þær jákvæðu undirtektir og þann góða hug sem menn almennt bera til skólamála og hversu glöggt þeir virðast allir sjá að þar þurfi að bæta um betur. Það má segja að það sé líkt með þingdeildarmönnum í Ed. í skólamálum og kvennalistakonum almennt að það er fleira sem sameinar okkur en það sem sundrar okkur. En mikið vildi ég þó að menn væru almennt svo gætnir og varkárir og aðhaldssamir og hugsuðu jafngrannt um forgangsröðun þegar til umræðu væri bygging Seðlabanka, flugstöðvar, Kringlu, jafnvel ráðhúss, hringsólandi veitingahúss og nú síðast handboltahallar því það fer vel að beita þessum góðu eiginleikum sem eru varkárni, aðhaldssemi og glöggt skyn á mikilvægi forgangsröðunar við sérhverjar framkvæmdir. (**KP:** Hefur einhver hv. þm. staðið að þessu? Ég spyr.) Það er nú stóra spurningin. Menn hafa hins vegar rætt um forgangsröðun verkefna og ég er alveg innilega sammála. Auðvitað verður að hyggja vel að forgangsröðun verkefna. Það hefur verið spurt: Hvernig á að finna fé til þessara framkvæmda sem þarna eru tilteknar og gerð er mjög gróf kostnaðaráætlun fyrir? Og ég held að þegar sá gætni maður sem gerði þessa áætlun sagði að hún væri mjög ríflega sé hún vel ríflega.

Þá held ég að við verðum að spyrja okkur áfram: Hvaðan koma peningar til skólakerfisins á Íslandi og hvaðan koma peningar til þjónustu eins og heilbrigðisþjónustunnar almennt? Auðvitað er þetta hluti af þjónustu og uppbyggingu þess velferðarþjóðfélags sem við byggjum og við hljótum að nýta hefðbundnar tekjuöflunarleiðir til þess að afla fjár til þeirra umbóta sem við þurfum að gera á því kerfi sem ég held að við viljum öll búa við. Ég tel það alveg víst að við viljum reyna að viðhalda því af fremsta megni og bæta það eftir því sem þurfa þykir og tíminn gerir kröfu til. Og ég verð að vekja athygli á því að hér er í raun ekki verið að ræða svo mikið um byggingar því að hæstv. menntmrh. vék einmitt að því að ef hann ætti að velja vildi hann fremur verja fé til skólaþróunar en til bygginga. Það er nefnilega þannig með innra starfið, þó að það sé að vísu alltaf mikilvægast og alveg sama hvort þá er um að ræða skólastarf eða t.d. starf á Alþingi, auðvitað er innra starf alltaf langsamlega mikilvægast, að því er líka sniðinn ákveðinn stakkur af þeim ramma og þeim aðbúnaði sem það býr við. Það þarf ekki ævinlega að vera takmarkandi, en það getur verið það.

Ég man vel eftir því þegar ég fór fyrst til Bretlands í framhaldsnám að ég undraðist þessar kytrur sem menn unnu þar oft í, óhreinindin og hve þétt var setinn bekkurinn. Ég dáðist að þeirri rannsóknarvinnu og þeim gæðum í lækningum sem komu frá fólki sem vann við svona lélegar aðstæður. Það var hins vegar ekki vegna þess að fólkið vann við lélegar aðstæður að vinnan var svona góð. Það var trúlega þrátt fyrir og miklu fremur vegna þess að menntun þeirra, innra starfið í menntuninni þeirra, hafði verið svona gott að það skilaði fólki sem kunni svo vel til verka og hafði sterkt frumkvæði til þess að gera góða hluti og það skiptir auðvitað meginmáli.

Ég vek athygli á því að hluti af þessum kostnaði er einmitt launakostnaður og við þurfum að huga að því hvernig við launum þá kennara og það fólk sem starfar í skólunum. Skólastofurnar geta verið

hreyfanlegar. Það má bæta þeim við og það má fækka þeim allt eftir þörfum. Vissulega var það alveg rétt hjá hæstv. ráðherra þegar hann talaði um það að menn hafi allt of ríka tilhneigingu til að mæla verk sín og árangur í steinsteypu. Ég er alveg sammála því.

Hv. 3. þm. Vesturl. vék að því að þetta væri óskalagafrv. En hv. 3. þm. Vesturl., við óskalög eru bundnar vonir og draumar og það er hverri þjóð og hverjum þm. afar mikilvægt að eiga sér draum um betri heim, jafnvel þó að hann kosti nokkurt fé. Auðvitað verður þetta kannski ekki framkvæmt í einu vetfangi og heldur ekki á þremur árum. En það þarf að byrja að stíga skrefin og hvað er okkur ekki sagt, þessu unga fólki á blómaskeiði lífsins sem hér situr í deildinni, að hin og þessi húsin og hin og þessi starfsemin hafi einmitt verið hafin og reist á örskömmum tíma á krepputímum. Þetta gátu þeir, segjum við í aðdáunarrómi. En hvað getum við í dag, við sem búum á velmegunartímum, við sem höfum sett hvert góðærið að baki okkar, snýtt okkur eins og bak við gardínur á góðærinu? Ha? Hvað getum við? Ég bara spyr. Ég vil eiga mér draum og ég vil reyna að vinna að því að hann rætist og ég vil reyna að finna til þess peninga og aðferðir til þess að spara óráðsíu í þjóðfélaginu til þess að huga að þeim grundvelli sem er oft miklu verðmætari en það sem á honum er síðar byggt. Nei, ég held að við eigum að sýna stórhug.

Ég vil nú víkja lítillega að því sem kom fram í máli þeirra sem hér ræddu frv. Það er þá fyrst að ég vil víkja að máli hæstv. ráðherra. Ég fagna því hversu margt er á döfinni í menntmrn. sem kann að verða til góðs og sumt kannski að skipta sköpum. Ég tala nú ekki um ef hæstv. ráðherra tekst að koma á laggirnar mótun íslenskrar menntastefnu eða skólastefnu. Það er auðvitað afar mikilvægt verkefni og brýnt að hafist verði handa við það sem fyrst. Hæstv. ráðherra taldi upp ótal atriði sem sum kunna að koma hér inn á þingið og verða til þess að áframhaldandi umræða fari fram um þessi mikilsverðu mál og ég fagna því sannarlega.

Hæstv. ráðherra nefndi að hann hefði áhyggjur af því að allt of margir unglingar flosnuðu upp úr skóla og fyndu ekki leið inn í skólakerfið aftur. Þá vil ég vekja athygli hans á því að ef við bætum grunnskólann, bæði innra starfið og skipulag grunnskólans og leggjum meiri alúð við þá nemendur sem þar stunda nám verða kannski færri unglingar sem flosna upp úr skóla því að vitanlega verðum við að bæta kennsluna og stuðla að því að þeir sem vinna í skólunum, kennarar og nemendur, þrífist þar. Ég fagna þeim valddreifingarhugmyndum sem komu fram í máli hæstv. ráðherra og finnst þær allar jákvæðar.

Hæstv. ráðherra minntist á listnám og verknám í tengslum við þá skýrslubeiðni sem kvennalistaþingkonur hafa lagt fram og það er vissulega ætlun okkar að listnám og verknám verði aukið í skólunum og fært frá sérskólum inn í grunnskólann þannig að allir eigi tök á því að njóta þess því það er auðvitað mjög mikilvægur liður í almennri menntun. Það er bæði mikilvægt að kunna til verka og einnig að geta borið skynbragð á þá menningu sem völ er á í samfélaginu og hafa haft tækifæri til að rækta með sér eiginleika til að skapa menningu því hún verður auðvitað aldrei sköpuð einungis af fáum þó að sumir kunni að skara fram úr. Það sem mestu máli skiptir er auðvitað þéttni þeirrar menningar sem þrífst í hverju þjóðfélagi, grasrótin. Ég fagna því að fé skuli veitt í sérstakan þróunarsjóð grunnskólans. Ég hef satt að segja ekki kannað hve mikið fé það er og hvort það er eitthvað sem skiptir máli. (Gripið fram í.) Já, það er vissulega spor í rétta átt.

Hæstv. ráðherra vék síðan að frv. og hafði flest jákvætt um það að segja. Hann ræddi um fyrirhugaða verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem auðvitað kemur til með að skipta máli hvað varðar kostnað við rekstur skóla og byggingar skóla og það verður að skoðast með hliðsjón af þeim framkvæmdum.

Síðan vék hæstv. ráðherra að 5. gr. þar sem hann gagnrýndi lítillega nákvæmni atriða í sambandi við lengd kennslustunda og stundahlé. Ég vil benda hæstv. ráðherra á að þetta er tekið orðrétt upp úr grunnskólalögunum, þau eru svona, enda eru í 5. gr. þessa frv. og einnig í grein frv. Ragnhildar Helgadóttur og annarra í Nd. teknar upp nákvæmlega sömu setningarnar hvað þetta varðar því að við höfum greinilega ekki séð ástæðu til að breyta því.

Hæstv. ráðherra vék að 6. gr. sem fjallar um fækkun í bekkjum. Hann telur að fyrst eigi að einsetja og síðan að fækka. Það má vel vera að menn treysti sér ekki í þessar framkvæmdir óðruvísi en í áföngum og það má vera að það sé skiljanlegt. Það er alla vega skárra en að hafast ekkert að og víst er að það er mun dýrara að fækka í bekkjum en að huga að einsetningu þannig að ég tel mikilvægt að ræða þetta í meðferð nefndarinnar á frv.

Hæstv. ráðherra vék að því að mikilvægt væri að velja forgangsröðun og að sættast á, ná samstöðu um, ákveðna forgangsröðun. Hann tók þannig til orða: Ef við höfum eitthvað aflögu til að bæta við getum við sæst á hvar við eigum að bæta því við eftir þeirri forgangsröðun sem við höfum komið okkur saman um. Ég held hins vegar, hæstv. ráðherra, að ekki sé nóg að vera svona bljúgur og taka því sem aflögu er til þess að gera úrbætur í skólakerfinu. Það þarf að vera djarfur og áræðinn og það þarf að finna fé til þess að bæta það sem úrskeiðis fer í skólakerfinu. Það er ekki nóg að hirða molana af borði hinna. Hæstv. ráðherra þarf beinlínis að beina hugviti sínu að því að afla fjár til þess arna. (**Menntmrh.:** Við erum nú mjög hugvitssamir í því, ráðherrar Alþb., eins og kunnugt er.) Ég bíð. Ég á eftir að bíða og sjá hvað hugvit hæstv. ráðherra megnar í þeim efnum.

Næstur tók til máls hv. 2. þm. Norðurl. e. og ræddi um skólamál og um það frv. um breytingar á grunnskólalögunum sem liggur fyrir Nd. Hann stakk upp á því að menntamálanefndir beggja deilda ynnu saman að þessum málum og öðrum málum um

breytingar á grunnskólalögunum og ég held að það sé ljómandi góð hugmynd og tek undir það og vildi fara fram á það við hv. þm. að hann geri gangskör að því að þetta verði gert.

Síðan tók til máls hv. 6. þm. Reykn., og ég fagna því hve jákvætt hún tók í þetta mál. Ég hef þegar rætt um list- og verkmennt sem hún vék að, um mikilvægi þeirra greina, og tek sannarlega undir það með henni. Vegna þess að hún vék í máli sínu að því að ég hefði lagt áherslu á hlutverk kvenna í sambandi við umönnun barna og áhyggjur af velferð þeirra í skólum, þá voru ummæli mín nú fyrst og fremst vegna athugasemda hæstv. ráðherra, sem þá var þm., í umræðunni í fyrra þegar ég lýsti því hvernig þetta frv. var unnið. Það var fyrst og fremst unnið af konum og það kemur til af því að það eru fyrst og fremst konur sem eru í Kvennalistanum. Hann taldi hins vegar að karlar ættu að eiga þarna hlut og vissulega eiga þeir að eiga þarna hlut að máli. Þeim ber ekki bara réttur til þess, þeim ber líka skylda til þess. Ég tek undir með hv. 6. þm. Reykn. að konur í öllum stjórnmálaflokkum hafa jafnaðarlega sinnt þessum málum af miklum áhuga og mikilli alúð og það er vel.

Hv. 11. þm. Reykv. sýndi einnig jákvæð viðbrögð við þessu frv. og þakka ég honum hans góðu orð. Ég tek undir með hæstv. menntmrh. þegar hann brást við orðum hv. 3. þm. Vestf. Það er mjög mikilvægt að allir tjái sig um skólamál vegna þess að öllum þeim sem er annt um börn hlýtur að bera skylda til þess að tjá sig um málin og reyna að hafa áhrif á þróun þeirra. Hv. þm. er ekki sammála því að skóladagur verði lengdur. Það kann að vera að það henti misjafnlega vel í þéttbýli og dreifbýli að lengja skóladaginn. E.t.v. skiptir hann um skoðun ef hann kannar málið nánar, en ég held að mjög brýnt sé að lengja sérstaklega skóladag yngri nemendanna.

Hvað varðar námsleiða barna, sem hann vék að, held ég að það séu vissulega orð í tíma töluð. Það er alvarlegt vandamál, en þá skiptir auðvitað mjög miklu hvernig innra starfi skólans er varið, hvað börnin hafa fyrir stafni í skólanum, hvort þeim leiðist eða ekki. Frv. er einmitt tilraun til þess að leggja alúð við innra starf skólans um leið og hugað er að ytri búnaði hans og allt hlýtur þetta að miða í sömu átt, að bæta úr skák.

Hv. 9. þm. Reykn. kom einnig hér upp og hafði jákvæð orð um málið og markmið þess. Hann taldi að það miðaði hægt vegna þess hve kostnaðarsamt væri að gera breytingar á grunnskólanum. Ég held að það sé ekki einungis vegna þess að það sé dýrt. Ég held að það sé líka vegna skorts á áhuga stjórnvalda og þeirri alúð sem lögð hefur verið að málinu og kannski líka vegna skorts á heildstæðri skólastefnu.

Hv. 3. þm. Vesturl. hafði ýmislegt um málið að segja. Hann vék máli sínu að athugasemdum hv. 2. þm. Norðurl. e. sem vildi að menntamálanefndir fengju tækifæri til að kynna sér námsgögn í íslensku og annað það sem börnum í grunnskóla væri kynnt um íslenska menningu. Ég held að það sé í sjálfu sér mjög til bóta og ef hv. 3. þm. Vesturl. væri hér inni mundi ég segja honum að heilbr.- og trn. Ed. hafði á síðasta þingi í huga að fara í vettvangskönnun til þess að kynna sér ýmsa þá starfsemi sem okkur er gert að fjalla um í nefndinni. Það varð ekki úr í fyrra vegna annríkis, en við höfum þegar ákveðið að fara á stúfana nú í vetur og heimsækja ýmsar stofnanir og staði sem okkur þykir þörf á að kynna okkur nánar.

Á sama hátt gæti eflaust verið mjög gagnlegt fyrir þingmenn í menntmn. að hafa á því skoðun hvernig farið er námsefni í íslensku og öðrum greinum grunnskólans. En ég tek undir með einhverjum sem hér kom upp og sagði að það er auðvitað ekki hlutverk nefndarmanna að ráða neinu um val slíks námsefnis þó þeir kunni að hafa á því skoðun.

Einnig þakka ég hv. 5. þm. Norðurl. e. sem hér kom upp og studdi málið. Hún talaði um að það þyrfti að grisja það sem að utan kæmi, erlendis frá, eins og hv. 3. þm. Vesturl. gerði einnig. Vissulega þarf ætíð að laga allar hugmyndir um breytingar að íslenskum aðstæðum. Við þurfum að hafa lag á því að sækja að utan það sem okkur líst vel á og gott þykir og aðlaga það síðan þeim aðstæðum sem við búum við sem eru frábrugðnar og öðruvísi en margra annarra. Henni fannst örla á því að foreldrar væru gerðir „stikkfrí“ á vissan hátt í grg. þessa frv. Þeir ættu að sinna börnum sínum, ef þeir á annað borð eignuðust þau, og hún hafði áhyggjur af því að það væri verið að færa uppeldið inn í skólana. Ég tel svo ekki vera.

Ég held að það sé mjög brýn krafa þjóðfélagsins að menntun og þekking verði aukin. Börnin eiga heimtingu á því að fá meiri og lengri og samfelldari menntun og vinnudag en nú er. Það er ekki fyrst og fremst verið að biðja um gæslustað, svo langt frá því. Og ég held að það verði börnunum til gagns en ekki til tjóns að fá að dvelja allt að sex klukkustundum í skólanum á degi hverjum. Það er einmitt mjög mikilvægt fyrir þau til þess að þroskast, fremur en hér sé verið að útvega foreldrunum gæslu fyrst og fremst eins og ég held að hún hafi e.t.v. skilið málið. Það var ekki tilgangurinn.

Ég held að það sé mjög brýnt sem hún vék að, að börnum sé kennt betur að tjá sig almennt. Vonandi er það vaxandi í skólum miðað við það sem áður var. Það er sannarlega mikil nauðsyn á því ekki bara að taka til sín þekkingu heldur að kunna að melta hana og síðan að tjá sig um það sem maður hefur lært og miðla því.

Að lokum vil ég þakka fyrir ánægjulega og málefnalega umræðu þar sem margt gott hefur verið lagt til málanna. Ég hlakka til þess síðar í vetur þegar við eigum von á öðrum umræðuefnum um skóla- og menntamál því það er greinilegt að hér ríkir bæði áhugi og samhugur í þessum málum og ég er viss um að þessi deild getur lagt drjúgt af mörkum til þess að bæta íslenskt skólakerfi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Um þingsköp.
Samstarf við stjórnarandstöðu.

Halldór Blöndal:
Herra forseti. Ef fyrsta dagskrármálið hefði verið tekið á dagskrá þá hefði ég gert athugasemd við frétt í Þjóðviljanum í dag sem óhjákvæmilegt er að víkja nokkrum orðum að þar sem sú frétt kemur inn á þau skattafrv. sem ríkisstjórnin hefur verið að leggja fram og hefur í hyggju að leggja fram. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ólafur Ragnar Grímsson fjmrh., Halldór Ásgrímsson sjútvrh. og Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh. kölluðu stjórnarandstöðuna á sinn fund í fjmrn. í gærkvöldi þar sem þeir kynntu fyrir þeim þau fjáröflunarfrumvörp sem ríkisstjórnin hefur þegar lagt fram á Alþingi og þau frumvörp sem lögð verða fram á næstu dögum. Ólafur segir þetta vera tilraun til að þróa ný vinnubrögð á milli stjórnar og stjórnarandstöðu í ætt við það sem þekkist í nágrannalöndunum þar sem minnihlutastjórnir eða stjórnir með tæpan meiri hluta hafa náið samstarf við stjórnarandstöðuna.

Þessi vinnubrögð eru nýlunda hér á landi. Fulltrúar Sjálfstfl. gengu fyrst á fund ráðherrana, síðan fulltrúar Kvennalista og loks fulltrúar Borgfl." o.s.frv.

Ég vil í fyrsta lagi taka það fram að í einstökum efnisatriðum er þessi athugasemd röng. Það voru að vísu lögð fyrir þingmenn Sjálfstfl. lauslegar hugmyndir um hvernig ríkisstjórnin mundi kannski hugsa sér að breyta skattalögum, en á hinn bóginn var ekki svarað beinum spurningum sem ég bar fram til ráðherra eins og t.d. um það hvernig þeir hygðust haga skattlagningu á vexti sem er yfirlýsing ríkisstjórnarinnar að hún ætli sér að gera. Ég spurði hæstv. ráðherra að því hvort þeir hugsuðu sér bæði að leggja tekjuskatt á vaxtatekjur og halda því síðan inni í lögum að vaxtagjöld væru ekki frádráttarbær sem þýðir auðvitað það að þeir ætli sér bæði að skattleggja vaxtagjöldin og vaxtatekjurnar hjá einstaklingum. Fleiri atriði bar ég upp og eitt atriði enn, ef ég man rétt, sem ekki var svarað. Það er þó ekki kjarni málsins. Kjarni málsins er auðvitað sá að það var ekki verið að þróa nein ný vinnubrögð eins og hér er talað um.

Fjármálaráðherrar hafa oft áður kynnt fulltrúum minni hluta einstök skattafrv. ef þeir hafa séð ástæðu til. Frá tíð Þorsteins Pálssonar fullyrði ég að stjórnarandstaða hafi fengið að fylgjast með vinnu í sambandi við staðgreiðslukerfi skatta og eins í sambandi við frv. um virðisaukaskatt. Það hefur verið allur gangur á þessu. Þegar Matthías Á. Mathiesen var fjmrh. þykist ég muna það rétt að stjórnarandstaðan og raunar báðar nefndir þingsins hefðu unnið mjög mikið starf í sambandi við tekjuskattsfrumvarpið á þeim tíma þannig að það er greinilegt að þetta er ekki rétt.

Hins vegar harma ég það ef hugmyndin á bak við þetta hjá ráðherrunum og ríkisstjórninni, þ.e. að kalla stjórnarandstöðuna til, er bara sú að reyna að fá tækifæri til þess að koma þeirri hugmynd inn hjá fólki í gegnum fjölmiðla að stjórnarandstaðan hafi eitthvað verið með í ráðum í sambandi við þau tekjuöflunarfrumvörp sem heita á réttri íslensku níu skattafrumvörp. (**Gripið fram í:** Fréttafölsun.) Auðvitað hrein fréttafölsun. Þessi skattafrv. hafa ekki verið unnin í samstarfi við stjórnarandstöðuna og allar tilraunir sem með þessum hætti eru gerðar til að gefa mynd af hinu gagnstæða eru mjög ámælisverðar.

Ég hélt að það hefði verið í góðu skyni sem ríkisstjórnin hefði viljað sýna stjórnarandstöðunni þessi frv., nú er aftur komið í ljós að annað lá á bak við. Það liggur greinilega á bak við að reyna að gefa í skyn að vinnubrögð ríkisstjórnarinnar séu með öðrum hætti en þau eru. Ég endurtek, þingmenn Sjálfstfl. hafa ekki verið í þeim trúnaði hjá ríkisstjórninni að þeim hafi í einu eða neinu verið kynntar hugmyndir ríkisstjórnarinnar um nýjar skattaálögur fyrr en á lokastigi, fyrr en legið hefur fyrir endanlega hvernig þær yrðu. Og ef maður hefur spurt um eitthvað sem ekki er komið fram þá hafa svör verið með þeim hætti að ekki er hægt að kalla samráð eða nein ný vinnubrögð hér á hinu háa Alþingi.

EFRI DEILD

16. fundur, þriðjudaginn 6. des., að loknum 15. fundi.

Veiting ríkisborgararéttar, 2. umr.

Stjfrv., 110. mál. — Þskj. 113, n. 174, brtt. 175.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. allshn. (Jón Helgason):
Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar. Í meðferð nefndarinnar hefur verið bætt inn í 1. gr. frv. tíu nöfnum sem nefndin leggur til að veittur verði íslenskur ríkisborgararéttur til viðbótar þeim sem voru nefndir í 1. gr. frv. Þar er um að ræða aðila sem að öllu leyti uppfylla þær reglur sem notaðar hafa verið á undanförnum árum við veitingu ríkisborgararéttar. En ýmsar umsóknir, sem einhver vafi var um, voru látnar bíða þar sem gert er ráð fyrir að síðar á

þessum vetri verði flutt annað frv. og þá tekin afstaða til þeirra vafaatriða sem þar kunna að vera.

Nefndin leggur einróma til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu sem fram kemur í brtt. nefndarinnar á þskj. 175.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 175 (ný 1. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

17. fundur, þriðjudaginn 6. des., kl. 2 miðdegis.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, frh. 1. umr.

Stjfrv., 135. mál. — Þskj. 142.

Geir H. Haarde (frh.):

Virðulegi forseti. Ég gerði hlé á ræðu minni á síðasta fundi þegar ég var að byrja að fjalla um þau ummæli hæstv. viðskrh. að skatturinn mundi ekki skila nema um 150 millj. kr. í ríkissjóð á næsta ári umfram það sem verið hefði að óbreyttu. Ég geri ráð fyrir því að fyrir hæstv. viðskrh. hafi vakað að ef skatturinn yrði áfram 1,1% af fasteignamati, þá hefði hann átt að skila 150 millj. kr. lægri upphæð en gert er ráð fyrir í athugasemdum með frv. þessu. En í athugasemdunum er gert ráð fyrir því að álagning skattsins nemi um 410 millj. kr. en innheimtan 425 millj. kr. að meðtalinni innheimtu af eftirstöðvum fyrri ára.

Með því að allar þessar tölur gefa tilefni til nokkurrar umfjöllunar, þá langar mig til þess að veita hv. deild nokkrar upplýsingar um það hvernig þessi skattur hefur innheimst vegna þess að ég tel að það sé gersamlega út í bláinn á grundvelli þeirrar reynslu sem fengin er af þessum skatti að gera ráð fyrir því að á næsta ári muni innheimtast hærri upphæð en nemur álagningunni. Langt seilist þá hæstv. fjmrh. í tekjuáætlun fjárlaga ef hann þarf að beita slíkum hundakúnstum til þess að hala upp tekjuáætlun fjárlagafrv. Reynslan sýnir nefnilega — og ég hef aflað mér upplýsinga um það — að það hefur ekkert gengið allt of vel að innheimta þennan skatt, sérstaklega ekki í ýmsum skattumdæmum úti á landi, en það er einmitt eitt af því sem menn hafa hér gert að umtalsefni í þessum umræðum, þ.e. með hvaða hætti þessi skattur og hækkun hans muni koma við verslunarreksturinn úti á landsbyggðinni.

Vegna þess að ég þykist fullviss um það að ráðherrann hefur ekki farið ítarlega í saumana á þeim tölum sem ég er hér með í höndunum, þá þætti mér vænt um það ef hann gæfi þessu örlítinn gaum. En samkvæmt upplýsingum sem ég hef aflað mér, þá er það þannig að þessi skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði árið 1987, þegar álagningarprósentan var 1,1%, hefur í sumum umdæmum og reyndar allmörgum innheimst innan við helmingur, þ.e. innan við 50% af álögðum skatti hefur innheimst. Að vísu er þetta mjög breytilegt eftir umdæmum og það er breytilegt eftir því hvort félög eða einstaklingar eiga í hlut. Innheimtuhlutfallið gagnvart einstaklingum er víðast hvar verulega hærra þar sem innheimtuaðgerðir gagnvart einstaklingum hafa almennt skilað betri árangri á sl. ári en gagnvart félögum. En með leyfi forseta langar mig að rekja hér örlítið hvernig hinar raunverulegu tölur eru í þessu sambandi:

Á árinu 1987 var álagning þessa skatts í Reykavík rúmlega 106,5 millj. kr. Síðan breyttist álagningin vegna kæra og þess háttar um rúma milljón, lækkaði sem því nam. Eftirstöðvar frá eldri árum í ársbyrjun 1987 námu 44,5 millj. þannig að samtals voru til innheimtu 150 millj. kr. á árinu 1987. En hver var innheimtan? Hún var rúmar 92 millj. M.ö.o.: 61% álagningar og eftirstöðva til samans.

Í öðrum umdæmum hér á höfuðborgarsvæðinu virðist það vera svo að þessi tala, 61%, sé nokkuð nálægt meðaltalinu. Í Garðabæ voru að vísu ekki innheimt nema 53% af því sem lagt hafði verið á að viðbættum eftirstöðvum sem voru fyrir hendi frá fyrri árum. Í Hafnarfirði 62%, í Kópavogi 69%, og á Seltjarnarnesi 70%, en þar nam álagningin í fyrra 454 þús. kr. og eftirstöðvar voru 117 þús. kr. Samtals var þessi álagning á félög sem sagt og eftirstöðvar 571 þús. kr. en innheimtan var 402 þús. kr. þannig að þar er um að ræða innheimtuhlutfall sem nemur 70%. Og þetta eru hæstu tölurnar, þetta eru langsamlega hæstu tölurnar. Í Keflavík er þetta nákvæmlega 50%, þ.e. innheimtan af samanlögðum eftirstöðvum og álagningu er 50%.

En þegar færist fjær höfuðborgarsvæðinu, þá versnar nú heldur í því. Hér eru dæmi um það að innheimta þessa skatts hafi farið niður í 20% af samanlagðri álagningu og eftirstöðvum. Í Vík í Mýrdal t.d. nam álagningin í fyrra 135 þús. kr. Hún lækkar síðan við kærumeðferð um 25 þús. kr., eftirstöðvar eru 85 þús. kr. Samtals er því til innheimtu 195 þús. kr. En hvað innheimtist mikið? 39 þús. kr. Einn fimmti, 20%.

Og svona er þetta víða úti um land. Í Búðardal er innheimtuhlutfallið 25%, í Bolungarvík 34%, á Akranesi 43% og þannig mætti lengi telja. Ég hef nú ekki haft fyrir því að taka þetta saman fyrir hvert einasta innheimtuumdæmi, en það er auðvitað alveg sjálfsagt að gera það hér á eftir í umræðunum ef það er talið nauðsynlegt því að hér eru mörg umdæmi.

Ég tel að þetta staðfesti það að sú áætlun um tekjur af þessum skatti sem fylgir frv. er alveg út í hött og sama er að segja um þá tölu sem hæstv. viðskrh. fór með í umræðunum hér um daginn.

Tölurnar fyrir árið í ár, 1988, er mér sagt að gefi svipaða mynd. M.ö.o.: Þegar um er að ræða félög — sem auðvitað borga langstærstan hluta þessa skatts. Einstaklingar eru með miklu minni hluta hans, þeir voru með 47 millj. í fyrra en fyrirtækin 137 millj. í álagningu — þegar um er að ræða félög, þá er nú ekkert á vísan að róa um innheimtu þessa skatts. Engu að síður er því haldið fram fullum fetum og kom fram í framsöguræðu ráðherra, að mig minnir, að þrátt fyrir það að álagningin væri 410 millj. kr., þá ætti samt að innheimta 425 millj. kr.

Ja, mikil er skattheimtutrú fjmrh. og mun honum ekki af veita að fá landbrh., sem nú er nýgenginn í salinn, í lið með sér við að innheimta skattinn með þessum hætti um land allt. En auðvitað held ég að þessi tala sé tóm vitleysa miðað við þá reynslu sem fengin er. Eða vill ekki kannski fjmrh. útskýra það fyrir okkur hvernig þessi töfratala, 425 millj., er fengin? Á grundvelli hvaða reynslu er hún fengin? Var þetta bara snyrtileg upphæð sem vantaði til að koma tekjuáætluninni í einhverja ákveðna tölu? Þetta er a.m.k. ekki tala sem er í neinu samhengi við þá reynslu sem fengist hefur af innheimtu þessa skatts á undanförnum árum þannig að ég held að ráðherrann ætti að tjá sig aðeins um þetta og útskýra það fyrir okkur hvernig innheimtan getur verið 425 millj. þegar álagningin er 410 millj. og þegar reynsla liðinna ára sýnir manni að heildarinnheimta hefur alltaf verið lægri tala, ekki bara lægri tala en samanlagðar eftirstöðvar og álagning, heldur líka lægri tala en álagningin ein.

Hér eru því óvenjulegar reikningsaðferðir notaðar við að meta tekjurnar af þessum skatti. Það má vel vera að það sé búið að taka upp einhver ný vinnubrögð í fjmrn. að því er varðar mat á innheimtu skatta sem þessara. En þá held ég að væri nú ráð að ráðherrann útskýrði fyrir okkur að hvaða leyti þær aðferðir eru frábrugðnar því sem tíðkast hefur og hvernig hann fær þessa undarlegu niðurstöðu því að reynslan sýnir að innheimtan er ekki bara lægri en samtala álagningar og eftirstöðva, heldur lægri en álagningin ein. M.ö.o.: Eftirstöðvarnar hafa farið hækkandi.

Að því er einstaklinga varðar, þá hefur innheimtuhlutfallið verið nokkru hærra eins og ég gat um áðan. Þannig var t.d. hlutfallið í Reykjavík 75% gagnvart einstaklingum þegar innheimtuhlutfall félaga var 61%. Aftur á móti í Vík í Mýrdal, svo að ég vitni aftur þangað, var álagningin 5 þús., eftirstöðvar voru engar þannig að til innheimtu komu 5 þús. og af þeim 5 þús. greiddust 4 þús. svo að einungis 1 þús. gengur til eftirstöðva á þessu ári af því sem á var lagt í fyrra. Þar með er innheimtuhlutfallið 80%, sem sagt mun betra að því er einstaklinga varðar en félög og það hygg ég að sé tilfellið víðast hvar í innheimtuumdæmum á landinu að því er varðar þennan skatt.

Virðulegi forseti. Ég lét þess getið í umræðum um þetta mál um daginn að með þessari skattlagningu, 2,2% sem fyrirhuguð er, þá gerði ríkið eignir sem þessi skattur leggst á upptækar á svona 45 ára millibili. Mér láðist hins vegar að geta þess, og skal leiðrétta það nú, að þessi árafjöldi er verulega ofmetinn vegna þess að mér láðist að leggja við alla hina eignarskattana sem menn verða að borga af þessum eignum sínum og skal ég nú gera nokkra grein fyrir því.

Það mun vera áform ríkisstjórnarinnar að hækka hinn almenna eignarskatt úr 0,95% í 1%. Þann skatt greiða eigendur verslunar- og skrifstofuhúsnæðis að sjálfsögðu líka. Að auki greiða menn 0,25% í sérstakan eignarskattsauka, a.m.k. margir hverjir, sem átti á sínum tíma að renna í þjóðarbókhlöðuna en fer nú ekki þangað nema að hluta til. Þá erum við komin upp í skatthlutfall á þessar eignir sem er 2,2% + 1% + 0,25, sem sagt 3,45% sem ríkið leggur á þessar eignir. Og þá sjá nú allir í hendi sér að talan 45 ár, sem þarf til þess að taka þessar eignir upp til ríkisins, sá árafjöldi minnkar.

En það eru ekki öll kurl komin til grafar enn í þessu máli vegna þess að til viðbótar sköttunum til ríkisins greiðast síðan að sjálfsögðu fasteignaskattar til sveitarfélaganna. Þeir er að vísu breytilegir eftir sveitarfélögum og skal ég fara nokkuð yfir það því að í Árbók sveitarfélaga 1988 er mjög glögg greinargerð og tafla um með hvaða hætti fasteignagjöld eru lögð á í sveitarfélögum. Ef við tökum dæmi hér á höfuðborgarsvæðinu, þá eru þessi fasteignagjöld nokkuð breytileg. — Ég verð aðeins að gera smáhlé á ræðu minni, herra forseti, því að ég var hér að fá í hendur smáskjal frá hæstv. fjmrh. þar sem hann tjáir mér að hann þurfi því miður að bregða sér frá í 3–4 mínútur. Mér er ekki alveg ljóst hvað ég á að gera við þennan pappír, en ætti ég bara ekki að afhenda forseta þetta og leggja þetta fram sem gagn í málinu. En ég hyggst halda áfram engu að síður þrátt fyrir það að fjmrh. sjái ekki ástæðu til þess að sitja hér að sinni.

En ég var að tala um fasteignagjöldin í sveitarfélögunum. Í Reykjavík er þessi prósenta 1,25 af hundraði. Ef við leggjum þann skatt við fasteignaskatta til ríkisins, þá erum við komin í skattprósentu sem er hvorki meira né minna en 4,7 af hundraði þannig að ég fór verulega villur vegar hér um daginn þegar ég sagði að hið opinbera gerði eignir sem þessar upptækar á 45 árum. Það er ekki nema 21 ár miðað við þessa skattprósentu sem þarf til þess að jafnvirði þessarar eignar greiðist í ríkissjóð. Sem sagt, á 21 árs fresti tekur ríkið þessar eignir eða jafnvirði þeirra til sín. Og þá sjá allir, fyrst eignirnar þurfa að bera þennan kostnað, hvers lags gjöld leggjast þá á afnotagjaldið fyrir slíkar eignir, en þaðan verða menn auðvitað að taka peningana fyrir þessum skatti.

Ég lét þess getið að fasteignagjöldin væru breytileg eftir sveitarfélögum. Fram kemur í fyrrnefndri töflu í Árbók sveitarfélaga að hin almenna regla er 1%. Síðan er þetta breytilegt eftir sveitarfélögum. Í kaupstöðum er þetta á bilinu 0,75% upp í 1,25% eins og t.d. hér í Reykjavík, 1,15 í Kópavogi, 1% á

Seltjarnarnesi, 0,75% í Garðabæ, 1% í Hafnarfirði o.s.frv. svo ég nefni stærstu kaupstaðina hér á höfuðborgarsvæðinu þar sem fasteignamat er jafnframt hæst og skatturinn því þyngstur.

Nú er það að vísu þannig að fasteignaskattar sveitarfélaga skiptast í tvennt: Annars vegar skattar á íbúðarhúsnæði og bændabýli, hins vegar á aðrar eignir, þar með talið verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Skatthlutfallið á íbúðarhúsnæði er mun lægra en þær tölur sem ég var að nefna þannig að ef um er að ræða einstaklinga og íbúðarhúsnæði þeirra, þá bera þeir minni byrðar af sínum íbúðum þó að þeir auðvitað beri sama skattinn af verslunarhúsnæði eins og ef um væri að ræða félög. Sem sagt: Samkvæmt þessu nýja frv. eru það 4,7% sem hið opinbera tekur í sinn hlut af fasteignamati húsnæðis sem þessa.

Ég er ekki alveg viss um að allir hafi almennilega áttað sig á því hvað hér er um að ræða háan skatt á þennan eina stofn. Ég held að mönnum hefði kannski þótt nóg um ef menn hefðu lagt þessar tölur saman í fyrra og komist að því að þá var þessi prósenta 3,6 áður en fyrirhuguð hækkun á verslunar- og skrifstofuhúsnæðisskattinum núna kom til skjalanna í þessu frv. sem við erum að ræða hér. Ég hygg að flestum hafi þótt nóg að gert að vera með 3,6% fasteignaskatt til ríkis og sveitarfélaga á Íslandi. En nú á sem sagt að hækka þennan skatt upp í tæplega 5%, 4,7%, og svo virðist sem stjórnarherrarnir láti sér fátt um finnast. Þeir blása bara á þær röksemdir sem hér hafa komið fram í umræðunum fyrr, að eitthvað kunni þetta nú að koma illa við verslunarstarfsemi og skrifstofueigendur úti á landi eða að í þeim erfiðleikum sem sverfa að atvinnulífi þessa dagana, þar með talið verslun og alls kyns þjónustu, þá kunni þetta að koma sér eitthvað illa. Nei, nei. Þeim er alveg sama um það.

Hins vegar skil ég það vel að hv. þm. Kvennalistans skuli ekki vilja gefa það upp nákvæmlega hvað þær ætla að gera í þessu máli þó svo að þær hafi flutt frumvörp sama efnis eða brtt. við frumvörp þessa efnis á fyrri árum. Það er nú einu sinni þannig að stór hluti launþega í verslunarstétt eru konur og því er a.m.k. haldið fram, án þess að ég vilji endilega gera þau orð að mínum, að láglaunafólkið í verslunarstétt séu konur og að það fólk sem fyrst missir vinnuna ef til uppsagna kemur í verslun séu einmitt konur, láglaunahóparnir. Þannig að ég er ekkert undrandi á því að Kvennalistinn skuli vera hikandi í stuðningi sínum við þetta frv. eins og kom fram í máli hv. 10. þm. Reykn. Kristínar Halldórsdóttur í umræðum um þetta mál í síðustu viku. Ég tel að það sé mjög skiljanlegt og raunar mjög eðlilegt að eitthvert tillit sé tekið til aðstæðna í atvinnulífinu þegar verið er að fjalla um skatt sem þennan. Það eru auðvitað meiri rök fyrir skattlagningu á atvinnustarfsemina þegar þensla er í atvinnulífinu heldur en þegar samdráttur er eins og nú. Þess vegna fagna ég því að talsmaður Kvennalistans, sem hér hefur talað, hefur talað á þeim nótum að það beri að taka tillit til þess efnahagsumhverfis, þeirra aðstæðna sem uppi eru þegar skattur sem þessi er lagður á eða honum breytt.

Mér kemur hins vegar verulega á óvart ef það er rétt sem fram hefur komið í blöðum að einn af þm. Borgfl. ætli að leggja þessu máli lið, en það mun væntanlega koma í ljós annaðhvort síðar í þessum umræðum eða þegar málið kemur til atkvæða. Ég held að skattur sem þessi muni ekki bara verða íþyngjandi úti á landsbyggðinni, heldur sé það líka alvörumál fyrir þingmenn Reykjavíkur eins og ástandið er í ýmsum verslunar- og þjónustufyrirtækjum hér í borginni, þegar sverfur verulega að þeim, og ábyrgðarhluti fyrir þingmenn Reykjavíkur að ganga fram fyrir skjöldu og íþyngja þessari atvinnustarfsemi svo gríðarlega eins og nú er ætlunin með þessum skatti.

Ég sagði það í umræðunum hér um daginn að þó að þessi skattur sé í eðli sínu andstæður hugmyndum sjálfstæðismanna um skattlagningu og andstæður ýmsum meginsjónarmiðum sem eiga að gilda í skattlagningu, um að skattar séu almennir og mismuni ekki á milli greina, að þrátt fyrir þetta geri ég ráð fyrir að við sjálfstæðismenn mundum geta samþykkt hann óbreyttan frá því sem verið hefur þar sem við gerum okkur grein fyrir því að það þarf að afla tekna í ríkissjóð vegna þess að þar blasir við ákveðinn halli. En að ætla sér að tvöfalda þennan skatt svona upp úr þurru í því ástandi sem er, það er auðvitað engin hemja! Það er alveg rétt sem fram kom í máli hæstv. viðskrh. um þetta efni í umræðunum, þessi skattur er vandræðagripur. Þó að hæstv. viðskrh. telji sig hafa bundið hendur sínar varðandi þetta tiltekna þingmál, þá heyrði ég ekki betur á máli hans hér sl. miðvikudag en að hann teldi að þessi skattur væri á margan hátt mjög óeðlilegur þó að hann treysti sér ekki til annars en að fylgja honum í þetta sinn vegna samkomulags sem gert hefði verið í ríkisstjórninni og meðal stjórnarflokkanna.

Nei, ég held að það sé full ástæða til þess fyrir menn að hugsa sinn gang í allri þessari skattagleði og reyna að sjá fyrir endann á því sem menn eru að gera með skatti sem þessum fyrir utan þær röksemdir sem ég tíndi hér til að framan til þess að sýna fram á að tekjuáætlunin er út í bláinn af þessum skatti miðað við þær rauntölur sem við höfum fyrir framan okkur.

Hér er því bæði um að ræða óeðlilega hækkun á tekjustofni sem stendur hvort eð er á mjög veikum grunni út frá meginsjónarmiðum í skattlagningu. Hér er um að ræða tekjuáætlun sem að mínum dómi stenst engan veginn og hér er um það að ræða að hið opinbera ætlar að hækka skatt á fasteignir upp í samtals 4,7% af fasteignamati og auðvitað gengur það engan veginn, hvorki í bráð né lengd.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Herra forseti. Þetta frv. sem hér er til umræðu, þ.e. frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og

skrifstofuhúsnæði á þskj. 142 er annað frumvarpið af boðuðum skattafrumvörpum ríkisstjórnarinnar sem hér kemur til umræðu. Í fjölmiðlum er nú reyndar talað um tekjuöflunarfrumvörp. Menn nota óskaplega fínt orð yfir þetta. Sennilega telur hæstv. fjmrh. það þægilegra fyrir sig og fjölmiðlar nota þetta orð, tekjuöflunarfrumvörp. Til skamms tíma hafa frumvörp af þessu tagi verið kölluð skattafrumvörp. Auk þess sem það orð er miklu fallegra, fer betur í munni, segir það í rauninni miklu betur hvað hér er um að ræða. Hér er um að ræða álagningu nýrra skatta eða hækkun á eldri sköttum og því tel ég það miður að menn skuli vera að breyta málvenju og málnotkun bæði hér í þinginu og í fjölmiðlum, að hætta að tala um skattafrumvörp, eins og menn hafa gert áratugum saman, og fara að tala um tekjuöflunarfrumvörp í staðinn sem er miklu óþjálla og verra orð.

Umræðan um bæði þessi frumvörp, þ.e. frestun virðisaukaskattsins og svo nú tvöföldun á skatti á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, hefur snúist nokkuð almennt um skattastefnu ríkisstjórnarinnar. Það er eðlilegt. Það eru boðaðar mjög miklar breytingar af hálfu núv. ríkisstjórnar í skattlagningu auk þess sem ljóst er að það gengur illa hjá hæstv. ríkisstjórn að ná saman heildstæðri stefnu um þetta mál og þess vegna er eðlilegt að umræðan snúist nokkuð almennt um skattastefnu hæstv. ríkisstjórnar. Þá hafa almenn efnahagsmál nokkuð komið inn í þessa umræðu. T.d. vikkaði hv. 10. þm. Reykv. Guðmundur G. Þórarinsson umræðuna allnokkuð út þegar hann tók til máls hér á síðasta fundi. Hann færði hana út á almennt svið efnahagsmála og tel ég nauðsynlegt að gera það sem hann sagði nokkuð að umtalsefni hér í minni ræðu og mun koma nánar að því hér á eftir.

En hvers er raunverulega að vænta í skattamálum hjá núv. hæstv. ríkisstjórn? Hæstv. fjmrh. hefur verið inntur eftir því í þessum umræðum að hann geri heildstæða grein fyrir því hver sé skattastefna ríkisstjórnarinnar, hver muni verða þau frumvörp sem hér verði fram borin, en það hefur orðið fátt um svör í þessari umræðu. Fjárlagafrv. sjálft gefur auðvitað vísbendingu, en í greinargerð með frv. á bls. 210 er nokkur kafli um hvers muni að vænta í skattheimtu ríkissjóðs. Þar segir, með leyfi forseta:

„Gert er ráð fyrir breytingu á ýmsum óbeinum sköttum, svo sem vörugjaldi, bensíngjaldi og innflutningsgjaldi af bílum. Auk þess að styrkja fjárhag ríkissjóðs draga þessar aðgerðir úr innflutningi og þar með viðskiptahalla. Þá er gert ráð fyrir breytingu á eignarsköttum, annars vegar almennri hækkun eignarskattshlutfalls einstaklinga og fyrirtækja og hins vegar því að taka upp sérstakt og hærra skattþrep fyrir þá einstaklinga sem eiga skuldlausa eign yfir sérstökum háum mörkum. Er þá gert ráð fyrir að núverandi eignarskattsauki haldist óbreyttur.

Stefnt er að ýmsum breytingum á tekjusköttum einstaklinga og fyrirtækja. Fyrirhugað er að hækka skatthlutföll, en persónuafsláttur hækki þannig að skattbyrði lægri tekna verði ekki breytt. Þá hækki barnabætur sérstaklega. Einnig er til athugunar að taka upp sérstakt skattþrep á háar tekjur.

Þá er gert ráð fyrir skrefi í þá átt að samræma skattlagningu tekna hvort sem þær eru laun, raunvextir, arður eða söluhagnaður. Hvað fyrirtæki varðar verða hert ákvæði þess efnis að tekjur í formi hlunninda, einkaneyslu á reikning fyrirtækis og lánafyrirgreiðslu komi til skattlagningar.

Þá er og stefnt að frekari samræmingu í skattlagningu peningastofnana með því að veðdeildir og fjárfestingarlánasjóðir verði gerð tekjuskattsskyld með sama hætti og bankar eru nú. Áformað er að orkufyrirtæki verði skattlögð með almennum hætti.

Á sölu happdrættismiða og hliðstæða starfsemi verði lagður 12% söluskattur eins og nú er á margvíslega þjónustu. Þessi starfsemi hefur vaxið mikið að umfangi að undanförnu og er talið að velta happdrætta nemi um 3½ milljarði kr. á þessu ári og geti orðið um 4 milljarðar á næsta ári. Ólíklegt er talið að 12% skattur verði til að draga mikið úr sölu happdrættismiða og verði hann því að mestu borinn af þeim sem miðana kaupa. Þó kemur til álita að í stað þessa verði stærri hluta tekna af sölu happdrættismiða varið til rekstrar á þeirri starfsemi sem byggð er upp af happdrættisfé en síðan rekin fyrir opinbert fé."

Þessi orð í grg. með fjárlagafrv. gefa vissulega vísbendingu um skattastefnu ríkisstjórnarinnar. Hún bendir til gífurlegrar skattheimtu. Hún bendir til meiri aukningar á skattheimtu en dæmi eru til í sögu þessarar þjóðar. Þetta er m.ö.o. dæmigert einkenni vinstri stjórna, að finna aldrei nein önnur úrræði en að seilast dýpra og dýpra í vasa borgaranna, að sópa til sín auknum sköttum, og hafa fjmrh. slíkra stjórna oft sýnt ótrúlega hugkvæmni við uppfindingu nýrra skatta.

En einhvern veginn gengur þetta þó verr en til stóð. Tíminn líður. Það eru ekki mjög margir starfsdagar Alþingis fram til jóla. Fjárlagafrv. er í fullri vinnslu og fá skattafrv. af þeim sem boðuð hafa verið hafa enn þá séð dagsins ljós. Í gær var þó hér í deildinni útbýtt einu frv. sem kemur væntanlega til umræðu seinna í dag, þ.e. frv. um vörugjald, sem er raunar ótrúlega ósvífin árás á lífskjör almennings í landinu. Þar er t.d. gert ráð fyrir því að leggja sérstakan skatt á byggingarvörur og ýmiss konar vörur til heimilis sem þýðir stóraukinn byggingarkostnað. Þetta eru kaldar kveðjur til unga fólksins í landinu sem er að byggja yfir sig eða stofna heimili. Þessar jólagjafir fær unga fólkið nú með kveðju frá Alþb. Það verður lagður sérstakur byggingarskattur á unga fólkið af hálfu Alþb. á næsta ári.

En það vantar þó mikið á að öll kurl séu komin til grafar í skattamálunum. Það bólar t.d. enn þá ekkert á frv. um skatt af íþróttastarfsemi eða starfsemi öryrkjasamtakanna sem fjmrh. af alkunnri smekkvísi kallar skatt á þá sem haldnir eru spilafíkn, eins og hann orðaði það í umræðunni í síðustu viku.

Hæstv. fjmrh. kemst auðvitað ekkert hjá því öllu lengur að gefa Alþingi heildarmynd af skattastefnu þessarar ríkisstjórnar. Sú mynd sem dregin er upp í greinargerð fjárlagafrv. er mjög ófullkomin. Það spyrst út úr herbúðum stjórnarliða að það sé bullandi ágreiningur innan ríkisstjórnarflokkanna um marga af þeim sköttum sem hæstv. fjmrh. hefur boðað, eins og skattinn á íþróttastarfsemina. Þess vegna kemst hæstv. fjmrh. ekkert hjá því öllu lengur að gefa Alþingi heildarmynd af skattastefnu hæstv. ríkisstjórnar. Alþingi verður að fá að vita fyrr en síðar hvar þetta skattlagningaræði ríkisstjórnarinnar á að enda.

Nú stefnir í 2. umr. um fjárlagafrv. hæstv. ríkisstjórnar. Reyndar átti hún að fara fram í þessari viku samkvæmt starfsskrá sem útbýtt var og vafalaust hefur verið unnin í samráði við hæstv. ríkisstjórn. Það er þó ljóst að það virðist ekki ætla að verða að 2. umr. fari fram. En mér finnst rétt að taka það fram þannig að það sé alveg ljóst fyrir hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstjórn að Sjálfstfl. mun ekki sætta sig við að 2. umr. um fjárlagafrv. fari fram fyrr en öll skattafrv. ríkisstjórnarinnar eru komin fram. Sjálfstfl. telur útilokað að afgreiða fjárlagafrv. fyrr en skattafrv. hafa hlotið afgreiðslu. Hin óvenjulega staða í Alþingi nú kallar á slík vinnubrögð. Það er óverjandi að afgreiða fjárlög án þess að það sé ljóst hver skattafrv. hæstv. ríkisstjórnar ná samþykki þingsins og hver ekki. Ég bið hæstv. fjmrh. að hafa þetta í huga mjög sterklega þegar hann skipuleggur vinnubrögð við afgreiðslu fjárlaga á næstu dögum.

Umræður um þetta frv. einkennast nokkuð af því að þetta sé fyrst og fremst skattur á verslunina í landinu. Það hefur verið réttilega bent á að þetta komi sérstaklega illa við dreifbýlisverslunina í landinu sem á nú mjög undir högg að sækja eins og oft hefur verið bent á. Það er eðlilegt að menn beini huganum í umræðunum fyrst og fremst að versluninni í þessu sambandi því að það er ljóst að verslunin kemur til með að bera mjög stóran hlut af þessum skatti, en við skulum þó hafa í huga einnig að þetta er skattur á almennan atvinnurekstur í landinu. Í 3. gr. frv. segir: „Stofn til sérstaks eignarskatts skal vera fasteignamatsverð í árslok 1988 á fasteign sem nýtt er við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds ásamt tilheyrandi lóð" o.s.frv. Öll fyrirtæki landsins greiða m.ö.o. þennan skatt því öll fyrirtæki, hvort sem það er fiskvinnsla, hvort sem það er iðnaður, hvort sem það er útflutningsiðnaður eða verkfræðistofa, hafa skrifstofuhald og þau munu greiða þennan skatt af þeim hluta síns húsnæðis sem telst til skrifstofurekstursins. Þannig erum við ekki eingöngu að tala um skatta á verslunina í landinu. Við erum að tala um aukna skattheimtu á allan þann atvinnurekstur sem menn eyða nú klukkutímum saman í hv. Alþingi í að ræða um og draga upp dökka mynd af þeim erfiðleikum sem þessi atvinnurekstur á við að stríða.

Hæstv. viðskipta- og iðnaðarráðherra gerði lítið úr þessari skattheimtu í umræðunni í síðustu viku og sagði að þetta væri nú aðeins 1/4–1/2% af veltu fyrirtækja samkvæmt reynslu. En auðvitað munar um það. Sum fyrirtæki borga ekkert hærra aðstöðugjald en þetta, en sem nemur 1/4–1/2% af sinni veltu, og kvarta þó. Meginatriðið er að þetta er skattur sem lagður er á óháð afkomu fyrirtækja. Þess vegna er þetta ósanngjarn og óeðlilegur skattur, ekki síst þegar hann er hækkaður nú um helming eins og verið er að gera tillögu um með þessu frv.

En þrátt fyrir að þingmenn, jafnt stjórnarþingmenn sem aðrir, tali mikið um erfiðleika í atvinnurekstrinum er þetta ekki eini skatturinn sem boðaður er á atvinnureksturinn í landinu samkvæmt fjárlagafrv. sem ég las upp úr áðan eða greinargerðinni. Það er boðaður aukinn eignarskattur á fyrirtækin. Það er boðaður aukinn tekjuskattur á fyrirtæki og við höfum nú fengið frv. um hækkun vörugjalds sem kemur auðvitað mjög við atvinnureksturinn í landinu einnig.

Því er haldið fram að þessi skattur sé m.a. á lagður til að koma í veg fyrir offjárfestingu í þjóðfélaginu. Þau rök eru léttvæg og duga ekki í þessu sambandi. Nú á sér stað mikil niðursveifla í fjárfestingu. Fjárfesting dregst mjög ört saman og mun dragast saman hvort sem þessi skattur verður hækkaður eða ekki. Það skiptir engu máli í því sambandi. Það er hið almenna efnahagsástand í landinu sem ræður mestu um fjárfestingu og álagning þessa skatts mun engu máli skipta í því sambandi.

Hv. 10. þm. Reykv. Guðmundur G. Þórarinsson flutti hér afar sérkennilega ræðu þegar þetta mál var til umræðu á miðvikudaginn var. Hann réðist þar mjög harkalega á 1. þm. Suðurl., fyrrv. forsrh., hv. þm. Þorstein Pálsson. Taldi að hann hefði komið efnahagsmálum í það horf sem raun ber vitni, svo ég lesi það sem ég skrifaði eftir hv. þm., og honum færist því ekki að gagnrýna þessa ríkisstjórn þótt hún kæmi ekki öllu í lag umsvifalaust. Mér finnst að hér hafi hv. þm. hagrætt staðreyndum. Hv. þm. Þorsteinn Pálsson var að vísu forsrh. í 14 mánuði, en áður hafði verið forsrh. í þessu landi maður að nafni Steingrímur Hermannsson sem er einnig núv. hæstv. forsrh. Hann hafði verið forsrh. í fjögur ár og stjórnað efnahagsmálum, svo ég noti nú orðalag hv. 10. þm. Reykv. um hlutverk forsrh. við stjórn efnahagsmála. Hann taldi að hv. þm. Þorsteinn Pálsson hefði stjórnað efnahagsmálum í 14 mánuði. Hæstv. forsrh. Steingrímur Hermannsson stjórnaði þeim í fjögur ár. Og hvað gerðist þá? Góðærið sem hv. 10. þm. Reykv. sagði að hefði verið í tíð hæstv. forsrh. Þorsteins Pálssonar var í tíð Steingríms Hermannssonar, á því fjögurra ára tímabili. Þá var hámarksverð á okkar afurðum. Þá var afli í hámarki. Gengi dollarans hækkaði mjög mikið og olíuverð var í lágmarki þannig að hér ríkti mikið góðæri, það streymdi mikið fjármagn inn í þjóðfélagið í gegnum okkar útflutningsatvinnuvegi. En þessu fjármagni var dreift jafnóðum út í þjóðfélagið. Það kom fram í auknum kaupmætti almennings, það kom fram í

mjög aukinni einkaneyslu, það kom fram í auknum útgjöldum ríkis og sveitarfélaga og það kom fram í gegndarlausri fjárfestingu fyrirtækja sem oft var af miklu fyrirhyggjuleysi, verðum við að viðurkenna. En efst á þessu öllu saman trónaði efnahagsmálaráðherrann, hæstv. þáv. forsrh. Steingrímur Hermannsson.

Um það leyti sem ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar tók við var þetta að breytast. Þá fóru hjólin að snúast á annan veg. Þá var góðærið á enda. Verð á okkar afurðum lækkaði, aflinn minnkaði, dollarinn féll. Þetta var auðvitað sá vandi sem menn áttu við að stríða í þeirri ríkisstjórn. Og það verður að segjast eins og er að sú ríkisstjórn var ekki nægilega samstiga í að leysa þann vanda sem við blasti. Auðvitað var ekki ríkisstjórninni einni þar um að kenna. Við skynjuðum mjög vel að þjóðfélagið sjálft, einstaklingarnir, borgararnir áttuðu sig ekki á því hver þróunin var að verða þannig að það var ekki nægilegur skilningur ríkjandi úti í þjóðfélaginu fyrir því að það þyrfti að grípa til róttækra og öflugra efnahagsaðgerða.

En hæstv. núv. forsrh. lék ekkert fallegan leik í því dæmi öllu saman þegar var verið að ræða efnahagsmál innan þeirrar ríkisstjórnar. Hann lék tvöfaldan leik. Hann lék annan leik innan ríkisstjórnarinnar og hinn úti í þjóðfélaginu þar sem hann lék það að hann væri alltaf á móti því sem ríkisstjórnin væri að gera og ól þar með á óánægju með þær aðgerðir sem ríkisstjórnin þó greip til. Hann segist að vísu nú hafa setið í fílabeinsturni í utanrrn. og ekki alveg áttað sig á hver þróunin var. En hvar var hann þessi fjögur ár þegar góðærið ríkti hér og fjárstreymið var sem mest inn í okkar þjóðfélag og með þeirri spennu og þeim afleiðingum sem við höfum séð að urðu af góðærinu? Spurningum af þessu tagi verður Framsfl. auðvitað að svara. Hv. þm. Framsfl. verða að svara spurningum af þessu tagi. Hvar var Framsfl., hvar var Steingrímur Hermannsson, hæstv. forsrh., fjögur árin á undan? Þeir verða að svara spurningum af þessu tagi áður en þeir flytja ræður eins og þá sem hv. 10. þm. Reykv. flutti í síðustu viku.

Mér finnst líka að þingmenn Framsfl. mættu mjög gjarnan spyrja hæstv. sjútvrh. Halldór Ásgrímsson að því: Hvar voru hans tillögur til þess að leysa vandamál sjávarútvegsins í síðustu ríkisstjórn? Aldrei heyrði ég eina einustu tillögu af hans munni, hvorki innan ríkisstjórnar né utan, um hvernig ætti að leysa vandamál sjávarútvegsins. Þannig verða framsóknarmenn vissulega að líta í eigin barm og svara sjálfum sér spurningum af þessu tagi áður en þeir flytja ræður eins og þá sem hv. 10. þm. Reykv. flutti í síðustu viku.

Hv. 10. þm. Reykv. var mjög gagnrýninn á síðustu ríkisstjórn. Reyndar var hann talinn í hópi þeirra í þingflokki framsóknarmanna sem voru í eins konar stjórnarandstöðu í síðustu ríkisstjórn. En það væri fróðlegt að heyra hvað hv. þm. segir nú. Hann sagði á miðvikudaginn var að hann byndi í lengstu lög vonir við að þessi ríkisstjórn mundi leggja fram tillögur til lausnar okkar vanda í efnahags- og atvinnumálum. En hvar eru þessar tillögur? Hvar eru þessi úrræði? Hvar eru tillögurnar? Hvar eru bjargráðin sem lýst var eftir? Þær er hvergi að finna. Það fór fram hér í gær löng umræða um vanda sjávarútvegsins. Það örlaði hvergi á einni einustu tillögu um hvað gera ætti, til hvers ætti að grípa í þeirri erfiðu aðstöðu sem við erum nú í.

Við munum eftir yfirlýsingum þegar verið var að mynda þessa hæstv. ríkisstjórn eða reyndar slíta fyrri ríkisstjórn og mynda þessa. Þá var hún mynduð vegna þess að það lá svo mikið á. Það þurfti að grípa til úrræða til að bjarga atvinnulífinu, til að bjarga efnahagsmálunum sem allra fyrst. Það varð að gerast helst innan viku, innan nokkurra daga. Nú eru liðnir bráðum þrír mánuðir og ekkert hefur örlað á neinum tillögum, allt er látið reka á reiðanum og með þeim alvarlegu afleiðingum sem við blasa hvarvetna úti í okkar þjóðfélagi.

Herra forseti. Það frv. sem hér er til umræðu, þ.e. frv. um tvöföldun á skattlagningu á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, er eins og ég gat um áðan eitt tiltölulega lítið frv. af mörgum frumvörpum sem hæstv. fjmrh. boðar til þess að hækka skatta á landsmönnum. Ég ítreka þá skoðun okkar sjálfstæðismanna að við viljum fá fram heildarmynd af skattlagningu þessarar ríkisstjórnar. Við viljum fá á borðið öll skattlagningarfrumvörp ríkisstjórnarinnar áður en hægt er að ganga til 2. umr. um fjárlög og það er okkar eindregin krafa að öll skattlagningarfrumvörpin verði afgreidd í hv. Alþingi áður en fjárlagafrv. verður afgreitt.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu mikið, enda er hún búin að standa alllengi og sennilega búið að segja allt sem þarf að segja í henni.

En það frv. sem hér er til umræðu á þskj. 142 um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði er að mínu mati hið versta mál fyrir margra hluta sakir. Hér er á ferðinni dæmigert mál þess eðlis að auka á mismunun milli atvinnugreina þar sem þessi ákveðna skattlagning er sett á eina stétt eingöngu. Á meðan aðrar atvinnugreinar njóta skattfríðinda á borð við undanþágur frá söluskatti á aðföngum, þurfa ekki að greiða launaskatt o.s.frv. þá er lagt til að álögur á verslun verði auknar. Það er furðulegt að slíkt skuli ekki höfða til samvisku stjórnarherranna, þó alveg sérstaklega þeirra sem kenna sig við jafnaðarmennsku. Ég á bágt með að finna nokkra jafnaðarmennsku í slíkri skattlagningu. Ég furða mig hins vegar ekkert á því að fulltrúar Alþb. gleðjist yfir þessum skatti, enda hafa þeir sýnt í verki að þeir vilja með öllu móti hækka vöruverð í landinu samhliða afnámi samningsréttar og samhliða aukinni skattheimtu. Þannig, að þeirra mati, bæta þeir lífskjör láglaunafólksins í landinu.

Allt er þetta undir stjórn hæstv. forsrh. Steingríms Hermannssonar, formanns Framsfl., sem aldrei ber

ábyrgð á nokkrum sköpuðum hlut — með undantekningum þó. Ef eitthvað er álitið hafa verið til góðs, þá átti Framsfl. flokka helst þátt í því ákveðna máli.

Auðvitað birtist nú svart á hvítu einn anginn af byggðastefnu ríkisstjórnarinnar, sá anginn að færa þá litlu verslun sem eftir er á landsbyggðinni til höfuðborgarinnar. Öllum ætti að vera ljóst að dreifbýlisverslun á verulega undir högg að sækja þessa dagana og þolir engan veginn auknar álögur. Það má spyrja hvort þessi skattlagning sé í samræmi við málefnasamning ríkisstjórnarinnar þar sem segir m.a. í þessum græna bæklingi, spurning hvort litarvalið sé tilviljun, undir kaflaheitinu Efnahagsmál, með leyfi forseta: „Fyrstu aðgerðir ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum miðast við það að treysta atvinnuöryggi í landinu og hemja samtímis verðbólgu.“ Nú er spurningin hvort þessi stóraukna skattlagning sé til þess að auka atvinnuöryggið í landinu.

Næsti liður í þessum kafla í málefnasamningnum er að bæta lífskjör hinna tekjulægstu. Þá má spyrja: Batna lífskjör hinna tekjulægstu við minnkandi kaupmátt, við hækkandi vöruverð?

Í kaflanum um byggðamál í sama græna bæklingi segir, með leyfi forseta: „Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir jafnvægi í byggðaþróun, m.a. með eftirfarandi aðgerðum:“ Nú er spurningin: Stuðlar þetta að jafnvægi í byggðaþróun, sú árás sem hér er gerð að verslun?

Það segir: „Unnið verður að því að bæta aðstöðu verslunarfyrirtækja í dreifbýli.“ Hvernig samræmist þetta þessu annars ágæta stefnumiði ríkisstjórnarinnar?

Enn fremur segir: „Sérstakt átak verði gert til að auka fjölbreytni í atvinnu kvenna á landsbyggðinni.“ Það kom fram í máli einhvers hv. þm. hér fyrr í dag að kvenfólk stundar mikið vinnu við verslun. Skyldi þetta vera til að auka fjölbreytni starfa þeirra þegar þær fara að missa vinnuna ein af annarri?

Það má einnig spyrja hvort þetta sé stefnumarkandi fyrir það sem koma skal. Verður það stefnan að hækka skatta um 100%? Finnst mönnunum þetta ekkert mál? Hæstv. fjmrh. verður að svara því t.d. hverju þessi stóraukna skattlagning á verslunina veldur. — Hæstv. forseti. Er eyrað á hæstv. ráðherra einhvers staðar nálægt hátalara? (**FrS:** Já, já. En það er bara í hátalaranum í símanum.) Já, já. Er hægt að setja okkur í samband við símann?

Hæstv. ráðherra. Ég var að spyrja að því hverju þessi stóraukna skattlagning mundi valda verslununni. Hvernig kemur þetta heim og saman við verðstöðvunina? Hvaða áhrif hefur þetta á dreifbýlisverslunina? Mun þetta verða til að styrkja verslunina í Glasgow? Er það stefna ríkisstjórnarinnar? Er þetta stuðningurinn við Arnarflug? Eigum við að stuðla að aukinni verslun í Hamborg og Amsterdam? Eru þetta úrræðin?

Ríkisstjórn mannréttindabrota er söm við sig. Einn ráðherrann boðar viðskiptaþvinganir á landbúnaðarafurðir, annar svíkur neytendur með stórfelldri skattheimtu í formi nýs vörugjalds o.s.frv. Forsrh. talar um slippaokur varðandi kreditkort en gleymir því að sjálfur er hann efnahagsráðherra í ríkisstjórn sem stundar mesta skattaokur Íslandssögunnar.

Steingrímur Hermannsson forsrh. er Íslandsmeistari í skattaokri. Samkvæmt kenningu hans er hæstv. fjmrh. ekki ábyrgur fyrir nokkrum sköpuðum hlut, eingöngu efnahagsráðherrann Steingrímur Hermannsson.

Auðvitað á ekki að vera nokkur skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði frekar en á aðrar atvinnugreinar og það er sorglegt að nú skuli eiga að tvöfalda þessa skattlagningu þegar nánast allt eigið fé verslunar er upp urið vegna stjórn- og úrræðaleysis stjórnvalda, þegar fjármagnskostnaður er að drepa alla verslun eins og aðrar atvinnugreinar í landinu. Þessi skattlagning er hins vegar ekkert annað en snuð upp í þá alþýðubandalagsmenn þar sem þeir verða að kyngja hverju áfallinu á fætur öðru þessa dagana. Sem dæmi má taka álmálið sem öllum er ljóst að þeir alþýðubandalagsmenn fá ekki stöðvað þó þeir hafi stundum hátt, varaflugvallargerð á vegum hernaðarbandalags sem þeir engu frekar fá stöðvað en alls kyns atkvæðagreiðslur á erlendri grund þeim til skapraunar en líka til staðfestingar á að á þeim taka meðstjórnendur þeirra á landinu ekkert mark. Já, það hlýtur að svíða stundum þessa dagana að reyna að vera sannur alþýðubandalagsmaður.

Þá verð ég að lýsa furðu minni á því ef Kvennalistinn ætlar sér að styðja þetta frv. þar sem er deginum ljósara að þessi hækkun hlýtur að fara beint út í verðlagið sem þýðir m.a. að allar helstu nauðsynjavörur heimilanna hækka, matvara, barnaföt o.s.frv. Ætlar Kvennalistinn virkilega að styðja slíkar hækkanir? Ætlar Kvennalistinn að stuðla að því að kaupmáttur launa minnki og það skuli enn herða sultarólina hjá þeim er minna mega sín? Ég neita að trúa því og reyndar skora á þær kvennalistakonur að taka nú af allan vafa og koma í ræðustól og lýsa stefnu sinni skýrt og skorinort í þessu máli.

Hæstv. forseti. Það er búið að ræða þetta mál allítarlega og ég sé því ekki ástæðu til að hafa þessi orð mín öllu fleiri. Ég vil þó í lokin harma þá mannvonsku sem fram kemur í þessu frv. og reyndar fleiri frumvörpum sem lögð hafa verið fram í þinginu. Ég get aðeins vonað að menn fari að átta sig áður en það er um seinan. Það er löngu búið að tæma vasa almennings í þessu landi. Það er óþarfi að gera gat á þá líka.

Friðrik Sophusson:

Herra forseti. Hér er til umræðu eitt af þeim skattafrumvörpum sem hæstv. ríkisstjórn ætlar að ná fram á grundvelli þeirrar stefnu sinnar sem byggir á því að segja almenningi í landinu að draga saman seglin, segja fyrirtækjunum að rifa seglin en ætla síðan sjálf ríkissjóði að halda sínu með því að sækja

sífellt meira fé í vasa almennings. Upphátt segir hæstv. ríkisstjórn hins vegar að það sé verið að sækja fjármagnið til þeirra sem breiðust hafa bökin. Það eru gömul sannindi og ný og það veit auðvitað hæstv. fjmrh. að skattar eins og þessir, skattar á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, eru þess eðlis að þeir koma inn í rekstur fyrirtækjanna og fyrirtækin verða að afla tekna fyrir þessum sköttum og það gerist ekki öðruvísi en með því að leggja meira á vöruverðið og fá þannig inn tekjur hjá almenningi sem verður að versla til að komast af.

Það merkilega við þetta frv. er að hér er ráðist á verslun í landinu og þjónustu sjálfsagt vegna þess að það hefur verið sagt í umræðunni í þjóðfélaginu að þetta séu þeir sem mest hafa grætt að undanförnu í því góðæri sem hér ríkti vegna aukins afla á undanförnum árum. Ef hæstv. ráðherra kynnir sér hins vegar þau gögn sem hann hefur í sínu eigin ráðuneyti, sem sýna hvaða fyrirtæki eiga í vandræðum, er ég viss um að hann rekst fyrr en síðar á að í hópi þeirra fyrirtækja eru ýmis fyrirtæki í verslun og þjónustu. Ég er t.d. nokkuð viss um að hæstv. ráðherra, sem var eins konar innanbúðarmaður hjá Kron á árum áður, stjórnarmaður ætlaði ég að segja. (Gripið fram í.) Má ég þá spyrja hæstv. ráðherra af því að ég man ekki betur? (**Fjmrh.:** Hann var félagsmaður.) Hann var félagsmaður og sem slíkur sótti hann fundi hjá Sambandi ísl. samvinnufélaga. (**Fjmrh.:** Samkvæmt lýðræðisskipulagi þeirrar hreyfingar.) Það hefur verið upplýst af hálfu hæstv. ráðherra að samkvæmt lýðræðisskipulagi þeirrar hreyfingar hafi hann verið félagi í Kron og sótt sem fulltrúi Kron fundi hjá Sambandi ísl. samvinnufélaga. Af því tilefni, þar sem hæstv. ráðherra var sérlegur fulltrúi Kron á aðalfundum Sambands ísl. samvinnufélaga, langar mig til þess að spyrja ráðherra að því hvort hann hafi spurt félaga sína í Kron og hjá Sambandi ísl. samvinnufélaga hvort þeir hafi þau breiðu bök í dag að þeir séu tilbúnir að láta hækka á sér skatt um 100%. (**PP:** Ertu að hugsa um að leggja til að samvinnuhreyfingin verði undanskilin?) Nei, nei, ég er ekki að hugsa um það. En ég er að hugsa um það, hv. 1. þm. Norðurl. v., að ef skatturinn verður óbreyttur megi samvinnuhreyfingin, ef hún kýs svo, borga helmingi hærri skatt en aðrir ef þeir vilja gera það fyrir orðastað hæstv. fjmrh. sem er sérlegur fulltrúi Kron á fundum Sambandsins. Og ef hv. 1. þm. Norðurl. v. vill styðja þá hugmynd læt ég honum það eftir og hann má gjarnan taka þessa hugmynd, sem hér hefur verið nefnd, og færa hana til föðurhúsanna. Hann er uppalinn hjá Sambandinu eins og alþjóð og þingheimur veit. (**PP:** Það er tóm vitleysa.) Ja, ekki vill hann kannast við það frekar en allt annað. Þegar maður talar við hv. framsóknarmenn á þingi vilja þeir helst ekki kannast við eitt eða neitt, hvorki uppruna sinn eða annað. (**PP:** Við erum frændur.) Við skulum hafa hljótt um það.

Þetta var fyrsta fyrirspurnin til hæstv. fjmrh. sem er sérlegur fulltrúi Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis hjá Sambandi ísl. samvinnufélaga, hvort hann hafi leitað sérstaks stuðnings hjá þessum félögum sínum og hvernig þeim lítist á að þessi skattur, sem settur var á fyrir tíu árum, sé nú tvöfaldaður.

Ég ætla að minnast á aðalatriðið í þeim málum, sem við ræðum þessa dagana, þeim skattafrv. ríkisstjórnarinnar sem nú rignir inn. Það vil ég að hæstv. ráðherra heyri ef hann má vera að því. En ég skil vel að hann þurfi að ræða við hæstv. félmrh. því að mér skilst að það séu nokkrir aurar sem fari á milli mála þegar þau halda fram sínum sjónarmiðum, hæstv. fjmrh. og hæstv. félmrh., — ja, kannski ekki bara aurar heldur krónur, jafnvel þúsundir króna, sumir segja milljónir og aðrir hundruð milljóna. Sumir tala um milljarða í því sambandi. Og væri vissulega fróðlegt ef hæstv. ráðherrar, í stað þess að vera að hvísla upp í eyrað hvor á öðrum, kæmu í ræðustól og gerðu okkur almennum þingmönnum grein fyrir því hvernig þau mál standa. Það væri t.d. skemmtilegt og fróðlegt, eftir að við höfum hlustað á hv. þm. Guðmund G. Þórarinsson segja sitt álit á skattamálum, að hæstv. félmrh. Jóhanna Sigurðardóttir kæmi upp og segði sitt álit á því hvernig hæstv. fjmrh. hefur haldið á fjárlagaundirbúningnum og hvort mál séu með þeim hætti að hún sé ánægð með þá skipan mála. Mér finnst stundum of mikið gert af því að rætt sé við hæstv. ráðherra í blöðum og þar tala þeir eins og þeir séu utan stjórnar, bara rétt eins og þeir séu þátttakendur í einhverjum klúbbi úti í bæ. Mér finnst vera kominn tími til þess að hæstv. félmrh. komi í ræðustól, sem henni er heimilt eins og allir vita, og geri grein fyrir því hvernig mál standa hjá Húsnæðisstofnun ríkisins og af hverju hún kýs ekki að ræða það mál á hinu háa Alþingi fremur en ræða við hæstv. fjmrh. í gegnum fjölmiðla rétt eins og hún beri enga ábyrgð á stjórnarstefnunni. Er ekki kominn tími til þess eða kýs hæstv. ráðherra að þegja og taka ekki þátt í þessum umræðum? — Ég sé að hæstv. ráðherra kýs að þegja.

Það sem skiptir kannski mestu máli fyrir okkur sem eigum að afgreiða þessi mál á næstu dögum og vikum er, og það vil ég leggja sérstaka áherslu á í mínu máli, að hæstv. ríkisstjórn leggi fram öll þau skattamál sem hún hyggst láta afgreiða og þau liggi frammi í þingsölum og tryggt sé að fyrir þeim sé meiri hluti áður en 2. umr. fjárlaga lýkur. Þetta er sagt vegna þess að sumir hafa haldið því fram og það með talsverðum rökum að hæstv. ríkisstjórn eigi ekki öruggan meiri hluta í Nd. þingsins og þess vegna sé út í bláinn að afgreiða fjárlagafrv. fyrr en ljóst sé hvort hægt sé að standa við tekjuáætlun 1. gr. frv. með þeim hætti sem hæstv. ríkisstjórn ber ef hún er meirihlutastjórn. M.ö.o.: Er það ljóst, og það er önnur fyrirspurn mín til hæstv. ráðherra, að hæstv. ráðherra muni leggja fram á Alþingi og gefa yfirlýsingu um að það sé meiri hluti á bak við þau skattafrumvörp sem reiknað er með í 1. gr. fjárlagafrv.?

Af því að hv. þm. Stefán Valgeirsson gengur nú í

salinn langar mig til að beina enn fremur spurningu til hans. Eins og kom fram í umræðum um daginn, þegar hæstv. viðskrh. og iðnrh. var hér í ræðustól, tók hann sérstaklega fram að öll stjfrv. yrðu borin undir hv. þm. Stefán Valgeirsson, sem er lífgjafi þessarar ríkisstjórnar, hefur líf þessarar ríkisstjórnar í hendi sér, annars væru þau ekki stjfrv. Nú langar mig til að spyrja hv. þm. Stefán Valgeirsson: Voru þau frumvörp sem nú hafa verið lögð fram á Alþingi borin undir hann? Styður hann þau skattafrumvörp sem hér hafa séð dagsins ljós og er hann stuðningsmaður þeirra skatta sem ríkisstjórnin hyggst leggja á? Fékk hv. þm. að fara yfir t.d. vörugjaldsfrv. áður en það var lagt fram á Alþingi? Er hann samþykkur í einu og öllu að slíkir skattar séu lagðir á án þess að matarskatturinn svokallaði sé lagður af á sama tíma? Ef svarið er jákvætt, hvað hefur þá gerst? Hvað er það sem nú réttlætir að leggja á matarskatt og líka vörugjald þegar ljóst er að á sínum tíma héngu þessi tvö mál saman í órofa heild? Hvers konar sinnaskipti hafa átt sér stað? Ég hlakka satt að segja til þess að hv. þm. Stefán Valgeirsson komi hér upp og geri hreint fyrir sínum dyrum, taki til máls, lýsi því yfir að hann sé stuðningsmaður þessara frumvarpa. Hann hafi komið að samningu frv., hann hafi lagt blessun sína yfir frumvörpin áður en þau voru lögð fram og skýri það síðan út, ekki eingöngu fyrir kjósendum sínum heldur fyrir þingheimi öllum og þjóðinni, hvernig á því standi að hann láti þetta yfir sig ganga núna, þessi mikli baráttujaxl sem barðist gegn því á sínum tíma að söluskattur væri lagður á matvæli. Ég veit að hv. þm. Stefán Valgeirsson, sem er kjarkmeiri en aðrir þingmenn, mun ekki láta standa á sér og taka þátt í þessum umræðum, svo vel þekki ég hv. þm.

Ég saknaði þess satt að segja þegar hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson tók þátt í umræðum um skattamál að hann skyldi ekki skýrar segja frá því í sínu máli hvað hann hygðist gera í skattamálum ríkisstjórnarinnar því að hann er einn af þeim mönnum sem hafa tekið til máls utan þings um sum þessara frumvarpa og þarf ég þá ekki annað en nefna öryrkjaskattinn svokallaða eða spilafíknarskattinn eins og hæstv. ráðherra kýs að kalla þennan skatt þegar hann tekur til máls á hinu háa Alþingi og mælir fyrir og ver skattafrv. ríkisstjórnarinnar. Ég tel enn fremur að hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson, sem reyndar er ekki í þingsalnum, skuldi okkur það að ræða um tekjuskattinn, um það hvernig honum lítist á að vera með tvö eða jafnvel þrjú þrep í tekjuskattinum.

Það mætti auðvitað tala langt mál um skattamál almennt. Ég sé í sjálfu sér ekki mikla ástæðu til þess, en ég vil að þessari umræðu ljúki ekki fyrr en hæstv. ráðherra, ef hann heyrir mál mitt, gefi þá yfirlýsingu að fjárlagafrv. verði ekki afgreitt til 2. umr. fyrr en búið sé að leggja fram skattafrv. Og af því að ég sé hv. þm. Sighvat Björgvinsson, ef hann heyrir mál mitt, hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, formaður fjvn. sem nú gengur í salinn, langar mig til að spyrja hv. þm. Sighvat Björgvinsson, formann fjvn. Alþingis, hvort hann telji eðlilegt að 2. umr. um fjárlög fari fram og fjárlagafrv. verði afgreitt til 3. umr. án þess að búið sé að leggja fram á hinu háa Alþingi skattafrv. ríkisstjórnarinnar sem sýna hvernig ríkisstjórnin hyggst ná þeirri tekjuöflun sem um getur og er áætluð í 1. gr. frv. Ég óska þess sérstaklega að hv. þm., sem gegnir trúnaðarstörfum fyrir hæstv. ríkisstjórn og er formaður fjvn., segi sitt álit á þessu máli því að það skiptir auðvitað mjög miklu máli fyrir störf þingsins á næstunni.

Að lokum, virðulegur forseti, þarf hæstv. ráðherra, og ég vona að hann heyri mitt mál, að skýra Alþingi frá því hvort hallinn á fjárlögum fyrir yfirstandandi ár hafi vaxið eitthvað frá því að hann flutti ræðu um þau mál síðast og hvort hæstv. ráðherra hafi í áætlun fyrir næsta ár tekið tillit til þess mikla halla sem hefur orðið á ríkisfjármálunum á síðari hluta ársins og hvort hann sé tilbúinn að gera Alþingi grein fyrir því með hverjum hætti hann ætli að brúa það bil á næstu dögum áður en 2. umr. fjárlaga fer fram.

Ég ætla ekki hér, herra forseti, nema frekar gefist tilefni til síðar í þessari umræðu, að spyrja hæstv. ráðherra um önnur mál. Það er vissulega tilefni til þess, en það gefst tækifæri til þess síðar.

Að svo mæltu vil ég eins og aðrir þingmenn Sjálfstfl. vinna að því að þessi frumvörp fái eðlilega þinglega meðferð. Ég skil vel að það liggi á að afgreiða þessi mál. Það hefði verið miklu betra að fá þessi frumvörp mun fyrr fram, en það er tiltölulega auðvelt að skilja að frv. gengur út á að hækka skatta um 100% og það mun Sjálfstfl. að sjálfsögðu ekki styðja.

Ólafur G. Einarsson:

Herra forseti. Fyrir réttri viku hófst umræða í hv. deild um þetta frv. Ég gerði það þá nokkuð að umtalsefni og m.a. beindi ég fyrirspurn til hæstv. forsrh. Ég spurði hann að því hvort Framsfl. styddi frv. Ég spurði vegna þess að hæstv. fjmrh. hafði úr sæti sínu sagt að í frv. kæmi fram stefna Framsfl. Hæstv. forsrh. staðfesti þegar hann svaraði minni fyrirspurn að Framsfl. styddi frv.

M.ö.o. leggur Framsfl. með stuðningi sínum við þetta frv. stein í götu dreifbýlisverslunarinnar á Íslandi þótt talað sé um á miðstjórnarfundum þess flokks að nú verði að styðja með opinberum framlögum dreifbýlisverslunina í landinu. En þetta er kannski leiðin til að mismuna. Það sýnist manni að hljóti að vera ætlunin að með styrkjum af opinberu fé skuli versluninni í landinu mismunað eftir því hvar viðkomandi fyrirtæki eru. Og kannski á að mismuna eftir því hvers konar rekstrarform um er að ræða. Vel að merkja. Það var kaupfélagsstjóri KEA sem hreyfði þessari tillögu eða hugmynd á miðstjórnarfundi Framsfl. Það á kannski einmitt að úthluta af opinberu fé til þeirra verslana sem þóknanlegar eru núverandi hæstv. ríkisstjórn. Það verður kannski eitthvað svipað og ætlunin er að gera með Atvinnu-

tryggingarsjóðnum. Pólitískt þukl á umsóknum eru ær og kýr a.m.k. sumra sem að þessari hæstv. ríkisstjórn standa.

Hæstv. forsrh. sagði svo reyndar í lokin á þessu svari: Þessi skattur auðveldar ekki dreifbýlisverslununinni lífið. Nei, það gerir hann ekki. En samt á að leggja hann á. Samt skal hann lagður á. Hvers vegna? Það hefur ekki fengist fullnægjandi svar við því. Ég velti þeirri spurningu upp hér fyrir réttri viku hvort skýringin væri sú að það hefur verið gamall draumur Alþb. að tvöfalda þennan skatt. Í þá átt gengu tillögur þeirra alþýðubandalagsmanna fyrir réttu ári þegar við vorum með hliðstætt mál á hv. Alþingi og alþýðubandalagsmenn nutu þá stuðnings Kvennalistans. Fulltrúi Kvennalista hér í hv. deild var meðflm. hæstv. núv. samgrh. og landbrh.

Ég lét þau orð falla fyrir viku að e.t.v. væri þar komin skýringin á því að þetta frv. væri lagt fram í hv. Nd. en ekki Ed. að ríkisstjórnin þættist nokkuð viss um meiri hlutann hér vegna stuðnings Kvennalista. Ég taldi að þær væru svo staðfastar í skoðunum að þær mundu ekki breyta til frá því sem þær héldu fram í fyrra. Nú verð ég að draga hluta af þessu til baka sem ég sagði þá vegna þess að hv. þm. Kristín Halldórsdóttir lét þess getið síðar í umræðunni að aðstæður kynnu að hafa breyst þannig að það væri ekki á vísan að róa með stuðning Kvennalistans. Ég fagna því að það er a.m.k. kominn upp vafi hjá kvennalistakonum hér á hv. Alþingi og ég vona að þær átti sig á því að þessi skattur er ranglátur skattur og það á ekki að tvöfalda hann.

Þótt þeir framsóknarmenn og alþýðuflokksmenn hafi ekki áður tekið undir tillögur um tvöföldun á þessum skatti láta þeir sig hafa það núna. Þannig sýna þeir væntanlega í verki hver er stuðningur þeirra við verslunina í landinu og þá alveg sérstaklega dreifbýlisverslunina og þetta gera þeir vafalaust fyrir Alþb. eins og ég rakti nokkuð fyrr í umræðunni. En þess er hins vegar gætt af fulltrúum þessara flokka og alveg sérstaklega Framsfl. að tala allt öðruvísi en þeir ætla sér að gera núna. Þá er látin í ljós umhyggjan fyrir þessum aðilum sem mörgum öðrum. Sem sagt: það er talað þannig en verkin eru svo allt önnur.

En þótt runnar séu tvær grímur á fulltrúa Kvennalistans er þetta mál kannski engu að síður í höfn. Af fréttum má ráða að a.m.k. einn þingmaður Borgfl. ætlar óbeint að styðja þetta með því að sitja hjá þannig að kannski er þetta allt saman gulltryggt fyrir hæstv. ríkisstjórn. En það var dálítið kyndugt að heyra hv. þm. Borgfl. tala áðan til Kvennalistans. Hann hefði kannski átt að líta sér aðeins nær áður en hann fór að heimta svör frá þeim um afstöðu til málsins.

En hæstv. forsrh. virðist vera í dálitlum vafa um framhaldið. Hann lét hafa slík orð eftir sér í Þjóðviljanum fyrir nokkrum dögum þar sem hann var að tala um skattafrumvörp ríkisstjórnarinnar, sem á þeirra máli heita að vísu tekjuöflunarfrumvörp, sem er auðvitað miklu snyrtilegra orð en skattafrumvörp, og hann taldi að þau væru oft flókin, en ötullega hefði verið unnið að þeim og þau færu að koma fram eitt af öðru næstu daga og við höfum fengið aðeins smjörþefinn af því sem hæstv. ríkisstjórn hefur á prjónunum í þeim efnum.

Í Þjóðviljanum sagði svo áfram: „Steingrímur vildi engu spá um það hvort stjórninni tækist að koma öllum fjáröflunarfrumvörpunum í gegn fyrir áramótin.“ Og svo orðrétt eftir hæstv. forsrh.: „„Fjmrh. mun að sjálfsögðu hefja viðræður við stjórnarandstöðuna um þessi mál“, sagði Steingrímur. Það væru mörg viðkvæm mál í þessum málaflokki og enginn vafi á að menn þyrftu að mætast á miðri leið.“

Já, það verður fróðlegt að sjá hvar þessi miðja er. Við höfum ekki séð allar fyrirætlanir hæstv. ríkisstjórnar, aðeins sum af frumvörpunum sem sýna ekkert annað en skattagleði hæstv. ríkisstjórnar. Það er ofsköttun sem kallar aftur á atvinnuleysi. Þetta eru kreppuskattar. Það er rétta orðið yfir þá.

Já, það á að hefja viðræður við stjórnarandstöðuna og þær hafa farið fram ef það á að kalla það því nafni að hæstv. fjmrh. hefur talað við þingflokksformenn stjórnarandstöðunnar og raunar fleiri fulltrúa og greint þeim frá því hvað í bígerð er, síðast í gær frá einu frv. sem ég get að sjálfsögðu ekki farið að gera hér að umtalsefni vegna þess að það er trúnaðarmál enn þá, en það varðar tekjuskattinn, og hann hefur látið í ljós, hæstv. fjmrh., þær óskir að greidd verði gata þessara frumvarpa í gegnum þingið. Hann er svo raunsær að hann er ekki að biðja um beinan stuðning en að greidd verði gata þessara mála. Af því tilefni vil ég segja að við ætlum ekki, þingmenn Sjálfstfl., á nokkurn hátt að fara að tefja fyrir málunum, en við þurfum að sjálfsögðu að ræða þau. Og ég ítreka það, sem hér hefur þegar komið fram, að áður en fjárlög verða hér afgreidd verða að sjálfsögðu þessi mál öll að vera komin upp á borðið og ekki bara það, það þarf að vera búið að afgreiða skattafrumvörpin sjálf.

Já, það á að ræða við stjórnarandstöðuna, sagði hæstv. forsrh. í þessu viðtali í Þjóðviljanum. Mig minnir að hv. þingflokksformaður Framsfl., Páll Pétursson, hafi einhvers staðar látið hafa það eftir sér að stjórnarandstaðan ætti vel við formann Sjálfstfl., hv. þm. Þorstein Pálsson, því að hann þyrfti þá ekkert að tala við neinn, sagði þingflokksformaður framsóknar. Ég er að velta því fyrir mér hvort það eigi að skilja orð hæstv. forsrh. þannig að nú væri kannski gott að eiga formann Sjálfstfl. að til að greiða götu þeirra frumvarpa sem núv. hæstv. ríkisstjórn þarf að koma í gegnum þingið og njóta til þess atbeina Sjálfstfl.

Ég veit ekki hvernig á að skilja þá hv. stjórnarliða. Fyrst koma yfirlýsingar frá hæstv. forsrh. og ítrekaðar, að ef eitthvað verði samþykkt hér í þinginu sem stjórnarflokkarnir, og ég geri ráð fyrir að hann eigi þá við ráðherra stjórnarflokkanna, ekki geta fellt sig við, þá sé kominn nýr meiri hluti í þinginu og ríkisstjórnin hljóti þá að segja af sér.

Þetta á a.m.k. við hin viðameiri mál sem hæstv. forsrh. metur svo. En mér er nú spurn: Hvað verður yfirleitt samþykkt hér nema til komi atbeini stjórnarandstöðunnar, eins eða fleiri fulltrúa þeirra? Mér er það ekki alveg ljóst. Er þá kominn nýr meiri hluti?

Það verður áreiðanlega ýmsum brögðum beitt til að fá frumvörp ríkisstjórnarinnar samþykkt hér. Hv. þm. Stefáni Valgeirssyni verður auðvitað beitt fyrir vagninn. Hann skýrir það sjálfsagt nánar á eftir. Hann er búinn að biðja um orðið. En það er rétt að minna líka á að það verður heldur ekkert samþykkt hér af frumvörpum ríkisstjórnarinnar nema það sem hv. þm. Stefán Valgeirsson telur sér þóknanlegt. Það hefur hann margsinnis sagt. En það er hins vegar að koma á daginn að það er fullt af þessum Stefánum í þingliði stjórnarflokkanna. Einn kom fram núna alveg nýlega frá Alþfl. og lét vita um að ef það yrði ekki veitt tilteknu fjármagni í tiltekna framkvæmd suður í Keflavík væri búið með hans stuðning, hann mundi a.m.k. ekki greiða fjárlögunum atkvæði. Ég hef einhvern veginn grun um að þeir eigi eftir að koma upp fleiri núna á næstunni sem svona skoðanir hafa.

Hæstv. viðskrh. sagði líka í umræðunni um daginn að hann viðurkenndi að þessi skattur kæmi illa við dreifbýlisverslunina, ég held ég hafi tekið rétt eftir, og ég spyr þess vegna enn: Hvers vegna í ósköpunum er verið að leggja þennan skatt á ef mennirnir sem eru að leggja þetta til trúa því sjálfir að þetta sé af hinu verra og eru svo að tala um í sömu andránni að það þurfi að styrkja dreifbýlisverslunina?

En svo var það ræða hv. þm. Guðmundar G. Þórarinssonar. Ég sé að hann er ekki í salnum og ég vil taka það fram við hæstv. forseta að mér er alveg sama hvort hann er í salnum eða ekki. Það er reyndar enginn framsóknarmaður í salnum. En hann flutti eina af þessum venjulegu framsóknarræðum, ræðu um það hvar forsrh. fyrrv., hv. þm. Þorsteinn Pálsson, hefði verið þegar hann leyfir sér að gagnrýna þetta algjöra athafnaleysi núv. hæstv. ríkisstjórnar. Þeir líta aldrei í eigin barm, þeir framsóknarmenn, og athuga hvar þeir hafa verið, ekki bara síðasta árið heldur síðustu 17 ár þar sem þeir hafa átt aðild að ríkisstjórn nær því samfleytt. Ég held það sé ekki nema þriggja mánaða uppstytta hjá Framsfl. frá því 1971 þegar vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar var mynduð og allt verðbólgubrjálæðið byrjaði. Nei, þeir hafa ekki komið nálægt neinu því sem miður hefur farið í þessu þjóðfélagi, aldeilis ekki. Það er alltaf allt öðrum að kenna.

En hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson sagði að ríkisstjórnin hefði leikið biðleik og talaði eins og góðum skákmanni sæmir. Ég er vondur í skák, en mér sýnist einhvern veginn að þessi biðleikur, sem hefur þegar verið sýndur, hafi verið vondur leikur ef ekki hreinn afleikur og leiði ekki til farsældar. Það kæmi mér ekki á óvart þó hann leiddi til þess að öll skákin, sem ríkisstjórnin hefur verið að tefla, tapaðist.

Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa þessi orð mín mikið fleiri. Ég ætla ekkert að vera að tefja afgreiðslu þessa máls. Ég hef ekki talað lengi. Ég ítreka aðeins að þetta frv. sýnir að áhugamál þessarar hæstv. ríkisstjórnar eru skattahækkanir og aftur hækkanir. Skattagleðin kemur alltaf fram þegar vinstri stjórn situr hér að völdum. Ég veit ekki hvort hæstv. fjmrh. verður að ósk sinni vegna þess að ég efast ekkert um að það er ósk hans að öll þessi mál nái afgreiðslu fyrir jól, skulum við segja, og að fjárlagafrv. verði afgreitt eins og lög gera ráð fyrir fyrir nýár. Tíminn er vissulega naumur og það á eftir að tala töluvert í þeim málum sem ekki hefur enn verið talað fyrir af hæstv. ráðherra. Af orðum hæstv. forseta Sþ. á fundi í nótt sýnist mér mega ráða að það tapast a.m.k. fjórir dagar sem hefðu verið mögulegir í vinnu hér í þinginu vegna þess að hæstv. forseti lýsti því yfir að það yrðu engir fundir hér á milli jóla og nýárs. Af því að nú eru engin brandajól eru þetta fjórir dagar. Kannski höfum við ráð á þessu. Ég vona það því að ekki er ég að biðja um fundi á milli jóla og nýárs. En við höfum þurft að upplifa það, síðast í fyrra, en þá voru að vísu mjög þung mál á ferðinni, ekki bara sem snertu fjárlagafrv. heldur vorum við þá að fjalla um fiskveiðistefnuna og þar þurftu menn að tala býsna mikið. En mér sýnist á þessum orðum hæstv. forseta Sþ. að allar líkur séu á að þetta gangi bara býsna vel fyrir sig og við ljúkum á góðum tíma fyrir jól og getum átt notaleg jól með fjölskyldum okkar.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Það hefur verið löng og torsótt leið fyrir íslenskar konur að ná betri stöðu, meiri réttindum og fjölbreyttari möguleikum í lífi sínu en þær áður höfðu, þeirri stöðu sem þær hafa í dag. Hví er verið að segja þetta í umræðum um frv. til laga um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði? Hví er yfir höfuð verið að ræða það í sambandi við skattaáform ríkisstjórnarinnar? Hvað kemur það þeim málum við? Þetta kemur þeim málum mjög mikið og alvarlega við. Ekkert að því sem stendur beinlínis í þessu frv. orðar neitt um stöðu kvenna, en á bak við frv. sem við erum að fjalla um og þau frumvörp sem birta stefnu ríkisstjórnarinnar, á bak við það sem ríkisstjórnin gerir og líka á bak við það sem hún ekki gerir og varðar atvinnulíf þessa lands felst ýmislegt sem veldur því að mörg spor eru stigin í einu vetfangi aftur á bak í stöðu kvenna á Íslandi.

Ég skal skýra þetta: Það sem ríkisstjórnin ekki gerir með almennum aðgerðum til að bæta stöðu atvinnuveganna úti um allt land hefur mikil og alvarleg áhrif á atvinnumöguleika kvenna. Það hefur ekki verið að ófyrirsynju að hér hefur verið löng og mikil umræða um fjölbreyttari atvinnumöguleika kvenna úti um landið, hvað hægt sé að gera til að auka þá fjölbreytni. Á sama tíma og stjórnarsinnar segjast vilja auka þá fjölbreytni gera þeir ráðstafanir sem verða til þess að fjöldi kvenna missir atvinnuna og þeir láta undir höfuð leggjast að gera aðrar

ráðstafanir til þess að aðrar konur í annars konar atvinnuvegum geti haldið atvinnunni. Þetta hefur að sjálfsögðu ekki einungis áhrif á konurnar sjálfar heldur á heimili þeirra og börn því að eins og hv. þm. vita munu það nálgast að vera 80% íslenskra kvenna sem afla tekna utan heimila sinna og leggja þar með heimilum sínum til rekstrarfé ásamt bændum sínum, þær sem þá ekki eru einstæðar mæður og húsmæður eða hafa einar með sjálfar sig að gera.

Það er mjög alvarlegt ástand í þeim byggðarlögum þar sem fjöldi húsmæðra hefur aflað tekna bæði í frystiiðnaðinum, í ullariðnaðinum og í fleiri greinum sem eru hluti af útflutningsiðnaði okkar. Þannig er vinnuafl kvennanna mjög mikilvægt í því sambandi og bæði úti um landið og í Reykjavík hefur frv. sem við erum hér nú að ræða enn áhrif til hins verra. Það er ljóst að bæði fjöldi kvenna sem vinnur í verslunum og á skrifstofum mun missa atvinnuna við samþykkt þessa frv. Það er ljóst að sá fjöldi af fyrirtækjum sem berst í bökkum mun síður en svo fá hvatningu til áframhaldandi starfs eða til að halda öllu því fólki í vinnu sem þau hafa núna eða yfir höfuð til að halda áfram við það að skattur þessi verður tvöfaldaður frá því sem verið hefur.

Eitt hygg ég að ekki hafi komið fram í þessum umræðum. Nokkuð af konum rekur lítil fyrirtæki, litlar verslanir sérstaklega í hinum eldri hlutum bæjarins, og í hinum eldri hlutum bæjarins er dýrt verslunarhúsnæði. Þar er fasteignamatið hátt. Það er því líklegt að í slíkum smáfyrirtækjum verði enn erfiðara um vik vegna samþykktar þessa skatts og það komi niður á þeim konum. Þær eru of fáar konurnar sem reka eigin fyrirtæki, þó eru þær nokkrar, en í fleiri tilfellum en ekki með smáfyrirtæki og þau munu fara illa út úr þessu, því miður.

Þá er ótalinn hlutur þeirra kvenna sem eru launþegar og allar horfur eru á að muni verða, því miður, miklu fleiri í hópi þeirra sem atvinnulausar eru eftir samþykkt frv. en áður. Það á við bæði þær sem vinna við verslun og skrifstofustörf og líka þær sem vinna ræstingastörf. Ég veit ekki hvort hv. þm. er kunnugt um hve margar konur gefa sig fram og raunar líka karlar þegar auglýst er starf við ræstingar í borginni núna. Það er af sem áður var þegar erfitt var að ná til fólks sem sinna vildi slíkum störfum, en mér er kunnugt um að svo er a.m.k. í tilfellum sem mér hefur verið sagt af. Þar eru núna í ýmsum tilvikum tugir kvenna sem spyrja um eitt slíkt starf, er það býðst.

Menn geta því sagt sér sjálfir að þetta mál hefur miklu fleiri hliðar en þær sem eru sýnilegar á þeim pappír sem við höfum fyrir framan okkur.

Síðan er það stærsta hliðin hinum megin á þessari medalíu sem við erum að spjalla um hérna. Og hver er hún? Hún birtist í öðrum frumvörpum fjmrh. þessa dagana. Um leið og fjöldi kvenna verður af þessum ástæðum sviptur atvinnunni og er þá samkvæmt stefnu þessarar ríkisstjórnar væntanlega ætlað að vinna alfarið á sínum heimilum hvort sem þeim líkar það betur eða verr eða hvort sem þær þurfa annarra tekna við eða ekki, þá er það svo að heimilishaldið verður um leið og þær missa tekjurnar langtum dýrara, bæði vegna þeirra verðhækkana sem frv. hefur í för með sér á ýmsum munum til heimilis og heimilisrekstrarvörum og þá ekki síður á þeim vörum sem nútímafólki eru nauðsynlegar til að létta heimilisstörfin.

Ég vil gjarnan minna þær kynsystur mínar sem hér hafa verið skemur á þingi en ég á að það hefur kostað langa og mikla baráttu að vinna skilning á því að heimilistæki nútímans eru nauðsynjar en ekki lengur lúxus eins og sumir blessaðir karlarnir töldu fyrir hálfri öld. Það kemur í ljós með framlagningu frv. um vörugjald að í ríkisstjórn sitja menn sem telja eins og forfeður þeirra að slík tæki séu lúxus. A.m.k. er algjörlega ljóst að á tækjum sem eru jafndýr fyrir og þau sem ég er hér að tala um verður hinn nýi skattur þungur og þá ekki síst þegar um er að ræða að kaupandinn er búinn að missa atvinnuna og þar með tekjurnar. Ég held þess vegna að það sé nauðsynlegt að þeir hv. þm. í stjórnarliðinu, sem ég veit að ýmsir eru sanngjarnir og skilja þessa hluti eða a.m.k. vilja skilja þá, hugsi sig um. Þeir hljóta að hugsa sig betur um áður en að þessu ráði verður horfið. Þetta segi ég vegna þess að það er ótækt að horfa á þessi mál ríkisstjórnarinnar eitt og eitt fyrir sig sem einangrað fyrirbæri. Það er lágmarkskrafa borgaranna í þjóðfélaginu, sem eiga að bera þessa skatta, sem eiga að sjá ríkinu fyrir fjáröflun eins og það er orðað svo kurteislega í pressunni um þessar mundir, að þessir sömu þjóðfélagsborgarar fái að vita til hvers er ætlast af þeim, hver verði heildarbyrði þeirra vegna skattahækkana ríkisstjórnarinnar, þeir þurfi ekki að horfa á einn og einn part af dæminu, það sé ekki aðeins verið að tala um hluta af nauðsynjum heimilisins heldur allar nauðsynjar heimilisins. Við vitum að það að tala um fé til að standa undir nauðsynlegum útgjöldum er rétt eins og að tala um fé til að standa undir kaupum á nauðsynjum heimilisins og hver maður með viti reynir að gera sér grein fyrir slíku dæmi í heild. Þess vegna er gjörsamlega óboðlegt að sýna ekki það dæmi allt í einu svo að fólk geti áttað sig á því.

Ég hef fjallað lítillega um ýmsar vörur til heimilishalds og heimilistæki til að auðvelda mönnum heimilisstörfin sem í raun og veru eru algjörlega nauðsynleg nú á dögum. Það má auðvitað um það deila hvort nauðsynlegt sé að strauja skyrtur eða lín, en ríkisstjórnin ætlar að hækka skatta á straujárnum. Ég get ekki neitað því að maður er ósköp feginn að þurfa ekki að standa og strauja mjög mikið og það eru sjálfsagt fleiri. Það er góð röksemd gegn því verki að búið sé að skattleggja straujárnin eins og lúxus. En það er ekki aðeins þetta. Það eru taupurrkarar og tauvindur. Konur geta nú veskú undið í höndunum. Það er tiltekin hreyfing sem kennd var í húsmæðraskólunum í gamla daga. Það er hætt að kenna hana núna þótt nauðsynleg sé. Það er gert ráð fyrir að fólk vindi sinn þvott í tauvindu og geti keypt sér þvottavélar eins og hverjar aðrar heimilisvélar,

það sé jafnnauðsynlegt og að hafa vask í þvottahúsinu.

Það er hreint eins og vörugjaldsfrumvarpið sé flutt af einhverjum sem aldrei á ævi sinni hafa í þvottahús komið og vita ekki hvernig á að draga til straujárn. Þó hélt ég að nútímakarlmenn vissu allt slíkt því að svo er forsjóninni og mæðrum þessa lands fyrir að þakka að ungir karlmenn nú á dögum vita vel hvað það er að vinna að því að halda heimili í almennilegu standi. Og ég hélt satt að segja að það væru nægilega margir nútímamenn í stjórnarliðinu til að skilja þetta og mundu þá þeir hinir sömu menn endurskoða áform sín um þá vöruskattlagningu sem við förum að fjalla um fljótlega, er að sönnu ekki í þessu frv. en í því sem útbýtt hefur verið en er nauðsynlegt að skoða í þessu samhengi.

Ekki nóg með að við séum að fjalla um 100% aukningu á skatti á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, þ.e. mestum hluta atvinnuhúsnæðis í landinu. Því við erum í sama mund að tala um að skattleggja byggingarvörur sem áður hafa ekki verið skattlagðar, ekki aðeins með þeim árangri að byggingarvísitalan hækki um 3% og áhrifum þess á fjármagnskostnað húsbyggjenda og þeirra sem bæði atvinnuhúsnæði og íbúðarhúsnæði þurfa að reka heldur líka með þeim afleiðingum að útgjöldin hækka á þeim tækjum sem fara í þann hluta húsnæðis sem er oft talinn allra dýrastur en það eru eldhúsin og baðherbergin. Þetta hefur mér skilist að væri langdýrast. Þetta segja þeir sem nú eru að byggja. Og hvaða áhrif skyldi þetta þá hafa á varahluti og viðgerðarkostnað þessara tækja sem er ærinn fyrir?

Það er sama hversu langt við höldum áfram að rekja þetta mál. Við sjáum æ betur að við erum dag eftir dag eftir dag að fjalla um gjöld sem koma með mjög miklum þunga niður á hin almennu heimili í landinu, öll heimili í landinu og þá sérstaklega þau heimili þar sem svo er ástatt að konurnar eru að missa sína atvinnu eða munu gera það í framhaldi af þeim frumvörpum sem ríkisstjórnin berst fyrir að fá samþykkt hér á Alþingi.

Það hlýtur að vera einhver hugsun um þennan hóp þjóðfélagsborgaranna á bak við þessi mál, ekki trúi ég öðru. Menn munu kannski segja: Ja, er kannski ekki of mikið af því að konur vinni utan heimilis? Er það ekki bara ágætt að möguleikar þeirra séu skertir til þess? Það kann vel að vera að hæstv. fjmrh. telji að svo sé. Þeim mun meiri tíma muni þá hinar sömu konur hafa til þess að standa í ýmiss konar félagsstarfsemi. Þær hafa verið drjúgar í sögunnar rás við ýmis störf í líknarfélögum, í fjáröflun fyrir ýmis nauðsynleg fyrirtæki, bæði líknarstofnanir og menntastofnanir. Það þarf ekki annað en að nefna sjálfan Landspítalann og Háskóla Íslands. Hverjir ýttu þar fjáröflun úr vör nema samtök kvenna í landi okkar? Ég veit að hver einasti hv. þm. getur í einu vetfangi talið upp í huga sér fjölda þjóðþrifafyrirtækja sem væru ekki það sem þau eru nema fyrir frumkvæði og fjáröflun kvenna. Og víst eru þær, þrátt fyrir annir bæði innan og utan heimilis, margar mjög ötular við slíkt starf.

En hvað vill þá ríkisstjórnin gera til að styðja slíka viðleitni kvenna? Leggja á nýjan skatt til að taka í sinn hlut það sem aflað er með ærnu erfiði í happdrættum og slíku — eða hvað með happdrættisskatt ríkisstjórnarinnar væntanlega, skattinn sem á að leggjast á fjáröflun til líknar- og menningarmála? Það er ekki einasta að það sé vanmetið sem borgararnir af fúsum og frjálsum vilja leggja fram með erfiði sínu til fjáröflunar til slíkra mála og létta þannig undir með hinu opðinbera, heldur á að skattleggja þessa viðleitni og taka féð beint til þeirra sem vilja ráðstafa tekjunum eftir eigin pólitískum geðþótta en ekki eftir fúsum og frjálsum vilja þeirra sem fórnirnar færa.

Þetta er siðferði af því tagi sem ég hygg að fjöldi kvenna í þessu landi kunni lítt að meta og fjöldi kvenna og karla, sem hafa lagt á sig ómælt erfiði til að koma áfram nauðsynlegum málum til að sinna og hjálpa samborgaranum, kunni lítt að meta það. Í þessum hópi leyfi ég mér að telja að konurnar séu jafnvel enn í dag fjölmennastar. Hvort sem það er launuð atvinna þeirra, starf þeirra og heimili eða sjálfboðaliðastarf þeirra í frístundum, allt skal skattlagt af hálfu ríkisstjórnarinnar. Að öllu þessu leyti skulu kjör kvenna skert samkvæmt stefnu þessarar ríkisstjórnar.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Hv. 1. þm. Reykv. lagði fyrir mig nokkrar spurningar, en ég sé ekki að hann sé hér í salnum. Hann hefur kannski verið að spyrja mig til þess að ég flytti það hér, en hefur ekki talið sig þá mann til þess að vera hér og svara mér. Ég bið hæstv. forseta að vita hvort hv. 1. þm. Reykv. er í þessu húsi og gera ráðstafanir til að hann komi hingað. (**Forseti:** Það verður gert.)

Annars er hann dálítið merkilegur, málflutningur hv. sjálfstæðismanna við þessa umræðu. Það er ákveðið mál til umræðu um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, en umræðurnar fara m.a.s. svo út um víðan völl að það er rætt um frumvörp sem ekki er einu sinni búið að leggja fram. — Það virðist vera svo að hv. 1. þm. Reykv. sé ekki tiltækur, en þrátt fyrir það mun ég reyna að svara honum að nokkru.

Hv. þm. ræddi um að ég væri að mér skildist guðfaðir þessarar ríkisstjórnar. Eru það eiginlega ekki allir þeir sem standa við bakið á þessari ríkisstjórn? Það má segja að hver og einn verði til þess að hún varð mynduð. — Þarna kemur hv. 1. þm. Reykv. inn.

Hv. 1. þm. Reykv. spurði hvort það væri ekki rétt að mér hefði verið heitið því að fá að fjalla um stjfrv. áður en þau væru lögð fram. Það er rétt. Ég er aðili að þessari ríkisstjórn. Það var alveg sjálfsagt að mér yrði sýnt það sem öðrum, en í vissum tilvikum hef ég ekki verið viðstaddur eins og nú og þá hef ég sagt t.d. hæstv. fjmrh. um vörugjaldið, ég var norður í landi þegar við ræddum saman, og ég sagði að hann

mætti leggja það fram, en ég áskildi mér rétt til að flytja eða fylgja brtt. Þannig er það með mörg fleiri frv. því að einn maður sem er aðili að ríkisstjórn getur ekki á nokkrum dögum, 3–4 dögum, farið ofan í slík frumvörp. Ég hef með mér fólk, bæði hér í Reykjavík og annars staðar, sem ég sendi þessi frumvörp og bíð stundum eftir umsögnum þaðan til að styrkja mig og benda mér á. En ég get ekki farið að setja fót fyrir það að frumvörpin séu lögð fram heldur áskil ég mér þá rétt til að flytja eða fylgja brtt. Er það skilið? (**FrS:** Mjög vel skilið.) En svo koma þessir hv. þm. og það er annað hljóð í þeim núna en var meðan þeir voru í ríkisstjórn. Nú koma þeir upp við hvert einasta frv. og segja: Þetta er ómögulegt. Þetta er ekki hægt. Það er verið að leggja á þennan og hinn skattinn. Vilja þessir hv. þm., eins og hv. 1. þm. Reykv., ekki benda þá á aðrar leiðir til tekjuöflunar? Hvernig skildi ríkisstjórnin við sem hann var í? Skildi hann þannig við eða vill hann og aðrir hv. þm. Sjálfstfl. meina það að þeir hafi skilið þannig við að það þurfi ekki aukna tekjuöflun? Ætlar hann að halda því fram? Og ef þeir eru ábyrgir á annað borð eru þeir þá ekki skyldugir til að benda á aðrar leiðir, ef á að taka á annað borð mark á þessum mönnum?

Ég viðurkenni að það vill verða svo með stjórn og stjórnarandstöðu að þegar menn eru komnir í stjórnarandstöðu tala þeir öðruvísi en meðan þeir eru í stjórn, en sá vandi sem nú blasir við er svo mikill að ég hélt að hv. þm. Sjálfstfl. væru meiri karlar en raun ber vitni, að þeir mundu taka á málum af ábyrgð og af raunsæi. Gera þeir það? (**FrS:** Styður hv. þm. matarskattinn?) Gera þeir það? — Ég studdi ekki matarskattinn, en samt sem áður knúði hv. fyrirspyrjandi hann fram. En við þær aðstæður sem nú er verður varla hægt að hverfa frá því. Hitt er annað mál að ég mun reyna mitt til þess að niðurgreiðslur verði þannig að það verði staðið við það loforð, sem þeir gáfu, fyrrv. ríkisstjórn, en sviku að nokkru, að borga niður þannig að það kæmi ekki niður á neytendum. (**FrS:** Þetta þýðir að þingmaðurinn er með aðra afstöðu nú.) (**Forseti:** Ég vil biðja hv. þm. að vera ekki með samræður hér í þingsal. Ræðustóll er opinn og mælendaskrá er enn þá opin). Öllum fórst nú nema hv. 1. þm. Reykv. að tala um að þessi eða hinn hafi aðra afstöðu en hann hafði fyrir 2–3 mánuðum. Ég held að hann ætti að fara og líta í spegilinn eða lesa ræðurnar sínar sem hann flutti hér um ýmis málefni á meðan hann var í ráðherrastól. Og það mættu fleiri gera. (**FrS:** Þar á meðal hv. ræðumaður.)

Ég stend frammi fyrir ákveðnum vanda sem fyrrv. ríkisstjórn skildi eftir sig og ég hef alltaf reynt að starfa þannig í þau ár sem ég hef átt sæti á Alþingi að vera ábyrgur. Ég tel að þeir sem styðja við þessa ríkisstjórn eigi að leysa sín mál annars staðar en í sölum Alþingis og ekki að feta í fótspor fyrrv. ríkisstjórnar. Hitt er annað mál að ég mun segja hér og annars staðar hug minn allan.

Ég sé ekki ástæðu til að lengja hér umræður. Ég ætla að láta hv. sjálfstæðismenn um að halda uppi umræðum til þess að öll mál komist í tímaþröng. Þeir keppa sjálfsagt að því ef mér ekki missýnist, en það kemur þá í ljós hvort mér missýnist í því efni. Ég vil bara segja það og skora á þá hv. þm. Sjálfstfl. að þeir bendi á hvernig á að afla tekna til þess að hægt sé að reka þjóðfélagið með sæmilegum hætti. Ég skil varla í því að þeir hafi breytt svo um skoðun að þeir leggi nú til að það verði rekið næsta ár með miklum halla. Þá er langt gengið miðað við fyrri afstöðu þeirra. En vandinn er mikill í þjóðfélaginu og það hefur orðið á síðustu tveimur árum svo mikil eignatilfærsla í þjóðfélaginu að það væri fróðlegt að vita hvort það mál út af fyrir sig væri ekki brot á þeim reglum sem mannréttindadómstóllinn hefur í svona málum, hvort það sé ekki búið að blóðmjólka t.d. landsbyggðina og fyrirtæki fyrst og fremst þar en auðvitað líka hér og hvort maður hefði ekki rétt á því og það væri eðlilegt að mannréttindadómstóll fjallaði um það mál.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Það mál sem hér er til umræðu um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði hefur margoft verið rætt hér á þingi áður. En svo ber við nú að það á að hækka þessa skatta um 100%. Það eru miklir peningar fyrir þessar eignir sem á að greiða. Er nú svo komið að þeir sem eiga verslunar- og skrifstofuhúsnæði verða að borga 4,7% af fasteignamati í skatta. Það tekur þá væntanlega rétt rúmlega 20 ár fyrir ríkið að eignast þessi hús í raun. Hér er því náttúrlega komið langt yfir þau mörk sem skynsamleg eru.

Borgfl. varar við þessum auknu skattlagningum á öllum sviðum. Þessi stefna, sem má kalla nokkurs konar tjaldbúðar- og torfbæjarstefnu, sem miðar að því að þau verðmæti sem hér hafa skapast á þessari öld í varanlegum byggingum og góðu húsnæði sem er til frambúðar, að verið sé raunverulega að þrengja að þessum miklu og góðu byggingum og þessum miklu og góðu eignum, það er alveg röng stefna. Áður fyrr var fjármagnið flutt héðan úr landi og þetta er mikil framför að við skulum byggja hér fyrir komandi kynslóðir varanlegt húsnæði og varanlegar eignir sem koma auðvitað til góða um langa framtíð. Það er því alrangt að leggja svona háa skatta á slíkt húsnæði.

Það verður að leggja þá spurningu fyrir hæstv. fjmrh. hvort hér sé ekki verðstöðvun í landinu. Og ef það er verðstöðvun í landinu, þá eru auðvitað auknir skattar ólöglegir. Það er ekki hægt að hafa verðstöðvun á einu sviði og hafa svo lausbeislað á öðru sviði. Það er alveg ljóst að þessir miklu og auknu skattar munu koma fram í verri afkomu hjá almenningi, hjá þeim sem eiga minnst. Því að þessum sköttum verður auðvitað velt út í verðlagið. Menn eiga ekki kost á nokkru öðru.

Hér hefur verið rætt mikið um það hvernig eigi að auka tekjur ríkisins til að ná endum saman. Ég tel að þetta sé alveg röng stefna, alröng stefna. Við eigum

að spyrja: Hvernig eigum við að spara í rekstri ríkisins til að ná endum saman? Það er rétta spurningin. Við hljótum að reyna að draga saman og fara mjög gaumgæfilega yfir fjármál ríkisins og sjá hvar hægt er að draga saman. Hvar hefur orðið mesta þenslan í ríkinu? Ef ég man rétt þá reiknaði ég það út að frá 1985 hefði orðið 12 milljarða hækkun á ríkisútgjöldum umfram verðlag til framlagningar fjárlaga núna. Það þýðir þá að það eru lagðir 12 milljarðar aukalega á fólkið í landinu frá 1985. En það þýðir jafnframt aukna skattlagningu og verri afkomu heimila.

Síðan er það atriði sem hér hefur ekki verið rætt og það eru verðlagsforsendur frv. Þar er gert ráð fyrir hækkun á innlendu verðlagi að meðaltali 12% á milli ára. Og aðrar verðlagsforsendur eru hækkun á gjaldeyri um 7%, launabreytingar áætlaðar 8% og byggingarkostnaður um 10%. Miðað við stöðuna í dag og miðað við það sem ráðherrar ríkisstjórnarinnar segja, þá eru fjárlög u.þ.b. 10% hærri en þyrfti að vera því að ef það er rétt að verðbólgan sé núll og vextirnir hafi lækkað þá hefur fjármagnskostnaður ríkisins lækkað og verðlagsforsendurnar, sem eru reiknaðar inn í frv., ættu að lækka jafnframt. Við getum því spurt okkur: Náum við ekki endum saman í raun með því að lækka frv. úr 77 milljörðum í 70 milljarða? Þá eru endar líka komnir saman. Ég held að menn verði að velta þessu einnig fyrir sér.

Ég verð að segja það að þetta frv. er ekki til þess fallið að auka hagsæld í landinu, ekki til þess fallið að menn leggi fé í varanlegar byggingar sem koma okkur að góðu til framtíðar og er eitt það jákvæðasta sem hefur gerst hér eftir síðari heimsstyrjöld. Hér hafa risið myndarlegar byggingar í verslun og skrifstofuhúsnæði sem hefur lyft þessu landi á allt aðra hæð í verslun og viðskiptum og á ýmsum öðrum sviðum en var áður. Ef menn vilja snúa aftur til torfkofamenningarinnar, til þeirra alda þegar menn áttu varla bót fyrir rassgatið, þá er það út af fyrir sig mjög óvenjulegt. Ég vil vara við því að þessi stefna verði tekin upp. Ég held að við ættum að reyna að spara hjá ríkinu í stað þess að auka skattana. Það er hægt og það ættu raunverulega að liggja hér fyrir útreikningur á fjárlögum a.m.k. síðustu fimm til sex árin, hvaða liðir hafa hækkað mest og hvar ríkisútgjöldin hafa tútnað út. Þá sjáum við hvar er hægt að spara. Það á að leggja megináherslu á þá stefnu, ekki á það að auka skattana heldur á það að spara og reyna að vera hagsýnir í rekstri ríkisins. Það er aðalmálið.

Ég vil svo að lokum aðeins koma inn á ýmislegt sem menn hafa haldið fram í þessum umræðum. Hv. 2. þm. Reykv. hélt því fram að aflabrögð hefðu verið minni á þessu ári en á árinu áður. Það er rangt. Hann hélt því fram að verðmæti væru minni fyrir aflann en áður og það er rétt að hluta, en meðaltal síðustu ára sýnir að verð er enn þá mjög hátt á fiskafurðum. Það er líka rangt að bandaríkjadollarinn hafi lækkað svo gífurlega. Því að ef við berum hann saman við aðra gjaldmiðla þá er hann nálægt því að vera með sömu stöðu og þýska markið. Það er því rangt að dollarinn hafi lækkað svo mikið. Ef við tökum yfir tíu ára tímabil þá er það líka svo að olíuverð er það allægsta sem það hefur verið um fjölda, fjölda ára. Öll ytri einkenni segja okkur því að það er mjög hagstætt ár núna og við eigum að vera bjartsýnir og við eigum að leggja út með það að það sé hagsæld fram undan en vera ekki með þessa svartsýni sem hér hefur gætt. Ég tel að með sparsemi og bjartsýni muni okkur takast að halda vel á málunum og það geti allir vel við unað. En það er rangt að viðhafa þessa stefnu sem hér hefur verið mest rædd, að auka skattana, og vera eilíft með þennan barlóm því að núna ríkir góðæri í landinu.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Mér þykir leitt að hv. 6. þm. Norðurl. e., Stefán Valgeirsson, skuli hafa flúið salinn um leið og hann lauk máli sínu. Hann var að bera það upp á sjálfstæðismenn að þeir væru að teygja lopann í umræðunum sem er auðvitað rangt. Ég held að hann ætti að líta aðeins í eigin barm, hv. þm. Stefán Valgeirsson, sem talaði hér klukkustundum saman á síðasta þingi um hvert einasta mál. Ef ég man rétt þegar söluskattsfrv. ríkisstjórnarinnar þáv. var til umræðu þá sá hann sérstaka ástæðu til þess á kvöldfundum hér í þinginu að lesa upp úr bréfaskriftum sínum og sinna samtaka við Framsfl., og rekja hvernig þau samskipti hefðu verið. Þar talar því maður sem ætti að fara varlega í að brigsla öðrum um málþóf.

Í öðru lagi. Hv. þm. Stefán Valgeirsson bað um leiðir til að draga úr tekjuþörf ríkisins. Ég nefndi eitt slíkt atriði í umræðunum í síðustu viku. Hvernig væri að leggja niður sjóðinn sem kenndur er við hv. þm. Stefán Valgeirsson og spara þannig 500 millj.?

Hv. þm. segist í þriðja lagi hafa áskilið sér rétt til þess að flytja brtt. við frv. Ef að líkum lætur, ef eitthvað er að marka hans málflutning almennt, þá geri ég ráð fyrir að sú tillaga verði frekar í þá átt að hækka þennan skatt í 3,3% í stað þess að lækka hann eða fella hann niður. A.m.k. skildi ég það af hans máli að því marki sem hann talaði efnislega um þetta frv.

En, virðulegur forseti, ég kveð mér hér hljóðs á nýjan leik til þess að veita nokkrar viðbótarupplýsingar við það sem ég var með fyrr í dag, vegna þess að ég held að þær skipti máli. Mér hafði ekki unnist tími til þess að fara nægilega vel yfir þær tölur sem ég hafði útvegað mér, en ég hef nú slegið á þetta nokkuð nákvæmar. Þannig er að meðaltalshlutfall innheimtu skatts á verslunar- og skrifstofuhúsnæði miðað við álagningu og eftirstöðvar til samans hefur ekki verið nema um 66% þegar félög og einstaklingar eru tekin saman, þ.e. heildarinnheimtan sem hlutfall af álagningu og eftirstöðvum. Ef eingöngu er miðað við álagninguna þá er þetta hlutfall 86–87% á árinu 1987. Reyndar rúm 87% ef miðað er við bæði félög og einstaklinga. Þetta er í góðærinu 1987.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem fram komu í

frv. sjálfu lækkar þetta hlutfall á árinu 1988. Það er ekki nema 83,25% ef miðað er við það að 235 millj. kr. innheimtist í þessum skatti, eins og segir í grg. frv., þannig að innheimtuhlutfallið fer lækkandi. Þess vegna tel ég mig hafa sýnt enn frekar fram á það að tekjuáætlunartalan í frv. stenst ekki.

Gáum nú hvað átt er við. Miðað við 410 millj. kr. álagningu á næsta ári ætti innheimtan miðað við innheimtuhlutfallið árið 1987 að vera 360 millj. kr., en ekki 425 millj. kr. eins og kemur fram í grg. frv. Þarna er sem sagt ofáætlun í tekjunum upp á 65 millj. kr. sem er 18% af þeim tekjum sem ætla má að innheimtist. Og þetta er í góðærinu 1987 miðað við innheimtuhlutfallið þá. Ef maður hins vegar miðar við innheimtuhlutfallið í ár, eins og hæstv. fjmrh. gerir sjálfur ráð fyrir að það verði miðað við frv., þá innheimtast á næsta ári ekki nema 340 millj. kr. af þessum skatti, en ekki 425 millj. kr., þ.e. 85 millj. kr. minna en ráðherra gerir ráð fyrir í frv. Innheimtan er áætluð 25% hærri en gera má ráð fyrir að hún verði miðað við rauntölurnar í ár.

Ég vildi nú bara í allri hógværð beina því til fjmrh.: Hvað er eiginlega hér á ferðinni varðandi þessa tekjuáætlun? Ég held að ég hafi fullkomlega málefnalega sýnt fram á að það er eitthvað bogið við þessa tekjuáætlun, á bilinu sennilega 18–25%, ef ekki meira því ef eitthvað er þá er líklegra að innheimtan versni á næsta ári miðað við árið í ár. Ef þetta eru vinnubrögðin í sambandi við aðra áætlun á tekjum í þeim frv. sem hæstv. ráðherra hefur lagt fram, þá held ég að hv. fjh.- og viðskn. verði að leggja mikla vinnu í að grafast fyrir um forsendurnar sem þar liggja að baki, því þá held ég að við blasi algert hrun í þeirri tekjuöflun sem hér hefur verið kynnt.

Ég vildi sem sagt gjarnan að ráðherrann gerði nokkra grein fyrir þessu, svaraði þessum spurningum mínum, um leið og ég ítreka þær spurningar sem ég bar fyrir hann í fyrri ræðu minni.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Það voru nokkuð kynleg ummæli sem hv. 6. þm. Norðurl. e. viðhafði hér, að sjálfstæðismenn væru að tefja framgang skattamála ríkisstjórnarinnar. Hvernig er þessum málum varið? Hefur hæstv. ríkisstjórn lagt fram sín skattafrv. hér? Hefur hún í þessum umræðum getað svarað því hver endanleg frv. verða og hvernig þau eiga að líta út? Er það ekki svo að hæstv. ríkisstjórn hefur dregið það núna fram í desembermánuð að leggja þessi frv. fram? Þau eru ekki öll komin fram enn og flest bendir til þess að innan ríkisstjórnarinnar sjálfrar sé bullandi ágreiningur um ýmis atriði enn þá. Það er býsna kynlegt þegar burðarás ríkisstjórnarinnar kemur hér upp í ræðustólinn og heldur því fram að hér sé um tafir að ræða af hálfu stjórnarandstöðunnar þegar hæstv. ríkisstjórn hefur ekki einu sinni komið sér saman enn þá um það hvernig endanleg skattafrv. eiga að líta út.

Þessi umræða hefur tekið nokkurn tíma og í sjálfu sér ekki ástæða til að lengja hana og ég ætla ekki að gera það hér. Það vakti þó athygli að hv. 10. þm. Reykv. gerði efnahagsmálin almennt að sérstöku umræðuefni undir þessum dagskrárlið. Hv. 10. þm. Reykv. er einn áhrifamesti þm. Framsfl., sá af óbreyttum þm. framsóknar sem handgengnastur er forustu flokksins. Hann hafði forustu um það að innleiða hér undir þessum dagskrárlið almenna umræðu um efnahagsmál, einkanlega út frá því sjónarmiði framsóknarmanna að um þau mætti ekki ræða á annan veg en þann sem hæstv. forsrh. kynnti í stefnuræðunni að framsóknarmenn komi hingað upp í ræðustólnn með handlaug sína og sápu og þvoi af sér allar syndir 17 ára stjórnarferils. Og þó að ég ætli ekki að lengja þessa umræðu þá er óhjákvæmilegt, þegar stjórnarliðið tekur með þessum hætti almenn efnahagsmál til umfjöllunar undir frv. um tiltölulega afmarkað svið í skattamálum, að svara nokkrum einföldustu staðreyndum varðandi fullyrðingar hv. þingmanns.

Hv. 10. þm. Reykv. taldi það vera hina verstu gjörð og það sem mestum skaða hefði valdið við stjórn efnahagsmála að taka hér upp fastgengisstefnu eins og hann orðaði það. Hverjir höfðu nú forustu um það að innleiða fastgengisstefnu á Íslandi? Var það ekki einmitt gert undir verkstjórn þáv. og núv. hæstv. forsrh.? Var það ekki einmitt gert í ríkisstjórninni sem mynduð var 1983 þar sem formaður Framsfl. hafði verkstjórn á hendi? Og var sú stefna ekki innsigluð með sérstökum samningum við aðila vinnumarkaðarins sem formaður Framsfl. taldi sig eiga allan heiður af? Og hvenær var svo vikið frá fastgengisstefnunni? Það var í tíð fyrrv. ríkisstjórnar. Hvers vegna brotnaði samstarf Sjálfstfl. við Framsfl.? Vegna þess að Framsfl. vildi ríghalda í fastgengisstefnuna sem einn aðalforustumaður Framsfl. segir að sé mesti skaðvaldur í efnahagslífi þjóðarinnar. Þegar deilur stóðu innan fyrri ríkisstjórnar í september sl. þá mátti Framsfl. ekki heyra á það minnst að nýta þá heimild til 3% gengislækkunar sem fyrri ríkisstjórn hafði áður samþykkt og núv. ríkisstjórn neyddist síðar til að láta koma til framkvæmda. En í viðræðum þáverandi stjórnarflokka mátti ekki á þetta minnast og öll skjöl sem Framsfl. lagði fram í þeim viðræðum miðuðu að því að þessi heimild yrði ekki nýtt. Svo koma menn hér upp með brigslyrðum um samstarfsmenn sína, að þeir einir beri ábyrgð á því sem úrskeiðis hefur gengið. Auðvitað hefur sitthvað gengið úrskeiðis á tímum allra ríkisstjórna.

En í þröngum tíma hér í umræðum um frv. ríkisstjórnarinnar hæstv. um að tvöfalda skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði þá sér einn helsti forustumaður Framsfl. ástæðu til að hefja umræðu um þessi efni og ásakanir á fyrri samstarfsmenn, þegar staðreyndir mála blasa svona skýrt við að það er einmitt formaður Framsfl., sem hefur haft forustu um fastgengisstefnuna, sem lét brotna á því samstarf í fráfarandi ríkisstjórn. Og það er einmitt forusta Framsfl. sem er að sigla sjávarútveginum í endanlegt

strand. Hæstv. sjútvrh. lét þau boð ganga út frá Alþingi í gær að hann ætlaði sér ekki að beita sér fyrir neinum aðgerðum nú á næstunni til viðreisnar atvinnulífi í landinu, þrátt fyrir yfirlýsingar hæstv. forsrh. um að raungengið væri rangt skráð þá ætti ekkert að gera í þeim efnum. Það voru skilaboð hæstv. sjútvrh. til sjómannanna, fiskverkafólksins og stjórnendanna í sjávarútveginum. Og svo kemur forustumaður í þingflokki framsóknarmanna og upphefur þessa umræðu. (**Gripið fram í:** Ríkisstjórn þín felldi gengið um 16%.) Það er staðreynd máls. (**Gripið fram í:** Já.) Undir forustu sjálfstæðismanna var tekin upp sveigjanleg gengisstefna hér aftur vegna þarfa atvinnulífsins. En um leið og framsóknarforustan tekur við verkstjórninni þá halda menn svo rígfast í fastgengið að það á að sigla höfuðatvinnuvegi þjóðarinnar í strand. M.ö.o.: Það þýðir ekki fyrir hv. þm. Framsfl. að taka upp umræðu af þessu tagi. Og ég skil það síst, þegar augljóst er að hæstv. ríkisstjórn og hæstv. fjmrh. hefur hér knappan tíma til umræðu, að þinglið stjórnarflokkanna skuli upphefja og hafa forustu um að draga þennan þátt inn í umræðu um afmarkað frv. sem hér liggur fyrir um skattamál.

Hv. þm. gerði það líka að miklu árásarefni að í tíð fyrri ríkisstjórnar tókst ekki að lækka mjög alvarlegan viðskiptahalla. Ég segi að það er út af fyrir sig alveg réttmæt gagnrýni þó að það hafi að vísu ekki gerst nema á einu ári um mörg, mörg undangengin ár að okkur hafi tekist að ná jöfnuði í viðskiptum við útlönd. Fráfarandi ríkisstjórn tókst að ná jöfnuði á vinnumarkaði, draga úr þeirri umframeftirspurn eftir vinnuafli sem var að knésetja útflutningsframleiðsluna, en það tókst ekki að draga úr viðskiptahallanum og það er staðreynd. Þessi hv. þm. lýsti því mörgum sinnum yfir í tíð fyrri ríkisstjórnar að hann gæti ekki undir neinum kringumstæðum stutt ríkisstjórn sem ekki kæmi viðskiptahallanum niður þegar í stað. Nú er þessi hv. þm. stuðningsmaður ríkisstjórnar. Hver er stefna hennar að þessu leyti? Hún hefur gefið út þjóðhagsáætlun fyrir 1989 og það er ekki einu sinni markmið þessarar nýju hæstv. ríkisstjórnar að lækka viðskiptahallann! Það hefur mörgum ríkisstjórnum mistekist að ná niður viðskiptahalla en þær hafa þó allar haft það að markmiði að ná honum niður og gert ráðstafanir í þeim tilgangi. En nú er gefin út þjóðhagsáætlun þar sem ríkisstjórnin lýsir því yfir að hún hefur það ekki einu sinni að markmiði að ná viðskiptahallanum niður. Svo leyfa þessir hv. þm. sér að koma hér upp með stærilæti og ásökunum á fyrrv. samstarfsmenn! Ja, það verður ekki skilið á þann veg að þessir hv. þm. Framsfl. séu að greiða hér fyrir framgangi mála. Það verður ekki skilið á þann veg að þeir ætli að auðvelda hæstv. fjmrh. að ná málum sínum fram.

Þó að ræða hv. 10. þm. Reykv. hafi gefið tilefni til ítarlegra og langra umræðna um efnahagsmál ætla ég aðeins að láta þessar örfáu athugasemdir duga vegna þess að ég geri mér ljóst að hæstv. ríkisstjórn þarf á tíma þingsins að halda til þess að fjalla um skattafrv. stjórnarinnar.

Aðeins örfá atriði um það frv. sem hér er til umræðu. Það var gengið mjög eftir því við upphaf þessarar umræðu að hæstv. fjmrh. greindi Alþingi Íslendinga frá því hverjar yrðu endanlegar niðurstöður í skattahækkunaráformum ríkisstjórnarinnar. Hann var þráspurður og m.a.s. kvartaði undan því að það væri verið að reka ofan í hann spurningarnar aftur og aftur af því að hann gat engin svör gefið við þeim. En um leið og Alþingi var farið heim í síðustu viku þá fóru að birtast fréttir í fjölmiðlunum af því hvað í vændum væri. Ekki með beinum yfirlýsingum frá hæstv. ráðherra heldur samkvæmt heimildum leka. Það virðist vera orðin regla hjá hæstv. ráðherra *við birtingu á upplýsingum að greina ekki* Alþingi frá því, að standa ekki sjálfur fyrir birtingu á upplýsingum heldur að byrja alltaf á því að leka þeim nafnlaust. Þannig er komið fram við Alþingi Íslendinga þegar hæstv. ráðherra þarf virkilega á samvinnu Alþingis að halda til þess að ná markmiðum sínum hér fram og hefur ekki dregið úr því að staða hans er sú að hann þarf hér á samvinnu að halda. En þá er þessum vinnubrögðum beitt.

Hæstv. forsrh. lýsti því yfir í viðtali við dagblaðið Þjóðviljann í síðustu viku, ekki hér á Alþingi heldur í viðtali við dagblaðið Þjóðviljann, að það ætti að hefja samningaviðræður við stjórnarandstöðuna um skattamálin. Samningaviðræður þar sem fjmrh. væri falið að mæta stjórnarandstöðunni á miðri leið eins og það var orðað. M.ö.o.: Hæstv. ráðherra varð ekki skilinn á annan veg en þann að það væri búið að gefa hæstv. fjmrh. fyrirmæli um það að falla frá helmingnum af fyrirhuguðum skattahækkunum og á þeim grunni ætti hann að byrja viðræður við stjórnarandstöðuflokkana. Þetta voru þau fyrirmæli sem hæstv. forsrh. gaf hæstv. fjmrh. í viðtali við Þjóðviljann. Engar slíkar viðræður hafa farið fram. Að vísu gefur hæstv. ráðherra út miklar yfirlýsingar um það og lætur birta yfirlýsingar í flokksmálgagni sínu í Þjóðviljanum að sá einstæði atburður hafi gerst að viðræður séu hafnar við stjórnarandstöðu. Það hafa engar viðræður farið fram við Sjálfstfl. a.m.k. um þau skattafrv. sem hér liggja fyrir. Eðli máls samkvæmt hafa sum þessara frv. verið kynnt Sjálfstfl. Það er engin nýlunda. Það hefur einfaldlega verið gert æði oft áður og oftast nær með meiri fyrirvara en núna hefur verið gert þegar um mikilvæg skattafrv. hefur verið að tefla. Það er þvert á móti gagnrýniefni að hæstv. fjmrh. skuli kynna stjórnarandstöðuflokkum þessi frv. með svo skömmum fyrirvara. Það hafa engar viðræður farið fram a.m.k. *við Sjálfstfl. um efni þessara frv. svo sem* hæstv. forsrh. mælti fyrir um að fjmrh. skyldi gera.

Hv. 17. þm. Reykv. vakti athygli á ýmsum mikilvægum staðreyndum varðandi þann skatt sem hér er til umræðu. Í fyrsta lagi vakti hann athygli á því hversu eignarskattheimta opinberra aðila er orðin gríðarlega mikil eftir að þessi skattur hefur verið hækkaður um 100%. Skattur á þetta húsnæði er orðinn svo mikill að hann jafngildir eignaupptöku

á rúmum 20 árum. Hann kom hér fram með athyglisverðar tölur um innheimtu á þessum skatti sem rökstyðja mjög vel þá gagnrýni sem hér hefur verið sett fram. Það kom nefnilega í ljós að innheimtan er léleg vegna þess að þessi atvinnufyrirtæki standa einfaldlega ekki undir þessari skattheimtu og hvar er hún lélegust? Hún er auðvitað lélegust í þeim byggðarlögum sem búa við mesta erfiðleika í atvinnumálum, þar sem neyðin er mest. Það kom fram að í þorpum eins og Vík í Mýrdal og Búðardal er innheimtan lítil en það er einmitt á þessum stöðum sem atvinnuástand er bágast og má sjálfsagt finna fleiri dæmi af þessu tagi á landsbyggðinni. Þetta eru ekki neinar gríðarlegar tölur í tekjuöflun ríkissjóðs og hæstv. fjmrh. ypptir sjálfsagt öxlum yfir þessu og segir: Þetta eru svo litlar upphæðir að þær skipta mig ekki miklu máli. En það er einmitt þetta viðhorf skattastefnunnar, sem borin er hér fram í nafni félagshyggjunnar, að það skipti engu máli þó að skattheimta sé tvöfölduð á þau fyrirtæki á þeim landsvæðum þar sem neyðin er mest um þessar mundir. Í nafni félagshyggjunnar skiptir það hæstv. ráðherra engu máli þó að verið sé að leggja enn einn klafann á þessi fyrirtæki. Það er athyglivert að allir þm. Framsfl. hrópa húrra fyrir þessu í einum kór. Þeir telja það vera sérstakt hreystiverk að leggja þennan skatt á atvinnufyrirtækin í litlu þorpunum úti á landi þar sem verslunin er að hrynja niður. Allt í nafni félagshyggjunnar.

Hæstv. ráðherra hefur engu svarað því sem hér hefur rækilega komið fram að auðvitað er það skinhelgi einber að hér sé um að ræða skatt sem leggist á breiðu bökin í þjóðfélaginu. Þessi skattur leggst á neytendur með fullum þunga og það hefur verið sýnt fram á það kannski með einfaldasta dæminu um hæstv. ráðherra sjálfan sem er meðlimur í kaupfélagi. Það eru ekki síst kaupfélögin úti á landi sem eiga þær fasteignir sem þessi skattur leggst á. Hæstv. ráðherra ætlar ekki að greiða þennan skatt sjálfur né félagsmenn hans í Kaupfélagi Reykjavíkur og nágrennis. Þeir ætla að láta reksturinn standa undir þessum kostnaði, undir þessum skatti. Það er auðvitað þannig alls staðar annars staðar í atvinnurekstri á Íslandi að þessi skattur fer inn í reksturinn og leggst á neytendur þessarar þjónustu. Hæstv. ráðherra er sjálfur hið lifandi dæmi um það að eignaraðilarnir standa ekki undir skattinum sjálfir. Öll stóru orðin um að hér sé verið að leggja skatt á breiðu bökin eru þess vegna skinhelgi einber. En auðvitað ætlar hæstv. ríkisstjórn að halda þessu til streitu í nafni félagshyggjunnar.

Ég geri mér fulla grein fyrir því að ríkissjóður á nú *við mikinn vanda að etja og þó að þessi skattheimta* sé ranglát og óeðlileg þá væri ég fyrir mitt leyti alveg tilbúinn til þess að hefja viðræður við ríkisstjórnina á þeim grundvelli sem hæstv. forsrh. lýsti í þessu máli, að mætast á miðri leið. Ég væri alveg tilbúinn til þess að ræða það við hæstv. fjmrh. vegna þröngrar stöðu ríkissjóðs að framlengja skattinn óbreyttan. Aðstæður eru með þeim hætti að menn komast ekki hjá því að horfa á hina erfiðu og þröngu stöðu. Það væri óábyrgt og ómálefnalegt. Ég vil taka orð hæstv. forsrh. alvarlega og væri tilbúinn að hefja þær viðræður. En hæstv. fjmrh. hreyfir sig ekki, ljær ekki máls á því þó að hæstv. forsrh. hafi gefið um það dagskipun að mætast á miðri leið, ekki síst í þessu máli. Ég hygg að það mundi greiða mjög götu þess og framgang í þinginu ef hæstv. ráðherra væri tilbúinn til þess. En að ætla að hækka þennan skatt um 200%, þá er verið að auka á misrétti í þjóðfélaginu og gegn því stendur Sjálfstfl.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég vil að mörgu leyti þakka fyrir þessa umræðu sem hér hefur farið fram. Hún hefur verið löng og ítarleg þótt mér hafi nú á stundum liðið eins og ég sagði einu sinni áður á þessu þingi, eins og boðflennu í pólitískri erfidrykkju þeirra sem stóðu að síðustu ríkisstjórn.

Ég get út af fyrir sig verið sammála hv. þm. Þorsteini Pálssyni um það að út frá þeirri þörf ríkisstjórnarinnar að fá málefnalega umræðu um sín frv. fyrst og fremst og afgreiðslu á þeim hafi ekki verið skynsamlegt hjá hv. þm. Guðmundi G. Þórarinssyni að efna til svona almennra umræðna um samskipti fyrri tíðar á milli Framsfl. og Sjálfstfl. Ég ætla ekki að blanda mér mikið inn í þær umræður en vona að þeim deilum sé nú að sinni lokið. Ég er fullviss um að þm. Framsfl. hafa allir dregið lærdóm af þessari reynslu, bæði í ríkisstjórninni og þessari umræðu. (**FrS:** Einnig í ríkisstjórninni?) Já, einnig í ríkisstjórninni og í þessari umræðu.

Það er einnig alveg rétt að hv. þm. Geir H. Haarde flutti hér mjög málefnalegar og gagnlegar upplýsingar um innheimtu á skattinum á verslunar- og skrifstofuhúsnæði á undanförnum árum. Það er alveg rétt að varðandi þennan skatt, eins og reyndar ýmsa aðra, það má nefna t.d. söluskatt sem dæmi, að það hafa verið erfiðleikar í innheimtu. Það er eitt af brýnustu verkefnum á nýju ári að styrkja innheimtukerfi ríkisins á margvíslegan hátt til þess m.a. að það sé öruggt að almenningur sem felur hinum fjölmörgu innheimtuaðilum eins og t.d. fyrirtækjum af ýmsu tagi að koma áleiðis gjöldum til ríkissjóðs geti gengið að því sem vísu að það verði gert. Auðvitað er hægt að finna byggðarlög víða úti um land þar sem þetta innheimtuhlutfall er mjög lítið, m.a. vegna margvíslegra erfiðleika í því byggðarlagi. Það dæmi sem hér var t.d. tekið af Vík í Mýrdal er glöggt hvað þetta snertir. Talan er að vísu lág, 135 þús., eins og ræðumaður nefndi sjálfur, sem er ekki nema lítið brot af þeirri heildarupphæð sem hér er um að ræða. *Meginhlutinn af skattinum á skrifstofu-* og verslunarhúsnæði fellur á höfuðborgarsvæðinu. Mig minnir að það séu 80–90% af skattinum sem koma hér á höfuðborgarsvæðið. Og það er auðvitað alveg ljóst að þar hefur þenslan í skrifstofu- og verslunarhúsnæði verið mest og er enn og þess vegna, eins og ég sagði við upphaf þessarar umræðu, er þessi hækkun nú einnig hugsuð sem hömlunarað-

gerð gagnvart óskipulagðri og óskynsamlegri fjárfestingu því að það gífurlega offramboð sem er á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, sérstaklega hér á höfuðborgarsvæðinu, er auðvitað eitt af fjárfestingarvandamálunum í þessu þjóðfélagi.

Hins vegar hefur verið gert ráð fyrir því í tekjuáætlun þessa skatts að leita eftir föngum eftir því að innheimta eftirstöðvar fyrri ára og það er reiknað með í tekjuáætluninni hvað þetta snertir að það takist að verulegu leyti. Það er hins vegar erfitt að fullyrða nákvæmlega hér og nú hvað mikinn árangur það kann að bera, alveg eins og menn eiga erfitt með að fullyrða hér og nú hvað stórt hlutfall af söluskatti kunni að innheimtast á næsta ári. Í þessum efnum er óhjákvæmilega mikil óvissa, sérstaklega þegar við erum að halda inn í skeið þar sem enginn getur fullyrt hvað þungi samdráttarins verður mikill og hvenær fer að rétta aftur við svo að fyrri tekjuviðmiðanir geti haldið gildi sínu.

Ég held hins vegar að það sé mjög gagnlegt fyrir þingheim að gefa sér tóm til þess í vetur að fara rækilega yfir reynsluna af innheimtukerfi ríkisins bæði hvað þennan skatt snertir, hvað söluskatt snertir og ýmis önnur skattaform vegna þess að á því berum við öll sameiginlega ábyrgð og það er ekki hollt fyrir almennt siðferði í landinu og tiltrú til stjórnvalda eða viðskiptaaðila að svo stór hluti af þeim opinberu gjöldum sem viðskiptaaðilum og fyrirtækjum er falið að innheimta komist ekki til skila. Ég held þess vegna að fjölmargir hafi beinan hag af því að tryggja að á þessu verði mikil bót.

Ég verð að vísu að segja það að mér finnst pínulítil mótsögn í því að setja annars vegar á langar ræður um það hvað hér sé á ferðinni gífurlega mikil aukning skattbyrðar á verslunar- og skrifstofufyrirtæki og svo hins vegar langar ræður um það að það muni innheimtast svo lítið af þessum skatti. Hvort tveggja getur varla verið rétt, að hann feli í sér gífurlega aukningu skattbyrðarinnar og hitt að það sé veruleg brotalöm í því hvað innheimtuna snertir þannig að mjög lítið af honum muni komast til skila. Ef hið síðara væri rétt er ekki um þá byrði að ræða sem hluti af ræðuflutningnum hefur gengið út á. (**ÞP:** Ógreiddur skattur er skuld, er það ekki?) Jú, jú, akkúrat. Ógreiddur skattur er nefnilega skuld og það er einmitt þetta sem gert er ráð fyrir í tekjuáætlun þessa frv., að miða við það m.a. ... (**ÞP:** Og er skuld ekki byrði?) Jú, skuld getur verið byrði en ég vænti þess að hv. þm. Þorsteinn Pálsson hafi hlustað grannt á þingmenn síns flokks og þann málflutning sem hér hefur verið og satt að segja betur en mér fannst á hans orðum um þær viðræður sem ég hef átt við þingmenn Sjálfstfl. undanfarna daga. Ég segi í fullri einlægni við hv. þm. Þorstein Pálsson að það var lýsing sem ég kannaðist ekki við á samskiptum mínum við fulltrúa þingflokks Sjálfstfl. undanfarna daga, að hann skuli standa hér í ræðustól og fullyrða það að engar viðræður hafi átt sér stað við Sjálfstfl. og álasa mér fyrir vinnubrögðin í þeim efnum.

Ég hef reynt, þann tíma sem ég hef setið á Alþingi, að vanda vinnubrögð mín í samskiptum við aðra þingflokka. Ég hafði nokkra reynslu af því sem formaður þingflokks Alþb. á sínum tíma, á miklum erfiðleikaárum, 1980–1983, hvað nauðsynlegt er að vanda vinnubrögð í þeim efnum. Og ég tel mig hafa fylgt þeim vinnureglum hvað þetta snertir.

Um miðja síðustu viku, minnir mig að það hafi verið, hafði ég fyrst samband persónulega við formann þingflokks Sjálfstfl. og greindi honum frá fyrirætlunum mínum um það að efna til viðræðna við þingflokkana um þetta efni. Síðan hafði ég formlegt samband við varaformann þingflokks Sjálfstfl., Halldór Blöndal, óskaði eftir því að hann kæmi til fundar við mig, mig minnir að það hafi verið sl. fimmtudag eða föstudag, ásamt fulltrúa Sjálfstfl. í fjvn. þar sem við gætum rætt þessi mál. Á þeim fundi flutti ég tvær óskir til þessara fulltrúa þingflokks Sjálfstfl. Sú fyrri var á þann veg að þeir athuguðu hvort hægt væri að greiða fyrir því að frv. um vörugjald, sem ætlunin væri að leggja fram í þinginu eftir helgi, gæti komið til atkvæða og afgreiðslu á fáeinum dögum. Hin síðari tilmæli voru um það hvort þingflokkur Sjálfstfl. væri reiðubúinn til viðræðna við mig og aðra ráðherra ríkisstjórnarinnar um þau einstöku frv. sem eftir væri að flytja áður en þau yrðu lögð fram. Ég taldi það hins vegar eðlileg vinnubrögð að spyrja fyrst um vilja til slíkra viðræðna áður en út í þær væri farið efnislega. Ég hafði síðan samband við varaformann þingflokks Sjálfstfl., Halldór Blöndal, á laugardag. Hann tjáði mér að hann hefði rætt við formann Sjálfstfl., hv. þm. Þorstein Pálsson. Niðurstaða þeirra viðræðna hefði verið sú að þeir væru reiðubúnir að koma og taka við frv. um vörugjald til skoðunar en vildu á þessu stigi málsins ekki skuldbinda sig gagnvart afgreiðsluhraða þess hér í þinginu. Það fannst mér eðlilegt svar að mörgu leyti og í framhaldi af því ræddi ég síðan við formann þingflokks Sjálfstfl. á sunnudagskvöld, ítrekaði ósk mína um það að kannað yrði hvort þingflokkur Sjálfstfl., ásamt þingflokkum annarra stjórnarandstöðuflokka, væri reiðubúinn til þess að koma til efnislegra kynninga og hugsanlegra viðræðna um efnisþætti þeirra meiri háttar tekjuöflunarfrv. sem ríkisstjórnin ætti eftir að leggja fyrir þingið. Formaður þingflokks Sjálfstfl. tjáði mér síðan að Sjálfstfl. væri reiðubúinn til þess og í gærkvöldi komu á fund, ásamt mér og hæstv. utanrrh. og hæstv. sjútvrh. sem er staðgengill forsrh., þrír fulltrúar þingflokks Sjálfstfl. og í sameiningu fórum við yfir helstu efnisatriði í væntanlegu frv. um tekju- og eignarskatt og við bárum þar fram ýmsar spurningar. Þeir töldu sig hins vegar eðlilega ekki vera í aðstöðu þá til þess að ræða það mál fyrr en þeir hefðu rætt það í sínum þingflokki. Það fundust mér eðlileg svör. Ég verð hins vegar að segja í fullri hreinskilni, eftir alla þessa atburðarás sem ég hef hér rakið, að það kemur mér dálítið spánskt fyrir sjónir að fá á mig einhverjar ávítur af hálfu formanns Sjálfstfl. fyrir viljaleysi gagnvart viðræðum við Sjálfstfl. Ef hv. þm. Þorsteini Pálssyni

finnst þetta vera óeðlileg vinnubrögð, að gefa Sjálfstfl. tækifæri til þess að meta það fyrst með hvaða hætti hann vill koma til viðræðnanna í stað þess að ég sé, eða aðrir ráðherrar, að þvinga upp á Sjálfstfl. formi, stað og stund og eðli viðræðnanna fyrir fram, þá vil ég segja það alveg skýrt að ég hef áður leitast við og mun áfram leitast við að haga samskiptum mínum við þingflokkana þannig að þessi málefni komi í réttri röð. Það tekur hins vegar tíma, það er auðvitað alveg rétt, alveg eins og viðræður af þessu tagi milli flokka taka ávallt ákveðinn tíma. Það var af minni hálfu af fullum heilindum gert og með eðlilegum hætti, þó að kannski megi segja að viss fjarvera manna hafi gert þetta aðeins seinvirkara, en atburðarásin hefur verið eins og ég hef lýst.

Ástæðan fyrir því hins vegar, eins og ég greindi fulltrúum þingflokks Sjálfstfl. frá fyrir síðustu helgi og vænti þess að þeir hafi þá komið því áleiðis til síns flokks, að ég taldi óþarfa að efna til slíkra viðræðna, í fyrsta lagi um frestun virðisaukaskattsins, í öðru lagi um skattinn á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, í þriðja lagi um skattlagningu á erlendar lántökur, var sú að öll þessi frv. hafa komið hér fyrir þing áður eða, eins og hvað virðisaukaskattinn snertir, eru í sjálfu sér einföld og ekki væri efnisástæða til ítarlegra viðræðna um þau áður en þau yrðu lögð fram hér í þinginu, vegna þess að þau lægju tiltölulega ljós fyrir og að um mjög afmarkaða þætti væri að ræða. Aftur á móti hvað vörugjaldið snertir, hvað tekju- og eignarskattinn snertir, sem eru þau tvö viðamestu frv. sem ríkisstjórnin leggur hér fram til tekjuöflunar, teldi ég slíkar viðræður fullkomlega eðlilegar. Og ég vil segja það hér að þeir viðræðufundir sem við áttum í gær við fulltrúa Sjálfstfl., við fulltrúa Kvennalistans og fulltrúa Borgarafl. voru að mínum dómi eðlilegir og gagnlegir og fyllilega í þeim stíl sem búast mátti við á þessu stigi málsins.

Ég vona þess vegna að þessi vinnubrögð og þessi viðleitni sem ég hef hér lýst fari nú ekki að verða mönnum, að tilefnislausu að mínum dómi, ástæða til þess að álykta um viljaleysi til þess að ræða við Sjálfstfl. eða aðra flokka stjórnarandstöðunnar.

Hv. þm. Þorsteinn Pálsson gerir mikið úr því að hæstv. forsrh. hafi sagt við Þjóðviljann að menn ættu að mætast á miðri leið. Ég er nokkurn veginn viss um að það er ekki alveg stærðfræðilega mælt af hálfu forsrh. að málið beri að skilja á þann veg að fyrst spilum við út einhverri tölu og svo sé deilt í hana með tveimur og það verði niðurstaðan eins og skilja mátti á ummælum hv. þm. Þorsteins Pálssonar, heldur feli orðalagið „að mætast á miðri leið" í sér almennan vilja til þess að skoða tillögur og sjónarmið sem fram kunna að koma. Þá eru menn auðvitað komnir að kjarna málsins sem hv. þm. Þorsteinn Pálsson viðurkenndi. Það er hinn mikli tekjuvandi ríkissjóðs ef við ætlum að hverfa af þeirri braut, sem ég tel nauðsynlegt, að reka ríkissjóð og þar með stóran hluta okkar kerfis fyrir erlend lán. Til þess eru ekki nema tvær leiðir. Það er verulegur niðurskurður upp á nokkra milljarða eða viðbótartekjuöflun og nýir skattar upp á nokkra milljarða. Ég myndi auðvitað fagna því ef fulltrúar Sjálfstfl. vilja leggja fram skýrar tillögur um slíkan niðurskurð eða um slíka nýja tekjuöflun. Ég hef ekki heyrt þær tillögur enn, hvorki hér í þingsölum né á viðræðufundum. Ég hef satt að segja ekki heyrt eina einustu tillögu frá Sjálfstfl. um nýja tekjuöflun eða nýjan niðurskurð. Ég er hins vegar ekkert að væna Sjálfstfl. um það að hann hafi ekki slíkar tillögur. Þær koma þá fram hér á sínum tíma. En það er auðvitað ekki hægt að halda þannig á málum að menn viðurkenni stærð vandans en vilji hvorki leggja fram tillögur um niðurskurð né þá tekjuöflun sem þarf og hún er mikil og hún er stór, hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson. Ég hef ekki skotið mér undan því að kalla skatta skatta í þessari umræðu frá upphafi málsins.

Hvað frumvörp ríkisstjórnarinnar snertir hefur meginþorri þeirra nú þegar verið lagður fram á Alþingi. Í gær voru fulltrúum þingflokka stjórnarandstöðunnar kynnt helstu hugsanleg efnisatriði frv. um tekju- og eignarskatt og því jafnframt lýst yfir að það mundi koma fram hér á Alþingi öðru hvoru megin við næstu helgi. Hins vegar finnst mér eðlilegt að þingflokkum stjórnarandstöðunnar sé, ef þeir kjósa, gefið tækifæri til þess að koma með ábendingar sínar um efnisatriði í því frv. Ég er hins vegar ekki að þvinga þá til þess. Ég hef ekki kosið að hafa þau vinnubrögð í þessum efnum að láta þá ganga undir eitthvert sérstakt próf og segja dag eftir dag: Hvar eru ykkar tillögur, hvar eru ykkar tillögur? Ég tel að slíkar viðræður þjóni engum tilgangi, heldur hef ég gefið þeim það form að það geti þróast með eðlilegum hætti eftir því sem vilji annars vegar einstakra flokka stjórnarandstöðunnar stendur til og hins vegar okkar í ríkisstjórninni. Að þessu leyti eru viðræðurnar af fullum heilindum og í alvöru af minni hálfu og ekki litið á þær sem einhvers konar prófraun fyrir stjórnarandstöðuna sem þó væri hægt að gera í þessum efnum af því að vandinn er stór og það er mjög auðvelt að leggja erfiðar spurningar fyrir alla flokka í þessari stöðu.

Auk frv. um tekju- og eignarskatt er í raun og veru bara eitt frv. eftir af þeim sem nefnd hafa verið í tekjugrundvelli fjárlagafrv. og það er hið fræga frv. um söluskatt á happdrætti. Það er hins vegar mjög einfalt í eðli sínu, satt að segja ekki nema fáein orð sem viðbót við söluskattsfrv. Þess vegna liggur það í raun og veru alveg ljóst fyrir efnislega og hefur gert frá þeim degi sem fjárlagafrv. var kynnt. Að því leyti mundi því ekkert nýtt bætast inn í málið þó að frv. væri formlega lagt hér fyrir þing. Hins vegar, varðandi útfærslu tekju- og eignarskattsfrv., er um að ræða nánari efnisatriði og útfærslu sem er eðlilegt að menn vilji sjá áður en þeir halda lengra í þessum efnum.

Virðulegi forseti. Ég vona að ég hafi svarað ýmsu af því sem til mín var beint í þessum umræðum sem hafa að vísu verið langar og farið vítt um völl. Ég hef

kosið að verja hér nokkrum tíma til þess að fjalla um þessar viðræður að gefnu tilefni síðasta ræðumanns. Það var nú ekki til þess að efna til einhverra ítarlegra umræðna hér og nú um þær, enda tel ég eðlilegra að menn geri það milli þingflokkanna. Vegna þess að mér fannst ég á ósanngjarnan hátt borinn þeim sökum að hafa ekki sýnt vilja til viðræðna við Sjálfstfl. þótti mér hins vegar nauðsynlegt að rekja af minni hálfu atburði síðustu 6–7 daga hvað þetta snerti.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hagræðir nú mjög í málflutningi sínum varðandi þá umfjöllun sem hér hefur farið fram um það sem kallað hefur verið viðræður fjmrh. við stjórnarandstöðuflokkana.

Það verður auðvitað að gera mjög skýran greinarmun á samningaviðræðum og almennum kynningarfundum. Það er alveg tvennt ólíkt. Það er almenn venja þegar um meiri háttar skattafrv. er að ræða að fjmrh. kynna það fyrir þingflokkum, bæði ríkisstjórnar og stjórnarandstöðu, og yfirleitt er það gert með meiri fyrirvara en nú. Það eru engin nýmæli sem felast í því að hæstv. fjmrh. hefur kynnt efni nokkurra frumvarpa. Það hefur ranglega verið gefið til kynna að í þessu felist eitthvert nýmæli og eitthvað alveg sérstakt af hálfu ráðherra. Kynningarfundur er eitt en samningaviðræður eru annað. Engar slíkar viðræður hafa farið fram, engar samningaviðræður.

Það er hins vegar auðvitað laukrétt, sem hæstv. fjmrh. hefur bent á, að nokkrir þingmenn Sjálfstfl. hafa mætt til þess að koma á kynningarfundi um efni nokkurra frv. Ég sé ekki ástæðu út af fyrir sig til þess að gera mikið úr því og gagnrýni ekki hæstv. ráðherra fyrir það nema síður sé. Ég segi hins vegar að þessar kynningarviðræður hefði mátt hefja fyrr. Samningaviðræður hafa ekki farið fram. Og það er auðvitað alveg út í bláinn fyrir hæstv. fjmrh. að kalla á fulltrúa stjórnarandstöðuflokka og segja: Við erum tilbúnir til viðræðna, eruð þið tilbúnir til viðræðna, áður en ríkisstjórnin sjálf hefur komið sér saman. Það er bullandi ágreiningur innan ríkisstjórnarflokkanna og á milli þeirra um þau frv. sem eftir er að leggja fram og jafnvel þau frv. sem búið er að leggja fram. Og svo kemur hæstv. ráðherra og segir: Getið þið ekki komið í viðræður við mig sem sitjið í stjórnarandstöðunni þó að ég hafi ekki enn náð nokkurri samstöðu á milli ríkisstjórnarflokkanna og ekki innan ríkisstjórnarflokkanna? Ja, sér er nú hver boðskapurinn. Það er auðvitað algerlega út í bláinn og óverjandi fyrir hæstv. ráðherra að vera að tala um viðræður við stjórnarandstöðuflokka, a.m.k. ekki við Sjálfstfl., fyrr en samkomulag hefur tekist innan ríkisstjórnarinnar sjálfrar. Við vitum að það hefur verið bullandi ágreiningur um tekjuskattsfrv. og um öryrkjaskattinn. Þessi frumvörp verða auðvitað að liggja fyrir í heild sinni áður en þessar viðræður hefjast. Sjálfstfl. er fús til þessara viðræðna, ég hef margítrekað það. Það er auðvitað eðlilegt að margt fleira komi inn í þær umræður. Sú efnahagsstefna sem er forsenda fjárlagafrv. hlýtur að verða þáttur í þeim umræðum og það mun ekki standa á Sjálfstfl. að taka þátt í þeim, en það verður að gerast á eðlilegum forsendum og eftir að ríkisstjórnin hefur sjálf komið sér saman. Hún getur ekki hlaupið frá því og dregið fjöður yfir innri erfiðleika og innra sundurlyndi með því að ætla að fara að hefja viðræður við stjórnarandstöðuflokka áður en hún kemur sér sjálf saman. Þetta eru grundvallaratriði. Hæstv. ráðherra verður að gera greinarmun á almennum kynningarfundi og svo raunverulegum samningaviðræðum.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég fer að skilja betur ýmislegt sem menn hafa sagt um Sjálfstfl. Vel getur verið að hv. þm. Þorsteinn Pálsson sé almennt að reyna að skjóta sér fram hjá þeim vanda að gera tillögur um niðurskurð eða tekjuöflun, ég skal ekkert um það dæma hér og nú. Það á eftir að koma í ljós. Það er hins vegar misskilningur hjá honum að mikill ágreiningur sé innan ríkisstjórnarinnar um þessi mál, það er það alls ekki. Það var t.d. gerð ítarleg grein fyrir því á viðræðufundinum með fulltrúum stjórnarandstöðuflokkanna í gær hvernig staðan væri varðandi tekjuskattinn og eignarskattinn. Ef menn vilja lýsa því sem bullandi ágreiningi, þá hafa menn ekki mikla reynslu af því að vinna efnislega að flóknum málum í samskiptum flokka.

Það er hins vegar ekkert nýtt að einstakir þm. Framsfl. hafi verið á móti söluskatti á happdrætti. Það hefur löngum legið fyrir og er sagt frá því annan hvern dag á Stöð tvö. Hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson kemur því enn áleiðis í Dagblaðinu í dag og hann er mjög iðinn við það þannig að það hefur ekki farið fram hjá neinum.

Varðandi annað hefur þetta hins vegar alveg legið ljóst fyrir og því er enginn grundvöllur til þess að segja að ekki sé hægt að ræða þessi mál vegna ágreinings í ríkisstjórninni, það er misskilningur. Við munum þess vegna þróa þessi mál áfram. Við óskuðum eftir því í gær að heyra hugmyndir þingmanna Sjálfstfl. um tekjuöflunarþörfina og niðurskurðarmöguleikana. Við vorum ekkert að fara hér upp í ræðustól og skamma þá fyrir að vera ekki komnir með slíkar tillögur eða slíkar hugmyndir. Ég taldi satt að segja ekki að það ætti að vera stíll þessara viðræðna heldur væru þær með öðrum hætti og ég mun halda á þeim áfram með þeim hætti þrátt fyrir orð hv. þm. Þorsteins Pálssonar hér. Það verður svo að ráðast hvaða afleiðingar hann telur að þetta allt saman hafi í för með sér eða hvaða ályktanir hann mun draga af því. Ég ætla ekki að lengja þessar umræður hér. Það gefst ærið tilefni til þess að ræða það síðar meir.

Friðrik Sophusson:

Herra forseti. Það er ekkert skrýtið hvernig umræðan hefur þróast hér í síðustu ræðum. Það er

ljóst að hæstv. ríkisstjórn er í sjálfheldu. Það kemur nefnilega nú í ljós sem vitað var í upphafi, að hæstv. ríkisstjórn er ekki meirihlutastjórn í þeim skilningi sem flestir þingmenn skilja það orð.

Það var athygli vert að hlusta á hæstv. fjmrh. senda skeyti sín til einstakra hv. framsóknarþm. Hann sagði að það hefði ekki verið skynsamlegt af hv. 10. þm. Reykv. Guðmundi G. Þórarinssyni að taka þátt í þessari umræðu. Í síðari ræðu sinni sagði hann að allir vissu að hv. þm. hefði sérskoðanir á ákveðnum málum og hann lýsti þeim annan hvern dag eða jafnvel daglega í blöðum og síðan væru þessar skoðanir tíundaðar í sjónvarpi.

Hæstv. ráðherra sagði síðan af sinni alkunnu hógværð að vonandi hefðu hv. þm. Framsfl. lært af þessari reynslu. Þeir ættu ekki að vera að koma hér upp í ræðustól. Þeir ættu ekki að koma hér upp á dekk og ybba gogg heldur ættu þeir bara að sitja, bíða og þegja. Síðan bætti hann við að þetta gilti einnig um þá hv. framsóknarmenn sem sitja í ríkisstjórninni. Ég tók mjög vel eftir því að hæstv. ráðherra sendi meðráðherrum sínum, hæstv. ráðherrum Framsfl., kveðju með þessum hætti. (**Fjmrh.:** Það er misskilningur.) Þetta sagði hæstv. ráðherra. *Hann sagði, og ég vona að ég hafi skrifað það rétt.* Við getum flett því upp síðar, orðrétt: Vonandi hafa framsóknarmenn á þingi og í ríkisstjórn lært af þessu. Það sagði hæstv. ráðherra. (**Fjmrh.:** Lært af þeirri ríkisstjórn sem þeir voru í með Sjálfstfl.) Já, já, þeir hefðu talað of mikið þar. Ég biðst afsökunar því að ég tók þetta sem svo að hæstv. ráðherra væri að gera athugasemdir við að aðrir hæstv. ráðherrar, þar á meðal ráðherrar Framsfl. og kannski ekki síst þeir, hafi talað utan þings um þau mál sem nú eru hér til umræðu á hinu háa Alþingi.

Það er annað atriði sem hefur komið fram í dag sem ég held að ástæða sé til þess að leggja áherslu á. Í framhaldi af umræðum sem áttu sér stað um daginn um það hvað sé stjórnarfrv. sagði hæstv. iðnaðar- og viðskrh. frá því að ekkert stjórnarfrv. yrði lagt fram án þess að hv. þm. Stefán Valgeirsson stæði með því. Í því sama máli, sem fjallaði um verðbréfasjóði og verðbréfafyrirtæki, kom fram að hv. þm. Stefán Valgeirsson *taldi sig óbundinn af því* að styðja frv. óbreytt, hann hefði fyrirvara og flytti brtt. við frv. Nú hefur hv. þm. endurtekið þennan leik. Hann hefur lýst því yfir hér að hann hafi fyrirvara um að styðja frv. óbreytt. Hann hafi sagt hæstv. ráðherra frá því að hann vilji geta flutt brtt. eða stutt brtt. Þeir sem eru sæmilegir í reikningi geta séð að ekki eykst meiri hluti hæstv. ríkisstjórnar í þessari deild við þá yfirlýsingu. M.ö.o.: Þetta stjórnarfrv. hefur ekki einu sinni á bak við sig alla stuðningsmenn stjórnarinnar nema með þessum fyrirvara ákveðins þingmanns í Nd.

Það er einmitt af þessum ástæðum sem við í stjórnarandstöðunni höfum rætt um, ekki einu sinni heldur aftur og aftur, þar á meðal í umræðum um þetta mál og eins í umræðum um framlengingu söluskattsins og frestun á virðisaukaskattinum, að það sé nauðsynlegt vegna sérstakra aðstæðna í þinginu að taka þessi mál fyrir með sérstökum hætti. Það sé ekki verjanlegt að láta 2. umr. fjárlaga fara fram nema hæstv. ríkisstjórnin geti sýnt fram á að hún hafi meiri hluta í hv. deild fyrir þeim skattafrv. sem standa á bak við tekjuöflun 1. gr. fjárlagafrv. (**Fjmrh.:** Fyrir 3. umr.) Við 1. gr. fjárlagafrv. Hæstv. ráðherra kallar hér fram í að það sé fyrir 3. umr. (**Fjmrh.:** Það sagði ræðumaður fyrr í dag.) Ég sagði: Áður en frv. er sent til 3. umr. Um þetta hef ég reyndar flutt ræður tvisvar eða þrisvar sinnum þótt hæstv. ráðherra hafi ekki séð ástæðu til þess að svara því í sínum ræðum hér. Það er nefnilega þannig að í 2. umr. eru greidd atkvæði um einstakar greinar fjárlagafrv.

Þá kem ég að því sem hæstv. forsrh. sagði í blaðaviðtali við Þjóðviljann, en þar sagði hann á þá leið: „Ég vil að það sé talað við stjórnarandstöðuna og við reynum að mætast á miðri leið." Nú hefur orðskýrandi hæstv. ríkisstjórnar, hæstv. fjmrh., sagt að mið leið þýði ekki mið leið. Í raun og veru hafi forsrh. ekki átt við að hann ætlaði að mæta stjórnarandstöðunni á miðri leið, heldur hafi ætlunin verið sú að biðja um hugmyndir frá stjórnarandstöðunni. Ég leyfi mér að efast um að þessi orðskýring hæstv. fjmrh. standist og ég hygg að hæstv. forsrh. kæri sig ekki um að þannig sé *snúið út úr ummælum hans.* Ég tel nefnilega að eftir að hæstv. forsrh. kom hér í ræðustól um daginn og lýsti því yfir að engin trygging væri fyrir því að bráðabirgðalögin færu óbreytt í gegnum þingið hafi menn áttað sig á því að hæstv. ríkisstjórn býr við þær aðstæður að ef hún ætlar að koma málum fram verður hún að semja við stjórnarandstöðuna en ekki aðeins að halda fundi til að kynna frumvörp. Það að halda fundi hafa margir hæstv. ráðherrar gert á undan hæstv. fjmrh. og ég tek undir það með hæstv. ráðherra sem er hógvær maður að þetta er mjög góður siður og til fyrirmyndar. Hann hefur sjálfur sagt margoft hér í ræðustól að þessi siður, sem hann telur sig hafa fundið upp, sé til fyrirmyndar. Ég skal taka undir það. Það er auðvitað til fyrirmyndar að kynna stjórnarandstöðunni frumvörp en það er ekki það sama og að semja við stjórnarandstöðuna. Mér finnst alveg bráðnauðsynlegt að hér komi fram að ekki er hægt að semja við stjórnarandstöðuna fyrr en hæstv. ríkisstjórn hefur komið sér saman um hvaða frumvörp verði lögð fram og hve miklir skattar fáist með þeim frumvörpum. Þegar þeir hafa útbúið þennan pakka sinn geta þeir rætt við stjórnarandstöðuna og þá er hægt að taka þessi mál fyrir í einni heild því að auðvitað er yfirlýsing forsrh. á þann veg að hann viðurkennir að hæstv. ríkisstjórn Íslands er ekki meirihlutastjórn. Hún er stjórn sem verður að skáskjóta málinu í gegnum þingið fyrir atbeina stjórnarandstöðuþingmanna. Þetta er kjarni málsins. Og það er mjög ósanngjarnt, svo að ekki sé nú fastar að orði kveðið, af hæstv. ráðherra að koma hér upp og segja að það þurfi að þróa þessi mál áfram, koma fyrst með eitt

mál og síðan með annað og ætlast til þess að það verði afgreitt og með þeim hætti nálgist hann smám saman markmiðið.

Það er nefnilega þannig að hæstv. ríkisstjórn hefur sett sér markmið um tekjuafgang á fjárlögum og auðvitað verður hæstv. ríkisstjórn að sýna þau frumvörp og sýna fram á meiri hluta bak við þau sem nægir til þess að tekjuöflunin náist. Þá hefur hún og stjórnarflokkarnir komið sér saman um það hvernig þeir vilja afgreiða málin, en þar sem þeir hafa ekki meiri hluta í Nd. koma þeir auðvitað, jafnhógværir og háttvísir og þeir eru og segjast vera, og ræða við stjórnarandstöðuna um það hvernig eigi að afgreiða þessi mál til þess að meginmarkmiðið náist. Það er út í hött, algerlega út í bláinn að segja það hér að það séu einhverjar samningaviðræður eða einhverjar samráðsviðræður þótt einstökum þingmönnum stjórnarandstöðuflokkanna séu kynnt frumvörp og þeir fái að bera fram fyrirspurnir og megi gera ábendingar. Ef hæstv. ráðherra vill, þá get ég þakkað honum fyrir þetta. Þetta er þakkarvert, góðra gjalda vert, til fyrirmyndar, svo að ég noti nú hans eigin orð. En þetta er ekki það sem við töldum hæstv. forsrh. vera að bjóða. Hann er sá maður í ríkisstjórninni sem skilur það að hæstv. ríkisstjórn var ekki mynduð sem hrein meirihlutastjórn. Það er einmitt þetta atriði sem við viljum fá fram í upphafi umræðnanna um skattafrumvörpin sem koma nú frá hæstv. fjmrh. Er hann tilbúinn? Ef það er eins gott samkomulag í hæstv. ríkisstjórninni og hann segir vera, er hann þá ekki tilbúinn til þess að koma fram með frumvörpin og segja frá því hvernig meiri hluti myndast hér í hv. deild? Auðvitað tekur maður ekki mark á því að það sé einhver meiri hluti þegar einn af hv. stjórnarþingmönnum segir að hann sé með fyrirvara, hann geti stutt og flutt brtt., því að þá er meiri hlutinn gersamlega brostinn. Þá er það minni hluti sem ríkisstjórnin hefur hér í deildinni ef slíkir fyrirvarar eru hjá einstökum hv. stjórnarþingmönnum.

Ég vona að það hafi komið mjög skýrt fram við hvað við miðum þegar við teljum okkur geta tekið mark á ummælum hæstv. forsrh. þegar hann segir að auðvitað þurfi að tala við stjórnarandstöðuflokkana og tók þannig til orða að það þyrfti að mætast á miðri leið, þótt hæstv. fjmrh. segi að það þýði ekki það að það eigi að mætast á miðri leið. En hæstv. fjmrh. er nú snillingur í því að segja að hæstv. forsrh. hafi ekki meint það sem hann var að segja eða hafi hann meint það þá hafi hann meint það dálítið öðruvísi en það skildist og hafi menn skilið það á annan hátt þá hafi það verið misskilningur. Auðvitað er hæstv. fjmrh. í mun að halda þessu stjórnarsamstarfi áfram og eitt mesta böli er það hvernig hæstv. forsrh. hagar orðum sínum. Það er það sem hæstv. fjmrh. hefur verið að segja okkur hérna í dag. Þrátt fyrir alla reynsluna af hæstv. forsrh. héldum við kannski að við gætum tekið mark á þessum ummælum hans. En nú kemur hæstv. fjmrh. og segir: Það sem hæstv. forsrh. sagði í Þjóðviljanum þýddi alls ekki það sem hann sagði, það þýddi bara allt annað. Vona ég nú, virðulegur forseti, að til skila hafi komist til fulltrúa hæstv. ríkisstjórnar, til hæstv. fjmrh., við hvað er átt þegar stjórnarandstaðan fer fram á það að ræða við stjórnina um þessi skattafrumvörp. Það er ekki nóg að bjóða upp á kaffi, skýra út, svara spurningum, biðja um ábendingar. Við erum að tala um þá stefnu sem liggur að baki efnahagspólitík ríkisstjórnarinnar. Við erum auðvitað að tala um það, svo ég segi það hreinskilnislega, að það sé viðurkennt sem kemur fram hjá hæstv. forsrh. að stjórnin hefur ekki meiri hluta á Alþingi og þess vegna neyðist hún til þess að framselja sitt vald til þingsins. Það eru þessar sérstöku aðstæður sem við búum við á hv. Alþingi í tíð þessarar hæstv. ríkisstjórnar. Þetta verða hæstv. ráðherrar að skilja.

Vona ég nú að hæstv. fjmrh. komi hér upp og svari því skýrt og skorinort: Er hann tilbúinn til þess að ganga til samninga við stjórnarandstöðuna á grundvelli þess skilnings sem við lögðum í orð hæstv. forsrh. eða ætlar hann að halda því fram að það hafi ekki verið mark takandi á ummælum hæstv. forsrh. því að hann hafi alls ekki meint það sem hann sagði og hafi hann meint það þá þýddu ummælin ekki það sem maður gat lesið úr þeim.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vörugjald, 1. umr.

Stjfrv., 162. mál (gjaldflokkar og gjaldstofn). — Þskj. 173.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingar á lögum um vörugjald og er að finna á þskj. 173.

Eins og fram hefur komið rækilega í umræðum í dag er þetta eitt nokkurra tekjuöflunarfrumvarpa sem ríkisstjórnin flytur til þess að ná markmiðum sínum um tekjuafgang í ríkissjóði á næsta ári og um heilbrigðan grundvöll undir efnahagsstefnu næstu missira. Ég vil í upphafi míns máls ítreka þau tilmæli sem ég bar upp við fulltrúa þingflokka stjórnarandstöðunnar fyrir nokkrum dögum síðan um að æskilegt væri að þetta mál gæti haft nokkuð skjótan afgreiðslumáta hér í þinginu og um það ræddum við fulltrúar þingflokkanna fyrr í dag og væri æskilegt að geta haldið því samráði áfram síðar á þessum fundi, með hvaða hætti sem menn svo ná saman um það markmið.

Um síðustu áramót voru gerðar verulegar breytingar á þágildandi vörugjaldslögum. Þessar breytingar fólust m.a. í lækkun á gjaldahlutfallinu auk þess sem gjaldskyldum vöruflokkum var fækkað allverulega. Eftir þessar breytingar var vörugjald

aðeins lagt á tiltölulega fáa vöruflokka og vega þar þyngst sælgæti, öl og gosdrykkir. Auk þess er gjaldið lagt á snyrtivörur og nokkrar tegundir heimilistækja, svo sem þvottavélar, ísskápa og hljómflutningstæki. Þá er vörugjaldið nú einnig lagt á fáeinar tegundir af byggingarvörum, svo sem hreinlætistæki, raflagnarefni og steypustyrktarjárn.

Áður en ég vík nánar að þeim breytingum sem felast í frv. vil ég aðeins kynna það grundvallarviðhorf að auk þess sem vörugjöld geta verið gagnlegt tæki til þess að tryggja tekjuöflun í ríkissjóð hafa þau löngum verið eitt af helstu stjórntækjum íslenskra stjórnvalda til þess að reyna að hafa áhrif bæði á neysluútgjöld og fjárfestingu. Ég held að það hafi kannski verið of lítið rætt á undanförnum árum hvernig hægt er að beita sköttum í þágu æskilegra þjóðfélagsmarkmiða. Ég held að við höfum öll tilhneigingu til þess að líta kannski fyrst og fremst á skatta sem tekjuöflunartæki og meta kosti þeirra og galla fyrst og fremst út frá því sjónarmiði. Hins vegar hefur æ meira borið á því á síðari árum að athygli manna hefur beinst að því hvernig hægt er að beita skattakerfinu til þess að hafa áhrif á skynsamlegt atferli bæði viðskiptaaðila og einstaklinga.

Ég vil geta þess í þessu sambandi áður en ég held lengra að víða um lönd hefur mjög verið rætt um það á undanförnum árum að setja á sérstakan sykurskatt. Ekki eingöngu í tekjuöflunarskyni heldur fyrst og fremst til þess að draga verulega úr neyslu á sykri og sykurvörum vegna þess að rannsóknir hafa sýnt að gífurleg óhollusta er því samfara auk þess sem verulegur kostnaður við sjúkdóma af ýmsu tagi, bæði tannsjúkdóma og aðra sjúkdóma, er samfara mikilli sykurneyslu. Þá er einnig rétt að benda á að á Íslandi er sykurneysla mjög mikil samanborið við önnur lönd. Þess vegna var það nokkuð skoðað í fjmrn., í aðdraganda þeirra frumvarpa sem hér hafa verið lögð fram og verða lögð fram, hvort grundvöllur væri fyrir því í okkar skattakerfi að taka t.d. upp hliðstæðan sykurskatt og Danir hafa verið með og hefur að ýmsu leyti gefist vel þar í landi. Hins vegar var það niðurstaða sérfræðinga að okkar skattakerfi væri þannig úr garði gert í dag að erfitt væri að ná því markmiði og því var reynt að fara þá leið að gera sérstaklega þær vörur sem hefðu mikið sykurinnihald dýrari en aðrar.

Í öðru lagi vil ég geta þess að víða hefur verið mjög horft á það hvernig hægt er að beita skattlagningu til þess að stýra fjárfestingu. Við höfum af því dýrkeypta reynslu í okkar landi að fjárfesting undanfarinna ára hefur á margan hátt verið mjög óhagkvæm. Þetta bar á góma í umræðunum um skattinn á skrifstofu- og verslunarhúsnæði og snertir einnig aðra þætti. Ég held að flestir séu sammála um að sú gífurlega fjárfesting sem hér hefur verið á undanförnum árum sé í senn ein af orsökum þess mikla efnahagsvanda sem við búum við og enn fremur ein ástæða þess að erlend skuldasöfnun hefur haldið áfram og viðskiptahalli verið mikill. Það er því mjög brýnt, hvort sem mönnum líkar betur eða verr, að draga úr fjárfestingu í landinu. Það er einfaldlega efnahagsleg nauðsyn og heilbrigð skynsemi ef menn vilja hverfa af þeirri braut að reka íslenskt þjóðarbú fyrst og fremst með aukinni erlendri skuldasöfnun.

Í ljósi þessa var það ítarlega rætt í fjmrn. á undanförnum vikum hvort nægilegur tími væri til þess að útbúa ítarlegt frv. um fjárfestingarskatt. Slíkur skattur hefði fyrst og fremst þá kosti að geta verið stjórntæki í fjárfestingarmálum. Hann væri hægt að hækka þegar nauðsyn væri talin á að draga úr fjárfestingum og lækka þegar nauðsynlegt væri talið að draga úr samdrætti og auka kraft efnahagslífsins og fjárfestinganna á nýjan leik. Slíkur fjárfestingarskattur gæti verið mjög gagnlegt stjórntæki. Hann þyrfti þó að hafa þann kost að vera fljótvirkur og taka til nær allra algengustu sviða fjárfestinga í okkar landi. Niðurstaðan var hins vegar sú að lengri tíma þyrfti til þess að undirbúa slíkan fjárfestingarskatt sem efnahagslegt stjórntæki. Sú vinna mun hins vegar halda áfram í fjmrn. og þegar henni hefur miðað lengra áfram á næsta ári getur vissulega komið til greina að efna til viðræðna við fulltrúa allra þingflokka um það efni vegna þess að ég reikna með að innan flestra ef ekki allra flokka hér á Alþingi sé þó nokkur áhugi á því að skoða hvernig hægt sé að beita skattakerfinu til þess að hafa heilbrigðari áhrif á fjárfestingarnar í landinu en gert hefur verið til þessa því vítin í þeim efnum eru vissulega til að varast. En vegna þess að við vildum ekki bíða eftir þeirri tæknilegu vinnu var farið inn á þá braut að taka inn í vörugjaldið nýja flokka fyrir ýmiss konar byggingarvörur, svo sem sement og timbur, m.a. í því skyni að reyna að draga úr hinni óeðlilegu og miklu fjárfestingu í landinu miðað við efnahagslega getu þjóðarinnar.

Það frv. um vörugjald sem hér er lagt fram er því af okkar hálfu ekki aðeins lagt fram í því skyni að styrkja tekjugrundvöll ríkissjóðs og vega upp á móti tekjutapi undanfarinna mánaða heldur er það einnig mótað af þeirri viðleitni að hafa ákveðin áhrif á neysluvenjur í hollustuátt og til að draga úr þeirri miklu fjárfestingu sem hér hefur verið í landinu á undanförnum árum. Gert er ráð fyrir því að hið nýja vörugjald sem lagt var á á sl. ári mundi skila 1700 millj. kr. á yfirstandandi ári. Nú er hins vegar ljóst, eins og fram hefur komið fyrr á þessu þingi, að tekjurnar af vörugjaldinu munu verða mun lægri á árinu 1988 en að var stefnt eða aðeins um 1200 millj. kr. Skýringin á þessum tekjubresti liggur fyrst og fremst í samdrættinum og einnig í því að sjálfur gjaldstofninn er frekar einhæfur og því mjög viðkvæmur fyrir sveiflum í efnahagslífinu af því tagi sem hér hafa verið. Vegna þess að mjög óeðlilegt er að hafa skattkerfið þannig að slíkar sveiflur magnist upp í gegnum skattkerfið hefur verið ákveðið að breikka grunninn.

Í frv. til fjárlaga fyrir árið 1989 er gert ráð fyrir því að tekjur af vörugjaldi verði í heild 2 milljarðar 850 millj. kr. Þar af má rekja um 1600 millj. kr. til þeirra breytinga sem felast í frv. Til þess að ná því

markmiði eru farnar tvær leiðir. Annars vegar er gjaldstofninn stækkaður og hins vegar er núgildandi gjaldahlutfall hækkað. Í fyrsta lagi eru breytingarnar fólgnar í því að núgildandi vörugjald er hækkað og þeirri hækkun er skipt í tvo gjaldflokka. Í efri gjaldflokknum verða vörur eins og sælgæti og gosdrykkir en aðrar vörur, svo sem hljómflutningstæki og ýmis heimilistæki, fara í lægri flokkinn. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að ýmsum nýjum vöruflokkum sé bætt við, fyrst og fremst byggingarvörum, og á þessar vörur verður lagt mun lægra gjald eða um 10%. Gjaldið á sælgæti og gosdrykki fer aftur á móti í 25% úr 14% og gjaldið á ýmiss konar snyrtivörur og byggingarvörur, eins og steypustyrktarjárn, raflagnir og hreinlætistæki, fer úr 14% í 20%.

Það væri vissulega ástæða til þess að rekja nokkuð ítarlega hina ýmsu vöruflokka sem hér koma við sögu en ég held þó að það sé að mörgu leyti eðlilegra að sú vinna fari fram í nefnd þar sem menn geta borið hin einstöku númer saman við skyldar vörur í opinberum skrám.

Þó er rétt að víkja að því hvaða áhrif þessi breyting kann að hafa á verðlag. Ef notaður er sá almenni grundvöllur útreikninga, sem hér hefur mótast á þenslutímum liðinna ára, má ætla að áhrifin kunni að vera um 0,5% á framfærsluvísitölu og um 3% á byggingarvísitölu. Í þessu sambandi er hins vegar rétt að hafa í huga að samdrátturinn og aukin samkeppni á síðustu mánuðum hafa m.a. haft það í för með sér að áhrifa 3% gengislækkunar hefur ekki gætt í verðlagi. Hvað verðlagsáhrifin snertir hefur gengislækkunin horfið með aukinni samkeppni og er það vel að mörgu leyti. Því er mjög hæpið að draga nú einhverja niðurstöðu um það hvaða verðhækkanir kunni að fylgja í kjölfar þessara vörugjaldsbreytinga. Þær gætu að hámarki orðið þær sem ég hef hér vikið að en þær gætu líka orðið mun lægri. Það er t.d. hugsanlegt að áhrifin á framfærsluvísitöluna yrðu nánast engin líkt og varð með 3% gengisfellinguna og að áhrifin á byggingarvísitöluna yrðu mun minni, þó að ég ætli ekki að setja fram neinar áætlunartölur í þeim efnum. Ég vek hins vegar athygli hv. alþingismanna á því að reynsla síðustu tveggja mánaða sýnir að með aukinni samkeppni í kjölfar samdráttar og minnkandi þenslu skapast eðlilegri grundvöllur til þess að áhrifin af þessum breytingum, líkt og gengisfellingum, bitni ekki á neytendum með hærra vöruverði heldur að verulegu leyti á versluninni sjálfri og þeim sem viðskiptin stunda. Það má að vísu deila um það hvort tilefni sé til þess og eðlilegt sé að verslunin taki þetta á sig, þ.e. lækki álagningu sína að sama skapi vegna þess að hún treysti sér ekki til þess að velta vörugjaldshækkunum út í verðlagið. En reynslan af gengislækkuninni gefur þó tilefni til að ætla að svo verði. Um það geta menn að vísu haft deildar meiningar hvort það sé sanngjarnt eða eðlilegt en kosturinn við samkeppni er þó sá að þegar hún er orðin raunveruleg geta verslunarfyrirtækin valið hvort þau lækka álagningu sína til þess að auka söluna og tryggja þannig að samkeppnin sé neytandanum í hag. Mér hefur skilist að það væri markviss samkeppni að tryggja hag neytandans og að þessu leyti hefur reynsla síðustu mánaða sýnt að við kunnum að vera á þessari braut.

Ég vil því í fullri einlægni benda mönnum á að það kann að vera mjög hæpið nú við breyttar aðstæður að ályktа út frá gömlum þenslutímum á þann veg að þessi vörugjaldshækkun feli fyrst og fremst í sér auknar byrðar fyrir neytendur. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því að nýlegar tölur frá Seðlabankanum sýna að raungengið á milli þriðja og fjórða ársfjórðungs á þessu ári hefur lækkað um 3%, þannig að áhrif gengisfellingarinnar hafa að fullu komið fram í lækkandi raungengi, en áhrifin á milli annars og þriðja ársfjórðungs voru hins vegar á þann veg að raungengið hækkaði þrátt fyrir 10% gengisfellingu.

Virðulegi forseti. Ég vil svo að lokum vekja athygli á því að margar af þeim breytingum sem hér eru gerðar tillögur um hafa verið til umræðu um alllangt skeið og mér er tjáð að bæði innan fyrri ríkisstjórnar og ríkisstjórnarinnar þar á undan hafi menn fjallað ítarlega um málin á þennan veg. Þegar undirbúin var t.d. lagasetning um núgildandi vörugjald hugleiddu þáv. stjórnarflokkar allrækilega að hafa skattstofninn breiðari en niðurstaðan varð, m.a. vegna þess að þeir áttuðu sig á því að of þröngur stofn vörugjaldsins væri miklu viðkvæmari fyrir þeim sveiflum sem ég gat um áðan og tekjugrundvöllur ríkissjóðs væri mun óstöðugri og því væri skynsamlegra að halda þannig á málum.

Í öðru lagi vil ég nefna að sagt hefur verið að með frv. væri verið að koma aftan að neytendum vegna þess að því hafði verið lofað á sínum tíma af þáv. ríkisstjórn að breytingar á vörugjaldi yrðu nátengdar breytingu á matarskatti. Ég hef ekki farið út í ítarlegar sagnfræðilegar athuganir á ummælum sem kunna að hafa fallið á sínum tíma. Andstaða míns flokks við matarskattinn er alkunn. Við ákváðum hins vegar að taka þátt í því að framlengja hann um sinn þó að við munum leitast við að reyna að lækka verð á algengri matvöru með niðurgreiðslum og eftir öðrum leiðum. Mér er ekki ljóst samhengið á milli matarskattsins og vörugjaldsins á þeim grundvelli að það verði tengt saman sem loforð og alla vega hef ég ekki heyrt á það minnst í undirbúningi frv. sem hér er lagt fram. Að þessu leyti hefur því sú samtenging farið mjög hljótt, a.m.k. hvað mig snertir.

Að öðru leyti er alveg skýrt að þetta frv. er veigamikill þáttur í tekjuöflun ríkissjóðs á næsta ári. Það er von mín að það nái fram að ganga hér í þinginu og vek athygli ábyrgra þingmanna á að það tekjutap sem kann að verða í meðferð málsins hér í þinginu, ef það verður, þarf þá að bæta upp með öðrum hætti, annaðhvort með niðurskurði eða með annarri tekjuöflun ef allir eru sammála um það, sem mér hefur heyrst hér á hv. Alþingi, að það væri vilji allra þingflokka að gert væri ráð fyrir verulegum tekjuafgangi hjá ríkissjóði í fjárlagafrv. næsta árs.

Ég hef a.m.k. ekki þessa tvo mánuði síðan Alþingi hófst heyrt nokkurn hv. þm. lýsa því yfir hér úr ræðustóli að hann eða hún teldi það ekki skynsamlegt markmið.

Ég fagna því auðvitað að um það er mjög víðtækt samkomulag og það er jafndjúpstæður skilningur þingheims á því að það er nauðsynleg forsenda þess að við getum náð inn á nýtt stöðugleikaskeið í efnahagslífinu, dregið úr erlendri skuldasöfnun og náð því að tryggja Íslendingum sambærileg skilyrði í efnahagsmálum og aðrar þjóðir búa við. En því miður verður þessu markmiði ekki náð nema annaðhvort með verulegum niðurskurði upp á allnokkra milljarða eða nýrri tekjuöflun, nema hvort tveggja sé, upp á einnig nokkra milljarða. Það er eðli vandans. Þessi ríkisstjórn hefur leitast við á þeim tveimur mánuðum sem hún hefur setið að fara báðar leiðirnar, bæði leið niðurskurðar og leið nýrrar tekjuöflunar. Við höfum þó í niðurskurðinum leitast við að hlífa því velferðarkerfi í heilbrigðismálum, menntamálum og félagslegri þjónustu sem við teljum vera eitt það dýrmætasta sem byggt hefur verið upp í okkar landi, en höfum hins vegar tekið á ýmsum öðrum liðum og munum auðvitað skoða það áfram sem við teljum að geti frekar beðið. En það er engu að síður alveg ljóst að ef menn vilja halda uppi því þjónustustigi í velferðarmálum sem við teljum nauðsynlegt og höfum hælt okkur af, bæði í okkar hóp og á alþjóðavettvangi, og tryggja jafnframt að fjármál ríkissjóðs verði liður í skynsamlegri efnahagsstefnu, þá gerist það ekki nema með allverulegri nýrri skattheimtu nema innan þingsins sé allt í einu kominn nýr vilji til að skera stórlega niður framkvæmdaliði af margvíslegu tagi og hefur mér ekki heyrst að sá vilji væri fyrir hendi í neinum þingflokki. Álasa ég engum fyrir það. En þá er niðurstaða dæmisins einfaldlega sú að það þarf að eiga sér stað veruleg tekjuöflun. Hún er ekki vinsæl. Það er mér ljóst. Ég sagði þegar ég mælti fyrir fjárlagafrv. að skattar væru óvinsælt orð í okkar máli. En stundum verður að ganga í þau verk hvort sem mönnum líkar betur eða verr vegna þess að menn telja hin markmiðin, varðveislu velferðarkerfisins og stöðugleika í efnahagsmálum, svo mikilvæg að það beri að leggja á sig ýmsar erfiðar þrautir til að ná þeim.

Virðulegi forseti. Ég endurtek svo ósk mína til fulltrúa allra þingflokka um gott samstarf við að vinna þannig að þessu máli að það geti komið sem fyrst til atkvæða og afgreiðslu og vænti þess að við getum í sameiningu, bæði á þessum fundi og utan fundar, náð samstöðu um þann framgang málsins.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Hér er komið enn eitt tekjuöflunarfrv. ríkisstjórnarinnar og enn er verið við sama heygarðshornið. Það er engu líkara en þegar afla þarf aukinna tekna fyrir ríkissjóð sé lausnarorðið verslun, innflutningsverslun, smásala. Alltaf er hjakkað í sama farinu.

Það frv. sem hér liggur frammi, frv. til l. um breytingu á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, get ég sagt strax í upphafi máls míns að ég get ekki samþykkt, reyndar undir engum kringumstæðum og engan lið þess.

Hér var fyrr á fundinum rætt um þá kynningarfundi sem hæstv. fjmrh. boðaði stjórnarandstöðuna til. Ég var einn af þeim sem urðu þess heiðurs aðnjótandi að fá að heimsækja þessa háu herra. Ég get hins vegar tekið undir þá skoðun á þeim fundum, sem fram kom hjá hv. 1. þm. Suðurl. og 1. þm. Reykv., að hér var náttúrlega ekki um neina samningafundi að ræða. Hér var eingöngu um kynningarfundi að ræða og þá fyrst og fremst hvað varðar þetta frv., að fá stjórnarandstöðuna til að ganga inn á það að hleypa þessu máli í gegn með forgangshraða. Að sjálfsögðu er gersamlega útilokað að hraða slíku máli í gegn. Hér er um stórt og viðamikið mál að ræða sem þarf að eyða miklum tíma í. Hér er um fleiri hundruð tollskrárnúmer að ræða þar sem verið er að hækka álögur og setja á nýtt vörugjald. Bara það eitt að fara yfir öll þessi númer og lesa þau saman við tollskrána tekur ansi drjúgan tíma. Ég trúi ekki öðru en jafnvandvirk þingnefnd undir jafnstyrkri forustu og fjh.- og viðskn. Nd. er í höndum hv. þm. Páls Péturssonar muni og formaður nefndarinnar gefa sér góðan tíma til að skila frá sér góðu máli ef hann telur það svo vera. En ljóst er að yfir þetta mál þarf að fara með tollskrána annars vegar og frv. hins vegar. Að öðrum kosti vita hv. þm. hreinlega ekkert um hvað þeir eru að tala.

Á síðasta þingi var lagt fram frv. til l. um breytingar á tollum og um vörugjald. Var þar um mikla einföldun að ræða sem átti að lina þjáningar matarskattsins þó að hæstv. fjmrh. kannist ekki við það í dag. Því er alveg rétt að nota orð eins og svik við neytendur þegar talað er um þetta frv. Auðvitað eru það svik þegar vöruverð er hækkað með þessum hætti og auðvitað má spyrja ráðherrann hvernig í ósköpunum hann ætlar að halda þessu frá verðlaginu, hvernig hann ætlar að passa að þessi hækkun fari ekki út í verðlagið, hvernig vöruverð á ekki að hækka. Þetta verður ráðherra að skýra. Er hann að segja það, enda þótt nú gildi verðstöðvun, að verslunin ein eigi að taka þetta á sínar herðar? Er þetta þá ekki ný skattlagning á herðar verslunarinnar? Er álagningin svo há að verslunin ráði við að taka þetta á sig? Auðvitað ekki, hæstv. ráðherra. Þú veist það manna best alveg eins og ég að þetta fer beint út í verðlagið og hækkar vöruverð. Þess vegna má nota þau orð hæstv. ráðherra, að þetta mun auka byrðar á herðar neytenda.

Nú á að leggja nýtt 10% vörugjald á nokkur tollskrárnúmer. Ég segi nokkur. Þau eru ekki nema 294. — 294 tollskrárnúmer eiga nú að taka á sig vörugjald, tollskrárnúmer sem ekki báru vörugjald áður.

Þetta frv. gerir ráð fyrir þremur tegundum vörugjalds, 10%, 20 og 25. Þetta er einfaldlega ekki rétt.

Þetta frv. gerir ráð fyrir 31,5% vörugjaldi, 25% og 12,5% vörugjaldi því inn í þetta er byggt eins og á síðasta ári 25% heildsöluálag. Því í ósköpunum má ekki nefna þetta réttum nöfnum?

Hæsta stig vörugjalds er komið yfir almennustu tolla. Almennustu tollar í dag eru 30%. Vörugjald er komið yfir 30, í 31,5%. Hefur ráðherra, sem ekki gerir sér að vísu far um að hlusta á umræður hér, gert sér grein fyrir hvað þetta kostar fyrirtæki yfirleitt? Það kostar endurforritun hér og þar. Hefur hann látið kanna þessa hlið? Hvað kostar það tollstjóraembættið að bregðast við þessu? Og hvað hafði tollstjóraembættið um þetta mál að segja yfirleitt? Hvernig er þeirra kerfi undirbúið? Mér sýnist að ekki „fúngeri" það svo vel í dag að það ráði við miklar breytingar. Það má með vissu og sanni segja að ráðherrann sé enn á ný að reyna að beina traffíkinni til Glasgow.

Hvernig eiga fyrirtæki almennt í landinu að búa sig undir og gera áætlanir fram í tímann þegar aldrei er hægt að treysta orðum hins opinbera nema í örfáa mánuði?

Hæstv. forseti. Það birtist viðtal við hæstv. fjmrh. í einu dagblaðanna hér um daginn. Með leyfi forseta ætla ég að fá að vitna örlítið í það. Það er undir fyrirsögninni: „Hækkun vörugjalds snertir ekki daglegar nauðsynjar launafólks." Hvernig í ósköpunum ráðherrann fær þetta út er mér algerlega hulin ráðgáta, en vonandi getur hann skýrt það. Í viðtalinu segir, með leyfi forseta:

„Þegar matarskatturinn svonefndi var lagður á vöru voru tollar og vörugjöld lækkuð. Fjmrh. var spurður hvort Alþb. væri ekki andsnúið matarskattinum. „Það er alveg rétt að við alþýðubandalagsmenn töldum matarskattinn ekki gott skattform", svaraði ráðherra. „Við stefndum að því einnig að lækka verð á nauðsynlegum matvælum og nota frekar tekjuöflunina til þess. Hins vegar féllumst við á það þegar þessi stjórn var mynduð að matarskatturinn héldi gildi sínu í eitt ár." Ég bið menn að taka eftir því. „ . . . matarskatturinn héldi gildi sínu í eitt ár og peningarnir væru frekar notaðir til þess að greiða niður verð á nauðsynlegum matvælum."„

Er ráðherrann þarna að segja að matarskatturinn verði felldur niður eftir eitt ár? Er það sú túlkun sem má skilja á þessu viðtali eða er ráðherrann að boða annað skattþrep í virðisaukaskattskerfinu?

Seinna í viðtalinu segir: „Þetta vörugjald er þannig sniðið að það snertir ekki daglegar nauðsynjar launafólks." Þetta kom ég inn á rétt áðan og ég bið ráðherra vinsamlegast að skýra hvernig þetta snertir ekki daglegar nauðsynjar launafólks. Eða hvar á þessi hækkun að vera? Á hún að lenda á verslununinni? Eiga kaupmenn að taka þetta á sínar herðar? Ef svo er, er þetta þá ekki ný skattlagning á herðar kaupmönnum?

Þá hefði verið gaman að hafa hér hæstv. utanrrh. sem vitnað er til í sama viðtali þar sem segir, með leyfi forseta: „Jón Baldvin Hannibalsson, fjmrh. í síðustu ríkisstjórn, var spurður hvort hann gæti stutt fyrirhugaðar vörugjaldshækkanir. Jón svaraði ekki spurningu um hvort málið hefði verið afgreitt með hans stuðningi." Ég tel mikilvægt að stjórnarandstaðan fái upplýsingar um hvort það var afgreitt með hans stuðningi eða ekki. Ef svo var, hæstv. ráðherra, því svarar ráðherrann svona? (Gripið fram í.) Nei, það er nefnilega það.

Ein af ástæðunum fyrir tollabreytingunum sl. ár var sú og ein af meginröksemdunum var það að einfalda ætti kerfið. Við þá umræðu sagði hæstv. fjmrh. Jón Baldvin Hannibalsson, með leyfi forseta: „Innlendum gjaldendum fækkar til mikilla muna og eftirlit verður einfaldara. Ætla má að innlendir gjaldendur verði í kringum 20. Þeir voru áður á þriðja hundrað."

Hvað skeður nú, hæstv. ráðherra, með þessum breytingum? Hvað verða gjaldendur margir? Hversu mjög fjölgar þeim? Frá 20 í hvað? Ætli það verði ekki nokkur hundruðin. Ég ætla að láta þetta duga á hæstv. fyrrv. fjmrh.

Það má spyrja hversu lengi á að kalla þetta ákveðna vörugjald tímabundið vörugjald. Hv. 1. þm. Reykv. var áðan að reyna að túlka hvernig ráðamenn útskýra orðin „að hittast á miðri leið". Það væri gaman að fá skýringu á því hvað „tímabundið" þýðir. Þýðir það ekki í raun og veru að þetta eigi að renna út og falla niður við ákveðin tímamörk? Hvenær koma þau, hæstv. ráðherra? Það stefnir allt í að þeim frekar fjölgi þessum vörugjöldum og ef þeim ekki fjölgar líklegast hækka þau næsta ár — eða er ráðherra tilbúinn að koma í ræðustól og fullyrða að svo verði ekki eða megum við eiga von á hækkun? Hver er stefna ráðherrans varðandi vörugjöld?

Herra forseti. Ég hef undir höndum ályktun sem Verslunarráð Íslands hefur sent frá sér og tel að eigi vel heima í þessum umræðum og ekki síst í þingskjölum og ætla því, með leyfi forseta, að fá að renna yfir það. Það hljóðar svo:

„5. desember 1988.

Hækkun vörugjalds skaðar samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja", segir í fyrirsögn.

„Verslunarráð Íslands varar eindregið við fram komnum hugmyndum um hækkun vörugjalds og útvíkkun vörugjaldsstofnsins. Með skattkerfisbreytingum um sl. áramót var stigið stórt skref í þá átt að jafna samkeppnisstöðu atvinnulífs á Íslandi miðað við helstu viðskiptalöndin. Með hækkun vörugjalds er tekin þveröfug stefna og atvinnulífið verður verr í stakk búið til þess að mæta aukinni samkeppni. Vörugjaldið leggst fyrst og fremst á vörur sem heimilin nota.

Nú er enn fremur áformað að taka upp þrjár mismunandi vörugjaldsprósentur í stað einnar sem flækir skattkerfið enn meir og eykur mismunun milli fyrirtækja og atvinnuvega. Sú meginregla að skattar skuli vera hlutlausir með tilliti til atvinnugreina og neysluvals er brotin enn freklegar en áður. Að svo miklu leyti sem vörugjaldið beinist sérstaklega gegn

innflutningi er það tæki til þess að halda uppi falskri gengisskráningu og bitnar því á útflutningsgreinunum.

Ein rök fyrir lækkun vörugjalds fyrir ári voru að gera íslenska verslun samkeppnisfærari við verslun erlendis. Nú er áformað að veikja samkeppnisstöðu verslunarinnar og stuðla að auknum flutningi verslunar til útlanda.

Manneldis- og hollustusjónarmiðum hefur verið haldið fram í því skyni að knýja fram hærri skattlagningu á sælgæti og gosdrykkjum. Þessum sjónarmiðum er vísað á bug. Sérstöku 25% vörugjaldi á sælgæti og gosdrykki er fyrst og fremst stefnt gegn nokkrum einstökum íslenskum fyrirtækjum og því starfsfólki sem vinnur þar.

Hugmyndir um sérstakt 10% vörugjald á byggingarefni vekja undrun á sama tíma og húsbyggjendur þurfa á víðtækari aðstoð ríkisvaldsins að halda, bæði á almennum og félagslegum grunni. Áætlað er að slík hækkun vörugjalds leiði til 3–4% hækkunar á byggingarvísitölu sem hækkar byggingarkostnað húsbyggjenda samsvarandi og enn fremur verður hækkun á lánskjaravísitölu. Innheimta vörugjalds á byggingarvörur á eftir að reynast dýr og handahófskennd.

Í langflestum fyrirtækjum landsins er verið að leita leiða til hagræðingar í rekstri og sparnaði. Almennt er verið að draga saman yfirvinnu og uppsagnir starfsfólks eru meiri en verið hefur um langt skeið. Um áramót er áætlað að atvinnuleysi verði 3% og þegar kemur fram á næsta ár má búast við því að um 5% Íslendinga verði atvinnulaus. Skattahækkanir munu gera þetta ástand verra. Á sama tíma eru litlar sem engar tilraunir til hagræðingar eða sparnaðar í gangi hjá ríkisstofnunum eða ríkisfyrirtækjum. Áform ríkisstjórnarinnar um skattahækkanir í stað sparnaðar og hagræðingar eru því í hróplegu ósamræmi við þær aðstæður sem almenn atvinnufyrirtæki og starfsfólk þeirra búa við."

Hæstv. forseti. Mig vantar eyru ráðherrans. (**Fjmrh.:** Ég er hérna.) Gott, hæstv. ráðherra. Mig langar að spyrja ráðherra: Hvað hækkar lánskjaravísitalan mikið við setningu þessara laga? Hvað hækkar lánskjaravísitalan mikið, hæstv. ráðherra? Og hvað með vextina? Heldur ráðherra að það þurfi ekki að hreyfa aðeins við þeim? Hvaða áhrif hefur þetta á vaxtapólitíkina? Það verður athyglisvert að heyra það.

Ráðherra fór fram á að þetta frv. fengi að fljúga í gegnum þingið til að forða kaupæði. Á sama tíma segir ráðherra að þetta muni ekki hækka verð. Hvaða kaupæði er þá að fara í gang? Hvaða einkunn er ráðherrann að gefa skynsemi Íslendinga, að þeir rjúki til og fari að versla eins og brjálaðir ef verðið á ekkert að hækka? Það þarf aðeins að rökstyðja þetta.

Í 2. gr. er m.a. kveðið á um að álag skuli vera 4% af þeirri upphæð sem vangreidd er fyrir hvern byrjaðan virkan dag eftir gjalddaga. Ég vitnaði fyrr í dag til ummæla hæstv. forsrh. um 50% vaxtakröfur á slippamiðum. Hann sagði að það jaðraði við okurlög. Ef það jaðrar við okurlög, hvað gerir þá þetta álag? Er þetta ekki nákvæmlega okurlög og eigum við að hafa þetta sem leiðbeinandi úti í þjóðfélaginu? Er ráðherra tilbúinn að marka þá stefnu?

Auðvitað á þetta vörugjald, sem leggst á tollverð, ekki að leggjast á tollverð. Það á að leggjast á erlenda verðið. Af hverju erum við að leggja vörugjald á erlenda fragt eða pökkun eða kostnað eða tryggingu? Því í ósköpunum? Það er nóg að það komi ofan á vöruverðið þó að það komi ekki ofan á alla smurninguna líka.

Ráðherrar hafa undanfarna daga og þó sérstaklega hæstv. fjmrh. verið að boða launalækkun. Fjmrh. boðar skattahækkun. Á sama tíma auka þeir álögur á fólk með því að hækka vöruverð stórlega með alls kyns álögum, ekki bara þessum, með alls kyns álögum. Ég hefði haldið að flokkur alþýðunnar og bandalag alþýðunnar mundi starfa öðruvísi en nú er raunin.

Eins og ég sagði áðan, hæstv. forseti, er ég hræddur um að hér sé aðeins um fyrsta skrefið að ræða. Það er ekki nokkur leið að treysta yfirvöldum, hvort sem það er þessi stjórn eða síðasta og reyndar alveg furðulegt stundum að heyra í sjálfstæðismönnum. Það er eins og þeir hafi hvergi komið nálægt.

Ég get ekki varist að koma aðeins inn á það sem hv. þingflokksformaður þeirra sagði er hann var að hnýta í mig fyrir að reyna að fá út úr Kvennalistanum þeirra skoðun á frv. um skatt á verslunarhúsnæði, þegar hann sagði að ég ætti frekar að líta í eigin barm og skoða kvenfólkið í mínum flokki. Sá er munurinn að 16. þm. Reykv. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir er sjálfri sér samkvæm. Hún studdi skattlagningu á verslunarhúsnæði á síðasta þingi. Sjálfstæðismenn studdu hana líka. Nú situr Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir hjá og með því í rauninni er hún að styðja það. En hvað gera sjálfstæðismenn?

Það er stundum talað um að henda steini úr glerhúsi eða í íþróttum að brenna hressilega af. Ég tel að hv. þingflokksformaður Sjálfstfl. hafi gert það þarna. Hann studdi skatt á verslunarhúsnæði á síðasta þingi. Það gerði frú Aðalheiður líka.

Telur ráðherrann að með öllum þessum auknu álögum á almenning sé hann að bæta sambúðarmálin við launþegasambönd og verkalýðshreyfingu? Hvernig heldur hann að þau samtök bregðist við? Hvað sér ráðherrann fyrir sér þegar verðstöðvun þrýtur? Hvað skeður þá? Hvert fer lánskjaravísitalan þá? Það er skemmtilegur glaðningur sem ríkisstjórnin er að senda þjóðinni rétt fyrir jólin: fýrum verðlaginu upp, sjúgum af þeim peningana. Boðskapur Alþb. Sjúgum af ykkur peningana og fáum þetta í gildi strax. Það má ekkert bíða. Ég sagði það fyrr í dag: Þið eruð búnir að tæma vasana. Það er óþarfi að gera gat á þá líka.

Hæstv. forseti. Ég hef undir höndum minnispunkta frá Félagi ísl. iðnrekenda. Ég hef hug á að fá þá staðfesta í þingtíðindum og mun því, með leyfi

forseta, fá að renna yfir þá, enda tel ég að ekki veiti af að ráðamenn fái að heyra:

„Félag ísl. iðnrekenda lýsir yfir andstöðu sinni við fram komið frv. til l. um breytingar á núverandi lögum um vörugjald. Samkvæmt frv. er horfið frá þeirri meginstefnu sem mörkuð var með setningu núverandi laga, þ.e. að gera álagningu og eftirlit gjalda einfaldari og skilvirkari ásamt fækkun undanþága, auk þess sem með þessu er enn verið að auka á neyslustýringu í þjóðfélaginu. Með því að taka upp þrjár mismunandi vörugjaldsprósentur í stað einnar er enn verið að auka mismun á milli fyrirtækja og atvinnugreina sem um leið eykur þá óvissu og óstöðugleika sem fyrirtækjum er búin.

Verði þetta frv. að lögum hafa sum þessara fyrirtækja búið við þrenns konar mismunandi vörugjaldsinnheimtu á sl. tólf mánuðum. Slíkur óstöðugleiki af hálfu stjórnvalda er óþolandi fyrir fyrirtækin. Sérstakt 25% gjald á nokkur fyrirtæki sem framleiða sælgæti, öl og gosdrykki stefnir rekstri þeirra í verulega hættu vegna hærra verðs á framleiðslunni á tímum rýrnandi kaupmáttar, en samtals vinna 700–800 manns við þessa framleiðslu.

Vegna umræðu um manneldis- og hollustusjónarmið skal áréttað að opinberar skýrslur sýna óbreytta sykurneyslu landsmanna sl. ár þrátt fyrir aukna almenna neyslu, enda eru nú t.d. mjög margar drykkjarvörur án sykurs. Hér er því verið að skattleggja eina atvinnugrein langt umfram aðrar. Þessar framleiðslugreinar nota nú um það bil 25–30% af innfluttum sykri. Auk þess má benda á að flutt er inn umtalsvert magn af vörum með miklu sykurinnihaldi án þess að á þær sé lagt vörugjald. Því gefur auga leið að hér er um mikinn tvískinnung að ræða.

Ljóst er að stór hluti þeirra vöruflokka sem nú fá vörugjald eða vörugjaldið hækkar á eru daglegar neysluvörur alls meginþorra landsmanna. Samkvæmt frv. mun innheimtuaðilum vörugjalds fjölga verulega, einkanlega vegna vörugjalds á húsgögn, innréttingar og framleiðslu byggingarefna, en fyrirtæki í þessum greinum eru afar mörg, yfir 300 fyrirtæki, og þar af rúmlega 250 með fimm starfsmenn eða færri. Framkvæmd og eftirlit með vörugjaldsinnheimtu verður því mun erfiðara og mannfrekara nú en áður. Þessar breytingar, ef af verður, munu því draga framleiðsluna út úr fyrirtækjunum og auka þannig líkur á undanskotum frá greiðslu lögboðinna gjalda. Verði frv. að lögum og taki gildi fyrir áramót eins og ráð er gert fyrir er ljóst að innlendar vörur munu hækka strax en erlendar vörur mun síðar."

Hæstv. forseti. Á þeim kynningarfundi sem haldinn var um þetta mál fyrir nokkrum dögum uppi í fjmrn. kom ég með eina ábendingu til ráðherra. Hann var svo vinsamlegur að skrifa hana niður og ég hélt að hann mundi taka hana inn í frv. Svo hefur ekki verið og er það gott dæmi um þann hug sem var á bak við það að kalla okkur til þessara viðræðna. (**Fjmrh.:** Hvað var það?) Það voru ákveðin vörutollskrárnúmer sem var mismunað á ákveðnum varahlutum til ákveðinna véla. Man ráðherra þetta ekki? Efnislega ætla ég ekki út í það, enda kem ég með það í fjh.- og viðskn. og reyni að fá það lagað þar, en annars með brtt. En þetta er gott dæmi um hver hugurinn var þá í raun og veru á bak við þessar viðræður. Var hann ekki bara ein leiksýningin enn? Það hefur verið nóg af þeim hér, enda því miður stundum talað um leikhúsið við Austurvöll þó að þessi uppsetning hafi farið fram annars staðar.

Hvað eigum við lengi að fara á bak við EFTA, þann samning sem þar var gerður? Var það ekki skilningurinn að við ættum að ná tollunum niður í núll á ákveðnum árafjölda, tíu árum að mig minnir? Vörugjaldið er ekkert annað en plat, verið að fara á bak við. Ég er hræddur um að það heyrðist hljóð úr tunnu ef slíkt væri gert við okkur erlendis eða á mörkuðum okkar.

Hæstv. forseti. Er heildsöluálagið 25%, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., leiðbeinandi fyrir heildsala í landinu? Er hæstv. ráðherra Alþb. farinn að bera hag heildsölunnar í landinu fyrir brjósti? Skyldi svo vera? Er lágmarksálagning í heildsölu í dag 25%? Er ekki rétt að limirnir dansa eftir höfðinu. (Gripið fram í.) Það er gott að vita það. 25%, heildsalar, lágmark. Fjmrh. Alþb. varðar veginn. 25%. Það þykir nú ágætt. Ég minnist þess að hv. þm. Stefán Valgeirsson talaði um það á þingi sl. haust að þegar hann var í heildsölu hefðu 7% þótt gott. Nú veit ég að það er ekki gott. En það er gott að fá ákveðna viðmiðun.

Hæstv. forseti. Ráðherra talaði um að þetta væri gott stjórntæki. Það er m.a. þess vegna sem ég hræðist ráðherrann. Það er lítill vandi að misnota slíkt stjórntæki. Hvað ætlar ráðherrann að spila mikið á það? Hvað er á bak við það? Á að stjórna neyslunni með hækkandi vörugjaldi sí og æ? Það hlýtur að liggja í orðunum. Upp og niður með vörugjaldið eftir því hvað fólkið á að éta. Upp og niður. Það er stjórntækið. Einfölduninni frá í fyrra er kastað fyrir róða, út um gluggann. Þrjú stykki vörugjald allt í einu og einföldunin, öll rökin á síðasta þingi fyrir einföldun, út um gluggann.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að fara út í ákveðin tollskrárnúmer þó ég hafi ákveðnar hugmyndir um hverju mætti breyta. Ég mun gera það í nefndinni. Ég mun einnig fara fram á að nefndin fái þá aðila sem þurfa að ræða þetta mál til umsagnar. Það er ekki nokkur einasta leið að hraða slíku máli í gegn. Ég lýsti því fyrr í ræðu minni og ég vona að formaður hv. fjh.- og viðskn. hafi heyrt það. Ég vona að tollskráin liggi á borðum okkar í fyrramálið þannig að við getum hvert og eitt farið yfir þetta í sameiningu, skoðað á hvað við erum að leggja vörugjald og á hvað ekki. Það eru einu réttu vinnubrögðin. Hvert einasta númer á að skoðast. Virðing Alþingis er í veði, hæstv. ráðherra. Auðvitað eiga að koma héðan vönduð vinnubrögð. Þess vegna krefst ég þess, ég krefst þess að tollskráin verði í fjh.- og viðskn. á borðum okkar í fyrramálið og við getum

farið yfir þetta. Og allir hagsmunaaðilar sem þetta frv. snertir eiga að koma til viðræðna, hver og einn einasti.

Hæstv. forseti. Þetta er ágætt í fyrstu umferð.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Mér fannst ræða hv. 5. þm. Vesturl. vera mjög góð í öllum aðalatriðum. Reyndar kom fram einn misskilningur í hans málflutningi sem ég kýs að leiðrétta strax í upphafi míns máls. Það varðar skattinn á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Ég tek það skýrt fram að Sjálfstfl. hefur lýst því yfir að hann geti hugsað sér að styðja þann skatt sem hv. 16. þm. Reykv. studdi á síðasta þingi en það var skattur upp á 1,1%. Við höfum ekki vikist undan því. Við höfum þvert á móti lýst því yfir að við séum tilbúnir að mæta hæstv. ríkisstjórn á miðri leið, svo að ég noti hugtak sem hefur verið talsvert til umræðu í dag, en ekki fallist á það að tvöfalda þennan skatt. Að öðru leyti fannst mér ræða hv. þm. vera afar skýr og góð um það mál sem er á dagskrá.

Ég átti satt að segja von á því eftir þær umræður sem fóru fram um það mál sem var á dagskrá á undan þessu máli, skattinn á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, að hæstv. ráðherra kæmi í ræðustólinn í upphafi umræðna um þetta mál og gerði okkur grein fyrir því, þingmönnum stjórnarandstöðunnar, hvernig bæri að skilja einstaka hæstv. ráðherra varðandi samráð og hvernig ætti að semja um meðferð þeirra mála sem verða á næstunni til umræðu og afgreiðslu á Alþingi. Þessi mál varða miklu. Þetta eru mál sem snerta sjálft fjárlagafrv. og eins og rækilega var bent á í þeirri umræðu eru aðstæður þær að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki þann meiri hluta sem þarf til að koma málum í gegnum þingið og á það hefur verið bent, reyndar einnig mjög rækilega, að einn af hv. stjórnarþingmönnum hefði fyrirvara um frv. sem nú hefur verið lagt fram og er hér til umræðu, þ.e. þetta frv. um breytingu á lögum nr. 97/1987, um vörugjald. Ég vænti þess þess vegna að hæstv. ráðherra taki aftur til máls í þessari umræðu og geri grein fyrir því hvort hann sé tilbúinn að ræða við stjórnarandstöðuna á þessum nótum um efnahagslegar forsendur fjárlagafrv., um þá stefnu sem Alþingi vill styðja vegna þess að hæstv. ríkisstjórn er ekki meirihlutastjórn í eiginlegum skilningi þess orðs.

Frv. sem er til umræðu er eitt þeirra frumvarpa sem hæstv. ríkisstjórn hefur boðað. Þetta er liður í þeirri svokölluðu efnahagsstefnu hæstv. ríkisstjórnar sem felst í því að almenningur í landinu eigi að draga saman seglin, fyrirtækin eigi að rifa seglin, en ríkissjóður eigi að halda sínu.

Ég ætla að rifja upp, virðulegur forseti, að vörugjald var lækkað í upphafi þessa árs um leið og söluskattur var lagður á matvæli. Þetta hvort tveggja er algerlega samofið og sá maður sem hefur kallað sig riddara matarskattsins öðrum fremur er hæstv. utanrrh., þáv. fjmrh., sem ótt og títt varði skattkerfisbreytinguna með því að það væri nauðsynlegt að leggja söluskatt á matvæli til að ná vörugjaldinu niður, enda væri það liður í þeirri skattkerfisbreytingu íslenska ríkisins að nálgast þær reglur sem notaðar eru á fríverslunarsvæðunum í Evrópu.

Hv. 5. þm. Vesturl. vitnaði til ummæla hæstv. utanrrh. í blaðaviðtali og mér finnst eðlilegt, virðulegur forseti, að það verði kannað hvort hæstv. utanrrh. sé í húsinu því að þetta mál er svo nátengt honum og þeirri baráttu sem hann hefur háð fyrir söluskatti á matvælum að mér finnst vera sjálfsagt að gefa honum kost á því að vera viðstaddur við þessa umræðu og geta þá svarað þeim spurningum sem til hans verður beint vegna þess að hann á sæti í hæstv. ríkisstjórn og hér er verið að fjalla um mál sem hann bar mjög fyrir brjósti á sínum tíma. (**Forseti:** Það verður athugað hvort hæstv. utanrrh. er nærlendis og það mun koma fljótlega í ljós.) Vonandi er hann ekki aðeins nærlendis heldur á landinu og í húsinu, enda sá ég hann hér fyrr í dag. En þrátt fyrir fjarveru hæstv. utanrrh. sé ég að Alþfl. á einn fulltrúa í þingsalnum, hv. skrifara þessarar hv. deildar, 5. þm. Norðurl. v., og ég bið hann í forföllum hæstv. utanrrh. að skýra út þau sinnaskipti sem hafa átt sér stað í Alþfl. sem á sínum tíma lýsti því yfir að lækkun og niðurfelling vörugjalds og álagning skatts á matvæli væru órofa, samtvinnuð mál. Hvað hefur breyst? En ég vil jafnframt minna á það, sem ég hef gert ég held fimm sinnum áður í umræðum hér í haust og mér finnst vera full ástæða til að nefna enn á ný, sérstaklega af því að ég veit að hæstv. fjmrh. hefur svo gaman af að hlusta á það, að það var einmitt hæstv. fjmrh. sem sagði það fyrir rúmu ári, það var 15. okt. í fyrra, þegar hann réðist hatrammlega á núv. hæstv. utanrrh., sem þá sat í sæti fjmrh., og orðaði það eitthvað á þessa leið að hæstv. utanrrh. væri brennimerktur maður sem ekki gæti farið til verkalýðsforustunnar og rætt við þá fyrr en hann hefði snúið frá villu síns vegar og hætt við að leggja söluskatt á matvæli. Þetta rifja ég upp í sjötta skipti fyrir hæstv. ráðherra af því að hann hefur unun á að hlýða. Ég leyfi mér að benda á að nú situr þessi þáv. varaþingmaður Alþb. í ráðherrastól, hann er nú hæstv. fjmrh. þessa lands, og hann lætur sér ekki nægja að viðhalda svokölluðum matarskatti heldur hækkar aftur vörugjöld á ýmsum nauðsynjum. Ja, ýmsir eru miklir leikfimimenn, en sjaldan hef ég séð menn fara kollhnís með slíkum ágætum að koma hér upp í ræðustól, verja þennan málflutning eins og ekkert sé, eftir að hafa tekið eins stórt upp í sig og hæstv. ráðherra gerði fyrir rúmu ári á Alþingi þegar hann flutti mjög langar ræður gegn söluskatti á matvælum.

Ég get verið sammála hv. 5. þm. Vesturl. um flest það sem kom fram í hans máli og ég tel eðlilegt að hæstv. ráðherra svari þeim fyrirspurnum sem hv. þm. beindi til hæstv. ráðherra, enda þekkir hv. 5. þm. Vesturl. þessi mál mjög vel. Hann hefur sjálfur stundað verslun og veit nákvæmlega hvernig kaupin

gerast á eyrinni.

Aðalatriði þessa máls er það að hér er um að ræða skattheimtu upp á 1600 millj. kr. til viðbótar þeirri skattheimtu sem hefði fengist ellegar að óbreyttu vörugjaldi. Þessi skattheimta á sér stað þegar rekstrarerfiðleikar eru fyrir hendi í verslun og þjónustu, þegar fólk er hrætt um að missa atvinnu sína. Það er full ástæða til að benda á að hér er stefnt í hættu ýmsum fyrirtækjum þar sem fjöldi manns vinnur. Það vinna á að giska 700–800 manns í þeim iðnfyrirtækjum sem framleiða hér gosdrykki og sælgæti. Þar af eru a.m.k. 40% konur sem eiga ekki í annað hús að venda í atvinnulífinu ef fyrirtækin geta ekki staðið undir þessari auknu skattheimtu, en mér heyrðist hæstv. ráðherra gera ráð fyrir að fyrirtækin tækju þennan skatt á sig og hann færi ekki út í verðlagið. Ég efast hins vegar um að svo geti orðið því augljóst er að fyrirtækin hafa þegar tekið á sig heilmikil skakkaföll með því að virða nýjar álagningarreglur í þeim tímabundnu aðgerðum um verðstöðvun sem nú gilda í landinu. Ég held að hæstv. ríkisstjórn geti þakkað þeim sem stjórna fyrirtækjum í landinu fyrir að þeir hafa staðið sig mjög vel og reynt að stilla öllum hækkunum í hóf eins og fram hefur komið af hálfu talsmanna Verðlagsstofnunar.

Það er ljóst að með frv. er horfið frá þeirri meginstefnu sem mörkuð var við setningu núverandi laga, en ein meginstefnan var sú, eins og hæstv. utanrrh. sagði æ ofan í æ, að gera álagninguna einfaldari til þess að eftirlitið yrði skilvirkara. Nú er stefnt að því að taka upp þrjár mismunandi vörugjaldsprósentur sem þýðir að eftirlitið verður þeim mun erfiðara og þeim fyrirtækjum sem innheimta þetta gjald fyrir ríkissjóð er einnig gert erfiðara fyrir.

Hæstv. ráðherra lét að því liggja og sagði það í sínu máli, sjálfsagt til þess að reyna að fá einhvern úr stjórnarandstöðunni á sitt band, að þetta væri mjög mikilvægt skref í áttina til þeirrar nauðsynlegu neyslustýringar sem þyrfti að eiga sér stað til að fólk hætti að borða sykur. Mér heyrðist hann vera að beina máli sínu sérstaklega til þingmanna Kvennalistans. Þetta mál var rætt á sínum tíma, það er rétt hjá hæstv. ráðherra, og það kann að vera áhugi á því að taka það mál sérstaklega upp sem heilbrigðismál, en þetta frv. getur ekki undir nokkrum kringumstæðum verið skref í þá átt. Það er útilokað að líta svo á, gjörsamlega útilokað. Í fyrsta lagi er enginn munur gerður á vörum sem innihalda sykur og öðrum sem innihalda sykurígildi sem er ekki sykur. Í öðru lagi nær þetta aðeins til lítils brots af innfluttum sykri. Þetta gjald nær til sykurs sem er notaður fyrst og fremst af innlendum iðnaði. Það nær ekki til þeirra sem stunda brauðgerð og kökugerð. Þetta gjald nær ekki til Mjólkursamsölunnar sem framleiðir vöru, bæði jógúrt og kakómjólk, sem inniheldur sykur kannski í meira lagi en gosdrykkir. Það nær ekki til 70% af innfluttum sykri. Það eina sem þetta frv. gerir er að skekkja þann grundvöll sem fyrir hendi er. Þess vegna er þetta spor aftur á bak og getur aldrei skoðast sem framlag til þeirrar umræðu, sem er að sjálfsögðu eðlileg, að hér sé verið að fylgja einhverri heilbrigðisstefnu og manneldisstefnu sem er til þess gerð að fá fólk til að hætta að borða sykur. Ef slíkt mál er tekið upp verður að taka það upp á almennum grundvelli. Það verður að taka upp með þeim hætti, eins og hæstv. ráðherra vék að í sínu máli, að kanna nákvæmlega hvernig hægt er að tolla eða leggja vörugjald á allan sykur sem er innfluttur en ekki bara á sumt af honum, mikinn minni hluta sem er notaður í innlendum iðnaði. Það er því stórhættuleg stefna sem hér er verið að marka og hún er kannski hættulegust fyrir það að það kann að vera að einhverjir glepjist á því að halda að hæstv. ráðherra sé að framfylgja einhverri heilbrigðisstefnu með þessu. En það vona ég svo sannarlega að ekki nokkrum manni í þessum þingsal detti slíkt í hug. Þetta er tekjuöflunarfrumvarp. Það er reynt að ná í þessa peninga með einföldum hætti hjá fáum íslenskum fyrirtækjum og þetta frv. sneiðir fram hjá meginhlutanum af innfluttum sykri. Þetta frv. mismunar þeim sem framleiða vörur með sykurinnihaldi. Sykur er alltaf jafnóhollur hvort sem hann er í þessari vörutegund eða í hinni. Í þessu frv. er enginn munur gerður á sykri og sykurígildi sem ekki er sykur og ekki er hættulegt að neyta að áliti þeirra sem um þessi mál hafa fjallað.

Ég skora þess vegna á hæstv. ráðherra að hætta við að leggja þetta fram a.m.k. með þessum rökum og ræða þetta mál á þessum rökum því að það er blekkingin ein. En ég skora jafnframt á hann ásamt heilbrigðisyfirvöldum að finna leið sem gæti verið hentug til að draga úr sykurneyslu almennings almennt, en það gerir maður ekki með því að mismuna þeim sem framleiða úr sykri.

Það kann vel að vera að það sé vinsælt að leggja skatta á svokallaðar snyrtivörur. Þetta er auðvitað mikill lúxus, hársnyrtivörur. Ég ber að vísu virðingu fyrir tillögu hæstv. fjmrh. því ég veit að hún verður kostnaðarauki fyrir hann, en ég held að ef við skoðum það hverjir nota snyrtivörur, sem er afskaplega eðlilegt að fólk noti, bitni þetta kannski fyrst og fremst á kvenþjóðinni, einfaldlega vegna þess að hún notar dýrar snyrtivörur. Nú er verið að bæta vörugjaldi á þessar vörur vegna þess að það er almennt verið að segja að þetta sé lúxus. Hefur hæstv. ráðherra fylgst með því hverjir nota snyrtivörur? Eru það bara þeir ríku sem leyfa sér þann lúxus? Hefur hann spurt t.d. konur að því hvort þetta sé lúxus? Ég get staðhæft að mikill meiri hluti kvenna notar snyrtivörur og telur þær vera daglega neyslu og jafnvel nauðsyn. Jafnvel konur í Alþb. nota svona vörur, það get ég sagt hæstv. ráðherra, og telja það engan lúxus. Ég held nefnilega að það sé oft þannig að menn segi „þetta er lúxus“ af því að auðvitað má komast af án þessa varnings. En þetta er ekki lúxus. Þetta er viðurkennd vara sem notuð er af fólki, er hátollavara oft og tíðum. Og nú á enn að höggva í sama knérunn.

Það hefur verið rætt fyrr í þessari umræðu og spurt

að því hvaða áhrif þessi löggjöf muni hafa á lánskjaravísitöluna og þá upplýsti hæstv. ráðherra í sínum málflutningi að þetta hefði 3% áhrif á byggingarvísitölu. Tóku menn eftir því? En nú hefur ríkisstjórnin ákveðið að breyta lánskjaravísitölunni þannig að byggingarvísitalan vegur minna í lánskjaravísitölunni en áður, laun meira. Hæstv. ráðherra hefur hins vegar ákveðið að halda launum niðri. Hæstv. sjútvrh. sagði það í umræðum í gær að ríkisstjórnin hæstv. stefndi að því að lækka laun á næsta ári og hæstv. fjmrh. hefur sagt að það eigi að lækka kaupmátt launa á næsta ári. Nú er lánskjaravísitölunni breytt. Nú er allt í lagi að hækka byggingarvörur af því að sú hækkun vegur minna í vísitölunni en áður. Þannig er komið fyrir forustumanni Alþb., flokki verkalýðsins, að hann í launastöðvuninni ætlar að taka upp slíka vísitöluleiki. Hugsið ykkur þau örlög hæstv. fjmrh. að fara í slíka vísitöluleiki.

Við skulum taka heimilistækin. Eru þau ekki nauðsynjavörur? Auðvitað eru þetta nauðsynjavörur. Ég skal að vísu viðurkenna að mér sýnist að hæstv. ráðherra hafi hækkað vörugjöld á skriðdrekum. Ég veit ekki hvort það er vegna þess að hann er á móti hernaði eða vegna hins að hann er svo mikill friðarsinni að hann vill frekar hafa vörugjöld á skriðdrekum. Alþýðubandalagsfulltrúarnir á þingi sl. vetur hlógu mikið að því að það hefðu verið lækkuð vörugjöld á skriðdrekum. Nú hefur hæstv. ráðherra hækkað vörugjöld á skriðdrekum. Það getur vel verið að hann afli sér vinsælda í friðarhreyfingum úti um heim með því að hækka vörugjöld á skriðdrekum, en ég kannast ekki við að þeir hafi verið fluttir inn í landið, a.m.k. ekki alllengi.

Þá vil ég, hæstv. ráðherra, benda á að í II. lið ákvæða til bráðabirgða er ákvæði sem getur hugsanlega mismunað annars vegar innflytjendum og hins vegar þeim sem framleiða vörur hér á landi. Ég bið, eins og hæstv. ráðherra segir og er búinn að segja sex sinnum í dag, hæstv. ráðherra „í fullri einlægni" að skoða hvort það sé hugsanlegt að breyta þessari grein með tilliti til þess að ekki verði um mismunun að ræða.

Hér hefur talsvert verið rætt um hvort þessi hækkun, um 1600 millj. kr., komi til með að bitna á neytendum. Einhverjir verða að taka á sig þessar 1600 millj. Telur hæstv. ráðherra að verslunin geti gert það eftir að verslunin er búin að taka á sig 3% gengislækkunina eins og hann sagði áðan? Telur hæstv. ráðherra að Kron geti gert það? Eða telur hæstv. ráðherra kannski að verslunin þurfi að varpa þessum kostnaði af sér og yfir í verðlagið? Mér fannst ræða hæstv. ráðherra ekki vera sannfærandi og allra síst, eins og kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, þegar hann í hinu orðinu sagði að nú gæti kaupæði hafist og þess vegna lægi svo óskaplega mikið á því að afgreiða þetta frv. (**Forseti:** Ég vildi aðeins vekja athygli hv. þm. á því að nú er sá tími kominn að ætlað var að ljúka þessum fundi og ef hann ætti ekki ýkja langt eftir að ljúka ræðunni, hins vegar að gera þá hlé til upphafs næsta fundar.)

Virðulegur forseti. Ég get senn farið að ljúka mínu máli. Niðurstaða mín er sú að það sé ekki hægt að styðja frv. Þetta frv. er þess eðlis að það verður að skoða það við hliðina á öllum öðrum skattaáformum ríkisstjórnarinnar og við hliðina á þeim aðgerðum sem átt hafa sér stað fyrr á þessu ári. Það kemur þess vegna ekki til greina að Sjálfstfl. styðji frv., a.m.k. eins og það er útbúið af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Ég minni á það, sem ég sagði, að þegar hæstv. utanrrh. lækkaði vörugjaldið og gerði það einfaldara í sniðum var það gert til þess að fá fram skilvirkara eftirlit, en jafnframt, og það er mjög mikilvægt atriði, lagði þáverandi fjmrh. áherslu á að við værum að nálgast þær reglur sem giltu á fríverslunarsvæðunum í Evrópu, bæði í EFTA og innan Evrópubandalagsins. Okkur veitir ekki af því, hæstv. ráðherra, að leyfa íslenskum iðnaði að þróast með þeim hætti að hann geti tekið þátt í samkeppni við erlendan iðnað þegar kemur að 1992 og þeim sameiginlega markaði sem þá verður komið á. Það er nóg að íslenskur samkeppnisiðnaður þurfi að búa við að ríkisstjórnin, a.m.k. hæstv. forsrh., lýsi því yfir ótt og títt að gengið sé rangt skráð og að ríkisstjórnin hæstv. haldi úti falskri gengisskráningu með því að borga með frystingunni í landinu og ætli sér þannig að ganga af iðnaðinum dauðum. Það er það sem hæstv. ríkisstjórn gerir með því að berja höfðinu við steininn í gengismálunum. Nú á þetta að bætast við. Nú á það að bætast við að samkeppnishæfni íslensks iðnaðar sé skert og það hlýtur að vera næg röksemd fyrir því að ekki er hægt að styðja frv. eins og það kemur frá hæstv. ríkisstjórn.

Að allra síðustu vil ég skora á hæstv. ráðherra að hugleiða í kvöld og nótt og til morguns, eða þangað til við höldum áfram þessari umræðu, hvort ekki sé kominn tími til þess að hæstv. ríkisstjórn viðurkenni að hún hefur ekki þann meiri hluta í þessari hv. deild sem hún þarf til að koma málum óbreyttum fram, hvort hún vilji ekki vera svo góð, til þess að einfalda og auðvelda þessi mál, að taka upp samningaviðræður við stjórnarandstöðuna sem er helftin í þessari hv. þingdeild. Aðeins þannig getur hæstv. ráðherra vænst þess að afgreiðsla þessara mála verði með öðrum hætti en í skötulíki.

Umræðu frestað.

EFRI DEILD

17. fundur, miðvikudaginn 7. des., kl. 2 miðdegis.

Grunnskóli, 1. umr.

Frv. GA o.fl., 154. mál (skólanefndir). — Þskj. 165.

Flm. (Guðrún Agnarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 63/1974, með síðari breytingum, sem er 154. mál þessa þings á þskj. 165. Meðflutningsmenn mínir eru hv. þm. Danfríður Skarphéðinsdóttir, Guðmundur H. Garðarsson, Jón Helgason, Karl Steinar Guðnason, Karvel Pálmason, Margrét Frímannsdóttir, Ólöf Hildur Jónsdóttir, Salome Þorkelsdóttir og Valgerður Sverrisdóttir.

Það fer vel á því að halda áfram þeim ágætu umræðum um skólamál sem hér fóru fram í deildinni í gær. Þetta frv. er einmitt í anda þeirrar valddreifingar í menntamálum sem hæstv. menntmrh. lýsti sig hlynntan og boðaði reyndar í umræðunum í gær.

Grunnskólalögin voru til mikilla bóta á þeim tíma sem þau voru sett og mörkuðu sannarlega tímamót í mótun skólastefnu. Þótt andi þeirra sé vissulega enn í fullu gildi gera breyttir tímar samt kröfu um ýmsar lagfæringar á skipulagi grunnskólans. Í máli hæstv. ráðherra í gær kom einmitt fram hve mikil fólksfjölgun hefur orðið á höfuðborgarsvæðinu frá því að grunnskólalögin voru sett. Það er ekki síst vegna aðflutnings fólks utan af landi í leit að atvinnu, menntun og þjónustu. Svipað má segja um aðra þéttbýlisstaði. Þar hefur einnig fjölgað íbúum. Í kjölfarið fylgir nauðsyn á því að breyta skipulagi í samræmi við þarfir fólksins.

Í þeim vinnuhópi, sem hv. 6. þm. Reykn. veitti forstöðu á árunum 1983–1985 og fjallaði aðallega um tengsl fjölskyldu og skóla, var lögð meginhersla á mikilvægi þessara tengsla og bent á ýmsar leiðir til að auka þau. Ein af tillögum vinnuhópsins var einmitt að koma á fót skólaráðum til ráðuneytis skólastjórnum þar sem foreldrar ættu aðild en frv. þess efnis er einmitt flutt af hv. þm. Salome Þorkelsdóttur ásamt þingmönnum annarra flokka á þskj. 31. Segja má að þetta frv. sé í raun samstiga frv. hv. 6. þm. Reykn. og nánari útfærsla á þeim hugmyndum sem komu fram í vinnuhópnum sem áður var getið um. Tilgangur þessa frv. er fyrst og fremst að færa yfirstjórn skólamála, í þessu tilviki starf skólanefndar, nær vettvangi, auka lýðræði og áhrif íbúa skólahverfis á stjórn skóla og auðvelda þannig samstarf einstakra skóla og skólanefnda og gera það markvissara en nú er.

Það er álit flm. að með þessum hætti aukist líkur á því að málefni einstakra skóla fái betri umfjöllun og afgreiðslu fyrr en nú er og einnig að íbúar einstakra íbúðahverfa geti haft aukin áhrif á þróun skólamála í sínu nánasta umhverfi. Enn fremur er brýnt að aðilum máls verði gert auðveldara að bregðast sameiginlega við einstökum þáttum skólastarfs en jafnframt hafa aukin áhrif á velfarnað og þróun skólastarfs almennt í fræðsluumdæmi Reykjavíkur.

Þótt ekki séu allir á eitt sáttir um stefnu í skólamálum hljóta þó flestir að vera sammála um að mikilvægt sé að farsælt samstarf takist með foreldrum og skólamönnum. Áhugi foreldra og aðhlynning að skólastarfi eru afar mikilvæg og geta skipt sköpum um gengi barna og ungmenna í námi og starfi. Ef fjarlægðin milli foreldra og annarra velunnara nemenda og yfirstjórnar skólamála í skólahverfi er of mikil minnka möguleikar á samstarfi þessara aðila. Yfirsýn skólayfirvalda yfir hinn eiginlega starfsvettvang verður einnig minni eftir því sem fjöldi nemenda er meiri og skólahverfið er stærra.

Í þessu frv. eru lagðar til breytingar á almennum ákvæðum nokkurra greina grunnskólalaga en við blasir að það mun, ef að lögum verður, fyrst um sinn aðeins hafa áhrif á skipan skólamála í Reykjavík.

Ég vil þá víkja að greinum frv. og lesa 1. gr., með leyfi forseta, en hún er svohljóðandi:

„1.–3. mgr. 16. gr. laganna orðast svo:

Skólahverfi er sú eining er stendur að einum grunnskóla, annaðhvort skóla í heild eða hluta hans. Sveitarfélag sem rekur tvo eða fleiri grunnskóla innan marka sinna telst þó eitt skólahverfi séu íbúar færri en 20 þúsund. Sveitarfélögum með fleiri en 20 þúsund íbúa skal skipta niður í fleiri en eitt skólahverfi. Eitt sveitarfélag eða fleiri eða hlutar sveitarfélaga geta myndað skólahverfi.

Það er skólahverfi:

a. Þar sem sveitarfélag með færri en 20 þúsund íbúa rekur grunnskóla eða hluta hans án samvinnu við önnur sveitarfélög.

b. Þar sem hluti sveitarfélags með fleiri en 20 þúsund íbúa rekur tvo eða fleiri grunnskóla.

c. Þar sem fleiri sveitarfélög en eitt reka grunnskóla eða hluta grunnskóla í félagi með fullri eða misjafnri þátttöku árganga.

Sama sveitarfélag getur átt aðild að fleiri en einu skólahverfi sem hér segir:

1. ef íbúar eru fleiri en 20 þúsund,

2. ef það skiptist landfræðilega milli a.m.k. tveggja skólahverfa,

3. ef árgangar þess á grunnskólastigi sækja ekki allir sama skólann en eiga skólasókn til tveggja eða fleiri skólahverfa.“

Um þessa grein er það að segja að hér er sú breyting lögð til að skylt er að skipta sveitarfélögum með fleiri en 20 þúsund íbúa niður í fleiri en eitt skólahverfi. Að öðru leyti er greinin óbreytt.

Ekkert sveitarfélag annað en Reykjavík hefur nú fleiri en 20 þúsund íbúa. Því kemur breytingin til að byrja með einungis til með að varða Reykjavík.

Reykjavík er nú eitt skólahverfi með eina skólanefnd. Fræðsluráð Reykjavíkur á samkvæmt gild-

andi lögum jafnframt að fara með hlutverk skólanefndar. Þetta fyrirkomulag má rekja aftur til laga um fræðslu barna, nr. 34/1946, en með þeim lögum voru fræðsluráðin sett á stofn. Í 26. gr. þeirra laga er eftirfarandi ákvæði:

„Í kaupstöðum er heimilt að fela fræðsluráði störf skólanefndar ef fræðslumálastjórn mælir svo fyrir og hlutaðeigandi bæjarstjórn samþykkir."

Ljóst er að þetta fyrirkomulag gat gilt á þeim tíma sem lög þessi voru sett þegar Reykjavík var kaupstaður með innan við tíu skóla. Nú skipta skólarnir þar tugum og nemendur í grunnskóla voru í október sl. 14.221. Löngu er því tímabært að breyta því fyrirkomulagi sem gilt hefur um skólahverfið Reykjavík í 42 ár.

Ég vil svo lesa 2. grein frv., með leyfi forseta, en hún er svohljóðandi:

„1. og 2. mgr. 17. gr. laganna orðast svo:

Í sérhverju skólahverfi skal vera skólanefnd sem fer með málefni grunnskóla eftir því sem lög þessi og reglugerðir nánar ákveða. Skólanefnd skal kosin til fjögurra ára í senn af hlutaðeigandi sveitarstjórn (sveitarstjórnum). Í Reykjavík skulu fulltrúar í skólanefnd vera kosnir úr hópi íbúa í viðkomandi skólahverfi.

Í sveitarfélagi með fleiri en 20 þúsund íbúa, þar sem grunnskólar eru tveir eða fleiri, fara fleiri en ein skólanefnd með málefni þeirra. Við það skal miðað að eigi séu til jafnaðar fleiri en 15 þúsund íbúar að baki hverrar skólanefndar. Í fámennari sveitarfélögum, þar sem grunnskólar eru tveir eða fleiri, fer ein skólanefnd með málefni þeirra. Skólanefnd sér um skiptingu nemenda milli þeirra og samræmir rekstur þeirra eftir því sem hún telur haganlegt."

Samkvæmt þessari grein er gert ráð fyrir þeirri breytingu að við kosningu í skólanefndir í Reykjavík skuli skólanefndarmenn kosnir úr hópi íbúa viðkomandi skólahverfis. Ákvæðið varðar einungis Reykjavík. Það skýrir sig sjálft þar sem breytingarnar varða fyrst og fremst það skólahverfi, a.m.k. til að byrja með. Í skólahverfum úti á landi kemur það af sjálfu sér að íbúar á staðnum veljist í skólanefnd.

Í greininni er sett fram viðmiðunartala varðandi fjölda íbúa að baki hverri skólanefnd í Reykjavík. Talan 15 þúsund er sett fram sem æskileg viðmiðun um hámark íbúa.

Ég les þá 3. grein, með leyfi forseta, en hún er svohljóðandi:

„7. og 8. mgr. 18. gr. laganna orðast svo:

Í skólanefndum í Reykjavík skulu kennarafulltrúar vera tveir og einn fulltrúi foreldra í skólahverfinu með málfrelsi og tillögurétti.

Skólastjórar skólahverfisins og yfirkennarar í forföllum þeirra eiga rétt á setu á skólanefndarfundum og hafa þar málfrelsi og tillögurétt."

Flm. þykir ástæða til að setja inn í 18. gr. laganna ákvæði um setu fulltrúa foreldra úr skólahverfinu í skólanefnd. Þetta nýmæli er löngu tímabært. Áhrif foreldra á skólastarf þurfa að aukast. Verði frv. þetta að lögum geta foreldrar haft bein og aukin áhrif á yfirstjórn skólahverfis síns.

Að lokum vil ég lesa 4. gr., með leyfi forseta:

„Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda að loknum næstu almennu sveitarstjórnarkosningum árið 1990."

Það er reyndar ljóst að um töluverðar breytingar verður að ræða í Reykjavíkurumdæmi sem þarf að undirbúa vandlega og fjalla um af vandvirkni af þar til bærum aðilum. Einnig munu breytingarnar hafa í för með sér einhvern kostnaðarauka. Ekki er áformað að þær komi til framkvæmda fyrr en við næstu sveitarstjórnarkosningar árið 1990. Þannig ætti að gefast góður tími til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að mæta breytingunum.

Flm. hafa við samningu frv. einkum haft þann vanda Reykvíkinga í huga að Reykjavík er eitt skólahverfi skv. grunnskólalögum. Þeir telja þó að sami vandi geti birst í öðrum byggðarlögum og kunni jafnvel þegar að hafa gert það. Því eru þeir fúsir að lækka viðmiðunartöluna 20 þúsund, sem nefnd er í 1. og 2. gr. frv., t.d. í 10 þúsund ef aðrir þingmenn telja það til bóta.

Vandinn sem hér um ræðir felst í núgildandi ákvæði grunnskólalaga (16. gr.) sem heimilar ekki að einu sveitarfélagi sé skipt í fleiri en eitt skólahverfi. Þessi skipan í Reykjavík hefur m.a. leitt til þess að samskipti milli skóla og skólayfirvalda verða afar þung í vöfum.

Fræðsluráð, sem lögum samkvæmt er jafnframt skólanefnd skólahverfisins í Reykjavík, hefur átt æ erfiðara með að fá innsýn í starfsemi einstakra skóla. Það liggur í hlutarins eðli að eftir því sem skólum fjölgar í skólahverfi verður erfiðara að hafa yfirsýn yfir vanda einstakra skóla og að halda jafnt nánu samstarfi við skólana og aðstandendur nemendanna. Fundir með skólastjórum skólahverfisins vilja fá á sig ráðstefnusvip og eru þess vegna næsta sjaldan haldnir. Hætta er á að fræðsluyfirvöld fjarlægist þannig smám saman hið daglega skólastarf.

Erfitt hefur verið fyrir íbúa Reykjavíkur að hafa bein tengsl við skólastarfið í borginni á seinni árum, enda eru grunnskólar í Reykjavík um 30 talsins ef allt er talið. Nú er því svo komið að mörgum foreldrum finnst þeir harla lítið vita um skólastarf almennt í borginni og enn minni áhrif hafa á stefnu og framkvæmd skólahalds í skólahverfinu.

Miðað við þær upplýsingar, sem til eru um fjölda nemenda, aðstandendur þeirra og fjölda skóla, liggur í augum uppi að breytingarnar eru nauðsynlegar og löngu tímabærar.

Reykjavík hefur að ýmsu leyti goldið stærðar sinnar gagnvart löggjafanum og kemur það m.a. fram í grunnskólalögum, svo ágæt sem þau annars eru að flestu leyti.

Reykjavík er langfjölmennasta fræðsluumdæmi landsins með 93.425 íbúa (desember 1987) og 14.221 nemanda í 29 grunnskólum (október 1988). Margir þessara skóla eru mjög fjölmennir. Seljaskóli og Hólabrekkuskóli eru þeirra fjölmennastir með 1426 og 1015 nemendur og innan við tíu skólar eru með

færri en 300 nemendur. Eigi að síður telst Reykjavík eitt skólahverfi, en eins og áður hefur komið fram fer fræðsluráð með hlutverk skólanefndar í Reykjavík.

Til samanburðar er fámennasta fræðsluumdæmið, Vestfirðir, með 1802 nemendur og Norðurland eystra, sem er fjölmennast utan höfuðborgarsvæðisins, með 4736 nemendur. Í þessum umdæmum hefur yfirleitt hver skóli sína skólanefnd ef Akureyri er undanskilin. Á Norðurlandi eystra eru 28 skólanefndir utan Akureyrar en þar er sami háttur á og í Reykjavík, þ.e. ein skólanefnd. Sama fyrirkomulag er einnig í Kópavogi, sem hefur 15.037 íbúa, og Hafnarfirði, sem hafði 13.780 íbúa (desember 1987).

Með fyrrgreindum upplýsingum er þó ekki nema hálf sagan sögð. Íbúum Reykjavíkur hefur fjölgað mikið á undanförnum árum og borgin hefur þanist út yfir mjög stórt svæði. Þannig eru nú þrjú íbúðahverfi í byggingu í Grafarvogi og ráðgerð eru þrjú íbúðahverfi í Borgarholti. Í heild verður 17 til 20 þúsund manna byggð í nýju íbúðahverfunum í Grafarvogi og Borgarholti.

Það er því augljóslega löngu orðið úrelt fyrirkomulag og getur ekki með nokkrum sanni talist fullnægjandi lengur að ætla Reykjavík að vera áfram eitt skólahverfi með einni skólanefnd.

Auk áðurgreindra atriða eru fleiri sem þarf að huga að og vega þungt varðandi breytingar í Reykjavík. Þar er átt við reiknireglur um heildarstundafjölda, áætlanagerð og uppgjörsreglur varðandi rekstrarkostnað í skóla í skólahverfinu samkvæmt reglugerð um rekstrarkostnað grunnskóla, nr. 213 1975. Nemendafjöldi í bekk er reiknaður út á grundvelli alls skólahverfisins og er miðað við ákvæði 46. gr. laganna um meðaltals- og hámarksfjölda nemenda í einstakri bekkjardeild. Þetta leiðir m.a. til þess að hlutfall nemenda á hvern kennara verður ætíð í hámarki í Reykjavík þó að meðaltal nemenda í bekkjardeildum borgarinnar í heild sé lágt og reyndar lægra en lög segja til um. Af sömu ástæðum er mismunur milli einstakra skóla varðandi fjölda nemenda í bekkjardeildum einnig töluverður í Reykjavík. Víða í hinum dreifðari byggðum landsins er þetta leyst með því að tveimur eða fleiri árgöngum er kennt saman.

Annað sem einnig þarf að taka tillit til varðar reglur um endurskoðun áætlana fyrir rekstrarkostnað skóla, en í reglugerð um rekstrarkostnað grunnskóla segir í 7. gr., með leyfi forseta:

„Í síðasta lagi þrem vikum áður en kennsla hefst að hausti skal skólastjóri og skólanefnd endurskoða áður gerða áætlun um rekstrarkostnað skóla og áætlaða kostnaðarskiptingu milli sveitarfélaga og ríkis."

Þessi endurskoðun og aðgerðir sem krafist er samkvæmt reglugerðinni eru ekki unnar með þessum hætti í Reykjavík enda illframkvæmanlegar við núverandi aðstæður að mati flm.

Frv. gerir ráð fyrir að Reykjavík verði skipt niður í 6–8 skólahverfi eftir nánari ákvörðun menntmrn., sbr. 16. gr. laganna. Skólanefnd skal kosin til fjögurra ára í senn. Í Reykjavík skal hún kosin úr hópi íbúa viðkomandi skólahverfis. Hér eru einungis gerðar tillögur um breytingar varðandi Reykjavík, en eins og áður segir eru flm. tilbúnir að ræða sams konar breytingar fyrir önnur skólahverfi ef um það koma ábendingar. Gert er ráð fyrir að skólanefndir þær sem stofnaðar verða samkvæmt frv. þessu fái sömu stöðu og skólanefndir í öðrum fræðsluumdæmum hafa nú samkvæmt lögum.

Ég vil svo, herra forseti, mælast til þess að að lokinni umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég vil lýsa stuðningi mínum við þetta þmfrv. sem hér er flutt og mælt var fyrir hér af hv. 6. þm. Reykv. Ég sé að um það er víðtæk samstaða hér í hv. deild og ég fagna því, enda er það í góðu samræmi við þá umræðu sem fram fór um skólamál hér í deildinni í gær, og heiti á deildina og menntmn. að reyna það sem unnt er til þess að hraða niðurstöðu þessa máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Veiting ríkisborgararéttar, 3. umr.

Stjfrv., 110. mál. — Þskj. 187.

Frsm. allshn. (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Eftir 2. umr. bárust allshn. tvær umsóknir um ríkisborgararétt sem virðast að öllu uppfylla þau skilyrði sem Alþingi hefur sett um veitingu ríkisborgararéttar. Þar er um að ræða tvær systur eins þess sem er nú inni í frv. og varð allshn. sammála um að leggja til að þessum tveimur aðilum yrði bætt við inn í 1. gr. frv. Þess vegna leyfi ég mér að flytja hér skriflega brtt. frá allshn. við 1. gr. frv. á þá leið að við greinina bætist í stafrófsröð:

a. Gallagher, Elísabet, barn í Keflavík, f. 12. maí 1975 í Reykjavík.

b. Gallagher, Kristín Valgerður, barn í Keflavík, f. 12. september 1978 í Reykjavík.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. 190, sem var of seint fram komin, samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 190 samþ. með 17 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Skattskylda innlánsstofnana, 1. umr.

Stjfrv., 161. mál (fjárfestingarlánasjóðir). — Þskj. 172.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana. Eins og fram hefur komið er þetta eitt af svokölluðum tekjuöflunarfrv. sem hæstv. ríkisstjórn er að flytja þessa dagana hér á Alþingi. Ég vona hins vegar að um þetta frv. geti náðst breiðari samstaða en um sum önnur, m.a. vegna þess að í þessu frv. er gerð tillaga um það að fjárfestingarlánasjóðir og veðdeildir bankastofnana verði meðhöndlaðir á svipaðan hátt og bankastofnanir og aðrar fjármálastofnanir. Þessum stofnunum verði þannig gert skylt að greiða tekju- og eignarskatt til ríkissjóðs og er á þann hátt farið inn á sömu braut og gert var með viðskiptabankana fyrir nokkrum árum síðan þegar þeir voru undanþegnir tekju- og eignarsköttum, en síðan skyldaðir til þess að greiða tekju- og eignarskatta á sama hátt og önnur fyrirtæki í landinu.

Það er rétt að minna á það að í aðdraganda þeirrar lagasetningar voru nokkuð skiptar skoðanir um það hvort bankarnir ættu að greiða tekju- og eignarskatt líkt og önnur fyrirtæki í landinu, en nú þegar litið er til baka er ljóst að það er samdóma álit allra að það sé fullkomlega eðlilegt að bankarnir falli undir tekju- og eignarskattslögin líkt og önnur fyrirtæki. Ef eitthvað er, þá er helst að heyra kröfur um að þeir greiði meira en ýmsir aðrir.

Með þessu frv. sem hér er lagt fram er verið að samræma skattlagningu allra fjármálastofnana í landinu. Ég vænti þess að hv. Alþingi sé sammála okkur um það að það sé óeðlilegt að ekki sé samræmi í tekju- og eignarskatti milli mjög skyldra aðila. Í reynd er okkar peningakerfi þannig upp byggt að allur meginþorri þessara fjárfestingarlánasjóða og veðdeilda eru mjög hliðstæð bönkunum og í sumum tilvikum eins konar armur eða hliðarstofnanir út frá viðskiptabönkunum.

Með þeim umfangsmiklu breytingum sem orðið hafa á undanförnum árum á peningamarkaði hefur þessi skattalega mismunun sem hér hefur ríkt í vaxandi mæli haft áhrif á samkeppnisstöðu einstakra fjármálastofnana. Til þess að gefa hugmynd um heildarstærðir í þessu efni má nefna að heildarhagnaður fjárfestingarlánasjóða og veðdeilda banka árið 1987 er talinn hafa verið um 1 milljarður kr. Eigið fé þessara sömu stofnana var þá talið hafa verið um 7 milljarðar kr. og heildareignir um 55 milljarðar kr. Þetta eru engar smáupphæðir á mælikvarða íslensks atvinnulífs og efnahagslífs. Hér er lagt til að þessi umfangsmikla fjármálastarfsemi sitji við sama borð í tekju- og eignarskattsálagningu eins og annar rekstur í landinu.

Mismunandi skattaleg meðferð innlánsstofnana elur á óhagræði af ýmsu tagi og skapar möguleika á því, og vil ég sérstaklega vekja athygli hv. Alþingis á því, að hagnaðurinn sé látinn koma fram í þeim hluta starfseminnar sem er skattfrjáls. Ég vakti athygli á því áðan að peningakerfið í okkar landi er þannig uppbyggt að veðdeildirnar og fjárfestingarlánasjóðirnir eru mörg mjög nátengd viðskiptabönkunum, í sumum tilfellum eins konar armur þeirrar starfsemi og með því að hafa mismunandi skattameðferð er opnað á það að hægt sé að flytja verulegt fjármagn inn í þann hluta starfseminnar sem ekki greiðir tekju- og eignarskatt. Með þessu frv. er lokað á það og lagður grundvöllurinn að því að fullkomið samræmi ríki þarna á milli.

Í þessu sambandi er nauðsynlegt að hafa í huga að íslenskar peningastofnanir hafa haft töluverða möguleika til að skammta sér hagnað og rekstrarkostnað, m.a. vegna skorts á aðhaldi sem ríkt hefur á þessum þætti og er ég þá bæði að tala um skort á aðhaldi út frá markaðssjónarmiðum og markaðssamkeppni og eins frá hinu opinbera. Ég vil í þessu sambandi vekja athygli á því, sem ég gerði reyndar við umræður um lánsfjárlög á sínum tíma í þessari hv. deild, að það er nú orðin almennt viðurkennd skoðun æ fleiri hagfræðinga, viðskiptafræðinga og sérfræðinga í peningamálum að íslenska bankakerfið starfi á fákeppnismarkaði en ekki fullum samkeppnismarkaði. Og þeir sem þekkja til lögmála hagfræðinnar vita það að það gilda allt önnur lögmál um starfsemi, rekstur og annað, fyrirtækja sem eru bundin við fákeppnismarkað en þeirra sem eru á almennum, frjálsum samkeppnismarkaði. E.t.v. hafa mörg mistök verið gerð í stjórn peningamála hér á Íslandi á undanförnum árum og ýmislegar aðrar rangar ákvarðanir verið teknar vegna þess að menn hafa haldið að kenningarnar um frjálsa samkeppni á peningamarkaði giltu um okkar litla peningakerfi. Nú er aftur á móti mjög vaxandi sá skilningur sérfræðinga að ganga verði út frá því að hér sé um fákeppnismarkað að ræða og beita þá þeim niðurstöðum og þeim greiningum sem innan hagfræðinnar, viðskiptafræðinnar og peningafræðanna almennt eiga við um fákeppnismarkað en ekki frjálsan samkeppnismarkað.

Í þessu sambandi vil ég vekja athygli hv. deildar á því að nýlega hafa verið birtar tölur sem sýna bæði óhagkvæmni íslenska bankakerfisins í samanburði við það sem gerist erlendis og þá útþenslu sem átt hefur sér stað í þessu kerfi á undanförnum árum og áratugum.

Ég hef látið gera athuganir í þessu efni og niðurstöður þeirra eru mjög fróðlegar. Þær sýna t.d. að rekstrarkostnaður banka og sparisjóða í hlutfalli við niðurstöðu efnahagsreiknings hefur verið um 4,7% hér á Íslandi, en er yfirleitt um 1–3% í nágrannalöndum okkar. Ef tækist að lækka þetta hlutfall niður í efra markið sem tíðkast í nágrannalöndum okkar, þ.e. 3%, væri hægt að spara hvorki meira né minna en 2 milljarða í rekstri íslenska bankakerfisins. Það er ótrúlega há upphæð. Hún er

svipuð og það tap sem orðið hefur í grundvallaratvinnuvegi landsmanna á þessu ári og er mörgum tilefni til umræðna um víðtækar ráðstafanir í efnahagsmálum.

Einnig varpar það ljósi á þetta vandamál að rekstrarkostnaður íslenska bankakerfisins var um 1,7% af landsframleiðslu árið 1973, en 2,2% árið 1979 og 3,5% 1986, eða á rúmum áratug hefur rekstrarkostnaðurinn sem hlutfall af landsframleiðslu vaxið úr 1,7% í 3,5%. Frekara ljósi á þessa þróun varpa þær tölur að starfsmannafjöldi í bankakerfinu óx um 140% á tímabilinu 1973–1987, en á sama tíma jukust innlánin að raungildi aðeins um 90%. Ég er sannfærður um það að ein af ástæðum þeirrar þróunar sem ég hef rakið er að fjárfestingarlánasjóðir, bankakerfi og veðdeildir hafa ekki verið skyldaðar til þess að verja hluta af sínum hagnaði til greiðslu á tekju- og eignarsköttum líkt og önnur fyrirtæki í landinu og hafa þess vegna haft meira svigrúm til þenslu en atvinnureksturinn almennt.

Virðulegi forseti. Sem dæmi um sjóði og veðdeildir sem verða skattskyldar samkvæmt þessu frv. má nefna Framkvæmdasjóð Íslands, Fiskveiðasjóð, Iðnlánasjóð, Orkusjóð, Stofnlánadeild landbúnaðarins og fleiri. Aftur á móti er rétt að vekja athygli á því að frv. hefur ekki áhrif á gildandi lagaákvæði um skattfrelsi lífeyrissjóða, opinberra tryggingar- og jöfnunarsjóða, Lánasjóðs ísl. námsmanna og annarra slíkra sjóða sem reistir hafa verið á félagslegum grundvelli. Einnig er lagt til að Byggðasjóður og Ríkisábyrgðasjóður og byggingarsjóðir ríkisins verði undanþegnir þessum ákvæðum.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frv. verði í framhaldi af þessari umræðu vísað til hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er til umræðu er kannski eitt af því fáa sem ég get tekið undir með hæstv. fjmrh. hvað varðar skattheimtu- og tekjuöflunarfrv. ríkisstjórnarinnar því að ég er nú þeirrar skoðunar að sjálfsagt og eðlilegt sé að allar banka- og innlánsstofnanir lúti sömu skattalegum skyldum og lögmálum og önnur fyrirtæki í landinu. Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar. Þess vegna geri ég í sjálfu sér ekki neinar stórvægar athugasemdir við það að ýmsir sjóðir, fjárfestingarsjóðir og aðrar peningastofnanir sem áður hafa verið undanþegnar skattskyldu bætist nú við því að ég held að það sé alveg hárrétt sem kom hér fram áðan hjá hæstv. ráðherra að skattskylda viðskiptabankanna hefur gefið góða raun. Hins vegar er hér kærkomið tækifæri að ræða almennt um bankakerfið og peningakerfi landsmanna. Það er og hefur verið mjög gagnrýnt að undanförnu og hafa menn vakið athygli á ýmsum atriðum, m.a. hvað rekstrarkostnaður þess er geigvænlegur eins og kom vel fram í ræðu hæstv. ráðherrans áðan.

Það er t.d. eitt atriði sem ég hef velt mikið fyrir mér. Eftir að gírógreiðslur komu til sögunnar hafa umsvif bankanna aukist verulega og ég hef grun um að aukningu starfsmannahalds í bönkunum megi að nokkru leyti rekja til þess að greiðsla gegnum gíróreikninga hófst hér fyrir allmörgum árum. Ég hef tekið eftir því að á hinum Norðurlöndunum er mun algengara að þessar greiðslur fari í gegnum pósthús frekar en bankana og kann að vera skýring fólgin í þessu á því að mikil aukning hefur orðið á starfsmannahaldi bankanna, að þeir hafa orðið að taka við þessari þjónustu sem í nágrannalöndunum virðist fara fram í gegnum pósthúsin. Hér hafa því kannski bankarnir einhverja afsökun fyrir þeirri gífurlegu starfsmannaaukningu sem hefur orðið hjá bönkum og sparisjóðum án þess að ég í sjálfu sér sé að mæla henni bót.

Það kom fram áðan að íslenska bankakerfið er rekið á fákeppnismarkaði. Ég hef ekki heyrt þetta orð áður en þykir það næsta gott. Hvers vegna leyfum við þá ekki einfaldlega starfsemi erlendra banka hér til þess að veita íslensku bönkunum aðhald og samkeppni? Ég hef aldrei séð neitt athugavert við það þó að hér störfuðu erlendir bankar ef þeir yrðu að starfa undir sömu lögum og hefðu sömu skyldur og íslenskir bankar og önnur fyrirtæki. Það kann vel að vera að það mundi hrista upp í fjármálaheiminum og verða kannski til þess að gera peningakerfi landsins miklu heilbrigðara en verið hefur. Það er nefnilega, eins og ég hef vakið athygli á oft áður, mjög óheilbrigt fyrirkomulag sem við höfum í okkar peningamálum, að ríkið sér um allar erlendar lántökur, að mestu leyti a.m.k., og síðan er þetta erlenda lánsfé endurlánað til landsmanna á hinn furðulegasta hátt. Oft er þar um mjög mikla mismunun að ræða svo að maður tali nú ekki um þá ósvinnu þegar verið er að lána erlent lánsfé út á miklu dýrari kjörum en það er fengið. Þess vegna held ég að það væri miklu heilbrigðara að leyfa hér einfaldlega starfsemi erlendra banka og lofa þeim að koma á þeirri samkeppni sem er nauðsynleg til þess að íslenska bankakerfið takist á við að taka þátt í eðlilegri peningastarfsemi.

Það er athyglisvert þegar litið er til minni landa í Evrópu að flest þeirra hafa haslað sér völl á sviði alþjóðlegra peningaviðskipta og einmitt lagt á það ríka áherslu að laða til sín alþjóðleg peningaviskipti. Við Íslendingar höfum hins vegar alla tíð litið á okkur eins og við værum eitthvert milljónaþjóðfélag sem þyrftum ekki á slíku að halda og ættum að einangra okkur af eins og var áður tilhneiging til, sérstaklega hjá Norðurlöndunum, að einangra sig frá hinu alþjóðlega peningakerfi og meina erlendum bönkum starfsemi í viðkomandi löndum. Á meðan hin Norðurlöndin hafa nú hvert af öðru farið inn á þá braut að opna þetta og reyna að aðlagast hinu alþjóðlega peningakerfi höfum við næsta lítið gert í þeim efnum og virðumst halda áfram á þeirri einangrunarbraut sem við höfum verið á.

Það hefur oft verið bent á að það er margt sem gæti mælt með því að Ísland væri og gæti orðið miðstöð alþjóðlegra peningaviðskipta. Lega landsins býður upp á þetta. Við erum hér í alfaraleið milli t.d. Vesturheims og Evrópu og það er allt sem bendir til þess að hér væri mjög auðvelt að koma upp alþjóðlegri miðstöð peningaviðskipta og verslunarviðskipta. Það gæti vel verið að þar væri leiðin til þess að gera atvinnulífið fjölbreyttara og koma því um kring að við þurfum ekki eingöngu að treysta á sjávarútveg og aðrar undirstöðuatvinnugreinar. Því miður eru þær reknar með þeim hætti að þar eru miklar sveiflur og ýmist er hér allt í kalda koli, þjóðin rambar á barmi gjaldþrots, eins og hæstv. forsrh. orðar það, eða við erum á einhverjum miklum toppi þannig að allir eru hér á miklu eyðslu- og fjárfestingarfylliríi og vakna síðan upp við vondan draum nokkrum missirum síðar að við erum komnir niður í öldudalinn aftur.

Þess vegna hef ég alla tíð verið þeirrar skoðunar að við eigum að athuga það og a.m.k. gera tilraun með það að leyfa erlendum bönkum að starfa hér þó að við stígum ekki stórt skref í einu. Við getum t.d. byrjað með því að leyfa erlendum bönkum að opna hér umboðsskrifstofur. Ég geri ráð fyrir því að þeir mundu þá fyrst og fremst sinna fyrirtækjum og stærri aðilum en síðan kæmi vel til greina að fara lengra og leyfa einfaldlega erlendum bönkum að opna hér útibú. Þetta er til athugunar og umhugsunar.

Ég sé ekki ástæðu til að lengja þessa umræðu hvað frv. varðar, en ítreka það sem ég sagði í upphafi að þetta er kannski eitt af þeim fáu tekjuöflunarfrv. ríkisstjórnarinnar sem ég geri engar sérstakar athugasemdir við.

Hins vegar langar mig til að spyrja, mér finnst það ekki koma nægilega skýrt fram í grg. með frv., hvaða röksemdir eru fyrir því að undanskilja Ríkisábyrgðasjóð, Byggðasjóð og byggingarsjóði ríkisins undan þessari skattskyldu? Nú kunna að vera gild rök fyrir því, en það væri þá rétt að fá þau fram því að það er nánast ekkert um þetta fjallað í grg. með frv., aðeins sagt að þetta sé tæmandi talning á þeim aðilum sem verða undanskildir skattskyldunni og mundi ég óska eftir að fá svör við þessu á eftir.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Við upphaf þessarar umræðu hafði formaður Sjálfstfl. tjáð mér að hæstv. fjmrh. hefði gjarnan viljað stuðla að því að þetta mál kæmist til *nefndar án mikilla umræðna*. Ég hafði þess vegna ekki gert ráð fyrir að tala mikið eða lengi. Við gátum vel fallist á það, hefðum meira að segja getað gert það í gær, en nú hefur hæstv. ráðherra hins vegar upphafið einhvers konar allsherjar umræður um skort á aðhaldi í peningamálum, fákeppnismarkað, peningafræði og alla þessi speki sem við fáum stundum að heyra frá þessum sömu hámenntuðu ráðherrum. Það gefur manni auðvitað tilefni til þess að fara eitthvað út í þá sálma alla saman. Að vísu væri þá æskilegast að hafa kollega hæstv. fjmrh., hæstv. viðskrh., viðstaddan. Hann mun nú vera í Nd. og ef maður þyrfti sérstaklega að ávarpa hann mundi ég kannski biðja um að hann yrði hingað til kvaddur.

Hæstv. ráðherra sagði að meginmarkmið frv. væri að jafna stöðu lánastofnana og sjálfsagt er eitthvað *til í því að það sé eitt af markmiðunum*, en hann viðurkenndi þó í upphafi málsins að fyrst og fremst væri hér um fjáröflunarfrv. að ræða. Þetta er auðvitað eitt af skattafrv. Það er leitað að sköttum hvar sem er. Það er nú lítið orðið eftir óskattlagt nema þá kannski andrúmsloftið, þannig að eðlilegt er náttúrlega að leita á fjármagnsmarkaðina og reyna að ná þar í einhver hundruð milljóna. Það er kannski ástæða til þess strax nú að óska eftir því við hæstv. ráðherra að hann láti okkur í hv. fjh.- og viðskn. *fá þó að ekki væru nema lauslegar áætlanir* um upphæð þess skatts sem ráðherra óskar með flutningi þessa frv. að á verði lagður.

Hann segir að mikil óstjórn sé í íslenska bankakerfinu og kostnaður þar allt of mikill. Hann þarf ekkert að segja mér um það. Ég flutti hér ásamt fleiri mönnum strax árið 1977 einmitt þáltill. um það að reynt yrði að auka sparnað í íslenska fjármálakerfinu og er þess vegna fullmeðvitaður um það að þar má mikið um bæta. Það er hins vegar ekki vegna skorts á aðhaldi. Það er nú eitthvað annað.

Hæstv. ráðherra segir að vandi sjávarútvegsins nú, ef ég hef skilið hann rétt, þ.e. tapið, sé eitthvað svipaður eins og gróðinn eða umframkostnaður íslenska bankakerfisins, þ.e. tveir milljarðar. Vel má vera að það megi lækka kostnað íslenska bankakerfisins um 2 milljarða, ég skal ekki draga það í efa, en að vandi íslenska sjávarútvegsins, frystihúsanna t.d. og atvinnuveganna yfirleitt, sé eitthvað á þessari breiddargráðu, það er náttúrlega algjörlega út í bláinn. Það vita allir menn, ekki bara þeir sem við atvinnurekstur fást, heldur líka fólkið í landinu.

Þennan vanda atvinnuveganna á nú að auka, að sjálfsögðu með því að ríki heimti enn meira í sinn hlut en nokkru sinni áður í sögunni. Mér telst svo til að þeir skattar sem nú er talað um að leggja á þjóðina og þar með auðvitað atvinnuvegina, vegna þess að féð sem þjóðin greiðir kemur hvergi annars staðar frá en frá atvinnuvegunum. Það er að vísu rétt að um það bil þriðjungur af launatekjum í þjóðfélaginu er á vegum ríkis og sveitarfélaga, en ⅔ allra launagreiðslna og útgjalda eru frá atvinnuvegunum þrátt fyrir allt. Ríkið hefur þann háttinn á að skattleggja fólkið og einhvers staðar verður fólk að afla teknanna til þess að borga skattana, t.d. vörugjaldið sem nú á að leggja á o.s.frv.

En ég ætla að endurtaka þetta. Ég er ekki viss um að menn hafi gert sér grein fyrir því að ⅔ af launagreiðslum í þessu landi eru þó enn á vegum atvinnulífsins, einstaklinga, félaga þeirra, samtaka og atvinnuveganna í heild sinni, en þriðjungur hjá ríkinu. Þetta er ósköp þægilegt hjá ríkinu, segja þeir. Við getum bjargað okkur, við getum náð með sköttum í þennan þriðjung af launagreiðslunum og í

gengisbreytingarnar því að útgjöld ríkisins þegar upp er staðið eru raunar ekkert annað en beinar og óbeinar launagreiðslur og svo gjaldeyrisnotkun. En þeir ætla núna að leggja á u.þ.b. 6 milljarða í nýjum sköttum til þess að komast hjá halla á fjárlögunum sem væntanlega verður í kringum 6 milljarðar núna eftir nýjustu upplýsingum. Þetta var raunverulega gert í fyrrahaust og þetta hefur verið gert margsinnis á liðnum áratugum eins og menn vita. Ríkið ætlaði að bjarga sér með því að leggja á skatta og varðaði þá auðvitað ekkert um atvinnuvegina. Raunin hefur reyndar orðið sú að hallinn hefur farið vaxandi eiginlega í réttu hlutfalli við aukna skattheimtu, einmitt af þeim sökum að gjaldahlið er nefnilega til á fjárlögum líka og ekki bara tekjuhlið. Það hefur enginn maður skýrt betur en einmitt hæstv. fjmrh. í utandagskrárumræðu nú fyrir skömmu í sameinuðu þingi þegar hann gerði grein fyrir stöðu ríkissjóðs. Þar sagði hann og lagði á það áherslu, sem var alveg rétt hjá honum: Gjöldin hafa hækkað miklu meira en við héldum og tekjurnar miklu minna. Og auðvitað hækka tekjurnar enn þá minna núna þegar þeim er að takast áform sitt sem er ekkert dulið. Þeir eru ekkert að dylja það að þeir ætli að koma á kreppu og atvinnuleysi, það segja þeir í öðru hverju orði, og ætla þar að auki að lækka kaupið þó að allir viti að verðlagið og allur kostnaður muni rjúka upp úr öllu valdi á næstu mánuðum. Það veit hvert einasta mannsbarn. Það er ekkert sem stöðvar það.

Jú, jú. Þetta er svo sem allt í lagi, við getum bjargað ríkissjóði. Við getum bara tekið meira og meiri og meiri skatta. En hver á að borga útgjaldaaukann hjá atvinnuvegunum, tveim þriðju af gjöldunum í þjóðfélaginu? Hver á að gera það? Hv. þm. Skúli Alexandersson, stjórnarstuðningsmaður, hver á að gera það? Ráðherrann getur ekki svarað því. (**Gripið fram í:** Þýðir ekkert að spyrja hann.) En hv. þingmaður getur það. Hann veit að þá peninga er hvergi hægt að taka. Það er búið að hirða þá í annað.

Þá er það þessi peningafræði sem hæstv. ráðherra nefndi og þessi fákeppnismarkaður og skortur á aðhaldi í peningakerfinu. Hvar í veröldinni halda menn að önnur eins yfirstjórn sé á peningakerfi eins og hér þegar Seðlabanki bindur í raun og veru 23% af öllu sparifé til þess að ráska með fyrir ríkið og opinbera aðila? Og þegar ríkisvaldið svíkst um þá meginskyldu sína að sjá til þess að eðlilegt peningamagn sé í umferð. Það er meira að segja tekið fram í að ég hygg 3. gr. seðlabankalaga að það sé hans meginhlutverk að peningamagn sé nægilegt til þess að atvinnuvegirnir geti gengið með eðlilegum hætti. Ríkisvaldið hefur í langa tíð komið í veg fyrir það að atvinnuvegirnir gætu starfað með fullum þrótti, með því einmitt að svíkjast um að gefa út peninga og segja að það verði svo óskapleg þensla að það geti jafnvel farið svo að allir hafi fulla atvinnu og jafnvel að þeir hafi sæmileg laun. Þenslan sé svo óskaplega hættuleg. Þetta er auðvitað skipulagt allt saman með Ólafslögum og öðru slíku. Þessir menn, eins og t.d. hæstv. viðskrh., hafa haft í höndum tæki sem þeir eru alltaf að tala um, þeir eru alltaf að tala um að þá vanti tæki til að stjórna efnahagslífinu. Þeir eru búnir að vera með hamra og sleggjur og naglbíta í þessu þjóðfélagi upp og niður, út og kruss alla tíð. Ofstjórnarbrjálæði? Það er líklega ekki hægt að segja það í þingræðu. Ofstjórnaræði mundi alla vega vera þinglegt. Og bið ég forseta afsökunar á því að ég var nærri búinn að nota óþinglegt orð.

Um þetta getum við auðvitað rætt í allan dag, á morgun og hinn daginn og væri mjög gaman að því út af fyrir sig. Og auðvitað eigum við eftir að taka einhverja svona rispu við hæstv. fjmrh. Ég vil bara enn og aftur undirstrika það að þessi stefna í ríkisfjármálum og í peningamálum getur ekki gengið upp. Skattarnir sem nú eru á lagðir, líklega 6 milljarðar ef þá ríkisstjórnin yfirleitt hefur þingmeirihluta til að koma þessum ósköpum á, til að klekkja á þjóðinni með þessum hætti, setja atvinnuvegina endanlega á hausinn og heimilin — ef þeir hafa þinglegan styrk til þess þá eru það sjálfsagt einir 6 milljarðar sem ekki þýða það að 6 milljarða gati verði lokað á ríkissjóði. Það verða 12 milljarðar næst ef þeir sitja áfram vegna þess að tekjurnar munu ekki vaxa en útgjöldin munu auðvitað vaxa þegar fólkið verður að velta byrðunum af sér yfir á atvinnuvegina og ekkert er annað fyrir stafni en stórfelld gengisfelling. Hún er þegar komin nokkur. Það væri hægt að bjarga þessum málum kannski með því að fella gengið núna t.d. um 13%.

Ég held að enginn hagfræðingur, jafnvel ekki þeir, mundi mótmæla því að það sé auðvelt að reikna það dæmi að þó að gengið væri fellt um 13% yrðu engin áhrif af því á verðlag í landinu ef söluskattur yrði samhliða lækkaður um 5%. Hann byrjaði nú söluskatturinn á Íslandi með 2% eins og menn muna. Í Efnahagsbandalaginu, Evrópubandalaginu, verður ekki leyfilegt að hafa neinn söluskatt eða virðisaukaskatt hærri en 20%. Það eru tvö stig áætluð þar, almennur skattur lægst 14% og hæst 20%, og á matvælum má ekki vera hærri skattur en 9%, í því bandalagi sem við þykjumst vera að laga okkar efnahagsstarfsemi að og á matvæli og brýnustu nauðsynjar fólks eins og almenningssamgöngur, húshitun o.s.frv. má virðisaukaskattur ekki vera hærri en 9% og ekki lægri en 4%. Ef við t.d. lækkuðum nú matarskattinn líka niður í 9% — og þetta byggist auðvitað á því að söluskatturinn leggst á svo miklu, miklu stærri grunn en gengið þó verkar á — yrði veruleg lækkun á verðbólgunni. Á einum degi mætti lækka alla vöru og þjónustu í þessu landi um 5% með því að lækka söluskattinn um 5%, ef Alþingi ákvæði það. Auðvitað kæmu hækkanir þá á vöruna, innfluttu vöruna, þegar hún kæmi inn í landið en þær yrðu ekki jafnmiklar og lækkunin á söluskattinum. Þetta held ég að enginn geti með nokkrum tölum vefengt. Þetta væri auðvitað leið út úr vandanum. Hitt er hins vegar óðs manns æði í kreppuástandi, sívaxandi, að fara að dengja öllum þessum sköttum yfir.

Við vorum í iðnn. þessarar hv. deildar og raunar

líka í fjh.- og viðskn. á fundum bæði með iðnrekendum og fulltrúum Landssambands iðnaðarmanna. Þar voru allir sammála um það að fram undan væri gífurlegt atvinnuleysi. Það mundu varla verða færri en 5–10 000 manns sem yrðu atvinnulausir á landinu á næstu vikum. Og hver á að framfleyta þessu fólki? Á að gera það með 6 milljörðunum í nýjum sköttum á þetta fólk þegar það er búið að missa atvinnuna og atvinnufyrirtækin hrunin? Svari hver fyrir sig. Það verður gaman að sjá hvernig atkvæði falla þegar á að fara að greiða atkvæði t.d. um vörugjald og tekjuskatta. Þó að þeir séu sagðir lagðir á hátekjufólk eru það engar hátekjur sem þar er um að ræða. Það vita allir hérna inni hvernig það er að kaupa t.d. bara til hnífs og skeiðar. Hvað haldið þið að fólk, fjölskyldufólk, jafnvel þó það hefði 100.000 kr. í laun, ef ein fyrirvinna er, hafi mikið til raunverulegrar ráðstöfunar? Þarf ekki að borga 20–30 þús. kr. í húsaleigu, ýmist að borga niður lánin af húsinu eða í leigugjöld? Þarf ekki að borga hita og ljós? Þarf ekki að borga af sjónvarpi og síma og útvarpi? Ætlast menn ekki til þess að fólk geti haft það og einhverja bíltík og svo skattana?

Það eru neysluskattar þar og þeir fara hækkandi. Það eru líka tekjuskattur og eignarskattur á þetta fólk, útsvörin og allt það. Hvað haldið þið að þetta fólk hafi mikið til þess að kaupa fyrir matvæli og föt á sig og sína fjölskyldu? Ég held að það sé ekki æðimikið eða há prósenta. Og menn eru að tala um það bara brosandi að skerða kjörin um 8%, svo er farið að tala um 10%, jafnvel 15%, beina launalækkun. Og hæstv. sjútvrh. kom því að hér í fyrradag að menn væru byrjaðir að semja um launalækkanir. Þess vegna væri það ekkert mál, skildist manni, að lækka bara launin á fólkinu. Hvað hefur það að gera með þetta? Enda skiptir kannski engu máli hvað það hefur í laun eftir einhverjum samningum þegar það hefur enga atvinnu, fær engin laun greidd. Það er þetta sem verið er að sigla inn í vísvitandi. Ef þeir gerðu þetta nú óviljandi, þessir háttvirtu herrar sem tekið hafa völdin hér á Íslandi. Ef þeir þá hafa þau. (Gripið fram í.) Og lít ég enn á hv. þm. Skúla Alexandersson, hvort hann ætli að taka þátt í því að „maska" sjávarútveginn. Það er fyrst og fremst sjávarútvegurinn auðvitað sem er „maskaður" með kolvitlausu gengi og stöðugt nýjum og nýjum álögum. Það er alveg sama þótt það séu álögur á fólkið. Fólkið verður einhvern veginn að lifa og hvert á þá að sækja launin nema til atvinnuveganna?

Tveir þriðju launanna, ég endurtek það, koma frá atvinnuvegunum, bara þriðjungur frá ríkinu. Ríkið er að reyna að bjarga þessum þriðjungi sínum, getur það alls ekki, heldur eykur hallann alltaf dag eftir dag og viku eftir viku. Það er reynslan, það er mín reynsla sem hef verið hér viðloðandi í tvo áratugi eða meira. Alltaf þegar ríkið hefur ráðist í nýjar skattahækkanir, ekki síst náttúrlega neysluskattana, sem hafa tvöföld áhrif á verðbólguna. Í fyrsta lagi hækka þeir verðlagið strax og síðan gera þeir það að verkum að fólk verður að knýja fram kauphækkanir til að geta lifað. Þannig hafa þeir tvöföld áhrif á verðbólguþróunina. Að vísu hafa hækkanir tekjuskatts ekki nema þau einföldu áhrif að fólkið verður líka að reyna fá hærra kaup til þess að geta lifað sambærilegu lífi líkt og áður. Tekjuskattarnir sprengja að vísu ekki verðbólguna upp strax á fyrsta degi eins og vörugjöldin hæstv. ráðherra gera.

Í mínum huga er þetta svona, ósköp einfalt. Og einu sinni enn: Munið þið þetta. Þegar ríkið er að bjarga sínum þriðjungi í útgjöldum í þjóðfélaginu með öllum þessum sköttum skilur það atvinnuvegina eftir, ekki bara í sömu sporum, heldur er verið að þrengja hag atvinnuveganna um tvisvar sinnum þá upphæð sem þeir eru að skattleggja þá um. Þetta sjáum við fyrir okkur alls staðar, fyrirtækin eru alls staðar að hrynja. Og hitt, og leggi menn það líka á minnið, að það er hægt að bjarga þessu með einföldum aðgerðum. Ég held að það mundi nægja jafnvel að fella gengið um 13% og lækka söluskatt um 5%, af því yrðu engin áhrif á verðlag í heild, en lækka svo líka matarskattinn, t.d. niður í 9%. Þá yrði bein lækkun á framfærslukostnaði í þjóðfélaginu. Og ég held, í þessu ástandi sem menn hafa nú fyrir augunum, að allir í þessu landi mundu sætta sig við að það yrðu ekki kauphækkanir ef þessi leið yrði farin. Menn mundu una glaðir við sitt ef allir hefðu atvinnu og verðlag færi fremur lækkandi en hækkandi og engir skattar yrðu hækkaðir. Ég held að um það gæti náðst þjóðareining og þjóðarsátt. En um stefnu þessa hæstv. ráðherra og félaga hans verður auðvitað enginn friður í þjóðfélaginu. Það er bæði skylda mín og allra þingmanna annarra að berjast gegn þessari stefnu og reyna að koma þessari ríkisstjórn frá sem fyrst.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Sá andi sem fram kemur í þessu frv. virðist okkur kvennalistakonum réttur. Við höfum verið þeirrar skoðunar að bankar sem og önnur fyrirtæki skuli greiða skatta og reyndar virðast flestir sammála um að bankar séu vel aflögufærir og þeir hafi jafnvel fengið að leika lausum hala allt of lengi. Það má reyndar vera að það hafi breyst að undanförnu, jafnvel tekið stökkbreytingum á undanförnum örfáum mánuðum eins og svo margt annað í efnahagslífinu.

Hæstv. fjmrh. minntist á óhagkvæmni bankakerfisins og er ég honum mjög sammála um að það er greinilegt að þessi litla þjóð hefur ekki efni á allri þeirri uppbyggingu sem er í kringum það. Á undanförnum árum hefur þenslan verið mjög mikil eins og t.d. kom fram í máli hæstv. ráðherra varðandi fjölgun starfsmanna í bankakerfinu á undanförnum árum.

Þróunin hefur að vissu leyti verið dálítið merkileg. Á meðan verslunum fækkar og þær stækka og stefnt er að samruna fyrirtækja, t.d. í sjávarútvegi, eru bankarnir orðnir eins og nokkurs konar kaupmaður á horninu. Ég hef hins vegar uppi ákveðnar efasemdir um þá sjóði sem upp eru taldir í athugasemd

við 1. gr. frv. Það er ljóst að staða sumra þeirra sjóða sem þar eru upp taldir er afar mismunandi og þeir eru misvel eða jafnvel misilla í stakk búnir til þess að sinna því hlutverki sem þeim er ætlað. Tekjur þeirra koma að hluta til úr ríkissjóði og eins og menn vita eru lögbundin framlög til þeirra oft og einatt skert. Það gerir þeim að sjálfsögðu með öllu ókleift að sinna þeim verkefnum sem þeim eru ætluð. Þá vil ég t.d. nefna Hafnabótasjóð, en samkvæmt fjárlagafrv. því sem nú liggur fyrir er hann stórlega skertur. Það er kannski ekkert sem bendir til þess á þessari stundu að ríkið muni auka framlag sitt til hans frekar en svo margs annars sem stórlega er skert í því fjárlagafrv. sem liggur á borðum okkar þingmanna.

Ég ætlaði bara að gera örstuttar athugasemdir við þessa 1. umr. og mun fá tækifæri til þess að kynna mér málið betur þar sem ég er áheyrnarfulltrúi í fjh.- og viðskn. þessarar deildar. Ég vildi hins vegar gjarnan spyrja hæstv. ráðherra hversu miklar tekjur hann áætli að komi í ríkissjóð vegna frv. og ég vil líka spyrja hann hver séu áætluð áhrif á einstaka sjóði, þá sjóði sem upp eru taldir í athugasemd við 1. gr. frv., hvort hann telji að allir sjóðirnir geti borið þennan skatt án þess að til beinnar vaxtahækkunar komi og þá hvernig.

Halldór Blöndal:

Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. vék almennt að bankamálum í sínu framsöguerindi, greinargerð sinni fyrir þessu frv., og gefur það auðvitað tilefni til þess að koma aðeins inn á þann málaflokk. Tel ég nauðsynlegt í því sambandi að minna aðeins á hlutverk þess banka sem talinn hefur verið banki bankanna, eða Seðlabanka Íslands. En í 3. mgr. 18. gr. laga um Seðlabanka Íslands segir svo, með leyfi virðulegs forseta: „Ákvarðanir um gengi íslensku krónunnar skulu miðast við að halda sem stöðugustu gengi og að ná settu markmiði um viðskiptajöfnuð en tryggja jafnframt rekstrargrundvöll útflutningsatvinnuveganna og samkeppnisgreina.“ Ég hygg að það sé nauðsynlegt í sambandi við þetta frv. og mörg önnur sem hæstv. ríkisstjórn leggur nú fram á Alþingi að íhuga aðeins þennan punkt. Er hægt að líta svo á að ríkisstjórnin gegni þeirri höfuðskyldu sem hún á að gera gagnvart þingi og þjóð, að fylgjast með því að hægt sé að treysta gengi krónunnar, ekki aðeins í viðskiptum manna á meðal, ekki aðeins frá degi til dags, heldur geti atvinnuvegirnir sem afla gjaldeyrisins treyst því að íslenska krónan sé sá miðill sem tryggir þeim rétt verð fyrir þá framleiðslu sem nauðsynleg er til þess að við getum aflað okkur aðfanga erlendis frá?

Ég skal, virðulegi forseti, ekki fara mörgum orðum um þetta atriði nú, en ég hlýt að vekja athygli á því að hæstv. fjmrh. vék aldrei að þessu atriði og hlýtur það þó að vera honum mjög í mun að velta því fyrir sér hvernig hann geti staðið við þau stóru orð að gera hvort tveggja í senn að skila ríkissjóði hallalausum og auka þó útgjöldin en hengja nýja pinkla á þjóðina sem hún verður síðan að rísa undir. Mig minnir að í þeirri ágætu bók um Nasreddin hinn spaka sé sagt frá því að hann mætti þar manni sem reið múlasna og hafði þungar klyfjar á bakinu og þegar Nasreddin fann að sagði maðurinn: „Asninn ber ekki það sem ég ber.“ Eins finnst mér hæstv. fjmrh. oft minna mig á manninn á múlasnanum þegar hann var að bæta á sig pinklunum sem hann telur að þjóðin þurfi að síðustu ekki að standa skil á.

Það er athyglisvert í frv. sem hér liggur fyrir hvernig hæstv. fjmrh. hyggst ná til baka þeim peningum sem verja á til einstakra sjóða með fjárlögum. Þannig er t.d. gert ráð fyrir því í frv. til fjárlaga að Framleiðnisjóður landbúnaðarins fái 490 millj. kr. Hins vegar er það skýrt tekið fram í 1. gr. að tekjur Framleiðnisjóðs landbúnaðarins eigi að koma til skattlagningar.

Nú hlýtur hæstv. fjmrh. auðvitað að hafa gert sér grein fyrir þessu þegar hann lagði fjárlagafrv. fram að hann mundi ná verulegum hluta af þessu framlagi til baka en ég held, virðulegi forseti, að óhjákvæmilegt sé að fá hæstv. landbrh. hingað í deildina til þess að fá það staðfest að vilji hans standi til þess að skattleggja Framleiðnisjóð landbúnaðarráðherrans með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í þessu frv. (**Forseti:** Forseti mun kanna hvort hæstv. landbrh. er í húsinu og gera boð eftir honum á fund deildarinnar.)

Varðandi Olíusjóð vil ég í annan stað vekja athygli á því að í frv. til fjárlaga er m.a. gert ráð fyrir framlagi til lánagreiðslna sem nemur 160 millj. kr., láni til jarðhitaleitar 11 millj., sveitarafvæðingu sem nemur 20 millj. kr., styrkingu dreifikerfis í sveitum sem nemur 40 millj. kr. Alls eru þetta 235 millj. Í lögum um Orkusjóð segir svo um hlutverk hans:

„Hlutverk Orkusjóðs er að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkulinda Íslands með fjárhagslegum stuðningi við framkvæmdir á sviði orkumála.

Úr Orkusjóði er heimilt: 1. Að veita Rafmagnsveitum ríkisins og öðrum rafmagnsveitum til almenningsþarfa lán til að koma upp nýjum raforkumannvirkjum og skulu þau veitt af því fé sem Orkusjóði er veitt í fjárlögum í því skyni eða aflað með lántökum í þeim tilgangi. 2. Að veita einstökum bændum, sem einir eða fleiri saman reisa vatnsaflsstöðvar til heimilisnota utan þess svæðis sem héraðsrafmagnsveitum er ætlað að ná til í náinni framtíð, lán að upphæð allt að ¾ stofnkostnaðar viðkomandi vatnsvirkjana og línulagna heim að bæjarvegg. 3. Að veita einstökum bændum, sem búa utan þess svæðis er samveitum er ætlað að ná til í náinni framtíð, lán til að koma upp mótorrafstöðvum á heimilum sínum. Lán þetta má nema kostnaðarverði rafstöðvarinnar að meðtöldum kostnaði við flutninga og uppsetningu. 4. Að veita opinberum aðilum, félögum og einstaklingum lán til að afla og leita jarðvarma með jarðvísindalegum forrannsóknum, jarðborunum og vinnslurannsóknum til að meta árangur borana. 5. Að veita Rafmagnsveitum ríkisins eða héraðsrafmagnsveitum af eigin fé sjóðsins

eða fjárveitingum, er hann hlýtur í því skyni, styrk til að koma upp veitum í dreifbýli, enda sýni kostnaðaráætlanir að veiturnar geti ekki borið sig fjárhagslega án sérstakra óendurkræfra fjárframlaga. Styrkinn skal veita sem stofntillag er má nema allt að þeirri fjárhæð sem byggingarkostnaður veitunnar er umfram það er hún getur staðið undir."

Eins og sést af tilgangi Orkusjóðs, sem er auðvitað ríkiseign er honum fyrst og fremst ætlað að koma til aðstoðar, veita lán og styrki úti í hinum dreifðu byggðum landsins þar sem menn eru afskekktastir og eiga kannski erfiðast með að tileinka sér nýja tækni og hefur þetta verið talið hollt markmið fram að þessu hér á hinu háa Alþingi.

Hafnabótasjóði eru ætlaðar 25 millj. kr. í fjárlögum en fé Hafnabótasjóðs skal ráðstafa á eftirgreindan hátt að fengnu samþykki fjvn. Alþingis, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Sjóðurinn veitir hafnarsjóðum lán til framkvæmda gegn ríkisábyrgð. 2. Sjóðnum er heimilt að styrkja endurbætur á hafnarmannvirkjum, sem skemmst hafa af völdum náttúruhamfara eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, án mótframlags hafnarsjóðs. 3. Sjóðnum er heimilt að veita styrk til nýrra hafnarframkvæmda, sem nemi allt að 15% umfram ríkisframlag af heildarframkvæmdakostnaði, til staða, sem eiga við verulega fjárhagsörðugleika að stríða vegna dýrrar mannvirkjagerðar, fólksfæðar eða annarra gildra orsaka. 4. Sjóðnum er heimilt að veita hafnarsjóðum lán út á væntanleg ríkisframlög samkvæmt lögum þessum, ef fé er umfram þarfir 1.–3. liðs."

Þarna er enn komið inn á sjóð sem sérstaklega er ætlað að standa á bak við þau sveitarfélög og það fólk sem af landfræðilegum ástæðum býr við erfið kjör og hið sama gildir raunar um Lánasjóð sveitarfélaga en um tilgang þess sjóðs segir svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Ráðstöfunarfé Lánasjóðs sveitarfélaga er sem hér segir: a. Árlegt framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, er nema skal 5% af vergum tekjum sjóðsins. b. Árlegt framlag úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum fjárlaga. Skal framlagið nema eigi lægri upphæð en 2½% af tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á viðkomandi ári. c. Árlegt lán úr Framkvæmdasjóði Íslands. d. Aðrar lántökur. e. Afborganir og rekstrarstyrkir."

Síðan er gerð grein fyrir því hver tilgangur sjóðsins er og hann er í stuttu máli að aðstoða sveitarfélög sem eru að ráðast í fjárfrekar framkvæmdir til þess að hægt sé að dreifa greiðslubyrðinni.

Um öll þessi atriði, virðulegi forseti, má segja það eitt að allir þessir sjóðir eru sérstaklega hugsaðir til þess að standa á bak við hinar dreifðu byggðir landsins. Það kemur á hinn bóginn ekki á óvart þegar viðskrh. landsins hefur lýst því yfir að rétt sé að fara í herferð gegn bændum og svelta þá á löndum sínum þó ríkisstjórnin skuli fylgja því eftir með öðrum lagafrv. hvernig hægt sé að koma höggi á landsbyggðina, hvernig hægt sé að draga úr henni kjark og móð. Að því miðast ekki síst sú stefna sem nú er haldið uppi í gengis- og gjaldeyrismálum og má raunar segja að sá sami maður sé höfundur þeirrar stefnu og hefur nú verið að egna borgarbúa gegn bændum landsins. Það er sama hljóðið, sami maðurinn, sama kratahjartað sem slær á bak við þar.

Það má vel vera að hæstv. landbrh. líti svo á að eðlilegt sé að skattleggja það fé sem rennur í Framleiðnisjóð. Ég hélt þó að gert hefði verið um það samkomulag hér á Alþingi í tíð síðustu ríkisstjórnar að reynt yrði að draga úr útflutningsbótafé með því að reyna að standa á bak við nýbúgreinar í sveitum landsins, með því að reyna að auka á fjölbreytni atvinnulífsins úti á landi og ég hafði treyst því í barnaskap mínum að a.m.k. Framsfl. mundi standa við það þó að hann hafi ekki staðið við annað. En það er svo að sjá sem hann hafi svo gjörsamlega gleymt uppruna sínum, sé svo gjörsamlega heillum horfinn, að ekki sé einu sinni hægt að treysta honum í þeim efnum að hann standi við þau fyrirheit sem hann gaf bændum landsins með Sjálfstfl. í síðustu ríkisstjórn þegar verið var að reyna að hvetja þá til þess að taka upp aðra búskaparhætti vegna þeirra erfiðleika sem þeir eiga nú í vegna samdráttar á markaði fyrir sauðfjárafurðir.

Ég skal svo ekki, herra forseti, fara mörgum orðum um það hvaða skynsemi er í því að leggja til í fjárlögum að varið verði 71 millj. kr. í Kvikmyndasjóð og tala svo um það samtímis að nauðsynlegt sé að skattleggja sjóðinn.

Auðvitað er skýringin á öllu þessu sú að stjórnarliðar hafa gefist upp við það að skera niður, beinlínis. Þeir eru að reyna að fela það, og þá ætla þeir í staðinn að koma aftan að mönnum. Þeir ætla að koma aftan að sveitarfélögunum með því að næla sér í hluta af stofnfé Lánasjóðs sveitarfélaga. Þeir ætla að koma í bakið á sjómönnum landsins með því að draga til sín fé úr Hafnabótasjóði. Þeir ætla enn einu sinni að koma í bakið á bændum með því að taka hluta af því fé sem á að fara til Framleiðnisjóðs í ríkissjóð og þeir sjá ofsjónum yfir því fjármagni sem rennur í Orkusjóð.

Ég er á hinn bóginn sammála því, herra forseti, að eðlilegt sé að skattlagning sé sambærileg á sambærilegan rekstur. Ég er fullkomlega sammála því að veðdeildir bankanna eigi að skattleggjast með sama hætti og önnur bankastarfsemi í landinu, en ég vil ítreka hitt sjónarmið mitt að enn er ýmis starfsemi í landinu sem er algjörlega út í hött að skattleggja á sama tíma og ríkisvaldið sér sérstaka ástæðu til þess að veita fé á fjárlögum til þess að halda þeirri starfsemi uppi.

Ég hef vikið að nokkrum slíkum sjóðum, þeir eru miklu, miklu fleiri í þessu sem hér fellur undir vegna þess að í grg. með frv. segir í athugasemd við 2. gr.: „Samkvæmt þessari grein er lagt til að Ríkisábyrgðasjóður, Byggðasjóður, Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna verði undanþegnir skattskyldu samkvæmt lögunum. Hér er um tæmandi talningu að ræða á þeim fjárfestingarsjóðum

sem undanþegnir eru skattskyldu.

En á öðrum stað segir í grg.: „Sem dæmi um sjóði og veðdeildir, sem skattskyldar verða, má nefna Framkvæmdasjóð Íslands, Orkusjóð, Hafnabótasjóð, Ferðamálasjóð, Fiskveiðasjóð, Fiskræktarsjóð, Framleiðnisjóð landbúnaðarins, Stofnlánadeild landbúnaðarins, Iðnlánasjóð Íslands, Iðnþróunarsjóð, Landflutningasjóð, Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja, Stofnlánadeild samvinnufélaga, Lánasjóð sveitarfélaga og veðdeildir innlánsstofnana." Þannig að ég hef í engu vikið út frá því sem segir í grg. með frv.

Ég vek líka athygli á því að samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina skuli vera undanþeginn skattlagningu. Það er auðvitað mjög athyglisvert þegar maður hugsar um þá ákvörðun að Framleiðnisjóður landbúnaðarins skuli vera skattlagður og væri fróðlegt að fá upplýsingar frá einhverjum talsmönnum landbúnaðarins sem tilheyra ríkisstjórninni um það hvernig það er hugsað, hvernig talsmenn landbúnaðarins í Framsfl. hugsa það mál að Framleiðnisjóður landbúnaðarins eigi að vera skattlagður en ekki Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina — Stefánssjóðurinn, m.ö.o. Stefán hefur sennilega komið í veg fyrir það. Hann hefur sagt þeim að vera ekki með neitt múður. Sjóðurinn bæri sitt nafn og hann yndi því ekki að hann yrði skattlagður.

Hins vegar eru þetta auðvitað merkileg tímamót sem við eigum núna í sambandi við þennan Stefánssjóð, að það er búið að gefa út nýja reglugerð sem felur í sér breytingu á 2. gr. gömlu reglugerðarinnar sem er mánaðargömul eða svo. Ástæðan fyrir því er sú að í þessari grein var upphaflega gert ráð fyrir að ekki mætti lána fé til fyrirtækja nema reksturinn væri arðvænlegur eftir að lánin hefðu verið veitt. Nú hefur stjórn Stefánssjóðs, stjórn Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina, komist að þeirri niðurstöðu að samkvæmt þessu mætti ekki lána neinu fyrirtæki í útflutningsgreinunum og þess vegna hefur stjórn sjóðsins beðið hæstv. forsrh. um það að hann breyti 2. gr. þannig að þeir geti lánað því að auðvitað hafi útflutningsframleiðslan ekki rekstrargrundvöll nú. Og þá er bætt inn í orði sem heitir „lengi", eða „til lengdar" eða „til langs tíma litið". Auðvitað er átt við það að það eigi að taka hliðsjón af því að að því líði fyrr en síðar að þessi ríkisstjórn verði rekin frá völdum, steypist af stóli, og það má auðvitað búast við því að atvinnuvegirnir fái á nýjan leik rekstrargrundvöll.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um skattskyldu innlánsstofnana. Ég tek undir það sem fram kom í máli hv. 7. þm. Reykn. Júlíusar Sólnes og sé ekki ástæðu til að mótmæla þessu frv. sérstaklega. Ég get tekið undir þá skattlagningu sem þar kemur fram á veðdeildir ýmissa banka og einnig að viðskiptabankar og sparisjóðir verði skattlagðir. Hins vegar verður að athuga það nánar með þessa sjóði sem þar er rætt um, hvern og einn fyrir sig, og hvaða hlutverki þeir gegna áður en ákvörðun er tekin um að skattleggja þá.

Ég vildi gera að umtalsefni, þar sem tilefni gefst samkvæmt ræðu hæstv. fjmrh., vaxtamuninn í bankakerfinu og hvernig hann hefur verið núna á undanförnum árum. Ég vil upplýsa það hér að þegar ég lagði fram fsp. til hæstv. viðskrh. um það hver þróun raunvaxtamunar hefur verið á undanförnum árum lágu til grundvallar ákveðnar upplýsingar sem ég hafði með höndum um það að raunvaxtamunur hefur verið á árunum 1960 til 1978 svona á bilinu 2,5–3,5%, en hefur frá 1978 stigið verulega og er núna kominn upp í 7–9%. Þetta má m.a., að mínu mati, rekja til vísitölutengingarinnar sem slíkrar og einnig þess að bankakerfið og sjóðakerfið hafa þanist út með nýjum stofnunum, nýjum deildum innan bankakerfisins, með fjármagnsmarkaðinum og fleiri aðgerðum.

Það sem er höfuðvandinn á fjármagnsmarkaði hér á Íslandi er hvað hann er óskilvirkur. Þegar talað er um skilvirkni fjármagnsmarkaðar er í fyrsta lagi að líta til þess hvert fjármagninu er ráðstafað, hvort það fari til þeirra greina sem geta borið þá vexti sem á fjármagninu eru og farið einnig til þeirra greina sem virkilegur vöxtur er í. Hins vegar þar sem minnstur kostnaður sé samfara lánveitingum. Hér á landi er ekki um slíkt að ræða. Hér eru sjö bankastofnanir með mörg útibú og flestir eru núna einnig komnir með verðbréfamarkaði. Hér eru 45 sparisjóðir. Hér eru 18 fjárfestingarsjóðir. Hér eru 87 lífeyrissjóðir. Og ætli það séu ekki 6 eða 7 önnur fjárfestingarfélög. Allir þessir aðilar eru að ráðstafa þeim takmörkuðu peningum sem til eru á fjármagnsmarkaðnum og það sér hver heilvita maður að svona margar stofnanir með svona lítið fé hljóta að taka til sín töluvert mikla peninga.

Hér á Íslandi eru sem sagt mjög margar stofnanir sem sjá um ráðstöfun þessa litla fjármagns og eftir því sem ég hef fengið upplýsingar um eru álíka margar stofnanir í nálægum löndum sem telja til milljóna manna, en að sjálfsögðu eru þar miklu meiri peningar í umferð.

Að mínu viti væri miklu nær fyrir fjmrh. að beita sér fyrir því að þessum lánastofnunum verði fækkað og ríkisstjórnin taki sér tak og reyni að stuðla að samruna eins og á sér stað í flestum nálægum löndum. Þar hefur þróunin verið sú undanfarið að sjóðir séu sameinaðir á fjármagnsmarkaði, gerðir öflugri til þess að sjóðirnir geti veitt almennilegar fjárveitingar til atvinnufyrirtækja og einstaklinga sem þurfa á peningunum að halda.

Þegar hér er talað um að veita fjármagni til ákveðins verkefnis, þá eru það oft og tíðum þrír til fjórir sjóðir sem taka á sig lánveitinguna, en með því að reyna að sameina þetta væri nægilegt að einn sjóður tæki þetta að sér og hann einn færi ofan í kjölinn á þeim reikningum sem fyrir hendi væru og þeim arðsemissjónarmiðum í staðinn fyrir það að nú eru það þessir þrír til fjórir sjóðir sem gera það.

Þá má einnig benda á það að þegar einhverjar ráðstafanir eru gerðar í efnahagsmálum þá er alltaf verið að búa til nýja og nýja sjóði. Það má nefna það hér að þegar efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar sáu dagsins ljós í september þá var ekki verið að fela þetta einhverjum sjóði sem til staðar var, eins og Byggðastofnun sem hefði verið mjög eðlilegt, heldur var stofnaður nýr sjóður til þess að standa fyrir því átaki að breyta skuldum útflutningsgreinanna. Þetta hefur verið svona í gegnum tíðina. Það er alltaf verið að hlaða fleiri og fleiri sjóðum á og skapa fjármagnsmarkaðinum erfiðari skilyrði. Að *mínu* mati er meginástæðan fyrir þessum gífurlega vaxtamun sem er í bankakerfinu einmitt það hvað sjóðirnir eru margir og hvað skilvirknin er lítil.

Ég nefndi hér í upphafi ræðu minnar að ég vildi skoða þá sjóði sem frv. gerir ráð fyrir að verði skattlagðir og ég verð að taka undir það með síðasta ræðumanni að mér finnst það skjóta svolítið skökku við að ríkið er að veita fjármagn í ákveðna sjóði og síðan að skattleggja það fjármagn. Það er verið að setja í einn vasann og taka úr hinum með þessum sjóðum. Ég tel að það vanti heildarstefnu í þessum málum.

Þegar skattlagning á sér stað, þá verður að líta til þess hvaða áhrif sú skattlagning hefur. Samkvæmt ræðu hæstv. fjmrh. er ástæða þessarar sérstöku skattlagningar sú að verið er að draga úr *mismun* sem er á milli stofnana á fjármagnsmarkaðinum. En ef maður lítur aðeins nánar á þetta þá er þarna aðeins verið að afla ríkinu tekna. Þau rök sem fjmrh. gaf eru að því leyti veigalítil því flestir þessara sjóða eru annaðhvort settir á stofn til að auðvelda atvinnugreinum að fá lán á hagstæðum greiðslukjörum eða til einstakra verkefna eins og Hafnabótasjóðs, Stofnlánadeildar o.fl. (**Forseti:** Þar sem komið er að þingflokksfundatíma, þá þarf ég að biðja hv. ræðumann að fresta sinni ræðu.) Ég á bara örstutt eftir ef ég mætti klára ræðuna. (**Forseti:** Já.)

Eins og fram kom hjá forseta er komið að þingflokkstímum. Ég tel ekki ástæðu til þess að halda mjög lengi áfram og vil því setja botn í þessa ræðu, en að sjálfsögðu áskilja mér rétt til þess að koma aftur ef tilefni verður gefið til.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þær umræður sem hér hafa orðið. Í þeim hafa komið fram ýmsar spurningar sem að mörgu leyti væri eðlilegra að fjalla um eftir að nefnd hefur haft tækifæri til þess að skoða málið og ræða það þá nánar við 2. umr. þessa máls. Ég vona að hv. alþm. séu reiðubúnir til þess að hafa þann hátt á varðandi málið þannig að við getum rætt það betur efnislega þegar hv. nefnd hefur haft tækifæri til þess að fjalla um það.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

18. fundur, miðvikudaginn 7. des., kl. 2 miðdegis.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, frh. 1. umr.

Stjfrv., 135. mál. — Þskj. 142.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

Virðisaukaskattur, 2. umr.

Stjfrv., 134. mál (gildistaka). — Þskj. 141, n. 183.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti fjh.- og viðskn. sem hefur rætt þetta frv. og mælir með samþykkt þess. Stefán Valgeirsson sat fund nefndarinnar og er einnig samþykkur afgreiðslu málsins. Ragnar Arnalds var fjarstaddur.

Aðrir nefndarmenn voru sammála um þessa afgreiðslu, þ.e. Ingi Björn Albertsson fundaskrifari, Kristín Halldórsdóttir, Árni Gunnarsson, Guðmundur G. Þórarinsson, Matthías Bjarnason og síðan Páll Pétursson.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls var vakin athygli á því að það þarf að endurskoða ýmis ákvæði í þeim lögum sem samþykkt hafa verið um virðisaukaskatt en nú er stefnt að því að fresta gildistöku á um hálft ár. Af tæknilegum ástæðum þarf að endurskoða þar ýmis ákvæði.

Það liggur líka fyrir að af ýmsum ástæðum er ljóst að sérstaklega þarf að endurskoða ákvæði þeirra laga sem fela í sér skattlagningu á matvæli, sérstaklega með spurningu um hvort ekki er rétt að hafa sérstakt skattþrep á matvæli. Því var varpað fram við 1. umr. málsins til hæstv. fjmrh. hvort hann væri ekki reiðubúinn við þetta starf og þessa endurskoðun og mat á nauðsyn þess að koma inn öðru skattþrepi að skipa nefnd með fulltrúum allra þingflokka. Þetta hefur stundum verið gert þegar meiri háttar skattalöggjöf hefur verið á döfinni og ekki síst þegar lög hafa verið samþykkt með nokkrum fyrirvara áður en að gildistöku kemur. Hæstv. fjmrh. sagðist við 1. umr. vera tilbúinn að taka þessa ósk til skoðunar og athugunar. Ég vil nú, vegna þess að nokkur tími er liðinn frá 1. umr. og hæstv. ráðherra hefur haft tóm til að íhuga þessa beiðni og hvort

hann fellst á þessa málsmeðferð, ítreka þessa spurningu og inna hann enn á ný eftir því nú þegar tóm hefur gefist til að íhuga málið hvort hann er reiðubúinn að skipa slíka nefnd við undirbúning þessa máls.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Það er rétt, sem hv. 1. þm. Suðurl. sagði áðan, að þegar frv. var til 1. umr. var um það rætt að á næsta ári þurfi að gefa sér góðan tíma til að skoða marga þætti í þessari löggjöf. Það er einnig rétt að ég lýsti því yfir að mér fyndist það koma vel til greina að fulltrúar allra þingflokka ættu aðild að þeirri umfjöllun og ég mun á næstunni ræða það mál betur bæði við samstarfsmenn mína í ríkisstjórn og eins við þá sem hafa unnið að undirbúningi verksins til að kanna með hvaða hætti sé eðlilegast að koma slíku fyrir.

Ég vona að menn misskilji ekki að það liggi ekki fyrir hér og nú endanleg ákvörðun í þeim efnum, en mér finnst að mörgu leyti eðlilegt að fulltrúar allra þingflokka geti komið að því verki. En á þessari stundu liggur ekki fyrir endanleg ákvörðun um það mál. (**FrS:** Mun ráðherrann beita sér fyrir því?) Ja, ég mun taka til umræðu að það verði gert. Vonandi verður fljótlega hægt að ná niðurstöðu í því máli. En það hefur ekki gefist tóm þessa daga til að taka það til þeirrar umfjöllunar sem að mínum dómi þarf að eiga sér stað ef þessi leið verður farin. Þá er líka spurning hvað á að taka inn í það. Ekki kannski bara spurninguna um tvö skattþrep heldur ýmislegt fleira sem snertir þetta mál.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir jákvæð viðbrögð við þessari beiðni. Ég leyfi mér að líta svo á að hann hafi með svari sínu tekið jákvætt í þá ósk sem hér hefur verið borin fram. Ég tel að vísu að það hefði á þessum tíma verið unnt fyrir hæstv. ráðherra að taka þessa ákvörðun og hafa um það samráð við sína samstarfsmenn í ríkisstjórn. Ég skil mætavel að ráðherrann kjósi að hafa um það samráð við samstarfsflokkana. Það hefði verið æskilegt að niðurstaða hefði verið fengin við þessa umræðu en við það eru ekki gerðar athugasemdir. Ég tek undir að það eru ýmis atriði fleiri en hugmyndir um sérstakt skattþrep á matvæli sem þarna koma til skoðunar og endurmats og liggur í augum uppi að starf slíkrar nefndar þarf að vera nokkuð víðtækt og reyndar lá það fyrir þegar frv. var til afgreiðslu á síðasta þingi.

En ég vil fyrst og fremst þakka fyrir þessi jákvæðu viðbrögð og ég vænti þess að áður en þetta mál fær fullnaðarafgreiðslu hér í þinginu að þessu sinni geti hæstv. fjmrh. gefið endanlegt svar við ósk um þetta efni.

Albert Guðmundsson:

Virðulegur forseti. Mér finnst ég vera að upplifa augnablik sem hlýtur að verða minnisstætt í sögu þingsins. Ég hef ekki séð bljúgari mann koma upp í ræðustól og ólíkari sjálfum sér en hæstv. fjmrh. né heldur hefði ég búist við því að hæstv. fyrrv. forsrh., formaður Sjálfstfl., kæmi jafnbljúgur og byði samstarf í málum sem Sjálfstfl. hefur virkilega barist á móti. Eru þeir að biðja um eins konar trúlofun milli Sjálfstfl. og Alþb. til að hafa tvær giftingar í stjórn landsins? Við erum nýbúnir að horfa upp á sams konar trúlofun Alþfl. og Framsfl. og virðulegur 1. þm. Suðurl. er nú að biðla til Alþb. og hæstv. fjmrh.

Ég hefði ekki trúað því áður en ég kom á þennan fund og hlustaði á hv. 1. þm. Suðurl. að hann ætti eftir að koma og biðja um — ekki að fella niður matarskattinn vegna þess að það er verið að setja á vörugjald að nýju sem þýðir upp undir 2000 millj. kr. í nýjar tekjur fyrir ríkissjóð, heldur biðja um samstarf til að lækka það kannski eitthvað pínulítið. Sem sagt: Sjálfstfl. virðist koma hingað upp og segja: Má ég vera með? Ha. Má ég vera með í að tala um þessi mál? Ekki um vörn fólksins heldur pínulítið minni árás á fólkið ef hægt er að koma því við. Það út af fyrir sig er ágætt. En einhvers staðar verður að vera stefnufesta. Erum við eða erum við ekki á móti matarskattinum? Erum við eða erum við ekki á móti því að taka upp vörugjald aftur og jafnvel víkka álagningargrunninn?

Ég get ekki ímyndað mér að mínir félagar í Borgfl. geti tekið þátt í þeirri vinnu, sem nú er verið að biðla um til hæstv. fjmrh., að halda að einhverjum minni hluta matarskattinum ef þessi gríðarlega mikla viðbótarálagning í vörugjaldi á að ná fram að ganga. Það get ég ekki séð. En aðferðin sem farin er, hver sem niðurstaðan verður, er eftirminnileg því að bljúgari beiðni og biðlun og ljúfari mann en hæstv. fjmrh., sem er óvanalegt að sjá hér í ræðustól, hef ég ekki áður séð. En verði úr þessari trúlofun ætla ég að biðja báða viðkomandi flokka, Sjálfstfl. og Alþb., að lofa mér að vita með svolitlum fyrirvara svo ég geti keypt blóm og sent ykkur til að óska ykkur til hamingju með niðurstöðuna.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Það kemur mér spánskt fyrir sjónir þegar sá ljúfi maður með sitt stóra hjarta, hv. 5. þm. Reykv., lætur sér koma á óvart að það sé til ljúfmennska á Alþingi. Staðreyndin í þessu máli er hins vegar sú að hér var borin fram ósk um málsmeðferð við endurskoðun á lögum sem ljóst er að þarf að endurskoða. Það atriði sem sérstaklega var nefnt, lækkun á skatti á matvæli, er eitt þeirra atriða. Þetta eru vinnubrögð sem oft áður hafa verið viðhöfð við meðferð og endurskoðun á viðamikilli skattalöggjöf og fyrir því eru fordæmi og þess vegna taldi ég bæði rétt og eðlilegt að bera fram slíka ósk við hæstv. ráðherra. Ég tel mjög til fyrirmyndar að kalla alla þingflokka að slíku endurskoðunarstarfi. Það þýðir hins vegar ekki að fyrir fram liggi fyrir samkomulag milli allra flokka í þinginu um efnislega niðurstöðu. Aðalatriðið í þessu er að hæstv. ríkisstjórn fallist á að viðhafa eðlileg vinnubrögð af þessu tagi.

Auðvitað hefði verið hægt að setja hér á langa

ræðu um að hæstv. fjmrh. hefði á þeim tíma frá því að fyrirspurnin var borin fram getað tekið um það ákvörðun og haft um það samráð við sína samstarfsmenn. Ég sá þó ekki ástæðu til að gera úr því stórmál og vænti þess hins vegar að ákvörðun um það liggi fyrir áður en málið verður endanlega afgreitt frá Alþingi. Ég lít á svar ráðherra sem jákvæða niðurstöðu og ég vænti þess að hv. 5. þm. Reykv., svo ljúfur sem hann getur nú verið, geri ekki athugasemd við að það sé ekki stórstyrjöld í hvert skipti sem við hæstv. fjmrh. eigum orðastað úr þessum ræðustól.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Eiturefni og hættuleg efni, 1. umr.

Stjfrv., 72. mál (eiturefnanefnd). — Þskj. 74.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á lögum um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988, sem er 72. mál Ed. á þskj. 74.

Ed. hefur þegar afgreitt frv. óbreytt eins og það var lagt fyrir og ég get því verið stuttorður um málið hér. Í raun er um að ræða leiðréttingu á lögum sem samþykkt voru á seinasta þingi um eiturefni og hættuleg efni, þ.e. lög nr. 52/1988, sem öðlast gildi frá og með nk. áramótum hvað snertir starfsemi eiturefnanefndar, en sjálf lögin öðluðust gildi 1. júlí sl. Hins vegar var ákveðið að eiturefnanefnd sú sem nú situr sæti til áramóta og frá þeim tíma tæki til starfa ný nefnd í samræmi við ákvæði laganna.

Inn í 1. mgr. 2. gr. laganna slæddist smámisskilningur sem ráðuneytið telur eðlilegt og reyndar nauðsynlegt að leiðrétta. Þar kemur m.a. fram að einn nefndarmanna skuli vera efna- eða verkfræðingur með sérþekkingu á notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði, garðyrkju og til útrýmingar meindýra og skuli hann tilnefndur af landbrn. Aldrei var ætlunin, þó svo færi, að hann þyrfti að hafa efna- eða verkfræðimenntun, sem hann að sjálfsögðu má hafa og má vera verkfræðingur, heldur að um væri að ræða aðila sem hefði sérþekkingu á notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði. Sú skipan hefur gilt til þessa og gefist vel. Breytingin sem óvart varð hér á mundi útiloka nú sitjandi fulltrúa landbrn. frá störfum í nefndinni, en það var ekki ætlunin. Rétt er enn fremur að benda á að í nefnd þeirri sem gerði tillögur að nýjum lögum um eiturefni og hættuleg efni var lögð til óbreytt skipan hvað varðar þennan fulltrúa landbrn. að öðru leyti en því að hann kæmi inn sem fullgildur nefndarmaður samkvæmt nýju lögunum í stað þess að taka eingöngu sæti í nefndinni þegar fjallað er um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði eins og var í eldri lögum. Eins og af framansögðu má ráða hafa hér orðið mistök sem sem betur fer er hægt að leiðrétta í tíma þar sem lögin öðlast ekki gildi fyrr en frá og með nk. áramótum hvað snertir starfsemi eiturefnanefndarinnar.

Ég held að það sé ekki ástæða til að hafa fleiri orð um frv. þetta, en legg til að því verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn. með beiðni um að málið fái skjóta afgreiðslu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 23 shlj. atkv.

Vörugjald, frh. 1. umr.

Stjfrv., 162. mál (gjaldflokkar og gjaldstofn). — Þskj. 173.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Þrátt fyrir að hér sé reyndar óvenjuvel mætt af ráðherrum og það meira að segja úr öllum stjórnarflokkunum sakna ég óneitanlega eins þeirra, hæstv. utanrrh., fyrrv. hæstv. fjmrh. Er hann ekki viðstaddur í húsinu? (**Forseti:** Utanrrh. mun vera farinn af landi brott.) Það var skaði.

Mér varð að orði í umræðum utan dagskrár í fyrradag að nú væri tími Rómarbrennu runninn upp, en líðandi stundir einkennast af fleiru því nú er upp runninn sá tími hér í þinginu þegar allt á að gerast í einu og lítill tími gefst til að gaumgæfa hvert og eitt þingmál. Slík skilyrði, slíkar aðstæður hafa það enn fremur í för með sér að nánast engir möguleikar eru á því að taka á málum í heild sinni og þá á ég fyrst og fremst við allt fjárlagadæmið sem hér er aðeins einn lítill angi af til umræðu.

Það verður ekki hjá því komist að gagnrýna harðlega þau vinnubrögð sem þingmönnum er boðið upp á. Eftir margra vikna gauf, vil ég segja, hérna í þinginu, snjóar inn á borð til okkar frumvörpum þeim sem ætlað er að mynda þær tekjur sem standa undir útgjöldum fjárlaga og það sömu daga og menn höfðu ætlað sér að afgreiða fjárlögin. Það er auðvitað engin leið að samþykkja slíkt vinnulag.

Það er yfirlýst stefna hæstv. ríkisstjórnar að afgreiða hallalaus fjárlög og slíkt er auðvitað ekki hægt að gera út í loftið. Menn afgreiða ekki annan hluta dæmisins, gjaldahliðina, án þess að hafa nokkra tryggingu fyrir hinum hluta þess, tekjuhlið-

inni. Þess vegna er óhjákvæmilegt með tilliti til stöðu ríkisstjórnarinnar og þess nauma meiri hluta sem hún hefur að fjalla fyrst um þær tekjuöflunarleiðir sem hún vill fara og hér er ein þeirra á ferðinni.

Hæstv. fjmrh. hefur síðustu daga ásamt forustumönnum hinna stjórnarflokkanna og ásamt starfsmönnum ráðuneytisins kynnt þingflokkum stjórnarandstöðunnar þessi tekjuöflunarfrumvörp og þar með talið það sem hér er á dagskrá. Út af fyrir sig eru slík vinnubrögð æskileg og gefa örlítið meira ráðrúm til að átta sig á forsendum þeirra og hugsanlegum afleiðingum. Þessi annars æskilegu og jafnvel lofsverðu vinnubrögð, og ég segi lofsverðu því að það er ekkert sjálfsagt í samskiptum stjórnar og stjórnarandstöðu, en þessi vinnubrögð koma þó að litlu gagni nú. Til þess er tíminn allt of naumur og allt of margt sem berst að í einu til þess að ráðrúm gefist til nægilegrar athugunar. Ég ítreka það vegna þess vægis sem mér virðist þessir fundir hafa fengið í fjölmiðlum að á þeim fór ekki fram efnisleg umræða hvað þá samráð og það var ekki kallað eftir afstöðu með formlegum hætti. Ég tel rétt að leggja áherslu á þetta vegna þess að menn virðast hafa lagt miklu dýpri merkingu í þessa fundi en mér finnst nokkur ástæða til.

Það er nokkur eftirvænting bundin við afstöðu manna í stjórnarandstöðunni og það er eðlilegt að menn bíði eftir afstöðu hennar til þessara mála sem birtast nú hvert af öðru hér á borðum þingmanna. Meiri hluti er ekki fyrir hendi hér í Nd. og hvert eitt atkvæði skiptir meira máli en oft áður. Við kvennalistakonur höfum frá upphafi sagt að við mundum taka málefnalega afstöðu til allra þingmála, sama hver ber þau fram, og við það höldum við okkur.

Hvað fjárlagadæmið varðar er á margt að líta. Staða ríkisstjórnarinnar og staða ríkissjóðs er ákaflega erfið og við höfum fullan skilning á erfiðri stöðu ríkisstjórnarinnar hvað það dæmi varðar. En menn eru svo sem ekkert sammála um hvort markmið ríkisstjórnarinnar um hallalaus fjárlög sé réttlætanlegt eins og á stendur. Menn greinir vissulega á um slíkt. En hvað sem því líður er staðan erfið og menn verða að taka á hverju máli fyrir sig af fullri ábyrgð og það viljum við gera.

Það er þó vissulega sérkennilegt þingmál sem hér er á ferðinni. Það er aðeins ár liðið síðan ráðherrar og stjórnarþingmenn töluðu fyrir einföldun nánast eins og trúaratriði. Ein skattaprósenta var heilög kýr, eitt vörugjald stórkostlegt framfaraskref í túlkun þeirra sem þá réðu. Og þeir ráða reyndar margir enn þá. En nýliðinn á stjórnarheimilinu sópar öllum slíkum kenningum um einföldun út af borðinu og býður nú upp á úrval álagningarprósenta og einfölduðunardýrkendur kyngja öllum fyrri trúarsetningum. Það er kannski engin furða þótt hæstv. utanrrh. sé hvergi nærri þegar þetta mál er til umræðu. En hvað með aðra ráðherra? Treysta þeir sér ekki til að standa við hlið hæstv. fjmrh. og verja þessi stórkostlegu sinnaskipti? Það er auðvitað ágætt að etja hæstv. fjmrh. — ég vil kannski ekki segja á foraðið en fram með þessi mál þar sem hann var ekki einu sinni viðstaddur þessa umræðu í fyrra og man ekki jafnvel eftir samhengi allra tekjuöflunarfrv. eins og við skildum það og það var túlkað þá svo sem fram kom í umræðunni í gær. Við kvennalistakonur gátum og getum vel fallist á gagnsemi einföldunar, en við minntum reyndar í umræðum í fyrra oftar en einu sinni á þann sannleika að þau frægu orð og títtnefndu í þeirri umræðu, einföldun, skilvirkni og réttlæti, færu ekki endilega alltaf saman.

Það er kannski ekki gustuk að vera að rifja upp alla þá umræðu sem hér fór fram, en svolítið finnst mér þeir eiga bágt nú sem vasklegast gengu fram í þessum málum fyrir ári. Það er raunar afar athyglisvert hvað forustumenn stjórnarflokkanna eru ótrúir stefnumálum sínum í þessu stjórnarsamstarfi og hvað það virðist valda þeim litlu hugarangri. Það er í rauninni alveg makalaust hvernig hæstv. utanrrh., fyrrv. fjmrh., hreinlega afber það að horfa upp á núv. hæstv. fjmrh. rótast um í fjmrn. eins og ref í hænsnabúi og rífa upp verkin sem hann, þ.e. fyrrv. fjmrh., hafði lagt metnað sinn í eða svo skildist manni í þá tíð. Nú verður ekki einu sinni vart gremju. Kannski fylgist hann ekki of vel með úr fílabeinsturninum.

Hæstv. forsrh. er að vísu svolítið leiður, hann mun nú vera erlendis líka eins og hæstv. utanrrh., yfir sporgöngumanni sínum í utanrrn. sem breytir afstöðu frá fyrri tíð án alls samráðs við sér reyndari menn. Og hæstv. fjmrh. sættir sig furðuvel við allt sem hann áður gagnrýndi og hlær manna hæst og mest að vinsælum og margsinnis upprifjuðum ummælum sem hann viðhafði sjálfur um fyrirrennara sinn í embætti þar sem hann dæmdi hann brennimerktan mann eða hvað það nú var, hv. 1. þm. Reykv. kann þá sögu mjög vel, en þá einkunn fékk hann hjá núv. hæstv. fjmrh. fyrir framgöngu sína varðandi matarskattinn. Og hann og félagar hans voru ekki lengi að læra hina hefðbundnu rullu um ástandið sem því miður leyfði ekki að staðið væri að málum eins og þeir e.t.v. helst vildu. Nú er bara spurningin hvort þessi ríkisstjórn tollir saman svo lengi að við fáum að vita hver kyngir hverju í sambandi við t.d. álversdrauminn.

En svo að ég snúi mér aftur að því frv. sem hér er á dagskrá er boðið upp á úrval prósenta, þ.e. 10%, 20% og 25% vörugjald fyrir utan alla þá liði sem hafa ekkert vörugjald og getur það varla mikið fjölbreyttara verið. Herlegheitin eiga svo að gefa ríkissjóði vel á annan milljarð í tekjur. Skilst mér þá að ekki sé reiknað með neinum áhrifum á neyslu eða notkun þeirra vörutegunda sem um ræðir, hversu varlegt sem það nú er. Hæstv. ráðherra benti á það sjálfur í umræðunni í gær í sínu máli að vegna samdráttar í neyslu hefði þetta gjald ekki skilað sér í þeim mæli sem ætlað var. Skyldi það ekki geta gerst áfram og jafnvel í enn ríkari mæli þar sem samdráttturinn er ekki á neinu undanhaldi mér vitanlega?

Mér þykir rétt að það komi fram strax að við

kvennalistakonur styðjum ekki þetta frv. í heild sinni og það létum við koma fram strax og það var kynnt fyrir okkur. Að sjálfsögðu er eftir að fjalla um málið í nefnd og fá nánari skýringar og allar tölur á bak við þau númer sem hér eru í dálkum, en ég hef ekki trú á að þær upplýsingar breyti neinu frá okkar fyrstu viðbrögðum sem hafa verið hin sömu hjá öllum sem við höfum náð að ráðfæra okkur við innan Kvennalistans.

Við höfum sagt að við gætum hugsanlega stutt hækkun vörugjalds á flesta liði sem nefndir eru í a-lið 1. gr. og eiga við gos og sælgæti. Sú afstaða er í samræmi við afstöðu okkar á síðasta þingi þegar unnið var að víðtækum breytingum á tollalöggjöfinni, en þá fluttum við brtt. bæði við tollalögin og vörugjaldsfrv. sem lutu að því að skattleggja vörur af þessu tagi fyrst og fremst með manneldissjónarmið í huga. Slíkum tillögum var algjörlega hafnað á þeim tíma, en af þessum ástæðum hlutum við að lýsa okkur fúsar til að athuga þessar tillögur ríkisstjórnarinnar gaumgæfilega.

Hv. 1. þm. Reykv., sem hér er nú reyndar ekki viðstaddur, þarf ekki að hafa neinar áhyggjur af skilningi eða misskilningi okkar kvennalistakvenna varðandi þetta atriði, en það heyrðist mér í máli hans í gær. Við gerðum okkur strax fyllilega ljóst hver tilgangur frv. er. Það hvarflar ekkert að okkur að hæstv. ráðherrar hafi sest niður yfirkomnir af umhyggju fyrir heilsufari Íslendinga og leitað leiða til að bæta það og svo hafi bara viljað svo vel til að sú leið sem þeir duttu niður á hefði í för með sér tekjuauka fyrir ríkissjóð. Auðvitað er markmiðið okkur ljóst eins og öðrum, en við hljótum sjálfar að leita eftir forsendum fyrir okkar afstöðu. Það má vel vera að við gerum einhverjar tillögur til breytinga á þessum lið, okkur hefur hreinlega ekki gefist ráðrúm til að kanna það ítarlega, en þarna er ekki um að ræða sömu númer og við vorum með í okkar brtt. í fyrra nema að hluta. Ég mundi a.m.k. vilja kanna hvort ekki má ná sama tekjuöflunarmarkmiði með því einfaldlega að fara að tillögum okkar frá því í fyrra og leggja þá 14% vörugjaldið á fleiri liði í þessum kafla í stað þess að hækka liðina. Hæstv. utanrrh., sem ég sakna nú hér á hverri mínútu, styddi okkur áreiðanlega frekar í því núna að leggja 14% vörugjald á nokkur númer í hinum sykursæta XVII. kafla sem nú bera ekkert vörugjald ef hann slyppi þar með við að sjá einföldunarkenningu sína fótum troðna. Þetta verður allt að kanna rækilega og það ætlum við okkur að gera og reyna að ná samstöðu við aðra um slíkar tillögur.

Ég ætla rétt að vona að menn skilji hvað ég er að segja, en á það hefur nokkuð skort og okkur kvennalistakonum jafnvel gerð upp afstaða í málum, bæði í umræðum hér á Alþingi og í fjölmiðlum. Það minnir mig e.t.v. á það að við verðum stundum undrandi á fréttaflutningi af bæði samræðum, fundum og umræðum hér á Alþingi. Þar sem ég var á ferðinni í hádeginu í bílnum mínum heyrði ég fréttir á Bylgjunni þar sem sagt var frá vinnu við öll þau þingmál sem hér eru ýmist nýkomin fram til umræðu eða rétt ókomin. Þar var komist svo að orði, ef ég man rétt, að samráð við stjórnarandstöðuna gengi mjög vel. Ég kom af fjöllum þarna á leiðinni. Ég þekki ekki til þess samráðs sem þarna er verið að ræða eða var minnst á og held ég sagt að samkvæmt heimildum gengi þetta mjög vel. Ég kannast satt að segja ekki við að neitt frekara samráð eða neitt samráð yfirleitt hafi verið haft. Það hefur verið um kynningarstarf að ræða. Samráð hefur ekki farið fram hvað þá að það gengi vel. Þannig hlýt ég að leita upplýsinga um hvað hér er átt við, hvort einhverjir fundir eru í gangi með öðrum stjórnarandstöðuþingflokkum þannig að það sé alveg ljóst.

En við kvennalistakonur erum að sjálfsögðu algjörlega óbundnar um afstöðu til þessa máls og ég tek undir með hv. 5. þm. Vesturl., sem talaði hér í gær, að við hljótum að fá eðlilegt ráðrúm og tíma til nefndarstarfa svo við megum átta okkur á forsendum og afleiðingum þessara tillagna.

Ég hlýt að endurtaka að við leggjum ekki alla liði að jöfnu. Við kvennalistakonur létum strax við fyrstu athugun í ljós algjöra andstöðu við hækkun flestra ef ekki allra þeirra vöruflokka sem falla undir númerin í b- og c-lið þessa frv. Þetta kom fram í samtölum við hæstv. ráðherra. Sú skattlagning eða þær hugmyndir vekja í rauninni furðu. Hæstv. ríkisstjórn hefur e.t.v. gleymt því að launafólk býr við launastöðvun og samningsbann. Um verðstöðvun er kannski best að segja sem minnst. Það er engin verðstöðvun raunverulega í gildi heldur er nær að tala um aðhald og það aðhald virðist vera býsna teygjanlegt. Það er auðvitað spurning hvort nokkrar hækkanir af þessu tagi, sem hér hljóta að koma fram sem afleiðingar af frv., eru löglegar. Kannki eru þær það, en þær eru þá alla vega siðlausar. Jafnvel þótt launafrystingu væri aflétt væri ráðstöfun af þessu tagi í hæsta máta varhugaverð.

Ég get tekið undir margt sem hv. 3. þm. Reykv. sagði í gær um mikilvægi heimilistækjanna og hverja þýðingu það hefur að halda verði þeirra í skefjum. Hv. þm. höfðaði sérstaklega til hinna ungu og minna reyndu kvenna á Alþingi. Ég var ekki alveg viss um hvort ég ætti að taka það til mín, alla vega ekki þetta með aldurinn, en ég get fullvissað hana um að okkur þarf ekkert að brýna í þessu efni og það ætti ekki að þurfa að brýna nokkra einustu manneskju sem yfirleitt kemur eitthvað nálægt heimilishaldi. Þessi tæki, sem eru hugmyndir um að skattleggja aukalega, eru bráðnauðsynleg í heimilishaldi vel flest og þau á að láta í friði og það á allra síst að fara að hækka þau í þeirri launastöðvun sem nú ríkir.

Jafnmikilvægt er að ekki verði auknar álögur á byggingarvörur, en allt þetta hefur áhrif á byggingarkostnaðinn og vísitölur, er sem sagt kostnaðaraukandi og verðbólguhvetjandi — og er nú þörf á því.

Þessar tillögur vekja satt að segja undrun. Hæstv. ríkisstjórn telur það hugsanlega til réttmætra forsenda, án þess ég hafi nú heyrt hæstv. ráðherra

nefna það í máli sínu í gær, að það sé þensla í byggingariðnaði sem ástæða sé til að slá á. Sú forsenda á ekki við nú. Hún hefði e.t.v. verið gild fyrir ári, en það er hafinn samdráttur í þessari grein sem annars staðar. Og til að gera langt mál stutt þá styðjum við þetta ekki.

En hæstv. forseti. Ég þarf ekki að hafa fleiri orð um þetta frv. Ég endurtek að Kvennalistinn styður það ekki í heild sinni, en hugsanlega einstaka liði þess eða breytingar á a-lið 1. gr. Og það er auðvitað hugsanlegt að það megi finna fleiri liði í tollalöggjöfinni sem gætu borið vörugjald án þess að varpað væri fyrir róða eðlilegu tilliti til aðstæðna, en til þess hefur hæstv. ríkisstjórn e.t.v. ekki tíma eða þá að ráðherrar hennar hafa ekki náð saman um slíkt frekar en margt annað sem þeim virðist reynast erfitt að ná saman um. En ég ítreka spurningar mínar um þetta samráð sem við könnumst ekki við í Kvennalistanum.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Fjmrh. mun vera á förum í hv. Ed. til að mæla fyrir öðru frv. þar. Ég skal ekki gera athugasemd við það, enda hefur hann ágætan fulltrúa í salnum í persónu hæstv. viðskrh.

En eitt af því sem hv. 10. þm. Reykn. Kristín Halldórsdóttir gerði að umtalsefni var fjarvist hæstv. utanrrh. sem óneitanlegra hefði verið skemmtilegra að hafa hér í salnum í þessum umræðum að ég tali ekki um hæstv. forsrh. og sakna ýmsir vinar í stað í þeim efnum þegar litla Alþýðublaðið er meira að segja farið að kvarta undan því í ritstjórnargrein að forsrh. sjái ekki ástæðu til að mæta við stjórn landsmálanna hér í Reykjavík. Ja, það er bragð að þegar barnið finnur og Alþýðublaðið fer að kvarta undan þessu.

Hér er til umræðu, herra forseti, frv. til l. um vörugjald. Um það hefur nú þegar ýmislegt verið sagt bæði úr þessum ræðustól og eins í blöðunum. Þannig segir hæstv. fjmrh. í Morgunblaðinu í gær, með leyfi forseta, „að þessari vörugjaldshækkun væri, auk þess að afla ríkinu viðbótartekna, ætlað að draga úr fjárfestingu. Þannig væri 10% vörugjald á byggingarvörur ákveðið skref í átt til fjárfestingarskatts sem fjmrn. hefði velt fyrir sér að setja á en ekki unnist tími til að undirbúa. Fjmrh. sagði að fyrirhugað væri að taka upp slíkan skatt til að stýra fjárfestingu innan lands miðað við efnahagsástand á hverjum tíma."

En það er nú ekki að sjá á ummælum hæstv. fjmrh. að hann sé vel inni í þeim plöggum sem hann hefur sjálfur sent frá sér og lagt fram á Alþingi því viti menn: Ef gáð er í fjárlagafrv. hans sjálfs og hæstv. ríkisstjórnar, í yfirlit um fjárfestingar og horfur í þeim efnum á þessu ári og hinu næsta, hvað kemur þá í ljós? Þá kemur í ljós það sem allir menn hafa vitað og gert hér að umtalsefni og sem blasir við úti í þjóðfélaginu, að það er samdráttur, það er samdráttur í fjárfestingu eins og í ýmsum öðrum þáttum í efnahagslífinu. Þá telur hæstv. fjmrh. rétt að leggja á sérstakan fjárfestingarskatt til að draga enn frekar úr fjárfestingunni, leggja á sérstakt vörugjald, ígildi fjárfestingarskatts að því er hann sjálfur segir, til að draga enn frekar úr fjárfestingunni.

Hvað segir hæstv. viðskrh. um svona efnahagsstjórn? Eitthvað held ég að þetta fari á skjön við þær kenningar, sem hann kann manna best fyrir sér í, um stjórn efnahagsmála og sveiflujöfnun og fleira í þeim dúr, kenningar sem ganga út á það að blása í glæður efnahagslífsins þegar dregur saman en herða að þegar þensla er. Hér er verið að gera þveröfugt. Hér er verið að íþyngja, að því er fjmrh. upplýsir sjálfur á blaðamannafundi, ýmsum greinum í efnahagslífinu einmitt þegar samdrátturinn er að eiga sér stað og það á að leggja á sérstakan fjárfestingarskatt þegar fjárfestingin er að dragast saman. Það er aldeilis vit í þessu! Það er meiri vitglóran í þessu! Ég er ekki undrandi þó að hv. þm. Stefán Valgeirsson geti stutt þetta miðað við ræðu hans í gær. Hann munar ekki um að bæta þessum pinklum á sig.

En hér segir, virðulegi forseti, á bls. 356 í frv. fjmrh. til fjárlaga, um fjárfestingu að áætluð útkoma á árinu 1988 að því er varðar heildarfjárfestingu sé samdráttur um 2,7% og á næsta ári um 3,3%. En að því er varðar atvinnuvegina eru þessar tölur enn hærri. Þá er samdrátturinn 8,8% í ár og 4% á næsta ári miðað við þær forsendur sem gefnar eru í frv. og það má gera ráð fyrir að ef þessi skattlagningaráform, sá fjárfestingarskattur sem birtist í líki vörugjalds kemst til framkvæmda, muni samdrátturinn verða enn meiri á næsta ári því auðvitað hefur skattur af þessu tagi sín áhrif á eyðsluáform manna. Það segir sig sjálft.

Af því að við höfum verið í deildinni að tala um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, sem á að fara að tvöfalda samkvæmt áformum ríkisstjórnarinnar vegna þess að það er nú svo blómleg staða hjá eigendum verslunar- og skrifstofuhúsnæðis um land allt, er rétt að vekja athygli á því að í sömu töflu, sem ég var að nefna, kemur fram að samdráttur í fjárfestingu í verslunar-, skrifstofu- og gistihúsnæði er áætlaður hvorki meira né minna en 20% á þessu ári og 10% á hinu næsta. Nú á sem sagt að vega að þessari grein bæði með því að tvöfalda hinn sérstaka eignarskatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði og leggja sérstakt vörugjald á fjárfestingarkostnaðinn í þessum greinum eins og öðrum.

Ég held að það sjái hver maður hve fjarstæðukennd skattlagning er hér á ferðinni. Ég hafði reyndar ekki hugboð um það í gær, þegar ég var að fara með tölur um heildarálagningu eignarskatts sem þessi ríkisstjórn áformar, að hún hafði breytt frá þeim hugmyndum sem fram koma í fjárlagafrv. um hinn almenna eignarskatt, hætt við að hækka hann upp í 1% og ætlar að hækka hann upp í 1,25% úr þeim 0,95% sem hann hefur verið til þessa. Heildarálagning eignarskatta á þá sem eiga verslunar- og skrifstofuhúsnæði er þá ekki 4,7% eins og ég sagði í gær heldur 4,9% og hugsanlega 6,3% ef viðkomandi aðilar lenda síðan í hinu sérstaka stóreignaþrepi sem

manni hefur skilist í fréttum að sé líka yfirvofandi. Þær tölur sem ég var með í gær um það efni voru því of lágar þó að hæstv. ráðherra hafi ekki séð ástæðu til að leiðrétta það þegar hann tók til máls um þetta efni seinnipartinn í gær.

Nei, það er greinilegt að það er ósamræmi í *þessum málatilbúnaði öllum saman*, hreint ósamræmi, eða hafa menn gert sér grein fyrir því að með samdrættinum sem orðið hefur í atvinnulífinu hefur atvinna almennt dregist saman og það vinnumagn sem fólk skilar, ef nota má svo ljótt orð, hefur dregist saman? Það er minnkandi yfirvinna o.s.frv. Þetta þýðir minni kaupmátt atvinnutekna og ýmsir hafa ætlað að þar sé á ferðinni kaupmáttarminnkun sem nemur kannski allt að 4–5% af þessari ástæðu. Síðan bætist við kaupmáttarrýrnunin sem verður vegna skattheimtuáforma ríkisstjórnarinnar, en þau áform munu skerða ráðstöfunartekjur heimilanna um nokkur prósent til viðbótar, bara skattahækkanirnar. Við erum því að tala um kaupmáttarskerðingu sem gæti hugsanlega, ef illa fer, numið á bilinu 7–10%, svo ég nefni einhverjar tölur, áður en ríkisstjórnin grípur til efnahagsráðstafana sem allir vita að eru óhjákvæmilegar og sem hæstv. sjútvrh. lýsir með því að segja: Það þarf að lækka launin.

Ríkisstjórninni verður tíðrætt um að kaupmáttur geti ekki hækkað og hann þurfi að skerða, kaupmátturinn sé of hár í landinu, og ég dreg ekki í efa að það sé rétt vegna þeirra efnahagsaðstæðna sem skapast hafa. En áður en sú kaupmáttarskerðing verður í landinu ætlar ríkisstjórnin að beita sér fyrir verulegri hækkun skatta sem auk minna vinnumagns hjá almenningi þýðir verulega kaupmáttarskerðingu áður en slíkar ráðstafanir koma til framkvæmda. Menn eiga sem sagt að fá kaupmáttarskerðinguna hugsanlega á bilinu 7–10% í forgjöf áður en gripið verður til efnahagsráðstafana sem að munu líka rýra lífskjörin.

Ja, það liggur við að maður vitni í Ragnar Arnalds, hv. 4. þm. Norðurl. v., í leikriti hans *Sveitasinfóníu, sem nú er til sýningar í næsta húsi*, þar sem verið er að lýsa ákveðnum hlutum sem „sauðheimskum og hrútleiðinlegum". Ég sé ekki betur en þessi áform séu þess eðlis.

Nei, ég held það væri ágætt ef ríkisstjórnin gæfi sér tíma og efnahagssérfræðingarnir í henni til að fara yfir þetta mál í heild sinni. Ef efnahagsráðherra ríkisstjórnarinnar, hæstv. forsrh., hefði aðstöðu til þess einhvern tímann áður en langt um líður með fulltingi annarra ráðherra að kynna þingheimi hver heildarkaupmáttarskerðingin gæti orðið þegar saman er lögð sú skerðing sem orðið hefur vegna minni vinnu, skerðingin sem verður vegna skattahækkana ríkisstjórnarinnar og sú óhjákvæmilega skerðing sem verður vegna efnahagsráðstafana sem ríkisstjórnin kemst ekki hjá að grípa til fyrr eða síðar. Það má vel vera að hæstv. viðskrh. geti svarað þessu öllu á eftir og þá er það vel.

En mig langar nú, herra forseti, að víkja nokkuð að efni þess frv. sem hér er til umræðu, þ.e. efni breytinganna á lögum um vörugjald. Eins og menn hafa þegar margrifjað upp voru gerðar verulegar breytingar í fyrra á uppbyggingu þessara gjalda, á uppbyggingu reyndar allra hinna óbeinu skatta sem ríkið innheimtir. Sú vinna átti sér reyndar nokkurra ára undirbúning og hún endaði með því að mínum dómi að hér var komið á rökréttu kerfi sem var sjálfu sér samkvæmt þar sem ekki var mismunað með óeðlilegum hætti milli atvinnugreina, milli framleiðslutegunda, milli fyrirtækja innan lands eða *milli innlendrar framleiðslu og innflutnings*.

Það er eins og oft er á Íslandi að það gengur illa að fá menn til að skilja nauðsyn þess að hafa hlutina einfalda og auðskiljanlega. Þessi ríkisstjórn hafði ekki setið við völd nema örfáar vikur þegar á daginn kom að hún ætlaði ekki bara að reyna að eyðileggja einfaldleikann og samhengið í tekjuskattskerfinu nýja, hún ætlaði líka að ráðast á vörugjaldið með svipuðum hætti og eyðileggja þessi meginsjónarmið, grafa undan þeim, sem ég var að tala um áðan. Samt hafa þessir tveir lagabálkar, um tekjuskattinn annars vegar og óbeinu skattana hins vegar, ekki fengið að standa í friði í heilt ár einu sinni. Það er ekki liðið heilt ár síðan þessum málum var breytt í horf sem a.m.k. þáv. stjórnarflokkar töldu nokkuð viðunandi *miðað við aðstæður og töldu uppfylla ýmsar meginkröfur*, prinsippkröfur sem gerðar eru til skattheimtu. En nú á sem sagt að grafa undan þessu öllu á einu bretti. Lítill er nú sómi þeirra manna í núv. ríkisstjórn sem að þessu standa og áttu jafnframt aðild að þessum breytingum fyrir ári. Það verð ég að segja alveg eins og mér finnst. Þeir hafa ekki mikinn sóma af því að standa að þessum málum, allra síst hæstv. núv. utanrrh. sem í hinu orðinu stærir sig jafnan af því að hafa átt aðild að þeim skattkerfisbreytingum sem gerðar voru á síðasta þingi og þegar liggur vel á honum segir hann að það sé það eina sem standi eftir af verkum hæstv. fyrrv. ríkisstjórnar. Hann munar samt ekkert um að eiga fulla aðild að því að grafa undan þeim sömu verkum. Svo að vitnað sé í hæstv. utanrrh. sjálfan er það nú hvorki mannlegt né stórmannlegt. Það er kannski mannlegt en ekki stórmannlegt. Mér finnst reyndar að þetta sé hálflítilmannlegt, hvorki mannlegt né stórmannlegt heldur lítilmannlegt.

En í þessu frv. um vörugjald er gert ráð fyrir því, svo ég byrji á 1. kaflanum, þ.e. A-hluta frv., að hækka vörugjald úr 14% í 25% af ýmsum iðnaðarvörum íslenskum sem ekki eru ríkisstjórninni þóknanlegar, þ.e. vörum sem margir telja óhollar, eins og sælgæti og gosdrykkjum. En það er ekki einhlítt mál vegna þess að inn í þennan kafla hafa líka slæðst, ef það er þá orðið, hafa líka verið teknar með ýmsar aðrar vörur sem ekki er með nokkru móti hægt að kenna við óhollustu, eins og til dæmis hreinir ávaxtasafar sem eru hér teknir með og ölkelduvatn, þykkni til drykkjarvöruframleiðslu og fleira þess háttar, t.d. edik.

Hér eru teknar með ýmsar drykkjarvörur aðrar en sætar drykkjarvörur, þar á meðal sykurlausir gos-

drykkir, til þess auðvitað, að því er ég tel, að raska ekki samræminu í gjaldtöku af drykkjarvörum. Ég býst við því að margir muni eftir máli sem hér kom upp fyrir nokkrum árum og varðaði gjaldtöku af drykkjarvörum, en fram til þess tíma hafði verið mikið ósamræmi í gjaldtöku á einstakar drykkjarvörutegundir með þeim afleiðingum að verðlagning á slíkum vörum var tilviljanakennd vegna breytilegra skatta og eðlilegs samræmis ekki gætt og þar með mismunað gegn tilteknum framleiðendum og iðngreinum en öðrum í hag. Þessu var breytt.

Ég sé á þessu frv. að það hefur verið vilji og ásetningur þeirra sem frv. hafa skrifað og ég geri ráð fyrir embættismannanna í fjmrn., sem auðvitað þekkja þetta mál manna best, að koma í veg fyrir að þarna skapaðist misræmi á nýjan leik. Auðvitað er lofsvert að koma í veg fyrir það. En þá fylgir aftur sá böggull skammrifi að í sætindavöruflokkinn, sælgætis- og gosdrykkjaflokkinn, fylgja með ýmsar vörur sem hafa ekkert með sykur að gera, eins og hreinir ávaxtasafar, ölkelduvatn, þykkni til drykkjarvöruframleiðslu o.s.frv. Hérna geta menn ekki bæði haldið og sleppt. Annaðhvort verður lagður á sérstakur skattur á sætindi og þá ekki bara tilteknar sykurvörur heldur allar eða það verður fórnað samræminu í skattlagningu á drykkjarvörur.

Það vill svo til að í þennan kafla vantar mjög stóran hluta af þeim sykurvörum sem hér eru á boðstólum á Íslandi, meira að segja sykurvörur meðal drykkjarvara, eins og t.d. kakómjólk eða t.d. jógúrt, sem er oft og tíðum með miklu sykurmagni, og fleira og fleira. Þessi sykurkafli í frv. er þess vegna hvorki fugl né fiskur. Það verður ekki annað séð en að eini tilgangurinn með honum sé, fyrir utan tekjuöflunina, að reyna að níðast á þessum greinum íslensks iðnaðar og því starfsfólki sem þar vinnur. Ef menn vilja í alvöru taka upp skattlagningu á sykurvarning út frá manneldissjónarmiðum, eins og virðist vera áhugi á t.d. hjá hv. þm. Kvennalistans, er það ekki gert með þessum hætti, bara alls ekki. Hér eru valdar úr nokkrar vörur sem eru að vísu sykraðar, bætt við ýmsum vörum sem ekki eru sykraðar, eins og ég hef hér rakið, eins og t.d. sykurlausir gosdrykkir og jafnvel sykurlaust sælgæti sem mun komið á markaðinn, en sleppt fjöldanum öllum af sykurvarningi og sennilega þannig að meiri hluti þess sykurs sem kemur inn í landið sleppur við skattlagningu samkvæmt frv.

Auðvitað er einhver hráskinnaleikur á ferðinni. Auðvitað er það alveg rétt sem hv. 10. þm. Reykn. Kristín Halldórsdóttir sagði. Það er ekkert verið að leggja neinn skatt á sykurvarning sérstaklega. Það er bara verið að afla tekna og svo er því fundinn einhver búningur sem hentar, einhver gatslitin flík breidd yfir þetta sem er ekki heillegri en svo að þegar menn fara að rýna í þetta blasa við götin í þessum málflutningi, bæði að því er varðar þann sykur sem ekki er skattlagður samkvæmt frv. og svo þær ósykruðu vörur sem lenda í þessum flokki.

Ég held að það væri kannski eðlilegra að leiða hugann að því hver áhrif þessi skattlagning mun hafa á starfsemi íslenskra iðnfyrirtækja á þessu sviði. Nú er samdráttur eins og allir vita, minni kaupmáttur og minnkandi enn með þessum aðgerðum ríkisstjórnarinnar, þannig að það má gera ráð fyrir því að það dragi úr eftirspurn eftir vörum þessara framleiðenda. Auðvitað er það líka þannig að þegar að kreppir dregur fólk við sig innkaup, minnkar innkaup á varningi sem þessum. A.m.k. hygg ég að það sé þannig á flestum heimilum að þegar minna er úr að spila minnka menn við sig kaup á t.d. sælgæti og gosdrykkjum. Hvaða vit er þá í því út frá sjónarmiðum almennrar efnahagsstjórnar að leggja sérstakan íþyngjandi skatt á framleiðslu þessara greina? Það er auðvitað ekkert vit í því annað en að draga enn frekar úr framleiðslunni, minnka enn frekar eftirspurnina eftir þessum vörum sem væntanlega mun hafa þau áhrif að þessi fyrirtæki verða að minnka sín umsvif, hugsanlega fækka fólki.

Hvaða fólk er það sem vinnur í gosdrykkjaverksmiðjunum og sælgætisverksmiðjunum? Ekki er það hálaunafólkið í landinu. Ætli þar sé ekki að finna ýmsa þá sem hafa lægri launin hér í landi, ekki síst ýmsar konur sem vinna við þessa starfsemi.

Ég held að hæstv. fjmrh. ætti að skoða þetta mál allt betur og ég held að hv. fjh.- og viðskn. ætti að fara vel í saumana á þessum þætti, eins og reyndar hefur komið fram í máli tveggja nefndarmanna hér, hv. 10. þm. Reykn. og hv. 5. þm. Vesturl., sem bæði hafa fjallað um nauðsyn þess að þetta mál fái ítarlega meðferð í þingnefnd. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt. Ég er alveg sammála þeim um það. Það er alveg nauðsynlegt að fara í saumana á þeim götum sem þegar er búið að sýna fram á að eru á þessu máli miðað við þann málflutning sem uppi er hafður um tilganginn með frv.

Ef ég síðan kem að II. og III. kafla þessa frv., þá er þar í fyrsta lagi um að ræða hækkun úr 14% í 20% á þeim vörum sem nú bera vörugjald og í öðru lagi um að ræða nýtt gjald, 10%, á ýmsar vörur sem ekki hafa borið vörugjald til þessa eða síðan í fyrra. Þar er fyrst og fremst um að ræða byggingarvörur af ýmsu tagi. Það er þá væntanlega fjárfestingarskatturinn svokallaði eða staðgengill fjárfestingarskattsins sem hæstv. fjmrh. hefur gert að umtalsefni og ég vék að áðan.

Nú er það þannig að skattur á byggingarefni af þessu tagi, byggingarvörur, mun að sjálfsögðu hækka byggingarkostnað mjög verulega. Lauslegar áætlanir benda til þess að vísitala byggingarkostnaðar muni hækka í verðstöðvuninni um a.m.k. ein 3% vegna þessarar nýju skattlagningar. Vísitala framfærslukostnaðar mun hins vegar hækka um 0,5%. Þar með hækkar lánskjaravísitalan eins og hún er í dag um 1,3% til kannski 1,4% eftir því hvernig þetta kemur út á endanum. Þessi hækkun byggingarvísitölu lendir auðvitað ekki jafnt á öllum almenningi á Íslandi vegna þess að það eru ekki allir að byggja. Hverjir eru það fyrst og fremst sem standa í húsbyggingum á Íslandi? Það er yngra

fólkið, fólkið sem er að reyna að koma yfir sig þaki, oft og tíðum í fyrsta sinn, og það er á því sem þessi skattlagning mun fyrst og fremst bitna.

Það má þess vegna færa rök fyrir því að þessi skattlagning sé sérstök árás, sérstök kveðja frá ríkisstjórninni til yngra fólksins í landinu. Nú þykist ég vita að fjmrh. og ríkisstjórnin í heild viti vel um þessi áhrif, viti vel hvar þau lenda, á hverjum þau bitna, en hún hefur bara engar áhyggjur af því. Þetta er hennar pólitíska stefna sem þarna kemur fram. Hennar pólitíska stefna er sú að draga úr húsbyggingum á samdráttartímum, hækka byggingarkostnaðinn fyrir unga fólkið þegar kaupmáttur fer minnkandi og hækka lánskjaravísitöluna með aðgerðum stjórnvalda og íþyngja þannig skuldabyrði skuldaranna í landinu á tímum þegar bæði er um að ræða verðstöðvun og launastöðvun.

Þetta er hin pólitíska stefna ríkisstjórnarinnar sem fram kemur í þessu frv. Út af fyrir sig kemur hún mér ekkert á óvart en ég hygg að það sé rétt mat hjá þeim sem hafa tjáð sig um þetta mál í þessari umræðu að þetta séu kaldar kveðjur til heimilanna í landinu á samdráttartímum, ekki síst unga fólksins sem auk þess að vera að byggja er auðvitað líka oft á tíðum að fjárfesta í heimilistækjum sem nú á að hækka vörugjaldið á úr 14% í 20%.

Hins vegar má kannski segja um þau tæki og þann kafla frv. að þar er þó að verulegu leyti um að ræða innfluttar vörur og þessi skattur mun því ekki bitna á innlendum iðnaði í sama mæli og hann mun gera varðandi A-hluta frv. og varðandi byggingariðnaðinn í C-hlutanum. Skattlagningin í B-hluta mun fyrst og fremst koma við þá sem kaupa þessar vörur og þá sem versla með þær, þannig að það má segja að í B-hluta þessa frv. sé ekki um að ræða þá árás í iðnaðinn í landinu sem um er að ræða í kafla A og kafla C.

En það er fleira sem kemur til athugunar varðandi þetta frv. því að eins og það er lagt fram eru inn í það byggðir ákveðnir framkvæmdavankantar, erfiðleikar sem koma munu í ljós þegar á að fara að innheimta þennan skatt, ekki síst í byggingariðnaði. Þá munu koma í ljós að mínum dómi ýmsir ókostir og framkvæmdaerfiðleikar sem ég tel að muni draga mjög úr þeim tekjumöguleikum sem þessu frv. er ætlað að skapa fyrir ríkisstjórnina. Þetta atriði er að vísu ekki sama eðlis og sá galli sem var á frv. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, sem ég afhjúpaði hér í gær, en þar var um að ræða — mér liggur við að segja — beinar falsanir á tekjuáætluninni vegna þess að tala sem átti að vera 360 millj. kr. miðað við innheimtureynslu frá því í ár og í fyrra er talin vera 425 millj. kr. á næsta ári þegar hún ætti að vera 360 milljónir á sama verðlagi. Þar var því annaðhvort um að ræða hrein mistök, sem ég tel nú líklegra, eða ósvífnar falsanir fjmrh. í þeim tilgangi að hækka heildartekjur ríkissjóðs í fjárlagafrv. og fjárlögunum án þess að finna því eðlilegan stað á grundvelli fenginnar reynslu.

En það sem hér er um að ræða er annars eðlis. Hér er um það að ræða að það á að leggja 10% vörugjald bæði á timbur og síðan á vörur úr timbri, húsgögn og innréttingar. Ef ég veit rétt, þá mun þetta kalla á mjög flókið uppgjör þeirra aðila sem kaupa timbur, vinna síðan úr því og selja fullbúnar vörur í formi innréttinga og húsgagna. Ég hygg að það sé varla hugmyndin að láta koma þarna fram tvísköttun, skattleggja fyrst timbrið og síðan timbrið þegar búið er að breyta því í fullunna vöru.

Ég held að þetta hljóti að kalla á ákveðið uppgjör með virðisaukasniði eins og það hét í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar 1980. Þá var ekki talað um virðisaukaskatt heldur skatt með virðisaukasniði. Ég held að þarna sé um að ræða fyrirbæri í þessu frv. sem hljóti að kalla á virðisaukauppgjör í þeim greinum sem hér er um að ræða nema það sé þá ætlunin að tvískatta þetta, láta menn sitja uppi með vörugjaldið á timbrinu og leggja síðan annað vörugjald ofan á innréttingarnar og húsgögnin. En það held ég að geti varla verið. Ég held að þeir sem vita betur í fjmrn. hljóti að hafa haft vit fyrir ráðherranum í þessu efni því þó að skattagleði hans sé mikil þá getur varla verið að hún eigi að birtast með þessu móti.

Hér er reyndar ekki bara um að ræða timbur, hér er um að ræða við, plötur úr viði, klæðningu ýmiss konar og fleira þess háttar, krossvið og ýmislegt sem notað er við smíðar. Ég held að það væri gagnlegt að fá það fram hvernig á að leysa þetta uppgjörsvandamál sem þessari annars tvísköttun fylgir og hvernig á að hafa eftirlit með því að allir þeir smáu aðilar sem stunda smíðar af þessu tagi, húsgagna- og innréttingasmíðar, gera upp. Í þessum greinum munu vera um 300 aðilar um þessar mundir, þar af um 250 með færri en fimm manns í vinnu, þannig að það er býsna fróðlegt að fá um það upplýsingar með hvaða hætti eigi nú að fylgjast með starfsemi þessara aðila.

Það kann vel að vera að fjmrh. hafi hugsað það svo að þarna fái hann æfingu í að framkvæma virðisaukauppgjör og hafi valið þessa aðila í innréttinga- og húsgagnasmíði til þess að prófa það kerfi á, en einhvern veginn efast ég samt um að það sé tilfellið. Eða getur verið að menn hafi bara ekkert leitt hugann að þessu? Getur það verið að þetta hafi farið fram hjá hæstv. fjmrh.? Mér þætti vænt um ef einhver vildi taka að sér að svara þessu í fjarveru hæstv. fjmrh. eða skila þessu til hans hér á eftir þegar hann hefur lokið sinni framsögu í Ed. því að ég held að hérna sé mál á ferðinni sem getur skipt miklu máli. — Hefur hann lokið máli sínu í Ed.? Mér þætti vænt um það ef hann er ekki vant við látinn að hann hlýddi hér á, en ég geri mér grein fyrir því að við vorum búnir að samþykkja það að hann mælti fyrir hinu málinu. (Gripið fram í.) Já, við vorum búnir að því. Ég ætla þá ekki að gera neinar athugasemdir við þetta, en ég vænti þess að (**Gripið fram í:** Ég bið þingsvein að koma því til fjmrh. að þú viljir gjarnan að hann hlýði á mál þitt.) Já.

Eins og ég hef þegar vikið að eru margar hliðar á þessu máli sem ekki hafa komið fram, hvorki í fram-

sögu hæstv. ráðherra né í því sem hann hefur látið frá sér fara um þessi mál í fjölmiðlum að undanförnu. Þessi mál eru nefnilega ekki alltaf óskaplega einföld. Það er ekki alltaf nóg að grípa bara einhverja tollskrárflokka og klessa síðan á þá einhverjum skattprósentum, vörugjaldsprósentum. Það er ákveðið samræmi í þessum hlutum sem er búið að koma á, reyndar við illan leik og með miklum harmkvælum hér í fyrra, þá gengum við í gegnum það í harðri andstöðu við þá sem nú ráða fjmrn., en það hafðist. Það tókst að koma því í gegn vegna þess að ríkisstjórnin sem þá sat einsetti sér að láta ekki buga sig í því máli. En nú ber svo við að það á að hverfa frá því og þá skjóta upp kollinum ýmis vandamál, þá ganga aftur ýmis vandamál sem menn voru að reyna að leysa með þessari einföldun og samræmingu í fyrra og hafa verið að berjast við í mörg ár, m.a. þetta í sambandi við skatt á timbur og innréttingar eða vörugjald á þessar vörur og sömuleiðis er það með drykkjarvörurnar sem ég gat um áðan. En það er engu líkara en að annaðhvort sé mönnum sama um það þó að þeir veki upp gamla vandamáladrauga í þessu eða þá þeir hafa bara ekkert hugleitt það.

Ég gat þess að tekjugrundvöllur þessa frv. væri kannski ekki jafnskýr og látið væri í veðri vaka vegna þess sem ég rakti áðan. En það er auðvitað líka vegna þess að nú fjölgar mjög þeim aðilum sem eiga að innheimta þetta vörugjald og eðli málsins samkvæmt flækir það innheimtuna og gerir eftirlit með henni erfiðara í framkvæmd. Ég held því að fjmrh. hafi gert of lítið úr þessari hlið þessara mála. Það segir sig sjálft að t.d. gríðarleg fjölgun ýmissa smáaðila í innréttingaframleiðslu, framleiðslu byggingarefna og fleiru af þeim toga mun gera framkvæmd eftirlits með innheimtu þessa gjalds erfiðari og mannfrekari en er í dag.

Engu að síður, herra forseti, eru stærstu vandkvæðin við þessa skattheimtu að mínum dómi þau að það er horfið frá þeirri meginstefnu að mismuna ekki milli atvinnugreina. Það er ranglega gripið til þess að skattleggja húsbyggingar og byggingarstarfsemi og íslenska iðnframleiðslu á tímum samdráttar. Og það er ómaklega verið að hækka kostnaðinn hjá almenningi í landinu, ekki síst unga fólkinu, byggingarkostnað og annan kostnað, sem sagt verðlag í landinu og allar vísitölur sem það mæla, á tímum verðstöðvunar og launastöðvunar. Allt þetta er að mínum dómi rangt, bæði út frá almennum sjónarmiðum sem gilda eiga í skattlagningu og út frá sjónarmiðum almennrar efnahagsstjórnar. Þess vegna held ég að menn ættu að leita á önnur mið þegar um er að ræða tekjuöflun. Menn ættu að kanna það betur hvort ekki er unnt að draga úr útgjöldunum og ég hef þegar nokkrum sinnum bent á að það er alveg kjörið að strika út úr fjárlögunum þessar 500 millj. kr. sem fara eiga í millifærslusjóðinn sem kenndur er við Stefán Valgeirsson. Ég tel að það væri góð byrjun að taka þá peninga út úr fjárlagafrv. og þegar sú byrjun er fengin að hefja þá alvöruviðræður við stjórnarandstöðuna, ekki þetta sýndarmennskutal sem hér hefur verið vakin athygli á í umræðunum, hefja þá alvöruviðræður við stjórnarandstöðuna um fjármál ríkisins og leiðir til að draga úr hallanum á ríkissjóði.

Það er auðvitað ekkert mark takandi á því þegar menn eru boðaðir til fundar og fá að sjá einhver frumvörp um tekjuöflun vegna þess eins að ríkisstjórnin hefur ekki meiri hluta hér í hv. deild. Það er auðvitað ekkert mark takandi á slíkum viðræðum nema boðið sé upp á viðræður á breiðari grundvelli, t.d. um útgjaldahlið frv. og stefnuna almennt í efnahagsmálunum samtímis. Viðræður um einstök og afmörkuð frumvörp geta að vísu farið vel fram, en hvert og eitt frv. er auðvitað ekki nema lítill þáttur í þeirri heildarmynd sem menn verða að hafa fyrir framan sig þegar verið er að fjalla um ríkisfjármálin, að ég tali nú ekki um efnahagsmálin í heild.

Því held ég að það færi betur á því að ríkisstjórnin boðaði til umræðna á breiðari grundvelli um þau mál en að kalla menn til fundar umn einstök frumvörp, ekki síst þegar slík fundahöld eru síðan notuð í fjölmiðlum sem einhver meiri háttar uppfinning og til marks um samráðsvilja ríkisstjórnarinnar. Eins og þetta sé eitthvað nýtt, eins og það sé eitthvert nýmæli að mönnum séu sýnd frumvörp áður en þau eru lögð fram. Mætti ég ekki minna menn á það þegar hæstv. þáv. ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar lagði fram bæði frumvörp um virðisaukaskatt og um staðgreiðslu skatta, mjög umfangsmiklar kerfisbreytingar, þá var haft mjög mikið samráð við stjórnarandstöðuna þáverandi. Menn voru boðaðir til funda og það var farið yfir þau frumvörp sérstaklega með þáv. stjórnarandstöðuflokkum til þess að auðvelda þeim að glöggva sig á þessum flóknu málum og greiða fyrir eðlilegu samstarfi hér í þinginu. En það er eins og menn séu algjörlega fæddir í gær í þessum málum og telji að það sé einhver ný uppfinning hæstv. núv. fjmrh. að kynna skattafrumvörp fyrir stjórnarandstöðunni. Og auðvitað gleypa fréttamennirnir þetta eins og nýtt net, að hér séu stórkostlegar framfarir í vinnubrögðum af hálfu hæstv. núv. fjmrh. og greina frá því, auðvitað alveg athugasemdalaust, hvers lags merk nýmæli hér séu á ferðinni.

Nei, ég held að í sambandi við þetta vörugjald ættu ekki síst verkalýðsforingjarnir í Alþfl. að skoða vel hug sinn — fyrst einn þeirra er nú genginn hér í salinn — til þessa máls og velta því fyrir sér í alvöru hvort það sem verksmiðjufólkið á Íslandi og almenningur í landinu þarf á að halda um þessar mundir sé stórfelldlega aukin skattlagning á ýmsar framleiðsluvörur íslensks iðnaðar eins og hér er á ferðinni. Ég held að verkalýðsforingjar Alþfl. eins og aðrir þingmenn, ekki síst stjórnarþingmenn, hefðu gott af því að spekúlera vel í því máli. Því að ég er ekkert allt of viss um það að kollegar þeirra í verkalýðsfélögum þess fólks sem þessi skattlagning mun bitna á séu neitt yfir sig hrifnir af því sem hér á að fara að gera. Ég gæti best trúað því að hvorki formaður Verkamannasambandsins né Landssam-

bands iðnverkafólks séu neitt yfir sig hrifnir, a.m.k. hoppi ekki hæð sína í loft upp af fögnuði yfir þessum hækkunum sem hér á að demba yfir almenning með ófyrirséðum afleiðingum fyrir þeirra umbjóðendur. Ég held að sama gildi um þetta mál og önnur skattafrumvörp sem þegar hafa verið kynnt, þ.e. að menn ættu að reyna að gera sér grein fyrir því hvaða áhrif þessi mál hafa. Í upphafi skyldi endinn skoða og er það rétt stefna að taka áhættu í atvinnumálum, íþyngja atvinnugreinum þegar samdráttur steðjar að? Er það rétt stefna að taka þá áhættu að aðeins vegna aukinnar skattheimtu þurfi að segja upp fólki í ýmsum greinum, draga saman atvinnustarfsemina og þær tekjur sem fólk hefur af henni? Ég held að *þetta sé eðlileg spurning og menn verða að fá svör* ríkisstjórnarinnar við henni þegar þessi mál eru til umræðu.

Ég skal ekki orðlengja frekar um þetta, virðulegi forseti, en tel eins og aðrir sem hér hafa talað nauðsynlegt að ráðherrann skýri þessi mál betur fyrir okkur og að þau verði öll skoðuð vel og vandlega í hv. fjh.- og viðskn. Ég dreg þó ekki í efa að hægt sé að gera það hratt nema það sé markmið ríkisstjórnarinnar til þess að örva jólaverslunina að hafa þetta frv. með þessum hækkunum hangandi *yfir landsmönnum í nokkurn tíma. Allir vita að frv.* sem þetta getur kallað á óeðlilega eftirspurn, hamstur og þess háttar og því er það auðvitað öllum í hag að úrslit fáist fljótt, eins og ég veit reyndar að vilji fjmrh. stóð til fyrir nokkrum dögum síðan. Slík afgreiðsla byggist auðvitað á því að hann svari greiðlega öllum spurningum sem fram koma þannig að það sé hægt að knýja fram úrslit í þessu máli áður en langt um líður. Ef það er t.d. rétt að þingmenn Kvennalistans muni ekki greiða II. og III. kafla þessa frv. atkvæði og borgaraflokksmenn ætli ekki heldur að gera það og sjálfstæðismenn munu ekki gera það falla II. og III. kafli frv. á jöfnum atkvæðum hér í deildinni. Þá er auðvitað nauðsynlegt að það komi fram gagnvart því fólki sem núna hyggst hugsanlega breyta sínum útgjöldum vegna þess að það telur að verðhækkanir séu yfirvofandi. Ég held því að öllum sé fyrir bestu að úrslit í þessu máli fáist fljótt hér í deildinni og það liggi fyrir hver stuðningur er við þessi áform ríkisstjórnarinnar í þessari hv. deild.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Ég bað um orðið um þingsköp en ég sé að ástæða til þeirrar beiðni minnar er nú brott fallin og mun ég þess vegna getað lokið ræðunni án frekari skýringa. Ég sé að hæstv. fjmrh. verður mjög undrandi á svipinn. Sannleikurinn var sá að ég ætlaði að andmæla því að frekari umræða um þetta efni færi fram án viðvistar hæstv. fjmrh., ekki svo að skilja að ég hafi saknað hæstv. ráðherra svo óskaplega því að mér þætti alveg þolanlegt að sjá aðra menn í ýmsum stjórnarstólum. Hitt er það að þessi ástæða er brott fallin. Ég spyr því hæstv. forseta hvort ég eigi að ganga til sætis míns og bíða eftir að að mér komi á mælendaskrá eða hvort ég eigi að breyta þessari ræðu í ræðu sem haldin væri skv. mælendaskrá.

Herra forseti. Um þennan skatt, sem vissulega kemur mörgum á óvart, er ýmislegt að segja og þá fyrst og fremst um aðalefnisatriði, þær fjárhæðir og þær vörutegundir sem skatturinn leggst á, og það hvernig hann ásamt öðrum þeim sköttum sem við fjöllum um þessa dagana verður til þess að íþyngja þjóðfélagsborgurunum þótt með misjöfnum hætti sé. Skattarnir sem verið er að fjalla um þessa dagana falla með afar misjöfnum þunga á fólkið í landinu. Þeir sem við fjöllum t.d. um nú í dag bitna mjög illilega á ungu fólki og konum. Í gær fjölluðum við um skatt sem bitnaði mjög illilega á atvinnulífinu, bæði þeim sem atvinnuna reka og einnig þeim sem launþegar eru, einkanlega konum í því tilviki. Þeir skattar, skoðaðir í ljósi annarra aðgerða og stefnu ríkisstjórnarinnar, leiddu mig til þeirrar niðurstöðu að öll væri þessi gerð mjög fjandsamleg konum. E.t.v. var hún ekki hugsuð þannig í upphafi en þegar hún og afleiðingarnar eru skoðaðar vandlega komumst við að þessari niðurstöðu.

Áður en ég vík að aðalefni frv. langar mig til þess að draga fram og beina sérstaklega til þeirra hæstv. ráðherra, sem hér eru staddir, nokkrum atriðum um þau ákvæði frv. sem sérstaklega munu hafa áhrif á framkvæmdina. Fyrst eru þau atriði sem koma fram í ákvæðum til bráðabirgða. Þar eru þættir sem ég tel að séu ákaflega hæpnir gagnvart almenningi og þeim sem inna eiga gjald þetta af höndum ef frv. verður að lögum og í raun og veru þess eðlis að þetta fái ekki staðist. Hér er afturvirkni í gjöldum og hér er afturvirkni sem verður með þeim hætti að hún getur gerbreytt forsendum samninga sem fyrir löngu eru gerðir. *Kaupin kunna að hafa farið fram fyrir löngu* síðan, t.d. fyrir tveimur mánuðum, þó að afhendingin hafi ekki að öllu leyti farið fram. Það kunna að hafa verið gerð kaup á vöru sem átti að afhendast í áföngum. Segjum t.d. að samningur hafi verið gerður í október, afhending átt að fara fram í nóvember, desember og janúar, kannski 15. þessara mánaða, þá fellur gjald á þann hluta vörunnar sem afhentur er eftir gildistöku þessara laga samkvæmt þessu bráðabirgðaákvæði, þ.e. bráðabirgðaákvæði nr. 3, þótt frá öllum þáttum í kaupsamningi hafi verið gengið í októbermánuði. Sérstaklega þegar um er að ræða dýra vöru getur verið um svo stóra þætti að ræða að það hafi gersamlega breytt forsendum samningsins og ekki hefði orðið úr kaupunum ef vitað hefði verið um þessa þætti.

Það er auðvitað ljóst að afturvirkni af þessu tagi á ekki að vera í lögum. Það er almennt viðurkennd grundvallarregla og þáttur í því að fólk geti með öryggi gert samninga um hvaðeina í þjóðfélaginu og leitað réttar síns í því sambandi. Þess vegna held ég að þetta sé atriði sem þurfi að breyta. Sama er að segja um 4. ákvæðið til bráðabirgða en þar virðist vera talað um uppgjörstímabilin nóvember og des-

ember 1988. Ég vil óska eftir því, hvort sem hæstv. ráðherrar telja sér það nú skylt eða rétt að fara eftir slíkum ábendingum, að það verði athugað vandlega hvort það geti verið að uppgjörstímabilið eigi að vera nóvember.

Ég veit ekki hvort hæstv. ráðherra er kominn í umræður inni í Ed. en ég lít svo á að það sé verkefni þingsins að benda á atriði í þeim frumvörpum sem við höfum hér til umfjöllunar og varða mjög hag fjölmennra hópa í þjóðfélaginu. Það er ekki ætlun mín, herra forseti, að beita hér neinu málþófi, síður en svo, en mér þykir það vera hroðvirkni að benda ekki á jafnaugljósa hluti og þessa. — Þarna er hæstv. ráðherra, það hefur e.t.v. verið kallað eftir honum inn í Ed. Þetta er svolítið erfitt þegar sjö börn eru á landi og sjö í sjó, eins og sagt var forðum. Það sem ég var að minnast á, hæstv. ráðherra, var að ákvæðin til bráðabirgða, þau sem varða uppgjörstímabil sem þegar er liðið, verði tekin til endurskoðunar og athugunar og breytingar áður en frv. kemur til 2. umr.

Önnur bráðabirgðaákvæði varða þess konar þætti reyndar líka, einkanlega ákvæði 2. Því minnist ég á þessi atriði að í greinargerð frv. er engin skýring á þessum ákvæðum. Um ákvæði til bráðabirgða stendur ósköp einfaldlega í greinargerð, með leyfi hæstv. forseta: „Ákvæðin þarfnast ekki skýringar.“ Mér virðast þau þarfnast rækilegrar skýringar og líka breytingar.

Annað atriði sem varðar framkvæmd þessa hugsanlega vörugjalds eða framkvæmdina á innheimtunni er á bls. 4 í þingskjalinu. Það er einn af hinum þremur nýju málsliðum sem koma í stað 3. mgr. 8. gr. núgildandi laga um þetta efni. Þar segir um nýtt álag sem lögfest verður samkvæmt 2. gr., 4. mgr. frv. að það skuli vera, með leyfi hæstv. forseta: „4% álag af þeirri upphæð sem vangreidd er fyrir hvern byrjaðan virkan dag eftir gjalddaga, þó ekki hærra en 20%.“ Það er því fimm daga að fara upp í þessi 20%.

Vel kann að vera að það þurfi skýrari ákvæði en nú eru til þess að auðvelda innheimtuna, og hér er tekið mið af reglum um innheimtu söluskatts. Í 1. mgr. sömu greinar frv., þ.e. 2. gr., kemur skýring á því hví ég hef sérstakar áhyggjur af þessu atriði, en þar er kveðið á um að gjalddaginn skuli vera fyrsti dagur annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils vegna sölu eða afhendingar á því tímabili. Nú er það svo að þeir aðilar, sem eiga að standa skil á þessu umrædda vörugjaldi, eru seljendur sem oft á tíðum selja gegn gjaldfresti. Það er í mun færri tilfellum en í öðrum viðskiptum sem selt er gegn staðgreiðslu. Þess vegna er gjalddaginn fyrsti dagur mánaðar þessum aðilum erfiðari og gæti hugsanlega torveldað innheimtuna. Því leyfi ég mér að benda á að auðveldara væri í framkvæmd fyrir alla aðila að þessi gjalddagi væri ekki fyrsti dagur mánaðarins heldur e.t.v. sjötti eða sjöundi dagur, þ.e. eftir að greiðslukort hafa verið gerð upp. Ég veit ekki hvort þetta atriði hefur verið sérstaklega hugsað, það má vel vera. Það má líka vel vera að það sé með þetta atriði eins og því miður um fleiri atriði í þessum skattafrumvörpum að svo er að sjá sem ríkissjórninni sé rétt sama um þá einstaklinga sem eiga að greiða gjöldin. Ég leyfi mér samt að benda á þetta í von um að það hljóti náð fyrir augum einhverra þeirra sem þurfa að ljá atbeina sinn til þess að þetta geti orðið að lögum.

Þá vil ég koma að því sem er auðvitað aðalefni frv. Það eru ákvæðin um sjálft gjaldið, hve hátt það skuli vera og á hvaða vörur það skuli falla. Ég skal reyna, herra forseti, að stytta mál mitt um það atriði. Ég vék að vísu nokkuð að þessu frv. í gær þó að annað frv. væri þá til umræðu, frv. um skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði eða um tvöföldun þess skatts, því að mér þótti vera ótvírætt samhengi á milli þessara mála eins og reyndar er um önnur skattafrumvörp sem hér eru til umfjöllunar og þá ekki síst hin nýja hækkun tekju- og eignarskatts.

Ég vil taka undir með þeim sem sett hafa fram vissar efasemdir í sambandi við sykurkaflann fræga. Hér getur ekki verið um manneldissjónarmið að ræða af þeirri ástæðu að hæstv. ráðherra hefur haldið því fram að verð muni ekki hækka af þessum sökum og með hvaða hætti á þá að ná manneldistilganginum? Auðvitað eru þeir sem setja fram einhver manneldissjónarmið í þessu sambandi með það í huga að dregið yrði úr neyslu þessara vara vegna þess að sumar hverjar a.m.k. væru taldar óhollar. Ef verðið breytist ekki er ekki þeirri röksemd til að dreifa enda er það rangt að verð breytist ekki við samþykkt þessa frv. Það sér það hver maður að þetta er verðbólgufrv. Þetta er verðhækkunarfrv. rétt eins og frv. sem við fjölluðum um í gær. Það fer líka út í verðlagið, e.t.v. ekki alveg næstu daga en mjög fljótlega. Tilgangurinn með þessu, eins og sést af manneldistalinu, er auðvitað að hækka verðið og svo verður um allar þær vörur sem hér er rætt um.

Það er tvennt sem ég vildi sérstaklega nefna í sambandi við sykurkaflann. Ég held að inni í honum séu þau sætuefni sem talin eru hættulaus þeim sem ekki þola sykur. Hvað með efni eins og aspartam eða canderel sem eru talin hættuminnst þeirra sætuefna sem þarf í matvæli? Þau eru notuð í matvæli og eru nú þegar mjög dýr og verða enn dýrari eftir samþykkt frv.

(**Forseti:** Forseti vildi aðeins vekja athygli ræðumanns á því að nú er kominn sá tími sem ætlaður er fyrir þingflokksfundi og miðað við það hvernig mælendaskrá er í þessu máli er gert ráð fyrir því að fresta fundi til kl. 6 og halda umræðunni þá áfram. Þess vegna vildi ég vekja athygli ræðumanns á því hvort sem hann vill hafa.) Ég mun fúslega, herra forseti, gera hlé á ræðu minni. Ég hygg að hún verði ekki mjög löng, en ég á þó nokkuð eftir svo ég mundi þiggja það að mega halda henni áfram kl. 6. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Þó að ekki sé fundarfært í venjulegum skilningi er ég þó í fámennum og í þessu tilviki góðmennum félagsskap. Ég sé ekki betur en hér sé

Borgaraflokkurinn — nei, hér kemur samflokksmaður minn í salinn. Ég var farinn að halda að fundurinn væri frátekinn fyrir Borgaraflokkinn.

Herra forseti. Ég hafði sagt í upphafi að ég hygðist alls ekki halda langa ræðu en ég taldi nauðsynlegt að koma að nokkrum efnisatriðum í því viðamikla máli sem við fjöllum um. Ég mun nú flytja þennan formála með nokkrum orðum á meðan hæstv. ráðherra er einhvers staðar annars staðar í húsinu, ég hygg þó að hann sé á leiðinni hingað. Ég efa ekki að hv. þingmenn munu nýta dagana fram undan til þess að vinna sín nefndarstörf svo ítarlega sem tíminn leyfir og sem málin krefjast.

Ég hafði í þeim hluta ræðu minnar sem ég hélt fyrir hléið aðeins bent á örfá atriði. Ég benti á hið almenna einkenni frv. sem ég tel vera þann verðbólguauka sem samþykkt þess muni hafa í för með sér og þá sérstaklega þegar til þess er litið að mörg önnur skattafrumvörp ríkisstjórnarinnar um þessar mundir munu ótvírætt hafa verðbólguáhrif og skerða kjör almennings í landinu. Ég hafði einnig sérstaklega dregið fram nokkur ákvæði í síðari hluta frv., ákvæði sem eru e.t.v. þess eðlis að menn horfa ekki svo mikið á þau því að aðalefnið er vissulega í 1. gr. frv. Þessi ákvæði vörðuðu annars vegar fyrirkomulag innheimtunnar og svo hins vegar bráðabirgðaákvæði sem ég tel að feli í sér afturvirkni sem forðast verði í allri lagasetningu og sem ég vonast til að verði breytt í hv. nefnd.

Að því er varðar innheimtufyrirkomulagið benti ég á að ég teldi nauðsynlegt að taka gjalddagann til endurskoðunar þannig að hann félli saman við möguleika gjaldenda til að standa skil á vörugjaldinu, þ.e. að dagsetning þessi væri ekki fyrr en eftir þann tíma að menn fá uppgerðar greiðslur fyrir greiðslukortin. En þeir gjaldendur sem í hlut eiga í frv. og eiga að greiða vörugjaldið eru oft aðilar sem fá sitt endurgjald fyrir vöru greitt að liðnum gjaldfresti eða lengri tíma eftir á en títt er í öðrum kaupskap. Ég tel því að þessi atriði skipti máli fyrir þá einstaklinga sem hér eiga í hlut og líka fyrir vinnu þeirra embættismanna sem munu standa að þessari innheimtu.

Ég var byrjuð á því að tala um fyrsta þáttinn í 1. gr., eða það sem við höfum kallað sykurkaflann í frv. Ég vakti athygli á nokkrum göllum í þessum kafla. Ég hafði þó ekki dregið fram viss almenn atriði sem ég tel skipta verulegu máli. Ég tel það geta vel komið til greina að hafa hærri gjöld á sykri, eða vörum sem innihalda sykur, en ýmsu öðru og þá beinlínis af manneldisástæðum, eins og þær hafa verið nefndar, en með einu fororði þó. Þannig er mál með vexti að afar þungur útgjaldabaggi á mörgum fjölskyldum kemur til af tannlækniskostnaði. Þess vegna hefði ég talið að binda ætti slíka álagningu því skilyrði að andvirðinu af þeim tekjum sem inn kæmu væri að öllu leyti varið annars vegar til tannverndar og hins vegar til að lækka tannlækniskostnað almennings. Það væri rökrétt samhengi í því og mjög mikil þörf.

Það þarf ekki að minna á það nýjasta sem fram hefur komið í fréttum og sýnir okkur óþyrmilega fram á þann útgjaldabagga sem ég er að tala um, en það er að fólk fari í langar ferðir til útlanda, til Búlgaríu að því er sagt var, til þess að fá gert við tennur sínar af því að þar er það ódýrara. Ég held að það væri ráð fyrir hæstv. ríkisstjórn, úr því að hún er svo áhugasöm um að skattleggja sykurinn aukalega miðað við það sem nú er, að nota þá þessar tekjur til þess að lækka tannlæknakostnað almennings í landinu með forvörnum og hugsanlega með einhvers konar niðurgreiðslum. Þetta held ég að réttlætti slíka skattlagningu fyrst og fremst.

Á hitt vil ég benda, sem ég reyndar nefndi við hæstv. heilbrrh. hér niðri og ég vona að hann sé nú að ræða um við hæstv. fjmrh., að ég óttast að í þessum kafla um sætindin sé einnig að finna vörur sem sérstaklega eru ætlaðar þeim sem alls ekki þola sykur. Í landinu starfa merk samtök sem heita Samtök sykursjúkra og hafa barist fyrir hagsmunum þeirra sem hafa mikinn kostnað af þeim sjúkdómi eins og t.d. króníska veik börn. Það hefur sitthvað verið gert til þess að lækka kostnað þessa fólks af sjúkdóminum og það er einmitt fólgið í ýmsu sem ekki heyrir undir venjulegan lyfjakostnað. Svo er t.d. um viðurværi sykursjúkra. Gervisykur, sem stundum er svo nefndur, er talinn hafa mismunandi mikla þýðingu fyrir þennan hóp manna, en þá er sérstaklega talið að svokallað canderel, eða aspartam, sé einna heppilegast. Það eru vissulega til fleiri tegundir og ég tek fram að auðvitað kann ég ekki skil á öllum þeim vöruheitum. En efni af þessu tagi eru nú þegar mjög dýr en skipta miklu máli fyrir heilsu þessara hópa. Ég tel því eindregið að það beri að taka þau efni út úr þessum kafla. Ég hygg að verði þetta frv. að lögum sé þetta atriði mjög mikilvægt. Ég tek svo undir það sem hér hefur verið bent á að það er afar hæpið að hafa heilsuvöru eins og hreinan ávaxtasafa og slíkt í þeim kafla sem ákveðið er að skuli bera 25% vörugjald. Þess vegna hvet ég til þess að menn taki sér örlítinn tíma og athugi þessa flokkun miklu betur.

Þar fyrir utan er svo ýmislegt í þessu frv. sem varðar enn þá stærri hluta almennings og felur í sér mjög alvarlega mismunun og sýnir glöggt viðhorf til þessara hópa sem í hlut eiga og að því er mér finnst afar gamaldags viðhorf. Það er t.d. sá kafli sem fjallar um snyrtivörur. Ég veit ekki hvort hæstv. fjmrh. er kunnugt um það að á flestum heilbrigðisstofnunum er það nú talið heilsufarsatriði að sjúklingar geti fengið ýmiss konar snyrtingu og það er mjög mikilvægt t.d. í umönnun aldraðra, ekki síst. Þá er hér sérstakur kafli sem fjallar um fótsnyrtivörur og handsnyrtivörur. Einmitt þetta er afar mikilvægt fyrir góða líðan aldraðra. Ég veit ekki hverju það sætir að hæstv. ráðherrar vilja endilega skattleggja þetta sérstaklega. Ég hélt að ærinn væri kostnaður á þeim stofnunum sem slíkt láta í té og fyrir þá sem mest not hafa fyrir slíkt sem eru gamalmenni og öryrkjar. Auðvitað veit ég það að

kannski er enn þá fjölmennari hópur þeirra neytenda þessara vara sem eru bara konur almennt. Ég veit það að einhvern tímann sagði þingmaður hér úti á göngum: „Ég held að þær geti notað júgursmyrsl framan í sig.“ Það getur svo sem vel verið, eða smjör til að styrkja landbúnaðinn. Það má svo sem vel vera. Það er hins vegar svo að með ýmsum framförum í iðnaði og vísindaframförum er það almennt viðurkennt að hér er um hreinlætis- og heilsufarsatriði að ræða. Það er ýmislegt skringilegt í þessu ef maður fer að hugsa um heilsufarið og hreinlætið, og sumt kannski þess eðlis að maður kann varla við að nefna það í þingræðu, eins og t.d. lykteyðandi vökvar fyrir karlmenn og eitthvað slíkt. Ég hef ekki orðið vör við neinn óþef að vísu hér í þinghúsinu, en svona skringilegheit kann ég ekki alveg að meta og sé ekki að það hafi neinn sérstakan tilgang að vera að skattleggja slíkar vörur sem einhvern lúxus. Ég hefði haldið að þetta væri bara eins og hvert annað hreinlætisatriði.

Ég ætla hins vegar ekki, herra forseti, að vera að tína upp slík smáatriði. Það er kannski ekki vörutegund eins og þessi síðastnefnda sem skiptir mestu í þessu frv., heldur sú meginstefna sem birtist í því og hún er þessi: Að vörur, sem ýmist teljast til almenns hreinlætis fyrir almenning og eru heilsufarsatriði fyrir fólk almennt, konur sérstaklega, og ég tala nú ekki um þá sem beinlínis fá bata eftir að var farið að sýna skilning á nauðsyn þess að veita sjúklingum og öldruðum snyrtingu, verða allar miklu dýrari. Snyrtivörur verða við samþykkt svona frv. forréttindi efnaðra kvenna. Ég hefði haldið að það væri til góðs í okkar þjóðfélagi að slíkt væri ekki forréttindi efnakvenna heldur væru slíkar vörur almenn neysluvara kvenna, hvernig sem efnahag þeirra er háttað, en ekki forréttindahópa sem ferðast t.d. til útlanda, kaupa slíka vöru í fríhöfnum, eða þá þeirra sem hafa svo mikið fé milli handa að þær hugsi sig ekki um að kaupa góða vöru af þessu tagi. Ónefndir eru þá hagsmunir fyrirtækja sem bæði framleiða og selja slíkar vörur þar sem fjöldi kvenna hefur atvinnu. Allt þetta verður fyrir áhrifum af þessu frv.

Þá vil ég sérstaklega koma að öðrum þætti sem varðar hag kvenna mjög en það er sá kafli sem fjallar um heimilistæki. Mig furðar á því að á árinu 1988 skuli mönnum detta það í hug að skattleggja með þessum hætti nauðsynjar af því tagi. Það eru tæp 40 ár síðan þingmaður Sjálfstfl. flutti um það frv. hér á Alþingi að niður skyldu felld gjöld af heimilistækjum. Þetta var Kristín heitin Sigurðardóttir sem var þingmaður Sjálfstfl. hér í Reykjavík. Frá þeim tíma hafa ýmis skref verið stigin til þess að auðvelda mönnum kaup á þessum tækjum, og nú er svo komið að almennt líta menn svo á að hér sé um nauðsynjar til heimilishalds að ræða og menn hafa fengið á þessu meiri skilning, sérstaklega eftir að karlmenn fóru að taka meiri þátt í heimilisstörfum en þeir áður gerðu. Þá jókst skilningurinn á nytsemi tækja eins og uppþvottavéla, þurrkara og fleiri heimilistækja. Hér er hins vegar ekki einungis slíkt tiltekið heldur líka straujárn og saumavélar.

Ég benti á það í gær að þegar fleiri konur en nú hefðu misst atvinnu sína, annaðhvort vegna aðgerðaleysis ríkisstjórnarinnar eða þá aðgerða hennar, væri líklegt að þær snéru sér meira að því en áður að vinna ýmis verðmæti á heimilum sínum, m.a. að sauma flíkur á sig og börn sín. En hvað er þá gert? Þá er hækkað gjaldið á saumavélum, straujárnum, þvottavélum og tauþurrkurum og vindum, allt til þess að gera slík störf dýrari og erfiðari. Ég er svo ekki að tala um ryksugur og hrærivélar sem hafa verið ómissandi á hverju heimili áratugum saman — og ryksugur í öllum áhuganum á umhverfismálum og hreinlæti í umhverfinu. Ég verð að segja að það er afar torvelt að skilja tilganginn á bak við svona frumvarpsgreinar.

Auðvitað veit ég það að tilgangurinn er fjáröflun. En þegar menn velta fyrir sér tilganginum verða menn líka að skoða afleiðingarnar. Og það er, eins og aðrir ræðumenn hafa reyndar bent á í dag, m.a. hv. 17. þm. Reykv., eins og mönnum sé rétt sama um afleiðingarnar fyrir einstaklingana eða þann almenning í landinu sem samanstendur af þessum einstaklingum. Einkanlega virðist mönnum vera rétt sama um það hvernig þetta hittir heimilin, hvernig þetta hittir konurnar, af því að þeir vita að þetta eru nauðsynjar sem heimilin þurfa á að halda og þess vegna vita þeir að fólk mun kaupa þessa hluti þótt dýrir séu. Menn hafa ákveðið að það skuli vera ríkið sem á því græðir og það skuli „veskú“ borga ríkinu meira til þess að afla heimilum þessara nauðsynja.

Þá kem ég að kaflanum um vörugjaldið á byggingarefnum, á efnum sem ekki hefur verið vörugjald á. Þetta er þeim mun skringilegra sem menn hugsa meira um það hvernig í ósköpunum ríkisstjórnin ætli að ráða fram úr vandanum í húsnæðismálum. Í mínum huga hefur það alltaf verið mikilvægasta atriðið í því sambandi, lykilatriðið, að reyna að lækka húsnæðiskostnaðinn í staðinn fyrir að hækka hann. Þessi gjöld, það er algjörlega ljóst, hækka húsnæðiskostnaðinn. Og hvað þýðir það? Það er ekki bara hækkun á byggingarvísitölunni. Það er hækkun á útlögðum kostnaði fjölda heimila í landinu. Og meira að segja ekki bara þeirra sem eru að byggja, heldur þeirra líka sem þurfa að halda við ýmsu í byggingum sínum, láta framkvæma viðgerðir á ýmsum hreinlætistækjum. Þykir mörgum kostnaður við slíkt þó ærinn fyrir.

Það hefur stundum verið bent á það hér á Alþingi að það sem hið opinbera gæti gert stórkostlegast til þess að lækka byggingarkostnað, þegar hann hefur keyrt úr hófi eins og kannski flestum finnst sem standa í framkvæmdum við slíkt, væri að lækka hin opinberu gjöld á byggingarefninu. Það mundi ekki einungis verka á byggingarkostnaðinn, á sjálfa byggingarframkvæmdina og fjármögnun hennar, heldur líka á leigukostnaðinn í landinu og framkvæmdakostnað hins opinbera. Það þarf ekki lengi að leiða rök að því hve mikill hluti af fjárfestingunni í landinu er á vegum hins opinbera. Hið opinbera er því að

setja fjármuni úr einum vasa í annan en fjármuni sem verða um leið til þess að hækka allan kostnað í landinu, auka verðbólguna og hækka vísitöluna.

Þessi ríkisstjórn fer öfugt að. Hún bætir við gjöldin á byggingarefninu og hreinlætistækjum, dýrustu þáttunum í hverri byggingu, og eykur þar með framkvæmdakostnaðinn í landinu. Þetta heldur ríkisstjórnin að sé til þess að draga úr fjárfestingu. Þvílíkur hringsnúningur er í þessum röksemdum að það er von að fólk sé hætt að botna í þessu. Í gær héldu ýmsir hv. stjórnarsinnar að við værum að fjalla um frv. sem drægi úr fjárfestingum, þ.e. skattinn á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, það mundi draga úr fjárfestingum í landinu. Það frv. gerir illa settum atvinnurekstri enn erfiðara fyrir og setur hann á höfuðið í sumum tilfellum og skerðir möguleika þess sama atvinnureksturs til að hafa það fólk í vinnu sem hann hefur í dag og veitir kostnaði út í verðlagið eins og þetta frv. mun gera. Allt þetta virðist vera vegna þess að ríkisstjórnin hefur fyrst og fremst trú á ýmsum fyrirmælum að ofan. Hún er haldin þeim misskilningi að hún geti stýrt því hvað fólk telur sér nauðsynlegt. Eða þá að það sem máli skiptir í huga hæstv. ríkisstjórnar er að hún veit að tekjur ríkissjóðs aukast ef hún ákveður að skattleggja nauðsynjar sem fólk getur ekki án verið eins og ýmislegt af þeim byggingarvörum sem hér eru nefndar og ýmsum vörum til heimila. Einkennilegt er það hins vegar að þetta skuli gerast á sama tíma og atvinnumöguleikar fólks í landinu eru skertir og aðrir skattar eru lagðir á fólk með enn meiri þunga, m.a. tekjuskattar og eignarskattar.

Það er því ljóst að þegar af þessum ástæðum sem ég hef nefnt er mikil ástæða til þess að vara hv. þm. við samþykkt þessa frv. því að ég held að það muni verða eins og kastslanga eða „búmerang". Það sem menn halda að e.t.v. náist fram með frv. mun koma mönnum enn verr síðar og þá meira að segja þeim ríkiskassa sem hér er verið að tala um að reyna að ná peningum inn í. Það er eins og stundum hefur komið fyrir að í þessu máli að ekki er hugsað lengra en til næsta dags. Við verðum að horfa á afleiðingarnar af þessu máli sem eru bæði mjög víðtækar og geta orðið mjög kostnaðarsamar bæði fyrir almenning og þjóðfélagið allt og ríkið sem hlýtur að þurfa að hlaupa enn frekar undir bagga en oft hefur verið áður og hlýtur að standa andspænis nýjum vandamálum í efnahagsmálum vegna þess að það er rangt haldið á þessu máli.

Ég vil svo ítreka það að ég hvet til þess að athuguð verði ítarlega þau hæpnu ákvæði sem vissulega eru afturvirk með þeim hætti sem sést af bráðabirgðaákvæðunum. Má vera að þegar frv. var upphaflega samið hafi menn talið að það yrði löngu afgreitt þegar þeir dagar rynnu upp sem í frv. eru nefndir og þess vegna standi þær tölur eins og gefur að líta. Það má vel vera. En óneitanlega bendir það á fljótaskrift að svo skuli standa enn þá.

Auðvitað er það ljóst að öll þessi mál eru af makalausu fljótræði gerð, eins og t.d. það sem var verið að ræða í hv. Ed. nú nýlega og var að koma úr nefnd að ég held í dag og sem er mjög líklegt að feli í sér stjórnarskrárbrot, þar sem verið er að tala um gildistöku bráðabirgðalaganna. Þau koma reyndar til umræðu hér. En ég verð að játa það að ég hafði ekki rekið augun í það fyrr en alveg nýlega að það er talað um það í bráðabirgðalögum að þau skuli þegar taka gildi, eins og tíðkast, en svo skuli tiltekið ákvæði í bráðabirgðalögunum ekki taka gildi fyrr en í nóvember, löngu eftir að þing er komið saman. Ég hafði haldið að slíkt væri alls ekki heimilt í bráðabirgðalögum. Það er tími til að ræða slík atriði síðar, en ég nefni þetta til að hvetja til að þessi mál verði miklu nánar athuguð því að það er algjörlega ljóst að þetta bendir til að þeir pólitísku aðilar sem um þetta hafa fjallað hafi ekki athugað allar hliðar þessara mála.

Og þá er enn eftir eitt, herra forseti, sem varðar afstöðu stjórnarliðsins og ýmissa hæstv. ráðherra í sjálfri ríkisstjórninni. Það er með öllu óskiljanlegt hvernig frv. eins og þetta hefur farið í gegnum hæstv. ríkisstjórn, sérstaklega þegar minnst er frægrar sjónvarpsútsendingar á Stöð 2 nú í haust. Þar birtist hæstv. núv. utanrrh. og fyrrv. fjmrh. á skjánum og talaði um visst búsáhald í baki sínu vegna þess að þáv. forsrh. hafði sett fram hugmynd um nauðsyn þess að lækka matarskattinn svonefnda. Hæstv. núv. utanrrh. sagði að önnur eins hugmynd, sem mundi rugla söluskattsinnheimtunni, væri eins og rýtingsstunga í bakið á sér. Þessi hæstv. ráðherra hefur bara ekkert minnst á þetta umrædda áhald í sambandi við þetta frv. sem veldur þó miklu, miklu meiri ruglingi á því kerfi sem á var komið heldur en áður var nefnt, að ekki sé minnst á afstöðu ýmissa þeirra sem nú eru í stjórnarflokkunum og sjálfri ríkisstjórninni. Sjálfur flm. þessa máls, hæstv. fjmrh., talaði um brennimerkingu á hæstv. núv. utanrrh. ef hann féllist á álagningu matarskattsins svonefnda eða öllu heldur á samræmingu í upphæðum söluskatts í fyrra. Þetta kallar á skýringar. Skýringuna höfum við að vísu fyrir framan okkur að því er varðar afstöðu hæstv. fjmrh. Það þarf ekkert að biðja um skýringu á því, því að hún er deginum ljósari. Hæstv. ráðherra hefur einfaldlega snúist hugur. Hann er á þeirri skoðun núna að matarskattur skuli greiddur óbreyttur af heimilunum í landinu, þau séu ekkert of góð til að bera hann, og þau séu heldur ekkert of góð til að borga aukinn skatt og hærra verð fyrir ýmsar hreinlætisvörur og sjálfsagðar heimilisvélar, og þau séu ekkert of góð til þess að borga hærri húsnæðiskostnað. Það er einfaldlega vegna þess að hæstv. ráðherra vill með einhverju móti, illu eða góðu, afla fjár í ríkiskassann. Tillitið til samborgaranna er gjörsamlega horfið að þessu leyti til. En spurningunni um afstöðu hæstv. utanrrh. og flokks hans er ósvarað, og ég sakna þess, hæstv. ráðherra — þetta er ekki af því að ég sé forspá sem mér urðu þessi mismæli á, heldur vegna þess að ég minnist þeirra tíma þegar hæstv. forseti var ráðherra. En síðan er mikið vatn runnið til

sjávar að sjálfsögðu. — Ég tel nauðsynlegt að fá að vita hvort alþýðuflokksmenn, hvort hæstv. utanrrh. og samflokksmenn hans í ríkisstjórninni og samflokksmenn hans á þingi hafa óbreytta afstöðu að því er varðar fyrirkomulag á hinum óbeinu sköttum, að þar skuli vera sem allra einföldust álagning, 1% á allt saman, til að auðvelda innheimtu væntanlega. Hvernig mátti til bera að afstaðan var svo hörð þegar minnst var á það að milda skattheimtuna gagnvart almenningi og bæta afkomu heimilanna með því að lækka matarskattinn? Hvernig stendur á þessum sinnaskiptum? Ég tel, herra forseti, að þingheimur eigi kröfu á skýringu á þessu. Það er ekki frambærilegt að það liggi engar upplýsingar fyrir um afstöðu flokks hæstv. utanrrh. til þessa máls því að hún hlýtur að vera, nema eitthvað alveg sérstakt hafi gerst, eins og hæstv. utanrrh. lýsti henni þegar hann var enn þá fjmrh. Þá lá fyrir afstaða hans sem er alls ekki í neinu samræmi við þetta frv. sem hæstv. núv. fjmrh. er hér að reyna að sikksakka í gegnum þingið.

Og ég vil spyrja hæstv. forseta hvort ekki sé unnt að gera ráðstafanir til þess að fá hæstv. viðskrh. hér upp í salinn. Mér er kunnugt um það að hæstv. utanrrh. er erlendis. Ég tel að vissulega eigi þingið rétt á því að fá afstöðu hans skýrða. Það gæti þá væntanlega orðið við 2. umr. þessa máls. En áður en frv. fer til nefndar tel ég óhjákvæmilegt að upplýsingar komi fram um þetta. Og þar sem hér er um mál að ræða sem verulega snertir viðskrh. að sjálfsögðu og hann er ráðamaður í þeim flokki og væntanlega efnahagsráðunautur hans, þá tel ég að hjá þeim hæstv. ráðherra hljóti að vera upplýsingar að fá um þetta atriði. (**Forseti:** Það hafa verið gerðar ráðstafanir til að óska eftir viðskrh. í þingsalinn.) Þá mun ég doka við, hæstv. forseti. Ég hygg að hann sé bara hér niðri á þingflokksfundi þannig að það taki ekki hálfa mínútu. (**Gripið fram í:** Hann er hér.) Þó að ævinlega sé fagnaðarefni að sjá hæstv. fjmrh., þá var ég nú reyndar að óska eftir því að hæstv. viðskrh. kæmi í salinn því að ég hef mjög mikilvæga spurningu fram að færa við hann. (**Forseti:** Hæstv. viðskrh. mun vera í húsinu og það er verið að gera ráðstafanir til þess að fá hann hingað í salinn.) Ég þakka fyrir það. Annars hefði ég boðist til þess að hverfa úr þessum ræðustóli ef hann hefði ekki verið í húsinu og annar hefði þá getað tekið til máls á meðan. — Þar kemur hæstv. viðskrh. og ég þakka fyrir það.

Ástæðan til þess að ég lýsti í lok ræðu minnar þeirri ósk að hæstv. ráðherra væri hér staddur var sú að ég tel algjörlega nauðsynlegt til þess að auðveldara sé að vinna að skoðun þessa máls að við fáum upplýsingar um það hvort og hvenær og af hverju orðið hafa slík sinnaskipti hjá Alþfl. að því er varðar álagningu óbeins skatts, eins og þetta frv. sem við fjöllum hér um, frv. um vörugjald, gefur til kynna. Auðvitað getur það varla verið að lagt hafi verið fram stjórnarfrv. um svo mikilvægt atriði nema öll ríkisstjórnin hafi verið sammála um að veita því brautargengi. Hins vegar hefur engin skýring komið fram á afstöðu Alþfl. til þessa máls, en þeirrar skýringar er brýn þörf. Öll þjóðin fylgdist með því nú á haustdögum þegar hæstv. utanrrh. lýsti því sem rýtingsstungu í bak sér að hæstv. þáv. forsrh., 1. þm. Suðurl. Þorsteinn Pálsson, bar fram þá tillögu sína að nú bæri að létta undir með heimilunum með því að lækka matarskattinn svonefnda, að stefna að því að taka upp tvö þrep. Það yrði þá grundvöllur framtíðarskipunar, þegar virðisaukaskatturinn kæmi á og þá yrðu tvö skattþrep. En áður hafði verið ætlunin hjá þáv. ríkisstjórn að hafa eitt skattþrep og það var mikið áhugamál þáv. fjmrh. og svo mikið var honum niðri fyrir að hann taldi óráðlegt að lækka matarskattinn og að það yrði til þess að torvelda innheimtuna. Þarna væri ekki lengur um samræmingu á skattprósentu að ræða eins og áður hafði verið. Hann vildi ekki hverfa frá þeirri samræmingu og svo stórt var þetta mál að hugmyndin um þetta, sem var til að bæta kjör heimilanna í landinu, var að því er hann sjálfur sagði eins og rýtingsstunga í bak hans. Núna stendur hæstv. ráðherra, og þá væntanlega alþýðuflokksmenn í ríkisstjórn, að frv. sem hverfur frá þeirri meginreglu að vörugjaldið væri einfaldað í 15% eins og gert var og var forsenda, og má segja á þeim tíma í raun og veru afsökunin, ef ég má svo segja, fyrir matarskattinum. Nú á að kippa burt þessari forsendu, afnema þessa samræmingu í álagningu vörugjaldsins án þess að hreyfa við matarskattinum. Það er ekki einu sinni boðað að hann skuli hreyfður. Það er nauðsynlegt áður en lengra er haldið að fá skýringu hæstv. ráðherra Alþfl. á þessu. Og ég leyfi mér að spyrja: Standa hæstv. ráðherrar Alþfl. að flutningi þessa frv.? Ætla þeir að greiða atkvæði með þessu frv. óbreyttu? Og hver er ástæðan fyrir þeim sinnaskiptum sem orðið hafa?

Ég þakka, hæstv. forseti, fyrir umburðarlyndið. Ég hef ekki viljað tefja þetta mál en ég tel nauðsynlegt að svo mikilvæg atriði, sem ég hef hér vikið að, komi fram áður en málið fer til nefndar.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Þau lög sem hér liggja fyrir eru eitt af hinum mörgu skattalögum ríkisstjórnarinnar. Í bráðabirgðalögum sem hafa verið til umræðu í Ed. er ákvæði í 16. gr. sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Gjaldskrár fyrirtækja og stofnana á vegum ríkis og sveitarfélaga skulu ekki hækka til 28. febrúar 1989. Þó skal heimilt að taka tillit til hækkana á verði innfluttra aðfanga, enda liggi fyrir mat Verðlagsstofnunar á þeirri þörf."

Nú vil ég spyrja hæstv. fjmrh. hvort þau bráðabirgðalög sem ríkisstjórnin samþykkti séu ekki þannig skilin að þau eigi að koma fram sem verðstöðvun í landinu. Og ef svo er, er þá ekki gjaldskrárhækkun á sköttum ólögleg samkvæmt þessum lögum? Er hún ekki ólögleg? Hér er verið að hækka gjaldskrá á sköttum og það hlýtur að vera ólöglegt nema ráðherrar telji að þetta séu innflutt aðföng og

má þá spyrja ef svo er, hvort þeir telji þetta innflutt aðföng frá Sovét.

Ég legg áherslu á það að ef við erum að halda launakjörum föstum og frysta þau, þá hljótum við að halda verðlagi og þar með sköttum líka föstum.

Í máli hæstv. sjútvrh. við utandagskrárumræðu aðfaranótt þriðjudagsins kom fram að hann teldi að það þyrfti að lækka kaupið hjá fólkinu. Það þyrfti að lækka launin. En eins og allir vita er hann nú settur forsrh. Og nú vil ég spyrja hæstv. fjmrh.: Er þetta stefna ríkisstjórnarinnar? Er það stefna ríkisstjórnarinnar að lækka kaupið? Ef svo er, má þá skoða þetta frv. sem bónus á enn frekari lækkun launa?

Í þessu frv. er gert ráð fyrir nýju eða hækkuðu vörugjaldi upp á 12,5%, 25% og 31,25%. Í þeim flokkum sem hér er um að ræða er sælgæti og ýmisleg sætindi. Þó er það merkilegt að menn sem tala um manneldisstefnu skuli ætla að skattleggja ölkelduvatn, en það telst frekar til bóta að menn drekki það heldur en hitt, og ávaxtasafa. Falla þessar vörur ekki undir þau manneldissjónarmið sem hæstv. ráðherra hefur boðað? Þá eru ýmsir flokkar af snyrtivörum og síðan eru þarna flokkar ýmissa nauðsynlegra heimilistækja sem ég ætla ekki að telja upp enda of langt mál að gera það. Þetta eru hin algengu heimilistæki sem eru má segja á hverju heimili og í raun notuð daglega. Það hlýtur að vera ábyrgðarleysi ef ríkisstjórnin ætlar að fara að hækka þessi heimilistæki enn frekar en nú er. Þá er einnig ákveðið að skattleggja með þessum hætti ýmis byggingarefni og voru húsbyggingar þó nógu dýrar fyrir. Og væri nú fróðlegt að fá að vita hvað hæstv. félmrh. segir um þetta sem er alltaf að óska eftir meira fé til húsbygginga og, að sagt er, hefur barist hart fyrir meira fjármagni til þessa málaflokks.

Nú er spurningin: Ef á að hækka byggingarefni þarf þá ekki meira fjármagn í lánasjóði sem veita lán til þessa málaflokks? Og ég spyr hæstv. fjmrh. hvort hann telji ekki að svo sé. Þá spyr ég líka hæstv. fjmrh. og hæstv. viðskrh. hvort haft hafi verið samráð við launþegahreyfinguna, Alþýðusambandið, BSRB og BHM og hvort launþegahreyfingin sé ánægð með þetta. Og í framhaldi af yfirlýsingu sjútvrh. um að það sé stefna ríkisstjórnarinnar að lækka kaupið vil ég spyrja þessa menn hvort þeir telji þetta vera þannig gert að friður verði á vinnumarkaðinum þegar samningar verða lausir. Þetta er raunverulega árás á launþegahreyfinguna og ég vil ítreka að það hlýtur að vera alvöruefni ef hefja á þessa aðför að launþegum í landinu. Og þá vil ég spyrja hæstv. viðskrh. alveg sérstaklega: Hvar eru nú slagorð Alþfl. frá síðasta Alþingi um einföldun, réttlæti og skilvirkni? Þegar þeir voru að berja í gegn öll frv. sem þeir voru með í fyrra voru þetta aðalslagorðin. Og nú spyr ég hæstv. viðskrh.: Hvað er nú orðið af einföldueinni og réttlætinu og skilvirkninni? Það væri gaman að fá svör við því.

Mig langar einnig að spyrja hæstv. fjmrh., ef hann er ekki gufaður upp, vegna þess að hann hefur nú undanfarið rætt um tekjuöflun ríkissjóðs: Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera í tekjuöflun fólksins? Hvað er með tekjuöflun fólksins? Ætlar ríkisstjórnin ekki að tryggja fólki hærri laun til að heimilin nái endum saman? Það eru fleiri en ríkissjóður sem þurfa að ná endum saman. Er það þá meiningin hjá ríkisstjórninni að hækka kaupið svo að endar nái saman? Hver er stefna ríkisstjórnarinnar í þessu? Ætlar ríkisstjórnin að taka féð frá fólkinu án þess að það nái endum saman? Eða ætlar ríkisstjórnin að verða til þess að stór hluti fólksins verði gjaldþrota?

Á sl. ári hefur kaupmáttur launatekna dregist verulega saman. Og nú spyr ég hæstv. fjmrh.: Er fólkið til fyrir ríkisstjórnina eða ríkisstjórnin fyrir fólkið? (Gripið fram í.) Ég vil þá sérstaklega koma inn á það að hér í málflutningi hafa verið hafðar í frammi rangfærslur og svartsýnisspár ýmissa forustumanna í ríkisstjórn og einnig í stjórnarandstöðu og í atvinnulífinu. Þessar spár og þessar svartsýnismálanir eru til skammar. Í ár er eitthvert mesta góðæri sem þjóðin hefur lifað við og þá emja menn eins og hér séu móðuharðindi. Vandamál þau sem nú er við að glíma eru afleiðing af auknum sköttum síðustu ríkisstjórnar sem við í Borgfl. vöruðum við. Við margvöruðum við þessari stefnu á síðasta þingi. Og ég spyr: Hafa menn gleymt því að skattar voru hækkaðir um 50% á milli ára við afgreiðslu fjárlaga 1988? Hafa menn gleymt því? Sjálfstæðismenn geta ekki hlaupið burtu frá þessari staðreynd og ekki heldur þeir flokkar sem voru með þeim í stjórn. Halda menn að þessi skattahækkun á síðasta ári hafi ekki haft áhrif? Hún er að koma fram núna. Hún er að koma fram í því að það er samdráttur, það sem menn voru að vonast til að yrði. Auðvitað veldur það að atvinnuleysi og erfiðleikum hjá fyrirtækjum þegar spennan fellur og samdráttur er. Afleiðingar rangrar efnahagsstefnu og fjármálastefnu síðustu ríkisstjórnar og afleiðingar Ólafslaga, með sjálfvirkni lánskjaravísitölunnar, eru að lama atvinnulífið og fólkið í landinu. Með því að taka peningana frá fólkinu með þessum hætti er verið að taka máttinn frá því. Það er verið að taka sjálfsákvörðunarrétt fólksins frá því í staðinn fyrir að lofa fólkinu að hafa sem mest á milli handanna til að ákveða hvað það skuli gera við sína peninga.

Hér á Alþingi er verið að afgreiða fjárlög og forsvarsmenn ríkisstjórnar segja: Við þurfum að ná endum saman. En hvað með launafólkið? Þarf það ekki að ná endum saman? Hvað með þá sem eru með lágar tekjur? Þurfa þeir ekki að ná endum saman? Það eru fleiri en ríkisstjórnin sem búa í þessu landi. Og það hlýtur að vera krafa að fólkið í landinu fái að halda sem mestu eftir af sínum atvinnutekjum því að atvinnutekjurnar, það sem maður vinnur fyrir, eru ekkert minna virði en fjármunatekjurnar sem þó eru með sérstökum hætti verðlaunaðar í þessu landi.

Það er því krafa að snúið verði burt frá þessari stefnu og hjól efnahagslífsins verði sett í gang með lækkun skatta. Það er þá betra að reka ríkissjóð með halla um tíma því að þær tekjur skila sér til baka

þegar til lengri tíma er litið. Alls staðar þar sem skattar hafa verið auknir hefur það haft lamandi áhrif á þjóðlífið. Ég vara við því að hækka skattana með þessum hætti sem hér er gert og bendi á að margar aðrar leiðir eru til til að ná endum saman, m.a. að spara, og mætti þá gjarnan, eins og ég hef komið inn á áður, fara mjög gaumgæfilega yfir eyðslu ríkisins og sjá og heyra hvar spennan hefur orðið mest í ríkisgeiranum og draga úr útgjöldum þar. Það má hagræða og laga rekstur ríkisins á mörgum sviðum án þess að þjónusta minnki. Ég held að þetta eigi að vera meginmarkmið ríkisstjórnarinnar.

Hæstv. forseti. Ég ætla að vona að þeir hæstv. ráðherrar, sem sitja undir þessari umræðu, muni svara einhverju af þeim spurningum sem hér hafa verið bornar upp svo að við fáum svör og fólkið í landinu fái svör við því hvað ríkisstjórnin er að hugsa, hvort hún er að hugsa um það að staða heimilanna eigi að vera slík að þar nái ekki endar saman, þar verði fólkið að basla og slá lán. Er þetta stefna ríkisstjórnarinnar? Við viljum fá svör við því hvort fólkið í landinu á að upplifa það sem hér er verið að gera, að það verði svo dýrt að lifa að það nái ekki endum saman. Var þó nógu slæmt fyrir hjá mörgum láglaunahópunum. Við viljum fá svör við þessu.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Skattheimtufrv. þessarar hæstv. ríkisstjórnar gerast æ kynlegri eftir því sem þau verða fleiri og eftir því sem hæstv. fjmrh. flytur fleiri framsöguræður. Satt best að segja liggur við að hægt sé að hafa þau orð um þetta frv. að það sé nokkur ósvífni af hæstv. ríkisstjórn gagnvart almenningi í landinu að bera það fram hér á Alþingi og ætlast til þess að fá það samþykkt.

Vegna fsp. sem hv. síðasti ræðumaður var að bera fram til hæstv. ráðherra um það hvort þeir stefndu að því að lækka laun fólksins í landinu og rýra kjörin og koma atvinnulífinu á kné er staðreynd málsins sú að það er óþarfi að kalla eftir svörum við þeim. Staðreyndin er sú að þeir hafa með framlögðum frv. lýst því yfir að þetta sé stefna þeirra og þarf ekki að kalla fram nein munnleg svör um þau efni. Þetta er stefnan: Að keyra atvinnulífið niður og rýra lífskjör fólksins í landinu.

Það vantaði hins vegar ekki að hæstv. fjmrh. gerði tilraun til þess, og ber auðvitað að virða það, að færa rök fyrir flutningi frv. Höfuðrökin voru þau að nú ætti að innleiða manneldisstefnu, alveg sérstaka góðmennsku, með álagningu þessara skatta. Hvernig víkur því við? Er verið að marka einhverja sérstaka stefnu í því efni að leggja skatt á sykurvörur? Nú má auðvitað ræða það alveg sérstaklega hvort það er rétt og skynsamlegt en kannski ekki ástæða til þess að fara um það mörgum orðum vegna þess að það er ekkert í frv. sem gerir ráð fyrir að hér sé verið að leggja á skatt út frá þeim sjónarmiðum. Hér er aðeins hluti, og það sennilega verulegur minni hluti, af iðnaðarsykri sem á að skattleggjast með frv. Ætli það sé nema einn fjórði eða einn þriðji af iðnaðarsykri sem skattlagður er með þessu frv.? Það er ekkert óeðlilegt að menn velti því fyrir sér hvers vegna þessir tilteknu vöruflokkar eru valdir, vegna þess að það liggur fyrir í frv. að ekki er verið að leggja á almennan sykurskatt út frá þeim sjónarmiðum að leggja eigi skatt á sykurvörur til þess að hafa einhver áhrif með skattlagningu á neyslu manna í þeim tilgangi að draga úr sykurneyslu. En hvers vegna skyldi vera lagður skattur á þessa vöruflokka en ekki aðra sem hafa sykurinnihald? Hvers vegna ekki á meiri hluta þeirrar vöru sem framleidd er í landinu, eða seld í landinu, með miklu sykurinnihaldi? Það er sjálfsagt ekki hægt að hafa uppi neinar fullyrðingar í því efni. Það skyldi ekki vera að hæstv. fjmrh. hafi valið úr fyrirtæki svona af einhverju handahófi og sleppt öðrum sem hann hefur meiri velþóknun á. Um þetta er auðvitað ekkert hægt að segja en þegar mál er flutt inni á Alþingi með þessum hætti hljóta spurningar af þessu tagi að kvikna. Og það er eðlilegt að almenningur í landinu spyrji sig slíkra spurninga og það er ekki óeðlilegt að starfsfólk þeirra fyrirtækja sem í hlut eiga hljóti að spyrja slíkra spurninga því að það er verið að ögra atvinnuhorfum þess fólks með frv.

Í annan stað er verið að leggja skatta á heimilistæki, sennilega í nafni félagshyggjunnar. Hæstv. fjmrh. hefur heldur dregið úr notkun sinni á því orði. Eftir því sem hann hefur mælt fyrir fleiri skattafrv. hefur hann heldur fækkað þeim skiptum sem hann notar orðið félagshyggja til stuðnings sínum málstað. En það skyldi þó ekki vera að það að skattleggja heimilistækin flokkist undir félagshyggju? Og að skattleggja byggingarvörurnar með þeim hætti sem hér er ráð fyrir gert, skattleggja unga fólkið í landinu sérstaklega umfram aðra, unga fólkið sem er að koma sér upp þaki yfir höfuðið, þarf að vinna meira og ætlar að afla meiri tekna. Nú á að ná því úr öllum áttum. Það á að hækka tekjuskattinn á unga fólkinu sem þarf að leggja á sig aukavinnu til þess að hafa upp í byggingarkostnaðinn. Það á að ná unga fólkinu og ungu fjölskyldunum þar í nafni félagshyggjunnar. Og svo á sérstaklega að hækka byggingarkostnaðinn, allt efnið sem fólkið þarf að nota til þess að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Úr öllum áttum á að ná sérstaklega í þennan hóp, í nafni félagshyggjunnar.

Allt er þetta með þeim hætti að undrun vekur í því efnahagsástandi sem við búum nú við. Hitt er svo athyglisvert að þessi hæstv. ríkisstjórn skuli bera frv. af þessu tagi fram, með því að Alþfl. á aðild að þessari ríkisstjórn. Þegar skattkerfisbreytingarnar voru gerðar á síðasta ári voru með alveg órjúfanlegum hætti tengdar saman breytingar á óbeinni skattheimtu, breytingar sem gerðar voru á álagningu söluskatts, álagningu söluskatts á matvæli og hins vegar lækkun og einföldun á tollum og vörugjöldum. Með órjúfanlegum hætti var þetta tengt saman. Rökin fyrir því að leggja söluskatt á matvæli voru

þau að með lækkun tolla og vörugjalda væri ekki verið að hækka framfærslukostnað hinnar almennu fjölskyldu í landinu heldur væri almennt verið að stuðla að einföldun í skattakerfinu. Álagning söluskatts á matvæli var þannig rökstudd með lækkun vörugjalda og tolla.

Nú kemur Alþfl. og kokgleypir allt. Það stendur ekki steinn yfir steini á þessu sviði fremur en öðrum. Ég þykist alveg vita það að hæstv. viðskrh. kunni að flytja hér hjartnæma ræðu um að Alþfl. hafi rétt til þess að taka kollsteypur í þessu máli sem öðrum. En það væri fróðlegt að vita hvað hinn almenni þingmaður Alþfl. segir í þessu efni. Alþýðuflokksmennirnir sem árum saman hafa verið að berjast fyrir lækkun tekjuskatta og einföldun tolla- og vörugjaldakerfisins. Mennirnir sem hafa stutt foringja sinn í einföldun skattakerfisins. Það var ekki svo lítið viðhaft í umræðum hér í haust þegar formaður Alþfl., sem nú er erlendis, — ég skil mætavel að hann skuli hafa tekið þá ákvörðun að bregða sér úr landi meðan þessi umræða fer fram og ég hygg að hver einasti þingmaður hafi fullan skilning á því og gagnrýni ekki hæstv. utanrrh. fyrir, því það liggur nokkuð í augum uppi að honum væri varla vært að vera viðstaddur þessa umræðu eftir öll stóru orðin sem höfð voru uppi. Það var ekki einasta að þetta væri stærsta afrek hæstv. utanrrh. meðan hann var fjmrh. heldur skilst manni að eina afrek samráðherra hans í þeirri ríkisstjórn hafi verið að koma þessari breytingu fram. En nú á að hækka tekjuskattinn, eyðileggja staðgreiðslukerfið með því að setja inn nýtt skattþrep. Alþfl. hikar ekki við það. Svo á að hverfa til baka frá einföldun vörugjaldakerfisins og hækka vörugjaldið, auka með því kostnað heimilanna án þess að taka söluskatt á matvæli til endurskoðunar.

Ég geri ráð fyrir því að þetta sé þáttur í því víðtæka samkomulagi sem gert hefur verið milli forustumanna flokkanna um inngöngu Alþfl. í Alþýðubandalagsflokkinn þar sem Alþfl. fórnar stefnu sinni í efnahags-, atvinnu- og skattamálum en fær að halda stefnu sinni, a.m.k. um tíma, í utanríkismálum. Ég geri ráð fyrir því að hæstv. viðskrh. muni svara þeim fyrirspurnum sem fram eru komnar í þessu ljósi. En það væri fróðlegt að vita hvað hinir óbreyttu þingmenn Alþfl. segja í þessu efni. Hv. skrifari þessarar deildar hefur verið iðnastur þeirra alþýðuflokksmanna að fylgjast með umræðum hér í deildinni. Aðrir hv. þingmenn Alþfl. hafa ekki fremur en aðrir hv. þingmenn ríkisstjórnarinnar séð mikla ástæðu til þess að fylgja stjórninni eftir í umræðum í þinginu. Það væri fróðlegt að heyra sjónarmið hv. skrifara um stefnubreytingu Alþfl. í þessu efni.

Hér er um býsna alvarlegt mál að tefla. Ekki aðeins er um umskipti að ræða frá því sem áður var, ekki aðeins nýjar álögur á heimilin í landinu heldur er líka verið að gera hér breytingar sem voru svo órjúfanlega tengdar öðrum ákvörðunum í skattlagningu að þær verða ekki ræddar hér án þess að taka þau mál til endurskoðunar á nýjan leik. Það eru engin rök fyrir því að slíta þessar breytingar í sundur svo skömmu eftir að þessi kerfisbreyting var gerð. Það eru hrein svik við neytendur í landinu, fólkið í landinu, að hækka þessi vörugjöld án þess að taka skattinn á matvæli til endurskoðunar. Með svo skýrum hætti voru þessar ákvarðanir samtengdar þegar skattkerfisbreytingin var gerð í fyrra. Ég er alveg sannfærður um að eftir því sem jafngreindur og námfús maður og hæstv. fjmrh. les fleiri erlend blöð þá komist hann betur að raun um, þ.e. með þeirri fræðslustarfsemi sem hann ástundar á stundum með lestri erlendra blaða, að hér er hann að framfylgja afar óskynsamlegri stefnu í skattamálum sem ég trúi ekki að eigi sér hliðstæðu annars staðar jafnvel þó að hann lesi erlend blöð.

Herra forseti. Þetta mál sem hér liggur fyrir gefur auðvitað tilefni til langra umræðna en það er býsna mikilvægt að það fái ítarlega athugun og skoðun í hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar. Fjölmörg atriði þarf að athuga og skoða og hljóta að koma hér nánar til umræðu þegar málið kemur aftur til 2. umr. En í heild sinni er hér um býsna mikla bíræfni að ræða af hæstv. ríkisstjórn og sennilega færi best á því að hæstv. ráðherra lýsti því yfir að hann væri tilbúinn að falla frá þessari skattheimtu og væri fróðlegt að heyra viðhorf hans í því efni. Ég minni enn á ummæli hæstv. forsrh. sem lagði að hæstv. fjmrh. að gefa a.m.k. eftir helminginn af fyrirhugaðri skattheimtu og það er spurning til hæstv. ráðherra hvort hann sé ekki tilbúinn til þess, í ljósi þessara ummæla, að falla frá því óhæfuverki í skattamálum sem hér liggur fyrir.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Vegna orða hv. 1. þm. Suðurl. í ræðu hans rétt áðan vil ég gera þingheimi það ljóst að Alþfl. hefur ekki fórnað stefnu sinni í efnahags- og atvinnumálum með þátttöku í þessari stjórn fremur en stefnu sinni í utanríkismálum. Hv. 1. þm. Suðurl. hélt hér hjartnæmar ræður um kjör unga fólksins og lífskjör fólksins í landinu. Það eru hugsanir sem auðvelt er að taka undir í andanum. En til þess að ná þeim árangri að tryggja hag þess fólks sem hann ber fyrir brjósti langar mig til að benda á nokkur einföld atriði.

Til þess að fólk geti hér notið góðra lífskjara, til þess að tryggja mannleg lífskjör fyrir sem flesta í þessu landi, er ákaflega mikilvægt að hugsa ekki eingöngu um launin á vinnumarkaðinum og kaupmátt þeirra heldur líka hin félagslegu laun sem almenningur þiggur með því að njóta heilbrigðisþjónustu, skólaþjónustu og félagslegrar þjónustu sem ríkið stendur undir. Það er ástæðan fyrir því að við ræðum það frv. sem hér liggur fyrir hv. þingdeild.

Þetta er að sjálfsögðu tekjuöflunarfrv. Þetta er fjáröflunarfrv. og engin ástæða til að nefna það öðru nafni þótt á því megi vafalaust sjá ýmsar aðrar hliðar. Það er einmitt ástæðan fyrir því að Alþfl. hefur fallist á að frv. verði flutt sem stjórnarfrv.

Ástæðan fyrir því að Alþfl. styður frv. er einföld. Hún er sú að nú þarf að útvega fé til þess að tryggja hin félagslegu laun fólksins í landinu, verja þau falli, því þar má heldur ekki hallast meira á en breyttar ytri aðstæður krefjast. Það er vissulega rétt að hér hafa orðið miklar breytingar á efnahagsaðstæðum frá því fyrir ári að við ræddum hér síðast tekjuöflunarleiðir. Undir það held ég að sé óþarft að strika, það sjá allir og vita, og hv. 1. þm. Suðurl. sjálfsagt ekkert síður en við hin.

Mitt svar við spurningu hv. 3. þm. Reykv. um hvers vegna sinnaskipti hafa orðið hjá Alþfl. í þessu máli er þetta: Við höfum ekki horfið frá þeirri meginstefnu í skattamálum að stefna að einföldun, sanngirni og skilvirkni í sköttum. Við viljum hafa sem breiðasta skattstofna, sem fæst og sem lægst skattþrep, en stundum verða menn að víkja frá þessari meginreglu og meta meiri hagsmuni umfram minni, þannig stendur einmitt á núna. Þess vegna höfum við fallist á að setja upp þriggja þrepa vörugjald þótt við kysum að sjálfsögðu heldur að hafa eitt þrep og ekki hærra en það sem var. Ég þarf ekki að útskýra þetta með flóknum orðum, þetta skýrir sig sjálft. Þetta er málamiðlunarfrv., frv. sem er sett fram til þess að útvega fé og til þess að halda uppi félagslegu launum í landinu, eins og ég sagði áðan.

Hér hefur nokkuð verið rætt um hagstjórnareiginleika þessa vörugjalds. Hv. 17. þm. Reykv. velti því fyrir sér hvort það passaði inn í sveiflujöfnunina. Hann talaði um að æskilegt væri að blása í glæðurnar þegar kólnaði og kæla þegar vildi ofhitna. Ég tek undir þetta með honum. En stundum hefur mönnum hætt til að blása í glæðurnar meðan enn lifði eldur. Ég er ekki frá því að enn kunni að vera ástæða til þess að fara gætilega í að létta af aðhaldi í ríkisfjármálum. Ég held að við séum enn ekki komin á það stig og ég átti nú satt að segja von á því að stuðningur við það sjónarmið kæmi frá hv. 17. þm. Reykv. og ætla ekki að hafa um það fleiri orð. Auðvitað er þetta gjald ekkert óskagjald okkar alþýðuflokksmanna en við styðjum það af ástæðum sem ég hef þegar skýrt. Þær eru ekkert flóknar, þær eru einfaldar. Þetta er ein af mörgum fjáröflunarleiðum sem verður nú að fara þótt menn hefðu heldur kosið annað.

Ég vildi aðeins koma að því sem sagt var hér fyrr, ég held að það hafi verið hv. 1. þm. Suðurl., að hækkun vörugjaldsins og einföldun þess hafi staðið í órjúfandi tengslum við breytingarnar á söluskattskerfinu við áramótin síðustu þegar söluskatturinn var gerður að almennum skatti, eða almennari en áður var, með einu skatthlutfalli, (**ÞP:** Tveimur.) með einu skatthlutfalli aðallega, en það er rétt hjá hv. 1. þm. Suðurl. að þar er nú annað þrep fyrir þjónustustarfsemi. Þetta var mál sem fyrrv. ríkisstjórn stóð saman um og taldi horfa til heilla. Ég bendi á að mikilvægara er að það skattakerfi — söluskatturinn — sem á að skila ríkinu samkvæmt fjárlagafrv. 1989, eftir mínu minni, 34,3 milljörðum sé sem undanþáguminnst og öruggust í framkvæmd, en gjald sem samkvæmt fjárlagafrv. átti að skila 2,8 milljörðum, en er nú áætlað að skili 1500–1600 millj. kr. meira, ef það frv. verður að lögum sem hér liggur fyrir hv. þingdeild. Ég bendi á að ástæðan fyrir því að nú er brugðið á það ráð að breyta þessu gjaldi á þann hátt sem tillagan er gerð um er m.a. sú að tekjurnar af 14% vörugjaldinu brugðust. Það var gert ráð fyrir því að það skilaði 1700–1800 millj. kr. á þessu ári. Horfur eru nú á að það skili ekki nema 1100–1200 millj. kr. Þess vegna var ákveðið að víkka gjaldstofninn og bæta neðan á ýmsum byggingarefnum. Það er ekki gert af neinum, hvað á ég að segja, illvilja í garð þess unga fólks sem er að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Þetta er tekjustofn sem þessi ríkisstjórn telur að freista megi að hafa af nokkrar tekjur. Eins og hver maður getur séð er aðaláherslan í gjaldskránni að sjálfsögðu á fjórðungsgjaldið á sælgæti og ýmsar drykkjarvörur og 20% gjaldið á heimilistæki.

Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð, en segi ósköp blátt áfram: Rökin fyrir þessum skatti eru gerbreyttar aðstæður í efnahags- og atvinnumálum, gerbreyttar aðstæður í fjármálum og sú nauðsyn sem á því er að útvega fé til þess að tryggja rekstur velferðarríkisins.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það hafa eðlilega komið fram margvíslegar spurningar við þessa umræðu og sumar þeirra eru þess eðlis að kannski er eðlilegra að veita ítarleg svör við þeim í meðferð málsins í nefnd. Ég vil þó aðeins víkja hér að örfáum atriðum.

Hv. þm. Geir Haarde meðal annarra spurði að því hverju það sætti að sykurlausir gosdrykkir og ávaxtasafar væru inni í frv. og vísaði þar til þess sem ég sagði. Ein meginástæða þess var að ekki var farið í að breyta þeim flokkum sem eru í núverandi vörugjaldi heldur var einfaldlega sú leið farin að hækka prósentuna á þessum vöruflokkum þannig að sömu meginsjónarmiða gætti nú í frv. eins og áður hvað snerti vöruflokka.

Einnig spurði hv. þm. um tvísköttun. Samkvæmt mínum skilningi er hér ekki um tvísköttun að ræða vegna þess að framleiðandi sem kaupir hráefni til framleiðslunnar getur við skil á vörugjaldinu í ríkissjóð dregið frá það sem hann hefur greitt af hráefninu. Sama gildir varðandi atriði sem hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir spurði um varðandi það sérstaka álag sem er í 2. gr. frv. Því er ekkert breytt frá gildandi lögum, það er nákvæmlega eins og það er í gildandi vörugjaldslögum.

Varðandi atriðið um söluskatt var talið rétt að víkja skýrt að því í þessu frv. einnig. Hér er þess vegna ekki um að ræða neinar efnisbreytingar frá ríkjandi skipan, heldur er eingöngu um að ræða að halda áfram sömu venju og ríkt hefur og gera lagagrundvöll hennar aðeins skýrari.

Varðandi spurningar hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur um ákvæði til bráðabirgða, þá eru þau í heild

sinni svipuð og nánast alveg eins og þau ákvæði til bráðabirgða sem hafa áður verið þegar vörugjaldsfrumvörp hafa verið flutt. Megintilgangur þeirra er að eyða óvissu um framkvæmd þegar lögin taka gildi og í þessum efnum er ekki heldur farið inn á neinar nýjar brautir hvað snertir framkvæmd gjalda af þessu tagi. Hins vegar er rétt að taka það fram, mér láðist að gera það í minni framsögu, að þær dagsetningar sem kveðið er á um í ákvæðum til bráðabirgða fóru inn vegna framkvæmdamistaka í ráðuneytinu þegar frv. var sett í prentun og eiga eðlilega að miða við gildistöku laganna sjálfra samkvæmt síðustu efnisgrein frv. Við munum óska eftir því í góðri samvinnu við fjh.- og viðskn. að þetta atriði verði leiðrétt þegar frv. kemur til 2. umr.

Sú athugasemd sem ég flutti varðandi þær vörutegundir sem eru í fyrsta flokki frv. á auðvitað einnig við um snyrtivörur, fegrunarvörur, þvottavélar, saumavélar og ýmislegt annað. Það er í núgildandi vörugjaldi einnig. Auðvitað er alltaf hægt að deila um það hvað prósentutalan eigi að vera há. Hún er hvað þessa vöruflokka snertir hækkuð úr 14 í 20 og hægt er að halda því fram að það geri kannski allan gæfumuninn, en ég er nú ekki þeirrar skoðunar þó að ég sé alveg sammála þeim meginsjónarmiðum að auðvitað eigi að reyna að stuðla að því að allur almenningur í landinu geti haft þau heimilistæki og eignast þau með eðlilegum hætti sem nauðsynleg eru við núverandi lífshætti.

Það hefur verið reynt í frv., svo að ég svari spurningu hv. þm. Inga Björns Albertssonar, að halda utan við því sem ég hef kallað daglegar lífsnauðsynjar fólks, og þá átti ég við það sem fólk venjulega kaupir sér daglega til neyslu en ekki kannski endilega það sem notað er daglega, við vitum auðvitað að mörg dýr heimilistæki eru notuð daglega, heldur er eingöngu átt við það sem menn neyta eða kaupa sér nánast daglega hvað snertir venjulega framfærslu.

Varðandi fjölgun gjaldenda er ég ekki með á reiðum höndum hér og nú nákvæmlega þá tölu en mun leggja drög að því að það verði upplýst við meðferð málsins í nefnd.

Hvað snertir áhrif á vísitölur rakti ég það hér í minni framsöguræðu og hvaða efasemdir væru um það efni miðað við reynsluna af síðustu mánuðum. Þess vegna held ég að enginn geti í raun og veru fullyrt nákvæmlega hver þau kunni að vera. Ég held að það væri einnig fróðlegt fyrir hv. nefnd að fjalla um það á hvern hátt samdráttur og aukin samkeppni hafa dregið úr vísitöluhækkunum að undanförnu.

Hv. þm. Hreggviður Jónsson spurði um afstöðu til kaupmáttar og launa. Það hefur ekki verið nein launung yfir því í málflutningi stuðningsmanna þessarar hv. ríkisstjórnar að óhjákvæmilegt sé að draga eitthvað úr kaupmætti einhvers hluta þjóðarinnar við ríkjandi aðstæður. Ástæður þess eru í raun og veru mjög einfaldar. Við höfum, svo notað sé gamalt og gott orðatiltæki, lifað um efni fram á undanförnum árum þrátt fyrir góðærið, tekið í góðærinu mikið af erlendum lánum til þess að standa undir lífskjörum okkar, neyslu og fjárfestingu. Það hefur skilað sér í verulegum viðskiptahalla, jafnvel meiri viðskiptahalla en menn hafa talið, og það er engin önnur leið til þess að hamla gegn þeirri þróun og stöðva hana en að kaupmáttur einhvers hluta þjóðarinnar minnki. Vandi okkar, bæði ríkisstjórnar og þings, er að stýra þeirri ákvörðun þannig, eins og ég sagði snemma á þessu þingi, að eftir fremsta megni verði reynt að hlífa þeim sem minnst hafa í þessu þjóðfélagi. Menn geta deilt um það að hve miklu leyti það takist, það er auðvitað eins og um öll mannanna verk að ekkert er fullkomið í þeim efnum, en viðleitni okkar er hins vegar engu að síður í þá veru og það er m.a. þess vegna sem þetta frv. og ýmis önnur eru lögð fram.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að hafa lengra mál að þessu sinni. Ég vænti þess að ég hafi svarað sumum af þeim spurningum ... (Gripið fram í.) Já, já. Ég biðst afsökunar á því. Ég er alveg sammála hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur um það að hafi þessi frétt sem hún var að lýsa verið á þennan veg í fjölmiðlum er hún ekki rétt. Ég hef ekki lýst þessu með þeim hætti sem þarna var gert í fréttinni, hvorki innan þings né utan, heldur sagt alveg sérstaklega, og rakti það hér í gær, að af minni hálfu og okkar hefði í upphafi eingöngu verið um að ræða könnun á vilja til viðræðna, kynningu á þeim áformum og hugmyndum sem uppi væru og síðan það að ætla flokkum stjórnarandstöðunnar tíma til þess að skoða það í sinn hóp áður en kæmi að efnislegri umfjöllun og það á við um alla þingflokkana. Ég er því alveg sammála henni um það að sú mynd sem upp var dregin í fréttinni, sem ég ekki heyrði, var ekki rétt lýsing á því sem hér hefur verið gert.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki hafa hér langt mál en ég vek athygli á því að hæstv. fjmrh. svaraði í engu mínum almennu athugasemdum um það að fullyrðingar hans á blaðamannafundi og í fjölmiðlum um að þetta vörugjald væri sérstaklega skynsamlegt til þess að hafa stjórn á fjárfestingunni væru ekkert sérstaklega skynsamlegar. Þ.e. að þessar fullyrðingar hans um nauðsyn þess að draga úr fjárfestingum með stýringu af því tagi, sem felst í þessu gjaldi, væru á veikum grunni byggðar vegna þess að fjárfestingin er að skreppa saman í þjóðfélaginu.

Það kemur fram í fjárlagafrv. hans sjálfs að fjárfesting í heild mun dragast saman um 2,7% á þessu ári og 3,3% á hinu næsta og fjárfesting atvinnuveganna um 8,8% á þessu ári og 4% væntanlega á hinu næsta. Þó að hæstv. viðskrh. hafi svarað þessu að nokkru eins og ég bað hann um vil ég vekja athygli á því að hæstv. fjmrh. lét þessu ósvarað þannig að ég tel að athugasemdin standi um það að vörugjald sem ígildi fjárfestingarskatts, eins og hæstv. fjmrh. hefur kosið að kalla það, sé ekki skynsamlegt við núverandi efnahagsaðstæður þegar

fjárfestingin er hvort sem er að dragast saman. Þá mun þetta væntanlega auka enn þann samdrátt, dýpka öldudalinn sem atvinnulífið er á leiðinni ofan í. Það finnst mér ekkert sérstaklega skynsamlegt hvað sem líður einstökum atriðum í frv.

Hins vegar varðandi það tvennt sem ég beindi sérstaklega til hans, kannski tæknilegs eðlis, kom það fram í hans máli, og auðvitað benti ég á það sjálfur hér í ræðu minni í dag, að það er misræmi í markmiðum frv. eins og þeim hefur verið lýst. Annaðhvort er verið að tala um sykurskatt, og þá sleppa menn auðvitað hreinum ávaxtasafa og ölkelduvatni og því um líku, eða menn eru að tala um að viðhalda samræmi í skattlagningu drykkjarvara og þá eru menn ekkert að tala um neinn sykurskatt. Það er annaðhvort eða af þessum tveimur mögguleikum. Ég lít því svo á að hæstv. fjmrh. hafi með svari sínu staðfest að þetta er engin sérstök skattlagning á sykur umfram annað. Það sem vakti fyrir honum, og það er í sjálfu sér heilbrigt markmið og hlutur sem kostaði nú mikinn gauragang á sínum tíma að koma í framkvæmd, var framhald á samræmingu á skattlagningu á drykkjarvörur. Það er hlutur sem er ágætt að á ekki að hrófla við, en þá á líka ekki að halda því fram í sömu andránni að A-hluti frv. sé einhver sérstakur skattur á sætindi eða sykraðar vörur, sælgæti og gosdrykki. Það er bara alls ekki þannig. Ég held að menn ættu að átta sig á því og hv. fjh.- og viðskn. að taka þetta til athugunar.

Varðandi hins vegar tvísköttunarmöguleikana benti ég líka á það, eins og ráðherra hefur komið inn á, að þetta fyrirkomulag, að skattleggja bæði timbur og vörur búnar til úr timbri, innréttingar og húsgögn, kallar á miklu flóknara uppgjör, kallar á endurgreiðslur og virðisaukafyrirkomulag hjá þeim fyrirtækjum sem stunda þessa starfsemi. Þau þurfa sem sagt raunverulega að gera eins og virðisaukaskattsfyrirkomulagið gerir ráð fyrir, að reikna bæði innskatt og útskatt og skila mismuninum.

Fyrir 250 litla aðila sem hafa innan við 5 manns í vinnu, það eru 250 af þeim 300 sem bætast við sem eru það lítil fyrirtæki, held ég að þetta sé verulegt atriði og flókið mál. En það tengist náttúrlega því sem ráðherrann ætlar að veita nefndinni upplýsingar um, þ.e. fjölda viðbótaraðilanna í þessu kerfi. Ég held hins vegar að ekki megi gera lítið úr þessu vandamáli sem orsakast af því að það á núna í fyrsta sinn að skattleggja bæði timbur og vörur búnar til úr timbri og reyndar fleiri þætti eins og krossvið og þess háttar sem er þarna sérstaklega talið. Ég held að ekki eigi að gera lítið úr því vandamáli sem menn eru þarna að búa til.

Mig langar rétt í lokin að spyrja einnar spurningar, ég skal síðan hraða mér héðan úr stólnum. Mig langar til þess að fá upplýst hvað mundi standa eftir af tekjuöflun frv. ef svo færi að aðeins A-hluti þess yrði samþykktur. Hvað af þessari tekjuöflun, sem hér er gert ráð fyrir, er í A-kafla frv. og hvað mundi detta niður sem tekjuöflun ef B- og C-hluti næðu ekki fram að ganga svo að ég nefni dæmi um hugsanleg úrslit hér í deildinni? Mér þætti vænt um ef hæstv. ráðherrann gæti svarað þessu.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Það skal vera örstutt. Ég þakka hæstv. ráðherrum fyrir þeirra svör. Þau voru að vísu harla ósamhljóða. Það sem ég fékk út úr þessum svörum var grundvallarágreiningur þessara hæstv. ráðherra því að niðurstaðan í máli hæstv. fjmrh. var þessi: Það þarf að draga úr kaupmættinum af því að við höfum lifað um efni fram. Við höfum lifað um efni fram, sagði hæstv. ráðherra, þ.e. fólk hefur lifað um efni fram. Við því er eitt að gera, sagði hæstv. ráðherra, það er að draga úr kaupmætti einhvers hluta þjóðarinnar. Þetta er rétt hjá hæstv. ráðherra. Það eru nefnilega ýmsir hlutar þjóðarinnar sem þetta bitnar harðar á en öðrum. Það er mismunun gagnvart fólki í þeim skattafrv. sem fyrir liggja.

Hæstv. fjmrh. svaraði einnig athugasemdum mínum um einstök ákvæði að nokkru en þó þannig að ætla mætti að í sjálfu sér fæli frv. í sér harla litlar breytingar. Hæstv. ráðherra sagði: Þetta er allt saman í gildandi lögum. Það getur verið ágreiningur. Það geta verið skiptar skoðanir um það hver prósentan á að vera. Nú um það snýst allt þetta mál, hver prósentan á að vera. Það er mergurinn málsins. Við erum að tala um það að við viljum ekki láta hækka verðlagið í þjóðfélaginu með þeim hætti sem af samþykkt þessa frv. mun leiða, og við viljum ekki taka upp nýja skattprósentu á byggingarefni og við viljum ekki fallast á þær hugmyndir sem eru í frv. að meginefni til.

Ég gat þess að ég get út af fyrir sig skilið rökin, manneldisrökin, fyrir skattlagningu á sykur, en þá vil ég líka að þeim tekjum sem inn koma sé varið, til þess að standa undir tannvernd í landinu og draga úr tannlækniskostnaði almennings sem er mjög mikill og meiri en hjá öðrum þjóðum. Að þessu leyti til gæti ég út af fyrir sig ekki gagnrýnt þetta mjög mikið, en inni í þessari grein voru ýmis önnur atriði sem ég get ekki fallist á að eigi að skattleggja með þessu fororði.

Hitt er svo annað mál, sem fjmrh. benti réttilega á, að lagalega er ekki mikil breyting í hinu nýja ákvæði. Það er nýtt ákvæði í þessum lögum þar sem fjallað er um álagningarprósentuna, en að sönnu var í gildandi lögum vísað í söluskattslögin. Að því leyti er þetta því ekki mikil efnisbreyting, en ég vil halda fast við ábendingu mína um það að samt verði athugað að breyta dagsetningu sjálfs gjalddagans. Það hlýtur líka að bæta framkvæmd þessa máls.

Þetta verður sjálfsagt athugað í nefnd og hef ég þá ekki fleiri orð um athugasemdir og svör hæstv. fjmrh. sem komst að þeirri niðurstöðu að með frv. væri, og það er það sem okkur öllum sýnist, verið að draga úr kaupmætti. Þetta er gagnstætt því sem sá skynsami maður, hæstv. viðskrh., hélt fram og sagði raunar að hefði valdið sinnaskiptum þeirra alþýðu-

flokksmanna. Að því er ég taldi var aðalatriðið í hans máli að standa þyrfti vörð um hin félagslegu laun sem hann nefndi svo. Og hvernig menn ætla að standa vörð um hin félagslegu laun með því að draga úr kaupmætti þessara sömu launa er ofvaxið mínum skilningi. Eða hvernig hugsa menn sér félagsleg laun í þjóðfélaginu? Ég skil það svo að með því sé átt við tryggingabætur, og tryggingabætur í þjóðfélaginu eru fyrir löngu búnar að vinna sér þann sess í hugum almennings að það sé nokkuð sem ekki má skerða. Ég geri ráð fyrir því að ef í frv. felst einhver aðferð til að standa vörð um hin félagslegu laun sé eiginlega ekki hægt að draga aðra ályktun af þeim ummælum um frv. en að að öðrum kosti hafi hæstv. ráðherrar Alþfl. staðið frammi fyrir því að hin félagslegu laun væru lækkuð, eða hvernig í ósköpunum á að skilja þetta? Þó að ég trúi ýmsu á hæstv. fjmrh. í hugmyndum um fjáröflun trúi ég því varla að hann eða aðrir ráðherrar hæstv. ríkisstjórnar hafi látið sér detta í hug að lækka tryggingabætur, eða hvað á að halda eftir svona ummæli?

Það er sem sagt ljóst að frv. dregur stórlega úr kaupmætti tryggingabótanna og hér eru þættir sem hafa mikla þýðingu einmitt fyrir elli- og örorkulífeyrisþega. Þar koma inn í myndina t.d. hlutir sem ekki hefur verið fjallað um í þessum umræðum, eins og sjónvarpstæki, myndbandstæki og slíkt. Þetta hefur ekki eins mikla þýðingu fyrir nokkurn hóp manna í þjóðfélaginu og öryrkja og ellilífeyrisþega. Fleiri atriði hef ég talið upp. Það er þó eitt sem er hægt að segja að hafi áhrif á tryggingabætur og það er það að talið er að áhrif frv. muni verða hækkun framfærsluvísitölunnar um hálft prósent. Það er lögbundið að tryggingabætur skuli hækka í samræmi við framfærsluvísitöluna. Þetta er sem sagt aðferð Alþfl. eftir sinnaskiptin miklu til þess að standa vörð um hin félagslegu laun í landinu, eða tryggingabæturnar, að samþykkja með verðhækkunarfrv. kaupmáttarskerðingu sem þó í leiðinni hækkar e.t.v. bæturnar um hálft prósent, en dregur úr kaupmætti þeirra um miklu stærri fjárhæð.

Í haust var Alþfl., eða formaður hans a.m.k., ekki tilbúinn til þess að taka þátt í ráðstöfun sem stórlega jók kaupmátt hinna félagslegu launa, þ.e. með því að lækka matarskattinn, en núna er hann tilbúinn til þess að hækka verð hlutanna, draga úr kaupmætti hinna félagslegu launa með þessum hætti.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég verð nú að lýsa óánægju með svör hæstv. ráðherra. Þau voru fá og gáfu litlar upplýsingar. Ég mun hins vegar fara að ráðum hans og leita nánari svara við flestum þeim spurningum sem ég var með inni í nefndinni. Ég vil samt endurtaka eina af þeim fjölmörgu spurningum sem ég bar fram. Hún var sú hver ætti að taka þessa hækkun á sig. Er það verslunin sem á að bera þetta ein og sér, og þá er væntanlega verið að tala um nýja skattlagningu á herðar versluninni, eða eru það neytendurnir? Á þetta að fara út í verðlagið? Og ef svo er, hvernig stenst það gagnvart þeim verðstöðvunarlögum sem nú eru í gangi? Eru þau þá úr gildi fallin? Aðeins þessi eina spurning í lokin og ég bið ráðherra vinsamlegast að svara henni.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að taka undir með hv. 5. þm. Vesturl. að svör hæstv. fjmrh. hafa verið býsna fábrotin og gera það auðvitað að verkum að vinnan í hv. fjh.- og viðskn. hlýtur að verða umfangsmeiri fyrir vikið, að hæstv. fjmrh. hefur ekki getað hér svarað þeim spurningum skilmerkilega sem fyrir hann hafa verið lagðar.

Ræða hæstv. viðskrh. vakti þó meiri athygli. Hæstv. viðskrh. er fyrir það fyrsta þekktur fyrir gjörhygli og skarpskyggni og yfirvegaðan málflutning, og ekki síst í því ljósi vekur það athygli að hann skuli koma hér upp á hinu háa Alþingi og flytja ræðu af því tagi sem hér var flutt. Það er eins og þessi athuguli maður hafi ekki á nokkurn hátt gert sér grein fyrir þeim umskiptum sem Alþfl. hefur tekið og þeirri grundvallarstefnubreytingu sem forustumenn flokksins hafa beitt sér fyrir og vekur það auðvitað mikla furðu því að hann hefur verið talinn áhrifamaður um þá stefnubreytingu og kannski aðalhöfundur hennar.

Alþfl. hefur kúvent í stefnunni í efnahagsmálum og skattamálum. Það hefur komið skýrt fram í þessari umræðu að Alþfl. hefur kúvent í skattamálunum og hæstv. ráðherra reyndar viðurkenndi það en bar fram afsökun svona í svipuðum dúr og maður er vanur að heyra frá hv. þm. Framsfl., að þetta væri nú gert svona vegna annarra. Alþfl. stendur líka að því núna að brjóta niður nýja staðgreiðslukerfið með því að samþykkja sérstakt nýtt skattþrep í tekjuskattinum og það eru heldur betur umskipti og heldur betur stefnubreyting.

En það er ekki aðeins í skattamálunum sem Alþfl. hefur markað nýja stefnu. Fyrir síðustu kosningar var aðalslagorðið það að uppræta hið félagslega velferðarkerfi atvinnuveganna í ríkissjóði og meðan við vorum í ríkisstjórnarsamstarfi var þeirri gagnrýni æðioft beint frá Alþfl. til Sjálfstfl. að Sjálfstfl. væri ekki nægjanlega duglegur við að selja ríkisfyrirtæki og losa um það sem Alþfl. hefur kallað hið félagslega velferðarkerfi fyrirtækjanna í ríkissjóði.

En hvað hefur nú gerst? Það er ekki langt síðan Alþfl. birti ályktanir, hina nýju stefnumörkun Alþfl. eftir trúlofunina við Framsfl. Eftir að formaður Alþfl. gekk í smiðju til Framsfl. í pólitík voru gerðar nýjar samþykktir. Sáu menn eitthvað um það í ályktunum Alþfl. um atvinnumál að halda bæri áfram þeirri stefnumörkun sem áður var í gildi, að uppræta hið félagslega velferðarkerfi fyrirtækjanna í ríkissjóði og selja ríkisfyrirtæki? Nei, yfirskrift stefnunnar í efnahags- og atvinnumálum var sú að það bæri að gjalda varhug við of mikilli áherslu á einkarekstur. Það var yfirskrift hinnar nýju stefnu Alþfl. Ég hygg að þetta hafi verið nýmæli fyrir fleiri lesendur þessarar yfirlýsingar en mig og fyrst og

fremst þó nýmæli fyrir kjósendur Alþfl. að nú leggur Alþfl. á það áherslu að gjalda varhug við of mikilli áherslu á einkaframtakið. Og í ályktuninni var skýrt tekið fram að Alþfl. yrði að leggja jöfnum höndum áherslu á ríkisrekstur eins og einkarekstur. Hér er gjörsamlega verið að hverfa til fortíðarstefnu, til stefnu sem Alþfl. var búinn að losa sig við fyrir áratugum. Ég hélt og stóð í þeirri trú að hæstv. viðskrh. hefði verið aðalforustumaður þessara umskipta, en nú heyri ég það hér að hann hefur ekki einu sinni tekið eftir þeim. Í beinu framhaldi af því að Alþfl. ályktar á þennan veg eru teknar ákvarðanir um það að verja fjármunum skattborgaranna til stuðnings fyrirtækjum sem ríkisstjórnin hefur velþóknun á. Þeir orðuðu það á þann veg í Þjóðviljanum að þau fyrirtæki ættu að lifa sem þeir vilja er ferðinni ráða. Og í beinu framhaldi af þeirri yfirlýsingu var byrjað að taka ákvarðanir um að verja fjármunum skattborgaranna til þess að gefa einstökum fyrirtækjum sem þeir sem ferðinni ráða vilja að lifi. Þetta er nú bara grundvallarbreyting á stefnunni í efnahagsmálum og býsna mikið fráhvarf frá hinum stóru orðum sem forustumenn Alþfl. höfðu áður uppi. Það fer ekki á milli mála að það er ýmislegt í stefnu og framkvæmd hennar á vegum núv. hæstv. ríkisstjórnar sem minnir á aðgerðir þeirrar ríkisstjórnar sem mynduð var 1934. Það var að koma út bók hjá Almenna bókafélaginu sem einmitt rifjar upp þann tíma og þær alvarlegu afleiðingar sem sú stefna hafði á atvinnulíf landsmanna, á hvern veg sú stefna framlengdi kreppuna á Íslandi, gerði hana lengri og alvarlegri en nokkurs staðar annars staðar. Lesi menn þessar lýsingar sjá menn að núv. hæstv. ríkisstjórn er að feta í sömu fótsporin og ef það er ekki kúvending í efnahagsmálum, þá veit ég ekki hvað er kúvending.

Síðan sagði hæstv. viðskrh. að þessar skattahækkanir væru nauðsynlegar til þess að efla velferðarkerfið. Þessi hæstv. ríkisstjórn hefur ekki tekið neinar ákvarðanir um að bæta við eða efla eða styrkja velferðarkerfið, engar. Hún lofaði hins vegar, ef ég man rétt, að leggja 150 millj. kr. inn í húsnæðislánakerfið í greiðsluerfiðleikalánum. Nú hefur hæstv. félmrh. lýst því yfir í blöðum, sjónvarpi og öðrum fjölmiðlum að undanförnu að hæstv. ríkisstjórnin sé ekki búin að leysa þetta mál, eins og ríkisstjórnin sé fyrir hæstv. félmrh. einhver þriðja persóna. Ríkisstjórnin hæstv., þriðja persóna í augum hæstv. félmrh., hefur ekki leyst þetta mál. Er það kannski svo að það sé þetta félagslega verkefni sem þessi skattheimta á að mæta? M.ö.o., það á að leggja skatt á byggingarefni, hækka byggingarkostnaðinn, ná þannig inn fjármunum til þess að setja í greiðsluerfiðleikalánin. Ja, sér er nú hver aðferðin, að leggja fyrst aukna skatta á unga fólkið sem er að byggja í þeim tilgangi að hæstv. ríkisstjórn, þessi þriðja persóna í augum hæstv. félmrh., geti komið með framlag í greiðsluerfiðleikalánum. Ég verð nú að segja að í þessu efni er hlutunum ærlega snúið við.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Þetta var hljómmikil ræða, sérstaklega með tilliti til þess hversu framorðið er eins og sést þegar maður lítur á klukkuna. Hún fjallaði að vísu eiginlega ekkert um það sem hér er til umræðu, frv. um vörugjald. Ég vildi fyrst, þótt ég hefði annars ekki hugsað mér að taka hér til við almennar umræður um efnahags- og skattamál, segja það alveg skýrt, þótt hér séu ekki til umræðu tekju- og eignarskattar eða staðgreislukerfið, þá vil ég segja það í þessari hv. þingdeild skýrum orðum: Alþfl. hefur ekki samþykkt nýtt skattþrep í staðgreiðslukerfinu og mun ekki gera. Þetta vildi ég segja alveg skýrt. Hafi hv. 1. þm. Suðurl. ekki gert sér þetta ljóst vona ég að hann geri það nú.

Í öðru lagi tel ég að honum hafi skotist þótt skýr kunni að vera þegar hann las stjórnmálaályktun flokksþings Alþfl. sem nýafstaðið er. Þar er einmitt lögð áhersla á það að Alþfl. fylgi þeirri grundvallarstefnu í efnahags- og atvinnumálum að nota markaðsúrræði þar sem þau eiga við og einkaframtak og atvinnurekstur á grundvelli markaðsskipulags sé vel til þess fallið í flestum greinum að efla undirstöðu velferðarríkisins, en eingöngu þannig, því þetta er ekki markmið í sjálfu sér. Hafi hann lesið eitthvað annað út úr þessum samþykktum hlýtur hann að þurfa að lesa betur.

Ég vildi að lokum vegna ummæla hans um Atvinnutryggingarsjóðinn og þau mál sem þar eru til meðferðar benda honum á einn einfaldan hlut, þann að fyrsta fyrirtækið sem hlaut þar lán til skuldbreytinga og endurskipulagningar á fjárhag og rekstri var fyrirtækið Grandi hf. í Reykjavík. (**ÞP:** Ég var að tala um ríkissjóð.)

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég kvaddi mér hljóðs til þess að svara tveimur fyrirspurnum en vil aðeins segja það að gefnu tilefni að ég er alveg reiðubúinn síðar við betri tíma að ræða þá ákvörðun sem snertir málefni Freyju á Suðureyri. Ég skýt mér ekkert undan því að ræða það hér í þingsölum, en teldi heppilegra að gera það við annað tækifæri og þegar fleiri þm. væru viðstaddir. (**Gripið fram í:** Það er rétt.)

Hv. þm. Geir H. Haarde spurði hvað mikill hluti af þeirri tekjuöflun, sem reiknað er með að þetta frv. skapi, tengist fyrsta hluta gjaldsins. Það er einfalt að svara því. Það eru um 500 millj. kr. af þeim 1600 sem reiknað er með að frv. gefi í heild. Það er því einfalt reikningsdæmi að um 1100 millj. kr., rúmur milljarður, stendur þá úti ef annað nær ekki fram. Samkvæmt almennum lögmálum felur það einfaldlega í sér að annaðhvort verði menn þá að skera niður á móti því eða sækja það í aðra tekjuöflun eða láta tekjuafgang eða hugsanlegan halla ríkissjóðs koma fram með þeim hætti.

Hv. þm. 5. þm. Vesturl. Ingi Björn Albertsson bar fram tvær fyrirspurnir og ég bið forláts að hafa ekki svarað þeim í minni ræðu áðan. Það var ekki að yfirlögðu ráði heldur vangá. Ég hélt að ég hefði

svarað fyrri spurningunni í framsöguræðu minni. Þegar spurt var hvað mikill hluti af þessu gjaldi eigi að vera borinn uppi af versluninni og hvað mikill hluti af þeim sem vöruna kaupa sagði ég það hér í minni framsöguræðu að það væri ekki gerlegt að svara því á þessari stundu, einfaldlega vegna þess að reynsla síðustu mánaða sýnir það að vegna samdráttar og aukinnar samkeppni hafa fyrirtæki kosið að taka á sig m.a. þá 3% gengisfellingu sem hér var framkvæmd og heimild var veitt til þess að yrði tilefni verðhækkana. Engu að síður er reynslan sú að sjálfviljug tóku verslunarfyrirtækin á sig að bera þá gengisfellingu með lægri álagningu og öðrum aðgerðum. Það getur enginn kveður upp úr með það hér og nú hvort og þá í hve miklum mæli það verður einnig hvað þetta snertir. Ég vék hins vegar að því að mín spá væri sú með hliðsjón af þessari reynslu að það kynni að verða í einhverjum mæli, en hve miklum er ógerlegt að segja. Það helgast m.a. af því að eins og er á fjölmörgum öðrum sviðum breytist æðimargt þegar hinum miklu þenslutímum er lokið. Það hefur auðvitað margvíslegar afleiðingar út um allt þjóðfélagið að slík umskipti hafa orðið í okkar þjóðarbúskap.

Í öðru lagi spurði hv. þm. hvort þetta frv. fæli í sér brot á lögunum um verðstöðvun. Svo er ekki. Þau lög eru með þeim hætti að þau veita rétt með svipuðum hætti og t.d. gengisfellingin fyrir þá sem kaupa vöru að hækka hana í útsölu. Það er eðli skattlagningar af þessu tagi og í starfi nefndarinnar getur hv. þm. fengið ítarlega lögfræðilega álitsgerð um það efni.

Ingi Björn Albertsson:

Herra forseti. Ég skil ráðherra á þá leið að verslunin í landinu eigi að bera þetta vörugjald. Samkvæmt verðstöðvunarákvæðum má eingöngu hækka vöru ef kostnaðarhækkun eða vöruhækkun eða verðhækkun er af erlendum toga spunnin. Ég verð að skilja þetta sem svo að hér sé verið að boða nýja skattlagningu á verslunina. Ráðherra fullyrti það í blaðaviðtali að sú hækkun sem af þessu vörugjaldi leiddi færi ekki út í verðlagið. Fari það ekki út í verðlagið hlýtur það að lenda á versluninni, en fari það út í verðlagið er búið að rjúfa verðstöðvunarákvæðin.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það er einhver misskilningur að ég hafi sagt í blaðaviðtali að þetta vörugjald færi ekki út í verðlagið. Ég hef að vísu ekki lesið allar blaðafregnir af þeim ummælum sem ég hafði við fjölmiðla um þetta efni. Ég sagði á þeim fundi alveg skýrt að samkvæmt heföbundnum útreikningum fyrri ára væri hægt að ætla það að þetta frv. leiddi til um ½% hækkunar framfærsluvísitölu og um 3% hækkunar byggingarvísitölu og það sagði ég m.a. hér í minni framsöguræðu. Það er því alveg skýrt. Ég hef ekki dregið neina dul á það.

Ég benti hins vegar á það þá, eins og ég var að gera hér fyrir nokkrum mínútum síðan, að reynsla undanfarinna mánaða gefur hins vegar tilefni til að ætla að svo verði ekki hvað allar þessar tölur snertir. Það geti orðið mun minna, líkt og varð með gengisfellinguna. Þetta er bara efnahagsleg staðreynd sem menn þurfa að horfa á og gerir það að verkum að heföbundnar útreikningsaðferðir þensluáranna duga ekki til þess að setja fram spá um þetta efni.

Varðandi það sem ég sagði áðan um gengisbreytinguna, það er byggt á einhverjum misskilningi. Ég tók þetta sem hliðstæðu, ekki að það væri hið sama, heldur að það væri hliðstæða, að lögin gera ráð fyrir því að skattlagning af þessu tagi veiti rétt til þess að hækka verð vörunnar í þeim mæli og er þess vegna ekki um brot á lögunum eða framkvæmd verðstöðvunar að ræða. Ég held hins vegar að þetta sé efni sem sé betra að skýra út og fjalla nánar um í nefnd þannig að allur vafi sé tekinn af um það efni þótt við séum ekki að eyða tíma hér á fundunum til þess að fara út í það mjög nákvæmlega, enda er þá rétt að hafa lagatexta og annað við hendina.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

SAMEINAÐ ÞING

21. fundur, fimmtudaginn 8. des., kl. 10 árdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf frá forseta Nd.:

„Formaður þingflokks Alþfl. hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh. er á förum til útlanda í opinberum erindum og getur því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér að hans beiðni að óska þess að vegna anna 1. varamanns taki 2. varamaður Alþfl. í Reykjavík, Jón Bragi Bjarnason prófessor, sæti á Alþingi í fjarveru hans."

Þetta er yður hér með tilkynnt, hæstv. forseti."

Jón Bragi Bjarnason hefur áður setið á þingi á þessu kjörtímabili og kjörbréf hans því verið rannsakað. Ég býð hann velkominn til starfa.

Um þingsköp.

Listi yfir forgangsmál ríkisstjórnarinnar o.fl.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Það hefur gjarnan verið sú venja að í

lok nóvember eða byrjun desember haldi forsrh. fund með forustumönnum þingflokka og leggi fram lista yfir þau mál sem hæstv. ríkisstjórn leggur áherslu á að afgreiða fyrir jólaleyfi þingmanna. Nú stendur að vísu svo á að hæstv. forsrh. er erlendis í mikilvægum erindagerðum. Ég geri ekki ágreining eða ber fram gagnrýni á þá fjarveru. Þar er um að ræða mikilvæga ferð í þágu landsins og fjarri mér að bera fram slíka gagnrýni sem málgagn hæstv. utanrrh. bar fram í gær vegna fjarveru hæstv. forsrh., en svo mun vera ástatt einnig um hæstv. utanrrh. að hann er erlendis.

En fjarvera hæstv. forsrh. gefur á hinn bóginn til kynna að það séu ekki mörg mál eða mikilvæg sem hæstv. ríkisstjórn leggur áherslu á að fá afgreidd nú fyrir jólaleyfi. Hins vegar er eðlilegt að inna eftir því hvort bregða eigi út af þeirri venju að hæstv. ríkisstjórn leggi lista um þau mál fyrir Alþingi sem venja hefur verið til um og ég inni ríkisstjórnina eftir því eða annan hvorn þeirra tveggja ráðherra sem hér eru mættir og hvort ekki verði úr þessu bætt.

Sérstaklega eru það tvö atriði sem ég vil inna eftir. Þar er um að ræða frumvörp um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði og fylgifrumvörp þess. Mál þessi voru undirbúin í tíð fyrri ríkisstjórnar og að því var stefnt að leggja þau fram og afgreiða á síðasta þingi, en vegna þess að hæstv. viðskrh., sem nú mun vera erlendis, vildi vanda mjög til allra vinnubragða í þessu efni var vinnu þeirra ekki lokið fyrr en í haust. Þáv. hæstv. utanrrh. taldi svo brýnt að afgreiða þessi mál að hann innti eftir því hvort samstaða væri innan þeirrar ríkisstjórnar að setja þá löggjöf með bráðabirgðalögum, en til vara gat hann á það fallist að málin yrðu lögð fram í upphafi þessa þings og afgreidd á tveimur vikum. Þetta voru fyrstu mál þessa þings og ég tek undir að það er mjög mikilvægt að þessi löggjöf verði sett sem fyrst. Nú hefur hæstv. fyrrv. utanrrh. verkstjórn á hendi á framgangi mála núv. ríkisstjórnar og þess vegna er spurning hvort ekki sé ætlunin að setja þessi mikilvægu mál á forgangslista ríkisstjórnarinnar yfir afgreiðslu mála fyrir áramót.

Í annan stað er það spurning mín hvort á þeim lista verði frumvörp eða mál sem tengjast ráðstöfunum í þágu sjávarútvegsins.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegi forseti. Út af fyrirspurnum hv. 1. þm. Suðurl. vil ég segja að að sjálfsögðu er gert ráð fyrir því að ræða nú við stjórnarandstöðu og fulltrúa þingflokka um meðferð þingmála til jólahlés eða áramóta, það sem þarf að afgreiða af frumvörpum fyrir áramót. Á ríkisstjórnarfundi í morgun voru þessi mál sérstaklega til umræðu og farið yfir þann málalista sem fyrir liggur og hvaða mál þyrftu nauðsynlega að hljóta afgreiðslu.

Ég tel ekki ástæðu til að fara yfir þann lista hér eða nú. Það verður gert formlega af hálfu hæstv. sjútvrh. sem nú gegnir störfum fyrir hæstv. forsrh. á fundi með fulltrúum þingflokkanna. En út af fyrirspurnum tveimur frá hv. málshefjanda hér, annars vegar um frv. til l. um verðbréfasjóði og verðbréfaviðskipti, er rétt að það eru mál sem við höfum einmitt rætt um og ræddum um í morgun að mjög brýnt væri að taka á og æskilegt að koma í gegnum þing fyrir áramót. En áherslan verður að sjálfsögðu fyrst og fremst lögð á fjárlög og tekjuöflunarmál sem fjárlögum tengjast og talið er nauðsynlegt að fá afgreidd, svo og nokkur önnur lög sem m.a. vegna gildisákvæða þyrfti einnig að afgreiða fyrir áramótin.

Varðandi seinni fyrirspurn málshefjanda, hv. 1. þm. Suðurl., um ráðstafanir í þágu sjávarútvegs, þá hefur nýlega verið hér alllöng og ítarleg umræða utan dagskrár í þinginu um atvinnumál og ég leyfi mér að vísa til þeirrar umræðu, en auðvitað tengist þeim málum og stöðu sjávarútvegsins afgreiðsla bráðabirgðalaga sem nú eru til meðferðar í Ed. og ég vænti þess að menn muni leggja sig fram um að reyna að koma þeim áleiðis í gegnum þingið.

Ég vona að þetta svari fyrirspurnum sem sérstaklega var beint til ríkisstjórnarinnar, en ítreka að það verður alveg þessa dagana, hvort það verður í dag eða á morgun eða næstu daga, rætt, að sjálfsögðu formlega, við stjórnarandstöðu og fulltrúa þingflokka allra um meðferð þingmála og hvaða mál það eru sem ríkisstjórnin telur brýnt og nauðsynlegt að koma í gegnum Alþingi fyrir áramót.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Ég þakka svar hæstv. heilbrmrh. Nú er ljóst að það er stuttur tími fram til jólaleyfis þingmanna og forseti Sþ. hefur lýst því yfir að hér verði ekki þinghald milli jóla og nýárs heldur einungis eftir fyrir fram ákveðinni starfsskipan þingsins og er það út af fyrir sig vel. Það er þess vegna fyllilega tímabært, þó ekki sé meira sagt, að hæstv. ríkisstjórn leggi fram lista yfir forgangsmál þingsins. Svar hæstv. heilbrmrh. veldur hins vegar nokkrum vonbrigðum því að af því mátti ráða að það væri ekki á dagskrá ríkisstjórnarinnar að flytja á Alþingi mál sem lúta að lausn á vanda sjávarútvegsins á þessu ári. Það hlýtur að valda vonbrigðum, ekki bara hér í þingsölum heldur kannski fyrst og fremst úti um landsbyggðina.

En að því er varðar frumvörpin um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði, sem mér heyrðist á hæstv. heilbrmrh. að kynnu að falla utan við forgangslistann, veldur það líka nokkurri undrun ef svo er, svo mjög sem áhersla var lögð á afgeiðslu þeirra mála af hæstv. ríkisstjórn. Ég tek undir það. Ég var sammála þeirri sérstöku áherslu sem á það var lögð og ég tel að umræður um þau mál þurfi ekki að taka lengri tíma en svo að það sé hægt að afgreiða þau á tveimur vikum í þinginu. Burðarás ríkisstjórnarinnar, hv. 6. þm. Norðurl. e., hefur einnig lagt á það mikla áherslu og ég lýsi því yfir fyrir mitt leyti að ég tel eðlilegt að þetta mál komi hér til afgreiðslu og

Sjálfstfl. er tilbúinn að standa að afgreiðslu þess fyrir jólaleyfi.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að þakka þann mikla áhuga sem formaður Sjálfstfl. sýnir á framgangi þeirra mála sem ríkisstjórnin hefur lagt fyrir þingið og vænti þess að þessi mikli áhugi hans og það kapp sem hann leggur á að ríkisstjórnin komi sínum málum áleiðis sé til marks um að við öll eigum gott samstarf þá daga sem fram undan eru.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ástæðan fyrir því að ég kveð mér hljóðs um þingsköp er ekki ræða síðasta hv. ræðumanns, hæstv. menntmrh. Þó get ég sagt við hann að það voru mjög skemmtileg sinnaskipti hjá Alþb. þegar frv. um verðbréfaviðskipti voru lögð fram og rædd á hinu háa Alþingi því að það frv. var lagt fram til að tryggja þessa verðbréfasjóði í sessi. Alþb. hafði kallað þá okurbúllur áður, en stendur nú að þessu frv. og ætlar sér að fylgja eftir þeirri stefnu sem þar kemur fram. Við munum að sjálfsögðu — þetta er svar við ræðu hv. síðasta ræðumanns — ásamt hæstv. menntmrh. fylgja því eftir að þetta mál nái fram að ganga og verða þannig við ósk hans.

En virðulegur forseti. Það eru tvö önnur mál sem ég vil ræða og varða þingsköp. Í fyrsta lagi vil ég taka fram að hinn 22. nóv. sl. lagði ég fram tvær fyrirspurnir til hæstv. fjmrh. sem ég sá hér í mýflugumynd rétt áðan en virðist hafa horfið úr salnum aftur. Þessar fyrirspurnir voru annars vegar um sölu spariskírteina og hins vegar um lækkun vaxta á spariskírteinum ríkissjóðs.

Í 31. gr. þingskapalaga sem fjallar um fyrirspurnir segir, með leyfi forseta: „Ef óskað er skriflegs svars sendir ráðherra forseta það að jafnaði eigi síðar en sex virkum dögum eftir að fyrirspurn var leyfð. Forseti sendir síðan fyrirspyrjanda svarið. Skal prenta fyrirspurn og svar í Alþingistíðindum.“ — Hér lýkur lestri úr 31. gr. þingskapalaga.

Nú eru liðnir, a.m.k. hjá almenningi og venjulegum þingmönnum, *meira en sex virkir dagar*. Fyrri fsp. var sett fram með þeim hætti að óskað var skriflegs svars til þess að hægt væri að svara þeirri síðari. Ég hef ekki orðið var við það, virðulegur forseti, að svarað hafi verið þessari fsp., sem þó er afar auðvelt og tekur mjög stuttan tíma að gera, og ég fer fram á það, virðulegur forseti, að því sé haldið að hæstv. ráðherrum að þeir fylgi þingskapalögum vegna þess að það er mjög mikilvægt að hv. alþm. geti notað þessa þinglegu aðferð en þurfi ekki sýknt og heilagt að vera að biðja um orðið utan dagskrár eða þá um þingsköp vegna þess að hæstv. ráðherrar sinna ekki skyldum sínum. Þetta var annað atriðið og ég skora á virðulegan forseta að beita sér fyrir því að hæstv. ráðherrar sinni sínum skyldum.

Í öðru lagi, virðulegur forseti, tel ég fulla ástæðu til þess, þar sem ekki hafa fengist nægilega skýr svör um það í umræðum í hv. Nd., að að því sé spurt hvort ekki sé eðlilegt að áliti hæstv. forseta að fyrir liggi þau skattafrv. er hæstv. ríkisstjórn ætlar að fá samþykkt á hinu háa Alþingi og eru forsendur tekjuöflunaráætlunar fjárlagafrv. sem á að ræða við 2. umr. í næstu viku. Ég tel, virðulegur forseti, að það hafi komið skýrt í ljós að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki meiri hluta í Nd. þingsins. Það er ekki verjandi að mínu áliti, og ég óska eftir áliti hæstv. forseta um það, að afgreiða fjárlagafrv. til 3. umr. án þess að fyrir liggi skýrt hvort hv. Alþingi sé tilbúið að samþykkja þá tekjuáætlun og þau skattafrumvörp sem nauðsynlegt er að samþykkja til þess að tekjuáætlun fjárlaga fái staðist. Ég tel að þetta sé stórmál, ekki sé undir neinum kringumstæðum hægt að búast við því að hv. alþm. gangi í afgreiðslu fjárlaga til 3. umr. fyrr en þetta liggur fyrir.

Þess heldur legg ég áherslu á þetta atriði, virðulegur forseti, að í útvarpi í gær og í umræðum á Alþingi kom í ljós að Alþfl. styður ekki þau lauslegu áform eða hugmyndir sem hæstv. fjmrh. hefur lýst um tekjuöflun með því að bæta við þrepi í tekjuskatti og enn fremur liggur fyrir að Framsfl., einn stjórnarflokkanna, hefur lýst því yfir að hann styðji ekki svokallaðan happdrættisskatt, öryrkjaskatt, sem hæstv. fjmrh. kýs að kalla spilafíknarskatt. Ég tel þess vegna, virðulegur forseti, fulla ástæðu til að spyrja hvort virðulegum forseta þyki ekki eðlilegt og í anda þingræðisreglunnar að ekki verði lokið 2. umr. fjárlaga fyrr en fyrir liggur skýr vilji þingsins um hvaða skattafrv. eigi að afgreiða þannig að hægt sé að stilla tekjuáætlun 1. gr. fjárlaga við það.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Það er réttmæt athugasemd hjá hv. þm. Friðrik Sophussyni að æskilegt væri að hægt væri að svara fsp. hér eins fljótt og óskað er eftir. Sumar af þeim fsp. sem til mín hefur verið beint eru þess eðlis að ég hef talið nauðsynlegt að afla upplýsinga til að geta svarað þeim á þann hátt að svörin veiti einhverja marktæka lýsingu á því sem beðið er um. Ég get fullvissað hv. þm. um að ekki er á neinn hátt verið að tefja fyrir og ætlun mín er að svo fljótt sem unnt er verði veitt svör við þessum fsp. (**FrS:** Hefur hæstv. ráðherra lesið þingskapalögin?) Já, hæstv. ráðherra hefur lesið þingskapalög og þau eru nokkuð skýr. Ég gæti uppfyllt formsatriði þingskapalaganna og komið og veitt svör sem ekki eru eins tæmandi og ég veit að hv. þm. óskar eftir og ég óskaði eftir og tel það eðlilegra hvað málsmeðferð snertir, enda hefur það oft og iðulega gerst bæði á þessu þingi og þinginu þar á undan og er ekki nýtt.

Varðandi meðferð tekjuöflunarfrv. sagði hv. þm. Pálmi Jónsson fyrir nokkru að fulltrúar Sjálfstfl. óskuðu eftir því að tekjuöflunarfrv. ríkisstjórnarinnar yrðu öll fram komin þegar fjárlagafrv. kæmi til 2. umr. Ég sagði þá að það yrði orðið við þeirri ósk. Við það verður staðið. Mér finnst mikilvægt að það sé ekki verið að breyta þeim kröfum frá einum degi til annars svo að við vitum í raun og veru hvað við

erum að tala um.

Hitt er svo sérmál hvort menn vilja óska eftir því að tekjuöflunarfrv. séu öll afgreidd áður en fjárlagafrv. kemur til 3. umr. Það er mál sem ég hef ekki haft tækifæri til að hugleiða eða ræða og finnst rétt að bíða með afstöðu til þess, en varðandi það atriði sem hv. þm. Pálmi Jónsson óskaði eftir hefur verið ákveðið að verða við þeirri ósk.

Eins og hér hefur komið fram á Alþingi hefur ríkisstjórnin óskað eftir því að eiga viðræður við flokka stjórnarandstöðunnar um tekjuöflunarfrv. og efnislega meðferð þeirra. Ég var að hefja núna á þessari stundu viðræður við fulltrúa þingflokkanna og hafði rætt við fulltrúa þingflokks Kvennalistans, var að leita að formanni þingflokks Sjálfstfl. og formanni þingflokks Borgfl., var tjáð að formaður þingflokks Sjálfstfl. væri erlendis og ætlaði þá að ræða við varaformann þingflokksins eða formann flokksins um tímasetningu þeirra funda í dag. Það er ákvörðun okkar í ríkisstjórninni að óska eftir þeim fundum í dag og ég vona að það gefist tími til þess þótt annir séu miklar að slíkur fundur geti orðið í dag og þá annar á morgun og laugardag eftir því sem þörf er þannig að stjórnarandstaðan og ríkisstjórnin geti í sameiningu áttað sig á stöðu mála og náð samkomulagi um hvernig best sé að haga meðferð þeirra. Þetta vona ég að greiði bæði fyrir þingstörfum og líka fyrir þeirri eðlilegu ósk hv. þm. Friðriks Sophussonar og fleiri þingmanna Sjálfstfl. og annarra að fá fram hver staðan er hér í þinginu gagnvart einstökum tekjuöflunarfrv.

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 1. þm. Suðurl. fyrir að hefja þessa umræðu um þingsköp og þakka svör hæstv. ráðherra við þeim fyrirspurnum sem bornar voru fram hérna. Við kvennalistakonur deilum sannarlega áhyggjum með þingmönnum bæði stjórnarandstöðu og vafalaust stjórnarflokkanna líka yfir þeim tímaskorti sem þingið er nú að lenda í þar sem mjög mörg mál eru óafgreidd og ég vil enn fremur taka undir þau orð hv. 1. þm. Reykv., og við höfum reyndar lýst sömu afstöðu hér áður, að það sé ófært að ætla sér að reyna að afgreiða fjárlögin án þess að það liggi ljóst fyrir hvað verði um þau tekjuöflunarfrv. sem lögð hafa verið fram og hljóta að vera undirstaða þess að takist að afgreiða fjárlögin.

Það var minnst hérna á nokkur af þeim stóru málum sem eru óafgreidd og þar á meðal var minnst á frv. um verðbréfasjóði og verðbréfafyrirtæki og eignarleigustarfsemi sem hafa verið til meðferðar í fjh.- og viðskn. frá fyrstu dögum þingsins. Það hefur vissulega verið unnið þar mikið að þeim málum og verið langir og strangir fundir og ég vildi upplýsa þingmenn um það af því að minnst var á þessi mál að þangað hafa borist mjög langar og miklar umsagnir og m.a. miklar athugasemdir frá jafnvel höfundum frv. svo það er kannski ekki að undra að þessi frv. hafa ekki enn verið afgreidd út úr nefndinni og ekki útséð um að það takist fyrir jól ef litið er til þess að formaður nefndarinnar er ekki á landinu eins og er þó að aðrir nefndarmenn muni að sjálfsögðu reyna að vinna. En það er mjög margt annað sem þingmenn þurfa að sinna svo það hefur gengið illa að halda aukafundi í nefndinni.

Það var minnst hérna á þingmál sem ekki hafa fengið afgreiðslu, fsp. Ég minni af því tilefni á fsp. sem voru lagðar fram mjög snemma og hafa ekki fengist svör við. Þar er fsp. á þskj. 16 til fjmrh. um tekjur einstaklinga frá hv. þm. Danfríði Skarphéðinsdóttur og Kristínu Einarsdóttur. Þetta þingmál kom fram mjög snemma á þinginu og við því hefur ekki fengist svar. Sömuleiðis fsp. til fjmrh. um tekjuskatt ríkisstarfsmanna sem er 17. mál þessa þings. Og ég minni aftur á skýrslubeiðni sem ég og átta aðrir þingmenn úr þremur þingflokkum lögðu fram og er á þskj. 73, beiðni um skýrslu frá forsrh. um stöðu og rekstur fiskvinnslufyrirtækja. Ég hlýt að beina þeim tilmælum til hæstv. forseta að húnýti á eftir því að þessi þingmál verði afgreidd eða þessum fsp. verði svarað.

Ég vil svo ekki hafa þessi orð um þingsköp lengri nema tilefni gefist til en taka aðeins undir að við hljótum að fara að ganga frá eða reyna að ná einhverju samkomulagi um þinghaldið þar sem tíminn er orðinn mjög naumur með tilliti til allra þeirra stóru mála sem við eigum eftir að afgreiða.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hv. 2. þm. Norðurl. v. bar fram á sínum tíma mjög eðlileg tilmæli þegar hann óskaði eftir því að tekjuöflunarfrv. ríkisstjórnarinnar yrðu komin fram fyrir 2. umr. fjárlaga. Hins vegar veit maður ekki hvaðan úr veröldinni hv. 1. þm. Reykv. er að koma. Það er eins og í þeim þingflokki, Sjálfstfl., sé ekki enn ræðst við. Hann telur að nú þurfi að veita sérstaka aðför hv. 2. þm. Norðurl. v., hann hefði ekki staðið í stykki sínu með að fylgja eftir óskum fyrir hönd flokksins um hvernig standa bæri að fjárlagaafgreiðslu þó að ég viti ekki betur en hann sé hinn hæfasti fulltrúi sem þeir hafa í fjvn. ásamt öðrum ágætum manni sem vissulega á allt gott skilið einnig, hv. 4. þm. Austurl.

Það vekur undrun að jafnþingreyndur maður og hv. 1. þm. Reykv. skuli ekki manna sig upp í að flytja vantraust á ríkisstjórnina ef hann telur að hún hafi ekki stuðning á þinginu. Það er hin hefðbundna aðferð og væri honum nær að kveðja sér hljóðs strax og óska eftir því að flytja vantraustið. En hugrekkið er nú ekki meira en svo að hingað er helst sniglast upp í ræðustól til að tala um þingsköp og þá einhverja þvælu út í loftið sem fyrst og fremst yrði til þess að rugla öllum störfum þingsins fram að jólum. Ég hvet hv. 1. þm. Reykv. eindregið til að reyna að ná samstöðu innan Sjálfstfl. um það hvaða óskir eru bornar fram og ég tel að það sé eðlilegt að Alþingi Íslendinga geri sér grein fyrir þeim hefðbundnu vinnubrögðum, sem hér hafa gilt, að menn afgreiði fjárlög og taki þátt í því með atkvæðagreiðslu á

hefðbundinn hátt. Auðvitað munu þeir, sem ekki vilja að aflað verði tekna og hér verði rekin fjárlög með halla eins og verið hefur, leggjast gegn allri tekjuöflun og að sjálfsögðu munu þeir greiða atkvæði líka gegn fjárlögunum. Það er rökrétt, en það er þá líka rétt að það komi í ljós hvaða liðir það eru sem þeir vilja að verði skornir niður.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Sú umræða sem fer fram um þingsköp er eðlileg í þeirri stöðu sem Alþingi er nú. Það er ástæðulaus misskilningur eða mistúlkun af hv. 2. þm. Vestf. að einhver óeining sé innan Sjálfstfl. eða sambandsleysi um þær óskir sem við höfum sett fram, eðlilegar óskir og kröfur um að skattalagafrv. ríkisstjórnarinnar, sem hún hyggst flytja í tengslum við afgreiðslu fjárlaga, verði komin fram áður en 2. umr. fjárlaga hefst. Enn fremur er það eðlileg ósk okkar og krafa, miðað við þá stöðu sem hér er á hinu háa Alþingi þar sem ríkisstjórnin hefur ekki tilskilinn meiri hluta, að áður en 3. umr. fjárlaga fer fram verði séð fyrir endann á afgreiðslu skattalagafrv. ríkisstjórnarinnar. Gerist það ekki og ætti undir þeim kringumstæðum að afgreiða fjárlög væri tekjuhlið fjárlaganna afgreidd út í bláinn og engin vissa fyrir því hvort hæstv. ríkisstjórn hefði burði eða möguleika til þess á Alþingi að koma fram skattalagabreytingum sem tryggðu tekjuhliðina eins og hún væri þá afgreidd.

Þetta er aðeins ein hlið þess máls sem hér er til umræðu og hæstv. fjmrh. skýrði auðvitað rétt frá varðandi þau tilmæli sem ég setti fram í síðustu viku og var tekið eðlilega í af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Önnur hlið þessa máls er sú að Alþingi er nú í mikilli tímaþröng. Ríkisstjórnin er sundurlaus í afstöðu sinni til skattalagafrv. og nýjar fregnir gefa til kynna að ekki sé samstaða í fyrsta lagi um frv. um tekju- og eignarskatt, þar sem Alþfl. hefur hafnað skattþrepi á háar tekjur og enn fremur að ríkisstjórnin hyggist hverfa frá fyrirætlunum sínum sem boðaðar eru í fjárlagafrv. um skattlagningu á happdrætti, lottó og getraunir vegna andstöðu Framsfl.

Þessi mál eru auðvitað í því horfi að ríkisstjórnin kemur sér ekki saman um þær skattaleiðir sem hún ætlar að fara til að tryggja afgreiðslu fjárlaga. Krafa okkar sjálfstæðismanna og stjórnarandstöðunnar í heild er þeim mun brýnni og eðlilegri að skattalagafrv. liggi fyrir áður en 2. umr. fjárlaga fer fram og að skattalög verði afgreidd áður en gengið verði til afgreiðslu fjárlaga. Við þessar aðstæður er sýnilegt að afgreiðsla fjárlaga getur ekki farið fram fyrir jól. Það ætti ríkisstjórninni þegar að vera orðið ljóst. Og það ætti að vera orðið ljóst að vinna í fjvn., sem ég er ekki að álasa formanni fjvn. fyrir, tefst þegar hæstv. ríkisstjórnin kemur sér ekki saman um skattaleiðir sínar.

Nú var í gær haldinn fundur í fjvn., 7. des. Þá hafði ekki verið haldinn fundur í fjvn. síðan á föstudag í fyrri viku og enginn fundur hefur verið boðaður í fjvn. í dag. Þetta er mesti annatími fjvn. þegar mál ganga með eðlilegum hætti og þá er venja, og ég tala af fullri reynslu, að fjvn. og nefndarmenn þar leggi að heita má nótt við dag. Nú er einn fundur haldinn 7. des. og margra daga hlé fyrir þann fund og ég veit ekki hvað margra daga hlé verður eftir þann fund á starfi fjvn.

Þetta sýnir ótvírætt að það getur ekki tekist að afgreiða fjárlög fyrir jól. Það sýnir að ríkisstjórnin hæstv. hefur ekki komið sér saman um þau skattalagafrv. sem hún hyggst flytja og það sýnir að hún hefur ekki komið sér saman um þær niðurskurðarhugmyndir sem hún er með á prjónunum í fjárlagadæminu sem auðvitað væri þörf á við þær aðstæður sem nú eru.

Ég tel því að þessi umræða utan dagskrár sé í hæsta máta eðlileg til að vekja athygli á þessari stöðu og ég tel að hæstv. ríkisstjórn ætti að viðurkenna þessar staðreyndir í stöðu málsins.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég vil geta þess vegna ræðu hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur að ég setti þegar í gang vinnu til að geta svarað þeim tveimur fsp. sem hún vék að og beint var til mín. Þær voru mjög viðamiklar og kröfðust ítarlegrar upplýsingaöflunar og embættismenn fjmrn. hafa tjáð mér eftir að hafa ráðfært sig við sérfræðinga og embættismenn annarra stofnana að það sé því miður margra vikna, kannski fáeinna mánaða verk að taka saman þær upplýsingar sem þar er beðið um. Ég er alveg reiðubúinn að ræða það utan fundar við fyrirspyrjanda í þessu máli til þess að það fari ekkert á milli mála í hverju vandinn er fólginn til að veita þær ítarlegu upplýsingar sem þarna var beðið um.

Ég vil svo vegna þeirrar ræðu sem hér var flutt síðast geta þess, eins og ég hef reyndar sagt áður, að ríkisstjórnin hefur á þeim skamma tíma sem hún hefur haft til stefnu bæði unnið að mótun tekjuöflunarfrv. og tillagna um niðurskurð. Ríkisstjórnin hefur talið sér skylt í ljósi breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu að skoða frekari tillögur um niðurskurð. Enn fremur að skoða einnig mjög ítarlega tillögur um tekjuöflun. Ég þekki ekki náið til vinnubragða í fjvn. í gegnum tíðina vegna þess að ég hef ekki setið þar. Mér var þó tjáð af formanni fjvn. að sá fundur sem haldinn var í gær væri með eðlilegum hætti og til þess að veita möguleika á því að þingmenn einstakra kjördæma gætu í dag fjallað um skiptingu fjárveitinga í skólamál, heilbrigðismál og aðra málaflokka í viðkomandi kjördæmum. Mér hefur verið tjáð af mörgum að slíkir fundir verði í einstökum kjördæmum í dag sem er eðlilegur þáttur í undirbúningi 2. umr. um fjárlagafrv.

Vandinn er mikill og stjórnarandstöðuflokkarnir þurfa auðvitað líka að taka þátt í þeim vanda. Þess vegna held ég að sá tími sem liðið hefur undanfarna daga hafi líka verið gagnlegur, vona ég, fyrir þingmenn stjórnarandstöðuflokkanna, að þeir hugleiði og skoði hver hjá sér hvaða tillögur um niðurskurð eða hvaða tillögur um tekjuöflun þeir kynnu að

hafa. Ég er ekkert að mana þær tillögur fram hér og nú. Ég hef sagt það áður að mér finnist eðlilegt að þær komi fram á sínum tíma vegna þess að það er alveg ljóst að ef menn ætla ekki að halda áfram á þeirri braut að reka okkar þjóðarbú, velferðarkerfi og aðra þjónustu fyrir erlent lánsfé þarf að taka mjög erfiðar ákvarðanir bæði í tekjuöflun og niðurskurði. Ég hef lýst því sem mínum vilja að ég tel að það eigi að vera sameiginlegt verkefni allra þingflokka eftir því sem hægt er og þær viðræður, sem við höfum hafið og ég lýsti hér áðan úr ræðustól að við væntum að geti haldið áfram í dag þrátt fyrir miklar annir og á morgun og næstu daga, geti orðið vettvangur þar sem menn geta rætt þetta nánar utan þingfunda. Það verður hins vegar staðið við það loforð, sem gefið var hv. þm. Pálma Jónssyni, að tekjuöflunarfrumvörp ríkisstjórnarinnar munu liggja fyrir þegar 2. umr. um fjárlögin fer fram.

Ég vona að hv. Alþingi sjái sér fært að afgreiða þessi mál fyrir jól. Ég tel að það sé kannski fyrst og fremst spurning um pólitískan vilja og almennt verklag og það eigi að vera hægt ef við lítum yfir reynslu undanfarinna ára.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Það er með allsérkennilegum hætti sem aðaltalsmaður Framsfl. hér í þinginu, hv. 2. þm. Vestf., leggur sig fram um að greiða fyrir framgangi þingmála. Um það ætla ég ekki að hafa fleiri orð vegna þess að kannski hef ég meiri áhyggjur af framgangi þeirra mála en hv. þm. og aðaltalsmaður Framsfl.

Hitt er svo annað að mér finnst það óneitanlega býsna ósmekklegt af hæstv. fjmrh. að halda því fram að fulltrúar Sjálfstfl. hafi breytt um áherslur eða afstöðu um það hvernig standa eigi að afgreiðslu fjárlaga og skattheimtumála ríkisstjórnarinnar. Málið er það, staðreyndirnar eru þær að hæstv. fjmrh. gaf um það alveg skýrar yfirlýsingar hvernig standa ætti að afgreiðslu fjárlaga og hver skattheimtufrumvörp ríkisstjórnarinnar væru með ekki svo litlum bægslagangi í fjölmiðlum. Það sem hefur breyst er hins vegar að samstarfsflokkar hæstv. ráðherra hafa hafnað ýmsum veigamestu tillögum hans í skattamálum, aðalálhersluatriðum hæstv. ráðherra. Þegar ríkisstjórnin fór af stað var það næst á eftir skattinum á sparsemi og ráðdeild að leggja á öryrkjaskatt. Framsfl. hefur hafnað öryrkjaskattinum. Þriðja áhersluatriðið var sérstakt skattþrep í tekjuskatti. Alþfl. hefur hafnað því. Það sem hefur breyst er að hæstv. ráðherra hefur ekki komið stefnumálum sínum fram í ríkisstjórninni sjálfri.

Svo er það eitt atriði í viðbót að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki meiri hluta í Nd. þingsins. Það hefur hins vegar ekkert reynt á það enn þá hver afstaða stjórnarandstöðuflokkanna er, hvorki hvers einstaks þeirra né allra saman, vegna þess að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki í þessu efni komið sér saman. Það er það sem hefur breyst. Og það er það sem gerir það að verkum fyrst og fremst að það liggur nokkurn veginn ljóst fyrir að það er ekkert rúm til að afgreiða fjárlög fyrir jólaleyfi þingmanna. Þessu ætti hæstv. ráðherra að gera sér grein fyrir.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegi forseti. Ég vil ekki lengja þessa umræðu, en vildi aðeins leggja á það áherslu að ég tel nauðsynlegt að þingflokksformenn og þingforsetar ásamt fulltrúa ríkisstjórnar eigi fund um framgang mála í þinginu hið allra fyrsta með sama hætti og venja hefur verið í þingsögunni. Mér þykir ólíklegt að það sé auðvelt að koma slíkum fundi við í dag, en ég vildi leggja það til að slíkum fundi verði komið á á morgun þegar það hentar aðilum. Ég tel það alveg nauðsynlegt í ljósi þeirra umræðna sem hér hafa farið fram og ég á ekki von á að það hafi mikið að segja að halda þeim lengi áfram, en vænti þess að hægt sé að fallast á að það verði komið saman til fundar til að ræða þessi mál hið allra fyrsta á morgun.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ég hlýt að upplýsa það hér að í gær var haldinn fundur með þingforsetum og formönnum þingflokka þar sem þinghaldið var rætt. Sá fundur fór fram í mikilli vinsemd og menn tóku vel í það að leita til þess leiða að þinghaldi gæti lokið fyrir jól. Þetta hlýt ég að upplýsa vegna þess að sjútvrh., sem nú er starfandi forsrh., gat ekki setið fundinn og ég hygg að þessi boð hafi ekki borist honum vegna fjarveru nokkurra þingflokksformanna.

Ég bið nú hv. þingheim að reyna að sjá svo til að við getum farið að snúa okkur að dagskrá.

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég skal hafa þetta mjög fá orð. Ég vildi aðeins þakka hæstv. fjmrh. fyrir svör hans varðandi fsp. á 16. og 17. þskj. Að vísu vöktu þær upplýsingar nokkra furðu mína. Þær höfðu ekki borist okkur þrátt fyrir að svo langur tími er liðinn síðan þessar fyrirspurnir komu fram og ég legg mikla áherslu á að þessum fyrirspurnum verði svarað því að þær skipta mjög miklu máli, ekki aðeins launafólk, sem þessar fyrirspurnir snerta, heldur einnig hinn aðila málsins, ríkið. Þetta vil ég leggja sérstaka áherslu á og jafnframt lýsa undrun yfir því að þetta þurfi að taka svona langan tíma því að þetta mál hafa menn gjarnan tjáð sig um og talið sig vita töluvert um. En við vildum einmitt kalla eftir þessum upplýsingum svo að það væri ekki verið að fara með eitthvað sem menn vissu ekki alveg hvað væri.

En vegna orða hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar áðan, sem flutti svolítið sérkennilega ræðu og kallaði eftir vantraustsumræðu, vil ég segja að ég held að varla mundi það nú flýta fyrir þinghaldi eða greiða fyrir afgreiðslu mála. Stjórnarandstaðan hefur að vísu ekki rætt þetta mál, en mér finnst fremur ólíklegt að innan hennar sé sérstakur áhugi á því að tefja fyrir þinghaldinu með því að leggja fram vantraust nú. Við munum miklu fremur vilja standa að af-

greiðslu þeirra þingmála sem verða rædd á næstu dögum og þá kemur væntanlega í ljós hvern stuðning þessi ríkisstjórn hefur.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Ég tel að það hafi orðið mikið gagn að þessari umræðu um þingsköp. Ég byrja á því að þakka hæstv. sjútvrh. fyrir það að ætla að beita sér fyrir því á morgun eða allra næstu daga að leggja fram eins og venja hefur verið lista um þau mál sem eiga að afgreiðast fyrir jól og liðka þannig til fyrir þinghaldinu fram að jólum, en allir vita að það eru ekki margir þingdagar til stefnu.

Ég bað í minni fyrri ræðu um álit hæstv. forseta á afgreiðslu fjárlagafrv., en hæstv. fjmrh. hefur vikið að því máli. Ég óskaði enn fremur eftir því við hæstv. forseta að hann beitti sér fyrir því að hæstv. ráðherrar svöruðu fsp. eins fljótt og hægt væri, ekki síst einföldum fyrirspurnum sem dregst allt of lengi að svara.

Það hefur verið upplýst af hæstv. fjmrh. að skattafrumvörp ríkisstjórnarinnar verði lögð fyrir þingið fyrir 2. umr. fjárlaga og hann hefur jafnframt lýst því yfir að hann beiti sér nú fyrir samningaviðræðum við stjórnarandstöðuna sem auðvitað er hrein viðurkenning á því að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki meiri hluta á Alþingi, er ekki meirihlutastjórn í venjulegum skilningi þess orðs. Þessi viðurkenning er ákaflega mikilvæg og hlýtur að leiða til þess að hæstv. ríkisstjórn mun leita eftir því að ná samkomulagi við stjórnarandstöðuna um fjárlagafrumvarp og þær efnahagslegu forsendur sem liggja að baki fjárlagafrumvarpinu og stefnu ríkisstjórnarinnar og er náttúrlega stórkostleg yfirlýsing um að ríkisstjórnina hefur rekið í strand.

Varðandi ummæli aðaltalsmanns Framsfl. þar sem hann skoraði á mig að flytja vantraust á ríkisstjórnina vil ég eingöngu segja að ég sé ekki ástæðu til þess nú á næstu dögum að losa hann úr því sjálfskaparvíti sem hann hefur komið sér í.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það hefur komið fram hvers vegna hv. 1. þm. Reykv. flytur ekki vantraustið. Það liggur ljóst fyrir að þeir sem mynda stjórnarandstöðuna eru ekki sammála um þá hluti. Talsmaður Kvennalistans lýsti því yfir að það væri ekki áhugi í þeirra herbúðum á að standa að vantrausti eins og mál standa. (**KH:** Það hefur ekki verið rætt í stjórnarandstöðunni. Auk þess eru engar herbúðir hjá Kvennalistanum.) Það er náttúrlega enn þá merkilegra af því að þetta eru baráttusamtök að þar skuli engar herbúðir vera. En það er greinilegt að það er margt sem þörf er á að ræða þar innan dyra.

Hins vegar þótti mér það merkilegra en allt annað að hv. 1. þm. Suðurl. getur haft áhyggjur. Ég hafði á sínum tíma verulegar áhyggjur þegar hann var forsrh. og þær fóru dagversnandi. En ég sá ekki annað en það væri alsæll maður sem yfirgaf þetta land til Vesturheims og teldi að það væri engar áhyggjur að hafa af málum hér heima. Þess vegna þykir mér merkilegt og enn þá merkilegra að þegar lítur út fyrir að það verði afgreidd fjárlög að þeirra eigin dómi í samræmi við aðalstefnu talsmanns Sjálfstfl. í efnahagsmálum, Eykons, þá rísa þeir upp á afturlappirnar og mótmæla slíku og hafa þar með lýst því einnig yfir að það sé einhugur í flokknum. Sé einhugur í flokknum hlýtur þar að vera einhugur um að hér eigi fjárlög að vera með halla því það hefur hvergi frést að hv. 8. þm. Reykv. hafi skipt um skoðun. Hann hefur staðið að þessari skoðun sinni mjög dyggilega og sá sem framkvæmdi skoðun hans í verki á sínum tíma var hv. 1. þm. Suðurl.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna þeirra gagnrýnisradda sem fram hafa komið um að svör við fyrirspurnum berist seint og jafnframt að skýrslur berist líka seint þegar um þær er beðið, þá hlýtur forseti að upplýsa að engin tímamörk eru á því að skýrslur berist samkvæmt beiðni um þær. Það má vera að forseti gangi ekki nógu rækilega eftir því að menn biðji um skýrslur í stað þess að bera fram skriflegar fyrirspurnir þegar mál eru þess eðlis að nær væri að biðja um skýrslu og forseti mun gæta þess framvegis. Það er ekki hægt að ætlast til að ráðherrar skili skriflegu svari við fsp. sem felur í sér margra vikna og jafnvel mánaða vinnu fyrir starfsmenn ráðuneytanna. Þess vegna skal gengið betur eftir því að hv. þm. biðji fremur um skýrslu en beri fram fyrirspurnir sem krefjast skriflegra svara á svo skömmum tíma.

Forseti vill jafnframt upplýsa að forsetar hafa reynt að hafa samstarf við þingflokkana og eftir því verður gengið að þinghald fari fram í góðri samvinnu við formenn allra þingflokka.

Ég vænti þess nú að þessari umræðu um þingsköp fari að ljúka.

Albert Guðmundsson:

Virðulegur forseti. Þingmenn Borgfl. hafa hvorki tafið þessa dagskrá né aðra þannig að ég er fyrsti fulltrúinn sem tek nú til máls. Það eru búnir að tala hér margir frá öllum hinum stjórnarflokkunum.

En ég vil í sambandi við óskir um að svara fyrirspurnum fljótt og vel og fara að þingsköpum sem ákveða tímamörk sem ráðherrar eiga að hafa til að svara fyrirspurnum benda á að á mínum tíma sem fjmrh. komu þannig fyrirspurnir að viðkomandi óskaði frekar að draga þær til baka og fá ekki svörin en standa að þeim kostnaði sem það kostaði að leita þeirra upplýsinga sem farið var fram á. Ég hefði gaman af að vita hjá hæstv. fjmrh. hvað kosta upplýsingar sem Kvennalistinn hefur beðið um og tekur margar vikur af sérfræðingum samkvæmt upplýsingum sem hér koma fram að útvega. Svo er framhaldið það að fyrirspyrjandi stendur hér upp og annaðhvort skammar eða þakkar og málið er búið og afgreitt. Enginn hefur áhyggjur af því að það hefur verið farið út í kostnað sem er þá í því tilefni til einskis.

Ég held að það sé kominn tími til að við förum að gegna því, sem var samþykkt fyrir nokkrum árum, að það beri að leggja fram eins konar kostnaðaráætlun með tillögum, svo að þingflokkarnir eða þingmenn átti sig á því hvaða útgjöld við erum að samþykkja blint í flestum tilfellum.

Í sambandi við fjárlagafrv. og tekjuöflunarfrv. Auðvitað er nauðsynlegt að fá fram tekjuöflunarfrumvörp, bera þau upp og sjá hvað verður samþykkt í tekjuöflun áður en við förum að ákveða útgjaldaliði. Það getur ekki gengið öðruvísi en hjá hverjum og einum sem verður að takmarka sín útgjöld við þær tekjur sem hann telur sig hafa til ráðstöfunar. Ég legg mikla áherslu á að hæstv. fjmrh. standi við það — ég hef enga ástæðu til að ætla annað — að tekjuöflunarfrv. komi fram nógu tímanlega fyrir 2. umr. til þess að flokkarnir geti rætt tekjuöflunarfrv. á sínum fundum og reynt að hafa samstarf við fjmrh. og nefndir þingsins um að hraða tekjuöflunarfrv. í gegnum nefndirnar og eyða þá kannski þeim mun meiri tíma í þingdeildum í umræður og afgreiðslu og að hver og einn verðum við að gera okkur grein fyrir því að nú er afbrigðilegt tímabil sem við lifum. Því þarf afbrigðileg vinnubrögð.

Þessi ríkisstjórn er nokkurra vikna gömul. Síðasta ríkisstjórn var ekki nema nokkurra mánaða gömul, 15 mánaða eða svo. Á fimm árum frá árinu 1983, þegar ég varð fjmrh., til dagsins í dag, á skemmra tímabili en í flestum öðrum löndum er stöðugleiki í stjórnmálum vegna kosningafyrirkomulags og laga, þá höfum við haft fjóra fjmrh. og hvern með sína pólitík, hvern með sína stefnu. Hvernig á þetta blessað þjóðfélag að þola svona hringlandahátt á æðstu stöðum? Ef nokkuð er að marka það að limirnir dansa eftir höfðinu skulum við átta okkur á því hvað við erum að gera þjóðfélaginu með svona framkomu. Úr því að við högum okkur svona verðum við að vera undir það búin að taka við afbrigðilegum afgreiðslum á stórmálum og afbrigðileg afgreiðsla á fjármálum er að sjálfsögðu að afgreiða þau á skömmum tíma. Ég sé út af fyrir sig enga ástæðu til að við getum ekki sett okkur í annan gír en hægagang ef á þarf að halda.

Það er ágætt að funda með þingflokkunum. En það tefur tímann. Ég hefði miklu heldur viljað fá skriflegt erindi þar sem þingflokkarnir eða a.m.k. minn þingflokkur hefðu getað rætt málin og þingmenn getað komið saman og í ró og næði tekið ákvörðun frekar en að halda fundi hér og nú um þessi mál, eða fundi uppi í ráðuneyti.

Stefnumarkandi ákvarðanir verða ekki teknar á slíkum fundi sem ráðherra er að boða. En það eru frekar stefnumarkandi ákvarðanir sem þarf að taka en ákvarðanir um hvernig við eigum að tala saman, hvenær við eigum að halda fundi. Stefnumarkandi ákvarðanir þarf að taka vegna þess að til ríkisstjórnarinnar, eins og ég hef áður sagt, er stofnað á fölskum forsendum. Hún hefur ekki þann meiri hluta sem hún þarf til að stjórna. Þess vegna þarf að taka stefnumarkandi ákvarðanir í flokkunum, hvort hún á að lifa eða deyja. Við vitum ekkert um hvort þeir flokkar sem ekki eru í stjórn og sumir kalla stjórnarandstöðuflokka eru það. Ég kalla þá bara þá sem ekki eru í ríkisstjórn því það hefur engin ákvörðun verið tekin um að vera í stjórnarandstöðu. Það setur enginn Borgfl. í stjórnarandstöðu bara af því að við höfum ekki ráðherra. Stjórnarandstaða hefur ekkert talað saman. Við eigum kannski eftir að gera það. Við vitum ekkert hvort við stöndum saman um að fella eitt eða annað. Það er ekkert komið í ljós af því að við höfum ekki talað saman, en við þurfum að fá tíma til þess að tala saman.

Ég heyri, virðulegur forseti, að það kemur kliður í salinn vegna þess að líklega sjá menn á þessum orðum mínum að það er ekki alveg útilokað að stjórnin geti fengið einhvern huldumann. En ég er bara ekki að gefa í skyn að hann sé til. Við höfum hreinlega ekkert talað saman um það sem er stefnumarkandi, en það er það sem við þurfum að tala saman um en ekki um hvenær og hvað oft við eigum að funda.

Ég harma að forsrh. skuli gjörsamlega bregðast skyldu sinni á enn þá meiri og verri hátt en forsrh. í fyrrv. ríkisstjórn sem lá undir enndalausum ádeilum fyrir að gera ekki neitt. En mér skilst að hann hafi verið með mjög góðan lista yfir öll mál, hann hafi rætt þennan lista og hann hafi undirbúið afgreiðslumáta. Þó að hann hafi að sjálfsögðu ekki getað undirbúið afgreiðsluna sjálfa hafi hann unnið þarft verk. Það voru allir mjög ánægðir með vinnu forsrh. í fyrrv. ríkisstjórn hvað þessi mál snertir. Málalisti kom fyrir stjórnmálaflokkana á fundum forseta og mér skilst að fyrrv. forsrh. hafi útskýrt málin og lagt til gang mála og sett þau í forgangsröð. En við getum verið ánægðir með að þó að forsrh. í dag geri ekki nokkurn skapaðan hlut og ekkert hafi komið frá honum skilst mér að Margrét Thatcher hafi miklu betra yfirlit yfir heimsmálin í dag en hún hafði í síðustu viku. (**FrS:** Enda hefur hún beinið í nefinu á réttum stað.) Ég veit ekkert hvað hún hefur í nefinu.

En virðulegur forseti. Ég skil að það hlýtur að vera mjög erfitt fyrir forseta að koma ekki áfram dagskrármálum þannig að það liggur við að ég, sem geri mig sekan um lengri ræðu en til stóð þegar ég bað um orðið, biðji hana afsökunar. Ég vil þó ljúka máli mínu með því að skora á þingheim að taka tillit til þess að forseti á í vanda, miklum erfiðleikum með okkur af því að hún kemur ekki áfram dagskrármálum og á meðan hún kemur ekki áfram dagskrármálum tefjum við þingtímann umfram það sem nauðsynlegt er og að sjálfsögðu komast ekki fjárlögin í gegn ef við höldum svona áfram.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég skal ekki tefja þessa umræðu, en að gefnu tilefni vegna síðustu ræðu hv. þm. Alberts Guðmundssonar vil ég lýsa því yfir að við munum eðlilega vera reiðubúin að finna okkar viðræðum það form og beita þeim starfsaðferðum

sem stuðla að efnislegum umræðum. Það er alveg hárrétt, sem hann sagði, að það eru ekki bara fulltrúar þingflokkanna eða forusta þeirra sem hér á hlut að máli heldur einnig forusta flokkanna. Ég hef hins vegar kosið að setja þessar óskir fram samkvæmt þingvenjum við forustu þingflokkanna, en við munum beita okkur fyrir því að það geti þá orðið það form á þessum efnislegu umræðum sem stuðlar að því að fulltrúar einstakra flokka og ríkisstjórnar geti á auðveldan og fljótvirkan hátt rætt málin efnislega og velji til þess þá fulltrúa og þær aðferðir sem skila jákvæðum árangri.

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að verða jafnlangorð og hv. 5. þm. Reykv. sem hafði mikla samúð með hæstv. forseta vegna mikilla umræðna hér. En vegna orða hv. þm. um hugsanlegan kostnað vegna fsp. Kvennalistans og fsp. þingmanna yfirleitt vil ég nú aðeins segja það að auðvitað eiga þingmenn ekki að sýna neitt kæruleysi í þessum efnum og það getur oft verið matsatriði hvort um réttlætanlegan kostnað sé að ræða. Við mátum það svo í þeim tilvikum sem ég nefndi áðan og við eigum satt að segja mjög bágt með að trúa því að þetta sé svo gífurlegt verk og kostnaðarsamt. Annað eins hefur verið unnið í Þjóðhagsstofnun og Hagstofu og hagdeildum. Þarna er beðið um upplýsingar sem eru nauðsynlegar ef menn ætla að ræða af einhverju viti eða jafnvel af skynsamlegu viti, eins og hæstv. forseti orðar það stundum, um tekjuskiptinguna í þjóðfélaginu.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Það skal vera aðeins örstutt athugasemd. Vegna yfirlýsinga hæstv. fjmrh. um hugsanlegar viðræður við einstaka stjórnarandstöðuflokka er alveg nauðsynlegt að það komi skýrt fram, og reyndar hefur það verið tekið fram áður, en af gefnu tilefni er nauðsynlegt að það komi fram enn einu sinni, að ríkisstjórnin þarf sjálf að hafa komið sér saman um endanlega stefnu í skattamálum og endanlega stefnu í efnahags- og atvinnumálum áður en hún getur hafið viðræður við einstaka stjórnarandstöðuflokka. Þetta er frumskilyrði. Í annan stað: Ef umræður eiga að snúast ekki einungis um einstök skattafrv. heldur fjárlagafrv. og útgjöld þess í heild, þá er ljóst að þær þurfa að snúast um forsendur frv., efnahagsstefnu núv. ríkisstjórnar. Það er sjálfsagt að taka þátt í þeim umræðum. Eðli máls samkvæmt hljóta þær að vera viðamiklar því það þarf og ber brýna nauðsyn til að gjörbreyta þeirri stefnu.

Tryggingarsjóður sjúklinga, ein umr.

Fsp. KP o.fl., 81. mál. — Þskj. 83.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason):

Virðulegur forseti. Á þskj. 83 hef ég ásamt hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni, Skúla Alexanderssyni og Guðmundi Ágústssyni lagt fram eftirfarandi fsp. til hæstv. heilbr.- og trmrh.:

„Er á döfinni hjá heilbr.- og trmrh. eða ríkisstjórn að koma á fót tryggingasjóði til aðstoðar þeim sjúklingum sem orðið hafa fyrir áföllum vegna mistaka við læknismeðferð?“

Auðvitað er enginn tími í fyrirspurnatíma til að gera þessu máli tæmandi skil. Það þyrfti langan tíma til að ræða þessi mál að fullu gagni. En mig langar til í örfáum orðum að fylgja þessari fsp. úr hlaði.

Undangengna mánuði hafa orðið að mínu viti opnari umræður bæði í ríkisfjölmiðlum og skrifum dagblaða um meint mistök lækna við læknisaðgerðir. Þetta er að vissu leyti mjög alvarlegt mál sem allt of lengi hefur legið í þagnargildi og fæstir hafa viljað um tala. En það er með þetta eins og flest önnur mál að því aðeins læra menn að menn þori að hafa skoðun á hlutum, þori að ræða málin af hreinskilni og að vissu leyti af hógværð og réttlæti.

Fjöldi einstaklinga hefur komið fram á sjónarsviðið og tjáð sig um meint mistök í læknismeðferð, enn meiri fjöldi er trúlega sem ekki hefur gert þetta og í mínum huga er trúlega mikill fjöldi mistaka vegna læknismeðferðar grafinn. Kannski eru stór orð að tala með þessum hætti. Ég tel þó að ég hafi fengið æðimikla reynslu í þessum efnum og það er nú einu sinni svo að oft vaknar maður ekki upp við slíka hluti fyrr en maður reynir þá sjálfur.

Ég sagði áðan að mikill fjöldi einstaklinga hefði látið í sér heyra vegna þessara hluta og það er vel. Ég tel hins vegar miður að nokkrir einstaklingar í læknastétt hafa verið andvígir slíkri opinni umræðu en réttlátri. Það er miður vegna þess að það eru einmitt þessir einstaklingar í læknastétt sem þurfa að læra af mistökum. Ég ætla ekki að mannskepnan eins og hún er fram komin, hvort sem er í læknastétt eða annars staðar, geti ekki gert mistök. Það er hverjum og einum eðlilegt. En mistök eru til þess að menn læri af þeim, viðurkenni þau og geti breytt um til hins betra að fenginni reynslu.

Annað er í þessu máli sem mér finnst nöturlegt eftir að hafa upplifað þetta sjálfur og það er kerfið í landinu, dómskerfið í landinu. Einstaklingur sem verður fyrir slíku verður kannski 75% öryrki vegna mistaka læknis og ætlar sér að sækja sinn rétt í gegnum dómskerfið, getur þurft að gera það á 4–5 árum. Það kostar mikið álag, mikinn tíma og mikið fjármagn. Í mínum huga er ærið nóg að leggja á viðkomandi einstakling bæði líkamlegan sjúkdóm og andlegan án þess að hann þurfi líka að bera fjárhagslegt tjón og áhyggjur umfram það sem orðið hefur. Við búum við slíkt kerfi í landinu að því er þetta varðar að við það verður ekki unað lengur. Í mínum huga er það svo að venjulegur maður, sem lendir í

slíku, í mistökum vegna læknismeðferðar og kannski bíður þess aldrei bætur, hefur nánast enga möguleika til að sækja sinn rétt í gegnum réttarkerfið vegna þess að tíminn er svo langur sem það tekur og hann hefur ekki fjármuni til að greiða vegna þessarar réttartöku sinnar.

Ég get sagt þetta vegna þess að ég hef sjálfur gengið í gegnum þetta dæmi og trúlega hafa margir aðrir miklu biturri reynslu af slíku en ég. Ég skal, virðulegur forseti, ljúka máli mínu eftir örstutta stund. Ég vil þó bæta því við að mér finnst mjög nauðsynlegt að ráðandi öfl í þjóðfélaginu, forustan í heilbrigðiskerfinu, læknarnir og aðrir þeir sem þetta mál fyrst og fremst snýr að, tryggingafélögin og fleiri, fari að taka til höndum og stofna sjóð sem gæti orðið þessum einstaklingum að liði því að nóg líða þeir sem fyrir þessu verða bæði líkamlega og andlega þó að þeir þurfi ekki áfram og kannski til æviloka að bera fjárhagslegar byrðar og áhyggjur vegna þess sem komið hefur fyrir sem ég er ekki að segja að sé gert af neinum illum hug, síður en svo. Öllum í öllum stéttum geta orðið á mistök. En það eina sem menn eiga að gera og virða er að viðurkenna mistökin og læra af þeim. Þannig getum við mótað til framtíðar betra þjóðfélag en við höfum búið í. Það er smánarblettur á því þjóðfélagi sem við höfum búið í að slík dæmi skuli koma upp þar sem fólk verður nánast öreigar eftir slík mistök sem hér um ræðir.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegur forseti. Hv. 3. þm. Vestf. hefur ásamt þremur öðrum hv. þingmönnum borið fram fsp. til heilbr.- og trmrh. sem hann hefur gert grein fyrir. Ég mun fyrst og fremst í svari mínu beina orðum mínum að því sem fram kemur í fsp., þ.e. hugmyndum um sérstakan tryggingasjóð, en a.m.k. á þessu stigi leiða hjá mér umræður um hvort og í hve miklum mæli mistök kunna að hafa orðið við læknisaðgerðir, en get þó að sjálfsögðu tekið undir með hv. fyrirspyrjanda að fjöldi slíkra mála hefur komið upp að undanförnu. Trúlega er það mjög vaxandi eins og hann sagði í umræðunni. Mörg þeirra mála hefur verið reynt að leysa á einn eða annan hátt án þess að þau þyrftu að fara í gegnum það erfiða og oft og tíðum tímafreka dómskerfi sem við búum við. Það er kannski ekki rétt að segja erfiða dómskerfi, en það er óhætt að segja tímafreka dómskerfi sem við búum við sem auðvitað vill vinna vel og nákvæmlega. Það tekur allt tíma og það er oft mjög erfitt fyrir þá einstaklinga sem eiga um sárt að binda að fara þessa leið eins og fyrirspyrjandi nefndi, og þess vegna hefur líka oft verið tekið á málum án þess að fara dómstólaleiðina og reynt að leysa þau með öðrum aðferðum.

Á undanförnum árum hafa átt sér stað jafnt hér á landi sem og í nágrannalöndunum umræður um einhvers konar tryggingar til einstaklinga sem af einhverjum ástæðum hljóta heilsutjón vegna aðgerða eða aðgerðaleysis heilbrigðisstarfsfólks án þess að endilega þurfi að vera um mistök eða vanrækslu að ræða. Er um að ræða tryggingar sem greiða mundu hærri bætur en sjúkratryggingar samkvæmt almannatryggingalögum greiða. Umræðan hefur fyrst og fremst snúist um það hvort rétt sé að koma á fót sérstakri tryggingu í þessu skyni og hafa verið færð rök fyrir slíku kerfi sem og mótrök. Í nágrannalöndunum hefur verið gripið til trygginga af þessu tagi þótt þær séu ærið ólíkar að umfangi og skipulega séð. Ef litið er til Norðurlandanna eingöngu hafa Svíar starfrækt slíkar tryggingar frá árinu 1975, þ.e. svokallaða „patientförsakring". Þar liggja engin lög að baki heldur er um frjálsa samninga að ræða þar sem eigendur heilbrigðisstofnana, sem eru landsþingin, kaupa tryggingu hjá hálfopinberu fyrirtæki sem rekið er af þremur stærstu tryggingafélögunum og starfar sem sjálfstætt tryggingarfélag. Í Finnlandi hafa hins vegar verið sett lög á þessu sviði, en fjármögnunin er svipuð og í Svíþjóð, þ.e. greidd eru iðgjöld frá eigendum heilbrigðisstofnana og tryggingin eða reglur um bætur eru í stórum dráttum eins. Svipuðu kerfi hefur verið komið á laggirnar í Noregi til reynslu frá 1. jan. sl. og á að reyna það í þrjú ár.

Hér á landi hafa engin sérstök lög gilt um slík atriði, heldur hefur verið stuðst við reglur almenna skaðabótaréttarins, þ.e. ef um hefur verið að ræða mistök eða vanrækslu í starfi heilbrigðisstétta. Á síðari árum hafa greiðslur verið samþykktar vegna tjóna þótt ekki liggi fyrir að um mistök eða vanrækslu hafi verið að ræða. Þannig má segja að réttur sjúklinga til bóta hafi verið viðurkenndur og sú viðurkenning nái lengra en reglur almenna skaðabótaréttarins mæla fyrir um. Því er það álitamál hvort ástæða sé til að breyta þeirri framkvæmd sem fylgt hefur verið á undanförnum árum með þeim kostnaði sem því mundi fylgja að koma upp nýju tryggingakerfi því alls ekki er gefið að réttur sjúklingsins verði meiri þrátt fyrir það.

Hvað sem líður öllum bollaleggingum um sjúklingatryggingar, þar sem vegast á rök og mótrök, hefur landlæknir skilað tillögum að frv. til laga um tryggingasjóð sjúklinga er gert verði að greiða bætur vegna heilsutjóns sem rekja megi til heilbrigðisstofnana eða heilbrigðisstarfsmanna án þess að sannað verði að um vítavert gáleysi sé að ræða. Tillögur þessar voru afhentar ráðuneytinu á sl. sumri og hafa verið til athugunar þar auk þess sem Tryggingaeftirlitið, Tryggingastofnun ríkisins og ríkislögmaður hafa verið beðin um álit.

Í tillögu landlæknis koma fram tillögur um tryggingasvið og er m.a. reiknað með því að það nái bæði yfir líkamlegt svo og andlegt tjón og er lagt til að nægjanlegt sé að öll líkindi bendi til að tjónið sé þess eðlis að það hafi ekki verið eðlileg afleiðing þeirrar aðgerðar sem nauðsynleg var talin. Þannig er lagt til að bætt verði tjón ef afleiðingar verða óeðlilega miklar miðað við áhættuna en ekki tjón sem samræmist eðlilegri áhættu við rannsókn eða meðferð á slysi eða sjúkdómum sem hefur lífshættu í för með sér eða getur valdið verulegri örorku. Á þennan hátt er landlæknir óbeint að leggja til að lögfestar verði

reglur sem nánast taka mið af reglum almenna skaðabótaréttarins, þ.e. ef eitthvað hafi farið úrskeiðis án þess að grafist verði fyrir um ástæðurnar.

Samkvæmt tillögum landlæknis er reiknað með að svokölluð úrskurðarnefnd, skipuð þremur aðilum, fjalli um og úrskurði bætur undir slíkum kringumstæðum. Reiknað er með að hægt sé að stefna úrskurðum nefndarinnar fyrir almenna dómstóla þannig að dómsstigin yrðu í reynd þrjú þegar upp væri staðið. Hver yrði þá ávinningur að þessu er erfitt að segja til um á þessu stigi.

Jafnframt er rétt að benda á það að samkvæmt 5. gr. laga nr. 59 frá 1983, um heilbrigðisþjónustu, er gert ráð fyrir sérstakri kvörtunarnefnd sem ætlast er til að allir geti lagt mál sín fyrir ef þeir telja sig hafa beðið tjón eða verið órétti beittir innan heilbrigðiskerfisins. Vaknar því sú spurning hvort ástæða sé til þess að viðhalda þessu fyrirkomulagi ef sett verða lög um Tryggingasjóð sjúklinga þar sem reynslan hefur sýnt, ekki síst hjá öðrum þjóðum, að kvartanir og kærur á hendur heilbrigðisstéttum byggjast yfirleitt á því að menn fái bætur.

Eins og áður hefur komið fram hefur ráðuneytið þegar leitað álits þriggja aðila á tillögum landlæknisins og eru þau svör nú að berast ráðuneytinu. Ráðuneytið hefur m.a. farið fram á upplýsingar um fjölda mála sem vísað hefur verið til ríkislögmanns, hvaða afgreiðslu þau hafa fengið hjá ríkislögmanni og hversu mörgum hefur verið stefnt til dómstóla. Ekki er hægt að ákveða endanlega fyrr en þessi álit liggja fyrir hvort gripið verður til þess ráðs að leggja fram frv. um Tryggingasjóð sjúklinga eða hvort ástæða sé til að leita annarra lausna en landlæknir leggur til.

Virðulegur forseti. Ég er alveg að ljúka máli mínu. Víst er að fara verður með mikilli gát í lagasetningu varðandi tryggingar sem snerta ótiltekinn og ótilgreindan hóp einstaklinga. Þetta er það *meginmál* sem *ég* vil láta koma fram sem svar við fsp. hv. þm. en ítreka það og árétta að málin eru í skoðun hjá heilbrrn. Við bíðum eftir umsögnum frá aðilum sem eðlilegt er að fjalli um þetta og þegar þær hafa allar borist munum við taka málið til umfjöllunar og ákvörðunar um áframhaldandi málsmeðferð.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og met þau svo að a.m.k. hæstv. ráðherra sé þeirrar skoðunar að hér þurfi að gera bragarbót á. Í upphafi svarsins heyrðist mér hæstv. ráðherra vera í vafa um hvort mistök ættu sér stað í læknismeðferð. Í mínum huga er enginn vafi á slíku. Það er fjöldi mistaka sem á sér stað hjá læknum við læknismeðferð og við því er kannski ekkert að gera í mörgum tilvikum.

Ég fagna því að landlæknir, sem ætti kannski að vera kunnugast um þetta mál, hefur gert tillögur um tryggingasjóð til þess að bæta tjón tiltekinna einstaklinga. Ég skírskota nú til þeirra fáu hv. þingmanna sem hér eru í Sþ. Við skulum setja dæmið upp svo: Einstaklingur verður fyrir því í læknismeðferð að verða 75% öryrki til æviloka, tiltölulega ungur einstaklingur. Hann mundi fá úr tryggingum u.þ.b. 9 þús. kr. á mánuði. Ef hann ætlaði að leita réttar síns vegna þess að hann teldi að þarna hefðu átt sér stað mistök gæti það þýtt fjögurra til fimm ára baráttu hans við kerfið til þess að ná málinu fram, hvort sem hann ynni það síðan eða tapaði. Er hægt að hugsa sér það að félagshyggjulegt þjóðfélag, réttlætisþjóðfélag, geti búið einstaklingum sem þessum svona aðbúnað? Er ekki alveg augsýnilegt að okkar þjóðfélag, sem er kannski það menningarlegasta, þó víða sé leitað, ætti að taka til hendinni og bæta þetta ástand? Það er ekki hægt að bjóða þessum einstaklingum upp á það að auk líkamlegra og andlegra þjáninga í langan tíma sitji þetta fólk uppi sem algjörir öreigar og þurfi að hafa meiri áhyggjur fjármálalega það sem eftir er ævinnar.

Ég skal, virðulegi forseti, fara að stytta mál mitt þó mér kannski brenni þetta meira í hug en mörgum öðrum vegna minnar reynslu, en eigi að síður held ég að nauðsynlegt sé að vekja umræður um þetta mál. Það ætti að vera öllum til góðs.

Hæstv. ráðherra nefndi kvörtunarnefnd. Nú veit ég ekki nógu vel til þess að fullyrða hvort sú nefnd hefur skilað þeim árangri sem af henni var vænst. Ég efast mjög um að sú nefnd skili þeim árangri sem af henni var vænst vegna þess að það er tiltölulega lítið til hennar leitað. Og af hverju er það? Vegna þess að allt of margir einstaklingar telja eðlilega að ef menn ætli að fara að kvarta þýði það málaferli sem taka svo langan tíma að venjulegt fólk ræður ekkert við það, hvorki tímans vegna né peninganna.

Ég fór sjálfur í gegnum tíu rannsóknir sérfræðinga, sína á hverju sviði, og menn vita nú hvaða tíma það kann að taka að fá tíma hjá sumum sérfræðingum fyrir nú utan hitt hvaða tíma það tekur að vera þar. Þetta eru þær byrðar sem eru lagðar á viðkomandi einstaklinga, það sem þeir þurfa að ganga í gegnum ef þeir á annað borð ætla að leita réttar síns í þessum efnum, réttar sem mér finnst að þjóðfélagið gefi þeim sáralítið tækifæri til að geta nýtt sér. Og það er það sem ríður á að hv. Alþingi, og hæstv. heilbrmrh. sem oddviti þessara mála, beiti sér fyrir því að almenningi verði gert léttara að komast frá þessum málum, komast í gegnum kerfið með eðlilegum hætti án þess að bera bæði fjárhagslegan kostnað af því, mikinn, og eyða mörgum árum til þess að geta notfært sér og leitað síns réttar. Ég treysti því að hæstv. ráðherra og treysti því raunar að ríkisstjórnin sem heild og hv. þm. allir leggist á eitt um að létta þessum einstaklingum sem hér eiga hvað mest við vandræði að búa þennan róður því að þeir eru ótrúlega margir að mínu viti sem enn hafa ekki látið í sér heyra og þeim fjölgar sem fyrir þessu verða.

Karl Steinar Guðnason:

Hæstv. forseti. Ég heyrði að hæstv. heilbrmrh. sagði að uppi væru efasemdir um það hvort taka ætti

upp sérstakan tryggingasjóð, það væru skiptar skoðanir um það. Ég er þess fullviss að það er rétt að setja á stofn tryggingasjóð, jafnvel þótt menn séu með hugleiðingar um það að bætur yrðu ekki eins háar og í sumum tilvikum þar sem málarekstur hefur gefið þá niðurstöðu að upphæðir hafa verið háar. Ég tel nefnilega að það sé fjöldinn allur af þeim sem verða fyrir þessum mistökum sem geta ekki leitað réttar síns, ekki bara vegna þess að þeir séu illa farnir á sál og líkama, heldur sé kerfið svo erfitt og komi í veg fyrir það að menn nái sínum rétti.

Ég hef kynnst einstaklingum sem hafa staðið í því að leita eftir því að læknar viðurkenni mistök sín og þeir fái bætur við hæfi, fólki sem er orðið algjörir öryrkjar vegna mistaka lækna. Þessir einstaklingar hafa þurft að fara margar krókaleiðir til þess að fá gjafsókn og geta rekið sín mál og haft af því mikla erfiðleika.

Ég kem hér aðeins upp til þess að skora á hæstv. trmrh. að beita sér fyrir því að tryggingasjóði verði komið á fót, þannig að þeir sem erfitt eiga í þessum efnum, fólk sem hefur orðið fyrir mistökum lækna, geti leitað réttar síns.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir orð síðasta ræðumanns, og raunar 1. flm. þessarar tillögu, að komið verði hér á tryggingasjóði fyrir þá sem hafa orðið fyrir örorkutjóni vegna mistaka lækna. Mér er nokkuð kunnugt um hvernig svona mál ganga fyrir sig og þetta hefur tekið mjög langan tíma frá því að mistök hafa átt sér stað þangað til úrskurður liggur fyrir um það hvort bætur eigi að greiðast.

Þannig er staðan í dag að komi í ljós mistök eða grunur sé um að mistök hafi átt sér stað þarf viðkomandi sjúklingur að fara til margra sérfræðinga til þess að fá metið tjónið sem hann hefur orðið fyrir. Síðan þarf að fara fyrir læknisráð og það ráð að meta hvort mistök hafi átt sér stað eða ekki og álit frá þeim getur tekið eitt til tvö ár. Þegar niðurstaða er komin er fyrst hugað að málaferlum og, eins og allir vita, geta málaferli staðið í eitt, tvö, þrjú, fjögur ár. Þetta er óviðunandi ástand. Ég skora því á hæstv. heilbrmrh. að gera þarna bragarbót á með það í huga að þessir aðilar geti náð rétti sínum með betri hætti og fyrr en hingað til hefur verið.

Ragnhildur Helgadóttir:

Frú forseti. Ég fagna því að þetta mál kemur hér til umræðu á Alþingi. Mál af þessu tagi og fyrirkomulag trygginga vegna mistaka í heilbrigðiskerfi hafa verið mjög í deiglunni víða um lönd og ég vil láta það koma fram að í minni tíð sem heilbrmrh. óskaði ég eftir sérstakri athugun á þessu og reynslu af mismunandi fyrirkomulagi í öðrum löndum. Þetta var vegna þess að ég var komin á fremsta hlunn með frumvarpsgerð í þessu tilefni og stofnun opinbers sjóðs til þess að standa undir slíkum bótum og tilteknum reglum í því sambandi. Ég komst að þeirri niðurstöðu eftir þeim gögnum sem þá lágu fyrir, sá undirbúningur var að vísu ekki fullunninn, að e.t.v. væri ekki skynsamlegasta ráðið að stofna sérstakan sjóð af opinberu fé, heldur að gera mjög nákvæman samning við tryggingafélögin í landinu sem ég hef ástæðu til að ætla að séu til viðræðu um slíkt. Það er það fyrirkomulag sem Svíar hafa t.d. og svo virðist sem það gefi jafnvel betri árangur en sjóður sem rekinn er eingöngu af opinberu fé og með því móti sé einnig séð fyrir þeirri hlið málsins að samstarfið við heilbrigðisstéttirnar sé líka betur tryggt, en það er vissulega hlutur sem skiptir máli í þessu sambandi því að ég þykist vita að ekki sé vakið máls á þessu atriði til þess að draga úr trausti almennings á læknastéttinni eða heilbrigðisstéttinni. Þar geta menn gert mannleg mistök eins og annars staðar, að sjálfsögðu, en þeir sem fyrir því verða þurfa líka að fá stuðning í því að reka réttar síns og ég vil eindregið mæla með því við hæstv. ráðherra að hann hverfi að því ráði að láta útbúa ítarlegt og formlegt samkomulag sem verði mjög vel kynnt almenningi.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason):

Virðulegur forseti. Mig langar fyrst til þess að spyrjast fyrir um það hvaða ávarpsorð hv. þingmenn eiga að viðhafa þegar virðulegur forseti sem nú situr er í forsetastól. Ég heyri að menn segja bæði herra og frú, hvorutveggja sameiginlega. Ég vildi gjarnan vita það frá hæstv. forseta hvaða ávarpsorð hún kysi helst að notað væri af hv. þm. (**Forseti:** Forseti hefur ekki hugsað það mál ítarlega en vitnar í forvera sinn, fyrrv. hæstv. forseta Sþ., sem hélt því fram að forseta bæri að ávarpa sem hæstvirtan, en öll þau ávörp sem ég hef notið hér hef ég fyllilega sætt mig við svo að ég held að þetta verði að vera að vilja hvers einstaks hv. þingmanns.)

Þá segi ég: Hæstv. forseti. Ég vil taka það fram vegna ræðu síðasta ræðumanns að hér er ekki verið að koma af stað umræðu til þess að gagnrýna læknastéttina. Ég held að hún, læknastéttin sem slík, geti haft gott af slíkri umræðu. Það sé henni nauðsynlegt að vita af því að fólk fylgist með verkum lækna eins og annarra manna í þjóðfélaginu. Því aðeins er hægt að bæta um að menn hafi aðhald og til þess er þessi fsp. sett fram, vegna þeirrar reynslu sem mér finnst að ég hafi gengið í gegnum og margir fleiri kannski miklu verri en ég hef sjálfur reynt. Ég vil ekki tjá mig um það hvaða aðferð er æskilegust til að koma þessu í lag. Ég hef ekki þekkingu til þess. Það kann vel að vera að það þurfi ekki að vera tryggingasjóður af hálfu ríkisins sem slíkur. Það getur verið hægt að koma því fyrir á margan hátt, en númer eitt er að slík tilfinning vakni hjá þeim sem ráða ferðinni að hér verði bót á ráðin þannig að einstaklingar sem fyrir þessu verða gangi ekki frá, auk þjáninga, slyppir og snauðir fjárhagslega. Það er númer eitt að hægt sé að tryggja þeim, ja ég vil nú ekki segja mannsæmandi líf, heldur eðlilegt líf í áframhaldi af þeim raunum sem þeir hafa gengið í gegnum vegna slíkra mistaka og það á þjóðfélagið að sjá um.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu mikið. Ég ætla aðeins að ítreka nokkur atriði sem hér hafa komið fram hjá hv. þingmönnum sem tekið hafa til máls og í upphafi nefndi hv. 3. þm. Vestf. að sér hefði heyrst á mínum upphafsorðum í svari mínu að ég væri í einhverjum vafa um það. Ég sagði þar aðeins að ég ætlaði ekki að gerast neinn dómari í því hér eða nú hvort um mistök kynni að vera að ræða hjá heilbrigðisstéttum í störfum sínum. Það væri ekki vettvangur til þess hér og tel ég hann ekki vera. Ég greindi hins vegar frá því að í heilbrrn. væru nú ýmis mál uppi og umræða hefði verið mikið meiri um hugsanleg mistök að undanförnu en áður. Það er auðvitað rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að landlækni er best kunnugt um þessi mál og þau koma upp á borð hjá honum og kannski er þessi tillaga hans um tryggingasjóð sjúklinga til komin þess vegna og vafalaust er það svo.

Fyrirspyrjandi taldi að kvörtunarnefndin, sem til er samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, hefði ekki skilað þeim árangri sem af henni var vænst og það kann líka að vera rétt. E.t.v. hafa henni ekki verið búin nægilega góð skilyrði til starfa. Sú nefnd hefur komið til mín og rætt sín mál og það er rétt að ef niðurstaðan verður að koma á einhvers konar tryggingasjóði þarf að sjálfsögðu að skoða störf og starfssvið þessarar kvörtunarnefndar, kannski er þá líka rétt að leggja hana niður, en ella að gera hennar starfsvettvang og hennar starfsskilyrði nokkru betri en þau hafa verið.

Hjá öðrum þingmönnum hafa einnig yfirleitt komið upp þær skoðanir að rétt sé og nauðsynlegt að taka á þessum málum þó að menn séu vissulega með svolítið skiptar skoðanir um það hvernig það beri að gera, hvernig beri að taka á málinu, og það er einmitt það sem ég reyndi að lýsa í mínu svari. Við erum að skoða þessar hugmyndir sem fram hafa komið. Það er ljóst að menn eru ekki allir á eitt sáttir með þær. Það hef ég þegar heyrt og reyndar séð í því eina áliti sem þegar er komið af þeim þremur sem beðið var um, en þegar þau hafa öll borist munum við að sjálfsögðu setjast að málinu og reyna að finna þá leið sem skynsamlegust er talin.

Reynsla hjá nágrönnum okkar í þessu efni er misjöfn og við verðum að huga að því sem þar hefur gerst og hvernig mál hafa farið fram þar áður en við setjum okkar reglur endanlega niður. Ég vil því taka undir með hv. 3. þm. Reykv. sem hér talaði síðast að skoða þarf það mjög ítarlega hvaða form á að vera á slíku tryggingafyrirkomulagi ef það verður tekið upp. Aðalatriðið er það, eins og fram hefur komið hjá hv. þingmönnum og sérstaklega hjá hv. fyrirspyrjanda, að reynt sé að mæta erfiðleikum þess fólks sem orðið hefur fyrir varanlegu heilsutjóni vegna læknisaðgerða og auðvitað að aðstoða það við að ná sínum rétti, eigi það hann. Okkur er það ljóst að þetta fólk er oft á tíðum, eins og ég reyndar sagði í upphafi, ekki best til þess fallið að leita réttar síns í gegnum hið hefðbundna dómskerfi, en þá verðum við líka að gæta þess að þær reglur sem upp verða teknar þýði ekki þriðja dómsstigið sem gæti gert þeirra göngu enn lengri og erfiðari en hún þó er í dag.

Sala á sælgæti, ein umr.

Fsp. VS, 124. mál. — Þskj. 130.

Fyrirspyrjandi (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Tannskemmdir Íslendinga, og þó sérstaklega íslenskra barna, eru algengari en gengur og gerist á meðal annarra þjóða, eða a.m.k. á meðal okkar nágrannaþjóða, og það er eðlilegt að leitað sé skýringa. Ein af ástæðunum gæti verið sú staðreynd að hér á landi virðist sælgæti hafa forgang fram yfir allar vörur í verslunum. Þá er staðsetning söluturna og kvöldsölustaða með þeim hætti að nánast alls staðar þar sem börn og unglingar eiga oftast leið um, svo sem við skóla, sundlaugar og aðra samkomustaði æskufólks, er þennan, mér liggur við að segja ófögnuð að finna. Í matvöruverslunum og stórmörkuðum hér á landi er það nánast regla að sælgæti sé stillt upp nálægt greiðslukössum sem hlýtur að vera gagnrýni vert. Ein aðferðin til að draga úr sælgætisáti, sem veldur ekki bara tannskemmdum, heldur einnig offitu og æðasjúkdómum, hlýtur að vera að takmarka aðgengi. Þess vegna hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. heilbrmrh. á þskj. 130 sem er svohljóðandi:

„1. Mun ráðherra beita sér fyrir því að lagafyrirmæli og reglugerðir um söluturna og kvöldsölustaði verði endurskoðuð með heilbrigðissjónarmið í huga og að spornað verði við slíkri sölustarfsemi í námunda við skóla og aðra samkomustaði æskufólks?

2. Er fyrirhugað að setja reglur hér á landi um hvar heimilt sé að stilla upp sælgæti og sætum drykkjum í verslunum?“

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka forseta fyrir það að gera þarna svolitla breytingu á dagskrá, taka þessa fsp. upp strax á eftir hinni og vona að það komi ekki að sök hjá öðrum hv. þingmönnum sem hér eiga þó sín mál á dagskránni.

Hv. fyrirspyrjandi hefur beint til mín fsp. um sölu á sælgæti og sætum drykkjum sem e.t.v. má velta fyrir sér hvort eigi að beina til heilbr.- og trmrh., kannski fremur til viðskrh., en ljóst er að efnið sem hér er um fjallað hlýtur að vera mál sem verulega varðar heilbrigðisyfirvöld og því fagna ég því tækifæri að fá að láta í ljós skoðanir mínar á þessum

málum. Þessar fsp. eru báðar athyglisverðar og beina huganum að vandamáli sem ráðuneytið hefur verið að benda á og reyna að finna leiðir til að breyta og bæta úr á undanförnum árum. Þetta hefur fyrst og fremst verið gert í sambandi við tannverndarstarf ráðuneytisins en einnig í sambandi við þann almenna áhuga sem ráðuneytið hefur á manneldissjónarmiðum og manneldismarkmiðum og á neysluvenjum fólks.

Hvað fyrri spurninguna varðar er fyrirkomulag verslunarmála almennt og turnasölu sérstaklega ekki á valdsviði heilbr.- og trmrn. eins og ég reyndar nefndi áður. Veiting leyfa til kvöldsölu og staðarval slíkra staða er ákveðin af viðkomandi sveitarfélögum hér á landi. Ráðuneytið hefur látið gera könnun á slíkri kvöldsölu og í nóvember kom í ljós að alls voru kvöldsölustaðir hér á landi 335, þar af voru 170 í Reykjavík en 37 í nágrannasveitarfélögum Reykjavíkur. Í Reykjavík er einn kvöldsölustaður á 550 íbúa, en víða utan Reykjavíkur er einn slíkur staður fyrir 200–400 íbúa. Til samanburðar hefur ráðuneytið upplýsingar um að í Helsingfors er einn slíkur sölustaður fyrir hverja 1200 íbúa, þannig að allmiklu fleiri slíkir kvöldsölustaðir eru hér hjá okkur.

Í september 1987 ritaði tannverndarráð sem starfar á vegum ráðuneytisins öllum sveitarstjórnum landsins bréf þar sem vakin var athygli á þessum málum og jafnframt kynnt hvaða reglur gilda um þessi mál í Noregi, en þar er sama fyrirkomulag og hér, að sveitarfélög taka ákvarðanir um staðarval. Ráðuneytið hefur ekki orðið vart viðbragða, því miður, frá sveitarfélögunum við þessari málaleitan og sama máli gegnir reyndar einnig um síðari spurningu hv. fyrirspyrjanda þar sem spurt er um hvort fyrirhugað sé að setja reglur hér á landi um uppstillingu sælgætis í verslunum. Ráðuneytið telur að hér sé um að ræða mál sem verslunaraðilar eigi að taka tillit til og afstöðu til og getur á það bent að 1974 voru þessi mál tekin upp í Noregi og verslunaraðilum bent á að staðsetja sælgæti ekki nálægt greiðslukössum verslana þar sem það yrði mest til freistingar fyrir ungmenni.

Á þetta sama atriði var bent í bréfi því sem sent var til allra sveitarstjórna í september 1987. Ráðuneytið hefur heldur ekki orðið vart neinna viðbragða við þessum ábendingum og athugasemdum.

Í októbermánuði sl. ritaði ráðuneytið heilbrigðisráði Reykjavíkurborgar í framhaldi af vatnsherferð sem tannverndarráð beitti sér fyrir fyrr á árinu og óskaði eftir að athugað yrði hvort ekki væri hægt að setja útbúnað til vatnsdrykkju í skóla, í íþróttahús, við sundstaði og aðrar stofnanir borgarinnar. Á það var bent að á þessum stöðum væru víða komnir sjálfsalar fyrir gosdrykki en engin aðstaða til vatnsdrykkju, þ.e. ekki þessir einföldu og sjálfvirku vatnshanar sem mjög mundu hugsanlega geta breytt neysluvenjum fólks. Með þessum ábendingum voru sendar nýlegar ljósmyndir frá Bandaríkjunum þar sem slíkur útbúnaður þykir sjálfsagður, m.a. í stórmörkuðum og samkomuhúsum. Of snemmt er að segja til um hvort viðbrögð verða við þessum ábendingum en heilbrrn. væntir þess svo sannarlega að svo verði.

Að öðru leyti verð ég að ítreka það að við höfum ekki í heilbrrn. aðrar aðferðir hvað þessi mál varðar sem hér er spurst fyrir um, en að beina tilmælum til þeirra sem með málin fara og við höfum sannarlega áhuga á því að fylgja því enn betur eftir en okkur hefur þó tekist hingað til.

Ragnhildur Helgadóttir:

Frú forseti. Það eru hæg heimatökin fyrir hæstv. heilbrmrh. að nota nú tækifærið þar sem fyrir liggur frv. þar sem sykur er skattlagður í þágu hins opinbera. Að vísu er í þeirri frvgr. sem gerir ráð fyrir skattlagningu á sykri líka skattlagning á þeim sætuefnum sem eru talin holl þeim sem ekki þola sykur og ég vonast til þess að hæstv. heilbrmrh. fái því framgengt að þessu verði breytt. Í þeirri grein eru líka hollustuefni eins og hreinir ávaxtasafar og ég vonast líka til þess að unnt verði að ná þeim undan þessu skaðræði sem skattlagning aukalega annars er.

Hugmynd um þessa skattlagningu getur hins vegar einmitt orðið til þess að bjarga þó nokkru í því máli sem hér er spurt um og hún er sú að hæstv. heilbrmrh. beiti áhrifum sínum til að binda þessa skattlagningarheimild við aðgerðir til tannverndar, m.ö.o. að þær tekjur sem inn koma af skattlagningu sykurs fari í tannverndarsjóð. Mér sýnist það liggja alveg í augum uppi að sú ráðstöfun sé tilvalin því að svo mikið veit ég um þann sjóð að þegar framlög til hans voru fjórfölduð, það er ekki mjög stór upphæð fyrir því, þótt fjórfölduð hafi verið frá því sem áður var, kom það í ljós þegar af rannsóknum tveimur árum síðar að það tannverndarstarf sem fer fram undir forustu tannheilsudeildar heilbrrn. hafði borið verulegan árangur. Ég vona svo sannarlega að það muni eflast og enn fremur að það gjald sem inn kemur fyrir skattlagningu sykurs verði notað til þess að lækka tannlæknakostnað, ekki síst með forvarnaraðgerðum. Mér sýnist það vera einfaldasta ráðið af því sem kemur til greina.

Fyrirspyrjandi (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. heilbrmrh. fyrir svörin. Það kom fram að það væri ekki á valdi heilbrrn. að beita sér í þessu efni, en ég tel að heilbrrn. geti beitt sér í þessu efni þó það sé kannski ekki á þess valdi að setja lög varðandi söluturna og uppstillingu sælgætis í verslunum.

Ég þakka einnig ábendingar og undirtektir hv. 3. þm. Reykv., en ég vil að lokum segja það að mér þætti vel við hæfi að þau stjórnmálaöfl sem telja sig til félagshyggjuafla og nú mynda ríkisstjórn hér á landi tækju ýmsa nágranna okkar, t.d. Norðmenn, sér til fyrirmyndar frekar en orðið er á þessu sviði og takmörkuðu aðgengi að sælgæti og sætum drykkjum, hvort sem það yrði gert með lagasetningu, setningu reglugerða eða á einhvern annan hátt sem líklegur væri til árangurs, því að eins og kom fram í

svari hæstv. ráðherra, þá skerum við okkur nokkuð úr hvað varðar fjölda þessara sölustaða t.d. ef við berum saman við okkar nágrannaþjóðir sem okkur er tamt að gera.

Ég vil þakka það, sem fram kom í svari ráðherra, að verið er að vinna ýmislegt í þessum efnum í ráðuneytinu og viðleitni hefur verið sýnd í rétta átt.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég vil taka undir með hv. 3. þm. Reykv. að tilkoma tannverndarsjóðs og það verkefni sem unnið er fyrir hans tilstuðlan og á vegum tannverndarráðs sem starfar á vegum ráðuneytisins er mikilvægt forvarnarstarf. Við munum reyna að halda áfram að vinna á þeirri braut. Við sjáum það eða þykjumst sjá það á tölulegum upplýsingum að nokkur árangur hefur orðið, en það verður að segjast að það er ekki bara betur sem þarf að gera, heldur mikið betur sem þarf að gera svo að við nálgumst það sem tekist hefur að gera í nágrannalöndum okkar hvað varðar tannvernd svo að við komumst á það stig með tannheilsu hjá íslenskri þjóð og sérstaklega íslenskum ungmennum að við séum jafnfætis nágrönnum okkar.

Það er sjálfsagt rétt sem hv. þm. benti á að e.t.v. verður eitthvað auðveldara að sækja styrk í sjóðinn til hæstv. fjmrh. þó að ég geri mér ekki vonir um að fá allan sykurskattinn í þann sjóð einan og tel reyndar kannski ekki að hv. þm. hafi ætlast til þess.

Ég undirstrika hins vegar að þetta er mikilvægt verkefni sem þarna er unnið. Og ég vil fullvissa bæði þennan hv. þingmann, hv. fyrirspyrjanda og aðra hv. þingmenn um það að ráðuneytið mun halda áfram að beita sér að þessum málum sem eru mjög mikilvæg og reyna að beita sér á því sviði sem hér er sérstaklega spurst fyrir um þó svo það sé ekki í verkahring ráðuneytisins að setja reglurnar. Við munum hins vegar að sjálfsögðu reyna að hafa áhrif á það framvegis eins og við höfum verið að reyna að gera hingað til.

Hækkun póstburðargjalda, ein umr.

Fsp. MálmS, 79. mál. — Þskj. 81.

Fyrirspyrjandi (Málmfríður Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Svo sem kunnugt er gerðist það hinn 16. okt. sl. að póstburðargjöld hækkuðu fyrir bréf, póstkort og prent innan lands og til Norðurlandanna úr 18 kr. í 19 kr. eða um 5,55%. Hækkun þessi var ákveðin í júlí sl., þ.e. fyrir gildistöku bráðabirgðalaga nr. 83 28. sept. 1988, en í bráðabirgðalögum nr. 14 frá 20. maí 1988 segir í 7. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Frá gildistöku laga þessara skulu hækkanir á gjaldskrám ríkisfyrirtækja háðar samþykki ríkisstjórnarinnar."

Þessu ákvæði er breytt með bráðabirgðalögunum nr. 83 því 16. gr. þeirra hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„7. gr. bráðabirgðalaga nr. 14 20. maí 1988 orðast svo:

Gjaldskrár ríkisfyrirtækja og stofnana á vegum ríkis og sveitarfélaga skulu ekki hækka til 28. febr. 1989. Þó skal heimilt að taka tillit til hækkana á verði innfluttra aðfanga, enda liggi fyrir mat Verðlagsstofnunar á þeirri þörf."

Forráðamenn Pósts og síma hafa í fjölmiðlum reynt að réttlæta þessar hækkanir, en ekki reyndu þeir þó að halda því fram að orsökin væri hækkun á innfluttum aðföngum, heldur einungis með því að hækkunin hefði verið ákveðin og birt fyrir gildistöku verðstöðvunarlaganna. Þó má öllum vera ljóst að gjaldskrá sem þessi hlýtur að víkja fyrir lögum. Verðstöðvunarlögin ógilda hækkunarákvæði þau sem voru í gjaldskrá Pósts og síma nr. 346 12. júlí 1988 og á það má benda að í birtum samningum opinberra starfsmanna, sem gerðir voru fyrir gildistöku fyrri bráðabirgðalaganna, voru ákvæði um hækkun sem ekki komu til framkvæmda. Þess vegna er þessi mismunun illskiljanleg. Það hljóta að vakna spurningar hjá almenningi um hvað búi að baki slíkri ráðstöfun. Því hef ég leyft mér að bera fram svohljóðandi fyrirspurn til hæstv. samgrh. á þskj. nr. 81:

„Hvaða forsendur eru fyrir hækkun póstburðargjalda þrátt fyrir verðstöðvun samkvæmt lögum?"

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Það nálgast nú óðum blessuð jólin og fer vel á því þegar rætt er þetta mál um hækkun póstburðargjalda sem gjarnan hefur manna á meðal gengið undir nafninu „málið um jólafrímerkin".

16. júlí sl. hækkuðu póst- og símaþjónustugjöld að meðaltali um 15%. Þessi hækkun var vegna breytinga á almennum forsendum að undangengnum kostnaðarhækkunum, svo sem vegna kjarasamninga og gengisfellinga sl. vor sem höfðu veruleg áhrif á tilkostnað Póst- og símamálastofnunar. Til að ná jöfnuði í greiðslustöðu stofnunarinnar á árinu 1988 hefði þurft að hækka gjaldskrár um u.þ.b. 24% miðað við óbreytt rekstrarumfang og fjárfestingu frá fjárlögum. Það var hins vegar metið svo að þessa greiðslustöðu fyrirtækisins yrði að lagfæra á lengri tíma og því var ekki stefnt að greiðslujöfnuði í lok þessa árs.

Tekjur fyrir póstþjónustu eru nú um 25% af heildartekjum Pósts og síma og þar vega langþyngst tekjur af 20 gramma almennum bréfum innan lands og til Norðurlandanna. Fyrir hækkunina 16. júlí sl. voru þessi burðargjöld 16 kr. Þegar hækkun á þessum burðargjöldum, sem mest vægi hafa, er ákveðin er aðallega haft tvennt í huga: Í fyrsta lagi að hækkunin sé sem næst heimilaðri meðaltalshækkun

nema annað sé sérstaklega ákveðið og í öðru lagi að frímerki séu fyrir hendi til þess að nota.

Eins og fyrr segir var þessi heimilaða hækkun 16. júlí sl. 15%. Hækkun í 18 kr. er því 12,5% og hækkun í 19 kr. 18,75%. Það var því ljóst að báðir þessir valkostir, þ.e. 18 kr. og 19 kr. voru nokkuð frá hækkunarheimildinni sem þegar hafði verið gefin. Það var því ákveðið að skipta þessari hækkun á þessu eina burðargjaldi í tvo áfanga. Hækka strax í 18 kr. og í 19 kr. síðar á árinu, nánar tiltekið 16. okt. Þannig yrði hækkunin nær heimiluðu meðaltali miðað við árið í heild, en álitið var að endurskoðun gjaldskrár færi næst fram um áramótin við afgreiðslu fjárlaga. Þannig afsalaði Póstur og sími sér um nokkurra mánaða skeið hækkunarheimild upp á 2,5%, þ.e. hækkaði einungis í 12,5% í staðinn fyrir þau 15% sem höfðu verið leyfð. Það má því segja að neytendur hafi á þeim tíma notið þess að stofnunin nýtti sér ekki að öllu leyti þá hækkunarheimild sem hún hafði fengið. Þessi ákvörðun var birt í gjaldskrá nr. 346/1988 í Stjórnartíðindum og þetta er undirritað 12. júlí með gildistöku 16. júlí. Sú hækkun sem hér um ræðir er því hluti af gjaldskrárbreytingunni sem ákveðin var 16. júlí og öðlaðist gildi fyrir umrædd bráðabirgðalög.

Það var leitað umsagnar Verðlagsstofnunar á því hvort hækkunin 16. okt. bryti í bága við ákvæði bráðabirgðalaganna frá 28. sept. 1988. Niðurstaðan varð sú að svo væri ekki. 18 kr. frímerkin höfðu verið gefin út 9. júní og voru því fyrir hendi þegar umrædd hækkun í 18 kr. tók gildi 16. júlí. En ákveðið hafði verið þá þegar að 19 kr. frímerki kæmu út 3. nóv. á þessu ári og yrðu þau aðalfrímerkin til nota fyrir þessi jól sem í hönd fara. 18 kr. frímerkin seldust fljótt upp eins og gert hafði verið ráð fyrir, enda ekki reiknað með að þau yrðu notuð lengur en til haustsins. Það er rétt að taka fram í þessu samhengi að það tekur nokkra mánuði að undirbúa og gefa út ný frímerki frá því að ákvörðun um slíkt hefur verið tekin.

Vegna þess að það var auðvitað óheppilegt að svo skyldi bera að og umdeilanlegt að þessi hækkun tæki gildi miðað við verðstöðvunarlögin er rétt að vekja sérstaklega athygli manna á þessum tæknilegu atriðum málsins. Ég lét kanna það sérstaklega hvað það hefði í för með sér ef fallið yrði frá þessari hækkun engu að síður, þrátt fyrir það að Verðlagsstofnun mat hana ekki brjóta í bága við verðstöðvunarlögin, og það var upplýst að umtalsvert óhagræði og kostnaður mundi hljótast af því að ekki tækist þá að nýta þessi frímerki sem fyrir löngu hafði verið ákveðið að gefa út og raunar heimilað að gera samkvæmt gjaldskrá. Af því hefði því orðið óhagræði og tjón sem neytendur stofnunarinnar hefðu væntanlega orðið að greiða fyrir síðar í hærri gjöldum.

Að öllu þessu samanlögðu var það niðurstaða málsins að heimila þessa hækkun eins og gert hafði verið ráð fyrir og gera ekki athugasemdir við að áður auglýst gjaldskrá Pósts og síma gengi fram svo sem ákveðið hafði verið á miðju sl. sumri.

Fyrirspyrjandi (Málmfríður Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svar hans og upplýsingar, en eins og menn heyrðu eru rökin fyrir þessari hækkun fyrst og fremst fjárhagsvandræði Pósts og síma og þá um leið sennilega viðleitni ríkissjóðs að koma í veg fyrir að hann þurfi að bera kostnað af því, þá er fjárhagsvandanum vísað yfir á neytendur. Hækkunin er í rauninni aðeins ákvörðun ríkisstjórnarinnar og menn geta velt því fyrir sér hvort þeim finnst hún réttlætanleg eða ekki.

Nú búum við við svokallaða verðstöðvun ásamt launafrystingu og samt verðum við áþreifanlega vör við að verðlag fer hækkandi á ýmsum varningi því að það er nefnilega hægt í mörgum tilvikum að fara í kringum verðstöðvunarlögin og það nýta ýmsir sér. Það er hins vegar hart að þurfa að una því að hæstv. ríkisstjórn gangi gegn þeim líka.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég held að rétt sé að það liggi ljóst fyrir hvers eðlis sú verðstöðvun er sem í gildi er í landinu. Það væri e.t.v. nær og heppilegra að tala um strangt verðlagsaðhald en algera verðstöðvun, enda er kunnugt að ákveðin kostnaðartilefni eru samkvæmt lögunum fullnægjandi ástæður til að hækka verðlag. Ég held að það sé þá rétt að hafa jafnframt í huga að mikill árangur hefur orðið af þessari verðstöðvun og verðlag er nú stöðugra og breytist minna milli mánaða en við Íslendingar höfum þekkt áður um áratuga skeið. Ég vek jafnframt athygli á því að eins og ég sagði voru gjaldskrárhækkanirnar sem heimilaðar voru á sl. sumri m.a. vegna þá fram kominna kostnaðartilefna, þar á meðal gengisfellingar á sl. vori, þannig að vildi maður fara í skógarferðir miklar til að heyja sér rök í þessu máli mætti að sjálfsögðu tefla því fram að áður tilkomnar gengisbreytingar hefðu orðið orsök að þessari gjaldskrárhækkun og þar með félli hún undir sambærilegar hækkanir sem verið hafa að ganga í gegn þrátt fyrir verðaðhaldslögin sem í gildi eru.

Að öðru leyti hef ég ekki miklu við að bæta, en ég hlýt að minna aftur á það að það orkaði mjög tvímælis hvort það hefði verið skynsamleg stefna gagnvart einmitt hagsmunum neytenda í þessu samhengi að taka á stofnunina það tjón og það tæknilega óhagræði sem af því hefði hlotist að nýta ekki þá fjárfestingu sem þegar hafði verið ákveðin og lögð í hin fallegu jólafrímerki sem menn sjá nú á bréfum sínum þessa dagana.

Dagskrárgerðarsjóður Evrópuráðsins, ein umr.

Fsp. JúlS og HJ, 97. mál. — Þskj. 100.

Fyrirspyrjandi (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Kvikmyndagerð og dagskrárgerð fyrir sjónvarp hefur verið með miklum blóma á Íslandi og í rauninni er það aðdáunarvert hvað Íslendingar hafa náð miklum og góðum árangri á þessu sviði þegar tekið er tillit til þess hversu fámenn þjóðin er.

Kvikmyndasjóður hefur stuðlað að þessari velgengni íslenskrar kvikmyndagerðar og hafa yfirvöld yfirleitt gert vel við Kvikmyndasjóð þannig að hann hefur fengið framlag sem nemur söluskatti af seldum aðgöngumiðum til kvikmyndahúsa og er ætlað að 71 millj. kr. fari til Kvikmyndasjóðs á fjárlögum fyrir árið 1989. Samkvæmt upplýsingum framkvæmdastjóra Kvikmyndasjóðs munu liggja fyrir umsóknir hjá sjóðnum að upphæð sem nemur 500 millj. kr. sem sýnir hver áhugi manna er á þessu sviði. Það er náttúrlega alveg ljóst að Kvikmyndasjóður getur með engu móti komið til móts við allar þessar umsóknir.

Hins vegar fékkst það upplýst af framkvæmdastjóra Kvikmyndasjóðs sem er mjög athyglisvert að um ⅓ hluti allra þeirra kvikmynda sem sjóðurinn hefur styrkt hefur fengið verðlaun á erlendum vettvangi sem sýnir hvað við höfum náð miklum árangri á þessu sviði eins og ég gat um í upphafi máls míns. Hins vegar er því ekki að leyna að veður eru válynd í þessum efnum og áhrif afþreyingarefnis sem streymir hér inn, aðallega í gegnum sjónvarp, frá Bandaríkjunum og Englandi veldur því að áhrif ensku á tungu okkar fara sívaxandi.

Á vegum Norðurlandaráðs hefur verið lögð fram tillaga um að stofna norrænan kvikmyndasjóð, en það mál er í athugun og hefur ekki enn þá náð fram að ganga. Nú hefur Evrópuráðið tekið af skarið og stofnað evrópskan kvikmyndasjóð sem hefur stofnframlag upp á 50 milljónir franskra franka. Það eru nefnilega fleiri lönd í Evrópu en Íslendingar sem hafa áhyggjur af ágangi bandarísks afþreyingarefnis og áhrifum enskunnar á tungumál Evrópulandanna. Það er alveg ljóst þegar maður les upplýsingar um þennan nýja kvikmyndasjóð Evrópuráðsins að það liggur þar á milli línanna að hugmyndin er að styrkja dagskrárgerð og kvikmyndagerð á vegum Evrópulandanna til þess að hamla gegn þessum ágangi enskrar tungu og bandarísks afþreyingarefnis. Þegar hafa 12 þjóðir staðfest þátttöku sína í sjóðnum, þ.e. Belgía, Kýpur, Danmörk, Frakkland, Vestur-Þýskaland, Grikkland, Ítalía, Lúxemborg, Holland, Portúgal, Spánn og Svíþjóð. Síðan er sagt að önnur ríki hugi að þátttöku í sjóðnum. Þessi sjóður er stofnaður í tilefni af evrópska kvikmynda- og sjónvarpsárinu 1988.

Hér sýnist mér kærkomið tækifæri fyrir Íslendinga að gerast aðilar og leita eftir stuðningi með þessum hætti við kvikmyndagerð og sjónvarpsgerð þá sem fer fram á vegum Íslendinga. Hugsanlega er hægt að fá fjármagn í gegnum þennan sjóð í samstarfi við hin Evrópulöndin. Því spyr ég hvort menntmrh. fyrirhugi fyrir hönd Íslendinga að gerast aðili að þessum sjóði.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Hæstv. forseti. Sá sjóður sem hér um ræðir var stofnaður fyrir frumkvæði Evrópuráðsins og tilgangur hans er fyrst og fremst að efla framleiðslu og stuðla að bættri dreifingu kvikmynda til sýninga í kvikmyndahúsum og sjónvarpi. Sjóðnum er einkum ætlað að stuðla að samvinnu þriggja eða fleiri aðildarþjóða að kvikmynda- og þáttagerð og styrkja textun og raddsetningu slíkra mynda og þátta.

Fjórtán Evrópuríki hafa, eins og hv. flm. gat um, þegar gerst aðilar að sjóðnum og nema byrjunarframlög þeirra samtals um 60 millj. franskra franka, en framlög hverrar þjóðar eru á bilinu 150 þús. til 15 millj. franka. Fyrsta árið eru framlög frjáls, en síðar mun væntanlega höfð hliðsjón af þeim staðli sem gildir fyrir aðildargreiðslur einstakra þjóða til Evrópuráðsins. Svíar og Danir hafa þegar gerst aðilar að þessum sjóði, en Norðmenn og Finnar munu væntanlega bætast í hópinn innan tíðar. Talið er mikilvægt að öll Norðurlöndin verði meðal þátttakenda þar eð þátttaka sem flestra smærri þjóða muni stuðla að því að þær verði síður settar hjá við úthlutanir úr sjóðnum. Hafa Danir og Svíar mjög hvatt Íslendinga til þátttöku. Ætla má að fyrsta framlag Íslendinga muni þurfa að nema um 150 þúsund frönskum frönkum eða rúmlega 1 milljón íslenskra króna.

Á vegum menntmrn. hefur verið fylgst náið með framvindu þessa máls. Endanlegar reglur um starfsemi sjóðsins og úthlutanir úr sjóðnum liggja ekki fyrir fyrr en á næsta ári, en líkur benda til þess að Íslendingar gætu haft umtalsverðan hagnað af þátttöku í sjóði af þessu tagi. Verður því áfram fylgst með málinu og þegar allir þættir þess liggja ljóst fyrir verður tekin endanleg afstaða til þátttöku af íslenskri hálfu. Eins og mál standa í dag benda allar líkur til þess að sú afstaða verði jákvæð. Persónulega er ég ekki í vafa um að Íslendingar hafa allt að vinna með þátttöku í alþjóðlegu og svæðisbundnu samstarfi af þessu tagi. Ég mun því beita mér fyrir því að veita þessu máli brautargengi.

Íslensk kvikmynda- og sjónvarpsmyndagerð stendur nú á örlagaríkum tímamótum andspænis offlæði erlendra áhrifa. Á það ekki síst við á sviði sjónvarps þar sem þróunin virist vera sú að innan örfárra ára muni beinar gervitunglasendingar flæða yfir þjóðina með yfirþyrmandi hætti. Samvinna við Norðurlönd og Evrópulönd í þessum efnum ætti að geta stuðlað að menningarlegu viðnámi og gæti orðið upphaf að menningarlegri sókn á þessu sviði. Framtíð íslenskrar menningar kann að miklu leyti að vera undir því komin hvernig þessari viðleitni vegnar. Því megum við einskis láta ófreistað til að taka höndum saman við þær þjóðir fyrst og fremst sem við höfum menningarlega samvinnu við, hvort heldur er á sviði Evrópuráðsins eða Norðurlandaráðs, til þess að halda á lofti merki sjálfstæðis og reisnar í

menningarefnum.

Árið 1988 var valið ár kvikmynda og sjónvarps í Evrópu. Fer því vel á að Kvikmynda- og sjónvarpssjóður Evrópu skuli stofnaður á þessu ári. Verkefni hans eru mikilvæg, tímabær og aðkallandi. Á sama tíma hljótum við einnig að fagna Norræna kvikmyndasjóðnum sem nú er í sjónmáli. Ætlunin er að leggja til hans á þessu ári eða byrjun þess næsta tekjuafgang af fjárlögum Norðurlandaráðs frá árinu 1987 og 1988. Hefur menntmrn. lagt mikla áherslu á að Norræni kvikmyndasjóðurinn verði til með myndarlegum hætti, hann fái þessi fjárframlög, og samstarfsráðherra ríkisstjórnarinnar um málefni Norðurlanda, hæstv. iðnrh., hefur einnig lagt áherslu á þessi sjónarmið af hálfu ríkisstjórnarinnar á þeim vettvangi.

En mestar skyldur eigum við auðvitað, hæstv. forseti, við okkur sjálf, okkar eigin kvikmyndagerð og eigin sjónvarpsstöðvar og þá sér í lagi við okkar Ríkisútvarp og Kvikmyndasjóð eins og hv. þm. lagði áherslu á.

Ég vænti þess, hæstv. forseti, að með þessum orðum sé fsp. svarað.

Fyrirspyrjandi (Júlíus Sólnes):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir greið og góð svör og jákvæðar undirtektir við þessari fsp. Ég er sammála því að með aðild Íslendinga að Kvikmyndasjóði Evrópuráðsins opnast nýjar leiðir fyrir samstarfi okkar við menningarþjóðir Evrópu um þáttagerð fyrir sjónvarp og kvikmyndagerð með fjárstuðningi úr þessum sjóði.

Í því sambandi má t.d. minna á ágætt samstarf sem við höfum átt við Þjóðverja um kvikmyndagerð. Má ætla að með þátttöku okkar í þessum sjóði væri hægt að styrkja það samstarf enn frekar.

Bann við ofbeldiskvikmyndum, ein umr.

Fsp. GA og DS, 122. mál. — Þskj. 128.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Í byrjun desember á síðasta þingi flutti ég ásamt hv. þm. Danfríði Skarphéðinsdóttur frv. til l. um breytingu á lögum nr. 33/1983, um bann við ofbeldiskvikmyndum. Breytingin sem við lögðum til var gerð til að koma í veg fyrir að lögin féllu úr gildi við síðustu áramót og hún var fólgin í því að fella á brott sólarlagsákvæði sem sett voru í lögin við samþykkt þeirra. Frv. okkar var samþykkt og lögin því framlengd.

Sólarlagsákvæðinu var bætt við á sínum tíma til að mæta kröfum þeirra sem vildu fara varlega í sakirnar hvað varðar ritskoðun eða hömlur á tjáningarfrelsi og töldu að um sérstakt tímabundið vandamál gæti verið að ræða vegna þeirrar nýjungagirni sem myndbandabyltingin ylli. Þingmenn voru þó allir sammála um á sínum tíma réttmæti þess að koma í veg fyrir að óhóflegt ofbeldi bærist að börnum, en skilgreiningin á „ofbeldiskvikmynd" í lögunum er eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Ofbeldiskvikmynd merkir í lögum þessum kvikmynd þar sem sérstaklega er sóst eftir að sýna hvers kyns misþyrmingar á mönnum og dýrum eða hrottalegar drápsaðferðir. Bannið tekur ekki til kvikmynda þar sem sýning ofbeldis telst eiga rétt á sér vegna upplýsingagildis kvikmyndarinnar eða listræns gildis hennar. Ekki tekur bann heldur til kvikmynda sem hlotið hafa viðurkenningu skoðunarmanna, sbr. VI. kafla laga nr. 53 frá 1966."

Við umræður um frv. kom fram í máli þáv. hæstv. menntmrh., Birgis Ísl. Gunnarssonar, að skipuð hefði verið nefnd 22. apríl 1987 til að endurskoða þessi lög. Ráðherra gat þess að nefndin teldi æskilegt að fella saman ákvæði um bann við ofbeldiskvikmyndum og ákvæði um skoðun kvikmynda, en slík ákvæði eru nú í lögum um vernd barna og ungmenna. Þá gat ráðherra þess enn fremur að þau lög væru einnig í heildarendurskoðun. Hann taldi eðlilegt að framlengja lögin, en taldi ekki ástæðu til þess að fella út sólarlagsákvæðið en fresta endurskoðunarákvæðinu til ársloka 1988 í þeirri von að þá hefði þegar verið lagt fyrir Alþingi frv. og lög verið samþykkt um þetta efni. Það hefur ekki verið gert enn og munu því lögin um bann við ofbeldiskvikmyndum falla úr gildi ef þau verða ekki framlengd nú um áramótin.

Enn eiga börn og unglingar allt of greiðan aðgang að myndböndum með óhóflegu ofbeldi eins og fram hefur komið í fjölmiðlum ekki alls fyrir löngu. Það er einnig vissulega rík ástæða til að hafa áhyggjur af því ofbeldi sem stöðugt berst að börnum úr fjölmiðlum og fer vaxandi fremur en minnkandi. Jafnframt gætir ofbeldis æ meir í daglegu lífi þjóðarinnar eins og sjá má og heyra af fréttum. Því geri ég eftirfarandi fsp. á þskj. 128 ásamt hv. þm. Danfríði Skarphéðinsdóttur til hæstv. menntmrh.:

„1. Hvað líður störfum nefndar sem skipuð var 22. apríl 1987 til að endurskoða lög um bann við ofbeldiskvikmyndum nr. 33/1983?

2. Hvað líður heildarendurskoðun laga um vernd barna og ungmenna?

3. Hyggst menntmrh. flytja frv. til að samræma þessi lög að því er tekur til banns gegn ofbeldiskvikmyndum fyrir lok ársins 1988?"

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Hæstv. forseti. Í fyrsta lagi er spurt: „Hvað líður störfum nefndar sem skipuð var 22. apríl 1987 til að endurskoða lög um bann við ofbeldiskvikmyndum nr. 33/1983?"

Svarið er þetta: Nefnd sú, sem skipuð var á árinu 1987 til að endurskoða lög um bann við ofbeldiskvikmyndum nr. 33/1983, er nú um það bil að ljúka störfum og mun á næstu dögum skila ráðuneytinu tillögu að nýju frv. um bann við ofbeldiskvikmyndum og skoðun kvikmynda. Í tillögum nefndarinnar

er m.a. fjallað um störf Kvikmyndaeftirlits ríkisins og leitast við að samræma ákvæði laga um vernd barna og ungmenna að því leyti sem þau snerta skoðun kvikmynda og mat á sýningarhæfni þeirra fyrir börn og unglinga og ákvæði laga um bann við ofbeldiskvikmyndum.

Í öðru lagi er spurt: „Hvað líður heildarendurskoðun laga um vernd barna og ungmenna?"

Nefnd sú sem skipuð var af ráðuneytinu í apríl 1987 hefur starfað óslitið síðan hún var skipuð. Nefndin tók þá afstöðu í upphafi að endurskoða lögin um vernd barna og ungmenna í heild sinni, enda hafa ýmsar breytingar orðið á aðstæðum barna og unglinga frá árinu 1966 er lögin tóku gildi. Einnig hafa orðið umtalsverðar breytingar á þeirri vinnu sem barnaverndaryfirvöld hafa með höndum. Nefndin hefur aflað gagna víða að, bæði hér á landi og erlendis, og eins hefur nefndin átt allmarga fundi með ýmsum aðilum sem hafa með börn að gera. Þá hefur nefndin átt samstarf við aðrar nefndir, m.a. nefnd á vegum félmrn. sem vinnur að lagasamningu um félagslega þjónustu sveitarfélaga og eins hefur nefndin rætt við formann þeirrar nefndar sem vinnur að endurskoðun laga um bann við ofbeldiskvikmyndum.

Augljóst er að starf nefndarinnar er bæði yfirgripsmikið og tímafrekt, enda er um vandasöm úrlausnarefni að tefla. Afar mikilvægt er að vanda vel lagasetningu um þá vandmeðförnu hagsmuni sem eru í húfi og tryggja eiga öryggi og velferð barna og ungmenna. Þá þykir það einnig mikilvægt að lög um vernd barna og ungmenna verði skýr og aðgengileg öllum þeim sem barnaverndarstörfum sinna beint eða óbeint.

Nefndin hefur áhuga á að ljúka störfum sem fyrst, en vegna þess hve viðamikið verkefnið er hefur nefndin ekki treyst sér til að tímasetja starfslok nánar. Nefndarstörfin eru þó langt komin og mun þess væntanlega ekki langt að bíða að nefndin skili tillögum sínum til ráðuneytisins.

Í þriðja lagi er spurt: „Hyggst menntmrh. flytja frv. til að samræma þessi lög að því er tekur til banns við ofbeldiskvikmyndum fyrir lok ársins 1988?"

Svarið er: Eins og fram kemur í 1. lið fsp. gera væntanlegar tillögur þeirrar nefndar sem vinnur að endurskoðun laga um bann við ofbeldiskvikmyndum ráð fyrir að VI. kafli laga nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna, verði felldur inn í heildarlöggjöf um bann við ofbeldiskvikmyndum og skoðun kvikmynda. Lög um bann við ofbeldiskvikmyndum nr. 33/1983 gilda til ársloka 1988 eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda samkvæmt þeirri breytingu sem gerð var á gildistíma laganna með lögum nr. 101/1987.

Bann það við ofbeldiskvikmyndum sem gilt hefur hefur óumdeilanlega sannað gildi sitt og er því mikilvægt að það falli ekki úr gildi um áramótin. Við munum núna á næstu dögum taka afstöðu til tillagna þeirrar nefndar sem unnið hefur að endurskoðun laga um bann við ofbeldiskvikmyndum þegar nefndin hefur endanlega skilað þeim til ráðuneytisins. Enda þótt nefndin hafi í störfum sínum rætt við flesta þá sem mál þetta snertir og haft náið samstarf við Kvikmyndaeftirlit ríkisins er ljóst að leita þarf eftir umsögnum fleiri aðila sem mest sýsla með þessi mál um tillögur nefndarinnar eins og þær liggja endanlega fyrir af nefndarinnar hálfu.

Þar sem ráðrúm til að flytja þetta mál hér inn í þingið á þeim fáu dögum sem eftir eru af árinu 1988 er lítið hef ég ákveðið að fara fram á það við menntmn. Ed. að hún flytji frv. þar sem lagt verði til að sólarlagsákvæðið skv. lögum nr. 101/1987 verði fellt niður og að gildistími þessara laga verði þannig ótímabundinn og ný lög leysi þau þá í heild af hólmi þegar þar að kemur.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. greið og góð svör. Ég fagna því að þeirri nefndavinnu sem unnin er í ráðuneytinu, bæði að endurskoðun laganna um bann við ofbeldiskvikmyndum og eins heildarendurskoðun laga um vernd barna og ungmenna, skuli miða vel áfram og ég sætti mig mjög vel við tillögur hans um endurflutning málsins og að fella burtu sólarlagsákvæðið.

Framtíðarhlutverk héraðsskólanna, ein umr.

Fsp. ÓÞG, 141. mál. — Þskj. 148.

Fyrirspyrjandi (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram fsp. til hæstv. menntmrh. á þskj. 148 um framtíðarhlutverk héraðsskólanna. Fsp. er í tveim liðum og er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Er ætlun ráðherra að hafa forgöngu um að móta stefnu um framtíðarhlutverk héraðsskólanna?

2. Ef svo er, hvenær er þá að vænta tillagna um þessi efni, sbr. þáltill. á síðasta löggjafarþingi sem þá var 199. mál, sem samþykkt var að vísa til ríkisstjórnarinnar 7. maí sl.?"

Það var sem sagt á síðasta þingi sem flutt var till. til þál. um stefnumótun varðandi framtíðarhlutverk héraðsskólanna. Tillagan var afgreidd undir þinglok sl. vor og eftir meðferð í félmn. Sþ. á þann veg að henni var vísað til ríkisstjórnarinnar. Í örstuttu nál. hv. félmn. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin hefur fjallað um tillöguna og sent hana til umsagnar. Nefndin telur mikilvægt að ákveða framtíðarhlutverk héraðsskólanna. Vitað er að unnið er að athugunum á þessum málum á vegum menntmrn. og viðkomandi héraða, en nefndin leggur áherslu á að sem allra fyrst komi fram tillögur um framtíðarstefnu í þessum málum. Í trausti þess að svo verði leggur nefndin til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Það var gert. Þeir skólar sem hér um ræðir eru átta talsins og eru í öllum kjördæmum landsins utan Reykjavíkur og Reykjaness. Þeir hafa hver á sínu sviði gegnt merku hlutverki, en hafa undanfarin ár orðið fyrir barði á þeirri búsetuþróun sem hér á landi hefur orðið. Auk þess hafa flestir þeirra verið vanræktir hvað varðar viðhald og búnað og almenna þróun í þeimn efnum. Engu að síður er ljóst að hér er um mikil verðmæti að ræða sem þjóðfélagið hefur ekki efni á að kasta á glæ og því er markviss stefnumörkun yfirstjórnar menntamála og raunar einnig fjármála mjög nauðsynleg til þess að málefni þessara stofnana horfi til meiri heilla en verið hefur um alllangt skeið. Í þeim tilgangi að leita eftir vilja og áformum hæstv. menntmrh. er fyrirspurn þessi flutt.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Óli Þ. Guðbjartsson hefur borið fram fsp. um framtíðarhlutverk héraðsskólanna í framhaldi af þál. sem samþykkt var á hv. Alþingi á síðasta þingi.

Fyrri hluti fsp. er svo: „Er ætlun ráðherra að hafa forgöngu um að móta stefnu um framtíðarhlutverk héraðsskólanna?“ Svarið er já. Það er ætlunin að gera það og ég lít á það sem verkefni sem beri að skoða sem hluta af endurskipulagningu og heildarskipulagningu framhaldsskólastigsins á viðkomandi svæðum.

Í annan stað er spurt: „Ef svo er, hvenær er þá að vænta tillagna um þessi efni, sbr. þáltill. frá síðasta löggjafarþingi sem samþykkt var að vísa til ríkisstjórnarinnar 7. maí sl.“ Því get ég ekki svarað nákvæmlega hvenær tillagna um þessi efni er að vænta. Ég hef ekki haft mjög langan tíma til að fara yfir þessi mál, en vil leyfa mér að segja þetta, virðulegi forseti:

Héraðsskólarnir gegndu mjög mikilvægu hlutverki þegar þeir voru stofnaðir og lengi eftir það. Nú eru hins vegar breyttir tímar eins og hv. þm. gat um og það þarf að aðlaga þessa skóla breyttum tímum og breyttu skólaumhverfi. Það eru trúlega allir sammála um þetta.

Það er ljóst að héraðsskólarnir eru í verulegum vanda, en ég tel að vandi þeirra verði ekki leystur einangrað og að þeir verði teknir til sérstakrar meðferðar út af fyrir sig heldur beri að líta á héraðsskólana hvern fyrir sig í því umhverfi og umdæmi og skólaumhverfi sem þeir eru staddir í. Þess vegna hef ég velt því fyrir mér að taka þannig á þessum málum eins og öðrum málum framhaldsskólastigsins að það verði til samstarfsnefndir um framhaldsnám og e.t.v. fullorðinnafræðslu og endurmenntun í hverju fræðsluumdæmi og að slíkur hópur fjallaði á hverjum stað um málefni allra skóla á þessum stigum í umdæminu, héraðsskóli þar með talinn þar sem slíkur er fyrir hendi. Þetta mundi þýða að framhaldsstigið þyrfti að fylgja að þessu leytinu til fræðsluumdæmaskiptingu grunnskólastigsins. Í samstarfsnefnd af þessu tagi hef ég hugað mér að gætu t.d. verið skólastjórar viðkomandi skóla, þeirra sem nú eru í umdæmunum, og fræðslustjóri, í öðru lagi þar til kjörnir fulltrúar sem t.d. samtök sveitarfélaga á viðkomandi svæði tilnefndu, í þriðja lagi fulltrúar fræðsluráða grunnskólanna og þessir aðilar mynduðu í sameiningu þessa samstarfsnefnd. Niðurstaðan gæti svo orðið sú að sumir héraðsskólanna yrðu hluti af framhaldsskólunum, framhaldsskólakerfi í viðkomandi umdæmi. Sumir yrðu trúlega áfram grunnskólar, jafnvel með framhaldsdeildir sem yrðu þá í nánum tengslum við móðurskóla í umdæminu, og sumir þeirra yrðu kannski að einhverju eða öllu leyti menningarmiðstöðvar í umdæminu t.d. með fullorðinsfræðslu á sínum snærum, námskeiðahald, ráðstefnuhald eða þess háttar.

Þetta eru þeir þættir, virðulegi forseti, sem ég hef velt fyrir mér í þessu efni. Ég tel með m.ö.o. nauðsynlegt að marka þessa stefnu. Ég tel að það sé kannski alvarlegasta vandamál sem skólakerfið í landinu hefur átt við að búa um langt skeið að það hafa ekki verið tök á því af einhverjum ástæðum að marka stefnu sem víðtæk samstaða gæti orðið um í viðkomandi byggðarlögum.

Nú tek ég hins vegar eftir því að byggðarlögin eru að taka sig saman um að reyna að marka stefnu varðandi þróun framhaldsskólastigs á viðkomandi svæðum þar sem héraðsskólarnir eru teknir inn í. Gott dæmi um það eru t.d. Vestfirðirnir þar sem hefur verið rætt um það á vegum Fjórðungssambands Vestfjarða að það verði til stofnun sem kölluð er til bráðabirgða framhaldsskólinn á Vestfjörðum og inn í þá mynd yrðu þá teknir skólar eins og héraðsskólarnir, eins og Menntaskólinn á Ísafirði, eins og Iðnskólinn á Ísafirði o.s.frv. Sama þyrfti að gerast í öðrum umdæmum, t.d. á Suðurlandi, og þá þurfa menn að því er varðar t.d. Laugarvatnsskólann sérstaklega að átta sig á því hvort Alþingi vill fallast á þær tillögur sem fyrir liggja um að Laugarvatn verði íþróttasetur, íþróttamiðstöð fyrir þjóðina alla, hjarta íþróttastarfseminnar á Íslandi. Það er ákvörðun sem Alþingi og fjvn. þurfa að taka.

M.ö.o., hæstv. forseti: Það er verið að vinna að málinu. Ég hef lýst þeirri almennu stefnu sem ég vil hafa við að nálgast þetta mál og ég vænti þess að svörin fullnægi fyrirspyrjanda að svo miklu leyti sem unnt er á þessu stigi.

Fyrirspyrjandi (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég kann hæstv. menntmrh. sérstakar þakkir fyrir svar hans við þessari fsp. Mér finnst að í svari hans komi í verulegum atriðum fram ákveðin stefnumörkun. Ég er fyrir minn hlut ánægður með hana. Ég held að það fari ekkert á milli mála að ef eitthvað af því nær fram að ganga sem kom fram í svari hæstv. menntmrh. lýkur þeim tíma innan tíðar að héraðsskólarnir, sem voru aðalefni þeirrar fsp. sem hér er til umræðu, verði lengur það rekald sem þeir því miður hafa verið undanfarin ár. Ég er hjartanlega sammála því að þessar skólastofnanir

eiga að vera hluti þeirrar heildar sem rekin er um allt land á þessum vettvangi og ég fagna því sérstaklega að hæstv. menntmrh. ætlar að taka verulegan hluta þessara stofnana inn á framhaldsskólastigið. Einn þeirra er þegar nánast byrjaður á þeim vettvangi, þ.e. Laugar, og mætti í rauninni segja að við fjárlagaafgreiðsluna núna væri tímabært að gefa þeim skóla sérstakt fjárlaganúmer eftir eðli máls. Þannig ætti þetta væntanlega að geta orðið koll af kolli. En fyrir minn hlut þakka ég kærlega.

SAMEINAÐ ÞING

22. fundur, fimmtudaginn 8. des., að loknum 21. fundi.

Kosning þriggja manna í síldarútvegsnefnd og jafnmargra varamanna, allra til þriggja ára, frá 1. jan. 1989 til 31. des. 1991, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 1. gr. laga nr. 54 2. maí 1968, um breytingar á lögum nr. 62 21. apríl 1962, um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar.

Við kosningu aðalmanna og varamanna kom fram einn listi með jafnmörgum nöfnun samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Kristmann Jónsson,
Guðmundur Karlsson,
Birgir Finnsson.

Varamenn:
Þorleifur Björgvinsson,
Gunnar Flóvenz,
Björn Grétar Sveinsson.

Kosning sex fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi alþingismanna í Vestnorræna þingmannaráðið, skv. ályktun Alþingis 19. des. 1985. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.

Við kosningu aðalmanna og varamanna kom fram einn listi með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Friðjón Þórðarson,
Alexander Stefánsson,
Óli Þ. Guðbjartsson,
Árni Gunnarsson,
Danfríður Skarphéðinsdóttir,
Margrét Frímannsdóttir.

Varamenn:
Pálmi Jónsson,
Stefán Guðmundsson,
Ingi Björn Albertsson,
Eiður Guðnason,
Málmfríður Sigurðardóttir,
Ragnar Arnalds.

Úrbætur í atvinnumálum kvenna, frh. fyrri umr.

Þáltill. USt, 131. mál. — Þskj. 138.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til félmn. með 33 shlj. atkv.

Efling fiskeldis, frh. fyrri umr.

Þáltill. GGÞ o.fl., 23. mál. — Þskj. 23.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til atvmn. með 32 shlj. atkv.

Hagræðing og nýjar leiðir í ríkisbúskapnum, fyrri umr.

Þáltill. ÁHE og GuðmÁ, 52. mál. — Þskj. 54.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Á þskj. 54 er till. til þál. um hagræðingu, einföldun, aðhald, ábyrgð og nýjar leiðir í ríkisbúskapnum. 1. flm. þessarar tillögu, Ásgeir Hannes Eiríksson, átti þess ekki kost að mæla fyrir þessari tillögu og hefur það því komið í minn hlut sem meðflm. að gera grein fyrir henni og fylgja henni úr hlaði. Tillagan er í átta hlutum og fjallar um ýmislegt til sparnaðar og aðhalds í ríkisrekstrinum. Hún er á þessa leið:

„Alþingi ályktar:

I. Að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að leggja niður eftirtalinn rekstur hjá ríkinu eða fyrirtækjum þess og stofnunum hið fyrsta:

1. Mötuneyti starfsmanna þar sem alhliða veitingahús eru á næstu grösum og koma starfsfólki að sömu notum eða sambærilegum, einnig sali undir veislur og fundi með og án veitinga sem notaðir eru fyrir stærri samkomur.

2. Prentsmiðjur eða fjölritunarstofur hvers konar þar sem öll algeng prentun fer fram ef hægt er að kaupa hana á frjálsum markaði.

3. Lögfræðideildir eða aðrar innheimtustofur fyrir þjónustu lögmanna, t.d. innheimtu vanskila og þess háttar þegar hægt er að kaupa þá þjónustu á markaðnum.

4. Verkfræðideildir og embætti arkitekta og annars konar húsameistara hjá ríkinu þegar hægt er að kaupa sömu þjónustu á opnum markaði.

5. Einkasölur ríkisins með áfengi, tóbak eða lyf eða annan varning sem hægt er að flytja inn á frjálsum markaði.

6. Verktaka og viðgerðar- eða viðhaldsdeildir þegar hægt er að fá sömu þjónustu eða sambærilega á almennum markaði.

7. Aðra þjónustu eða starfsemi hjá ríki og fyrirtækjum þess eða öðrum stofnunum í eigu ríkisins, sem ekki er sérstaklega nefnd hér að framan, að öllu leyti eða að hluta, enda sé sams konar eða sambærileg þjónusta eða starfsemi boðin á opnum markaði.

II. Að fela ríkisstjórninni að kanna hvort og hvernig hægt er að sameina ýmsar stofnanir ríkisins og fyrirtæki eða deildir sem vinna sama eða svipað eða sambærilegt starf á fleiri en einum stað hjá ríkinu.

III. Að fela ríkisstjórninni að kanna hvort og hvernig hægt er að bjóða út og fela einstaklingum að reka og standa fyrir þessari þjónustu og starfsemi sem núna er á höndum ríkisins:

1. Alls konar miðstöðvar fyrir skráningu á gögnum og upplýsingum um fasteignir og lausafé, svo sem bifreiðar, skip, loftför og aðrar eignir sem nauðsynlegt er að skrásetja.

2. Sendiráð Íslands í öðrum ríkjum og stöður fulltrúa hjá alþjóðastofnunum erlendis.

3. Gæslu og eftirlit með eigum ríkisins og á almannafæri bæði í þéttbýli og í sveitum landsins og óbyggðum, einnig eftirlit og gæslu í landhelgi og fiskveiðilögsögu þjóðarinnar.

4. Rekstur sjúkrahúsa, meðferðarheimila, fangelsa og vinnuhæla, einnig sjúkraflutninga, brunavarnir, slökkvistörf og önnur björgunar- og hjálparstörf.

5. Annan rekstur og starfsemi eða þjónustu sem ríkið og fyrirtæki þess eða stofnanir hafa með höndum nú og ekki er tilgreint hér að framan.

IV. Að hvarvetna skuli sú regla höfð í heiðri við þessa hagræðingu að hún valdi sem minnstri röskun á högum þeirra starfsmanna ríkisins sem hlut eiga að máli sem hér segir:

1. Starfsfólki samkvæmt fyrsta og öðrum hluta verði tryggð störf við hæfi á almennum markaði ef það óskar þess. Haft verði samráð við þau fyrirtæki sem starfa á sama vettvangi og veita þá þjónustu sem ríkið fellir niður og samtök þeirra fyrirtækja. Fólkið gangi fyrir með önnur og sambærileg störf sem losna hjá ríkinu og fyrirtækjum þess og stofnunum næstu þrjú árin eftir að störf þess eru felld niður.

2. Starfsfólki samkvæmt þriðja hluta verði gefinn kostur á að taka að sér þessa starfsemi og rekstur eftir því sem við verður komið annaðhvort fyrir eigin reikning eða í félagi við aðra. Að öðru leyti gilda sömu ákvæði og í 1. mgr. í fjórða hluta.

3. Tryggt verði að ríkissjóður geti selt og fái markaðsverð fyrir allar eignir, sem losnar um vegna þessa hagræðis í búskapnum, hvort sem um er að ræða fasteignir eða lausafé og sérhæfðan búnað allan og tækjakost, hugbúnað og réttindi og önnur verðmæti hverju nafni sem nefnast.

V. Að ríkisstjórnin beiti sér fyrir því að kallaður verði saman stofnfundur félags skattgreiðenda á Íslandi og sé öllum ríkisborgurum heimill aðgangur. Markmið félagsins er að fylgjast með því hvernig skattfé landsmanna er varið. Ríkissjóður tryggi félaginu tekjur til að standa undir eðlilegu starfi samkvæmt stofnskrá en aðrar tekjulindir eru félaginu ekki heimilar utan félagsgjalda. Ríkisstjórnin tryggi erindrekum félagsins greiðan aðgang að öllum rekstri íslenska ríkisins og fyrirtækjum þess og stofnunum.

VI. Að fela ríkisstjórninni að leggja fram á þessu löggjafarþingi frumvarp til laga um ábyrgð embættismanna ríkisins á fjármálum stofnana sinna og verkefna. Þess verði gætt að bein ábyrgð yfirmanna verði aukin frá því sem nú er.

VII. Að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd hæfustu manna til að kanna hvernig önnur smáríki á borð við Ísland afla sér tekna. Ríkissjóður greiði kostnað vegna starfa nefndarinnar en seta í henni er ekki launuð.

VIII. Að öll hagræðing, sem kann að leiða af þessari ályktun, megi ekki tefja fyrir því að haldið verði áfram að selja fyrirtæki og stofnanir í eigu ríkisins að öllu leyti eða hluta."

Á þessa leið var þáltill. Öflugt þjóðfélag treystir á sterka einstaklinga en ekki sterkt ríkisvald. Þess vegna er fyrsta skylda ríkisins að búa öllum þegnum sínum aðstöðu til að verða eigin gæfu smiðir eftir föngum, svigrúm til að erja sinn reit í friði við guð og menn. Saman sjáum við svo öll fyrir minni máttar eftir bestu getu.

Skórinn kreppir að íslensku þjóðfélagi í dag. Þungt er fyrir fæti. Skuldir landsins eru meiri en nokkru sinni fyrr og tekjur fara minnkandi. Samt reyna Alþingi og ríkisstjórnir ekki að sníða þjóðfélaginu stakk eftir vexti. Hér eru allir stjórnmálaflokkar undir sömu sökina seldir.

Skattar, sem virðast vera einu tekjulindin sem stjórnmálamenn þekkja í dag, hafa aldrei verið hærri. Eina fjölbreytnin er ný og önnur nöfn á sömu

gömlu sköttunum. Ekki er leitað að nýjum leiðum á skipulegan hátt. Stöðugt eru sóttir meiri peningar í vasa fólks, enda er nú svo komið að margur maðurinn er að gefast upp. Hvert fyrirtækið á fætur öðru er tekið til skipta hjá fógetum landsins. Fjöldi fólks missir atvinnu sína og eigur. Bú manna eru líka tekin til skipta. Á bak við hvert gjaldþrot er harmleikur.

Áfram hækka skattarnir. Þess vegna hlýtur fólkið í landinu að krefjast þess að fá svigrúm til að vinna fyrir þessum sköttum, svigrúm til að standa í skilum, gjalda keisaranum sitt. Fólkið hlýtur að krefjast þess að ríkið keppi ekki á opnum markaði við þau fyrirtæki sem það leggur háa skatta á. Fyrirtækin keppi hvert við annað en ekki við ríkið sem lýtur öðrum lögmálum en þegnarnir. Á sama hátt hlýtur fólkið að krefjast þess að ríki vaxi því ekki yfir höfuð. Hverju þjóðfélagi eru takmörk sett. Þegar þunginn af ríkinu vex hraðar en aflið í atvinnulífinu kiknar fólkið í hnjáliðunum, fellur á kné. Fram undan blasir við gjaldþrot lítillar þjóðar.

Ábyrgð er lítt þekkt hugtak í opinberum rekstri þótt daglega sé fjöldi fólks kallaður til ábyrgðar vegna gerða sinna og misgerða í einkalífi. Þess vegna hlýtur fólkið líka að krefjast þess að skattfénu sé vel varið í þágu lands og þjóðar og af fullri ábyrgð. En því miður blasir andhverfan við. Fólkið hefur engin tök á að fylgjast með afdrifum peninga sinna, engin tök fyrr en um seinan. Milljón sóað hér og milljarði þar. Enginn ber ábyrgð þegar upp er staðið, enginn nema fólkið.

Fólkið hlýtur líka að krefjast þess að landsstjórnin láti ekki staðar numið við skattana þegar leitað er tekna fyrir ríkissjóð heldur finni nýjar leiðir til að afla meiri tekna fyrir fámenna þjóð í stóru landi, rói á önnur mið. Margar stofnanir og mörg fyrirtæki í eigu ríkisins halda úti margvíslegri starfsemi sem getur verið betur komin í höndum einstaklinga og fyrirtækja þeirra og félaga. Tökum mötuneyti sem dæmi:

Fjöldi mötuneyta er á vegum ríkisins um land allt. Sum eru það nálægt alhliða matsölustöðum að hægur vandi er að skipta við þau hús og leggja mötuneytin niður. Þannig er einfalt fyrir t.d. alþingismenn að fara á næsta veitingahús í miðborg Reykjavíkur og er ekki í kot vísað. Þannig mundu losna fjölmargir góðir salir víðs vegar um borgina og stundum eru matsalir einmitt verðmætustu plássin í húsunum. Þetta nýja húsrými drægi því úr þenslu margra stofnana næstu árin. Starfsfólki ríkisins fækkaði, en aukin viðskipti á veitingahúsum landsins kölluðu á fleira starfsfólk þar að sama skapi. Veitingalífið styrktist og gjaldþrotum fækkaði vonandi.

Bent hefur verið á þá leið að afhenda starfsfólki ríkisins ávísanir á mat sem gildi í öllum veitingahúsum sem vilja vinna með ríkinu á þennan hátt. Úr mörgum réttum væri að velja fyrir fólkið á veitingahúsinu í staðinn fyrir einn í mötuneytinu.

Á sama hátt má taka á öðrum liðum í I. kafla hér að framan, allt eftir aðstæðum í hverri grein fyrir sig. Niðurstaðan er væntanlega hvarvetna sú sama, umfang ríkisins minnkar og útgjöld minnka, hagur fyrirtækjanna batnar.

Stundum virðist sem margar stofnanir eða deildir ríkisins vinni sömu verkin eða sambærileg verk hver í sínu horni. Gott dæmi er margvísleg innheimta hjá ríkinu fyrir þjónustu. Þessa innheimtu má sjálfsagt sameina, enda hafnar hún öll í ríkissjóði þegar öllu er til skila haldið. Eða útreikningar á efnahagsmálum hjá stofnunum á borð við Hagstofuna, Þjóðhagsstofnun, Byggðastofnun, Seðlabanka og hagdeildir, t.d. fjmrn. Hér er sjálfsagt hægt að draga saman seglin og fela einni miðstöð að reikna út fyrir alla þá sem þurfa á að halda. Þannig má halda áfram að svipast um í kerfinu.

Á hátíðum og einkum stórhátíðum er oft vinsælt hjá ræðufólki að tala um of mikil umsvif hjá ríkinu. Báknið burt, segja þeir á stundum. Oftar en ekki er þó látið nægja að benda á stofnanir á borð við tunnuverksmiðjuna á Siglufirði, en báknið heldur sínu striki þrátt fyrir það. Það eru margir aðrir þættir hjá ríkinu en tunnuverksmiðjan á Siglufirði sem gætu vel verið betur komnir hjá einstaklingum, fyrirtækjum þeirra og félögum, t.d. sjúkrahús og vinnuhæli, gæsla og varsla á almannafæri eða á hafi úti og tollgæsla, sendiráð Íslands í öðrum ríkjum og fleira þegar betur er að gáð. Þess vegna er hér lagt til að skoðað verði út í ystu æsar hvaða þætti er hægt að færa frá ríki til einstaklinga, fyrirtækja þeirra og félaga.

Þegar verkefni eru flutt frá ríki til einstaklinga eru þau ekki lögð niður fyrir fullt og fast. Áfram þarf fólk til að vinna verkin. Þess vegna fækkar ekki störfum í þjóðfélaginu og líklega kemur hver spöruð króna hjá ríkinu að tvöföldum notum í atvinnulífinu. Því má vel búast við vaxandi grósku í þjóðlífinu með auknum sparnaði hins opinbera. Þess vegna þarf fólk ekki að óttast atvinnuleysi þó störfum sé hagrætt í þjóðfélaginu, enda verði séð til þess að allir fái vinnu við sitt hæfi og eftir föngum. Hagræðing er nauðsynleg ef við eigum að halda velli sem fullvalda ríki og hagræðingu fylgja samandregin segl. Hjá því verður ekki komist. Eins er hægt að tryggja að ríkissjóður fái fullt verð fyrir allar eigur sínar sem losna með hagræðingunni, fullt verð eins og kaupin gerast á eyrinni á hverjum tíma.

Allt eftirlit í þjóðfélaginu er á einn veg. Ríkið fylgist með þegnum sínum, enda er það hlutverk ríkisins að fylgjast með og er ekki nema gott eitt um það að segja, enda okkur öllum í hag. En þar með er ekki sagt að fólkið vilji ekki fylgjast sjálft með því hvernig ríkið eyðir skattkrónum okkar. Öðru hverju koma verk í dagsljósið sem orka tvímælis og vekja spurningar. Hefði ekki verið hægt að vinna þau á annan hátt og spara með því peninga? En þá er iðulega of seint í rassinn gripið því eydd króna verður ekki afturkölluð. Þess vegna er nauðsynlegt að skattgreiðendur fái að fylgjast með framvindu mála hjá ríkinu frá fyrstu hendi. Til þess er félag skattgreiðenda kjörinn vettvangur og að erindrekar þess

fái fullan aðgang að öllum þáttum ríkisfjármála jafnóðum og verkin eru unnin, ekki eftir á og um seinan.

Á sama hátt verða yfirmenn hjá ríkinu að bera ábyrgð á gerðum sínum eins og aðrir þegnar. Ef þeim verður á í messunni þarf að kalla þá til ábyrgðar eins og aðra. Til þess skortir lög um ábyrgð embættismanna þar sem er kveðið fast á um verksvið og heimildir og viðurlög ef út af er brugðið.

En það eru til fleiri krónur í heiminum en skattkrónur. Tekjur Íslendinga eru frekar einhæfar og eru flest eggin í sömu körfunni. Þess vegna þarf að leita nýrra leiða til að afla þjóðinni tekna. Ágæt leið er að kynnast því hvernig aðrar litlar þjóðir á borð við Íslendinga sjá sér farborða, senda hæfustu menn út af örkinni til að skoða sig um í öðrum löndum og safna gögnum, vinna síðan úr þær hugmyndir sem gætu komið að notum.

Þessar vangaveltur um hagræðingu hjá ríkinu eru hvorki upphaf né endir. Þær eru lítið innlegg til að hjálpa til við að leysa hluta af vanda líðandi stundar. Þess vegna gera þær ekki ráð fyrir að allar aðrar hugmyndir um að draga saman seglin hjá ríkinu verði látnar sitja á hakanum eða verði slegið á frest, þvert á móti.

Virðulegi forseti. Ég hef hér lýst þeirri þáltill. sem við Ásgeir Hannes Eiríksson flytjum um hagræðingu, einföldun, aðhald, ábyrgð og nýjar leiðir í ríkisbúskapnum. Þetta er löng tillaga, en ég held að nú á tímum samdráttar sé nauðsynlegt að líta til þessara atriða og fleiri um hvernig megi draga saman seglin í ríkisbúskapnum og hvernig megi á sama hátt efla starfsemi í atvinnulífinu.

Ég legg til að þessari tillögu verði að aflokinni þessari umræðu vísað til síðari umræðu og allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

18. fundur, föstudaginn 9. des., kl. 2 miðdegis.

Jöfnun á námskostnaði, 1. umr.

Stjfrv., 175. mál. — Þskj. 192.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði.

Frv. er samið af nefnd sem skipuð var 18. febr. 1987 af þáv. menntmrh. Sverri Hermannssyni. Í nefndinni áttu sæti Tómas Ingi Olrich framhaldsskólakennari, formaður nefndarinnar, Haraldur Ólafsson lektor og Þórður Skúlason, sveitarstjóri á Hvammstanga. Með nefndinni starfaði einnig Örlygur Geirsson, skrifstofustjóri í menntmrn., og einnig sat Hermann Jóhannesson, deildarstjóri í sama ráðuneyti, nokkra fundi nefndarinnar. Í skipunarbréfi nefndarinnar sagði: „Hlutverk nefndarinnar er að gera tillögur um breytt fyrirkomulag námsstyrkja með tilliti til þeirra breytinga á framhaldsnámi sem orðið hafa síðan lögin voru sett.“

Tilgangur laganna um jöfnun námskostnaðar, nr. 69/1972, var að jafna með styrkveitingum úr ríkissjóði þann aðstöðumun nemenda í framhaldsskólum sem verulegur er, að því leyti sérstaklega sem búseta veldur þessum nemendum misþungum fjárhagsbyrðum. Einnig eru í lögum þessum ákvæði sem heimila að veita styrki vegna efnaleysis námsmanna. Styrkir voru fyrst veittir samkvæmt lögunum árið 1972. Í reglugerð nr. 278 frá 1973, sem menntmrn. setti þá um framkvæmd laganna, segir að rétt til námsstyrkja hafi þeir framhaldsskólanemendur „sem verða að vista sig utan lögheimilis og fjarri fjölskyldu sinni, enda sé ekki unnt að stunda sambærilegt nám frá lögheimili.“ Frá setningu laganna hefur framhaldsskólum í landinu fjölgað mikið og er nú hægt að stunda framhaldsnám í öllum kjördæmum landsins. Nemendum hefur auðvitað fjölgað að sama skapi. Námsframboð innan framhaldsskólanna, einkum hinna stærri, hefur orðið fjölbreyttara og sérhæfðara. Úthlutunarnefnd þeirra jöfnunarstyrkja sem hér um ræðir hefur orðið að leggja mat á hvað teljast skuli „sambærilegt nám“ eins og það er orðað í lögunum, en það orkar auðvitað oft tvímælis. Fjölgun framhaldsskólanema og aukin sérhæfing skólanna hefur viðhaldið þörfinni fyrir jöfnunarstyrki. Fjöldi styrkþega fyrstu árin eftir setningu laganna var tæplega 3000 en hefur nú á síðari árum verið 2300–2400. Hlutfall styrkþega af heildarfjölda framhaldsskólanema hefur lækkað mun meira.

Sú nefnd sem vann að máli þessu aflaði sér gagna um helstu kosti og galla gildandi kerfis, bæði með viðræðum við starfsmenn menntmrn. og með því að kveðja stjórnendur nokkurra framhaldsskóla sér til ráðuneytis. Lögin hafa reynst einföld í framkvæmd og vita nemendur í stórum dráttum hver réttur þeirra er og hvers þeir mega vænta. Námsstyrkjanefndin, sem gerir tillögur um árlega fjárveitingu og úthlutar styrknum til nemenda, hefur haft nokkurt svigrúm til að leysa einstaklingsbundin vandamál. Í lögunum hafa verið afdráttarlaus ákvæði um rétt til styrks eftir búsetu. Þessi ákvæði eru talin hafa leitt af sér nokkurn ósveigjanleika í framkvæmd, að mati þeirrar nefndar sem undirbjó frv. þetta, þar sem ekki hefur verið hægt nema að litlu leyti að taka tillit til efnahags nemandans eða þeirrar aðstöðu sem hann býr við á námsstað.

Megingalli á framkvæmd laganna hefur verið talinn sá og er auðvitað sá að fjárveitingar hafa aldrei frá því að lögin voru sett árið 1972 náð því markmiði laganna að jafna að fullu þann kostnaðarmun sem búseta veldur. Næst því marki komust styrkveitingar árið 1975 þegar meðalstyrkupphæð nam 26.500 kr. miðað við verðlag í árslok 1987. Meðalupphæð á styrkþega sl. tvö ár hefur aðeins verið 12.000–12.500 kr. á ári, og hefur ekki í annan tíma orðið lægri, en í gildandi fjárlögum voru

áætlaðar 25 millj. kr. til þessa verkefnis eins og í fjárlögum ársins 1987. Sem fylgiskjal með frv. er prentað yfirlit um þróun námsstyrkja á árunum 1975–1987.

Meginbreyting frv. má segja að felist í 3. gr. þess, en í gildandi lögum eru ekki taldar sérstaklega þær tegundir styrkja sem veittar eru samkvæmt lögunum heldur voru slík ákvæði sett í reglugerð. Hér eru hins vegar í frv. skilgreindar fjórar mismunandi tegundir styrkja og kveðið á um sérstaka kostnaðarviðmiðun hverrar þeirra eða eins og segir í 3. gr., með leyfi forseta:

„Styrkir, sem nemendur njóta, samkvæmt lögum þessum eru:

a. ferðastyrkir, en þeir eru veittir nemendum sem verulegan ferðakostnað bera vegna búsetu sinnar,

b. fæðisstyrkir, er samsvari áætluðum hlut launakostnaðar í heildarfæðiskostnaði nemanda í skólamötuneyti,

c. húsnæðisstyrkir, en þeir eru veittir nemendum, sem ekki eiga kost á heimavist, og miðast þeir við helming áætlaðs húsnæðiskostnaðar,

d. sérstakir styrkir, sem námsstyrkjanefnd er heimilt að veita efnalitlum nemendum."

Eins og ég gat um áðan, herra forseti, er í fskj. gerð grein fyrir þróun námsstyrkja á árunum 1975–1987. Þar kemur fram að á árinu 1975 var meðalnámsstyrkur á verðlagi nóvember 1987 26.490 kr., en talan var komin niður í 12.496 kr. á árinu 1987 og hún er auðvitað enn lægri á þessu ári.

Samkvæmt fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1989 er gert ráð fyrir því að framlag til þessa liðar hækki úr 25 millj. kr. á árinu 1988 í 50 millj. kr. á árinu 1989. Þar er því um verulega raunhækkun að ræða sem einnig helgast af því að í rauninni er um að ræða stöðugt minni hóp í framhaldsskólunum sem hefur átt rétt til þessa styrks eftir þeim reglum sem í gildi hafa verið. Hópurinn var 2900 manns árið 1975 en á síðasta ári 2280 manns.

Ég hef tekið eftir því, herra forseti, að áhugi er verulegur á framgangi þessa máls. Það er æskilegt að unnt verði að afgreiða það sem fyrst á árinu 1989 þannig að unnt verði að úthluta styrkjum samkvæmt nýjum lögum á þessu námsári hið fyrsta. Venjan hefur verið sú að úthluta þessum námsstyrkjum upp úr áramótum. Ég tel líka að það eigi ekki að þurfa að vera nein vandkvæði á því að afgreiða þetta mál hér í þinginu vegna þess að um það getur verið góð samstaða. Bæði kemur það fram í því að margir flokkar hafa átt aðild að undirbúningi málsins, það kemur fram í þeirri nefnd sem undirbjó málið og það hefur einnig birst í því að Kvennalistinn hefur þegar á þessum vetri borið fram fsp. til þess að reka á eftir þessari endurskoðun, þannig að mér segir svo hugur um að um málið sé víðtæk samstaða. Ég hygg reyndar að það sé kannski ekki mikið afrek að koma sér saman um þetta því það sem skiptir máli eru auðvitað fjármunirnir sem veittir eru til þessa. Þeir hafa verið litlir og minnkandi um langt skeið, stigið lítið skref í rétta átt samkvæmt fjárlagafrv. næsta árs. En auðvitað vantar mikið á að hér sé um þá jöfnun að ræða sem vera þyrfti.

Ég vænti þess, herra forseti, að frv. fái góðar undirtektir hér í hv. deild og þeirri nefnd sem fær málið til meðferðar og legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Fyrir hönd okkar kvennalistakvenna fagna ég því að þetta frv. er hér fram komið því að eins og hæstv. menntmrh. minntist á áðan þá höfum við sýnt þessu máli nokkurn áhuga. Reyndar ekki með fsp. eins og hann sagði heldur með till. til þál. sem flutt var af Guðrúnu J. Halldórsdóttur, varaþingkonu Kvennalistans og öðrum í þingflokki Kvennalistans, en till. hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntmrh. að láta hraða endurskoðun laga nr. 69/1972, um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði. Endurskoðun þessi taki m.a. mið af þörfum þeirra sem eru ofan við skólaskyldualdur en hafa ekki lokið grunnskólanámi sem og því að mikill fjöldi nemenda stundar nú nám í öldungadeildum og ætti að eiga rétt á styrkjum."

Ég hef kynnt mér efni þessa frv. og ég get ekki komið auga á að þessir nemendur sem þarna eru teknir með eða — ég verð væntanlega leiðrétt ef ég hef misskilið það, ég þarf hugsanlega að athuga frv. aðeins betur. Ég sé að menntmrh. setur upp undrunarsvip. — En ég vil benda á að við höfum lengi reynt að beita okkur fyrir því að efla jafnrétti til náms óháð búsetu eða efnahag.

Ég vil einnig láta þess getið hér við 1. umr. þessa máls að í fyrra flutti ég ásamt fleiri hv. þm. till. til þál. um það að ríkissjóður greiddi hlut launakostnaðar í fæðiskostnaði nemenda í skólamötuneytum. Ég hef reyndar lagt þá till. fram núna, en vegna anna hér í þinginu þá hef ég ekki mælt fyrir henni enn þá, hún er ekki komin á dagskrá. Þar kemur m.a. fram í grg. að hlutur nemenda í þessum launagreiðslum er um 30–40% af heildarkostnaðinum sem þeir þurfa að borga fyrir fæðið. Það segir sig sjálft að þetta er mjög þungur baggi á heimilum sem þurfa að senda, þó ekki sé nema einn nemanda, hvað þá heldur tvo eða þrjá að heiman. Því tek ég heils hugar undir það að þennan kostnað þarf að sjálfsögðu að greiða. Eins og hæstv. menntmrh. minntist á er það í raun til háborinnar skammar hvernig raungildi dreifbýlisstyrksins svokallaða hefur rýrnað með árunum. Það er nánast svo að vart tekur því að borga þessar 12.500 kr., sumir nemendur komast varla heim til sín, a.m.k. þeir sem þurfa t.d. að sækja nám til Reykjavíkur frá Austfjörðum eða Norðurlandi. Þá er c-liður 3. gr. um húsnæðisstyrki fyrir þá nemendur sem ekki eiga kost á heimavist til bóta og langar mig reyndar til að gera heimavistir að umræðuefni hér.

Við flesta nýju skólana og reyndar gömlu framhaldsskólana sem eru úti á landsbyggðinni eru

heimavistir en höfuðborgarsvæðið sker sig algjörlega úr hvað varðar þann aðbúnað að nemendur, sem þurfa að sækja hingað til höfuðborgarinnar vegna náms á framhaldsskólastigi, eiga alls ekki kost á heimavistarrými. Hér munu aðeins vera um 20 rými í heimavist ætluð nemendum Sjómannaskólans. Allur þorri nemenda þarf því að leita út á hinn almenna húsnæðismarkað með þeim afarkjörum sem þar gilda og flestir þekkja. Ég býst því við að húsnæðiskostnaður þeirra sé mjög hár. Það er auðvitað spurning hvort höfuðborgarsvæðið eins og önnur sveitarfélög ætti ekki að sjá nemendum fyrir húsnæði í heimavist. Því að það getur líka verið mjög erfitt fyrir ungmenni á þessum aldri að koma utan af landi, að fara að heiman í fyrsta skipti og koma hingað til höfuðborgarinnar og búa ein og jafnvel einangruð einhvers staðar úti í bæ. Í mörgum skólum er oft ekki allt of mikið samband á milli nemenda, því miður. Mér finnst það því vera mjög athugandi upp á framtíðina hvort hér á höfuðborgarsvæðinu ætti ekki einnig að standa til boða heimavistarhúsnæði fyrir nemendur.

Það er fleira sem kemur til varðandi kostnað nemenda sem þurfa að stunda nám á framhaldsskólastigi. Það birtist grein í Þjóðviljanum nú í lok september undir yfirskriftinni „Miðinn í menntó 30.000 kr.“ Þar voru tilteknir kostnaðarliðir varðandi bókakaup og félagsgjöld nemenda í framhaldsskólanum. Það hefur komið fram að sennilega er Ísland eina landið í heiminum sem leggur neysluskatt á skólabækur. Ég hef reyndar lagt fram fsp. um tekjur ríkissjóðs af námsbókum til hæstv. fjmrh., en hún er ekki komin á dagskrá enn þá, þannig að ég hef ekki þá tölu sem ríkissjóður fær. Ég veit það hins vegar að þær tekjur gætu nýst mjög vel til námsefnisgerðar bæði á grunn- og framhaldsskólastigi, en eins og flestir vita þá hefur Námsgagnastofnun búið við mikið fjársvelti í mörg ár og hefur því ekki getað sinnt öllum þeim hlutverkum sem henni hafa verið ætluð.

Það er mjög gott og þarft að ræða hér málefni framhaldsskólans. Við gerðum það reyndar líka í fyrra nokkuð lengi. Ég vil minna á eina till. til þál. sem borin var fram fyrir forgöngu hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur, um könnun á launavinnu framhaldsskólanema. Sú till. var samþykkt og var flutt af þingmönnum allra flokka og það væri auðvitað mjög gott ef hún yrði framkmvæmd hið allra fyrsta. Nú veit ég ekki hvað framkvæmd hennar líður og það væri kannski ráð að spyrja hæstv. ráðherra um það líka hér og nú. Það hefur valdið mönnum áhyggjum að nemendur virðast í síauknum mæli þurfa að stunda vinnu með námi sínu. Samkvæmt lauslegum könnunum sem gerðar voru í nokkrum framhaldsskólum í fyrra virtust um 70% nemenda vinna að einhverju leyti með náminu. Það er mjög alvarlegt því að nám er auðvitað full vinna og svo mikil vinna hlýtur að koma niður á námi þeirra og heilsu.

Ég ætla ekki að fara efnislega út í einstakar greinar frv. en mun að sjálfsögðu kynna mér það betur þar sem ég á sæti í hv. menntmn. þessarar deildar.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það er auðvitað ánægjuefni að frv. um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði skuli koma hér til umræðu. Það hefur ekki verið vansalaust á liðnum árum hversu illa hefur verið búið að unglingum úti á landsbyggðinni sem hafa orðið að fara um langan veg í framhaldsskóla og enginn vafi er á því að þessi mikli námskostnaður sem hefur fallið á heimilin veldur verulegu um það að ekki skuli fleiri fara í framhaldsnám en raun ber vitni.

Það er aðdáunarvert að fylgjast með því hversu mikið ýmsir foreldrar og unglingar leggja á sig til þess að geta klofið það að fara í framhaldsskóla og í rauninni geta eyðsluklær eins og ég ekki skilið hvernig sumt fólk fer að sem kemur börnum sínum til mennta, í háskólanám, jafnvel erlendis, en býr þó við mjög þröngan efnahag. En svo er að sjá að það sé viljinn sem í þessu orki kannski mestu eins og í ýmsu öðru. Það breytir þó ekki þeirri staðreynd að nauðsynlegt er að þrýsta mjög á um það að verulega hærri fjárhæðir renni til jöfnunar á námskostnaði á framhaldsskólastigi. Ég vil vekja athygli á því að sá árgangur sem nú gengur inn í framhaldsskólann er stærsti árgangurinn, síðan fækkar nemendum á nýjan leik, þannig að á næstu árum má búast við því að kúfurinn sé á framhaldsskólanáminu. Það er auðvitað laukrétt sem hæstv. menntmrh. segir að þessi fjárlagaliður hefur hækkað verulega á þessu ári, eða úr 25 í 50 millj. eða 100% ef maður vill reikna það þannig. Það var hins vegar ekki úr háum söðli að detta. Þessi fjárlagaliður hafði verið of lágur árum saman og nauðsynlegt að gera betur. Það væri ósanngirni af mér að vanþakka það núna. Ég vil mjög hvetja til þess að menn sýni rausnarskap í sambandi við einmitt þennan fjárlagalið.

Einhvers staðar stendur að bókvitið verði ekki í askana látið. Þetta er rétt og ekki rétt eins og við vitum. Auðvitað skiptir það æ meira máli að menn kunni til verka, geti hagnýtt sér þá þekkingu sem í boði er og með margvíslegum hætti reynt að nýta þá möguleika sem bjóðast á hverjum stað til betra mannlífs og betri afkomu. Það verður hins vegar ekki gert nema unglingarnir eigi kost á því að sækja skóla og helst sé ég það nú fyrir mér að framhaldsskólarnir geti styrkst úti á landsbyggðinni, sem þar eru núna. Því um leið og það er mikil og góð byggðastefna að hlúa að ungviðinu, hlúa að unglingunum, að þeir geti menntast og þroskast, er það ekki síður mikil lyftistöng fyrir byggðarlögin að skólastarfið tengist atvinnulífinu sem víðast, og vafalaust er erfitt að meta hvaða styrkur byggðarlögunum er að því að öflugir framhaldsskólar séu á viðkomandi stað eða í nágrenninu.

Ég vil sem sagt þakka hæstv. menntmrh. fyrir að hafa lagt þetta frv. fram og vonast til þess eins og hann að það fái skjóta og góða meðferð.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta mörg orð. Ég ætla aðeins að lýsa því yfir að Borgfl. kemur til með að styðja frv. Mér virðist að með frv. um jöfnun á námskostnaði verði þessum málum komið í betra horf en nú er og frv. gera það að verkum að þarna séu komnar skýrar reglur um það hvaða styrki eigi að veita og einnig hvaða aðilar eigi rétt á þessum styrkjum. Ég sit í menntmn. og mun fjalla nánar um frv. þar og stuðla að því að það nái í gegn á þessu þingi.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Það er vissulega ástæða til að fagna því að þetta frv. skuli komið fram. Hér er um mikið réttlætismál að ræða fyrir landsbyggðarfólk sérstaklega, sem oft og tíðum verður að bera gífurlegan kostnað vegna skólagöngu barna sinna, meiri kostnað en þá sem í þéttbýlinu búa rennir grun í, bæði húsnæðiskostnað og uppihaldskostnað. Það eru satt að segja ótrúlegar fjárhæðir sem þetta fólk verður að reiða af höndum sem þarf að vera með tvö og kannski þrjú börn í skóla hér á Reykjavíkursvæðinu en býr úti á landi. Það hefur verið vel að þessu máli unnið og það er ánægjulegt að heyra hversu vel stjórnarandstaðan tekur undir það. Ég ítreka ánægju með að þetta skuli fram komið, þetta mikla réttlætismál, og tek undir með þeim þingmönnum sem lýst hafa von um að það megi fá greiðan gang í gegnum þingið. Og eftir því sem hér hefur verið talað virðist ekki nokkur minnsti vafi á því.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þær góðu undirtektir sem frv. hefur fengið og vil aðeins víkja að tveimur atriðum sem fram komu í ræðu hv. 6. þm. Vesturl. Það er fyrst varðandi öldungadeildir sem ég hygg að hafi verið spurt um. Í frv. stendur að þeir eigi rétt, samkvæmt frv. ef að lögum verður, sem stunda reglubundið framhaldsnám hér á landi og verða að vista sig utan lögheimilis og fjarri fjölskyldu sinni vegna námsins. Ég hygg að það sé lítið um það að þessi skilgreining eigi við það fólk sem er í öldungadeildarnámi. Það er auðvitað hugsanlegt að fólk sé að einhverju leyti í öldungadeild en er þá væntanlega líka að einhverju leyti í reglulegu dagskólanámi ef það er fjarri lögheimilum og fjölskyldu vegna námsins. Ég hygg því í sjálfu sér að það sé mjög lítið um að öldungadeildarnemendur sem það geta kallast gætu fallið undir skilgreiningu 2. gr. eins og hún er.

Ég býst hins vegar fastlega við því að þetta mál hafi verið rætt sérstaklega í nefndinni sem undirbjó málið og vil vísa hv. þingmanni á að það mætti hugsa sér að nefndin kallaði fyrir einhvern eða einhverja þeirra sem málið undirbjuggu. Ég vil í þessum efnum sérstaklega leyfa mér að benda á Hermann Jóhannesson, deildarstjóra í menntmrn., sem hefur haft með þessi mál þar að gera lengi. Sem sagt, ég reikna með því að ekki sé gert ráð fyrir því að þarna sé um venjulega öldungadeildarnemendur að ræða, en ég veit ekki hvernig um málið hefur verið fjallað og tel eðlilegt að menntmn. ræði það.

Varðandi könnun á launavinnu framhaldsskólanema er því til að svara að ég lagði fram, þegar ég kom í ráðuneytið, beiðni um yfirlit yfir allar þingsályktanir sem samþykktar hefðu verið á síðustu þremur árum og bað um að ég fengi jafnframt upplýsingar um hvar þær hefðu verið á vegi staddar. Ég hef ekki fengið það svar í einstökum atriðum í ráðuneytinu. Ég hygg þó að að því er þetta verkefni varðar hafi verið farið fram á það að það yrði kannað sérstaklega á vegum félagsvísindadeildar Háskólans. Hérna er ég hins vegar að tala eftir minni sem er kannski fulllosaralegt í þessu sambandi en ég er reiðubúinn að láta hv. þingmanni í té nákvæmari upplýsingar um stöðu málsins síðar.

Ég hef hér gert tilraun til að svara þeim tveimur fsp. sem til mín var beint og þakka að öðru leyti þær góðu undirtektir sem frv. hefur fengið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til menntmn. með 16 shlj. atkv.

EFRI DEILD

19. fundur, föstudaginn 9. des.,
að loknum 18. fundi.

Aðgerðir í efnahagsmálum, 2. umr.

Stjfrv., 20. mál (staðfesting bráðabirgðalaga frá 20. maí 1988). — Þskj. 20, n. 200, brtt. 201, 205, 210, 211.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Það er ekki ný bóla að gefa þurfi út hér á landi bráðabirgðalög og þá venjulegast um ýmisleg efnhags- og þjóðhagsmál, þegar Alþingi ekki situr. Það er ýmislegt um þennan sið að segja sem er leyfilegur samkvæmt okkar stjórnarskrá og mætti auðvitað tala um það langt mál, en ég hygg þó að allar ríkisstjórnir sem hér hafa setið, eða því sem næst, hafi gefið út á sínum starfstíma bráðabirgðalög af einhverju tagi. Venjulegast, og oftar en ekki, eru þetta umdeild mál og raunar er bráðabirgðalagaréttarinn umdeildur. Um þessi mál verða allajafna miklar umræður á þingi og getur þetta verið með ýmsum hætti. Auðvitað kemur það fyrir að bráðabirgðalög hafa verið felld, þannig að þegar til kastanna hefur komið, hefur ekki verið þingmeirihluti fyrir þeim. Það hefur hins vegar aldrei haft nein

eftirköst í för með sér þannig að þessi réttur ríkisstjórnar til útgáfu bráðabirgðalaga er auðvitað ótvíræður. Það er hins vegar svo í þessu þjóðfélagi okkar þar sem, sérstaklega nú hin seinni árin, hefur verið óvenju stutt milli þess að ríkt hefur ýmiss konar vandræðaástand í atvinnulífi og þjóðlífi að það hefur oftar en kannski stundum áður til þess komið að gefa hefur þurft út bráðabirgðalög.

Stjórnarandstaðan deilir jafnan hart á útgáfu bráðabirgðalaga og sjálfsagt er það ofur eðlilegt. Ég hugsa að við öll sem höfum bæði verið í stjórn og stjórnarandstöðu höfum gert það einhvern tíma, fyrr eða síðar. Á sl. vori, rétt eftir þingslit, voru gefin út bráðabirgðalög, nánar tiltekið hinn 20. maí sl. Þá voru enn á ný gefin út bráðabirgðalög 31. maí og hinu þriðja sinni 26. ágúst. Þessi þrenn bráðabirgðalög gaf út sú ríkisstjórn sem þá sat, ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar. Fjórðu bráðabirgðalögin voru síðan gefin út hinn 28. sept. sl. þegar ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar hafði tekið við völdum.

Sjálfsagt má gagnrýna það tvennt við lagaútgáfuna 20. maí og 28. sept. að í annað skiptið hafi verið mjög skammt liðið frá því að Alþingi lauk störfum og í hitt skiptið mjög skammur tími þar til Alþingi skyldi taka til starfa. Hvoru tveggja gagnrýnin á sjálfsagt einhvern rétt á sér og þeir munu til sem segja að á liðnu vori hefði átt að láta þingið sitja örlítið lengur og fjalla um þessi mál og líka þeir sem kynnu að segja að það hefði átt að doka við í tvær vikur eða þar um bil með útgáfu bráðabirgðalaganna 28. sept. og bíða eftir því að þing kæmi saman. Þetta var ekki gert hvorki sl. vor né nú í haust vegna þess að brýnt þótti að standa þannig að málum sem svo var gert.

Ég held, herra forseti, að í upphafi þessarar umræðu sé nauðsynlegt að fara nokkrum orðum um tæknilega hlið þessa máls, og þá ætla ég ekki að fjalla um efnisatriði, heldur einvörðungu það hvernig afgreiðslu þessara mála ber að. Á dagskránni eru tvö mál með mörgum brtt. sem hv. þingmenn hafa sjálfsagt enn ekki kynnt sér. Ég hef ekki haft tækifæri til þess að kynna mér brtt. stjórnarandstöðunnar. Ég sé bara að þær eru viðamiklar og flóknar og snerta mörg atriði málanna, og ég hef ekki haft nokkra aðstöðu til að kynna mér þær, enda var verið að leggja þær á borð okkar þingmanna núna og mér sýnist að verið sé að dreifa nefndarálitinu þessa stundina þannig að ég er í rauninni að flytja framsögu fyrir málinu án þess að hafa átt þess kost að kynna mér nál. stjórnarandstöðunnar. Þetta sýnir hins vegar hversu langt við í stjórnarflokkunum höfum viljað ganga til samkomulags við þær óskir stjórnarandstöðunnar um að hraða þessu máli.

Í rauninni er hér um að ræða fern bráðabirgðalög sem að sumu leyti fléttast saman.

Ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar gaf út bráðabirgðalög þann 26. ágúst sem ég gat um áðan um frestun á hækkun launa og búvöruverðs. Þau koma hér ekki til umræðu vegna þess að þau féllu úr gildi 30. sept., eða frá og með 1. okt. Þau koma því ekki hér við sögu af eðlilegum ástæðum.

Þá eru hin lögin þrenn og ég bið forláts á því að það er nauðsynlegt, held ég, að hafa þennan tæknilega formála svo að öllum sé ljóst hversu flókið þetta mál er í afgreiðslu og hvernig að því hefur verið unnið, en að því mun ég síðar koma. Fyrst komu bráðabirgðalögin frá 20. maí sem hér eru til umræðu. Fáeinum dögum seinna þótti nauðsynlegt og brýnt í ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar að gefa út önnur bráðabirgðalög sem eru 21. mál þingsins. Það er frv. til laga um breytingu á bráðabirgðalögum nr. 14 20. maí 1988, um aðgerðir í efnahagsmálum, og þeim lögum fylgdi þá svohljóðandi rökstuðningur: „Forsrh. hefur tjáð mér að brýna nauðsyn beri til að setja fyllri ákvæði um efni 8. gr. bráðabirgðalaga nr. 14, 20. maí 1988, um aðgerðir í efnahagsmálum. Fyrir því eru hér með sett svofelld bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar.“ Þessi lög voru sem sagt sett vegna þess að nauðsynlegt þótti að hafa ákvæði fyrri laganna ótvíræðari. Þessi lög breyttu því hinum fyrri. Síðan, þegar ný ríkisstjórn hefur tekið hér við völdum, 28. sept., eru enn gefin út bráðabirgðalög, svo sem öllum er kunnugt og koma hér síðar til umræðu, og þau breyta hinum fyrri lögum. Þessi þrenn bráðabirgðalög af fernum sem út voru gefin í sumar skarast því og hver lögin breyta öðrum áreiðanlega með næsta óvenjulegum hætti í lagagerð hér.

Það má vel vera að það sé gagnrýni vert hvernig var staðið að þessari lagasmíð. Ég held hins vegar að allir verði að viðurkenna, bæði stuðningsmenn fyrri ríkisstjórnar og núv. ríkisstjórnar, að í báðum tilvikum var unnið í mikilli tímaþröng og menn verða að virða lagasmiðum og ríkisstjórnum í báðum tilvikum það til vorkunnar að unnið var í mikilli tímaþröng og menn gerðu auðvitað sitt besta þó að eftir á að hyggja megi kannski segja að öðruvísi hefði átt að standa að.

Þetta er vissulega lagatæknilegt vandamál eins og ég hef áður vikið að, en ég vona samt að okkur takist að komast klakklaust fram hjá því. Og nú ætla ég að víkja nokkrum orðum að vinnubrögðum í hv. fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar.

Það var óskað mjög eindregið eftir því af hálfu stjórnarandstöðunnar að afgreiðslu þessara bráðabirgðalaga væri flýtt svo sem kostur væri. Vissulega hefur verið komið til móts við þær óskir því upphaflega var talað um að þetta frv. og þessi frv. tvö, sem hér eru nú til umræðu, kæmu til 2. umr. á þriðjudag í næstu viku. Það kom hins vegar í ljós í síðustu viku að einhvers konar smámisskilningur hafði orðið á þann veg að þingflokkur Sjálfstfl. hafði fengið upplýsingar um að þessi umræða yrði núna í vikunni í staðinn fyrir á þriðjudag í næstu viku eins og um hafði verið talað. Við þessu er ekkert að segja. Ég, sem formaður nefndarinnar, féllst á að reyna að hraða þessu eftir föngum og það hefur tekist, að vísu undir miklu tímaálagi allra, eins og það ber með sér að þingskjölin eru að berast nú inn á borð.

Mér er að vísu skylt að geta þess að þegar ég

samþykkti að verða við þessum tilmælum stjórnarandstöðunnar, að flýta þessu enn frekar, greindi ég frá því að ég hefði sagt hæstv. forsrh. Steingrími Hermannssyni, sem nú er erlendis en fyrir hann gegnir störfum hæstv. sjútvrh. Halldór Ásgrímsson, að þessi umræða yrði fyrst á þriðjudag þegar hann yrði kominn heim. (Gripið fram í.) Hann mun ekki vera kominn heim en mun koma heim nú um helgina. Ég gat þess þá að ég féllist á að flýta umræðunni með þeim skilmálum í rauninni að hér yrðu ekki hafðar uppi kröfur eða hörð gagnrýni á fjarveru Steingríms Hermannssonar, hæstv. forsrh., vegna þess að ég var, eins og ég sagði, búinn að segja honum að umræðan yrði á þriðjudag þegar hann yrði viðstaddur. Mér fannst það þá sanngjarnt að hann lægi ekki undir ámæli fyrir það að vera hér ekki við umræðu sem honum hafði verið sagt að yrði á allt öðrum tíma. Á þetta var fallist og raunar er hæstv. núv. forsrh., sem nú gegnir því starfi, Halldór Ásgrímsson hér staddur í deildinni og fylgist með allri þessari umræðu og er hér auðvitað til fullra svara.

Nú hafa mál hins vegar æxlast þannig að samkomulag hefur orðið um að þessi umræða, eins og hæstv. forseti deildarinnar hefur skýrt frá, haldi áfram eftir hlé til þingflokksfunda kl. 15.30–16.30 til kl. 18.30 og verði henni síðan fram haldið nk. mánudag þegar hæstv. forsrh. Steingrímur Hermannsson verður kominn hér til starfa að nýju að forfallalausu.

Ég tel hins vegar alveg nauðsynlegt, herra forseti, vegna þess hvernig þessi mál öll fléttast saman, bæði þetta og hið næsta dagskrármál, að gera svolitla grein fyrir því hvernig að þessu hefur verið staðið í nefndinni vegna þess að þetta hafa hreint út sagt ekki verið einföld vinnubrögð.

Á stundum er það svo að hlutirnir fara öðruvísi en ætlað er og upphaflega var það ætlunin, og það var að höfðu samráði við hina gleggstu og lögvísustu menn, að þessi þrenn bráðabirgðalög yrðu tekin til afgreiðslu hér í deildinni í þeirri tímaröð sem þau voru sett, þannig að frumvörpin yrðu einfaldlega afgreidd hvert á fætur öðru. Í gær þegar meiri hlutinn hafði gengið frá sínum nefndarálitum í samræmi við allt þetta var haft samband við Helga Bernódusson deildarstjóra hér hjá Alþingi sem mjög fjallar um þessi mál og er glöggur maður einstaklega. Hann benti hins vegar á aðra rökréttari leið til að afgreiða þessi mál. Og ein af þeim röksemdum sem auðvitað er mjög auðvelt að sjá er að það er svolítið erfitt, eins og í þessu máli hér, að samþykkja sem lög frá Alþingi ákvæði í bráðabirgðalögum sem í rauninni er búið að fella úr gildi með öðrum lögum, en þannig hefði það verið ef lögin hefðu einfaldlega verið afgreidd í tímaröð.

Því var farin sú leið að fella þessi þrenn bráðabirgðalög saman í rauninni í tvö mál og taka þau þannig til afgreiðslu hér í deildinni og eftir samráð og samtöl nefndarmanna var á þetta fallist og þannig verða málin afgreidd hér. Það þýðir að vísu að atkvæðagreiðslur verða ekki mjög einfaldar en okkur gefst væntanlega góður tími til að átta okkur á því þar sem þær fara ekki fram fyrr en á mánudaginn.

Ég hef nú þegar, herra forseti, rakið að nokkru það sem segir í nál. meiri hl. og efnislega töluvert meira til skýringa. Meiri hl. nefndarinnar telur eðlilegast að þetta frv. verði afgreitt á þann hátt að inn í það verði felldar þær breytingar sem seinna voru gerðar á efni þess, þ.e. með bráðabirgðalögunum 31. maí og 28. sept. Flytur meiri hl. brtt. í samræmi við það á sérstöku þingskjali og þess vegna teljum við ekki ástæðu til að afgreiða 21. mál. Um efnisatriði frv. þá mun ég á þessu stigi og í þessari framsöguræðu vísa til nefndarálits um 8. mál en mun auðvitað eftir því sem ástæður gefast til í umræðum um þetta í dag og á mánudag þegar fram í sækir svara þeim efnisatriðum sem til mín verður beint.

Ég vek athygli á því að fulltrúi Alþb. hefur fyrirvara um þær greinar frv. sem eftir standa óbreyttar frá því í maí sl. En í september voru gerðar sem sagt verulegar breytingar á þessum lögum með nýjum bráðabirgðalögum þannig að það standa í rauninni aðeins fáar greinar upphaflegu laganna eftir. Því er hér sú tillaga um málsmeðferð að II. kafli laganna úr frv. til laga um efnahagsaðgerðir, þ.e. frá 28. sept., eftir því sem við á, verði tekinn upp í þessi lög. Þannig verða þau í rauninni efnislega rétt og þetta verður auðveldara aðgöngu öllum þeim sem um þetta þurfa að fjalla.

Þegar þessi bráðabirgðalög, herra forseti, voru gefin út á liðnu sumri fylgdi þeim svohljóðandi rökstuðningur:

„Handhafar valds forseta Íslands ... gjöra kunnugt: Forsrh. [og hann var á þeim tíma Þorsteinn Pálsson] hefur tjáð oss að ríkisstjórnin hafi ákveðið aðgerðir í efnahagsmálum er hafi að markmiði að tryggja að gengisbreyting krónunnar 16. maí sl. beri tilætlaðan árangur við að skapa undirstöðugreinum atvinnulífsins viðunandi rekstrarskilyrði, koma í veg fyrir sjálfvirkt víxlgengi verðlags, gengis, launa og fjármagnskostnaðar, og leggja grunn að jafnvægi í efnahagslífinu. Til að þessu markmiði verði náð beri brýna nauðsyn til að tryggja samræmi í launaþróun, verja kaupmátt lægstu launa og draga úr verðbólguáhrifum gengisbreytingarinnar.

Fyrir því eru hér með sett svofelld bráðabirgðalög“ o.s.frv.

Það er alveg ljóst að þegar bráðabirgðalögin voru gefin út var við mikinn vanda að etja í efnahagslífinu. Hins vegar, það sem mönnum var þá ekki ljóst, var að vandinn var djúpstæðari og alvarlegra eðlis en nokkur vegur var á þeim tíma að sjá eða gera sér grein fyrir. Það hygg ég að allir stuðningsmenn þeirrar ríkisstjórnar sem þá sat að völdum geri sér fullkomlega grein fyrir og játi ef þeir vilja líta með hreinskilnum og heiðarlegum hætti til þessara mála. Þeir sem studdu þá ríkisstjórn og unnu að undirbúningi þessara aðgerða töldu að þær mundu duga til þess að rétta þann halla, þá slagsíðu sem komin var á þjóðarskútuna. Staðreyndin var hins

vegar sú, og það kom í ljós áður en mjög langt um leið, að þessar aðgerðir voru ekki nægilegar. Það er auðvelt að sjá, eftir á að hyggja, vegna þess að ég hygg að engan hafi órað fyrir því að þróunin á mörkuðum erlendis, og þróunin hér innan lands, yrði með þeim hætti sem raun bar vitni. Og því fór sem fór í stjórnartíð ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar, að þegar komið var fram í september sáu allir að nýrra aðgerða var þörf, nýjar aðgerðir voru þjóðarnauðsyn, og að atvinnuvegirnir voru að stöðvast. Hvernig þeim málum lyktaði á þeirri tíð ætla ég ekki að rekja hér og nú. Það er kannski eðlilegra að koma að þeim þáttum þjóðarsögunnar í þessum efnum þegar komið verður að 8. máli sem er á dagskrá á eftir. Ég mun a.m.k. gera það þá. Ég hygg að páv. ríkisstjórn verði ekki með neinum hætti álasað fyrir það sem hún gerði, að gera ekki meira eða að gera ekki minna. Staðan var bara önnur en menn fengu séð.

Þessi bráðabirgðalög eru auðvitað með hefðbundnum hætti. Svo sem ég sagði áðan hafa ríkisstjórnir, fleiri en ein og fleiri en tvær og þrjár, staðið að slíkri lagasmíð. Í 1. gr. er fjallað um takmarkanir á launahækkunum, og það eru framlengdir gildandi kjarasamningar, samningsrétturinn er afnuminn, segja menn. Það var reynt að hamla gegn þeirri þróun sem menn sáu þegar komna af stað. Og það var gert með þessum hefðbundnu ráðum sem áður hefur verið gripið til. Ég þarf ekki að rekja mjög ítarlega fyrir hv. þingmönnum þessi efnisatriði. Þetta voru aðgerðir sem ætlað var að koma í veg fyrir víxlgengi verðlags, gengis, launa og fjármagnskostnaðar og leggja grunn að jafnvægi í efnahagsmálum. Þetta var gert til að tryggja samræmi í launaþróun til þess að einstakir hópar gætu ekki tekið sig út úr sem geta haft kverkatak á vissum sviðum þjóðlífsins. Þetta var fyrst og fremst til að koma í veg fyrir það, til að tryggja öllum launþegum jafnstöðu og til að freista þess að verja kaupmátt lægstu launa. Um þetta vorum við sammála, alþýðuflokksmenn, sjálfstæðismenn og framsóknarmenn á þessum tíma. Og ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því að fyrrv. samstarfsmenn okkar í ríkisstjórn, sjálfstæðismenn, muni snúast öndverðir gegn einhverjum þáttum þessara laga sem þeir unnu að með okkur, og við kannski frekar undir forustu þeirra á þeim tíma, að setja. Ég held að það væri einsdæmi í stjórnmálasögunni ef menn snerust þannig gegn foringja sínum með, ja, ég veit ekki hvað ég á að segja, lúalegum hætti, að styðja ekki þá löggjöf sem hann gaf út á sínum tíma. Það kemur hins vegar allt í ljós hér í tímans og umræðunnar rás.

Meiri hl. nefndarinnar flytur brtt. á þskj. 201 við þetta frv. til laga í efnahagsmálum og án þess að ég þreyti hv. þingmenn á því í löngu máli að fara að lesa þær upp felast þær einfaldlega í því að eftir því sem við á er II. kafli laganna frá 28. sept. tekinn upp í þessi lög með þeim breytingum sem við eiga. Þetta er í rauninni einfalt mál og það sem við erum að gera er hálfgerð lagahreinsun, að koma þessum tvennum bráðabirgðalögum saman í aðgengilegt form, þannig að hvor um sig gildi án þess að í öðrum lögum sé að finna ákvæði sem breyta þeim sérstaklega, einkum að því er þessa launaliði varðar.

Það eru, herra forseti, fáein önnur atriði í sambandi við nefndarstarfið sem ég mundi kannski víkja að að lokum.

Það hefur verið hafður sá háttur á í nefndinni að við höfum haldið um þetta eina átta eða níu fundi sem hafa verið langir, og það hefur fjöldinn allur af fólki komið til viðtals við okkur, fulltrúar fyrirtækja, stofnana, félaga og samtaka. Ég mun ekki rekja þann lista fyrr en í umræðunni um 8. mál. Vegna þess að þorri þeirra kom vegna þeirra laga og ákvæðanna um Atvinnutryggingarsjóð sem þar er að finna mun ég rekja það þar. Ég vil hins vegar undir lok máls míns gera grein fyrir þeim nýju vinnubrögðum sem voru viðhöfð í nefndinni og felast í því að með nefndinni hefur starfað viðskiptafræðingur, Sveinn Agnarsson, sem er starfsmaður Ríkisendurskoðunar, stofnunar Alþingis. Hann hefur skrifað mjög ítarlegar fundargerðir sem við höfum fengið vélritaðar eftir hvern fund og eru efnisleg frásögn af fundunum. Í fundargerðabók nefndarinnar hafa verið bókaðar afgreiðslur og hvaða mál hafa verið tekin fyrir alveg með hefðbundnum hætti eins og gert hefur verið í öllum nefndum þingsins um langa hríð. Starfsmaður nefndarinnar hefur líka aflað okkur ýmissa gagna. Hann hefur séð um að boða menn á fundi sem er ærið verk. Þegar kannski er óskað eftir 30–40, jafnvel 50 aðilum til fundar við nefndina er ærið verk að stilla því saman og fá það til að ganga upp á þeim naumt skammtaða tíma sem við höfum nú í þessum önnum.

Þetta fyrirkomulag hefur gefist mjög vel og ég mun, með leyfi samnefndarmanna minna, afhenda formanni fjh.- og viðskn. Nd. þessar fundargerðir. Þó að ýmislegt skondið sé þar kannski að finna um vinnubrögð nefndarinnar sem á ekki beint erindi til þeirra og hv. nefndarmenn hér kunna góð skil á breytir það nú ekki miklu. Ég leyfi mér hins vegar að vona að fundargerðir af þessu tagi geti sparað hv. fjh.- og viðskn. Nd. mjög verulega vinnu í umfjöllun hennar um málið því að mér hefur satt að segja fundist það heldur hvimleitt hjá okkur hér á hinu háa Alþingi, þar sem nefndir gera mjög lítið að því að starfa saman, að við erum kannski dag eftir dag eða viku eftir viku að kalla fulltrúa sömu stofnana, sömu félaga, sömu fyrirtækja og sömu samtaka hingað á fund á ýmsum tímum, þægilegum og óþægilegum, kvölds og morgna, stundum um helgar, til þess að gera tvisvar sinnum grein fyrir sama málinu. Mér hefur fundist það heldur hvimleitt og leiður siður af hálfu Alþingis. Og þetta leiðir raunar líka hugann að þeim vinnubrögðum sem hér tíðkast á hinu háa Alþingi þegar við erum á fáeinum vikum og stundum fáeinum dögum að fjalla um og afgreiða fjárlagafrv. og mörg tekjuöflunarfrv. eins og nú háttar. Sum þeirra höfum við ekki enn séð og í dag er 9. des. Auðvitað vita allir ástæðurnar fyrir því, að

ný ríkisstjórn tók við völdum 11–12 dögum áður en Alþingi kom saman. Það eru óvenjulegar aðstæður.

Ég velti því hins vegar fyrir mér og geri það mjög oft og í vaxandi mæli hvort við séum ekki á alröngum brautum hér þegar annars vegar situr fjvn. sem er að fjalla fyrst og fremst um útgjöld ríkisins og gera tillögur þar um, og kjördæmasjónarmið eru eðlilega mikið höfð í frammi. Hins vegar sitja svo tvískiptar, í tveimur deildum, fjh.- og viðskiptanefndir sem hafa að ýmsu leyti mjög erfiða aðstöðu til starfa og ekkert í líkingu við fjvn. og eru að fjalla um tekjur ríkisins sem fjvn. kemur aldrei nálægt. Ég leyfi mér að halda því fram að þetta séu ekki góð vinnubrögð. En þessu verður auðvitað ekki breytt í einni svipan. Ég held hins vegar að við ættum að huga að því, alþm., og þeir sem hér sitja í framtíðinni að koma þessum málum svo fyrir að það verði sama nefndin sem fjallar um bæði tekjur og gjöld ríkisins. Allt annað er í rauninni óskynsamlegt. Það mætti líka hugsa um það, og það segi ég ekki vegna þess hvernig mál standa núna, heldur miklu fremur vegna þess hvernig þau hafa oft staðið um þetta leyti, hvort það er alveg óhjákvæmilega nauðsynlegt að afgreiðsla fjárlaga miðist alltaf við áramót. Sumar þjóðir hafa þar annan hátt á. Það gæti verið 1. mars, 1. apríl, jafnvel 1. júní, eins og dæmi eru um. Ég held að vegna þess að desember er desember og aldrei var samþykkt tillaga Castrós um að fresta jólunum verði þetta alltaf erfitt. (Gripið fram í.) Ég var ekki, hv. þm. að gera tillögu um að fjárlagaafgreiðslu yrði frestað til 1. júní. Það er mikill misskilningur.

Ég set þetta fram hér til umhugsunar, þegar það bætist nú við að við erum að fjalla um flókin bráðabirgðalög um efnahagsmál, flókin og umdeild, á sama tíma og allt þetta og það gerum við vegna þess að við höfum komið til móts við óskir stjórnarandstöðunnar um vinnubrögð. Ég tek það skýrt fram að það hefur verið komið til móts við allar óskir stjórnarandstöðunnar um vinnubrögð í sambandi við afgreiðslu bráðabirgðalaganna og ég vona að það verði virt og metið. Það var lögð mikil áhersla á það af hálfu stjórnarandstæðinga að þessu máli yrði flýtt og það hefur verið gert og við það hefur verið staðið og við það verður staðið.

Ég veit ekki, herra forseti, hvort rétt er að hafa um þetta öllu fleiri orð núna. Meiri hl. nefndarinnar leggur sem sagt til að þetta frv. verði samþykkt með brtt. sem fluttar eru á sérstöku þingskjali. Þar hefur fulltrúi Alþb. hins vegar bókað fyrirvara um þær greinar sem eftir standa úr lögunum frá í maí sem Alþb. stóð ekki að.

Ég get því að þessu sinni, herra forseti, lokið máli mínu. Meiri hl. leggur sem sagt til að lögin verði samþykkt með þessum breytingum.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég áttaði mig ekki alveg á því né skildi hvað það kom framsöguræðu meiri hl. fjh.- og viðskn. við þó ég hafi í einkasamtali sagt formanni fjh.- og viðskn. að ég hafi farið rangt með það í þingflokki Sjálfstfl. hvenær 2. umr. yrði. (**EG:** Ég sagði að það hefði orðið smámisskilningur.) Ég sagði honum þetta í einkaviðtali og spurði hvort hægt væri að flýta umræðunni og var þakklátur fyrir að formaður nefndarinnar skyldi taka því vel og get tekið undir það sem hann sagði áðan að hann hefur með öllum hætti reynt að greiða fyrir því að orðið yrði við óskum stjórnarandstöðunnar í fjh.- og viðskn. Er ég honum þakklátur fyrir það og hef ekki undan neinu að kvarta í því efni.

Það er rétt, sem formaður fjh.- og viðskn. sagði, að hann spurði sérstaklega að því í nefndinni hvort uppi yrði höfð hörð gagnrýni á hæstv. forsrh. ef hann yrði ekki við nú í dag þegar umræðan færi fram og sagði ég að ég mundi ekki gera það, ég teldi hitt mikilsverðara að málið fengi afgreiðslu í deildinni fremur en að hæstv. forsrh. gæfi sér tíma til að vera heima. Hins vegar hefur hist svo á að í leiðara eða forustugrein Alþýðublaðsins hefur verið vikið nokkuð að fjarvistum hæstv. forsrh. sem ég tel rétt að rifja upp hér í deildinni þegar hann er kominn til landsins og mun ekki gera að umræðuefni nú.

Ég vil taka skýrt fram að ég vissi um það með hvaða hætti þetta mál yrði tekið fyrir í dag, frv. til laga um breyting á bráðabirgðalögum um aðgerðir í efnahagsmálum, og hafði lýst mig samþykkan þessari málsmeðferð að því leyti til að ég gerði ekki athugasemdir við hana út frá þingskapalegu sjónarmiði. Á hinn bóginn verð ég að játa að ég hef núna uppi vissar efasemdir, herra forseti, um að málið beri rétt að þinglega. Við erum hér að fjalla um bráðabirgðalög sem voru útgefin í maímánuði. Síðan var þeim bráðabirgðalögum breytt í septembermánuði og hafur verið flutt frv. til staðfestingar á þeim bráðabirgðalögum á þskj. 8, 8. mál þingsins, og nú birtast á þskj. 201 brtt. við ja, við frv. til laga um aðgerðir í efnahagsmálum, ja, ég veit það ekki. Kjarni málsins er sá að allar þessar greinar eru í lögum nú þegar. Og spurningin er hvort ekki væri eðlilegra að gera hitt frv. sjálfstætt. Um þetta hef ég ekki hugsað til botns, en vil vekja athygli á því að þetta mál er ekki alveg einfalt. Ég man ekki eftir því í annan tíma að ég hafi lent í svipuðu máli og nú og vil því leyfa mér að íhuga það nánar. Þó má vera að þetta sé í lagi. Skal ég ekki fara frekari orðum um það nú enda mun ég halda ræðu minni áfram eftir kl. hálffimm.

Ég saknaði þess í ræðu formanns meiri hl. fjh.- og viðskn. að hann skyldi ekki gera grein fyrir afstöðu fulltrúa Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandsins eða Sjómannasambands Íslands, sem komu á fund nefndarinnar, en þeir afhentu nefndinni ályktanir frá sínum þingum. Tel ég nauðsynlegt, áður en lengra er haldið, að víkja örlítið að þessum ályktunum.

Ég vil vekja athygli á því að Ari Skúlason, hagfræðingur Alþýðusambands Íslands, gerði kröfu til þess að annaðhvort yrðu bæði lán og laun bundin vísitölu eða hvorugt. Hann benti á að þótt lánskjara-

vísitala yrði afnumin mætti í raun halda áfram verðbindingu lána með því að hafa nafnvexti nógu háa. Nafnbreyting skipti ekki máli. Hann lagði áherslu á það sjónarmið Alþýðusambands Íslands að sá kaupmáttur sem samið væri um hverju sinni fengi að haldast. Nú langar mig að spyrja hæstv. sjútvrh. — ég hygg að hann sé hér inni í hliðarherbergi — að því hvort umræða hafi orðið um það í ríkisstjórninni að lögbinda það að laun skyldu hækka eða lækka með vísitölu kaupgjalds. Hæstv. forsrh. hefur hvað eftir annað sagt að hann teldi það óeðlilegt og raunar rangt að hér væri lánskjaravísitala í gildi nema launin yrðu verðtryggð með samsvarandi hætti. Ég hef oft heyrt það af munni hæstv. menntmrh. að honum er mikið í mun að verðtryggja launin, sennilega vegna þess að það hefur enginn maður oftar en hann skert kaupgjaldsvísitöluna á meðan hún var í gildi, enginn maður sem nú er á þingi, kannski einn sem nú er erlendis, hæstv. forsrh. (**Menntmrh.:** Tveir núlifandi Íslendingar.) Tveir núlifandi Íslendingar. Má vera. Það væri fróðlegt að fá upplýsingar um það hvort rætt hafi verið um það í ríkisstjórninni að taka upp kaupgjaldsvísitölu á nýjan leik sem er í samræmi við yfirlýsingar hæstv. forsrh. fyrr og síðar að nauðsynlegt sé á meðan lánskjaravísitölu er haldið. Má raunar vera að Keflavíkurtunglið hafi verið yfir honum þegar hann lét þau orð falla. (**Gripið fram í:** Er það ekki tunglið?) (**Gripið fram í:** Það hlýtur að hafa verið Hornafjarðarmáninn.) (**Menntmrh.:** Skrifið það á Hornafjarðarmánann.) Ekki Hornafjarðarmáninn.

Ég tel rétt við þessa umræðu að lesa úr ályktun frá fundi stjórnar Farmanna- og fiskimannasambandsins, sem haldinn var 7. okt. sl., þar sem mótmælt er harðlega afnámi samningsréttar eins og gert var í þeim bráðabirgðalögum sem ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar setti í septembermánuði. Í ályktuninni segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Einnig mótmælir fundurinn þeirri ákvörðun að almennt fiskverð frá 3. júní sl. skuli gilda til 15. febr. á næsta ári. Í því sambandi bendir stjórnin á tvennt. Í fyrsta lagi voru öllum launþegum tryggðar með lögum 10% grunnkaupshækkanir að lágmarki á tímabilinu 31. des. 1987 til 1. júní 1988. Á sama tíma og sjómenn fengu aðeins tæplega 5% hækkun á almennu fiskverði er ljóst að mörg launþegasamtök fengu kjarabreytingu umfram hin lögbundnu 10%. Í öðru lagi lúta laun sjómanna í meginatriðum sömu lögmálum og tekjur útflutningsgreinanna, þ.e. breytast með gengisskráningu og verðbreytingum afurða á erlendum mörkuðum.

Við bendum á að efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar er fyrst og fremst ætlað að bæta stöðu útflutningsgreinanna af tveimur ástæðum. Sú fyrri er fast gengi á tímum verðbólgu á bilinu 25–35%, sú síðari er verðfall afurða á erlendum mörkuðum.

Kjör sjómanna hafa rýrnað með svipuðum hætti og tekjur útflutningsgreinanna á sama tíma sem laun almennt í landinu hafa hækkað án tillits til breytinga á útflutningstekjum. Í ljósi þessa er frysting fiskverðs til 15. febr. afar ósanngjörn og ljóst að sjómenn sitja ekki við sama borð og aðrir launþegar landsins.

Einnig mótmælir fundurinn harðlega fyrirhugaðri lántöku Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins til þess að verðbæta ákveðnar greinar vinnslunnar. Fyrirhugað er að sjóðurinn endurgreiði lánið af tekjum sínum á næstu þremur árum.

Í þessu sambandi minnir stjórn Farmanna- og fiskimannasambandsins á að sjóðurinn er sameign sjómanna, útgerðar og fiskvinnslu. Í þessu tilviki er því ekki verið að bakfæra fjármuni, eins og haldið hefur verið á lofti, frá þeim sem hagnast hafa á rangri gengisskráningu til þeirra sem tapað hafa hennar vegna. Hér er verið að færa til fjármuni innan sömu greinar, frá sjómönnum og útgerð til fiskvinnslunnar, eða milli þeirra sem búa í meginatriðum við þær tekjusveiflur sem minnst er á hér að framan og eru forsendur áðurnefndra aðgerða."

Í ályktun Sjómannasambandsins segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Sextánda þing Sjómannasambands Íslands mótmælir síendurteknum íhlutunum stjórnvalda í almennar fiskverðsákvarðanir. Á meðan fiskverð er aðeins hækkað um 4,9% frá 16. nóv. 1987 eru almenn laun hækkuð með lögum um minnst 10% á sama tíma. Margir launþegahópar fengu þó meiri hækkun en lögin mörkuðu. Sjómenn eru því einir látnir taka á sig kjararýrnun vegna lækkandi markaðsverðs á fiskafurðum erlendis.

Þá mótmælir 16. þing Sjómannasambands Íslands bráðabirgðalögum ríkisstjórnarinnar þar sem samningsfrelsi er afnumið. Með lögunum er réttur sjómanna til að ná sömu kjörum og aðrir launþegar hafa fengið stórskertur. Líta verður á það sem grundvallarmannréttindi að launþegar hafi frjálsan samningsrétt. Sextánda þing Sjómannasambands Íslands krefst þess að hin nýja ríkisstjórn jafnréttis og félagshyggju gefi samningsréttinn frjálsan strax."

Enn fremur segir í ályktuninni, með leyfi hæstv. forseta:

„Sextánda þing Sjómannasambands Íslands mótmælir harðlega þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar sem fram kemur í 1. gr. bráðabirgðalaganna um aðgerðir í atvinnumálum, þar sem greiða á bætur til fiskframleiðenda úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins með láni sem greiðast á með væntanlegum tekjum sjóðsins síðar. Þingið telur að með þessari ákvörðun sé ríkisstjórnin farin að nota sjóðinn með öðrum hætti en honum var ætlað þegar hann var stofnaður. Í þessu sambandi vísar þingið til nefndarálits sem lagt var fram þegar lögin um Verðjöfnunarsjóðinn voru til umfjöllunar en þar kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Mönnum hættir til að gleyma að sjóður þessi er myndaður af aðilum í sjávarútvegi eingöngu og er því óskoruð og óvefengjanleg eign þeirra sem við þann atvinnuveg starfa. Raunar eins konar geymslufé þeirra. Að því leyti til nýtur sjóðurinn nokkurrar

sérstöðu umfram aðra sjóði og ætti að vera óheimilt að ráðstafa fé úr honum, hvorki til greiðslu né lánveitinga, nema með fullu samþykki þeirra sem að sjóðnum standa. Það er því ótækt að einn aðili að sjóðnum fái úr honum greiðslur án þess að aðrir eigendur sjóðsins njóti þeirra einnig."

Enn fremur segir í ályktun 16. þings Sjómannasambands Íslnds, með leyfi hæstv. forseta:

„Sextánda þing Sjómannasambands Íslands mótmælir harðlega 10. gr. sömu laga þar sem kveðið er á um sérstakt gjald á loðnu og annan bræðslufisk svo og 19. gr. sömu laga þar sem kveðið er á um einungis 1,25% hækkun fiskverðs sem gefur sjómönnum aðeins 6% launahækkun á 18 mánaða tímabili, miðað við síðustu verðákvörðun. (**Forseti:** Ég verð að biðja hv. ræðumann að gera hlé á ræðu sinni vegna þingflokksfunda.) — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Áður en ég held áfram að fjalla um frumvarp til staðfestingar á bráðabirgðalögum eins og þau eru ekki, þá vil ég aðeins víkja að því að fundi var frestað hér klukkan hálffjögur til þess að þingflokksfundir gætu hafist en síðan hélt forseti Nd. áfram fundi til klukkan fjögur. Með þessu er auðvitað verið að gera grín að okkur þingmönnum. Við hefðum getað haldið áfram fundi hálftíma lengur og þá hætt hálftíma fyrr í kvöld, klukkan sex. Það gengur náttúrlega ekki að starfshættir þingsins séu þannig að á víxl sé frestað fundum í deildum og þingmenn þeirrar deildarinnar þar sem frestað er látnir sitja aðgerðalausir á meðan hinn hæstv. forsetinn heldur áfram. (**Forseti:** Vegna orða hv. ræðumanns vil ég aðeins geta þess að á fundi með forsetum og formönnum þingflokka var samið um að þingflokksfundir yrðu frá hálffjögur til hálffimm. Að öðru leyti er mér ókunnugt um málið.) Já, ég er ekki að finna, herra forseti, að fundarstjórn í þessari deild, heldur væri ég þakklátur ef hæstv. forseti vildi koma þeim skilaboðum áleiðis til forseta Nd. að það er óhæfilegt, það er ókurteisi við þingmenn Ed., óvirðing við Ed., að halda áfram fundarhöldum í Nd. þegar búið er að semja um að báðar deildir geri hlé á störfum sínum samtímis til þess að hægt sé að halda fundi í þingflokkum.

En þá er best að koma aftur að frv. til staðfestingar á bráðabirgðalögum eins og þau eru ekki.

Á þingi Alþýðusambands Íslands sem haldið var 21.–25. nóv. segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„36. þing Alþýðusambands Íslands, sem haldið er í skugga laga um afnám samningsréttar, áréttar að samningsréttur verkalýðshreyfingarinnar séu þau grundvallarmannréttindi sem hreyfingin mun aldrei afsala sér né samþykkja neina skerðingu á. Þingið fordæmir aðför ríkisvaldsins að launafólki sem felst í afnámi samningsréttar og krefst þess að hann verði gefinn frjáls nú þegar. Enn fremur krefst þingið þess að samningar stéttarfélaganna verði strax settir í gildi með öllum þeim ákvæðum sem þeir inni halda.

Allar síðustu ríkisstjórnir landsins hafa gengið á gerða kjarasamninga með einum eða öðrum hætti. Þessi íhlutun hefur orðið sífellt alvarlegri og beinskeyttari. Þingið leggur áherslu á að þessari þróun verði snúið við. Verkalýðshreyfingin verður að gera ríkisvaldi og atvinnurekendum ljóst að kjarasamningar hafa sama gildi og aðrir bindandi samningar.

36. þing Alþýðusambands Íslands felur miðstjórn að hefja nú þegar undirbúning að því að skapa breiða samstöðu allra heildarsamtaka launafólks með það að markmiði að endurheimta samningsréttinn og fyrirbyggja að sagan frá í vor og haust endurtaki sig."

Ég tel nauðsynlegt, herra forseti, að þessara ályktana verkalýðshreyfingarinnar sé getið hér í framsöguræðu. Það hefði að sjálfsögðu verið eðlilegra að formaður fjh.- og viðskn. hefði vikið að þessum sjónarmiðum verkalýðshreyfingarinnar, (**EG:** Hann hafði hugsað sér að gera það.) en úr því að það var ekki gert taldi ég nauðsynlegt að rifja þetta upp nú og líka vegna þess að það er mjög athyglisvert að sú hin nýja ríkisstjórn, eftir að Alþb. kemur inn í hana, sá ástæðu til þess að breyta efnislega svo til öllum lagaákvæðunum í gömlu bráðabirgðalögunum frá því í maí nema einu ákvæði sem er síðari málsliður 4. gr.:

„Verkbönn, verkföll, þar með taldar samúðarvinnustöðvanir eða aðrar aðgerðir, sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi mæla fyrir um, eru óheimilar."

Það er athyglisvert að frá sjónarmiði Alþb. er þessi málsgrein svo vel orðuð að þeir gátu ekki fundið annað orðalag betra fyrir þessa hugsun og létu því þessa málsgrein eina standa óbreytta í gömlu bráðabirgðalögunum, þeirra málsgreina sem komu inn á kjarasamninga eða vinnustöðvanir. Þetta lýsir auðvitað því sem löngu er vitað að alþýðubandalagsmenn eru sömu skoðunar og við erum, þingmenn úr ýmsum öðrum stjórnmálaflokkum, að þær aðstæður geta komið upp að stjórnvöld telji nauðsynlegt að grípa inn í kjarasamninga og telja að samningsréttur-inn svokallaði sé ekki svo heilagur að ekki megi á hann ganga ef þjóðarnauðsyn krefjist. Þessi afstaða Alþb. nú, að láta þessar málgreinar vera óbreyttar í bráðbirgðalögunum, undirstrika vitaskuld að Alþb. viðurkennir með þessari afstöðu að nauðsynlegt var að taka málsgreinina inn í lögin í maímánuði. Með þessari afstöðu sinni er Alþb. í raun og veru að slá svörtu striki yfir allar þær upphrópanir sem forustumenn þess höfðu uppi nú í sumar og haust um það að samningsrétturinn væri heilagur, réttur sem mætti ekki á ganga. Þeir gera það í hvert skipti sem þeir koma í ríkisstjórn. Þá slá þeir hinu svarta striki yfir fögru orðin um samningsréttinn sem þeir viðhafa þegar þeir mæta á Alþýðusambandsþingum eða þegar þeir eru í stjórnarandstöðu. Það er nauðsynlegt að vekja athygli á þessu. Við sjálfstæðismenn töldum í haust nauðsynlegt að grípa inn í kjarasamninga og að því leyti getum við tekið til okkar hluta af þeim aðfinningum sem er að finna í ályktunum og samþykktum launþegasamtakanna og skorumst ekki undan því.

En hitt held ég að verði pínulítið erfitt fyrir hv. þm. Eið Guðnason að sjá það hvort við sjálfstæðismenn viljum samþykkja frv. til laga um aðgerðir í efnahagsmálum eins og þau voru samþykkt í maímánuði þar sem hann hefur nú sjálfur gengið af trúnni, hann hefur sjálfur brugðist því, sem hann taldi svo mikilvægt áðan, með því að flytja nú brtt. við svo til hverja einustu grein frv. og bráðabirgðalaganna eins og þau voru í maí. Hann er auðvitað ekki sama sinnis nú og í maí um það að rétt hafi verið að hækka laun úr 10% í 12,75% frá áramótum hinn 1. sept. og hann er ekki þeirrar skoðunar nú sem hann var í maí að rétt hefði verið að laun hækkuðu í landinu hinn 1. des. frá áramótum um 14,45% en ekki um 10%. Það er auðvitað mjög eftirtektarvert að veita því athygli að sú brtt. sem Alþb. stendur að nú við þetta frv., og fólst í bráðabirgðalögunum sem gefin voru út í september, felur það í sér, 1. gr. felur það í sér að frá 31. des. 1987 til 15. febr. á næsta ári skuli laun einungis hækka um 10% en í gömlu lögunum eins og þau voru var talað um það að launin ættu að hækka um 14,45% frá áramótum. Það er þess vegna um hreina launalækkun að ræða í bráðabirgðalögunum eins og þau eru núna og það er eftirtektarvert að það skuli vera Alþb. sem stendur að þessari breytingu á lögunum.

Við sjálfstæðismenn erum auðvitað þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé nú og hafi verið svo mánuðum skiptir að grípa til aðgerða í efnahagsmálum sem duga.

Ég var pínulítið undrandi á því þegar formaður fjh.- og viðskn. var að tala um það áðan að við sjálfstæðismenn mundum snúast gegn formanni okkar með lúalegum hætti með því að greiða ekki atkvæði með þeim bráðabirgðalögum sem hann setti. (**EG:** Ég sagðist ekki trúa því.) Hv. þm. sagðist ekki trúa því. Er hv. þm. sammála bráðabirgðalögunum eins og þau voru í maí? Er hv. þm. reiðubúinn til þess að falla frá bráðabirgðalögunum í september? Á ég að trúa því að hv. þm. hafi uppi málflutning af þessu tagi ef hann sjálfur hefur fallið frá efni bráðabirgðalaganna í maí? Telur hv. þm. að þau eigi enn við? (**EG:** Hann styður nú nýja ríkisstjórn.) Hann styður nýja ríkisstjórn og hann styður ekki bráðabirgðalögin frá því í maí. (**Gripið fram í:** Hann hefur skipt um skoðun.) Hann hefur skipt um skoðun. En hitt er merkilegt atriði, herra forseti, hvort það sé þinglega rétt að taka hér á dagskrá frv. til staðfestingar á bráðabirgðalögunum eins og þau eru ekki. Það er auðvitað mikil spurning hvort það sé rétt málsmeðferð. Það væri kannski nauðsynlegt að íhuga það til næsta fundar hvort það væri rétt. Það væri líka fróðlegt að láta reyna á það nú við 2. umr. hverjir mundu greiða atkvæði með bráðabirgðalögunum eins og þau voru í maí, hvort það séu einhverjir þingmenn hér inni enn þá sem trúa því að þau bráðabirgðalög hafi dugað, og sjá hvað gerist, að hv. þm. dragi til baka sína brtt. Við látum reyna á það í lok 2. umr. hvernig hugur manna er í deildinni, hvort t.d. ráðherra Alþb. muni greiða atkvæði með því að sú ákvörðun sem tekin var í bráðabirgðalögum Þorsteins Pálssonar skuli standa, að laun verkafólks frá ársbyrjun til ársloka skuli hækka um 14,45%. Það væri fróðlegt að sjá það. Það væri líka fróðlegt að sjá hvernig hv. þm. hugsar sér að á það geti reynt hvernig við sjálfstæðismenn greiðum atkvæði um bráðabirgðalög Þorsteins Pálssonar ef meiri hlutinn breytir þeim við 2. umr. þannig að málið komi aldrei til atkvæða óbreytt, ekki ein einasta grein í frv. sem snertir kjara- og launamál. Það væri fróðlegt að sjá hvernig hann hugsar sér það.

Það er auðvitað alveg ljóst að þetta var bara upphrópun hjá þessum hv. þm. Hann hagaði sér þannig hér um daginn þegar við vorum í umræðum um lánsfjárlög, herra forseti, að hann óð hér upp í lok fundarins með hvers konar svívirðingum og dylgjum órökstuddum um formann Sjálfstfl. Greip tækifærið þegar menn voru orðnir ásáttir um það að stytta mál sitt til að koma þessu að og hagaði sér þá með sama ómerkilega hættinum og þingmaður Framsfl. í Reykjavík gerir einatt í Nd. Hitt væri annað mál að við ættum kannski að fara að taka upp umræður um það hvernig Alþfl. hagaði sér í ríkisstjórn, hvernig hann hagaði sér þegar hann var að nudda sér utan í sjálfstæðismenn fyrir síðustu kosningar og þóttist hafa einhverjar hugsjónir um það að láta ætti t.d. atvinnuvegina njóta sömu skattalaga og fyrirtæki gera í löndunum í kringum okkur. Þegar hann kom, þessi líka stóri karl, Jón Baldvin Hannibalsson, hæstv. utanrrh. í tílabeinsturni Steingríms Hermannssonar, þegar hann kom hér í sjónvarpið dag eftir dag og fór að tala um það hvað það væri þýðingarmikið nú fyrir okkur Íslendinga að við ættum að láta atvinnuvegina njóta sama réttar og í Vestur-Evrópu vegna hins stóra markaðar sem þar væri vegna þess að íslensk fyrirtæki væru í erfiðari markaðsstöðu en áður. Út af stóra markaðinum, sagði hann, og þess vegna ættu þau að fá að njóta sams konar skattalaga og þar eru, jafnrýmilegra skattalaga og þar eru til að styrkja þá í samkeppninni, styrkja íslensk fyrirtæki í samkeppninni við þau erlendu. Fyrir þessu þóttist hann vilja berjast og hann þóttist vera heilagari en páfinn, hann þóttist vilja gera meira fyrir fyrirtækin en jafnvel Sjálfstfl. Og það gekk svo langt að jafnvel í afmælum forustumanna Sjálfstfl. fór hann að blanda þessu saman að hann væri orðinn meiri sjálfstæðismaður en við sjálfstæðismenn sjálfir. Og þá bað hann okkur um að lofa sér því að við mundum ekki binda trúss okkar við neinn annan en krata eftir næstu kosningar. Og hvernig hagaði hann sér svo? Og hugsa sér smekkinn að leggjast með framsóknarmaddömunni eftir kosningar með þeim hætti sem hann hefur gert! Það var þá smekkur! (Gripið fram í.) En það má líka segja það um þennan ágæta krata að honum hafi ekki verið sjálfrátt. Alþfl. lenti í miklum raunum eftir að síðasta ríkisstjórn var mynduð vegna þess að almenningur gerði sér grein fyrir

því að margt af því sem síðan hefur reynst okkur hvað erfiðast og önugast er komið úr hugmyndabanka Alþfl.

Við gætum til að byrja með aðeins imprað á því hvernig úthald Alþfl. hafi verið í sambandi við þá miklu samræmingu á skattalögum sem hann var að tala um að væri svo þýðingarmikil meðan hæstv. utanrrh. var formaður Alþfl., Jón Baldvin Hannibalsson. Hverjar eru nú hugmyndirnar sem uppi eru t.d. í sambandi við tekjuskattinn, staðgreiðsluna? Er ekki ríkisstjórnin önnum kafin við að ræða það núna að hafa skattþrepin tvö? Hvað sagði hæstv. utanrrh. um það þegar hann var fjmrh.? Var hann þá að tala um það að hafa tvö skattþrep í staðgreiðslunni? Nei, hann var ekki að tala um það. Hann var á þeim tíma að tala um að það ætti að gera skattareglurnar einfaldari. Ekki man ég betur. Og hann var að tala um að gefa ætti fyrirtækjunum svigrúm til þess að græða. Hvernig hagar hann sér núna? Hvernig eru hugmyndirnar sem ríkisstjórnin er með í sambandi við tekjuskattinn? Við vitum að sjávarútvegurinn stendur höllum fæti. Við vitum að margar viðskiptakröfur sem hin ýmsu fyrirtæki eru með eru tapaðar. Eigum við að reikna með að formaður Alþfl. vilji mæta fyrirtækjunum núna og segja að það skuli að minnsta kosti vera sama svigrúm á næsta ári til þess að afskrifa viðskiptakröfur eins og áður vegna óvissunnar um að þær greiðist? Ætlar hann að leyfa fyrirtækjunum að sitja við það borð? Eða ætlar hann að skera niður heimildir til þess að afskrifa viðskiptakröfur? Það verður fróðlegt að sjá það. Hann talaði um að Alþfl. væri sammála okkur sjálfstæðismönnum um að nauðsynlegt væri að fyrirtækin gætu lagt til hliðar fjármagn, geymt peninga frá vondu árunum til góðu áranna. Eru hugmyndir Alþfl. núna um að gera slíkt mögulegt? (**Gripið fram í:** Frá góðu árunum til vondu áranna.) Eru hugmyndir um slíkt núna? Fyrrv. hæstv. fjmrh. talaði um það í þessum ræðustól og var mjög breiðmæltur hvað það væri nauðsynlegt að lækka vörugjaldið á heimilistækjum og ég man ekki betur en að hann hafi talað um að ryksugur væru tollgjarn varningur. Það væru svo margir sem smygluðu ryksugum til landsins að þess vegna væri óhjákvæmilegt að lækka vörugjaldið á ryksugunum. (**Gripið fram í:** Smyglgjarnar.) Smyglgjarnar? Hvernig var þetta með ilmvatnið? Var það ekki líka smyglgjarnt? Hvernig var með ýmislegt annað? Alla þessa miklu hreinsun fyrrv. hæstv. fjmrh. á einu og öðru? Hvernig er komið fyrir honum núna? Hefur hann haft einhverja staðfestu í þessari hreingerningu sinni í skattamálunum? Eða er það rétt sem við sjálfstæðismenn vitum að við rákum hann til að flytja þessi frv.? Við rákum hann til þess. (**Gripið fram í:** Hann er nú farinn til Póllands.) Nú er hann farinn til Póllands, já.

Þannig er hægt að halda áfram. Hæstv. fjmrh. fyrrv. varð auðvitað fyrir miklu áfalli þegar hann varð var við hvaða afleiðingar matarskatturinn hafði. Þegar við sjálfstæðismenn lögðum á það áherslu á sl. hausti að nauðsynlegt væri að grípa til efnahagsaðgerða sem væru efnahagsaðgerðir og nauðsynlegt væri að létta áhrif slíkra aðgerða hjá almenningi með lækkun matarskattsins, þá sagði formaður Alþfl. að það væri rýtingsstunga í bakið á sér. Hæstv. fyrrv. utanrrh. fór upp í fílabeinsturninn sinn og náði í smyrsl til þess að strjúka hann og mýkja bakið á fjmrh. Hæstv. núv. forsrh. á mikið af slíkum smyrslum í turninum. Ég veit ekki, herra forseti, hvort það getur verið af því að þrengra er niðri í Stjórnarráði að kannski geymi hann smyrslin sín í Hljómskálanum eða hvað heldur hæstv. forseti um það? Að þau komist ekki fyrir í Stjórnarráðinu? Einhvers staðar er hann með þessi smyrsl. (**Gripið fram í:** Þau eru græðandi.) Þau eru græðandi, já. Við skulum halda áfram sögunni.

Sl. vor var óhjákvæmilegt að grípa til efnahagsráðstafana. Þá höfðu þeir ekki meira traust en svo formaður Alþfl. og viðskrh. að þeir fengu resept uppáskrifað frá sínum flokkssamtökum um hvað þeir mættu gera í sambandi við efnahagsaðgerðir í maímánuði og sams konar fundur var haldinn hjá Framsfl. Það voru í raun og veru mjög einfaldar aðgerðir sem gripið var til. Samt var ástandið þannig á þessum tveimur bæjum að forsrh. varð að fresta heimsókn til forseta Bandaríkjanna til þess að koma fram nauðsynlegum efnahagsaðgerðum og satt að segja voru þær aðgerðir ónógar. Það var vegna áhrifa Alþfl. sem þær aðgerðir voru ónógar. Á þeim tíma var Alþfl. ekki til viðtals um neinar hliðarráðstafanir. Hann var byrjaður að gefa út yfirlýsingar um að þetta og hitt mætti ekki, löngu áður en málið var alvarlega rætt í ríkisstjórninni, vegna þess að sumir menn eru þannig gerðir að ef þeir komast í fjölmiðla eru þeir alltaf reiðubúnir til þess að opna munninn og láta það fara út úr honum sem næst er.

Að lokum var fallist á að gengið skyldi fellt strax um 10% og 3% síðar. Síðan stóð viðskrh. Alþfl. gegn því meðan sú ríkisstjórn var við völd að 3% heimildin yrði notuð, þó svo að hann vissi það sem allir vissu, að sjávarútvegurinn hafði orðið fyrir nýjum áföllum og nauðsynlegt var að koma til móts við hann og samkeppnisiðnaðinn út af þeim áföllum sem þeir höfðu orðið fyrir og þó svo að allir vissu á miðju sumri að það yrði að grípa til verulegra ráðstafana. Alþfl. stóð þá á móti því að nokkuð það yrði gert sem mætti koma samkeppnisútflutningsgreinunum til hjálpar. Hann lét sig engu skipta þó að með þessum hætti væri verið að grafa undan atvinnuöryggi hjá fólkinu út um land, hjá fólkinu í sjávarútveginum. Hann lét sig engu skipta þótt hann gerði sér grein fyrir því að þetta hlyti að valda verulegum hallarekstri fyrirtækja um allt land, veikja efnahagskerfið í heild og valda því að kjaraskerðing almennings yrði meiri en hún þurfti að vera ef rétt yrði á málum haldið.

Síðan kom ágústmánuður. Ég veit ekki hvort ástæða er til þess að rifja upp yfirlýsingar formanns Alþfl. þá. Einn daginn sagði hann að ríkið myndi ekki borga starfsfólki Pósts og síma laun. Mig minnir að samgrh. hafi verið erlendis. Í öllu falli heyrði

hann fjmrh. gefa þessa undarlegu yfirlýsingu í fréttunum. Alls konar yfirlýsingar og klór áður en mál fengust rædd í ríkisstjórninni, enginn trúnaður, engin kurteisi. Ég hef stundum sagt að aumingja maðurinn hafi verið undir álögum. (**SkA:** Er það ekki kallað að vera í álögum?) Verið í álögum. Rétt. Þakka fyrir þessa leiðréttingu.

Ég hef stundum haldið því fram og auðvitað er það rétt sem stóð í Alþýðublaðinu að þeir áttu í baktjaldamakki Jón Baldvin Hannibalsson og Steingrímur Hermannsson. Ég gerði athugasemd við þessa grein í Morgunblaðinu og blaðamaður Alþýðublaðsins ítrekaði það í Morgunblaðinu að hann hefði öruggar heimildir fyrir því að um baktjaldamakk hefði verið að ræða á meðan ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar átti að heita við völd og meðan átti að heita sem einstakir ráðherrar væru að reyna að vinna að efnahagsaðgerðum á þeim tíma í ágústmánuði. Skoðanir þeirra manna sem halda um pennann í Alþýðublaðinu voru slíkar. Þetta væri leikaraskapur, þetta væri grár leikur. Niðurstaðan væri *gefin fyrir fram um að ríkisstjórnin mundi falla.* Þetta lá allt saman ljóst fyrir og þarf ekki að fara mörgum orðum um það.

Hitt sýndi svo aftur alvöruna hjá formanni Alþfl. að sömu nóttina og hann talaði við Sjálfstfl. um að matarskatturinn væri heilagur í sínum huga og að óhjákvæmilegt væri að halda honum hitti hann formann Borgfl. og sagði við hann að það væri sér ekkert hjartans mál hvort matarskatturinn væri eða ekki og þau ummæli voru síðan staðfest í fjölmiðlum. Matarskatturinn skipti þá engu máli eftir allt saman ef formanni Alþfl. tækist að sitja í valdastólnum. Þannig var nú þetta.

Það væri líka fróðlegt að bera saman ummæli hv. þm. Árna Gunnarssonar á kosningafundum fyrir norðan þegar hann talaði um að hann væri meiri vinur sauðfjárbænda í Þistilfirði en sjálfstæðismenn eða framsóknarmenn. Að vísu kaus ekki einn einasti maður hann í Þistilfirðinum, það er svo annað mál. En þegar hann var að tala við sauðfjárbændurna minntist Alþfl. ekki á að fara ætti í herferð gegn bændum og að svelta ætti bændur af jörðum sínum og löndum. *Hvernig ætlar formaður fjh.- og viðskn.* að fara um Snæfellsnes, Dali, Mýrasýslu og Borgarfjörð og útskýra fyrir bændum þau ummæli Jóns Sigurðssonar að það væru fyrst og fremst bændur sem ábyrgir væru fyrir gróðureyðingu hér á landi? Hvernig ætlar þingmaðurinn að réttlæta flokk sinn þegar opinbert stefnumark hans er að beita ólöglegum og óhæfilegum aðferðum til þess að níðast á bændum, aðferðum sem minna á aðferðir hryðjuverkasamtaka erlendis sem hafa uppi fallega fána en svo er annað sem undir býr. Ætli formaðurinn sé ekki ánægður yfir því? Það finnst honum ekki lúalegt. Það er ekki lúaleg aðför að bændum. Formaðurinn er að gefa í skyn að við þingmenn Sjálfstfl. getum verið lúalegir við okkar formann. Hvað kallar hann þetta? Það væri fróðlegt ef hann gæfi upp nafn og vissi um einhvern bónda í sínu kjördæmi sem hefur kosið Alþfl. og spyrja hann. Spyrja hann hvort honum finnist þetta lúalegt. Spyrja hvort hann hafi sama traust á Alþfl. nú og áður. Það væri fróðlegt. Það væri líka athyglisvert að fá upplýsingar um hvort það sé stefnufesta, einhver sérstök karlmennska eða stjórnviska að leggja til í fjárlögum að sjóðir eins og Framleiðnisjóðurinn fái 465 millj. kr. og flytja svo samtímis annað frv. sem segir: *Við ætlum að skattleggja tekjurnar.* Það er auðvitað miklu skynsamlegra að lækka ríkisframlagið.

Það má einnig spyrja sjálfan sig að því hvort hæstv. húsnæðisráðherra hafi staðið við það að leysa vanda þeirra húsbyggjenda sem ekki fengu svar. Hefur biðröðin styst hjá hæstv. húsnæðisráðherra? Hvar er fyrirheitið um að veita skuldbreytingarlán fólki sem á í erfiðleikum? Mér er ekki kunnugt um það, herra forseti, en kannski hefur ríkisstjórnin loksins nú síðustu vikuna samþykkt að þessar 150 millj. kr. skyldu fara í Húsnæðisstofnun þannig að svara mætti fólkinu fyrir jólin. Hvar er fólkið sem sótti um? *Fær það fólk sem er að missa húsin sín um* allt land svar fyrir jólin? Ef það hringir í Húsnæðisstofnun er sagt: Því miður, þetta hefur ekki verið tekið fyrir, það er ekki hægt því ríkisstjórnin afgreiðir þetta ekki. Á að láta það bíða lengi? Auðvitað magnast vandinn eftir því sem lengur er beðið. Ég þykist vita að þessi hv. þingmaður sé óskaplega montinn yfir þessari frammistöðu. Ég þykist vita það. Ég veit á hinn bóginn að fjöldi fólks um allt land þarf að bíða tvö, þrjú ár og getur ekki vænst þess að fá svar fyrr þó svo að það verði að flytjast búferlum vegna missis atvinnu af því að vinnuveitandi þess varð gjaldþrota. Það þarf að fara á annan stað og getur ekki selt húseignir sínar nema fyrir slikk. Það skal bíða í eitt ár og tvö ár og þrjú ár og fjögur ár. Á meðan það bíður er hæstv. húsnæðisráðherra með einhver prívat verkefni sem koma aðeins fáum að gagni.

Formaður fjh.- og viðskn. er ánægður yfir þessari frammistöðu. Það mætti líka spyrja formann fjh.- og viðskn. að því hvort geti verið að hann hafi samið um við Alþb. að það þurfi ekki að greiða atkvæði *með þessari málsgrein: „Verkbönn, verkföll,* þar með taldar samúðarvinnustöðvanir, eða aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi mæla fyrir um eru óheimilar.“ Hann hefur kannski samið við Alþb. um að það þyrfti ekki að greiða atkvæði með þessu en þeir mundu gera það Karl Steinar og Karvel, fulltrúar Alþfl. í verkalýðshreyfingunni? Eða ætli hann hafi kannski að fyrra bragði sagt þessum þingmönnum frá því hver væri afstaða Alþb.? Það væri fróðlegt að vita það. Það var nöturlega skrifað um annan þessara manna í Þjóðviljanum fyrir síðasta Alþýðusambandsþing. Hinn fékk slæma niðurstöðu í atkvæðagreiðslu sem stjórnarmaður. (**GHG:** Hann mátti ekki verða varaforseti.) Nei, annar þeirra mátti ekki verða varaforseti vegna þess að hann studdi ríkisstjórnina. (**Gripið fram í:** Geimferðirn-

ar.) Þannig var nú það.

Ég geri mér vonir um, herra forseti, að það gefist betra tækifæri í næstu viku í umræðum um hin ýmsu frv. að halda áfram umræðum um formann, varaformann og um viðskrh. Alþfl. Tala mikið um þá alla þrjá og rifja upp hvernig þeir hafa staðið sig. Ég yrði afskaplega þakklátur formanni fjh.- og viðskn. ef hann tæki þátt í þessum kappræðum með mér. Ég yrði óskaplega ánægður með það og hlakka til að heyra málsvörnina þegar hann ætlar að útskýra hringsnúningana hjá viðskrh. í sambandi við vextina. Það væri t.d. tilefni til þess að rifja upp hvað hv. þingmaður Alþfl. í Norðurl. e. sagði á síðasta þingi um vextina og rifja upp hvað hæstv. ráðherra Jón Sigurðsson sagði um þá þegar hann var að skamma flokksbróður sinn. Síðan gæti formaður fjh.- og viðskn., af því að hann er vel að sér í þeim málum, kannski útskýrt fyrir okkur handaflið hjá viðskrh. núna. Það væri ekki ónýtt.

Jafnbjánalegt og það er að vera að tala nú um frv. til laga til staðfestingar á bráðabirgðalögum sem eru öðruvísi er hálfbjánalegt að nýja ríkisstjórnin hafi kallað bráðabirgðalög sín í septembermánuði bráðabirgðalög um efnahagsaðgerðir. Í rauninni voru engar efnahagsaðgerðir gerðar á þeim tíma eins og ég mun sýna fram á þegar það frv. verður hér til umræðu. Við þingmenn Sjálfstfl. munum í höfuðatriðum láta það afskiptalaust þótt brtt. meiri hl. fjh.- og viðskn. á þskj. 201 verði samþykktar. Við munum sitja hjá í atkvæðagreiðslum um þessar tillögur. Staðreyndin er sú að bráðabirgðalögin um aðgerðir í efnahagsmálum frá því í maí eru auðvitað ekki í sínu fulla gildi í dag. Þar er um skammtímaráðstafanir að ræða yfirleitt og þar sem enn hefur hallað undan fæti hjá útflutningsgreinunum eiga þessi lög ekki við lengur. Hitt verð ég að undirstrika að þær ráðstafanir sem þá var gripið til, þær efnahagsaðgerðir sem þá var gripið til komu ekki að því haldi sem vera skyldi, einkum vegna þess að Alþfl. lagðist gegn því að hægt væri t.d. að nýta til fulls heimildina til lækkunar á gengi um 13%.

Ég veit ekki, herra forseti, hvort ég er alveg sammála því, sem formaður fjh.- og viðskn. sagði áðan, að við hefðum beinlínis lofað því að gagnrýna ekki forsrh. þó að hann væri erlendis. Við sögðum að við skyldum ekki kvarta yfir því að hann væri fjarverandi, sem auðvitað er skiljanlegt, en miklu fróðlegra væri að fá að vita hvort þeir alþýðuflokksmenn sakna hans mikið. Hvort þeir telji betra að fá hann heim. Hvort þeir telji að verkstjórnin sé betri í ríkisstjórninni þegar forsrh. er heima og hrærir í þessu eða hvort hv. 1. þm. Austurl. standi sig betur. Það væri fróðlegt að fá að heyra skoðun þeirra alþýðuflokksmanna á því. Það getur vel verið að náðst geti um það breið samstaða í fjh.- og viðskn., ef formaður leggur á það áherslu, að kvarta sem minnst yfir fjarveru forsrh. ef formaðurinn getur bara haldið honum erlendis. Þá má vel vera að hann fengi gott hrós hjá okkur fyrir og við mundum síður en svo hafa orð á því að fyrra bragði.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri en geri ráð fyrir því að við getum átt skemmtilega daga fram að jólum, herra forseti. Ég hlakka til að taka þátt í þeim umræðum sem ég veit að verða almennar því ýmsir þingmenn hafa mikið um það að segja hvernig forusta Alþfl. hefur staðið sig.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Ég bið forláts því ég þarf að raða hér upp nokkrum skjölum. Þessi mál eru svo umfangsmikil og flókin að við þingmenn í hv. deild erum að drukkna í pappírsflóðinu. Áður en ég kem að efninu þá langar mig til að lýsa yfir ánægju minni með að heyra orðaskipti hv. þingmanna sem hér hafa farið fram. Það er alltaf jafngaman fyrir okkur þingmenn í nýjum stjórnmálaflokki að verða vitni að þessum leiksýningum þegar þingmenn gömlu flokkanna takast á og ásaka hver annan um allt sem illa hefur farið í þjóðfélaginu undanfarna áratugi. Þetta er nákvæmlega eins og ég hef svo oft bent á að meðan gömlu flokkarnir, þ.e. Sjálfstfl., Alþfl., Alþb. og Framsfl., eru hér við völd verður umræðan með þessum hætti áfram. Þessir flokkar mynda stjórn til skiptis og ná ekki samstöðu um að gera neitt sem verður til þess að laga efnahag og peningakerfi þjóðarinnar eða koma atvinnumálum hér á hreint. Við komum til með að verða vitni að því hvernig þeir ásaka hver annan um allt sem illa hefur farið en þegar fylgst er með þessari umræðu stendur það eitt eftir að nákvæmlega sama er hverjir þessara fjögurra flokka mynda hér stjórn hverju sinni, þetta er allt sami grauturinn í sömu skál. Efnahagslífið er í vitleysu, atvinnulífið er allt út og suður og þjóðin öll, fólkið í landinu og fyrirtækin, ramba á barmi gjaldþrots eftir allar þær aðgerðir og öll þau bráðabirgðalög sem gömlu flokkarnir standa saman um að setja. Það skiptir ekki máli hvort það eru svokölluð Þorsteinslög, sem sjálfstæðismenn, alþýðuflokksmenn og framsóknarmenn settu, eða hvort það eru Steingrímslög sem sett voru þegar búið er að býtta út Sjálfstfl. fyrir Alþb.

Ég vil víkja að því máli sem er á dagskrá, þ.e. svokölluð Þorsteinslög. Eftir að mér var tjáð að við ættum að ræða hér Þorsteinslög, Friðrikslög og Steingrímslög fór ég loksins að botna eitthvað í þessu því fram til þessa hafði þetta runnið allt saman í einn hrærigraut og var nánast mjög erfitt að henda reiður á hvaða lagagreinar ættu að vera hér og hvaða lagagreinar ættu að vera hvar. Enda hefur vafist fyrir fróðustu lögspekingum að semja breytingartillögur þannig að þær kæmu heim og saman við lögin og hvað við ættum raunverulega að reyna að samþykkja. Ég vil því taka undir með hv. 3. þm. Vesturl. að þetta hefur verið mjög erfið málsmeðferð og flókin. Ég vil þó segja honum það til hróss að vinnubrögð í fjh.- og viðskn. Ed. hafa öll verið með ágætum og ég hef ekki yfir neinu að kvarta í sambandi við hvernig við höfum staðið að málsmeðferðinni í nefndinni og yfirferð þessara flóknu og erfiðu þingmála eða hvernig við höfum yfirleitt

starfað í nefndinni. Ég lýsi því hér yfir að ég er algjörlega sáttur við hvernig hv. 3. þm. Vesturl. hefur haldið þar á málum.

Það fyrsta sem kemur til umræðu er breytingartillagan um að kaflinn um verðlags- og kjaramál, sem er í svokölluðum Steingrímslögum, er af hálfu meiri hl. fjh.- og viðskn., þ.e. stjórnarliðsins, fluttur yfir í Þorsteinslög. Þessi kafli kveður nánar á um ýmsar skerðingar og takmörkun á samningsrétti, frystingu launa og kjarasamninga tímabundið, hversu ógeðfellt sem það er nú í raun. Þegar stjórnarmyndunarviðræðurnar fóru fram í september, eins og allir muna, dróst Borgfl. inn í þær viðræður stutta stund undir lok þeirra. Að sjálfsögðu urðum við að taka nokkra afstöðu til þess hverjum augum við litum þessar takmarkandi aðgerðir, þ.e. frystingu launa og afnám samningsréttar, og mig minnir að við höfum skýrt afstöðu okkar út með þeim orðum: Það kann vel að vera að nauðsynlegt sé að grípa til einhverra slíkra aðgerða um skamman tíma en þó því aðeins að komið sé til móts við launþega með einhverjum hætti, þ.e. að þeir fái eitthvað í staðinn. Við lýstum þeirri skoðun okkar að það væri hægt að fallast á að samningsréttur yrði afnuminn um stund ef launþegar fengju t.d. það í staðinn að matarskatturinn yrði felldur niður eða a.m.k. lækkaður mjög verulega. Þetta fékk litlar undirtektir og lýstum við þá þeirri skoðun okkar að við teldum að svo stöddu algjörlega fráleitt að afnema samningsrétt með þessum hætti. Ætla launafólkinu í landinu að taka einu sinni enn á sig byrðarnar vegna óstjórnar gömlu flokkanna, þ.e. launafólkinu er nú eina ferðina enn ætlað að bera uppi þann taprekstur sem hefur orðið vegna óviturlegra og óskynsamlegra aðgerða stjórnvalda hver svo sem þau eru hverju sinni. Þar á ég aftur við hvort um er að ræða eitthvert stjórnarmynstur gömlu flokkanna eins og það var fyrir hálfu ári síðan þegar bráðabirgðalögin voru sett eða hvort um er að ræða eitthvert stjórnarmynstur sem setur önnur bráðabirgðalög eins og þau í septemberlok.

Mig langar aðeins til að koma inn á hvað aðilar vinnumarkaðarins hafa um þessi mál að segja, mér finnst það ekki hafa komið nægilega skýrt fram í máli manna. Á fundi fjh.- og viðskn. Ed. hafa komið mjög margir fulltrúar atvinnulífsins og reyndar einnig úr stjórnkerfinu til þess að skýra okkur frá því hvernig þessi mál horfa við þeim. — Ég bið forláts, virðulegur forseti, en eins og ég segi þá er hér svo mikið pappírsflóð að það er orðið svolítið erfitt að henda reiður á þessu öllu saman.

Mig langar til að vitna fyrst í Þórarin V. Þórarinsson, framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambands Íslands, sem kom á fund nefndarinnar til þess m.a. að segja sitt álit á launamálum og skipulagi þeirra. Með leyfi hæstv. forseta þá hafði Þórarinn V. Þórarinsson þetta að segja, eins og það er bókað eftir honum í fundargerð nefndarinnar: „Þórarinn V. Þórarinsson sagði að lagafrv. um efnahagsmál væri barn síns tíma. Staðan hefði breyst mikið frá því að bráðabirgðalögin voru sett og önnur viðfangsefni blöstu við í dag. Með Atvinnutryggingarsjóðnum væri verið að mismuna fyrirtækjum. Nauðsynlegt væri að bæta rekstrarstöðu fyrirtækja en slíkt bæri að gera með almennum aðgerðum en ekki sértækum. Með Atvinnutryggingarsjóði væri hægt að létta fjárhagsstöðu fyrirtækja en sjóðurinn breytti engu um það að fyrirtækin væru rekin með tapi. Því væru einhverjar aðrar aðgerðir nauðsynlegar. Þá vék Þórarinn V. Þórarinsson að launamálum og sagði óþolandi að lög frá fjórða áratugnum skyldu enn vera við lýði. Núverandi skipulag hefði það í för með sér að á nokkurra ára fresti væru kjarasamningar skertir með lögum. Rétt væri að endurskoða skipulag vinnumarkaðarins og ætti slík endurskoðun að hafa tvo þætti að leiðarljósi. Annars vegar að koma í veg fyrir að fámennir hópar gætu lamað allt atvinnulíf í landinu og hins vegar að setja reglur um að ekki væri heimilt að grípa til verkfalls nema verulegur hluti félagsmanna viðkomandi stéttarfélags samþykkti verkfallsboðun. Vinnuveitendasamband Íslands væri í dag ekkert annað en tannlaust tígrisdýr sem gæti urrað en ekki bitið."

Þetta voru þær skoðanir sem framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins hafði fram að færa þegar hann kom á fund okkar í hv. fjh.- og viðskn. og var mjög fróðlegt að eiga við hann orðaskipti.

Hér talaði að vísu sá sem er fulltrúi atvinnurekenda og út af fyrir sig er margt rétt í því sem hann segir, að margt mætti betur fara í okkar vinnulöggjöf. Hann kemur að sjálfsögðu ekkert inn á afnám samningsréttarins sem varð með bráðabirgðalögunum en hafði ýmislegt annað um vinnumálalöggjöfina að segja eins og hér kemur fram.

Mig langar einnig að vitna í fulltrúa frá Stéttarsambandi bænda, þá Gunnlaug Júlíusson, Hákon Sigurgrímsson og Hauk Halldórsson sem komu á fund fjh.- og viðskn. og höfðu þetta að segja um laun bænda, með leyfi hæstv. forseta: „Verðlagsgrundvöll búvöru átti að endurskoða fyrir 1. sept. hvert ár og nú í ár átti að endurskoða launalið hans. Af því varð ekki. Laun bænda hafa verið óbreytt frá 1. júní en þau höfðu þá hækkað um 10% frá sl. áramótum. Launin eru nú sem nemur 223 kr. á klukkustund." — Ég veit ekki hvað margir af þeim sem hér eru inni eða af öðrum starfsmönnum hv. Alþingis mundu vilja vinna á því tímakaupi, svo mikið er víst. — „Raunveruleg laun eru þó önnur því að öllum kostnaðarliðum hefur verið haldið föstum þrátt fyrir kostnaðarhækkanir. Fjórmenningarnir sögðu það kröfu Stéttarsambandsins að þessi skerðing yrði leiðrétt 1. mars n.k. Bændur hefðu á engan hátt valdið launaskriði síðustu missira." — Undir það get ég tekið.

Á fund nefndarinnar komu einnig fulltrúar Alþýðusambands Íslands og við áttum við þá mjög athyglisverðar og fróðlegar viðræður. Þeir afhentu okkur tvö skjöl sem voru samþykkt á nýafstöðnu þingi Alþýðusambandsins og fjalla bæði um samningsrétt og um kjara- og efnahagsmál. Mig langar, með leyfi hæstv. forseta, að fá að lesa upp þessar

ályktanir. Fyrri ályktunin er um samningsrétt og hljóðar svo:

„36. þing Alþýðusambands Íslands, sem haldið er í skugga laga um afnám samningsréttar, áréttar að samningsréttur verkalýðshreyfingarinnar séu þau grundvallarmannréttindi sem hreyfingin mun aldrei afsala sér né samþykkja neina skerðingu á. Þingið fordæmir aðför ríkisvaldsins að launafólki sem felst í afnámi samningsréttar og krefst þess að hann verði gefinn frjáls nú þegar. Enn fremur krefst þingið þess að samningar stéttarfélaganna verði strax settir í gildi með öllum þeim ákvæðum sem þeir innihalda. Allar síðustu ríkisstjórnir landsins hafa gengið á gerða kjarasamninga með einum eða öðrum hætti. Þessi íhlutun hefur orðið sífellt alvarlegri og beinskeyttari. Þingið leggur áherslu á að þessari þróun verði snúið við. Verkalýðshreyfingin verður að gera ríkisvaldi og atvinnurekendum ljóst að kjarasamningar hafa sama gildi og aðrir bindandi samningar.

36. þing Alþýðusambands Íslands felur miðstjórn að hefja nú þegar undirbúning að því að skapa breiða samstöðu allra heildarsamtaka launafólks með það að markmiði að endurheimta samningsréttinn og fyrirbyggja að sagan frá í vor og í haust endurtaki sig."

Hin ályktunin er um kjara- og efnahagsmál og langar mig einnig að lesa hana, með leyfi hæstv. forseta:

„36. þing Alþýðusambands Íslands ítrekar að kjarasamningar stéttarfélaga eru ekki orsök þess efnahagsvanda sem nú þjakar þjóðina. Það er ekki rétt að þjóðin sé að verða gjaldþrota. Gjaldþrotið felst í þeirri þráhyggju stjórnvalda að halda að allur vandi verði leystur með kjaraskerðingu. Verðbólgudrauginn, sem hefur tröllriðið íslensku þjóðfélagi um langan tíma og valdið bæði launafólki og atvinnurekstri erfiðleikum, verður að kveða niður. Baráttan við verðbólguna má ekki koma niður á launafólki. Þingið leggur áherslu á að þeir verði látnir bera byrðarnar sem skapað hafa vandann ásamt stjórnvöldum með ótímabærum fjárfestingum, óráðsíu og óstjórn í rekstri. Þá ítrekar þingið mótmæli samtakanna gegn matarskattinum sem lagst hefur þyngst á þá sem hafa lægstu launin. Það eru ekki laun heldur óbærilegur vaxtakostnaður sem er mesti bölvaldurinn í íslensku efnahagslífi. Þess vegna er brýnt að raunvextir verði lækkaðir. Þingið skorar á stjórnvöld að sjá svo um að vextir lækki hraðar en nú er og beiti til þess handafli ef með þarf.

36. þing Alþýðusambands Íslands telur að í komandi samningum sé mikilvægast að endurheimta þann kaupmátt sem tapast hefur og tryggja hann eftir bestu leiðum. Lægstu laun eru nú óbærilega lág miðað við framfærslukostnað. Því verður að breyta. Það verður ekki gert með einfaldri prósentuhækkun. Þá leggur þingið áherslu á að með sem víðtækastri samstöðu stéttarfélaga og sambanda í komandi samningum verði dregið úr launamun.

36. þing Alþýðusambands Íslands lýsir áhyggjum vegna óhóflegs vinnutíma verkafólks. Augljóst er að í mörgum tilfellum leiðir styttri vinnutími ekki til minni framleiðni eða veltu þannig að hægt á að vera að greiða sama kaup fyrir styttri vinnudag. Þingið telur afar mikilvægt að verðtryggingu launa verði komið á í næstu kjarasamningum og skorar á aðildarfélögin að hefja nú þegar undirbúning að því að knýja á um að það geti orðið að veruleika."

Ég hef haft mjög mikið gagn af því að eiga viðræður við fulltrúa Alþýðusambandsins og eins við fulltrúa Bandalags starfsmanna ríkis og bæja sem einnig komu á fund hv. fjh.- og viðskn. Ég hef orðið um margt fróðari um launa- og kjaramál en ég var áður. Það er þó eitt sem sérstaklega vekur athygli mína í þessari yfirlýsingu en það er að þingið ítrekar mótmæli samtakanna gegn matarskattinum. Það varð til þess að ég spurði þá fulltrúa Alþýðusambands Íslands sem komu á fund nefndarinnar hvort það væri enn þá stefna Alþýðusambandsins og bað þá að ítreka það að Alþýðusambandið legðist gegn matarskattinum því ég sagði að svo virtist sem við þingmenn Borgfl., þ.e. Borgfl. allur, væri eina stjórnmálaaflið í landinu sem legðist gegn matarskattinum. Alþýðubandalagsmönnum t.d. leið ágætlega í stjórnarmyndunarviðræðunum og þó var ekki minnst einu orði á matarskattinn. Þeir héldu þó langar ræður, ásamt okkur sem vorum í stjórnarandstöðunni, fyrir ári síðan, þar sem þeir töluðu gegn matarskattinum. En svo bar við að þegar þeir tóku þátt í stjórnarmyndunarviðræðunum í sept. sl., þá mundu þeir ekkert eftir matarskattinum. Ég hef oft orðað það þannig að Alþb. tók þátt í stjórnarmyndunarviðræðunum í sjö daga og sjö nætur og talaði um ekkert annað en að ekki mættu verða hér nýjar hernaðarframkvæmdir og það mætti ekki byggja álver í Straumsvík og þar fram eftir götunum, en það var ekkert minnst á matarskattinn. Við, fulltrúar Borgfl., tókum þátt í stjórnarmyndunarviðræðum í sjö klukkutíma og töluðum einungis um matarskattinn og lánskjaravístöluna. (**Gripið fram í:** Þið gerðuð það já.) Já. Við höfðum nefnilega áhyggjur af því hver væri afkoma fólksins í landinu, en okkur varðaði lítið um það hvort hér yrðu nýjar hernaðarframkvæmdir eða ekki á kjörtímabilinu því það er alveg ljóst að við öllum þeim framkvæmdum sem eru nú í gangi á vegum varnarliðsins á ekkert að hrófla. Þær eru alveg nægar til þess að duga út þetta kjörtímabil og jafnvel þó lengra væri þannig að ekki þurfti að ræða um þau mál. Mér fannst hins vegar að við fengjum staðfestingu á því í þessum viðræðum við fulltrúa Alþýðusambandsins að í raun og veru er Borgfl. eina stjórnmálaaflið sem enn þá hefur einhvern áhuga á því að matarskatturinn verði afnuminn, og það er mjög athyglisvert út af fyrir sig.

Í því sambandi er kannski vert að rifja upp hver var höfuðforsendan fyrir því að matarskatturinn skyldi lagður á. Forsendurnar fyrir því voru að sjálfsögðu skattkerfisbreytingarnar sem áttu sér stað fyrir ári síðan. Allir muna eftir ræðum hæstv. þáv. fjmrh. sem talaði hér og taldi í fyrsta lagi, öðru lagi

og þriðja lagi að skattkerfið yrði einfaldara, skilvirkara og réttlátara. Með því að leggja söluskatt á bókstaflega allt átti söluskatturinn að skila sér miklu betur. Hver hefur svo reyndin orðið? Þvert á móti hefur söluskattsinnheimtan ekki lagast, söluskattsvanskilin eru, ef eitthvað er, miklu meiri en þau voru áður þannig að með matarskattinum hefur það gerst að í staðinn fyrir að söluskattsinnheimtan gengi betur og yrði auðveldari og skilaði sér betur hefur það þvert á móti orðið að söluskatturinn hefur skilað sér verr. Væri þá ekki ráðlegt að fara til baka til fyrra ástands, afleggja matarskattinn og halda söluskattinum eins og hann var? (Gripið fram í.) Ég er ansi hræddur um að a.m.k. lágtekjufólkinu þætti það betra því að nógu erfitt er að lifa í þessu landi þó að maður þurfi ekki að horfa upp á það að brýnustu matvæli sem fólk þarf að kaupa í búðunum daglega eru svoleiðis út úr kortinu hvað verðlag snertir að ég held að það finnist hvergi land í víðri veröld þar sem matarverð er eins hátt og á Íslandi. (**SkA:** Það gæti verið Grænland.) Ég hef ekki nokkra trú á því, hv. þm., ég held að verðlag á matvöru á Grænlandi sé miklu lægra en á Íslandi. Ég hef átt þess kost að ferðast mjög víða um heim. Ég hef komið í nánast allar heimsálfur og heimsótt ég veit ekki hvað mörg ríki. Hvergi nokkurs staðar í veröldinni hef ég rekist á matarverð sem nálgast það sem gerist á Íslandi, hvergi.

Það er annars mjög athyglisvert að fylgjast með og velta fyrir sér viðbrögðum þeirra þm. Alþb. sem harðast börðust gegn matarskattinum og ýmsum öðrum skattaálögum sem áttu sér stað hér í fyrra. Ég minnist líka þess þegar við töluðum fram á rauðar nætur gegn vörugjaldi á helstu nauðsynjavörur sem þáv. ríkisstjórn ætlaði að leggja á. Við vorum öll sammála um það, flokkarnir sem þá voru í stjórnarandstöðu, að um hið versta mál væri að ræða og héldum hér maraþonræður til þess að reyna að tala gegn vörugjaldsfrv. (**SkA:** Þá áttirðu að reyna að skipta um skoðun.) Ég tala nú ekki um ósköpin, það gekk nú illa. Það hefur hins vegar ekki gengið betur en svo að nú er það einn ráðherra Alþb., hæstv. fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson, sem leggur fram nýtt vörugjaldsfrv. þar sem nú er bætt um betur. Nú skal aldeilis bensínið stigið í botn og vörugjaldið keyrt upp í ein 30% í stórum málaflokkum svo sem kexi og öðru því um líku. Það hefur að vísu verið mikið rætt um það að taka eigi meira mið af manneldissjónarmiðum og út af fyrir sig get ég tekið undir það, en það verður ekki gert með þessum hætti. Það væri þá nær að ráðast á meinsemdina sem er sykurinn sjálfur, en það var ekki talið framkvæmanlegt. (**SkA:** Það gekk hjá Castró.) Já, Castró frestaði nú líka jólunum og það gæti vel verið að hæstv. ríkisstjórn kæmi það best að fara að tillögu Castrós og fresta jólunum. Mér heyrist hv. 3. þm. Vesturl., formaður fjh.- og viðskn. Ed., vera að mælast til þess. Mér heyrðist ekki betur en hann væri jafnvel að tala um að það ætti að fresta þessu öllu saman til 1. júní. Það væri mjög heppileg útkoma að við samþykktum fjárlög einhvern tímann svo sem eins og 1. júní næsta ár. Kannski var það meira tillaga til framtíðarinnar horft, en hann skýrir það þá betur út á eftir.

Eins og ég hef sagt frá höfum við fulltrúar Borgfl. ekki talið stætt á því að afnema samningsréttinn með þeim hætti sem gert hefur verið hér í tvennum bráðabirgðalögum, þ.e. í Þorsteinslögum frá því í maí og síðan í Steingrímslögum frá því í september, þar sem launafólkið fær ekkert í staðinn. Við höfum því ákveðið að flytja brtt. þar að lútandi að samningsrétturinn komist á strax. Mig langar til að skýra þessar brtt. eilítið. Í því sambandi langar mig þó til að greina frá því, og það er ekkert launungarmál, að stjórnarandstöðuflokkarnir í hv. fjh.- og viðskn. hafa haft nokkuð samstarf sín á milli um sameiginlega afstöðu til ýmissa atriða sem eru í bráðabirgðalögunum, bæði í Þorsteinslögum og Steingrímslögum, og m.a., eins og þm. í hv. deild hafa áreiðanlega tekið eftir, flytjum við sameiginlega brtt. en þó líka brtt. hvert fyrir sig. Það er þó eitt sem ég get ekki látið hjá líða að vekja athygli á, að við flytjum samhljóða brtt. varðandi samningsréttinn, þm. Borgfl. í Ed. og þm. Kvennalistans í Ed. Það var þannig að ég lagði í það verulega vinnu að útfæra það með hvaða hætti hægt væri að koma samningsréttinum á strax eða, eins og ég taldi eðlilegast að gera það, við gildistöku laganna. Ég kynnti þessar tillögur fyrir bæði fulltrúum Sjálfstfl. og fulltrúum Kvennalistans í hv. fjh.- og viðskn. Ed. þegar við vorum að ræða um það hvaða tillögur það yrðu sem við stæðum sameiginlega að. Eitthvað hefur þetta skolast til í meðferðinni. Það lá að vísu nokkuð ljóst fyrir að fulltrúar Sjálfstfl. gætu ekki tekið undir þessar tillögur þar sem þeir stóðu að setningu bráðabirgðalaganna í maí, þ.e. Þorsteinslaganna, þar sem upphaflega er ákveðið að afnema samningsréttinn. Hins vegar vissum við um hug Kvennalistans, að þær höfðu hug á því að samningsréttur skyldi komast á strax. Ég veit hins vegar ekki hvort þær hafa haldið að ég hefði tekið að mér að gerast ritari Kvennalistans því þær kusu að taka þessar tillögur okkar borgaraflokksmanna óbreyttar og leggja fram sem sínar. Mér er það svo sem sársaukalaust þó að einhverjar tillögur sem við höfum unnið séu teknar upp af öðrum flokkum. Það sýnir bara að þetta eru góðar tillögur sem aðrir flokkar sjá að er skynsamlegt að styðja. En mér þykir þessi málsmeðferð þó eilítið ankannaleg. Ég hefði talið það viðkunnanlegra að við hefðum þá sameinast um þessar tillögur en séum ekki að taka hrátt uppkast hver eftir öðrum, flokkarnir, og leggja það fram sem eigin tillögur. Skal ég út af fyrir sig ekkert hafa fleiri orð um þetta. Ég kannski segi, eins og oft er sagt, að ég virði viljann fyrir verkið.

Í hverju eru þá þessar tillögur fólgnar? Jú, þær eru lagðar fram sem brtt. við brtt. meiri hl. fjh.- og viðskn., en þær brtt. gera ráð fyrir því að flytja kaflann um launa- og kjaramál úr Steingrímslögum yfir í Þorsteinslög. Við leggjum einfaldlega til að alls

staðar þar sem eru dagsetningar um að laun og kjarasamningar skuli bundnir til ákveðins tíma komi í staðinn: við gildistöku laganna. Það er kannski rétt að ég rifji það aðeins upp hvernig þetta er orðað í Steingrímslögunum, en þar segir í kaflanum um verðlags- og kjaramál, með leyfi hæstv. forseta, í 12. gr.:

„1. gr. bráðabirgðalaganna nr. 14 20. maí 1988 orðast svo:

Laun, þ.e. launataxtar og kjaratengdir liðir, þar á meðal kauptrygging sjómanna, í síðast gildandi kjarasamningum, skulu hinn 1. júní 1988 hækka um það sem á kann að vanta 10% hækkun frá 31. des. 1987 að telja.

Í stað launahækkana sem koma skyldu til framkvæmda á tímabilinu 1. sept. 1988 til og með 1. mars 1989 skulu laun hækka um 1,25% hinn 15. febr. 1989. Ákvæði kjarasamninga um aðrar launahækkanir eftir 1. mars 1989 halda gildi sínu.

Kjarasamningar, sem ákveða minni hækkun launa en felst í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, breytast í samræmi við þær.

Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar raska ekki þeim ákvæðum gildandi kjarasamninga sem falið hafa í sér meiri hækkun launa en kveðið er á um í 1. mgr., enda hafi sú hækkun komið til framkvæmda fyrir gildistöku bráðabirgðalaga nr. 74 26. ágúst 1988.

Frekari hækkun launa, kjaratengdra liða og hvers konar endurgjalds fyrir unnin störf sem kveðið er á um í þessari grein er óheimil til 15. febr. 1989. Ákvæði þessarar greinar breyta ekki reglum um starfsaldurshækkanir og aðrar einstaklingsbundnar launabreytingar samkvæmt þegar gildandi kjarasamningum."

Allir vita eflaust af hverju dagsetningin 15. febr. var valin, en það hvað víst vera vegna þess að fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar bentu á að ef samningsrétturinn kæmist á 1. jan. 1988, eins og reyndar kom fram að fulltrúar Alþb. sem tóku þátt í stjórnarmyndunarviðræðunum hefðu óskað eftir og reyndar tímabundið sett á oddinn, hefðu alls kyns hátekjuhópar verið fyrstir í gang með sína launasamninga. Þá hefði sú hætta verið á ferðinni að þeim hefði tekist að ná fram umtalsverðum launahækkunum áður en verkalýðshreyfingin sjálf tæki til við samningsgerðina. Þetta eru að sjálfsögðu afar léleg rök fyrir því að fresta samningsrétti eða öllu heldur að með þessum hætti eigi að fresta gildistöku samninga lengur en nauðsyn krefur bara til þess að einhverjar aðrar stéttir geti ekki notfært sér að þær séu með lausa samninga og geti hafið samningsgerð. Ég tel þetta alveg fráleitt. Enda hefur það nú komið á daginn að það eru miklu fleiri aðilar sem eru með lausa samninga, þannig að það er ekkert víst að það hefðu endilega verið þessir hátekjuhópar sem hefðu riðið á vaðið. Ég man ekki betur, og ég verð þá leiðréttur ef ég fer með rangt mál, en BSRB-menn hafi sagt okkur að þeirra samningar væru lausir frá áramótum og þeir hefðu þá líka farið í gang. Innan raða BSRB er jú flest lágtekjufólk landsins, það ætti öllum að vera kunnugt.

En til að gera langa sögu stutta höfum við lagt það til að samningsrétturinn komist á við gildistöku bráðabirgðalaganna, en við reiknum með því að þau verði samþykkt þó svo að þeim kunni að verða breytt. Það er nú farið að verða mjög vafasamt að hve miklu leyti þingmeirihluti er fyrir bráðabirgðalögunum, jafnvel í hv. Ed. Þó svo að stjórnarflokkarnir telji sig hafa hér eins atkvæðis meiri hluta á ég eftir að sjá það, enda kemur það nú óbeint fram með þeim fyrirvara sem hv. 4. þm. Suðurl. Margrét Frímannsdóttir hefur gert þegar hún skrifar undir nál. að Alþb. vill ekkert af ýmsum málsgreinum og ýmsum lagagreinum í Þorsteinslögum vita. Svo að það verður út af fyrir sig mjög fjörugt þegar atkvæðagreiðsla fer fram um þessi lög að lokum, hvaða greinar verða samþykktar og hverjar verða einfaldlega felldar. Það verður mjög fróðlegt að sjá það.

Við vitum enn þá ekki um afstöðu hv. 4. þm. Vesturl. sem hér situr fyrir framan mig. Hann lét að því liggja í stjórnarmyndunarviðræðunum og þegar ríkisstjórnin komst á laggirnar að hann væri ekkert sérstaklega hrifinn af þessum kjaraskerðingarákvæðum og mundi greiða atkvæði gegn þeim þó að hann hefði lofað að greiða ekki atkvæði gegn vantrausti á ríkisstjórnina. Það er svo önnur saga. Það var hins vegar eitthvað verið að ræða um það hér fyrir tveimur, þremur mánuðum að hv. þm. Skúli Alexandersson mundi víkja af þingi þegar samviskan færi eitthvað að plaga hann og þá yrði önnur samviska hans kölluð hingað inn til þess að taka þátt í atkvæðagreiðslu svo hann þyrfti ekki að standa hér frammi fyrir þingheimi og ganga á bak orða sinna. Ég veit ekki hvað hv. þm. hyggst gera. Það fer nú hver að verða síðastur að kalla inn varaþingmann ef við ætlum að ganga til atkvæðagreiðslu um bráðabirgðalögin hér strax eftir helgina. Þetta er svona ábending frá mér til hv. þm. um að það sé nú rétt að fara að hringja í varaþingmanninn ef þetta skyldi verða svolítið erfitt.

Við höfum talið eðlilegt að breyta, eins og ég sagði, öllum greinum um kjaramál þar sem samningar eru frystir til ýmist 15. febr., í sumum tilvikum til 1. mars, og leggjum einfaldlega til að fullur samningsréttur komist á strax við gildistöku þessara laga, enda er ekkert sem mælir gegn því og það er ekkert sem bendir til þess, eins og kom mjög vel fram í þeim viðræðum sem við áttum við fulltrúa launþegahreyfingarinnar, að þau séu launþegar þessa lands sem hafi komið efnahagsmálum þjóðarinnar í það óstand sem þau eru í núna. Ég held að hér sé enn einu sinni ljóst að þó svo að það sé einkennilegt að stjórnvöld vilji alltaf reyna að skella skuldinni á launþega og ætla þeim alla tíð að bera byrðarnar þegar illa gengur í atvinnulífinu og í þjóðfélaginu yfirleitt, að það eru alltaf launþegar sem eiga að bjarga öllu. Ég held að það sé alveg ljóst í þetta skipti að það er ekki með nokkru móti hægt að kenna launþegum um að illa hafi farið. Meinsemd-

arinnar verður því að leita annars staðar.

Skal ég láta útrætt um launa- og kjaramál. Ég tel þó rétt að vekja athygli á því að við teljum að þó svo að samningsréttur komist á strax við gildistöku laganna sé mjög eðlilegt að sá hluti bráðabirgðalaganna sem er í 16. og 17. gr. Steingrímslaga haldist óbreyttur, en hann hljóðar svo, með leyfi virðulegs forseta: „16. gr. Gjaldskrár fyrirtækja og stofnana á vegum ríkis og sveitarfélaga skulu ekki hækka til 28. febr. 1989. Þó skal heimilt að taka tillit til hækkana á verði innfluttra aðfanga enda liggi fyrir mat Verðlagsstofnunar á þeirri þörf. 17. gr. Óheimilt er að hækka endurgjald fyrir afnot af fasteignum frá gildistöku laga þessara til 28. febr. 1989.“ Við teljum ekki ástæðu til að breyta þessu þó svo að samningsréttur komist á því það er alveg ljóst að þó samningar verði aftur lausir og samningsréttur komist á einhvern tíma nokkrum dögum fyrir jól er langt í land með það að launþegar sæki sér einhverjar kauphækkanir eða að sú kaupmáttarskerðing sem þeir hafa mátt þola verði eitthvað lagfærð fyrr en langt er komið fram í febrúar, mars. Ég held að það hljóti öllum að vera ljóst að jafnvel þó samningar komist nú strax á er langur og strangur aðdragandi að því að launþegar þessa lands fái að einhverju leyti bætta upp þá kaupmáttarskerðingu sem þeir hafa mátt þola.

Þá kem ég að öðru atriði sem við höfum töluvert rætt, sérstaklega innan Borgfl., en það er verðtrygging fjárskuldbindinga. Í svokölluðum Friðrikslögum var þessu ákvæði frá Þorsteinslögum breytt, en eins og allir muna var gerð athyglisverð breyting með Þorsteinslögum að verðtrygging fjárskuldbindinga til lengri tíma en tveggja ára skyldi óheimil. Síðan komu Friðrikslög nokkrum dögum síðar. Þá var nefnilega þáv. hæstv. forsrh. farinn eina ferðina til útlanda, en við höfum töluvert rætt um það hér í hv. deild, það er svona mikill ferðahugur í hæstv. ráðherrunum. (**EG:** Meira en hugur. Þeir fara.) Já, þeim gengur mjög illa að sitja hér á hólmanum. Það er eins og það sé einhver fiðringur í endanum á þeim. Sumir segja að það sé kvikasilfur í vissum líkamshlutum á mönnum ef þeir geta illa setið kyrrir, en ég er farinn að halda að ef við værum ekki öðru hverju eitthvað að agnúast út í þetta hér í ræðustóli í hv. deildum Alþingis, þá væru ráðherrarnir næstum aldrei heima. Kannski væri það best að ráðherrarnir væru sem minnst heima. Þeir gerðu þá minnst af sér á meðan. (Gripið fram í.) Ja, ekki væri það verra því ég held að þjóðin öll þyldi það vel þó það sæist minna til ráðherranna í sjónvarpi. Stundum þykir mér nóg um að þurfa að horfa á ráðherrana blaðrandi í sjónvarpi dag eftir dag, hvert einasta kvöld og er ég viss um að almenningur og flestir þeir sem þurfa að horfa á sjónvarp mundu gjarnan kjósa sér eitthvað annað að horfa á en blessaða hæstv. ráðherrana blaðrandi sífellt það sama kvöld eftir kvöld, viku eftir viku, mánuð eftir mánuð.

Ég hef reyndar búið víða erlendis og ég minnist þess hvergi nokkurs staðar þar sem ég hef átt heima erlendis, hvort sem það var nú í Danmörku, Bandaríkjunum, Þýskalandi eða Japan, en í öllum þessum löndum hef ég dvalið um langt skeið, ég minnist þess aldrei að hafa þurft að horfa upp á það í sjónvarpsfréttum kvöld eftir kvöld eftir kvöld að ráðherrar ríkisstjórnarinnar væru þar sífellt blaðrandi um eitt og annað. Ég man það að í Danmörku, þar sem ég hef dvalist lengst, var afar sjaldgæft að sjá ráðherra koma fram í sjónvarpsfréttum. Þeir höfðu öðrum hnöppum að hneppa og þurftu ekki að vera síblaðrandi frammi fyrir alþjóð eins og hér virðist vera brýn þörf hjá öllum ráðherrum. En þetta er nú útúrdúr sem ég held að við þurfum ekki að fjalla frekar um.

Ég var kominn að verðtryggingarmálum. Við fulltrúar Borgfl. höfum kosið að leggja fram brtt. við 8. gr. Þorsteinslaga sem hljóðar svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Frá og með 1. apríl 1989 er óheimilt að tengja fjárskuldbindingar við hvers kyns vísitölu.“

Ég ætla að rökstyðja þetta nokkuð og ekki er nú vanþörf á vegna þess að það er orðið trúaratriði hjá stórum hópum þjóðfélagsins að verði fjárskuldbindingar tengdar áfram við einhvers konar vísitölur, þá fari öll þjóðin á hvolf. Ég vil rifja það upp að fyrir eins og tíu árum síðan, og reyndar allan áttunda áratuginn, var hér við lýði kaupgjaldsvísitala, þ.e. laun voru bundin við kaupgjaldsvísitölu. Á þeim tíma voru flestir efnahagssérfræðingar orðnir sammála um það að þetta ástand skrúfaði upp verðbólguna, þ.e. verðbólgan hækkaði kaupgjaldsvísitöluna, þá hækkuðu launin, launin hækkuðu aftur kaupgjaldsvísitöluna og svona koll af kolli. Þetta var skrúfan án enda, þ.e. þetta skrúfaði verðlagið upp og verðbólgan hélst þetta 20–40 stig allt þetta tímabil. Ég er orðinn sannfærðari og sannfærðari um það og hef endanlega sannfærst um það að nákvæmlega það sama gildir um lánskjaravísitöluna og verðtryggingu fjárskuldbindinga.

Öll rekstrarlán atvinnulífsins eru meira eða minna bundin lánskjaravísitölu og í sjálfu sér eru allar fjárskuldbindingar almennings bundnar lánskjaravísitölu með sama hætti. Þau lán, sem almenningur hefur þurft að taka í bönkum og peningastofnunum undanfarin átta ár, hafa öll verið bundin lánskjaravísitölu. Þegar lánskjaravísitalan hækkar, þá hækkar fjármagnskostnaðurinn hjá öllum þeim fyrirtækjum sem þurfa á rekstrarlánum að halda og þau eiga ekki annarra kosta völ en að velta þeim aukna kostnaði út í verðlagið, þ.e. hækka verð á bæði vörum og þjónustu. Þá hækkar framfærsluvísitalan og lánskjaravísitalan og rekstrarlánin og fjármagnskostnaðurinn og fyrirtækin verða þá enn á ný að hækka vöruverð og þjónustu þannig að við erum þarna með aðra skrúfu án enda. Lánskjaravísitalan og binding hennar við fjárskuldbindingar skrúfar upp verðlag í landinu þannig að við náum verðbólgunni aldrei niður með þessum hætti. Þetta hafa aðrar þjóðir reynt líka.

Eitt frægasta dæmið um verðtryggingu fjárskuldbindinga er sótt til Brasilíu, en Brasilíumenn voru

líklega fyrstir þjóða að taka upp allsherjar vísitölubindingu á öllum sköpuðum hlutum. Ég hef nú ekki átt þess kost að fylgjast með ástandi mála í Brasilíu síðustu árin en mig minnir að verðbólga þar hafi verið komin upp í ein 1000% þegar síðast fréttist. Kann vel að vera að eitthvað hafi gerst þar sem hafi lagað ástandið en ég hef þó ekki fréttir af því.

Finnar voru einir Norðurlandaþjóðanna með verðtryggingu fjárskuldbindinga fyrir allmörgum árum, líklega fyrir einum 20 árum síðan. Þá var um það að ræða að Finnar voru með nokkurs konar lánskjaravísitölu og þar varð ástandið litlu betra en það hefur verið hér á Íslandi enda ákváðu þeir að aftengja — þeir gerðu reyndar meira en það, þeir afnámu lánskjaravísitöluna algerlega með lögum 1967 og ríkissjóður tók á sig að einhverju leyti þær skuldbindingar sem tengdust lánskjaravísitölunni.

Menn hafa oft spurt: Er hægt að aftengja lánskjaravísitöluna? Hvað um alla þá samninga sem hafa verið gerðir? Hvað með öll lánin og öll skuldabréfin sem eru tengd við lánskjaravísitölu? Er ekki verið að brjóta samninga á þeim sem hafa lánað fé með lánskjaravísitölu ef lánskjaravísitalan er skyndilega aftengd? Ég spyr þá á móti: Er ekki á sama hátt verið að brjóta samninga ef tekin væri t.d. upp ný og breytt lánskjaravísitala eins og hæstv. ríkisstjórn fyrirhugar nú frá og með áramótum, þ.e. lánskjaravísitölu þar sem laun eiga skyndilega að vega ein 70% í vísitölunni? Launin hafa þó hinngað til ekki vegið nema sem nemur kostnaði launa í byggingarvísitölu og að einhverju leyti inni í framfærsluvísitölunni. Að vísu hafa komið svör við þessu á þann veg að ríkisstjórnin hugsi málið helst þannig að hér verði um tvær lánskjaravísitölur að ræða, gömlu lánskjaravísitöluna og síðan nýju lánskjaravísitöluna á nýjum fjárskuldbindingum. En það út af fyrir sig leysir engin vandamál þó að hér verði tvær lánskjaravísitölur. — Úr því að hæstv. sitjandi forsrh. er mættur hér í þingsal langar mig til að beina þeirri spurningu til hans: Er það rétt skilið að frá og með 1. jan. nk. eða strax upp úr áramótum verði um tvenns konar lánskjaravísitölu að ræða í peningakerfi landsmanna þannig að öll ný útlán, sem á annað borð eiga að verðtryggjast, verði með nýju lánskjaravísitölunni, en öll gömlu lánin eigi að fylgja gömlu lánskjaravísitölunni þannig að við munum skrá hér tvenns konar lánskjaravísitölu eins lengi og þurfa þykir?

Hvað það varðar að ekki sé hægt að aftengja lánskjaravísitöluna eins og við höfum lagt til vegna þess að það séu alls konar samningar sem hindri það, þá get ég ekki svarað öðru til en því að það er ofur einfalt að fela bankakerfinu að gangast fyrir allsherjar skuldbreytingu. Ekkert ætti í raun og veru að vera auðveldara. Ég vorkenni bankakerfinu ekki nokkurn skapaðan hlut, með öllum þeim aragrúa af mannskap sem þar starfar, að taka það verkefni að sér að skuldbreyta öllum lánum sama dag og lánskjaravísitalan er tekin úr sambandi.

Við vitum ekki betur en það sé mjög algengt og reyndar erum við oft að tala um það í sambandi við meðhöndlun lánsfjárlaga hverju sinni að þar sækjast ríkisstofnanir og allir þeir sem hafa tekið mikil og löng erlend lán eftir skuldbreytingum. Það er sífellt verið að skuldbreyta erlendum lánum í takt við að betri lánskjör bjóðast. Alveg á sama hátt er hægt að skuldbreyta öllum lánskjaravísitölulánum ef menn kysu að taka vísitöluna úr sambandi og taka þá upp annars konar lánsform og skal ég víkja að því nokkru síðar. Meðan við erum að tala um afleiðingar lánskjaravísitölunnar, þá hef ég m.a. rakið það að nokkru í grg. sem ég lagði fram með frv. til laga um húsnæðislánastofnanir og húsbanka og langar mig að fá að lesa hér stuttan kafla úr þeirri grg., með leyfi virðulegs forseta, um lánskjör:

„Það sem hefur í mörg ár gert lánveitingar illframkvæmanlegar á Íslandi er verðbólgan. Með almennri verðtryggingu útlána, sem hófst um 1980, hefur verið reynt að gera útlán almennt og sér í lagi löng veðskuldalán óháð verðbólgunni. Lánskjaravísitalan var tekin upp 1. júní 1979 í samræmi við svokölluð Ólafslög frá sama ári. Um fátt hefur verið meira deilt í umræðu um efnahagsmál á Íslandi en lánskjaravísitöluna og áhrif hennar. Hún hefur að margra dómi reynst hinn mesti bölvaldur í íslensku efnahagslífi, en aðrir telja að hún sé forsenda fyrir heilbrigðu efnahagslífi. Þróun efnahagsmála eftir að lánskjaravísitalan kom til sögunnar hefur hins vegar ekki verið sérlega hagstæð ef litið er á breytingar á nokkrum þekktum efnahagsstærðum síðustu tíu árin.

Í töflu 1 er sýnd þróun gjaldeyrisvísitalna, þ.e. vestur-þýsks marks (DM), bandarísks dals (USD), ensks punds (BPD) og danskrar krónu (DKK), og enn fremur þróun lánskjaravísitölu, byggingarvísitölu, launavísitölu og kaupgjaldsvísitölu tímabilið 1979 til 1988. Allar vísitölurnar eru hundraðastilltar miðað við júní 1979, en þá var lánskjaravístalan fyrst skráð. Gengisvísitölurnar eru reiknaðar miðað við meðalgengi hvers árs, en aðrar vísitölur eru júnítölur hvers árs."

Árið 1979 eru sem sagt allar þessar tölur hundraðastilltar, en þróunin hefur þá verið með þeim hætti að árið 1988 er þýskt mark komið í 1252 stig, bandaríkjadollar í 1209 stig, breskt pund í 1008 stig og dönsk króna í 934 stig. Þá er lánskjaravísitala komin í 2051 stig, byggingarvísitala í 1751 stig og launavísitala í 2060 stig sem er mjög athyglisvert.

Þetta segir okkur það að fyrirtæki í sjávarútvegi, sem hefði tekið, við skulum segja, 10 millj. kr. að láni 1. júní 1979 á lánskjaravísitölu og ekki borgað neitt af láninu, skuldaði í dag 205 millj. íslenskra króna. Ef þetta sama fyrirtæki hefði fengið að taka erlent lán beint, það hefði t.d. fengið að taka 10 millj. kr. að láni í dönskum banka, þá skuldaði þetta fyrirtæki 93 millj. kr. Er það nema von að allt atvinnulíf hér sé á hausnum þegar þróunin hefur verið með þessum hætti! Jafnvel þótt þetta fyrirtæki hefði tekið erlent lán í þýskum mörkum þá skuldaði það samt ekki nema 125 millj. kr. En með því að

taka lán á lánskjaravísitölu skuldar það 205 millj. kr. Þetta er náttúrlega gjörsamlega út í hött. Það þarf enginn að vera neitt hissa á því þó að allt sé hér á hausnum eins og þessi mál hafa þróast, enda er svo komið að sumir opinberir fjárfestingarsjóðir hafa notfært sér þetta furðulega ástand með því að taka erlend lán á hagstæðum kjörum og endurlána þau út á lánskjaravísitölu og hafa af því umtalsverðan hagnað.

Svo að ég haldi áfram að vitna í fyrrnefnda greinargerð, þá stendur þar, með leyfi forseta:

„Tölurnar í þessari töflu segja alla söguna. Fram til 1985 virðist allt með felldu og gengisskráning breytist í takt við verðlagsþróunina. Upp úr því fer allt úr böndum og verðlag innan lands geysist fram miðað við nágrannalöndin. Svo virðist sem gengið sé nú vitlaust skráð sem nemur tugum prósenta. Á þennan hátt virðist lánskjaravísitalan hafa haft óbærilegar afleiðingar fyrir allt efnahagslíf landsmanna, einkum útflutningsfyrirtæki sem ramba nú flest á barmi gjaldþrots. Hefðu einstaklingar og atvinnufyrirtæki fengið að taka erlend lán beint í þeim erlendu gjaldmiðlum, sem taflan sýnir, væri skuldastaðan allt önnur og betri en með innlendum lánum á lánskjaravísitölu.

Kaupgjaldsvísitalan sýnir mjög vel hvernig launafólki hefur reitt af í verðbólgubálinu þar sem lánskjörin eru stillt eftir verðbólgunni en launin ekki. Enda urðu menn sammála um að taka hana úr sambandi í ágúst 1986." — En þá var hún 986 stig meðan lánskjaravísitala var komin upp í 1448 stig. — „Misgengishópurinn, sem varð að þola stórhækkun lánskjaravísitölu umfram kaupgjaldsvísitölu á árunum 1983–1984, hefur enn ekki fengið leiðréttingu sinna mála hvað húsnæðislánin áhrærir. Þróun launavísitölunnar, en mjög er umdeilt hvort hún sýni rétta mynd af afkomu launafólks, er ekki mikið hagstæðari." — Ég vil skjóta hér inn í að inni í launavísitölu eru reiknaðar ýmsar stærðir svo sem launaskrið, yfirvinnugreiðslur og bónusgreiðslur sem gera það að verkum að ýmsir fulltrúar launþega telja að launavísitalan mæli meiri kaupmátt en er í raun. En það er mjög athyglisvert að launavísitalan fór fram úr lánskjaravísitölu líklega seinni hluta árs 1987 og sýnir að sjálfsögðu þá miklu kaupmáttaraukningu sem varð á árinu 1987 og á fyrstu mánuðum ársins 1988. Því skal ekki á móti mælt. Enda segir hér í greinargerðinni, svo ég haldi áfram, virðulegur forseti:

„Kaupmáttaraukningin 1987 sýnir þó hagstæða útkomu árið 1988. Það að breyta lánskjaravísitölunni, þannig að launin vegi þyngra eða allt að 70% í vísitölunni, [eins og ríkisstjórnin fyrirhugar] virðist vera stórhættulegt. Má búast við því að lánskjaravísitalan taki kipp upp á við þegar samningar verða á ný frjálsir á næsta ári og haldi áfram að skrúfa upp verðbólguna sem aldrei fyrr. Sjálfvirk tenging vísitalna við mikilvæga þætti efnahagslífsins svo sem fjárskuldbindingar og laun er afar óheppileg og verðbólguhvetjandi." — Og svo ég skjóti hér aftur inn í, þá er það mjög frægt mál að til Seðlabanka Íslands barst skýrsla frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, líklega vorið 1987, þar sem það kvað vera sagt beinum orðum að lánskjaravísitalan sé stórhættuleg fyrir íslenskt efnahagslíf og sé verðbólguhvetjandi. Þessi skýrsla mun lokuð inni í peningaskáp í skrifstofu yfirbankastjóra Seðlabankans og er þar geymd sem algjört leyniplagg og fá engir hana að sjá.

Formaður Borgfl. óskaði eftir því við hæstv. viðskrh., reyndar í tíð fyrri ríkisstjórnar, að við fengjum að sjá þessa skýrslu. Upphaflega hafði verið leitað beint til Seðlabankans en hann neitaði algjörlega að láta þessa skýrslu af hendi og taldi hana algjört trúnaðarmál, leyniplagg eins og ég gat um. En hæstv. viðskrh. lét til leiðast og sendi okkur ritskoðaðan hluta úr þessari skýrslu. Afrit af þessari skýrslu barst okkur því í hendur þar sem búið var að sverta út ákveðnar setningar og líma yfir vissa kafla í skýrslunni, líklega þá kafla sem koma fremur illa við þá sem stjórna efnahagsmálum á Íslandi. En það sem eftir stóð var næsta lítið bitastætt og höfum við haft lítið um það að segja frekar sem þar stendur. Ég mundi þó fagna því að fá að lesa þessa skýrslu ef hún verður einhvern tíma sótt inn í peningaskáp virðulegs yfirbankastjóra Seðlabankans. Það kann að vera að það verði ekki fyrr en einhvern tíma á næstu öld þegar hún verður orðin sögufrægt plagg, en það verður þá gaman fyrir alþjóð að fá að vita hvað raunverlega stóð í þessari skýrslu. (**GHG:** Við breytum bara lögunum um Seðlabankann.) Já, ég skal taka undir með hv. þm. og gera það.

Þá langar mig til að fjalla hér aðeins um hvað við gætum hugsað okkur að taka upp í staðinn fyrir lánskjaravísitölu, en í greinargerðinni segir svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Í frumvarpinu er því einungis gert ráð fyrir að heimilt verði að verðtryggja lán en jafnframt bent á aðra valkosti. Nágrannaþjóðirnar hafa ekki nema að litlu leyti farið inn á þá braut að verðtryggja lán. Finnar voru einir Norðurlandaþjóðanna með almenna verðtryggingu fjárskuldbindinga fram til 1967 er þeir tóku sína lánskjaravísitölu úr sambandi. Efnahagsástand í Finnlandi er nú betra en það var áður og verðbólga mjög lítil. Í Danmörku er boðið upp á vísitölutengd lán í einhverjum mæli."

Svo ég skjóti inn í, þá bjóða danskar húsnæðislánastofnanir upp á svokölluð indexlán, þ.e. vísitölutengd lán. Þau eru þá tengd við kaupgjaldsvísitölu og og það eru hliðarákvæði í slíkum skuldabréfum þess efnis að ef launaþróun fer eitthvað aftur úr, þ.e. tímalaun verkamanns fylgja ekki kaupgjaldsvísitölunni eftir, þá beri að endurskoða verðtryggingarþátt lánanna þannig að þau mega aldrei hækka meira en sem nemur verðlagsþróun ef miðað er við tímakaup verkamanns. Það er mjög fróðlegt út af fyrir sig að velta því fyrir sér hvernig Danir líta á slík lán, en í greinargerðinni segir áfram:

„Yfirleitt er fólki ráðið frá því að taka slík lán og fremur hvatt til að taka venjuleg skuldabréfalán með afföllum. Vísitölubundin lán eru talin koma

helst til greina þar sem hægt er að tengja rekstur fasteigna við sömu vísitölu. Þannig má hugsa sér að nota vísitölubundin lán til byggingar leiguíbúða þar sem húsaleigan fylgir sömu vísitölu.“ — Þannig gengur nefnilega dæmið upp án þess að íbúðarnotandinn, þ.e. leigjandinn, þurfi endilega að fara á hausinn. Eða eigandinn öllu heldur, sá sem á að borga af lánunum, hann fer ekki á hausinn vegna þess að honum eru tryggðar tekjur sem fylgja sömu vísitölu og lánin sem eru bundin í húsinu.

Í greinargerðinni er vikið að annars konar lánsformum:

„Húsnæðislán í formi vaxtaaðlögunarlána (rentetilpasningslan) ryðja sér til rúms í nálægum löndum. Þau byggja á því að fyrir t.d. 40 ára veðlán er samið um fasta vexti til ákveðins tíma, t.d. fimm ár í senn. Gengi skuldabréfsins er háð vöxtunum sem samið er um í upphafi hvers vaxtatímabils og þar með ljóst hver lánsupphæðin er. Við upphaf næsta vaxtatímabils er svo samið um fasta vexti til næstu fimm ára. Er þá gamla lánið endurgreitt með nýju láni og svo koll af kolli. Afborgunarrunan er hins vegar miðuð við 40 ára lánstíma og lánið er í raun veitt til þess tíma þótt það sé endurreiknað á t.d. fimm ára fresti. Þannig er tekið tillit til verðlagsþróunar á skynsamlegan hátt. Lántakandinn situr ekki uppi með lán þar sem lánsupphæðin, þ.e. skuldin, hækkar í sífellu þrátt fyrir stöðugar afborganir.“

Þessi lán ryðja sér nú mjög til rúms bæði í Þýskalandi og Danmörku og eru talin afar heppilegt lánsform. Þá má enn fremur benda á það að t.d. húsnæðislánastofnanir bæði í Danmörku og í Þýskalandi hafa haft frumkvæði að því að reyna að breyta lánskjörum á skynsamlegan hátt þannig að þau komi betur við lántakandann. Þannig hefur t.d. mikið verið gert af því undanfarið að falla frá lánum, svokölluðum annuitetslánum, þar sem afborgun og vextir eru föst upphæð — að vísu þarf að breyta henni í takt við lánskjaravísitöluna á hliðstæðum íslenskum lánum — þ.e. greiðslubyrðin er jöfn allan lánstímann. Í upphafi eru vextir mjög háir og afborgun lítil en síðan þegar líða fer á lánstímann þá eru vextirnir minni og afborgunin hækkar. Þetta hefur það í för með sér að endurgreiðsla lánsins til lánveitandans er mjög lítil í upphafi lánstímans og skuldin lækkar mjög lítið sem er ekkert víst að komi sér vel fyrir lántakandann. Það eru til svokölluð raðlán þar sem um er að ræða fasta afborgun, þ.e. afborgunarhlutinn er föst upphæð. Þá er lánið borgað t.d. með ákveðnum fjölda afborgana sem allar eru jafnstórar en vextirnir eru þá mjög breytilegir eftir því hver skuldastaðan er hverju sinni. Með því að blanda þessum tveimur lánsformum saman, og þá er talað um blönduð lán, er hægt að fá fram miklu heppilegri endurgreiðslu lánsins sem kemur sér betur bæði fyrir þann aðilann sem lánar og þann sem tekur lánið. Það má vel vera að það væri t.d. hægt er að laga mjög greiðslustöðu húsbyggingarlánasjóðanna ef endurgreiðsla lánanna væri aðeins meiri en er í núverandi kerfi.

Þá langar mig að lokum, áður en ég yfirgef þennan þátt bráðabirgðalaganna, að benda á eitt lánsform enn sem við víkjum að í greinargerð okkar með húsnæðislánafrv.:

„Að lokum er rétt að minnast á lán með greiðslumarki og afkomutryggingu. Þau eru byggð á bandarískri fyrirmynd en einnig er farið að tala um afborgunartryggingu í nálægari löndum svo sem í Danmörku. Lántakandi, sem fær t.d. 25 ára veðlán, semur um það við húsbankann að sett sé greiðslumark á lánið, þ.e. mánaðarleg eða árleg greiðslubyrði af láninu, vextir, afborgun, hugsanleg verðtrygging o.fl., fari ekki upp fyrir greiðsluþol hans miðað við þær tekjur sem hann hefur við upphaf lánstímans. Samhliða greiðslumarksláninu er keypt afkomutrygging þannig að tryggingafélag tekur að sér að greiða mismun á greiðslumarki og greiðsluþoli lántakanda við atvinnumissi, veikindi, missi maka eða annað óvænt sem hefur áhrif á afkomu lántakandans. Oft er afkomutryggingin tekin á þann hátt að lánstíminn er lengdur, t.d. úr 25 árum í 35 ár, án þess að greiðslubyrði vegna lánsins sé minnkuð. Mismunurinn, þ.e. það sem greiðslubyrðin hefði átt að minnka um, er iðgjaldið sem lántakandinn greiðir fyrir afkomutrygginguna. Þannig er á einfaldan og hagkvæman hátt komið í veg fyrir að lántakandinn lendi í greiðsluerfiðleikum sem því miður er að verða regla fremur en undantekning hjá stórum hópi íslenskra lántakenda.

Það er skoðun flm. að væru einhverjar af þeim hugmyndum sem hér hefur verið lýst notaðar til að bæta húsnæðislánakerfi landsmanna mundi stórt skref verða stigið í þá átt að koma okkur út úr þeim ógöngum sem við búum við í húsnæðislánamálum.“ — Ég held að það geri ekkert til þótt ég láti þessa síðustu setningu fljóta hér með því að það er svo sannarlega staðreynd að ef við gætum á einhvern hátt lagfært þau mál, þá yrði efnahagskerfið hér og afkoma almennings öll önnur og betri.

Ég hef heyrt allar mótbárurnar sem peningasérfræðingarnir hafa komið með gegn því að afnema eða aftengja lánskjaravísitöluna. Nú segi ég viljandi að „aftengja“ lánskjaravísitöluna því ég hef í sjálfu sér ekkert á móti því að lánskjaravísitala verði áfram reiknuð, og þá gamla vísitalan. Ég hef nefnilega engan áhuga á því að breyta lánskjaravísitölu, eins og hæstv. ríkisstjórn áformar. Hún verði birt mánaðarlega eins og verið hefur og þeir aðilar sem eru að semja sín á milli geti haft hana til viðmiðunar við sínar ákvarðanir. En ég tel aldeilis fráleitt að það skuli vera sjálfvirk tenging við hvers kyns vísitölur þannig að ef kaffi hækkar í Brasilíu þá hækki allar innstæður íslenskra sparifjáreigenda. Þetta er algjörlega fráleitt.

Þá er og annað sem er vert að hafa í huga. Peningahyggjumennirnir, þeir sem eru að spila hér á svokölluðum fjármagnsmörkuðum, sem æpa hvað hæst ef minnst er á það að lánskjaravísitala skuli aftengd, tala um að markaðurinn geri ákveðna raunvaxtakröfu og hún er í þeirra huga eitthvað á

bilinu 10–20%. Þá varðar ekkert um það hvort það sé eitthvert atvinnulíf á Íslandi sem geti borið uppi slíka vexti. Nei, þeim er ósárt um það þótt allt atvinnulífið nánast bara hverfi. Því að það er þá óskilgreint hjá þeim hverjir eigi upphaflega að leggja til fjármagnið. Það er eins og þeir telji að fjármagnið spretti upp af sjálfu sér, síðan geti þeir leikið sér með fjármagnið fram og aftur og séð til þess að markaðurinn haldi uppi einhverri raunvaxtakröfu upp á 20%. Staðreyndin er einfaldlega sú að hér verður vaxtastigið að vera í takt við það sem atvinnulífið skilar af sér. Ef atvinnulíf landsmanna er svo illa statt að það stendur ekki undir nema 1–2% raunvaxtastigi, þá verður svo að vera. Þá verðum við bara að bíta í það súra epli að atvinnulífið stendur ekki undir hærra raunvaxtastigi. Leiðin til þess að hækka raunvaxtastigið er ekki önnur en sú að það verður að gera atvinnulífið virkara og betra þannig að fyrirtækin hagnist meira og geti staðið undir hærri vöxtum. Svo einfalt er málið. En að tala um að hér eigi að vera markaðsvextir upp á 10–20% og svo erum við með atvinnulíf sem þolir kannski 1–2% markaðsvexti! Þetta er bara tómt bull!

Ég ætla ekki að halda lengur áfram að vera hér með kennslustund fyrir fjármagnsspekúlantana, hvernig megi tryggja það að fjármunir brenni ekki upp í verðbólgunni. Það má þó benda á að nú á tölvuöld er enginn vandi fyrir bankakerfið að reikna dagvexti á sparisjóðsinnstæður. Það má reikna nafnvexti í takt við verðbólguna. Og það er ekkert auðveldara fyrir bankakerfið, með þeim tölvukosti sem það ræður yfir, en að breyta nafnvöxtum daglega ef þurfa þykir.

Þá er eðlilegt og sjálfsagt að notfæra sér það lánsform sem er í gildi í öllum nágrannalöndunum. Þar er yfirleitt um að ræða skuldabréfalán með afföllum. Það kann vel að vera að mönnum þyki greiðslubyrði slíkra lána vera of há við upphaf lánstímans, en það kynni nú að vera að fjárfestingarfylliríið sem hefur verið hér á Íslandi undanfarin missiri, aðallega þó hjá ýmsum fyrirtækjum, væri kannski eilítið minna ef greiðslubyrði lána væri svolítið þyngri í upphafi lánstímans eins og er yfirleitt í flestum nágrannalöndunum, frekar en að taka stór og mikil fjárfestingarlán þar sem greiðslubyrðin er nánast engin í upphafi. Þegar svo lánskjaravísitalan hefur skrúfað upp höfuðstólinn, þá kemst allt í þrot nokkrum árum síðar og fyrirtækin ráða ekkert við að borga af þessum lánum. Ætli sú aðgerð mundi ekki hvað best verða til þess að lækna hið sjúka íslenska efnahagslíf og atvinnulíf ef menn yrðu að taka lán með þeim hætti að greiðslubyrði lána við upphaf lánstímans væri verulega þyngri en hún er á svokölluðum lánskjaravísitölulánum?

Virðulegur forseti. Ég held að ég fari nú að stytta mál mitt. Það er aðeins eitt atriði enn sem mig langar til að vekja athygli á þegar við þessa umræðu, en það er brtt., sem við að vísu leggjum fram við Steingrímslögin sem við eigum eftir að taka til umræðu hér síðar meir, en hún lýtur að því að ríkisstjórnin standi við það sem hún setti í stefnuskrá sína, að útvega 150 millj. kr. að láni til þess að koma til móts við illa stadda einstaklinga og fjölskyldur sem eru í nauðum. Við höfum flutt brtt. sem miðar að því að útvegaðar verði 250 millj. kr. til þess að bjóða einstaklingum og fjölskyldum sem eru í nauðum staddar upp á skuldbreytingarlán hjá Húsnæðisstofnun ríkisins, bönkum og sparisjóðum. Við teljum nefnilega að það sé nauðsynlegt að auka þessa fjárhæð miðað við það sem stendur í stefnuskrá ríkisstjórnarinnar vegna þess að ég hef skilið hana svo — og ég veit ekki hvort hæstv. sjútvrh., sem nú gegnir einnig forsætisráðherraembættinu, heyrir til mín — en mér skilst að hugmyndin sé að þessari upphæð hefði átt að verja til þess að styrkja starfsemi Húsnæðisstofnunar ríkisins í sambandi við veitingu greiðsluerfiðleikalána. En það eru fleiri einstaklingar og fjölskyldur í nauðum staddar en þeir sem hafa farið í fjárfestingu vegna íbúðarhúsnæðis. Það er fullt af einstaklingum, og þeir eru ótrúlega margir hér í þessu þjóðfélagi, sem eiga í miklum erfiðleikum. Það líður ekki sá dagur að það sé ekki haft samband við okkur þingmenn Borgfl. af ýmsum einstaklingum alls staðar að af landinu sem eiga í miklum fjárhagslegum erfiðleikum og vita oft ekki sitt rjúkandi ráð út úr þeim ógöngum. Þess vegna höfum við lagt það til að þessi skuldbreyting verði gerð almennari þannig að a.m.k. 100 millj. kr. verði varið til þess að skuldbreyta í bankakerfinu lausaskuldum fjölskyldna og einstaklinga sem eru í miklum nauðum.

Mig langar að lokum til að rifja hérna upp að álíka aðgerð var gerð í tíð ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens. Þá var fólki boðið upp á skuldbreytingu í bönkum og sparisjóðum sem fór fram með þeim hætti að einstaklingar söfnuðu saman yfirliti yfir allar lausaskuldir sínar og fóru með það í þann banka þar sem þeir skulduðu mest og sá banki tók að sér að breyta lausaskuldunum í langt lán til átta ára. Ég held að það sé kominn aftur tími til að koma til móts við einstaklinga og fjölskyldur sem eru í nauðum staddar með þessum hætti. Skal ég ekki hafa orð mín lengri að sinni, virðulegur forseti.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Við kvennalistakonur unum því ekki að það dragist öllu lengur að afgreiða þessi bráðabirgðalög og þess vegna munum við leggja ríka áhérslu á að stytta mál okkar. Það var rætt mjög ítarlega um þau hér við 1. umr. og eins hefur gefist ágætur tími til þess í fjh.- og viðskn. Ed. En afstaða okkar ætti að vera öllum ljós. Eins og þingi og þjóð er kunnugt var hin afgerandi ástæða fyrir því að við kvennalistakonur gátum ekki hugsað okkur að taka þátt í myndun þeirrar hæstv. ríkisstjórnar sem nú situr sú staðreynd að ríkisstjórnin hefur með aðgerðum sínum ákveðið að afnema samningsréttinn og frysta hann fram í febrúar á næsta ári. Það hefur komið skýrt fram í máli okkar bæði í stjórnarmyndunarviðræðunum og eins við fyrstu umfjöllun máls-

ins, eins og ég vék að áðan, að við lítum á samningsréttinn sem helgan rétt fólks til þess að geta samið um kaup sín og kjör og þennan rétt má ekki fótum troða að okkar mati.

Sá tími sem sú launafrysting verður búin að vera við lýði, sem hefur gilt um nokkurra mánaða skeið og fyrirhugað er að aflétta eftir áramótin, er u.þ.b. ein meðganga og enn veit enginn hvernig afkvæmið verður eða hvernig það artar sig. Hvað mun þá blasa við þjóðinni? Mun samningsrétturinn verða gefinn frjáls og við hvaða aðstæður? Getur launafólk treyst því að fá þennan sjálfsagða rétt aftur í sínar hendur? Þessi langvarandi launafrysting kemur auðvitað verst niður á þeim sem minnst bera út býtum, eru á taxtalaunum, og auðvitað þarf ég ekki að minnast á að þar eru konurnar stærsti hópurinn.

Eins og fram kom í máli hv. síðasta ræðumanns skildu leiðir hér fyrr í dag varðandi flutning á brtt. sem auðvitað gátu ekki annað en hljómað á nákvæmlega sama hátt. Ætla ég ekki að reyna að útskýra hvað það var sem þar gerðist. Það kom reyndar fram í máli hans hér áðan að e.t.v. hefur leiðir skilið af öðrum ástæðum en bara hvað varðar flutning þessara brtt. því að hann tók skýrt fram að í stjórnarmyndunarviðræðunum hefði Borgfl. ekki getað sætt sig við að gangast inn á launafrystingu og afnám samningsréttar þar sem ekkert annað kom á móti. En það sem er alveg fast í okkar huga og hefur komið skýrt fram er að samningsrétti fólksins verður ekki skipt fyrir neitt annað. Það eru mannréttindi sem launafólk hefur barist fyrir um áraraðir og það er réttur sem ekki er hægt að skerða og bæta svo með einhverju öðru.

Ég hef leyft mér, ásamt hv. þingmanni Guðrúnu Agnarsdóttur, að flytja hér brtt. á þskj. 205 þar sem lagt er til að kjarasamningar taki gildi um leið og bráðabirgðalögin verða samþykkt og að samningsrétturinn verði gefinn frjáls. M.a. þess vegna er það mjög mikilvægt að afgreiðslu málsins verði hraðað, bæði þess vegna og eins til þess að þjóðin viti hvort hér situr sá meiri hluti við stjórnvölinn sem hún á rétt á að sitji þar. Þess vegna ítreka ég enn og aftur, við viljum hraða þessu máli sem verða má og munum leggja okkar af mörkum til þess að það geti gengið hratt og vel fyrir sig.

Umræðu frestað.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Ég vildi aðeins inna hæstv. fjmrh. eftir því hvort hann hefur haft tóm til þess að ráðgast við samstarfsflokka sína um þá endurskoðun á virðisaukaskattslögunum sem hér hefur komið til umræðu og fyrir dyrum stendur og ítreka enn einu sinni fyrirspurn mína til hæstv. ráðherra um það hvort hann sé reiðubúinn að gefa yfirlýsingu um með hvaða hætti hann ætlar að standa að endurskoðun frv. og hvort hann er reiðubúinn að skipa í það nefnd með fulltrúum allra flokka í þinginu.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Eins og kunnugt er eru hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. fjarverandi og hafa verið síðustu daga. Ég hef þess vegna ekki haft tækifæri til þess að ræða málið við þá. Ég hef hins vegar rætt málið við aðra ráðherra sem hér eru staddir og skoðað það frá því 2. umr. fór fram. Á þessu stigi get ég þess vegna sagt að því hefur verið vel tekið að þessi endurskoðun verði í samvinnu ríkisstjórnarflokka og þeirra flokka sem ekki eru í ríkisstjórninni, en mér finnst eðlilegra að ákveða það endanlega þegar forustumenn hinna ríkisstjórnarflokkanna hafa haft tækifæri til þess að ræða málið. En ég get sagt það hér og nú að ég mun gera þá tillögu að svo verði.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra jákvæðar undirtektir. Það er mjög skiljanlegt að hæstv. fjmrh. skuli ekki hafa haft aðstöðu til þess að bera sig saman við samstarfsflokkana vegna þess, eins og hæstv. ráðherra benti á, að formenn samstarfsflokkanna eru að gegna mjög mikilvægum trúnaðarstörfum á erlendum vettvangi og það hefur ekki verið gerð athugasemd hér við þeirra mat að þau störf séu mikilvægari en framganga þeirra mála sem hér liggur fyrir. Það er heldur ekki óskað eftir því sérstaklega að hæstv. fjmrh. fari einnig á erlendan vettvang til að hafa samráð um þetta afmarkaða atriði. Við svo búið telst svar hæstv. ráðherra ásættanlegt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

NEÐRI DEILD

19. fundur, föstudaginn 9. des., kl. 2 miðdegis.

Virðisaukaskattur, 3. umr.

Stjfrv., 134. mál (gildistaka). — Þskj. 141.

Veiting ríkisborgararéttar, 1. umr.

Stjfrv., 110. mál. — Þskj. 191.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1988, 1. umr.

Stjfrv., 158. mál (gjald af erlendum lánum). — Þskj. 169.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir frv. um breytingar á lögum nr. 10/1988, en þau lög snerta ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum á árinu 1988. Það frv. sem ég mæli fyrir felur fyrst og fremst í sér að það gjald sem ákveðið var af erlendum lánum, leigusamningum og fleira þess háttar verði framlengt um eitt ár eða til 31. des. 1989. Jafnframt er í frv. lagt til að undanþáguheimildir laganna verði víkkaðar nokkuð frá því sem nú er í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur á framkvæmd þessara laga á því ári sem nú er að líða. Eins og hv. alþm. er kunnugt er hér um að ræða gjald sem innlendir aðilar greiða í ríkissjóð af erlendum lántökum, fjármögnunarleigu, kaupleigu og hliðstæðum samningum. Þetta gjald er reiknað af höfuðstól gjaldskyldra samninga og er á bilinu 2–6%, allt eftir því hve hinir gjaldskyldu samningar eru langir. Gjaldið var fyrst lagt á með bráðabirgðalögum sem gefin voru út í júlí 1987 og í byrjun var það helmingi lægra en var síðast tvöfaldað í mars sl. með lögum nr. 10 1988. Í frv. til fjárlaga var reiknað með því að þetta gjald héldi áfram á næsta ári og þess vegna er hér lagt fram frv. um framlengingu gildistíma laganna.

Varðandi þær breytingar sem gerðar eru frá gildandi lögum er rétt að taka fram að samkvæmt gildandi lögum hafa erlend lán vegna útflutningsafurða, lán vegna hráefnakaupa fyrirtækja í útflutnings- og samkeppnisiðnaði, lán vegna reksturs kaupskipa og flugvéla svo og skuldbreytingalán verið undanþegin gjaldskyldu. Breytingar þær sem frv. hefur í för með sér á undanþáguheimildum fela í fyrsta lagi í sér að heimildin til að undanþiggja skuldbreytingalán gjaldskyldu er rýmkuð með því að fella niður skilyrði um að nýja lánið sé ekki til lengri tíma en hið eldra. Í öðru lagi er kveðið á um heimild til þess að undanþiggja gjaldtöku lán sem tekin eru vegna sérstakra aðgerða stjórnvalda í þágu útflutningsgreina, en eins og hv. þingheimi er kunnugt gerist það stundum í okkar þjóðfélagi að gripið er til sérstakra aðgerða í þágu tiltekinna útflutningsgreina og talið var eðlilegt að opna í lögunum heimild til að undanþiggja slík lán þessu gjaldi. Enn fremur er skýrara kveðið á um það í frv. en í gildandi lögum að lánasamningar vegna kaupa á flugvélum til notkunar í atvinnurekstri og kaupskipum eru undanþegnir gjaldskyldu.

Þessi lántökuskattur, sem svo er venjulega nefndur, gegnir ekki aðeins því hlutverki að afla ríkissjóði tekna. Hann hefur einnig haft það ætlunarverk að draga úr erlendum lánum. Eins og hv. þm. er kunnugt er það eitt af vandkvæðum efnahagsástandsins í okkar landi um nokkuð langa hríð að erlendar lántökur hafa sífellt farið vaxandi og nauðsynlegt er að hamla gegn þeim. Þegar skatturinn var lagður á árið 1987 var mikið ósamræmi milli innlendra og erlendra lánskjara og þetta ósamræmi jók ásóknina í erlend lán. Hins vegar er í sjálfu sér eðlilegt að skattur af þessu tagi sé tímabundinn og þegar jafnvægi er komið á í efnahagskerfinu geta verið margvísleg rök fyrir því að afnema slíkan skatt og leita þá annarra leiða til tekjuöflunar, en meðan því jafnvægi hefur ekki verið náð er að mörgu leyti eðlilegt að framlengja gildistíma þessa gjalds. Hins vegar ættu þær breytingar sem gerðar eru frá gildandi lögum að geta gert framkvæmd laganna að ýmsu leyti betur samrýmanlega þeim sjónarmiðum sem uppi hafa verið varðandi þarfir útflutningsgreinanna og aðrar meiri háttar aðgerðir, en hins vegar ber að gjalda varhug við því að auka undanþáguheimildirnar of mikið vegna þess að þá geta þær haft í för með sér að þessi aðferð hætti að þjóna tilgangi sínum.

Virðulegi forseti. Ég mælist svo til þess að frv. verði vísað til hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar. Þar gefst hv. þm. tækifæri til að skoða bæði framkvæmd þessara laga á yfirstandandi ári og þær breytingar sem hér eru lagðar til.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Þetta frv. fjallar um að framlengja tímabundinn skatt sem lagður var á á þessu ári. Meginröksemdirnar fyrir þeirri skattlagningu á sínum tíma voru ekki fjárhagsstaða ríkissjóðs eða sú nauðsyn að afla ríkissjóði tekna heldur hitt að á þeim tíma var hér enn verulegt ójafnvægi í efnahags- og atvinnumálum, ofþensla í hagkerfinu, sem stundum hefur verið nefnd svo, mikil umframeftirspurn eftir vinnuafli. Þáv. ríkisstjórn tók ýmsar ákvarðanir í þeim tilgangi að draga úr þessari ofþenslu á vinnumarkaði og umframeftirspurn eftir vinnuafli. Ein af þeim ráðstöfunum sem gripið var til í þessum tilgangi var sú að leggja sérstakan skatt á erlendar lántökur. Það var talið skynsamlegt að leggja slíkan skatt á í þeim tilgangi að fá menn til að fresta framkvæmdum og fjárfestingu. Því var ákveðið að hafa skattinn tímabundinn en ekki viðvarandi því hefði hann verið ákveðinn viðvarandi hefði hann ekki haft þau áhrif að fá menn til að fresta ákvörðunum um fjárfestingar eða erlendar lántökur.

Í annan stað var nokkurt misgengi á milli lánskjara á innlendum lánsfjármarkaði og erlendum og þótti eðlilegt og var um það full samstaða í þáverandi ríkisstjórn að gera ráðstafanir til að hækka fjármagnskostnað á erlendum lánum.

Það er ljóst að eitt með öðru hafði þessi skatt-

heimta nokkur áhrif í þá veru að draga úr ofþenslu og stuðla að jafnvægi í fjárfestingarmálum og á vinnumarkaði. Fjölmörg dæmi eru um að atvinnufyrirtæki ákváðu að fresta fjárfestingu af þeim sökum að því var lýst mjög skorinort yfir að skatturinn væri tímabundinn og félli niður um næstu áramót. Staðreynd er svo sú að í ágúst/september var komið jafnvægi á vinnumarkaðinn og sú mikla umframeftirspurn eftir vinnuafli sem hafði verið þrálátt vandamál var úr sögunni. Þess vegna eru ekki í dag sömu ástæður fyrir þessari skattlagningu og áður. Í fyrsta lagi er ekki sú ofþensla í hagkerfinu og ekki uppi þau miklu fjárfestingaráform sem ástæða þótti til að vinna gegn með skattlagningu af þessu tagi og í annan stað er ljóst að aðferð sem þessi hefur ekki áhrif í þá veru nema hún sé tímabundin. Það er allt of algengt að tímabundnir skattar séu framlengdir og gerðir varanlegir. Eigi þeir hins vegar að hafa áhrif og eigi að vera mögulegt að beita aðferðum sem þessum til að hafa þau áhrif sem ætlað er verður það að standast og þeir sem taka ákvarðanir í efnahagslífinu verða að geta treyst því að yfirlýsingar stjórnvalda um þessi efni standi, ekki síst vegna þess að það kann að vera nauðsynlegt þó síðar verði að beita skattheimtu af þessu tagi til að draga úr ofþenslu og nauðsynlegt að stjórnvöld eigi þetta hagstjórnartæki. Þegar því þarf að beita er óskynsamlegt við þessar aðstæður að leggja á slíkan skatt í fjáröflunarskyni fyrir ríkissjóð. Þeir sem í atvinnulífinu standa verða að geta treyst því að ákvarðanir standi og það eru hagsmunir ríkisvaldsins að eiga þennan möguleika sem hagstjórnartæki af þessu tagi en eyðileggja hann ekki með því að gera skattinn að almennum tekjustofni fyrir ríkissjóð. Þess vegna er það mín skoðun að það eigi að standa við fyrri yfirlýsingar og þessi skattheimta eigi að falla niður um nk. áramót.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 147. mál (sala eignarhluta í kaupleiguíbúð). — Þskj. 154.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 86/1988 á þskj. 154. Efni þessa frv. er að opna fyrir möguleika í félagslegum kaupleiguíbúðum á leigu með kaupum á eignarhluta í íbúð sem tryggi fólki öruggan afnotarétt af íbúðinni, en hér er um að ræða sama fyrirkomulag og gildir í almennum kaupleiguíbúðum. Með þessu fyrirkomulagi geta leigjendur í félagslegum kaupleiguíbúðum átt þess kost að kaupa sér 15% hlutareign í íbúðinni sem veiti ótímabundinn afnotarétt af henni.

Á síðasta þingi var samþykkt breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins um kaupleiguíbúðir. Þar var komið á fót nýjum valkosti í húsnæðismálum, kaupleiguíbúðum. Með kaupleigufyrirkomulaginu var verið að auka sveigjanleika í húsnæðislánakerfinu með hliðsjón af mismunandi þörfum fólks eftir aldri, búsetu og félagslegum þörfum og að stuðla að auknu framboði leiguhúsnæðis og meiri jöfnuði milli séreignar og leiguhúsnæðis.

Eitt af grundvallaratriðum í kaupleigunni er að íbúar eigi kost á að velja um leigu eða kaup með jöfnum mánaðarlegum greiðslum. Veigamikill þáttur í kaupleiguíbúðum var að opna möguleika í húsnæðiskerfinu fyrir almannasamtök eða félagasamtök sem starfa að húsnæðismálum með það að markmiði að koma á fót húsnæði og sjá um rekstur þess í þágu félagsmanna sinna. Við undirbúning frv. um kaupleiguíbúðir á síðasta þingi komu fram óskir frá nokkrum félagasamtökum sem starfa að húsnæðismálum um að bæta við einum möguleika í félagslegum kaupleiguíbúðum, þ.e. sölu á hlutareign gegn afnotarétti af íbúðinni. Þetta eru átta félagasamtök sem starfa að húsnæðismálum en aðild að þeim eiga m.a. Öryrkjabandalag Íslands, Sjálfsbjörg, Landssamband fatlaðra, Landssamtökin Þroskahjálp, Samtök aldraðra, stúdentaráð Háskóla Íslands, Bandalag ísl. sérskólanema, Leigjendasamtökin og Búseti, landssamband húsnæðissamvinnufélaga.

Þessi ósk félagasamtakanna náði að hluta fram að ganga á síðasta þingi. Í almennum kaupleiguíbúðum er heimilt að bjóða íbúðir á þeim forsendum að leigjendur kaupi skuldabréf framkvæmdaaðila og eignist 30% hluta í íbúðinni. Þegar um er að ræða aldraða eða öryrkja er heimilt að selja 15% hluta í eigninni. Hlutareign var hins vegar ekki lögfest í félagslega hluta kaupleigukerfisins. Það á sér þá skýringu að ekki náðist samstaða milli þáverandi stjórnarflokka um þá tilhögun.

Nú hafa húsnæðissamvinnufélög og ýmis félagasamtök sem ég áður greindi frá, sem starfa að húsnæðismálum með það að markmið að eiga og reka leiguhúsnæði í þágu félagsmanna sinna, óskað eftir því við stjórnvöld að heimilað verði að leigjendur í félagslegum kaupleiguíbúðum eigi þess kost að kaupa sér 15% hlutareign í þeim íbúðum sem veiti ótímabundinn afnotarétt af íbúðinni. Skilyrði væri að þeir sem gætu nýtt sér 15% hlutareign væru innan tekjumarka sem nú gilda í félagslegum kaupleiguíbúðum og í verkamannabústaðakerfinu. Húsnæðissamvinnufélagið Búseti hefur m.a. eindregið farið þess á leit að slíku fyrirkomulagi verði komið á, en Búseti hefur reist fjölbýlishús í Grafarvogi. Það mundi henta félagsmönnum vel að slíku hlutareignarfyrirkomulagi yrði komið á innan félagslegra kaupleiguíbúða líkt og nú er innan almennu kaupleiguíbúðanna sem fjármagnaðar eru úr Bygg-

ingarsjóði ríkisins.

Í þessu sambandi vil ég taka fram að félagsmenn í húsnæðissamvinnufélaginu Búseta, sem eiga kost á að kaupa hlutareign í því fjölbýlishúsi sem Búseti hefur nú reist, falla allir innan þeirra tekjumarka sem lög um félagslegar kaupleiguíbúðir heimila að lánað sé til í gegnum Byggingarsjóð verkamanna.

Þótt æskilegt hefði verið að slík breyting, sem hér er nú gerð tillaga um, hefði fylgt heildarendurskoðun á félagslega hluta húsnæðislánakerfisins, sem nú stendur fyrir dyrum, vil ég vænta þess að sú breyting sem hér er lögð til nái fram að ganga, enda mikið í húfi fyrir húsnæðissamvinnufélagið Búseta að svo geti orðið.

Um 1. gr. er það að segja að hér er um viðbót að ræða við þá tvo valkosti sem nú eru fyrir í félagslegum kaupleiguíbúðum, þ.e að auk möguleika á að kaupa íbúð eða leigja íbúð með kauprétti er hér opnað fyrir þriðja valkostinn, þ.e. leigu með kaupum á eignarhluta í íbúð sem tryggi fólki öruggan afnotarétt af íbúðinni.

Um 2. gr. frv. er það að segja að hún er hliðstæð þeirri grein sem nú gildir í lögum um almennar kaupleiguíbúðir og fjallar um réttindi og skyldur sem fylgja kaupum á eignarhluta í íbúð. Um það er helst að segja að framkvæmdaaðili félagslegra kaupleiguíbúða getur selt leigutaka eignarhluta í íbúð til tryggingar á ótímabundnum afnotarétti af íbúð með tilteknum kvöðum um afnotarétt og endurgreiðslu. Meginreglan er sú að leigutaki getur samkvæmt þessari grein tryggt sér ótímabundinn afnotarétt af íbúðinni og leigusamningur verður því óuppsegjanlegur af hálfu framkvæmdaaðila, með þeirri undantekningu þó að verði um verulegar vanefndir hjá leigutaka að ræða er hægt að rifta slíkum samningi. Afnotaréttur leigutaka sem kaupir eignarhluta er persónulegur og geta því ekki aðrir notfært sér þann rétt. Falli leigutaki frá eða hætti afnotum af íbúð skal eignarhlutinn endurgreiddur með fullum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu en án vaxta. Heimilt er þó að veita undantekningar frá þessari meginreglu þegar um hjón er að ræða ef annað fellur frá, þau skilja, gera kaupmála eða annað hjóna situr í óskiptu búi.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta frv. fleiri orð. Ég vil þó í lokin nefna að þessa dagana er ég að fá í hendur skýrslu nefndar sem unnið hefur að undirbúningi heildarendurskoðunar á félagslega hluta húsnæðislánakerfisins. Í kjölfar þessarar skýrslu verður skipuð nefnd sem fær það verkefni að gera tillögur um endurbætur á félagslega húsnæðislánakerfinu. Ég vil í þessu sambandi segja að með kaupleiguíbúðum voru gerðar vissar endurbætur á félagslega íbúðalánakerfinu og má í því sambandi benda sérstaklega á ákvæði um endurskoðun vaxtakjara með hliðsjón af tekjuþróun einstaklinga.

Áfangaskýrslan sem ég fæ í hendur næstu daga hefur að geyma heildaryfirlit yfir félagslegar íbúðabyggingar á Íslandi. Þar kemur fram hvernig uppbyggingu þeirra hefur verið háttað og þróun almennt í félagslega húsnæðislánakerfinu á Íslandi. Þar eru dregnir fram ókostir á núverandi fyrirkomulagi og hvaða leiðir þarf að fara til að félagslega íbúðalánakerfið nái markmiði sínu.

Ég taldi mjög mikilvægt að vinna slíka skýrslu til undirbúnings þeirri endurskoðun sem nú stendur fyrir dyrum því að ég tel að með slíkum vinnubrögðum verði öll endurskoðun á félagslega kerfinu miklu markvissari en ella. Vænti ég þess einnig að í þessari skýrslu komi fram ábendingar um valkosti og leiðir um framtíðarskipan félagslega íbúðalánakerfisins. Ég hygg að þess verði varla að vænta að niðurstaða slíkrar endurskoðunar liggi fyrir á yfirstandandi þingi því hér er bæði um tímafrekt og vandasamt mál að ræða. Ég met það þó svo að það sé mjög brýnt að efla möguleika félagasamtaka sem að húsnæðismálum starfa til að koma á fót leiguhúsnæði með hlutareign í félagslega kerfinu sem gagnist láglaunafólki og því er nauðsynlegt að gera strax þær breytingar sem frv. mælir fyrir um.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Enn er verið að ræða húsnæðismál á Alþingi og er það vel því að ástandið í húsnæðismálum landsmanna hefur ekkert batnað þrátt fyrir breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun undanfarin ár. Nú ræðum við breytingar á þeim hluta laganna sem fjallar um kaupleiguíbúðir.

Eins og menn muna gekk mikið á í fyrra þegar hæstv. félmrh. mælti fyrir kaupleigufrv. eins og það var kallað. Frv. var þó samþykkt sl. vor þótt margir og þar á meðal ég hefðu ýmsar efasemdir um ágæti þess að koma með nýtt kerfi við hliðina á öðru kerfi. Þótt ég sé síst á móti því að auka valkosti í húsnæðislánakerfinu taldi ég tæplega réttlætanlegt að koma á nýju kerfi þegar óvissan um framtíð byggingarlánasjóðanna var og er eins mikil og raun ber vitni. Enn er biðtími eftir lánum í kringum þrjú ár og ef ekkert verður að gert stefnir í gjaldþrot sjóðanna beggja, bæði Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna. Það hefði verið miklu eðlilegra og æskilegra að breyting sú sem gerð var á húsnæðislöggjöfinni sl. vor hefði verið liður í heildarendurskoðun á húsnæðislánakerfinu.

Undanfarið hefur starfað nefnd á vegum félmrh. sem hefur það hlutverk að endurskoða húsnæðismálakerfið. Það er auðvitað gott og blessað en þar er þó alvarlegur hængur á. Endurskoðun nefndarinnar nær aðeins til almenna hluta húsnæðismálakerfisins. Félagslegi hlutinn er alveg skilinn eftir.

Nú hefur hæstv. ráðherra upplýst að fram undan sé endurskoðun á félagslega húsnæðislánakerfinu og fagna ég því og vona að þeirri endurskoðun verði hraðað. Það kom fram á síðasta þingi, bæði í umræðum um kaupleigufrv. og svo í öðru samhengi, að það stæði þá fyrir dyrum. Væri fróðlegt að fá að sjá þá skýrslu, sem ráðherrann talaði um í ræðu sinni

áðan, um ástandið í félagslega íbúðalánakerfinu eins og það er núna. Ég inni hana eftir því hvenær ráðgert er að hefja endurskoðun á því kerfi þó að ég hafi tekið orð hennar þannig að því yrði hraðað og það yrði gert fljótlega.

Ég held að það sé alveg ljóst að það gangi engan veginn að íbúðalánakerfið sé með þeim hætti sem það er nú, mörg kerfi hlið við hlið, flókin og misréttlát. Féð sem rennur til húsnæðislánakerfisins deilist því í marga hluta. Því hlýtur nýtt kerfi að takmarka fé til þeirra hluta kerfisins sem fyrir eru.

Framlög til leiguíbúða hafa verið allt of takmörkuð undanfarin ár en þörf á leiguíbúðum, bæði félagslegum og almennum, er veruleg, bæði á höfuðborgarsvæðinu og ekki síður úti á landi. Meiri hluti fólks telur að verulegt átak þurfi að gera til að auka framboð á leiguhúsnæði.

Frv. sem hér er til umræðu felur í sér að heimila að selja allt að 15% eignarhlut í íbúð til að tryggja afnotarétt af íbúðinni, þ.e. í félagslega íbúðalánakerfinu. Þetta er sams konar ákvæði og er í almenna íbúðalánakerfinu í 38. gr., stafl. i. Mér finnst eðlilegt að þetta ákvæði nái einnig til kaupleiguíbúða í félagslega íbúðalánakerfinu. Ég hef velt því fyrir mér hvers vegna þetta ákvæði er ekki inni í húsnæðislögunum eins og þau eru nú og inni félmrh. eftir því hvort það hafi verið af ásettu ráði og ef svo væri, hvers vegna.

Ég tek fram að þó ég geti fallist á að þessi breyting á lögunum sé eðlileg nú tel ég eftir sem áður að betra hefði verið að fresta afgreiðslu kaupleigufrv. sl. vor og taka tíma til að endurskoða húsnæðislánakerfið og þar með félagslega íbúðalánakerfið. Inn í þá endurskoðun væri tekið m.a. skipulag verkamannabústaðakerfisins, leiguíbúðir, húsnæðissamvinnufélög og fleira.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Ég er dálítið undrandi á því að ríkisstjórnin skuli nú í þeirri tímaþröng sem er í störfum þingsins skömmu fyrir jólahlé bjóða upp í dans um húsnæðismál, en það segir eflaust eitthvað um forgangsröð verkefna hjá hæstv. ríkisstjórn að þessu máli skuli skotið inn á milli skattalagafrv. sem frá henni koma, væntanlega með það fyrir augum að fá þetta mál afgreitt með sama hraða og skattafrv.

Ég vil byrja á að lýsa undrun minni á því að hæstv. félmrh. skuli taka til máls um einn afmarkaðan þátt í þessum veigamikla og mikilvæga málaflokki án þess að gera þinginu þá nokkuð ítarlega grein fyrir því hver er staða þessara mála núna, hvaða breytingar eru á döfinni og hvað hún hyggst gera, hæstv. ráðherra, að því er varðar t.d. störf þeirra nefnda sem unnið hafa að þessum málum að undanförnu. Mér kemur nefnilega spánskt fyrir sjónir að þrátt fyrir að því sé lýst yfir æ ofan í æ að það sé verið að vinna að heildarendurskoðun, bæði hins almenna húsnæðislánakerfis og hins félagslega, skuli detta hér inn í þingið alltaf við og við frv. sem snúa að einstökum afmörkuðum þáttum þessara mála. Hvað líður allri þessari heildarendurskoðun, bæði á almenna kerfinu og félagslega kerfinu, og því geta svona lítil mál, eins og ráðherra telur þetta vera, ekki komið inn í slíka endurskoðun? Eða er kannski ekki von á neinum niðurstöðum úr þessum athugunum öllum á næstunni?

Ráðherra vék að því í framsögu sinni að hinn félagslegi hluti húsnæðiskerfisins væri til endurskoðunar. Ég held að hún ynni þarft verk með því að gera okkur grein fyrir því í þessum umræðum hvert þeirri endurskoðun er komið áður en farið er að gera hér breytingu sem þessa þó hún sé í sjálfu sér smávægileg. Með sama hætti er eðlilegt að það sé gerð einhver grein fyrir því hver reynsla er fengin af hinu svokallaða kaupleigufyrirkomulagi áður en því er breytt, að ráðherrann gerði grein fyrir því hvernig þær lagaheimildir sem veittar voru á síðasta þingi hafa nýst þó að sú reynsla sem af þessu er komin sé ekki ýkja löng.

En það er fleira sem er til umfjöllunar í sambandi við húsnæðismál um þessar mundir en hin eilífa endurskoðun húsnæðismálaráðherrans á lögum um þessi mál. Því var til að mynda lýst yfir við myndun þessarar ríkisstjórnar, ef ég man rétt, að komið yrði til móts við þá sem eiga í sérstökum greiðsluerfiðleikum með 150 millj. kr. viðbótarframlagi úr ríkissjóði. Síðan hefur ekki heyrst orð um það mál á Alþingi. En fyrst það er mælt fyrir stjfrv. um húsnæðismál væri þá ekki ráð að fá örlitla greinargerð frá ráðherra um hvað þessu áformi líður? Hvernig gengur ríkisstjórninni að tryggja þá fjármuni sem fyrirheit var gefið um í þessu skyni eða hefur kannski verið fallið frá því?

Nú er það þannig, virðulegur forseti, að á vegum félmrh. hefur frá því snemma á þessu ári starfað hópur manna að því að skoða nýjar leiðir í sambandi við hið almenna húsnæðislánakerfi. Upphaflega var þetta óformlegur vinnuhópur undir forustu hv. þm. Kjartans Jóhannssonar en síðan formlega skipuð nefnd sem sami hv. þm. veitir forustu. Eftir því sem fregnir af þessu starfi gefa til kynna eru á ferðinni hugmyndir um mjög róttæka breytingu á því húsnæðiskerfi sem hér var upp tekið fyrir rúmum tveimur árum og eflaust ekki vanþörf á. Hins vegar hefur dregist úr hömlu að upplýsingar um þetta efni kæmu fram t.d. hér á Alþingi þó svo að til að mynda þing Alþýðusambands Íslands hafi rætt þetta mál opinskátt og ályktað gegn ákveðnum atriðum sem þar mun vera að finna. Ég hefði viljað beina þeirri fyrirspurn til hæstv. félmrh. hvað líður þessu nefndarstarfi. Hvenær má vænta þess að niðurstaða þessarar nefndar sjái dagsins ljós í þingsölum sem frv. frá ríkisstjórninni? Eða hyggst ráðherra ekki beita sér fyrir breytingum í anda þess sem nefndin leggur til ef niðurstaða nefndarinnar gengur gegn vilja Alþýðusambands Íslands eins og hann birtist í ályktunum ASÍ-þingsins?

Ég held að það sé nauðsynlegt fyrir þingheim að fá brátt nokkuð glögga heildarmynd af því hver staða þessara mála er því það er erfitt fyrir þing-

menn að taka afstöðu til einstakra lítilla þátta og breytinga á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins þegar ekki liggur ljóst fyrir hver heildarmyndin er og hvaða áform eru uppi um að breyta þessum lögum, jafnvel mjög verulega.

Ég skal ekkert taka til umræðu það sem væntanlega verður í nál. þeirrar nefndar sem ráðherra skipaði og er nú að störfum um þetta mál. Væntanlega fáum við tækifæri til þess á Alþingi síðar meir. En ég held að það fari ekkert á milli mála að fjárhagsstaða byggingarsjóðanna tveggja er í mikilli hættu ef ekki verður brugðist við. Því eins og hv. 12. þm. Reykv. sagði má gera ráð fyrir því að á ekkert allt of löngum tíma stefni þar í hreint gjaldþrot með þeirri niðurgreiðslu fjármagns sem nú tíðkast. Það þarf ekki mikla reikningsspeki til að sjá í hendi sér að á u.þ.b. 20 árum, 20–30 árum e.t.v., verði útistandandi lán stofnunarinnar, miðað við hvernig útlánareglur eru í dag, orðin kannski 200–250 milljarðar kr. Ef niðurgreiðslan á slíkum lánum verður áfram sú sem hún er, 3–4%, sjá allir í hendi sér að þarna er verið að tala um fjárþörf úr ríkissjóði til að greiða niður vaxtakostnaðinn af þessum lánum sem nemur kannski á bilinu 7–10 milljörðum kr. á ári hverju. Þá held ég að hæstv. fjmrh. þurfi að hafa sig allan við í skattheimtuáformum sínum ef eftirmenn hans þurfa að hala inn 7–10 milljarða sérstaklega til að borga niður vextina á lánum Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Ég er ekki viss um að allir geri sér grein fyrir því hvað hér er verið að tala um háar fjárhæðir og hvað þetta stefnir hratt í mikið óefni. Mér er hins vegar kunnugt um að uppi eru hugmyndir um að gerbreyta þessu kerfi og ég vænti þess að ráðherrann svari því hvernig hún hyggst taka á þeim tillögum sem væntanlegar eru. En ég vænti þess líka að hún geti svarað þeirri spurningu hvernig hún hyggst beita sér eða bregðast við þessari niðurgreiðslu á næstunni áður en aðrar breytingar koma til framkvæmda. Mun félmrh. beita sér fyrir því eða ríkisstjórnin að úr þessari niðurgreiðslu dragi í núverandi kerfi?

Þessi mál voru mikið rædd í fyrra, á síðasta þingi, en eins og allir vita er það ríkisstjórnin sem ákveður vextina á lánum Húsnæðisstofnunar að fenginni tillögu félmrh. þannig að það er í verkahring hæstv. félmrh. að gera tillögur um þá vexti sem greiddir eru af þessum lánum. Nú er það að sjálfsögðu ekki einfalt mál að breyta þessum vöxtum vegna þess að þeir snerta hag fjölda manna sem hafa tekið þessi lán eða standa í biðröð eftir að taka þessi lán. En ég tel að það væri gagnlegt að fá svör ráðherrans við því og kannski ekki síður svör fjmrh. við því hvort þessir ráðherrar tveir treysta sér til að standa undir þessari gríðarlegu niðurgreiðslu áfram eða hvort einhver áform eru uppi um að gera þarna breytingu á á næstunni og þá jafnvel áður en þessu kerfi yrði hugsanlega gjörbreytt.

Ég tel eðlilegt í umræðu sem þessari, þegar um er að ræða þennan mikilvæga málaflokk sem snertir svo marga Íslendinga beint, að ráðherrann ræði þessi mál en þessi umræða sé ekki einskorðuð við þá tiltölulega léttvægu breytingu sem er gerð tillaga um með þessu frv. Ég vænti þess að ráðherra treysti sér til að fjalla nokkuð um þessi mál í heild sinni.

Varðandi aftur þá brtt. sem er lögð til, þá er að því stefnt að opna fyrir möguleika á svonefndri hlutdeildareign innan hins félagslega kerfis með því frv. sem hér er til umræðu. Það segir að vísu í athugasemdum með frv. og kom fram í ræðu ráðherra að ákvæði þessa efnis hafi ekki verið í því frv. sem samþykkt var á síðasta þingi vegna ágreinings meðal þeirra flokka sem stóðu að síðustu ríkisstjórn. Nú hef ég aðeins farið í gegnum þau skjöl sem okkur voru sýnd á þeim tíma og í fyrsta uppkasti að frv. til l. um svonefndar kaupleiguíbúðir var ekki gert ráð fyrir þessum möguleika þannig að ég átta mig satt að segja ekki á þeirri fullyrðingu sem þarna kemur fram. Hins vegar er rétt að við sem þá vorum í samstarfi við hæstv. félmrh., ekki síst kannski hv. 1. þm. Vesturl., höfðum þó nokkrar athugasemdir við það frv. sem lagt var fram í upphafi eins og kom glöggt fram bæði í umræðum á Alþingi á þeim tíma og í blöðunum. Ég minnist þess að við lögðum til að hlutdeildareignarheimildin í hinu almenna kerfi væri hækkuð úr 15% í 30% fyrir hinn venjulega mann, aðra en öryrkja og námsmenn og fleiri slíka hópa.

Hins vegar hefur það jafnan verið skoðun okkar sjálfstæðismanna að þeir einstaklingar sem kjósa að velja sér húsnæði í svonefndum hlutdeildaríbúðum ættu að eiga kost á því en þó þannig að þeir nytu ekki sérstakra forréttinda umfram aðra landsmenn í því efni. Ég vil þess vegna beina þeirri spurningu til félmrh. hvort það sé ekki alveg öruggt að sú heimild, sem er verið að fara fram á með brtt. í þessu frv., tryggi að þeir sem hygðust notfæra sér þessa heimild innan félagslega kerfisins yrðu undir sömu tekjumörk settir og aðrir þeir sem fá fyrirgreiðslu úr hinu félagslega kerfi. Það hefur nefnilega borið á því að þeir aðilar, sem hafa kannski helst verið í forsvari fyrir þetta fyrirkomulag, svokallað búseturéttarfyrirkomulag, hafa verið menn sem hafa a.m.k. allgóða tekjumöguleika en hafa engu að síður talið eðlilegt að þeir nytu lánafyrirgreiðslu frá hinu opinbera á sömu kjörum og þeir sem eiga undir högg að sækja í þjóðfélaginu, bara vegna þess að þeir hafa valið sér eða vilja búa í húsnæði sem kennt er við þetta tiltekna form, Búseta. Þetta tel ég afar óeðlilegt og reyndar illskiljanlegt að aðilar, sem ekki verður með nokkru móti sagt að eigi undir högg að sækja í þjóðfélaginu eða eigi erfitt með að skapa sér tekjur, skuli vilja smeygja sér inn í félagslegt íbúðakerfi bara út á það eitt að það íbúðarform sem þeir kjósa heitir einhverju tilteknu nafni.

Ég minnist þess að á fundi, sem samtökin sem hæstv. ráðherra nefndi til sögunnar hér áðan héldu fyrir rúmu ári, voru ýmsir fulltrúar búsetasamtakanna sem ég gat ekki skilið öðruvísi en svo að þeim þætti afar eðlilegt að búsetaréttarfyrirkomulagið, nafnsins vegna nánast, ætti að falla undir félagslega húsnæðiskerfið. Þetta voru jafnvel einstaklingar sem

gegna afar vel launuðum störfum í þjóðfélaginu án þess að ég fari nánar út í að tilgreina einstaklinga í því sambandi.

Ég vil gjarnan biðja ráðherrann að gera þetta alveg skýrt, vegna þess að ég tel að það sé grundvallaratriði að ekki sé verið að búa til mismunun að þessu leyti þannig að tilteknir einstaklingar, sem hafa miklar tekjur jafnvel, geti smeygt sér inn í félagslega íbúðalánakerfið í gegnum þetta tiltekna félagsform.

Ég vildi þá gjarnan beina þeirri fyrirspurn til ráðherra í leiðinni hvort það sé þannig, eins og mér reyndar heyrðist hún segja í ræðu sinni, að í það nýja húsnæði sem byggt hefur verið í Reykjavík í þessu formi hafi verið veitt lán úr Byggingarsjóði verkamanna frekar en Byggingarsjóði ríkisins og hvort það sé þá ekki alveg tryggt að allir þeir sem í raun njóta þeirrar lánafyrirgreiðslu með því að taka þar upp búsetu uppfylli þau skilyrði sem sett eru í hinu félagslega lánakerfi. Því ég held að allir hljóti að geta verið sammála um að það er óeðlilegt að menn sem e.t.v. hafa góðar tekjur verði sér úti um lánsfé, sem ætlað er þeim sem eiga undir högg að sækja í þjóðfélaginu, bara út á þetta tiltekna form og það að búa í húsnæði sem þeir kjósa að kalla einhverju tilteknu nafni.

Ég vil að því er þessa breytingu varðar áskilja mér rétt til að fjalla nánar um hana í hv. félmn. þar sem ég á sæti. Ég sé enga ástæðu til að lýsa andstöðu við þessa breytingu. Ég tel hins vegar að ef hún yrði gerð væri henni betur fyrir komið með eilítið öðrum hætti í lögunum. Það er hins vegar mál sem ekki er ástæða til að ræða hér heldur taka frekar upp í nefndarstarfinu.

Mér leikur hins vegar nokkur hugur á, fyrst hv. 1. þm. Vesturl. er nú í salnum, að beina þeirri spurningu til hans og félaga hans úr Framsfl. hvort þeir séu endanlega búnir að sætta sig við þá breytingu sem gerð var á lögunum um Húsnæðisstofnun með kaupleiguíbúðum og hvort sú breyting sem hér er flutt sé þeim að skapi því að eins og við munum voru það ekki síst hv. þm. Framsfl. sem gerðu athugasemdir við þetta mál á sínum tíma.

Hitt er svo alveg rétt að við sjálfstæðismenn gerðum allnokkrar efnislegar athugasemdir við kaupleiguformið þegar það var hér til meðferðar. Það hafði hins vegar verið gert ákveðið samkomulag við stjórnarmyndunina sumarið 1987 um að þessu skyldi komið á og við það stóðum við að sjálfsögðu. Hitt er það að fjmrh. og félmrh. stóðu ekki við þær upphæðir sem samið var um í því sambandi og ég hygg að félmrh. hafi tekist að afla miklu meiri fjármuna til þessara mála en um var samið við stjórnarmyndunina 1987 og hefur eflaust notið til þess fulltingis og góðvilja hæstv. páv. fjmrh., núv. hæstv. utanrrh. En út í þá sálma skal ég ekki fara nánar að þessu sinni, enda eru ríkisfjármálin ekki lengur á okkar könnu, sjálfstæðismanna, með sama hætti og var þar sem við eigum ekki lengur aðild að ríkisstjórn. En ég er ansi hræddur um að við hefðum gert athugasemdir við þann fjáraustur sem er í þennan málaflokk og hefur verið miðað við það samkomulag sem um þetta var gert á sínum tíma við stjórnarmyndunarviðræðurnar.

En það kom á daginn þegar frv. um þetta mál var lagt hér fram í fyrra að það stóð ekki til af hálfu hæstv. félmrh. að gera sömu kröfur til þeirra einstaklinga sem eignast vildu íbúðir í kaupleiguíbúðakerfinu og hinna sem eignast vildu íbúðir eftir venjulegum leiðum innan hins opinbera húsnæðislánakerfis. Þessu fengum við sjálfstæðismenn breytt við undirbúning málsins þannig að sem betur fer er það ekki þannig í lögunum heldur sitja menn við sama borð að því er lán til þessara íbúða varðar miðað við aðrar íbúðabyggingar. En það var ekki ætlun félmrh. eins og þetta frv. var upphaflega kynnt fyrir páv. samstarfsflokkum.

Ég tel sjálfsagt að það séu ýmsir valkostir í boði fyrir það fólk á Íslandi sem vill koma sér upp þaki yfir höfuðið. Ég tel fullkomlega eðlilegt að menn geti valið um hvort þeir leggja í meiri háttar fjárfestingu einu sinni á ævinni með lánsfé frá hinu opinbera eins og er hið almenna eða hvort þeir velja frekar einhverjar aðrar leiðir sem eru þeim betur að skapi. En það hlýtur að vera grundvallaratriði að menn sitji við sama borð, að einu tilteknu húsnæðisformi sé ekki gert hærra undir höfði en öðrum vegna einhverra sjónarmiða um að það sé betra, skynsamlegra eða þægilegra að búa í einhverju tilteknu formi, eins og t.d. í búsetafyrirkomulagi, en öðru. Það er eðlilegt að ef einhver vill búa samkvæmt slíku fyrirkomulagi hafi menn sama lánarétt og aðrir til þess, en það er óeðlilegt að menn hafi þar einhvern forgang umfram aðra, umfram það sem almennt gerist í þjóðfélaginu varðandi hinar félagslegu íbúðir.

Ég hyggst ekki, herra forseti, hafa öllu fleiri orð um frv. að sinni. Ég vænti þess að ráðherra svari þeim fyrirspurnum sem ég hef til hennar beint, ekki síst þeim sem varða heildarmyndina í þessum málum sem ég tel mun mikilvægari en frv. sem slíkt þó að ég vænti þess að sjálfsögðu að hún svari mínum fyrirspurnum um frv. einnig.

Ég vildi síðan í lokin beina þeirri fyrirspurn til ráðherra hvort ætlast er til þess að frv. hafi sama forgang í þinginu og tekjuöflunarfrv. ríkisstjórnarinnar. Hyggst hún knýja á um afgreiðslu þessa máls nú fyrir jól því að þá hygg ég að einhver önnur mál verði að víkja í staðinn á forgagnslista stjórnarinnar ef það er meiningin — eða er nægjanlegt að afgreiða þetta mál að loknu jólaleyfi þingmanna?

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér er lagt fram frv. til l. um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Það er þó aðeins smáhluti af þeim lögum sem hér er verið að gera breytingu á og þó að frv. sé líklegt til úrbóta vekur framlagning þess margar spurningar, þar á meðal þá spurningu sem hv. 17. þm. Reykv. bar fram áðan um mismunun í húsnæðislánakerfinu

og spurningu um hverjir eigi að njóta þessa hluta kerfisins og hverjir ekki. Er þetta, hæstv. félmrh., ætlað fyrir þá verst settu og láglaunahópana eða er þetta fyrir hálaunahópa? Úr þessu hljótum við að verða að fá skorið.

Þetta frv. er, eins og ég komst að orði í fyrra, aðeins til að lappa upp á þessi handónýtu lög um Húsnæðisstofnun ríkisins. Hér er ekki heildarlausn á ferðinni. Eina raunhæfa tillagan er frv. Borgfl. sem lagt hefur verið fram í Ed. af hv. þm. flokksins Júlíusi Sólnes og Guðmundi Ágústssyni. Það frv. fjallar um húsnæðismálastofnanir og húsbanka og um þessi mál er fjallað í heild með nýjum hætti og gefur möguleika á því að stokkað sé upp þetta ónýta húsnæðiskerfi sem við búum við og lagfært og gert heilbrigt og gott þannig að allir megi vel við una. Markmið með frv. sem Borgfl. hefur lagt fram í Ed. er að tryggja að það verði nægilegt lánsfé til húsbygginga, einkum íbúðarhúsa, hjá sérstakri húsnæðismálastofnun handa þeim sem eiga ekki rétt hjá húsnæðislánum hjá Byggingarsjóði ríkisins. Húsnæðislánastofnanir eða húsbankar, sem verða starfræktir samkvæmt þeim lögum, skulu þurfa leyfi félmrh. til að veita veðlán til íbúðabygginga á grundvelli sölu á húsbréfum.

Í þessu frv. er farið mjög náið yfir þau lög sem gilda í dag, þau endurskoðuð og gerð mjög merk tillaga um breytingu á þeim. Það er í fyrsta lagi svo að íslenska húsnæðislánakerfið hefur á mörgum undanförnum árum verið ærið óstöðugt. Við höfum orðið vör við það núna tvö síðustu þing að þurft hefur að grípa til ýmissa ráðstafana og breyta einhverjum smágreinum í hvert sinn vegna þess að kerfið hefur verið komið í þrot og eins og staðan er er það víst að núverandi kerfi mun ekki standa áfram með þeim hætti sem það er. Tillaga okkar í Borgfl. er miklu víðtækari og grípur á þessu vandamáli með lausn sem þegar er í gangi annars staðar í heiminum. Ég nefni þar Danmörku. Í því frv. er gert ráð fyrir að þessum málaflokkum verði skipt í tvennt, annars vegar félagslegi þátturinn og hins vegar fyrir þá sem eru betur staddir. Þar koma húsbankarnir til sögunnar. Það er nokkuð ljóst að það verður að taka á félagslega þættinum sérstaklega og það verða að vera íbúðir fyrir lágtekjufólk, íbúðir fyrir þá sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn, verndaðar íbúðir fyrir öryrkja, verndaðar íbúðir fyrir aldraða og leiguíbúðir á vegum sveitarfélaga og félagasamtaka. Um þetta erum við með tillögur í okkar frv. og þær grípa inn á þessi svið þannig að við teljum að sé miklu raunhæfara.

Þá er hitt sviðið, húsbankarnir, sem hafa starfað um nokkurt árabil, t.d. í Danmörku, og gefið svo góða raun að þeir hafa fullnægt markaðnum í Danmörku. Húsbankarnir í Danmörku hafa fengið leyfi til að færa út kvíarnar og eru farnir að selja sín húsbréf í Vestur-Þýskalandi og Wales m.a. vegna þess að þau hafa reynst svo vel í Danmörku að þeir eiga afgangsfjármagn. Ég tel að ef við færum inn á þessa braut mundum við standa býsna vel á næstu árum og í framtíðinni og húsnæðiskerfið ekki þurfa að koma til umræðu á Alþingi æ ofan í æ eins og verið hefur.

Í greinargerð með frv. borgaraflokksmanna er m.a. sýnt fram á þróun verðlags á Íslandi á árunum 1979–1988. Sú tafla sem er þar birt er býsna fróðleg og sýnir hvernig verðlag hefur þróast með tilliti til erlendra gjaldmiðla og lánskjaravísitölu og annarra vísitalna sem hér eru notaðar. Við þann samanburð kemur í ljós að hefðum við verið svo skynsöm að lofa dönsku húsbönkunum að fjármagna upp húsnæðismálakerfið á Íslandi 1979 og hefðum tekið 100 millj. að láni þaðan væri höfuðstóll þess fjármagns í kringum 1 milljarður og 80 millj. kr., en sama fjármagn sem er bundið við lánskjaravísitölu er nú hér 2 milljarðar og 60 millj. kr. Það er helmings munur á þessu ef við miðum aðeins við höfuðstól.

Í okkar tillögum er einnig gripið með nýjum hætti á lánskjörum og nýjum möguleikum í þeim efnum. Ég bendi á hin svokölluðu vaxtaaðlögunarlán sem hafa reynst afskaplega vel og eru hagstæð bæði fyrir þá sem lána fjármagnið og þá sem fá það lánað. Þá er einnig minnst á svokallað greiðslumark og afkomutryggingu sem er samkvæmt bandarískum fyrirmyndum og hefur einnig reynst vel í þeim löndum. Allt þetta tel ég til mikilla bóta ef fram næði að ganga og tel að það væri raunhæfara að við mundum taka upp þetta kerfi, sem þingmenn Borgfl. í Ed. hafa lagt fram, og reyna með því að fá fram varanlega lausn á húsnæðismálaflokkinum á Íslandi, að reyna að leysa þennan vanda til frambúðar með skynsamlegum hætti, með þeim hætti sem tíðkast annars staðar og hefur reynst vel en ekki með aðferðum sem hér hafa verið reyndar og hafa ekki gengið upp vegna þess að það hefur sýnt sig að við náum ekki markmiðum okkar með því kerfi.

Ég mun að öðru leyti ekki ræða mjög ítarlega um það eina mál sem hér er til meðferðar, tillögur um breytingu á Húsnæðisstofnun ríkisins, sem fjallar um kaupleiguíbúðir, sem líklega, eins og ég sagði í byrjun máls míns, eru til bóta. Ég vil hins vegar undirstrika að það hlýtur að vera mikilvægt að þegar slík ákvæði eru sett í lög sé tryggt jafnframt að þau séu ætluð til að rétta hag þeirra sem minna eiga og þurfa meiri aðstoð en þeirra sem eiga kannski möguleika á miklum tekjum og geta bjargað sér á hinum almenna markaði. Þetta er grundvallaratriði og við hljótum að hugsa til þess að okkar kerfi eins sé tvískipt og er gert ráð fyrir í frv. okkar borgaraflokksmanna um húsnæðislánastofnanir og húsbanka.

Ég ítreka að það verður líka að tryggja að þeir sem eiga sínar húseignir sjálfir séu ekki of skattlagðir með eignasköttum og fasteignagjöldum á sama tíma sem aðrir sleppa e.t.v. frá því með öðrum hætti. Það verður að gefa mönnum kost á að njóta þess að þeir hafi með atorku sinni byggt sitt eigið húsnæði og búi þar. Það verður að sjá til þess að hvort tveggja geti gengið hér, félagslega kerfið og þeirra sem hafa afl til að byggja sjálfir.

Ég vil svo ekki við þessa umræðu ræða þetta nánar, en mun við 2. umr. vafalaust hafa eitthvað fleira um þessi mál að segja.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessar umræður nú, enda ástæðulaust af minni hálfu þar sem þetta mál kemur væntanlega einhvern tíma fyrir hv. félmn. Nd. og þar sem hér er ekki um forgangsmál að ræða gefst væntanlega tími til að ræða þetta mál og þá nánar húsnæðismálin í heild.

Ég vil aðeins svara hv. þm. sem bar hér fram til mín fyrirspurn áðan um afstöðu Framsfl. til þessa máls. Þetta er stjfrv. að sjálfsögðu, en það er lagt fram með leyfi þingflokksins með venjulegum fyrirvara um að menn geta haft ýmsa aðstöðu til að fjalla um málið þegar það fer í gegnum venjulega afgreiðslu.

Út af því sem hv. síðasti ræðumaður var að segja áðan og las upp úr frv. sem liggur hér fyrir þiginu, þá held ég að það sé rétt að menn átti sig á því, sem er nú kannski aðalvandamálið í okkar þjóðfélagi, ekki síst fyrir þá sem eru að reyna að koma sér upp húsi yfir höfuðið, að það verðbólguþjóðfélag sem við höfum þurft að búa í hefur gert peningana verðlitla og aukið skuldabagga umfram allt venjulegt í öðrum löndum. Við komumst aldrei í neinn samanburð að því leyti til við aðrar þjóðir, því miður. Ég held að menn verði að hafa það í huga þegar verið er að ræða þessi mál eins og önnur að ástand efnahagsmála hefur hér aðaláhrif. Þess vegna eiga menn að taka höndum saman um ráðstafanir þannig að þetta blessað þjóðfélag geti rekið sig þannig að einstaklingarnir þurfi ekki að bera hærri byrðar en þekkist annars staðar í þeim löndum sem við viljum miða okkur við. Þetta held ég að sé kjarni mála.

Þetta frv. ætla ég ekki að ræða neitt efnislega. Við höfum rætt það áður að í síðustu ríkisstjórn var gert samkomulag um það milli foringja þeirra flokka sem stóðu að þeirri ríkisstjórn að gera tilraun með hið svokallaða kaupleiguíbúðakerfi. Það voru tilteknar fjárhæðir sem í það áttu að fara og tiltekið að reyna að hafa reynslutíma á þessu kerfi og átta sig á hvernig það aðlagast íslenskum aðstæðum og því kerfi sem við búum við. Sá reynslutími er að sjálfsögðu ekki liðinn og eftir er að átta sig á því hvernig þetta hentar okkur. Hjá ýmsum öðrum þjóðum, í nágrannalöndum okkar, hefur þetta mistekist og verið lagt niður. Annars staðar hefur það gefið nokkuð góða raun með sérstökum útfærslum. Þetta á eftir að koma í ljós. En ég vil aðeins segja það hér að í mínum huga eigum við félagslegt kerfi sem hefur skilað árangri í gegnum áratugina, þ.e. verkamannabústaðakerfið. Það hefur lyft grettistökum í okkar félagslegu íbúðaþörf og í það kerfi hafa þeir fyrst og fremst getað sótt sem verr standa í þjóðfélaginu, lágtekjufólkið, og notið þess. Út frá því kerfi höfum við í gegnum tíðina þróað ýmsa aðra möguleika í sambandi við leiguíbúðir, leiguíbúðir sveitarfélaga sem því miður höfðu ekki sömu aðstöðu og verkamannabústaðir þar til það var leiðrétt á síðasta þingi. En ég vek athygli einnig á því að í húsnæðislöggjöfinni frá 1984 var bætt lið, í 33. gr., c-lið, sem gerði mögulegt fyrir ýmis félagasamtök að byggja leiguíbúðir fyrir þá sem standa enn verr, þ.e. þá sem eru öryrkjar og eldra fólk, námsmenn, með sama rétti og bestur er í verkamannabústaðakerfinu. Margir hafa notað sér þetta og m.a. varð það til þess að hið svokallaða búsetafélag fékk heimild til að hefja byggingar fyrir sína félagsmenn sem uppfylltu þessi skilyrði.

Ég vil taka undir það með hv. 17. þm. Reykv. að það voru gerðar ýmsar lagfæringar á kaupleigufrv. þegar það var lagt fram á síðasta ári og raunar öllum greinum þess breytt í meðferð félmn. Þar var við það miðað, eins og hann tók réttilega fram, að hlutdeildarákvæðið var hækkað, og það var eingöngu gert að tilhlutan nefndarinnar. Við það var einnig miðað að þeir sem nytu þessa ákvæðis yrðu að uppfylla að öðru leyti þau skilyrði sem eru í hinum almenna lánarétti, þ.e. bæði að því er varðar tekjumörk og rétt í lífeyrissjóðum o.s.frv.

Ég vil, til þess að lengja ekki umræðurnar, herra forseti, lýsa því yfir að það var alltaf gert ráð fyrir því í lögunum frá 1986 að vaxtaákvörðun yrði tekin til sérstakrar meðferðar eftir nákvæma athugun. Það var aldrei reiknað með því að óbreytt niðurgreiðsla á vöxtum yrði til frambúðar, það yrði að finna á því annað form til að verja byggingarsjóðina. Það er náttúrlega þegar farið að dragast úr hömlu að koma þeim málum í rétt horf.

Ég tel einnig að það þurfi þegar við erum að tala um þessi mál að auka sparnaðinn. Það gengur ekki öllu lengur að þeir sem njóta þessara háu lána verði strax ofsligaðir vegna þess að þeir eiga ekkert eigið fé. Þetta var eitt það sem fylgdi lögunum 1986 og átti að taka til sérstakrar meðferðar, að setja um það ákveðnar reglur að menn yrðu að hafa eitthvert eigið fé eða tryggingu fyrir eigin fé áður en þeir legðu í þessar dýru byggingarframkvæmdir með þessum háu lánum og það yrði að liggja fyrir hjá húsnæðisstjórn eðlilegt mat á því. Þetta á við alveg eins um einstaklinga og fyrirtæki því að ef þetta er ekki gert og aðilar eiga ekkert eigið fjármagn fer illa eins og dæmin sanna.

Ég tel ekki ástæðu til að orða þetta meira. Ég hefði talið miðað við fyrri tíð að hæstv. félmrh. hefði lagt fram frv. um byggingarsamvinnufélög, búseturéttarbyggingarsamvinnufélög, og gengið þannig hreint til verks eins og var gerð tilraun með á sínum tíma en náðist ekki samkomulag um. Þá fer ekkert milli mála að hverju er verið að stefna. En sjálfsagt á slíkt frv. eftir að koma fram í hv. Alþingi.

Ég geri ráð fyrir að þetta mál fái sína eðlilegu meðferð á þinginu, en ég tek fram að ég tel þetta ekki forgangsmál í þeim tímaskorti sem við eigum nú í á hv. Alþingi við að ná saman afgreiðslu fjárlaga.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég þakka þær umræður sem hafa

orðið um þetta mál. Ég tel að það megi segja að þær hafi, a.m.k. hjá flestum ræðumönnum sem hér hafa talað, verið fremur jákvæðar þó að vissulega hafi komið fram hjá ræðumönnum að þeir hafi viljað sjá hér heildarendurskoðun á félagslega kerfinu. A.m.k. gat ég ekki fundið að þetta frv. mætti hér andstöðu og menn áskildu sér rétt til að skoða þetta í nefnd.

Það var komið hér víða við í umræðunni og spurt ýmissa spurninga bæði að því er varðar félagslega kerfið og þá endurskoðun sem nú stendur yfir á almenna kerfinu. Ég vil fyrst svara í örfáum orðum þeim spurningum sem snúa beint að því frv. sem hér er til umfjöllunar.

Hv. þm. Hreggviður Jónsson spurði hvort frv. væri fyrir hálaunafólk eða fyrir láglaunafólk. Því er til að svara að það er fyrir láglaunafólk.

Að því er varðar fyrirspurn hv. þm. Geirs H. Haarde um hvort, ef þetta frv. yrði að lögum, það yrði viðmiðun við sömu tekjumörk og eru í verkamannabústöðunum, þá er svarið við því einnig já. Það er skilyrði að þeir sem fá rétt samkvæmt þessi séu undir þeim tekjumörkum sem eru í verkamannabústaðakerfinu og að þeir lúti því líka að það verði endurskoðun á vaxtakjörunum sem eru í þessu kerfi með hliðsjón af tekjum viðkomandi.

Hv. þm. spurði einnig hvort allir uppfylltu þau skilyrði sem fengju inni í þeim íbúðum sem Búseti hefur verið að reisa. Já, allir þeir sem fá inni í búsetuíbúðunum verða að uppfylla þessi skilyrði. Ef þetta frv. nær ekki fram að ganga að því er varðar aðra en aldraða, öryrkja og námsmenn yrðu þessir hópar, jafnvel þó að þeir yrðu undir tekjumörkum, að fara inn undir ákvæði um almennu kaupleiguíbúðirnar þar sem fyrir er heimild til þess að veita hlutareign eða búseturétt, en þá verður viðkomandi að greiða 30% af íbúðarverðinu.

Ég vona að þetta hafi svarað þeim spurningum sem lúta að frv. sem hér er til umræðu. Að því er varðar endurskoðun á félagslega kerfinu kom bæði fram fyrirspurn frá hv. þm. Geir Haarde og Kristínu Einarsdóttur. Ég kom inn á það í minni framsöguræðu að það hefur um nokkurra mánaða skeið verið í gangi á vegum félmrn. úttekt á félagslega kerfinu, en sú skýrsla sem verður afhent hér innan nokkurra daga á að vera undirstöðugagn fyrir þá nefnd sem væntanlega á allra næstu dögum verður skipuð til að endurskoða félagslega kerfið. Ég mun sjá til þess þegar þessi skýrsla liggur fyrir að stjórnarandstaðan fái hana einnig í hendur.

Að því er varðar breytingu á almenna kerfinu, þá hefur sú endurskoðun staðið yfir í nokkurn tíma. Ég hef lagt áherslu á að það næðist breið samstaða um þá endurskoðun. Í þeirri nefnd sem er núna að fjalla um almenna hluta húsnæðiskerfisins eiga sæti fulltrúar allra flokka, bæði stjórnar og stjórnarandstöðu, þannig að hv. þm. hefur átt aðgang að því að fylgjast með þessu nefndarstarfi og hvað því miðar.

Ég vænti þess að lokafundur þessarar nefndar verði í næstu viku og hún muni þá skila mér sínu áliti. Ég hafði vonast til þess að hægt væri að ná því máli inn á Alþingi svo tímanlega og að um það gæti orðið umræða í þinginu og að frv. næði því að fara í nefnd fyrir jólaleyfi þingmanna. Ég veit út af fyrir sig ekki hvort svo getur orðið. Ég get ekki um það sagt. Ég veit raunverulega ekki hver niðurstaða nefndarinnar verður eða hver samstaða næst í þeirri nefnd. (**GHH:** Hefur ráðherrann byggt upp frumvarpið í andstöðu við ASÍ?) Ég mun leggja mat á þetta frv. eða þau frumvarpsdrög þegar ég fæ þau í hendur. Fulltrúi ASÍ á sæti í nefndinni. Ég hef ekki séð hans álit, hvort hann skilar séráliti eða hvort hann fylgir þeim frumvarpsdrögum sem nefndin skilar af sér. Ég vil bíða með að svara hv. þm. þangað til ég sé hvaða afstöðu fulltrúi ASÍ hefur í nefndinni.

Það var spurt um reynsluna af kaupleigukerfinu. Út af fyrir sig er kannski ekki hægt að svara því enn. Ég tel þó að það hafi komið fram mjög mikill áhugi hjá sveitarfélögunum fyrir þessu formi sem birtist í miklum umsóknafjölda að því er varðar kaupleiguíbúðir. Umsóknir sem liggja fyrir um félagslegar íbúðir eru 1200, en 800 af þeim eru vegna kaupleiguíbúðanna.

Að því er varðar greiðsluerfiðleikalánin sem hv. þm. nefndi, þá er það rétt að í stjórnarsáttmála þessarar ríkisstjórnar er gert ráð fyrir að veittar verði 150 millj. kr. í greiðsluerfiðleikalán og við það mun ríkisstjórnin standa. Ég hef lagt ákveðna tillögu fyrir ríkisstjórnina að því er varðar fjármögnun, um að það komi 75 millj. fyrir áramótin og 75 millj. í janúar. Sú tillaga liggur fyrir ríkisstjórninni og ég fylgi því auðvitað fast eftir að hún nái fram að ganga. Það mun að vísu ekki leysa nema hluta af erfiðleikum þessa fólks því að sú niðurstaða sem ég hef frá ráðgjafarstöð Húsnæðisstofnunar ríkisins er að væntanlega þurfi um 200–300 millj. kr. til viðbótar á næsta ári til þess að koma til móts við fólk í greiðsluerfiðleikum. Það hefur ekki verið tekin endanleg ákvörðun af ríkisstjórninni um hvernig fjár til þess verður aflað. Það eru margvíslegar aðrar leiðir sem félmrn. hefur verið að skoða til að koma til móts við þetta fólk bæði að því er varðar breytt vinnubrögð hjá bankastofnunum, hjá Húsnæðisstofnun og með því að skoða hvernig hægt er að breyta fyrirkomulagi á nauðungarsölu þannig að réttur fólksins verði þar betur tryggður. Það er alveg ljóst að ef vinnubrögðum verður ekki breytt munum við sitja uppi með þessa hópa og fjárþörf til þeirra á hverju einasta ári. Ég hef því lagt áherslu á að á þessu verði gerð grundvallarbreyting og tillögur sem ég hef lagt fram þar að lútandi hafa verið samþykktar í ríkisstjórninni og eftir þeim er verið að vinna.

Að því er varðar fjárhagsstöðu byggingarsjóðanna, þ.e. að þeir séu í hættu eins og hv. þm. nefndi, þá er ég honum alveg sammála. Það stefnir auðvitað í óefni ef ekkert verður í því máli gert. Hann talar um fjáraustur í þennan málaflokk. Miðað við þá sjálfvirkni sem við búum við í þessu kerfi þá kallar hún á mikið af fjármagni inn í kerfið og því er verið

að reyna að breyta. Reynt var að breyta því á síðasta þingi en erfiðlega gekk að ná þeirri breytingu í gegn. Þó að margir teldu breytinguna ekki stórvægilega hefur hún þó gert það að verkum að við höfum ekki bundið kerfið nema fyrir næsta ár. Að öðrum kosti hefðum við verið búin að binda fjármagn þessa kerfis fram til 1991, það liggur alveg ljóst fyrir. Ég tel að það sé útilokað annað en að breyting verði gerð á húsnæðislánakerfinu á þessu þingi og um það náist samstaða. Ég mun því leggja mjög fast að stjórnarflokkunum að það náist samstaða um endurskipulagningu á húsnæðiskerfinu og ítreka að ég tel útilokað annað en að ná fram breytingu og endurskipulagningu á húsnæðislánakerfinu á yfirstandandi þingi.

Að því er varðar vaxtaniðurgreiðslurnar hygg ég að hv. þm. viti að það er einmitt verið að vinna að breytingum á formi vaxtaniðurgreiðslna í þessari endurskoðunarnefnd. Núna fara sennilega 1200–1500 millj. kr. í vaxtaniðurgreiðslur og þá á ég við bæði í gegnum vaxtaniðurgreiðslur í húsnæðiskerfinu og í skattkerfinu. Hugmyndin er að þessi upphæð verði nýtt með öðrum hætti og stýrt til þeirra sem helst þurfa á því að halda. Þetta fari fyrst og fremst í gegnum skattakerfið og þeir sem fá þessar vaxtaniðurgreiðslur eða vaxtabætur í gegnum skattakerfið verði þeir sem helst þyrftu á því að halda vegna þess að viðmiðunin væri tekju- og eignatengd.

Lokaspurning hv. þm. var hvort ég legði áherslu á að þetta mál næði fram að ganga fyrir jól. Já, ég legg áherslu á það þrátt fyrir það sem kom fram hér hjá hv. 1. þm. Vesturl. Ég tel að hér sé ekki um flókið mál að ræða þannig að ekki ætti að vera svo erfitt að taka afstöðu til þeirra breytinga sem hér liggja fyrir. Ég veit að það er hópur af fólki sem réttarins mundi njóta samkvæmt þessu frv. verði það að lögum. Það bíður eftir afgreiðslu þessa máls einmitt í tengslum við búseturéttaríbúðir sem reistar hafa verið. Ég tel því mikilvægt að þetta nái fram að ganga fyrir jól. Auðvitað hafa tekjuöflunarfrv. og fjárlög forgang en ég tel að ef samstaða væri um þessa litlu breytingu sem hér er lögð til ætti hún ekki að þurfa að tefja þingstörfin.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Því ber að fagna að í þessum önnum Alþingis skuli hæstv. ríkisstjórn hafa kosið að draga húsnæðismálin til umræðu. Í blaðafréttum og fjölmiðlafréttum að undanförnu hefur komið fram að ágreiningur sé á milli hæstv. félmrh. og hæstv. fjmrh. um fjárframlög til húsnæðislánasjóðanna. Það er auðvitað mjög mikilvægt fyrst hæstv. ríkisstjórn hefur sjálf ákveðið að draga húsnæðismálin inn til umræðu fyrir jólin að hæstv. félmrh. geri þinginu mjög ítarlega grein fyrir þeim ágreiningi sem uppi er í þessu efni og ég saknaði þess að sú greinargerð skyldi ekki vera flutt í ítarlegu máli.

Hæstv. ráðherra vék að því að ríkisstjórnin hefði ekki enn komist að niðurstöðu um hvernig hún ætlaði að framkvæma fyrirheit sitt um sérstaka lánveitingu til þeirra sem eru í greiðsluerfiðleikum en vék að því að hugmyndir væru uppi um að tviskipta því átaki. Það er nokkuð frábrugðið þeim stóru yfirlýsingum sem um þetta voru gefnar í haust þegar þessi ríkisstjórn var mynduð. Hitt vil ég gjarnan spyrja hæstv. ráðherra um. Meðan ríkisstjórnin hefur ekki fundið leið eða komið sér saman um að útvega þetta fjármagn til þess að mæta erfiðleikum þeirra húsbyggjenda og húskaupenda sem verst eru settir er hæstv. ríkisstjórn að knýja í gegnum þingið nýja stórkostlega skattlagningu á húsbyggjendur, unga fólkið sem er að glíma við það að koma sér þaki yfir höfuðið. Telur hæstv. ráðherra það vera réttlætanlegt að knýja fram þessa skattheimtu á unga fólkið og húsbyggjendurna áður en ríkisstjórnin hefur afgreitt þetta fyrirheit? Um er að ræða skattlagningu sem felur í sér margfaldar byrðar á við það sem á að létta undir með þessu fólki með greiðsluerfiðleikalánunum. Hvernig kemur það heim og saman að vera að leggja þessar nýju byrðar á húsbyggjendur og geta svo ekki staðið við fyrirheit sem gefið var fyrir nokkrum mánuðum síðan? Vill hæstv. félmrh. beita sér fyrir því að ríkisstjórnin fresti áformum sínum um að leggja nýjar byrðar á húsbyggjendur meðan hún er enn að leita að leiðum til þess að létta undir með þeim sem verst eru settir í þessu efni? Það er nauðsynlegt að fá mjög skýr svör við þessu af hálfu hæstv. ráðherra.

Það skýtur svo nokkuð skökku við að fyrst í dag var lagður fram listi af hálfu hæstv. ríkisstjórnar yfir þau mál sem hún leggur fram sem forgangsmál og vill fá afgreiðslu á fyrir jólaleyfi. Á fyrsta degi sem þessi forgangslisti liggur fyrir gerist það tvennt að aðaltalsmaður Framsfl., forystuflokksins í ríkisstjórninni, lýsir því yfir að málið eigi ekki að vera forgangsmál og að Framsfl. hafi fyrirvara um stuðning við frv. Hér liggur fyrir stjfrv. sem Framsfl. hefur fyrirvara um og aðaltalsmaður Framsfl. í húsnæðismálum lýsir því yfir að það eigi ekki að vera á forgangslista hæstv. ríkisstjórnar. Það er, herra forseti, alveg nauðsynlegt áður en lengra er haldið að fá úr því skorið hvort þetta mál sé á forgangslistanum eða ekki. Er samstaða um málið á milli ríkisstjórnarflokkanna eða er ekki samstaða um það? Á að knýja hér í gegn breytingar á húsnæðislöggjöfinni sem ríkisstjórnarflokkarnir eru ekki sammála um og forystuflokkurinn hefur allan fyrirvara um? Er slíkt mál sett á forgangslista? Ég óska eftir skýrum svörum við þessu. — Ég sé að hæstv. félmrh. er reyndar eini talsmaður ríkisstjórnarinnar í þingsalnum í umræðum um þetta forgangsmál og ég veit ekki hvort hæstv. ráðherra getur svarað um þetta efni en það væri ástæða til að hæstv. sjútvrh., sem gegnir störfum forsrh., svaraði því áður en umræðunni lýkur hvort málið er forgangsmál. Mál sem talsmaður Framsfl. í húsnæðismálum hefur lýst ágreiningi um og telur að eigi ekki að vera forgangsmál. Ég óska eftir því að hæstv. sjútvrh. gefi skýr svör við þessum spurningum áður en umræðunni lýkur.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Að því er varðar fyrirspurn hv. síðasta ræðumanns vil ég segja að þetta mál er á forgangslista ríkisstjórnarinnar um afgreiðslu fyrir jólaleyfi og ég hef ekki áður heyrt um neinn fyrirvara af hendi framsóknarmanna að því er þetta mál varðar. (**ÞP:** Það kom fram í ræðu hv. 1. þm. Vesturl.) Ég er að segja að það er í fyrsta skipti sem ég heyri að einhver ágreiningur sé. Ég heyrði nú aldrei að hv. þm. nefndi að þeir hefðu einhvern fyrirvara um frv. Ég heyrði hann einungis segja að hann teldi þetta ekki vera forgangsmál.

Að því er varðar frv. um vörugjald og hv. þm. nefndi þá er ég stuðningsmaður þess frv. Alþfl. stendur að því og ég geri það einnig.

Að því er varðar greiðsluerfiðleikalánin þá er í stjórnarsáttmálanum ekkert tímasett hvenær þau kæmu til framkvæmda en ég hef lýst því hér yfir að við þau verður staðið. Ég hef lagt fram ákveðna tillögu í ríkisstjórninni og eftir henni verður gengið.

Friðrik Sophusson:

Herra forseti. Mér sýnist að hér hafi komið fram fyrirspurnir til hæstv. sjútvrh., sem gegnir störfum hæstv. forsrh. um þessar mundir, og skýr svör þurfa að fást við þeim frá hæstv. ríkisstjórn. Þess vegna fer ég fram á að umræðunni verði frestað þar til að talsmönnum hæstv. ríkisstjórnar gefst tækifæri og kostur á að koma og svara þeim. Það er hægt að halda fundi áfram eftir klukkan hálffimm eða þegar fundir hefjast aftur í Ed. eða þá á mánudaginn þegar næstu fundir eru ráðgerðir. Það er eðlilegt að fyrirspurnum eins og þessum sem fram komu hér áðan verði svarað áður en 1. umr. málsins lýkur.

Forseti (Óli Þ. Guðbjartsson):

Af þessu tilefni vil ég taka fram að þegar hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að fá hæstv. sjútvrh. strax til fundar.

Friðrik Sophusson:

Herra forseti. Ástæðan fyrir því að mér finnst ekki eðlilegt að halda þessum fundi áfram er að þingforsetar, starfandi hæstv. forsrh. og fulltrúar þingflokkanna héldu fund í hádeginu og komu sér saman um að þingflokksfundir skyldu haldnir á milli klukkan hálffjögur og hálffimm. Þess vegna finnst mér eðlilegt að fundi sé frestað til klukkan hálffimm a.m.k. og þá verði hægt að taka til við umræðuna á ný.

Forseti (Óli Þ. Guðbjartsson):

Forseti vildi af þessari ástæðu sem fram er komin á fundinum og eindregnum tilmælum um að starfandi forsrh. svari hér ákveðnum fyrirspurnum lengja fundinn lítið eitt. Hæstv. sjútvrh. gengur þegar í salinn og því er hægt að halda fram fundinum fáeinar mínútur til að fullnægja þessu ef mönnum sýnist svo.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Ég fagna því að hæstv. sjútvrh. er genginn í salinn. Hér er til umræðu frv. um húsnæðismál sem er á lista hæstv. ríkisstjórnar um forgangsmál til afgreiðslu nú fyrir jólaleyfi þingmanna. Það kom hins vegar fram í ræðu aðaltalsmanns Framsfl. í húsnæðismálum, hv. 1. þm. Vesturl., að hann liti ekki svo á að málið væri forgangsmál og þar að auki hefði hann fyrirvara um stuðning við frv. og að því er mér skildist að Framsfl. væri óbundinn af stuðningi við málið. M.ö.o., það liggur hér fyrir að ríkisstjórnin hefur sett á forgangslista frv. sem ágreiningur er um á milli stjórnarflokkanna og ágreiningur er um hvort eigi að vera á forgangslistanum. Spurning mín til hæstv. sjútvrh. er því: Á mál sem þetta að vera á forgangslistanum þrátt fyrir þær yfirlýsingar sem hér hafa verið gefnar um þetta atriði?

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég hafði fengið upplýsingar um að gera hefði átt hlé á fundum á milli hálffjögur og hálffimm vegna þingflokksfunda og því var ég hérna niðri í þingflokksherbergi.

Vegna þessarar fyrirspurnar þá hefur forgangslistanum verið dreift og var hann einfaldlega unninn þannig að viðkomandi ráðherrar voru spurðir um þau mál sem knýjandi væri að yrðu afgreidd fyrir jólaleyfi með venjubundnum hætti og þessi listi var settur upp. Hann var kynntur á fundum forseta og þingflokksformanna í morgun. Hér er um mál að ræða sem er á þessum forgangslista og það þýðir að óskir eru um að þetta mál verði afgreitt fyrir jólaleyfi. Hitt er svo annað mál að ekki hefur enn þá náðst samkomulag um það í þinginu eins og endranær hvað unnt verður að afgreiða. Ég verð að viðurkenna að ég þekki ekki þau orðaskipti sem hér hafa orðið og það sem hv. þm. Alexander Stefánsson kann að hafa sagt. Mér er ekki kunnugt um það og get því ekkert um það sagt.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Ég vildi ítreka þá spurningu til hæstv. félmrh. hvort það sé svo að fresta eigi ákvörðunum um fjáröflun til þeirra sem eiga í greiðsluerfiðleikum í húsnæðislánakerfinu þar til ríkisstjórnin hefur lagt nýja skatta á húsbyggjendur á landinu, á þá sem eru í þessum erfiðleikum og á þá sem á að hjálpa? Er það svo að fresta eigi þeim ákvörðunum þar til skattar hafa verið lagðir á það fólk sem er verið og á að hjálpa?

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég hef sagt það í þessum ræðustól að ég hef lagt ákveðna tillögu fyrir ríkisstjórnina um hvernig leysa eigi það mál sem hv. þm. nefndi. Ég vænti þess að ríkisstjórnin taki á næstu dögum ákvörðun um hvernig það verður gert.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

23. fundur, mánudaginn 12. des., kl. 2 miðdegis.

Um þingsköp.

Þinghaldið til jóla og óafgreidd mál í sameinuðu þingi.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég skal ekki tefja umræður sem hér þurfa að fara fram í dag á þessum fundi, en það eru fáir dagar til jóla og þess vegna eðlilegt að aðeins sé rætt um þinghaldið. Fundartími í dag er breyttur frá því sem venja er samkvæmt samkomulagi á milli forseta og formanna þingflokka. Mig langar hins vegar til að upplýsa að nú bíða 22 fyrirspurnir munnlegs svars og 14 fyrirspurnir skriflegs svars. Sumar hafa beðið alllengi, aðrar skemur. Sumum er auðvelt að svara, önnur svör eru hins vegar nánast skýrslugerðir og taka langan tíma, en ég vil minna á að einfaldar fyrirspurnir, sem sendar voru viðkomandi ráðherrum fyrir hér um bil þremur vikum, hafa enn ekki komið inn í sali þingsins, hvorki í formi munnlegra né skriflega svara. — Er ekki fundur örugglega byrjaður? Mér þætti vænt um, virðulegur forseti, ef það væru ekki margir fundir í einu í salnum. Þó að það sé full hagræðing í því, þá er sameinað þing til þess gert að þar sé einn fundur en ekki tveir og allra síst margir í senn.

Þáltill. eru a.m.k. 35 sem bíða þess að verða sendar til nefnda og flestar eru algerlega óræddar. Þetta stafar m.a. af því að varaþingmenn hafa haft forgang samkvæmt venju, en enn fremur vegna þess að eðlilega hefur nokkur tími farið til umræðna utan dagskrár um mál sem efst hafa verið á baugi.

Mig langar, virðulegur forseti, til að óska eftir því sérstaklega að séð verði fyrir fundardegi fyrir jólaleyfi fyrir þáltill. svo að það gefist kostur á að senda þær til nefnda og nefndir geti síðan sent þær til umsagnar þannig að þær umsagnir gætu legið fyrir þegar jólaleyfi þingmanna lýkur. Ég vil enn fremur óska eftir því að séð verði fyrir því að ráðherrar, sem vilja eða þurfa að vera við viðkomandi umræður, verði þá hér þannig að umræður geti gengið greitt fyrir sig. Ég tek það fram að sumar þessara tillagna hafa legið fyrir þinginu frá því í október. Mér finnst ekki óeðlilegt, miðað við þann þrönga tíma sem eftir er til jóla, að umræður um þáltill. fari fram á föstudegi eða laugardegi sem er utan hins venjulega fundartíma hins háa Alþingis.

Ég vil sem sagt, virðulegur forseti, óska eftir því að það gefist tækifæri til þess í einn þingdag að ræða og koma til nefnda þáltill. sem nú eru um það bil 35 og bíða umræðu og afgreiðslu.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil taka með hv. 1. þm. Reykv. undir þá ósk sem hann bar fram um að það verði séð fyrir a.m.k. einum fundardegi til þess að fjalla um þáltill. sem fyrir liggja, en eins og fram kom í máli hans eru þær alls 35. Ég þykist gera mér grein fyrir því að að vart verði hægt að ræða þær allar áður en jólaleyfi hefst ef ég tel í huganum þær klukkustundir sem eru héðan af og til jóla. En ég mælist eindregið til þess að það verði séð fyrir a.m.k. einum fundardegi til þess að grynnka a.m.k. á þeim fjölda þáltill. sem nú liggja fyrir.

Eins vil ég taka undir það sem hv. þm. sagði um fyrirspurnir. Það kom reyndar fram hér í þingskapaumræðu í síðustu viku að ég er orðin nokkuð óróleg vegna tveggja fsp. sem ég bar fram snemma í haust, en þær voru reyndar líka bornar fram í fyrra til hæstv. fjmrh. og mun vinnsla þeirra hafa hafist þegar sl. vetur. Vonast ég eindregið til þess að svör við þeim liggi fyrir sem allra fyrst.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti mun að sjálfsögðu leitast við að ljúka sem allra mestu af þeim málum sem fyrir liggja fyrir jólaleyfi, en getur ekki annað en orðið við síendurteknum beiðnum um utandagskrárumræður eða þingskapaumræður þannig að það hefur verið hingað til afar erfitt að halda dagskrá. Vissulega skal forseti reyna að sjá svo til að dagur finnist til að afgreiða þau mál að því marki sem mögulegt er, en að sjálfsögðu er ólíklegt að hægt verði að afgreiða öll þau mál sem nú liggja fyrir.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég skil svar hæstv. forseta á þann veg að hún beiti sér fyrir slíkum fundardegi um þáltill. fyrir jól og ég vil nota þetta tækifæri til að þakka bæði þessar umræður og henni fyrir þessa yfirlýsingu.

Hagræðing og nýjar leiðir í ríkisbúskapnum, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁHE og GuðmÁ, 52. mál. — Þskj. 54.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til allshn. með 37 shlj. atkv.

Samkomulag um loðnuveiðar Norðmanna, fyrri umr.

Stjtill., 157. mál. — Þskj. 168.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Till. sú til þál. um staðfestingu samkomulags um loðnuveiðar Norðmanna sem hér liggur fyrir á þskj. 168 hefur verið rædd í utanrmn. og var þar um hana gott samkomulag. Það hefur orðið að ráði að hv. 8. þm. Reykn., formaður utanrmn., greini frá meðferð nefndarinnar á málinu og helstu efnisatriðum.

Jóhann Einvarðsson:

Hæstv. forseti. Með tillögu þeirri sem hér liggur fyrir Sþ. er þess farið á leit við Alþingi að það heimili staðfestingu samkomulags milli Íslands og Noregs frá 1. þ.m. um loðnuveiðar Norðmanna í íslenskri lögsögu á vertíðinni 1988–1989. Samkomulagið er birt sem fskj. með tillögunni. Til stóð að utanrmn. flytti þessa tillögu eins og tvö síðustu árin, en það hefur atvikast þannig að hún hefur nú verið flutt með þessum hætti.

Samkvæmt samkomulaginu munu norsk skip fá heimild til að veiða allt að 54 þús. lestum af loðnu á vertíðinni ásamt þeim afla sem fellur í hlut Noregs verði aukning á leyfilegum afla í framhaldi af rannsóknaleiðangri í janúar nk. Samkvæmt samkomulagi milli Íslands og Noregs frá 1980 skiptist heildarafli loðnu þannig milli landanna að Ísland fær 85% en Noregur 15%. Skv. 4. gr. samkomulagsins eiga Norðmenn rétt til 15% hlutdeildar í viðbótarmagni sem ákveðið er á viðkomandi veiðitímabili.

Af Íslands hálfu er almennt talið hagstætt að veita Norðmönnum heimild til að taka þetta viðbótarmagn á yfirstandandi tímabili frekar en draga það frá hlut Íslands á næsta veiðitímabili. Þessi háttur hefur þrisvar sinnum verið hafður á, fyrir árin 1986, 1987 og 1988.

Aflinn 54 þús. lestir svarar til 15% af þeirri 360 þús. lesta aukningu sem þegar hefur verið ákveðin. Óvíst er hvort frekari aukning verður ákveðin í janúar nk.

Veiðiheimildir Norðmanna takmarkast við veiðitímabilið til 15. febr. 1989, en veiðar eru auk þess bannaðar á svæði vestan 13. gráðu vestur, sunnan 64. gráðu 30 norður.

Samkomulagið sem hér liggur fyrir var rætt við hagsmunaaðila hér á landi og rætt í utanrmn. tvisvar áður en það var undirritað. Því er í raun ekki ástæða til að vísa því til nefndar, en við munum skjóta á stuttum fundi til þess að formlegur háttur sé hafður á því fyrir síðari umræðu sem verður trúlega næsta fimmtudag.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umræðu með 36 shlj. atkv. og til utanrmn. með 37 shlj. atkv.

Norðurlandasamningur um starfsréttindi kennara, fyrri umr.

Stjtill., 173. mál. — Þskj. 188.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Með tillögu þeirri sem hér liggur fyrir á þskj. 188 fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili staðfestingu tveggja Norðurlandasamninga frá 29. sept. 1986 um starfsréttindi kennara, annars vegar kennara í grunnskólum og hins vegar kennara í framhaldsskólum. Samningar þessir voru gerðir í framhaldi af samningi frá árinu 1982 um sameiginlegan vinnumarkað fyrir bekkjarkennara. Kveðið er á um gagnkvæman starfsrétt kennara innan Norðurlanda að uppfylltum menntunarskilyrðum í viðkomandi grein. Þeir eru gerðir í fullvissu þess að frjáls skipti kennara milli Norðurlanda geti orðið til hagsbóta fyrir þróun skólastarfsins.

Samningarnir eru birtir sem fskj. með tillögunni. Í þeim er að finna nánari skilyrði um viðurkenningu starfsréttindanna. M.a. er þess krafist að kennarar hafi fullnægjandi kunnáttu í því tungumáli sem er kennslumálið í viðkomandi skóla.

Ég leyfi mér, hæstv. forseti, að leggja til að tillögu þessari verði að lokinni umræðunni vísað til hv. utanrmn.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Hæstv. forseti. Ég tel rétt að það komi fram í þessum ræðustól að menntmrn. hefur farið yfir þá tillögu sem hér liggur fyrir og fellst á hana. Ég tel nauðsynlegt að það sé skýrt þegar Alþingi fjallar um mál af þessu tagi að ekki einasta utanrrn. heldur einnig fagráðuneytin hafi fjallað um málið fyrir sitt leyti og fallist á þau þó hér sé um stjórnartillögu að ræða. Þess vegna kveð ég mér hér hljóðs, hæstv. forseti.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til utanrmn. með 35 shlj. atkv.

Samningur um stofnun norræns þróunarsjóðs, fyrri umr.

Stjtill., 174. mál. — Þskj. 189.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Með tillögu þeirri sem hér liggur fyrir á þskj. 189 er lagt til að Alþingi heimili staðfestingu Norðurlandasamnings frá 3. nóv. sl. um stofnun norræns þróunarsjóðs. Í athugasemdum við tillöguna er rakinn aðdragandinn að stofnun sjóðsins, en hugmyndin mun upphaflega hafa komið fram á þingi Norðurlandaráðs árið 1984. Samningurinn er

birtur sem fskj. með tillögunni ásamt samþykktum fyrir sjóðinn, en hvort tveggja er byggt á tillögum norrænu ráðherranefndarinnar á þingi Norðurlandaráðs í mars sl.

Markmiðið með stofnun þessa sjóðs er að örva félagslegar og efnahagslegar framfarir í þróunarlöndunum með því að veita lán sem eru með kjörum Alþjóðaþróunarstofnunarinnar, International Development Association. Þessi lán eru ýmist vaxtalaus eða með mjög niðurgreiddum vöxtum. Lána skal fyrst og fremst til verkefna þar sem norrænir hagsmunir eru í húfi af hálfu verktaka eða annarra verkseljenda og aðrar lánastofnanir, eins og t.d. Norræni fjárfestingarbankinn, lána einnig til framkvæmdanna á venjulegum kjörum. Með þessum hætti verður unnt að hleypa af stokkunum verðugum og nauðsynlegum verkefnum sem e.t.v. mundu þó ekki annars standast ýtrustu hagkvæmnikröfur venjulegra lánastofnana. Auk þess fengju Norðurlönd þarna samkeppnistæki til að keppa við ýmsar aðrar iðnaðarþjóðir sem margar hafa við hliðina á sínum venjulegu framkvæmdalánastofnunum „mjúk lán" eins og þau eru oft kölluð.

Stofnfé sjóðsins er 100 millj. SDR sem greiða skal á fimm árum. Þar af er hlutur Íslands um 55,9 millj. kr. eða um 11,2 millj. kr. á ári miðað við núverandi gengi. Stjórn sjóðsins skal skipuð einum fulltrúa frá hverjum Norðurlandanna tilnefndum af viðkomandi ríkisstjórnum. Það er gert ráð fyrir að sjóðurinn taki til starfa 1. jan. nk. og hafi aðsetur í skrifstofu Norræna fjárfestingarbankans í Helsingfors. Það skal fram tekið að þessi sjóður hefur þegar starfað á undirbúningsskeiði það sem af er þessu ári og hafa Íslendingar tekið þátt í því starfi. Ríkisstjórnin hyggst á næstunni flytja frv. til l. vegna ákvæða í samningnum um undanþágu frá skattlagningu og fleira.

Ég leyfi mér, hæstv. forseti, að leggja til að þessari þáltill. verði að lokinni umræðunni vísað til hv. utanrmn.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég leyfi mér að fagna því að þessi tillaga er komin hér fram og tel ástæðu til að lýsa yfir fylgi við þessi mál sem auðvitað hafa verið afgreidd áður í samningum á milli Norðurlandaríkjanna.

Í fyrsta lagi kemur þetta til með að styrkja stöðu okkar í þróunarhjálpinni sem slíkri og er það vel. Það er til fyrirmyndar að veita slík mjúk lán með sama hætti og IDA gerir. Enn fremur, og það er kannski þess vegna fyrst og fremst sem ég kem hér upp, held ég að þessi sjóður geti verið tæki fyrir Íslendinga sem hafa átt í nokkrum erfiðleikum með útflutning á hugviti og tækni sem hér er til staðar en hægt er að gera með hjálp úr þessum norræna þróunarsjóði ef um samstarf okkar og annarra Norðurlandaríkja er að ræða.

Ég tel þess vegna ástæðu til þess að koma upp við fyrri umr. málsins og fagna því að nú stendur til að staðfesta þennan samning sem gerður hefur verið á milli norrænu ríkisstjórnanna um stofnun sérstaks norræns þróunarsjóðs.

Júlíus Sólnes:

Virðulegur forseti. Ég vil fyrir mitt leyti taka undir með hv. þm. og hæstv. ráðherra sem hér hefur talað og lýsa yfir stuðningi mínum við þessar hugmyndir.

Samstarf Norðurlanda á þessu sviði hefur áreiðanlega að mörgu leyti verið markvert og athyglisvert. Þó eru nokkrir agnúar á þessu samstarfi. M.a. rifja ég upp að fyrir nokkru kom fram gagnrýni í dagblaði á starfsemi Norræna fjárfestingarbankans þar sem var m.a. bent á að Íslendingar sætu að því er virtist ekki við sama borð og hin Norðurlöndin. Þar var bent á að íslenskum fyrirtækjum hefur gengið ákaflega erfiðlega að ná samningum við Norræna fjárfestingarbankann um aðstoð vegna verkefna og annarra hluta. Svo virðist sem viðbrögð Norræna fjárfestingarbankans séu þau að honum beri einungis að eiga viðskipti við opinbera lánasjóði á Íslandi og ríkisvaldið beint meðan fyrirtæki á hinum Norðurlöndunum virðast eiga greiðan aðgang að fjárfestingarbankanum.

Nú langar mig til að spyrja hæstv. viðsk.- og iðnrh. hvort búast megi við að eitthvað svipað verði uppi á teningnum með Norræna þróunarsjóðinn því ef svo er er ekkert vel af stað farið, a.m.k. hvað okkur Íslendinga varðar. Hins vegar gæti þessi sjóður orðið til þess að styðja Norðurlöndin í þeirri viðleitni að efla útflutning og stuðla að víðtæku samstarfi á útflutningsmörkuðum, einkum og sér í lagi í þriðja heiminum, og þá er vel.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 1. þm. Reykv. og 7. þm. Reykn. fyrir stuðning við stjtill. sem hér er til umræðu. Vegna fsp. hv. 7. þm. Reykn. vil ég segja að ég tel að fréttir í Dagblaðinu Vísi, sem hann vitnaði til og hafðar voru eftir íslenskum lánasjóðsmanni eða starfsmanni í fjármögnunarfyrirtæki, hafi ekki verið á rökum reistar, enda var þeim svarað af Norræna fjárfestingarbankanum síðar í sama blaði og þar var rakið að gagnrýnin var að verulegu leyti á misskilningi byggð.

Það er rétt að á Íslandi hafa aðstæður ráðið því að opinberir aðilar standa á bak við mörg þau fyrirtæki sem lán hafa fengið úr bankanum. Það er þó alls ekki rétt að það gildi um þau öll og það er heldur ekki rétt að þar hafi yfirleitt verið krafist opinberra ábyrgða. Fyrsta og lengi vel eitt stærsta lán Norræna fjárfestingarbankans er einmitt dæmi um það en það var til Íslenska járnblendifélagsins sem vissulega er í eigu íslenska ríkisins að rúmlega hálfu. Þar voru tryggingarnar eingöngu veð í eignunum. Í öðrum tilfellum hefur verið um að ræða sjálfskuldarábyrgðir eigenda eða a.m.k. af bankans hálfu boðið upp á þær. Ég tel að sé hlutlaust á málið litið og farið yfir sögu lánveitinga Norræna fjárfestingarbankans til

Íslands frá stofnun hans árið 1976 muni hver maður geta séð að þar hafi verið lánað eftir aðstæðum á mjög skynsamlegan hátt og trygginga krafist í samræmi við eðli framkvæmdarinnar í hvert sinn.

Ég tek undir þær óskir sem komu fram í máli beggja hv. þm. sem hér töluðu áðan um að stofnun þróunarsjóðsins geti orðið til þess að auðvelda Íslendingum þátttöku í verkefnum í þróunarlöndum og ég er sannfærður um að þeir muni þar njóta aðgangs í samræmi við það sem þeir hafa til málanna að leggja og fram að bjóða. Ég er þess fullviss að þetta nýja tæki til þróunaraðstoðar og til örvunar á útflutningsverkefnum frá Norðurlöndum muni reynast okkur sérstaklega vel.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Örstutt athugasemd að gefnu tilefni.

Ég held að það sé í ýmsum tilfellum hægt að gagnrýna lánveitingar Norræna fjárfestingarbankans, þ.e. það er nokkuð til í þeirri gagnrýni sem kom fram hjá Gunnlaugi Sigmundssyni. Málið er að í mörgum tilfellum borga íslenskir lántakendur hærri vexti en aðilar á hinum Norðurlöndunum þurfa að gera og á ég þá ekki við Færeyinga sem eru meðhöndlaðir af enn meiri hörku en við. Hér gengur það hins vegar þannig fyrir sig að bankarnir taka lán og aukakostnaður hleðst á sumt af þeim lánum sem kemur til Íslands.

Varðandi Færeyinga hefur það a.m.k. verið til skamms tíma þannig að fyrirtæki í ríkiseigu, svo sem eins og rafveiturnar í Færeyjum sem eru eingöngu í eigu ríkisins, hafa orðið að skila ríkisábyrgð fyrir sínum lánum á meðan fyrirtæki eins og t.d. Kongsberg-vopnaverksmiðjurnar í Noregi, sem voru 100% í eigu norska ríkisins, þ.e. hlutafélagið var 100% í eigu norska ríkisins, þurfti ekki ríkisábyrgð fyrir stóru láni. Það fyrirtæki fór á hausinn og Norræni fjárfestingarbankinn tapaði þar stórfé. Það tel ég vera gagnrýni vert og eðlilegt að samræmi sé í þessu.

Ég er hins vegar ekki með þessu að segja að við höfum ekki haft stórmikið gagn af Norræna fjárfestingarbankanum. Þrátt fyrir að við höfum þarna í sumum tilfellum að mínu mati þurft að taka lán með hærri vöxtum eða meiri kostnaði en hinar þjóðirnar höfum við tvímælalaust haft stórmikið gagn af starfsemi þessa banka.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Það er auðvitað alveg rétt hjá hv. 1. þm. Norðurl. v. að það má gagnrýna ýmsar lánveitingar sem Norræni fjárfestingarbankinn hefur veitt á þeim tólf árum sem hann hefur starfað. Það væri skárra ef þar væri allt yfir gagnrýni hafið. Hins vegar tel ég það ósanngjarna, óréttmæta og órökstudda gagnrýni að þarna hafi þjóðerni lánsumsækjenda ráðið nokkru um. Ég held að það sé langeinfaldast að sýna fram á þetta með því að benda á þau fyrirtæki íslensk sem eru vön að taka lán á alþjóðlegum lánamörkuðum fyrir eigin reikning og á eigin ábyrgð, og ég nefni til sögunnar tvö, annars vegar Landsvirkjun og hins vegar Flugleiðir. Þessi fyrirtæki hafa sjálf oft og einatt valið þegar þannig hefur staðið á að taka lán hjá Norræna fjárfestingarbankanum. Af hverju skyldi það hafa verið? Náttúrlega af því að bankinn hefur boðið þeim betri kjör en þá stóðu til boða hjá öðrum erlendum lánveitendum. Þarna er oftast ekki um millikostnað að ræða sem getur auðvitað breytt heildarkostnaði af lánunum þegar þau fara um hendur innlendra milliliða. Um það mál er ég ekki að ræða hér, en vil ítreka þá skoðun mína að íslensk fyrirtæki hafi þar sem aðstæður voru jafnar notið jafnhagstæðra kjara og önnur fyrirtæki í Norræna fjárfestingarbankanum. En auðvitað geta aðstæður og atvik orðið til þess að hér sé meira um smáfyrirtæki. Það hefur einmitt verið eitt af þeim atriðum sem bankinn hefur verið gagnrýndur fyrir að hann hafi ekki náð að þjóna þeim fyrirtækjum svo sem verðugt væri og það er stöðugt úrlausnarefni þessarar lánastofnunar að koma til móts við þær óskir eftir því sem skynsamlegt og hagkvæmt getur talist.

Ég tel það hvorki eðlilegt né skynsamlegt að blanda lánamálum Kongsberg Våpenfabrikk inn í þá umræðu sem hér fer fram. Það er vissulega rétt að það var ámælisvert að mínu áliti af hálfu norskra stjórnvalda að standa ekki betur á bak við það mál. Það lán var upphaflega veitt í góðri trú á það að norska ríkið stæði þar að baki. Þar fór sem fór og verður mönnum til umhugsunar og athugunar á framtíðinni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til utanrmn. með 38 shlj. atkv.

Kosning sjö fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi þingmanna í Norðurlandaráð, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. þingsályktun frá 15. des. 1961, um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð, sbr. þingsályktun frá 3. des. 1969 og þingsályktun frá 17. nóv. 1983, um fullgildingu samkomulags um breytingu á samstarfssamningi Norðurlanda. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:

Páll Pétursson (A),
Ólafur G. Einarsson (B),
Eiður Guðnason (A),
Þorsteinn Pálsson (B),
Hjörleifur Guttormsson (A),

Óli Þ. Guðbjartsson (B),
Valgerður Sverrisdóttir (A).

Varamenn:
Guðni Ágústsson (A),
Friðjón Þórðarson (B),
Árni Gunnarsson (A),
Friðrik Sophusson (B),
Guðrún Helgadóttir (A),
Guðrún Agnarsdóttir (B),
Jón Kristjánsson (A).

Kosning fimm manna í stjórn Síldarverksmiðja ríkisins og jafnmargra varamanna, allra til þriggja ára, frá 1. jan. 1989 til 31. des. 1991, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 1. gr. laga nr. 37 29. apríl 1967, um breytingar á lögum nr. 1 5. jan. 1938, um Síldarverksmiðjur ríkisins.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Bogi Sigurbjörnsson (A),
Þorsteinn Gíslason (B),
Kristján Möller (A),
Kristín Karlsdóttir (B),
Hannes Baldvinsson (A).

Varamenn:
Einar Baldvinsson (A),
Einar Ingvarsson (B),
Magnús Guðmundsson (A),
Ágústa Gísladóttir (B),
Hjálmar Níelsson (A).

EFRI DEILD

20. fundur, mánudaginn 12. des., kl. 3 miðdegis.

Um þingsköp.
Afgreiðsla þingmála.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það varð samkomulag um að bráðabirgðalögin skyldu koma til umræðu og sitja fyrir hér í deildinni, og ég skildi það svo að í því fælist að umræður um bráðabirgðalögin mættu ekki afgangi á einum fundi á eftir öðrum, hvað eftir annað. Það er mjög liðið á þennan mánuð og nauðsynlegt að koma bráðabirgðalögunum áleiðis. Ég viðurkenni það að vísu að um það var rætt á sínum tíma að ljúka bráðabirgðalögunum á morgun en við höfum orðið varir við það, a.m.k. þeir þingmenn sem í stjórnarandstöðunni sitja, að það verður æ knappari tími til fundarhalda. Það hefur raskast mjög starfsáætlun þingsins síðan það samkomulag var gert í fjh.- og viðskn. að bráðabirgðalögin skyldu afgreidd á morgun úr deildinni og ekkert staðið af því sem okkur var tilkynnt áður um það hvernig vinnubrögðum yrði háttað. Ég held þess vegna að það sé alveg óhjákvæmilegt að áfram haldi umræður um efnahagsaðgerðir.

Ég vil líka vekja athygli hæstv. forseta á því að hæstv. forsrh. er í deildinni svo að það hittist vel á og þess vegna einmitt nauðsynlegt að taka frv. til umræðu. Ég hef ekki hugmynd um það hvar hann kann að vera á morgun. Ég legg því mjög áherslu á það að hægt verði að halda áfram umræðum um efnahagsaðgerðir. Ég vil líka biðja um að fleiri ráðherrar sem þau frv. varða séu viðstaddir, þannig að deildin geti afgreitt þetta mál frá sér.

Forseti (Jón Helgason):

Vegna orða hv. 2. þm. Norðurl. e. um tafir á bráðabirgðalögum vil ég geta þess að á fundi með formönnum þingflokka á föstudaginn var, minnir mig, óskaði ég eftir því að hægt yrði að halda deildafundi á eftir fundi í Sþ. í dag af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi til að halda áfram umræðu um bráðabirgðalögin og í öðru lagi að koma til nefnda frv. sem þurfa nauðsynlega að fá afgreiðslu fyrir áramót. Ástæðan fyrir því að ég tók hér fyrir 5. dagskrármálið er að það er eitt slíkt sem ég vænti að mundi komast umræðulítið til nefndar.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Það er auðvitað rétt há hv. þm. Halldóri Blöndal, 2. þm. Norðurl. e., að starfsáætlunin hefur raskast nokkuð. Hún hefur raskast með þeim hætti að bráðabirgðalögin eru hér á dagskrá í dag, en það var alls ekki gert ráð fyrir því upphaflega vegna þess að þessi dagur var ætlaður fyrir fund í Sþ. Röskunin er því í þá veru að flýta umræðu málsins. Í öðru lagi vil ég geta þess að ég ræddi við þingflokksformenn stjórnarandstöðuflokkanna hér í dag um það hvort ekki mætti hafa þann hátt á að reyna að koma áfram tveimur málum sem sýndust geta gert það umræðulítið, þ.e. breytingu á lögum um framhaldsskóla og frv. sem hv. menntmn. þessarar deildar flytur, og síðan yrði tekið til óspilltra málanna við að ræða bráðabirgðalögin, fyrst það þingmál sem nú er hér til umræðu, þ.e. 20. mál, og síðan 8. mál. Þessu var ákaflega vel tekið og ég vissi ekki annað en að þetta væri í góðu lagi. Og eins og hv. 2. þm. Norðurl. e. minnti réttilega á áðan var í upphaflegu samkomulagi stjórnar og stjórnarandstöðu hér í fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar gert ráð fyrir að byrjað yrði að ræða staðfestingu bráðabirgðalaganna á morgun. En við erum sem sagt töluvert langt á undan áætlun og ég sé ekki að það

geti verið gagnrýniefni og enn síður sé ég að það geti verið til þess fallið að tefja nú þingstörf, tefja það að við komumst í að ræða bráðabirgðalögin, með ákaflega þarflítilli þingskapaumræðu.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Um leið og ég tek undir það sem hér kom fram hjá hv. 3. þm. Vesturl. vil ég taka það á mig að ég hef lagt á það mikla áherslu að þessi mál, sem hér eru aftarlega á dagskránni og snerta framhaldsskólann og einnig framlengingu laganna um bann við ofbeldiskvikmyndum, megi fá sem skjótasta meðferð hér þannig að unnt sé að koma þeim til nefndar af því að þessi mál þurfa endilega að fá afgreiðslu fyrir áramót. Og ég vænti þess að í samræmi við það sem hæstv. forseti sagði áðan sé á því góður skilningur hér í deildinni að það sé brýnt að þessi mál fái sem allra skjótasta meðferð. Það þýðir ekki það að það sé á neinn hátt af okkar hálfu verið að tefja fyrir því að önnur mál sem eru hér á dagskránni fái eðlilega þinglega meðferð.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það er mikill misskilningur hjá hæstv. forseta deildarinnar og hæstv. menntmrh. ef þeir halda að það sé svo brýnt að afgreiða 5. dagskrármálið nú fyrir áramót, frv. til laga um breytingu á lögum um framhaldsskóla. Eftir því sem ég les það frv. virðist mér það vera mjög óþarft og mjög nauðsynlegt að ræða ítarlega einmitt um það frv., og get ég undir engum kringumstæðum fallist á að það sé nein sérstök ástæða til að flýta því.

Ég vil enn fremur vekja athygli hæstv. forseta á því að um það var sérstaklega rætt í fjh.- og viðskn. í morgun hvernig hægt væri að vinna tíma til þess að ræða þau nauðsynlegu frv. sem formaður fjh.- og viðskn. taldi að yrðu að komast í gegn og varða skattalög og lánsfjárlög og ýmislegt af því taginu. En svo hittist á að það er sami formaður í fjh.- og viðskn. og í menntmn. og svo hittist á að fulltrúi Sjálfstfl. í menntmn. á einnig sæti í fjh.- og viðskn. Ég man ekki hvort það er líka rétt hjá mér að a.m.k. annar fulltrúi Framsfl. eigi sæti í þessum báðum nefndum. Annars kann ég þetta ekki allt saman utan að, hvernig því er háttað. Ég ítreka hins vegar að það liggur síður en svo á því að taka þetta frv. um framhaldsskólana á dagskrá og væri nær að reyna að koma þessum bráðabirgðalögum áleiðis. Það er eftir því sem þjóðin bíður. Fólk vill fá að vita það hvort bráðabirgðalögin hafa fylgi hér í deildinni. Það er nú þannig ástandið í landinu að eitt fyrirtækið á fætur öðru er að segja upp sínu fólki. Atvinnuleysisvofan gægist æ víðar fram. Og ég held að meiri hlutinn ætti að reyna að koma sér að verki. Reyna að koma bráðabirgðalögunum til umræðu og til afgreiðslu í deildinni, þannig að það geti farið að fara til Nd., í staðinn fyrir að vera að fokka með smáfrumvörp sem eru bara til óþurftar fyrir menntakerfi landsins og skólakerfi landsins.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst þessi ræða hv. 2. þm. Norðurl. e. staðfesta það að það er brýnt að þetta frv. um framhaldsskóla komi hér til umræðu hið fyrsta. Ég bjóst satt að segja ekki við því að það mundi taka mjög langan tíma, en það er alveg bersýnilegt að menn virðast ætla að taka verulegan tíma í að ræða það mál og það er mjög brýnt mál vegna þess að það er ein af forsendum fjárlaganna sem í því frv. felst. Þegar framhaldsskólalögin voru afgreidd hér á síðasta þingi var ekki frá því gengið hvernig þær breytingar sem þau hafa í för með sér yrðu fjármagnaðar á árinu 1989. Þannig var skilið við það mál. Þess vegna er algjörlega óhjákvæmilegt að það mál komist til umræðu, mér liggur við að segja hið allra, allra fyrsta, og hafi hér forgang vegna þess að þetta er eitt af þeim málum sem ráða úrslitum um afgreiðslu fjárlaganna fyrir árið 1989. Ég mun því fyrir mitt leyti, sem menntmrh., leggja á það ofurkapp að fengnum þessum yfirlýsingum hv. 2. þm. Norðurl. e. að hæstv. forseti taki þetta mál á dagskrá hið allra fyrsta þannig að það geti fengið þá umræðu sem óhjákvæmileg er.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Ég lýsi fyrst og fremst furðu og um leið vanþóknun á því orðbragði sem hv. þm. Halldór Blöndal viðhefur hér í ræðustól þegar hann talar um, og ég vitna til orða hans, að „fokka" við einhver smáfrumvörp. Hér er verið að tala um kostnaðarhlutdeild í rekstri framhaldsskólanna sem, eins og hæstv. menntmrh. sagði hér áðan, er ein af forsendum fjárlagafrv. Og ég nefndi hér annað frv. sem fjallar um bann við ofbeldiskvikmyndum, frv. sem menntmn. þessarar hv. deildar flytur og miðar að því að koma í veg fyrir að þessi lög falli úr gildi um áramót, þannig að sú vernd sem börn og ungmenni njóta af þessum lögum verði að engu gerð. Svo kemur hv. þm. hér í stólinn og talar með „forakt" og lítilsvirðingu um þau störf sem við erum að vinna hér í þessari hv. deild að því er varðar skólamál og vernd barna og ungmenna að því er varðar bannið gegn ofbeldiskvikmyndum. Ég satt að segja verð að segja það, herra forseti, að mér er gjörsamlega nóg boðið að þurfa að sitja hér undir slíkri vanstillingu, undir slíku orðbragði. Þetta er hreint með ólíkindum og erum við þó ýmsu vön frá þessum hv. þingmanni.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem hv. 3. þm. Vesturl. er svo utan við sig að hann veit ekki einu sinni hvað sagt er beint fyrir framan hann, enda hefur það alloft komið fyrir að hann fari verulega rangt með það sem sagt er annars staðar. (**Gripið fram í:** Og ekki undarlegt.) Ég minntist ekki einu einasta orði á ofbeldiskvikmyndir og að blanda barnavernd og öðru slíku inn í þessar umræður er auðvitað mjög undarlegt, óviðeigandi, smekkleysa. Hins vegar er það í samræmi við málflutning þessa

hv. þingmanns yfir höfuð að tala þegar hann kemur hingað upp sem einhver hneykslunarhella. Honum er mjög gjarnt að hneykslast. Það er líka að sumu leyti eðli þess stjórnmálaflokks sem hann tilheyrir að vera alltaf að hneykslast á hlutum sem þeir gera sig svo óðar seka um sjálfir. Ég hygg að af tvennu *séu flestir sammála um að þekkilegra sé það að nota* sögnina að fokka þegar við á fremur en hitt að ætla mönnum hluti út í bláinn, jafnvel meiðandi hluti, án tilefnis. Ég hlýt því, herra forseti, að ætlast til þess að hv. þm. sé víttur fyrir það orðbragð sem hann viðhafði í sambandi við vernd barna og ungmenna og ofbeldiskvikmyndir hér áðan og þær aðdróttanir sem hann hafði í minn garð í því sambandi.

Framhaldsskólar, 1. umr.

Stjfrv., 184. mál (gildistaka). — Þskj. 215.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir máli á þskj. 215, 184. *máli þingsins, sem er frv. til laga um breytingu* á lögum um framhaldsskóla, nr. 57/1988.

Frv. gengur út á það að fresta svokölluðum fjármála- og stjórnunarköflum framhaldsskólalaganna. Ástæðan er sú að ekki hefur verið gengið frá breytingum á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem hefur verið til meðferðar á vettvangi núv. og fyrrv. ríkisstjórna um alllangt skeið. Verði af þeirri breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem nú er fjallað um er gert ráð fyrir að ríkið yfirtaki, með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í þessum lögum, kostnað við framhaldsskóla.

Frv. er stutt og það er á þá leið að við gildistökuákvæði framhaldsskólalaganna bætist nýr málsl. sem orðist svo:

„Ákvæði III. og VIII. kafla laganna auk ákvæða 7. og 8. gr. skulu ekki koma til framkvæmda fyrr en 1. jan. 1990 Þrátt fyrr 4., 5., 6., 8., 9., 12. og 13. tölul. 41. gr. skulu þau ákvæði þar tilgreindra laga, er fjalla um fjármál og kostnaðarskiptingu þeirra skóla sem þar er fjallað um og hlutverk og skipan skólanefnda þeirra halda gildi sínu fram til 1. jan. 1990."

Þau ákvæði sem hér um ræðir eru í fyrsta lagi í III. kafla laganna þar sem fjallað er um stofnun og byggingu framhaldsskóla. Það er um að ræða tvær greinar, 3. og 4. gr. laganna. Þar er m.a. gert ráð fyrir því að kostnaður við byggingarframkvæmdir og stofnbúnað framhaldsskóla skiptist þannig að ríkissjóður greiði 60% áætlaðs kostnaðar skv. viðmiðunarreglum þegar sveitarfélag eða sveitarfélög annast ráðningu hönnuða og verkframkvæmd. Hlutur sveitarfélags eða sveitarfélaga er þá sá hluti kostnaðar sem ríkissjóður greiðir ekki og er þar miðað við 40%.

Í 4. gr. er síðan kveðið á um að þau skólamannvirki, sem lög þessi taka til, skuli vera eign ríkis og sveitarfélaga í sömu hlutföllum og stofnkostnaður er greiddur eða hefur verið greiddur sé um eldra húsnæði að ræða. Verði húsnæði framhaldsskóla ráðstafað til annarra nota en framhaldsnáms skulu eignaraðilar gera með sér samkomulag þar um. Verði eign seld öðrum hvorum eignaraðila skal hún metin af dómkvöddum mönnum. Þetta var III. kaflinn.

IV. kaflinn fjallar aftur á móti um stjórn framhaldsskólans og ekki er gert ráð fyrir því í frv. að hróflað sé við þeim kafla að öðru leyti en því að 7. og 8. gr. verði frestað. Þær greinar fjalla um skólanefndir við framhaldsskóla. Í greininni, sem allítarleg umræða varð um hér í hv. deild sl. vetur, segir svo, með leyfi forseta:

„Menntamálaráðherra skipar skólanefnd við hvern framhaldsskóla. Í skólanefndum skulu sitja fimm menn. Skulu fjórir tilnefndir af hlutaðeigandi sveitarfélagi eða sveitarfélögum. Þegar um er að ræða skóla sem annast starfsmenntun skal af hálfu sveitarstjórna gætt við tilnefningu að fulltrúi viðkomandi starfsgreina eigi sæti í skólanefnd. Skipunartími skólanefnda skal vera fjögur ár og miðast við kjörtímabil sveitarstjórna." Síðan segir áfram: „Menntamálaráðherra skipar formann skólanefndar án tilnefningar." Eins og kunnugt er hafði forveri minn skipað formenn þessara skólanefnda í allmörgum tilvikum en ekki öllum rétt áður en ég *kom í menntmrn. án þess að frá því hefði verið* gengið hvernig skólanefndirnar yrðu skipaðar að öðru leyti.

Þá er gert ráð fyrir því í 8. gr. hverjar séu lagaskyldur skólanefndanna og því er hér m.a. tillaga um það að þessari grein verði frestað. En hvað kemur þá í staðinn? Í staðinn koma stjórnunarákvæði þeirra laga sem í gildi eru að öðru leyti um viðkomandi skóla, þ.e. 41. gr. laganna. Þau ákvæði sem snerta stjórnir halda sér. Það eru í fyrsta lagi lög nr. 68/1966, nr. 18/1971 og nr. 68/1972 um iðnfræðslu. Í öðru lagi lög nr. 12/1970 og nr. 81/1984 um menntaskóla. Í þriðja lagi lög nr. 6/1971 og nr. 109 1974 um Hótel- og veitingaskóla Íslands. Í fjórða lagi lög nr. 1/1973, um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum, lög nr. 53/1975, um hússtjórnarskóla, og lög nr. 51/1976, um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi. Öll þessi ákvæði halda sér vegna þeirrar frestunar sem hér er verið að gera á stjórnunarkafla framhaldsskólalaganna.

Í frv. er síðan gert ráð fyrir því að V. kafli laganna haldi sér, þ.e. sá kafli sem fjallar um starfslið, sömuleiðis kaflinn sem fjallar um inntökuskilyrði en það er VI. kafli laganna. Þá er gert ráð fyrir því að kaflinn um námsskipan, sem er einn ítarlegasti kafli framhaldsskólalaganna, haldi sér óbreyttur frá því sem er í lögunum en ákvæðum VIII. kaflans, sem fjallar um rekstur framhaldsskólans, sé frestað. Þar segir: „Ríkissjóður greiðir skv. lögum þessum rekstrarkostnað þeirra framhaldsskóla sem ríkið

rekur nú eitt sér eða í samstarfi við sveitarfélög svo og þeirra skóla sem stofnaðir verða samkvæmt ákvörðun Alþingis." Hér er gert ráð fyrir því að þessum kafla, þ.e. 32.–34. gr. VIII. kafla, verði frestað.

Gert er ráð fyrir því að IX. kaflinn, sem fjallar um fullorðinsfræðslu og endurmenntun, og ýmis ákvæði í 37.–40. gr. X. kafla haldi sér.

Þá er frá því að greina í þessu sambandi, herra forseti, að jafnvel þó að þessum lögum yrði ekki frestað er alveg augljóst mál að ekki hefur verið staðið sem skyldi að málum þannig að skólalögin tækju gildi að fullu núna um áramótin. Reglugerðavinna er og hefur verið mjög skammt á veg komin þannig að jafnvel þó að þeir kaflar laganna, sem hér er verið að tala um, tækju gildi er alveg ljóst að það yrði í rauninni í meginatriðum að magninu til frá og með næstu áramótum. Það á sérstaklega við um IV. kaflann sem fjallar um stjórn framhaldsskólans. Það á einnig við um V. kaflann í sambandi við starfslið, VI. kaflann í sambandi við inntökuskilyrði og að ekki sé minnst á VII. kaflann í sambandi við námsskipan þar sem veruleg vinna er eftir í þeirri nefnd sem nú er að undirbúa tillögur til ráðuneytisins að reglugerð um þetta mál.

Þess vegna tel ég að ekki sé verulegur skaði skeður frá sjónarmiði menntmrn. þó að hér verði um nokkra frestun að ræða. Ég tel hins vegar og vil fara fram á það við hv. nefnd að hún íhugi sérstaklega hvort þessi frestun á að eiga sér stað út almanaksár eða út skólaár, þá væntanlega út skólaárið 1989–1990. Ég held að það sé mikið heppilegra að breytingar á kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga, að því er varðar rekstur skólanna, komi til framkvæmda á mörkum skólaára. Ef svo fer, eins og margir gera ráð fyrir, að Alþingi fái til meðferðar og samþykki í vetur breytingu á lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem snertir grunnskólann, dagvistir, heilsugæslu, sjúkratryggingar og fleira mun ég beita mér fyrir því að sú kostnaðarbreyting, sem gert er ráð fyrir í framhaldsskólalögunum, taki gildi á mörkum skólaára. Ég tel að það sé mikið heppilegra frá sjónarmiði skólans.

Gallinn við þessa frestun frá okkar sjónarmiði er auðvitað fyrst og fremst sá að framhaldsskólastarfið líður fyrir það meðan óvissa er í þessum efnum. Jafnvel þó að þetta taki gildi nú um áramót, verandi með verkaskiptinguna hangandi í lausu lofti, þá heldur óvissan áfram eftir sem áður. Það er þessi óvissa sem er slæm fyrir framhaldsskólann og grunnskólann í landinu og reyndar alla þá aðila sem eru með þá þjónustu og rekstur sem fjallað er um í þessum umræðum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Það er auðvitað alveg afleitt að Alþingi skuli vera árum saman með þessi mál án þess að geta í raun og veru höggvið á hnútinn að því er varðar þessa verkaskiptingu. Niðurstaðan verður sú að þær stofnanir sem hér um ræðir hanga í lausu lofti og rekstur þeirra er vanræktur.

Ég tel ekki þörf á því, herra forseti, að fara mikið fleiri orðum um þetta frv. Ég bendi á að ef það verður ekki að lögum þýðir það aukaútgjöld fyrir ríkissjóð á næsta ári upp á um það bil 250 millj. kr. Það er óhjákvæmilegt að hv. þingdeild geri sér grein fyrir þeim þætti málsins. Hér er m.ö.o. verið að taka á máli sem ekki var tekið á þegar framhaldsskólalögin voru afgreidd á síðasta þingi. Þá var það augljóst mál og kom fram í ýmsum ræðum hér úr þessum stól, m.a. ræðum sem ég flutti, að ekki var þá gengið frá því tryggilega að ríkið mundi taka á sig þennan kostnað. Menn voru í raun ekki með neinar tillögur um það hvað ætti að spara í ríkiskerfinu á móti þeim kostnaði sem verið er að tala hér um. Það er m.a. vegna þess að málið var skilið eftir í lausu lofti að við stöndum núna frammi fyrir því að þessu verður að fresta.

Ég hafði í hyggju við meðferð þessa máls að svo gæti farið ef okkur miðaði vel við verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga að ekki þyrfti að eiga sér stað þessi frestun á fjármálaköflum framhaldsskólalaganna. Þar sem verkaskiptingin er ekki lengra komin er þessi frestun algerlega óhjákvæmileg.

Til viðbótar við þau atriði sem ég hef nefnt, herra forseti, er náttúrlega augljóst að nauðsynlegt er að endurskoða vissa aðra þætti í sambandi við framhaldsskólalögin. Ég á sérstaklega við að ég tel að það eigi að vera inni í lögunum ákvæði um lögskylt samráð framhaldsskólanna á hverju svæði. Það er auðvitað furðulegt ástand eins og það birtist okkur t.d. hér í þessu fjölmennasta fræðsluumdæmi landsins, Reykjavík, að ekki er um að ræða reglubundið samstarf framhaldsskólanna í Reykjavík um námsframboð eða hverfaskiptingu. Þetta þýðir að við erum örugglega með endurtekningu, að ég segi ekki tvíverknað í ýmsum þáttum þessa skólastigs, tvíverknað sem er mjög kostnaðarsamur fyrir samfélagið, einkum í verkmenntuninni. Ég ætla ekki að fara út í það í smáatriðum en ég tel í raun og veru mjög alvarlegan hlut að ganga þannig frá lögum, eins og gert var með lögin um framhaldsskóla, að menn skuli ekki vera knúnir til þess að hafa eðlilegt samstarf og kallað væri eftir því. Af þeim ástæðum hef ég t.d. beitt mér fyrir því að skólameistarar og skólastjórar framhaldsskólanna á Reykjavíkursvæðinu, þ.e. í Reykjavík og allt suður í Hafnarfjörð, hittist á fundi, sem verður reyndar haldinn núna næstu daga, þar sem fjallað verður sérstaklega um vanda framhaldsskólastigsins á þessu svæði. Vandinn er sá að í haust vantar pláss fyrir 150–200 nemendur.

Vegna þess að menn hafa ekki fengist til þess að móta neina stefnu um hvernig á þessum málum verður tekið í heild er nær hver framhaldsskóli að berjast í sínu horni án samvinnu við aðra eða að mið sé tekið af öðrum. Miklar áskoranir frá ýmsum aðilum í þjóðfélaginu berast um húsnæðisendurbætur Menntaskólans í Reykjavík. Það birtast tillögur og óskir um að stækka Menntaskólann við Hamrahlíð þannig að þar geti rúmast 1000–1100 nemendur. Það eru uppi tillögur og óskir um endurbætur og

stækkun á Iðnskólanum í Reykjavík. Mjög sanngjarnar kröfur eru um endurbætur og lagfæringar á Fjölbrautaskólanum í Ármúla sem er, að því er húsnæði varðar, sameign ríkisins og sveitarfélagsins. Okkur berast einnig óskir frá Menntaskólanum við Sund og allir þessir aðilar bera fyrir sig þá fjölgun sem fyrirsjáanleg er á þessu svæði eins og þeir ætli allir og hver um sig að taka við henni. Þannig getur málið náttúrlega ekki gengið fyrir sig. Það verður að kalla fram samstarf. Aðalgallinn við framhaldsskólalögin eins og þau eru núna er sá að mínu mati að þau kalla ekki fram þetta samstarf og þar með ábyrgð þeirra aðila sem stýra kerfinu í heild, ábyrgð sem óhjákvæmilegt er að kalla fram.

Að því er varðar framhaldsskólana á öðrum svæðum vil ég skýra frá því sem ég tel mjög mikilvægt að á Vestfjörðum hefur Fjórðungssamband Vestfjarða lagt fram tillögur um framhaldsskóla fyrir allt umdæmið, tillögur sem eru mjög til fyrirmyndar. Þar er gert ráð fyrir því að Menntaskólinn á Ísafirði og Iðnskólinn á Ísafirði hafi samstarf og renni saman í einn skóla. Á Norðurlandi vestra erum við enn þá með einn framhaldsskóla, þ.e. Fjölbrautaskólann á Sauðárkróki. Á Norðurlandi eystra hefur hins vegar ekki verið komið á samstarfi sem skyldi, þó að menn þar hafi auðvitað talað saman um hlutina. Ég tel að það hefði verið framhaldsskólanum á Norðurlandi eystra til styrktar ef þar hefði náðst skipulegt samstarf um framhaldsskólann á svæðinu, bæði skólana í heild, hvern einstakan skóla og einstakar framhaldsdeildir sem menn vilja setja þar á stofn.

Þetta vil ég nefna, herra forseti, vegna þess að ég tel óhjákvæmilegt að dregið sé inn í umræðuna að við þurfum að ná miklu betra samstarfi um þróun þessa skólastigs en verið hefur. Auðvitað er ekkert skrýtið þó að það hafi tekið tíma að koma þessu samstarfi á. Fyrst og fremst er það vegna þess að engin lög hafa verið til fyrr en nú og ég tel að þau séu til bóta. Það er enginn vafi í mínum huga, þau eru til bóta. Það var skynsamlegt og nauðsynlegt að setja lög um framhaldsskólann og þó að fyrr hefði verið. Engin ástæða er til þess að draga fjöður yfir það að forveri minn í menntmrn. vann þar að mínu mati gott verk. En vegna þess hvernig aðstæður eru með tilliti til þróunar skólans, bæði innra starfsins og hins fjárhagslega ramma, þá er óhjákvæmilegt að þessu verði frestað og vænti ég þess að hv. deild taki þeirri málaleitan með skilningi því að hún byggist bæði á fjárhagslegum og faglegum þróunarforsendum framhaldsskólans í landinu.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Hæstv. menntmrh. lauk máli sínu með því að segja að frv. byggðist á, ef ég hef tekið rétt eftir, fjárhagslegum og faglegum þróunarforsendum framhaldsskólanna í landinu. Fínt skal það vera. Ekki veit ég hvort hæstv. menntmrh. skilur til fulls þessi fallegu orð sem hann raðar þarna saman og væri eiginlega nauðsynlegt að hann flytti aðra ræðu hér á eftir til að útskýra nákvæmlega hvað fyrir honum vakti. (**Menntmrh.:** Það er velkomið.) Mér sýnist á svipnum að þetta hafi verið svona orðakonfekt sem er gott fyrir hlustirnar eins og venjulegt konfekt er gott fyrir munninn. Ég er þó hræddur um að það bráðni jafnfljótt uppi í hlustunum og skilji lítið eftir sig líkt og konfektið sem maður stingur upp í sig bráðnar fljótt og um leið og maður fer að borða saltfisk kemur annað bragð í munninn. Ég hef hins vegar gaman af því þegar menn tala með þessum hætti. Það sýnir að þeir hafa góða tilfinningu fyrir málinu og gaman er að hlusta á slíkt í ræðustól.

Hitt er annað mál að þetta með faglegu forsendurnar er auðvitað hreint rugl. Við sem höfum starfað í skólamálum alllengi sem kennarar þykjumst vita að það er hverjum skóla hollt að hafa sérstaka skólanefnd. Ég sé ástæðu til þess, vegna margvíslegra ummæla sem komu fram í máli menntmrh., að rifja það upp að sú umræða var orðin mjög áleitin upp á síðkastið að nauðsynlegt sé í ríkara mæli en verið hefur að tengja skólastarf á hverjum stað því lífi og þeim atvinnuháttum sem eru í umhverfinu. Ástæðan fyrir því að menn hafa talið þetta skynsamlegt og rétt er m.a. sú að áhugi barnanna er auðvitað ríkari fyrir því sem þau þekkja og við vitum að ekki skiptir öllu máli nákvæmlega hvað unglingar læra á aldursskeiðinu 15–19 ára. Hitt skiptir meira máli að unglingarnir venji sig við að fræðast og læra, tileinka sér nýja hluti og hafi áhuga á því námsefni sem þeir eru að fást við hverju sinni. Það held ég að sé í rauninni miklu meira virði og þess vegna er það ein undirstaðan fyrir því að framhaldsskólinn geti tekist bæði hér í Reykjavík og eins úti um land að hægt sé sem mest að tengja hann því daglega lífi sem er umhverfis skólann um leið og gefinn er kostur á því að bjóða fram námsefni á sem víðtækustu sviði. Það fer auðvitað eftir því hversu fjölmenn byggðarlögin eru hversu margir nemendur eru í skólanum eða við getum sagt, t.d. hér í Reykjavík, að það fari eftir því hversu margir skólarnir eru hversu margvíslegt námsefnið getur verið sem boðið er upp á. Þetta er auðvitað merginn málsins. Ég þekki enga aðra leið betri til að gera þetta en þá að skipa skólanefndir fyrir framhaldsskólana og því fyrr því betra. Ég sé ekki að aðrir aðilar séu heppilegri til þess að skipa í skólanefndirnar en sveitarfélögin, eitt eða fleiri, sem standa að framhaldsskólanum á hverjum stað vegna þess að þau hafa flest hver sýnt mikinn metnað fyrir framhaldsmenntunina og yfirleitt er mikill þrýstingur einmitt frá sveitarstjórnunum um að hægt sé að bæta þá menntun með margvíslegum hætti sem boðin er fram í héruðunum.

Það er líka laukrétt, herra forseti, að engin byggðastefna er heilbrigðari en einmitt sú að efla menntunina, efla skólastarfið. Það er bæði heilbrigð stefna til frambúðar um leið og skólalífið lífgar upp á

umhverfið, gleður þá sem í kringum skólana eru og með margvíslegum hætti styttir skammdegið. Ég held þess vegna að það sé afskaplega nauðsynlegt á þessum síðustu tímum, þegar hraðinn er eins mikill og hann er, þegar fjölmiðlarnir sækja jafnhart fram inn í líf barnanna, að reyna eins og kostur er að styrkja varnir skólanna og um leið styrkja þá til að sækja fram á nýjum sviðum.

Hæstv. menntmrh. talaði um fagleg rök fyrir því að skólanefndirnar tækju ekki gildi, að þær yrðu ekki skipaðar frá og með 1. jan. nk. Nú er auðvitað nauðsynlegt að við fáum upplýsingar um það hér í deildinni hvað t.d. félag skólameistara hefur sagt um það. Er það svo að félag skólameistara telji betra að fresta skipan skólanefndanna eða skyldi það vera á hinn bóginn að skólameistararnir sjái sér styrk í sínu starfi að hafa þessar skólanefndir á bak við sig? Ég hef að vísu ekki haft spurnir af því hvernig Félag skólameistara tekur á því máli, en eins og ég hef til að mynda kynnst skólastarfi á Norðurlandi, eins og ég hef kynnst starfi Iðnskólans fyrst og síðan Verkmenntaskólans á Akureyri er ég ekki í vafa um að skólameistari Verkmenntaskólans mundi telja það mikla afturför ef hann hefði ekki einmitt skólanefnd til þess að standa á bak við sig. Það er ekki aðeins að slík nefnd er honum til ráðuneytis í sambandi við sókn hingað inn á Alþingi til að fá leiðréttingu á fjárframlögum til skólans, til að knýja fram meira fé til nauðsynlegra byggingarframkvæmda við Verkmenntaskólann, heldur koma jafnan upp margvísleg rekstrarmál og ýmislegt sem varðar sveitarfélagið sem bæði hefur reynst hollt og gagnlegt að ræða innan skólanefndanna. Ég skal ekki nefna nein nöfn í þessari ræðu úr einkasamtölum, en hitt get ég sagt að ég hef rætt við skólameistara hinna svokölluðu ríkisskóla á framhaldsskólastigi og þeir skólameistarar sem ég hef talað við um þessi mál hafa allir lýst mikilli ánægju sinni yfir því að skólanefndirnar skuli skipaðar og skuli taka til starfa og skuli vera til ráðuneytis við stjórn skólanna. Ég hef enga úrtöluröddheyrt í þessu sambandi. Það að blanda því eitthvað saman við frv. um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga er jafnfjarri því að vera fagmannleg röksemd og maður segi að svart sé sami litur og hvítt. Auðvitað slær hæstv. menntmrh. þessu fram vitandi vits í blekkingarskyni til að reyna að breiða yfir að skólanefndirnar eru með öllu óskyldar þeim ákvæðum í III. og VIII. kafla þessara laga sem fjalla um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga varðandi stofnkostnað og rekstrarkostnað skólanna.

Ég var mjög undrandi þegar ég heyrði hæstv. menntmrh. lýsa þeirri óskapa upplausn sem mér skildist að væri í starfi framhaldsskólanna hér í Reykjavík. Ég gat ekki betur heyrt en hæstv. menntmrh. héldi því fram að yfirleitt héldu skólameistarar á höfuðborgarsvæðinu þannig á sínum kröfum og sínum málum að þeir ætluðust allir til þess að fá alla viðbót framhaldsskólanemenda á næsta ári. Ég gat ekki skilið hæstv. menntmrh. með öðru móti. Ég vona að ég hafi misskilið þetta, en ég tók svo eftir að hæstv. menntmrh. hefði sagt: Allir biðja um hækkun þannig að allir vilja taka við allri fjölguninni. — Einhvern veginn svona var þetta orðað. Það gefur í skyn að samstarfið og samráðið milli skólameistaranna á Reykjavíkursvæðinu sé undarlega lítið. Nú hef ég að vísu tilhneigingu til að trúa því að hæstv. ráðherra hafi ofsagt, þetta sé alls ekki eins og hæstv. ráðherra sagði, alveg með sama hætti og mér er kunnugt um að gott samstarf er milli framhaldsskólanna í Norðurlandskjördæmi eystra gagnstætt því sem hæstv. menntmrh. var að gefa í skyn áðan. Það hafa menn sagt við mig sem hafa verið í skólanefndum þar nyrðra, m.a. í skólanefndinni á Húsavík, hafa haft sérstakt orð á því, hversu gott samstarf þeir hafi átt við skólameistara Menntaskólans á Akureyri og skólameistara Verkmenntaskólans á Akureyri og ég veit ekki betur en sú uppbygging sem orðið hefur á framhaldsskólastiginu á Dalvík ... Það er svolítið erfitt þegar maður er að leiðrétta missagnir hæstv. menntmrh. að hann skuli fara fram rétt á meðan, en ég get auðvitað byrjað aftur á þessum kafla ræðu minnar og talað um daginn og veginn.

Já, ég var að tala um það, herra forseti, að skólastarf norðan lands á framhaldsskólastiginu hefði verið unnið í mikilli og góðri samvinnu. Þannig var það í fulkominni samvinnu á sínum tíma sem Gagnfræðaskólinn á Akureyri tók upp kennslu í verslunarfræðum á framhaldsskólastigi og ég held og veit raunar að það var í mjög góðri samvinnu við menntaskólann sem ákveðið var að verslunarmenntunin og það sem laut að hjúkrunarfræðum skyldi ganga inn í Verkmenntaskólann og sömuleiðis að vélstjóranámið, Vélstjóraskólinn á Akureyri, skyldi ganga inn í Verkmenntaskólann á Akureyri. Á milli þessara tveggja skóla hefur því verið góð samvinna og verkaskipting svo langt sem hún getur náð, en auðvitað hlýtur alltaf að reka að því að eitt og annað sé kennt við báða skólana, sé hið sama, og auðvitað geta tvær námsbrautir nálgast að vera eins þó áherslumunur sé jafnan einhver.

Eins er þetta um framhaldsskólann á Dalvík. Það var í fulkominni samvinnu og samráði við Verkmenntaskólann á Akureyri sem sú ákvörðun var tekin að kennsla í stýrimannafræðum skyldi vera við Gagnfræðaskólann á Dalvík og eins nú að fiskvinnslunámið skuli byggt upp á Dalvík og verkaskipting með þeim hætti höfð. Einnig var það svo þegar verið var að taka ákvörðun um stofnun framhaldsskóla á Húsavík og framhaldsskóla á Laugum að skólanefndir Laugaskóla og skólanefnd eða sveitarstjórnarmenn á Húsavík ræddust við og ég vissi ekki betur en þeir hafi í öllum aðalatriðum orðið sammála um þá verkaskiptingu og þá samvinnu sem skyldi vera á milli þessara skóla. Hitt er auðvitað laukrétt hjá hæstv. menntmrh. að allir skólamenn hafa metnað fyrir sína stofnun. Auðvitað hafa þeir það og sem betur fer. Þess vegna er það ekki undarlegt þegar vel gengur þótt skólamenn vilji efla starfið, vilji færa út kvíarnar ef þeir þykjast hafa

nægilegan fjölda nemenda og auðvitað verður þess vart víða um land, ekki aðeins hér í Reykjavík heldur líka úti á landi. Það er hins vegar ólíku saman að jafna að ræða annars vegar um svæðið við Skjálfandaflóa og upp af því, en hins vegar velta því fyrir sér hvort tök séu á því á Vestfjörðum að hafa sérstakan framhaldsskóla sem eigi að gagnast Patreksfirði, Tálknafirði og Bíldudal eða setja upp sérstakan framhaldsskóla í Strandasýslu. Auðvitað eru landfræðilegar ástæður þar með allt, allt öðrum hætti en í fjölbýlinu fyrir norðan og auðvitað er miklu auðveldara á slíkum stöðum að koma sér saman um að framhaldsskólinn skuli aðeins vera á einum stað eða á Ísafirði.

Hitt er misskilningur hjá hæstv. menntmrh. ef hann heldur að fullkomin samstaða sé um það í Norðurlandi vestra að þar skuli einungis vera einn framhaldsskóli. Ég veit ekki betur en Siglfirðingar setji þá kröfu mjög hart fram að kennsla í fiskvinnslu verði starfrækt þar. Það er hins vegar annað mál. Ég *sagði hér um daginn að vonir mínar stæðu til* þess að nám í fiskeldi yrði tekið upp við framhaldsskólann á Húsavík og er ekki í neinum vafa um að það er mjög heppilegt vegna þeirra óvenjugóðu skilyrða sem er í sambandi við fiskeldi, ekki aðeins í næsta nágrenni Húsavíkur heldur kannski einnig og miklu fremur í Kelduhverfi og Öxarfirði eins og allir vita. Um leið og sjávarútvegsdeildin er tekin til starfa við Háskólann á Akureyri tengist þetta allt saman og myndar sterka heild. Þarna hefur m.ö.o. verið gert ráð fyrir skynsamlegri verkefnaskiptingu þessara skóla.

Það breytir aftur ekki hinu að allir hafa þessir skólar mikið gagn af því að sveitarstjórnirnar á stöðunum skipi í skólanefnd það heimafólk sem þeir vita að hefur mestan áhuga á því sem gerist innan veggja skólans. Margvíslegir menn bera mjög fyrir brjósti einmitt það að þeim unglingum fjölgi sem sækja á framhaldsskólanám, á langskólanám, og eru margir hverjir reiðubúnir til að leggja á sig ótrúlega vinnu til þess ekki aðeins að byggja upp ytri veggi skólans heldur líka glæða þá lífi innan veggja þeirra. Ég held þess vegna að það yrði mikið óheillaspor ef meiri hluti Alþingis mundi nú stíga það skref að fella niður þau ákvæði 7. og 8. gr. sem lúta að því að skólanefndirnar taki til starfa hinn 1. janúar nk.

Hitt var svo eftir öðru hjá þessari ríkisstjórn, þegar mælt er hér fyrir þessu frv. sem byggist á fjárhagslegum og faglegum þróunarforsendum, að leggja til að fresturinn skuli vera til 1. jan. 1990, en í ræðunni sem hæstv. menntmrh. flytur fyrir frv. talar hann um að eðlilegra sé kannski að lögin taki gildi, ég veit ekki hvort hann vill heldur 1. september eða 1. ágúst á næsta ári, um leið og næsta skólaár byrjar, en 1989–1990 skildist mér. — Er þá hæstv. menntmrh. að tala um að fresta lögunum til 1. sept. 1990? (**Menntmrh.:** Það fer eftir fjáröflun.) Já, það er nefnilega það já. Þá er það enn þá lengur, enn þá lengri frestun og auðvitað til enn meiri bölvunar. En ef hæstv. menntmrh. vill að þarna standi til 1. sept. 1990, af hverju skrifaði hann þá ekki þau orð í frv.? Af hverju skrifar hann þá 1. janúar? Ef hann telur heppilegra að breytingin eigi sér stað um leið og nýtt skólastarf hefst, af hverju miðar hann þá ekki við það í frv.? Ekki geta það verið fjárhagslegar og faglegar þróunarforsendur að setja annað í frv. en maður vill. Það er erfitt að rökstyðja það. Mér fannst þetta vera pínulítið undarlegt.

Hitt var eftir öðru. Nú er auðvitað spurning, herra forseti. Það væri kannski rétt að fá úrskurð um það. Er einhver möguleiki fyrir því að fjh.- og viðskn. geti með brtt. sínum við frv. tryggt það, gengið frá því tryggilega eins og hæstv. menntmrh. sagði að ríkið taki á sig kostnað við breytingar á framhaldsskólafrv. *á næsta ári?* Hefur fjh.- og viðskn. eitthvert vald til þess samkvæmt stjórnarskrá og þingsköpum að ákveða sérstakar fjárhæðir í fjárlögum næsta árs eða þarnæsta árs sem ríkið eigi að taka á sig? Ég þekki ekki þessa fjárlagagerð. En ef hæstv. menntmrh. er þeirrar skoðunar að við getum nú í menntmn., hvað eigum við að segja, þrýst svo á fjmrh. eða eigum við að segja kúgað fjmrh. til þess að taka inn fjármagn til að koma lögunum í gildi, eigum við að segja 1. sept. 1990 eða vill hæstv. ráðherrann segja 1. janúar á næsta ári — kúgað fjmrh. til að afla fé til þess á fjárlögum, þá væri það út af fyrir sig góð leiðbeining. En ef meiri hlutinn á annað borð er fyrir því að gera þetta er líka eðlilegast að standa að því við fjárlagagerðina eins og við erum vön.

Auðvitað var þetta ekkert annað en aulaleg tilraun hæstv. menntmrh. til að koma höggi á fyrirrennara sinn, að halda því fram að hann hafi átt við afgreiðslu nefndarinnar á síðasta þingi að ganga frá fjárlögunum fyrir árið 1989. Það hefur aldrei þekkst. Nema hæstv. menntmrh. hugsi sér kannski að gera ráð fyrir því að sérstakir tekjustofnar skuli standa undir útgjöldum framhaldsskólanna. Þá væri það út af fyrir sig nýlunda sem rétt er að íhuga. Þetta var nú eitthvað skrýtið.

Ég er ekki trúaður á að lögskylt samráð framhaldsskóla á hverju svæði, reglubundið samráð um námsframboð og hverfaskiptingu sé til góðs. Við ræddum um það ítarlega í þessari deild á árinu 1973–1974 hvernig hægt væri að blása nýju lífi í húsmæðraskólana á þeim tíma og þá var einmitt valin sú leið að setja rammalöggjöf og allsherjarlög um það námsframboð sem vera mætti í húsmæðraskólunum og þá var ákveðið að allir húsmæðraskólarnir skyldu reknir með sama sniði. Við sjálfstæðismenn vorum þessu andvígir og héldum því fram að þetta væri vísasti vegurinn til að viðhalda þeirri stöðnun í námsframboði og skólastarfi sem þá hafði gert vart við sig í húsmæðraskólum og fullyrtum að það mundi á skömmum tíma valda því að þessir skólar legðust niður eins og líka raunin varð, auðvitað vegna þess að í nútíma þjóðfélagi getur enginn skóli haldið *sínum sessi nema honum sé gert kleift og* leyfilegt að útskrifa nemendur á framhaldsskólastigi sem annað tveggja eða hvort tveggja hljóti viss

starfsréttindi eða réttindi til að halda áfram námi. Hvorugu þessu var til að dreifa í sambandi við húsmæðraskólana á sínum tíma þannig að það var ósköp eðlilegt að þeir liðu undir lok. Þeir heyrðu gömlum tíma til.

Ég hygg á hinn bóginn, ef við lítum yfir framhaldsskólana í heild, að það hafi haft marga góða kosti hversu frjálsar hendur einstakir skólameistarar hafa haft á liðnum árum og áratugum og ég hika ekki við að fullyrða að einmitt það hafi valdið því hversu fyrirhafnarlaust og fljótt framhaldsmenntunin í rauninni reis í landinu miðað við þá lágkúru sem yfir henni var fyrir ekki löngu.

Það er rétt hjá hæstv. menntmrh. að það vantar pláss fyrir marga framhaldsskólanemendur einmitt núna og fyrir því eru fyrst og fremst tvær ástæður. Annars vegar sú að fleiri nemendur koma nú inn í skólana en áður. Við erum komnir inn í þann tíma þegar stærstu árgangarnir ganga inn í framhaldsskólana. En það er ekki eina ástæðan heldur líka hin, að unglingar eða ungt fólk sækir meir inn í framhaldsskólana en áður, það sem lét undir höfuð leggjast að gera það þegar það var á hinu venjulega ári, kaus að fara út á vinnumarkaðinn fyrst og koma síðan aftur inn í framhaldsskólana. Það er þess vegna eðlilegt að nauðsynlegt sé að halda áfram byggingarframkvæmdum við framhaldsskólana. Og það er víðar en á Reykjavíkursvæðinu sem uppi eru fjárlagabeiðnir. Það þarf ekki bara að tala um Menntaskólann í Reykjavík. Við getum líka talað um Menntaskólann á Akureyri. Það er nú einu sinni svo að ekki hefur verið kostur á því að halda honum við sem skyldi og nauðsynlegt að gera hvort tveggja í senn, stækka hann og reisa myndarlegar heimavistir og námsmannaíbúðir á Akureyri sem er allt annað mál.

Ég held, herra forseti, að þetta frv. þurfi rækilega skoðun. Það sé nauðsynlegt að fá fram hvert sé sjónarmið skólamanna á því frv. sem hér liggur fyrir. Og ég ítreka það sem ég sagði áðan: Fyrir því liggja faglegar þróunarforsendur að rétt sé að skólanefndirnar taki til starfa sem fyrst og ég vona að deildinni verði ekki á í þeim efnum.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er rétt, sem fram kom í máli hæstv. menntmrh., að það hafi verið beðið lengi eftir lögum um framhaldsskólastigið þegar þau voru sett í fyrra, en þess ber reyndar að geta að ekki voru allir jafnánægðir með efni laganna og fyrirkomulag þeirra og þar vorum við að mörgu leyti sammála núv. hæstv. menntmrh. og við kvennalistakonur. Gagnrýni okkar var t.d. á skipan skólanefnda við framhaldsskólann. Okkur þótti sem þær ættu að hafa of mikið að segja um innra starf skólanna og sú gagnrýni stendur enn af hálfu okkar kvennalistakvenna.

Það hefur komið fram að nauðsyn sé á skólanefndum til að tengja skólana við hið raunverulega líf á viðkomandi stöðum. Ég vil eiginlega mótmæla því að ekki skuli litið á starfsfólk skólanna sem hluta af því samfélagi sem það býr í. Það þarf að varast þann hugsunarhátt t.d. úti á landsbyggðinni að kennarar sú alltaf aðkomufólk sem kemur og fer. Það þarf einmitt að reyna að fá þá til starfa á þeim stöðum utan veggja skólans þar sem þeir eru einmitt til þess að þeir tengist betur fólki og atvinnufyrirtækjum á staðnum.

En það er ýmislegt sem þarf að athuga við þetta mál eins og önnur viðamikil frumvörp sem við erum með í höndum okkar þessa dagana. Það kom reyndar fram í umsögnum um málið í fyrra að ekki eru allir skólamenn voru sáttir við það fyrirkomulag sem lögin buðu upp á. Skólameistarar og kennarar töldu það einkum til bóta að nú væru leyst viss mál varðandi fjárhag skólanna. Það fyrirkomulag hefur verið að stofnkostnaður menntaskólanna hefur verið greiddur af ríkinu, en fjölbrautaskólar hafa verið greiddir að hluta til, 40%, af sveitarfélögum og 60% af ríkinu.

Mig langar til þess að lesa hér bréf sem mér barst og öðrum hv. þm. líka 30. ágúst sl. frá Skólameistarafélagi Íslands. Þar kemur fram gagnrýni þeirra á þá hugmynd sem þá þegar var komin fram um að fresta gildistöku fjárlagakafla framhaldsskólafrv. Það var þó eiginlega ljósi punkturinn sem þeir sáu við framhaldsskólalögin að fjármálunum væri komið í betra horf en áður hafði verið. En bréf þetta hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Komið hefur fram í fréttum að embættismenn hafa borið fram tillögur um að fresta gildistöku fjármálakafla framhaldsskólalaganna. Framhaldsskólar landsins hafa um langt árabil búið við mikla óvissu um stöðu sína og hlutverk. Nýsett lög um framhaldsskóla gáfu vissulega fyrirheit um bætt grundvallarskilyrði skólastarfs. Verði nú farið að hringla með þessi lög virðist okkur að skólinn gæti orðið nokkurs konar undanvillingur í samfélaginu sem enginn vildi gangast við. Líklegt er að honum yrði skammtað í samræmi við það, en ekki er bætandi á þrengingar í þeim efnum. Skólameistarar heita á alþm. og ráðherra að beita sér gegn því að þessi tillaga nái fram að ganga."

Undir bréfið skrifar Ingvar Ásmundsson, formaður Skólameistarafélags Íslands, og 32 skólameistarar af öllu landinu hafa lýst sig sammála efni þess. Það kemur sem sé fram að skólameistarar telja að óvissu um fjárhag skólanna hafi verið eytt með lögunum.

Það er ýmislegt sem þarf að athuga í sambandi við framhaldsskólann annað en einungis lagarammann sem um hann gildir. Nú er það svo að hæstv. menntmrh. minntist hér á aðstöðu í hinum ýmsu skólum og þá nefndi hann sérstaklega tvo skóla á Reykjavíkursvæðinu, Menntaskólann í Reykjavík og Menntaskólann við Hamrahlíð. Hann minntist raunar á fleiri en það virtist að við þessar tvær stofnanir væri mestra úrbóta þörf. Það má kannski geta þess hér um leið, þar sem við erum að tala um skólamál, að Menntaskólinn við Hamrahlíð er stofnaður fyrir rúmum 20 árum sem tilraunaskóli þar sem rekið er

svokallað áfangakerfi og var ætlunin að gera úttekt á því að tíu árum liðnum. Það hefur ekki verið gert enn. Hins vegar hafa, nú þori ég ekki að segja hversu margir, sennilega um 20 nýir skólar risið upp einmitt á grundvelli þess áfangakerfis án þess að mat hafi verið lagt á gildi þess.

Þannig er ýmislegt annað sem þarf að athuga við skólana en einungis lögin sem um þá gilda. Það er ýmislegt í innra starfi skólanna sem þarfnast mikillar athugunar. Reyndar hefur komið fram að mikill fjöldi nemenda hverfur frá námi á fyrsta ári og fer í aðra skóla eða hættir námi og eru svo sem ekki neinar þekktar ástæður fyrir því. Þess vegna get ég verið sammála hæstv. ráðherra um að það þurfi að endurskoða marga aðra þætti laganna, svo sem samstarfið á milli skólanna. Hann nefndi þá aftur sérstaklega samstarfið hér á Reykjavíkursvæðinu. Nú er það svo að flestir þessara nýju skóla úti á landi mynduðu með sér samstarf. Það má segja að það hafi sprottið upp nokkurs konar grasrótarvinna þar því að kennarar nýju skólanna úti á landi sameinuðust um að semja námsvísi. Reyndar byggir grundvallarhugmyndin á áfangakerfinu eins og það er rekið við Hamrahlíðarskólann. Samstarf hefur verið mjög virkt og öflugt og orðið til þess að efla bæði faglega samstöðu með kennurum, svo og einnig samstöðu þeirra í kjarabaráttu sem þeir hafa háð allvonlausa nú í mörg ár. Vegna þess að hæstv. ráðherra minntist aðeins á ástandið í skólunum vil ég aðeins nefna það líka því ég þekki sjálf nokkuð vel til flestra framhaldsskólanna í landinu. Mig langar aðeins að láta það koma fram í þessari ræðu minni núna að t.d. í Menntaskólanum við Hamrahlíð, þó ég sé ekki að gera lítið úr vandamálum annarra skóla, búa kennarar og nemendur nú við það að eina viku á önn hefur einn af kennurum skólans enga skólastofu og þeir skiptast á að flakka, þurfa að vera í svokölluðu flökkukerfi sem þýðir að annaðhvort verður kennarinn að kenna hópnum á göngum úti eða þá að hann er svo „heppinn“ að einn kennari er fjarverandi.

Hæstv. ráðherra minntist á stærð skólanna og samvinnu þeirra. Það er einmitt eitt af því sem ég held að þurfi að taka afstöðu til hversu stórir skólar eiga að vera, hvað er hagkvæm stærð þannig að skólinn sé stofnun þar sem nemendum líður vel en námsframboð þó viðunandi.

En varðandi það frv. sem hér liggur fyrir um að fresta fjármálakaflanum þarfnast það athugunar og umhugsunar. Eins og allir vita eru uppi mikil vandamál í íslensku efnahagslífi. Vil ég áskilja mér rétt til að kynna mér efni þessa frv. betur áður en ég tek endanlega afstöðu til þess og sérstaklega það sem hæstv. menntmrh. sagði áðan í máli sínu um það að ef lögin tækju gildi yrði það í raun og veru aðeins að nafninu til. Þetta atriði vildi ég sérstaklega fá að kynna mér betur áður en við í þingflokki Kvennalistans getum endanlega gert upp við okkur það sem felst í frv.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara út í efnisumræðu um framhaldsskólana heldur aðeins segja nokkur orð varðandi það frv. sem hér er lagt fram og hefur verið til umræðu.

Ég get að vissu leyti fallist á að fresta gildistöku þessara tveggja kafla í frv. um framhaldsskóla á þeim rökum sem hæstv. menntmrh. rakti áðan, en hins vegar langar mig að spyrja hæstv. menntmrh. hvernig á því standi að fresta eigi ákvæði 7. og 8. gr. laganna. Það má vera að hann hafi svarað því hér áðan, en um þau ákvæði hefur verið að undanförnu nokkuð rætt og þá sérstaklega ráðherrann sjálfur þegar fyrrv. menntmrh. skipaði í þær skólanefndir sem lögin gera ráð fyrir. Mig langar einnig að spyrja hæstv. menntmrh. hvort hann hyggist á þessu eina ári sem er gert ráð fyrir að frv. verði frestað breyta eða endurskoða lögin og einnig skipan í þær nefndir sem þarna er rætt um.

Ég á sæti í hv. menntmn. þessarar deildar og mun að sjálfsögðu taka þátt í starfi hennar og umræðu um frv. og ætla þess vegna ekki að hafa orð mín lengri að sinni.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég sakna nú vinar í stað þar sem er hv. 2. þm. Norðurl. e. til að ræða við hann um innri þróunarforsendur framhaldsskólans. Ég vænti þess þó að mér gefist kostur á því við síðari umræður þessa máls þegar það kemur til 2. og 3. umr. í hv. deild og ætla ekki að tefja tímann með að fara yfir þau mál í einstökum atriðum.

Ég vil aðeins, herra forseti, leyfa mér að skýra frá því að það eru að störfum átta starfshópar í menntmrn. til að undirbúa reglugerðir á grundvelli þessara laga. Það eru:

1. Starfshópur um stofnun, stofnkostnað og byggingu framhaldsskóla.
2. Starfshópur um stjórnun framhaldsskóla undir forustu Sólrúnar Jensdóttur skrifstofustjóra.
3. Starfshópur um starfslið framhaldsskólans undir forustu Kristrúnar Ísaksdóttur.
4. Starfshópur um námsskipan almennt undir forustu Harðar Lárussonar deildarstjóra.
5. Starfshópur um námsskipan í iðnfræðslunni sérstaklega undir forustu Stefáns Ólafs Jónssonar deildarstjóra.
6. Starfshópur umm sérkennslu í framhaldsskóla þar sem Kolbrún Gunnarsdóttir er formaður.
7. Starfshópur um rekstur framhaldsskóla þar sem Örlygur Geirsson hefur forustu.
8. Starfshópur um fullorðinsfræðslu/endurmenntun þar sem Karl Kristjánsson er formaður.

Þessir hópar hafa allir starfað talsvert en ekki skilað áliti. Það er rétt hins vegar að það komi fram út af orðum hv. þm. Halldórs Blöndals að hópurinn sem fjallar um stjórn framhaldsskólans hefur haldið þrjá fundi og hann leggur til að 7. gr. um skólanefndir verði frestað ef fjármálaköflunum verður frestað. Það er vegna þess að það er erfitt að

samræma það annars vegar að gömlu skólanefndirnar starfi eins og gert er ráð fyrir í brtt. við 41. gr. og að nýju skólanefndirnar taki til starfa. Þetta þyrfti hv. nefnd auðvitað að taka til rækilegrar skoðunar og ég sé ekkert á móti því að hún ræði það ítarlega.

Varðandi það sem hv. 11. þm. Reykv. sagði vil ég taka það fram að ég hef út af fyrir sig hugsað mér að setja í gang vissa endurskoðun á þessum framhaldsskólalögum, en ég segi það samt að ég hefði talið gott að þessi reglugerðarvinna hefði verið komin dálítið lengra. Þar er safnað saman miklum fjölda af góðu skólafólki og ég tel að það sé skynsamlegt af ráðuneytinu að taka tillit til þeirra sjónarmiða sem þar koma fram ef á annað borð verður ákveðið að fara í endurskoðun á lögunum.

Það sem mér er mest í mun í sambandi við lögin er að tryggja að skipan skólanefndanna verði með sem eðlilegustum hætti, sem sé þeim að þar séu fulltrúar þeirra sjónarmiða sem þurfa að vera. Ég get ekki neitað því að ég dreg í efa að það sjónarmið hafi verið haft í huga þegar formenn nefndanna voru skipaðir í haust. A.m.k. get ég hugsað mér að þar yrði aðeins öðruvísi á málum haldið og vildi þess vegna skoða það sérstaklega. Og ég er einmitt að hugsa um það, sem hv. 2. þm. Norðurl. e. sagði, að þessir skólar verði hluti af hinu lifandi umhverfi á hverjum stað. Ég hef séð framhaldsskóla sem hafa ekki orðið það, ekki orðið hluti af því lifandi umhverfi sem er á hverjum stað, félags- og atvinnuumhverfi. Það þarf að stuðla að því þó að ríkið fari að kosta þetta í auknum mæli, að umhverfið, sveitarfélögin og aðrir, finni skyldur hvíla á sér gagnvart framhaldsskólanum áfram.

Ég met mikils þær ábendingar sem komu fram einnig hjá hv. 6. þm. Vesturl. sem þekkir þessi mál mjög vel og flutti um þau efni tillögur á síðasta þingi. Ef við förum út í umræður um endurskoðun á framhaldsskólalögunum tel ég eðlilegt að taka þau sjónarmið til greina að svo miklu leyti sem unnt er sem þar komu fram, sömuleiðis aðrar brtt. sem ræddar voru en náðu ekki fram að ganga. En það er ekki verkefnið sem nú er á dagskrá. Nú skiptir mestu að hv. deild geti komist til þeirra verka að taka afstöðu til þessa frv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Bann við ofbeldiskvikmyndum, 1. umr.

Frv. menntmn. Ed., 183. mál (gildistími). — Þskj. 214.

Frsm. menntmn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Hv. menntmn. þessarar deildar hefur leyft sér að flytja á þskj. 214 frv. til l. um breytingu á lögum nr. 33 frá 1983, um bann við ofbeldiskvikmyndum, sbr. lög nr. 101/1987.

Í gildandi lögum um bann við ofbeldiskvikmyndum er ákvæði sem stundum hefur verið nefnt sólarlagsákvæði, þ.e. lögin hafa takmarkaðan gildistíma og mundu að óbreyttu falla úr gildi um næstu áramót. Að höfðu samráði var það ráð tekið að menntmn. flytti þetta frv. Það var gert í góðu samráði við hæstv. menntmrh. sem raunar kom með þá ábendingu þar eð slíkt kynni að vera hampaminna og fljótlegra en að flytja sérstakt stjfrv. um málið. Þetta frv., svo stutt sem það er, er í rauninni aðeins tvisvar sinnum tvær setningar sem báðar hljóða á sama veg: Lög þessi öðlast þegar gildi, miðar að því að fella burt þetta tímabundna ákvæði um gildistíma laganna þannig að lögin um bann við ofbeldiskvikmyndum gildi héðan í frá ótímabundið.

Auðvitað er sjálfsagt ástæða til að endurskoða þessi lög í ljósi fenginnar reynslu, en miðað við þá vitneskju sem ég hef aflað mér veit ég ekki annað en þessi lög hafi reynst vel, þau hafi náð tilgangi sínum. Þau voru e.t.v. svolítið umdeild í upphafi þegar þau voru sett. Ég minnist þess að sem flm. frv. um sama efni var ég kvaddur á fund hjá samtökum rithöfunda og þar fór fram löng og heit umræða um það hvort í þessu fælist einhvers konar ritskoðun. Ég minnist þess þó einnig að þorri fundarmanna þar var sannfærður um að bann við kvikmyndum eins og hér um ræðir ætti ekkert skylt við ritskoðun á einn eða neinn hátt. Hér væri miklu frekast um það að ræða að vernda börn og ungmenni gegn sora sem framleiddur hefur verið í allt of ríkum mæli víða í veröldinni og hefur flætt óhindrað um allt of mörg lönd. Norðurlöndin og sjálfsagt fleiri lönd hafa reynt að stemma stigu við þessu með löggjöf sem þessari. Og ég endurtek það: Ég veit ekki annað en hún hafi reynst hér bærilega vel og náð þeim tilgangi sem ætlunin var.

Ég legg ekki til, herra forseti, að þessu máli verði í þessari deild vísað til nefndar þar sem nefndin flytur málið. Ég legg því aðeins til að málinu verði vísað til 2. umr., en það er einróma stuðningur við þetta mál í menntmn. þessarar hv. deildar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

20. fundur, mánudaginn 12. des., kl. 3 miðdegis.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 147. mál (sala eignarhluta í kaupleiguíbúð). — Þskj. 154.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til félmn. með 27 shlj. atkv.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 1. umr.

Stjfrv., 180. mál. — Þskj. 198.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Það frv. sem hér er til umræðu fjallar um staðgreiðslu opinberra gjalda, en það skipulag tók gildi um síðustu áramót eins og kunnugt er. Á þessum tíma hefur fengist margvísleg reynsla af þessu kerfi. Í heild má segja að framkvæmdin hafi tekist allvel þótt fram hafi komið hjá starfsfólki og stjórnendum skattakerfisins að það hafi á engan hátt verið létt verk að tryggja það að þessi skipan gæti komist til framkvæmda með eðlilegum hætti. Þrátt fyrir þetta er ljóst að gera þarf nokkrar breytingar á lögunum í ljósi þessarar reynslu. Þær breytingar sem lagðar eru til í þessu frv. eru allar tæknilegs eðlis og hafa fyrst og fremst þann tilgang að gera lögin skýrari og framkvæmd staðgreiðslunnar liprari. Hér er því ekki um að ræða neinar efnisbreytingar sem valdið gætu mismunandi skoðunum eða deilum hér á hv. Alþingi og vænti ég þess að það frv. sem hér er lagt fram fái góðar undirtektir og skjóta afgreiðslu hér í þinginu. Þessar breytingar eru eins og ég sagði allar tæknilegs eðlis, en þrjár þeirra eru mikilvægastar:

Í fyrsta lagi má nefna að samkvæmt núgildandi lögum er skylt að gefa út skattkort árlega. Útgáfa skattkorta ár hvert er bæði dýr og viðamikil, og með hliðsjón af reynslunni er lagt til í þessu frv. að ríkisskattstjóra verði heimilt að ákveða að útgáfa skattkorta falli að mestu leyti niður. Margir launagreiðendur hafa lýst yfir áhyggjum af því að ný skattkort verði gefin út árlega vegna þess að skipti um skattkort valdi mikilli fyrirhöfn og umstangi. Frv. gerir því ráð fyrir því að skatthlutfall og fjárhæð persónuafsláttar verði auglýst ef ekki verður af útgáfu skattkorta. Enn fremur er kveðið á um að ríkisskattstjóra sé ætíð skylt að auglýsa ef breytingar verða á persónuafslætti og skatthlutfalli á staðgreiðsluári.

Hér er því um að ræða tillögu um þó nokkurn sparnað og hagræði sem felst í því að ekki þurfi að gefa skattkortin sjálf út árlega og koma þeim á sinn stað.

Í öðru lagi má nefna að samkvæmt þessu frv. er lagt til að fellt verði niður ákvæði er takmarki gildistíma námsmannaskattkorts í þrjá mánuði. Í ljós hefur komið að hér er um of þrönga reglu að ræða sem hefur í för með sér að ákveðinn fjöldi námsmanna lendir í staðgreiðslu sem síðar hefur orðið að endurgreiða samkvæmt heimild í 18. gr. laganna um staðgreiðslu opinberra gjalda. Hefur þessi þrönga regla haft í för með sér þó nokkur óþægindi fyrir námsmenn og því er lagt til að breyta þessu á þann veg sem greint er í frv.

Í þriðja lagi má nefna að samkvæmt þessu frv. er lagt til að rýmkuð verði mörk sem einstaklingar með sjálfstæðan atvinnurekstur hafa til að skila staðgreiðslu af reiknuðu endurgjaldi sínu. Ýmiss konar atvinnurekstur, t.d. smábátaútgerð, er árstíðabundin og því sanngjarnt fyrir þá aðila að mega skila skatti á þeim árstíma sem tekjuöflunin varir í stað þess að jafna greiðslum yfir allt árið. Gert er ráð fyrir því að skattstjóra verði unnt að ákveða að skil verði sjaldnar og þá hærri í hvert sinn.

Virðulegi forseti. Að því er varðar önnur atriði frv. tel ég ekki ástæðu til að fjalla sérstaklega um þau en vísa til þeirra athugasemda sem fram koma í frv. Ég vil að lokum endurtaka þá ósk mína að æskilegt væri að þetta frv., sem algjörlega er tæknilegs eðlis, geti fengið skjóta afgreiðslu hér á hv. Alþingi og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

Áfengislög, 1. umr.

Stjfrv., 176. mál (leyfi til áfengisveitinga o.fl.). — Þskj. 194.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á áfengislögum sem varðar í meginatriðum tvö atriði. Það er annars vegar um að ræða réttarstöðu sveitarfélaga vegna hinna nýju sveitarstjórnarlaga og hins vegar eru atriði sem tengjast gildistöku ákvæða, lagabreytinga frá síðasta Alþingi að því er varðar áfengt öl.

Með sveitarstjórnarlögum frá 1986 var réttarstöðu sveitarfélaganna breytt. Þar eru sýslunefndir lagðar niður frá næstu áramótum að telja og hafa sveitarfélögin þá öll sömu réttarstöðu.

Í áfengislögum eru á þremur stöðum ákvæði þar sem fram kemur mismunandi staða sveitarfélaganna. Í 10. gr. er fjallað um útsölustaði áfengis sem einungis má setja á stofn í kaupstöðum. Frv. þetta gerir ráð fyrir því að þessu ákvæði verði breytt þannig að heimildin verði bundin við sveitarfélög þar sem meiri hluti íbúanna er búsettur í þéttbýli og íbúafjöldinn hefur náð a.m.k. 1000 í þrjú ár samfellt.

Þetta eru þau sveitarfélög sem mega nefnast bær samkvæmt sveitarstjórnarlögunum. Hins vegar er ekki gerður áskilnaður um að þau hafi tekið það nafn í heiti sitt.

Í 12. gr. laganna er vikið að veitingastöðum með áfengisveitingar. Samkvæmt þeim ber að leita umsagnar um slík leyfi hjá bæjarstjórn í kaupstöðum, en sýslunefnd í sýslum. Með því að sýslunefndir verða lagðar af samkvæmt lögum er taka gildi nú um áramót er lagt til að umsagnaraðild verði jafnan hjá sveitarstjórn auk áfengisvarnanefndar. Áfram er við það miðað að leyfi til áfengisveitinga megi ekki veita ef sveitarstjórn er því mótfallin. Jafnframt þessu er lagt til að sú breyting verði gerð að útgáfa leyfa til veitingahúsa til að annast áfengisveitingar verði flutt úr dómsmrn. Þykir rétt að útgáfa þessara leyfa flytjist til hlutaðeigandi lögreglustjóra og verði þannig áfram í höndum lögreglustjórnarinnar, svo sem er einnig um almenn veitingaleyfi samkvæmt lögum þar um. Hlutverk ráðuneytisins verði þá að setja almennar reglur um framkvæmd þessara mála.

Í 30. gr. laganna er svo fjallað um áfengisvarnanefndir. Skipan þeirra, þ.e. fjöldi nefndarmanna, er mismunandi eftir hreppum og kaupstöðum. Með frv. þessu eru ákvæðin einfölduð og samræmd nýju sveitarstjórnarlögunum. Á því er hins vegar áfram byggt að áfengisvarnanefnd sé í sérhverju sveitarfélagi, eins og verið hefur, nema hlutverk hennar sé flutt til nefndar eða ráðs sem fer með mál er varða félagslega aðstoð sveitarfélags við íbúa þess ef svo er ákveðið í samþykkt um stjórn sveitarfélags. Þetta eru þau atriði frv. sem varða sveitarfélög og sveitarstjórnir.

Frv. felur auk þess í sér nokkrar breytingar vegna gildistöku ákvæða um áfengt öl sem samþykkt voru í vor, en eins og kunnugt er verður sala og veitingar þess heimil frá 1. mars nk. með sama hætti og annars áfengis. Í þeim lögum er á ýmsum stöðum talað um vín en það á ekki lengur við vegna breyttra aðstæðna. Frv. þetta felur að auki í sér nokkrar minni breytingar og má um þær vísa til athugasemda með frv.

Gildistaka frv. er miðuð við 1. jan. nk. Við samningu þess var höfð hliðsjón af því að þá taka gildi ákvæðin um sýslunefndir. Jafnframt var haft í huga að breytingin að því er varðar fyrirkomulag á útgáfu leyfa til áfengisveitinga í veitingahúsum taki gildi áður en ákvæðin um áfengt öl koma til framkvæmda. Ljóst er að gildistökuákvæði þarf að taka til sérstakrar meðferðar í nefnd þar sem ekki er hægt að búast við því með nokkru öryggi að afgreiðslu þessa frv. verði lokið fyrir jólaleyfi.

Herra forseti. Ég vil að lokum leggja til að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég get ekki betur séð en þetta frv. sé nauðsynlegt og þær breytingar, sem í því felast og hæstv. dómsmrh. hefur kynnt, séu eðlilegar. En í sambandi við þetta mál hefur komið fram hjá talsmönnum lögreglunnar í Reykjavík að vegna manneklu og lélegs tækjakosts geti lögreglan ekki annað skyldustörfum sínum. Þetta hlýtur að leiða hugann að því hvernig umferðin t.d. er hér innan bæjar og í grenndinni. Maður þykist góður ef maður kemst klakklaust á leiðarenda og manni virðist að það sé mjög slælegt eftirlit með þessari umferð.

Í annan stað er það vitað að samkvæmt lögum sem voru samþykkt á síðasta þingi verður heimilt að selja bjór frá 1. mars nk. Í öllum umræðum um þessi mál sem maður heyrir er gert ráð fyrir því að bjórinn verði viðbótarneysla við það áfengi sem nú þegar er neytt. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. dómsmrh.: Verða gerðar ráðstafanir til að tryggja að lögreglan fái nægan mannafla og tækjakost til þess að það sé forsvaranlegt að láta lögin um heimild til bjórsölu 1. mars taka gildi? Eða ætlar hæstv. ráðherra, ef aðstæður eru þannig að hann treysti sér ekki til að tryggja það, að gera ráðstafanir til þess að gildistöku laganna verði breytt?

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það er að sjálfsögðu ekki á valdi dómsmrh. að breyta gildistöku þessara laga. Um það verður að flytja sérstakt frv. hér á Alþingi og ég hef um það miklar efasemdir að jafnvel þótt það yrði gert að það mundi ná fram að ganga á þeim tíma sem til stefnu er.

Hitt er svo annað mál, og ég tek undir það með hv. þm. Stefáni Valgeirssyni, að það hafa verið í gangi miklar aðhaldsaðgerðir að því er varðar löggæslumál hér á höfuðborgarsvæðinu. Það hefur verið dregið mjög mikið úr yfirvinnu löggæslumanna, m.a. til þess að tryggja það að framkvæmd fjárlaganna standist og fjárveitingar til löggæslumála fari ekki langt umfram það sem ætlað er á fjárlögum. Þar að auki er gert ráð fyrir því að það verði áfram verulegt aðhald í öllum ríkisgeiranum, ekki síst í launaþættinum, á næsta ári sem mun að sjálfsögðu koma við löggæslumálin eins og aðra málaflokka. Ég held hins vegar að það ástand sem lýst er og hefur komið fram í fjölmiðlum sé ekki jafnslæmt og mætti lesa af þeim upplýsingum. Það verður að sjálfsögðu aldrei svo að til þessa málaflokks sé nægilegu fé veitt því að ef hafa ætti tryggingu fyrir því að ekkert umferðarlagabrot ætti sér stað, svo dæmi sé nefnt, þá þyrfti að sjálfsögðu að stórauka útgjöld til þessara mála.

Það verður farið yfir þessi mál næstu daga. Ég hef beðið lögreglustjórann í Reykjavík um upplýsingar um málið. En hitt er svo annað mál að það er jafnt sem áður full ástæða til að hafa áhyggjur af því þegar þessi margumræddi dagur rennur upp og hvetja landsmenn til mikillar varúðar í því sambandi. Ég vil leggja á það áherslu að að sjálfsögðu er ekki í þeim efnum frekar en öðrum algerlega hægt að treysta á lögregluna og þess vegna þarf allur almenningur líka að vera á varðbergi þegar að því kemur. Ég vil hins vegar upplýsa það að gert er ráð fyrir áframhaldandi

aðhalds- og sparnaðaraðgerðum í þessum málaflokki eins og öðrum, og því miður verð ég að segja það að ég sé ekki hvernig ríkisfjármáladæminu verður komið saman fyrir næsta ár nema fyllsta aðhalds sé gætt á öllum sviðum. Ég hef ekki getað farið þess á leit að þetta svið útgjaldanna verði sérstaklega undanskilið.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég ætlaði raunar ekki að segja mikið um þetta mál, en vil þó minna á að við umræður hér síðasta vetur um afgreiðslu bjórmálsins benti hv. 5. þm. Reykn. Geir Gunnarsson réttilega á að endurskoða þyrfti lagaákvæði í samræmi við það. Sú hefur orðið raunin. Hér hefur orðið að leggja á sérstakt frv. um að breyta áfengislögunum í samræmi við leyfi um sölu á bjór þannig að þær ábendingar sem þá komu fram voru fyllilega réttmætar og sýndu að sú afgreiðsla sem átti sér stað í fyrra var frekar hröð og hefði mátt vera svolítið vandaðri. Ég vil að öðru leyti taka undir það að farið verði yfir þetta frv. og það lagfært ef þörf er á og er það til mikilla bóta.

En hv. 6. þm. Norðurl. e. hóf umræðu hér um umferðar- og löggæslumál hér á höfuðborgarsvæðinu. Það er auðvitað rétt sem hefur komið fram, og við þm. Reykjaness höfum ekki farið varhluta af því í viðræðum við sveitarstjórnarmenn nú á undanförnum dögum, að menn hafa almennt miklar áhyggjur af löggæslumálum hér í nágrannabyggðunum. Í því sambandi hefur verið rætt um hvort ekki væri þörf á endurskipulagningu þeirra mála þannig að hér nýttist sá mannafli betur sem er þegar til staðar. Ég geri mér grein fyrir því að fjárveitingar til löggæslu munu tæplega verða mikið auknar núna á þessu ári. Hins vegar mætti vel skoða það hvort ekki væri hægt að endurskipuleggja löggæsluna betur á höfuðborgarsvæðinu þannig að hún kæmi betur að notum fyrir íbúa þessa svæðis. Ég vonast til að hæstv. dómsmrh. beiti sér fyrir því og vona að svo verði þannig að þessi mál muni þó fá einhverja betri lausn en þau hafa í dag.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir hans svör. Ég hef líklega ekki talað nógu skýrt. Það sem ég ætlaði að spyrja að og hélt að hefði falist í mínum orðum var hvort hann sem dómsmrh. mundi gera ráðstafanir til þess að fresta gildistöku laganna, auðvitað með lagafrv. Ég minni á að það var talsmaður lögreglunnar í Reykjavík sem sagði að það væri mjög lítið eftirlit hér á þessu svæði vegna lélegra tækja og vegna mannfæðar. Ég tel það mjög alvarlegt að það skuli vera upplýst einmitt þegar til stendur að fara að auka, ég vil segja auka, áfengisneyslu, en allir spá því að bjórinn komi til viðbótar því sem áður hefur verið haft um hönd af áfengi. Bara það að almenningur veit um það, ef ekkert verður gert, þ.e. slaklegt eftirlit, er enn þá meiri hætta á því að menn fari undir stýri í von um það að þeir sleppi. Ég hef staðið menn að því að þeir gera sér alls ekki grein fyrir því í hvaða ástandi þeir eru undir slíkum kringumstæðum. Þar sem ég skil hæstv. ráðherra svo að hann muni ekki gera ráðstafanir til þess að leggja fram frv. um þetta efni, þá mun ég athuga það hvort menn vilja taka ábyrgð á því ástandi sem verður eftir þennan tíma, hvort menn vilja ekki sameinast um það að bægja þeim voða frá undir þeim kringumstæðum sem nú eru í þessum málum.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vil minna á það að frv. um bjórinn var flutt af þingmönnum hér á Alþingi eins og jafnan áður, það hefur aldrei verið ríkisstjórnarfrv. En ef hv. þm. vilja breyta þeirri löggjöf, þá er að sjálfsögðu einfalt að setja aftan í þetta frv. ákvæði til bráðabirgða, sem frestar gildistöku þess máls og er ekkert athugavert við það að hv. deild taki afstöðu til þess þegar þetta mál kemur frá nefnd.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

21. fundur, þriðjudaginn 13. des., kl. 2 miðdegis.

Aðgerðir í efnahagsmálum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 20. mál (staðfesting bráðabirgðalaga frá 20. maí 1988). — Þskj. 20, n. 200, brtt. 201, 205, 210, 211.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Þá höldum við áfram þar sem frá var horfið í fyrri viku að ræða staðfestingu bráðabirgðalaganna sem ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar gaf út 20. maí og þær breytingar sem meiri hl. fjh.- og viðskn. hefur lagt til, þ.e. samfellingu frumvarpanna til að einfalda málið. Ég ætla ekki að víkja aftur að þeim þætti málsins, svo flókinn sem hann í rauninni er, en þegar frá var horfið í umræðunni sl. föstudag höfðu fulltrúar stjórnarandstöðunnar talað, þ.e. fulltrúar Sjálfstfl., Borgfl. og Kvennalista. Það er svo sem varla hægt að segja að það hafi orðið miklar umræður um þetta mál, a.m.k. ekki enn þá, en við eigum sjálfsagt eftir að ræða það hér það sem lifir dags og kannski fram á nótt ásamt næsta máli á dagskrá sem eru önnur bráðabirgðalög sem sett voru síðar á sumrinu eða þegar komið var fram undir haust.

Það er í rauninni hægt að segja það í heldur stuttu máli að hér er ekkert nýtt á ferðinni. Hér var eina ferðina enn í þessu þjóðfélagi okkar verið að grípa til ráðstafana, óvinsælla ráðstafana, sem taldar voru óhjákvæmilegar til að koma í veg fyrir stöðvun

atvinnuveganna, til að reyna að tryggja kaupmátt lægstu launa og koma meiri stöðugleika í efnahagslífið. Það vita allir nú að aðgerðirnar í maí báru ekki tilætlaðan árangur, en allt hefur þetta sem við ræðum hér og nú í tengslum við bráðabirgðalög ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar verið gert áður. Það er ekkert nýtt undir sólinni í þessum efnum og ekkert sem menn þurfa að láta koma sér sérstaklega á óvart.

Ég hefði gjarnan hugsað mér að víkja hér stuttlega að ýmsum atriðum sem hv. 2. þm. Norðurl. e. nefndi í sinni ræðu en hann gengur nú einmitt í þingsalinn. Ræða hans var raunar með nokkrum ólíkindum og við urðum vitni að því að hann fór hamförum hér í þessum ræðustól og barðist raunar um á hæl og hnakka. Ég neita því ekki að þegar ég hlýddi á mál hans hér á föstudaginn hvarflaði að mér ýmislegt af því sem meistari Jón Vídalín segir í predikun sinni sunnudaginn milli áttadags og þrettánda, þeirri predikun sem í munni almennings hefur hlotið nafnið reiðilesturinn. Það væri auðvitað freistandi, herra forseti, að vitna í þessa víðfrægu predikun þar sem á hverju strái eru tilvitnanir sem hæfðu mætavel lýsingu á þessum reiðilestri hv. þm. Nú ætla ég ekki að líkja saman með neinum hætti orðfæri hans og meistara Jóns Vídalíns, fjarri sé það mér. Þó er hv. þm. raunar alls ekki illa máli farinn. Það má hann vissulega eiga, en í friðarins nafni í þessari hv. deild ætla ég að stilla mig um að vitna í þessa ágætu ræðu, að vitna í hin mergjuðustu og eftirminnilegustu orð sem vissulega hefðu getað átt vel við hér. En á einum stað segir meistari Jón Vídalín:

„En hann sem reiðinn er, hann er eins og eldur í sinu. Hvað sem ekki er eftir hans skapi, það grípur hann eins og eldurinn tundrið. Og þar fyrir utan spillir reiðin heilsu líkamans eigi alllítið. Því segir hinn vísi: Vandfýsnin og reiðin stytta dagana og flýta ellinni." (**Gripið fram í:** Amen.)

Þetta er svona vinsamleg ábending og til umhugsunar. Það mætti tína til ýmislegt fleira og væri freistandi og hefði vissulega verið tilefni til, en til þess að espa ekki hv. þm., sem er heldur viðkvæmur á þessum stundum, ætla ég að stilla mig um það.

Hv. þm. Halldór Blöndal vék að því að hann saknaði þess mjög að ég hefði ekki í ræðu minni vikið að afstöðu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Alþýðusambands Íslands og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Ég hafði raunar hugsað mér að gera það í þessari umræðu og þá þegar við ræddum frv. til laga um efnahagsaðgerðir, þ.e. lögin frá 28. sept. Hann hefur hins vegar tekið af mér ómakið og lesið þessar ályktanir og það er auðvitað af hinu góða.

Ég vildi gjarnan leiðrétta það ranghermi sem fram kom í ræðu hv. þm. að Alþfl. berðist fyrir því að tekin yrðu upp í tekjuskattskerfinu tvö skattþrep. Það er rangt. Alþfl. hefur staðið gegn því og stendur gegn því og er því andvígur að skattþrepin í staðgreiðslunni verði tvö og fyrir því liggja þung rök. Í fyrsta lagi hafa menn bent á að þetta sé mjög erfitt í framkvæmd, einkanlega að því er varðar þá sem taka laun á mörgum stöðum. Í öðru lagi hafa menn bent á að þetta sé skattur sem fyrst og fremst mundi lenda á sjómönnum, það er mikið til í því, og þeim sem leggja á sig vinnu nótt sem nýtan dag, t.d. til þess að koma sér upp húsnæði. Við teljum miklu skárri kost að notast við það kerfi sem fyrir er og hækka þá heldur prósentuna lítið eitt, en út í þá umræðu ætla ég ekki að fara hér.

Hv. þm. lét svo ummælt að maíaðgerðirnar hefðu verið árangurslausar vegna þess að Alþfl. vildi ekki ganga lengra. Nú varð um þetta samkomulag og það má vel vera að Sjálfstfl. hafi viljað ganga miklum mun lengra. Mig rekur ekki endilega minni til þess. Annars ætlaði ég raunar að geyma mér umræðu um Sjálfstfl. og forustu hans þangað til við seinna málið, en það getur vel verið að það sé ástæða til að gera það núna vegna þess m.a. að hv. þm. Halldór Blöndal helgaði verulegan hluta ræðu sinnar árásum á forustu Alþfl., ekki aðeins formann hans heldur líka varaformann og viðskrh. Ég ætla að stilla mig um það að þessu sinni að segja allt sem mér býr í brjósti til að svara þessu. Ég geri það síðar í umræðunni ef tilefni gefst til sem væntanlega verður, en það er svo sannarlega hægt að segja sitt af hverju um Sjálfstfl., formann hans og forustu alla og frammistöðu þeirra í síðustu ríkisstjórn. Ég held að það sé ágætt að við tökum kannski þá umræðu í næsta þrepi þegar við ræðum um bráðabirgðalögin öll, þegar þau verða öll komin í umræðuna.

Ég hef satt að segja verið svolítið að velta því fyrir mér og reyna að finna skýringar á viðbrögðum hv. þm. Halldórs Blöndals nú á þessum haustvikum og í allri þessari efnahagsmálaumræðu, og ég er ekki að ljóstra upp neinu leyndarmáli úr fjh.- og viðskn. þó að ég segi frá því að sambúðin þar hefur á stundum verið svolítið erfið, að ég taki nú ekki sterkar til orða, heldur mjög mildilega. Hv. þm., þessi laukur Engeyjarættarinnar, hefur verið svolítið hornóttur á stundum og þá er mjög vægt til orða tekið. Það hvarflar að mér öðru hverju að hv. þm. Halldór Blöndal sjái enn óskaplega eftir því að síðasta ríkisstjórn skyldi hrökklast frá, ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar, að hann sé einn af fáum sem sakna þeirrar ríkisstjórnar alveg einstaklega mikið. Og ég get ekki að því gert að það setur að mér þann grun að hann hafi verið sá, umfram aðra, sem gaf hæstv. þáv. forsrh. Þorsteini Pálssyni hin vondu ráð og setti honum í hendur hinar vondu tillögur og óskynsamlegu, vanhugsuðu, sem urðu til þess að upp úr stjórnarsamstarfinu slitnaði. Það hvarflar óneitanlega að mér að á þeim örlagaríku dögum þegar stjórnarsamstarfið rofnaði og Sjálfstfl. brast kjark til þess að halda áfram og hafa forustu um landsstjórnina hafi einn af helstu ráðgjöfum forsrh. verið hv. þm. Halldór Blöndal. Þetta hefur svona á stundum hvarflað að mér. Honum hafi hins vegar aldrei dottið í hug að svo kynni að fara að ríkisstjórnin færi frá og iðrast nú þess alls sem hann gerði þá, iðrast

þeirra ráða sem hann gaf á sínum tíma. Ég sé að hv. þm. á erfitt með að sitja undir þessu og hverfur burt úr deildinni. Hann iðrast þess að hafa rutt formanni sínum úr embætti með þeim hætti sem ég hygg að hann hafi gert. Ég ætla hins vegar ekki hér og nú, nema frekara tilefni gefist til, að tala frekar um starfið í nefndinni, það gefst áreiðanlega tilefni til þess síðar, en víkja kannski að einu eða tveimur atriðum til viðbótar sem hv. þm. nefndi í ræðu sinni.

Hv. þm. sagði: Við vildum lækka matarskattinn, þennan söluskatt á matvæli sem Sjálfstfl. stóð að að setja á og ber fulla ábyrgð á eins og hinir flokkarnir sem stóðu að ríkisstjórninni. Staðreyndin var hins vegar sú að það var enginn matarskattur nema tiltölulega lítilvæg hækkun á innfluttum matvælum. Söluskattshækkuninni sem kom á innlendar matvörur var allri mætt með aukinni niðurgreiðslu. Hin snjalla tillaga hv. þm., sem síðar varð tillaga forsrh., um að fella niður söluskatt af matvælum hefði þannig í rauninni ekki leitt til neinnar verðbreytingar á innlendum matvælum, þ.e. á kjöti og öðrum innlendum matvælum. Það hefði engin breyting orðið á því verði. Það hefði verið óbreytt því það átti að fella niður niðurgreiðslurnar sem komu á móti söluskattshækkuninni. Allt var þetta því einn loddaraleikur frá upphafi til enda.

Árásum hv. þm. á forustu Alþfl. læt ég bíða í bili að svara. Þetta var svona þessi venjulegi skammtur sem þessi hv. þm. lætur frá sér þegar þessi gállinn er á honum eins og við þekkjum öll hér í þessari hv. deild.

Ég sé ekki ástæðu til að víkja sérstaklega að málflutningi annarra fulltrúa stjórnarandstöðunnar. Fulltrúi Kvennalistans lýsti því að vísu yfir að hún mundi tala mjög stutt í málinu og hún gerði það vegna þess að hún vildi flýta afgreiðslu málsins. Það er auðvitað skiljanlegt, en ég neita því ekki að mér kemur svolítið spánskt fyrir sjónir hin einkennilega tvöfeldni sem svo óskaplega oft einkennir málflutning þm. Kvennalistans. Þegar stjórnarmyndunarviðræður stóðu yfir sumarið 1987, að loknum kosningum, voru gerðar mjög ítrekaðar tilraunir til að fá Kvennalistann til að taka þátt í ríkisstjórn og axla ábyrgð. (Gripið fram í.) Nei, Kvennalistinn var ekki fáanlegur til þess, og hvers vegna ekki? Vegna þess að Kvennalistinn sagði: Við viljum ekki taka þátt í ríkisstjórn nema sett verði lög um lágmarkslaun. Hvað þýðir lagasetning um lágmarkslaun? Hún þýðir að samningsrétturinn er afnuminn. Hún þýðir að Alþingi tekur að sér að ákveða launin í þjóðfélaginu. Þá vildi Kvennalistinn ekki taka þátt í ríkisstjórn nema samningsrétturinn væri afnuminn með þeim hætti sem slík lagasetning hefur í för með sér. Það kom á daginn nú á haustdögum þegar verið var að mynda nýja ríkisstjórn. Þá var á döfinni að setja bráðabirgðalög sem afnæmu samningsrétt í ákveðinn tíma eins og oft hefur verið gert. Þá vildi Kvennalistinn ekki taka þátt í ríkisstjórnarsamstarfi af því að það átti að afnema samningsréttinn.

Þetta ber allt að sama brunni: Þverpólitísk hreyfing um hápólitísk markmið getur aldrei gengið upp, getur aldrei náð árangri, getur aldrei orðið sammála um að axla þá ábyrgð sem þarf til þess að taka þátt í ríkisstjórn, enda hafa talsmenn Kvennalistans sagt mjög skýrt og greinilega: Við viljum ekki völd. Við viljum áhrif. Ég hélt að takmarkið með þátttöku í stjórnmálum væri að öðlast völd til að geta breytt þjóðfélaginu. En samkvæmt kenningum og kennisetningum þessa stjórnmálaflokks, Kvennalistans, þá er ekki svo. Mér finnst þessi yfirlýsing í rauninni marka tímamót, að stjórnmálaflokkur sem lýsir því yfir að markmiðið með þátttökunni sé ekki að hafa völd og breyta þjóðfélaginu, heldur bara eitthvað óljóst að hafa áhrif. Auðvitað geta allir haft áhrif sem eru hér inni á Alþingi. Þessi yfirlýsing finnst mér marka tímamót.

Hv. þm. Júlíus Sólnes, og ég vil þakka mjög vinsamleg orð í garð formanns nefndarinnar sem hann lét falla hér í ræðustól, ræddi rökin fyrir dagsetningunum 15. febr. eða 1. jan. Og ég bara ítreka það sem áður hefur verið sagt að það var sameiginleg niðurstaða manna að ekki væri ástæða til þess að hátekjuhópar eins og t.d. flugmenn, flugumferðarstjórar og ýmsir fleiri færu af stað með launakröfur 2. jan. meðan öll verkalýðshreyfingin og allt láglaunafólkið væri bundið langtum lengra fram í tímann. Ég hafði hins vegar lúmskt gaman af því að hv. þm. Júlíus Sólnes, sem flutti hér langa og ítarlega ræðu, hefur fundið sér fastan punkt í tilverunni sem eru tillögur Borgfl. í húsnæðismálum. Ég minnist þess að þegar við ræddum hér sjávarútvegsmál og kvóta eina nóttina í vetur, þá flutti þessi hv. þm. langa ræðu um húsnæðismál og hann gerði það raunar líka þegar við vorum að tala um þessar efnahagsaðgerðir. Það er auðvitað ákaflega gott að hafa fastan punkt í tilverunni til að grípa í eins og þessi hv. þm. notar þetta frv. sitt um húsnæðismál.

Ég er, herra forseti, andvígur þeim brtt. sem stjórnarandstaðan hefur flutt og mér sýnist ekki á þessu stigi að það sé ástæða til að taka neina þeirra upp í þessa löggjöf, mun þó að sjálfsögðu skoða það betur milli 2. og 3. umr. ef það mætti verða til þess að leysa einhver samkomulagsmál, en mér sýnist það ekki vera á þessu stigi og ég ætla að geyma mér ýmis önnur efnisatriði og efnisumræðu um þetta mál þangað til við ræðum 8. mál þingsins hér síðar á fundinum. Það verður væntanlega mikil umræða um það líka. Ég mun sem sagt mæla með því við meiri hl. fjh.- og viðskn. að við greiðum atkvæði gegn þessum tillögum stjórnarandstæðinga. Ég minnist þess raunar ekki að í umræðunni hafi neinum sérstökum spurningum verið til mín beint og held að ég láti þá máli mínu lokið að þessu sinni.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Ég óska eftir því, herra forseti, að hæstv. sjútvrh. verði hér í deildinni á meðan ég flyt ræðu mína. (**Gripið fram í:** Það er umræða um lögreglumál í Nd.) Ja, hér er sjávarútvegsmál og gæti kannski snert aðeins lögreglumálin líka, hv.

þm. (**Gripið fram í:** Ég er bara að upplýsa þetta.) Ég óska eindregið eftir því ef þess er nokkur leið að hæstv. sjútvrh. verði hér. (Gripið fram í.) Ja, hann mælti fyrir þessu máli hér í deildinni og hve mikið sem hann er bundinn ... Ég mun ekki fjalla mikið um efnisatriði þessa máls hér í ræðu minni, aðeins spjalla svolítið um þær ákveðnu fyrirspurnir sem hingað var beint til mín af hv. þm., sérstaklega af hv. þm. Júlíusi Sólnes og hv. þm. Halldóri Blöndal, um beina afstöðu mína, persónulega afstöðu til þessa máls og afstöðu til ríkisstjórnarinnar því vitaskuld tel ég það sjálfsagt og rétt að hv. þm. fái að vita hver afstaða mín er í þessu máli og svo í sambandi við afstöðuna til ríkisstjórnarinnar, ef þeir eru í einhverjum vafa um það. (**KP:** Það er enginn vafi á því.) Nei, ég veit það að hv. þm. Karvel Pálmason er þar ekki í neinum vafa. En eins og hefur komið fram hér í umræðu, þá eru einhverjir þm. enn í vafa um hver afstaða mín er til ríkisstjórnarinnar og til bráðabirgðalaganna. (**Forseti:** Hæstv. sjútvrh. er í umræðu í Nd. eins og er þannig að ræðumaður þyrfti þá að fresta ræðu sinni ef hann óskar eindregið eftir nærveru ráðherra.) *Það er sjálfsagt að gera það,* hleypa bara næsta manni að.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Það hefur verið nokkuð fróðlegt að fylgjast með þessum umræðum hvernig þær hafa verið reknar hér af hálfu Sjálfstfl. Menn hafa talað eins og þar væru komnir alheilagir menn sem aldrei nokkurn tímann hefðu séð nokkurn hlut hreyfast til í þessu efnahagskerfi hér og það sem meira er, hefðu skilið við fullkomleikann sjálfan. Að því er varðar afkomu atvinnuveganna, að því er varðar gengisskráninguna, að því er varðar ríkisfjármál, að því er varðar byggðamál, þá hafi Sjálfstfl., þegar ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar veslaðist upp á sjónvarpsskermunum í septembermánuði, skilið við fullkomleikann sjálfan. Í raun og veru hafi staðan verið þannig að hér hafi verið komið hið endanlega fullkomna þjóðfélag á Íslandi og það hafi ekkert þurft að gera, enda var það í raun og veru stefna sumra hugmyndafræðinganna.

Einn af hugmyndafræðingum Sjálfstfl. skrifaði grein í Morgunblaðið rétt um það leyti sem stjórnin geispaði golunni þar sem því var lýst yfir að bestu efnahagsaðgerðirnar væru þær að gera ekki nokkurn skapaðan hlut, að gera ekki nokkurn skapaðan hlut að því er varðar t.d. afkomu atvinnuveganna. Þá átti hin milda hönd markaðarins að leysa vandann, (Gripið fram í.) það varð niðurstaðan. Það var í raun og veru sú afstaða sem birtist af hálfu Sjálfstfl. Þó að menn þættust vera að undirbúa einhverjar aðgerðir í efnahagsmálum þá var raunin sú að menn voru ekki tilbúnir til þess að gera neitt. Þetta var auðvitað einna átakanlegast þegar það gerðist á miðju sumri að skipuð var nefnd, sem kölluð var forstjóranefndin, til þess að gera tillögur um lausn á vanda atvinnuveganna. Það bjuggust auðvitað allir við því að nefnd af þessu tagi hefði í raun og veru fullt umboð viðkomandi forsrh. af því að hún var skipuð af honum til þess að gera tillögur, og að eftir þeim yrði farið í öllum meginatriðum. Menn reiknuðu fastlega með því að þessi forustumaður Sjálfstfl. á Vestfjörðum, Einar Oddur á Flateyri, væri í raun og veru að vinna í þágu síns flokks og sömuleiðis Víglundur Þorsteinsson, einn af frambjóðendum Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi í síðustu kosningum og líklega varaþm. einhverra þeirra sem eru hér í salnum. A.m.k. er honum ekki afneitað opinberlega og heldur ekki á þessum fundi hér.

Þegar þessir menn eru búnir að sitja yfir tillögusmíð langtímum saman, vikum saman og þjóðin stendur á öndinni: Hvað segir forstjóranefndin? Og það eru a.m.k. tvö viðtöl á dag við hvern nefndarmann um það hvað forstjóranefndin segir. Og einlægt er forstjóranefndin að boða einhver stórkostleg tíðindi. Þau eru alveg að koma. Þjóðin bíður með öndina í hálsinum. Og svo koma þau. Niðurstaðan varð svo sú að sá sem skipaði nefndina vildi ekki úrræðin sem hans eigin nefnd gerði tillögur um.

Um úrræði forstjóranefndarinnar mætti auðvitað fjöldamargt segja. *Ég ætla ekki að fara yfir þau í einstökum atriðum,* en það er alveg ljóst að það ríkti fullkomið ráðleysi í herbúðum Sjálfstfl. sumarið 1988. Sjálfstfl. beitti sér fyrir því að sögn að gripið var til efnahagsráðstafana nokkrum sólarhringum eftir að þingið fór heim í vor. Það er samdóma álit allra, líka talsmanna Sjálfstfl., að þær efnahagsaðgerðir hafi verið ónýtar, gagnslausar, ekki til neins. Niðurstaðan verður svo sú í framhaldi af þeim ráðstöfunum að það er farið að vinna að öðrum ráðstöfunum með þessum hætti sem ég rakti hér áðan. Forstjóranefndin skili tillögum. Niðurstaðan verður svo þessi að Sjálfstfl. ákveður að taka ekkert mark á þessum tillögum. (**Gripið fram í:** En hinir flokkarnir?) Hinir flokkarnir tóku misjafnlega mikið mark á tillögunum en með heimilisvanda fráfarandi ríkisstjórnar hef ég ekki að gera. (Gripið fram í.) Og ég vænti þess að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson (**GHG:** Alþb. vildi sem sagt niðurfærsluna?) Það er rangt, hv. þm. Þetta er auðvitað dæmigert fyrir útúrsnúninginn hjá íhaldinu, útúrsnúninginn í öllum málum, það er alveg sama hvað það er þegar komið er við kaunin á þeim, vesalingunum. (**GHG:** Svavar Gestsson snýr aldrei út úr um neitt?) Ég held að hv. þm. Sjálfstfl. ættu fyrst og fremst að rifja það upp fyrir sér hvernig á því stendur að formaður Sjálfstfl. skilaði forsrn. í september 1988, aðeins nokkrum mánuðum eftir að stjórn hafði verið mynduð og aldrei fyrr hefur það gerst að forsrh. hafi með viðlíka hætti skilað af sér forsrn. í fullkomnu ráðleysi. Í fullkomnu ráðleysi. Svo koma þessir menn hér, hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson, sá mæti maður, og hv. þm. Halldór Blöndal, yfirleitt alltaf skemmtilegur í ræðustól tek ég fram út af orðum hv. 3. þm. Vesturl., koma þeir hér eins og rammheilagir menn, þessir vikapiltar hv. þm. Þorsteins Pálssonar, (**HBl:** Sannheilagir.) ramm- og sannheilagir. (**GA:** Ginnheilagir.) Ekki segi ég nú ginnheilagir, en a.m.k.

alheilagir að eigin mati. Þessir vikapiltar hv. þm. Þorsteins Pálssonar sem gáfust upp ásamt honum í septembermánuði 1988 með þessum eftirminnilega og átakanlega hætti. Það er kannski ekki ástæða til þess núna þegar menn minnast 40 ára afmælis mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna að ég skuli vera að hella mér yfir þessa menn hér og rifja þetta upp vegna þess að það er sárt fyrir þá. Það ætti kannski að setja einhverja klausu í mannréttindasáttmálann um að það væri ekki farið að mönnum sem skiluðu þjóðarbúinu með þeim hætti sem þeir gerðu hér í september 1988.

Síðan gerist það auðvitað að Sjálfstfl. sér hvers kyns er. Talsmenn Sjálfstfl. og áhrifamestu talsmenn hans um áratuga skeið sjá það auðvitað að það stendur ekki steinn yfir steini í þessum málflutningi hjá íhaldinu. Það stendur ekki steinn yfir steini. Og það gengur svo langt að ritstjórar Morgunblaðsins telja sig nauðbeygða til að setja ofan í við þá alveg sérstaklega í Reykjavíkurbréfi á sunnudaginn var, en þar segir svo m.a., með leyfi hæstv. forseta, þegar fjallað er um ríkisfjármálin sérstaklega:

„Hitt fer ekki á milli mála að annaðhvort verður að skera ríkisútgjöld niður í stórum stíl eða afla ríkissjóði aukinna tekna. Ábyrgir stjórnmálamenn og fjölmiðlar geta ekki neitað þessum veruleika. Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt að það virðist ótrúlega erfitt að ná fram nokkrum niðurskurði á útgjöldum ríkisins. Þeir sem geta ekki með rökum sýnt fram á hvernig draga eigi úr útgjöldum verða að segja til um hvernig mæta á útgjöldum ríkisins, hvort sem þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu. Stjórnarandstaðan getur að vísu hafnað tillögum ríkisstjórnarinnar um tekjuöflun, en sú tíð er liðin að stjórnarandstaða geti gert það án þess að skýra almenningi frá því hvernig viðkomandi stjórnarandstöðuflokkar vilja mæta vandanum."

Síðan er hér aðeins vikið að tillögum og hugmyndum hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar og tekið fram að þær virðist ekki njóta stuðnings meiri hluta Alþingis (Gripið fram í.) hvað sem síðar kann að verða, það er auðvitað ekkert tekið fyrir það. Framtíðina þekkjum við náttúrlega ekki í smáatriðum. En hér er auðvitað verið að setja mjög alvarlega ofan í við hv. þm. Sjálfstfl. Þeir hafa engar tillögur um það hvernig eigi að draga saman í ríkisútgjöldum, engar, 0,0. Og þrátt fyrir þá staðreynd eru þeir á móti öllum sköttum. Það má auðvitað segja að þessi afstaða hafi birst í verki í síðustu ríkisstjórn sem skilaði ríkissjóði þannig að um stórkostlegan halla er að ræða á árinu 1988. (Gripið fram í.) Stórkostlegan halla. (**GHG:** Það voru ekki nema 750 millj. hjá fyrrv. fjmrh.) 750 millj. Það stendur nú eitthvað annað í tölunum núna, hv. þm. Getur það verið að hv. þm. Sjálfstfl. hafi látið plata sig? (**Gripið fram í:** Sumir.) Já. Það er nefnilega það. Það hafa nú ýmsir menn eins og sögufrægt er látið plata sig. Getur það verið að þm. Sjálfstfl. hafi látið plata sig? Er það hugsanlegt? Það skyldi þó ekki vera. Það væri nú ástæða til þess fyrir hv. þm. Guðmund H. Garðarsson að fara yfir þennan hrakfallaferil, hvernig hann lét hæstv. utanrrh. plata sig á annað ár. Ja, þvílíkt!

Nei, hér er auðvitað verið að segja það, herra forseti, að það er liðin tíð að stjórnarandstaða geti gengið fram og sagt: Það á að hækka stórkostlega útgjöld í þetta og útgjöld í hitt, án þess að gera tillögur um tekjuöflun eða sparnað þar á móti. Það er sagnfræði. Og ritstjórar Morgunblaðsins eru að vanda um við sína menn hér í þessari grein. Ég hygg að það sé í rauninni alveg einstakt í sögunni að Morgunblaðið telji ástæðu til þess að taka upp hanskann fyrir stjórn sem kölluð hefur verið vinstri stjórn. Öðruvísi mér áður brá.

En nú kastar svo tólfunum að Morgunblaðið telur alveg óhjákvæmilegt að taka upp hanskann fyrir vinstri stjórn og segir við sína menn á Alþingi: Komið þið með niðurskurðartillögur eða komið þið með tekjuöflunartillögur, því að ekkert kemur frá þeim annað en væl, annað en almenn gagnrýni um hlutina aftur á bak og áfram eins og þetta séu bæði alheilagir og ginnheilagir menn sem eru hér að tala.

Ég held að það sé nauðsynlegt, herra forseti, í þessari umræðu um efnahagsráðstafanir á árinu 1988 að rifja upp þessa hrakfallasögu íhaldsins þegar það bætist svo ofan á að einn hv. þm. Sjálfstfl. í deildinni upplýsir að þeir hafi verið plataðir svo af fyrrv. fjmrh. að nemur ekki mörg hundruðum heldur þúsundum milljóna kr.

Eitt af því sem hv. þm. Sjálfstfl. hafa gagnrýnt hér sérstaklega er Atvinnutryggingarsjóðurinn. Það er gagnrýnt mjög harðlega að þessi sjóður skuli settur á laggirnar. Hvað er þessi Atvinnutryggingarsjóður? Atvinnutryggingarsjóður er tilraun til að rétta við vanda þeirra fyrirtækja sem verst hafa farið út úr frjálshyggjustefnunni á undanförnum árum. Þeirri stefnu hafa margir lýst úr þessum stól og ég ætla ekki að endurtaka það. Frjálshyggjustefna undanfarinna ára skildi þannig við fyrirtækin, grundvallaratvinnuvegina í landinu að það varð að stofna sérstakan sjóð til að reyna að rétta þessi fyrirtæki við. Í rauninni er það rangt, sem gert hefur verið, að kenna þennan sjóð sérstaklega við hv. þm. Stefán Valgeirsson. Staðreyndin er sú að það ætti kannski frekar að kenna þennan sjóð við hv. þm. Þorstein Pálsson af því að þessi sjóður hefur sérstaklega þann tilgang að reyna að rétta fyrirtækin við eftir frjálshyggjustjórnarstefnu undanfarinna ára. Það var óhjákvæmilegt í haust, þó að Sjálfstfl. vilji ekki viðurkenna það, að grípa til ráðstafana sem kosta mörg þúsund millj. kr. Og ég spyr hv. þm. Guðmund H. Garðarsson: Taldi hann ekki þörf á því að gripið yrði til ráðstafana?

Ég held, herra forseti, að í rauninni séu allir sammála um að það hafi verið algerlega óhjákvæmilegt að grípa til ráðstafana í efnahagsmálum í haust til að rétta fyrirtækin af. Það var gert m.a. með þessu, með því að þessi Atvinnutryggingarsjóður yrði til. Okkur er hins vegar fullljóst, sem stöndum að núv. hæstv. ríkisstjórn, að það hefur ekki verið róið fyrir hverja vík. Engum dettur það í hug. Og það er barnaskapur að ráðast að ríkisstjórninni fyrir

það að hún hafi ekki tekið á vandanum þannig að hann sé leystur að fullu, í eitt skipti fyrir öll. Ég auglýsi eftir þeirri ríkisstjórn í sögunni sem leysti öll vandamál í eitt skipti fyrir öll, enda væri þá lítið að gera í pólitíkinni ef svoleiðis ríkisstjórnir yrðu einhvern tíma til. Auðvitað er það ekki þannig. Auðvitað þarf stöðugt að taka á vanda atvinnuveganna, sérstaklega eins og staðan er núna þar sem um samdráttarmerki er að ræða, þar sem það er að gerast að verð á okkar útflutningsafurðum er að lækka. Það er vandamál sem þjóðin stendur frammi fyrir og verður að taka á og það þýðir ekki fyrir Sjálfstfl. að ætla sér að koma hingað, hver talsmaður hans á fætur öðrum, og ætla með almennum orðum að víkja því til hliðar að hér sé um stórfelldan vanda að ræða. Ég kannast að vísu við það áður úr stjórnarandstöðutíð Sjálfstfl., sem er óábyrgasti flokkur í stjórnarandstöðu sem til er á Íslandi, það skal tekið fram, að Sjálfstfl. hafi talið vandamálin ævinlega mjög lítil og mjög ómerkileg þegar hann var í stjórnarandstöðu.

Sumarið 1979, fyrir tæpum tíu árum, gerðist það að olíuverð á heimsmarkaði þrefaldaðist í verði. Þetta töldu Morgunblaðið og Sjálfstfl. á þeim tíma hreint smámál og auðvelt að leysa það. Í versta falli væri þetta í raun og veru uppáfinning Rússa og páv. viðskrh. og þetta mundi leysast óðara er þjóðin væri laus við viðskiptasamböndin við Sovétríkin og þáverandi viðskrh. (**HBl:** Enda birti strax upp eftir að viðskrh. hætti.) Það birti fljótlega upp úr því, en eins og hv. þm. veit af því að hann er sanngjarn maður var ekki beint samhengi þar á milli sem hann viðurkennir örugglega núna en hefði ekki viðurkennt þá. Það er af því að hann hefur lært talsvert á þessum tíu árum eins og gengur.

En staðan er þannig og það verða allir flokkar og allir þingmenn að átta sig á að þjóðarbúið stendur frammi fyrir verulegum vanda og hefur orðið fyrir áfalli á þessu ári gagnstætt því sem var á síðustu árum þegar um var að ræða einhvern mesta hagvöxt sem þjóðin hefur upplifað um áratuga skeið. En þrátt fyrir þennan mikla hagvöxt er viðskilnaðurinn þannig: Ríkissjóður er á hausnum, fyrirtækin eru á hausnum, heimilin eru að sligast undan vaxtaokri, stórkostlegur viðskiptahalli gagnvart útlöndum. Hafa þingmenn Sjálfstfl. ekki velt því fyrir sér að kannski hafi eitthvað verið að í þeirra efnahagsstjórn á síðustu árum? Hafa þeir ekki velt því fyrir sér að kannski hefði mátt taka þarna öðruvísi á málum? Ætli það ekki. Ætli það sé ekki þannig að allir sanngjarnir menn þar á bæ viðurkenni að það var illa með góðæríð farið og niðurstaðan er sú að þjóðin þarf í senn að taka á stórkostlegum þensluvanda eftir góðæríð og vaxtahækkanirnar á sama tíma og við stöndum frammi fyrir samdrætti í þjóðarbúskap og þjóðartekjum. Það má því segja að vandinn komi á þjóðina með tvöföldum þunga nema menn vilji framvísa þessum vanda öllum á framtíðina, á börnin okkar og þá sem taka við stjórn þessa samfélags á næstu árum og áratugum. Þetta er kjarni þess vanda sem við stöndum frammi fyrir, herra forseti.

Í tengslum við þau atriði sem hér hafa verið nefnd hefur nokkuð verið rætt um að það sé skoðun Sjálfstfl., ef ég man rétt og ég held ég hafi heyrt það frá þeim einhverjum, að það eigi að fella gengið. Ég held að það sé alveg yfirlýst stefna Sjálfstfl. að það eigi að fella gengið. Hvað er gengisfelling? Gengisfelling er verðhækkun á lífsnauðsynjum líka og líka aðföngum atvinnuveganna. Gengisfelling leysir í raun og veru engan vanda. Hún er aðeins frestun á vanda, getur verið frestun á vanda. (**Salþ:** Er gengið rétt skráð?) Þess vegna er það í raun og veru þannig, hv. þm., að þegar menn meta hvort gengið er rétt skráð eða rangt mega þeir ekki aðeins horfa á afkomu útflutningsatvinnuveganna og stöðu þeirra heldur verður líka að horfa á afkomu og kaupmátt heimilanna í landinu. Er það skoðun Sjálfstfl. með öðrum orðum að það þurfi að skerða kaupmátt launa í þessu landi? (Gripið fram í.) Er það afstaða Sjálfstfl.? Þorir hann að segja það öðruvísi en í frammíköllum? (**GHG:** Var það ekki forsrh. þinn sem boðaði það? Það var ekki Sjálfstfl.) Það er alveg augljóst mál að bæði frá hæstv. forsrh. og hæstv. sjútvrh. hafa komið fram ýmsar yfirlýsingar varðandi þessi mál. Það er rétt. En Sjálfstfl. þorir ekki að segja hlutina fullum fetum. Hann segir gengislækkun en neitar að viðurkenna að það er kauplækkun, kjaraskerðing. Tillaga Sjálfstfl. um að fella gengið er tillaga um að lækka kaupið. Það skulu menn horfast í augu við. Og það var það sem niðurfærslutillögurnar strönduðu á m.a. í haust gagnvart verkalýðshreyfingunni að hún var ekki tilbúin að skrifa upp á þær kjarabreytingar sem niðurfærslan hefði haft í för með sér.

En þetta er eins og annað. Sjálfstfl. gengur núna fram undir þessu flaggi: Gengið er vitlaust skráð. Gengið er rangt skráð. En hann vill ekki viðurkenna að það þýðir kauplækkun í landinu.

Ég hef heldur ekki orðið var við það, herra forseti, að Sjálfstfl. hafi flutt eina einustu tillögu í þinginu um lagfæringu á stöðu atvinnuveganna. Hvar eru þær? Ekki eina einustu tillögu. (**EKJ:** Nefndarálit.) Nefndarálit liggja ekki frammi til afgreiðslu í þinginu eins og hv. þm. veit. Greinargerðir eru aldrei bornar upp, nefndarálit ekki heldur. Og það er kostulegt að hv. 8. þm. Reykv. skuli halda það, svona þingvanur maður, að nefndarálit séu borin upp til samþykktar eða synjunar. En komið þið með tillögur. (Gripið fram í.) Vandinn er sá að hv. þm. Sjálfstfl. hafa ekki komið með neinar tillögur af því að þeir eru ekki sammála um neitt í sínum eigin flokki. (**GHG:** Það er nýtt.) Það er nefnilega ekki nýtt. (**GHG:** Það er nýtt. Það hlýt ég að vita, hæstv. ráðherra.) Brandarasmiður mikill er hv. 14. þm. Reykv. (**GHG:** Ekki situr hæstv. ráðherra í þingflokki Sjálfstfl.) Nei, guði sé lof. (**GHG:** Já, ég tek undir það.) Við erum þá sammála um eitthvað, hv. þm.

Ég skora á hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson að

koma með tillögu um ráðstafanir í efnahagsmálum og að þeir skrifi upp á hana báðir, hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson. Þá hygg ég, herra forseti, að það yrði glatt á hjalla víða. Einkum þætti það fyndið í Varðarfélaginu ef þeir næðu saman um tillögu um lausn á efnahagsvandanum. (Gripið fram í.) Við skulum sjá hvaða tillögu þeir þora að flytja. Þeir hafa enga tillögu flutt. Hafa þeir flutt tillögu um að lækka vexti? Hafa þeir flutt tillögu um að bæta afkomu atvinnuveganna? Hafa þeir flutt tillögu um skattlagningu til að styrkja stöðu ríkissjóðs? Hafa þeir flutt tillögu um niðurskurð á útgjöldum ríkisins? Nei. Þeir flytja engar tillögur. Það er almennt snakk út og suður sem engu skiptir og engan vanda leysir en er kannski út af fyrir sig einhver útrás fyrir þá hvern fyrir sig sem einstaklinga. En það er þá í raun og veru mál sem snertir ekki stjórnmálin heldur aðra hluti.

Þessi umræða af hálfu Sjálfstfl. og tillöguleysi þeirra eftir skipbrotið í september sýnir vel að það var rétt ákvörðun sem Þorsteinn Pálsson tók í september sl. að segja af sér. Það var skynsamleg niðurstaða. Það er í rauninni eina skynsamlega niðurstaðan sem Sjálfstfl. hefur komist að um langt árabil, herra forseti.

Skúli Alexandersson (frh.):

Herra forseti. Eins og ég nefndi hér fyrr hafa hv. þm. verið að óska eftir því að ég gerði ákveðið grein fyrir því hver afstaða mín væri til þessara bráðabirgðalaga og hver afstaða mín væri til ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar. Ég hélt í sannleika sagt að þetta væri nokkurn veginn ljóst, en í þessari umræðu hafa Halldór Blöndal, hv. 2. þm. Norðurl. e., og Júlíus Sólnes, hv. 7. þm. Reykn., verið með sérstakar vangaveltur um að ég væri nokkuð vafasamur stuðningsmaður núv. ríkisstjórnar. Hv. 7. þm. Reykn. Júlíus Sólnes notaði langan tíma af ræðu sinni sl. föstudag til að fjalla um þetta mál og hélt því jafnvel fram að ég hefði verið með yfirlýsingar um að ég mundi ekki styðja bráðabirðgalög núv. ríkisstjórnar sem gefin voru út í september sl. Hv. 2. þm. Norðurl. e. Halldór Blöndal var að fjalla um þetta við 1. umr. þessa máls hér í deildinni.

Ég skal lýsa afstöðu minni til ríkisstjórnarinnar og þessa frv. og útskýra þannig að þingmenn þurfi ekki þar að vera í neinum vafa með afstöðu mína. Ég verð að taka fram að ég kemst ekki hjá því í máli mínu að fjalla þannig um þessa stöðu að það varði nokkuð persónulega afstöðu mína vegna sérstakrar aðstöðu sem ég er í sem alþm. Ég hef nefnilega verið ákærður af hæstv. sjútvrh. og af þeirri ástæðu verið hamlaður undanfarna mánuði að því er varðar almenna umræðu um stjórnmál og efnahagsmál er varða sjávarútveginn og sérstaklega framkvæmd fiskveiðistefnunnar. En ekki meira um það í bili.

Ég lagðist gegn aðild að ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar bæði í þingflokki og miðstjórn Alþb. Gerði ég það vegna þess að ég taldi að Alþb. ætti ekki að standa að ríkisstjórn sem skerti samningsrétt launafólks. Það bryti í bága við grundvallarstefnu flokksins og vonandi flestra félaga hans. Ég taldi einnig að styrkleiki Alþb. í ríkisstjórninni væri ekki nægur til að ná fram ýmsum af baráttumálum flokksins, t.d. til að stuðla að öflugri atvinnustefnu, bættri stöðu landsbyggðarinnar, betri nýtingu fiskimiða og annarra landsgæða, frjálslyndari utanríkisstefnu og varkárni í stóriðjumálum.

Meiri hluti miðstjórnar Alþb. varð á annarri skoðun á síðari fundi miðstjórnar þar sem fjallað var um stjórnaraðildina. Ég lýsti því þá yfir að ég teldi það skyldu mína að fara eftir samþykkt miðstjórnar flokksins og mundi ég standa að stjfrv. og greiða atkvæði með þeim málum sem fengju samþykki í þingflokki Alþb. Samviska mín segir mér nefnilega að meðan ég sé félagi í Alþb. beri mér að fara að meirihlutavilja í stofnunum flokksins jafnvel þó ég efist um að sá meirihlutavilji sé í samræmi við stefnu og markmið hans.

Ég hef jafnframt lýst því yfir að ég mundi ekki greiða atkvæði gegn vantrausti á ríkisstjórnina. Í slíkri atkvæðagreiðslu mundi ég sitja hjá. Þessi afstaða mín var ekki og er ekki enn vegna stefnu ríkisstjórnarinnar heldur út af allt öðru. Í þessu máli er ég í nokkrum vanda og ég hef verið að leita mér leiða til að komast frá því loforði, sem ég mundi gera ef vantrauststillaga kæmi til afgreiðslu, og hvort ég gæti greitt atkvæði gegn slíkri vantrauststillögu. Þar hefur þó ekkert miðað áfram. Þó hafa atburðir í þjóðfélaginu og umræða verið mér hagstæð, t.d. brennivínskaup handhafa forsetavalds, það sem þar hefur gerst og verið umtalað. Hv. þm. er þetta í fersku minni. Virðulegum forseta Hæstaréttar hefur verið vikið úr starfi af forseta Íslands eftir tillögu dómsmrh. Halldórs Ágrímssonar.

Aðdragandi þessarar frávísunar var sá að forseti Hæstaréttar túlkaði reglur um áfengisfríðindi nokkuð frjálslega, en reglur voru fyrir hendi um þessi áfengisfríðindi. Forseti Hæstaréttar er ásakaður fyrir að hafa gengið of langt, allt að því níðst á því í framkvæmd sem honum var trúað fyrir. Dómsmrh. á eftir að sanna hvort forseti Hæstaréttar hefur gert eitthvað lagalega rangt og brotið gegn lögum og sanna hvort frávikningin stenst.

Herra forseti. En það eru til lög sem framkvæmdarvaldið getur mistúlkað eða túlkað frjálslega eins og brennivínsreglurnar. Það er líka hægt að beita sömu lögum á þann hátt að viðkomandi verður að sanna sakleysi sitt ef bornar eru á hann ákærur á grundvelli þeirra laga. Svona lögum hefur ráðherra í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar beitt á frjálslegan hátt líkt og dómarinn í Hæstarétti notfærði sér brennivínsfríðindin. Þessi ráðherra er sjútvrh. og heitir Halldór Ásgrímsson. Í þessu tilfelli verður sakborningur sem bornar eru á ósannar sakir að sanna sakleysi sitt gagnvart ágiskunum ráðherrans. Hér er staða ráðherrans svipuð og staða fyrrv. forseta Hæstaréttar. Hann hefur frjálst mat samkvæmt þeim lögum sem ég er að fjalla um. Ég get

ekki lýst stuðningi við ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar með því að greiða atkvæði gegn vantrausti á ríkisstjórn og þar með lýst óbeinum stuðningi við þessi vinnubrögð sjútvrh.

Herra forseti. Ég tel mig nú hafa gert hv. þm. deildarinnar grein fyrir því hvernig ég muni beita atkvæði mínu og af hverju ég tók þá afstöðu að lýsa því yfir að ég mundi ekki verja ríkisstjórnina gagnvart vantrausti. En ég þarf að útskýra svolítið betur það sem ég sagði hér fyrr, þ.e. að ég hef verið að leita mér leiða til að geta greitt atkvæði gegn vantrauststillögu kæmi hún fram.

Þau bráðabirgðalög sem hér er fjallað um voru fyrst og fremst sett til að styrkja stöðu sjávarútvegsfyrirtækja. Þau voru sett til að stöðva og breyta til frá óheillastefnu markaðs- og frjálshyggju. Þessi bráðabirgðalög eru gölluð og í þeim eru ýmis óþörf ákvæði. Þeir sem stóðu að því að semja þau og gefa þau út hafa hlotið að gera sér grein fyrir því að þau voru einnig farkostur bráðabirgðaaðgerða. Það hefur þá komið í ljós þegar ráðherrar hafa rætt um verkefni ríkisstjórnarinnar að gera þarf ýmislegt fleira, t.d. til að koma sjávarútvegsfyrirtækjum á betri rekstrargrundvöll.

Hæstv. fjmrh. hefur oft nefnt endurskipulagningu fyrirtækja, sameiningu og þar með fækkun fyrirtækja og þá líkast til í þeim tilgangi að byggja stórfyrirtæki í stað þeirra mörgu litlu og miðlungsstóru sem nú eru í þessum rekstri. Það væri svo sem gaman að fá umræðu um þessar endurskipulagningarhugmyndir á hv. Alþingi, en ég er ekki beint að óska eftir því við þessa umræðu.

Hæstv. sjútvrh. hefur bent á leið til að bæta rekstrarstöðu sjávarútvegsins. Vitaskuld gerir hæstv. sjútvrh. sér vel grein fyrir því að þessi bráðabirgðalög leysa ekki allan vanda. Ég á ekki hér við kauplækkunartillögur hans, sem ég vísa algerlega á bug, heldur tillögur hans um aukna nýtingu með bættri meðferð sjávarafla. Ég hef haldið því fram undanfarin ár að aðalatriði fiskiveiðistjórnar, fiskveiðistefnu okkar eigi að vera að stjórnunin skuli stuðla að því að sem best, mest og verðmætust hráefni komi að landi úr fiskiskipum okkar og í fiskvinnslustöðvunum eigi sér ekki stað nein mistök sem skemmi þetta hráefni heldur sé tryggt að úr því verði unnar góðar og verðmætar afurðir. Ég fagna þessum hugmyndum ráðherrans um hvernig halda megi hér áfram í framhaldi af setningu bráðabirgðalaganna sem við fjöllum um frá stefnu fyrri ríkisstjórnar og þá eftir ýmsum leiðum.

Ég er þá kominn enn á ný að því sem ég nefndi áður, hvort ég geti ekki ef fram heldur sem horfir stutt ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar án nokkurra efasemda. Ég mundi hugsa mig um ef ég væri viss um að hæstv. sjútvrh. túlkaði ekki lög um upptöku ólöglegs sjávarafla í framtíðinni á líkan hátt og fyrrv. forseti Hæstaréttar túlkaði reglur um áfengiskaupafríðindi handhafa forsetavalds.

Ég hef spurt hæstv. sjútvrh. um þetta, gerði það í umræðum um vanda sjávarútvegsins á fundi hv. sameinaðs Alþingis 5. des. sl. Ráðherrann valdi þann kostinn að svara ekki og verð ég því að ítreka spurninguna. Þessi spurning mín er eingöngu lögð fram til að fá upplýsingar um hvernig þessi lög verða túlkuð í framtíðinni, þ.e. lögin um upptöku ólöglegs sjávarafla. Ég vil líka taka fram að ég tel að það sem þegar hefur verið gert af hálfu sjútvrh. í einstökum málum sem varða upptöku meints ólöglegs sjávarafla verði að útkljá fyrir dómstólum þótt þar sé almennri íslenskri réttarfarsreglu snúið við með því að ákærður þurfi að sanna sakleysi sitt frammi fyrir og gegn afli framkvæmdarvaldsins.

Ég stend nú í þeim sporum að hafa verið ákærður fyrir grófustu fölsun á grundvelli þessara laga eða eins og sjútvrn. orðar það í nafni ráðherrans, með leyfi forseta, að „Fiskifélagi Íslands hafi vísvitandi verið gefnar upp rangar upplýsingar í því skyni að fara í kringum reglur". Er hægt að bera á einn eða neinn grófari fölsunarásökun?

Þá er jafnframt ákært fyrir meðhöndlun afla fyrir rúmlega 1½ millj. kr. á verðlagi ársins 1986 án þess að tekjur af þeim afla séu tíundaðar, en til þess þarf samspil útgerðar, skipshafna, fiskkaupanda og starfsfólks hans við að ganga fram hjá hafnarsjóði, sveitarsjóði og ríkissjóði. Gegn slíkum aðilum, herra forseti, ætti að höfða sakamál og sæti einhver þeirra á Alþingi ætti að svipta hann þinghelgi. Sjútvrh. bæri að óska eftir því.

Vandinn er bara sá, herra forseti, að það hefur enginn fundist sem veit til þess að nokkuð hafi gerst sem staðfestir þessar ákærur og ekki upplýst um einn eða neinn afla frá einum eða öðrum báti. Það veit enginn um neitt flutningatæki sem hefði getað flutt afla fram hjá hafnarvog. Það veit enginn um verkamenn sem hafa unnið þennan afla. Og það hefur ekki verið gerð nein tilraun frá hendi sjútvrh. til að finna einn eða neinn af þessum aðilum, en allir aðilar sem tengjast fyrirtækinu liggja undir ákæru almennings og samsekt.

Herra forseti. Það er einmitt það. Allir þeir aðilar sem ég hef hér nefnt hljóta að vera viðriðnir málið, en sekt þeirra felst í því að hafa farið vel með afla og nýtt vel það sem var í þeirra höndum. Sekt þeirra er sú.

Með ákæru sinni tel ég að sjútvrh. sé að gera tilraun til að hafa af mér æruna og óbeint fjölda annarra sem máli þessu tengjast óhjákvæmilega. Að ég nú ekki tali um angur það sem ákæra hans hlýtur að valda fjölskyldum þeirra sem þetta snertir.

Um þetta mál fjalla dómstólar nú. Því spyr ég ekki um einstök mál. Ég spyr um framtíðina. En því spyr ég hæstv. sjútvrh.: Eiga þeir aðilar, sem nú og í framtíðinni fara að ósk hans með því að leggja sig fram um að fara vel með afla, auka nýtingu hans og verðmæti, þ.e. gera eins mikið verðmæti úr sjávarfangi og þeir frekast geta, á hættu að verða sóttir til saka fyrir að hafa brotið lög um upptöku ólöglegs sjávarafla og þá að þurfa að hnekkja ákæru ráðherra með því að sanna sakleysi sitt frammi fyrir dómstólum? Fram að þessu hefur ráðherra ákveðið, án þess

að nokkrar sannanir liggi fyrir um ólöglega veiddan afla, upptöku meints ólöglegs sjávarafla aðeins á grundvelli mikillar og góðrar nýtingar. Þá er spurningin: Mun hann halda því áfram?

Herra forseti. Ég fer fram á að hæstv. sjútvrh. gefi afdráttarlaust svar þar sem hér er um að ræða grundvallaratriði í sambandi við sjávarútvegs- og efnahagsmál á Íslandi og einnig um siðgæði og lagatúlkun. Ég vona að svarið verði á þann veg að það geti breytt afstöðu minni um stuðning við ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Sú ríkisstjórn sem nú situr á við mikinn vanda að stríða, vanda sem á sér langan aðdraganda en hefur versnað mjög á síðustu vikum. Henni er því að sjálfsögðu mikið í mun að fá stuðning við framgang mála sinna á þingi og hefur reyndar hver gengið undir annars hönd til að afla málunum stuðnings. Það er því undarlegt í hæsta máta þegar hv. 3. þm. Vesturl. kemur upp og hirtir hvern þingmanninn á fætur öðrum og hvern þingflokkinn á fætur öðrum líkt og hann haldi að það sé best að berja menn til hlýðni.

Hann vék m.a. máli sínu að Kvennalistanum og minntist á það að fulltrúi Kvennalistans hefði tilkynnt að hún mundi tala stutt í þessu máli og hefði reyndar staðið við það því að hún vildi ekki tefja málið eða afgreiðslu þess í deildinni. Í þessu sambandi vil ég minna hv. 3. þm. Vesturl. á að einungis lifðu tíu mínútur af þingfundi sl. föstudag þegar hv. 6. þm. Vesturl. komst í ræðustól en fundi ekki fram haldið fyrr en eftir helgi. Það ætti ekki heldur að vera nýmæli fyrir hv. þm. að þingkonur Kvennalistans séu gagnorðar og leggi ekki í vana sinn að þæfa málin.

Síðan vék hv. 3. þm. Vesturl. að afstöðu Kvennalistans við stjórnarmyndunarviðræður bæði vorið 1987 og einnig nú í haust. Vegna ummæla hans er mér nauðsyn að koma nokkrum leiðréttingum á framfæri.

Í fyrsta lagi gerði Kvennalistinn ekki að skilyrði að sett yrðu lög um lágmarkslaun. Skilyrðið var að hækkuð yrðu laun þeirra lægst launuðu og ef allt annað þryti og engar aðrar leiðir yrðu færar yrðu sett lög sem tryggðu að laun í landinu færu ekki niður fyrir ákveðið lágmark. Og hvað er hv. þm. eiginlega að meina þegar hann líkir slíkri lagasetningu við afnám samningsréttar? Þarna er um gerólík mál að ræða. Hvernig dettur hv. þm. í hug að verið sé að skerða frelsi manna og afnema réttindi þeirra þegar löggjafinn tekur við þar sem atvinnurekendur bregðast og tryggir að laun í landinu, sem þegar eru of lág, megi ekki fara niður fyrir ákveðin velsæmismörk? Dettur hv. þm. í hug að það séu dýrmæt réttindi að mega semja um lág laun, lægri en þau laun sem gilda og hver vill það?

Vegna þess að hæstv. menntmrh. minntist á 40 ára afmæli mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna væri ekki úr vegi að minna bæði hann og hv. 3. þm. Vesturl. á að það eru grundvallarmannréttindi að geta séð sér farborða á dagvinnulaunum. Og vegna þess að hæstv. menntmrh. var að minnast þessarar merku yfirlýsingar um mannréttindamál langar mig einnig að minna hann á og biðja hann að minna aðra hæstv. ráðherra þessarar ríkisstjórnar á það að fyrir Alþjóðavinnumálastofnuninni í Genf liggur nú kæra verkalýðsfélaga vegna þess brots á mannréttindum sem afnám samningsréttarins er.

Í öðru lagi vék hv. 3. þm. Vesturl. að því að þverpólitísk samtök eins og Kvennalistinn mundu hvort eð er ekki ná árangri, enda hefði fulltrúi þeirra lýst því yfir að kvennalistakonur sæktust ekki eftir völdum heldur áhrifum. Af þessu virðist hann draga þá ályktun að Kvennalistinn sé ekki í alvörupólitík.

Þá er fyrst til að taka og mætti minna marga fleiri á það að Kvennalistinn er ekki þverpólitísk samtök heldur kvennapólitísk samtök og á því er reginmunur. Þetta er ekki reytingur kvenna úr hinum og þessum flokkum sem þær hafa gefist upp á. Þetta er hópur kvenna með nýjar hugsjónir, með annað erindi en hefur verið rekið í stjórnmálum hingað til.

Þegar kvennalistakonur lýsa því yfir að þær vilji ekki völd meinum við fyrst og fremst að við leitum ekki eftir völdum fyrir okkur sjálfar eða völdum til að ráða yfir öðrum eins og venjan hefur verið. Við leitumst miklu fremur við að dreifa völdum til fólksins og leitum allra leiða til að finna hugsjónum okkar farveg, leiða til að koma þeim til framkvæmda. Ein leið til þess er að taka þátt í ríkisstjórn. Við flýjum ekki undan þeirri ábyrgð fremur en annarri en við metum á yfirvegaðan og vandlegan hátt hvernig hugsjónum okkar og stefnu er best borgið jafnt í ríkisstjórn sem og annars staðar og höfum ekki áhuga á þátttöku í samstarfi þar sem við eygjum litla von til að hafa áhrif eða koma stefnu okkar í framkvæmd. Og við einar getum metið hvernig því er best farið. Svo einfalt er það mál.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Ég vil í upphafi benda á að mál það sem hér er rætt er kannski meira tæknimál en það meginmál sem við ætlum hér að ræða, þ.e. bráðabirgðalögin sjálf. Þetta er meira um afgreiðslu málsins og þingskapalega meðferð. Það væri því kannski eðlilegt að ljúka umræðu um þetta mál og snúa sér að því að ræða aðalmálið og hygg ég þá að heppilegt væri og æskilegt og fer fram á það við hæstv. forseta ef hann telur að þetta séu rétt og heppileg vinnubrögð að atkvæðagreiðslu um þetta mál yrði frestað þar til lyki umræðu um hitt. Málin eru auðvitað tengd og þess vegna ekkert hægt við því að segja að þau séu rædd í samhengi eins og gert hefur verið. Ég er ekkert að álasa einum eða neinum fyrir það. En hitt finnst mér þó eðlilegra að við snúum okkur að því að ræða efnislega það mál sem er meginmál dagsins og hefur verið meginmál þjóðarinnar allrar í margar vikur, hvernig því muni reiða af.

En úr því að ég er hér kominn er eðlilegt að ég

svari aðeins beinum og óbeinum spurningum hæstv. menntmrh. um hvort Sjálfstfl. vilji frekari kjaraskerðingu og hvort við viljum gengisfellingu og hvernig við því muni brugðist. Það getur varla hafa farið fram hjá hæstv. menntmrh., jafnvanur maður og hann er eins og þeir kalla sig, þessir sem tóku völdin svona skyndilega og þurftu lítinn umhugsunarfrest til að setja saman ríkisstjórn, að í nál. á þskj. 207 er að þessu vikið. Og það er ekki bara Sjálfstfl. sem skrifar undir það nál. Það er öll stjórnarandstaðan eins og hún leggur sig sem skrifar undir það. Þar er skýrt tekið fram að verði gengið fellt sé nauðsynlegt að mæta því með lækkun söluskatts á helstu nauðsynjar heimilanna. Það er alveg ljóst að þarna er við það átt. Það er líka sagt í næstu málsgr. á undan að nauðsynlegt sé að fella gengið og það er við það átt að gengisfellingunni sé mætt með því að lækka skatta á helstu nauðsynjar heimilanna til að vega upp verðlagsáhrif gengisfellingar.

Hér er stefna sem er í algerri andstöðu við stefnu ríkisstjórnarinnar, algerri í einu og öllu að því er efnahagsmál varðar. Við viljum lækka neysluskatta til að mæta nauðsynlegri gengisfellingu. Ríkisstjórnin vill hækka skatta gífurlega til að hella ofan á eld gengisfellingarinnar sem er óhjákvæmileg, og fara ekkert dult með það, til að draga úr þessari þenslu, til að fá atvinnuleysi. Þeir fara ekki dult með að. Þeir telja að gífurlegur árangur hafi áunnist síðustu vikurnar í því að stöðva þensluna, þ.e. koma í veg fyrir að menn hafi fulla atvinnu, koma í veg fyrir framfarir, koma í veg fyrir að fólkið geti haft sæmileg lífskjör. Nú hefur allur minni hlutinn í þessari hv. deild skrifað undir þverófuga stefnu, þ.e. að lækka söluskatta þegar nauðsynlegt verður að fella gengið sem það er auðvitað orðið.

Og ég hef nefnt tölur. Auðvitað eru það ekki heilagar tölur. Ég hef talað um það og látið reikna það út af reiknispekingum og reyndar reiknað það út sjálfur þótt ég sé ekki mikill spekingur, en öllum kemur saman um að verði gengið fellt um 13% mundi 5% lækkun söluskatts vega þá verðlagshækkun upp að fullu og vel það vegna þess að söluskatturinn leggst á alla þjónustu í landinu, allar innlendar vörur og allt það, eins og menn vita. Það er þessi hugsun sem er núna sameiginleg hugsun allrar stjórnarandstöðunnar, bókfært í þessu nál. Hver sú tala svo verður ef einhverjir úr stjórnarliðinu féllust nú á að þetta væri rétt hugsun, og kannski mundu menn þar mætast á miðri leið eins og talað er um, en ef svo fer að þessi ríkisstjórn færi frá út af því að þetta yrði samþykkt yrði þetta þó alla vega grundvöllur þriggja flokka í viðræðum um efnahagsmál og peningamál.

En þetta ætla ég frekar að ræða um þegar talað verður um málefnið sjálft, en tilefnið var að ég var spurður í þessari umræðu. Ég tek þá kannski til máls aftur, því að ég má a.m.k. tala tvisvar um þetta mál, ef það heldur áfram þessi umræða nú. En hitt tel ég, eins og ég sagði áðan, miklu eðlilegra, að meginmálið verði rætt undir þeim dagskrárlið sem það heyrir til, og legg það þess vegna í vald forseta hvort ég tek til máls aftur á eftir þegar tilefni gefst til eða við ræðum meginmál undir þeim lið sem það á að ræða.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég veitti því athygli að hæstv. menntmrh. vildi gera orð Reykjavíkurbréfs í dag að sínum og að sumu leyti kom það mér ekki á óvart. Má kannski segja að þegar ég fer að skamma Reykjavíkurbréf og Morgunblaðið sé eggið farið að kenna hænunni, en samt er það svo að það kemur stundum fyrir. En í þessu Reykjavíkurbréfi segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þótt þinghald sé þannig með hefðbundnum hætti eru aðstæður aðrar en oft áður. Nú stendur þjóðin frammi fyrir alvarlegum vandamálum. Hávaðasamt gaspur þingmanna og ráðherra dugar skammt til lausnar á þeim djúpstæða vanda. Eini ráðherrann í núverandi ríkisstjórn sem talar um þessi vandamál af festu og ábyrgð um þessar mundir er Halldór Ásgrímsson sjútvrh. Í sjónvarpsviðtali fyrir nokkrum dögum sagði hann þann sannleika umbúðalaust að enginn grundvöllur væri til nokkurra kauphækkana á næsta ári. Þvert á móti væri óhjákvæmilegt að skerða kjör fólks og eina spurningin væri sú með hvaða hætti það yrði gert."

Þetta eru athyglisverð ummæli, sérstaklega með það í huga hvernig hæstv. menntmrh. komst að orði áðan þegar hann var að lýsa ágæti Reykjavíkurbréfsins og þess málflutnings sem Morgunblaðið hefur í frammi, en einkum þó með tilliti til ræðu hv. 4. þm. Vesturl. Það skyldi þó aldrei vera svo, ef vantraust yrði flutt í þinginu, að eini ráðherrann sem félli í vantraustinu væri einmitt sá ráðherrann sem ritari Reykjavíkurbréfs ber mest traust til, hæstv. sjútvrh., nema íhaldið komi honum þá til hjálpar. Það er nú svo.

Ég skal svo ekki við þessa umræðu tala frekar um efnisatriði ræðu menntmrh., sem laut almennt að efnahagsmálum og atvinnumálum, en hlýt á hinn bóginn að ítreka að hæstv. sjútvrh. talar hér umbúðalaust um að nauðsynlegt sé að skerða kjörin í landinu, færa niður kaupgjaldið í landinu, og hæstv. menntmrh. sagði í sinni ræðu áðan að hann væri því algerlega andvígur. Samt sem áður liggur það fyrir í nál. frá meiri hlutanum að án fyrirvara mælir fulltrúi Alþb. með því að bráðabirgðalögum Þorsteins Pálssonar verði breytt á þann veg að kaupskerðing verði miðað við þau lög. Í staðinn fyrir að laun í landinu eigi að hækka um ríflega 14% frá 1. jan. til 31. des. vill hæstv. menntmrh. og Alþb. án fyrirvara breyta þeim ákvæðum þannig að kauphækkanirnar verði ekki nema 10% frá upphafi til loka árs. Það er því alveg laukrétt, sem hv. 14. þm. Reykv. sagði áðan í frammígripi, að hæstv. menntmrh. og Alþb. eru komin inn á niðurfærsluleiðina í kaupgjaldi. Og þetta er ekki í fyrsta skiptið. Það kom okkur sjálfstæðismönnum ekki á óvart að það skyldi verða fyrsta verk hæstv. menntmrh. nú að skerða launin frá því sem áður var ákveðið eins og það var síðasta

verk hans síðast þegar hann var í ríkisstjórn að skerða launin með lagasetningu fyrir fimm árum rúmum.

Á hinn bóginn hlýt ég að ítreka fyrirspurn mína og mér finnst óþægilegt, herra forseti, að hér inni skuli ekki vera tveir hv. þm. Alþfl., hv. 9. þm. Reykn. og hv. 3. þm. Vestf. Með hliðsjón af nál. Alþb. þyrfti ég að víkja fyrirspurn til þessara hv. þm., en á meðan, ef hægt er að koma boðum til þeirra, langar mig til að spyrja hæstv. menntmrh. í hverju fyrirvari Alþb. er fólginn varðandi 6. gr. þess frv. sem nú er til umræðu þar sem fjallað er um kjarasamning og enn fremur tel ég nauðsynlegt að fá upplýsingar um hvers vegna Alþb. hefur fyrirvara við 9. gr. en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Seðlabanka Íslands er heimilt að ákveða að verðbréfasjóðir skuli verja allt að 20% af aukningu ráðstöfunarfjár frá 1. júlí 1988 til kaupa á markaðshæfum skuldabréfum ríkissjóðs."

Það væri fróðlegt að fá upplýsingar um hvort Alþb. sé kannski reiðubúið til þess að fallast á að þessi málsgr. falli úr lögunum eða hvaða hugmyndir Alþb. yfirleitt hefur um það.

Það sem mig langar að spyrja hv. 3. þm. Vestf. og 9. þm. Reykn. er hvort þeir hafi fyrirvara við 2. mgr. 4. gr. frv., en eins og fram kemur í nál. meiri hl. hefur Alþb. fyrirvara um þessa málsgr., almennan fyrirvara. „Verkbönn, verkföll, þar með taldar samúðarvinnustöðvanir eða aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi mæla fyrir um, eru óheimil." Ég hygg að það sé rétt hjá mér að fyrirvari Alþb. sé í því fólginn að enginn af þingmönnum Alþb. muni greiða atkvæði með þessari grein og ég gat ekki skilið öðruvísi ummæli hv. 4. þm. Vesturl. áðan en svo að hann mundi greiða atkvæði gegn greininni. Nú væri fróðlegt að fá upplýsingar um hvort þessir tveir hv. þm. séu sammála fulltrúa Alþfl. í fjh.- og viðskn. um að nauðsynlegt sé að halda þessu lagaákvæði inni eða hvort þeir á hinn bóginn telji rétt að fella það eða hvort þeir e.t.v. muni kjósa að sitja hjá við atkvæðagreiðslu um þessi orð.

En herra forseti. Ég varpaði þeirri fyrirspurn fram við umræðurnar síðast í hverju fyrirvari Alþb. væri fólginn. Það lá svo vel á menntmrh. í stólnum áðan. Honum fannst andartak að hann væri kominn aftur í stjórnarandstöðu þegar hann var að skamma Sjálfstfl. Það var svolítið vængjablak í því sem hann sagði þannig að hann gleymdi að víkja að þessu atriði sem skiptir meira máli en þótt hann sé að skamma íhaldið.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vildi aðeins fyrst út af umræðum um það hér í þingdeildinni að ég hafi gerst sérstakur kröfugerðarmaður um að laun væru lækkuð í landinu segja að það er að sjálfsögðu alger útúrsnúningur að ég vilji lækka laun í landinu. Ég hef hins vegar reynt að benda á þau einföldu sannindi að launaþróunin og kostnaðarþróunin verða að vera í samræmi við tekjurnar. Ef svo er ekki fer illa. Þá fara fyrirtækin yfir um, viðskiptahalli magnast o.s.frv.

Samkvæmt upplýsingum sem ég hef fengið frá Þjóðhagsstofnun sýnir samanburður við okkar nágrannalönd að hlutdeild launa á Íslandi miðað við þjóðartekjur var svipuð og nokkru hærri en í öðrum löndum í kringum okkur fram til 1980 nema í Svíþjóð. En upp úr 1980 hefur hlutdeild launa í okkar nágrannalöndum lækkað verulega. Það eru sjálfsagt ýmsar ástæður fyrir því. M.a. hefur atvinnuleysi farið mjög vaxandi í þessum löndum og það hefur í för með sér að launafólki fækkar og launasumman, eins og gjarnan er talað um, lækkar vegna þess að atvinnuleysisbætur teljast ekki til launa. Það atvinnuleysi sem þar hefur verið hefur leitt til minni kaupmáttaraukningar í þessum löndum en annars hefði verið, en sem betur fer hefur ekki til þess komið hér á landi að verulegt atvinnuleysi hafi átt sér stað.

Ef við lítum til síðustu tíu ára hefur launahlutfallið að meðaltali á Íslandi verið 67%, en víðast hvar í nágrannalöndunum er þetta hlutfall 65%. En eins og fram hefur komið í umræðum hér áður er því spáð að þetta hlutfall verði, þ.e. í svokölluðum vergum þjóðartekjum, hér í ár 73,6%, en spá fyrir næsta ár er 72,3%.

Það er tekið sem dæmi að ef hlutfall launa á þessu ári hefði verið viðlíka að meðaltali í ár og undanfarin tíu ár hefðu árlegar launagreiðslur í landinu verið 12 milljörðum lægri en raun ber vitni. Það er rétt að benda á í þessu sambandi að viðskiptahalli er áætlaður á árinu 1988 11,6 milljarðar og halli ríkissjóðs verður stöðugt meiri og meiri. Fyrir nokkru var gert ráð fyrir að hann gæti orðið um 5 milljarðar, en nú eru menn jafnvel farnir að tala um að hann verði a.m.k. 7 milljarðar.

Þetta bendir svo ekki verður um villst á að við eyðum umfram efni með einum og öðrum hætti og það er sjálfsblekking að halda að launin séu undanskilin í þessu sambandi.

Ef litið er á kaupmáttarþróun á undanförnum árum samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar hefur kaupmáttur atvinnutekna Íslendinga vaxið frá árinu 1984 til ársins 1988 um 40%, en á sama tíma hækkaði verg landsframleiðsla á mann á föstu verðlagi um 11%. Kaupmáttur greidds tímakaups launþega innan ASÍ hækkaði um 35% frá meðaltali ársis 1984 til 3. ársfjórðungs þessa árs. Ef miðað er við dollara hefur greitt tímakaup hins vegar tvöfaldast. Árið 1984 var greitt tímakaup félaga ASÍ í dagvinnu að meðaltali 3½ dollar, en á 3. ársfjórðungi þessa árs er tímakaupið 7,8 dollarar. Ef mælt er í SDR hefur kostnaðurinn hækkað úr 3,4 SDR í 6 SDR. Það má geta þess til samanburðar að kaupmáttur tímakaups í iðnaði í aðildarlöndum OECD hefur aukist um liðlega 1% á árunum 1984–1987.

Þetta er ekki sett fram af minni hálfu vegna þess að ég óski sérstaklega eftir því að laun séu lækkuð í landinu heldur til að benda á einfaldar staðreyndir

og þau einföldu sannindi að ef við göngum of langt í kröfum okkar kemur það fram í viðskiptahalla, halla á ríkissjóði, vaxandi erlendri skuldasöfnun og viðskiptahalla. En hvað er verið að gera með þeim hætti? Það er fyrst og fremst verið að skerða kjör þess fólks sem lifir hér í framtíðinni, en á engan hátt erum við að bæta eigin kjör með slíku framferði.

Það er hins vegar vandasamt verk að deila þessum stóru fjárhæðum út í samfélaginu og það hefur margur tekist á við það, bæði af hálfu ríkisvaldsins og af aðilum vinnumarkaðarins. Þar hefur ekki tekist neitt sérstaklega vel til og ástæðulaust að ásaka einn né annan í þeim efnum. En það er alveg ljóst í mínum huga að þetta hlutfall launa, þ.e. heildarsumman, stenst ekki og getur ekki varað til frambúðar. Þeir sem halda öðru fram eru að neita þeirri reynslu sem flestar þjóðir hafa orðið fyrir og neita því að horfa framan í veruleikann.

Hv. 4. þm. Vesturl. beindi ákveðnum fyrirspurnum til mín. Ég vil taka það fram í upphafi að þegar núverandi fiskveiðistjórnun var tekin upp var lögð á það rík áhersla að auka eftirlit með veiðunum og margir hv. þm. bentu réttilega á að það væri mjög nauðsynlegt. Það var hins vegar úr nokkuð vöndu að ráða vegna þess að það er takmarkaður hópur fólks sem fylgist með þessum veiðum og verður að gera það eftir bestu getu. Ég hygg að hv. 4. þm. Vesturl. hafi verið í hópi þeirra sem hvað mest bentu á þetta mál og ítrekaði það mjög oft í sínu máli á Alþingi.

Það hefur verið reynt að fylgjast með veiðum og vinnslu eftir bestu getu í samræmi við lög og reglur og mjög mikill fjöldi úrskurða hefur verið gefinn út og innheimtur í samræmi við þessa löggjöf.

Nú er rétt að taka fram að hér er ekki um refsiverðan verknað að ræða og þessi mál ganga yfirleitt vel fyrir sig án þess að nokkur vandræði hljótist af og það er að sjálfsögðu krafa allra þeirra sem fiskveiðar stunda við Íslandsstrendur að það sé haft sem best eftirlit með þessum málum og eitt sé látið yfir alla ganga.

Ég vil hins vegar ítreka að ég mun ekki hér á Alþingi ræða einstök mál er þetta varða. Ég tel að Alþingi Íslendinga sé ekki vettvangur til að ræða mál með þeim hætti sem hv. þm. gerði hér. Hann hefur kosið að reka þetta mál á ákveðnum vettvangi og það var að hans frumkvæði og það verður að hljóta þá meðferð sem þar er til stofnað. Ég tel það á allan hátt óviðeigandi og ítreka það, sem ég hef margoft áður sagt, að ég mun ekki ræða mál einstakra aðila hér á Alþingi sem þetta varða.

Hv. þm. spurði hins vegar um hvort þessum málum yrði komið fyrir með þeim hætti sem hefur verið á undanförnum árum eða hvort þar yrði einhver breyting á. Það verður haft eftirlit með fiskveiðunum með þeim hætti sem lögin gera ráð fyrir meðan þeim er ekki breytt. Það er hins vegar með þessi lög eins og öll önnur lög að þau kunna að þarfnast endurskoðunar og það hefur verið unnið nokkurt starf í ráðuneytinu til undirbúnings þess að setja um þetta mál ítarlegri löggjöf, m.a. vegna þess hversu nauðsynlegt er að hafa sem best eftirlit með fiskveiðunum. Það mál er enn á undirbúningsstigi, en þar hafa verið kvaddir til hæfir lögfræðingar sem eru utan ráðuneytisins. Ég ítreka því að að sjálfsögðu verður þessu eftirliti haldið áfram með þeim hætti sem þeir menn sem þekkja best til leggja til. Þetta er að sjálfsögðu ekki í daglegum verkahring ráðherra eins og hv. þm. lætur nánast í skína í þessu sambandi. Þetta er daglegt verkefni starfsmanna sjútvrn. sem þeir reyna að framkvæma eftir bestu getu og bestu samvisku og ég treysti þeim ágætlega í því sambandi.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegur forseti. Vegna ummæla hæstv. ráðherra Halldórs Ásgrímssonar um launastefnu núv. ríkisstjórnar vil ég láta það koma skýrt fram að þegar við sjálfstæðismenn erum að ræða um þessi mál er það gert fyrst og fremst á grundvelli þess að við viljum leggja áherslu á að efla stöðu atvinnuveganna, en við viljum ekki gera það á kostnað þess fólks sem þar starfar.

Þegar verið er að ræða um launastefnuna eins og gert hefur verið á hinu háa Alþingi undanfarið hefur þetta mál verið einfaldað um of, en í ræðu sinni áðan kom hæstv. ráðherra nánar inn á hvað hann ætti við þegar hann talar um að það þurfi að lækka laun fólks. Hann ræddi um það, sem er auðvitað rétt, að það þarf að ræða um heildarlaunasummuna og sagði eitthvað á þá leið að hún stæðist ekki. En það fer töluvert eftir því hvernig staða atvinnuveganna er hver á að vera hlutdeild launa í vergum þjóðartekjum. Það sem skiptir máli í þessu sambandi er að gera sér grein fyrir því hvernig launin skiptast annars vegar milli þeirra sem starfa úti í atvinnulífinu og svo hinna sem eru í hinum opinbera geira. Um það hefur hæstv. ráðherra ekkert viljað fjalla, hvorki í umræðunum nú né þegar rætt var um þessi mál í Sþ. um daginn. Það er mikið atriði í sambandi við þessi mál hver tekjuskiptingin er. Hver er hlutur láglaunafólks, hver er hlutur millitekjufólks og hver er hlutur hátekjufólks í heildarlaunasummunni? Þetta er grundvallaratriði sem menn verða að gera sér grein fyrir þegar verið er að fjalla um þessi mál.

Þá hefur það líka mikil áhrif á breytingar í sambandi við hlutfall launa í vergum þjóðartekjum hvernig heildartekjur heimilanna hafa aukist á liðnum árum með aukinni þátttöku kvenna úti á vinnumarkaðnum. Sem sagt: Það eru mörg atriði sem ekki hefur verið fjallað um í þessari umræðu sem tengjast launum og launamálum, en ég vil undirstrika að af hálfu okkar sjálfstæðismanna kemur ekki til greina að færa niður laun með þeim hætti sem ráðherrar í núverandi ríkisstjórn hafa raunverulega verið að tala fyrir og hafa hamrað á margir hverjir allt frá því að sú hugmynd kom fram um niðurfærslu launa í september sl. Það er stefna sem Sjálfstfl. getur ekki tekið þátt í eða staðið að. Hins vegar hefur Sjálfstfl. lagt áherslu á að með því að leiðrétta gengið yrðu allir landsmenn, launafólk sem

aðrir, að taka á sig tímabundna kjaraskerðingu.

Varðandi þá umræðu sem fór fram áðan af hálfu hæstv. menntmrh., en mér fannst satt að segja furðulegt hvernig hæstv. ráðherra fjallaði um þessi mál, þá vil ég segja nokkur orð, en áður en ég vík að hæstv. ráðherra vil ég víkja að tveimur atriðum í ræðu hv. þm. Eiðs Guðnasonar. Annað lýtur að svonefndum matarskatti og afstöðu sjálfstæðismanna til hans og hitt er um kvennalistakonur.

Eiður Guðnason, 3. þm. Vesturl., leyfði sér enn *einu sinni að halda því fram, sem margir* alþýðuflokksmenn hafa gert, að sjálfstæðismenn hafi samþykkt matarskattinn svonefnda með glöðu geði á sínum tíma. Hann gleymir því ætíð þegar þetta er rætt og þegar fjallað er um matarskattinn að það voru ýmsir þingmenn Sjálfstfl. sem gerðu alvarlegar athugasemdir við matarskattinn á sínum tíma þó svo að þeir í þeirri stöðu sem þá var greiddu atkvæði með þessari skattheimtu. En í fyrirvörum gerðu ýmsir þingmenn Sjálfstfl. grein fyrir afstöðu sinni með tilliti til þess að virðisaukaskattur átti að koma *til framkvæmda á miðju ári* 1989, þeir áskildu sér allan rétt til að gera tillögur um að áður en sú skattheimta kæmi til framkvæmda yrði virðisaukaskatturinn í tveim þrepum, þ.e. önnur prósentan, sem yrði á matvælum, yrði lægri en almenna prósentan. Okkar hugmynd nokkurra var að virðisaukaskattur á matvælum gæti orðið eitthvað um 10% eða lægri, en hin prósentan yrði um 25%. Þetta veit hv. þm. og það er ástæðulaust að tíunda það oftar, en það er eins og þeir vilji ekki muna eftir því, ágætir alþýðuflokksmenn, sérstaklega núv. hæstv. utanrrh. *sem hefur hamrað á því og sagt að við höfum* brugðist sér í sambandi við þetta. Við margítrekuðum það við hann, bæði í einkaviðtölum sem og annars staðar, að við værum ekki samþykkir einni skattprósentu í virðisaukaskattinum.

Varðandi kvennalistakonur verð ég að segja að ég undrast orðalag hv. þm. Eiðs Guðnasonar þegar hann vék orðum sínum að þeim. Hann talaði um tvöfeldni kvennalistakvenna vegna þess að þær vildu ekki taka þátt í núverandi ríkisstjórn. Ég verð að segja að mér finnst furðulegt að hv. þm. skuli leyfa *sér að tala um tvöfeldni. Kvennalistakonur* hljóta að hafa sama rétt og aðrir stjórnmálamenn og aðrir þingmenn til að meta það sjálfar hvort, hvernig og á hvaða grundvelli þær tækju sæti í ríkisstjórnum landsins. Að flokka það undir tvöfeldni finnst mér fyrir neðan allar hellur. Það atriði í hugmyndum þeirra kvennalistakvenna að setja lög um lágmarkslaun þarf ekki að vera neitt út í hött og það brýtur ekki í bága við nein mannréttindi. Um þessi mál hefur stundum verið fjallað á fundum í verkalýðsfélögum. Ég segi ekki á þingum Alþýðusambandsins. *En það þykir engin goðgá víða í vestrænum lýðræðis*ríkjum að setja lög um ákveðin lágmarkslaun. Í Bandaríkjunum gilda t.d. ákveðin lágmarkslaun samkvæmt lögum þannig að það þarf ekkert að vera út í hött að menn ræði það á Íslandi að þetta geti komið til greina. Ég verð að segja það fyrir mitt leyti að mér fannst það koma til greina um tíma og jafnvel enn, (Gripið fram í.) hv. þm. og verkalýðsleiðtogi, alþýðuflokksmaður Karl Steinar Guðnason. Ef verkalýðshreyfingunni tekst ekki að tryggja lægst launaða fólkinu mannsæmandi laun komast alþm. ekki fram hjá því að fjalla um það. Ég held að hv. þm. ætti að kynna sér hver eru kjör ýmissa Sóknarkvenna sem vinna á spítölum í svokölluðum láglaunastörfum. Þær eru ekkert of sælar af þeim launum sem þær hafa fyrir sín vaktavinnustörf á spítölum Reykjavíkurborgar og víðar úti um land. Ég segi fyrir mitt leyti: Ef verkalýðshreyfingunni tekst ekki að tryggja fólkinu mannsæmandi laun hljóta hv. alþm. að verða að fjalla um það. Því miður er verkalýðshreyfingin nú í mjög alvarlegri lægð sem ég mun víkja hér að og skýrir nokkuð afstöðu alþýðubandalagsmanna á hinu háa Alþingi til verkalýðsforingja Alþb.

Þá vil ég víkja orðum mínum að hæstv. ráðherra Svavari Gestssyni. Ég verð að segja að þegar hæstv. ráðherra brá sér á skeið hugsaði ég sem svo: Nú er hæstv. ráðherra loksins farið að líða vel í ráðherrastólnum og harma ég það mjög því það hlutskipti getur ekki orðið gott þegar fram í sækir.

Einhvern tíma hefði hæstv. ráðherra Svavar Gestsson hlustað á rödd alþýðunnar og þegar ég tala um rödd alþýðunnar á ég við rödd fólksins í Alþýðusambandi Íslands og innan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Einhvern tíma hefði hæstv. ráðherra hlustað á Ásmund Stefánsson, forseta ASÍ, flokksbróður sinn. Einhvern tíma hefði hann tekið undir ítrekaða kæru forseta ASÍ, Ásmundar Stefánssonar, um að í því frv. sem við erum að fjalla um væri hugsanlega um mannréttindabrot að ræða að þeirra mati, svo alvarlegt mannréttindabrot að flokksbróðir ráðherra, Ásmundur Stefánsson, hefur séð sig knúinn til að kæra núv. ríkisstjórn með ítrekun sinni um að það sé verið að fremja mannréttindabrot á verkalýðshreyfingunni á Íslandi. Þessi kæra liggur núna fyrir hjá Aþjóðavinnumálastofnuninni í Genf. Það sem forseti ASÍ og verkalýðshreyfingin kærir sérstaklega til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar eða þess dómstóls sem fjallar um þessi mál er seinni mgr. 4. gr. frv. til l. um aðgerðir í efnahagsmálum, máls nr. 20.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Ætlar hann að taka þátt í því að fremja mannréttindabrot á íslenskri verkalýðshreyfingu með því að sitja í núv. ríkisstjórn og greiða atkvæði með því frv. sem hér er til umræðu?

Hæstv. ráðherra talaði um að Sjálfstfl. hefði ekki lagt fram neinar tillögur í þeim málum sem hér eru til umfjöllunar. Þetta er alrangt. Hæstv. ráðherra veit að í allri umfjöllun þessara mála á þingi hefur Sjálfstfl. lagt alveg sérstaka áherslu á að atvinnulífið hefði forgang. Þetta hefur verið og var stefna Sjálfstfl. í ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar og vegna þessa slitnaði upp úr stjórnarsamstarfinu, vegna þess að samstarfsflokkar Sjálfstfl. í þáv. ríkisstjórn vildu ekki láta atvinnulífið hafa forgang. Núv. ríkisstjórn lofaði því að atvinnulífið skyldi fá for-

gang, en hvað hefur hún gert síðustu þrjá mánuði? Ekki neitt. Og staða atvinnuveganna fer hríðversnandi. Hún hefur aldrei verið verri en síðustu 2–3 vikur.

Hæstv. ráðherra vísaði í Reykjavíkurbréf. Ég þarf ekki að gera það frekar heldur en hv. þm. Halldór Blöndal gerði áðan, en það væri vissulega fróðlegt fyrir þingheim og aðra ef hæstv. ráðherra Svavar Gestsson tæki undir það sem segir í umræddu Reykjavíkurbréfi, með leyfi forseta: „Eini ráðherrann í núverandi ríkisstjórn sem talar um þessi vandamál af festu og ábyrgð um þessar mundir er Halldór Ásgrímsson sjútvrh.“

Hæstv. ráðherra hlýtur að taka undir þetta, enda vitnaði hann í Reykjavíkurbréf eins og Biblíuna. En það er annað atriði sem hæstv. ráðherra kom aldrei inn á sem stendur í Reykjavíkurbréfi þar sem segir, og það hlýtur að vera lágmarkskrafa bæði Alþingis og þjóðarinnar, að fyrst þurfi að nást samstaða innan stjórnarflokkanna. Ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir hljóta að hafa ábyrgð og skyldur eins og stjórnarandstaðan. Við höfum mjög skýra og ákveðna stefnu í okkar málum, en ríkisstjórnin sem ber ábyrgðina hefur ekki enn komið sér saman um hvernig hún ætlar að leysa þessi vandamál. Það getur vel verið að hér komi fram frumvörp sem leysi vandamál ríkissjóðs, sem ég efast um, en það hafa ekki komið neinar tillögur sem leysa vanda atvinnulífsins, ekki ein einasta tillaga sem leysir vanda fiskvinnslunnar, ekki ein einasta tillaga sem leysir vanda almenns iðnaðar og ekki ein einasta tillaga sem styrkir ferðamálaiðnaðinn sem hefði þurft að fá niðurstöðu í sínum málum, þ.e. rétta gengisskráningu, þegar undirbúningur er hafinn að næstu vertíð sem gerist með margra, margra mánaða aðdraganda ef vel á að takast fyrir ferðamálaiðnað á Íslandi árið 1989. Það er hugsanlega orðið of seint, því miður, vegna þess dráttar sem orðið hefur á því að ríkisstjórnin tæki afstöðu til atvinnuveganna. Hún hefur hins vegar verið önnum kafin við að finna út leið til að skattleggja þjóðina og gera atvinnuvegunum enn erfiðara fyrir.

Sjálfstfl. og við sjálfstæðismenn á þingi höfum ekki farið dult með og við höfum lagt það til bæði í nefndarálitum og annars staðar, og það hefur einnig komið fram við afgreiðslu fjárlaga, að við erum á móti skattahækkunum. Við viljum að ríkisútgjöld séu svo til óbreytt frá því sem var vegna ársins 1988 og við viljum láta haga allri fjárlagagerð í samræmi við það. En hvernig er það hægt? Það er hægt með því, eins og ég sagði áðan, að hafa ríkisútgjöld svo til óbreytt á milli ára sem felur í sér niðurskurð. Þann niðurskurð má framkvæma með ýmsu móti. T.d. mætti hagræða í rekstri hins opinbera. Þær kröfur eru gerðar til atvinnulífsins og fyrirtækja í atvinnulífinu að þar eigi sér stað hagræðing í rekstri. Það mætti stjórna betur mörgum opinberum stofnunum og ráðuneytum og það mætti skera niður ýmsa rekstrar- og framkvæmdaliði. En það er nú einu sinni ríkisstjórn í landinu sem hefur þetta framkvæmdarvald undir höndum og það er hennar fyrsta skylda, enda hefur hún betri aðstöðu til þess en stjórnarandstæðingar, að segja til um hvar þetta eigi að koma til framkvæmda endanlega.

Ég skal ekki vera mjög langorður um þetta frv. og þau mál sem nú eru til umræðu, virðulegi forseti, en ég vil þó segja þetta að lokum: Það er krafa Sjálfstfl. að nú þegar komi fram tillögur af hálfu ríkisstjórnarinnar um hvernig hún hyggst leysa vanda atvinnuveganna. En það sem mér finnst e.t.v. athyglisverðast og ég vil segja einnig hörmulegast að ýmsu leyti fyrir þann flokk sem um ræðir, þ.e. Alþb., er að svo virðist sem ráðherrum Alþb. sé farið að líða mjög vel í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar sem sést á því að þeir eru í fyrsta lagi reiðubúnir að skerða kjör fólksins, þeir eru einnig reiðubúnir að fremja ákveðin mannréttindabrot sem Alþýðusambandið og BSRB hafa mótmælt og kært og þeir eru einnig reiðubúnir og mjög ánægðir að sitja undir forustu forsrh. sem hefur margsinnis lýst því yfir að lækka verði laun fólksins í landinu án þess að skilgreina nánar hvernig hann hyggst útfæra það. En á sama tíma neita þessir ágætu menn að leiðrétta gengið og laga stöðu sjávarútvegsins og fiskiðnaðar í samræmi við það. Þó hefur hæstv. forsrh. margsinnis sagt að gengi íslensku krónunnar væri ranglega skráð og nefnt í því sambandi töluna 15%. Við sjálfstæðismenn leggjum áherslu á að gengið sé rétt skráð og að atvinnuvegirnir og sérstaklega útflutningsatvinnuvegirnir séu reknir hallalaust. Við leggjum áherslu á samdrátt í ríkisútgjöldum og einnig leggjum við áherslu á óbreytta skatta. Þessum leiðum hefur hæstv. núv. ríkisstjórn hafnað.

En að lokum vildi ég ítreka spurningu hv. þm. Halldórs Blöndals til hv. þm. Karvels Pálmasonar. Það væri fróðlegt að fá að heyra afstöðu hans í fyrsta lagi til þess sem Alþýðusamband Íslands hefur ákveðið með kæru sinni um að í 4. gr. þess frv. sem hér er til umræðu felist mannréttindabrot og einnig væri fróðlegt að heyra hvort hann sem stjórnarmaður í miðstjórn Alþýðusambands Íslands ætli að greiða atkvæði með öðrum hætti hér á hinu háa Alþingi en hann virðist hafa gert í miðstjórn Alþýðusambandsins. Þar virðist hv. þm. hafa samþykkt að kæra beri ríkisstjórn fyrir mannréttindabrot, en þegar hann kemur á Alþingi verður fróðlegt að sjá hvernig hann hyggst bregðast við sinni eigin samþykktu kæru. Er ekki hv. þm. í miðstjórn Alþýðusambandsins? (**KP:** Jú, jú.) Ég hlýt að gera ráð fyrir því að hv. þm. gegni skyldustörfum sínum þar og mæti á miðstjórnarfundum og hafi tekið þátt í afgreiðslu þessa máls, en hann getur þá, hv. þm., leiðrétt það eða komið með skýringar hér á eftir. (**Gripið fram í:** Allt kemur þetta í ljós.)

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Það var ekki ætlan mín að taka aftur til máls við þessa umræðu, ég taldi mig hafa gert því skil sem ég ætlaði að segja varðandi bráðabirgðalögin frá því í maí sl. Mig langaði þó að

gera nokkrar athugasemdir við einstök atriði sem hafa komið fram í umræðunni í dag.

Ég sakna þingflokksformanns Alþfl., hv. 3. þm. Vesturl. (**EG:** Hann er hér.) Gott. Það fór eitthvað fyrir brjóstið á honum að ég nýtti mér kafla úr frv. til laga um húsnæðislánastofnanir þegar ég var að gera grein fyrir þeirri brtt. okkar við bráðabirgðalögin frá því í maí þar sem við þm. Borgfl. leggjum til að óheimilt verði að tengja fjárskuldbindingar við hvers kyns vísitölu frá og með 1. apríl nk. Ég leyfði mér að lesa upp kafla úr greinargerðinni með þessu frv. þar sem fjallað er um lánskjör og áhrif vísitölutengingar við fjárskuldbindingar og hvaða aðrar leiðir eru tiltækar. Ég get ekki annað en ráðlagt hv. 3. þm. Vesturl. að lesa þessa greinargerð einu sinni enn því ég veit vel að hér er um dálítið flókna hluti að ræða og er ekki víst að hann hafi náð þessu alveg þegar ég sagði frá þessu í ræðu minni. Því bendi ég honum á að lesa þetta mjög vandlega yfir.

Það vekur athygli mína að eitthvað virðist fara fyrir brjóstið á þeim alþýðuflokksmönnum að við höfum leyft okkur að koma fram með hugmyndir og flytja nýjar tillögur í húsnæðismálum. Þeir telja sig eina eiga rétt á þeim málaflokki. Hins vegar hefur það ekki verið burðugt sem komið hefur frá þeim hingað til varðandi húsnæðismálin enda eru þau í sama ólestri og verið hefur og lítil bót fyrirsjáanleg.

Hæstv. menntmrh. auglýsti eftir tillögum stjórnarandstöðuflokkanna og taldi þá lítið hafa haft fram að færa í sambandi við lausn efnahagsvandamála þjóðfélagsins og varaði eindregið við hugmyndum stjórnarandstöðuflokkanna um gengisfellingu, ef ég man rétt. Ég vil mótmæla þessu og bendi á að við þm. Borgfl. höfum margoft lýst ýmsum leiðum sem hægt væri að fara. M.a. höfum við lagt til, þó það kunni að vera lengri tíma mál, að stokka verði fjármál ríkisins algjörlega upp og byrja frá grunni. Til þess að bjarga málum eins og nú horfir er að sjálfsögðu ekkert annað að gera en að skera niður og reyna að halda ríkisútgjöldunum á svipuðu róli og þau voru t.d. fyrir árið 1986. Sú útgjaldaaukning sem varð milli ára þegar ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar kom til valda eftir kosningar 1987 er náttúrlega alveg skelfileg. Þegar fjárlög hækkuðu á milli ára um næstum því 50%, þó svo að þar hafi verið um að ræða verðbólgu upp á kannski 20–30%, var um að ræða mikla magnaukningu í fjárlögum. Þá vaknar spurningin hvort ekki er hægt að skrúfa til baka eitthvað af þessari magnaukningu sem þá átti sér stað og hvað þá heldur að vera að tala um magnaukningu á milli ára núna eins og staðan er í þjóðfélaginu.

Við erum engir gengisfellingarmenn, þm. Borgfl. en við hljótum að viðurkenna staðreyndir eins og aðrir þingmenn. Raungengi íslensku krónunnar er allt of hátt enda kemur það fram í geigvænlegum viðskiptahalla og miklum erfiðleikum hjá öllum útflutningsfyrirtækjum. Ég hef margsinnis bent á þetta og vísað í útreikninga sem við höfum látið gera þar sem ljóslega kemur fram, þegar þróun mála er skoðuð frá því að lánskjaravísitala var fyrst tekin upp 1. júní 1979, að líklega er raungengi íslensku krónunnar orðið helmingi of hátt miðað við þróun annarra helstu gjaldmiðla sem við eigum viðskipti í. En það er alveg ljóst að ekki er bara hægt að fella gengið með þeim hætti sem gömlu flokkarnir hafa gert hér ár eftir ár. Það rifjast t.d. upp fyrir mér að í aðgerðum ríkisstjórnarinnar í maí sl. var engu líkara en þetta væri í einhverjum karlaklúbbi þar sem greidd voru atkvæði um tillögur. Einn bað um 10% gengisfellingu, annar bað um 15% og þriðji bað um 20% og svo var bara rétt upp hönd og sú tillaga sem fékk flest atkvæði var valin. Það nær náttúrlega engri átt að stýra efnahagsmálum einnar þjóðar með þessum hætti. Við höfum margoft bent á að ef fella þurfi gengið verði það gert á þann hátt að fyrst sé reiknaður út allur efnahagsmálapakkinn og því stillt upp í debet og kredit, ef svo má að orði komast. Gengisfellingin er síðan hrein afgangsstærð þegar búið er að gera dæmið upp og reikna það til botns. Þá kann að vera að hreyfa þurfi gengið lítillega til þess að fá dæmið endanlega til að ganga upp, en að gera það eins og hingað til hefur verið gert, með því að slöngva fram einhverjum tölum og greiða atkvæði um þær í ríkisstjórninni, eins og virtist vera gert hér sl. vor, er náttúrlega algjörlega fráleitt. Það er mikill munur á því, hæstv. menntmrh., hvort gengið er fellt með þessum hætti, eins og vel kann að vera að núv. hæstv. ríkisstjórn fyrirhugi að gera eftir áramótin, eða hvort gengisfellingin er reiknuð afgangsstærð eftir að búið er að fara ofan í saumana á efnahagsmálunum.

Það var mjög athyglisvert að hlýða á orðaskipti hæstv. sjútvrh. og hv. 4. þm. Vesturl. Eftir að hafa hlýtt á ræður þessara hv. þingmanna er ég ekki í neinum vafa um að þar kom berlega í ljós hversu röng fiskveiðistefnan er. Það rifjast upp fyrir mér að þegar við ræddum hér fiskveiðistefnuna um þetta leyti fyrir ári síðan var m.a. bent á að í frv. komu orðin „ráðherra ákveður", „ráðherra ákvarðar" eða „ráðherra er heimilt" líklega 30 eða 35 sinnum fyrir. Skyldi því engan undra þó að mál eins og hér var til umræðu áðan skuli koma upp.

Mig langar í þessu sambandi rétt að rifja upp tvær tillögur sem við þm. Borgfl. fluttum í sambandi við fiskveiðistefnumálið. Það var í fyrsta lagi að settur yrði á stofn fiskveiðidómstóll þangað sem hægt væri að skjóta ágreiningsmálum, eins og kannski því ágreiningsmáli sem hér hefur verið til umræðu. Það er algjörlega fráleitt að hæstv. ráðherra og embættismenn hans í ráðuneytinu séu að ráðskast með þessi mál með þeim hætti sem hér hefur verið lýst. Ég fer að sjá að þessi tillaga er líklega mikilvægari en við töldum sjálfir þegar við lögðum hana fram í fyrra. Það verði stofnaður fiskveiðidómstóll til þess að fjalla um slík ágreiningsmál sem hér hefur verið lýst. Önnur tillagan sem við lögðum fram í sambandi við fiskveiðistefnuna var sú að kosin skyldi sjö manna framkvæmdanefnd um stjórnun fiskveiða af hinu háa Alþingi, með svipuðum hætti og húsnæðismála-

stjórn og stjórn Byggðastofnunar eru kosnar, til þess að stjórna fiskveiðum í umboði ráðherra. Ráðherra verður að vísu æðsti yfirmaður þessara mála eins og hlýtur að vera, hann er jú handhafi framkvæmdarvaldsins, en þessi mál verða samt sem áður stjórnunarlega í höndum framkvæmdanefndar sem er kosin beinni kosningu á Alþingi.

Ég ætla ekki að tefja þessar umræður frekar, virðulegi forseti. Ég veit að hér bíða fleiri mál og við höfum næg tækifæri til þess að láta gamminn geisa þegar við tökum fyrir seinni bráðabirgðalögin, svokölluð Steingrímslög.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu mikið en ég taldi nauðsynlegt að benda á nokkur atriði í sambandi við það sem kom fram í svari hæstv. sjútvrh. við því sem ég sagði í fyrri ræðu minni.

Í fyrsta lagi benti hæstv. sjútvrh. á að allir hefðu verið sammála um, þegar gengið var frá núverandi fiskveiðistefnu, að nauðsynlegt væri að hafa eftirlit með veiðunum og fylgjast með því að ekki yrði farið fram úr kvóta og verið að plata kerfið, ef mætti orða það svo. Hann sagði einnig að ég hefði í umræðu um þann þátt bent á ýmsar leiðir sem þar væri hægt að fara og væru farnar. Þetta er alveg rétt hjá hæstv. ráðherra, ég benti á það. Kannski einmitt vegna þess að ég benti á það finnst mér erfitt að vera í þeim sporum að geta ekki haldið þeirri umræðu áfram og gagnrýnt ýmsa hluti í sambandi við eftirlit með fiskveiðum vegna þess að ég hef verið ákærður fyrir að vera einn af aðilunum í þeim leik.

Það er dálítið sérstök staða að vera í þeirri stöðu inni á hv. Alþingi að geta ekki rætt um þessi mál nema finna fyrir því að þeir sem taka þátt í umræðunni eða hlusta á hana geta sagt sem svo: Ja, þessi hv. ræðumaður, það er nú ekki mikið mark á honum takandi vegna þess að hann hefur verið ákærður fyrir að hafa tekið þátt í öllu þessu svindli. Þannig eru hlutirnir, þannig hefur þetta verið og það er alveg rétt sem hæstv. sjútvrh. sagði að á undanförnum árum hef ég gagnrýnt fiskveiðistefnuna og einmitt þennan þátt hennar, þ.e. eftirlitið og hvað væri að gerast í sambandi við þessa fiskveiðistefnu þegar verið er að veiða miklu meira en kvótinn raunverulega gerði ráð fyrir.

Hæstv. ráðherra sagði að búið væri að gefa út fjölda úrskurða, ekki efa ég það. Ég veit líka að búið er að gefa út fjölda úrskurða og maður heyrir ýmislegt um þá úrskurði. Maður veit að sumir hverjir standa í þeim sporum að verða að viðurkenna á sig sök jafnvel þó að þeir séu saklausir vegna þess að frammi fyrir framkvæmdarvaldinu er erfitt að halda fram málum á þann veg að þurfa að sanna sakleysi sitt. Sumir úrskurðir sem búið er að gefa út munu jafnvel bíða eftir því að þetta einstaka mál, sem ég hef hér rætt og snertir mig sjálfan, fái framgang hjá dómstólum. Hæstv. ráðherra sagði að ég hefði kosið þá meðferð mála að reka málið fyrir dómstólum. Hvað átti ég að gera annað? Átti ég að gefast upp fyrir ósannindum ráðherrans og samþykkja? Hvaða leið var mér fær önnur en að vísa málinu til dómstóla? Þetta var eina leiðin til að reyna að sanna sakleysið. Ég er ekkert viss um að geta sannað sakleysi mitt gegn framkvæmdarvaldinu, bæði gegn sjútvrh. og nú dómsmrh. Ég er alls ekki viss um það. Það er alveg útilokað að hægt sé að treysta því að hægt sé að koma málum á þann veg, þegar búið er að ákæra mann og búa til sakir, að hægt sé að hreinsa sig af þeim frammi fyrir dómstólum. En ég treysti íslensku réttarkerfi og meira að segja hæstv. dómsmrh. það vel að þegar öllu er á botninn hvolft verði sannað sakleysi mitt og okkar félaganna sem að þessu máli stöndum.

Ég tala um þetta sem mitt mál. Ég er ekki eins og hæstv. ráðherra að ég segi að þetta sé mál starfsmanna minna. Þegar þessir hlutir áttu að hafa komið fyrir vestur á Hellissandi var ég meðal ykkar hv. þingmanna á Alþingi. Ég var því miður ekki að stjórna því ágæta fólki sem skilaði mjög góðri nýtingu út úr mínu fyrirtæki, því miður. En ég er stoltur af því að vera málsvari þeirra. Ég er ekki eins og hæstv. ráðherra sem segir að hann sé ekki ábyrgur fyrir því sem sínir starfsmenn gera. Þetta eru ekki hin daglegu störf ráðherra, þetta eru störf starfsmannanna. Slík er nú reisnin. Gæti verið að ráðherrann sé að búast við því að hann fái þann dóm hjá íslenskum dómstólum að það sem hann hefur ákært Jökul hf. fyrir verði sannað að séu ósannindi og uppspuni? Ætli hann sé að fría sig frá því að taka ábyrgð á því máli? Ég skal standa fyrir því máli svo lengi sem það verður rekið fyrir dómstólum og áfram. Jafnvel þó að ráðherra og það lið sem að honum stendur hafi tök á því að halda við sekt og halda við ákæru.

Hæstv. ráðherra segir að það muni verða haldið áfram að reka tryppin eins og lög gera ráð fyrir. Ja, mikil er sú reisn að halda áfram að reka mál á réttarríkinu Íslandi á þann veg að menn standa frammi fyrir því að verða að sanna sakleysi sitt. Haldið verði áfram þó að enginn sé til að vitna um hlutina, enginn til að bera vitni um að þessir hlutir hafi skeð, þá skuli samt haldið áfram málarekstri og haldið áfram að ákæra. Ja, mikil er reisnin. Ég segi að því miður hefur dómsmálaráðherra Íslands raunverulega staðfest að þannig eigi að reka dómsmál og sakamál á Íslandi. Ráðherra sagði að þetta væri ekki sakamál, þetta væri ekki ákæra um að hafa gert neitt af sér. Í þessu felst, eins og ég sagði hér áðan, ásökun um gróft fals. Ásökun um að hafa dregið stórkostlegt fjármagn fram hjá skatti, opinberum aðilum og launum til starfsmanna og hvað sem tengist slíkum feluleik. Hvað er sakamál ef þetta er það ekki? Ég veit það ekki. Ég get endurtekið að sá sem ber ábyrgð á því að falsa skýrslu sem er send opinberum aðilum, sá sem ber ábyrgð á því að hafa stungið einhvers staðar til hliðar einni og hálfri millj. kr. án þess að tíunda það til opinberra aðila á að verða sviptur þinghelgi. Það á að óska eftir því að

þinghelgi verði svipt af slíkum manni. Það á að óska eftir því að slík mál verði rannsökuð. Ekki á þann veg að viðkomandi þurfi að sanna sakleysi sitt heldur að þeir sem halda því fram þurfi að sanna sökina.

Lögin þurfa endurskoðunar við, ég held að það sé mikið satt. Þau hafa líka verið endurskoðuð smávegis á undanförnum árum, einu og einu orði hefur verið skotið inn, m.a. þegar við vorum að fjalla um þau á síðasta þingi. Þá var mikil nauðsyn að bæta því inn að sjútvrn. gæti fengið ókeypis allar upplýsingar sem það óskaði eftir hjá hverjum þeim aðila sem því dytti í hug að ákæra eða ásaka. Það varð að koma því inn að það yrði ókeypis. Það var nú öll reisnin. Það var ekki hægt að ætlast til þess að þegar ráðuneytið óskaði eftir einhverjum sérstökum upplýsingum eða vinnu frá þessu eða hinu fyrirtækinu að það yrði gert á eðlilegan máta, borgað yrði fyrir það ef sá aðili væri ekki sekur. Nei, nei, það skyldi bara vera ókeypis. Þetta var lagfæringin sem hæstv. ráðherra gerði í fyrra og ef hann stefnir að því að breyta lögunum núna á líkan veg er það ekki til þess að laga eða gera Ísland að betra réttarríki með nýjum fiskveiðistjórnarlögum.

Eg get ekki verið að endurtaka enn fsp. mína til ráðherra þó að hann teldi ekki ástæðu til að svara henni, en ég vil þó segja: Það er sérstök staða að vera hér í ræðustól á hv. Alþingi og hafa borið fram fsp. til sjútvrh. þjóðarinnar og ekki fengið svar um það hvort, ef farið væri að óskum hans, sem ég veit að margir munu gera, að reyna að auka verðmæti sjávarafla, auka nýtingu, bæta gæðin, þessir menn, þetta fólk, sem leggur sig fram í því, eigi á hættu að verða sótt til saka fyrir að hafa gert þessa hluti. Ég skal lýsa því yfir hér að bæði í haust og í fyrrahaust fór fyrirtækið Jökull hf. á Hellissandi fram úr þeirri nýtingarprósentu sem við erum ákærðir fyrir. Ef ráðherrann ætlar að vera samkvæmur sínum gjörðum á hann að senda liðið vestur á Hellissand og skoða þetta allt saman. Hann á að ákæra aftur. Gjörið svo vel. Ég er tilbúinn að standa frammi fyrir því þó að ráðherrann sé ekki tilbúinn að standa með sínu fólki.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Efnahagsaðgerðir, 2. umr.

Stjfrv., 8. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 8, n. 202 og 207, brtt. 203, 206, 208, 209, 212, 213.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Þá er komið að því að við ræðum seinni þátt þessa máls, þ.e. að forminu til þau bráðabirgðalög sem út voru gefin hinn 28. sept. þegar ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar tók við völdum. Þetta frv. til laga um efnahagsaðgerðir er 8. mál þingsins og hér liggur fyrir á þskj. 202 nál. frá meiri hl. fjh.- og viðskn.

Ég ætla ekki, herra forseti, að þreyta þingheim á því að endurtaka það sem ég sagði um uppbyggingu og aðdraganda málsins. Ég ætla einungis að gera grein fyrir nefndarstörfunum, áliti meiri hl. fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar, þeim brtt. sem meiri hl. flytur og fara síðan nokkrum orðum um efni málsins og aðdraganda almennt. Það má vera að það taki nokkurn tíma að gera þessu skil án þess að ég muni þó fjalla hér ítarlega um brtt. sem þm. stjórnarandstöðunnar hafa flutt og þeirra nál. Þó vil ég, herra forseti, segja þetta í upphafi míns máls: Það hefur verið gert úr því mál og lögð á það áhersla, m.a. í grein eftir hv. 2. þm. Norðurl. e. í Morgunblaðinu í morgun þar sem hann fjallar um tillögur stjórnarandstöðunnar og segir hér: „Stjórnarandstaðan hefur sýnt fulla ábyrgð með sínum tillöguflutningi á þessu þingi og vitna ég m.a. til sameiginlegs nefndarálits hennar um bráðabirgðalögin í því sambandi. Sú sameiginlega niðurstaða hlýtur að teljast fréttnæm.“ — Það er og. Það er nú svo að stjórnarandstaðan hefur skilað sameiginlegu nál. en séu tillögur stjórnarandstöðunnar skoðaðar ganga þær hreint ekki í sömu átt, heldur eru allar á tvist og bast og hver í sína áttina og mér sýnist raunar að það sé ekki einu sinni að samflokksmenn geti þar verið samferða. Og það er kannski líka fréttnæmt.

Á þskj. 202 liggur fyrir nál. frá meiri hl. fjh.- og viðskn. Nefndin hefur fjallað um þetta mál á mörgum fundum, löngum fundum, á stundum erfiðum fundum og oftar en ekki heldur leiðinlegum fundum, leyfi ég mér að segja og veit ég að margir hv. nefndarmanna geta tekið undir það með mér. Ég segi þetta vegna þess að kallað hefur verið á marga fulltrúa félaga og fyrirtækja og satt best að segja hefur það ekki alltaf verið mjög ánægjulegt að þurfa að sitja þar í forsæti undir þeim samtölum sem þar hafa átt sér stað vegna þess að það hefur því miður á stundum verið leitast við að drepa umræðunni á dreif og hefja almennar efnahagsmálaumræður þegar gestir hafa verið kvaddir til að svara spurningum um sérstök og afmörkuð viðfangsefni. Mér hefur a.m.k. ekki alltaf fundist það ánægjulegt.

Á átta fundum hefur verið fjallað um þessi mál og til viðtals við nefndina komu, því að rétt er að frá því sé greint hér, Gunnar Hilmarsson frá Atvinnutryggingarsjóði, Guðmundur Malmquist frá samráðsnefnd lánastofnana atvinnuveganna, Eyjólfur Jónsson, Guðmundur Þ. Jónsson og Daði Ólafsson frá Atvinnuleysistryggingasjóði, Ágúst Einarsson og Ágúst V. Elíasson frá Samtökum fiskvinnslustöðva, Árni Benediktsson frá Félagi Sambandsfiskframleiðenda, Ólafur B. Ólafsson frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Lárus Jónsson frá Félagi rækju- og hörpudisksframleiðenda, Eiríkur Valsson frá Sölustofnun lagmetis, Kristján Ragnarsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Árni Kolbeinsson

frá Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins, Haraldur Sumarliðason og Þórleifur Jónsson frá Landssambandi iðnaðarmanna, Ólafur Davíðsson og Víglundur Þorsteinsson frá Félagi íslenskra iðnrekenda, Halla Holton frá Hildu, Aðalsteinn Helgason frá Álafossi, Ágúst Eiríksson frá Árbliki, Jón Ragnar Björnsson, fulltrúi loðdýraræktenda, Þórarinn V. Þórarinsson og Hannes Sigurðsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Sigurgeir Sigurðsson og Magnús E. Guðjónsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Hákon Sigurgrímsson, Haukur Halldórsson og Gunnlaugur Júlíusson frá Stéttarsambandi bænda, Guðjón Kristjánsson og Helgi Laxdal frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Óskar Vigfússon og Hólmgeir Jónsson frá Sjómannasambandi Íslands, Haraldur Hannesson og Ragnhildur Guðmundsdóttir frá BSRB, Ari Skúlason, Örn Friðriksson og Ragna Bergmann frá ASÍ, Eiríkur Guðnason frá Seðlabanka Íslands, Halldór Árnason frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Lárus Ögmundsson og Snorri Olsen frá fjármálaráðuneyti og Þórður Ólafsson frá bankaeftirliti. Með nefndinni starfaði, eins og ég hef áður greint frá, Sveinn Agnarsson, starfsmaður Ríkisendurskoðunar.

Frv. er til staðfestingar bráðabirgðalögum sem út voru gefin 28. sept. sl. er ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar tók við völdum.

Þá fylgdi þessum bráðabirgðalögum svohljóðandi rökstuðningur, með leyfi forseta:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt: Forsrh. hefir tjáð mér að brýna nauðsyn beri til að ákveða þegar aðgerðir til að koma í veg fyrir stöðvun mikilvægra útflutningsfyrirtækja, styrkja afkomu atvinnuvega, draga úr verðbólgu og lækka vexti, og koma þannig í veg fyrir yfirvofandi atvinnuleysi og leggja grunn að atvinnuöryggi og stöðugleika í efnahagslífinu."

Meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar þessarar hv. deildar telur að útgáfa bráðabirgðalaganna í lok september hafi verið nauðsynleg og óhjákvæmileg eins og sakir þá stóðu og lítur á útgáfu laganna sem mikilvægt skref í þeirri viðleitni að halda atvinnulífinu gangandi, lækka vexti og minnka verðbólgu. Ýmsum markmiðum hefur þegar verið náð, svo sem lækkun verðbólgu og lækkun vaxta. Ljóst er þó að á ýmsum sviðum í efnahagslífinu, bæði hjá fyrirtækjum og í ríkisfjármálum var ástandið sýnu lakara en upplýsingar lágu fyrir um þegar lögin voru sett.

Það hefur komið fram í fyrri umræðu um 20. og 21. mál að við teljum eðlilegast að fella þessi mál saman þannig að aðgengilegt sé í Stjórnartíðindum og þeim sem lögin lesa og eftir koma, hvaða lög séu í gildi. Því er þetta í rauninni nauðsynleg lagahreinsun.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með brtt. sem eru fluttar á sérstöku þingskjali, þ.e. þskj. 203, og mun ég nú gera grein fyrir þeim.

Fyrsta brtt. er við 3. gr., að við hana bætist nýr málsliður sem svo hljóði: „Þegar sérstaklega stendur á er sjóðnum heimilt að leysa til sín húseignir og búnað fyrirtækja sem lið í fjárhagslegri endurskipulagningu þeirra." Þessi brtt. er flutt af þeirri einföldu ástæðu að í reglugerð um sjóðinn er að finna ákvæði þessa efnis. Lögfróðum mönnum þótti hins vegar ekki alveg tvímælalaust að í lögunum væri heimild til að gera þetta. Þessi brtt. er því flutt til að taka af tvímæli um þennan efnisþátt.

Í öðru lagi er flutt brtt. um að 12.–16. gr. laganna falli brott, þ.e. meginhluti kaflans um verðlags- og kjaramál. Svo sem áður hefur komið fram er ætlunin að þessi kafli verður felldur inn í hin fyrri lög þannig að þarna sé fullt samræmi og við séum ekki að samþykkja lög sem búið er í rauninni að breyta með öðrum lögum.

Þá er í þriðja lagi sú brtt. við 20. gr. laganna sem fjallar um vaxtaákvarðanir, þ.e. að dráttarvextir skuli reiknast sem dagvextir, mikilvæg breyting, að hún verði orðuð með þeim hætti sem hér segir, með leyfi forseta: „Dráttarvextir skulu ætíð reiknast sem dagvextir. Þó skulu haldast óbreytt til 1. júlí 1989 ákvæði um útreikning dráttarvaxta í lögum um innheimtu opinberra gjalda til ríkissjóðs og sveitarsjóða."

Það var talið nauðsynlegt að gefa þarna nokkurn umþóttunartíma til að breyta reiknikerfum hjá opinberum aðilum þannig að þetta væri í rauninni framkvæmanlegt. Fulltrúar Sambands ísl. sveitarfélaga fóru fram á breytingu á þessari grein sem gekk í rauninni lengra, en hér er ætlaður allrúmur aðlögunartími, þannig að menn geti aðlagað sínar reiknivélar og tölvur þessari breytingu.

Þetta eru þær breytingar sem meiri hl. fjh.- og viðskn. flytur við frv. Ég vildi hins vegar, herra forseti, geta eins að lokum varðandi þetta: Mér hefur verið bent á að í 25. gr. laganna segir: „Lög þessi öðlast þegar gildi." Síðan segir: „Ákvæði 20. gr. öðlast þó ekki gildi fyrr en 1. nóv. 1988. Gjald skv. 10. gr. skal innheimt vegna landana erlendis sem eiga sér stað eftir 30. sept. 1988." Síðan kemur 26. gr. sem segir: „Lög þessi öðlast þegar gildi."

Þar sem í 25. gr. er þegar búið að segja „Lög þessi öðlast þegar gildi" sé ég ekki, virðulegi forseti, að nauðsynlegt sé að bera 26. gr. upp. Því megi einfaldlega sleppa.

Það mætti spyrja sem svo: Hver er munurinn á þeirri löggjöf sem við nú ræðum og þeirri löggjöf eða þeim lögum sem við ræddum áðan, þ.e. hver er munurinn á lögunum sem ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar gaf út og lögunum sem ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar gaf út.

Í grundvallaratriðum stefna þessi lög að sama marki, þ.e. að bæta stöðu fyrirtækja, koma í veg fyrir lokun fyrirtækja, koma í veg fyrir atvinnuleysi, koma í veg fyrir víxlhækkanir verðlags og launa, draga úr verðbólgu og lækka vexti. Það eru í grundvallaratriðum sömu markmið sem liggja að baki þessari lagasetningu. Hins vegar eru lögin frá 28. sept. miklum mun flóknari, taka til fleiri atriða en hin fyrri. Lögin frá 28. sept. skiptast í fjóra kafla. Fyrsti kaflinn fjallar um Atvinnutryggingarsjóð,

annar kafli um breytingar á bráðabirgðalögum Þorsteins Pálssonar, um kaupfestingu, og hér er gert ráð fyrir verðstöðvun til 15. febr. Í þriðja kafla er fjallað um vaxtamál og dráttarvexti sem ég vék að hér áðan og í fjórða kafla eru ýmis ákvæði.

Hér hefur verið mikil umræða og hv. þm. Sjálfstfl. hafa haft mjög hátt þegar við höfum verið að ræða bráðabirgðalög Þorsteins Pálssonar. Þá liggur auðvitað fyrir að spyrja: Hafði hæstv. forsrh. Þorsteinn Pálsson ekki stuðning sinna þingmanna þegar hann var að gefa þau lög út? Svo er að heyra nú sem nokkur vafi kunni á því að leika. Út af hverju er allur þessi hamagangur sem hér hefur verið uppi? Hann er fyrst og fremst út af ákvæðunum í I. kafla laganna, um Atvinnutryggingarsjóð. Hann er fyrst og fremst vegna þeirra. Hvað segja hv. þm. Sjálfstfl.? Þeir segja: Það á að grípa til almennra aðgerða, ekki sértækra aðgerða — og finna þessum sjóði flest til foráttu.

Það má auðvitað segja sem svo að engin mannanna verk eru fullkomin og allt þolir og þarf gagnrýni. Þessi sjóður var settur á laggirnar til þess að bregðast við neyðarástandi í fiskiðnaðinum og hjá fiskvinnslunni, neyðarástandi sem hafði skapast í tíð ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar þar sem stöðugt hafði sigið á ógæfuhliðina án þess að að væri gert, og ástandið varð miklu verra en menn uggði og menn gerðu sér grein fyrir. Það var ljóst að fyrirtæki í sjávarútvegi, í fiskvinnslu, fiskiðnaði, stóðu ákaflega misjafnlega. Það var því ekki eðlileg og rétt aðgerð að grípa til björgunaraðgerða sem fælust í einhverjum jöfnunaraðgerðum sem væru jafnt fyrir alla aðila. Það var alveg ljóst að að meta þyrfti stöðu fyrirtækjanna og koma þeim til aðstoðar með ýmsum og ólíkum hætti. Það hefur þegar verið gert að nokkru leyti. Það hefur verið gagnrýnt hvernig staðið er að skipan þessa sjóðs. Auðvitað má að því finna eins og öllu öðru, öllum slíkum fyrirkomulagsreglum. Auðvitað má gera aðrar tillögur. Ég sé t.d. ekki betur en að hv. þm. Halldór Blöndal, sem situr í stjórn Byggðastofnunar, hafi gert tillögur um að öll þessi mál færist þangað. Hann leiðréttir mig ef þetta er rangt. Ég er ekki viss um að þessum málum væri betur komið ef það væri stjórn einhverrar stofnunar, þar sem þingmenn, hv. alþingismenn, með fullri virðingu fyrir þeim, eiga sæti, ætti að sjá um þetta. Ég held að fagleg sjónarmið hafi ráðið að verulegu leyti og að langmestu leyti um skipan þessa sjóðs. Ég ætla ekkert að dæma hvernig þar hefur til tekist um lánveitingar. Þetta eru mjög erfið mál, eins og fram hefur komið, í byggðarlögum þar sem allt atvinnulíf bókstaflega hangir á einum þræði, þar sem er kannski eitt meginfyrirtæki á staðnum eins og við þekkjum dæmi um. Ætluðu menn að horfa þegjandi upp á það að slíkt stöðvaðist allt og færi allt í rúst? Svo er stundum að heyra.

Ástandið var einfaldlega þannig að það varð að grípa til aðgerða svipaðra þessum. Auðvitað mátti fara ýmsar aðrar leiðir um einhver atriði, það er alveg rétt, en það varð eitthvað að gera og staðreyndin var sú að ekkert hafði verið gert. Ég og minn flokkur berum auðvitað fulla ábyrgð á því líka sem aðilar að síðustu ríkisstjórn að ekki var brugðist nægilega skjótt við. Það er undarlegt að heyra þá sjálfstæðismenn tala núna sem fullkomlega ábyrgðarlausan flokk, fullkomlega ábyrgðarlausan, sem raunar sagði ekki neitt á þeim tíma þegar vandinn steðjaði að en hefur núna ráð undir rifi hverju að heyra má á þeim hv. þm. flokksins.

Ég gæti, virðulegi forseti, lesið hér langt mál úr fundargerðum fjh.- og viðskn. sem Sveinn Agnarsson viðskiptafræðingur hefur skrifað. Það hefur verið mikið rætt um skuldabréfin sem þessi sjóður getur gefið út til skuldbreytinga. Það hefur verið mikið rætt um hugsanleg afföll af þeim. Þetta eru vandamál sem öllum eru ljós en vonandi tekst að yfirstíga.

Á fund fjh.- og viðskn. 10. nóv. komu formaður stjórnar Atvinnutryggingarsjóðs, Gunnar Hilmarsson, og Guðmundur Malmqvist, sem er formaður samráðsnefndar. Þar kom m.a. fram að þá höfðu engin skuldabréf verið gefin út. Þar var líka rætt um hlutverk þessarar svokölluðu samráðsnefndar stjórnar sjóðsins og lánastofnana, en hlutverk þeirrar nefndar er að gera tillögur um meðferð einstakra umsókna. Starfsmenn Byggðastofnunar sjá um skráningu umsóknanna og láta þær síðan ganga til samstarfsnefndarinnar sem leggur þær síðan fyrir Atvinnutryggingarsjóð.

Ég tel að það sé nauðsynlegt að greina í nokkrum atriðum frá því hvernig þetta fer fram. Umsóknirnar geta verið af tvennum toga, annars vegar lán til hagræðingar og framleiðniaukningar og hins vegar lán til skuldbreytinga. Fyrir mánuði voru 35 umsóknir komnar og þeim hefur fjölgað verulega síðan. Og sumar eru mjög háar, ein upp á 206 millj. kr., önnur upp á 300 millj. kr. Þrír fjórðu hlutar þessara umsókna hafa komið frá fyrirtækjum í sjávarútvegi. Flestar eru frá frystihúsum og rækjuframleiðendum.

Það kom fram í máli Gunnars Hilmarssonar, stjórnarformanns sjóðsins, á þessum fundi að markmiðið með Atvinnutryggingarsjóði sé að aðstoða þau útflutningsfyrirtæki sem ætla megi að hægt sé að skapa viðunandi rekstrargrundvöll með hagræðingu og skuldbreytingu. Það var fjallað mjög ítarlega um þetta á þessum fundi nefndarinnar. Það var einnig fjallað um stöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs, lagalegan grunn hans og veittar ítarlegar upplýsingar um það mál.

Á fjórða fund nefndarinnar komu fulltrúar samtaka fiskvinnslunnar. Það kom mjög skýrt fram í nefndinni að ýmsir þeirra fulltrúa höfðu efasemdir um þetta fyrirkomulag. Það kom fram að að mati samtaka fiskvinnslustöðva er frystingin núna rekin með 5–6% halla. Það kom líka fram að hallinn ætti e.t.v. eftir að aukast í 10–11% þegar greiðslur úr Verðjöfnunarsjóði brýtur. Ef þar að auki er tekið tillit til aukinnar vaxtabyrðar vegna taprekstur í ár og aflasamdráttar sem búist er við að verði næsta ár, þá telja forustumenn samtaka fiskvinnslustöðva að

hallinn á frystingunni næsta vor geti verið kominn í 16–20% verði ekkert að gert.

Það er líka best að skýra frá því hér hvaða aðgerðir Ágúst Einarsson, formaður samtaka fiskvinnslustöðva, taldi á fundi nefndarinnar að þyrftu til að koma til þess að bjarga stöðu fiskvinnslunnar. Hann sagði: Í fyrsta lagi gengissig. Í öðru lagi 10–15% kaupmáttarrýrnun. Í þriðja lagi hærri skattar. Í fjórða lagi hallalaus ríkissjóður. Í fimmta lagi minni fjárfestingar. Í sjötta lagi var nefnt að það kynni að koma til aukið atvinnuleysi. (**Gripið fram í:** Í sjötta lagi atvinnuleysi, eins og það er bókað.)

Það kom fram þarna að verð á íslenskum sjávarafurðum hefur lækkað mjög mikið bæði í Evrópu og Bandaríkjunum á seinni hluta þessa árs. Hins vegar væri ekki útlit fyrir frekari lækkanir og það hefur raunar verið staðfest í fréttum nú að undanförnu.

Það kom sem sagt mjög glöggt fram hjá þessum fulltrúum Sambands fiskvinnslustöðvanna hversu slæmt ástandið er. Og ég er sannfærður um að þeir hafa ekkert dregið úr. Ég er hins vegar ekki sannfærður um að það sé alveg nákvæmlega jafnslæmt og þeir gerðu grein fyrir.

Á fundum nefndarinnar var líka rætt mjög um stöðu Verðjöfnunarsjóðs. Formaður stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins kom á fund nefndarinnar og í máli hans kom fram að stuðningsmönnum Verðjöfnunarsjóðs hefði fækkað nokkuð undanfarin missiri, en hann lagði áherslu á að það væri ekkert í bráðabirgðalögunum sem bryti í bága við grundvallarreglurnar um Verðjöfnunarsjóð. Meginreglur sjóðsins væru tvær: Að útgreiðslur kæmu fram sem uppbætur á afurðaverð, ekki sem greiðslur til sérstakra aðila, og að ekki mætti færa fjármagn milli deilda sjóðsins.

Á fund nefndarinnar komu líka fulltrúar Landssambands iðnaðarmanna og Félags íslenskra iðnrekenda. Þeir röktu þann vanda sem þessar atvinnugreinar ættu við að stríða og voru ekki bjartsýnir á framtíðina. Og þeir höfðu ekki mikla trú á Atvinnutryggingarsjóði, það skal segjast eins og er, og lögðu áherslu á það að hraði samdráttarins í efnahagslífinu væri meiri en menn hefðu gert sér grein fyrir. Þeir létu satt að segja ýmis þung orð falla um þennan sjóð og töldu hann til lítils.

Á fund nefndarinnar komu einnig fulltrúar Vinnuveitendasambands Íslands og að sjálfsögðu komu fulltrúar launþegasamtakanna líka. Það er búið að lesa þeirra ályktanir og greinargerðir hér einu sinni úr þessum ræðustól og ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það. Það var rætt við fulltrúa vinnuveitenda um það hátterni banka og lánastofnana að taka erlend lán á lágum vöxtum og endurlána til innlendra fyrirtækja á miklu hærri vöxtum. Það var gagnrýnt harðlega og hefur raunar verið til umræðu í nefndinni í tengslum við ýmis önnur mál.

Mér er líka skylt að geta þess að framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands lýsti því sem óþolandi ástandi að lög frá fjórða áratugnum skyldu enn vera hér við lýði, þ.e. lög um verkalýðsfélög og vinnudeilur, og taldi tímabært að endurskoða það fyrirkomulag. Það er mat Vinnuveitendasambandsins að atvinnuleysi geti farið upp í 3% í janúar–febrúar á næsta ári.

Ég gæti auðvitað, virðulegi forseti, rakið býsna margt fleira úr þessum umræðum í nefndinni. Raunar var það nú svo að umræðan fór oft mjög á víð og dreif og var miklu frekar verið að ræða almenn efnahagsmál, vaxtastefnu og ýmislegt fleira, heldur en þessi sérstöku bráðabirgðalög.

Fulltrúar BSRB sem komu á fundi nefndarinnar lýstu mikilli andstöðu við lögin og sögðust vilja nota tækifærið til að mótmæla því harkalega þegar enn væri í sama knérunn vegið að launþegum. Á þeim fundi var líka rætt töluvert mikið um lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna og fleira því skylt.

Á sama fund nefndarinnar komu fulltrúar Alþýðusambands Íslands, þau Ari Skúlason, Örn Friðriksson og Ragna Bergmann. Þau lögðu fyrir nefndina þrjár ályktanir sem samþykktar voru á þingi Alþýðusambands Íslands sem fjallaði um samningsrétt, atvinnumál og kjaramál og hafa raunar þegar verið kynntar hér úr þessum ræðustóli. Hjá fulltrúum Alþýðusambandsins kom fram að lög á borð við bráðabirgðalögin fældu félög frá því að gera ábyrga samninga. Slík löggjof hefði slæm áhrif fram í tímann og skerti ekki aðeins hag launþega á þeirri stundu sem lögin væru sett. En í ályktun Alþýðusambandsins um kjara- og efnahagsmál kemur fram að vaxtakostnaðurinn sé mesti bölvaldurinn í íslensku efnahagslífi en ekki launin. Fulltrúar Alþýðusambandsins töldu jafnframt að lækkun vaxta ein mundi ekki leysa vandann sem nú blasti við og að launahækkanir á þessu ári væru ekki til komnar vegna samninga heldur fyrst og fremst vegna launaskriðs. Þá kom fram að Alþýðusamband Íslands gerði kröfu um að annaðhvort yrðu bæði lán og laun bundin vísitölu eða hvorugt. Og Ari Skúlason benti á að þótt lánskjaravísitala yrði afnumin mætti í raun halda áfram verðbindingu lána með því að hafa nafnvexti háa.

Fulltrúar Alþýðusambands Íslands lýstu einnig andstöðu við söluskatt á matvæli og ítrekuðu að nauðsynjavörur ættu að vera á sem lægstu verði vegna þess hve þær vægju þungt í framfærslu launafólks. Þau sögðu að verð á nauðsynjavöru væri mun hærra hér en í helstu nágrannalöndunum og þetta hefði slæm áhrif á uppbyggingu ferðamannaiðnaðar í landinu. Síðan var nokkuð rætt um uppsagnarákvæði samninga og fulltrúar Alþýðusambandsins, sem komu á fund nefndarinnar, bentu á að margir kjarasamningar sem rynnu út í upphafi næsta árs væru án uppsagnarákvæða og hlytu því að verða lausir 15. febrúar.

Á fund nefndarinnar 2. þ.m. kom formaður stjórnar Atvinnutryggingarsjóðs, Gunnar Hilmarsson. Það var nú að vísu svo að formaður átti ekki kost á því að sitja þann fund vegna skyldustarfa annars staðar. Á þeim fundi var spurt hvort útgerðarfyrirtæki mundu ekki fá aðstoð frá Atvinnutrygg-

ingarsjóðnum vegna þess að þau væru ekki útflutningsfyrirtæki eins og kveðið væri á um í lögunum. Formaður stjórnar Atvinnutryggingarsjóðs sagði að ekki hefði verið auglýst að útgerðarfyrirtæki fengju enga aðstoð og taldi eðlilegt að þau legðu inn umsóknir. Sömu aðilar rækju oft bæði útgerð og fiskvinnslu og við afgreiðslu yrði að taka tillit til þess. Hinn 2. þ.m. voru 100 umsóknir komnar til sjóðsins. Þar af höfðu tíu verið afgreiddar og af þeim voru þrjár komnar í endurskoðun.

Í reglugerð um sjóðinn er tekið fram að einungis þau fyrirtæki komi til álita við lánveitingu eða skuldbreytingu þar sem grundvöllur telst vera fyrir rekstri að loknum skipulagsbreytingum á fjárhag og rekstri. Spurt var á fundinum hvaða meðhöndlun fyrirtæki fengju sem hefðu fengið greiðslustöðvun eða þurft hefðu að ganga til nauðungarsamninga. Formaður stjórnar sjóðsins svaraði því til að hjá sjóðnum væru nú umsóknir frá tveim fyrirtækjum sem hefðu fengið greiðslustöðvun en ekki væri búið að afgreiða þau mál. Þá var og spurt um afföll af skuldabréfum Atvinnutryggingarsjóðs og formaður svaraði því að það væri erfitt að segja til um það, enda hefðu engin bréf verið seld. Eitt dæmi þekkti formaðurinn þar sem lánardrottinn fór fram á tæplega 42% ofan á bréfin. Formaður stjórnar sjóðsins taldi að þessi umræða um afföll af bréfunum væri komin frá fjárfestingarfélögunum sem ætluðu sér að ná fram hagnaði með því að kaupa þessi bréf með mjög miklum afföllum.

Ég held ekki, virðulegi forseti, að ástæða sé til að rekja mikið frekar úr fundargerðum nefndarinnar. Það er hægt ef ástæða er til og spurt er um einstök atriði. Mun ég því ekki gera það frekar að svo komnu máli nema sérstakt tilefni gefist til. Það er vissulega margt í þessu sem ástæða væri til að nefna. Enda þótt umræðan hafi oft verið mjög almenns eðlis í nefndinni og tekið langan tíma, þá hefur verið orðið við öllum óskum sem fram hafa komið frá stjórnarandstöðunni um að kalla menn til fundar og allra þeirra gagna verið aflað sem um hefur verið beðið. Þess vegna hafa þessir fundir tekið langan tíma og umfjöllun málsins kannski verið tímafrekari en við í nefndinni reiknuðum með. En það er þá eingöngu vegna þess að reynt hefur verið að koma til móts við allar óskir sem fram hafa komið.

Nú er það ljóst að hér er við mikinn og margvíslegan vanda að etja. Það hefur verið gagnrýnt mjög af hálfu stjórnarandstöðunnar, sérstaklega af þm. Sjálfstfl., það sem gert hefur verið. Ég hef hins vegar ekki heyrt tillögur þeirra til lausnar þessum vanda. Ég heyrði hv. þm. Guðmund H. Garðarsson segja hér áðan: „Enga nýja skatta. Óbreytt útgjöld frá í fyrra.“ En ég spyr hann: Gengur það dæmi upp? Hann getur svarað því þegar hann kemur hér í ræðustól aftur á eftir. (**GHG:** Svo til. Svo til, sagði ég.) Enga nýja skatta, engan niðurskurð. (**GHG:** Svo til óbreytta.) Þetta er bara eins og venjulega. Sjálfstfl. hefur ekkert fram að færa.

Við sem vorum í stjórn með Sjálfstfl. í þrettán mánuði erum reynslunni ríkari. Það er búið að reyna Sjálfstfl. í stjórn og hann brást. Hann brást sjálfum sér, hann brást samstarfsaðilunum og hann brást þjóðinni. Það er íhugunarefni fyrir þennan flokk sem einu sinni var stór og einu sinni var samstilltur og sterkur undir styrkri forustu. (Gripið fram í.) Undir styrkri forustu. (**GHG:** Lengi lifi heiðursfylkingin í Alþfl.) Nú er illa komið. Nú er illa komið á þeim bæ hjá Sjálfstfl. (**Gripið fram í:** Brugðust engir aðrir?) Formaður Sjálfstfl. þagði í þrettán mánuði á meðan hann var forsrh., en hann hefur fengið málið núna. Það hefur sagt við mig fólk sem fylgist með stjórnmálaumræðunni: Hvar var þessi maður? Hvar var þessi Þorsteinn Pálsson þegar hann átti að leiða ríkisstjórn? Formaður Sjálfstfl. fékk ekki málið fyrr en hann kom í stjórnarandstöðu. Það er sorglegt en satt. Og kannski er það svo að formanni Sjálfstfl. og Sjálfstfl. í heild lætur miklu betur að vera í óábyrgri stjórnarandstöðu heldur en að axla þá ábyrgð sem fylgir því að stjórna landinu og taka þær óþægilegu ákvarðanir sem þar þarf á stundum að taka.

Ég held að það sé að koma í ljós þessa dagana að Sjálfstfl. lætur miklu betur að vera í stjórnarandstöðu. Það eru einhver alveg ný hressileikamerki á formanni Sjálfstfl. eftir að hann losnaði undan þeirri þungu ábyrgð og því prúgandi fargi sem það virðist hafa verið á honum að sitja í stól forsrh. Hann hefur lifnað við, hv. þm. Þorsteinn Pálsson. Ég vildi bara að hann hefði gert það meðan við vorum með honum í stjórn. Það var lítið um málsvörn og varnir fyrir þá ríkisstjórn. Það urðu aðrir að annast það en hæstv. þáv. forsrh. Þorsteinn Pálsson. Hann kom ekki mikið nálægt þeim verkum. Þetta finnst mér vera sorgarsaga. Forustan týnd og tröllum sýnd. En það er að vissu leyti ánægjuefni fyrir þá sjálfstæðismenn að formaðurinn hefur nú vaknað af þyrnirósarsvefni. Ég segi ekki að Eyjólfur hafi hresst því að hv. þm. Eyjólfur, sem við höfum í þessari deild, er ákaflega hress og allt í lagi með hann. Hann er að vísu í minni hluta í Sjálfstfl. með sínar skoðanir á efnahagsmálum, en hann sættir sig vel við það.

Ég held að þjóðin hafi öðlast mjög merkilega reynslu að upplifa þetta sem gerðist með Sjálfstfl., er hann tók að sér ábyrgð á stjórn landsins. Það var að vísu mynduð fyrir hann ríkisstjórn. Formaður Sjálfstfl. tók við verkstjórninni í stjórnarmyndunarviðræðum þegar búið var að mynda ríkisstjórnina. En það er ekkert ný bóla hjá Sjálfstfl. Það hefur verið regla hin seinni árin að ríkisstjórnir eru myndaðar fyrir Sjálfstfl. Það gerði formaður Alþfl. sumarið 1987, það gerði formaður Framsfl., Ólafur heitinn Jóhannesson, á sínum tíma. Sjálfstfl. hefur ekki getað myndað ríkisstjórn upp á eigin spýtur svo lengi sem elstu menn muna og það er nokkuð langt síðan. Og mikið lifandi skelfing hlýtur það að vera erfitt að sofa við það allar nætur.

Sjálfstfl. hefur ekki gert neinar tillögur um úrlausn þess vanda sem við er að etja. Í september sl., þegar við alþýðuflokksmenn áttum enn samstarf við

Sjálfstfl., gerðum við ítarlegar tillögur um tafarlausar ráðstafanir í efnahagsmálum 8. sept. og það var lagt fram í ríkisstjórn, en þá var ráðleysið og verkstjórnin með þeim hætti að það gerðist ekkert fyrr en hæstv. þáv. forsrh. Þorsteinn Pálsson fór að hlýða ráðum hv. þm. Halldórs Blöndals og sprengdi stjórnina. (**Gripið fram í:** Og Guðmundar H. Garðarssonar.) Já, það hafa sjálfsagt fleiri góðir menn lagt á ráðin um þetta, ég efast ekkert um það. Það er stundum svo að ráð manna gefast ekki betur eftir því sem þeir koma fleiri saman. Það er nú gömul regla. (**HBl:** Hver sagði það?) Ég er að segja það að stundum gefast ráð manna ekki betur eftir því sem þeir koma fleiri saman. Ég hef ekkert sagt annað. (**HBl:** Er þetta ekki haft eftir Ólafi pá? Er það vitleysa?) Ég hef ekkert sagt um það, hv. þm. Halldór Blöndal.

En auðvitað var ástæða til að rifja upp þessa sorgarsögu með Sjálfstfl., afdrif hans og afstöðu. Það hefur eiginlega verið með ólíkindum að fylgjast með þessari niðurlægingu stærsta stjórnmálaflokks þjóðarinnar.

Nú blasir vandi við á hinu háa Alþingi. Það tók ný ríkisstjórn við 28. sept. Þá voru tólf dagar þar til Alþingi skyldi koma saman. Ég segi það sem mína skoðun: Það væri ekkert óeðlilegt við það þó að þessi ríkisstjórn hefði tekið sér meiri tíma til að ganga frá fjárlögum og tekjuöflunarfrv. en hefur verið til umráða hér og nú. Það hefði ekkert verið óeðlilegt við það og ég ítreka þá skoðun mína að ég sé heldur ekkert óeðlilegt við það þó auðvitað væri æskilegt að afgreiða fjárlög fyrir áramót. En það er ekki hundrað í hættunni þó það dragist fram yfir áramót og menn gefi sér örlítið betri tíma til að átta sig á hlutunum. Það er hins vegar mjög nauðsynlegt að koma tekjuöflunarfrumvörpum af ýmsu tagi fram þannig að þau geti tekið gildi um áramót. Og ég tek undir það með hv. þm. stjórnarandstöðunnar að það er líka alveg nauðsynlegt að láta á það reyna að þessi frv. hafi stuðning í Nd. Ég tek undir það. Við verðum og eigum að láta á það reyna. Mér finnast það hins vegar ekki góð vinnubrögð hjá stjórnarandstöðunni að reyna, eins og gert er í nefndum og gert er víðar, að gera mál eins seinunnin og torunnin og mögulegt er. Ég hef satt að segja kynnst vinnubrögðum í hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar sem ég hef aldrei upplifað á ævinni og aldrei hér á hinu háa Alþingi og ég er sannfærður um að það geta fleiri tekið undir það með mér. Við sjáum það í þinginu að stjórnarandstaðan er ekkert að greiða fyrir málum eða hefur ekki áhuga á því að flýta málum til afgreiðslu. Það eru eilífar umræður um þingsköp hér fram og til baka, að vísu ekki mjög mikið í þessari deild, kemur þó fyrir, en miklu meira í Nd. þar sem formaður Sjálfstfl. talar um þingsköp daginn inn og daginn út, næstum því hvenær sem maður kemur í gættina. (**Gripið fram í:** Hvað á þingmaðurinn við með stjórnarandstöðu?) Jú, það er rétt að taka það fram að þingmenn Sjálfstfl. ganga harðast fram í þessu og ég skal með ánægju undanskilja þingmenn Borgfl. Þeir hafa ekki tekið þátt í þessum leik.

Það er engu líkara en hv. þm. Sjálfstfl. vilji beinlínis stefna öllu í verra efni en ástæða er til. Ég heyri það í hv. Nd. aftur og aftur. Það er engu líkara. Hvað varðar mig um þjóðarhag? var einu sinni sagt. (**GHG:** Stjórnarandstæðingar mega bara ekki taka til máls.) Hverjum í ósköpunum ætti að detta það í hug, hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson, en þegar menn leggja sig í líma og framkróka um að tefja mál, um að gera erfitt fyrir með nefndarstörf hugsar maður sitt. Auðvitað vill stjórnarandstaðan afla glöggra upplýsinga, ekki skal haft á móti því. En það verður líka að gera þá kröfu að menn geti unnið saman af sanngirni og taki eðlilegt tillit hver til annars. Ég þykist í þessu máli hafa tekið fullt tillit til allra óska stjórnarandstöðunnar. Ég get ekki sagt að allir þingmenn stjórnarandstöðunnar í nefndinni hafi tekið fullt tillit til þess sem formaður eða meiri hl. hafa farið fram á. En nú er bara sá tími kominn í hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar að þar verður að vinna svolítið hraðar en gert hefur verið og þar verður að halda tíðari fundi en gert hefur verið og kannski á tímum sem ekki eru öllum einstökum þingmönnum þóknanlegir. Þá verða þeir hv. þm. að tilnefna menn fyrir sig í nefndina eins og oft og ævinlega er gert, en auðvitað verður reynt eftir fremsta megni eftir sem áður að taka tillit til eðlilegra óska.

Það er mikið rætt um það, og það ætla ég að segja svona undir lokin, áður en ég lýk máli mínu að Sjálfstfl. ber fulla ábyrgð á því ástandi sem hér ríkir núna, enda þótt hann hafi ekki verið í stjórn í tvo mánuði. Hann ber fulla ábyrgð á því ástandi sem hefur skapast og við gerum það líka, það skal hvergi undan skorast. En mér þykir það ekki háreistur málflutningur sem þingmenn þess flokks hafa haft uppi hér að undanförnu, sumir hverjir. Sumir hverjir. Til eru þeir sem taka sinn hluta ábyrgðarinnar, en það eru líka til þeir sem tala hér í þingsal og í nefndum eins og þeir hafi aldrei komið nálægt stjórn landsins og séu nú ekki að afgreiða og vinna sömu verkin og þeir voru að gera í stjórn í fyrra. Það er satt að segja einkennileg reynsla að upplifa það allt saman með öfugum formerkjum.

Það er talað um það að lífskjör séu slæm á Íslandi og hér hafi fólk það upp til hópa afskaplega skítt og bágt. Ég held að þetta sé mikið ofsagt. Vissulega er til fólk í þessu þjóðfélagi sem á erfitt og á um sárt að binda, hefur orðið fyrir áföllum eða skakkaföllum af einhverju tagi og vissulega er til fólk sem hefur lág laun. En það fullyrði ég að þessi þjóð í heild, þegnarnir upp til hópa, holt og bolt svo notað sé vont mál, hafa aldrei búið við betri lífskjör en núna.

Á sl. ári fluttum við inn 25 þús. bíla. Bílafloti þessarar 250 þús. manna þjóðar telur 140 þús. bíla. Við höfum slegið öll met í þeim efnum. Árið 1968 áttum við 40 þús. bíla. Síðan 1968 hefur bílum Íslendinga fjölgað um 100 þús. á sama tíma og þjóðinni hefur fjölgað um 40 eða 50 þús. (**HBl:** En ef

við förum 50 ár aftur í tímann? Hvernig lítur það þá út?) Það gæti verið fróðlegt að athuga það, hv. þm. Halldór Blöndal, en ég hygg að á þessum 20 árum síðan 1968 hafi orðið hér stórt stökk, lífskjarabylting, og ég held að það sé leitun að landi þar sem lífskjör eru jafngóð. Að vísu með mikilli vinnu.

Því skal ekki neitað að hinir háu vextir undanfarin missiri hafa komið illa við marga. En hvernig skyldi það nú vera? Skyldi það ekki vera í nokkuð mörgum tilvikum svo að þar er um hrein eyðslulán að ræða? Það ber ekki vott um sérstaklega lök lífskjör að næstum því dag eftir dag skuli fara héðan fullar flugvélar af fólki með tómar ferðatöskur sem fer ýmist til Amsterdam, Hamborgar, Glasgow eða þeirra borga þar sem ódýrt er talið að versla til þess að gera innkaup. Þetta er engin sérstök yfirstétt í landinu. Þetta er bara ósköp venjulegt fólk og þegar auglýstar eru meira að segja dagsferðir til útlanda til að versla í tvo, þrjá tíma, fjóra tíma kannski, farið að morgni og komið að kveldi, þá selst upp á svipstundu. Er þetta vottur um sérstaklega léleg lífskjör? Ég held að það sé ekkert frekar hálaunafólk sem fer þessar ferðir. Mér sýndist það ekki þegar ein sjónvarpsstöðin tók viðtal í einni af þessum flugvélum sem var að fara með fólk í svona dagsferð til að gera innkaup á Írlandi. Og ég segi bara: Það má kaupa talsvert til þess að það borgi sig þó ferðin sé ódýr. Svona hefur þetta verið. En það skal líka viðurkennt og á það lögð áhersla að það bendir allt til þess að nú séu aðrir tímar fram undan og þessu tímabili sé kannski lokið eða að ljúka um sinn. Samdrátturinn hefur orðið harðari, meiri og sneggri en nokkurn óraði fyrir. Það kemur víða í ljós og það á eftir að koma í ljós og áreiðanlega eiga eftir að verða miklu meiri erfiðleikar en okkur kannski órar fyrir núna. Þá held ég að þeir erfiðleikar sem menn hafa verið að tala um undanfarin missiri verði kannski hverfandi og litlir, því miður. Það er ástæða til að óttast að það sé erfitt ástand fram undan og við því þarf að bregðast.

Hér eru ráðstafanir sem eru ekki allar af þeim toga að menn styðji þær með glöðu geði, en það er nú einu sinni svo í stjórnmálum, og það þekkja hv. þm. Sjálfstfl. t.d. úr síðustu ríkisstjórn þar sem Sjálfstfl. átti aðild þegar hún var að gefa út bráðabirgðalög, að það fylgir því að vera í ríkisstjórn að gera stundum fleira en gott þykir og þurfa að kyngja því sem maður ella vildi ekki kyngja. Þetta þekkjum við öll, en það er ekki stórmannlegt þegar menn hafa hrökklast úr stjórn við lítinn orðstír að snúa þá við blaðinu og segja: Nú þarf ekkert að gera. Enga nýja skatta, engan niðurskurð. Það væri mennilegra hjá hv. þm. Sjálfstfl. að segja: Okkur er ljóst að það þarf að gera ráðstafanir til bjargar fyrirtækjum og fólki og atvinnu fólks og við erum reiðubúnir til að taka þátt í því að vissu marki. Þeir gera það ekki, hv. þm. Þeir eru hér ólmir á öllum sviðum, sjá svart í öllum áttum. Það er allt vont sem ríkisstjórnin er að gera. Ég held að það sé mikill misskilningur ef hv. þm. Sjálfstfl. halda að svona málflutningur falli almenningi vel í geð. Þar held ég að þeir séu á hreinum villigötum. En það er svo sem auðvitað að Sjálfstfl. vildi ekki taka ábyrgð meðan hann var í ríkisstjórn og það þarf enginn að vonast eftir því að hann axli ábyrgð þegar hann er kominn í stjórnarandstöðu. Það er hins vegar von til þess kannski með einhverja aðra úr stjórnarandstöðunni að þeir sjái hvað hér þarf að gera.

Þetta eru að vissu leyti neyðartímar. Þessar ráðstafanir eru að vissu leyti neyðarbrauð. Verða menn þá ekki á neyðartímum að borða neyðarbrauð? Við erum auðvitað að kyngja ýmsu sem okkur fellur ekki í geð. (Gripið fram í.) Ég viðurkenni það hiklaust. — Skonrok þótti nú ekki alls staðar neyðarbrauð, hv. þm., hér á árum áður meðan það fékkst. (**KP:** Var eftirsótt.) Það var bara nokkuð góður matur og einkanlega bleytt í kaffi.

En auðvitað eru menn að gera hér hluti sem þeim eru ekki ljúfir og það eiga menn bara að viðurkenna. Við alþýðuflokksmenn eigum aðild að þessari ríkisstjórn. Við erum að gera hér ýmislegt fleira en okkur gott þykir og við getum með glöðu geði gert. En hver er valkosturinn? Hver er valkosturinn? spyr ég. Hvað á að gera annað? Það hafa engar raunhæfar tillögur komið hér í þá átt, ekki nokkrar, og allra síst frá Sjálfstfl. Menn verða að geta bent á eitthvað annað ef þeir vilja láta taka mark á sér í pólitík. En það er nú svo komið með Sjálfstfl. eftir þessa 13 mánaða reynslu af honum í ríkisstjórn og eftir þetta gaspur hans núna í stjórnarandstöðu að ég efast um að menn taki mikið mark á honum og taki þann flokk alvarlega. Hver er valkosturinn? Valkosturinn er ekki Sjálfstfl. Það er alveg öruggt mál.

Ég skal nú ljúka máli mínu, herra forseti, og það er tillaga meiri hl. fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar að þetta frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem fluttar eru á þskj. 203.

Ég get að vísu ekki stillt mig um í lokin, án þess að gera það kannski að sérstöku umtalsefni, að benda mönnum á mjög athyglisverða grein í Morgunblaðinu í dag og Reykjavíkurbréf Morgunblaðsins sl. sunnudag þar sem ritari Reykjavíkurbréfs er í rauninni, eins og hér hefur verið sagt, að hirta þingmenn Sjálfstfl., og ég held að það sé alveg sérstakt umhugsunarefni fyrir þá ágætu þingmenn.

Í rauninni verður kannski ástæða til þess síðar í þessum umræðum að ræða nánar um þessa einstöku grein hv. þm. Halldórs Blöndals þegar komið er í ljós að höfundur Reykjavíkurbréfs — og fer þá eggið að kenna hænunni, eins og hann sagði sjálfur hér áðan, þegar hann fer að vanda um við Morgunblaðið. En hv. þm. segir í þessari grein sinni, með leyfi forseta: „Ég hygg að óhjákvæmilegt sé fyrir ritstjóra Morgunblaðsins að gera ítarlega grein fyrir stefnu þess í þjóðmálum.“ Við höfum heyrt þetta í fjh.- og viðskn. stundum að það sé óhjákvæmilegt að gera ítarlega grein fyrir hinu og þessu. „Ég hygg að óhjákvæmilegt sé fyrir ritstjóra Morgunblaðsins að gera ítarlega grein fyrir stefnu þess í þjóðmálum því að ekki fer fram hjá neinum að áherslur blaðsins

eru aðrar en áður í veigamiklum atriðum.“ Síðan segir hv. þm., með leyfi forseta: „Það er ekkert við það að athuga að Morgunblaðið sé sjálfstæður og óháður fjölmiðill.“ En það er nú lóðið, það er einmitt það sem þingmaðurinn hefur við að athuga, að Morgunblaðið er með aðrar skoðanir á þeirri ríkisstjórn sem nú situr og stjórnarandstöðunni og hvernig eigi að vinna og hvort ríkisstjórnin eigi að fá einhvern starfsfrið kannski núna þessar fyrstu vikur. Þetta er hins vegar mjög athyglisvert, að nú er nauðsynlegt að Morgunblaðið geri ítarlega grein fyrir afstöðu sinni til þjóðmála. Ég veit ekki betur en að ritstjórar Morgunblaðsins séu að því á hverjum einasta degi og þá sérstaklega á sunnudögum í Reykjavíkurbréfi, en þegar hv. þm. Halldóri Blöndal fellur ekki alveg í geð hvernig ritstjórar Morgunblaðsins túlka hina pólitísku stöðu er brugðist svona við. Þá eru gerðar athugasemdir við það að Morgunblaðið sé sjálfstæður og óháður fjölmiðill, enda þótt annað sé sagt í þessari grein. Ég skal hins vegar viðurkenna það að þetta er svolítið klókindalega að orði komist hjá hv. þm. Og læt ég nú máli mínu lokið, herra forseti.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það var dapurlegt að hlýða á málflutning formanns fjh.- og viðskn. Við erum að fjalla um frv. til staðfestingar á bráðabirgðalögum um efnahagsaðgerðir og það sem var þungamiðjan í máli þeirra fulltrúa atvinnuveganna sem komu á fund nefndarinnar var í stuttu máli það að þessar efnahagsaðgerðir hefðu algjörlega brugðist. Þegar við báðum þessa fulltrúa atvinnulífsins að horfa fram á veginn og virða fyrir sér þær horfur sem væru í viðkomandi atvinnugreinum var sú mynd satt að segja ekki fögur. Luku allir upp einum rómi um það. Mér kemur þess vegna mjög mikið á óvart að talsmaður ríkisstjórnarinnar í þessu máli skuli verja megintíma sínum í frekar klaufalegar árásir á sjálfstæðismenn í staðinn fyrir að snúa sér að því efni sem hér er til umræðu og taka það alvarlega. Auðvitað stendur íslenska þjóðin nú frammi fyrir alvarlegum hlutum þegar við völd í landinu er ríkisstjórn sem ekki tekur minnsta tillit til stöðu atvinnuveganna, virðist ekki skenkja því þanka hvað er að gerast. Og vegna þess að hv. þm. vitnaði sérstaklega til Ágústs Einarssonar, fyrrv. þingmanns Alþfl. og fulltrúa Alþfl. í þeirri nefnd sem manna á milli er kölluð forstjóranefndin, tel ég óhjákvæmilegt að rifja upp í upphafi máls míns þá niðurstöðu sem fulltrúar fiskvinnslunnar gáfu eins og hún er bókuð af ritara fjh.- og viðskn. Þar segir:

Frystingin er nú rekin með 5–6% halla að mati Samtaka fiskvinnslustöðva. Þetta er nokkuð meiri halli en Þjóðhagsstofnun gerir ráð fyrir. Hallinn á eftir að aukast í 10–11% þegar greiðslur úr Verðjöfnunarsjóði þrjóta. Ef auk þess er tekið tillit til aukinnar vaxtabyrðar vegna tapreksturs ársins í ár og þess aflasamdráttar sem búist er við að verði næsta ár, telja forustumenn samtaka fiskvinnslustöðva að hallinn á frystingunni næsta vor geti verið kominn í 16–20%. Þróun launa er óviss en miklar hækkanir gætu enn veikt stöðu frystingarinnar. Mun minni hallarekstur er á söltuninni. Fjórmenningarnir gagnrýndu þá stefnu stjórnvalda að ætlast til þess að sjávarútvegsfyrirtæki væru ætíð rekin á núlli og miða sínar aðgerðir við það. Enginn atvinnurekstur gæti gengið til lengdar nema gert væri ráð fyrir eðlilegum hagnaði. — Þetta er útdráttur úr því sem forustumenn fiskvinnslustöðva höfðu að segja.

Ef maður væri hins vegar spurður, eftir að hafa hlýtt á ræðu frsm. meiri hl., um það hvað hann hefði helst að segja um framtíðina fólst það í þeim orðum að hann vitnaði til Ágústs Einarssonar þegar hann var spurður hvaða aðgerða væri þörf til að koma sjávarútvegsfyrirtækjum á traustan rekstrargrundvöll. Í bókun ritara nefndarinnar stendur: „Ágúst Einarsson svaraði og tíndi til eftirtalda liði: 1. Gengissig, 2. 10–15% kaupmáttarrýrnun, 3. hærri skattar, 4. hallalaus ríkissjóður, 5. minni fjárfestingar, 6. aukið atvinnuleysi.“

Ég heyrði það ekki að framsögumaður meiri hl. hefði með öðrum orðum vikið að framtíðinni og hlýt ég að skilja það svo sem hann hafi verið að gera orð þessa manns að sínum sem var, eins og ég sagði áðan, fulltrúi Alþfl. í þeirri nefnd sem falið var að gera tillögur (Gripið fram í.) til úrbóta á sjávarútveginum og á sæti fyrir Alþfl. í bankaráði Seðlabankans. Ef á hinn bóginn Alþfl. hefur eitthvað annað til málanna að leggja en fram kemur í þessum tilvitnuðu ummælum hygg ég að nauðsynlegt sé að talsmaður hans hér verji tíma sínum fremur til þess að útskýra hver séu viðhorf Alþfl. til atvinnumála þjóðarinnar en geymi sér skæting til samþingmanna sinna til betri tíma.

Það voru mikil tímamót og mikil tíðindi, herra forseti, þegar það spurðist að stjórnarandstaðan hefði í grundvallaratriðum komið sér saman um það hvaða stefnu bæri að fylgja nú í þeim erfiðleikum sem atvinnuvegirnir eiga í til þess að ráða bót á því ástandi sem ég hef nú lýst hér með tilvitnun í ummæli eins helsta áhrifamanns Alþfl. á sviði atvinnumála. Ég veit ekki hvort ég á að bæta því við að í nýútkomnu fréttablaði frá Vinnuveitendasambandinu er því spáð að byggðaröskun blasi við og að óhjákvæmilegt sé að 5000–6000 manns missi atvinnuna og aðrir spádómar eru á svipuðum nótum. Það er þess vegna mjög merkilegt, það eru mikil tíðindi að stjórnarandstaðan skuli við þessar aðstæður hafa kjark til þess að útskýra í grundvallaratriðum þá stefnu sem hún vill fara nú til þess að ráða bót á vanda atvinnuveganna og móta nýja stefnu í efnahagsmálum.

Ég tel óhjákvæmilegt, herra forseti, að lesa upp þann kafla úr nál. minni hl. sem fjallar einmitt um þessi atriði og gerir það nú, með leyfi hæstv. forseta.

„Efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar í september hafa ekki komið að neinu haldi. Útflutningsgreinarnar eru reknar með vaxandi halla og fyrirtæki í samkeppnisgreinum sömuleiðis, auk þess sem

hlutdeild þeirra í markaðnum hefur farið minnkandi og heldur áfram að minnka. Það hefur ekki þýðingu að nefna tölur í þessu sambandi, þær úreldast áður en búið er að reikna þær út. Þó er óhætt að fullyrða að við óbreytt rekstrarskilyrði muni tap sjávarútvegsins á næsta ári nema milljörðum króna. Stöðvun og gjaldþrot fjölda fyrirtækja blasir því við eins og þegar er reyndar komið í ljós.

Miðað við óbreyttar forsendur er veruleg byggðaröskun óhjákvæmileg og gera má ráð fyrir atvinnuleysi er tekur til þúsunda manna. Ógjörningur er að sjá fyrir afleiðingar þess ef rekstrarstöðvun í sjávarútvegi verður almenn.

Minni hl. nefndarinnar flytur breytingartillögur á sérstökum þingskjölum sem hér skal gerð grein fyrir.

Sjávarútvegsráðherra hefur m.a. lýst yfir á þingi Sjómannasambands Íslands og í viðræðum við stjórn Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna að endurgreiðsla á láni Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins muni falla á ríkissjóð. Einsýnt er að hafa lagatextann í samræmi við það.

Minni. hl. tekur fram að ekki er hægt að bæta eiginfjárstöðu fyrirtækja né tryggja eðlilegan rekstur þeirra nema almenn rekstrarskilyrði útflutnings- og samkeppnisgreina séu þannig að vel rekin fyrirtæki skili hagnaði. Því er ekki til að dreifa nú. Þvert á móti hefur langvarandi hallarekstur etið upp eigið fé fyrirtækjanna svo að mörg þeirra eru ekki lengur rekstrarhæf, jafnvel þótt almenn rekstrarskilyrði yrðu viðunandi. Við þessar aðstæður verður að horfast í augu við þá staðreynd að gengi krónunnar er fallið en lögum samkvæmt ber Seðlabankanum að taka ákvarðanir um gengi krónunnar sem „miðast við að halda sem stöðugustu gengi og að ná settu markmiði um viðskiptajöfnuð en tryggja jafnframt rekstrargrundvöll útflutningsatvinnuveganna og samkeppnisgreina". Í lögunum er sú skylda lögð á Seðlabankann að „tryggja" rekstrargrundvöll enda hefur reynslan hvarvetna verið sú að það hefur jafnan haft skelfilegar afleiðingar ef gengi gjaldmiðils hefur verið skráð of hátt og hækkandi til langframa. Um hitt markmiðið, að ná jafnvægi í viðskiptunum við útlönd, þarf ekki að hugsa meðan gjaldeyririnn er á útsölu.

Jafnframt því sem nauðsynlegt er að leiðrétta gengið er óhjákvæmilegt að treysta eiginfjárstöðu fyrirtækja og losa um greiðslustöðuna þannig að þeim sé gert kleift að skipta tapinu á mörg ár með skuldbreytingu. En forsendan er auðvitað sú að fyrirtækin geti skilað hagnaði. Með slíkum aðgerðum er unnt að ná viðspyrnu á nýjan leik og leggja grunn að jafnvægi í þjóðarbúskapnum. En það er að sjálfsögðu forsenda batnandi lífskjara og áframhaldandi uppbyggingar.

Verði gengið fellt er nauðsynlegt að mæta því með lækkun söluskatts á helstu nauðsynjar heimilanna.

Ekki er fyrir það að synja að mörg fyrirtæki í útflutnings- og samkeppnisgreinum eiga í mjög miklum erfiðleikum af ýmsum toga sem bætast ofan á þá almennu örðugleika sem nú eru í atvinnugreinunum í heild.

Minni hl. leggur áherslu á nauðsyn þess að með breytingu á skattalögum verði fyrirtækjum auðveldað að skipuleggja fjárfestingu sína fram í tímann og mæta sveiflum. Það yrði annað tveggja gert með greiðslum í verðjöfnunarsjóð á nafni viðkomandi fyrirtækis eða heimild til að geyma fé á bundnum reikningum sem kemur til skattlagningar þegar það er tekið út.

Minni hl. getur ekki fallist á Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina eins og markmið hans er skilgreint í frv. og eins og stjórn hans er skipuð, sem *brýtur í bága við þingræðishefð og er til þess fallið* að vekja tortryggni eins og margsinnis hefur komið fram á opinberum vettvangi, ekki síst meðal starfsfólks í fyrirtækjum í sjávarútvegi eða samkeppnisgreinum. Stofnun nýs Atvinnutryggingarsjóðs er auk þess viðbót við sjóðakerfið og hefur óþarfa kostnað í för með sér.

Minni hl. leggur til að í stað Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina verði stofnuð sérstök rekstrardeild við Byggðastofnun er hafi sjálfstæðan fjárhag og það markmið að treysta fjárhagsstöðu fyrirtækja í útflutnings- og samkeppnisgreinum í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu, meiri háttar skipulagsbreytingar, samruna fyrirtækja og annað það sem til hagræðingar horfir.

Minni hl. getur ekki fallist á að tekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs séu skertar. Á hinn bóginn er *eðlilegt að rekstrardeild fái heimild til innlendrar* lántöku allt að 600 millj. kr. sem endurgreiðist af ríkissjóði og verði hluti af framlagi hans.

Minni hl. leggur áherslu á nauðsyn þess að komið verði á fót opnum hlutabréfamarkaði hér á landi."

Framhald nál. fjallar síðan um tvær breytingar sem sjálfstæðismenn og kvennalistakonur gera tillögur um en þingmenn Borgfl. hafa allan fyrirvara um. Það sem ég hef lesið er fullkomin samstaða um hjá Sjálfstfl., Borgfl. og Samtökum um kvennalista. Hér er í fáum orðum lýst grundvelli þeirrar efnahagsstefnu sem stjórnarandstaðan vill fylgja og er reiðubúin að fylgja. Það er þess vegna ég vil segja ámælisvert að við þessar umræður, bæði um frv. sem hér liggur fyrir og frv. sem var á dagskrá fyrr á þessum fundi, hafa tveir ráðherrar talað úr þessari ríkisstjórn auk framsögumanns fjh.- og viðskn. og enginn þessara manna hefur vikið einu einasta orði að því hvernig bregðast eigi við þeim erfiðleikum sem nú blasa við í íslensku þjóðfélagi. Þegar horft er til þess hversu ótryggt atvinnuástand er víða um land, þegar við horfum á það að eitt frystihúsið á fætur öðru er að stöðvast, þegar við verðum vör við það að hin erfiða rekstrar- og greiðslustaða sjávarútvegsins er farin að hafa alvarleg áhrif á fyrirtæki í öðrum atvinnugreinum, ekki síst í fyrirtækjum sem þjónusta sjávarútveginn, er dæmalaust ef þessi umræða verður svo til lykta leidd að enginn þessara manna og heldur ekki hæstv. forsrh., sem nú er nýkominn til landsins, gera svo lítið að skýra í stuttu

máli, ég skal ekki fara fram á það að ræður þeirra séu langar ef þær verða þeim mun efnismeiri, hvernig þeir hugsi sér að mæta þeim erfiðleikum sem blasa við atvinnuvegunum. Ég hygg, herra forseti, að það sé einsdæmi í sögu Alþingis þegar jafnalvarleg mál eins og þessi eru á dagskrá að stjórnarandstaðan og þjóðin fái ekkert að heyra nema hálfvegis skæting þegar svo alvarlegt mál sem þetta er til umræðu.

Ég vil minna á það að það er ekki aðeins að stjórnarandstaðan haldi því fram að gengi krónunnar sé rangt skráð. Bæði hæstv. sjútvrh. og hæstv. forsrh. hafa látið þau sömu ummæli falla. Að vísu hefur hæstv. forsrh. sagt í sömu andránni að atvinnuvegirnir gætu ekki búist við því að fá leiðréttingu fyrr en undir vor. Samt sem áður vil ég nú mjög eggja þessa ráðherra til þess að skýra þingheimi og þjóðinni frá því hvað þeim sé í huga, hvort þeir ætli að sitja og horfa aðgerðalausir á það sem nú er að gerast í íslensku þjóðfélagi.

Ég hef áður rætt um það hvernig ástandið er í frystingunni, hvernig ástandið er hjá saltfiskinum. Ég þarf ekki að skýra þingheimi frá því hvernig ástandið er í öðrum útflutningsgreinum, ýmist rótgrónum eða nýjum. Ég vil taka sem dæmi þá vonlausu stöðu sem nú er í loðdýrarækt. Ég bendi á versnandi horfur í sambandi við eldisfiska. Ég minni á það að þannig er ástandið orðið í skipasmíðaiðnaði að forustumenn þar nota hvert tækifæri til að lýsa kvíðboga sínum. Ég vil líka gera að umtalsefni hvernig ástandið er í ýmsum iðngreinum sem ýmist hafa verið að reyna að flytja vörur út úr landinu eða keppa við varning sem kemur til landsins. Ég get til að mynda talað um ný fyrirtæki eins og DNG, Sæplast og ýmis önnur fyrirtæki sem beinlínis þjónusta sjávarútveginn. Ég get líka talað um ýmis fyrirtæki sem keppa á innlendum vettvangi við innflutninginn. Það hefur komið fram hjá fulltrúum iðnaðarins, sem komu á fund fjh.- og viðskn., að íslensku fyrirtækin eru þegar búin að missa umtalsverða markaðshlutdeild og þeir hafa látið í ljós ótta um það að a.m.k. 10% samdráttur í neyslu og notkun á innlendum iðnaðarvörum blasi við á næsta ári ef svo heldur fram sem horfir.

Hv. 14. þm. Reykv. Guðmundur H. Garðarsson vék hér við umræður um hið fyrra málið nokkrum orðum að stöðu ferðaiðnaðarins í landinu. Ég get staðfest að það er rétt sem hann segir. Það eru ekki nema tveir dagar síðan að ég hitti af tilviljun á göngu hér í Reykjavík einn af forustumönnum þess iðnaðar úti á landi og það verð ég að segja að hljóðið í honum var síður en svo bjart.

Við sjálfstæðismenn getum vel endurtekið það hér við þessa umræðu, eins og við höfum gert raunar jafnan áður og eins og við gerðum um hið fyrra málið, að þegar þjóðarnauðsyn krefst getur verið nauðsynlegt að grípa inn í kjarasamninga. Ekki til þess að skerða kjörin, heldur til þess að treysta undirstöður atvinnugreinanna vegna þess að við vitum að íslenskt þjóðfélag getur ekki staðist nema hjól atvinnulífsins snúist, nema framleiðslan í landinu sé í lagi. Einungis undir slíkum kringumstæðum, þegar þeir menn sem ráða landinu hafa í huga að grípa til einhverra aðgerða sem dugi til þess að koma atvinnuvegunum á réttan grundvöll, er það réttlætanlegt að hrófla við gerðum kjarasamningum. Ef það er á hinn bóginn aðeins gert til að sýnast og án þess að gera viðeigandi ráðstafanir til þess að treysta undirstöður atvinnuveganna er það ekki einungis ámælisvert heldur er það skaðlegt bæði í bráð og lengd vegna þess að slíkt kæruleysi stjórnvalda dregur mjög úr trausti alls almennings á því að aðgerðir af þessu tagi geti orðið til uppbyggingar síðar meir. Þess vegna verð ég að segja að einmitt þetta tómlæti hæstv. ríkisstjórnar fyrir atvinnulífinu í landinu er kannski einhver hættulegasti hluturinn sem ríkisstjórnin hefur gert fram að þessu vegna þess að þá grefur ríkisstjórnin beinlínis undan tiltrú fólksins á stjórnvöldum, á Alþingi, á hinu þingræðislega stjórnskipulagi. Það er af þessum sökum sem þessi ríkisstjórn á sér dapurlega sögu, þó hún sé ekki löng, og því miður eru allar horfur á því að ekki réttist úr kútnum þegar fram í sækir.

Við sjálfstæðismenn höfum sagt þegar við tölum um það að nauðsynlegt sé að gera efnahagsaðgerðir sem fela í sér leiðréttingu á gengi eins og nú er nauðsynlegt, fela í sér aðgerðir sem kannski fyrst í stað koma illa við, að nauðsynlegt sé um leið að létta undir með heimilunum með aðgerðum sem fela það í sér að vöruverð á helstu nauðsynjum lækki.

Það er auðvitað algjörlega óskiljanlegt þegar horft er til baka, þegar rifjað er upp hvernig Sjálfstfl. hefur áður staðið að efnahagsaðgerðum, ýmist með Framsfl. eða Alþfl., að þessir tveir flokkar skyldu nú í haust sýna það skilningsleysi að þeir í fyrsta lagi skyldu ekki fást til þess að stíga nógu stórt skref fyrir atvinnureksturinn í landinu heldur hafna þeirri hugmynd algjörlega og kalla það rýtingsstungu þegar við segjum að um leið og nauðsynlegt er að lækka gengi og þannig framkalla hækkun vöruverðs í landinu, þá skuli bæði hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. segja að það sé hnífsstunga í bak annars þeirra og hafna með öllu þeirri hugmynd að þegar gripið er til sársaukafullra aðgerða beri fyrst og síðast að hugsa til þess hvernig við getum komið til móts við þá sem minnst mega sín í þjóðfélaginu, það fólk sem hefur minnst launin, þær fjölskyldur sem hafa flesta munnana að seðja. Ég vil svo sannarlega vona að þessir tveir menn skilji það, og ef það kemur í þeirra hlut að gera ráðstafanir til þess að rétta gengi krónunnar, þá sýni þeir ekki sama skilningsleysið á lífskjörum fólksins og þeir gerðu sl. haust, þá hafi þeir meiri samúð með þeim sem minna mega sín en hefur komið fram í þeirra umræðum, heldur en þeir hafa hagað sér upp á síðkastið.

Ég skal ekki, herra forseti, lengja þessar umræður mjög. Kjarninn í stefnu okkar sjálfstæðismanna liggur fyrir. Við teljum að nauðsynlegt sé að gera víðtækar ráðstafanir sem auðvitað felast í því fyrst og

síðast að leiðrétta gengi krónunnar og draga úr áhrifum þess hjá þeim sem minnst mega sín. Það er hornsteinninn í nýjum aðgerðum og með öðrum hætti gera viðeigandi hliðarráðstafanir til þess að atvinnulífið geti aftur styrkst, til þess að eigið fé geti aftur orðið til í fyrirtækjunum vegna reksturs þeirra, vegna þess að þau eru rekin með hagnaði og hafa til þess full skilyrði.

Ég vil, herra forseti, víkja örfáum orðum að þeim brtt. sem við sjálfstæðismenn, Borgfl. og Kvennalisti flytjum við það frv. sem hér er til umræðu. Við 1. gr. frv. er brtt. sú að síðasta málsgrein orðist svo:

„Lán skv. 1. mgr. þessarar greinar skal undanþegið stimpilgjaldi. Skal það endurgreitt á þremur árum með greiðslum úr ríkissjóði.“

Ég vil í leiðinni aðeins víkja nokkrum orðum að því að það hefur sætt mikilli gagnrýni, bæði frá útvegsmönnum og sjómönnum að þessi leið skuli farin, að greiða inn í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins með þessum hætti, með ríkisframlagi, til þess að mæta taprekstri frystihúsanna frá 1. júní sl. Sú er skoðun þeirra að í rauninni sé búið að kippa fótunum undan verðjöfnunarsjóðnum með þessu háttalagi. Það kom skýrt fram hjá Kristjáni Ragnarssyni, formanni Landssambands ísl. útvegsmanna, að hugmynd hans stendur til þess að fyrirtækjunum verði gert kleift, annaðhvort með því að leggja fé inn á Verðjöfnunarsjóð á nafni fyrirtækis eða með bundinni innstæðu í bönkum, að geyma fé frá góðu árunum til vondu áranna. Það er ekki aðeins að aðgerð af því tagi mundi almennt leiða til meiri stöðugleika í þjóðfélaginu heldur mundi það um leið stuðla að hagkvæmari fjárfestingu en nú er og þar með meiri framleiðni og betri rekstri fyrirtækjanna. Þess vegna þykir mér það mjög dapurlegt, einmitt þegar við stöndum í þessum sporum, að ríkisstjórnin skuli í dag leggja fram frv. til laga um breytingu á skattalögum sem gengur í þveröfuga átt, gengur í þá átt að þrengja enn að fyrirtækjunum eins og kostur er þegar staða þeirra er sem verst og erfitt að sjá fyrir hvert framhaldið verður.

Hæstv. fjmrh., Ólafur Ragnar Grímsson, hefur orðað afstöðu ríkisstjórnarinnar til fyrirtækjanna svo í útvarpsþætti: „Það þarf að sameina fyrirtækin. Það þarf að stokka upp eignarhaldið á sumum. Það þarf að tengja þau saman með ákveðnum aðferðum og fara þannig yfir þetta lið fyrir lið, byggðarlag fyrir byggðarlag, fyrirtæki fyrir fyrirtæki, til þess að breyta skipulaginu, rekstrargrundvellinum, samvinnufyrirtækja [það er þannig útskriftin, samvinnufyrirtækja] og jafnvel eignarhaldinu. Og þegar búið er að stokka þennan strúktúr upp og laga hann, þá geta menn farið að skoða hvort einhverjar almennar aðgerðir þurfi þá til viðbótar. En ef þessi uppstokkun verður ekki framkvæmd byggðarlag fyrir byggðarlag, fyrirtæki fyrir fyrirtæki, þá er alveg sama hvað menn fella gengið mikið, 10, 20, 30, 40, 50%, þá mun það ekki duga.“ Þegar þessi ummæli eru lesin fer ekki hjá því að sú ályktun sé dregin að það sé stefna ríkisstjórnarinnar að hún vitandi vits vilji koma fyrirtækjum úti á landsbyggðinni, sem eru í fiskvinnslu eða útgerð, á kné. Síðan eigi með opinberum aðgerðum — eða eins og hæstv. fjmrh. sagði í sjónvarpsþætti í septembermánuði: með þeirri stjórn sem nú er í Atvinnutryggingarsjóðnum. Hann sagði að það væri nauðsynlegt að stjórnin yrði skipuð fulltrúum ríkisstjórnarinnar en ekki fulltrúum Alþingis til þess að hægt væri að knýja þessa stefnu fram. — Síðan á að nota þann sjóð og aðra þá peninga sem ríkisvaldið ræður yfir til þess að byggja fyrirtækin upp með öðrum hætti af öðrum mönnum. Þetta er m.ö.o. tilraun og yfirlýsing um hinn argasta sósíalisma sem ég hef heyrt fyrr og síðar um þjóðnýtingu atvinnutækjanna úti um landið.

Þetta er sá hugsunarháttur að það séu menn við skrifborð hér í Reykjavík, kontóristar ríkisstjórnarinnar, sem eigi að taka við fyrirtækjunum af þeim mönnum sem hafa byggt þau upp og af þeim mönnum sem betur þekkja en þessir kontóristar hvert er eðli íslensks sjávarútvegs, hvernig best sé að standa að útgerð og hvernig hægt sé að standa að fiskvinnslu. Ef það er málsvörn hæstv. ríkisstjórnar að þessir menn hafi ekki staðið sig, að þessir menn kunni ekki til verka, að fyrirtækin í sjávarútveginum hafi verið illa rekin, þá skora ég á þessa menn í þessari ríkisstjórn að rifja upp hver hagvöxtur og framleiðni hefur verið í sjávarútvegi á sl. árum, og spyr þá: Hefur hagvöxturinn verið annars staðar meiri? Þurfum við Íslendingar eitthvað að kvarta undan þeim skerfi sem sjávarútvegurinn hefur borið á borð hjá íslensku þjóðinni? Mitt svar er nei. Mitt svar er að við Íslendingar getum verið stoltir af þeim mönnum sem sækja sjóinn. Við getum verið stoltir af þeim mönnum sem hafa sýnt þann dug og þá djörfung sem hefur gert okkur mögulegt að mæta nýjum áföllum í sjávarútvegi með því að færa út kvíarnar og sækja út til nýtingar á nýjum nytjastofnum hverjum á fætur öðrum. Ég vil segja fyrir hönd míns flokks: Við afþökkum þessa köldu hönd. Við viljum ekki þessa köldu hönd ríkisstjórnarinnar á hið lifandi líf hringinn í kringum landið.

Við sjálfstæðismenn, Borgfl. og Samtök um kvennalista flytjum sameiginlega brtt. um það að allur kaflinn um Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina verði felldur niður. Ég þarf ekki að árétta það, það hefur komið svo skýrt fram í máli mínu áður, að það er auðvitað ekki hægt að rétta við eiginfjárstöðu fyrirtækja á meðan fyrirtækin standa ekki undir sér. Í 2. gr. reglugerðar um Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina stendur, með leyfi forseta:

„Fyrirtæki koma því aðeins til álita við lánveitingu eða skuldbreytingu samkvæmt reglugerð þessari að grundvöllur teljist vera fyrir rekstri þeirra að loknum skipulagsbreytingum á fjárhag þeirra og rekstri.“

Nú gerðist það að stjórnarmenn í Atvinnutryggingarsjóði útflutningsgreina neituðu að starfa í sjóðnum eins og þessi grein var óbreytt vegna þess að þeir sögðu að eins og grundvöllur sjávarútvegsins

er núna hefur ekki eitt einasta fyrirtæki rekstrargrundvöll, er ekki eitt einasta fyrirtæki á landinu lánshæft. Það var af þessum sökum sem gripið var til þess á meðan hæstv. forsrh. var á förum erlendis að breyta reglugerðinni. Það var sett þarna inn „til lengdar" eða „til lengri tíma litið" eða eitthvað því líkt til þess svona aðeins að svæfa samviskuna í stjórnarmönnum Atvinnutryggingarsjóðsins til þess að þeir fengjust fremur til að lána fyrirtækjunum og veita þeim fyrirgreiðslu. Það er satt að segja aumasta yfirklór sem ég veit dæmi um í íslenskri stjórnmálasögu.

Auðvitað höfnum við algjörlega hugmyndunum um Atvinnutryggingarsjóðinn eins og þær eru settar hér fram í þessu frv. En ég vil spyrja af gefnu tilefni, saknaði þess raunar að frsm. nefndarinnar skyldi ekki víkja að því einu einasta orði, hvort hæstv. forsrh. sé reiðubúinn til samræðu og viðtals við stjórnarandstöðuna um breytta skipan á þeim kafla sem fjallar um Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina. Stjórnarandstaðan hefur komið sér saman um þá skipan og þau markmið sem hún vill hafa á þessum kafla. Og við vitum að í Nd. eru atkvæði jöfn. Ef bæði stjórnarandstaða og stjórnarsinnar fara sínu fram og eru ekki til viðtals og vilja bara láta skömm skella, þá fellur Atvinnutryggingarsjóðurinn eða deildin við Byggðasjóðinn á jöfnum atkvæðum. Hvort tveggja. Þess vegna vil ég mjög beina því til hæstv. forsrh. að hann athugi það hvort ekki sé hægt að finna samkomulagsgrundvöll við stjórnarandstöðuna einmitt um þetta mál til þess að greiða fyrir framgangi þess og til þess að koma í veg fyrir óhöpp. Ég skal af þeim sökum geyma mér frekari umræðu um sjóðinn eins og hann er. En ég ítreka að í tillögum okkar í stjórnarandstöðunni leggjum við meiri áherslu en gert er í tillögum ríkisstjórnarinnar á það að reynt sé að auka eigið fé í fyrirtækjum og við höfnum því að Atvinnuleysistryggingasjóður leggi sjóðnum til fé. Á hinn bóginn teljum við nauðsynlegt að sjóðurinn sé deild við Byggðastofnun. Og ég vil rifja upp að við 1. umr. þessa máls sögðu a.m.k. tveir af þingmönnum stjórnarliðsins að þeir væru sammála stjórnarandstöðunni um það að eðlilegt væri að þessi starfsemi væri undir stjórn Byggðastofnunar.

Ég veit ekki hvort ég á að leggja lykkju á leið mína — leggjast svo lágt að svara frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. út af því sem hann sagði um Byggðasjóð hér áðan. Ég vil aðeins minna hann á það að ég veit ekki betur en að Stefáni Valgeirssyni hafi verið boðið að verða formaður í stjórn Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina án þess að hann segði af sér þingmennsku um leið.

Hv. 6. þm. Vesturl. Danfríður Skarphéðinsdóttir mun gera grein fyrir þeim brtt. sem við flytjum sameiginlega, þingmenn Sjálfstfl. og Kvennalista, en Borgfl. var ekki sammála okkur um þær.

Ég vil svo að síðustu ítreka, herra forseti, það sem ég sagði við 1. umr., að ég álít að 20. gr. bráðabirgðalaganna stangist fullkomlega á við beint og skýrt ákvæði stjórnarskrárinnar um að óheimilt sé að setja bráðabirgðalög nema brýna nauðsyn beri til. Í gildistökuákvæðinu er kveðið á um að 20. gr. skuli ekki öðlast gildi fyrr en 1. nóv. 1988 eða þrem vikum eftir að Alþingi kom saman. Það er því öldungis ljóst að brýna nauðsyn bar ekki til þess að setja þessa grein inn í bráðabirgðalögin og það er í rauninni ámælisvert af stjórn þingsins að hún skyldi ekki hafa hlutast til um það að þessi sérstaka grein gæti komið til atkvæðagreiðslu og afgreiðslu í þinginu fyrir þennan tíma til þess að ítreka þá skoðun að auðvitað dugir ekki að ríkisstjórnir séu að ráðskast með þessum hætti fram í tímann og taka þannig í sínar hendur það löggjafarvald sem við hljótum allir að vera sammála um að eigi að vera Alþingis en ekki ríkisstjórnarinnar, ekki framkvæmdarvaldsins, þegar lagagreinin á ekki að taka gildi fyrr en þrem vikum eftir að Alþingi kemur saman.

Herra forseti. Það féll aðeins úr minni mínu vegna þess að ég sá ekki hæstv. fjmrh. hér inni, en það er náttúrlega mjög óviðkunnanlegt að hæstv. fjmrh. skuli hvorki vera við 1. né 2. umr. þessa máls vegna IV. kafla frv. sem fjallar um heimildir til hans til að veita eftirgjöf á vöxtum af vangoldnum skattakröfum. Ég skal ekki gera það að kröfu minni að hæstv. fjmrh. útskýri hvað fyrir honum vakir með þessum kafla, en vil biðja hæstv. forseta að hlutast til um að hæstv. fjmrh. verði við 3. umr. á morgun til þess að hann geti þá svarað spurningum einstakra þingmanna varðandi þennan kafla.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er mjög áberandi hér í umræðum undanfarna daga að hér er stunduð áköf leit. Menn leita í senn að syndaselum og samherjum. Það er ljóst að við stöndum hér frammi fyrir miklum vanda og það var ljóst þegar í haust þegar slitnaði upp úr samstarfi síðustu hæstv. ríkisstjórnar. Þau vandamál hafa ekki minnkað við myndun nýrrar ríkisstjórnar og eftir því sem ég fæ heyrt á máli manna hér — en hér er, eins og ég sagði áðan, leitað í allar áttir eftir samherjum og syndaselum. Ég vil minna á að auðvitað vorum við kvennalistakonur tilbúnar til þess að taka þátt í að leysa þessi mál í haust. Við lögðum fram okkar eigin tillögu um að til bráðabirgða yrði mynduð hér stjórn allra flokka — og ég get ekki betur heyrt á andrúmsloftinu hér en að það hefði einmitt verið rétta lausnin við þær aðstæður sem nú ríkja. En við töldum, eins og menn eflaust muna, óviðunandi að ganga inn í þá ríkisstjórn sem nú situr fyrst og fremst vegna kjaraskerðingar hennar og afnáms samningsréttar. Það hefði verið öllu lýðræðislegri bragur á því að menn hefðu hér sameinast um málin í bili og efnt síðan til kosninga svo fljótt sem verða mátti eins og við lögðum til.

Eins og menn sjálfsagt muna komu ýmsar athugasemdir fram þegar við 1. umr. þessara bráðabirgðalaga sem við fjöllum um nú. Þar á meðal komu fram miklar efasemdir allra stjórnarandstæðinga um

nauðsyn þess að setja á stofn nýjan og sérstakan sjóð til þess að taka á málum útflutningsatvinnuveganna. Reyndar voru allir sammála um, ég vil ítreka það, og við líka að það þyrfti að grípa til sérstakra aðgerða miðað við þá stöðu sem málin voru komin í.

Spurningar okkar og gagnrýni beindust bæði að stofnun Atvinnutryggingarsjóðsins svo og skipun stjórnar hans. Ég þarf vart að verja tíma mínum hér til að rifja það upp en ég ítreka að við kvennalistakonur teljum að með stofnun sjóðsins sé verið að færa ósköp venjulega aðgerð í íslensku efnahagslífi í nokkurs konar grímubúning. Við getum ekki annað en gagnrýnt það að enn einu sinni skuli stjórnvöld skipa sína menn eingöngu í áhrifastöður þar sem ákvarðanir eru teknar um útdeilingu þeirra fjármuna sem hér um ræðir. En fyrst sú ákvörðun var tekin að stofna nýjan og sérstakan sjóð hefðum við talið eðlilegt að stjórn hans væri skipuð á annan veg, t.d. hefðu einhverjir fulltrúar þeirra atvinnugreina sem sjóðurinn á að fjalla um átt þar sæti.

Eins og fram kom í máli hv. 2. þm. Norðurl. e. flytjum við sameiginlega brtt. að hluta til. Í þeim brtt. sem við flytjum kemur fram að við teljum að þau verkefni sem hinum nýja Atvinnutryggingarsjóði útflutningsgreina eru ætluð hefði mátt fela Byggðastofnun sem hefur sinnt verkefnum sem þessum í gegnum tíðina. Það má svo auðvitað deila um það hvernig stjórn Byggðastofnunar er skipuð og höfum við kvennalistakonur oft gagnrýnt það að pólitísk ráð og nefndir skuli stjórna svo víða í þjóðfélaginu. En það má þó a.m.k. segja um Byggðastofnun að hún er stofnun sem starfar samkvæmt lögum sem Alþingi hefur samþykkt, þar sitja lýðræðislega kjörnir fulltrúar og þar eiga þingflokkar fulltrúa samkvæmt þingstyrk. Ég tel reyndar ekki ástæðu til að ræða þennan þátt málsins frekar hér og nú því að ég tel að meginhugmyndir okkar hafi komið fram í máli hv. 2. þm. Norðurl. e. Hann kynnti þessar hugmyndir rækilega hér áðan þegar hann mælti fyrir þeim brtt. sem við flytjum. En ég mun snúa mér að brtt. sem ég flyt fyrir hönd okkar fulltrúa Kvennalistans í þessari deild ásamt hv. þm. Halldóri Blöndal og Eyjólfi Konráð Jónssyni.

Brtt. þessar er að finna á þskj. 209. Þar leggjum við til að á eftir 9. gr. í brbl. komi tvær nýjar greinar um stofnun sérstaks hlutafjársjóðs og hljóðar hin nýja 10. gr. okkar þannig, með leyfi forseta:

„Stofna skal hlutafjársjóð við Byggðastofnun. Skal hann afla tekna með sölu aðildarbréfa og skal ríkissjóður tryggja verðbætt nafnvirði þeirra án vaxta fyrir allt að 600 millj. kr.

Hlutafjársjóður skal hafa sjálfstæðan fjárhag."

Hugmynd okkar með flutningi þessarar brtt. er annars vegar sú að styrkja eiginfjárstöðu fyrirtækja en hins vegar að gefa fólki tækifæri til að fjárfesta í þessari undirstöðuatvinnugrein án þess þó að taka of stóra áhættu. Hlutafjáraukning skilar sér margfalt betur en lán og eykur heildarstyrk fyrirtækisins. Fleiri lán eru alls ekki til þess fallin að bjarga þeim fyrirtækjum sem eru að komast í þrot. Til þess að fjármagna þennan sjóð gerum við ráð fyrir 600 millj. kr. innlendri lántöku.

Í bráðabirgðalögum hæstv. ríkisstjórnar er gert ráð fyrir að skerða lögbundin framlög ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs um 600 millj. kr. Við kvennalistakonur teljum með öllu óviðunandi að ríkið gangi með þessum hætti í sjóð launafólks og rjúfi þannig einhliða samkomulag sem gert var milli ríkissjóðs, ASÍ og VSÍ. Af þeim 2000 millj. kr. sem fara eiga í Atvinnutryggingarsjóð er ætlunin að taka 600 millj. kr. úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Burtséð frá grundvallarspurningunni um það hvort ríkissjóður eigi undir nokkrum kringumstæðum að skerða á þennan hátt lögbundin framlög sín í þennan mikilvæga sjóð, þá hlýtur þetta einkum nú í ljósi ríkjandi aðstæðna að vera sérlega vafasöm ráðstöfun. Daglega berast fréttir um uppsagnir starfsmannahópa hjá ýmsum fyrirtækjum um land allt.

Þó að atvinnuleysi mælist ekki umtalsvert yfir heildina vitum við hvernig ástandið er í mörgum byggðarlögum. Víða býr fólk við mikið öryggisleysi um afkomu sína og framtíð. Milli mánaðanna september og október var 37% aukning á atvinnuleysi á landinu öllu. Samkvæmt upplýsingum frá félmrn. hefur tilkynningum um uppsagnir starfsfólks fjölgað stórlega. Þannig bárust tilkynningar um á milli 500 og 600 uppsagnir í októbermánuði en stór hluti þeirra kemur til framkvæmda nú um áramótin eða eftir u.þ.b. þrjár vikur. Og hverjir skyldu fara verst út úr þeim uppsögnum? Jú, það eru auðvitað konurnar eins og alltaf. Meðalfjöldi atvinnulausra í október var 706 og af þeim voru 472 konur. Nú er jafnvel spáð 4–6% atvinnuleysi þegar í vetur en samkvæmt upplýsingum stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs leyfir staða hans nú 5% atvinnuleysi í eitt ár. Það er því mikið í húfi að þessi sjóður launafólks verði ekki skertur. Það ætti öllum að vera ljóst, ekki síst nú er við stöndum frammi fyrir miklum erfiðleikum sem að hluta til stafa af því að okkur láðist að leggja fyrir í góðærinu. Ef einhvern tíma er hægt að læra af reynslunni og mistökum þá ætti það einmitt að vera nú.

Í 11. gr., sem við nefnum svo í brtt. okkar á þskj. 209, er kveðið á um kaup og sölu hlutafjársjóðs á hlutabréfum og hljóðar greinin svo, með leyfi forseta:

„Hlutafjársjóður skal kaupa hlutabréf í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja. Hlutabréfin skulu boðin til sölu eigi síðar en fjórum árum eftir að þau eru keypt og skal starfsfólk fyrirtækis eða fyrirtækið njóta forkaupsréttar.

Aðildarbréf skulu ætíð skráð á nafn og geta gengið kaupum og sölum.

Hlutafjársjóði skal tilkynnt um eigendaskipti aðildarbréfa.

Hlutafjársjóður gefur reglulega út gengi á aðildarbréfum."

Sú sérfræðiþekking sem er í Byggðastofnun nú þegar ætti að nýtast vel til að velja þau fyrirtæki sem hlutafjársjóður telur rétt að kaupa hlutabréf í og ætti

að tryggja fullt verðgildi bréfanna. Með sölu bréfanna að fjórum árum liðnum er tryggð ákveðin dreifing og með því að veita starfsfólki fyrirtækjanna eða fyrirtækjunum sjálfum forkaupsrétt má betur tryggja en nú er að eignarhald fyrirtækjanna haldist heima í héraði. Á þeim tímum sem við nú lifum á getur það verið spurning um líf eða dauða einstakra byggðarlaga hvort þau geta haldið þeirri atvinnu sem nú þegar er fyrir úti í héruðunum.

Síðasta brtt. sem við flytjum sameiginlega á þskj. 209 fjallar um atvinnumálanefndir og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Í hverju kjördæmi landsins skal starfa atvinnumálanefnd. Hver atvinnumálanefnd skal skipuð fimm fulltrúum, tveimur tilnefndum af Alþýðusambandi Íslands, tveimur af Vinnuveitendasambandi Íslands og formanni tilnefndum af ríkisstjórninni. Atvinnumálanefndir skulu fylgjast með atvinnuástandi og þróun atvinnumála á starfssviði sínu og vera stjórn Byggðastofnunar til ráðuneytis um verkefni sjóðsins."

Við teljum nauðsynlegt og eðlilegt að fólkið úti í byggðarlögunum hafi einhvern vettvang þar sem það getur haft áhrif á þá endurreisn atvinnulífsins sem nú er þörf fyrir. Það er mikilvægt í þeirri uppstokkun sem nú verður að fara fram að stjórnvöld tryggi sér að þekking heimamanna á sínum eigin byggðarlögum nýtist, því framtíð atvinnulífsins um land allt hlýtur að byggjast á því sérstaka sem hvert byggðarlag hefur upp á að bjóða. Þannig verði byggðarlögunum gert kleift að blómstra á sínum eigin forsendum. Það er mikilvægur hornsteinn byggðastefnunnar að leitað sé eftir hinu sérstaka á hverjum stað. Ég tel að með því að tryggja aðild heimamanna að uppbyggingu atvinnulífsins sé frekar hægt að gera sér vonir um að ríkisstjórnin nái fram þeim markmiðum sem hún setur sér í stjórnarsáttmálanum, en þar segir, með leyfi forseta:

„Mörkuð verður ný atvinnustefna sem stuðlar að hagvexti og skynsamlegri nýtingu sameiginlegra auðlinda þjóðarinnar. Tekið verður fyllsta tillit til byggðasjónarmiða. Athafnafrelsi einstaklinga og félaga verður meginreglan í atvinnumálum og frjálsræði í milliríkjaviðskiptum. Ríkisstjórnin mun með framkvæmd efnahagsstefnu sinnar móta almenna umgjörð um atvinnustarfsemi sem hvetur til ábyrgðar eigenda þannig að arðsemissjónarmið ráði ákvörðunum."

Það kemur reyndar fram í II. kafla stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar að sérstakt átak muni vera fyrirhugað til þess að auka fjölbreytni í atvinnu kvenna á landsbyggðinni, og hafa reyndar verið fluttar tvær tillögur þar að lútandi af stjórnarliðum hér inni á þingi.

Loks flyt ég ásamt hv. þingkonu Guðrúnu Agnarsdóttur brtt. við 19. gr., en hana er að finna á þskj. 206. Ég tel óþarfa að lesa þá till., en hún er í sama anda og þær brtt., sem við fluttum varðandi launa- og kjaramálin, við hin bráðabirgðalögin, þ.e. 20. mál þingsins, sem við fjölluðum um á föstudaginn og fyrr á þessum fundi í dag.

Við kvennalistakonur höfum margoft lýst því yfir að við lítum á launafrystingu og afnám samningsréttar sem skýlaust mannréttindabrot sem ekki er hægt að bæta upp með neinu öðru. En í stjórnarsáttmála hæstv. ríkisstjórnar segir einmitt, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin æskir vinsamlegra samskipta við aðila vinnumarkaðarins og mun hafa við þá samráð um stefnuna í kjaramálum."

Nú háttar svo til að sl. laugardag minntist launafólk hér á Reykjavíkursvæðinu mannréttindadags Sameinuðu þjóðanna með því að efna til fjölmenns fundar þar sem greinilega kom fram hugur launafólks í garð þeirrar ríkisstjórnar sem nú hefur skert kjör þeirra svo mjög og tekið af þeim þann heilaga rétt sem launafólk telur samningsréttinn vera.

Vil ég því að lokum skora á hæstv. ríkisstjórn og alla hv. þm. stjórnarinnar að rifja vel upp þessa setningu, og reyndar margar fleiri í stjórnarsáttmálanum, og endurskoða hug sinn, a.m.k. að því er varðar samningsréttinn og launafrystinguna. Reyndar kom það fram í máli hv. 2. þm. Norðurl. e. að hann mæltist til þess að hæstv. forsrh. tæki einnig tillit til tillagna okkar um rekstrardeild Byggðastofnunar. Eins og ég gat um í upphafi máls míns þá vil ég ljúka máli mínu með því að segja: Það ber allt að sama brunni, það er leitað hér eftir samstöðu um mál og ef við ætlum að koma þessu áfram þá er mjög greinilegt að það þarf að taka tillit til þeirra tillagna sem fram koma og gaumgæfa þær mjög vel áður en málin verða afgreidd.

Júlíus Sólnes:

Hæstv. forseti. Það hefur komið að nokkru fram í hverju þær brtt., sem við urðum sammála um í stjórnarandstöðuflokkunum um að flytja sameiginlega, eru fólgnar, og eins hvaða brtt. við munum flytja hvert í sínu lagi og ætla ég hér síðar að gera grein fyrir þessum brtt. En fyrst langar mig til að fjalla dálítið almennt um þetta frv. til laga um efnahagsaðgerðir.

Í raun má segja að við séum búin að ræða frv. samhliða þeim bráðabirgðalögum sem voru sett í tíð ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar, Þorsteinslögin, því þessi mál eru öll mjög samtvinnuð og vart hægt að ræða þau hvort í sínu lagi heldur verður umræðan og hlýtur að verða mjög samstiga um bæði þessi mál.

Mig langar aðeins til að víkja hér að greinunum um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að útvega fjárhæð allt að 800 millj. kr. til Verðjöfnunarsjóðs til þess að geta verðbætt sjávarafurðir, þ.e. frystingarinnar, og einnig til verðbóta á hörpudisk.

Það kom berlega fram í þeim viðræðum sem við áttum við fulltrúa sjávarútvegsins og reyndar einnig í þeim viðræðum sem við áttum við formann stjórnar Verðjöfnunarsjóðs að þessi ráðstöfun hefur mælst mjög illa fyrir hjá aðilum í sjávarútvegi. Þeim þykir

sjávarútvegsgreinum vera mismunað með þessum hætti og telja að með þessu séu forsendur fyrir Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins, á þeim grundvelli sem hann hefur starfað undanfarin ár, brostnar.

Ég minni á það að í kosningastefnuskrá Borgfl. frá því um vorið 1987 lögðum við það einmitt til að í stað þess að vera með Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins eins og hann hefur verið rekinn yrði tekinn upp sveiflujöfnunarsjóður fyrirtækja og áttum þar við sveiflujöfnunarsjóð í líkingu við Verðjöfnunarsjóðinn, en með þeim hætti að fyrirtækin gætu annaðhvort hvert fyrir sig eða saman myndað slíka sveiflujöfnunarsjóði. Þau gætu lagt í sjóðinn í góðæri og geymt til vondu áranna og fengið skattaundanþágu með þeim hætti. Eins var talið og við bentum enn fremur á að það væri æskilegt að fyrirtæki í ákveðnu byggðarlagi gætu slegið sér saman í að mynda sameiginlega sveiflujöfnunarsjóði sem yrðu þá í vörslu bankastofnana í viðkomandi byggðarlagi. Ég minnist þess — og ég hef líklega sagt þetta reyndar áður úr þessum ræðustóli — að þegar ég heimsótti Ísafjörð í kosningabaráttunni, þá kom það fram þar að fyrirtæki í sjávarútvegi á Vestfjörðum greiddu á einu ári 400 millj. kr. í Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins. Það voru allt peningar sem voru sendir suður. Hefði þeim nú ekki verið betur fyrir komið í bankastofnunum á Vestfjörðum þar sem þeir hefðu þá væntanlega verið endurlánaðir til atvinnulífsins? Ég held að við hljótum að standa frammi fyrir þeirri ákvörðun mjög fljótlega að leggja niður Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins í núverandi mynd og í staðinn heimila fyrirtækjum með sérstökum skattaívilnunum að mynda sjálfstæða sveiflujöfnunarsjóði.

Þá komum við að hinum margumræddu Atvinnutryggingarsjóði útflutningsgreinanna. Við höfum verið mjög mótfallnir því með hvaða hætti þessi sjóður hefur orðið til og hvernig stjórn hans er hugsuð. Hér er búið að búa til eitt báknið enn og eins og kom fram í umræðunum hér áðan munaði nú minnstu að hv. þm. Stefán Valgeirsson yrði sjóðsstjórinn og spurning er enn þá hvort hann er það ekki í reynd þó að hann fjarstýri sjóðnum í gegnum einn sinna stuðningsmanna. Ég skal ekki fjalla frekar um það. En við vorum mjög samhuga um það stjórnarandstöðuflokkarnir í nefndinni að það hefði verið miklu einfaldara og eðlilegra að þessi sjóður hefði starfað sem deild við Byggðastofnun. Í raun og veru þurfti ekkert annað að gera en að veita fjármunum til Byggðastofnunar til að takast á við þann vanda sem er í sjávarútvegi umhverfis allt landið.

Við vorum kannski ekki algjörlega sammála um hvernig ætti að breyta þessum greinum sem fjalla um Atvinnutryggingarsjóðinn, en náðum þó saman um sameiginlega brtt. sem við höfum flutt, fulltrúar Sjálfstfl., Borgfl. og Kvennalista, um með hvaða hætti mætti koma þessu fyrir hjá Byggðastofnun.

Um eitt atriði höfðum við svolítið aðrar hugmyndir en t.d. fulltrúar Kvennalistans, en það var með hvaða hætti mætti tryggja fjármagn til sjóðsins. Bæði ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar og ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar hafa verið með þær hugmyndir að notfæra sér Atvinnuleysistryggingasjóð sem uppsprettu fjármagns með þeim hætti að ríkið ætlast til að hann leggi fram 600 millj. kr. í þetta ævintýri. Það skal einfaldlega gert með því að skerða framlag ríkisins til Atvinnuleysistryggingasjóðs með þeim hætti árin 1988–1990.

Við fengum í heimsókn til nefndarinnar fulltrúa stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs ásamt framkvæmdastjóra hans til viðræðu. Þeir voru að vonum mjög hissa á þessari ráðstöfun. Hana bar enn fremur að á mjög einkennilegan hátt þannig að framkvæmdastjóri Atvinnuleysistryggingasjóðs var á ferðalagi í útlöndum og las um þetta í blöðunum að nú væri fyrirhugað að skerða framlag ríkisins til Atvinnuleysistryggingasjóðs með þessum hætti. Hins vegar lét stjórn sjóðsins okkur í té yfirlýsingu sína þar sem það kemur fram að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs telur það ekki útilokað að hún muni geta lánað ríkinu þessa fjármuni ef samningar þar um takast, en það er skýrt tekið fram að til þess er ætlast að sjálfsögðu að ríkissjóður endurgreiði þetta fé til sjóðsins á ákveðnum kjörum. Á þetta getum við fyrir okkar leyti fulltrúar Borgfl. fallist, að með þessum hætti verði útvegaðar 600 millj. kr. að láni, eins og það er orðað í tillögum okkar, að heimiluð verði innlend lántaka upp á 600 millj. kr. sem endurgreiðist af ríkissjóði og verði hluti af framlagi hans til Atvinnutryggingarsjóðs hvort sem hann er nú sjálfstæður sjóður eða hvort hann er einfaldlega deild við Byggðastofnun. Þarna er stigsmunur á afstöðu okkar og Kvennalistans hvað þetta atriði varðar. Við getum vel sætt okkur við að Atvinnuleysistryggingasjóður láni þetta fjármagn til sjóðsins eða til deildarinnar en gegn því skilyrði að þetta verði endurgreitt Atvinnuleysistryggingasjóði eftir samkomulagi við fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs.

Nú er það alveg ljóst að ríkissjóður ber fulla ábyrgð á Atvinnuleysistryggingasjóði með þeim hætti að verði um stórfellt atvinnuleysi að ræða og fjármunir Atvinnuleysistryggingasjóðs duga ekki til að standa undir þeim atvinnuleysisbótum sem þarf að reiða fram, þá verður ríkissjóður að sjálfsögðu að taka á sig það sem á vantar. Þess vegna teljum við það verjandi að útvegað verði fé að láni hjá Atvinnuleysistryggingasjóði með þessum hætti.

Hvað varðar þá tillögu fulltrúa Sjálfstfl. og Kvennalista að koma á fót opnum hlutabréfamarkaði, þ.e. að settur verði á stofn sérstakur hlutafjársjóður við Byggðastofnun, þá vildum við ekki standa með að þeirri tillögu þar sem við töldum hana fremur óraunhæfa. Að sjálfsögðu höfum við ekkert á móti því að komið verði á fót opnum hlutabréfamarkaði hér á landi og hvetjum reyndar mjög til þess. Við teljum hins vegar að ríkið og ríkisstofnanir eigi ekki að hafa neitt frumkvæði í þeim efnum, heldur eigi einmitt að stuðla að því sem hér segir beinum orðum í áliti minni hlutans: að

komið verði á fót opnum hlutabréfamarkaði hér á landi. Þar eigum við að sjálfsögðu við að hlutabréfamarkaður verði í tengslum við verðbréfaþing og hlutabréf gangi hér kaupum og sölum á eðlilegan og frjálsan hátt eins og aðrir pappírar, þ.e. verðbréf og þess háttar. Hins vegar erum við fulltrúar Borgfl. mjög efins um það að hlutafjársjóður við Byggðastofnun muni ná þeim tilgangi sem ætlast er til af honum, þ.e. honum er ætlað að kaupa hlutabréf, a.m.k. eins og ástandið er núna í sjávarútvegi, af mjög illa stöddum fyrirtækjum sem flest ramba á barmi gjaldþrots hringinn í kringum landið. Síðan á að fjármagna þennan hlutafjársjóð með aðildarbréfum, þ.e. Jón Jónsson úti í bæ á að kaupa aðildarbréf í hlutafjársjóðnum vitandi það að þeir fjármunir verða síðan notaðir til þess að kaupa hlutabréf í fyrirtækjum sem óvíst er að lifi af þessa hörmungartíma sem sjávarútvegurinn í landinu er að ganga í gegnum. Ég hef enga trú á því að Jón Jónsson úti í bæ muni flýta sér að kaupa aðildarbréf í slíkum sjóði. Þess vegna teljum við þessa hugmynd fremur óraunhæfa og lítt fallna til að koma að gagni í þessu máli.

Ég var búinn að fjalla mjög ítarlega um ýmsar aðrar greinar í þessu frv. til laga um efnahagsaðgerðir, bæði við 1. umr. og enn fremur þegar við ræddum bráðabirgðalögin frá því í maí sl. þannig að ég sé ekki ástæðu til þess, virðulegur forseti, að vera með langt mál nú við 2. umr. Þess skal getið að annar þingmaður Borgfl. í Ed. hefur lagt fram brtt. við frv. varðandi Atvinnutryggingarsjóðinn sem hann stendur að. Þær eru aðeins frábrugðnar þeim tillögum sem við fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna í hv. fjh.- og viðskn. höfum lagt fram sameiginlega og mun hann gera grein fyrir þeim hér á eftir.

Að lokum langar mig til þess að eyða nokkrum orðum um þá brtt., sem við fulltrúar Borgfl. höfum lagt fram, sem varðar það atriði að ríkisstjórnin útvegi 250 millj. kr. til að veita fjölskyldum og einstaklingum sem eru í miklum nauðum aðstoð til skuldbreytinga á vegum Húsnæðisstofnunar ríkisins, banka og sparisjóða. Ég vék lítillega að þessu í umræðunum um bráðabirgðalögin frá því í maí, en ég tel rétt að ítreka þessa tillögu og hvernig við hugsum þetta.

Í stjórnarsáttmálanum er talað um að ríkisstjórnin muni útvega 150 millj. kr. til skuldbreytinga í gegnum Húsnæðisstofnun ríkisins. Ég geri ráð fyrir að þar sé átt við að útvega meiri fjármuni til þess að veita greiðsluerfiðleikalán eins og þau eru nú tíðkuð á vegum Húsnæðisstofnunar ríkisins. Við leggjum hins vegar til að hér verði gengið einu skrefi lengra og einnig komið til móts við fjölskyldur og einstaklinga sem ekki endilega hafa staðið í húsnæðiskaupum eða íbúðakaupum nýlega en eru hins vegar í miklum nauðum vegna þess atvinnuástands sem hefur verið hér síðustu mánuðina og ekki síður vegna þess hve margir einstaklingar hafa farið illa út úr hávaxtastefnunni, sem hér hefur verið við lýði um langan aldur. Almenningur í landinu hefur séð fjárhagslegar áætlanir sínar hrynja saman vegna þess að það hefur ekki verið með nokkru móti hægt að gera sér ljóst hvernig verðlagsþróun yrði í landinu og hvernig lán, sem fjölskyldur og einstaklingar hafa tekið, mundu breytast. Tekjur þeirra sem tóku verðtryggð lán hafa ekki alltaf getað staðið undir að borga af þessum lánum þegar á reyndi. Þess vegna teljum við alveg nauðsynlegt að komið verði til móts við þetta fólk og því hjálpað og boðið verði upp á skuldbreytingalán í bönkum og sparisjóðum með líkum hætti og var gert hér fyrir allmörgum árum í tíð ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens. Þá var einmitt boðið upp á slíkt skuldbreytingalán sem gerðist með þeim hætti að fólk safnaði saman öllum sínum skuldum, víxlum og öðru slíku, fór í þann banka þar sem skuldin var mest og bankinn tók að sér að skuldbreyta öllum þessum lausaskuldum í langtímalán. Ef ég man rétt var um það að ræða að boðið var upp á átta ára lán sem leystu lausafjárskuldir einstaklinga af hólmi með þessum hætti. Ég tel að mjög nauðsynlegt sé að gera átak í þessum efnum og vil skora á hæstv. ríkisstjórn að grípa nú þegar til þessara ráðstafana, a.m.k. að láta verða úr því sem lofað er í stjórnarsáttmálanum að þessar 150 millj. kr. verði útvegaðar til skuldbreytinga hjá illa stöddum fjölskyldum og einstaklingum.

Virðulegi forseti. Ég held að ég hafi þetta mál ekki lengra að sinni og hef lokið máli mínu.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Mér þykir rétt á þessari stundu, þar sem fulltrúar stjórnarandstöðunnar hafa mælt fyrir breytingartillögum, að gera grein fyrir einni brtt. sem ríkisstjórnin hefur fjallað um. Hún varðar 4. gr. bráðabirgðalaganna frá 20. maí. Í viðræðum við fulltrúa launþega og athugun á stöðu atvinnulífsins upp á síðkastið hefur sú hugmynd komið fram að rétt væri að fella niður 2. mgr. 4. gr. frv., þ.e. að endurreisa rétt til samninga frá t.d. næstu áramótum. Þetta var rætt í ríkisstjórninni í morgun og menn á einu máli um að þetta bæri að gera. Hins vegar liggja þegar fyrir brtt. við þessa grein frá stjórnarandstöðunni og ég sé því ekki ástæðu til að vera að flytja enn aðra brtt., en taldi því rétt að láta það koma fram hér þegar að ríkisstjórnin telur skynsamlegast að fella niður 2. mgr. 4. gr. frv.

Ég geri ráð fyrir því að ég fái síðar í kvöld tækifæri til að ræða um ýmislegt það sem hér hefur komið fram, en taldi rétt að þetta atriði kæmi fram nú þegar brtt. er lýst.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég er mjög undrandi á því að hæstv. forsrh. skyldi ekki hafa gert grein fyrir þeim viðræðum sem hann var að lýsa nú að hann hefði átt við verkalýðshreyfinguna um það að rétt væri að fella niður 2. mgr. 4. gr. meðan það frv. var til umræðu hér áðan og get satt að segja ekki skilið hvernig á því megi standa. Ég læt mér raunar detta í hug að það sé óvíst að hann hafi sagt satt um það að það hafi verið í

samkomulagi við verkalýðshreyfinguna sem hæstv. forsrh. tók þessa ákvörðun. Ég held að hitt sé nær sanni að þær umræður, sem hafa orðið um þessa 2. mgr. 4. gr. og sá ágreiningur sem Sjálfstfl. dró fram að var milli stjórnarsinna einmitt um þessa grein, valdi því að hæstv. forsrh. kýs nú að hafa þennan háttinn á, að ræða um það að óhætt sé að fella niður greinina fyrst svo er. Fyrst ekki er ástæða til að hafa 2. mgr. 4. gr. í þessu frv. hlýtur að vakna spurning um hvort nauðsynlegt sé að kveða svo á um önnur atriði í bráðabirgðalögunum eins og gert er, hvort ekki sé rétt þá að gefa samningsréttinn frjálsan eftir samningum eins og hann er, og stíga þá skrefið til fulls ef þessar samningaviðræður eiga sér stað milli ríkisstjórnarinnar og verkalýðshreyfingarinnar sem hann hefur verið að lýsa. Þetta hlýtur mjög að verða til umhugsunar. Ég vek sem sagt athygli á því, herra forseti, að eitthvað hefur hæstv. forsrh. verið utan við sig hér áðan, ef hann fer rétt með.

Ég vil líka brýna það fyrir hæstv. forsrh., úr því að hann fékk nú orðið á annað borð, hvort ekki sé rétt að hann haldi þá áfram og hvort hann fjalli þá ekki um það frv. sem hér er til umræðu. Ég geri ráð fyrir því að það yrði mjög til upplýsingar fyrir þá þingmenn sem kynnu að vera á mælendaskrá ef eitthvað heyrðist frá einhverjum talsmanni ríkisstjórnarinnar um það hvaða stefnu ríkisstjórnin vill hafa í efnahags- og atvinnumálum. Það er sennilega tími til kominn og svolítið leiðinlegt að horfa upp á forsrh. alltaf tala um síðasta mál í staðinn fyrir að ræða málið sem er á dagskrá.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég fullvissa hv. 2. þm. Norðurl. e. um að ég hef rætt, eins og ég sagði, við einstaka fulltrúa launþega um málið. M.a. ræddi ég núna fyrir örstuttri stundu við formann Bandalags starfsmanna ríkis og bæja um þetta mál.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir athugasemdir hv. 2. þm. Norðurl. e. Halldórs Blöndals og geri athugasemdir við það að hæstv. forsrh. skuli ekki hér í dag hafa tjáð sig með þeim hætti sem hann gerði áðan og hlýt að draga sömu ályktun af því eins og hv. þm. Halldór Blöndal að þessi vilji ríkisstjórnarinnar hafi ekki legið fyrir í morgun þrátt fyrir að hæstv. forsrh. lýsti því yfir núna. Ég vísa til þess að hæstv. menntmrh. hafði hér uppi mikla gagnrýni um meðferð þess máls sem þá var til umræðu sem var 20. mál samkvæmt þingskjali. Hann kom ekki með þetta atriði inn í umræðuna og hafði fulla ástæðu til. Hæstv. forsrh. vísar til þess að formaður BSRB hafi verið frammi á göngunum áðan. Ég tek mér það bessaleyfi að brjóta þann trúnað sem var milli mín og formanns BSRB og skýra frá því að ég talaði við formann BSRB á undan hæstv. ráðherra og varð ekki var við það í tali hans þá að hann ætti von á því eða vissi til þess að þetta yrði niðurstaðan í afgreiðslu þess máls sem hæstv. forsrh. tjáði áðan.

Það getur verið að það sé hlátursefni hjá einstöku manni hér hvernig að þessum málum er staðið, en ég verð að segja það að öll þessi málsmeðferð er mjög ógeðfelld. — Ja, ég segi ekki að maður víti forsrh. fyrir þetta, en hér hefur hann setið í dag undir ræðum manna og ekki skýrt frá þessu í réttri málsröð. Það er mjög óvenjulegt.

Það ber að taka því. En ég segi það og ítreka það að það getur verið að það sé hv. alþýðuflokksmanni Eiði Guðnasyni hlátursefni. Við sjálfstæðismenn höfum talað gegn ákveðnum atriðum í þessu frv. í dag en af hálfu forsrh. hafa ekki komið fram í umræðunum veigamikil atriði, breytingar á frv., sem hefðu getað haft áhrif á umræðuna og affgreiðslu málsins.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Mér fannst svar hæstv. forsrh. vera mjög stutt og ónákvæmt. Ég beindi mjög skýrri fyrirspurn einmitt um 2. mgr. til hæstv. menntmrh. í dag og hver væri afstaða Alþb. Þessi fyrirspurn var mjög skýrt fram borin þá og líka fyrir helgi og hvorugur ráðherranna sá neina ástæðu til að svara því þá í réttu samhengi.

Ég vil líka segja það, herra forseti, að það er óeðlilegt að hæstv. forsrh. skuli haga sér með þessum hætti þegar honum er kunnugt um að samkomulag var um það milli stjórnarandstöðu og að beiðni Framsfl. að fresta atkvæðagreiðslu í kvöld og hafa umræður um frv. til l. um aðgerðir í efnahagsmálum stuttar á morgun. Auðvitað felst í því að við getum ekki tekið upp ítarlegar viðræður við hæstv. forsrh. þá um það mál á morgun vegna þess að við erum bundnir samkomulagi um málið.

Ég vil því vænta þess, herra forseti, að það verði séð um það og það verði viðbótarsamkomulag að hæstv. forsrh. skýri frá því í kvöld hvaða viðræður hann hafi átt við verkalýðshreyfinguna um þau bráðabirgðalög sem voru til umræðu á undan þessu máli þar sem eru kaflarnir um kjara- og verðlagsmálin þannig að við getum fjallað um málið efnislega í kvöld þó svo 3. umr. verði á morgun. Það var algert skilyrði af hálfu Sjálfstfl. að umræðurnar á morgun yrðu stuttar. Það var einungis á þeirri forsendu sem við féllumst á þá beiðni Framsfl. að draga atkvæðagreiðsluna til morguns. Við vissum ekki annað en á bak við það lægi sú ástæða ein að einn af þingmönnum Framsfl. þurfti að fara norður í land og auðvitað vissum við það eins og venja er til hér í þinginu. En úr því að hæstv. forsrh. byrjar með þessum hætti að tala um þær viðræður sem hann hefur átt við aðila vinnumarkaðarins og nú hafa að hans sögn orðið til þess að hann kýs að fella niður 2. mgr. 4. gr. er óhjákvæmilegt að stjórnarandstaðan fái glögga vitneskju um stöðu þessara mála í heild.

Það má vel vera að það séu fleiri atriði sem þá er nauðsynlegt að ræða. Allt er þetta óvænt. En það er svo sem ekki í fyrsta skipti þegar þessi hæstv. ráðherra á í hlut sem talað er héðan og þaðan. Það er það ekki, því miður. En það er kominn tími til

þess að hæstv. ráðherra tali hreint út úr pokanum. Það þýðir ekki alltaf að skorast undan. Það þýðir ekki alltaf að segja eitt í dag og annað á morgun. Við erum að tala um alvörumál. Það var svo sem eftir öðru, eftir að maður hefur hlýtt á ræðu frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn., eftir að maður hlýddi á ræðu hæstv. menntmrh. og eftir að maður hlýddi á hæstv. sjútvrh. tala í umræðunum í dag án þess að víkja einu einasta orði að útlitinu í sjávarútveginum, að hæstv. forsrh. skyldi standa upp til að tala um það mál sem búið er að taka á dagskrá. Það má segja að það sé virðuleikablær yfir þessu.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Mér þykir satt að segja afar leitt að hv. sjálfstæðismenn skuli taka þessari breytingu svona fálega. Það kann að vera af því að hér er um að ræða breytingu á lögum sem við settum sem bráðabirgðalög saman 20. maí. En menn mega þó ekki vera svo steinrunnir að ekki megi breyta því sem við höfum þannig gert.

Ég vil taka það skýrt fram að ég sagði ekki áðan að ég hefði rætt við verkalýðshreyfinguna. Ég sagði að ég hefði rætt við einstaka aðila í verkalýðshreyfingunni, einstaklinga þar. Sömuleiðis treysti ég mér ekki til að gera grein fyrir þessari breytingu hér fyrr en mér væri sjálfum ljóst að hún nyti stuðnings allra stjórnarsinna. Ég hef verið að kanna það og ég gerði grein fyrir henni strax og það lá fyrir. Mér þykir satt að segja undarlegt ef stjórnarandstæðingar sem hér eru með breytingartillögur fagna því ekki frekar en að leggjast gegn þegar fallist er á slíka brtt. (Gripið fram í.) Ég vona það og ég taldi mig vera að gegna skyldu minni með því að greina frá þessu eins fljótt og það lægi fyrir að samstaða væri í stjórnarliðinu um þessa breytingu. Það lá fyrir þegar hv. þm. Júlíus Sólnes hóf mál sitt áðan.

Ég mun vitanlega ræða þetta frv. og er tilbúinn að ræða það í alla nótt, en ég ætla ekki að taka tíma til þess núna. Það hafa komið fram ýmsar spurningar og ýmislegt í efnahagsmálum sem svo sannarlega er rétt að ræða. Ég er reiðubúinn að gera það. En að ég ætli að hlýða hér einhverjum skipunum og greina frá hverju símtali sem ég kann að eiga við einstaka menn í verkalýðshreyfingunni kemur ekki til greina.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Ég tel ástæðu til að þakka hæstv. forsrh. fyrir frumkvæði hans í þessu máli. Ég lít svo á að með þeirri yfirlýsingu sem hann hefur gefið hér sé hann að lagfæra það frv., sem við erum hér um að fjalla, mjög mikið og þar með að styrkja þá ríkisstjórn sem hann veitir forustu.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Það gerast ýmis óvænt tíðindi og þó ekki óvænt. Auðvitað hefur hæstv. forsrh. verið að reyna það núna eftir að hann kom heim að bræða saman og það kemur honum að óvörum að stjórnarandstaðan skuli vera algerlega sameinuð um nýja stefnu, heilbrigða, frjálslynda stefnu í efnahags- og fjármálum sem nú hefur verið gerð grein fyrir. Hann er þess vegna að reyna að lappa upp á verk sín og tekur það ráð að skýra okkur nú undir kvöldmat frá því sem hann hefur verið að bauka í dag. Ég er ekkert út af fyrir sig að álasa honum fyrir að reyna að halda saman sinni stjórn. Sá hv. þm. sem síðast talaði virtist tala í dálítið öðrum tóni eftir að hafa fengið þessi nýju tíðindi og þakkaði fyrir þetta. Ég get gert það líka út af fyrir sig. En auðvitað er þarna verið að versla. Við skulum kalla þetta réttu orði. Það er verið að reyna að halda þessu ríkisstjórnarhrói saman. Og við sjáum svo hvernig það gengur þegar að því kemur.

En við t.d. í hv. fjh.- og viðskn. höfum algerlega leyft stjórnarsinnum og formanni nefndarinnar að halda á þessum málum, hvernig þetta yrði millifært á milli laga, sem er klúður og það vitum við allir að hefði kannski alla vega verið klúður að geta þá ekki steypt þessu öllu saman í einn bálk sem stjórnarsinnar vildu að fram kæmist. Við tökum þetta mál auðvitað til athugunar aftur og það er mjög æskilegt, eins og hv. þm. Halldór Blöndal sagði, að fella þá niður öll ákvæði um allar frestanir samningafrelsis í þessum lögum.

Að vera svo með skæting í okkur, að við séum steinrunnir eða hvaða orðalag sem hann nú notaði. Auðvitað eru þessi lög frá í maí einskis virði. Ef þau voru einhvers virði þá, sem ég efast um að þau hafi verið nokkurn tíma, þá er þetta allt liðin tíð fyrir lifandi löngu og átti auðvitað þess vegna að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar eða frá með rökstuddri dagskrá. Það var mjög eðlilegt að gera það. Aðstæður á Íslandi eru allt aðrar í dag eftir öll þau ósköp sem verið er að dengja yfir þjóðina af nýjum sköttum og allt annað sem verið er að gera. Hvers vegna ættum við sjálfstæðismenn að halda endilega öllu því í gildi sem þá var?

En ég ætla ekki að ræða þetta frekar að sinni.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það kom engum á óvart sem hlustaði á hæstv. forsrh. að hann fór rangt með. Þetta er ekki í fyrsta skipti og ekki það síðasta sem hann gerir það, þessi hæstv. ráðherra, enda er auðvelt að sýna fram á það, ef maður gerir úttekt á því sem hann segir frá einum degi til annars, að þar stangast ýmislegt á og auðvelt að rifja t.d. upp hvernig hann talaði um þann mann sem var í embættinu á undan í ágústmánuði m.a. Efast ég um að hann mundi með sama hætti tala um ferðalag forsrh. nú þó svo ástandið í atvinnumálum sé ólíkt alvarlegra nú en það var á þeim tíma. Það væri mjög fróðlegt að gera svolitla athugun á því hvernig þessum hæstv. ráðherra hafa farist orð frá einum tíma til annars.

Það sem ég sagði áðan var það sem auðvitað er mikið fagnaðarefni: Ef það hefur komið upp sá skilningur og sá trúnaður milli ríkisstjórnarinnar og verkalýðshreyfingarinnar að óhætt sé að fella niður

allan þennan kafla sem fjallar um kjaramálin er það mikið fagnaðarefni. Það sem ég lagði áherslu á var að eðlilegt hefði verið að hæstv. forsrh. hefði talað um þetta í dag. Því miður virðist koma í ljós lítill áhugi formanns þingflokks Framsfl. á því að draga umræðurnar til morguns í staðinn fyrir að einhver annar þingmaður færi út úr deildinni í staðinn fyrir Stefán Guðmundsson, einhver þingmaður Sjálfstfl. tæki ekki þátt í atkvæðagreiðslu til að atkvæðagreiðsla gæti farið fram í dag. Það virðist m.ö.o. hafa verið farið á bak við okkur í þessari beiðni. Það er það sem mér þykir verst. Það er ómögulegt að skilja orð hæstv. forsrh. öðruvísi. Hann gat ekki tekið þátt í umræðunum í dag vegna þess að hann átti eftir að fá stuðning hinna stjórnarflokkanna við það að 2. mgr. 4. gr. félli niður. Af þeim sökum vorum við beðnir um það, stjórnarandstæðingar, að fresta atkvæðagreiðslunni til morguns og svo var það haft að yfirvarpi að einn af þingmönnum Framsfl. var að fara norður í land. Þetta er mjög dapurleg niðurstaða og síður en svo til þess fallin að það auki eitthvað á samstarf eða samvinnu milli stjórnar og stjórnarandstöðu.

Þegar maður leggur svo saman við þann tón sem var í ræðu formanns fjh.- og viðskn. í dag þegar hann var að finna að því að það skyldi rætt um efnahagsmál í fjh.- og viðskn. þegar frv. um efnahagsráðstafanir var til umræðu og þegar hann var að amast við því að fulltrúar atvinnuveganna voru kallaðir á fund nefndarinnar, þá sér maður hvernig andar til stjórnarandstöðunnar. Þetta er mjög mikið umhugsunarefni fyrir stjórnarandstöðuna og hvernig eftirleiðis eigi að bregðast við þegar komið er til okkar og við beðnir að greiða fyrir þingstörfum eins og gerðist hér í dag.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Ég tel óhjákvæmilegt að ég fyrir hönd okkar þingmanna Borgfl. í Ed. taki þátt í þessum umræðum. Þetta er tillaga sem við höfum flutt við 4. mgr. Þorsteinslaganna, þ.e. að seinni mgr. 4. gr. verði felld niður þar sem er einmitt ákvæði um að banna verkföll og verkbönn.

Það er ansi fróðlegt að heyra þau orðaskipti sem hér hafa orðið og ég verð að segja eins og er að ég hef síður en svo á móti því að ríkisstjórnin sjái nú loksins að sér og taki undir þessa brtt. með okkur. Ég veit að vísu ekki hvernig þeir ætla að koma þessari breytingu í kring, hvort þeir ætla einfaldlega að samþykkja þessa brtt. Borgfl. eða hvort þeir ætla að flytja þessa brtt. sjálfir við 3. umr. eða hvernig.

Ég vil hins vegar mótmæla því sem hæstv. forsrh. sagði hér áðan. Það er verið einatt hér í þinginu að tala um afstöðu stjórnarandstöðunnar þegar fulltrúar sjálfstæðismanna hafa verið hér í ræðustól eins og þeir tali fyrir munn okkar allra. Stjórnarandstaðan er þrír flokkar sem eru í stjórnarandstöðu. Þeir hafa ekki gert neitt samkomulag sín á milli. Það er enginn einn flokkur sem stjórnar stjórnarandstöðunni. T.d. er formaður Sjálfstfl. ekki sjálfkjörinn leiðtogi stjórnarandstöðunnar þó að sumir fjölmiðlar hafi viljað láta að því liggja, einkum þó ríkisfjölmiðlarnir. Kann að vera að það sé einhver óskhyggja af þeirra hálfu að svo sé. Ég veit ekki hvort það er vilji ýmissa fréttamanna ríkisfjölmiðlanna að þessi umræddi hv. formaður Sjálfstfl. verði snarast aftur forsrh. Það kann svo að vera. En ég vil frábiðja mig því að verið sé að bendla Borgfl. og þingmenn hans við ýmsar staðhæfingar og fullyrðingar í nafni stjórnarandstöðunnar þegar þingmenn Sjálfstfl. eru að gera upp sakir við fyrri samstarfsmenn sína.

Ég vil að lokum ítreka það, sem ég hef margoft vakið athygli á hér áður, að við erum hér hvað eftir annað vitni að uppgjöri gömlu flokkanna. Þeir eru að hnakkrífast hér, gömlu flokkarnir, sín á milli og við sitjum hjá, fulltrúar hinna nýju stjórnmálaafla í landinu. Væntanlega og vonandi eins fljótt og hægt er tökum við við stjórn landsins og förum að hvíla gömlu flokkana því að mér heyrist þessar umræður einmitt ítreka það og styðja þá skoðun mína að það sé best fyrir þjóðina að fara að losna við þá sem allra fyrst.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Nú þykir mér týra á tíkarskottinu eins og þar stendur. Hæstv. forsrh. kemur hér og gefur yfirlýsingu um að stjórnarflokkarnir muni standa að því að fella niður umdeilda grein úr þeim lögum sem hér eru til umræðu og þingmenn Sjálfstfl., svo ég tali þannig að skiljist, bókstaflega umhverfast hér og koma öfugir og snúnir í ræðustól og hafa allt á hornum sér. Ég varð mjög hissa. Ég hélt að þeir yrðu ánægðir með þessa breytingu.

Það er auðvitað alrangt, sem hv. 2. þm. Norðurl. e. segir, að hér sé verið að fara á bak við einhvern eða einhverja. Það var gert samkomulag um hvernig atkvæðagreiðslu yrði háttað. Ég ræddi það strax í gær við formann þingflokks Sjálfstfl. og formenn annarra stjórnarandstöðuflokka að við hefðum þann háttinn á að við lykjum umræðum um bæði þessi frumvörp, síðan færu atkvæðagreiðslurnar fram allar í beit. Þetta er löng atkvæðagreiðsla, hún er flókin og hún tekur tíma og það þurfa allir að vera viðstaddir. Þetta var tillaga sem fram var lögð til hagræðis í sambandi við vinnuna. Svo kemur það í ljós í dag að einn af þingmönnum Framsfl. þarf að fara norður í land og þá er óskað eftir því, ég hafði ekki frumkvæði að því, það var formaður þingflokks Framsfl., að atkvæðagreiðslan megi bíða þangað til í upphafi fundar á morgun, fyrst og fremst til þess að allir þingmenn geti tekið þátt í atkvæðagreiðslunni.

Það er vissulega góð vinnuregla að menn geti skipst út þegar á því þarf að halda. Stundum er líka gott að allir geti greitt atkvæði þannig að það sjáist hverja afstöðu menn hafi og menn séu ekki að víkja út á móti þó að það sé góð regla og nauðsynleg og um það ríki fullt samkomulag. En það er alger rangtúlkun eða misskilningur, vil ég leyfa mér að segja, hjá hv. þm. Halldóri Blöndal að hér sé verið að fara á bak við einn eða annan og ég sé í rauninni

ekki hverju í ósköpunum það breytir hvort við höldum mönnum hér fram á nótt og komum í veg fyrir að þessi hv. þm. færi norður í kjördæmi þangað sem hann átti brýnt erindi eða hvort atkvæðagreiðslan fer fram í upphafi fundar á morgun. Ég er svolítið hissa á þessum viðbrögðum. Mér finnst eins og það sé verið að grípa í hálmstrá. Þetta eru drukknandi menn sem fálma í allar áttir og grípa í einhver hálmstrá og snúa út úr málinu á alla enda og kanta þegar búið er að — (**EKJ:** Hvaða menn eru það?) Ég er að tala um hv. þm. Sjálfstfl. — gefa yfirlýsingu um að fella burt umdeilda málsgr. úr þessum lögum sem þeir hv. þm. Sjálfstfl. stóðu að því að setja með okkur. (**GHG:** Er það öruggt? — Með ykkur, já.) Það voru að vísu þingmenn í Alþfl. sem höfðu fyrirvara með þessa málsgr. Það er rétt. (**GHG:** Heldurðu ekki að það hafi verið í Sjálfstfl. líka?) Það getur vel verið að einstakir þingmenn þar hafi haft fyrirvara, ég skal ekkert um það segja, það má vel vera.

En mér finnst þetta alveg hreint með ólíkindum og það er í rauninni sorglegt og hér skuli ekki vera fulltrúar fjölmiðla með sjónvarpsmyndavélarnar til að skrá þessi viðbrögð þingmanna Sjálfstfl. og sýna þjóðinni. Það hefði verið skemmtileg sýning.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég mótmæli þessum útúrsnúningi hjá hv. þm. Eiði Guðnasyni. Hans málflutningur er svo ómerkilegur að það er varla þess virði að leggja sig niður við að svara þeim útúrsnúningi og rangfærslum sem hv. þm. viðhefur dag eftir dag í hverju málinu á fætur öðru.

Ég undirstrika að við gerðum athugasemd, sjálfstæðismenn, við það hvern hátt forsrh. viðhafði í sambandi við þetta mál sem hér er til umræðu. Hæstv. forsrh. tók einnig þannig til máls að það er full ástæða til að segja það hér og nú að hann gaf í skyn og beinlínis sagði að sjálfstæðismenn hefðu verið því mótfallnir að þessi mgr. í 4. gr. frv. til l., 20. máli, félli niður. Ég var einn af þeim mönnum í Sjálfstfl. sem gerðu athugasemd einmitt við þessa málsgr. þegar bráðabirgðalögin voru til umræðu í þingflokkum þeirra flokka sem stóðu að baki ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar sl. vor.

En það sem hefur gerst í þessu máli er einfaldlega þetta: Hæstv. forsrh. gerði sér grein fyrir því að það var ekki þingmeirihluti fyrir því í hv. Ed. að samþykkja 4. gr. óbreytta eins og frv. kom frá ríkisstjórninni, eins og stjórnarflokkarnir voru búnir að koma sér saman um að leggja hana fram. Því gerði hæstv. forsrh. sér grein fyrir. Þess vegna fór hann í það verk að reyna að tryggja að alþýðubandalagsmenn og alþýðuflokksmenn féllust á það til að bjarga ríkisstjórninni að samþykkja það, sem kom fram í yfirlýsingu hæstv. ráðherra áðan, að 2. mgr. 4. gr. félli út. Þetta er kjarni málsins. Hann var ekki að vinna neitt sérstakt afrek annað en það að hann var að bjarga sinni eigin ríkisstjórn. Í umræðum í dag gátu ekki einu sinni verkalýðsleiðtogar Alþfl. staðið upp og rætt um þetta atriði þegar þetta frv. var til umræðu vegna þess að þeir höfðu ekki hugmynd um hvar þeir stóðu. En við sjálfstæðismenn vissum það. Við vissum að það var ekki meiri hluti fyrir þessu. Þess vegna urðu stjórnarflokkarnir að gera það sem gert var.

Karvel Pálmason:

Herra forseti. Ég er nokkuð lengi búinn að sitja hér í sölum Alþingis, en ég hef sjaldan orðið vitni að öðru eins upphlaupi og hér á sér stað. Upphlaupi út af hverju? Vegna þess að það er verið að fallast á það sem verkalýðshreyfingin, bæði Alþýðusambandið, BSRB og önnur launþegasamtök í landinu hafa beðið um. (**GHG:** Af hverju stundirðu því ekki upp áður? Kl. sex hafðirðu ekki hugmynd um það.)

Hér stendur upp hv. þm. Guðmundur Garðarsson og spyr að því hver sé afstaða Alþýðusambandsins. Hver er afstaða Alþýðusambandsins? spyr hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson. Eru menn virkilega svo úti að aka í Sjálfstfl. að þeim sé ekki ljóst hver viðhorf verkalýðshreyfingin hefur haft til þessa? (**GHG:** Nú fékkstu málið, loksins.) Ég vil nú spyrja hv. þm. Guðmund Garðarsson: Hverjir voru það úr þingliði Sjálfstfl. sem höfðu fyrirvara varðandi Þorsteinslögin? Skyldi það nú vera að Þorsteinn Pálsson hafi þá sem forsrh. lagt fram bráðabirgðalög sem ekki höfðu stuðning í þingflokknum hjá honum sjálfum? Gæti verið að þessir þingmenn séu að hegna formanni sínum með þessum hætti? Ég sé ekki betur. Kannski verður þetta til þess að þessir hv. þm. Sjálfstfl. greiði nú atkvæði með lögunum frá Þorsteini og geti þannig stutt hann eftir að hafa fengið þetta á sig.

Það eru furðuleg vinnubrögð eins og þessir hv. þm. haga sér hér, sérstaklega þó að því er varðar Guðmund H. Garðarsson af því að honum er vel kunnugt um málið frá upphafi, hver sjónarmið hreyfingarinnar í landinu hafa verið til þessa máls. Og ég ítreka það, ég get sagt það hér: Það vorum við, hv. þm., ég og Karl Steinar Guðnason sem höfðum fyrirvara varðandi Þorsteinslögin í vor. Og ég spyr Guðmund H. Garðarsson: Hverjir úr þingliði Sjálfstfl. höfðu fyrirvara við Þorsteinslögin frá því í maí? Ég krefst þess að hv. þm. svari því fyrst hann gengur svona fram í umræðum hér. Komi í ljós að Þorsteinn Pálsson þáv. forsrh. hafi lagt fram bráðabirgðalög, sett bráðabirgðalög sem ekki nutu stuðnings í hans eigin þingflokki, hvar standa þá forustumenn eftir slíka hluti? Hvar standa þeir þá? (Gripið fram í.) Kannski er það það sem hefur gerst. En ég skil vel að bæði hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni og Halldóri Blöndal líði illa nú eftir það sem hefur gerst. Það er vel skiljanlegt. En það er óskynsamlega að farið. Menn eiga að kunna að fara bæði með gleði og vonbrigði.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Örstutt, en mér þykir nauðsynlegt að biðja hv. þm. Borgfl. og Kvennalistans afsökunar

á því ef ég talaði um þau og Sjálfstfl. í einu og sama orðinu.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það er eins og áður að hæstv. forsrh. fæst ekki til að svara því sem spurt er um og er það náttúrlega eftir öðru þá sjaldan sem þessi maður hangir hér heima. Það liggur alveg ljóst fyrir að það hafa breyst forsendur nú í dag frá því sem var í vor þegar bráðabirgðalögin voru sett um aðgerðir í efnahagsmálum. Forsendur hafa breyst. Það er alveg augljóst mál. Það hefur m.a. komið fram í því að hæstv. forsrh. telur ekki nauðsynlegt, eins og hann taldi nauðsynlegt meðan hann var utanrrh., að í lögum væri þessi kafli hér: „Verkbönn, verkföll, þar með taldar samúðarvinnustöðvanir eða aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi mæla fyrir um, eru óheimil." Ég er alveg sammála honum um að það var óþarfi að setja þetta í lögin í upphafi þó ríkisstjórnin hafi á þeim tíma talið það tryggara því að auðvitað þarf ekki að setja í lög að menn megi ekki brjóta lög. Það er öldungis ljóst og ég fagna því mjög að ríkisstjórnin skuli vera þeirrar skoðunar að síðari málsgr. megi falla niður.

En ég ítreka það, sem ég sagði áðan og hlaut að vera sú ályktun sem dregin var af öðrum orðum hæstv. forsrh., að það hlýtur að koma til íhugunar og endurskoðunar hvort ekki megi fella niður í heild kaflann um verðlags- og kjaramál, hvort viðtöl hæstv. forsrh. við forustumenn í verkalýðshreyfingunni þýði ekki að rétt sé að fella þennan kafla niður í heild. Hér er talað um að þessi ákvæði eigi að gilda til 15. febr. á næsta ári. Ég er þeirrar skoðunar að það mundi ekki saka neitt þótt þessi kafli félli niður. 15. febr. er ekki langt undan og auðvitað vitum við að það hafa orðið samningaviðræður milli launþegahreyfingarinnar og vinnuveitenda. Þær viðræður eru þegar í gangi. Það er mikil spurning þess vegna hvort það þurfi ekki að koma til endurskoðunar hjá ríkisstjórninni hvort hún leggi upp úr því að hafa þennan kafla áfram í lögunum. Það er um þetta sem nauðsynlegt hefði verið að ræða í sambandi við fyrra dagskrármálið úr því að ríkisstjórnin tók ákvörðun um að ræða kjaramálin sérstaklega undir þeim dagskrárlið sem var ekki ákvörðun okkar stjórnarandstæðinga. Ég vil mega vænta þess þegar við hittumst aftur að loknu matarhléi að hæstv. forsrh. segi þingdeildinni áður en lengra er haldið, því að ég lít svo á að hann skuldi þingdeildinni það að taka til máls um kjaramálin, hann segi þingdeildinni þá hug sinn í þeim efnum, hvort hann telji koma til greina að fella niður kaflann um verðlags- og kjaramálin. Það er kjarni málsins.

Ég er ekki í neinum vafa um að því yrði vel tekið og ég er í engum vafa um að það sé svo skammt til 15. febr. Ég er í engum vafa um það eins illa og búið er að atvinnurekstrinum. Þegar fólkið óttast það að missa atvinnuna fremur en hitt að það sé að sækjast eftir hærri launum eru auðvitað ekki skilyrði fyrir kjarabaráttu yfirleitt né til þess að efna til verkfallsaðgerða við þessar ástæður úti á vinnumarkaðnum. Þess vegna finnst mér nauðsynlegt áður en lengra er haldið að hæstv. forsrh. bæti um betur og sýni deildinni þá virðingu að fjalla um kjaramálin í upphafi fundar þegar við hittumst kl. 9.

Karl Steinar Guðnason:

Hæstv. forseti. Hér hafa menn talað út og suður þannig að kannski er álitamál hvort um þingsköp er að ræða. En hv. síðasti ræðumaður gerði það að tillögu sinni að þeir þættir frv. sem fjölluðu um kjaramál að öðru leyti yrðu felldir niður. Það mundi þýða launalækkun fyrir fólk og ég lýsi mig algerlega andvígan þeirri tillögu.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Í tilefni af þessari síðustu athugasemd þyrfti auðvitað að skoða það mál allt saman frá grunni og verður raunar að gera.

Ég endurtek aðeins það, sem ég veit að enginn dregur í efa, að í fjh.- og viðskn. létum við stjórnarsinna algerlega um það hverju þeir vildu reyna að halda inni af þessum gömlu lögum, það voru orðin eiginlega fern bráðabirgðalög sem voru á ferðinni í einu, og það var greitt fram úr því á lögfræðilegan hátt með þeim hætti að formaður nefndarinnar hafði samráð við starfsmenn þingsins.

Að sjálfsögðu stóðum við ekki að flutningi neinnar af þessum tillögum, við sjálfstæðismenn eða stjórnarandstaðan yfirleitt, heldur þvert á móti. Það gat auðvitað alveg eins verið að við greiddum atkvæði gegn þessu máli. Við höfðum ekki gefið það út, við sjálfstæðismenn, hvernig við mundum taka afstöðu til þessa þáttar málsins einmitt vegna þess að stjórnarsinnar voru sífellt að tala um að reyna að ná einhvers konar samkomulagi og ræða saman og það var síðast gert í dag.

Það liggur algerlega ljóst fyrir og hlýtur hvert mannsbarn að skilja þegar málið er lagt fram og hver einasti maður hér inni vissi hvað var að gerast í dag. Það var eitthvað á seyði. Það átti að reyna að koma í veg fyrir að ákveðin atriði í bráðabirgðalögunum, eins og stjórnarflokkarnir báru þau fram, yrðu felld hreinlega í þessari deild. Það hefur hæstv. forsrh. tekist að gera sýnist mér. Ég veit ekki hvort ég á að óska honum til hamingju með það. Ég held ekki af því að ég sé ekki að það hafi verið drengilega gert að láta okkur halda það þegar við leyfum að fresta atkvæðagreiðslum til morguns vegna þess að einn framsóknarþingmaður þurfti að fara. — Eru ráðherrarnir búnir að tala saman? (**Forsrh.:** Já, já.) Var verið að leysa eitthvað núna áríðandi? (**Menntmrh.:** Það var nú mál sem kemur ekki upp alveg strax.) Nei, ég gæti trúað að þeir þyrftu að halda næturfundi, myrkraverkafundi.

En þegar hæstv. forsrh. kom upp til að biðja afsökunar hélt ég að hann ætlaði að biðja okkur þingmenn Sjálfstfl. afsökunar á ummælum um okkur, að við værum steinrunnir. Hér hafa engir menn

æst sig upp nema hæstv. forsrh. sem missti tök á tungu sinni og svo tveir kratar, en þeir gera það oft. En þeim hefur sem sagt tekist að fá hv. þm. Skúla Alexandersson til að greiða atkvæði á móti samvisku sinni.

Karvel Pálmason:

Herra forseti. Það er örstutt. Ég heyri að hv. þm. Halldór Blöndal og Guðmundur Garðarsson ganga eftir svörum af vörum hæstv. forsrh., sem ég tel afskaplega eðlilegt, og þykir hann ekki svara nægilega. Ég vil þess vegna ítreka spurningu mína til hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar: Hversu margir af þingmönnum úr þingflokki Sjálfstfl. höfðu fyrirvara á Þorsteinslögunum svokölluðu frá því í maí? Það getur skipt miklu máli hvort það hefur hent formann stærsta stjórnmálaflokksins í landinu og þáv. forsrh. að setja bráðabirgðalög sem ekki höfðu þingmeirihluta. Við hljótum að krefjast þess hér að við fáum vitneskju um hversu margir það voru sem voru með slíkan fyrirvara því það getur auðvitað skipt máli hvort það var slíkur fyrirvari. (**Salþ:** Það var ríflegur meiri hluti þá.) Ríflegur meiri hluti. Hvað þýðir ríflegur meiri hluti? Kannski ekki nógu mikill meiri hluti til þess að lögin næðu fram að ganga? Þá hefur það gerst, sem hv. þm. Halldór Blöndal og hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson hafa verið að klína á núv. hæstv. forsrh., að hann hafi myndað stjórn á fölskum forsendum, að það hefur hent formann Sjálfstfl. á sl. vori að setja bráðabirgðalög sem ekki nutu meiri hluta í þinginu. Ég óska ítrekað eftir því að fá töluna um hversu margir þingmenn úr Sjálfstfl. voru með fyrirvara að því er þetta varðaði þegar Þorsteinslögin voru sett sem bráðabirgðalög.

Guðmundur H. Garðarsson:

Herra forseti. Ég hef ákveðna samúð með hv. þm. Karvel Pálmasyni vegna þess hvernig hann hefur haldið hér á málum, eða réttara sagt ekki haldið á málum, í allan dag í umræðunni. Hann hefur greinilega ekki tekið eftir því, hv. þm., að ég gerði ekki athugasemd við niðurstöðu málsins hjá hæstv. forsrh., þ.e. að 2. mgr. í 4. gr. umræddra laga væri felld niður. Ég gerði hins vegar athugasemd við málsmeðferð og tel vítavert að í umræðunni í dag um þetta frv. skuli ekki hafa komið fram að hæstv. forsrh. var að vinna að þessu máli. Sem sagt: Ég gerði athugasemd við málsmeðferð. Það eru önnur atriði, sem þá hefðu komið til greina að hefðu verið tekin inn í þá umræðu og viðræður við verkalýðshreyfinguna, sem við hefðum lagt áherslu á eins og fram hefur komið í ræðu hv. þm. Halldórs Blöndals.

Um afstöðu einstakra þingmanna í þingflokki Sjálfstfl. til þessarar greinar ætla ég ekki að fjalla hér. En ég vek athygli á því að það var mjög mikill meiri hluti á bak við ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar hér í þingi þannig að þótt einn þingmaður í þingflokki Sjálfstfl. hafi haft uppi athugasemdir og fyrirvara þýddi það ekki að bráðabirgðalög Þorsteins Pálssonar eða ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar frá því í maí hefðu ekki haft nægilegt fylgi á þingi þegar þing kom saman í október sl.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég óska að leiðrétta það sem kom fram hjá hv. 9. þm. Reykn. Karli Steinari Guðnasyni hér áðan. Ef farið verður að tillögu Alþfl. nú í sambandi við 1. gr. þess frv. um aðgerðir í efnahagsmálum sem er fyrra mál og ef sú grein verður samþykkt felur hún í sér kauplækkun vegna þess að samkvæmt bráðabirgðalögunum eins og þau voru í maímánuði áttu laun að hækka frá 1. jan. til 31. des. um 14,45%, en einungis um 10% samkvæmt tillögum ríkisstjórnarinnar — (**KSG:** Það er rangt.) Það er ekki rangt. — þannig að það felur í sér hreina kauplækkun.

Í öðru lagi vil ég spyrja þessa tvo hv. þm. Alþfl. hvar það hafi komið fram að þeir hafi haft fyrirvara varðandi bráðabirgðalögin í maímánuði. Hefur það komið einhvers staðar fram? Er það einhvers staðar bókað? Var skýrt frá því í Alþýðublaðinu? Það væri fróðlegt að fá að vita hvar það er bókað og hvort það hafi komið opinberlega fram. Það er undarlegt að frétta svona lagað löngu síðar.

Karvel Pálmason:

Herra forseti. Það er sjálfsagt að verða við beiðni hv. þm. Halldórs Blöndals og svara hans fyrirspurn. Fyrirvari okkar hv. þm. Karls Steinars var bókaður á þingflokksfundi hjá Alþfl. og ráðherrum sem sátu fundinn gerð grein fyrir honum. (**HBl:** Og í hverju var fyrirvarinn fólginn?) Það var fyrirvari um þessa grein, niðurlag þessarar greinar, stuðning við hana. (**GHG:** Það voru sem sagt þrír þingmenn.) Ja, það er gott að það upplýsist nú að það var einvörðungu einn þingmanna í þingflokki Sjálfstfl., kallaði úr sæti sínu, sem hafði fyrirvara. Þá kemur í ljós að hinir allir eru hlaupnir frá hinum fyrri áformum, allir upp til hópa. (**GHG:** Hvernig kemur það fram?) Það kemur fram í því að þingmenn Sjálfstfl. hafa hér talað gegn þessum þætti bráðabirgðalaganna sem Þorsteinn setti. (**Salþ:** Þessir 18?) Svo segir hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson. (**GHG:** Ég sagði það ekki.) Aðeins þrír, sagði hann, tveir úr Alþfl. og einn úr Sjálfstfl.

Ég skal ekki lengja þessar umræður. Það er ljóst hvernig mál standa og ég fagna því að þessi niðurstaða hefur orðið. Ég hygg að það kunni góðri lukku að stýra fyrir áframhaldið. — [Fundarhlé.]

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Þegar umræða fór fram um þetta mál síðast spurði hæstv. menntmrh. mig ýmissa spurninga í sambandi við stefnuskrá Sjálfstfl. í efnahagsmálum og hvað flokkurinn nú vildi gera við breyttar aðstæður. Ég svaraði því að nokkru í dag við umræður um annað mál reyndar, en um það spunnust eins og menn muna miklar umræður þó að það væri algert aukamálefni og nánast tæknilegt að

flytja tvö frumvörp en ekki bara eitt. Það er auðvitað illt í efni að hafa ekki ráðherrann hér þegar maður ætlar að svara honum að einhverju leyti, en *mín klukka er nú á mínútunni svo að það er kannski rétt að víkja að einhverju öðru á meðan.* Hér er mættur hv. þm. Eiður Guðnason, sem hér talaði allmikið í dag og beindi til okkar í stjórnarandstöðunni ýmiss konar spurningum, og má þá gjarnan nota tímann núna í millitíðinni til að rabba svolítið við þann ágæta vin okkar.

Þingmaðurinn vék að því sem komið hefði fram hjá Ágústi Einarssyni sem mun vera forustumaður eða formaður í samtökum frystihúsaeigenda eða einhverjum af þessum samtökum í sjávarútveginum. Hann gat réttilega um að á nefndarfundi hefði komið í ljós sú skoðun hans að svo gæti vel farið að hallinn á vinnslunni eða frystihúsarekstrinum yrði allt að því 16–20% strax á næsta vori verði ekkert að gert. Það er vissulega verið að gera aðgerðir núna, en þær eru kannski ekki allar í sama dúr og Ágúst Einarsson vék að, enda aðhyllist ég ekki allar þær kenningar sem hann setti þar fram, en varla held ég að menn geti í sjávarútvegi talið að eitthvað sé verið að gera sem minnki hallann í sjávarútvegi. Það er auðvitað ekki því að leyna að það er verið að veita þó nokkrum fjármunum til sjávarútvegsins, lánsfé að sjálfsögðu, fullverðtryggðu lánsfé, en það bætir ekkert um hallann á frystihúsunum. Það er eingöngu verið að framlengja lífdaga og kannski að strekkja á hengingarólinni. Það er verið að gefa mönnum nógu langt reipi eins og breskur málsháttur segir, nógu langt reipi til að þeir hengi sjálfa sig. Það heitir víst á enskunni: „*Give them rope long enough to hang themselves.*" Það er verið sem sagt að afhenda útveginum peninga til þess að þeir verði svolítið lengur að hengja sig. A.m.k. fer ekkert á milli mála að það er stefna Alþb. eins og getið hefur verið um að reyna að skipta sem mest um eigendur fyrirtækjanna og væntanlega efast nú enginn um það hvert þeir á þeim bæ, alþýðubandalagsmenn, vilja að eignarráðin hverfi. Það er auðvitað til ríkis og einhverra hálfopinberra bákna en frá einkarekstri og heilbrigðum félagsrekstri.

Skattahækkanir eru boðaðar 5–6 milljarðar sem er ljóst þegar ríkið, sem þó hefur ekki nema um það bil ⅓ af heildarrekstri þjóðarbúsins á sinni hendi, ætlar sér nú að bæta milljörðum á milljarða ofan á sínar tekjur, en atvinnuvegirnir fara þó enn með um það bil ⅔ af umsvifum þjóðfélagsins, launagreiðslum og rekstri öllum og það á að dengja þessum peningum ofan á atvinnureksturinn. Og hvar á hann að afla sinna tekna? Ekki hefur hann skattlagningarvald. Það hlýtur því hvert mannsbarn að geta skilið að það sem er verið að gera er ekki að aðstoða sjávarútveginn eða atvinnuvegi yfirleitt. Það er verið að íþyngja þeim og það er gert með opnum augum. Það er talað um að það þurfi að ná niður hinni gífurlegu þenslu, það þurfi að skapa atvinnuleysi, það þurfi að lækka launin og að Íslendingar hafi lifað um efni fram. Formaður Alþfl. t.d. hefur margsinnis talað um að íslenska þjóðin hafi verið á margra ára fjárfestingarfylliríi. — Nú kemur ráðherrann hér í gættina. Nei, hann hverfur burt aftur svo að ég sný mér þá aftur að forustumanni Alþfl. í þessari hv. deild, vini mínum, af því að ég veit að hann vill rökræða málin. Þó hann sé ekki sammála mér vill hann hlusta á rök og bera fram sín og það er vel og það höfum við alltaf gert.

Ráðherrann kemur ekki enn. Hann hefur líklega farið í símann. Við getum vikið að fjárlagahallanum á meðan. Þá býð ég hæstv. menntmrh. velkominn hér til að hlýða á mál mitt (**Menntmrh.:** Já, þakka þér fyrir það.) af því að ég ætlaði sérstaklega svona í upphafi að svara spurningum sem hann bar fram og var rétt að byrja á að ræða almennt og ég vona málefnalega um stöðuna eins og hún er nú í efnahags- og atvinnumálum. Ég leyfði mér að halda því fram að skattahækkanir nú upp á 5–6 milljarða kr. mundu ekki bæta hag útvegsins eða útflutningsframleiðslunnar heldur beinlínis verða borgaðar af atvinnuvegunum og fólkinu í landinu, en fólkið hefur ekki annars staðar peninga frá en frá tveim aðilum, þ.e. annars vegar atvinnuvegunum að ⅔ hlutum eða svo og frá ríkinu og opinberum stofnunum að ⅓ hluta.

Nú ætlar ríkið sér sem sagt að afla sér þessara milljarða. Hvort þeir verða 5 eða 6 veit ég ekki. Það er eftir að leggja þær tölur saman og reikna út. En þá er spurningin sem ég beini til þessara hv. þm. og vona að þeir svari: Ef ríkið þarf til þess að standa undir sínum rekstri á næsta ári viðbótartekjur upp á 5–6 milljarða og það fer með þriðjung umsvifanna í þjóðfélaginu, hvað þurfa þá atvinnuvegirnir mikið sem fara með ⅔ hluta umsvifa í þjóðfélaginu, greiða ⅔ hluta launa í þjóðfélaginu og alls annars kostnaðar, hvað þurfa þeir þá mikið? Er það ekki reikningsdæmi upp á að þeir muni þá þurfa 18 milljarða eða svo, 15–18? Það er víst rangt hjá mér. Það er víst 10–11. Ef það dæmi er rétt að ríkið þurfi þetta og ætli ekki að auka sín umsvif, ætli frekar að reyna að skera eitthvað niður eins og atvinnuvegirnir eru að reyna, þá getum við hugsað okkur að þetta væru um það bil 10 milljarðar.

Nú vita það víst allir að atvinnuvegirnir hafa ekki skattlagningarvald. Þeir geta þess vegna ekki farið þá auðveldu leið að velta byrðunum yfir á skattborgara landsins, borgarana og einhverja atvinnuvegi sem aðrir væru en þeir sem nú eiga við þetta að búa. Þá getum við líka hugsað okkur að halli fjárlaga sé mjög skaðvænlegur og því halda menn fram hér á Íslandi þó að það sé varla til sú rödd í öðrum vestrænum löndum sem haldi því fram að það sé sáluhjálparatriði að ríkissjóður sé rekinn hallalaust. Þvert á móti veit ég ekki um neitt land í Vestur-Evrópu eða í vesturálfu, Norður-Ameríku, að það sé þar afgangur á fjárlögum eða svokölluð hallalaus fjárlög. Þvert á móti fjármagna menn alltaf hluta af ríkisútgjöldunum með lántökum hjá borgurunum. Og um halla á fjárlögum, að það eigi að leysa hann með þessum 5–6 milljörðum í nýjum lánum. Það var

reynt. Nákvæmlega þessi upphæð var reynd af síðustu ríkisstjórn. Ég neyddist til að styðja þá skattlagningu að hluta til vegna þess að ég bar talsverða ábyrgð á því að ríkisstjórnin fyrrverandi var mynduð. Menn minnast þess — Nú er hv. þm. Eiður horfinn. Ég ætlaði að reyna að svara þeim í sameiningu báðum. En það berst nú til hans. — og það er ekkert launungarmál að ég átti drjúgan þátt í að mynda þá ríkisstjórn. Þegar málin stóðu þannig að hæstv. núv. utanrrh. og hæstv. núv. forsrh. höfðu báðir við stjórnarmyndunina gert kröfur um að nýir skattar yrðu lagðir á. Þeir kölluðu það fyrstu aðgerðir. Við sjálfstæðismenn neituðum öllum nýjum skattlagningum við stjórnarmyndunina framan af, en það var ófrávíkjanlegt skilyrði og það kom fram í blöðum af hálfu bæði núv. hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. að fyrstu aðgerðir yrðu framkvæmdar og það kom í minn hlut í þingflokki Sjálfstfl. að flytja tillögu um að hækka skatta um 1 milljarð. Ég sagði einmitt þá og hef sagt reyndar opinberlega að það kom þá vel á vondan. Ég vissi að þetta var röng stefna, en það var þó skárra að hafa ríkisstjórn með mjög takmarkaðri skattálagningu en einhverja stjórn sem kannski mundi dengja yfir þjóðina milljörðum á milljarða ofan í sköttum.

Þegar sú stjórn var mynduð var skýrt tekið fram í stjórnarsáttmála að það yrði ekki reynt að ná hallalausum fjárlögum nema á þremur árum. Það yrði ekki reynd sú aðferð, sem ofan á varð þó, að dengja á þeim gífurlegu sköttum sem menn kannast við. Og hver varð reynslan af þessu tiltæki sem bæði ég og aðrir vöruðum við? Sá halli sem þá átti að brúa var talinn verða um 3 milljarðar, en til vonar og vara voru þeir hafðir 5 í skattlagningunni og þá átti allt að vera slétt og fellt, hallalaus fjárlög og allt í blóma, ekki síst sjávarútvegur og aðrir atvinnuvegir. Nú er komið í ljós og hefur verið frá því greint af hæstv. fjmrh. einmitt úr þessum ræðustól að hallinn stefni í 5 milljarða og þó væntanlega meira. Hann orðaði það svo að hallinn hækkaði um 1 milljarð í hvert skipti sem hann greindi frá stöðu ríkisfjármála. Nú er kominn hálfur mánuður eða þrjár vikur frá því að hann talaði við okkur síðast og væntanlega, þegar hann gefur skýrslu næst, verður þessi milljarður hans, þessi mánaðarlegi milljarður, kominn í ljós.

Hallinn upp á 3 milljarða sem átti að brúa með 5 milljarða skattheimtu verður núna helmingi meiri en þessir 3 milljarðar sem áttu að fylla í gatið. Það er alltaf talað um göt á hverju hausti og ráðherrarnir eru alltaf að rembast við að fylla í þessi göt, en þau stækka. Og nú er boðað að gera eigi nákvæmlega það sama og í fyrra. Það á enn að fylla í gat og menn telja sér enn þá trú um að það verði hallalaus fjárlög á næsta ári. En ef það verða teknir núna 6 milljarðar í nýjum sköttum, þá ætti eftir reynslunni að dæma að verða a.m.k. 12 milljarða halli á næsta ári á fjárlögunum. Þetta er enn þá frekar hægt að rökstyðja með því, sem raunar hefur verið gert af stjórnarliðum sjálfum, að tekjurnar muni fara minnkandi. Þær muni verða minni en áætlað er. Þær hafi orðið það á þessu ári og því skyldu þær ekki verða það á næsta ári þegar boðuð er kreppa og samdráttur. Ætli tekjurnar verði ekki eitthvað minni. Og það er sagt að útgjöldin hafi aukist líka meir en áætlað var. Það er skýringin á þessum 5–6 milljarða halla á þessu ári. Ætli sama skýring ætti ekki við á næsta ári ef það tekst að koma á kreppunni og atvinnuleysinu. Ætli tekjurnar verði ekki minni en áætlað er og ætli gjöldin fari ekki upp, því að engir hagfræðingar geta hrakið það, hversu miklir snillingar sem þeir eru í sínum háfræðum, að þegar upp er staðið, a.m.k. í þessu ríki, þá eru gjöld ríkissjóðs nánast bara tvennt og það eru bein og óbein laun, beinar og óbeinar launagreiðslur til fólksins í landinu og gengishalli eða gjaldeyrisnotkun öllu heldur. Það eru kaup og þjónusta erlendis frá og það er innlend þjónusta og vinnuafl. Og þegar hvor tveggja launin hækka, sem þau óhjákvæmilega gera auðvitað þegar dembt er yfir þeim gífurlegu sköttum að fólkið getur ekki lifað við þá, hækka þeir og þá hækka launin og þá fellur gengið. Svona einfalt er það nú. Gjaldahliðin á fjárlögunum hækkar alltaf á undan tekjuhliðinni. Hallinn verður þeim mun meiri sem meira er reynt að níðast á fólki, ég segi níðast á fólki, og atvinnuvegum með óbærilegum sköttum. Þeir eru óbærilegir og þess vegna veltir fólk þeim af sér. Og nú keyrir um þverbak. Þetta er sú einfalda skýring á gangi þessara mála. — Nú eru báðir viðmælendur mínir farnir í símann og ég sný mér þá á meðan kannski að hæstv. forsrh. því að hann hefur gott af að heyra þetta líka, sem ég var að segja núna, og reyna að skilja það.

Það er þó hérna einn alþýðuflokksmaður og það er kannski rétt þá að lofa honum að heyra það, ef hann ekki veit það áður, hver ástæðan var til þess að skattarnir voru hækkaðir miklu meira en lofað var í stjórnarsáttmálanum í fyrra. Ætli upptök þess hafi ekki verið í Alþfl. Gæti hann ekki getið sér þess til að þau hefðu verið þar með sömu rökum og nú að það þyrfti að brúa bilið og fylla í gatið á fjárlögunum? Og eru ekki kenningarnar og áróðurinn nákvæmlega það sama nú og þá og hefur ekki formaður Alþfl. margsinnis hælt sér af því að það eina sem upp úr stæði af störfum síðustu ríkisstjórnar væri samræming skattamála, kerfisbreyting, kerfisbylting? Það sé hinn stórkostlegi árangur síðustu ríkisstjórnar þó að atvinnuvegirnir væru að sligast. Og hallinn ætlar raunar að verða meiri á þessu ári en nokkurn tíma áður og verður svo tvöfalt meiri á næsta ári ef haldið er áfram á sömu braut. (**Gripið fram í:** Hvers vegna?) Hvers vegna. Ég var að reyna að rökstyðja það áðan. Ég skal endurtaka það. Ég held að þingmaðurinn geti skilið þetta ef hann hefur eyrun opin. Hvað segir reynslan okkur? Í gegnum hálfan annan áratug hefur gengið venjulega verið fellt og bætt á nýjum sköttum í hundraðstölum, ekki bara á gamla grunninn sem hækkar auðvitað þegar gengið fellur heldur að hundraðstölu ofan á. Það sem ákveðið var í fyrrahaust þegar stjórnarsáttmálinn var brotinn og ríkisstjórnin réð sér með því bana

var einmitt þetta. Ég var að reyna að tala við alþýðuflokksmenn, en þeir eru önnum kafnir sýnilega í einhverju sem er meira áríðandi en að hlusta á rök. Það er verið að versla ansi mikið núna þessa dagana með ýmsa hluti og maður hefur fundið það í dag og séð það á svipbreytingunum á þeim sem gjarnan vilja vera lausir við kosningar og svoleiðis að það væri ekki rétt að fella stjórnina alveg strax. Það er höndlað og höndlað og þess vegna hafa menn kannski ekki tíma til að hlusta á rök, en ég ætla að endurtaka þetta samt.

Þegar stjórnarsáttmálinn var svikinn, það loforð að reyna ekki að ná hallalausum fjárlögum með skattheimtu nema á þrem árum en ekki einu, og það var dengt yfir 5 milljörðum í sköttum, þar á meðal matarskattinum, þá gerðist það sem núna er að koma í ljós. Það var talið að það yrði 3 milljarða halli og þyrfti að brúa hann og hafa svo borð fyrir báru eins og það er orðað og fara í 5 milljarða. Þá hækkaði gjaldahlið ríkisins meira en tekjuhliðin. Það eru skýringarnar sem við fáum nú. Gjöldin urðu hærri og tekjurnar urðu minni en fjárlögin sögðu. Þess vegna er gatið stærra. Það eru 6 milljarðar, segir hæstv. fjmrh. að það verði. Því var spáð að það yrði 3 í fyrrahaust. Þess vegna var dengt yfir 5 milljörðum. Og það sem gerist núna er að það á að dengja yfir einum 6 milljörðum og miðað við reynslu þessa árs, reynslu sem við höfum fyrir augunum, mundi hallinn verða 12 milljarðar vegna gífurlega hækkandi gjaldahliðar og lækkandi tekjuhliðar miðað við það sem er reiknað í dag. Einmitt nú hækkar tekjuhliðin enn þá minna en gert er ráð fyrir vegna þess að það er boðuð kreppa. Það er kreppa, samdráttur og atvinnuleysi. Hvaðan eiga þá tekjurnar að koma, þessir nýju skattar sem verið er að leggja á okkur? Og hvaðan eiga svo tekjurnar að koma þegar búið er að rústa alla atvinnuvegina með skattlagningu og ofstjórn?

Það er ein spurning enn. En hæstv. menntmrh. hefur alltaf verið í símanum svo að ég ætla að ávarpa aðeins hæstv. forsrh. á meðan og víkja þá að því sem gerðist kl. korter fyrir sjö í dag. Það var mjög athyglisvert.

Hæstv. forsrh. greindi okkur frá því að hann hefði rætt um það í ríkisstjórninni í morgun — og þegar sagt er í morgun er það væntanlega fyrir hádegi — og þar hefði verið ákveðið að falla frá framlengingu á svohljóðandi ákvæði, sem er í bráðabirgðalögum, einum af þessum mörgu bráðabirgðalögum sem verið er að hræra saman hér, með leyfi hæstv. forseta:

„Verkbönn, verkföll, þar með taldar samúðarvinnustöðvanir eða aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi mæla fyrir um, eru óheimilar."

Þetta ákvæði átti að framlengja samkvæmt tillögum ríkisstjórnarinnar og tillöguflutningi meiri hl. fjh.- og viðskn. og nú er það tilkynnt að á ríkisstjórnarfundi í morgun hafi verið ákveðið að hætta við þessi áform. Nú eftir hádegið var gert um það samkomulag við stjórnarandstöðu að falla frá því að ljúka málum í kvöld og greiða atkvæði um þau mál sem við erum hér að ræða vegna þess að einn af þingmönnum Framsfl. þyrfti nauðsynlega að fara úr bænum út í sitt kjördæmi á einhvern fund. Vafalaust er það einhver merkilegur fundur, merkilegri en þingfundir, ég veit ekkert um það. Það hefur legið í loftinu að undanförnu og engum dulist að stjórnin væri að biðja um það og ekki síst hæstv. fjmrh., sem er nú ekki hér, að stjórnarandstaðan kæmi til liðsinnis, að menn ræddu saman um að reyna að finna heilbrigðar lausnir á málum. Ég var t.d. kallaður upp í ráðuneyti fyrir nokkrum dögum hjá hæstv. fjmrh. þar sem varaformaður Framsfl., hæstv. dómsmrh., var og þar sem formaður Alþfl., hæstv. utanrrh., var líka og þar var rætt við okkur hvort við gætum ekki náð samkomulagi um einhver efni, ekki síst skattamál og efnahagsmál. Við óskuðum eftir því að við fengjum í hendur þau skattlagningarfrumvörp sem fyrirhuguð væru. Fyrr en við sæjum hvað stjórnin ætlaði sér og hvað hún treysti sér til að sameinast um sjálf gætum við engin svör gefið og við höfum hvorki sagt já eða nei við einu eða neinu af því.

En nú gerist það að ekki er þegið að einn af okkar mönnum gangi út í kvöld á móti þeim manni sem þurfti nauðsynlega að fara norður í land eins og altítt er ef veikindi eru eða lögmæt forföll og þótti engum tiltökumál. Það er reyndar mikill sómi Alþingis, hefur verið a.m.k. í seinni tíð, að menn hafa alltaf hliðrað til þegar þannig hefur staðið á. Þetta mátti ekki gera. Það er alveg ljóst að það var verið að vinna tíma. Það átti ekkert að tala við stjórnarandstöðuna nema kannski einhverja sem ætti að vera að semja við. Ekki stjórnarandstöðuna í heild. Ekki Sjálfstfl. Það er alveg á hreinu.

Þetta á allt eftir að koma í ljós og þetta verður kannski skemmtileg framhaldssaga. Ég efast ekkert um að úr því að nú má ræða málin og koma þeim til atkvæða sé búið að vinna þessa orustu ef það er hægt að kalla svona nokkuð orustu, það eru önnur orð yfir þessi vinnubrögð sem ég ætla ekkert að viðhafa hér. Þó að ríkisstjórnin standi af sér þessa atkvæðagreiðslu, sem verður þá ekki fyrr en á morgun og skiptir það ekki meginmáli, og hafi væntanlega líka tryggt að þessi lög, ef lög skyldi kalla, þessi hrærigrautur laga og þar á meðal laganna frá í maí, sem eru auðvitað öll fyrir lifandi löngu í raun fallin úr gildi, nái fram að ganga, þá eru allt aðrar aðstæður í dag og að fara að klastra upp á þau er bara til þess að flækja mál og láta líta út fyrir jafnvel að einhverjir af okkur, t.d. í Sjálfstfl., viljum halda í einhver ákvæði sem samkomulag varð um við allt aðrar aðstæður.

En þá er komið að því að svara því hver sé stefna Sjálfstfl. og svo vill til að það er ekki bara stefna Sjálfstfl. sem liggur ljós fyrir núna á nál. 207. Það er sameiginleg stefna allrar stjórnarandstöðunnar upp-árituð af henni allri um að fara algerlega þveröfugar leiðir við ríkisstjórnina, í að bjarga atvinnuvegunum

og vinna bug á þeim erfiðleikum sem við búum við í dag. Þetta er raunar sagt í örfáum orðum sem ég skal lesa, með leyfi hæstv. forseta, í þessu nál. sem er undirritað af Halldóri Blöndal, Júlíusi Sólnes, Eyjólfi Konráð Jónssyni og í lok nál. segir að Danfríður Skarphéðinsdóttir, þingmaður Samtaka um kvennalista, hafi setið fundi nefndarinnar og sé samþykk nál. þessu. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Jafnframt því sem nauðsynlegt er að leiðrétta gengið er óhjákvæmilegt að treysta eiginfjárstöðu fyrirtækja og losa um greiðslustöðuna þannig að þeim sé gert kleift að skipta tapinu á mörg ár með skuldbreytingu. En forsendan er auðvitað sú að fyrirtækin geti skilað hagnaði. Með slíkum aðgerðum er unnt að ná viðspyrnu á nýjan leik og leggja grunn að jafnvægi í þjóðarbúskapnum. En það er að sjálfsögðu forsenda batnandi lífskjara og áframhaldandi uppbyggingar.

Verði gengið fellt er nauðsynlegt að mæta því með lækkun söluskatts á helstu nauðsynjar heimilanna."

Þetta segir í rauninni allt sem segja þarf. Þetta er þveröfug stefna við það sem hæstv. ríkisstjórn fylgir. Hún ætlar að fara þveröfuga leið. Hún ætlar að stórauka skatta sem atvinnuvegirnir verða auðvitað að borga, það eru engir aðrir til að borga þá, og hún ætlar að skerða kjör allra, líka láglaunafólks, og auðvitað bitna mest á láglaunafólki t.d. verðhækkanirnar sem verða við vörugjaldið, hækkun þess, og hækkun neysluskatta ofan á alla þá skatta sem fyrir eru. Þetta gerir auðvitað tvennt: knýr áfram verðbólgu, knýr upp verðlagið strax á fyrsta degi og þar að auki verður fólkið að krefjast meira kaups en það hefur. Það getur ekki lifað á kaupinu þegar búið er að hækka vöruverðið. Þannig kemur kauphækkunin strax í kjölfarið og fólkið verður að fá meiri tekjur.

Og gengið verður auðvitað fellt einhvern tíma því að hæstv. forsrh. hefur marglýst því yfir að gengið sé rangt um 15%. Það vitum við. En hann hefur hins vegar ekki, hæstv. ráðherra, beint gert grein fyrir því hvernig hann ætlar sér að vega upp á móti þessu óskráða gengi með lækkun á þjónustu og verðlagi, tilkostnaði innan lands. Og getur hæstv. forsrh. haldið því fram, ég ætla að varpa til hans ákveðnum spurningum á eftir, í sinni eigin samvisku, sinni eigin hugsun hvað þá gagnvart öðrum, að það auðveldi að færa niður innlendan kostnað að dengja yfir þessum sköttum, beinum og óbeinum sköttum? Sá maður sem héldi því fram að það auðveldaði þessar aðgerðir, sem er verið að boða, að halda genginu kyrru en ná niður kostnaði innan lands, sá maður sem héldi þessu fram í alvöru hlyti að vera eitthvað brenglað hugsandi og ég veit að það er hæstv. forsrh. svo sannarlega ekki. Þess vegna hlýtur hann að gera sér grein fyrir því að þessar gífurlegu hækkanir sem á að dengja yfir gera auðvitað gersamlega útilokað að ná einhverjum árangri í sambandi við að skrá gengið rétt með niðurfærslu innan lands. Hún gerir gengisfellinguna miklu stærri þessi 15% skekkja sem hann talaði um núna og ég hef talað um reyndar líka. Hún verður ekki 15, hún verður 20, hún verður 25 og þaðan af meira eftir því sem lengra líður og eftir því sem meiri sköttum er dengt yfir þjóðina.

Af því sem hæstv. menntmrh. hefur heyrt af mínu máli vona ég að hann geri sér a.m.k. grein fyrir því að það hefur gerst hér sem menn áttu ekki von á, ég átti ekki von á því, að öll stjórnarandstaðan hefur markað heilbrigða, frjálslynda stefnu í ríkisfjármálum, í skattamálum og í þeim aðgerðum sem verið er að vinna að núna til að treysta atvinnuvegina, allir sem einn. Og þessi stefna er alger andstæða núverandi stjórnarstefnu. (**Menntmrh.:** Er það stefna stjórnarandstöðuflokkanna að reka ríkissjóð með 8 milljarða halla?) Nei, ég var að segja að stefna stjórnarandstöðunnar væri að nálgast hallalaus ríkisfjárlög vegna þess að sú stefna sem hæstv. menntmrh. fylgir leiðir örugglega til — ja, ég mundi segja 12 milljarða halla en ekki greiðsluafgangs, nákvæmlega eins og gerðist á þessu ári, en hæstv. ráðherra var víst í símanum þegar ég var að skýra þetta.

Sannleikurinn er nefnilega sá að ef hjólin fara að snúast í atvinnulífinu og ef t.d. söluskattur væri lækkaður um 5%, ég hef sýnt það dæmi, ef söluskattur væri lækkaður úr 25 í 20% og gengið fellt um 13% nú í dag, það er enn hægt að gera þetta, þá mundi 5% lækkun söluskatts að fullu vega upp verðlagshækkanir um 13% gengisfellingu. Ég held að enginn sem hefur reiknað þetta dæmi vefengi það vegna þess að grunnurinn undir söluskattinum er svo miklu stærri, öll þjónustugjöldin og öll innlenda varan og allt það. Ef þetta yrði gert mundi fólkið una við óbreytt laun. Þá mundi gjaldahlið ríkisins ekki vaxa. En tekjuhliðin mundi auðvitað æða upp þegar öll hjól færu að snúast og atvinnuvegirnir að skila tekjum, kannski ekki á fyrsta missirinu en þó á öðru, þannig að það er alveg öruggt að halli yrði minni eftir þeim leiðum sem við viljum fara stjórnarandstæðingar, Sjálfstfl., Borgfl., Kvennalistinn. Það er alveg öruggt. Ég mundi leggja hausinn að veði upp á það ef það væri nokkurn tíma hægt að sanna það. Það mundi ég hiklaust gera. Það verður líklega aldrei sannað. En gerðum við þetta mundi ég leggja hausinn að veði upp á það að hallinn yrði minni eftir þeim leiðum sem ég er að tala um en hinum. Alla vega hefur það ekki verið reynt, en a.m.k. í hálfan annan áratug hefur hitt verið reynt, aldrei þó jafnhrikalega og nú á að gera, bæði að drepa atvinnuvegina og líka að hafa mesta halla í sögunni.

Ég endurtek að ógæfa síðustu ríkisstjórnar var að hún sveik sitt loforð um að hækka ekki skatta og reyna ekki að ná hallalausum fjárlögum á næstu þremur árum. Hún sveik það þegar hún dengdi sköttunum yfir í fyrrahaust og réð sér þar með bana eins og ég hef sagt áður og setti sjávarútveginn á vonarvöl. Og hvað haldið þið að gerist þá nú? Hv. þm. Karl Steinar Guðnason hristir höfuðið og það er allt í lagi að gera það, en ef menn ekki vilja læra af reynslunni, af hverju á þá að læra? Ekki af kennisetningum hagfræðinganna.

Það er þetta sem ég er að reyna að leiðbeina hv.

stjórnarsinnum með og þar með hæstv. menntmrh. sem spurði hver væri þessi reginmunur á stefnunum. Það er svart og hvítt. Ef við viljum kalla það niðurfærsluleið sem ég er að tala um má gjarnan gera það mín vegna. En hitt er alla vega uppfærsluleið og endemisleið. Það hafa reynst orð að sönnu.

Já, ég sagðist ætla að bera fram nokkrar spurningar til hæstv. forsrh. Ég er reyndar með þær skrifaðar og ég get afhent þær. Þetta er örstutt sem ég mundi vilja gjarnan að hann svaraði. Ég vil svo mjög gjarnan að það sé gagnrýnt sem ég er að segja. Ef hæstv. menntmrh. vill hrekja það sem ég er að segja er ég mjög fús að hlusta á hans rök.

En ég spyr hæstv. forsrh.: Telur ráðherra að afgreiðsla þess máls sem hér er til umræðu, skattafrumvarpanna og fjárlaga eins og þau eru nú hugsuð muni í einhverju bæta stöðu atvinnuveganna? — Ég endurtek: Telur hæstv. forsrh. að afgreiðsla þessa máls, skattafrumvarpa ríkisstjórnarinnar og afgreiðsla fjárlaga muni í einhverju bæta stöðu atvinnuveganna? Getur hann fært einhver rök að því að staða atvinnuveganna muni batna við afgreiðslu þessara mála? Á ég þá auðvitað ekki við þessa tilfærslu peninga sem er samkvæmt þessu frv. Við vitum öll að það bætir ekki stöðuna. Það hefur hann sagt sjálfur. Það eru tímabundin úrræði.

Önnur spurning: Hvernig hyggst forsrh. rétta af rangt gengi sem hann telur vera alveg eins og ég? Telur hann að stórfelldar nýjar skattaálögur á fyrirtæki og almenning geri einhvers konar niðurfærslu kostnaðarliða auðveldari en ella? — Ég endurtek: Hvernig hyggst forsrh. rétta af rangt gengi sem hann hefur talið vera nálægt 15% en er í mínum huga auðvitað 20, 30–40 eftir að þetta var dunið yfir? En ég spyr: Hvernig hyggst hæstv. forsrh. rétta af rangt gengi? Telur hann að stórfelldari nýjar skattaálögur á fyrirtæki og almenning geri einhvers konar niðurfærslu kostnaðarliða auðveldari en ella? Er einhver sem telur það? Það má líka hver annar stjórnarsinna sem hér er svara spurningunum ef forsrh. vefst eitthvað tunga um tönn. Ég hefði mjög gaman af því t.d. að hæstv. menntmrh. svaraði þessu líka og t.d. hv. þm. Eiður Guðnason. Þeir geta fengið ljósrit af þessu. Þetta er skrifað hér.

Í þriðja lagi: Gerir hæstv. forsrh. sér grein fyrir þeim grundvallarmun sem er á skattlagningarleið ríkisstjórnar hans og þeirri stefnu sem stjórnarandstaðan í heild boðar m.a. með eftirfarandi orðum í nál.: „Verði gengið fellt er nauðsynlegt að mæta því með lækkun söluskatts á helstu nauðsynjavörur.“ Vill ráðherrann skýra þennan mun frá sínu sjónarmiði? Þetta er spurning sem ég vildi gjarnan líka að hæstv. menntmrh. skýrði og ég skal þá einu sinni enn segja hver þessi reginmunur er frá mínu sjónarhorni.

Ef okkar stefnu, stjórnarandstöðunnar, er fylgt, við skulum segja að við ákveðum í dag að fella gengi um 13% og lækka söluskatt um 5% og lækka síðan matarskattinn t.d. í 5% eða svo, þá mundi verðlag í landinu á einum degi lækka allt um 5%. Það væri hægt að fylgja því fram mjög harkalega t.d. um áramót að allt vöruverð í landinu og öll þjónusta lækkaði um 5%. (**EG:** Dettur þingmanninum í hug að verslunin mundi gera það?) Verslunin? Því skyldi hún ekki gera það? (**Menntmrh.:** Og verð á innflutningi mundi lækka líka.) Ég skal klára það. Því skyldi hún ekki gera það, hv. þm. Eiður Guðnason? (**EG:** Ég hef mínar efasemdir.) Efasemdir? Hún tekur það ekki frá sér. Það á að lækka söluskattinn og ef hún ekki gerði það ætti að setja við því gífurlega ströng viðurlög. Heldurðu að fólkið í landinu mundi ekki fylgja því eftir ef það væri ákveðið að á einum degi mundi öll vara og þjónusta í landinu hækka um 5%? Þá er eftir þetta með erlendu vöruna. Auðvitað hækkar hún sem nemur gengisfellingunni, en það má líka hafa mjög strangt aðhald, svo það góða orð sé nú notað, í því efni. Það fer ekkert á milli mála. Eitthvað er til af erlendri vöru í landinu og verður, en um leið og hún fer að flytjast inn verður að hafa tímabundið verðlagseftirlit með henni. Ég er alveg klár á því. En við höfum upp á að hlaupa að lækka söluskattinn á matvöru miklu meira en almenna söluskattinn.

Nú er rétt að menn viti það í eitt skipti fyrir öll því það virðist ekki komast inn í höfuðið á þeim sumum að við erum alltaf að tala um að nálgast Evrópubandalagið og fylgja svipuðum skattalögum og þar. Þar má enginn virðisaukaskattur í framtíðinni í neinu landanna vera hærri en 20% og almenni skatturinn á að vera lágmark 14 og hámark 20%. Skattur á matvörur, húshitun, almenningsfarartæki og ýmiss konar vöru, algengar bráðar nauðsynjar, má aldrei vera hærri en 9% og aldrei lægri en 4%. Að vísu segir Margrét Thatcher: Ég ansa því aldrei. Ég set aldrei einseyring í skatt á matvörur og barnaföt og brýnustu lífsnauðsynjar. Þó að henni sé boðið upp á 4% segir hún: Það skal vera núll. En spekingarnir í Alþfl. hafa sagt: Það verður að vera einn skattstigi. Það er ekki nokkur lifandi leið að „kontrólera“ annað. Samræmdir skattar, skattkerfisbylting. Með þessum líka glæsilega árangri! (Gripið fram í.) Það höfum við upp á að hlaupa til að bæta upp vegna verðhækkananna á gjaldeyrinum. En jafnvel þó að vörurnar lækkuðu ekki að meðaltali um 5% til frambúðar eða þjónustan, jafnvel þó að það stæði í stað þegar kemur eitthvað fram á árið, að meðalverð væri núll, hefði ekkert lækkað og ekkert hækkað, gera menn sér ekki grein fyrir hvað gífurlegur árangur hefði náðst? Verðbólgan væri þó í núlli og það varanlega og fólkið hefði sömu kjör og það hefur í dag og atvinnuvegirnir mundu blómstra. Þetta er svo augljóst í mínum huga og ég held að allir sem vilja hugsa sjái hve augljóst þetta er, að hitt sem nú á að gera er auðvitað að bjóða voðanum, kreppunni, atvinnuleysinu og tekjuskerðingunni í þjóðfélaginu heim.

Og menn segja: Það hefur allt of mikið verið fjárfest á Íslandi. Það er út af fyrir sig alveg rétt að það hefur verið fjárfest of mikið í öllum mögulegum hlutum, ekki þó í íbúðarhúsnæði, það vantar enn

íbúðir, fjárfesta má meira í þeim. Það hefur verið fjárfest of mikið í verslunarhúsnæði, í sjávarútvegi, í landbúnaði. Og þetta er ekki bara í Reykjavík. Það hefur verið byggt allt of mikið líka af ýmiss konar verksmiðjuhúsum úti um allt land. En ætli þetta sé eyðsla til langframa? Þetta segir okkur eingöngu að við getum fjárfest minna á næstu árum. Við getum bætt lífskjörin með því að draga úr fjárfestingunni, nota þá fjárfestingu sem fyrir er til að byggja upp ný atvinnufyrirtæki. Þetta eru ekki ónýt hús. Hvað halda menn að sé þá mikið hægt að auka þá peninga sem fólk hefur undir höndum til að kaupa fæði, klæði og sjá sér sæmilega farborða og sínum fjölskyldum?

Ætla einhverjir að segja mér að fólk sem er jafnvel með 100 þús. kr. í laun á mánuði eigi mikið eftir þegar búið er að skerða kjörin um 8%, 10% eða 15 sem kinnroðalaust hefur verið talað um og þar á meðal af ráðherrum? Ætlar hv. þm. Karl Steinar Guðnason að segja mér hvað fólk sem hefur háar meðaltekjur hefur mikið eftir þegar það er búið að borga fyrir húsnæðið sitt, annaðhvort húsaleigu eða afborganir af dýrum húsnæðisstjórnarlánum, þegar það er búið að borga ljós og hita, síma, útvarp, sjónvarp, bíldruslu og allt sem allir verða að hafa? Hvað á það mikið eftir þá til að kaupa fyrir föt og mat? (**KSG:** Þetta er arfleifð Sjálfstfl.) Er það arfleifð Sjálfstfl.? Hv. þm. Eiður Guðnason sagði áðan — og það er líka ljós hlið á málunum, eins og ég er að segja höfum við fjárfest svo mikið að það er hægt að bæta kjörin — að það væri nú þannig að fólk flygi út um allan heim og hefði það svo óskaplega gott að engin önnur þjóð hefði það betra. Ég segi: Ég er sammála hv. þm. um að engin þjóð í heimi er ríkari en íslenska þjóðin. En hún hefur það ekki betra um þessar mundir því að við erum að ganga í gegnum kreppu, heimatilbúna kreppu, og arfleifð Sjálfstfl. er sú að hafa fallist á skattana sem kratarnir heimtuðu að yrðu lagðir á í fyrrahaust. Undir því verðum við auðvitað að standa. Og það játa ég að ég greiddi atkvæði með hluta af því, þó ekki öllu, og reyndi að berjast gegn því. (**KSG:** Aumingjar eruð þið.) Hverjir? Þeir sem áttu skattahugmyndirnar? (**KSG:** Að samþykkja það sem þið eruð á móti.) Jæja, þessi var nokkuð góður miðað við aðstæður í dag. Hvernig ferðu með sjúkrahúsið þarna suður frá eða elliheimilið? (**KSG:** Það fer allt vel.) Það fer allt vel, já.

Menn hafa talað mikið um þessa skattkerfisbreytingu og það er gaman kannski að því að alþýðubandalagsmennirnir skýri það fyrir okkur hvort þeir telja það enn þá gersamlega útilokað að t.d. matarskattur verði eitthvað svipaður og í Evrópubandalaginu sem þeir eru nú mjög hrifnir af, alþýðuflokksmennirnir. Er það enn þá útilokað?

Og hv. þm. Eiður Guðnason var að tala um Sjálfstfl. og stjórnarmyndun í fyrra. Ég hafði nefnilega þó nokkur afskipti af því að mynda fyrrv. ríkisstjórn og var eiginlega nokkuð montinn af því. Við féllumst á það í Sjálfstfl. að lokum að verða við tilmælum hæstv. núv. utanrrh. og hæstv. núv. forsrh. að gera fyrstu ráðstafanir, fyrstu aðgerðir var það kallað, til að rétta við ríkishalla sem menn áætluðu þá að gæti orðið 2–3 milljarðar og hefði kannski orðið það. Það kom í minn hlut, og ég skýrði frá því áður en hv. þm. kom inn, að flytja í þingflokki Sjálfstfl. tillögu um að koma til móts við þessi sjónarmið Alþfl. og Framsfl. og hækka skatta um 1 milljarð gegn því loforði að lengra yrði ekki gengið og það var sett í stjórnarsáttmálann að það yrði ekki reynt að ná hallalausum fjárlögum nema á þremur árum. Þetta var svikið og menn geta svo metið það hver fyrir sig hvaðan þeir halda að pressan hafi komið, hvort hún hefur komið þá frá hæstv. þáv. fjmrh. eða einhverjum öðrum. Og þegar Karl Steinar Guðnason ætlar að kenna Sjálfstfl. einum um þetta held ég að hann ætti að líta svolítið nær sér með það. En allir sem studdu þá stjórn bera auðvitað ábyrgð nákvæmlega eins og Karl Steinar ber ábyrgð á þessari stjórn meðan hann styður hana og hennar aðgerðum, þar á meðal því að maska endanlega meginatvinnuveg þjóðarinnar, að skerða kjör fólksins, að stefna í glórulausan halla ríkissjóðs þegar tekjurnar hverfa en útgjöldin hækka. Ég veit að sá hv. þm. skilur hvað ég er að segja og hann er sannfærður um að sú stefna sem nú er boðuð gengur alls ekkert upp. En þá á hann líka að sýna þann manndóm, úr því að hann ásakar aðra fyrir að hafa stutt það sem var á móti þeirra geði, að hætta við að stefna út í þessi lifandis ósköp og skelfingu sem núna er fram undan og menn boða kinnroðalaust.

En nú skal ég ekki af því að tíminn líður eyða meiri tíma að sinni a.m.k., en ég vænti þess að hæstv. ráðherrar reyni nú að svara þeim spurningum sem ég til þeirra beindi og koma þá með gagnrök.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það er nú komið í ljós að fjh.- og viðskn. hefur fjallað um þessi bráðabirgðalög undir öðrum forsendum en nú eru komnar í ljós. Við stóðum í þeirri meiningu að ríkisstjórnin teldi sér nauðsynlegt að fá í heild þann kafla sem er í bráðabirgðalögunum, eftir að búið er að flytja breytingartillögur við septemberlögin, lögfestan. Það hefur enn fremur komið í ljós að hæstv. ríkisstjórn ræddi þá breytingu á fundi sínum í morgun sem hæstv. forsrh. lýsti hér undir kvöldmatinn þannig að það lá ljóst fyrir meðan umræður fóru fram hér í dag um fyrra dagskrárefnið að sú breyting sem forsrh. lýsti lá þá þegar fyrir. Það kom enn fremur í ljós í Stöð 2 í kvöld í viðtalsþætti hæstv. forsrh. og forseta Alþýðusambands Íslands að það hefur orðið misskilningur milli verkalýðsforustunnar og ríkisstjórnarinnar. Forseti Alþýðusambandsins skildi ummæli hæstv. forsrh. svo að það væri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að gefa samninga lausa á nýjan leik. Hins vegar lýsti forsrh. því yfir að það væri alls ekki meiningin. Hugur hans stæði eingöngu til þess að fella niður 2. mgr. 4. gr. sem fjallar um bann við verkföllum sem auðvitað skiptir ekki máli vegna

þess að vinnustöðvanir og verkföll eru hvort sem er bönnuð samkvæmt öðrum lögum og breytir auðvitað engu um samningsréttinn hvort 2. mgr. falli niður eða ekki. Það er m.ö.o. komið í ljós að einhver misskilningur hefur átt sér stað í samræðum hæstv. forsrh. og þeirra forustumanna í verkalýðshreyfingunni sem hann talaði við.

Af þessum ástæðum, herra forseti, og sérstaklega vegna þess að hæstv. forsrh. kaus að lýsa þessari brtt. sinni við umræður undir þessum dagskrárlið, við umræður um þau bráðabirgðalög sem við erum nú um að fjalla er nauðsynlegt að gert verði hlé á þessum fundi þannig að stjórnarandstöðunni gefist kostur á því að kalla til sín forustumenn verkalýðshreyfingarinnar í fyrramálið, ræða við þá um þau fyrirheit sem hæstv. ríkisstjórn hefur gefið þeim í sambandi við samningsréttinn og jafnframt er nauðsynlegt að kalla til fundar forustumenn Vinnuveitendasambands og forustumenn Vinnumálasambands samvinnuhreyfingar. Það er auðvitað lágmarkskrafa stjórnarandstöðunnar eins og nú stendur á að henni gefist kostur á að kynna sér sjónarmið, ekki aðeins eins og þeim er lýst hér af hæstv. forsrh. heldur fái að heyra líka þá hlið sem snýr að fulltrúum verkalýðshreyfingarinnar og líka heyra hvaða viðhorf vinnuveitendur og Vinnumálasamband samvinnufélaga hefur til þessa máls.

Mér þykir leiðinlegt, herra forseti, að hæstv. fjmrh. skuli ekki vera hér við svo mjög sem þetta mál varðar hann sem þann mann í ríkisstjórninni sem fer með samningsumboð gagnvart opinberum starfsmönnum, en eins og við vitum falla samningar við opinbera starfsmenn úr gildi 1. jan. nk. Ég vil því beina því til hæstv. forseta að hann geri nú þegar hlé á þessum fundi þannig að stjórnarandstöðunni gefist svigrúm til að ræða þetta mál við þessa forustumenn aðila vinnumarkaðarins.

Ég efast ekki um að ríkisstjórnin muni taka þessari málaleitan vel. Hún er borin fram í fullri hógværð og til þess að flýta fyrir málum og greiða fyrir góðu samstarfi og góðri samvinnu hér í þinginu. Það eru mjög mörg mál í báðum deildum sem bíða afgreiðslu, mál sem hafa komið fram á síðustu stundu og ég veit að ríkisstjórninni er það mjög í mun að góð samvinna og gagnkvæmt traust geti haldist milli stjórnar og stjórnarandstöðu og er því ekki í vafa um að hæstv. forsrh. muni verða vel við þessari málaleitan.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Ég held að ef einhver misskilningur hefur orðið í þessu efni, þá sé hann eingöngu í huga Halldórs Blöndals, hv. 2. þm. Norðurl. e. Mér sýnist á öllu að hv. þm. hafi ekki alveg áttað sig á því hvað hér er verið um að tala. Lögin frá 20. maí framlengdu alla kjarasamninga til 10. apríl 1989. Það ákvæði breytist eins og þetta liggur fyrir núna þannig að samningar framlengjast aðeins til 15. febr. Það eina sem gerist er að þessi tími samningsbindingarinnar styttist verulega og niður er felld seinni mgr. 4. gr., „Verkbönn, verkföll, þar með taldar samúðarvinnustöðvanir eða aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi mæla fyrir um, eru óheimil." Þessi setning fellur brott og ég satt að segja fullyrði að hér er ekki um neinn misskilning að tefla nema þá hjá hv. þm. Halldóri Blöndal sem mér heyrist á öllu að hafi ekki alveg áttað sig á því sem við erum að gera hér, enda er þetta töluvert flókið mál og ekkert óeðlilegt að menn ruglist í ríminu þegar er verið að ræða um tvenn bráðabirgðalög eða þrenn sem ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar setti og ein sem núv. ríkisstjórn setti.

Hv. þm. biður um að nú verði málinu öllu frestað um sinn. Ég geri ráð fyrir því að það sé sjálfsagt að verða við því ef það er vilji stjórnarandstöðuflokkanna allra, þ.e. Sjálfstfl., Borgfl. og Kvennalista. En ég satt að segja átta mig ekki á því, slíkt ofurkapp sem stjórnarandstöðuflokkarnir allir hafa lagt á að þetta mál kæmi hér til atkvæða og afgreiðslu. Í fjh.- og viðskn. hefur málinu verið flýtt svo sem verða mátti. Raunar er umræðan öll töluvert á undan þeirri upphaflegu vinnuáætlun sem sett var. Þegar það svo gerist að hæstv. forsrh. lýsir því yfir fyrir hönd stjórnarflokkanna að við munum fallast á eina af brtt. stjórnarandstöðuflokkanna þ.e. brtt. Borgfl., það sé samkomulag um það að þessi setning, sem óneitanlega hefur verið umdeild, falli niður, þá er það vissulega gott, en þá er mér gjörsamlega fyrirmunað að skilja eða átta mig á hvers vegna þá er nauðsynlegt að fresta málinu, sem hv. þm. Halldór Blöndal hefur lagt manna mest kapp á að kæmi hér til afgreiðslu, umræðu og atkvæðagreiðslu og ég hef gert mér sérstakt far um að greiða fyrir að gæti orðið.

Þegar það er nú til umræðu að fella þessa umdeildu setningu niður, kemur þá eitthvert hik á menn hér? Hvers vegna göngum við ekki hreint til verks og höldum þeirri vinnuáætlun sem við höfðum sett okkur? Ef um er að ræða mjög eindregnar óskir allra stjórnarandstöðuflokkanna um að fresta málinu nú af þessari ástæðu, að það á að fella niður þessar tvær umdeildu línur, þá er auðvitað sjálfsagt að taka það til vinsamlegrar athugunar. Ég hygg raunar að hæstv. forseti hafi í hyggju að gera fundarhlé svo menn geti rætt málið hér utan fundar. En ég satt að segja viðurkenni alveg hreinskilnislega að ég trúi ekki að þetta sé afstaða allra flokkanna í stjórnarandstöðunni. Ég trúi því ekki. Þetta kemur í opna skjöldu og þetta kemur ákaflega mikið á óvart eins og raunar fleira hefur gert í dag.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Þótt ég vilji ekki hafa áhrif á starfshætti þessarar hv. deildar og þótt ég sjái enga ástæðu til í raun að fresta afgreiðslu þessa máls og sé reiðubúinn að ræða það eins og þarf hér í kvöld og nótt, þá finnst mér sjálfsagt að verða við þeirri beiðni sem hv. 2. þm. Norðurl. e. bar fram og mér skilst að sé borin fram fyrir hönd stjórnarandstöð-

unnar allrar, enda var hún, eins og hv. þm. sjálfur tók fram, borin fram af mikilli hógværð, ég vil segja óvenjulegri hógværð.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Herra forseti. Við kvennalistakonur höfum frá upphafi lagt á það megináherslu að þetta mál verði afgreitt hér svo hratt sem verða má. Eins og fram kom í máli hv. 3. þm. Vesturl. er hér um flókið mál að ræða. Ég sé þó ekki að við þyrftum endilega að fresta umræðu en ég mundi taka undir þá ósk að við fengjum örstutt á fundi fjh.- og viðskn. að ræða við fulltrúa frá vinnumarkaðnum varðandi þá yfirlýsingu sem forsrh. gaf hér fyrr í kvöld. Þessi breyting er reyndar ein af mörgum brtt. sem ég geri á þskj. 201 ásamt hv. þingkonu Guðrúnu Agnarsdóttur. Það er alveg nauðsynlegt að fá örstutta stund á nefndarfundi án þess þó að umræðu sé endilega frestað hér í kvöld. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að umræðan gæti haldið áfram. Það hefur reyndar margoft komið fram í máli hv. formanns fjh.- og viðskn. að hann hafi verið mjög lipur við það að boða gesti til fundar við fjh.- og viðskn. Þess vegna mælist ég til þess að gefinn verði örstuttur tími til þess á næsta fundi nefndarinnar.

Forseti (Jón Helgason):

Það hafa komið fram dálítið misvísandi óskir hér. Ég held að ef menn vilja nú komast að niðurstöðu, sem ég vil helst gera með samkomulagi, væri betra að ræðast aðeins við og ég gæfi hlé hér í tíu mínútur til þess að menn ræddu þá framhald þessa fundar.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Ég verð að viðurkenna það að ég varð ansi ruglaður á leiðinni heim eftir að fundi var frestað hér kl. rúmlega sjö og hlustaði á fréttir Ríkisútvarpsins. Þar kom fram í umfjöllun fréttamanns að búið væri að gera samkomulag milli ríkisstjórnarinnar og verkalýðshreyfingarinnar um það að samningarnir tækju gildi strax við gildistöku bráðabirgðalaganna. Nú skilst mér að það sem um sé að ræða sé að ríkisstjórnin vilji stuðla að því að brtt. Borgfl. verði samþykkt, þar sem segir að síðari mgr. 4. gr. Þorsteinslaga verði felld brott, en þar er kveðið á um að verkbönn og verkföll, þar með taldar samúðarvinnustöðvanir og aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi mæla fyrir, séu óheimil.

Ég get tekið undir það með þeim sem hér hafa talað að þetta er orðið ansi ruglingslegt. Það liggur a.m.k. ekki alveg ljóst fyrir hvaða skilning verkalýðshreyfingin hefur lagt í þau ummæli forsrh. sem hann hefur haft við í umræðunni hér í dag, eða hvaða samkomulag hafi verið gert. Ég tel a.m.k. að það sé rétt að fresta nú fundi og ræða betur um það hvað um er að vera. Og ég get að sjálfsögðu tekið undir það að æskilegt væri að fá hér á fund til okkar fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar og fá að heyra af þeirra eigin munni hvað um er að vera.

Guðmundur H. Garðarsson:

Ég tel ekki nægjanlegt að fella út aðeins 2. mgr. 4. gr. umræddrs frv. Það hljóta að vera mörg fleiri atriði sem verkalýðshreyfingin vill fá út úr frv. Ég tel þess vegna eðlilegt að umrætt hlé, umræddur frestur verði gefinn þannig að stjórnarandstöðunni gefist svigrúm til þess að ræða við fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar um þau önnur atriði sem hún hlýtur að vilja fá út úr frv.

Forseti (Jón Helgason):

Ég mun þá fresta umræðu um 2. dagskrármálið og fresta þessum fundi til kl. 10 mínútur yfir 10. — [Fundarhlé.]

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Það sem hv. 8. þm. Reykv. hefur haldið hér fram er skoðun hans eða Sjálfstfl., ekki mín og ekki Borgfl. síðast þegar ég vissi.

Hv. 7. þm. Reykn. lýsti hér fyrr í dag skoðun Borgfl. til þessa frv. og tek ég undir það í einu og öllu. Það er ekki í samræmi við það sem hv. 8. þm. Reykv. lagði áherslu á áðan og hlýt ég að harma það að hann hafi misskilið svo orð hv. 7. þm. Reykn.

Þessi dagur hefur verið merkilegur fyrir margar sakir og þá sérstaklega þá yfirlýsingu sem hæstv. forsrh. gaf hér áðan, rétt fyrir kvöldmat, að nú skuli gerð breyting á bráðabirgðalögunum þess efnis að verkalýðshreyfingin skuli fá aftur verkfallsvopnið. En það er svolítið einkennilegt að afhenda verkalýðshreyfingunni verkfallsvopnið þegar henni er bannað að nota það.

Þær brtt. sem við þm. Borgfl. hér í Ed. höfum lagt fram byggjast á því m.a. að við gildistöku þessara bráðabirgðalaga fái verkalýðshreyfingin samningsréttinn aftur og óhjákvæmilegt var þegar um það var að ræða að verkalýðshreyfingin fengi samningsréttinn að fella þetta ákveðna ákvæði úr lögunum. En að sjálfsögðu fagna ég því að ríkisstjórnin skuli fara svo vel yfir brtt. Borgfl. að hún telji ástæðu til að taka eitthvað af þeim upp þótt þær séu ekki teknar í heild.

Umræðan hér í dag hefur farið út um víðan völl og einkum hefur hún einkennst af orrahríð á milli þingmanna Sjálfstfl. og Alþfl. og svo einstakra ráðherra, þar sem reynt hefur verið að fá fram eitthvert uppgjör á milli þessara þriggja flokka um hvernig þessi ríkisstjórn er, hvernig sú ríkisstjórn var sem hvarf af vettvangi fyrir tveimur mánuðum síðan og hver ástæðan var fyrir brotthvarfi hennar. Þá hefur einnig verið rætt um það hvort þessi ríkisstjórn sé betri en hin og sitthvað fleira í þeim dúr. Minna hefur farið fyrir því að minnst hafi verið á hvert stefna skal og hvaða ákvarðanir skuli teknar nú þegar erfiðleikar steðja að íslensku þjóðfélagi.

Ég hef ekki haldið því fram að gengisfelling sé rétta úrræðið. Ég tel að til gengisfellingar eigi ekki að grípa nema allar aðrar leiðir séu þrautkannaðar. Hvort nú er komin upp sú staða að allar leiðir hafi

verið kannaðar áður dreg ég mjög í efa. Ég tel að ýmislegt sem þessi ríkisstjórn hefur verið að gera sé rétt og verð að taka undir ýmislegt sem hún hefur komið í framkvæmd. Hins vegar finnst mér staða mála hér á þingi vera þannig að þessi ríkisstjórn sé ekki starfhæf, henni getur reynst erfitt að koma öllum þeim skattalagafrumvörpum í gegn sem hún hefur lagt fram.

Tilefni þessara laga sem hér eru til umræðu er *bráðabirgðalagasetning sem ég lýsti hér á sínum tíma* sem einræðislegum vinnubrögðum, sem ekki ætti að grípa til nema í algerri neyð og þá að tryggur meiri hluti væri að baki þeirri ríkisstjórn sem gripi til slíkra laga. Því er ekki að heilsa hér.

Ég ætlaði hér aðallega að mæla fyrir brtt. sem ég einn stend að og koma fram á þskj. 212. Þær eru á þessa leið:

Í fyrsta lagi að í stað 3.–5. gr. komi þrjár nýjar greinar svohljóðandi:

Við 3. gr.:

„Stofna skal sjóð er nefnist Atvinnutryggingarsjóður. Sjóðurinn skal vera sjálfstæð deild við Byggðastofnun. Sérstakur forstöðumaður skal ráðinn til að veita deildinni forstöðu. Hlutverk sjóðsins er að treysta eiginfjárstöðu og veita lán til endurskipulagningar, hagræðingar og framleiðniaukningar hjá útflutningsfyrirtækjum og fyrirtækjum í samkeppnisiðnaði. Jafnframt skal sjóðurinn hafa forgöngu um að breyta lausaskuldum útflutningsfyrirtækja og fyrirtækja í samkeppnisiðnaði í föst lán til langs tíma."

Við 4. gr.:

„Stjórn Byggðastofnunar ákveður lánveitingar úr Atvinnutryggingarsjóði að fengnum tillögum sérstakrar samstarfsnefndar lánastofnana og banka. Ríkisendurskoðun fylgist með starfsemi sjóðsins og endurskoðar reikninga hans. Hún gefur Alþingi reglulega skýrslu um starfsemi sjóðsins."

Við 5. gr.:

„Stofnfé Atvinnutryggingarsjóðs skal vera 1200 millj. kr. Þar af greiðast 600 millj. kr. úr ríkissjóði á árunum 1989–1991. Að auki skal ríkissjóður leggja sjóðnum til 600 millj. kr. sem ríkissjóður tekur að láni hjá Atvinnuleysistryggingasjóði á árunum 1988–1990.

Ríkissjóður endurgreiðir lánið samkvæmt sérstöku samkomulagi milli stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs og fjármálaráðherra.

Stjórn Byggðastofnunar er heimilt fyrir hönd Atvinnutryggingarsjóðs að taka lán hjá Seðlabanka Íslands eða fyrir milligöngu hans að fjárhæð allt að 1200 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu lánsins."

Uppistaðan í þessari 1. gr. brtt. minnar, sem eru upphaflega tillögur Borgfl. í þeirri nefnd sem skipuð var meðal stjórnarandstöðuflokkanna til að gera sameiginlega tillögur við bráðabirgðalögin, er sú að Atvinnutryggingarsjóður skal vera sérstök deild innan Byggðastofnunar en ekki eins og er samkvæmt bráðabirgðalögunum að það skuli vera sérstakur sjóður sem hlíti ákveðinni stjórn.

Hér er einnig lagt til að stofnfé Atvinnutryggingarsjóðs skuli vera 1200 millj. kr. í staðinn fyrir einn milljarður. Þá er enn fremur í brtt. lagt til að í stað 400 millj. kr. sem greiðist úr ríkissjóði komi talan 600 millj. kr. og þá er hugsunin sú að á hverju ári árin 1989–1991 greiðist úr ríkissjóði 200 millj. kr. Þá *er einnig lagt til í brtt. að ríkissjóður taki 600 millj.* kr. að láni hjá Atvinnuleysistryggingasjóði í stað þess að ríkið ákveði einhliða að fjármagn sem átti að fara í Atvinnuleysistryggingasjóð komi í þennan Atvinnutryggingarsjóð.

Hugsunin á bak við að hækka upphæðina úr einum milljarði í 1,2 milljarða byggist á því að með því er hægt í fyrsta lagi að ráðstafa ákveðnum hluta til beinnar hagræðingar í rekstri, en samkvæmt þeim grunnplöggum sem liggja fyrir hjá núverandi sjóðsstjórn Atvinnutryggingarsjóðs er ætlað að 1,2 milljarðar fari í skuldbreytingar og afgangurinn fari til hagræðingar. En eins og ég sagði er áætlað að 200–250 millj. kr. fari samkvæmt mínum tillögum til hagræðingar og 500 millj. kr. til styrktar eiginfjárstöðu.

Í öðru lagi eru gerðar eftirtaldar brtt. við frv.:

Við 6. gr.

„a. Á eftir orðinu „útflutningsfyrirtækja" í 1. málsl. komi: og fyrirtækja í samkeppnisiðnaði."

Gengið er út frá því að þetta nái ekki aðeins til útflutningsfyrirtækja heldur njóti samkeppnisiðnaðurinn einnig fyrirgreiðslu úr þessum sjóði.

„b. Á eftir orðinu „útflutningsgreinum" í 2. málsl. komi: og í samkeppnisiðnaði" — og er það í samræmi við lögin.

„c. Við bætist nýr málsl. sem orðist svo: Sjóðnum skal heimilt að taka lán til að koma í veg fyrir neikvætt greiðsluflæði."

Hugsunin þarna að baki er sú að innkoma í sjóðinn verður minni á næstu árum en það sem greitt verður úr honum og tel ég nauðsynlegt að hafa ákvæði í lögunum sem heimili sjóðnum að taka lán til þess að mæta þessu neikvæða greiðsluflæði.

Í þriðja lagi er gerð breyting við 7. gr. um það að *greinin falli niður, en hún er um skipan* þessa Atvinnutryggingarsjóðs.

Í fjórða lagi er gerð breyting við 9. gr., um það að við hana bætist nýr málsliður er orðist svo: „Þar skal kveða nánar á um hvaða atvinnustarfsemi skuli falla undir verksvið sjóðsins."

Þarna er hugsunin sú að Atvinnutryggingarsjóður sem stofnaður verður fái það verksvið að meta hvaða starfsemi í samkeppnisiðnaði skuli falla undir þá fyrirgreiðslu sem sjóðurinn veitir.

Í fimmta lagi er gerð breyting við 9. gr.

„a. Í stað „til 15. febrúar 1989" í 1. málsl. komi: fram til gildistöku laga þessara.

b. Í stað „15. febrúar 1989" í 2. málsl. komi: gildistöku laga þessara."

Þarna er átt við gildistöku kjarasamninga.

Þessar brtt. eru eins og ég lýsti áðan tillögur Borgfl. við þessi bráðabirgðalög eða þessar efnahagsráðstafanir ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar. Þær brtt. sem við stöndum að með Samtökum um kvennalista og Sjálfstfl. eru að hluta til úr þessum tillögum og að öðru leyti sem málamiðlun við hina stjórnarandstöðuflokkana.

Ég hef hér gert grein fyrir þeim breytingum sem ég legg til að gerðar verði á þessum bráðabirgðalögum og vonast eftir að hv. þm. og ríkisstjórn taki þær til gaumgæfilegrar athugunar.

Umræðu frestað.

Bann við ofbeldiskvikmyndum, 2. umr.

Frv. menntmn. Ed., 183. mál (gildistími). — Þskj. 214.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Virðisaukaskattur, 1. umr.

Stjfrv., 134. mál (gildistaka). — Þskj. 141.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Eins og ég greindi frá við 1. umr. þessa máls í hv. Nd. hefur komið í ljós á undanförnum mánuðum að sá tími sem ætlaður var til þess að undirbúa gildistöku laga um virðisaukaskatt hefur á engan hátt verið nægilegur. Í ljós hefur komið að ýmiss konar tæknileg vinna tekur mun lengri tíma en ætlað var og má í því sambandi nefna undirbúning sérstakra tölvuforrita sem eiga að tryggja það að framkvæmd þessa veigamikla nýmælis í okkar skattamálum geti tekist eins og nauðsynlegt er. Eg hugsa að flestir hv. alþm. hafi á sínum tíma ekki frekar en aðrir gert sér nægilega vel grein fyrir því að þetta væri það flókið mál í undirbúningi en reynslan undanfarna mánuði hefur ótvírætt sýnt það að svo er. Í því sambandi má einnig vekja athygli á því að mikill fjöldi, svo tugþúsundum skiptir, aðila í okkar þjóðfélagi munu með beinum hætti þurfa að taka þátt í þessari skattkerfisbreytingu. Það hefur einnig tekið mun lengri tíma en ætlað var að undirbúa það kynningarstarf og gera um það áætlanir til að tryggja að réttur skilningur verði hjá öllum þeim sem að framkvæmdinni koma. Enn fremur hefur komið í ljós að endurskoða þarf ýmsar ákvarðanir eða útfæra nánar sem kunna að vera meira pólitískt álitamál. Ég lýsti því yfir við meðferð þessa máls í hv. Nd. að vel gæti komið til greina, þótt það hafi ekki verið ákveðið formlega endanlega enn, að allir þingflokkar tækju þátt í þeirri vinnu og mun ég áður en meðferð málsins lýkur hér í þessari hv. deild lýsa endanlegri formlegri ákvörðun í því máli en ég hef kynnt þann vilja minn að gera um það tillögu að svo verði.

Ég hef, virðulegi forseti, vakið athygli á þessum atriðum hér í upphafi vegna þess að eðlilega munu kannski flestir telja að ástæða þessarar frestunar sé fyrst og fremst tekjuþörf ríkissjóðs um þessar mundir. Það er ekkert óeðlilegt að menn haldi það og vissulega má segja að það komi til góða að þessi frestun þurfi að eiga sér stað þegar horft er á tekjustöðu ríkissjóðs á næsta ári. En um leið og því er ekkert leynt að þessi frestun kemur til góða í þessu efni er þó rétt að láta það koma alveg skýrt fram að jafnvel þótt engin slík ástæða væri fyrir hendi þá væri óhjákvæmilegt af tæknilegum ástæðum og vegna þess að undirbúningsvinnan er miklu flóknari og viðameiri en talið var í upphafi að fresta gildistöku virðisaukalaganna.

Ég vænti þess að þessi hv. deild muni kynna sér þá þætti málsins einnig eins og gert var í fyrri deild, en þar var málið afgreitt fljótt og vel, enda held ég að allir hafi sannfærst um það við meðferð málsins að hvað sem líður tekjustöðu ríkissjóðs og tengslum þessa frv. við það þá sé hin ástæðan ærin.

Ég vil svo að lokum endurtaka það sem ég sagði hér áðan að áður en málið kemur til endanlegrar afgreiðslu hér í hv. deild mun ég hafa lokið þeirri umfjöllun sem ég taldi óhjákvæmilega innan ríkisstjórnarinnar um eðli þess endurskoðunarstarfs sem þarf að eiga sér stað með samvinnu allra þingflokka.

Ég legg svo til, virðulegi forseti, að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég átti sæti í þeirri nefnd sem síðasta ríkisstjórn skipaði til að fara yfir ýmis framkvæmdaratriði í sambandi við lögfestingu virðisaukaskatts og ég skil það fullkomlega að ný ríkisstjórn þurfi góðan tíma til þess að átta sig á ýmsum pólitískum álitamálum sem til ákvörðunar hljóta að koma í sambandi við lögfestingu skattsins og er sammála hæstv. fjmrh. um að það skipti miklu að allur undirbúningur sé sem allra bestur. Auk þess styðja ýmsar skattatæknilegar ástæður það að lögin taki gildi um áramót fremur en 1. júlí þannig að ég er fullkomlega sammála því sem hæstv. fjmrh. segir að eðlilegt sé að veita frestun á gildistöku laganna.

Ég vil að lokum, herra forseti, aðeins fagna þeim ummælum hæstv. fjmrh. að vilji hans skuli standa til þess að stjórnarandstaðan megi fylgjast með þessu undirbúningsstarfi.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Í umræðum um skattamál hér á

síðasta þingi og þar á meðal um virðisaukaskattinn kom fram hjá okkur kvennalistakonum að við erum efins mjög um gildi virðisaukaskattsins og allt það sem honum fylgir. Það kom reyndar einnig mjög fram í máli alþýðubandalagsmanna á þeim tíma og það verður fróðlegt að fá að fylgjast með þeirri endurskoðun sem boðuð er og hvað kemur út úr henni. Ég fagna því að til skuli standa að veita þar öllum þingflokkum aðild að. Við munum leggja áherslu á það að flýta þessu máli og eins og fram kemur reyndar í nál. Nd., þá skrifum við undir það án nokkurs fyrirvara um að málinu verði frestað og getum reyndar sagt að okkur væri sama þótt það frestaðist lengi enn.

Júlíus Sólnes:

Virðulegur forseti. Ég rifja það upp að við umræður um virðisaukaskattslögin í þinginu í fyrra lýstum við þm. Borgfl. einnig yfir miklum efasemdum okkar til þess að taka upp virðisaukaskatt á Íslandi, í svo fámennu þjóðfélagi sem Ísland er, einkum og sér í lagi með tilliti til þess hve atvinnufyrirtæki eru lítil með hliðsjón af því hvað virðisaukaskattur er flókið skattkerfi.

Við fögnum því að sjálfsögðu að ríkisstjórnin skuli ætla að fresta gildistöku virðisaukaskattsins þannig að betra tækifæri fáist til að grandskoða afleiðingar þess að taka upp og innleiða virðisaukaskatt á Íslandi og munum síður en svo leggjast gegn því að gildistöku laganna verði frestað um hálft ár eins og frv. sem hér liggur fyrir gerir ráð fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

NEÐRI DEILD

21. fundur, þriðjudaginn 13. des., kl. 2 miðdegis.

Áfengislög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 176. mál (leyfi til áfengisveitinga o.fl.). — Þskj. 194.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Lögreglumenn, 1. umr.

Frv. ÁrnG o.fl., 163. mál (próf frá lögregluskóla og tjónabætur). — Þskj. 176.

Flm. (Árni Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. þm. Friðjóni Þórðarsyni, Kristínu Halldórsdóttur, Geir Gunnarssyni og Inga Birni Albertssyni að flytja á þskj. 176 frv. til l. um breytingu á lögum nr. 56/1972, um lögreglumenn, með síðari breytingum.

Mig langar með nokkrum orðum, herra forseti, að gera grein fyrir tilurð þessa frv. og fara yfir það í sem skemmstu máli, en ég hefði talið æskilegt að hæstv. dómsmrh. hefði verið viðstaddur þessa umræðu því að hann hefur á undanförnum dögum og vikum orðið að fjalla talsvert um málefni lögreglumanna. Ef þess væri nokkur kostur að ráðherra væri hér í salnum mundi ég meta það mikils en geri það ekki að úrslitaatriði. (**Forseti:** Það verða gerðar ráðstafanir til að leita eftir því við hæstv. dómsmrh.) Ég mun þá lesa þær brtt. sem koma fram í frv.

Þar er gert ráð fyrir að 1. gr. verði á eftirfarandi veg:

„Í stað 1. mgr. 5. gr. laganna koma þrjár málsgreinar svohljóðandi:

Lögreglumenn, hvort sem þeir eru í föstu starfi eða kvaddir lögreglunni til aðstoðar, eru opinberir starfsmenn og njóta sömu verndar og aðstöðu og þeir menn er gegna borgaralegri skyldu.

Engan má ráða eða skipa lögreglumann eftir 1. janúar 1990 án þess að hann hafi lokið námi í Lögregluskóla ríkisins. Heimilt er að lausráða nema til reynslu til lögreglustarfa meðan á námi þeirra stendur í Lögregluskóla ríkisins. Reynsluráðning skal aldrei standa lengur en tvö ár. Heimilt er að ráða til lögreglustarfa menn án prófs frá Lögregluskóla ríkisins til afleysinga í sumarleyfum á tímabilinu 15. maí til 30. september ár hvert. Ákvæði varðandi próf frá Lögregluskóla ríkisins ná ekki til skipshafna á varðskipum, tollvarða, héraðslögreglumanna eða varalögreglumanna; þó skulu þeir sem lokið hafa prófi frá Lögregluskóla ríkisins ganga fyrir um þessi störf þar sem það á við.

Enginn má á neinn hátt tálma því að maður gegni lögreglustörfum. Brot gegn ákvæði þessu varðar sektum nema þyngri refsing liggi við að lögum og skal með mál út af brotum þessum fara að hætti opinberra mála.

2. gr.: 2. mgr., er verður 4. mgr., 5. gr. laganna orðast svo:

Ríkissjóður skal bæta lögreglumönnum meiðsli og tjón sem þeir verða fyrir vegna starfs síns.

3. gr.: Lög þessi öðlast þegar gildi."

Herra forseti. Í greinargerð með þessu frv. segir eftirfarandi:

„Þetta frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 56/1972, um lögreglumenn, er flutt til að ná fram tveimur mikilvægum breytingum.

Í fyrsta lagi að tryggja það að eftir 1. janúar 1990 verði enginn ráðinn eða skipaður lögreglumaður nema hann hafi áður lokið námi í Lögregluskóla ríkisins. Þó er heimilt að lausráða menn til reynslu til lögreglustarfa meðan á námi þeirra stendur. Þessi breyting kemur heldur ekki í veg fyrir að unnt sé að

ráða menn án prófs frá Lögregluskólanum til afleysinga í sumarleyfum á tímabilinu 15. maí til 30. september ár hvert. Þá er ekki gert ráð fyrir að þetta ákvæði nái til skipshafna á varðskipum, tollvarða, héraðslögreglumanna né varalögreglumanna.

Með þessari breytingu vilja flutningsmenn frumvarpsins að það verði gert að fastri reglu að lögreglumenn hefji starfsferil sinn með því að fá grunnmenntun í Lögregluskólanum.

Þessu frumvarpi er ætlað að tryggja menntun lögreglumanna. Með því yrði ráðin bót á óviðunandi ástandi sem nú ríkir. Talsverður hluti af lögregluliði í stærstu lögregluumdæmum er án starfsmenntunar og lætur nærri að um einn þriðji hluti lögreglumanna, sem nú sinna útköllum í Reykjavík, sé án þessarar menntunar. Hlutfallið er enn lakara á Keflavíkurflugvelli.

Nokkur hópur þeirra manna, sem starfa í Reykjavík, hefur aðeins notið kennslu á fárra daga námskeiði sem nægir ekki til annars en að kynna þeim um hvað starfið snýst. Hætt er við að þessir menn hafi litla eða enga þekkingu á þeim lögum og reglum sem þeir eiga að starfa eftir né heldur undirstöðuþekkingu í sálarfræði sem löggæslumönnum er nauðsynleg. Líkur eru á því að störf þeirra verði ófullnægjandi og umkvörtunarefni.

Það er þó lakara að þeir menn, sem ekki hafa lokið námi frá Lögregluskólanum, hafa ekki þá þekkingu á lögum sem þarf til að tryggja grundvallarréttindi borgaranna, t.d. réttindi handtekinna manna. Aukinn fjöldi kærumála á hendur lögreglumönnum rökstyður þetta.

Þetta ástand getur orðið til þess að hinn almenni borgari glatar því trausti sem hann hefur haft á lögreglunni og réttarríkinu. Það er skylda ríkisvaldsins á hverjum tíma að stuðla að því að í landinu starfi vel menntað og vel þjálfað lögreglulið. Ýmsar ráðstafanir hafa verið gerðar að undanförnu til að efla starf Lögregluskóla Íslands og er það samdóma álit sérfróðra manna að skólinn geti nú veitt góða og nauðsynlega menntun sem geri lögreglumenn mun hæfari til að takast á við stöðugt flóknari og erfiðari verkefni í síbreytilegu þjóðfélagi.

Í öðru lagi gerir frumvarp þetta ráð fyrir breytingum á bótaskyldu ríkissjóðs gagnvart lögreglumönnum sem slasast eða verða fyrir öðru tjóni vegna starfs síns. Á undanförnum árum hefur fjölgað þeim tilvikum að lögreglumenn hafa orðið fyrir alvarlegum áverkum vegna starfa sinna. Má þar nefna barsmíðar, spörk og hvers konar líkamsmeiðingar. Ofbeldi virðist fara vaxandi, svo og notkun ýmissa hættulegra vopna svo sem barefla og hnífa.

Lögreglumenn, sem hafa orðið fyrir alvarlegum líkamsmeiðingum og hlotið örorku eða örkuml af, hafa orðið að sækja mál sín um skaðabætur á hendur þeim er meiðslunum hafa valdið. Málaferli hafa oft tekið langan tíma og oftar en ekki hefur niðurstaðan orðið sú að tjónvaldar hafa ekki reynst borgunarmenn. Þá fyrst kemur að bótaskyldu ríkissjóðs. Þetta hefur valdið mörgum lögreglumönnum miklum erfiðleikum, fjárhagstjóni og röskun á heimilishögum.

Með þessu frumvarpi er ríkissjóði gert að bæta lögreglumönnum meiðsli og tjón sem þeir verða fyrir vegna starfs síns. Ríkinu er þarna lögð sú skylda á herðar að bæta tjón samkvæmt mati og það getur síðan höfðað mál á hendur tjónvaldi.

Nauðsynlegt er talið að skilgreina betur í lögunum ábyrgð ríkissjóðs, m.a. vegna dóma sem fallið hafa í skaðabótamálum."

Í athugasemdum við einstakar greinar, herra forseti, segir á þessa leið:

Um 1. gr.: „Fyrsta málsgr. frumvarpsins er samhljóða 1. málsl. núverandi 1. mgr. 5. gr. laganna og 3. mgr. er samhljóða 2. og 3. málsl. Efnisbreyting frumvarpsins kemur því fram í 2. mgr. Þar verður sú breyting á frá núgildandi lögum að lögreglumenn verða ekki ráðnir til fastra starfa nema því aðeins að þeir hafi lokið námi í Lögregluskóla ríkisins. Þó er gerð undantekning með sumarafleysingamenn sem ráðnir eru til starfa á tímabilinu 15. maí til 30. september. Þá ná þessi ákvæði ekki til starfsmanna á varðskipum, tollvarða, héraðslögreglumanna eða varalögreglumanna. Héraðslögreglumenn eru þeir sem hafa lögreglustarf að aukastarfi. Eingöngu er þörf fyrir héraðslögreglumenn utan Reykjavíkur þar sem jafnan starfa fáir lögreglumenn. Héraðslögreglumenn eru kallaðir til aðstoðar fullgildum lögreglumönnum við sérstakar aðstæður, svo sem vegna dansleikja um helgar og útihátíða á sumrin. Héraðslögreglumenn eiga að hafa lokið sérstöku námskeiði við Lögregluskólann."

Um 2. gr. segir á þessa leið: „Hér er lögð til sú breyting frá núgildandi lögum að réttur lögreglumanna til bóta úr ríkissjóði vegna meiðsla eða tjóns, sem þeir verða fyrir vegna starfs síns, verður ótvíræður. Vegna túlkunar á greininni í núgildandi lögum hafa lögreglumenn orðið að stefna tjónvaldi fyrst, og ekki fyrr en dómur er fallinn í máli og í ljós hefur komið að greiðslugeta tjónvalds er engin kemur til kasta ríkissjóðs. Nauðsynlegt er að kveða fastar á um bótaskyldu ríkissjóðs."

Um 3. gr. segir að hún skýri sig sjálf.

Herra forseti. Mig langar að fara örfáum orðum um starfsmenntun lögreglumanna og markmið sem menn hljóta að hafa þegar þeir vilja bæta menntun og þjálfun lögregluliðsins. Starfsmenntun lögreglumanna hlýtur að þurfa að vera slík að þeim verði starfið auðveldara og að samfélaginu nýtist starf lögreglumannsins betur. Nauðsynlegt er að gera sér grein fyrir eðli lögreglustarfsins og skilgreina hvaða menntun menn þurfi til að mega leysa það vel af hendi. E.t.v. ætti því skilgreining á lögreglustarfinu heima í þessari umræðu. Slík skilgreining verður þó að samrýmast sem best nútímaaðstæðum. Af slíkri skilgreiningu hlýtur að ráðast hvers kyns starfsmenntunar er þörf.

Skipan og starfssvið löggæslu í flestum Evrópulöndum er mótað af hefð fyrri tíma. Er nú svo komið að sum lögreglulið eiga við vanda að etja vegna þess

að hlutverk þeirra er þröngt skilgreint sem laganna varða og arms laganna. Þessi ímynd getur reynst lögreglunni erfið og varasöm. Í augum margra er hún hið sýnilega tákn opinbers valds og höfð sem syndahafur oft og tíðum þegar óánægja gýs upp vegna ráðslags ríkisvaldsins. Lögreglan er sá aðili sem hvað oftast er til kvaddur þegar mönnum er bráður vandi eða neyð á höndum. Við slíkar aðstæður getur hún unnið gott starf og ástæða til að gera henni slíkt starf sem hægast. Eiginleg félagsleg hjálparstarfsemi er utan verkahrings lögreglu, en hún er jafnan öðrum aðilum nærtækari til að sinna bráðum samfélagslegum slysavörnum.

Í velferðarþjóðfélagi vorra daga aukast sífellt afskiptin af samfélagslegum vanda. Á sama tíma er áberandi að reynt er að þrengja hlutverk lögreglunnar í þessu efni. Gleymist þá oft að það er lögreglan sem fær afleiðingar vandans til umfjöllunar þegar allt annað þrýtur.

Við lifum á tíð örari breytinga en áður hafa yfir gengið. Tímum breytinga fylgir margs kyns vandi og þar með ný fjölþættari verkefni lögreglu. Þróun þéttbýlisþjóðfélagsins, breytingar á eðli fjölskyldunnar, útivinna beggja foreldra, nýjar færsluleiðir fjármagns, tölvuvæðing og afleiðingar hennar, afnám á gjaldeyrishömlum, fíkniefnavandi og aukning auðgunarbrota honum tengdur — allt þetta leiðir til aukinna og nýrra verkefna lögreglu. Í mörgum tilvikum er sérþekkingar þörf til að sinna verkefnum sem skyldi.

Það er full ástæða til að spyrna við fótum og tryggja að lögreglan endi ekki sem nátttröll í nútímaþjóðfélagi. Starfsvettvangur lögreglunnar verður að fara eftir nútímaaðstæðum og þörfum en ekki eftir gamalli hefð. Lögreglan er þáttur í almennri þjónustu sem stofnað er til í þeim tilgangi að halda uppi lögum og almannareglum. Enn fremur er lögreglan björgunar- og hjálparsveit í félagslegum efnum.

Stefnuna í starfsmenntunarmálum lögreglu verður að móta með tilliti til starfsvettvangs hennar og hlutverks. Starfsmenntun lögreglumanna þarf að tryggja þeim sem besta, fjölþættasta og hagnýtasta fræðslu. Alla þætti námsskrár þarf að vega og meta með tilliti til hagnýts gildis þeirra. Hefðin má ekki ráða því hvað lögreglumönnum er ætlað að læra.

Lögreglumenn þurfa að njóta reglubundinnar þjálfunar meðan þeir eru í starfi. Jafnt þarf að vera um líkamlega þjálfun að ræða, þjálfun á sérstökum vinnubrögðum og yfirferð og endurskoðun á almennum viðbrögðum, svo sem skýrslugerð sem verður æ flóknari í nútímasamfélagi.

Í annan stað þarf að fara fram reglubundin upprifjun á námsefni Lögregluskólans og kynning á nýmælum. Þetta mætti jafnt gera með sérstökum reglubundnum námskeiðum og með óformlegra hætti á heimaslóðum.

Í þriðja og síðasta lagi, herra forseti, þurfa lögreglumenn að eiga kost á framhaldsmenntun eftir því sem áhugi og hæfni bjóða upp á. Lögreglumenn þurfa að eiga almennan rétt til að leita eftir slíkri framhaldsmenntun.

Herra forseti. Því er þetta gert að umræðuefni í tengslum við þetta frv. að við flm. teljum að það þurfi að efla mjög alla menntun og starfsmenntun lögreglunnar til að gera hana hæfari til að starfa í sífellt flóknara samfélagi.

Annar þáttur þessa frv. fjallar um skaðabótaskyldu ríkissjóðs gagnvart lögreglumönnum. Það er mikilvægt að breyta þeirri grein laganna sem fjallar um skaðabótaskylduna vegna þess að dómar í málum lögreglumanna sem hafa orðið fyrir alvarlegum meiðslum og hlotið jafnvel af mikla örorku hafa fallið löngu eftir að slysin og áföllin hafa orðið. Þeir hafa orðið að sæta því að fara langa dómstólaleið með mál sín og venjulega þegar upp er staðið og dómur er fallinn er sá sem tjóninu olli ekki borgunarmaður. Þá er fyrst komið að ríkissjóði að greiða lögreglumanninum sem fyrir áfallinu hefur orðið.

Herra forseti. Ég hef hér í fórum mínum mörg dæmi um misþyrmingar á lögreglumönnum, lögreglumönnum sem hafa orðið fyrir mjög alvarlegum, líkamlegum áverkum og hafa orðið allt að 75% öryrkjar af. Ég hirði ekki um að rekja þau dæmi. Þau eru þess eðlis að það er ástæðulaust að gera það við þessa umræðu, en það geta allir þingmenn kynnt sér þessi mál og fengið upplýsingar um þau.

Ég mun ekki hafa fleiri orð um þetta frv., herra forseti, en vænti þess að að umræðunni lokinni verði frv. vísað til hv. allshn. deildarinnar.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Hér er fjallað um frv. til l. um breytingu á lögum nr. 56 frá 1972, um lögreglumenn, með síðari breytingum. 1. flm. er hv. 3. þm. Norðurl. e., en ég er meðflm. ásamt nokkrum öðrum hv. þm.

Hv. frsm. hefur gert svo ítarlega grein fyrir þessu máli að ekki er þörf á að hafa um það mörg fleiri orð. Ég ætla aðeins að bæta örfáum atriðum við.

Aðalbreytingar sem lagt er til að gerðar verði á lögum um lögreglumenn frá árinu 1972 samkvæmt þessu frv. eru tvær. Það er í fyrsta lagi að tryggja það að eftir 1. janúar 1990 verði enginn ráðinn eða skipaður lögreglumaður nema hann hafi lokið námi í Lögregluskóla ríkisins. Það er auðvitað afar mikilvægt að menntun lögreglumanna sé í lagi. Lögregluskóli hefur starfað hér í Reykjavík áratugum saman. Ég hef ekki fylgst með honum nákvæmlega hin síðari ár, en að mínum dómi var þetta þegar fyrir mörgum áratugum hin merkasta menntastofnun og veitti góða menntun á sínu sviði. En nú er talið að allstór hópur þeirra manna sem starfa að löggæslumálum í Reykjavík hafi aðeins notið kennslu á fárra daga námskeiði. Það er auðvitað ekki nógu gott og það er hverju orði sannara að það þarf að efla Lögregluskólann sem allra mest.

Í öðru lagi gerir frv. þetta ráð fyrir breytingum á bótaskyldu ríkissjóðs gagnvart lögreglumönnum sem slasast eða verða fyrir öðru tjóni vegna starfs

síns. Þetta er einnig mjög mikilvæg breyting og nauðsynleg. Lögreglustarfið er oft og tíðum hættulegt og ýmsir sem gegna því verða fyrir áföllum. Það er með öllu óhæfilegt að þeir menn sem slasast við vinnu sína verði kannski að eyða mörgum árum í að leita réttar síns fyrir dómstólum. Þess vegna tel ég að sú breyting sem hér er gert ráð fyrir horfi til mikilla bóta.

Hitt er svo annað mál að lög um lögreglumenn eru frá 1972 eins og komið hefur fram svo að það er vafalaust þörf á því að gera fleiri breytingar á þeim. Ég vek sérstaka athygli á því að það er þörf á að skoða þau nánar en hér er ráð fyrir gert.

Í lögum um lögreglumenn segir að ríkið haldi uppi starfsemi lögregluliðs sem hafi það verkefni að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, stemma stigu við lögbrotum og vinna að uppljóstran brota sem framin eru samkvæmt því sem nánar greinir í lögum um meðferð opinberra mála.

Við höfum ekki fjölmennu liði öryggisvarða á að skipa, Íslendingar. En þess má geta að skipshafnir varðskipanna og tollverðir teljast til lögreglumanna ríkisins samkvæmt 4. gr. laganna frá 1972. Við gleymum stundum hvað þessir öryggisverðir eru okkur mikilvægir. Við ætlumst til þess að þeir vaki meðan við sofum og þeir séu viðbúnir þegar við erum að skemmta okkur og komi óðara á vettvang ef við þurfum á að halda.

Skipshafnir varðskipanna hafa aldrei haft verkfallsrétt svo að ég viti til, en fyrir nokkrum árum var talið nauðsynlegt að lögreglumenn fengju slíkan rétt, verkfallsrétt. En að mínum dómi reyndist þessi verkfallsréttur nánast óbærilegur fyrir lögreglumenn. Og ég vildi láta það koma fram hiklaust að ég tel að lögreglan eigi ekki að hafa og raunverulega geti ekki haft verkfallsrétt. En þeim mun betur verðum við að sjá um að vel sé gert við þá í launum og öðrum aðbúnaði og staðið við þá samninga sem við þá eru gerðir.

Við þurfum ekki að kosta miklu til her- og landvarna, Íslendingar. Ef við lítum í fjárlög nágrannaþjóðanna og annarra lýðræðisþjóða, Evrópuþjóða, sjáum við fljótt að það er ekki svo lítill skerfur af opinberu fé sem fer til land- og hervarna. Þennan kostnað þurfum við ekki að bera. Það hefur því alltaf verið álit mitt að við ættum með þetta í huga að geta haldið úti góðu lögregluliði og gert vel við okkar öryggisverði. Að minni hyggju ættum við að sjá sóma okkar í því að búa vel að löggæslumönnum okkar og öðrum öryggisvörðum. Þar þarf fyrst til að koma góð löggjöf sem svarar kalli tímans, en síðan að sú löggjöf sé framkvæmd af myndarskap.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég lýsi yfir ánægju með að það skuli vera svo mikill áhugi fyrir því að efla starfsemi lögreglunnar hér á hv. Alþingi og auka menntun hennar í hvívetna. Ég vil hins vegar benda á þá einföldu staðreynd að það er verið að stórefla Lögregluskóla ríkisins og stefnt að því að auka þá starfsemi enn meir smátt og smátt. En þetta er eins og annað að það verður ekki allt ákveðið með lögum á Alþingi. Það þarf líka að tryggja fjármagn til að framfylgja viðkomandi lögum. Ég bendi á að það hefur verið mjög algengt á undanförnum árum og jafnvel áratug eða áratugum að hér hefur verið sett margvísleg löggjöf um grunnskóla, um framhaldsskóla, um hjúkrun og aðhlynningu aldraðra og lasburða, en hins vegar hefur reynst erfitt að tryggja þessum málum nægilegt fjármagn í samræmi við þann vilja sem hefur fram komið í lögunum. Ég hélt satt best að segja að við sem sitjum á Alþingi hefðum lært það af reynslunni að þetta þurfi að haldast í hendur.

Sá vilji sem kemur fram í 1. gr. er fyrst og fremst spurningin um fjárveitingar því að það er ekki aðeins nóg að hafa nægilegt fjármagn til að reka viðkomandi skóla heldur þarf jafnframt að vera mögulegt að greiða þeim aðilum sem stunda þetta nám laun meðan á því stendur því að það er að öllu leyti kostað af ríkissjóði. Það leiðir því af eðli máls að því fyrr sem slíku markmiði á að ná, þeim mun kostnaðarsamara verður það og það liggur alveg ljóst fyrir að innan þess ramma sem fjárlagafrv. gefur á árinu 1989 mundi reynast mjög erfitt að uppfylla það ákvæði sem kemur fram í 1. gr.

Ég er hins vegar sammála því að það þarf að auka þekkingu og menntun lögreglunnar og að því er verið að vinna, en vildi aðeins vekja athygli á því að það verður ekki fyrst og fremst gert með því að setja lagagrein sem þessa, a.m.k. á þessu stigi, heldur að efla starfsemi Lögregluskóla ríkisins og vinna að því með þeim hraða sem við ráðum bærilega við að koma þessum vilja í framkvæmd.

Hv. þm. er kunnugt um að það er gífurlegur halli á fjárlögum ríkisins í ár og lögregluembættin eins og ýmis önnur embætti eiga við mikinn fjárhagsvanda að stríða. Það liggur alveg ljóst fyrir að ekki verður hjá því komist að draga saman í starfsemi ríkisins á árinu 1989. Eins og fram hefur komið í fréttum er lögreglan ekki undanskilin og það þýðir að meiri vandi er á hana lagður, en ég hef litið svo á að undan því verði ekki vikist og ég hef litið svo á að flestir á Alþingi væru sömu skoðunar.

Þetta vildi ég taka fram að því er varðar 1. gr., en tek undir þann vilja sem kom fram í ræðum hv. þm. í sambandi við þetta mál. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að það hafi allt of mikið verið af því gert að setja lög um margvísleg mál á Alþingi án þess að huga nokkurn skapaðan hlut að því hvort það væri hægt að fá fjármagn til viðkomandi hluta eða ekki. Ættu menn m.a. að muna eftir deilum um svokölluð grunnskólalög þar sem spurningin var um hvort ætti að hlíta ákvæðum fjárlaga eða ákvæðum grunnskólalaga.

Að því er varðar 2. gr. frv. hafa lögreglumenn rætt það mál við mig og ég er sammála því sem hv. þm. Árni Gunnarsson sagði um það mál. Að sjálfsögðu þarf að vera ljóst að slys sem lögreglumaður verður fyrir í starfi sé bætt og það þurfi engan málarekstur í

kringum það, alveg með sama hætti og ef lögreglumaður slasast t.d. í bifreið og í umferðarslysi við skyldustörf. Það er bætt, en ef hann slasast vegna þess að ráðist er á hann hefur það verið svo, það er rétt sem hv. þm. sagði, að þá hefur þurft að koma til margvíslegur málarekstur. Þetta er óeðlilegt að mínu mati og ég vænti þess að hægt verði að breyta þessari skipan mála. Það er mjög nauðsynlegt. Ég hef lýst því yfir við samtök lögreglumanna að ég sé sömu skoðunar og þeir að því er þetta mál varðar, en vænti þess að það sé hægt að koma þeim vilja í framkvæmd án þess að lagabreyting verði. Hins vegar er mér ljóst að það er tryggara og kann að vera nauðsynlegt að kveða skýrt á um þetta í lögum, m.a. vegna þeirra mála sem rekin hafa verið fyrir dómstólum.

Níels Árni Lund:

Herra forseti. Ég held að hér sé hreyft ágætismáli sem vert er að taka undir. Þá get ég einnig fagnað því sem kom fram hjá hæstv. dómsmrh. um að verið sé að vinna að þessu máli, eflingu Lögregluskóla ríkisins, sem þetta frv. snýst um að verulegu leyti.

Hér hefur komið fram flest það sem menn vildu láta koma fram í þessu máli. En varðandi Lögregluskólann tel ég að það hljóti að vera nauðsynlegt á þessu sviði sem öðrum að menn sem gegna jafnviðamiklum trúnaðarstörfum í þágu þjóðarinnar og lögreglumenn séu til þess færir og vel menntaðir. Það hlýtur að auka bæði hæfni þeirra og eins verður það eflaust til þess að færri óhæfir menn gerist lögreglumenn eins og því miður dæmin sanna að stundum vill verða. Með því að fara í gegnum skóla mundu slíkar líkur minnka sem væri líka gott.

Hér hefur verið rætt um að yfir standi mikil fækkun hjá lögreglunni og um það hafa orðið umræður í fjölmiðlum. Maður hefur að sjálfsögðu áhyggjur af slíkri fækkun. Það hlýtur að þýða að það eru auknar kröfur gerðar til þeirra sem eftir standa. Þessi fækkun er að sjálfsögðu vegna þess erfiða ástands sem nú ríkir m.a. í efnahagsmálum okkar og það er samdráttur. Eins hlýtur það líka að leiða til þess að auknar kröfur eru gerðar til þeirra manna sem vinna við þetta og þar af leiðandi auknar kröfur um betri menn til að sinna þessu.

Það er eitt atriði sem ég vildi líka sérstaklega ræða um. Það er varðandi það sem er í 1. gr. og hljóðar svo, með leyfi forseta: „Lögreglumenn, hvort sem þeir eru í föstu starfi eða kvaddir lögreglunni til aðstoðar, eru opnberir starfsmenn og njóta sömu verndar."

Ég minnist þess að fyrir örfáum mánuðum gerðist það einmitt hér í borg að lögreglumaður sem var einn á vakt leitaði aðstoðar almenns borgara og almennra borgara, en það var ekki aðeins að honum væri neitað um slíka aðstoð heldur var nánast snúist í lið með þeim sem hann átti í höggi við. Þetta hlýtur að vera mikið alvörumál og ég hef fyrir því sönnur að þar gat þetta farið á mjög alvarlegan veg ef aðrir hefðu ekki komið til og aðstoðað. Ég held þess vegna að með enn þá meiri fækkun í liði lögreglumanna geti einmitt sú staða komið upp, þessi borgaraleg skylda hvers manns að taka þátt í og aðstoða lögregluna við störf og þá verður það að vera tryggt að þeir hinir sömu njóti sömu verndar og þeir sem í lögreglunni eru.

En ég endurtek: Ég held að hér sé á ferðinni ágætt mál sem ég lýsi mig fullan stuðningsmann við, enda þótt ég átti mig á því, eins og kom fram í máli hæstv. dómsmrh., að það kostar fé að gera þetta og vel má vera að þetta komist ekki á undir eins, en hér er hreyft góðu máli og það er fyrsta skref í rétta átt.

Flm. (Árni Gunnarsson):

Herra forseti. Nokkur orð um viðbrögð hæstv. dómsmrh. Ég þakka honum fyrir að hafa lýst yfir ánægju sinni með að áhugi skuli vera fyrir hendi á því að bæta aðstöðu lögreglumanna hér á landi. Það er ekki að undra þótt hæstv. dómsmrh. hafi þau orð.

Hann sagði í ræðu sinni að það væri verið að efla Lögregluskóla ríkisins. Það er hárrétt. Það var gert í tíð fyrrv. hæstv. dómsmrh. að skólinn var efldur mjög og er það fagnaðarefni. Síðan lýsti ráðherrann nokkrum áhyggjum vegna þess að þetta mundi kosta of fjár. Ég er ekki alveg sammála því. Þetta gengur yfir langt tímabil þannig að kostnaðurinn við þetta dreifist á jafnvel 2–3 ár. Þarna er ekki um að ræða aðgerð sem þarf að fara út í eða kosta að öllu leyti t.d. á næsta ári.

Það er auðvitað rétt hjá hæstv. ráðherra að við þurfum að huga að kostnaði við breytingar sem lagafrumvörp hafa í för með sér sem við flytjum á hinu háa Alþingi, en þá ættum við kannski bara að taka upp frönsku aðferðina sem er þess eðlis að við flytjum ekki útgjaldafrumvörp öðruvísi en við komum með tekjufrumvörp á móti. Það gæti orðið svolítið seinlegt. En ég get bent hæstv. dómsmrh. á nokkra tekjupósta sem hann gæti hugað að. Ég gæti t.d. bent á að skera þegar í stað á tekjur fógeta í landinu, sem eru einkatekjur og skipta milljónum króna á ári, og nota þær krónur til að brauðfæða þá nemendur sem eru í Lögregluskóla ríkisins. Ég get bent honum á tekjur vottasjóða sem eru umtalsverðar á hverju ári og eru notaðar til ferðalaga starfsmanna fógetaembætta. Ég get bent honum á tekjur sem hann getur haft af því að spara t.d. einkennisbúningapeninga sem fara til óbreyttra starfsmanna á skrifstofum fógeta og sýslumanna hér á landi.

Það má víða spara peninga og ná í peninga til þess að veita þeim í aðra farvegi en þeim er veitt núna. Ég verð að segja með fullri virðingu fyrir hæstv. dómsmrh. að þessi athugasemd hans er ekki fullgild að mínu mati. Mér finnst það svo mikið mál að efla og reyna að styðja við bakið á lögreglu þessa lands í erfiðu og vandasömu starfi að það sé engin spurning um að við verðum að sjá af þessum peningum. Hér er ekki verið að tala um tugi milljóna kr. Hér er verið að tala um einhverjar örfáar milljónir sem mundu dreifast á nokkur ár.

Ég held að ég hafi ekki fleira um þetta að segja, herra forseti. Ég þakka þá umræðu sem fram hefur farið og ég vænti þess fastlega að hið háa Alþingi sýni í náinni framtíð málefnum lögreglunnar meiri áhuga en þingið hefur gert. Þetta er sá starfshópur í þjóðfélaginu sem hvað oftast verður fyrir ýmsum hnútum, lendir í hnútukasti vegna starfa sinna. Það eru ekki margir sem standa upp og verja lögreglumenn þegar þeir lenda í erfiðum málum vegna erfiðra starfa sem þeir eru alls ekki öfundsverðir af oft og tíðum.

Að lokum þetta. Ég vænti þess að þetta mál fái skjótan og góðan framgang í þinginu þannig að þessi lög geti tekið gildi sem fyrst því að þetta er skref í áttina að því að efla og bæta starf lögreglumanna hér á landi. Það er þegar búið að vinna gott starf í því að efla Lögregluskóla ríkisins og á því þarf að verða framhald.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ríkisreikningar 1981–1986, 1. umr.

Stjfrv., 142. mál. — Þskj. 149.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það er nokkuð sérstæður atburður í þingsögunni þótt lítið fari fyrir honum í dag að mælt skuli vera fyrir frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningum fyrir árin 1981, 1982, 1983, 1984, 1985 og 1986. Ef allri venju væri fylgt og því sem æskilegt væri ætti auðvitað að koma til slíkra umræðna einu sinni á ári svo að þingheimur hefði möguleika til að fjalla um málin í eðlilegu samhengi við atburðina og minni manna. Ég tók hins vegar þá ákvörðun fljótlega eftir að ég kom í fjmrn. að beita mér fyrir því að hér yrði lagt fram á Alþingi frv. um samþykkt á ríkisreikningum fyrir öll þessi ár og það mundi ekki dragast lengur enn að gera það. Jafnframt hef ég lagt hér fram frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1979 og mun það koma fyrir síðar á þessum fundi. Vona ég að eftirmenn mínir, sem verða væntanlega margir og góðir, þurfi ekki að standa í þeim sporum hér að mæla fyrir samþykkt á ríkisreikningi um það bil tíu árum eftir að atburðirnir áttu sér stað og útgjöldin.

Það frv. sem hér er lagt fyrir og ég mæli fyrir nú fyrir árin 1981–1986 er samið eftir ríkisreikningum fyrir þessi ár, en þeir hafa verið lagðir fyrir Alþingi í þrennu lagi eins og fram kemur í grg. með frv. Reikningurinn fyrir árið 1981 var lagður fyrir Alþingi með bréfi fjmrh. til forseta sameinaðs þings í febrúar 1987, en reikningurinn fyrir árið 1982 á sama hátt með bréfi í febrúar 1987. Reikningarnir fyrir árin 1983–1986 eru hins vegar lagðir fyrir þingið nú. Fylgirit með ríkisreikningi fyrir 1986 samkvæmt ákvæðum laga nr. 31/1982 er á lokastigi í vinnslu í prentsmiðju og verður dreift sem sérhefti að venju, væntanlega fyrir þinghlé um jólin. Fylgiritin fyrir árin 1984–1985 eru hins vegar endurbirt í viðkomandi heftum.

Eins og hv. alþm. er kunnugt berst ríkisreikningurinn fyrir hvert ár tvisvar, í fyrra sinnið eins og hann liggur fyrir eftir uppgjör ríkisbókhalds og í síðara sinnið með prentuðum athugasemdum yfirskoðunarmanna, svörum fjmrh. við þeim og loks tillögum yfirskoðunarmanna um hvernig við skuli brugðist. Sjálfar niðurstöðurnar breytast ekki við þessa meðferð heldur lúta athugasemdir yfirskoðunarmanna fremur að því hvernig markmið og stefna nái fram að ganga en færslu einstakra liða.

Samkvæmt nýjum lögum um Ríkisendurskoðun frá árinu 1986 verður sá háttur hafður á í framtíðinni að sérstök endurskoðunarskýrsla frá Ríkisendurskoðun mun fylgja fullbúnum ríkisreikningi í stað athugasemda og tillagna yfirskoðunarmanna sem tíðkast hafa. Ríkisreikningurinn fyrir 1986, sem hér liggur fyrir, dregur dám af þessu nýja fyrirkomulagi.

Því ber ekki að leyna, virðulegi forseti, að fram til þessa hefur það yfirleitt verið reglan að frv. um þetta hefur ásamt frv. til fjáraukalaga verið lagt fyrir Alþingi fyrir eitt ár í senn. Við þá tiltekt sem ég vék að áðan og við ákváðum í fjmrn. að beita okkur fyrir er hins vegar farin sú leið að leggja það fram í einu lagi í stað þess að vera með sex sjálfstæð frumvörp fyrir þau sex ár sem hér um ræðir. Þessi kostur hefur verið valinn eftir samráði við lögfróða menn og vænti ég þess að hv. alþm. hafi ekkert við þetta að athuga. Það sparar bæði tíma og eykur vinnuhagræði hér í þinginu og vænti ég þess að menn kunni að meta það.

Það þarf heldur ekki að óttast fordæmi af þessum sökum þar sem afgreiðsla ríkisreiknings mun í framtíðinni hljóta væntanlega og vonandi skjótari og liprari meðferð með breyttu verklagi eins og ég vék að áðan.

Virðulegi forseti. Það mætti auðvitað margt um þetta mál segja, en ég ætla ekki að gera það hér. Þetta eru merk söguleg plögg sem við erum hér að fjalla um og kannski allt of lítið af því gert að menn skoði þau og líti til baka og meti reynsluna heldur eru menn oft uppteknir af því sem setur svip á hvern dag eins og sjá má í salnum við þessa umræðu. Vissulega hefði verið tilefni og lærdómsríkt að fjalla hér ítarlega um reynsluna af framkvæmd fjárlaga og þær stærðir sem ríkisreikningarnir sýna og ýmsar venjur og siði sem skapast hafa í okkar stjórnkerfi í þessum efnum. Ég held þó að það sé æskilegt að stefna að því að það verði meiri skikkur á þessu máli í framtíðinni og bæði þingið sjálft og eins stjórnstofnanir hafi á þessu meiri reglu. Ég vildi hins vegar gera hreint borð hvað þetta snertir og ákvað þess vegna að leggja málin fyrir með þeim hætti sem hér er gert.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ríkisreikningur 1979, 1. umr.

Stjfrv., 159. mál. — Þskj. 170.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Eins og ég vék að í ræðu minni áðan er ásamt frv. um samþykkt ríkisreikninga fyrir árin 1981–1986 lagt hér fram frv. um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1979. Þetta frv. á sér þá sérstæðu sögu að frv. um þetta efni var lagt fyrir 105. löggjafarþingið 1982–1983, en varð ekki útrætt. Ég vil fyrir hönd allra aðstandenda á þeim tíma harma þau mistök að það skyldi ekki verða gert að málið fengi eðlilega málsmeðferð og þess vegna nauðsynlegt að það liggi ljóst fyrir, bæði hvað snertir stjórnskipun landsins og síðari tíma sagnfræði, að Alþingi hafi ekki hliðrað sér hjá því að taka afstöðu til þessa máls. Þess vegna var ákveðið að leggja þetta einnig fyrir hér og nú og láta það verða samferða þeim árum sem ég kynnti hér áðan og öll þau ummæli sem ég flutti þá eiga einnig við hvað þetta frv. snertir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. GHelg o.fl., 171. mál (örorkumat). — Þskj. 185.

Flm. (Guðrún Helgadóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum. Frv. þetta liggur frammi á þskj. 185 og er 171. mál þingsins.

Frumvörp sama efnis hafa verið lögð fram fimm sinnum áður. Árið 1982 var lagt fram frv. þessa sama efnis sem stjfrv. 1983–1984 var svipað frv. lagt fram. Flm. voru þá Svavar Gestsson, Guðrún Helgadóttir, Steingrímur J. Sigfússon. Árið 1984 var enn lagt fram frv. og voru flm. þá hinir sömu, Svavar Gestsson, Guðrún Helgadóttir, Steingrímur J. Sigfússon. 1985–1986 kemur slíkt frv. enn fram og flm. enn hinir sömu. Árið 1986 leggja þessir þremenningar enn fram svipað frv. Og á síðasta löggjafarþingi var lagt fram sams konar frv. efnislega og voru þá flm. Svavar Gestsson, Margrét Frímannsdóttir og Skúli Alexandersson.

Tilgangur þessa frv. er sá að þeir sem sæta þurfa örorkumati eigi rétt á að áfrýja þeim dómi sem þeir verða að sæta séu þeir ekki sáttir við niðurstöðu. Íslendingar eru líklega einir þjóða um að fela örorkumat einum manni sem er tryggingayfirlæknir. Alls staðar annars staðar þar sem ég þekki til er slíkt mat í höndum fleiri en eins, gjarnan fólks frá félagsmálageiranum, auðvitað frá læknisfræðilega geiranum og oftast einhver starfsmaður lífeyrisdeildar tryggingastofnunar sem einnig kemur við sögu.

Það er öllum ljóst að óeðlilegt er að einn maður beri ábyrgð á öllu mati á örorku í landinu og sjúklingar eigi engan rétt á að fá endurmat á úrskurði hans. Við höfum um langt skeið heyrt gagnrýni um að við úrskurð örorku sé tekið of lítið tillit til félagslegra aðstæðna, atvinnustöðu, búsetu og annarra þeirra þátta sem 12. gr. almannatryggingalaga gerir ráð fyrir og matið sé alla jafna eingöngu læknisfræðilegt. Í lögum um almannatryggingar er afdráttarlaust ákvæði um aðra þætti en læknisfræðilega, en það segir í 12. gr. b-lið:

„eru öryrkjar til langframa á svo háu stigi að þeir eru ekki færir um að vinna sér inn ¼ þess er andlega og líkamlega heilir menn eru vanir að vinna sér inn í því sama héraði við störf sem hæfa líkamskröftum þeirra og verkkunnáttu og sanngjarnt er að ætlast til af þeim með hliðsjón af uppeldi og undanfarandi starfa."

Hér er varla um það deilt að ætlast er til annars og meira en læknisfræðilegs mats. Í framkvæmd hefur það hins vegar verið svo hér hjá okkur að þetta mat hefur verið svo til eingöngu læknisfræðilegt. Ég hygg að ansi margir forustumenn verkalýðsfélaga kannist við það, og ég gæti trúað að hv. þm. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir þekkti nokkur dæmi, að fiskvinnslukonum og konum sem hafa fengist við ræstingar og misst hafa heilsu hefur verið tjáð að þær gætu vel unnið létt skrifstofustörf o.s.frv. og þá hefur lítið verið að því gætt hvort slík störf kæmu yfir höfuð til greina eða hvort þau væri að finna á staðnum.

Þegar slík mál koma upp er oftast komið til starfsfólks Tryggingastofnunar og kvartað. Það getur auðvitað ekki gert neitt vegna þess að læknisfræðilegt mat blífur og sjúklingurinn á því miður engan möguleika á að fá leiðréttingu sinna mála nema þá í versta falli að leita til almennra dómstóla sem tæki auðvitað ár og dag og ómældan kostnað og er því næstum út úr dæminu.

Virðulegi forseti. Við erum öll sammála um að tilgangur almannatrygginga og þar með örorkulífeyris sé sá að gera öllu fólki kleift að eiga sér framfærslumöguleika. Það er auðvitað ekkert sjálfsagt að maður njóti örorkulífeyris, þó hann verði fyrir alvarlegri fötlun, geti hann stundað áfram það starf sem hann áður gegndi. Þess eru auðvitað fjölmörg dæmi. Hitt er jafnaugljóst að um þann sem verður fyrir fötlun og á enga kosti á að vinna sín fyrri störf gegnir allt öðru máli. Læknisfræðilega gætu þessir einstaklingar verið nákvæmlega jafnfatlaðir þannig að það er fráleitt að örorkumat byggist á læknisfræði einni saman og þetta held ég að hver

einasta manneskja sjái. Það er ljóst að það eru aðrir þættir í lífi fólks sem hafa áhrif á afkomumöguleika þess og augljóst að tveir einstaklingar með sömu fötlun geta haft gerólíka aðstöðu til að sjá sér og sínum farborða. Þar kemur vitaskuld til menntun, búseta, atvinnuskilyrði og ótal margt fleira.

Mikil umræða hefur farið fram á undanförnum árum um þessi mál og þarf ekki lengra að leita en í nýútkomnu Mannlífi, tímariti, 10. tbl. í desember 1988, þar sem þessum málum eru gerð töluverð skil. Þar er vitnað til fyrri frumvarpa hv. þm. Svavars Gestssonar og virðulegs hæstv. ráðherra og þar er að finna viðtöl við margt fólk sem er gjörkunnugt þessum málefnum. Þar á meðal er viðtal við hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur. Ég vil leyfa mér að vitna aðeins í það sem þar er haft eftir henni, en þar er vitnað í umræðu sem fór fram á hinu háa Alþingi þegar málið var síðast flutt í október 1987. Þar segir svo, með leyfi virðulegs forseta:

„„Ég lít svo á að hér sé um að ræða eðlilegt réttlætismál", sagði Guðrún Agnarsdóttir þegar blaðamaður Mannlífs innti hana álits á frv. um örorkumatsnefndina og hvað henni fyndist um að örorkumatið skuli vera í hendi eins aðila eins og nú er. „Það hlýtur að vera ávinningur fyrir alla aðila að öryrkjar geti leitað annars álits, ekki aðeins fyrir bótaþega heldur einnig fyrir þann aðila sem hefur það erfiða hlutverk með höndum að meta örorku sem í þessu tilfelli er tryggingayfirlæknir. Ég lít ekki á frv. sem vantraust, hvorki á persónu tryggingayfirlæknis né embætti. En hér er oft um álitamál að ræða og miklir hagsmunir í húfi. Því er gott og oft nauðsynlegt að fá annað álit. Það er alltaf spurning hvernig eigi að standa að svona mati og ég er ekki viss um að útfærslan í frv. Svavars Gestssonar sé endilega sú rétta nema í stórum dráttum. Læknisfræðin er í sífelldri þróun og sérgreinar innan hennar eru ótal margar. Það er ekki ætlandi einum manni að hafa þetta allt á hendi sér. Það er heldur enginn óskeikull og óánægja á ekki alltaf við rök að styðjast. En það gildir einu. Aðalatriðið er að fólk eigi sinn rétt á að um mál þess sé fjallað, sé það óánægt."

Ég er innilega sammála þessum orðum hv. þm. Guðrúnar Agnarsdóttur og þess vegna hef ég leitað til sérfræðinga víða að og hafði satt að segja þann hátt á að ég fékk þeim í hendur öll fyrri frumvörp þessa efnis og bað þá að leiðrétta það sem þeim fyndist hafa farið aflaga í þessum frumvörpum okkar. Upp úr þeirri samvinnu er það frv., sem hér er lagt fram, komið.

Hér er í þessu áðurnefnda tímariti einnig viðtal við hæstv. heilbrmrh. sem ég sá hér í húsinu áðan og harma að ekki skuli vera hér viðstaddur. Ég vildi biðja virðulegan forseta að kanna hvort ráðherra sé hér enn því að ég hygg að ég hafi nokkra ástæðu til að halda að hann taki undir þetta mál.

Í þessu tímariti tekur hæstv. ráðherra mjög undir að athuga þurfi þessi mál og vitnar þá í allsherjarendurskoðun á lögum um almannatryggingar. Hér er einnig rætt við ungt fatlað fólk, Vigni Guðmundsson, Aðalbjörgu Guðgeirsdóttur og Ásmar Brynjólfsson. Öllu þessu fólki ber vitaskuld saman um að það æskilegasta sé að þau geti unnið fyrir sér. En auðvitað þarf að aðstoða þau við það.

Hér er síðan viðtal við Kristínu Jónsdóttur þroskaþjálfa. Hún er sjálf fötluð og vann raunar um langt árabil í Tryggingastofnun ríkisins og er öllum hnútum kunnug varðandi þessi mál. Hún leggur á það áherslu að það sé gersamlega út í hött að sá klafi sé settur á einn mann að bera ábyrgð á öllu örorkumati í landinu. Það er enginn vafi á að þar verður að verða bót á og getur tæplega verið um að ræða pólitískt ágreiningsmál. Því miður hefur það orðið svo eins og oft gerist í okkar litla þjóðfélagi að þegar verið er að gera tillögur um breytingar á embætti eða starfi sem einn maður gegnir er það ævinlega tekið sem árás á hann og því afar erfitt að ræða málið málefnalega. Vissulega hafa þessi frumvörp okkar orðið bitbein þess á liðnum árum. Á því er enginn vafi.

Hv. þm. Guðni Ágústsson hefur borið fram fsp. í vetur um örorkubætur og örorkumat og það er engin tilviljun að hann gerir það og spyr m.a. hvernig læknisfræðilegt mat fari fram, hvort tekið sé tillit til félagslegra aðstæðna o.s.frv. Fjölmargir hv. þm. vita mætavel um þá óánægju sem ríkir með örorkumat. Til þeirra er leitað í miklum mæli og ég hygg að hver heilbrmrh. eftir annan hafi orðið fyrir löngum biðröðum á biðstofum sínum einmitt vegna þessara mála. Auðvitað er fáránlegt að það skuli ekki vera hægt að fá þetta leiðrétt. Hv. þingheimi skal tjáð, þar sem ég hef sjálf setið í heilbrigðis- og tryggingaefndum sem um þessi mál hafa fjallað, að venjan hefur verið sú að til eru kallaðir starfsmenn Tryggingastofnunar og þá venjulega með tryggingayfirlækni í broddi fylkingar. Niðurstaðan er auðvitað ævinlega sú að honum finnst þetta vera eins og það á að vera og þar með hefur málið oltið um koll. Þannig má auðvitað ekki vinna verk á hinu háa Alþingi.

Það er svo umhugsunarefni sem kannski kemur þessu máli ekki við, en ég hef áður vakið athygli á og leyfi mér að gera það enn hvernig þessi starfsemi hefur stækkað í meðförum. Sannleikurinn er sá að í lögum um almannatryggingar eru alveg ákveðin ákvæði um hverjar deildir séu í Tryggingastofnun ríkisins, hvað séu embætti þar og hvað séu störf. Samkvæmt lögum um almannatryggingar er ekkert til sem heitir læknadeild í Tryggingastofnun ríkisins. Þegar ég hóf þar störf árið 1971 unnu þar þrír læknar og einn ritari og virtist allt ganga með eðlilegum hætti. Síðan annaðist lífeyrisdeild greiðslur samkvæmt úrskurði. Mér er það minnisstætt að þegar ég hóf þar störf var eitt af fyrstu verkum okkar að fækka 33 umsóknareyðublöðum niður í eitt og það eyðublað er notað enn þann dag í dag og er hægt að sækja um allar bætur á því eina blaði og þótti flestu fólki heldur til bóta. En þá bar svo við að til starfa tók eyðublaðahönnuður hjá læknastofunni og mér

hefur verið sagt að nú séu þar umsóknareyðublöð sem nái vel yfir 100. Þar vinnur nú fjöldi manns, ég hygg 17 manns, og þar er nú að finna stöðuheiti eins og aðstoðaryfirtryggingalæknir og þar eru sjö ritarar. Eyðublaðafjöldi er nú 131. Ég harma að hæstv. heilbrmrh. skuli ekki vera hér vegna þess að nú er talað um í alvörutóni að skera niður kostnað og reyna að draga saman starfsemi hins opinbera eftir því sem mögulegt er. Ég held að það mætti fara í gegnum greiðslur Tryggingastofnunarinnar öll þessi ár og komast að þeirri niðurstöðu að lítill sparnaður eða hagræðing hafi orðið af öllu þessu starfsliði sem skyndilega þurfti til að koma á einhverju sem heitir læknadeild og er ekki til samkvæmt lögum. En þannig er stundum í okkar þjóðfélagi að hlutir gerast án þess að nokkur virðist stýra þeim. En þetta er kannski aukaatriði varðandi þetta mál því að frv. það sem hér er talað fyrir er fyrst og fremst borið fram til að verja það fólk sem verður að búa við þá niðurstöðu sem því er fengin og í mörgum tilfellum gerir því á engan hátt bærilegt að vera til í samfélagi við sitt fólk svo að nokkur sómi sé að. Vel kann að vera að til séu dæmi á hinn veginn, að þeir njóti hærri bóta sem síst þurfa.

En ég skal ekki, virðulegi forseti, taka meiri tíma. Ég held að hv. alþm. þekki þetta mál allvel. Ég vil hins vegar vekja athygli á því að þetta frv. víkur að því leyti frá fyrri frumvörpum að hér eru gerð skýrari skil milli svokallaðs slysaörorkumats og örorkumats vegna tilfallandi veikinda. Það er reyndar nauðsynlegt og hefur einfaldlega verið yfirsjón okkar á liðnum árum vegna þess að um slysamötin gilda allt önnur lögmál, enda allt aðrir greiðendur, en það mat er þó gert í Tryggingastofnun þannig að það ber að hafa það með í frv. svo að öllu sé til skila haldið.

Ég vænti þess að það fari ekki svo enn einu sinni að hér verði málið stöðvað af ýmist einhverjum kjánalegum flokkspólitískum ástæðum eins og fyrir hefur komið eða ótta við að hér sé verið að ráðast að þeim manni sem þessu starfi gegnir. Svo er langt í frá. Hér er fyrst og fremst verið að huga að hagsmunum stórs hóps fólks sem á líf sitt undir því að þarna sé rétt og vel að farið. Ég skora því á hv. þm. að styðja frv. og ég treysti auðvitað hv. heilbr.- og trn., sem ég legg til að málinu verði vísað til, til að gaumgæfa það nú af alvöru og án aðstoðar tryggingayfirlæknis að þessu sinni og að málið hljóti að sjálfsögðu alla þinglega meðferð. En ég held að það sé ekki sæmandi fyrir Alþingi Íslendinga að láta þessi mál vera eins og þau eru nú.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Vegna óska sem fram komu um nærveru hæstv. heilbrmrh. var gengið úr skugga um það að hann er ekki í húsinu og kemur forseta reyndar ekki á óvart því að hann kom til forseta og bar sig illa út af kvefsótt og hæsi og sagðist jafnvel mundu koma sér heim til sín. En ef hv. flm. óskar eftir því að leitað verði eftir honum á heimaslóðum hans er sjálfsagt að gera það. (**GHelg:** Það hvarflar ekki að mér. Þar sem sennilega sama pest angraði flm. fyrir nokkrum dögum skil ég fullvel ástæður þess að ráðherra fór heim, enda hefur það ekki komið að sök.) (**FrS:** Er ekki rétt að hringja í lækni, senda tryggingayfirlækni til hans?) Hvað sem líður tillögum hv. 1. þm. Reykv. er þetta mál nú útrætt milli flm. og forseta.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég tek undir með flm. að ég vona sannarlega að það verði tekið á þessu máli því að það er full ástæða til að breyta því fyrirkomulagi sem hefur verið á um þessi mál. Það er álitamál hvernig á að skipa slíka nefnd. En ég ætla ekki að fjalla um það. Aðalmálið er, bæði fyrir þá sem þurfa að leita til hins opinbera með sína framfærslu með þessum hætti og fyrir tryggingayfirlækni líka, ég sé ekki annað en það sé töluvert mál fyrir hann, að þeir sem telja sig hafa fengið þann úrskurð, sem hann og þeir sem þekkja til telja vafasaman, geti látið fara ofan í það mál og meta það aftur.

Það hefur verið nokkur umfjöllun t.d. úti á landi um þessi mál. Tryggingalæknir eða nefnd sem staðsett er í Reykjavík þekkir ekki ástæður annrs staðar. Þess vegna er spurning hvort t.d. á ekki að fela héraðslækni á hverjum stað að meta örorkuna, félagslega aðstöðu þess einstaklings sem þarf á slíku að halda, og síðan að skjóta málinu blátt áfram til þessarar yfirnefndar en ekki til eins manns. Það er allt annað með þá sem eru á þessu svæði. Það hafa ýmsir leitað til mín, t.d. í mínu kjördæmi, varðandi þessi mál og ég hef rætt það við tryggingayfirlækni. Ég ber það að hann hefur alltaf tekið máli mínu ljúfmannlega, en ég hef orðið var við það í mörgum tilvikum að hann fær ekki þær upplýsingar frá heimilislækninum sem hefðu verið eðlilegar að mínu mati. Þess vegna hefur það verið rætt af félagsráðgjöfum, af sjúkraþjálfurum, við mig að þessu þyrfti að breyta.

Ég skora á heilbr.- og trn. að skoða þetta mál betur, hvort ekki er hægt að fá samstöðu um að breyta frv. sem hér er til umræðu í þá veru sem ég hef hér rætt um í samráði við hv. flm. Þessi mál eru það mikið til umfjöllunar og það mikil óánægja er með þau víða á landinu að ég tel að þetta sé eitt af þeim málum sem hv. Alþingi verði að taka til úrlausnar.

Þó að mér finnist að kannski sé stigið of skammt skref með þessu frv. styð ég það heils hugar en óska eftir því að það verði kannað hvort ekki er hægt að breyta því á þann veg að þeir sem þurfa á slíku mati að halda hafi það á tilfinningunni að allt sé gert til þess að reyna að fá réttlátan úrskurð í því máli. Og ég vil enn taka það fram að þarna er ég ekki að væna yfirtryggingalækni um neitt. Það er ekki þess vegna. Ég held, og hef talað við lækna um það, að þeir mundu margir hverjir ekki vilja vera í hans sporum og meta þetta einir og sér.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. flm. þessarar till. og tek mjög eindregið undir bæði það sem hún sagði og það sem í tillögunni felst. Ég tek einnig undir það að ekki er verið að deila þarna á einn eða neinn, en það er gamalt máltæki sem segir: Enginn gerir svo að öllum líki og ekki guð í himnaríki. Það er auðvitað alveg ómögulegt að einn maður, sem þar að auki er yfirmaður í stofnuninni, Tryggingastofun ríkisins, að það sé eiginlega leggjandi á hann að honum sé einum ætlað þetta verk, fullkomlega óeðlilegt líka. Það er ekkert last á manninn þó að maður líti þannig á.

Það er kannski alls staðar of lítið gert af því að koma til móts við þá sem misst hafa af orku sinni, koma til móts við þá þannig að þeir geti unnið fyrir sér á eðlilegan hátt. Ég er bara ekkert viss um að það sé neitt verra úti á landi. Það er að vísu þannig að þar sem er mjög afskekkt er kannski ekki um neina vinnu að ræða. Mér finnst að í fjölbýlinu, hér á þessu landsvæði, sé bara allt of lítið hugsað um þetta. Það langar engan til þess að vera dæmdur frá því að vinna. Að vísu getur einhver verið það mikið sjúkur að hann finni sig í því, en yfirleitt langar engan til þess. Fólk langar til að vinna fyrir sér, sjá fyrir sér sjálft. Það er allt of lítið gert af því að leita að tækifærum fyrir það.

Ég hef komið inn á vinnustaði þar sem ég sé fullfrískt og þrekmikið fólk í störfum þar sem ég veit að fólki með litla orku hefur verið neitað um störf sem það gæti unnið alveg eins. Við erum allt of skipulagslaus í þessu. Auðvitað eigum við að kappkosta það, bæði manneskjunnar vegna, ekki síst hennar vegna, sem sækir um starf þó að hún sé eitthvað fötluð, að hún geti fengið að vinna fyrir sér og auðvitað er það þjóðhagslega hagkvæmt líka. Ég kannast ákaflega vel við það sem hv. 13. þm. Reykv. minntist á að það eru auðvitað fáránlegar tillögur sem fólk fær þegar það gefst upp í einhverju starfi sökum þess að það er ofvaxið þreki þess og kröftum.

Það er líka nokkuð sem ég rakst á á mínum lokaferli í mínu félagi og það var það að ef fólk gafst upp t.d. í fiski, sem er erfið vinna eins og allir vita, var ræsting á sjúkrahúsum talin geta hentað því vegna þess að hún væri mun léttari. Ég vildi óska þess yfirleitt að þeir sem ráðleggja slíkt færu í dálítinn tíma í ræstingu á sjúkrahúsum sjálfir og athuguðu og kynntu sér það hversu létt sú vinna er, enda hefur svo farið að margt af því fólki sem kemur úr þessum mjög svo erfiðu störfum, viðurkenndu erfiðu störfum í þjóðfélaginu, staldrar aðeins stutt við á þeim stað sem það leitar til. Það fer yfir á einhvers konar örorku. Þetta er fólk sem er búið að þræla sér út, sem er búið með sitt þrek langt um aldur fram.

Ég sé ekki ástæðu til að lengja þetta mál meira. Ég bara vona að þingmenn standi saman um það að þetta fái góða afgreiðslu hér á þessu þingi. Þetta er nauðsynjamál og ég harma það að hæstv. trmrh. — ja, hæstv. fjmrh. er kominn inn. Hæstv. fjmrh. hefði haft gott af að heyra það sem Guðrún var að segja um öll stöðugildin þarna inni í tryggingum og allt pappírsvesenið. Þið ættuð að kynna ykkur allt slíkt dálítið vel á ríkisstofnununum þegar þið eruð að tala um niðurskurð og að spara. Það hefur kannski gengið óþarflega mikið út á það þegar ríkið er að spara að það fer að spara kannski á einhverjum fáeinum ræstingakonum eða svoleiðis fólki, en það gleymir því að víða innan þeirra veggja eru embætti og skriffinnska sem öllum væri eiginlega fengur að að losna við. Pappírsflóðið þarna inni í almannatryggingum er svoleiðis að fólk kom oft til mín skelfingu lostið. Það ruglaðist í þessu öllu saman. Það vissi ekkert um hvað það átti að sækja. Það getur hreinlega verið stórhættulegt að hella yfir fólk öllu þessu pappírsflóði sem er þá oft með einhverju orðskrúði sem venjulegt fólk, sem kann þó góða íslensku, hefur lært hana af foreldrum sínum, öfum og ömmum, bara hreinlega skilur ekki. Ég vil beina þessum orðum til hæstv. fjmrh. og vona að hann kynni sér þetta rækilega og geri þarna helst góða siðabót.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að lengja þessar umræður. Hér er á ferðinni gamall kunningi í megindráttum sem ég kannast við ásamt hv. flm. úr heilbr.- og trn. Nd. frá fyrri tíð. Þetta mál hefur þar margoft verið tekið til umræðu en aldrei verið afgreitt.

Mér fannst ýmislegt merkilegt koma fram í framsöguræðu hv. flm. sem þýðir að ástæða sé fyrir hæstv. ríkisstjórn, og þá einkum og sér í lagi hæstv. fjmrh. og hæstv. heilbrrh., að skoða málið rækilega eins og fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni, ekki síst vegna þess að hv. flm. er gamall starfsmaður Tryggingastofnunar ríkisins.

Það hefur staðið til um nokkuð langa hríð að endurskoða löggjöf um almannatryggingar, en ég tek undir það með öðrum að endalaust er ekki hægt að bíða eftir slíkri endurskoðun. Það þarf auðvitað margt að athuga og ekki síst það að gera verður greinarmun á annars vegar örorkumati og hins vegar örorkubótum og held ég að menn geti ekki verið ósammála um það. Það sem mér finnst hins vegar skipta máli og rekur mig hingað í ræðustól er að nú er hv. þm. stjórnarþm. Hæstv. ráðherra er ekki við og það kann að vera að ástæða sé til þess að hæstv. ráðherra fái tækifæri í 1. umr. til þess að segja frá því hvort hann hefur slíkar tillögur á prjónunum eða hvort ætla má að hv. þm. flytji þetta frv. af því að það hefur ekki hlotið náð sem stjórnarfrv. Mér finnst það skipta máli því að í máli hæstv. ráðherra kunna að koma fram einhver efnisrök fyrir því að ekki er flutt stjórnarfrv. um þetta mál. Ef það tefur ekki málið nema einn dag eða svo finnst mér ástæða til þess að bíða eftir hæstv. ráðherra og heyra álit hans á málinu, ekki síst vegna þess að hann hefur nú haft rúmt ár til stefnu til þess að líta á þetta mál og önnur er varða Tryggingastofnun ríkisins.

Þetta er aðalerindi mitt hér í ræðustól, en ef hv.

flm. telur að heppilegra sé að málið gangi til nefndar án þess að hæstv. ráðherra fjalli um málið í 1. umr. ætla ég auðvitað ekki að leggja stein í götu þess.

Albert Guðmundsson:

Virðulegur forseti. Auðvitað vekur það athygli að frv. sem hér er flutt skuli ekki vera stjórnarfrv. og ég tek undir það með síðasta ræðumanni að það bendir til þess að stjórnarliðið sé ekki sammála um málið. Í öllum aðalatriðum tek ég hins vegar undir það sem hv. 16. þm. Reykv. sagði og er að sjálfsögðu mjög í takt við það sem borgaraflokksþingmenn hugsa í málinu.

Ég vildi gjarnan leggja eina spurningu, með leyfi forseta, fyrir flm. Hefur þetta frv. verið kynnt í Tryggingastofnuninni? Hefur þetta frv. verið kynnt tryggingalækni? Hver voru viðbrögð stofnunarinnar og tryggingalæknis? Það kom ekki fram í frumflutningi hv. flm. þannig að ég vil gjarnan fá, af því að ég er ekki í trygginganefnd þingsins, að heyra viðbrögð stofnunarinnar og tryggingalæknis. Það hljóta að vera einhver rök úr þeirri átt ekki síður en öðrum áttum. Það vil ég hins vegar segja að réttara hefði verið að mínu mati, svo háttsettur embættismaður sem flm. er í stjórnarliðinu, að þetta frv. hefði verið flutt sem stjórnarfrv.

Flm. (Guðrún Helgadóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka þeim hv. þm. sem hafa sýnt áhuga á þessu máli og það tel ég mjög mikilsvert. Ég vil svara nokkrum spurningum sem hafa komið fram.

Það skal upplýst að í fyrsta skipti sem þetta frv. eða frv. svipaðs efnis var flutt var það reyndar flutt sem stjórnarfrv. af hæstv. þáv. heilbrrh. Svavari Gestssyni. Það náði samt ekki fram að ganga. Síðan hefur frv. verið þingmannafrv. í gegnum árin og þessi útgáfa einnig. Ég skal játa það hreinskilnislega að ég hef ekkert borið það undir ríkisstjórnina hvort hún vilji flytja þetta sem stjórnarfrv. Í fyrsta lagi er ég ekkert boðin til ríkisstjórnarinnar á hverjum degi, en ég kynnti málið að sjálfsögðu í mínum þingflokki og það var ákveðið að ég skyldi flytja það. Ég hef satt að segja ekkert látið á það reyna hvort hæstv. trmrh. hefði viljað flytja svipað frv. Þó geri ég ráð fyrir að hann hefði sagt eitthvað á þá leið að hann væri með nefnd í gangi sem væri að endurskoða lög um almannatryggingar, en mér er nú eins og fleirum svo farið að ég er orðin ærið langeyg eftir þeirri endurskoðun. Ég hef lýst þeirri skoðun minni í mörg ár og geri það enn að ég trúi ekki á neina heildarendurskoðun almannatryggingalaga fyrr en hægt verður að draga inn í þau lög afgreiðslu lífeyrisgreiðslna lífeyrissjóðanna og það held ég að við hv. 16. þm. Reykv. vitum jafn vel að þangað til á eftir að líða langur tími að það takist, að sameina lífeyrisgreiðslur lífeyrissjóðanna og almannatrygginga. Og á því held ég að sú endurskoðun muni stranda þangað til.

Hver viðbrögð Tryggingastofnunar hafa verið við frv. skal það upplýst að þau hafa engin verið því að enginn hefur séð þetta frv. Ég sé enga ástæðu til þess að þeir aðilar sem fara með framkvæmd slíks máls þurfi endilega að sjá það fyrr en búið er að leggja það fram. Auðvitað verður það kynnt þeim þegar málið kemur til vinnslu, en ég hef hins vegar haft með mér í ráðum ýmsa þá sem hafa unnið í Tryggingastofnun, þá sem gjörkunnugir eru högum fatlaðra og lækna sem hafa unnið í návígi við Tryggingastofnun ríkisins, þannig að ég tel að þar hafi verið faglega að farið.

Það er nú einu sinni eðli manneskjunnar að vera dálítið fastheldin á þau störf sem hún hefur sjálf átt að fjalla um þannig að ég sé enga ástæðu til þess að fara í smiðju hjá einmitt þeim embættismanni eða þeim starfsmanni sem þessi mál annast til þess að semja slíkt frv. Það eru svo ótal margir aðrir fullfærir um það og hef ég ekki meira um það að segja.

Varðandi það sem hv. 6. þm. Norðurl. e. Stefán Valgeirsson sagði áðan má vel vera að þær hugmyndir séu ekki fráleitar að héraðslæknar fari í meira mæli með örorkumat í samráði við starfsfólk t.d. heilsugæslustöðva. Sannleikurinn er sá að fjölmargir heimilislæknar og héraðslæknar hafa kvartað yfir því að þau örorkumöt sem þeir gera fyrst og senda síðan tryggingayfirlækni séu að engu höfð og því síður sé aðstaða heima í héraði virt, hvorki varðandi atvinnu né annað. Ég get því verið innilega sammála því að athugað væri hvort héraðslæknum væri ekki falið meira verk þarna en nú er. Ég hygg að nú tíðkist það í æ meira mæli að fólk sé kallað suður þó að komið sé skriflegt örorkumat frá héraðslækni heima í héraði og svo virðist sem öll læknisskoðun sé meira eða minna framkvæmd í Tryggingastofnun ríkisins. Sú er ekki hugsunin í lögum um almannatryggingar. Það er alveg ljóst.

Hv. 1. þm. Reykv. harmaði mjög að hæstv. heilbrmrh. væri ekki hér og á því hefur komið fram skýring og er ekkert við því að segja frekar. Ég held að engin ástæða sé til þess að fresta málinu þangað til hann gengi hér í sal. Vitaskuld hef ég rætt þetta við hæstv. heilbrmrh. mörgum sinnum og honum er ósköp vel kunnugt um það ástand sem er á þessum málum og þá umfangsmiklu óánægju sem er fyrir hendi í landinu. Vitaskuld orðaði ég það við hann hvort hann hefði nokkuð á móti því að slíkt frv. kæmi fram og hann sagði síður en svo. Ég er ekkert hrædd um að hann styðji ekki frv. og mælist því eindregið til þess að frv. fari sína eðlilegu boðleið til nefndar.

Ég held að það sé alveg hárrétt hjá hv. 16. þm. Reykv. að auðvitað vill hver einasta manneskja vinna. Það er mikill misskilningur að menn vilji mjólka kerfið og lifa á bótum. Í fyrsta lagi er ekki hægt að lifa af þeim bótum sem í boði eru og í öðru lagi er það auðvitað hverjum einasta manni eðlilegt að vilja vinna. Það er hárrétt hjá henni að allt of lítið er lagt upp úr atvinnuleit fyrir fatlað fólk. Það eru ekki nema nokkrir dagar síðan að til mín leitaði starfsmaður sem hefur einmitt atvinnu við þetta og

telur fulla ástæðu til þess að kanna hvernig það fé nýtist sem sett er í atvinnuleit fyrir fatlaða. Sjálf segir hún að hún sé bæði ómarkviss og beri lítinn árangur en kosti töluvert fé. Þannig á auðvitað ekki að vinna og ég get upplýst það hér að ég lofaði þessum starfsmanni að bera hér fram fsp. um hvernig þau fjárframlög sem í þessi mál eru sett hafi nýst og mun gera það. Ég held því að þarna hafi verið komið inn á einn þátt lífskjara fatlaðs fólks sem kannski er ekki hvað þýðingarminnstur sem er atvinnuleit.

Virðulegi forseti. Ég skal ekkert vera að eyða meiri tíma í þetta að sinni. Ég treysti því og vona það af þeim umræðum sem hér hafa farið fram að þessu máli verði sýndur sómi þegar það nú gengur til hv. heilbr.- og trn. og Alþingi geri sig ekki sekt um það í sjötta sinn að hirða ekki um þessi mjög svo mikilvægu kjaramál stórs hluta þjóðarinnar. (**FrS:** Vill hv. þm. bíða eftir hæstv. ráðherra?) Hv. flm. hefur þegar sagt að hann telur enga ástæðu til þess og mælist til þess að málið verði sent til nefndar.

Albert Guðmundsson:

Virðulegur forseti. Að sjálfsögðu mun ég greiða því atkvæði að málið verði nú sent til nefndar og því vísað til 2. umr. Ég ítreka það hins vegar og harma að það skuli aðeins vera flokksafgreiðsla Alþb. sem hefur rætt þetta mál í röðum stjórnarliða en ekki á vegum ríkisstjórnarflokkanna allra. Það hefði verið sterkara og eflaust líklegra til árangurs.

Ég spurði hvort haft hefði verið samband við tryggingalækni eða Tryggingastofnunina og ekki að ástæðulausu og á það ekkert skylt við það að fólk sem á rétt á einhverjum bótum fái ekki eðlilegt mat og rétt mat og bæturnar. Hitt er annað mál að frv. segir sjálft að tryggingayfirlæknir skuli senda öll gögn til þessarar yfirmatsnefndar. Hefur það verið lagt undir stofnunina? Hefur verið athugað hvort tryggingayfirlæknir er ekki þarna með trúnaðargögn á milli handa sem þarf þá leyfi viðkomandi aðila til þess að fari eitthvað annað en þangað sem fólkið sendir þau?

Síðan er þessi nefnd sjálf þannig skipuð að forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins tilnefnir einn mann úr röðum starfsmanna Tryggingastofnunarinnar og svo er bætt við: „Hann skal vera lögfræðingur." Það er þá þrengt niður í lögfræðinga í stofnuninni. Þeir geta ekki verið mjög margir, einn, tveir, þrír, en starfsfólkið er kannski svo tugum skiptir.

Neðar í 1. gr. segir að yfirmatsnefnd skuli vera búin starfsaðstaða í Tryggingastofnun ríkisins. Það snertir stofnunina sjálfa og hefur ekkert með matið að gera sem slíkt. Þetta er bara starfsaðstaða: skal vera í Tryggingastofnuninni. Það þarf að ráðgast um það við Tryggingastofnunina hvort hún getur tekið á móti þessari nefnd. Þar að auki er sagt að stofnunin greiði allan kostnað af störfum hennar. Þetta þarf að ræða við stofnunina sjálfa og vita hvort hún er fær um að veita þessari nefnd starfsaðstöðu og hvort hún treystir sér til þess að taka á sig meiri kostnað en þegar hvílir á stofnuninni. Síðan kemur að lokum í 1. gr. síðasta línan: „Yfirmatsnefnd skal tryggður aðgangur að öllum gögnum Tryggingastofnunarinnar sem varða matsþola." Þetta er líka trúnaðarmál. Ég veit ekki hvort hægt er að setja það svona inn í frv. að trúnaðarmál séu bara tekin og ákveðið á Alþingi að þau skuli afhent einhverri og einhverri nefnd. Ég er ekki viss um að þetta frv. sé það vel undirbúið að hægt sé að samþykkja það. Ég styð tilganginn og ég styð það að frv. fari í nefnd og er að mörgu leyti sammála hugsuninni, en ég held að þetta sé illa unnið og illa undirbúið meðan ekki er búið að ræða málið betur við þá fagstofnun sem hér á að taka á sig viðbótarskyldur og viðbótarkostnað og ég er ekkert viss um að það sé rétt aðferð að skipa þessa yfirmatsnefnd sem þarna er lagt til að gert verði, enda kæmi það þá fram í nefnd svo að ég stend að því að vísa málinu í nefnd eins og flm. óskaði eftir og til 2. umr.

Flm. (Guðrún Helgadóttir):

Aðeins örstutt athugasemd, virðulegur forseti, í tilefni af orðum hv. 5. þm. Reykv. Tryggingastofnun getur tekið við þessu starfi ef henni er fengin aðstaða til þess og það er auðvitað ráðherra og ríkisstjórnarinnar að gera það. Mér kemur dálítið á óvart ef skilningur hv. 5. þm. Reykv. er sá að aldrei sé hægt að flytja brtt. við nokkur frv. án þess að spyrja viðkomandi framkvæmdaaðila. Ég er hrædd um að okkur gengi illa að breyta einu eða neinu ef við færum þá leiðina. Eins og ég hef áður sagt unnu með mér að þessu frv. bæði læknar, félagsráðgjafar og fyrrv. starfsmenn Tryggingastofnunar ríkisins sem eru gjörkunnugir þessum málum. Og það er alrangt að frv. sé illa unnið. Það er það alls ekki.

Það er ekkert verið að lofa hverjum sem er að lesa gögn tryggingayfirlæknis, heldur þremur aðilum sem hafa verið falin þau trúnaðarstörf að endurmeta örorkumat sem ágreiningur er um samkvæmt beiðni sjúklings og lengra færu þessi skjöl nú ekki en milli herbergja í þeirri sömu stofnun. Hér er því um einhvern misskilning að ræða sem ég átta mig ekki alveg á.

Vitaskuld fær Tryggingastofnun ríkisins þetta mál til umsagnar. En hún á ekkert endilega að vera meiri umsagnaraðili eða sterkari en hver annar sem fær málið til umsagnar. Þetta er ekki mál Tryggingastofnunar fyrst og fremst. Þetta er mál fólksins í landinu, þetta er mál öryrkjanna í landinu sem eiga líf sitt undir að faglega sé með mál þeirra farið og af þeim skilningi sem 12. gr. almannatryggingalaga gerir ráð fyrir að gert sé. Þetta mál þarf því líka að fara til umsagnar þeirra aðila og eins og hv. 5. þm. Reykv. er kunnugt um búum við sem betur fer við svo lýðræðislegt þjóðþing að mál eru send til umsagnar fjölmargra þeirra sem málið varðar og ég vænti þess að svo fari enn og kvíði engu hvernig þær umsagnir verða. Ég kvíði því kannski meira að hv. þm. hafi ekki þann skilning að taka á sig rögg og

reyna að breyta þessu ástandi sem nú ríkir því að það er slæmt og það vita velflestir sem nálægt þessum málum koma.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um þingsköp.

Yfirlýsingar fjármálaráðherra um samráð við stjórnarandstöðu.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Hér í hv. deild eru til meðferðar nokkur frv., skattheimtufrv. frá hæstv. ríkisstjórn. Hæstv. fjmrh. hefur að undanförnu verið býsna iðinn við að gefa yfirlýsingar í fjölmiðlum um meðferð þessara mála og viðræður við stjórnarandstöðuna eins og hann hefur kallað það. Fyrir nokkru síðan gaf hæstv. forsrh. þá yfirlýsingu í Þjóðviljanum að eðlilegt væri af hálfu ríkisstjórnarinnar að hefja viðræður við stjórnarandstöðuflokkana um framgang þessara mála og efni þeirra, ef orð hæstv. forsrh. eru skilin í bókstaflegum skilningi.

Hæstv. forsrh. fól hæstv. fjmrh. að eiga þessar viðræður. Eðlilegt hefði kannski verið að hæstv. forsrh. stýrði slíkum viðræðum sjálfur, en það er auðvitað verklagsregla innan ríkisstjórnarinnar hverjum ráðherra er falið verk sem þetta.

Í kvöldfréttum Ríkisútvarpsins í gær er fjallað um framgang þessara mála og annarra sem eru á forgangslista hæstv. ríkisstjórnar. Þar segir, með leyfi forseta: „Þegar eitt mál leysist skapast annað." Síðan spyr fréttamaður: „Er raunhæft að ljúka afgreiðslu fjárlaga fyrir áramót?" Hann gefur hæstv. forsrh. Steingrími Hermannssyni orðið sem svarar með þessum orðum: „Það er raunhæft ef vilji er til, en sá vilji verður að vera bæði hjá stjórnarflokkum og stjórnarandstöðu." Þetta er auðvitað kórrétt hjá hæstv. forsrh. Ríkisstjórnin hefur ekki meiri hluta í neðri deild Alþingis, er ekki meirihlutastjórn í venjulegum skilningi þess orðs, og hæstv. forsrh. kemst hér því að réttri niðurstöðu. Síðan segir fréttamaður Ríkisútvarpsins: „Og það kemur í ljós á næstu dögum og í dag ítrekaði fjmrh. að viðræðum við stjórnarandstöðuna yrði haldið áfram." Þetta er bæði villandi og rangt. Ég er ekki að ásaka þann fréttamann sem skrifaði þessa frétt um það að hafa rangt eftir og ég hef ekkert í höndunum sem bendir til þess að hann hafi verið að fara með söguburð eftir einhverjum öðrum en hæstv. fjmrh. Það liggur þess vegna ekkert annað fyrir en að það sé hæstv. fjmrh. sem sjálfur hafi gefið fréttamanni Ríkisútvarpsins þessa yfirlýsingu til þess að flytja fólkinu í landinu.

Það liggur hins vegar fyrir að engar slíkar viðræður hafa farið fram, a.m.k. ekki við Sjálfstfl. Það hafa farið fram þrír kynningarfundir þar sem hæstv. ráðherra og starfsmenn hans hafa kynnt efni skattafrv. sem lögð hafa verið fyrir. Það er alkunn regla sem flestir fjmrh. sem ég þekki til hafa stundað og flestir í ríkari mæli og með meiri fyrirvara en hæstv. núv. fjmrh. og er engin nýlunda. Viðræður getur það hins vegar ekki kallast sem er kynning á væntanlegum frumvörpum. Ef hæstv. ráðherra hefur verið í einhverri sérstakri leit að huldumönnum til stuðnings ríkisstjórninni eru það heldur ekki viðræður við stjórnarandstöðuna. Það liggur þess vegna fyrir, sem ég tel vera nokkuð alvarlegt, að hæstv. fjmrh., þó að hann eigi ekki sæti á Alþingi sem alþm. situr hann hér á þingi sem embættismaður og hefur hér sömu réttindi og sömu skyldur, og það er alvarlegt þegar hann fer með yfirlýsingar í fjölmiðla sem eru villandi og rangar. Það er alveg óhjákvæmilegt að það liggi alveg ljóst fyrir með hvaða hætti hefur verið staðið að þessum málum. Það hafa farið fram kynningarfundir en engar viðræður um efni eða framgang mála.

Þar að auki liggur það fyrir að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki óskað eftir neinum viðræðum svo að ég viti til, a.m.k. ekki við Sjálfstfl., um framgang þingmála. Hæstv. ríkisstjórn hefur afhent forgangslista yfir mál en ekki efnt til nokkurra viðræðna um framgang þeirra mála sem hún telur nauðsynlegt að afgreiða í næstu viku og eru þau ekki ófá og ekki heldur ósmá í sniðum.

Sjálfstfl. hefur lýst því yfir, og ég get ítrekað það hér, að hann er tilbúinn til viðræðna við hæstv. ríkisstjórn, ekki einungis um framgang mála heldur um efnislegar niðurstöður. Ýmislegt hefur komið fram í umræðum hér á þinginu um afstöðu okkar til einstakra frumvarpa sem hæstv. ráðherra hefur þegar lagt fram. Það hefur komið fram skýr vilji og bein tilboð til viðræðna, en af hálfu ríkisstjórnarinnar hafa ekki verið nein viðbrögð við því. Ég nefni til að mynda dæmi úr umræðum um frv. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði sem nú á að tvöfalda. Sjálfstfl. hefur lýst því yfir að hann sé tilbúinn til viðræðna við ríkisstjórnina um það mál. Engin viðbrögð. Samt heldur hæstv. ráðherra því fram að stöðugar viðræður séu í gangi og þeim verði haldið áfram. Þetta eru villandi og rangar upplýsingar.

Sjálfstfl. hefur líka lýst því yfir fyrir sitt leyti að hann sé tilbúinn til viðræðna um forsendur fjárlagafrv. Það hefur komið fram að ríkisstjórn er allt fram á þennan dag að endurskoða útgjaldaáformin, og það er hin almenna efnahagsstefna sem auðvitað segir mest um niðurstöður í fjárlagafrv., hvaða efnahagsstefnu ríkisstjórnin fylgir. Sjálfstfl. hefur lýst því yfir að hann er tilbúinn til viðræðna um öll þessi atriði. Um leið og öll frv. ríkisstjórnarinnar eru komin fram er hann tilbúinn til þeirra viðræðna og um forsendur fjárlagafrv., þá efnahagsstefnu sem liggur til grundvallar frv. Ég ítreka hins vegar enn og aftur: Við þessum viðræðutilboðum hafa engin viðbrögð komið frá ríkisstjórninni og það er villandi og rangt sem segir í endurteknum yfirlýsingum hæstv. fjmrh., að slíkar viðræður hafi farið fram.

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil aðeins koma hér til að staðfesta hvað kvennalistakonur varðar að ríkisstjórnin hefur ekki haft neitt samráð við kvennalistakonur um þau þingmál sem hafa verið lögð hér fram. Þau orð sem eru tilefni þessarar umræðu eru kannski út af fyrir sig ekki ýkja þungvæg. Það er þó vissulega ástæða til að hafa orð á þessu og ræða þetta vegna þess að þau samtöl sem hafa átt sér stað virðast hafa fengið óeðlilega mikið vægi meðal fréttamanna og meðal almennings. Við höfum orðið varar við, kvennalistakonur, misskilning vegna þessara orða og það er ekki í fyrsta sinn sem við höfum orðið þess varar að eðlileg samtöl manna á milli, sem vinna hér saman í þinginu, hafa orðið að viðræðum og samráði þegar frá slíku er skýrt. Ég sé nú kannski ekki ástæðu til að ásaka einn eða neinn, en það er afskaplega augljóst að ýmsum er í mun að menn trúi því almennt að ríkisstjórnin hafi tök á málunum og geri sitt til þess að afgreiða mál í einhverju samráði við stjórnarandstöðuna. Við kvennalistakonur leynum því ekkert að við höfum átt samtöl við ýmsa stjórnarliða og því er kannski ekkert að neita heldur að þau eru fleiri og greinilega eftirsóknarverðari í augum stjórnarliða en áður einfaldlega vegna veikrar stöðu ríkisstjórnarinnar. En að kalla slíkt viðræðufundi eða samráð er algjörlega af og frá og út í hött og ég frábið mér að vera borin fyrir slíku, enda vita ráðherrar og aðrir stjórnarliðar að kvennalistakonur finna ekki til neinnar sérstakrar ábyrgðartilfinningar gagnvart þessari ríkisstjórn. Við teljum okkur ekki hafa neinum skyldum að gegna gagnvart ríkisstjórninni. Við höfum hins vegar að sjálfsögðu eins og aðrir hv. þm. skyldur gagnvart þinginu og þjóðinni og leitumst við að rækja þær eftir mætti og til slíkra skyldna felst að láta ekki samskiptaörðugleika og að mörgu leyti erfiðar aðstæður koma í veg fyrir eðlileg þingstörf. Þetta vil ég undirstrika af þessu tilefni og staðfesta þau orð að um samráð ríkisstjórnarinnar og stjórnarandstöðunnar um framlagningu eða um þingmál hefur ekki verið að ræða heldur samtöl sem óþarft er að gefa meira vægi en sem slíkra.

Albert Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég hef áður sagt að hæstv. fjmrh. væri skemmtilegur tækifærissinni og er að mörgu leyti einn af mínum uppáhalds stjórnmálamönnum vegna þess að það er viss prakkari í honum sem er gaman að svo ég tek ekki of alvarlega þessi ummæli sem hv. 1. þm. Suðurl. fór með eftir fréttamiðlum og höfð eru eftir hæstv. ráðherra. Hann er eflaust að reyna að búa til huldufólk og gengur auðsjáanlega illa. En þó hafa þessi ummæli hæstv. fjmrh. orðið til þess að ég hef séð mig knúinn til þess að ítreka hvað eftir annað á þingflokksfundum Borgfl. hvort einhverjir þingmenn hafi orðið fyrir því að við þá hafi verið talað um stuðning við þau tekjuöflunarfrv. eða fjárlögin sem fram hafa komið. En þeir hafa allir sem einn fullvissað mig um að engar viðræður hafi farið fram um afgreiðslu fjárlaga eða um tekjuöflunarfrv. þannig að þrátt fyrir að oft hafi fjölmiðlar tekið þannig til orða að skilja mætti að viðræður um framgang þessara mála ættu sér stað við stjórnarandstöðuna, og ég nota nákvæmlega sömu orð og hv. 1. þm. Suðurl. notaði um Sjálfstfl. og sjálfstæðismenn, er þetta alrangt.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa lengra mál um þessi atriði, en vil þó segja að það var talað við mig um að flýta í gegnum nefnd, að tefja ekki í nefnd ákveðin tekjuöflunarfrumvörp eins og t.d. vörugjaldsfrv. En það var bara um það að tefja ekki málið í nefnd. Um afgreiðslu málsins, stuðning eða andstöðu í þingdeild var ekki rætt. Ég vil segja að þau vinnubrögð sem viðhöfð voru við stjórnarmyndunarviðræðurnar, þegar hv. þm. Borgfl. voru hundeltir af einstökum þingmönnum stjórnarliðsins til að fá þá í lið með sér, eru vinnubrögð sem ég ætla að vona að verði ekki tekin upp aftur. Þó svo ég óttist ekki liðhlaup okkar fólks eru þetta leiðinleg vinnubrögð og ný vinnubrögð á Alþingi sem ég held að flokkarnir ættu ekki að taka upp. Að öðru leyti verða þessi þingmál, hvort sem það eru fjárlögin eða tekjuöflunarfrv., rædd í þingnefndum á eðlilegan hátt.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég segi í fullri vinsemd að mér finnst þetta vera frekar tilefnislítil umræða. Þau orð sem hv. þm. Þorsteinn Pálsson vitnaði í í frétt Ríkisútvarpsins eru endursögn fréttamanns á viðtali við mig þar sem hann spyr að því hvort viðræðum við stjórnarandstöðu yrði haldið áfram. Það sér hver maður í hendi sér að svarið við slíkri spurningu á göngum þinghússins hlýtur að vera já. Ef ég hefði sagt nei við þeirri spurningu hefði málið kannski verið tilefni til þess að fara hér upp og taka það til umræðu. En það að svara þeirri spurningu játandi hvort viðræðum við stjórnarandstöðu yrði haldið áfram tel ég fullkomlega eðlilegt og sjálfsagt og á engan hátt aðfinnsluvert og satt að segja skil ekki að það sé tilefni til umræðu um þingsköp. Það heyrir varla undir þingsköp og ekki heldur utandagskrárumræður. Sérstaklega ekki þegar haft er í huga það sem hv. þm. Þorsteinn Pálsson sagði sjálfur í lok sinnar ræðu, svo ég vitni orðrétt í hann, að þegar öll tekjuöflunarfrv. ríkisstjórnarinnar væru komin fram væri Sjálfstfl. tilbúinn til viðræðna. Það voru ekki öll tekjuöflunarfrv. komin fram fyrr en á þessari mínútu þegar hv. þm. Albert Guðmundsson var að ljúka ræðu sinni vegna þess að á þeirri mínútu gekk þingvörður í salinn og hóf að dreifa síðasta tekjuöflunarfrv. ríkisstjórnarinnar. Samkvæmt þeirri vinnuskilgreiningu sem hv. þm. Þorsteinn Pálsson gaf sjálfur í lok sinnar ræðu var af hans hálfu ekki talið tilefni til viðræðna eins og hann vill túlka það, samningaviðræðna um stefnumótun, fyrr en öll tekjuöflunarfrv. væru komin fram.

Það sem hins vegar hefur gerst í þessum samskiptum og ég hef áður lýst mjög nákvæmlega í þingsaln-

um og skal gera aftur fyrst þess er óskað, hélt að vísu að það væri alveg skýrt, var að þegar frv. um vörugjald var í undirbúningi könnuðum við viðhorf fulltrúa þeirra flokka sem eru utan ríkisstjórnar og stundum eru kallaðir stjórnarandstaðan sem heildarheiti af hv. þm. Þorsteini Pálssyni sem hvað eftir annað notar það sem heildarheiti í ræðum þótt ljóst sé að hér er um þrjá flokka að ræða sem kunna að hafa mismunandi afstöðu og vitað er að hafa mismunandi afstöðu til sumra frv. (**ÞP:** Það er ráðherra sem notaði þetta sem heildarheiti í fréttinni.) Ráðherrann segir ekkert orðrétt í fréttinni. Ráðherrann tekur enga ábyrgð á endursögn fréttamanns utan gæsalappa á því sem hann segir. Ef það er ætlast til þess að ráðherrar taki ábyrgð á endursögn fréttamanna af þeirra ummælum held ég að ráðherraábyrgðin sé nú farin að ná ansi langt. (**ÞP:** Er fréttin villandi?) Fréttin er ekkert villandi hvað það snertir að ég sagði við hv. fréttamann, sem er sjálfsagt rétt að kalla svo fyrst hann er orðinn tilefni til þingskapaumræðu hér, að við mundum ræða við flokka stjórnarandstöðunnar. Ef viðkvæmnin er virkilega orðin svo mikil að hv. þm. Þorsteinn Pálsson þolir ekki endursagnir fréttamanna af ummælum er ég hættur að skilja pólitíska starfið bæði hér á Alþingi og utan þess. Þá er orðinn satt að segja lítill efniviður í alvöru stjórnmálaumræður þegar slíkt er notað sem tilefni umræðna um þingsköp hér. Og tek ég undir með Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins um síðustu helgi að skynsamlegra væri að gera sér grein fyrir hinni ábyrgu afstöðu til ríkisfjármála og efnahagsmála í þeim efnum.

Ég skal hins vegar lýsa því enn og aftur hvernig þessum málum hefur verið farið af okkar hálfu. Það er, eins og ég hef áður sagt og öllum þingheimi kunnugt, að fyrst vildum við kanna hvort þingflokkarnir væru tilbúnir til viðræðna og ég vil í þessu sambandi gera mikinn greinarmun á viðræðum og samningum. Ég hef aldrei sagt að efnislegir samningar við stjórnarandstöðuflokkana væru hafnir eða hefðu átt sér stað. Ég geri mikinn greinarmun á viðræðum og samningum. Ég tel satt að segja viðræður þær sem við áttum við fulltrúa þingflokkanna, sem við báðum formenn þingflokkanna að tilnefna til viðræðna við okkur og sem formenn þingflokkanna tilnefndu og komu stundum sjálfir til þeirra funda, hafi snúist fyrst um málsmeðferð, og það eru auðvitað viðræður einnig, um málsmeðferð bæði hvað snertir samskipti flokkanna og um frv. um vörugjald sem hv. þm. Albert Guðmundsson lýsti áðan. Það eru einnig viðræður að við könnuðum hvort flokkarnir vildu taka við frv. áður en þau væru fullbúin. Það getur vel verið að hv. þm. Þorsteinn Pálsson hafi þegar hann var fjmrh. sent þingflokkum stjórnarandstöðunnar án þess að ræða við þá fyrst frv. meðan þau voru á vinnslustigi. Ég kannast hins vegar ekki við það og teldi það satt að segja dónaskap við flokka í stjórnarandstöðu að senda þeim frv. áður en þau eru lögð fram á Alþingi án þess að kanna það fyrr hvort flokkarnir vildu taka við þeim vegna þess að ef það yrði ekki kannað fyrr væri verið að þvinga upp á flokkana í stjórnarandstöðu vinnuskilyrðum sem ekki væru þingleg. Þess vegna taldi ég fullkomlega eðlilegt að efna fyrst til viðræðna um hvort flokkarnir vildu taka við frv. áður en þau væru lögð fram á Alþingi. Ég fagnaði því að þeir samþykktu allir að gera það, en mér fannst eðlilegt að kanna það fyrst áður en þeir tóku við þeim.

Þegar það lá fyrir og viðræður höfðu farið fram um það efni voru haldnir fundir þar sem þessi frv. voru lögð fram, ýmist fullbúin sem frv. í frumvarpsbúningi eða í formi efnislegrar greinargerðar varðandi frv. um tekju- og eignarskatt, og farið yfir það á fundi og flokkunum gefinn kostur á því að hafa aðgang að embættismönnum fjmrn. sem sumir stjórnarandstöðuflokkanna hafa nýtt sér til þess að þeir gætu betur kynnt sér efni þessara mála áður en til efnislegra viðræðna og samninga kæmi.

Þetta tel ég vera fullkomlega eðlileg vinnubrögð vegna þess að þau fela í sér að við erum ekki að þvinga upp á flokkana sem eru utan ríkistjórnar nein vinnubrögð sem þeir hafa ekki haft möguleika til að taka afstöðu til áður en þeim er hrint í framkvæmd. Og auðvitað eru þetta viðræður. Ég veit ekki hvað hv. þm. vill kalla þetta annað. Ef hann vill kalla þetta kynningu tel ég það vera orðaleik sem engu máli skiptir efnislega. En það eru hins vegar ekki efnislegir samningar um innihald frv. og hefur aldrei verið sagt að það væri vegna þess að það er fullkomlega óeðlilegt að þeir hefjist fyrr en allir efnisþættir málsins liggja fyrir. Þess vegna fannst mér það vera eðlileg ósk hjá Sjálfstfl., sem hv. þm. Þorsteinn Pálsson lýsti hérna áðan, að það yrði ekki farið í þá vinnu fyrr en öll tekjuöflunarfrv. hefðu verið lögð fram á Alþingi. Þess vegna hefur ekki verið efnt til samningaviðræðna síðustu daga um efnisþætti frv. Ég virti þessa ósk hv. þm. og Sjálfstfl. og taldi óeðlilegt að þvinga Sjálfstfl. í einhverjar slíkar viðræður áður en frv. væru lögð fram.

Þess vegna vísa ég algjörlega á bug öllu ásökunum í minn garð um að það hafi verið gefið eitthvað annað í skyn en hefur verið veruleikanum samkvæmt eða lýst einhverju sem ekki hefur átt sér stað. Það eru nokkrir dagar síðan ég fór með þessa lýsingu í þessum sal og tók undir orð hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur í þeim efnum.

Hitt er svo rétt, eins og ég held að ég hafi sagt áður, að það væri gagnlegt fyrir alla þingmenn vegna þess að það liggur nægilega fyrir um efnisþætti málsins, bæði samdráttinn á yfirstandandi ári, halla ríkissjóðs á yfirstandandi ári, og við skulum ekkert ræða það á þessu stigi hver ber sök á honum. (**Forseti:** Ég vil minna menn á að þetta eru umræður um þingsköp.) Það var varla að heyra á þeirri ræðu sem hér var fyrst að það væri ræða um þingsköp, en ég skal ljúka máli mínu, virðulegi forseti.

Það vita allir tölurnar sem í fjárlagafrv. eru og það er þess vegna nægilegur efnisgrundvöllur fyrir alla þingmenn til að hugleiða hér og nú hvort þeir vilja

fara frekar leið stórfellds niðurskurðar í ríkisútgjöldum umfram þær tillögur sem ríkisstjórnin sjálf leggur fram og hvaða niðurskurð menn vilja þá leggja til eða hvort menn vilja fara sömu braut tekjuöflunar og skattahækkunar sem ríkisstjórnin leggur til eða aðra braut skattahækkunar og tekjuöflunar því að hitt gengur ekki upp, eins og höfundur Reykjavíkurbréfs sagði réttilega um síðustu helgi, að menn hvorki leggi til stórfellda lækkun ríkisútgjalda né heldur verulega tekjuöflun því þá eru menn einfaldlega í hinum óábyrga leik stjórnarandstöðuflokka sem Morgunblaðið réttilega sagði sl. sunnudag að ætti að tilheyra liðinni tíð.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Ég skal virða þau tilmæli að fara ekki út fyrir það efni sem var tilefni til þessarar umræðu. Hæstv. fjmrh. gaf þó ærið tilefni til þess í lok sinnar ræðu. Þar kom greinilega fram að af hálfu hæstv. ríkisstjórnar er ekki skilningur á því að hin almenna efnahagsstefna er auðvitað grundvöllurinn að fjárlagagerðinni og niðurstöðunum. Fjárlögin eru ekki bara debet og kredit. Þau eru líka lifandi framkvæmd á efnahagsstefnunni í landinu og það er einmitt það sem skortir á að hæstv. ríkisstjórn hafi skilning á og þess vegna munu þau aldrei nást saman ef ekki verður breytt um stefnu.

Aðalatriðið er þetta: Hæstv. fjmrh. hefur viðurkennt að það eru engar efnislegar viðræður í gangi, hvorki við stjórnarandstöðuna í heild né einstaka stjórnarflokka, og það hefur reyndar komið fram í yfirlýsingum frá fulltrúum allra þriggja stjórnarandstöðuflokkanna að svo er ekki. Þetta er kjarni málsins. Það hefur verið látið að því liggja með villandi ummælum að slíkar viðræður séu í gangi. Og það var það sem nauðsynlegt var að leiðrétta. Það hefur hæstv. fjmrh. í reynd viðurkennt með því að segja hér skýrt og skorinort að hann hafi viljað taka tillit til þeirrar eðlilegu kröfu Sjálfstfl. að hefja ekki slíkar viðræður fyrr en öll frv., sem hæstv. ríkisstjórn ætlar að leggja fram, liggja fyrir. Í þessum ummælum hæstv. ráðherra er fólgin viðurkenning á þessu.

Það er hægt að halda því fram, ef menn vilja gera lítið úr sjálfum sér, að viðræður í göngum þinghússins eða kynningarfundir sem fram fara með hefðbundnum hætti á frv. séu viðræður. Það er hins vegar alveg ljóst að sá skilningur er lagður í margendurteknar yfirlýsingar af þessu tagi að það séu efnislegar viðræður í gangi, enda er allur máltilbúnaðurinn með þeim hætti þegar spurt er: Er mögulegt eða líklegt að þessi mál nái fram að ganga? og hæstv. forsrh. segir: Það gerist ekki nema vilji sé fyrir hendi bæði hjá stjórnarflokkunum og stjórnarandstöðunni. Hæstv. forsrh. hefur greinilega fundið fyrir því að það skortir ekki síður á viljann í stjórnarflokkunum og leggur þá algerlega að jöfnu í því efni. Það er í þessu ljósi sem yfirlýsingarnar eru gefnar. Þær eru gefnar í ljósi þess að hæstv. forsrh. var fyrir mörgum dögum búinn að gefa yfirlýsingu um það í fjölmiðlum að slíkar efnislegar viðræður yrðu að fara fram þar sem menn ættu að mætast á miðri leið. Hæstv. fjmrh. gerði svo lítið úr hæstv. forsrh. að hann sagði að það mætti ekki taka hann bókstaflega. Og ýmsir sögðu: ekki fremur í þessu máli en öðrum.

En herra forseti. Ég þakka fyrir að þessar umræður voru leyfðar. Það var mjög mikilvægt að fá þessa viðurkenningu hæstv. fjmrh. að efnislegar viðræður hafa ekki farið fram svo sem með villandi hætti hefur verið gefið til kynna. Það liggur fyrir af hálfu Sjálfstfl. a.m.k. að hann er tilbúinn til slíkra viðræðna ef ríkisstjórnin hefur áhuga á.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Ég á einmitt erindi hingað út af þingsköpum. Það hraut af munni hæstv. fjmrh. áðan að fram væri komið nú fyrir augnabliki síðasta tekjuöflunarfrv. ríkisstjórnarinnar sem væntanlegt væri. Þar með er gefin út yfirlýsing, þótt hálfámáttleg sé, um að ríkisstjórnin hefur fallið frá framlagningu frv. um sérstakan söluskatt á happdrætti og hún hefur fallið frá yfirlýstum áformum sínum um að leggja sérstakan skatt á orkufyrirtæki. Hvort tveggja var þetta ráðgert í því fjárlagafrv. sem hæstv. fjmrh. kynnti fyrr í haust.

Ég get auðvitað ekki annað en fagnað þessu hvoru tveggja um leið og ég vek athygli á því að þar með léttir á störfum þingsins. En þarna hefur komið saman eindregin andstaða stjórnarandstöðuflokkanna auk stuðnings nokkurra einstakra þingmanna í stjórnarliðinu og þar með er komið í veg fyrir að það sé níðst á þessum stofnunum, góðgerðarfélögum, íþróttafélögum og ýmsum mannúðarfélögum, sem afla tekna með happdrætti. Ég vek athygli á því að ráðherra var að lýsa þessu yfir þó hann hafi kosið að gera það með þeim undarlega hætti að segja að fram væri komið síðasta tekjuöflunarfrv. ríkisstjórnarinnar. Það er það sem þetta þýðir.

Að lokum vildi ég, virðulegur forseti, aðeins andmæla því, sem fram kom hjá hæstv. ráðherra, að í tíð fyrri fjmrh. hafi það eingöngu tíðkast að senda mönnum í pósti eða í umslögum þau frv. sem væru til meðferðar í ráðuneytum. Ég andmæli þessu harðlega. Mér er vel kunnugt um hvernig tveir fjmrh. stóðu að þessum málum. Þeir eru báðir hér í salnum núna. Það var viðtekin venja, eins og ég hef nú þegar sagt nokkrum sinnum hér úr þessum stóli, að kalla til fulltrúa stjórnarandstöðuflokkanna til að gera þeim grein fyrir helstu málum á árabilinu 1983–1987. Allt tal um eitthvert nýmæli í þessu sambandi er auðvitað fjarstæða. En hins vegar skiljanlegt þar sem hæstv. núv. fjmrh. var ekki þingmaður þá frekar en nú.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Forseti er ekki alveg viss um að það hafi verið eðlilegt hvernig um þetta hefur verið fjallað undir umræðum um þingsköp og áskilur sér rétt til að það verði ekki tekið sem fordæmi og biður menn nú að hafa í huga að umræðan fer fram um þingsköp.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég vil bara ítreka það, sem ég sagði hér áðan, að af okkar hálfu hafa viðræður farið fram við alla flokkana sem ekki eru í ríkisstjórninni um efnismeðferð og upplýsingagjöf, en samningar um breytingar á efnisþáttum hafa ekki farið fram að svo komnu máli vegna þess að *við vildum bíða eftir* því að öll frumvörpin væru fram komin. Síðan geta menn leikið sér að því hvaða orð menn vilja nota, efnislegar viðræður eða eitthvað annað. Svona er málið einfalt.

Það er alveg rétt, sem hv. þm. Geir Haarde tók eftir og ég taldi rétt að tilkynna vegna orða hv. þm. Þorsteins Pálssonar, að ríkisstjórnarflokkarnir hafa ákveðið að leggja ekki fram frv. um breytingar á söluskatti en hefja hins vegar viðræður við happdrættisaðilana um aukna þátttöku þeirra í kostnaði við að tryggja að þessi starfsemi geti farið fram með eðlilegum hætti.

Varðandi orkumálin er það mál áfram til vinnslu af hálfu fjmrh. og hæstv. iðnrh. og sama gildir um fjármagnstekjurnar. En ég greindi frá því fyrir nokkru hvernig með það mál yrði farið og á ríkisstjórnarfundi í morgun var ákveðið að samstarfsnefnd fulltrúa frá fjmrh., viðskrh., forsrh. og Seðlabankanum mundi undirbúa drög að lagasetningu um það efni sem væntanlega verður lögð fram á þingi snemma á *nýju ári*.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég fagna þeirri umræðu sem hefur orðið um þingsköp. Ég held að það sé alveg óhætt að fullyrða að umræður um vinnubrögð þingsins og um sjálfa þingræðisregluna hljóti að tilheyra umræðum um þingsköp.

Það hefur komið greinilega fram og er kannski hollt fyrir þá fréttamenn sem á þetta hlýða að hæstv. fjmrh. notar hugtakið „viðræður" í æðisérstakri merkingu. Sú merking hefur orðið til þess að fréttamenn hafa talið að einhvers konar samningaviðræður hafi átt sér stað á milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Nú hefur hæstv. ráðherra neyðst til að leiðrétta það og er auðvitað þakkar vert þegar hæstv. ráðherra gerir slíkt.

Hitt atriðið sem ég held að skipti mjög miklu, sem við þurfum að gefa gaum hér, er að hæstv. ráðherra hefur sagt frá því að nú sé búið að leggja fram öll tekjuöflunar- eða skattheimtufrumvörpin. Að vísu hefur hann einhvern fyrirvara um að önnur frv. séu í smíðum og viðræður standi yfir. Í dagblöðum hefur hann reyndar enn fremur skýrt frá því að hægt sé að finna peninga án atbeina Alþingis. En við erum kannski komin hér að þeim kjarna sem skiptir öllu máli og það eru, virðulegur forseti, tilraunir hæstv. ráðherra til að beina ábyrgðinni að stjórnarandstöðunni. Vegna hvers er þetta gert? Þetta er gert vegna þess að nú kemur í ljós að hæstv. ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar er ekki meirihlutastjórn í þeim skilningi sem venjulegir menn skilja það orð.

Það voru miklar fréttir í framhaldi af stjórnarmyndun þessarar ríkisstjórnar þar sem því var haldið fram að ótilteknir einstaklingar, stundum kallaðir huldumenn, mundu styðja þessa ríkisstjórn. Hér er kannski komið að grundvallaratriði þessara umræðna í dag og það er að hæstv. ríkisstjórn er mynduð á fölskum forsendum. Hún er ekki meirihlutastjórn, *hún þarf á atbeina* stjórnarandstöðunnar að halda og þess vegna hlýtur hún að leita eftir viðræðum við stjórnarandstöðuna til að koma málum fram, ekki einungis um þau frv. sem hér eru til umræðu heldur, eins og hv. 1. þm. Suðurl. sagði réttilega, um allar forsendur þeirra mála. Því það er ekki hægt að taka eitt og eitt frv. fram og ræða það eitt út af fyrir sig. M.ö.o.: Hæstv. ríkisstjórn viðurkennir með ummælum hæstv. ráðherra að hún afhendi Alþingi Íslendinga völdin. Þetta snertir sjálfa þingræðisregluna. Og það er þess vegna ákaflega mikilvægt að fjölmiðlar, sem bera boð til þjóðarinnar frá Alþingi, geri sér grein fyrir því að hinn 13. desember, þegar síðasta skattafrv. er lagt fram, lýsir hæstv. ráðherra því yfir að það sé ekki hægt að koma málum fram, tilvist ríkisstjórnarinnar hæstv. styðjist ekki við þingræðisregluna og að ríkisstjórnin hafi verið mynduð á fölskum forsendum. Það, herra forseti, skýrir það nákvæmlega hvers vegna hæstv. ríkisstjórn hefur nákvæmlega ekki neitt gert allan þann tíma sem hún hefur setið *til að gera þær nauðsynlegu ráðstafanir sem* beðið hefur verið eftir, einkum og sér í lagi í atvinnulífinu.

Albert Guðmundsson:

Virðulegur forseti. Ég held að við getum verið sammála um að það er alltaf gaman að sjá flinka menn skylmast. Ég hef alltaf gaman af því þegar hæstv. fjmrh. kemst í klípu. Hann er alveg eins og vel þjálfaður íþróttamaður, kann að skylmast. Best féll það mér í geð að hann stafesti það, eins og mér skilst að hafi verið gert í Ed. af flokksbróður hans, að Morgunblaðið er orðið þeirra aðalbiblía allt frá síðustu helgi, frá síðasta Reykjavíkurbréfi. Ég er honum sammála. Það er furðulegt að Morgunblaðið skuli vera orðið stjórnarblað sem alþýðubandalagsmenn vitna hvað helst til þessa stundina.

En í sambandi við þær athugasemdir sem hv. 1. þm. Suðurl. gerði finnst mér það hafa skilið eftir í mínum huga að hæstv. fjmrh., og þar er hættan fyrir okkur þingmenn, túlkar venjuleg samtöl, sem þingmenn eiga eða menn eiga sín á milli um frv. sem eru *lögð fram, sem viðræður*. Ég bið bæði hæstv. fjmrh. að vera ekki svona flinkur og blaðamennina að átta sig á honum vegna þess að ég lít svo á að þegar menn hefja viðræður stefni þeir að einhverri niðurstöðu. Þegar menn tala saman er ekki nauðsynlegt að um niðurstöðu sé að ræða, bara venjuleg samtöl manna á meðal. Ég ætla að vera var um mig í framtíðinni og bendi öðrum á þetta sama.

En ég held að þessi umræða utan dagskrár hafi verið nauðsynleg til þess að menn átti sig á í framtíðinni hvenær þeir eru að tala saman og hvenær um viðræður er að ræða.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það hefur alltaf verið gert ljóst af okkar hálfu hvenær um viðræður væri að ræða og hvenær samtöl á milli einstakra þingmanna. Enginn vafi er í þeim efnum. Viðræðurnar fara fram með þeim hætti að það hefur verið haft samband við formenn þingflokkanna eða formenn flokkanna og þeir beðnir um að tilnefna einstaklinga til að koma á fundum sem allir hafa verið haldnir í húsakynnum fjmrh. þannig að það er engin hætta á því að menn rugli því saman við einhver einstaklingsbundin samtöl í þinghúsinu eða annars staðar. Það hefur verið haldið alveg skýrt á þeim málum hvað það snertir.

Vegna þess að hv. þm. Friðrik Sophusson lýsti því yfir að ég hefði sagt að þessi ríkisstjórn væri ekki þingræðisstjórn og hún væri byggð á fölskum forsendum, þá vil ég bara leiðrétta það. Þetta hef ég aldrei sagt. Þessi ríkisstjórn er þingræðisstjórn í öllum stjórnskipulegum og réttarheimspekilegum skilningi þess orðs. Á því er ekki nokkur vafi. Þessi ríkisstjórn var líka mynduð á réttum forsendum í bæði stjórnmálalegum og siðferðilegum skilningi þess orðs.

EFRI DEILD

22. fundur, miðvikudaginn 14. des., kl. 2 miðdegis.

Bann við ofbeldiskvikmyndum, frh. 2. umr.

Frv. menntmn. Ed., 183. mál (gildistími). — Þskj. 214.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Virðisaukaskattur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 134. mál (gildistaka). — Þskj. 141.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Efnahagsaðgerðir, frh. 2. umr.

Stjfrv., 8. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 8, n. 202 og 207, brtt. 203, 206, 208, 209, 212, 213.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Herra forseti. Í þessum umræðum hefur kennt ýmissa grasa. Mér kom það kynlega fyrir sjónir að stjórnarliðar skuli telja sig hafa efni á að gagnrýna Sjálfstfl. fyrir stefnuleysi eins og fram kom í ræðu hv. 3. þm. Vesturl. og einkum og sér í lagi hjá hæstv. menntmrh. Mál málanna í dag er að skapa atvinnurekstrinum í landinu rekstrargrundvöll. Sjálfstfl. hefur skýra afstöðu í því máli. Eins og nú er komið telur flokkurinn mestu varða að leiðrétta gengið strax. Er það ekki skýr afstaða?

En svo gott sem það er að stjórnarandstaðan hafi stefnu mætti ætla að það varðaði nokkru hvaða stefnu ríkisstjórnin hefði í þessu máli málanna.

Ekki má missa sjónar af því að bráðabirgðalögin gátu aldrei verið til annars en að veita svigrúm til langtímaráðstafana og tíminn yrði notaður til markvissra og skipulegra aðgerða. En í vinnubrögðum ríkisstjórnarinnar hefur eitt rekið sig á annars horn þannig að við blasir ráðleysi á alvörutímum. Ég ætla að almennt hafi fólk þetta á tilfinningunni í raun og veru hvar í flokki sem það stendur. Þetta viðhorf er fremur mótað áhyggjum en ásökunum. Allir eru í sama báti og allt er í húfi fyrir alla.

Atburðarásin er hröð og tíðindi gerast váleg. Hæstv. forsrh. talar ýmist um þjóðargjaldþrot eða gjaldþrot sjávarútvegsins. Það sem heitast brennur á er sjávarútvegurinn, fiskiðnaðurinn. Það sem skiptir í raun og veru máli í þessu efni er að frystihúsin hafi rekstrargrundvöll. Það sem er á valdi stjórnvalda til að skapa rekstrargrundvöll er aðallega tvennt: Annaðhvort er um að ræða að lækka reksturskostnaðinn eða leiðrétta gengið nema hvort tveggja sé.

Þetta mátti vita þegar bráðabirgðalögin voru sett í september sl. En bráðabirgðalögin gátu aldrei tryggt frystihúsunum rekstrargrundvöll. Í besta falli gátu þau gefið frest til að vinna það verk. Atvinnutryggingarsjóðnum var ekki ætlað að létta byrðar og bæta eiginfjárstöðu fyrirtækjanna heldur að veita þeim ný lán, auka skuldir þeirra og þannig lengja hengingarólina sem þau eru í ef ekkert kæmi meira til.

Ákvæði bráðabirgðalaganna um verðlags- og kjaramál voru í eðli sínu bráðabirgðaráðstafanir sem gátu ekki þjónað öðrum tilgangi en að gefa ríkisstjórninni svigrúm til langtímaráðstafana þar sem stefnt væri að því að ryðja úr vegi orsökum þess vanda sem við er að glíma. Ef ríkisstjórnin notaði ekki tímann til raunhæfra aðgerða voru þessi ákvæði bráðabirgðalaganna einskis nýt. Og nú stöndum við einmitt frammi fyrir þeim gráa veruleika að fyrir aðgerðarleysi ríkisstjórnarinnar er þessi orðin raunin á.

Þegar ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar setti bráðabirgðalögin í maí sl. þótti óhjákvæmilegt að banna verkbönn og verkföll, þar með taldar samúðarvinnustöðvanir. Þetta var talið nauðsynlegt til að

hafa tímabundinn hemil á launakostnaði fyrirtækjanna meðan verið væri að skapa þeim heilbrigðan rekstrargrundvöll. Nú þykir það ekki nauðsyn lengur. Ekki er það vegna þess að nú sé búið að tryggja rekstrargrundvöll fyrirtækjanna. Það kemur víst engum til hugar. Þvert á móti er nú svo komið stöðu fyrirtækjanna að ekki þykir þurfa lengur að hafa þann vara á að banna verkföll.

Þegar horfir til almennrar rekstrarstöðvunar og gjaldþrota fyrirtækjanna er samningsstaða launþega ekki sterk og verkföll harla lítið inni í myndinni. Yfirlýsingu hæstv. forsrh. í þessum umræðum í gærkvöld um að fella niður bann við verkföllum verður að skoða í þessu ljósi. Svo grátt hefur aðgerðarleysi ríkisstjórnarinnar leikið atvinnulífið í landinu og stöðu launþega. Í stað þess að launþegar þurfi að þola tímabundið bann við verkföllum meðan þeim er tryggt atvinnuöryggi með heilbrigðum rekstrargrundvelli fyrirtækjanna er þeim fengið í hendur vopn verkfallsréttarins í baráttu gegn atvinnuleysisvofunni. Og svo greinir menn á um hvort yfirlýsing hæstv. forsrh. hafi efnislega þýðingu eða táknræna.

Það er tvískinnungur ríkisstjórnarinnar sem illu heilli setur svipmót sitt á ástandið um þessar mundir. Það er þóst vera að gera eitthvað, jafnvel að koma við samdrætti í ríkisbúskapnum, en í verki er stefnt í öfuga átt. Fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar sker úr í þessu efni. Hæstv. fjmrh. heldur því á loft að hann sé að draga úr útgjöldum ríkisins þó að staðreyndin sé að heildarútgjöldin hækki að raungildi og frumvarpið sé þenslufrumvarp en ekki hið gagnstæða. Í verki verður svo hæstv. ráðherra að sjálfsögðu að viðurkenna staðreyndir með því að drita út skattafrumvörpum sínum síðustu daga sem boða meiri skattaálögur en áður. Í stað þess að koma rekstrargrundvelli undir atvinnulífið í landinu, svo sem ríkisstjórnin þykist vera að gera, er hún önnum kafin að bjarga ríkissjóðnum. Það er gripið til allra ráða og þá ekki síst til að leggja auknar álögur á atvinnufyrirtækin sem ekki hafa rekstrargrundvöll fyrir. Ríkisstjórnin vill bjarga eigin skinni, afla fjár til að halda ríkisrekstrinum gangandi, en skilur eftir úti á köldum klaka það sem bjarga þurfti, atvinnureksturinn í landinu.

Við 1. umr. þess frumvarps sem við nú ræðum upplýsti hæstv. forsrh. að fjöldi frystihúsa myndi verða að þola rekstrarstöðvun ef ekkert kæmi til vegna þess að raungengið væri 15% of hátt. Og hvað átti þá að koma til bjargar? Hæstv. ráðherra sagðist reikna með kostnaðarlækkun samhliða minnkandi þenslu og lækkun vaxta sem leiddi af efnahagsráðstöfunum ríkisstjórnarinnar. En hvað sem þessu líður: Ef einhver hefur talið í byrjun þings að yfirlýsingar hæstv. forsrh. um áhrif bráðabirgðalaganna væru raunsæjar ættu allir að geta nú verið sammála um að því sé ekki fyrir að fara.

Hér þarf ekki vitnanna við. Staðreyndirnar blasa við. Hraðfrystihúsin loka hvert af öðru. Þau þola ekki lengur rekstrartapið. Eigið fé er upp urið. Ekki verður lengra gengið í skuldasöfnun. Engin úrræði eru lengur fyrir hendi. Rekstrarstöðvun og gjaldþrot taka við. Þetta hefur verið rás viðburðanna að undanförnu. En verra stendur til.

Ef frystihúsin fá ekki rekstrargrundvöll strax, sem gerir mögulegt að halda áfram starfseminni, blasa við almenn þrot og stöðvun í þessum undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar snemma á næsta ári. Sömu sögu er að segja af samkeppnisiðnaðinum, útflutningsgreinarnar eru á heljarþröm. Áhrifin segja til sín. Dauðans hönd læsir sig um allt atvinnulíf landsmanna. Atvinnuleysisvofan er komin á kreik.

En hver eru þá viðbrögð stjórnvalda við þessum ótíðindum? Þau eru nokkuð óljós og jafnvel illskiljanleg ef um lífsmark er þá að ræða. Hvílíkt látæði á hættunnar stund. Helst er í frásögur færandi að ríkisstjórnin og hver ráðherra um sig keppast við að lýsa því yfir við hvert hugsanlegt tækifæri að eitt sé víst, að eitt sé nauðsynlegt: ekki komi til mála að leiðrétta gengið. Eftir því sem augljósara verður að gengislækkun er óhjákvæmileg þegar í stað eru þeir staðráðnari í því að til þess megi ekki koma.

Kenning ríkisstjórnarinnar er sú að atvinnureksturinn, sjávarútvegurinn, þoli ekki að gengið sé leiðrétt. Sjávarútvegurinn hafi þurft að steypa sér í svo miklar erlendar skuldir vegna rekstrartaps að ekki sé hægt að létta rekstrartapinu af með gengislækkun því að þá bætist enn við hina erlendu skuldabyrði. Gerist nú málið vandasamt þegar það á að vera skárri kosturinn að sitja uppi með orsök vandans fremur en fjarlægja hana. Má þessu helst líkja við dauðvona sjúkling. Vitað er um orsök veikinnar. Sjúkdómseinkennin eru greinileg. Eina leiðin er uppskurður. En sjúklingurinn er svo langt leiddur að honum er ekki treyst að ganga undir aðgerð. Hans bíður því að deyja drottni sínum.

En sannleikurinn lætur ekki að sér hæða og kenningar ríkisstjórnarinnar eru ekki þess megnugar að breyta neinu þar um. Gengislækkun eykur ekki erlendu skuldirnar, aðeins þarf fleiri íslenskar krónur til að greiða skuldirnar og gengislækkunin fær fyrirtækjunum rekstrargrundvöll og þar með fleiri krónur og möguleika til að standa undir skuldabyrðinni. Þannig verður bjargað þeim fyrirtækjum sem er við bjargandi. Svo einfalt er málið ef menn vilja skilja það.

En hinu er ekki að neita að böggull fylgir skammrifi. Það stoðar ekki gengislækkun og halda jafnframt áfram að eyða meiru en aflað er. Þá sækir strax í sama horfið. Þess vegna verður ekki komist hjá kjaraskerðingu. En kjaraskerðing skelfir og það er vonlegt, einkum fyrir þá sem lökust hafa kjörin, og það er skiljanlegt. Það verður ekki gengið fram hjá því að öllu varðar að fólk finni að byrðum sé réttlátlega skipt. Þess vegna þarf að verja þá sem verst eru settir og til þess eru leiðir. Það er ekki nægilegt að draga úr einkaneyslunni þar sem því verður komið við. Það er umfram allt þörf að draga úr samneyslunni. Til þess er aðeins ein leið og hún er niðurfærsluleiðin, draga úr útgjöldum ríkissjóðs.

Samdráttur í ríkisútgjöldum dregur úr þörfinni á skattlagningu og skapar jafnframt möguleika til lækkunar neysluskatta til að vega á móti áhrifum gengislækkunar sem nauðsyn krefur vegna þeirra sem búa við lökust kjörin. Þannig má lækka söluskatt til að mæta verðhækkunum sem annars mundu óhjákvæmilega fylgja gengislækkun og leiða af sér launahækkanir.

Eitt er nauðsynlegt. Við 1. umr. fjárlaga gaf ég hæstv. fjmrh. það hollræði að gefa sér tíma til að fást við vandamálið. Ég benti á vinnubrögð viðreisnarstjórnarinnar þegar hún kom til og fjárlög ársins 1960 voru ekki afgreidd á Alþingi fyrr en komið var nokkuð fram á það ár. Ég heyrði ekki betur en hv. 3. þm. Vesturl. væri í umræðunni nú á sömu skoðun að vanda þyrfti betur til fjárlagagerðarinnar með því að gefa sér betri tíma.

Hæstv. fjmrh. skellti skollaeyrum við þessum ráðum. Hann meinti ekkert með hástemmdum yfirlýsingum um að nú skyldi brotið í blað og horfið frá útþenslu ríkisútgjalda. Það var aðeins fjölmiðlafár, ætlað til að skýla ráðleysisfálmi því sem frv. ber með sér, aðferð til að stinga höfðinu í sandinn, flótti frá veruleikanum.

Hæstv. fjmrh. hefur aldrei haft neitt annað í huga en að koma þenslufrumvarpi sínu gegnum þingið. En allt var komið undir því að nú væri tekið á ríkisfjármálunum á þann veg að hægt væri að mæta vanda atvinnulífsins. En gengið er í þveröfuga átt.

Þó að ekki sé við hæfi að tala um þjóðargjaldþrot kemur nú engum til hugar að ofmælt sé að nefna þjóðarvoða. Vandamál getur alltaf borið að, jafnvel svo að vá sé fyrir dyrum. En þá veltur allt á því að á málum sé tekið til úrlausnar vandanum. Ýmis dæmi koma upp í hugann um hin mestu vandamál sem við hefur verið að glíma á hinum ýmsu tímum. Nærtækasta dæmið að mikilvægi og eðli samanborið við í dag er efnahagsvandinn og úrlausn hans árið 1968. Þá hafði þjóðarbúskapur okkar Íslendinga orðið fyrir meira og skyndilegra áfalli en talið var nokkru sinni fyrr á þessari öld. Verðlag útflutningsafurða hafði lækkað mjög mikið og afli brugðist. Af þessu leiddi að verðmæti útflutningsframleiðslunnar hafði minnkað um allt að 45% milli áranna 1966 og 1968. Þjóðartekjur á mann voru árið 1968 um 15% lægri en á árinu 1966. Greiðsluhalli var við útlönd og gjaldeyrisvarasjóðurinn genginn til þurrðar. Atvinnuöryggið var í beinni hættu og atvinnuleysisvofan farin að bæra á sér.

Sjá menn ekki einhverja líkingu milli vandamálsins 1968 og þess vanda sem okkur er nú á höndum? Og það var þá eins og nú að mestu varðar að mönnum fallist ekki hendur á hættunnar stund. Og það skeði ekki 1968. Þá var brugðist við vandanum með 35% gengislækkun. Þannig var lagður nauðsynlegur grundvöllur að alhliða uppbyggingu atvinnulífsins og sköpuð skilyrði til hallaleysis í greiðsluviðskiptunum við útlönd. Þannig var haldið á málum að vörn var snúið upp í sókn til þjóðarheilla. Og þarf frekar vitnanna við?

Stjórnvöld þurfa nú eins og 1968 að láta hendur standa fram úr ermum. En það er ekki gert. Samt þolir það enga bið. Það verður að gera nú þegar. Það verður að gera það eina sem völ er á eins og nú er komið. Það verður að leiðrétta gengið strax. Jafnframt má ekki afgreiða fjárlög strax. Það verður að gefa sér tíma fram á næsta ár til að endurskoða fjárlagafrv. með það fyrir augum að gera gengislækkun færa leið og raunhæfa til að skapa atvinnulífinu rekstrargrundvöll.

Þetta er þyrnum stráð leið. Á því leikur enginn vafi. Það er ekki góðra kosta völ. En þetta er fær leið og raunar eina færa leiðin að mínu viti. Ekki verður komist hjá að þjóðin taki á sig í bili réttlátlega skipt byrðum. En bót er í máli að það skilar árangri í bættum hag til frambúðar. Og raunar er það skilyrði þess að fólk uni því. En mikið er í húfi, atvinnuöryggi landsmanna og fjárhagslegt sjálfstæði þjóðarinnar.

En hvað dvelur orminn langa? Hvers vegna aðhefst ríkisstjórnin ekkert nema þá helst til hins verra? Það ætti naumast að vera vegna fáfræði. Og ekki verður þeim frýjað vits. Ég gæti helst látið mér til hugar koma að skýringin væri hræðsla. En ef svo væri er það ekkert spaug. Einn af helstu stjórnmálajöfrum þessarar aldar sagði eitt sinn að hættulegasti veikleiki stjórnmálamanns væri hræðsla. Það er sama hvað maðurinn er gáfaður, hvað hann er menntaður og hvað hann hefur mikla reynslu. Ef hann er hræddur er dómgreindin ekki í lagi og hann getur alltaf verið að gera vitleysur. Þetta voru ummæli hins merka stjórnmálamanns. Í mínum huga er það velviljaðasta skýringin á framferði ríkisstjórnarinnar ef þar væru hræddir menn á ferðinni.

Og við hvað gætu menn hugsanlega verið hræddir? Það kann að geta verið ýmislegt. Það fer nú ekki milli mála að í stjórnarflokkunum öllum ríða húsum ýmsir fordómar sem eru skeinuhættir skynsamlegum viðbrögðum í þeim vanda sem við er að glíma. Yfirlýsingar ráðherranna sjálfra í tíma og ótíma um gengismálin hafa komið þeim í sjálfheldu með því að vekja upp þann draug í almenningsálitinu sem þeir kveða ekki niður aftur. Það er og alltaf svo að þegar eitthvað skal gera má benda á annað sem ekki ætti að vera vangert. Í öllum málum þarf að taka af skarið. En ef menn eru hræddir er ekkert að vita hvað þeir gera. Þeir vita ef til vill ekki við hvað þeir eru hræddir.

Ég hef tjáð mig um þann vanda, herra forseti, sem við nú stöndum frammi fyrir. Ég geri ráð fyrir að allir hv. þm. geri sér grein fyrir alvöru málsins og ekki síst hæstv. forsrh. sjálfur sem ég vil ekki ætla að hræðsla villi sýn.

Við 1. umr. um frv. það sem við nú fjöllum um tjáði ég mig um hinar svokölluðu efnahagsaðgerðir bráðabirgðalaganna. Ég lýsti þá skoðun minni. Ef raunverulegar efnahagsaðgerðir litu ekki dagsins ljós yrðu skammtímaaðgerðir þessa frv. aðeins til að tefja fyrir að málin yrðu tekin föstum tökum, aðeins

til að tefja fyrir. En það væri ekki undankomu auðið. Við yrðum að sjá fótum okkar forráð í efnahagsmálunum. Þar við lægi fjárhagslegt sjálfstæði þjóðarinnar. Ég lagði áherslu á að ráðstafanir, sem þetta frv. gerði ráð fyrir, gætu aldrei gert annað og meira en að skapa eitthvert svigrúm til undirbúnings efnahagsaðgerða til að treysta rekstrargrundvöll útflutningsgreina atvinnulífsins. Allt væri komið undir framhaldinu. Þetta var sagt fyrir nær tveim mánuðum hér á þessum stað. Og nú vitum við hvað framhaldið hefur verið eða raunar að framhaldið vantar.

Það er með tilliti til þeirrar vitneskju sem ég legg nú áherslu á nauðsyn gengislækkunar nú strax til að treysta rekstrargrundvöll útflutningsgreina atvinnulífsins og frestað verði afgreiðslu fjárlagafrv. fram á næsta ár svo að komið verði við endurskoðun þess í þeim tilgangi að gengislækkun geti orðið fær leið og raunhæf við úrlausn þess efnahagsvanda sem við nú glímum við.

Herra forseti. Nú er vá fyrir dyrum. Röng gengisstefna hefur ekki einungis komið frystihúsunum á vonarvöl heldur einnig iðnaðinum, útflutningsgreinunum öllum, efnahagslífinu í heild. Afleiðingarnar blasa við í geigvænlegum greiðsluhalla við útlönd, erlendri skuldasöfnun og byggðaröskun. Atvinnuöryggi landsmanna er brostið og atvinnuleysisvofan farin að sýna sig.

Enginn hefur lýst þessu ástandi með sterkari orðum en einmitt hæstv. forsrh. Þjóðargjaldþrot er stórt orð og raunar of stórt. Orðaleikjum verður nú að linna. Athafna er þörf. Þjóðarheill krefst aðgerða.

Ég vil segja hæstv. forsrh.: Það er tími kominn til að taka af skarið.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Ég átti reyndar von á því að hæstv. forsrh. mundi verða viðstaddur umræðuna, en staðgengill hans, hæstv. sjútvrh., gegndi því embætti með ágætum meðan hæstv. forsrh. var á flakki erlendis svo að við skulum láta okkur það duga.

Mig langar til að taka upp þráðinn þar sem frá var horfið í gærkvöld, en þá fór öll umræðan upp í háaloft við yfirlýsingu hæstv. forsrh. þegar hann lýsti því yfir að hann mundi beita sér fyrir því að ákvæðið í 4. gr. bráðabirgðalaganna frá því í maí sl., þ.e. seinni málsgr. sem bannar verkföll og verkbönn, yrði fellt niður. Það er hins vegar enginn vafi á því í mínum huga, eftir að hafa átt fund með fulltrúum vinnumarkaðarins í morgun í hv. fjh.- og viðskn., en þá komu á okkar fund helstu forsvarsmenn bæði launþega og atvinnurekenda til að ræða við okkur um þessa yfirlýsingu hæstv. forsrh. og um þeirra álit og skoðun á því sem fram hefði farið í sambandi við yfirlýsinguna og þau orðaskipti sem áttu sér stað í fjölmiðlum í gærkvöld sem voru afar athyglisverð, að fulltrúar vinnumarkaðarins voru í raun jafnringlaðir og við þingmennirnir eftir þessi orðaskipti. Þeir voru alls ekki samhuga í sínum viðbrögðum og lái þeim það hver sem vill. Þó kom fram hjá sumum að hæstv. forsrh., sem ég sé að kemur nú í salinn, hefur eina ferðina enn látið plata sig því að sumir töldu að hann hefði látið frá sér fara yfirlýsingar í gær í fjölmiðlum sem ekki fá staðist og væri þakkarvert ef hæstv. forsrh. vildi koma eina ferðina enn í ræðustól og gera nákvæmari grein fyrir því hverju hann svaraði t.d. Ásmundi Stefánssyni, forseta ASÍ.

Það var, eins og kom fram á fundinum í morgun, mjög misjafnt hvað fulltrúar launþega höfðu um þetta mál að segja. Þeir voru flestir sammála því að það eitt að fella niður málsgr. sem bannar verkbönn og verkföll er einskis virði. Efnislega gerist ekki neitt nema, eins og forseti ASÍ sagði ef ég fer nokkurn veginn rétt með eftir honum, að storkunin væri tekin úr þessu ákvæði, en eftir sem áður væri sama ástand. Þar vísa menn að sjálfsögðu í kafla um stéttarfélög og vinnudeilur, lög nr. 80 frá 1938, en í 14. og 17. gr. þeirra laga er skýrt tekið fram að séu samningar í gildi eða samningar bundnir með öðrum hætti eins og t.d. með lögum þar sem samningar eru frystir til ákveðins tíma, þá eru öll verkföll og vinnustöðvanir og verkbönn óheimil þannig að það hefur ekkert í för með sér að fella þessa málsgr. niður úr lögunum. Það er hrein sýndarmennska.

Þegar við fulltrúar Borgfl. ákváðum í okkar hópi að við gætum ekki lengur sætt okkur við að verkalýðshreyfingin og launþegarnir væru í fjötrum eins og bráðabirgðalögin frá því í maí og reyndar bráðabirgðalögin frá því í september gera ráð fyrir vegna þess einfaldlega að launþegar fengu ekkert fyrir það að vera með bundna samninga og raunverulega bannaða samninga fram á næsta ár, þá þótti okkur sjálfsagt að flytja brtt. við lögin þannig að samningsrétturinn kæmist á strax, þ.e. við gildistöku laganna. Ég spurði fulltrúa launþegahreyfingarinnar á fundinum í morgun að því hvaða álit þeir hefðu á því, hvort það breytti nokkru hvort samningsrétturinn kæmist á núna, við skulum segja nokkrum dögum fyrir jól, eða hvort samningar væru áfram bundnir til 15. febr. Ég gat ekki heyrt betur en þeir væru sammála okkur um að þetta skipti ekki nokkru einasta máli. Það að halda því fram að einhverjir hátekjuhópar muni ríða á vaðið í ársbyrjun ef samningar verða aftur frjálsir og spenna upp laun er gersamlega fráleitt. Það var m.a. bent á að samningar verkalýðsfélaga á Vestfjörðum verða lausir 1. jan. og samningar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja verða sömuleiðis lausir frá áramótum. Um er að ræða miklu fleiri láglaunahópa sem eru með lausa samninga. Þar af leiðandi vísuðu fulltrúar launþega því algerlega á bug að það skipti í rauninni nokkru máli hvort samningar væru frystir til 15. febr. eða hvort þeir væru gefnir frjálsir strax, rétt fyrir jól. Það tekur að sjálfsögðu langan tíma að gera þessa samninga og það kom fram í viðræðum okkar við þessa fulltrúa í morgun að það er í hæsta lagi í kringum febrúar/mars að einhverjir samningar verði

komnir á ef það tekur þá ekki enn þá lengri tíma.

Þá kom einnig fram spurning: Er nokkuð sem bannar mönnum að setjast að samningaborði og hefja viðræður? Þetta er túlkunaratriði sem mér þætti afar vænt um ef einhver hér í hv. þingdeild kann betri skil á. Er í raun og veru hægt að hefja samningagerðina, ganga nokkurn veginn frá samningum, en geyma að undirrita þá þangað til samningsveð sé komið á aftur? Það er spurning sem ég mundi gjarnan vilja fá svör við hjá t.d. þeim hv. fulltrúum verkalýðshreyfingarinnar sem eiga sæti í hv. deild.

En ég held að það hafi verið samdóma álit fulltrúa launþega að þessi tillaga og reyndar yfirlýsing hæstv. forsrh. um að fella einungis niður þessa einu málsgr. en að öðru leyti breyta í engu ákvæðum um skerðingu á samningsfrelsinu væri hrein sýndarmennska. Þó kom reyndar fram sú skoðun hjá einum, Ögmundi Jónassyni, formanni BSRB, að þetta væri spor í rétta átt og væri rétt að fella þessa málsgr. niður eina sér þó ekki yrði um aðrar breytingar að ræða þar sem hún opnaði leið til samningafrelsis. En ég held að ég taki frekar undir þá skoðun forseta ASÍ að hér sé einungis verið að taka storkunina í garð verkalýðshreyfingarinnar í burtu en ekki breyta neinu. (Gripið fram í.) Ja, spurningin er hvort það er einhvers virði. Það er eins og það er að menn lifa ekki af því þó að storkunin sé tekin í burtu. Það lagar ekki afkomu fólks. (**KP:** Um hvað eru tillögur Borgfl.?) Tillögur Borgfl., ef hv. þm. hefur ekki lesið þær, ganga út á það að samningsréttur komist á strax við gildistöku þessara laga. (**KP:** Gengur út á að fella þennan þátt niður úr 4. gr.) Það gengur út á að fella þennan þátt niður ásamt því að samningar taki gildi, að samningsfrelsi komist á strax og við göngum frá og samþykkjum þessi lög hér í hv. deild og frá hinu háa Alþingi. Það er töluvert annað mál en einungis með sýndarmennsku að fella niður þessa einu grein sem skiptir ekki nokkru máli. (**EKJ:** Forseti ASÍ sagði storkandi smekkleysa, hef ég skrifað niður.) Já, þakka þér fyrir, hv. þm. Þetta er jafnvel enn þá betri lýsing á því sem um er að ræða.

Þá þótti mér líka afar merkilegt að heyra viðbrögð fulltrúa atvinnurekenda, en þeir voru í öllu sammála okkur. Niðurfelling þessarar greinar breytir engu í þeirra huga einnig. Þeir vísa líka í vinnulöggjöfina og benda á að hún sé tæmandi þar eð hún muni banna hvort sem er öll verkföll og verkbönn þangað til samningsréttur sé kominn á á nýjan leik. Það var hins vegar athyglisvert að heyra þá skoðun þeirra og reyndar kom hún mér ekkert á óvart að allt þetta skipti engu máli, hvenær samningsréttur kæmist á, hvenær samnngar væru á ný frjálsir. Það eina sem skipti máli í þeirra huga var að það mætti ekki verða um neinar launahækkanir að ræða. Það var alfa og omega hjá fulltrúum vinnuveitenda að um engar launahækkanir mætti vera að ræða hvort sem yrði byrjað að semja núna fyrir jól eða í febrúar eða seinna. Það út af fyrir sig er mjög athyglisvert. Það er alveg ljóst að það fer líklega sem horfir að launþegum verður eina ferðina enn ætlað að standa undir efnahagsóstjórn gömlu flokkanna sem hér hefur varað um langt árabil.

Þá var bent á að í fyrri mgr. 4. gr. Þorsteinslaga, bráðabirgðalaganna frá því í maí, er talað um að þegar samningar á ný verða frjálsir, þ.e. með þeim breytingum sem hafa nú verið gerðar með bráðabirgðalögunum frá því í september, að samningsréttur komist aftur á 15. febr., þá sé heimilt að segja öllum kjarasamningum upp með gildandi uppsagnarfresti sem í þeim kjarasamningum kann að vera. Nú kom það fram hjá fulltrúa Vinnuveitendasambandsins að í þeirra samningum er um engan uppsagnarfrest að ræða og er þá vísað í 6. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur þar sem segir að sé ekki um neinn uppsagnarfrest að ræða beri að líta svo á að uppsagnarfrestur sé þrír mánuðir. Hins vegar vildi fulltrúi og framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins ekki fallast á þetta og taldi að hugtakið „lausnardagur samninga" væri yfirsterkara. Hann ýjaði að því nánast að færu verkalýðsfélög og launþegahreyfing almennt í það að segja upp kjarasamningum með þessum þriggja mánaða uppsagnarfresti, þá í samræmi við 6. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur, mundi væntanlega verða höfðað mál á hendur þeim fyrir brot á vinnulöggjöfinni þar sem vinnuveitendur telja augsýnilega að það sé enginn uppsagnarfrestur í neinum samningum þar sem um ákveðinn lausnardag sé að ræða. Hann sé yfirsterkari því ákvæði að um nokkurn uppsagnarfrest geti verið að ræða. En ég mundi vilja skora á fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar í hv. þingdeild að segja álit sitt á þessum málum því hér er um mjög alvarlega hluti að ræða.

En að lokum vil ég ítreka að við fulltrúar Borgfl. teljum fráleitt að takmarka og binda samningsréttinn lengur en til gildistöku þessara laga og teljum að það fari saman að fella niður þessa mgr. úr 4. gr. Þorsteinslaga og að samningsréttur komist á við gildistöku laganna.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Við höfum heyrt fulltrúa Borgfl. Júlíus Sólnes lýsa því yfir að niðurfelling málsgr. sem hér um ræðir sé hrein sýndarmennska, en hún hljóðar svo, með leyfi forseta: „Verkbönn, verkföll, þar með taldar samúðarvinnustöðvanir eða aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi mæla fyrir um, eru óheimil." Hann hefur lýst því yfir að tillagan um að fella þetta brott og stuðningur forsrh. og stjórnarsinna við þessa tillögu sé reyndar hrein sýndarmennska og einskis virði. Þetta skrifaði ég eftir hv. þm. áðan. Ég skil ekki hvers vegna í ósköpunum Borgfl. er þá að flytja þessa tillögu sem við ætluðum að samþykkja hér.

Ég held að það sé rétt, herra forseti, að gera í mjög stuttu máli grein fyrir fundi fjh.- og viðskn. í morgun sem haldinn var að ósk sjálfstæðismanna sérstaklega. Maður er orðinn svolítið ruglaður í því

hvenær stjórnarandstaðan talar einum rómi og hvenær hún talar í þrennu lagi því það er alveg á víxl, og menn koma upp í ræðustól til að árétta að það megi ekki tala um stjórnarandstöðuna í einu lagi svo að ég held að ég hafi þetta bara svona. Þessi fundur var haldinn í morgun og þangað komu eftirtaldir — og nú er skylt að geta þess að nefndin hafði í rauninni lokið sinni umfjöllun um þetta mál þegar þetta kom upp í gær og óskað var eftir þessum fundi og hann var að sjálfsögðu haldinn: Frá Alþýðusambandi Íslands: Ásmundur Stefánsson forseti og varaforsetarnir Ragna Bergmann og Örn Friðriksson. Lára Júlíusdóttir, framkvæmdastjóri ASÍ. Frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja: forseti bandalagsins, Ögmundur Jónasson, varaforsetarnir Haraldur Hannesson og Ragnheiður Guðmundsdóttir. Formaður Verkamannasambandsins hafði einnig verið boðaður á þennan fund en hafði ekki getað komið. Einnig komu á þennan fund framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands, komu síðar á fundinn, Þórarinn V. Þórarinsson, og Hjörtur Eiríksson, framkvæmdastjóri Vinnumálasambands samvinnufélaganna.

Ég skal hér reyna að gera langa sögu stutta. Það fóru fram umræður um þýðingu þess að fella þetta ákvæði niður. Formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Ögmundur Jónasson, fagnaði því að þetta skyldi fellt út úr lögum. Hjá mörgum öðrum, hjá forseta Alþýðusambands Íslands, kom fram að þetta ákvæði hefði enga efnislega þýðingu og spannst af þessu nokkur umræða á fundinum sem ég held að sé nauðsynlegt að sé aðeins vikið að hér og fleiri munu væntanlega gera. Því var sem sagt haldið fram af hálfu Alþýðusambands Íslands að þetta hefði enga efnislega þýðingu og varaforseti Aþýðusambandsins sagði að þetta hefði ekkert gildi varðandi samningsrétt.

Varðandi það orðalag um efnislega þýðingu sagði Ögmundur Jónasson: „Mannréttindi hafa efnislega þýðingu að mínu mati.“ Það skrifaði ég niður eftir honum á fundinum. Það spunnust raunar orðaskipti milli hans og forseta Alþýðusambandsins af þessu tilefni.

Forseti Alþýðusambands Íslands sagði að hér væri einungis um áréttingarákvæði að ræða og raunar hef ég heyrt þeirri skoðun haldið fram að sagt hafi verið í sumar þegar bráðabirgðalögin voru gefin út 20. maí að það skipti ekki meginmáli hvort þetta ákvæði væri í lögunum eða utan þeirra. Það væri til áréttingar, en engu að síður hefur Þorsteini Pálssyni forsrh. þótt rétt að hafa það inni.

Það er rétt, sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson kallaði fram í áðan, að forseti Alþýðusambandsins kallaði þessa klausu storkandi smekkleysu. Við höfum báðir skrifað það niður. Hann talaði um storkun. Ég spurði forseta Alþýðusambands Íslands hvort í storkun hlytu ekki að felast efnisleg atriði. Annars gæti vart verið um storkun að ræða ef þar væri ekkert efnisinnihald. Forseti Alþýðusambands Íslands svaraði mér á þann veg að þetta væru útúrsnúningar formanns fjh.- og viðskn. Ég spurði hann hvort bæri þá að skilja orð hans svo, ef það væri ekkert efnislegt í þessu, að þá skipti engu máli hvort þetta ákvæði, sem forsrh. hefur lagt til að væri fellt niður, væri inni í lögunum eða utan laganna. Hann svaraði mér til að þetta væru útúrsnúningar formanns nefndarinnar og þetta væri spurning sem ekki væri hægt að svara játandi eða neitandi. Ég verð að segja alveg eins og er að ég get ekki tekið þátt í umræðum á slíkum grundvelli. Ég hygg að þeir hv. nefndarmenn sem voru viðstaddir þennan fund geti vottað að þetta er rétt frá greint. (**HBl:** En ekki í fullri frásögn samt.) Þetta er rétt frá greint.

Þetta mál var rætt allítarlega og ýmislegt fleira í þessu sambandi og samhengi. Það er sem sagt alveg ljóst að niðurfelling þessa ákvæðis er ekkert annað en það, sem hér hefur verið sagt, að þetta ákvæði er numið brott úr lögunum. Það breytist ekki annað. Það stendur eftir sem áður væntanlega, eftir samþykkt laganna, með leyfi forseta: „Með þeim breytingum á kaupgjaldsákvæðum kjarasamninga sem kveðið er á um í lögum þessum framlengjast allir gildandi og síðast gildandi kjarasamningar til 15. febr. 1989. Heimilt skal þó að segja upp kjarasamningum frá 15. febr. 1989 með þeim uppsagnarfresti sem um þá gildir.“ Þetta er alveg skýrt eftir orðanna hljóðan, að menn geta sagt upp samningum þennan dag.

Það kunna svo hins vegar að vera ágreiningsefni hvernig þetta skuli útfært og ég hygg að það sé ágreiningsefni lögfræðinga. Það er sjálfsagt álitamál. En það sem hér liggur fyrir er alveg skýrt. Eina breytingin sem orðið hefur frá því að við töluðum saman um þessi mál í gær er að það hefur verið lagt til að fella niður tvær línur úr lögunum. Allt annað er óbreytt. Það sem menn eru að tala um núna í sambandi við 15. febr. var allt saman fyrir hendi í gær þegar umræðan fór hér fram. Það er engin breyting á því. Það hefur verið komið til móts við verkalýðshreyfinguna og launþegasamtökin í landinu með því að taka út þetta ákvæði sem forseti ASÍ kallar storkandi smekkleysu. Það er úr lögum Þorsteins Pálssonar. Menn geta kallað það hverju nafni sem þeir vilja nefna. En mér fannst það mjög einkennilegt að forseti Alþýðusambands Íslands vildi nánast ekkert fyrir það gefa og ekkert um það segja hvort þetta ákvæði ætti að vera innan eða utan laganna. Það fannst mér mjög einkennilegt.

Forseti BSRB, Ögmundur Jónasson, viðurkenndi það hreinskilnislega, hispurslaust og umbúðalaust að hann mæti mikils að þetta ákvæði yrði tekið út úr lögunum. (Gripið fram í.) Hann sagði: Mannréttindi hafa efnislega þýðingu. Það sagði hann á miðjum fundinum, hv. þm. Eyjólfur Konráð, og hann endurtók það. En hann lýsti jafnframt andstöðu sinni við bindingu samninga og við lögin í heild. Það er alveg ljóst. Ég ætla ekkert að draga úr því. Mér dettur það ekki í hug. En Ögmundur Jónasson lýsti ánægju með að þessar línur skyldu felldar niður. Það kom alveg skýrt og ótvírætt fram á fundinum.

Við eigum sjálfsagt eftir að ræða þetta nánar og lengur. Mér finnst það mjög einfalt mál og skil satt að segja ekki hvers vegna það vefst fyrir mönnum. Ég heyrði ekki betur í sjónvarpinu í gær en að hv. þm. Halldór Blöndal fagnaði þessu og þakkaði Sjálfstfl. að sá áfangi skyldi nú hafa náðst að þetta væri tekið út úr lögunum. Hann gerði það mjög skýrt og það var ekki nokkur vandi að skilja hann og engin leið að misskilja, hv. þm. Hann fagnaði því og þakkaði sjálfstæðismönnum að þetta skyldi hafa verið numið brott. Ég er að vísu ekki búinn að fá útskrift af þessum hans ummælum, ég á von á þeim áður en langt um líður, en ég hygg að ég hafi heyrt rétt og tekið rétt eftir.

Aðeins að lokum, herra forseti. Á fundinum í morgun var óskað eftir útskrift af samtali þeirra hæstv. forsrh. og Ásmundar Stefánssonar sem fram fór á Stöð 2 um kl. 8 í gær. Ég gerði strax eftir að þessi beiðni barst ráðstafanir til að fá þessa útskrift. Hún mun væntanlega berast í þingið á hljóðbandi innan hálfs annars klukkutíma eða svo og ég hef gert ráðstafanir til þess að það verði þegar vélritað upp og afhent nefndarmönnum í hv. fjh.- og viðskn. sem um þetta hafa beðið. En ég endurtek það að lokum og ítreka að hér er í rauninni um afar einfalt mál að ræða, þ.e. að fella niður tvær línur úr þessum lagatexta, línur sem verkalýðshreyfingin hefur verið mjög ósátt við og forseti Bandalags starfsmanna ríkis og bæja lýsti ánægju sinni með að felldar yrðu niður, en forseti Alþýðusambands Íslands vildi ekki kveða upp úr um og taldi ekki hafa neina efnislega þýðingu og vildi ekki segja hvort þetta ákvæði ætti að vera innan eða utan laganna og sagði að alfarið væri þar um útúrsnúninga nefndarformannsins, þ.e. þess sem þetta mælir, að ræða og þeirri spurningu hvort þetta ætti að vera inni í lagatextanum eða utan hans væri ekki hægt að svara með jái eða neii.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að fara nákvæmlega út í orðaskipti í fjh.- viðskn., en vegna fremur ósmekklegra ummæla formanns nefndarinnar um forseta Alþýðusambands Íslands tel ég óhjákvæmilegt að skýra frá því að forseti Alþýðusambands Íslands spurði formann nefndarinnar beint um það, ég man ekki hvort það var tvisvar, hvaða efnisþýðingu það hefði að fella niður 2. mgr. 4. gr. Eftir svar formanns nefndarinnar sagði forseti Alþýðusambandsins: Ég verð jafnruglaður að hlusta á þig og forsrh. — Ég held að það sé enginn vafi á því að það hefur enga efnisþýðingu að fella þetta niður eins og ég vakti raunar athygli á þegar við umræðurnar í gær og skal víkja nánar að því síðar.

Upphafið að því að umræður í deildinni snúast sérstaklega um vinnuréttarmálin er það að í umræðum í gær komst hæstv. forsrh. svo að orði: „Í viðræðum við fulltrúa launþega og athugun á stöðu atvinnulífsins upp á síðkastið hefur sú hugmynd komið fram að rétt væri að fella niður 2. mgr. 4. gr. frv., þ.e. að endurreisa rétt til samninga frá t.d. næstu áramótum. Þetta var rætt í ríkisstjórninni í morgun og menn á einu máli um að þetta bæri að gera.“ Annað sem hæstv. forsrh. sagði við umræðurnar í gær hefur ekki efnislega þýðingu.

Ég gerði þá strax þá athugasemd að sú breyting á frv. sem hæstv. forsrh. lagði til hefði enga efnislega þýðingu og breytti ekki samningsréttarákvæðum bráðabirgðalaganna í þá veru sem hæstv. forsrh. gaf í skyn. Ég var því miður á fundi í gær þegar hæstv. forsrh. ræddi við forseta Alþýðusambands Íslands, en okkur var sagt nefndarmönnum á fundi með fulltrúum Alþýðusambandsins, Vinnuveitendasambandsins og opinberra starfsmanna í morgun að forsrh. hefði í sjónvarpinu lýst því yfir að þessi breyting á frv. hefði þau áhrif að stéttarfélögum væri frjálst að semja og knýja á um samninga frá 1. jan. nk. með verkfallsaðgerðum þó slíkur samningur tæki ekki gildi fyrr en 15. febr. Þegar þetta kom í ljós óskaði ég eftir því við formann nefndarinnar að nefndarmenn fengju útskrift af öllu því sem hæstv. forsrh. lét sér um munn fara í hinum ýmsu fjölmiðlum í gærkvöld þannig að við gætum fengið sem gleggsta mynd af því hvað raunverulega vakir fyrir hæstv. forsrh. Því að það er áreiðanlega ekki að ástæðulausu sem framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins spurði um á fundinum í morgun hvort það væri tilgangur nefndarinnar og kannski ríkisstjórnar að fjölga eða fækka þeim deilumálum sem uppi væru á milli aðila vinnumarkaðarins. Það hefur að sjálfsögðu afskaplega óheppilega þýðingu hvenær sem er og auðvitað ekki síst þegar í gildi eru lög sem takmarka samningsrétt og banna hækkun launa um tiltekinn tíma þegar forsrh. landsins ræðir þau mál ekki af fullri hófsemi og gætni heldur lætur út úr sér detta það sem maður gæti haldið að væri munninum næst hverju sinni. Þetta hlýt ég að segja að sé mjög ámælisvert og harma mjög að umræðurnar skuli hafa lent inn á þessa braut. En það með öðru lýsir þeirri lausung sem núna er í stjórnarfarinu.

Eins og fram kom hjá þeim nefndarmönnum báðum sem töluðu á undan mér liggur alveg ljóst fyrir að bæði forseti Alþýðusambands Íslands og lögfræðingur Alþýðusambands Íslands telja augljóst mál að 2. mgr. 4. gr. hafi ekki þýðingu vegna þess að í almennum vinnuréttarlögum er lagt bann við því að efnt sé til verkfalla eða verkbanna á samningstíma. Þess vegna var ástæðulaust að setja þetta ákvæði inn í bráðabirgðalögin í vor. En ástæðan fyrir því að það var gert var hreinlega sú að — ég veit ekki hvort ég á að segja frá fornu fari eða a.m.k. alllengi hefur sú venja verið að setja slíkt jákvætt ákvæði inn í bráðabirgðalög af þessu tagi til þess að öllum megi ljóst vera án þess að fletta upp í öðrum lögum að almenn vinnuréttarákvæði gildi jafnt um slíka lagasetningu sem um samninga sem orðið hafa á milli aðila vinnumarkaðarins. Það kom til álita og var rætt þegar bráðabirgðalögin voru sett í maímánuði hvort rétt væri að taka þetta ákvæði inn í og ég veit að hæstv. forsrh. man vel að menn létu það fylgja til frekari glöggvunar og áherslu en ekki af því að þeir

héldu að það væri nauðsynlegt. Fyrir þessu hef ég fulla vissu, a.m.k. veit ég með vissu að páv. forsrh. ræddi þetta mál við þá starfsmenn Stjórnarráðsins sem undirbjuggu löggjöfina þó mér hafi að vísu láðst að spyrja forsrh. að því hvort páverandi utanrrh. hafi gert athugasemd við að þetta ákvæði væri inni. En ef svo er, ef utanrrh. páv. hefur talið að nauðsynlegt væri að setja ákvæðið inn á þeim tíma var það greinilega í hans huga nauðsynlegt til að koma í veg fyrir að verkföll gætu orðið í landinu, sem auðvitað hefur sömu merkingu, því að um það var ekki ágreiningur innan þeirrar ríkisstjórnar að bráðabirgðalögin væru með öllu gagnslaus ef menn gætu eftir sem áður gengið til samninga um launahækkanir eða ef menn gætu með verkfallsaðgerðum knúið á að launahækkanir yrðu þann tíma sem lögin voru í gildi í samræmi við þá samninga sem breytt hafði verið með lögunum.

En auðvitað liggur alveg ljóst fyrir að samkvæmt bráðabirgðalögunum í septembermánuði er ákveðið að fella niður tvær samningsbundnar launahækkanir sem áttu að koma til framkvæmda nú á þessu hausti þannig að enginn ágreiningur er um það í nefndinni né við aðila vinnumarkaðarins að í bráðabirgðalögunum felst launalækkun frá því sem samið hafði verið um. Ég held líka að um það sé ekki ágreiningur, hvorki við Vinnuveitendasambandið né Alþýðusamband Íslands, að það ákvæði, sem hv. 3. þm. Vesturl. vísaði til áðan í sambandi við 1. gr. frv., „Ákvæði í kjarasamningum um launahækkanir eftir 1. mars 1989 halda gildi sínu", skiptir í rauninni engu máli í sambandi við þá almennu kjarasamninga sem eru í landinu einfaldlega af þeirri ástæðu að samkvæmt lögum um stéttarfélög og vinnudeilur gildir það að ef ákvæði um uppsagnarfrest vantar í kjarasamninga skuli uppsagnarfrestur almennt vera þrír mánuðir. Á hinn bóginn hlýt ég að leggja áherslu á að aðilar vinnumarkaðarins voru um það sammála að í lögunum fælist sá skilningur að kjarasamningar sem hefðu eindaga eftir 15. febr. skyldu halda sínu fulla gildi þannig að þeir almennu samningar sem gerðir hafa verið á vegum þorra félaga úr Verkamannasambandinu t.d. halda gildi sínu fram í aprílmánuð en falla úr gildi 10. apríl, ef ég man rétt. Þá er auðvitað heimilt að efna til vinnustöðvana og verkfalla eftir almennum ákvæðum með viku fyrirvara eins og gildir um kjarasamninga.

Það kom fram hjá framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambandsins að engar óskir hefðu komið frá einstökum verkalýðsfélögum til Vinnuveitendasambandsins um að annar skilningur eða annar háttur skyldi á hafður og ég held raunar að um þetta sé ekki ágreiningur. En ég ítreka í þessu sambandi að það er mjög ámælisvert ef stjórnvöld hverju sinni eru að vekja upp óróa um kjaramálin með vanhugsuðum orðum sem látin eru falla auðvitað í auglýsingarskyni til að reyna að lyfta pínulítið sjálfum sér um stundarsakir og koma með óverulegum hætti höggi á pólitíska andstæðinga sína.

Ég verð sérstaklega að harma það ef satt er að hæstv. forsrh. hafi sagt það í útvarpi í gær, annaðhvort hljóðvarpi eða sjónvarpi, að sjálfstæðismenn hafi tekið því illa að þetta ákvæði yrði fellt úr bráðabirgðalögunum. Ég tók það skýrt fram í minni fyrstu ræðu að þetta ákvæði hefði ekki efnislega þýðingu um leið og ég vakti athygli á því að ef hæstv. forsrh. vildi að samningsrétturinn tæki gildi 1. jan. yrði að breyta öðrum ákvæðum kaflans um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Þetta er í sjálfu sér, herra forseti, stærra mál en virðist við fyrstu sýn vegna þess að það er öldungis ljóst að fjölmiðlar hafa að engu þau skýru ákvæði, sem eru í lögum um sjónvarp og hljóðvarp, að öll sjónarmið eigi að njóta sama réttar í slíkum stöðvum, allir eigi að fá að flytja sitt mál jafnt, burtséð frá því hvort þeir eru í meiri eða minni hluta, stórir eða smáir á hinu háa Alþingi. Það er raunar grundvallarregla í okkar þingsköpum þegar ákveðið er að allir stjórnmálaflokkar, burtséð frá stærð þeirra, skuli hafa sama tíma og meira að segja utanþingsflokksmaður sem einn er, eins og Stefán Valgeirsson, helming þess tíma sem heill stjórnmálaflokkur hefur. Með þessu er auðvitað greinilegt að Alþingi Íslendinga leggur meira upp úr því að sjónarmiðin heyrist en hinu hversu margir menn eru á bak við sjónarmiðin. Af þessum sökum liggur auðvitað þung ábyrgð á þeim mönnum sem eru í þeirri aðstöðu í þjóðfélaginu, eins og hæstv. forsrh. þegar hann getur hlaupið til hvenær sem hann vill og allar sjónvarps- og útvarpsstöðvar eru opnaðar upp á gátt fyrir honum, að láta a.m.k. kyrrt liggja en sé ekki í skjóli þess að enginn er til andsvara að gera pólitískum andstæðingum sínum hér í þinginu upp rangar skoðanir. Það er a.m.k. lágmarkskrafa sem maður hlýtur að gera til forsrh. og ég held raunar, herra forseti, að óhjákvæmilegt sé, ef stjórn Alþingis vill halda virðingu sinni og vill rísa undir þeim trúnaði sem hún hefur, að stjórn þingsins taki upp viðræður við sjónvarps- og útvarpsstöðvar um það með hvaða hætti sé hægt að tryggja að sjónarmið hinna einstöku þingflokka sem eru hér í þinginu fái a.m.k. hæfilegan rétt til þess að heyrast hjá þjóðinni. Á þetta vil ég leggja ríka áherslu.

Ég hlýt, herra forseti, áður en ég lýk máli mínu líka að leiðrétta það sem formaður nefndarinnar sagði í sambandi við ummæli Ögmundar Jónassonar. Það er rétt hjá formanni nefndarinnar að í byrjun lýsti formaður BSRB yfir ánægju yfir þeirri breytingu sem hæstv. forsrh. vildi gera á bráðabirgðalögunum, en eftir að hann hafði sannfærst um að í breytingunni fólst engin efnisbreyting, skipti í rauninni engu máli og var spurður beint að því hvort honum þætti betra eða verra að niðurlagsorð 4. gr. væru inni, þá svaraði hann ekki beint heldur almennt hinu, að stjórn BSRB væri andvíg því að með lögum væru settar hindranir fyrir samningsfrelsi eða verkfallsrétti og talaði um mannréttindabrot í því sambandi. Ég gat með engum hætti skilið Ögmund Jónasson þannig að hann teldi sér duga að banna verkföll á einum stað ef þau væru leyfð á öðrum stað

í lögunum. Auðvitað var hann að tala um samnings- og verkfallsréttinn í heild og öll skírskotun til hans ummæla á annan veg er auðvitað meiðandi fyrir hann sem forustumann launþegasamtaka og af þeim sökum óhjákvæmilegt að leiðrétta það þegar hér á Alþingi að auðvitað sagði hann ekki fyrir hönd síns fólks að hann sætti sig við eitthvert hálfkák í þessum efnum. Auðvitað var það víðs fjarri hans huga og auðvitað hlýtur hann að líta á það eingöngu hverjar séu efnisástæður, hvernig lögin séu í landinu og hvort samningsrétturinn sé með einhverjum hætti tepptur með þessum lögum, skertur frá því sem er í hinum almennu lögum um verkfallsrétt opinberra starfsmanna.

Nú getur hæstv. forsrh. flett upp í þeim lögum ef hann er á öðru máli og gengið úr skugga um hvort ekki eigi sömu almennu vinnuréttarsjónarmiðin við gagnvart opinberum starfsmönnum og hinum sem eru á hinum almenna vinnumarkaði.

Hæstv. forsrh. sagði í ræðu sinni: í viðræðum við fulltrúa launþega og athugun á stöðu atvinnulífsins upp á síðkastið. — Það var auðvitað óhjákvæmilegt vegna þessara orða hæstv. forsrh. í deildinni í gær að spyrja þá sem við fengum til fundar við okkur hvort viðræður hefðu verið í gangi á milli forsrh. og þeirra sem hann segir fulltrúa launþega. Nú var ég svo mikið barn þegar ég hlýddi á hæstv. forsrh. að ég gætti ekki að því að í þolfalli eintölu og þolfalli fleirtölu hljómar orðið fulltrúi eins. Hæstv. forsrh. sagði „í viðræðum við fulltrúa launþega" og það sem hann í raun og veru meinti var: í viðræðum við einn fulltrúa launþega. Það kom m.ö.o. í ljós á fundinum í morgun að af þeim mönnum sem þar voru hafði einungis einn átt viðræður við forsrh. um þetta efni nú, það var Ögmundur Jónasson, og hann átti að því frumkvæði í gær að hans eigin sögn. Forseti Alþýðusambands Íslands sagði að upp á síðkastið hefði hann ekkert viðtal átt við forsrh. nema í beinni útsendingu í Stöð 2 í gær og þegar ég spurði þá framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambandsins og Vinnumálasambandsins hvort nokkuð hefði verið rætt við þá um stöðu atvinnuveganna var svar þeirra að það hefði ekki verið gert. Það væri af þessum sökum mjög fróðlegt að fá nánari upplýsingar um það frá hæstv. forsrh. við hverja aðra, ef einhverjir eru, fulltrúa launþega var rætt ef hið litla og stutta samtal sem átti sér stað í gær var eina samtalið sem verið hefur upp á síðkastið milli þessara tveggja manna fyrir utan það samtal að vísu sem Ögmundur Jónasson tiltók og fjmrh. og forsrh. áttu við forustumenn BSRB eftir þing þess um daginn þar sem þeir lýstu almennt þeim sjónarmiðum sem þingið hafði til þess sem það kallar brot á mannréttindum. (Gripið fram í.) Já, fyrir langa löngu. Það er öldungis ljóst að þarna er ekki um neitt samráð að ræða sem maður gat a.m.k. merkt á þessum fundi, en ég býst á hinn bóginn við því, ef formanni nefndarinnar hefði verið slíkt kunnugt, að hann hefði þá gætt þess að slíkir launþegafulltrúar kæmu til fundar við nefndina í morgun ef hugmynd meiri hl. er þá að upplýsa okkur í minni hl. um hvernig þessar umræður gangi og hvert efnisinnihaldið er.

Ég hlýt, herra forseti, að velta upp þeirri spurningu hvort ekki verði að líta svo á að alvarlegt ástand sé í landinu að mati þeirra sem setja bráðabirgðalög þess efnis að afnema umsamdar kjarabætur og banna samningsrétt í landinu. Ég vek athygli á því að hæstv. menntmrh. og aðrir í ríkisstjórninni voru fullkomlega sammála því að ákvæði 2. mgr. 4. gr. stæði áfram í lögum svohljóðandi: „Verkbönn, verkföll, þar með taldar samúðarvinnustöðvanir eða aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi mæla fyrir um, eru óheimil." Auðvitað liggur í hlutarins eðli ef skoðað er hvernig bráðabirgðalögin frá því í september eru byggð upp að með beinum jákvæðum hætti hefur Alþb. staðfest að á þeim tíma taldi það nauðsynlegt að þetta ákvæði héldist í lögum. Ef flett er upp í 15. gr. þeirra laga sem hér eru til umræðu stendur þar, með leyfi hæstv. forseta: „1. mgr. 4. gr. bráðabirgðalaga nr. 14 20. maí 1988 orðast svo:" Ekki þurfti annað en að strika út einn tölustaf og þrjá stafi til þess að niður félli 2. mgr. 4. gr. Þá hefði þetta paragraf í bráðabirgðalögunum orðið: „4. gr. bráðabirgðalaga nr. 14 20. maí 1988 orðast svo:" Það eru m.ö.o. fjórir stafir, einn tölustafur og þrír bókstafir, sem bætt er fram fyrir 15. gr. bráðabirgðalaganna, sem kveða skýrt á um að það var ekki handvömm sem olli því að síðari málsgr. hélst inni heldur var þess vandlega gætt að málsgr. héldist. Það er líka auðséð af uppbyggingu bráðabirgðalaganna að öðru leyti að þessi var vilji meiri hl. vegna þess að aðrar greinar þeirra laga sem meiri hl. vildi halda inni, handhafar bráðabirgðalagavaldsins, voru látnar standa. Þær greinar bráðabirgðalaganna sem gátu efnis síns vegna staðið óbreyttar og féllu að stefnu ríkisstjórnarinnar voru látnar standa óbreyttar. Það er af þessum ástæðum fullkomlega ljóst að hæstv. menntmrh. ber fulla stjórnskipulega ábyrgð á því að þetta ákvæði skuli vera inni í lögunum og þýðir ekki fyrir hann að koma hingað upp eftirleiðis og reyna að lýsa einhverju öðru yfir nema honum farist svo að honum líði best þegar hann er í skugga Sjálfstfl.

Ég sagði áðan að það hljóti að vera mjög alvarlegir tímar þegar handhafar bráðabirgðalagavaldsins taka ákvörðun um það beinlínis að lækka laun frá samningum eins og gert var með septemberlögunum, beinlínis banna nýja samninga og afnema verkfallsréttinn til næsta árs. Fyrir því hljóta að sjálfsögðu að liggja mjög alvarlegar og knýjandi ástæður og ekki verður öðru trúað en að þeir menn sem fyrir slíku standa telji nauðsynlegt að á bak við slíka lagasetningu sé mikil festa til þess að þjóðin geti fundið að þeir sem beri ábyrgð á henni standi saman um þær aðgerðir sem þessir menn vilja grípa til í þeim erfiðu aðstæðum sem þeir meta svo.

Það er þess vegna vil ég segja fyrir venjulegan Íslending með öllu óhugsandi að ríkisstjórnin hafi á þeim tíma þegar bráðabirgðalögin voru sett verið ósammála um hvaða ákvæði ættu að vera í gildi

varðandi framkvæmd þeirrar kjaraskerðingar og þess rofs á samningsrétti sem kveðið var á um því að auðvitað getur þessi ríkisstjórn ekki frekar en aðrar ríkisstjórnir sem eins er ástatt um ætlast til þess að þjóðin treysti þeim, að þjóðin sætti sig við kjaraskerðinguna, að þjóðin sætti sig við að vera svipt umsömdum launahækkunum, að þjóðin sætti sig við að vera svipt samningsrétti og verkfallsrétti nema hún finni að þeir sem komu þessu öllu í kring hafi haft eitthvað þarflegt fyrir stafni sem þeir vilji hrinda í framkvæmd. En nú er það ekki svo.

Við höfum hér verið í umræðum um tvenn bráðabirgðalög, bráðabirgðalög á þskj. 8 og þskj. 20. Þeir fulltrúar ríkisstjórnarinnar sem hér hafa talað hafa talað í hálfkæringi. Hæstv. menntmrh. tók til máls og hafði óskaplega gaman af því að einn þingmanna Sjálfstfl. skyldi ekki hafa verið sammála ritara Reykjavíkurbréfs. Og þegar formaður fjh.- og viðskn. kom upp áðan talaði hann um að Þorsteinn Pálsson hafi viljað hafa þetta inni í maí, 2. mgr. 4. gr., Þorsteinn Pálsson. Ekki ríkisstjórnin, ekki Alþfl., ekki Framsfl. heldur Þorsteinn Pálsson. Og undir öðrum kringumstæðum þegar þessi hv. þm. tekur til máls, ef hann gleymir sér, streymir frá hjarta hans alls konar óhróður um Sjálfstfl., sem ég hef satt að segja pínulítið gaman af að hlusta á, í staðinn fyrir að honum væri nær að tala um þær alvarlegu aðstæður sem hér eru í þjóðfélaginu.

Það var alveg laukrétt, sem hv. 7. þm. Reykn. sagði áðan, að fulltrúi Vinnumálasambands samvinnufélaganna lét í ljós þá skoðun í nefndinni í morgun að það fólk, sérstaklega úti á landi, sem þekkti hvernig búið er að sjávarútveginum og framleiðsluatvinnuvegunum, mundi ekki fara í harðar verkfallsaðgerðir nú vegna þess að þetta fólk skilur hversu völtum fótum atvinnuöryggi þess stendur. Við getum farið frá einu byggðarlagi til annars. Ég get talið upp mörg byggðarlög þar sem búið er að loka frystihúsum og með öllu er óvíst hvort þau verði opnuð eftir áramótin. Við fáum fréttir af því að af þessum ástæðum, erfiðleikum í sjávarútveginum, sé verið að selja skip frá ýmsum stöðum sem þurfa á þeim að halda til að afla hráefnis fyrir fólkið vegna þess að atvinnulífið er svo einhæft í sjávarplássunum eins og við öll vitum að þetta fólk getur ekki gripið upp aðra vinnu.

Ef við t.d. bara rifjum upp hvaða áhyggjur þingmenn Suðurnesja hafa haft af því ef Hraðfrystihús Keflavíkur verður lokað getum við rétt reynt að setja okkur í spor fólksins á Stöðvarfirði, fólksins á Ólafsfirði, fólksins við Súgandafjörð. Ég get talið upp ótal marga staði aðra, hvernig þessu fólki líður. Og allt þetta fólk, hver einasti maður og hver einasta kona veit að erfiðleikarnir í þeirra heimabyggðum eru ekki komnir til af því að þeir menn sem sótt hafa sjóinn hafi ekki staðið sig né af því að þeir menn sem staðið hafa fyrir útgerðinni eða rekið frystihúsin hafi ekki lagt sig fram og komið á margvíslegri hagræðingu né því að afköstin í frystihúsunum hafi ekki verið nógu mikil og fólkið hafi ekki reynt að leggja sig fram, bæði hraða til að bjarga hráefni eða um vöruvöndun. Þetta fólk veit að það eru aðrar ástæður sem valda þessum erfiðleikum og það gerir sér grein fyrir því að höfuðástæðan fyrir því hversu illa stendur á hjá því á þessari jólaföstu er sú að forustumenn þjóðarinnar, forsrh., sjútvrh., svo ég taki þá ráðherra sem þeirra mál varða mest, hafa viðurkennt fyrir mörgum vikum og mánuðum að gengi krónunnar sé ekki í samræmi við rekstrarstöðu útflutningsatvinnuveganna. Báðir þessir menn, bæði hæstv. forsrh. og hæstv. sjútvrh., hafa lýst því yfir opinberlega að gengi krónunnar sé of hátt skráð og báðir þessir menn fá til sín — ég skal ekki segja á hverjum einasta degi en ég fullyrði að í hverri einustu viku fái þeir ekki einn heldur fleiri menn til viðtals, annaðhvort persónulega eða í síma eða þeir fá bréf og erindi sem sýna fram á það að staðan hjá þessum fyrirtækjum er að versna og heldur áfram að versna. Þetta fólk spyr auðvitað þá menn sem bera ábyrgð á atvinnulífinu á stöðunum, hvort sem það eru sveitarstjórnarmenn, stjórnarmenn í frystihúsum, útgerðarfélögum, hjá saltfiskverkunum eða annars staðar, þegar þeir koma til baka: Hverjar voru undirtektirnar? Eru einhverjar líkur á því að vilji stjórnvalda standi til þess að rétta stöðu okkar? Eigum við einhvern málsvara í Stjórnarráðinu? Heyrist rödd okkar inn í Stjórnarráðið? Er þar einhver sem lætur sig einhverju skipta hvernig okkur líður?

Þetta eru hin alvarlegu tíðindi og því eru það mjög sorgleg og skýr skilaboð til þessa fólks ef þeir menn sem bera ábyrgð á stjórn landsins, hvort sem það er forsrh. sjálfur, formaður fjh.- og viðskn., sem ég sé að hlær mjög yfir þessari ræðu, eða aðrir, geta einungis talað í hálfkæringi um erfiðleika þessa fólks og um þá stöðu sem þjóðarbúið er komið í.

Við getum líka spurt sjálfa okkur, ekki síst vegna þess að alþýðubandalagsmenn hafa talað um að fyrirtækin eigi að breyta rekstrinum, sýna meiri hagkvæmni í rekstri, þá getum við spurt sjálfa okkur: Hefur sá maður sem nú situr í sæti fjmrh. gert eitthvað eftir að hann tók eftir því að tekjuliðir fjárlaganna eru að bregðast? Hvaða ráðstafanir hefur hann gert á þessari jólaföstu til þess að hagræða eða draga úr rekstrarkostnaði ríkissjóðs? Það er kannski ekki neitt. Það má vel vera að það sé ekki neitt. Það getur vel verið.

Að síðustu, herra forseti, vil ég aðeins minna á að þegar þetta mál var til 1. umr. spurði ég hæstv. forsrh. að því hvort þessi bráðabirgðalög styddust við meiri hluta hér á Alþingi. Þá sagði hann að forseta lýðveldisins væri fullkunnugt um valdahlutföll á Alþingi. Ég skildi hans orð svo að allir þeir sem styðja ríkisstjórnina hafi lýst yfir stuðningi við bráðabirgðalögin. Í ljósi þeirra umræðna sem nú hafa orðið í deildinni um verkalýðs- og samningsréttarmál er óhjákvæmilegt að hæstv. forsrh. skýri frá því hvort allir þingmenn Framsfl., Alþfl. og Alþb., auk Stefáns Valgeirssonar, hafi lýst yfir stuðningi sínum við bráðabirgðalögin án fyrirvara.

Við vitum um þann fyrirvara sem hv. 4. þm. Vesturl. Skúli Alexandersson hefur gert og hann ítrekaði í umræðunum í gær þannig að fyrirspurn mín lýtur ekki að honum heldur að öllum öðrum þingmönnum Alþfl., Alþb., Framsfl. og Samtaka jafnréttis og félagshyggju. Ég held að hæstv. forsrh. geti ekki skorast undan að svara þessu í ljósi þeirra umræðna sem hér hafa orðið.

Ég vona, herra forseti, að hæstv. menntmrh. tali efnislega um frv. þannig að við getum skilið hvaða stefnu Alþb. hefur í efnahagsmálum og atvinnumálum. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt, þar sem hæstv. ráðherra vitnaði í Reykjavíkurbréf Morgunblaðsins, að fá upplýst hvort hann er sammála því sem ég hafði eftir hæstv. fjmrh. í gær og hefur m.a. birst í mjög snjallri grein í Morgunblaðinu sl. þriðjudag þar sem gerðar eru athugasemdir við Reykjavíkurbréf.

Ég vil, herra forseti, vekja athygli á því að ekki sást einn einasti ráðherra Alþfl. við 1. umr. um bráðabirgðalög um aðgerðir í efnahagsmálum eða 1. umr. um bráðabirgðalög um efnahagsaðgerðir og ekki heldur við 2. umr. bráðabirgðalaga um aðgerðir í efnahagsmálum né nú við umræður um bráðabirgðalög um efnahagsaðgerðir nema kannski smástund eins og fiðrildi. Ég hlýt að lýsa þeirri skoðun minni að það sé skylda forseta að sjá til þess að einhver af ráðherrum Alþfl. sé viðstaddur umræðuna og geti eftir atvikum tekið þátt í henni. Það er ekki vansalaust að flokkurinn skuli með þessum hætti reyna að skjóta sér undan því að fjalla um það sem hér fer fram og þeim réttmætu spurningum sem einstakir þingmenn hljóta að bera fram við forustumenn Alþfl.

Ég vil líka vekja athygli á því að samningsréttarmálin taka mjög til hæstv. fjmrh. og auðvitað er óviðkunnanlegt annað en að hann sé a.m.k. viðstaddur þegar hæstv. forsrh. gerir grein fyrir sínu máli hér á eftir þannig að maður geti spurt ráðherrann að því sem handhafa samningsréttar opinberra starfsmanna hvaða skoðanir hann hafi á því sem hæstv. forsrh. segir. Því eins og ég lagði þunga áherslu á áðan þá á ríkisstjórnin ekki að búa til vandamál, fleiri ágreiningsefni og álitamál, allra síst á tímum eins og núna. Við ætlumst til þess, ekki aðeins þingmenn stjórnarandstöðunnar heldur þjóðin öll, að þeir menn sem eru í ábyrgðarstöðum tali af hófsemi og gætni um þessi mál ef þeir á annað borð telja nauðsynlegt að skerða verkfalls- og samningsréttinn.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég vil taka það skýrt fram í upphafi míns máls að ég mun ekki eltast við ýmislegt af því sem hv. þm. Halldór Blöndal hefur látið sér um munn fara um mig persónulega og ekki hefur verið talað um af þeirri hófsemi sem hann ráðlagði áðan. Ég mun hins vegar fara að þeim ráðum og tala af hófsemi. Ég álít satt að segja að slík ummæli sem féllu hér í gær lýsi best þeim sem þau um munn hefur.

Ég vil snúa að ýmsum atriðum sem hafa verið málefnalega til umræðu og þau eru mörg afar mikilvæg. Mér skilst að það verði hlé á fundi klukkan fjögur og ég kemst að sjálfsögðu ekki yfir þau nema að litlu leyti fyrir þann tíma.

Í fyrsta lagi vil ég fjalla um þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að fallast á, að því við skildum eindregin tilmæli fjölmargra aðila, launþegastéttar og stjórnarandstæðinga, að fella niður 2. málsgr. 4. gr. bráðabirgðalaga fyrri ríkisstjórnar. Þessi málsgrein hefur verið nefnd hinum verstu nöfnum, m.a. mannréttindabrot. Ég er sammála þeim sem hafa farið hörðum orðum um ákvarðanir ríkisstjórna, því þær eru orðnar margar, að svipta menn þessum sjálfsögðu mannréttindum, þ.e. að semja um kaup sitt og kjör, verkfallsrétt o.s.frv. Ég hef sagt að slíkt á ekki að gera nema við allra brýnustu nauðsyn. Eftir að ég hafði skoðað þær fjölmörgu samþykktir sem hafa verið gerðar um bráðabirgðalögin, þeim var að sjálfsögðu mótmælt af launþegum eins og ætíð, vildi ég skoða vandlega hvort lengur mætti telja þá brýnu nauðsyn til staðar sem krefst þessa ákvæðis í lögum.

Ég ræddi við ýmsa aðila úr launþegahópum sem þar eru trúnaðarmenn, hvort menn vilja telja það fulltrúa þeirra eða ekki er allt annað mál. Það er rétt að ég hef ekki rætt þetta við Ásmund Stefánsson. Hins vegar hafa samþykktir ASÍ eftir þeirra þing legið glöggar fyrir og ég hef fjallað um þær við aðra menn og fengið þær skýringar sem ég taldi mig þurfa að hafa. Það er einnig rétt að ég ræddi við Ögmund Jónasson í gær að hans frumkvæði og satt að segja sé ég ekki að þær viðræður verði neitt verri fyrir það. Ég vil einnig upplýsa að í morgun átti ég fund ásamt mínum aðstoðarmanni með þremur stjórnarmönnum frá BSRB og nú rétt þegar þessi fundur var að hefjast átti ég ásamt tveimur öðrum ráðherrum fund með Ásmundi Stefánssyni og þremur öðrum frá ASÍ. Að baki þessarar ákvörðunar liggja að sjálfsögðu þau hörðu andmæli sem öll hafa beinst mjög að því mannréttindabroti sem felst í þessu ákvæði laganna og ég hef einnig sagt hér að ég vonaðist til þess að með því að afnema þetta ákvæði væri bæði verið að ganga til móts við hv. stjórnarandstæðinga, t.d. þá tvo flokka stjórnarandstöðunnar sem flutt hafa breytingartillögur um þetta ákvæði, og að sjálfsögðu til móts við launþega sem hafa svo harðlega andmælt þessu ákvæði sem mannréttindabroti. Ég hef einnig sagt að ég hef vonast til þess að með því að afnema þetta ákvæði yrðu fulltrúar launþega fremur fúsir til að setjast niður með stjórnvöldum og fjalla um hið afar erfiða ástand sem nú er í atvinnumálum þessarar þjóðar og ekki síst um það atvinnuleysi sem kann að blasa við ef ekki verður gripið í taumana.

Ég vísa því algjörlega á bug að um einhverjar brellur hafi verið að ræða hér í gær eins og látið var liggja að og sagt beinum orðum. Ég taldi mig þurfa að skoða áhrifin af því að fella þetta niður á ýmislegt annað í þessum lögum, m.a. vildi ég skoða hina

lögfræðilegu hlið þessara mála. Ég hafði ekki endanlegt samkomulag allra fyrir því að standa að þessu fyrr en upp úr kl. sex í gær, þ.e. stjórnarliða. Þetta vil ég að komi hér skýrt fram.

Menn segja nú að þetta sé lítils virði. Það getur hver litið á það sínum augum. Vonandi er það... (**Gripið fram í:** Einskis virði.) Jafnvel einskis virði, segja sumir. Það hefur Ögmundur Jónasson að vísu alls ekki sagt og alþjóð hlustaði á það sem hann sagði í Ríkisútvarpinu í gærkvöldi svo ég þarf ekki að vitna til þess fundar sem ég átti rétt áðan með þremur mönnum úr stjórn BSRB. Menn segja: Ef þetta á að ná tilgangi sínum þurfi að fella niður ýmis önnur ákvæði úr bráðabirgðalögunum og þeim staðfestingarlögum sem liggja fyrir, m.a. fyrri málsgr. 4. gr. laganna. Þessi málsgrein framlengir gildandi og síðast gildandi kjarasamninga til 15. febr. og vitanlega felst í því gagnvart sumum félögum, eins og t.d. BSRB, að samningar þeirra sem hefðu að öðrum kosti runnið út um áramótin framlengjast til 15. febr. Út af fyrir sig er ekkert óeðlilegt þó að þau félög, sem þannig er ástatt um, mótmæli þessu inngripi löggjafans. En það er ekki hægt að lesa þessa grein eina, menn verða einnig að lesa 12. gr. bráðabirgðalaga þessarar ríkisstjórnar sem gert er ráð fyrir að verði 1. gr. fyrri bráðabirgðalaga með þeim breytingartillögum sem liggja fyrir. Í þeirri grein eru allmörg ákvæði sem breyta ýmsum ákvæðum kjarasamninga, m.a. er ákveðið að allir skuli fá 1,25% launahækkun 15. febr. nk., jafnvel þeir sem ekki höfðu um hana samið, og þeir sem hefðu átt að fá slíka launahækkun síðar fá hana flutta fram til 15. febr. Í þessari grein er einnig sagt að þeir sem hafi samið um minna, ef ég man orðalagið rétt, skuli fá þessa launahækkun. Í þessari grein segir síðasta málsgreinin að óheimilt sé að semja um frekari launahækkanir eða eins og það er orðrétt, með leyfi forseta: „Frekari hækkun launa, kjaratengdra liða og hvers konar endurgjalds fyrir unnin störf en ákveðin er í öðrum málsgreinum hér er óheimil." — Svo ég fari aðeins lauslega yfir þetta. Sem sagt þarna er líka takmarkað samningsfrelsi.

Það má hins vegar vekja athygli á því að í þessari grein er ekkert um það sagt að ekki megi semja t.d. um félagslegar umbætur eða þess háttar liði. Hér er skýrt tekið fram að ekki megi semja um launahækkanir eða það sem túlkað verður sem slíkt.

Þá vaknar vitanlega sú spurning hvað gerist ef allt þetta er afnumið. Er þá ekki ljóst að kjarasamningar flestra aðildarfélaga ASÍ yrðu gildandi til 10. apríl? Þeir eru það samkvæmt því samkomulagi sem þessi félög gerðu. Þá stæðu hins vegar BSRB og ýmsir aðrir með lausa kjarasamninga frá áramótum og þá eru þessi félög vitanlega mjög misjafnlega stödd um áramótin. Ætlast menn þá til að þessi 1,25% launahækkun komi til framkvæmda ef einhverjir þættir eða einhverjar málsgreinar þessara tveggja lagagreina, 12. og 4. greinar í viðkomandi frv. og lögum, eru afnumin? Mér sýnist málið nefnilega alls ekki eins einfalt í raun og sumir hér vilja vera láta. Menn eru með mismunandi langa kjarasamninga. Sumir eru með kjarasamninga sem ná allt fram í september. Í þessum lögum eru ákvæði um að samkomulag sem gert hefur verið um hækkanir sem koma síðar á árinu skuli ekki afnumið. Þegar þessar ákvarðanir voru teknar voru þessi atriði mjög mikið rædd og m.a. rætt við ýmsa fulltrúa úr launþegastéttum. Menn voru þá að velta því fyrir sér hvort menn ættu að ógilda alla kjarasamninga frá 15. febr. Það var mikil andstaða við það. Margir sögðu: Það sem samið var um lengra verður að fá að gilda. Þess vegna held ég að megi segja að hér hafi verið farin millileið, að framlengja kjarasamninga sem runnið hefðu út um áramótin til 15. febr., leyfa hinum að vera í gildi sem eru lengri, en að veita öllum þessa launauppbót, 1,25%, 15. febr. hvernig sem kjarasamningar stæðu.

Ég er þess vegna sjálfur í afar miklum vafa um það að launþegum væri greiði gerður með því að afnema 1. mgr. 4. gr. eða t.d. að mestu leyti og þá líklega öllu leyti 12. gr. sem á að verða skv. brtt. 1. gr. Ég er ekki búinn að sjá það að menn nái samningum fyrir 15. febr., t.d. um 1,25% eins og ástandið er á vinnumarkaðnum. Ég verð að segja því miður er ástandið þannig. Ég er því ekki tilbúinn að standa að slíkri breytingu. Tel hana alls ekki vera launþegum til góða.

Menn hafa mikið rætt um það hvers vegna þetta ákvæði hafi verið sett inn sem bannar verkföll o.s.frv., þ.e. 2. mgr. 4. gr. Það er hárrétt eins og kom fram hjá síðasta ræðumanni að lögfræðingar hafa lagt til að þessi grein verði inni. Mér hefur verið kunnugt um það. Þeir hafa lagt til að slíkt ákvæði sé í bráðabirgðalögum. Ég hef ekki nægilega góða lögfræðilega skýringu á því en ég hef þó hlustað á mismunandi skoðanir lögfræðinga á mikilvægi þess að hafa þessa grein inni. Sumir lögfræðingar hafa sagt að með því að ríkisvaldið er að hrófla við gerðum kjarasamningum séu þeir í raun og veru úr gildi. Mér finnst sjálfum persónulega — ég legg áherslu á það, persónulega — frá siðferðislegu sjónarmiði mikið til í þessum rökum. Menn séu þá ekki lengur bundnir af hinum almennu ákvæðum vinnulöggjafarinnar. Ég legg hins vegar áherslu á það að mér er ljóst að mjög eru skiptar skoðanir á meðal lögfræðinga um þetta atriði.

Þeir sem líta svo á — og ríkisstjórnin lítur svo á, ég vil taka það fram — að kjarasamningarnir séu í gildi, og gengið er út frá því að þeir séu í gildi eins og um þá var samið, vitanlega eru þeir þá bundnir af hinum almennu ákvæðum vinnulöggjafarinnar, því ákvæði hennar að ekki skuli hefja verkföll á meðan kjarasamningar standa. Þetta hefur ætíð verið ljóst. Með því hins vegar að nema þetta ákvæði úr gildi stendur þó ekki þetta í vegi, sem fjölmörg launþegafélög hafa haldið fram, fyrir því að menn geti sest niður og farið að tala saman. Fjölmörg launþegafélög hafa sagt: Við getum ekki sest niður með þetta ákvæði í lögum. Og mér sagði formaður BSRB að hann teldi að með því að fjarlægja þetta ákvæði úr lögum

treystu þeir sér til að biðja um viðræður við ríkisvaldið strax um kaup og kjör. Þeim væri hins vegar fullkomlega ljóst að þeir gætu ekki knúið fram hækkun launa fyrr en eftir 15. febr. En hann tjáði mér að þeir hefðu áhuga á að ræða þar um ýmsa aðra hluti, félagslega hluti t.d. (**Forseti:** Það er komið fram að þingflokksfundum. Má ég biðja hæstv. forsrh. að fresta ræðu sinni?) Já, herra forseti, að sjálfsögðu. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Að vísu eru ýmsir þeir, og reyndar flestir, fjarverandi sem ég taldi mig þurfa að svara. Ég veit ekki hvort ég á að óska eftir því að þeir séu sóttir. Það er kannski rétt, eins og venjan er, a.m.k. ef um ráðherra er að ræða. (Gripið fram í.) Já, já, en ég get kannski komið að þér þá. Herra forseti, ef ég má snúa dálítið við minni ræðu skal ég koma að nokkrum atriðum í, ég vil segja, málefnalegri ræðu hv. þm. Eyjólfs Konráðs. Ég legg áherslu á það til að aðgreina hana frá ýmsum öðrum ræðum sem hér voru fluttar, m.a. lagði hv. þm. fyrir mig nokkrar spurningar sem sjálfsagt er að svara og reyndar vildi ég gjarnan ræða töluvert betur um efnahagsmálin.

Hv. þm. spurði: Telur ráðherra að afgreiðsla þessa máls, skattafrumvarpa og fjárlaga muni í einhverju bæta stöðu atvinnuveganna? Ég tel í fyrsta lagi afar mikilvægt að fyrir liggi afgreiðsla fjárlaga og afgreiðsla þessa máls sem fyrst, þannig að unnt sé að byggja á þeirri niðurstöðu þá efnahagsstefnu sem ríkisstjórnin verður að móta. Efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar byggist m.a. á hallalausum ríkisbúskap á næsta ári og efnahagsstefnan byggist líka á þeim aðgerðum sem þau staðfestingarlög sem hér eru til umræðu gera ráð fyrir. Þetta veit ég að hv. þm. getur verið mér sammála um þótt við kunnum að vera ósammála um mikilvægi þess að hafa t.d. hallalausan ríkisbúskap. Ég er þeirrar skoðunar að hlusta beri t.d. á fulltrúa atvinnuveganna. Ég vek athygli á þeirri merku nefnd forstjóra sem fyrrv. forsrh. skipaði og bað að gera tillögur um aðgerðir til aðstoðar útflutningsgreinunum. Þar var lögð höfuðáhersla á hallalausan ríkisbúskap. Ég get tekið undir það með hv. þm. að hallalaus ríkisbúskapur er ekki í öllum tilfellum a.m.k. óhjákvæmilegur. T.d. geta komið þeir samdráttartímar að eðlilegt sé að halli sé settur á ríkisbúskap eða fjárlög sveitarfélaga. Ég vek hins vegar athygli á því að skuldastaða þjóðarinnar er orðin ansi mikil eða nálægt 45% af þjóðarframleiðslu. Í þeirri skuldastöðu og í því útliti sem er fram undan þar sem gert er ráð fyrir minnkandi þorskafla tel ég afar vafasamt að auka þessar erlendu skuldir og halli á ríkissjóði getur mjög auðveldlega stuðlað að því nema þá mjög harðar aðgerðir séu annars staðar ákveðnar til að draga úr erlendri lántöku því vitanlega þarf ríkissjóður að fjármagna hallann, annaðhvort á innlendum markaði eða erlendum. Ef hann gerir það á innlendum markaði takmarkar hann aðgang annarra að lánsfé þar nema farið sé að ráðum hv. þm. og bindiskyldan afnumin. Um það hef ég satt að segja oft hugsað og hef oft lýst því yfir að ég tel að hv. þm. hafi ýmislegt til síns máls þar, en við verðum að viðurkenna það báðir að við höfum ekki hlotið hljómgrunn fyrir þær athugasemdir hjá t.d. Seðlabanka Íslands. Svo að ég svara því að ég tel að í þessum frv. séu mikilvæg atriði í þeirri viðleitni ríkisstjórnarinnar að bæta stöðu atvinnuveganna.

Ég get að sjálfsögðu bætt því við, eins og kom fram hjá hv. þm., að mikilvægt er að bæta skuldastöðu og eiginfjárstöðu atvinnuveganna. Og ég skil nál. stjórnarandstöðunnar þannig að hún telji að það eigi að hafa vissan forgang þó að menn séu svo e.t.v. ekki sammála um framhaldið. Nú hafa verið afgreiddir nokkrir tugir umsókna hjá Atvinnutryggingarsjóði og sú afgreiðsla hefur gengið sæmilega vel. Minni fyrirstaða hefur verið við skuldabréfin hjá ýmsum lánardrottnum en áður var talið þótt vart hafi orðið við það á einstökum stöðum að mér er tjáð. Ég held að við getum verið sammála um það að það er mikilvægt að breyta þessari miklu skammtímaskuldasúpu í lán sem eru viðráðanlegri. Sömuleiðis er gert ráð fyrir því að Atvinnutryggingarsjóður geti veitt lán, í kringum milljarð, til hagræðingar og Atvinnutryggingarsjóður gerir ráð fyrir því í samvinnu við Byggðastofnun og e.t.v., að því er mér er tjáð, sérstaklega ráðna sérfræðinga að veita þeim fyrirtækjum, sem ekki komast í gegnum ákvæði 2. gr. reglugerðar um Atvinnutryggingarsjóð, aðstoð til að hagræða og þá ekki síst til að auka eða bæta eiginfjárstöðu. M.a. eru hér brtt. við frv. sem undirstrika þá heimild sem var í reglugerðinni að Atvinnutryggingarsjóður geti keypt eignir fyrirtækja eða á annan máta stuðlað að því að fyrirtæki geti losað sig við eignir og þannig bætt fjárhagsstöðu sína.

Þá spyr hv. þm.: Hvernig hyggst forsrh. rétta af rangt gengi? Telur hann stórfelldar nýjar skattaálögur á fyrirtæki og almenning — ég sé ekki alveg hvað hv. þm. hefur skrifað hér, hann skrifar ekki betur en ég. (Gripið fram í.) Já. — geri einhvers konar niðurfærslu kostnaðarliða auðveldari en ella? (Gripið fram í.) Já, svo kemur: Gerir forsrh. sér grein fyrir þeim grundvallarstefnumun sem er á skattlagningarleið ríkisstjórnar hans og þeirri stefnu sem stjórnarandstaðan í heild boðar, m.a. með eftirfarandi orðum í nefndaráliti: „Verði gengið fellt er nauðsynlegt að mæta því með lækkun söluskatts á helstu nauðsynjar heimilanna.“ Fyrri lið, telur hann að stórfelldar nýjar skattaálögur á fyrirtæki og almenning geri einhvers konar niðurfærslu kostnaðarliða auðveldari, svara ég svo: Ég viðurkenni fúslega að hækkun skatta stríðir að vissu leyti gegn lækkun kostnaðarliða. En þarna eru menn að vega og meta þessi tvö markmið, hallalausan ríkisbúskap og lægri skatta. Ég hef lýst því áður að ég tel afar mikilvægt, og það er grundvallaratriði í stefnu ríkisstjórnarinnar, að ríkissjóður verði hallalaus. Og ég lýsti því hér áðan að í öllum þeim álitum sem atvinnurekendur hafa sent frá sér er lögð mjög mikil áhersla á það sem grundvallaratriði í þeirra viðleitni að ná skynsamlegum samningum á vinnumarkaði og

í þeirra viðleitni að reka sín fyrirtæki af skynsemi, að ríkissjóður sé rekinn hallalaus.

Þessi ríkisstjórn hefur gert mjög alvarlega og ítarlega athugun á ýmsum kostnaðarliðum fjárlaga og fjárlagafrv. og ríkisrekstrar og hefur ekki komist lengra með lækkun kostnaðarliða en raun ber vitni. Ég skal fúslega viðurkenna að ég tel að við þær aðstæður sem nú ríkja hefði vel komið til greina að ganga töluvert lengra með niðurskurð. Hins vegar verð ég þá um leið að viðurkenna að nokkuð langt er gengið þegar t.d. fjölmörgum deildum í sjúkrahúsum er lokað á sama tíma og biðlistar eru langir hjá fólki sem þarf afar nauðsynlegar aðgerðir. Ég held að til að ná í þessum mjög mikilvæga þætti ríkisgeirans verulegum sparnaði þurfi uppstokkun sem í raun tekur miklu lengri tíma en við höfum haft til þess.

Ég vil t.d. lýsa því að ég er sannfærður um að ef einhver umtalsverð hagræðing eða sparnaður á að verða í heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu verði nauðsynlegt að sameina sjúkrahús og sérhæfa þau í ákveðnum aðgerðum. Þetta hefur verið rætt fyrr. Ríkisstjórnin 1983–1987 fjallaði um hugsanleg kaup á Borgarspítalanum og vissa samræmingu í því sambandi. Menn vita hvaða deilur urðu af þeim málum. Svo að miðað við það að okkur hefur ekki tekist að ákveða meiri niðurskurð á útgjöldum ríkissjóðs eigum við ekki annan kost til að ná hallalausum ríkisbúskap en að hækka skatta, og ég viðurkenni að það stríðir vissulega, að vissu marki, gegn lækkun kostnaðar. Þarna verða menn að vega og meta.

Vegna seinni hluta spurningar hv. þm. tek ég það fram að það er langt frá því að mér sé ljós efnahagsstefna stjórnarandstöðunnar. Ég tel að menn hljóti að ætla sér að útfæra hana miklu, miklu ítarlegar en með því einfaldlega að segja: að leysa eigi efnahagsvandann, jú, með því að bæta eiginfjárstöðuna og síðan að fella gengi og lækka söluskatt. Ég get ekki litið á þetta nema sem einn lítinn anga af þeirri efnahagsstefnu sem ég er sannfærður um að reyndir þingmenn eins og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson hljóta að hafa í huga.

Hér hefur verið rætt um nokkra þætti í hinum almennu efnahagsmálum og erfiðleikum atvinnuveganna. Ég ætla að drepa á nokkra og koma síðar að genginu. Mikill launakostnaður í þjóðartekjum eða svokölluðum þáttatekjum, sem eru þjóðartekjur að frádregnum beinum sköttum, hefur verið hér til umræðu. Nýjar athuganir Þjóðhagsstofnunar leiða í ljós að þáttur launa í þessum hluta þjóðarteknanna hefur hækkað úr u.þ.b. 65–66% árið 1985–1986 upp í um 73% nú og er orðinn miklu hærri en er t.d. í öðrum nágrannalöndum okkar. Þetta er miklu meiri launahlutdeild en þjóðarbúið getur staðið undir.

Ég er hins vegar alls ekki staðinn hér upp til að segja að þessa miklu launahlutdeild eigi að rekja til kjarasamninga sem hafa verið gerðir. Ég vek athygli á því að bæði launþegar og vinnuveitendur hafa talið að yfirborganir launa næmu um 20% í þjóðfélaginu. Ef það er sú meðaltala sem yfirborganir eru skýrir þessi yfirborgun ein þá miklu hækkun sem hefur orðið á þætti launa í þjóðarbúskapnum. Jafnframt viðurkenni ég það, sem kom fram hér hjá einum ræðumanni, að vitanlega eru þessar tölur eins konar safntala og langt frá því að litið sé á hina ýmsu þætti.

Ég hef spurt að því og ekki fengið svar hvort inni í þessum tölum kunni að vera einhverjar tekjur af fjármagni. Mér hefur að vísu verið sagt munnlega að svo muni ekki vera, en ég hef beðið Þjóðhagsstofnun að athuga betur fyrir mig hvort inni í þeim séu slíkar tölur. Þarna kemur náttúrlega hvergi fram dreifingin sem ég held að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson hafi talað um. Dreifing launa í þjóðfélaginu kemur vitanlega á engan máta þarna fram og fyrstur manna skal ég taka undir það að lægstu launin í þjóðfélaginu eru of lág og við verðum að finna leiðir til að hækka þau þó að við séum ekki í þeirri stöðu í þeirri kreppu sem núna er. Engu að síður gefur þessi heildarsafntala til kynna að við höfum tekið of mikið út af þjóðarkökunni í launum. Vonandi dregur það úr yfirborgunum, og margt bendir til þess að það muni gerast á næstunni, að þessi tala lækki og lækki meira en Þjóðhagsstofnun hefur áætlað. Ég tel áætlun Þjóðhagsstofnunar um lækkun á þætti launa of lága. Þjóðhagsstofnun áætlar að þáttur launa lækki í rúmlega 72%. Ef dregur úr yfirborgunum eins og haldið hefur verið fram að þær séu á þessi tala að lækka mikið meira en Þjóðhagsstofnun gerir ráð fyrir.

Annað atriði sem vekur mikla athygli mína í þeirri ítarlegu umræðu sem hér hefur orðið, og það er verst að hv. 2. þm. Norðurl. e. er ekki hér, er að ég hef afar lítið heyrt minnst á gífurlegan fjármagnskostnað sem vandamál í íslensku atvinnulífi. Vitanlega hefur þó hv. þm. Júlíus Sólnes minnst á það og minnst á lánskjaravísitöluna og fleira sem ég ætla að koma að síðar. Ég hef hins vegar ekki heyrt, eða það hefur þá a.m.k. farið fram hjá mér, í ræðum hv. sjálfstæðismanna. Ég heyrði að vísu ekki ræðu hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar, því miður.

Ég vil vekja athygli á því að í þessari ítarlegu úttekt sem nú hefur verið gerð, og læt ég nægja að vísa í úttekt fjögurra þaulreyndra endurskoðenda á 29 fyrirtækjum. Hvað sýnir sú úttekt? Hún sýnir ýmislegt afar fróðlegt. Hún sýnir t.d. í frystingunni að til þess að mæta afskriftum og fjármagnskostnaði þarf um 15,7% veltunnar. Og þó — og ég bið menn að taka eftir því — er þá búið að taka inn sem tekjur reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga. Ef þessar reiknuðu tekjur vegna verðlagsbreytinga eru ekki teknar inn þarf 25% til að mæta vöxtum og afborgunum. Þetta sama er í raun gegnumgangandi í gegnum allar þessar greinar sem hér hafa verið teknar fyrir. T.d. kemur í ljós, sem ég skal viðurkenna að vakti afar mikla undrun mína, að vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur eru 36,1% af rekstrartekjum útgerðarinnar. M.ö.o. þegar Þjóðhagsstofnun metur 6% svokallað framlag til fjár-

magnskostnaðar, þá er það náttúrlega langtum lægri tala en þessi úttekt endurskoðendanna sýnir nauðsynlega.

Kannski má vekja athygli á því að úttekt endurskoðendanna og úttekt Þjóðhagsstofnunar ber mjög vel saman allt að fjármagnskostnaðinum. Þjóðhagsstofnun gerir í raun ekki tilraun til að meta fjármagnskostnaðinn og segir bara hvað mikið er til að mæta fjármagnskostnaði. Hér kemur í ljós að til að mæta þessum gífurlega fjármagnskostnaði þarf, ef við tökum ekki með reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga, svona 15–20% tekna. Það fer hátt upp í vinnulaun. Þess vegna vekur það mikla athygli mína að þm. hafa yfirleitt ekki talað um þennan gífurlega kostnaðarlið og hvernig á að lækka hann. Í þessum sömu töflum, sem allar hafa verið birtar og ég reyndar afhenti þingflokkunum fyrir allnokkru, kemur m.a. fram að skammtímaskuldir eru samtals 7½ milljarður, en hins vegar er velta þessara fyrirtækja samtals, þ.m.t. útgerðar, í kringum 11 milljarðar og skammtímaskuldir og langtímaskuldir teknar saman eru um 16 milljarðar á móti 11 milljarða tekjum.

Nú segja menn hér að eina lausnin á þessu vandamáli sé gengisfelling. Hér hafa menn talað tæpitungulaust um það. Ég get út af fyrir sig tekið undir það að afar æskilegt er að geta lækkað kostnaðarlið á móti og þá komum við hins vegar að því hvernig við náum jafnvægi á fjárlögum o.s.frv. Það er hins vegar ekki hægt að segja að síðasta ríkisstjórn hafi verið aðgerðalaus í þeim efnum. Síðasta ríkisstjórn felldi gengið í febrúar um 6% og í maí um 10% og það var mjög nálægt því sem atvinnuvegurinn bað um. Atvinnuvegurinn talaði um 4–10 í fyrra skiptið og í seinna skiptið um 10–13. Finnst mönnum engin ástæða til að spyrja: Hvers vegna hafa þessar aðgerðir runnið algjörlega út í sandinn? Jú, jú, það eru ýmsar skýringar til á því. T.d. verðfall og breyting á dollaranum o.s.frv. En það einfaldar myndina að mínu mati ákaflega mikið því að þótt verðfall hafi orðið í Bandaríkjunum og dollarinn hafi fallið seljum við stöðugt meira og meira af okkar afurðum til Evrópu svo að þetta verðfall og fall dollarans hefur haft miklu minni áhrif en áður var. Ég hef þess vegna óskað eftir því að þau 15 fyrirtæki sem Atvinnutryggingarsjóður lét okkur í té almennar upplýsingar um verði metin með tilliti til gengisfellingar, það verði beinlínis reiknað út fyrir hvert fyrirtæki hvað gengisfelling þýðir. Hvað bjargar það fyrirtækinu lengi? Hvað hækka skuldirnar mikið? Hvað hækkar fjármagnskostnaðurinn mikið? Við vitum að sumir liðir hækka. Það getur hver maður reiknað þetta lauslega í huga sér gagnvart þessum fyrirtækjum. Segjum 10% gengisfelling, þá hækka tekjurnar um rúman milljarð. Við skulum gefa okkur það að helmingurinn af því fari í ýmsar hækkanir, laun, rafmagn o.fl. Þá eru 500 millj. eftir. Skammtímaskuldirnar hækka um 750 millj. Jú, menn geta sagt: Við semjum um það áfram, en þær hækka um þetta og menn ná ekki samningum um allt. Langtímaskuldirnar hækka um 860 millj. Ég er því að láta reikna nákvæmar hvað gengisfelling þýðir fyrir þessi fyrirtæki. Mér er fullkomlega ljóst að gengisfelling fyrir hin sterku fyrirtæki, sem eru með góða eiginfjárstöðu og litlar skuldir, er vitanlega björgun.

Ég vil jafnframt taka það fram að þegar þessar tölur liggja fyrir hafði ég hugsað mér að bjóða til viðræðna við stjórnarandstöðuna og aðila vinnumarkaðarins um alla þessa útreikninga. Menn geta þá sest niður og hætt að boða annars vegar gengisfellingu og hins vegar niðurfærslu. Ég geri mér vonir um að menn skoði þá þessar tölur málefnalega, ég hef enga ástæðu til þess að ætla annað, og geri sér grein fyrir kostum og göllum við hinar ýmsu leiðir sem verður að fara til viðbótar við það sem nú er verið að gera.

Herra forseti. Ég gæti vitanlega lengi rætt um þessi efnahagsmál og væri full ástæða til og ég veit að það skapast tækifæri til þess síðar hér á fundinum eða síðar á fundum Alþingis, kannski ekki á þessum fundi, en ég er vitanlega fús til þess að halda áfram lengur ef þess er óskað.

Það eru þó örfá atriði enn sem ég vil nefna í sambandi við niðurfellingu seinni málsgreinar 4. gr., þ.e. bann við verkföllum og slíku. Ég rakti fyrir hlé að ég teldi vafa undirorpið að fella niður ýmis fleiri ákvæði þessara laga og ég væri ekki sannfærður um að það væri launþegum, a.m.k. öllum, til bóta gert.

Mér hefur verið bent á eitt atriði sem hafi komið fram í umræðu, og það er að í stað þess að segja í fyrri málsgrein að framlengdir skuli allir samningar til 15. febr. og sömuleiðis að í síðustu málsgrein 12. gr. segi að bannaðar séu hækkanir launa og launatengdra gjalda til 15. febr. segðu menn til gildistöku þessara laga. Hvað þýðir það í raun og veru? Þá væru samningar nokkurra félaga lausir eins og t.d. BSRB. Það breytti hins vegar engu um samninga ASÍ. Samningar ASÍ eru samkvæmt eigin samningum þeirra bundnir til 10. apríl og ég verð að viðurkenna það að mér fyndist þá vera stofnað til verulegs mismunar á milli aðila vinnumarkaðarins. Ef 1,25% gætu haldist, a.m.k. hjá þeim félögum sem yrðu þá með lausa kjarasamninga, hlýtur næsta spurning að vera þessi: Mundu menn treysta sér til þess að fara með lögum að rifta kjarasamningum ASÍ og VSÍ og ákveða með lögum að þeir skuli renna úr gildi um áramót? Ég treysti mér ekki til þess.

Ég nefndi einnig áðan að þetta atriði sem við töldum okkur í góðri trú vera að afnema til að ganga til móts við ýmsa aðila vinnumarkaðarins er eitt meginatriðið í kæru ASÍ til Alþjóðavinnumálasambandsins. Þar er sérstaklega tekið fram — ef ég má lesa það, herra forseti, á ensku: að „any kind of action for the purpose of amending wages and terms agreements is abolished by the act“ eða m.ö.o. að sérhver tilraun, viðleitni til að breyta launum sé bönnuð með þessum lögum og það er nákvæmlega það sem þessi 2. mgr. segir mjög ákveðið.

Ég nefndi það einnig að nokkuð skiptar skoðanir væru um það í raun og veru hvort verkfallsréttur væri til staðar á tímabilinu frá því að þetta ákvæði er fellt niður og til 15. febr. Ég sagði að ég hefði heyrt lögfræðinga vera nokkuð ósammála um það atriði. Ég ætla, með leyfi forseta, að vísa hér í Arnmund Backman sem hefur skrifað viðurkennt rit um vinnuréttinn ásamt Gunnari Eydal. Í þessu sambandi er vísað til svokallaðrar friðarskyldu sem er túlkuð þannig að ekki sé leyfilegt að beita verkfalli eftir að samningar eru gerðir til að breyta ákvæðum samninganna. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þar sem reglan um friðarskyldu bannar vinnustöðvanir á gildistíma kjarasamninga nær friðarskyldan þó aðeins til þeirra atriða sem kjarasamningur inniheldur. Þess vegna er ekki loku fyrir það skotið að á milli aðila sem bundnir eru kjarasamningi geti komið til kröfugerðar og jafnvel vinnudeilna ef deilt er um atriði sem ósamið er um í kjarasamningi. Hér geta auðvitað margs konar tilvik komið upp, svo sem þau að stofnað sé til nýs starfssviðs, ný verkefni eða ný tæki komi til sögunnar eða ósamið er um ákveðinn hluta vinnunnar."

Ef við göngum út frá því að lögin bindi kjarasamningana til 15. febr., sem ég geri, þá gildir friðarskylda, sem ég hef að vísu heyrt einstaka lögfræðinga draga í efa þar sem ekki sé þar um frjálsa samninga að ræða, en ég held að það geti samt ekki staðist, þá telur samt Arnmundur Backman að beita megi verkföllum til að knýja fram ýmsa aðra þætti í samningum á milli aðila en beinlínis þá sem um er samið og taldir eru upp í þessum lögum.

Herra forseti. Ég læt þessu lokið. Ég sé að hv. 2. þm. Norðurl. e. hefur ekki fyrir því að hlusta á það sem hann hefur þó krafist að ég ræddi. Ég sé því ekki ástæðu til þess að halda lengur áfram.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég held að það sé ágætt að hv. deild ræði þessi mál í rólegheitum sem hér eru uppi, bæði hin almennu efnahags- og atvinnumál og ekki síður bráðabirgðalögin að því er snertir vinnudeilumálin sérstaklega.

Hæstv. forsrh. hefur farið ítarlega yfir þessa þætti, bæði varðandi stöðu atvinnuveganna og eins þessi vinnudeilumál, og er í sjálfu sér ekki ástæða til þess að lengja þá umræðu sérstaklega að öðru leyti en því að ég vil vísa til þess að þær tölur sem hann flutti hér um stöðu atvinnufyrirtækjanna hljóta náttúrlega að vera talsvert alvarlegt umhugsunarefni, að fyrirtæki sem velta 11 milljörðum kr. skuldi 16 milljarða kr. Menn geta svo spurt sig alveg í fullri einlægni: Er það endilega rétt að segja sem svo að gengislækkun hljóti að leysa þann vanda sem hér er uppi?

Ég vísa til þess álits sem fram kom frá forstjóranefndinni sl. sumar þar sem menn voru þeirrar skoðunar að gamaldags gengislækkun, ef ég má nota það orð, gæti í raun og veru ekki leyst vanda fyrirtækjanna með þeim hætti sem menn töldu þá og telja enn að sé óhjákvæmilegt að gera. Þetta finnst mér vera talsvert mikið umhugsunarefni og gera það að verkum að viðhorf atvinnurekenda til gengisbreytinga séu núna allt önnur en þau voru t.d. á tímum viðreisnarstjórnarinnar af eðlilegum ástæðum, í fyrsta lagi þeirri ástæðu að þá voru skuldir fyrirtækjanna ekki á sama hátt á erlendum grunni og þær eru núna, í öðru lagi vegna þess að vextir voru þá yfirleitt lægri en þeir eru núna og í þriðja lagi vegna þess að viðreisnarstjórnin tók alltaf um það ákvörðun í leiðinni, bæði í gengisbreytingunum 1967 og 1968, að þrátt fyrir þessa gengisbreytingu skyldi kaupgjaldsvísitala ekki hækka sem svaraði gengisbreytingunni. Það þýddi m.ö.o. það að sú fjölgun á krónum sem menn fengu út úr gengisbreytingunum hélst lengur inni hjá fyrirtækjunum nettó en er við núverandi aðstæður sem hafa sem sagt breyst í fyrsta lagi með þessum hætti að fyrirtækin skulda núna í erlendri mynt, fjármagnskostnaður er hærri og allir vita að þó að kaupgjaldsvísitala sé ekki í gangi munu verkalýðsfélögin, strax og þau hafa möguleika til, sækja viðbót út á þá kaupskerðingu sem í gengislækkuninni felst. Þá kemur aftur á móti þessi hugmynd sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson er hér með, og ég verð að segja alveg eins og er að ég dáist að honum fyrir það hvað hann er duglegur við að hamra á þessu. Ég dáist að honum sérstaklega fyrir það að yfirleitt alltaf þegar hann er að flytja þessar ræður sínar er að jafnaði fjöldi manns í salnum sem yfirleitt hristir hausinn, a.m.k. hér í þessu húsi. En ég hlusta á hann og ég segi þá um úrræðið sem hann hefur á hina hliðina að því er launafólkið varðar sem er niðurfærsla kostnaðar: Þetta er aðferð sem oft hefur verið notuð í tengslum við gengisbreytingar. Það var t.d. gert haustið 1978 þegar söluskattur var felldur niður af matvörum og það nam í vísitölu 3–4 prósentustigum og söluskattur var felldur niður af fleiri lífsnauðsynjum og niðurgreiðslur voru auknar sem eru í raun og veru kannski hliðstæð aðgerð eða hugsuð með hliðstæðum hætti. Þetta gerðist í raun og veru á móti gengisbreytingunni sem þá var ákveðin líka. Kaupmáttur launanna styrktist því þrátt fyrir gengislækkunina af því að menn ákváðu að taka þarna út tiltekinn kostnað hjá heimilunum í landinu með því að minnka þessa óbeinu skatta ríkisins. Sú ríkisstjórn var hins vegar þeirrar skoðunar, eins og ríkisstjórnir hafa alltaf verið hvað svo sem þær hafa gert, greyin liggur mér við að segja, og hvað svo sem menn kunna að gera í framtíðinni þegar hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson er farinn að ráða þessu öllu, eða einhverju, að það þyrfti að ná jafnvægi í ríkisfjármálunum. Og á móti þeim óbeinu sköttum sem hún sleppti voru lagðir á beinir skattar, m.a. mjög umdeildir skattar sem við bárum ábyrgð á og menn töldu að væri hæpið að leggja á eins og við gerðum af því að þeir voru að nokkru leyti afturvirkir. Þeir voru miðaðir við tekjur fyrra árs, ársins 1977, og um þetta voru miklar deilur eins og eðlilegt er.

En þá kem ég að spurningunni: Skyldi nú öll

stjórnarandstaðan vera alveg í takt í þessum punkti? Ég skil það út af fyrir sig vel að öll stjórnarandstaðan geti náð saman um það að lækka eigi óbeina skatta, um 5% í söluskatti var nefnt hérna, að ég held. Sem þýðir 8000 millj. kr. út úr ríkissjóði 1989. Það er náttúrlega talsverð upphæð. Allir skattar félaga á næsta ári eru taldir verða upp undir 2½ milljarður svo ég nefni dæmi til samanburðar og allt skólakerfið kostar á næsta ári samkvæmt fjárlagafrv. eitthvað um 12.000 millj. kr. Sem sagt, menn eru þarna með hugmynd um það, eða hvað, að fella niður tekjur úr ríkissjóði sem duga þó til að kosta ¾ hluta af skólakerfinu. Það er alveg ljóst að þingmenn þeir sem standa að þessum hugmyndum vilja ekki skera niður skólakerfið um ¾. Það væri auðvitað bara fölsun að gera þeim upp slíkar hugmyndir. Spurningin er þá: Hvernig ætla þeir að reka skólakerfið eða aðra félagslega þjónustu þrátt fyrir þennan niðurskurð á tekjum ríkissjóðs? Ein leiðin í þessu efni er þá sú að leggja á beina skatta í staðinn fyrir hina óbeinu og halda þannig jafnvægi í ríkissjóði. Ég hygg að það sé mjög erfitt að ná um það samstöðu að hækka beina skatta um 8000 milljónir kr. í staðinn fyrir þá skatta sem er í raun og veru verið að leggja til að verði felldir niður. Ein leiðin er þá sú að leggja á beina skatta upp á 8000 millj. kr. í staðinn fyrir þá óbeinu skatta sem stjórnarandstaðan vill fella niður. Ég fullyrði að milli stjórnarandstöðuflokkanna er engin samstaða um þetta mál. Þeir eru ekkert búnir að gera það upp við sig hvað eigi að koma í staðinn fyrir þessa 8000 millj. kr. tekjulækkun ríkissjóðs sem þeir eru að tala um.

Önnur leiðin er þá sú að skera niður, skera niður hina almennu þjónustu ríkisins upp á 8000 millj. kr. og, eins og ég sagði áðan, eru þetta ¾ af skólakerfinu. Enginn maður í stjórnarandstöðuflokkunum er inni á því að skera niður skólakerfið og heldur ekki heilbrigðiskerfið væntanlega. Ég held að það tal sem uppi er í sambandi við niðurskurð á ríkisbúskapnum sé oft í raun og veru byggt á býsna miklum misskilningi, þeim að þarna sé hægt að sækja stórkostlega fjármuni. Hvað er ríkisbúskapurinn? Það er kaup fólksins sem vinnur þar í grófum dráttum. Auðvitað er hægt að spara ýmislegt en það eru engir milljarðar á móts við þessar 8000 millj. sem menn eru að tala um að fella niður. Auðvitað mætti haga t.d. tannlæknaþjónustu hér öðruvísi og spara þar örugglega nokkur hundruð millj. kr. Auðvitað mætti haga t.d. lyfjakostnaði öðruvísi og spara þar nokkur hundruð millj. kr. Ég er hins vegar alveg sannfærður um það að að því er tekur t.d. til heilbrigðiskerfisins að öðru leyti, tökum sem dæmi þjónustuna við aldraða, vantar okkur meiri peninga. Það er ekki þannig að það sé hægt að minnka þar neitt verulega. Sums staðar er staðan beinlínis þannig að það mætti reyndar spara peninga annars staðar með því að auka útgjöld við ákveðna þætti heilbrigðisþjónustunnar eins og t.d. með því að styrkja hjartaskurðlækningar á Landspítalanum sem mundi þýða sparnað á öðrum útgjöldum ríkisins á sama tíma. En ég er sannfærður um það að þarna eru engar 8000 milljónir.

Þriðja leiðin sem menn hljóta þá að velta fyrir sér er sú að gera ekki neitt annað en að fella þetta niður, þ.e. láta þjónustuna halda áfram og leggja ekki á beina skatta heldur reka ríkissjóð með halla upp á þá eitthvað um 8000 eða 5000–10.000 millj. kr. eftir því hvar það lendir og það er nokkurn veginn það sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson er yfirleitt að benda á. Þá er málið auðvitað þannig: Hvað er halli á ríkissjóði? Halli á ríkissjóði er skuldasöfnun. Það er óhjákvæmilegur hlutur að þá þjónustu sem er borguð svo að segja með hallanum verður að borga með einhverjum seðlum og þeir eru teknir að láni.

Þá eru tvær leiðir í grundvallaratriðum til í þeim efnum. Önnur er sú að taka erlent lán til þess að halda uppi rekstri ríkisins, til að greiða m.a. laun opinberra starfsmanna, og það er leið sem við viljum ekki fara. Við höfum verið algjörlega sammála um það að það eigi ekki að taka erlend lán til þess að standa undir rekstri ríkisins. Ég hef a.m.k. verið þeirrar skoðunar. Menn hafa stundum seilst til þess að taka jafnvel erlend lán í ýmsar framkvæmdir í hinu félagslega kerfi en til rekstrarins hafa menn ekki tekið erlend lán. Það eru að vísu til dæmi um slíkt, mjög takmörkuð, og þau eru engan veginn til fyrirmyndar og um það erum við öll sammála.

Hin leiðin er þá sú að fjármagna þetta innan lands. Jú, það er sjónarmið út af fyrir sig. Þá bendi ég á það að í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að fjármagna talsvert innan lands af lánsfjárþörf í raun og veru fyrst og fremst B-hluta ríkissjóðs. Ég man ekki alveg töluna, en þar er um verulegar upphæðir að ræða og það er alveg augljóst mál, hjá þessari ríkisstjórn eins og þeirri síðustu og næstsíðustu og alltaf, að menn í raun og veru setja þessa tölu býsna hátt þegar verið er að vinna í fjárlagafrv. Og reynslan hefur oft orðið sú að það hefur orðið erfitt að taka alla þessa fjármuni að láni á innlendum markaði sem menn hafa verið að tala um. Þess vegna er ég þeirrar skoðunar að þessir peningar, sem þarna þyrfti að taka að láni á móti í mesta lagi 8000 millj. kr. eða hluta af þessum 8000 millj., fengjust ekki nema ríkið kastaði sér út í enn þá harðari samkeppni um fjármagnið en það þegar hefur gert, sem þýðir það að vextir hækka, sem þýðir það að atvinnulífið hefur minni aðgang að fjármagni en það hefur í dag og verður að borga það fjármagn sem það fær með hærri vöxtum en nú eru þegar greiddir og þykir þó víst flestum nóg um. Spurningin er þá um það hvort menn vilja í þessu sambandi gera tilraun til þess að segja: Tökum bara bindiskylduna út úr Seðlabankanum til að leysa þetta. Það er nú ekki alveg svo einfalt vegna þess að þeir peningar sem þar eru eru í notkun með ýmsum hætti. Þeir eru eins og við ræddum um hér fyrir nákvæmlega 10 árum, ég og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, reikningslegt mótvægi — eins og það heitir í Seðlabankanum og er eiginlega alveg

óskiljanlegt, en ég hef svo gaman af að nefna þetta af því að hv. þm. hefur dálítið gaman af þessu orðalagi líka og við munum báðir eftir þessari tölu enn þá — á móti ýmsum stærðum sem fara annars staðar út úr Seðlabankanum. (Gripið fram í.) Ýmsar stærðir eru nú bara rétt og slétt íslenska. Í því tilviki var því um það að ræða að þessi bindiskylda stóð á móti afurðalánum sjávarútvegsins. Þá voru þau öll fjármögnuð í gegnum Seðlabankann eins og menn muna. Síðan hefur það farið að hluta til í viðskiptabankana og bindiskyldunni hefur verið breytt o.s.frv. Ég held því að í þessu dæmi séum við í raun og veru ekki á leiðarenda með þessum hugmyndum sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson hefur rakið hér nú og oft áður. Ég segi hins vegar fyrir mig að ég vildi gjarnan að við værum þar á leiðarenda. Það væri svo einfalt. Það væri svo þægilegt. Reka ríkissjóð bara með halla, lækka skattana, vesen að vera að borga alla þessa skatta. Halda félagslegri þjónustu gangandi, leggja vegi, byggja spítala, byggja skóla, styrkja Byggðasjóð og reka ríkissjóð með halla og þurfa aldrei að svara spurningunni: Og hvað svo? Ég vildi óska þess að pólitíkin væri þannig en hún er það ekki.

Svona sé ég þessi mál fyrir mér. Nú er það hins vegar alveg rétt sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson hefur sagt og mjög margir og m.a. hef ég oft sagt það úr þessum ræðustól og hinum þarna fyrir handan líka: Lausnin á efnahagsvandanum er auðvitað ekki jafnvægi í ríkissjóði. Það er auðvitað 100% klárt. Jafnvel þó að menn reki ríkissjóð svoleiðis sléttan að það sjáist ekki gráða á hallamálinu dugir það ekki til. Það þarf fleira að koma til og reyndar fyrst að koma til. Hvað er það? Það er að hér sé í landinu framleiðsla, atvinna og verðmætasköpun. Og það er alveg hárrétt að þegar menn eru að vega þessa hluti alla saman á að skoða þá alla í senn. Það á að skoða fyrirtækin og framleiðsluna, afkomu fólksins sem vinnur við fyrirtækin og framleiðsluna eðlilegan vinnudag, stöðu ríkissjóðs og stöðu þjóðarinnar gagnvart útlöndum. Allt þetta þarf að hafa undir í senn.

Ég spyr okkur öll hér inni: Hefur okkur ekki í raun og veru mistekist alveg hrapallega í þessum stjórnmálasviptingum undanfarinna ára og undanskil ég engan í þeim efnum, ekki heldur þann sem hér stendur, þegar við stöndum frammi fyrir því að eftir eitthvert mesta góðæri sem þjóðin hefur upplifað á eftirstríðsárunum, ég hygg bara í sögu lýðveldisins, stöndum við með þennan mikla viðskiptahalla, þennan mikla halla á ríkissjóði, og þurfum á sama tíma að taka á þeim efnahagsvanda sem fylgir því að það er dálítill samdráttur í ytri aðstæðum hjá okkur, raunar talsverður? Þetta er mér umhugsunarefni. Ég velti þessu fyrir mér og áskil mér rétt til að hlusta grannt á alla. Ég tel ekki að í nefndaráliti stjórnarandstöðunnar sé lausn á öllum málum, en ég les með áfergju allt sem ég sé um þessi efni vegna þess að þannig getum við kannski komist að niðurstöðu ef við vöndum okkur og reynum að skilja hvert annað. Ég held að umræðan um stjórnmál hér á Íslandi sé reyndar oft á tíðum allt of einhliða. Einn daginn eru það fyrirtækin, menn eru uppteknir af því, annan daginn er það skuldasöfnunin við útlönd, þriðja daginn er það kaupmátturinn, fjórða daginn er það svo ríkissjóður. En það er svo fjarska erfitt að halda umræðunni þannig að menn sjái alla þessa hluti í samhengi. Og ég verð að segja alveg eins og er að ég þakka fyrir það að þessi umræða skuli hafa hafist hér. Ég er ekki að segja að hún leysi í raun og veru neitt annað en það að hún hjálpar okkur kannski til að skilja, hægt og bítandi, þegar þeim stóru orðum sleppir sem við látum oft falla hvert við annað.

Ég vil þá aðeins að lokum, herra forseti, víkja lauslega að þeirri umræðu sem hér hefur farið fram, um þá tilkynningu sem forsrh. greindi frá fyrir réttum sólarhring, að það væri skoðun ríkisstjórnarinnar að fella bæri niður síðari málsl. 4. gr. bráðabirgðalaganna frá í vor. Ég fæ ekki skilið með góðu móti af hverju menn eru svo uppnæmir út af þessari ákvörðun öðruvísi þá en þannig að menn séu svona tiltölulega ánægðir með hana, vegna þess fyrst og fremst að hér er verið að fella niður grein sem í rauninni þýðir mjög skert mannréttindi eins og oft hefur verið sagt. Ég hefði haldið að það ætti að vera öllum fagnaðarefni að slík ákvörðun er tekin. Ég heyri það í máli hv. 2. þm. Norðurl. e. orðað þannig að þetta skipti í raun og veru engu máli. Ég segi það fyrir mitt leyti, fyrir mig skiptir þetta mjög miklu máli sem þingmann, aðila sem á auðvitað alla ábyrgð í þessu efni sem aðili að núv. ríkisstjórn. Þegar menn eru að segja að menntmrh. geti nú ekki vikist undan ábyrgð í þessu efni vil ég segja þetta við alla hér: Það hefur mér aldrei dottið í hug. Ég hirði það sem ég á umyrðalaust. Það er misjafnlega þægilegt, misjafnlega auðvelt, en ég hirði það. Og ég bið ekki nokkurn mann um að gera tilraun til að létta þeirri ábyrgð af mér sem ég á.

Ég vil reyndar hafa það þannig í stjórnmálum að menn kannist við það sem þeir bera ábyrgð á. Mér finnst stundum að á það hafi skort. Og mér finnst stundum að stjórnmálaumræðan sé á býsna flatneskjulegu plani þegar menn reyna að skjóta sér undan ábyrgð á hlutunum sjálfir og varpa henni einvörðungu yfir á aðra. Ég ber hér ábyrgð eins og aðrir sem eiga aðild að núverandi ríkisstjórn. Það skal vera alveg skýrt. Ef menn hafa gaman af því að hengja mig fyrir það þykir mér það leiðinlegt, að menn skuli vera þannig innrættir, fyrst og fremst. Ef þetta er veruleikinn þá hefur það sinn gang. Það hins vegar stækkar ekki þessa menn í mínum augum verð ég að leyfa mér að segja, herra forseti.

Þegar yfirlýsing ríkisstjórnarinnar birtist fór fram viðtal í sjónvarpsstöðinni Stöð 2 við forseta Alþýðusambandsins þar sem hann sagði orðrétt, með leyfi forseta: „Þetta eru, eins og Steingrímur sagði, grundvallarmannréttindi. Við höfum haft uppi mikil mótmæli gagnvart þessu og ég fagna því að það skuli vera tekin ákvörðun um það að svipta þessu ákvæði

út.“ Orðrétt. Ég ætla ekki að vitna í ummæli formanns Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Þau hafa verið rakin hér áður, hygg ég. Hins vegar hefur forseti Alþýðusambands Íslands bent á þá staðreynd að það er auðvitað flókið mál fyrir verkalýðshreyfinguna að komast út úr ferli eins og því sem ákveðið er með lögum. Lagainngrip í kjarasamninga er mjög erfitt, að ekki sé meira sagt, við þær aðstæður að menn svipta út margra mánaða kafla gerðra kjarasamninga. Og spurningin er þá um þetta: Hvar er upphafspunkturinn að nýju? Hver fær að byrja að nýju eins og það er stundum orðað? Það er ekkert einfaldur hlutur og þetta auðvitað sýnir okkur hvað það er óheppilegt að gripið er til aðgerða til þess að hafa áhrif á kjarasamninga með þessum hætti. Niðurstaða forseta Alþýðusambandsins er því í raun og veru sú, eins og ég hef skilið hann, að í fyrsta lagi telji menn það vera mikilvægt að þetta atriði er úti. En það er erfitt að aðlaga veruleikann því þegar lögin renna út á sínum tíma af því að samningar eru bundnir þrátt fyrir það að þetta ákvæði fer út.

Ég satt að segja skil hins vegar ekki þegar menn setja þetta þannig upp að þessi yfirlýsing forsrh. í gærkvöld og ákvörðun ríkisstjórnarinnar sé í rauninni slæm vegna þess að hún fjölgi deilumálum aðila vinnumarkaðarins. Það er haft eftir Vinnuveitendasambandi Íslands. Það kemur mér út af fyrir sig ekki á óvart að Vinnuveitendasamband Íslands skuli kvarta yfir þessari ákvörðun, fyrst og fremst vegna þess að Vinnuveitendasamband Íslands hefur getað sagt að undanförnu: Við viljum ekki fara í viðræður um eitt eða neitt á meðan þessir hlutir eru svona bundnir í lögum. Það er auðvitað alveg augljóst mál að þessi ákvörðun þýðir það að greitt er fyrir því að aðilar vinnumarkaðarins geti rætt um sín mál með eðlilegum hætti og það er í raun og veru ein meginforsenda þessarar ákvörðunar.

Í öðru lagi gagnrýndi aðaltalsmaður Sjálfstfl. í þessari umræðu áðan ríkisstjórnina fyrir það að þetta lýsti lausung í stjórnarfarinu. Mér er spurn: Vill þá Sjálfstfl. halda þessari málsgrein inni? Þrátt fyrir 40 mínútna langa ræðu hv. þm. Halldórs Blöndals tókst honum ekki að uppljóstra því óttalega leyndarmáli hver væri í raun og veru afstaða Sjálfstfl. til greinarinnar. (**SalÞ:** Það kemur.) Það kemur, segir hv. þm. Salome Þorkelsdóttir. Ég vona að það liggi fyrir. En umræðan af hálfu Sjálfstfl. með stuðningi þeirra þm. íhaldsins sem hér eru enn þá hefur byggst á því að þetta hafi verið röng ákvörðun af því að hún trufli aðila vinnumarkaðarins og valdi lausung í stjórnarfarinu. Og mér er spurn: Talar Sjálfstfl. í þessu efni fyrir hönd stjórnarandstöðunnar eins og hann er að reyna að gera hér í hverju einasta máli? Það satt að segja veldur mér nokkurri furðu ef menn eru þeirrar skoðunar hér að rangt sé að svipta þessu út þó ekkert annað gerist í sambandi við þessi lög.

Hv. þm. Halldór Blöndal rökstuddi mál sitt með því að frá fornu fari væri það venjan að hafa slíkt jákvætt ákvæði inni í lögum sem taki á vinnudeilum. Þetta er orðrétt vitnað í þm., jákvætt ákvæði. Staðreyndin er sú að hliðstæð ákvæði hafa verið inni í lögum áður, já, en fyrst og fremst lögum sem tekið hafa á takmörkuðum vinnudeilum. Ég hygg að ekki séu mörg dæmi um það að ákvæði af þessu tagi sem Sjálfstfl. kallar jákvætt ákvæði hafi verið inni í slíkum almennum kjaramálalögum. Og það er rétt, sem hæstv. forsrh. benti á áðan, að grundvallaratriði í kæru Alþýðusambands Íslands til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar var þetta. Og í ljósi þessa alls, hvernig stendur þá á öllu þessu ofboðslega írafári hjá íhaldinu? Hvað eiginlega er þetta? Haldinn hér kreppufundur í deildinni í gærkvöldi, formaðurinn allt í einu mættur á staðinn til að rétta af liðið gagnvart þessum óskaplegu ótíðindum sem hæstv. forsrh. flutti hér rétt fyrir kl. 7 í gærkvöld. Það skyldi þó ekki fyrst og fremst vera það að Sjálfstfl. og þm. hans höfðu á því sérstakan pólitískan áhuga að hengja einstaka stjórnarþingmenn í sambandi við þetta mál. Það skyldi þó ekki vera sá glæpur sem var frá þeim tekinn sem olli því að þeir trylltust svo að segja og slepptu sér hér í stólnum í gærkvöld milli kl. 7 og 8 þegar þjóðin var að öðru leyti að meðtaka sína venjulegu næringu.

Forsendan fyrir þessari ákvörðun er auðvitað alveg skýr. Hún er sú að auðvelda mönnum að ræða málin, auðvelda það að unnt sé að taka upp viðræður um forsendur launa-, efnahags- og atvinnumálastefnunnar á árinu 1989 þegar þjóðin stendur frammi fyrir miklum efnahagsvanda. Forsendur þessarar ákvörðunar eru líka þær sem fram komu í máli hæstv. forsrh. í gærkvöld, hvernig staðan er í atvinnulífinu hér í þessu landi og það skiptir mjög miklu máli að það takist að ná sem allra bestum viðræðum og niðurstöðum um þann vanda sem augsýnilega blasir við, ekki aðeins forráðamönnum fyrirtækja heldur líka launafólki í þessu landi. Þess vegna er verið að greiða fyrir því að farsæl lausn fáist á stórum vanda. Og þó að stjórnarandstaðan sé eðli málsins samkvæmt á móti ríkisstjórninni hélt ég nú kannski að a.m.k. einn og einn í þeim hópi skildi að hér er um að ræða skynsamlega pólitíska niðurstöðu andspænis þeim mikla vanda sem þjóðin öll verður að glíma við á næsta ári.

Karl Steinar Guðnason:

Hæstv. forseti. Sjaldan hef ég upplifað aðra eins revíu og hér í hv. deild í gærkvöldi. Ríkisstjórnin tók ákvörðun í gærmorgun um að leggja til að fellt verði niður ákvæði úr bráðabirgðalögum sem hefur verið mikill þyrnir í augum verkalýðshreyfingar og einstakra þm. stjórnarliðsins. Í meðferð frv. hér á þingi hefur þetta ákvæði verið harðlega gagnrýnt og þingmaður Borgfl. gert skýra tillögu um niðurfellingu þess. Þingmenn Kvennalista hafa og gert tillögu um niðurfellingu þessa ákvæðis. Þá er það vitað að ég og hv. þm. Karvel Pálmason gerðum í vor fyrirvara um samþykkt þessa ákvæðis. Við töldum það ögrandi og óþarft.

Verkalýðshreyfingin hefur bent á þetta ákvæði og

talið það sérstaklega forkastanlegt og líkt því við aðgerðir pólskra stjórnvalda gegn frjálsri verkalýðshreyfingu þar í landi og gert margar samþykktir um það. Það var ákveðið í gær, í því skyni að skapa betra og eðlilegra andrúmsloft milli verkalýðshreyfingar og stjórnvalda og til að verða við tillögum einstakra þm., að fella niður þetta ákvæði. Þá hófst revían.

Þm. Sjálfstfl. sem reyndar höfðu sjálfir samþykkt þetta ákvæði og engar athugasemdir gert umhverfðust gersamlega og lýstu vonbrigðum sínum á áhrifamikinn hátt, töluðu um svik, það væri farið aftan að stjórnarandstöðunni og margt enn þá verra. Í síðustu ræðu hv. 2. þm. Norðurl. e. lýsti hann því yfir að niðurfelling banns við verkföllum og verkbönnum hefði átt sér stað vegna sérstakrar og mikillar baráttu þeirra sjálfstæðismanna hér í hv. Ed. Þessi hetjusaga birtist þjóðinni einnig í sjónvarpinu hvar rætt var við hv. þm.

Eftir matarhlé í deildinni var annað hljóð komið í strokkinn. Þá hafði herráð Sjálfstfl. allt verið kallað saman og var niðurstaða þess að niðurfelling ákvæðis um bann við verkföllum skipti nákvæmlega engu máli. Í viðræðum við formann BSRB í fjölmiðlum kom hins vegar skýrt fram að hér væri um áfangasigur að ræða. Tónninn var jákvæður og byggður á raunsæju mati. Í fjölmiðlum var og rætt við forseta ASÍ. Svo vill til að þau bráðabirgðalög sem hér er rætt um snerta ASÍ minna en önnur launþegasamtök. Kjarasamningar yfirgnæfandi fjölda félaga ASÍ eru í fullu gildi og renna ekki út eða falla úr gildi fyrr en 10. apríl nk. Í bráðabirgðalögunum var ákvæði sem tryggði það að þeir sem ekki höfðu gengið frá kjarasamningum fyrir þessa lagasetningu hækkuðu í launum um 10%, þ.e. það var tryggt að enginn yrði afskiptur.

Afskipti stjórnvalda af kjarasamningum eru ekki ný af nálinni. Þau hafa tíðkast frá upphafi lýðveldisins og fyrr. Þar hafa flestir stjórnmálaflokkar sem þorað hafa að taka á sig ábyrgð komið að verki. Þessi afskipti hafa oft verið andstæð verkalýðshreyfingunni og því vakið úlfúð og mótmæli, en afskiptin hafa ekki einungis verið neikvæð. Verkalýðssamtökin sjálf hafa margoft farið fram á afskipti stjórnvalda og í mörgum tilfellum samið við stjórnvöld um meiri háttar félagslegar úrbætur. Þannig hefur verkalýðshreyfingunni tekist að hafa mikil áhrif á mótun velferðarkerfisins. Oft hefur frumkvæði og forusta verkalýðshreyfingar gagnvart stjórnvöldunum orðið til þess að koma á úrbótum sem fært hafa íslenska launþega nær félagslegu öryggi í launajöfnuði og atvinnuöryggi en nokkur kostur hefur verið á í viðræðum við atvinnurekendur.

Sl. vor þegar öll helstu launþegasamtök láglaunafólks, a.m.k. 90% félaga ASÍ, höfðu eftir langar og strangar samningaviðræður náð að gera kjarasamning voru umrædd bráðabirgðalög sett. Hvers vegna, spyrja menn. Ástand atvinnumála, verðbólga og tröllaþensla höfðu gert það að verkum að vaxtakostnaður, fjármagnskostnaður fyrirtækja og heimila og verðbólga var að sliga almenning í landinu. Það var augljóst að þeir betur settu og grimmir sérhagsmunahópar hugðu sér gott til glóðarinnar. Augljóst var að í krafti aðstöðu ætluðu ýmsir að notfæra sér þá stöðu að kjarasamningar láglaunafólks voru bundnir og hrifsa meir til sín, breyta umhverfi láglaunafólks á þann veg að þeir ríku yrðu ríkari, þeir fátæku fátækari.

Stjórnmálamenn sumir hverjir tala og hegða sér oft eins og þeir séu staddir í Undralandi, álíta launþega eins og skyni skroppnar verur sem ekki muna deginum lengur hvað er hvítt og hvað er svart. Staðreyndin er hins vegar sú að verkamaðurinn og verkakonan gera sér betur grein fyrir hagsmunum sínum en lítilsigldir áróðursmenn. Þeim er það ljóst að atvinnutækin þurfa að ganga vel til að tryggja mannsæmandi afkomu. Þeim er það ljóst að þjóðarkakan er aðeins ein. Það eru margir sem taka sér bita úr þeirri köku. Margir taka sér allt of stóran bita sem gerir það að verkum að minna er fyrir hina.

Með margræddum bráðabirgðalögum reyndu stjórnvöld að tryggja það að þeir gráðugu tækju ekki of stóran bita, tryggja það að láglaunafólkið sem stundi undir mikilli vaxtabyrði og óheftri dýrtíð fengi réttlátan skerf af þjóðarkökunni. Að þessu verki stóðu sjálfstæðismenn ásamt okkur hinum. Þeim er alveg ljóst hver vandinn er eða var það a.m.k. Það er sorglegt hins vegar nú eða öllu heldur tímanna tákn um niðurlægingu Sjálfstfl. síðustu mánuðina að nú tala þeir eins og þeir hafi ríkisborgararétt í Undralandi. Nú telja þeir ekkert að. Ef eitthvað er þó að sé það öðrum að kenna. Þeir leggjast gegn eigin verkum. Þeir segja það hiklaust að samþingmenn þeirra hér í hv. deild stefni að því að koma á atvinnuleysi og kreppu. Það er helst á þeim að skilja að þeir muni greiða atkvæði gegn þeim bráðabirgðalögum sem þeir þó sjálfir settu.

Ég velti því fyrir mér í gær hvort þetta væri barnaskapur eða óráð þeirra einstaklinga sem svona tala. E.t.v. er svo. Ég tel hins vegar líklegra að þeir sjálfstæðismenn hafi tapað áttum. Þeir eru miður sín. Hugarvíl og eftirsjá mótar gerðir þeirra. Þeir sjá eftir því að hafa hlaupið frá vandanum. Þeir finna andúðina frá hinum fjölmörgu einstaklingum í Sjálfstfl., bæði í atvinnurekstri og meðal almennings sem urður fyrir vonbrigðum þegar ráðleysi og sinnuleysi foringjanna svipti þá stjórnartaumnum.

Frv. sem hér liggur fyrir var þáttur í því að koma á jafnvægi í efnahagsmálum. Slíkt jafnvægi er engum nauðsynlegra en launþegum. Frv. er vissulega merki um afskipti stjórnvalda af kjarasamningum. Þau afskipti lúta að launajöfnuði. Það tryggði öllum sömu kauphækkanir. Það kemur í veg fyrir að þeir sem vildu fara lengra, komast fram hjá láglaunafólkinu, fái meira.

Áherslur verkalýðshreyfingarinnar hafa komið mörgum verkamanninum spánskt fyrir sjónir, enda er svo komið að spurt er víða á vinnustöðum hvort niðurrifstalið, svartnættisrausið, þjóni þeim hagsmunum sem hugsjónir verkalýðshreyfingarinnar

boða. Þær hugsjónir lúta að því að berjast fyrir réttlátara þjóðfélagi, fyrir jöfnuði, fyrir velferðarríkinu sem tryggi verkafólki öryggi frá vöggu til grafar.

Mótun velferðarríkisins er margþætt. Það verður að bregaðst við aðstæðum hverju sinni á raunhæfan hátt. Slagorð og upphrópanir duga ekki þegar leysa þarf erfið vandamál. Ábyrg verkalýðshreyfing hefur þær skyldur að benda á leiðir til úrbóta í stað þess að höggva í sífellu í átt til þeirra sem eiga samstöðu með hreyfingunni. Það þjónar einungis fjandmönnum hreyfingarinnar og skemmtir skrattanum að viðhafa slíkan málflutning.

Það er umhugsunarefni að íslensk verkalýðshreyfing virðist mun lakar sett en bræðrahreyfingarnar á Norðurlöndum. Þar er verkalýðshreyfingin sterk. Þar hefur hún afgerandi áhrif á þjóðfélagsþróunina. Vandi verkalýðshreyfingarinnar er margþættur, en ég hygg að ábyrg afstaða á sviði efnahagsmála hvar tekið er á málum með hagsmuni heildarinnar í huga mundi þjappa verkafólki betur saman, muni skapa það afl sem tryggt getur hagsmuni láglaunafólks.

Þegar ákvörðun um setningu bráðabirgðalaganna var tekin var verðlag fiskafurða farið að lækka, verðbólga var vaxandi og líkur á enn meiri verðbólgu ef ekki yrði kippt í taumana. Vaxtaokrið var á fullu. Upplausn heimila var vandamál sem ekki fór fram hjá mönnum og gjaldþrot heimila var og er vandamál enn í dag. Fyrirtækin í sjávarútvegi stóðu höllum fæti og atvinnuöryggið í hættu. Það var þessi mynd sem við blasti. Þess vegna varð að gera þessar ráðstafanir til að bjarga því sem bjargað varð. Háværir hagsmunahópar hafa kallað á gengisfellingu. Gengisfelling er aðeins olía á verðbólgubálið, veldur launalækkun sem bitnar verst á þeim lægst launuðu. Gengisfelling er líka leið til að hækka skuldir einstaklinga og fyrirtækja. Gengisfelling er hreint neyðarúrræði sem frestar vandanum en eykur hann síðan.

Nú þegar tekist hefur með verðstöðvun, og þess freistað með millifærslu fjármuna að styrkja atvinnuöryggið, að lækka verðbólgu meir en tekist hefur í manna minnum minnist verkalýðshreyfingin og stjórnarandstaðan ekki einu orði á það. Vandinn í atvinnulífinu er svo mikill að hér verður atvinnubrestur ef ekki tekst með samstilltu átaki að leysa vandann. Á þessari stundu væri það mikill fengur að fá ábyrga tillögu frá verkalýðshreyfingunni til úrlausnar málum. Nú skiptir það máli fyrir verkafólk að hreyfingin vinni með stjórnvöldum til að tryggja atvinnuna. Það er talað hátt um grundvallaratriði og helgan rétt, en síðan er höfðinu stungið ofan í sandinn.

Ég hef sagt það fyrr og segi það nú, verkamanninum og verkakonunni er það meira virði að tryggja afkomu sína en að gufa upp í trúarbrögðum eins og mér sýnist að margir í Alþýðusambandinu ætli að gera og er ástæða til að spyrja hvort miðstjórn Alþýðusambands Íslands ætli sér að vera á móti niðurfellingu á því ákvæði sem hér er mest um rætt.

Nú sjá sjálfstæðismenn aðeins skrattann á veggnum. Þeir leggjast gegn eigin málum, þeir hrópa og kalla á gengisfellingu, þeir kynda og kynda í þeim tilgangi einum að kveikja verðbólgubálið. En það er spurt um tillögur til að leysa vandann. Þær eru engar. Aðeins almennar upphrópanir og ég spyr eins og svo margir aðrir: Hvar eru tillögur sjálfstæðismanna? Er þeirra von? Nei, sjálfsagt koma þær aldrei. Þeir hrærast nefnilega í öðru umhverfi. Þeir söngla hins vegar: Fellum bara gengið. Hækkum skuldir einstaklinga og fyrirtækja, hækkum vexti og aukum verðbólgu, en ekkert af þessu er nógu mikilvægt til að þeim finnist ástæða til að koma með tillögur, skriflegar tillögur á þingskjali, til úrbóta í þessum málum. Þeir lifa í Undralandi þar sem ekkert er að, þar sem vandi heimila og atvinnufyrirtækja skiptir engu máli. Það skiptir eitt máli að vera á móti. — [Fundarhlé.]

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Á þingflokksfundi Sjálfstfl. í dag var tekin sú ákvörðun að Sjálfstfl. mundi greiða atkvæði með þeim brtt. sem Borgfl. og Samtök um kvennalista hafa lagt fram við frv. til l. um aðgerðir í efnahagsmálum og fela það í sér að samningaréttur og verkfallsréttur gangi aftur í gildi frá þeim degi sem þessi lög öðlast gildi.

Ástæðan fyrir því að Sjálfstfl. taldi þetta nauðsynlegt er sú að ýmsar yfirlýsingar hæstv. forsrh. hafa verið með þeim hætti að það hefur skapað mikla óvissu í kjaramálum, óvissu sem til þess er fallin að skapa óróa á vinnumarkaði og þeir vita það enda þeir alþm. sem fylgst hafa með fjölmiðlum, útvarpi, sjónvarpi eða blöðum, að því hefur verið slegið mjög upp að með yfirlýsingu forsrh., ef henni yrði fylgt eftir í atkvæðagreiðslu, yrði á nýjan leik heimilt að efna til verkfalla.

Auðvitað vitum við hinir, sem höfum sett okkur inn í þessi mál og höfum hlustað m.a. á forseta Alþýðusambands Íslands, að þessi orð og þessi lögskýring hæstv. forsrh. eru úr lausu lofti gripin. Þó má segja að fyrst kasti tólfunum í hans málflutningi þegar hann annars vegar sagði það fyrir klukkan fjögur að hann væri siðferðilega sammála því að ef löggjafinn hróflaði við kjarasamningum væru samningsaðilar ekki bundnir af almennum ákvæðum vinnulöggjafarinnar. Fyrir kvöldmat, á fundinum eftir klukkan sex, gekk hann svo langt að hann vitnaði til Arnmundar Backmans og vék þá að því í sinni ræðu að þó svo að settar væru takmarkanir fyrir launahækkunum til 15. febr. skildi hann ummæli Arnmundar Backmans og greinar hans svo að hann teldi að beita mætti verkföllum til að knýja fram ýmsa aðra þætti í kjarasamningum. Þessar lögskýringar eru auðvitað mjög hæpnar og eins og ég sagði í fyrri ræðu minni í dag er það ámælisvert af hæstv. forsrh. að hann skuli með þessum hætti vera hér og þar, vera svo laus í sínum málflutningi að enginn þeirra sem á hann hlýða gerir sér í raun og veru grein fyrir því hvernig hann á sínum tíma hugsaði þau bráðabirgðalög sem hann stóð sjálfur að í maímánuði né heldur hvernig hann hugsaði sér

þau bráðabirgðalög sem hann stóð að í septembermánuði. Þó verð ég að segja að þá fyrst hafi gengið fram af mér þegar hæstv. forsrh. sagði í dag að andmæli Alþýðusambandsþings vegna brots á mannréttindum hefðu snúið að 2. mgr. 4. gr. laganna frá því í maímánuði þegar fyrir liggur skriflega í þessari álitsgerð, í þessari samþykkt sem m.a. nefndarmenn fjh.- og viðskn. hafa fengið í hendur, að þeir voru að mótmæla þeim bráðabirgðalögum sem voru í gildi þegar Alþýðusambandsþingið var haldið og það voru þau bráðabirgðalög sem þeir kölluðu brot á mannréttindum.

Það sýnir því þess vegna meira en lítinn tvískinnung þegar hæstv. forsrh. segir í sjónvarpsviðtali þar sem hann ræðir við forseta Alþýðusambands Íslands, með leyfi hæstv. forseta: „Þetta er einfaldlega gert vegna þess að okkur er að sjálfsögðu ekkert ljúft að vera með slíkt ákvæði sem skerðir eðlileg mannréttindi og það þarf mikið til að það sé gert og ég tel að sú brýna nauðsyn sé ekki lengur fyrir hendi.“ Þetta eru ummæli hæstv. forsrh. á Stöð 2 í gær. Hann er m.ö.o. að halda því fram gegn betri vitund, koma því inn hjá þjóðinni að einungis þessi hálfa mgr. 4. gr. í bráðabirgðalögunum frá í maí sé brot á mannréttindum.

En nú langar mig að spyrja hæstv. forsrh. af þessu tilefni hvaða inntak 2. mgr. 4. gr. þeirra laga hefði ef ekkert væri í kringum hana. Ef hæstv. forsrh. hefði kosið að hafa sín bráðabirgðalög frá því í septembermánuði sjálfstæð en ekki breytingar við bráðabirgðalögin frá því í maímánuði kæmi auðvitað í ljós að 2. mgr. 4. gr. væri merkingarlaus, hefði enga þýðingu, stæði ein út af fyrir sig marklaus. Það er þess vegna alveg ljóst að það var til áherslu sem ríkisstjórnin ákvað að halda þessari málsgr. inni til að ítreka það, sem fyrri ríkisstjórn hafði gert, að enginn yrði í vafa um að til verkfallsboðunar gæti ekki komið meðan ákvæði bráðabirgðalaganna væri í gildi.

Ég veit ekki, herra forseti, hvort ástæða er til að lesa hér upp frá orði til orðs þau margvíslegu ummæli sem hæstv. forsrh. hefur látið sér um munn fara um þýðingu þess að þessi margumrædda málsgr. falli niður. Það hefur auðvitað enga þýðingu. Þjóðin hefur sjálf orðið vitni að því að samtímis því sem forsrh. talaði í sjónvarpinu leiðrétti forseti Alþýðusambandsins það sem hann sagði og þjóðin hefur líka orðið vitni að því að í dag hittist stjórn Alþýðusambandsins til að árétta það að eftir sem áður væri í gildi bann við kjarasamningum, bann við verkfallsboðun og verkföllum til 15. febr.

Mér finnst athyglisvert það tilboð hæstv. forsrh. til verkalýðshreyfingar og stjórnarandstöðu að hann sé reiðubúinn að leggja fyrir þessa aðila þær upplýsingar sem hann hefur aflað eða hyggst afla vegna rekstrarreiknings — ja, 15 fyrirtækja, ef ég man rétt, sem sótt hafa um lán úr Atvinnutryggingarsjóði. Hæstv. forsrh. hefur óskað eftir því að það verði reiknað út hvernig fyrirtækin standi eftir gengisfellingu og ég verð að segja að það er auðvitað ekki nema ánægjulegt. Úr því að hæstv. forsrh. er ókunnugt um hvernig fyrirtækin standa og úr því að hæstv. forsrh. hefur ekki áður hugleitt hvaða áhrif gengisfelling hafi á afkomu útflutningsfyrirtækjanna finnst mér ekki nema ánægjulegt að hann skuli nú loksins láta reikna þetta út. Ef ég man rétt sagði hann í septembermánuði að forveri hans hefði verið erlendis og af þeim sökum hefði hann ekki verið eins vel inni í málum og hann átti að vera og kvartaði mjög á þeim tíma undan því að forveri hans hefði ekki fyllstu og nýjustu upplýsingar og ef ég man rétt komst hæstv. forsrh. svo að orði, þegar hann ávarpaði stjórn Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, að hann hefði verið í fílabeinsturni þegar hann myndaði ríkisstjórnina, í fílabeinsturni. Ekki eru það mín orð, en það voru orð forsrh. eins og frá þeim var skýrt í einu dagblaðanna og ég hef ekki séð að það hafi verið leiðrétt. Þá hafði hann sagt nokkrum vikum áður að hann með þingflokki Framsfl. og mörgum sérfræðingum léti hendur standa fram úr ermum — léti hendur standa fram úr ermum — við Borgartún og væri að vinna þau verk sem forsrh. hefði átt að vinna.

Þá sagði hæstv. forsrh. að svo væri komið að engan tíma mætti missa til að bjarga útflutningsatvinnuvegunum. Nú liggur það fyrir samkvæmt m.a. áliti Þjóðhagsstofnunar, það er staðfest þar, að afkoma útflutningsfyrirtækjanna fer enn versnandi. Ég var ekki undrandi í dag þegar einn frystihúsamaður sagði við mig: Ég dáist að þeim kjarki sem ríkisstjórnin hefur og þeir menn sem hana styðja, að þeir skuli þora að eyða eigin fé fyrirtækjanna úti um allt land eins og þeir eru að gera með því að láta danka.

Það er alveg laukrétt hjá hæstv. forsrh. að vaxtatekjur og vaxtagjöld útgerðarinnar og fiskvinnslunnar eru mikil og vaxandi og ég get ekki að því gert þótt hæstv. forsrh. hafi ekki heyrt hvað menn hafa talað hér heima á Íslandi. Við því er ekkert að gera. En það hefur hins vegar áður verið um það talað margsinnis, bæði fyrir og eftir stjórnarskipti, að auðvitað kæmi það niður á útflutningsgreinunum með meiri vaxtabyrði þegar greiðsludráttur yrði á afurðunum. Þetta er t.d. mjög áberandi í saltfiskverkun. Þar hafa fiskverkendur sýnt mér reikninga sem bera það með sér hversu mikil áhrif það hefur á afkomuna hvort greiðslan berst eftir hálfan mánuð eða kannski eftir tvo eða þrjá mánuði. Auðvitað hefur þetta mikla þýðingu. Og auðvitað er það líka rétt, sem hæstv. forsrh. segir, að vaxtabyrðin af ýmsum lausaskuldum er mjög mikil og af langtímalánum, en hæstv. forsrh. skal ekki ímynda sér að sú vaxtabyrði minnki ef taprekstrinum er haldið lengur áfram. Auðvitað minnkar vaxtabyrðin ekki þegar menn þurfa frá einum mánuði til annars að taka meiri og hærri lán til að láta fyrirtækin ganga og mörg af þessum lánum eru með dráttarvöxtum.

Það er hægt að setja upp margvísleg dæmi um hvernig fyrirtæki komist af, hvort þau komist betur

af eftir að búið er að fella gengið eða ekki, hvort rétt skráð gengi hafi góð áhrif á útflutningsatvinnuvegina eða ekki. Hæstv. menntmrh. talaði um „gamaldags gengisfellingu" og var að reyna að gera lítið úr því að við skulum halda því fram og gera þá kröfu að gjaldmiðillinn sé rétt skráður. Það er laukrétt hjá hæstv. menntmrh. að sig eða fall íslenska gjaldmiðilsins hefur allt önnur áhrif á verðlag og margvíslega hluti hér á landi en hjá stórri þjóð eins og Bandaríkjunum þó hann að vísu hafi ekki tekið þetta dæmi heldur minnst á annað í því sambandi. Það er auðvitað svo í Bandaríkjunum, eins og við höfum fengið að reyna, að við verðum að sætta okkur við það að selja okkar fisk til Bandaríkjanna kannski á sama verði og við getum jafnvel fengið færri dollara fyrir okkar útflutningsafurðir jafnvel þótt gengi dollarans sé lækkandi. Það er vegna stærðar þess markaðar sem þar er. Það er vegna þess að Bandaríkin eru í raun heimur út af fyrir sig, ef eitthvað getur þá verið heimur út af fyrir sig. Og það er af þeim sökum sem sig eða fall dollarans hefur ekki strax áhrif á verðlag þar innan lands. Hér er málunum allt öðruvísi háttað. Ef gengi krónunnar fellur kemur það þegar í stað fram í verðlaginu og hefur jafnan gert.

Nú vitum við að í fiskvinnslunni eru útgjöldin um helmingur fiskverð sem aftur skiptist milli sjómanna og útgerðar, um fjórðungur er laun og fjórðungurinn er annar kostnaður og það hefur farið vaxandi sem hefur farið í fjármagnskostnað af því.

Ef menn líta til baka eða fram á við, ef menn skoða rekstrarreikning fyrirtækja og kunna að lesa sjá þeir auðvitað undir eins að gengisfelling þegar í stað hefur jákvæð áhrif á reksturinn. Það er að vísu rétt að þau afurðalán sem hvíla á birgðum verða að greiðast í fleiri krónum, en það breytir ekki hinu, að um leið og nýjar afurðir koma eru þau 25% sem eftir eru auðvitað drýgri og meira fæst fyrir þau 75% sem afurðalán er lánað út á þannig að það bætir afkomu allra fyrirtækja undir eins. Ég get hins vegar vel tekið undir að áhrifin af gengisfellingunni eru ekki undir eins nógu jákvæð og þess vegna fyndist mér það vel til fallið að við létum bankakerfið t.d., viðskiptabanka og Seðlabanka, taka á sig gengistap til þess að útflutningsatvinnuvegirnir njóti þegar í stað leiðréttingar gengisins. Það er ekki ósanngjarnt þegar vísvitandi hefur verið haldið uppi rangri gengisskráningu eins lengi og verið hefur þegar við völd er ríkisstjórn sem ekki þorir að stíga það skref að hafa nú nothæfan gjaldmiðil í landinu.

Ég skal ekki segja hvort það er alveg rétt skilið hjá hæstv. forsrh. að gengisfellingarnar fyrr á árinu hafi beinlínis runnið út í sandinn. Það fer eftir því hvernig maður skilur það orðasamband. Ef hæstv. forsrh. á við að gengisfellingarnar hafi engu máli skipt, að ástandið væri ekki hótinu verra í landinu þó gengið hefði verið óbreytt allt þetta ár en kostnaðurinn vaxið eins og hann hefur vaxið, þá er það auðvitað alger misskilningur hjá hæstv. forsrh. Staðreyndin er sú að við getum ekki rétt hlut útgerðarinnar, hlut útflutningsframleiðslunnar nema með tvennum hætti. Annaðhvort verðum við að leiðrétta gengið og eins og ég sagði kemur það vel til álita til þess að gengisfellingin komi strax að notum, verki eins og vítamínsprauta, að gengistapið af afurðalánunum verði látið falla á bankakerfið. Mér finnst það mjög vel koma til greina. En ef ríkisstjórnin getur ekki hugsað sér það er önnur leið eftir og hún er að færa niður allan kostnað, laun, kostnað, fiskverð. Og treystir ríkisstjórnin sér til þess? Um annað er ekki að ræða.

Það að ætla sér að láta reikna út einhver 15 fyrirtæki núna, að efna til einhvers stórs fundar með fjölda manns út af þessum 15 fyrirtækjum, halda áfram að láta danka, er náttúrlega ábyrgðarlaust, algerlega ábyrgðarlaust. Það væri gaman að fara með hæstv. forsrh. út um landið. Ég hefði gaman af að gera það. Koma á verstöðvarnar, kynnast fólkinu, fara í þau iðnfyrirtæki sem hafa verið að byggja sig upp, tala við þá menn sem ekki fá greiðslur frá útflutningsframleiðslunni vegna þjónustu vegna þess að útflutningsframleiðslan hefur ekkert aflögu og þessi fyrirtæki eru að tapa sínum eignum líka. Hvernig ætlar forsrh. að bæta þessum mönnum þetta? Hvernig getur Karl Steinar Guðnason, þingmaður úr Keflavík, komið upp hér eins og áðan til þess að vera með nöldur við einn af stjórnarandstöðuflokkunum í staðinn fyrir að tala máli sinna manna, sinna sjómanna. Og hvernig stendur á því að hann, ég man ekki hvort hann er enn þá varaformaður Verkamannasambandsins, kannski orðinn formaður, skuli tala með þeim hætti, þvert ofan í það sem stjórn Alþýðusambands Íslands segir, að það skipti einhverju máli hvort bann við verkfalli standi á einum stað í lögum eða tveim. Ég skil ekki hvaða friðþægingu hann hefur út af því. En við sjálfstæðismenn erum nú að koma honum til hjálpar. Við viljum eyða óvissunni sem verkalýðshreyfingin er í og vinnuveitendur. Við viljum að hægt sé að tala á nýjan leik um kjaramálin efnislega og menn hætti að pexa um aukaatriði. Maður hefur fundið það, bæði af viðtölum við verkalýðssinna og aðra, að umræður þessara síðustu klukkustunda hafa hleypt vissri ólgu í launþegasamtökin og ég tel sjálfsagt þess vegna að við sjálfstæðismenn stígum það skref sem við höfum gert áður. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem við sjálfstæðismenn með þessum hætti viljum taka til baka bann við því að ganga til kjarasamninga eða verkfalls ef við teljum að það hafi jákvæð áhrif í þjóðfélaginu. Það er það sem við erum að reyna að gera. Ég vona þess vegna að forustumaður verkamanna og sjómanna í Keflavík taki fegins hendi okkar útréttu hönd og hjálpi okkur til að fá því til vegar komið að þessi deild samþykki að fella niður allar hömlur sem eru á samningsrétti og verkfallsrétti. Ég heyrði á ræðu hans áðan að hugur hans stóð til þess. Hann var að fagna einhverjum smááfanga sem hann þóttist hafa náð. Ég segi ekki að honum hafi svipað til Þorgeirs Hávarssonar þegar hann hékk á njólanum forðum, en ég

verð þó að segja að þá kem ég í líki Þormóðar Kolbrúnarskálds og kasta til hans taumnum til að draga hann upp. Ég vona að honum farist þá ekki eins og Þorgeiri að ætla að drepa mig á eftir og skilji hvað mér gengur til.

Það kom auðvitað ekki á óvart í ræðu hæstv. menntmrh. hversu ríka áherslu hann lagði á að útgjöld ríkissjóðs væru óhreyfanleg, óhagganleg. Hann hafði mörg orð um það í sinni ræðu að ef skattar væru skornir niður um 8 milljarða, ef óbeinir skattar væru lækkaðir um 8 milljarða væri ekki hægt að mæta því nema í fyrsta lagi með beinum sköttum, sem hann taldi óráðlegt og var nú gott að vita það, en í öðru lagi með því að skera niður skólakerfið. Hann talaði mikið um að menn ætluðu að skera niður skólakerfið. Það er verið að búa til einhver módel. Og í þriðja lagi talaði hann um að skera niður almenna þjónustu ríkisins. Ef menn vildu ekkert af þessu gera í mjög miklum mæli sagði hann að menn vildu ekki gera neitt, en láta reka ríkissjóð með þetta 5–10 milljarða kr. halla.

Nú er það svo að þó að mikil laun séu greidd úr ríkissjóði er það algerlega rangt hjá hæstv. menntmrh. að hvergi megi spara í launakostnaði ríkissjóðs. Hann talaði um að slíkur niðurskurður gæti ekki verið milljarður, í milljörðum. Þetta er alger misskilningur hjá hæstv. menntmrh. Það er hægt að benda á ótal stofnanir sem að miklu leyti vinna sama verkið. Við getum tekið brunaeftirlit, heilbrigðiseftirlit og ýmislegt af því tagi. Þar mætti mikið spara bæði í ferðalögum og öðru. Við getum t.d. talað um þá nýju hagdeild fjmrn. Hvaða þýðingu hefur hún? Við erum með Hagstofu, við erum með Þjóðhagsstofnun, við erum með Seðlabanka og að sumu leyti hefur Byggðastofnun verið falið að vinna verk sem koma inn á það sama. Hvað höfum við þá að gera við heila hagdeild til viðbótar í fjmrn.? Auðvitað má skera það niður. Það er enginn sem biður um það. Og á ótal sviðum. En auðvitað er ekki hægt að skera niður nema þeir sem fara með framkvæmdarvaldið vilji það. Ef hæstv. ríkisstjórn er ákveðin í að eyða getur ekki alþm. í stjórnarandstöðu fengið hana til að spara.

Og að síðustu vil ég aðeins snúa dæminu við og segja: Það er líka hægt að auka tekjur ríkissjóðs og komast hjá útgjöldum með því að styrkja stoðir atvinnuveganna, treysta grundvöll þeirra, láta hjól framleiðslunnar snúast.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Eins og hv. deildarmenn ættu að vita og vita vel hefur umræðan um þetta mikla og stóra mál truflast talsvert vegna þeirrar yfirlýsingar sem hæstv. forsrh. gaf hér í gær og hefur að sjálfsögðu leitt til þess að menn hafa talað meira um eitt atriði í þó því frv. sem ekki er til umræðu beint hér núna, því sem síðast var til umfjöllunar, og er ekkert við því að segja. En við tökum auðvitað nægan tíma til að ræða um efni meginfrumvarpsins, þ.e. bráðabirgðalaganna frá í haust, og án þess að ég ætli að teygja lopann langar mig þó að ræða nokkuð um mikilvægustu málefni, raunar kannski byrja á að segja að ég er mjög þakklátur hæstv. forsrh. sem ég veit að þurfti nauðsynlega að bregða sér frá augnablik, en ég ætla engu að síður að reyna að halda minni ræðu áfram, þakklátur honum fyrir þá efnislegu umræðu og málefnalegu sem fram fór um greiðsluhalla ríkissjóðs og fjárlagagerð ásamt með almennri efnahagsumræðu sem hann svaraði mér um í eftirmiðdag í dag. Á sama hátt er ég mjög þakklátur hæstv. menntmrh., sem því miður er heldur ekki hér, fyrir að taka þátt í þeirri efnislegu umræðu og ætla að vona að hann komi nú fljótlega. Ég get þá haft útúrdúr eins og aðrir og rætt nokkuð um þann merkilega fund sem haldinn var í hv. fjh.- og viðskn. nú í morgun og er kannski einn merkilegasti fundur sem ég hef á alllangri setu á Alþingi verið á.

Það var getið um af hálfu formanns nefndarinnar og annars hv. nefndarmanns nokkuð af þeim ummælum sem fram komu hjá gestum okkar, en myndin var ekki alveg heilleg samt og því held ég að það væri ekkert úr vegi að ég geti hér nú einstakra ummæla okkar ágætu gesta sem voru frá Alþýðusambandinu, Vinnuveitendasambandinu og Vinnumálasambandi samvinnufélaga, þó hver hópurinn um sig inni í einu en ekki allir. Ásmundur Stefánsson, forseti Alþýðusambands Íslands, sagði í tilefni af ummælum hæstv. forsrh. um að hann hefði rætt við marga verkalýðsmenn um þá brtt. sem hann nánast flutti í gær orðrétt: „Eina samtalið frá því fyrir langa löngu var sjónvarpsviðtalið í gærkvöld.“ Þetta sagði hann sem sagt um þær fréttir sem hann hefði haft af því sem var að gerast í Stjórnarráðinu og þeim samþykktum sem þar voru gerðar í gærmorgun um breytingar á frv. sem við erum nú að ræða.

Forseti Alþýðusambands Íslands sagði enn fremur: Það er fullkomlega ljóst að allir samningar eru bundnir til 15. febrúar þrátt fyrir að 2. málsgr. 4. gr. laga, sem eru nr. 20 í frumvarpsformi, yrði felld niður og ekkert er því til fyrirstöðu að laun hækki lögum samkvæmt eins og þetta er í dag og þó að greinin í heild væri niður felld og gerðar þær breytingar að samningar væru lausir væri ekkert breytt í því að samkvæmt lögum þeim, sem ríkisvaldið hefur sett og Alþingi fjallar nú um, mætti greiða þessi 1,25% og meira ef mönnum sýndist svo. Hann sagði enn fremur að það bæri að fagna þeirri hugarfarsbreytingu sem orðið hefur á þeim bæ. Og bærinn var nú hæstv. ríkisstjórn og leyndi sér ekki að hann hafði ekki mikla trú á hvorki húsbændum þar né hjúum. Það fór nú ekkert milli mála hvað hann átti við með þessu orðalagi „á þeim bæ“.

Hugarfarsbreytingin nægði sem sagt ekki að hans mati því að efnisbreyting væri engin. Þetta hefur allt saman komið skýrt í ljós í fjölmiðlum í dag og í kvöld þannig að það velkist enginn í vafa um það lengur að þetta er sýndarmennska hvert sem tilefni hennar er og það getur enginn hvítþvegið sig, hvorki verka-

lýðsforingjar né aðrir, ef þeir ekki standa að því að gera víðtækari breytingar á frv. en ríkisstjórnin hefur boðið fram af gæsku sinni og kostar hana nákvæmlega ekki neitt. Ef hún getur keypt sér fylgi einhverra manna með þessu, þá hún um það ef mönnum finnst það eitthvað göfugt eða sniðugt að bjóðast til slíkra kaupa eða bjóða sig fram til sölu fyrir slíkan gjaldeyri.

Hann bætti við: Ég sé ekki að verið sé efnislega að breyta einu eða neinu. Allt eru þetta orðrétt ummæli. Og forseti Alþýðusambandsins sagði enn fremur að þetta væri „storkandi smekkleysa" sem ríkisstjórnin væri að framkvæma með þessu tilboði sínu, „storkandi smekkleysa." Og u.þ.b. sem þeir Alþýðusambandsmenn voru að kveðja skaust upp úr forsetanum þegar einhver spurði hvort málið hefði skýrst: Já, það er skýrt fram komið hversu óskýrt það er. Það er skýrt fram komið hversu óskýrt málið er, voru hans síðustu orð. Hringavitleysa sem sagt. Enda féllu orð mjög á þann veginn. Ég þori ekki að fullyrða hver sagði hvað nákvæmlega, en það voru notuð orð eins og „glórulaust" og þetta orðalag sem ég var núna síðast að fara með, að allt væri óskýrt og gruggugt í sambandi við þetta mál.

Að því er varðar aftur formann BSRB, Ögmund Jónasson, þá er það ekki alveg rétt mynd af því sem gerðist á þessum merka fundi að vitna einungis til þess sem Ögmundur sagði í upphafi fundarins, sem var í líkum dúr og hann mun hafa sagt í sjónvarpi í gær, að hann væri ánægður með þessa breytingu. Það var alveg ljóst þegar á fundinn leið að honum hafði farið eins og mér og öðrum að þegar þetta kom óvænt fram nokkrum mínútum fyrir sjö af hálfu hæstv. forsrh. var ég ekki nógu fljótur að átta mig á því hvað fælist í þessari yfirlýsingu hans, enda lét hann að því liggja að það væri einhver stórkostleg breyting á afstöðu til samningamálanna, fór ekkert dult að hann gerði það. Hv. 2. þm. Norðurl. e. sagði hins vegar strax að þetta þýddi ekki neitt. Hann hafði áttað sig á því, en það hafði formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja hins vegar ekki gert í gærkvöld né heldur í upphafi þessa fundar. Hann sagði m.a. frá því að frá því að BSRB-þingið í október var haldið hefði tvívegis verið rætt við sig eða hann tvívegis rætt við forsrh., þ.e. skömmu eftir að þingið var haldið og í gær, og aðspurður sagði hann „að mínu frumkvæði". Það var að hans frumkvæði sem þeir ræddust við hæstv. forsrh. og hann um sexleytið víst í gær.

Og hann sagði enn fremur og það var snemma á fundinum:

„Þessi lagabálkur allur er okkur ekki að skapi. Þetta er skerðing á mannréttindum. Að sjálfsögðu munum við ekki leggja blessun okkar yfir þennan þátt."

Og um það leyti sem málin höfðu verið skýrð, m.a. af lögfræðingi Alþýðusambands Íslands, þannig að þetta væri þýðingarlaust ákvæði með öllu og breytti engu efnislega og allir skildu það þá þar inni að svo var, og allir hljóta að skilja það, hvort sem þeir vilja viðurkenna það eða ekki, ef þeir bara fletta upp á nokkrum greinum í lögum nr. 80 frá 1938, þ.e. lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, en það eru 14., 15. og 16. gr. sem um þetta fjalla, en þar er algerlega tvímælalaust að verkföll eru bönnuð á samningstíma með þessum gömlu landslögum til að knýja fram breytingar á þeim atriðum sem fjallað er um í samningum og þess vegna var þar ekki um neina breytingu að ræða, þá sagði Ögmundur: „Eins og ég hef skilið þetta er numið úr gildi bann við verkföllum og bann við samningum" — eins og ég hef skilið það. Nú er komið í ljós að hann eins og fleiri, þar á meðal ég fyrst í stað, fyrstu mínúturnar a.m.k., og við kannski einhverjir fleiri og áreiðanlega þeir sem hafa breytt eitthvað um skoðun við þessa yfirlýsingu hæstv. forsrh. eins og hún virtist koma í gær, hafa áreiðanlega skilið þetta á sama veg og Ögmundur, en hann hafði þetta sér til afsökunar, sem er alveg fullgild afsökun, og þegar hann er kallaður nokkrum mínútum eftir að hann heyrir þetta með þessari glansyfirlýsingu hæstv. forsrh. í sjónvarp fagnar hann þessu auðvitað. Hann hefur ekki hugmynd um frekar en aðrir hvað í þessari lagaflækju leynist sem við erum búnir að vera í nefndinni að reyna að greiða fram úr með mörgum tilþrifum í margar, margar vikur og höfum fengið hjálp utan úr bæ til þess líka að greiða fram úr þessu. Menn sem ekki eru vanir samningamálum, aldir beinlínis upp í þessu meira og minna, létu blekkjast. Forseti ASÍ og starfsmenn Vinnuveitendasambandsins skildu þetta auðvitað um leið, en við hin ekki. Sem sagt: Það var enginn fögnuður í orðum formanns BSRB þegar hann fór af þessum fundi og gerði sér grein fyrir að hann hefði verið plataður eins og við fleiri og átti að plata enn þá fleiri.

Örn Friðriksson sagði á þessum merkilega fundi að það fjallaði ekkert um samningsréttinn að fella þetta ákvæði niður. Þetta kæmi honum ekkert við og það væri ekkert um samningsréttinn að ræða og því enginn grundvöllur til að knýja á um nýja samninga og orðrétt sagði hann: „að fella þessa einu málsgrein niður hafi ekkert að segja varðandi samningsréttinn", ekkert að segja. Þetta eru sem sé ummæli leiðtoga verkalýðsins á Íslandi og þau eru dálítið öðruvísi en ýmis ummæli sem hér hafa fallið, m.a. nú í dag. En þetta á ekki að þurfa að deila um. Þetta liggur allt saman á hreinu og við sjáum svo í kvöld hvernig atkvæði falla í þessu máli og þar dæmir hver sig. Það getur enginn skotið sér undir það að hann viti ekki hvað er efnislega fólgið í þessu og sagt eftir á: Ég lét plata mig, gekk til atkvæða og greiddi atkvæði af því að ég var plataður. Ef hann var plataður í gær eins og við sum hér veit hann núna að það var verið að plata hann vísvitandi og það kemur þá fram í hans atkvæðagreiðslu hvert er raunverulegt álit hans og á ég þá ekki við neinn einn sérstakan, kannski fleiri, og þá vita allir hvernig hann eða þeir raunverulega standa að samningamálum, mannréttindamálum eins og það er nefnt, þeim

mannréttindamálum sem ber að tryggja verkalýðshreyfingunni svo sannarlega þó að bæði ég og aðrir hafi tímabundið talið aðra meiri hagsmuni svo ríka að samninga mætti frysta t.d., jafnvel skerða vísitöluálög o.s.frv., rétt eins og það er í landslögum heimilt að setja fast verðlag jafnvel þótt maður viti að innkaupsverð vöru hækki eitthvað. Þetta er leyfilegt í flestum lýðræðisríkjum, hygg ég, til að ráða við tímabundin vandamál, sem maður vonar að séu tímabundin. Ég held að standi í löggjöf flestra ríkja að hægt sé að grípa til þessa hvort sem það fellur undir neyðarrétt eða er beinlínis lögfest að til slíkra aðgerða má grípa eins og t.d. bindingu verðlags um vissan tíma án þess að bera það undir Alþingi. Það er hægt með stjórnvaldsákvörðunum og hefur reyndar verið gert nýlega sem menn þekkja og verðbinding er í gildi.

Um þetta ætla ég þá ekki að ræða meira núna að öðru leyti en því að forseti ASÍ vildi á þessum fundi geta þess að það væru aldeilis fleiri mál sem þyrfti að ræða við þessa ríkisstjórn en bara það sem þarna var á dagskránni. Það var ekki talið eðlilegt að taka þau beint til umræðu, en hann nefndi hver þau væru. Það var að sjálfsögðu vörugjaldið, sem hlaut að leggjast með miklum þunga á launamenn því að þetta eru víst flestallt brýnustu lífsnauðsynjar sem þar er um að ræða, og það væri að skera fé af Atvinnuleysistryggingasjóði. Þá upptöku fjár með lögum vildi hann fá að ræða við nefndina. Og hann vildi fá að ræða við nefndina þá athöfn að rjúfa samkomulagið um húsnæðislánin og binda í ríkissjóði fé lífeyrissjóða. Þessi atriði vill forseti Alþýðusambands Íslands fá að ræða við nefndina og hann skýrði ekkert nánar hvað það væri sem hann vildi ræða, en hann verður kallaður á fund nefndarinnar þegar þessi mál ber á góma.

Nú sá ég að hæstv. menntmrh. var að koma inn og mundi þá kannski ræða svolítið við hann ef hann er ekki vant við látinn. — Hann finnst ekki. Hann getur þá lesið eitthvað í Alþingistíðindunum um það sem ég hér segi. Ég get kannski núna í millitíðinni getið þess að hæstv. forsrh. vék aftur að bráðabirgðalögunum, ræddi um breytinguna eða tilkynninguna sem hann flutti okkur í gær og sagði þá enn í dag að hann hefði fallist á eindregin tilmæli margra úr launþegastétt um að fella niður þennan paragraf eða hluta af lagagrein. En eins og kemur fram af þessum fundi í morgun eru það a.m.k. ekki helstu forustumenn launþegasamtakanna sem hann ræddi við. En það má vel vera að hann hafi rætt það við fjölmarga aðra sem teljast til verkalýðs eða launþega. Öll erum við í einhverjum skilningi launþegar raunar. Hann taldi einnig að hann vildi skoða lögfræðihliðina nánar. Enn er tími til að gera það ef menn velkjast í einhverjum vafa. Það er raunar búið að greiða úr allri þeirri flækju sem við vorum í. Það liggur alveg ljóst fyrir hvað þetta snýst um. En þó sagði hæstv. forsrh. áðan að hann vildi enn skoða lögfræðihliðina á málunum og það er vel ef verið er að því núna á þessari stundu. Þá er þeirri stundu vel varið og mætti gjarnan fresta umræðum eða jafnvel ljúka þeim ef menn væru að komast að réttri niðurstöðu og ganga þá hreinlega til atkvæða og helst þá þannig að allir stæðu saman um þá einu lausn sem úr þessu er fær, þ.e. að fella þetta allt saman úr gildi og hafa síðan ábyrgðina á herðum launþega og vinnuveitenda eins og vera ber í frjálsum kjarasamningum. Auðvitað eru aðstæður verkalýðs og launþega ekkert sérlega góðar til að knýja fram neinar stórfelldar hækkanir eða breytingar, það er mér fullkomlega ljóst, en þó leggja öll þau samtök að sjálfsögðu mjög mikið upp úr því að þau fái frjálsar hendur. Eins og er í eðlilegu ástandi í sérhverju þjóðfélagi eiga þessar tvær meginstéttir, launþegar og vinnuveitendur, að leysa sín mál án afskipta ríkisvalds þó að fyrir geti komið að ríkisvaldið grípi þar inn í.

Hæstv. menntmrh. gat þess hér, og þá var hann að ræða um gengisfellingu, að afstaða atvinnurekenda væri önnur en áður til gengisbreytinga. Þetta er vissulega rétt. Það var svo áður fyrr þegar afurðalán t.d. voru öll innlend við gengisbreytingar að þá batnaði hagur atvinnuveganna, útflutningsatvinnuveganna, venjulega mjög mikið. Nú er það svo að afurðalánin eru öll komin, fyrir mörgum árum raunar, í erlenda mynt þannig að skuldir fyrirtækjanna hækka við gengisbreytingu í íslenskum krónum. Þetta dregur úr áhrifum gengisfellingarinnar fyrir útveginn, en engu að síður er það ljóst að hann getur ekki til langframa búið við mjög ranga gengisskráningu eins og nú er orðið. En einmitt núna, þegar þær hliðarráðstafanir duga ekki sem áður dugðu vel fyrir útveginn meðan lánin voru í erlendum peningum, afurðalánin og birgðirnar hækkuðu í verði í íslenskum krónum við gengisbreytinguna, þá er enn þá nauðsynlegra nú að haga málum þannig að ekki sé samhliða gengisbreytingunni og nýjum útreikningsgrunni t.d. í afgreiðslu í tolli sem síðan söluskattur leggst á, vörugjöld og allt það, sem er auðvitað nýr grunnur í krónum í gengisbreytingu, að samhliða gengisbreytingu sé bætt á mjög miklum nýjum sköttum hvort heldur eru neysluskattar eða tekjuskattar og síst þó neysluskattarnir vegna þess að þeir verka strax á verðbólguþróunina eða verðlagið í landinu.

Hæstv. menntmrh. Ég var rétt að byrja á þessum kafla ræðu minnar í von um að sjá þig hér, ég gleðst yfir því, og var reyndar búinn bæði að þakka hæstv. menntmrh. og hæstv. forsrh. fyrir að vilja taka hér upp málefnalega umræðu um meginefni atvinnu-, efnahags- og peningamála eins og þeir báðir voru fúsir til að gera í dag jafnvel þó í nokkurri tímaþröng væri. En nú vill svo til að hæstv. forsrh. er á áríðandi fundi með að ég hygg formönnum þingflokka eða a.m.k. einhverjum forustumönnum og þess vegna getum við hæstv. menntmrh. sem best rabbað saman á meðan.

Ég var einmitt að víkja að því að það er út af fyrir sig alveg rétt, sem ráðherrann sagði, að afstaða atvinnurekenda er önnur nú en áður til gengis-

breytinga og það byggist á því fyrst og fremst, eins og ráðherrann beint sagði eðaýjaði að a.m.k., að nú eru afurðalán öll komin í erlenda mynt og þess vegna er ekki svigrúm til hliðarráðstafana með sama hætti og áður var þegar meiri háttar gengisfelling gat mjög bætt í einu vetfangi hag atvinnuveganna því að samhliða því sem vörubirgðir hækka nú auðvitað í íslenskum krónum við gengisbreytingu hækka lánin líka. Þau eru þó sem betur fer ekki 100% heldur verður þar eitthvert svigrúm og til langframa sem fyrirtækin hagnast á því að búa við rétta gengisskráningu en ekki ranga. En ég var að segja að einmitt vegna þessa þarf að gípa til annarra hliðarráðstafana en áður og þær geta alls ekki verið þær að bæta við sköttum. Í fyrsta lagi hækka skattar, tollar og öll vörugjöld, söluskattur og annað slíkt í krónutölu við gengisbreytinguna því að allt er þetta lagt hvað ofan á annað og grunnurinn sem skattarnir eru reiknaðir á hækkar í íslenskum krónum við gengisbreytinguna þannig að ríkið tekur þar sjálfvirkt án þess að hækka nokkra skattaprósentu mikla hækkun til sín. En í viðbót við það er nú gert ráð fyrir að bæta stórfelldum sköttum ofan á þennan breytta útreikningsgrunn og það er það sem getur ekki gengið upp. Þá er verðbólgunni boðið heim og hún fer ekki bara hliðarspor heldur hliðarhopp og dansar síðan upp á við. Það er algerlega ljóst. Þess vegna hefur minni hl. í sínu nál., sem er undirritað af öllum fulltrúum minni hl. í hv. fjh.- og viðskn., lagt til að fara þveröfuga leið, þ.e. að við gengisfellingu verði söluskattur t.d. eða einhver annar óbeinn skattur lækkaður sem svarar því að engin almenn verðhækkun verði í landinu. Það verði vegið upp að fullu þannig að það sé enginn verðbólguhvati sem óhjákvæmilega verður að öllu öðru óbreyttu.

Hæstv. ráðherra vék að stjórnarmynduninni 1978. Það var rétt hjá honum að þá var að vissu leyti aðeins farið inn á þá hugsun sem núna er í áliti minni hl., þ.e. að lækka nokkuð söluskatta, og það var lækkaður skattur eða jafnvel afnuminn á nokkrum matvörutegundum. Aðrir skattar hækkuðu þó að ég hygg til jafns við það, en þar að auki hækkuðu svo skattar við mikla gengisfellingu, við það að útreikningsgrunnurinn sem skattarnir eru lagðir á, tollarnir og vörugjöldin og síðan söluskattur sem allt kemur hvað ofan á annað, hækkaði líka. Það var því ekki nægilega mikið að því gert að vega upp áhrif gengisfellingarinnar með því að lækka skatt á matvörurnar. En það var rétt hugsun því og algerlega rétt hjá hæstv. menntmrh. að það er ekkert nýtt sem verið er að tala um núna. Það er reyndar ekkert nýtt undir sólinni og þegar hæstv. ráðherra sagði eitthvað á þá leið að menn kæmust ekki á leiðarenda með þessum tillögum minni hl. er ég honum innilega sammála um það. Við komumst ekkert á leiðarenda með þeim tillögum, en við erum á réttri leið eins og var okkar ágæta kjörorð í sína tíð. En ég hef aldrei látið mér detta í hug a.m.k. að við myndum leysa lífsgátuna með þeim ræðum sem nú er verið að halda. Fyrst er að ræða úrræðin og síðan þá kannski að reyna þau af því að þau hafa aldrei verið reynd. Þau voru ekki reynd í nægilega ríkum mæli 1978. Það er að vísu rétt, sem hæstv. ráðherra sagði, að það voru lækkaðir skattar a.m.k. á matvöru og felldir niður á sumum matvörutegundum, en viðbótarskattarnir sem voru þá á lagðir, bæði nýir skattar og hækkuð álagning á fyrri skatta sem gengisfellingin gerði sjálfvirkt, gerðu miklu meira en vega þetta upp. Þetta er ekki lausn á lífsgátunni, en þetta er a.m.k. tillaga um að gera tilraun sem gæti lukkast og getur a.m.k. miklu frekar lukkast en það sem nú er verið að gera. Og við skulum athuga að í a.m.k. einn og hálfan áratug hefur verið fylgt þessari sömu stefnu: gengið hefur verið fellt ef vandræði hafa verið og síðan hafa ekki bara skattarnir hækkað að krónutölu vegna breytts útreikningsgrundvallar heldur hefur prósentan verið hækkuð líka, yfirleitt alltaf og er þá verðbólgunni hleypt af stað á nýjan leik og hún hefur verið farin að æða af stað eftir örfáa mánuði aftur. Það er þetta sem við erum að vara við og viljum ekki taka þátt í, a.m.k. ekki ég.

En þá er aftur komið að blessuðum ríkissjóðnum sem á helst að sitja fyrir öllu. Ég hef nú litið þannig á að ríkissjóður ætti að vera afgangsstærð en ekki það fyrsta sem ætti að hugsa um, fyrst ætti auðvitað að hugsa um atvinnuvegina og brýnustu nauðsynjar heimilanna þó einkum og sér í lagi. Síðan er auðvitað indælt að fá skatta. En hvað verða skattarnir miklir þegar atvinnuvegirnir eru komnir á hausinn? Ætli þeir yrðu ansi miklir þegar svo væri komið? Og þar höfum við líka dæmin fyrir okkur. Hér í fyrrahaust var reiknað út að halli á fjárlögum ársins 1988 mundi að óbreyttu með skattaálögum nema nálægt 3 milljörðum kr. Þá var dengt yfir þjóðina um 5 milljörðum í skattheimtu til að hafa nú borð fyrir báru og vera viss um að allt gengi upp og mikill afgangur yrði hjá ríkissjóði, a.m.k. núll.

En þá gerist það í fyrsta lagi að verðlagið byrjar að hækka og síðan auðvitað kaupgjaldið sem dregur úr kaupmættinum og hér er því lýst yfir í umræðum af hæstv. fjmrh. í fyrstu skýrslu hans um stöðu fjárlaga 27. okt. sl. að fjárlagahallinn geti orðið 3–4 milljarðar, jafnvel meira. Og hver er skýringin? Hún liggur í augum uppi, segja bæði hæstv. núv. fjmrh. og eins utanrrh., fyrrv. fjmrh. Það liggur í augum uppi. Tekjurnar urðu minni en áætlað var og gjöldin meiri. Reiknimeisturunum þarna upp frá sést nefnilega alltaf yfir að það eru tveir dálkar í fjárlögunum. Þeir segja bara: Það er 3 milljarða gat. Við fyllum upp í gatið með 3 milljörðum. Þá er allt klappað og klárt. En reynslan hefur alltaf orðið sú að gjöldin hafa hækkað meira og fyrr en tekjurnar. Og hvað halda menn að gerist nú þegar það er í rauninni komin kreppa og dregur verulega úr kaupmætti, að þeir skattar sem á að leggja á núna, 5 milljarðar, skili afgangi næsta ár? Miðað við reynsluna frá þessu ári ættu 5 eða 6 milljarðarnir að gera 10–12 milljarða halla á fjárlögunum næsta ár. Hitt væri vegur að ríkissjóður yrði kannski hallalítill ef það yrði farið þveröfugt að, að skattarnir yrðu

lækkaðir. Kaupgjald mundi þá standa kyrrt, menn mundu sætta sig við óbreytt kjör. Eða jafnvel að lækka líka matarskattinn eitthvað þannig að kjör mundu batna smávegis. Menn mundu sætta sig við það. Og ef áhrifum af gengisbreytingu, t.d. 13–15% gengisfellingu væri eytt með öllu, t.d. með því að lækka söluskattinn um 5%, það dæmi gengur nokkurn veginn alveg upp. 13% gengisfelling, 5% söluskattur vegur hvað annað upp vegna þess að söluskatturinn leggst á svo miklu stærri grundvöll en gengisbreytingin, þ.e. á alla innlenda þjónustu og alla innlenda vöru, auk innfluttu vörunnar, þá væri einhver von um að ríkissjóður gæti orðið hallalaus eða með litlum halla.

Hæstv. ráðherra rakti þau úrræði sem menn hefðu þegar stefndi í hallarekstur og hann rakti nokkrar leiðir, nokkra valkosti, alveg réttilega, að það hefur verið venjan að grípa þá til annaðhvort skattahækkana, að hækka tekjuskatt t.d. og í öðru lagi að skera niður, sem við erum flest orðin sammála um að verði að gera hressilega, og þriðja leiðin að reka ríkissjóð með halla.

Ég hef greint frá skoðunum mínum á því hver mundi verða afleiðingin af skattahækkunum, tekjuskattshækkunum, hvort það er tekjuskattshækkun eða hækkanir á vörugjöldum og neysluskattinum. Niðurstaðan af þeim, við höfum þá reynslu, er aukin verðbólga og meiri halli á ríkissjóði en ella mundi verða og ég held að sú verði raunin á nú eins og fyrr. Hitt hefur ekki verið reynt. Það mætti a.m.k. prufa það einu sinni, sjá hvernig það kæmi út þegar við vitum að þetta endar með skelfingu.

En þá er komið að þessum ósköpum að reka ríkissjóð með halla. Og þá spyr hæstv. ráðherra að því hver hallinn sé, hann sé annaðhvort brúaður með erlendum lántökum eða innlendum lántökum og segir svo að erlenda lántakan, við erum sammála um það, sé af hinu illa nema til sérstakra verkefna eins og hæstv. ráðherra er líka sammála mér um að geti svo sannarlega verið rétt, til einhverra stórframkvæmda, einkum á sviði atvinnulífsins sem mundu skila miklum arði eins og orkuver mundu gera, við skulum segja hitaveitur og virkjanir o.s.frv. og jafnvel til vegagerðar gæti borgað sig að taka erlend lán til að klára tvöfalda vegi en það hefur miðað þó nokkuð samt. (Gripið fram í.) Það er mjög alvarlegt.

En síðan er það með innlendu lánin. Hæstv. ráðherra heldur því fram að þá verði samkeppni um fjármagnið við atvinnuvegina. Þetta er algjörlega röng hugsun. Ef ríkið hirðir með sköttum peninga af mér og þér og atvinnuvegunum eru þeir peningar endanlega horfnir í ríkishítina og koma þaðan aldrei aftur. Það held ég að allir menn skilji. Og hvað með kvittunina sem við fáum frá Ólafi Ragnari Grímssyni, hæstv. fjmrh.? Getur einhver selt hana? Er hún peningur á markaði? Ég held að enginn mundi borga krónu fyrir hana, en ef hann gefur út skuldabréf á frjálsum markaði eins og gert er í öllum vestrænum ríkjum er það aukið peningamagn í umferð vegna þess að skuldabréfin eru auðvitað ekkert annað en peningar í umferð. Þeir eru ávísanir ríkissjóðs á ríkisauðinn, peningar eru ekkert annað en ávísanir á auðinn. Áður voru þeir ávísanir á kýr og hross, síðan á gullið og þegar það dugði ekki, sá út af fyrir sig ómerkilegi málmur dugði ekkert lengur, var það orðið ávísun á ríkisauðinn og frumskylda ríkisvalds í öllum lýðræðisríkjum og raunar öllum ríkjum er að gefa út peninga, ávísanir á ríkissjóðinn. Ef ríkið tæki hluta af því fé sem það nauðsynlega þarf að láni hjá okkur eykst peningamagn í umferð en það minnkar ekki. Það minnkar við eignaupptökuna. Og það sem gerist líka með þessu móti er að þá fara hjólin að snúast þegar peningar aukast í umferð en minnka ekki. Þessu er sem sagt snúið við og hæstv. menntmrh. er ekki eini maðurinn sem hefur gert það. Það er fullt af hagfræðingum sem hafa til skamms tíma gert þetta, snúið þessu alveg við, og þetta lítur ósköp vel út. Ríkið er komið á markaðinn og keppir um fjármagnið við fólkið. Fjármagn, peningar, er ekkert annað en ríkisauðurinn og þegar verið er að auka hann er ríkið auðvitað að minnka peningana hjá fólkinu. Það er alltaf verið stanslaust að minnka yfirráð fólksins og atvinnuveganna yfir fjármununum og flytja þá í ríkishítina með beinum og óbeinum hætti. Og ríkið er að taka af okkur peninga með mörgum öðrum hætti. Það á alla sjóðina, meira og minna alla bankana og það á kröfur á hvern einasta borgara meira og minna. Það á stórfelldar kröfur á námsmenn, stórfelldar kröfur á alla húsbyggjendur. Ríkið á kannski þriðjunginn í húseignum að meðaltali, öllum húseignum á landinu, í skuldum borgaranna við ríkið og ríkið er að lána til skamms tíma, það tekur að vísu lán núna hjá lífeyrissjóðunum til skamms tíma, lána fé sem það var búið að taka af borgurunum með skattlagningu og meira að segja færir til gjalda. Þegar verið er að reikna út halla á ríkissjóði er það gert hér á Íslandi, sem ég held að sé hvergi annars staðar í veröldinni, að öll sjóðaframlög, allt sem lagt er í sjóði, er aftur lánað út með fullri verðtryggingu og vöxtum. Það eru bara gjöld hjá ríkinu. Hvaða fyrirtæki mundi færa það til gjalda ef það tekur peninga og lánar þá út aftur eins og banki gerir? Það er frekar eign en gjöld. Það held ég að menn skynji þegar þeir líta dýpra ofan í þessa hluti.

En úr því að liðið er á kvöld og mér sýnist að menn hafi ýmislegt að hugsa ætla ég ekki að fara lengra út í þessa sálma núna, enda held ég að við hæstv. menntmrh. eigum eftir að ræða þetta meira og betur síðar. En ég held að ég hafi svarað spurningum ráðherrans í stærstum dráttum þó að minni atriðin gætum við tekið seinna þegar betur stendur á. En ég tók það fram, hæstv. forsrh., að ég væri mjög þakklátur fyrir málefnaleg svör ykkar ráðherra beggja og ég skal ekki fara út af fyrir sig langt út í að gagnrýna þau svör við þeim beinu spurningum sem ég lagði fram. Ég átti kannski ekki von á að það væri þægilegt fyrir ráðherra eins og

sakir standa að svara þeim mikið á annan hátt en hann gerði.

Hann talaði um að það væri verið að undirbyggja þá stefnu sem ríkisstjórnin verður að móta. Orðalagið var að undirbyggja stefnu sem ríkisstjórnin verður að móta. Í því felst auðvitað að ríkisstjórnin hafi ekki mótað stefnu í efnahagsmálum en ætli að byggja þá stefnu á þeim aðgerðum sem verið er að framkvæma. Ég held að það verði mjög erfitt að byggja heilbrigða efnahagsstefnu á frv. sem nú eru að sjá dagsins ljós, skattalagafrv., því sem við erum að ræða hér, sum af þeim a.m.k., að það geti orðið erfitt og þess vegna var kannski ekki von til þess að fyrstu spurningunni yrði svarað með rökstuddum hætti á þann veg að það væri eitthvað jákvætt að gerast.

En fyrsta spurningin var svona: Telur hæstv. forsrh. að afgreiðsla þessa máls, sem við ræðum hér núna, skattafrv. og fjárlaga muni í einhverju bæta stöðu atvinnuveganna? Svar hans var í meginefnum að verið væri að byggja undir þá stefnu sem ríkisstjórnin verður að móta. Og ég læt mér það svar alveg nægja.

Önnur spurningin: Hvernig hyggst forsrh. rétta af rangt gengi? Telur hann að stórfelldar skattaálögur á fyrirtæki og almenning geri einhvers konar niðurfærslu kostnaðarliða auðveldari en ella? Hann viðurkenndi að það mundi ekki gerast, það gerði það ekki auðveldara, en hins vegar þyrfti að gæta hags ríkissjóðs og rakti þau rök eða rakaleysi, eftir því hvernig menn vilja á það líta, sem við höfum margsinnis heyrt og ekki síst kannski hjá sumum hagfræðingum, a.m.k. þeim sem hafa verið lengi í kerfinu og eru orðnir heimavanir og líkar vel að vera þar og eru ekkert að líta á málin frá einhverju öðru sjónarmiði en þeir gerðu fyrir 5 árum, 10 árum, 20 árum, 30 árum eða 40. Þeir eru ekkert að fá höfuðverk af því að það kynnu einhverjar aðstæður að vera eitthvað öðruvísi en t.d. var í kennisetningum aldamótahagfræðinga eða í kreppunni gömlu. Ég held að það geti ekki auðveldað lausn mála að dengja þessum skattaálögum yfir, enda hélt ráðherrann því ekki fram.

En síðan spurði ég hæstv. ráðherra hvort hann gerði sér grein fyrir þeim grundvallarmun sem væri á stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahags- og fjármálum og þeirri stefnu sem boðuð væri, að vísu aðeins í tveimur, þremur setningum í nál. minni hl., og ég held að þó að því væri ekki svarað öðruvísi en á þann veg að þetta væri aðeins lítill angi efnahagsstefnunnar sem þarna væri markaður láti ég mér það líka nægja. Það má segja að það sé lítill angi, en ég held samt að á þessari hugsun megi byggja mjög útfærða stefnu og meginatriðið er að hverfa frá þeim hugsunarhætti að sífellt eigi að hækka skatta, færa aukna fjármuni frá fólkinu, frá atvinnuvegunum til ríkisins eftir beinum og óbeinum leiðum, að það geti kveðið verðbólgu í kútinn, að það geti aukið afrakstur í þjóðfélaginu, að það geti bætt kjörin. Það er rangt. Það höfum við séð og það verður enginn til þess að halda því hér fram, held ég. Hitt, skulum við segja, að búa við óbreytta skatta, reyna það, hækka þá ekki, og t.d. að við gengisbreytinguna yrði a.m.k. eitthvað slakað á sköttunum þannig að við hækkaðan grunn í krónutölu við gengisfellingu yrði prósentan lækkuð eitthvað á móti, a.m.k. á þeim vörum, þannig að krónutalan yrði sú sama, ef við ætluðumst til þess að atvinnuvegir og fólkið hefði líka sömu krónutölu á eftir, þá ætti það a.m.k. að lækka skattana á útlendu vörunni, tollana, vörugjöldin, söluskattinn af þeirri vörutegund sem svaraði því sem útreikningsgrunnurinn hækkaði.

Við skulum segja að ríkisstjórnin tæki þá ákvörðun að láta þetta allt standa kyrrt, lækka enga skatta nema þá sem ég var að tala um sem hefðu annars hækkað, lækka þá ekki og hækka ekki heldur. Ég held að þá hefði verið kannski vegur að bjarga þessu nokkurn veginn við. Ég held jafnvel að fólk hefði látið sig hafa það, skulum við segja, að þola þá kjaraskerðingu sem þá hefði orðið ef ríkisstjórnin hefði ekki gripið til neinna þeirra úrræða sem hún er að reyna að koma fram núna. Þá væri hugsanlegt að vel hefði farnast. En með þeim ósköpum sem núna er verið að dengja yfir getur það ekki vel farið. Ég sagði það sama í fyrrahaust þegar minn flokkur átti aðild að stjórn. Ég sagði þá strax og hef margsagt síðan að daginn sem sú stjórn sveik sinn eigin stjórnarsáttmála um að reyna ekki að ná hallalausum fjárlögum nema þá á þrem árum, að reyna það ekki, þegar hún sveik sína eigin stefnu í upphafi þings í fyrra, þá var mér alveg ljóst að það var hennar banabiti, það gat ekki öðruvísi farið, og að atvinnuvegirnir mundu sligast líka. Þetta var röng stefna og þessari stefnu á nú að framfylgja af miklu meiri hörku og það skapar enn þá meiri vanda að sjálfsögðu. Halli ríkissjóðs verður miklu meiri en ekki minni við þessar aðgerðir. En það er ekki það versta. Halli ríkissjóðs er ekkert skaðvænlegur, a.m.k. ekki í nokkur ár, ef hann er fjármagnaður með innlendu fé, þ.e. peningum, ávísunum á þjóðarauðinn, að fólkið fái svolítið meiri eignarhlutdeild í þjóðarauðnum og styrki svo hag sinnar fjölskyldu og sjálfs sín með þeim hætti.

Það má kannski geta þess til gamans ef menn hafa ekki heyrt það áður að til skamms tíma, ég held það sé ekki eins mikið nú síðustu árin ef ég nefni Japan, þótti það nokkuð gott að ríkissjóður tæki að láni árlega u.þ.b. 6% — ekki af fjárlögum heldur af þjóðarauðnum, þ.e. svona 20% af fjárlögum, alltaf, frá ári til árs, stanslaust, leyfði fólkinu að eignast hlutdeild í þjóðarauðnum. Í Bandaríkjunum hefur þetta verið nokkurn veginn 2–3%, alltaf nema í stríðinu, í styrjöldinni. Þá voru held ég engir skattar hækkaðir heldur öll heimsstyrjöldin fjármögnuð með innlendu lánsfé. Innlendum lántökum hjá borgurunum. Og Víetnam-stríðið, eins og það var nú arðvænleg „forretning", það var líka fjármagnað með skuldabréfum. Þýskaland, eitt ríki enn sem hraðast sækir, gefur alltaf út skuldabréf fyrir svo og svo miklum hluta af fjárlögunum. Mér er ókunnugt

um að það sé í hinum vestræna heimi eitt einasta ríki sem er með greiðsluafgang eða greiðslujöfnuð eins og á að kalla það eða tekjujöfnuð á fjárlögum. Hagfræðingarnir nefna að vísu að það muni vera Sviss og það kann að vera rétt vegna þess að þar er ríkið eiginlega ekki með nein umsvif. Þar eru fylki eða kantónur sem hafa öll mál með höndum sem eru útgjaldafrekust, eins og heilbrigðismál, almannatryggingar og allt það ef ég skil það stjórnarfar rétt. Ég held ég geri það, ég viti svo mikið um það. Þar er ríkið með sáralítil umsvif. Það munar ekkert um að kalla það hallalaus fjárlög. Enginn hefur getað bent mér á að neitt annað ríki í hinum vestræna heimi væri að böðlast við þessi ósköp eins og við hér. Menn nefna það að vísu að þeir ætli að reyna hallalaus fjárlög, en það hefur aldrei tekist og enginn tekið eftir því að það gerðist ekki. En menn hefðu kannski tekið eftir því hefði tekist að koma á greiðsluafgangi. En í Bandaríkjunum, af því að menn nefndu þau, held ég — mér var alla vega sagt það eða einhvern veginn hefur það komist inn í eyrun á mér — að það hafi ekki verið nema tvö ár á allri öldinni sem hafi verið afgangur á ríkissjóði og það var 1927 eða 1928 þegar Hoover kom úr heimskreppunni og fyrir 10–15 árum þegar Carter náði hallalausum fjárlögum, svo til hallalausum, og verðbólgan æddi upp í eina skiptið í ég man ekki áratugi sem verðbólga hefur ætt upp í Bandaríkjunum.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Ég skal reyna að vera mjög stuttorður. Ég kem aðallega upp í pontu í tilefni af ummælum hæstv. menntmrh. Mér virtist í dag að hann hefði eitthvað misskilið tilefni þess að Borgfl. lagði fram tillögu um að fella í burtu m.a. þessa umdeildu málsgr. í 4. gr. bráðabirgðalaganna frá því í maí. Svo var helst á hæstv. menntmrh. að heyra að það væri stjórnarliðið sem flytti þessa tillögu, jafnvel menntmrh. sjálfur því að hann talaði um að stjórnarandstaðan væri nú allt í einu orðin andsnúin þessari tillögu. Ég verð að minna hæstv. ráðherra á að þetta er tillaga þingmanna Borgfl. í Ed. og að sjálfsögðu munum við greiða henni atkvæði, hæstv. menntmrh.

Þá langar mig aðeins í örfáum orðum að koma inn á gengisfellingartal sem hér hefur verið mjög áberandi í ræðum manna. Við stóðum að nál. minni hl. í hv. fjh.- og viðskn. Ed., en þar er talað um að gengi krónunnar sér rangt skráð og undir það tökum við. Sömuleiðis er vikið að því að verði gengið fellt sé nauðsynlegt að koma til móts við launþega t.d. með því að lækka söluskatt. Á þetta getum við einnig fallist. Við höfum margoft bent á að það hafi verið skynsamlegt og rétt að fella matarskattinn niður á haustdögum eða a.m.k. lækka hann verulega til að koma til móts við launþega þegar laun voru fryst og samningarnir voru felldir úr gildi.

Annars er það alveg ljóst að við getum ekki búið lengur við það ástand að raungengi íslensku krónunnar sé svo hátt skráð sem verið hefur þannig að útflutningsframleiðslan lognist hreinlega út af og viðskiptahallinn rjúki upp úr öllu, nálgist kannski tugi milljarða kr. Þjóðarbúið hlýtur að fara á hvolf að lokum ef slíkt heldur áfram.

Hins vegar erum við þess meðvitaðir að gengisfelling er ekki eins auðveld og hún var fyrir nokkrum áratugum. Þegar við felldum gengið ótt og títt á 8. áratugnum, svo að við tölum ekki um hinar stóru gengisfellingar sem urðu hér undir lok 7. áratugarins þegar kreppuástandið skall hér á 1968, það muna nú flestir, þá voru erlendar skuldir þjóðarinnar miklu, miklu minni þannig að gengisfelling sem slík hafði miklu minni áhrif, hún jók ekki á skuldir landsins eins og nú gerist. Ef erlendar skuldir þjóðarinnar eru taldar vera um 130 milljarðar hækkar 20% gengisfelling þessar erlendu skuldir okkar upp í rúmlega 150, tæplega 160 milljarða þannig að það er miklu erfiðara að fella gengið og nota gengisfellingu yfirleitt sem hagstjórnartæki nú á dögum. Þess vegna höfum við alltaf lagt á það áherslu að það verður að taka allt efnahagslífið, stilla því upp sem reikningsdæmi, gera upp debet og kredit og þá er gengisfelling orðin hrein afgangsstærð. Hún er reiknuð afgangstærð sem kemur að lokum sem niðurstaða þegar búið er að gera dæmið upp að öðru leyti.

Svo er það ríkissjóður, munaðarleysinginn sem enginn vill gangast við, þessi endalausa hít sem aldrei verður södd. Ég vil að lokum benda þeim á sem stjórna ríkinu að reyna að líta fremur á ríkisreksturinn eins og fjölskyldu sem er að reyna að reka heimili sitt og verður fyrir tekjumissi, hvað gerir fjölskyldan? Jú, skynsöm fjölskylda gerir einfaldlega það að hún byrjar á því að tíunda hverjar verða tekjurnar og síðan ákveður hún útgjöldin. En eins og þingstörfunum er hér háttað byrjum við á því að ákveða útgjöldin og svo eru tekjurnar einfaldlega skrúfaðar upp þangað til við getum mætt þessum útgjöldum.

Ég ítreka þetta og geri þetta að mínum síðustu orðum í þessari umræðu, að við tökum upp önnur vinnubrögð, byrjum á því að áætla tekjurnar og sníðum okkur svo stakk eftir vexti hvað útgjöldin varðar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðgerðir í efnahagsmálum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 20. mál (staðfesting bráðabirgðalaga frá 20. maí 1988). — Þskj. 20, n. 200, brtt. 201, 205, 210, 211.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 205,1 felld með 10:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EKJ, GuðmÁ, GHG, GA, HBl, JúlS, SalÞ, ÞK, DS.
nei: EG, HÁ, JE, KSG, KP, MF, StG, SvG, VS, JHelg.
2 þm. (SkA, EgJ) fjarstaddir.
3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Halldór Blöndal:
Herra forseti. Með því að greiða atkvæði með þessari brtt. og öðrum sambærilegum er ekki stefnt að því að leysa upp þá kjarasamninga sem aðilar vinnumarkaðarins gerðu sjálfir og gilda til lengri tíma. Hins vegar er samningsaðilum heimilt, ef þeir verða sammála um það, að breyta samningum sínum án afskipta löggjafarvaldsins. Það hafa fjölmargir lagst á það að reyna að skilja og skýra ummæli forsrh., en árangurslaust með öllu. Þess vegna er nauðsynlegt að gera málin skýr og eyða óvissu. Ég segi já.

Júlíus Sólnes:
Virðulegi forseti. Þessi brtt. ásamt nokkrum öðrum sem þingmenn Kvennalistans í hv. deild flytja við þetta frv. er samhljóða brtt. sem þingmenn Borgfl. flytja. Ég hef við upphaf þessarar umræðu gert grein fyrir því hvernig stendur á þessu og þarf ekki að orðlengja það frekar. Ég segi já.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:
Virðulegi forseti. Við kvennalistakonur leggjum á það mikla áherslu að jafnframt því sem afnumið verði bann við verkföllum verði afnumin sú launafrysting sem í gildi hefur verið og þess vegna segi ég já.

Brtt. 210,1 kom ekki til atkvæða.
Brtt. 201,1 (ný 1. gr.) samþ. með 10:4 atkv.
Brtt. 205,2 felld með 10:9 atkv.
Brtt. 210,2 kom ekki til atkvæða.
Brtt. 201,2 (ný 2. gr.) samþ. með 10:4 atkv.
Brtt. 205,3 felld með 10:9 atkv.
Brtt. 210,3 kom ekki til atkvæða.
Brtt. 201,3 (ný 3. gr.) samþ. með 10:2 atkv.
Brtt. 205,4a felld með 10:9 atkv.
Brtt. 210,4a kom ekki til atkvæða.
Brtt. 205,4b felld með 10:9 atkv.
Brtt. 210,4b kom ekki til atkvæða.
Brtt. 201,4 samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 211,1 samþ. með 19 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HBl, JE, JúlS, KSG, KP, MF, SalÞ, StG, SvG, VS, ÞK, DS, EG, EKJ, GuðmÁ, GHG, GA, HÁ, JHelg.
2 þm. (SkA, EgJ) fjarstaddir.
4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Halldór Blöndal:
Herra forseti. Þó það hafi ekki efnislega þýðingu að fella síðari mgr. 4. gr. niður, þó svo að verkbönn, verkföll og samúðarvinnustöðvanir séu eftir sem áður bönnuð til 15. febr. samkvæmt almennum vinnuréttarlögum, eins og glögglega hefur verið gerð grein fyrir bæði af forseta Alþýðusambands Íslands og lögfræðingi m.a., tel ég ástæðulaust að þessi grein sé hér í þessum lögum vegna þeirrar andstöðu sem við hana hefur komið. Þó svo hún hafi ekki efnislega þýðingu segi ég já.

Júlíus Sólnes:
Herra forseti. Þessi brtt. frá okkur þingmönnum Borgfl. í Ed. er hluti af þeim brtt. sem við höfum gert um launa- og kjaragreinar þessa frv. Þó að fyrri brtt. okkar og þingmanna Kvennalistans hafi verið felldar teljum við nauðsynlegt og sjálfsagt að samþykkja þessa brtt., enda báru ummæli m.a. forseta Alþýðusambands Íslands með sér að hér væri um gróflega storkun að ræða við launþega í landinu. Ég segi já.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):
Herra forseti. Þar sem það hefur efnislega þýðingu að endurreisa mannréttindi segi ég já.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:
Virðulegi forseti. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar segir, með leyfi forseta: „Ríkisstjórnin æskir vinsamlegra samskipta við aðila vinnumarkaðarins og mun hafa við þá samráð um stefnuna í kjaramálum.“ Ég tel að hæstv. ríkisstjórn hafi tekið eitt örlítið spor í þá áttina þó að við kvennalistakonur teljum að sjálfsögðu ekki nóg að gert. En að sjálfsögðu greiðum við þessari brtt. atkvæði okkar og ég segi já.

4. gr., svo breytt, samþ. með 10:1 atkv.
5.–6. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 201,5 (fyrri málsl.) (ný 7. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 201,5 (síðari málsl.) (ný 7. gr.) samþ. með 10:2 atkv.
Brtt. 211,2 felld með 10:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JúlS, GuðmÁ.
nei: JE, KSG, KP, MF, StG, SvG, VS, EG, HÁ, JHelg.
HBl, SalÞ, ÞK, DS, EKJ, GHG, GA greiddu ekki atkvæði.
2 þm. (SkA, EgJ) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Júlíus Sólnes:
Herra forseti. Ég tel að það muni ekki komast ró yfir íslenskt efnahagslíf fyrr en við höfum annaðhvort afnumið allar vísitölutengingar milli launa og fjárskuldbindinga annars vegar og svo vísitalna hins vegar og/eða ef ekki næst samstaða um að a.m.k. meðan fjárskuldbindingar eru tengdar við vísitölu verði launin það einnig. Ég segi já.

Brtt. 201,6 (ný 8. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

9.–12. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Efnahagsaðgerðir, frh. 2. umr.

Stjfrv., 8. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 8, n. 202 og 207, brtt. 203, 206, 208, 209, 212 og 213.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 208,1 felld með 10:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EKJ, GuðmÁ, GHG, GA, HBl, JúlS, SalÞ, ÞK, DS.
nei: EG, HÁ, JE, KSG, KP, MF, StG, SvG, VS, JHelg.
2 þm. (EgJ, SkA) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Halldór Blöndal:
Herra forseti. Það liggur fyrir samkvæmt yfirlýsingum hæstv. sjútvrh. að lán þetta muni endurgreiðast úr ríkissjóði og auðvitað er rétt að hafa það svo í lögunum fyrst það verður þannig í reynd. Af þeim sökum segi ég já.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 208,2 felld með 11:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SalÞ, ÞK, DS, EgJ, EKJ, GuðmÁ, GHG, GA, HBl, JúlS.
nei: KP, MF, SkA, StG, SvG, VS, EG, HÁ, JE, KSG, JHelg.

Brtt. 212,1 kölluð aftur til 3. umr.
Brtt. 203,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 11:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: VS, EG, HÁ, JE, KSG, KP, MF, SkA, StG, SvG, JHelg.
nei: ÞK, DS, EgJ, EKJ, GuðmÁ, GHG, GA, HBl, JúlS, SalÞ.

5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 212,2–4 kallaðar aftur til 3. umr.
6.–9. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 209,1 felld með 11:8 atkv.
Brtt. 209,2 felld með 11:8 atkv.
Brtt. 213 kölluð aftur til 3. umr.
10.–11. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 203,2 samþ. með 11 shlj. atkv.
17.–18. gr. (verða 12.–13. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 206 felld með 11:10 atkv.
Brtt. 212,5 kom ekki til atkvæða.
19. gr. (verður 14. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 203,3 (ný 20. gr., verður 15. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
21.–22. gr. (verða 16.–17. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
23. gr. (verður 18. gr.) samþ. með 11:6 atkv.
24.–25. gr. (verða 19.–20. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn og kaflafyrirsagnir frv. samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

EFRI DEILD

23. fundur, miðvikudaginn 14. des., að loknum 22. fundi.

Bann við ofbeldiskvikmyndum, 3. umr.

Frv. menntmn. Ed., 183. mál (gildistími). — Þskj. 214.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Aðgerðir í efnahagsmálum, 3. umr.

Stjfrv., 20. mál (staðfesting bráðabirgðalaga frá 20. maí 1988). — Þskj. 243, brtt. 245.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:
Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir brtt. á þskj. 245 sem ég flyt ásamt hv. 12. þm. Reykv. Till. er við 7. gr. lagafrv. þess er hér liggur fyrir þar sem kveðið er á um gjaldskrár ríkis og sveitarfélaga og leyfi til hækkunar á aðföngum vegna erlends kostnaðar, reyndar þó að mati Verðlagsstofnunar. Tillögur okkar í Kvennalistanum um afnám launafrystingar voru felldar við 2. umr. málsins. Við teljum rétt að allir, ekki einungis launafólk, taki á sig þessa skerðingu og því er þessi till. flutt. Við leggjum til að það ríki þá jafnframt algjör verðstöðvun.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 245 felld með 11:6 atkv.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Efnahagsaðgerðir, 3. umr.

Stjfrv., 8. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 246, brtt. 212, 213.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 212,1 felld með 11:2 atkv.
Brtt. 212,2 felld með 11:3 atkv.
Brtt. 212,3 felld með 11:2 atkv.
Brtt. 212,4 felld með 11:2 atkv.
Brtt. 213 felld með 11:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞK, EgJ, EKJ, GuðmÁ, GHG, HBl, JúlS, SalÞ.

nei: VS, EG, HÁ, JE, KSG, KP, MF, SkA, StG, SvG, JHelg.

DS, GA greiddu ekki atkvæði.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir að verja 150 millj. kr. til fólks í greiðsluerfiðleikum vegna öflunar íbúðarhúsnæðis. Þessi till. gerir ráð fyrir hækkun á þeirri upphæð upp í 250 millj. til greiðsluerfiðleikalána. Víst er að neyð fólks er svo mikil að vel mætti verja margfaldri þeirri upphæð sem þessi till. gerir ráð fyrir til að koma til móts við þetta fólk. Ég tel að það þurfi að leita leiða sem í raun koma til móts við fólk í neyð og ég tel augljóst að þessi leið er e.t.v. ekki sú besta og í rauninni væri að mínu mati betra að flytja um það brtt. við fjárlagafrv. Ég greiði því ekki atkvæði.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Ég veit ekki betur en að ríkisstjórnin hafi þegar ákveðið að verja 75 millj. kr. til þessara hluta á þessu ári og ábyrgjast aðrar 75 millj. kr. strax í byrjun næsta árs. Í ljósi þess að stjórnarandstaðan leggst gegn öllum tekjuöflunaráformum ríkisstjórnarinnar þykir mér þetta vera heldur lítið merkileg sýndartillaga og því segi ég nei.

Júlíus Sólnes:

Herra forseti. Það er rétt, sem hér hefur komið fram, að í stjórnarsáttmálanum er gert ráð fyrir því að ríkisstjórnin útvegi 150 millj. kr. til að veita fjölskyldum og einstaklingum sem hafa keypt íbúðarhúsnæði aðstoð við skuldbreytingar. Hér er gert ráð fyrir að þessi upphæð verði hækkuð í 250 millj. til að koma til móts við aðra þá einstaklinga og fjölskyldur sem eru nær gjaldþrota vegna óstjórnar þeirrar sem hefur verið hér á landi undanfarin ár. Hér er um skuldbreytingu að ræða þannig að hér er ekki um það að ræða að ríkisstjórnin þurfi að reiða fram fjármuni sem aldrei koma til baka. Ég segi já.

Frv. samþ. með 11:2 atkv. og afgr. til Nd.

NEÐRI DEILD

22. fundur, miðvikudaginn 14. des., kl. 2 miðdegis.

Ríkisreikningar 1981–1986, frh. 1. umr.

Stjfrv., 142. mál. — Þskj. 149.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Ríkisreikningur 1979, frh. 1. umr.

Stjfrv., 159. mál. — Þskj. 170.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Lögreglumenn, frh. 1. umr.

Frv. ÁrnG o.fl., 163. mál (próf frá lögregluskóla og tjónabætur). — Þskj. 176.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Frv. GHelg, 171. mál (örorkumat). — Þskj. 185.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 27 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Stjfrv., 189. mál (skatthlutföll, persónuafsláttur o.fl.). — Þskj. 222.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Ég vil í upphafi máls míns biðja hv. deildarmenn afsökunar á því að ég skyldi tefjast og ekki vera kominn hér til fundar strax í upphafi reglulegs fundartíma, en því miður var það vegna þess að fundur sem ákveðinn var með skyndingu kl. hálftvö reyndist taka lengri tíma en ég hafði ætlað. Ég var ásamt forsrh. og viðskrh. bundinn á þeim fundi, en það seinkaði m.a. för hæstv. forsrh. til efri deildar. Mér finnst hins vegar rétt, vegna þess að það er auðvitað ekki eðlilegt að virðuleg deild þessarar stofnunar skuli þurfa að bíða eftir slíkum fundum, að biðjast afsökunar á þeirri töf hér í upphafi.

Ég mæli hér fyrir frv. um tekjuskatt og eignarskatt til breytingar á lögum nr. 75/1981. Eins og kunnugt er og oft hefur borið á góma við umræður hér í hv. deild og í Sþ. var gert ráð fyrir því í frv. til fjárlaga fyrir árið 1989 að tekju- og eignarskattur einstaklinga og fyrirtækja hækkaði frá því sem orðið hefði að óbreyttum lögum. Þessi hækkun tekju- og eignarskatts er liður í þeirri viðleitni að ná betra jafnvægi í ríkisfjármálunum á næsta ári en verið hefur á þessu ári og undanförnum árum.

Frv. mótast af þeirri meginstefnumörkun að skattbyrði hinna tekjulægstu hækki ekki og að þeir sem hafa miklar tekjur eða eiga miklar eignir beri hlutfallslega stærri hluta aukinnar skattlagningar.

Auk þess er í frv. að finna ýmiss konar ákvæði um breytta skattlagningu fyrirtækja sem að mínum dómi miða að því að gera hana réttlátari og sanngjarnari og loka ýmiss konar óeðlilegum undanfærsluákvæðum sem á undanförnum árum hafa haft það í för með sér að þrátt fyrir góðan hagnað hefur aðeins lítill hluti fyrirtækjanna greitt tekjuskatt. Má í því sambandi vekja athygli á því að þrátt fyrir mikið góðæri á árinu 1987 greiddi einungis um ⅓ fyrirtækjanna í landinu tekjuskatt. Ég vænti þess að það séu allir hv. alþm. sammála því viðhorfi að það sé fullkomlega óeðlilegt kerfi að í einhverju mesta góðæri skuli svo lítill hluti fyrirtækjanna greiða tekjuskatt.

Á undanförnum árum hafa verið gerðar margvíslegar breytingar í nágrannalöndum okkar á skattlagningu fyrirtækja sem stefna í sömu átt og þær breytingar sem hér eru lagðar til. Að mörgu leyti tel ég þess vegna að þau ákvæði þessa frv. sem snúa að skattlagningu fyrirtækjanna séu þegar til lengdar horfir efnismeiri sem veigamikið spor í breyttri skattlagningarstefnu í landinu, þar sem aftur á móti varðandi skattlagningu einstaklinganna er fyrst og fremst um að ræða breytingar á ákveðnum tölulegum stærðum.

Efni þessa frv. má í grófum dráttum skipta í þrjá meginflokka. Í fyrsta lagi er atriði sem snertir breytingar á tekjusköttum einstaklinga, persónuafslætti og barnabótum, í öðru lagi, eins og ég nefndi áðan, breytingar á tekjusköttum fyrirtækja og í þriðja lagi breytingar á eignarsköttum einstaklinga og fyrirtækja.

Ég mun hér fyrst fjalla um þær breytingar sem gerðar eru á tekjuskatti einstaklinga og vil í upphafi víkja að þeim efnisatriðum sem reifuð voru í frv. til fjárlaga.

Í fyrsta lagi var þar lýst þeirri ætlun að skatthlutfallið sjálft yrði hækkað.

Í öðru lagi að persónuafsláttur og barnabætur breyttust á þann veg að skattbyrði af lægri tekjum héldist óbreytt. Ég vil vekja athygli hv. alþm. á þeim eðliseiginleikum þessa skattkerfis sem við búum við í dag, að með samspili skattprósentunnar annars vegar og barnabóta og persónuafsláttar hins vegar er hægt að ná fram með ríkum hætti eiginleikum þess kerfis að létta skattana á fólki með lægri tekjur og lágar tekjur, en þyngja þá að sama skapi á fólki með hærri tekjur. Þannig segir í raun og veru breyting á prósentunni einni sér ósköp lítið ef ekki er einnig höfð hliðsjón af því hvað gert er með persónuafslátt og barnabætur.

Í þriðja lagi var þegar fjárlagafrv. var kynnt lögð áhersla á að skattleggja launa- og fjármagnstekjur, raunvexti, arð og söluhagnað á þann veg að þessi skattlagning yrði samræmd.

Þá er rétt einnig að víkja nokkuð að því, áður en ég kem að efnisatriðum frv. sjálfs, að eins og hv. alþm. er kunnugt og oft hefur borið á góma hér við umræður undanfarnar vikur taldi ég rétt að kanna sérstaklega kosti þess og galla að innleiða nýtt hátekjuþrep í tekjuskattinum. Ástæður þess að ég taldi nauðsynlegt að slíkt yrði kannað voru í fyrsta lagi þær að í röðum stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar var mikill áhugi á því máli, í öðru lagi meðal þingmanna sem eru utan ríkisstjórnar eða í stjórnarandstöðu er einnig verulegur áhugi á að láta kanna það mál og í þriðja lagi hafa ýmis félagssamtök, ég nefni t.d. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, ályktað sérstaklega um þann vilja sinn að tekið yrði upp sérstakt hátekjuþrep.

Að undanförnu hefur þessi möguleiki þess vegna verið til skoðunar í fjmrn. Sú skoðun hefur leitt í ljós að innan ramma núverandi kerfis er vissulega mögulegt að breyta tekjuskattsbyrði mismunandi tekjuhópa umtalsvert með því að hagræða skattprósentu

og persónuafslætti og láta þessa tvo þætti leika saman með öðrum hætti en gert er í núgildandi skattalögum. Þannig er það vissulega rétt, eins og ýmsir stuðningsmenn núgildandi kerfis hafa haldið fram, að það felur í sér töluvert mikla möguleika til tekjujöfnunar þó að þeir möguleikar séu vissulega ekki óendanlegir. Vandinn er hins vegar sá að innan ramma núverandi kerfis er vart mögulegt að hækka skatta hinna tekjuhærri án þess að skattar flestra annarra breytist. Nýtt skattþrep hefði þess vegna þann kost að auka tekjuskatta þeirra sem hafa hærri tekjur án þess að breyta skattbyrði annarra. Það er e.t.v. það grundvallaratriði sem skilur eiginleika skattkerfis með fleiri en eitt skattþrep frá eiginleikum þess kerfis sem við búum við í dag. Á hitt er svo einnig að líta að ýmsir verulegir annmarkar eru einnig á því í okkar þjóðfélagi að taka upp nýtt skattþrep.

Í fyrsta lagi að launafólk með sveiflukenndar tekjur innan ársins getur lent í hærra skattþrepi einstaka mánuði án þess að meðaltekjur þess á árinu öllu gæfu tilefni til þess.

Í öðru lagi að þeir sem fá laun frá mörgum atvinnurekendum kunna að sleppa undan hátekjuþrepinu, enda þótt tekjur þeirra gæfu ekki tilefni til þess.

Í þriðja lagi að skattlagning hjóna getur, í ríkari mæli en nú er, orðið misjöfn, eftir því hvernig tekjurnar skiptast á milli þeirra.

Þessi vandamál eru þó á engan hátt óyfirstíganleg. Við hinu fyrsta má bregðast með því að reikna staðgreiðsluna alltaf frá áramótum. Með því móti er hægt að tryggja fulla nýtingu á lægra skattþrepinu áður en einstaklingur fer í hærra skattþrepið. Annað vandamálið mætti leysa með því að gera einstaklingum skylt að standa sjálfir skil á staðgreiðslunni í hærra skattþrepinu, ef þeir vinna hjá fleiri en einum atvinnurekanda. Þriðja vandamálið, sem snertir skattlagningu hjóna, er hins vegar erfiðara úrlausnar, enda má segja að það sé með vissum hætti almennt vandamál í skattlagningu en ekki innheimtuvandamál eins og hin atriðin tvö. Hér er þó rétt að benda á að til greina gæti komið að miða efra skattþrepið við hærri tekjur en ella ef annað hjónanna er með litlar tekjur. Í þessu fælist viss samsköttun sem gæti lækkað tekjur af nýju skattþrepi.

Ég hef kosið að reifa þessi atriði hér vegna þess að umræðan um annað skattþrep hefur verið mjög rík hér á þingi undanfarnar vikur og einnig í þjóðfélaginu. Ég vil í því sambandi geta þess að á nánast hverjum einasta fundi sem ég hef komið á, hvort sem það er stjórnmálafundur hjá félagssamtökum, áhugamannafélögum, klúbbum eða af hverju öðru tagi sem þeir fundir hafa verið, þá hefur ávallt einhver, oftast margir, sett fram þá spurningu hvers vegna væri ekki hægt að taka upp annað eða fleiri skattþrep í okkar skattkerfi — og hafa sjálfir lagt til að svo yrði. Ég held þess vegna, og það er mitt mat sem kannski erfitt er að sanna en engu að síður mitt mat, að meðal þjóðarinnar ríki sá skilningur að eðlilegt sé í tekjuskattskerfi að það séu fleiri en eitt skattþrep og það þurfi þess vegna að vera ærnar ástæður fyrir löggjafann að hafa til lengdar við lýði í landinu kerfi sem ekki hefur þessa eiginleika. Ég held að vísu einnig að bæði þingheimur og skattyfirvöld hafi vanrækt að skýra út fyrir almenningi þá eiginleika til tekjujöfnunar sem núverandi kerfi hefur með samspili skattprósentu, persónuafsláttar og barnabóta.

Þetta mál er þess vegna á engan hátt einfalt og ég hef því kosið að láta vinna í því máli áfram þannig að þingheimur allur, þingflokkarnir allir, samtök utan þings, sem vilja kynna sér og taka afstöðu til þessa máls, geti haft rækilegan tíma til þess á næsta ári.

Ég hef hins vegar sannfærst um það af ítarlegum viðræðum mínum við stjórnendur og starfsfólk skattakerfisins í landinu að jafnvel þótt tekin væri ákvörðun um það hér og nú að breyta tekjuskattskerfinu á þann veg að nýtt skattþrep væri tekið upp, þá væri afar hæpið, ef ekki útilokað, að framkvæmd þess gæti tekist með svo stuttum fyrirvara svo vel væri. Það er nokkurn veginn samdóma álit þeirra sem ég hef rætt við og starfa við framkvæmd skattakerfisins að lágmarksundirbúningstími séu 4–6 mánuðir frá því að ákvörðun er tekin þar til starfsmönnum skattakerfisins væri ætlað að framkvæma þessa breytingu.

Það er rétt að ég skýri einnig frá því hér að starfsfólk skattakerfisins hefur mjög lýst því hvað það hafi haft miklar áhyggjur og í reynd búið við mikla erfiðleika við að tryggja örugga framkvæmd staðgreiðslunnar á þessu ári. Það hafi á engan hátt verið öruggt að það tækist. Breytingin hafi í reynd, eins og einn maður orðaði það, verið borin af starfsfólkinu frá einum mánuði til annars án þess að vissa væri hvort það tækist frá einum mánuði til annars að tryggja örugga framkvæmd. Mér finnst rétt að skýra frá þessu hér vegna þess að mín reynsla hefur a.m.k. verið á þann veg að hv. alþm. allir hugi kannski meira að efnisþáttum skattalaganna sjálfra og minna að erfiðleikum þess fólks sem síðan er ætlað, oft við erfiðar aðstæður og á skömmum tíma, að framkvæma þær ákvarðanir sem hér eru teknar.

Þess vegna varð það mín niðurstaða að hvað sem liði afstöðu manna til tekjuskattskerfis með eitt eða fleiri skattþrep þá væri ógerlegt að taka með svo skömmum fyrirvara sem við höfum nú ákvörðun um breytingar, einfaldlega af tæknilegum og framkvæmdalegum ástæðum. Þess vegna m.a. er það niðurstaðan að leggja fram það frv. sem hér er til umræðu en engu að síður halda áfram þeirri efnislegu og faglegu vinnu sem framkvæmd hefur verið varðandi þetta atriði svo allir geti snemma á næsta ári haft grundvöll til þess að skoða málið að nýju, bæði þeir sem eru með og hinir sem eru á móti skattkerfi með fleiri en eitt skattþrep. Þá hafa menn betri og efnislegri grundvöll, bæði þeir sem hafna því, til þess að færa rök fyrir sínu máli, og væntanlega einnig hinir sem eru með því til þess að sækja sér röksemdaforða í þær efnislegu greinargerðir sem

fyrir verða lagðar.

Ég vil að lokum í þessu efni láta í ljósi þá ályktun mína að í reynd sé um tvo möguleika að ræða ef sérstakt hátekjuþrep ætti að verða að veruleika á næstu árum. Í fyrsta lagi að nýju skattþrepi verði komið á í álagningu eftir á eingöngu og svo hins vegar að nýtt skattþrep verði tekið upp í staðgreiðslu síðar.

Ég vil einnig árétta það hér sem ég hef lýst yfir nokkrum sinnum, bæði í umræðum um þingsköp hér í gær, í umræðum utan dagskrár og við önnur tilefni, að ákveðið hefur verið að leggja ekki fram nú frumvarp um skattlagningu raunvaxta. Ekki vegna þess að hæstv. ríkisstjórn telji það ekki vera efnislega rétt eða hafi í nokkru breytt þeirri ákvörðun sinni að samræma skattlagningu fjármagnstekna hér á Íslandi þeim reglum og lögum sem gilda um það efni í nær öllum nágrannalöndum okkar og þykir eðlilegt og sjálfsagt í flestum þróuðum ríkjum heims, heldur er ástæðan einfaldlega sú að við höfum viljað vanda vel þessa lagasetningu. Og eins og ég greindi frá í gær en vil formlega endurtaka hér, þá hefur verið ákveðið að samstarfsnefnd fjmrh., viðskrh., forsrh. og Seðlabankans vinni drög að slíkri lagasetningu sem síðan verða kynnt ýmsum kunnáttumönnum og fagmönnum sem starfa í peningastofnunum landsins, bæði viðskiptabönkum og öðrum peningastofnunum, svo og öðrum áhugamönnum um þetta efni. Finnst mér vel koma til greina ef óskir eru um það frá þingflokkum bæði utan og innan stjórnar að þeir hafi möguleika til að fylgjast með þessari sérfræðilegu vinnu vegna þess að hún er flókin og þetta er mikilvægt viðfangsefni og nauðsynlegt að ég tel að um hana skapist jafnbreið samstaða hér á landi eins og hefur verið í nágrannalöndum okkar þar sem stjórnmálaflokkar, óháð því hvort þeir telja sig til hægri eða vinstri, hafa talið sjálfsagt og eðlilegt að raunvaxtatekjur séu skattlagðar líkt og vinnutekjur.

Ég vil í þessu sambandi geta þess að á vegum fjmrn. hefur á undanförnum vikum verið sérstaklega unnið að því að afla gagna og fræðast um reynslu í þessum efnum frá Bretlandi, Norðurlöndum og Bandaríkjunum þar sem slíkar breytingar hafa verið við lýði um nokkurra ára bil.

Hvað efnisþætti þess frv. sem hér er til umræðu snertir má segja að hvað tekjuskatta einstaklinga snertir þá feli breytingarnar í sér nokkur meginatriði.

Í fyrsta lagi vil ég vekja athygli á því að almenna skatthlutfallið hækkar úr 28,5% í 30,5%. Verulegum hluta þeirrar hækkunar sem þessi prósentubreyting skilar í ríkissjóð er hins vegar varið til þess að hækka einnig persónuafslátt og barnabætur. Má í því sambandi taka það sem dæmi að skattar hjóna með tvö börn og allt að 130 þús. kr. í mánaðartekjur lækka eða standa í stað þrátt fyrir þessa hækkum skattahlutfallsins vegna þeirrar hækkunar á persónuafslætti og barnabótum sem hér er gerð tillaga um.

Vegna þess að eðlilega hefur orðið nokkur umræða um það að aðrar prósentur hefðu komið til greina í þessum efnum, t.d. 2,5% eða 3%, vil ég vekja athygli hv. deildarmanna á því að með hærri skattprósentu hefði verið hægt að verja meira fjármagni til breytinga á persónuafslætti og barnabótum. Og hvað mig snertir og minn flokk, þá hefðum við í sjálfu sér verið tilbúnir til þess að hafa prósentuna hærri en verja að sama skapi meira fjármagni í breytingar á persónuafslætti og barnabótum. En niðurstaða stjórnarflokkanna varð hins vegar á þann veg sem fram kemur í frumvarpinu hér og nú.

Mér finnst í öðru lagi rétt að vekja athygli á því sem ég hef orðið var við að mjög fáir gera sér grein fyrir: Sá þjóðfélagshópur sem mjög hefur oft áður verið til umræðu í sambandi við breytingar á tekjusköttum, þ.e. einstæðir foreldrar, eru þannig staddir í skattakerfinu þegar á heildina er litið bæði fyrir og ekki síður eftir þá breytingu sem hér er lögð til að einstæðir foreldrar hafa þá sérstöðu umfram aðra þjóðfélagshópa, sem oft eru nefndir í umræðu um skattamál, að þeir greiða að jafnaði enga tekjuskatta þegar á hópinn í heild er litið. Persónuafsláttur þeirra og barnabætur duga til þess að greiða að fullu bæði tekjuskatt og útsvar og raunar gott betur, þannig að í heildina fá einstæðir foreldrar til sín nettó meira en þeir leggja fram í skattakerfið. Tel ég mjög mikilvægt að þeim eiginleika skattakerfisins sé haldið áfram. Þær breytingar sem hér eru lagðar til fela það í sér að skattar einstæðra foreldra með allt að 110 þús. kr. mánaðarlaun, ýmist lækka eða standa í stað.

Í þriðja lagi vil ég vekja athygli á því að þrátt fyrir 2% hækkun á jaðarskatthlutfalli þá hækkar raunverulegt skatthlutfall einungis um 0,5%, úr 13% í 13,5% þegar á heildina er litið.

Í fjórða lagi vil ég vekja athygli á því að heimilt verður að nýta persónuafslátt til greiðslu eignarskatts með sama hætti og hann gengur til greiðslu á tekjuskatti og útsvari. Ég held að þetta ákvæði sé sérstaklega mikilvægt þegar menn huga að skattlagningu ellilífeyrisþega með litlar tekjur.

Mér finnst óþarfi hér að verja tíma deildarinnar til þess að endursegja tölur sem ýmist er að finna í frumvarpsgreinunum sjálfum í ítarlegra máli eða lýsa þeim dæmum sem fylgja frv. Sú yfirferð held ég að sé hagkvæmari hjá hverjum og einum fyrir sig þegar hann eða hún hefur ritaðan textann fyrir framan sig heldur en að fara yfir það í löngu máli munnlega hér úr ræðustól. Ég vil þó vekja athygli hv. alþm. á því að ef þeir skoða þær töflur sem frv. fylgja um breytingar á mánaðarlegum skattgreiðslum hinna ýmsu þjóðfélagshópa sem þar eru sýndir sem dæmi, þá er þar í reynd um mjög litlar upphæðir að ræða. Má í því sambandi t.d. nefna að í ákveðnum þjóðfélagshópum með mánaðartekjur sem nema 150 þús. kr. á mánuði felur breytingin einungis í sér 300 kr. hækkun á greiðslu á hverjum mánuði. Og það þarf að fara töluvert yfir 200 þús. og upp í 300

þús. til þess að breytingin nemi einu til þremur þúsundum í hverjum mánuði. Það eru þessar hlutfallstölur sem ég held að segi kannski skýrari sögu um breytingarnar en prósentur eða einhver heildaryfirlit sem stundum eru sett fram í þessum efnum.

Ástæðan fyrir því að við höfum kosið að setja þetta fram m.a. í grg. frv. með þessum hætti er að í staðgreiðslukerfinu er fólk smátt og smátt að venjast því að hugsa um skattgreiðslur sína á mánaðargrundvelli og hver breytingin er miðað við mánaðartekjurnar hverju sinni, þar sem oft áður í gamla kerfinu beindist athygli manna að breytingum fyrir árið í heild. Við höfum engu að síður í grg. frv., í fskj. einnig sýnt breytingarnar fyrir árið í heild og ég held að þótt menn geti haft mismunandi skoðanir á eðli þessara breytinga sem hér eru þá geti flestir verið sammála því að hér er ekki um háar upphæðir að ræða fyrir allan þorra þess fólks sem er vinnandi í okkar landi, fyrir hluta þess um lækkun, fyrir hluta þess að það stendur í stað, en fyrir aðra óveruleg hækkun, og þá fyrst þegar komið er upp í verulega háar mánaðartekjur nemur hækkunin fáeinum þúsundum króna á mánuði.

Virðulegi forseti. Ég sagði hér áðan að ef horft væri á efnisþætti frv. en ekki þær breytingar á tölulegum stærðum sem gerðar eru þá kynni breytingin á tekjuskatti fyrirtækja að ýmsu leyti að vera athyglisverðari þegar til lengdar lætur en þær breytingar á tölulegum stærðum sem ég vék að áðan. Ég vil í því sambandi árétta það sem ég hef áður sagt að í flestum löndum í okkar heimshluta hefur æ meiri vinna verið í það lögð að breyta skattlagningu fyrirtækja á þann veg að fyrirtækin greiði með sanngjörnum hætti til þjóðfélagsins en geti ekki notað löglegar undansláttar- og undanfærsluleiðir til þess að draga allverulega úr framlagi sínu til hins sameiginlega sjóðs landsmanna. Í þessum efnum höfum við Íslendingar að hluta til verið á sömu braut. Ég nefni t.d. að fyrir nokkrum árum var ákveðið að bankarnir greiddu einnig tekjuskatt sem þeir höfðu ekki gert áður og á þessu þingi liggur fyrir frv. um að fleiri peningastofnanir gangi einnig þá braut. Ég vænti þess að hv. alþm. geti allir verið sammála um það að tekjuskattskerfi fyrirtækja, þar sem aðeins þriðjungur fyrirtækjanna greiðir tekjuskatt í einhverju mesta góðæri sem við höfum hér lifað, hljóti að vera í meira lagi óeðlilegt, óréttlátt og götugt kerfi.

Í þessu frv. er í fyrsta lagi lagt til að fækka frádráttarliðum og þar með breikka sjálfan skattstofninn. Í öðru lagi að herða reglur um fyrningar og hlunnindi, t.d. vegna rekstrarkostnaðar fólksbifreiða í eigu fyrirtækja en það hefur löngum verið eitt af því sem tíðkast hefur mjög í okkar landi að fyrirtæki hafa látið eigendum fyrirtækjanna eða æðstu stjórnendum þeirra í té fólksbifreiðir til einkaafnota og það hefur ekki ríkt samræmi í skattlagningu þessara hlunninda samanborið við þær byrðar sem hvíla á venjulegum borgurum og bifreiðaeigendum landsins.

Tekjuskattar fyrirtækja eru taldir geta skilað 2 milljörðum og 700 millj. kr. í ríkissjóð á næsta ári eða nokkru meira en gert var ráð fyrir í fjárlagafrv. Þessi hækkun er afleiðing af endurskoðun sem fram hefur farið í fjmrn. í ljósi þeirra breytinga sem hér eru lagðar til. Þó er rétt að hafa fyrirvara á um þetta efni vegna þess að það er í sjálfu sér erfiðara af margvíslegum efnislegum og tæknilegum ástæðum að áætla skattgreiðslu fyrirtækja heldur en einstaklinga, einkum og sér í lagi þegar jafnmiklar breytingar eru gerðar eins og hér um ræðir.

Um einstakar breytingar á skattgreiðslu fyrirtækjanna má eftirfarandi teljast einna mikilvægast:

1. Reglur um fyrningu lausafjár eru þrengdar þannig að gjaldfærslan dreifist á allan notkunartímann en verður ekki að fullu nýtt á kaupárinu.

2. Almennar fyrningar aðrar en á fasteignum, dreifast á lengri tíma en hingað til. Með þessu er í reynd verið að færa afskriftahlutföllin í upprunalegt horf, þ.e. eins og þau voru ákveðin við heildarendurskoðun laganna 1980.

3. Heimild til að ráðstafa hluta rekstrarhagnaðar í sérstakan fjárfestingarsjóð verði lækkuð úr 30% í 15%.

4. Gjaldfærsla fyrirtækja, eins og ég gat um áðan, vegna rekstrarkostnaðar fólksbifreiða í þeirra eigu verði mjög takmörkuð. Með þessu er að því stefnt að bifreiðahlunnindi séu talin fram til skatts í ríkara mæli en gert er í dag.

5. Afnumin verði verðbreytingarfærsla hjá hlutafélögum vegna lána til eigenda og framkvæmdastjóra þeirra. Þetta er eitt af þeim atriðum sem einnig hafa skapað að okkar dómi óeðlilega mismunun og forréttindi innan núverandi kerfis.

6. Heimild til yfirfærslu taps við kaup eða sameiningu fyrirtækja í óskyldum rekstri verði þrengd. Það hefur farið vaxandi — og mun e.t.v. gera það miðað við erfiða stöðu og rekstrarstöðvun og gjaldþrot margra fyrirtækja — að ýmis fyrirtæki önnur freistist til þess að kaupa tapfyrirtæki eða gjaldþrotafyrirtæki eingöngu í skattahagnaðarskyni. Slíkt teljum við mjög óeðlilegt, og hægt að færa fyrir því margvísleg rök, og viljum þess vegna koma í veg fyrir það að tap við kaup eða sameiningu fyrirtækja í óskyldum rekstri verði jafnrúm og verið hefur. Hins vegar verður áfram hægt, þegar um sameiningu eða samtengingu fyrirtækja í skyldum rekstri í hagræðingarskyni eða þegar um annan eðlilegan rekstrartilgang er að ræða, að yfirfæra tapið þá með sama hætti og áður.

Að síðustu er svo rétt að vekja einnig athygli á því að skattahlutfall fyrirtækjanna hækkar um 2% til samræmis við hækkunina á tekjuskatti einstaklinga, úr 48% í 50%.

Ég reikna með að þessar breytingar muni verða teknar til ítarlegrar skoðunar í hv. nefnd og vil að lokum árétta það sem ég gat um áðan að það skattakerfi sem við búum nú við, hvað fyrirtækin í landinu snertir, hafði það í för með sér að einungis þriðjungur skattskyldra fyrirtækja í landinu greiddi

einhvern tekjuskatt vegna reksturs á síðasta ári, þ.e. á árinu 1987. Það hlýtur að vera sameiginlegt verkefni þingsins að koma í veg fyrir að skattakerfi af því tagi haldist áfram óbreytt. Því þótt það sé nauðsynlegt og sjálfsagt að atvinnulífið í landinu og fyrirtækin hafi eðlilega stöðu til þess að vaxa og dafna, þá er það á sama hátt eðlilegt að þau greiði hluta af sínum eðlilega hagnaði til sameiginlegs sjóðs landsmanna líkt og einstaklingarnir gera í okkar landi.

Virðulegi forseti. Þriðji og síðasti efnisþáttur þessa frv. snertir breytingar á eignarskatti einstaklinga og fyrirtækja. Í fyrsta lagi er þar um að ræða hækkun á lægra þrepinu í eignarskatti einstaklinga úr 0,95% af nettóeign, þ.e. skuldlausri eign yfir 250 þús. kr., í 1,2%. Þá er og lagt til að hækka eignarskatt fyrirtækja úr 0,95% af sams konar nettóeign í 1,2%. Þar með er eignarskattshlutfallið orðið jafnhátt og það var fyrir nokkrum árum síðan.

Sú nýjung sem menn munu kannski fyrst og fremst horfa á snertir hins vegar þá breytingu að tekið er upp nýtt háeignaþrep í eignarskattinum, 1,5%, á skuldlausa eign yfir 6 millj. kr. hjá einstaklingi og 12 millj. kr. skuldlausa eign hjá hjónum. Áætlað hefur verið að það séu u.þ.b. 6 þúsund einstaklingar af 182 þúsundum framteljenda sem muni greiða þetta sérstaka háeignaþrep eða aðeins örfá prósent allra þeirra gjaldenda sem greiða eignarskatt í landinu. Hér er þess vegna ekki um það að ræða að hækka sérstaklega með þessu háeignaþrepi eignarskattinn á öllum þorra, hvað þá heldur stórum hluta landsmanna, heldur eingöngu á þann minni hluta, þann litla hóp, ef öll heildin er skoðuð, sem hefur skuldlausa eign, hvað hjón snertir yfir 12 millj. kr. Til samanburðar má geta þess að menn þurfa að fara í einbýlishúsin í dýrustu hverfum höfuðborgarsvæðisins til þess að finna húseignir sem eru yfir þessum mörkum. Allar venjulegar húseignir, íbúðir, raðhús, lítil einbýlishús, eða þær húseignir sem allur þorri Íslendinga býr í, eru undir þessum mörkum.

Eins og ég vék að áðan er einnig í þessu frv. lögð til sú breyting varðandi nýtingu á persónuafslætti að það er heimilt að nýta hann til greiðslu á eignarskatti sem ekki hefur verið til þessa. Sú breyting hefur það m.a. í för með sér að ellilífeyrisþegar með litlar sem engar tekjur munu ekki þurfa að greiða eignarskatt.

Virðulegi forseti. Ég hef hér leitast við að reifa í stuttu máli þau meginatriði sem setja svip sinn á þetta frv. þótt vissulega væri tilefni til þess að fjalla um það ítarlega og lengi. Ég hef einnig talið nauðsynlegt að gera grein fyrir ýmsum atriðum sem sett hafa svip sinn á undirbúning frv. og áfram verður unnið að á vegum ráðuneytisins og full ástæða væri til að allir þingflokkar hefðu tækifæri til á næsta ári að fylgjast með.

Ég vil svo mælast til þess að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Það varð nokkur töf á því að umræða um þetta mál gæti hafist og fundi deildarinnar frestað af þeim sökum. Hæstv. ráðherra byrjaði ræðu sína á að bera fram afsökun fyrir það hversu seint hann kom til fundarins og var sú afsökun að sjálfsögðu tekin til greina. En mér er ekki grunlaust um að hæstv. ráðherra hafi verið að skjóta því aðeins á frest að mæla fyrir þessu frv., kannski hafi verið í hans huga svolítill efi og svolítið samviskubit yfir því að flytja frv. sem þetta, samviskan hafi nagað svolítið og það hafi verið svolítil sálarró að fá að fresta því að mæla fyrir þessu makalausa frv. svo sem um hálfa klukkustund.

Hæstv. ráðherra mælti svo fyrir frv. Það vekur athygli, og ég hygg að það sé fátítt, að hæstv. fjmrh. mæli fyrir svo veigamiklu frv. og eyði meginhluta ræðunnar í það að mæla fyrir frv. sem aldrei var flutt, að mæla fyrir hugmyndum um tekjuskatta sem ekki eru hér fluttar í frumvarpsformi og mæla hér fyrir hugmyndum um sérstakan fjármagnstekjuskatt sem ekki er verið að flytja hér inn á Alþingi. M.ö.o.: Hæstv. ráðherra var í ræðu sinni ekki aðeins að mæla fyrir frv. sem ekki var flutt, hann var fyrst og fremst að staðfesta að öll stóru orðin, sem hann hafði fyrir aðeins örfáum vikum um það hvernig ætti að flytja til fjármunina í þjóðfélaginu, eru að engu orðin. Tilflutningurinn á fjármagni, eins og hann orðaði það, frá ríka fólkinu, er orðinn að skattlagningu á allan almenning í landinu. Þessi dapurlega framsöguræða fyrir frumvarpinu sem ekki var flutt er staðfesting á þessu, iðrandi stef um það að allar miklu og stóru og breiðu yfirlýsingarnar sem hæstv. ráðherra flutti eru að engu orðnar. Það vantaði ekki rúmið sem hæstv. ráðherra fékk í fjölmiðlum til þess að gera grein fyrir hinni nýju stefnu. Nú væri kominn nýr maður, nú væri komin ný stefna, nú ætti að flytja til fjármunina, nú ætti að hætta að skattleggja allan almenning í landinu, bara ríka fólkið. Svo kemur hæstv. ráðherra hér og flytur þetta iðrandi stef um að allar þessar yfirlýsingar séu hrundar. Ég er viss um það að þó að almenningur í landinu sé að verða býsna þreyttur á daglegri viðveru hæstv. ráðherra í fjölmiðlum þá hefði hann býsna gott af því að hæstv. ráðherra játaði það nú í stórri yfirlýsingu frammi fyrir þjóðinni berum orðum, en ekki með því að fara svona bakdyramegin að þeirri játningu eins og hér í þessari ræðu, að öll stóru orðin séu nú að engu orðin.

Þetta frumvarp, sem hér hefur verið lagt fram og hæstv. fjmrh. hefur mælt fyrir, hefur verið kallað „síðasta skattheimtufrumvarp hæstv. ríkisstjórnar". Er það vel að þeim málum linni. Hitt ber þó að hafa í huga í þessu sambandi að fyrir tveimur kvöldum síðan, að ég hygg, komu þeir ráðherrarnir fram í fréttatímum sjónvarpsins. Þá lýsti hæstv. forsrh. því yfir að tekjuskattsfrv. væri enn til meðferðar hjá stjórnarflokkunum. Þetta var sagt af því tilefni að Alþfl. mun hafa hafnað því að tekjuskattshækkunin yrði meiri en í þessu frumvarpi getur, en hæstv.

forsrh. sagði að það gæti vel til þess komið að hækkunin yrði meiri og fullyrti að meðferð frumvarpsins í þingflokkum stjórnarflokkanna væri ekki lokið. Umfjöllun um og ákvörðunum um endanlega gerð frumvarpsins væri ekki lokið. Hæstv. fjmrh. tók undir þetta með því að segja að það væri algengt að frv. væri breytt í meðförum þingsins og það gæti eins orðið í þessu tilviki. Það er auðvitað alveg augljóst að hv. deild hlýtur að kalla eftir skýrum svörum um það hvort þetta sé endanlegt frv., hvort þingmenn í hv. deild eigi að taka mark á ummælum forsrh. að þessu sinni að umfjöllun í þingflokkum stjórnarflokkanna sé ekki lokið. Eða á að taka þessi ummæli hæstv. forsrh. eins og venjulega? Það er alveg nauðsynlegt að hæstv. fjmrh. svari þessu. Átti að taka mark á þessum ummælum hæstv. forsrh. eða á að taka þau eins og venjulega?

Þetta frv. ásamt öðrum frv. sem hér liggja fyrir er auðvitað þáttur í heildarstefnu ríkisstjórnarinnar í efnahags-, atvinnu- og fjármálum. Það ber auðvitað að fagna því að ríkisstjórnin hafi fallið frá áformi sínu um að skattleggja starfsemi þeirra frjálsu félagasamtaka sem unnið hafa hér mikið starf í þágu öryrkja og íþrótta, um að skattleggja starfsemi Háskóla Íslands og þar fram eftir götunum. Hæstv. ríkisstjórnin hefur sem sagt fallið frá öryrkjaskattinum, menningar- og menntaskattinum og íþróttaskattinum — ekki af því að það sé ekki enn hugsjón hæstv. fjmrh. í nafni félagshyggjunnar að leggja á slíkan skatt, heldur vegna þess að Framsfl. ákvað eins og venjulega að brjóta a.m.k. einn af þeim samningum sem hann gerir í ríkisstjórnarsamstarfi. Minna má það ekki vera. Hæstv. fjmrh. lýsti því yfir að um þetta hefði verið gerður formlegur samningur og hann hafði ekki fyrr lýst því yfir en Framsfl. greindi frá því að hann væri allsendis óbundinn, enda hefði samningurinn bara verið svona óformlegt, lauslegt spjall. En þó að vinnubrögðin lofi ekki meistarann, þá ber að fagna því að þessi skuli vera niðurstaðan.

Þessi skattafrumvörp, og þar á meðal þetta frumvarp, verða auðvitað ekki slitin úr tengslum við efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar í heild. Útgjöld og tekjur ríkissjóðs hljóta að ráðast af því hvaða efnahagsstefnu er fylgt. Tekjur ríkissjóðs eru að stærstum hluta til byggðar á veltusköttum og ráðast því mjög af atvinnuástandi í landinu á hverjum tíma. Þær ráðast líka af því hverjar tekjur alls almennings eru. Það er þess vegna alveg fráleitt eins og fram hefur komið hjá hæstv. ráðherrum að niðurstöður í fjárlögum fáist einungis með því að bera saman debet og kredit. Niðurstöður fjárlaganna ráðast auðvitað fyrst og fremst af því hvaða efnahagsstefnu er fylgt. Nú er ljóst að þessi ríkisstjórn fylgir þeirri stefnu í efnahagsmálum sem getur ekki leitt til annars en að koma atvinnulífinu á kné. Og það hefur verið staðfest af hæstv. fjmrh. og hæstv. viðskrh. að það á að draga úr verðbólgunni í landinu annars vegar með því að taka erlend lán til þess að greiða niður verðlag og hins vegar með því að lama svo atvinnulífið að af þeim sökum verði engin verðbólga til. Fjárlagafrv. byggir á þessari efnahagsstefnu.

Það er býsna athyglivert að það skuli nú gerast að hæstv. fjmrh. skuli vera sá ráðherra sem stýrir efnahagsmálum í þessari ríkisstjórn, mótar þá stefnu í öllum aðalatriðum, ekki bara í ríkisfjármálunum sjálfum heldur heildarefnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, ákveður það hvaða gengisstefnu skuli fylgt, ákveður það að ná skuli niður verðbólgu með því að lama atvinnulífið og útflutningsframleiðsluna. Það er orðið á valdi hæstv. fjmrh. Hann er orðinn verkstjóri í efnahagsmálum hjá hæstv. ríkisstjórn. Það gengur svo langt að hæstv. forsrh. felur hæstv. fjmrh. að annast viðræður við stjórnarandstöðuflokkana á þingi um framgang þingmála og efnislega niðurstöðu. Svo rækilega hefur hæstv. fjmrh. tekið við verkstjórn efnahags- og atvinnumála í landinu. Og hann fylgir rangri efnahagsstefnu.

Það fæst aldrei botn í þessi fjárlög ef fylgja á þeirri efnahagsstefnu sem lamar atvinnulífið í landinu. Ef það á að ná niður verðbólgu með því að drepa atvinnulífið og útflutningsstarfsemina niður þá fæst aldrei botn í fjárlögin, sama hvað hæstv. ráðherra hækkar skattana. Hann heldur áfram að hækka skattana, það leiðir til þess að það dregur meir úr atvinnulífinu, framleiðslan verður minni, tekjurnar verða minni og hann þarf á ný að hækka skattana þangað til að allt er komið í öngþveiti. Þetta er vítisvél sem getur ekki annað en leitt til ófarnaðar og mun aldrei leysa þann vanda sem ríkissjóður stendur frammi fyrir. Grundvallarhugsun efnahagsstefnunnar er röng og þess vegna gengur það ekki upp að hækka alltaf skattana eftir því sem ríkissjóður lendir í meiri vanda. Það dregur bara meir úr þrótti atvinnulífsins, úr umsvifunum í þjóðfélaginu, lækkar tekjur einstaklinganna meira, og þá ætlar hæstv. fjmrh. að koma aftur og setja meiri skatta á fyrirtækin eftir því sem þau hafa minnkað afl sitt, meiri skatta á launafólkið eftir því sem tekjur þess minnka. Sér er nú hver hagspekin! Og nánast furðulegt að framsóknarmenn skuli samþykkja að þannig skuli efnahags- og atvinnumálum stýrt. Þeir sem fengu þó í sinn hlut það ráðuneyti sem á að fara með verkstjórn í efnahags- og atvinnumálum, að þeir skuli framselja það með þessum hætti til Alþb. með þessum afleiðingum og þessari niðurstöðu. Það verður að skoða allt efni frv. í þessu ljósi.

Þetta frv. er enn ein staðfesting á því að hæstv. ríkisstjórn hefur engin önnur ráð séð en að leggja skatta á allan almenning í landinu. Vörugjaldið leggst á neysluvörur, almennar neysluvörur heimilanna, leggst með miklum þunga á húsbyggjendur, unga fólkið í landinu. Unga fólkið, sem þarf að leggja á sig meiri vinnu af því að það er að koma sér upp þaki yfir höfuðið, afla sér meiri tekna af því að það er að standa undir kostnaði við að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Þá á að hækka þann kostnað. Og um leið á að hækka skattana á þá sem þurfa af þessum sökum að auka við sig vinnu og afla meiri

tekna. Það er verið að lama framtak unga fólksins í landinu sem er að spara með því að vinna meira og afla meiri tekna til þess að geta sjálft staðið undir því að eignast sínar eigin íbúðir. Það er verið að vinna gegn þessu í nafni félagshyggjunnar, hæstv. fjmrh. Í nafni félagshyggjunnar er verið að koma með þessum hætti fram við þetta fólk.

Svo segir hæstv. ráðherra að hann hafi hvergi komið þar sem ekki sé krafa um að setja nýtt skattþrep í tekjuskattinn. Hann lýsti því yfir hér á þinginu fyrr í vetur að hann ætlaði að innlima Alþfl. í Alþb. og þeir hafa verið að syngja þeirri stefnu lof og prís í Alþfl. að ganga inn í Alþb. En ég veit ekki betur en að það sé einmitt í Alþfl. sem menn hafa þó haft manndóm í sér til þess að segja að nýtt skattþrep komi aldrei til greina. Samt ætlar nú hæstv. ráðherra að innbyrða þennan flokk. Samt segir hann hér að hann hafi aldrei heyrt nefnd ein einustu félagasamtök í landinu nema þau hafi borið þessa kröfu fram. Hann ætlar þó að innbyrða þau félagasamtök sem hafa lýst því yfir að þetta megi aldrei gerast, skatturinn á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Það hefur verið sýnt fram á það með skýrum rökum að sá skattur fer allur út í verðlagið. Lendir allur eða mestallur a.m.k. á neytendum í landinu og veldur auðvitað dreifbýlisversluninni mestum örðugleikum.

Lítum þá aðeins á efnisatriði þessa frv. sem hæstv. ráðherra fór nú ekki ítarlega út í, því ræða hans var um frv. sem aldrei var flutt, frv. sem aldrei fékk stuðning. Ræða hans var um hið innra uppgjör í ríkisstjórninni. Ræða hans var um niðurlagið sem hann sjálfur hefur orðið fyrir. Þess vegna kaus hann að fara fáum orðum um efni frv. Það gerir ráð fyrir verulegri hækkun á tekjuskatti á einstaklinga.

Ýmislegt er athyglivert við þá útfærslu, fylgiskjal með frv. og ræðu hæstv. ráðherra. Nú er aðeins um tæpur sólarhringur síðan að frv. var lagt fram hér á Alþingi þannig að ekki hefur gefist mikið tóm til að fara nákvæmlega yfir efnisatriði þess og því nauðsynlegt að hv. fjh.- og viðskn. taki það til mjög ítarlegrar skoðunar og fari ofan í saumana á einstökum efnisatriðum. Þó eru nokkur atriði sem strax skera í augu og nauðsynlegt er að fjalla um. Það er til að mynda athyglivert að nú á að breyta út frá þeirri meginreglu sem í upphafi var sett varðandi endurskoðun á ýmsum skattfjárhæðum sem lögin gera ráð fyrir. Nú á að taka upp að nýju varðandi ýmsar greiðslur af þessu tagi, svo sem persónuafslátt, sjómannaafslátt, húsnæðisbætur, barnabætur og barnabótaauka, sérstaka skattvísitölu í stað lánskjaravísitölu sem átti að breyta þessum fjárhæðum tvisvar á ári. Skattvísitölu sem á að ákveða samkvæmt geðþótta í fjárlögum einu sinni á ári. M.ö.o.: Það er verulega verið að draga úr þeirri tryggingu sem skattborgararnir höfðu með endurskoðun samkvæmt lánskjaravísitölu. Ég trúi því tæpast að þetta frv. hafi fengið þá meðferð í þingflokkum stjórnarflokkanna að þeir hafi farið yfir þetta efnisákvæði í því. Það fær mig enginn til að trúa því að óreyndu að til að mynda þingmenn Alþfl. hafi samþykkt þessa grundvallarbreytingu skattborgurunum í óhag sem hér er verið að gera ráð fyrir. Það kemur þá í ljós í þessum umræðum ef svo er. Ég vil a.m.k. trúa því að umfjöllun í þingflokkum stjórnarflokkanna sé ekki lokið eins og hæstv. forsrh. tók fram, þó að það sé kannski vafasamt hvernig á að taka ummæli hans í þessu tilviki sem öðrum, en á meðan ekki kemur annað í ljós þá vil ég a.m.k. trúa því, því hér er um grundvallarbreytingu að ræða.

Ég fæ ekki betur séð en að persónuafsláttur eigi að óbreyttum lögum að hækka núna úr 16.092 kr. í 17.840 kr. En með því frv. sem hæstv. fjmrh. er að leggja hér fram er verið að ákveða persónuafsláttinn upp á nýtt upp á 17.675 kr. Samkvæmt þessu fæ ég ekki betur séð við þá skömmu athugun sem fram hefur farið en að hæstv. ráðherra sé að lækka persónuafsláttinn frá því sem verið hefði ef lögin hefðu haldið gildi sínu óbreytt. Þá sé hæstv. ráðherra að lækka persónuafsláttinn. Og á ég að trúa því að þingmenn Alþfl. til að mynda — sem ekki eru nú viðstaddir þessa umræðu að ég sé, **(Gripið fram í:** Og hafa ekki verið.) og hafa ekki verið, og ég skil það nú mætavel að þeir eigi erfitt með að fylgja hæstv. fjmrh. eftir í þessu efni — en á ég að trúa því að þeir hafi samþykkt þessa meðferð á persónuafslættinum? Að lækka hann með framlagningu þessa frv. úr 17.840 kr., sem hann hefði átt að vera, niður í 17.675 kr.? Ja, það er þá enn eitt dæmið um kollsteypu Alþfl., ekki bara í efnahags- og atvinnumálum, heldur enn eitt dæmið um kollsteypu þeirra í skattamálum ef þeir mætu þingmenn hafa samþykkt þessa breytingu.

Við fljótlega athugun á þeim töflum sem fylgja frv. sýnist mér að einungis sé tekið fram hvað skattgreiðendur sem þar eru tilgreindir eiga að greiða í tekjuskatt eftir þessar breytingar, þegar tekið hefur verið tillit til persónuafsláttarins. Svo virðist sem hæstv. fjmrh. sé í þessum töflum að nýta allan persónuafsláttinn á tekjuskattinn og ætli að láta útsvarið í engu njóta persónuafsláttar. Það kemur þó ekki fram í frv. að þá breytingu eigi að gera heldur er þar þvert á móti gert ráð fyrir því áfram að persónuafslátturinn komi hlutfallslega jafnt til frádráttar á tekjuskatti og útsvari. Og ef það er rétt sem mér sýnist að þannig séu þessar töflur búnar til, þá er hér auðvitað verið að skekkja mjög hina raunverulegu mynd og draga upp mjög villandi upplýsingar. Ef leiðrétt er fyrir þessu þá má til að mynda taka hér dæmi af þeirri fjölskyldu sem hæstv. ráðherra nefndi, hjónum með tvö börn, þar sem annað er sjö ára og hitt sextán ára. Hæstv. ráðherra sagði: Ef þessi fjölskylda hefur 150 þús. kr. í tekjur þá hækkar skatturinn ekki nema um 300 kr. Ef hins vegar tekið er tillit til þess sem lögin gera enn ráð fyrir, að persónuafslátturinn eigi að koma til frádráttar bæði á tekjuskatt og útsvar, þá hækka skattgreiðslur þessara hjóna, ekki um 300 kr. samkvæmt þessu frv. heldur um tæpar 3000 kr. Um tæpar 3000 kr. Og það munar býsna miklu hér á.

Það munar æðimiklu og breytir í grundvallaratriðum þeim niðurstöðum sem hæstv. fjmrh. var að kynna.

Það væri fróðlegt að fá að vita hvort hæstv. ráðherra hefur kynnt frv. með þessum hætti í þingflokkum stjórnarflokkanna sem greinir hér í töflunum og engum öðrum, með sama hætti og hann kynnti hér hv. deild þetta frv. Samkvæmt raunveruleikanum byrjar fjölskyldan, sem hér var tekin sem dæmi, hjón með tvö börn, að greiða skatt í núverandi kerfi við 120 þús. kr. mánaðartekjur. Eftir breytinguna byrjar þessi fjölskylda að greiða skatt við 110 þús. kr. mánaðartekjur. Það er með öðrum orðum verið að hækka skatta á öllum almennum launatekjum. Og ef við tökum einstakling þá byrjar hann í núverandi kerfi að greiða skatt við 55 þús. kr. mánaðarlaun, en samkvæmt nýja kerfinu byrjar hann að greiða skatt við 50 þús. kr. mánaðarlaun. M.ö.o.: Skattahækkunin, sem hæstv. ráðherra segir að eigi að leggjast á breiðu bökin, nær til fiskvinnslukonunnar sem vinnur í bónus- og dagvinnu. Hjón, sem vinna í fiskvinnu, dagvinnunni einni, fá skattahækkun samkvæmt þessu frv. Þar er skilgreiningin á hinum breiðu bökum hjá hæstv. fjmrh. í nafni félagshyggjunnar. Þetta er hin eiginlega niðurstaða í þessu frv. Sýnir fátt betur hvernig öll stóru orðin hafa fokið út í veður og vind og sýnir glöggt að það var ærin ástæða fyrir hæstv. ráðherra að tala hér ekki fyrir frv. heldur fyrir frv. sem ekki var flutt. Það var ærin ástæða fyrir hæstv. ráðherra að gera það og sannarlega hygg ég að það hafi verið góð stund sem hann átti meðan hann frestaði að mæla hér fyrir frv. í hálftíma.

Nei, það er alveg ljóst að þetta er ekki leiðin til þess að mæta þeim örðugleikum sem íslenska þjóðin á við að etja í dag. Að hækka tekjuskatta á öllum almenningi í landinu, að hækka tekjuskattana á fiskvinnslukonunni við minnkandi atvinnu og þrengingar atvinnufyrirtækjanna, það er ekki leiðin til þess að mæta vandamálunum í dag. Gatið á ríkissjóði verður ekki stoppað með þessum hætti. Það heldur áfram að vaxa með þessum hætti.

Svo er það ein spurning til hæstv. ráðherra. Í þessum makalausu ákvæðum, þar sem talað er um að hverfa frá tengingu við lánskjaravísitölu yfir í geðþóttaskattvísitölu samkvæmt ákvörðun í fjárlagafrv. ár hvert, kemur fyrir orðið lánskjaravísitala. Nú liggur það fyrir að hæstv. viðskrh. og hæstv. forsrh. hafa lýst því yfir að ný lánskjaravísitala eigi að taka gildi um áramót. Nokkrir þingmenn Framsfl. hafa hins vegar lýst því yfir að sú nýja vísitala sé allsendis ófullkomin og það gangi ekki að hafa þá vísitölu og þeir hafa lagt til að skipuð verði sérstök nefnd til að taka þetta mál úr höndum viðskrh. til þess að gera tillögur um aðra vísitölu en þá sem hæstv. forsrh. og hæstv. viðskrh. hafa ákveðið að taki gildi um áramótin. Þar með hafa stjórnarflokkarnir hér inni á Alþingi lýst því yfir að á næsta ári eigi að gilda a.m.k. tvær tegundir af lánskjaravísitölu. Svo hafa menn af því spurnir, og það er ástæða til þess að spyrja hæstv. ráðherra hvort það sé rétt, að hann hafi gefið lífeyrissjóðunum fyrirheit um það að þeir geti á næsta ári treyst því að í lánssamningum milli þeirra og fjmrn. verði stuðst við óbreytta lánskjaravísitölu. Ef þær fregnir eru réttar þá liggur það fyrir að ríkisstjórnin stefnir að því að hafa þrjár tegundir af lánskjaravísitölu á næsta ári. Ringulreiðin getur nú varla verið meiri. En það er alveg nauðsynlegt að það komi þá a.m.k. fram í skattalögunum þar sem talað er um lánskjaravísitölu, hvaða lánskjaravísitala það er af þessum hringlandi sem á að vera í skattalögunum því að þar verður þó vonandi að vera ein vísitala. Ég geri ráð fyrir því að hæstv. ráðherra svari þessari spurningu hér á eftir.

Frv. gerir líka ráð fyrir verulegum breytingum á skattlagningu atvinnufyrirtækja. Auðvitað getur verið full ástæða til þess að endurskoða í grundvallaratriðum skattlagningu á atvinnureksturinn í landinu. Það kemur fyllilega til álita að mínu mati að breyta uppbyggingu þeirrar skattálagningar. En það er auðvitað fráleitt við aðstæður sem þessar, þegar atvinnufyrirtækin eru að loka hvert af öðru, þegar það liggur fyrir að meginvandi atvinnulífsins er sá að það hefur ónógt eigið fjármagn, að ætla þá að taka hverja einustu krónu af þeim fyrirtækjum, sem þó skila arði og hagnaði og geta byggt sig upp, í ríkissjóð og halda áfram að knésetja þau fyrirtæki sem hafa þó lífvænlegan grundvöll í dag. Það er m.ö.o. verið að staðfesta það hér enn einu sinni að þetta er stefna hæstv. ríkisstjórnar með þeim ákvæðum sem hér eru sett.

Og það á að draga úr heimildum til þess að ráðstafa hluta af rekstrarhagnaði í sérstakan fjárfestingarsjóð. Ég hefði nú haldið að þetta hefði verið eitt af skynsamlegustu ákvæðunum sem sett hafa verið í skattalög því að auðvitað þurfa skattalögin að stuðla að því að sveiflur, sem eru miklar í íslensku hagkerfi og leiða sem betur fer stundum til þess að tekjuaukning er mikil, lenda ekki allar í fjárfestingu samstundis og að atvinnufyrirtækin hafi möguleika á því að geyma fjármuni til síðari tíma en þurfi ekki að fjárfesta þegar í stað bara til þess að sleppa við skattgreiðsluna. Það er engum vafa undirorpið að mikið af þeirri fjárfestingu í landinu, sem ekki skilar nægjanlegum arði, er af þessum rótum runnið. Og nú á að auka á þetta skattalega misrétti með skattaákvæðum, að pína þá sem vilja taka þátt í því að dreifa fjárfestingu á lengri tíma til þess annaðhvort að fara í óarðbæra fjárfestingu eða þá að setja peningana í ríkissjóð og draga úr því að unnt sé að byggja betur upp eiginfjárstöðu atvinnufyrirtækjanna í landinu. Hvort tveggja er jafnalvarlegt. Hvort markmiðið sem hæstv. ríkisstjórn hefur í huga er auðvitað rangt, leiðir okkur af þeirri braut sem við þurfum að stefna á.

Svo kórónar það auðvitað allt að það á að fella niður heimildir til þess að fyrirtækin geti dregið frá styrki til menningarmála og vísindarannsókna. Það á að fella niður frádráttarheimild þegar fyrirtæki verja fjármunum til menningarstarfsemi í landinu. Það kórónar nú þetta sköpunarverk og þarf ekki að fara

um það fleiri orðum. Það lýsir mest þeirri smán sem þetta frumvarp er.

Hér eru svo atriði sem sjálfsagt er að taka til skoðunar efnislega eins og skattlagningu á bifreiðum sem stjórnendur fá, um breytingar á skattalegri meðferð ef fyrirtæki eru að veita starfsmönnum eða stjórnendum lán. Þar ber þess þó auðvitað að gæta að það er nauðsynlegt að hafa sömu viðmiðunarreglu að þessu leyti hjá öllum fyrirtækjum og með öllu ástæðulaust, sýnist mér, að taka hlutafélög ein úr en heimila slíkar ráðstafanir ef það eru samvinnufélög. Ég vona að þetta stafi ekki af því að hæstv. fjmrh. er sjálfur meðlimur í samvinnufélagi að það eigi að skilja þau eftir og gefa þeim rýmri heimildir að þessu leyti. En óneitanlega vakna spurningar af því tagi þegar svo stendur á að hæstv. ráðherra er einmitt meðlimur í félagi af því tagi sem á að undanþiggja þessum ákvæðum. Atriði sem þessi er sjálfsagt að taka til skoðunar í hv. fjh.- og viðskn.

Síðan er hér gert ráð fyrir hækkun á eignarskatti. Eignarskattur er á margan hátt óréttlátur skattur. Það er verið að skattleggja eignir sem hafa myndast vegna þess að menn hafa áður aflað tekna sem búið er að skattleggja. Það er verið að skattleggja sparnað með þessum hætti. Það er verið að tvískatta tekjumyndunina í þjóðfélaginu. Og það er verið að hvetja menn til þess að eyða fremur en að mynda eignir. Þess vegna er þetta mjög varasamt skattform og hækkun á því við þessar aðstæður gengur auðvitað þvert gegn öllum þeim markmiðum sem æskilegt er að stefna að í íslenskum þjóðarbúskap um þessar mundir.

Ástæða er til að spyrja, til þess að enginn vafi leiki á um það, hvort nýja skattþrepið upp á 1,5% eigi að leggjast ofan á lægra þrepið eða vera sjálfstætt. Ég geri ráð fyrir því að hæstv. ráðherra muni svara spurningum af því tagi hér síðar í umræðunni.

Það er sagt að þetta nýja skattþrep leggist aðeins á 6 þúsund einstaklinga af 182 þúsund framteljendum. Hæstv. ráðherra veit auðvitað að hér er verið að villa um fyrir mönnum. Hæstv. ráðherra veit auðvitað hversu stór hluti framteljenda borgar engan skatt, hversu stór hluti framteljenda eru unglingar og skólanemendur sem borga enga skatta. Hið rétta hlutfall, hin rétta viðmiðun væri sú að fá hér fram hvað það eru margar fjölskyldur sem greiða skatt og hvað það eru margar fjölskyldur sem fá þetta nýja skattþrep. Þá fyrst fáum við rétta viðmiðun um það til hversu stórs hóps þessi skattlagning nær. Og ég vona að hæstv. ráðherra geri hér í umræðunni grein fyrir þeirri viðmiðun því það er hún sem er rétt. Þessi er röng og villandi og hefur ekkert að segja um hið efnislega innihald.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að svo stöddu fleiri orðum um þetta makalausa frv. sem hér hefur verið lagt fram. Það er makalaust, dæmalaust, að hæstv. ríkisstjórn skuli leyfa sér að flytja frv. af þessu tagi við þær aðstæður sem við búum við í dag, skuli ætla sér kinnroðalaust að leggja með þessum hætti auknar byrðar á allan almenning, ekki bara meðaltekjufólkið heldur lágtekjufólkið í þjóðfélaginu, þegar tölurnar í frv. eru skoðaðar í réttu ljósi en ekki villuljósi. Það er hið rétta ljós en ekki villuljósið sem á að lýsa í þessari umræðu. Það er auðvitað makalaust hvernig hæstv. ráðherra hefur talað þær vikur sem hann hefur setið í stól fjmrh., hvernig hann með stórum yfirlýsingum lýsti hinum nýju og breyttu áherslum og hvernig allt það hefur hrunið, hvernig hann stendur nú hér uppi með tekjuskattshækkun á allan almenning, með vörugjaldshækkun á almenna neytendur í þjóðfélaginu, ekki síst húsbyggjendur, þá sem í mestum erfiðleikum eiga um þessir mundir af launafólkinu í landinu. Þetta er það eina sem eftir er af stóru orðunum. Allt hrunið. Ég hygg að það séu engin dæmi um það að fjmrh. hafi á jafnskömmum tíma hrapað úr turni fyrirheitanna niður á jafnsléttu. Kannski var það flabeinsturn. En það hefur enginn á jafnskömmum tíma tekið jafnmikla kollsteypu, staðið hér jafnberskjaldaður gagnvart fyrri yfirlýsingum eins og hæstv. fjmrh. og enda von að hann verði mestum hluta framsöguræðu sinnar í það að tala fyrir frv. sem ekki var flutt.

Þetta frv. er þess eðlis að Sjálfstfl. er andvígur því í öllum meginatriðum. Það kunna að vera örfá atriði sem ástæða er til þess að skoða málefnalega eins og annað í meðferð hv. nefndar, en það liggur ljóst fyrir að sú tekjuskattshækkun sem hér er verið að leggja til stríðir gegn öllum skynsamlegum markmiðum í stjórn efnahags- og peningamála.

Það verður ekki bætt úr vanda ríkissjóðs með þeirri kreppustefnu sem hæstv. fjmrh. fylgir. Það verður aðeins gert með því að breyta í grundvallaratriðum efnahagsstefnunni og taka fjárlögin og útgjöld þess og tekjur að nýju upp á grundvelli breyttrar efnahagsstefnu og breyttra forsendna á þeim grundvelli að sköpuð hafi verið hér skilyrði til þess að örva atvinnulífið og hleypa nýjum þrótti í atvinnulífið. Þá aukast umsvifin, þá aukast tekjurnar af óbeinum sköttum, þá hækka tekjur fólksins í landinu og þá skulum við sjá hvort það verður ekki auðveldara að leysa vanda ríkissjóðs. En með því að ætla að keyra atvinnulífið niður, minnka þannig umsvifin í þjóðfélaginu og lækka um leið tekjur fólksins, þá leysir fjmrh. engan vanda heldur heldur áfram að hlaða vandamálunum upp.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Eins og kom fram hjá mér í gær er þess að vænta að hér geti orðið nokkuð ströng fundahöld í dag. Þannig er fyrirhugaður fundur milli kl. 6 og 7 og aftur í kvöld kl. 8.30, enda hafi ekki allt það verið tæmt fyrir þann tíma sem fyrirhugað er að hafa hér til umfjöllunar í dag.

Í annan stað vil ég taka það fram að ég hef í hyggju og hef áhuga á því, svo framarlega sem til þess gefst færi, að setja annan fund þegar dagskrá þessa fundar hefur verið tæmd til þess að taka til umfjöllunar skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði og ráðstafanir í ríkisfjármálum til 2. umr. Þetta er

fundahaldið eins og það er fyrirhugað og auðvitað þá með tilliti til þess að færi gefist til að haga því með þessum hætti. — [Fundarhlé.]

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Það frv. sem hér er til umræðu er frv. til l. um breytingu á lögum nr. 75/1988, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Það er alveg ljóst með þessu frv., sem hér hefur verið lagt fram, að það er ætlunin að auka enn skatta á almenning í landinu sem þegar var farinn að sligast undir þeim álögum sem lagðar hafa verið á fólkið undanfarin ár.

Ræða hæstv. fjmrh. fyrr í dag minnti á grímudansleik þar sem gríman er notuð til að hylja andlitið. Ég átti von á því að hann mundi grímulaust halda því fram að ef þetta frv. yrði samþykkt væri hér orðin skattaparadís eins og í Svíþjóð þótt Svíar séu núna að vísu að snúa frá villu síns vegar, ekki hvað síst með tilliti til Efnahagsbandalags Evrópu þar sem reynt er að skapa sambærilegar skattalegar aðstæður í þeim löndum sem hafa hugsað sér að keppa á sviði verslunar og viðskipta við þessi lönd. En ég spyr hæstv. ráðherra: Ef það er rétt, sem stendur í Dagblaðinu, að þeir ætli að fá 2,2 milljarða í tekjur af þessu frv. til ríkissjóðs, í aukna skatta á fólkið í landinu, þá væri gaman að fá við því svar frá hæstv. ráðherra hvort það sé ekki nægilegt að endurreikna vaxtaþáttinn í fjárlagafrv. vegna þess að þar er gert ráð fyrir um 7 milljörðum í vexti og lauslega reiknað sýnist mér að innlendi þátturinn gæti lækkað um 2 milljarða sem væri þá nægilegt til að ná endum saman. Þá þarf ekki að leggja á þessa skatta. Hæstv. ráðherra getur sparað sér að leggja á þessa skatta, ef hann endurreiknar vaxtaþáttinn í frv., nema hann hafi ekki trú á því að þeir vextir sem núna eru komnir í bönkunum haldist lengi og hann gerir ráð fyrir því að þeir hækki í 35%. En ég held að þarna sé sá liður sem lækka mætti og þar með væri óþarft að leggja þetta skattafrv. á, enda nægilega mikið komið af sköttum á fólkið í landinu.

Það er nokkuð ljóst að hér er um gífurlegar álögur að ræða og ekki nokkur vafi á að það mun valda miklum óróa í þjóðfélaginu. Hvað munu t.d. verkalýðsfélögin gera? Hvað mun Alþýðusamband Íslands gera? Hvað mun BSRB gera? Hvað mun BHM gera? Ég hef ekki trú á því að þessi félög muni sleppa ríkisstjórninni eftir að hún er búin að leggja þessa auknu skatta á.

Í þessu frv., eins og hefur komið hér fram, er reiknað með þremur meginbreytingum við álagningu tekjuskatts einstaklinga. Í fyrsta lagi er reiknað með hærra skatthlutfalli, í öðru lagi er breytt útreikningi á persónuafslætti og barnabótum og í þriðja lagi breyting á skattlagningu launa- og fjármagnstekna.

Hér er farið mjög mikið inn á þau svið sem áður hafa verið skattlaus. Ég vil í fyrsta lagi ræða um 2. gr. frv. þar sem er rætt um að fella niður 3. mgr. 1. tölul. 31. gr. Í þessum tillögum þýðir það að til líknarstarfsemi, kirkjufélaga og vísindalegra rannsóknarstarfa verður ekki hægt að leggja fram fé með núverandi hætti þannig að það sé hægt að draga það frá tekjum af atvinnurekstri. Gjafir til menningarmála og þessarar starfsemi munu því væntanlega lækka allverulega í framtíðinni. Það er ekki nokkur vafi á að hér er um mjög slæmt mál að ræða því að margir hafa fengið fjárstuðning frá fyrirtækjum, bæði líknarfélög, vísindafélög og kirkjufélög og þetta hefur þýtt að þau hafa fengið miklu hærri og meiri framlög en annars hefði orðið. Einnig hafa íþróttafélög notið þessa. Hér er um verulega breytingu á þessu að ræða og er sennilega tilkomin vegna þess að hæstv. fjmrh. hefur orðið að hætta við hinn svokallaða happdrættisskatt. Nú ætlar hann að snúa sér að því að koma þessu inn um bakdyrnar og fella niður skattafrádrátt með þessum hætti til að koma í bakið á þessari starfsemi.

Þá er í 3. gr. rætt um fyrningar og er reglum um fyrningar breytt þannig að þær eru lækkaðar um 20% á tveimur stöðum og 25% á þriðja staðnum. Þetta þýðir að það verða auknir skattar á fyrirtækjunum. Þau geta ekki reiknað fyrningarnar með sama hætti og áður, það tekur lengri tíma, og það er ekki til bóta.

Í 4. gr. er rætt um að færa kostnaðarverð á lausafé, fyrningarákvæði. Það á að fella þessa grein niður sem er um að það megi færa fyrningarfé á lausafé sem hefur skemmri tíma en þrjú ár að fullu til gjalda á því ári þegar eignanna er aflað og þær teknar í notkun. Það verður ekki lengur heimilt. Það eru mörg slík tæki sem eru þannig til komin að það er mjög mikilvægt að nota þau í rekstri og þetta ákvæði þýðir að það hækkar í raun rekstur fyrirtækjanna og verður mjög erfitt að mæta því eins og ástandið er sagt vera í þjóðfélaginu.

Í 5. gr. er ákveðið að 41. gr. falli niður. Þar var áður heimilt og er heimilt þegar kostnaðarverð eigna eða eignasamstæðu er undir tilteknu lágmarki, 1988 var það 108 þús. kr., að færa það til gjalda að fullu á því ári þegar þeirra er aflað þótt endingartími sé lengri en þrjú ár. Þetta er einnig með sama hætti mjög bagalegt og bæði þessi ákvæði eiga sammerkt að þau hafa áður verið í gildi með þeim hætti sem hér er lagt til og ollu þá miklum deilum á milli fyrirtækja og skattstjóra hins vegar og voru tilefni til mikilla bréfaskrifta, vinnu og eilífra kæra og deilna um þetta. Þessi skipan þýðir að það mun áfram ríkja óvissa í þessum málum og það mun kosta mikinn tíma væntanlega í framtíðinni eins og var áður að deila um þessi atriði.

Þá er í 6. gr. rætt um kostnað við rekstur fólksbifreiðar og það mætti spyrja hæstv. ráðherra hvort þetta taki ekki örugglega líka til kostnaðar við rekstur á ráðherrabílum. Ég vil gjarnan fá að vita hvort það sé ekki alveg öruggt að það taki líka, þetta ákvæði, til kostnaðar við rekstur á ráðherrabílum þannig að það verði þá alveg ljóst að ráðherrarnir verða að greiða meira til ríkissjóðs en áður.

Í 7. gr. er rætt um hlutafélög sem hafa veitt

eigendum og stjórnendum veruleg peningalán. Ég held að ég geti verið út af fyrir sig sammála því að auðvitað á það ekki að vera með þeim hætti sem hefur verið hægt, en vil benda hæstv. ráðherra á að það væri e.t.v. skynsamlegt að skattleggja lántaka í þessu tilfelli þannig að það væri hægt að ná þeim með þeim hætti, ef fyrirtæki vill lána einhverjum geti sá sem fær lánið orðið skattskyldur.

Í 8. gr. er verið að breyta því ákvæði sem fjallar um hámarkstillag í fjárfestingarsjóði og er nú breytt í 15% úr 30%, en var breytt úr 40% í fyrra. Þetta ákvæði var upphaflega hugsað til að efla sparnað innan fyrirtækjanna og hefði, ef maður lítur til lengri tíma, getað orsakað að fyrirtæki vildu heldur leggja í að ávaxta t.d. í ríkisskuldabréfum en leggja út í dýrar fjárfestingar eins og verslunarhús og ýmist húsnæði sem hefur þotið upp um allt land á undanförnum árum og hefði þá verið betur komið að þeir hefðu tekið þetta sem ríkisskuldabréf ef þetta ákvæði hefði verið í gildi lengur. Ég held að það sé ekki til bóta að lækka þetta hlutfall heldur hefði átt að halda því áfram inni.

Í 9. gr. er rætt um sameiningu eða samruna félaga. Það er verið að tala um að fjárfesta í tapi, fyrirtæki sem kaupa hvort annað upp, hafa of mikinn hagnað og kaupa annað fyrirtæki til að mæta því. Um það er hægt að segja í stuttu máli að auðvitað er betra að fyrirtæki sem vel gengur kaupi annað sem hefur verið rekið með miklum halla. Þá verði það fyrirtæki í framtíðinni rekið hallalaust og reksturinn haldi áfram í stað þess að félagið detti út úr rekstri eða fari á hausinn. Þetta hefur nokkrum sinnum komið fyrir. En það er álitamál hve langt á að ganga í því.

Þá er rætt um það sem kemur við fólkinu í landinu einna mest, þ.e. um hækkun á prósentum á tekjuskatti. Ég get sagt út af fyrir sig að eins og ástandið er hlýtur að vera slæmt að hækka þetta hlutfall núna. Hitt er annað mál að það hefur verið rætt um hátekjuþrep og ég er sammála því sem hér hefur komið fram um það að það er ekki til bóta að fjölga þessum þrepum. Hitt er að það má ná sama árangri í skattlagningu ef menn vilja ná til hátekjuhópanna með því að hækka persónufrádráttinn meira og hlutfallið sem slíkt á móti. Það má ljóslega sjá þetta á skattakúrfum. Það er hægt að ná því með þeim hætti. Og það má auðvitað gera með þeim hætti að hækka persónufrádráttinn enn þá meira og ná þannig til þeirra hópa sem eru með svo há laun að það er enginn vandi hjá þeim að greiða heldur meira. Því er ég út af fyrir sig sammála. En eins og ástandið er núna í efnahagsmálum held ég að sé ekki rétt að hækka skatta því að ég held að það muni valda erfiðleikum í þjóðlífinu og auka þann samdrátt sem hefur verið stefnt að og kalli á að það muni verða erfitt í þjóðlífinu vegna þessarar gegndarlausu skattlagningar. Ég minni á í þessu sambandi að áður fyrr var talað um velmegun í staðinn fyrir spennu. Ég vil heldur spennu og velmegun en að það verði allt sett niður þannig að það verði samdráttur og atvinnuleysi. Ég held að ég mundi velja frekar þá leiðina að það verði velmegun og spenna en það verði samdráttur og atvinnuleysi.

Í 11. gr. er rætt um persónufrádráttinn. Ég held að hann mætti hækka töluvert eins og ég hef bent á hér. Ég vil sérstaklega taka fram að á síðasta ári fluttum við borgaraflokksmenn frv. um að sá persónuafsláttur sem fellur til heimavinnandi húsmóður eða karlmanns er hér ætlaður 80% af óráðstöfuðum hluta persónuafsláttar annars maka. Ég hefði viljað að þetta væru 100%. Ég held að heimilisstörf séu ekkert minna virði en önnur störf og það muni á margan hátt bæta ástandið hjá þeim sem eru heimavinnandi og hjálpa til við að ná endum saman.

Í næstu greinum á eftir er rætt um sjómannaafslátt og er hann hækkaður og síðan barnabætur og barnabótaauka og húsnæðisbætur. Ég hef að svo komnu ekki haft tíma til að skoða þetta mjög náið, en út af fyrir sig hef ég ekkert meira að segja um það.

En þá komum við að þeirri grein sem fjallar um skatthlutfallið á fyrirtæki sem hækkar úr 48% í 50%. Það er býsna mikil hækkun eða 4,2% hækkun á milli ára á þessu hlutfalli og það er töluvert mikið. Ég held að það sé ekki til bóta frekar en flest í frv.

Þá komum við að 19. gr. og það er e.t.v. sú grein sem snertir flesta og kemur verst við ef frá er talinn tekjuskatturinn. Það má nánast segja að þessi skattur sé hæstur á Reykjanesi og í höfuðborginni þannig að það er ekki lengur sambærilegt að búa á höfuðborgar- og Reykjanessvæðinu miðað við víða úti á landi. Menn sem búa í svokölluðum Arnarnesklassa, svo að ég noti orð hæstv. fjmrh., úti á landi bera jafnvel sáralítil fasteignagjöld og enga eignarskatta, en hér verða menn að greiða gífurlega mikla peninga bæði í fasteignagjöld og eignarskatta af sínum húseignum. Ég held nefnilega að við séum komnir á mjög hættulega braut vegna íbúðarhúss sem menn búa í og leigja ekki út frá sér eða nota til annars. Það eiga að vera mjög lág gjöld á þessu húsnæði. Nú er gert ráð fyrir því að annars vegar hækki gjöld á þessu húsnæði frá 3,5 millj. upp í 6 millj. um 26,3% og hins vegar þar fyrir ofan um 57,9%, álögur á eignir. Þetta eru gífurlega háar álögur og erfitt að samþykkja þær og ekki hægt.

Það er alltaf verið að tala hér um að þeir sem eigi svona eignir séu ekkert of góðir að borga til samfélagsins o.s.frv., en þetta er í rauninni töluvert miklu meira mál en menn tala um vegna þess að margir hafa í gegnum árin eignast þetta með sparnaði og ráðdeild og komið sér upp góðu og fallegu húsi og nú er verið að verðlauna þá sem hafa í staðinn, e.t.v. með sömu tekjur, notað sína fjármuni í eyðslu og haldið illa á fjármálum. Þeim sem hafa farið vel með er refsað. Við getum tekið hér dæmi um að það er ekki óalgengt að fólk sem á stórar eignir, hefur búið þar allt sitt líf, hefur ekki miklar tekjur endilega, en vill gjarnan búa í þessari fallegu eign og með fallegu innbúi. Nú á að leggja svo háa skatta á þetta fólk að það á erfitt með að rísa undir því og vafalaust getur það það ekki í sumum

tilfellum. Það eru mörg dæmi þess, svo að við tökum dæmi af eldra fólki sem býr eitt í stórum og miklum eignum, hefur litlar ráðstöfunartekjur, að jafnvel þó að hluti af persónuafslætti komi þar á móti nægir það ekki til að þetta fólk standi undir þessu. Það er mjög slæmt og ekki hvað síst ef maður lítur til framtíðar að skattleggja íbúðarhúsnæði með þessum hætti. Það var mjög mikil nauðsyn á því að fólk byggði stór og myndarleg hús og byggi í þeim á þessu landi þar sem menn eru bundnir veðráttunni, verða að vera innan dyra mestan hluta ársins, njóta ekki þess eins og í suðrænum löndum að geta verið úti við mestan hluta ársins þess vegna. Hér er því komið að mjög stóru máli sem ætti ekki að reiknast með þessum hætti.

Ég vil skjóta því hér inn, af því að hér eru menn sem sífellt tala um landsbyggðina, að það sé verið að ráðast á landsbyggðina, hvort þeir vilji ekki standa með Reyknesingum og Reykvíkingum í því að það sé ekki ráðist á þá sérstaklega með þessari skattlagningu. Það er alveg ljóst að þetta er fyrst og fremst skattur á þetta svæði. Þá má hugsa sér að það væri lagt á sérstakt rúmmetragjald um allt land. Þá væru menn jafnir fyrir lögunum. Er það ekki það sem menn eru að tala um alltaf? Það væri gaman að sjá þingmenn landsbyggðarinnar ef það væri lagt jafnhátt gjald á jafnstórar fasteignir þar og lagt er á hér. Það mundi kannski heyrast hljóð úr horni. Ég er ekki viss um að þetta frv. fengi mikinn stuðning ef þeir sem telja sig landsbyggðarþingmenn þyrftu að standa frammi fyrir þeim sköttum sem fasteignir bera á Reykjanessvæðinu og höfuðborgarsvæðinu. Ég veit að Seltirningar fá að greiða heldur betur í þessu sambandi. Það er ekki eðlilegt að menn borgi fyrir sams konar húsnæði gífurlegar fjárhæðir á þessu svæði en ekkert fyrir sams konar húsnæði úti á landi. Það er ekki eðlilegt og hlýtur að verða að hugsa upp þær reglur sem hér eru með öðrum hætti.

Það er nokkuð ljóst að hér mun verða nokkurs konar eignaupptaka. Það er verið að taka mikla skatta af eignum sem þegar hafa verið greiddir skattar af, bæði í tekjusköttum og í neyslusköttum eins og af byggingarefni og vinnu þar að lútandi. Hér er verið að skattleggja það sem er margbúið að skattleggja og aðeins vegna þess að sumir hafa kannski lagt meira upp úr því að byggja sér falleg og góð hús en aðrir og þó hafa kannski sömu tekjur staðið á bak við einstaklingana, en sumir hafa kosið að nota það e.t.v. í eyðslu, utanlandsferðir og ýmislegt annað þannig að þeir eru ekki skattlagðir og þar á meðal þeir sem hafa kosið að setja sína fjármuni í verðbréf. Hér er því um gífurlega mismunun að ræða.

Ég held að það verði ekki komist hjá því að skoða þessi mál. Ég mundi óska eftir því að fjh.- og viðskn. fengi lista yfir hvað þetta þýðir í mismunun í sköttum eftir landsvæðum og hvað muni verða í sambærilegum eignum skattstofninn t.d. í Reykjavík, í Hafnarfirði, í Kópavogi og á stöðum úti á landi. Í þessu sambandi væri fróðlegt að sjá hvað bændur greiði í skatta af sínum eignum og hvað fólkið á mölinni verður að borga. Þetta er hlutur sem við komumst ekki hjá að ræða. Við hljótum að verða að spyrja þeirrar spurningar: Er eðlilegt að fólk á Reykjanesi borga miklu hærri skatta fyrir sambærilegar eignir? Launin hér eru ekkert hærri en víða annars staðar. Þeir hafa sömu laun og geta ekki hlaupið og heimtað hærri laun út af þessum hækkunum. Þarna er um verulegar hækkanir að ræða og það hlýtur að verða að svara þeirri spurningu: Af hverju á þetta að leggjast sérstaklega á Reyknesinga og Reykvíkinga fremur en aðra landsmenn? Það hlýtur að liggja til grundvallar eitthvert skattmat vegna þess að tekjur á þessu svæði eru ekkert meiri en annars staðar, en það eru auðvitað launin sem fólk borgar af. Það hefur bara minni ráðstöfunartekjur eftir. Það er verið að taka ráðstöfunartekjurnar af fólkinu með þessu. Það þýðir að það er að greiða meira til samneyslu en aðrir á landinu. Hér hefur margoft í þingsölum verið talað um jafnrétti milli landshluta og ég segi: Við á þessu svæði, Reyknesingar og Reykvíkingar, krefjumst þess að það sé jafnrétti á landinu og það sé það sama sem við hér þurfum að greiða og aðrir. Þetta er spurning sem verður að svara. Það er ekki hægt að ganga frá þessum lögum öðruvísi en svo að þetta verði brotið til mergjar því að auðvitað er ekki eðlilegt að leggja miklu hærri skatta á mann sem hér býr í sams konar húsi og er úti á landi.

Þetta er fyrst og fremst íbúðarhúsnæði. Ef þetta væri húsnæði sem menn væru að byggja til að hefja rekstur í eða leigja út mætti hugsa sér aðrar reglur um það. Hér er verið að ganga mjög á hlut Reyknesinga og Reykvíkinga og það verður ekki þolað. Því verður að breyta.

Í 20. gr. er verið að hækka eignarskattshlutfall úr 0,95 í 1,2 eða um 26,3% eins og ég sagði áðan. Þetta er mikil hækkun og það sýnir sig að þessar hækkanir eru langt fram yfir það sem getur eðlilegt talist því að þetta kemur ofan á aðrar hækkanir sem ég hef nefnt hér, kemur ofan á verðmætaaukningu vegna verðbólgu. Við erum kannski að tala um 50% hækkun á þessum sköttum á milli ára. Í sumum tilfellum erum við að tala um allt upp í 390% hækkun, sýndist mér, ég reiknaði út eitt dæmi sem því svarar, á sköttum. Hér eru því gífurlegar skattahækkanir á ferðinni og er alveg einsýnt að það verður að leggja fram miklu ítarlegri skýrslu um hvað hér er verið að leggja til. Það verður líka að sjá til þess að lög um verðstöðvun séu haldin því að auðvitað falla þessi lög innan þeirra marka sem verðstöðvunin nær til því að ekki er hægt að hækka það gjald sem hér er til ríkisins frekar en önnur gjöld. Hér er því ríkisstjórnin að brjóta niður sínar eigin gerðir. Það hlýtur að verða svo að þessi lög geta ekki tekið gildi fyrr en verðstöðvun er hætt.

Þær hækkanir sem hér er um að ræða eru gífurlega miklar. Nú vil ég spyrja hæstv. fjmrh.: Hefur hann gert ráðstafanir til þess að heimilin í landinu fái tekjuaukningu á móti þeirri skattaaukningu sem þau

þurfa að þola? Ætlar hann að velta þessum vanda yfir á heimilin í landinu? Ætlar hann að sjá til þess að heimilin beri þá óstjórn sem hefur verið í ríkisfjármálum á undanförnum árum og þær hækkanir sem hafa orðið? Á að velta þeim vanda yfir á fólkið í landinu? Þessu hlýtur ráðherrann að verða að svara. Það er merkilegt, eins og kom fram í upphafi máls hæstv. ráðherra, að hann talaði lítið um skattaaukningu hér vegna þess að hann vildi auðvitað fela það og talaði um hvað menn væru að hugsa um á einhverjum öðrum sviðum um frekari skattahækkun.

Þessar skattahækkanir koma í fyrsta lagi niður á fólkinu í landinu sem verður að fá auknar tekjur til að standast þessar auknu álögur. Það verður að fá meiri tekjur. Í öðru lagi er þessu velt yfir á fyrirtækin sem þegar standa á mjög veikum grunni mörg hver, eru í rekstrarörðugleikum og eiga ekki völ nema eins kostar, að velta þessu út í verðlagið. Þau hljóta að verða að hækka sínar vörur til samræmis við þessar auknu álögur. Og hvað þýðir þetta? Þetta þýðir að peningamagnið í umferð verður minna, neysluskattar til ríkisins minnka, tekjur ríkisins munu minnka og þar með mun á næsta ári verða enn frekari halli á ríkissjóði eitt árið enn í staðinn fyrir að reyna að halda sköttum í skefjum þannig að peningarnir fái að flæða um þjóðfélagið og komi svo til baka inn í ríkiskassann þegar þeir hafa margfaldast í meðförum. Þetta er mjög mikilvægt að gerist. En með þessum hætti er stefnt að enn frekari halla á ríkissjóði á næsta ári og enn frekari samdrætti, atvinnuleysi og verri afkomu á þeim tíma sem er með því hagstæðasta í sögu landsins hvað varðar þjóðartekjur.

Það hefur komið í ljós, eins og ég sagði í ræðu í síðustu viku, að sjávarafli á þessu ári er mesti aflinn í sögunni. Hann er meiri en í fyrra það sem af er á þessu ári. Og hvað þýðir það? Það þýðir miklar tekjur. Og aflaverðmætið víða hefur hækkað. Þó að það fari upp og niður eins og eðlilegt er hefur það víða hækkað. Nú síðast var dollarinn að hækka tímabundið og til lengri tíma, eins og komið hefur fram, er verðið á dollaranum slíkt að það er eitthvert það hagstæðasta sem þekkist á gjaldmiðli. Það er því nærri jafnhagstætt, verðið á dollaranum, yfir tíu ára tímabil og á þýska markinu. Þjóðsagan um dollarann er því röng. Ytri aðstæður fyrir þjóðarbúið eru því afskaplega góðar og eins og kom fram í ræðu hæstv. menntmrh. í Ed. í gær eru hér nú allt aðrar aðstæður en voru 1983 þegar olíuverð var í 25 dollurum og var geysilega erfitt fyrir þjóðarbúið vegna þess að það eru milljarðar sem það eykur á kostnað við rekstur fyrirtækja, sérstaklega í sjávarútvegi. Núna er eitt allægsta olíuverð sem verið hefur um árabil, mikill afli og háar tekjur. Það þýðir auðvitað að það eru hagstæð skilyrði fyrir þjóðlífið. Við eigum að vera bjartsýn og við eigum að reyna að lækka skattana. Við eigum heldur að reyna að skera, hæstv. fjmrh., fjárlögin og lækka þau. Ég er tilbúinn sjálfur að standa að því að lækka fjárlögin, skera þau niður. Þar eru margir liðir sem væri hægt að fara mjög ítarlega í gegnum og hugsa sér að skera niður á 3–4 árum. Þá mætti lækka ákveðna liði þar jafnframt því sem ríkissjóður væri rekinn með halla eða sá hluti sem næðist með sparnaði. Ég vil enn ítreka spurningar mínar um vextina sem ég held að séu ofreiknaðir um 2 milljarða í fjárlögunum þannig að það er ekki langt frá því að við getum náð endum saman með því einu í fjárlögum. Ég held að þessar hækkanir séu þess vegna alveg ónauðsynlegar og það verði að taka á þessum hlutum með öðrum hætti. Það verða heldur ekki lagðir skattar á með þeim hætti sem hér, því hér er verið að mismuna fólki á ýmsum sviðum og það gengur ekki til lengdar. Sérstaklega minni ég á þá grundvallarreglu að við höfum stefnt að því að fólk keypti sitt eigið húsnæði, byggði sitt eigið húsnæði. Til fjölda ára hefur fólk staðið í ströngu, það hefur fórnað miklu fyrir þetta og hefur lagt jafnvel líf sitt í sölurnar fyrir að eignast gott húsnæði og sparað og nurlað saman. Nú á að fara að leggja á þetta alveg sérstakan bónus, á þetta fólk, vegna þess að það hefur sparað og byggt sínar eignir og á þokkaleg hús. Það á að fara að mismuna fólki líka eftir landshlutum í þessu. Þetta gengur ekki, hæstv. ráðherra. Það hlýtur að verða að koma því til leiðar að þetta fólk þurfi ekki að greiða þessi háu gjöld. Það verður að lækka eignarskatta ef eitthvað er.

Það er alveg ljóst að þetta mikla skattafrv. ásamt öðrum sem liggja hér fyrir mun valda verulegum auknum erfiðleikum sem munu þýða að ríkissjóður verður í enn meiri vanda á næsta ári en hann er núna. Það þýðir að fólkið í landinu mun ekki geta staðið undir þeim álögum sem hér er verið að leggja til. Það verður að ná þessu með einhverjum öðrum hætti eins og ég hef bent á og það verður ekki gert með auknum sköttum.

Sú stefna var hér áður fyrr í heiðri höfð að reyna að hafa á a.m.k. íbúðarhúsnæði sem lægstan skatt og síðan var fólkið hvatt til að byggja og koma sér upp þaki yfir höfuðið. Nú er það að snúast við. Nú vilja menn skattleggja þessar eignir alveg sérstaklega og hegna þeim fyrir sem hafa lagt verðmæti í húseignir sem munu þó standa til framtíðar. Þetta eru ekki hús sem verða flutt úr landi eða verða ónýt í bráð. Þetta eru ekki forgengilegir hlutir sem verða keyptir erlendis, þetta er ekki gjaldeyrir sem er hent út úr landinu. Þetta eru eignir sem standa fyrir sínu og koma komandi kynslóðum að notum. Það er því mjög mikilvægt að skattleggja ekki íbúðarhúsnæði með þessum hætti og hlýtur að verða að gera mun á því hvort það er íbúðarhúsnæði sem menn nota til eigin nota eða sem þeir nota til að leigja út eða í einhverjum öðrum tilgangi. En til þess húsnæðis sem menn búa í sjálfir hlýtur að verða að taka tillit. Þeir sem eru t.d. einhleypingar fá mjög háan skatt af þessu, en krafan er auðvitað sú að þeir séu ekki eins og vinnukonur fyrri ára, búi í einu herbergi út af fyrir sig með eina plötu til að elda á eða slíkt. Einstaklingar gera þær kröfur að þeir búi í íbúð eins

og hjón gera. En með þessu er gert ráð fyrir því að það sé bara hjónaafsláttur á þessu. Þetta er líka eitt af því sem er mjög óréttlátt í frv. Það er ekki eðlilegt að lagt sé á með þessum hætti. Ég ítreka að allar þessar hækkanir, sem eru allt upp í 57,9% á milli ára, eru svo gífurlegar að það tekur engu tali og það getur enginn með góðri samvisku samþykkt að leggja á þessa skatta. Þetta er einhver mesta skattahækkun sem ég hef séð síðan ég kom á þing.

Hér hefur verið talað um að þetta séu tekjuöflunarfrv. En þetta eru auðvitað ekki tekjuöflunarfrumvörp. Þetta eru skattafrumvörp. Það er rangnefni að tala um tekjuöflun. Þetta er auðvitað skattlagning. Þessi aðferð, að auka skattana svo gífurlega sem hér er, stenst náttúrlega ekki. Það verður að verða breyting á peningastefnu ríkisins. Það verður að vera sú stefna að leggja á sem minnsta skatta og það verður að vera sú stefna að reyna þá að spara og hagræða í kerfinu. Það verður að fara fram með þeim hætti að tekinn sé fyrir hver málaflokkur fyrir sig, hann skoðaður ofan í kjölinn og séð hvort það sé virkilega ekki hægt að spara á þeim sviðum. Það verður líka að athuga að við erum ekki nema 250 þúsund og við getum aldrei haldið uppi sömu þjónustu með 250 þúsund íbúa eins og milljóna þjóðfélög. Við verðum að sætta okkur við að á sumum sviðum getum við ekki haft eins mikla þjónustu og gerist annars staðar. Það verður að fara ofan í þá málaflokka sem eru stærstir, ég á við heilbrigðismál, ég á við menntamál og ég á við tryggingamál, og skoða þessi mál mjög náið.

Það var í kvöldfréttum í gær mjög sláandi dæmi um tannlæknaþjónustu í Reykjavík, að 20% af nemendum í Reykjavík borguðu jafnhátt fyrir hana og hin 80% sem voru hjá skólatannlæknum. Auðvitað eru slík dæmi rannsóknarefni. Nú getur vel verið að þetta eigi sér eðlilegar skýringar eins og borgarlæknir benti á, að það séu erfiðar aðgerðir og kannski tannsmíði sem ekki séu unnar hjá skólatannlæknum, en þetta eru dæmi um að það verður að skoða allt okkar kerfi upp á nýtt. Það eru ýmis önnur slík dæmi bæði úr heilbrigðismála- og menntamálageiranum sem verður að skoða. Það er eitt sem ætti líka að skoða hér, að þegar verið er að koma með viðamikil frumvörp til samþykktar á þessum sviðum ætti að liggja fyrir hver kostnaðurinn við þau er því að það er augljóst að það þýðir ekki að samþykkja öll þessi frumvörp og auka síðan skattana á eftir. Það hlýtur að verða að leggja fram hvað þau kosta í viðbót við rekstur ríkisins þannig að menn sjái hvað þeir eru að samþykkja.

Ég vil sérstaklega ítreka að við hljótum að verða að halda fastar á peningamálum. Við verðum að reyna að spara í okkar kerfi hvernig sem við gerum það og fara mjög ítarlega í gegnum hvern málaflokk fyrir sig. Eins er þetta með framkvæmdir á landinu. Hér hafa menn farið fram úr í framkvæmdum á einstaka liðum svo milljörðum skiptir og enginn gerir neitt í því. Það er ekki farið ofan í hvað hefur gerst og hvað er að gerast. Það hlýtur að verða að gera þær kröfur til þeirra sem standa fyrir framkvæmdum á vegum hins opinbera að þær standist áætlanir. Einnig hljótum við að skoða hvort við eigum ekki að byggja hagkvæmara og ódýrara en við höfum gert á mörgum sviðum því að það er alveg augljóst að við ráðum ekki við allt það sem hér er verið að gera og menn vilja gera. Það er hægt, og ég hef sjálfur staðið að því, að framkvæma miklu ódýrara, byggja miklu ódýrara og það er líka hægt að spara í rekstri, það er hægt að hagræða í rekstri, það er hægt að stokka upp á nýtt og það er hægt að ná sama árangri og jafnvel miklu betri þjónustu á mörgum sviðum án þess að auka tilkostnað og jafnvel lækka hann. Ég hef starfað að þessu og veit vel að þetta er hægt. Þetta kostar vinnu og þetta kostar skipulag og þetta kostar það að menn verða að leggja sig alla fram, en þetta er hægt. Þetta er hægt á mörgum sviðum og er því óeðlilegt að ríkið gangi á undan með því fordæmi, sem hér er, að ef stjórnun ríkisfjármálanna fer úr böndunum komi fjmrh. og segi: Við leggjum á meiri skatta af því að við höfum ekki stjórnað ríkinu nógu vel. Við skulum bara leggja á meiri skatta. Þetta er ekki eðlilegt. Fjmrh. hlýtur að passa upp á sín fjármál og segja: Þetta er það sem við ætlum að eyða og fram úr þessu fer það ekki. Það kostar hörku og það kostar vinnu, en þetta er hægt. Við getum ekki velt vandanum, eins og ég sagði fyrr, yfir á heimilin. Það er ósköp hægur vandi að koma og segja: Okkur vantar þetta marga milljarða. Við leggjum bara á meiri skatta. Þetta er tekjuöflun. Þetta eru auðvitað skattar. Og þetta er alveg röng stefna í fjármálum. Fjmrh. á að koma og segja: Við ætlum að draga útgjöldin saman og veita þó sömu þjónustu. Við eigum að endurskipuleggja þetta. Við eigum að stokka upp heimilishaldið hjá ríkinu. Við verðum að skoða heimilisbókhaldið. Hinar hagsýnu húsmæður gætu kannski eitthvað hjálpað honum við það.

En það er alveg ljóst að þetta, sem hér hefur verið lagt fram ásamt öðrum skattafrumvörpum, gengur í ranga átt og mun verða til þess að ríkissjóður mun standa enn verr á næsta ári. Það mun auka vandamálið og með því að velta þessum vanda núna yfir á heimilin í staðinn fyrir að reyna að ná endum saman bæði með sparnaði og líka með því að endurskoða hluta af frv. sem ég tel að sé rangt reiknaður, t.d. vextirnir, og jafnvel um 2 milljarða. Ég veit það ekki. Það væri gaman að fá þá útreikninga hjá hæstv. fjmrh. Einnig á að gera einhverja áætlun í fjármálum ríkisins í hverjum málaflokki fyrir sig þar sem verður skoðaður hver málaflokkur og farið ofan í hann þannig að það væri hægt að spara og endurskipuleggja á sem allra flestum sviðum. Það gengur ekki að hér séu samþykkt lög ofan í lög þar sem er sagt: Þetta á að borga og hitt á að borga o.s.frv. — og engin áætlun yfir hvað það kostar né heldur að nokkur viti hvernig hann ætlar að fá tekjur til að greiða það. Það er einnig ekki nógu gott að hér séu afgreidd hver lögin á fætur öðrum sem eru með þeim hætti að þegar kemur til framkvæmdanna

kemur í ljós að ekki er hægt að framkvæma þau vegna þess að kostnaðurinn er svo mikill. Það er líka röng stefna. Það er þá betra að láta vera að samþykkja þau lög. Núna liggja fyrir ákvæði um að reyna að láta ákveðin lög ekki koma til framkvæmda og það er ekki óeðlilegt að það sé gert, en það sýnir að vinnubrögðin eru ekki nógu góð ef menn samþykkja lagafrv. og ætlast svo til að tekjurnar detti af himnum ofan. Það er ekki nógu gott og betra að láta það vera og samþykkja ekki frumvörpin þannig að slíkt komi ekki fyrir.

Um þetta frv. að öðru leyti vil ég segja að það er mjög mikilvægt að það sé tekið til ítarlegrar skoðunar í hv. fjh.- og viðskn. og mörg atriði sem ég hef drepið hér á verði skoðuð mjög rækilega, bæði einstök ákvæði um niðurfellingu á mörgum hlutum sem þarna er gert ráð fyrir og ég taldi að væru til bóta og eins bæði skattahlutfall, persónufrádrátt og eins að hér er gert ráð fyrir nýrri vísitölu sem heitir skattavísitala, hvað sem það þýðir nú, þannig að menn viti nákvæmlega hvað um er að ræða og ekki verði á hverju ári sífellt tekið meira af tekjunum frá fólki vegna þess að það sé búin til vísitala sem sérstaklega er hönnuð til að taka af mönnum meiri skatta.

Það var alveg ljóst þegar staðgreiðslukerfi skatta var lagt á að það mundi verða launþegum erfitt á margan hátt. Það er til bóta að menn standi eftir hvern mánuð uppi með það að þeir séu búnir að borga skattana. En það lá einnig ljóst fyrir að með þessari breytingu yrði sókn í að auka þessa skatta ár frá ári einfaldlega vegna þess að þetta eru öruggar tekjur. Þarna er mjög erfitt að skjóta fé undan. Þetta hlaut að verða til þess að það væri tilhneiging til þess að hækka þá skattaprósentu sem lögð er á fólk. Þetta er nú þegar að koma í ljós í frv. aðeins einu ári eftir að þessi breyting var tekin upp og sú hefur orðið raunin annars staðar þar sem staðgreiðsluskattar hafa verið teknir upp.

Það er líka alveg ljóst að áður borguðu menn skattana af launum eftir á þannig að þau voru í rauninni hagstæðari árið eftir vegna verðbólgu en þegar skattar voru lagðir á þannig að fólk komst heldur betur út úr sköttunum að því leyti til líka. Það voru því raunverulega betri skattalög að því leyti til. Og svo megum við ekki gleyma því að þeir tveir mánuðir sem menn voru skattlausir, höfðu skattfrjálsa, það voru ekki teknir af mönnum skattar tvo mánuði á ári, voru afskaplega hagstæðir fyrir fólk að því leyti til. Ég held að það verði að passa að staðgreiðslukerfið verði ekki til þess að menn auki skattana ár frá ári vegna þess að það er í rauninni miklu betra í framkvæmd. Ég held að það verði líka að sjá til þess að þeir eignarskattar sem hér er verið að ræða verði ekki svo háir að menn hreinlega flýi land. Ég held að það verði líka að hugsa um þessa hluti í heild þannig að menn líti á fjármagnsflæðið í þjóðfélaginu. Ef tekið er allt of mikið af sköttum verður meiri samdráttur. Það er þegar orðinn samdráttur og því er óþarfi að auka hann. Það hlýtur að vera mikils um vert að halda sem mestu fjármagni úti í þjóðfélaginu því það gefur ríkinu miklu meiri tekjur. Sú hefur orðið raunin á. Ég vil benda á að þegar formaður Borgfl., 5. þm. Reykv., var fjmrh. var þetta gert og það sýndi sig á þremur árum að tekjur ríkisins fóru vaxandi þrátt fyrir að það voru mjög harðar aðhaldsaðgerðir og skattar voru lækkaðir. Hallinn var nær að hverfa þegar hann hætti sem fjmrh. Það eru því fordæmi fyrir því og menn hafa séð það margoft að slík stjórn hefur gefist vel. Það er þess vegna von mín að hæstv. fjmrh. hugsi um þessa hluti á nýjan leik og sjái til þess að skattamálum verði skipað með öðrum hætti en nú er.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Mér þykir leiðinlegt að angra forseta með þessu en mér finnst alveg óviðeigandi að ræða þetta mál hér án viðveru fjmrh. (**Gripið fram í:** Hann er á leiðinni niður eftir.) Þar sem upplýst er að hann er á leiðinni niður eftir er spurning hvort það megi ekki doka við í örfáar mínútur því ég á við hann erindi í ræðu minni.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Það verður orðið við ósk hv. þm. um að fresta fundi í fáeinar mínútur eða þar til hæstv. fjmrh. birtist. Hins var það reyndar von mín að ræðumaður gæti hafið ræðu sína ef í henni kynnu að vera einhver atriði sem ekki sneru beinlínis að ráðherra. En úr því að óskin er fram komin og þegar hefur verið orðið við henni stendur það að svo stöddu.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Nú er fram komið hið svokallaða síðasta skattafrv. ríkisstjórnarinnar og fjallar um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Hér er um að ræða frv. þar sem gerðar eru tillögur um mjög viðamiklar breytingar á núgildandi skattalögum, bæði að því er varðar tekjuskatt einstaklinga og tekjuskatt fyrirtækja en ekki síður eignarskatta.

Ég tel að með frv. þessu hafi sannast, eins og við margir í stjórnarandstöðunni höfum haldið fram, að hæstv. fjmrh. mundi guggna á því áformi sínu að ætla að klessa nýju svokölluðu hátekjuskattþrepi inn í hið nýja staðgreiðslukerfi skatta. Ég fagna því mjög að hann hefur látið sannfærast af þeim efnisrökum sem um það mál hafa verið flutt, bæði hér í þingsölum og væntanlega einnig af hans eigin undirmönnum í fjmrn. og í skattkerfinu.

Það er svo eins og hvert annað yfirklór, sem kom fram í ræðu ráðherrans, að hann ætli eitthvað að láta athuga þetta frekar og hálf var það ámátlegt þegar hann var að lesa upp úr grg. frv. um þetta efni — rétt eins og þingmenn geti ekki gert það sjálfir — að þarna séu þessi og þessi atriði er varða nýtt skattþrep og ýmsar vangaveltur í því sambandi. En aðalatriðið er að fjmrh. hefur verið knúinn til betri vegar í þessu efni og er ég ekki grunlaus um að þar hafi ýmsir einstakir þingmenn annarra stjórnar-

flokka átt hlut að máli. En gjörðin er söm og ég fagna þeirri stefnubreytingu sem fram er komin í þessu efni.

Ég vakti athygli á því í gær, herra forseti, að með því að frv. mun vera síðasta tekjuöflunarfrv. sem hæstv. ríkisstjórn leggur fram er þar með fallið frá áformum bæði um skatta á happdrættin í landinu og á þá sem að þeim standa og sömuleiðis á orkufyrirtækin í landinu og eigendur þeirra. Hvort tveggja er þetta af hinu góða og til marks um að það eru ekki allir stjórnarþingmenn sem hyggjast lúta framkvæmda- og verkstjórn hæstv. fjmrh. sem hefur annars tekið sér öll ráð í hendur að því er virðist í efnahags- og fjármálum. Það er ekki öðruvísi að skilja yfirlýsingar ráðherranna, einkanlega forsrh., og ekki heldur að skilja öðruvísi framgang mála hér í þingi en svo, að forustumaðurinn og potturinn og pannan í þingstörfunum af hálfu stjórnarliðsins sé enginn annar en hæstv. fjmrh. En ég skil það vel að einstakir þingmenn í stjórnarflokkunum uni því misvel.

Ég hef vakið athygli á því í umræðum hér á þingi, m.a. um vörugjald, að kaupmáttur atvinnutekna hefur minnkað verulega með minnkandi yfirvinnu og minna vinnumagni, sem fólki stendur til boða, og ég hef jafnframt vakið athygli á því að kaupmáttur ráðstöfunartekna muni sömuleiðis minnka mjög verulega vegna skattalagabreytinga ríkisstjórnarinnar. Þarna er samtals um að ræða kaupmáttarskerðingu upp á a.m.k. 7% að því er fróðir menn telja áður en ríkisstjórnin grípur til nokkurra efnahagsráðstafana, en eins og allir vita verður það óumflýjanlegt fyrr eða síðar.

En að því er varðar skattahækkanirnar og áhrif skattanna á kaupmátt ráðstöfunartekna erum við kannski komin að frv. sem hér er til umræðu vegna þess að það er einn meginburðarstólpinn í tekjuöflunaráformum stjórnarinnar. En væntanlega verður það svo að ríkisstjórnin mun ekki ein eiga við afleiðingar þess að glíma, a.m.k. ekki ef kjarasamningar verða gefnir frjálsir á næstu dögum eins og margt bendir til að verði og þá ekki bara sú fáránlega hugmynd að gefa verkfallsréttinn frjálsan en ekki samningsréttinn, að leyfa mönnum að tala saman og hóta verkfalli án þess að hafa um neitt að semja fyrr en eftir 15. febrúar. Það bendir allt til þess að menn geti þá rætt þau mál öll og áhrif skattahækkana á kaupmáttinn, m.a. þessa frv. sem fram er að ganga á næstu dögum og vikum, en um þessi mál er einmitt verið að ræða í hv. Ed. um þessar mundir.

Ég hyggst nú, herra forseti, víkja nokkuð að einstökum atriðum í þessu frv., en áður en ég geri það kemst ég ekki hjá því að nefna eitt atriði sem fram kom í ræðu hæstv. ráðherra í dag og snýr að tekjujöfnuninni innan núverandi kerfis. Því um leið og hann var að reyna að tala sig út úr því fráhvarfi frá öðru skattþrepi sem hann var að gera í dag upplýsti hann jafnframt að innan núverandi skattkerfis með einu þrepi væru verulegir möguleikar til tekjujöfnunar rétt eins og þetta væri einhver nýlunda og upplýsti síðan með miklum mærðarsvip að það hefði verið vanrækt að útskýra þennan möguleika fyrir almenningi. Geri ég þá ráð fyrir að hann hafi ekki sjálfur áttað sig nægilega vel á þessum möguleika þegar hann kom til starfa í sínu núverandi embætti eða á sínum fyrstu starfsvikum þar.

En hitt er öllum ljóst, sem hafa eitthvað fylgst með þessum málum, átt sæti á Alþingi undanfarin tvö ár t.d. þegar þessi mál hafa verið þar til umræðu, að þetta er eitt af lykilatriðunum í þessu nýja staðgreiðslukerfi skatta eins og það er í pottinn búið, þessir möguleikar sem þar eru fyrir hendi til að tekjujafna innan skattkerfisins og hafa áhrif á tekjuskiptinguna með því að spila saman skattþrepinu, skatthlutfallinu, og síðan persónuafslætti og barnabótum. Það er út af fyrir sig ánægjuleg viðurkenning að fjmrh. sjálfur lýsir því yfir að hann hafi bara ekkert áttað sig á þessu fyrr en rétt nýlega. Ég verð að segja að það er út af fyrir sig ákveðin hreinskilni.

Hins vegar get ég alveg tekið undir það með honum að framkvæmd staðgreiðslukerfisins hefur verið mjög viðamikið og umfangsmikið verk. Það vissu menn vel áður en í það var ráðist með tiltölulega stuttum fyrirvara og það var ljóst að það mundi reyna mjög á það ágæta starfsfólk sem framkvæmdin hvílir á. Skattstjórar og aðrir starfsmenn vissu vel að mikil ábyrgð mundi hvíla á þeirra herðum í þessu efni, en þeir hafa leyst þetta verkefni afar vel af hendi, ekki síst staðgreiðsludeild ríkisskattstjóraembættisins, og ég vil taka undir það sem hæstv. ráðherra sagði um það starfsfólk sem þar starfar og á auðvitað ekkert annað en lof skilið fyrir vel unnin störf í þessum málum.

En ef ég kem að einstökum þáttum í frv., herra forseti, þá er alveg ljóst að hér eru á ferðinni ýmsir hlutir sem koma mönnum annarlega fyrir sjónir þó á hinn bóginn sé líka að finna í frv. ýmis atriði sem unnt er að samþykkja og eflaust sjálfsagt að breyta, en þau eru hins vegar öllu færri en hin atriðin sem eru með þeim hætti að þau er ekki unnt að fallast á.

Það hefur þegar verið bent á í þessum umræðum að það eigi, að því er virðist nokkuð lymskulega, að breyta viðmiðun við vísitölur sem í gildandi lögum er að finna. Ég tók ekki eftir því að ráðherrann gerði þetta atriði að umtalsefni, en vitanlega getur það skipt miklu máli hvort hækkun viðmiðunarfjárhæða og persónuafsláttar t.d. er bundin lánskjaravísitölu í lögum eða hvort um þær fjárhæðir á að fjalla árlega við meðferð fjárlaga og setja þessar fjárhæðir í tengsl við skattvísitölu.

Nú er að vísu ekki skýrt tekið fram í grg. hvað nákvæmlega vakir fyrir mönnum með þessari breytingu eða hvaða nauðsyn knýr á um að hún verði gerð. Hér segir eingöngu, með leyfi forseta: „Skv. 22. gr. frv. er hins vegar gerð tillaga um að tengja fjárhæð persónuafsláttar, sjómannaafsláttar, húsnæðisbóta, barnabóta og barnabótaauka við sérstaka skattvísitölu í stað lánskjaravísitölu með sama hætti og aðrar fjárhæðir í lögunum. Skattvísitala skal

ákveðin í fjárlögum ár hvert. Þetta þýðir að fjárhæðir þessara afslátta og bóta verða ákveðnar í tengslum við fjárlagaafgreiðslu hverju sinni í samræmi við almenna stefnumörkun stjórnvalda í ríkisfjármálum."

En það eru einmitt þessi síðustu orð „í samræmi við almenna stefnumörkun stjórnvalda í ríkisfjármálum" sem læða inn hjá manni þeim grun að þarna eigi að opna fyrir möguleika sem ekki hefur verið fyrir hendi til þess að spila á skattkerfið skattborgurunum í óhag svo að lítið beri á. Margir minnast deilna hér á árum áður um skattvísitölu, nærri því árlegra deilna um hana í tengslum við afgreiðslu fjárlaga. Ég held að það væri afskaplega óheppilegt að stofna til þess háttar deilna um þessi atriði í hinum nýju staðgreiðslulögum, og ég held að það væri hyggilegast að reyna að forðast slíkar deilur. A.m.k. kemur ekki fram í frv. hvaða nauðsyn rekur til að gera þessa breytingu eða hvaða efnislegar ástæður kunna að vera fyrir því. Ef þær eru einhverjar þarf að gera betur grein fyrir því en þarna er gert.

Í framhaldi af þessu hefur líka verið vakin athygli á því að það virðist vera ósamræmi í þeim persónuafslætti sem ákveðinn er í núverandi lögum og þeim persónuafslætti sem fram kemur í frv. Á þetta er reyndar bent í dagblaði í dag þar sem því er haldið fram að skattleysismörkin lækki verulega miðað við óbreytt lög samkvæmt frv. Ég geri ráð fyrir því að ráðherrann hyggist svara því sem fram kemur í þessari frétt, en það er alveg sama eðlis og sú gagnrýni sem fram kom í ræðu hv. 1. þm. Suðurl. hér fyrr í umræðunni. Ef eitthvað er rangt með farið varðandi persónuafsláttinn og þær upplýsingar sem birtar eru í frétt DV í dag um það efni held ég að ráðherrann skuldi okkur einhverjar skýringar vegna þess að þetta stangast mjög á við það sem hann hélt fram í sínu máli.

Látið er að því liggja með þeim gögnum sem fylgja frv. og það hefur komið fram í fjölmiðlum og eftir ráðherranum haft að skattar einstaklinga eftir þessa breytingu hækki aðeins örlítið á tekjum sem eru undir 60 þús. kr. og reyndar sáralítið á tekjum sem þar eru fyrir ofan. Þá gleymist hins vegar að taka með inn í þetta dæmi útsvarið sem menn verða að borga og standa skil á þó að það renni ekki til ríkissjóðs og auðvitað nýtist persónuafslátturinn upp í greiðslu útsvars ef því er að skipta. Það er ekki til þess að glöggva mönnum skilning á þessum málum að láta þess í engu getið að menn verði að standa skil á útsvari sínu til viðbótar því sem fram kemur í töflunum.

Nú er ég ekki að segja að þessar töflur svo langt sem þær ná séu rangar. Ég held að þær séu vafalaust rétt út reiknaðar miðað við forsendur og auðvitað stendur hér að þetta séu breytingar á tekjuskatti en ekki tekjuskatti og útsvari. En þó að þetta sé ekki rangt er þetta eilítið villandi og sama er að segja um það að þessar tölur eru allar reiknaðar á áætluðu meðalverðlagi ársins 1989 á sama tíma og allar tölur frv. sjálfs eru reiknaðar á verðlagi í desember á þessu ári, þar með talinn persónuafslátturinn sem óhjákvæmilega kemur með í útreikninginn í þessum töflum. Þannig að án þess að ég sé að gera lítið úr þeirri vinnu sem liggur hér að baki teldi ég að þetta hefði mátt vera fyllra til að gefa af þessu heildarmynd og það á sambærilegum tölum og er að finna í frv.

Hins vegar er það nú þannig, herra forseti, að því er mjög haldið fram, og svo hefur verið frá því að fjárlagafrv. sá fyrst dagsins ljós í haust, að þetta frv. mundi ekki leiða til þess að skattur hinna tekjulægstu hækkaði. Hins vegar mundi þetta lenda á breiðu bökunum svokölluðu. En eitthvað er þetta nú málum blandið í frv. Að vísu fer það auðvitað eftir því hvernig menn skilgreina lægstu tekjur, en mér þykir nú æðilangt seilst þegar því er haldið fram í athugasemdum með frv. á einum stað að hið almenna markmið með frv. sé að skattbyrði þeirra sem miðlungstekjur hafa og lægri verði því sem næst óbreytt milli áranna 1988 og 1989. Það segir hér á bls. 9 í athugasemdum við 21. og 22. gr. og verður ekki betur séð en að það sé í ósamræmi við það sem áður er komið fram nema hæstv. ráðherra ætli að halda því fram, og má vera að hann geri það, að mánaðarlaun á meðalverðlagi árið 1989, 60 þús. kr., verði á þeim tíma miðlungstekjur í landinu. Eitthvað er þarna nú málum blandið, auk þess sem ljóst er að 60 þús. kr. fyrir einstakling þykja ekki neitt sérstaklega há laun þó að ég geri mér grein fyrir því að auðvitað eru þeir einstaklingar til, því miður, sem ekki hafa hærri mánaðarlaun en þetta og hafa ekki möguleika á að drýgja tekjur sínar með öðrum hætti. Um það er hins vegar enginn efnislegur ágreiningur að fólk sem er í þeirri aðstöðu á auðvitað ekki að borga neina skatta og það er eitt af því sem náðist fram í tengslum við kerfisbreytinguna yfir í staðgreiðslu í fyrra, þá tókst að afnema skatt af mjög lágum tekjum. Eins og kemur fram í þessum töflum er enginn tekjuskattur á þessum tekjum miðað við kerfið eins og það er í dag. Það var út af fyrir sig ánægjulegur ávinningur sem þá náðist fram þó að auðvitað megi alltaf halda því fram að skattleysismörkin svokölluðu eigi að vera hærri en þau eru í dag.

Ég tel hins vegar að ráðherrann hafi reynt að gera sér fullmikinn mat úr þessari 60 þús. kr. upphæð eða 120 þús. fyrir hjón vegna þess að það þykir enginn sérstakur árangur og mér þykir það enginn sérstakur árangur að hafa komið í veg fyrir að skattur leggist á slíkar tekjur. Fyrr má nú vera metnaðurinn gagnvart láglaunafólkinu ef menn þurfa að berja sér á brjóst og stæra sig af því að hafa tekist að koma í veg fyrir að þeir sjálfir eða félagar þeirra legðu skatt á slíkar tekjur. Þetta er eins og að menn komi hér og segi: „Það stóð til að fara hér niður í 30 þús. eða 40 þús. og okkur tókst að koma í veg fyrir það. Það stóð til að lækka skattfrelsismörkin."

Auðvitað er þetta ósköp ódýr málflutningur. Í þessu felst hins vegar gagnvart einstaklingum sú stefna Alþb. að hækka skatta á öllum tekjum

umfram þetta hóflega lágmark, 60 þús. Það er auðvitað ákveðin stefna að hér séu allt of lágir beinir skattar og því beri að breyta. Ég er hins vegar ekki sammála þeirri stefnu þó að ég viðurkenni það vel að núverandi staðgreiðslukerfi býður upp á möguleika til hagstjórnar sem ekki voru fyrir hendi í hinu gamla. Þá er auðvitað eðlilegt að nota eftir aðstæðum, en þá hefði ég talið að eðlilegra væri að hækka skattana þegar um er að ræða þenslu, en draga frekar úr þeim á samdráttartímum. Hins vegar felst náttúrlega í frv. ráðherra ákveðin viðurkenning á því að skattkerfið er vel nothæft eins og það er til frekari tekjujöfnunar og þar með, eins og ég sagði áðan, ástæðulaust og nánast óframkvæmanlegt að bæta inn í það öðru skattþrepi.

Að því er varðar fyrirtækjaskattana, en af þeim stærði hæstv. fjmrh. sig einna mest í ræðu sinni, þar væru merkastar umbæturnar á ferðinni jafnvel, þá er það mál allt mun fjölskrúðugra en tekjuskattur einstaklinga vegna þess að það mál er tiltölulega einfalt og tekur ekki margar greinar í frv. Hins vegar er tekjuskattur fyrirtækja þeim mun fyrirferðarmeiri og hver greinin af annarri fjallar um að breyta honum.

Hæstv. fjmrh. byrjaði mál sitt hér í dag og reyndar endaði það líka á þeim ummælum að það væri mikil óhæfa hversu fyrirtæki á Íslandi greiddu lítinn tekjuskatt. Þetta er nú ræða sem forveri hans einn úr Alþb., hv. þm. Ragnar Arnalds, hélt hér árlega yfir þingmönnum og varð þó engin breyting á þegar hann var fjmrh., skattar fyrirtækja tóku engum sérstökum stakkaskiptum. Það er vegna þess, og þar er blekkingin fólgin í máli hæstv. fjmrh., að fyrirtæki á Íslandi borga svo mikið af öðrum sköttum sem draga úr þeirra hagnaði. Þau verða að borga svo mikið af sköttum óháð tekjum og afkomu að það dregur auðvitað úr hagnaði þeirra og þar með þeim skatti sem þau borga af sínum hagnaði.

Það er því auðvitað mikil blekking að halda því fram að fyrirtæki á Íslandi hafi verið skattlaus. Þau borga bæði há aðstöðugjöld og ýmsa aðra skatta, launaskatt og margt fleira sem við höfum m.a. verið að fjalla um þessa dagana, þannig að auðvitað er það alveg út úr samhengi að taka bara tekjuskatt fyrirtækjanna einan og koma svo og segja eins og ráðherrann hefur gert, bæði hér og í fjölmiðlum: Sjáið þið bara, fyrirtækin borga enga skatta.

Þetta er ekki rétt og reyndar ætti hann að vita þetta sjálfur. Hitt er hins vegar rétt sem fram kom í hans máli að það frv. sem hann hefur lagt fram mun stefna að því að hækka verulega tekjuskatt á fyrirtækjum sem á annað borð hafa einhvern hagnað eftir að hafa lokið greiðslum á öðrum sköttum sem eru óháðir afkomu þeirra.

Það er hins vegar ekki rétt, svo að ég haldi mig við mál hæstv. fjmrh., að sú hækkun sem verður á tekjuskattinum standi í einhverjum tengslum við þá hækkun sem verður á tekjuskatti einstaklinga. Því er haldið blákalt fram í frv. og hæstv. ráðherrann hélt því blákalt fram að skatthlutfall fyrirtækja hækkaði í takt við hækkun á tekjuskatti einstaklinga. Ég er hér, herra forseti, að vitna orðrétt í athugasemdir frv. en þar segir, með leyfi forseta:

„Þykir eðlilegt að skatthlutfall fyrirtækja hækki í takt við hækkun á tekjuskatti einstaklinga til þess að raska ekki gildandi hlutföllum í skattlagningu milli einstakra rekstrarforma."

Þetta hljómar nokkuð prúðmannlega, en er auðvitað hin argasta blekking þegar að er gáð vegna þess að samkvæmt frv. fjmrh. hækkar raunverulegur skattur úr 33,6% í 42,5% á meðan tekjuskattur einstaklinga hækkar úr 28,5 í 30,5. Og ef ráðherrann er í einhverjum vafa um hvað ég er að tala um, þá er ég að tala um það að ekki er nóg að benda á að í 17. gr. frv. sé gert ráð fyrir að álagningarprósenta tekjuskatts fyrirtækja hækki úr 48% í 50%. Það verður líka að taka með áhrifin af 8. gr. frv. þar sem gert er ráð fyrir því að heimild til þess að leggja í fjárfestingarsjóði lækki úr 30% í 15%. Þar með borga fyrirtækin ekki lengur 48% af 70% hagnaðar eins og áður var eða hefur verið, heldur 50% af 85% hagnaðar í báðum tilfellum þegar búið er að taka fjárfestingarsjóðina með í reikninginn. Þess vegna er það algjör blekking, ósvífin blekking, að halda því fram að vegna þess að munurinn á milli 48 og 50 er hinn sami og á milli 28,5 og 30,5 sé hér einhver sambærileg breyting á ferðinni. Þetta er bara algjör og reyndar auðsæ blekking þeim sem til þekkja.

Hitt er annað mál, herra forseti, að það segir í athugasemd með ákvæðinu um lækkun heimilda til þess að leggja í fjárfestingarsjóði að það hafi verið ráðagerð fyrri stjórnar að fella þessi framlög niður og þess vegna hafi þau í fyrra verið lækkuð úr 40% í 30%. Það er alveg rétt. Það stóð til í tíð fyrri stjórnar, og var reyndar eitt af því sem unnið var að í tíð fyrri ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar, hæstv. núv. forsrh., að breyta þessum sjóðum, fella niður ýmsa frádráttarliði sem verið hafa fyrir hendi í tekjuskatti fyrirtækja en lækka á móti álagningarprósentuna.

En hæstv. núv. fjmrh. gerir sér lítið fyrir og fer þveröfuga leið. Hann vill lækka heimildina til þess að leggja í fjárfestingarsjóði og fellir niður ýmsa aðra frádráttarmöguleika en hækkar síðan prósentuna. Auðvitað er það hrein ósvífni, hæstv. fjmrh., að gefa það í skyn í athugasemd með þessari 8. gr. frv. að hér sé verið að tala um sama hlutinn. Auðvitað er það ekkert annað en blekking, ómerkileg blekking, að vera að gefa það í skyn að það hafi vakað áður fyrir mönnum að fara inn á þær brautir sem lagt er til í frv. Það er alveg eins og með álagningarhlutfallið sjálft sem ég var að rekja hér áðan. Þetta er tóm blekking. Það er blekking að halda því fram að tekjuskattshlutfall fyrirtækja hækki í takt við hækkun á tekjuskatti einstaklinga þegar tekið er tillit til þessara möguleika varðandi fjárfestingarsjóði.

Það er ýmislegt fleira hér uppi á borði hjá hæstv. ráðherra að því er varðar tekjuskatt fyrirtækja eins og m.a. það að þrengja fyrningarreglur. Það hefur

einmitt verið eitt af því sem hefur aðgreint sósíalistana í Alþb. frá ýmsum öðrum aðilum í þjóðfélaginu, sem tjá sig um stjórnmál og efnahagsmál, að sósíalistarnir í Alþb. hafa átt afskaplega erfitt með að skilja það hvað fyrningar eða afskriftir væru í raun og hafa talið að þarna væri bara um að ræða einhverja óeðlilega frádrætti, óeðlilegar skattívilnanir, þegar í raun er um að ræða frestun gjaldfærslu á hlutum sem eyðast í framleiðslunni eða rekstrinum. Ég veit að ég þarf ekkert að tala um það yfir hæstv. viðskrh., en það væri kannski ráð að hann tæki alþýðubandalagsmennina í ríkisstjórninni í smákennslustund í þessum efnum.

Nú er verið að gera tillögu um að breyta fyrningarhlutföllum. Þó að það sé rétt sem ráðherra sagði að að einhverju leyti sé verið að fara í það horf sem var í þessum lögum árið 1981, þá er það nú þannig um marga hluti að með framförum og tækniþróun styttist gjarnan endingartíminn. Það þarf ekki annað en að nefna tölvur t.d. sem verða mjög fljótt úreltar með breyttri tækni. Það verður auðvitað að vera eitthvert samhengi milli skattalegra fyrninga og raunverulegra efnahagslegra afskrifta, raunverulegs endingartíma og notkunartíma hluta sem um er að ræða. Ég heyrði ekki ráðherrann færa neinar slíkar röksemdir fyrir sínu máli, eingöngu þær að þetta hefði verið svona árið 1981.

En þó að hæstv. ráðherra hafi ekki nefnt það berum orðum, þá er tilgangurinn auðvitað sá að auka skattstofninn og krækja sér í eilítið fleiri krónur hjá þeim fyrirtækjum sem hafa einhvern hagnað og geta þar af leiðandi borgað tekjuskatta. Síðan, og það tengist þessum fyrningum, er gert ráð fyrir því í 4. og 5. gr. frv. að fella niður heimildir til þess að færa til gjalda á einu ári alls kyns smávarning. Bæði er um að ræða ýmsar vörur, sem nota þarf í rekstri en hafa skemmri endingartíma en þrjú ár, en það hefur verið heimilt að gjaldfæra þær að fullu á einu ári þegar þær eru keyptar. Svo er einnig um það að ræða að heimilt hefur verið að færa til gjalda kostnaðarverð ýmissa smáhluta sem ekki eru að verðmæti nema tiltekin upphæð — hún hefur verið u.þ.b. 100 þús. kr., reyndar 108 þús. kr. á þessu ári — að færa slík kaup til gjalda á einu ári.

Ég veit ekki hvað eiginlega vakir fyrir hæstv. ráðherranum með þessari breytingu af því að ég er ekki viss um að hann átti sig á því hvað þetta er ópraktískt sem hann er að tala um með þessari breytingu. Þetta þýðir það, ef grannt er skoðað og eftir orðanna hljóðan, að fyrirtæki í landinu verði að færa alls kyns smámuni sem keyptir eru til rekstrarins og endast, ja hugsanlega innan við þrjú ár, hugsanlega lengur, fyrirtækin verða að fyrna slík kaup á einhverjum tíma. Ef fyrirtæki, t.d. smíðaverkstæði, kaupir sér borvél eða hefil eða eitthvað slíkt sem ekki eru nein gríðarleg verðmæti þá verður það að fyrna slík aðföng. Ég er ansi hræddur um að fyrning slíks lausafjár feli í sér gríðarlega mikið óhagræði fyrir öll fyrirtæki og sé ekki sú tekjulind sem ráðherrann gerir sér eflaust von um, ef það er það sem vakir fyrir honum því að þetta útskýrði hann ekki í máli sínu. Þar fyrir utan er ofan í þetta kaup bætt þeirri ósvinnu að þetta ákvæði á að vera afturvirkt og gilda við álagningu fyrir tekjur og gjöld á þessu ári. En auðvitað hafa öll fyrirtæki á þessu ári fært sitt bókhald á grundvelli gildandi laga og fært þetta allt til gjalda jafnóðum í stað þess að gera það með þeim hætti sem um væri að ræða ef þarna væri um að ræða venjulegar fyrnanlegar langtímaeignir.

Þetta er auðvitað algjör fjarstæða, hæstv. ráðherra. En það eru langir fingurnir á Alþb. um þessar mundir, þykir mér, og víða er leitað fanga um tekjur ef það á nú að fara að seilast svona langt. En það var kannski engin tilviljun að ráðherrann sá ekki ástæðu til að gera grein fyrir þessum atriðum í sinni ræðu.

Að því er varðar 6. og 7. gr. þessa frv. sem snúa að bifreiðum framkvæmdastjóra og starfsmanna til einkanota þá tel ég að þar sé á ferðinni ákvæði sem er sjálfsagt að athuga og sömuleiðis 7. gr. varðandi lán til hluthafa í hlutafélögum ef það gildir þá jafnframt um aðila í öðrum rekstrarformum.

Að því er varðar hins vegar 9. gr. frv., um möguleika manna til þess að yfirtaka rekstrartap í óskyldum rekstri, þá vildi ég líka taka undir það að þar er eflaust athugandi að gera breytingu frá núgildandi reglum, ef menn geta skilgreint nákvæmlega hvað átt er við með orðunum „sams konar rekstri" sem þarna koma fram. Þetta tel ég að hv. fjh.- og viðskn. eigi að kanna sérstaklega.

Síðan er í þessu frv. gert ráð fyrir því að niður falli möguleikar fyrirtækja á því að fá dregið frá tekjum sínum gjafir til menningarmála, vísindalegra rannsókna, viðurkenndrar líknarstarfsemi og kirkjufélaga. Mætti ég ekki minna hæstv. fjmrh., en ekki síður hæstv. viðskrh., á það að þegar lög um staðgreiðslu voru sett hér fyrir tveimur árum síðan, þá gerðist það að fyrir mistök féll út þetta lagaákvæði sem hér er gerð tillaga um að fella niður. Þetta ákvæði féll út fyrir mistök sem urðu í fjmrn. og hér í þinginu, en síðasti hæstv. fjmrh., hæstv. núv. utanrrh., beitti sér fyrir því sérstaklega að þetta yrði aftur sett inn í lögin. Að honum var gerð hörð hríð af hálfu alþýðubandalagsmanna, ef ég man rétt, a.m.k. man ég það vel úr hv. fjh.- og viðskn. á þeim tíma að Alþb. var ekkert á þeim buxunum að hleypa þessu aftur inn í lögin, þannig að ég skil vel að þeir skuli nú, þegar þeir eru komnir í aðstöðu til þess, vilja fella þetta út á nýjan leik.

En mér er spurn: Hvað hefur breyst að því er Alþfl. varðar? Og hvaða nauður rekur nú til þess að fella út úr lögunum það ákvæði sem fjmrh. Alþfl. gekk í vatnið fyrir í fyrra til þess að koma inn í lögin á nýjan leik? Hvað hefur breyst? Eru alþýðubandalagsmenn algjörlega að ná undirtökum í öllu samstarfi þessara flokka? Er nú ekkert heilagt lengur, ekki einu sinni mál sem hæstv. núv. utanrrh. gerði að sérstöku baráttumáli hér á síðasta þingi? Er nú Alþfl. bara algjörlega búinn að beygja sig í duftið fyrir forustu og framkvæmdastjórn hæstv. fjmrh. sem, eins og ég sagði í upphafi, er búinn að taka öll

völd í sínar hendur að því er virðist í efnahags- og fjármálum?

Ég geri mér ekki grein fyrir því hvort allir muna eftir því hvað hér var á ferðinni mikið baráttumál í fyrra við breytingar á þessum lögum, hvað það var hæstv. núv. utanrrh. mikið kappsmál að koma þessu inn í lögin á nýjan leik. Auðvitað var það vegna þess að hann hafði góðar og gildar ástæður fyrir því, þær sömu ástæður fyrir því og ég hef fyrir því núna að vera andvígur því að fella þetta út. Við vitum ósköp vel að það hefur verið ákveðinn bakhjarl í atvinnulífinu fyrir einmitt þessa starfsemi sem þessar gjafir renna til. Það hefur verið talið eðlilegt að ríkisvaldið styddi með þessum óbeina hætti við þá starfsemi með því að afsala sér skatttekjum af þessum peningum og hvetti jafnframt atvinnulífið og fyrirtækin í landinu til þess að veita menningarstarfsemi, vísindarannsóknum, líknar- og kirkjufélögum sérstakan stuðning. Ég held að það væri einmitt frekar meira vitið að reyna að efla þetta, auka tengslin milli atvinnulífsins og þessarar starfsemi. Það skyldi þó aldrei vera að það gæti haft í för með sér eitthvað minni útlát ríkisins sjálfs þegar fram í sækir. En hér ræður skammsýnin ríkjum, peningagræðgin í Alþb. hefur tekið völdin og alþýðuflokksráðherrarnir lúta í duftið. Jafnvel þó að hér sé á ferðinni verknaður sem ekki er einu sinni orðinn ársgamall. Ég sé að þeim er báðum skemmt, ekki síst viðskrh. sem auðvitað veit upp á sig þessa miklu skömm. Hann veit hana jafn vel upp á sig og fjmrh.

Ég hef nú ekki lokið máli mínu enn þá, hæstv. fjmrh., en það fer að styttast í það.

Ég ætlaði að koma næst eilítið inn á eignarskattsþáttinn í frv. vegna þess að ég hef nú þegar gert að umtalsefni tvo hina meginþættina, þ.e. tekjuskatt einstaklinga og tekjuskatt fyrirtækja. En þó að lítið fari fyrir þriðja þættinum, sem er eignarskattur einstaklinga og fyrirtækja, þá er þar um að ræða tröllauknar hækkanir á núverandi skatti. Tröllauknar hækkanir. Svo miklar að þegar það er tekið í tengslum við aðrar eignarskattshækkanir núv. ríkisstjórnar þá efast ég um að nokkrir hafi séð annað eins, hvorki hérlendis né annars staðar í öðrum menningarlöndum.

Ég hef í nál. um frv. til laga um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði sýnt fram á hversu sú skattheimta á þann skattstofn sem fasteignamatið er sé komin út í mikla ófæru. Eins og hv. þm. er kunnugt stefnir þessi ríkisstjórn að því að tvöfalda sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Ef um er að ræða skrifstofuhúsnæði eða verslunarhúsnæði sem er í eigu einstaklings eða einstaklinga og er meira en 6 millj. kr. virði — ég geri ráð fyrir að það séu nú býsna margar verslanir og skrifstofuhúsnæði sem þannig er ástatt um — þá verður skatturinn, sem lagður er á þennan eignarskattsstofn, fasteignamatsstofninn, hvorki meira né minna en 6,4%.

Ég veit ekki hvort menn hafa gert sér grein fyrir þessu. Það er 2,2% skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Það er hinn almenni eignarskattur, sem samkvæmt þessu frv. á að hækka í 1,2%. Það er þjóðarbókhlöðuálagið, sem hæstv. fyrrv. fjmrh. og núv. sömuleiðis ætla að stinga í vasa ríkissjóðs að mestum hluta. Það er síðan sérstakt viðbótarálag upp á 1,5% sem menn verða að greiða ef eign þeirra er umfram 6 millj. kr. af því sem er umfram þá tölu.

Þetta hef ég sannreynt að er meiningin með ákvæðinu í 19. gr. Það kom fram á fundi í fjh.- og viðskn. Nd. í morgun að það mun vera ætlunin þó að orðalagið í greininni sé villandi, ég kem að því á eftir. En með því að vera búinn að koma heildarskattlagningunni á fasteignamatið upp í 6,4% þá er náttúrlega ljóst að eign, sem þarf að standa undir slíkri skattheimtu, verður að gefa dável af sér því hún þarf að skila af sér hvorki meira né minna en 6,4% raunvöxtum til þess eins að standa undir þessum eignarskatti. Þá færu tekjurnar allar í eignarskattinn og þá væri eignateknaskatturinn eða fjármagnsteknaskatturinn af þessu orðinn 100%. En ef það ætti að borga af þessu jafnhátt hlutfall og þetta frv. gerir ráð fyrir að einstaklingar greiði í tekjuskatt, þá þarf svona eign að skila af sér 17% raunávöxtun og verð ég að segja að það skýtur nú mjög skökku við og stingur í stúf við hugmyndir fjmrh. og ríkisstjórnarinnar um vexti og ávöxtun á verðmætum, ef þeir ætlast í raun og veru til þess að menn afli slíkra tekna af eignum sem þessum.

Ég viðurkenni það fúslega að ég hef hér tekið það dæmi sem lengst gengur. Að því leyti til er þetta jaðartilfelli þar sem skatturinn verður svo gríðarlega hár. En sjá ekki allir hvert stefnir? Það þarf ekki mikið hugmyndaflug fyrir fólk til þess að reikna út sjálft hvað verið er að gera þarna því það er verið að leggja slíkar byrðar á þennan eina skattstofn að það sætir mikilli undrun.

Nú stendur hér í 19. gr., með leyfi forseta:

„Eignarskattur manna reiknast þannig: Af fyrstu 2,5 millj. kr. af eignarskattsstofni greiðist enginn skattur. Af næstu 3,5 millj. kr. af eignarskattsstofni greiðist 1,2%. Af eignarskattsstofni yfir 6 millj. kr. greiðist 1,5%."

Ég hef borið mig saman við nokkra aðila hér í þingdeildinni í dag og okkur hefur öllum komið saman um að þetta geti ekki þýtt nema eitt, þetta geti ekki þýtt annað en það að skatturinn hækki um 0,3% þegar verðmæti eignar fer yfir 6 millj. kr. og þá greiði menn 1,5% af því sem þar er umfram. Hins vegar er þetta heldur óljósara í grg., enda mun það svo að því er ég hef sannfrétt, m.a. á fundi í fjh.- og viðskn. í morgun, að þetta er alls ekki það sem átt er við heldur á að leggja þetta eina og hálfa prósent ofan á þann skatt sem fyrir er. Þannig að skattur á eignir yfir 6 millj. kr. á ekki að vera 1,5% heldur 2,7%. Og sjá nú allir hversu gríðarlegt stökk það er að fara úr 0,95%, eins og þetta er í dag, upp í 2,7% af eignum sem eru yfir 6 millj. kr. að verðmæti hjá einstaklingi.

Auðvitað ætti að standa þarna í frv. ef þetta ætti að vera nákvæmt: Af eignarskattsstofni yfir 6 millj. greiðist 1,5% til viðbótar. Eða það ætti að standa

þarna: Greiðist 2,7% — til þess að það sé innbyrðis samræmi í þessu frv.

En ég held að þetta hljóti nú einfaldlega að vera einhver villa því ekki trúi ég því upp á fjmrh. að hann hafi ætlað að villa mönnum sýn í þessu efni, enda tel ég fullvíst að eins og þetta frv. er orðað, ef það hefði orðið að lagatexta, þá hefði það verið túlkað eftir orðanna hljóðan sem 1,5% en ekki sem 2,7%. En ætlan ráðherrans er auðvitað söm og það hugarfar sem þar býr að baki. Ég er ekki viss um að allir hafi áttað sig á því hvað þar er um að ræða.

Nú er það þannig, fyrst fjmrh. gerði mjög að umtalsefni skattlagningu fjármagnstekna, að það er auðvitað samhengi milli eignarskatts og skattlagningar á eignartekjur. Og í þessu tilfelli, þegar um er að ræða fasteignir og fasteignamatsskatt, þá er þarna mjög einfalt samhengi á ferðinni í raun og veru. Ef lagður er á 2,7% skattur, segjum að þetta sé nú bara íbúðarhúsnæði, þá er það auðvitað 2,95 vegna þess að við bætist álagið í þjóðarbókhlöðuna, og þá þarf eignin að gefa af sér 2,95% raunávöxtun til þess að standa undir þessu. Og ef það er reiknað yfir í húsaleigu, þá er það sannarlega nokkuð há eigin húsaleiga sem menn eru þá að greiða sjálfum sér óbeint ef þeir geta staðið undir slíkri skattlagningu.

Miðað við 2,95% eignarskatt þá er sem sagt 100% skattur á tekjurnar af eigninni ef þær samsvara 2,95% raunávöxtun. Nú er hins vegar vaxtastigið ekki þarna um þessar mundir. Ef við gefum okkur að raunávöxtun sé kannski almennt í þjóðfélaginu 6%, þá erum við samt að tala um 50% skatt á þessar eignatekjur, 50% tekjuskatt eða ígildi hans á þessar tekjur. Fjmrh. má því ekkert vera haldinn þeim misskilningi að það sé ekki lagður neinn fjármagnstekna- eða eignateknaskattur á hér í landi. Hann er lagður á þarna með þessum hætti þó að óbeint sé. Ég held að það hljóti að vera að fjmrh. og aðstandendur hans allir geri sér grein fyrir þessu.

En nú er það hins vegar ekki þannig að menn hafi verið að tala um það í alvöru að leggja 50% tekjuskatt á fjármagnstekjur. Þær tölur sem ég hef heyrt nefndar í því efni hafa allar verið miklu, miklu lægri. Ég held því að það sé alveg ljóst að varðandi þetta tiltekna eignarform er skattheimtan komin út fyrir öll eðlileg mörk og út fyrir það sem nokkrum mundi detta í hug ef um væri að ræða beinan skatt á tekjurnar af þessum eignum. Ég held að þessi áform, ef þau ná fram að ganga, séu gersamlega óraunhæf og komin út fyrir öll þau mörk sem nokkur maður getur talið eðlileg út frá einhverjum efnahagslegum eða fjármálalegum forsendum. Þetta eru bara orðin trúarbrögð eða eitthvað álíka. Þá er bara spurningin: Af hverju er þá ekki farið í 10% eignarskatt eða eitthvað álíka? Það er alveg jafnrökrétt og þetta. Verð ég nú að segja að ég undrast það að ýmsir ágætir þm. Framsfl. og Alþfl. skuli hafa látið plata sig inn á þetta. En það er ekki víst að þeir hafi gert sér grein fyrir því hvað í þessu getur falist og munum við þá væntanlega kanna það í hv. fjh.- og viðskn.

En ávöxtunarkrafan, sem er innbyggð í þá gríðarlegu skattheimtu á eignir sem hér er á ferðinni í þinginu í dag, í þessari hv. deild, bæði með þessu frv. og með frv. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, er svo há, þessi innbyggða ávöxtunarkrafa er svo há að hún fer langt fram úr því sem manni skilst að tíðkist á hinum svokallaða gráa markaði og langt fram úr því sem ríkisstjórnin sjálf þykist vera að keppa að að því er varðar vexti, vaxtastig og ávöxtunarkröfu almennt í þjóðfélaginu.

Ég sé heldur ekki betur en fjmrh. sé búinn að koma hér á svo rækilegum fjármagnsteknaskatti í þessu formi að ég er ekkert hissa á því þó hann skjóti því máli annars öllu saman á frest eins og fram kom í ræðu hans fyrr í dag. Ég hef reyndar fyrir nokkru síðan hér í þinginu átt við hann nokkurn orðastað út af þeim málum vegna þess að hann klifar sífellt á því að það sé eðlilegt að taka upp fjármagnsteknaskatt, skatt á fjármagnstekjur vegna þess að það hafi verið gert í öðrum löndum. Ég hef hins vegar leyft mér að benda honum á það að efnahagsástandið í þessum öðrum löndum sé kannski eilítið öðruvísi en hér, að tilhneiging til sparnaðar sé kannski eilítið öðruvísi en hér og uppspretta innlends sparnaðar í þessum löndum kannski eilítið öðruvísi. Hann hefur hins vegar ekki séð ástæðu til að hlusta neitt á það frekar en svo margt annað.

Það er auðvitað fráleitt að halda því fram að vegna þess að í Bandaríkjunum, Bretlandi, Þýskalandi og einhverjum öðrum löndum sé slíkur skattur, þá eigi hann jafn vel við hér. Fjmrh. hefur eflaust þurft í starfi sínu að taka erlend lán. A.m.k. veit ég að forveri hans, hv. núv. þm. Ragnar Arnalds, þurfti á sínum tíma eins og allir aðrir fjármálaráðherrar að taka erlend lán fyrir íslenska ríkið í útlöndum. Og hvar tóku menn þessi lán? Var það ekki einmitt í Þýskalandi, Bandaríkjunum, Bretlandi og Japan og í þessum löndum þar sem sparnaður er mikill, þar sem peningar eru fluttir út en ekki inn eins og við gerum, þar sem sparnaður er svo mikill, að þeir geta ekki komið honum öllum í lóg innan lands og þurfa þess vegna flytja hann til annarra landa?

En það er auðvitað mergurinn málsins, þetta almenna efnahagsástand í löndunum. Hver er sparnaðurinn í hverju landi fyrir sig og hvaða áhrif mun svona skattur hafa, almennur skattur á fjármagnstekjur, á viðleitni manna til þess að spara? Ég óttast það mjög að slíkur skattur við núverandi aðstæður á Íslandi mundi draga úr sparnaði sem er eitt af því sem við verðum helst að varast og helst að reyna að koma í veg fyrir. Ef okkur tekst að koma hér á varanlegu jafnvægi og efla sparnað og auka hér á Íslandi þá skulum við tala um þennan skatt því að að baki hugmynda um hann liggja ýmis sjónarmið sem ég út af fyrir sig get tekið undir.

En það er auðvitað fráleitt að ætla sér að kasta honum inn án þess að huga að hagkerfinu í heild, hvað þar er að gerast og það er auðvitað til marks

um illa undirbúinn málflutning að grípa til þess ráðs að segja: Svona er þetta hjá íhaldsstjórnunum í Bretlandi, í Danmörku, í Þýskalandi og hér og þar um heim. Það er auðvitað ekki málflutningur sem mark er takandi á þó að hæstv. fjmrh. hafi séð sig knúinn til þess að grípa til þeirra röksemda.

Hæstv. forseti. Þetta er nú orðið nokkuð langt mál og ég er eiginlega búinn að fjalla um þau atriði flest sem ég hafði hugsað mér að gera að umtalsefni. Ég vil aðeins segja það í lokin að þetta frv. er að mörgu leyti stefnumarkandi fyrir heildarskattastefnu og efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, enda er það ekkert skrýtið því að aðalforustumaður hennar í þeim efnum leggur það fram. Ég verð hins vegar að segja að það veldur mér miklum vonbrigðum ef óbreyttir þingmenn í Alþfl. og Framsfl. ætla að styðja þetta frv. óbreytt því að í því er mjög margt sem gengur þvert gegn því sem þessir sömu hv. þm. hafa í fyrra samstarfi verið að vinna að og þar er að ýmsu leyti verið að grafa undan ýmsum umbótamálum og framförum sem stefnt var að á þessu sviði skattamála í fyrri ríkisstjórnum tveimur. Það á ekki síst við um ýmislegt sem snýr að skattlagningu fyrirtækja, en líka ýmis tæknileg atriði sem snúa að skattlagningu einstaklinga, að ég tali nú ekki um eignarskattinum sem gersamlega gengur fram af manni hvernig fara á með.

Ég vil þess vegna beina því til þeirra, þó að þeir séu nú ekki margir hér viðstaddir, að þeir skoði þetta mál vel og vandlega. Ég veit að samnefndarmenn mínir í hv. fjh.- og viðskn., þar sem ég á sæti þessa dagana í forföllum annars nefndarmanns, munu gefa sér góðan tíma til að skoða þetta vel með embættismönnum fjmrn. sem ég efast ekki um að muni boðnir og búnir að sitja þar með okkur til að fara yfir þetta. Það er spá mín að verði þetta allt að lögum, þá muni margir þeirra þingmanna sem að þessu standa þurfa einhvern tíma fljótlega aftur, þegar ný ríkisstjórn verður hér komin til valda, að horfa upp á það að þessu verði breytt aftur og jafnvel taka þátt í því sjálfir. Og þá held ég að sé nú betra að forðast að stíga slík skref til ófarnaðar áður en þau eru orðin í stað þess að þurfa að eiga síðan aðild að því að afturkalla þau síðar meir.

Ég hef lokið máli mínu, herra forseti.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Það er sami söngurinn. Síðasti ræðumaður var að tala um þessa skatta. Það er aldrei ánægjuefni að þurfa að leggja á skatta. En er það meining þeirra hv. þm. Sjálfstfl. að fjárlög verði afgreidd með miklum halla? Eða hefur t.d. hv. þm. Geir H. Haarde komið fram með sínar hugmyndir um aðra tekjuöflun? Ef það væri, þá væri hægt að taka mark á svona ræðuflutningi en annars ekki. (**GHH:** Ég hlakka til að Stefánssjóður verði lagður niður.) Ég geri alveg ráð fyrir því að hv. þm. muni leggja til að Atvinnutryggingarsjóður verði lagður niður, en hann heitir það en ekki Stefánssjóður. Hv. þm. hefur talað um skussasjóð. Af hverju? Af því að hans flokkur stóð fyrir því að sjúga landsbyggðina þannig að það er ekkert eigið fé til í fyrirtækjunum.

Ég held að hv. þm. og aðrir hv. sjálfstæðismenn ættu að athuga hvað hefur verið að gerast, hvernig hinir háu vextir hafa leikið bæði landsbyggðina og einstaklinga fyrst hv. þm. vill fara að rifja það upp. Ég hef fengið tvö fyrirtæki til þess að skoða það annars vegar hver vaxtagreiðslan hefði verið á þessu ári hjá þeim eða hefði verið eins og hún var áður en þeir lækkuðu og hins vegar hvernig það hefði verið ef vextirnir hefðu verið eins og þeir eru í desember. Ég vil taka það fram að fyrra fyrirtækið sem ég segi frá er með mjög góða eiginfjárstöðu. Vaxtagreiðslan hjá því mundi hafa orðið 100 millj. kr. meiri. Hvorki meira né minna. Og breyting á útkomunni mundi muna um 73 millj. kr. Ef skattarnir hefðu verið út árið eins og þeir voru áður en þeir lækkuðu, þá hefði hallinn verið fast að 40 millj. kr. en um 32–33 millj. kr. í hagnað ef vextirnir hefðu verið eins og þeir eru í desembermánuði.

Ég hef einnig fengið útreikning á öðru fyrirtæki sem er minna. Eiginfjárstaðan er verri og hallinn á því hefði verið um 18 millj. kr. miðað við vextina eins og þeir voru, en það hefði snúist við þar einnig og verið í kringum 10 millj. kr. í tekjur. Hvað segir þetta okkur? Þetta segir okkur það að frjálshyggjan og hinir frjálsu vextir hafa leikið fólkið í landinu og fyrirtækin eins og komið er. Svo eru þessir menn að koma hér upp í ræðustól og tala um réttlæti! Hvaða réttlæti eru þeir að tala um? Réttlæti þeirra sem eiga peninga, sem eiga eignir, sem hafa háar tekjur? Það er réttlæti þeirra, ekki hinna. Og þess vegna vill hv. þm. Geir H. Haarde leggja niður Atvinnutryggingarsjóð en eftir reglum þess sjóðs er ekki hægt að hjálpa líklega upp undir þriðjungnum af þeim fyrirtækjum úti á landsbyggðinni. Hvað ætla hv. þm. Sjálfstfl. að leggja til í þeim efnum þar sem þetta er í mörgum tilfellum burðarásinn undir atvinnulíf í þessum stöðum? Það væri gaman að heyra tillögurnar um það.

Ég varð fyrir ákaflega miklum vonbrigðum með breytinguna á tekjuskattinum, að hann skyldi verða aðeins 2% hækkun sem leiðir það af sér að persónuafsláttur verður minni en annars hefði verið og barnabætur verða minni en annars hefði verið eins og kom fram í greinilegri ræðu hæstv. fjmrh. Er það það réttlæti sem menn berjast hér fyrir á hv. Alþingi? Er það? Mín samtök lögðu það til í stjórnarmyndunarviðræðunum að til viðbótar væru tvö skattþrep. Þeir sem hafa tekjur á annað borð eiga að borga skatta til þess að jafna á milli í þjóðfélaginu. Og ég vil spyrja enn að því: Hvað er það sem hv. þm. vilja leggja til í þessum efnum? Við getum talað um það hér, hvað væri æskilegt að borga í skatta og hvernig er farið að því. En við þurfum að afla teknanna. Það er málið. Með einhverjum hætti. (**Gripið fram í:** Með fógetanum.) Með fógetanum? Ég hélt nú að hv. þm., sem kallaði hér fram í, væri það kunnugur úti á landi af því að hann er þaðan, að hann ætti að vita hvernig ástandið er. Fógetinn hefur

verið að tala um að loka sumum fyrirtækjum. (**Gripið fram í:** Á að hækka skatta á fyrirtækin?) Það þarf að afla tekna. Það er málið. Hvað leggur hv. þm. til í því efni?

Ég skal ekkert segja um það t.d. með eignarskattinn hvernig það kemur út eins og það er. Við eigum eftir að vinna og athuga það allt í nefnd og það kann að vera að það sé eitthvað til í því sem hv. þm. Geir Haarde segir í því efni. En þegar hann og aðrir tala um að það eigi ekki að leggja skatt á fjármagnstekjur verð ég bara að segja að ég skil ekki svona málflutning. Það er verið að tala um að leggja skatt á raunverulegar tekjur þeirra sem eiga fjármagnið. Það er ekki verið að tala um annað. Það er auðvitað ekki sama hvernig það er gert. En á að skilja eftir sumar tekjur en hækka þá á aðrar tekjur?

Ég vil segja það hreint út að ég er ekkert ánægður yfir því tekjuöflunarkerfi sem er hjá ríkinu í dag. Ég tel að þessi ríkisstjórn eigi að athuga á næstu mánuðum hvort ekki er hægt að breyta því til réttlætisáttar, t.d. að fella niður matarskattinn hinn illræmda. Og það er alveg rétt, sem hefur komið fram og kom fram hjá hæstv. fjmrh. og ég er búinn að fullvissa mig um það, að t.d. annað tekjuþrep verður ekki gert í einu vetfangi. Það tekur langan tíma af tæknilegum ástæðum að koma því í framkvæmd ef mönnum sýnist að athuguðu máli að það sé rétta leiðin. Ég ætla ekkert að fullyrða það. En mér sýnist að það sé sanngjörn leið.

Í sambandi við að jafna aðstöðuna í þjóðfélaginu. Það er eitt sem kemur fyllilega til greina við þessar aðstæður og það er að hafa misháan persónuafslátt eftir landsvæðum, sérstaklega þar sem orkukostnaður er jafnvel tvöfaldur á við það sem hann er á því svæði sem við erum á — eða er það tal um réttlæti og allt það bara í munni á mönnum? Meina þeir ekkert með því? Ég vil ekki neitt segja um hvað það þarf mikið til að jafna þennan mun. En að sjá til dæmis orkureikninga á hinum köldu svæðum er ógnvekjandi að horfa á. Menn eru að flýja burtu af þessum svæðum þó það sé nóg atvinna fyrst og fremst af því að orkukostnaðurinn er svo tilfinnanlegur.

Ég held að það verði að krefjast þess af hv. þm. sem eiga sæti í þessari deild að þeir komi með tillögur um hvernig við eigum að fá það fjármagn sem þarf í ríkiskassann til að jafna á milli þegnanna og til að reka ríkissjóð án halla. Ég auglýsi eftir þeim tillögum. Ef þær koma ekki fram er ekki mark á þessum ræðum takandi.

Ég ætla ekki að tefja tímann. Ég ætla að láta þetta nægja að sinni. En allir þeir sem voru í síðustu ríkisstjórn og skildu við slóðann eins og hann er bera ekki litla ábyrgð á fjárlagaafgreiðslunni nú og á því að það sé tekið þannig á málum að atvinna haldist í byggðarlögunum og einhverju sé skilað aftur af því sem af þeim hefur verið tekið svo að fólk þurfi ekki að flýja heimili sín, sækja vinnu annars staðar og jafnvel að ganga frá eignum sínum af því að þar er ekki hægt að hafa sómasamlegt lífsviðurværi. Ef það er skynsamlega tekið á málum er ég sæmilega bjartsýnn. Ég er fyrst og fremst svartsýnn nú vegna þess að það vantar skilning og samstöðu um að taka á málum eins og þarf til að gera öllum í þjóðfélaginu lífið bærilegt. Þess vegna á að hækka meira núna tekjuskattinn til að geta hækkað persónufrádráttinn og barnabæturnar meira en er í þessu frv.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Þegar menn standa andspænis því að leggja á skatta, hækka eða lækka prósentustig, leggja á nýja skatta eða fella niður gamla er hægt að nálgast það frá tveimur sjónarhornum, þ.e. frá sjónarhorni þess sem fær skattana, í þessu tilfelli ríkissjóður, eða þess sem greiðir skattana, einstaklingar og fyrirtæki. Nú þurfa þessi sjónarmið ekki að stangast á og best er að þau fari saman og hið ákjósanlega ástand er að hagur annars sé jafnframt hagur hins. En svo getur málum verið komið að hvorugur málsaðili sé aflögufær. Þegar svo er, og þannig er málum e.t.v. háttað hér og nú, hljótum við kvennalistakonur að hugleiða hag heimilanna öðru fremur.

Ríkissjóður hefur fjölbreytlegri möguleika til að bæta sinn hag en heimili venjulegs launafólks og er auk þess að súpa seyðið af eigin óráðsíu. Þar hefur svo sannarlega ekki ríkt sú ráðdeild og útsjónarsemi sem hagsýn húsmóðir verður að beita í rekstri heimilis og því er nú svo komið að hallinn á ríkissjóði vex ár frá ári.

Það er í sjálfu sér rétt og gott markmið að stefna að hallalausum fjárlögum og örlítið betur. En í þeim samdrætti sem nú er má varpa fram þeirri spurningu hvort ekki sé verið að nota langstökksaðferð þar sem e.t.v. þrístökk ætti betur við. Þó mikið liggi við er best að stilla öllu í hóf, líka góðum áformum ef framkvæmd þeirra bitnar verr en maklegt er á þeim sem eru í raun varla aflögufærir.

Almenningur í þessu landi hefur horft upp á ótrúlega ósvífni í opinberum fjárfestingum, bruðl alls konar og óhóf. Ýmsir athafnamenn hafa leikið lausum hala, offjárfest og bruðlað og síðan ber launafólk, ýmist beint eða í gegnum ríkissjóð, skaðann. Sífellt berast fréttir af alls konar mis- og eða ofnotkun á almannafé og misferli í atvinnurekstri. Því verða niðurskurðar- og sparnaðarleiðir hæstv. ríkisstjórnar að vera mjög trúverðugar og jafnafdráttarlausar og álagningartillögur hennar og þá er hollt að minna á að tiltekt í eigin búi er þar líklegust til að vekja tiltrú. Þegar hægt er að segja í einföldunarskyni að þeim 900 millj. sem ætlunin er að sækja með 2% hækkun á tekjuskatti sé ætlað að standa straum af ferða- og risnukostnaði ríkisins er varla von að sköttum hvað þá skattahækkunum sé tekið með glöðu geði. En fleira kemur til.

Við skoðun á því frv. sem hér er til umræðu vakna ýmsar spurningar um réttmæti hækkunar tekjuskatts þó að tölur þær sem liggja fyrir í fylgiskjölum frv. séu fremur sakleysislegar hvað varðar launþega með meðaltekjur eða þar fyrir neðan. Það er alveg

augljóst þó að hækkunina á að greiða með miklu verðminni krónum en var. Kaupmáttarrýrnun hefur orðið mikil þetta ár, verðbólgan á fullri ferð langt fram eftir hausti og þar á ofan hefur launafrystingin verið töluvert árangursríkari en verðstöðvunin svo að tölur fyrir og eftir breytingu eru alls ekki sambærilegar.

Hvað persónuafslátt varðar er allt tal um hækkun hans blekking ein. Uppreikningur á persónuafslætti, sem lögum samkvæmt á að fara fram tvisvar á ári, fór ekki fram 1. des. eins og ætlað var auk þess sem honum var flýtt um mánuð í vor og fór fram 1. júní í stað 1. júlí þannig að hækkun varð minni en ella hefði orðið. Að öllu þessu samanlögðu sýnist okkur kvennalistakonum að persónuafsláttur haldi ekki einu sinni í við verðlags- og lánskjarahækkanir, þ.e. að boðuð hækkun sé í besta falli leiðrétting á umsömdum hækkunum sem fólk var svipt með valdboði og lagasetningu.

Um hækkanir á barnabótum gildir hið sama og voru þær þó ekki beysnar fyrir. Meðaltal barnabóta á yfirstandandi ári var 18.671 kr. með hverju barni á ári. Það gerir nú ekki meira en greiða fyrir gæslu þess meðaltalsbarns í einn mánuð og sú hækkun sem nú er boðuð er varla umtalsverð þegar tekið er tillit til þess kostnaðar sem fylgir þessu meðaltalsbarni, svo að enn eru menn við sama heygarðshornið hvað varðar ábyrgð á velferð ungviðis landsins. Það er þó huggun harmi gegn að maður gerði sér svo sem engar vonir.

Það er líklega orðið hv. þingheimi ljóst að við kvennalistakonur erum fullar efasemda þegar kemur að stuðningi við hækkun á tekjuskatti á einstaklinga.

Umfram það sem ég hef þegar tíundað við þær efasemdir er eitt ótalið. Það er hvort hreinlega borgi sig fyrir ríkissjóð að taka þessar fyrirhuguðu 900 millj. úr umferð, þ.e. að minnka ráðstöfunartekjur fólks sem væntanlega hefði að öðrum kosti skilað sér í neyslu ýmiss konar. Þeir peningar sem þarna eru teknir með beinum sköttum skiluðu sér sjálfsagt að stórum hluta gegnum óbeina skatta í ríkissjóð en hefðu í leiðinni gert gagn í efnahags- og atvinnulífi landins. Eins stórlega og tekjur ríkissjóðs hafa þegar minnkað af veltu og neyslu og ef tekið er tillit til þess samdráttar sem líklegur er má spyrja hvort nokkuð veiti af þessum peningum í veltunni og mundi ekki þegar upp er staðið skila sér betur. Nóg um tekjuskattinn í bili. Ég kem að honum seinna og skýri þá betur fleiri orsakir efasemda.

Hvað varðar aðra liði frv. býst ég við að við kvennalistakonur styðjum þá liði flesta, en áskiljum okkur að sjálfsögðu rétt til að skoða málið betur í nefnd og gera þá athugasemdir eða breytingartillögur þegar slík skoðun hefur farið fram.

Ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að fjalla lítillega um nokkrar greinar frv. og staldra ég þá fyrst við 3. gr. þar sem boðaðar eru nýjar reglur um fyrningar. Þetta þýðir örlitla hækkun á tekjuskatti umfram þá 2% hækkun sem boðuð er í 17. gr., en þess ber þó að geta að fyrirtæki byrja ekki að borga tekjuskatt fyrr en um einhvern hagnað er að ræða og hafa þau það sannarlega fram yfir heimili landsins því að þar er ekki spurt um hvort þau skili hagnaði áður en kemur að skattgreiðslum. Tekjuskattur eða þessar breyttu fyrningarreglur ættu því ekki að bitna á þeim fyrirtækjum sem illa eru stödd eins og nú er komið.

Hvað varðar 6. gr. sýnist okkur að þetta sé vissulega til bóta og leiðir reyndar hugann að því hvort það beri ekki að reyna að uppræta eða girða fyrir sem flestar tegundir slíkra ívilnana sem menn njóta í stað beinna launa og hvort það sé ekki miklu eðlilegra að fyrirtæki geri þá þeim mun betur við menn í launum en þau gefi kost á alls konar ívilnunum sem síðan ekki skila sér t.d. í sköttum. Hitt kann að reynast erfiðara að framkvæma þetta og má t.d. spyrja hvernig á að fylgjast með því hvort bíll er ætlaður forstjóra eða sendli. En ég vona að hæstv. ríkisstjórn verði eitthvað ágengt í því efni.

Hvað varðar 7. gr. um ógreidd hlutafjárloforð virðist okkur þessi grein líka vera til bóta. Þetta er miklu skýrara og í þessu felst aðhald því það knýr þá til þess að raunverulega verði gerð skil á hlutafjárloforðum sem mun þá auðvitað bæta eiginfjárstöðu fyrirtækja.

Sama gildir um 8. gr. Þetta líst okkur nokkuð ráðlegt og búumst jafnvel við að þetta leggi einhverjar hömlur á ótímabærar fjárfestingar sem oftar en ekki virðist hægt að skýra með því einu að það sé fylgt þeirri góðu gömlu íslensku reglu að allt sé betra en að borga skatt.

Og 9. gr. á enn að girða fyrir leið sem menn geta notað til þess að komast hjá greiðslum, t.d. með því móti að kaupa sér gjaldþrota fyrirtæki og nota það árum saman til að fela eða minnka hagnað í eigin fyrirtæki.

Um þær greinar sem varða tekjuskattinn og formlegar breytingar sem lúta að honum ætla ég ekki að ræða í þessu sambandi því það tengist allt framkvæmd tekjuskattshækkunarinnar.

Varðandi 19. gr., um eignarskatt og sérstakan eignarskattsstofn á skuldlausum eignum sem nema 6 millj. kr. eða meira, má varpa því fram hvort það væri ekki alveg jafnheppilegt að hafa eignarskatt af bráttóeign í húsnæði en ekki nettóeign, en þá yrðu mörkin að vera talsvert hærri því það að binda þau við skuldlausa eign hvetur til þess að menn gæti þess að fara ekki yfir þessi mörk og getur því þannig birst sem refsing á þeim sem standa í skilum og leggja metnað sinn í að greiða niður sínar skuldir fljótt og vel og jafnvel telja það til dyggða að vera skuldlausir. Það má velta því fyrir sér hvort ekki væri hægt að ná sama árangri með öðrum aðferðum.

Að öðru leyti tel ég ekki ástæðu til að fjölyrða meira um einstakar greinar þessa frv., en mig langar, virðulegi forseti, að fara nokkrum orðum um þá leið, sem lengi hefur freistað okkar kvennalistakvenna og við reyndar lagt fram tillögur þar að lútandi, en það er að hafa fleiri en eitt skattþrep stighækkandi. Þetta finnst okkur svo sjálfsagt og

réttlátt að við erum alltaf dálítið undrandi þegar aðrir sjá ekki hvílíkt réttlætismál það er að þeir sterku beri þyngri byrðar en þeir veikari og þeir sem aflögufærir eru greiði meira til samneyslu. Samneysla, samábyrgð og samvinna og fleiri orð sem byrja á „sam-" eru algeng í okkar stefnuskrá. Það hefur gengið maður undir manns hönd að sannfæra okkur um að þetta borgi sig ekki. Einföldun og sjálfvirkni skili meiru og betur. Rökum um að erfitt sé að framfylgja lögum um fleiri en eitt skattþrep ýtum við léttilega til hliðar. Ekkert er óviðráðanlegt í þeim efnum. Það er bara spurning um vilja. Framkvæmd má fresta um nokkra mánuði til eða frá til að auðvelda starfsfólki skattheimtukerfisins störf. Það er bara sjálfsögð kurteisi. En það sem er alvarlegt í sambandi við ef upp er tekið nýtt skattþrep er hve litlu það skilar í raun og er lýsandi dæmi um hve framkvæmd skattalaga er í molum og dýru verði keypt að gera þar ekki bragarbót. Í þessu sambandi langar mig að segja litla dæmisögu.

Við kvennalistakonur létum reikna fyrir okkur alls konar dæmi með mismunandi álagsprósentu á mismunandi háar tekjur. Auk þess færðum við persónuafslátt upp í samræmi við einstakling hvers neyslu Hagstofan féllst loks á að reikna út fyrir okkur. Þessi einstaklingur er afskaplega hversdagslegur, lítillátur einstaklingur. Þar er ekki heimtufrekjunni fyrir að fara. Að vísu neitar hann að láta þrengja neyslu sinni niður á algert nauðþurftastig. Hann fer einstöku sinnum á leikhús eða tónleika, hann gleður vini sína og fjölskyldu á tyllidögum með hóflegum gjöfum. Einstöku sinnum býður hann heim, sjaldan þó, og veitingum öllum stillt í hóf. Hann býr í lítilli íbúð, ekur um á litlum, notuðum bíl og matinn fær hann aðallega upp úr hinni frægu hagstofukörfu. Þetta allt saman kostar þennan fyrirmyndareinstakling 84 þús. kr. á mánuði. Í framhaldi af þessu fannst okkur einsýnt að reikna með 80 þús. kr. skattleysismörkum. Slógum þó af þörfunum til að allir öxluðu sitt og lögðum dæmið þannig upp að einstaklingur með 80 þús. kr. tekjur skyldi hafa óbreytta skatta fyrir og eftir breytingu. Eðli málsins samkvæmt hækkuðum við því persónuafslátt aðeins upp í 19.100 kr. á mánuði og hugsjónum okkar trúar barnabætur um 50% en höfðum skattprósentuna 38,2%. Sá rúmi milljarður sem hærri skattprósentu átti að gefa þurrkaðist út í einu vetfangi og 600 millj. betur. Þessar 600 millj. komu þó inn með hátekjuþrepi þar sem gert var ráð fyrir 45% álagningu á 160 þús. kr. tekjur og hærri á mánuði, sami persónuafsláttur, þ.e. 19.100 kr. og 50% hækkun á barnabótum. Þannig var þessi tekjutilfærsla sem sagt framkvæmanleg ef maður teldi aðstæður bjóða upp á slíkt. En það sem okkur fannst athyglisvert var að samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar mundu aðeins 3000 einstaklingar lenda í hátekjuþrepi eða hafa í tekjur 160 þús. kr. eða meira og trúi því nú hver sem vill.

Þegar maður tekur ýmsar tölur og upplýsingar af opinberum toga og ber saman kemur margt fróðlegt í ljós. Samkvæmt upplýsingum eru einstaklingar sem telja fram 70 þús. talsins. Þar af eru 50 þús. með 60 þús. kr. á mánuði eða minna í laun. Af þeim 20 þús. sem eftir eru eru aðeins 3 þús. sem hafa 160 þús. kr. á mánuði eða meira. Hvernig samræmist þetta svo tölum um einkaneyslu? Árið 1988 er áætluð einkaneysla um það bil 216 þús. kr. á mánuði á þessa meðaltals fjögurra manna fjölskyldu og er þá búið að greiða skatta. Ef um það bil 70% skattgreiðenda hafa tekjur undir 60 þús. á mánuði eða 120 til samans til þess að gera töluna sambærilega er auðsætt að þeir eru varla hálfdrættingar í þessu neyslumeðaltali jafnvel þótt barnabótum sé bætt við séu skattskýrslur áreiðanlegar heimildir. Hin 30% hafa því svo drjúgar tekjur að þeir ná að hala meðaltalið upp í 216 þús. kr. á mánuði á fjölskyldu. Árið 1989 er reyndar áætlað að meðaleinkaneysla verði á sömu einingu 237 þús. kr. á mánuði.

Er ekki eitthvað sem ekki gengur upp í útkomu þessa dæmis? Er skattalöggjöfin svo götótt eða er framkvæmd laganna svona léleg? Það er opinbert leyndarmál að sú upphæð skiptir milljörðum sem ekki tekst að koma höndum yfir í skattheimtu og á þetta bæði við um beina og ekki síður óbeina skatta. Er það ekki peninganna virði að nota verulegt fé til að koma höndum yfir þessa milljarða? Skýtur það ekki skökku við að stórfé sé notað til að eltast við og koma lögum yfir smáþjófa en gefast svo upp fyrir hinum raunverulega þjófnaði, því skattsvik, undanskot og vanskil eru svo sannarlega brot á lögum og heitir á alþýðumáli þjófnaður? Svona tvöfalt siðgæði er óþolandi. Allir sjá þetta, allir vita þetta, en lítið er að gert. Skorti á mannafla og fé til að herða skatteftirlit er brugðið við, en það er engin afsökun. Það verður að fá til þess hæft fólk og borga því vel. Það yrði ekki lengi að skila sér.

Þetta vegur mjög þungt á metunum hjá okkur kvennalistakonum þegar að því kemur að taka ákvörðun um að hækka skatta á venjulegu launafólki. Það er erfitt að verja það að seilast sífellt í sömu vasa til að sækja fé, vasa þess sama fólks sem launafrysting og kaupmáttarskerðing bitnar harðlega á og hefur sjaldnast haft það í tekjur að það gæti offjárfest eða bruðlað svo að ylli þenslu. Yfir þessu sama fólki þrumar svo fyrrv. hæstv. fjmrh. með jöfnu millibili og skammar það blóðugum skömmum. Það væri óskandi að hann hefði brýnt sig að sama skapi í eigin búðum. Það er því í raun varla verjandi að styðja auknar skattaálögur á almenning í landinu fyrr en ráðamenn hafa gengið rösklega í skrokk á þeim sem með einhverju móti sleppa við að leggja sitt af mörkum til samneyslunnar, löglega eða ólöglega, og tekið ærlega til í eigin búi, sýnt það með framgöngu sinni allri, hegðan og aðgerðum að þeir rísi undir nafni félagshyggju. Að öðrum kosti hljóta þeir einungis þann dóm að vont sé þeirra ranglæti, en verra þeirra réttlæti.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég byrja á því, sem er reyndar

óvenjulegt af okkur þingmönnum Sjálfstfl. í umræðum undanfarna daga, að hæla hæstv. fjmrh. dálítið. Ég ætla að hæla honum fyrir það að svo virðist sem hann hafi í samkeppni ríkisstjórnarflokkanna og í samkeppni ráðherranna náð yfirhöndinni sem talsmaður hæstv. ríkisstjórnar, ekki aðeins í fjármálum ríkisins heldur í efnahagsmálum almennt. Hæstv. forsrh., hinn yfirlýsingaglaði ráðherra, er algerlega horfinn í skuggann fyrir hæstv. fjmrh. í þessum efnum og þá sjaldan hæstv. forsrh. kemur fram, eins og t.d. í gær, er hann misskilinn eða jafnvel virðist ekki skilja sjálfur hvað hann meinar eins og glögglega hefur komið fram í fjölmiðlaumræðunni í dag þar sem hvað stangast á annars horn varðandi það sem hann raunverulega meinti í umræðum í Ed. í gær. Mér finnst að hæstv. fjmrh. eigi skilið prik fyrir að vera orðinn aðaltalsmaður hæstv. ríkisstjórnar í fjármálum og efnahagsmálum og ég veiti honum það hér með. Það þýðir auðvitað ekki að ég sé sammála þeim málflutningi sem hann iðkar hér eða þeim tillögum sem hann leggur fram á Alþingi.

Ég undirstrika í upphafi eitt atriði sem hv. 1. þm. Suðurl. gerði ítarlega að umtalsefni í sinni ræðu og ég skal ekki fara nákvæmlega út í, en það er sú tilraun sem gerð er til blekkinga í útlistun á því frv. sem hér liggur fyrir og er til umræðu. Hv. 1. þm. Suðurl. gerði mjög rækilega grein fyrir því að í þeim töflum sem fylgja með frv. væri einungis tekið fram hvað menn greiddu í tekjuskatt, en í staðgreiðslunni verða menn að átta sig á skattbyrðinni í heild, þ.e. bæði á útsvarsgreiðslunni og tekjuskattsgreiðslunni, því að persónuafslátturinn dregst frá samanlagðri álagningu tekjuskatts og útsvars. Þess vegna er það í rauninni svo að skattgreiðendur munu greiða hærri tekjuskatt en hæstv. fjmrh. vildi vera láta í sinni ræðu og í sinni útlistun við fjölmiðla og að skattleysismörkin eru lægri en hæstv. fjmrh. hefur gefið til kynna.

Hv. 6. þm. Norðurl. e. Stefán Valgeirsson ræddi um réttlætið í sinni ræðu áðan og spurði: Hvað er réttlætið? Og á honum var að skilja að hér væri um að ræða frv. sem fyrst og fremst legði skatta á hátekjufólk og eignafólk eins og hæstv. fjmrh. hefur reynt að telja þingheimi og almenningi trú um. En nú er þetta ekki svo. Það liggur alveg kristalklárt fyrir að einstaklingur í núverandi skattkerfi með 55 þús. kr. tekjur væri skattlaus, en í þessu nýja kerfi, sem hér er gert ráð fyrir og hv. þm. mælti með, eru 50 þús. kr. mörkin, þau lækka niður í 50 þús. kr. (**SV:** Ég er óánægður með þetta. Ég vil hafa hærri skatta.) M.ö.o.: þetta frv. er frv. um aukna skattbyrði á lágtekjufólk. Þetta er frv. um aukna skattbyrði á konuna sem vinnur í frystihúsinu eða jafnvel Iðjukonu sem vinnur í einhvers konar bónusvinnu þannig að þetta er blekking sem hæstv. fjmrh. heldur fram.

Í rauninni hlýtur maður að spyrja að því: Hvernig stendur á því að gögn af þessu tagi eru lögð fram með fjárlagafrv.? Ég fór að skoða þessi gögn nánar og þá sé ég að þau eru merkt hagdeild fjmrn. Og maður hlýtur að spyrja í því sambandi: Hvað er þessi hagdeild fjmrn.? Hún á sér nokkra sögu en stutta þó.

Ég vil í upphafi þó áður en ég rek það minna á að fyrir tveimur árum var samþykkt á hv. Alþingi þáltill. þar sem skorað var á ríkisstjórnina að láta fram fara athugun á starfsemi þeirra ýmsu hagstofnana sem hér eru í þjóðfélaginu og hvort ekki væri hægt að samræma störf þeirra betur með tilliti til fækkunar því að enginn vafi væri á því að verið væri að vinna sömu verkin á fleiri en einum stað. Menn voru með Þjóðhagsstofnun í huga, menn voru með hagdeild Seðlabankans í huga og vafalaust fleiri stofnanir af þessu tagi.

Síðan gerðist það að þegar fyrrv. hæstv. fjmrh., núv. hæstv. utanrrh., settist í ráðherrastól virtist hann ekki treysta einum eða neinum nema helst hann hefði flokksskírteini Alþfl. upp á vasann. Maður horfði á það með miklum ugg og kvíða hvernig hann hreinlega rústaði fjmrn., hvernig hver starfsmaðurinn á fætur öðrum, hæft starfsfólk sem hafði unnið í fjmrn. og hafði mikla reynslu, flúði ráðuneytið og hvarf á braut. Eitt af því sem páv. hæstv. fjmrh. tók upp var að í stað þess að treysta hlutlausri stofnun sem allir í þjóðfélaginu eiga að bera fullt traust til stofnaði hann sérstaka hagdeild innan fjmrn. sem reyndist vera eins konar pólitísk deild í fjmrn. Það var hagdeild þar sem hæstv. fjmrh. sjálfur sagði fyrir um hver niðurstaðan ætti að verða. Það er þessi sama hagdeild sem spáði því í september, og hæstv. páv. fjmrh. varð styggur við ef efast var um réttmæti þeirrar niðurstöðu, að halli á fjárlögum yrði 690 millj. kr. á árinu 1988. Ég treysti þess vegna ekki þessari hagdeild fjmrn. og lái mér það hver sem vill. Þetta er pólitískur armur ráðherrans, þessi deild, og ég sé það glögglega á þeim gögnum sem lögð hafa verið fram með fjárlagafrv. að það er verið að blekkja, a.m.k. er verið að segja hálfan sannleikann. Og hálfsannleikur oftast er óhrekjandi lygi, eins og segir í kvæðinu eftir Stephan G. Það er ámælisvert að leggja fram gögn af þessu tagi því að þau fela í sér blekkingar.

Ég ætla ekki að ræða meira um þennan þátt, en nú vildi ég aðeins fá að vita hvort hæstv. menntmrh. væri í húsinu ef herra forseti vildi athuga það fyrir mig. (**Gripið fram í:** Hann er í atkvæðagreiðslu í Ed.) Er hann í atkvæðagreiðslu í Ed.? (**Forseti:** Ég mun gera hæstv. menntmrh. viðvart um að hans nærveru sé óskað.) Ef hann er bundinn mundi ég bíða með þann kafla í ræðu minni þar til á eftir. (**Forseti:** Já, hæstv. ráðherra verður gert viðvart núna og mun væntanlega birtast innan tíðar.)

Ég skal þá á meðan hæstv. menntmrh. er upptekinn í Ed. í atkvæðagreiðslu drepa á annan þátt sem snertir bæði þetta skattafrv. og önnur skattafrv. sem verið hafa til meðferðar hér í hv. deild að undanförnu. Við sjálfstæðismenn höfum lýst mjög ákveðinni stefnu gagnvart einstökum frumvörpum sem hér hafa verið flutt. Við höfum treyst okkur til þess

að styðja sum frumvörp, eins og frv. um frestun á gildistöku virðisaukaskatts. Við höfum treyst okkur til þess að koma til móts við hæstv. ríkisstjórn varðandi önnur frumvörp, eins og t.d. frv. um skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Þó að það hafi reyndar ekki borið árangur skiptir það ekki máli. Við höfum sýnt vilja til að koma til móts við hæstv. ríkisstjórn í þeim efnum. Við höfum hins vegar lýst okkur algerlega andstæða þeim breytingum sem verið er að gera á vörugjaldi og munu hafa í för með sér almenna verðhækkun á þeim vörum sem þar er um að ræða. Vörur sem allur almenningur notar en ekki hin breiðu bök sérstaklega. Og við höfum lýst andstöðu okkar við það frv. sem hér er til umræðu um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum.

Þetta hefur kallað fram viðbrögð af hálfu ýmissa hæstv. ráðherra eða hv. þm. sem styðja þessa stjórn, síðast hjá hv. 6. þm. Norðurl. e. Stefáni Valgeirssyni, þar sem reynt er að stilla okkur upp við vegg og segja: Ef þið viljið ekki samþykkja þessi skattalagafrumvörp þá eruð þið að leggja til að fjárlagafrv. verði samþykkt með halla. Hverjar eru ykkar tillögur til sparnaðar eða hvaða aðra skatta viljið þið leggja á? Á þennan hátt er ekki hægt að stilla stjórnarandstöðu upp við vegg og ég skal segja það alveg hér og nú að við þingmenn Sjálfstfl. látum auðvitað ekki gera það. Þetta gefur tilefni til hugleiðinga um hver sé ábyrgð stjórnar og stjórnarandstöðu.

Ríkisstjórn er mynduð til að stjórna landinu. Samkvæmt okkar stjórnarskrá er þingbundin stjórn, þ.e. við búum við svokallaða þingræðisreglu, en í henni felst það að Alþingi verður að styðja eða a.m.k. þola þá ríkisstjórn sem situr á hverjum tíma. En í hverju felst það að sitja í ríkisstjórn og að stjórna? Í því felst það að ríkisstjórnin og þeir flokkar sem hana styðja eiga að hafa forustu um lausn þeirra vandamála sem að steðja hverju sinni, eiga að vísa þjóðinni fram á veginn og marka stefnu um framtíðina. Lögum samkvæmt hefur ríkisstjórn ýmis úrræði sem framkvæmdarvaldshafi. Dæmi: Ríkisstjórn getur beitt sér fyrir að gengið sé lækkað án þess að þurfa að leita um það samþykkis löggjafans. En í öðrum tilfellum þarf ríkisstjórn að hafa frumkvæði að lagasetningu á Alþingi.

Krafan um þingbundna stjórn á auðvitað rætur að rekja til þess að það er talið nauðsynlegt að ríkisstjórn hafi nægilegt afl á Alþingi til að koma sínum stefnumálum fram, til að koma þeirri löggjöf fram sem ríkisstjórn telur nauðsynlega til að stefna hennar komist í framkvæmd. Þetta er grundvallarregla í okkar stjórnarfari. Þessi ríkisstjórn er hins vegar ekki meirihlutastjórn í þeim skilningi sem ég hef hér lýst. Hún hefur ekki meiri hluta í annarri deildinni og þess vegna má segja að það sé blekking þegar því er haldið fram að þetta sé meirihlutastjórn og það er auðvitað spurning um hvort núv. hæstv. forsrh. með tilstyrk þeirra flokka sem skipa þessa ríkisstjórn hafi ekki blekkt forseta Íslands á sínum tíma þegar gengið var frá myndun þessarar stjórnar. Það er hins vegar annað mál.

Upp á síðkastið hefur í hinni almennu umræðu, bæði hér á Alþingi og reyndar úti í þjóðfélaginu, verið reynt að snúa þessu ábyrgðarhlutverki við. Áróður hefur verið settur í gang. Hæstv. fjmrh. er mjög ötull í þeim áróðri að afmarka ábyrgðina þannig að ríkisstjórnin, að framkvæmdarvaldið, beri ábyrgð á því að leggja mál fyrir Alþingi, leggja frumvörp fyrir Alþingi, en eftir það sé ábyrgðin Alþingis og þar beri stjórnarandstaðan ekkert minni ábyrgð á málum ríkisstjórnarinnar en ríkisstjórnin sjálf. Þessi túlkun og þessi áróður eru alröng. Það er hæstv. ríkisstjórn og þeir stjórnmálaflokkar og þeir þingmenn sem að henni standa sem bera fulla ábyrgð á málum sínum hér á hv. Alþingi, bera fulla ábyrgð á þeim lagafrumvörpum sem hún leggur fram og bera fulla ábyrgð á stefnu sinni í heild allt þar til mál hafa verið afgreidd. Og það er ekki hægt að stilla einum eða öðrum stjórnarandstöðuflokki upp við vegg og segja sem svo: Nú er ábyrgðin ykkar. Ef þið samþykkið ekki okkar frumvörp, ef þið takið ekki þátt í þeirri stefnumörkun sem við höfum mótað berið þið ábyrgðina. Þarna er gersamlega verið að snúa hlutunum við.

Ábyrgð stjórnarandstöðu á þingi hverju sinni er auðvitað mikil. Stjórnarandstaðan á að veita ríkisstjórn aðhald. Hún á að gagnrýna. Og það er skylda stjórnarandstöðu — ég segi skylda stjórnarandstöðu að snúast gegn þeim málum, greiða atkvæði gegn þeim frumvörpum sem stjórnarandstöðuflokkar geta ekki sætt sig við og eru andstætt boðaðri stefnu þeirra.

Við skulum taka nánar dæmi um stöðuna eins og hún er á þinginu í dag. Ríkisstjórnin leggur fram frv. til fjárlaga. Þar er gert ráð fyrir mjög mikilli aukningu ríkisútgjalda. Til að ná endum saman flytur ríkisstjórnin frumvörp um margvíslegar skattahækkanir, um auknar álögur á fólkið í landinu og einmitt eitt af þeim frumvörpum er verið að ræða í dag. Eins og ég hef áður lýst og við sjálfstæðismenn í þessum umræðum snúumst við gegn mörgum þessara skattafrumvarpa og munum greiða atkvæði gegn þeim. Sú afstaða er ekki ábyrgðarleysi heldur sýnir hún þvert á móti fulla ábyrgð gagnvart Alþingi, gagnvart þjóðinni og gagnvart þeim grundvallarlífsskoðunum sem stefna Sjálfstfl. hvílir á.

En nú segja menn í áróðrinum eins og ég gat um áðan: Ef Sjálfstfl. vill ekki hækka skattana ber hann ábyrgð á halla fjárlaganna eða verður að koma með tillögur um niðurskurð á fjárlögum. Þessi fullyrðing er í grundvallaratriðum röng. Fjárlög hvíla á ákveðinni efnahagsstefnu sem ríkisstjórnin hefur sjálf mótað. Þáttur í þeirri stefnu er aukin ríkisútgjöld, aukin ríkisafskipti. Sjálfstfl. eða aðrir stjórnarandstöðuflokkar hafa ekki verið kvaddir til við að móta þessa stefnu, hvorki í upphafi né að taka þátt í gerð þeirra fjárlaga sem hér eru nú til afgreiðslu. Það eru aukin ríkisafskipti sem er einkennisorð þessa fjárlagafrv. og þá grundvallarstefnu getum við ekki sætt

okkur við. Það er alveg ljóst að sú krafa verður ekki gerð til Sjálfstfl. né annarra stjórnarandstöðuflokka að þeir fari að krukka í þetta fjárlagafrv. svo neinu nemi. Við munum vafalaust huga að því hvort ekki séu augljós atriði sem hægt sé að spara í ríkisútgjöldum og bera fram um það tillögur t.d. við 3. umr. fjárlaga. En ég held að það sé ljóst að þessu fjárlagafrv. verður ekki breytt að neinu ráði, sem neinu máli skiptir nema með gerbreyttri efnahagsstefnu og til að ná samkomulagi um breytt fjárlagafrv. þarf ítarlegar og miklar viðræður stjórnar og stjórnarandstöðu og slíkum viðræðum mætti jafnvel líkja við stjórnarmyndunarviðræður.

Við skulum taka dæmi um land þar sem oft tekst gott samkomulag milli stjórnar og stjórnarandstöðu um fjárlagafrv. Það er Finnland. Það var í fréttum nú í haust að stjórn og stjórnarandstaða í Finnlandi hefðu náð samkomulagi um fjárlagafrv., um afgreiðslu þess, og jafnframt náð samkomulagi við launþegahreyfinguna um hvaða launastefnu skyldi reka á næsta ári. En að baki slíku samkomulagi liggur gífurleg vinna. Mér hafa sagt finnskir þingmenn og finnskir stjórnmálamenn að það sé orðin nokkuð föst regla í Finnlandi að síðla sumars, í ágústmánuði setjast stjórn og stjórnarandstaða niður og ræða grundvallarstefnu í efnahagsmálum og grundvallarstefnu í fjármálum ríkisins, oft með þeim árangri að samkomulag næst eins og þar gerðist núna í haust. En ég legg áherslu á: Slíkt gerist að undangengnum ítarlegum samningaviðræðum. Slíkt gerist ekki með því að ríkisstjórn leggi fram frv. á þinginu og segi: Gerið þið svo vel. Ef þið samþykkið ekki þetta frv. eruð þið ábyrgðarlausir. Það gerist með ítarlegum samningaviðræðum þar sem menn taka tillit til sjónarmiða og skoðana og stefnumála hvers annars. Þessi ríkisstjórn, sem vitað er að hefur ekki meiri hluta í Nd. Alþingis, hefur ekki haft neitt frumkvæði eða sýnt neinn vilja eða neinn áhuga á slíkum viðræðum og auðvitað er það ábyrgðarleysi. Það er ábyrgðarleysi í þessari stöðu að hæstv. ríkisstjórn skuli ekki miklu fyrr hafa reynt að ná samstöðu um grundvallarstefnu í fjármálum og efnahagsmálum og sú stefna hefði litið allt öðruvísi út en sú stefna sem birtist í þessu fjárlagafrv. ef Sjálfstfl. hefði að einhverju leyti verið kvaddur þar til.

Ríkisstjórnin arkar að auðnu um hver verða örlög þeirra frumvarpa sem hún hefur hér borið fram í skattamálum, þar á meðal frv. sem hér er nú til umræðu. Hún hefur ekki sýnt neinn vilja til samkomulags og við knýjum ekkert á um það. Ríkisstjórnin sjálf ber fulla ábyrgð á sínum málum, á sinni stjórnarstefnu og afgreiðslu mála í þinginu, en ég vek athygli á því að sennilega hefur engin ríkisstjórn notið þess í jafnríkum mæli og þessi ríkisstjórn hvað stjórnarandstaðan hefur þó viljað ganga til móts við þessa ríkisstjórn varðandi afgreiðslu fjárlaga nú. Ég vek athygli á því, sem ég talaði um áðan, að við höfum samþykkt að virðisaukaskattur taki ekki gildi á miðju ári eins og átti að vera og með því höfum við tekið þátt í 1200 millj. kr. skattgreiðslum sem ella hefði verið létt af almenningi á miðju næsta ári. Við höfum líka léð máls á því að framlengja skattinn á skrifstofu- og verslunarhúsnæði óbreyttan. Með þessu vil ég enn ítreka að ég man ekki dæmi þess að ríkisstjórn hafi notið jafnmikils velvilja stjórnarandstöðu að þessu leyti og sú ríkisstjórn sem nú situr.

Ég hef gert þetta nokkuð að umtalsefni í þessari umræðu til að sýna fram á hversu rangur og blekkjandi sá áróður er sem nú er haldið fram þar sem reynt er að varpa allri ábyrgð á stjórnarandstöðu um úrslit mála hér á Alþingi. Hæstv. ríkisstjórn ber auðvitað fulla ábyrgð á fjárlagafrv. Hæstv. ríkisstjórn ber fulla ábyrgð á þessum skattafrumvörpum. Stjórnarandstaðan hefur hvergi komið þar nálægt. Sjálfstfl. mun ekki styðja frv. sem hér er til umræðu. Sjálfstfl. mun greiða atkvæði gegn þessum meginskattafrumvörpum, þ.e. tekjuskatts- og eignarskattsfrv. og vörugjaldsfrv. Með því teljum við að við séum að sýna fulla ábyrgð gagnvart þjóðinni, gagnvart Alþingi og gagnvart þeim grundvallarhugsjónum sem okkar stefna hvílir á. Ef frumvörpin falla hefur vilji Alþingis komið fram, þá ber það vott um að Alþingi vilji ekki þá auknu skattaánauð sem þessi frumvörp fela í sér og þá ber hæstv. ríkisstjórn að sveigja fjárlagafrv. og útgjöld þess undir þennan vilja Alþingis. Ef hún treystir sér ekki til þess hlýtur hún að segja af sér, fara frá eða teknar verða upp nýjar viðræður milli stjórnmálaflokka sem má þá jafna til stjórnarmyndunarviðræðna.

Við sjálfstæðismenn lýstum því yfir um fyrri frumvörpin sum sem voru hér til umræðu að það væri eindregin krafa okkar að áður en 2. umr. fjárlaga færi fram yrði búið að leggja fram öll skattafrumvörp hæstv. ríkisstjórnar þannig að við hefðum heildarmynd af því hverjar væru tillögur hæstv. ríkisstjórnar í skattheimtu. Hæstv. fjmrh. hefur orðið við því og nú liggja fyrir áður en 2. umr. fjárlaga fer fram þau frumvörp sem um er að ræða. En við gerðum líka aðra kröfu, sjálfstæðismenn, og við hana munum við standa. Við munum undir engum kringumstæðum una því að 3. umr. fjárlaga fari fram eða fjárlögin verði afgreidd fyrr en búið er að afgreiða þau skattafrumvörp öll sem hér liggja fyrir. Það verður að liggja fyrir áður en Alþingi samþykkir tekjuhlið fjárlaga í 3. umr. hvernig skattafrumvörpum ríkisstjórnarinnar reiðir af. Við munum ekki una öðru, sjálfstæðismenn, í þinginu.

Herra forseti. Mig langaði að eiga nokkurn orðastað við hæstv. menntmrh., en hann er væntanlega enn þá bundinn í atkvæðagreiðslu. (**Forseti:** Það verður nú gengið úr skugga um það.) Það gefst þá væntanlega kostur á því síðar að ræða við hann. En ég ætla að vekja athygli á einu máli sem ég tel að hæstv. menntmrh. verði að svara og vafalaust eiga fleiri eftir að koma upp í ræðustól sem munu þá inna hann eftir svörum við þeim fyrirspurnum sem ég vildi til hans beina.

Ég vek athygli á því, sem reyndar hefur verið gert áður í þessari umræðu, að 2. gr. þessa frv. til l. um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt er

mjög sakleysisleg. 2. gr. hljóðar svo: „3. mgr. 1. tölul. 31. gr. fellur niður."

Hvað þýðir þetta? Við skulum skoða það. Það gerum við best með því að sjá hvernig 3. mgr. 1. tölul. 31. gr. núverandi laga orðast. Hann orðast svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Frá tekjum má enn fremur draga einstakar gjafir til menningarmála, vísindalegra rannsóknastarfa, viðurkenndrar líknarstarfsemi og kirkjufélaga, þó ekki yfir 0,5% af aðstöðugjaldsstofni gefanda á því ári þegar gjöf er afhent, sbr. 37. gr. laga nr. 73/1980. Með aðstöðugjaldsstofni í þessu sambandi er átt við stofninn eins og hann er áður en verðmæti gjafarinnar er bætt við hann. Fjmrh. ákveður með reglugerð hvaða málaflokkar og stofnanir falla undir þessa grein."

M.ö.o.: það er verið að fella úr skattalögum þau heimildarákvæði sem veita fyrirtækjum heimild til að draga frá tekjum sínum áður en skattur var á þær lagður gjafir til menningarmála, til vísindalegra rannsóknastarfa, viðurkenndrar líknarstarfsemi og kirkjufélaga. Hvers vegna var þetta ákvæði sett inn í skattalög? Ástæðan var sú, sem liggur í augum uppi og þarf ekki að hafa mörg orð um, að með þessu ákvæði var verið að örva fyrirtæki í landinu til að láta fjármagn af hendi rakna til þjóðþrifastarfs af þessu tagi, menningarmála, líknarmála, vísindamála o.s.frv. Þetta er ekkert mjög gamalt ákvæði í íslenskum skattalögum, en sem betur fer þó orðið svo gamalt að fyrirtækin voru farin að átta sig á því að í þessu var hvati, í þessu var örvun og mörg íslensk fyrirtæki hafa látið verulegt fjármagn af hendi rakna til menningarmála, svo ég taki þau sérstaklega, einmitt í skjóli þessa ákvæðis.

Ég tek sem dæmi að á síðustu listahátíð, sem haldin var hér á sl. vori, var það ráð tekið vegna þess að Alþingi skammtar naumt til listahátíðar og borgarsjóður reyndar líka — það eru helmingsskipti á kostnaði milli þessara opinberu stofnana — að fá fyrirtæki til að kosta, bera ábyrgð á ákveðnum hluta kostnaðar við vissa menningarviðburði. Ég ætla ekkert að nefna þau fyrirtæki hér, en það var eitt fyrirtæki sem tók að sér að kosta verulegan hluta af Chagall-sýningunni sem haldin var í Listasafni Íslands. Sennilega hefði þessi sýning aldrei komið til Íslands, þessi merka málverkasýning, ef þetta ákveðna fyrirtæki hefði ekki hlaupið þarna undir bagga og borgað verulegan hluta af kostnaði við að flytja þessi dýrindis málverk hingað heim til Íslands, borgað tryggingar og fleira þannig að hægt væri að sýna þau hér.

Einhverjir stórkostlegustu tónleikar sem haldnir hafa verið í mörg ár á Íslandi voru tónleikarnir þegar Penderevsky kom og stjórnaði sinfóníuhljómsveit og kór og flutti sína pólsku sálumessu. Verulegur hluti af kostnaði við þessa tónleika var greiddur af ákveðnu fyrirtæki í skjóli þessa ákvæðis.

Þannig get ég talið upp mörg dæmi af þessu tagi í sambandi við listahátíðina eina og nú vill Alþb. afnema þetta. Nú ætlar Alþb. að kippa fótunum undan þessum þætti okkar menningarstarfsemi. Þetta er með slíkum ólíkindum. Það fólk sem má vart vatni halda þegar menningarmál koma til umræðu úti í þjóðfélaginu og það vantar ekki áhugann þegar verið er að flytja hátíðarræðurnar eða þegar verið er að skrifa blaðagreinar. En hvar er þessi áhugi í reynd? Með þessu ákvæði er verið að kippa fótunum undan stórum hluta af þeirri menningarstarfsemi sem haldið hefur verið uppi á Íslandi undanfarin fá ár. Ég skora á hæstv. fjmrh. Ég sé að hæstv. forseti Sþ. er hér aftar í salnum og hefur áhuga á menningarmálum, sannarlega áhuga, það veit ég. Það er ekki bara á tyllidögum eins og ýmsir aðrir. Ég skora á hæstv. forseta Sþ. að taka þetta mál upp í sínum þingflokki og fá sína flokksbræður til að hætta við að afnema þetta ákvæði. Ég er sannfærður um að ef þetta verður afnumið verður íslenskt menningarlíf fátækara eftir en áður.

Það er nefnilega svo að einmitt þessi aðferð er farin að ryðja sér mjög til rúms úti í hinum stóra heimi sem hæstv. fjmrh. talar oft um, bæði hjá vinstri stjórnum og hjá hægri stjórnum, að örva menningarlíf með þessum hætti. Þetta gera ríkisstjórnir bæði í krata-Skandinavíunni, í Thatcher-Bretlandi, ég tala nú ekki um hjá Mitterand í Frakklandi. Þetta er á ensku það sem menn kalla „sponsorship" á ákveðnum menningarviðburðum eða ákveðnum menningarathöfnum. Menn hafa verið að reyna að þýða þetta og kalla þetta kostun á íslensku. Ég var t.d. á fundi menningarmálaráðherra Evrópuráðsins fyrir rúmu ári, sem haldinn var í Portúgal, þar sem aðalumræðuefni fundarins var einmitt hvernig ríkisstjórnir viðkomandi landa gætu örvað menningarlífið með því að auka heimildir fyrirtækja til að draga framlög til menningarmála frá skatti. Nú á bara að strika yfir þetta allt með einu pennastriki hjá hæstv. fjmrh. Ég vil skora á og ítreka, og ekki bara Alþb. heldur á alla þá þingmenn sem standa að baki þessari ríkisstjórn, að viðurkenna að hér sé um mistök að ræða og draga nú þessa tillögu til baka og ég vonast svo sannarlega til að það verði gert í fjh.- og viðskn. þar sem þetta mál kemst væntanlega til umræðu.

Ég vildi reyndar spyrja hæstv. menntmrh. um hver væri hans skoðun á þessu, hver væri hans þáttur í þessu, hvort hann hefði átt frumkvæði að þessari tillögu. Vafalaust fær hann tækifæri til að svara þeirri spurningu þótt síðar verði í þessari umræðu og henni verður örugglega komið til skila til hans.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Það er smátt og smátt að koma betur í ljós að stefna hæstv. ríkisstjórnar, ef stefnu er hægt að kalla, leiðir beinlínis til þess að atvinnulífið kemst á vonarvöl og atvinnuleysi verður í landinu, enda virðist miskunnarlaust vera að því stefnt.

Þessi svokallaða stefna hæstv. ríkisstjórnar lýsir sér m.a. í því að tekin eru ný erlend lán, þau eru notuð að nokkrum hluta í millifærslur, en það er gert til þess að halda genginu rangt skráðu. Einmitt það

leiðir til þess að þær atvinnugreinar sem ekki njóta þeirra fjármuna sem færðir eru á milli manna og fyrirtækja í þjóðfélaginu komast í klandur og erfiðleika og enda með því að leggja upp laupana. Það hlýtur að vera umhugsunarmál fyrir hv. þm. Hjörleif Guttormsson, 2. þm. Austurl., sem æ ofan í æ, ótt og títt í tíð síðustu ríkisstjórnar barði á páv. iðnrh. og reyndar gerði hann það enn fremur í tíð þeirrar ríkisstjórnar sem sat þar áður og sagði að þessar ríkisstjórnir væru iðnaðinum fjandsamlegar. Hann hefur skrifað um þetta nokkrar blaðagreinar, þar á meðal í vetur, og leyft sér það eftir stjórnarskiptin, og kalla ég það nú fífldirfsku mikla, að gagnrýna fyrrv. ríkisstjórnir fyrir það sem þær gerðu eða létu ógert. Það ber ekki mikið á því að Hjörleifur Guttormsson, 2. þm. Austurl., komi í ræðustól nú og segi álit sitt á því að halda genginu svo rangt skráðu að það virtist vísvitandi verið að koma íslenskum iðnaði beint á hausinn. Hafi hv. þm. einhvern tíma haft áhuga á málefnum iðnaðarins, sem ég efast ekkert um, en hann setti á sínum tíma, þegar hann var iðnrh., fram hér á Alþingi þáltill. um iðnaðarstefnu sem varð að hluta til, kannski að megni til, sú iðnaðarstefna sem á sínum tíma var samþykkt, þá hefur þessi hv. 2. þm. Austurl. allt í einu hætt að tala, steinhætt að tala. Samt er þetta einhver þekktasti mælskumaður á Alþingi Íslendinga, maður sem er meira að segja svo merkilegur að tímalengdir í ræðustól eru mældar í svokölluðum hjörlum vegna þess að menn minnast ekki þess að það sé hægt að nota öllu betri mælikvarða um ræður en einmitt ræðulengd hv. þm., svona líkt og þegar í orkumálum er talað um terawattstundir vegna þess að það er hugtak sem er svo margfalt á við það sem menn nota daglega að það þarf alveg sérstaka mælieiningu sem margfaldar hinar til að geta lýst þessu með eins, tveggja eða þriggja stafa tölu. Nú allt í einu er þessi hv. þm. hættur að tala.

Ég hef stundum velt fyrir mér hver eiginlega hafi stigið ofan á þennan hv. þm. sem var svo hnarreistur á þeim fundi Alþb. sem kaus hæstv. fjmrh. formann að hann strunsaði út af fundi. Og þegar stjórnarmyndun stóð yfir, þegar þessi stjórn var að myndast, gaf hann yfirlýsingar um að hann ætlaði sér ekki að standa við bakið á þessari ríkisstjórn nema hún gengi að skilyrðum hans. Síðan hafa menn staðið upp, hæstv. ráðherrar, og sagt að auðvitað verði þetta að engu haft. Og hv. 2. þm. Austurl. þegir og þegir.

Nú er svo komið að þessi baráttumaður fyrir íslenskan iðnað ætlar að horfa upp á það að ekki eingöngu sé gengið falskt skráð, langt frá því að vera skráð þannig að það komi iðnaðinum til gagns og það sé hægt að tala um að það sé eðlileg gengisskráning vegna millifærslunnar til sjávarútvegsins, frystingarinnar, heldur ætlar hann — ja, a.m.k. verður maður að álíta svo meðan hann ekki tekur til máls í þessum umræðum — að styðja enn auknar álögur á iðnaðinn. Það vona ég, ef hv. þm. ætlar ekki að taka til máls einhvern tíma í þessum skattaumræðum, þessum skattaofsóknum á fyrirtækin, að hann láti það a.m.k. vera að skrifa mikið af blaðagreinum eða berja sér á brjóst um að hann sé einhver sérstakur talsmaður iðnaðarins í landinu.

Hæstv. forseti. Nú gætu einhverjir sagt: Þetta er ósanngjörn ræða. Í mínum huga hef ég nefnt þetta vegna þess að ég held satt að segja að hv. þm. sé áhugamaður um þau málefni sem ég hef hér fjallað um. Ég hef orðið var við það að í störfum sínum sem formaður hv. iðnn. Nd. hefur hann boðað til funda vikulega, stundum tveggja og þriggja tíma langra funda, sem ég tel til mikillar fyrirmyndar, þar sem ýmsar upplýsingar hafa komið fram. Að vísu liggur ekkert mál fyrir nefndinni, en það er bara eins og í öðrum hv. nefndum því að hæstv. ríkisstjórn kemur ekki frá sér mörgum málum. En allt um það: Þarna hefur hv. þm. sýnt áhuga sinn í verki, en svo þegar kemur að því að gefa okkur öðrum hv. þm. tækifæri til að heyra sjónarmið hans um iðnaðinn nú þegir hv. þm. Ég hef grun um að hæstv. fjmrh., formaður Alþb., hafi í raun handjárnað hv. þm., sagt við hann: Hjörleifur minn. Nú mátt þú ekki tala. Eða þannig verður maður a.m.k. að álíta að mál séu komin. Og í raun og veru, þegar maður hugsar enn betur um þetta allt saman, undrast maður það ægivald sem hæstv. fjmrh. hefur yfir stjórnarliðinu. Við sjáum ekki mikið af öðrum hæstv. ráðherrum í salnum. Hæstv. utanrrh. er í Póllandi. Við sáum afleiðingar þess í Ed. í gærkvöld hvað hann hafði lært þar og komið til skila til hæstv. ríkisstjórnar. Hún ætlaði að breyta bráðabirgðalögum í Ed., gerði það reyndar svo klúðurslega að það skilur enginn neitt í neinu. Líklega hefur hæstv. utanrrh. lært þetta í viðtölum sínum við Jaruselski í Póllandi.

En það vekur líka athygli að í raun og veru virðist hæstv. fjmrh. vera eini talsmaður ríkisstjórnarinnar. Hæstv. forsrh. kemur varla á fundi í Nd. Alþingis. Ég held að það sé vegna þess að hæstv. fjmrh. skyggir orðið nokkuð á hæstv. forsrh. Auðvitað skil ég hæstv. fjmrh. að hann vilji koma í veg fyrir að „mesta efnahagsböl íslensku þjóðarinnar“ sé að flækjast hér um ganga og sali á hv. Alþingi. Auðvitað á að útrýma vandamálum og reyna að koma í veg fyrir það að þau séu sífellt á vegi manns. En fyrr má nú rota en dauðrota.

Inn í þennan þingsal slæðast stundum hv. stjórnarþingmenn og taka til máls. Einn slíkur djarfur, hv. þm. Guðmundur Þórarinsson, leyfði sér um daginn að taka til máls. Ég efast um að hann geri það aftur. Af hverju? Sagði hann einhverja vitleysu? Nei. Hæstv. fjmrh., sem stjórnar þingliðinu, bað auðvitað um að slíkir menn væru ekki að koma í ræðustól og segja sitt álit og m.a.s. skammaðist út í það að hv. þm. skyldi voga sér að segja sína skoðun á skattamálum í sjónvarpi og útvarpi og hafði m.a.s. orð á því í ræðustól að hv. þm. hefði komið ég held annan hvern dag í eina viku fram í fjölmiðlum rétt eins og hæstv. fjmrh. komi aldrei fram í fjölmiðlum. Við sem einstaka sinnum horfum á sjónvarp og hlustum á útvarp verðum þó að viðurkenna að það kemur

fyrir, stundum oftar en annan hvern dag, að það heyrist í hæstv. fjmrh., enda er hann maðurinn sem hefur tekið völdin í þessari ríkisstjórn. Hann vill halda þessari stjórn saman. Hann leggur öll prinsip Alþb. til hliðar til að halda þessari stjórn saman.

Hefur einhver heyrt talað um það fyrr að það hafi verið spurt um verkstjóra? Í fyrrv. ríkisstjórn var alltaf verið að tala um að verkstjórinn þyrfti að vera á landinu til að stjórna verkum. Hæstv. fjmrh. er nákvæmlega sama hvert hæstv. forsrh. fer eða hvar hann er þá stundina eða hvort hæstv. utanrrh. er á landinu. Hæstv. fjmrh. þarf enga verkstjóra. Hann ræður þessu öllu sjálfur, öllu. Það er kominn tími til að óska hæstv. fjmrh. til hamingju með að hann hefur skyggt á sjálfan hæstv. forsrh. og nú er svo komið að hv. þm. stjórnarliðsins þora ekki að taka til máls og m.a.s. hv. 2. þm. Austurl., sá djarfasti af þeim öllum, má ekki einu sinni tala.

Svona er nú komið fyrir hv. stjórnarliðum með þeirri undantekningu þó að sá maður sem er bakbeinið í þessari ríkisstjórn og sá sem heldur lífi í stjórninni, a.m.k. fram á næsta vor eins og hann sagði í Vín, en eins og allir vita þá varð listi hv. þm. Stefáns Valgeirssonar til í veitingahúsinu Vín og var kallaður Vín-listinn lengst af. Ég viðurkenni að hv. þm. er bindindismaður og lætur ekki taka mynd af sér fyrir blöðin eins og Halldór á Kirkjubóli. Þegar hann hélt síðan upp á afmæli sitt í Vín með öðrum Vín-listamönnum lýsti hann því yfir, eða um svipað leyti, ég fer kannski ekki alveg rétt með það upp á dag ... (**SV:** Nei, ekki frekar en venjulega.) Nei, það munaði kannski viku en ég vona samt að hv. þm. kannist við að eins og góðum bónda sæmir gaf hann yfirlýsingu um hvað hann vildi láta lömbin lifa lengi og lýsti því yfir í blaðaviðtali, eða réttara sagt fyrst í ræðu sem birtist í blöðum, að kosið yrði næsta vor. (**SV:** Reyndu nú að segja einu sinni satt.) Er þetta ekki rétt? (**SV:** Nei.) Laug þá blaðið? Þetta birtist í Degi á Akureyri. (**SV:** Það getur verið.) Maður er kannski nokkuð gjarn á að trúa blöðum en nú segir hv. þm. að hann ætli að setja hæstv. ríkisstjórn á lengur en til vorsins. (**SV:** Það hef ég heldur ekki sagt.) Hann hefur ekki heldur sagt það. En hvað ætli hv. þm. hafi þá sagt? Halda menn virkilega að hv. þm. hafi þagað? (**SV:** Ég tala við þig eftir jólin.) Hv. þm. ætlar að tala við mig eftir jólin. Kannski að hann sé líka í banni? Kannski að hæstv. ráðherra hafi bannað hv. þm. Stefáni Valgeirssyni að tala eftir að hann talaði hér í kvöld? Nú kallar hann fram í og segir: Ég tala við þig eftir jólin. Þetta er nú hugrekkið hjá hv. þingmönnum, þeim þingmönnum sem gjarnan geystust fram á völlinn til þess að verja fólkið á landsbyggðinni sem þurfti að borga hátt orkuverð. (**SV:** Ekki gerir þú það.) Ekki gerir hv. þm. það heldur því nú situr hann við kjötkatlana og getur ornað sér en það hitar ekki mörgum úti á landi þótt hv. þm. Stefán Valgeirsson sitji við kjötketilinn og orni sér þar a.m.k. fram á næsta vor. En það er nýtt fyrir okkur hv. þingmenn aðra að verða vitni að því að hv. þm. má ekki tala meira. „Ég tala við ykkur eftir jólin", sagði hann.

Eins og ég hef bent á var það einn flokkur sem talaði hvað skýrast um það að ríkisstjórnin síðasta hefði engu náð fram nema einu, þ.e. skattkerfisbreytingunni. Sá flokkur á engan fulltrúa í þessum umræðum. Ég sé að hér situr hv. 3. þm. Norðurl. e. Kannast hann nokkuð við að formaður Alþfl. hafi sagt að skattkerfisbreytingin verði það eina sem munað verður eftir af afrekum ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar? Kannast hv. þm. við það? Ég las það í Alþýðublaðinu. Hv. þm. var einu sinni ritstjóri Alþýðublaðsins og trúir kannski einhverju af því sem þar er birt. Veit hv. þm. hvað er verið að gera þessa dagana? Það er verið að leggja fram frumvörp sem taka aftur þá skattkerfisbreytingu sem var það eina sem síðasta ríkisstjórn hafði gert að áliti Alþýðublaðsins og formanns Alþfl. (**ÁrnG:** Hver var í dag að taka til baka bráðabirgðalög sem hann setti sjálfur?) Ég held að í gær hafi hæstv. forsrh. verið að byrja á því en það mistókst svo herfilega að enginn skildi nokkurn skapaðan hlut í því hvað hann var að gera þannig að aðrir urðu að koma honum til hjálpar. Ætlar hv. þm. að taka frekar þátt í umræðunum eða treystir hann sér að koma hér upp í ræðustól á eftir og ræða um það sem ég er að tala um og spyrja hann um? (Gripið fram í.) (**Forseti:** Ég vil biðja hv. þingmenn að stunda ekki samtöl í þingsalnum og grípa ekki fram í fyrir ræðumanni.) Mér er ánægja að því, hæstv. forseti, ef einhver sem ekki þorir í ræðustólinn hefur þó kjark til þess að kalla fram í svona við og við.

Hæstv. viðsk.- og iðnrh. hefur gjarnan sagt að endurskipulagning þurfi að eiga sér stað í fyrirtækjunum hér á landi. Það væri kannski ástæða til þess fyrst hæstv. ráðherra er ekki við að spyrja þingmenn Alþfl. að því hvað átt er við þegar talað er um að endurskipuleggja fyrirtæki. (Gripið fram í.) Ef hv. þm. heldur að þetta séu umræður um áfengismál er það mesti misskilningur því að hér er verið að tala um skatta- og efnahagsmál, en auðvitað veit ég að áfengismál koma málinu við því að það nýjasta hjá hæstv. fjmrh. er að hafa fundið upp á því að hækka brennivínið enn einu sinni því að það er hægt að gera án þess að breyta lögum. Reyndar ætlar hann að hækka bensínið í leiðinni.

Ég hitti mann sem sagði mér, svo ég taki mér í munn orð hæstv. forsrh., að Framsfl. hefði skilning á því að gengisaðlögun þyrfti að eiga sér stað. Hvort slík gengisaðlögun á að vera í einu stökki eða eiga sér stað hægt og rólega veit ég ekki, en því er haldið fram að hæstv. fjmrh. leyfi ekki þessari framsóknarstefnu að ná fram því að það er hæstv. fjmrh. sem ræður ferðinni.

Í umræðu um sjávarútveginn hér um daginn kom kannski einna best í ljós hvernig hæstv. ríkisstjórn stendur við gefin loforð. Hæstv. fjmrh. knýr að vísu fram skattabreytingar, nýja skatta og skattpíningu því vissulega lofaði hæstv. ráðherra því í upphafi að hækka skattana, en þegar litið er á önnur loforð sem gefin voru í upphafi og að því kemur að efna loforð

eins og t.d. að lækka vexti hefur aðeins verið staðið við það að litlum hluta. Lofað var að lækka raforkukostnað fyrirtækjanna en ekki var staðið við það. Sett var nefnd í málið en strax á fyrsta degi var þessi lækkun látin koma fram reikningslega í gögnum ríkisstjórnarinnar til þess að sýna að hagur útgerðar og fiskvinnslu væri betri en hann raunverulega var.

Skattastefna hæstv. ríkisstjórnar er smám saman að skýrast eftir nokkuð erfiða fæðingu. Ég hef áður minnst á skattkerfisbreytingarnar en það sem hefur gerst til viðbótar er að 700 millj. kr. hæstv. utanrrh. og hagdeildar fjmrn. frá því í byrjun september eru nú orðnar 7 milljarðar kr. að sögn hæstv. sjútvrh. Ég tel, virðulegur forseti, að hæstv. fjmrh. þurfi áður en langt um líður og helst áður en þessum degi lýkur, eða a.m.k. áður en þessum fundi lýkur, að gera grein fyrir því hver sé staða ríkissjóðs nú. Ef ég man rétt talaði hann um 3,5 milljarða, síðan urðu það 5 milljarðar nokkrum vikum seinna og nú segir hæstv. sjútvrh. að það stefni í 7 milljarða kr. halla. Áður en lengra er haldið og menn fara að ljúka umræðum um skattamál og fjárlög held ég að tími sé til kominn að æðsta valdið, sá hæstv. ráðherra sem ræður mestu í ríkisstjórninni, hæstv. fjmrh., komi í ræðustól og segi okkur hvert raunverulega stefni. Jafnframt held ég að full ástæða sé til þess að biðja hæstv. ráðherra um að leggja fram lista á hinu háa Alþingi yfir aukafjárveitingar og ekki síst yfir þær aukafjárveitingar sem hæstv. núv. ríkisstjórn hefur staðið að, ég hygg að hitt liggi fyrir, og hann verði birtur hér í þingskjölum. Það hlýtur að hafa þýðingu þegar verið er að meta útgjöld ríkisins að menn átti sig ekki eingöngu á því tekjutapi sem ríkissjóður hefur vissulega orðið fyrir heldur einnig á útgjaldaaukanum og hvers kyns hann er. Ég held að það þurfi að gerast nokkuð ítarlega því að í sumum tilvikum hefur borið á því að hæstv. ráðherra hefur talið sér skylt eða a.m.k. talið sig hafa heimild til þess að greiða úr ríkissjóði ýmis gjöld sem ekki verður ætíð séð að hann hafi haft heimild til.

Hv. síðasti ræðumaður benti á að áhöld kynnu að vera um hvort við gætum trúað öllu því sem hagdeild fjmrn. gefur út. Ég ætla ekki að hallmæla því fólki sem þar vinnur, mér dettur það ekki í hug, en ég verð að benda á að það var einmitt þessi hagdeild sem mótmælti á sínum tíma því sem Þjóðhagsstofnun og Ríkisendurskoðun höfðu bent á og hélt sig við það í a.m.k. mánuð ef ekki einn og hálfan mánuð að hallinn á ríkissjóði yrði 693 millj. kr. Nú segir hæstv. sjútvrh. að hallinn verði líklega 7 milljarðar kr. Það er einmitt þessi halli á ríkissjóði sem skýrir ýmislegt af því sem hefur verið að gerast og einkum og sér í lagi hjá atvinnufyrirtækjunum. Samdráttur hefur orðið vegna þess að góðærið svokallaða hefur þegar verið notað og gott betur. Ég skal viðurkenna að sá flokkur sem ég er fulltrúi fyrir ber ábyrgð á því eins og aðrir. Hann ber að vísu ekki einn ábyrgð á því eins og maður gæti haldið ef maður hlustar á hæstv. ráðherra og þá ekki síst hæstv. ráðherra Framsfl. sem tala alltaf um síðustu ríkisstjórn eins og þeir hafi ekkert um hana vitað frekar en aðrar ríkisstjórnir. Ég man þá tíð þegar hæstv. fjmrh. var formaður þingflokks Alþb. og átti samstarf við Framsfl., þá var það Alþb. að kenna hvernig fór en nú er það auðvitað íhaldinu að kenna. Framsfl. hefur hvergi nærri komið.

Það er alveg rétt að í samdrættinum hafa fyrirtækin orðið að rifa seglin, sum lokað og mjög mörg farin að tapa. Það er einmitt í slíku árferði sem hæstv. ráðherra telur það sanngjarnt, eðlilegt og æskilegt að leggja meiri álögur á fyrirtækin, auðvitað til þess að framkalla meira atvinnuleysi svo að tekjurnar verði enn þá minni því að ekki borgar atvinnulaust fólk tekjuskatta. Þá hefur hann fulla ástæðu næsta ár til þess að segja: Nú hafa fyrirtækin tapað meiru vegna skattabreytinga, vegna nýjustu skatta og nú hafa einstaklingarnir ekki vinnu þannig að meiri skatta þarf að leggja á þá sem hafa vinnu. Og síðan koll af kolli.

Þetta er í raun sú stefna sem hæstv. ráðherra fylgir, a.m.k. er enginn vandi að halda því fram á meðan hann ætlast til þess að heimilin dragi saman seglin, fyrirtækin rifi seglin og þessir aðilar báðir eigi síðan til viðbótar að borga hærri skatta til þess að hæstv. ráðherra geti rekið ríkissjóð eins og honum þykir eðlilegast og það með tekjuafgangi. Hæstv. ráðherra sagði frá því fyrir nokkrum mánuðum síðan, reyndar eftir að allt verðfallið kom fram á Bandaríkjamarkaði, að ytri skilyrði væru góð og yrðu það áfram og þetta væri allt rugl í páverandi fjmrh. að einhver ytri skilyrði rækju ríkisstjórnina til vondra verka. Nú situr hann í ríkisstjórn og tekur ekki einungis upp þráðinn heldur stóreykur skattheimtuna. Ég sé ekki betur en það sé gert til þess að koma hér á atvinnuleysi og til þess, sem er kannski aðalatriðið, að geta sjálfur ásamt hv. þm. Stefáni Valgeirssyni og slíkum aðilum skammtað það fé sem til skipta er. Hann getur þannig valið þá sem eiga að fá fyrirgreiðslu því það fellur vel að stefnu þess flokks sem hann er formaður í þessa stundina.

Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra að því, svo maður sé ekki að vitna í einhverja menn sem maður hittir á götunni, í heita pottinum eða þar sem hæstv. ráðherrar hitta menn, a.m.k. hæstv. forsrh.: Hve mikil er skattheimtan samtals samkvæmt þeim frv. sem hann hefur lagt fram? Hve miklar nákvæmlega eru áformaðar tekjur ríkissjóðs vegna þeirra frv. sem nú hafa komið fram? Ég held að mjög mikilvægt sé að fá þessar upplýsingar strax.

Í öðru lagi vil ég spyrja: Hve mikið telur hæstv. ráðherra sig geta fengið í ríkissjóð umfram verðlagsbreytingar með því að hækka bensín og með því að hækka brennivínið?

Ég hef beðið um það áður og minni hæstv. ráðherra á að eðlilegt er nú að staðfesta hvort hæstv. sjútvrh. hefur rétt fyrir sér þegar hann segir að hallinn sé um 7 milljarðar kr. Mig langar einnig til þess að spyrja hæstv. ráðherra að því, vegna þess að það skiptir ákaflega miklu máli í þessari umræðu, hvernig hann hyggst bregðast við þegar ljóst er að

óseld spariskírteini ríkissjóðs upp á 1700 millj. kr., miðað við 20. nóv., hafa hlaðist upp í bönkum og hjá verðbréfasölum. Ég endurtek: Upp á 1700 millj. kr. Öllum er ljóst að ef ríkissjóður fær ekki fjármuni á innlendum vettvangi með sölu spariskírteina verður annaðhvort að hækka skatta, taka erlend lán eða skera meira niður af ríkisútgjöldunum.

Vona ég að hæstv. ráðherra hafi heyrt þessa fyrirspurn.

Hæstv. menntmrh. er nýkominn í salinn og þar sem síðasti ræðumaður beindi til hans fyrirspurn tel ég ástæðu til þess að árétta hana. Fyrirspurnin fjallaði um það hvort hæstv. menntmrh. væri sammála þeim fyrirhuguðu lagabreytingum sem birtast í því frv. sem hér er til umræðu og snýr að fyrirtækjum og dregur úr frádráttarheimild vegna framlaga til menningarmála. Mér er kunnugt um að hæstv. menntmrh. segir a.m.k. á tyllidögum og reyndar oftar að við eigum að stuðla hér að bættri menningu, menningarsköpun, listsköpun. Þar sem ýmis fyrirtæki hafa lagt talsverða fjármuni fram og fengið skattfrádrátt vegna þess er fyllsta ástæða til þess að spyrja hæstv. menntmrh.: Er hann sammála þeirri stefnu sem kemur fram í frv. að draga úr bókstaflega með opinberum aðgerðum þeim fjármunum sem gætu farið til menningarmála?

Það má segja að forsendur efnahagsstefnu hæstv. ríkisstjórnar og reyndar efnahagsstefnan sjálf, ef hægt er að kalla þetta stefnu, það aðgerðarleysi sem hefur ríkt hér um nokkurra mánaða skeið, speglist í fjárlagafrv. og í þeim skattafrv. sem að undanförnu hafa verið til umræðu og afgreiðslu hér í hv. þingdeild. Það er alveg kristaltært að með hverjum deginum sem líður verður úrræðaleysi ríkisstjórnarinnar meir og meir áberandi. Hæstv. ríkisstjórn hefur í raun ekkert gert til að koma til móts við þau fyrirtæki sem nú berjast í bökkum og ekkert gert til þess að koma í veg fyrir yfirvofandi atvinnuleysi. Þetta er alvarlegur áfellisdómur, en hann er engu að síður sannur, því miður.

En það eru ekki bara einkafyrirtæki, hlutafélög og samvinnufyrirtæki sem eiga í erfiðleikum. Við fengum upplýsingar um það í dag að stór opinber fyrirtæki, bæði ríkisfyrirtæki og önnur, eru rekin með tapi þessa stundina og svo miklu tapi að líklega geta þessi fyrirtæki ekki lengur lagt fram fé til þess að koma til móts við þá sem einna verst eru settir í þessu þjóðfélagi. Ég segi þetta vegna þess til að mynda að orkufyrirtækin í landinu eru rekin með stórfelldu tapi, meira að segja Landsvirkjun þar sem hæstv. ráðherra sat í stjórn til skamms tíma, en hann hefur nú yfirgefið stjórn Landsvirkjunar. Það fyrirtæki kemur ekki til með að skila þeirri afkomu sem því er ætlað að skila og vantar talsvert á. Þetta getur orðið til þess að Landsvirkjun reiði ekki fram það fjármagn til þeirra sem þurfa að hita híbýli sín með raforku á næsta ári. Þar mun þá vanta u.þ.b. 100 millj. til þess að endar nái saman.

Mér er enn fremur kunnugt um það að hæstv. fjmrh. hefur ekki enn svarað því hvort hann muni heimta inn greiðslur á skuldabréfum sem ekki var greitt af en átti að greiðast fyrir ári síðan af Orkubúi Vestfjarða og Rafmagnsveitum ríkisins. Þar var um að ræða skuldir sem stóðu eftir þegar verðjöfnunargjald af raforku var lagt af á sínum tíma, en fyrirtækin töldu sig hafa farið halloka út úr þeim samningum og treysta sér ekki til að greiða þessa fjármuni nema hækka rafmagnsverð um 10–15%. Og mér finnst full ástæða til þess að hæstv. ráðherra, fyrr en síðar, í síðasta lagi þá á morgun, eða hinn daginn réttara sagt þegar fjárlagaumræðan fer fram, taki þessi mál fyrir, en ég bendi á þau hér í þessari umræðu vegna þess að það eru ekki eingöngu einkafyrirtæki og samvinnufyrirtæki sem eru komin á vonarvöl, heldur einnig opinber fyrirtæki, í sumum tilvikum vegna þess að velta þeirra hefur minnkað vegna samdráttarins sem hefur orðið í atvinnulífi landsmanna.

Mig langar, virðulegur forseti, til að nefna nokkur atriði í þessu frv. sem hér er til umfjöllunar. Ýmsir ræðumenn hafa rætt hér um þá stefnu sem birtist í frv. gagnvart einstaklingum. Ég ætla þess vegna ekki að taka tíma í það. Ég ætla ekki að verða langorður eða flytja langt mál að þessu sinni, enda gefst mér tækifæri til þess síðar í þessari umræðu að ræða einstök atriði frv. Ég vil þó nefna örfá þeirra.

Á bls. 5 í athugasemdum með frv. undir fyrirsögninni „Breytingar á tekjuskatti fyrirtækja" segir að meginatriði frv. er varða fyrirtæki séu þessi, og síðan er talið upp, með leyfi forseta:

„Reglur um fyrningu lausafjár verði þrengdar.

Almennar fyrningar, aðrar en á fasteignum, lækki.

Heimild til að ráðstafa hluta rekstrarhagnaðar í sérstakan fjárfestingarsjóð verði lækkuð úr 30% í 15%."

Þetta lætur ekki mikið yfir sér, en hvað þýðir þetta í raun? Þetta þýðir það að hæstv. ráðherra ætlar að ráðast að þeim fyrirtækjum sem ekki hafa tekið þátt í því „fjárfestingaræði" sem hæstv. ráðherra hefur sýknt og heilagt verið að tala um að hafi átt sér stað hér í þjóðfélaginu. Það eru nefnilega þau fyrirtæki sem lögðu fjármuni til hliðar og gátu nýtt sér þessa heimild sem nú á að skattleggja sérstaklega. Það er ekki langt síðan takmörkuð var heimildin til þess að leggja hluta af rekstrarhagnaði í sérstakan fjárfestingarsjóð úr 40% í 30%, en nú er farið í 15%. Þetta þýðir það að fyrirtækin eiga eftir þessa breytingu, ef að lögum verður, erfiðara með að koma í veg fyrir þær sveiflur sem verða í þjóðfélaginu því að þessi ákvæði hafa verið sveiflujafnandi ákvæði. Í góðum árum hafa fyrirtækin getað lagt til hliðar fjármuni. Þau hafa verið hvött til þess með skattalegum aðgerðum til þess að geta nýtt þessa fjármuni í slæmum árum. Ráðdeildarsamir stjórnendur, stjórnendur sem hafa starfað af fyrirhyggju, hafa nýtt sér þessi lagaákvæði. Nú ætlar hæstv. ráðherra að ráðast að þeim og refsa þeim. Þetta er sannleikurinn í málinu. Nú er áfram ráðist að ráðdeild og fyrirhyggju. Það er verið að ráðast að

því aðlögunarkerfi sem var komið upp til þess að fyrirtæki gætu jafnað á milli ára. Og hér er auðvitað dregið úr mætti fyrirtækjanna til þess að standast slæmt árferði.

Ég ætla ekki að gerast margorður, virðulegur forseti, um tvo næstu liðina en þeir fjalla, með leyfi virðulegs forseta, annars vegar um það að meginatriði frv. séu að gjaldfærsla vegna rekstrarkostnaðar fólksbifreiða í eigu fyrirtækja verði takmörkuð. Þetta er auðvitað sett fram til þess að sýna að hæstv. ráðherra, sem er einn mesti siðbótarmaður sem uppi hefur verið á Íslandi á seinni tímum, geti sagt: Sjáið þið hvernig ég tók þá, eins og fræg persóna sagði í góðu íslensku leikriti sem ég veit að hefur löngum verið hæstv. ráðherra kært og hann þekkir af eigin raun.

Hitt atriðið er síðan: Afnumin verði verðbreytingarfærsla hjá hlutafélögum vegna lána til eigenda og framkvæmdastjóra þeirra. Og hér er sagt: Hlutafélögum. Ef samvinnufélag lánaði hins vegar einhverjum af þeim sem á í samvinnufélagi, þá nær þetta ekki til þeirra. Maður spyr auðvitað: Getur verið eitthvert samband á milli þess að hæstv. fjmrh. sem er einn þekktasti liðsmaður Kron í Reykjavík og hefur setið á aðalfundum Sambands ísl. samvinnufélaga vilji ekki láta þetta ákvæði ná til sín eða annarra þeirra sem eiga í samvinnufélögum þannig að þeir sem eiga í samvinnufélögum ættu að geta tekið lán en ekki þeir sem eiga í hlutafélögum? Það væri fróðlegt að heyra skýringar hæstv. ráðherra á því hvernig á því stendur að þetta ákvæði nær ekki til annarra félaga einnig.

Á næstu síðu, á bls. 6, í athugasemdum, segir síðan, með leyfi forseta, og enn er ég að lýsa þeim meginatriðum sem koma fram í frv. og varða tekjuskatt fyrirtækja. Þar segir: „Heimild til yfirfærslu taps við kaup eða sameiningu fyrirtækja í óskyldum rekstri verður þrengd.“ Hæstv. viðsk.- og iðnrh. talar gjarnan um endurskipulagningu fyrirtækja. Það hefst reyndar ekki mikið upp úr honum þegar hann er spurður að því hvað hann eigi við. Hann kemur þá stundum hér í ræðustól og segir: „Við erum að leita allra leiða.“ Við erum að leita allra leiða segir sá maður sem hefur verið að leita allra leiða í mörg undanfarin ár fyrir hinar og þessar ríkisstjórnir. Hann er enn að leita allra leiða. Ef ég skil hann hins vegar rétt tel ég að hann hafi átt við það, þegar hann hefur svona gengið lengra en að segja að hann sé að leita allra leiða, að það eigi að ýta undir þá þróun að fyrirtæki geti sameinast. En nú á að gera þessi vandræði fyrirtækjanna, sem rekin eru með tapi og hafa möguleika á því að sameinast öðrum sterkum fyrirtækjum, að féþúfu. Nú á að koma í veg fyrir það sem ég get ímyndað mér að hæstv. viðsk.- og iðnrh. eigi við þegar hann talar um endurskipulagningu í rekstri fyrirtækja. Og það væri satt að segja full ástæða til þess að spyrjast fyrir um það, virðulegur forseti, hvort nokkur möguleiki sé á því að fá hér hæstv. viðsk.- og iðnrh. í salinn ef hann er staddur í húsinu. (**Forseti:** Það lítur út fyrir að hann sé staddur í húsinu. Ég skal gera ráðstafanir til þess að hann verði leitaður uppi.) Ég þakka fyrir.

Á meðan við bíðum eftir hæstv. viðsk.- og iðnrh. langar mig til þess að fara örfáum orðum um síðasta atriðið sem hér er fjallað um þar sem segir, með leyfi forseta: „Skatthlutfall hækki til samræmis við hækkun á tekjuskatti einstaklinga úr 48% í 50%.“ Ég vona að hæstv. ráðherra heyri til mín þegar ég segi: Slík setning eins og þessi er nánast fölsun. Ég ætla að skýra það út fyrir hæstv. ráðherra ef hann má vera að því að hlusta. Þegar búið er að koma í veg fyrir það að fyrirtæki geti lagt 30% af rekstrarhagnaði í fjárfestingarsjóð og koma því hlutfalli niður í 15% breytist þessi tala auðvitað ekki úr 48% í 50% hjá þessum fyrirtækjum, heldur fer hlutfallið úr svona 33,5 eða 33,7 í 42,5% og það er allverulega miklu meiri munur en sagt er hérna, að verið sé að breyta 48% í 50%. Þetta er nefnilega lymskuleg aðferð til að ná í miklu, miklu meiri fjármuni en menn gætu haldið af þeim texta sem þarna kemur fram.

Ég ætla ekki, virðulegur forseti, að fjölyrða um breytingar á eignarskatti einstaklinga og fyrirtækja. Það hafa aðrir gert á undan mér. Ég vil aðeins benda á að hér er farið út á braut sem er ákaflega varhugaverð með því að hækka stórkostlega eignarskatt einstaklinga og fyrirtækja, en það hefur margoft verið bent á það í þessum umræðum og reyndar í öðrum umræðum um þessi mál að eignarskattur er að mörgu leyti ákaflega ósanngjarn, ekki síst vegna þess að yfirleitt er verið að skattleggja eignir sem hafa orðið til með skattlögðum tekjum. Það er full ástæða til þess að vara við þessari stefnu, ekki síst ef hæstv. ríkisstjórn hyggst einhvern tíma koma skattaböndum á eignartekjur, þar á meðal fjármagnstekjur.

En vegna þess, virðulegur forseti, að nú hefur hæstv. viðsk.- og iðnrh. heiðrað þessa samkomu, hv. Nd. Alþingis, og það væri í raun og veru full ástæða til þess að menn hrópuðu ferfalt húrra við að sjá einhvern annan hæstv. ráðherra en hæstv. forsrh. sem öllu ræður í þessu þjóðfélagi, (**Viðskrh.:** Mér skilst að hann hafi verið í burtu fyrr í kvöld.) Já, já. Það getur vel verið, en ég var ekkert að harma — ég var bara að segja að við ættum að fagna því að fá að sjá hæstv. ráðherra, þannig að ég vona að hæstv. ráðherra taki því ekki illa að því sé fagnað að hann komi hér í salinn. (**Viðskrh.:** Þakka þér kærlega fyrir.) Já, það skal móttekið.

Ég er enn kominn að því, hæstv. viðskrh., að spyrja: Hvað felst í hugtakinu endurskipulagning þegar hæstv. ráðherra er að leita allra leiða til að bjarga atvinnulífinu og atvinnufyrirtækjunum? Getur það verið að hæstv. viðsk.- og iðnrh. ætli með því að berja höfðinu við steininn og neita því statt og stöðugt að breyta gengi íslensku krónunnar? Getur verið að hæstv. ráðherra eigi við það þegar hann talar um endurskipulagningu að það þurfi að sameina fyrirtæki, stuðla að samruna fyrirtækja? Ef það

er rétt ágiskun, hvernig getur hæstv. ráðherra komið því heim og saman við þá stefnu sem birtist í frv. sem hér er til umræðu og dregur úr möguleikum til þess að fyrirtæki sameinist og hvetur síður til slíkrar sameiningar? Auðvitað kemur einhver afsökun um það að þarna sé átt við fyrirtæki í óskyldri starfsemi. (**Viðskrh.:** Það stendur þar. Það er ekki afsökun.) Sú afsökun stendur í frv. Við skulum hafa það alveg klárlega orðað. En hvers konar afsökun er það sem stendur í frv. þegar við lítum til þess að það hlýtur að vera, fyrir mörg fyrirtæki, ekki síst fyrirtæki úti á landsbyggðinni, stórkostlegur akkur að geta breikkað sína starfsemi, stundað meira en einhæfan útveg, einhæfan frystiiðnað. Það kann að vera heppilegt að hægt sé að sameina fyrirtæki ólíkrar gerðar, í óskyldri starfsemi, einmitt til þess að hvor þáttur um sig geti bætt hinn upp. Þetta heitir stundum að dreifa áhættunni, ef ég man rétt, á svona hagfræðingamáli sem ég vona að hæstv. ráðherra skilji og skilur reyndar betur en flestir aðrir menn, enda einn þeirra sem hafa samið það tungumál sem hefur reyndar tekið sér bólfestu í stjórnmálaheiminum líka, a.m.k. hér á landi. Ég óska hæstv. ráðherra til hamingju með það svo að ég hæli honum nú hér á hvert reipi.

Fsp. mín er þessi: Hvernig getur hæstv. ráðherra komið því heim og saman að endurskipuleggja, ef hann á við með samruna fyrirtækja það sem ég veit að hann á við, a.m.k. hefur hann stundum átt við það þegar hann talar um endurskipulagningu, þegar hann síðar að beiðni hæstv. yfirráðherra, fjmrh., sættist á það að draga úr áhuga fyrirtækja á slíkri sameiningu og slíkum samruna? Mér þætti vænt um það, hæstv. viðskrh., ef hægt væri, fyrir okkur sem erum ekki eins vel að okkur og þeir sem hafa unnið að slíkum málum lengi að hjálpa stjórnmálamönnum, og ég veit að honum verður ekki skotaskuld úr því, að skýra þetta nákvæmlega.

Í leiðinni mætti hann auðvitað, ef það er nú rangt hjá mér að þessi endurskipulagning fyrirtækja hafi eitthvað með samruna og sameiningu að gera, segja okkur þá, okkur þessum ófróðari, ef hann vildi nú af allri sinni háttvísi og hógværð segja okkur við hvað hann á þegar hann talar um endurskipulagningu fyrirtækja. Og fyrst hæstv. ráðherra er kominn hér í salinn — en ef ég veit rétt gegnir hann störfum hæstv. utanrrh. — þá langar mig til þess að spyrja hann að því hvort hann kannist við í fyrsta lagi að einhvern tíma hafi verið talað um það að skattkerfisbreytingar væru það skásta sem síðasta ríkisstjórn hafi staðið að. Og hvernig hann komi því heim og saman, hæstv. ráðherra, nú þegar lagt er til að leggja á mörg þrep í vörugjaldi og þegar horfið er frá þessari skattkerfisbreytingu, hvernig hann kemur þessu orðið öllu heim og saman. Alþfl. stóð að skattkerfisbreytingunni og eftir því verður munað, segir sá sem núna var úti í Póllandi. Og meðan hann er úti í Póllandi og hæstv. viðskrh. gegnir störfum hans, þá er allt í einu bara öllu kippt til baka, það stendur ekkert eftir. Það væri gaman að heyra sérfróðan mann fjalla um þetta efni og koma þessu heim og saman.

Virðulegur forseti. Það væri vissulega ástæða til að ræða hér fjölmargt annað sem kemur þessu frv. við, en ég hef ákveðið að stilla máli mínu í hóf og flytja hér ekki langa ræðu. Það er þó niðurstaðan að þessi mál hanga öll saman, efnahagsmálin og skattamálin. Það er ljóst að hér er fylgt þeirri stefnu, ef stefnu skal kalla, að halda úti falskt skráðu gengi, sem reyndar helmingurinn af hæstv. ráðherrum viðurkennir en hinn helmingurinn lokar augunum fyrir. Það hafa verið tekin erlend lán til þess að borga þeim sem stunda útflutning og fyrirtækin um tímabundið skeið til þess að halda verðbólgunni niðri og halda genginu rangt skráðu. Og ég skil ekki hæstv. iðnrh., hvernig hann getur varið það fyrir iðnaðinum sem ekki fær neitt í sinn hlut, en það er auðvitað níðst á iðnaðinum þegar gengið er rangt skráð eins og hæstv. forsrh. hefur margoft viðurkennt. Það er viljandi verið að drepa iðnaðinn í landinu með rangt skráðu gengi. Ofan á þessu situr hæstv. viðskrh. sem fer með gengismálin og honum virðist standa nákvæmlega á sama, alveg nákvæmlega á sama, alveg eins og honum stendur nákvæmlega á sama þótt endurskipulagningin fari út um víðan völl vegna þess að hæstv. fjmrh. er að leggja fram skattafrv. sem eyðileggur slíkt. Ég fæ ekki annað skilið en honum sé nákvæmlega sama þótt hæstv. utanrrh. komi heim og uppgötvar allt í einu þá að skattkerfisbreytingin hans er líka horfin. Og þá er nú fátt eftir. En hann getur kannski lesið bók um jólin sem hann kannast við.

Síðan og ekki síst birtist stefna þessarar hæstv. ríkisstjórnar í því að auka atvinnuleysið. Það virðist vera stefnt að því alveg vitandi vits með því fyrst að hafa gengið rangt skráð og svo í öðru lagi með því að skattleggja þau fyrirtæki sérstaklega sem lifa þetta af þannig að þau fari nú örugglega á hausinn líka því að þegar þau eru farin á hausinn, þá þarf að hækka skattana á þessum fáu fyrirtækjum sem eftir verða og þegar fólk er atvinnulaust, þá borgar það ekki skatta og þá þarf að taka hærri skatta af þeim sem hafa þó vinnu. Þannig á að halda áfram og allt til þess að þjóna nýjum herrum, þ.e. hæstv. fjmrh. sem nú virðist hafa tekið öll völd í þessari hæstv. ríkisstjórn.

Ég held, virðulegur forseti, að þótt æskilegt hefði verið að fjalla um margar aðrar hliðar þessa frumvarps, þá takmarki ég mig eingöngu við þennan litla þátt þessa vonda frumvarps sem hér er til umræðu.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég ætla nú að leyfa mér að kalla það efnahagsstefnu, það sem maður hefur séð í því sem fram hefur komið um fjárlagafrv. og þau frumvörp sem hér eru til umræðu, þar á meðal þetta um tekjuskatt og eignarskatt. Ég ætla að leyfa mér að kalla þetta efnahagsstefnu sýndarmennskunnar, þar sem verið er að áætla tekjur í þykjustunni inn í ríkiskassann sem flestum mönnum, sem eitthvað

hugsa, ætti að vera fullkomlega ljóst að koma aldrei í kassann, eins og við erum að verða vitni að núna síðast á þessu ári. Í hvert skipti sem hæstv. fjmrh. opnar munninn í sambandi við útkomu ríkisins á núverandi ári, þá hækkar gatið um 1 milljarð. Í hvert skipti. Síðasta talan sem heyrst hefur í þeim efnum er 7 milljarðar. Hún var í september 600 milljónir. Fyrr má nú rota en dauðrota á svo stuttum tíma. Þetta þykja mér ekki snyrtilegar efnahagsáætlanir á tölvuöld, svona hrikalegt gat.

Hæstv. ríkisstjórn var stofnuð til þess að gera einhver ósköp sem síðasta ríkisstjórn gat ekki gert. Sú ríkisstjórn var víst aðallega ómöguleg vegna þátttöku sjálfstæðismanna og verkstjórinn var ómögulegur. En nú leggur hér nýr yfirverkstjóri sýndarmennskunnar fram hvert frumvarpið um tekjuöflun á fætur öðru sem er alveg vonlaust að nokkurn tíma náist í kassann. Þetta virðast vera einu ráðin sem þessir menn hafa, þ.e. að hækka skatta. Á öðrum sviðum stjórnunar ríkir algjört ráðaleysi og getuleysi. En menn eru nokkuð duglegir að breiða yfir þetta ráðaleysi og getuleysi með þessum sýndarmennskuleik í fjölmiðlum landsins á hverjum einasta degi. Hækka skatta. Senda bara fógetann á peningalaus fyrirtæki og ná þessu einhvern veginn.

Ég held að það sé öllum ljóst sem eitthvað geta hugsað og vilja hugsa að þessi stefna þýðir bara skert lífskjör í landinu, stórkostlega skert lífskjör. Að skrá gengi krónunnar kolvitlaust með annarri hendinni og fara þannig ránshendi um eigið fé undirstöðufyrirtækja landsmanna, útflutningsfyrirtækjanna, sú athöfn er bæði brot á lögum, eins og ég hef áður sagt hér, og stjórnarskrá lýðveldisins. Bjóða svo þessum sömu fyrirtækjum lán úr Atvinnutryggingarsjóði á röngu gengi. M.ö.o.: Að rupla af fyrirtækjunum ránsfé með annarri hendinni og þeim er boðið lánsfé með hinni hendinni í staðinn og það lánsfé á kolvitlausu gengi, sem þýðir að það skellur eins og snara um hálsinn á þessum fyrirtækjum, ef þannig mætti komast að orði, þegar loksins verður að viðurkenna það að gengið er rangt skráð.

Varðandi þetta frv. um tekjuskatt og eignarskatt, sem hér er til umræðu, vil ég segja það um tekjuskattinn almennt að ekki verður nú auðveldara fyrir þessi fyrirtæki í sjávarútvegi, sem alltaf er verið að tala um að sé verið að leysa vandann hjá, að fá fólk í vinnu þegar um er að ræða yfirvinnu eftir að búið er að hækka tekjuskattinn. Það er því ekkert verið að gera þar nema auka vandann.

Það var nokkuð merkilegt að hlusta hér á hæstv. fjmrh. áðan þar sem hann sagði að einungis ⅓ fyrirtækja á Íslandi greiddi tekjuskatt. Og málflutningurinn var með þeim hætti að þessi ⅔ sem eftir væru greiddu engan tekjuskatt en þau ættu að gera það. Svo maður tali nú hreint út þá er verið að gefa það í skyn að ⅔ fyrirtækja á Íslandi stundi skattsvik. Ætli það væri ekki nær að reyna að líta á þessar upplýsingar sem staðreyndir um afkomu fyrirtækjanna. Það borgar ekkert fyrirtæki tekjuskatt nema það skili hagnaði. Og ef það hefur verið tap árið áður þá er það dregið frá áður en tekjuskattur verður greiddur og það hefur nú oft gengið á ýmsu í gegnum árin. Þar af leiðandi held ég að þetta teljist ekkert óeðlilegt.

Það á líka að herða reglur um hlunnindi og fyrningar, t.d. vegna rekstrarkostnaðar fólksbifreiða. En hvað ætlar hæstv. fjmrh. að gera í sambandi við ráðherrabifreiðar? Á að fara að mismuna í þessum efnum hvort menn eru í stjórnunarstarfi, ráðherrar eða framkvæmdastjórar? Og hvers vegna þá? Af hverju eru ekki settar þá einhverjar almennar reglur um fríðindi í störfum hvort sem þau eru hjá hinu opinbera eða hjá hlutafélögum eða samvinnufélögum? Skiptir það einhverju máli hvað það heitir? Eða bara einkafyrirtæki. Það stendur hér að tekjuskattar félaga séu taldir geta skilað um 2700 millj. kr. Hræddur er ég um að þarna sé sýnd veiði en ekki gefin.

Almennar fyrningar, aðrar en af fasteignum, þær eiga að lækka. Einmitt núna á þeim tíma sem við stöndum í harðri samkeppni við erlend fyrirtæki og tækni tekur sífellt hraðari breytingum, þá úreldast einmitt tæki og vélar miklu hraðar en áður. T.d. getur dýptarmælir í skip verið ónýtur á einu ári þannig að hann ætti bara að gjaldfærast beint ef menn vilja hugsa þetta rökrétt. Varðandi vélar og tæki til iðnaðar þá eru framfarirnar svo örar að afskriftir á þessum tækjum eru mjög háar í raunveruleikanum. Það er lítið gagn að því fyrir fyrirtæki að eiga í efnahagsreikningi einhverja eign, einhverja vél sem stendur ryðguð úti í porti vegna þess að hún er úrelt og ónýt. Það er mikil heimska sem kemur fram í þessum hugmyndum.

En mig langar til þess að spyrja hæstv. fjmrh. a.m.k. tveggja spurninga ef hann er einhvers staðar hér nálægur. Er hægt að fá hann í salinn? (**Forseti:** Það er verið að svipast um eftir hæstv. ráðherra. Hann birtist væntanlega fljótlega.) Ég ætlaði að spyrja hæstv. fjmrh. spurninga um ákveðið grundvallaratriði. Í fyrsta lagi: Ef ráðherrann fengi nú að erfðum frá einhverri frænku sinni sjoppu að verðmæti 12 millj. kr., hvað tæki það mörg ár fyrir hann að tapa sjoppunni samkvæmt nýjustu viðmiðunum um eignarskatt? Og í öðru lagi: Ef hann mundi nú erfa líka einbýlishús, hvað tæki það mörg ár að ríkið eignaðist húsið eða tæki andvirði hússins til sín? Og jafnframt: Telur hæstv. fjmrh. að þetta samrýmist 67. gr. stjórnarskrárinnar, um friðhelgi eignarréttarins, að gera eigurnar upptækar með þessum hætti? En 67. gr. stjórnarskrárinnar hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir."

Þá vantar mig í öðru lagi svar vegna gengisskráningarinnar. Telur hæstv. fjmrh. að ríkisstjórnin hafi heimild til þess að skrá gengið einhvern veginn eins og henni sýnist af því bara, út í loftið? Telur hæstv. fjmrh. að ekkert sé að marka þau lög um gengis-

skráningu, sem kveða á um það að gengi krónunnar skuli skráð þannig að afkoma útflutningsfyrirtækja landsmanna skuli tryggð og að jafnvægi skuli vera í viðskiptum við útlönd? Fyrir svo utan áðurnefnda 67. gr. stjórnarskrárinnar. Hafa stjórnvöld á Íslandi raunverulega leyfi til þess að beita slíkri valdníðslu sem hér er á ferðinni? Því að rýrnandi eiginfjárstaða flestra fyrirtækja á Íslandi um þessar mundir, þó sérstaklega útflutningsfyrirtækja, leiðir óhjákvæmilega til skertra lífskjara í landinu vegna þess að samkeppnishæfni þessara fyrirtækja minnkar og geta þeirra til að greiða sómasamleg laun versnar sífellt.

Ég get ekki séð annað en verið sé að boða gjaldþrot fjölda fyrirtækja með þessu ofsköttunarbrjálæði sem lagt er fyrir þingið. Hærri tekjuskattur, nýtt og hærra vörugjald og hærri skattur eru lögð á fasteignir þegar fyrirtækin berjast í bökkum og hafa alls enga peninga til þess að borga með. Ef hægt er að neyða þessa peninga út úr fyrirtækjunum með fógetavaldi verður bara minna eftir til að borga í laun. Mér er spurn hvort senda eigi fógetann á atvinnufyrirtæki landsmanna í nafni jafnréttis og félagshyggju? Það er nú nokkuð merkilegt. Neyða út úr þessum fyrirtækjum peninga sem þau hafa alls ekki undir höndum. Óhjákvæmilega bitnar svona stjórnarstefna á launþegum þessara fyrirtækja. Þegar búið er að koma öllu á hausinn viljandi eða óviljandi á þá að þjóðnýta allt klabbið? Það er síðasta spurningin.

Ég verð að leyfa mér að mótmæla þessum skattahugmyndum. Ég tel íslenskt atvinnulíf alls ekki undir það búið að borga hærri skatta þegar eins illt er í ári og nú. Mér finnst allar þessar skattahugmyndir jaðra við hálfgert skattabrjálæði. Það er eins og engin hugsun komist að nema að hækka skatta og hækka skatta. Það er hægt að gera ýmislegt annað. Mönnum er borið það á brýn að engin ráð séu til. Það er ekki hlutverk stjórnarandstöðunnar að hysja buxurnar upp um stjórnina þegar hún er búin að gera svo rækilega í þær að allt sitji fast.

Ástæðan fyrir því hvernig farið hefur í efnahagsmálum undanfarin ár er m.a. sú að ríkissjóður Íslands er alltaf að framkvæma of mikið, því miður. Spurningin sem ég spyr sjálfan mig þessa dagana er: Á Ísland allt of góða stjórnmálamenn, stjórnmálamenn sem eru svo góðhjartaðir að þeir vilji úthluta þegnunum miklu meira en raunverulega er til skiptanna? Það er til takmarkað fjármagn og fólk í þessu landi. Þegar ríkissjóður spennir bogann of langt og ætlar atvinnufyrirtækjunum að bítast um restina getur aldrei farið vel. Ég held menn ættu að hugsa þetta í einhverju öðru ljósi en þessu skattabrjálæði og reyna að fara að skilja um hvað íslenskt atvinnulíf snýst.

Matthías Á. Mathiesen:

Herra forseti. Eitt þýðingarmesta verk hvers þjóðþings er að gera fjárlög þannig að á þeim megi taka mark og þau séu þannig úr garði gerð að til heilla sé fyrir það þjóðfélag sem ætlað er að stýra eftir þeim. Það liggur ljóst fyrir að fjárlagafrv. og fjárlögunum er ætlað að endurspegla þá stefnu sem ríkisstjórn hvers tíma vill að farin verði í öllum þýðingarmestu málaflokkum sem ákvörðun þarf að taka í fyrir hver mánaðamót á næstu mánuðum.

Í þingsköpum er gert ráð fyrir og beinlínis sagt fyrir um hvernig þessum málum skuli hagað. Þar á meðal er þess getið að forsrh. skuli halda stefnuræðu og sagt er til um hvernig hún skuli birt þeim sem á hana hlýða og henni eiga að svara í þinginu. Auk þess er sagt til um með hvaða hætti fjárlagafrv. skuli gert og hvernig það skuli fyrir þingið lagt og hvað það eigi að innifela, annars vegar varðandi útgjöld ríkisins og hins vegar þær tekjur sem ríkissjóði er ætlað að hafa til þess að standa straum af þeim útgjöldum sem fjárveitingavaldið, Alþingi, ákveður.

Einhvern veginn er því svo nú farið að stefnan í hinum einstöku málaflokkum verður ekki fundin. Ekki hefur verið frá því skýrt og allra síst var það svo að ræða hæstv. forsrh., stefnuræða sem hún átti að heita, væri yfir höfuð nokkur stefnuræða til ákvarðanatöku fyrir þjóðþing.

Það fjárlagafrv. sem er til meðferðar í Alþingi nú var sett saman á tiltölulega skömmum tíma, en það má segja hæstv. fjmrh. til hróss að hann tók rösklega til hendi eftir að hann tók við. Forveri hans hafði gengið með fjárlagafrv. með halla upp á vasann í margar vikur og marga mánuði og komst lítið áfram. Frv. til fjárlaga ber vott um að vera snöggsoðið. Það var engin forskrift þess ráðherra sem í forsæti sat þannig að menn sem á þingi sitja biðu og væntu þess að *þegar á þingtímann liði mundi úr þessu rætast*, enda því lofað þegar fjárlagaræðan fór fram í sameinuðu Alþingi. Því er nú ekki að heilsa að kynnt hafi verið stefna í efnahagsmálum. Því er ekki að heilsa að kynnt hafi verið stefna í gengismálum og því er ekki að heilsa að kynnt hafi verið stefna í peningamálum. Stefna ríkisstjórnarinnar í launamálum hefur ekki verið kynnt né heldur stefna hennar í verðlagsmálum. Stefna í atvinnumálum er engin og við erum að fjalla um einu þýðingarmestu löggjöfina, þ.e. löggjöf um tekjuskatt og eignarskatt. Það er auðvitað ljóst að í þeirri löggjöf, eins og hún er samþykkt af Alþingi, á að felast stefna sem fjárlagafrv. grundvallast á að hluta til.

Þegar hæstv. fjmrh. talaði fyrir fjárlagafrv. kynnti hann með hvaða hætti hann hygðist leggja fyrir tekjuöflunarfrv. Á það var minnt að eðlilegt væri og æskilegt að Alþingi fengi að sjá þá mynd sem hæstv. fjmrh. vildi hafa, ef hann eða ríkisstjórnin hefðu þá gert sér grein fyrir því hver stefnan í tekjuskattsmálum ætti að vera vegna fjárlagafrv. Eftir þessu var innt hvað eftir annað en það fengust engin svör. Svo fóru þó frv. að fæðast og að undanförnu hafa verið til umræðu frv. sem hafa að sjálfsögðu áhrif í þessum efnum. Frv. er ætlað, eftir því sem á pappírnum stendur, að gefa ríkissjóði auknar tekjur en miðað við stefnu þeirra er ljóst að þar er um ofreikning að ræða. Þegar ég tala um ofreikning liggur ljóst fyrir að sammerkt með öllum þessum frv. er aukning

skatta, íþyngingu, hvort sem litið er til einstaklinga eða atvinnulífsins. Þá hljótum við að spyrja: Er staða mála sú hjá okkur í dag að þetta sé sú stefna sem eigi að vera og sú sem geti eða sé líkleg til þess að snúa við því ástandi sem við búum við. Mín skoðun og okkar sjálfstæðismanna er að svo sé hreint ekki.

Það er öllum ljóst að þróun mála á þessu ári hefur verið okkur afar óhagstæð og því er ástæða til þess að gera sér vel grein fyrir hvernig væri skynsamlegast að bregðast við. Það hefði að sjálfsögðu átt að vera skylda ríkisstjórnarinnar að hafa sem nánast samstarf við stjórnarandstöðuna á Alþingi, ég tala nú ekki um þegar kynnt var í fjárlagafrv. að gera skyldi miklar breytingar á lögunum um tekjuskatt og eignarskatt.

Hér erum við að ræða þetta frv. við 1. umr. Hæstv. fjmrh. og embættismenn fjmrn. hafa haft þessi mál til umfjöllunar í tvo og hálfan mánuð og ekki hefur svo mikið sem hvarflað að nokkrum þeirra að senda hugmyndir til stjórnarandstöðunnar til kynningar þannig að hægt væri að vinna þessa hluti með meiri hraða á þingi en mér sýnist að geti orðið.

Vikið hefur verið að ákveðnum atriðum í kvöld í umræðunum um frv. þar sem bent hefur verið á ósamræmi á milli texta frv. og útkomu úr dæmum. Það hlýtur að verða verkefni þeirrar nefndar sem fær frv. til umfjöllunar að staðreyna það sem hér er gerð grein fyrir til þess að Alþingi sjálft átti sig á því hvort það sem textinn segir sé rétt, þ.e. þegar dregnar eru línur á blað til þess að sýna samanburð á milli þess sem er samkvæmt gildandi lögum og þess sem gert er ráð fyrir verði frv. að lögum. Það hlýtur að vera eðlileg krafa þingmanna að þetta sé gert. Ég tala nú ekki um þegar efst á blaði í því fylgiskjali sem birt er með frv. stendur: „Fjármálaráðuneytið, hagdeild". Þetta er ný deild í fjmrn. sem stofnuð var í tíð fyrrv. fjmrh., núv. hæstv. utanrrh. Það var einmitt sú deild sem fram eftir þessu ári taldi sig geta sagt að hallinn á ríkissjóði yrði ekki meiri en 693 millj. kr. Menn treystu sér til þess að halda þessu fram jafnvel þó að á borðum fyrrv. ríkisstjórnar lægi greinargerð þar sem staðan, þá á miðju ári, var metin svo að halli ríkissjóðs yrði a.m.k. 2,5 til 3 milljarðar kr. Staðreynd málsins hefur verið sú að jafnvel spádómurinn sem þar kom fram var of hagstæður því að reynslan hefur orðið önnur.

Hæstv. fjmrh. hefur í hvert skipti sem hann hefur talað á Alþingi tilkynnt aukinn halla á ríkissjóði, og hann var nú lítillátur í hvert skipti sem hann kom og hækkaði þetta ekki upp nema um einn milljarð en þá endaði dæmið í því að hæstv. sjútvrh. bauð betur og gerði grein fyrir 7 milljarða væntanlegum halla á ríkissjóði hér við umræðu í hv. Ed. fyrir tveimur dögum síðan.

Staðreynd málsins, og það er mjög þýðingarmikið fyrir okkur að gera okkur grein fyrir þessari niðurstöðu, er að 5 milljarðarnir sem hæstv. fjmrh. gerði Alþingi grein fyrir byggðust á niðurstöðu 30. sept., en nú liggur fyrir niðurstaða 30. nóv., og sennilega hefði hæstv. fjmrh. getað komið hér upp enn einu sinni og tilkynnt einn milljarð í viðbót og þá spáð því hvernig lokastaðan yrði því að því miður hefur sigið á verri hliðina í þessum efnum.

Það sem er kannski besti mælikvarðinn án þess að menn skoði tölur eða virði fyrir sér skýrslur er hver staðan er hjá viðskiptabanka ríkissjóðs, þ.e. Seðlabankanum. Það er mjög auðvelt að meta stöðuna út frá því. Ef ég hef fengið réttar upplýsingar eru heildarskuldir ríkissjóðs við Seðlabankann í lok nóvembermánaðar rúmir 10 milljarðar. Skuldaaukningin frá upphafi árs til nóvemberloka eru tæpir 6½ milljarður. Síðan í nóvemberlok hefur enn orðið aukning. Aukning skuldar þar miðað við 9. des. er um 2½ milljarður. Það er auðvitað ekki hægt að taka stöðuna einn dag. Það verður að bera saman, og sé 10. des. borinn saman við 10. nóv. kemur í ljós að skuldaaukningin á þessu tímabili er einn milljarður þannig að það sem hér er verið að tala um — enda þótt hæstv. sjútvrh. vildi bjóða betur — eru staðreyndir sem við verðum að taka til greina. Og einmitt út frá því hvernig og með hvaða hætti við getum metið fjárlagadæmið og tekjuhlið fjárlaga get ég ekki séð hvernig menn láta sér detta það í hug að ætla að afgreiða fjárlög ríkisins, fjárlagafrv., fá samþykkt fjárlög án þess að búið sé af hálfu Alþingis að samþykkja þau frumvörp, þær tillögur, sem fyrir liggja í sambandi við tekjuhlið frumvarpsins, hvernig þeir hugsa sér að afgreiða raunhæf fjárlög. Auðvitað ætti að byrja á því að gera sér grein fyrir hver væri staða tekjuhliðar og deila síðan því sem inn kemur út.

Mér er tjáð að frá hv. fjvn. komi innan tíðar hennar tillögur í sambandi við það fjárlagafrv. sem fyrir liggur og að þær breytingar sem hún geri séu ekki venju fremur stórvægilegar, en vel má vera að áður en öllu er lokið verði að taka til hendi og gera breytingar á frv. sem fyrir liggur með þeim tillögum um breytingar sem fjvn. kemur til með að leggja fram.

Það verður auðvitað að vera á ábyrgð hæstv. ríkisstjórnar, eins og hv. 2. þm. Reykv. benti hér á í kvöld, að meta stöðu þessara mála og gera Alþingi grein fyrir því hvernig ríkisstjórnin vill standa að slíkum fjárlögum og á hvaða grundvelli hún hyggst byggja tekjuhlið frv. og þá er það einmitt sú umræða sem hér fer fram sem er grundvöllur að þeim hlutum að verulegu leyti.

Breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt er og verður ævinlega vandasöm. Til slíkra breytinga þarf að vanda. Það er ekki bara út frá, eins og sagt er, skattatæknísku sjónarmiði. Það er kannski miklu fremur út frá því sjónarmiði hvort skattalög, hvort skattheimta er til þess að örva atvinnulífið, hvetja einstaklinga, hvort slík löggjöf er til þess að draga úr einstaklingsframtakinu eða hvort slík löggjöf er til þess að draga úr atvinnulífinu og reyna að færa það í dróma.

Það hefur verið vikið að ákveðnum atriðum í

þessari umræðu og einmitt bent mjög skilmerkilega á með hvaða hætti ríkisstjórnin hyggst seilast í vasa skattborgaranna með þeim breytingum sem hún leggur til, með hvaða hætti ríkisstjórnin hyggst seilast í sjóði þeirra fyrirtækja sem eitthvað eiga eftir enn þá. Og það eru ansi mikil öfugmæli miðað við það sem sagt var þegar ríkisstjórnin var mynduð, hvort heldur var af hæstv. forsrh. eða hæstv. fjmrh., að einn meginþátturinn í aðgerðum ríkisstjórnarinnar væri að gera hluti sem væru til þess ætlaðir að auka eigið fé fyrirtækjanna. Það er öllum ljóst að eigið fé í íslenskum fyrirtækjum er því miður víða allt of lítið og það er ástæða til þess að haga þannig skattlagningu að fremur megi það aukast heldur en hitt. Og það er settur á stofn sérstakur sjóður sem er ætlað að aðstoða fyrirtækin. Það er að vísu lánasjóður. Einhver orðaði það svo að það væri sjóður til þess að framlengja erfiðleikana, og mér er þá spurn: Er verið að lána fyrirtækjunum til þess að geta greitt aukna skatta sem gert er ráð fyrir að lagðir verði á fyrirtækin með frv. sem hér er til umræðu?

Varðandi skatta á einstaklinga er aftur horfið til skattvísitölu. Það er horfið frá því að tengja þessa hluti öðrum stærðum sem eðlilegar eru til viðmiðunar og aftur horfið til þess að geðþóttaákvörðun verði ráðandi í þeim efnum, hvort skattbyrðin eykst á milli ára eða hvort það verða aðilar sem hyggjast tryggja að svo verði ekki og því ákvarðanir samkvæmt því.

Það hefur verið bent á hvernig í raun og veru er gert ráð fyrir hækkun á skatti, hvernig gert er ráð fyrir því að skattfrjálsar tekjur verði lægri ef frv. nær fram að ganga en fyrr þannig að í staðinn fyrir — eins og hæstv. fjmrh. orðaði það og einn fyrirrennari hans orðaði það fyrir löngu síðan, að nú skyldu breiðu bökin fundin til þess að þau standi undir þessari skattheimtu.

Ef við virðum fyrir okkur hugmyndir að breytingum varðandi tekjuskatt fyrirtækja eru þær með þeim hætti að þær ganga gegn hugmyndum sem alls staðar annars staðar hafa verið lagðar til grundvallar í sambandi við skattalög. Þær eru þess eðlis að íslensk fyrirtæki verða ekki jafnsamkeppnisfær og þau hafa verið. Þær verða þess eðlis að þær hvetja til fjárfestinga í staðinn fyrir að letja eins og skattalögin sem í dag gilda hafa gert. Þessar breytingar eru því allar þess valdandi, ef að lögum verða, að veikja eiginfjárstöðu fyrirtækjanna þvert á það sem ríkisstjórnin sjálf orðaði það í upphafi. Það er hins vegar auðvitað ljóst af því sem hefur verið að gerast síðan að þá settu menn saman orð og setningar, en ekki það að menn hefðu stefnu og vissu hvað þeir vildu gera til þess að hjálpa atvinnurekstrinum til þess að skapa aukið eigið fjármagn í fyrirtækjunum.

Hv. 1. þm. Reykv. vék sérstaklega að þessum atriðum með tilliti til endurskipulagningar og því ákvæði að það yrðu gerðar á breytingar þegar um væri að ræða samruna fyrirtækja. Vissulega, þegar það er orðað í frv., með leyfi forseta: „Heimild til yfirfærslu taps við kaup eða sameiningu fyrirtækja í óskyldum rekstri verði þrengd.“ Ef við horfum til þess sem hefur verið að gerast í kringum okkur skulum við gera okkur grein fyrir því að það er ekkert síður að fyrirtæki sem eru með óskyldan rekstur hafi verið að sameinast en fyrirtæki sem hafa verið með skyldan rekstur. Ég fæ ekki skilið að fyrirtæki sem eru með óskyldan rekstur eigi að búa við lakari stöðu í þessum efnum en fyrirtæki sem búa við skyldan rekstur. Ef um er að ræða tvö fyrirtæki sem hafa að vísu óskyldan rekstur en annað stendur fjárhagslega vel en hitt ekki, hvers vegna skyldu þessi fyrirtæki ekki njóta þess sama ef þau vilja sameinast til þess að skapa betri fjárhagsstöðu, betri eiginfjárstöðu, fyrir hvorn reksturinn fyrir sig? Þetta fæ ég ekki skilið og ég trúi ekki að hér hafi menn gert sér grein fyrir málinu til enda, heldur hitt að af því að fyrirtækin væru óskyld ætluðu menn ekki möguleika á að færa þar á milli, en það getur verið mjög hagkvæmt að stækka fyrirtækin, vera með tvo óskylda þætti í rekstri fyrirtækis, færa á milli til fyrirtækis sem er með sterkari stöðu og meira eigið fé.

Síðan er gert ráð fyrir því að tekjuskattshlutfallið verði hækkað. Það er sjálfsagt vegna þess að það er reynsla ríkisstjórnarinnar bara þá mánuði sem hún hefur starfað af því hvernig þróun mála hefur verið, og það hljóti að vera svo mikill afgangur hjá flestöllum fyrirtækjum á Íslandi að þau hafi náttúrlega miklu meira en nóg til þess að styrkja eiginfjárstöðuna og rekstrarafgangnum eigi að skila til ríkissjóðs.

Ég held að ef þetta yrði raunverulega það sem ráðherrarnir hugsa væru þeir allir komnir upp í turninn til hæstv. forsrh. sem hann segist hafa verið í þegar hann myndaði núv. ríkisstjórn. Ég held að menn geri sér þá ekki grein fyrir því hver sé staða mála og hver þörfin til þess að snúa þessu dæmi öllu við.

Með þessu frv. er gert ráð fyrir að ríkissjóður hafi auknar tekjur á árinu 1989. Mér hefði ekki fundist óeðlilegt, en vel má vera að hæstv. fjmrh. hafi ekki haft aðstæður til þess og ég met að svo hafi verið, og það hefði verið mjög gott ef í grg. við frv. hefði verið dregin upp mynd af stöðu þessara mála og að menn áttuðu sig á því hvað það sem hefur verið að gerast þýðir í raun og veru í sambandi við forsendur þess fjárlagafrv. sem er til umfjöllunar á Alþingi.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar sem var gerð 30. sept. segir beinlínis að þær niðurstöður sem hún fékk breyti öllum forsendum fjárlagafrv. Það hefur hallað á ógæfuhliðina síðan, og mér er tjáð að sá samdráttur sem orðið hefur muni þýða tveimur milljörðum kr. minni tekjur en frv. gerir ráð fyrir. Þetta eru auðvitað hlutir sem horfa verður á og meta þegar fjárlagafrv. verður endanlega til umræðu og þess vegna hefði ég talið eðlilegt að hér og nú hefðum við haft yfirlit og greinargerð yfir tekjur ríkissjóðs fyrir árið 1989.

Við verðum að átta okkur á því að þegar hæstv. fjmrh. talaði fyrir fjárlagafrv. mátti heyra á honum að hann gerði ráð fyrir miklu meiri tekjuaukningu

en raun hefur orðið á. Þar kom fram í gær, þegar hæstv. ráðherra lýsti frv. sem því síðasta sem flutt yrði varðandi tekjuöflunina, að bæði var þá að þar vantaði, miðað við það sem sagt hafði verið, frv. um sérstakan skatt á happdrætti og svo einnig þátt í þetta frv. þar sem fjármagnstekjur væru skattlagðar. Það er þess vegna hvort tveggja að fyrirrætlanir ráðherrans í upphafi, um tekjuöflun, hafa ekki gengið fram og hann hefur gert grein fyrir því, metur að skattur af happdrættisvinningum verði skoðaður og það muni koma síðar og fjármagnstekjuskattlagning muni koma síðar. Það sem hins vegar er mergurinn málsins er að þetta tvennt átti að vera þáttur í því að skapa tekjur til þess að þær 1200 millj. sem gert var ráð fyrir að yrðu í tekjuafgang af þessu frv. gætu átt sér stað. Hvort tveggja er að þetta hefur ekki gengið eftir eins og ég sagði, svo og hitt að reynslan af því sem hefur verið að gerast er með þeim hætti að verðlagsforsendur og velta verða, ef fram heldur sem verið hefur, miklu minni og gefa þar af leiðandi minni tekjur í ríkissjóð.

Ég hef vikið að þessum málum til þess að við áttum okkur á því hvað í raun og veru er í húfi. Við getum að sjálfsögðu deilt um hver á að vera skattprósenta eða hvaða liðir eigi að vera undanþegnir skatti eða skattlagðir með einum eða öðrum hætti. Ég held hins vegar að Alþingi verði umfram allt að gera sér grein fyrir því að þessum málum verður að ljúka áður en fjárlagafrv. er afgreitt. Við hljótum að gera þá kröfu til þeirra sem forustuna hafa að Alþingi fái tækifæri til að skoða þessa hluti, fái aðstöðu til að meta það sem lagt er fram. Það hefur stundum komið fyrir að menn hafa ekki reiknað alveg hárrétt. Mann hafa ekki lagt á borðið alveg hárrétta útreikninga, ekki að það hafi verið með vilja gert, heldur kannski vegna þess að menn hafa ekki tekið allt með í reikninginn. Það er þess vegna eðlilegt að Alþingi geri úttekt á þessum hlutum og skoði þá, einfaldlega til þess að ekki þurfi að segja að þannig hafi þetta komið á borð þingmanna og runnið í gegn án þess að þeir skoðuðu það.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð mín fleiri. Ég endurtek að þetta frv. ásamt og með öðrum frv. sem hér eru til umræðu verður Alþingi að afgreiða áður en kemur að (**Gripið fram í:** Jólaleyfi.) því að fjárlagafrv. verði tekið til lokaafgreiðslu.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Hv. 1. þm. Reykv. gerði m.a. að umtalsefni ákvæði 9. gr. frv. um breytingar á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Það gerði reyndar hv. 1. þm. Reykn. líka. Hv. 1. þm. Reykv. beindi því til mín að segja um þetta nokkur orð.

Níunda gr. þessa frv. hefur það efni að hún takmarkar flutning eftirstöðva rekstrartaps milli félaga við þau félög sem hafa með höndum sams konar rekstur eða starfsemi og hún takmarkar einnig réttinn til þess að flytja eftirstöðvar rekstrartaps frá fyrri árum frá félagi sem átti litlar eða óverulegar eignir og hafði engan rekstur með höndum. Þetta ákvæði greiðir að sjálfsögðu ekki fyrir samruna fyrirtækja í óskyldum rekstri eins og réttilega var á bent af hv. 1. þm. Reykv. Ég vil líka leyfa mér að benda á það að frv. tefur alls ekki samruna fyrirtækja í skyldum rekstri og þar er kannski þörfin brýnust fyrir endurskipulagningu í rekstri, og á ég þá við sjávarútveginn, ullariðnaðinn og reyndar skipasmíðar þar sem gæti víða komið til greina samstarf eða samvinna á milli fyrirtækja. Þetta veit ég að hv. 1. þm. Reykv. skilur mætavel, og ég deili áhuga hans og áhyggjum af því að þarna sé margt ógert og reyndar minnist ég þess að bæði hv. 1. þm. Reykv. og hv. 1. þm. Suðurl. lögðu á það áherslu á því ári sem senn er liðið að mikil þörf væri á skipulagsbreytingum í grundvallaratvinnuvegum okkar og almennar aðgerðir, eins og t.d. gengisbreytingar, mundu reynast haldlítil úrræði ef undirstaðan væri veik. Um þetta er ekki ágreiningur. Það má segja að þetta tiltekna ákvæði frv. greiði ekki fyrir endurskipulagningunni, en ég tel að það tefji hana heldur ekki þar sem hún skiptir mestu máli. Það er ástæða til þess að huga að því hvers vegna þessi tillaga er flutt. Hún er fyrst og fremst flutt vegna ábendinga frá skattframkvæmdaraðilum og skattrannsóknarmönnum sem benda á að viðskipti með skattahagræði milli fyrirtækja í samstarfi eða samruna hafi verið gloppa í okkar skattakerfi. Þetta hafi verið áberandi og valdið því að fyrirtæki sem annars bæri nokkur skattskylda slyppu við hana. Þetta er málið. Þarna togast á þau sjónarmið sem hv. 1. þm. Reykv. talaði fyrir og þetta sjónarmið, að hafa ekki veilur í skattalögunum sem bjóði heim slíku lögmætu undanskoti tekna undan skatti.

Niðurstaðan af mati á þessum árekstri tveggja gildra sjónarmiða er sú tillaga sem flutt er í 9. gr. Ég skil vel þau sjónarmið sem hv. 1. þm. Reykv. flutti hér, en vildi benda á þetta sem ég tel vera fullgilt sjónarmið og ólíkt mörgum öðrum greinum í þessu frv. er fjáröflunin ekki aðalatriðið í tillögunni, heldur fremur skattaeftirlitið.

Hv. 1. þm. Reykv. minnti hv. þingdeild réttilega á það að hæstv. núv. utanrrh., fyrrv. fjmrh., hefði unnið stórvirki í því að bæta skipulag skattakerfisins. Það var þörf ábending. Ég vildi líka leyfa mér að benda á að hv. 1. þm. Reykv. tók þátt í þessum gagnmerku breytingum og aðrir þeir sem stóðu að þeirri ríkisstjórn sem við áttum báðir sæti í. Ég veit að þær breytingar voru svo gagngerar og traustar að þær munu standast þá áraun sem það óneitanlega er þegar fjárhagsaðstæður ríkisins gjörbreytast svo sem raun ber vitni á þessu ári. Það er rétt, við höfum þurft að grípa til ýmissa fjáröflunarráðstafana sem víkja frá því sem menn helst kysu, en grundvöllurinn, sú skattkerfisbreyting sem gerð var í tíð fyrrv. ríkisstjórnar, er nægilega traustur til þess að standast slík tímabundin frávik. Ég bendi á að frv. sem við ræðum í dag er einmitt dæmi um það að beita hinu

nýja skattkerfi staðgreiðslunnar við breyttar aðstæður án þess að raska grundvallareiginleikum þess. Þetta segi ég í mikilli vinsemd og með fyllsta tilliti til þeirra sjónarmiða sem hv. 1. þm. Reykv. og reyndar hv. 1. þm. Reykn. hreyfðu hér réttilega. Það er hins vegar ekki undan því að víkjast að beita þessum nýju skattkerfum til þess að afla ríkinu nauðsynlegra tekna og það er þörfin sem nú er brýnust.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur orðið, löng og ítarleg, um það frv. sem hér liggur fyrir um breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt. Í þessari umræðu hefur margt verið sagt mjög athyglisvert og ýmsar fróðlegar ábendingar komið fram um frv. sjálft og ýmsa þætti þess. Og eins og ég gat um hér í upphafi þá er það ætíð þannig að með frumvörp af þessu tagi er eðlilegt að menn hafi á þeim ýmsar skoðanir og geri athugasemdir við þær breytingar sem þar eru lagðar til vegna þess að skattalöggjöf af þessu tagi er ekki neitt eilífðarpatent heldur koma þar alltaf mörg álitamál til greina, einkum og sér í lagi vegna þess að það er verið að reyna að laga löggjöfina að veruleika sem enginn veit kannski alveg nákvæmlega hvernig er.

Ég vil í þessu sambandi til skýringar nefna þá grein sem nokkrir hv. ræðumenn hafa vikið að og snertir breytingar á skattlagningu framlaga sem hefur verið varið til menningarmála og ýmsrar skyldrar starfsemi. Ástæðan fyrir því að þetta ákvæði er tekið hér inn er að ýmsir stjórnendur skattakerfisins hafa haldið því fram að nánast útilokað væri að ganga úr skugga um hvort þau framlög sem undanþegin væru skattgreiðslum rynnu í raun og veru til menningarstarfsemi eða hliðstæðrar starfsemi eða hvort eingöngu væri verið að nota yfirskin til þess að skjóta undan skatti framlögum af þessu tagi.

Ég vek í því sambandi athygli á því að í Bandaríkjunum, þar sem heimild er til þess að draga frá skatti framlög af þessu tagi, gerist það ekki nema viðkomandi félög eða menningarstofnanir hafi fengið formlega viðurkenningu skattayfirvalda og stjórnvalda um það að þau verðskuldi þann sess. Það sem á ensku er kallað „taxexempt status". Mér er ekki kunnugt um það að við séum með slíkt kerfi hér hjá okkur en að skattayfirvöld gefi formlega út og samtök sæki nákvæmlega um það eða stofnanir, öll þau sem þessara greiðslna hafa notið. Þess vegna var það álit þeirra sem starfa í skattakerfinu að vegna þess að þeir hefðu ekki aðstöðu til þess að vega og meta hvort í raun og veru væri rétt með farið og rétt frá skýrt væri þarna hugsanlega um undansláttarmöguleika að ræða sem að þeirra dómi væri eðlilegast að loka. Ég nefni þetta sem dæmi um það að þarna er verið að meta veruleika sem enginn veit kannski nákvæmlega hvernig er og álit eins getur verið með eðlilegum hætti annað en þess sem mat í fyrstu. Ég tel að mörgu leyti eðlilegt að hv. nefnd skoði þetta ákvæði rækilega og ræði við þá sem framkvæmd skattalaganna hafa annast á þessu sviði og síðan verði það metið af Alþingi hvort menn telja ástæðurnar vera það ærnar að þetta ákvæði verði látið gilda eða hvort menn vilja setja einhverjar skýrari reglur þar sem menn tryggja það að eðlilegir styrkir til mikilvægrar menningarstarfsemi séu ekki veittir undir yfirskini lagaákvæða af þessu tagi öðrum sem á engan hátt er hægt að flokka undir þann vettvang. Þannig er það auðvitað líka með ýmislegt annað sem hér hefur verið rætt í þessari umræðu að að mörgu leyti er auðveldara að fjalla um það þegar hv. fjh.- og viðskn. hefur haft tækifæri til þess að skoða rækilega þau gögn og þau álit sem liggja að baki þessum breytingum.

Ég vil hins vegar víkja hér í örstuttu máli að fáeinum atriðum og þá fyrst nefna það að samkvæmt opinberum skýrslum OECD eru aðeins þrjú lönd OECD-ríkjanna með lægra skatthlutfall af landsframleiðslu en Ísland, þ.e. Spánn, Portúgal og Tyrkland. Ég held að það sé rétt þegar við erum að meta skatta í þessu landi að gera okkur grein fyrir því að nánast öll þau lönd sem við viljum helst bera okkur saman við, bæði Norðurlönd, Vestur-Evrópulönd og fleiri, hafa talið nauðsynlegt að hafa hátt skatthlutfall af landsframleiðslu til þess að standa undir sambærilegri velferðarþjónustu og við búum hér við. Ég vil einnig geta þess að ráðgjafar OECD hafa hvað eftir annað bent íslenskum stjórnvöldum á það að skynsamlegra væri frá hagstjórnarlegu tilliti að auka hlutfall beinna skatta í okkar skattheimtu vegna þess að það væri að þeirra dómi of lágt. Ég skal ekki hér kveða upp dóm yfir þessari ráðgjöf. Eins og við vitum eru mismunandi skoðanir á því hvað ráðgjöf frá OECD-stofnuninni sé skynsamleg, en engu að síður er það staðreynd að sérfræðingar og stjórnendur þessarar mikilvægu stofnunar hafa hvað eftir annað vakið athygli íslenskra sérfræðinga og stjórnvalda á því að við værum með óeðlilega lágt hlutfall beinna skatta út frá hagstjórnarlegum og öðrum slíkum sjónarmiðum.

Þá hefur einnig borið á góma í þessari umræðu að þær breytingar sem hér eru lagðar til feli ekki í sér nægilega mikinn persónuafslátt eða barnabætur og hafa menn þá viljað miða það við ákvæði um lánskjaravísitölufylgni sem sett var á sínum tíma. Ég vil í því sambandi ítreka það, sem ég held að ég hafi vikið að í minni framsöguræðu, að eftir ítarlega athugun töldu menn óeðlilegt að fastbinda persónufrádráttinn með þessum hætti eins og gert var áður vegna þess að það drægi úr þeim möguleikum að spila saman skattprósentu, persónuafslætti og barnabótum til þess að laga skattkerfið að þeim tekjujöfnunarmarkmiðum sem menn vildu hafa. Þess vegna væri eðlilegt að ákveða þetta hverju sinni út frá þeim meginsjónarmiðum sem ríkjandi væru á þinginu á hverju ári. Eins og ég benti á í framsöguræðu minni, og vil ítreka hér, þá er með hærra prósentuhlutfalli hægt að ná meiri persónuafslætti og barnabótum og nálgast þannig það sjónarmið sem sumir hv. alþm. hafa sett hér fram og gagnrýnt

frumvarpið fyrir að fullnægja ekki nægilega. Á því hefur ekki verið nein launung af minni hálfu eða annarra sem að þessu frumvarpi standa að vilji menn ráða bót á því sem þeir hafa bent á sem vankanta í þessu frumvarpi, þá er hægt að gera það með því að hækka prósentuna og verja þeim fjármunum í þessu skyni. Þetta er atriði sem ég held að sé rétt að hv. þingnefnd skoði vel og rækilega áður en frumvarpið kemur þar endanlega til afgreiðslu.

Einnig hefur verið sagt að í talnaupplýsingum frumvarpsins væru fólgnar ákveðnar blekkingar með því að birta eingöngu tölur yfir tekjuskatt en ekki útsvar. Samkvæmt þeim upplýsingum sem unnar hafa verið í ráðuneytinu bendir margt til þess að í mjög mörgum tilfellum komi þetta betur út ef útsvarið er tekið með inn í myndina. Má í því sambandi nefna dæmi af hjónum með 120 þús. kr. tekjur en hjá þeim er lækkunin meiri þegar útsvarið er tekið með inn í myndina og hjá hjónum með yfir 150 þús. kr. tekjur er hækkunin minni þegar útsvarið er tekið með inn í myndina. Þess vegna held ég að þetta sé atriði sem gott er fyrir menn að skoða rækilega í nefnd, en óþarfi að vera að togast á um það hér í ræðustól. Það er betra að hafa öll gögn við hendina þannig að hver og einn geti litið yfir það og sannfærst þá af þeim talnagrunni sem fram er lagður.

Sama gildir um ýmislegt sem sagt hefur verið um skattlagningu fyrirtækjanna. Ég held að það sé þess eðlis að betra sé að skoða það að lokinni meðferð í nefnd. Þar á ég t.d. við að það sé rangt að segja að skatthlutfallið hjá fyrirtækjunum hækki bara um 2%, sem m.a. kom fram hjá hv. þm. Geir H. Haarde. Hann benti á lækkun á fjárfestingarsjóðsheimildinni í því sambandi. Það er rétt að vekja athygli á því að það eru alls ekki öll þessi fyrirtæki sem nýta þessa heimild, líklegast ekki nema um þriðjungur fyrirtækja sem gera það, þannig að jafnvel þó að þetta væri rétt, sem hv. þm. hélt fram, sem ég tel að sé ekki, þá ætti það ekki við nema lítinn hluta fyrirtækjanna.

Þannig er hægt að nefna fjölmörg önnur atriði. Ég vil í þriðja lagi víkja á sama hátt að fullyrðingum sem hér hafa komið fram um fjölda einstaklinga og skattgreiðenda sem muni lenda í þessu sérstaka háeignaþrepi sem lagt er til í þessu frumvarpi. Það hefur verið framkvæmd gróf athugun á því hvernig þetta skiptist og þær tölur sýna það að þessi hópur er, eins og ég nefndi, í kringum 5–6 þúsund manns. Þar af eru hjón rúmlega 2000 og einstaklingar rúmlega 1800, einstæð foreldri aðeins 138. Í nefnd er þannig hægt að fá ákveðna sundurgreiningu á því hvað í þessu felst svo að menn geti betur séð þá þjóðfélagshópa sem hér um ræðir.

Auðvitað er það þannig að æskilegt væri að hafa ítarlegri og betri greinargerð yfir eignaskiptinguna í okkar landi og skuldastöðu og eignastöðu bæði einstaklinga og fyrirtækja og geta þá skoðað þetta betur. Þær upplýsingar liggja auðvitað fyrir að nokkru leyti og er sjálfsagt að þær verði til reiðu fyrir viðkomandi þingnefnd.

Hér hefur einnig verið varpað fram ýmsum hugmyndum, t.d. af hv. þm. Þórhildi Þorleifsdóttur, sem ég tel sjálfsagt að taka til skoðunar og athugunar og sjá hvernig hægt er að vega og meta. Ég tek undir þá athugasemd hennar að það skattalega hugtak, skuldlaus eign, sem hér er lagt til grundvallar þarf ekki endilega að veita rétta mynd af því sem eðlilegt væri að menn greiddu til samfélagsins, þar þarf að gæta að ákveðnu samhengi. En eins og ég sagði í inngangsræðu minni eru ýmis rök sem mæla með því að taka upp sérstakt skattþrep þó að ýmsir séu á annarri skoðun.

Enn fremur, þó að það hafi nú ekki verið vikið mikið að því í þessari umræðu, getur auðvitað komið til greina að skoða betur þau aldursmörk barna og unglinga sem miðað er við í tekjuskattslögunum og á ég þar bæði við neðri og efri mörkin. Það er þáttur sem væri einnig mjög fróðlegt að skoða nánar.

Hv. þm. Þórhildur Þorleifsdóttir vék að því að um 900 millj. kr. væri varið í ferða- og risnukostnað á vegum ríkisins. Ég þori nú ekki að fullyrða hvort það er rétt tala, ég hef ekki þær upplýsingar hér við höndina. Ég veit hins vegar að það eru mjög háar upphæðir. Það er m.a. þess vegna sem í samvinnu við fjvn., sérstaklega formann hennar, hefur verið unnið að tillögum sem væntanlega verða kynntar hv. Alþingi innan fárra daga um sérstakan niðurskurð á þessum kostnaðarlið upp á 250 millj. kr. Það er satt að segja allvæn upphæð og verður ekki framkvæmd að mínum dómi nema með því að setja sérstakan kvóta á einstök ráðuneyti og ríkisstofnanir sem þau verða að halda sig innan hvað þessi útgjöld snertir og fá þá ekki meir ef öllum þeim peningum hefur verið varið áður en árið er á enda. Það atriði á kannski betur heima í umræðu um fjárlagafrv., bæði við 2. og 3. umr. þegar um það verður fjallað hér.

Hvað aukafjárveitingar snertir hef ég hugsað mér að vinna að kynningu þeirra með eðlilegum hætti og kynna þær fjvn. á sínum tíma og tel ég eðlilegt að svo sé gert.

Ég vænti þess, virðulegi forseti, að ég hafi þá vikið að flestöllu því sem ég tel rétt á þessu stigi að reifa beint í framhaldi af þessari umræðu, en endurtek það sem ég sagði í upphafi ræðu minnar að auðvitað kom mjög margt fram í þessum ræðum sem ástæða væri til að ræða nánar. Það gefst e.t.v. tími til þess síðar þegar allir hv. þm. hafa haft tækifæri til að skoða málið betur og við getum borið saman bækur okkar, bæði á grundvelli þess undirbúnings sem fram fór í ráðuneytinu og þeirrar könnunar sem hv. þm. hafa framkvæmt.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. taldi sig hafa svarað öllu sem til hans var beint. Ekki er það nú svo. Hann svaraði t.d. ekki þeirri spurningu hvort það væri réttur skilningur á 19. gr. frv. að hæsta eignarskattsþrepið væri 2,7%. Vill hann kannski svara því? (**Fjmrh.:** Það er 2,7.) Það er 2,7%. (**Fjmrh.:** Já.) Ég

hef verið að spyrjast fyrir um að hér meðal einstakra manna úr stjórnarliðinu hvort þetta hafi verið sá skilningur sem þeir hafa lagt í þessa grein. Og þó að það sé ekki mitt að skýra frá því, þá hafa þeir nú flestir hverjir komið af fjöllum að því er varðar þessa túlkun, enda segir greinin allt annað. En við skulum bara fjalla um það í nefndinni og stjórnarliðar verða auðvitað að gera það upp í sinn hóp hvernig þeir vilja hafa þessa grein. Við getum þá í nefndinni tekið hana til athugunar.

Út af gjöfum til menningarmála sem ég og fleiri höfum vakið athygli á, þá undraði mig nokkuð að viðskrh. sá ekki ástæðu til að svara þeim spurningum, sem ég beindi til hans af því tilefni, þegar hann tók hér til máls og ræddi fyrirspurnir sem til hans hafði verið beint. Spurningin sem ég beindi til hans var sú: Hvað hefur breyst að því er Alþfl. varðar frá því í fyrra? Vegna þess að þá beitti formaður Alþfl. sér fyrir því með kjafti og klóm að koma þessari grein inn í lögin, sem áður hafði fallið út fyrir misgáning, að taka frádráttarheimildina inn í lögin á nýjan leik. En hæstv. viðskrh. sá ekki ástæðu til þess að svara því, enda þykist ég vita að hann hafi engin svör við því.

Hitt er svo annað, að hæstv. fjmrh. vék að nauðsyn þess að gefa út reglur um það með hvaða hætti farið er með þessa heimild um frádrátt vegna gjafa til menningarmála. Mætti ég þá ekki benda hæstv. ráðherra á reglugerð nr. 748/1983, um frádrátt vegna gjafa til menningarmála, sem er birt í ágætu hefti þar sem saman eru tekin lög um tekjuskatt og eignarskatt ásamt fleiri skyldum lögum og reglugerðum. Þar er einmitt nákvæmlega tíundað hver skilyrði eru fyrir því að stofnanir, sjóðir og félög geti tekið á móti slíkum gjöfum þannig að þær séu skattfrjálsar hjá gefandanum, hvaða málaflokkar það eru, hvers konar kvittanir þurfa að vera o.s.frv. Þetta er því auðvitað til, en það má vel vera að það þurfi eitthvað að gera þetta ítarlegra. Ég er alveg til í að taka þátt í slíku starfi gegn því að ákvæði sem þetta fengi að halda sér í lögunum. Það er hlutur sem e.t.v. mætti ræða í nefndinni, en ef ráðherra var ekki um það kunnugt, þá var þessi reglugerð til og birtist á bls. 83 í þessari merku bók sem ég hef undir höndum.

Ég skal ekki lengja þetta, herra forseti. Ég vildi þó aðeins í lokin vekja athygli á því sem ég reyndar kom að í ræðu minni og ýmsir aðrir, og því svaraði fjmrh. engu, en það er að skattleysismörkin lækka við þetta frv. frá því sem ella hefði verið með núgildandi lögum. Á þetta er bent í frétt í DV í dag og ég sé ekki betur en að þær tölur sem þar eru birtar séu alveg réttar, að persónuafsláttur miðað við frv. sé lægri en hann ella hefði verið að óbreyttum lögum.

Ég tek undir spurningu hv. þm. Stefáns Valgeirssonar: Er það þessi stefna sem alþm. vilja beita sér fyrir? Ég tek undir þá spurningu máttarstólpa ríkisstjórnarinnar og tel að hún hafi átt rétt á sér hér í umræðunum. En það kom bara ekkert svar við henni. Hæstv. ráðherra vék sér undan því að svara þessu og hafði þar með þær fyrirspurnir að engu.

Hitt er svo annað mál, og það snertir töflurnar með þessu frv., að þó að það sem þar er birt sé rétt svo langt sem það nær, þá sný ég ekki til baka með það að það er villandi að birta þessar töflur á meðalverðlagi næsta árs þegar allt frv. er á desemberverðlagi þessa árs. Ef maður reiknar þetta út nákvæmlega eins og hlutirnir standa, miðað við þetta desemberverðlag, þá kemur eilítið annað út úr þessu. Ef um er að ræða þennan margf[illegible]ga einstakling með 60 þús. kr. tekjur á mánuði, þá greiðir hann samkvæmt frv. 4645 kr. í samanlagðan tekjuskatt og útsvar, en hefði greitt samkvæmt núgildandi lögum 3278 kr. Þarna er um að ræða hækkkun upp á 1367 kr. Það er líka villandi eins og ég gat um, þó að það sé ekki rangt, að gefa það í skyn með tölum sem þessum að viðkomandi aðili þurfi ekkert að greiða í útsvar. Hann gerir auðvitað engan greinarmun á því sem af honum er tekið í staðgreiðslu, hvort það rennur til ríkisins eða sveitarfélagsins, vegna þess að að er gert í einni og sömu greiðslunni. Það er ekki til þess að auðvelda mönnum að bera þetta saman við sínar eigin skattgreiðslur og sína eigin launaseðla að taka þarna eingöngu tekjuskattinn. En ég vildi ítreka það, eins og ég hef sagt, að taflan sem slík er rétt, en hún er hins vegar villandi af þessum tveimur ástæðum.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Það vakti athygli að þegar hæstv. fjmrh. mælti fyrir þessu frv. fór hann á hundavaði yfir efni þess í fáum orðum, en eyddi því lengri tíma til þess að ræða frv. sem ekki hefur verið flutt. Því vakti það kannski enn meiri furðu að í síðari ræðu hæstv. ráðherra skyldi ekki koma frekari greinargerð af hans hálfu fyrir því frv. sem hæstv. ríkisstjórn hefur hér lagt fram.

Hæstv. ráðherra vék enn einu sinni að þeirri staðhæfingu að skattar á Íslandi væru býsna lágir, eða þriðju lægstu innan landa OECD. Þetta hefur verið notað oft upp á síðkastið sem rökstuðningur fyrir skattheimtu ríkisstjórnarinnar og er nú enn einu sinni dregið fram. Í vikuritinu Vísbendingu, sem fjallar um viðskipta- og efnahagsmál, var einmitt fjallað um þessa staðhæfingu fyrir skömmu og þar var vakin athygli á að óbeinir skattar eru miklu hærri hér en í OECD-löndunum, eða um 70% af ríkistekjunum á móti 30% þar. Bent er á það í tímaritinu að vegna þess að óbeinir skattar reiknast sem hlutfall af landsframleiðslu skekkist þessi samanburður verulega þar sem nefnarinn í hlutfallinu fyrir Ísland reynist stærri en hinna landanna og dregur þar með úr hlutfallslegu vægi skatta. Auðvitað er þetta rétt ábending og þetta þarf að leiðrétta. Niðurstaða ritsins er að þegar tekið hefur verið tillit til þessa er Ísland ekki þriðja lægsta skattheimtulandið heldur tíunda hæsta skattheimtulandið. Að þessu ætti hæstv. ráðherra að huga áður en hann notar þessa röksemd oftar, svo ég tali ekki um áður

en honum dettur í hug að hækka skattana enn meira. Rétt er að ítreka að ljóst er að hann hefur tekið við allri verkstjórn, frumkvæði og forustu um stjórn efnahags- og atvinnumála í landinu og Framsfl. sem fékk það ráðuneyti hefur greinilega afsalað því hlutverki til hæstv. fjmrh. Ef hæstv. ráðherra ætlar að halda þessari stefnu áfram verður þetta að svikamyllu sem kallar á minni umsvif, færri fyrirtæki stunda framleiðsluna vegna þess að þau fara smám saman á höfuðið, tekjur einstaklinga verða lægri og alltaf þarf að hækka skattana af minni og minni gjaldstofni. Áður en þessu heldur áfram ætti hæstv. ráðherra að hugsa sig nokkuð um.

Því verður auðvitað ekki á móti mælt að þær töflur sem fylgja frv. eru verulega villandi bæði að því er varðar framreikning yfir á meðalverðlag næsta árs, eins og hv. 17. þm. Reykv. bendir á, og eins vegna þess að þar eru heildarskattgreiðslur, tekjuskattur og útsvar, ekki teknar saman svo sem eðlilegt er og staðgreiðslukerfið gerir ráð fyrir. Hæstv. ráðherra hefur í engu svarað því að allt það sem hann hefur sagt um hækkun persónuafsláttar hefur við engin rök að styðjast. Hann hefur lýst því yfir í þinginu og í fjölmiðlum að hann sé með frv. að hækka persónuafsláttinn. Þegar frv. er svo lesið kemur í ljós að hann er að lækka persónuafsláttinn og hefur sagt ósatt bæði hér í þinginu og í fjölmiðlum. Þess vegna er ástæða til þess að ítreka spurninguna og spyrja: Gerði hann þingflokkum ríkisstjórnarinnar og þingflokki Jafnréttis og félagshyggju einnig grein fyrir þessu? Það er ástæða til þess að inna eftir því hvort hæstv. ráðherra hafi gert þingflokkunum grein fyrir því hvort persónuafslátturinn sé ekki að hækka heldur að lækka.

Hæstv. viðskrh. hefur nú tekið um sinn við forustu Alþfl. vegna þess að formaður Alþfl. treystir sér ekki til að vera við umræður á Alþingi um þessar mundir þar sem verið er að hafa endaskipti á öllu sem hann hefur boðað og staðið fyrir, hvort sem það er í efnahagsmálum, atvinnumálum eða skattamálum. Hæstv. viðskrh. hefur tekið að sér að axla þá ábyrgð fyrir Alþfl. að leiða þessi umskipti. Fyrir nokkrum vikum síðan var það fráfararatriði í samstarfi Alþfl. og Sjálfstfl. að Sjálfstfl. lagði til að skattur á matvæli yrði lækkaður. Til þess að ekki hallaði á ríkissjóð var Sjálfstfl. tilbúinn til þess að hækka tekjuskatt þannig að breytt væri um skatta en heildarskattheimtan í landinu hækkaði þó vegna minnkandi niðurgreiðslna. Þá sagði Alþfl.: Þetta getum við ekki gert, við getum aldrei staðið að hækkun tekjuskatts nema að hækka persónuafsláttinn. Það var gert að fráfararatriði að ekki væri hægt að standa að hækkun á tekjuskatti nema að persónuafslátturinn hækkaði verulega. Nú hefur formaður Alþfl. hlaupið úr landi af því að hann getur auðvitað ekki staðið á Alþingi og varið það að nú örfáum vikum seinna ætlar Alþfl. að gera það að hugsjón sinni að hækka tekjuskattinn en lækka persónuafsláttinn, ekki láta hann standa í stað heldur lækka hann. Það eru þessi umskipti sem formaður Alþfl. er að flýja en hefur falið hæstv. viðskrh. að leiða fyrir hönd flokksins hér inn á þingið.

Hæstv. fjmrh. gerði enga grein fyrir því hvort hann hefði kynnt þingflokkum stjórnarinnar að nú ætti að gjörbreyta þeirri tryggingu sem staðgreiðslukerfið gerði ráð fyrir, þ.e. að skattfjárhæðir í frv. væru endurskoðaðar samkvæmt lánskjaravísitölu tvisvar á ári. Nú ætti einu sinni á ári að láta skattvísitölu sem ríkisstjórnin ákveður með handafli inni í fjárlögunum ráða þessum breytingum með þeirri afleiðingu sem ríkisstjórnin sjálf hefur kynnt, þ.e. að persónuafslátturinn lækkar. Með því er verið að veikja stöðu skattborgaranna en styrkja stöðu skattheimtumannanna. Var þetta kynnt? Getur verið að Alþfl. hafi kyngt þessu eftir ítarlegar umræður og alvörukynningu af hálfu fjmrh.? Er það hugsanlegt?

Hæstv. ráðherra svaraði engu um hvaða lánskjaravísitölu átt er við í frv. Stjórnarflokkarnir hafa opinberlega boðað tvær lánskjaravísitölur á næsta ári. Ég innti hæstv. fjmrh. eftir því hvort rétt sé að hann hafi boðið lífeyrissjóðunum viðskipti um spariskírteini með óbreyttri lánskjaravísitölu þannig að ríkisstjórnin verði með þrjár lánskjaravísitölur í gildi á næsta ári. Um þetta var spurt og við því fengust engin svör.

Það er ástæðulaust á þessu stigi að fara frekari orðum um frv. Ástæða væri þó til að ræða t.a.m. með ítarlegri hætti ýmsar greinar og efnisatriði eins og fráhvarfið frá frádrætti á framlögum til menningarmála. Var það atriði kynnt og rætt í þingflokkum stjórnarinnar? Er það svo að þeir hafi samþykkt þetta? Auðvitað þarf að fá skýr svör við þessu. En í hv. fjh.- og viðskn. verður auðvitað unnið ítarlega að málinu svo að svo stöddu ætla ég ekki að hafa um það fleiri orð.

Albert Guðmundsson:

Virðulegur forseti. Ég hélt satt að segja að þessum umræðum væri u.þ.b. að ljúka þegar hæstv. fjmrh. hélt aðra miklu lengri ræðu í lokin en ég gerði ráð fyrir og sem gaf tilefni til þess að menn báðu um orðið á ný. Það minnti mig á sögu sem ég heyrði alveg nýlega. Það getur vel verið að hæstv. fjmrh. vilji gjarnan heyra hana. En sagan er þannig að hér á landi var erlendur maður, bissnessmaður svokallaður, á einu hótelanna og beið eftir íslenskum kunningja sínum og horfði á sjónvarp á meðan. (**Gripið fram í:** Búinn að heyra hana oft þessa.) Búinn að heyra hana oft, en það er gott að fá hana skráða því að hún á vel við. Maðurinn skipti um stöðvar, þ.e. Stöð 1 og Stöð 2, og sá alltaf sama manninn og spurði hvort hér væri engin samkeppni á milli sjónvarpsstöðva. „Jú, jú, hér er mjög mikil samkeppni á milli stöðvanna," var þá svarað. En þá spyr hann: „Hvers vegna nota þeir þá sama þulinn?", vegna þess að sami maðurinn var alltaf á báðum stöðvum. Þessi maður var hæstv. fjmrh. Hann talar og talar og það er út af fyrir sig ágætt.

Ég hjó eftir því að hæstv. fjmrh. gat þess áðan að hann hefði hugsað sér að kynna aukafjárveitingarnar fyrir fjvn. Ég saknaði nefnilega aukafjárveitinganna þegar fjárlögin voru lögð fram og eins hvernig þær voru kynntar sem ein upphæð fyrir hvert ráðuneyti. Þegar ég var fjmrh. lagði ég fram frv., sem varð að lögum, þar sem lögð voru fram, eins og fjmrh. ber, fjárlög, lánsfjárlög og aukafjárveitingar sundurliðaðar og áætlun fjárlaga þrjú ár fram í tímann. Ekkert af þessu hefur verið gert nema þá að fjárlögin sjálf hafa verið lögð fram og að vísu ósundurliðuð aukafjárlög og lánsfjárlög, sem ég held að ég megi segja að verði ekki samþykkt um leið og fjárlögin eins og lög gera ráð fyrir. Það bendir að sjálfsögðu til þess að hvorki er samkomulag um tekjuhlið fjárlaga, sem við höfum verið að ræða í dag, né heldur gjaldahliðina. En ég vil benda á, sem ég hef áður gert, að það er ekki nema eðlilegt að eitthvað fari úr skorðum.

Ég benti á það á iðnaðarnefndarfundi í morgun að slík væri ringulreiðin í stjórnun á þessu blessaða landi að það hefðu sex iðnaðarráðherrar farið með stjórn á síðustu fimm árum og hver með sína stefnu. Gott ef þeir eru ekki a.m.k. þrír til fimm, ég hef að vísu ekki talið það, en alla vega hafa fimm menn gegnt stöðu fjmrh. Á þeim tíma sem ég var fjmrh. var stefnan sú að leggja niður tekjuskattinn með öllu og við skárum niður 600 millj. kr. af 2400 millj. kr. sem þá átti að innheimta. Nú er stefnan að auka skattheimtuna á öllum sviðum.

Ég ætla ekki að hefja þessar umræður á ný. Við þingmenn Borgfl. höfum verið nokkuð hóflegir í dag, lítið tekið til máls og lítið tafið tímann en hlustað þeim mun meira. Við ættum því að skilja betur en margur annar ástæðuna fyrir þeim gríðarlegu sköttum sem nú er ætlað að leggja á þjóðina. Ég verð þó að segja alveg eins og er að það sem mér er efst í huga er að biðja hæstv. fjmrh. að vera ekki svona vondur við fólkið. Biðja hann að athuga hvort ekki sé hægt að minnka eitthvað þessa skattheimtu með því að draga í land með útgjöldin vegna þess að ég held að forsendur fjárlaganna með þessari gríðarlegu hækkun á útgjaldahlið séu rangar. Þegar fjárlög sem eru í bígerð og samin með ákveðinni verðbólguforsendu en breytast ekkert í niðurstöðum þó verðbólgan fari niður í núll, eins og hún er sögð vera núna, hlýtur það alla vega að benda til þess að svo sé. Vextirnir hafa lækkað en þrátt fyrir það er reiknað með ákveðnum vaxta- og fjármagnskostnaði í fjárlögunum. Með því að endurskoða forsendur fjárlaga trúi ég að útgjaldahliðin geti lækkað og þar með skattar. Ég bið hæstv. fjmrh., af því að ég veit að það er áhugamál fjmrh. yfirleitt, að vinna þannig að skattarnir þurfi ekki að vera hærri en nauðsyn krefur.

Öll vinnubrögð eru svo framandi í sambandi við fjárlagagerðina, framlagninguna og bæði útgjalda- og tekjuhliðina. Hvernig þetta er rætt á göngum Alþingis og hvernig það er rætt í sölum Alþingis er allt svo framandi miðað við það sem hefur verið unnið í þau 14 ár sem ég hef verið hér. Það er einnig alveg ljóst að vinnubrögðin við gerð fjárlaga í meðferð ríkisstjórnarinnar hafa ekki verið hefðbundin. Það gefur tilefni til að ætla að ekki sé samstaða í ríkisstjórninni því venjulega er bæði samstaða í ríkisstjórn og í þingflokkunum. Ef þessi samstaða væri fyrir hendi værum við nú að ræða fjárlög og lánsfjárlög í afgreiðslu á lokastigi. Að sjálfsögðu verður að taka til greina að fjmrh. hefur haft tiltölulega lítinn tíma miðað við aðra fjmrh. til þess að undirbúa þetta mikla mál, því þetta er nú eitt af stærstu málum sem þingið afgreiðir árlega.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Úr því að fjmrh. lét þess getið úr ræðustól áðan að hann mundi kynna aukafjárveitingarnar fyrir fjvn. óska ég eftir því, hæstv. fjmrh., að farið verði að þeim lögum sem eru í gildi og þessi listi lagður fyrir Alþingi. Ég gerði það og að sjálfsögðu tók það þó nokkra umræðu á þeim tíma. Ég lá undir vissri ádeilu frá ýmsum fyrir ýmsar aukafjárveitingar sem ég afgreiddi, en að sjálfsögðu afgreiðir ekki fjmrh. aukafjárveitingar nema hann telji það rétt og hann fer eftir samvisku sinni hverju sinni. Ég lá þá undir ádeilu fyrir ýmislegt. Sérstaklega er mér minnisstætt framlag til kvennasamtaka hér á Vesturgötu 3. Ég vildi gjarnan að fjmrh. kynnti þennan lista fyrir Alþingi eins og á að gera en ekki aðeins fyrir fjvn.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegur forseti. Örfá orð vegna ummæla hv. 1. þm. Suðurl. um breytingar á tekjuskatti einstaklinga og á persónuafslætti. Mig langar til þess að láta það koma fram að í tillögum sem hv. 1. þm. Suðurl. og Sjálfstfl. gerðu í september um breytingar á tekjuskatti einstaklinga fólst 2% hækkun á skatthlutfallinu, líklega óbreytt skattleysismörk, 45.700 kr. á mánuði, að persónuafslátturinn hækkaði úr 16.092 kr. í um það bil 17 þús. kr. Í því frv. sem við ræðum hér í dag er persónuafslátturinn 17.675 kr.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Af því að ég spurði hæstv. fjmrh. svo einfaldrar spurningar að mér fannst það svona hálffúlt að fá ekki svar: Ef einhver frænka hans arfleiddi hann að sjoppu upp á 12 millj., hvað tæki langan tíma fyrir ríkissjóð að hirða sjoppuna af honum? Og eins með íbúð upp á 12 millj., hvað tekur það langan tíma að hirða hana af honum sjálfum í þessu dæmi? Finnst honum það standast eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar að gera eigur upptækar með þessum hætti? Og ég vil fá rökstutt svar við því ef honum finnst það í lagi.

Ég hef áður spurt í sambandi við gengisskráninguna. Ég vildi gjarnan að hæstv. viðskrh. svaraði því hvaða forsendur hann hefur fyrir því að geta skráð gengi krónunnar eins og gert er í dag og haft eigið fé af fyrirtækjum í útflutningsframleiðslu með þeim hætti sem gert er. Getur ríkisstjórn ákveðið að skrá gengi krónunnar bara einhvern veginn af því að henni sýnist svo þvert ofan í lög og gert eigur

fyrirtækja upptækar? Vill hann gjöra svo vel og rökstyðja þetta fyrir mig? Hvað á þessi eignaupptaka að ganga langt? Það þýðir ekkert að segja að fyrirtækin skuldi erlendan gjaldeyri og að ekki megi fella gengið þess vegna, vegna þess að ef þau skulda 1000 dollara og framleiða fyrir 1000 dollara er það óbreytt staða eftir gengisfellingu, en allir innlendir kostnaðarliðir lækka í erlendum gjaldeyri mælt. Hvað á að ganga langt í að ræna þessi fyrirtæki eigum sínum? Ég vil fá svör við þessum spurningum.

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Aðeins út af því sem kom hér fram hjá hv. 5. þm. Reykv., þá ætla ég að vekja athygli á því að á bls. 387 til og með bls. 391 í fjárlagafrv. eru birtar útgefnar fjárheimildir frá 1. jan. til 30. sept. 1988, þ.e. sundurliðaðar allar aukafjárveitingar á þeim tíma, hver og ein niðurgreind á viðfangsefni og ráðuneyti og tilgreind upphæðin þannig að það er einhver misskilningur hjá hv. þm. ef hann heldur að þessar upplýsingar komi ekki fram í frv. Honum hefur þá skotist yfir að kynna sér þær í því frv. sem dreift var til okkar allra þegar fjárlagafrv. var lagt fram af hæstv. ríkisstjórn. Hér eru allar þessar upplýsingar sem hv. þm. bað um.

Því til viðbótar vil ég taka fram að 15. nóv. sl. að mig minnir fremur en þann 14. upplýsti fjmrh. fjárveitinganefndarmenn um allar þær aukafjárveitingar sem höfðu verið veittar frá 30. sept. 1988 og til þess tíma. Allir þingflokkar eiga fulltrúa í fjvn. og þannig gafst öllum þingflokkum kostur á að kynna sér lista þann yfir aukafjárveitingar sem hæstv. ráðherra gaf upplýsingar um þá. Ég vil hins vegar hvetja hv. þm. til þess að kynna sér þær upplýsingar sem fram koma í prentuðum þingskjölum hér á hinu háa Alþingi.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu, en það er alveg rétt, ég gleymdi að svara þessu með frænkuna. Því miður bý ég ekki svo vel að eiga að slíka ágæta frænku sem væri eigandi að arðvænlegri sjoppu, (**MÁM:** Það getur alltaf komið fyrir.) en eins og fyrrv. fjmrh. Matthías Á. Mathiesen greip hér fram í, þá getur það alltaf komið fyrir og enginn veit nú ættmenn sína alla þannig að erfitt er að átta sig á þessu. Hitt get ég fullyrt að yrði ég svo heppinn að erfa þessa sjoppu yrði hún örugglega rekin með svo miklum hagnaði að ég gæti með glöðu geði greitt af henni skatta, bæði af sjoppunni sjálfri og þessu einbýlishúsi sem hv. þm. tók hér sem dæmi. (**KrP:** Það er ekki svar við spurningunni. Þetta er bara útúrsnúningur.)

Albert Guðmundsson:

Virðulegur forseti. Þær aukafjárveitingar sem hv. formaður fjvn., 5. þm. Vestf., benti á og las upp dagsetningar á, útgefnar fjárheimildir frá 1. jan. til 30. sept. 1988 sem allir þm. hafa að sjálfsögðu kynnt sér, ná ekki yfir það tímabil sem ég skildi að hæstv. fjmrh. ætlaði að kynna fyrir fjvn. Ég hélt að það væru nýjar aukafjárveitingar sem hefðu átt sér stað í tíð þessarar ríkisstjórnar því að þessi ríkisstjórn tekur við akkúrat um það bil sem — 28. sept. held ég. Er það rétt munað? (**Fjmrh.:** Jú, það er rétt.) Það er rétt, já, þannig að þessar fjárveitingar í fjárlagafrv. sem virðulegur formaður fjvn. benti mér á, og átti að vera svona til að sýna hvað ég hefði lesið þetta illa og kynni nú mínar lexíur illa, eru bara alls ekki það tímabil sem ég gerði ráð fyrir að núv. hæstv. fjmrh. ætlaði að kynna fjvn. Ef það er því rétt skilið, ef það er rétt sem hæstv. fjmrh. sagði hér úr ræðustól og varð til þess að ég stóð upp, ég hafði nú alls ekki ætlað mér að gera það, og hann ætlar að kynna fjvn. samkvæmt eigin orðum aukafjárveitingar, þá sínar aukafjárveitingar, óska ég eftir því að þær komi fyrir þingmenn almennt en ekki bara fjvn. Ef aftur á móti hæstv. ráðherra hefur verið að tala um þær aukafjárveitingar sem eru í frv. til fjárlaga þarf ég ekki hans aðstoð. Þá er ég með þær hér á milli handanna.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Aðeins örstutt athugasemd vegna ræðu hæstv. viðskrh. Hún var athyglisverð og langt fyrir neðan virðingu hans sem hagfræðings og ekki bara sem hagfræðings heldur manns sem er ekki bara hæstv. viðskrh. heldur líka forstjóri Þjóðhagsstofnunar og heldur því embætti og ber hér saman vísitölutengdar tölur á tveimur ólíkum vísitölutímabilum. Lægra er nú ekki hægt að leggjast í villandi samanburði.

Ef persónuafslátturinn gilti eins og við lögðum til væri hann tæpar 19 þús. kr. í dag en er rúmar 17.600 kr. samkvæmt tillögum Alþfl. núna. Staðreyndir málsins eru þær að Sjálfstfl. lagði til lækkun á matarskatti, hækkun á tekjuskatti á móti og óbreyttan persónuafslátt. Hann átti að halda áfram óbreyttur og vera tengdur lánaskjaravísitölu. Nú hefur Alþfl. ekki einasta fallist á að hækka tekjuskattinn, heldur líka að lækka persónuafsláttinn með því að tengja hann svokallaðri skattvísitölu sem ríkisstjórnin ákveður einhliða en hverfa frá lánskjaravísitölutengingunni. Það er þetta sem hefur gerst og niðurlæging Alþfl. í þessu efni stendur því enn og henni verður ekki breytt nema Alþfl. breyti um afstöðu og hverfi frá stuðningi við þetta frv.

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Ég er með í höndunum frv. til fjárlaga fyrir árið 1986. Það frv. var lagt fram af þáv. hæstv. fjmrh., núv. hv. 5. þm. Reykv. Albert Guðmundssyni. Á bls. 330 í því frv. til og með bls. 334 eru birtir listar yfir útgefnar aukafjárveitingar, 1. jan. til 30. sept. 1985, sem sé til nákvæmlega sama tíma eins og listi er birtur í greinargerð fjárlagafrv. fyrir árið 1989. Og það sem meira er, herra forseti, þessar upplýsingar eru settar upp nákvæmlega eins og í frv. til fjárlaga fyrir árið 1989. M.ö.o., hæstv. núv. fjmrh. birtir nákvæmlega sams konar upplýs-

ingar til nákvæmlega sama tíma og hæstv. páv. fjmrh., núv. 5. þm. Reykv., gerði svo að ég ítreka það enn, hæstv. forseti, að það er mjög þarflegt að menn kynni sér prentuð þingskjöl sem dreift er á borð allra þm.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins setja fram þá ósk að fulltrúar Sjálfstfl. í fjh.- og viðskn. legðu þar fram þær tillögur sem Sjálfstfl. lagði fram og hér hafa verið gerðar að umræðuefni. (Gripið fram í.) Ja, það dugir einn. Hann er góður, vel hæfur og fyllilega treystandi til þess að leggja þar fram þær tillögur sem Þorsteinn Pálsson, 1. þm. Suðurl., hæstv. páv. forsrh., lagði fram svo að þingheimur allur geti séð og skoðað þær tillögur sem hér hafa verið gerðar að umræðuefni og Sjálfstfl. lagði til fyrir rúmum tveimur mánuðum síðan.

Albert Guðmundsson:

Virðulegur forseti. Ástæðan fyrir því að ég bað um, og ég endurtek það í þriðja sinn, að fá fyrir þingmenn alla þann lista yfir aukafjárveitingar sem hæstv. ráðherra tilkynnti að hann ætlaði að kynna fyrir fjvn. og það hlýtur að vera eitthvað til viðbótar við það sem var í bókinni. Óðruvísi var óþarfi fyrir hann að tilkynna um einhvern lista yfir aukafjárveitingar.

Það er hins vegar út af fyrir sig ágætt að taka fram hér frv. til fjárlaga fyrir 1986. Þar kemur nefnilega fram að þrátt fyrir að ekki eru liðin nema tvö, við skulum segja þrjú ár — á þessum tíma voru lagðar niður 600 millj. af 2400 millj. tekjuskatti og endurgreiddar hátt á fimmta hundrað kr., sem urðu fyrir rest um 600 millj., á uppsöfnuðum söluskatti af sjávarútveginum, og þrátt fyrir það er í þessari bók 123 millj. kr. tekjuafgangur á fjárlögum, svo að ég þakka kærlega virðulegum formanni fjvn. fyrir að gefa mér tækifæri til að benda á þessa staðreynd sem hann flutti hingað inn í þessar umræður því að það eru ekki nema þrjú ár síðan endurgreiðsla upp á 1200 millj. kr. samtals, af tekjuskatti helmingurinn og hinn helmingurinn í endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti fyrir sjávarútveginn, var veitt, en það var samt sem áður tekjuafgangur. Hvað hefur skeð síðan?

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 29 shlj. atkv.

SAMEINAÐ ÞING

24. fundur, fimmtudaginn 15. des., kl. 10 árdegis.

Lánstraust Íslands erlendis, ein umr.

Fsp. GHH, 119. mál. — Þskj. 125.

Fyrirspyrjandi (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Það vakti óneitanlega verulega athygli fyrir nokkrum vikum þegar hæstv. forsrh. Íslands lýsti því yfir á fundi hjá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna að hann hikaði ekki við að segja að Íslendingar stæðu nær þjóðargjaldþroti en líklega nokkru sinni fyrr. Nú er það þannig að víðast hvar með menningarþjóðum þar sem menn taka mark á sínum þjóðarleiðtogum hefði yfirlýsing sem þessi eflaust vakið margar spurningar og haft veruleg áhrif bæði innan þess ríkis og út á við. Við Íslendingar eigum mikið undir því að álit okkar gagnvart öðrum þjóðum, ekki síst þeim sem hafa lánað okkur fé, rýrist ekki, allra síst að ástæðulausu og með yfirlýsingum sem ekki eiga rétt á sér.

Þegar þessi fsp. var samin hafði ég nokkrar áhyggjur af því eins og margir aðrir að með þessari yfirlýsingu sinni um yfirvofandi þjóðargjaldþrot gæti forsrh. rýrt það góða lánstraust sem Ísland hefur notið út á við og sem unnið hefur verið að hörðum höndum á undanförnum árum að byggja og sem t.d. hæstv. núv. viðskrh. hefur sjálfur átt ríkan þátt í að vinna að. Þess vegna hef ég leyft mér að beina þeirri spurningu til hans á því þskj. sem hér er til umræðu hvort hann hyggist láta kanna hver áhrif nefndrar yfirlýsingar forsrh. hafi á lánstraust Íslands erlendis og í öðru lagi hvort hann sé samþykkur þeirri yfirlýsingu að Íslendingar standi nær þjóðargjaldþroti en líklega nokkru sinni fyrr.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Til mín hefur verið beint tveimur spurningum. Svörin eru: Nei. Nei.

Fyrirspyrjandi (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég skil það mætavel að hæstv. viðskrh. skuli ekki telja mörgum orðum eyðandi að yfirlýsingum forsrh. um þjóðargjaldþrot og ég skil það mætavel að hann skuli ekki treysta sér til þess að taka undir þau ummæli eða verja þau á neinn hátt.

Ég tel mikils um vert að það er fram komið með þessu eina orði, svarinu við síðari spurningunni, að viðskrh. er ekki sammála yfirlýsingu forsrh. og ég tel að viðskrh. hafi í flestum efnum betri möguleika til að meta hvort svo er ástatt sem forsrh. lýsti en hann sjálfur.

Varðandi hins vegar fyrri spurninguna undrast ég það nokkuð að svo vandvirkur maður sem hæstv. viðskrh. er skuli ekki vilja a.m.k. kanna það óform-

lega hvort þarna hafi orðið einhver óheppileg áhrif. Það vill að vísu svo til að Morgunblaðið gerði smáathugun á þessu með því að hringja í nokkra menn og á daginn kom að flestir viðmælenda blaðsins skelltu upp úr þegar þeir heyrðu af þessari yfirlýsingu og ummælum forsrh. Sýnir það kannski ágætlega að þeir fylgjast vel með og vita á hverjum er mark takandi og hverjum ekki í landinu.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Það er ótrúlegt að svo glöggur maður sem hv. 17. þm. Reykv. Geir Haarde, sem eins og deildinni er kunnugt er einn mesti heili sjálfstæðismanna hér í hv. deild, tvímælalaust, skuli misskilja ummæli hæstv. forsrh. svo herfilega sem mér virtist hann gera því ég vil ekki gera honum að hann hafi verið að snúa út úr ummælum hæstv. forsrh. Það sem forsrh. sagði var að hann teldi að Íslendingar stæðu nær þjóðargjaldþroti en þeir hefðu gert fyrr. Það var alls ekki í orðum forsrh. að hann teldi að Íslendingar væru að sigla í þjóðargjaldþrot. Það var alls ekki að hann teldi að þjóðin væri að verða gjaldþrota heldur sagði hann að við stæðum nær þjóðargjaldþroti fyrr. Það er enga aðra merkingu hægt að leggja í það en þá að efnahagsástand sé ískyggilegra núna en það hefur verið áður, þ.e. við þurfum að bera sama ástandið núna og ástandið 1967–1968, kannski seilast aftur í kreppuna. Nú er þetta ástand að sumu leyti sambærilegt en að öðru leyti ekki. Við lifum við talsvert mikið aðrar kringumstæður en við lifðum 1967 og 1968. Við höfum ekki sömu auðlindir að ausa af og þá. Að sumu leyti höfum við betri aðstöðu. Við höfum betri framleiðslutæki. En við höfum ekki sömu auðlindir sem við höfðum þá til að vinna okkur út úr vandræðum.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég hef í rauninni ekki miklu við það að bæta sem ég sagði áðan, enda virðist mér eins og fyrirspyrjandi sé að gera úlfalda úr mýflugu. Ég held að menn ættu hvorki að leggja of þröngan skilning í ívitnuð ummæli forsrh. um að Íslendingar stæðu nú nær þjóðargjaldþroti en nokkru sinni fyrr né slíta þau úr sínu samhengi eins og hv. 1. þm. Norðurl. v. kom inn á áðan. Með þessari yfirlýsingu var forsrh. án efa fyrst og fremst að vekja athygli þjóðarinnar á því alvarlega efnahagsástandi sem hér hefur verið að myndast undanfarna mánuði og er eins og við vitum öll sýnu verra en menn ætluðu fyrr í haust. Það liggur ljóst fyrir að Íslendingar eru víðs fjarri þjóðargjaldþroti samkvæmt nákvæmri hagfræðilegri merkingu þess hugtaks, en það má vel nota þetta orð í pólitískri umræðu um annað, t.d. yfirvofandi fjöldagjaldþrot fyrirtækja. Að halda öðru fram er ekki sérstaklega virðingarverður málflutningur.

Ég efast ekkert um að forsrh. notaði orðið einmitt í þessari seinni merkingu og ég á ekki von á því að hv. 17. þm. Reykv. fylgist ekki svo vel með að hann viti að það horfir því miður illa fyrir mörgum fyrirtækjum í mikilvægum atvinnugreinum. Ég er sannfærður um að yfirlýsing forsrh. hafði ekki skaðleg áhrif á lánstraust Íslendinga erlendis. Það er bæði mikið og gott, enda höfum við ævinlega staðið í skilum með okkar skuldbindingar á greiðslum á afborgunum og vöxtum þrátt fyrir allmiklar erlendar skuldir. Það er þessi reynsla erlendra lánastofnana af viðskiptum við okkur sem er undirstaða lánstrausts þjóðarinnar í útlöndum og varnaðarorð forsrh. til þjóðarinnar breyta þar engu.

Þetta kom líka glöggt fram í viðtölum sem hv. fyrirspyrjandi vitnaði til og birtust í Morgunblaðinu 27. nóv. við ýmsa erlenda bankamenn sem eiga mikil skipti við þetta land. Þeir eru allir á einu máli um að Íslendingar njóti góðs lánstrausts á erlendum lánamarkaði, enda hafi þeir sýnt að þeir séu trausts verðir. Yfirlýsing forsrh. sé augljóslega ætluð sem varnaðarorð fyrir Íslendinga og þannig til þess fallin að þeir leysi sín vandamál, og það muni að sínu leyti styrkja okkar stöðu út á við fyrir ábyrgðarfulla stjórn á okkar efnahagsmálum.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Þetta eru æðiathyglisverðar umræður þó þær séu ekki langar. Hæstv. viðskrh. svaraði skýrt og skorinort í sinni fyrri ræðu með einu orði, en núna fer hann að rökstyðja mál sitt og rökin eru þau að án efa hafi hæstv. forsrh. átt við eitthvað allt annað en hann sagði. Hæstv. viðskrh. skýrir það svo að hann hafi átt við að það væru einhverjir erfiðleikar hjá einhverjum ákveðnum fyrirtækjum o.s.frv., þetta hafi sem sagt bara verið bull, og viðskrh. er ósammála þessari yfirlýsingu. Spurningunni Er viðskrh. samþykkur þessari yfirlýsingu? svaraði hann afdráttarlaust neitandi. Viðskrh. í ríkisstjórn afneitar forsrh. sínum. Þetta er enn eitt dæmið um þá upplausn sem ríkir í stjórnarherbúðunum.

Fyrirspyrjandi (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Síðasti ræðumaður tók reyndar úr munni mér það sem ég vildi hér sagt hafa því að það var mótsögn í því sem fram kom í síðari ræðu ráðherra og þess sem hann sagði fyrst. Það má merkilegt heita að þeir skuli tveir standa hér upp, formaður þingflokks Framsfl. og hæstv. viðskrh., og leggjast í orðskýringar á ummælum forsrh. sem skýra sig sjálf.

Auðvitað er það líka vitleysa ef menn vilja hártoga þessi ummæli og leggja alla áhersluna á orðið „nær“, „nær þjóðargjaldþroti en líklega nokkru sinni fyrr“. Það er líka vitleysa. Menn þurfa ekki annað en skoða tölur um erlendar skuldir og greiðslubyrði erlendra lána á árinu 1983 þegar hæstv. núv. fjmrh. og formaður Framsfl. núv. og formaður þingflokksins höfðu verið við völd í nokkur ár. Þá var ástandið mun alvarlegra gagnvart stöðu Íslands út á við en nú er þannig að þetta er líka fjarstæða að því er þetta varðar. (Gripið fram í.) Má ég biðja um kyrrð í salnum, forseti.

En lánstraust Íslands í sjálfu sér er allt annað mál. Það hefur enginn dregið í efa að það er mikið og traust. Þar hafa margir góðir menn lagt hönd á plóg eins og hæstv. núv. viðskrh. í sínu fyrra starfi og núverandi og því er sem betur fer ekki spillt með blaðri af þessu tagi.

Um þingsköp.

Fsp. um skipti Íslendinga við varnarliðið.

Geir H. Haarde:

Frú forseti. Sú fyrirspurn sem hér mun ætlunin að taka til umræðu var lögð fram hinn 28. okt. Henni mun hafa verið útbýtt hér hinn 31. okt. Þessari fsp. er beint til hæstv. utanrrh. Hann hefur ekki séð sóma sinn í að svara henni enn. Hann er ekki í salnum í dag. Ég hef engin boð fengið um það, hvorki frá ráðherrum né forseta þingsins, að einhver annar ætli að svara henni og meðan svo er ekki ætlast ég til þess að henni verði frestað þangað til hæstv. utanrrh. sér sóma sinn í að mæta til þingstarfa og svara þeim fsp. sem til hans var beint. Þessi fsp. var á dagskrá 24. nóv. Þá var ráðherrann á landinu. Hann mætti ekki á þann fund og gaf enga sérstaka skýringu því. Ég mælist til þess að þeim boðum verði komið til hæstv. utanrrh. að hann sinni störfum sínum hér á Alþingi.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti skal verða við því að þessari fsp. og svari við henni verði frestað. Hins vegar er hæstv. viðskrh. tilbúinn til þess að svara henni. En þingmaðurinn stendur við það að hann vill ekki fá það svar nú? (**GHH:** Já, já, ég stend við það.)

Söluskattur af námsbókum, ein umr.

Fsp. DS, 78. mál. — Þskj. 80.

Fyrirspyrjandi (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegi forseti. Í frétt í Helgarblaði Þjóðviljans 9. sept. sl. undir yfirskriftinni „Miðinn í menntó á 30 þúsund" komu m.a. fram tölur um það hve gífurlegar fjárhæðir nemendur á framhaldsskólastigi þurfa að greiða fyrir námsbækurnar. Í upphafi fréttarinnar segir, með leyfi forseta:

„Hugsaðu þér bara þá staðreynd að ég er á síðasta ári í Menntaskólanum við Hamrahlíð og ég þarf að borga rúmlega 16 þús. kr. fyrir námsbækurnar fyrir aðeins eina önn. Þetta er hrikalegt dæmi fyrir utan allan annan kostnað. Það er liðin tíð, ef hún hefur þá einhvern tíma verið, að skólinn sé einhver vin í eyðimörkinni. Kaldar staðreyndir efnahagslífsins blasa við okkur hvar sem er og þróunin virðist öll vera í þá átt að við erum látin borga allar hækkanir sem verða á verði námsbóka. Jafnrétti til náms óháð fjárhag og búsetu eru bara orðin tóm. Veruleikinn er því miður allt annar."

Þetta sagði einn af nemendum Menntaskólans við Hamrahlíð sem væntanlega lýkur prófum núna um jólin. Þetta er sá veruleiki sem blasir við nemendum framhaldsskólastigsins.

Sl. vetur sýndi hver könnunin af annarri að nemendur á þessu skólastigi vinna gífurlega mikið samhliða námi og fluttu þá þingmenn allra flokka fyrir forgöngu hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur þáltill. sem samþykkt var sl. vor um að gerð yrði könnun á því hve mikið nemendur vinna og hverjar séu helstu orsakir þess.

Eins og menn vita á það að heita svo að stjórnvöld sjái grunnskólum fyrir kennslubókum í gegnum Námsgagnastofnun. Sú stofnun hefur búið við mikið fjársvelti um áraraðir og á því mjög erfitt með að sinna því hlutverki sem henni er ætlað. Það gerist æ algengara að grunnskólanemendur þurfi að kaupa bækur og heyrt hef ég að nemendur í efstu bekkjum grunnskólans kaupi bækur fyrir allt að því 10 þús. kr. Söluskattur er stór liður í þessum bókakostnaði og því hef ég leyft mér að spyrja hæstv. fjmrh. á þskj. 80:

„1. Hverju námu söluskattstekjur af námsbókum árið 1987?

2. Hverju nema áætlaðar söluskattstekjur af námsbókum árið 1988?"

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Samkvæmt lauslegu mati Þjóðhagsstofnunar má reikna með að tekjur ríkissjóðs á árinu 1987 í formi söluskatts af námsbókum hafi verið á bilinu 45–55 millj. kr. og á þessu ári má á sama hátt reikna með að þessar tekjur verði á bilinu 60–70 millj. kr.

Fyrirspyrjandi (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svar hans. Ég sé raunar strax að hér eru peningar sem gætu einmitt nýst til t.d. námsefnisgerðar eða til þess að nemendur fengju einhvern afslátt af þessum bókum.

Samkvæmt upplýsingum Sigurðar Svavarssonar kennslubókaritstjóra hjá Máli og menningu kemur fram að neysluskattur á kennslubækur hér sé trúlega einsdæmi. Samkvæmt upplýsingum hans nemur söluskatturinn í ár af þeim kennslubókum sem Mál og menning gefur út um 16 millj. kr., en forlagið gefur aðallega út bækur fyrir framhaldsskólastigið. Á Norðurlöndunum og í fleiri nágrannalöndum eru kennslubækur á framhaldsskólastiginu lánaðar nemendum á sama hátt og hér tíðkast í grunnskólanum. Það er samdóma álit flestra skólamanna að nám að loknum grunnskóla sé í raun orðin nauðsyn í þjóðfélagi okkar og því er það auðvitað spurning hvort

ekki þurfi að koma til móts við nemendur á þessu skólastigi, ekki síst með það í huga að reyna að tryggja jafnrétti til náms.

Þær fjárhæðir sem Námsgagnastofnun greiðir til ríkissjóðs í formi söluskatts mundu örugglega nýtast vel til námsgagnagerðar, en eins og ég kom að áðan hefur sú stofnun verið mjög svelt undanfarin ár. Ef það á að gera skólum landsins mögulegt að framkvæma grunnskólalögin í framtíðinni er nauðsynlegt að standa vel við bakið á Námsgagnastofnun, miklu betur en hingað til hefur verið gert, en jafnframt þarf að mínu mati að tryggja að einnig sé hægt að bjóða upp á námsefni við hæfi á framhaldsskólastiginu, en kennslubókaútgáfa á framhaldsskólastiginu er ekki styrkt að einu eða neinu leyti. Eins og aðstæður eru nú leggja kennarar mjög mikla vinnu í námsgagnagerð samhliða kennslunni. Ég tel nauðsynlegt að styðja við bakið á þeim jafnframt því sem leitað verði leiða til að minnka kostnað nemenda vegna námsbóka.

Stjórnsýslulöggjöf, ein umr.

Fsp. GuðmÁ, 94. mál. — Þskj. 97.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 97 legg ég fram fsp. til hæstv. forsrh. um setningu almennrar stjórnsýslulöggjafar.

Þann 20. júní 1985 var samþykkt svohljóðandi þáltill. hér á Alþingi: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að semja frv. að almennum stjórnsýslulögum og leggja það fyrir Alþingi svo fljótt sem verða má.“ 1. flm. þessarar þáltill. var Gunnar G. Schram.

Hinn 19. nóv. 1985 var lögð fram fsp. til hæstv. forsrh. um hvað liði þessari tillögu og hvenær búast mætti við framlagningu frv. á grundvelli hennar. Af svari hæstv. forsrh. Steingríms Hermannssonar mátti ráða að drög að frv. þessa efnis yrðu tilbúin í desembermánuði það ár og vonaðist forsrh. eftir að leggja fram frv. á næsta þingi þar á eftir, þ.e. þinginu 1986–1987. Ekkert bólar á þessu frv. enn og því er þessi fsp. lögð fram.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um hve brýnt það er fyrir réttaröryggið í landinu að til séu almennar og skýrar reglur á sviði stjórnsýslunnar. Nú á tímum þegar ríkisvaldið er að teygja anga sína um allt og jafnvel farið að stýra háttsemi manna og ráða velferð fólks er borgurunum ekkert eins nauðsynlegt og vitneskjan um að stjórnsýslan starfi samkvæmt almennum reglum og allir sem til hennar þurfi að leita sitji við sama borð. Án almennra reglna er sú hætta fyrir hendi að borgurunum sé mismunað og í stað faglegra sjónarmiða ráði ákvörðun geðþótti eða jafnvel pólitísk sjónarmið. Það er ekki aðeins áríðandi að slíkar reglur gildi fyrir heill borgaranna heldur ekki síður fyrir stjórnsýsluna sjálfa, að henni séu markaðar ákveðnar og skýrar reglur til að starfa eftir. Oft og tíðum koma upp mál sem aðilar innan stjórnsýslunnar vita ekki hvernig taka á og hvaða reglur gilda um. Mætti ég nefna dæmi eins og: Hvenær er stjórnsýsluaðili svo tengdur máli að hann telst vanhæfur til að afgreiða það? Hvenær ber að rökstyðja synjun um t.d. leyfi sem farið er fram á að verði veitt? Hvenær hefur ákveðið stjórnvald farið út fyrir verksvið sitt? Hvenær þarf að leita umsagnar og þá til hvaða aðila? Hvernig skal háttað meðferð mála? Á að kalla menn fyrir eða ekki? Um fleira má spyrja, t.d. hvaða hæfniskröfur almennar og sérstakar skuli gera til aðila í stjórnsýslunni sem tekur ákvörðun í máli.

Mikilvægt er að löggjöf á þessu sviði verði sett nú þegar búið er að setja á stofn embætti umboðsmanns Alþingis. Eigi hann að vera virkur og geta sinnt sínu starfi og farið ofan í saumana á ákvörðunum teknum af stjórnvöldum verður hann máli sínu til stuðnings að geta vísað til öruggra réttarheimilda.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Það er rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að það er mjög mikilvægt að setja stjórnsýslulög og reyndar mjög mikilvægt að skoða fjölmörg ákvæði um Stjórnarráð Íslands. Þess vegna skipaði ég í ríkisstjórninni 1983–1987 nefnd til að skoða öll þau mál. Sú nefnd vann mikið starf og á 109. löggjafarþingi 1986–1987 lagði ég fram frv. til stjórnsýslulaga. Samhliða frv. var lagt fram frv. um umboðsmann Alþingis og það varð að lögum 9. mars 1986. Frv. til stjórnsýslulaga var vísað til nefndar eftir litlar umræður, en kom ekki frá nefndinni og náði því að sjálfsögðu ekki afgreiðslu.

Einnig var samið frv. um Stjórnarráð Íslands sem var til meðferðar hjá þeirri ríkisstjórn sem þá sat. Ekki náðist samstaða um að leggja frv. fram, því miður. Ég hef nú dregið bæði þessi frv. fram, bæði frv. til stjórnsýslulaga og einnig frv. um Stjórnarráð Íslands, og afhent þeim flokkum sem standa að núverandi ríkisstjórn með ósk um að þeir yfirfari þau þannig að leggja megi þessi frumvörp bæði fram fljótlega á þingi eftir áramót.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir þetta svar. Ég fagna því að hann skuli hafa áhuga á þessum málum og ætli á þessu þingi að leggja fram á Alþingi frv. til stjórnsýslulaga. Ég held að það sé mjög áríðandi að Íslendingar fái slík lög einmitt, eins og hann tók undir, vegna réttaröryggis þegnanna og ekki síður fyrir stjórnsýsluna sjálfa til þess að starfa eftir.

En ég ítreka þakklæti mitt til hæstv. forsrh. og fagna hans svari.

Skýrsla OECD um efnahagsástandið á Íslandi, ein umr.

Fsp. GHH, 120. mál. — Þskj. 126.

Fyrirspyrjandi (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Fyrir nokkru barst hingað til lands hefðbundin skýrsla frá Efnahags- og framfarastofnuninni í París um ástand efnahagsmála á Íslandi. Skýrslur sem þessar eru reglulegur þáttur í samstarfi Íslands og þessarar stofnunar, en Íslendingar hafa verið aðilar að henni um áratuga skeið og hefur ekki verið að því samstarfi fundið.

Nú ber svo við að þegar þessi skýrsla berst er henni vægast sagt illa tekið af efnahagsráðherra Íslands og hreytti hann alls kyns ónotum í þá sem að henni standa með þeim hætti að ekki verður hjá því komist að gera athugasemd við.

Það vakti reyndar athygli í umræðum um skattamál í gær að hæstv. fjmrh. studdist við gögn frá OECD og leitaði fulltingis hjá þeim aðilum um stuðning við ákveðin atriði í sambandi við skattamál þannig að sá aðili í ríkisstjórninni, hæstv. fjmrh., telur sig alla vega geta stuðst við ábendingar þeirrar stofnunar þegar svo ber undir þó að hæstv. forsrh. hafi fundið þessari skýrslu frá sömu aðilum allt til foráttu. Af þessu tilefni hef ég leyft mér að beina til viðskrh. þremur spurningum, en það er rétt að það komi fram að það er viðskrh. sem fer með hina stjórnskipulegu aðild Íslands að þessum samtökum og ber ábyrgð á samskiptum Íslendinga við þessa stofnun yfir höfuð. Spurningarnar eru þessar, virðulegi forseti:

„1. Með hvaða hætti hyggst viðskrh. bregðast við þeirri yfirlýsingu forsrh. að skýrsla OECD um efnahagsástandið á Íslandi sé „þýðingar á tillögum og skýrslum sem eru ritaðar í kerfinu hér heima af mönnum sem fylgja allt annarri stefnu á þessu sviði en ríkisstjórnin", sbr. dagblaðið Tíminn 17. nóv. sl.?

2. Ætlar viðskrh. að láta rannsaka hvort tilvitnuð ummæli og þær aðdróttanir sem í þeim felast eiga við rök að styðjast?

3. Telur viðskrh. eðlilegt að Ísland kosti áfram fjármunum til aðildar að alþjóðlegri stofnun sem forsrh. telur seka um svo ámælisverð vinnubrögð?"

Ég held að það sé kannski ástæðulaust að skýra þessar spurningar eitthvað frekar, virðulegi forseti. Í þeim felst það að aðdróttanir forsrh. eru svo alvarlegar að mínum dómi að ég held að það verði að fá upplýst hjá þeim ráðherra sem ber ábyrgð á samskiptum okkar við þessa stofnun hvernig hann hyggst bregðast við. Í þeim felast ómaklegar aðdróttanir eins og ég hef sagt. Ég tel, ef ráðherrann telur að þannig sé unnið hjá þessari stofnun, að það sé þá athugunarefni hvort kosta eigi fjármunum til slíkrar stofnunar. Það hlýtur að vera athugunarefni fyrir þá sem þessu halda fram. Ég tek það fram fyrir sjálfan mig að ég er algerlega ósammála þessu. Ég tel að þarna sé mjög faglega unnið að öllu leyti, hef ekki orðið var við annað og tel að það eigi að halda þar áfram og ég vona að það sé líka niðurstaða viðskrh.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Hv. 17. þm. Reykv. spyr í fyrsta lagi hvernig ég hyggist bregðast við þeirri yfirlýsingu forsrh. að nýútkomin skýrsla OECD um efnahagsástandið á Íslandi sé þýðingar á tillögum og skýrslum sem ritaðar eru í kerfinu hér heima af mönnum sem fylgja allt annarri stefnu á þessu sviði en ríkisstjórnin. Þessu er fljótsvarað. Mín viðbrögð við þessum ummælum eru þegar komin fram. Ég tók strax fram, m.a. í svörum við spurningum fjölmiðla, að ég væri ekki sammála forsrh. um mat hans á vinnubrögðum sérfræðinga OECD og gildi skýrslna þeirra um íslensk efnahagsmál. Ég tel að skýrslur OECD séu gagnlegt innlegg í umræðu um ástand og horfur í íslenskum efnahagsmálum þótt auðvitað segi þær ekki síðasta orðið um þau mál.

Í öðru lagi spyr þingmaðurinn hvort ég ætli að láta rannsaka hvort tilvitnuð ummæli og aðdróttanir sem í þeim kunni að felast eigi við rök að styðjast. Svarið er nei, enda tel ég enga þörf á slíkri rannsókn. Ég ætla ekki að vera hér með neinar ágiskanir um hvað forsrh. gekk til með ummælunum um nýjustu skýrslu OECD um Ísland. Það orð hefur stundum áður komist á kreik að þessar skýrslur, sem koma að jafnaði út á eins til tveggja ára fresti, byggist á þýðingum úr íslenskum hagskýrslum eða endursögn íslenskra skoðana. Þessi orðrómur lýsir að mínu áliti ókunnugleika og vanmati á OECD. Við undirbúning skýrslu af þessu tagi eiga sérfræðingar stofnunarinnar auðvitað mikil samskipti og samtöl við ýmsa aðila hér á landi varðandi upplýsingaöflun. Ég nefni auk ráðuneytanna eingöngu Þjóðhagsstofnun, Seðlabanka, Hafrannsóknastofnun, en reyndar eiga sendimenn OECD oft viðræður við fleiri aðila. Jafnframt gefst íslenskum aðilum færi á að lesa drög að skýrslunni áður en hún er gefin út og koma á framfæri athugasemdum. Það breytir hins vegar engu um að skýrslan er samin af sérfræðingum OECD og lýsir fyrst og fremst mati þeirra og skoðunum. Um álit þeirra er síðan fjallað í sérstakri nefnd þar sem fulltrúar aðildarríkjanna láta sína skoðun í ljós áður en skýrslan er birt.

Loks spyr hv. 17. þm. Reykv. hvort ég telji eðlilegt að Ísland kosti áfram fjármunum til aðildar að alþjóðlegri stofnun eins og OECD. Ég tel fyllstu ástæðu til þess að Íslendingar haldi áfram aðild sinni að þessari stofnun og ég þarf varla að hafa langt mál um þá skoðun mína. Ég tel reyndar að Efnahags- og framfarastofnunin sé ein mikilvægasta alþjóðastofnunin sem Íslendngar eiga aðild að. Hún miðlar miklum og góðum upplýsingum um þróun alþjóðaefnahagsmála og á vettvangi hennar fara fram mikilvægar umræður um efnahagsleg samskipti milli þjóða. Íslendingar hafa frá upphafi tekið þátt í þessum umræðum og m.a. hefur sá vettvangur orðið

gagnlegur fyrir þá til að leggja áherslu á fríverslun og að dregið verði úr hömlum í milliríkjaviðskiptum t.d. fyrir fisk og fiskafurðir.

Íslendingar sækja reglulega ýmsa fundi nefnda á vegum OECD. Þar vil ég nefna auk nefnda um efnahagsmál nefndir um fiskimál, tækni, vísindi, menntamál, skólarannsóknir, vegarannsóknir og vátryggingar. Viðskrn. miðlar margháttuðum gögnum frá OECD um þróun í ýmsum málaflokkum sem snerta aðildarríkin sem of langt yrði hér upp að telja. Af ritum OECD sem snerta Ísland sérstaklega get ég nefnt auk skýrslna um efnahagsmál skýrslu um íslenska menntastefnu sem kom út á árinu 1986 og vakti hér mikla athygli og gagnlegar umræður. Áður hafa m.a. komið út skýrslur um vísindi og rannsóknir og nú er í athugun hvort stofnunin semji sérstaka skýrslu um íslenskan landbúnað og þróun og horfur í þeim mikilvæga atvinnuvegi.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, segja að þess verður áreiðanlega langt að bíða að skýrslur birtist um mikilvæg íslensk mál, sem erlendir aðilar semja, sem allir geta fellt sig við. En mér finnst ekki hyggilegt að gera lítið úr slíkum skýrslum, sérstaklega þegar haft er í huga að erlendir aðilar, sem ekki eiga hér hagsmuna að gæta, eru stundum í betri stöðu til að benda á það sem aflaga kann að fara, og betur en við heimamenn sem stöndum nálægt rás viðburðanna, því glöggt er gests augað.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Það er satt að segja afar fróðlegt að taka skýrslu OECD til umræðu. Ég hef kynnt mér hana betur en ég hafði gert áður og ég hef sannfærst um að hún lýsir á engan máta ástandi íslenskra efnahagsmála, langt frá því, t.d. alls ekki því ástandi sem hv. sjálfstæðismenn lýstu í Ed. í gær og var að mörgu leyti rétt. Ég tel að það hefði verið miklu þarfara fyrir þá sem skrifuðu skýrsluna að hlusta á þær umræður en skrifa þá skýrslu sem hér liggur fyrir og gefur ekki rétta mynd, langt frá því. Ég hef einnig kynnt mér sumt af því sem OECD hefur fengið í hendurnar til undirbúnings þessari skýrslu og ég tel að því miður gefi það heldur ekki rétta mynd.

Ég vil hins vegar taka fram að ég þekki þessa stofnun að mörgu mjög góðu. Ég starfaði með þessari stofnun lengi, t.d. á sviði vísinda. Þar var mjög merkileg starfsemi rekin og afar margt gott sem þaðan kom. Þessi stofnun hefur líka tekið sér fyrir hendur að endurskoða eða gera tillögur, eftir mjög ítarlega yfirferð, margra vikna yfirferð á ýmsum mikilvægum málum í meðlimaríkjunum eins og t.d. menntamálum og skrifaði afar fróðlega skýrslu um menntamálin sem svo sannarlega er umhugsunarverð fyrir okkur.

En því miður verð ég að endurtaka að ég tel að þessi skýrsla stofnunarinnar um íslensk efnahagsmál sé afar lítils virði.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins vekja á því athygli að á þessum fagra morgni á jólaföstunni hefur hæstv. viðskrh. afneitað forsrh. sínum tvisvar. Það mundi í öðrum lýðræðisríkjum þýða að annar hvor ætti að víkja úr stjórn nema báðir væru.

Í síðara skiptið hefur að vísu hæstv. forsrh. tekið dálítið hressilega á móti, tekið dálítið hressilega í hæstv. viðskrh., og það er vel því að í þessu efni er ég innilega sammála hæstv. forsrh. og ósammála hæstv. viðskrh. eins og mjög oft áður þegar rætt er um hin mikilvægustu efnahags- og fjármál þjóðarinnar. Þessi afneitun hæstv. viðskrh. er ekki í neinum smámálum. Hún er í meginmálum þeim sem öll íslenska þjóðin glímir nú við og þess vegna hlýtur þetta að draga einhvern dilk á eftir sér. Hæstv. forsrh. hefur svarað fullum hálsi, en það nægir ekki. Auðvitað á viðskrh. að víkja.

Fyrirspyrjandi (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Úr þessu eru að verða hinar athyglisverðustu umræður. Ég þakka viðskrh. fyrir hans greinargóðu svör. Hann tekur alveg af skarið með það í sínu svari að þeir sem halda uppi fullyrðingum eins og ég hef vitnað til og hafðar eru eftir forsrh. séu haldnir ókunnugleika á því hvernig þessum málum er komið eða vanmati á OECD. Ég fæ ekki betur séð en með þessum hætti sé viðskrh. að bera á forsrh. og efnahagsráðherra landsins að hann þekki ekki nógu vel til hjá OECD. (Gripið fram í.) Já, en ekki kannski á sviði efnahagsmála. En ég er heldur ekki að gera þessi orð að mínum. Ég er að segja að þetta er það sem viðskrh. sagði. Hann þekkir að vísu mjög vel til, hæstv. viðskrh., því að hann mun vera formaður ráðherraráðs OECD um þessar mundir þannig að það er ekki að undra þó að hann taki það illa upp þegar það er borið upp á hans starfsmenn hjá OECD að þeir sitji við þýðingar upp úr íslenskum efnahagsplöggum og setji það síðan hrátt inn í skýrslur um ástand efnahagsmála á Íslandi.

Nei, ég skil vel að viðskrh. beri slíkt af sér og sínum starfsmönnnum hjá OECD og afneiti þessum viðhorfum forsrh. Það er kominn hér upp mjög athyglisverður ágreiningur milli þeirra tveggja þó að í þessu máli skilji leiðir á milli okkar hv. 8. þm. Reykv. að því leyti til að ég tek málstað viðskrh. í þessu efni þó að hann hafi stillt sér upp við hlið forsrh.

En hitt er svo aftur athyglisvert, sem fram kom í ræðu forsrh., að hann telur að upplýsingarnar í OECD-skýrslunni séu úreltar miðað við efnahagsástandið í dag. Þær úreldast auðvitað fljótt, upplýsingar um efnahagsástandið á Íslandi, þegar þannig er haldið á málum sem gert er, en þar ræður mestu að alþýðubandalagsforustan með formann flokksins hæstv. hefur tekið öll völd á sviði efnahagsmála. Þar fá hvorki framsóknarmenn né alþýðuflokksmenn neitt að gert þó þeir sjálfsagt fegnir vildu.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég vil gera skýran mun á því sem hér er til umræðu í dag, þ.e. hvert sé almennt gildi og hvernig staðið er að gerð skýrslna OECD og þátttöku Íslendinga í því starfi annars vegar, og hins vegar hvort menn eru samþykkir því áliti sem fram kemur í einni tiltekinni skýrslu sem OECD hefur samið. Þarna er verið að tala um tvo óskylda hluti. Hér er ekki til umræðu í dag sérstaklega það álit sem OECD lét í ljós í nýlegri skýrslu sinni. Ég hef svarað þeim fyrirspurnum sem hv. 17. þm. Reykv. beindi til mín um hið almenna mál og við það álit stend ég.

Um hitt má jafnan ræða, og það er rétt sem kom fram hjá hæstv. forsrh., að efni þeirrar skýrslu sem upphaflega varð tilefni þessarar umræðu var nokkuð úrelt orðið, enda urðu breytingarnar á stöðunni í íslenskum efnahagsmálum — eða á matinu á henni — mjög snögglega, og slíkt efni úreltist fljótt eins og hv. 17. þm. Reykv. sagði réttilega áðan. Ég get tekið undir það að í þeirri skýrslu sem OECD birti í haust var einkum byggt á efni sem fram hafði komið í vor eða snemma á þessu sumri sem nýlega er liðið. Það er annað mál. Um það ætla ég hér ekki að fjalla á örfáum mínútum.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Í umræðum um skýrslur og álitsgerðir frá OECD, sem sumir hv. þm. Sjálfstfl. vilja greinilega að séu teknar mjög alvarlega í okkar þjóðfélagi og skal ég ekki lasta það, kemur fram að sérfræðingar OECD ráðleggja eindregið að hlutfall beinna skatta á Íslandi sé allverulega hækkað. Þeir færa fyrir því ýmis og sterk rök að eitt af vandamálum í efnahagsstjórn á Íslandi sé hvað hlutfall beinna skatta sé lágt og væri mjög fróðlegt fyrir forustu Sjálfstfl. að hugleiða og kynna sér þetta álit OECD.

Jafnframt vil ég vekja athygli á því, eins og ég gerði í umræðum í gær, að hlutfall skatta af landsframleiðslu OECD-ríkjanna er á þann veg að Ísland sker sig þar úr ásamt vanþróuðustu löndum, Spáni, Tyrklandi og Portúgal, einfaldlega vegna þess að hin þróuðu lönd, sem hafa byggt upp velferðarríki, hafa komist að því að það er ekki hægt að leysa það verkefni nema með mun hærra hlutfalli beinna skatta.

Hv. 1. þm. Suðurl. vék í gær að tilraunum ákveðinna sérfræðinga hér í landi til að hækka aðeins röð Íslands innan OECD-ríkjanna hvað þetta snertir og ég ætla ekki að ræða um þá útreikninga hér, en vekja þó athygli á því að þrátt fyrir að þar hafi verið teygt sig langt er engu að síður stór hluti OECD-ríkjanna og mörg þau athyglisverðustu ofar Íslandi á þeim lista.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Það spinnast æðimerkilegar umræður um þessa fsp. sem eðlilegt er. Hér kemur hæstv. fjmrh. og lýsir því yfir að í hugmyndum frá OECD sé bent á að hækka þurfi hlutfall beinna skatta og hæstv. forsrh. lýsir því yfir reyndar áður að þessi skýrsla og þá væntanlega annað sem frá þessari stofnun kemur um efnahagsmál sé beinar þýðingar frá íslenskum aðilum og gæti maður haldið að það séu þá þýðingar á hugmyndum hæstv. fjmrh. sem hann á við. Munurinn er samt sá að hæstv. forsrh. segir að þetta sé ekki stefna ríkisstjórnarinnar en hæstv. fjmrh. heldur því fram að þetta sé einmitt stefna ríkisstjórnarinnar. Þannig rekst allt hvað á annars horn í þessum málflutningi.

Þessi umræða og það sem skiptir máli í henni er ... Hvar er hæstv. forsrh.? (**Forseti:** Hæstv. forsrh. hlýtur að vera alveg á næstu grösum.) (**HBl:** Eigum við ekki að draga tímann frá hjá þingmanninum.) Ég vil fá forsrh. í salinn. Það er ekki svo oft sem við njótum þeirrar virðingar að hafa hann hér. (**Forseti:** Þess mun verða freistað að fá forsrh. í salinn.) (**PP:** Hann var sóttur í símann.) Ég er í ræðustól.

Jæja, nú kemur hæstv. forsrh. í salinn. Það er ekki mjög oft sem maður hefur tækifæri til að ávarpa hann úr þessum ræðustól sem þekkt er. Þessi umræða snýst um hvort á að taka mark á íslenska forsrh. Hún snýst um það að átta sig á því að ummæli hæstv. forsrh. eru þýdd á erlend tungumál af fréttastofum, hvort sem það er hvalamál, hvort sem það er OECD, hvort sem sagt er að gengið sé rangt skráð eða það þurfi ekki að lagfæra það eða hvort þjóðargjaldþrot blasir við.

Virðulegi forseti. Ég var truflaður þannig í ræðu minni að ég ætla að segja eitt orð í viðbót ef ég má.

Það er þetta sem verið er að vekja athygli á og ég held að það sé kominn tími til að a.m.k. hv. alþm. geri þá kröfu til forsrh. landsins að það sé hægt að átta sig á því hvenær á að taka mark á ummælum hans og hvenær ekki. Þessar umræður og þau ummæli sem hafa fallið hjá öðrum hæstv. ráðherrum benda til þess að samráðherrar hæstv. forsrh. geri a.m.k. ekki það sem maður ætti von á að flestir þegnar þessa lands gerðu og það er að taka mark á hæstv. forsrh.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Þessi umræða er orðin allathyglisverð. Hæstv. fjmrh. byrjar á því að gefa til kynna að það sé stefna ríkisstjórnarinnar að koma Íslandi hærra en í 10. sæti á lista yfir mestu skattheimtuþjóðir veraldarinnar og það sé hans hugsjón. Síðan hefur hæstv. viðskrh. afneitað hæstv. forsrh. og hæstv. forsrh. hefur komið og sagt að alþjóðastofnun sem hæstv. viðskrh. er í forsvari fyrir ætti fremur að hlýða á mál þingmanna Sjálfstfl. um efnahagsmál. Í því felst afneitun á efnahagsstefnu hæstv. fjmrh. sem neitar að taka tillit til þeirra viðhorfa. Hann hefur forustu og verkstjórn nú orðið um efnahagsmálin, neitar að taka tillit til þeirra viðhorfa og neitar frekari efnahagsaðgerðum í þágu atvinnulífsins. Þeir hafa því afneitað hverjir öðrum í þrígang, hæstv. ráðherrar. Það er niðurstaða þessarar umræðu.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Það kemur nú í ljós hversu hættulegt er að halda hér fundi fram eftir nóttum. Menn

vakna úrillir og hafa vart stjórn á geði sínu. En það sem ég vildi segja hér er þetta: Ég er hér með þingsköp Alþingis í höndunum. Hér er fyrirspurnatími í Sþ. og um það segir í þingsköpum: „Fyrirspyrjandi eða framsögumaður fyrirspyrjanda mælir fyrir fyrirspurn. Ráðherra, er hlut á að máli, svarar síðan fyrirspurn. Hvor um sig, fyrirspyrjandi og ráðherra, má ekki tala oftar en tvisvar, fyrirspyrjandi eigi lengur en tvær mínútur og ráðherra eigi lengur en fimm mínútur í senn. Öðrum þingmönnum er heimilt að gera stutta athugasemd."

Og því spyr ég: Hvers vegna leyfist hv. þm. að vera komnir í hrókaumræður eins og hér sé um almennan fund að ræða í Sþ.? Ég sætti mig illa við að þannig séu þingsköp brotin í Sþ. Ég held að við þurfum að standa fast á forminu.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Hv. 5. þm. Suðurl. þarf ekki að gefa forseta neina lexíu í þingsköpum. Hér hefur verið farið að þingsköpum í einu og öllu.

Halldór Blöndal:

Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. kvartaði eins og áður yfir því að skattar hér á landi væru of lágt hlutfall af þjóðartekjum og ræddi eins og áður um nauðsyn þess að hækka skatthlutfallið. Ég get í mestri vinsemd bent hæstv. fjmrh. á að stefna hans og forsrh. leiðir auðvitað til þess að hlutfallið hækkar. Annars vegar er lagt fram á þinginu eitt frv. á dag um hækkun skatta. Hins vegar er stefnt vísvitandi að atvinnuleysi og grafið undan útflutningsframleiðslunni í landinu. Þetta hvort tveggja hefur náttúrlega það að segja að annars vegar dragast þjóðartekjurnar saman. Það hækkar skatthlutfallið. Hins vegar verða skattarnir hækkaðir. Það hækkar líka skatthlutfallið. Ég sé því ekki annað en ríkisstjórnin geti bráðum orðið mjög ánægð. Skatthlutfallið verður bráðum hið hæsta í heimi og þá geta þessir ráðherrar heldur betur sofnað rólegir og verið yfir því að nú væri þetta orðið fyrirmyndarþjóðfélagið sem allir vildu búa í, sæluþjóðfélagið.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Það skal vera örstutt athugasemd vegna ummæla hv. þm. Friðriks Sophussonar.

Fyrirspurnin snýst um ummæli mín þess efnis hvort nýjasta skýrsla Efnahags- og framfarastofnunarinnar um efnahagsmál á Íslandi væri einhvers virði eða ekki. Ég hef sagt að hún væri einskis virði og það er rétt. Hún lýsir á engan máta því ástandi sem skapast hefur hér á landi undanfarna mánuði og verður að taka á á nýjan hátt og það sakar ekki fyrir þá stofnun að fá að heyra það.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Ég vil bara segja að það kemur enn einu sinni í ljós að hæstv. forsrh. veit ekkert hvað hann er að segja þá stundina sem hann talar. Það stendur, það er hérna, það stendur í fsp. orðrétt að það sé spurt um ummæli hans, sem ég veit að hafa verið fengin á viðeigandi stað, um þýðingar á tillögum og skýrslum sem eru ritaðar í kerfinu hér heima af mönnum sem fylgja allt annarri stefnu á þessu sviði en ríkisstjórnin. Svo kemur hæstv. forsrh. og segir að umræðan snúist um eitthvað allt annað. Hann minntist ekkert á þetta hérna þegar hann talaði um þetta síðast.

M.ö.o.: Hæstv. forsrh. hafði ekki hugmynd um hvenær ... (Gripið fram í.) Það er alveg rétt. Það gildir almennt um ummæli hæstv. forsrh. og nú hefur það sannast.

Vestmannaeyjaferja, ein umr.

Fsp. GuðnÁ, 123. mál. — Þskj. 129.

Fyrirspyrjandi (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að spyrja hæstv. samgrh.: „Hvað líður athugun á smíði nýrrar ferju milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar?"

Ég hygg að nefnd hafi verið sett á laggirnar til að kanna og fara ofan í þær hugmyndir sem stjórn Herjólfs hf. hafði á prjónunum. Nefndin hafði fyrst og fremst gert tillögu um að skoða aðra kosti en nýsmíði. Fróðlegt væri að heyra í máli ráðherra, hvernig sú leit gekk og hvort þær gömlu ferjur sem á annað borð voru til sölu hafi ekki sýnst vera bæði dýrir kostir og ófullnægjandi.

Nú er mikilvægast að sem fyrst verði boðin út smíði nýrrar ferju á þessa þjóðleið. Í því sambandi verða menn að horfa til langrar framtíðar, 20 ár minnst. Á næstu 20 árum mun margt breytast hér á landi. Þegar núverandi Herjólfur kom til sögu um miðjan síðasta áratug var fjarri því að menn sæju fyrir þá öru þróun sem fram undan var.

Vestmannaeyjaferja er meira en skip. Hún er þjóðbraut á milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar. Ferjan er bæði fólksflutninga- og vöruflutningaleið, þjónustuleið við 5000 manna byggðarlag. Ferjan má dag hvern fara sjóleið þar sem úthafsaldan brotnar bæði þung og há. Sé öryggisþátturinn hafður í huga og þær bilanir og það óöryggi sem núverandi ferja býr við þykir mörgum hægt miða við að komast að niðurstöðu um með hvaða hætti núverandi skip verður endurnýjað. Um hitt deila menn ekki að á því er full þörf.

Nú eru fimm ár síðan farið var að ræða um nýjan Herjólf. Núverandi Herjólfur er að eldast og þessu skipi verður ekki breytt svo það þjóni þeim markmiðum sem þjónustan krefst við íbúa Vestmannaeyja. Það má kallast heppni að ekkert stórkostlegt hefur komið upp á í siglingum á þessari leið þar sem Herjólfur hefur aðeins eina aðalvél, eina skrúfu og eitt stýri. Enn fremur vita það allir að bæta þarf aðbúnað um borð í skipinu, auka þægindi farþega og

kojupláss.

Menn urðu fljótt sammála um það hvaða kröfur þyrfti að gera til nýrrar ferju, en það er í fyrsta lagi að það væri gott sjóskip, í öðru lagi að öryggismálum yrði fullnægt, í þriðja lagi að bílaþilfar yrði gegnumekið eins og kallað er, ganghraði yrði 16½–17 sjómílur, í fimmta lagi að skipið gæti farið tvær ferðir á dag, í sjötta lagi að skipið tæki 400–500 farþega, 60–70 bíla, 6–7 dráttarvagna og kojur fyrir 60–70 farþega, í sjöunda lagi að skipið fullnægi þörf næstu 15–20 ára.

Eins og ég sagði áðan var þarna skipuð nefnd og hún hefur tekið þetta til skoðunar, en það er skýlaus krafa að stjórnvöld gangi til liðs við stjórn Herjólfs hf. og bæjarstjórn Vestmannaeyja um að hefja þegar smíði á hentugu skipi til siglinga á þessari leið. Við viljum sjá nýtt skip á þessari leið innan — ja, ég segi tveggja ára.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Hv. fyrirspyrjandi spyr hvað líði athugun á smíði nýrrar ferju á milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar. Í lánsfjárlögum fyrir yfirstandandi ár, 7. gr., er Herjólfi hf. heimilað að taka lán að fjárhæð 100 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til hönnunar og smíði ferju að fengnu samþykki fjmrh., samgrh. og fjvn. Alþingis eins og segir þar.

Í febrúar sl. tilnefndu þessir ofangreindu aðilar menn í starfshóp til að fjalla um hugmyndir og athuganir forráðamanna Herjólfs hf. um smíði nýrrar ferju fyrir Vestmannaeyjar. Þessi vinnuhópur skilaði skýrslu um störf sín í maí á sl. vori og var meginniðurstaða hópsins sú að leggja til að fjmrh., samgrh. og fjvn. samþykktu ekki að svo komnu máli lánsábyrgð til handa stjórn Herjólfs vegna smíði nýrrar ferju. Það var álit vinnuhópsins að áður en til endanlegrar ákvörðunar kæmi væri gerð athugun á þeim valkostum sem settir voru fram í skýrslu vinnuhópsins og þær athugasemdir metnar sem þar voru gerðar við frumathugun stjórnar Herjólfs á ferjusmíðinni. Þetta var gert og samgrn. sendi stjórn Herjólfs téða skýrslu vinnuhópsins til umfjöllunar með bréfi dags. 25. maí og fulltrúi fjmrn. mætti á fund félagsins sem var haldinn samdægurs og gerði fundarmönnum grein fyrir niðurstöðu vinnuhópsins, m.a. því álíti að stjórn Herjólfs tæki málið fyrir á ný og endurmæti hugmyndir varðandi skipakost félagsins.

Ráðuneytið fór þess á leit við framkvæmdastjóra Herjólfs að hann gæfi upplýsingar um gang mála varðandi nýtt skip fyrir Herjólf og þá þróun mála sem orðið hefði frá aðalfundi félagsins í maí sl. Bréf Herjólfs hf. ásamt athugun Skipatækni dags. 8. f.m. um kaup á notaðri ferju fyrir Herjólf barst ráðuneytinu 2. þ.m. Í því bréfi segir m.a.:

„Hinn 15. júní 1988 kom páv. fjmrh., Jón Baldvin Hannibalsson, ásamt Sveinbirni Óskarssyni á fund stjórnar Herjólfs til að ræða þessi mál. Á þeim fundi óskaði fjmrh. þess að stjórn Herjólfs hefði forgöngu um þessa könnun, þ.e. athugun á því hvort til væri notað skip sem hentað gæti Herjólfi hf. Þá þegar fól stjórnin þremur aðilum að kanna markað notaðra skipa. Svar við þeim fyrirspurnum bárust á tímabilinu júlí til september. Voru þessi svör öll gaumgæfilega yfirfarin og könnuð. Kom í ljós að tiltölulega fá skip er gætu hentað á þessari leið voru til sölu. Flest skipin voru mun stærri en svo að þau kæmu til greina eða þá voru orðin of gömul. Eitt þessara skipa kom þó sterklega til greina, það mun hafa verið skipið Bohus, og var gerð sérstök athugun á því. Sérfróðir menn voru fengnir til að skoða það og meta. Niðurstaða þessara manna fylgir hér með og sýnir ótvírætt að þessi lausn er ekki fær", segir þar.

Ég mætti svo á fund með stjórn Herjólfs hinn 12. nóv. sl. og voru mér þá kynntar þessar niðurstöður allar ásamt öðrum málefnum félagsins. Ég hef nú athugað þetta allrækilega, þar á meðal gögn sérfróðra aðila, eins og Dwinger Marine Consultans og Skipatækni hf., um athugun á notuðum skipum og hef sannfærst um að sú leið er ekki fýsilegur kostur og hæpin fjárfesting að kaupa til að mynda 10, 12, 15 ára gamalt skip fyrir 50–60% af kostnaðarverði nýsmíði. Mér sýnist því stefna í það að á næsta ári hefjist endanleg hönnun og ákvörðun um gerð og smíði nýrrar ferju og heimild í lánsfjárlagafrv. nú er ætluð í því skyni.

Eggert Haukdal:

Frú forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að bera fram þessa fsp. og bregða ljósi á hvernig þetta mál hefur gengið og ég þakka hæstv. samgrh. einnig fyrir svörin.

Fyrir ári voru mál Herjólfs á réttu róli og nýtt skip hefði komið 1990 ef síðustu lánsfjárlög hefðu gengið fram óbreytt varðandi Herjólf eins og þau voru þá lögð fram af páv. ríkisstjórn. En tveir páv. stjórnarsinnar í fjh.- og viðskn. Nd. beittu sér fyrir að spilla málinu með því að bera fram brtt. í Nd. sem var samþykkt. Upphaflega var tillagan um 100 millj. til hönnunar og smíði Herjólfs, en það var bætt við „að fengnu samþykki fjmrh., samgrh. og fjvn. Alþingis til hönnunar og smíði ferju."

Síðan hefur málið verið tafið. Stjórn Herjólfs var falið að leita að gömlu skipi eins og hér hefur verið lýst, en leit að því með hagkvæmni í huga reyndist árangurslaus. Þó þetta lægi fyrir hefur útboði á nýju skipi verið frestað. Meira en heilt ár hefur farið til einskis. Á þessum tíma hafa skip hækkað erlendis um 25%. Ef nú væri hafist handa kæmi nýtt skip ekki fyrr en 1991–1992.

Hæstv. núv. samgrh. hefur ekki tafið þetta mál. Hann tók við samþykktum brtt. frá síðasta þingi. En ég treysti honum til að taka nú ákvörðun, heimila að nýtt skip verði hannað og smíðað nú þegar þannig að tafir allar séu að baki og nýtt skip geti komið sem allra fyrst.

Fyrirspyrjandi (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. svar

hans og fagna því að mönnum hefur miðað í málinu og hafa komist að þeirri niðurstöðu að leit að eldri skipum er dýr leit og þær eru óhentugar margar þær ferjur sem í boði eru. Mér fannst því, og hann lýsti því yfir ráðherrann, að nú væri komið að því stigi sem mikilvægast er, þ.e. að bjóða út og hefja smíði á nýrri ferju. Ég hygg að það þurfi ekki að taka mörg ár að smíða nýtt skip. Við gætum í lok þessa kjörtímabils séð nýja ferju á þessari leið. Ég held að það væri ákaflega mikilvægt og mér sýnist, miðað við svör ráðherrans, að það ætti að geta gengið eftir.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Heimild til að gera samning um Vestmannaeyjaferju felst í lánsfjárlögum í ár, en af einhverjum ástæðum stóð á hæstv. núv. utanrrh. Jóni Baldvini Hannibalssyni að greiða fyrir málinu með þeim afleiðingum að það hefur dregist. Verður sett ný heimild inn um ferjuna á næsta ári og vil ég vænta þess að hæstv. fjmrh. verði liprari í málinu vegna þess að nauðsyn er brýn. Þessi ferja er orðin gömul og úrelt og beinlínis háskaleg þannig að það er brýn nauðsyn að hraða sem mest smíði nýrrar ferju beinlínis af öryggisástæðum.

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Það er heldur óviðkunnanlegt þegar hv. þm. koma upp í ræðustól til að gefa rangar upplýsingar jafnvel þó svo þeir hafi hlýtt á þær réttu fáum mínútum áður. Í þeirri heimildargrein sem hv. þm. Halldór Blöndal vitnaði til og rakin var áðan kom skýrlega fram að það þurfti atbeina þriggja aðila til þess að sú heimild yrði nýtt er varðar lántöku til smíði Vestmannaeyjaferju. Það varð til að koma heimild frá fjmrn., frá samgrn. og frá fjvn. Enginn þessara aðila var, eins og málin stóðu þegar þau voru fyrir þá lögð, reiðubúinn að veita slíka heimild vegna þess að málið var ekki komið á það stig að menn teldu rétt að gera það. Það var ekki aðeins Jón Baldvin Hannibalsson fjmrh. sem var þeirrar skoðunar heldur jafnframt þáv. samgrn. og samgrh. og fjvn. Menn eiga að hafa það sem sannara reynist, herra forseti.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Síðasti ræðumaður tók eiginlega af mér ómakið. Ég vildi eingöngu undirstrika, eins og ég hélt að hefði komið fram í svari mínu og skilist, að meðferð málsins á þessu ári er bein afleiðing af afgreiðslu lánsfjárlaga fyrir árið þar sem það er sérstaklega tekið fram að þessir þrír aðilar skuli endurmeta málið og leggja á það mat hvort viðkomandi heimild til lántöku og að hefja nýsmíði ferjunnar skuli nýtt.

Ég er í sjálfu sér ekki sammála því að málinu hafi verið spillt sérstaklega með þessu. Að vísu hefur þetta tekið tíma, en ég tel það mikilvægt að nú liggja fyrir mjög greinargóðar upplýsingar um það eftir ítarlega úttekt og könnun sérfróðra aðila, þriggja mismunandi aðila, bæði innlendra og erlendra ráðgjafarfyrirtækja á þessu sviði, að ekki er um hentugt notað skip að ræða á markaðnum og að það sem helst kæmi til greina mundi verða dýr kostur og mjög hæpin fjárfesting miðað við afskriftartíma skipsins og miðað við nauðsyn þess að á þessari erfiðu leið sé fyllsta öryggis gætt og það skip sem þarna er rekið mæti öllum kröfum, bæði öryggiskröfum og rekstrarkröfum sem við eigum að setja okkur í þessum efnum. Ég tel að það hafi fengist greinargóð efnisleg niðurstaða í málið eftir þá meðferð sem það hefur af eðlilegum ástæðum í framhaldi af afgreiðslu lánsfjárlaga á síðasta ári verið í yfirstandandi ár og nú sé mönnum ekkert að vanbúnaði að hefja undirbúning að lokaákvörðunum í þessu máli.

Halldór Blöndal:

Virðulegi forseti. Það má vera að þeir ókyrrist kratar yfir því að sannleikurinn kemur í ljós. Hins vegar staðfesti ræða formanns fjvn. það hversu hæpið er fyrir fjh.- og viðskiptanefndir að leggja heimildir eins og þessa undir dómgreind fjvn. ef hún er undir vondri stjórn.

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Ég held að sú ótvíræða og mikla dómgreind sem fjh.- og viðskiptanefndir ótvírætt hafa finnist ekki hjá hv. ræðumanni sem hér talaði síðastur.

Eggert Haukdal:

Frú forseti. Þegar frv. að lánsfjárlögum lá fyrir síðasta þingi var búið að taka ákvörðun um að byggja nýjan Herjólf og þáverandi ríkisstjórn var sammála um það. Hefði það gengið fram óbreytt væri málið langt komið og stutt í að nýtt skip kæmi. Það var hins vegar brtt. frá öðrum fulltrúa Framsfl. í fjh.- og viðskn. svo og fulltrúa Alþfl. sem gerbreytti málinu og setti þessar tafir á. Því miður voru þær samþykktar, og þetta er vert að undirstrika. Þess er að vænta að þær tafir standi nú ekki öllu lengur, þær eru þegar búnar að gera nóg af sér.

Fyrirspyrjandi (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég held að menn þurfi ekki að deila svona. Ég held að það sé alveg ljóst og það hafi komið í ljós í fyrra að málið var ekki á réttu róli. Það var nauðsynlegt að vinna að því með fjmrn., samgrn., með fjvn., en því miður hafði þetta ekki verið gert. Svona mál verður að vinna með öllum þeim sem afstöðu verða taka, Alþingi og fjvn. svo og að það ráðuneyti sem ég nefndi sé með í ráðum. Þess vegna er það mín skoðun að með klaufalegum hætti hafi fyrri ríkisstjórn tafið þetta mál. Nú fagna ég því að málið er komið á rétt ról og ítreka að ég þakka ráðherranum svör hans.

Eindagi söluskatts, ein umr.

Fsp. HBl, 116. mál. — Þskj. 122.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal):

Virðulegi forseti. Nú hefur Nd. einróma samþykkt að gildistaka laga um virðisaukaskatt skuli vera 1. jan. 1990 og ég held að samstaða sé um það einnig í Ed. Ég tel eðlilegan aðdraganda að því að eindagi söluskatts verði á næsta ári færður fram yfir mánaðamótin til að stíga skrefið til hálfs þannig að það tekjutap sem ríkissjóður verður fyrir af þessum sökum dreifist á tvö ár. Ég ítreka að miðað við það verðbólgustig sem nú er er kostnaður ríkissjóðs af því að færa eindaga söluskatts fram yfir mánaðamótin einhvers staðar á milli 50 og 100 millj. kr. Við erum þess vegna ekki að tala um miklar fjárhæðir.

Ég vænti þess að hæstv. fjmrh. vilji greiða fyrir þessu máli vegna þess að það mundi gera hvort tveggja í senn: stuðla að heilbrigðari viðskiptaháttum en nú er, draga úr hallarekstri matvöruverslana kannski fyrst og fremst og kostnaði og þannig hafa bein áhrif til þess að lækka neysluvörur heimilanna, nauðþurftarvörurnar sem ég held að sé sannarlega ekki vanþörf á eins og nú er komið, eins og málefnum þjóðarinnar er komið.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Halldóri Blöndal fyrir að bera upp þessa fsp. Hins vegar gætir einhvers misskilnings hjá hv. þm. þegar hann í ræðu sinni óskaði eftir því að fjmrh. tæki til hendinni varðandi þetta mál vegna þess að fjmrh. hefur þegar tekið ákvörðun í þessu máli og tilkynnt hana og hún hefur verið samþykkt og staðfest af ríkisstjórn. Ég veit að vísu að hv. þm. hefur verið önnum kafinn, en í gær var sagt frá því að fjmrh. hefði ákveðið að breyta eindaga söluskatts frá og með áramótum til 2. hvers mánaðar eða næsta virks dags þar á eftir. Þannig yrði eindagi söluskatts fyrir desember 1988 þann 2. febr. 1989. Eindagi söluskatts fyrir nóvember á hverju ári verður þó 25. desember eins og verið hefur að undanförnu.

Fyrir nokkrum vikum bar hv. þm. Guðmundur Ágústsson fram hliðstæða fsp. og ég sagði þá að ég væri með málið til athugunar. Sú athugun hefur nú þegar leitt til ákvörðunartöku sem tilkynnt hefur verið og gefin út reglugerð þessa efnis. Ég hélt í gær fund með forsvarsmönnum verslunarinnar, bankakerfisins og greiðslukortafyrirtækjanna sem öll lýstu mikilli ánægju sinni með þessa ákvörðun og voru sammála mér um að hún mundi leiða til lækkunar vaxta, lækkandi vöruverðs og heilbrigðari viðskiptahátta. Ég tel því að þessu máli sé lokið og vonandi þingheimur og aðrir ánægðir með niðurstöðu þess. Það er rétt, sem hv. þm. sagði, að áætla má að kostnaðarauki fyrir ríkissjóð í vaxtagjöldum verði á bilinu 70–100 milljónir, en þó má leiða rök að því að með lækkandi vöxtum verði þessi upphæð minni.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal):

Virðulegi forseti. Ég er mjög ánægður yfir því að þetta skuli komið í framkvæmd. Ég var mikill áhugamaður um að þessi háttur yrði upp tekinn, en ég hlýt þó að finna að því að eindagi söluskattsins fyrir nóvembermánuð skuli vera fyrir áramótin. Ég geri mér að vísu grein fyrir því að í ríkisreikningum munar mjög miklu í eitt skipti þegar söluskatturinn kemur ekki inn fyrr en eftir áramót og ef verðbólga er mikil getur þetta haft nokkur áhrif á lokatölur. Eftir sem áður held ég að það eigi að stíga skrefið til fulls þannig að eindagi söluskatts sé jafnan á öðrum eða þriðja virkum degi eftir mánaðamót. Ég skal ekki þreyta þingheim með því að ræða frekar þetta mál, en fagna þeim áfanga sem hefur náðst.

Lækkun vaxta á spariskírteinum, ein umr.

Fsp. FrS, 118. mál. — Þskj. 124.

Fyrirspyrjandi (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Fyrirspurnin hljóðar svo: „Hvenær verður næsta skref tekið til lækkunar vaxta á spariskírteinum ríkissjóðs?“

Það er spurt að þessu vegna þess að hæstv. ríkisstjórn lýsti því yfir þegar hún tók við völdum að hún mundi stefna að 3% lækkun raunvaxta. Það hefur verið tekið örlítið skref í þá áttina en síðan ekkert heyrst meira af því máli. Þó var, þegar talað var um afkomureikninga hjá sjávarútveginum, gert ráð fyrir því að þessi 3% yrðu tekin tiltölulega snemma og þannig fengu menn þetta fræga núll út úr sínum útreikningum þegar hæstv. ríkisstjórn tók við.

Á þskj. 227 er svar við fsp. um sölu spariskírteina. Þar kemur í ljós að sala hefur dottið nánast niður. Vextir voru lækkaðir í ágúst, aftur lækkuðu vextir hjá núv. hæstv. fjmrh. og eftir að hann hóf að skrifa undir skírteinin má segja að þau hafi hætt að seljast. Á að giska hefur selst að undanförnu eða frá því að bankarnir gerðu samninginn um 1 milljarður. Ætli 1 milljarður hafi ekki verið innleystur á móti þannig að árangurinn er nánast enginn. Þetta hefur auðvitað erfiðleika í för með sér fyrir ríkissjóð. Að vísu hefur nokkuð selst, en þó lítið á yfirvöxtum eins og kemur fram í svari við fsp. um vexti á Verðbréfaþingi Íslands, en á því fer að mestu leyti fram sala á spariskírteinum ríkissjóðs.

Það er þess vegna, virðulegur forseti, sem ástæða er til að spyrja þessarar spurningar. Sjálfur er ég nokkuð viss um að raunvaxtastigið hefur áhrif á sölu spariskírteina. Það er ljóst að spariskírteini eru svo mikill hluti skuldabréfa í umferð að vextir af þeim hafa afgerandi áhrif á vaxtastigið í landinu. Þess vegna er spurt hvort ríkisstjórnin sé hætt við að framkvæma stefnu sína. Þau orð voru látin falla á

sínum tíma að það væri stefnt að því að ná raunvöxtum niður um 3% á næstu mánuðum og gefið í skyn að það yrði fyrir áramót þegar þetta var sagt í upphafi, það yrði gert mánaðarlega fram að áramótum. En það kann vel að vera að það séu til einhverjar nýjar skýringar á þessu og þess vegna er spurt, virðulegur forseti.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Fyrirhugað er að næsta skref til lækkunar vaxta spariskírteina verði tekið um næstu áramót. Samningar standa nú yfir við söluaðila spariskírteina um þetta efni og fleiri atriði sem tengjast sölu spariskírteinanna. Þessir samningar eru nú, eins og ég vænti að hv. alþm. skilji, á viðkvæmu stigi og því ekki rétt að skýra nánar frá stöðu þeirra hér. Það verður reynt til þrautar að ná samningum við þessa aðila um sölutryggingu spariskírteina á næsta ári, en þar eru ýmis erfið mál í viðræðunum sem nást þarf samkomulag um önnur en vaxtaprósentan. En það kerfi sem við höfum búið við í þessum efnum á undanförnum mánuðum er nýtt og hefur verið framkvæmt hér í tilraunaskyni í fyrsta sinn að undanförnu.

Ný ákvörðun um breyttan gjalddaga söluskatts, sem var til umræðu fyrir nokkrum mínútum, ætti þó að hjálpa til í þessum samningum af margvíslegum ástæðum. Vextir spariskírteina voru síðast lækkaðir um miðjan október. Þá lækkuðu vextir þriggja ára skírteina mikið eða 0,7% úr 8% í 7,3%, vextir fimm ára skírteina lækkuðu úr 7,5% í 7,3%, en vextir átta ára skírteina voru óbreyttir 7%. Þessi vaxtalækkun var gerð í samkomulagi við söluaðila spariskírteinanna. Þá höfðu verðtryggðir útlánavextir bankanna skömmu áður lækkað um 0,4%. En þetta stóra skref var stigið í trausti þess að vextir bankanna mundu lækka enn meira í kjölfarið. Það gerðist hins vegar ekki fyrr en í upphafi desember eins og kunnugt er.

Vaxtalækkunin í október hefur verið gagnrýnd og því hefur verið haldið fram að sala spariskírteina hafi nánast stöðvast í kjölfar hennar eins og hv. fyrirspyrjandi gerði áðan. Þessi fullyrðing er þó ýkjur eins og kemur fram í skriflegu svari sem dreift hefur verið til hv. alþm. við fsp. frá sama hv. þingmanni, Friðrik Sophussyni. Þar má sjá m.a. að spariskírteinasala í nóvembermánuði á sambærilegu verðlagi í ár er meiri en 1986 og 1984. Þó er ljóst, og á það er engin dul dregin hér, að dregið hefur úr sölu spariskírteina að undanförnu. Þar liggja þó ýmsar fleiri ástæður að baki en vaxtalækkunin. Má þar nefna að samdráttur og lækkun ráðstöfunartekna er töluverður og mikil óvissa ríkir á sviði efnahags- og peningamála. Auk þess var alltaf reiknað með að bankar og sparisjóðir mundu sjálfir þurfa að halda töluverðu af spariskírteinum á þessum mánuðum, enda var um það samið á sínum tíma að þeir héldu ákveðinni upphæð og í staðinn var um að ræða ákveðna uppgreiðslu í málum sem bankarnir töldu mikilvæg.

Í þessu sambandi ber að geta að reiknað var með í lánsfjáráætlun fyrir 1988 að ríkissjóður tæki 1 milljarð 260 millj. kr. að láni hjá bönkunum. Auk þess voru gerðar þessar hliðarráðstafanir sem ég vék að áðan, t.d. lækkun bindiskyldu, hækkun lausafjárhlutfalls og heimild til að telja 50% af spariskírteinaeign til lausafjár. Það er þess vegna ekki marktækt að vitna eingöngu í þá tölu sem óseld er hjá bankakerfinu vegna þess að ætíð var reiknað með að bankakerfið mundi halda eftir verulegum hluta af þessum skírteinum hjá sér til mótvægis við þær aðgerðir aðrar sem ég hef hér upp talið og ákveðnar voru á sínum tíma.

Auk þess er rétt að hafa í huga að reynsla margra undanfarinna ára sýnir að yfirleitt dregur úr sölu spariskírteina í október- og nóvembermánuði eins og m.a. kemur fram á því yfirliti sem dreift hefur verið í skriflegu svari við fsp. hv. þingmanns Friðriks Sophussonar. Því verður þó ekki neitað, eins og ég vil taka hér skýrt fram, að vel er hugsanlegt að lækkun vaxta spariskírteina hafi haft einhver áhrif í þessu sambandi, sérstaklega vegna þess að bankakerfið fylgdi ekki jafnröskleg á eftir og ætlanir höfðu staðið til þar er það gerðist nokkrum vikum síðar.

Nær allt þetta ár hefur verið nokkuð fast samband á milli vaxtastystu spariskírteina og verðtryggðra útlánsvaxta bankanna. Lætur nærri að verðtryggðir útlánsvextir bankanna hafi verið um 1% hærri en vextir spariskírteina. Þetta samband raskaðist nokkuð í ágúst þegar vextir spariskírteinanna voru lækkaðir niður í 8%, en þá voru vextir bankanna 9,3%. Í september jafnaðist þetta, en munurinn var í lok september 1,1%. Jafnvægið raskaðist aftur við vaxtalækkunina í október, en þá verður munurinn 1,4% þar sem vextir spariskírteina voru 7,3% en vextir bankanna 8,7%. Eftir vaxtalækkun bankanna í byrjun þessa mánaðar hefur bilið hins vegar minnkað stórlega, en verðtryggðir útlánavextir bankanna eru nú að meðaltali um 8% þannig að munurinn er nú ekki nema 0,7%. Í ljósi þessa og þeirra horfa sem eru á næsta ári í efnahagsmálum, ríkisfjármálum og peningamálum og einkennast m.a., eins og hér hefur oft komið fram, af minnkandi lánsfjárþörf ríkissjóðs er vissulega tilefni til lækkunar vaxta á spariskírteinum ríkissjóðs um næstu áramót.

Fyrirspyrjandi (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svör hans sem komu reyndar að mestu leyti fram í skriflegu svari hans við fsp. minni fyrir skömmu og vil ég nota tækifærið til að þakka það svar enn fremur. Ég skil mætavel að það er ekki hægt fyrir hæstv. ráðherra að gefa upplýsingar um þá samninga sem nú standa yfir við bankakerfið og söluaðila á spariskírteinum. Það er vissulega tímabært að hæstv. ráðherrar læri að það er ekki fyrir fram hægt að gefa út yfirlýsingar eins og voru gefnar út í haust og reikna strax með því að það komi inn í efnahagslífið því að stýring vaxta með handafli er aðferð sem við getum ekki notað. Það verður að taka tillit til markaðarins.

Það er kannski aðalatriði þessa máls og til þess var spurt að menn áttuðu sig á því að það vantar mikið á að lækkun raunvaxta hér á landi hafi orðið 3% og það er ekki hægt að búast við slíku fyrr en meira jafnvægi næst á markaðnum. Ég vil þess vegna óska hæstv. ráðherra og ríkisstjórninni allri til hamingju með að hafa áttað sig á þessum grundvallaratriðum markaðslögmálsins og vænti þess að í framtíðinni fari hæstv. ráðherrar gætilegar í að gefa yfirlýsingar af þessu tagi því það er ekki nóg að lýsa yfir. Það sem þarf að gerast er að almenningur hafi trú á yfirlýsingunum.

Geir H. Haarde:

Virðulegur forseti. Vextir eru að sjálfsögðu afar mikilvægt fyrirbæri í okkar þjóðfélagi, ekki síst vextir af þeim skuldabréfum sem ríkissjóður gefur sjálfur út. En þannig vill til, ef það skyldi ekki vera fjmrh. ljóst, að það er auðvitað samhengi milli þess sem ríkissjóður gerir á skuldabréfamarkaðnum annars vegar og svo þess sem ríkissjóður ætlast til af borgurunum hins vegar að því er snýr að vöxtum og ávöxtun eigna.

Þannig vill til, eins og ég vakti athygli á í gærkvöld, að nú hefur ríkisstjórnin gert slíka himinháa ávöxtunarkröfu til eigenda húsnæðis í landinu að það er með hreinustu ólíkindum eins og ég benti á og gengur þvert gegn þeirri yfirlýstu stefnu að lækka vexti af spariskírteinum og öðrum skuldbindingum í landinu. Ég held að fjmrh. verði að gjöra svo vel að huga að þessu samhengi.

Það er alveg ljóst að með þeim skattahækkunarhugmyndum á eignir sem nú eru uppi með ríkisstjórninni er verið að hækka svokallaða ávöxtunarkröfu af þeim eignum mikið frá því sem verið hefur og þar með að gera þá kröfu að fólk greiði sjálfu sér húsaleigu eða hafi tekjur af eignum sínum í vaxtaformi miklu hærri fjárhæðir en verið hefur og hærri prósentur en verið hefur. Þetta gengur þvert gegn yfirlýstu markmiði stjórnarinnar.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Í umræðum í gær um tekjuskattsfrv. var hæstv. fjmrh. a.m.k. í tvígang spurður að því hvort hann hefði boðið lífeyrissjóðunum spariskírteini til kaups á næsta ári á óbreyttri lánskjaravísitölu þrátt fyrir yfirlýsingar um a.m.k. tvær aðrar gerðir af lánskjaravísitölu frá hæstv. forsrh. og svo frá þingmönnum Framsfl. Er það svo að fjmrh. sé tilbúinn til þess þrátt fyrir yfirlýsingar hæstv. forsrh. um breytta lánskjaravísitölu að bjóða lífeyrissjóðunum spariskírteini til kaups á óbreyttri lánskjaravísitölu?

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það gildir hið sama um samninga við lífeyrissjóðina og samninga við bankastofnanir og hliðstæða aðila um sölu spariskírteina ríkissjóðs. Ég tel ekki rétt að vera að ræða í þingsölum þau atriði sem þar eru á viðkvæmu stigi í samningum og fullur skilningur var á af hálfu fyrirspyrjanda í þessu máli og tel þess vegna ekki eðlilegt að ég fari að ræða hér og nú einstök atriði sem koma fram á ákveðnum stigum þeirra samninga sem nú fara fram.

Skipasmíðaiðnaðurinn, ein umr.

Fsp. HBl, 136. mál. — Þskj. 143.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal):

Virðulegi forseti. Ég á svolítið erfitt með að ávarpa hæstv. viðskrh. meðan hann er hvergi sýnilegur. (**Forseti:** Forseti skilur það vel en væntanlega mun hæstv. iðnrh. birtast hér og sitja fyrir svörum fyrirspyrjanda.) Ég sé að það er búið að opna allar dyr upp á gátt þannig að hann kemst væntanlega inn í salinn. Það er kannski bara einfaldast að geyma fsp. til næsta fundar (**Gripið fram í:** Hann er kominn.) ef hæstv. iðnrh. má ekki vera að að vera hér við.

Já, virðulegi forseti. Eins og alþjóð er kunnugt eða ætti a.m.k. að vera kunnugt hefur mjög verið þrengt að skipasmíðaiðnaðinum með margvíslegum hætti upp á síðkastið. Í fyrsta lagi er það að gengi íslensku krónunnar er rangt skráð þannig að skipasmíðaiðnaðurinn á í vaxandi erfiðleikum með að mæta samkeppni erlendis frá ef einungis er miðað við verð í krónum talið. Í öðru lagi er það að sjávarútvegurinn er rekinn með botnlausum halla sem veldur því að útgerðarmenn eiga erfiðara en áður með að gera full skil á viðgerðum eða endurbótum á skipum sínum eða draga það að setja skip sín í viðgerð þó hún sé kannski knýjandi, en auðvitað verður það mjög dýrt til lengdar. Í þriðja lagi er mikil óvissa um það hvernig lánafyrirgreiðslu verður háttað í sambandi við skipasmíðaiðnaðinn á næsta ári og allt í óvissu um það hvort Byggðasjóður muni áfram veita þá fyrirgreiðslu upp í 80% af meiri háttar viðhaldi og endurbótum sem verið hefur undanfarið og hefur reynst mjög vel, notið vaxandi trausts bæði útgerðarmanna og skipasmíðaiðnaðarins og engin gagnrýni hefur fengist á enda um mjög fagleg vinnubrögð að ræða og einungis nauðsynlegt vegna þess að aðrir sjóðir í landinu eru ekki færir um að inna þessa fyrirgreiðslu af hendi.

Enn er það að frv. um tekjuskatt og eignarskatt sem lagt hefur verið fram mun bitna með miklum þunga á skipasmíðaiðnaðinum eins og ég veit að hæstv. iðnrh. er ljóst sem er mjög skattfróður maður og enn vil ég bæta því við að í lögum um lántökugjald á erlendar lántökur er gert ráð fyrir því að leggja sérstakan skatt á lán sem veitt eru til þess þó að fiskiskip séu smíðuð hér á landi, en eins og iðnrh. er kunnugt er verið að smíða eitt slíkt skip á Akureyri m.a. Ég get því ekki séð annað en að ríkis-

stjórnin stefni með markvissum hætti að því að brjóta niður þennan iðnað. Með því er að sjálfsögðu líka verið að vega mjög að landsbyggðinni því að skipasmíðaiðnaðurinn er mjög úti um allt land. Hann er sérstaklega á Akureyri og Akranesi e.t.v. en hann er á ýmsum öðrum stöðum. Ég get talað um Ísafjörð, Vestmannaeyjar, Suðurnes, Húsavík og Siglufjörð, og það er hægt að tala um Skagaströnd og Seyðisfjörð. Víða hefur skipasmíðaiðnaðurinn verið í misjöfnum vexti að vísu, en hann hefur þó náð að lifa af og ég vil segja að hann sé nauðsynleg þjónusta til þess að við getum verið sú fiskveiðiþjóð með þeirri reisn sem við viljum vera og höfum verið.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Hv. fyrirspyrjandi, 2. þm. Norðurl. e., spyr hvort ríkisstjórnin telji nauðsynlegt að bæta rekstrarstöðu skipasmíðaiðnaðarins og treysta samkeppnisstöðu hans. Svarið er já, hún telur það.

Eins og kunnugt er hafa íslenskar skipasmíðastöðvar átt við vaxandi erfiðleika að etja, einkum hvað varðar nýsmíði og stærri viðhaldsverkefni vegna þess að þessi verkefni hafa viljað fara til erlendra skipasmíðastöðva í auknum mæli. Margar þessara erlendu stöðva búa við ríkisstyrki eða lægri kostnað en íslensku stöðvarnar. Ríkisstjórnin telur vissulega nauðsynlegt að bæta stöðu íslensku skipasmíðafyrirtækjanna en jafnframt er auðvitað ljóst að ríkissjóður getur alls ekki staðið undir styrkjakerfi af því tagi sem tíðkast í sumum nágrannalöndum okkar. Meginatriðið er auðvitað að stuðla að aukinni hagræðingu og framleiðni í íslensku stöðvunum. Í því skyni hefur verið fengið breskt ráðgjafarfyrirtæki í samvinnu við samtök skipasmíðastöðvanna. Fyrirtækið sem heitir A & P Appledore hefur gert úttekt á samkeppnisstöðu íslensku stöðvanna. Það liggja núna fyrir frumdrög að skýrslu þessa fyrirtækis og að undanförnu hefur hún verið til umsagnar hjá ýmsum aðilum og athugunar og endanleg skýrsla mun liggja fyrir innan fárra vikna. Á grundvelli hennar og í samráði við samtök greinarinnar verður unnið að stefnumótun í málefnum íslensku skipasmíðastöðvanna. Þar kemur m.a. til greina að greiða fyrir samstarfi þeirra og samvinnu um meiri háttar verkefni.

Eitt af þeim atriðum sem hafa verið til athugunar og hv. fyrirspyrjandi kom inn á í fsp. og í sínu máli er aðstaða íslensku stöðvanna til að bjóða að láni hluta af andvirði meiri háttar viðhaldsverkefna á skipum. Nú er til athugunar í viðskrn. og iðnrn. hvernig heppilegast sé að beita erlendu lánsfé og heimildum til erlendrar lántöku í þessu skyni. Ég er þess fullviss að á þessu finnst viðunandi lausn innan skamms og ég mun fyrir mitt leyti leitast við að tryggja að aðgangur að lánsfé verði jafngreiður fyrir sambærileg verkefni hér á landi og þar sem þau eru unnin erlendis. Hvort sem það verður nú fyrir milligöngu Byggðasjóðs eða annarra lánastofnana er það alveg ljóst að allt að 80% lánsheimild verður veitt fyrir sambærileg verkefni hér á landi og erlendis. En auðvitað er frumskilyrðið fyrir góðri rekstrarstöðu skipasmíðanna að sjávarútvegurinn gangi vel. Það er forgangsverkefnið.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal):

Ekki var, virðulegi forseti, mikil reisn yfir hæstv. iðnrh. þegar hann vísaði til bresks fyrirtækis og þegar hann fór að tala um að það yrði að koma við aukinni framleiðni og hagkvæmni í rekstri skipasmíðastöðva en vék ekki einu einasta orði að þeim erfiðleikum sem skipasmíðaiðnaðurinn á við að búa og ætti hann þó að geta kynnt sér það og borið saman rekstrarreikninga undangenginna ára og athugað hvað það er sem hefur breyst.

Ég vil biðja hæstv. iðnrh. t.d. að athuga hvernig var um þau miklu verkefni sem Slippstöðin á Akureyri vann fyrir Kanadamenn þegar hinir kanadísku togarar voru kassavæddir og hvaða áhrif það hafði á þá samninga þegar bandarískt dalurinn féll, til þess að hann geri sér grein fyrir því hversu miklu það skiptir, jafnvel þegar við erum að byggja fyrir erlenda aðila, hvernig íslenska krónan er skráð. Hann ætti að kynna sér t.d. byggingarsögu Sigurbjargar í Ólafsfirði. Hann ætti að kynna sér, ég vil segja skipasmíðasögu Íslands og athuga það hvernig farið hefur í hvert einasta skipti sem til langframa er haldið uppi þeirri stefnu að hafa skráningu gengisins ranga.

Ég tók líka eftir öðru. Hæstv. iðnrh. gefur í skyn að sú framkvæmd sem hefur verið í Byggðasjóði hafi ekki verið góð eða fullnægjandi og er að tala um það að nauðsynlegt sé að taka upp aðra skipan. Það er náttúrlega mjög bagalegt, vil ég segja, og ég vil gagnrýna hann mjög heiftarlega og harkalega fyrir það að vera fjarverandi þegar lánsfjárlög eru rædd í Ed., þegar hann er uppi með slíkar hugmyndir. Þessi hæstv. ráðherra var ekki viðstaddur, og enginn af ráðherrum Alþfl., þegar verið var að ræða bráðabirgðalögin um efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar. Þeir létu ekki sjá sig, ekki einn einasti þessara manna. En hæstv. viðskrh. lét heldur ekki sjá sig þegar lánsfjárlögin voru rædd og nú er hann að tilkynna hér í fyrirspurnatíma að hann ætli í grundvallaratriðum að breyta því hvernig staðið verði á bak við viðhalds- og endurbyggingarverkefni skipasmíðaiðnaðarins og talar þar á öðrum nótum en hæstv. fjmrh. gerði í umræðunni um lánsfjárlögin. Það er náttúrlega ekki von að þingstörf gangi vel þegar ráðherrarnir tala með þessum hætti, með nánast fyrirlitningu fyrir hinni elstu löggjafarstofnun landsins og til þeirra manna sem þjóðkjörnir eru í þá stofnun.

Albert Guðmundsson:

Virðulegur forseti. Það sem kemur mér upp í ræðustól eru orð hæstv. iðnrh.: Ríkisstjórnin getur ekki o.s.frv. Þetta er rangt. Ríkisstjórnin hefur leyfi til að leysa þetta mál að verulegu leyti. Þegar tilboð bárust í skipasmíða- eða viðgerðarverkefni frá Noregi þann tíma sem ég var iðnrh. var það undantekn-

ingarlaust með norskum opinberum styrkjum að því leytinu til að ríkisstjórn Noregs tók á sig allan fjármagnskostnað. Fjármagnskostnaðurinn var dreginn frá í tilboðunum þannig að íslensku tilboðin, sem voru með öllum fjármagnskostnaði og að sjálfsögðu öllum innlendum kostnaði sem þar fyrir utan hleðst á verkefni hér, voru þar af leiðandi ekki sambærileg. Ríkisstjórnin getur hins vegar farið þá leið sem ég stakk upp á á sínum tíma sem iðnrh. í ríkisstjórninni en hæstv. sjútvrh. neitaði algjörlega. Ríkisstjórnin getur hætt að veita lán úr almennum sjóðum skattgreiðenda á Íslandi til fjárfestingar eða til viðgerðarverkefna erlendis ef hægt er að leysa verkefnið hérlendis þótt einhver munur sé á tilboðunum. Það er hægt að draga frá skatta og það er hægt að draga frá skatta fyrirtækja og einstaklinga og öll opinber gjöld af íslensku tilboðunum og bera svo saman og á ég þar sérstaklega við Fiskveiðasjóð. — Ég bið forseta velvirðingar. Þetta mál er það stórt að ég klára ekki það sem ég þarf að segja. Með því að draga frá bæði skatta og opinber gjöld og bera svo saman íslensk tilboð og erlend tilboð var á sínum tíma vit í að taka íslensku tilboðunum en ekki að láta verkefnin fara úr landi og þar með fjármagna fyrir íslenska skattpeninga vinnumarkaðinn erlendis.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Hv. fyrirspyrjandi, 2. þm. Norðurl. e., taldi að það væri ekki mikil reisn yfir því að vísa til breskra ráðgjafarfyrirtækja um vanda íslenska skipasmíðaiðnaðarins. Má ég í fullri vinsemd minna þennan hv. þm. á að þetta ágæta fyrirtæki var til þessa verks fengið í góðu samráði við samtök iðnaðarins af fyrrv. iðnrh., hv. 1. þm. Reykv. Friðriki Sophussyni, í góðu samkomulagi við aðra sem stóðu að þeirri ríkisstjórn. Ég tel það eiginlega forkastanlegt að geisa hér á þann hátt sem hv. 2. þm. Norðurl. e. gerði út af þessu máli. Um þetta mál er gott samkomulag og menn eru þarna að leita leiða til þess að leysa þennan torleysta vanda og ég vona að hv. 2. þm. Norðurl. e. fylgi eftir þeirri ríku tilfinningu sem hann hefur fyrir velgengni þessarar greinar með því að taka dyggan þátt í því starfi fremur en að geisa svona á móti því.

Í öðru lagi minntist hv. 2. þm. Norðurl. e. á verkefni sem Slippstöðin á Akureyri fékk á sínum tíma fyrir kanadísk útgerðarfyrirtæki, að breyta togskipum vegna þess að verið var að taka upp kassa í skipunum. Það er vissulega lofsvert framtak og tókst vel og var til mikillar fyrirmyndar og þeim mönnum til hróss sem að því stóðu, forráðamönnum fyrirtækisins. Ég held hins vegar að í því hafi legið nokkur vísbending um það hvað ytri skilyrði geta breytt rekstrarskilyrðunum í innlendri starfsemi án þess að Íslendingar fái þar nokkru um ráðið, því fall dollarans gerir slík verkefni núna miklu síður arðvænleg. Það er ekki mál sem ræðst af gengi íslensku krónunnar, þar ræður gengi bandaríkjadollars og kanadadollars, sem fljóta saman gagnvart öðrum myntum, mestu um. En auðvitað er þetta ekki eitt kjarni þess máls sem við ræðum hér. Það er auðvitað rétt að almenn rekstrarskilyrði í landinu, gengi krónunnar þar á meðal, eru mikilvæg fyrir afkomu þessarar greinar.

Ég vil svo að lokum víkja nokkrum orðum að því sem hv. fyrirspyrjandi, 2. þm. Norðurl. e., sagði um fyrirkomulag lánveitinga vegna innlendra skipasmíðaverkefna. Það er mál sem ég er að athuga í góðu samráði við samtökin í greininni. Þar er alls ekki búið að taka ákvörðun um það hvort fyrirkomulaginu verður breytt eða hvort það helst óbreytt. Það fer eftir niðurstöðum þessarar athugunar. Ég vil tengja það mál eins og málið sem hv. 5. þm. Reykv. tók hér upp áðan, um fyrirkomulag á tilboðum og hvernig þeim sé tekið, við þá almennu athugun sem ríkisstjórnin vinnur nú að í samstarfi við fyrirtækin í greininni og aðra sem þar starfa.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal):

Virðulegi forseti. Það má vera að ég hafi geisað, en hitt liggur fyrir að það ætti auðvitað að styrkja stöðu skipasmíðaiðnaðarins íslenska ef dollar fer niður vegna þess að það veldur því að Evrópumyntir fara þá að öllum jafnaði upp og þar er sú samkeppni sem við eigum við að stríða í skipasmíðaiðnaðinum en ekki í Bandaríkjunum. — Ég sé að hann hristir höfuðið. Ég hefði nú gaman af að sjá og vita um það skip sem fer til viðgerðar til Bandaríkjanna og greitt er fyrir í dollurum þar. Auðvitað er samkeppnin í Evrópu fyrst og fremst. Það kom þó viðurkenning frá þessum hæstv. ráðherra á því að gengisskráningin skiptir máli, en um hitt hefur hann ekki sagt eitt einasta orð, hvort hann hyggist leggja sérstakt lántökugjald á skipasmíðar hér innan lands og væri fróðlegt að fá upplýsingar um það líka og má vera að ástæða sé til að geisa enn meir út af því máli en ég hef enn gert. Í öðru lagi langar mig til að spyrja hann hvort hann telji almenn og efnisleg rök fyrir þeim skattalagabreytingum á tekjuskatti sem nú eru í sambandi við skipasmíðaiðnaðinn og aðra sveifluatvinnuvegi hér á landi og hvort hann telji sem hagfræðingur að með því sé hann að stuðla að jafnvægi í atvinnulífinu og með því sé hann að styrkja þær undirstöðugreinar sem íslenskt þjóðfélag stendur á.

Um þingsköp.

Fsp. til forsrh. um þjóðargjaldþrot.

Halldór Blöndal:

Virðulegi forseti. Ég óska eftir því að 15. málið verði tekið á dagskrá nú, fsp. til forsrh. um þjóðargjaldþrot. Ég held að alveg óhjákvæmilegt sé að ræða það mál. Ég ræddi við forseta Sþ. í morgun og hann tjáði mér að lokið yrði við dagskrána fyrir hádegi, þannig að ég hef gert ráðstafanir til þess að vera annars staðar í hádeginu, innan skamms. Enn

fremur tjáði forseti Sþ. mér það að farið yrði eftir dagskránni eins og hún liggur fyrir. Ég vil þess vegna óska eftir því að farið sé eftir þeirri vinnureglu sem forseti Sþ. bað um og að þetta mál sé þegar í stað tekið á dagskrá.

Ég þarf ekkert að taka það fram að ég hef bæði í nefndum og annars staðar kvartað mjög undan starfsháttum þingsins og skipulagi og haft orð á því að þeir menn sem eru í stjórnarandstöðu hafi lítil áhrif á það hvernig nefndarstörfum og öðru sé háttað og vinnuálag mikið. Þetta auðvitað veldur því að þegar maður fær svör reynir maður að skipuleggja þann tíma sem maður hefur á milli funda eftir mætti og má auðvitað segja að það sé óvarkárni af manni í stjórnarandstöðu að hann skuli leyfa sér að gera slíka hluti, að hann skuli búast við því að fundum ljúki þegar meiri hlutinn segir og að hann skuli búast við því að farið verði eftir dagskrá þegar meiri hlutinn segir að farið verði eftir dagskrá.

Ég held að það sé algerlega óhjákvæmilegt að þessi fyrirspurn verði nú tekin fyrir og vil líka benda á það raunar að hlaupið hefur verið yfir 9. mál, fsp. til viðskrh. um lánstraust Íslands erlendis, þar sem spurt er: Hyggst viðskrh. ... . (Gripið fram í.) Ég bið þá afsökunar. Ég hef þá ekki verið til staðar. Það er rétt. Ég var að sinna öðrum málum. En ég vil óska þess að þetta mál verði tekið á dagskrá.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti hefði e.t.v. getað komið í veg fyrir þessa athugasemd um þingsköp ef hann hefði athugað að undirbúa hv. 2. þm. Norðurl. e. undir það sem fyrirhugað var varðandi breytingu á dagskrá. Það var samkomulag á milli forsetanna að varaforseti sæti kyrr á meðan hv. 13. þm. Reykv. fengi að mæla fyrir sinni fsp. sem er að vísu 21. dagskrármálið. Þetta var vinnuhagræðing á milli forseta og varaforseta. En ef hv. 2. þm. Norðurl. e. leggur ríka áherslu á að fá nú þegar að mæla fyrir sinni fsp. verður að sjálfsögðu orðið við því. Að öðru leyti hefði forseti óskað eftir að hv. 2. þm. Norðurl. e. hefði ofurlitla biðlund og leyfði forsetum að hafa uppi þessa vinnuhagræðingu.

Halldór Blöndal:

Virðulegi forseti. Ég spurði forseta Sþ. að því hvenær mín fsp. gæti komist að og hann fullvissaði mig um að það gæti orðið fyrir kl. 12. Ég get að vísu ekki áttað mig á því hversu lengi umræður um fsp. eru, en auðvitað get ég reynt að gera ráðstafanir til þess að þeir sem ég hafði boðað til fundar bíði þeim mun lengur og skal gera það samkvæmt beiðni forseta. En það er alveg nauðsynlegt þegar maður spyr sérstaklega um hvernig vinnubrögðum er hagað í þinginu að maður fái um það svör sem hægt er að treysta.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Mér er auðvitað ljúft og skylt að breyta frá samkomulagi okkar forsetanna og leyfa hv. 2. þm. Norðurl. e. að fá svar við fsp. sinni. Hins vegar held ég að það hefði reynst flestum forsetum ærið erfitt að halda dagskrá nákvæmlega. Auðvitað er ætlast til þess að hv. þm. séu viðstaddir í fyrirspurnatímum og mál hafi sína eðlilega röð, en út af því verður vitaskuld að víkja þegar menn eru ekki til staðar. En ég mun bíða þangað til að mér kemur á dagskrá.

Halldór Blöndal:

Það er nú komið í ljós, hæstv. forseti, að ástæða var til að reka á eftir því að þetta mál yrði tekið á dagskrá til að reyna að gera það áður en hæstv. forsrh. slyppi út. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að gera ráðstafanir til þess að ná í hæstv. forsrh. þannig að hann svari þessari fsp., en vil um leið spyrja hæstv. forseta í fyrsta lagi hvort hann búist við að þessi fsp. verði tekin á dagskrá síðar á þessum fundi og ef svo er ekki, þá væri fróðlegt að fá að vita hvenær næsti fyrirspurnatími verður og þá um leið, ef svo kynni að fara, hvort hæstv. forsrh. yrði þá í landinu.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti mun reyna að leitast við að ljúka dagskrá þessa fundar og þar með verður auðvitað umrædd fsp. á dagskrá og ég mun gera ráðstafanir til þess að fá forsrh. hingað í þingsal.

Greiðslukortaviðskipti, ein umr.

Fsp. GHelg, 172. mál. — Þskj. 186.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Fsp. mín á þskj. 186 um greiðslukortaviðskipti krefst ekki langs inngangs. Þegar greiðslukortaviðskipti hófust varaði ég alvarlega við að hleypa þessu nýja greiðsluformi inn á peningamarkaðinn án þess að fyrir þessum viðskiptum væru lög og hef margítrekað spurt eftir hvað líði gerð laga um greiðslukortaviðskipti. Síðan er öllum kunnugt um að þetta greiðsluform er orðið eitt hið algengasta í landinu. Ég varaði á sínum tíma einnig við því að það færi óhjákvæmilega svo að kostnaður af þessum viðskiptum færi vitaskuld út í verðlagið. Þetta hefur að sjálfsögðu sýnt sig líka.

Hér á landi hefur þessum viðskiptum verið hleypt miklu víðar en almennt gerist. T.d. er ekki unnt að kaupa matvöru samkvæmt greiðslukortum í nágrannalöndum okkar, en hér virðist nú hægt að versla með næstum hvað sem er með þessum kortum. En þegar svo er komið að kaupmenn, sem ýmsir hverjir hafa átt í erfiðleikum að undanförnu, hafa neyðst til þess að selja með afföllum greiðslukortanótur hlýtur maður að spyrja hvort slík viðskipti samræmist eðlilegum viðskiptaháttum, ekki

síst þegar ljóst er að ríkisbankarnir eru komnir í þessi viðskipti líka.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, en ég hef sem sagt leyft mér að spyrja á þskj. 186:

„1. Er ráðherra kunnugt um að viðskiptabankarnir hafi keypt greiðslunótur af kaupmönnum með talsverðum afföllum, allt að 30%?

2. Ef svo er, hvert er viðhorf ráðherra til slíkra viðskipta?

3. Hvað líður undirbúningi frumvarps um greiðslukorta- og afborgunarviðskipti sem boðað er í stjórnarsáttmála núv. ríkisstjórnar?"

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Fyrirspyrjandi, hv. 13. þm. Reykv., spyr í fyrsta lagi hvort mér sé kunnugt um að viðskiptabankarnir hafi keypt greiðslunótur af kaupmönnum með talsverðum afföllum, allt að 30%. Ég get svarað því þannig að mér er auðvitað ljóst að affallaviðskipti með kreditkortanótur hafa *tíðkast nú um nokkurt skeið.* Viðskiptabankarnir sem stunda þessi viðskipti hafa gert og gera misjafnlega háar ávöxtunarkröfur í þessum viðskiptum. Þær eru ekki jafnháar hjá bönkunum, held ég, eins og sumum verðbréfafyrirtækjunum. Ég ætla að taka hér sem dæmi ávöxtunarkröfu banka í eigu ríkisins, Búnaðarbankans. Hann mun nú krefjast 27–28% ársávöxtunar í þessum viðskiptum. Það skal tekið fram að sumir bankanna kaupa alls ekki slíkar nótur, t.d. ekki Landsbanki Íslands.

Til viðbótar við vextina reikna bankarnir sér viðskiptagjald, yfirleitt 1% af fjárhæðinni, og loks draga þeir yfirleitt frá upphæð greiðslunótanna sem þeir kaupa þá prósentu sem greiðslukortafyrirtækið ætlar sér í þóknun, en sú þóknun er yfirleitt á bilinu 1–3% af fjárhæðinni eftir því hvaða fyrirtæki á í hlut. Í þessum tölum hef ég miðað við þau kjör sem Búnaðarbankinn býður. Afföllin eru síðan reiknuð út frá þeim tölum sem ég hef nefnt og því, sem auðvitað er mikilvægast, hversu langt er til gjalddaga eða eindaga greiðslukortsnótunnar.

Afföllin sem fyrirspyrjandi nefnir krefjast sérstakra skýringa, en ég ætla að taka hérna dæmi af viðskiptum kaupmanns við Búnaðarbankann. Ef við tækjum dæmi af nótu sem yrði gerð upp við greiðslukortafyrirtæki eftir 30 daga næmi sú greiðsla sem Búnaðarbankinn héldi eftir af greiðslukortsfjárhæðinni 5,97%. Af þessum afföllum, ef við notum það orð til þess að lýsa þessu fyrirbæri, færu 2,97% til bankans, en 3% til greiðslukortafyrirtækisins sem í hlut á. Þetta lýsir ekki öllu málinu, en þetta segir hvernig þetta gengur fyrir sig.

Það hafa heyrst raddir um það og fyrirspyrjandi er einn þeirra sem hreyfa því að koma ætti í veg fyrir viðskipti með greiðslukortanótur á þennan hátt. Ég bendi hins vegar á að það er löng reynsla fyrir því að það dugar skammt að banna slík viðskipti með lögum. Þau munu ávallt tíðkast þegar eftirspurn eftir fjármagni er meiri en framboðið og væntanlega sjá kaupmennirnir sem selja nóturnar sér í flestum tilvikum einhvern hag í því að selja þær, en það er ekki útilokað að það geti í einstökum tilfellum verið um að ræða *vítaverða misneytingu* á aðstöðu af hálfu þeirra sem kaupa nóturnar með afarkjörum. Um það er ekki hægt að segja neitt almennt.

Nú hefur hins vegar ríkisstjórnin, eins og kunnugt er og reyndar var rætt fyrr á þessum fundi, ákveðið að breyta eindaga söluskattsins frá næstu áramótum *til annars dags hvers mánaðar eða næsta virka dags* þar á eftir í staðinn fyrir 21. f.m. Það er enginn vafi á því í mínum huga að hjá mörgum kaupmönnum voru það einmitt söluskattsskilin fyrir lok hvers mánaðar sem knúðu þá til að selja kreditkortanóturnar með afföllum. Þetta þrýsti auðvitað vöxtunum upp og er undirrót þess vanda sem hv. fyrirspyrjandi hreyfir hér. Með því að koma á samræmi milli dagsetninga á gjalddaga söluskatts og uppgjörs á greiðslunótum ætti að létta mjög þrýstingi af þessum affallaviðskiptum.

Hitt er svo annað mál að sumir seljendur vöru og þjónustu kunna að koma sér að nýju í svona vandræði með því að auglýsa, eins og sumir þeirra gera, að þeir ætli ekki að framvísa greiðslukortanótunum við greiðslukortafyrirtækin fyrr en í næsta mánuði þannig að viðskipti í dag verði ekki borguð fyrr en í febrúarbyrjun í raun og veru frá hálfu neytandans. Þetta gera kaupmennirnir ótilkvaddir í því skyni að auka sína verslun fyrir jólin og að sjálfsögðu munu slíkir viðskiptahættir auka eitthvað viðskiptin hjá þeim sem kaupa greiðslukortanótur af kaupmönnum með afföllum, en auðvitað verða kaupmennirnir sjálfir að meta þetta. Ríkisstjórnin hefur fyrir sitt leyti gert þarna ráðstafanir sem laga markaðsskilyrðin og ættu að tryggja sanngjarnari viðskipti en ella væru.

Hv. fyrirspyrjandi spurði einnig um það hvað liði undirbúningi frv. um greiðslukorta- og afborganaviðskipti. Ég get svarað því þannig að nefnd sem nú starfar á vegum viðskrn. að samningu frv. um greiðslukorta- og afborganaviðskipti mun væntanlega skila áliti sínu í janúarmánuði og ég vona að ég geti þá lagt fram frv. þegar þingið kemur saman að loknu jólafríi.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans. Öllu því sem ég spurði um svaraði hann nema kannski því hvert væri viðhorf hans til þessara viðskipta. Við skulum láta það liggja milli hluta. Ég hygg að við séum nokkuð sammála um að við teljum að þessi viðskiptamáti sé kannski ekki sá allra æskilegasti. Ég get mér þess þá til að hann sé sammála mér um það.

Ég held að það sé mikil bót að þessari breytingu á dagsetningu eindaga söluskatts. Það er alveg ljóst að kaupmenn voru í vandræðum með þetta og það er áreiðanlega alveg rétt hjá hæstv. ráðherra að einhver hluti þessarar nótusölu átti rætur að rekja til þess bils sem kom milli dagsetningar á söluskattsgreiðslum og greiðslu á greiðslukortanótunum.

Jafnframt fagna ég því ef frv. sér loksins dagsins ljós þannig að þessi viðskipti byggist á lögum eins og önnur viðskipti gera. Allt of lengi hefur þetta verið látið flæða yfir þjóðina án þess að nokkur fengi rönd við reist.

Ég held hins vegar að það sé mikið umhugsunarefni hver borgar kostnaðinn af þessari yfirgengilegu notkun greiðslukorta því að ég hygg að óvíða sé eins almenn notkun korta. Mér sýnist að svo til hvert einasta ungmenni sem orðið er 18 ára sé komið með greiðslukort, oft hliðarkort við kort foreldra sinna, og það virðast vera greiddar upphæðir allt niður í 250 kr. með greiðslukortum þannig að þetta er mjög svo öfgakennt í okkar landi.

En hvað um það. Það er sjálfsagt rétt hjá hæstv. ráðherra að það er erfitt að stöðva slíkt þegar það er einu sinni komið á, en það er á hinn bóginn þeim mun nauðsynlegra að setja um þetta löggjöf.

Ég vona að við sjáum þetta frv. eftir áramótin og þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans.

Bifreiðaskoðun í Hafnarfirði, ein umr.

Fsp. JúlS, 151. mál. — Þskj. 160.

Fyrirspyrjandi (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Fyrir um það bil ári var til umræðu í þinginu frv. til l. um breytingu á umferðarlögum sem varð reyndar að lögum. Gerir það ráð fyrir stofnun Bifreiðaskoðunar Íslands hf., en það fyrirtæki hefur nú þegar verið stofnað og því er ætlað að taka við verkefni sem áður var undir Bifreiðaeftirliti ríkisins, þ.e. skoðun bifreiða. Það fer ekki á milli mála að þessi breyting virðist hafa verið afar illa undirbúin og kannski ótímabær að því leytinu til að færa þetta verkefni strax yfir til þessa nýja fyrirtækis. Svo virðist sem aðstaða og möguleikar þessa nýja fyrirtækis til að taka við þessu verkefni séu ekki fyrir hendi.

Þegar við þingmenn vorum að fjalla um þetta frv. fyrir um það bil ári reiknuðum við ekki með því að í sjálfu sér yrði um neina breytingu að ræða á þeirri þjónustu sem Bifreiðaeftirlit ríkisins hefur haft með höndum undanfarið. Nú virðist svo vera að það eigi að draga verulega saman þá þjónustu sem áður hefur verið í höndum Bifreiðaeftirlits ríkisins þannig að skoðunarstöðum verði fækkað verulega og því spyrjum við hvort það sé virkilega fyrirhugað að leggja niður skoðun bifreiða í Hafnarfirði. Það þekkja allir sem hafa átt og þurft að umskrá bíla á höfuðborgarsvæðinu að biðin eftir að fá þjónustu hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins í Ártúnshöfða hefur verið ákaflega löng og treg. Það hefur því verið mikill hægðarauki að því fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins að geta farið í Hafnarfjörð og látið umskrá bifreiðar sínar þar sem þjónusta hefur verið með afbrigðum góð og fljótvirk. Því væri það mikill missir fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins ef skoðun bifreiða í Hafnarfirði yrði hætt.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Með þeirri breytingu sem gerð var á umferðarlögum á síðasta vori var heimilað að fela sérstöku hlutafélagi, sem ríkið á aðild að, skráningu og skoðun ökutækja. Alþingi gerði það að skilyrði að komið skyldi á fót skoðunaraðstöðu í öllum kjördæmum. Hlutafélagið hefur nú verið stofnað og verið er að ráða að því starfsmenn, jafnframt því sem Bifreiðaeftirlit ríkisins hættir starfsemi um næstu áramót að öðru leyti en því að það mun sjá um ökupróf þar til endanleg ákvörðun hefur verið tekin um vistun þeirra en um það atriði er nú fjallað í sérstakri nefnd sem ég skipaði á þessu hausti.

Ökutækjaskoðun á nú að fara fram með nýjum hætti sem felst fyrst og fremst í því að ökutækin verða nú tengd ýmiss konar mælitækjum sem eiga að mæla ástand þeirra og eftirlitsmenn fá aðstöðu til þess að skoða undirvagninn og fleiri atriði sem ekki hefur verið unnt að gera við þá frumstæðu aðstöðu sem Bifreiðaeftirlitið hefur búið við hingað til. Þessi breyting kallar að sjálfsögðu á verulega fjárfestingu í skoðunarstöðvum og um leið verður að færa skoðunina á færri staði. Þetta ætti að vera gerlegt, sérstaklega þar sem svo hagar til að stutt er á milli staða, en jafnframt er nú áformað að kaupa hreyfanlega skoðunarstöð sem getur annast skoðun ökutækja á ýmsum smærri stöðum sem liggja langt frá væntanlegum skoðunarstöðvum félagsins. Þá hefur verið rætt um það innan stjórnar félagsins að koma upp svokölluðum einmenningsstöðvum til ökutækjaskoðunar en þar er átt við húsnæðisaðstöðu með nauðsynlegum mælitækjum sem komið yrði á fót utan höfuðborgarsvæðisins, og þá yfirleitt í samvinnu við aðra aðila, þar sem einn bifreiðaskoðunarmaður gæti annast skoðun nokkurra bifreiða á dag.

Hér á höfuðborgarsvæðinu er hins vegar áformað að byggja afkastamikla skoðunarstöð sem á að geta annast skoðun á þeim 65 þúsund ökutækjum sem eru í Reykjavík, Kópavogi, Seltjarnarnesi, Hafnarfirði og Mosfellsbæ. Er reiknað með því að skoðað verði í 250 daga á ári. Hönnun þessarar stöðvar er í fullum gangi og er ætlunin að hún verði hér í Reykjavík, en um 45 þúsund af þessum 65 þúsund ökutækjum eru hér í Reykjavík. Af framanskráðu er ljóst að ökutækjaskoðun leggst þá samfara því niður í Hafnarfirði.

Stjórn Bifreiðaskoðunar Íslands hf. hefur að undanförnu mikið fjallað um fyrirkomulag ökutækjaskoðunar í landinu. Að þeirri umfjöllun lokinni gerði hún á fundi sínum hinn 22. nóv. sl. svohljóðandi samþykkt, sem er í fjórum liðum, með öllum atkvæðum stjórnarmanna:

1. Byggð verði skoðunarstöð í Reykjavík fyrir höfuðborgarsvæðið með sex brautum fyrir litlar

bifreiðar og einni braut fyrir stórar bifreiðar.

2. Byggðar verði skoðunarstöðvar á Akureyri, Selfossi og í Keflavík innan fimm ára. Þangað til verði tekið húsnæði á leigu á þessum stöðum og keyptur verði búnaður til fullkominnar skoðunar bifreiða miðað við eina braut sem nýtist jafnt fyrir litla sem stóra bíla.

3. Í fjórum kjördæmum, þ.e. á Vesturlandi og Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og á Austurlandi, verði fyrst um sinn komið upp umdæmisskrifstofum eða einmenningsstöðvum og auk þess verði notaðar hreyfanlegar skoðunarstöðvar til þess að leysa bifreiðaskoðun á smærri stöðum. Ef hagkvæmt þykir verði einnig settar upp einmenningsstöðvar á öðrum stöðum, til viðbótar við skoðunarstöðvar sbr. lið 4.

4. Bifreiðaskoðun verður eingöngu framkvæmd af starfsmönnum Bifreiðaskoðunar Íslands hf., en eftirskoðun verður framkvæmd á bifreiðaverkstæðum sem til þess hafa viðurkenningu og samning við Bifreiðaskoðun Íslands hf.

Þess skal að lokum getið að stjórnin hefur fjallað mikið um þátt bifreiðaverkstæða í almennri skoðun ökutækja og er niðurstaða hennar sú er að framan greinir, að verkstæðin sjái ekki um aðalskoðun, sem vera þurfi hlutlaus og samræmd, hins vegar muni verkstæðin fá aukin verkefni við eftirskoðun bifreiða og tilheyrandi viðgerðir. En fullkomnari og strangari skoðun ökutækja mun leiða til bætts viðhalds og aukinnar endingar á bifreiðaflota landsmanna jafnframt því sem slíkt á að auka umferðaröryggi.

Fyrirspyrjandi (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Ég vil fyrir mitt leyti þakka hæstv. dómsmrh. fyrir mjög greinargóð svör við fsp. þessari. Það breytir þó ekki skoðun minni að hér sé farið inn á ranga braut, þ.e. að hætta skoðun bifreiða í Hafnarfirði og að ætla að byggja hér eina stóra skoðunarstöð fyrir allt höfuðborgarsvæðið.

Það kom mjög vel fram í svari hæstv. ráðherra að um mikinn fjölda ökutækja er að ræða hér á höfuðborgarsvæðinu og það er alveg ljóst að þjónustustig sem verður veitt í sambandi við skoðun ökutækja af hálfu hins nýja fyrirtækis, Bifreiðaskoðunar Íslands hf., verður mun lakara en verið hefur hvað íbúa höfuðborgarsvæðisins varðar. Því hlýt ég að harma það að sú ákvörðun hafi verið tekin að hætta skoðun bifreiða í Hafnarfirði, en þakka að öðru leyti fyrir greinargóð svör.

Orkufrekur iðnaður, ein umr.

Fsp. JK og VS, 164. mál. — Þskj. 177.

Fyrirspyrjandi (Jón Kristjánsson):

Virðulegur forseti. Á þskj. 177 hef ég leyft mér að flytja fsp. ásamt hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur til iðnrh. um orkufrekan iðnað. Fsp. er á þessa leið:

„1. Hvaða ráðstafanir hefur iðnrn. gert til að leita samstarfs við erlenda aðila um orkufrekan iðnað, aðrar en að kanna hagkvæmni þess að stækka álverið í Straumvík eða byggja nýtt álver þar?

2. Er í gangi kynningarstarfsemi sem byggist á því að orkufrek iðnfyrirtæki verði reist annars staðar en í Straumsvík eða á öðrum hugmyndum en á vinnslu á áli?"

Ástæða fsp. er sú að nú síðustu mánuðina hefur verið settur allmikill kraftur í viðræður við fjögur evrópsk fyrirtæki um stækkun álversins í Straumsvík eða byggingu nýs álvers þar. Í þessum viðræðum er aðeins boðið upp á einn kost í þessu efni og ætla ég ekki að dæma um það í sjálfu sér hvort það er rétt stefna eða ekki. Er sjálfsagt að leiða þær viðræður til lykta. Hins vegar er mjög miður ef það er ríkjandi stefna til frambúðar að bjóða aðeins upp á einn kost í þessu efni og kanna ekki þá iðnaðarkosti sem eru víðar um landið. Þarna er um stefnubreytingu að ræða ef það er tilfellið að ekki sé ætlunin að bjóða upp á kynningu í þessu efni sem byggist á fleiri kostum en uppbyggingu í Straumsvík.

Það var ekki fyrir löngu síðan í gangi mjög skipuleg vinna og undirbúningur að kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Þessi vinna hefur legið niðri síðan 1986 í þeim mæli sem hún var. Einnig voru umræður um álver við Eyjafjörð. Og þetta byggðist á hugmyndum um nýtingu orku og virkjunarframkvæmdir utan Þjórsársvæðisins. Þetta var gert í ljósi þess að það hefði jákvæð áhrif á byggðaþróun í landinu ef af yrði.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Fyrirspyrjendur, hv. 3. þm. Austurl. og hv. 5. þm. Norðurl. e., beina til mín fsp. sem í fyrri lið fjallar um það hvaða ráðstafanir iðnrn. hafi gert til þess að leita samstarfs við erlenda aðila um orkufrekan iðnað aðrar en að kanna hagkvæmni þess að stækka álverið í Straumsvík eða byggja þar nýtt álver.

Þessu er til að svara að með stofnun sérstakrar markaðsskrifstofu iðnrn. og Landsvirkjunar á þessu ári, sem er ætlað að leita að fýsilegum iðnaðarkostum sem nýta raforku í stórum stíl og að erlendum samstarfsaðilum um slík verkefni, þá má segja að þessi mál hafi verið sett í nokkuð ákveðinn farveg. Það er hlutverk markaðsskrifstofunnar að gera frumhagkvæmniathuganir á byggingu og rekstri orkufrekra iðnfyrirtækja hér á landi og kynna jafnframt hérlendis sem erlendis möguleika til þess að stofna slík orkufrek iðnfyrirtæki.

Markaðsskrifstofan tók til starfa á miðju þessu ári og árangur af hennar starfi er því varla byrjaður að koma í ljós. Nú standa yfir, eins og vel er kunnugt, viðræður við fjögur erlend álfyrirtæki um aukna álframleiðslu í Straumsvík og því ætti markaðsskrifstofan senn að geta snúið sér að því að finna fleiri tækifæri þar sem erlendir aðilar með fjármagn og

tækniþekkingu verði fengnir til samstarfs um uppbyggingu fyrirtækja á sviði orkufreks iðnaðar hér á landi.

Ég mun endurmeta starf markaðsskrifstofunnar á miðju næsta ári. Ég legg á það mikla áherslu við markaðsskrifstofuna að hún gæti þess í störfum sínum að leita eftir iðnaðartækifærum sem geti hentað öðrum svæðum en suðvesturhorninu. Auðvitað er rétt að geta þess að í þessum málum er akurinn alls ekki óplægður. Áður hafa farið fram könnunarviðræður við álfyrirtæki um byggingu álvers á Norður- og Austurlandi og má þá nefna sérstaklega, eins og hv. fyrri fyrirspyrjandi gerði, viðræður um byggingu álvers við Eyjafjörð. En þær leiddu ekki til þess að ráðist væri í framkvæmdir. Þá hefur, eins og vel er kunnugt, hagkvæmni kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði verið könnuð rækilega. Á það minntist hv. fyrri fyrirspyrjandi líka. En því miður virðist það ekki vera hagkvæmt fyrirtæki eins og sakir standa. En það verður áfram fylgst með þróun markaðsmála sem snerta þennan kost.

Í síðari lið fsp. var spurt hvort í gangi væri kynningarstarfsemi sem byggist á því að reist verði orkufrek iðnfyrirtæki annars staðar en í Straumsvík eða á öðrum hugmyndum en vinnslu á áli.

Til viðbótar því sem ég hef þegar sagt um markaðsskrifstofuna vil ég nefna að iðnrn. vinnur jafnframt að almennri kynningu á orkumálum hér á landi og þeim möguleikum sem fyrir hendi eru til iðnaðaruppbyggingar í alþjóðlegum samskiptum sínum eftir því sem tækifæri gefast til. Ég hef í hyggju að endurmeta þetta kynningarstarf í tengslum við starf markaðsskrifstofunnar á næsta ári, ekki síst í ljósi athugunar sem nýlega er hafin á þýðingu orkufrekrar stóriðju í þjóðarbúskapnum í þjóðhagslegu samhengi, m.a., og þar kem ég að spurningu hv. fyrirspyrjanda, með tilliti til æskilegrar búsetuþróunar og uppbyggingar orkukerfisins í landinu. Ég hef jafnframt í hyggju að efna þá til viðræðna um þessi mál við sveitarfélög og samtök sveitarfélaga í öllum landshlutum.

Fyrirspyrjandi (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svör hans. Ég vil aðeins í þessu sambandi leggja áherslu á það að af hálfu markaðsskrifstofunnar verði gerð gangskör að því að leita að fleiri kostum um iðnaðaruppbyggingu sem byggjast á sölu orku en þeim sem eru eingöngu bundnir við suðvesturhornið.

Ég vil sérstaklega undirstrika að það er nauðsynlegt að láta ekki þá miklu vinnu sem fór fram við kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði og undirbúning hennar fara forgörðum og fylgjast með þeirri þróun sem er í þeim efnum.

Ég geri mér fullkomlega grein fyrir því að þegar hætt var á árinu 1986 að vinna að þeim málum með sama krafti og áður þá þótti þessi kostur ekki hagkvæmur en það er mikil nauðsyn að nýta þá vinnu sem þar fór fram og láta ekki athuganir niður falla. Þetta vil ég sérstaklega undirstrika og óska eftir því að að þessu verði hugað sérstaklega ásamt öðrum kostum sem fýsilegir kunna að þykja því það er mjög miður og hættulegt fyrir byggðaþróun í landinu ef uppbygging stórra iðnfyrirtækja á eingöngu að vera bundin við þetta landsvæði hér.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég tek undir með þeim sem hér hafa talað um nauðsyn þess að leitað sé að tækifærum til að byggja upp orkufrekan iðnað annars staðar en á suðvesturhorninu. Mér rennur blóðið nokkuð til skyldunnar þegar minnst er á markaðsskrifstofu iðnrn. og Landsvirkjunar og vil minna á það að Reyðarfjarðarverkefnið var einmitt sent til þessa aðila og enn fremur tekið skýrlega fram, eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra, að sú skrifstofa ætti ekki síður og kannski frekar að sinna þörfum landsbyggðarinnar.

En ég hef áhyggjur, virðulegur forseti, af einu og mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra af því tilefni. Í fjárlagafrv. er aðeins gert ráð fyrir fjármunum til skamms tíma til þessarar markaðsskrifstofu. Því langar mig til að spyrja hæstv. ráðherra: Verður ekki séð fyrir fjármunum til þessarar skrifstofu út næsta ár?

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegur forseti. Örstutt svar við fsp. hv. 1. þm. Reykv. um fjárlagatillögur vegna markaðsskrifstofunnar. Það er rétt hjá hv. þm. að fjárveiting til hennar, eins og hún birtist undir liðnum markaðsskrifstofa í fjárlagafrv., nægir ekki fyrir heils árs starfsemi miðað við fyrri hugmyndir um umfang starfseminnar. En ég vildi benda á að þessi breyting á fjárlagatillögunni er m.a. á því byggð að eitt mikilvægt verkefni, sem áður var skrifstofunni falið, þjóðhagsleg athugun á mikilvægi stóriðju og sérstaklega álvinnslu, er nú unnið á vegum iðnrn. á annan hátt á vegum þriggja stofnana ríkisins, Þjóðhagsstofnunar, Byggðastofnunar og Orkustofnunar og fer yfir á aðra reikninga. En það er rétt að það þarf að huga að nýju að fjármálum skrifstofunnar þegar árið er liðið frá því að samningurinn var gerður.

Raforkuverð til fyrirtækja, ein umr.

Fsp. FrS, 165. mál. — Þskj. 178.

Fyrirspyrjandi (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Fsp. er einföld og óþarfi að fara mörgum orðum um hana. Það hefur margoft komið fram að hæstv. ríkisstjórn lofaði því og lýsti því yfir að hún ætlaði að beita sér fyrir 25% lækkun á raforkuverði til a.m.k. sumra fyrirtækja í útflutningsgreinum, a.m.k. í frystingu. Mér er jafnframt

kunnugt um það að tekið var tillit til þessa þegar afkomureikningar í sjávarútvegi lágu fyrir og ákvörðun var tekin um fyrstu aðgerðir ríkisstjórnarinnar. Mun hafa verið miðað við það, sem ekki er fjarri lagi, að 25% lækkun á raforkukostnaði þýddi u.þ.b. 0,5% í afkomubót fyrir frystinguna.

Nú er það svo að orkufyrirtæki landsmanna eru rekin með halla án hækkunar á orkuverði. Það er upplýst í þingnefnd að Landsvirkjun er rekin með halla, að Orkubú Vestfjarða og Rafmagnsveitur ríkisins eru rekin með halla. Vaknar þá sú spurning hvort hæstv. ríkisstjórn ætli að standa við þessi fyrirheit og ef ríkisstjórnin ætlar að gera það, hver komi þá til með að borga brúsann. Verða það aðrir orkuneytendur eða verður það gert með erlendum lántökum? Að þessu er spurt vegna þess að ekki er séð, jafnvel þótt mögueiki reynist á einhverjum sparnaði, að hann náist í jafnríkum mæli og hér er ráð fyrir gert og er þó máttur hæstv. ríkisstjórnar mikill.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Fyrirspyrjandi, hv. 1. þm. Reykv., spyr hvort ríkisstjórnin hyggist gangast fyrir lækkun raforkuverðs til fyrirtækja og ef svo sé hvernig og hvenær.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um fyrstu aðgerðir og stefnu í efnahagsmálum og ríkisfjármálum segir m.a. að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir fjórðungslækkun á raforkuverði til þess fiskiðnaðar þar sem sólarhrings- og ársnotkun er tiltölulega jöfn. Sérstök nefnd, sem í eiga sæti fulltrúar iðnrn., Sambands ísl. rafveitna, Landsvirkjunar, Orkubús Vestfjarða, RARIK, vinna nú að því að taka saman upplýsingar um hvað sé um að ræða mörg fyrirtæki og hvert kynni að verða tekjutap orkuveitna af slíkri verðlækkun ef þau bæru hana. Þessi nefnd á að skila áliti sínu fyrir lok þessa mánaðar. Nefndin mun einnig leggja fram kosti um það hvernig hægt sé að standa við þessa verðlækkun. Því er auðvitað ekki að neita að enn er óútkljáð hvernig orkuveiturnar gætu mætt þessum tekjumissi sínum. Þetta er nú til athugunar og umræðu og enn er of snemmt að segja hver niðurstaðan verður. Ég bendi á að á meðan verðstöðvun stendur er ekki hægt að koma þarna við gjaldskrárbreytingum til hækkunar. Það er líka of snemmt að tilkynna nákvæmlega hvenær lækkunin muni koma til framkvæmda, en að henni er stefnt í byrjun nýja ársins.

Það hefur ekki verið rætt um aðra lækkun raforkuverðs til fyrirtækja ef það var hluti af fsp. hv. 1. þm. Reykv.

Fyrirspyrjandi (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir einkar athygli verð svör. Það kom fram í svari hans að ekki sé hægt að hækka orkuverð til annarra til að mæta þessum yfirlýsingum hæstv. ríkisstjórnar á meðan verðstöðvun gildir. Samt, virðulegur forseti, er þessi yfirlýsing um 25% lækkun á raforkuverði gefin út í tengslum við svokallaðar fyrstu aðgerðir ríkisstjórnarinnar sem voru settar fram á fyrsta degi í stjórnartíð hennar og gert ráð fyrir afkomubata hjá frystingunni upp á 0,5% af þessum sökum. Sýnir þetta best hvernig málum er komið og hvers konar efndir yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar hljóta.

En ég þakka hreinskilið svar hæstv. ráðherra.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég vildi eingöngu segja um síðustu orð hv. fyrirspyrjanda, 1. þm. Reykv., að ég heyri að hann hefur skilning á því að hér sé um erfitt vandamál úrlausnar að ræða. Það þekkir hann mætavel úr sínu fyrra starfi sem iðnrh. því allan þann tíma sem hann gegndi því starfi var þetta mál, sérstök lækkun á raforkuverði til fiskiðnaðarins, mjög oft til umræðu. Ég get fullvissað hann um að ég mun halda áfram því starfi sem hann hafði hafið í málinu og vona að ég hafi árangur af því sameiginlega erfiði okkar, mínu og hans.

Um þingsköp.

Fsp. um þjóðargjaldþrot.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég hef verið ýmist á nefndarfundum í morgun eða á skrifstofu minni í þinginu eða hér í þinghúsinu og hafði vænst þess að þessi fsp. yrði tekin fyrir. Ég hef nú fengið fréttir af því að hæstv. forsrh. hafi verið búinn að ráðstafa tíma sínum í hádeginu fyrir fram og hlýt að vænta þess að það verði gert hlé á fundinum og hæstv. forsrh. verði kallaður til að svara fsp. Það er ekki tekið til greina hjá stjórnarandstöðunni að hún geti fengið hlé á nefndarstörfum á venjulegum skrifstofutíma opinberra stofnana, kannski svo dögum skiptir, og er ætlast til að við sitjum hér á fundum frá hálfníu og níu til hádegis og svo strax kl. eitt og förum síðan á deildarfundi þannig að við getum hvorki aflað upplýsinga um þingmál né undirbúið okkur undir þingmál nema þá á kvöldin eða í matartímum. Það er auðvitað alveg lágmark að þeir menn sem ætlast til þess að aðrir vinni með þessum hætti sýni okkur sömu virðingu.

Nú vil ég líka spyrja hæstv. forseta hvenær næsti fyrirspurnatími verður. Hann hlýtur að verða í næstu viku.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti ræður ekki ferðum ráðherra. Það verður að viðurkennast eins og það er. Það verður reynt að ljúka fyrirspurnum í næstu viku á venjulegum fyrirspurnatíma.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Það mun rétt vera að virðu-

legur forseti ræður ekki ferðum hæstv. ráðherra, en hæstv. ráðherrum ber að sækja þingfundi eins og þingmönnum, jafnvel þótt þeir hafi varamenn fyrir sig á þingi. Það byggist á viðveruskyldu hæstv. ráðherra vegna embættis. Hæstv. forsrh. var hér í morgun og bar af sér sakir í fsp. til annarra hæstv. ráðherra, þar á meðal fsp. til hæstv. viðskrh., tók þá til máls heldur betur. Nú þegar kemur að fsp. til hans af svipuðum toga er hann horfinn úr þingsal. Og ég spyr: Hefur hæstv. forsrh. beðið um fjarvistarleyfi, hefur hann tjáð hæstv. forseta að hann sé ekki tilbúinn að svara þessari fsp. eða hefur virðulegur forseti einhverjar upplýsingar umfram þær sem hann hefur þegar gefið okkur í þessari þingskapaumræðu?

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti hefur þær upplýsingar einar að hæstv. forsrh. sé bundinn í öðrum störfum og geti ekki verið hér. Aðrar upplýsingar um það mál get ég ekki gefið.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Hér hefur hv. 2. þm. Norðurl. e. borið fram ekki aðeins hógværa ósk heldur mjög eðlilega ósk um að hæstv. forsrh. gegni þingskyldum sínum hér og svari fsp. sem eru á dagskrá. Hvernig má það vera að það sé athugasemdalaust að hæstv. forsrh. bindi sig við önnur störf á fundartíma sameinaðs Alþingis þar sem á dagskrá eru fyrirspurnir sem til hans er beint og honum ber samkvæmt embættisskyldu að svara? Það gegnir mikilli furðu að það skuli upplýst hér að hæstv. forsrh. hafi með þessum hætti bundið sig til þess að vera annars staðar og gegna öðrum skyldum en hann samkvæmt embættishlutverki sínu á að hafa á löggjafarsamkomu þjóðarinnar. Hvaða skyldur eru það sem eru æðri og meiri þannig að hæstv. forsrh. geti bundið sig annars staðar en að gegna skyldum sínum á löggjafarsamkomunni? Það væri fróðlegt að fá það upplýst. En ég ítreka þá ósk, sem hér hefur verið borin fram af hv. 2. þm. Norðurl. e., að þessum fundi ljúki ekki fyrr en hæstv. forsrh. hefur svarað þeirri fsp. sem hér liggur fyrir.

Þess er líka að gæta að hæstv. ríkisstjórn hefur lagt á það ríka áherslu að koma ýmsum málum fram fyrir jólaleyfi þingmanna og það ekki smáum og óskað eftir góðri samstöðu þingmanna allra um það efni. Það er minnsta krafa sem unnt er að gera á móti af hálfu þingmanna að sá maður sem telst vera í forsvari fyrir hæstv. ríkisstjórn gegni þá þingskyldum sínum.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Eins og hv. alþm. hljóta að skilja er mér ómögulegt að bíða eða hafa fundarhlé á þessum fundi um óákveðinn tíma og því hlýt ég að halda áfram eðlilegu fundarhaldi þrátt fyrir þetta. Ég harma að hæstv. forsrh. skuli ekki hafa getað verið hér, en við það ræð ég ekki. En ég vil biðja hv. þm. að skilja að ég verð að halda áfram eðlilegum þingstörfum.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég vil minna á að það geymist í þingsögunni að einu sinni var lögreglan beðin að leita að þingmanni sem ekki var mættur í salnum. Ég veit að hæstv. forseta er mjög kunnugt um þetta. Það er ágæt fyrirmynd þannig að það má kannski gera hlé á fundinum og athuga hvort lögreglan geti haft upp á hæstv. forsrh. ef honum hefur láðst að tilkynna forsetanum hvert hann hefur farið og hverra erinda. Það liggur a.m.k. alveg ljóst fyrir að hann hafði ekki fyrir því að tilkynna fyrirspyrjanda það, sem er mjög gagnstætt því sem t.d. annar ráðherra hagar sér sem ég hef einnig lagt fram fsp. til.

Ég vil líka óska skýrra svara um það ef hæstv. forseti bregður á það óráð að slíta nú fundi og venja ráðherra þannig við það að þeir geti sýnt þingmönnum þvílíkt skeytingarleysi sem í þessu felst og það verður látið átölulaust af hæstv. forseta. Þá vil ég mjög spyrja um hvenær næst verður fyrirspurnafundur. Það gefur auga leið, ef ekki berst svar við þessu, að óhjákvæmilegt verður að taka fyrirspurnina upp utan dagskrár í næstu viku og ræða hana þá undir þeim dagskrárlið og má vera að þá sé um leið nauðsynlegt að ræða almennt störf og starfshætti þingsins og ætlast til þess að það verði þá gefinn nógur tími til þess því að auðvitað er ærin ástæða til að taka almennt upp vinnubrögð ekki aðeins þingsins heldur líka þeirrar stjórnar sem nú situr við völd.

Ég vil að þetta komi alveg skýrt fram. Ef ég fæ ekki skýr svör um það hvenær hæstv. forsrh. svarar minni fsp. mun ég að sjálfsögðu taka málið upp utan dagskrár eftir helgina og þá óska eftir því að ég í leiðinni fái að ræða almennt um störf og starfshætti þingsins og um störf og starfshætti þessarar ríkisstjórnar.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti mun eiga viðræður við hæstv. forsrh. um að þessari fsp. verði svarað nú áður en þingi lýkur.

SAMEINAÐ ÞING

25. fundur, fimmtudaginn 15. des.,
að loknum 24. fundi.

Endurskoðun lánskjaravísitölu, frh. fyrri umr.

Þáltill. GGÞ og ÓÞÞ, 33. mál. — Þskj. 33.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til

allshn. með 35 shlj. atkv.

Búminjasafn á Hvanneyri, fyrri umr.

Þáltill. IBA o.fl., 99. mál. — Þskj. 102.

Flm. (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Á þskj. 102, 99. mál sameinaðs þings, leyfi ég mér að flytja till. til þál. um stofnun búminjasafns á Hvanneyri ásamt þeim hv. þm. Skúla Alexanderssyni og Danfríði Skarphéðinsdóttur. Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela landbrh. að hefja nú þegar, í samráði við menntmrh., undirbúning að stofnun búminjasafns í tengslum við bændaskólann á Hvanneyri."

Í grg. með till. segir eftirfarandi: „Á síðustu árum hefur öðru hvoru skotið upp þeirri hugmynd að koma á fót búminjasafni á Hvanneyri, en einhverra hluta vegna hefur aldrei komist verulegur skriður á það mál þótt engum dyljist hve þarft og nauðsynlegt það er.

Það er skoðun flm. að það sé löngu orðið tímabært að taka ákvörðun um þetta mál og ákveða að stofna slíkt safn á Hvanneyri því að hvergi verður það betur niður komið en einmitt þar. Á Hvanneyri er eins og allir vita rekinn bændaskóli og svo hefur verið í 99 ár. Því væri það vel við hæfi að Alþingi samþykkti á þessu þingi ályktun um búminjasafn í tilefni af þeim tímamótum sem verða á Hvanneyri á næsta ári.

Á Hvanneyri er m.a. kennd saga búskapar á Íslandi og því væri eðlilegt að búminjasafnið risi þar, enda er þegar kominn vísir að slíku safni við skólann. Í því sambandi ber að geta þess að forustumenn skólans eiga heiður skilið fyrir það starf sem þeir hafa innt af hendi við að koma því safni upp við þröngan kost og erfið skilyrði. Með þessu framtaki sínu hafa þeir vafalaust bjargað allnokkrum munum og tækjum frá glötun.

Fyrstu þúsund ár Íslandsbyggðar héldust búskaparhættir landsmanna lítt breyttir. Allir landsmenn stunduðu bústörf. Hver kynslóð lærði af annarri og breytingar voru litlar í tímans rás. Menning þjóðarinnar er samofin atvinnu hennar og segja má að íslensk menning sé sprottin upp úr menningu bænda. Nægir að benda á hve þekking á hefðbundnum búskaparháttum hlýtur að glæða skilning á mörgum helstu bókmenntaverkum þjóðarinnar.

Á síðustu 100 árum hafa tengsl við fortíðina rofnað mjög. Sá lærdómur t.d. í vinnubrögðum sem kynslóðir höfðu tileinkað sér mann fram af manni er nú samtíðarfólki framandi. Hluti sem allir höfðu á milli handanna á degi hverjum öld fram af öld þekkir nútímafólk ekki. Á þessari öld hafa breytingar orðið það miklar og hraðar að áhöld og tæki sem notuð voru á fyrri hluta þessarar aldar sjást ekki lengur nema e.t.v. sem ryðhrúgur víða um land. Á sama tíma og tæknin hefur aukist hafa gífurlegir búferlaflutningar átt sér stað og með þéttbýlismyndun hafa tengsl við landið og sveitastörf rofnað enn frekar.

Tengsl við land sitt eru þjóðinni nauðsynleg og hefðbundin sveitastörf eru mjög til þess fallin að styrkja slík tengsl auk þess sem mörgum, ekki síst börnum, þykja þau skemmtileg.

Stöðugt fækkar þeim sem hafa bein fjölskyldutengsl við sveitir landsins og gefst fólki því lítill kostur á að kynnast og sýna börnum sínum inn í heim hinnar hefðbundnu bændamenningar.

Víða um land liggja tæki með verulegt sögulegt gildi undir skemmdum og því miður hefur margur góður gripur orðið ryði og brotajárnskaupmönnum að bráð. Það er sorglegt að við skulum á þann hátt hafa glatað jafnvel heilum köflum úr menningar- og atvinnusögu landsins. Því er það skylda okkar að bregða skjótt við og gera okkar besta til að stöðva þá raunalegu þróun sem orðið hefur, snúa vörn í sókn og gera myndarlegt átak til verndar þjóðminjum okkar.

Flm. till. hafa rætt við þjóðminjavörð um efni hennar. Hann hefur lýst áhuga á stuðningi við málið og telur að sérstaklega vel fari á því að búminjasafnið rísi á Hvanneyri þar sem það gæti jafnframt komið að notum við kennslu."

Hæstv. forseti. Árið 1940 voru samþykkt á Alþingi lög um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins, lög nr. 64/1940. 20. gr. laganna var svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Safni af landbúnaðarverkfærum skal komið upp við Bændaskólann á Hvanneyri, undir umsjón verkfæranefndar. Reynt sé að fá sem flestar verkfæraverslanir og verksmiðjur til þess að leggja fram sýnishorn í safnið, en ella skulu keypt til reynslu verkfæri sem ekki fást á annan hátt."

Í grg. með frv. kom m.a. fram að nefndin sem stóð að því taldi að eðlilegt væri að safnið væri á þeim bændaskólanum sem nær væri höfuðstaðnum, þ.e. Hvanneyri. Í greinargerð sem dr. Bjarni Guðmundsson samdi um málefni verkfærasafnsins á Hvanneyri segir m.a. um þetta frv., sem ég var að vitna til, að með þessari ákvörðun hafi Alþingi lögfest verkfærasafnið á Hvanneyri, enda þótt tilgangurinn hafi upphaflega verið að kynna nýjustu landbúnaðarverkfærin á hverjum tíma. Þykir okkur Bjarna það eðlilegt að hluti safnsins yrði með tíð og tíma safn eldri muna.

Þá segir enn fremur í grg. dr. Bjarna um örlög þessarar lagasetningar, með leyfi forseta:

„Ekki er nákvæmlega vitað í hvaða mæli verkfæranefnd sinnti verkfærasafninu. Hins vegar komst safnið inn á fjárlög ársins 1942 með 1000 kr. framlagi úr ríkissjóði. Hélst það óbreytt allt til fjárlaga ársins 1957 að upphæðin var hækkuð í 2000 kr. Stóð svo til og með fjárlagaárinu 1967. Eftir það var ekki um sérmerkta upphæð til safnsins að ræða. Öll þessi ár var framlagið reiknað Hvanneyrarskóla í sam-

ræmi við ákvæði laganna frá 1940. Með nýjum lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna nr. 64 1965 voru hins vegar engin ákvæði um verkfærasafn. Þar með var það horfið úr tölu lögbundinna stofnana.

Ríkisframlögin árin 1942–1967 drógu verkfærasafnið á Hvanneyri ekki langt og ekki er fullljóst hvernig framlaginu var ráðstafað. Víst er þó að ekki komst safnið á legg sem formleg og áþreifanleg stofnun við skólann með þeim hætti er áður nefnd lög sögðu fyrir um. Guðmundur Jónsson skólastjóri var þó áhugasamur um málið og viðaði að nokkrum verkfærum og áhöldum. Mörg þau verkfæri er skólinn eignaðist og nemendur kynntust og lærðu að handleika varðveittust og urðu með öðru er frá leið vísir að verkfærasafni á skólastaðnum."

Árið 1972 fól þáv. landbrh. Jóni Guðmundssyni bónda á Hvítárbakka og Bjarna Arasyni héraðsráðunauti, Borgarnesi að gera úttekt á eigum skólans. Með leyfi forseta höfðu þeir félagar eftirfarandi að segja um verkfærasafnið:

„Á Hvanneyri er til mikið safn gamalla landbúnaðartækja. Hér er um að ræða vélar og áhöld sem eru orðin úreld og hafa fallið úr notkun vegna þess, svo sem ýmiss konar jarðvinnslu- og heyvinnutæki er hestum var beitt fyrir, svo og margs konar handverkfæri. Þá eru í þessu safni gamlar dráttarvélar og tæki við þær. Ekki verður dregið í efa að hér er saman komið stærsta safn sinnar tegundar á landinu og þetta safn hefur mikið sögulegt gildi. Safn þetta er að nokkru geymt í verkfærahúsinu og að nokkru í skemmunni, en sum tækin standa úti undir beru lofti. Aðstaða til geymslu þessara gripa er engan veginn eins og þyrfti að vera þar sem þeir eru ekki varðir gegn skemmdum sem skyldi og engin aðstaða er til að skoða þá.

Mikil þörf er á að bæta hér um og sýna þessu einstæða safni þann sóma að koma því í húsnæði þar sem varðveisla þess væri tryggð og aðstaða væri fyrir hendi til að skoða gripina. Þá þyrfti jafnframt að skrá safnið á viðeigandi hátt, en úttektarmenn töldu sig ekki hafa aðstöðu til þess við þær kringumstæður sem voru fyrir hendi."

Þá ber einnig að geta þáttar búnaðarþings sem t.d. samþykkti eftirfarandi ályktun að ég hygg árið 1976, með leyfi forseta:

„Búnaðarþing felur stjórn Búnaðarfélags Íslands að hlutast til um það við landbrn. að kannaðar verði leiðir til að efla og reka það safn landbúnaðartækja sem til var komið með lögum nr. 64 7. maí 1940, um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins. Jafnframt felur þingið stjórninni að gangast fyrir söfnun frjálsra fjárframlaga til þess að unnt verði að reisa geymsluskála fyrir safnið á Hvanneyri þegar á þessu ári."

Ályktun búnaðarþings lagði fyrst og fremst áherslu á sögu- og menningarlegt gildi safnsins sem er sama hugsun og flm. þessarar þáltill. Og enn eru flm. á svipuðum slóðum og búnaðarþing sem samþykkti enn á ný ályktun og sendi frá sér um þetta málefni árið 1979 þar sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Búnaðarþing felur stjórn Búnaðarfélags Íslands að leita eftir samvinnu við Stéttarsamband bænda um að hafa forgöngu um útvegun fjár til stofnunar búvélasafns á Hvanneyri. Miðað verði við að safnið komist á fót á 90 ára afmæli Bændaskólans á Hvanneyri." Í greinargerð var vísað til afgreiðslu búnaðarþings á málinu veturinn 1976, en þar segir:

„Þótt ekki hafi orðið af framkvæmdum þykir sjálfsagt að freista þess á nýjan leik að kannað verði til þrautar hvort ekki sé unnt að stofna búvélasafn á Hvanneyri og tengja stofnun þess merku afmæli Bændaskólans á Hvanneyri."

Þarna var verið að reyna að fá að gjöf safnið í tilefni 90 ára afmælis skólans. Því miður tókst það ekki. Flm. þessarar tillögu gera nú tilraun til þess að sjá til þess að Bændaskólinn á Hvanneyri eignist nú loksins búminjasafnið og eins og áður hefur verið á minnst er það tilvalin 100 ára afmælisgjöf.

Hæstv. forseti. Í bréfi 13. okt. til landbrn. segir þjóðminjavörður Þór Magnússon eftirfarandi um búminjasafn á Hvanneyri:

„Í þessu sambandi vildi ég vekja athygli á búvélasafninu á Hvanneyri og hverjar hugmyndir eru um framtíð þess. Mér hefur virst að á stundum kvikni nokkur áhugi á því að gera því til góða og láta það verða meira en nafnið tómt. Helst er vakin athygli á því í sambandi við búnaðarþing og þá sendar tillögur þangað um fjárframlög eða annan stuðning sem lítið hefur orðið úr og þá fellur málið í deyfð á milli. Væri brýn ástæða til að taka hér til hendi á ný, gera úttekt á safninu og ástandi þess, leggja framtíðaráætlun um það og fela síðan einhverjum sem áhuga hefur á þar á staðnum umsjón þess og frekari uppbyggingu."

Það er nákvæmlega þetta sem við flm. tillögunnar erum að leggja til að gera eins og þjóðminjavörður orðar það: framtíðaráætlun sem m.a. tekur til formlegrar stofnunar safnsins á Hvanneyri. Auðvitað verður það að vera í höndum ráðamanna hvernig þeir vinna málið. Það er þeirra að setja ramma sem tekur á öllum þáttum málsins. Það þarf náttúrlega að taka á málum eins og kostnaði og fjármögnun við að koma slíku safni upp, skrásetja, lagfæra, kaupa, leita minjar uppi og þar fram eftir götum. Þá þarf einnig að ráða til safnsins sérfræðing á þessu sviði.

Hæstv. forseti. Að lokinni umræðu legg ég til að málinu verði vísað til hv. félmn. og 2. umr.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Það er ekki miklu að bæta við þá ágætu framsögu sem hv. 5. þm. Vesturl. flutti í sambandi við þetta mál. Eins og kom fram í ræðu hans hafa aðilar landbúnaðarins, Búnaðarfélag og Stéttarsamband bænda, lagt áherslu á að stofnað yrði búminjasafn. Þó að það hafi fyrst og fremst orðið vart áhuga hjá þessum aðilum á þessu máli hlýtur þetta vitaskuld að höfða til miklu fleiri. Það er menningarsöguleg stofnun sem verið er að leggja til að verði byggð upp á Hvanneyri og það varðar

okkur öll, jafnt þá sem starfa að landbúnaði sem okkur hin.

Eins og hv. þm. hafa tekið eftir og hafa vitað um hefur verið starfandi nefnd á vegum núverandi og fyrrverandi menntmrh. um það að undirbúa frv. til þjóðminjalaga. Þetta frv. er nú komið inn á hv. Alþingi og flutt af þingmönnum úr öllum flokkum. Ég tel að þessi þáltill. okkar falli mjög vel saman við það frv. Það er sami tilgangurinn sem helgar flutning beggja þessara þingskjala og í 1. gr. tillögunnar um þjóðminjalögin er einmitt sagt, með leyfi forseta: „Tilgangur þessara laga er að tryggja sem best varðveislu menningarsögulegra minja þjóðarinnar."

Ekki er nokkur vafi á því að hjá landbúnaðinum eru kannski þær minjar mestar sem tengjast menningarsögulegu lífi þjóðarinnar hér um aldir. Það væri mjög skaðlegt ef við gætum ekki haldið áfram að tryggja varðveislu slíkra muna og að við gætum ekki átt sérstakt safn í sambandi við þennan þátt í menningarsögu þjóðarinnar.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Mér þykir miður að hv. 1. þm. Vesturl. skuli ekki vera viðstaddur þessa umræðu og mundi mælast til að umræðunni væri frestað þangað til hann gæti verið viðstaddur vegna þess að hann er 1. flm. að frv. til l. um stofnun búminjasafns sem liggur fyrir Nd. og þess vegna er sú tillaga sem hér er til umræðu í rauninni óþörf og ónauðsynleg þar sem fyrir liggur lagafrv. um málið sem felur í sér beina ákvörðun. Hér eru bara tilmæli um að fela landbrh. að hefja undirbúning, en frv. sem liggur fyrir Nd. kveður skýrt og skilmerkilega á um stofnun búminjasafns. Þar sem 1. flm. þess, hv. 1. þm. Vesturl. Alexander Stefánsson, er fjarstaddur núna vegna starfa í fjvn. tel ég eðlilegt að þessu máli verði frestað og umræðunni verði frestað þangað til hann á þess kost að taka þátt í umræðunni.

Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að gefa nokkra skýringu á því hvernig þetta mál er vaxið og hvers vegna aðeins þrír af þingmönnum Vesturlandskjördæmis flytja þetta mál. Það var þannig að á sl. hausti þegar þingmenn Vesturlands fóru um kjördæmið og heimsóttu hreppsnefndir, bæjarstjórnir og skóla brutu þeir Hvanneyringar upp á þessu máli, skólastjórinn á Hvanneyri og þeir fleiri sem þingmenn ræddu við. 1. þm. Vesturl. óskaði þá eftir greinargerð frá þeim um málið og það var vissulega ætlunin að þingmenn Vesturlands tækju saman höndum og stæðu saman að þessu máli.

Svo gerist það að hv. þm. Ingi Björn Albertsson hleypur til og skrifar tillögu með grg., sem að vísu hefur verið lagfærð en sem í upphafi var, leyfi ég mér að segja, hrein hrákasmíð, illa unnin og óvönduð, nokkrar málsgreinar, og biður menn um að skrifa upp á þetta. Ég segi það alveg hreinskilnislega að ég sagði nei við því vegna þess að þessi vinnubrögð hafa ekki tíðkast í hópi þingmanna Vesturlands um sameiginleg mál af þessu tagi sem fyrst hefur borið á góma á fundum þingmanna með aðilum heima í héraði. Og það er auðvitað allt í lagi. Það verður hver þingmaður að kjósa sér vinnubrögð við hæfi og það hefur verið gert hér. En það skal fúslega viðurkennt að greinargerðin með tillögunni er allt önnur og miklu betri nú en var fyrst vegna þess að þá var hún um fimm mínútna hugsmíð sem menn geta sest niður og skrifað án umhugsunar nánast og slík vinnubrögð eru auðvitað ekki til fyrirmyndar, langur vegur frá.

Eins og ég sagði áðan hafa hv. þm. Alexander Stefánsson og Friðjón Þórðarson flutt frv. í Nd. um að koma þessu máli fram og auðvitað er það miklu æskilegra að afgreiða slík mál í frumvarpsformi en sem einfalda viljayfirlýsingu þingsins. Ég átta mig hins vegar ekki á því hvers vegna hv. þm. Ingi Björn Albertsson gat ekki stutt það mál með því að vera flm. líka. Það er kannski vegna þess að hann hefur meiri áhuga á almennri viljayfirlýsingu um málið en ákvörðun um stofnun búminjasafns eins og felst í lögunum. Ég verð að segja það aftur og enn að þetta eru vinnubrögð sem við höfum ekki vanist í hópi þingmanna Vesturlands. Hv. þm. Ingi Björn Albertsson verður auðvitað að vinna eins og honum þykir henta, en ég held hins vegar að þessi vinnubrögð séu hreint ekki vænleg til árangurs og ég ítreka, virðulegi forseti, tilmæli mín um að þessari umræðu verði nú frestað þangað til hv. 1. þm. Vesturl., sem er með sams konar mál fyrir Nd., sem gengur þó miklum mun lengra, getur verið viðstaddur umræðuna.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það liggur ekki fyrir að hv. 1. þm. Vesturl. hafi óskað eftir því að vera viðstaddur þessa umræðu, en forseti getur ekki séð hverju það breyti að fresta þessu máli ef það verður sent til nefndar og nefndin hafi í hendi sér að taka afstöðu til þess hvaða afgreiðslu málið fær. (**EG:** Það er komin fram ósk um frestun frá þingflokksformanni Alþfl.) Er það ósk um frestun á málinu frá þingflokksformanni? (**FrS:** Er ekki best að fresta þingi bara fram yfir jól?) Ja, ef það er eindregin ósk frá þingflokksformanni Alþfl. sem slíkum að umræðunni um þetta mál verði frestað getur forseti sennilega ekki annað en orðið við slíku þegar heill þingflokkur stendur að baki slíkri ósk.

Flm. (Ingi Björn Albertsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þingflokksformanni Alþfl. fyrir að sýna okkur sinn innri mann. Það kom mjög ljóslega fram í hans máli. En ég vil einfaldlega spyrja aðra alþýðuflokksmenn, sem hér eru inni, því að nú talar hann í nafni heils þingflokks, hvort þeir taki undir slík vinnubrögð og hvort slík vinnubrögð eigi að viðhafast hér í þinginu í framtíðinni. Það er lítil vandi að fresta umræðum ætíð ef mál skarast á einn eða annan hátt fyrir utan það að ég sé nánast engin rök fyrir því þó að hv. þm. ásamt sínum kollegum úr þingmannamafíunni þarna telji sitt mál eitthvað betur fallið en okkar mál.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Forseti vill biðja hv. þm. að gæta orða sinna í hita umræðunnar.

Friðrik Sophusson:
Virðulegur forseti. Það er undarleg viðkvæmni hv. þm., formanns þingflokks Alþfl. Það er ljóst að lagt hefur verið fram í Nd. frv. Við erum staddir í Sþ. og erum að ræða tillögu um svipað efni. Ég get bara ekki skilið hvernig formaður þingflokks Alþfl., sem heitir enn þá Alþfl., getur gert kröfu um að fresta máli vegna fjarveru eins af þingmönnum Framsfl., þ.e. 1. flm. að frv. í Nd. Alþingis. Ég kannast ekki heldur við það að hv. þm. Eiður Guðnason eigi sæti í Nd. Alþingis. Eru nú völd formanns þingflokks Alþfl. orðin nokkuð mikil þegar hann talar fyrir hönd bæði framsóknarmanna og alþýðuflokksmanna.

Það getur vel verið að hér sé einhver afbrýðisemi í garð hv. 1. flm. þessarar tillögu út af búminjasafni á Hvanneyri. Það bara skiptir ekki neinu máli. Ég veit ekki betur en um daginn hafi hér orðið umræður um skipasmíðar sem eru næstar á dagskrá. Einn þingmaður fékk að tala, einn stjórnarþingmaður. Síðan var málið tekið af dagskrá þrátt fyrir beiðni manna úr öðrum flokkum að fá að taka til máls vegna þess að það stóð sérstaklega á.

Ég skora á hv. þm. Eið Guðnason að falla frá þessari kröfu sinni. Að öðrum kosti ætla ég að spyrja varaformann Framsfl., hæstv. ráðherra Halldór Ásgrímsson að því: Talar Eiður Guðnason, formaður þingflokks Alþfl., orðið fyrir bæði framsóknarmenn og alþýðuflokksmenn hér í Sþ.?

Eiður Guðnason:
Virðulegi forseti. Ég hélt að mér hefði misheyrst þegar hv. þm. Ingi Björn Albertsson var að tala áðan. Ég verð að viðurkenna að svona orðbragð hef ég aldrei heyrt í sölum Alþingis eins og hann viðhafði áðan. En það verður hver þingmaður að kjósa sér vinnubrögð og velja sér orð eftir því sem hann hefur smekk og hæfileika til. Það var vissulega mjög sérkennilegt að verða vitni að þessu.

Ég fór þess einfaldlega á leit og óskaði eftir því að þessari umræðu yrði frestað svo að fleiri þingmenn Vesturlands gætu verið viðstaddir og þá sérstaklega 1. þm. Vesturl. Ég viðurkenni fúslega, hv. þm. Friðrik Sophusson, að ég er ekki að bera fram þessa beiðni í hans nafni. Ég er að bera þessa beiðni fram í eigin nafni og óska eftir því að umræðunni verði frestað vegna þess að ég held að það sé mjög mikilvægt að hann taki þátt í þessari umræðu, hv. 1. þm. Vesturl. Hér var um að ræða mál sem olli ágreiningi í þingmannahópnum og þess vegna finnst mér það skipta máli. En ég skal svo sem ekki vera ósveigjanlegur í því máli frekar en við stjórnarsinnar erum gagnvart stjórnarandstæðingum og ef þetta er svo mikið mál sem hv. þm. Friðrik Sophusson vill úr því gera skal ég auðvitað falla frá minni beiðni. En ég mælist engu síður til þess eftir sem áður, ef forseti getur á það fallist, að þessari umræðu verði frestað þó ekki sé nema fram eftir deginum og að við getum þá haldið henni áfram þegar fleiri þingmenn Vesturlands eru hér viðstaddir. Það eru mín tilmæli. Ég geng ekki lengra. Ég bið ekki um að málinu sé frestað milli funda heldur eingöngu að það verði tekið fyrir þá síðar á fundinum.

Jón Kristjánsson:
Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í deilur um 9. dagskrármálið. Hins vegar vek ég athygli á því að þetta mál virðist hafa hér forgang. Þetta er 99. mál og er síðasta mál á dagskrá. Ég vil beina því til hæstv. forseta hvers vegna þetta mál er tekið fram yfir mörg önnur mál hér, m.a. 6. dagskrármál sem er 58. mál þingsins og ég er búinn að bíða mjög lengi eftir að tala fyrir og hefur verið frestað hvað eftir annað og m.a. með samkomulagi við forseta. Ég vil beina þessari fyrirspurn til hæstv. forseta.

Skúli Alexandersson:
Virðulegi forseti. Ég held að að mörgu leyti væri æskilegt að þessu máli yrði frestað og get ég vel tekið undir það með hv. 3. þm. Vesturl. að það verði gert, ekki síst vegna þeirra fullyrðinga sem hv. þm. hafði í frammi um málið. Í fyrsta lagi sagði hann að hv. 5. þm. Vesturl. hefði hlaupið til og tekið þetta mál. Ég man ekki betur en umræðan um búminjasafn á Hvanneyri hafi verið vakin fyrr en í haust. Ég man ekki betur en okkur hafi verið sýnt búminjasafnið á Hvanneyri á árinu 1987 og þá sérstaklega vakin athygli á því, en ég hef ekki orðið var við að hv. þm., hvorki 1., 2. né 3. þm. Vesturl., hafi flutt á síðasta þingi neitt frv. um þetta efni. (**Gripið fram í:** En fjórði?) Né heldur sá fjórði.

Að tala um að þetta mál eigi eitthvað að bíða eftir því lagafrv. sem lagt hefur verið fram í Nd. Af hverju ætti þetta mál að bíða sem er lagt fram á undan og á að fá alla eðlilega þinglega afgreiðslu á undan því lagafrv. sem lagt var fram í kappi við þetta mál? Það gera sér allir ljóst að það var á þeirri forsendu sem það frv. var lagt fram. Ég hef vissan grun um að ef hv. þm. sem lögðu lagafrv. fram í Nd. hefðu haft aðstöðu til að flytja um það þáltill. hefði það líkast til verið lagt fram á þann hátt. Það er alls ekki eðlilegt þegar til stendur að fjalla um þjóðminjalög, eins og allir hv. þm. vissu að til stóð, að leggja fram lagafrv. um eina grein þeirra mála, alveg fráleitt.

Um vinnubrögðin hjá okkur þingmönnum Vesturlands er það að segja að það hefur komið fyrir fyrr að einn úr þingmannahópnum hafi tekið sér ákveðið mál og beðið aðra þingmenn að flytja það með sér eins og hv. þm. Ingi Björn Albertsson gerði núna. Ég sé ekkert athugavert við það og ég taldi rétt að vera meðflm. með hv. þm. Inga Birni Albertssyni á þessu góða máli alveg eins og ég var ekkert að móðgast við hv. þm. Eið Guðnason þó að hann flytti hér og væri í forustu með að flytja mjög góða tillögu

um könnun á umferð um Hvalfjörð á síðasta þingi. Það var ekkert verið að kvarta þá undan því að það væri ekki röðin einn, tveir, þrír. Það var ekkert verið að kvarta. Það var alveg sjálfsagður hlutur að þannig væri málið flutt. Svo er flutt lagafrv., enn nefni ég það, í hv. Nd. og í greinargerð með því frv. er yfirlýsing um það að þingmenn í Ed. séu hálfgerðir meðflm. að þessu án þess að það hafi nokkuð verið gengið frá því. Ég veit það a.m.k. hvað mig áhrærir.

Út frá þeirri umræðu sem hér hefur verið um tilurð málsins og meðferð þessara beggja mála á hv. Sþ. og í Nd. er sjálfsagt og rétt að verða við ósk hv. þm. Eiðs Guðnasonar. Æskilegast væri ef það væri hægt að fresta þessu bara fram eftir degi og klára þessa umræðu. Ég tek undir þá ósk og ég held að það mundi að öllu leyti vera betri meðferð á þessu máli ef þannig væri á haldið.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna þeirra umræðna sem hér hafa farið fram vill forseti upplýsa að ég var beðin um að þetta mál yrði tekið fyrir í þessari röð, en 3. mál þess í stað tekið út. Ég reyni að verða við slíkum beiðnum eins og kostur er. Ég tel það ofur eðlileg samskipti forseta og hv. þm. að milli okkar sé sá trúnaður að þingmenn geti stundum hnikað til dagskrá ef sérstakar ástæður eru til. Svo var í þetta skipti og ég varð við því og það er ástæðan fyrir því að þetta mál var tekið fyrir þó það væri svona seint á dagskrá.

Ég á dálítið erfitt með að átta mig á ástæðunni fyrir því að fara að fresta þessu máli nú. Hér er um að ræða þáltill. sem búið er að tala fyrir. Fjölmargir hv. þm. hafa tekið til máls. Ég sé enga knýjandi ástæðu til að þessari umræðu verði ekki lokið svo að málið fari sinn eðlilega gang til nefndar og verði því ekki þeim mun harðar mótmælt hyggst ég reyna að ljúka umræðunni.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég vildi bara beina því til forseta að það hafa þegar tveir þingmenn óskað eftir því að þessu máli verði frestað og ef forseti kýs að úrskurða á annan veg og ganga í berhögg við þessar óskir er það að sjálfsögðu mál forseta og á valdi forseta.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti hefur enga löngun til þess að vinna þannig að þingmenn séu óánægðir með gang mála. Ég mun því verða við þessari beiðni.

Albert Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég bið afsökunar á því að önnur skyldustörf komu í veg fyrir að ég heyrði umræðurnar sem hingað til hafa átt sér stað í þessu máli, en áður en hæstv. forseti breytir sinni ákvörðun um að klára þetta mál og vísa því til nefndar vildi ég gjarnan mega biðja um skýringar og ástæðu fyrir frestun á máli sem þessu því ástæðan hlýtur að þurfa að vera mjög sterk og góð. Rökin fyrir frestun í máli sem hér er á dagskrá hljóta að þurfa að vera mjög sterk og þjóðinni fyrir mjög góðu til þess að þessu máli verði frestað. Ég óska eftir að fá að vita þá ástæðu.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Áður en endanleg ákvörðun verður tekin hyggst ég leyfa þeim sem kvatt hafa sér hljóðs að tala sínu máli og lít þá svo á að umræðu um þingsköp sé lokið og við höldum umræðunni áfram enn um sinn.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Það hefur komið mjög greinilega fram í þessari umræðu að þingmenn Vesturlands eru sammála um að það skuli stofna búminjasafn á Hvanneyri. Þá hefur hins vegar greint á um leiðir og ég skal ekki dæma um hvernig vinnubrögð þingmanna Vesturlands hafa verið í gegnum tíðina þar sem ég hef ekki verið í þeirra hópi svo lengi. En ég vildi aðeins benda á að nú hefur nýlokið störfum nefnd sem endurskoðar þjóðminjalögin og þar áttu fulltrúar allra þingflokka sæti. Í II. kafla þess frv. sem nú liggur frammi á borðum hv. þm. er sérstakur kafli um Þjóðminjasafn Íslands og byggðasöfn. Menn voru mjög sammála í þessari nefnd um II. kafla þar sem fjallað er um byggðasöfnin og stöðu ýmissa sérsafna, en þetta mál er 188. mál þingsins.

Í 4. og 5. gr. frv. er fjallað um tengsl Þjóðminjasafns og byggðasafna og ýmissa sérsafna eins og t.d. Sjóminjasafns Íslands og tækniminjasafns. Það voru allir í nefndinni mjög sammála og ánægðir með þennan kafla, sérstaklega með tilliti til þess að byggðasöfnum og þessum sérsöfnum er hér gert hærra undir höfði en er í gildandi þjóðminjalögum. En með tilliti til þessa lagafrv. og þess hversu menn voru þar sammála tel ég ekki óeðlilegt að mál um búminjasafn á Hvanneyri sé borið upp með þeim hætti sem hér er gert, þ.e. í formi þáltill., því að í 5. gr. þessa frv., ef við getum búist við því að þetta verði niðurstaðan þegar frv. verður samþykkt, segir, með leyfi forseta:

„Byggðasöfn geta verið sjálfseignarstofnanir eða í eigu sveitarfélaga, stofnana eða félagasamtaka. Setja skal hverju byggðasafni stofnskrá og starfsreglur þar sem m.a. skal kveðið á um stjórn safnsins, eignaraðild að því, þátttöku ríkisins í kostnaði við það og ráðningu forstöðumanns. Reglugerð um byggðasafn skal staðfest af menntmrh. að tillögu þjóðminjaráðs."

Í 4. gr. er sagt, með leyfi forseta: „Deildir safnsins [þ.e. Þjóðminjasafnsins] geta haft stöðu sérstakra safna svo sem Sjóminjasafn Íslands og Tækniminjasafn Íslands. Skulu þau þá lúta ákvæðum þessara laga um byggðasöfn."

Ég tel að einmitt slíkt búminjasafn mundi falla undir þetta ákvæði og sé ekki að semja þurfi um það sérstakt lagafrv. þar sem aðeins þarf að semja því stofnskrá og starfsreglur. Þess vegna vil ég undirstrika það að ég tel ekki óeðlilegt að fara þá leið sem farin er með þessari þáltill. Eins og fram hefur

komið í máli hv. 4. og 5. þm. Vesturl. hefur þessi hugmynd komið upp áður um sérstakt búminjasafn á Hvanneyri, bæði í fyrra, og eflaust hafa menn hugsað um þetta enn þá fyrr, og síðan nefnt það aftur í haust sem verður síðan til þess að till. þessi er flutt. Um þá grg. sem hv. 1. þm. Vesturl. bað skólastjóra Bændaskólans um var beðið án vitundar okkar og við lögðum því till. fram án þess að við vissum að beðið hafði verið um slíka grg. fyrir okkar hönd.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Verið er að reyna að ná í hv. 1. þm. Vesturl. ef það mætti verða til þess að leysa þá deilu sem hér er uppi um framhald málsins. Fyrirætlun mín er að fresta málinu um sinn, en reyna að sjá svo til að hægt verði að ljúka afgreiðslu þess á þessum fundi.

Flm. (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég virði ákvörðun forseta um að fresta umræðunni en ég hlýt að spyrja hvort hv. 1. þm. Vesturl. njóti einhverra vildarkjara eða hafi betri stöðu innan þingsins en við almennir þingmenn. Ég sé í rauninni enga ástæðu til þess að vera að fresta umræðu fyrir einn tiltekinn þm. sem er með frv. í Nd. þingsins. Hér er fundur í Sþ. og ef þetta á að vera framtíðin ef mál skarast á einn eða annan hátt milli deilda og sameinaðs þings er ég hræddur um að hér verði bókstaflega óstarfhæft í vetur. (Gripið fram í.) (**Forseti:** Hv. 3. þm. Vesturl. hefur óskað mjög eindregið eftir að eiga orðastað við hv. 1. þm. Vesturl. Hann er að kanna hvort ekki er möguleiki á að hv. 1. þm. Vesturl., sem mun vera að störfum í fjvn., komi hingað. Forseta er afar illa við að geta ekki orðið við frestunarbeiðnum ef þær koma fram. Venjan er, að ég held, að forseti verði við slíkri beiðni, en forseti viðurkennir fúslega að augljósar ástæður fyrir þeirri frestun sé ég ekki.) — [Fundarhlé.]

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Mál það er orsakaði fundarhléið hefur nú þingheimi öllum til ævarandi fyrirmyndar verið leyst á vinsamlegan hátt og verður því flutningi málsins haldið áfram með eðlilegum hætti.

Eiður Guðnason:

Virðulegur forseti. Ég vildi aðeins greina frá því að ég óskaði eftir frestun vegna þess að hvorugur flm. frv. um sama efni var viðstaddur hér í deildinni. Það hefur verið reynt að ná í 1. þm. Vesturl. en ekki tekist, en hv. 2. þm. Vesturl. Friðjón Þórðarson, sem er meðflm. að málinu, er kominn hér til fundarins og þá sé ég auðvitað ekkert því til fyrirstöðu að umræðan geti haldið áfram.

Friðjón Þórðarson:

Virðulegi forseti. Hér mun vera til umræðu till. til þál. um stofnun búminjasafns á Hvanneyri. Flm. eru þrír hv. alþingismenn Vesturl. Um þessa till. er ekki nema allt gott að segja. Að vísu höfum við, ég og hv. 1. þm. Vesturl., flutt frv. um sama efni sem um verður fjallað nú bráðlega á þingi, vænti ég. Þó að í þessu máli hafi komið fram bæði till. til þál. og frv. sé ég ekkert því til fyrirstöðu að hvort málið um sig geti haldið sína leið. Þetta virðist bara sýna að þetta er mál sem allir hv. þm. Vesturl. hafa brennandi áhuga á, en eru kannski ekki alveg sammála um hvernig á að fást við. Það vita allir hv. alþingismenn um muninn á þáltill. og frv. og held ég að ekki þurfi að skýra það út nánar. Það er rétt að við höfum lítillega fjallað um þetta mál, allir þingmenn Vesturl. sameiginlega, og ég efast ekki um að við höfum allir hug á því að það nái fram að ganga.

Hv. 1. þm. Vesturl. er ekki hér viðstaddur svo að hann getur ekki lýst skoðun sinni á málinu og ber að harma það að sjálfsögðu. Ég sé hins vegar ekkert því til fyrirstöðu að þessi tillaga haldi áfram. Ég geri ráð fyrir að við munum svo ræða frv. þegar þar að kemur. En þegar ég lít yfir till. og grg. sem henni fylgir sé ég ekki annað en að hún lýsi áhuga þessara þriggja hv. þm. á málinu og þeir munu vafalaust fylgja till. sinni eftir af þeirri festu sem þeim hentar. Ég sé ekki annað en að málið sé á góðri leið og við munum fyrr eða síðar hittast allir hv. þm. Vesturlands og reyna að þoka því áleiðis eins og öðrum góðum málum sem horfa til heilla á Vesturlandi. Ég held ég hafi ekki fleiri orð um þetta að segja að sinni, virðulegi forseti.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Leyfist mér að blanda mér aðeins í þá umræðu sem hér hefur farið fram um þátttöku hv. þingmanna af Vesturlandi varðandi till. til þál. um stofnun búminjasafns á Hvanneyri. Þetta er að sjálfsögðu ekkert einkamál Vestlendinga enda ekki hugmynd flm. till. að svo sé. Það fæ ég ekki ráðið af því og mér finnst eðlilegt að við annars staðar að af landinu sýnum áhuga okkar á þessu máli eða segjum álit okkar á því. Sú umræða sem hér hefur farið fram hvatti til þess að ég bað um orðið og þau þingmál önnur sem tengjast þessu máli fyrir utan till. til þál. sem hér er rædd.

Það er eins og kunnugt er komið fram í hv. Nd. sérstakt frv. til laga um búminjasafn og fyrir hv. Nd. liggur einnig frv. til þjóðminjalaga sem virðulegur forseti Sþ. er 1. flm. að og tekur í rauninni mjög skilmerkilega á þessu máli, þ.e. hvaða farveg eðlilegt er að marka fyrir söfn vítt um landið. Ég fagna því að þessi safnamál eru hér á dagskrá með þeim hætti sem fyrir liggur í framlögðum þingmálum og við skulum vona að sá áhugi verði til þess að efla þessa starfsemi í heild og á landinu öllu og koma henni í þann góða farveg sem vafalaust er hugur þeirra sem hér eru að flytja mál um þessi efni og að fjárveitingar fylgi að svo miklu leyti sem ríkisvaldinu er ætlað að koma hér við sögu eða réttara sagt fjárveitingavaldinu.

Ég vek athygli á því að í fram komnu frv. til þjóðminjalaga er sérstakur kafli um Þjóðminjasafn

Íslands og byggðasöfn og þar er gerð sú eðlilega breyting á að málefni þessara safna eru færð saman í löggjöfinni samkvæmt tillögum þessa frv. í einn kafla, Þjóðminjasafnið og byggðasöfn, og einmitt gert ráð fyrir því að á vegum Þjóðminjasafnsins geti starfað deildir og án þess að staðsetning sé ákveðin, bæði að deildir safnsins geti haft stöðu sérstakra safna og þá einnig að þær verði starfræktar annars staðar en innan veggja Þjóðminjasafns Íslands eins og við hugsum til þess nú.

Þetta tel ég að snerti það mál sem hér er til umræðu mjög náið og hvort sem ríkisvaldið eða ríkið verður einn aðili og eigandi að búminjasafni sem hér er talað um að komi upp á Hvanneyri eða að það verði byggðasafn í skilningi gildandi laga og þess frv. sem fyrir liggur um breytingu á þjóðminjalöggjöfinni.

Ég sé út af fyrir sig ekki að þörf verði á því, ef þetta frv. um Þjóðminjasafn Íslands verður að lögum, að setja sérstaka löggjöf um einstök söfn eða deildir safna heldur að mögulegt sé að koma því fyrir innan ramma þjóðminjalaganna hvort sem um er að ræða söfn rekin af ríkinu eingöngu eða byggðasöfn með þeirri þátttöku hins opinbera sem gert er ráð fyrir í gildandi lögum og fyrirliggjandi frv. Ég tel að sú till. sem hér er fram lögð sé mjög góðra gjalda verð og vel rökstudd í grg. og ég fagna þeim áhuga sem þar kemur fram.

Ég gæti haft um þetta lengra mál, virðulegur forseti, og m.a. vikið að áhuga okkar austur á landi að koma upp búminjasafni sem hefur verið til umræðu að gæti vistast á Skriðuklaustri vegna reksturs tilraunastöðvar þar um alllangan tíma. Það þarf að hyggja að þessum minjum um atvinnusögu þjóðarinnar og það er mjög brýnt í rauninni að búminjar verði þar ekki út undan og til þess að varðveita, ekki bara minjar um tækni liðinnar aldar og járnaldar sem okkur hefur verið mest í huga í sambandi við söfnun muna inn á byggðasöfnin, heldur einnig þær hraðfara tæknibreytingar sem við höfum lifað sem nú erum á miðjum aldri, allt frá orfinu, í gegnum hestaverkfærin og upp í vélmenninguna með dráttarvélum og tilheyrandi búnaði. Allt er þetta mikilsverður þáttur sögu sveitanna sem ber að horfa til og reyna að varðveita með þeim hætti sem nútímatækni leyfir í safnvörslu og heimildasöfnun, en einnig auðvitað þannig að það verði sem mest lifandi fyrir þá sem koma að skoða og fræðast.

Albert Guðmundsson:

Virðulegur forseti. Ég fagna því að hv. 3. þm. Vesturl. skyldi falla frá beiðni um frestun á þessu máli. Ég veit ekki hvernig þingstörf hefðu orðið ef í hvert skipti sem þm. er ekki ánægður með framlagningu mála eða að lík frumvörp komi fram í deildum og þingsályktunartillögur í Sþ. um hliðstæð mál geti einstaka þingmenn frestað afgreiðslu þeirra, í fullri vissu um að forseti hafi skapað fordæmi. Frestunarbeiðni bara vegna þess og á þeim forsendum að frv. liggi fyrir í deildum er engin ástæða að mínu mati. Ég lít svo á að það sé óþinglegt að fara fram á slíka frestun. Ég hugsa bara til sjálfs mín sem þm. Reykv. ef það ætti að há mér í störfum ef mér dytti í hug að koma hér fram með mál að einhverjir aðrir þm. Reykv. jafnvel úr öðrum flokkum væru að skipta sér af því hvort ég legg fram mál einn eða gera kröfu til þess að þeir fái að vera með. Það nær bara ekki nokkurri átt. Og ef einhver þm. er fjarverandi þegar mál koma á dagskrá er það bara hans mál. Hitt er annað mál, ég skal viðurkenna að það er rétt að taka tillit til þess að á annatímum fjvn. ef þm. eru fjarverandi við störf í þinginu sjálfu, að kallað sé á þá og beðið eftir að þeir komi til þess að gefa þeim tækifæri að tala um mál ef þeir svo óska. Slíka frestun get ég samþykkt, hitt alls ekki.

Þessi þáltill. hefur verið talið þingleg, hún skaðar engan, hún gerir gott, þannig að ég fagna því að málinu skuli haldið áfram og að málið hljóti hér afgreiðslu, en ég harma það að hv. 1. þm. kjördæmisins skuli í nafni þingmanns Borgfl. biðja um greinargerð án samráðs um eitt eða annað. Hann ku hafa beðið um greinargerð í þessu máli í nafni allra þingmanna kjördæmisins. Hann hafði enga heimild til þess að gera neitt slíkt í nafni borgaraflokksþingmanns.

Flm. (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka þeim hv. þm. sem hafa tekið til máls undir þessum lið, þó alveg sérstaklega hv. 3. þm. Vesturl. sem gaf þessu máli mikla vigt og kann ég honum miklar þakkir fyrir.

Um lýsingu hans á aðdraganda þessa máls ætla ég ekki að fjalla mikið hér. Hún var kolröng og kolvitlaus. Ég mun hins vegar fara nánar út í það þegar þetta ákveðna frv. þeirra neðrideildarmanna, þingmanna Vesturlands, kemur hér fram því að í því frv. er hreinlega farið með rangt mál, eins og hv. 5. þm. Reykv. kom lítillega inn á áðan. En það mun ég geyma mér.

Hv. 3. þm. Vesturl. furðaði sig á ummælum mínum héðan úr ræðustól áðan eftir að hann var nýkominn héðan úr stólnum notandi orð eins og hrákasmíði og önnur ljót lýsingarorð sem áttu að lýsa innri gerð eða manngerð flm. þessarar tillögu. Ég held að hv. 3. þm. Vesturl. væri nær að líta í eigin barm öðru hvoru. Hann er mjög gjarn á það að hlaupa upp í ræðustól hér eða í sinni deild, ausa einhverju úr skálum reiði sinnar og hlaupa síðan úr sal. Það lýsir honum og hans drengskap best.

Það var allt annað, það var eins og dagur og nótt, eins og svart og hvítt að hlusta á hv. 2. þm. Vesturl. tala hér. Þar er maður með heilbrigða afstöðu og rökrétta hugsun.

Ég þakka hv. 2. þm. Austurl. fyrir hans innlegg í umræðuna. Auðvitað er það rétt hjá honum að þjóðminjalög taka á þessu og gera það að verkum að það frv. sem þeir neðrideildarþingmenn, hv. Alexander Stefánsson og Friðjón Þórðarson, hafa lagt hér fram er með öllu óþarft. Það sem þarf til að

koma þessu safni á laggirnar er viljayfirlýsing Alþingis og ekkert annað og þess vegna er lögð fram þáltill.

Hæstv. forseti. Ég sé að ég er kannski fullsnemma kominn í stólinn því að eftirsóknarverðasti þingmaður dagsins er kominn í þingsal, hv. þm. Alexander Stefánsson, en ég er því miður að tala formlega í annað sinn. Ég veit ekki hvað hann kemur til með að segja, en ég verð þá að geyma mér að svara honum þangað til þeirra afleita frv. kemur fram.

Ég vil benda hv. 3. þm. Vesturl. á að hann flutti tillögu um göng eða brú yfir Hvalfjörð. Það fór lítið fyrir kynningunni þar. Ég man hvernig það var kynnt fyrir mér. Það var hérna á hlaupum í ganginum með því fororði að annaðhvort skrifaði ég strax eða væri ekki með. Vinnubrögð! Líttu í eigin barm.

Ég skora á hv. þm. Alexander Stefánsson að koma upp og segja okkur hvenær hann ræddi við þingmenn Vesturlands um það að taka þetta mál upp. Hvenær ákváðu þingmenn Vesturlands að fara út í þetta mál? Það var aldrei. „Þingmenn Vesturlands hafa ákveðið að flytja þetta frv.“, stendur í greinargerð. Þetta er ósatt með öllu. Þingmenn Vesturlands þýðir allir þingmenn Vesturlands, ég meðtalinn, og ég tók aldrei þátt í slíkri ákvörðun. „Þingmenn Vesturlands í Ed. munu fylgja málinu áfram í þeirri deild“. Hv. þm. Skúli Alexandersson hefur lýst sinni skoðun á því. Við hann var ekki talað um það. Helber ósannindi. Eru þetta, hv. þm. Eiður Guðnason, vinnubrögð að þínu skapi? Þetta er mál sem þú styður. Þetta eru vinnubrögðin þín.

Friðjón Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins taka fram vegna þeirra ummæla sem hér hafa verið látin falla að ég tel alls ekki neitt óeðlilegt við það að flytja frv. til l. um slíkt efni sem hér um ræðir. Það er áreiðanlega búningur sem hæfir vel því verkefni sem við blasir. Í annan stað vil ég taka fram að ég vona að enginn efist um að ég og hv. 1. þm. Vesturl. höfum haft fulla heimild til þess að bera þetta frv. fram eins og hér var þó dregið í efa. Og loks er ekkert óvenjulegt að fram komi ein eða fleiri tillaga um sama mál. Það hefur oft gerst á hv. Alþingi. Hitt má svo e.t.v. segja að við ættum að ræða nánar um þessi mál allir þingmenn Vesturlands í sameiningu áður en komið er með þau upp í pontu í Sþ.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég harma að ég skyldi af óviðráðanlegum orsökum ekki geta verið við þær fróðlegu umræður sem hafa farið fram um þá þáltill. sem hér er á dagskrá og satt að segja hafði ég ekki hugsað mér að taka til máls um hana. Ég óskaði eftir því við hv. flm. þegar hann sýndi mér tillöguna að því yrði frestað af þessum ástæðum, en við því var ekki orðið. Það hefur verið venja hjá okkur þingmönnum Vesturlands sem betur fer í gegnum tíðina að við höfum reynt að standa saman að hagsmunamálum Vesturlandsbyggða og höfum lagt metnað okkar í það. Og ég vil vekja athygli á því, sem ég geri ráð fyrir að þingmenn annarra kjördæma hafi tekið eftir, að við þingmenn Vesturlands höfum haft þann sið ár eftir ár að við höfum farið saman í hóp fyrir hvert reglulegt þing um allt kjördæmið, ekki minna en 10–14 fundir sem við höfum setið sameiginlega með heimamönnum, forráðamönnum sveitarfélaga og atvinnurekstrar og rætt þar þau mál sem hæst ber á góma og menn hafa mestan áhuga fyrir að ræða og kynna áður en þing kemur saman. Þetta hefur verið gert í góðu samkomulagi og aldrei ágreiningur um það. Við höfum enn fremur haft þann sið að flytja sameiginlega þau mál sem fram koma frá heimamönnum á hverju svæði eftir því sem efni og aðstæður hafa leyft hverju sinni.

Í sambandi við þetta sérstæða mál, um búminjasafnið á Hvanneyri, get ég verið stuttorður. Við komum þar á fund sl. haust eins og við höfum gert undanfarin haust og raunar oftar þar sem við mætum oftast nær við ákveðin tækifæri, slit eða setningu skólans, og þá höfum við tekið upp baráttu fyrir áhugamálum og uppbyggingu þess staðar, Hvanneyrar, og höfum lagt metnað okkar í það að efla Bændaskólann á Hvanneyri og allt í kringum hann, búvísindadeild og þá aðstöðu sem RALA er að flytja þangað upp eftir og margt og margt fleira sem mætti þar upp telja. Þetta hefur verið sameiginlegt áhugamál og við höfum notið stuðnings og trausts heimamannna í sambandi við það að vinna að þeim málum eftir því sem þau hafa legið fyrir hverju sinni.

Á þessum fundi sl. haust voru rædd málefni Hvanneyrar eins og áður og það komu sérstaklega til umræðu þau merku tímamót sem eru í sögu staðarins á næsta ári en þá er 100 ára afmæli skólans. Eitt af því sem skólastjórinn nefndi í sambandi við þessi tímamót var að æskilegt væri að rættist sá draumur, sem þar hefur lengi verið í bígerð, að koma upp búminjasafni á Hvanneyri. Ég ætla ekki að rekja þá sögu hér. Hún er í greinargerð með lagafrv. sem við hv. þm. Friðjón Þórðarson höfum lagt fram á þskj. 140 sem er merkileg saga og segir það sem segja þarf í þessu máli.

Það sem gerðist í framhaldi af þessu var að við ákváðum að sinna þessu máli og allir þingmenn voru viðstaddir þegar þetta var. Ég hringdi til skólastjórans og óskaði eftir því að hann léti semja til undirbúnings málsins greinargerð frá skólanum um sögu safnsins, sögu staðarins hvað þetta varðar, sem fylgir hér með bréfi frá skólanum sem er dags. 11. nóv. 1988 til 1. þm. Vesturl., þar sem er greinargerð um búminjasafn, verkfærasafn eins og þar kemur fram. Þar er lagt til — beinlínis lagt til að það væri ánægjulegt ef hægt væri að ýta þessu áfram „og kemur þar tvennt upp í hugann“, segir skólastjórinn, „lög um búminjasafn á Hvanneyri eða sérstök fjárveiting til að byggja skála yfir safnið sem núna er til, verkfærasafnið“. Vísa ég að öðru leyti til greinargerðarinnar.

Þetta tók eðlilega sinn tíma eins og alltaf er og ég

ætla ekki að fara að ræða hér um það framtak hv. þm., sem er 1. flm. að þessari þáltill., að leggja fram þáltill. um málið. Ég ætla ekki að fara að ræða það í þingsölunum. Við tókum þá ákvörðun að flytja um þetta lagafrv. Við erum tveir í hv. Nd., hv. þm. Friðjón Þórðarson ásamt mér. Við töldum að þar sem flm. þáltill. hafnaði þeirri ósk að bíða með flutning þáltill. en koma aftur sem flm. á lagafrv. væri ástæðulaust annað en við værum tveir á frv. Auðvitað dettur mér ekki í hug, enda væri það í mótsögn við allt það sem hv. þm. hafa sagt bæði á Hvanneyri og annars staðar, að nokkur þingmaður Vesturlands mundi mæla gegn svona lagafrv. Það er svo augljóst mál að enginn þingmaður Vesturlands mundi voga sér það. Það leyfi ég mér að segja. Þess vegna segi ég að öll umræða um þetta atriði er óþörf og ég ætlaði ekki að segja eitt einasta orð um þá þáltill. sem hér er vegna þess að ég tel hana óþarfan málflutning, en hún gerir ekkert ógagn, síður en svo, allt í lagi með það. Aðalatriðið er lagafrv. og það látum við verða að veruleika á því þingi sem nú stendur yfir.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Það kemur í ljós að sú frestun sem hér hefur verið óskað eftir í sambandi við umræðu um málið þjónaði ekki tilgangi sínum í sjálfu sér vegna þess að hv. 1. þm. Vesturl. ætlaði sér alls ekkert að tala í þessu máli, en þó kom hann upp í ræðustól og flutti að mörgu leyti ágæta ræðu og sagði ýmsa hluti sem alveg eru sannir. Hann nefndi það m.a. að við þingmenn Vesturlands stæðum saman að hagsmunamálum kjördæmisins, það væri hin algilda regla. Við gerum það, en það hafa a.m.k. sumir þingmenn leyft sér að flytja ýmis málefni Vesturlands hingað inn á hv. Alþingi, hvort sem það er í formi lagafrv. eða þáltill., án þess að þar væri einhver sérstök röðun. Menn hafa tekið sig til og undirbúið mál og flutt þau. Ég veit ekki til þess að það hafi orðið úr því sérstök óánægja eins og virtist vera að spretta upp í umræðum áðan og að sumu leyti kom fram í lokaorðum hv. 1. þm. Vesturl.

Staðreyndin er nefnilega sú að við erum ekki alveg sammála um hvernig á að vinna að þessu góða máli og við erum heldur ekki kannski alveg sammála um hvernig upphafið bar að og hvort það var endilega nauðsynlegt að bíða eitthvað þegar hv. 1. þm. Vesturl. fór fram á það við hv. þm. Inga Björn Albertsson. Það var nefnilega búið, eins og ég sagði áður í dag, að bíða þó nokkuð lengi með þetta mál. Það var búið að vekja athygli á þessu máli áður á Hvanneyri og miklu betur en var gert í haust. Við vorum leiddir um safnhúsið sem er þar til staðar, sýnt hvað væri búið að gera þar og bent á þörfina að gera þar meira og gera þar betur. En það var ekkert flutt, hvorki lagafrv. né þáltill., á síðasta þingi. Þess vegna var það ekkert óeðlilegt þó að einn úr þingmannahópnum, sem í þessu tilfelli var hv. þm. Ingi Björn Albertsson, tæki sig til og undirbyggi þáltill. þar sem er bent á þetta mál. Það var eðlileg málsmeðferð við þær aðstæður sem voru þegar var verið að undirbúa og vinna að sérstöku frv. um þjóðminjar á Íslandi.

Í sambandi við að flytja lagafrv. um þetta sérstaka mál hef ég fengið þær upplýsingar frá aðilum sem þekkja þessi mál gerst, að það sé trúlega — ég ætla ekki að segja meira — ekki hinn æskilegi farvegur í sambandi við uppbyggingu búminjasafns á Hvanneyri heldur að tengja það uppbyggingu almennra safna, þ.e. tengja það við lögin um þjóðminjavernd á Íslandi í sambandi við það frv. sem hér liggur nú fyrir til afgreiðslu.

Ég segi að það er alveg fráleitt að búast við því að einn eða neinn þingmaður Vesturlands standi gegn einhverjum ákveðnum framfaramálum á Vesturlandi. Eins og hv. 1. þm. Vesturl. sagði: Það þorir það enginn. Það eru stór orð. Ég held að hlutirnir séu þannig að við hljótum að velja þann kostinn sem er eðlilegastur og bestur og ég er ekki í nokkrum vafa um að í sambandi við þetta mál er besti kosturinn að samþykkja þá þáltill. sem hér er til umræðu. Þá er lagafrv. að vissu leyti óþarft.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ég vil upplýsa hv. þm. um að fyrirhugað er að þessum fundi ljúki kl. 3, en þá hefjast fundir í deildum. Ég vil því mælast til að menn reyni sem allra mest að stytta mál sitt.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Þessi umræða hefur farið út í ýmsa aðra sálma en e.t.v. efni tillögunnar sem hér liggur frammi til umræðu. Það hefur verið talað um vinnubrögð og samstarf og ég held að það sé mjög þarft og gott því að alltaf má bæta bæði vinnubrögðin og samstarfið. En ég benti áðan í máli mínu á það frv. til þjóðminjalaga sem liggur hér frammi á þskj. 220. Það frv. er samið af nefnd þingmanna allra flokka hér á Alþingi ásamt starfsfólki Þjóðminjasafns Íslands. Ég benti sérstaklega á það áðan að menn voru mjög sammála og ánægðir með þann kafla sem er nr. 2 í því frv. um Þjóðminjasafn Íslands og byggðasöfnin þar sem einmitt er gert ráð fyrir þeim möguleika að setja á stofn ýmis tæknisöfn, sérsöfn af ýmsu tagi, og um þau þarf ekki að setja lög heldur aðeins stofnskrá og starfsreglur. Ég tel því ekki þörf á því frv. til laga sem hér hefur blandast inn í umræðuna og hefur verið lagt fram í Nd.

Ég vil ítreka það, sem ég sagði áðan, að ég tel að ekki hafi verið óeðlilegt að fara þá leið að flytja um þetta þáltill., sérstaklega með tilliti til þess að við sátum þingmenn allra flokka í þjóðminjalaganefnd þar sem þessi ákvæði koma fram í 4. og 5. gr. og allir virtust mjög sammálaum. Því trúi ég ekki öðru en þær verði samþykktar eins og þær liggja fyrir. En það er kannski spurning um samstarf einmitt innan annarra flokka, hvort fólk hefur ekki tækifæri til að afla sér upplýsinga um það sem fulltrúar þess eru að gera í nefndarstarfi. En einmitt um þetta er verið að fjalla í þjóðminjalaganefndinni. Því fæ ég ekki betur

séð en frv. á þskj. 140 skarist við það sem sagt er í 4. og 5. gr. frv. um þjóðminjalög. Eins og ég sagði áður sat ég í þeirri nefnd fyrir hönd míns þingflokks og ein af þingkonum Kvennalistans hefur tekið að sér að flytja frv. um þjóðminjalög ásamt þingmönnum allra annarra flokka í Nd.

Ég vil reyndar líka vekja athygli á því að í þingskapaumræðu í síðustu viku kom fram ósk um að hér yrði gefinn einn dagur til að fjalla um þáltill. og því var vel tekið af forseta. Nú hefur þessi hálfi dagur sem tókst að gefa styst mjög vegna þess að hv. þm. stjórnarinnar hafa tafið málið mjög í sameinuðu þingi. Ég vek athygli á þessu og mér sýnist að þetta muni geta kostað það að við munum óska þess að gefinn verði tími til þess að taka fleiri till. fyrir.

Flm. (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég vil fá að draga athyglina að því, eins og gert hefur verið fyrr í dag, að beiðni hv. 3. þm. Vesturl. var gjörsamlega ógrunduð. Það voru engar ástæður fyrir beiðninni. Hér kemur 2. þm. Vesturl. upp og tjáir sig um að hann hafi ekki ætlað að tala í þessu máli. Hér kemur 1. þm. Vesturl. upp og segir nákvæmlega hið sama. Frumhlaup þingflokksformanns Alþfl. er algjört.

Þá vil ég einnig leiðrétta hv. 1. þm. Vesturl. Hann bað mig ekki að fresta málinu. Hann bað mig ekki að bíða með flutning. Hann var svo stór upp á sig að hann bað mig að gjöra svo vel og draga það til baka af því að hann væri með réttu lausnina eins og hann kom inn á áðan. Frumvarp. Það er eina málið. Og enginn þingmaður Vesturlands verður á móti því. En hvað með þáltill.? Ætlar hv. þm. Alexander Stefánsson að greiða atkvæði þessari þáltill.? Vill hann koma upp og svara því? Ætlar hann að greiða atkvæði gegn þessari þáltill.?

Það var ekkert samið um að flytja þetta mál eins og ég kom inn á áðan, alls ekki. Hins vegar var pöntuð grg. fyrir búminjasafnsmálið í nafni þingmanna Vesturlands að þeim forspurðum. Þegar hins vegar aðrir þingmenn en hv. 1. þm., alla vega þeir sem þetta mál flytja, báðu um þessa grg. kom einhver stífla allt í einu í málið og við höfum aldrei séð grg. Við sjáum hana fyrst í þskj.

Hv. 3. þm. Vesturl. talaði um hrákasmíð á grg. eins og hún var upphaflega. Ég veit ekki hvort hrákasmíð er betra en ekkert því að þegar mér var sýnt frv. frá Alexander Stefánssyni og hv. þm. Friðjóni Þórðarsyni var engin grg. með því. Engin. Það átti bara að fylla upp í víxilinn á eftir. Vinnubrögð, hv. 3. þm. Vesturl.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég óskaði eftir því að þessari umræðu yrði frestað um stund þannig að 1. og 2. þm. kjördæmisins gætu verið viðstaddir umræðuna. Það var rökstutt. Við því var orðið, þeir hafa tekið þátt í umræðunni og ég hef ekkert meira um þann þátt málsins að segja. Ég vil hins vegar hér og nú vísa fullyrðingum og sleggjudómum hv. þm. Inga Björns Albertssonar á bug sem órökstuddum og alröngum.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Það var ekki, eins og ég lýsti í mínu stutta spjalli áðan, meining mín að ræða efnislega þetta mál við hv. þm. Inga Björn Albertsson. Hann hefur opinberað sinn málflutning og hvernig hann hefur staðið að þessum málum og ekkert meira um það að segja. En ég kom hérna upp til að lýsa því yfir að það sem hann var að segja um mig og hv. 2. þm. Vesturl. er eintóm skröksaga þannig að maðurinn veit ekkert hvað hann er að tala. Auðvitað fékk hann ekki grg. í hendur, hv. þm. Ingi Björn Albertsson, vegna þess að hann hafnaði því að bíða eftir henni, grg. sem skólinn óskaði eftir að vinna og var búinn að leggja vinnu í það heilan mánuð að semja þetta fyrir okkur og sendi það með eðlilegum hætti svo að við þingmenn Vesturlands gætum skoðað málið. En hv. þm. gat ekki beðið eftir svoleiðis vinnbrögðum því sumir menn eru þannig gerðir að þeir þurfa að reyna að slá sér upp á annarra kostnað.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til félmn. með 34 shlj. atkv.

Samkomulag um loðnuveiðar Norðmanna, síðari umr.

Stjtill., 157. mál. — Þskj. 168, n. 219.

Frsm. utanrmn. (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Ég skal verða fúslega við þeim tilmælum að vera ekki að lengja mál mitt mikið að óþörfu, enda vill oft verða svo að almennar umræður í þingsalnum eru í öfugu hlutfalli við stærð þeirra mála sem er verið að ræða. En við erum hér að ræða um veiðiheimildir í okkar lögsögu í Norður-Atlantshafinu umhverfis Ísland og það er kannski ekki svo stórt mál.

Utanrmn. hefur komið saman og rætt þetta mál og leggur fram stutt nál. sem hljóðar svona, með leyfi hæstv. forseta: „Nefndin hefur rætt málið og leggur til að samkomulagið við Norðmenn frá 1. desember sl. verði samþykkt.“ Undir þetta rita allir nefndarmenn í utanrmn. Þess skal svo getið að lokum að Hreggviður Jónsson, 11. þm. Reykn., sem er áheyrnarfulltrúi Borgfl. í utanrmn., stendur að þessu nál. líka.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 256).

Bætt samkeppnisstaða innlends skipaiðnaðar, frh. fyrri umr.

Þáltill. StG o.fl., 37. mál. — Þskj. 39.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Það mál sem hér er til umræðu er endurflutt mál, var flutt fyrst á síðasta þingi en þá ekki útrætt og þess er getið í grg. að ástæðan hafi m.a. verið sú að þá kom fram svar frá páv. iðnrh. Nokkuð hefur tafist að hægt hafi verið að halda fram umræðunni, en ég ætla ekki að hafa mörg orð um það.

Það er auðvitað eðlilegt að rætt sé um skipasmíðaiðnaðinn og vanda hans. Í þessari till. er drepið á einn þátt þessa máls sem auðvitað gæti bætt samkeppnisstöðuna. Mér finnst ástæða til þess í þessari umræðu að það komi fram að mál þetta, ásamt mörgum öðrum er varða skipasmíðaiðnaðinn, var til umræðu í síðustu ríkisstjórn. Félag dráttarbrauta og skipasmiðja skrifaði iðnrn. 22. mars á þessu ári og af því tilefni skrifaði iðnrn. viðskrn. og sjútvrn. bréf, enda falla þessi mál fyrst og fremst undir þau ráðuneyti.

Í bréfi til sjútvrn. og viðskrn. var lýst hugmyndum í bréfi Félags dráttarbrauta og skipasmiðja og síðan segir orðrétt, með leyfi forseta: „Ráðuneytið telur að hér sé um mjög alvarlegt mál fyrir íslenskan skipasmíðaiðnað að ræða. Ráðuneytið telur að það ætti að vera lágmarksskilyrði fyrir veitingu lána úr opinberum sjóðum til skipaviðgerða og skipasmíða að áður hafi verið gengið úr skugga um með útboði að innlendar skipasmíðastöðvar geti ekki boðið jafnhagstætt eða betur en erlend fyrirtæki og sé þá tekið tillit til þess að innlendar stöðvar hafi gott orð á sér fyrir vandaða vinnu."

Þess skal getið að viðskrn. svaraði bréfi iðnrn. og í því bréfi kom fram að í mörg ár hafi viðskrn. reynt að framfylgja þeirri reglu að veita ekki heimild til erlendrar lántöku nema áður hafi verið athugað hvort hægt væri að láta slíka viðgerð fara fram hérlendis.

Síðan segir í bréfinu síðast sem undirritað er af Þórhalli Ásgeirssyni og dagsett er 28. mars: „Væntanlega gæti Fiskveiðasjóður veitt innlendu skipasmíðastöðvunum sams konar aðstoð með því að verða við tilmælum þeirra um að veita ekki lán til endurbóta eða meiri háttar viðgerða á skipum erlendis nema verkið hafi áður verið boðið út innan lands."

Mér er ekki kunnugt um að sjútvrn. hafi svarað þessari beiðni, þessu bréfi, en Fiskveiðasjóður heyrir undir verksvið hæstv. sjútvrh.

Það eru einnig önnur mál en þetta sem voru rædd í síðustu ríkisstjórn. Vil ég þá geta um bréf ráðuneytisins til sjútvrn. og samgrn. vegna breytinga á mælingareglum. Þau bréf voru send út 6. okt. 1987 og farið fram á aðlögunartíma og ætla ég ekki að rifja það upp sérstaklega hér. Í ríkisstjórn tók iðnrh. upp það mál að hæstv. ráðherrar beittu sér fyrir því á erlendri grund, sérstaklega innan EFTA og Evrópubandalagsins, við þær þjóðir, að vinna og berjast gegn ríkisstyrkjum. Þetta var bókað í ríkisstjórn á dögum síðustu ríkisstjórnar. Loks var hreyft með bréfi iðnrn. til sjútvrn. hugmynd, sem kom fram í ályktun frá Félagi dráttarbrauta og skipasmiðja, um að innlend skipasmíði eða skip sem smíðuð væru hérlendis nytu sérstakra vildarkjara í sambandi við fiskveiðistefnuna, bæði er varðaði stærð og veiðiheimildir. Iðnrh. beitti sér jafnframt fyrir því að 200 millj. kr. gengju til Byggðasjóðs á þessu ári eins og hafði verið árið áður til þess að koma til móts við þarfir innlendra skipasmíðastöðva. Forsrh. páv. barðist jafnframt fyrir þessu máli og það fór í gegn og var merkt á lánsfjárlögum, en þess skal getið að hæstv. núv. iðnrh. hafði aðra skoðun á því máli og taldi það nægilegt að slík fyrirgreiðsla færi í gegnum viðskrn.

Það er auðvitað til umhugsunar fyrir okkur að á sama tíma og við fylgjum hér þeirri stefnu að deila út fiskveiðikvóta hefur það gerst frá því að nýja fiskveiðistefnan tók gildi að flotinn hefur í raun stækkað um 11.500 tonn eða þar um bil. Þetta er ekki allt saman burðargeta, sumt af þessu felst í breytingum og stækkunum sem er vegna annars, en þetta segir þó sína sögu og hlýtur að verða hv. þm. til umhugsunar bæði varðandi fiskveiðistefnu og ekki síst varðandi skipasmíðaiðnaðinn innlenda sem er bráðnauðsynlegur fyrir fiskveiðiflota landsmanna.

Þess skal getið að í síðustu ríkisstjórn beitti iðnrh. sér jafnframt fyrir því að sérstök heimild væri fyrir Byggðastofnun og Slippstöðina á Akureyri að geta smíðað þar tvö skip. Þar var um lánsheimild að ræða, sem reyndar hafði verið samþykkt áður, og að Byggðastofnun kæmi að málinu og liðkaði til þannig að Landsbankinn gæti ásamt Byggðastofnun hjálpað Slippstöðinni að gera það sama og norskar skipasmíðastöðvar hafa gert, taka gömul skip upp í og endurbyggja þau og mynda þannig keðjuverkandi verkefni fyrir íslenskar skipasmíðastöðvar.

En loks, virðulegur forseti, og það er kannski merkilegast af þessu öllu saman, gerðist það að iðnrn. í tíð síðustu ríkisstjórnar beitti sér fyrir því að sett var á stofn nefnd, verkefnisstjórn sem ynni með breska ráðgjafarfyrirtækinu A & P Appledore og það var verkefni þessa fyrirtækis að fylgjast með og gera úttekt á íslenskum skipasmíðaiðnaði. Þetta var almenn úttekt á stöðu hans og framtíðarhorfum. Það sem einkum og sér í lagi var auðvitað umtalsvert í þessu sambandi var að það tókst ágætissamstarf á milli annars vegar iðnrn. og hins vegar sjútvrn. um þetta mál og vegna þess samstarfs tóku m.a. þátt í

þessari verkefnisstjórn annars vegar fulltrúi Landssambands ísl. útvegsmanna, Þorsteinn Már Baldvinsson, og fulltrúi Fiskveiðasjóðs, sem er Svavar Ármannsson, þannig að nú fjalla um þessi mál ekki eingöngu fulltrúar iðnaðarins heldur jafnframt fulltrúar útvegsins og lánastofnunar sem skipasmíðaiðnaðurinn á allt sitt undir.

Ráðherra iðnaðarmála, hæstv. iðnrh., hefur sagt að hann muni dreifa skýrslunni þegar hún verður tilbúin til alþm. Það var að því stefnt í upphafi að skýrslan yrði tilbúin fyrir jól og mig langar til að spyrja hæstv. iðnrh. að því hvort sú áætlun standist og enn fremur fá hann til að staðfesta það að skýrslunni verði dreift.

Ég ætla ekki í mínum stutta tíma, virðulegur forseti, að fjalla um hvað er til bragðs að taka. Ég veit að málið er flókið. Við skulum átta okkur á því að það er mjög nauðsynlegt fyrir sjávarútveginn að hér sé starfandi öflugur og góður skipasmíðaiðnaður. Mér er ljóst að það þarf að auka samvinnu fyrirtækja og jafnframt sérhæfingu einstakra fyrirtækja til þess að sú samvinna geti tekist sem best. Ég er sjálfur á móti því að beitt sé niðurgreiðslum eins og gerist í öðrum löndum, en tel koma til greina að opinberir aðilar liðki til við þróun og hagræðingu í þessum iðnaði sem hefur nokkuð dregist aftur úr á sumum sviðum jafnvel þótt um gott starfsfólk sé að ræða. Jafnframt hygg ég að það þurfi að kanna mjög vel hvort hugsanlegt sé að fulltrúar skipasmíðaiðnaðarins hafi einhvers konar aðgengi að Fiskveiðasjóði, ef ekki stjórn sjóðsins þá með þeim hætti sem tryggir sem best samstarf skipasmíðaiðnaðarins og þess sjóðs sem fjármagnar skipasmíðar hér á landi.

Að lokum, virðulegur forseti, vil ég taka það fram að sú stefna sem hæstv. ríkisstjórn rekur í efnahagsmálum er hættuleg fyrir skipasmíðaiðnaðinn. Gengisstefnan þýðir að hann er síður samkeppnisfær. Millifærslukerfi til annarra greina er nánast dauðadómur fyrir þennan iðnað eins og annan útflutningsiðnað sem ekki nýtur þess góðgætis. Þess vegna tel ég fulla ástæðu til að skora á þá hæstv. ráðherra sem hér eru staddir, að vísu ekki hæstv. heilbrmrh. þótt ýmsir gætu haldið að þetta kæmi í hans hlut heldur hæstv. iðnrh. og sjútvrh., að ganga nú í þetta mál af fullum krafti.

Að allra síðustu vil ég segja og það furðaði mig satt að segja, og það vildi ég nefna, að sá sem er flm. þessarar tillögu gat auðvitað kynnt sér málið betur. Þá kom í ljós að það strandar ekki á ráðuneyti iðnaðarmála heldur hefur þetta mál fyrst og fremst verið á vettvangi sjútvrn. og viðskrn. Þess vegna hefðu verið hæg heimatökin fyrir hv. þm. að snúa sér beint til hæstv. sjútvrh.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Mönnum hættir oft til að ræða málefni skipasmíðaiðnaðarins á Íslandi í þeim dúr að það sé eitthvað sérstakt að þessi iðngrein skuli eiga í þessum miklu erfiðleikum. Staðreyndin er hins vegar sú að skipasmíðaiðnaðurinn er ekkert frábrugðinn öðrum iðnaði á Íslandi né útflutningsgreinunum almennt. Hann á við svipaða og sömu erfiðleika að stríða. Þess vegna er alrangt ef menn hafa þá skoðun að það sé eitthvert sérstakt vandamál varðandi skipasmíðaiðnaðinn hversu samkeppnisstaða hans er orðin slæm að hann er nánast að leggja upp laupana. Þetta á líka við um allan annan iðnað, allan samkeppnisiðnaðinn og allar útflutningsgreinar. Það er röng efnahagsstefna sem hér er um að kenna og þar af leiðandi er rétt að ræða vandamál skipasmíðaiðnaðarins í réttu samhengi, þ.e. í því samhengi sem tengist allri útflutningsverslun Íslendinga.

Rekstrarskilyrði hafa stórversnað í skipasmíðaiðnaði svo sem í öðrum iðngreinum undanfarin ár og þarf engan að undra það þegar horft er fram á hvernig þróun verðlags og gengis hefur verið hér á undanförnum missirum.

Það er reyndar margt fleira sem kemur til. Því miður hefur afstaða þjóðarinnar og þó einkum og sér í lagi ráðamanna verið sú að Íslendingar eigi í raun og veru ekki að flytja neitt út nema fisk. Allt annað brölt sé til óþurftar og það valdi bara ráðamönnum óþægindum að það skuli vera einhverjir menn úti í bæ sem vilja flytja eitthvað annað út en fisk. Því miður hefur þessi skoðun verið ríkjandi meðal landsmanna um mjög langt skeið og þeir sem af hugsjón e.t.v. huga að einhverjum öðrum útflutningi mæta oft litlum skilningi. Þetta hefur ekki hvað síst átt við um íslenskar skipasmíðar því að þær eru að sjálfsögðu fyrst og fremst samkeppnisiðnaður sem er að reyna að hamla gegn innflutningi á skipum erlendis frá.

Þá kemur mjög sérkennilegt fram í þessu máli öllu saman, en það er einfaldlega sú staðreynd að þeim aðilum sem falast eftir nýsmíði skipa finnst miklu skemmtilegra og þægilegra að láta smíða þau erlendis. Það er nefnilega mjög algengt þegar verið er að sækjast eftir iðnaðarvörum, bæði fullsmíðuðum og í hlutum, að það er álitið mikið skemmtilegra að sækja slíka vöru til útlanda en fá hana hjá einhverjum framleiðanda á Íslandi. Það skapar ekki eins skemmtileg tækifæri til að fara í ferðalög og heimsækja aðrar þjóðir.

Þá er annað sem er líka rétt að vekja athygli á, en það er umboðsmannakerfið sem við búum við. Hér eru umboðsmenn fyrir nánast allar skipasmíðastöðvar í Vestur-Evrópu sem gæta þess vel og vendilega að þeirra umbjóðendur njóti forgangs umfram íslenskar skipasmíðastöðvar. Meira að segja hefur gengið svo langt að það er talað um að Landssamband ísl. útvegsmanna hafi gerst umboðsaðili fyrir nokkrar skipasmíðastöðvar í Noregi. Það gætir þess vel að þær gangi ávallt fyrir áður en reynt er að leita til íslenskra skipasmíðastöðva.

Ég minnist þess, þegar ég var ungur maður og starfaði á Akureyri, þegar var verið að byggja upp Slippstöðina. Það voru fyrstu árin sem hún var rekin. Forvígismaður að þeirri uppbyggingu var eins og öllum ætti að vera kunnugt Skafti Áskelsson á

Akureyri, athafnamaðurinn sá, og hann hafði það einhvern tíma að orði: Ef ég fæ að selja með skipunum um leið og ég afhendi þau tollfrjálst áfengi, ísskápa, húsgögn og annað þess háttar, þá er allt í lagi, þá skulu þeir koma til mín, útgerðarmennirnir, því að það er það sem þeir m.a. eru að sækjast eftir. — Auðvitað var þetta sagt í gamni, en það er kannski meiri alvara hér á bak við en ég vil vera láta.

Þá er spurningin um hlutdeild stjórnvalda í þessu. Hér kom fram hörð gagnrýni á hæstv. sjútvrh., en það er engu líkara, þegar maður hlustar á hann fjalla um þessi mál, að hann vilji íslenskan skipasmíðaiðnað feigan og það helst í gær. Hann hafi mjög verið til óþurftar og ekki gert annað en þvælast fyrir útgerðarmönnum og það sé verið að neyða upp á þá miklu dýrari skipum en ella. Nú er það að sjálfsögðu rétt og ég verð að taka undir það með þeim sem því hafa haldið fram að það er ekki hægt að ætlast til þess að íslenskir útgerðarmenn verði að kaupa miklu dýrari skip hér en þeir geta fengið annars staðar. En þá kemur að annarri spurningu enn. Staðan er núna sú að íslenskar skipasmíðastöðvar geta í samvinnu við erlendar skipasmíðastöðvar boðið upp á mun ódýrari skip en íslenskir útgerðarmenn eru núna að kaupa í gegnum umboðsmenn sína t.d. frá Noregi. Hins vegar er það orðin hefð að ganga algerlega fram hjá íslenskum skipasmíðastöðvum og þess vegna hafa útgerðarmenn ekkert leitað eftir þessum möguleika. Ég vil fullyrða að í dag geta íslenskar skipasmíðastöðvar í samvinnu við erlenda aðila boðið upp á langtum ódýrari skipasmíðar en t.d. skipasmíðar í Noregi, Póllandi og í þeim löndum þar sem flest íslensk skip hafa verið smíðuð undanfarin ár.

Hér er ekkert um neina smáhagsmuni að ræða. Það kom fram í viðræðum sem við áttum við fulltrúa Landssambands iðnaðarmanna í hv. fjh.- og viðskn. Ed. á dögunum að verðmæti nýsmíða, viðhalds og endurbóta fyrir árið 1987 nam 5,5 milljörðum kr. þannig að það er eftir einhverju að slægjast ef hægt er að fá þessa upphæð lækkaða.

Þá vil ég líka benda á eitt. Ef þessar smíðar fara fram undir stjórn íslenskra skipasmíðastöðva í staðinn fyrir að gera eins og hingað til hefur verið gert, að íslenskir sjóðir sem eru fjármagnaðir af skattpeningum þeirra sem hér búa eru notaðir til að útvega útlendum mönnum atvinnu. Og ekki bara það. Um leið er verið að færa útlendingum, erlendum skipasmíðastöðvum okkar reynslu og þekkingu á silfurfati. Það má segja að við höfum stuðlað að því að Norðmenn hafa byggt upp sinn skipasmíðaiðnað með því að við höfum mokað í þá verkefnum. Við höfum reynsluna, við höfum aflað þekkingarinar og allt þetta höfum við fært Norðmönnum endurgjaldslaust. Það er alkunna að það er mjög algengt að norskar skipasmíðastöðvar selja áfram íslenska hönnun, íslenska þekkingu og íslenskar teikningar. Þeir eru að vísu búnir að stroka út kannski nafnreitinn þar sem kom fram að þetta væri íslensk hönnun og setja sitt nafn í staðinn. Þessi þekking er seld áfram bæði norskum útgerðarmönnum og útgerðarmönnum annars staðar í heiminum. Þannig hafa Norðmenn hagnast ómælt á okkur Íslendingum, hvernig við höfum fært þeim alla okkar þekkingu fyrir ekki neitt.

Virðulegi forseti. Mig langar að lokum rétt til áréttingar að fá að lesa upp tvær örstuttar greinar úr ályktun Félags dráttarbrauta og skipasmiðja. Ég held að þær lýsi kannski betur en ég með þessum fáu orðum get lýst ástandinu. Með leyfi forseta hljóða þær svo:

„Þjóðhagslega séð er innlendur skipasmíðaiðnaður ekki aðeins mikilvægur þáttur í sjálfstæði okkar heldur verðum við einnig að spyrja okkur: Á hverju ætlar þessi þjóð að lifa í framtíðinni? Viðskiptahættir í heiminum breytast hratt um þessar mundir og er ljóst að smáþjóðir eins og Íslendingar standa veikum fótum gagnvart samkeppni á alþjóðamörkuðum þar sem þróunarkostnaður og markaðssetning vega sífellt meira í kostnaði fyrirtækja og líftími afurða styttist samhliða. Smáþjóð eins og við hefur ekki aðra möguleika en að fullnýta náttúrlegar auðlindir sínar og þar með talið þau tækifæri sem þær bjóða upp á.

Félag dráttarbrauta og skipasmiðja vill vara við þeirri stórhættulegu skammsýni að einfaldur verðsamanburður á tímabundið niðurgreiddum skipum erlendis frá við innlenda framleiðslu segi söguna alla. Við verðum að nýta þekkingu og reynslu okkar í sjávarútvegi til að byggja upp þróaðan, öflugan, sérhæfðan iðnað tengdan náttúruauðlindum okkar. Þar höfum við forskot. Það verður ekki gert án skipasmíðaiðnaðar innan lands. Hér er ekki aðeins spurning um sjálfstæði heldur einnig hvort við ætlum okkur í framtíðinni að teljast vanþróaður hráefnisútflytjandi eða tæknivædd fiskveiði- og iðnaðarþjóð."

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Nú er á mælendaskrá einn hv. þm. auk hæstv. ráðherra. Forseta er nú mjög freistað að ljúka þessu máli úr því það er komið svo langt. En ég hlýt að biðja menn að stytta mjög mál sitt því lofað hafði verið að deildafundir gætu hafist kl. þrjú.

Flm. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég hlýt að koma hér og harma hvernig þessum málum er raðað upp og dagskráin hefur gengið fyrir sig í dag. Hér er kannski að sumra áliti ekki verið að hreyfa merkilegu máli, en fyrir mínum augum er þetta vissulega merkilegra mál en svo að við getum höggvið á þessar umræður einu sinni enn. Hins vegar sýnist mér stefna í að við munum klára þessa umræðu hugsanlega á næsta ári, virðulegi forseti. En málinu er vissulega ekki gerður greiði með því að menn fái ekki að tala um þetta mál. Þetta er brýnt mál og ég treysti því, forseti, að þú sjáir til þess að þeim sem vilja koma í ræðustól og ræða um þetta mál verði gefið tækifæri til þess.

Friðrik Sophusson:

Ég skil, virðulegur forseti, að mönnum þyki slæmt að slíta enn þessa umræðu í sundur, en ég skal viðurkenna að það hefur verið gert samkomulag um að hefja deildafundi um kl. 3. En ég minni á að fyrir nokkrum dögum fór ég fram á að einn dagur yrði fenginn til að fjalla um þáltill. því að sumar þeirra sem lagðar voru fram í októbermánuði hafa enn ekki fengist ræddar. Þar á meðal eru tvær tillögur sem ég lagði fram á Alþingi í október sl. Nú er fyrirsjánlegt að varla verður um það að ræða, ef ekki verða fleiri fundir um þáltill. í Sþ., að umræður fáist fyrr en kannski seint í janúarmánuði. Þess vegna fer ég fram á það, virðulegur forseti, hvort ekki sé hugsanlegt að Sþ. geti hist aftur og rætt þáltill., þar á meðal það mál sem nú er til umræðu og nokkur önnur sem ég tel brýnt að komist til nefndar og fái síðan umsagnir. Ég mun styðja það ef hæstv. forseti vildi beita sér fyrir því í gangi mála á næstu dögum.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Það gengur ekki, það gengur alls ekki að stórmál eins og hér er um að ræða verði afgreitt á skömmum tíma í takmörkuðum ræðutíma þingmanna. Það verður að ætla þessu máli svo mikið svigrúm á dagskrá þingsins að menn geti rætt það í rólegheitum, í jafnvægi án þess að vera í þeirri tímapressu sem hér er sett á.

Ég vil benda á að fyrir nokkrum árum, það eru ekki mörg ár, það eru kannski innan við 15 ár, lagðist niður iðnaður hér við yfirbyggingar á almenningsvögnum. Strætisvagnar Reykjavíkur og langferðabifreiðar voru yfirbyggðar erlendis af nákvæmlega sömu ástæðum og íslensk skip fara til viðgerðar og nýsmíði til útlanda. (**Forseti:** Má ég biðja þingmanninn að halda sig við umræður um þingsköp.) Ég er að tala um þingsköp. Ég er að tala um íslenskan iðnað og skipasmíðaiðnaðinn, á hvaða leið hann er. (**Forseti:** Það er ekki umræða um þingsköp.) Það er dagskrármál. Það þarf að fá þessi mál á dagskrá. Ég er að benda á hvaða hætta er á ferð fyrir íslenskan iðnað. Ég vil taka það sem ábendingu frá virðulegum forseta að það sé ekki ætlast til þess að upplýst sé hvernig hefur farið fyrir iðnaðinum í landinu sem hefur verið á sömu braut og íslenskar skipasmíðastöðvar eru í dag. (**Forseti:** Þingmaðurinn flytur það mál í umræðu um það mál sem hér er á dagskrá.) Ég er að tala um að málin fái að vera á dagskrá og gefa ástæður fyrir því. Ef forseti óskar eftir því að málið sé ekki rætt er sjálfsagt að ég fari úr ræðustól. (**Forseti:** Má ég benda þingmanninum á að það er ekkert að honum komið.) Það er þá undirstrikun á því að íslenskur iðnaður er ekkert hér á dagskrá.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Það er ljóst að þessari umræðu verður ekki lokið nú og verður því meðferð málsins frestað. Ég tek fram um fund þann sem hefst nú í deildum kl. 3 eða átti raunar að vera hafinn að sú ákvörðun var tekin í fullu samráði við formenn allra þingflokka þannig að ég get ekki annað en staðið við það samkomulag. Það er alveg ljóst að enn eru margir á mælendaskrá í því máli sem við höfum nú verið að fjalla um, sem er 4. mál á dagskrá, og því óhjákvæmilegt að því verði nú frestað.

Flm. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að fara fram á það við forseta að hann tjái mér og öðrum sem hér eru inni og hafa áhuga á þessu máli hvort við megum vænta þess að þetta mál verði tekið á dagskrá að nýju fyrir jólaleyfi þingmanna. Það eru hundruð manna í þessari atvinnugrein sem eru að missa atvinnu sína í dag. Á sama tíma streyma þessi verkefni úr landi til að styrkja stöðu erlends skipaiðnaðar og skipaiðnaðarmanna. Milljarðar kr. fara þannig úr landi. Hér er ekki um smámál að ræða. Hundruð Íslendinga eru að missa atvinnu sína í dag vegna þessa aðgerðarleysis. Og þess vegna spyr ég, forseti: Má ég vænta þess að þetta mál komist á dagskrá þingsins áður en jólaleyfi þingmanna hefst?

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti mun að sjálfsögðu reyna að sjá svo til að máli þessu ljúki fyrir jól.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég vil mjög taka undir þær áhyggjur sem flm. þáltill. hefur af stöðu skipasmíðaiðnaðarins. Ég er alveg sannfærður um að það er rétt lýsing hjá honum að hundruð manna eru að missa atvinnu sína í þeirri atvinnugrein. Það er athyglisvert að þetta skuli koma frá einum af stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar og lýsir betur en margt annað þeim óróa sem er meðal almennra óbreyttra þingmanna sem enn styðja ríkisstjórnina yfir skeytingarleysi ríkisstjórnarinnar um stöðu atvinnuveganna. Þetta er einhver svartasta lýsing sem ég hef heyrt hér í þingsölum enn um stöðu einnar atvinnugreinar og ef við berum saman skilyrði skipasmíðaiðnaðarins og færum yfir á aðrar útflutnings- og samkeppnisgreinar sjáum við ... (**Forseti:** Má ég biðja þingmanninn að halda sig við umræður um þingsköp.) Ég verð að segja, hæstv. forseti, að meðan hægt er að skrifa sig á mælendaskrá í þáltill. um skipasmíðaiðnaðinn má maður væntanlega tala um hana. En ég er bara að rökstyðja það sem hv. síðasti ræðumaður sagði. (**Forseti:** Má ég benda hv. þm. á að ég hef frestað umræðu um málið.) Ég er að reyna að sannfæra hæstv. forseta um nauðsyn þess að við fáum aftur tækifæri til að ræða skipasmíðaiðnaðinn. (**Forseti:** Forseti hefur löngu lýst því yfir að þeirri umræðu mun ljúka fyrir jólaleyfi þingmanna.)

Umræðu frestað.

EFRI DEILD

24. fundur, fimmtudaginn 15. des.,
að loknum fundum í Sþ.

Málefni aldraðra, 1. umr.

Stjfrv., 195. mál (gildistími). — Þskj. 231.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 91/1982, með síðari breytingum, sem flutt er á þskj. 231 og er 195. mál Ed.

Hinn 1. jan. 1983 gengu í gildi lög um málefni aldraðra. Megintilgangur þessara laga er að skipuleggja og sérhæfa þjónustu fyrir aldraða. Lögin hafa það að markmiði að stuðla að því að aldraðir geti lifað eðlilegu heimilislífi svo lengi sem verða má, en að völ sé á nauðsynlegri stofnanaþjónustu þegar hennar gerist þörf.

Með þessum lögum var í fyrsta sinn komið á samræmdu skipulagi öldrunarþjónustu á Íslandi með tilliti til félagslegra og heilsufarslegra sjónarmiða. Lögin leitast við að tengja öldrunarþjónustu annarri þjónustu sem fyrir hendi er, bæði heilbrigðisþjónustu í tengslum við heilsugæslustöðvar og félagslegri þjónustu á vegum sveitarfélaga. Í lögunum er sólarlagsákvæði sem gerði ráð fyrir að þau rynnu úr gildi 31. des. 1987, enda hefðu þau ekki verið endurskoðuð fyrir þann tíma.

Með lögum nr. 32 frá 27. mars 1987 var gildistími laganna framlengdur til 31. des. 1988.

Enginn vafi er á því að með tilkomu laga um málefni aldraðra, ekki síst ákvæðum um Framkvæmdasjóð aldraðra, sem fyrst voru lögbundin árið 1981, hefur orðið allveruleg breyting á högum aldraðra. Þeim sveitarfélögum, sem bjóða öldruðum og öðrum sem á þurfa að halda heimaþjónustu, þ.e. heimilishjálp og heimahjúkrun, fer mjög fjölgandi. Þar eiga án efa hlut að máli ákvæði laga um endurgreiðslu sjúkrasamlaga á 35% rekstrarkostnaði sveitarfélaganna vegna þeirrar þjónustu.

Ótrúleg uppbygging hefur verið í húsnæðismálum aldraðra um allt land á síðustu 8–10 árum og er nú völ einhvers konar stofnanaþjónustu fyrir aldraða í allflestum þéttbýlissveitarfélögum landsins. Það er liðin tíð að aldrað fólk úti á landsbyggðinni sæki hingað á suðvesturhornið til að eyða ævikvöldinu. Um alllangt skeið hefur staðið yfir á vegum heilbrrn. endurskoðun laga um málefni aldraðra. Endurskoðunin hefur nokkuð tafist, ekki síst vegna óvissu um framvindu frv. um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, en þessi málaflokkur snertir vissulega þá verkaskiptingu þegar hún kemur hér fyrir Alþingi.

Ljóst er að ekki gefst tími til að afgreiða nýtt frv. til laga um málefni aldraðra áður en gildistími núgildandi laga rennur út 31. des. 1988. Nauðsyn ber því til að framlengja að nýju gildistíma laganna, enda eru allir sammála um að ekki sé tímabært að lögin falli úr gildi.

Því er hér lagt fram frv. til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra sem gerir ráð fyrir að gildistími laga nr. 91/1982 verði framlengdur til 31. des. 1989. Gert er ráð fyrir að nýtt frv. til laga um málefni aldraðra verði lagt fram á Alþingi fljótlega eftir jólaleyfi, þ.e. í ársbyrjun 1989.

Hæstv. forseti. Ég tel ekki ástæðu til að hafa öllu lengri framsögu um þetta mál. Það er í sjálfu sér einfalt í sniðum. Ég legg þess vegna til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn. með ósk um skjóta afgreiðslu þar sem málið þarf að fá fullnaðarafgreiðslu fyrir áramót.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 14 shlj. atkv.

Aðskilnaður dómsvalds og umboðsvalds í héraði, 1. umr.

Stjfrv., 182. mál. — Þskj. 204.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Frv. er að meginefni til endurflutt. Það var lagt fram í Nd. á síðasta þingi en varð þá eigi útrætt.

Hinn 27. apríl sl. skipaði fyrrv. dómsmrh. milliþinganefnd til að fjalla um frv. Í nefndinni sátu alþingismennirnir Eiður Guðnason, Friðjón Þórðarson, Ólafur G. Einarsson, Páll Pétursson, Guðrún Helgadóttir og Guðmundur Ágústsson. Eiður Guðnason var formaður nefndarinnar. Björn Friðfinnsson og Markús Sigurbjörnsson störfuðu með nefndinni.

Eins og rakið er í athugasemdum við frv. gerði milliþinganefndin sameiginlegar breytingartillögur sem teknar hafa verið til greina í frv. eins og það er nú lagt fram. Eins og rakið er í hinum sögulega kafla athugasemda við frv. var umboðsvald og dómsvald í héraði sameinað á einni hendi á tímum einveldis Danakonunga, en eftir að einveldið leið undir lok voru þessir þættir greindir sundur í ríki þeirra á nýjan leik nema hér á landi þar sem enn má finna leifar þessa. Sameinað umboðsvald og dómsvald þykir hins vegar andstætt meginreglum í stjórnskipan lýðræðisþjóðanna beggja vegna Atlantshafsins og nú er fjallað um það í Mannréttindanefnd Evrópuráðsins hvort réttarfar okkar Íslendinga sé í samræmi eða í andstöðu við ákvæði Mannréttinda-

sáttmála Evrópu.

Þegar umboðsvald og dómsvald voru greind í sundur í Noregi og Danmörku komu upp raddir um að svo skyldi einnig gera hér á landi. Meiri hluti þingnefndar, sem skipuð var í samræmi við ályktun Alþingis frá 1914, lagði til árið 1916 fullan aðskilnað umboðsvalds og dómsvalds. Lagði meiri hlutinn til að landinu yrði skipt upp í sex lögdæmi með einum héraðsdómara í hverju þeirra og skyldu þeir vera „sem sjálfstæðastir og óháðastir bæði umboðsvaldinu og almenningi". Á móti yrði sýslumannsembættunum verulega fækkað.

Minni hluti nefndarinnar frá 1914 sagði í sínu áliti „að í sjálfu sér væri það mikilvæg og æskileg framför, ef fundið yrði ráð til þess að greina umboðsvald frá dómsvaldi svo, að hagkvæmt væri fyrir alla hlutaðeigendur. Minni hlutinn væri og á þeirri skoðun, eins og meiri hlutinn, að ef ráðist yrði í slíka breytingu mundi það skipulag, sem meiri hlutinn bendir á, yfirleitt vera líklegasta lausnin á því máli, og að tæplega yrði önnur leið fundin, er að minnsta kosti í aðaldráttum ætti betur við eða auðveldari yrði í framkvæmd". En þrátt fyrir þessar ályktanir lagði minni hlutinn til að ekki yrði ráðist í breytingu á dómstólaskipaninni að svo stöddu og það varð reyndar ákvörðun Alþingis.

Málið hefur þó vakað og síðustu 70 árin hafa öðru hvoru heyrst raddir um að bæði væri nauðsynlegt og tímabært að skilja dómsvaldið algjörlega frá stjórnsýslunni og nokkur skref hafa verið tekin í þá átt. Þannig beitti Bjarni Benediktsson, þáv. dómsmrh., sér fyrir því árið 1961 að ákæruvald var falið sjálfstæðu ríkissaksóknaraembætti, en ákæruvaldið hafði áður verið í dómsmrn.

Þá má nefna þáltill. sem Björn Fr. Björnsson og fleiri fluttu á Alþingi á árunum 1965–1966, en þar segir m.a., með leyfi hæstv. forseta: „Í þjóðfélögum, sem búa við réttarfar bundið vestrænum réttarreglum og réttarvitund, þykir eigi fara vel saman að dómendur hafi einnig á hendi umsvifamikil umboðsstörf. Af þeirri sök hefur stefnan verið sú að draga sem mest úr hendi dómenda umboðsleg embættisstörf og búa þannig að dómstólunum að þeir hafi sem óháðasta og traustasta aðstöðu við úrlausn dómsmála."

Þessu máli hefur þokað nokkuð á veg, einkum í Reykjavík með skiptingu verkefna stjórnsýslu og dómsvalds milli nokkurra embætta hér í borginni. Þetta er þó ekki fullnægjandi lausn.

Árið 1977 beitti Ólafur Jóhannesson, þáv. dómsmrh., sér fyrir því að komið var á fót sérstakri Rannsóknarlögreglu ríkisins sem annast rannsókn meiri háttar afbrotamála í öllu landinu. Á þeim tíma var einnig lagt fram svokallað lögréttufrumvarp sem gerði ráð fyrir nýju dómstigi milli héraðsdómstóla og Hæstaréttar. Það frv. var síðan fjórum sinnum lagt fyrir Alþingi, en fékk aldrei nægilegan stuðning til að hljóta afgreiðslu. Utan Reykjavíkur hefur frá 1972 verið komið á fót stöðum héraðsdómara við sex stærstu sýslumanns- og fógetaembættið, en þeir eru reyndar jafnframt undir stjórn viðkomandi bæjarfógeta og er þar ekki um sjálfstæða dómstóla að ræða í venjulegri merkingu þess orðs. Bæjarfógetar fara þar einnig áfram með dómstörf, svo og fulltrúar þeirra.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir m.a. „að sett verði lög um aðskilnað dóms- og framkvæmdarvalds og unnið að endurskoðun annarra þátta réttarkerfisins". Frv. þetta er liður í framkvæmd þeirrar stefnu, en fylgifrv. þess eru frv. um aðför, sem lagt hefur verið fram á þessu þingi, og frv. til laga um breytingu á þinglýsingalögum, nr. 39 1978, sem lagt verður fram innan skamms, kemur væntanlega fram í dag eða á morgun. Þá má nefna frv. um lögbókandagerðir og frv. um breytingu á lögum um hreppstjóra, sem fram eru komin á Alþingi. Þau eru þó ekki bundin framgangi þessa frv. heldur geta þau tekið gildi án þess að samþykktur hafi verið aðskilnaður umboðsvalds og dómsvalds.

Unnið er að endurskoðun annarra lagabálka á sviði réttarfars sem eru sumir hverjir komnir til ára sinna. Þá þarf að aðlaga nýjum aðstæðum í samfélaginu ásamt því að fella þarf ákvæði þeirra að þeim aðskilnaði umboðsvalds og dómsvalds sem fjallað er um í þessu frv. Er um þetta nánar fjallað í athugasemdum við frv.

Meginefni þessa frv. er að settir verði á fót átta héraðsdómstólar er fari með dómstörf jafnt í einkamálum og opinberum málum. Framvegis verði sýslustjórn í héraði í höndum embættismanna með embættistitilinn „sýslumaður" um leið og embættistitillinn „bæjarfógeti" verði lagður niður.

Embætti sýslumanna urðu til hér á landi í upphafi konungsstjórnar á 13. öld. Er því hér um að ræða eitt elsta embættisheiti með þjóðinni. Fer vel á því að halda áfram notkun þess, en hinn embættistitillinn fellur niður sökum breyttrar verkefnaskiptingar dómara og embættismanna framkvæmdarvaldsins, svo og vegna breytingar sem orðin er á sveitarfélagalögum sem að mestu afnemur sérstöðu kaupstaða. Upphaflega var í tillögum að frv. þessu gert ráð fyrir að héraðsdómstólar yrðu aðeins sjö, en við nánari umfjöllun þótti rétt að dómstólarnir yrðu tveir á Norðurlandi, einn í hvoru kjördæmi.

Lagt er til að héraðsdómstólar í Reykjavík verði sameinaðir í einn dómstól, þar á meðal hluti borgarfógetaembættisins. Framkvæmdarvaldsstörf borgarfógetaembættisins verði hjá embætti sýslumanns í Reykjavík er fari með verkefni á sviði umboðsstjórnar á sama hátt og önnur sýslumannsembætti að öðru leyti en því að lögreglustjórn og tollstjórn verði áfram í höndum sérstakra embætta.

Í frv. er gengið út frá því að sýslumenn hafi áfram með höndum núverandi verkefni að öðru leyti en hvað varðar dómstörf sem færast til héraðsdómstóla. Þá verða ýmis verkefni á mörkum dómstarfa og umboðsstarfa nú skilgeind sem umboðsstörf og falin sýslumönnum. Má þar vísa til frv. til aðfararlaga, frv. til breytinga á þinglýsingalögum og frv. um lögbókandagerðir.

Fleiri breytingar eru á döfinni sem miða að því að auka verkefni sýslumannsembætta og gera veg og virðingu þeirra enn meiri í framtíðinni en nú er. Hef ég í samráði við stjórn Sýslumannafélags Íslands ákveðið að skipa sérstaka nefnd til þess að huga að núverandi verkefnum sýslumannsembætta og að frekari verkefnaflutningi til þeirra frá miðstöð framkvæmdarvaldsins í ráðuneytum og öðrum stofnunum.

Í 1. mgr. 13. gr. frv. eru ákvæði um skrifstofur sýslumanna og er tilgangur þessa ákvæðis að lögfesta heimild til þess að setja á fót fleiri umboðsskrifstofur í þéttbýliskjörnum innan umdæmis sýslumanns eftir því sem fjárveitingar leyfa. Hugmyndin er að hreppstjórar og e.t.v. lögregluvarðstofur geti veitt almenningi utan aðsetursstaðar sýslumanns ýmiss konar þjónustu og skjótvirkt samband við aðalskrifstofu sýslumanns. T.d. er með „telefax"-tækjum hægt að fá afgreidd veðbókarvottorð frá einum stað til annars á örskömmum tíma og sama er að segja um afgreiðslu ýmiss konar leyfa.

Eins og fram kemur í athugasemdum við 3. gr. frv. munu héraðsdómstólar hafa reglulegt þinghald á föstum þingstöðum innan hvers lögsagnarumdæmis. Er þannig gengið út frá því að þingað verði í málum á varnarþingi málsaðila nema samkomulag verði um annað. Fjarlægð búsetu frá aðalsetri héraðsdóms mun því ekki þurfa að bitna á þeim sem leita til dómstólanna. Með tilkomu hinna nýju héraðsdómstóla út um land má reikna með að aukinn fjöldi dómsmála verði útkljáður utan Reykjavíkur. Nú er dæmt í fjölda mála, sem eiga uppruna sinn utan höfuðborgarsvæðisins, fyrir dómstólum í Reykjavík. Er það gert með samkomulagi aðila um varnarþing hvað varðar einkamál, en yfirleitt samkvæmt ákvörðun ríkissaksóknara hvað varðar opinber mál. Gera má ráð fyrir að lögmenn muni í auknum mæli finna sér starfsgrundvöll í nágrenni starfandi héraðsdóma og að aukin þjónusta á sviði dómgæslu muni styrkja byggðina utan höfuðborgarsvæðisins um leið og efling sýslumannsembættanna bætir þjónustu við almenning.

Varðandi einstakar greinar frumvarpsins vil ég fyrst nefna 2. gr. þess. Þar er kveðið svo á að í landinu skuli vera átta héraðsdómstólar og eru lögsagnarumdæmi þeirra nánar skilgreind í greininni. Lögsagnarumdæmi dómstólanna fylgja í meginatriðum kjördæmunum, að öðru leyti en því að Seltjarnarneskaupstaður, Mosfellsbær, Kjalarnes- og Kjósarhreppur eru í sama lögsagnarumdæmi og Reykjavík og er það án efa íbúum þessara byggða til hagræðis af augljósum ástæðum.

Með frv. fylgir skýrsla um fjölda viðfangsefna sýslumanna á tímabilinu 1980–1987 og skiptingu þessara verkefna milli sýslumannsembætta og héraðsdómstóla miðað við tillögur frv.

Í 2. gr. er kveðið á um aðsetursstaði héraðsdómstólanna og taka þær tillögur einkum mið af samgönguleiðum og að dómstólarnir séu staðsettir miðsvæðis í hverju lögsagnarumdæmi.

Í 3. gr. er kveðið á um skiptingu lögsagnarumdæma í dómþinghá og um fasta þingstaði. Héraðsdómur skal hafa reglubundið þinghald á föstum þingstöðum innan síns umdæmis. Þannig mundi t.d. héraðsdómari frá héraðsdómi Suðurlands þinga reglulega í Vestmannaeyjum eftir því sem málaþunginn gæfi tilefni til. Dæmi um slíka skipan má víða finna í strjálbýlum löndum, t.d. í Skotlandi og norðurhéruðum Kanada þar sem dómarar ferðast reglubundið til þingstaða utan síns aðseturs og halda þar dómþing. Málum er þá stefnt þar og réttarhöld fara þar fram.

Í 4. gr. eru ákvæði um fjölda dómara og er ítarleg skýring á þeim ákvæðum í grg. Er lagt til að fjöldi dómara sé fastákveðinn í lögum, en ekki sé um að ræða hlaup í dómaratölunni eins og nú er samkvæmt lögum nr. 74/1972. Alls er gert ráð fyrir að 38 héraðsdómarar starfi við héraðsdómstólana í landinu og er það sama tala og samanlagður fjöldi dómara í Reykjavík og fjöldi héraðsdómara við embættin í Keflavík, Hafnarfirði, Akureyri, Vestmannaeyjum og á Selfossi. En vegna breytinga á verkefnum dómstólanna er í raun og veru fjölgað um þrjú eða fjögur dómaraembætti frá því sem nú er í raun, þ.e. verkefni 3–4 borgarfógeta í Reykjavík flytjast til embættis sýslumanns.

Í bráðabirgðaákvæði er að vísu gert ráð fyrir heimild til tímabundinnar fjölgunar héraðsdómara við gildistöku frv. þessa, en óvíst er hvort á þau reynir. Sé nægur fyrirvari við gildistöku laganna er hægt að láta ógert að skipa í stöður sem losna síðustu mánuðina fyrir gildistöku eins og heimilt er innan marka núgildandi laga. Í Reykjavík yrðu þó væntanlega 23 eða 24 héraðsdómarar eftir því hvernig núverandi borgarfógetar skiptast milli héraðsdóms og embættis sýslumanns í Reykjavík og er þess ekki að vænta að hægt verði að fækka dómurum fyrr en sameining núverandi dómstóla undir einu þaki og breytingar á réttarfarslöggjöfinni eru farnar að skila árangri eins og bent er á í grg. með 4. gr.

Í 4. gr. eru einnig ákvæði um forstöðumenn dómstóla þar sem héraðsdómarar eru fleiri en einn. Þar er lagt til að þeir hafi titilinn dómstjóri sem á sér fordæmi í dómstólasögu landsins. Þeir skulu skipaðir til sex ára í senn úr hópi dómara við viðkomandi dómstól og að fenginni tillögu þeirra. Heimilt verður að endurskipa dómstjórana. Í greininni er að finna ákvæði um verksvið dómstjóra sem hefur yfirumsjón með starfi dómstólsins.

Í 5. gr. er lagt til að almenn skilyrði til skipunar í embætti héraðsdómara séu í sömu lögum og fjalla um héraðsdómarana en þau ákvæði er nú að finna í 32. gr. laga um meðferð einkamála í héraði. Skilyrðunum er breytt að því leyti að aldursskilyrði er hækkað í 30 ár og er það gert í því skyni að tryggja reynslu manna áður en þeir taka við svo mikilvægum embættum.

7. tölul. núgildandi skilyrða 32. gr. er breytt með tilliti til breytinga sem orðið hafa á opinberum

embættum og mönnun þeirra frá því að núgildandi ákvæði um þetta efni voru sett í lögum nr. 100/1950. Í þessari grein er að finna mikilvægt nýmæli, það að dómsmrh. skipi sérstaka dómnefnd sem fjalli um umsóknir um embætti héraðsdómara. Í nefndinni skuli sitja þrír menn og einn þeirra tilnefndur af Hæstarétti og er hann jafnframt formaður nefndarinnar. Annar nefndarmaður skal tilnefndur úr hópi héraðsdómara og hinn þriðji af Lögmannafélagi Íslands. Nefndin skal gefa skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur. Tillaga um slíka dómnefnd hefur áður komið fram í stjfrv. sem fram var lagt á Alþingi í dómsmálaráðherratíð Ólafs Jóhannessonar 1975–1976. Í grg. með því frv. eru rakin ýmis dæmi um svipað fyrirkomulag í öðrum ríkjum, en megintilgangur ákvæðisins er að styrkja sjálfstæði dómstólanna og auka traust almennings á því að dómarar séu valdir samkvæmt hæfni einvörðungu og þeir séu óháðir handhöfum framkvæmdarvaldsins. Ekki er að efa að tilvist slíkrar umsagnanefndar verður auk þess hvatning fyrir lögfræðinga sem hyggja á starfsferil sem dómarar að afla sér framhaldsmenntunar og leggja stund á fræðistörf á sviði lögfræðinnar.

Ég mun því næst víkja að II. kafla frv. sem fjallar um umboðsvald í héraði. Ég tel einkar mikilvægt að almenningur eigi greiðan aðgang að umboðsmönnum framkvæmdarvaldsins í héraði og að slíkir embættismenn geti úrskurðað um ýmis hagsmunamál fólks sem nú er gert í ráðuneytum og í öðrum opinberum stofnunum. Þar má nefna ýmiss konar leyfisveitingar, úrskurði um sveitarstjórnarmál o.fl.

Frá því á 18. öld hafa sýslumenn starfað á sviði sveitarstjórnarmála, en eins og kunnugt er hætta þau afskipti þeirra með öllu um næstu áramót. Sýslumenn eiga að hafa yfirstjórn á löggæslu og innheimtu ríkistekna eins og þeir hafa gert frá fyrstu tíð, að mínu mati, en auk þess ber að flytja til þeirra fjölmörg viðbótarverkefni á sviði ríkisumsvifa á næstu árum. Gert er ráð fyrir að aðsetur sýslumanna verði óbreytt, en hins vegar er lagt til að umdæmi sýslumanna verði ákveðið með reglugerð að fenginni umsögn viðkomandi sýslumanna og sveitarstjórna. Koma þar að sjálfsögðu inn í myndina breyttar samgönguleiðir fólks sem kalla á aðlögun umdæmanna að nýjum aðstæðum. Þannig mætti t.d. gera íbúum á Svalbarðsströnd við Eyjafjörð kleift að sækja sína þjónustu til sýslumanns á Akureyri í nokkurra mínútna akstursfjarlægð í stað þess að sækja hana um langan veg til Húsavíkur.

Í 12. gr. frv. eru ákvæði um skipan mála í Reykjavík sem auðvitað hefur mikla sérstöðu sökum fólksfjölda. Þar er gert ráð fyrir stöðu sýslumanns í Reykjavík, en stöðuheitið borgarfógeti fellur brott á sama hátt og stöðuheiti bæjarfógeta sökum breyttra verkefna þessara embættismanna. Jafnframt er starfsheitinu sýslumaður haldið, en það fengum við frá Noregi með konungsstjórninni á 13. öld. Í Noregi er nú einungis eitt sýslumannsembætti eftir, en það er á Svalbarða. Heiti hinna embættanna urðu að víkja fyrir dönskum áhrifum.

Í 13. gr. eru ákvæði um skrifstofur sýslumanna sem ég hef áður vikið að, en fjölgun þeirra í framtíðinni ásamt notkun nútímaboðmiðlunartækni er nauðsynlegur þáttur í að treysta núverandi byggð utan höfuðborgarsvæðisins. Orðalagi greinarinnar er í nokkru breytt í samræmi við tillögur milliþinganefndarinnar sem fjallaði um frv. þetta í sumar.

Varðandi 14. gr. er rétt að vekja athygli á því að í milliþinganefndinni kom fram tillaga um að sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli, sem nú heitir lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli, heyri undir dómsmrh. á sama hátt og aðrir sýslumenn. Hér er ekki gerð tillaga um slíka breytingu, en vissulega er rétt að kanna það mál nánar í framtíðinni þar eð það hefur valdið óþarfa flækjum í stjórnsýslunni að yfirstjórn löggæslu á Keflavíkurflugvelli skuli vera með öðrum hætti en yfirstjórn annarrar löggæslu. Nú er að vísu verið að kanna hagkvæmni þess að sameina löggæslu í flugstöðinni nýju og löggæslu í umdæmi bæjarfógetans í Keflavík og kann það að hafa í för með sér verulegan sparnað fyrir ríkissjóð auk þess sem það er skynsamlegra skipulag á yfirstjórn löggæslu. Í frv. er lagt til að lögin taki gildi 1. júlí 1990. Tíminn fram að gildistökunni er nauðsynlegur til að aðlaga ýmsa hluti í löggjöf og öðrum reglum að breyttri skipan. Útvega þarf húsnæði, skipuleggja tilflutning starfsmanna milli embætta, gera breytingar á annarri löggjöf eins og rakið er í athugasemdum með frv. Þá þarf að taka ákvarðanir um dómþinghár, föst þinghöld o.fl.

Í 18. gr. eru ákvæði um forgang manna til skipunar í embætti. Í fyrstu drögum að frv. var gert ráð fyrir að þeir héraðsdómarar sem starfa við stærstu embætti utan Reykjavíkur, svo og embættisdómarar í Reykjavík, skyldu flytjast sjálfkrafa milli embætta, en vegna eindreginna óska sýslumanna og bæjarfógeta er þeim öllum samkvæmt frv. einnig gefinn kostur á flutningi í héraðsdómaraembætti. Er það nú orðað þannig í 18. gr. að þessir aðilar hafi forgangsrétt til skipunar í embætti héraðsdómara í því lögsagnarumdæmi sem þeir starfa í. Þarf ekki að leggja þær umsóknir til umsagnar dómnefndar eins og gert yrði með umsóknir þeirra sem ekki eru þegar skipaðir í embætti þegar breytingin tekur gildi. Lagt er til auk þess að dómsmrh. hafi heimild til tímabundinnar fjölgunar dómaraembætta þegar þannig stendur á að fleiri úr röðum þessara embættismanna óska þess að neyta forgangsréttar en héraðsdómarastöðurnar eru skv. 4. gr. Auðvitað er ekki hægt á þessari stundu að meta það hvort á þetta muni reyna.

Ég hef nú stiklað á stóru um efni þessa frv. Ég vek sérstaka athygli hv. þingmanna á skýrslu þeirri er prentuð er með athugasemdum frv., en hún sýnir að í raun eru dómsmál núverandi embætta sýslumanna og bæjarfógeta ekki stór þáttur í störfum og með breytingum á réttarfarslöggjöf, svo sem á aðfararlögunum, verða umsvifamestu verkefnin áfram í þeirra höndum.

Dómsmrn. hefur áætlað að aukakostnaður vegna frv. verði um 35 millj. kr. á ári miðað við verðlag á sl. vori. Þessi kostnaður fylgir nýjum héraðsdómarastöðum á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi vestra, Austurlandi og fjölgun dómara um einn í Norðurlandi eystra og á Suðurlandi. Þá er gert ráð fyrir að núverandi fulltrúar við sýslumanns- og bæjarfógetaembætti muni skiptast milli embætta sýslumanna og héraðsdómara og þar verði ekki um fjölgun að ræða. Raunar bendir margt til þess að með þeim breytingum sem nú er verið að undirbúa og réttarfarslöggjöfinni megi fremur fækka fulltrúastöðum en að þeim fjölgi. Auðvitað má draga úr kostnaðaraukningu af völdum frv. með því að fækka sýslumannsembættunum, en sú skipan sem hér er lögð til er málamiðlun gerð í því skyni að ná fram sem mestri sátt um nauðsynlegar breytingar.

Dómsmrn. gerir í áætlun sinni ráð fyrir að húsnæðiskostnaður dómstólanna nemi meðaltali húsnæðiskostnaðar miðað við reynslu af rekstri sýslumannsembættanna, en gerir hins vegar ekki ráð fyrir sérstakri fjárfestingu í upphafi né kostnaði af tímabundnum viðbótarstöðum héraðsdómara samkvæmt bráðabirgðaákvæðum frv. Hins vegar mun gefast tími til þess fram að gildistöku frv. að skipuleggja stofnsetningu héraðsdómstólanna á hverjum stað án þess að kostnaður fari úr hófi. Húsakost þarf víða að bæta hvort eð er og á það alveg sérstaklega við um húsnæði dómstólanna í Reykjavík sem lengi hefur verið rætt um að sameina undir einu þaki þótt mörg önnur dæmi megi vissulega nefna.

Nú hefur fengist lóð fyrir dómhús í Reykjavík. Sú lóð gæti í reynd einnig rúmað húsnæði fyrir Hæstarétt en slík bygging er ekki eins brýn og bygging yfir héraðsdómstól Reykjavíkur. Ljóst er að af sameiningu héraðsdómstólanna í Reykjavík undir einu þaki mundi leiða af sér margvíslegan sparnað og hagræði fyrir þegnana.

Herra forseti. Ég legg sérstaka áherslu á að frv. þetta verði að lögum á þessu þingi. Hér er um aðkallandi umbætur að ræða fyrir þjóðina sem nauðsynlegt er að lögfesta með nokkrum fyrirvara fram að gildistöku. Réttarfar okkar er eins og áður segir undir nokkurri smásjá samstarfsþjóða okkar í Evrópuráðinu og miklu skiptir að fjarlægja hinn minnsta skugga sem á það kann að falla. Frv. mætti nokkurri andstöðu utan þings eins og eðlilegt er með svo umfangsmikið mál sem þetta, en ég hygg að flestir þeir sem lýstu efasemdum um einstök atriði þess hafi sannfærst um að rétt sé að lögfesta það sem fyrst. Um það vitna m.a. samþykktir félagsskapar sýslumanna og dómara nú á þessu hausti, svo og félagssamþykkt Lögfræðingafélags Íslands.

Frv. er mikilvægur hornsteinn í uppbyggingu réttarfarsins og mun verða til þess að gangur dómsmála geti verið í senn skjótari og öruggari en nú er sem er eitt af mikilvægustu málum sérhvers lýðræðisríkis.

Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að þetta frv. er fram komið og þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þessa greinargóðu ræðu sem hann flutti hér áðan. Ég sat í þeirri nefnd sem var skipuð í sumar, milliþinganefnd til að endurskoða lögin, og eins og kemur fram í grg. frv. er ég í flestum atriðum sammála efni þess og þeirri breytingu sem það boðar.

Ég tel mikla nauðsyn á því að höggvið verði á þann hnút sem verið hefur lengi á milli dómsvaldsins og framkvæmdarvaldsins. Samkvæmt stjórnarskrá Íslands er byggt á þrígreiningu valdsins, löggjafarvalds, framkvæmdarvalds og dómsvalds og samkvæmt þeirri hugsun sem sett var fram á 18. öld af Montesquieu áttu þessir þrír þættir að vera sjálfstæðir og virka sem aðhald á hina. Með þessu frv. held ég að þessu markmiði sé nokkuð vel náð, að skilja dómstólana alveg frá framkvæmdarvaldinu og gera þá sjálfstæða.

Hér á Íslandi hefur um nokkurt skeið verið tvöfalt réttarfar, annars vegar í Reykjavík og hins vegar úti á landsbyggðinni. Hér í Reykjavík hefur verið skilið á milli dómsvalds og framkvæmdarvalds að miklu leyti. Með frv. er verið að skilgreina upp á nýtt dómsvald og framkvæmdarvald og þá aðallega það sem hefur fallið undir borgarfógeta en með frumvarpinu eru tekin út úr þau störf sem eðlilegt getur talist að heyri undir dómsvaldið og þau sett til sérstakrar stofnunar sem kemur til með að heita Héraðsdómur Reykjavíkur og það skilið eftir sem telja má stjórnsýslustörf eins og þinglýsingar og ýmislegt í tengslum við skipti, bæði á dánarbúum og nauðungaruppboðum og síðan varðandi framkvæmdaþætti aðfarar. Það frv. hefur verið lagt hér fram og við 1. umr. lýsti ég ánægju minni með það.

Þegar svona frv. um aðskilnað er lagt fram hugsar maður til þess að þá þurfi að endurskoða mörg lög sem ég tel mikla nauðsyn á. Uppistaðan í réttarfarslöggjöf á Íslandi er um 100 ára gömul og nefni ég þar lögin um aðför, sem nú eru í gildi, skiptalög, þó svo að einhver breyting hafi orðið á undanförnum árum eins og með nauðungaruppboð. Mig minnir að þau lög séu síðan 1978. Það eru hins vegar ýmsir gallar á þeirri löggjöf sem ég vona að verði leiðréttir í tengslum við þá endurskipulagningu á dómsvaldi í héraði sem fer fram í tengslum við þetta frv.

Varðandi einstaka liði frv. lýsti ég þeirri skoðun minni í milliþinganefndinni að það mætti fækka ýmsum störfum og fækka í ýmsum embættum. Ég tel að 27 menn í borgardómi séu í það mesta. Það má minna á það að í Kaupmannahöfn eru að mig minnir 40–50 borgardómarar og það sjá allir að það er 20 sinnum meiri fjöldi þar en í Reykjavík.

Varðandi þau embætti sem hefur verið fallist á að verði sérstök sýslumannsembætti en í upphaflegu tillögunum var gert var ráð fyrir að ættu ekki að vera sérstök sýslumannsembætti er ég þeirrar skoðunar að þau mættu missa sig. Eins og hæstv. dómsmrh. veit eflaust um hefur lítil ásókn verið í mörg

sýslumannsembætti og ég þykist vita að hún verði ekki meiri í framtíðinni þegar búið er að taka svona mikið vald frá sýslumönnum. Sýslumannsstaðan verður ekki eins eftirsóknarverð og áður var.

Mikil gagnrýni kom fram á þetta frv. þegar það var upphaflega lagt fram og þá aðallega frá sýslumönnum. Töldu þeir að hinn mannlegi þáttur hefði gleymst og að frv. gerði ekki ráð fyrir þeirri þjónustu sem sýslumenn sem löglærðir menn hafi veitt borgurunum í héraði. Ég held að það sé misskilningur. Þó að ég geti viðurkennt það sem fyrrv. lögmaður að mjög gott hafi verið að eiga við sýslumenn úti á landi yfir höfuð held ég að það þurfi ekkert að breytast meðan sýslumannsembættin halda sér. Ég held að þvert á móti sé það miklu betra, bæði fyrir þegnana úti á landi og sýslumennina, að þurfa ekki að leysa úr ágreiningsmálum sem síðan verði tilefni til dómsmála.

Eins og ég rakti áðan er þetta frv. aðeins fyrsta skrefið í eflaust mjög langri göngu margra frv. sem eiga eftir að fylgja hér í kjölfarið. Frumvarpið er aðeins ramminn sem markar þau frv. Og ég bíð spenntur eftir því hvernig þau líta út. Ég held hins vegar að sá rammi sem hér er markaður sé mjög góður og þjóni þeim viðhorfum sem ég held að a.m.k. lögmenn og löglærðir menn telji að þurfi að vera í þessum málum til þess að gæta réttaröryggis.

Það er kannski eitt sem ég vildi vekja máls á og spyrja hæstv. dómsmrh. um. Hvernig fer með þá fulltrúa sem núna starfa hjá embættunum? Hér í frv. er gert ráð fyrir því að sýslumenn njóti forgangs í stöður sem losna hjá héraðsdómum en það er minna rætt um fulltrúana. Ég vænti þess að hæstv. dómmrh. svari þeirri spurningu.

Það er eitt sem ég held að hafi verið mistök, kannski ekki í tengslum við þetta frv. heldur þá þróun sem verið hefur, en það er að gjaldheimtur hafa verið færðar frá sýslumönnum til sérstakra stofnana, gjaldheimtna, eða innheimta skatta hefur verið færð frá sýslumönnum til sérstakra gjaldheimtna úti á landi. Ég hefði talið það mjög mikilvægt að sýslumenn hefðu, eins og áður, haft með þessa innheimtu að gera.

Ég ætla ekki að hafa um þetta mörg orð en vænti þess að það verði góðar umræður í hv. allshn., þar sem ég á sæti, um þetta frv. Þar getur maður farið betur yfir einstaka liði og kallað til þá aðila sem þetta mál fjallar eiginlega beint um. Og við getum komist að niðurstöðu sem flestir geta sætt sig við, en hérna er einmitt verið að ræða einn af hornsteinum okkar þjóðfélags.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Það er vissulega ástæða til að fagna því að þetta frv. skuli nú flutt hér að nýju og ég læt í ljós þá von að okkur muni takast að afgreiða það sem lög á því þingi sem nú situr. Ég held að það sé mjög brýnt.

Hæstv. dómsmrh. vék að því áðan að í sumar hefði starfað milliþinganefnd að athugun málsins. Það vill svo til að sá sem þetta mælir var formaður þeirrar nefndar. Sú nefnd skilaði áliti núna í haust og gerði nokkrar brtt. við frv. sem raunar voru frekast lagfæringar fremur en efnislegar breytingar. Skylt er að geta þess að nefndin varð ekki sammála. Það sátu sjö hv. þm. í þessari nefnd. Tveir þeirra skiluðu séráliti, hv. þm. Friðjón Þórðarson og hv. þm. Páll Pétursson.

Ég hygg þó að um þetta mál sé miklu breiðari samstaða í þinginu en niðurstaða nefndarinnar í raun gefur til kynna. Ég hygg nefnilega að því betur sem menn hafa kynnt sér þetta mál, þeim mun fleiri hafi stuðningsmenn þess orðið. Ég hygg að þetta mál njóti mikils stuðnings hér í þinginu og það er gott að því skuli vera vísað til nefndar nú fyrir hátíðar þannig að það gefst kostur á að senda það til umsagnar. Nefndin getur síðan væntanlega fljótlega hafið vinnu undir ágætri forustu forseta þessarar virðulegu deildar og tekið snarplega á þessu máli og séð svo til, að svo miklu leyti sem í okkar valdi er hér í þessari deild, að þetta mál verði að lögum. Hæstv. dómsmrh. vék áðan að löggæslu á Keflavíkurflugvelli, hvort hún ætti ekki að heyra undir dómsmrn. Ég held að svo eigi að vera og tek undir það og fagna því að á döfinni skuli vera hagræðing á löggæslufyrirkomulagi í flugstöðinni og á þessum slóðum vegna þess að ég held að það geti haft mikinn sparnað í för með sér og sé mál sem sannarlega er af hinu góða.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Ég á einnig sæti í hv. allshn. og fæ þar að sjálfsögðu tækifæri til þess að láta í ljós mína skoðun og leitast við að hafa áhrif á það sem ég kynni að telja að betur færi í þessu frv.

Ég vil hins vegar nota þetta tækifæri til að segja það skýrt og greinilega að ég er mjög íhaldssamur í sambandi við breytingar á grundvallarstjórnskipun landsins, þar á meðal dómaskipun, og tel að menn eigi að fara sér hægt en ekki hratt í þeim efnum. Ég tel það ekki löst á neinum manni að vera íhaldssamur að því er varðar grundvöll lýðræðislegrar stjórnskipunar og ég held að meira að segja hæstv. dómsmrh. finnist það ekkert ljótt að vera talinn íhaldssamur á vissum sviðum. Það er ekki skammaryrði, held ég, í hans huga frekar en í mínum og í þessu efni eigum við held ég að fara okkur hægt.

Það er rétt að um þessi mál hefur verið rætt á Íslandi í a.m.k. 70 ár og það í þessu húsi og ekki sjaldan, heldur æðimikið. Og á dómaskipun hafa auðvitað verið gerðar breytingar og það hefur orðið þar framþróun skulum við segja. Við skulum segja að betur sé háttað dómaskipan og meðferð dómsmála nú en var fyrir t.d. 70 árum síðan. Það er líka rétt sem hæstv. dómsmrh. sagði að sumar þær breytingar sem fram hafa náð að ganga — flestar hafa ekki náð fram að ganga. Það hefur verið hreyft málum um breytingu á stjórnskipun og meðferð dómsvalds svo margsinnis, kannski á hverju þingi í þessi 70 ár og þó að lengra aftur í tímann væri farið. Hæstv. dómsmrh. nefndi einmitt tvo af lögspek-

ingum þessarar aldar, ég held að allir hljóti að kalla þá okkar meginlögspekinga, þá Bjarna Benediktsson og Ólaf Jóhannesson, sem báðir beittu sér fyrir ákveðnum breytingum í þá átt sem hér hefur verið um að ræða og þeim kannski ekki litlum eins og í sambandi við ákæruvaldið sem hæstv. ráðherra gat um.

Ég ætla mér ekki þá dul og sjálfsagt enginn hér inni að halda því fram að ég geti sett mig í einhver svipuð spor, eða að einhver hér haldi að hann geti það, og þessir tveir menn voru í. Hitt veit ég að a.m.k. annar þeirra, sem ég þekkti náið, hljóp ekki til að samþykkja einhverja breytingu á dómaskipun að óhugsuðu máli eða lítt hugsuðu. Það er víst alveg áreiðanlegt. Og ég hygg að það hafi átt við um þá báða.

Það er nú einu sinni tískufyrirbæri að vera alltaf að breyta. Menn halda kannski að þeir leysi einhverja lífsgátu með því að vera stanslaust að breyta jafnvel í viðkvæmustu málum þjóðarinnar sem er auðvitað sjálf stjórnskipunin og dómaskipan og meðferð dómsmála almennt. Ég segi aftur, ég vil vera íhaldssamur í því efni. Ég hygg t.d. að a.m.k. fimm áratuga tilraunir til að breyta sjálfri stjórnarskránni í veigamiklum atriðum, sem ekki hafa borið árangur, góðu heilli, sýni að menn séu á varðbergi um það sem vel hefur reynst og vilji ekki breyta því. Og ég held ég hafi nánast enga tillögu séð, eða svo til enga, um breytingar á stjórnarskránni sjálfri sem verið hefðu til bóta. Ég held að við höfum mjög góða stjórnarskrá, hnitmiðaða og auðskilda almenningi. En það átti að breyta því öllu og þynna það út. Það hefði verið af hinu illa, held ég, og þó hafa verið starfandi óteljandi stjórnarskrárnefndir, en með þessum árangri sem ég nú er að lýsa, og ég held að það hafi verið happasælt að þannig fór.

Á sama hátt hljótum við að fara mjög varlega í dómaskipunina. Ég tek ekki mjög nærri mér þó að einhverjir svokallaðir lögspekingar úti í heimi einhvers staðar ætli að fara að halda því fram að réttarríki sé ekki á Íslandi og það sé meira í þeirra ríkjum. Ég held að maður láti slíkt sem vind um eyrun þjóta. Ég held að við höfum haft í gegnum tíðina fullt eins góða lögfræðinga og þeir sem sitja í þessum dómstól sem á að fara að bera fyrir sig — og veit ég að sú hugmynd er ekki komin frá hæstv. ráðherra. Hún er komin allt annars staðar frá og hefur verið notuð sem réttlæting á því að gera hér umbyltingar. Ég blæs nú á það allt saman.

Aðalatriðið er að við skulum ekki setja okkur það takmark að breyta lögunum á þessu þingi eingöngu til að breyta einhverju. Alþingi hefur á allra síðustu árum gert veigamiklar breytingar ekki kannski beint í sambandi við dómsmál, og þó, vissulega tengt dómsmálum, en alla vega meðferð dómsmála beint og óbeint, annars vegar þá að setja lög um umboðsmann Alþingis sem nýlega hefur hafið störf og hins vegar að Ríkisendurskoðun félli beint undir Alþingi. Þetta eru ekki lítilvægar breytingar. Við eigum að vísu eftir að sjá hvernig þessi embætti þróast með þessari skipan og öll óskum við þess og vonum að sú þróun verði hagstæð og einmitt til þess fallin að tryggja betur réttaröryggi borgaranna, enn betur en það er tryggt í dag.

Ég held að báðir þessir lagabálkar hafi verið samþykktir einróma á Alþingi, ég man ekki annað. Að minnsta kosti studdi ég þetta hvort tveggja þó að ég vissi að sjálfsögðu að þetta væri tilraunastarfsemi. Við vissum ekki hvernig það mundi verða í framkvæmd og vitum ekki enn. En við gerðum þetta vegna þess að við trúðum því að þetta væri til bóta og mundi auka réttaröryggi. En algjör aðskilnaður löggjafarvalds, dómsvalds og framkvæmdarvalds, sem er göfug hugsjón, verður held ég aldrei. Það eru engin skýr mörk þar á milli. Og af því að hæstv. ráðherra nefndi tvo okkar lögspekinga, þá Bjarna Benediktsson og Ólaf Jóhannesson, þá vildi nú svo til að báðir þessir menn urðu að gegna nærri því samhliða öllum þessum þáttum. Þeir voru miklir löggjafar, þeir voru miklir framkvæmdamenn og þeir þurftu að vera báðir tveir á sínum tíma æðstu yfirmenn dómsmála. Auðvitað verður ein persóna ekki greind í þrjá parta. Auðvitað er þetta allt samtengt og það þýðir ekki að ætla sér að bíta sig í það að það sé hægt gjörsamlega að skilja þetta þrennt að. Það verður auðvitað að vera eins mikill aðskilnaður og unnt er, þó að menn hljóti að geta rætt öll málin og verði meira að segja, jafnvel á sömu stundu, að vera ábyrgir fyrir öllum þremur þáttunum. Við skulum ekki vera þau börn að halda að við séum að leysa einhverja lífsgátu með samþykkt þessa frv., að með því sé búið að bjarga réttarfari á Íslandi og gera það kannski göfugast í veröldinni og dómaskipan og meðferð dómsmála.

Meðferð dómsmála er mismunandi í mismunandi löndum. T.d. í engilsaxnesku löndunum höfum við séð það að kviðdómar hafa getað reynst vel. Þeim hugmyndum hefur verið varpað fram að það þyrfti jafnvel að setja upp kviðdóm á Íslandi. Merkir menn hafa viðrað það jafnvel í okkar fámenni eins og erfitt væri nú að velja í kviðdóma og gera þá óháða. Og hvers vegna? Vegna þess að menn hafa haldið að þetta aðskilda og hreina dómsvald einangraðist kannski frá fólkinu, að þeir sem eingöngu eru í dómum, og það verða auðvitað hæstaréttardómarar að vera, ákærendur o.s.frv., kynnu að vera er tímar liðu það fjarlægir almenningsáliti, sem er nú oft hinn rétti dómstóll, að stundum gætu kviðdómar komið sér vel. Ég er ekki að leggja til að við stofnum kviðdóma, síður en svo, ég hef ekki trú á þeim. En ég held að engilsaxnesku þjóðunum mundi aldrei detta í hug að hverfa frá þeim og sumir gætu sagt að hægt væri að uppnefna þá alþýðudómstól. Við vitum að það þýðir náttúrlega allt annað í okkar tungutaki.

Almenningur ætti þó að reyna að hafa einhverja möguleika til áhrifa á meðferð dómsmála og umboðsmaður Alþingis á einmitt að sinna því. Á þessari stundu segi ég ekkert annað um þetta mál sem hér liggur frammi en það að ég játa að ég hef ekki kynnt mér það nægilega rækilega. Það getur

hæstv. dómsmrh. heldur ekki hafa gert á þeim skamma tíma sem hann hefur verið dómsmrh. og ég er ekki að álasa honum fyrir það. Það er ekki á neins manns færi að setja sig inn í alla þætti þessa máls á einhverjum hlaupum. Þó að ég eigi að heita löglærður, hef náttúrlega gleymt mestu sem ég lærði, treysti ég mér ekki til að leggja dóm á hvern einstakan þátt.

Ég vona bara að hæstv. ráðherra, sem ég held að sé svolítið íhaldssamur eins og ég á sumum sviðum, leggi ekkert ofurkapp á að ná málinu fram bara til þess að ná því fram. Það held ég að hann muni ekki gera. Hins vegar höfum við séð það í gegnum árin og áratugina að ráðherrar leggja stundum ofurkapp á að koma fram máli bara af því að þeir flytja það. Oft og tíðum eru málin hrá og illa undirbúin, venjulega helmingi of löng lagasetning, væri kannski hægt að koma fyrir á einni blaðsíðu, í einni eða tveimur lagagreinum, því sem þyrfti að segja, í staðinn fyrir að lagagreinarnar eru kannski 100 eða meira. Það nálgast það t.d. í grunnskólalögum að þar sé sagt að kennarar eigi að kenna og nemendur að læra. Það eiginlega vantar bara þá setningu. Þetta flækir auðvitað málið miklu frekar en hitt. Menn eiga að hafa löggjöf eins stutta og hnitmiðaða og hægt er. Ég er ekki að segja að þetta frv. eða þessi löggjöf sé ekki einmitt stutt og laggóð. Hún skýrir nokkurn veginn hvað fyrir höfundum hennar vakir. En að þeir hafi höndlað alla lögspeki heimsins og að þessi lög hljóti endilega að vera rétt, það held ég að við ættum að skoða nánar og segja ekki sem svo, af því að Alþingi lýkur væntanlega í maí eða um það bil, að því skuli tíminn til að athuga málið ekki vera lengri.

Ég vonast til þess að hæstv. ráðherra skilji hvað ég er að segja og muni ekki leggja pressu á. Ég ætla að reyna að vinna í málinu og mynda mér ekki skoðun um einstaka þætti þess fyrir fram.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins taka fram við 1. umr. þessa máls að við kvennalistakonur teljum rétt og nauðsynlegt að gera þá breytingu sem hér er verið að leggja til. Ég vil láta þess getið að þingflokkur Kvennalistans fékk gott tækifæri til þess að kynna sér þetta mál í fyrra þegar við fengum frv., þá enn á vinnslustigi, frá páv. hæstv. dómsmrh. Við áttum síðan aðild að þeirri nefnd sem starfaði í sumar að þessu máli og höfum því skrifað undir álit hennar. Ég vildi aðeins að það kæmi fram að við erum sammála meginefni þessarar breytingar og ég vil einnig taka undir þá skoðun sem kom fram í máli hæstv. dómsmrh. að lögreglustjóraembættið á Keflavíkurflugvelli ætti að okkar mati að heyra undir hans ráðuneyti.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég þakka þær undirtektir sem frv. fær í hv. deild. Ég get tekið undir það með hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni að nauðsynlegt er að það gæti íhaldssemi á þessu sviði. Þar get ég verið honum sammála, þótt það gildi e.t.v. ekki um öll svið samfélagsins að við séum sammála um að nota það orð. Hér er um svo mikilvægan málaflokk að ræða að það dugar að sjálfsögðu ekki að þar eigi sér stað byltingarkenndar breytingar í einni svipan sem eru lítt grundaðar og undirbúnar, enda hafa slíkar breytingar aldrei átt upp á pallborðið í okkar þjóðfélagi. (**KP:** Hæstv. ráðherra, er þetta ekki stjórnarfrv.?) Jú, ráðherrann er að mæla fyrir stjórnarfrv. (**Gripið fram í:** Ráðherrann talar fyrir hönd stjórnarinnar.) Það er rétt, og talar væntanlega fyrir hönd stjórnarinnar í þessu máli.

Hitt er svo annað mál að það er e.t.v. fullmikil íhaldssemi að taka heila öld til að ákveða hvaða breytingar eigi að framkvæma á okkar dómstólaskipan og ætti að vera mögulegt að ígrunda það nægilega vel á heilli öld. En eins og ég gat um var það rætt í fullri alvöru á Alþingi á árunum 1914–1916.

Nú hafa orðið byltingarkenndar breytingar í okkar þjóðfélagi á sviði samgangna og allt aðrir möguleikar en áður eru til að aðskilja dómsvald og framkvæmdarvald eins og kemur fram í Reykjavík. Sá aðskilnaður hefur orðið til þess að dómsmál eru að mjög verulegu leyti flutt í Reykjavík en ekki út um land eins og gert var í meira mæli áður. Þetta sýnir að mínu mati það að við höfum ekki notfært okkur þær miklu breytingar sem hafa orðið í samgöngum og annarri tækni. Nú eru komnar aðstæður, sem ekki voru fyrir hendi áður, til þess að byggja upp dómstóla í hverjum landsfjórðungi.

Ég tek undir það með hv. þm. að nauðsynlegt er að undirbúa þetta mál vel og auðvitað er það ekki aðalatriði að málinu ljúki á þessu þingi, þó að það sé mjög æskilegt og mikilvægt til þess að hægt sé að undirbúa það sem best. Umræðan hefur staðið það lengi að mikilvægt er að eyða þeirri óvissu sem uppi er í málinu og allir sjá nauðsyn þess að skýrar komi fram hvert skuli stefna í þessum efnum. Menn hafa komist niður á málamiðlun sem mér sýnist geta farið vel á, þótt það sé eins með mig og hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson að auðvitað hef ég ekki kynnt mér þetta mál nægilega vel til þess að geta fullyrt um það í einu og öllu. Ég tek hins vegar eftir því að ályktanir og samþykktir þeirra sem best þekkja til þessara mála eru mjög í eina átt og mun meira í eina átt en nokkru sinni fyrr. Mér sýnist því að nú sé kominn sá jarðvegur til breytinga sem hefur verið undirbúinn í 70 ár og vænti ég þess að ég og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson getum orðið sammála um að í þessu máli sé það hæfileg íhaldssemi.

Hv. 11. þm. Reykv. Guðmundur Ágústsson spurðist fyrir um hvað yrði með þá fulltrúa sem nú starfa hjá embættinu. Ég vildi aðeins benda á það sem segir í athugasemd við 4. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Þá munu löglærðir fulltrúar starfa við héraðsdómstólana og sýslumannsembættin en ekki er gert ráð fyrir að þeim fjölgi í heild sökum ákvæða laganna heldur munu þeir flytjast milli embætta.“

Með þessu er ótvírætt gefið í skyn að þeir muni áfram starfa við embættin. — Ég var að svara fyrirspurn þinni, hv. þm. Guðmundur Ágústsson, þar sem ég vildi benda á það sem stendur í athugasemd við 4. gr., en þar segir: „Þá munu löglærðir fulltrúar starfa við héraðsdómstólana og sýslumannsembættin en ekki er gert ráð fyrir að þeim fjölgi í heild sökum ákvæða laganna heldur muni þeir flytjast milli embætta.“ Ég lít svo á að með þessu sé gefið í skyn að þessir fulltrúar starfi áfram á þessum vettvangi en munu e.t.v., eins og þarna kemur fram, flytjast á milli embætta.

Ég vildi einnig taka undir það sem hv. þm. Guðmundur Ágústsson sagði um gjaldheimturnar. Ég held að það hafi verið ein af þessum breytingum sem voru lítt undirbúnar eins og stundum vill verða. Slíkar breytingar verða til þess að veikja sýslumannsembættin og draga þar af leiðandi úr þeirri þjónustu sem er við almenning. Það hafa einnig komið upp hugmyndir um að færa ýmis önnur verkefni frá sýslumönnunum og ef slíkt hefði áfram átt að ganga hefði það að sjálfsögðu endað með því að embættin hefðu lítil verkefni haft og ekki getað sinnt þjónustuhlutverki sínu gagnvart almenningi. Það hefur sem betur fer verið dregið í land í þessum efnum og ekki er gert ráð fyrir því að halda áfram í þessa átt, enda hefur illa gengið hjá sveitarstjórnarmönnum á ýmsum svæðum að koma sér saman um hvar gjaldheimtur skuli staðsettar og því held ég að best fari á því að sýslumannsembættin sinni þessu hlutverki áfram eins og hv. þm. tók fram.

Ég vildi svo að lokum þakka þessa umræðu og vænti þess að hv. allshn. sjái sér fært að flýta þessu máli sem frekast er unnt því að nú tel ég vera lag til að koma fram þessum breytingum sem svo lengi hafa verið undirbúnar.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Ég ætla aðeins að segja örfá orð og fagna því, sem ég raunar vissi fyrir fram, að hæstv. ráðherra mundi vilja fara með gát í sambandi við dómskipan, meðferð dómsmála og stjórnskipunina yfirleitt og ekki hlaupa þar til eins eða neins nema að fullathuguðu máli. Raunar var það ánægjuleg yfirlýsing, sem ég held að sé rétt, að menn hafi nálgast hver annars sjónarmið og bætt frv. mjög í sumar einmitt vegna þess að ekki var fallist á að afgreiða það í fyrravor.

Það kynni að fara svo að ekki yrði heldur hægt að afgreiða það á þessu vori og það er bættur skaðinn, við getum alveg beðið til næsta þings þess vegna. Ég er ekki að segja að við eigum endilega að gera það. Ef menn verða nokkuð ásáttir og geta fært nægilega sterk rök fyrir því að þetta sé af hinu góða reynum við auðvitað að klára málið með vorinu. Ég endurtek að ég mun að sjálfsögðu vinna mín skyldustörf við athugun á þessu máli og vona að það nái heilt í höfn, ef ekki nú þá síðar. Við vitum ekki enn nákvæmlega hvað er æskilegast. Ég endurtek að við höfum gert mjög mikilvægar breytingar og sett mjög mikilvæga löggjöf, bæði um ríkisendurskoðun og umboðsmann Alþingis. Það er því ekki hægt að segja að ekkert hafi gerst í þessi 70 ár. Og ég endurtek líka að stjórnspekingar þessarar aldar gerðu veigamiklar breytingar, en þeir Bjarni Benediktsson og Ólafur Jóhannesson gerðu þær ekki á neinum hlaupum, það gerðu þeir ekki. Þeir voru íhaldssamir eins og við hæstv. ráðherra.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

EFRI DEILD

25. fundur, fimmtudaginn 15. des., að loknum 24. fundi.

Virðisaukaskattur, 2. umr.

Stjfrv., 134. mál (gildistaka). — Þskj. 141, n. 233.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Á þskj. 233 liggur fyrir nál. fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar um frv. til l. um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, en frv. felur það í sér að gildistöku laganna um virðisaukaskatt er frestað.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir einróma með samþykkt þess. Danfríður Skarphéðinsdóttir sat fund nefndarinnar og er samþykk þessari afgreiðslu málsins. Margrét Frímannsdóttir var fjarstödd afgreiðslu málsins.

Undir þetta nál. rita auk frsm. Valgerður Sverrisdóttir, Júlíus Sólnes, með fyrirvara, Halldór Blöndal, Eyjólfur Konráð Jónsson og Jóhann Einvarðsson.

Nefndin mælir með því að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Hreppstjórar, 1. umr.

Stjfrv., 199. mál (skipun, aðsetur sýslumanns o.fl.). — Þskj. 251.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingu á lögum um hreppstjóra. Vegna þess að með nýjum sveitarstjórnarlögum verða sýslunefndir lagðar niður frá næstu áramótum er nauðsynlegt að gera breytingu á þessum lögum.

Frv. skýrir sig sjálft. Í 1. gr. er fjallað um að hreppstjóri skuli vera í hverju sveitarfélagi utan aðseturs sýslumanns nema sýslumaður telji þess ekki þörf. Með því er sagt að mögulegt sé að ekki starfi hreppstjóri í öllum sveitarfélögum heldur geti hann verið sameiginlegur fyrir nokkur sveitarfélög eða þá að sýslumaður sjái um hans starf.

Í 2. gr. er fjallað um hvernig hreppstjóri skuli skipaður. Starf hans skal auglýst og sýslumaður velur í stöðu hreppstjóra úr hópi umsækjenda að fenginni umsögn sveitarstjórnar.

Ég sé ekki ástæðu til að fara frekari orðum um þetta mál því það er einfalt og er í raun afleiðing af öðrum breytingum sem orðið hafa að undanförnu þótt skipan þessara mála sé að öðru leyti nokkuð breytt, en það skýrist vel í frv. sjálfu.

Ég vil að lokinni þessari umræðu, herra forseti, leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Ég held að hér sé dálítið merkilegt mál á ferðinni. Í fyrsta lagi er þess nokkur þörf að fá upplýsingar um það hver eru aðalstörf hreppstjóra. (**Gripið fram í:** Það vita nú allir.) Því miður held ég að allir geri sér ekki alveg grein fyrir því hver eru aðalstörf hreppstjóra og ekki síst vegna þess að sýslumanni er, skv. 1. gr. þessa frv., gefin sú heimild að mega ráða því sjálfur hvort hreppstjóri er í þessu eða hinu sveitarfélaginu. Ég óska einnig eftir því að fá upplýsingar um á hvaða forsendum sýslumaður á að ráða þessu, út frá hverju á val hans að vera um hvort hreppstjóri sé í þessu sveitarfélagi eða öðru. Mér finnst frv. vera nokkuð losaralegt. Ég hef litið svo á að starf hreppstjóra væri mikilsvert starf í hverju sveitarfélagi og það þyrfti nokkur rök til þess að leggja það niður. Það er vel hægt að hugsa sér að löggjafinn segði að einhvern ákveðinn fjölda íbúa þyrfti á bak við hvern hreppstjóra þannig að það mætti vera einn hreppstjóri í tveimur hreppum, eins og ráðherrann nefndi. Mér finnst þó nokkuð langt gengið að það sé eingöngu fært í vald sýslumanns. Þetta er það fyrst og fremst sem ég hafði áhuga á að fá að heyra frá hæstv. dómsmrh.

Hinu er ekki að leyna að umræðan um störf sveitarfélaga út um landsbyggðina er sums staðar á þann veg að þeirra starf sé frekar lítið og við vissar aðstæður geri þeir kannski ekki það sem þeim ber að gera, eins og t.d. í sambandi við skráningu skipshafna og fleira sem þeir sinna fyrir framkvæmdarvaldið til þess að framfylgja ákveðnum reglum í lögum. Mig langar til þess að fá upplýsingar um hvernig sýslumaður á að taka ákvörðun um hvort hreppstjóri skuli vera til staðar eða ekki og dálítið yfirlit um hver eru helstu störf hreppstjórans.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég get tekið undir það með hv. þm. Skúla Alexanderssyni að ástæðulaust er að ætla sér að fækka hreppstjórum. Þeir eru mikilvægir fulltrúar sýslumanns í hverju sveitarfélagi. Ég tel ekki þurfa að fara um það mikið fleiri orðum. Þeir sinna störfum í umboði hans og eru mikilvægir trúnaðarmenn í sérhverju sveitarfélagi. Hins vegar er sú skipan í dag að hreppstjórar eru jafnframt í þeim sveitarfélögum þar sem sýslumaður situr og ég býst við því að allir geti verið um það sammála að þar sé um að ræða óþarfa skipan mála.

Ég vil taka undir með hv. þm. að það þurfa að vera gildar ástæður til þess að ekki sé hreppstjóri í hverju sveitarfélagi. Ég nefndi að sveitarfélög geta verið það lítil og í það mikilli nálægð hvert við annað að það eigi ekki að valda neinum vandræðum. Hins vegar getur líka verið um lítið sveitarfélag að ræða þar sem nauðsynlegt er vegna samgangna að hafa hreppstjóra. Ég tel sjálfsagt að kveða nánar á um hvernig slíkar undantekningar skuli gerðar og mætti það gjarnan koma fram í hv. nefnd eða í nefndaráliti. Aðalreglan er sú að hreppstjóri skuli vera í sérhverju sveitarfélagi utan aðseturs sýslumanns nema sýslumaður telji þess ekki þörf. Ég vænti þess að ekki sé hætta á því að sýslumenn ákveði annað í neinni skyndingu og um það þyrfti sýslumaður að hafa samráð við viðkomandi sveitarfélög. Auðvitað starfa sýslumenn í nánu sambandi við þau sveitarfélög sem þeir þjóna en ekkert mælir því mót að taka það fram nánar eftir því sem nefndin telur nauðsynlegt. Ég vildi bara ítreka þá skoðun mína að meginreglan er sú að hreppstjóri skuli vera í sérhverju sveitarfélagi.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Þetta frv. lætur lítið yfir sér eins og hér hefur komið fram. Ég vil taka undir þær athugasemdir sem komu fram í máli hv. 4. þm. Vesturl. Ég held að það sé eðlilegt að skoða hvort það þurfi ekki að vera einhver rök fyrir því þegar sýslumaður telur ekki ástæðu til að hafa hreppstjóra. Mér finnst því eðlilegt að nefndin skoði þetta og gerðar verði breytingar á frv. ef ástæða þykir til.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Þinglýsingalög, 1. umr.

Stjfrv., 200. mál (þinglýsingarstjórar). — Þskj. 257.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingu á þinglýsingalögum nr. 39 frá 10. maí 1978. Hér er um fylgifrv. frv. til l. um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði að ræða. Varðandi mál þetta vil ég vísa til framsögu minnar í því máli og leggja til að máli þessu verði með sama hætti vísað til 2. umr. og hv. allshn. að lokinni þessari umræðu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

EFRI DEILD

26. fundur, fimmtudaginn 15. des., að loknum 25. fundi.

Virðisaukaskattur, 3. umr.

Stjfrv., 134. mál (gildistaka). — Þskj. 141.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 258).

NEÐRI DEILD

23. fundur, fimmtudaginn 15. des., að loknum fundi í Sþ.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, 2. umr.

Stjfrv., 135. mál. — Þskj. 142, n. 229, 238 og 241, brtt. 240.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. um frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði og liggur það fyrir á þskj. 229.

Nefndin hefur athugað frv. á fundum sínum. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 142. Stefán Valgeirsson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur afgreiðslu málsins.

Undir þetta rita ásamt mér: Árni Gunnarsson, með fyrirvara, Ragnar Arnalds og Guðmundur G. Þórarinsson.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti 1. minni hl. hv. fjh.- og viðskn. um þetta mál auk þess sem ég mæli fyrir brtt. sem ég flyt við 6. gr. frv. þar sem gert er ráð fyrir að skatthlutfall þessa skatts verði óbreytt frá því sem verið hefur, 1,1%, í stað 2,2% sem frv. gerir ráð fyrir. Falli sú brtt. er það tillaga mín, sem er jafnframt tillaga fulltrúa Borgfl. sem á þetta nál. skrifar einnig, að frv. verði fellt.

Mönnum er það vel kunnugt að skattur sá sem hér er til umfjöllunar var upphaflega á lagður tímabundið, átti að gilda í eitt ár, á árinu 1979. Þessi álagning hefur þó verið framlengd árlega en að vísu með lægra skatthlutfalli frá árinu 1984 er hæstv. þáv. fjmrh. Albert Guðmundsson beitti sér fyrir þeirri lækkun skatthlutfallsins.

Þessi skattur leggst á fasteignamatsverð eigna í verslunar- og skrifstofuhúsnæði óháð skuldastöðu viðkomandi eiganda þannig að hann er að því leyti til svipaður fasteignagjöldum sveitarfélaga. Þessi skattur hefur ævinlega verið fleinn í holdi þeirra sem vilja hafa skattkerfið hlutlaust með tilliti til tegunda atvinnuhúsnæðis eða tegunda greina í atvinnulífinu, þeirra sem telja óæskilegt að gera upp á milli atvinnuvega í skattlagningu sem þessari. Engu að síður hafa menn, þar á meðal sá sem hér talar og aðrir sjálfstæðisþingmenn, undanfarin ár treyst sér til að viðhalda þessari skattlagningu á þeim grundvelli að staða ríkissjóðs leyfði ekki að frá þessari skattlagningu væri fallið þó svo að það væri markmið sem vinna bæri að.

Nú hyggst ríkisstjórnin, sem nú situr og lýtur efnahagslegri forsögn Alþb., tvöfalda skattinn á þetta húsnæði, hækka skatthlutfallið úr 1,1% í 2,2%. Fasteignamat þeirra eigna sem hér um ræðir mun hækka um 20% á milli ára og þegar tekið er tillit til þess jafngildir þessi hækkun 140% á milli ára í krónum talið þannig að aðili sem þurfti að inna af hendi 100 þús. kr. greiðslu á þessu ári mun þurfa að greiða 240 þús. kr. á næsta ári í þennan skatt.

Við sem skrifum undir þetta nál. teljum að slík hækkun í krónutölu á milli ára og slík hækkun prósentu á einum skatti á milli ára sé óréttlætanleg gjörsamlega og við vitum ekki til þess að slík hækkun á einum skatti eigi sér fordæmi. Því er við

að bæta að gjaldþol ýmissa gjaldenda sem þennan skatt greiða er nú með versta móti eins og annarra aðila í atvinnulífinu, enda hefur það komið á daginn í framhaldi af þeim athugunum sem ég óskaði eftir í hv. fjh.- og viðskn. að á næsta ári er gert ráð fyrir að innheimtuhlutfall þessa skatts verði mun lægra en verið hefur.

Ég gerði athugasemd við það við 1. umr. og óskaði eftir upplýsingum í hv. fjh.- og viðskn. um þær tölur sem farið er með í grg. frv., en þar segir að álagningin verði 410 millj. en innheimtan 425 millj. Ég lagði fram útreikninga sem sýndu fram á það að þessar tölur gátu ekki staðist og þegar fjármálaráðuneytismenn fóru nánar ofan í saumana á mínum athugasemdum kom í ljós að það var villa í frv. Hún var að vísu þannig að innheimtutalan mun væntanlega standast þar sem misritast hafði í frv. álagningartalan og í stað 610 millj. sem þar áttu að vera var prentað 410 millj. sem var sú fjárhæð sem ég gekk út frá í mínum útreikningum.

Hins vegar kom í ljós við þessa athugun ráðuneytismanna að innheimta þessa skatts er verulega lakari á síðari hluta þessa árs eins og raunar mátti við búast og það svo að í stað 64% innheimtuhlutfalls, sem reiknað er með á þessu ári, er ekki gert ráð fyrir að skatturinn innheimtist á næsta ári nema sem svarar 58% af samanlagðri álagningu og eftirstöðvum fyrri ára.

Í þessum upplýsingum kemur fram það sem við höfum verið að lýsa margir hverjir í þingsölum um ástandið í atvinnulífinu og gjaldþol atvinnuveganna yfirleitt sem bitnar ekki síður á innheimtu skatta sem þessara en ýmsum öðrum útgjöldum sem atvinnureksturinn þarf að standa undir. Ég tel að það hafi verið gagnlegt að fá fram hver spá ráðuneytisins er að því er varðar innheimtu á næsta ári.

Ég hef margvakið athygli á því í umræðum um bæði þetta mál og tekju- og eignarskattsfrv. ríkisstjórnarinnar síðustu dægrin að eignarskattahækkanir ríkisstjórnarinnar stefna þeirri skattheimtu í áður óþekktar stærðir. Ég vek athygli á því og minni hl. fjh.- og viðskn. í nál. sínu að af verslunar- og skrifstofuhúsnæði í einkaeign sem er yfir 6 millj. kr. að verðmæti verði á næsta ári að greiða hámark, hvorki meira né minna en 6,4% í samanlagðan eignarskatt og fasteignagjöld til ríkis og borgar. Þetta er gríðarleg hækkun frá því sem verið hefur og þýðir ósköp einfaldlega að sú ávöxtunarkrafa sem gerð er til þessara eigna hækkar sem þessu nemur og að eigendur þessa húsnæðis verða að gera hærri kröfu um afnotagjald ef þeir geta þá yfir höfuð komið sínum eignum í not, ef ekki kreppir það harkalega að að notendur fáist ekki að slíkum eignum, hvorki eigendur sjálfir né aðrir.

Í nál. kemur fram að hækkunin til ríkisins af þessum 6,4% verður, ef öll áform ríkisstjórnarinnar ná fram að ganga, hvorki meira né minna en 2,85% af fasteignamati og síðan bætist við sú hækkun sem verður á fasteignamatinu. Við teljum að slík stökkbreyting í skattlagningu á einum stofni sé ekki bara gífurleg íþynging, eins og ég hef sagt, og óraunhæf að því er varðar innheimtuna, eins og fram hefur komið, heldur sé þetta líka efnahagsleg fásinna. Kem ég þá að því sem ég reyndarýjaði að áðan og varðar ávöxtunina af slíkum eignum því að það er ljóst að eign sem verður að skila ríkinu eða yfirvöldum 6,4% af fasteignamati í skatt verður að skila eigandanum 6,4% í raunávöxtun bara til þess að hann geti borgað skattinn og þá jafngildir slík skattheimta 100% tekjuskatti á þessum tekjum. Þó að mönnum verði tíðrætt um skattlagningu eigna og fjármagnstekna þessa dagana hér á Alþingi og víðar held ég að enginn hafi gengið svo langt að halda því fram að það væri eðlilegt að leggja 100% skatt á tekjur sem myndast með þessum hætti. Það er auðvitað fjarstæða. Ef menn vilja hafa þennan skatt 50%, tekjuskatt af þessum eignartekjum, verður ávöxtun þessara eigna að vera tvöföld skattprósentan, þ.e. 12,8 af hundraði.

Þannig mætti lengi telja og ef miðað er við þann tekjuskatt sem ríkisstjórnin ætlar einstaklingum að greiða á næsta ári, 37,2% að meðtöldu útsvari, er verið að tala um 17,2% ávöxtunarkröfu af þessum eignum, hvorki meira né minna. Ég hef leyft mér að halda því fram, bæði úr þessum ræðustól og við gerum það í þessu nál. sem undir það skrifum, að þessi ávöxtunarkrafa stingi vægast sagt mjög í stúf við fögur fyrirheit ríkisstjórnarinnar, einkum hæstv. fjmrh., um að lækka vextina og vaxtastigið í landinu. Auðvitað gengur þetta þvert á öll slík áform þó svo að hæstv. fjmrh. neiti eflaust að horfast í augu við það.

Ég hef að gamni mínu reiknað út eitt lítið dæmi um verslunarhúsnæði sem væri að fasteignamati 7 millj. kr. hér í Reykjavík skuldlaust. Ef af því eru reiknuð öll þau eignagjöld sem að er stefnt í frv. ríkisstjórnarinnar, bæði þessu og öðru, kemur í ljós að af slíkri eign, sem er að fasteignamati 7 millj., þarf að greiða rúmlega 320 þús. kr. í eignarskatta.

Þetta sundurliðast þannig að 2,2% skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði næmi 154 þús. kr., hinn almenni eignarskattur að viðbættu álagi í þjóðarbókhlöðusjóð, samtals 1,45%, næmi rúmlega 50 þús. kr., stóreignaskatturinn sem legðist á þá milljón í fasteignamatinu sem er umfram 6 millj. nemur tæpum 30 þús. kr. og loks bætast við fasteignagjöld til borgarinnar sem eru tæplega 90 þús. kr. Þessar rúmu 320 þús. kr. í gjöld nema 4,6% af fasteignamati. Hér er ég því ekki að tala um hæstu mögulegu jaðarprósentu, sem við getum kallað svo, heldur þann meðalskatt, eignarskatt og fasteignagjöld sem leggjast á þessa eign. Hvorki meira né minna en 4,6% af fasteignamati. Slík skattheimta jafngildir 12,4% ávöxtunarkröfu sé á sama hátt og áður miðað við þann tekjuskatt einstaklinga sem ríkisstjórnin ráðgerir að leggja á á næsta ári. Þetta eru vextirnir og vaxtastigið sem ríkisstjórnin telur eðlilegt í landinu miðað við þann eignarskatt og þá ávöxtun eigna sem hún ætlast til að menn standi undir miðað við þessi eignarskattaáform.

Ég er ekkert viss um að menn hafi gert sér grein fyrir því hvað þeir eru að tala um. En miðað við þann tekjuskatt sem fjmrh. ætlar að leggja á landsmenn og miðað við þessa eignarskatta telur hann eðlilegt að menn hafi 12,4% raunávöxtun af fasteignum þeim sem hér er verið að tala um, hvorki meira né minna, 12,4%. Það er sú ávöxtun og þeir vextir sem fjmrh. telur eðlilegt að menn hafi af verslunar- og skrifstofuhúsnæði af þessari stærð og á þessu fasteignamati í Reykjavík. Það eru skilaboðin. Hitt er svo allt annað mál hvort atvinnulífið í landinu, þeir sem mundu nota þetta húsnæði, geta staðið undir slíkum kröfum um ávöxtun og hækkun afnotagjalds eða leigu fyrir slíkt húsnæði og dreg ég það mjög í efa.

Ég skal ekki lengja þetta frekar, herra forseti. Ég tel að öll helstu sjónarmið í málinu hafi komið fram og þess vegna sé eðlilegt að ganga brátt til atkvæða um málið. Ég hef flutt brtt., eins og fram kom áðan, í ljósi erfiðrar fjárhagsstöðu ríkissjóðs, sem gerir ráð fyrir óbreyttum skatti, en að slíkri till. felldri er það tillaga mín og sjálfstæðismanna að þetta frv. verði fellt.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 241 um frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Álitið hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við dreifingu skattbyrða telja kvennalistakonur eðlilegt að horfa til hinna breiðu baka í þjóðfélaginu. Með tilliti til þess hafa þær stutt sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði og einnig tillögur um hækkun hans. Sú afstaða styðst enn fremur við nauðsyn þess að hamla gegn offjárfestingu og þenslu í þessum greinum. Sú þörf var augljós þegar þessi skattur var síðast til meðferðar á Alþingi.

Nú eru aðstæður að sönnu á margan hátt breyttar. Fjárfestingaræðið hefur rénað og samdráttur er víða hafinn. Ein er þó sú grein sem þessi skattur tekur til og stendur nú með sérstökum blóma, en það er starfsemi banka og annarra aðila á fjármagnsmarkaði, en þeir munu greiða verulegan hluta af þessum skatti.

Á þessu ári nær álagning skatts á verslunar- og skrifstofuhúsnæði til 954 lögaðila og 1200 einstaklinga. Tæplega 90% af skattinum eru lögð á aðila á höfuðborgarsvæðinu þar sem meðalskattur á hvern gjaldanda er u.þ.b. þrefalt hærri en utan þess svæðis. Ótrúleg umsvif í þessum greinum á undanförnum árum, einkum á höfuðborgarsvæðinu, benda ekki til þess að þeim hafi verið íþyngt um of með álögum og þótt nú hafi þrengt að er það álit 2. minni hl. að þessi skattur skipti ekki sköpum um afkomu fyrirtækja. 2. minni hl. leggur því til að frv. verði samþykkt."

Undir þetta ritar Kristín Halldórsdóttir.

Herra forseti. Við þetta er í sjálfu sér ekki miklu að bæta. Þetta er sú niðurstaða sem kvennalistakonur komust að eftir athugun málsins. Eins og hv. þm. e.t.v. muna lét ég í ljós efasemdir við 1. umr. um þetta mál. Ég sagðist vilja athuga hvort aðstæður væru e.t.v. svo breyttar nú að þessi hækkun væri óraunhæf, bæði með tilliti til gjaldþols greiðenda og frá sjónarmiði tekjuöflunar, þ.e. hvort skatturinn mundi skila þeim tekjum sem honum væri ætlað að skila.

Hv. síðasti ræðumaður sagðist ekki þekkja dæmi um slíka aukningu sem hér væri lögð til, þ.e. tvöföldun gjalds. Ég man heldur ekki eftir öðru slíku dæmi um tvöföldun skatts, en hins vegar er mér enn í minni þegar mæðralaunin voru hækkuð, ef ég man rétt, 100% og leit auðvitað harla vel út ef menn létu vera að nefna töluna sem gengið var út frá.

Þessi skattur kemur að sjálfsögðu misjafnlega niður eftir stærð og mati húsnæðis og að sjálfsögðu mótmæla forsvarsmenn kaupmanna þessum skatti harðlega. Við öðru var ekki að búast. Þeir fullyrtu að allar álögur á þessar greinar færu beint út í verðlagið og mér finnst menn gleypa slíkar fullyrðingar gersamlega hráar án þess einu sinni að velgja við þeim. Slíkar fullyrðingar eru mjög umhugsunarverðar og við þær er ýmislegt að athuga. Í fyrsta lagi er manni sagt að það sé verðstöðvun sem ekki megi rjúfa nema vegna erlendra kostnaðarhækkana og ekki getur þessi skattur fallið undir það. Í öðru lagi er a.m.k. enn í gildi bann við hækkun húsaleigu svo að þeir sem hafa slíkt húsnæði á leigu undir rekstur sinn ættu ekki að þurfa að óttast hækkun leigunnar af þessum sökum. Í þriðja lagi eru menn svo með þessum fullyrðingum, þ.e. að skatturinn fari beint út í verðlagið, að segja að það sé hvergi borð fyrir báru, það sé hvergi unnt að spara eða hagræða í þessum rekstri til þess að mæta álögum af einu eða neinu tagi og því trúi ég einfaldlega ekki. Ég byggi það m.a. á samtölum við hina og þessa í rekstri af þessu tagi því að þó það þyki ekki góð röksemdafærsla að segja: Ég hitti mann sem sagði mér, eins og stundum hefur verið vitnað til, geta slíkar einkaathuganir og samtöl við fólk, sem ekki er undir þrýstingi af því að þurfa að standa við orð sín opinberlega eða gagnvart félögum í stéttinni, sagt manni a.m.k. jafnmikið og ályktanir og yfirlýsingar heildarsamtaka hagsmunaaðila. Þeir sem ég ræddi við á þennan hátt töldu ekki ástæðu til að ætla að hér væri um óbærilegar álögur að ræða þótt vitaskuld sækist enginn eftir því að fá þær yfir sig. En að athuguðu máli höfum við sem sagt ákveðið að styðja frv.

Er hæstv. fjmrh. ekki viðstaddur? Ég ætlaði að beina einni spurningu til hans. (**Forseti:** Hæstv. ráðherra var í hliðarsal rétt áðan og honum verður gert viðvart um að hans sé óskað.) Ég biðst afsökunar, herra forseti. Ég hafði ekki veitt því eftirtekt að hæstv. ráðherra var ekki viðstaddur. Annars hefði ég beðið um að honum yrði gert viðvart í upphafi máls míns.

Herra forseti. Ég get þá lokið máli mínu með þessari síðustu athugasemd. Hún kann að þykja

léttvæg, en hún er ekki léttvæg í mínum huga. Ég get ekki látið hjá líða að beina þessari fyrirspurn til hæstv. ráðherra þar sem tilefni gefst nú í þessari umræðu. Það fór fram nokkur umræða í nefndinni um einstök orð í þessu frv. sem menn skildu misjöfnum skilningi og svo fór að embættismenn ráðuneytisins gátu ekki skýrt fyrir okkur, en þegar það kom upp var það síðasti fundur nefndarinnar þar sem fjallað var um frv. og menn höfðu þá náð samkomulagi um afgreiðslu málsins svo að það gafst ekki tími til að ganga eftir skýringu áður en við gengum frá málinu. En mér finnst afleitt að standa að lagasetningu með óskiljanlegum orðum og því spyr ég hæstv. ráðherra hvort hann geti ekki skýrt þingheimi frá því nákvæmlega hvað orðið „afgjaldskvaðarverðmæti" í 3. gr. frv. þýðir.

Árni Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Mig langar að gera nokkra grein fyrir fyrirvörum mínum í nál. um frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, en fyrirvararnir eru til komnir af eftirfarandi ástæðum.

Ég hef látið þá skoðun mína í ljós að ég tel helmings hækkun á þessum skatti fullmikla og lét líka í ljós þá skoðun að það hefði verið eðlilegt að koma eitthvað til móts við óskir sumra hv. stjórnarandstæðinga um að skatturinn yrði eitthvað lægri.

Sá tilgangur með skattinum að draga úr þenslu er nánast úr sögunni vegna þess samdráttar sem þegar er orðinn. Þessi samdráttur er orðinn mikill á landsbyggðinni, en þessi skattur getur komið sérstaklega illa við landsbyggðarverslunina. Hún hefur nefnilega ekki möguleika á því að koma þessum skatti út í verðlagið, alla vega ekki eins mikla möguleika og verslunin á höfuðborgarsvæðinu, og þarf að auki að leggja í mikinn kostnað vegna mun meiri birgða og birgðahalds en verslun á Reykjavíkursvæðinu.

Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar og lýsti því þegar þessi skattur var upphaflega lagður á að hann væri byggður á röngum forsendum. Ég er þessarar skoðunar enn þá. Þetta er sértækur skattur. Hann kemur á eignir manna hvort sem þær eru skuldum vafðar eða ekki sem ég tel ákaflega ranglátt. Ég hef löngum verið þeirrar skoðunar að ef menn væru á annað borð með sértæka skatta af þessu tagi eigi að leggja þá á gróða fyrirtækjanna, hagnaðinn.

Ég vil líka nefna að ég óttast að þessi skattur fari beint út í verðlagið, a.m.k. á höfuðborgarsvæðinu, vegna þess að ég hygg að hagur verslunar hafi þrengst svo að hún geti ekki tekið þennan skatt á sig með öðru móti en beina honum beint út í verðlagið aftur. Þessi skattur er að langstærstum hluta greiddur á höfuðborgarsvæðinu.

Ég vil líka, herra forseti, benda á að leigjendur atvinnuhúsnæðis bæta þessum skatti við leiguna og svo langt er gengið í þeim efnum að leigusamningar eru sérstaklega útbúnir með þeim hætti að þar eru ákvæði um að hækki þessi skattur hækki leigan. Almennt séð er ég því þeirrar skoðunar að þetta sé ekki skynsamlegur skattur, að hann sé ranglega uppbyggður. Hann er sértækur að því leyti að hann tekur til ákveðinna afmarkaðra atvinnugreina. Í því felst tiltekið ranglæti. Ég vil því eindregið hvetja hæstv. ríkisstjórn til að reyna að lækka þennan skatt eins fljótt og hún telur auðið að gera og helst að afleggja hann með öllu fyrr en síðar. Þessi skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði skilar sér illa. Það hefur sýnt sig að hann er ekki traust tekjulind fyrir ríkissjóð, en hann er engu að síður hluti af þeirri tekjuöflunaráætlun sem ríkisstjórnin hefur sett sér og ég hef fallist á að styðja að þessu sinni.

En, herra forseti. Ég geri það og segi það sem mín lokaorð að það er með hangandi hendi að ég mun við atkvæðagreiðslu styðja þennan skatt. Grundvallarástæðurnar eru nákvæmlega þær sömu og ég hafði uppi 1979. Ég hef ekki breytt um afstöðu til þessa skatts síðan einfaldlega vegna þess að þessi skattur mismunar atvinnugreinum og það er ekki réttlátt.

Forseti (Hjörleifur Guttormsson):

Vegna orða hv. ræðumanns vill forseti taka fram að það verður skrifara deildarinnar að meta með hverjum hætti hann greiðir sitt atkvæði.

Ólafur G. Einarsson:

Herra forseti. Þessi ágæta röksemdafærsla hv. þm. Árna Gunnarssonar hlýtur að leiða til þess að hann greiðir atkvæði með brtt. á þskj. 240 þar sem gert er ráð fyrir að skatturinn verði áfram 1,1%.

Herra forseti. Ég sakna hæstv. forsrh. við þessa umræðu. Ég hef orðið þess var að honum hlýnar um hjartaræturnar þegar hann verður þess var að einhver saknar hans og honum veitir náttúrlega ekkert af hlýlegu orði þessa síðustu daga, en fjarvera hæstv. forsrh. þarf ekki að koma í veg fyrir að ég flytji mína ræðu. (**Forseti:** Hv. ræðumaður. Ég vil taka fram að það hafa verið send boð til hæstv. forsrh. Hann hefur fengið skilaboð um að nærveru hans sé óskað.) Já, takk fyrir. Ég get sem sagt haldið áfram minni ræðu, en tel nauðsynlegt að hæstv. forsrh. verði hér við áður en umræðunni lýkur. Það er vegna þess að það er komið að atkvæðagreiðslu um eitt af skattafrumvörpum hæstv. ríkisstjórnar og það er fyrsta frv. sem kemur til afgreiðslu á þingi því sem nú situr. En mörg eru eftir. Þetta er að vísu eitt þeirra frumvarpa sem ríkisstjórnin getur víst verið örugg með að fái samþykki vegna yfirlýsts stuðnings Kvennalistans og e.t.v. óbeins stuðnings einhverra annarra stjórnarandstöðuþingmanna. Ég vil af þessu tilefni minna á að sjálfstæðismenn lýstu sig reiðubúna til viðræðna um afgreiðslu mála í hv. þingdeild vegna hinnar naumu stöðu ríkisstjórnarinnar svo ekki sé fastara að orði kveðið. Það tilboð fól ekki í sér fyrirheit um aðstoð við að koma skattaáformum ríkisstjórnarinnar í höfn einum og sér heldur í samhengi við afgreiðslu annarra mála og þá sérstaklega afgreiðslu fjárlagafrv. og þeirrar efnahagsstefnu sem þar er fylgt og við viljum fá breytingar á.

Hæstv. forsrh. virtist hafa nokkurn áhuga á samn-

ingaviðræðum við stjórnarandstöðuna um framgang mála í þinginu og fól reyndar fjmrh. sínum að hefja viðræður við stjórnarandstöðuna, enda enginn vafi á því að menn þyrftu að mætast á miðri leið, eins og haft var eftir hæstv. forsrh. í blaðaviðtali. Ég hlýt að lýsa því yfir við 2. umr. um þetta frv., þegar komið er að atkvæðagreiðslu um fyrsta skattafrv., að hæstv. fjmrh. hefur ekki hlýtt þessu kalli forsrh. síns, enda sjálfsagt óþarfi. Fjmrh. hefur tekið að sér að stjórna hér öllum efnahagsmálum og fjármálum og ég tala nú ekki um öllum málflutningi stjórnarliða, a.m.k. í hv. Nd. Það kom mjög glöggt í ljós í gær í nærri tólf tíma umræðu um frv. til l. um tekju- og eignarskatt. Lengst af var reyndar hæstv. fjmrh. einn í salnum af stjórnarliðum. Lengst af, segi ég. Það kom fyrir að einn og einn stjórnarliði slæddist í salinn, en þeir tóku auðvitað ekki til máls, enginn óbreyttur a.m.k.

Fyrir nokkrum dögum varð hér umræða um þingsköp þar sem greint var frá því að sífelldar fréttir um samráðsfundi milli stjórnar og stjórnarandstöðu væru rangar. Það var ekki nóg með að það bærust öðru hverju fréttir af þessu heldur voru skrifaðar lofgreinar í sum blöð stjórnarflokkanna um þessi nýju vinnubrögð hæstv. fjmrh. Það hefði aldrei átt sér stað áður að svona samráð væri haft fyrir fram við stjórnarandstöðuna. Ég held að það sé alveg ljóst að fréttirnar voru ekki fundnar upp af fréttamönnum. Það var reynt að koma því svo fyrir að menn tryðu því að hæstv. fjmrh. hefði einhverja sérstaka forgöngu um samráð við stjórnarandstöðuna. Það var ljóst eftir þessa þingskapaumræðu, það var alveg á hreinu að ekkert samráð hafði verið haft við stjórnarandstöðuna um afgreiðslu mála. Því var lýst yfir af fulltrúum Sjálfstfl., Borgfl. og Kvennalista. Hins vegar kom það skýrt fram að venjulegir kynningarfundir hefðu verið haldnir um frumvörp ríkisstjórnarinnar. Þau hefðu verið kynnt alveg eins og síður hefur verið um mörg undanfarin ár svo lengi sem ég man. Það var sem sagt ekkert nýtt þarna á ferðinni.

Hæstv. fjmrh. varði sig hins vegar í þessari umræðu með því að segja að við sjálfstæðismenn hefðum viljað sjá öll skattafrumvörpin á borðum framlögð áður en farið yrði að semja um afgreiðslu mála og þetta var vissulega alveg rétt.

Ef ég man rétt var þennan sama dag lagt fram síðasta skattafrv. ríkisstjórnarinnar. Því var lýst yfir af hæstv. fjmrh. að frv. til l. um tekju- og eignarskatt, sem þá var lagt fram, væri síðasta skattafrv. sem ríkisstjórnin hygðist fá samþykkt, sem um leið þýddi að ýmis önnur áform sem hæstv. fjmrh. hafði greint frá um skattlagningu voru lögð til hliðar. En þrátt fyrir að þessir dagar hafa liðið síðan öll skattafrumvörp hæstv. fjmrh. hafa litið dagsins ljós hafa engar samningaviðræður farið fram um afgreiðslu mála. (**Fjmrh.:** Þið hafið aðallega verið hér í salnum þá.) Já, við höfum aðallega verið hér í salnum, en menn hefðu sjálfsagt getað séð af tíma til að tala saman ef það hefði verið einhver áhugi á því. Nú er sem sagt komið að fyrstu afgreiðslunni.

Við sjálfstæðismenn hljótum að líta svo á að hæstv. fjmrh. telji sig ekki þurfa á neinu samkomulagi við stjórnarandstöðuna að halda, a.m.k. ekki við þingmenn Sjálfstfl. Afgreiðsla á einu frv. áður en stofnað er til viðræðna hlýtur að þýða að hæstv. fjmrh. telur sig ekki þurfa neitt við stjórnarandstöðuna að tala um afgreiðslu sinna frumvarpa og við hljótum að líta svo á að hæstv. fjmrh. tali hér í nafni allrar ríkisstjórnarinnar eins og hann hefur reyndar gert að undanförnu. Við þingmenn í stjórnarandstöðu erum að sjálfsögðu og höfum verið óbundnir þessari ríkisstjórn og ég vona að við munum gera allt sem við megum til að koma í veg fyrir skattahækkunaráform ríkisstjórnarinnar. Þetta á a.m.k. við um okkur sjálfstæðismenn.

Ég vil taka fram að hið venjubundna samráð milli forseta þingsins og þingflokksformanna fer fram þessa dagana eins og ævinlega. Að vísu með dálítið öðrum hætti, ég verð að viðurkenna það. Fundir hafa verið færri og voru ekki teknir upp fyrr en í fyrradag. En ég tek fram að hæstv. forseti þessarar deildar, Kjartan Jóhannsson, leggur sig sérstaklega fram um að eiga gott samstarf við okkur þingmenn stjórnarandstöðunnar.

Ég vil nú óska hæstv. fjmrh. alls hins besta í erfiðu starfi, ekki síst næstu daga, við að koma málum sínum gegnum þingið og að hann geti gert þetta allt með annarri hendinni og án þess að þurfa nokkuð að leita til okkar í stjórnarandstöðunni. Ég hlýt hins vegar að treysta því að meiri hluti finnist í hv. þingdeild að létta verstu skattaklyfjunum af þegnum þessa lands sem ætlunin er að leggja á og það gerum við með því að greiða atkvæði gegn þessum hugsjónamálum hæstv. fjmrh.

Þessi orð mín verða eflaust lögð þannig út að þau lýsi ábyrgðarleysi stjórnarandstöðunnar. Eins og menn vita hafa menn reynt hér, bæði innan þings og utan, að snúa öllu við, koma ábyrgðinni á öngþveitinu sem þessi ríkisstjórn hefur skapað yfir á stjórnarandstöðuna, nú reyni fyrst á hana. Þar hafa þeir ráðherrar Alþb., a.m.k. tveir, gjarnan lesið upp úr Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins. Þeim reynist það vonandi notadrjúgt eitthvað áfram að glugga í þau skrif, en ég bendi þeim í leiðinni á að lesa leiðara Moggans í dag fyrst þeim er orðið svona tamt að leita í því blaði huggunar. (**Fjmrh.:** Hann er mun virðulegri, þessi.) Heldur en leiðarinn? (**Fjmrh.:** Já.) Já, þessu verður væntanlega komið til skila.

Ég þarf ekki að hafa þessi orð mín fleiri, hæstv. forseti. Ég læt í ljós þá von að meiri hl. greiði atkvæði með brtt. á þskj. 240. Við sjálfstæðismenn munum styðja þá brtt. Við höfum lýst því yfir að við séum tilbúnir að styðja að skatturinn verði óbreyttur vegna bágrar stöðu ríkissjóðs, en lengra getum við ekki gengið.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég kemst ekki hjá því að vekja athygli á að mér finnast þessar skattahugmyndir um

eignarskatt lýsa algjöru virðingarleysi fyrir eignum manna svo að maður tali nú ekki um skilningsleysið vegna þess að það stendur þannig í bólið hjá öllu atvinnulífi landsmanna að skattahugmyndir af þessu tagi bitna bara á launþegum þessa lands. Þetta eru lífskjaraskerðingarskattar og ekkert annað. Þetta minnkar greiðsluhæfi fyrirtækjanna, veltur út í verðlagið, lendir á undirstöðufyrirtækjunum þannig að ástandið á þeim bæ verður enn þá verra en áður. Ég hlýt því að mótmæla þessum skattahugmyndum aftur eins og ég hef gert áður í þessum stól.

Ég tel líka að þetta sé í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins. Spurningunni sem ég beindi til hæstv. fjmrh. í gær svaraði hann bara með útúrsnúningi og gríni. Það er nokkuð merkilegt ef fjmrh. má komast upp með það hér að svara málefnalegum spurningum með gríni og ef hann ætlar að leika einhvern skemmtikraft er spurning hvort ekki ætti að láta hann borga skemmtanaskatt.

En ég vil aftur ítreka mótmæli við þessum skattahugmyndum.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Um leið og ég lýsi enn og aftur miklum áhyggjum mínum yfir því að hv. þm. stjórnarliðsins skuli í alvöru ætla að standa að öllum þeim hugmyndum um skatta á þjóðfélagsborgarana og einkanlega atvinnureksturinn í þessu landi, þá vil ég lýsa enn meiri undrun minni yfir því nál. sem kemur frá Kvennalistanum í því máli sem hér er sérstaklega til umræðu. Ég er satt að segja alveg furðu lostin vegna þess að skattafrumvörpin fjalla sérstaklega um skattlagningu þess hluta atvinnulífs í landinu sem hefur með höndum þjónustu við þjóðfélagsborgarana og grundvallaratvinnuvegina. Það er sá hluti atvinnulífsins sem er skattlagður í þessu frv. og í þeim hluta atvinnulífsins eru konur langsamlega fjölmennastar. Það þarf ekki annað en að nefna þá staðreynd að yfirgnæfandi meiri hluti þeirra sem vinna við verslunar- og skrifstofustörf í landinu eru konur. Þar við bætist að skattlagning á þjónustugreinarnar sem nýta fyrst og fremst verslunar- og skrifstofuhúsnæði er líka skattlagning á allan atvinnureksturinn í landinu vegna þess að framleiðslufyrirtækin þurfa á þessari starfsemi að halda til að koma afurðum sínum áfram til neytenda. Auk þess þurfa öll atvinnufyrirtæki í landinu á einhvers konar skrifstofu- eða verslunarhúsnæði að halda sjálf. Að ráðast sérstaklega á þessa grein atvinnulífsins er rétt líkast því að heilbrigðisstarfsmaður eða læknir kippti burt ýmiss konar miðstöðvum æðakerfisins. Um þessar æðar verða verðmætin að fara í hendur þeirra sem nýta þau eða kaupa. Þ.e. um hendur þeirra og fyrir atbeina þeirra sem stunda verslunar- og skrifstofustörf fara þau verðmæti sem eru sköpuð í landinu og líka þau verðmæti sem Íslendingar þurfa á að halda annars staðar frá. Það er einkennileg árátta, sem einkanlega hefur birst árum saman í efnahagsstefnu Alþb. sem er alls ráðandi í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, að hjá þessum starfsgreinum sé allt illt að finna. Þarna liggi rætur allra meina í efnahagsvanda þjóðarinnar.

En þegar við svo lítum á hina hliðina, en hæstv. ríkisstjórn eins og reyndar margar aðrar ríkisstjórnir hafa við það fyrst og fremst að etja að koma atvinnulífinu til hjálpar hreinlega til þess að starfsemi þjóðfélagsins stöðvist ekki, þá eru menn allt í einu fullir skilnings á því í öðru orðinu að ekki megi draga úr atvinnunni í landinu, það verði að halda uppi atvinnustiginu eins og sagt er stundum, það megi ekki skapa atvinnuleysi, en í hinu orðinu er ráðist gegn þeim sem þessa atvinnu skapa. Þetta fær ekki staðist. Þetta fær alveg ómögulega staðist. Og á sama tíma og menn eru að skattleggja þjóðina til að standa undir ýmiss konar aðstoð til atvinnulífsins skattleggja menn þetta sama atvinnulíf svo grimmilega að það verður innan skamms þörf á enn meiri aðgerðum. Það er augljóst að það er einungis hugsað til þess hvernig megi e.t.v. á pappírnum með einhverju móti, mögulegu eða ómögulegu, sýna að þarna komi greiðslur sem geti valdið því að e.t.v. standist báðar hliðar fjárlaganna á eða a.m.k. binda menn vonir við það, en menn láta sér í léttu rúmi liggja þó að sömu aðferðir þýði að slakkinn verði miklu meiri á mánuðunum sem eru fram undan. Þess vegna er algerlega ljóst að hér er verið að ráðast gegn tilteknum hluta atvinnulífsins í landinu. Það er í eðli sínu afskaplega ranglátt. Það sér hver maður. Og þá þess heldur að hér er verið að tvöfalda álögur samkvæmt frv. þó ekki sé minnst á þær álögur sem koma á sama atvinnurekstur samkvæmt öðrum skattafrumvörpum sem við erum að fjalla um og það þess heldur að hér er verið að þyngja þessar álögur án þess að gjaldþolið hafi aukist. Þetta er eitt af því sem gerir nál. Kvennalistans svo einkennilegt.

Hv. talsmaður nál., 10. þm. Reykn. Kristín Halldórsdóttir, hefur látið það ítrekað í ljós í þessum umræðum að fyrir alllöngu hefðu hún og hennar félagar e.t.v. verið til viðræðu um að hækka skatt á þessari atvinnugrein þar eð þeim virtist þenslan svo mikil þar. En það hefur komið fram bæði frá þeim og öðrum að þeirri þenslu er ekki lengur fyrir að fara. Að vísu segir í nál. að ein sú grein sem þessi skattur taki til standi með sérstökum blóma og það sé starfsemi banka og annarra aðila á fjármagnsmarkaði þannig að eftir því virðast hv. þm. Kvennalistans geta hugsað sér slíka skattlagningu á þessa aðila. En hvaða aðferð vilja þær nota til þess? Þessir hv. þm. vilja þá skattleggja alla — alla sem nota skrifstofu- og verslunarhúsnæði tvöfalt meira, aðeins samkvæmt þessum lögum, en áður var. Og ekki nóg með það. Svo er helst að sjá sem hv. þm. Kvennalistans, ef ég geng út frá því að þetta nál. túlki skoðanir þm. Kvennalistans, gangi í þá gildru að láta plata ofan í sig einum og einum bita í einu án þess að hugsa um að þær þurfa líka að kyngja ýmsu öðru, að þetta er partur af miklu, miklu stærra máli.

Hér er mælt fyrir því eins og afar eðlilegum hlut að þessi skattur í sjálfu sér muni einn og sér ekki

setja menn á höfuðið samkvæmt því sem einhverjir sem hv. þm. Kristín Halldórsdóttir hefur hitt á götu hafa sagt henni. Ekki trúi ég því á jafngrandvara konu og hv. þm. að hún hafi ekki sagt um leið þessum viðmælendum sínum að þessir sömu aðilar þurfi líka að svara skatti, sem annars vegar birtist í hækkuðu vörugjaldi og hins vegar í hækkuðum tekju- og ekki síst eignarskatti. Ekki trúi ég því að hv. þm. hafi þagað yfir þessari staðreynd þegar hún var að upplýsa viðmælendur sína.

En það eru ýmsir aðrir viðmælendur þingmanna sem hafa haft uppi aðrar skoðanir og aðrar ábendingar. Ábendingar um óréttlæti og ábendingar um það að skatturinn einn og sér verði ekki til þess að mörg fyrirtæki neyðist til að draga enn saman seglin ef þetta ríður þá ekki baggamuninn um að þau fari á höfuðið. Og hverjir eru það sem missa atvinnuna við þetta? Það eru fyrst og fremst konur.

Ég mundi gjarnan vilja ráðleggja hv. þm. að auk þeirra upplýsinga sem hún hefur fengið munnlega frá þessum viðmælendum skuli hún einnig leita sér annarra upplýsinga, t.d. með því að blaða í gegnum rit sem heitir Lögbirtingablaðið og kemur út hálfsmánaðarlega. Hv. þm. ætti að blaða í gegnum þetta rit, tölublöðin frá því seinni partinn í sumar og fram á þennan dag. Ég hygg að niðurstaða hv. þm. væri önnur en hún hefur látið hér í ljós og hv. þm. mundi líka átta sig á því með hvaða þunga þessi hluti þessa skattapakka ríkisstjórnarinnar, sem er afgreiddur í áföngum þessa dagana, muni bitna á konum og atvinnu þeirra.

Ég ætla ekki að fara nánar út í það atriði, en ég held að þetta sé eitt af þeim atriðum sem blasa ekki við augljóslega. Þau ganga ekki fram af orðalagi frv. Þetta einkennilega orð sem var það eina sem hv. hafði áhyggjur af og vildi fá skýringar á var „afgjaldsgreiðsluaðili“ eða eitthvað álíka furðulegt orð. Ég er ekki með frv. meðferðis en það var einkennilega samsett — afgjaldskvaðarverðmæti. Ég bið afsökunar, herra forseti, hve það gengur illa að muna þetta, en það er nú svo að það sem maður ekki skilur getur maður heldur ekki munað og sú er skýringin á þessu. Mér býður þó í grun hvað þetta muni þýða. En það er ekki merking svona orðskrípa sem skiptir máli. Það er það hvernig þetta hittir lifandi fólk í landinu og þá lifandi starfsemi sem þarf að fara fram í landi okkar til þess að hér sé lífvænlegt. Ég vil leyfa mér að óska þess að okkur takist í raun og veru að finna aðra færa leið til að taka þátt í lausn þess vanda sem við er að etja því það er ekki hægt að kalla þetta leið til lausnar vandans. Þess vegna er hún hvorki illfær né fær yfir höfuð. Þetta er ekki leið til lausnar heldur leið til að auka vandann. Ég óska þess að Árni Gunnarsson, hv. 3. þm. Norðurl. e., bæði hann og ýmsir aðrir þingmenn sem vilja gæta réttsýni í þessum málum, láti það verða yfirsterkara áhuga sínum á því að ganga til þessa leiks undir forustu Alþb. og stefnu þess í efnahagsmálum.

Albert Guðmundsson:

Virðulegur forseti. Efnislega vil ég taka undir nál. frá 1. minni hl. fjh.- og viðskn. um frv. sem hér er á dagskrá um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, undirritað af fulltrúa Borgfl. Inga Birni Albertssyni og frsm. Geir H. Haarde. Það sem kom fram hjá hv. frsm. var að mörgu leyti merkilegt. Þar eru útreikningar í prósentutölu og krónutölu á þeim sköttum sem ríkisstjórnin leggur uppsafnað og keðjuverkandi á fyrirtæki, verslunar- og skrifstofuhúsnæði, með þessum eina skatti. Ég tek að sjálfsögðu undir það nál. og það gera flestir ef ekki allir þingmenn Borgfl.

Ég vil líka lýsa yfir stuðningi mínum við þá brtt. sem er á þskj. 240 þar sem flm. Geir H. Haarde leggur til að álagður skattur verði 1,1% í stað 2,2% eins og hæstv. fjmrh. leggur til. Þar er brtt. við 6. gr. fjárlaga.

Í minni fjármálaráðherratíð lækkaði ég þennan skatt úr 1,4% niður í 1,1%. Því miður komst ég ekki neðar með hann í það skiptið, en það var stefna ríkisstjórnarinnar og stefna allra þeirra sem að henni stóðu að fella þennan skatt niður í áföngum og þá var tekið fyrsta skrefið. Þess vegna er mér óskiljanlegt hvað Framsfl. getur haft margar skoðanir. Það fer eftir því með hverjum þeir eru í stjórn að sjálfsögðu. Það er það sem gerir þá eins og gúmmíkarla að þeir geta aðlagað sig svo mörgum skoðunum. T.d. er ekki bara um þennan skatt að ræða, sem átti að fella niður í áföngum, heldur var annar skattur, eins og tekjuskatturinn, sem líka átti að fella niður í áföngum og fleira.

En það sem kemur mér til að standa upp og tala er nál. hv. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. í þessu máli, þ.e. fulltrúa Kvennalistans Kristínar Halldórsdóttur. Ekki kannski svo mikið um skoðun Kvennalistans. Hún skiptir út af fyrir sig engu máli, ekki nokkru máli því þær hafa haft skoðanir til og frá, en aldrei þorað að taka neinar afdrifaríkar og ábyrgar ákvarðanir þegar til leiks kemur, eða þegar út í alvöruna kemur. En það er þessi almenna skoðun sem Kvennalistinn virðist ætla að nota sér og gerir oft af því að þær halda að það nái til einhvers ákveðins óánægjuhóps úti í þjóðfélaginu.

Í upphafi segir í nál.: „Við dreifingu skattbyrða telja kvennalistakonur eðlilegt að horfa til hinna breiðu baka í þjóðfélaginu.“ Hin breiðu bök í þjóðfélaginu eru þá þeir sem nota verslunar- og skrifstofuhúsnæði í þessu tilfelli. En ég vildi gjarnan spyrja þessar virðulegu þingkonur: Gera þær sér grein fyrir því hvað það eru margir fyrrverandi sjálfstæðir atvinnurekendur, sem hafa þurft að standa undir öllum þeim byrðum í sköttum og öðru sem á atvinnurekstur eru lagðar og þá náttúrlega sérstaklega verslunar- og skrifstofuhúsnæði, sem ganga nú um sem gamalt fólk og hafa ekkert skjól og hvergi höfði sínu að halla, eru ekki einu sinni meðlimir í lífeyrissjóðum? Afrakstur af þeirra ævistarfi er enginn vegna þess að þeir hafa verið ábyrgir fyrir öðru starfsfólki. Þetta eru þessi breiðu bök sem

þjóðfélagið er alltaf að elta.

Síðan kemur seinna í nál. þeirra að sú afstaða þeirra styðst enn fremur við nauðsyn þess að hamla gegn offjárfestingu og þenslu í þessum greinum. Sér er nú hvert afrekið sem Kvennalistinn ætlar að vinna með þessari afstöðu sinni. Á hvern hátt ætlar Kvennalistinn að hamla og gegn hverju? Byggingum eins og dagblaðanna, Morgunblaðið, Dagblaðið, Alþýðublaðið eða eitthvað slíkt? Átta kvennalistakonur sig á því eða fólk almennt sem hefur þessa skoðun að lýðveldið er ekki nema rúmlega 40 ára, 44 ára? Veit fólk hvað var til hér í gömlum fjárfestingum? Veit fólk hvaða húsnæði þessi atvinnurekstur þurfti að nota fyrir stofnun lýðveldisins? Það var lítið annað en kofabyggingar. Hér var ekkert sem hét yfirbygging á atvinnuhúsnæði. Ef þetta virðulega fólk hefur séð myndir af stærstu vöruskemmum sem þá voru, Eimskipafélagsskemmurnar, þá voru það kofabyggingar sem í voru bæði Eimskipafélagið, Sameinaða gufuskipafélagið, Jes Zimsen og fleiri. Það er engin þensla í því að þessi fyrirtæki byggðu yfir sig. Þetta er eðlileg þróun. Þetta er eðlileg þróun frá því að í Reykjavík bjuggu 30.000 íbúar fyrir nokkrum áratugum upp í það að vera nú nærri 100.000 íbúar. Fólk bjó hér í gömlum moldarkofum í stórum hópum, síðan kom bárujárnsþróunin og nú erum við komin í steinsteypu. Þetta er fjárfestingin. Vilja þær halda fólkinu og fyrirtækjum í sama horfi frá einum tíma til annars? Ég held að þær átti sig bara ekkert á því hvað þær eru að tala um, hafa ekki hugmynd um hvað þær eru að tala um.

Aftur á móti hefði kannski mátt fara svolítið hægara í að byggja Mjólkursamsöluna nýju, Osta- og smjörsöluna nýju, það voru til nothæf hús fyrir og stór. Háskólinn er kominn með margar deildir út um allan bæ sem búið er að byggja og breyta úr gömlu í nýtt, má segja. Við getum tekið kirkjurnar líka til þess að hafa þær með sem hafa verið byggðar hingað og þangað. Allt eru þetta fjárfestingar fyrir opinbert fé. Þjóðarbókhlaðan kemur beint inn í rekstur og fer sem útgjaldaliður í fyrirtæki. Við getum líka talað um sjúkrahús. Það er gríðarleg þróun í því. Leikhús, heilsugæslustöðvar. Og Samband ísl. samvinnufélaga hefur byggt hingað og þangað og er að byggja stórhýsi. Það gamla var ekki nógu fínt. Og ríkið er sjálft að endurbyggja það hús allt og á þremur stöðum við Sölvhólsgötu og Ingólfsstræti. Ríkið sjálft er búið að breyta og byggja um alla borgina, hingað og þangað. Allt er þetta þensluaukandi. Svo ég tali ekki um Seðlabankann. Og Víðir. Nei, hvað heitir það? Ég man ekki í augnablikinu hvað þessi stóra og fína verslun heitir í Mjóddinni. (**Gripið fram í:** Og Kringlan.) Kringlan, já. Kringlan er fjárfesting um 20, 30, 40 fyrirtækja, en þar eru 70 til 80 fyrirtæki hýst og á eftir að hýsa fleiri. En móðurfyrirtækið sem stendur að þessari byggingu og hefur selt vörur lægra en nokkur annar, lægra en Sambandið sem nýtur sérréttinda í skattalögum og sjóðamyndunum, hefur selt ódýrari vörur, hefur verið í leiguhúsnæði. Það hefur rekið sitt fyrirtæki í skemmubyggingu. Er það óeðlileg fjárfesting að flytja í eitthvað nýtt eftir áratuga starfsemi? Ég skil ekki þá hugsun sem kemur fram í þessu.

Þetta eru þessi ótrúlegu umsvif sem hafa verið á Reykjavíkursvæðinu fyrir utan það sem fólk hefur verið að færa sig úr moldarkofum, úr bárujárnsbyggingum yfir í steinsteypu og eins vegna fjölgunar. En ef við förum um landið vítt og breitt sjáum við að þessi uppbygging hefur blessunarlega verið alls staðar um landið. Það eru komin nákvæmlega sams konar hús úti á landi, bæði verksmiðjuhús og híbýli nákvæmlega eins og í Reykjavík með malbikuðum götum. Sem betur fer hefur þessi þróun verið í rétta átt. Það má segja að þegar við hlutum sjálfstæði 1944 höfum við byrjað á núlli því hér var ekkert til sem hægt er að kalla menningarverðmæti í byggingum eða jafnvel minnismerkjum. (**PP:** Mundu eftir Jónasi.) Ég man eftir Jónasi. Ég man vel eftir Jónasi og man eflaust betur eftir Jónasi Jónssyni en framsóknarmaðurinn Páll Pétursson og þekkti hann miklu betur persónulega og það er eins konar guðlast að vera að kalla fram í og nota hans nafn.

Svona gengur þetta til og við skulum fagna því og við skulum líka fagna því á vissan hátt að þó að þenslan hafi skapað einhverjar skuldir, þó að ríkið eða þjóðin skuldi eitthvað þess vegna, þá tel ég að kynslóðin sem hefur staðið að uppbyggingunni hafi gert vel í að byggja fyrir framtíðina. Ef börn framtíðarinnar ættu eftir öll þau verkefni sem hafa verið leyst af hendi hér fyrir lánsfé litist mér ekki á. Ég hef miklu minni trú á þeirri kynslóð, kóka kóla og prins póló, en aldamótafólkinu og þeirri kynslóð sem kom þar næst. Það var ekki bara skólaskírteinafólk.

Allar þessar opinberu framkvæmdir fara út í verðlagið. Fyrir hvaða fé haldið þið að Hótel Saga hafi verið byggð? Hótel Saga er eina hótelið sem ég þekki hér sem ekki hefur verið í neinum vandræðum vegna þess að hver sopi sem hvert mannsbarn drekkur eða mjólkurvara sem það borðar gefur eitthvað í sérsjóði Hótel Sögu. Allir einkaaðilar sem hafa farið út í hótelbyggingar hafa ýmist verið í vandræðum, mjög miklum vandræðum eða hreinlega farið á hausinn. Og svona er það með verslunarmenn líka sem hafa farið út í sjálfstæðan rekstur vegna þess að álagið er of mikið og það er ekki endalaust hægt að bæta við álagningu á fyrirtæki sem eru undir verðeftirliti og reyna að verjast óseðjandi klóm ríkisins. Þennan skatt á nú að tvöfalda og rúmlega það. Jafnvel yrðu þetta 140% samkvæmt útreikningum hv. 17. þm. Reykv. Það er ekki lítill skattur ofan á allt annað. Af hverju halda menn að fyrirtæki og einstaklingar séu í vanda og séu að loka? — Er hv. 1. þm. Reykv. að koma í veg fyrir að hæstv. fjmrh. heyri það sem ég segi eða hver hefur orðið? Það er óþægilegt að tala í kapp við aðra. Af hverju halda menn að fyrirtæki og einstaklingar séu í vanda, fari á hausinn meira en nokkurn tíma áður sem ég veit til? Fyrirtækin hrynja. Það er vegna þess að þeim er íþyngt á nákvæmlega þann hátt sem hér

er verið að leggja til á margan hátt í ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar núna, því miður. En það getur vel verið að það sé rétt að menn þurfi að sökkva til botns til að fá viðspyrnu til að komast upp aftur. Bara að þeir drukkni ekki á leiðinni. Það er það sem ég er ansi hræddur um að hafi komið fyrir flesta þegar jafnvel kaupfélögin eru að loka um landið allt og Samband ísl. samvinnufélaga, sem hefur hingað til í hugum manna verið sterkt, ríkt og virðulegt, er að hrynja. Það á í sínum vanda. Ég vil ekki sjá Sambandið í vanda frekar en ég vil sjá einstaklinga í vanda. Ég hef áður sagt það hér að ef þessu heldur áfram og Samband ísl. samvinnufélaga og sá vinnumarkaður sem Sambandið veitir um land allt hrynur erum við með verra og stærra vandamál en við ráðum við og heldur en nokkurt annað þjóðfélag vegna þess að þau hafa vaxið úr grasi hlið við hlið, Samband ísl. samvinnufélaga og íslenska þjóðfélagið. Við þurfum á hvoru tveggja að halda. Annars vegar er frjálsi markaðurinn og hins vegar samvinnuhreyfingin. Ef við ekki skiljum það erum við að blekkja hver annan. Það er með svona álögum, 100–140% hækkun á sköttum, sem við drepum allan hvata í íslensku þjóðfélagi, hvata til að gera vel.

Ég vil segja það að mikið vildi ég að ég hefði haft — ég veit ekki hvort ég á að segja vit eða kjark til þess að taka þá ákvörðun sem hæstv. fjmrh. tók í gær samkvæmt fréttum þegar hann breytti dagsetningu á kreditkortum eða innheimtu söluskatts. Því fagna allir vegna þess að það sparar stórfé öllum þeim sem skipta með kreditkort. Við skulum fagna því sem vel er gert og ég veit að atvinnurekendur fagna. Þeir eru þakklátir fyrir þessa ákvörðun hæstv. ráðherra. En það þarf meira af svona ákvörðunum. Það þarf meira af þessu líka til að bjarga því sem bjargað verður. Þeim sem hafa þegar farið á hausinn, hvort sem það eru kaupfélög, einstaklingar eða hlutafélög, verður að bjarga einhvern veginn og það verður að gera það með því að draga í land en ekki á þann hátt sem þetta frv. bendir til að eigi að gera. Því það eykur á vandann.

Ég þarf ekki að endurtaka þó að ég geri það að ég er að sjálfsögðu á móti þessu frv. og ég þakka 1. minni hl. fjh.- og viðskn. og frsm. Geir H. Haarde fyrir þær upplýsingar sem hann hefur haft mikið fyrir að afla sér og reikna út og gefa okkur. Ég vona að það verði tekið mark á þeim og ég lýsi andstöðu minni við frv. eins og það kemur frá hæstv. fjmrh. eða ríkisstjórn. Þó ég hefði viljað sjá þær prósentutölur sem ég lækkaði úr 1,4 í 1,1 fara neðar, niður fyrir 1% í ár, hefði ég verið reiðubúinn að beita mér fyrir því að félagar mínir í Borgfl. styddu þá brtt. að skatturinn yrði 1,1% því það er alveg ljóst að þó að við viljum ekki ganga eins langt og fjmrh. í mörgum sköttum eða skattheimtu vitum við að skatta verður að innheimta og það er ekki tími nú til að draga eins mikið úr og ég hefði viljað, því miður. En samráð hefur ekki verið haft við okkur, engar viðræður hafa farið fram um hugsanlegt samkomulag um einhverja millileið og ég undirstrika það eins og aðrir sem hér hafa talað, bæði kvennalistafulltrúar og sjálfstæðismenn, ég held að ég muni það rétt, að í þessum umræðum hafa báðir þessir flokkar staðfest það, sem ég staðfesti nú fyrir Borgfl., að við okkur hefur ekki verið rætt um málamiðlun.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Kristín Halldórsdóttir bar fram þá fyrirspurn hvernig bæri að skilja orðið „afgjaldskvaðarverðmæti“ í 3. gr. Þetta orð mun vera ættað úr framkvæmd eignarskatts og nákvæm skilgreining á þessu orði mun vera 15-föld árleg lóðarleiga.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Kristín Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að halda uppi löngum umræðum um þetta þingmál. Ég hef þegar gert grein fyrir afstöðu okkar kvennalistakvenna í tiltölulega fáum og vonandi sæmilega skýrum orðum. Okkur hv. 3. þm. Reykv. greinir á um túlkun á því hvaða bök geti talist breið og hver ekki nú um þessar mundir. Ég tel ekki vafa leika á því með tilliti til óhóflegrar fjárfestingar og umsvifa í verslun og þjónustu af því tagi sem hér er til umræðu að þar hafa verið fjárráð í lagi eða þá er e.t.v. einhver skortur á fyrirhyggju, ég skal ekki segja. En í þessum greinum kom góðærið fyrst og fremst fram og blómaskeiðið er ekkert í fjarlægri fortíð án þess að ég sé á nokkurn einasta hátt að gera lítið úr undanhaldi þess blómaskeiðs.

Hún minnti á það að hér væri um að ræða þann hluta atvinnulífsins sem hefur að gera með þjónustu borgaranna, eins og hún orðaði það. En ég vil benda á það aftur að stærstan hluta þessa skatts greiða bankar og fjármagnsaðilar. Inn í þann fríða flokk má taka aðila eins og aðalverktaka og fleiri og fleiri.

Ég lýsti því áðan og get endurtekið að við kvennalistakonur teljum þennan skatt ekki óbærilegan fyrir gjaldendur hans og í því áliti felst að mínu mati síður en svo fjandskapur við þá aðila, miklu fremur traust og ég bið menn að skilja það.

Ég get tekið undir ýmislegt sem hv. 3. þm. Reykv. sagði og vissulega vildum við báðar efalaust vera alveg lausar við að leggja skatt á nokkurn einasta mann eða aðila. Það er einfaldast og auðveldast að vera bara á móti öllum tekjuöflunarleiðum. Það er líka mjög freistandi fyrir stjórnarandstæðinga vegna þess að þeir bera ekki nákvæmlega sömu ábyrgð á fjármáladæminu, á ríkisbúskapnum og þingmenn stjórnarflokkanna. En hvað sem hv. þm. finnst um vinnubrögð okkar kvennalistakvenna, eins og henni varð tíðrætt um, gerum við út um þau í okkar eigin þingflokki án áhrifa eða ráðlegginga frá sjálfstæðismönnum né nokkrum öðrum þingflokkum.

Hvað varðar ræðu hv. 5. þm. Reykv., þá er augljóst að okkur greinir einnig nokkuð á, t.d. um hvað sé eðlileg þróun í útþenslu fyrirtækja, skrifstofuhúsnæðis o.s.frv. Hann virðist telja að húsnæði t.d. banka, aðalverktaka, kringluhúsnæði og fleira af því

tagi sé eðlileg þróun. Ég skal ekki deila um það nú, en við kvennalistakonur erum ekki einar um þá skoðun að í þessum efnum hafi verið um þenslu og offjárfestingu að ræða. Hann minntist á að hann hefði fundið nákvæmlega sams konar hús úti um landið, en ég minni á það að þrátt fyrir það eru nú aðeins 10% af þessum skatti innheimt þar. En borgaraflokksmenn og sjálfstæðismenn hafa ekkert síður en við kvennalistakonur samsinnt því að ríkissjóður væri í vanda staddur og þá verða þeir að svara því hvernig þeir telja rétt að afla tekna. Það er okkar mat að sá skattur sem hér um ræðir komi ekki illa við þá lægst launuðu.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Það er í sjálfu sér ekki mikil þörf að lengja þessar umræður. Flestöll rök í þessu máli hafa komið hér fram. Hv. 3. þm. Norðurl. e., einn af þingmönnum stjórnarflokkanna, flutti þó mjög skilmerkilega ræðu og færði fram á afar einfaldan og skýran hátt öll þau rök sem mæla gegn þessari skattheimtu. Hann benti réttilega á að þessi skattur leggst misjafnlega á verslunar- og skrifstofustarfsemi í landinu. Þar sem eftirspurn er ríkjandi og umsvif í góðu lagi fer þessi skattur sjálfkrafa út í verðlagið. Þar sem samdráttur er, einkanlega úti á landsbyggðinni, verða þau fyrirtæki sem verst eru stödd að bera skattinn sjálf. Þannig er ekki alveg einhlítt að neytendur beri skattinn. Þar sem aðstæður atvinnufyrirtækjanna eru verstar leggst þetta ofan á þær byrðar sem fyrir eru og það er einkanlega á landsbyggðinni.

Þetta voru og eru mjög skýr rök sem einn af þingmönnum stjórnarflokkanna teflir hér fram. Hann benti líka réttilega á að það er mjög algengt í leigusamningum að þar sé beinlínis tekið fram að þeir sem leigja húsnæði skuli greiða skattinn og þar með fer þessi hækkun út í leiguna þrátt fyrir að ríkisstjórnin hefur sett um það lagaákvæði að húsaleiga megi ekki hækka. Og það er athyglisvert að einmitt þingmaður Alþfl., sem fer með verðgæslumál, skuli á svo skýran hátt benda á þessa staðreynd hér í umræðunum.

Það hefur áður verið dregið fram að þar sem aðstaða er fyrir hendi og eftirspurn er fyrir hendi fer þessi skattur út í verðlagið. Hv. 17. þm. Reykv. hefur með skýrum tölum sýnt fram á þá gífurlegu ávöxtunarkröfu sem ríkisstjórnin er að stefna að að eigendur verslunar- og skrifstofuhúsnæðis þurfi að hafa. Sú ávöxtunarkrafa gengur þvert gegn markmiðum ríkisstjórnarinnar og ég hygg allra flokka í þinginu að lækka vexti í þjóðfélaginu. En þessi gífurlega ávöxtun fer út í verðlagið smám saman. Hjá því verður ekki komist. Eigendur þessa húsnæðis verða að ávaxta sitt fjármagn eins og ríkisstjórnin stefnir að að þeir geri, segir þeim að gera og það gerist ekki nema þeir velti þeim kostnaði út í verðlagið. Það er mjög skýrt dæmi sem hér hefur áður verið minnt á sem lýtur að kaupfélögunum. Sumir hafa sagt: Þeir sem breiðu bökin hafa eiga að bera skattinn, hinir miklu stóreignamenn í landinu. En einmitt í kaupfélögunum kemur það mjög skýrt fram að það er reksturinn og neytendur þjónustunnar sem bera þetta. Hæstv. fjmrh. er meðlimur í kaupfélagi og hann hefur fyllilega með þögn sinni margítrekað staðfest að hann ætlar ekki fremur en aðrir eigendur kaupfélaganna að bera þennan skatt. Hann ætlar að láta sitt kaupfélag bera þennan skatt uppi í rekstrinum og velta honum yfir á neytendurna. Hann ætlar ekki fremur en aðrir eigendur Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis að bera þennan skatt sjálfur. Og ef samvinnufélögin velta þessu með þessum hætti út í reksturinn og til neytendanna — ja, ætli það séu þá ekki líkur á því að þeir sem reka fyrirtækin með öðru rekstrarformi geri það líka? Þannig liggja þessi rök afar skýr fyrir og þarf ekki að fara mörgum orðum um það.

En hv. 3. þm. Norðurl. e., þingmaður Alþfl. sem mælti svo glögglega og skilmerkilega gegn frv., sagði að hann hefði verið þeirrar skoðunar að það hefði verið eðlilegt af ríkisstjórninni að koma til móts við þessi sjónarmið sem borin hafa verið fram í þinginu, einkum af þingmönnum stjórnarandstöðuflokkanna. M.ö.o.: það hefði verið rétt af ríkisstjórninni að semja um minni skattheimtu í formi þessa skatts. Þrátt fyrir andstöðu sína telur hann eðlilegt við núverandi aðstæður í ríkisfjármálum að innheimta þennan skatt en óeðlilegt að tvöfalda skattheimtuna og lagði á það áherslu að hans skoðun hefði verið sú. Ég dró þá ályktun af máli hans að ríkisstjórnin hefði beinlínis hafnað þessu sjónarmiði, að hann hafi borið það fram innan ríkisstjórnarliðsins en ríkisstjórnin hafnað því. Og þá kem ég hér að því atriði sem hv. 2. þm. Reykn. vakti máls á fyrr í þessari umræðu.

Ekki alls fyrir löngu sagði hæstv. forsrh., sem að vísu er ekki viðstaddur þessa umræðu, í viðtali við Þjóðviljann að þau mál sem ríkisstjórnin ætlaði að ná fram fyrir jólaleyfi þingmanna væru mikil umfangs og viðkvæm. Það væri eðlilegt að semja um framgang þeirra við alla flokka í þinginu, líka stjórnarandstöðuflokkana, og að menn mættust á miðri leið. Hæstv. fjmrh. lýsti því svo yfir úr þessum ræðustól að það mætti ekki taka þessi ummæli hæstv. forsrh. bókstaflega — og er það orðið býsna algengt að hver ráðherrann á fætur öðrum standi hér upp og lýsi því yfir að það megi ekki undir nokkrum kringumstæðum taka ummæli hæstv. forsrh. bókstaflega. Það þarf orðið að spyrja að því hvort eigi að taka ummæli hæstv. forsrh., því að ekki liggur hann nú á liði sínu að tala, eins og venjulega eða hvort eigi að taka mark á þeim. En þetta var mjög skýr yfirlýsing frá þeim ráðherra sem hefur með verkstjórn að gera í mótun efnahags-, atvinnu- og fjármálastefnu á vegum ríkisstjórnarinnar.

Sá hæstv. ráðherra hefur lagt á það mikla áherslu að ríkisstjórnin sé í viðræðum við flokka stjórnarandstöðunnar og gerði lengi vel mikið mál úr því í fjölmiðlum, dró svo nokkuð í land þegar athygli var vakin á því að engar samningaviðræður hefðu farið

fram, en sagðist hafa tekið alvarlega yfirlýsingar sjálfstæðismanna um það efni að slíkar viðræður gætu ekki hafist fyrr en öll frv. ríkisstjórnarinnar væru komin fram. Þessi hæstv. ráðherra og aðrir talsmenn ríkisstjórnarinnar hafa þráfaldlega lagt á það áherslu, þrátt fyrir þá ábyrgð sem þeir hafa tekið á sig, að þeir gætu ekki deilt einir þeirri ábyrgð að sitja í ríkisstjórn og bera ábyrgð á þeim málum sem ríkisstjórnin ber fram á Alþingi. Afl þeirra væri ekki meira en svo að þeir yrðu að fá sameiginlega ábyrgð allra þingflokkanna, líka þeirra sem ekki hafa komið að stefnumótuninni. Sjálfstfl. hefur fyrir sitt leyti sagt þetta: Hann getur ekki undir neinum kringumstæðum tekið ábyrgð á þeirri háskastefnu sem hæstv. fjmrh. hefur knúið þessa ríkisstjórn til að fylgja og ég þykist vita að er í andstöðu við Framsfl. Sjálfstfl. getur undir engum kringumstæðum tekið ábyrgð á þeirri háskastefnu vegna þess að skyldur hans og ábyrgð eru gagnvart atvinnulífinu og fólkinu í landinu, en háskastefna hæstv. fjmrh. beinist gegn hagsmunum atvinnulífsins og fólksins í landinu. Sjálfstfl. er hins vegar reiðubúinn til þess, ef það er rétt að ríkisstjórnin teysti sér ekki til að bera ein ábyrgð á framgangi mála, að ræða þau öll í heild sinni, efnahagsstefnuna, gengisstefnuna, sem er forsenda fjárlagafrv., fjárlagafrv. í heild að breyttri efnahagsstefnu og þar af leiðandi skattalöggjöfina sem nauðsynlega þarf að fylgja fjárlögum. Til þessa er Sjálfstfl. að sjálfsögðu reiðubúinn. En ef ríkisstjórnin hefur meint eitthvað með yfirlýsingum sínum um að hún ein gæti ekki borið ábyrgðina og aðrir yrðu að hlaupa undir bagga hljóta allir að sjá að slíkar viðræður verða að hefjast áður en kemur að atkvæðagreiðslu um fyrsta skattamál ríkisstjórnarinnar sem nú á að afgreiða fyrir jólaleyfi þingmanna.

Það hljóta allir að sjá að ef slíkar viðræður og sameiginleg ábyrgð, sem hlýtur þá að byggjast á breyttri efnahagsstefnu, á að vera eitthvert alvörutal þurfa menn að setjast niður og ræða í heild sinni þetta viðfangsefni. Eftir að fyrsta skattafrumvarpið hefur verið afgreitt með atkvæðagreiðslu er alveg augljóst að lítið gagn er að slíkum viðræðum. M.ö.o.: hæstv. ríkisstjórn hefur ekki óskað eftir slíkum viðræðum fyrir þá atkvæðagreiðslu sem fer fram við lok þessarar umræðu. Það þýðir skýrt og skilmerkilega að allt tal og allar óskir um sameiginlega ábyrgð voru markleysa ein, voru áróðursbrögð og skinhelgi ein og engin meining á bak við það og eins og hæstv. fjmrh. hefur sagt um ummæli hæstv. forsrh. „ástæðulaust að taka þau bókstaflega".

Sjálfstfl. ætlast ekkert til þess að ríkisstjórnin efni til slíkra viðræðna og er ekki með neinar óskir þar um, en það er nauðsynlegt að það liggi alveg skýrt fyrir áður en þessari umræðu er lokið að ríkisstjórnin hefur augljóslega ekkert meint með öllu þessu tali fyrir þá sök að hún hefur ekki óskað eftir heildarviðræðum um viðfangsefnið í heild sinni áður en gengið er til þessarar atkvæðagreiðslu.

Ég harma að ríkisstjórnin skuli hafa stigið ofan á þingmenn sína sem ekki bara í þessu máli heldur í ýmsum öðrum hafa látið uppi efasemdir um réttmæti stjórnarstefnunnar og verið að óska eftir því, þingmenn stjórnarflokkanna, hefur komið fram í þessari umræðu, að ríkisstjórnin víki af þessari röngu leið, taki tillit til hagsmuna atvinnulífsins og fólksins í landinu, víki af þessari leið og efni til viðræðna við þá flokka sem vilja standa að breyttri stjórnarstefnu eins og fram kom hjá hv. þm. Alþfl. Árna Gunnarssyni fyrr í þessari umræðu. Auðvitað er það harmsefni að ríkisstjórnin skuli skella skollaeyrum við slíkum málflutningi sinna eigin þingmanna. En við því er auðvitað ekkert að gera, staðreyndirnar tala sínu máli. Það liggur fyrir að Framsfl. ætlar að sætta sig við þá efnahags- og atvinnustefnu sem hæstv. fjmrh. hefur mótað og knúið hér fram og þá helstefnu sem skattafrv. hans bera með sér.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég vænti þess að menn átti sig á því að hér eru að gerast sögulegir atburðir. Hv. 17. þm. Reykv. talaði fyrir minnihlutaáliti og teygði sig svo langt í samkomulagsátt við ríkisstjórnina að hann brýtur stefnuskrá Sjálfstfl., en eins og allir vita er það algjört bannorð samkvæmt stefnuskrá Sjálfstfl. að leggja til skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Þetta gera þeir nú af fúsum og frjálsum vilja, jafnvel þó að ríkisstjórnin hafi alls ekki gengið til þeirra heildarsamninga sem formaður Sjálfstfl., hv. 1. þm. Suðurl., hefur lagt til að yrði gert og ekkert nema gott um að segja. Ég tel að þessi sögulegi atburður á þessu sviði sé mjög merkur og það sem ágreiningurinn stendur um í dag er hæð þessarar prósentu, ekki hitt að það sé rétt að leggja skattinn á. Mér sýnist þetta lofa nokkru góðu um viðhorf Sjálfstfl. til þeirra skattafrv. sem liggja fyrir þinginu og þá stefnubreytingu sem er að vænta úr þeirra herbúðum og verð að segja eins og er að batnandi mönnum er best að lifa. Og mér sýnist að hv. 1. þm. Suðurl. hafi áttað sig á því að sú stefna sem hann hafði fylgt og leitt flokkinn fram undir skilaði ekki þeim árangri sem hann ætlaði sér.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það er alveg sjálfsagt að ræða þetta mál áfram og mun ítarlegar ef það er ósk stjórnarliðanna og þeirra sem þar ráða. Ég geri ráð fyrir því að það geti tekið töluverðan tíma að koma því inn í hausinn á hv. 2. þm. Vestf. að hér er spurningin um að bjarga því sem bjargað verður í þessu máli, koma í veg fyrir að þessi skattur verði tvöfaldaður með tillögu í þá átt að hann verði óbreyttur frá því sem verið hefur.

Það er alveg rétt að það er vond skattastefna að mismuna atvinnugreinum og leggja á sértæka skatta. Sennilega hefur þó enginn ræðumaður í þessum umræðum rökstutt það jafn vel og hv. 3. þm. Norðurl. e. Árni Gunnarsson sem flutti mjög magn-

aða ræðu fyrir skömmu gegn þessu frv. þó svo að hann hyggist að vísu styðja það. Hann hefur færi á því að sýna hug sinn í verki með því að styðja þá brtt. sem við höfum lagt fram, sjálfstæðismenn, til sátta í þessu máli, en heimspekilegar vangaveltur hv. 2. þm. Vestf. Ólafs Þ. Þórðarsonar um hvernig beri að túlka stefnuskrá Sjálfstfl. læt ég mér almennt séð í léttu rúmi liggja.

Við gerum okkur grein fyrir því að fjárhagsstaða ríkissjóðs er erfið og við höfum verið tilbúnir að koma til móts við þá staðreynd með því að falla frá grundvallarviðhorfi í þessu máli enn um sinn og halda áfram þessari skattlagningu og það meira að segja án þess að til hafi komið heildarsamningar um tekjuöflunarfrumvörpin öll.

Það er rétt hjá hv. þm. að hér er einungis á ferðinni vottur eða vísbending um að Sjálfstfl. er alvara þegar hann talar um það að koma til móts við þessa ríkisstjórn í einstökum málum, en á því er hins vegar, eins og fram hefur komið í umræðunni, enginn áhugi að öðru leyti og við kippum okkur þá ekkert upp við það ef enginn áhugi er á því að ræða þessi mál á breiðum grundvelli.

Ég ætti kannski að rekja nánar fyrir hv. 2. þm. Vestf. hver áhrif þessa skatts eru efnahagslega séð, en þar sem ég veit að það mun engu breyta um skilning hans á þessum efnum (**ÞÞ:** Það má reyna.) ætla ég ekki að þreyta aðra þingmenn hér inni á því. (**ÓÞÞ:** Það má semja um einkatíma.) Já, ég skal frekar gefa honum einkatíma. Ég hef lokið máli mínu, herra forseti.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 25:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JóhS, JBB, JK, JónS, JSS, KE, KH, MálmS, ÓÞÞ, PP, SighB, SV, NL, SJS, ÞÞ, AG, AS, ÁrnG, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, HG, KJóh.

nei: KrP, MÁM, ÓE, ÓÞG, PJ, RH, ÞP, BÍG, EH, FÞ, FrS, GHH.

AðB greiddi ekki atkvæði.

4 þm. (IBA, MB, RA, HJ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Vegna mikilla anna í hv. fjvn. hefur mér ekki gefist kostur á að vera við þessa umræðu og vil því gera örstutta grein fyrir minni afstöðu við atkvæðagreiðsluna.

Ég held að reynslan sýni að þessi skattur hafi innheimst mjög illa, m.a. vegna þeirra erfiðleika sem verslunarrekstur á Íslandi, ekki síst á landsbyggðinni, hefur búið við, sérstaklega á undanförnum mánuðum. Í öðru lagi óttast ég að þegar menn vega saman áhrif þessarar skattlagningar og eignarskatta séu menn að mismuna mjög verulega í eignarskattlagningu lögaðilum annars vegar og einkaaðilum eða einstaklingum hins vegar. Hér er hins vegar um að ræða samkomulag stjórnarflokkanna sem ég stend að sjálfsögðu að þó ég sjái ýmsar brotalamir á þessu máli. Ég segi já.

Albert Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Þó að ég hafi lýst mig andvígan þessum sérstaka skatti á verslunar- og skrifstofuhúsnæði hef ég líka lýst mig samþykkan því að 1,1% brtt. eigi rétt á sér þannig að ég get ekki sagt nei við því að skatturinn sé settur á og svo já við því að 1,1% skattur komi á. Ég segi já við atkvæðagreiðslu um 1. gr.

2.–5. gr. samþ. með 24:7 atkv.

Brtt. 240 felld með 24:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BÍG, EH, FÞ, FrS, GHH, KrP, MÁM, ÓE, PJ, RH, ÞP, AG.

nei: ÁrnG, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, HG, JóhS, JBB, JK, JónS, JSS, KE, KH, MálmS, ÓÞÞ, PP, SighB, SV, NL, SJS, ÞÞ, AS, KJóh.

ÓÞG, AðB greiddu ekki atkvæði.

4 þm. (HJ, IBA, MB, RA) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Þessi brtt. er í og með flutt til að gefa þeim þingmönnum Alþfl. sem hafa talað gegn þessum skatti tækifæri til að standa við sannfæringu sína og koma til móts við stjórnarandstöðuna í þessu máli. Greiði þeir hins vegar atkvæði gegn skattinum eins og einn þeirra hefur þegar gert kemur í ljós að ræðuhöld þeirra gegn þessu máli og umhyggja þeirra fyrir þeim sem greiða þennan skatt og umtal þeirra um hversu ranglátur hann sé, allt þetta tal er þá ekkert að marka. Ég segi já.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það skal játað að mér væri ljúft að greiða atkvæði með tillögu frá Sjálfstfl. um skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Því miður er ég bundinn af ákvörðun um hærri prósentu og segi því nei.

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Ég hef áður lýst skoðun minni á þessu máli og ætla ekki að endurtaka það. Ég er hins vegar aðili að samkomulagi sem hefur verið gert. Ég ætla að standa við það samkomulag og skorast ekkert undan ábyrgð af því. Ég segi nei.

Albert Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég er ekki í „því miður-klúbbnum“ og segi því já.

6. gr. samþ. með 22:13 atkv.

7.–10. gr. samþ. með 23:10 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 26:1 atkv.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1988, 2. umr.

Stjfrv., 158. mál (gjald af erlendum lánum). — Þskj. 169, n. 230 og 236.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á þskj. 236 liggur fyrir nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. til dagskrármálsins. Nefndin hefur athugað málið og leggur meiri hl. nefndarinnar til að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það liggur fyrir á þskj. 169. Stefán Valgeirsson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur afgreiðslu þessari.

Undir þetta rita Páll Pétursson, Árni Gunnarsson, Ragnar Arnalds, Guðmundur G. Þórarinsson og Kristín Halldórsdóttir.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti minni hl. hv. fjh.- og viðskn., en hann skipar auk mín hv. þm. Ingi Björn Albertsson. Við höfum lagt fram svofellt nál.:

„Undirritaðir nefndarmenn leggja til að frv. verði fellt.

Hér er um að ræða framhald skattlagningar á erlendar lántökur sem margyfirlýst hefur verið af stjórnvöldum að verði afnumin um næstu áramót. Við það fyrirheit ber að standa. Tilgangur þessarar skattlagningar var upphaflega að reyna að slá á þenslu í efnahagslífinu, en kunnáttumenn sem kallaðir voru á fund nefndarinnar hermdu þó að skatturinn hefði haft lítil áhrif í því efni. Þenslan hefur nú breyst í samdrátt og vinnur áframhaldandi skattlagning því gegn upphaflegu markmiði sínu.

Hafi skatturinn hins vegar haft þau áhrif að fresta lántökum einhverra aðila um hríð er ljóst að slík áhrif munu hverfa verði hann gerður varanlegur.

Við þetta er því að bæta að skattur sem þessi jafngildir í raun tvenns konar gengi. En tvöföld gengisskráning gengur gegn alþjóðlegum skuldbindingum Íslendinga.

Vekur mikla furðu að ríkisstjórn, sem verður í orði tíðrætt um nauðsyn þess að undirbúa íslenskt efnahagslíf undir hinn sameinaða Evrópumarkað 1992, skuli í verki festa í sessi nýjar hindranir í gjaldeyrismálum. Augljóst er að slík breyting stefnir í þveröfuga átt við það sem er að gerast í Evrópu og gengur þvert gegn þeirri nauðsyn að afnema hindranir í gjaldeyrisviðskiptum Íslendinga og koma þar á auknu frjálsræði."

Undir þetta nál. rita Ingi Björn Albertsson og Geir H. Haarde.

Við þetta nál., herra forseti, er í sjálfu sér ekki miklu að bæta. Það eru eilítið skiptar skoðanir um hvort þessi gjaldtaka á lántökur hafi haft þau áhrif sem til var ætlast, þ.e. hvort skattlagningin hafi dregið úr erlendum lántökum. Um það er erfitt að fullyrða en hitt er ljóst, eins og fram kemur í þessu áliti, að hafi einhverjir aðilar frestað sínum lántökum eingöngu vegna skattsins munu þeir að sjálfsögðu ekki gera það áfram ef hann verður lagður á til frambúðar.

Ég vil hins vegar leggja sérstaka áherslu á það sem fram kemur í seinni hluta þessa nál. vegna þess að hér er verið að festa í sessi að því er virðist með þessu frv. hindranir og tálmanir í gjaldeyrismálum Íslendinga. Hér er verið að koma á gjaldi á gjaldeyrisnotkun af tilteknu tagi, þ.e. á erlendum lánum, og slík gjaldtaka og slíkar nýjar hindranir stefna þvert gegn því sem ætti að vera stefna hverrar þeirrar ríkisstjórnar sem hyggst búa í haginn fyrir framtíðina að því er varðar samstarfið við erlendar þjóðir.

Þar er ekki síst um að ræða hinn svokallaða sameinaða Evrópumarkað 1992, en um fátt er nú meira talað á vegum þessarar ríkisstjórnar en einmitt hvað ráðherrarnir allir, hverjir um aðra þverir séu duglegir við að undirbúa Ísland undir þann atburð. Það er eins og það komist ekkert annað að, hvorki hjá hæstv. utanrrh. né viðskrh., en breytingarnar sem eru að verða í Evrópu, en samt standa þeir að því að binda hér í lög og festa í sessi breytingu sem gengur þvert gegn öllu sem þar er verið að gera.

Stundum er talað um að menn láti verkin tala. Þetta er einmitt dæmið um hvernig Alþfl. lætur kúga sig í þessu samstarfi þrátt fyrir allan fagurgala ráðherranna um frelsi í gjaldeyrismálum, um undirbúning undir Evrópumarkaðinn og annað. Þetta er enn eitt dæmið um hvernig ráðherrar Alþfl. láta svínbeygja sig og kúga í þessu stjórnarsamstarfi. Það fer lítið fyrir hinum fögru orðum þeirra í sambandi við þessi mál þegar þetta mál er til umræðu. Þeir láta ekki mikið á sér kræla í þingsölunum þegar verið er að fjalla um svona mál, enda vita þeir jafn vel og aðrir að skattur sem þessi á eftir að verða mönnum fjötur um fót, svo vægt sé til orða tekið, þegar fram í sækir, þegar menn fara að ræða sín mál við Evrópubandalagið og reyna að koma hér á þannig viðskiptaumhverfi að íslenskir atvinnuvegir verði samkeppnisfærir við það sem er að gerast í öðrum löndum.

Hv. þm. Páll Pétursson situr í þingmannanefnd ásamt fleiri þingmönnum sem er að kanna hvernig best sé að bregðast við framvindu mála í Evrópu og efast ég ekki um að sú nefnd muni skila áfangaskýrslu á þessu þingi og gera Alþingi grein fyrir því hvernig mál muni þróast í því efni. En ég fullyrði það og ég tel víst að það muni koma í ljós í þeirri skýrslu að eitt það mikilvægasta sem við verðum að gera til að gera okkar atvinnuvegi og okkar atvinnulíf samkeppnisfært við það sem er að gerast með öðrum löndum og ekki síst í Evrópu er að koma á auknu frelsi í gjaldeyrismálum þannig að fyrirtækin geti keppt algerlega á jafnréttisgrundvelli að því er varðar lánafyrirgreiðslu og fleira sem snertir gjaldeyrismálin.

Ég er alveg sannfærður um að þetta verður niðurstaðan og þá þykir mér — sem vinur fjh.- og viðskiptanefndarformannsins alla vega hin síðari missiri — hálfleiðinlegt fyrir hans hönd og annarra vandamanna frv. að þeir skuli þurfa að sitja uppi

með að hafa átt þátt í því að festa í sessi skatt sem af öllum mun verða túlkaður sem hindrun í gjaldeyrismálum, jaðrar við að vera tvöfalt gengi og mun þess vegna verða fordæmdur af öllum sem til þekkja og ekki síst íslensku atvinnulífi þegar fram í sækir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 23:12 atkv.
2.–3. gr. samþ. með 23:12 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28:1 atkv.

Heilbrigðisþjónusta, 1. umr.

Stjfrv., 193. mál (heilsuverndarstarf í Reykjavík). — Þskj. 226.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 8/1988, um breytingu á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu. Ég byrja á því að vekja athygli hv. þm. á því að skjalið hefur verið prentað upp, það skjal sem dreift var í gær, og breytingin er sú að frv. hafði verið sett þannig upp að það væri breyting á ákvæði til bráðabirgða, en það var ekki rétt uppsetning heldur er hér um að ræða breyting á lögum nr. 8/1988 eins og ég gat um áðan. Það er ekki að neinu leyti efnisbreyting á málinu.

Í fyrstu lögum um heilbrigðisþjónustu, sem öðluðust gildi 1. jan. 1974 og skipuðu m.a. fyrir um starfrækslu heilsugæslustöðva, var gert ráð fyrir því að nokkurn tíma gæti tekið að koma á fót heilsugæslustöðvum. Var því að finna í lögunum ákvæði til bráðabirgða er heimiluðu rekstur heilsuverndar samkvæmt heilsuverndarlögum frá 1955 og rekstur læknamóttöku. Með breytingum á lögunum sem samþykktar voru 1983, sbr. núgildandi lög nr. 59 frá 1983, um heilbrigðisþjónustu, var ákveðið að frestur til að koma á kerfi heilsugæslu skyldi renna út í árslok 1984. Frá 1985 hefur þurft að framlengja þennan frest frá ári til árs fyrir nokkur umdæmi, en þeim hefur farið fækkandi og á nú aðeins eftir að taka ákvörðun um rekstur heilsugæslu í Reykjavíkurlæknishéraði. Frá 1985 hefur verið hafinn rekstur heilsugæslu á Akureyri, í Kópavogi, í Hafnarfirði og frá og með næstu áramótum verður hafinn rekstur heilsugæslu í Garðabæ í samræmi við samkomulag ráðuneytisins við bæjarstjórn Garðabæjar þar að lútandi.

Á sl. vori varð að samkomulagi milli ráðuneytisins og borgarstjórnar Reykjavíkur að hefja viðræður um lausn þessa máls í Reykjavíkurlæknishéraði. Í lok síðasta mánaðar var lagt fyrir ráðuneytið uppkast að samkomulagi sem fulltrúar ráðuneytisins og meiri hluti fulltrúa Reykjavíkurborgar stóðu að. Ég sé ekki ástæðu til að tíunda þær tillögur sem fram komu í uppkastinu, en ekki vannst tími til þess að ganga frá málinu í heild og ljóst er að svo verður ekki fyrir áramót úr því sem komið er en þá rennur fresturinn til að koma á kerfi heilsugæslu í Reykjavíkurlæknishéraði út.

Sem kunnugt er eru fyrirhugaðar breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og verður bráðlega lagt fram frv. þess efnis. Þar verða væntanlega lagðar til verulegar breytingar á rekstri heilbrigðisþjónustunnar þannig að hún færist í auknum mæli yfir á verksvið ríkisins. Slík breyting mála hefði í för með sér gerbreytt fyrirkomulag á rekstri heilsugæslunnar. Með skírskotun til þess telur ráðuneytið eðlilegt að bíða með frekari tillögugerð varðandi rekstur heilsugæslu í Reykjavík, en leggur þess í stað til að fresturinn verði framlengdur um eitt ár frá og með nk. áramótum. Á vegum heilbrmrn. er verið að vinna að frv. til breytinga á lögum um heilbrigðisþjónustu, þar sem m.a. verða teknar með breytingar sem eðlilegar teljast vegna breyttrar verkaskiptingar milli ríkis og sveitarfélaga og breytingar sem æskilegt er að komið verði á að fenginni reynslu undangenginna ára. Ég reikna með því að þetta frv. verði lagt fram fljótlega eftir áramót og að í því verði gerð tillaga um fyrirkomulag heilsugæslumála í Reykjavíkurlæknishéraði sem hlýtur að byggjast á því hvert eigi að vera hlutverk annars vegar ríkisins gagnvart rekstri heilsugæslunnar og hins vegar sveitarfélaga.

Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta frekari orðum, en hliðstæð frumvörp hafa verið árviss atburður allt frá 1985. Að vísu fækkar þeim stöðugt frá ári til árs sem ekki hafa uppfyllt ákvæði laganna og í dag á eingöngu eftir að taka afstöðu til Reykjavíkurlæknishéraðs eins og áður segir.

Ég legg því til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og heilbr.- og trn. með beiðni um að hún hraði meðferð málsins og afgreiði það með skjótum hætti, enda rennur margumræddur frestur út frá og með nk. áramótum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 30 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

24. fundur, fimmtudaginn 15. des., að loknum 23. fundi.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, 3. umr.

Stjfrv., 135. mál. — Þskj. 142.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 21:11 atkv. og afgr. til Ed.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1988, 3. umr.

Stjfrv., 158. mál (gjald af erlendum lánum). — Þskj. 169.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 20:11 atkv. og afgr. til Ed.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 2. umr.

Stjfrv., 180. mál (áætlaðar tekjur, skattkort o.fl.). — Þskj. 198, n. 247, brtt. 248.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti fjh.- og viðskn. sem liggur fyrir á þskj. 247.

Nefndin ræddi frv. Á fund hennar komu Skúli E. Þórðarson, forstöðumaður staðgreiðsludeildar, og Lárus Ögmundsson, skrifstofustjóri tekjudeildar fjmrn.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þskj.

Stefán Valgeirsson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur þessari afgreiðslu. Undir þetta rita Páll Pétursson, Árni Gunnarsson, Ingi Björn Albertsson, Geir H. Haarde, Guðmundur G. Þórarinsson og Kristín Halldórsdóttir.

Hér er um að ræða frv. til l. um að sníða af nokkra agnúa sem komið hafa fram eftir því sem reynt hefur á lögin um staðgreiðslu og framkvæmd þess kerfis. Þarna er fyrst og fremst um tæknilegar breytingar að ræða og við töldum þær vera réttmætar og eðlilegar flestar. Það er kannski meginbreytingin að skattkort þau sem verið hafa í gildi á þessu ári verða áfram í gildi. Við gerum hér breytingar samt við 4. gr., þ.e. að niður falli úr 4. gr. orðin „skattar sem þannig greiðast sjaldnar mega þó ekki vera hærri á síðari hluta ársins en á fyrri hluta þess". Þetta ákvæði er óheppilegt t.d. fyrir þá sem hafa tímabundnar tekjur hluta úr ári, svo sem eins og trillusjómenn sem einkum róa á sumrin og hafa aðaltekjur síðsumars.

Við 7. gr. töldum við eðlilegt að gagnkvæmni þyrfti að gæta við vaxtafærslu skattainnstæðu og/eða skattaskuldar þannig að ríkissjóður og skattgreiðandinn væru jafnsettir. Við leggjum til að þessi grein falli brott, en hins vegar verði tekin upp í tekjuskattslögin grein sem skilgreini þetta atriði.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 248,1 samþ. með 26 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
5.–6. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 248,2 (7. gr. falli brott) samþ. með 25 shlj. atkv.
8. gr. (verður 7. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Bann við ofbeldiskvikmyndum, 1. umr.

Frv. menntm. Ed., 183. mál (gildistími). — Þskj. 214.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til menntmn. með 31 shlj. atkv.

Niðurfelling laga vegna breytinga á skipan sveitarstjórnarmála, 1. umr.

Stjfrv., 196. mál. — Þskj. 232.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á lagaákvæðum um niðurfellingu laga vegna breyt-

inga á skipan sveitarstjórnarmála samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 8/1986 sem fram kom á þskj. 232. Ástæða þess að frv. þetta er nú lagt fram er að með samþykkt sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 var gerð sú veigamikla breyting á skipan sveitarstjórnarmála hér á landi að sýslunefndir voru lagðar niður, en þær hafa verið við lýði allt frá því tilskipun um sveitarstjórnarmálefni tók gildi árið 1872. Þessi breyting felur m.a. í sér að réttarstaða allra sveitarfélaga verður sú sama samkvæmt sveitarstjórnarlögum, hvort sem þau nefnast kaupstaður, bær eða hreppur en samkvæmt eldri sveitarstjórnarlögum var réttarstaða hreppanna frábrugðin stöðu kaupstaðanna að því leyti að sýslunefndum var m.a. ætlað að hafa umsjón með störfum hreppsnefnda.

Í bráðabirgðaákvæði hinna nýju sveitarstjórnarlaga var þó svo fyrir mælt að sýslunefndir skyldu kosnar á árinu 1986 og færu með umboð þar til sveitarstjórnir eða byggðasamfélög gætu tekið við verkefnum þeirra, þó ekki lengur en til 31. des. 1988. Skv. 6. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 skulu lögbundin verkefni sýslunefnda falin sveitarfélögum sem síðan skulu setja á stofn héraðsnefndir eða byggðasamlög til að annast framkvæmd þeirra að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er að hafa samvinnu um verkefnin.

Fyrr á þessu ári skilaði áliti sínu nefnd sem skipuð var af félmrh. til að gera tillögur að reglum um flutning verkefna og önnur skil af hálfu sýslufélaga til sveitarfélaga og héraðsnefnda. Í þessu áliti var einnig að finna tillögur nefndarinnar um breytingu á lögum og lagaákvæðum sem varða sýslufélög, sýslunefndir og sýslusjóði. Tillögur þessar fólu í sér breytingar til samræmis við ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986. Þar sem lög þau sem lagt var til að breytt yrði heyra undir hin ýmsu ráðuneyti var sl. vor sent bréf til allra hlutaðeigandi ráðuneyta með ósk um að þau fjölluðu um fram komnar tillögur. Svör hafa verið að berast þar til um miðjan nóvember að síðasta svarið barst. Endanleg gerð frv. var síðan unnin í félmrn.

Í stuttu máli má segja að í frv. sé gengið út frá því að hvarvetna verði settar á stofn héraðsnefndir í samræmi við ákvæði 6. gr. sveitarstjórnarlaga. Í mörgum tilvikum er þannig lagt til að héraðsnefndir eða byggðasamlög komi í stað sýslunefnda og héraðssjóðir í stað sýslusjóðs, en á öðrum sviðum hefur þótt eðlilegra að sveitarstjórnir og sveitarsjóðir leystu sýslunefndir eða sýslusjóði af hólmi. Í örfáum tilvikum er þó gert ráð fyrir að sýslumenn komi í stað sýslunefnda.

Í 24. gr. frv. er að finna tillögu til breytinga á skiptingu kostnaðar við eyðingu refa og minka. Samkvæmt gildandi lögum um eyðingu refa og minka skal endurgreiðslu á kostnaði vegna eyðingar refa og minka skipt á þann veg að ríkissjóður greiði ⅔, sýslusjóðir ⅙ og sveitarsjóðir ⅙. Í 24. gr. frv. er lagt til að skiptingunni verði breytt á þann veg að ríkissjóður greiði ¾ hluta en sveitarsjóðir ¼. Í þessari breytingu felst að þeim hluta sem sýslusjóði er nú ætlað að greiða skal samkvæmt brtt. skipt í tvennt milli ríkis annars vegar og sveitarfélaga hins vegar.

Þá þykir rétt að vekja sérstaklega athygli á því að í frv. er einnig að finna tillögur um niðurfellingu ýmissa lagaákvæða sem talið er að ekki eigi lengur við með hliðsjón af breyttri skipan sveitarstjórnarmála. Sama á við um ýmis gömul lög og úrelt. Hér er því um að ræða talsverða lagahreinsun.

Í ákvæði til bráðabirgða er að finna tillögur um hvenær kosning til gróðurverndarnefnda og náttúruverndarnefnda skuli fara fram nái frv. þetta fram að ganga og enn fremur hvenær tilnefning í fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands skuli fara fram. Vakin er athygli á að í frv. er ekki að finna tillögur til breytinga á nokkrum lögum sem víkja að sýslunefndum og sýslusjóðum þar sem af hálfu þeirra ráðuneyta sem í hlut eiga hefur verið upplýst að þau muni flytja í þessum tilvikum sérstök frumvörp er taka þar til hinnar breyttu skipunar sveitarstjórnarmála.

Í athugasemdum þeim sem fylgja frv. er gerð grein fyrir því um hvaða lög er að ræða. Í frv. til breytinga á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem lagt verður fyrir Alþingi á næstu dögum er að finna tillögur annars vegar um niðurfellingu 7. gr. íþróttalaga og hins vegar á nokkrum ákvæðum vegalaga sem snerta sýsunefndir og sýslusjóði. Ekki var því talin ástæða til að gera tillögur til breytinga á þessum lagaákvæðum í frv. því sem hér er lagt fram.

Að öðru leyti vísa ég til almennra athugasemda sem fylgja frv. og ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til félmn. og 2. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til félmn. með 30 shlj. atkv.

SAMEINAÐ ÞING

26. fundur, föstudaginn 16. des., kl. 2 miðdegis.

Um þingsköp.

Fjarvistir við atkvæðagreiðslu.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Ég sé mig tilneyddan til að gera hér örstutta athugasemd vegna frétta sem heyrðust í Ríkisútvarpinu í gærkvöld, en þær vörðuðu fjarvistir tveggja hv. þm. Borgfl., þeirra Hreggviðs Jónssonar og Inga Björns Albertssonar, við atkvæðagreiðslu sem fór fram hér í Nd. í gær vegna tveggja tekjuöflunarfrv. eða skattlagningarfrv. hæstv. ríkisstjórnar.

Hér er við mig að sakast en ekki, eins og hugsanlega mátti skilja af þessum fréttum, að þessir tveir hv. þm. hefðu ekki verið viðstaddir atkvæðagreiðsluna til þess að komast hjá því að greiða

atkvæði eða láta skoðun sína í ljósi.

Á fundi þingflokksformanna og forseta þingsins var um það rætt að þinghaldi í gær skyldi lokið í báðum deildum kl. 17. Nú voru breytingar á því gerðar en án þess að það lægi þó endanlega fyrir með hvaða hætti. Því tjáði ég þessum tveimur hv. þm. að þessi tilhögun væri fyrirhuguð, og þinghaldi lyki í báðum deildum kl. 17. Í góðri trú fóru þessir tveir hv. þm. út úr þingsölum kl. rétt rúmlega fimm og töldu að þinghaldi væri u.þ.b. að ljúka. Þetta er skýringin á því að þessir tveir hv. þm. voru ekki viðstaddir atkvæðagreiðsluna en ekki að þeir hafi ekki viljað vera viðstaddir hana eða þeir væru að reyna að koma sér hjá því að láta afstöðu sína í ljós. Þetta vildi ég að kæmi fram hér til þess að alþjóð sé ekki í þeirri trú sem virtist mega skilja á fréttum í Ríkisútvarpinu í gærkvöld.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Það er rétt að við það var miðað að ljúka þingstörfum í deild klukkan fimm í gær, þó með því fororði að málunum yrði lokið. Það var samið um að afgreiða þessi mál og afgreiða þau við 3. umr. Það þarf enginn að velkjast í vafa um afstöðu Inga Björns Albertssonar til þessara mála vegna þess að hans álit liggur skriflegt fyrir á nál., í þingskjölum. Afstaða hans til málsins var því algjörlega ljós.

Fjárlög 1989, 2. umr.

Stjfrv., 73. mál. — Þskj. 75, n. 244 og 260, brtt. 235, 259.

Frsm. meiri hl. fjvn. (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Fjvn. Alþingis hefur lokið störfum fyrir 2. umr. og leggur fyrir hv. Alþingi brtt. sínar við 4. gr. frv. Áður en ég geri grein fyrir þessum tillögum nefndarinnar vil ég fara nokkrum orðum annars vegar um störf hennar og starfsaðstæður og hins vegar um það efnahagslega umhverfi sem ríkir þegar fjvn. leggur tillögur sínar fram.

Eins og öllum er kunnugt urðu ríkisstjórnarskipti seint á sl. sumri. Þegar Alþingi kom saman hafði ný ríkisstjórn aðeins haft örfáar vikur til undirbúnings. Frv. til fjárlaga er eitt helsta viðfangsefni hverrar ríkisstjórnar og í slíku frv. leggur ríkisstjórnin fram grundvöll að efnahagsstefnu sinni. Eðlilegt var að hin nýja ríkisstjórn þyrfti nokkru lengri tíma en aðeins örfáar vikur til þess að ganga frá sínu fyrsta fjárlagafrv. Frv. ríkisstjórnarinnar til fjárlaga fyrir árið 1989 kom því ekki fram á Alþingi fyrr en nokkru eftir að þing hafði komið saman. Varð því þá þegar auðséð að fjvn. mundi hafa skemmri tíma til að fjalla um frv. en venja er til og nauðsynlegt er.

Nefndin hóf undirbúning sinn að þessu verki með eðlilegum hætti. Síðustu tvær vikurnar fyrir samkomudag Alþingis hafði nefndin átt viðræður við fjölmargar sveitarstjórnir og tekið við erindum þeirra. Úrvinnsla úr þessum erindum gat því hafist á *eðlilegum tíma jafnvel þótt sjálft fjárlagafrv.* væri ekki komið fram. Með sama hætti leitaði nefndin sér þá þegar upplýsinga sem lágu fyrir um afkomuhorfur ríkissjóðs á árinu 1988. Eins og öllum er kunnugt hafa miklar og stórar breytingar hins vegar orðið á þeim stærðum á síðustu vikum þannig að upplýsingar sem nefndin fékk um miðjan nóvember, hvað þá heldur þær upplýsingar sem nefndin aflaði sér í lok september og byrjun október, úreltust á skammri stundu og eiga ekki lengur við.

Fjvn. tók einnig á móti fjölmörgum einstaklingum og fulltrúum félagasamtaka og stofnana sem jafnan eiga erindi við nefndina. Í þeim viðtölum skiptu nefndarmenn með sér verkum, en viðtöl við nefndina og *móttökur nefndarinnar á erindum*, stórum og smáum, og ábendingum frá aðilum í ríkiskerfinu og utan þess taka stöðugt meiri tíma nefndarinnar og verða sífellt umfangsmeiri. Nú bárust nefndinni erindi frá alls 488 aðilum. Sum þessara erinda lúta að mörgum viðfangsefnum þannig að fjöldi viðfangsefna í þessum erindum hefur verið á bilinu 850–1000. Samtals námu óskir þær og beiðnir sem fjvn. bárust um 5 milljörðum kr. umfram það sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv.

Öll þessi erindi og viðfangsefni fengu umfjöllun í fjvn. og nefndin tók afstöðu til þeirra allra. Sú afstaða gat hins vegar að sjálfsögðu ekki orðið fyrr en fjárlagafrv. hafði verið lagt fram á Alþingi og auðvitað bárust nefndinni fjölmörg erindi eftir að frv. hafði komið fram.

Þótt frv. til fjárlaga hafi komið seinna fram en vani er hafði sú seinkun þannig ekki áhrif á þennan þátt í starfsemi fjvn., þ.e. þann þátt sem lýtur að viðtölum og viðtöku erinda. Hins vegar urðu að sjálfsögðu tafir á því starfi nefndarinnar sem lýtur að meðferð sjálfs frv. Það verk gat ekki hafist fyrr en frv. sjálft var komið fram.

Við þetta bættist svo eins og segir í nál. meiri hl. fjvn. að eftir að fjárlagafrv. kom fram tóku að berast fréttir af mjög alvarlegum samdráttaráhrifum í íslenskum þjóðarbúskap. Segja má að á örfáum vikum hafi allt efnahagsumhverfi Íslendinga gjörbreyst. Sú mikla þensla sem verið hafði um nokkurra missira skeið hafði vissulega skapað erfiðleika í efnahagslífi Íslendinga, en í þeim efnum eins og svo mörgum öðrum er það svo að fátt er svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott, eða með öðrum orðum að *einhverjum sé það ekki til hags að þensla fremur en* jafnvægi ríki í þjóðarbúskapnum.

Ekki er nokkur vafi á því að þótt sú mikla þensla sem verið hefur á Íslandi hafi stórskaðað eðlilega uppbyggingu atvinnulífs og fyrirtækja og heimila í landinu en þó einkum haft skaðvænleg áhrif á hugarfar þjóðarinnar og afstöðu hennar bæði til efnislegra gæða og annarra gæða, naut ríkissjóður í þrengsta skilningi þess orðs góðs af þessari þenslu.

Mikill innflutningur á hvers konar neysluvöru, nánast kaup- og fjárfestingaræði, skilaði sér í miklum tekjum til ríkissjóðs, einkum af veltusköttum en einnig í beinum sköttum, þó að enginn vafi sé á að tekjuáhrif góðærisins og þenslunnar hafi fyrst og fremst orðið jákvæð fyrir þá sem e.t.v. ráða því að mestu sjálfir hvaða skatta þeir kjósa að borga til ríkisins af aflafé sínu.

Við þessar aðstæður hefði að sjálfsögðu verið vitlegast fyrir ríkisvaldið að reyna að hafa hemil á útgjöldunum, þannig að tekjurnar sem þensluástandið skapaði fyrir ríkissjóð á umliðnum missirum hefði fremur orðið til að treysta stöðu hans og vinna með jafnvægisástandi en ekki gegn því. Þetta var hins vegar ekki gert. Á gósenárum þenslu og góðæris var þannig haldið á málum, bæði ríkissjóðs og flestra annarra opinberra og hálfopinberra sjóða, að eytt var meiru en aflað var. Var því harla lítið eftir og raunar minna en ekki neitt til hinna mögru ára. Virðist að það sé stöðugt að sannast á okkur Íslendingum að aldrei sé erfiðara að stjórna okkur en þegar það ætti að vera auðveldast.

Það er ástæðulaust að rekja þessa sögu frekar. Hún er öllum hér í fersku minni. Aðeins læt ég mér nægja að benda á að augljóst var orðið um og eftir miðjan nóvember að svo mikil umskipti hefðu orðið í þjóðarbúskap Íslendinga að allar forsendur frv. til fjárlaga sem ríkisstjórnin hafði lagt fram fáum vikum fyrr voru í rauninni brostnar. Þenslan hafði á örfáum vikum snúist í andhverfu sína, samdrátt, sem alls staðar kom fram og kemur enn af miklum þunga og þá ekki síst í hvers konar verslun og viðskiptum.

Afleiðingarnar létu ekki bíða eftir sér. Megintekjustofnar ríkissjóðs, veltuskattarnir, nánast hrundu í einu vetfangi. Þar sem útgjöld ríkissjóðs eru að mestu leyti bundin, ekki síst þegar komið er fram að lokum árs, var lítið hægt að gera til þess að mæta þessum tekjubresti innan fjárlagaársins. Við þessar breyttu forsendur bættust svo áframhaldandi neikvæð gengisáhrif fyrir útflutningsatvinnuvegina og ofan á þetta allt saman horfur á minnkandi fiskafla á árinu 1989 og ótti um að erfiðleikar færu í vöxt varðandi sölu á afurðum okkar erlendis. Allt varð þetta til þess, eins og áður segir, að upp úr mánaðamótum október–nóvember varð ljósara að forsendur frv. höfðu breyst í verulegum atriðum og óhjákvæmilegt var að frv. yrði tekið til gagngerrar skoðunar og breytingar, bæði hvað varðaði tekjuöflun og útgjaldaáform. Þegar ríkisstjórnin svo ákvað að takast á við þetta nauðsynlega en erfiða verkefni, að endurskoða fjárlagatillögugerð sína, var fjvn. langt komin með að afgreiða tillögur um stofnkostnað samkvæmt 4. gr. frv. og í þann veginn að hefja afgreiðslu á erindum er vörðuðu rekstrarliði þess.

Eftir að sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar lá fyrir að hún mundi taka veigamikla þætti fjárlagafrv. til endurskoðunar var það að sjálfsögðu ljóst að á sama tíma og sú endurskoðun ætti sér stað væri í hæsta máta óeðlilegt að fjvn. stæði í frekari afgreiðslum. Hún hlyti að bíða eftir niðurstöðu ríkisstjórnarinnar.

Forusta fjvn. ræddi þessi mál á fundum með ráðherrum og náðist samkomulag, bæði um stofnkostnaðarliði og afgreiðslur og síðar um aðgerðir varðandi lækkun útgjalda og afgreiðslu rekstrarliða sem síðar verða kynntar. En á meðan beðið var eftir þessum niðurstöðum var óhjákvæmilega gert hlé á fundum fjvn. Var það að sjálfsögðu mín ákvörðun sem formanns nefndarinnar að gera þetta hlé á störfum hennar, en ég tek fram að um þá ákvörðun hafði ég samráð í fjvn., bæði við fulltrúa meiri hl. og minni hl. og voru menn almennt sammála um að óhjákvæmilegt væri að standa svona að málum.

Af þessu má sjá að fjvn. hefur haft óvenjulega lítinn tíma til starfa þar sem bæði var að frv. kom seint fram og hlé var gert á fundum nefndarinnar í miðjum klíðum afgreiðslunnar. Engu að síður hefur nefndin nú lokið tillögugerð sinni fyrir 2. umr., þannig að umræðan getur farið fram á svipuðum tíma og vani er eða aðeins örfáum dögum síðar.

Mér er engin launung á því að þetta getur orðið fyrst og fremst af þremur ástæðum: Í fyrsta lagi hefur samstarfið innan nefndarinnar verið mjög gott. Fulltrúar minni hl. í nefndinni hafa greitt mjög fyrir því að afgreiðsla geti átt sér stað og unnið vel með okkur fulltrúum meiri hl. að þeirri afgreiðslu. Er það virðingarvert undir öllum kringumstæðum að geta átt slíku samstarfi að fagna við fulltrúa stjórnarandstöðu í fjvn. en ekki síst er það mikilvægt og þakkarvert að eiga slíka samvinnu í nefndinni þegar bæði er að tími til að skoða mál er miklu skemmri en eðlilegt getur talist og eins að svigrúm nefndarinnar til efnislegrar afgreiðslu á málum er miklu þrengra en vanalega.

Vil ég nota þetta tækifæri til að færa félögum mínum í nefndinni þakkir fyrir samstarfið og ég veit að ég mæli fyrir munn okkar meirihlutamanna allra er ég þakka fulltrúum minni hl. sérstaklega fyrir þeirra hlut að þessu máli.

Auðvitað þýðir þetta ekki að fulltrúar stjórnarandstöðunnar í fjvn. séu sáttir við þær tillögur sem við gerum sameiginlega. Fram hefur komið hjá þeim að þeir eru mjög ósáttir við sumar afgreiðslur og hafa mótmælt þeim harðlega eins og mun án efa koma fram bæði í ræðum þeirra hér á eftir og í nál. minni hl. í fjvn. Engu að síður hafa þeir greitt fyrir afgreiðslunni, standa með okkur að því að þessi umræða geti farið fram og flytja með okkur í nafni fjvn. þær tillögur sem hér eru til afgreiðslu, en auðvitað með fyrirvara um að þeir hafi fullt leyfi til að flytja þær brtt. sem þeir kjósa og styðja hvaða brtt. sem fram kunna að koma frá öðrum.

Hvað okkur fulltrúa meiri hl. í nefndinni varðar eru það auðvitað fyrst og fremst við sem berum efnislega ábyrgð á þeim tillögum sem hér eru kynntar. Í mörgum tilvikum hafa einstakir nefndarmenn meiri hl. ekki verið sáttir við sumar af þeim afgreiðslum sem við höfum orðið að gera, en á þeim stutta tíma sem við höfum haft og í þeirri þröngu

stöðu sem við höfum búið við hefur tekist að miðla málum og er það önnur ástæða fyrir því að þetta verk hefur svo greiðlega gengið þrátt fyrir knappan tíma og lítið olnbogarými. Þriðja ástæðan er svo sú hve vel og dyggilega það starfsfólk hefur unnið sem aðstoðað hefur nefndina í störfum hennar. Á sl. ári var tekin upp sú nýbreytni í starfi fjvn. að óska eftir aðstoð og samvinnu við Ríkisendurskoðun en Ríkisendurskoðun hafði þá verið færð frá framkvæmdarvaldi til löggjafarvalds. Jafnframt hafði nefndin óskað eftir óbreyttu, nánu og góðu samstarfi við Fjárlaga- og hagsýslustofnun, en það samstarf hefur verið, er og verður nefndinni ómetanlegt. Sú aðstoð sem fjvn. fékk í fyrra frá Ríkisendurskoðun var því alfarið til þess að bæta starfsaðstöðu nefndarinnar og einstakra nefndarmanna án þess að menn þyrftu að láta í staðinn nokkuð af því sem nefndin hafði áður notið í samstarfi við stofnanir framkvæmdarvaldsins.

Reynslan af þessum starfsháttum frá því í fyrra er tvímælalaust góð. Þess vegna var ákveðið á þessu ári að útfæra þetta samstarf enn frekar og hefur það verið gert. Starfsfólk Ríkisendurskoðunar og Fjárlaga- og hagsýslustofnunar hefur því aðstoðað fjvn. og unnið fyrir hana við þessa fjárlagagerð og enginn vafi er á því að ef þetta ágæta fólk hefði ekki lagt nótt við dag í vinnu fyrir nefndina og í það að aðstoða einstaka nefndarmenn og þá ekki síst formann fjvn. hefði sú afgreiðsla ekki getað orðið sem hér er stefnt að. Vil ég fyrir hönd nefndarinnar þakka vararíkisendurskoðanda, Sigurði Þórðarsyni, hagsýslustjóra, Indriða Þorlákssyni, ritara fjvn., Sigurði Rúnari Sigurjónssyni, og öðru því starfsfólki Ríkisendurskoðunar og Fjárlaga- og hagsýslustofnunar sem unnið hefur með okkur fyrir þeirra ómetanlegu störf. Samstarfið við Ríkisendurskoðun annars vegar og Fjárlaga- og hagsýslustofnun hins vegar leggur grundvöllinn að stórbættum starfsaðstæðum fjvn. Með þessum hætti öðlast nefndin og nefndarmenn aðstöðu til að leggja sjálfstætt og eigið mat á einstök erindi og viðfangsefni og síðast en ekki síst getur fjvn. Alþingis með því að nýta sér á réttan hátt samstarfið við báðar þessar stofnanir, annars vegar Fjárlaga- og hagsýslustofnun sem undirbýr fjárlagagerð og fylgist með framkvæmd fjárlaga af hálfu framkvæmdarvaldsins, og hins vegar við Ríkisendurskoðun sem einnig fylgist með framkvæmd fjárlaga og er umsagnar- og eftirlitsaðili með ríkinu og stofnunum þess, sinnt því mikilvæga verkefni sem ýmsir telja að löggjafarstofnunin hafi vanrækt, en það er að fylgjast sjálf með því hvernig virtar eru þær ákvarðanir sem Alþingi tekur við fjárlagagerð og hvort og að hvaða miklu leyti séu raunhæfar þær hugmyndir og tillögur um afgreiðslur sem berast löggjafarstofnuninni frá framkvæmdarvaldinu.

Fjvn. Alþingis er annað og meira en samkoma þar sem fulltrúar kjördæma og sjónarmiða togast á um útgjöld ríkissjóðs. Fjvn. er sá aðili sem á fyrir hönd Alþingis að fylgjast með því að ákvarðanir þingsins séu virtar og að leggja fyrir Alþingi tillögur sem ekki eru aðeins bundnar við eitthvert tiltekið viðfangsefni og afgreiðslu þess á einn eða annan veg, heldur tengja hin ólíku og mörgu viðfangsefni saman með heildstæðri stefnumótun þannig að horft sé til beggja átta, bæði útgjaldaþarfa, annars vegar, og eins til tekjumöguleika ríkissjóðs og stofnana ríkisins hins vegar. Er löngu orðin ástæða til að með sama hætti og sérhver ríkisstjórn verður eða a.m.k. ætti að miða sínar útgjaldaáætlanir við þau tekjuöflunaráform sem hún hefur uppi sinni einn og sami aðili þessu verki af hálfu Alþingis í stað þess, eins og nú er, að ein nefnd þingsins fjalli um útgjöld fjárlaga en önnur um tekjuhlið þeirra. Það þætti að minnsta kosti ekki góð latína í neinni ríkisstjórn að einn ráðherra héti útgjaldamálaráðherra og annar tekjumálaráðherra og hvor ráðherrann um sig mótaði tillögur sínar óháð áformum hins.

Vissulega er rík ástæða til þess að fara nokkrum orðum um þær breytingar sem orðið hafa á efnahagsumhverfi okkar Íslendinga frá því að frv. til fjárlaga var lagt fram fyrir örfáum vikum síðan. Sú umræða hefur farið fram hér á Alþingi og á eftir að fara fram og ég ætla mér ekki að bæta mörgum orðum í þann belg. Hitt er þó ljóst að áhrifa tekjusamdráttar ríkissjóðs á þessu ári mun gæta áfram á því næsta þannig að allar horfur eru á því að þeir tekjustofnar sem menn lögðu upp með í fjárlagafrv. hvað varðar tekjuspá fyrir ríkissjóð fyrir árið 1989 muni á því ári gefa a.m.k. tveimur milljörðum kr. minna í fastar tekjur og þá á föstu verðlagi en gert var ráð fyrir í frv. Þó ekkert annað kæmi til en þetta eitt er ljóst að markmið frv. um verulegan tekjuafgang næðist ekki að öllu óbreyttu, en þarna er ekki ein báran stök. Til viðbótar við þennan tekjubrest koma svo áhrifin vegna versnandi stöðu útflutningsatvinnuveganna og minnkandi fiskafla. Við þetta bætist síðan mikill hallarekstur ríkissjóðs á yfirstandandi ári sem sagt er að stefni nú í meira en 6,5 milljarða. Sá halli verður ekki jafnaður með öðrum hætti en lántöku sem hætt er við að auki enn á þann vanda sem við er að fást í efnahagslífi þjóðarinnar.

En það er ekki aðeins ástæða til að hafa áhyggjur af þessum þáttum, tekjubresti hjá ríkissjóði og áhrifum af versnandi afkomu atvinnuvega og ef til vill lakari markaðsstöðu. Ef engin breyting verður á í útgjaldaþenslu ríkisins eru einnig þar alvarleg teikn á lofti. Það hefur gerst í æ ríkara mæli að ríkið og stofnanir þess hafa gengið á vald sjálfvirkrar útgjaldasprengingar sem er að verða innbyggð í ríkiskerfið. Í æ ríkara mæli hafa menn komist upp með það, bæði stjórnendur einstakra ríkisstofnana og jafnvel einstöku ráðuneyti, að virða að vettugi ákvarðanir fjárveitingarvaldsins og gerast sjálftökuaðilar um útgjaldaáform eigin stofnana og verksviða. Er löngu kominn tími til þess að á þessu vandamáli verði tekið og er ekki gott til þess að vita ef það á að verða starfsregla að ríkið verðlauni þá sem líta svo á að þeirra eigin hugmyndir um útgjaldaþarfir viðfangsefna og embætta séu rétt-

hærri ákvörðunum fjárveitingarvaldsins. Eitt Alþingi er okkur Íslendingum nóg. Það er ástæðulaust að ýta undir það að sérhver stjórnandi í ríkiskerfinu gerist sitt eigið Alþingi þegar kemur að því að taka eigi ákvarðanir um rekstrarumfang og útgjaldakröfur á sameiginlegan sjóð skattborgara í landinu.

Á tímum uppsveiflu á ríkisvaldið vissulega erfiðara með að ná tökum á sjálfvirkri útgjaldaþenslu, bæði vegna áhrifa frá launaskriði á hinum almenna markaði og eins af öðrum ástæðum. Nú, þegar samdráttar gætir verulega, gefst hins vegar meira tækifæri en áður til þess fyrir ríkisvaldið að rifa seglin, en þá fyrst og fremst til þess að ná fastri stjórn á útgjaldamálum ríkisins og ríkisstofnana. Þetta tækifæri má ekki láta ónotað. Allar ákvarðanir Alþingis og ríkisstjórnar um sparnað í ríkisrekstri ráðast af því að eftirlitskerfi ríkisins sé virkt. Svo hefur ekki verið lengi. Alkunna er að launakostnaður ríkisins vex langt umfram heimildir og ráðið er í störf hjá ríkinu svo hundruðum skiptir án þess að leitað hafi verið formlegra heimilda. Ekki dreg ég úr þörfinni fyrir þetta fólk. Það sem ég spyr hins vegar um er getan til að greiða því laun. Hún er takmörkuð og takmarkaðri nú en oft áður. Fyrir 3. umr. verður lýst tillögum ríkisstjórnarinnar og stuðningsflokka hennar um lækkun útgjalda, m.a. launaútgjalda.

Forsenda fyrir því að slíkt nái árangri og verði annað og meira en orðin tóm er að fagráðuneytin og forstöðumenn ríkisstofnana geri sér ljósa ábyrgð sína. Fagráðuneytin eiga að vera annað og meira en bara bréfhirðingarstöðvar til að koma áleiðis kröfum undirstofnana um hærri fjárveitingar. Fagráðuneytin eiga að vera annað og meira en fulltrúar kröfuhópa gagnvart fjárveitingarvaldinu og hinir svokölluðu fagráðherrar eiga einnig að hafa öðru hlutverki að gegna en að sjá um að skaffa fyrir ráðuneyti sín. Bæði þeir og þeirra ráðuneyti eiga að vera stjórnendur og sjá um í umboði fjárveitingarvaldsins að þær ákvarðanir sem það tekur séu virtar. Verði það ekki gert er um tómt mál að tala að ætla sér að draga saman seglin eða lækka útgjöld. Fjmrn. einu verður ekki um það kennt ef slíkt gengur ekki eftir. Nú verður að nota tækifærið til þess að virkja fagráðuneyti og forstöðumenn ríkisstofnana þannig að vilji ríkisstjórnar og Alþingis í þessum efnum nái fram að ganga.

Margir forstöðumenn ríkisstofnana segja að auka beri sjálfstæði þessara stofnana og sjálfsstjórn í eigin málum. En jafnframt því verður að gera kröfu til þess að stofnanirnar og stjórnendur þeirra virði þær ákvarðanir sem réttir aðilar taka. Sé slíkt ekki gert ber stjórnendunum að taka afleiðingum af því og víkja.

Ég sagði hér áðan að ekki væri allt svo með öllu illt að ekki boðaði nokkuð gott. Mjög mikið hefur nú slegið á þensluna á Íslandi og kannski svo mikið að okkur beri að hafa áhyggjur af því og að mikill samdráttur sé fram undan. Hóf er best í hverjum hlut og ekki er það betra að slá svo yfir markið að í stað þenslunnar sveiflist menn yfir í atvinnuleysi með öllum þeim vanda sem því fylgir. En jafnvel við þær aðstæður sem nú eru, sem menn kenna fremur við samdrátt en jafnvægi og haft hafa slæm áhrif á afkomu ríkissjóðs, sjá menn ljósa punkta. Í slíku árferði ætti t.d. að vera mun auðveldara en ella að takast á við sjálfvirka útgjaldaþenslu ríkisins og þau vandamál sem henni valda.

Ég er einn af þeim sem vissulega hefði viljað sjá meiri árangur í lækkun ríkisútgjalda en samkomulag hefur orðið um, en ég geri mér hins vegar fyllilega ljóst að þar er auðveldara um að tala en í að komast, ekki síst ef menn ætla að ná umtalsverðum árangri á skömmum tíma. Það sem skiptir mestu máli í áformum ríkisstjórnarinnar um lækkun útgjalda er lækkun launakostnaðar, og ég ítreka að vissulega er hægt að ná áformum ríkisstjórnarinnar í þeim efnum, en þá því aðeins að komið sé á fót virku eftirlitskerfi, annars vegar í fjmrn., hjá launadeild og hjá ríkisféhirði, og hins vegar hjá þeim fagráðuneytum sem ber að fylgja eftir ákvörðunum sem teknar verða, m.a. með því að bregðast við í tíma ef stefnt er að auknu rekstrar- og launakostnaðarumfangi hjá einstökum stofnunum sem undir þessi ráðuneyti heyra. Það nær auðvitað ekki nokkurri átt, eins og gerst hefur, að á einu ári aukist launaumfang hjá ríkinu og stofnunum þess um sem svarar því að á fimmta hundrað manns hafi bæst á launaskrá hjá ríkinu umfram heimildir. En mér er líka ljóst og vonandi öllum hér að umtalsverður árangur til lækkunar útgjalda verður ekki, nema ákvarðanir verði teknar um breytingar annaðhvort í þá átt að draga úr þjónustu ríkisins eða í þá átt að láta þá greiða fyrir þjónustuna sem hennar njóta.

Mikið vatn hefur til sjávar runnið síðan „kerfið" sem við búum við var smíðað. Þegar það var smíðað voru aðstæður fólks á Íslandi allt aðrar en þær eru í dag. Þá var fátæktin mörgum föst fylgikona, en nú má segja að landsmenn séu orðnir ríkir og miðað við neyslu og fjárfestingaræði undanfarinna ára er jafnvel hægt að segja sem svo að margir hverjir séu orðnir of ríkir. Er þá ósköp eðlilegt að hugað sé að því hvort ekki megi gera kröfur um að þeir þjóðfélagsþegnar sem flytja á einu ári inn 18.000 bifreiðar greiði eitthvað af kostnaði þeim sem af því hlýst að njóta stöðugt meiri þjónustu hins opinbera á öllum sviðum.

Við erum hér að byggja upp mikið og voldugt skólakerfi og menn tala nú um á annan tug stofnana sem bjóða kennslu á háskólastigi. Eðlilegt er að spurt sé hvort allar þessar stofnanir eigi að bjóða kennslumagn sem samsvarar stundaskrá í gagnfræðaskóla eða hvort ekki sé eðlilegt að þær miði kennslu sína við kennsluframboð stofnana á því stigi sem þær segjast sjálfar vera, þ.e. á stigi háskóla og geri þær kröfur sem gerðar eru í háskólum, að lögð sé áhersla á sjálfsnám þroskaðra nemenda.

Í öðru lagi er einnig eðlilegt að spurt sé hvort ekki sé orðið tímabært, m.a. vegna lengingar skólaársins, að gera þær kröfur að ungt fólk á Íslandi ljúki

framhaldsnámi á svipuðum aldri eins og meðal grannþjóða vorra, en ekki einu eða tveimur árum síðar. Þá er einnig orðið löngu tímabært að spurt sé hvort miklar framfarir í samgöngum á landi, sem m.a. hafa búið til eitt atvinnusvæði úr mörgum, eigi ekki að hafa áhrif í því skyni að gerðar séu kröfur um aukna samnýtingu á opinberum mannvirkjum, svo sem eins og höfnum, skólum og sjúkrahúsum í stað þess að byggja eitt af hverri tegund á hverjum stað.

Þetta eru aðeins nokkrar af þeim spurningum sem menn verða að horfast í augu við ef menn á annað borð ætla sér að ná einhverjum árangri í lækkun útgjalda hjá því opinbera. Séu menn ekki reiðubúnir til þess að láta skynsemina ráða við slíkar aðstæður eru menn heldur ekki reiðubúnir til þess að gera það sem nauðsynlegt er að gera til þess að sparnaðartalið hafi einhverja merkingu.

Herra forseti. Það er kominn tími til að ég snúi *máli mínu* að tillögum fjvn. og láti annað bíða og dæmast af dómi reynslunnar. Eins og ég sagði áðan bárust nefndinni erindi frá alls 488 aðilum. Mörg erindanna voru með mörgum viðfangsefnum, þannig að viðfangsefni þau sem komu á borð nefndarinnar, fyrir utan þau sem eru í fjárlagafrv., voru milli 850 og 1000. Nefndin skoðaði öll þessi erindi og tók afstöðu til þeirra allra. Niðurstaðan varð sú að af þeim hlutu 131 jákvæða afgreiðslu með einhverjum hætti. Alls námu umsóknir til fjvn. 5 milljörðum kr. og verði tillögur fjvn. um afgreiðslur lagðar saman kemur í ljós að nú við 2. umr. fjárlagafrv. leggur nefndin til útgjaldaaukningu upp á samtals 514 millj. 837 þús. kr. Til samanburðar má geta þess að þetta er *aðeins u.þ.b. helmingurinn af þeirri fjárhæð* sem fjvn. lagði til fyrir 2. umr. fyrir réttu einu ári síðan.

Ef menn skoða hvernig þessi fjárhæð er saman sett, þá eru um 60 millj. af þessum hækkunum vegna tillagna um hækkun launagjalda, en sú hækkun nemur um 0,3% af heildarlaunaútgjöldum ríkissjóðs. Vegna annarra rekstrargjalda eru 83 millj. kr., en það nemur um 0,2% af rekstrargjöldum ríkissjóðs samkvæmt frv. Samtals rekstrar- og tilfærsluútgjöld samkvæmt tillögum nefndarinnar eru þannig um 150 millj. kr. eða aðeins 0,2% af samanlögðum rekstrar- og tilfærslugjöldum samkvæmt frv. Af þessu má sjá að tillögur fjvn. um breytingar á rekstrarútgjöldum frv. og launaútgjöldum eru *mjög óverulegar*.

Tillögur er varða stofnkostnað og viðhald nema hins vegar um 365 millj. eða 3,6% af heildarútgjöldum þessara liða í fjárlagafrv. en hækkunin alls á útgjöldum samkvæmt tillögum nefndarinnar, þ.e. 515 millj. verði allar tillögur hennar samþykktar, mundi hækka útgjaldahlið frv. um 0,7%. Er það innan við fjórðungur af því sem fjárlagafrv. hefur venjulega breyst í meðförum Alþingis.

Ef menn skipta tillögum fjvn. upp eftir hagrænu eðli eru um 11,7% tillagnanna vegna launakostnaðar sem samsvarar 32 stöðugildum, en það er sú aukning á launaumfangi sem stendur á bak við tillögur fjvn. Annar rekstur er um 17,3% í tillögum nefndarinnar og stofn- og viðhaldskostnaður 71%. Í sérstakri yfirlitstöflu er einnig greint hvernig tillögurnar flokkast niður á hin einstöku ráðuneyti og læt ég mér nægja að vísa í þá töflu sem fylgir í nál. meiri hl. fjvn. til skýringar.

Hvað varðar almenna frásögn um tillögur þessar vil ég aðeins geta þess að mjög verulegur hluti af tillögum nefndarinnar um hækkanir á launakostnaði og rekstrarútgjöldum flokkast undir leiðréttingar. *Er þar ýmist um að ræða viðfangsefni sem ekki voru* á því stigi þegar frv. var samið að menn væru reiðubúnir til þess að gera tillögur um hvernig við þeim yrði brugðist. Má þar t.d. nefna stofnanir sem fluttar hafa verið af daggjöldum og yfir á föst fjárlög á vegum heilbrmrn. Nokkur atriði þeirrar tilfærslu voru óljós þegar frá frv. var gengið og frá þeim skýrt bæði í grg. með frv. og í viðræðum við fjvn. Þau mál hafa síðan verið leidd til lykta á þann hátt að leiðrétta hefur þurft bæði launa- og rekstrarliði í frv. og eru þær leiðréttingar hluti af tillögum fjvn. Einnig er hér um að ræða aðrar leiðréttingar, svo sem vegna ákvörðunar ríkisstjórnar og annarra ákvarðana eins og ákvarðana Alþingis sjálfs um að leggja niður *Bifreiðaeftirlit ríkisins* um *næstkomandi* áramót sem óhjákvæmilega leiðir til þess að eitthvað af starfsfólki Bifreiðaeftirlitsins á rétt á biðlaunum sem gera verður ráð fyrir í fjárlögum þó ekki hafi unnist tími til þess að ganga frá þeim málum áður en frv. var lagt fram.

Án þess að það hafi verið athugað nákvæmlega býst ég þannig við því að bróðurparturinn af tillögum fjvn. um hækkun á launagjöldum og rekstrargjöldum stafi af leiðréttingum en ekki af tillögum nefndarinnar um aukið rekstrarumfang. Sama á við um ýmsa aðra þætti eins og t.d. tillögur um hækkaðar fjárhæðir vegna viðfangsefna sem undir landbrn. heyra og fjvn. flytur að fenginni tillögu ríkisstjórnarinnar. Er þar um að ræða mál sem ríkisstjórnin hefur ákvarðað. Torvelt getur reynst að flokka tillögurnar þannig eftir því hvað eru beiðnir um aukin rekstrarumsvif, launaútgjöld eða framkvæmdir vegna ákvarðana nefndarinnar sjálfrar og hvað er vegna leiðréttinga eða tilmæla stjórnvalda, og læt ég mér því nægja að segja að bæði stjórnvöld og fjvn. eiga hlut að ákvörðunum um þann tillöguflutning.

Vil ég nú víkja að einstökum þáttum þessara tillagna.

Fyrsta tillagan á þskj. 235 varðar Alþingi. Ekki er að þessu sinni gerð nein breyting á áætluðum launakostnaði og vil ég til upplýsingar taka fram að laun alþingismanna hafa á árinu 1988, frá upphafi til loka ársins, aðeins hækkað um 6,7%. Til samanburðar er áhugavert að nefna að á sama tíma hafa ýmis önnur launaútgjöld ríkisins til einstakra starfsstétta hækkað um allt að 70%. Ég held að rétt sé að taka þetta fram vegna þeirra umræðna sem alltaf eru af og til í þjóðfélaginu um það að alþingismenn gangi fram fyrir skjöldu til þess að hækka laun sín umfram aðrar stéttir.

Stafliðir a, b og c lúta hins vegar að þátttöku

Alþingis í alþjóðlegu og fjölþjóðlegu starfi og er tillaga fjárveitinganefndar um hækkun fjárveitinga miðuð við yfirlit Alþingis um kostnað við lágmarksþátttöku í þessu starfi.

Viðfangsefnið 520 Fasteignir hækkar um 1165 þús. kr. vegna aukins viðhalds og viðfangsefnið Hús Jóns Sigurðssonar hækkar um 2 millj. 730 þús. og er sú hækkun óhjákvæmileg vegna þess að viðgerð sú sem nú stendur yfir á húsinu mun verða talsvert viðameiri og kostnaðarsamari en ráð var fyrir gert. Þá hækkar liðurinn 690 Ýmis stofnkostnaður um 6 millj. og er það vegna breytinga á Þórshamri og Austurstræti 14 sem unnið hefur verið að.

Önnur tillagan varðar Ríkisendurskoðun. Launagjöld hennar hækka um 4,5 millj. kr. vegna leiðréttinga. Gert er ráð fyrir að föst stöðugildi hjá Ríkisendurskoðun verði 38. Þessi breyting hefur ekki í för með sér neinn útgjaldaauka þar sem starfsliði stofnunarinnar verður ekki fjölgað, heldur aðeins heimilað að fastráða fólk sem til þessa hefur verið verkefnaráðið.

Þriðja tillagan varðar Gjöf Jóns Sigurðssonar. Lagt er til að fjárveiting verði hækkuð um 314 þús. kr. og verður hún þá ígildi prófessorslauna eins og vera á.

Fjórða tillaga varðar Háskóla Íslands. Í stafliðum a og b er lagt til að stöðuheimildum verði fjölgað um tvær, um stöðu dósents í lyfjafræði lyfsala og um stöðu lektors í hagfræðiskor viðskipta- og hagfræðideildar. Töluliður c varðar Háskólabókasafn. Viðfangsefni 120 Háskólabókasafn er lækkað samkvæmt tillögunni um 15 millj. kr., en í staðinn er lagt til að tekinn verði upp nýr liður, Bókakaup o.fl., með sömu fjárhæð. Þetta breytir engu um niðurstöðu en er talin eðlilegri ráðstöfun á tekjum af happdrættisfé en ráð var fyrir gert í frv. og meira í samræmi við viðhorf háskólayfirvalda. Loks hækkar viðfangsefnið 126 Stofnun Sigurðar Nordals um 500 þús. kr. og er það fé ætlað til viðhalds á húseign.

Fimmta tillaga varðar Tilraunastöð Háskólans að Keldum. Þar er lagt til að sértekjur verði lækkaðar um 11,7 millj. kr. frá áformum í frv. Þessi tillaga um lækkun er þannig til komin að gert er ráð fyrir að fallið verði frá þeim áformum að Happdrætti Háskóla Íslands taki þátt í greiðslu stofnkostnaðar við Tilraunastöðina á Keldum og nemur lækkun sértekna af þeim sökum 8,7 millj. kr. Verður sú fjárhæð flutt yfir á Raunvísindastofnun Háskólans þar sem talið er eðlilegra að auka hlutdeild Háskóla Íslands í stofnkostnaði þeirrar stofnunar og meira í samræmi við vilja háskólayfirvalda að tekjur af happdrættisfé verði notaðar til þeirra þarfa fremur en til greiðslu stofnkostnaðar við Tilraunastöð Háskólans á Keldum. Þar að auki er svo gert ráð fyrir að sértekjur vegna sölu bóluefnis séu lækkaðar um 3 millj. kr. og er það í samræmi við óskir Tilraunastöðvarinnar og eru ástæður lækkunarinnar þær að vegna mikillar fækkunar á sauðfé í landinu geta tekjur af sölu bóluefnis ekki orðið þær hinar sömu og áætlað var. Þá er gert ráð fyrir að launagjöld við Tilraunastöð Háskólans á Keldum hækki um 2 millj. kr. og er það alfarið vegna leiðréttingar á launalið.

Tillaga 6 varðar Raunvísindastofnun Háskólans og hefur þegar verið gerð grein fyrir ástæðum þeirrar breytingar í orðum mínum hér að framan.

Sjöunda tillagan varðar Stofnun Árna Magnússonar. Sértekjur lækka þar um 1 millj. kr. sem flyst yfir á Raunvísindastofnun Háskólans með sömu rökum og greint var frá hér áðan er varðar Tilraunastöð Háskólans á Keldum og tilfærslu á fjármagni með happdrættisfé. Auk þess er lagt til hvað varðar Stofnun Árna Magnússonar að launagjöld verði hækkuð um 600 þús. kr. Er það vegna verkefnaráðningar þjóðfræðings í hálft ár í tiltekið viðfangsefni.

Áttunda tillagan varðar Háskólann á Akureyri. Þar er gerð tillaga um að launagjöld hækki um 600 þús. kr. og er til þess ætlast að ráðinn verði starfsmaður til skólans í hálft ár til undirbúnings kennslu í sjávarútvegsfræðum.

Níunda tillagan varðar Menntaskólann í Reykjavík og er um það að ræða að fjárveiting til skólans vegna viðhalds verði hækkuð um 5 millj. kr.

Tíunda tillagan varðar Menntaskólann við Hamrahlíð. Við gerð fjárlagafrv. féll niður að gera ráð fyrir því að greiða þyrfti launakostnað vegna kennslu í sænsku og norsku í skólanum. Samkvæmt námsskrá eiga nemendur skólans að geta valið annaðhvort sænsku eða norsku í stað dönsku, en hins vegar gleymdist að gera ráð fyrir því þegar fjárlagafrv. var lagt fram að greiða þann kennslukostnað. Launagjöld þurfa því að hækka af þessum ástæðum um 2 millj. kr. Enn fremur er gerð tillaga um hækkun um 4 millj. kr. á liðnum Endurbætur og er til þess ætlast að það fé verði notað til viðhalds og þó einkum til endurbóta á aðstöðu fyrir fatlað skólafólk.

Tillaga 11 varðar framhaldsskóla almennt. Er þar lagt til að hækkaðar verði fjárveitingar um 1 millj. kr. og verði sú fjárhæð notuð til að kosta endurmenntunarnámskeið fyrir stærðfræðikennara, en fram hefur komið að nauðsynlegt þykir að bæta stærðfræðikennslu í framhaldsskólum þar sem íslenskir framhaldsskólanemendur eru ekki taldir standa jafnfætis jafnöldrum sínum í nálægum löndum hvað varðar þekkingu í stærðfræði.

12. brtt. varðar Kennaraháskóla Íslands og er þar lagt til að launagjöld verði hækkuð um 500 þús. kr. vegna endurmenntunar kennara vegna sérkennslu.

13. tillagan varðar Íþróttakennaraskóla Íslands. Er þar lagt til að sértekjur lækki um 1 millj. kr. Er það vegna þess að leigutekjur af íþróttahúsi skólans eru minni en áformað var þegar húsið var byggt. Þá er einnig lagt til að tekinn verði upp nýr liður, Viðhald íþróttavalla o.fl., og verði til þessa verkefnis varið 1 millj. 500 þús. kr.

14. tillaga varðar Fjölbrautaskólann í Breiðholti. Þar er lagt til að varið verði 3 millj. kr. til lóðaframkvæmda við lóð við verknámshús skólans, en talið er að heildarfrágangur þeirrar lóðar kosti 6,2 millj. kr.

Þá er Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi, en í þskj. 259 er í fyrstu brtt. á því þingskjali gert ráð fyrir að í fjárlögum verði nafni skólans breytt í hátt við það sem hann heitir, þ.e. Fjölbrautaskóli Vesturlands, Akranesi, en ekki Fjölbrautaskólinn á Akranesi eins og misritast hefur í fjárlögum yfirstandandi árs og ekki verið leiðrétt í fjárlagafrv.

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1988 var tekin sú ákvörðun að hefjast handa við byggingu mötuneytis fyrir skólann og er lagt til að 21 millj. verði varið til þessa viðfangsefnis á næsta ári.

Í 16. brtt. er lagt til að fjárveiting til kennsluhúsnæðis Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum hækki um 1 millj. kr.

Í 17. og 18. brtt. er lagt til að framlag til nýbyggingar Verkmenntaskólans á Akureyri verði lækkað um 2,5 millj. kr. en sú fjárhæð verði tekin inn við Framhaldsskólann á Húsavík til kaupa á tölvu og búnaði.

19. brtt. varðar Tækniskóla Íslands. Á undanförnum árum hefur kennslukostnaður í þeim skóla vaxið mjög mikið vegna aukins kennsluumfangs og er langt umfram það sem nemur fjölgun nemenda við skólann. Er nauðsynlegt að taka launa- og kennslumál þessa skóla til endurskoðunar og endurskipulagningar og er að því stefnt af hálfu menntamálaráðuneytisins. Lagt er til að sérstakri fjárhæð, 3 millj. kr., verði varið til að greiða kostnað vegna endurskipulagningar á því skólastarfi og er tillaga gerð um að sú fjárhæð verði færð á launalið skólans til hækkunar.

Þá er komið að Iðnskólanum í Reykjavík. Þar er lagt til að upp verði tekinn nýr liður, 501 Fasteignir, og verði veitt þangað fjárveitingu er nemi 4,5 millj. kr. og er sú fjárveiting ætluð til viðgerða á Iðnskólahúsinu og Vörðuskólahúsinu.

Tillaga 21 varðar iðnnám almennt. Þar er lagt til að tekinn verði upp liðurinn stofnkostnaðarverkefni að fjárhæð 1,5 millj. kr. og er sú fjárhæð ætluð til að greiða kostnað við undirbúning verknámshúss vegna iðnnáms á Ísafirði, en hönnun á slíku húsi hefur staðið yfir.

Brtt. 22 varðar annars vegar að lagt er til að viðhaldsfé vegna héraðsskóla verði lækkað um 1 millj. kr. en framlag til stofnkostnaðar jafnframt hækkað um 13 millj. kr. og verður tillaga fjárveitinganefndar um hvernig því stofnkostnaðarfé skuli skipt birt á sérstöku þingskjali. — Ég tek eftir því, frú forseti, að það þskj. hefur ekki enn komið fram og verður auðvitað séð til þess að það komi fram. Það má vel vera að það séu mistök, það hafi gleymst að ganga frá því þingskjali, en ég mun þá sjá til þess að það verði gert þegar ég hef lokið þessari ræðu. Það á auðvitað að koma fram í þingskjali fyrir hv. Alþingi hvernig fjvn. gerir tillögu um að skipta þessu fé. — Ég vil helst nefna í því sambandi að fyrir utan greiðslur vegna samningsbundinna verka í Reykholti er meginábersla lögð á viðgerðir og lagfæringar á skólahúsnæði Alþýðuskólans á Eiðum og var lagt til að til þess viðfangsefnis verði varið 8 millj. kr., en mjög mikil þörf er á því að gert verði verulegt átak varðandi viðhald þessa skólahúsnæðis.

Brtt. 24 varðar byggingu grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra og er það stofnkostnaður. Lagt er til að framlag hækki um 85 millj. og 5 þús. kr. og er vísað í sérstakt yfirlit um sundurliðun á einstök verkefni, en það yfirlit fylgir brtt. á þskj. 235.

Þá er næst tillaga varðandi skóla fyrir þroskaheft börn og er gerð tillaga um að viðfangsefnið 150 Sameiginleg þjónusta hækki um 5 millj. og fer meginhluti þess fjár til greiðslu aukins launakostnaðar við Öskjuhlíðarskóla. Á sú þörf rætur sínar að rekja til fjölgunar nemenda í skólanum með mikla fötlun, en sú fjölgun varð við upphaf kennslumissiris í haust.

Tillaga 26 þarfnast ekki sérstakrar skýringar.

Tillaga 27 varðar Þjóðminjasafn Íslands og er um leiðréttingu á launalið.

Brtt. 28 varðar Listasafn Íslands og er um það að ræða að framlög til greiðslu stofnkostnaðar, tækja og búnaðar hækki um 2,7 millj. kr. og er það í samræmi við óskir byggingarnefndar.

Tillaga 29 varðar nýtt viðfangsefni hjá Blindrabókasafni Íslands, Tölvuvæðingu útlánakerfis, og er gert ráð fyrir 400 þús. kr. fjárveitingu í því skyni.

Brtt. 30 varðar Náttúruverndarráð og er í fjórum stafliðum. Fyrsti stafliður varðar eftirlit við Mývatn og Laxá og er gerð tillaga um að fjárveiting vegna greiðslu kostnaðar við það eftirlit hækki um 300 þús. kr. og þátttaka Skútustaðahrepps í greiðslu kostnaðar minnki að sama skapi. Þá er í 2. staflið gerð tillaga er varðar þjóðgarðinn í Skaftafelli. Er hún um að fjárveiting hækki um 500 þús. kr. og verði 1 millj. 800 þús. kr. Er þar um fjárveitingu að ræða vegna húsnæðis þjóðgarðsvarðar í Skaftafelli. Ekki er í tillögunni tekin afstaða til þess hvort fénu skuli varið til greiðslu kostnaðar við endurbætur á gamla íbúðarhúsinu í Skaftafelli, en þar er mikið verk óunnið, eða því verði varið til nýbyggingar. Verður að skoða báða þá kosti. Þá er tekin inn í c-staflið ný tillaga um að 1 millj. kr. verði varið til hreinlætisaðstöðu við Gullfoss. Hér er um að ræða viðfangsefni sem fjárveitinganefnd hefur kannað sérstaklega í samráði við Náttúruverndarráð og Ferðamálaráð. Fjárveiting þessi er ætluð til hönnunar og undirbúnings á framkvæmdum og er til þess ætlast að haft sé samráð við fjárveitinganefnd um verkið, en lögð er áhersla á að hér er fyrst og fremst um að ræða aðgerðir til þess að bæta hreinlætisaðstöðu við Gullfoss og til þess að vernda náttúru umhverfisins og ætlast fjárveitinganefnd til að haft sé samráð við hana um þá uppbyggingu. Þá er lagt til að sértekjur Náttúruverndarráðs verði lækkaðar um 1 millj. kr.

Tillaga 31 varðar leiðréttingu á verðlagsforsendu sem nemur 920 þús. kr.

Tillaga 32 varðar Listskreytingasjóð og þarfnast ekki skýringar.

Tillaga 33 varðar liðinn Listir, framlög og er í fjórum stafliðum. Í 1. staflið er gert ráð fyrir að liðurinn Önnur leiklistarstarfsemi verði lækkaður

um 3,5 millj. kr., skv. 2. staflið að styrkir til listasafna hækki um 1 millj. kr., í 3. staflið að liðurinn Lista- og menningarmál lækki um 2 millj. kr. og í 4. staflið að fjárveiting til Ferðaleikhússins verði hækkuð um 500 þús. kr. og verði 800 þús. kr.

34. tillagan varðar norræna samvinnu. Í fyrsta lagi er lagt til að ferðamálasamtök Vestur-Norðurlanda hljóti 500 þús. kr. fjárveitingu og er fjárveitingin ætluð sem verkefnastyrkur vegna undirbúnings námskeiðs fyrir aðila af landsbyggðinni til þátttöku í kaupstefnum og til sameiginlegrar kynningar erlendis.

Þá er í öðru lagi gert ráð fyrir því að framlag til Menningarsjóðs Finnlands og Íslands verði hækkað um 2 millj. 580 þús. kr. Er það vegna skuldbindandi samnings um mótframlag Íslands en samkomulag þar um hefur þegar verið gert og undirritað milli ríkisstjórna Íslands og Finnlands.

35. tillagan varðar Félagsheimilasjóð. Þar er gert ráð fyrir að tilfærslur hækki um 6 millj. kr. og er það til að gera sjóðnum fært að standa við skuldbindingar sem ákveðnar eru af stjórnvöldum og fjárveitinganefnd.

Tillaga 36 varðar Íþróttasjóð. Þar er gert ráð fyrir hækkun á fjárveitingu um 6 millj. 209 þús. kr. Fjárveitingunni hefur verið skipt með hefðbundnum hætti.

37. tillagan þarfnast engra sérstakra skýringa.

Tillaga 38 er brtt. við liðinn 989 Ýmis íþróttamál. Fyrri stafliður tillögunnar er nýtt viðfangsefni en það er að 2 millj. kr. verði varið til sýningarkennslu og kynningar á íslensku þjóðaríþróttinni, glímunni, í skólum. Íslensku glímunni hefur lítill sómi verið sýndur af stjórnvöldum. Þrátt fyrir ákvæði um að hún skuli kennd sem þáttur í íþróttakennslu í skólum landsins hefur það ákvæði nánast verið orðin tóm því íþróttakennarar fá ákaflega takmarkaða tilsögn í þessari gömlu þjóðaríþrótt. Er nú ætlunin að bæta um betur og hafa íslenskir glímumenn boðið fram aðstoð sína í þeim efnum. Þessi fjárveiting er ætluð til þess að greiða fyrir því viðfangsefni og auka á ný veg þessarar gömlu þjóðaríþróttar. B-stafliður tillögunnar varðar svo viðfangsefnið Ýmis framlög til íþróttamála. Þar hefur orðið prentvilla og ég fer þess á leit að hún fáist leiðrétt án þess að ég þurfi að flytja um það skriflega brtt. Á þskj. stendur að tillaga sé gerð um hækkun á þessum lið úr 2 millj. kr. í 3,5 millj. kr., en á að vera 4,5 millj. kr. Þessum lið verður skipt með venjulegum hætti.

Tillaga 40 varðar sex stafliði. Sá fyrsti er um fjárveitingu upp á 2 millj. kr. vegna fundar íþróttaráðherra Evrópu á Íslandi en sá fundur er fyrirhugaður á næsta ári. Stafliður b varðar Geysi í Haukadal. Gert er ráð fyrir hækkun fjárveitingar til gerðar göngustíga og lagfæringar á ferðamannaaðstöðu við Geysi um 500 þús. kr. þannig að til ráðstöfunar í það verkefni verði 1,5 millj. kr. verði tillagan samþykkt, en þessar lagfæringar eru þegar hafnar. Þá er í c-staflið gerð tillaga um fjárveitingu til þess að lagfæra stíga og girða við Dimmuborgir, en að því verkefni hefur verið unnið. Þá er í d-staflið lögð til 200 þús. kr. hækkun á fjárveitingu til Reykholtsstaðar, í e-staflið nokkur hækkun á rekstrarstyrk til Hlíðardalsskóla og í f-staflið að tekin verði upp að nýju fjárveiting til Útflutnings- og markaðsskólans og er lagt til að sú fjárveiting nemi 3 millj. kr.

Tillaga 41 varðar skrifstofu ráðherranefndar Norðurlandaráðs. Um nk. áramót mun samstarfsráðherra Íslands í Norðurlandaráði taka við formennsku í ráðherranefnd Norðurlandaráðs og fylgir því jafnframt formennska í nefndum á vegum ráðsins. Þessu fylgir óhjákvæmilega einhver kostnaður sem að mati Fjárlaga- og hagsýslustofnunar nemur 2,3 millj. kr. Tillaga er gerð um að fjárveiting til skrifstofu ráðherranefndar Norðurlandaráðs verði hækkuð um þessa fjárhæð og er hér að sjálfsögðu aðeins um að ræða fjárveitingu er gildir til eins árs eða á meðan samstarfsráðherra Íslands í Norðurlandaráði gegnir formennsku í ráðherranefndinni.

Tillaga 42 varðar Búnaðarfélag Íslands. Sú tillaga er röng eins og hún er prentuð á þskj. 235 en rétt eins og hún er prentuð í þskj. 259 og er því tillaga 42 á þskj. 235 dregin til baka. Samkvæmt tillögu þeirri sem stendur eftir er gert ráð fyrir að tilfærslur hækki samtals um 13 millj. 618 þús. kr. og er það í samræmi við tillögur nefndar sem vinnur að endurskipulagningu á starfsemi Búnaðarfélagsins. Í grg. með fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að endurskoðun fari fram á starfsemi Búnaðarfélags Íslands. Með bréfi dags. 7. sept. 1988 skipaði hæstv. fyrrv. landbrh. nefnd til þessa verkefnis, þar með talið að gera tillögur um framtíðarskipan þessara mála. Þann 19. okt. sl. staðfesti hæstv. núv. landbrh. skipan nefndarinnar til framhaldsstarfa. Nefndin er að störfum. Hún hefur lagt áherslu á að lagfæra fjárhag Búnaðarfélags Íslands í fjárlagafrv. 1989. Nefndin mun starfa áfram og gera ráð fyrir að leggja fram ákveðnar tillögur varðandi framtíðarskipan verkefna og tekjustofna Búnaðarfélags Íslands sem liggi fyrir við undirbúning fjárlaga fyrir árið 1990. Ljóst er að nefndin mun leggja til m.a. að Hagstofnun landbúnaðarins, þar með talin yfirstjórn búreikninga, verði flutt til búvísindadeildar við Bændaskólann á Hvanneyri. Er nauðsynlegt að undirbúningur þessa geti hafist sem fyrst.

Tillaga 43 varðar Rannsóknastofnun landbúnaðarins og er um að sérstök fjárveiting að upphæð 3 millj. kr. verði veitt til tilraunafjóss að Stóra-Ármóti og er áformað að þar sé um lokagreiðslu að ræða.

Tillaga 44 varðar Skógrækt ríkisins. Þar er gerð tillaga um að viðfangsefnið 101 Almennur rekstur lækki um 15,3 millj. kr. en á móti komi nýtt viðfangsefni 185 Rannsóknastofnun, ekki rannsóknastofur eins og misritast hefur, 15,3 millj. kr. Þar mun vera um tilfærslur að ræða innan stofnunarinnar en ekki tillögur um hækkaðar fjárveitingar.

Þá kemur tillaga 45, Landgræðsla ríkisins. Þar er lagt til að viðfangsefnið Almenn landgræðsla hækki um 5 millj. kr. og er sú fjárhæð ætluð til land-

græðslustarfa og uppgræðslu á Mývatnsöræfum í samræmi við samþykktir ríkisstjórnarinnar. Þá er tekinn inn nýr liður, Fræverkunarstöð, og lagt til að til þess verkefnis verði veitt 2,5 millj. kr., en það verkefni var á fjárlögum 1988.

Tillaga 46 varðar sauðfjárveikivarnir. Er þar lagt til að fjárveiting vegna viðfangsefnisins verði hækkuð um 15 millj. kr. og verður þá 351 millj. 175 þús. kr. Er þessi afgreiðsla í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar, en útgjöld til viðfangsefnisins hafa á hennar vegum verið umreiknuð í samræmi við breyttar forsendur.

Tillaga 47 varðar Veiðimálastofnunina, Laxeldisstöðina í Kollafirði. Er lagt til að framlag til þess viðfangsefnis verði hækkað um 6,6 millj. kr. og á sú hækkun rót sína að rekja til greiðslu vaxta og afborgana af lánum sem tekin hafa verið og gjaldfalla á næsta ári.

Tillaga 48 varðar embætti yfirdýralæknis. Þar er lagt til að nýr liður verði tekinn inn undir nafninu Menntun í fisksjúkdómum og að 2 millj. kr. verði veittar til þess verkefnis.

Þá er næst tillaga 49 er varðar landgræðslu- og landverndaráætlun. Þar er lagt til að fjárveiting verði hækkuð í heild um 23,6 millj. kr. Af þeirri fjárhæð er gert ráð fyrir að 16,5 millj. kr. verði varið til styrktar vegna fyrirhleðslna og til varnar landbroti og mun því verða skipt í samræmi við tillögu Landgræðslu eins og vanalega. Standa þá eftir 7,1 millj. kr. sem gert er ráð fyrir að skiptist á milli Skógræktar, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Landgræðslunnar. Er þetta í samræmi við afgreiðslur og samþykktir ríkisstjórnarinnar.

Tillaga 50 varðar Bændaskólann á Hvanneyri. Þar er lögð til hækkun fjárveitinga vegna reksturs skólans um 600 þús. kr. og er framlagið tilkomið vegna réttar kennara til að taka leyfi frá kennslu, en fyrir þeim rétti verður að sjálfsögðu að sjá í fjárlögum.

Tillaga 51 varðar Bændaskólann á Hólum. Þar hefur enn orðið prentvilla, virðulegi forseti, í brtt. á þskj. 235, b-staflið 601 Fasteignir. Eins og frá þskj. er gengið er þar lagt til að þessi liður, sem er nýr, fái 1 millj. kr. en það á að vera 3 millj. kr. og er það ætlað til áframhaldandi framkvæmda við nýbyggingar skólahúsnæðis Bændaskólans á Hólum.

Tillaga 52 varðar Garðyrkjuskóla ríkisins. Við staflið a er lagt til að framlag til almenns rekstrar hækki um 300 þús. kr. og er sú fjárveiting sérstaklega hugsuð vegna afmælis skólans sem verður á næsta ári og til ráðstöfunar fyrir stjórnendur skólans í sambandi við afmælið. Í b-staflið er lagt til að sértekjur verði lækkaðar um 1 millj. kr. og er það afleiðing þess að dregið hefur úr söluhagnaði vegna minnkandi sölu á framleiðsluvörum skólans sem aftur er afleiðing af verðhækkun.

53. tillagan varðar Fiskifélag Íslands, en þar er lagt til að fjárveiting til viðfangsefnisins verði hækkuð um 2 millj. kr. Er til þess ætlast að sú fjárhæð sé notuð til að greiða kostnað við endurskipulagningu á starfsemi Fiskifélagsins, en ætlunin er að gera breytingar á starfsemi félagsins í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar og hefur sjútvrh. ákveðið að það verk verði unnið.

54. tillagan varðar liðinn sjóvinnukennslu, sjóvinnu og rannsóknir. Lagt er til að sá fjárlagaliður hækki um 2,4 millj. kr. og er þar um að ræða fjárveitingu til áframhaldandi útgerðar skólabátsins Mímis.

Tillaga 55 varðar embætti lögreglustjórans í Reykjavík. Þar er lagt til að launakostnaður embættisins verði hækkaður um 8 millj. 400 þús. kr. og er hækkunin þannig til komin að gert er ráð fyrir að fjölgað verði í löggæslunni um sjö stöðugildi: um þrjú stöðugildi til almennrar löggæslu, um þrjú vegna tilfærslu á störfum sem áður voru hjá embættinu og um eitt til forvarnarstarfs, samtals sjö stöðugildi.

Mikil hækkun á hvers kyns yfirvinnu- og aukavinnukostnaði hefur verið vandamál hjá mörgum lögreglustjóraembættum víða um land og hefur yfirvinnan sums staðar keyrt úr hófi fram. Fyrirmæli hafa verið gefin um að dregið skuli úr þessari miklu yfir- og aukavinnu þannig að launaútgjöldin verði samræmd þeim ákvörðunum sem teknar eru af Alþingi við afgreiðslu fjárlaga. Nokkur misbrestur er á því að þetta hafi verið framkvæmt eins og fyrir hefur verið lagt. Lögreglustjóraembættið í Reykjavík hefur hins vegar gert sérstakt átak í þessum málum og skilað mjög verulegum árangri í þá átt að launaútgjöld embættisins séu í samræmi við það sem fjárveitingavaldið telur hæfilegt og hefur m.a. verið dregið talsvert úr yfirvinnu lögreglumanna í Reykjavík í þessu sambandi. Ýmsir örðugleikar fylgja í kjölfar þessa eins og oftast nær að draga úr launakostnaði með minnkun yfirvinnu. Til þess að gera megi kröfur um að hægt sé virða það launakostnaðarumfang, sem Alþingi ákvarðar við fjárlagagerð, er nauðsynlegt að jafnframt því sem dregið verði úr yfirvinnugreiðslum, þar sem hver unnin vinnustund er að sjálfsögðu miklum mun dýrari en ef um venjulega vakta- eða dagvinnu er að ræða, þá er nauðsynlegt að koma til móts við eðlilega mannaflaþörf embættisins og er það gert hér hvað varðar lögreglustjóraembættið í Reykjavík.

Tillaga 56 varðar sýslumanns- og bæjarfógetaembættið á Akureyri og er lagt til að þar verði bætt við einni stöðu fulltrúa hjá embættinu.

Tillaga 57 varðar embætti sýslumanns og bæjarfógeta á Húsavík. Þar er lagt til að fjárveiting til nýbyggingar verði hækkuð um 5,8 millj. kr., en það er til greiðslu áfallinnar skuldar í tengslum við nýbyggingar skrifstofuhúsnæðisins á Húsavík.

Tillaga 58 varðar embætti sýslumanns og bæjarfógeta í Keflavík. Þar er lagt til að fjárveiting til að innrétta lögreglustöð í Grindavík verði hækkuð um 3 millj. kr.

Tillaga 59 varðar embætti sýslumanns og bæjarfógeta í Hafnarfirði. Vegna stóraukins umfangs þess embættis er lagt til að heimilað verði eitt stöðugildi

endurskoðanda á aðalskrifstofu og hálft stöðugildi skrifstofumanns í Mosfellssveit. Er hér um tímabundnar verkefnaráðningar að ræða. Hækkun launakostnaðar hjá embættinu af þessum sökum yrði 1,5 millj. kr.

Tillaga 60 varðar fangelsi á höfuðborgarsvæðinu. Þar er lagt til að veittar verði 4,5 millj. kr. til að ljúka endurbótum á húsnæði kvennafangelsis við Kópavogsbraut sem til stendur að taka í notkun á næsta ári og mun það leysa úr mjög brýnni þörf.

Tillaga 61 varðar Landhelgisgæslu Íslands. Ráð er fyrir því gert í frumvarpinu að rekstur vitaskipsins Árvakurs flytjist til Landhelgisgæslunnar og hún taki við þeim verkefnum sem vitaskipið hefur annast. Fjárveitinganefnd gerir ekki tillögu um að horfið verði frá þeirri fyrirætlan. Forstjóri Landhelgisgæslunnar hefur hins vegar sent erindi til nefndarinnar þess efnis að þau skip gæslunnar sem nú eru í rekstri muni geta annast þau verkefni sem vitaskipið Árvakur sér um að því tilskildu að fjárveiting verði veitt til þess að kaupa krana á eitt varðskipanna og muni þá sá kostur verða valinn að halda varðskipinu Óðni áfram í rekstri í stað þess að leggja því eins og áætlað var. Mun Landhelgisgæslan þá á næsta ári geta haldið úti óbreyttum skiparekstri þrátt fyrir tilkomu hins nýja viðfangsefnis. Fjárveitinganefnd fyrir sitt leyti féllst á þessi tilmæli og gerir hér tillögu um að fjárveiting til Landhelgisgæslunnar verði hækkuð um 6 millj. kr. og verði þeirri fjárhæð varið til uppsetningar á kranabúnaði á eitt varðskipanna.

Tillaga 62 varðar Bifreiðaeftirlit ríkisins. Eins og kunnugt er tók Alþingi þá ákvörðun að gerbreyta fyrirkomulagi bifreiðaskoðunar. Bifreiðaeftirlit ríkisins hættir starfsemi sinni um nk. áramót, en í staðinn tekur við því starfi Bifreiðaskoðun Íslands hf. Þeir starfsmenn, sem unnið hafa hjá Bifreiðaeftirlitinu og ekki geta treyst á framhaldsráðningu hjá Bifreiðaskoðun Íslands hf., eiga að sjálfsögðu rétt á biðlaunum. Fyrir því var ekki séð í fjárlagafrv. Þess vegna er gert ráð fyrir því að biðlaun af þessum sökum geti numið allt að 12 millj. kr. og er gerð tillaga um að við afgreiðslu fjárlaga sé gert ráð fyrir slíkri fjárveitingu. Sé ekki þörf á greiðslu biðlauna um svo langan tíma eða til jafnmargra og rétt gætu átt á því vegna ráðningar þeirra til starfa við sambærileg störf annars staðar, þá mun þessi fjárhæð að sjálfsögðu ekki öll verða nýtt. Auk þess er svo gert ráð fyrir 2 millj. kr. fjárveitingu vegna uppgjörs þegar starfsemi Bifreiðaeftirlits ríkisins verður lögð niður þannig að samtals er um að ræða tillögu um 14 millj. kr. fjárveitingu til þessa verkefnis.

Tillaga 63 varðar embætti söngmálastjóra þjóðkirkjunnar og er þar lögð til 700 þús. kr. fjárveiting vegna innréttingar á orgelsal.

64. tillaga varðar ýmis kirkjuleg málefni. Þar er í fyrsta lagi lagt til að liðurinn 190 Ýmislegt hækki um 2 millj. 314 þús. kr. og kemur hann til skipta hjá fjvn. síðar eins og vani er. Þá er tekinn upp liðurinn Viðhald húseignar á Löngumýri, sem var í fjárlögum yfirstandandi árs en féll út úr fjárlagafrv., og er lagt til að varið verði 500 þús. kr. til viðhalds húseignarinnar. Í þriðja lagi er lagt til að fjárveiting til Hallgrímskirkju verði aukin úr 7 millj. kr. í 12 og er sú fjárveiting ætluð til viðgerða á steypuskemmdum í turni kirkjunnar, en mjög alvarlegar steypuskemmdir hafa komið þar í ljós og verður að ráðast í mikinn kostnað til að gera lagfæringar þar á. Þar að auki er á þskj. 259 gerð tillaga, sem féll niður við prentun þskj. 235 en sú tillaga varðar Hóladómkirkju. Þar er lagt til að fjárveiting til viðgerða Hóladómkirkju hækki um 3 millj. kr. og verði þeirri hækkun varið til viðgerða á altarisbrík kirkjunnar.

65. tillaga varðar liðinn 601 Vatnsveitur, þ.e. vatnsveitustyrki, og er lagt til að vatnsveitustyrkir verði hækkaðir úr 20 millj. kr. í 30 en skipting á þeim lið verður unnin með heföbundnum hætti í samgrn.

Þá er komið að tillögum er varða málefni fatlaðra. Í frv. eru 33,85 stöðugildi undir málefnum fatlaðra og er þeim óráðstafað í frv. Fjvn. gerir aðeins tillögu um ráðstöfun á hluta þessara stöðugilda, sem hún beinir til félmrn. Það er í fyrsta lagi vegna málefna fatlaðra á Vesturlandi. Þar er lagt til að veitt verði heimild fyrir hálfri stöðu við leikfangasafn í Ólafsvík. Í öðru lagi vegna málefna fatlaðra á Vestfjörðum. Þar er lagt til að veitt verði hálft stöðugildi til að setja á stofn leikfangasafn. Í þriðja lagi málefni fatlaðra á Norðurlandi eystra. Þar er lagt til að veitt verði 0,4 stöðugildi forstöðumanns við leikfangasafn á Akureyri þannig að um eitt stöðugildi verði að ræða. Í fjórða lagi málefni fatlaðra á Austurlandi. Þar er lagt til að veitt verði hálf staða forstöðumanns við leikfangasafn. Hér er því um að ræða samtals 1,9 stöðugildi af þeim tæplega 34 sem óráðstafað er samkvæmt frv. Nefndin hefur kynnt sér hugmyndir félmrn. um ráðstöfun þessara stöðugilda og fyrir sitt leyti vísar hún þeim til félmrn. til afgreiðslu vegna þeirra stofnana sem teknar verða í notkun á árinu 1989 og þeirra sem teknar eru til starfa en ekki hafa fengið stöðuheimildir.

Jafnframt er þeim erindum, sem borist hafa fjvn. frá svæðisstjórnum um málefni fatlaðra og ekki hafa fengið afgreiðslu í nefndinni, vísað til ráðuneytisins til umfjöllunar og afgreiðslu þar.

Þá gerir fjvn. einnig tillögu um, eins og segir í tillögu 66, að viðfangsefnið Starfsþjálfun verði hækkað um 400 þús. kr. sem varið verði til tækjakaupa. Í öðru lagi varðandi málefni fatlaðra, Reykjanesi, að fjárveiting til vistheimilisins á Skálatúni verði hækkuð um 500 þús. kr. vegna brunavarna. Í þriðja lagi vegna málefna fatlaðra á Vestfjörðum að viðfangsefnið Svæðisstjórn verði hækkað um 300 þús. kr. vegna fyrirframgreiðslu á húsaleigu á skrifstofu. Í fjórða lagi vegna málefna fatlaðra á Suðurlandi að til Sólheima verði varið 6 millj. kr. og er ætlunin að framlag þetta gangi til greiðslu á skuldum Sólheima í Grímsnesi. Jafnframt mun nefndin leggja til að til Sólborgar á Akureyri

verði veitt 1 millj. kr. til að hægt verði að taka sundlaugina í notkun og einnig að veittar verði 2 millj. kr. til uppgjörs á rekstrarhalla Bjargs en það er verndaður vinnustaður á Norðurlandi eystra.

Í tillögu 70 er rætt um málefni Brunamálastofnunar ríkisins og er lagt til að veitt verði 1 millj. kr. til kaupa á gámi til reykköfunar, en sértekjur stofnunarinnar verði hækkaðar að sama skapi.

Í tillögu 71 er lagt til að viðfangsefnið Félagasamtök, styrkir verði hækkað um 1 millj. 280 þús. kr.

Liðurinn 72 varðar Tryggingastofnun ríkisins, sjúkratryggingar og er þar lagt til að sjúkratryggingar verði lækkaðar um 9,2 millj. kr. vegna tilfærslu á föst fjárlög og verður nánari grein gerð fyrir þeim tilfærslum hér á eftir hvað varðar hin einstöku sjúkrahús. Er hér um millifærslur að ræða út af sjúkratryggingum og yfir á kostnað sjúkrastofnana á föstum fjárlögum.

73. brtt. varðar landlækni. Þar er gert ráð fyrir hækkun um 300 þús. kr. og er ætlunin að það fé verði sérstaklega notað til aðgerða til lækkunar á lyfjakostnaði.

74. brtt. varðar Sjúkrahúsið á Sauðárkróki. Gert er ráð fyrir að launaliður hækki.

Í brtt. 75 er rætt um Sjúkrahúsið á Siglufirði. Er þar gert ráð fyrir að launaliður hækki um 600 þús. kr. vegna nýrrar stöðu sjúkraliða til heimahjúkrunar.

Tillaga 76 varðar Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Þar eru launagjöld lækkuð um 6,1 millj. kr. en á móti hækka önnur gjöld um sömu upphæð. Er þetta vegna leiðréttinga og hefur ekki áhrif á niðurstöðutölur.

Tillaga 77 varðar ríkisspítalana. Þar er lagt til að ráðið verði í fimm nýjar stöður vegna nýrrar starfsemi í K-byggingu Landspítalans sem taka á í notkun í sumar. Útgjöld vegna þessa er áformað að hækki um 10,5 millj. kr.

Tillaga 78 varðar Borgarspítalann. Er þar í fyrsta lagi rætt um almennan rekstur þar sem lagt er til að heimilaðar verði sex nýjar stöður, sem áður voru greiddar af álagsgreiðslum, og fjögur ný stöðugildi eða samtals tíu stöðugildi. Launagjöld hækka af þeim sökum um 4 millj. 800 þús. kr.

Þá er í öðru lagi lagt til að liðurinn Ýmis eignakaup verði hækkaður um 10 millj. kr. og er ætlunin að fyrir þá fjárhæð verði keypt vararafstöð í spítalann, en eins og kunnugt er brást vararafstöð spítalans nú í haust þegar rafmagnstruflanir urðu á höfuðborgarsvæðinu. Mun þessi fjárhæð, 10 millj. kr., nægja til þess að kaupa rafstöðina, koma henni fyrir og tengja hana en annars er nauðsynlegt að endurnýja allar rafmagnstöflur í sjúkrahúsinu og mun verða unnt að hefja það verk einnig fyrir þetta fé en heildarkostnaður við það verk til verkloka er áætlaður um eða yfir 20 millj. kr.

79. brtt. fjvn. varðar liðina Sjúkrahús og læknabústaðir. Er þar um að ræða þrjá stafliði.

Í a-lið er gerð tillaga um að tekið verði upp nýtt viðfangsefni, 120 Öldrunarþjónusta á Suðurnesjum, og verði veittar 9 millj. kr. til þess viðfangsefnis. Eins og öllum er kunnugt hafa miklir rekstrarörðugleikar hrjáð sjúkrahúsið í Keflavík og er áætlað að rekstrartap sjúkrahússins á þessu ári geti numið allt að 16 millj. kr. Ástæðan fyrir þessu er sú að sjúkrahúsið er afskaplega óhagstæð rekstrareining. Þjónustukjarni hefur þar verið byggður, þar á meðal skurðstofa, en til þess að eðlileg nýting komist á vantar hjúkrunar- og legupláss sem áætlað hefur verið að byggja. Ber þar fyrst og fremst að nefna hjúkrunardeild sem verður mjög brýnt viðfangsefni ekki síst vegna þess hve alvarlegt ástand öldrunarmála er á Suðurnesjum. Heilbrmrh. og fjmrh. hafa átt viðræður við rekstraraðila sjúkrahússins í Keflavík svo og fjárhagsnefnd Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum um þessi mál og standa þær viðræður enn yfir. Er hér lagt til að veitt verði fjárveiting að upphæð 9 millj. kr. til að bæta rekstrargrundvöll sjúkrahússins og undirbúa áætlun um uppbyggingu á öldrunarþjónustu á Suðurnesjum.

Í b-lið er síðan lagt til varðandi liðinn Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða að sá liður hækki samtals um 40 millj. 320 þús. kr. og er sundurliðun um þær framkvæmdir birt með brtt. á þskj. 235. Ég vil aðeins í því sambandi taka fram tvennt. Í fyrsta lagi að í þessum tillögum er ekki gert ráð fyrir að nein ný verk verði hafin og í öðru lagi að þarna er um að ræða einn áfanga sem tekinn verður í notkun, þ.e. samkvæmt ákvörðunum heilbrrn. er gert ráð fyrir að flutt verði í hið nýja sjúkrahús á Ísafirði þann 21. jan. nk. og er fjárveitingin til sjúkrahússins á Ísafirði við það miðuð að það verði gert.

Í öðru lagi vil ég taka fram að á sl. hausti var gert tiltekið samkomulag við borgarstjórann í Reykjavík vegna heilsugæslumála í Reykjavíkurborg. Um mitt ár komu upp ný viðhorf í því máli þegar álitsgerð barst frá Ríkisendurskoðun varðandi kröfur sveitarfélaga um að ríkinu bæri að greiða hluta sinn í gatnagerðargjöldum með sama hætti og við annan framkvæmdakostnað. Varð það til þess að nokkur töf varð á afgreiðslu umrædds samkomulags, en við samkomulagið hefur nú verið staðið. Einnig eru í gangi samningaviðræður milli heilbrrn. og borgarstjórans í Reykjavík um samkomulag milli þessara aðila um fyrirkomulag heilsugæsluþjónustu í höfuðborginni. Ég hef rætt um þessi mál við fjmrh. og legg á það höfuðáherslu, og vil taka það fram hér við þessa umræðu, að gengið verði til samkomulags við borgaryfirvöld í Reykjavík um þessi mál og um greiðsluhluta ríkissjóðs í framkvæmdum í heilsugæslustöðvum í Reykjavík og um greiðslusamkomulag um það. Ég mun beita mér fyrir því eins og ég hef gert að það samkomulag nái fram að ganga milli fjmrn., heilbrrn. og borgaryfirvalda í Reykjavík þannig að menn þurfi ekkert að velkjast í vafa um það hvaða aðstæður eigi að ríkja í heilsugæsluþjónustu í Reykjavík og hvaða hlutir það séu sem eigi að falla til greiðslu á ríkissjóð í því sambandi en á því

virðast vera áhöld eins og nú standa sakir.

Í d-lið er svo lagt til að nýr liður verði tekinn inn í frv., liður sem ávallt hefur verið á fjárlögum undanfarinna ára, en það er sérstök fjárveiting til St. Franciscusarreglunnar í Stykkishólmi vegna sjúkrahússins þar að fjárhæð 9 millj. kr.

Brtt. 80 varðar síðan liðinn Heilbrigðismál, ýmis starfsemi, 131 Krabbameinsfélag Íslands. Hér er um það að ræða að gera verður verðlagsleiðréttingar á frumvarpstölunni og vantar þá 2 millj. kr. til þess að við gert samkomulag verði staðið og er lagt til að sú fjárveiting eigi sér stað.

Brtt. 81 varðar St. Franciscusarspítala í Stykkishólmi, launaútgjöld hans vegna og er vegna nýrra stöðugilda framkvæmdastjóra og sjúkraliða, samtals 3,2 millj. kr. hækkun.

Sama máli gegnir um tillögu 82 er varðar Sjúkrahús Bolungarvíkur, en þar er um að ræða að heimiluð eru tvö ný stöðugildi vegna langlegu.

Tillaga 83 varðar Sundabúð II í Vopnafirði, þar þarf að hækka launagjöld um 900 þús. kr. vegna launa sjúkraþjálfa.

Tillaga 84 varðar Sunnuhlíð í Kópavogi þar sem gerð er tillaga um að launagjöld hækki um 2,7 millj. kr. vegna fjölgunar starfsmanna um sjö, en þar hefur rúmum fjölgað um níu. Þessi fjölgun starfsmanna á þeim fjórum sjúkrastofnunum sem ég hef lesið hér upp mun ekki auka heildarútgjöld ríkissjóðs vegna þess að á móti kemur, eins og ég sagði áðan, lækkun á sjúkratryggingum.

Tillaga 85 þarfnast engrar sérstakrar skýringar.

Tillaga 86 varðar embætti ríkistollstjóra. Þar er tillaga gerð um að launagjöld hækki um 6 millj. kr. og stafar sú hækkun af því að gerð er tillaga um að alls sex starfsmenn verði ráðnir, þrír fastráðnir og þrír verkefnaráðnir í tengslum við innheimtu- og eftirlitsstörf og er það í samræmi við þau auknu verkefni sem ríkistollstjóra hefur verið falið að gegna.

Sama máli gegnir um næstu tillögu þar á eftir er varðar tollstjórann í Reykjavík. Þar er gert ráð fyrir einum verkefnaráðnum starfsmanni og tveimur nýjum stöðugildum þar að auki vegna nýrra verkefna sem embættinu hafa verið falin og er gert ráð fyrir því að launagjöld hækki vegna þessa um 3 millj. kr.

Töluliður 88 varðar Vita- og hafnamálaskrifstofuna. Þar er gert ráð fyrir nýrri fjárveitingu til uppsetningar sjóvarnarmerkis við Kolbeinsey og til þess að ljúka þeim rannsóknum sem verið hafa í undirbúningi þar.

Þá kemur næst brtt. 90 við liðinn Hafnarmannvirki og lendingarbætur, en lagt er til að hækkun þar verði 10 millj. kr. Vísað er í sundurliðun á einstökum verkefnum í yfirliti með brtt. Þar að auki er tekið upp nýtt viðfangsefni, 631 Landshafnir, óskipt, sem fá 15 millj. kr. Er ráð fyrir því gert að fé þetta verði til ráðstöfunar í sambandi við þá samninga sem fyrir dyrum standa milli samgönguráðuneytisins og sveitarfélaga um yfirtöku sveitarfélaga á rekstri landshafna.

Tillaga 92 varðar sjóvarnargarða og lýtur að því að fjárveiting verði hækkuð úr 10 millj. kr. eins og hún er í frv. í 31 millj. 300 þús kr. Sundurliðun er á sérstöku yfirliti á þskj. 235.

Brtt. 93 varðar Siglingamálastofnun ríkisins, mengunarvarnir. Lagt er til að sá liður verði hækkaður um 130 þús. kr. og er sú hækkun til þess að kaupa farsíma.

Brtt. 94 varðar ýmis framlög. Í 1. tölul. er rætt um tilkynningarskyldu íslenskra skipa þar sem lögð er til hækkun um 720 þús. kr. Stafliður b varðar safnlið og lagt er til að framlagið verði hækkað um 1 millj. kr. Stafliður c í tillögunni varðar Öryggismálaskóla sjómanna en þar er lagt til að framlagið verði hækkað um 450 þús kr.

Tillaga 95 varðar Ferðamálaráð, framlög vegna hótela. Hér er um að ræða tillögu um hækkun á tölu frv. um 5 millj. kr. og verða þá alls til ráðstöfunar samkvæmt þessu 20 millj. kr. Fjvn. mun gera tillögu um ráðstöfun á þessu fjármagni en það er í senn ætlað til þess að standa við fyrri ákvarðanir Alþingis sem skuldbinda Ferðamálasjóð vegna hótela og einnig til þess að takast á við önnur vandamál út af hótelrekstri.

Brtt. 96 varðar svo Veðurstofu Íslands, jarðeðlisfræðideild. Þar er lögð til hækkun um 500 þús. kr. og er hækkunin ætluð til að standa straum af rekstri þriggja jarðskjálftamæla í Mývatnssveit sem Orkustofnun hefur rekið til þessa en hyggst nú hætta að greiða rekstrarkostnað af. Verða jarðskjálftamælar þessir þannig áfram starfræktir.

Brtt. 97 varðar síðan iðnrn., aðalskrifstofu, og er þar eingöngu um tilfærslur að ræða, eins og kemur raunar fram í 98. brtt. nefndarinnar.

Brtt. 99 varðar liðinn Iðja og iðnaður. Þar er í fyrsta lagi um að ræða nýtt viðfangsefni, byggingarþjónustuna. Hún naut styrks á fjárlögum ársins 1987 en fjárveiting hennar vegna féll út 1988. Nú er lagt til að byggingarþjónustunni verði veittur rekstrarstyrkur að fjárhæð 500 þús. kr.

Þá er loks lagt til að tekinn verði inn nýr liður, 150 Iðnþróun og markaðsmál, og er þar aðeins um tilfærslu að ræða, flutning af yfirstjórn, þannig að sú tillaga hefur ekki áhrif til útgjaldaauka.

Virðulegi forseti. Ég hef nú lokið við að gera grein fyrir þeim tillögum sem fjvn. flytur. Eins og áður hefur komið fram stendur nefndin að þessari tillögugerð. Fulltrúar stjórnarandstöðunnar, þau Pálmi Jónsson, Egill Jónsson, Óli Þ. Guðbjartsson og Málmfríður Sigurðardóttir, hafa hins vegar að sjálfsögðu fyrirvara um flutning breytingartillagna og að styðja þær brtt. sem fram kunna að koma frá öðrum.

Í fylgiskjali með nefndaráliti meiri hl. eru birt áform ríkisstjórnarinnar um lækkun ríkisútgjalda og fleira. Tillögur um þær afgreiðslur verða fluttar við 3. umr. fjárlaga og gefst þá kostur á að gera nánari grein fyrir þessum áformum. Ég læt mér nægja að vísa í fylgiskjalið á þskj. 244 þar sem gerð er grein fyrir helstu niðurstöðum þessara áforma.

Umræddum áformum má skipta í þrennt. Í fyrsta lagi er um að ræða lækkun framlaga í sjóði, samtals nemur sú lækkun 318 millj. kr. Í öðru lagi er gert ráð fyrir lækkun launakostnaðar. Samtals nema áhrif þeirra aðgerða 320 millj. kr. Í þriðja lagi er svo gert ráð fyrir lækkun rekstrarframlaga, þ.e. sjúkratrygginga og kostnaðar við sérfræðiþjónustu, til samræmis við lækkun launa og nemur sú aðgerð lækkun útgjalda ríkissjóðs sem nemur 80 millj. kr. Í fjórða lagi er síðan lækkun á liðnum Launa- og verðlagsmál, rekstrargjöld, þar sem áformað er að setja mjög strangar reglur um ferða- og dvalarkostnað, risnu og fundahöld, aðkeypta sérfræðiþjónustu o.s.frv. og er gert ráð fyrir lækkun útgjalda af þeim sökum sem nemi 215 millj. kr. Samtals munu því verða fluttar við 3. umr. tillögur um lækkun útgjalda sem lækka munu útgjöld ríkissjóðs um samtals 968 millj. kr. Þar að auki er gert ráð fyrir því að Póstur og sími skili inn í ríkissjóð upphæð sem nemur 250 millj. kr.

Í frv. því til fjárlaga sem lagt var fram í haust var af einhverjum ástæðum ekki reiknað með þeirri hækkun á gjaldskrá Pósts og síma sem þá hafði orðið. Sú hækkun er reiknuð stofnuninni til tekna eins og eðlilegt er og gengið út frá því að gjaldskrá hækki milli ára eins og almennt verðlag sem einnig er eðlilegt. Kemur þá í ljós að tekjur Pósts og síma verða um það bil 500 millj. kr. meiri en gengið var út frá við gerð fjárlagafrv. Í frv. var gert ráð fyrir því að Póstur og sími hefðu til ráðstöfunar 200 millj. kr. til fjárfestinga. Miðað við þau áform ríkisstjórnarinnar sem ég hef nú lýst um tekjuauka sem stafar af *umræddri gjaldskrárhækkun sem ekki hafði verið* tekið tillit til við gerð fjárlaga, þá er þeim tekjuauka skipt jafnt þannig: Stofnunin Póstur og sími fær helming tekjuaukans til þess að auka framkvæmdafé sitt og verða fjárfestingar Pósts og síma þannig á næsta ári áætlaðar 450 millj. kr. í stað 200 millj. kr. eins og áformað var í fjárlagafrv. Hins vegar er gert ráð fyrir að stofnunin skili hinum helmingi tekjuaukans í ríkissjóð og er það eðlilegt og í samræmi við annað að reynt sé að draga saman seglin í fjárfestingum þessarar stofnunar til samræmis við erfiðari aðstæður og þann samdrátt og þann sparnað sem ríkisstjórnin hyggst beita sér fyrir á öðrum sviðum. Heildaráhrif á afkomu ríkissjóðs vegna þessara ráðstafana allra nema þannig 1218 millj. kr.

Að lokum vil ég víkja að örfáum málum sem tillögur eru ekki gerðar um við þessa afgreiðslu en nauðsynlegt er að ræða. Í fyrsta lagi er þar um að ræða afgreiðslur á launamálum þeirra rannsóknastofnana sem samkvæmt frv. fá nú fjárveitingar í formi tilfærslna. Í öðru lagi verður svo um að ræða Vinnueftirlit ríkisins.

Nokkrar rannsóknastofnanir taka þeim breytingum varðandi afgreiðslur á fjárveitingum úr ríkissjóði að í frv. eru þær færðar sem tilfærslur til stofnana. Í því sambandi hafa vaknað spurningar hjá stjórnendum stofnananna um hvaða áhrif þær breytingar muni hafa varðandi launakostnað þeirra. Vegna þessa tel ég rétt að upplýsa að umrædd breyting mun ekki hafa áhrif þar á. Launakostnaður hjá þessum stofnunum mun sæta sömu afgreiðslu og launakostnaður annarra og mun verða uppfærður með sama hætti og annar launakostnaður. Breytingin á afgreiðslu fjárveitinga til stofnana þessara samkvæmt frv. mun ekki breyta því.

Um málefni Vinnueftirlits ríkisins er það hins vegar að segja að það mál er nú í sérstakri skoðun hjá fjmrh. og félmrh.

Þá eru málefni Ríkisútvarpsins nú í sérstakri umfjöllun í ríkisstjórninni í kjölfar skýrslu frá nefnd sem menntmrh. skipaði til þess að skoða stöðu Ríkisútvarpsins og gera tillögur um rekstrarvanda þess.

Þá er rétt í lokin að fara örfáum orðum um mikinn vanda Þjóðleikhússins. Er þar annars vegar um að ræða mikinn rekstrarvanda, en á þremur árum hefur myndast hjá stofnuninni launaskuld við ríkissjóð upp á 200 millj. kr. Í annan stað er um það að ræða að sjálf þjóðleikhúsbyggingin liggur undir miklum skemmdum og er orðið bráðnauðsynlegt að þar fari fram miklar endurbætur. Fjvn. hefur kynnt sér mál þetta sérstaklega auk þess sem sérstök nefnd á vegum menntmrn. hefur skilað umfangsmikilli skýrslu um verkið. Sú endurnýjun sem gera þarf á þjóðleikhúsbyggingunni er svo viðamikil að ómögulegt er að framkvæma það öðruvísi en svo að leikstarfsemi í húsinu bíði á meðan, en endurbyggingin mun taka a.m.k. eitt ár. Er nú í athugun að hefja þetta verk á næsta ári og þá væntanlega eftir að yfirstandandi leikári lýkur. Mun það eins og áður *segir raska leiklistarstarfsemi hússins þar sem* leiksýningar geta ekki orðið á aðalsviði á meðan endurbyggingin fer fram. Þetta tímabil, ef af verður, verður því að nota til þess að taka ákvarðanir um skuldamál Þjóðleikhússins og til þess að gera einhverjar þær breytingar sem gera unnt að tryggja rekstur hússins til frambúðar. Þessi viðfangsefni sem ég drap hér á eru í skoðun og senn á ákvörðunarstigi.

Virðulegi forseti. Ég hef nú lokið máli mínu og legg til að þær brtt. sem fjvn. flytur á þskj. 235 og 259 verði samþykktar að lokinni þessari umræðu.

Frsm. minni hl. fjvn. (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. 2. umr. fjárlaga fer nú fram við afar óvenjulegar aðstæður í íslensku þjóðlífi. Atvinnuvegirnir og atvinnulífið í heild býr við verri skilyrði og óskyggilegri horfur en verið hafa í marga áratugi. Halli á ríkisrekstrinum er háskalegur og hefur farið ört vaxandi á síðustu mánuðum ársins. Allt er enn hulið móðu og mistri um það hvernig þessi hallarekstur kemur til með að hafa áhrif á framvindu ríkisfjármála á næsta ári. Allt er enn þá í algerri óvissu um afgreiðslu Alþingis á skattafrv. hæstv. ríkisstjórnar vegna þess að hana skortir meiri hluta í neðri deild. Tekjuhlið fjárlagafrv. er því í lausu lofti. Öll þessi óvissa setur auðvitað mark sitt á meðferð fjárlagafrv. til þessa og mun gera það

þangað til skýrari línur fást.

Allra alvarlegast er þó bæði fyrir framvindu fjárlagafrv. og þá ekki síst fyrir þjóðina að hæstv. ríkisstjórn hefur enn enga stefnu í efnahags- og atvinnumálum, stefnu sem hafi það í för með sér að atvinnuvegirnir fái möguleika til þess að snúa við frá hallarekstri og uppgjöf yfir í það að byggja upp nýja undirstöðu fyrir lífvænlega afkomu og atvinnuöryggi. Fjárlög verða að byggjast á efnahagsstefnu og þegar efnahagsstefnan er engin vantar grundvöllinn undir fjárlagagerðina. Forsendur þessa fjárlagafrv. eru marklausar vegna þess að frv. byggir á stefnuleysi. Hafi hæstv. ríkisstjórn dottið í hug að afgreiða fjárlagafrv. með þessum formerkjum yrði sú afgreiðsla að verulegu leyti fyrir siðasakir og fjárlögin marklaust plagg. Fjárlög sem byggjast á efnahagsstefnu geta á hinn bóginn orðið öflugt stjórntæki til áhrifa á efnahagsþróun. Þannig hygg ég að sé full þörf á að standa að verki við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár.

Fjvn. hefur auðvitað í vinnubrögðum sínum goldið þeirrar óvissu sem ég vék að í upphafi máls míns. Þar er ekki við fjvn. sjálfa að sakast eða forustu hennar. Hæstv. ríkisstjórn sem tekið hefur að sér að stjórna landinu ber á því ábyrgð að hafa ekki gert tilraun til að eyða þessari óvissu með því að taka stefnu. Af þessum sökum hafa orðið tafir á störfum nefndarinnar sem eru óvenjulegar eða jafnvel einsdæmi í desembermánuði.

Vinna við undirbúning tillagna er varðar skiptingu fjárfestingarliða og ýmissa safnliða var þó með venjubundnum og eðlilegum hætti miðað við það knappa fjármagn sem til þessara þátta er ætlað í fjárlagadæminu. Á hinn bóginn var afgreiðslu tillagna er varðar rekstrarliði A-hluta nánast flaustrað af á einum fundi og er slík meðferð mála tæpast viðunandi fyrir minni hl. nefndarinnar. Þetta stafar vitaskuld af knappri stöðu ríkisfjármála en þó fyrst og fremst af því hve meiri hl. nefndarinnar voru settar þröngar skorður af hæstv. ríkisstjórn. Ég vil því flytja meðnefndarmönnum mínum þakkir fyrir ánægjulegt samstarf innan nefndarinnar og þó sérstaklega formanni nefndarinnar, hv. þm. Sighvati Björgvinssyni, fyrir lipurð í störfum við erfiðar aðstæður. Ég vil enn fremur taka undir þakkir formanns nefndarinnar í ræðu hans hér áðan til þeirra sem starfað hafa fyrir nefndina og til þeirra embættismanna ríkisins sem nefndin hefur haft mest samskipti við.

Nefndin flytur sameiginlega brtt. á þskj. 235 en minni hl. tekur fram að hann hefur fyrirvara um afstöðu til einstakra tillagna á því þingskjali og áskilur sér eftir venju allan rétt til að flytja eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma. Minni hl. nefndarinnar lýsti yfir óánægju sinni með ýmsar afgreiðslur á þessum tillögum og aðrar af þeim tillögum sem hér eru fluttar kunna að orka tvímælis. Eigi að síður stendur minni hl. að þeim í heild en hefur fullan fyrirvara um afstöðu til einstakra tillagna.

Þegar ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar settist á valdastóla lýsti hún því yfir að hún væri mynduð til þess að leysa bráðan efnahagsvanda þjóðarinnar, rétta við stöðu útflutningsgreinanna, forðast atvinnuleysi og hemja verðbólgu. Lokið væri tímabili óþolandi óvissu og úrræðaleysis, upp væri runninn tími aðgerða, tími tillagna væri að baki. Þetta voru býsna fagurlegar yfirlýsingar og þótti mörgum góð tíðindi. Búist var við aðgerðum sem dygðu til þess að hallarekstri fyrirtækja linnti, útflutningsatvinnuvegirnir kæmust á réttan kjöl og atvinnuöryggi yrði tryggt.

Fyrstu aðgerðir ríkisstjórnarinnar voru þó í litlu samræmi við þessar yfirlýsingar. Að meginhluta skiptust þær í tvennt. Í fyrsta lagi framlenging á tímabili launafrystingar og verðstöðvunar sem átti að gefa svigrúm til að taka ákvörðun um aðrar og marktækari aðgerðir og í annan stað nýjar og stórfelldar millifærslur í þjóðfélaginu. Auk þessa ákvað hæstv. ríkisstjórn að nota heimild sem þegar var fyrir hendi um 3% lækkun á gengi krónunnar. Flestum var þegar ljóst að þessar aðgerðir hæstv. ríkisstjórnar leystu engan vanda. Þetta voru bráðabirgðaaðgerðir, einungis til þess fallnar að slá raunverulegri lausn mála á frest. Auk þess höfðu þær í för með sér að aukið var við erlendar lántökur og skuldabyrði erlendis um 1800 millj. kr. Þá var og ákveðið að hinn nýi sjóður, Atvinnutryggingarsjóður, tæki til sín á tveimur árum bróðurpartinn af lögboðnum greiðslum ríkisins til Atvinnuleysistryggingasjóðs og möguleikar hans því lamaðir til að sinna sínu hlutverki ef til atvinnuleysis kynni að koma. Kveðja hæstv. ríkisstjórnar til launafólks í landinu í því hættuástandi sem við blasir í atvinnumálum var að rjúfa þannig samninga ASÍ, VSÍ og ríkisins um greiðslu til Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Allt voru þetta eigi að síður bráðabirgðaráðstafanir og kákráðstafanir sem leystu ekki vanda. Hvaðanæva hafa borist yfirlýsingar frá hagsmunaaðilum vinnumarkaðarins um að þessar aðgerðir hæstv. ríkisstjórnar hafi reynst gagnslausar. Hvaðanæva berast fregnir af fyrirtækjum sem eru að komast í þrot eða eru í þann veginn að loka. Hvaðanæva heyrist frá því sagt að sjálfar undirstöður þjóðfélagsins, útflutningsatvinnuvegirnir, séu að molna niður. Auðvitað eru það ekki bara fyrirtækin sem eru að komast í þrot. Hið geigvænlega ástand atvinnuveganna er þegar farið að koma fram í atvinnu fólksins. Atvinnuleysi hefur þegar meira en tvöfaldast frá því sem var á sama tíma fyrir ári og við síðustu atvinnuleysisskráningu voru 1200 manns á atvinnuleysisskrá. Samtök atvinnurekenda hafa bent á að sú hætta vofi yfir að 4–6 þúsund manns gangi atvinnulausir þegar líða tekur á vetur. Vissulega getur enginn ráðið í það nú hversu margir það verða sem missa atvinnu sína ef við búum áfram við aðgerðarleysi hæstv. ríkisstjórnar. Á sama tíma þóknast hæstv. ríkisstjórn að taka starfsfé Atvinnuleysistryggingasjóðs til annarra verkefna.

Staða þjóðarbúsins út á við fer versnandi og afkoma atvinnuveganna er nú miklu alvarlegri en

við stjórnarskiptin. Þegar forstjóri Þjóðhagsstofnunar og hans menn komu til fjvn. sl. þriðjudagskvöld var staðfest það álit Þjóðhagsstofnunar að halli á rekstri sjávarútvegsins, veiða og vinnslu, hafi verið metinn 2½% við stjórnarskiptin í september en hafi verið kominn í 4½% í nóvembermánuði. Á tæplega tveimur mánuðum í tíð núverandi ríkisstjórnar hafði halli á rekstri sjávarútvegsins nálega tvöfaldast.

Þannig er staðan og þannig eru horfurnar þegar hæstv. ríkisstjórn hefur setið að völdum í tvo og hálfan mánuð. Er að furða þó að hæstv. ráðherrar, þar á meðal hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh., kjósi ekki að vera við þessa umræðu? Einungis hæstv. félmrh. sér sóma sinn í því að vera hér í þingsalnum. Ég beini því til hæstv. forseta að ég man ekki eftir því í aðra tíma að hæstv. fjmrh. leyfi sér að vera ekki við 2. umr. fjárlaga. (Gripið fram í.) Ég óska eftir að hann sé sóttur hingað í þingsalinn. (**Forseti:** Forseti hefur nú þegar gert ráðstafanir til þess að láta hæstv. fjmrh. vita.)

Þannig er þessi staða þegar hæstv. ríkisstjórn hefur setið að völdum í tvo og hálfan mánuð. Er þetta ekki sú hæstv. ríkisstjórn sem ætlaði að leysa bráðan efnahagsvanda þjóðarinnar? Er þetta ekki sú sama hæstv. ríkisstjórn sem sagði í málefnasamningi sínum að höfuðverkefni hennar væri að treysta grundvöll atvinnulífsins, stöðu landsbyggðarinnar og undirstöðu velferðarríkis á Íslandi? Sú hæstv. ríkisstjórn sem lofaði enn í málefnasamningi sínum að treysta atvinnuöryggi í landinu, verja lífskjör hinna tekjulægstu, bæta afkomu atvinnuveganna og draga úr viðskiptahalla? Samt hefur taprekstur inn nálega tvöfaldað afköst sín við að naga rætur fyrirtækjanna á tveimur mánuðum. En hæstv. ríkisstjórn hefst ekki að. Hvað veldur? Hversu lengi ætlar hæstv. ríkisstjórn að láta reka á reiðanum? Ætlar þessi hæstv. ríkisstjórn eftir allt saman að standa yfir höfuðsvörðum grundvallaratvinnuvegar þjóðarinnar? Væntanlega mun hæstv. félmrh., sem hlýðir á umræðu, hugleiða þessi mál.

En ég lýsi enn yfir undrun minni yfir því að hæstv. fjmrh. skuli ekki vera við þessa umræðu. Sýnir það að virðing hans fyrir skoðunum hv. alþm. á fjármálum ríkisins og efnahagsástandi þjóðarinnar er ekki meiri en það að hann vill ekki hlusta á þær. Með þessum hætti er hann að óvirða Alþingi, hann er að óvirða skoðanir þeirra sem eru í stjórnarandstöðu, hann er að óvirða minni hlutann og hann er að óvirða alla íslenska þjóð. Ég hlýt að krefjast þess enn að hæstv. ráðherra komi í salinn. (**Forseti:** Eins og forseti gat um fyrr þá hefur hann þegar gert ráðstafanir til þess að láta hæstv. fjmrh. vita.) Það virðist greinilegt að hæstv. fjmrh. hefur ekki í hyggju að vera við þessa umræðu. Hér er þó kominn hæstv. heilbrmrh. sem er gamalgróinn fjárveitinganefndarmaður og eru þá komnir hér tveir hæstv. ráðherrar úr tveimur stjórnarflokkunum, en ekki frá þeim flokki sem fer með fjármál ríkisins.

Er það kannski svo í þessari stöðu að í hæstv. ríkisstjórn séu hvorki til tillögur né áætlanir um aðgerðir til lausnar á þeim vanda sem við blasir? Er kannski um að ræða ósamkomulag í herbúðum ríkisstjórnarinnar? Er kannski svo að verkstjórnin hafi bilað? — Og hvar er nú hæstv. forsrh.? Er það kannski svo að verkstjórnin hafi verið falin þeim hæstv. fjmrh. Ólafi Ragnari Grímssyni, sem hér var nú loks að ganga í salinn, þegar forustumenn hinna stjórnarflokkanna, Framsfl. og Alþfl., hafa verið í burtu? Mér er vissulega nokkur spurn vegna þess að það er komin óþreyja, ekki einungis í stjórnmálamenn heldur í allan almenning í landinu við það að bíða eftir því að eitthvað heyrist frá hæstv. ríkisstjórn um aðgerðir í þeim miklu vandamálum sem við er að fást.

Hæstv. forsrh. sagðist sjálfur hafa verið í fílabeinsturni í utanrrn. í fyrri ríkisstjórn og þegar hann steig út úr þeim turni og tók að litast um þá sá hann að ástandið var mun alvarlegra en hann áður vissi. Samt hefst hann ekki að. Nú standa ekki tillögur Sjálfstfl. eða Sjálfstfl. í vegi fyrir því að hæstv. ríkisstjórn og hæstv. forsrh. geti gripið til þeirra aðgerða sem duga til þess að koma atvinnuvegunum á réttan kjöl. Hvað tefur þá orminn langa?

Ef hæstv. ríkisstjórn ætlar að láta reka á reiðanum framvegis sem hingað til, þá hefur hún ekki einungis brugðist því sem hún sagði í upphafi. Hún hefur einnig brugðist því hlutverki sem hún hefur tekið að sér. Þeir sem töldu myndun hæstv. ríkisstjórnar boða góð tíðindi hafa orðið fyrir vonbrigðum. Enn blasir ekkert við annað en stefnuleysi og úrræðaleysi með háskalegum afleiðingum. Atvinnuleysisvofan er að teygja loppuna inn um gættina. Því miður verða þeir helsti margir sem fá heimsókn hennar í vetur.

Í nál. minni hl. á þskj. 260 eru rakin nokkur atriði sem einkenna fjárlagafrv. við þessa umræðu og tengjast þeirri miklu óvissu sem ég vék að í upphafi máls míns. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Það sem við blasir við 2. umr. er m.a. þetta:

Tekjuhlið frumvarpsins er í lausu lofti og allt í fullkominni óvissu um afgreiðslu á skattalagafrumvörpum ríkisstjórnarinnar.

Með skattafrumvörpum sínum hyggst ríkisstjórnin leggja 6700 millj. kr. nýja skatta á þjóðina samkvæmt útreikningum Þjóðhagsstofnunar.

Forsendur frumvarpsins í verðlags-, launa- og gengismálum eru marklausar og sýnast helst við það miðaðar að núverandi aðgerðaleysi í efnahags- og atvinnumálum standi út allt næsta ár.

Sparnaðarhugmyndir ríkisstjórnarinnar eru ekki fluttar við þessa umræðu, heldur birtar sem tilkynning. Allt er í óvissu um lokaafgreiðslu fjárlaga og niðurstöður þeirra.

Fjárlagafrumvarpið felur í sér atlögu að atvinnuvegunum með aukinni skattheimtu, minnkandi framlögum hins opinbera og stórhækkuðum þjónustugjöldum stofnana á vegum ríkisins.

Afgreiðsla fjárlagafrumvarpsins við þessa umræðu stangast í flestum meginatriðum á við yfirlýsingar í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar. Þetta

tekur þó einkum til hagsmuna atvinnuvega, byggðamála, samgöngumála og atvinnuöryggis launafólks.

Áður en fjárlagafrumvarpið er tekið til lokaafgreiðslu verður að krefjast þess að ríkisstjórnin hafi tekið stefnu í efnahags- og atvinnumálum sem geti orðið grundvöllur raunhæfra forsendna fyrir fjárlög næsta árs og gefi auk þess atvinnuvegunum möguleika til þess að byggja upp nýja undirstöðu fyrir lífvænlega afkomu og atvinnuöryggi."

Áður en ég vík nokkru nánar að fáeinum þeirra atriða sem hér hafa verið talin upp vil ég fara örfáum orðum um afkomu ríkissjóðs á þessu ári. Fjárlög þessa árs voru afgreidd fyrir ári síðan með jöfnuði, eða nánar tiltekið með 53 millj. kr. rekstrarafgangi. Eftir efnahagsráðstafanir fyrrv. ríkisstjórnar í maílok áætlaði þáv. hæstv. fjmrh. að halli á rekstri ríkissjóðs á þessu ári yrði 693 millj. kr. Hann stóð síðan á því fastar en fótunum allt til hausts að hallinn yrði þessi tala, 693 millj. kr., hvorki meiri né minni. Hann brást raunar hart við þegar Ríkisendurskoðun spáði 1500–2000 millj. kr. halla á miðju ári.

Við samningu fjárlagafrv. mun halli þessa árs hafa verið áætlaður 2 milljarðar kr. en þegar hæstv. fjmrh. mælti fyrir frv. við 1. umr. áleit hann að hallinn yrði allt að 3 milljörðum kr. Viku síðar áætlaði hann hins vegar hallann um 4 milljarða kr. og enn rúmri viku þar á eftir áætlaði hann að hallinn yrði um 5 milljarðar kr. Sl. þriðjudagskvöld áætlaði forstöðumaður hagdeildar fjmrn. á fundi með fjvn. að hallinn yrði um 6,5 milljarðar kr. Á sama fundi var það einnig upplýst að á þessu ári í tíð tveggja hæstv. fjmrh. hafa engin viðbrögð verið af hálfu fjmrn. í þá átt að snúast gegn þessari hrikalegu þróun. Áður hefur komið fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga gagnrýni í þá átt að eftirlitskerfi fjmrn. í launa- og starfsmannamálum hafi í raun og veru brugðist á fyrri hluta ársins í höndum fyrrv. hæstv. fjmrh. Á fyrra helmingi ársins jukust þannig launaútgjöld ríkiskerfisins í A-hluta um sem svaraði 725 nýjum stöðugildum. Hv. formaður fjvn. gagnrýndi þetta einnig í sinni ræðu hér áðan. Hann gagnrýndi það að eftirlitskerfi fjmrn. hefði brugðist. Hann sagði þó að það væri ekki við fjmrh. einan að sakast. Út af fyrir sig er það að nokkru leyti rétt. Hinu verður hv. formaður fjvn. að gera sér grein fyrir, að eftirlitskerfi með framkvæmd fjárlaga er í fjmrn. Eftirlitskerfi með launaútgjöldum og starfsmannaráðningum á vegum ríkisins er í fjmrn. undir stjórn fjmrh. og fjmrh. verður að hafa forustu um það að spyrna við fótum ef þessi útgjöld ætla að fara úr böndum. Geri hann það ekki er ekki von að vel fari. Það er einmitt þetta sem hefur gerst. Og ég tel rétt að láta þetta koma skýrar fram vegna orða hv. þm. Sighvats Björgvinssonar.

Samkvæmt áliti forstöðumanns hagdeildar fjmrn. myndast þessi hrikalegi halli á ríkisrekstrinum í ár annars vegar vegna aukinna útgjalda, sem nema nálægt 3 milljörðum kr. og á hinn bóginn vegna samdráttar tekna um allt að 3,5 milljarða kr.

Augljóst er að almennur veltusamdráttur í þjóðfélaginu veldur miklu um þá breytingu sem hér hefur á orðið varðandi samdrátt í tekjum ríkissjóðs. Meðal annars kemur það fram að innheimta hefur orðið erfiðari en ella, en þó fengust engin svör við því á fundi með fjvn. hversu mikið kynni að vera í vanskilum af veltusköttum sem renna eiga til ríkisins.

Sú gífurlega breyting sem orðið hefur á horfum á afkomu ríkissjóðs á þessu ári frá því fjárlög voru afgreidd og til dagsins í dag er auðvitað mjög alvarleg. Jafnframt verður að telja það mjög ámælisvert af hálfu fjmrn. að hafa ekki brugðist við samdrætti tekna með því að draga úr útgjöldum. Engar tillögur eða tilraunir í þá átt virðast hafa komið fram. Þess í stað hafa ríkisútgjöldin og ríkisreksturinn haldið áfram að þenjast út. Hæstv. fyrrv. fjmrh. á kannski nokkra afsökun ef hann hefur sjálfur trúað því að hallinn yrði ekki nema 693 millj. kr. En hæstv. núv. fjmrh. á ekki þá afsökun. Hann virðist hafa haft augun opin og fylgst með því frá einni viku til annarrar hvernig horfurnar hafa versnað stig af stigi um afkomu ríkissjóðs á þessu ári. Samt hefur ekkert heyrst um tillögur af hans hálfu til þess að hafa áhrif í þá átt að draga úr þessari þróun það sem eftir lifði ársins.

Allar líkur benda til að áhrif þess samdráttar sem orðið hefur í efnahagskerfinu á þessu ári komi einnig fram á árinu 1989, ef til vill með vaxandi þunga, þar á meðal með minnkandi veltusköttum til ríkissjóðs. Þessu ætlar hæstv. ríkisstjórn að mæta með því að leggja nýja skatta á þjóðina sem eiga samkvæmt skattafrumvörpum sem fyrir liggja á Alþingi að nema 6700 millj. kr. Sú tala er samkvæmt mati Þjóðhagsstofnunar á þeim skattafrumvörpum sem fyrir liggja. Á sama tíma sem að kreppir hjá öllum almenningi, launafólk býr við minnkandi atvinnu og hætta er á stórfelldu atvinnuleysi, atvinnuvegirnir ramba á barmi gjaldþrots og fyrirtækin loka hvert af öðru, þá ætlar hæstv. ríkisstjórn að leggja á nýja skatta sem eiga að gefa ríkissjóði 6–7 milljarða kr. Það er fyrirætlun og vilji hæstv. ríkisstjórnar að ríkissjóður og ríkisreksturinn eigi að hafa allt sitt sem næst á þurru þó að kreppi í þjóðfélaginu.

Næsta ár á að verða skattaárið mikla. Þá skal borga meira til ríkisins en í ár þrátt fyrir að flestir eða allir hafi minni greiðslugetu. Ég lýsi andstöðu minni við þessa miklu skattheimtu. Ég lýsi þeirri skoðun minni að þegar að þrengir í efnahagskerfinu verði ríkisreksturinn að taka þátt í samdrættinum. Fjárlagafrv., sem hér er til umræðu, er ekki því marki brennt. Þar er að vísu niðurskurður á fé til opinberra framkvæmda, í framlögum til atvinnuvega og á framlögum til þýðingarmikilla sjóða og ýmissa annarra verkefna. En umfang ríkisrekstrarins vex, rekstrarútgjöld ríkiskerfisins fara stórum vaxandi. Fjárlagafrv. er í sjálfu sér þenslufrumvarp sem sannast m.a. af því að í frv. sjálfu er gert ráð fyrir 400 nýjum störfum hjá A-hluta ríkissjóðs. Þetta gerist ofan á þá miklu aukningu í mannahaldi sem orðið hefur hjá ríkinu á þessu ári sem samsvarar,

eins og áður sagði, 725 nýjum stöðugildum, aðeins á fyrri helmingi ársins.

Þetta fjárlagafrv. er því ekki sparnaðarfrumvarp, það er þenslufrumvarp. Og þenslan í frv. er meiri en sem nemur öllum niðurskurði á fé til verklegra framkvæmda opinberra sjóða og til atvinnuvega.

Á fskj. með nál. meiri hl. fjvn. á þskj. 244 er listi yfir sparnaðar- og niðurskurðartillögur hæstv. ríkisstjórnar sem kynnt var fjvn. á síðasta fundi hennar fyrir 2. umr. Minni hl. fjvn. hefur í engu verið spurður um álit sitt á þessum lista, enda er hann, eins og ég hef áður sagt, birtur sem tilkynning frá ríkisstjórn. Eigi að síður lýsir minni hl. nefndarinnar því yfir að hann er hlynntur þeirri hugsun sem liggur að baki þessum tillögum að því marki sem þær eru raunhæfar, sem er vafamál, t.d. að því er varðar lækkun á framlagi til Ríkisábyrgðasjóðs, og að því marki sem þær brjóta ekki meginsjónarmið, sem virt hafa verið til þessa, svo sem eins og að lækka framlag til Vegagerðar ríkisins af sérmerktum tekjustofnum til vegamála. Enn fremur hlýtur það að teljast vafasöm skattlagningaraðferð að hækka gjaldskrá Pósts og síma til þess að Póstur og sími geti síðan skilað þeirri hækkun til ríkissjóðs. Í stað þessa hefði þurft að skera meira niður af rekstrarútgjöldum ríkisins.

Með fjárlagafrv. gerir hæstv. ríkisstjórn nýja atlögu að atvinnuvegunum. Má það í raun og veru furðu gegna miðað við stöðu þeirra nú, t.d. hvernig afkoma sjávarútvegsins hefur hraðversnað á síðustu tveimur mánuðum eins og fyrr er að vikið. Hvert fyrirtækið á fætur öðru riðar á bjargbrúninni. Aðgerðaleysi og sinnuleysi hæstv. ríkisstjórnar er ekki nóg. Með fjárlagafrv. er hún einnig að vega að hagsmunum atvinnuveganna. Í fyrsta lagi á þetta að gerast með aukinni skattheimtu. Nú á að þyngja skattbyrði fyrirtækja m.a. með breytingu á fyrningarreglum og það á að leita uppi þau fyrirtæki sem enn kunna eitthvað að geta borgað.

Þá eru framlög ríkisins til atvinnuvega lækkuð. Það gerist annars vegar með því að framlög eru óbreytt í krónutölu, t.d. endurgreiðsla söluskatts í sjávarútvegi og jöfnunargjald í iðnaði, og hins vegar með því að framlögin eru stórskert eða þurrkuð út. Svo er t.d. um framlag til þróunardeildar Iðnlánasjóðs vegna nýjunga og tækniþróunar í iðnaði, en það er fellt niður.

Í landbúnaðinum er sæmilega séð fyrir stofnunum landbúnaðarins í Reykjavík. Á hinn bóginn eru þau framlög sem renna eiga til bænda sjálfra eða félagsstarfsemi þeirra úti á landsbyggðinni ýmist felld niður eða stórlækkuð. Þannig eru jarðræktarframlögin skert um 150 millj. kr. og búfjárræktarframlög felld niður. Af þessum framlögum hafa búnaðarsamböndin, félagssamband bænda úti á landsbyggðinni, haft tekjustofn. Þegar þau missa hann er að verulegu leyti kippt fótunum undan starfsemi þeirra, auk þess sem komið er aftan að bændum sem ráðist hafa í framkvæmdir í trausti þess að framlögin, sem eru lögboðin, fengjust greidd. — Og eru þá allir hæstv. ráðherrar flúnir úr salnum.

Í þriðja lagi er ýmsum stofnunum hins opinbera sem veita atvinnuvegunum þjónustu gert að innheimta mun hærri gjöld fyrir þjónustu sína en áður hefur tíðkast. Svo er t.d. um rannsóknastofnanir atvinnuveganna og einnig aðrar þjónustu- og eftirlitsstofnanir, en þó tekur út yfir að Vinnueftirlit ríkisins á að innheimta meira fyrir sína þjónustu og sínar heimsóknir til atvinnufyrirtækjanna en þarf til reksturs á stofnuninni og á síðan að skila hluta af innheimtum sínum til ríkissjóðs.

Hér er um að ræða nýstárlega leið til skattlagningar á atvinnufyrirtækin. Hæstv. ríkisstjórn sýnir vissulega hugkvæmni en um leið ótrúlegt skilningsleysi á högum atvinnuveganna og hagsmunum fólksins í landinu. Forstöðumenn sumra rannsóknastofnana atvinnuveganna hafa látið þess getið í viðtölum við fjvn. að þeir muni knúðir til þess að velja sér viðskiptavini eftir því hvort líklegt sé að þeir geti borgað. Aðrir, sem taldir eru veikari fjárhagslega og eru kannski að byrja með nýjungar í atvinnurekstri, fá vafalaust synjun um þjónustu. Á það verður ekki hætt að þeir geti borgað fyrir þjónustu sem þeir eiga að fá.

Á mörgum sviðum stangast fjárlagafrv. á við yfirlýsingar í málefnasamningi hæstv. ríkisstjórnar. Hér að framan hefur því verið lýst hvernig yfirlýsingar hæstv. ríkisstjórnar um að treysta grundvöll atvinnulífsins eru í órafjarlægð við raunveruleikann og fjárlagafrv. Aðgerðaleysi hennar í málefnum atvinnulífsins er einnig í hrópandi mótsögn við þau loforð sem hún hefur gefið.

Ég hef einnig drepið á það í örfáum atriðum hvernig fjárlagafrv. kemur við hagsmuni landsbyggðarinnar. Af nógu er þar að taka. Í málefnasamningnum segist hæstv. ríkisstjórn ætla að efla sveitarfélögin, t.d. með því að verja stærri hluta en áður af tekjum Jöfnunarsjóðsins til tekjujöfnunar. Hið rétta er að framlag til sjóðsins er skert um 395 millj. kr. og ekkert liggur fyrir um það hvernig úthlutun verður háttað.

Hæstv. ríkisstjórn segist ætla að efla Byggðasjóð. Hið rétta er að framlag til sjóðsins er óbreytt í krónutölu frá fyrra ári og þar með stórskert og skattlagning á erlendar lántökur sjóðsins éta upp meiri hlutann af ríkisframlaginu.

Hæstv. ríkisstjórn segist ætla að treysta stöðu landsbyggðarinnar en sker niður fé til verklegra framkvæmda á landsbyggðinni og þann hluta fjármagns til atvinnuvega sem ætti að renna til fyrirtækjanna sjálfra eða fólksins sem við þau starfar, sem flestallt á heima á landsbyggðinni.

Hæstv. ríkisstjórn segist ætla að vinna skipulega að uppbyggingu í samgöngumálum samkvæmt langtímaáætlun. Hún fer hins vegar þveröfugt að. Hún tekur samkvæmt fjárlagafrv. 600 millj. kr. af sérmerktum tekjustofnum vegamála, bensíngjaldi og þungaskatti, yfir í ríkissjóð og ætlar ekki að skila 180 millj. kr. til viðbótar sem geymt var á þessu ári. Auk þess eru enn tillögur um að skera niður 90 millj. kr. samkvæmt tilkynningu ríkisstjórnar um sparnaðar-

aðgerðir. Samtals eiga því að hverfa inn í veltu ríkissjóðs 870 millj. kr. af sérmerktu fé til vegamála. Ekkert hefur enn verið um það rætt hvernig þessi niðurskurður eigi að koma niður. Og ekkert er enn vitað t.d. hvernig á að standa að fjármögnun stórvirkja eins og jarðganga í Ólafsfjarðarmúla.

Hæstv. ríkisstjórn segist ætla að bæta aðstöðu verslunarfyrirtækja í dreifbýli. Þessa dagana er hún að vinna að þessu verkefni sínu með því að tvöfalda skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Þrátt fyrir fögur orð í málefnasamningi sýnist helst að hann hafi verið saminn upp á grín og að hæstv. ríkisstjórn ætli sér að breyta þveröfugt við það sem í honum stendur.

Þegar dregið er saman það sem hér hefur verið drepið á að framan og varðar hagsmuni landsbyggðarinnar sést að það hefur í för með sér stórkostlegt tekjutap og samdrátt í atvinnu ofan á þann fyrirsjáanlega atvinnubrest sem stafar af háskalegum þrengingum atvinnuveganna. Hæstv. ríkisstjórn er því ekki að vinna að því að treysta stöðu landsbyggðarinnar, eins og segir í málefnasamningi, heldur þvert á móti. Hún er að veikja stöðu landsbyggðarinnar.

Virðulegi forseti. Í upphafi máls míns minnti ég á að ríkisfjármálin og framvinda þeirra eru nú mikilli óvissu háð. Ég minnti á ástandið í atvinnumálum þjóðarinnar sem nú er ískyggilegra en verið hefur í marga áratugi. Og ég minnti á að stefnuleysi hæstv. ríkisstjórnar í þeim málum er algjört. Ég vil einnig minna á að með fjárlagafrv. og afgreiðslu þess nú eru brotin meginsjónarmið sem virt hafa verið til þessa, svo sem að hundruð milljóna af fé samkvæmt sérmerktum tekjustofnum Vegagerðar ríkisins eru nú tekin í ríkissjóð, þvert á gildandi lög. Ég vil einnig minna á að samkomulag um framlög til landgræðsluáætlunar hefur verið virt til þessa. Nú er það brotið þrátt fyrir fagurgala háttsettra stjórnarliða um landgræðslu og landverndarmál.

Við þessa umræðu og í allri þeirri óvissu sem hér hefur verið lýst er ógerlegt að segja fyrir um lokaafgreiðslu fjárlaga og hvernig niðurstöður fjárlagafrv. líta út þegar það verður tekið til lokaafgreiðslu. Ljóst er að staða þjóðarbúsins út á við fer versnandi, spáð er vaxandi viðskiptahalla og versnandi skuldastöðu okkar gagnvart útlöndum. Greiðslubyrði af erlendum lánum mun þyngjast. Að öðru leyti liggja ekki fyrir við þessa umræðu upplýsingar frá Þjóðhagsstofnun um útreikninga stofnunarinnar á breytingum á þjóðhagsáætlun frá því hún var lögð fyrir Alþingi. Það er út af fyrir sig í samræmi við venju að slíkir útreikningar eru birtir fyrir 3. umr., enda er ástandið með þeim hætti, óvissa þessara mála öll svo mikil og í svo lausu lofti að það er ógerlegt fyrir Þjóðhagsstofnun á þessu stigi að reikna út afkomuhorfur ríkissjóðs á næsta ári.

Ég vil þó minna á það hér að því fer vitaskuld fjarri að öll kurl séu komin til grafar í þessu fjárlagafrv. varðandi útgjöld ríkisins á næsta ári, hvort sem þau verða tekin inn í fjárlagafrv. eða ekki. Ég tel t.d. sýnilegt að í frv. vanti 620 millj. kr. til þess að halda niðurgreiðslum óbreyttum í krónutölu út næsta ár. Ég tel einnig sýnilegt að miðað við það að halli á ríkissjóði á þessu ári verði 4,5 milljörðum meiri en gert var ráð fyrir þegar frv. var samið, þá vanti inn í vaxtagreiðslur ríkissjóðs á næsta ári, um 250 millj. kr., og í afborganir lána vegna þess halla sem hér hefur verið lýst, umfram það sem gert var ráð fyrir þegar frv. var samið, og ef þá væri gert ráð fyrir að hallalán væru greidd niður á sex árum þá þyrfti í afborgun á næsta ári um 750 millj. kr. Í vexti og afborganir af lánum vantar því um 1 milljarð á næsta ári. Þannig eru ýmsir liðir sem enn eru ekki taldir til útgjalda í fjárlagadæminu ef hæstv. ríkisstjórn ætlar sér ekki að loka augunum og leitast við að blekkja almenning í landinu og Alþingi með því að halda þeim til baka. En greiðslurnar falla á ríkissjóð eigi að síður.

Þá vil ég telja það næsta ótrúlegt að hæstv. ríkisstjórn og hv. þingmenn stjórnarliðsins treysti sér til þess að skera niður landbúnaðarframlögin eins og frv. nú ber með sér. Þannig eru ýmis mál, og það mörg stórmál, sem hljóta að verða til umræðu á milli 2. og 3. umr., miklu fleiri mál en hv. formaður fjvn. tíndi hér upp í sínu máli hér áðan sem voru í raun smámál og aðeins örfá til að mynda af málefnum B-hlutans sem allur bíður 3. umr. Enn eykur þetta á þá óvissu sem er varðandi afgreiðslu frv. við 3. umr.

Allt þetta dæmi svífur því í raun og veru í lausu lofti við þessa umræðu Þessi óvissa er svo mikil að minni hlutinn flytur engar brtt. sameiginlega við þessa umræðu. Það kann að bíða 3. umr. Fulltrúar Sjálfstfl. í fjvn. flytja heldur enga brtt. við þessa umræðu. Á hinn bóginn lýsir minni hl. fjvn. því yfir í nál. á þskj. 260 að hann telur óhjákvæmilegt að áður en 3. umr. fer fram og fjárlagafrv. verður tekið til afgreiðslu hafi tvennt gerst:

Í fyrsta lagi að hæstv. ríkisstjórn hafi tekið stefnu og ákvarðanir í efnahags- og atvinnumálum þannig að nýjar forsendur geti orðið grundvöllur að afgreiðslu fjárlaga.

Í öðru lagi að skattafrv. ríkisstjórnarinnar hafi hlotið afgreiðslu Alþingis þannig að hægt verði að áætla tekjuhlið fjárlaganna.

Meðan þessi tvö atriði liggja ekki fyrir er fjárlagadæmið allt í uppnámi. Þau eru forsenda fyrir því að afgreiðsla fjárlaga geti farið fram án þess að það verði Alþingi til vansæmdar. Frv., eins og það liggur fyrir nú, byggir á stefnuleysi. Slíkt frv. fær ekki stuðning meiri hl. nefndarinnar og ekki fulltrúa stjórnarandstöðunnar.

Ég hef þá lokið máli mínu, hæstv. forseti, við þessa umræðu.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. 2. umr. um frv. til fjárlaga mun að jafnaði taka lengstan tíma í umfjöllun þessa burðaráss í starfi hvers haustþings. Svo mun eflaust verða að þessu sinni enda þótt ýmislegt sérstakt setji

vitaskuld svipmót sitt á starfið í þetta sinn eins og ætíð hlýtur að verða. Í því sambandi er vert að minna á að fjvn. fékk nú óvenju skamman tíma, eins og raunar hefur komið fram í máli manna hér fyrr á þessum fundi, til starfs síns á milli 1. og 2. umr. sem *aftur leiddi af þeim skamma tíma* sem nýmynduð hæstv. ríkisstjórn hafði haft til þess að undirbúa og leggja fram frv. sitt.

Nú er þess enn að geta í þessu sambandi að starfsaðstaða fjvn. var flutt í miðju þessu starfi úr Þórshamri, þar sem hún mun hafa verið um langan aldur, út í Austurstræti. Ég tel að sá flutningur allur og umstang í því sambandi hafi svo sem tekist prýðilega og þessi starfsaðstaða öll sé sem best verður á kosið, þó miðað við það að öll starfsemi Alþingis er ekki undir sama þaki enn sem komið er.

Samstarfið í vinnu fjvn. var gott og ég vil fyrir minn hlut þakka fyrir það samstarf, bæði innan nefndarinnar og taka undir þær þakkir sem hér hafa verið fluttar til starfsfólks nefndarinnar og hinna ýmsu stofnana sem að þessu verki hafa komið. En enda þótt samstarf í fjvn. hljóti eðli máls samkvæmt að vera innan þeirra marka sem ætíð er á milli *stjórnar og stjórnarandstöðu* og þess aflsmunar sem þar er á, þá flytur nú nefndin í heild, eins og mun hafa verið mjög oft áður, þær brtt. við 4. gr., sem hér eru fluttar á þskj. 235, við gjaldahlið frv. Þær tillögur eru í heild til hækkunar að upphæð 514 millj. 837 þús. kr., eða 0,7% hækkun frá frv. Mér er til efs að breytingar til hækkunar á gjaldahlið hafi í annan tíma verið öllu minni frá upphaflegu frv. til 2. umr., án þess að ég þekki að vísu þá sögu alveg út í hörgul frá undanförnum árum. Hins vegar tel ég að í þessari staðreynd, aðeins 0,7% hækkun, felist í rauninni almenn viðurkenning, nánast óháð stjórnmálaflokkum, óháð stjórn eða stjórnarandstöðu, á því hve tæpt við stöndum um stöðu og framkvæmd ríkisfjármálanna í heild.

Staðan í þessum efnum er vissulega alvarleg þannig að allir hljóta að finna til nokkurrar ábyrgðar þegar um þessi mál er fjallað. Ég get hins vegar ekki varist þeirri hugsun, er ég hlusta hér á hástemmdar ræður og sérstaklega undanfarna daga með nokkuð napurri gagnrýni þeirra sem héldu um stjórnvöl hér fyrir fáeinum vikum, að mér finnst stundum vera nokkuð holur tónn í þeirri gagnrýni ef miðað er við þann árangur sem varð af starfi þeirra um stjórn efnahagsmála þjóðarinnar. En sýnu mest er þó ábyrgð þeirra sem streitast við stjórnvölinn, án þess að hirða um að hæstv. ríkisstjórn hafi þann ótvíræða þingmeirihluta sem skipulag okkar um þingbundið framkvæmdarvald skýlaust gerir ráð fyrir. Þessi staða mála er þeim mun alvarlegri sem ríkisfjármálin og raunar efnahagsmál þjóðarinnar í heild eru betur ígrunduð um þessar mundir.

Vafalaust hefðu flestir aðilar í fjvn. kosið að tillögur nefndarinnar hefðu getað orðið með öðrum hætti en raun ber vitni og á það vitaskuld ekki síst við um okkur sem skipum stjórnarandstöðuhlutann við þessa afgreiðslu. Hins vegar lít ég svo á að það að nefndin flytur þessar smálegu brtt. í heild, svo sem oftast mun hafa verið, ég lít fyrst og fremst á það sem yfirlýsingu nefndarmanna um það að vilja alls ekki efna til óvinafagnaðar eða ágreinings um þann þátt þessa starfs í þeirri þröngu stöðu sem nú er. Eftir stendur, sem síst ber undan að draga, að verulegur ágreiningur er með mönnum og flokkum um leiðir út úr þeim vanda sem við blasir og er auðvitað öllum augljós.

Ef brtt. við gjaldahlið frv. eru athugaðar nánar kemur þetta í ljós:

Við æðstu stjórn ríkisins er brtt. um hækkun sem nemur 2,8%, eða 16,9 millj. kr. Varðandi forsrn. er brtt. tiltölulega léttvæg og lítil, aðeins um 314 þús. kr. til hækkunar. Langmest er hækkunartillaga varðandi menntmrn. eða um 1,5% sem er að upphæð 185,9 millj. kr. Varðandi utanrrn. er nánast ekki um neina breytingu að ræða, 0,3%, 2,3 millj. kr. Varðandi landbrn. er hækkunartillagan um 72,8 millj. kr. eða 2,6%. Varðandi sjútvrn. 4,4 millj. kr., þ.e. 0,3%. Varðandi dóms- og kirkjumrn. hins vegar nokkuð veruleg miðað við umfang þess ráðuneytis, upp á 52,9 millj. kr. eða 1,5%. Varðandi félmrn. er hækkunartillagan 18,5 millj. kr. eða 0,6%. Varðandi heilbr.- og trmrn. er hækkunartillagan nokkur að vægi eða 92,3 millj. kr. en léttvæg miðað við umfang ráðuneytisins, aðeins 0,3%. Varðandi fjmrn. er hækkunartillaga um 9 millj. kr., 0,2%. Og varðandi samgrn. er hækkunartillaga nokkur, 58,8 millj. kr. eða sem nemur 1,1%. En þegar þetta er allt saman tekið þá er þetta aðeins um 0,7% hækkun frá upphaflegu frv.

Ef hins vegar er athugað í hverju þessar tillögur eru í rauninni fólgnar eða réttara sagt hvers eðlis þær eru kemur í ljós að það fer ekki á milli mála að langmestur hluti þessara brtt. er hækkun á stofnkostnaði og viðhaldi eða um 365 millj. kr. eða 3,6% hækkun á þeim lið. Hækkun launagjalda í þessum tillögum er hins vegar mjög óveruleg eða aðeins um 0,3%, önnur rekstrargjöld um 0,2%.

Ég sé það á forsíðu eins stjórnarmálgagnsins í dag, Tímans, að mikið er gert úr þessari hækkunartillögu fjvn., þessari sem aðeins er þó 0,7%. Af því tilefni er ekki úr vegi að líta á annan þátt þessa máls og það er hvernig til hefur tekist um framkvæmd þeirra fjárlaga sem nú eru í gildi fyrir árið 1988 og hér hefur nokkuð borið á góma fyrr í umræðum, bæði hjá hv. formanni fjvn. og hv. 2. þm. Norðurl. v. Fram kom í máli þeirra beggja veruleg gagnrýni á eftirlitshlutverk fjmrn. og mér sýnist að þar sé ekki vanþörf á að bæta úr.

Öllum er í fersku minni afgreiðsla fjárlaganna 1988 hér á hinu háa Alþingi fyrir tæpu ári með skattbyltingunni og hvað mestri hlutfallslegri hækkun skatta sem enn hafði þá orðið í nánast einni svipan. Mér er í fersku minni hve Stjórnarráðið, nánast öll ráðuneytin, hugsuðu vel um sig í þeirri tillögugerð allri, fengu þetta 30–90% hækkun í sinn hlut þegar verðlagsforsendur fjárlaganna 1988 voru aðeins 17–18% miðað við fyrra ár. Það fer því ekki á

milli mála að miðað við aðra í þjóðfélaginu hefðu ráðuneytin átt að hafa allt sitt á þurru. En hvað kemur á daginn. Þegar fjárlagafrv. fyrir 1989 er lagt fram hér fyrr í haust birtist í því aftanvert skrá um þær aukafjárveitingar sem þar heita útgefnar fjárheimildir frá 1. jan. til 30. sept. 1988 um nokkurn veginn sömu upphæð til hækkunar, nokkurn veginn sömu upphæð og tillaga fjvn. sem hér liggur fyrir í dag til hækkunar á fjárlagafrv. fyrir árið 1989. Þessar aukafjárveitingar, sem þarna höfðu verið ákveðnar smám saman fram eftir ári, námu að upphæð 511 millj. 346 þús. kr. þar sem einungis 36,7 millj. voru samkvæmt heimild í fjárlögum. Þetta kemur hér glögglega fram. Þetta fjárlagaskrið er vitaskuld óviðunandi. Þarna seilist framkvæmdarvaldið inn á svið fjárveitingavaldsins án þess að hirða um þá frumskyldu í þessu efni sem væri útgáfa fjáraukalaga sem kveðið er á um í stjórnarskrá lýðveldisins.

Ef þessi þáttur málsins er athugaður nánar kemur í ljós að auðvitað er það mjög mismunandi eftir ráðuneytum hvernig þau hafa seilst til í þessu efni. Æðsta stjórn ríkisins hækkar þannig í þessu fjárlagaskriði um 3,4 millj. kr., forsrn. um 11,7 millj. kr., menntmrn. um 65,3 millj. kr., utanrrn. um 41,9 millj. kr., landbrn. um 12,4 millj. kr., dóms- og kirkjumrn. um 2,7 millj. kr., félmrn. um 76,5 millj. kr. og heilbr.- og trmrn. um 238,8 millj. kr., og hafi menn þá í huga að t.d. til skólaframkvæmda í þessu frv., sem hér liggur fyrir til umfjöllunar, er um að ræða fyrir næsta ár mun lægri upphæð, 238 millj. kr. í nánast aukafjárveitingar í þennan eina lið sem þarna er um að ræða á sama tíma og verið er að færa rekstur heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa yfir á föst fjárlög og þau þannig fá sjálfsafgreiðslu í ráðuneytinu meðan nóttin er björt. Fjmrn. fær hins vegar hækkun samkvæmt þessari skrá upp á 2,9 millj. kr., samgrn. um 22,1 millj. kr., iðnrn. 33,9 millj. kr., viðskrn. 4,9 millj. kr. og Hagstofan 4,6 millj. kr. Menn getur líklega rétt rennt grun í hversu virkt eftirlitskerfi fjmrn. er þegar staðreyndir tala svo sínu máli.

Það er e.t.v. ekki að furða þó að ýmsir og þá sérstaklega framkvæmdarvaldið virði í raun fjárlög lítils í framkvæmd, eins og þessar upplýsingar óneitanlega benda til, þegar það er að auki haft í huga að árum saman mun það hafa verið svo að í ákveðnum hluta fjárlaganna ár hvert er langur kafli af upptalningu hinna ýmsu lagagreina sem ekki koma til framkvæmda það og það fjárlagaárið. Bandormurinn, sem svo er gjarnan nefndur, er vitaskuld einnig til staðar í því frv. sem við fjöllum um hér til fjárlaga fyrir árið 1989. Þegar nánast hver liður hans er athugaður nánar, þá kemur í ljós að það er verulegur munur á því sem út úr fjárlagafrv. kemur eða ef svo væri að lagaheimildirnar yrðu virtar.

Tökum fyrst t.d. Stofnlánadeild landbúnaðarins. Ef lagaheimildir um Stofnlánadeild landbúnaðarins væru virtar, a.m.k. eftir tillögum fagráðuneytisins, þá ætti í fjárlagafrv. að standa 46 millj. kr. Þær eru hins vegar einungis 39 í frv. Mismunurinn er 7 millj. kr. Ef lagafyrirmæli um Bjargráðasjóð yrðu framkvæmd í þessu fjárlagafrv. ætti þar að standa 56 millj. kr. í Bjargráðasjóð, en í frv. er ekki ein einasta króna. Ef lagaheimildir um Hafnabótasjóð væru framkvæmdar ætti að standa í frv. 66 millj. kr., en eru einungis 25 þannig að mismunurinn til þessa þáttar er 41 millj. kr. sem ekki kemst til skila vegna bandormsins. Ef lagafyrirmælin um Iðnlánasjóð væru í gildi, þá væru í fjárlagafrv. til þess málaþáttar 100 millj. kr. en er engin í frv. Ef lagafyrirmælin um Ferðamálaráð væru virt, þá væri fjárveitingin 109 millj. kr. en í frv. er einungis 28 millj. kr. fjárveiting til þess þáttar. Mismunurinn er 81 millj. kr. Ef lagafyrirmæli um Kvikmyndasjóð væru virt væri fjárveitingin 110 millj. kr. en í frv. er aðeins um að ræða 71 millj. kr. Mismunurinn er 39 millj. kr. Það er að vísu Menningarsjóður einn sem fær skv. lagaheimild það sem honum ber, hann fær 11 millj. kr. eins og lög standa til. Forfalla- og afleysingaþjónusta bænda er að vísu greidd af Stofnlánadeild. Þar ættu samkvæmt gildandi lagaheimildum að vera 48 millj. kr. en er ekki sérgreint í frv.

Atvinnuleysistryggingasjóður hefur mjög verið til umræðu að undanförnu, ekki síst vegna þess að hann blandast inn í nýstofnaðan Atvinnutryggingarsjóð. Ef Atvinnuleysistryggingasjóður fengi allt sem honum ber samkvæmt lögum fengi hann 531 millj. kr. en fær aðeins í þessu frv. 277 millj. kr. Munurinn er 254 millj. kr. Þannig má í rauninni telja hvern sjóðinn á fætur öðrum. Félagsheimilasjóður ætti t.d. samkvæmt sínum lögum að fá 58 millj. kr. en fær einungis í frv. 15 millj. kr. þó að vísu sé um að ræða brtt. frá fjvn. upp í 21 millj. kr. Framlög til jarðræktarlaga ættu samkvæmt gildandi lögum um þau að nema 288 millj. kr. en eru aðeins 100 millj. kr. í frv., mismunurinn 188 millj. kr. Ef búfjárræktarlög væru virt ættu þau að fá 62 millj. kr. í fjárlögum en fá ekki krónu.

Þannig er þetta koll af kolli. Síðast má nefna í þessu sambandi ekki ómerka löggjöf frá síðasta þingi, lög um framhaldsskóla, sem hefði, ef fjármálakaflinn væri virtur, 200 millj. kr. framlag. Þegar þetta er allt saman tekið, þá er þetta um 1 milljarður 224 millj. kr. sem ekki eru í þessu frv. vegna þess að ekki færri en 13–15 lagaákvæði eru ekki virt. Síðan furða menn sig á því að menn virði illa fjárlög.

Varla verður undan því kvartað að við Íslendingar höfum í nokkru sparað mannahald og annan tilkostnað við stjórn efnahagsmála ríkisins og þar með að verulegu leyti þjóðarinnar í heild þannig að af þeim sökum einum ætti árangur í þessum efnum að vera með glæstara móti. Auk fjmrn. sjálfs með sérfræðingum á flestum sviðum fjármálastjórnar eru stofnanir eins og Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Ríkisendurskoðun, Hagstofa Íslands, Þjóðhagsstofnun önnum kafnar við upplýsingaöflun og ráðgjöf um öll svið þessa verkefnis. Enn fremur má nefna í þessu sambandi Seðlabankann sjálfan og allar hans deildir, en þar á bæ hefur verið húsað upp

af myndarskap eins og alþjóð er kunnugt svo að starfsaðstaða ætti a.m.k. að vera með besta móti þar.

Sorglegur verður hins vegar að teljast árangurinn af allri þessari viðleitni þegar framkvæmd fjárlaga ársins 1988 er gaumgæfð. Afkomuhorfur A-hluta ríkissjóðs voru samkvæmt fjárlögunum 1988 og samkvæmt lögum nr. 10 frá 1988, sem bætti nokkuð um betur í því efni, rekstrarafgangur að upphæð um 53 millj. kr. Samkvæmt áætlun fjmrn. í júní 1988 sýndi afkoman hins vegar halla um 700 millj. kr. sem að vísu var nokkuð þráttað um hér á haustdögum. Um líkt leyti var áætlun Ríkisendurskoðunar á sama veg en þó snöggtum meiri halli eða um 1800 millj. kr. Urðu nú átök hörð innan búðar í Stjórnarráðinu og jafnvel í beinum útsendingum og fylgdu svo stjórnarskipti í kjölfar. Og næst þegar spurnir urðu af ríkisfjármálum leit dæmið þannig út:

Samkvæmt áætlun fjmrn. í október 1988 var hallinn nú áætlaður 2981 millj. kr., 3 milljarðar, en Ríkisendurskoðun þótti á þeim tíma þar síst of í lagt og áætlaði hallann tæpa 5 milljarða, 4760 millj. kr. Og jafnvel nú um miðjan desember verður ekki séð hverjar lokaniðurstöður verða í þessu dæmi. Nú er jafnvel rætt um að hallinn samkvæmt upplýsingum frá hæstv. fjmrh. og jafnvel frá hæstv. sjútvrh., sem leysti hæstv. forsrh. af hér á dögunum í miklum önnum hans, verði í árslok nokkuð á sjöunda milljarð kr. Það er ekki úr vegi að menn ígrundi einmitt nú þegar enn er reynt að leggja grunn að fjárlögum næsta árs hverjar voru hinar raunverulegu orsakir ófaranna í fjárlagaframkvæmdinni 1988. Og er þá í því sambandi miðað við þær upplýsingar einar nokkurn veginn sæmilegar haldbærar sem öruggar geta talist frá Ríkisendurskoðun frá því í októberbyrjun eða laust eftir myndun hæstv. ríkisstjórnar. Án efa má telja meginástæðurnar tvær:

Í fyrsta lagi að við afgreiðslu fjárlaganna 1988 var reiknað með óbreyttu gengi krónunnar út þetta ár, en þróun í þeim efnum hefur reynst um 15% gengislækkun. Í annan stað er um að ræða að almennt verðlag hækkaði um 8% umfram forsendur fjárlaganna 1988.

Af þessum tveimur ástæðum m.a. hafa gjöld í ríkisrekstrinum hækkað fram að þessum tíma sem ég áðan tiltók um 1 milljarð 700 millj. kr. umfram verðlagsforsendur fjárlaganna 1988. Meiru skiptir þó að tekjur ríkissjóðs hafa brostið um sem nemur 3,1 milljarð kr. umfram það sem fjárlög ársins 1988 gerðu ráð fyrir. Og þegar hvort tveggja þetta var saman lagt var niðurstaðan 4,8 milljarðar kr. eins og staðan var um stjórnarskiptin eftir áliti Ríkisendurskoðunar.

Þegar þessi tekjubrestur ríkissjóðs er hins vegar athugaður nánar kemur þetta í ljós:

1. Innheimta beinna skatta í staðgreiðslukerfinu skilaði þá miðað við þessar upplýsingar um 600 millj. kr. umfram áætlun fjárlaga.

2. Ýmsir minni liðir í tekjuáætlun fjárlaga 1988 skiluðu einnig tekjuauka að upphæð um 200 millj. kr. Það fer sem sagt ekkert á milli mála að staðgreiðslukerfið sem slíkt lánaðist, það lánaðist prýðilega í framkvæmd og það held ég að enginn efist um.

3. Aðflutningsgjöldin reynast hins vegar um 500 millj. kr. lægri en ráð var fyrir gert.

4. Vörugjaldið skilaði einungis um 60% af því sem reiknað hafði verið með eða um 700 millj. kr. lægri upphæð en fjárlög gerðu ráð fyrir.

5. Út yfir tekur þó að sölugjaldið sem flest orð féllu nú um hér á síðasta þingi, bæði til lofs og lasts, skilar um 2,7 milljörðum kr. lægri upphæð í ríkissjóð en fjárlög ársins 1988 gerðu ráð fyrir.

Augljóst er að almennur veltusamdráttur í þjóðfélaginu veldur miklu um þá neikvæðu breytingu sem hér hefur á orðið og innheimta hefur af þeim ástæðum einnig orðið erfiðari en ella. Hins vegar verður ekki undan því vikist að horfast í augu við þá staðreynd, sem er lokaniðurstaða í skýrslu Ríkisendurskoðunar um þessi efni, og ég bið menn að taka eftir því að það er skýrsla Ríkisendurskoðunar, það er enginn pólitískur aðili sem er að kveða upp sinn dóm í þeirri ályktun, en þar segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Í öðru lagi virðast þær umtalsverðu breytingar sem gerðar voru á helstu tekjustofnum ríkissjóðs ekki hafa skilað þeim tekjum sem að var stefnt."

Ég held hins vegar að það fari ekki á milli mála, og er raunar samdóma álit í flestum stjórnmálaflokkum, að framkvæmd staðgreiðslukerfis skatta lánaðist í flestri grein og reynslan af því kerfi í heild muni reynast góð þegar til lengdar lætur. Deiluefnið er hins vegar söluskatturinn, skattprósentan — hin geysiháa skattprósenta, 25% — og framkvæmd hans og skil. Afstaða Borgfl. til matarskattarins er vel kunn og hefur ekki breyst í neinu. Ég er jafnsannfærður um það nú og fyrir ári að þetta geysiháa hlutfall á sinn þátt í því hve illa hefur til tekist með innheimtu þessa aðaltekjustofns ríkisins.

Mig langar líka að minnast á það rétt hér í leiðinni að fyrir örfáum dögum fengum við upplýsingar í fjvn. frá fulltrúa fjmrn. um það að tekjubresturinn, þessi tekjubrestur í innheimtu ríkisteknanna, nemur um 5.5%, ekki minna, sem er engin smáupphæð. Þegar svo aftur haft er í huga að þjóðarútgjöldin dragast einungis saman um ½% getur hver hugsað fyrir sig hvað þarna ber á milli. Betri skil vegna einnar skattprósentu hafa sem sagt alls ekki skilað sér og þar er veltusamdrátturinn alls ekki eina haldbæra skýringin.

Auk þess hefur hinn hái matarskattur lamað einn viðkvæmasta vaxtarbrodd atvinnulífsins, ferðaþjónustuna. Ætli það sé tilviljun að nú seinni hluta þessa árs, 1988, er í fyrsta sinn til fjölda ára bein fækkun erlendra ferðamanna til landsins á meðan Íslendingar fjölga enn ferðum sínum til annarra landa? Mér blandast ekki hugur um að þarna sé samband á milli, a.m.k. segir ávöxtur matarskattarins til sín. Annars finnst mér það gegna nokkurri furðu hve lítið menn hafa í raun rætt það á hinu háa Alþingi í haust hver meginástæðan sé raunverulega fyrir hinum hrikalega

tekju- og innheimtubresti hjá ríkissjóði og þá sérstaklega hvernig við skuli bregðast. Vitaskuld er það öðru fremur hlutverk hæstv. ríkisstjórnar að móta stefnu í því efni og síst ber þar undan að draga að skattafrv. þau sem hæstv. ríkisstjórn hefur lagt fram á hinu háa Alþingi miða vitaskuld að því að ná endum saman og raunar snöggtum betur. Það viðhorf og stefnumið að skila ríkissjóði hallalausum og helst með tekjuafgangi hefði betur mátt vera virkara markmið stjórnvalda þegar flest lék í lyndi um hagvöxt og atvinnulíf. Af því hve illa tókst þá til um hagstjórn og einkum stjórn ríkisfjármála súpum við nú seyðið.

Við 2. umr. um frv. til fjárlaga einbeita menn sér gjarnan að 4. gr. frv., gjaldahliðinni, eins og eðlilegt er og siðvenja mun vera. Ákvörðun og meginumræða um tekjuhliðina, B-hluta stofnanir og 6. gr., heimildagreinina, mun að venju verða við 3. umr. Ég gat þess þegar við 1. umr. að mér fyndist og raunar óttaðist að sömu einkenni væru um of á þessu frv. og á frv. til fjárlaga 1988. Enda þótt í viðaukaskjali frá meiri hl. fjárveitinganefndar sem hér hefur verið kynnt fyrr á fundinum og er í raun tilkynning frá hæstv. ríkisstjórn um heildarniðurskurð frá frv., eins og það var lagt fram í haust, um 1218 millj. kr. sem er vitaskuld vegna þeirrar ískyggilegu þróunar sem æ betur hefur verið að koma í ljós undanfarna daga, þá er að mínu viti enn ekki hreyft að marki við því hættumerki sem ég vakti athygli á við 1. umr. Ég er þó þeirrar skoðunar að óhjákvæmilegt verði að ganga lengra í þá átt, sem þarna er þó byrjað á, við þær aðstæður sem nú ríkja.

Lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs er áætluð 4,7 milljarðar kr., sem er að vísu einungis 12% hækkun frá því í ár. Í B-hluta er hins vegar bætt um betur. Þar er reiknað með 9,3 milljarða kr. lánsfjárþörf vegna byggingarsjóðanna, eða um 50% hækkun frá því sem er í ár. Allir þekkja síðan hvernig ætlað er að ávaxta það fé og hvar meginhluti þeirrar fjárfestingar fer fram, og sjálfsagt í leiðinni þjóðhagslegt gildi þeirrar fjárfestingar.

Þegar lánsfjárþörf annarra opinberra sjóða, sem vitaskuld tengjast fjárlögum ríkisins og sumir kalla raunar C-hlutann, er athuguð kemur í ljós að þar er gert ráð fyrir 6,8 milljarða kr. lánsfjárþörf eða 78,9% hækkun frá því í ár. Samanlögð er öll þessi lánsfjárþörf 20,8 milljarðar kr. miðað við 14,2 milljarða kr. í fjárlögum 1988, eða 46,8% hækkun. Það er þessi pólitík sem að minni hyggju eru hættumerkin. Hættumerkin um að örðugt muni reynast að hemja verðbólgu og hafa stjórn á almennri efnahagsþróun eftir 15. febrúar á næsta ári a.m.k., nema að því tilskildu að mikill meginhluti þessa fjármagns fari til þess að treysta útflutningsgreinarnar og þar með arðbæra undirstöðu þessa þjóðfélags.

Í ár var stefnt að rösklega 4 milljarða kr. viðskiptahalla, var gert ráð fyrir skulum við segja, eða sem svaraði 6–7% tekna ríkissjóðs. Reyndin varð u.þ.b. þreföldun eða nær 12 milljarðar kr., sem var rösklega 18% tekna ríkissjóðs. Í áætlun og markmiðum núv. hæstv. ríkisstjórnar er reiknað með svipaðri útkomu að ári. Í þessari staðreynd og ekki síður í þessu markmiði um svo gífurlegan viðskiptahalla er fólginn kjarninn í meginvanda ríkisbúskapar Íslendinga í dag.

Það ræðst að vísu ekki við þessa 2. umr. um fjárlagafrv. hvort stefnubreyting verður um tillögugerð er breyta kynni þeirri ætlan sem ég hef lítillega drepið á. Trúa mín er þó sú að ekki væri vanþörf á að við 3. umr. kæmu fram tillögur er miðuðu að raunhæfri breytingu um markmið í þessu efni þannig að takast mætti að hverfa frá síauknum viðskiptahalla og því öngþveiti sem af honum óhjákvæmilega leiðir.

Ég hef lokið máli mínu, hæstv. forseti, og þakka fyrir.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Í upphafi máls vil ég þakka formanni fjvn. Sighvati Björgvinssyni svo og nefndarfólki öllu fyrir gott samstarf. Einnig vil ég þakka starfsfólki fjvn. og starfsfólki í Þórshamri og Austurstræti 14 fyrir einstaka lipurð, dugnað og samviskusemi.

Svo sem rakið hefur verið í nefndaráliti minni hl. fjvn. teljum við, sem eigum þar hlut að, að ýmis grundvallaratriði fjárlagafrv. séu enn á huldu.

Við 1. umr. lýsti ég því að kvennalistakonur teldu ýmsar þær forsendur sem frumvarpið byggir á í meira lagi hæpnar og vafasamt að framsetning þess stæðist. Nú þegar komið er að 2. umr. hefur ekkert gerst sem breytt hefur því áliti. Tekjuhliðin svífur um í lausu lofti og meðan svo er er örðugt að taka afstöðu til útgjaldanna.

Ríkisstjórnin sem mynduð var til að leysa efnahagsvandann hefur lítið hafst að enn. Þær fáu úrbætur sem eftir hana liggja eru einungis til bráðabirgða. Staða þjóðarbúsins er slæm og fer versnandi og enn hefur ríkisstjórnin enga stefnu tekið til lausnar vandanum og engin úrræði boðað. Fjárlagafrumvarpið ber merki þessa. Grundvöllinn vantar þar því stefnan er engin.

Í upphafi gerðu flokkarnir sem að ríkisstjórninni standa með sér starfsáætlun, málefnasamning. Þessi samningur ásamt fjárlagafrv. eru þau plögg sem marka stefnu ríkisstjórnarinnar. Séu þessir pappírar skoðaðir saman og í samhengi þá liggur við að setji að manni hlátur, en fremur ætti kannski að segja að þetta væri allt saman grátbroslegt. Hvort tveggja þessara plagga hefur nú legið fyrir um hríð og menn hafa getað skoðað þau. Málefnasamningurinn er svo sem sléttur og felldur enda enn algjörlega ónotað plagg og spurning hvort nokkurn tímann hefur verið skorið upp úr örkunum. Hann er snotur upptalning á því sem ríkisstjórnin hyggst koma fram þjóðinni til tímanlegs og jafnvel andlegs velfarnaðar. Umhyggjan skín þar af hverri línu og við það hljóta menn að gleðjast og gera sér vonir um betri tíð með blóm í haga. Hitt málið er svo fjárlagafrv. Það vekur

vissulega furðu að það stangast í flestu á við málefnasamninginn. Í því felst engin stefna um efnahags- eða atvinnumál, aðeins sú stefna að fjárlög skuli afgreidd án halla og til þess er flestra leiða leitað.

Um þetta leyti fyrir ári voru til umræðu og afgreiðslu í þingsölum lagafrv. um sölugjald og tolla. Jafnframt því að vera einn meginþátturinn í gagngerðum breytingum á tekjuöflunarkerfi ríkisins voru þau borin fram í nafni einföldunar, réttlætis og skilvirkni, tískuorðanna um þær mundir. Ein skattprósenta og eitt vörugjald voru nánast heilagt fyrirbæri, stórkostlegt skref í réttlætisátt að áliti þeirra sem þá réðu. Við kvennalistakonur höfðum þá og höfum enn efasemdir um að einföldun leiði alltaf til réttlætis og skilvirknin hefur eitthvað látið á sér standa því enn vantar allt að 3 milljörðum kr. í ríkiskassann af sölugjaldinu.

Því rifja ég þetta upp að nú drífa að frá hæstv. ríkisstjórn tekjuöflunarfrumvörp, frv. um nýjar og auknar álögur til bjargar ríkissjóði og nú kveður við annan tón. Nú er réttlætið ekki fólgið í einni skattprósentu og einu sölugjaldi og einföldunin látin lönd og leið. Það gegnir furðu hve fljótir menn eru að skipta um skoðun eftir því í hvaða stólum þeir sitja, hvort sem þeir hafa verið í stjórn eða stjórnarandstöðu og hversu fljótir menn eru að leggja til hliðar fyrri trúaratriði án þess að það virðist koma hið minnsta við samviskuna.

Við kvennalistakonur erum síður en svo mótfallnar því að fólk greiði skatta, að tekna sé aflað til að standa undir því velferðarþjóðfélagi sem allir vilja hafa en okkur er ekki sama hvernig það er gert. Við höfum lýst því yfir að við teljum að skattleysismörk séu of lág og verði allt of lág fari það eftir sem lagt er til með frv. um tekjuskatt og eignarskatt sem nú liggur frammi. Þá sýnist okkur að þeir sem miðlungstekjur hafa, en það er stærsti hópur skattgreiðenda, muni í rauninni bera þyngstar álögur. Spáð er að kaupmáttur rýrni um 7% á næsta ári. Ef ráðstöfunartekjur þessara skattgreiðenda dragast enn saman vegna aukinna álaga hlýtur það að koma fram í minnkandi veltu og þar af leiðandi minnkandi tekjum ríkissjóðs af veltusköttum. Því segir mér hugur um að í ljósi mun lakari innheimtu söluskatts á þessu ári en búist var við og horfum á vaxandi samdrætti í veltu á næsta ári muni tekjur ríkissjóðs af söluskatti vera ofmetnar í frv.

Okkur kvennalistakonum virðist ekki rétt að ganga lengra í skattheimtu á almennar launatekjur en nú þegar er gert. Það ásamt þeirri kjaraskerðingu sem orðin er eykur aðeins samdráttinn. Sýnu nær væri að halda skatti í lágmarki í lægri launaþrepum með því að hækka persónuafsláttinn en taka fremur upp annað skattþrep með hærri prósentu. Úr því að einföldunin er ekki lengur það trúaratriði sem hún áður var ætti þetta að mega takast. Veltuáhrif vegna meiri ráðstöfunartekna leiða til aukinna tekna ríkisins af óbeinum sköttum sem trúlega myndu vega upp kostnað af auknum persónuafslætti. Þetta væri mun heilbrigðari aðferð og líklegri til að sporna við samdrætti og halda hjólum atvinnulífsins gangandi. Í þessu sambandi er líka vert að minna á nauðsyn þess að beina neyslu og eyðslu fólks að innlendri framleiðslu með þjóðarhag að leiðarljósi. En þessi aðferð, þ.e. að hækka persónuafsláttinn, er miklu réttlátari því að öðrum kosti væri launafólki ætlað að bera samdrátt, kjaraskerðingu og minnkandi atvinnuframboð, en hingað til hafa margir komist sæmilega af með miklu vinnuframlagi. Þannig væri launafólkið látið taka þátt í erfiðleikum atvinnuveganna. Við þessar aðstæður er ekki sérlega snjöll bústjórn að koma byrðum ríkissjóðs yfir á almenning með skattahækkun á almennar launatekjur. Og með tilliti til þess að hinar miklu skattabreytingar í fyrra skiluðu ekki þeim tekjum í ríkissjóð sem að var stefnt, það er staðfest af Ríkisendurskoðun, þá tel ég að rétt væri að hæstv. ríkisstjórn athugaði endinn vel í upphafi áður en hún knýr fram nýjar álögur. Skattstofnar hafa vissa tilhneigingu til að visna upp og jafnvel deyja séu þeir ofnýttir, svo sem er um gróðurinn á okkar landi og þarf nú ekki sauðkindina til.

Svo ég víki aftur að störfum fjvn. þá er því ekki að leyna að minni hl. er langt frá því sáttur við ýmsar afgreiðslur sem þar hafa farið fram. Við viðurkennum hina þröngu stöðu ríkissjóðs og neitum því ekki að svigrúmið er lítið. En ég vil í máli mínu hér á eftir drepa á nokkur þau atriði sem ég hefði ýmist kosið að tekið væri betur á eða öðruvísi.

Ég minnist aftur á orðaskrautið í málefnasamningnum og það sem þar á að ganga í augu kvenna. Þess er getið að gera skuli átak í jafnréttismálum, svo sem vænta má af stjórn jafnréttis og félagshyggju, en það er bara slæmt að til þessa þarfa málefnis er ekki ætlaður einn eyrir hvað þá króna á fjárlögum. Þar stendur líka að sérstakt átak verði gert til að auka atvinnu kvenna á landsbyggðinni. Það er ekki heldur ætlaður eyrir til þess, enda er þetta fyrirheit ekki trúverðugra en svo í augum stjórnarliða sjálfra að þeir hafa hver um annan þveran keppst við að bera fram þingsályktunartillögur og fyrirspurnir um framkvæmd á þessu máli. Það er heldur ekki að furða þar sem atvinnuleysisgrýlan er nú á gægjum og allir mega vita að komi til atvinnuskorts þá bitnar hann fyrst á konum.

Önnur kvennamál, svo sem kvennaathvarf, kvennaráðgjöf og rannsóknir í kvennafræðum, eru ekki hátt metin til fjár fremur en vant er. Vissulega ber þó að meta það þegar komið er til móts við þarfir kvenna og barna og þar má nefna 95 millj. kr. upphæð til dagvistarmála, sem ber satt að segja vott um skynsamlegra viðhorf til þeirra mála en við höfum lengi séð. Við kvennalistakonur gleðjumst við þessa ákvörðun því frá því fyrsta höfum við barist fyrir úrbótum í dagvistarmálum og auknum framlögum til þessa málaflokks. Við höfum lagt fram mörg þingmál í þá veru og á síðasta þingi lögðum við fram frv. um átak til uppbyggingar í dagvistarmálum. Þegar við höfum borið þessi mál

fram hafa þau aldrei fundið náð fyrir augum meiri hluta þingsins og ekki náð fram að ganga. Sú deyfð og skilningsleysi og mér liggur við að segja kæruleysi sem snýr að þessum málum hér á Alþingi eru óafsakanleg. Mál af þessu tagi ættu að hafa forgang og þarf ekki að hafa fleiri orð um það í þetta sinn.

Öllum er það fullkunnugt að svo er komið að tekjur tveggja þarf til að framfleyta fjölskyldu. Ég tala nú ekki um ef þessi fjölskylda hefur lagt í þau ósköp að reyna að eignast þak yfir höfuðið. Ef báðir foreldrar eru nauðbeygðir til að afla tekna fyrir heimilið, og það skal enn ítrekað að svo er um mikinn meiri hluta fjölskyldna í landinu, vitum við öll að mikil þörf er fyrir gæslu og vistun fyrir börn, á góðum dagheimilum sem sinna aðhlynningu og uppeldi barna á vinnutíma foreldranna.

Börnin okkar eru á hverjum tíma framtíð þjóðarinnar. Við megum ekki og getum ekki verið svo skammsýn að kosta ekki til hverju því sem þarf til að tryggja að veganesti þeirra út í lífið sé sem mest og best þannig að fjöldi þeirra þurfi ekki að ráfa um í reiðileysi með lykil um hálsinn. Því segi ég þetta að þó að 95 millj. kr. til dagvistunar séu góðra gjalda verðar eru skuldir ríkisins við sveitarfélögin að þeim milljónum greiddum samt sem áður 133 millj. kr. Átakið til uppbyggingar sem við kvennalistakonur lögðum til í fyrra að gert væri hefði betur verið samþykkt þá.

Fyrst ég er að tala um börn get ég ekki látið hjá líða að drepa á hugmyndir ríkisstjórnarinnar um að draga úr fjárveitingum til skóla. E.t.v. má spara í skólahaldi á ýmsa vegu en ég vara við að dregið verði úr sérkennslu og forfallakennslu. Fjármunir til þeirra hluta hafa alla tíð verið í knappara lagi og samdráttur má síst koma fram þar.

Ég vil nú enn skoða málefnasamninginn í ljósi fjárlagafrv. og í kafla um byggðastefnu stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Unnið verði skipulega að uppbyggingu í samgöngumálum samkvæmt langtímaáætlun". Þannig er nú það. Innflutningsgjald af bensíni hækkar um 600 millj. kr. samkvæmt frv., en ekki verður séð að verja eigi krónu af því til vegamála né samgöngubóta af neinu tagi og fyrirhugaðar eru enn frekari skerðingar á fé Vegagerðarinnar. Ég trúi varla að bifreiðaeigendur, einkum þeir sem aka um utan þéttbýlissvæða, gleðjist við þær fyrirætlanir þegar sýnt er að ekki verður hægt að standa við vegáætlun. Þessi tekjustofn, bensíngjaldið, er sérmarkaður til uppbyggingar vegakerfisins. Hingað til hefur hann verið látinn óáreittur en nú er því sýnilega lokið og fer þá væntanlega sem um fleiri slíka fjáröflunarliði að honum verður í æ ríkara mæli varið til annars en upphaflega var ætlað.

Í því sambandi er ekki úr vegi að minna á málefni Ríkisútvarpsins sem enn má sæta því að fá ekki þá fjármuni sem því eru markaðir með lögum og berst því í bökkum. Fjárskortur hindrar að Sjónvarpið flytjist í útvarpshúsið, en reksturinn yrði allur hagkvæmari ef stofnunin væri undir einu þaki eins og henni er ætlað. Þessi ráðstöfun, eins og fleiri, einkennist af skammsýni. Það er hrein flónska að haga málum á þennan hátt og með öllu ópolandi að markaðir tekjustofnar til ákveðinna framkvæmda og stofnana séu ekki látnir í friði.

Hv. 6. þm. Suðurl. gerði í ræðu sinni grein fyrir því hvernig þessi mál standa og hvernig þessi framlög eru skert svo að ég fjölyrði ekki frekar um það, en ég minni á að þar var um rúman milljarð að ræða.

Stjórnvöld mega engan veginn og aldrei loka augunum fyrir því hvaðan fjármunir koma sem eru undirstaða lífsmöguleika okkar. Sjávarútvegurinn og sú atvinnustarfsemi sem tengist honum er frumforsenda þess að land okkar er í byggð. Hvernig er svo búið að þessum atvinnuvegi svona á ýmsan hátt?

Við skulum t.d. taka hafnirnar. Hafnir landsins eru farvegurinn sem lífsbjörgin rennur um til okkar og á Íslandi eru 70 hafnir. Einhverjir kunna að spyrja: Er þörf á þessum fjölda? Höfum við efni á þessu? Hafnirnar hafa orðið til í byggðarlögum þar sem sjór hefur verið sóttur frá ómunatíð. Undirstaða þessara byggðarlaga eru þau verðmæti sem um höfnina fara. Sjómenn draga fisk úr sjó. Konur og karlar, þó einkum konur, vinna aflann. Þetta fólk skapar meginið af útflutningsverðmætum okkar. Hvert byggðarlag hefur sín sérkenni, sína menningu sem þróast hefur í tímans rás. Höfum við efni á að fórna byggðarlögunum, láta þau veslast upp og leggja þau niður svo sem hlýtur að gerast verði viðhaldi og uppbyggingu hafnanna ekki betur sinnt en þetta frv. gefur til kynna? Ég vil leggja fram dæmi til glöggvunar á því hvernig horfir.

Hafnir eru ekki mannvirki þeirrar tegundar sem eru byggðar í eitt skipti fyrir öll, ryð og fúi vinna á þeim. Sífelld tækniþróun í veiðum kallar á breytingar á skipum. Breytingar á flutningum kalla á annars konar flutningaskip og báðir þessir þættir kalla á breyttar hafnir, breytt skipulag og sífellda þróun. Meðalendingartími hafnarmannvirkja er talinn vera 35 ár og það kostar um 300 millj. kr. að byggja upp meðalhafnarmannvirki. 70 hafnir á Íslandi sem úreldast á 35 árum þýðir því það, að áætla verður að byggja þurfi tvær nýjar hafnir á ári sem kallar á a.m.k. 600 millj. kr. fyrir utan viðhald annarra hafna. Að vísu er hlutur sveitarfélaga með í þessari upphæð en af þessu dæmi má sjá hver þörfin er, þörf sem árlega er ýtt til hliðar en eykst vitanlega og verður fjallhá með tímanum. Ef ekki verður breytt um áherslur varðandi uppbyggingu þessara mikilvægu mannvirkja hlýtur það að leiða til þess að þetta fjall hrynur yfir okkur með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Með þessum orðum vil ég minna á að framlag til hafna samkvæmt frv. er 400 millj. kr. Öllum má ljóst vera að þessi upphæð nægir ekki til nema lítils hluta af því sem nauðsynlega þarf að vinna að hvernig svo sem hún er teygð og toguð.

Því má svo bæta við að þrátt fyrir bága stöðu hafnanna eru framlög til Hafnabótasjóðs enn skert auk þess sem fyrirhugað er að hann greiði skatt af tekjum. Allar þessar aðgerðir í samgöngumálum sem ég hef nefnt einkennast af hentistefnu og

skammsýni.

Í sambandi við hafnaframkvæmdirnar vil ég minnast á gamalkunnugt mál, flugstöðina í Keflavík. Nú þarf að taka 350 millj. kr. lán vegna byggingar hennar, þessa skrautblóms okkar á Miðnesheiðinni eða á ég kannski heldur að kalla hana gæludýr. Menn skulu velta því fyrir sér hvað hægt væri að gera í hafnamálum fyrir þá fjármuni sem þangað hefur verið veitt, eða ég vil segja ausið, og á eftir að veita því enn er hún ekki fullgerð, svo ekki sé talað um afborganir af lánum sem koma til greiðslu af fullum þunga eftir rúmt ár. Ég tala um þetta nú, því þetta mál og þvílík eiga ekki að falla í gleymsku heldur vera sífelld áminning um að hafa ráðdeild, skynsemi og ábyrgðartilfinningu með í förinni þegar ráðstafað er sameiginlegu fé okkar allra.

Virðulegi forseti. Fyrir nokkrum dögum var okkur tjáð að hallinn á ríkissjóði væri tæpir 7 milljarðar kr. Ríkisstjórnin fórnar nú höndum og sendir ekki frá sér tillögur heldur tilkynningu um sparnað og niðurskurð í ríkisrekstrinum. Við kvennalistakonur erum síður en svo mótfallnar sparnaði í sjálfu sér en okkur er ekki sama hvar er sparað. Það er ógerlegt á þessari stundu að taka afstöðu til sparnaðar- og niðurskurðarhugmynda ríkisstjórnarinnar þar sem þær eru ekkert útfærðar og engin leið að sjá hvar þær munu helst bitna.

Hv. þingmenn hafa vafalaust veitt því athygli að við kvennalistakonur flytjum engar brtt. við fjárlagafrv. að þessu sinni. Vonandi hvarflar það þó ekki að nokkrum manni að það sé vegna þess að við teljum ekki breytinga þörf. Ástæðan er einfaldlega sú, sem kemur fram í áliti minni hl. fjvn. og Kvennalistinn stendur að, að við teljum að allt fjárlagadæmið sé í óvissu og uppnámi og reyndar fyrst og fremst tekjuhliðin. Óhugsandi er að gera það dæmi upp fyrr en skýrst hefur um tekjuöflunarleiðir ríkisstjórnarinnar og því varð það niðurstaða okkar að bíða með brtt. til lokaumræðunnar. Ég vil þó undirstrika það, svo að enginn þurfi að vera í vafa um afstöðu okkar, að við teljum nauðsynlegt að gera ýmiss konar lagfæringar og það mun koma fram í máli annarra þingkvenna síðar í umræðunni. Þær munu fjalla um ýmsa málaflokka sem við berum sérstaklega fyrir brjósti og snerta bættan hag kvenna og barna og framtíðarhag þjóðarinnar allrar.

Ég vil ljúka máli mínu með því að segja að fyrr en ljóst liggur fyrir hvort ríkisstjórnin hefur þingstyrk til að koma fram sínum tillögum um tekjuöflunarleiðir tel ég að ekki sé hægt að afgreiða marktæk fjárlög.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég mun ekki flytja langt mál enda er það ástæðulaust. Ég get vísað í ræðu formanns fjvn. fyrr við þessa umræðu þar sem fram kemur, m.a. í nál. á þskj. 244, það sem máli skiptir í sambandi við skýringar við þessa 2. umr. fjárlaga.

Ég vil einnig vitna í ræðu sem ég flutti við 1. umr. þar sem ég kom mjög inn á viss atriði sem eru að sjálfsögðu gagnrýnisverð í okkar fjárlagagerð og hafa verið gegnum árin og nokkuð hefur verið komið inn á í þessari umræðu af öðrum hv. þingmönnum. Sjálfvirknin sem er í ríkiskerfinu að verulegu leyti hefur vaxið ár frá ári og gert stjórn fjármála ríkisins erfiðari með hverju árinu sem líður og dregist hefur að takast á við þessi mál. Að sjálfsögðu er það rétt gagnrýni sem hér hefur komið fram að eftirliti með þessu kerfi í fjmrn. er vart hægt að koma við nema með mjög róttækum breytingum. Ég tel ástæðu til að taka undir það að full þörf er á að menn taki höndum saman um að breyta þessu þannig að yfirbygging íslenska ríkisins eða fjármálakerfi ríkisins verði ekki meira en orðið er. Skipulega þarf að draga úr því þannig að það verði ekki ofviða svo litlu þjóðfélagi sem okkar sem þarf að leggja aðaláherslu á uppbyggingu atvinnulífsins í landinu og þá undirstöðu lífsafkomu okkar hér á Íslandi sem allir geta viðurkennt.

Ég vil aðeins segja í sambandi við það sem hér hefur komið fram að ég tel að vandi þjóðfélagsins sé slíkur í dag að hvort sem menn eru í stjórn eða stjórnarandstöðu hljóti þeir að átta sig á því að fallast verður á nauðsyn aðgerða og slíkar aðgerðir er ekki hægt að gera nema með auknu fjármagni. Ég held að allir hugsandi menn átti sig á því og til þess að ná því fjármagni verður að gera tvennt: auka tekjur ríkissjóðs og jafnhliða að skera niður útgjöld ríkissjóðs og framkvæma skipulagsbreytingar sem fela beinlínis í sér að minnka yfirbygginguna. Þetta held ég að menn þurfi ekki að deila um í raun og veru, svo augljóst er málið og svo oft er búið að ræða um þetta hér. Við verðum að finna þetta jafnvægi sem er svo mikilvægt, og jafnvel mikilvægara fyrir íslenskt þjóðfélag heldur en fyrir milljónaþjóðir í kringum okkar, til þess að ná því öryggi í þjóðarbúskapnum sem gerir það að verkum að hér sé gott að eiga heima og lifa við algjört frelsi á flestum sviðum í mannlegum samskiptum.

Ég vil af þessu tilefni taka undir ræðu hv. 6. þm. Suðurl. sem mér fannst raunhæf og segja í raun og veru það sem margir hv. stjórnarandstæðingar vildu gjarnan segja en gera ekki við þessar aðstæður.

Ég gagnrýndi það í minni ræðu við 1. umr. fjárlaga að erfitt væri að þurfa að viðurkenna þá staðreynd að sú breyting sem gerð var á tekjukerfi ríkisins að því er varðar söluskatt skyldi mistakast. Forsendur fyrir þeirri breytingu voru fyrst og fremst þær, eins og hv. þingmenn vita, að fella niður undanþágur sem gerðu það að verkum að erfitt var að hafa eftirlit með þessum gjaldstofni. Niðurstaðan á fyrsta árinu var slík að ljóst var að þetta hafði mistekist. Með auknum upplýsingum um stöðu þessara mála kemur í ljós hvernig þessi stærsti tekjustofn ríkisins ætlar að minnka og minnka og það kemur einmitt í ljós enn þá meiri veila og ný veila sem menn hafa ekki tekið eftir áður. Fyrirtæki sem fara með þessa innheimtu fyrir ríkið taka peninga í stórum stíl af neytendum og skila þeim ekki þangað sem þeir eiga að fara. Í vaxandi mæli

iðka þau nýja aðferð til þess að komast hjá þessari greiðslu og því að standa ábyrg gerða sinna. Fyrirtækin eru gerð gjaldþrota vegna uppsöfnunar á fjármagni sem átti að skila. Þessir sömu aðilar stofna síðan ný fyrirtæki og halda áfram rekstri eins og ekkert hafi í skorist en gjaldþrota fyrirtækið situr eftir og getur ekki borgað það sem það hafði átt að gera. Þetta er ábyrgðarlaust og ríkið tapar peningunum, peningunum sem þessir aðilar höfðu látið fólkið, neytendur, borga við búðarkassann. Þetta er ástand sem ég vil sérstaklega undirstrika við 2. umr. fjárlaga vegna þess að það hefur komið inn í umræðuna fyrr í dag og er eitt af stóru meinunum í okkar viðskiptaheimi í dag á Íslandi og getur ekki gengið. Þetta ástand hefur áhrif á ríkisfjármálin eins og allir hv. þingmenn hljóta að átta sig á. Þessu verður að breyta.

Það væri hægt að ræða margt um stöðuna í fjárlagadæminu eða meðferð fjárlaga. Ég ætla að spara tíma og gera það ekki. Ég vil aðeins vitna í það sem áður hefur komið fram. Við vitum að þessi breytta staða er augljós og almenningur í landinu veit um þetta. Mér þætti furðulegt ef hv. þingmenn fara að halda langur ræður um að þetta sé einhverri ríkisstjórn að kenna sem aðeins hefur starfað í tvo mánuði. Það er ekki svo. Það væri ágætt ef hægt væri að kenna nýrri ríkisstjórn sem hefur starfað í 8 vikur um það sem hér hefur orðið. Þetta eru ýmsar afleiðingar sem þarf ekki að rekja hér. Þær eru ljósar alþjóð og stafa bæði af ytri og innri ástæðum og hægt væri að flytja langt mál þessu til rökstuðnings en ég hélt að við þessar umræður þyrfti þess ekki.

Ég verð að segja það alveg eins og er í sambandi við ræðu hv. 2. þm. Norðurl. v. að ég verð alltaf undrandi þegar ég hlusta á það í umræðum á Alþingi, bæði nú í sambandi við tekjuöflunaráform núv. ríkisstjórnar og eins núna við umræður um fjárlög, að menn sem hafa borið fulla ábyrgð á fjármálum ríkisins undanfarin ár eru að reyna að segja það hér blátt og kalt að þetta ástand í dag stafi af þessari ríkisstjórn sem hefur starfað í tvo mánuði. Hv. þm. Pálmi Jónsson sagði að það vantaði stefnu í fjárlagafrv. fyrir árið 1989. Auðvitað getum við verið sammála um að gott væri að geta lagt fram fjárlagafrv. við þessar aðstæður sem væri svo fast formað að við þyrftum ekki að hafa neinar áhyggjur af því að það mundi ekki standast í öllum atriðum reynslu næstu missira. Við þyrftum ekki að hafa áhyggjur af því að það hefði ekki verið alveg pottþétt næst þegar við ákveðum fjárlög. En hvernig var með fjárlagafrv. 1988? Var stefnan í því alveg 100%? Við hv. þingmenn stóðum að því fjárlagafrv. og verðum fúslega að játa að stefnan í því fjárlagafrv. var röng. Ég verð einnig að segja það við hv. sjálfstæðismenn sem eru staddir í þessari deild að ég er undrandi á því að þeir séu að tala um að það skorti aðgerðir, það skorti stefnu í atvinnumálum og að það skorti að marka stefnu í fjármálum þjóðarinnar. Ætli það hafi ekki skort á það hjá einhverjum stjórnendum þjóðarinnar á undanförnum mánuðum að taka við sér þegar ástandið var orðið slíkt að gera þurfti ráðstafanir og það raunar strax í byrjun þessa árs? Hverjir vildu ekki gera róttækar ráðstafanir? Ég held að svarið liggi ljóst fyrir. Það voru einmitt þeir sem stjórnuðu efnahagsmálum í þeirri ríkisstjórn og væri hægt að rekja það nánar ef menn vildu. Ekki skorti tillögurnar um að gera hlutina í tíma, en það var ekki fallist á það. Ég held því að við ættum að spara okkur þær umræður núna við þessa fjárlagagerð en snúa okkur að vandanum sem ljóst er að er fyrir hendi og allir þjóðhollir Íslendingar hljóta að taka höndum saman um að leysa.

Við þessa fjárlagagerð var þröngt svið, það er hægt að játa það. Við sem höfum starfað í þessari nefnd og starfað saman, hvort það hefur verið meiri hl. eða minni hl., höfum lagt á það áherslu að reyna að verja ákveðna þætti sem við töldum að mætti ekki skerða, a.m.k. ekki svo mikið að það gæti orðið tjón að. Þess vegna höfum við varið framkvæmdafjárlögin eins og við höfum mögulega getað, bæði í sambandi við skóla, sjúkrahús, hafnir og annað slíkt, þó að fjármagnið hefði að sjálfsögu þurft að vera meira, en það hefur tekist. Þrátt fyrir þörfina á enn þá meiri niðurskurði hefur núv. ríkisstjórn fallist á það sjónarmið nefndarinnar allrar að verja þessa þætti og það hefur tekist.

Auðvitað er ljóst, virðulegi forseti, að við eigum mikið starf enn fyrir höndum í fjvn. að fara yfir mál fyrir 3. umr. fjárlaga. Við eigum eftir að fara yfir B-hluta stofnanir og ýmis viðkvæm mál sem hér hafa aðeins verið nefnd eru enn úti. Við getum alveg fallist á að það eru mörg atriði að því er snertir landbúnað á Íslandi sem eru ófrágengin. Við eigum eftir að átta okkur á því hvað er hægt að gera til að ekki sé vegið beint að bændum landsins sem starfa eftir lögum og eftir ákveðnum samningum sem gerðir hafa verið við þá. Við verðum auðvitað að átta okkur á því hvað við getum gert til þess að ríkið standi við slíka samninga, a.m.k. þannig að ekki sé alveg myrkur fram undan. Bændur landsins eiga heimtingu á því. Og auðvitað þurfum við að skoða jarðræktarframlögin, búfjárræktarlögin, búnaðarsamböndin sem treysta á þann stuðning sem þau hafa haft í gegnum tíðina og gera ráð fyrir að það haldi áfram.

Svo er einnig með Vegagerð ríkisins. Ég tel að við getum ekki skilið við Vegagerðina alveg á einfaldan hátt með því að taka af henni tekjustofnana. Við vitum það ósköp vel að fyrrv. ríkisstjórn, það var upplýst af hæstv. þáv. samgrh. hér í ræðustól á Alþingi, rétt fyrir þinglok í vor að hann gæti ekki gefið nokkur svör um það hvernig ætti að standa að fjármögnun í sambandi við jarðgöngin í Ólafsfjarðarmúla, jarðgöng sem búið er að gera verksamninga um til loka en vantar allt fjármagnið. Þetta mál er jafnóljóst í dag eins og það var þá, þannig að við eigum eftir að ræða mikilvæg mál í sambandi við vegamálin og ég ætla ekki að fara nánar út í það.

Ég vil aðeins að lokum víkja aftur að því sem ég

kom inn á við 1. umr. þessa máls að ég tel að ein af þeim betri ákvörðunum sem hafa verið teknar hér á hv. Alþingi hafi verið þegar Ríkisendurskoðun var flutt til Alþingis. Ég er alveg viss um það að Ríkisendurskoðun á eftir að hafa bein áhrif á það að meðferð fjármála og fjárlaga ríkisins verður allt önnur en hún hefur verið áður. Við nálgumst það smátt og smátt að ríkisreikningar verði tilbúnir á réttum tíma og að gefin verði út fjáraukalög eins og stjórnarskráin gerir ráð fyrir þegar þess er þörf, nægjanlega tímanlega þannig að þessi mál séu í föstu formi sem er mikilvægt fyrir fjármálastjórn ríkisins.

Ég held þess vegna að þessi mál séu í góðum farvegi, en ég hlýt að setja fram þá hugmynd sem oft hefur verið til umræðu meðal manna, þó ekki hafi verið hér inni á hv. Alþingi, að það gæti verið eðlilegt að fara að huga að því hvort við eigum ekki að breyta fjárlagaárinu þannig að miðað verði við t.d. 1. mars ár hvert eða 1. sept. en ekki við 31. des. eins og nú er. Mér finnst einhvern veginn í gegnum þá reynslu sem við höfum fengið í sambandi við fjárlagagerðina að það sé full ástæða til þess að fara að hugsa þetta. Þetta er víða gert í öðrum löndum. Það sem mælir með þessu er að upplýsingar um ástand þjóðmála og ástand fjármála hér á landi eru ekki tilbúnar, raunhæfar, á þeim tíma sem fjárlög eru oftast afgreidd, þ.e. í desember. Þetta er reynsla sem við höfum gengið í gegnum og hefur sýnt okkur að tölur sem við erum með í dag fyrir áramót breytast jafnvel yfir áramótin. Ég tel að það sé fullkomin ástæða til að hugleiða þetta mál þó að það sé óviðkomandi fjárlagaafgreiðslu nú.

Ég vil einnig taka undir það sem hér hefur komið fram í umræðunni að aukafjárveitingar þarf að gera útlægar úr fjárlagadæminu í því formi sem þær hafa verið. Ég sé að hv. 6. þm. Suðurl. er ekki í salnum, en hann hefði átt að geta lesið fjárlagafrv. eða greinargerð um aukafjárveitingar 1988 og að því er varðar heilbrrn. hefði hann getað séð það að þessi háa upphæð sem þar er er að meginhluta til vegna eins máls, þ.e. Landakotsspítalans, sem var ekkert leyndarmál og þá er ég um leið að bera í bætifláka fyrir fyrrv. hæstv. fjmrh. Það var mál sem varð að leysa og það var gert fyrir opnum tjöldum þannig að öll þjóðin vissi hvað þar var á ferðinni.

Ég vil svo að lokum segja það að það er mín skoðun að brýn nauðsyn sé að afgreiða þessi fjárlög núna fyrir jól. Miðað við stöðu þjóðarbúsins og með tilliti til ýmissa mikilvægra atriða í fjárlögum tel ég að það væri mjög skaðlegt ef fjárlög fyrir árið 1989 yrðu ekki afgreidd fyrir áramót. Ég held að þetta sé mjög brýnt og þarf ekki að færa frekari rök fyrir því. Við vitum hvað fjárlögin eru mikill viðmiðunarstaðall í okkar fjárhagskerfi, við höfum næga reynslu fyrir því.

Ég tel ekki ástæðu til að ræða þetta frekar efnislega, við eigum eftir að fjalla um þessi mál við 3. umr. og fyrir 3. umr. og þarf að skoða og takast á um ýmsa þætti. Ég þakka fjvn., formanni fjvn. og fjárveitinganefndarmönnum öllum fyrir mjög gott samstarf við þessar óeðlilegu og óvæntu aðstæður sem hafa verið í nefndinni þennan stutta tíma sem liðinn er frá því að hún tók til starfa. Og ég vil þakka fyrir það hvað bæði stjórnarandstaða og stjórnarþingmenn hafa verið samhentir við þessar aðstæður að reyna að koma frv. saman í þeim tilgangi, sem breyttar aðstæður hafa augljóslega kallað á, að draga úr hækkunum eins og hér hefur komið fram, sem eru miklu, miklu minni en nokkurn tíma hafa verið áður við fjárlagagerð í fjvn., og reyna að finna úrræði með hæstv. ríkisstjórn til þess að ná saman endum í mörgum veigamiklum málum og að því verður unnið áfram. Ég vil einnig þakka Ríkisendurskoðun og Fjárlaga- og hagsýslustofnun og starfsmönnum þeirra fyrir ágætt og traust samstarf.

Ég vona svo, virðulegi forseti, að hægt verði að flýta þessari afgreiðslu við 2. umr. þannig að fjvn. geti sest á rökstóla til þess að ræða málin með ríkisstjórn fyrir 3. umr.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Í upphafi þessarar umræðu gerði formaður fjvn., hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, ítarlega grein fyrir starfi fjvn. síðustu vikur og því nál. og brtt. sem hér hafa verið birtar á þingskjölum og er engin ástæða að fara nánar út í þau atriði.

Aðdragandi þinghalds nú í haust var um margt róstusamur. Ríkisstjórn sem þá hafði setið í tæplega eitt og hálft ár gafst upp við að reyna að stjórna, hafði eiginlega aldrei stjórnað, aðeins haft uppi tilburði til þess. Ný ríkisstjórn var mynduð og tók við efnahags- og atvinnulífi landsins í rúst.

Fjárlög þessa árs, fjárlög síðustu ríkisstjórnar, sem áttu að skila ríkissjóði í jafnvægi eru brostin svo að halli sem nemur milljörðum blasir við. Reyndar höfðum við, sem töluðum hér fyrir ári síðan og mynduðum þáverandi stjórnarandstöðu, ítrekað bent á að þær forsendur sem fjárlagafrv. fyrir þetta ár byggði á væru ótryggar og að miklu meira aðhald í ríkisfjármálum þyrfti en þá var ráð fyrir gert.

Þó held ég að engan hafi órað fyrir því að ástandið yrði eins og það blasir við nú. Hversu dökka mynd sem við drógum upp þá varð hún aldrei eins dökk og hún er í dag. Þvílíkt stjórnleysi hefur ríkt í fjármálum ríkisins.

Svona var ástandið þegar í byrjun október þegar vinna var hafin við það fjárlagafrv. sem hér er til 2. umr. Þegar frv. var samið, eins og það birtist hér á hv. Alþingi, var með ýmsum hætti reynt að stemma stigu við þeim vexti ríkisútgjalda sem fyrirsjáanlegur var. Framlög til framkvæmda og sjóða voru í flestum tilvikum takmörkuð við óbreytta eða lítt breytta krónutölu og stefnt að samdrætti í starfsmannahaldi ríkisins. Auk þess voru gerðar ráðstafanir varðandi einstakar stofnanir og málaflokka eins og fram kemur í greinargerð frv.

Ýmsum brá í brún og þótti þetta mikill niðurskurður, höfðu jafnvel á orði að verið væri að gera aðför að stofnunum og málaflokkum. Ég var einn

þeirra hv. þm. sem brá illilega við að sjá þá þörf á niðurskurði sem við blasti. Ég trúði því hreinlega ekki að eftir þá uppgangstíma, það góðæri sem hér hefur ríkt, væri ástandið svona slæmt, að óstjórn og eftirlitsleysi okkar alþingismanna hefði verið með þessum endemum þrátt fyrir allt sérfræðinga- og ráðgjafaliðið sem í kringum okkur er. Að tekist hefði að klúðra málum svo rækilega, það gat ekki gerst.

Meira að segja þeir sem tóku þátt í síðustu ríkisstjórn og þeirri þar áður trúðu ekki sínum eigin augum og mótmæltu hátt og af reiði. En það sannaðist að sannleikanum verður hver sárreiðastur. Það þýðir ekki að deila. Forsendur frv. lágu fyrir svo ljótar sem þær voru og ljótari urðu þær.

Á þeim tíma sem liðinn er frá því að frv. var lagt fram hafa komið fram nýjar upplýsingar sem sýna að það stefnir í enn meiri halla ríkissjóðs á þessu ári en gert var ráð fyrir. Því hefur á milli umræðna orðið að gera frekari ráðstafanir sem snerta gjaldahlið frv. í þeim tilgangi að tryggja fjárhag ríkissjóðs og freista þess að hann fái gegnt því hlutverki sem honum ber í efnahagslífi landsins. Enn meiri tekjubrestur og samdráttur en áður var reiknað með kallar á enn meira aðhald í ríkisbúskapnum.

Það hafa vissulega heyrst þær raddir að vafasamt sé að rétta svarið við þessum samdrætti í efnahagslífinu sé að draga saman seglin í ríkisrekstri og að við þær aðstæður eigi ekki að stefna að því að reka ríkissjóð með tekjuafgangi.

Um þetta má vissulega deila, en í því sambandi ættu menn þó að hugleiða tvennt, í fyrsta lagi að samdráttinn má rekja til minnkandi sjávarafla vegna takmarkana á veiði svo og lægra verðs á fiskafurðum á stórum hluta markaða okkar. Á móti samdrætti af þessum toga verður ekki unnið með eftirspurnarþenslu. Í öðru lagi má hafa hugfast að þrátt fyrir samdrátt og fyrirsjáanlega aukningu hans eru þjóðarútgjöld enn of há í samanburði við þjóðartekjur. Það að ríkið hvetji hér til þess að viðhalda óbreyttu neyslustigi, að ekki sé talað um að hækka það, leiðir, eins og menn hafa nú vonandi gert sér grein fyrir, ekki til annars en aukinnar skuldasöfnunar.

Þessar aðstæður sem við nú búum við hafa sett svip sinn á starf og tillögur fjvn. Þar hefur verið reynt að gæta ýtrasta aðhalds við meðhöndlun erinda og óska um fjárveitingar. Það er ekki sársaukalaust að hafna erindum sem auðvelt hefði verið að verða við við eðlilegar aðstæður. Og fólkið í landinu á í raun skilið að kjörnir stjórnendur landsins hefðu skilað þeirra hlut í góðærinu í gegnum vel rekinn ríkissjóð og vel rekin ríkisfyrirtæki, en því er ekki að heilsa.

Þær tillögur um hækkanir sem hér hafa verið lagðar fram eru að stærstum hluta þær sem nefndin taldi óhjákvæmilegt að verða við. Hækkanir á framkvæmdaliðum eru fyrst og fremst þar sem sýndi sig við yfirferð fjvn. og við ábendingar starfsmanna ráðuneyta um einstakar framkvæmdir að ekki yrði fyrir hendi fé til þess að standa við gerðar skuldbindingar. Hvergi nærri er hægt að greiða sveitarfélögum þær upphæðir sem þau eiga inni hjá ríkinu vegna framkvæmda sem þau hafa nú þegar lokið við eða standa í.

Ekki er svigrúm til þess að leyfa eða veita fjármagn í nýjar framkvæmdir þó að ljóst sé að í ýmsum málaflokkum eins og uppbyggingu grunnskóla, sjúkrastofnana og dvalarheimila aldraðra er þörfin mikil. Það mun t.d. vera ljóst að hér í Reykjavík eru nú þegar langir biðlistar aldraðra sem bíða eftir leguplássum eða vistun á dvalarheimilum. Það er erfitt að verða að segja við þetta fólk: Því miður, við sem þið treystuð til þess að fara með málefni þjóðarinnar höfum staðið okkur svo illa, farið svo illa með fjármuni ykkar, að við getum ekki launað ykkur ævistarfið með því að búa vel að ykkur í ellinni, en við stöndum nú samt frammi fyrir því. Hér inni telja hv. þm. sig eflaust misjafnlega ábyrga fyrir því hvernig komið er, en enginn getur þó í raun afneitað allri ábyrgð.

Fjvn. gerði einnig í nokkrum tilvikum tillögur um breytingu rekstrarliða og framlaga þar sem nægar upplýsingar höfðu ekki legið fyrir við gerð frv. eða nýjar komið fram. Þá voru gerðar nokkrar smærri breytingar til leiðréttingar og aukins innra samræmis.

Allar þessar ákvarðanir fjvn. eru teknar í ljósi þess að nauðsynlegt er að draga saman útgjöld ríkisins frá því sem verið hefur.

Formaður nefndarinnar hefur einnig kynnt hér tillögur um enn frekari samdrátt sem hafa verið til umfjöllunar og verða fluttar við 3. umr. Þessar tillögur eiga að leiða til lækkunar á útgjaldaliðum frv. sem nemur 1,2 milljörðum kr. Þar er þó gert ráð fyrir að sú stefna gildi sem boðuð var þegar fjárlagafrv. var lagt fram, að framlög til þeirra framkvæmda og sjóða sem mikilvægasta hlutverkinu gegna í þjóðfélaginu breytist lítt eða ekki frá því sem er á yfirstandandi ári. Þar er m.a. gert ráð fyrir að framlög til byggingarsjóða húsnæðislánakerfisins verði svipuð og í ár og lækki því frá því sem nú er gert ráð fyrir um 150 millj. kr. Þrátt fyrir þessa breytingu mun ráðstöfunarfé þessara sjóða til útlána aukast og verða um 10 milljarðar.

Þá er í þessum tillögum ríkisstjórnarinnar áformað að Póstur og sími skili nú fé í ríkissjóð. Miðað við það að afnotagjöld verði látin fylgja verðlagi og að fjárfestingu verði haldið sem mest í óbreyttri krónutölu er talið að skil Pósts og síma í ríkissjóð geti orðið um 250 millj. kr. Skil af þessari stærðargráðu geta þó varla talist eiginleg arðgreiðsla þar sem þessi fjárhæð er ekki meiri en sem nemur þeim skuldbindingum sem lenda á ríkissjóði af starfsemi stofnunarinnar en koma ekki fram á rekstrarreikningi hennar, svo sem lífeyrisskuldbindingar. Einnig hefur Póstur og sími fengið niðurfellingu aðflutningsgjalda af meginhluta fjárfestinga fyrirtækisins. Ætti að vera um eiginlegar arðgreiðslur Pósts og síma að ræða til ríkisins væri þessi fjárhæð mun hærri.

Enn fremur eru í boðuðum niðurskurðartillögum

lækkuð rekstrargjöld stofnana og ráðuneyta um 650 millj. kr. Það eru ánægjuleg tíðindi og þótti engum mikið þó svo að ríkisvaldið, sem endalaust leggur til aðgerðir í endurskipulagningu og hagræðingu í rekstri þeirra atvinnufyrirtækja undirstöðuatvinnuveganna sem við hvað mesta erfiðleika búa í dag, fari nú að beita sömu ráðum á sinn eigin rekstur, kominn tími til.

Sannleikurinn er nefnilega sá að í atvinnurekstri eins og til dæmis fiskvinnslu og útgerð eru menn nær daglega að huga að hagkvæmni og hagræðingu í rekstri sínum en af öllum þeim ráðgjöfum og fræðingum sem starfa hjá ríkinu eru fáir sem gæta þessara atriða nema þá Ríkisendurskoðun. Fram undir síðustu ár hefur allt of lítið tillit verið tekið til þeirra ábendinga sem þaðan hafa komið en nú virðist sem þar sé að verða breyting á og er það vel.

Af þessum 650 millj. kr., sem eru lækkun á rekstrarkostnaði, eiga launagjöld og hliðstæðar greiðslur að lækka um 400 millj. kr. Það samsvarar 1,5% af launakostnaði sem bætist við þann samdrátt sem frv. gerði ráð fyrir, en þar var um 2,5% að ræða. Alls er því gert ráð fyrir að samdráttur þessa liðar nemi um 4% sem gerir um 1 milljarð kr.

Þess ber þó að gæta að áður en til þessa niðurskurðar kom hafði verið gert ráð fyrir verulegri aukningu í starfsemi ýmissa stofnana. Ekki aðeins gert ráð fyrir heldur hafði átt sér stað aukning í starfsemi einstakra stofnana, t.d. á sviði félags-, heilbrigðis- og skólamála. Það var því nauðsynlegt að taka inn þá aukningu áður en til niðurskurðar yrði gengið til þess að skapa betra samræmi og taka tillit til mismunandi þróunar og þarfa í hinum ýmsu málaflokkum.

Þannig er t.d. í frumvarpinu gert ráð fyrir aukinni þörf varðandi málefni fatlaðra og því lagt til að þar verði um 33,85 stöðugildi til ráðstöfunar. Þar af gerir fjvn. aðeins tillögu um ráðstöfun tæplega tveggja stöðugilda. Að öðru leyti verði þeim haldið inni í fjárlögum og sjái fjmrn. um ráðstöfun til þeirra sambýla eða heimila fatlaðra sem nú þegar eru í rekstri en hafa ekki fengið nægilega mörg stöðugildi og svo aftur þeirra sem verða tekin í notkun á árinu 1989. Þrátt fyrir að mikil uppbygging hafi átt sér stað í þessum málaflokki eigum við enn langt í land hvað varðar að sinna þeim þörfum sem þegar eru fyrir hendi. Ástandið er þó kannski verst hvað varðar uppbyggingu dagvistar og skammtímavistunar fatlaðra. Ég legg á það ríka áherslu að sá samdráttur sem boðaður er verði látinn koma niður í meira mæli á yfirstjórn og umfangi ráðuneyta og í rekstri ríkisfyrirtækja en að staðið verði við þær tillögur sem lagðar hafa verið fram um málefni fatlaðra hér í dag og í frv. til fjárlaga.

Ef tekið er tillit til þeirrar aukningar sem búið er að taka inn í frv. má auðvitað gera ráð fyrir að starfsumfang ríkisstofnana, eins og það lýsir sér í mannahaldi, muni dragast saman. Sá samdráttur þýðir í raun 1,5–2% lækkun frá því sem áætlað var í fjárlögum þessa árs. Ég geri mér fulla grein fyrir þessu og að samdrættinum verður að deila niður á stofnanir ríkisins. En ég held að viturlegt væri að horfa t.d. á þá gífurlegu aukningu sem orðið hefur á þeim þætti sem heitir yfirstjórn ráðuneyta á undanförnum árum og skoða hverju hún hefur skilað.

Endurskipulagningar innan stofnana ríkisins er vissulega þörf. Þegar óskir einstakra fyrirtækja ríkisins um fjárveitingar berast, á þessum tímum tölvuvæðingar, ættu auðvitað að fylgja milliuppgjör yfirstandandi árs þannig að það sjáist í hvað fjárveitingar hafa farið og hvernig er áætlað að ráðstafa þeim fjárveitingum sem beðið er um. Þessi gögn sér fjárveitinganefnd afar sjaldan og forráðamenn ríkisfyrirtækja koma jafnvel með beiðnir sínar án nokkurs verulegs rökstuðnings og þeir fá vissulega ekki sömu meðferð og þau fyrirtæki sjávarútvegsins sem nú eru í skoðun hjá Atvinnutryggingarsjóði en væri þó oft full ástæða til.

Við gerð fjárlaga nú var ekki tími eða tækifæri til þess að fara vel ofan í þennan þátt, í það minnsta ekki af núv. hæstv. fjmrh. eða hv. fjvn. Þess er óskandi að svona aðstæður verði ekki oftar, hægt verði að vinna að gerð fjárlaga í eins langan tíma og til þarf og nauðsynlegt er og að eftirlit fjvn. með framkvæmd fjárlaga verði aukið. Ég tel þó að miðað við núverandi aðstæður getum við nokkuð vel við unað og starfsmenn fjmrn. hafa mætt þeim vanda sem upp er kominn, svo stór sem hann er, eins og best verður á kosið.

Þó að ég hafi nefnt hér málaflokka þar sem erfitt er að draga saman og skera niður starfsemi eru aðrir málaflokkar þar sem starfsemi hefur vaxið ört ár frá ári og samdrátturinn kemur ekki eins illa niður á. Í sumum tilvikum fyllilega eðlilegur þegar hafðar eru í huga hinar dökku horfur í rekstri atvinnufyrirtækja og atvinnuöryggi í framleiðslugreinum þjóðfélagsins. Það er ekki nokkur glóra í því að ríkið haldi áfram að þenja út starfsemi sína og borgi himinháar upphæðir fyrir óunna og unna eftirvinnu þegar allt atvinnulíf í landinu er að dragast saman.

Auk samdráttar í launakostnaði er gert ráð fyrir að önnur rekstrargjöld verði lækkuð um 250 millj. kr. Þarna er aðallega um að ræða kostnaðarliði sem að ósekju má draga saman, jafnvel um hærri upphæð en gert er ráð fyrir, án þess að það komi verulega niður á starfsemi stofnananna. Jafnvel getur orðið um það að ræða að þær skili sér í betra og meira starfi því hér er átt við samdrátt í ferða- og dvalarkostnaði, risnu og fundahöldum. Í tillögum ríkisstjórnar er talið að þennan kostnað megi draga saman um 20–30%. Ef horft er frá þeim sem ekki stunda þessi stöðugu ferðalög má ef til vill segja að lækka megi þennan kostnað enn meira. Enn fremur er horft til þess að lækka kostnað af kaupum á aðfenginni þjónustu sérfræðinga á ýmsum sviðum. Þessi kostnaður hefur vaxið ört á síðustu árum og leikur vafi á að gagnsemi hafi fylgt í sama mæli og að þarna sé nægilegrar hagkvæmni gætt.

Virðulegi forseti. Hér var ég fyrir ári og gagnrýndi þáv. stjórn, forsendur fjárlagafrv. og þá tekjuleið

sem ríkisstjórnin hafði valið, en þar var um að ræða gífurlega aukningu á skattlagningu almennings. Það var þá afsakað með því að verið væri að koma hallareknum ríkissjóði á réttan kjöl og að vænta mætti breytinga á skattatökum þegar betur áraði. Við vitum öll hvernig til tókst og að einhvers staðar á leið síðustu ríkisstjórnar urðu henni á hrapalleg mistök. Í dag erum við aftur að leggja til aukna skatta og enn til þess að bæta mistök ríkisstjórnar. Enn er það almenningur sem þarf að greiða þessi dýru mistök. Ástandið krefst úrlausna, skjótra úrlausna. Við höfum ekki tíma til að sitja hér og þjarka eða vera með málþóf sem skilar kannski þeim eina árangri að steypa þjóðinni í kosningar og sigla atvinnulífinu í strand.

Vonandi fer að líða að því að íbúar landsins fái eitthvað fyrir það sem þeir leggja af mörkum. Tekjufrumvörp ríkisstjórnarinnar fela í sér aukna skattheimtu á almenning en þó hefur verið reynt að gæta þess að ekki leggist auknir skattar á þá sem verst hafa kjörin. Það er hins vegar hart að ekki skuli nást samstaða um skattlagningu t.d. á happdrætti, lúxusbíla eða aðra skatta á lúxusvörur sem við alþýðubandalagsmenn höfum lagt áherslu á og ekki verður mótmælt að koma fyrst og fremst niður á þeim sem mest fjárráð hafa.

Auknar tekjur verða að koma til þess að mæta þeirri óráðsíu sem viðgengist hefur. Það verður ekki með öllu sársaukalaust. Það er líka ljóst að sú lækkun ríkisútgjalda sem hér er áformuð verður ekki auðveld né átakalaus. Hún mun vafalaust mæta andspyrnu þeirra sem stýra störfum ríkisstofnana og hagsmunaaðila. Þó viðurkenna menn að allar aðstæður geri hana nauðsynlega og að öll skilyrði eru fyrir hendi til þess að hún megi takast. Framkvæmdin mun ráðast af vilja og dug þeirra sem með framkvæmdarvaldið fara, þ.e. ráðherranna og ríkisstjórnarinnar.

Ég vil svo að lokum þakka nefndarmönnum fjvn. samstarfið. Ekki síst þeim minnihlutamönnum sem störfuðu í undirnefndum með mér. Ég vil einnig þakka starfsmönnum Fjárlaga- og hagsýslustofnunar, starfsmönnum fjmrn., starfsmönnum Ríkisendurskoðunar og sérstakar þakkir flyt ég til sérstaks starfsmanns fjvn., Sigurðar Rúnars. Öðru starfsfólki í Þórshamri, nú í Austurstræti, flyt ég sérstakar þakkir fyrir lipurð og þolinmæði. Þá þakka ég formanni nefndarinnar, hv. þm. Sighvati Björgvinssyni, gott starf því á honum hefur vissulega hvílt meiri vinna en á nokkru okkar hinna og hann hefur leyst hana vel af hendi.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Þingheimi hefur gefist kostur á því á þessum degi að sjá áhuga ríkisstjórnarinnar og stjórnarliðsins fyrir fjárlagafrv. Það vill svo til að þegar fulltrúi Alþb. í fjvn. var að ljúka hér máli sínu þá er þingsalur tæmdur. Í mestallan dag hefur varla sést hér nokkur liðsmaður ríkisstjórnarinnar. Ráðherrarnir hafa rétt drepið hér inn nefi, m.a.s. fjmrh. sjálfur er hættur að gefa sér tíma til þess að fylgjast með umræðunni. Það er vert að minna á það sem fram kom í byrjun þingsins þegar fjmrh. leitaði m.a. eftir því við stjórnarandstöðuna að komið yrði hér á greiðari leið á milli stjórnkerfisins og Alþingis. Hann leitaði m.a. eftir áliti okkar fjárveitinganefndarmanna Sjálfstfl. og formanns þingflokksins í þeim efnum. Það væri áreiðanlega góð lexía ef hæstv. fjmrh. færi með einhvern pistil úr þeim boðskap fyrir samráðherra sína í ríkisstjórninni og stjórnarliðið ef það skyldi verða til þess að frekar kæmi fram hver virðing þeirra er fyrir þessari umræðu sem hér fer nú fram og sem er að sjálfsögðu ein allra mikilvægasta umræðan í starfi hvers þings.

Þetta vil ég alveg sérstaklega árétta og ég legg áherslu á, virðulegur forseti, að ef fjmrh. hefur ekki möguleika á því að vera hér í salnum á meðan ég flyt ræðu mína, m.a. vegna þess að ég tala nokkuð til hans, verð ég að óska eftir því sérstaklega að þessum fundi verði frestað þar til að ráðherrann hefur tíma og möguleika á því að fylgjast með umræðunni.

Menn hafa orðið vitni að allri þeirri umræðu sem fram hefur farið um bágan hag ríkissjóðs og hvert stefnir í þeim efnum. Sú umræða er ekki ný af nálinni. Ég hygg að um margra ára skeið, kannski áratuga skeið, hafi verið leitast við að mæta þeim aðstæðum með því að skera niður lífsnauðsynlegar framkvæmdir, einkum úti á landsbyggðinni, og jafna síðan dæmið með því að leggja á nýja skatta. Það er þess vegna afar þýðingarmikið að líta á hvernig til hefur tekist í þessum efnum. Hvernig menn hafa náð fram þeim markmiðum að fá jöfnuð í ríkisfjármálum með því að spara lífsnauðsynlega framkvæmdarliði í skólamálum, hafnamálum og í heilsugæslu og með því að hækka skatta í landinu. Eftir að búið var að skera svo að segja af framkvæmdarliðina hafa menn alveg sérstaklega gripið til þess ráðs að snúa sér að landbúnaðinum. Þar væru þær matarholur fyrir hendi sem hægt væri að kroppa úr. Það er að sjálfsögðu of mikið mál að fara yfir það hér hvernig þróunin hefur verið í útgjöldum landbúnaðarins á síðustu árum. Ég hygg að það sé með nokkuð öðrum hætti heldur en annars staðar gerist í útgjöldum ríkisins. Það er líka fróðlegt að sjá hvernig þessi sömu mál hafa þróast í öðrum greinum. Ef bornar eru saman niðurstöður ríkisreiknings fyrir árið 1986 og það fjárlagafrv. sem hér er til umræðu til fjárlaga fyrir árið 1989 þá nemur aukning ríkisútgjalda á þessu tímabili 64%. Það hittist vel á að hæstv. landbrh. skuli vera að ganga í salinn. (**Gripið fram í:** Hann hefur fundið á sér að þú værir að tala.) Ég átti ekki neitt sérstakt erindi við ráðherrann, en ég veit að hann hefur jafnmikinn áhuga á því og ég að rétt sé frá sagt þegar fjallað er um þróun ríkisútgjalda og málefna landbúnaðarins.

Ég var að segja frá því að á þessu tímabili, þ.e. á milli ríkisreiknings fyrir 1986 og fjárlagafrv., nemur hækkunin 64%. Útgjöld ríkisins til landbúnaðarins á þessu tímabili hafa hins vegar hækkað um 57% og hefur sparnaður í þeirri grein þannig orðið u.þ.b.

100 millj. kr. Ef litið er hins vegar á þróunina í fjmrn. kemur annað í ljós. Þar hafa útgjöld á milli þessara ára hækkað um 87% og útgjaldaaukningin sem fjmrn. tekur til sín er um 400 millj. kr.

Fyrrv. fjmrh. Jón Baldvin Hannibalsson, hvar sem hann kann að vera staddur í heiminum ... — Auðvitað hefur formaður fjvn. skotið sér til hliðar. Nú, hann er kominn í dyrnar. Mér leiðist að tala á bak mönnum. — Fyrrv. fjmrh. hefur talað mikið um það á undanförnum árum hversu mikið óhóf væri í landbúnaðinum og hversu mikil eyðsla væri í þeirri grein. Í fyrravetur héldu allir málsvarar Alþfl. því fram í meiri háttar umræðum sem fram fóru á Alþingi að hægt væri að bæta hina félagslegu þjónustu í landinu stórlega með því að draga úr kostnaði við landbúnaðinn. Enginn einn maður á þó jafnmikinn þátt í þessari útgjaldaaukningu í fjmrn. og einmitt Jón Baldvin Hannibalsson. Það er stórmál að fara yfir þessi dæmi þegar til þessara hluta er litið.

Það er af fleiru að taka í þessum efnum. Fyrrv. fjmrh. réði til starfa hjá ríkinu sem svaraði 600 nýjum stöðum og var það að sjálfsögðu miklu hærri tala en miðað var við í fjárlögum. Það vekur eftirtekt að núv. hæstv. fjmrh. hefur farið um það almennum orðum að draga eigi úr útgjöldum í fjárlögum sem svarar um 240–250 störfum. Þetta er hluti hans boðskapar um minni ríkisútgjöld. Fjárlagafrv. sjálft, sem hér er verið að fjalla um og verður væntanlega lögfest innan tíðar, gerir hins vegar ráð fyrir því að á næsta ári bætist 400 ný störf við á ríkisjötuna. Á þessu ári og því næsta verða þannig komin til skila 1000 ný störf. Ég sé að hv. formaður fjvn. hristir höfuðið og er það dæmi þess að enn hefur honum ekki tekist að tileinka sér stjórnarstefnuna því ég ætla honum ekki að vita ekki hvað um er að ræða í fjárlagafrv. (**SighB:** 280, ekki 400.) Það eru ýmsar fleiri sporslur sem koma þar til greina.

Hér er dæmi upp á 1 milljarð kr. og ef lagðir eru saman útgjaldaliðirnir til hinna ýmsu málaflokka, hinna lífsnauðsynlegu málaflokka, skólamannvirkja, hafnamannvirkja og sjúkrahúsbygginga, kemur út sama tala, rétt aðeins ríflega 1 milljarður kr. Þetta er og hefur verið meginviðfangsefnið á undanförnum árum, þ.e. að skera niður þessar framkvæmdir, en aftur á móti hefur þróunin orðið sú að í kerfinu hefur miklu meira fjármagni verið eytt, stórum miklu meira, sem best sést á því að á tveimur árum taka aukin launagjöld ríkissjóðs jafnstóra upphæð og nemur þessum þremur lífsnauðsynlegu liðum.

Það hefur farið fram um það mikil umfjöllun upp á síðkastið hversu mikið erlend lán hafa hækkað samhliða þeirri umfjöllun sem átt hefur sér stað um bágan fjárhag ríkisins. Ég minni sérstaklega á að í þessum efnum hafa menn verið að tala um hina svokölluðu frjálshyggju sem sérstakan orsakavald og þá breyttu skipan sem tekin var upp að því er varðaði erlendar lántökur í tíð fyrrv. ríkisstjórnar og Sjálfstfl. hefur sérstaklega verið kallaður til ábyrgðar fyrir. Það hefur hins vegar minna farið fyrir því að fram kæmi í hvað þetta fjármagn hefur farið og hvar erlenda skuldasöfnunin hefur lent á þessu tímabili. Það er að sjálfsögðu nauðsynlegt að hægt sé t.d. að meta áhrif frjálshyggjunnar í þessum efnum.

Ég hef þess vegna nýlega fengið upplýsingar um hvernig þessi þróun mála hefur verið á síðustu árum. Þetta mál er þess eðlis að það hlýtur að koma sérstaklega til umræðu við lokaafgreiðslu fjárlaga og sjálfur hef ég ekki getað farið það nákvæmlega yfir þessar heimildir að ég hafi fullt vald á því að túlka þær í þessari ræðu svo með skýrum hætti gæti orðið. Athyglisvert er þó að athuga sérstaklega hvernig erlend lán skiptast eftir hinum ýmsu greinum. Þar vekur sérstaklega eftirtekt hve lántökur sjávarútvegsins hafa stórlega aukist. Árið 1985 voru lántökur í sjávarútvegi og fiskiðnaði gegnum bankakerfið, þ.e. erlend lán, 590 millj. kr. Árið 1986 1 milljarður 535 millj. og árið 1987 2 milljarðar 778 millj. kr. Þessi þróun virðist vera á fullri ferð því að lánsloforð Fiskveiðasjóðs námu í lok septembermánaðar 4,6 milljörðum kr. Þá vekur ekki síður eftirtekt að atvinnufyrirtækin eru stærstu viðskiptaaðilar hinnar svokölluðu kaupleigu sem einkum, eins og menn vita, hefur verið kennd við frjálshyggjuna.

Þetta er hér sérstaklega rifjað upp vegna þeirrar umræðu sem farið hefur fram um erlenda skuldasöfnun á síðustu árum og hvernig hún er tilkomin. Hið sanna er að þar eiga atvinnuvegirnir, að frátöldum landbúnaði, langstærstan hlut að máli. Erlenda skuldasöfnunin er að langstærstum hluta tilkomin vegna atvinnuveganna í landinu að landbúnaðinum undanteknum. Ef svo er að hér sé einhver sérstök frjálshyggja á ferð þá sýnist mér að mikilvirkustu frjálshyggjugaurarnir, eins og þeir eru stundum kallaðir, í þessum efnum séu hæstv. sjútvrh. og hæstv. viðskrh. Þessar lántökur hafa að langsamlega stærstum hluta farið í gegnum þeirra ráðuneyti.

Ég endurtek það sem ég sagði áðan að óhjákvæmilegt er að brjóta þessi mál til mergjar fyrir 3. umr. fjárlaga og skýra fyrir þingi og þjóð hverjir það eru sem hafa safnað erlendum skuldum á síðustu árum. Það er mikilsvert m.a. vegna þess að inn í þetta dæmi kemur auðvitað sá mikli vandi sem sjávarútvegurinn stendur nú frammi fyrir.

Það andar köldu að íslenskum landbúnaði í þessu fjárlagafrv. Það er reyndar ekki alveg nýtt. Að því leyti er fjárlagafrv. endurprentun frá fjárlagafrv. fyrri ríkisstjórnar eins og það var lagt fram, reyndar á ýmsan hátt verra og þótti þó mörgum nóg um. Alþingi bar hins vegar gæfu til að leiðrétta fjárlagafrv. fyrir þetta ár þannig að þar náðist viðunandi árangur. Mér eru minnisstæð orð formanns Búnaðarsambands Vestur-Húnvetninga, Gunnars í Hrútatungu, á búnaðarþingi þar sem hann sagði að náðst hefði fram varnarsigur við þá fjárlagagerð. Menn hefðu kannski látið sér detta til hugar að sú lexía hefði verið nægjanleg fyrir þá sem stjórnuðu þessu

landi. Það hefur reyndar verið upplýst af fráfarandi fjmrh. að þá hafi komið fram fyrstu sprungurnar í stjórnarsamstarfið hjá fyrrv. ríkisstjórn. Í þessari yfirlýsingu, sem hann hefur reyndar margoft haft um orð, fæst kannski á því nokkur skýring hvers vegna fjárlagafrv. Jóns Baldvins Hannibalssonar er sérstaklega endurprentað nú af Ólafi Ragnari Grímssyni. Kannski hefur það gerst í einhverri lifrarveislu að hæstv. núv. fjmrh. hafi fengið vitneskju um hvernig póstur landbúnaðarins þyrfti að líta út svo að af samruna Alþfl. og Alþb. gæti orðið. Ekki er það ólíklegt. Nú hefur hér verið tekið fram af hv. þm. Alexander Stefánssyni að þörf væri á gagngerum breytingum í þessum efnum sem væntanlega koma fram við 3. umr. fjárlaga. Ekki dreg ég í efa vilja hv. þm. í þeim efnum þannig að það er að sjálfsögðu best að spyrja að leikslokum.

Það er nú þannig að um ýmislegt hafa verið teknar ákvarðanir þegar í stað í sambandi við landbúnaðarmálin og það býsna mikilvægar ákvarðanir. Í þeim efnum minnist ég þó aðeins á tvennt. Menn kannast við að bændur landsins, sérstaklega í sumum landshlutum, hafa þurft að búa við þær erfiðu aðstæður að erfiður búfjársjúkdómur hefur herjað á hjörð þeirra. Þessum sjúkdómi hafa menn verið að reyna að eyða með því að skera niður heilu hjarðirnar. Það hefur verið býsna erfið ákvörðun fyrir marga bændur að taka, því að stór hluti af lífsstarfi sérhvers bónda byggir m.a. á því að bæta búfé sitt. Menn sjá þannig í einni andrá á eftir starfi sem hefur varað að meira eða minna leyti þann búskaparferil sem hver og einn bóndi hefur átt.

Um þessi efni hafa verið gerðir sérstakir samningar og nú geri ég hlé á ræðu minni, virðulegur forseti. Það hafa verið gerðir sérstakir samningar um þessi efni við hvern og einn einasta bónda sem tekið hefur þátt í þessum aðgerðum. Þessir samningar eru að því leyti sérstæðir að þeir taka ekki til greinarinnar í heild sinni heldur er hver og einn bóndi að sjálfsögðu ábyrgur fyrir sínum samningi. Ríkisvaldið er á sama hátt ábyrgt gagnvart hverjum og einum bónda, en ekki sérstaklega stéttinni í heild að því er þetta varðar. Þessir samningar eru líka að því leyti sérstæðir að þeir eru allir undirskrifaðir af landbrh. Þeir eru staðfestir af fyrrv. landbrh. Jóni Helgasyni og til hliðar af eiganda og ábúanda hverrar jarðar fyrir sig. Þeir eru síðan stimplaðir á forsíðu með stimpli fjmrn. og líka er tilgreint hvenær þeim er þinglýst þannig að allt form er í býsna góðu horfi.

Í niðurlagi 3. gr. þessa samnings segir m.a., með leyfi virðulegs forseta:

„Þessar bætur greiðast í nóvembermánuði hvert ár, í fyrsta skipti árið eftir niðurskurð." Skýrara getur það ekki verið. Samningnum fylgir hins vegar bókun sem að sjálfsögðu er tilkomin vegna tæknilegra aðstæðna í þessum uppgjörsmáta. Þar er kveðið á um að þessar skuldbindingar sem ríkið tekur þarna að sér megi dragast fram til 15. sept.

Nú hefur tilkynning borist um það til fjvn. að þær greiðslur sem inna átti af hendi í síðasta lagi í gær verði ekki greiddar fyrr en í janúarmánuði á næsta ári. Skyldi það vera, virðulegi forseti, að fjmrh. heyri orð mín? — (**Fjmrh.:** Hann heyrir allt, hvert einasta orð.) Til vonar og vara ætla ég samt að yfirfara það.

Þær tilkynningar hafa nefnilega borist inn í fjvn. að 118 millj. sem voru gjaldfallnar í gær eigi ekki að borgast fyrr en á næsta ári. Þetta eru sömu vinnubrögð og átti að viðhafa fyrir einu ári síðan en þá var því hrundið. Og það sem er þó öllu verra og er kannski ekki síður aðalatriðið þegar horft er frá sjónarhóli fjvn., að það er tekin ákvörðun um það að sams konar vinnubrögð eigi að viðhafa á næsta ári. Það eigi þá aftur að svíkja samninga með þessum hætti. Nú höfum við bærilega reynslu af samningsgerð í sambandi við fjárlagagerð. T.d. þær framkvæmdir sem byggja á verksamningum við verktaka eða í öðrum hliðstæðum tilvikum og samþykktar hafa verið, þær eru greiddar orðalaust og um það fer ekki fram nokkur einasta umræða á Alþingi, ekki í fjvn. og ekki á Alþingi. Hins vegar er annað uppi á teningnum þegar kemur til bændanna. Ég vek athygli á því að þetta eru förgunarbætur sem eru hluti af þeirra launum. Þá þarf ekki að halda samninga, þá er hægt að svíkja.

Ég hafði orð á því þegar þessi tilkynning og þessar skýringar komu í fjvn. að ég tryði því tæpast að það fólk sem skipaði meiri hl. fjvn. vissi hvað í þessu fælist. Nú hefur hins vegar verið sæst á það í fjvn. að fá úttekt og umsögn Ríkisendurskoðunar á þessu máli þannig að fjvn. getur að sjálfsögðu fengið þær upplýsingar svo að óyggjandi séu, en þær upplýsingar munu ekki hagga einu einasta orði af því sem ég hef hér sagt. Jólakveðja þessarar ríkisstjórnar til bændanna í landinu liggur fyrir eins og hún var gefin og tilkynnt á síðasta fundi fjvn. núna fyrir 2. umr. Sú tilkynning liggur fyrir. Og þótt það séu ekki allir bændur sem fá þetta svipuhögg um jólaleytið er þetta aðför að bændastéttinni í heild. Þar sem menn leggjast svo lágt að þeir virða ekki samninga sem eru undirritaðir af ráðherrum ríkisstjórnarinnar og hefur verið þinglýst og eru ástimplaðir af fjmrn. Þessi framkoma er siðlaus. Og hefði hæstv. landbrh. kannski mátt doka aðeins lengur við þegar hann leit hér í gættina áðan.

Ríkisstjórnin hefur haft um það mörg orð að græða og bæta landið og eitthvað er minnst á það í málefnasamningnum sem hún gerði með sér þegar hún var sett á stofn. Menn hefðu þannig getað búist við betri tíð með blóm í haga þegar til þeirra hluta er litið. En í þeim efnum liggur líka fyrir niðurstaða.

Nú má ég kannski minna á ofurlitla forsögu í þessum efnum og þá byrja á því sem sjálfsagt er nú efst í minni þegar fjallað er um landgræðsluáætlun að Alþingi gaf, á hátíðarfundi árið 1974, íslensku þjóðinni það í afmælisgjöf með tilliti til búsetunnar í landinu að gert yrði sérstakt átak í því að græða upp landið, borga fósturlaunin eins og þá var sagt. Að sjálfsögðu var mikil bjartsýni bundin við þessa áætlun en ýmislegt varð til þess að hún náði ekki

fram að ganga eins og til var ætlast sem er of löng saga til þess að rekja hér alveg sérstaklega. Því var það að að loknu þessu áætlunartímabili varð um það víðtækt samkomulag á Alþingi að gera aðra áætlun til fjögurra ára sem mundi fela í sér helmingi lægri fjárveitingar en ákveðnar voru árið 1974. Að þeim árum liðnum var tekin önnur ákvörðun um að halda áfram á sömu braut með sama fjármagni. Menn völdu þann kostinn að hafa framlögin frekar minni og að við þau væri þá hægt að standa með bærilegum hætti. Ég hef átt þess kost að starfa með öðrum alþingismönnum, við höfum verið fjórir í því starfi, að framkvæmd þessarar áætlunar. Við höfum séð fyrir því, m.a. vegna þess að við höfum haft nokkurn styrk í fjvn., einmitt þessir alþm., að þessir hlutir gengju fram eins og um hefur verið samið og samkomulag gert um á Alþingi. Nú bregður hins vegar svo við að út af er brugðið í fyrsta sinn. Framlag til Landgræðslu ríkisins var skert í fjárlagafrv. Til hennar varð hækkunin minni samkvæmt fjárlagafrv. en fjárlagaforsendur gerðu ráð fyrir. Framkvæmdaforsendur eru hins vegar allt aðrar en fjárlagaforsendurnar og það má segja að verið gæti að með þeirri breytingu sem hefur verið gerð á núna í tillögum fjvn. um hækkun vegna fræverksmiðju í Gunnarsholti og vegna sérstaks verkefnis á Mývatnsöræfum sé ekkert langt frá því að Landgræðsla ríkisins muni sem slík hafa svipaða möguleika í framkvæmdum á næsta ári og í ár. Þó mun þar frekar vanta á. Um þetta hef ég ekki fengið fullnægjandi upplýsingar enn þá. Landgræðsluáætlunin er hins vegar skert um 12½ millj. kr. Það höfum við aldrei látið yfir okkur ganga fyrr að skerða landgræðsluáætlunina og þetta gerir ríkisstjórn sem talar hærra um að vernda og bæta gróður landins en áður hefur verið gert. Þetta er hennar fyrsta ákvörðun til þess að standa við fyrirheit sín í þessum efnum.

Vera má að einhverjir leyndir þræðir liggi á milli þessarar ákvörðunar og þeirra nýju vinnubragða sem Alþfl. er búinn að taka upp til þess að sverta bændur landsins og þann atvinnuveg sem þeir stunda og lifa á. Fræg er aðför hæstv. viðskrh., sem að sjálfsögðu er hér hvergi nærri frekar en aðrir ráðherrar, þegar hann hefur sett það fram sem stefnumið Alþfl. að menn hætti að neyta íslensks lambakjöts. Fer nú formaður fjvn. á dyr og er það reyndar vel skiljanlegt. Það er líka vel fylgt á eftir með því að draga úr þeim framkvæmdum sem í gangi hafa verið með niðurskurði á landgræðsluáætlun. Þetta eru verk ríkisstjórnarinnar sem hefur talað hvað hæst um umhverfismál og um að bæta landið og græða það upp.

Ég tek svo undir það sem kom hér fram í ræðu hv. þm. Alexanders Stefánssonar, að það er alveg óhjákvæmilegt að fram fari mikil umræða um landbúnaðarmálin við 3. umr., a.m.k. ef ekki er hægt að ná um þau bærilegu samkomulagi fyrir þá umræðu, því eins og ég hef tekið fram og ég get líka vitnað til í ræðu hv. þm. Pálma Jónssonar er að sjálfsögðu ekki hægt að líða þá afgreiðslu sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir í þeim efnum.

Hér hefur verið minnst á Vegagerðina og ég hef þar ekki miklu við að bæta. Það sætir hins vegar furðu hvernig menn ætla sér að koma saman vegáætlun í vetur. Það verður fróðlegt að sjá hvernig við stóru orðin verður staðið um jarðgangagerð og brúargerð á næstu árum sem engin króna er ætluð til í þessu fjárlagafrv. Sannleikurinn er nefnilega sá að til þess að halda því framkvæmdagildi sem var í vegagerðarframkvæmdum í ár og miðað við þær skuldbindingar sem búið er að gera að því er varðar Ólafsfjarðarmúla passa tekjustofnarnir eftir að þeir hafa verið hækkaðir til samræmis við það sem gert er ráð fyrir og eiga eins og menn vita að hluta til að fara beint í ríkissjóð. Ýmsir hafa haft nokkuð hátt um vegaframkvæmdirnar á síðustu árum og talað um svik í þeim efnum. Það verður fróðlegt að fylgjast með því hvernig þeir standa að þessari fjárlagaafgreiðslu.

Virðulegi forseti. Það er mikið talað um skattahækkanir um þessar mundir. Það er, hygg ég, alveg spánýr boðskapur að það þyki sérstaklega henta að herða stórlega á sköttum á sama tíma og tekjur minnka í þjóðfélaginu. Á sama tíma og samdráttar gætir í þjóðfélaginu ætlar ríkissjóður samt að taka í nýjum sköttum, eftir því sem við fengum vitneskju um, 6,7 milljarða kr. (Gripið fram í.) Já, það er mál út af fyrir sig. En þannig vildi nú til á einum okkar síðasta fundi að í húsi með fjvn. voru staddir menn frá Ríkisendurskoðun, frá Þjóðhagsstofnun, frá hagdeild landbrn. ... (**Gripið fram í:** Nei.) Nei, fyrirgefðu, fjmrn. Ég held að það hafi ekki verið önnur stórmenni. (**Gripið fram í:** Frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun.) Já, fjárlaga- og hagsýslan, auðvitað. Eftir mikla eftirgrennslan var þessi tala gefin þar upp. Þetta eru heimildirnar sem ég vitna til í þessum efnum. Formaður fjvn. tók það sérstaklega fram eftir að ég spurði nákvæmar út í málið að þetta væri rétt tala. (**SighB:** Nei, ég sagði að þetta hefði verið rétt heyrt. Maðurinn sagði þetta.) Nú. (Gripið fram í.) Það er bara mál út af fyrir sig. En alla vega leiðréttir þinn undirmaður ekki þessa tölu. Það stendur óhaggað. Hagsýslustjóri var þarna og hann leiðrétti ekki þessa tölu (**EKJ:** Það var rétt sem ég sagði.) þótt ég gengi eftir því (**Sjútvrh.:** Það er rangt sem þú sagðir.) að fá hana staðfesta. Það er þess vegna mál allra þessara sérfræðinga, m.a. undirmanna hæstv. fjmrh., að hér er ekki farið nákvæmara með tölur og má vel vera að hæstv. ráðherra viti ekki sjálfur hvað hann boðar mikla skatta í öllum sínum skattafrv. (**Gripið fram í:** 4300.) Nú er það svo að það er reyndar býsna merkileg tala ef það eru 4300 því það vill svo til að óinnheimtir skattar á þessu ári nema jafnhárri tölu, 4300, þ.e. þeir nema kannski eitthvað hærri tölu núna, en í lok októbermánaðar voru óinnheimtir skattar, eftir þeim upplýsingum sem ég hef fengið, upp á nákvæmlega þessa sömu tölu. Því miður er ekki hægt að fá upplýst nákvæmlega hvað innheimta skatta hefur versnað frá árinu í fyrra vegna þess að hér er ekki

um sambærilega skattheimtu að ræða, t.d. ekki að því er varðar tekjuskattinn. Þar af leiðandi er ekki hægt að lesa í þá þróun. Það má hins vegar ætla að af þessum sköttum ætti undir eðlilegum kringumstæðum að vera hægt að innheimta verulegan hluta og þó ekki minna en helming. Það er því að sjálfsögðu eitt af því sem menn verða að fá rækilega skýrt við frekari umræðu hér, bæði í sambandi við skattamálin og fjárlögin, fyrir 3. umr., hvernig skattheimtan er í landinu og þá sérstaklega hvort menn geta fengið niðurstöðu um það hvort skattheimtan er brostin. Það þýðir nefnilega ekki að auka skattana í þjóðfélaginu ef ekki er hægt að innheimta þá. Þrátt fyrir það að hv. þm. Alexander Stefánsson talaði mikið áðan um að hluti af þessum óinnheimtu sköttum færi forgörðum vegna gjaldþrota hygg ég að þar eigi ekki síður þær skýringar við að atvinnufyrirtækin í landinu, eins og þeim er nú komið, hafa ekki komið þessum sköttum til skila. Ég hygg að það hafi komið jafnvel til þess að hæstv. fjmrh. hafi þurft að grípa inn í gagnvart skattheimtumönnum sínum þegar þeir hafa hótað lokun á atvinnufyrirtækin úti á landi. Þetta er alveg óumflýjanlegt að fá skýra niðurstöðu um. Þetta er annað þeirra atriða sem ég hef lagt mikla áherslu á að yrðu upplýst við fjárlagagerðina. Hinu var ég að gera grein fyrir áður, þ.e. hvernig erlendu lántökurnar skiptust, og það er ekki líðanlegt annað en að þessi mál verði algjörlega upplýst.

Menn hafa í þessari umræðu að sjálfsögðu verið að tala um afkomu atvinnuveganna, viðskilnað fyrrv. ríkisstjórnar og annað eftir því. Hv. þm. Alexander Stefánsson hafði orð á því að í þeim efnum færist ekki fyrrv. stjórnarsinnum að hafa hátt og hann tók það fram sérstaklega að það hefði ekki vantað tillögurnar í þeirri ríkisstjórn. Þetta var ekki alveg skýrt talað hjá ræðumanni, en það væri gaman að fá vitneskju um það hverjar tillögur Framsfl. voru lagðar fram í fyrrv. ríkisstjórn. Þær eru reyndar kunnar eftir að tekin hafði verið ákvörðun um að fella þá ríkisstjórn, en fyrir þá ákvörðun heyrði maður ekki mikið af þeim tillögum hjá Framsfl. Má vera að þær séu hins vegar til og þá væntanlega skýrir ræðumaður frá þeim hér síðar eða við annað tækifæri.

Auðvitað er það skugginn yfir þessu þingi og yfir þessari fjárlagagerð sem birtist í afkomu atvinnuveganna vítt um landið. Og ég minni á, ekki síst vegna orða hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur áðan, að í þeim efnum fór ríkisstjórnin með fullum seglum. Fyrsti boðskapur núv. ríkisstjórnar var að það væri hennar sérstöku viðfangsefni að koma hjólum atvinnulífsins í gang. Þau áttu að fara að snúast á fullri ferð. Ég vil ætla að óhætt sé að marka dóm Þjóðhagsstofnunar um þessar efndir eins og þær standa um þessar mundir, en þar kemur fram að afkoman í sjávarútvegi og fiskvinnslu hefur versnað frá því að núv. ríkisstjórn tók við völdum um 2%. Þannig hefur gangsetningin orðið að það virðist eins og hrokkið hafi í bakkgír, það hefur gengið aftur á bak en ekki áfram. Þessar yfirlýsingar hafa glumið á okkur hér í Alþingi við hverja umræðu sem hefur farið fram og tengst hefur efnahagsmálum, stefnuræðu forsrh., fjárlagaræðu og umfjöllun um lánsfjárlög. Alltaf hefur ríkisstjórnin verið að koma hjólunum í gang og gefa atvinnulífinu nýja blóðgjöf. Niðurstaðan er hins vegar þessi að það hefur enn sigið á ógæfuhliðina. Það hlýtur að vera að ríkisstjórnin eigi eftir að skýra sín mál í þessum efnum og þá sérstaklega það hvað felst í boðskap ráðherra ríkisstjórnarinnar, m.a. um þessar mundir.

Nú vill svo til að hæstv. fjmrh. hefur farið um stundarsakir bæði með forustu í ríkisstjórninni í fjarveru formanns Framsfl. og fjmrn. og einmitt þegar hann var þannig valdamesti maður landsins flutti hann þjóðinni sinn boðskap í þessum efnum. Og nú ætla ég, með leyfi hæstv. forseta, að hafa hann yfir til þess að fá hann líka í þingtíðindin og til þess að menn geti betur glöggvað sig á því hvert ríkisstjórnin stefnir í þeim efnum. Þar segir svo, með leyfi forseta:

Það þarf að sameina fyrirtæki. Það þarf að stokka upp eignaraðild — menn taki eftir því — á sumum, það þarf að tengja þau saman með ákveðnum aðgerðum og fara þannig yfir þetta lið fyrir lið, byggðarlag fyrir byggðarlag, fyrirtæki fyrir fyrirtæki, til þess að breyta skipulaginu, rekstrargrundvellinum, samvinnu fyrirtækja og jafnvel eignarhaldi. — Menn taki eftir. — Og þegar búið er að stokka þennan strúktúr upp og laga hann, þá geta menn farið að skoða hvort einhverjar almennar aðgerðir þarf þá til viðbótar. En ef þessi uppstokkun verður ekki framkvæmd byggðarlag fyrir byggðarlag, fyrirtæki fyrir fyrirtæki, þá er alveg sama hvað menn fella gengið mikið, 10, 20, 30, 40, 50%, þá mun það ekki duga.

Það dylst væntanlega engum hvað átt er við í þessum boðskap. Það er hins vegar alveg óumflýjanlegt að skýrlega verði tekið fram af ríkisstjórninni hvernig þessi uppstokkun á að ganga fram, hvernig á að sameina fyrirtækin og hvernig á að koma á nýju eignarformi og breyttum rekstrarskilyrðum. Það er hluti af þessari fjárlagaumræðu og fjárlagagerð að fá þar skýr svör um. Í þeim efnum hefur ríkisstjórnin að sjálfsögðu frest. Hér er einungis verið að fjalla um fjárlögin við 2. umr., en það er alveg óumflýjanlegt að þessar meiningar allar verði skýrðar áður en til þess kemur að fjárlög verði afgreidd héðan endanlega frá Alþingi. — [Fundarhlé.]

Friðjón Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 12. þm. Reykv. fyrir að hafa leyft mér að flytja þessi orð í fyrra lagi.

Svo lengi sem elstu menn muna hefur frv. til fjárlaga verið mál númer eitt á hverju haustþingi. Nú bregður svo við á 111. löggjafarþingi þjóðarinnar að fjárlagafrv. er 73. mál þingsins. Þetta gæti bent til þess að eitthvað óvenjulegt væri á seyði eða eitthvað afbrigðilegt hefði gerst, enda segir í upphafi nál. frá meiri hl. fjvn. að afgreiðsla fjárlaga hafi að

þessu sinni verið nokkuð frábrugðin því sem vani hefur verið. Rætur þessa eru raktar til stjórnarskiptanna á sl. hausti og til mikilla sviptinga og dæmafárra breytinga á öllu efnahagslegu umhverfi á skömmum tíma eins og komist er að orði.

Hvað sem öðru líður virðast störf fjvn. hafa gengið allgreiðlega. Þar skiptir að sjálfsögðu miklu máli að starfsaðstaða nefndarinnar hefur stórbatnað þar sem hún sækir nú mikinn styrk í nána samvinnu við Ríkisendurskoðun og Fjárlaga- og hagsýslustofnun, svo og aðrar stofnanir sem hafa allar nauðsynlegar upplýsingar á reiðum höndum.

Þó að efnahagshorfur í heiminum á næsta ári séu almennt taldar fremur góðar og ástandið um þessar mundir töluvert betra en búist var við í byrjun þessa árs er því öfugt farið um okkar land.

„Íslenskur þjóðarbúskapur hefur hreppt andbyr á þessu ári" segir í inngangi þjóðhagsáætlunar fyrir árið 1989 og nú eru horfur á að landsframleiðsla og þjóðartekjur dragist saman á næsta ári. Mikil breyting hefur orðið frá góðæri síðustu ára. Það er mála sannast að oft hefur útlitið verið dapurt og drungalegt í þrotlausri efnahagsmálaumræðu liðinna ára, en nú fyrst tekur í hnúkana þegar æðstu valdamenn þjóðarinnar þykjast aldrei hafa séð það svartara. Það er varla mikils að vænta af fjárlagagerð við slík veðurskilyrði né margs sem gleður augað í tillögum fjvn. að þessu sinni. Allir verða að láta sér nægja að spila úr þeim spilum sem þeir hafa á hendinni þó að stundum sé vitlaust gefið.

Þingsköp Alþingis mæla svo fyrir að við 2. umr. skuli ræða greinar frumvarpa hverja fyrir sig og brtt. við þær. Skal sú regla höfð í huga þó að óhjákvæmilegt sé að víkja almennt að skuggalegum blikum sem á lofti eru í atvinnu- og efnahagsmálum landsmanna og ýmsum sviptingum í þjóðlífi og stjórnsýslu. Um afgreiðslu fjárlagafrv. segir í áliti frá minni hl. fjvn. að frv. gangi nú til 2. umræðu við óvenjulegar aðstæður. Ástandið í atvinnumálum þjóðarinnar sé ískyggilegra en verið hafi í marga áratugi. Stefnuleysi ríkisstjórnarinnar í þeim málum sé algjört. Óvissan í ríkisfjármálum sé einnig óvenjuleg, tekjuhlið frv. í lausu lofti. Fjárlagadæmið allt sé því í uppnámi og marghátttaðir megingallar á fjárlagafrv. sjálfu.

Með hliðsjón af þessu má ljóst vera að ekki er árennilegt að flytja margar brtt. til hækkunar á ríkisútgjöldum, enda verður það ekki gert að þessu sinni. Þvert á móti eru nú full rök fyrir því að gæta ýtrustu hófsemi og sparnaðar við sérhvern útgjaldalið fjárlaga. Þetta hefur reyndar heyrst áður og því verður ekki neitað að ýmsum lætur vel að tala um niðurskurð og jafnvel framkvæma hann. Þá verða hins vegar allar aðgerðir að vera samræmdar ef þær eiga að duga. Það stoðar t.d. lítið að fækka opinberum starfsmönnum eða leggja niður störf í opinberri þjónustu ef samtímis eru flutt frumvörp sem horfa til stóraukinna útgjalda á sama sviði. Það er oft mun hyggilegra og ódýrara að hlynna að því sem fyrir er og vel hefur reynst en að velta í rústir og byggja á ný þó að það geti stundum verið skáldlegt og skemmtilegt. Og vissar skyldur verður ríkið að rækja hvað sem það kostar ef það vill rísa undir nafni.

Það er að vísu ekki hægt að gera þá kröfu til alþingismanna að þeir geti séð langt inn í framtíðina frekar en aðrir, en vissar staðreyndir eru þó svo augljósar að þess verður að krefjast af margreyndum forsjármönnum þjóðarinnar að mark sé á þeim tekið. Það er sjálfsagt að spara eins mikið og unnt er og hagræða öllu eins og hægt er, en það eru vissulega takmörk fyrir því hvað hægt er að ganga langt í þessum efnum. Það er dýrt að halda úti frjálsu þjóðfélagi af þeirri stærð eða öllu heldur smæð sem hér er í landi, ekki síst ef menn vilja halda til jafns við ríkar milljónaþjóðir á mörgum sviðum.

Hvað sem öðru líður verða höfuðatvinnuvegir landsmanna að geta gengið, en nú horfir vægast sagt alvarlega í þeim málum. Hvaðanæva heyrist frá því sagt að útflutningsatvinnuvegirnir, undirstöður þjóðfélagsins, séu að molna niður, segir í nál. minni hl. fjvn. Og hvað um hinn margfræga rekstrargrundvöll eða rekstrargrundvallarræfilinn eins og hann var nefndur fyrir nokkrum árum svona með tregablandinni vorkunnsemi af því að hann er löngu týndur og tröllum gefinn. Þó viðurkenna allir í orði að atvinnufyrirtækin þurfi rekstrargrundvöll, almenn skilyrði af hálfu stjórnvalda til þess að geta snúið við frá hallarekstri til viðunandi afkomu. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir m.a. á fyrstu blaðsíðu að höfuðverkefni hennar sé að treysta grundvöll atvinnulífsins, stöðu landsbyggðarinnar og undirstöðu velferðarríkis á Íslandi. Lítils verður þessa vart í fjárlagafrv. Þvert á móti eru framlög til atvinnuvega enn lækkuð eins og nánar er greint frá í þeim kafla í nál. minni hl. sem ber yfirskriftina Atlaga að atvinnuvegunum.

Það dregur enginn í efa að hv. fjvn. hafi í mörg horn að líta þegar haft er í huga að hún hafi tekið á móti og athugað hátt í 1000 erindi eins og formaður nefndarinnar gat um í framsögu sinni síðdegis í dag, en þar hafa margir gengið bónleiðir til búðar svo sem eðlilegt má telja. Sumir, ekki síst forsvarsmenn sveitarfélaga, hafa stundum orð á því að ekki svari kostnaði að ganga á fund fjvn. Þeir hafi ekki erindi sem erfiði. Þetta er skiljanlegt þegar litið er á þann nauma skerf sem margir fá í sinn hlut við skiptingu framkvæmdafjár, til skólabygginga, íþróttamannvirkja, hafna og heilsugæslu svo að dæmi séu nefnd. Þess ber hins vegar að minnast að miðað við gildandi lagaákvæði eiga forustumenn byggðanna lögvarinn rétt á ákveðnum fjárframlögum frá því opinbera á móti framlagi heimamanna. Hvor aðili verður að standa við sitt svo að verkinu geti miðað áfram. Sé hins vegar vel að verki staðið og samvinnu hagað svo sem vera ber að lögum og venjum er engin von til þess að sveitarfélögin þoli að eiga stórfé, jafnvel svo að milljónum skipti, inni hjá ríkinu ár eftir ár. Þetta er bara einfaldlega ekki hægt. Það verða menn að muna. Sum sveitarfélög hafa leitað leiða til úrbóta að því er byggingu skólamannvirkja snertir með því

að gera samninga við ríkið um föst, árleg framlög í þessu skyni. Þetta skapar festu í framkvæmdum og öryggi í greiðslum, en gengur öðrum þræði út yfir þá sem ekki hafa náð föstum samningum, a.m.k. að nokkru leyti. Þetta þarf að skoðast nánar við fyrsta tækifæri þegar batnar í ári.

Í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar frá 28. sept. sl. er að finna mörg ákvæði sem snerta byggðamál og stuðning við byggðir landsins. Þar er m.a. rætt um að framfylgja árangursríkri byggðastefnu sem komi betra jafnvægi á byggðaþróun í landinu. Stefnan í landbúnaðar- og fiskveiðimálum verði endurskoðuð með byggðasjónarmið og aukna hagkvæmni fyrir augum. Þar er og sérstakur kafli um byggðamál þar sem segir að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir jafnvægi í byggðaþróun, m.a. með eftirfarandi aðgerðum sem taldar eru upp í mörgum liðum. Einn þeirra segir að Byggðasjóður verði efldur, annar að gerðar verði ráðstafanir til jöfnunar á flutningskostnaði og kostnaði við síma, húshitun, skólagöngu o.s.frv.

Ég tel mjög eðlilegt að málefnasamningur þessi sé lesinn yfir eða skoðaður vandlega um svipað leyti og afgreiðsla fjárlaga gengur yfir. Að ekki sé nú talað um að hann sé lesinn yfir kvölds og morgna eins og eitt sinn var ráðlagt af forsrh. í vinstri stjórn. Ætla verður að hæstv. ríkisstjórn sé fegin því að sem flestir lesi þennan samning og geri ráð fyrir því að hann sé annað og meira en orðin tóm. En því vek ég sérstaka athygli á þessu að ég tel hið allra brýnasta viðfangsefni okkar alþingismanna að stuðla að jöfnuði allra þegna þjóðfélagsins, þ.e. að þeir hafi sem allra jafnasta aðstöðu í lífsbaráttunni og sem jöfnust skilyrði til framfærslu, þæginda og þroska hvar sem þeir eiga heima í byggðum landsins.

Ég ætla sérstaklega að nefna einn málaflokk, en það eru samgöngumálin þó að ekki verði sérstaklega um þau fjallað fyrr en seinna í vetur. En því er nú minnst á þau mál að heyrst hefur að þau hafi iðulega borið á góma á ríkisstjórnarfundum að undanförnu. Hafi þá aðallega verið rætt um hversu mikill niðurskurður fjárframlaga ætti að verða til vegamála á komandi tímum. „Á að skerða vegafé? Það væri rangt og óréttlátt", segir Björn Pétursson frá Siglufirði í blaðagrein sl. miðvikudag. Margir landsmenn munu hugsa á svipaðan veg. Þeir hafa vonað að fé til bættra samgangna yrði ekki skorið niður fyrr en í síðustu lög. Þetta er dapurlegt þar sem bættar samgöngur um allt land eru sameiginlegt áhuga- og hagsmunamál allra landsmanna og eitt allra stærsta byggðamál þjóðarinnar.

Af ræðum og málsútlistun forsvarsmanna í fjvn. má ljóst vera að fjárlagafrv. sem nú siglir hægt og hægt til loka 2. umr. er æðigloppótt og reikult í rásinni enn sem komið er. Kenna margir um tímaþröng og þröngri stöðu í ríkisfjármálum svo sem heyrst hefur hér í umræðunni. Ég hygg að flestir alþingismenn séu meira og minna uggandi og kvíðafullir um þessar mundir vegna þess hvernig horfir í hinum veigamestu málefnum þjóðarinnar. En það er víst eina leiðin að sjá hvað setur og bíða bjartari og betri tíma.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Það er undarlegt ástand sem við lifum og hrærumst í þessa dagana. Hæstv. ríkisstjórn þrjóskast enn við og telur sig vera meirihlutastjórn. Enginn veit hvað gerist þegar tekjuöflunarfrv. hennar koma til atkvæðagreiðslu, en þau eru forsenda þess fjárlagafrv. sem við ræðum hér í dag.

Í ljósi þeirrar óvissu um hver verða afdrif tekjuöflunarfrumvarpanna ákváðu þingkonur Kvennalistans að bera ekki fram neinar brtt. nú við 2. umr. fjárlaga eins og reyndar hv. þm. Málmfríður Sigurðardóttir, fulltrúi Kvennalistans í fjvn., hefur þegar gert grein fyrir. Við getum ekki litið á þessa þykku bók sem fjárlagafrv. er sem alvöruplagg. Til þess að geta lagt til breytingar verður að liggja fyrir hvort forsendur frv. standast, en eins og stendur er ekkert sem bendir til þess að svo verði. Það hefði svo sannarlega verið þörf á að gera margar breytingar á frv. Það fer ekki allt of mikið fyrir félagshyggju og jafnrétti í þessu fjárlagafrv. ríkisstjórnar félagshyggju og jafnréttis. Þó vil ég ekki gera lítið úr þeirri viðleitni sem þar kemur fram.

Eitt af því sem mér finnst stinga í augu er sú upphæð sem ætluð er Kvennaathvarfinu í Reykjavík. Mig langar að lesa minnispunkta sem ég hef undir höndum frá aðstandendum Kvennaathvarfsins sem skrifaðir eru þann 9. des. sl. Þessir minnispunktar hljóða svo, með leyfi forseta:

„Fram að þeirri stundu að Kvennaathvarfið var opnað hinn 6. des. 1982 buðust konum á Stór-Reykjavíkursvæðinu, sem flýja þurftu heimili sín vegna andlegs og/eða líkamlegs ofbeldis, ekki önnur úrræði en einnar nætur dvöl í fangaklefum lögreglunnar og einnar nætur dvöl í einum af þrem sjúkrarúmum slysavarðstofunnar í þeim tilvikum að konan var illa slösuð. Börnum þeirra var ekki boðið upp á neitt, né heldur landsbyggðarkonum og börnum þeirra. Síðan Kvennaathvarfið opnaði fyrir sex árum hafa þangað leitað og dvalið um lengri eða skemmri tíma alls 865 konur af öllu landinu með samtals 697 börn, og sanna þessar tölur svo ekki verður á móti mælt tilverurétt Kvennaathvarfsins.

Frá upphafi hefur verið leitað eftir stuðningi opinberra aðila til reksturs athvarfsins og sótt um 70% til ríkisins og 30% til sveitarfélaga. Fjárhagsáætlun ársins 1989 hljóðar upp á 13 millj. 852 þús. kr., og var sótt um 70% af því eða tæplega 9,7 millj. kr. til ríkisins. Rekstrarframlag ríkisins til Kvennaathvarfsins fyrir árið 1988 var 5 millj. 500 þús. kr. en sótt var um 5.527.900 kr. og er það í fyrsta sinn í sögu athvarfsins að ríkisframlag var nær umbeðin upphæð.

Í kjölfar ráðstefnu sem samtök um Kvennaathvarf héldu haustið 1987 um úrbætur í rekstri var ákveðið að manna athvarfið að fullu með fastráðnu starfsfólki í stað íhlaupafólks að hluta og fastráðins að

hluta eins og áður var. Hækkaði fjárhagsáætlun þar með það seint að ekki náðist að koma þeirri hækkun inn í fjárbeiðni til ríkisins og skýrir það þessa miklu hækkun á milli ára. Heildarfjárþörf Kvennaathvarfsins árið 1988 var 10 millj. 573 þús. kr. og framlag ríkisins því í reynd aðeins 52,3%.

Frá upphafi hefur nokkuð skort á að opinberir aðilar legðu fram umbeðnar upphæðir en sú regla hefur verið í heiðri höfð af hálfu samtakanna að gera fjárhagsáætlanir sem standast og því ekki gert ráð fyrir svigrúmi til niðurskurðar. Allur niðurskurður myndar því rekstrargat. Fram til þessa hafa slík göt verið fjármögnuð með frjálsum framlögum almennings, einkum gamalmenna sem þekkja neyð af eigin raun, fyrirtækja og félagasamtaka, svo og mikilli og óeigingjarnri sjálfboðavinnu tiltölulega lítils hóps félagskvenna sem bætt hafa á sig þeirri vinnu ofan á vinnu utan heimilis og innan.

Sá styrkur sem sótt er um til opinberra aðila er einungis til rekstursins, þ.e. laun starfskvenna og launatengd gjöld, matur, hiti, rafmagn, sími og annað sem til daglegs reksturs heimilisins heyrir. Dvalarkonur sjá sjálfar um húshaldið, þ.e. matseld, þvotta og þrif. Hús athvarfsins er keypt fyrir frjáls framlög almennings og fyrirtækja og félagasamtaka og sama gildir um allt viðhald hússins sem byggt var skömmu eftir aldamót. Opinberir aðilar hafa ekki lagt eina einustu krónu til þess hluta rekstursins sem heyrir til reksturs húsnæðis eða innkaupa og eðlilegs viðhalds og endurnýjunar húsbúnaðar. Næstum árlega, þ.e. þegar gjafafé þverr, stendur Kvennaathvarfið frammi fyrir lokun vegna skorts á rekstrarfé og því mjög brýnt að séð verði til þess að rekstur Kvennaathvarfsins verði tryggður til frambúðar, enda þau úrræði, sem áður voru fyrir hendi fyrir þær konur og börn þeirra, sem flýja þurftu heimili sín vegna ofbeldis, þjóðfélaginu til lítils sóma. Þess utan er ljóst að sveitarfélögin hvert og eitt gætu vart fjármagnað sómasamlega aðbúð þessara kvenna og barna í neyð. Ódýrast hlýtur að vera að reka eitt kvennaathvarf fyrir allt landið."

Þarna kemur fram að Kvennaathvarfið þarf 9,7 millj. kr. til að reka athvarf, en frv. gerir aðeins ráð fyrir 6,1 millj. kr. Mér þætti fróðlegt að vita hvernig ríkisvaldið hefur hugsað sér að konurnar eigi að fá það fjármagn til rekstursins sem á vantar? Mönnunum hlýtur að vera ljóst að þarna er því miður um að ræða nauðsynlega starfsemi sem að stórum hluta til er innt af hendi í sjálfboðavinnu. Það eru hins vegar fleiri hópar kvenna sem taka á sig verkefni sem að öðru jöfnu ættu að vera hlutverk ríkis og sveitarfélaga. Má í því sambandi nefna sem dæmi kvennaráðgjöfina og sifjaspellshópinn, en fleiri hópar taka að sér ýmsa starfsemi í sjálfboðavinnu sem fær lítinn sem engan stuðning frá hinu opinbera.

Það er ekkert nýtt að konur taki að sér verkefni sem eru nauðsynleg fyrir þjóðina. Má í því sambandi nefna byggingu Landspítalans og Háskólans þó að margir séu búnir að gleyma að það voru konur sem þar voru frumkvöðlar.

Annað atriði vil ég nefna sem tengist jafnrétti, en það er jafnrétti til náms. Enn er gert ráð fyrir að námsmenn lifi af 20% lægri upphæð en framfærsla gerir ráð fyrir. Hvernig hugsa menn sér að námsmenn brúi þetta bil þegar jafnvel er búið að skattleggja bæði hrísgrjón og brauð? Framlag til Lánasjóðs ísl. námsmanna hefði þurft að hækka um 372 millj. kr. til að hækka lán á næsta ári sem þessari skerðingu nemur, þessum 20% sem lán til námsmanna voru skert um í tíð fyrrv. ríkisstjórnar, eða reyndar ríkisstjórnar þar sem Sverrir Hermannsson var menntmrh. Það gildir það sama um námsmenn og aðra sem lítið hafa að ekki er hægt að lifa á minni fjárhæð en þeirri sem dugar til framfærslu.

Í húsnæðismálum hefur ástandið ekkert batnað. Fjöldi fólks er í miklum erfiðleikum við að afla sér húsnæðis. Alltaf sækja margir um lán vegna greiðsluerfiðleika. Það sem vekur athygli er að nú eru þeir sem hafa fengið lán eftir nýja húsnæðislánakerfinu svokallaða farnir að sækja um greiðsluerfiðleikalán. Af þeim sem fengu greiðsluerfiðleikalán árið 1988 voru 170 sem voru að fá lán vegna greiðsluerfiðleika í annað eða jafnvel þriðja sinn. Það hlýtur að vera eitthvað bogið við kerfi sem leiðir af sér slíka erfiðleika.

Í frv. er gert ráð fyrir að lífeyrissjóðirnir kaupi skuldabréf af Byggingarsjóði ríkisins fyrir 7 milljarða kr. Samkvæmt nýrri spá frá Seðlabanka Íslands er ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna á árinu 1989 áætlað rúmir 16 milljarðar. Til Húsnæðisstofnunar renna um 55% eða 8,8 milljarðar. Þetta er sem sagt áætlun frá Seðlabankanum. Hins vegar hafa aðrir gert áætlanir og Vinnuveitendasambandið hefur gert áætlun sem er verulega lægri en spá Seðlabankans. Spurningin er því: Hvar á að skera niður?

Ríkisstjórnin hefur gert ráð fyrir að gera ráðstafanir í efnahagsmálum sem má áætla að hækki byggingarvísitölu um 3% umfram það sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. Það má gera ráð fyrir að þetta kosti byggingarsjóðina á bilinu 150–250 millj. kr. Ef það er rétt má búast við að búið sé að binda meira lánsfé en stofnunin getur staðið við á næsta ári. Útlitið er því mjög dökkt og enn dekkra ef áætlun Vinnuveitendasambandsins gengur eftir en ekki áætlun Seðlabankans. Það er því spurningin hvar á að skera niður, framlag til kaupleiguíbúða, verkamannabústaða, íbúða aldraðra? Því að varla er hægt að svíkja fólk sem þegar hefur fengið lánsloforð. Einnig er ljóst að það stefnir í gjaldþrot byggingarsjóðanna ef heldur fram sem horfir með fjármögnunarhlið sjóðanna.

Margt, margt fleira væri ástæða til að taka til í þessu frv. sem þyrfti að breyta. En eins og ég sagði í upphafi máls míns er ekki hægt að líta á frv. sem alvörufrv.

Ég skora á hv. fjvn. og ríkisstjórnina að taka tillit til tillagna okkar kvennalistakvenna nú þegar frv. verður tekið til athugunar eftir þessa umræðu. Ef ekki verða gerðar breytingar á frv. nú fram að 3. umr. munum við væntanlega koma með breytingar

við 3. umr. um frv. Ég hlýt að vera bjartsýn á að meiri hl. fjvn., sem allt er stuðningsfólk ríkisstjórnar félagshyggju og jafnréttis, sé sammála því að breytinga sé þörf í átt til félagshyggju og jafnréttis.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Í samræmi við afstöðu Kvennalistans til þessa fjárlagafrv., eins og málum er háttað, flyt ég engar brtt. að svo stöddu. Það kemur þó í minn hlut að fjalla aðeins um þá liði fjárlagafrv. sem lúta að listum og menningu. Við kvennalistakonur höfum ár eftir ár flutt tillögur um tvöföldun á þeim lið sem ber yfirskriftina 02.982 Listir, framlög. Í þetta sinn bregðum við út af venjunni og flytjum engar tillögur eins og að ofan er sagt. Það er við hæfi að virða það sem vel er gert og hækkun á þessum lið er nokkuð meiri en oft áður.

Tvöföldunartillaga okkar kvennalistakvenna hefur hins vegar ekki verið sett fram út í bláinn eða til þess að sýnast, heldur vegna þess að þörfin þarna er brýn því að í þessu felst undirstaða allrar listastarfsemi landsins, og þá undanskil ég að sjálfsögðu þá skóla sem annast menntun listamanna. Undirstaða segi ég því að starfsemi stofnana eins og Þjóðleikhúss, Sinfóníu og ýmissa safna og sjóða utan þessa safnliðs standa á miklu traustari grunni en flest það sem flokkast undir nefndan lið auk þess sem sú stofnanastarfsemi byggir að miklu leyti á þeirri sem fram fer utan stofnana. Þetta segi ég ekki til að rýra hlut stofnana, heldur til þess að undirstrika samhengi.

Það sakar ekki að minnast á það hér að á tímum eins og nú er brýnna en oft áður að rýna í málin, reyna að skyggnast bak við atburði og ákvarðanir og sjá samhengi hlutanna eða, svo að hófsamara orðalag sé notað, reyna að sjá og skilja.

Við stöndum frammi fyrir mjög alvarlegu ástandi í efnahags- og atvinnulífi, þrátt fyrir mörg og margnefnd góðæri og hagstæð ytri skilyrði. En kynni að vera að hin innri skilyrði hafi vantað og þar sé að hluta að leita skýringar á fyrirhyggjuleysi og skammsýni stjórnvalda og að nokkru leyti þjóðarinnar allrar, a.m.k. þess hluta sem hæst lætur og mestu ræður? Er eitthvað bogið við verðmætamat og hinn dýpri skilning á mannlegu lífi? Getur verið að oftrú á efnalegar lausnir allra hluta hafi leitt okkur á villigötur? Hver er skýringin á hluta-, steinsteypu- og peningadýrkun sem öllu hefur ráðið undanfarið? Og af hverju vakna allir upp við vondan draum strax og eitthvað bjátar á og uppgötva, að því er virðist allt í einu, að allir sjóðir standa tómir og ljúka upp einum munni um það að við hefðum átt að vera hófsamari?

Öll opinber umræða um stjórnmál og þjóðlíf einkennist af efnislegum forsendum einum, um of. Siglt er eftir áttavita hagfræðinnar sem engin verðmæti virðir önnur en þau sem mæld verða í tölum og hæfa reiknivélum og tölvum. Hagfræðin hefur engin mælitæki á andlega velferð auk þess sem hún undanskilur náttúrlega meiri hluta þeirrar vinnu sem unnin er í þjóðfélaginu. En það er nú kannski önnur saga. Því er von að þau störf sem listamenn vinna eigi ekki upp á pallborðið hjá þeim sem hugsa fyrst og fremst í krónum og aurum, þar sem framleiðsla listamanna verður ekki mæld á þann mælikvarða, utan þeirra verðmæta sem skila sér í skiljanlegum stærðum í ríkiskassann í formi beinna og óbeinna skatta. Ég minni á í því sambandi að ýmislegt bendir til að þar hallist ekkert á, þ.e. að vinna listamanna skili sér ekki minna í ríkiskassann en þeir fá úr honum. Þann mælikvarða vil ég hins vegar ógjarnan nota því að eftir stendur að þó að bók eða leiksýning gefi af sér mælanlegan arð er það ekki tilgangurinn. Listaverkið sjálft er það sem máli skiptir. Þar liggja hin raunverulegu verðmæti. Og e.t.v. stæðum við betur í dag í efnahagslegu tilliti ef þau verðmæti væru ofar í huga stjórnmálamanna.

Í ljósi þessa ætla ég að nefna nokkur atriði á fyrrnefndum lið. Ég mun aðeins stikla á stóru og ítreka áður en áfram er haldið að ýmislegt er nú í miklu betra horfi en var á síðustu fjárlögum. Tel ég því aðeins fátt eitt til.

Þá vil ég fyrst nefna Íslensku tónverkamiðstöðina. Hún á nú við slíka örðugleika að etja að óvíst er að þeirri starfsemi verði haldið áfram nema auknir peningar komi til. Það er ekki víst að öllum sé ljóst hver sú starfsemi er sem þarna fer fram, eða hversu mikilvæg hún er.

Í fyrsta lagi er þetta eini staðurinn á landinu þar sem tónlistarmenn, tónskáld, geta fengið verk sín prentuð og útgefin og vil ég aðeins biðja menn að hugleiða hvernig við værum stödd ef hér væru ekki til bókaútgáfur og rithöfundar gætu því einungis komið sínum verkum á framfæri að þeir nenntu að fjölfalda þau, þ.e. endurrita þau aftur og aftur með penna sínum og standa þeir þó betur að vígi en tónskáld því þeir geta þó notað ritvél. Það geta tónskáldin ekki. Þessi aðstaða fyrir tónlistarmenn hefur gjörbreytt starfi þeirra og gert þeim miklu auðveldara að koma verkum sínum á framfæri, bæði hér á landi og utan lands, og að fá þau flutt.

Í öðru lagi er í Íslensku tónverkamiðstöðinni sinnt söfnun og varðveislu þeirra tónverka sem til eru eftir eldri tónskáld okkar. Þar liggur nú margt undir skemmdum og enginn aðili sinnir þessum verðmætum. Það er ekki þar með sagt að alls staðar sé um stórvirki að ræða, en þetta er samt þáttur í menningarsögu okkar sem við eigum ekki að glata og verðum að halda til haga.

Íslenska tónverkamiðstöðin hefur líka unnið mikið að því að kynna íslenska tónlistarmenn erlendis, og í rauninni er starfsemi Tónverkamiðstöðvarinnar forsenda þess að þeir geti fengið verk sín flutt erlendis. Þess hefur líka gætt í svokölluðum STEF-gjöldum sem ég held að nú séu hjá mörgum tónlistarmönnum ein aðaltekjulind þeirra, þ.e. STEF-gjöld sem þeir fá fyrir verk sín flutt erlendis.

Öllu mikilvægari er samt sú starfsemi sem rekin er hér innan lands og Tónverkamiðstöðin er svo sannarlega ekki dýr í rekstri. Þarna vinna tvær konur og

kannski eru þær að vinna margra manna verk, ekki veit ég það, en alla vega, miðað við mikilvægi þeirra starfa sem þær vinna er ekki ofrausn að hjálpa þarna upp á sakirnar og koma til móts við þær beiðnir sem fjvn. hafa borist um fjárhagsaðstoð við Tónverkamiðstöðina.

Annað vakti furðu mína þegar ég las brtt. frá fjvn. við fjárlögin. Þar er liður sem kallast Önnur leiklistarstarfsemi. Þessi liður hafði í fyrra 3 millj. og var í fyrstu drögum frv. hækkuð upp í 4,5 millj., en nú vill svo undarlega til að í brtt. er þetta allt í einu komið niður í 1 millj., og hef ég ekki heyrt neina skýringu á því aðra en þá að þetta muni ekki vera prentvilla eins og maður hneigist til þess að halda fyrst í stað. Undir þessum lið er öll leiklistarstarfsemi landsins utan stofnana og utan Alþýðuleikhúss. Það skýtur dálítið skökku við að umbuna Alþýðuleikhúsi eins myndarlega og eins vel og gert er á þessum fjárlögum. Ekki ætla ég að lasta það og síst að draga úr þeirri viðleitni, en ef ekki eru meiri peningar til skiptanna en þetta getur það ekki kallast réttlátt að eitt leikhús sem starfar utan stofnana fái, mig minnir að það sé 180% hækkun — er það ekki? — meðan sá liður sem á að spanna allt annað lækkar úr 3,3 millj. eða réttara sagt 4,5 millj. niður í 1 millj. Það er fjöldi lítilla leikhópa sem eru að starfa úti um allan bæ og ég fæ ekki skilið þetta samhengi milli þessara tveggja liða og vildi gjarnan heyra skýringu hæstv. menntmrh. á því.

Ég get ekki í því sambandi stillt mig um að nefna að það er annar liður leiklistarmála sem er nefndur í þessum brtt. Það er Ferðaleikhúsið sem hafði 300 þús. samkvæmt fyrstu tillögum en hækkar nú snögglega upp í 800 þús. og vildi ég gjarnan að skýring fengist á því líka um leið og skýring fæst á hinum liðnum.

Eitt er það atriði undir þessum lið sem lítið lætur yfir sér og er ætlað til listkynninga. Mér skilst að þetta eigi við listkynningar innan lands því að það er þarna sérstök fjárveiting til listkynninga ýmissa utan lands. Ég held að þetta sé sú upphæð sem listamenn geta fegið smásporslu úr ef þeir fara einhvers staðar til þess að kynna verk sín, lesa upp úr þeim eða kynna þau á annan hátt. Ég hef átt tal við talsvert af skólafólki sem hefur orð á því að mikið hafi breyst hvað varðar heimsóknir listamanna, t.d. í skóla, að nú sé svo komið að skólar hafi varla efni á því að fá til sín listamenn til þess að lesa upp eða spila eða flytja verk sín. Þetta er kannski fyrir mörg börn sú eina kynning og upplifun sem þau hafa af list því að það eru auðvitað ekki öll börn sem hafa aðgang að þeirri starfsemi, annaðhvort vegna þess að eitthvað skortir á skilning foreldra eða þá að efnahagur leyfir það hreinlega ekki. Hið mikilvæga hlutverk að skila til barnanna þeirri liststarfsemi sem fer fram í landinu og hugsanlega kveikja hjá þeim neista sem gerir þau að góðum neytendum, svo að maður noti nú leiðinlegt orð, felst því í þessum lið innan skólanna. Ég býst við að margir, a.m.k. þeir sem hér eru á mínum aldri eða álíka, muni þær stundir úr okkar skólum þegar, svo að ég nefni einn mann, Lárus heitinn Pálsson kom í skólana og las fyrir okkur prologus úr Gullna hliðinu eða eitthvað álíka og ég býst við að flestum börnum, sem þetta upplifðu, sé þetta ógleymanlegt og kannski var áhugi margra þarna vakinn fyrir því að halda áfram að njóta einhvers af þeirri starfsemi sem hann var fulltrúi fyrir.

Í fjórða lagi langar mig til þess að nefna Íslensku óperuna. Sú hækkun sem hún fær milli ára núna er 30%. Það væri svo sem ekki yfir því að kvarta ef hún hefði búið við sæmilegan efnahag fyrir. Ég held að Íslenska óperan, sem á 10 ára afmæli eftir nokkra mánuði, hafi sannað það með tilvist sinni að hún er komin til þess að vera í íslensku listalífi. Sú upphæð sem henni er ætluð hér dugir, ef vel er haldið á málum og spart með farið, fyrir einni uppfærslu á ári. Ég held að þær sýningar óperunnar sem hafa verið á fjölunum í Gamla bíói hafi yfirleitt náð 20–30 þús. áhorfendum. Þeir peningar nægja að vísu til þess að standa undir kvöldkostnaði, sjaldnast hefur náðst að borga stofnkostnað og ekkert er eftir til þess að borga listamönnum skikkanlega. Nú er svo komið eftir mikilvægt uppeldishlutverk Íslensku óperunnar að íslenskir söngvarar hafa náð þeim árangri að þeir eru orðnir ágætis útflutningsvara. Að vísu höfum við ekki neinar gjaldeyristekjur af þeim, en mikið væri nú betra ef við gætum notið þessa fólks hér heima og það þyrfti ekki að leita sér atvinnu erlendis, a.m.k. ekki um lengri tíma. Gott er sjálfsagt fyrir þá flesta að spreyta sig og aðeins að kanna sitt gengi, en æskilegast væri að við gætum boðið flestu þessu fólki atvinnu hér heima, og undirtektir fólks sýna að áhorfendur, almenningur, vilja það gjarnan. Ég er ekki að segja að það sé hægt að taka þau skref í einu lagi. Ég talaði í fyrradag um langstökksaðferðir þegar þrístökksaðferðir dygðu kannski betur, og ég vona svo sannarlega að þessi hækkun sem Íslenska óperan fékk núna sé kannski fyrsta stökkið í þrístökkinu. Það mun þá kannski sannast með Íslensku óperuna eins og oft hefur gerst á Íslandi að það er fyrst og fremst stórhugur og í rauninni ótrúleg þrautseigja og áræði og hugrekki eins manns sem þarna hefur fleytt þessu fyrirtæki svo fram á veginn að það er nú statt þar sem það er í dag, og það er Garðar Cortes. Ég ítreka það sem ég sagði áðan: Ég vona að hann fari að uppskera eins ríkulega og hann hefur sáð til ásamt öllum öðrum íslenskum söngvurum og íslenskum áhorfendum.

Auðvitað hefði ég viljað nefna margt fleira, en læt þetta duga í bili. (**SighB:** Hv. ræðumaður minnist ekkert á Sigurliða Kristjánsson sem á sennilega hvað mestan þátt í því að Íslenska óperan varð til.) Auðvitað liggur þarna stór þáttur og ég er alveg tilbúin að biðjast afsökunar á að hafa ekki minnst á þá gjöf. (Gripið fram í.) Já, og ég skal verða við þeim tilmælum og nefna það hér að auðvitað verður seint ofþökkuð sú gjöf sem þau hjónin gáfu Íslensku óperunni. Hús dugir hins vegar skammt ef engin starfsemi er í því.

Að lokum vil ég benda á og undirstrika að fjárhagslegur stuðningur við listamenn og listastarfsemi er ekki einungis við þá persónulega sem listir stunda heldur við alla þjóðina. Það er hún sem eignast afrakstur þessa fjárstuðnings og nýtur og geymir, ýmist í huga sínum þegar um list augnabliksins er að ræða eða svo lengi sem þetta land er byggt af Íslendingum. Því vil ég beina því til hv. fjvn., ríkisstjórnar og þingmanna allra að skammtímasjónarmið mega síst ráða í þessum efnum. Efnahagslegar þrengingar ganga yfir. Þar réttum við úr kútnum. Ef við hins vegar forsmáum hið andlega og hið varanlega verður sá skaði seint bættur.

Frsm. minni hl. fjvn. (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Að mínum dómi og ég ætla flestra annarra eru fjárlög ríkisins alla jafna þýðingarmesta og viðamesta mál hvers Alþingis. Svo er einnig nú, enda þótt ég og við í minni hl. höfum ýmislegt við stöðu ríkisfjármála og fjárlagafrv. að athuga og meðferð þeirra mála eins og þau liggja nú fyrir.

Eigi að síður rifjast þetta upp fyrir mér við umræðuna í dag þegar ég tek eftir því hversu fásótt er í þingsalnum, hversu lítinn gaum hv. alþm. gefa þessari umræðu og hversu óvenjulega illa mætt er hér af hálfu hæstv. ráðherra. Hæstv. fjmrh. er hér einn í salnum, en ég brýndi röddina í dag í ræðu minni þegar hann var ekki viðstaddur. Að sjálfsögðu kalla ýmis mál að ráðherrum, en það hefur ekki í mínu minni gerst að hæstv. fjmrh. væri ekki við 2. umr. fjárlaga. Þeir aðrir hæstv. ráðherrar sem hér hafa verið annað veifið í dag hafa sótt þessa umræðu næsta stopult.

Það sló að mér þeirri hugsun hvort svo væri komið á Alþingi Íslendinga að fjárlagaumræðan skipti ekki lengur eins miklu máli og fyrr og hvort svo væri komið að fjárlög ríkisins væru ekki eins merkilegt plagg í augum Alþingis og ég hef haldið og eins og fyrr var talið, að hæstv. ríkisstjórn, framkvæmdarvaldið hverju sinni, telji það nánast formsatriði að fá fjárlög afgreidd á Alþingi og hugsi sér síðan að ráðslaga um fjármál ríkisins í framkvæmdinni að eigin geðþótta. Ef svo væri er von að dragi úr virðingu Alþingis sjálfs fyrir fjárlagaumræðunni og það kynni að vera að það skeytingarleysi hæstv. ráðherra um það að vera við slíka umræðu eins og hér í dag sé tákn um þetta.

Má vera að þessar hugleiðingar mínar hafi komist á kreik í mínum kolli og séu hér fluttar vegna þess að einn ræðumanna hér í dag, aðalmálsvari Framsfl. og fjárveitinganefndarmaður, hv. 1. þm. Vesturl. Alexander Stefánsson, sagði í sinni ræðu að hann væri ákaflega hissa á því að hér kæmu í ræðustól á Alþingi vanir menn og kvörtuðu undan því að ekki væri stefna í fjárlagafrv. Hann sagði að einn ræðumaður hefði kvartað yfir því sérstaklega að stefnu vantaði í atvinnumálum þjóðarinnar.

Ég er ekkert að leyna því að ég tók þessi orð til mín. Ég er þá heldur ekkert að leyna því að fyrra undrunarefni hv. þm. á ekki rætur að rekja til ræðu minnar. Ég kvartaði ekkert sérstaklega undan því að ekki væri stefna í fjárlagafrv. Ég kvartaði hins vegar undan því og gagnrýndi það harðlega að fjárlagafrv. byggðist ekki á stefnu í efnahagsmálum og ég vænti þess að hv. 1. þm. Vesturl. geti skilið muninn á þessu tvennu. Hæstv. ríkisstjórn hefur sem sé ekki tekið neina stefnu í efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar og hefur ekki lagt grunn að því að ráðast til atlögu við þau vandamál sem við er að fást í þessum efnum í þjóðfélaginu. Og meðan svo er, þá er fjárlagafrv. á sandi byggt, þá er fjárlagafrv. ekki byggt á stefnu í efnahagsmálum. Það getur verið stefna í frv. sjálfu í vissum atriðum, svo sem eins og sú að ná jöfnuði í ríkisfjármálum og annað slíkt, en það dugar skammt ef undirstaðan er engin, ef stefnuleysið er algjört, ef ekki er hægt að byggja upp fastan grunn undir fjárlagaafgreiðsluna sem gefur fjárlagafrv. og síðar fjárlögunum sjálfum forsendur sem geta verið sæmilega raunhæfar.

Ég hlýt að segja það að þennan kafla í ræðu hv. þm. Alexanders Stefánssonar undraðist ég, ekki síst fyrir þá sök að við höfum átt samstarf í fjvn. og hann er enginn nýgræðingur hér á hv. Alþingi. Þessi kafli ræðu hans gæti gefið til kynna að hann, sá vani maður, væri meira að segja farinn að tileinka sér þann hugsunarhátt að fjárlagafrv. þurfi ekki að byggjast á neinni stefnu til þess að fá afgreiðslu á Alþingi. Hv. þm. spurði: Hvernig var með fyrri fjárlagafrv.? Dugði stefnan í þeim?

Ég hlýt að segja það og ítreka að stefnuleysi í atvinnumálum og efnahagsmálum við þær aðstæður sem nú eru í þjóðfélaginu er auðvitað stórlega ámælisvert af hálfu hæstv. ríkisstjórnar vegna atvinnulífsins sjálfs. En slík stefna er einnig grundvöllur undir því og forsenda fyrir því að hægt sé að afgreiða fjárlög á Alþingi þannig að þau geti verið marktæk, ella eru fjárlögin á sandi byggð og marklaust plagg, sýndarplagg. Það er af þessum orsökum sem minni hl. fjvn. setur fram það skilyrði í niðurlagi á nál. sínu að áður en fjárlagafrv. gengur til 3. umr. hafi slík stefna verið mótuð af hæstv. ríkisstjórn og aðgerðir hafnar á grundvelli þeirrar stefnu.

Þá talaði hv. þm. Alexander Stefánsson um það að hér hefðu komið fram eins konar getsakir þess efnis að vandi atvinnuveganna sé að kenna ríkisstjórn sem setið hefur í tvo mánuði og hann spurði: Vantaði ekki stefnu hjá fyrri ríkisstjórn? Og hverjir í þeirri ríkisstjórn vildu ekki aðgerðir? Ég skal taka það fram að ég hef ekkert við það að athuga að þessar athugasemdir séu settar fram. Þær hljóta hins vegar að kalla á það að þær séu teknar nokkuð til athugunar.

Þá vil ég aðeins byrja á því sem ég nefndi síðar. Spurt var: Vantaði ekki stefnu hjá fyrri ríkisstjórn og hverjir vildu ekki aðgerðir í þeirri ríkisstjórn? Sýnilega er þessi hv. þm. Framsfl. að beina þessum ásökunum til Sjálfstfl. Sjálfstfl. hafði forystu í þeirri ríkisstjórn og það var mikið tjón fyrir þjóðina að sú ríkisstjórn skyldi ekki bera gæfu til þess að ná saman

um aðgerðir í efnahagsmálum sem full þörf var á. Það vantaði ekki að settar væru fram tillögur í þeirri ríkisstjórn. Sjálfstfl. birti sínar tillögur en samstarfsflokkarnir tættu þær tillögur sundur í fjölmiðlum án þess að þær væru ræddar innan ríkisstjórnarinnar. Þeir höfnuðu slíkum tillögum í fjölmiðlum vegna þess að þeir voru búnir að ná samkomulagi um að þeir skyldu halda þannig á málum að ríkisstjórnarsamstarfið rofnaði, að Sjálfstfl. hyrfi út úr ríkisstjórninni svo að þeir ættu hægan leik að taka við völdunum sjálfir. Þetta tókst. Það var ekki fyrir það að tillögur vantaði frá Sjálfstfl. að þetta gerðist, heldur voru þetta samantekin ráð samstarfsmanna Sjálfstfl. til þess að víkja honum til hliðar við stjórn landsins um stundarsakir.

Þegar þetta hafði tekist var Sjálfstfl. ekki fyrir þessum ágætu herrum sem nú fara með stjórn landsins. Þá gátu þeir sem nú standa við stjórnvölinn tekið af skarið og framkvæmt þær aðgerðir sem þeir töldu nauðsynlegar. Ég minnist þess að formaður Framsfl., hæstv. núv. forsrh., tók oft svo til orða að það mætti ekki lengur dragast að grípa til efnahagsaðgerða sem dygðu til þess að koma atvinnulífinu á réttan kjöl. Þetta voru vissulega orð að sönnu. Hæstv. núv. utanrrh., sem hér birtist áðan allt í einu í salnum eftir að hann hafði farið á eins konar valhoppi um veröldina á undanförnum vikum, sagði: Nú er ekki tími tillagna. Við höfum nógar tillögur. Okkur skortir ekki tillögur. Nú er tími aðgerða.

Svo gerist það að þessir stjórnmálaforingjar ná saman um myndun nýrrar ríkisstjórnar, þeirrar er nú situr, og þá skyldu menn nú ætla að kominn væri tími aðgerða og liðinn tími tillagna. Þá var Sjálfstfl. ekki með sínar tillögur að hindra það að þessir flokkar gætu komið því fram sem þeir óskuðu, kæmu því fram sem þeir töldu duga til þess að rétta við hagsmuni atvinnulífsins. Mér dettur vitaskuld ekki í hug að kenna núv. hæstv. ríkisstjórn um öll vandamál sem við er að fást í atvinnuvegunum eða í efnahagsmálunum. Það dettur mér ekki í hug því sá vandi var ærinn þegar núv. ríkisstjórn tók til starfa. En síðan hefur það gerst að liðnir eru 2½ mánuður og hæstv. ríkisstjórn hefur ekkert gert sem gagn er að til þess að leysa þessi mál.

Ég hlýt að minna á það að þegar hæstv. ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar var mynduð lýsti hún yfir því í Málefnasamningi ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar að ríkisstjórn Framsfl., Alþfl. og Alþb. með aðild Samtaka um jafnrétti og félagshyggju, eins og það heitir á fínu máli, með leyfi forseta:

„er mynduð til þess að leysa bráðan efnahagsvanda sem steðjar að þjóðinni. Höfuðverkefni hennar er að treysta grundvöll atvinnulífsins, stöðu landsbyggðarinnar og undirstöðu velferðarríkis á Íslandi." Enn segir: „Aðgerðir ríkisstjórnarinnar miða að því að treysta atvinnuöryggi í landinu, bæta afkomu atvinnuveganna og draga úr viðskiptahalla."

Allt þetta átti nú að gera. Síðan segir hér enn í yfirlýsingu þessarar hæstv. ríkisstjórnar þegar hún tók við völdum, með leyfi hæstv. forseta:

„Yfir vofir stöðvun margra útflutningsfyrirtækja sem valda mundi atvinnuleysi og tekjumissi hjá fjölda fólks um allt land. Viðskiptahalli við útlönd er mikill og fer vaxandi verði ekki tekið í taumana. Ágreiningur innan fráfarandi ríkisstjórnar olli óþolandi óvissu og úrræðaleysi og stefndi grundvelli atvinnulífsins í hættu."

Nú *linnti* þessu ástandi, þessu óvissuástandi vegna ósamkomulags í fyrri ríkisstjórn var lokið. Þá ætluðust landsmenn til þess að gripið væri til þeirra aðgerða sem þessir flokkar vildu koma fram og mundu duga. En það hefur ekki verið gert. Ég sagði í ræðu minni í dag, og hafði það eftir Þjóðhagsstofnun, að á tveimur mánuðum, frá því um stjórnarskipti og þangað til í nóvember, versnaði staða sjávarútvegsins úr 2,5% halla veiða og vinnslu í 4,5% halla. Á tæpum tveimur mánuðum. Ég ásaka þessa hæstv. ríkisstjórn fyrir það að hafa ekki á þessum tíma gripið til aðgerða til að leysa þessi vandamál, hafa ekki mótað stefnu og farið í aðgerðir á grundvelli þeirrar stefnu sem gagn er að í þessu þjóðfélagi. Það er þetta sem ég ásaka núv. hæstv. ríkisstjórn fyrir því að hún lét svo þegar hún var mynduð að það væri vandalaust að ráða við þessi verkefni. Hún lét svo að það skorti ekki tillögur. Hún lét svo að ósamkomulagi væri lokið og tími aðgerða runninn upp. En hún hefur ekkert gert sem gagn er að.

Þetta er það sem ég vildi segja við hv. þm. Alexander Stefánsson úr því að honum þótti það hlýða að gera þessi mál að umtalsefni í sinni ræðu í dag. Ég hef að sjálfsögðu ekkert við það að athuga að þessi seinni hluti sem ég hef tekið til meðferðar verði ræddur áfram og í allt kvöld.

Hið fyrra, um að það skipti engu máli hvort fjárlögin byggist á stefnu, gefur til kynna annað tveggja, skilningsleysi hv. þm. eða virðingarleysi hans fyrir afgreiðslu fjárlaga.

Ég vil svo þakka hv. þm. Alexander Stefánssyni fyrir það sem hann gaf í skyn í sínu máli að á milli 2. og 3. umr. yrðu teknar upp alvarlegar umræður um þýðingarmikil mál er varða fjárlagaafgreiðsluna.

Hv. þm. Alexander Stefánsson gaf í skyn að leyst mundi verða úr málefnum landbúnaðarins, framlögum til landbúnaðarins annars vegar og málefnum Vegagerðarinnar hins vegar. Ég vil þakka hv. þm. fyrir þessar yfirlýsingar og vænti að þeim fylgi að við getum staðið við eitthvað af þeim skuldbindingum sem lög kveða á um. Í fyrsta lagi varðandi framlög til landbúnaðar, til bændanna sjálfra og til félagasamtaka þeirra úti á landsbyggðinni. Í öðru lagi um vegagerðarframkvæmdir umfram það sem fjárlagafrv. og fyrirætlanir hæstv. ríkisstjórnar, samkvæmt því sem birtist í fylgiskjölum, bera vitni um. Ég vil sannarlega þakka hv. 1. þm. Vesturl. Alexander Stefánssyni fyrir þessa yfirlýsingu.

Í framsöguræðu sinni í dag sagði hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, formaður fjvn., er hann ræddi um

einstakar brtt. er varða fjárfestingarliði, bæði að því er varðaði fjárfestingarliði í skólamálum og heilbrigðismálum, að starfað hefði verið eftir þeirri meginreglu samkvæmt ákvörðun stjórnarflokkanna og hæstv. ríkisstjórnar að ekki skyldi veitt framkvæmdafé til nýrra framkvæmda, þ.e. ekki til framkvæmda sem ekki væru hafnar enda þótt fengið hefðu framkvæmdafé áður. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, formaður fjvn., gerði sérstaklega að umtalsefni eitt mannvirki hvað þetta snertir. Það er Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi sem fær samkvæmt brtt. fjvn. 21 millj. kr. til viðbótar við það sem þar var áður ætlað. Sú fjárhæð er ætluð til framkvæmdar sem er þýðingarmikið verk, þ.e. mötuneyti við Fjölbrautaskólann, en það verk er ekki hafið. Þessi fjárveiting brýtur þess vegna þá reglu sem hæstv. ríkisstjórn og hv. meiri hl. fjvn. hefur sett. Í bréfi frá yfirvöldum skólans, þ.e. frá skólameistara Fjölbrautaskólans og formanni skólanefndar, sem barst til fjvn. í haust segir að hönnun verksins sé langt á veg komin og unnt verði að hefja framkvæmdir með vorinu ef fjárveiting fáist. Þetta þýðir eins og allir sjá að verkið er ekki hafið, en hægt að hefja það í vor ef fjárveiting er fengin. Vegna orða hv. formanns fjvn. um þetta tiltekna mannvirki og ítrekun hans á yfirlýsingum um þessar meginreglur sem meiri hl. fjvn. mótaði hlýt ég að láta þetta koma fram. Ef ekki hefði verið á það minnst hefði ég látið það liggja milli hluta. Hv. formaður fjvn. sagði að það hefði verið ákveðið í fyrra að fara í þetta verk á næsta ári. (**Gripið fram í:** Það er rangt.) Það var ákveðið við afgreiðslu fjárlaga í fyrra að verja í þetta verk 5 millj. kr. og að verja misjafnlega háum fjárhæðum til ýmissa skólamannvirkja sem ekki eru hafnar framkvæmdir á í dag. Ég veit ekki til þess að nokkur þeirra framkvæmda hafi fengið framkvæmdafé samkvæmt þessum tillögum fjvn. nú nema mötuneyti Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi sem fékk 21 millj. kr.

Ég hlaut að láta þetta koma fram vegna orða hv. formanns nefndarinnar sem mér fannst vera með þeim hætti, úr því að hann hafði þau orð um, að hið sanna yrði að koma fram.

Hæstv. fjmrh. (**EgJ:** Er hann hér?) sem er til hægri handar nú allt í einu og fer auðvitað ekkert illa á því, hefur með frammíköllum í dag borið brigður á það sem ég sagði í minni ræðu og hv. þm. Egill Jónsson tók fram einnig að skattalagafrumvörp ríkisstjórnarinnar sem eru til meðferðar á Alþingi feli í sér skattahækkanir upp á 6,7 milljarða kr. Hæstv. fjmrh. kallaði fram í og taldi þetta rangt. Hér væri um að ræða skattanækkanir upp á 4,3 milljarða kr. og munar þá 2,4 milljörðum kr. Nú þarf varla að endurtaka það fyrir hæstv. ráðherra og fyrir hv. þingheimi að talan 6,7 milljarðar kr. var gefin upp af starfsmanni Þjóðhagsstofnunar á fundi með fjvn. sem svar við fyrirspurn minni. Þar voru viðstaddir, eins og fram kom hjá hv. þm. Agli Jónssyni, ekki einungis þjóðhagsstjóri, heldur og hagsýslustjóri, vararíkisendurskoðandi, forstöðumaður hagdeildar fjmrn. og nokkrir aðrir starfsmenn. (**Gripið fram í:** Og formaður fjvn.) Og formaður fjvn. sem hér gengur um gólf og er hugsi. Enginn af þessum mönnum sem þarna voru viðstaddir báru til baka að skattafrumvörpin fælu í sér skattahækkanir um 6,7 milljarða kr. Enginn. Þessir starfsmenn, a.m.k. ýmsir hverjir, hlutu að vita hið sanna. Ef svo kynni að vera að hæstv. fjmrh. hefði rétt fyrir sér, og ég hef ekki lagt saman í þessum frumvörpum, hefur það í fyrsta lagi skeð að starfsmaður Þjóðhagsstofnunar hefur gefið upp ranga tölu og enginn af þeim starfsmönnum sem voru viðstaddir, þar á meðal undirmenn og starfsmenn hæstv. fjmrh., hefur séð ástæðu til að gera athugasemdir þar við. Þeir þögðu þá yfir því sem þeir töldu réttara. Þetta mun auðvitað vera hægt að fá upplýst.

Nú hef ég tekið eftir því, eins og kom meðal annars fram í fréttum ríkisfjölmiðlanna í kvöld, að hæstv. fjmrh. hefur legið undir grun um að hann vilji leyna því hvað þær skattahækkanir sem hann er að berjast fyrir á hv. Alþingi séu miklar. Hæstv. fjmrh. neitaði því og taldi það fjarstæðu að hann væri nokkuð að leyna þessu, það væri fjarstæða. Einhvern veginn finnst mér að þetta frammíkall hæstv. ráðherra beri nú keim af því að hann hafi býsna ríka tilhneigingu til þess að segja þingheimi lægri tölur um skattahækkanirnar samkvæmt frumvörpum sínum heldur en raun er. Ég hygg til að mynda að inn í tölu hæstv. fjmrh., 4,3 milljarða kr., vanti frestun á virðisaukaskattinum sem gefur ríkissjóði 1200 millj. kr. Og ætli það gæti ekki skeð að í þessum plöggum leyndust aðrar 1200 millj. sem hæstv. fjmrh. virðist ekki kæra sig neitt um að segja frá. Þetta verður allt saman upplýst og hæstv. ráðherra mun vafalaust tala hér í lokin og þá getur hann hugsað sig um eða kannski sett einhverja menn í það að leggja saman þessar tölur og reikna þetta út að nýju, ef hann vefengir og fullyrðir að starfsmenn opinberra stofnana, óháðra stofnana ríkiskerfisins, sem við fjárveitinganefndarmenn höfum yfir höfuð treyst, fari með rangt mál. Það mun verða hægt að fá úr því skorið.

Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu þó að auðvitað sé af nógu að taka til þess að ræða um það þýðingarmikla mál, eins og ég sagði í upphafi þessa máls míns, sem fjárlagafrv. og afgreiðsla fjárlaga er á hinu háa Alþingi. Það er umræðuefni sem getur enst langan tíma og meira en eina dagstund. Það er líka í mínum huga þýðingarmikið mál sem ekki á að tala um af þeirri léttúð að það skipti ekki máli hvort fjárlögin byggist á einhverri stefnu og séu þannig með raunhæfum forsendum eða ekki.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. 269, 271, 272, 274, 275, sem voru of seint fram komnar, samþ. með 33 shlj. atkv.

Guðrún Agnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Það hefur nú komið glöggt í ljós að sú hugmynd sem Kvennalistinn hreyfði við stjórnarmyndunarviðræður fyrr í haust var mjög raunhæf. Þá stungum við upp á því að tekið yrði á þeim bráða vanda, sem við atvinnuvegunum og þjóðinni blasti, af stjórn allra flokka, eins konar þjóðstjórn. Það hefur nú komið á daginn að hennar er brýn þörf því að sá vandi sem að steðjaði í haust hefur reynst mun viðameiri og alvarlegri en á horfðist og styrkur þessarar ríkisstjórnar til að taka á honum og leysa hann svo lítill að hún leitar nú ákaft stuðnings og samstöðu stjórnarandstöðuflokkanna til þess að koma málum sínum fram í samvinnu við þá. Skynsamlegra og hreinlegra hefði verið að mynda strax þá stjórn sem Kvennalistinn lagði til þannig að allir flokkar gætu staðið saman að lausn vandans. Mér þykir það reyndar merkilegt að þrátt fyrir fjölda örugglega vel menntaðra sérfræðinga og stofnana í hagfræði og hagsýslu virðast í raun vera mjög fáir marktækir mælikvarðar á þróun ástands atvinnuveganna. Stjórnvöld komast því æ ofan í æ í bráðan vanda í þeim efnum án þess að hafa getað fylgt eftir þróuninni þannig að þau geti gripið fram í feril hennar og reynt að forða vandræðum. Það er með ólíkindum að það skuli ekki vera hægt að fylgjast betur með til að koma í veg fyrir vanda eins og þann sem við horfum fram á nú. Ég hvet hæstv. fjmrh. og ríkisstjórnina til þess að koma sér upp einhvers konar eftirliti eða mælistikum í þessum efnum, þróa þau með embættismannakerfinu og hjá stjórnvöldum þannig að við lendum ekki í svipuðum aðstæðum aftur.

Eins og fram kom í máli fulltrúa Kvennalistans í fjvn., hv. 7. þm. Norðurl. e. Málmfríðar Sigurðardóttur, munum við ekki flytja neinar brtt. nú en hreyfa ýmsum málum sem okkur þykja brýn og nauðsyn að ræða eins og þær stöllur mínar hafa gert á undan mér, hv. þingkonur Kristín Einarsdóttir og Þórhildur Þorleifsdóttir. Ég mun víkja lítillega að heilbrigðiskerfinu og þá þeim niðurskurði sem þar er fyrirhugaður og vekja athygli hæstv. fjmrh. á því að þó að vissulega sé brýn nauðsyn á hagræðingu í þeim efnum eins og öðrum og einnig sparsemi og ráðdeild er afar varhugavert að vinda ofan af svo flóknu kerfi í einu vetfangi. Það hlýtur að þurfa að gera með samræmdum aðgerðum og þróun í langan tíma.

Það er þá fyrst að leiða hugann að því að gerð fjárlaga samkvæmt þeirri aðferð eða þeim aðferðum sem hafa verið notaðar er í sjálfu sér íhaldssöm og hefur tilhneigingu til þess að viðhalda þeim verkefnum og stofnunum sem þegar eru fyrir. Hún hvetur menn ekki til sparnaðar eða endurskoðunar því að sá sem mætir óskum stjórnvalda um slíkt með því að fækka stöðugildum í einni grein eða minnka eyðslu á það á hættu að geta ekki endurheimt stöðugildi aftur í sömu grein eða annarri grein síðar við breyttar aðstæður. Einnig sjá aðrir aðilar um frekari niðurskurð þannig að flestir fara fram á meira en þeir í raun þurfa til þess að enda e.t.v. með viðunandi útkomu. Það má líka velta því fyrir sér hve skynsamlegt það er að forgangsröðun og fjárveitingar skuli í mörgum tilvikum ákveðnar af hagsýsluaðilum og misvitrum stjórnmálamönnum en ekki fyrst og fremst af faglegum aðilum sem hafi ákveðið fé til umráða, hver innan síns sviðs eða geira. Þróun mála hefur stundum verið of tilviljanakennd í heilbrigðismálunum og ráðist af tímabundnum þrýstingi í ákveðnar áttir, e.t.v. á kostnað almennrar þróunar. Stofnanir, verkefni og jafnvel einstaklingar hafa í skjóli áhrifa sinna, og þá stundum pólitískra áhrifa, getað náð því að snúa fjármagnsstreymi til sín sem þá tefur eða hindrar framkvæmdir annars staðar og það er sígildur vandi að byrjað er á nýjum framkvæmdum án þess að ljúka við þær eldri þannig að hægt sé að koma þeim í gagnið. Þær standa e.t.v. ónotaðar, og dæmi má taka af ýmsu húsnæði sem stendur hálfinnréttað eða nærri því innréttað en ekki er hægt að taka í notkun vegna fjárskorts.

Ágætislög um heilbrigðisþjónustu og heilbrigðismálefni eru síðan ekki framkvæmd að fullu og er þá skemmst að geta uppbyggingar heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu því að enn eina ferðina horfum við fram á það að gildistöku þessara laga er frestað hvað varðar höfuðborgarsvæðið. Það er náttúrlega óviðunandi því að hér ríkir skortur á heilsugæslu og við verðum að muna eftir því að hér býr nær helmingur íbúa þjóðarinnar hvort sem okkur líkar það betur eða verr og þeir verða að eiga völ á heilsugæslu eins og aðrir íbúar þessa lands. Mig langar af því tilefni að vitna í bréf sem mér barst í dag og trúlega öðrum þingmönnum Reykjavíkur líka og fá að lesa erindi þess, með leyfi virðulegs forseta:

„Á fundi borgarráðs í dag var samþykkt svohljóðandi tillaga borgarráðsfulltrúa Alþb., Alþfl., Framsfl., Kvennalista og Sjálfstfl. [og það er trúlega ekki oft að fulltrúar allra þessara flokka eru sammála í borgarstjórninni]:

Á fundi fulltrúa Reykjavíkurborgar með þingmönnum kjördæmisins og talsmönnum fjvn. í síðustu viku kom fram að ekki er gert ráð fyrir neinu framlagi til byggingar heilsugæslustöðva í Reykjavík í tillögum fjvn. um skiptingu stofnframlaga. Á fundinum var upplýst að um 230 millj. væru til skiptanna í þessum málaflokki, en Reykjavíkurborg hefur sótt um 100 millj. til að ljúka framkvæmdum við þær heilsugæslustöðvar sem nú eru í byggingu, þ.e. við Vesturgötu og Hraunberg. Borgarráð lýsir furðu sinni á þessari tillögugerð sem hlýtur að leiða af sér stöðvun framkvæmda og skorar á alla þingmenn Reykjavíkur að beita sér fyrir eðlilegum fjárveitingum til umræddra heilsugæslustöðva á fjárlögum 1989, en alkunnugt er að Reykjavík hefur fengið hlutfallslega mun lægri framlög til heilsugæslustöðva á liðnum árum en önnur kjördæmi."

Þetta er undirritað af Davíð Oddssyni.

Þrátt fyrir það að flestum finnist þeir aldrei fá nægilegt fé til sinna mikilvægu verkefna fara þó tæp 40% fjárlaga til heilbrigðis- og tryggingamála á

núverandi fjárlagafrv. og er það reyndar svipað og áður hefur tíðkast. Útgjöld ríkisins vegna heilbrigðismála hafa farið vaxandi á sl. áratugum. Þessi kostnaðaraukning hefur orðið fyrst og fremst í rekstri sjúkrahúsa og annarra stofnana heilbrigðisþjónustunnar. Hins vegar hefur í raun orðið hverfandi lítil hækkun á framlagi ríkisins til heilbrigðisfræðslu og fyrirbyggjandi aðgerða þrátt fyrir þá vitneskju að miklu hagkvæmara sé að koma í veg fyrir sjúkdóma en að lækna þá. Það er því löngu orðið tímabært að taka afdráttarlaus skref til að snúa þessari þróun við og leggja ríkari áherslu á heilbrigðisfræðslu og fyrirbyggjandi aðgerðir en áður. Það er vert að geta þess að það eru ýmis raunhæf verkefni á sviði forvarna sem blasa við þar sem ætla má að markvissar aðgerðir mundu skila verulegum árangri. Þann árangur má bæði mæla í mannslífum, auknu heilbrigði, bættri líðan og miklum fjárhagslegum sparnaði. Ég vil sérstaklega geta þess að þegar á að fara að beita niðurskurði á stofnanir heilbrigðiskerfisins er afar brýnt að stíga ákveðin markviss skref til forvarna og heilbrigðisfræðslu til að vega upp á móti þannig að það sé samhengi og skipulag í þessari þróun og hún hlíti ákveðinni stefnumörkun.

Mig langar til að taka nokkur dæmi þar sem um raunhæf verkefni til forvarna er að ræða.

Fyrst má nefna slysavarnir. Á Íslandi er lægstur ungbarnadauði í heimi. Hins vegar höfum við hæstu tíðni barnaslysa af öllum löndum Evrópu. Þar eru algengust slys bæði í umferð og þó sérstaklega í heimahúsum þar sem eitranir eru algengastar. Umferðarslys eru hér allt of algeng og valda ómældri mannlegri þjáningu og sorg auk þess mikla kostnaðar sem af þeim hlýst. Önnur tegund slysa, sem er algengari hér en í nágrannalöndum, er sjóslys. Öllum þessum málum hefur þegar verið sinnt í einhverjum mæli, en þarna er í raun enn mikið verk óunnið.

Annað dæmi mætti taka um reykingar. Talið er að engin ein ráðstöfun mundi skila meiri árangri til að bæta heilsufar manna og fækka ótímabærum dauðsföllum en einmitt að draga verulega úr tóbaksnotkun. En hvað erum við að hugsa í raun og veru í þessum efnum? Ef við trúum því í raun að minnkuð tóbaksnotkun sé ráðstöfun sem mundi skila meiri árangri til að bæta heilsufar manna og fækka ótímabærum dauðsföllum, því í ósköpunum er ekki veitt meira fé til fræðslu og fyrirbyggjandi aðgerða í þessum efnum?

Enn mætti minnast á önnur verkefni. Tannskemmdir eru t.d. algengari í íslenskum börnum en börnum annars staðar á Norðurlöndum. Hér hafa börn bæði fleiri viðgerðar og skemmdar tennur en jafnaldrar þeirra á Norðurlöndunum og stafar það að miklu leyti af sykuráti sem hér er meira en víða annars staðar, en einnig af lélegri tannhirðu. Þetta hefur leitt til gífurlega aukins viðgerðarkostnaðar í tannlæknaþjónustu sem spara mætti með bættri tannhirðu, minna sykuráti og öðrum fyrirbyggjandi aðgerðum. Þetta vita allir þm. hér inni, svo oft hefur það verið rætt í þingsölum. Og einhvern tíma og einhvers staðar verðum við að byrja að stíga fyrstu skrefin til þess að koma í veg ekki bara fyrir þessa fjárhagslegu sóun heldur líka að byggja upp betra heilbrigði.

Síðan vík ég aðeins að leit að sjúkdómum á byrjunarstigi sem getur bæði aukið lífslíkur og komið í veg fyrir mikla vanlíðan auk þess sem það getur sparað mikla sjúkrahúsa- og stofnanaþjónustu síðar. Nægir að minna á starf Krabbameinsfélagsins í þeim efnum. Ég hygg að fjárframlög til Krabbameinsfélagsins hafi verið hækkuð að einhverju leyti, en ég veit jafnframt að þar er þörf á meira fé til þess að geta staðið við þær skuldbindingar og áætlanir sem gerðar voru um brjóstaskoðun kvenna með röntgenmyndun. Þar mun fækka verulega þeim konum sem verða skoðaðar ef ekki fæst til þess meira fé.

Að lokum má nefna þann vágest sem nýlega hefur vakið ótta manna og umtal, en það er eyðni. Það er kannski ekki úr vegi að minnast á eyðni þegar talað er um forvarnir því að þar er e.t.v. dæmigerðasti sjúkdómurinn þar sem varnirnar eru einu meðulin, ef maður getur sagt sem svo, sem duga og þeim verður að beita ef hindra á vaxandi útbreiðslu sjúkdómsins. Hann hefur sannarlega aukist hér á landi, jafnmikið og jafnvel meira en menn áætluðu fyrir einu til tveimur árum. En hvað erum við að hugsa í þessum efnum? Þá langar mig til að taka nokkur dæmi af því að ég ætla ekki að lengja mál mitt um þessi efni þó að af nógu væri að taka.

Í fyrra voru veittar rúmar 10 millj. kr. vegna kynsjúkdóma og eyðni og það var mun ríflegra framlag en áður hafði fengist til kynfræðslu. Þrátt fyrir aukna tíðni eyðni og vaxandi vanda af þeim sökum meðal þessarar þjóðar eins og annarra hefur þetta framlag nú verið lækkað niður í 5 millj. 890 þús. kr. Ég sé ekki samhengið í þessu. Hverju eru menn að bjóða heim? Hvernig ætla þeir að mæta þessum vanda? Hér þarf virka og áleitna fræðslu til þess að hún nái til þeirra sem líklegastir eru til að breiða út þennan sjúkdóm. Ég vek líka athygli á því og minni þá hæstv. ráðherra tvo sem hér sitja, fjmrh. og heilbrmrh., á það að í lok síðasta kjörtímabils var samþykkt þáltill. frá Kvennalistanum um að auka skyldi kynfræðslu í skólum. Hún var e.t.v. ekki síst samþykkt vegna þess að eyðni hafði komið til sögunnar. Áður höfðu unglingsstúlkur átt við vanda að stríða vegna þess að allmargar þeirra urðu þungaðar á unga aldri. Sumar fæddu sín börn, aðrar gengust undir fóstureyðingu. Hvorugt er ákjósanlegt fyrir svo ungar stúlkur. Besta vörnin í þessum efnum er auðvitað kynfræðsla. Við fögnuðum því þess vegna að þessi tillaga var samþykkt á sínum tíma. Það varð hins vegar skammgóður vermir. 10 millj. sem að mestu leyti fóru í gerð eins bæklings og síðan ekki söguna meir, og nú er framlagið næstum því skorið niður til helminga. Hvað eru menn að hugsa, þau stjórnvöld sem nú sitja, um stefnumörkun í heilbrigðismálum? Það er hlutverk þeirra að

marka samræmda og skipulega stefnu sem er í takt við þá heilbrigðisáætlun sem hér hefur verið lögð fram í tvígang á Alþingi? Ef menn ætla að standa við hana verða þeir að vinna að henni og leggja til þess nokkurt fé sem mun bæði skapa betra heilbrigði í landinu og jafnframt spara mikið fé. Þar sem ég er svo heppin að hafa tvo hæstv. ráðherra hér fyrir framan mig í salnum langar mig að beina fyrirspurnum til þeirra varðandi þessi mál sem ég hef rætt nú þegar og biðja þá að svara því hvernig þeir ætli að standa að þessum málum.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að gerast fjölorður. Ég tel hins vegar ástæðu til þess að árétta eitt atriði sem ég lagði áherslu á við 1. umr. þessa máls.

Nú segi ég að ekki eigi að afgreiða fjárlög nú, það eigi að bíða með það fram á næsta ár. Tekjuhlið fjárlagafrv. er í lausu lofti þegar af þeirri ástæðu að með öllu er óvíst hverju fram vindur um tekjuöflunarfrv. sem nú liggja fyrir þinginu og ríkisstjórnin hefur dembt yfir okkur síðustu daga. En látum það vera. Hér kemur miklu meira og alvarlegra til.

Allar forsendur fjárlagafrv. voru í fullkominni óvissu þegar það var lagt fram. Vegna aðgerðarleysis og úrræðaleysis ríkisstjórnarinnar hefur síðan sigið svo á ógæfuhliðina að undirstaðan er brostin. Þess vegna er ekki einungis óvissa um tekjuhlið fjárlaganna vegna afdrifa skattafrv. sem nú eru til meðferðar, heldur er og allt í uppnámi að því er varðar tekjur ríkissjóðs í heild.

Þetta leiðir af stöðu atvinnuveganna í dag. Undirstöðuatvinnuvegurinn er á heljarþröm. Frystihúsin stöðva rekstur sinn og verða gjaldþrota hvert af öðru. Algjör og almenn stöðvun er fyrirsjáanleg snemma á næsta ári ef ekkert verður að gert. Iðnaðurinn, útflutningsgreinarnar í heild eru á sömu leið. Dauðans hönd læsir sig um atvinnulífið í landinu. Atvinnuöryggi landsmanna er brostið og atvinnuleysisvofan er komin á kreik. Þegar svo er komið er brostinn grundvöllurinn fyrir fjárlagafrv. því að atvinnulífið er uppsprettan að tekjum ríkissjóðs.

Efnahagsástandið er nú svo að með eindæmum er. Þjóðarvoði er fyrir dyrum. Það er gjörsamlega óverjandi annað en að snúast við þessum vanda með markvissum og skipulegum hætti. Til þess þarf ríkisstjórnin að móta stefnu sem miðar að úrlausn vandans. Í dag hefur ríkisstjórnin enga raunhæfa stefnu í efnahagsmálunum. Fyrst þarf að ákveða stefnuna og síðan aðlaga fjárlögin stefnumiðunum svo að stefnan verði framkvæmanleg.

Með því að undirrót vandans er að útgjöld þjóðarinnar eru meiri en aflað er verður ekki komist hjá kjaraskerðingu og að færa ríkisútgjöldin stórlega niður. Atvinnulífinu verður ekki komið á réttan kjöl nema hraðfrystihúsin fái heilbrigðan rekstrargrundvöll. Það verður ekki gert nema með gengislækkun sem ekki má dragast. Gengislækkun verður hvorki fær né raunhæf leið nema fólk finni að byrðum sé réttlátlega skipt. Þess vegna þarf að verja þá sem verst eru settir, með lökust kjörin, með lækkun neysluskatta.

Af þessu leiðir að engin stefnumótun í þeim vanda sem nú er við að glíma stendur undir nafni nema hún sé gerð í tengslum við fjárlagagerðina. Til að færa niður ríkisútgjöldin svo mjög sem nauðsyn nú krefur þarf meira að koma til en sparnaður og hagræðing þó mikilvægt sé. Það þarf að taka ríkisfjármálin til meðferðar með það fyrir augum að draga úr ríkisumsvifunum og sníða okkur stakk eftir vexti. Kemur þá margt til greina, svo sem að draga saman ríkisbáknið með því að fela sum verkefni sem ríkið hefur með að gera öðrum aðilum þar sem þau eru betur komin, sveitarfélögum, samtökum borgaranna og einstaklingum. En fyrst og fremst þarf að endurskipuleggja stjórnkerfi ríkisins frá rótum í stóru og smáu.

Það tekur óhjákvæmilega tíma að breyta fjárlagafrv. með tilliti til raunveruleikans. Það verður ekki gert fyrir jól, eins og hæstv. fjmrh. kappkostar að gera. Hæstv. fjmrh. hefur ekki á öðru meiri áhuga en að koma þessu þenslufrv. sínu gegnum þingið. Þegar þarf að afgreiða fjárlög næsta árs með stórlegum niðurskurði útgjalda þurfti það yfir okkur að ganga að fá fjárlagafrv. með hærri útgjöldum að raungildi en nokkru sinni fyrr. Þetta eru slík mistök að með eindæmum er.

Við 1. umr. fjárlagafrv. 10. nóvember sl. varaði ég hæstv. fjmrh. við og ráðlagði honum að láta ekki afgreiða frv. fyrr en á næsta ári og gefa sér þannig nægan tíma fyrir þær umfangsmiklu breytingar sem nauðsynlegar eru á frv. Hæstv. ráðherra skellti skollaeyrum við þessum ráðleggingum. En enn er ekki öll nótt úti. Enn er tími til stefnu. Ég endurtek því nú, hæstv. fjmrh., það hollráð mitt að fjárlagafrv. verði tekið til endurskoðunar og ekki afgreitt fyrr en á næsta ári.

Ef ekki verður hlustað á varnaðarorð stöndum við frammi fyrir hrikalegum staðreyndum. Ekki er einungis atvinnulífið í landinu í gífurlegum erfiðleikum, heldur og ríkisfjármálin í öngþveiti. Hinn geigvænlegi greiðsluhalli við útlönd og erlend skuldasöfnun eru orðin ljós vottur þess að nú hriktir í fjárlagslegu sjálfstæði þjóðarinnar.

Það hvílir mikil ábyrgð á þeim sem láta sem þeir sjái ekki váleg teikn á lofti og láta fljóta sofandi að feigðarósi.

Hæstv. forseti. Þetta eru vissulega alvöruþrungin orð, en hér er rætt um mikið alvörumál.

Albert Guðmundsson:

Virðulegur forseti. Fulltrúi Borgfl. í fjvn. hefur haldið hér athyglisverða ræðu og er hún byggð á þeim staðreyndum sem hann hefur aflað sér í fjvn. þannig að málefnalega hef ég ekki mikið erindi hingað upp í stólinn. Brtt. frá mér eru ekki margar. Það er aðeins ein brtt. sem ég vil ræða um í sambandi við fjárlögin, en það er að ég geri tillögu um að framlagið til Íþróttasambands Íslands verði

hækkað úr 21 millj. upp í 30 millj. Fyrir 3–4 árum síðan var þessi upphæð þegar komin upp í 24–26 millj. ef ég man rétt en hefur lækkað með árunum á sama tíma og umsvif íþróttahreyfingarinnar aukast. Íþróttasambandið fór fram á 40 millj. en það framlag eða sú ósk hefur verið lækkuð um hér um bil helming.

Ég vona að hæstv. fjmrh. sjái sér fært að líta á þessa einu brtt. sem ég leyfði mér að gera sem einn með eldri þingmönnum hérna og eins sem fyrrv. fjmrh. Það lít ég á sem ósköp sanngjarna ósk af minni hálfu og ég er honum fyrir fram þakklátur fyrir það sem hann sér sér fært að gera í því máli.

Það sem kom mér til að koma hér upp í ræðustólinn er allt annar hlutur en snertir þó fjárlögin. Hv. 2. þm. Norðurl. v. Pálmi Jónsson, einn af eldri þingmönnum þingsins og einn af reyndustu fjárlagagerðarmönnum okkar, kvartar undan stefnuleysi í fjárlögunum og mér finnst það stóralvarlegt mál. Mér finnst það stóralvarlegt mál vegna þess að í fjárlögunum felst bæði efnahags- og atvinnustefna og ef stærsti flokkur þjóðarinnar sér ekki hvað er að ske er þar um algjöra pólitíska blindu að ræða og stórhættulega.

Það er stefnt að hallalausum fjárlögum í gríðarlega miklum vanda sem ríkissjóður er í. Ríkissjóður hefur áður verið í slíkum halla. Þá var stefnt að því að leysa þann vanda á 3–4 árum til þess að það kæmi létt niður á fólkið í landinu, og fjárlög voru afgreidd með minnkandi halla sem endaði í tekjuafgangi og þetta var hægt á löngum tíma. En nú birtist í fjárlögum þessa árs að það skal yfirfæra hallann hvað sem það kostar frá ríkissjóði yfir á heimilin. Kallið þið það enga stefnu? Það er stefna sem er stórhættuleg, vegna þess að í henni felst pólitísk ákvörðun. Það er verið að flytja pólitíkina sem eins konar uppbót á skattana inn á heimilin.

Hækkandi vörugjald, það er líka stefna. Það er alvarleg stefna vegna þess að hækkandi vörugjald og aukinn fjöldi flokka í álagningargrunninum er stefna um minni kaupmátt almennings. Það er stefna. Það er stefna um það að taka ráðstöfunartekjur fólksins og fyrirtækjanna frá því inn í ríkissjóð, það er stefna. Það er ekki hægt að segja að ríkisstjórnin sé stefnulaus. Hún hefur stórhættulega stefnu, bæði í efnahags- og atvinnumálum, vegna þess að við vitum, við erum áhorfendur að því daglega, að fyrirtæki loka, fólk er í stærri hópum en nokkurn tíma hefur þekkst áður svo að ég muni til að missa atvinnu sína, fyrirtæki loka og fólk og heimili fara á hausinn. Það er árangurinn af stefnu. Auðvitað er það árangurinn af stefnu. Hækkandi tekjuskattar. Haldið þið að það sé ekki stefna? Þetta er allt í sömu áttina, að skapa hér öngþveiti og óreiga. Það er stórhættuleg stefna sem hefur alltaf verið andstæð minni lífsskoðun. Hvað haldið þið að eignarskattarnir á einstaklinga sem eiga 7 millj. kr. í nettóeign eða hjón sem eiga 14 millj. kr. í nettófasteign þýði? Ég veit það að þar sem ég bý við Laufásveginn í Reykjavík eru gömul heimili. Þar er annaðhvort gamalt fólk, gömul hjón eða ekkjur sem búa í þessum dýru húsum sem voru utan bæjarins, utan miðbæjarins, þegar ég var að alast hér upp en eru núna miðbæjarkjarni og eru með dýrustu eignum. Þetta fólk verður öreigar þegar skattarnir koma til greiðslu. Hvað haldið þið að þetta sé? Þetta er stefna. (**Gripið fram í:** Sósíalismi.) Auðvitað er það sósíalismi, hv. þm., en það er stefna því fólkið er hrætt, fólkið lifir í óvissu og óöryggi um framtíð sína, um eignir sínar og atvinnu. Auðvitað er það stefna, bæði í peningamálum og efnahagsmálum almennt, og hún er farin að virka og því skulum við átta okkur á, að hún er farin að virka áður en tekjuöflunarfrv. og fjárlögin eru samþykkt á Alþingi. Hún er farin að virka vegna þess að fólkið er hrætt. Við skulum ekki loka augunum fyrir því að við erum ekki í neinum leikaraskap. Við erum í alvöru lífsins hér á Alþingi og þar eru flokkar sem hafa mismunandi stefnur. Sú stefna sem ég aðhyllist ekki ræður ríkjum í dag. Sú stefna sem ég aðhyllist, að fólkið og fyrirtæki fái að halda sem mestu eftir af sjálfsaflafé sínu, er ekki virt í dag. Stefna mín er ekki í gangi. Stefna hinna sem ég aðhyllist ekki pólitískt er í framkvæmd. Þeir hafa náð undirtökunum og við skulum átta okkur á því að það er að mínu mati hættuleg stefna. Það er stefna sem skapar þennan ótta sem ég gat um, bæði efnahags- og atvinnulegt óöryggi. Það er líka stefna að deila fólkinu og deila til að stjórna. Það er það sem verið er að gera og þetta er að takast. Við segjum svo á Alþingi að engin stefna sé í gangi. Við erum með alvöruna á milli handanna.

Byltingin er að heppnast og við skulum gera okkur grein fyrir því að til þess að geta haldið áfram lengur en 17 ár í ríkisstjórn hefur Framsfl. afsalað sér öllum lykilstöðum í þjóðfélaginu. Hver er þessi lykilaðstaða? Hún er náttúrlega fjmrn. sem ræður öllum öðrum ráðuneytum. Fjmrn. ræður hvað hin ráðuneytin eru áhrifamikil og sterk og hvað þau geta gert. Samgrn. er líka mjög afdrifaríkt ráðuneyti vegna þess að það getur komið í veg fyrir eðlilega þróun varnarmála á Íslandi. Menntamálin hafa sín áhrif, við vitum það, fyrir utan það sem við áttum okkur ekki á en það er að undir menntmrn. heyra ríkisfjölmiðlarnir. Það hefur og komið í ljós hvað eftir annað þegar ég hef komið hér upp í ræðustólinn að komið er nýtt og allt annað forsetavald á Alþingi en var áður. Það er líka valdastaða og hluti af forsetavaldi þjóðarinnar nú á tímum. Við skulum bara sætta okkur við það að komin eru önnur öfl en við höfum aðhyllst. Við verðum að sætta okkur við það en við skulum ekki vera það blindir að segja að það sé engin stefna í fjárlögunum. Það er stefna og hún er vel rekin af skemmtilegum andstæðingi í pólitík sem ég hef átt við að etja um langan tíma og ég met hans hæfileika vegna þess að þá má ekki vanmeta.

Það er líka stefna að matarskatturinn kom á. Það er sko stefna. Það er stefna í efnahagsmálum heimilanna. Það er stefna og kannski sérstaklega fyrir Reykvíkinga þegar verið er að hækka bensínið.

Tugþúsundir manna þurfa að aka 20–30 km vegalengd fram og til baka, úr og í vinnu í Reykjavík, úr Breiðholtinu, úr Grafarvogi, úr Árbænum og víðar. Hvað haldið þið að það kosti að auki þegar bensínið er hækkað? Það er stefna sem tekur meira frá heimilunum, frá fólkinu sem þarf að fara í vinnu snemma á morgnana og kemur heim til sín þreytt á kvöldin. Ég veit um fólk sem getur ekki notað bílana sína þegar líða fer á mánuðinn vegna þess að það á ekki fyrir bensíni á bílana. Þetta er stefna, auðvitað er þetta stefna. Þetta er stefna Alþb. og þeim er að takast mjög vel að koma sinni stefnu fram. Við verðum að viðurkenna það að þeir hafa náð undirtökum. Á meðan allt þetta er í gangi er búið að blinda okkur með einhvers konar fjárlögum og hefta hugann með því að ræða um einstaka liði sem í sjálfu sér skipta engu í hinu stóra dæmi sem ég er að tala um. Það er þetta sem við skulum ekki loka augunum fyrir.

Nei, kæru samþingmenn. Hér vantar ekki stefnu. En það finnst kannski ekki leið á Alþingi til þess að koma í veg fyrir hana. Við skulum vera alveg viss um það, og það er það sem bjargar okkur, að fólkið veit að það sjálft þarf að finna leið til að verja sig, til að verjast þessari stefnu, finna vörn gegn stefnunni sem nú er notuð í árásarskyni. (**Gripið fram í:** Við hvern?) Við þjóðina, við fólkið, við þau kaupfélög sem hafa ekki þolað hana og eru að fara á hausinn og fleiri og fleiri. Ef hæstv. ráðherra — ég held að það hafi verið ráðherra sem greip fram í, (Gripið fram í.) ekki ráðherra, þá bið ég afsökunar, en það var verkalýðsforinginn Karl Steinar sem greip fram í. — Ef hann finnur ekki leiðina eða finnur fyrir stefnunni sem er í gangi veit ég ekki hver leiðir blindan. (**Gripið fram í:** Það var krataverkalýðsforingi.) Samkvæmt sérstakri ósk er ég minntur á að það var krataverkalýðsforingi sem greip fram í og það skal engan furða því að stefna þeirra er ein í dag og önnur á morgun. (**Gripið fram í:** Þú lýgur því.)

Ég verð að segja að ég er ekki alveg sammála fyrrv. hæstv. forseta Sþ., hv. 4. þm. Vestf., þegar hann segir að fyrst verði að móta stefnu og síðan að laga fjárlögin að þeirri stefnu. Ég vil líka segja að það sem er verið að gera núna, og ég vil að hv. þingmenn hugsi á þeirri línu og þess vegna tala ég svona, er að það er verið að aðlaga þjóðfélagið að hugmyndafræði vinstri manna og síðan á að venja þjóðina við stefnuna sem út úr því kemur. Það er þetta sem ég vildi hafa sagt að gefnu tilefni.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég skal ekki tefja þennan fund, enda er erindi mitt hingað upp eingöngu það að mæla fyrir þeim brtt. sem ég legg fram við þetta frv. og koma fram á þskj. 271 og 272 og eru brtt. við 4. gr.

Í fyrsta lagi 02-986 620 Bygging iðnþróttamannvirkja. Þar er tillaga um að hækka framlagið úr 45 millj. kr. eins og gert er ráð fyrir í frv. í 75 millj. kr. Þarna er farið fram á að fá hækkun til þess að áframhaldandi uppbygging á íþróttamannvirkjum geti átt sér stað. Uppbygging íþróttamannvirkja hefur gersamlega stöðvast undanfarin ár vegna skorts á fjárveitingu. Í frv. er eingöngu gert ráð fyrir fjármagni til að standa undir þeim skuldbindingum sem þingið þarf að standa við og er það í sjálfu sér vel, en það má engu að síður ekki stöðva þessa uppbyggingu og þess vegna er farið fram á þessa hækkun.

Í öðru lagi er brtt. við 02-988 117 Starfsemi KFUM og KFUK. Þar er farið fram á að framlagið verði 2 millj. kr. Mig undrar reyndar hversu lág upphæðin er til þessarar starfsemi sem sennilega er einhver sú albesta sem völ er á fyrir unglinga og börn í dag. Ekki veitir af að venja þá á góða og heilbrigða siði og get ég þar talað af eigin raun.

Í þriðja lagi er brtt. við 03-101 131 Kvikmyndir og myndbönd, landkynning. Þar er gert ráð fyrir að upphæðin verði 1,5 millj. kr. í staðinn fyrir 480 þús. kr. Eins og allir vita hefur ferðamönnum hér farið fækkandi því miður. Það sem á að vera blómleg tekjulind fyrir landið er núna að hverfa og við erum að missa ferðamennina úr greipum okkar. Ég tel það miður og vona reyndar að ég misskilji ekki þennan lið, en nafnið á honum gefur til kynna að hér eigi að kynna landið í formi kvikmynda og myndbanda og ég tel að það veiti ekki af. Það þarf náttúrlega ekkert að vera að leiða hugann að Greenpeace-málum eða öðru slíku í þessu sambandi.

Í fjórða lagi er brtt. við 08-399 195 Kynsjúkdómar, eyðni. Lækka á framlagið verulega í því frv. sem hér er lagt fram. Ég hreinlega skil ekki hvað þarna er á ferðinni, hvort menn eru virkilega að slaka á í baráttunni gagnvart þessum vágesti sem nú herjar á þjóðir heims. Ég tel að það megi alls ekki slaka á þarna og hvet því þingmenn til að skoða þetta vel.

Í fimmta lagi brtt. sem kann að vera einkennileg í hugum margra. Hún er við 09-999 190 Óviss útgjöld, sem er upp á 35 millj. kr. í frv. Þennan kafla vil ég hreinlega fella út þó að mönnum finnist það kannski furðulegt að leggja slíkt til. Ég tel að þessi kafli sé ekkert annað en sýndarmennska. Ef menn ætla að hafa lið upp á óviss útgjöld mega þeir gjöra svo vel að bæta þarna við annaðhvort einu eða tveimur núllum ef hann á að standa undir nafni. Þessi liður er ekkert annað en sýndarmnenska, hann mætir í rauninni engum óvissum útgjöldum. Reynslan sannar það auðvitað að menn stoppa ekkert við það þó að óviss útgjöld fari upp fyrir þessa tölu. Þó að tillagan sé einkennileg kem ég þó með niðurskurð á móti þessum litlu krófum sem ég er að leggja hér fram. (**KSG:** Það er mjög einkennilegt.) Það er mjög einkennilegt, hv. þm. Karl Steinar. En það þekkist náttúrlega ekki í Alþfl. að skera niður, þar er allt á uppleið. Ég get nefnt ýmis dæmi þar um. (**KSG:** Mikið meira?) Já, miklu meira.

Í sjötta lagi er hér árviss brtt. við 10-651 60 Ferðamál. Þar er farið fram á að framlagið hækki úr 25 millj. kr. í 45 millj. kr. og má beita sömu rökum

og fyrir brtt. um kvikmyndir, myndbönd og landkynningu. Það veitir ekki af að eyða verulegu fjármagni til þess að selja landið, sem svo er kallað.

Á þskj. 271 er ég með brtt. við 04-501 Bændaskólinn á Hvanneyri. Þetta er nýr liður, 602 Til uppbyggingar búminjasafns, og til hans fari 5 millj. kr. Þetta er í beinu sambandi við þá þáltill. sem ég ásamt hv. þm. Skúla Alexanderssyni og Danfríði Skarphéðinsdóttur hef lagt hér fram á þingi. (Gripið fram í.) Allt of mikið heyrist hér frá sama þingmanni og greip fram í áðan. Það væri ágætt að fá hann upp í ræðustól og biðja hann að viðra sína skoðun á því hvað hér á að vera og hvað liðurinn eigi að hækka mikið. Hann hefur verið að koma inn á það að hér hafi liðir ekki verið hækkaðir nóg. Ef hann hefur ákveðnar skoðanir getur hann komið hér upp og bætt því við því mér skilst að mælendaskráin sé frekar stutt.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í umræðuna um frv. til fjárlaga á þessu stigi. Ég ætla aðeins að leggja fram þessar brtt. sem ég fer fram á að hv. fjvn. taki til gaumgæfilegrar skoðunar og við munum sjá hvað setur.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. fjvn. fyrir mjög vandað og mikið starf við óvenjulega erfiðar kringumstæður. Ég vil sérstaklega þakka formanni fjvn. fyrir að hafa á skemmri tíma en aðrir hafa haft stýrt störfum fjvn. á þann veg sem hefur komið fram við þessa umræðu og nefndarmönnum öllum, bæði fulltrúum stjórnar og ekki síst fulltrúum þeirra flokka sem ekki styðja ríkisstjórnina, fyrir þeirra starf og mikla framlag til að tryggja það að þessi umræða hafi getað farið fram þótt fjárlagafrv. hafi ekki komið fyrir augu þingsins fyrr en fyrstu daga nóvembermánaðar. Ég vakti máls á því þegar ég lagði fjárlagafrv. fram að það væri samið við mjög óvenjulegar kringumstæður þegar ný ríkisstjórn hefði sest að völdum með mjög skömmum fyrirvara rétt fyrir þingbyrjun. Þessi orð eiga ekki síður við hvað störf fjvn. snertir og kannski enn frekar vegna þess að bæði hafði nefndin skemmri tíma en nokkru sinni áður og eins eru aðstæður í okkar þjóðfélagi óvenjulegri en í langan tíma. Þessi óvissa hefur gert það að verkum að á starfstíma nefndarinnar hafa verið að koma í ljós nýjar upplýsingar bæði um erfiða stöðu ríkisfjármála og þjóðarbúsins alls. Fjvn. hefur þess vegna í störfum sínum þurft að taka mið af þessum þáttum. Ég held því að þetta verklag hefði ekki tekist eins vel í framkvæmd ef ekki hefði farið saman góð starfshæfni, ítarleg þekking og góður vilji allra nefndarmanna og fyrir það vil ég þakka sérstaklega í kvöld.

Ég lýsti því við 1. umr. um þetta fjárlagafrv. að einlæg ósk mín væri að eiga góða samvinnu við fjárveitinganefndarmenn meðan ég gegni þessu embætti og ég hef ítrekað þær óskir á fundum með fjvn. á undanförnum vikum. Ég vil ítreka þær óskir og lýsa því að ég met mikils að þau verk sem fjvn. hefur birt þingheimi í dag sýna eindregið að mér finnst að af hálfu nefndarinnar er þessi vilji einnig mjög einlægur og ríkur.

Ég vænti þess að á þeim dögum sem fram undan eru getum við haldið áfram þessu góða samstarfi vegna þess að mjög mikilvægt er að fjárlagafrv. og þau önnur atriði sem tengjast því verði ákveðin hið fyrsta því að frv. sjálft og fylgigögn þess eru mikilvægur þáttur sem þarf að festa til þess að hægt sé að byggja traustar stoðir undir efnahagsstjórnina á næsta ári. Ég hef orðið var við að fjölmargir aðilar, bæði innan lands og eins erlendis, fylgjast mjög með því hvernig þessi vinna gengur. Vegna orða sem hv. þm. Pálmi Jónsson lét falla hér fyrr í kvöld gagnvart hv. þingheimi vegna þess sem hann kallaði áhugaleysi um fjárlagafrv. get ég fullvissað hann um að víða í þessu þjóðfélagi og utan þess eru mjög margir sem fylgjast mjög grannt með þessum störfum, þótt vissulega megi taka undir aðvörunarorð hans.

Ég vil síðan að gefnu tilefni útskýra nánar þá athugasemd sem ég lét falla úr sæti mínu við frásagnir af því að starfsmaður Þjóðhagsstofnunar hefði greint frá því á fundi fjvn. að nýir skattar samkvæmt þeim frv. sem lögð hafa verið fram á Alþingi væru 6700 millj. kr. samtals. Ég dreg ekkert í efa að rétt sé frá skýrt að þessi starfsmaður hafi nefnt þessa tölu. Mér er þó tjáð að það hafi verið eftir eftirgrennslan og án nokkurra útskýringa af hans hálfu. Ég hef einnig rætt við embættismenn ráðuneytisins sem á fundinum voru og þeir hafa tjáð mér að þeir hafi ekki kunnað við að gera athugasemd frammi fyrir kollega sínum úr embættismannastétt án þess að hafa tækifæri til þess að ræða við hann utan fundar.

Staðreynd málsins er hins vegar á þann veg að samkvæmt þeim frv. sem lögð hafa verið fyrir þingið nemur viðbótartekjuöflunin rúmum 4300 millj. kr. Hún skiptist þannig að rúmlega 2100 millj. kr. eru í því frv. um tekjuskatt og eignarskatt einstaklinga og fyrirtækja sem hér var til umræðu í gær. 1600 millj. kr. eru tengdar frv. um vörugjald og 600 millj. kr. eru tengdar hinum frumvörpunum þremur um skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, skattlagningu innlánsstofnana og lántökuskatt.

Þá er rétt að geta þess að frv. um frestun virðisaukaskatts felur það í sér að komið er í veg fyrir tekjutap ríkisins sem af því kynni að orsakast, um það bil 1200 millj. kr. Það er hins vegar umdeilanlegt hvort þetta á að teljast ný skattheimta eða ekki og ég hef tekið eftir því að fulltrúar allra þingflokka styðja það frv. og menn eru almennt sammála um að það beri ekki að skilja sem sérstakt skattheimtufrv. Þess vegna hafði ég það ekki með þegar ég nefndi töluna 4300 millj. kr. Vilji menn hins vegar bæta því við er heildartalan 5500 millj. kr. Þannig að jafnvel þótt af misskilningi hafi það verið ætlun viðkomandi embættismanns að telja það með þegar hann notaði orðalagið: „þau tekjuöflunarfrumvörp sem lögð hafa verið fram á þingi“ nær það á engan hátt þeirri tölu. Það er af einlægni mælt af

minni hálfu að mér er allsendis óljóst hvernig talan er fengin. En ég sagði í léttum dúr við hv. þm. Pálma Jónsson hér í salnum að betra að satt væri að grundvöllurinn gæfi þessa upphæð sem hann nefndi vegna þess að vandi okkar til þess að ná hallalausum ríkisbúskap væri þá ekki eins mikill, en ég held nú að svo sé ekki. Það væri þá fróðlegt að sjá hvort þessi embættismaður Þjóðhagsstofnunar getur rökstutt tölu sína með einhverjum sérstökum hætti.

Ég mun hins vegar ásamt forsrh. og viðskrh. væntanlega á morgun útskýra þessar tölur nánar í viðræðum við fulltrúa þingflokkanna sem ekki eiga aðild að ríkisstjórninni þannig að ekki eigi að geta farið neitt á milli mála hvað þetta snertir. Í þeim viðræðum munum við hafa aðstöðu til þess að vega og meta hvernig staðan er á grundvelli þessara frv. og ákvarðana um aukin útgjöld og niðurskurð sem felast í störfum fjvn. Þannig getur þingheimur allur haft aðstöðu til þess að meta stöðuna þegar kemur að lokaþætti málsins, þ.e. að ákveða endanlega gerð fjárlagafrv. og taka afstöðu til þeirra tekjuöflunarfrv. sem hér hafa verið lögð fram eða annarra frv. um tekjuöflun sem fram kunna að koma.

Virðulegi forseti. Það hefur ýmislegt annað komið fram í fyrirspurnum og athugasemdum um einstaka liði sem tilefni hefði verið til þess að fjalla um. Ég held þó að ég láti þessi orð nægja að sinni og ítreka enn á ný þakkir mínar fyrir gott og vel unnið verk fjvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

27. fundur, laugardaginn 17. des., kl. 10 árdegis.

Fjárlög 1989, frh. 2. umr.

Stjfrv., 73. mál. — Þskj. 75, n. 244 og 260, brtt. 235, 259, 269, 271, 272, 274 og 275.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 30:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, HG, JE, JóhS, JBB, JHelg, JK, JónS, JSS, KSG, KP, KJóh, MF, MálmS, ÓÞÞ, PP, SighB, StG, SV, NL, SvG, VS, AS, ÁrnG, EG, GHelg.

nei: HBl.

EKJ, FrS, GHH, GHG, GA, HJ, IBA, JúlS, KrP, KE, KH, MB, MÁM, ÓÞG, PJ, RH, SalÞ, ÞP, ÞK, ÞÞ, AðB, AG, BÍG, DS, EH greiddu ekki atkvæði.

7 þm. (FÞ, GuðmÁ, ÓE, RA, SkA, SJS, EgJ) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 30 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AS, ÁrnG, EG, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, HG, JE, JóhS, JBB, JHelg, JK, JónS, JSS, KSG, KP, KJóh, MF, ÓÞÞ, PP, SighB, StG, SV, NL, SJS, SvG, VS, GHelg.

ÞK, ÞÞ, AðB, AG, BÍG, DS, EH, EKJ, FrS, GHH, GuðmÁ, GHG, GA, HBl, HJ, IBA, JúlS, KrP, KE, KH, MB, MÁM, MálmS, ÓÞG, PJ, RH, SalÞ, ÞP greiddu ekki atkvæði.

5 þm. (EgJ, FÞ, ÓE, RA, SkA) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 30:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, HG, JE, JóhS, JBB, JHelg, JK, JónS, JSS, KSG, KP, KJóh, MF, ÓÞÞ, PP, SighB, StG, SV, NL, SJS, SvG, VS, AS, ÁrnG, EG, GHelg.

nei: HBl.

EKJ, FrS, GHH, GuðmÁ, GHG, GA, HJ, IBA, JúlS, KrP, KE, KH, MB, MÁM, MálmS, ÓÞG, PJ, RH, SalÞ, ÞP, ÞK, ÞÞ, AðB, AG, BÍG, DS, EH greiddu ekki atkvæði.

5 þm. (FÞ, ÓE, RA, SkA, EgJ) fjarstaddir.

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Það hafa komið fram ábendingar og athugasemdir varðandi eina tillögu sem á að fara að bera upp undir atkvæði, þ.e. tillögu 33 á þskj. 253, þar sem vafi leikur á um að allt komi þar fram sem varðaði afgreiðslu fjvn., og það er sjálfsagt að taka það til skoðunar og afgreiða þá ekki málið fyrr en menn eru búnir að sannfæra sig um að hér sé rétt flutt tillaga. Ég leyfi mér því, virðulegi forseti, að draga til baka tillögu 33, hún er á bls. 14, til þess að mönnum gefist kostur á að skoða þær afgreiðslur sem þarna áttu sér stað.

Brtt. 235,1–7 samþ. með 37 shlj. atkv.

Brtt. 235,8 samþ. með 48 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞK, AS, ÁrnG, BÍG, EH, EG, EKJ, FrS, GeirG, GHH, GB, GHG, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, HBl, HG, IBA, JE, JóhS, JBB, JHelg, JK, JónS, JSS, KP, KJóh, KrP, KH, MF, MB, MÁM, MálmS, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, PJ, RH, SalÞ, SighB, StG, SV, NL, SJS, SvG, VS, ÞP, GHelg.

AðB, AG, DS, GuðmÁ, GA, HJ, JúlS, KSG greiddu ekki atkvæði.

7 þm. (ÞÞ, EgJ, FÞ, KE, ÓE, RA, SkA) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Halldór Blöndal:

Virðulegi forseti. Hér er ekki um háa fjárhæð að ræða til Háskólans á Akureyri, enda hafa áhrifamiklir menn haldið því fram að nóg sé að hafa einn háskóla á Íslandi. Á hinn bóginn er hækkunin ætluð til verkefnaráðningar starfsmanns í hálft ár til undirbúnings kennslu í sjávarútvegsfræðum norður þar. Ég fagna því að sú viðurkenning skuli fengin að

kennsla í sjávarútvegsfræðum skuli verða við Háskólann á Akureyri og segi já.

Brtt. 235,9–14 samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 259,1 samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 235,15–21 samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 275 samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 235,22 komu ekki til atkvæða.
Brtt. 235,23–25 samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 259,2 samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 274 kölluð aftur.
Brtt. 235,26–32 samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 235,33 kölluð aftur.
Brtt. 235,34–35 samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 272,1 kölluð aftur.
Brtt. 235,36–37a samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 272,2 kölluð aftur.
Brtt. 235,37b samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 269 kölluð aftur.
Brtt. 235,38–40 samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 272,3 kölluð aftur.
Brtt. 235,41 samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 259,3 samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 235,42 kölluð aftur.
Brtt. 235,43–50 samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 271 kölluð aftur.
Brtt. 235,51–62 samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. 259,4 samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 235,63–64 samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 259,5 samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 235,65–78 samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 235,79 samþ. með 43 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SV, NL, SJS, SvG, VS, ÞP, ÞK, ÞÞ, AðB, AS, ÁrnG, EH, EG, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, GA, HÁ, HG, JE, JóhS, JBB, JHelg, JK, JónS, JSS, KSG, KP, KJóh, KH, MF, MB, MÁM, MálmS, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, PJ, SalÞ, SighB, StG, GHelg.

AG, BÍG, DS, EKJ, FrS, GHH, GuðmÁ, GHG, HBl, HJ, IBA, JúlS, KrP, KE, RH greiddu ekki atkvæði.

5 þm. (EgJ, FÞ, ÓE, RA, SkA) fjarstaddir.

8 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég hlýt við þessa atkvæðagreiðslu að gera hv. Alþingi grein fyrir bréfi sem þingmönnum Reykjavíkur hefur borist frá borgarstjóranum í Reykjavík og er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Á fundi fulltrúa Reykjavíkurborgar með þingmönnum kjördæmisins og talsmönnum fjvn. í síðustu viku kom fram að ekki er gert ráð fyrir neinu framlagi til byggingar heilsugæslustöðva í Reykjavík í tillögum fjvn. um skiptingu stofnframlaga. Á fundinum var upplýst að um 230 millj. væru til skiptanna í þessum málaflokki. Reykjavíkurborg hefur sótt um 100 millj. til að ljúka framkvæmdum við þær heilsugæslustöðvar sem nú eru í byggingu, þ.e. við Vesturgötu og Hraunberg.

Borgarráð lýsir furðu sinni á þessari tillögugerð, sem hlýtur að leiða af sér stöðvun framkvæmda, og skorar á alla þingmenn Reykjavíkur að beita sér fyrir eðlilegum fjárveitingum til umræddra heilsugæslustöðva á fjárlögum 1989, en alkunnugt er að Reykjavík hefur fengið hlutfallslega mun lægri framlög til heilsugæslustöðva á liðnum árum en önnur kjördæmi."

Ég vildi við þessa atkvæðagreiðslu vekja athygli á þessu bréfi og raunar lýsa furðu minni á því að þetta skuli gerast ár eftir ár að þeir aðilar sem gera tillögur um skiptingu fjár, þar á meðal hæstv. heilbrmrh., skuli sniðganga á þennan hátt stærsta sveitarfélag landsins þannig að ekki sé ætlaður eyrir til byggingar heilsugæslustöðva í Reykjavík.

Nú er mér reyndar kunnugt um og tel rétt að það komi hér líka fram að á þessu ári var gerður sérstakur samningur með heimild í fjárlögum um sérstakt framlag, 44 millj. að ég hygg, sem búið er að greiða að hluta, og mér er enn fremur kunnugt um að það eru í gangi nú samningaviðræður á milli borgarstjóra og fjmrh. og 1. þm. Reykv. um að reynt verði að bæta úr þessu, en engu að síður hlýt ég að vekja athygli á þessu og skora á þá aðila sem gera tillögur um þessa skiptingu að láta slíkt ekki endurtaka sig ár eftir ár. Ég greiði ekki atkvæði.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég get vitnað til fyrirvara hv. þm. Birgis Ísl. Gunnarssonar, en vil þó taka fram að hv. formaður fjvn. og frsm. hennar tók í gær mjög eindregið og skýrt fram að hann mundi beita sér fyrir samningum þannig að Reykjavík nyti kannski ekki jafnréttis en alla vega fengi aukafjárveitingu eða fjárveitingu við 3. umr. Hann lýsti því líka yfir að hann hefði rætt málið við hæstv. fjmrh. Að vísu hafa ekki komið neinar skýrar línur í málið enn þá, en þó að ég treysti því að formaður fjvn. muni standa við sín orð í einu og öllu og beita sér sé ég þetta ekki enn þá á blaði og þess vegna greiði ég ekki atkvæði.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Aðeins út af því að í grg. við atkvæðagreiðslu frá hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarssyni kom fram að e.t.v. hefði ekki í tillögum frá heilbr.- og trmrh. eða ráðuneyti verið nein athugasemd við það að ekki væri fjárveiting til heilsugæslustöðva í Reykjavík eða ósk um, þá vil ég ítreka og árétta hér að það er að sjálfsögðu fjvn. sem gerir tillögur um skiptingu þessa fjárveitingaliðar að þessu sinni eins og áður. Heilbrmrn. hefur gert grein fyrir öllum óskum sem hafa borist til þess að þessu sinni eins og jafnan áður. Þær voru upp á 700 millj. kr. Til ráðstöfunar eru 240 millj. Þar var auðvitað gerð grein fyrir ósk Reykjavíkurborgar um 100 millj. kr. Ég vil líka láta það koma fram að þessa dagana er verið að ganga frá 20 millj. kr. fjárveitingu til

Reykjavíkurborgar upp í þær 100 millj. sem þar var getið um. Þá hefur Reykjavíkurborg fengið á þessu ári 44 millj. kr. samkvæmt heimildargrein í fjárlögum ársins í viðbót við 10 millj. sem voru í fjárlögunum, 55 millj. samtals, sem er meira en nokkurt annað eitt sveitarfélag hefur fengið í fjárveitingu til þessa liðar, uppbyggingar heilsugæslustöðva, á árinu sem er að líða. Þetta taldi ég rétt að kæmi fram, en það er auðvitað ljóst, þegar umsóknir eru um eða yfir 700 millj., að það verður ekki öllum framfylgt. En það var aðallega það að tilmæli frá heilbrmrn. hafa borist til fjárveitingavaldsins um þessar óskir Reykjavíkurborgar alveg eins og allar aðrar og það er því rangt hjá hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarssyni að það hafi engin athugasemd komið um það frá heilbr.- og trmrh. Ég segi já.

Jón Sæmundur Sigurjónsson:

Virðulegi forseti. Ég vek athygli á því að það er ekki svo að þessi liður sjái fyrir fjármagni eingöngu til heilsugæslustöðva. Fjárveitingar á þessum lið fara einnig til sjúkrahúsa. Sjúkrahús á Reykjavíkursvæðinu, þ.e. stóru sjúkrahúsin þrjú, Landakot, Borgarspítali og ríkisspítalarnir, eru ekki inni á þessum lið heldur á sérliðum. Þau eru öll í Reykjavík og fá um 350 millj. í stofnfjárframlög. Ég segi já.

Kjartan Jóhannsson:

Hæstv. forseti. Þótt ekki sé um háa upphæð að ræða skaðar ekki að geta þess að samkvæmt sundurliðun eru í lið 33 8 millj. kr. til Seltjarnarness sem eingöngu eru ætlaðar til uppbyggingar á heilsugæslustöð þar fyrir Reykjavíkurhérað, fyrir vesturhluta Reykjavíkur. Uppbyggingu fyrir Seltjarnarnes hefur þegar lokið, en stöðin þar á að þjóna vesturbæ Reykjavíkur og þessi fjárveiting er til þeirra hluta og mun því nýtast Reykvíkingum. Ég segi já.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Þar sem hér hefur verið leyfður upplestur á bréfum þykir mér rétt að beina þeim eindregnu tilmælum til hv. 2. þm. Reykv. að hann geri borgarstjórn Reykjavíkur grein fyrir því að þeir gera meiri kröfur en önnur sveitarfélög á Íslandi á hendur ríkinu varðandi heilsugæslustöðvar og krefjast greiðslu á gatnagerðargjöldum. Meðan sú deila er ekki leyst er þess varla að vænta að annar aðilinn beygi sig algerlega í þessu máli. Ég mælist til þess að hann leiti sátta og vafalaust mundi það auðvelda að afgreiðslan færi fram á þessari grein en þyrfti ekki að fara inn í heimildargrein. Ég segi já.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Fram kom hjá hæstv. heilbrmrh. að heilbrmrn. gerði grein fyrir því sem það telur þörf á til framkvæmda í sjúkrahúsabyggingum og heilsugæslustöðvum sem var um 700–800 millj. kr. Á hinn bóginn gera fulltrúar heilbrmrn. og fulltrúi frá framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins tillögu til fjárveitinganefndar um skiptingu á því fé sem liðurinn gerir ráð fyrir sem er miklu lægri fjárhæð en hér var um að tefla eða er nú í heild 240.3 millj. kr. Í þeirri skiptingu var ekki gerð tillaga um neina krónu til framkvæmda í Reykjavík í þessu tilliti.

Ég lýsti því yfir þegar tillaga um þetta var lögð fyrir í fjvn. að ég gæti ekki staðið að skiptingu með þessum hætti og voru þá gerðar þær breytingar að bætt var við 8 millj. kr. til heilsugæslustöðvar á Seltjarnarnesi sem réttilega hefur komið fram að á að þjóna Reykjavík að hluta. Enn fremur lýsti formaður fjvn., hv. 5. þm. Vestf., því yfir að samkomulag yrði gert, samningur yrði gerður á milli hæstv. fjmrh. og borgarstjórans í Reykjavík með milligöngu hv. 1. þm. Reykv. um greiðslur til heilsugæslustöðva í Reykjavík, sem eru í byggingu bæði við Hraunberg og Vesturgötu, og eftir að sú yfirlýsing barst inn á fund nefndarinnar treysti ég mér til að standa að þessu máli.

Ég lýsi því yfir að það er ekki til eftirbreytni að viðhafa þessa aðferð við afgreiðslu fjárlaga. Á þessu ári voru samkvæmt samningi og samkvæmt heimild í 6. gr. greiddar 44 millj. með þessum hætti til heilbrigðismála í Reykjavík. Það eru ekki eðlileg vinnubrögð að halda áfram að halda utan fjárlaganna sjálfra stórum fjárhæðum sem renna eiga til framkvæmda eins og heilsugæslustöðva og væri hyggilegra að taka málin hreint fyrir við afgreiðslu fjárlaga og fella fjárhæðina þar inn. Því var einnig lýst yfir að væri þetta samkomulag komið til loka áður en afgreiðsla fjárlaga fer fram væri hægt að fella þessar tölur inn í fjárlagaafgreiðsluna sjálfa.

Ég vil svo aðeins segja að hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson (**ÓÞÞ:** Eru frjálsar umræður eða er verið að gera grein fyrir atkvæði sínu?) sagði að Reykjavík og yfirvöld í Reykjavík krefðust meiri greiðslu til heilbrigðismannvirkja en önnur byggðarlög og að yfirvöld í Reykjavík hefðu krafist gatnagerðargjalda vegna byggingar heilsugæslustöðva í Reykjavík. Þarna er málum blandið vegna þess að það er úrskurður Ríkisendurskoðunar að greiða skuli gatnagerðargjöld af þessum framkvæmdum hvar sem er á landinu. Ég segi já.

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins leiðrétta það, sem raunar er komið hér fram, að það væri engin fjárveiting til heilsugæslumála í Reykjavík. Það eru 8 millj. kr. til heilsugæslustöðvar á Seltjarnarnesi, til þess hluta hennar sem ætlað er að þjóna vesturbænum í Reykjavík, og það er ekki bráðabirgðaráðstöfun heldur framtíðarráðstöfun.

Ég ætla líka að leiðrétta að þessi hugmynd hafi komið fram á einhverjum öðrum tíma en í upphaflegum tillögum nefndarinnar. Hún kom strax fram í tillögum þeim sem kynntar voru fjvn. frá meiri hl. fjvn. og heilbrmrr.. Það er ekki heldur rétt að sú tillaga hafi komið inn á seinni stigum málsins.

Þá er heldur ekki rétt að það sé ekki búið að standa við það samkomulag sem gert var við borg-

arstjórann í Reykjavík með heimild í 6. gr. Fyrrv. fjmrh. greiddi hluta af því og núv. fjmrh. hefur að fullu staðið við það samkomulag.

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð í viðbót. Það hefur torveldað mjög málin að ekki hefur ríkt samkomulag á milli Reykjavíkurborgar, heilbrmrn. og stjórnvalda almennt um heilsugæslumál í Reykjavík þar sem þau hafa verið í nokkuð öðru horfi en annars staðar á landinu. Nú er langt komið samkomulag á milli heilbrmrn. og borgaryfirvalda í Reykjavík um þau mál og mun það að sjálfsögðu greiða mjög mikið fyrir því að Reykjavíkurborg fái eðlilega meðferð í fjárveitingum. Það er sjálfsagt og eðlilegt að tengja samkomulag um slíkar greiðslur við það samkomulag sem verið er að gera að uppbyggingu heilsugæslumannvirkja. Ég lýsti því yfir í fullri heimild hæstv. fjmrh. að slíkir samningar yrðu teknir upp með heimild í 6. gr. og ég veit að hæstv. fjmrh. mun láta það samkomulag ganga fram og mun leggja sig fram um að það verði gert og ég vil ítreka að ég er reiðubúinn og mun að sjálfsögðu fylgja því eftir að svo verði. Ég segi já.

Brtt. 235,80 samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 272,4 kölluð aftur.
Brtt. 235,81–87 samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. 272,5 kölluð aftur.
Brtt. 235,88–94 samþ. með 39 shlj. atkv.
Brtt. 272,6 kölluð aftur.
Brtt. 235,95–99 samþ. með 41 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, HG, JE, JóhS, JBB, JHelg, JK, JónS, JSS, KSG, KP, KJóh, MF, MálmS, ÓÞÞ, PP, SighB, StG, SV, NL, SJS, SvG, VS, AS, ÁrnG, EG, GHelg.

FrS, GHH, GHG, GA, HBl, HJ, IBA, JúlS, KrP, KE, KH, MB, MÁM, ÓÞG, PJ, RH, SalÞ, ÞP, ÞK, AðB, AG, BÍG, DS, EH, EgJ, EKJ greiddu ekki atkvæði.

6 þm. (GuðmÁ, ÓE, RA, SkA, ÞP, FÞ) fjarstaddir.

5. gr. samþ. með 30 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AS, ÁrnG, EG, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, HG, JE, JóhS, JBB, JHelg, JK, JónS, JSS, KSG, KP, KJóh, MF, ÓÞÞ, PP, SighB, StG, SV, NL, SJS, SvG, VS, GHelg.

AG, BÍG, DS, EH, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GHG, GA, HBl, HJ, IBA, JúlS, KrP, KE, KH, MB, MÁM, MálmS, ÓÞG, PJ, RH, SalÞ, ÞP, ÞK, ÞÞ, AðB greiddu ekki atkvæði.

5 þm. (FÞ, GuðmÁ, ÓE, RA, SkA) fjarstaddir.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Verður nú gengið til atkvæða um 6. gr. frv. Fram hefur komið ósk frá hv. 2. þm. Norðurl. e. um að liður 6.3 verði borinn upp sérstaklega. Forseti mun þá gera tillögu um að 6.3 verði borin upp fyrst, síðan greinin í heild. (**Gripið fram í:** Fyrst liðir 1.1 til 6.2.) Forseti fellst á það. Atkvæðagreiðsla fer nú fram um 6. gr. fjárlaga, lið 1.1 til og með 6.2, og fer fram nafnakall. (**HBl:** Ég bið um að liður 5.9. verði líka borinn upp sérstaklega.) Sú ósk er of seint fram komin. Ég bendi hv. þm. á að atkvæðagreiðsla er hafin. Ég mun þrátt fyrir þetta af alkunnri mildi gefa hv. 2. þm. Norðurl. e. orðið um þingsköp. (**JE:** Það er ekki hægt fyrr en atkvæðagreiðslu er lokið.)

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. (**ÓÞÞ:** Þingmaðurinn verður að víkja úr stólnum því atkvæðagreiðsla er hafin.) (**Forseti:** Má ég biðja hv. 2. þm. Norðurl. e. að víkja úr stólnum meðan fram fer atkvæðagreiðsla, síðan mun hann fá orðið um þingsköp.) Hæstv. forseti er búinn að gefa mér orðið um þingsköp og ef hæstv. forseti ætlar að neita mér að tala bið ég um orðið um þingsköp um þann úrskurð.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Atkvæðagreiðslan var ekki hafin þegar hv. 2. þm. Norðurl. e. óskaði eftir því að liður 5.9 yrði borinn upp sérstaklega. Ég sé ekki nein rök gegn því að hann verði borinn upp sérstaklega, engin efnisleg rök, þvert á móti er það eðlileg ósk að fara fram á að liðurinn verði borinn sérstaklega undir atkvæði, og mælist eindregið til þess við forseta að hann beri greinina þannig upp að þessi liður komi einnig sérstaklega til atkvæðagreiðslu. Það á ekki að tefja fundinn svo nokkru nemi.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ég vek athygli hv. 1. þm. Suðurl. á því að ég stend hérna með kúlu í höndunum. Þegar hafði verið dregið um númeraröð í nafnakalli.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég tók svo eftir að atkvæðagreiðslan væri um lið 1 og 2 eins og hæstv. forseti sagði og hafði hæstv. forseti úrskurðað nafnakall um lið 1 og 2. Síðan var mér bent á að nú væri búið að breyta atkvæðagreiðslunni og af vangá var ég of seinn til að óska eftir því að atkvæði yrðu sérstaklega greidd um þann lið sem varðar heimild til að kaupa skrifstofuhúsnæði fyrir Stjórnarráð Íslands. Hins vegar skil ég það vel, eins og ríkisstjórninni er háttað og stefnu hennar, að það verði með öllum hætti að koma í veg fyrir að þingheimur geti látið í ljós hug sinn til þess hvort rétt og nauðsynlegt sé að kaupa aukið skrifstofuhúsnæði fyrir Stjórnarráðið, en ég tel samt sem áður nauðsynlegt að þingheimur fái að láta uppi hug sinn um það. Það er verið að tala um að eyðsla sé mikil, það er verið að tala um það að fyrirtækin eigi að sýna sparnað og hagræðingu og einmitt þegar svo stendur á er nauðsynlegt að þingheimur fjalli um það, greiði atkvæði um það sérstaklega hvort það eigi áfram að halda við útþenslu ríkisbáknsins. Ég ítreka að ég óska eftir að þessi liður sé borinn upp sérstaklega.

Matthías Á. Mathiesen:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki deila um það við forseta hvort atkvæðagreiðsla var hafin eður ei með því að búið var að draga kúlu út úr kassanum, en mín tillaga til forseta er sú að hann leiti þá afbrigða fyrir því við hv. þm. að fá að taka atkvæðagreiðsluna upp við 6. gr. og byrja atkvæðagreiðsluna við 6. gr. upp á nýtt.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Hv. 1. þm. Reykn. hefur þegar sagt það sem ég ætlaði að segja og ég er samþykkur þeirri málsmeðferð sem hann leggur til.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti mun fara að viturra manna ráðum og leitar nú afbrigða fyrir því að mega hefja atkvæðagreiðsluna um 6. gr. að nýju.

Afbrigði samþ. með 44 shlj. atkv.

6. gr., tl. 1.1–5.8, samþ. með 30 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónS, JSS, KSG, KP, KJóh, MF, ÓÞÞ, PP, SighB, StG, SV, NL, SJS, SvG, VS, AS, ÁrnG, EG, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, HG, JE, JóhS, JBB, JHelg, JK, GHelg.

JúlS, KrP, KE, KH, MB, MÁM, MálmS, ÓÞG, PJ, RH, SalÞ, ÞP, ÞK, ÞÞ, AðB, AG, BÍG, DS, EH, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GuðmÁ, GHG, GA, HBl, HJ, IBA.

4 þm. (ÓE, RA, SkA, FÞ) fjarstaddir.

6. gr., tl. 5.9, samþ. með 30:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SighB, StG, SV, NL, SJS, SvG, VS, AS, ÁrnG, EG, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, HG, JE, JóhS, JBB, JHelg, JK, JónS, JSS, KSG, KP, KJóh, MF, ÓÞÞ, PP, GHelg.

nei: AðB, HBl, HJ, JúlS, KrP, MB.

SalÞ, ÞP, ÞK, ÞÞ, AG, BÍG, DS, EH, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GuðmÁ, GHG, GA, IBA, KE, KH, MÁM, MálmS, ÓÞG, PJ, RH greiddu ekki atkvæði.

4 þm. (SkA, FÞ, ÓE, RA) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Albert Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Það er ekki vitað hvort hér er um ákveðið húsnæði að ræða eða undir hvaða starfsemi Stjórnarráðsins á að kaupa húsnæði eða fá leyfi til að kaupa húsnæði. Á meðan ríkið notar ekki það húsnæði sem þegar hefur verið keypt, eins og gríðarlega mikið laust húsnæði í mjólkurstöðinni gömlu sem ekki hefur verið tekið í notkun, verð ég að sitja hjá. Ég greiði ekki atkvæði, tel tillöguna óþarfa.

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Um þessa grein hefur enn ekki verið fjallað í fjvn. svo að hún verður væntanlega eitthvað breytt þegar hún kemur til atkvæða við 3. umr. Ég greiði ekki atkvæði.

Matthías Bjarnason:

Virðulegi forseti. Á meðan engin skýring er gefin á því hvað er meint með þessari heimild sé ég ekki ástæðu til að gefa henni mitt samþykki og segi því nei.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. 6. gr. fjárlagafrv. hefur ekki verið tekin til athugunar í fjvn. fyrir þessa umræðu eins og fram hefur komið. Það mun verða gert á milli 2. og 3. umr. og þá krafist skýringa á því hvaða fyrirætlanir liggja að baki þeim lið sem hér er verið að greiða atkvæði um. Ég greiði því ekki atkvæði.

6. gr., tl. 5.10–6.2, samþ. með 30 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HG, JE, JóhS, JBB, JHelg, JK, JónS, JSS, KSG, KP, KJóh, MF, ÓÞÞ, PP, SighB, StG, SV, NL, SJS, SvG, VS, AS, ÁrnG, EG, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, GHelg.

HBl, HJ, IBA, JúlS, KrP, KE, KH, MB, MÁM, MálmS, ÓÞG, PJ, RH, SalÞ, ÞP, ÞK, ÞÞ, AðB, AG, BÍG, DS, EH, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GuðmÁ, GHG, GA.

4 þm. (ÓE, RA, SkA, FÞ) fjarstaddir.

6. gr., tl. 6.3, samþ. með 30:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KJóh, MF, ÓÞÞ, PP, SighB, StG, SV, NL, SJS, SvG, VS, AS, ÁrnG, EG, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, HG, JE, JóhS, JBB, JHelg, JK, JónS, JSS, KSG, KP, GHelg.

nei: MÁM, SalÞ, ÞP, AG, BÍG, EH, FrS, GHH, GHG, HBl, HJ.

KrP, KE, KH, MB, MálmS, ÓÞG, PJ, RH, ÞK, ÞÞ, AðB, DS, EgJ, EKJ, GuðmÁ, GA, IBA, JúlS greiddu ekki atkvæði.

4 þm. (ÓE, RA, SkA, FÞ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Albert Guðmundsson:

Virðulegur forseti. Þessi grein er orðuð þannig að hér er ekki um upphæð að ræða heldur fjölda eintaka af hverju dagblaði og það til viðbótar við 4. gr. frv. þannig að við vitum ekki í dag hvaða upphæð þetta getur orðið, það er óákveðið. Ég tel að það sé frámunalega vitlaust að styrkja blöðin á þennan hátt og segi nei eins og ég hef gert sl. 14 ár.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Það er mikilvægt að rugla ekki þessum lið saman við sérstakan styrk til dagblaðanna sem fram kemur í 4. gr. frv. Þar er gert ráð fyrir hvorki meira né minna en 70% hækkun á beinum stuðningi við flokkssneplana í landinu upp í 50 millj. kr. Í hallærinu, í fjárþrengingum ríkissjóðs er þetta tillaga fjmrh. og hæstv. ríkisstjórnar. (**ÓÞÞ:** Er það til atkvæðagreiðslu nú?) Þessi blöð, 250, sem hér er verið að fjalla um, renna eflaust flest hver til spítala og annarra stofnana á vegum ríkisins. Slíkum

blöðum á hins vegar að gera ráð fyrir á rekstrarliðum þessara stofnana en ekki með opinni heimild eins og hér er um að ræða. Það á að áætla fyrir því sem rekstrarkostnaði hjá þessum aðilum. Þess vegna er þessi grein óþörf og úrelt. Henni á að breyta og ég segi nei.

6. gr., tl. 6.4–6.13, samþ. með 30 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JE, JóhS, JBB, JHelg, JK, JónS, JSS, KSG, KP, KJóh, ÓÞÞ, MF, ÞP, SighB, StG, SV, NL, SJS, SvG, VS, AS, ÁrnG, EG, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, HG, GHelg.

HJ, IBA, JúlS, KrP, KE, KH, MB, MÁM, MálmS, ÓÞG, PJ, RH, SalÞ, ÞP, ÞK, ÞÞ, AðB, AG, BÍG, DS, EH, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GuðmÁ, GHG, GA, HBl.

4 þm. (ÓE, RA, SkA, FÞ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 38 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Þinghald milli jóla og nýárs o.fl.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Það hefur legið fyrir frá upphafi að núv. hæstv. ríkisstjórn hefur ekki meiri hluta í Nd. Alþingis, en það hefur komið á daginn við þá atkvæðagreiðslu sem hér hefur farið fram við 2. umr. fjárlaga að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki haft starfhæfan meiri hluta hér við atkvæðagreiðsluna. Það er minni hluti þingmanna sem hefur staðið að afgreiðslu fjárlaga hér við 2. umr., 30 þingmenn af 63.

Það hefur verið yfirlýst stefna hæstv. ríkisstjórnar, sem ekki er gerður ágreiningur um, að afgreiða fjárlög og skattheimtufrumvörp ríkisstjórnarinnar fyrir jólaleyfi. Forseti sameinaðs Alþingis hefur lýst því úr forsetastóli að ekki verði haldnir fundir á Alþingi á milli jóla og nýárs. Í dagblaðinu DV í gær er síðan viðtal við hæstv. forsrh. þar sem segir svo, með leyfi forseta:

„Steingrímur Hermannsson forsrh. mælir fyrir bráðabirgðalögunum í Nd. á morgun. Steingrímur sagðist ekki eiga von á því að lögin yrðu afgreidd frá deildinni fyrir jól. Nær væri að tala um tímann á milli jóla og nýárs."

Og í fyrirsögn þessarar fréttar segir þetta: „Bráðabirgðalögin afgreidd milli jóla og nýárs, segir forsætisráðherra."

Nú liggur fyrir að afgreiðsla fjárlaga getur ekki átt sér stað fyrr en skattheimtufrumvörp ríkisstjórnarinnar hafa verið afgreidd og bráðabirgðalögin. Nú hefur hæstv. forsrh. lýst því yfir í dagblaði að afgreiðsla bráðabirgðalaganna eigi ekki að fara fram fyrr en milli jóla og nýárs. Fram til þessa hefur ekkert annað komið fram hér á hinu háa Alþingi eða í samtölum við þingflokka en að ríkisstjórnin ætlaði að ljúka þingstörfum fyrir jólaleyfi. Það er þess vegna af þessari ástæðu alveg nauðsynlegt að spyrja hvort með þessari blaðayfirlýsingu hæstv. forsrh. hafi verið teknar nýjar ákvarðanir um afgreiðslu þingmála. Ef bráðabirgðalögin eru á dagskrá í Nd. í dag, ef þau á ekki að afgreiða fyrr en í fyrsta lagi á milli jóla og nýárs, er mikil spurn um það hvort ástæða er til að hafa deildafundi á laugardegi, en aðalatriðið er að hér kemur fram alveg ný yfirlýsing af hálfu hæstv. ríkisstjórnar sem getur ekki þýtt annað en að um leið sé búið að taka ákvörðun um að fresta afgreiðslu fjárlaga því eðli máls samkvæmt verða þau varla afgreidd fyrr en bráðabirgðalögin hafa verið afgreidd. Um þetta er auðvitað nauðsynlegt að fá skýr svör frá hæstv. ríkisstjórn, hvaða yfirlýsingar það eru af hennar hálfu sem mark á að taka á.

Það hefur líka komið fram, síðast í gærkvöld af hálfu hæstv. forsrh., að nauðsynlegt væri vegna þess að ríkisstjórnin hefur ekki meiri hluta í Nd. að efna til viðræðna við stjórnarandstöðuflokkana um bráðabirgðalögin, ekki aðeins um framgang þeirra heldur um efnisatriði. Þess vegna hlýtur sú spurning að koma fram hér, ekki síst í ljósi þessarar yfirlýsingar, hvort þær viðræður sem hæstv. forsrh. boðaði í sjónvarpi síðast í gærkvöld eigi ekki að hefjast áður en mælt verður fyrir frumvörpunum í Nd. Alþingis. Það er nauðsynlegt að fá skýr svör við þessum spurningum.

Jafnframt er nauðsynlegt að fá skýr svör við því um þær viðræður sem hæstv. fjmrh. hefur óskað eftir við þingflokka stjórnarandstöðunnar, og ég skil það svo að einum fundi af því tagi sé lokið við Kvennalistann en aðrir fundir eru eftir og eiga að fara fram í dag, þar á meðal við Sjálfstfl., hvort það sé ekki rétt skilið að á þeim fundum séu forsendur fjárlaga í heild sinni og skattafrumvörpin og efnahagsstefnan í heild til umræðu.

Ég óska eftir því að skýr svör fáist við þessari spurningu á þessum fundi.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. (**EKJ:** Hefur fjmrh. tekið að sér að gegna störfum forsrh.?) Vegna frammíkalls Eyjólfs Konráðs Jónssonar er alveg óhætt ... (**Gripið fram í:** Hv. þm.) Hv. þm., vissulega, mjög háttvirts, sérstaklega háttvirts. Það er rétt að vekja athygli á því að formaður Sjálfstfl., hv. 1. þm. Suðurl., vék í sínu máli að samtölum sem ég hefði átt við formenn þingflokkanna og tel ég eðlilegt að fjalla um það hér.

Ég vil að vísu áður sérstaklega lýsa því yfir að mér fannst það sérkennilegur málflutningur hjá hv. þm. Þorsteini Pálssyni að fara að gera mál úr því, sem er algeng venja í þinginu og áralöng hefð fyrir, að þingmenn stjórnar og stjórnarandstöðu pari sig út hver á móti öðrum við atkvæðagreiðslur þegar þeir

geta af ýmsum ástæðum ekki verið viðstaddir og að leggja pólitískan dóm á það, eins og hann gerði í upphafi sinnar ræðu, eru vægast sagt afar sérkennileg vinnubrögð og óvenjulegur málflutningur. Tveir þeirra þingmanna sem hafa verið fjarstaddir í dag, annar þingmaður Sjálfstfl., hinn þingmaður Alþb., gerðu það samkomulag sín á milli að vera ekki hér í dag vegna þess að þeir þurfa að vera viðstaddir jarðarför í sínu kjördæmi. Hv. þm. Þorsteinn Pálsson má halda áfram að reyna að fleyta pólitískar kerlingar á slíkum forsendum, en það er ekki við hæfi.

Hitt var hins vegar fyllilega eðlilegt að víkja að blaðaummælum og fyrirspurn um viðræður, en að tengja inn í það þessa áralöngu hefð í þinginu fannst mér fullkomlega óeðlilegt og óvenjulegt, hef aldrei heyrt það gert fyrr úr þessum ræðustól.

Í gær kom ég á framfæri við formenn þingflokka, þeirra flokka sem ekki eiga aðild að þessari ríkisstjórn, formlegri ósk um viðræður við fulltrúa ríkisstjórnarinnar um þau tekjuöflunarfrumvörp sem eru til meðferðar í þinginu. Ég greindi jafnframt frá því að þetta væri formleg ósk sett fram í samráði við forsrh. og forustu Alþfl. Formenn þingflokks Kvennalistans og Borgfl. tjáðu mér í gær að þeir mundu koma til slíkra viðræðna og ég heyrði í sjónvarpi að formaður þingflokks Sjálfstfl. hafði svipuð orð. Hann var hins vegar ekki viðstaddur hér í morgun, líka vegna þessa samkomulags um pörun við atkvæðagreiðslur sem hv. þm. Þorsteinn Pálsson var hér að fordæma í upphafi sinnar ræðu, og ég hef þess vegna ekki haft tækifæri til þess að ræða við formann þingflokks Sjálfstfl. um það mál. Hins vegar er það rétt að í morgun áttu hæstv. forsrh., hæstv. viðskrh. og ég viðræður á skrifstofu forsrh. við þrjá þingmenn Kvennalistans og við höfum sett fram þá ósk og það hefur verið ákveðið að á skrifstofu forsrh. muni að loknum fundi í Sþ. einnig fara fram viðræður við fulltrúa þingflokks Borgfl. og í samræðum hér á fundinum við formann Sjálfstfl. Þorstein Pálsson skildi ég hann þannig einnig að Sjálfstfl. mundi senda fulltrúa til sams konar viðræðufundar eftir að þingflokkur Sjálfstfl. hefði haft tækifæri til að funda um málið. Á þeim fundi gefst tækifæri til að fjalla um þau atriði sem hv. þm. Þorsteinn Pálsson gerði hér að umræðuefni og fá á þeim nánari skýringar. Það tel ég vera eðlilegri og vænlegri vinnubrögð og við munum þar greina frá okkar afstöðu og afstöðu ríkisstjórnarinnar og hlýða á þau sjónarmið sem fulltrúar þeirra flokka sem ég hef nefnt kunna að koma fram með.

Kjartan Jóhannsson:

Hæstv. forseti. Út af vangaveltum um hvort bráðabirgðalög verði afgreidd fyrir jól eða ekki vil ég staðfesta það, sem væntanlega er flestum hv. þm. kunnugt, að í áætlunum sem ég sem forseti Nd. hef lagt fram er gert ráð fyrir því að bæði 2. og 3. umr. um bráðabirgðalögin verði fyrir jól. Ég hef ekki breytt þeim áformum. Það hefur enginn beðið mig um að breyta þeim. Ég mun halda mig við þau eins og önnur atriði þessarar áætlunar. Hvort hún stenst að öllu leyti er auðvitað undir þingheimi komið, þingmönnum sjálfum, og þá ef að líkum lætur, miðað við fyrri reynslu, og þá ekki bara á þessu þingi heldur yfirleitt, ekki síst undir þingmönnum stjórnarandstöðunnar komið. En áform forseta og ákvarðanir eru ljósar.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Vegna fyrirspurna hv. 1. þm. Suðurl. finnst mér eðlilegra að slíkar fyrirspurnir séu bornar fram þegar forsrh. er viðstaddur. Það munu verða deildafundir í dag þar sem nefnd frumvörp eru á dagskrá, nefnd bráðabirgðalög. Mér þykir eðlilegra að umræða sem þessi, ef hún er þá á annað borð nauðsynleg, fari fram þá, en auðvitað er ljóst að það er nauðsynlegt að halda sem fyrst fund þingflokksformanna og forseta þingsins til að ræða þessi mál eins og venja er. Ég hygg að það sé næsta útilokað að fá niðurstöðu í það sem hér er rætt nema á slíkum fundi. Ég vildi fara þess á leit við hv. 1. þm. Suðurl. að hann geymi þessa umræðu þar til forsrh. er viðstaddur.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég hygg að það sé rétt hjá hæstv. sjútvrh. að það er skemmtilegra að tala um vinnubrögð ríkisstjórnar og Alþingis að viðstöddum hæstv. forsrh. Ég hygg að það sé líka einsdæmi að hæstv. forsrh. sé úti í bæ meðan verið er að afgreiða fjárlög. Ég man ekki eftir því að forsrh. hafi látið sig áður vanta í þingsalinn, hafi hann á annað borð verið á landinu, meðan fjárlög eru afgreidd. Það sýnir betur en margt annað þann áhuga sem hann hefur á því starfi sem hér er unnið.

Vegna þeirra ummæla að það eigi að spyrja hæstv. forsrh. vil ég rifja upp að í fyrirspurnatíma á fimmtudag kaus hæstv. forsrh. að víkja úr salnum í þann mund sem kom að fsp. til hans sjálfs þannig að þeim var ekki svarað. Ég veit ekki þess vegna hvort hæstv. sjútvrh. getur með nokkurri sanngirni ætlast til þess að stjórnarandstaðan doki við og bíði eftir forsrh. Stjórnarandstöðunni er ekki kunnugt um hans ferðir.

Eitt með öðru sem lýsir þeim vilja sem ríkisstjórnin hefur til að hafa uppi gott samstarf við stjórnarandstöðuna lýsir sér í því að í umræðum um bráðabirgðalög í Ed. hrósaði hæstv. forsrh. sér af því að hafa kynnt eina brtt. eða hugmynd að henni fyrir Borgfl. og Samtökum um kvennalista sem trúnaðarmál, en á hinn bóginn mátti ekki láta nefndarmenn Sjálfstfl. í fjh.- og viðskn. vita um að þessi breyting væri fyrirhuguð. Ég skal ekki segja hversu lengi ég hef verið í fjh.- og viðskn., hversu mörg ár, en ég man ekki eftir því áður og veit ekki til þess áður að ríkisstjórn hafi með þessum hætti ekki sinnt því að kynna stjórnarandstöðunni breytingar á þeim frumvörpum sem þar eru til meðferðar, sem alltaf hefur verið talið mjög nauðsynlegt vegna þess hversu

umfangsmikið starf þessara nefnda er, og yfirleitt hafa ríkisstjórnir viljað eiga gott samstarf við slíkar nefndir.

Hitt er kannski enn þá eftirtektarverðara að hæstv. forsrh. hagar sér með þessum hætti vegna þess að hann hefur ekki meiri hluta í Nd. og er að reyna að kljúfa stjórnarandstöðuna, er að reyna að koma upp tortryggni í röðum stjórnarandstæðinga, spilla fyrir því að þeir geti staðið saman. Þetta er mjög undarleg framkoma, ámælisverð framkoma og ég get fullvissað hæstv. sjútvrh. um að hvað Sjálfstfl. varðar er hún ekki til þess fallin að vekja trú á því að ríkisstjórnin vilji samstarf í þinginu.

Við umræðuna í Ed. varpaði ég fram þeirri fyrirspurn til þeirra ráðherra sem þar voru hvort þeir væru til viðræðu um samkomulag um einstakar greinar bráðabirgðalaganna, en fékk ekki einu sinni ónot við fyrirspurninni hvað þá að reynt væri að svara henni með nokkrum hætti. Ekki er um það að tala að vel sé við henni brugðist. Ég held að hæstv. fjmrh. væri nær, þegar hann er að svara hér aðfinningum stjórnarandstöðu um samstöðu og vinnubrögð í þinginu, að tala þannig að stjórnarandstaðan hafi löngun til að greiða fyrir málum og semja um mál, en ekki á hinn bóginn þannig að við þurfum að fara í kappræður um hvað sé þinglegt og hvað ekki. Ég get fullvissað hæstv. ráðherra um það að ég man eftir því að Alþb. hefur gert athugasemdir við fjárlög sem vel geta átt heima nú og væri kannski rétt að rifja upp ef menn vilja. Hitt held ég að skipti meira máli, hæstv. forseti, áður en lengra er haldið í fundahöldum að stjórnarandstaðan fái að vita á undan Dagblaðinu Vísi hvernig til stendur um vinnubrögð. Það er ekki aðeins kurteisi við þingmenn, það er líka kurteisi við starfsfólk Alþingis að ríkisstjórn og forsetar byrji á því að kynna fyrirætlanir sínar í þinginu. Vinnudagar eru langir nú á jólaföstu, það eru margar annir sem bíða heima fyrir hjá fjölskyldum og þess vegna ekki nema kurteisi að láta þá sem vinna hér innan dyra fylgjast með á undan dagblöðum.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Það er eðlilegt að hér sé rætt um þingsköp eins og fram hefur komið. Það skýrir sig nú eftir þær umræður sem hér hafa farið fram að enn einu sinni hefur hæstv. forsrh. látið út úr sér hluti sem hann hefur gleymt að tala um við þá menn sem hann þyrfti kannski að hafa samband við áður en slík ummæli eru birt, enda staðfesti hv. þm. Kjartan Jóhannsson, forseti Nd., að ekki hefði verið haft samband við sig um þinghald á milli jóla og nýárs né heldur hann beðinn um að breyta þeirri dagskrá sem hann hefur lagt til við formenn þingflokka. Þannig snuprar hv. þm. Kjartan Jóhannsson hæstv. forsrh. og er það enn eitt dæmið um hve vafasamt er fyrir almenning og þingheim að átta sig á því hvenær á að taka mark á hæstv. forsrh. og hvenær ekki.

Það er hins vegar ljóst að beðið hefur verið um viðræður nú við stjórnarandstöðuflokkana. Svo virðist vera sem hæstv. fjmrh. hafi tekið völdin. Það er hann sem boðar til viðræðnanna. Þar leikur hæstv. forsrh. á aðra fiðlu. Manni skilst helst að hæstv. fjmrh. sé að boða til funda í stjórnarráðshúsinu, í forsrn. Mér hefði þótt betur við hæfi að fundir af þessu tagi ættu sér stað í Alþingishúsinu því að það er ljóst að hæstv. ríkisstjórn hefur viðurkennt að hún er ekki meirihlutastjórn í þeirri merkingu. Hún þarf á aðstoð stjórnarandstöðunnar að halda. Hæstv. ríkisstjórn er með þessu að leggja vald í hendur Alþingis vegna þess að hún hefur ekki þann meiri hluta sem hún þarf á að halda til að koma málum í gegn. Þetta hefur skýrlega komið fram í þessari umræðu í dag og er ákaflega nauðsynlegt.

En það eru önnur atriði, virðulegur forseti, sem mig langar til að rifja upp. Hæstv. forseti sagði frá því um daginn að hann mundi beita sér fyrir að haldinn yrði fundur um þingsályktunartillögur, sem liggja mjög margar fyrir, sumar sem voru lagðar fram í októbermánuði og hafa ekki komist á dagskrá. Um daginn var síðan fundur í hálfan dag eða réttara sagt í örfáa tíma um þingsályktunartillögur, en sá tími fór að mestu í karp á milli stjórnarliða í þingskapaumræðu og töfðust umræður vegna þess að þeir gátu ekki tollað í þingsölum. Þá er ég að tala um umræður sem áttu sér stað um búminjasafn á Hvanneyri og þingskapaumræður varðandi það mál. Þetta tafði önnur mál, þar á meðal mál sem hefur verið á dagskrá lengi um skipasmíðastöðvar, og að beiðni hv. þm. Stefáns Guðmundssonar heyrði ég ekki betur en hæstv. forseti féllist á að það mál og önnur sem brýnt er að taka fyrir í Sþ. yrðu rædd áður en þingi yrði frestað fyrir jól. Það sama á við um þá fyrirspurn sem hv. 2. þm. Norðurl. e. Halldór Blöndal minntist á. Það var mjög athygli vert að hæstv. forsrh. var viðstaddur umræður sem áttu sér stað í fyrirspurnum, en hvarf á braut þegar hann átti sjálfur að svara fsp. Það hlýtur að vera lágmarkskrafa að þessi mál fái umræðu til að bæta andrúmsloftið á hinu háa Alþingi, þannig að störf þingsins geti gengið fram með eðlilegum hætti. Ég vil taka fram varðandi fund um þáltill. að það var ekki eingöngu krafa frá Sjálfstfl. heldur tóku aðrir stjórnarandstæðingar undir þá kröfu og vil ég minna á orð hv. 6. þm. Vesturl. í því sambandi.

Æski ég þess, virðulegur forseti, að það verði enn áréttað úr forsetastól að ætlunin sé, eins og ég veit að hæstv. forseti hefur í huga, að taka fyrir þingsályktunartillögur og fyrirspurnir áður en þingi verður frestað fyrir jól.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti hefur áður lýst því að ástæðan fyrir því að þingsályktunartillögur eru ekki lengra komnar en dæmin sanna eru endalausar kröfur um utandagskrárumræður og þingskapaumræður sem hafa verið viðhafðar í allan vetur. Þingmenn geta þannig sjálfum sér um kennt.

Forseti mun hins vegar leitast við að afgreiða eins

margar þingsályktunartillögur og unnt er fram að jólahléi, en að sjálfsögðu hljóta fundir í deildum að hafa forgang.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Mér finnst í mesta lagi óviðfelldið að gera athugasemdir við það þó að þingmenn nýti sér þann rétt sem þeir hafa til þess að ræða um þingsköp að því er varðar framgang þingmála, ekki síst í ljósi þess, frú forseti, hvert ólag er á framgangi þeirra mála og verkstjórn hæstv. fjmrh. fyrir hönd ríkisstjórnarinnar á framgangi mála hér í þinginu.

Það var harla skrýtin ræða sem hæstv. fjmrh. flutti um tvo fjarstadda þingmenn. Ég hef ekki heyrt það fyrr, vegna þess að hann nefndi hér nafn hv. þm. Skúla Alexanderssonar, að hann væri í því liði sem væri yfirlýst stuðningsmannalið ríkisstjórnarinnar. Ég veit ekki betur en frá honum hafi komið yfirlýsingar alveg í gagnstæða átt og fæ því með engu móti skilið þá yfirlýsingu og ræðu hæstv. fjmrh. að þar hafi einhverju breytt um. Jafnvel þótt hv. þm. Ragnar Arnalds hefði verið viðstaddur hefði stjórnarliðið haft 31 þingmann sem ekki er meiri hluti í þinginu.

Hinu er svo alveg nauðsynlegt, frú forseti, að fá hér skýr svör við og í tilefni af blaðayfirlýsingu hæstv. fjmrh. Ég skil að vísu mætavel beiðni hæstv. sjútvrh. að fara fram á að hér séu ekki rædd mikilvæg mál að hæstv. forsrh. fjarstöddum. Það er ofur skiljanleg beiðni. En ég veit að þingheimur allur skilur að það yrði ekki mikið rætt um hin alvarlegustu og meiri háttar mál ef alltaf ætti að bíða eftir hæstv. forsrh. Hæstv. forsrh. hefur gefið hér blaðayfirlýsingu sem breytir í grundvallaratriðum fyrri ákvörðunum og yfirlýstum ákvörðunum ríkisstjórnarinnar um afgreiðslu bráðabirgðalaga og þá um leið fjárlaga fyrir jól. Það er nauðsynlegt að fá um það skýr svör enn einu sinni hvort taka á þessa yfirlýsingu hæstv. forsrh. eins og venjulega eða hvort á að taka hana alvarlega. Ég trúi ekki öðru en þeir ráðherrar sem hér eru viðstaddir geti skýrt frá því. Umræður hljóta að hafa farið fram um þetta í ríkisstjórn. Það er ekki smámál sem hér er í húfi. Ég trúi ekki öðru en verkstjórinn hér, hæstv. fjmrh., geti gefið um þetta alveg skýr svör.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill ítreka að auðvitað er ekkert athugavert við að nýta sér rétt til umræðna um þingsköp og utandagskrárumræðna. En það er alveg ljóst að forseti getur ekki haldið áfram fundi með boðaðri dagskrá samtímis. Svo einfalt er það. Þess vegna hafa mjög margar þáltill. orðið úti enn þá og það verður leitast við að gera það besta úr því með því að finna tíma til að halda fund í Sþ. En forseti getur ekki lofað miklu um það efni fram að jólahléi. Forseti mun reyna að gera sitt besta.

EFRI DEILD

27. fundur, laugardaginn 17. des., að loknum fundi í Sþ.

Málefni aldraðra, 2. umr.

Stjfrv., 195. mál (gildistími). — Þskj. 231, n. 266.

Frsm. heilbr.- og trn. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 266 frá hv. heilbr.- og trn. Nefndin hefur fjallað um frv. á fundi og mælir með að það verði samþykkt óbreytt.

Undir nál. rita Valgerður Sverrisdóttir, Salome Þorkelsdóttir, Guðmundur H. Garðarsson, Stefán Guðmundsson og Guðrún Agnarsdóttir.

Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru hv. þm. Karl Steinar Guðnason og Margrét Frímannsdóttir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Framhaldsskólar, 2. umr.

Stjfrv., 184. mál (gildistaka). — Þskj. 215, n. 255, 270 og 278, brtt. 279.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. menntmn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Á þskj. 255 liggur fyrir nál. meiri hl. menntmn. þessarar hv. deildar um frv. til l. um breytingu á lögum um framhaldsskóla. Nefndin fjallaði um þetta frv. og á fund hennar komu Sólrún Jensdóttir, skrifstofustjóri menntmrn., og Hermann Jóhannesson, deildarstjóri í menntmrn., svo og Ingvar Ásmundsson, formaður Félags skólameistara, og Elna Jónsdóttir, formaður Bandalags kennarafélaga.

Sú breyting sem þetta frv. gerir ráð fyrir er að fresta gildistöku kostnaðarákvæðakafla framhaldsskólalaganna og ákvæðanna um skólanefndir. Það kom skýrt fram í framsögu hæstv. menntmrh. fyrir málinu að nauðsyn er að fresta gildistöku þessara ákvæða laganna af ýmsum ástæðum. M.a. er vinna við reglugerðir tiltölulega skammt á veg komin. Það var kannað og ég kannaði það sérstaklega í nefndinni hvort unnt væri að fresta gildistöku kostnaðarákvæðanna einna en láta ákvæðin um skólanefndir taka gildi. Við því fengust mjög skýr svör að það

væri ekki tæknilega unnt.

Það er skylt að geta þess að formaður Félags skólameistara, Ingvar Ásmundsson, lagðist í nafni þess félags eindregið gegn þessari frestun og einnig leitaði nefndin álits Sambands ísl. sveitarfélaga sem hefur gert samþykkt um málið sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Þar sem fram hefur komið í umræðum að til álita komi að fresta gildistöku laga um framhaldsskóla sem samþykkt voru á síðasta þingi vill stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga árétta að sveitarfélög landsins hafa ekki gert ráð fyrir öðru en ríkið standi við sinn hlut kostnaðar við framkvæmd laganna á næsta ári miðað við þá kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga við byggingu og rekstur framhaldsskóla sem lögin gera ráð fyrir. Þetta tilkynnist hv. þingdeildarnefnd hér með."

Nú er þess auðvitað að geta að sveitarfélögin ganga yfirleitt ekki frá sínum fjárhagsáætlunum fyrr en á fyrstu mánuðum ársins og ég hygg að flestir sveitarstjórnarmenn hafi haft hugboð um að á þessa leið mundu mál skipast. Það hefur líka verið talið eðlilegt að þessi breyting gerðist nokkurn veginn samhliða þeirri breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem nú er á döfinni og enda þótt bæði skólameistarar og Samband ísl. sveitarfélaga leggist gegn þessari breytingu var meiri hl. menntmn. þessarar hv. deildar samt þeirrar skoðunar að svo veigamikil rök mæltu með því að fresta gildistökunni og samþykkja frv. óbreytt eins og það liggur fyrir að meiri hl. nefndarinnar var alveg sammála um það. Undir nál. rita auk þess sem þetta mælir hv. þm. Jón Helgason, Skúli Alexandersson og Valgerður Sverrisdóttir.

Það var líka rætt í nefndinni hvort ástæða væri til að breyta dagsetningunni þannig að ekki væri miðað við áramót heldur upphaf skólaárs, en meiri hl. nefndarinnar fann ekki þau rök sem réttlættu að gera þá brtt. Það er þá hugsanlega hægt að taka það mál upp aftur síðar, en meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Frsm. 1. minni hl. menntmn. (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 270 frá 1. minni hl. menntmn. og það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Þó að halda megi fram með nokkrum rökum að skortur á löggjöf um framhaldsskóla hafi auðveldað jákvæða og öra þróun mála í framhaldsskólum telur Kvennalistinn að tímabært hafi verið að setja um þá rammalöggjöf. Við umræður um frv. til l. um framhaldsskóla á Alþingi sl. vor gagnrýndu þingkonur Kvennalistans ýmsa þætti þess og fluttu brtt. við margar greinar þess. Að mati Kvennalistans var helstu agnúa frv. að finna varðandi stjórnunarþáttinn og aðbúnað nemenda og lutu brtt. því einkum að þessu tvennu. Allar brtt. Kvennalistans voru felldar. Því koma skoðanir Kvennalistans á ýmsum mikilvægum þáttum í starfi framhaldsskólans ekki fram í þeim lögum sem samþykkt voru á Alþingi 9. maí 1988. Skólamenn hafa einnig gagnrýnt marga þætti laganna. Að mati þeirra, einkum stjórnenda skólanna, var þó stigið mikilvægt skref við lagasetninguna með því að kveðið er á um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna stofnkostnaðar framhaldsskólanna og yfirtöku ríkissjóðs á rekstri þeirra.

Með þeirri frestun á hluta laganna sem hér er lögð til er viðhaldið þeirri mismunun sem nú er eftir því um hvers konar skóla er að ræða. Sveitarfélög sem taka þátt í rekstri framhaldsskóla hafa gert sínar áætlanir með tilliti til þess að fjármálakafli laganna taki gildi nú um áramótin. Kvennalistinn telur brýnt að þessi mismunun verði afnumin.

Þrátt fyrir þá vinnu sem nú fer fram við smíð reglugerða og að boðuð hefur verið viss endurskoðun á ýmsum þáttum laganna sem Kvennalistinn hefur gagnrýnt getur 1. minni hl. ekki stutt þá frestun á framkvæmd laganna sem frv. gerir ráð fyrir og mun því ekki taka þátt í afgreiðslu málsins."

Ég vil geta þess hér um leið og láta það koma fram að þegar það frv. var samið sem samþykkt var á Alþingi sl. vor var afar lítið samráð haft við kennara í landinu, en þeir hafa að sjálfsögðu undir forustu stjórnenda skólanna byggt upp það framhaldsskólakerfi sem við búum nú við. Ég tel að þar hafi verið óeðlilega staðið að málum og ég vonast til þess að hið allra fyrsta fari fram endurskoðun á ýmsum mikilvægum þáttum þeirra laga sem nú eru í gildi.

Umræðu frestað.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, 1. umr.

Stjfrv., 135. mál. — Þskj. 142.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði var upphaflega til umræðu og samþykktur á Alþingi 1978–1979. Þessi skattur olli töluverðum umræðum og deilum þegar hann var fyrst ákveðinn, en engu að síður hefur það verið reynslan að fjármálaráðherrar í öllum ríkisstjórnum síðan hafa mælt hér á Alþingi fyrir endurnýjun frv. og laganna um skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Það segir kannski sína sögu um að þær deilur sem í upphafi voru töluverðar um réttmæti þessarar skattlagningar hafa síðan að mestu leyti lagst af og í staðinn hafa komið mismunandi sjónarmið um þá prósentutölu sem ætti að ákveða.

Mér taldist til þegar ég mælti fyrir þessu frv. í hv. Nd. að ég mundi vera sjötti fjmrh. sem mælir fyrir því síðan þessi skattur var innleiddur að hann yrði framlengdur og hafa þeir verið fulltrúar í ríkisstjórnum sem fimm flokkar hafa setið í og sjálfir ráð-

herrarnir verið úr Sjálfstfl., Alþfl. og Alþb. (**Menntmrh.:** Og Borgfl.) Og nú í Borgfl., það er rétt, þannig að það eru kannski fá skattafrv. í þingsögunni sem hafa hlotið í verki blessun með þessum hætti svo að ég slái aðeins á létta strengi. Hins vegar er engin launung á því að þegar þessi skattur var fyrst lagður á voru ýmsar efasemdir um framkvæmdina hvað hann snertir.

Engu að síður hefur reynslan sýnt að þrátt fyrir ýmsa annmarka hefur framkvæmdin tekist svo vel að á hverju ári er mælt fyrir því að skatturinn verði endurnýjaður og þess vegna er frv. í þeim búningi sem hér er mælt fyrir ólíkt því sem er um ýmsa aðra skatta þegar eingöngu framlengingar- og breytingarákvæðin eru mjög einföld.

Skatturinn á skrifstofu- og verslunarhúsnæði var öðrum þræði í upphafi settur á til að reyna að hamla gegn fjárfestingu á þessu sviði. Ég held að allir hv. þm. geti verið sammála um að á undanförnum árum hefur verið gífurleg fjárfesting í skrifstofu- og verslunarhúsnæði, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Kunnugir menn fullyrða að um 200 þús. fermetrar standi nú auðir af skrifstofu- og verslunarhúsnæði á þessu svæði. Ef sú staðreynd er rétt endurspeglar hún mjög rækilega að verulegum fjármunum hefur verið varið til framkvæmda á þessu sviði. Ef við viljum beita skattlagningu til að vera stýritæki bæði í neyslu og fjárfestingu held ég að allir geti verið sammála um að í okkar þjóðfélagi er nauðsynlegt að draga úr fjárfestingu í skrifstofu- og verslunarhúsnæði.

Auðvitað er það þannig að skattur af þessu tagi nær kannski aldrei þeim árangri fullkomlega, en þó er alveg ljóst að hann hefur verið í vissum mæli hömlunartæki á þessu sviði. Ég held að um þessar mundir sé einnig nauðsynlegt að slíkt sé áfram.

Ríkisstjórnin hefur tekið ákvörðun um að leggja til að prósenttalan breytist hins vegar og verði 2,2% í stað 1,1%. Það er alveg ljóst að ýmsir telja að þessi hækkun sé ekki eðlileg. Við erum hins vegar sannfærð um að hún sé bæði nauðsynleg og óhjákvæmileg, ekki bara vegna tekjuþarfar ríkissjóðs heldur einnig til þess að gera þennan skatt að skarpara stýritæki en hann hefur verið til þessa.

Efnisþættir frv. eru þingheimi mjög vel kunnir vegna þess að það hefur í tíu ár verið hér á dagskrá. Það eina sem er breytt með því frv. sem hér hefur verið lagt fram er prósenttalan sjálf.

Ég vil svo, virðulegi forseti, leggja til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til hv. fjh.- og viðskn. og 2. umr.

Umræðu frestað.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1988, 1. umr.

Stjfrv., 158. mál (gjald af erlendum lánum). — Þskj. 169.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. sem felur í sér að framlengja það sérstaka gjald sem ákveðið var af erlendum lánum, leigusamningum og fleiri slíkum skilmálum. Sú breyting er hins vegar gerð frá gildandi lögum í þessu frv. að undanþáguheimildir núgildandi laga eru rýmkaðar nokkuð. Einkum er þar um að ræða heimild til að undanskilja þegar gjaldið er á lagt lán sem sérstaklega eru tekin vegna stuðnings við mikilvægar útflutningsgreinar.

Enn fremur er í frv. kveðið á um að ekki einungis lánasamningar vegna reksturs flugvéla og kaupskipa verði undanþegnir gjaldinu heldur eigi það einnig við um kaupsamninga á millilandafarkostum, flugvélum og kaupskipum.

Þetta gjald, sem hér er mælt fyrir, hefur þjónað tvíþættum tilgangi. Því hefur annars vegar verið ætlað að vera til hömlunar hvað erlendar lántökur snertir og stuðla þannig að því að þær yrðu í framtíðinni minni en þær hafa verið á undanförnum árum vegna þess að þær yrðu dýrari. Hins vegar hefur gjaldið verið tekjuöflunartæki eins og önnur slík gjöld fyrir ríkissjóð.

Þótt það sé ekki löng reynsla af þessu gjaldi í okkar landi held ég að ljóst sé að það hefur virkað töluvert hamlandi hvað erlendar lántökur snertir. Auðvitað má alltaf um það deila hvað það eigi að vera víðtækt og hver framkvæmdin eigi nákvæmlega að vera. En ef litið er á málið í heild hefur það þjónað þessum tilgangi.

Enn fremur hefur verið ákveðið af hæstv. ríkisstjórn að framlengja þetta gjald sem lið í þeirri viðleitni að skapa jafnvægi í ríkisfjármálum. Ég held þess vegna að þau tvíþættu markmið sem frv. er ætlað að þjóna séu nauðsynleg þegar horft er á þá stöðu sem er í efnahagslífi þjóðarinnar. Ég held að þær breytingar sem gerðar eru frá gildandi lögum eigi síðan að stuðla að því að framkvæmdin verði eðlilegri og hnökralausari þegar horft er á reynsluna af þessu ári.

Ég mælist svo til þess, virðulegi forseti, að frv. verði vísað til hv. fjh.- og viðskn. að lokinni þessari umræðu.

Umræðu frestað.

NEÐRI DEILD

25. fundur, laugardaginn 17. des., að loknum fundi í Sþ.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 3. umr.

Stjfrv., 180. mál (áætlaðar tekjur, skattkort o.fl.). — Þskj. 261.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Veiting ríkisborgararéttar, 2. umr.

Stjfrv., 110. mál. — Þskj. 191, n. 242, brtt. 237.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. á þskj. 242 um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar. Nefndin hefur rætt frv. og farið yfir þær umsóknir sem borist hafa ásamt fylgigögnum. Eftir að gengið hafði verið frá frv. í Ed. bárust tvær umsóknir sem við teljum fullgildar og uppfylla öll skilyrði. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með brtt. sem flutt er á sérstöku þskj., þskj. 237, um að þessir tveir aðilar verði teknir inn í frv.

Sighvatur Björgvinsson og Kristinn Pétursson voru fjarverandi við lokaafgreiðslu málsins, en undir nál. rita Jón Kristjánsson, Kristín Halldórsdóttir, Geir Gunnarsson, Friðjón Þórðarson og Guðni Ágústsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 237 samþ. með 24 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Eiturefni og hættuleg efni, 2. umr.

Stjfrv., 72. mál (eiturefnanefnd). — Þskj. 74, n. 262.

Frsm. heilbr.- og trn. (Guðrún Helgadóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 262 frá heilbr.- og trn. um frv. til l. um breytingu á lögum um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988. Hér er um að ræða samkomulagsmál sem komið er frá Ed. og þar var lagt til að frv. yrði samþykkt óbreytt.

Hér er um að ræða breytingu á eiturefnanefnd og eru þær í því fólgnar að sú krafa var gerð að einn nefndarmanna skuli vera efna- eða verkfræðingur með sérþekkingu á notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði, en það er talið nægjanlegt að um sé að ræða mann með sérþekkingu á notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði, garðyrkju og til útrýmingar meindýra.

Hv. heilbr.- og trn. Nd. fjallaði um málið og varð sammála um að mæla með samþykkt þess óbreytts. Undir nál. skrifa Guðrún Helgadóttir, Jón Sæmundur Sigurjónsson, Ragnhildur Helgadóttir, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Jón Kristjánsson og Geir H. Haarde, en Guðmundur G. Þórarinsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Heilbrigðisþjónusta, 2. umr.

Stjfrv., 193. mál (heilsuverndarstarf í Reykjavík). — Þskj. 226, n. 263.

Frsm. heilbr.- og trn. (Guðrún Helgadóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 263 um frv. til l. um breytingu á lögum nr. 8/1981, um breytingu á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu.

Hér er um að ræða gamlan kunningja sem felur í sér að frestur er gefinn til að koma á kerfi heilsugæslu í Reykjavík, að sá frestur verði framlengdur um eitt ár frá og með næstu áramótum.

Nefndin fjallaði um málið og varð sammála um að mæla með samþykkt þess. Undir nál. skrifuðu Guðrún Helgadóttir, Jón Sæmundur Sigurjónsson, Ragnhildur Helgadóttir, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Jón Kristjánsson og Geir H. Haarde, en Guðmundur G. Þórarinsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

26. fundur, laugardaginn 17. des.,
að loknum 25. fundi.

Veiting ríkisborgararéttar, 3. umr.

Stjfrv., 110. mál. — Þskj. 281.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og endursent Ed.

Eiturefni og hættuleg efni, 3. umr.

Stjfrv., 72. mál (eiturefnanefnd). — Þskj. 74.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 282).

Heilbrigðisþjónusta, 3. umr.

Stjfrv., 193. mál (heilsuverndarstarf í Reykjavík). — Þskj. 226.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

EFRI DEILD

28. fundur, mánudaginn 19. des., kl. 2 miðdegis.

Veiting ríkisborgararéttar, ein umr.

Stjfrv., 110. mál. — Þskj. 281.

Frsm. allshn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Frá því að allshn. þessarar hv. deildar fjallaði um þetta mál hafa bæst við í meðförum Nd. tvö nöfn. Þar sem ljóst er að þeir einstaklingar sem þar um ræðir uppfylla þau skilyrði og þær kröfur sem gerðar eru leyfi ég mér fyrir hönd nefndarinnar að leggja til að þessi hv. þingdeild samþykki frv. eins og það er komið frá Nd.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 283).

Heilbrigðisþjónusta, 1. umr.

Stjfrv., 193. mál (heilsuverndarstarf í Reykjavík). — Þskj. 226.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 8/1988, um breytingu á lögum nr. 59 1983, um heilbrigðisþjónustu.

Í fyrstu lögum um heilbrigðisþjónustu, sem öðluðust gildi 1. jan. 1974 og skipuðu m.a. fyrir um starfrækslu heilsugæslustöðva, var gert ráð fyrir því að nokkurn tíma gæti tekið að koma á fót heilsugæslustöðvum og var því að finna í lögunum ákvæði til bráðabirgða er heimiluðu rekstur heilsuverndar samkvæmt heilsuverndarlögum frá 1955 og rekstur læknamóttöku. Með breytingum á lögunum sem samþykktar voru 1983, sbr. núgildandi lög nr. 59 1983, um heilbrigðisþjónustu, var ákveðið að frestur til þess að koma á kerfi heilsugæslu skyldi renna út í árslok 1984. Frá 1985 hefur þurft að framlengja þennan frest frá ári til árs fyrir nokkur umdæmi, en þeim hefur farið fækkandi og er nú aðeins eftir að taka ákvörðun um heilsugæslu í Reykjavíkurlæknishéraði.

Frá 1985 hefur verið hafinn rekstur heilsugæslu á Akureyri, í Kópavogi, í Hafnarfirði og frá og með næstu áramótum verður hafinn rekstur heilsugæslu í Garðabæ í samræmi við samkomulag ráðuneytisins við bæjarstjórn Garðabæjar þar að lútandi.

Á sl. vori varð að samkomulagi milli ráðuneytisins og borgarstjórnar Reykjavíkur að hefja viðræður um lausn þessa máls í Reykjavíkurlæknishéraði. Í lok síðasta mánaðar var lagt fyrir ráðuneytið uppkast að samkomulagi sem fulltrúar ráðuneytisins og meiri hluti fulltrúa Reykjavíkurborgar stóðu að. Ég sé ekki ástæðu til að tíunda þær tillögur, sem fram komu í uppkastinu, hér og nú, en ekki vannst tími til þess að ganga frá málinu og ljóst er að svo verður ekki fyrir áramót, en þá rennur fresturinn til að koma á kerfi heilsugæslu í Reykjavíkurlæknishéraði út.

Sem kunnugt er eru fyrirhugaðar breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og verður bráðlega lagt fram frv. þess efnis. Þar verða væntanlega lagðar til verulegar breytingar á rekstri heilbrigðisþjónustunnar þannig að hún færist í auknum mæli yfir á verksvið ríkisins. Slík breyting mála hefði í för með sér gerbreytt fyrirkomulag á rekstri heilsugæslunnar. Með skírskotun til þessa telur ráðuneytið eðlilegt að bíða með frekari tillögugerð varðandi rekstur heilsugæslu í Reykjavík, en leggur þess í stað til að fresturinn verði framlengdur í eitt ár frá og með nk. áramótum. Á vegum ráðuneytisins er verið að vinna að frv. til breytinga á lögum um heilbrigðisþjónustu þar sem m.a. verða teknar með breytingar sem eðlilegar teljast vegna breyttrar verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga og breytingar sem æskilegt er að komið verði á að fenginni reynslu undangenginna ára. Ég reikna með því að þetta frv. verði lagt fram fljótlega eftir áramót og að í því verði gerð tillaga um fyrirkomulag heilsugæslumála í Reykjavíkurlæknishéraði sem hlýtur að byggjast á því hvert eigi að vera hlutverk annars vegar ríkis gagnvart rekstri heilsugæslu og hins vegar sveitarfélaganna.

Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta frv. frekari orðum, en hliðstæð frumvörp hafa verið árviss atburður frá 1985. Að vísu fækkar þeim stöðum frá ári til árs sem ekki hafa uppfyllt ákvæði laganna og í dag er eingöngu eftir að taka afstöðu til Reykjavíkurlæknishéraðs eins og áður segir.

Herra forseti. Ég legg því til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og heilbr.- og trn. með beiðni um að hún hraði meðferð málsins og afgreiði það með skjótum hætti. Málið hefur þegar verið afgreitt í Nd. og þar sem margumræddur frestur rennur út frá og með nk. áramótum er bæði æskilegt og reyndar nauðsynlegt að hraða þessu máli nú.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 11 shlj. atkv.

Málefni aldraðra, 3. umr.

Stjfrv., 195. mál (gildistími). — Þskj. 231.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1988, frh. 1. umr.

Stjfrv., 158. mál (gjald af erlendum lánum). — Þskj. 169.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Mál það sem hér er nú til umræðu er auðvitað í senn skattamál og eins varðar það fjármál atvinnuveganna. Hér eru fleiri skattamál á dagskrá. Það varð samkomulag um það og hefur verið við staðið að eingöngu yrði mælt fyrir þessum frumvörpum nú fyrir helgina og síðan ekki haldnir fundir í nefndum um málin heldur málunum vísað til nefndar eftir örstutta umræðu, þessa sem nú heldur hér áfram.

Engu að síður höfum við í fjh.- og viðskn. verið að kynna okkur þessi mál eins og lög gera ráð fyrir og þá náttúrlega ekki á formlegum fundum, en þó hafa komið til okkar ýmsir mætir menn og þar á meðal núna í morgun Kjartan Kjartansson frá Sambandinu og Geir Geirsson og Vilhjálmur Egilsson framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins. Við ræddum ekki þetta ákveðna mál mjög ítarlega við þá og ég skal ekki lengja mitt mál um þetta efni heldur þá hin málin sem eru á dagskrá á eftir væntanlega. En ég vil aðeins segja um þetta að þetta er auðvitað eins og annað í þessum svokölluðu ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar, að þar stangast allt hvað á annars horn. Að hafa lántökugjald eða tvöfalt gengi, lántökugjald á erlendum lántökum á sama tíma og allir eru að segja að það vanti stórfé í atvinnuvegina og þurfi fremur að aðstoða þá en það gagnstæða, það held ég að allir hér séu sammála um að sé ástæðulítið, að íþyngja atvinnuvegunum með sérstakri gjaldheimtu í ríkissjóð af þeim lántökum sem óhjákvæmilegar eru. Að vísu er klastrað þarna við að það séu heimildir til undanþága, en það er allt á sömu bókina lært, þarna á að mismuna mönnum og þarna eiga að vera geðþóttaákvarðanir að sjálfsögðu eins og vera ber í spilltri vinstri stjórn. Það verður auðvitað ekki farið eftir neinum föstum reglum heldur geðþótta. Við þekkjum hvernig hefur farið þegar þeim ráðum er beitt, a.m.k. við sem eldri erum og kynntumst því hér fyrr á árum þegar margfalt gengi var og öll sú spilling sem þróaðist í kjölfar þess. Inn á þessa braut er farið að nýju eftir langt hlé og á ekki að nota nein vettlingatök þar. Það á að nota öll ráð sem hugsanleg eru til að halda völdum hvað sem það kostar og misnota völd hvað sem það kostar. Þeir eru volgir og skemmtilegir stólarnir hjá nýjum ráðherrum og þeir ætla sér ekki að standa upp úr þeim og það er kannski ekki neitt æskilegt að þeir geri það þessa dagana. Ég held að það sé gott úr því sem komið er að fólkið fái að sjá framan í úrræði þessara manna svokölluð, ráðstafanir í fjármálum, gífurlega nýja skattheimtu sem dengt er yfir á krepputímum sem þeir sjálfir hafa búið til og eru að búa til og monta sig af að hafa tekist að draga úr þessari ógnarlegu þenslu sem hefur verið í þjóðfélaginu, segja þeir, og sem hefur valdið því að nærri því hver maður hefur fengið að vinna á Íslandi. Það þykir víst ekki beint eftir kokkabókunum. Það á að sjá til þess að ekki verði a.m.k. mikið um eftirvinnu.

Af því að ég nefndi Vilhjálm Egilsson áðan, að hann kom á fund til okkar í morgun, þá skrifaði hann mjög skemmtilega grein í Morgunblaðið í gær og hann, hagfræðingurinn, áttaði sig á því að það gæti orðið meiri velmegun í þjóðfélagi þar sem væri full vinna og öll hjól snerust, það gæti orðið meiri auðæfasköpun en það sem núverandi stjórnvöld keppa að, þ.e. atvinnuleysi og kreppa.

Það er dálítið gaman að heyra merkan hagfræðing eins og Vilhjálm Egilsson segja sannleikann í málinu, þann einfalda sannleika að auðvitað er æskilegt að menn hafi fulla vinnu. Hitt getur ekki verið pólitískt keppikefli að stefna til kreppu og atvinnuleysis. Ég a.m.k. skil ekki hugsunargang þeirra manna sem beinlínis vinna skipulega að því. Þetta er í ósköp litlu gert með þessu gjaldi. Þetta er aðeins einn liðurinn í þeim aðgerðum að koma í veg fyrir fulla atvinnu og mikla framþróun í efnahags- og atvinnumálum. En að þessu kem ég nánar þegar við ræðum næsta mál. Það mundi þó ekki vera til umræðu næst — nei, það hefur verið hoppað þarna yfir skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði hvort sem það er af einhverri sérstakri ástæðu eða bara tilviljun. (**Forseti:** Næsti ræðumaður á mælendaskrá var ekki við í augnablikinu.) Já. Ég get þá núna notað tækifærið, með leyfi forseta, til að vekja athygli á bréfi sem þeir sambandsmenn skildu eftir hjá okkur í morgun, við spörum þá tíma, ef ég mætti lesa það núna. Það er ein síða. Það er að vísu ekki fullfrágengið bréf, það er dálítið krotað í setningar, en engu að síður höfðum við leyfi til þess að fara með þetta sem opinbert plagg, en við fengum líka trúnaðarskjöl ýmiss konar frá þeim sambandsmönnum sem við að sjálfsögðu ekki getum um nánar hér.

Þetta var sem sagt mjög dapurlegur fundur að því leyti til að þar var lýst stöðu dreifbýlisverslunarinnar með þeim hætti að hún væri að leggjast af, það voru orð Kjartans Kjartanssonar og þeirra félaga, hún væri að leggjast af, dreifbýlisverslunin, og þar væru

hundruð milljóna í árlegu tapi á versluninni. Það var eiginlega ekki hægt að skilja þá öðruvísi en svo að þeir gerðu ráð fyrir að meira og minna hrun yrði í allri dreifbýlisversluninni á næstu vikum og mánuðum, það væri ekkert eftir til að eyða og hrunið blasti við og verslunin mundi þá meira og minna flytjast væntanlega til Reykjavíkur eða þá til Glasgow. Þeir nefndu að vísu ekki Glasgow, þeir nefndu Reykjavík, en ég held að það sé ekki nein mistúlkun á þeirra orðum að þeir voru gífurlega svartsýnir og þeir töldu að dreifbýlisverslunin væri að hrynja í bókstaflegri merkingu, leggjast af, sögðu þeir.

Vilhjálmur Egilsson gat aftur um hitt málið sem var stokkið yfir núna. Hann hafði reiknað það út að skattar á skrifstofuhúsnæði plús nýir eignarskattar og hækkun fasteignaskatta mundi svara nokkurn veginn til þess að almenn vöruverðshækkun af þessum einum sökum, af þessum nýju álögum á verslunina mundi verða 0,6%. T.d. þyrfti 100 fermetra smábúð að borga um það bil 15 þús. kr. meira mánaðarlega í húsaleigu. Þetta er líka, kannski finnst mönnum það, lítill biti en þetta er þó fjórðungur úr launum eins eða tveggja manna sem gjarnan vinna í litlum búðum. Ef við teljum að laun þar séu um 60 þús., sem þau eru hjá mörgu afgreiðslufólki, og jafnvel lægri, þá mundi hækkun húsaleigunnar þýða um það bil 25% af þeim launum. Og auðvitað reyna menn með einhverjum hætti að bæta sér upp slíka skatta. Þetta eru skattar á atvinnurekstur, ekki á laun mannsins, og þess vegna ekkert óeðlilegt, þegar við tölum um launalið bóndans, að hann skuli vera óskertur, en hins vegar eru aukin útgjöld bætt og þá reyna menn auðvitað að bæta sér þau upp og það geta þeir sjálfsagt ekki gert með neinum öðrum hætti en þeim að hækka eilítið vöruverðið, um 0,6%. Ef það er meðalhækkun allra vara bara af þessum ástæðum, þessum nýju sköttum, munar um það að sjálfsögðu.

En þetta bréf, sem ég er með fyrir framan mig, er frá Sambandi ísl. samvinnufélaga og yfirskriftin er: Athugasemdir vegna skatta á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

„Skattlagning þessi er óréttlát m.a. sökum þess að hún miðast við húsnæði sem byggt var fyrir mörgum árum og tók þá mið af byggðastefnu stjórnvalda sem ekki hefur náð fram að ganga." Þetta er sem sagt punktur númer eitt, að menn byggðu í þeirri trú að atvinnulíf úti á landi mundi eflast og fólki fjölga þar og vissulega eru bæði ég og aðrir hv. alþm. sekir um það ef sekt skal kalla að leitast við að byggja upp atvinnuvegi úti á landi í þeirri trú að þar mundi atvinnulífið styrkjast og fólksfjöldi aukast. En það er rétt hjá þessum forustumönnum Sambandsins að stjórnvöld trúðu þessu og við sjálfsagt öll sem hér erum inni trúðum því að þetta mundi takast. Það hefur því miður ekki gerst. Það hefur frekar orðið fækkun í ýmsum héruðum og sérstaklega gat Kjartan Kjartansson um Vestfirðina, sem hann kvaðst þekkja best, að þar væri hvert verslunarhúsið, nýleg verslunarhús, stór og góð hús, meira og minna vannýtt af þeim sökum að verslunin hefði dregist saman og þetta ætlaði sér að leita, virtist honum, enn lengra á sama veg þannig að það yrði gersamlega ókleift að reka verslanir úti um landið.

Þá er það liður númer tvö: „Því eru víða miklar og dýrar fjárfestingar sem tiltölulega lítil not eru fyrir. M.a. má nefna uppbyggingu húsnæðis kaupfélaganna á Patreksfirði, Dýrafirði, Súgandafirði, Ísafirði, Króksfjarðarnesi svo að aðeins sé tekið eitt kjördæmi." Við þekkjum þetta úr öðrum kjördæmum. T.d. þekkjum við hv. þm. Stefán Guðmundsson stórhýsi Kaupfélags Skagfirðinga sem var byggt í bjartsýni og í von um að umsvif mundu vaxa og fólki fjölga, en er allt of stórt miðað við það sem þar er nú rekið. Að vísu er þess að gæta að hluti hússins er leigður til skólahalds og við ræddum sérstaklega hvort bæri að leggja skatt á húsnæði sem væri leigt til annars en verslunarreksturs eða þann hluta húsnæðisins og okkur sýndist að það mundi ekki vera eðlilegt að þó að þetta sé byggt sem verslunar- og skrifstofuhús, þá skuli lagður skattur líka á þann hluta sem leigður er ríkinu til skólahalds. Ég veit ekki hvernig því er háttað, en okkur sýndist við að bera saman lagatexta að það mundi vera a.m.k. óeðlilegt að gera.

Liður númer þrjú. Þar segir: „Í Vestfjarðakjördæmi, þar sem t.d. rösklega 14 þúsund íbúar voru fyrir nokkrum áratugum og sem búist var við að hefði fjölgað upp í um það bil 30 þúsund árið 1990, eru nú aðeins tæp 11 þúsund íbúa og fer ört fækkandi, en eftir liggja húseignir og verslunaraðstaða sem stjórnvöld ætla svo ofan í kaupið að skattleggja til „aðstoðar" dreifbýlisversluninni."

Ég spurði að því sérstaklega hver væri skoðun þeirra á því ef slík hús yrðu tekin til einhverra annarra nota, t.d. einhver hluti þeirra til við skulum segja saltfiskverkunar eða prjónastofa eða eitthvað slíkt, og menn hölluðust að því að þá mundi líka vera óheimilt að skattleggja húsin sem verslunar- og skrifstofuhús, en þau eru skattlögð í dag vegna þess að annar rekstur er ekki þar og húsnæðið auðvitað allt of stórt fyrir þann rekstur sem fyrir hendi er.

Þá er það töluliður fjögur í þessu bréfi: „Dreifbýlisverslunin hefur orðið fyrir þungum búsifjum undanfarin ár, m.a. vegna óhemjumikils fjármagnskostnaðar, og nemur rekstrarhalli hennar hundruðum milljóna kr. Eins og öllum er kunnugt hefur hvert verslunarfyrirtækið af öðru farið í gjaldþrot undanfarin missiri og útlit er fyrir sömu þróun á næstu missirum ef ekki verður að gert. Með því skerðist eða hverfur sú þjónusta sem verslunin er úr heimabyggðum og til stærri staða eins og t.d. Reykjavíkur og er ósanngjarnt að taka ekki fullt tillit til þessarar þróunar en leggja þess í stað fullan þunga á hálfgerðan fjörbrotarekstur." Þeir notuðu það nafn að verslunin úti á landi væri í fjörbrotum og reyndar mörg önnur orð sem komu þar við sögu.

Þá er það töluliður fimm í þessu bréfi: „Ætlast verður til þess að stjórnvöld taki mið af sinni eigin stefnu í byggðamálum og þrengi ekki svo kost þeirra

sem enn reyna af vanefnum að halda uppi verslunarþjónustu að skattleggja svo fyrri tíðar fjárfestingar að hún leggist af við stjórnvaldaaðgerðir.“ Verslunarþjónustan leggist af við stjórnvaldaaðgerðir.

Í sjötta lið: „Því ætti að fella niður þennan bráðabirgðaskatt sem lofað var að yrði mjög tímabundinn og ætlast til að staðið yrði við orð Alþingis.“

Það tóku þessir gestir okkar rækilega fram að Alþingi hefði ekki staðið við sín orð. Einhver benti þeim á að það væri æðitítt að þegar einn skattur væri lagður á, þó hann ætti að vera til eins árs, þá væri hann gjarnan framlengdur til árs í viðbót og jafnvel til nokkurra ára og ekki síst þá kannski hækkaður. (**EG:** Þetta er nú sjálfstæðismanna.) Ég er ekkert að segja að það sé bara ein stjórn eða einn flokkur sem hafi gert þetta. Við þekkjum þetta öll hér inni. Þeim fannst þetta ósanngjarnt engu að síður. Það hefði kannski mátt réttlæta þetta þegar mikil umsvif voru og sæmilegur hagur hjá fyrirtækjunum, en þegar þau væru að hrynja og hvert af öðru að fara á hausinn gæti þetta varla talist eðlilegt af hálfu Alþingis. Ég held að ég flytji þeirra boð hingað alveg rétt og geri hvorki meira úr þeim eða minna en eins og þau féllu.

Framkvæmdastjóri Verslunarráðs Íslands taldi að það væru fjöldagjaldþrot yfirvofandi í versluninni. Það færi ekkert milli mála að hagur verslunar væri mjög bágborinn líka, ekki bara annarra atvinnuvega heldur líka verslunarinnar. Þó að einstök stórfyrirtæki standi það vonandi af sér taldi hann miklar líkur til þess að fjöldinn allur af verslunarfyrirtækjum, hvort heldur eru rekin af einstaklingum, hlutafélögum, samvinnufélögum eða með einhverjum öðrum hætti, mundu verða gjaldþrota eða eiga í mjög miklum erfiðleikum og það var ekki einskorðað við byggðirnar úti á landi heldur væri hið sama að gerast í Reykjavík og nágrenni Reykjavíkur. Það passar allt saman við draumsýn hæstv. fjmrh., að það er ekki bara partur af landinu þar sem kreppan hans kemur til með að ríkja. Hún verður yfir alla línuna svo að hann ætti að gleðjast um hátíðirnar þegar hann sér það fyrir augum sér. Svo er væntanlega þá líka um aðra í stjórnarherbúðunum.

Ég ætla þá að geyma mér frekari umræður um skattamálin almennt, þar er auðvitað af mörgu að taka, þangað til við fáum hér það málið sem ég hélt að fyrst yrði á dagskránni, en það kemur þá væntanlega einhvern tíma seinna á fundinum.

Halldór Blöndal:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er til umræðu er um ráðstafanir í ríkisfjármálum, en þar er verið að fjalla um sérstakt lántökugjald sem taka á vegna erlendra lána. Nú er það svo að þegar þetta lántökugjald var ákveðið fyrir einu ári óttuðust menn mjög að það væri mikil þensla í landinu og menn höfðu af því þungar áhyggjur að of mikil fjárfesting yrði af þeim sökum og með einhverjum hætti yrði að draga úr þessum þensluvaldi. Við munum eftir því, sem stóðum að þeirri ríkisstjórn, að í ágústmánuði í fyrra var sérstaklega rætt um það milli Sjálfstfl., Framsfl. og Alþfl. hvort ástæður væru til að grípa þá þegar inn í með efnahagsaðgerðum vegna þess að efnahagsráðunautur ríkisstjórnarinnar hafði gert sér grein fyrir því að raungengi krónunnar var hækkandi og var raunar að verða svo hátt að það stefndi í að það yrði útflutningsatvinnuvegunum um megn. Það er rétt að hafa í huga og nauðsynlegt í ljósi þess sem síðan hefur gerst að bæði ráðherrar Framsfl. og ráðherrar Alþfl. sögðu á fundi sem um þetta mál var haldinn að ekki kæmi til álita að grípa til neinna efnahagsráðstafana fyrir 1. okt. á árinu 1988. Þá var tekin sú ákvörðun að reyna með almennum aðgerðum að draga úr þeirri þenslu sem óneitanlega var í þjóðfélaginu á þeim tíma, að verulegum hluta vegna þess að almenningur hafði ekki gert sér grein fyrir því að hverju stefndi og eins og við munum sögðu atvinnurekendur hreint út við stjórnmálamenn að eftirspurn eftir vinnuafli á vinnumarkaði væri svo mikil að það væri greinilega langt í að við því mætti búast að drægi úr yfirborgunum til þess að halda vinnuaflinu. Það var mat manna á þessum tíma, hvort sem við getum svo eftir á deilt um það hvort við höfum farið rétt eða rangt að, alveg eins og við gátum skipst á skoðunum um það fyrir fram, en það varð niðurstaðan á þeim tíma að slá því á frest að grípa til almennra aðgerða í efnahagsmálum þar sem ýmsir, bæði úr röðum vinnuveitenda og launþegahreyfingar, gerðu sér vonir um að takast mætti að ná samningum fyrir áramót, hóflegum samningum sem væru nauðsynleg aðgerð til þess kannski fyrst og fremst að breyta þeirri tekjuskiptingu sem þá var í þjóðfélaginu, en eins og við sjálfstæðismenn höfum lagt áherslu á hvað eftir annað var komið svo síðari hluta árs 1987 og það mikla launaskrið sem hafði viðgengist síðustu missirin olli því að lægstu laun og laun þeirra sem einungis þurftu að lifa af berum kauptöxtum voru orðin tiltölulega lægri en með góðu móti var hægt að una við. Það var af þessum sökum sem ýmsir héldu því fram að nauðsynlegt væri að láta nýja kjarasamninga ganga í gildi til þess að reyna að rétta hlut þeirra sem voru lægst launaðir, en eins og löngum vill fara þegar samdráttur verður í þjóðartekjunum drógust þeir samningar á langinn. Á hinn bóginn voru gerðar margvíslegar ráðstafanir til að reyna að draga úr þenslu í þjóðfélaginu. Ein af þessum ráðstöfunum fólst í því að leggja sérstakt lántökugjald á þau lán sem tekin voru erlendis og var gert ráð fyrir því að það lántökugjald félli niður hinn 31. des. 1988.

Það er eins um þetta lántökugjald og margar aðrar efnahagsráðstafanir sem gerðar eru til að draga úr þenslu að áhrifin af þeim koma ekki fram þegar í stað heldur eru þær miklu fremur langtímaaðgerðir og það má segja að að því leyti hafi þessi aðferð tekist fyrir einu ári með lántökugjaldinu að mjög hefur dregið úr þenslu hér á landi á síðari hluta þessa árs sérstaklega og greinilegt að menn eru varkárari í fjárfestingum en áður. Auðvitað á það að

hluta til rætur sínar að rekja til erfiðrar stöðu útflutningsatvinnuveganna og samkeppnisgreina, en enginn vafi er á því að lántökugjaldið flýtti fyrir því að menn hikuðu við fjárfestingar á þessu ári. Við slík skilyrði, þegar um of mikla fjárfestingu er að ræða í þjóðfélaginu, þegar of mikið kapphlaup er eftir vinnuafli og við sjáum fram á að nauðsynlegt er að draga úr eftirspurn og þenslu, getur lántökugjaldið verið eðlileg og skynsamleg framkvæmd, það er enginn vafi á því, ásamt með öðrum aðgerðum í þessu skyni.

Það er okkur auðvitað mikið umhugsunarefni eftir á að fram eftir þessu ári voru ýmsir í þessu þjóðfélagi sem vildu trúa því að geta sjávarútvegsins til að taka á sig enn meiri byrðar væri fyrir hendi. Ég man sérstaklega eftir því að sá maður sem nú er samgrh. og landbrh., hæstv. samgrh. og landbrh., það ber best að segja það, lýsti því yfir á fundi sem ég átti með honum og fulltrúum frá öðrum stjórnmálaflokkum í byrjun september eða endaðan ágúst að sjávarútvegurinn hefði ekki orðið fyrir neinum ytri áföllum, að rekstrarskilyrði sjávarútvegsins hefðu síst versnað á árinu 1988 og hann spurði að því hvort einhver hefði orðið var við að fiskeldið ætti í erfiðleikum. Þegar menn tala með þessum hætti, svo ábyrgðarlausum hætti um stöðu útflutningsatvinnuveganna er auðvitað ekki von á því að almenningur, sem er minna inni í málum, geri sér undir eins grein fyrir því að aftur er farið að halla undan fæti og það því fremur sem fjölmiðlum hefur verið lagið núna lengi að bregða upp annarri mynd af ástandinu en hún raunverulega er. Ég undanskil í þessu sambandi auðvitað Morgunblaðið, en eins og hv. þingheimur veit ber ég mikið traust til þess blaðs vegna þess að fréttamennska þar er með allt öðrum og ábyrgari hætti og raunar ógerningur að fylgjast með íslenskum þjóðmálum eða því sem er að gerast hér á landi nema hafa það blað við hendina. Það á sér eðlilegar skýringar vegna þess að festan sem þar hefur verið í ritstjórninni er mjög áberandi og greinilegt að blaðið lætur ekki á sig fá þótt einhverjar tískusveiflur séu í fjölmiðlaheiminum.

Það sem skiptir sköpum í sambandi við lántökugjaldið nú og fyrir ári þegar við veltum fyrir okkur spurningunni um hvort það sé heppileg aðgerð og skynsamleg er hvort okkur finnist þenslan í þjóðfélaginu „vera of mikil", hvort við teljum að eftirspurnin eftir vinnuafli sé of mikil og hvort við teljum að mikil brögð séu að því núna að menn vilji ráðast í óhóflega fjárfestingu í atvinnuhúsnæði. Ég hygg að allir þeir menn sem vilja tala um það mál með einhverri sanngirni hljóti að viðurkenna að svo er ekki.

Og hvernig skyldi standa á því að það eru svo breytt viðhorf nú frá því sem var fyrir ári? Hvernig skyldi standa á því? Nú er leiðinlegt að hæstv. forsrh. skuli vera upptekinn í Nd. Ég hef átt einkar ánægjuleg orðaskipti við hæstv. forsrh. hér í þinginu og ég veit að honum þykir jafnleiðinlegt og mér að hann skuli ekki vera hér nærstaddur til að geta svarað fyrirspurnum mínum sem ég hef orðið var við af minni reynslu á Alþingi að hann gerir með meiri nákvæmni en flestir aðrir og leggur sig óskaplega fram um að geðjast stjórnarandstöðunni með sama hætti og þessi hæstv. ráðherra var mjög orðvar t.d. um formann Sjálfstfl. meðan þeir voru saman í síðustu ríkisstjórn. Minnist ég þess ekki, enda ekki langminnugur, að hæstv. núv. forsrh. hafi nokkru sinni dregið í efa að páverandi forsrh. vildi leggja sig fram, síður en svo, ekki man ég eftir því. Þess vegna er mjög leiðinlegt að hæstv. forsrh. skuli ekki vera við, svo ljúfmannlega sem hann yrði við því að svara enn einu sinni skýrlega fyrirspurnum mínum um hvað ríkisstjórnin hyggist gera til að rétta við atvinnureksturinn.

Ég hef, herra forseti, beint fyrirspurnum mínum til einstakra ráðherra um þessi efni. Síðast þegar ég gerði það hittist svo á að ég gat ekki verið hér á fundi á meðan ráðherrar tóku til máls, en ég hef gengið úr skugga um það með því að hlusta á segulbandsspólur að þeir hafa ekki svarað mínum fyrirspurnum svo að viðhlítandi sé þannig að ég held að óhjákvæmilegt sé í tengslum við þetta mál að fá hæstv. sjútvrh. til að hlusta. Ég hef orðið var við að það er til lítils að varpa fyrirspurnum til hæstv. menntmrh. þannig að við því sé að búast að hann tali um atvinnumálin í einhverri alvöru, enda er það ekki háttur Alþb. hvort sem það er í ríkisstjórn eða í stjórnarandstöðu að vera með mikinn höfuðverk út af því. Það er ekki síður þess flokks.

Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt þegar verið er að tala um þetta mál að hæstv. viðskrh. sé við. Ég hef áður fundið að því, herra forseti, að ráðherrar Alþfl. hafa ekki sést hér nema í sjónhendingu, ekki flugulíki. Það er ekki einu sinni að þeir hafi komið eins og fiðrildi og tyllt rassinum á stólana sem snöggvast eins og fiðrildin gera við blómknappana. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að við fáum að heyra í þeim. (**Forseti:** Óskar ræðumaður eftir að fá viðskrh. í deildina?) Ég geri það. Við höfum, sjálfstæðismenn, mjög lagt okkur fram um að greiða fyrir þingstörfum. Við tókum síðast á fundi fjh.- og viðskn. fyrir í morgun mál sem ekki hafði verið vísað til nefndarinnar. (**JE:** Sumir gengu út.) Það er rétt. Ég heyri að þingmaður þeirra Reyknesinga finnur að því að ég skyldi hafa sagt að ég hefði ekki gagn af því að ræða frv. um staðgreiðslu opinberra gjalda óviðbúið, enda hefði ég gaman af því að spyrja þennan hv. þm. út úr, bæði um tekjuskattinn og staðgreiðslukerfið, og athuga hvort hann sé svo vel með á nótunum að hann geti óviðbúið rætt þau tæknilegu mál sem þar er um að ræða, en það er ég ekki og þarf fyrir fram að kynna mér hvað málið snýst um, enda hefur það ekki verið venja svo að ég muni til að ræða í þingnefndum mál sem ekki hefur verið vísað þangað.

Á hinn bóginn höfum við sjálfstæðismenn . . . Var formaður fjh.- og viðskn. að biðja um orðið um þingsköp? Tók ég rétt eftir? (**Forseti:** Ég hygg það.) Ég er alveg reiðubúinn, herra forseti, að gera hlé á ræðu minni til þess að formaður þingflokks Alþfl.

geti talað um þingsköp. Ég vil ómögulega vera að draga það að formaður þingflokks Alþfl. geti talað um þingsköp. Vill herra forseti að ég geri hlé á ræðu minni til þess? (**Forseti:** Ég hygg að það sé ástæðulaust, hv. ræðumaður, þar sem hv. þm. er ekki í salnum.) Ég vildi gjarnan að það kæmi fram að þessi hv. þm. staðfesti að Sjálfstfl. hefur lagt sig fram um að greiða fyrir störfum í fjh.- og viðskn. og er sannarlega tími til kominn vegna þess að hann talaði með þeim hætti um þau störf þegar hann mælti fyrir frv. um efnahagsaðgerðir fyrir skömmu, um breytingu á lögum um efnahagsaðgerðir eða bráðabirgðalög, en þá talaði formaður fjh.- og viðskn. í þeim anda að eitthvað hefði skort á að fulltrúar Sjálfstfl. í nefndinni hefðu verið samningaliprir.

Ég tók sérstaklega eftir því að formaður nefndarinnar kvartaði undan því hversu marga aðila stjórnarandstaðan hefði kallað fyrir sem ég sé ekki að hafi komið að sök vegna þess að það er ekki hægt að halda nefndarfundum viðstöðulaust áfram. Lánsfjárlögin bíða afgreiðslu í nefndinni. Það er ekki hægt að ræða þau í botn vegna þess að ríkisstjórnin veit ekki hvernig hún ætlar að standa að þeim. Í nefndinni liggur fyrir frv. um breytingar á sjóðakerfinu þar sem á að skattleggja m.a. Lánasjóð ísl. sveitarfélaga um nær 100 millj. kr., þar sem á að skattleggja Framleiðnisjóð, þar sem á að skattleggja Hafnabótasjóð samkvæmt greinargerð frv., þar sem á að skattleggja Orkusjóð samkvæmt greinargerð frv. þó okkur hafi að vísu síðar borist aðrar upplýsingar frá fjmrn., sem auðvitað bendir til þess að annar maður í ráðuneytinu hafi svarað nefndinni en sá sem samdi frv. eða skrifaði greinargerðina, og okkur er sagt að það sé ekki hægt að ræða það mál áfram vegna þess að ríkisstjórnin sé að hugsa um að breyta frv., en okkur er á hinn bóginn ekki trúað fyrir því hvernig. Eins er þetta í Nd. Þar er ekki hægt að ræða um hvernig vörugjaldið eigi að vera því að ríkisstjórnin er að hugsa um að breyta því. Svona er þetta um alla skapaða hluti.

Ég hitti gamlan og reyndan embættismann í miðbænum í dag, mjög pólitískan að vísu, og hann sagði mér að þessi ríkisstjórn minnti sig á Indverja. Og þegar ég spurði hann við hvað hann ætti með því sagði hann við mig: Þegar Kínverjar ganga af stað vita þeir hvert þeir ætla að fara. En þegar Indverjar ganga af stað vita þeir ekki hvar þeir lenda. Eins er það með þessa ríkisstjórn. Hún veit ekki hvar hún ætlar að lenda. Hún er svo óákveðin að hún er byrjuð að saka stjórnarandstöðuna um að tefja mál í nefndum, um að biðja of marga um viðtal áður en hún er sjálf búin að ákveða hvernig hún ætlar að óska eftir því að frumvörpin verði samþykkt hér í deildinni. Og þegar þessir menn eru að kvarta yfir því að við viljum ekki sýna nægilegan samstarfsvilja í stjórnarandstöðunni kemur forsrh. upp í þennan sama ræðustól eins og hann gerði þegar við vorum að ræða um efnahagsaðgerðirnar á sínum tíma og skýrði frá því að hann hefði rætt sérstaka brtt. við bráðabirgðalögin við fulltrúa Borgfl. og fulltrúa Samtaka um kvennalista. Síðan hef ég komist að því að hann hafi ekki viljað ræða þetta við Sjálfstfl. af því að Sjálfstfl. hafði ekki lýst neinum sérstökum brtt. við þetta ákvæði.

Nú er hæstv. menntmrh. stundum við hér í deildinni. Hann sat með mér í fjh.- og viðskn. í fyrra og var ég formaður þeirrar nefndar. Nú þætti mér gaman ef hann vildi svara því hér úr stólnum hvort ég hafi verið að reyna að gera upp á milli samstarfsmanna minna í fjh.- og viðskn., bara að segja sumum frá og öðrum ekki, reyna að fela fyrir einum það sem ég sagði öðrum. Og það sem kannski er enn athyglisverðara af þessu öllu en það sem ég hef nú sagt er það sem kom upp í viðræðum sem stjórnarandstaðan átti við ríkisstjórnina á fundi sem ég sat. Þá kom það upp úr dúrnum að nauðsynlegt hefði verið að fella niður 2. mgr. 4. gr. laganna frá því í maímánuði vegna málaferla erlendis þar sem við værum ákærðir, Íslendingar, fyrir mannréttindabrot. Nú getur vel verið að það sé út af fyrir sig rétt að það geti verið skynsamlegt að fella þetta niður af þeim sökum. Ég hef ekki séð þau plögg sem liggja fyrir þeim dómi. En ef ríkisstjórnin er þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að breyta lögum vegna andlits okkar úti í heimi og þess hvernig við lítum út fyrir alþjóðlegum dómstóli man ég aldrei eftir því allan þann tíma sem ég hef fylgst með þingstörfum náið síðan 1961, ýmist sem blaðamaður, áhugamaður eða þingmaður, að ríkisstjórn og stjórnarandstaða hafi þá ekki talað um slíka lagabreytingu áður, fyrir fram, að spilin hafi verið lögð á borðið og málin hafi þá verið rædd í hreinskilni á milli allra stjórnmálaflokka. Ef þessi er ástæðan fyrir því að nauðsynlegt var að breyta bráðabirgðalögunum bar ríkisstjórninni skylda til að skýra formönnum allra stjórnmálaflokkanna frá því þegar í stað hvað lægi á bak við tillögugerð ríkisstjórnarinnar ef hún vildi ganga hreint til verks og ef fyrir henni vakti að halda uppi sóma Íslands á erlendum vettvangi. Hitt er aftur hverjum þingmanni til mikillar vansæmdar ef hann reynir fyrir fram að vera með einhverja klæki í þingstörfum í máli sem varðar kæru á hendur Íslendingum fyrir erlendum dómstóli. Ef hugmyndin er að vera með einhverja klæki í tillögugerð hér í þinginu og koma svo eftir á og segja að allt annað hafi vakað fyrir flm. en raunverulegt var er það ekki heiðarlegur málatilbúnaður og getur ekki verið til farsældar, hvorki í bráð né lengd.

Þetta held ég að sé alveg nauðsynlegt að fram komi, en ég vona að hv. þm. skilji að það var nauðsynlegt fyrir mig að taka þennan litla útúrdúr vegna þess að ég tók eftir því að formaður fjh.- og viðskn. bað um orðið um þingsköp í miðri ræðu sem er óvanalegt af stjórnarmeirihlutanum.

Ég var þar kominn minni ræðu að ég var að velta fyrir mér hvernig á því stæði að sú mikla þensla sem var hér á landi fyrir einu ári og ég tala ekki um fyrir hálfu öðru ári er hér ekki lengur. Auðvitað vitum við að ástæðan fyrir því hvernig komið er fyrir atvinnuvegunum er sú að hér hefur verið gerð

tilraun til að halda uppi röngu gengi. Jakob Möller, sá góði og gamli þingmaður Sjálfstfl., sagði einu sinni: „Þegar gengið er fallið er það fallið." Kjarni málsins er sá að gengi krónunnar er fallið og það þýðir ekki að reyna að standa á móti því. Ég hef áður vakið athygli á því í þessum ræðustól að í hvert skipti sem tilraunir hafa verið gerðar til slíks hefur það endað hörmulega. Það hefur endað með því að eigið fé fyrirtækja hefur eyðst, það hefur endað með því að grundvöllur atvinnulífsins á þeim stöðum á landinu þar sem atvinnulífið er veikast hefur skekkst og sums staðar komið til atvinnuleysis sem auðvitað veldur því ef við horfum á reynsluna að los kemur á byggðarlögin og ýmsir hugsa sér til hreyfings sem ella mundu kannski ekki gera það. — Ég reikna með að hæstv. sjútvrh. sé í deildinni. (**Forseti:** Hann var hér.) Ég veit að hann var hér. Ég get að vísu sett upp gleraugun. Ég hafði þau í hendinni til öryggis. Það var rétt athugað hjá hæstv. menntmrh. að ég hef reynslu af því að það þýðir ekki mikið að ræða við Alþb. um atvinnumál. En ég held að það sé alveg nauðsynlegt að hæstv. sjútvrh. sé í deildinni. (**Gripið fram í:** Hann mun hafa verið kvaddur í símann.) Ef hæstv. sjútvrh. er í símanum verður þá ekki að gera hlé á fundinum á meðan? (**Forseti:** Ég hef óskað eftir því að fá hæstv. sjútvrh. í deildina, en hins vegar vil ég vekja athygli á því að hv. ræðumaður var fyrir skömmu að óska eftir að hæstv. viðskrh. kæmi og hann er kominn.) Þetta mál varðar fleiri en einn ráðherra og ráðherrarnir svöruðu ekki þegar þeir töluðu síðast um atvinnumálin. Sjálfur hæstv. forsrh. hefur kvartað yfir því þegar ég brýni röddina þannig að ég þori varla hans vegna að brýna röddina svo að sjútvrh. heyri í símaklefanum. Annars væri hægt að gera tilraun til þess svo að ekkert færi fram hjá hæstv. sjútvrh.

Það sem ég hef verið að tala um, ég skal reyna að orða ræðu mína þannig að ekki komi að sök þó að hann komi bráðum, er það að ríkisstjórnin hefur viljandi haldið uppi röngu gengi og ég fullyrði að þess eru einsdæmi að bæði forsrh. og sjútvrh. lýsi því yfir um svipað leyti að raungengi krónunnar sé rangt og á sama tíma sitji viðskrh. hinn rólegasti og láti sem ekkert sé. Fjmrh. og viðskrh. segja að gengið sé rétt skráð. Sjútvrh. og forsrh. segja að gengið sé rangt skráð. Fjmrh. og viðskrh. segja að ekki komi til þess að gengið verði fellt. Sjútvrh. og forsrh. segja að gengið verði leiðrétt og fellt. Fjmrh. talar um að nauðsynlegt sé að efna til atvinnuleysis til að stokka upp fyrirtækin. Viðskrh. talar um að rétt sé að gera herferð gegn bændum af því að þeir reki fé sitt á fjall. Sjútvrh. og forsrh. tala a.m.k. stundum öðruvísi og það hefur vakið athygli mína að hæstv. sjútvrh. talar með miklum þunga um að efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar standist ekki þá sjaldan hann fæst til að taka til máls.

Nú langar mig að spyrja hæstv. viðskrh. beint hvort það sé rétt, sem fram kom í ræðu forsrh. fyrr í haust í þessari deild, að nauðsynlegt yrði að fella gengið í janúarmánuði. Telur hæstv. viðskrh. að nauðsynlegt sé að fella gengið í janúarmánuði? Ef hæstv. viðskrh. segir að ekki sé nauðsynlegt að fella gengið í janúarmánuði langar mig til að spyrja hæstv. sjútvrh. hvort hann sé sammála því, sem fram hefur komið bæði hjá fulltrúum fiskvinnslu og útgerðar og fram hefur komið hjá fulltrúum Vinnuveitendasambands Íslands, að hér muni koma til almenns og stórfellds atvinnuleysis eftir áramótin. Þeir hafa talað um að búseta muni raskast ef gengið verður ekki leiðrétt. Er hæstv. sjútvrh. sammála því, sem fram kemur hjá vinnuveitendum, sem fram kemur hjá samtökum fiskvinnslunnar, sem fram kemur hjá útgerðarmönnum, að stefna ríkisstjórnarinnar leiði óhjákvæmilega til mikils atvinnuleysis um allt land, leiði til þess að búsetan raskist, leiði til meiri fólksflutninga milli landa en áður hefur þekkst, leiði til þess að menn missi eigur sínar og fái naumast nokkuð fyrir þær vegna þess að atvinnuna brestur í byggðarlögunum? Mig langar líka til að spyrja hæstv. sjútvrh. að því hvernig hann hyggist standa áfram að þeirri stefnu sem hann hefur um stjórn fiskveiða ef það kemur á daginn að í byggðarlagi eftir byggðarlagi verði nauðsynlegt að selja skipin á brott vegna þess langvarandi hallareksturs sem verið hefur. Við vitum að það verður mikið kapphlaup um skipin vegna þess að skipin eru ávísun upp á að viðkomandi megi róa til fiskjar, nýta auðlindir hafsins. Við komum okkur saman um það hér í þinginu að við skyldum byggja á aflareynslunni og ég hlýt, herra forseti, að segja að þingið hefur gefið sér allt of lítinn tíma til að ræða um hvaða afleiðingar það muni hafa ef mörg byggðarlög verða samtímis fyrir því, kannski á svipuðu svæði, að skipin verða seld annað, til þeirra aðila sem hafa meira bolmagn, til þeirra sem ríkari eru. Þetta er mikið áhyggjuefni. Og það er hægt að hugsa sér að reyna að standa á móti þessu eða með þessu eins og hæstv. fjmrh. vill gera, að einhverjir menn hér fyrir sunnan fari í byggðarlag fyrir byggðarlag, í fyrirtæki á eftir fyrirtæki og fari að stokka þetta allt upp á nýtt. Hann sagði í septembermánuði að stjórn Atvinnutryggingarsjóðs mætti ekki verða þingkjörin vegna þess að ef hún væri þingkjörin væri ekki hægt að ráðskast eins með eignir manna og hægt er að gera eins og hún er skipuð. Það var mat fjmrh.

Ég veit ekki, herra forseti, hvort þetta þýðir neitt. Ef forseti hefur ekki meiri stjórn á þessu en þetta ... (**StG:** Það er kominn annar ráðherra.) Nei, ég er búinn að kvarta yfir því í umræðu eftir umræðu að það sé enginn ráðherra frá Alþfl. í deildinni og til að greiða fyrir þingstörfum hef ég ekki gert það að neinu sérstöku úrslitamáli. Ég bað hins vegar um að hæstv. fjmrh. yrði við þegar rætt yrði um bráðabirgðalögin frá því í septembermánuði við 3. umr., þá bað ég um að hann yrði við vegna þess að í þeim lögum var ákvæði sem sérstaklega snerti þann ráðherra. Hins vegar gekk hann út úr þingdeildinni þegar orðið var gefið laust og þá átti ég um það að velja að standa enn einu sinni upp og biðja um að forseti næði í ráðherra. En ég sé ekki að þetta þýði

neitt.

Ég hef aldrei orðið var við þetta fyrr og óska eftir því að forseti gefi tíu mínútna hlé til þess að stjórnarandstaðan geti rætt um það við ráðherra hvort ekki sé hægt að finna sameiginlegan tíma á sólarhringnum til að geta ræðst við. (**Forseti:** Ég hef óskað eftir því að viðskrh. verði sóttur.) Ég óska eftir meira en hann verði sóttur. Ég óska eftir að hann verði við. (**Gripið fram í:** Það þarf að sækja hann til að hann verði við.) Er ekki best að taka þá fyrir annað mál? Ég skal gera hlé á ræðu minni og við tökum fyrir annað mál þar sem ekki er þörf á ráðherranum. Hvernig væri það? Ég óska eftir því, herra forseti, að þetta mál verði þá tekið út af dagskrá, ég geri hlé á ræðu minni og síðan sé hægt að halda áfram þegar ráðherrann er viðlátinn. (**Fjmrh.:** Erum við Halldór ekki nógu góðir?) Er ekki hægt að verða því? (**Forseti:** Hæstv. ráðherra mun vera rétt að koma.) Finnst forseta vera skemmtilegur blær yfir þingdeildinni? Ég mætti kannski ná í blað á borðinu meðan við bíðum eftir ráðherranum? Ég skal ekki fara í símann samt. (**Forseti:** Ég mun verða við beiðni hv. ræðumanns og fresta þessari umræðu og taka fyrir 3. mál á dagskrá.)

Umræðu frestað.

Framhaldsskólar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 184. mál (gildistaka). — Þskj. 215, n. 255, 270 og 278, brtt. 279.

Frsm. 2. minni hl. menntmn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég verð að segja að tilfyndinn er hæstv. forseti því að nú tekur hann fyrir mál sem heyrir undir menntmrh., sennilega vegna þess að menntmrh. er víðs fjarri. Hins vegar er fjmrh. hér við og það á líka að tala um skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Þar er ég líka næstur á mælendaskrá og hefði kannski verið skynsamlegra að tala um það. En það er um að gera að reyna að finna mál sem ráðherrarnir geta ekki rætt. En látum það vera.

Það frv. sem hér liggur fyrir fjallar um að fresta því að lög um framhaldsskóla taki gildi um næstu áramót, þ.e. III. og VIII. kafli laganna, sá kafli laganna sem fjallar um skólanefndir eins og sést í 1. gr. frv. En nú hefur nefndinni borist bréf frá Sambandi ísl. sveitarfélaga sem gerir það alveg óhjákvæmilegt að hæstv. félmrh. verði fyrir svörum í deildinni til að hann geti útskýrt fyrir okkur þær samræður sem hafa orðið milli sveitarfélaganna og félmrn. um þetta mál. (**StG:** Nú er menntmrh. kominn.) Já, mér þykir vænt um það og ég skal ræða við hann um skólanefndir ef hægt væri síðan að ná í hæstv. félmrh. til þess að hægt sé að ræða við hann þann kafla og þátt frv. sem veit að sveitarfélögunum.

Þá vil ég fyrst segja það, hæstv. forseti, að á fund nefndarinnar komu að beiðni, hann sá um það formaður menntmn., hv. 3. þm. Vesturl., við eigum mikið og gott samstarf í mörgum nefndum, að embættismenn úr fjmrn. sóttu fund nefndarinnar og ég þarf ekki að taka það fram að embættismenn fjmrn. staðfestu þá skoðun hæstv. menntmrh. að nauðsynlegt væri að samþykkja frv. hæstv. menntmrh. Nú átti ég ekki von á öðru en svo mundi fara, en auðvitað var fróðlegt að heyra með hvaða hætti starfsmenn menntmrh. rökstuddu þá hugsun hans að ekki væru forsendur fyrir því að skólanefndirnar tækju til starfa fyrr en fjármálakaflarnir, III. og VIII. kafli, tækju gildi.

Nú er ekki hægt að tala um þetta nema öllum þingdeildarmönnum sé nákvæmlega kunnugt um í hverju starfsemi skólanefnda felist. Um stjórnun stendur svo í IV. kafla laganna:

„Menntmrn. fer með yfirstjórn þeirra mála er lög þessi taka til og annast námsskrárgerð, kennslueftirlit og ráðgjöf um þróunarstörf er snerta framhaldsskóla.

Ráðuneytið gerir tillögur um fjárveitingu á fjárlögum til hvers skóla, sbr. 3. og 32. gr., og annast fjárhagslegt eftirlit eftir því sem við á.

Samstarfsnefnd framhaldsskóla, skipuð skólameisturum (rektorum) undir forsæti menntmrh. eða staðgengils hans, fjallar um sameiginleg málefni framhaldsskóla og samræmir störf þeirra. Samstarfsnefnd skal halda a.m.k. einn fund árlega."

Ég vil vekja athygli á því að einmitt í 6. gr. frv. er komið inn á það rækilega hvernig haga eigi samstarfi framhaldsskólanna, en hæstv. menntmrh. hefur einmitt vikið að því í hvert skipti sem framhaldsskólarnir hafa verið til umræðu í deildinni hvaða nauðsyn bæri til slíks samstarfs. Ég er honum öldungis sammála um það. Ég minni á að á sínum tíma, ég hygg að það séu fimm eða sex ár síðan, var gengið frá sameiginlegri námsskrá fyrir alla framhaldsskóla á Norðurlandi sem var geysilega þýðingarmikið og átti eftir að hafa mjög hagnýta þýðingu bæði fyrir einstaka skóla á Norðurlandi og nemendur þeirra og átti eftir að vera mjög ráðandi í því hvernig skólastarfið skipulagðist norður þar og ég vil segja að það megi ekki vanmeta það mikla brauðryðjendastarf sem þar var unnið.

Næst komum við hins vegar að hinum umdeildu greinum og nú er mjög þýðingarmikið að íhuga rækilega hvað þar stendur til að reyna að sjá hvort skólanefndirnar standist þó þessum köflum laganna sé slegið á frest. Í 7. gr. segir, herra forseti:

„Menntmrh. skipar skólanefnd við hvern framhaldsskóla. Í skólanefndum skulu sitja fimm menn. Skulu fjórir tilnefndir af hlutaðeigandi sveitarfélagi eða sveitarfélögum. Þegar um er að ræða skóla sem annast starfsmenntun skal af hálfu sveitarstjórna gætt við tilnefningu að fulltrúi viðkomandi starfsgreina eigi sæti í skólanefnd. Skipunartími skólanefnda skal vera fjögur ár og miðast við kjörtímabil

sveitarstjórna.

Menntmrh. skipar formann skólanefndar án tilnefningar. Tilnefningaraðilar greiða þóknun og annan kostnað vegna starfa fulltrúa sinna í skólanefnd. Skólanefndir við skóla, sem ríkið rekur nú eða kunna að verða stofnaðir án þátttöku sveitarfélaga, sbr. 5. mgr. 3. gr., skulu skipaðar af menntmrh. samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Skólameistari situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt. Hann er framkvæmdastjóri nefndarinnar."

Hér eru almenn ákvæði í 7. gr. um skipun nefndarinnar, hvernig hún skuli vera, og skal ég víkja sérstaklega að því á eftir. Síðan kemur 8. gr. sem er auðvitað aðalatriði þessa máls, um það snýst hvort skynsamlegt sé að fresta því að skólanefndir taki til starfa eða ekki, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Skólanefnd og skólameistari ákveða námsframboð með samþykki menntmrn.

Skólanefnd undirbýr árlega ásamt skólameistara tillögur til fjárlaga og sendir þær menntmrn. Í upphafi hvers árs gerir skólanefnd fjárhagsáætlun í samræmi við niðurstöður fjárlaga og fylgist með að henni sé framfylgt.

Skólanefnd ákveður upphæð gjalda er nemendum er gert að greiða við innritun í námsáfanga, svo sem innritunargjöld, efnisgjöld, pappírsgjöld og nemendasjóðsgjöld. Halda skal bókhald um fjárreiður þessar og um endurskoðun gilda sömu reglur og um annan rekstur.

Heimilt er skólanefnd að stofna sérstaka sjóði við framhaldsskóla. Skal um þá sett skipulagsskrá, leitað staðfestingar á henni og hún birt í Stjórnartíðindum." — Svo mörg eru þau orð.

Nú er alveg ljóst þeim sem hlýddu að ekki getur verið ágreiningur um að frestun á fjármálaköflunum, III. og VIII. kafla, hefur enga þýðingu varðandi 1. mgr., 3. mgr. og 4. mgr. þessarar greinar. Það er svo mikið hugmyndaflug að það geti átt sér stað að ómögulegt er fyrir fram að láta sér detta það í hug og yrði ég þá að víkja að því síðar ef hæstv. ráðherra heldur því fram að eitthvað í þeim greinum geti af eðlilegum ástæðum og tæknilegum verið því til fyrirstöðu að skólanefndirnar taki til starfa um áramót.

Þá er eftir 2. mgr. sem ég skal lesa á nýjan leik, með leyfi hæstv. forseta: „Skólanefnd undirbýr árlega ásamt skólameistara tillögur til fjárlaga og sendir þær menntmrn. Í upphafi hvers árs gerir skólanefnd fjárhagsáætlun í samræmi við niðurstöður fjárlaga og fylgist með að henni sé framfylgt." — Svo mörg eru þau orð.

Á fund nefndarinnar kom Ingvar Ásmundsson, skólameistari Iðnskólans í Reykjavík, og var hann almennt þeirrar skoðunar að rétt væri að lögin um framhaldsskóla tækju gildi í heild sinni. Hann benti m.a. á þá hættu að sveitarfélög mundu halda að sér höndum varðandi ýmis útgjöld, og nefndi sérstaklega viðhaldskostnað, ef því yrði slegið á frest um óákveðinn tíma að ný kostnaðarskipting yrði upp tekin og ræddi almennt um þau vandkvæði sem slíku fylgir. Hann var á hinn bóginn afdráttarlaus í þeirri afstöðu sinni að hann teldi til bóta að skólanefndir væru við skólana.

Fulltrúi Bandalags kennarafélaga, Elna Jónsdóttir, ættuð úr Dýrafirði í föðurætt þó hún sé fædd á Akureyri, og veit ég að það gleður einn hv. þm., kallaði lögin á hinn bóginn skólameistaralög eða eitthvað þvílíkt og taldi að sjónarmið kennara hefðu almennt séð ekki komist til skila varðandi lagasetninguna og taldi enn fremur að nauðsynlegt væri að kennarar ættu fulltrúa í skólanefnd, en því svaraði skólameistari svo að hann taldi eðlilegt að bæði kennarar og nemendur ættu fulltrúa í skólanefndum. Um það má auðvitað deila og veit ég ekki hvort ég ætti að fara út í langt mál út af því hvernig eðlilegt sé að skipuleggja skólanefndir, hvernig eðlilegt sé að skipa í þær, en hitt er öldungis ljóst að skólameistarafélagið telur rétt að skólanefndirnar taki til starfa um áramótin.

Ég var svo heppinn eftir að þingfundi lauk á laugardag og þeim fundum sem á eftir þingfundum voru, undir átta um kvöldið, að fara í Kringluna og hitti þar skólameistara eins ríkisskólanna. Ég skal ekki nefna nafn hans hér vegna þess að hann hefur ekki verið beðinn um álit með formlegum hætti. En ég spurði hann þeirrar spurningar einnar hvort hann teldi heppilegt að skólanefndirnar tækju til starfa nú um áramótin og hann sagði já. Ég spurði hvers vegna og hann svaraði því til að það yrði mjög gagnlegt einmitt við fjárlagagerðina fyrir árið 1990, nú í vor og á næsta hausti, að hafa slíka skólanefnd sér til ráðuneytis sem væri bæði skipuð fulltrúa frá menntmrn., sem væri formaður þeirrar nefndar, eða fulltrúa sem menntmrh. skipaði, og svo fjórum mönnum frá sveitarfélögunum. Það var mat þessa skólamanns að það væri ekkert samhengi á milli þess hvort III. og VIII. kafli tækju gildi nú um áramótin og hins hvort skólanefndir væru skipaðar. Ef sú er skoðun hæstv. menntmrh. að einhverjar tæknilegar ástæður, faglegar ástæður valdi því að skólanefndin geti ekki sinnt þeim verkefnum sem henni eru falin í 8. gr. hlýt ég að biðja menntmrh. um að gera miklu gleggri grein fyrir því hér í deildinni en hann hefur gert vegna þess að þessi tæknilegu eða faglegu vandkvæði, sem fundin hafa verið upp eftir að alþýðubandalagsmaðurinn settist í stól menntmrh., eru gjörsamlega ókunn utan veggja ráðuneytisins.

Hitt er svo allt annað mál ef menn eru andvígir einstökum efnisákvæðum frv. og telja almennt betra að hin nýja framhaldsskólalöggjöf taki ekki gildi fyrr en t.d. 1. jan. 1990, ef menn vilja breyta lögunum í heild sinni. Það er svo allt, allt annað mál.

Það er líka alveg augljóst að ef hæstv. menntmrh. þykir of þröngt að einungis ráðherra og sveitarstjórnir skipi í skólanefndina kemur auðvitað til álita að breyta lögunum þannig að nemendur skuli kjósa í skólanefnd og þá kennarar einnig, eða kennarar og þá nemendur einnig, nema menntmrh. vilji fara eftir

því sem kennarar segja og halda sig eingöngu við kennarana og sleppa nemendunum. Það er allt, allt annað mál. Þá erum við farnir að tala efnislega um stjórnunarkaflann. En hitt kalla ég ekki efnislega umfjöllun eins og hæstv. menntmrh. hefur komið að skólanefndunum, bæði í sinni ræðu og í grg. frv. Ég veit að hæstv. menntmrh. skilur ofur vel að þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa litla löngun til að spyrja fulltrúa hans út úr í nefndinni um pólitísk álitamál eins og þetta er. Það er miklu nær að stjórnmálamennirnir geri þetta upp sín á milli en ekki sé verið að blanda inn í það ópólitískum embættismönnum. Þetta veit ég að hæstv. ráðherra skilur og kann að meta og skal þess vegna ekki fara fleiri orðum um það.

En nú stendur svo á, sem ég raunar skil ekki, að hæstv. félmrh. lætur sig vanta, en af framhaldi ræðu minnar veit ég að hæstv. forseti er mér fyllilega sammála um að nauðsynlegt er að félmrh. komi í deildina. Nú má vera að eitthvert mál í Nd. sé þannig vaxið að félmrh. þurfi nauðsynlega að vera þar viðstaddur. (**Forseti:** Hæstv. félmrh. var ekki í húsinu áðan, en ég óskaði eftir því að hún kæmi hér þegar í stað.) Nú er það ekkert launungarmál að ég fór fram á það í sambandi við nefndina einmitt að úr því fengist skorið hver væri afstaða Sambands ísl. sveitarfélaga til þessa máls. En það er hægt að koma að málinu öðruvísi meðan beðið er eftir því að hæstv. félmrh. skili sér.

Í sambandi við III. og VIII. kafla laganna er það almennt svo að þar er verið að fjalla um að draga það að ný kostnaðarskipan verði tekin upp á framhaldsskólum á milli ríkis og sveitarfélaga og þarf ekki að fara mörgum orðum um að skýringin á því er sú að ríkisstjórnin hefur ekki alveg gert upp við sig hvernig hún ætlar að haga fjárlagagerðinni. Skýringin á því hversu seint frv. var lagt fram, en það er 184. mál, er augljóslega sú að ríkisstjórnin dró mjög við sig að taka ákvörðun um í hvaða atriðum skyldi komið til móts við sveitarfélögin og í hvaða atriðum það skyldi ekki gert. Ef við lesum yfir það frv. til lánsfjárlaga sem nú liggur fyrir fjh.- og viðskn. og bíður afgreiðslu fer ekki fram hjá neinum að í veigamiklum atriðum hyggst ríkisstjórnin ganga á hlut sveitarfélaganna meira en áður hefur verið gert. Ég veit satt að segja ekki, hæstv. forseti, hvað ég eigi að telja fram sem skýrasta dæmi þess hversu mikið skeytingarleysi ríkisstjórnin sýnir sveitarfélögunum. Ég veit ekki hvort það sem manni finnst allra skýrast sé sú ákvörðun hennar að vilja skattleggja Lánasjóð ísl. sveitarfélaga. Ég veit ekki nema sú ákvörðun sé kannski mest ögrandi af öllum ögrandi ákvörðunum sem þessi ríkisstjórn hefur tekið þegar hugmyndir hennar standa til þess að skattleggja þennan lánasjóð sveitarfélaganna, sem er almannavald engu síður en ríkið sjálft, um 95 millj. kr.

Það stendur m.a.s. svo á um þá menn sem eru í sveitarstjórnum að þeir eru kjörnir með nákvæmlega sama hætti og alþm., af fólkinu sjálfu, og þessum mönnum er falið að sjá um þau verkefni heima í byggðunum sem næst standa einstaklingunum. Þess vegna held ég að sumu leyti að slík bein skattheimta á starfsemi sveitarfélaganna sé mest ögrandi af þessu öllu saman. Auðvitað, ef það væri einhver mannsbragur að þessu, mundu sveitarfélögin óðara setja tekjuútsvar á innheimtu opinberra gjalda alveg með sama hætti og það er verið að setja tekjuútsvar á umsvif sveitarfélaganna, setja tekjuútsvar á gjaldheimtuna, setja tekjuútsvar á áfengið, setja tekjuútsvar á sýslumannsembættin þegar um greiðslur opinberra gjalda er að ræða.

Það er líka mikið umhugsunarefni að á sama tíma og ríkisstjórnin telur nauðsynlegt að leggja tekjuskatt á opinbera sjóði — á ég að telja upp Iðnlánasjóð, á ég e.t.v. að telja upp Verslunarlánasjóð, Stofnlánadeild landbúnaðarins, veðdeildir hinna ýmsu sparisjóða og veðdeildir viðskiptabanka? — er það líka mikil spurning hvernig á því stendur að ríkisstjórnin skuli ekki flytja frv. til breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga þannig að sveitarfélögin fái þá líka tekjur í gegnum það að skattleggja þessar stofnanir en ekki bara ríkið í gegnum tekju- og eignarskattinn. En því er auðvitað sleppt. Hugmyndin er ekki sú að sveitarfélögin fitni eða sveitarfélögin fái eitthvað í sinn hlut. Hugmyndin er þvert á móti sú að ganga nærri sveitarfélögunum, takmarka möguleika þeirra til að byggja upp og veita íbúunum þá þjónustu sem eðlilegt er að sveitarfélögin veiti íbúum sínum.

Nú veit ég ekki, virðulegur forseti, hvernig rétt er að hugsa sér framhaldið. (**Forseti:** Hæstv. félmrh. er, að mér er tjáð, á leiðinni eða var víst lagður af stað hingað fyrir nokkru.) Ég ætla aðeins að skýra frá því að ég féllst á það til að greiða fyrir í fjh.- og viðskn. að okkur dygði að fá bréf frá Sambandi ísl. sveitarfélaga þannig að við með þeim hætti greiddum fyrir því að málið kæmist úr nefndinni, en það breytir ekki hinu að nauðsynlegt er að fjalla um málið við félmrh.

Ég get sagt það á meðan dokað er við að sveitarfélögin eru orðin vön því að ævinlega þegar kreppir að hjá ríkissjóði sé reynt að draga lappirnar í sambandi við ýmsar skuldbindingar sem þeim hafa verið gefnar og það er auðvitað reynt eins og hægt er að draga aftur af sveitarfélögunum í sambandi við skattlagninguna. Ég get kannski vikið að einu atriði. Sveitarfélögin hafa rétt til að leggja á fasteignagjöld sem miðast við matsverð húsa. Nú, á þeim tíma þegar verið er að skattleggja fasteignir meira en áður, bæði með hækkun eignarskattsins og síðan er hugmyndin að tvöfalda skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, er beinlínis verið að skerða tekjumöguleika sveitarfélaganna í þeim skilningi að þessi ákvörðun hlýtur að hafa þau áhrif að þau veigra sér fremur við því en ella að láta fasteignagjöldin fylgja hækkuðu mati eða nýta þá tekjustofna til hins ýtrasta og sömuleiðis getur þessi ákvörðun haft áhrif á hversu langt sveitarfélögin fara með sitt aðstöðugjald. Það er þess vegna alveg ljóst að líka með þessari skattheimtu er ríkisstjórnin beinlínis að

þvinga sveitarfélögin til að draga úr eðlilegri skattlagningu á þegnana, þá stofna sem lengi hafa viðgengist og visst samræmi hefur verið um.

Herra forseti. Ég hef að vísu heimild til að tala þrisvar við þessa umræðu. Ætli það sé ekki best að ég geri þá hlé á máli mínu nú. En ég mun að sjálfsögðu rifja þessar staðreyndir upp, sem ég hef verið að drepa hér á, fyrir félmrh. þegar hann kemur. En að sumu leyti hefði mér þótt eðlilegra að hafa sama háttinn á og gagnvart viðskrh. að slá umræðunni á frest.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. menntmn. fyrir afgreiðslu á þessu máli og sömuleiðis hefur margt komið fram í umræðunum sem er ástæða til að fara nokkrum orðum um. Ég ætla að víkja að einu atriði, þ.e. því að frv. gerir ráð fyrir því að fresta fjármálaköflum framhaldsskólalaganna. Fyrir því eru sem sagt þau fjármálaleg rök að ekki liggja fyrir endanlegar ákvarðanir varðandi verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga eins og hv. alþm. er kunnugt. Það þykir eðlilegt og er eðlilegt að þessar ákvarðanir varðandi fjármálakafla framhaldsskólalaganna fylgi öðrum ákvörðunum á þessu sviði varðandi verkaskiptinguna. Hitt er svo líka ljóst að það er óhjákvæmilegt að fresta þessu vegna þess að fram hafa komið á frv. og á þessum lögum veigamiklir tæknilegir gallar sem ég satt að segja tek eftir að menn gagnrýna ekki. Menn fallast á það að hér sé um óhjákvæmilega aðgerð að ræða vegna þessara tæknilegu galla. Ég ætla að víkja að einum þætti sem snertir rekstur framhaldsskólans.

Það hefur verið starfandi nefnd um rekstur framhaldsskóla. Í henni hafa verið Örlygur Geirsson og Hermann Jóhannesson úr ráðuneytinu, auk þess Jón Hjartarson, skólameistari á Sauðárkróki, frá Skólameistarafélagi Íslands og Ingimundur Sigurpálsson, bæjarstjóri í Garðabæ, frá samtökum sveitarfélaga. Þessi nefnd skilaði drögum að skýrslu til ráðuneytisins fyrir nokkrum dögum og kemst þar að afar fróðlegum niðurstöðum og ég held að það sé nauðsynlegt þó að það sé ekki nema til þess að skýra málin enn betur að fara yfir það hverjar þessar niðurstöður eru.

Nefndin segir í fyrsta lagi: „Þótt nefndarmenn velkist ekki í vafa um ágæti þess að ríkissjóður greiði allan rekstrarkostnað framhaldsskóla er ljóst að gert er ráð fyrir nokkuð sérstökum greiðslumáta, þ.e. að hluta með framlögum til skólans og að hluta með beinum greiðslum til starfsmanna, og eiga þar ekki samkvæmt lögunum að vera tengsl á milli nema e.t.v. á annan veginn. Þetta fyrirkomulag á greiðslum virðist ekki draga úr skriffinnsku og kallar auk þess á fjölmargar spurningar svo sem eins og hvernig eigi með að fara þegar rekstrarframlög duga ekki eða launakostnaður vegna skipulags o.fl. fer úr böndunum. Að sumra mati er verið að koma upp nýrri útgáfu þess daggjaldakerfis sem hefur gengið sér til húðar."

Hér er um ákaflega athyglisverða niðurstöðu að ræða. Það er útilokað fyrir hv. þm. eða aðra að vera að setja hlutina þannig upp að þetta sé einhver „fabrikkeruð" niðurstaða mín sem embættismenn komi með til nefndar. Hér er um að ræða niðurstöðu nefndar sem fjallar um málið og í eru fulltrúar frá Skólameistarafélagi Íslands og Sambandi ísl. sveitarfélaga.

Og nefndin heldur áfram: „Ákvæði þess efnis að framlag skuli vera sem næst jafnhátt á hvern nemanda hvar sem er á landinu mun að mati nefndarinnar valda stórkostlegum erfiðleikum væri það túlkað samkvæmt orðanna hljóðan. Er þá átt bæði við launakostnað og almennan rekstur. Rekstur framhaldsskóla er svo margvíslegur, samsetning náms, nemendafjöldi, húsnæði og allar ytri aðstæður eru með þeim hætti að beita verður undantekningarreglum við nánast alla framhaldsskólana. Þær reglur þarf síðan að endurskoða árlega og e.t.v. oft á ári eigi rekstur skólanna að ganga eðlilega fyrir sig."

Hér er m.ö.o. sagt fullum fetum að kostnaðarákvæði framhaldsskólalaganna eins og þau eru sé óbrúklegt. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að ef reynt yrði að framkvæma þessi ákvæði laganna mundi það þýða uppreisn í framhaldsskólakerfinu eftir mjög skamman tíma og niðurstaðan yrði sú frá skólaþróunarsjónarmiði séð að verkmenntaskólarnir færu verr út úr þessu nýja kerfi en þeir gera nú, miklu verr, en bóknámsskólarnir sem eru einhliða bóknámsskólar færu betur út úr þessu kerfi. Hér er þess vegna um að ræða ákvæði sem er gjörsamlega á skjön við þá stefnu sem var látin í veðri vaka þegar menn voru að tala fyrir framhaldsskólalögunum, sem sé þeirri stefnu að gera verkmenntanáminu jafnhátt undir höfði og bóknáminu.

Í þriðja lagi segir þessi nefnd, með leyfi forseta: „Launakostnað fyrir fasta starfsemi á vegum skólanna ber að greiða beint til starfsmanna. Sé slíkt gert samkvæmt orðanna hljóðan jafngildir það því að ríkið greiði beint um 90% af heildarkostnaði flestra framhaldsskólanna til viðkomandi launamanna en ekki til skólans. Fer þá að fara lítið fyrir fjárhagslegu sjálfstæði skólans því flestir aðrir rekstrarliðir eru bundnir, eins og orka o.fl." — Ég fer ekki fleiri orðum um þetta því þetta er skýrt.

Í fjórða lagi segir nefndin, með leyfi forseta: „Rekstrarframlag sem greiða skal beint til skóla er í flestum tilvikum ekki há upphæð. Rekstrarfjárþörfin er hins vegar afar misjöfn. Þannig er t.d. kostnaður á hvern nema þrisvar til fjórum sinnum hærri í þeim skóla þar sem tilkostnaður er einna mestur á móti þeim skóla sem hefur lægsta kostnað á hvern nema. Enn meiri mismunur gæti verið vegna viðhalds eftir aldri húsa o.fl."

Ég segi alveg eins og er: Dettur nokkrum manni í hug, og ég hef reyndar ekki orðið var við það í þessari hv. deild, að það sé eðlilegt að lög sem eru með þessum hætti taki gildi? Þau þýða stórkostlega mismunun á milli skóla. Ekki aðeins milli verkmenntaskóla og bóknámsskóla heldur líka t.d. milli

skóla innan einstakra svæða. Víkjum aðeins að Norðurlandi eystra. Sjá menn ekki í hendi sér þvílík fásinna væri að setja slík reglustikulög um kostnað við framhaldsskólana á Norðurlandi eystra? Hver yrði niðurstaðan? Sú að skólar sem eru að brydda upp á nýjungum, eins og Verkmenntaskólinn á Akureyri, mundu á mjög skömmum tíma draga saman starfsemi sína af því að þeir fengju ekki nægilega fjármuni. Bóknámsskólarnir gætu hins vegar mjög vel við unað að ekki sé fastar að orði kveðið.

Í fimmta lagi segir svo nefndin: „Ekkert virðist því til fyrirstöðu að setja samræmdar reglur um greiðsluhlutdeild nemenda vegna aðstöðu í heimavist, þátttöku þeirra í rekstri mötuneytis og skólaaksturs, svo og vegna efnisgjalda. Hið sama gildir einnig um stjórnunar- og kennslumagn í framhaldsskólum. Hluti slíkra reglna liggur þegar fyrir, en krefst endurskoðunar og frekari útfærslu."

Niðurstöður nefndarinnar eru svo þær að þetta sé í raun og veru ekki framkvæmanlegt eins og það liggur hér fyrir og þess vegna er það sem menn segja: Við skulum fresta þessum fjármálakafla. Enda, svo ég snúi mér að seinasta hv. ræðumanni, er það þannig að hann gerir í raun og veru ekki athugasemdir við að fresta þessum köflum. Hv. 2. þm. Norðurl. e. gerir í raun og veru ekki athugasemdir við það. Það sem hv. 2. þm. Norðurl. e. gerir aftur á móti athugasemdir við eru fyrst og fremst skólanefndarákvæði frv., þ.e. þau að fresta framkvæmdinni að því er varðar nokkur ákvæði sem snúa að skólanefndum framhaldsskólanna, þ.e. varða iðnfræðsluskólana, menntaskólana, Hótel- og veitingaþjónaskóla Íslands, Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum, lög um heimild til að stofna fjölbrautaskóla, lög um hússtjórnarskóla og lög um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi.

Ég taldi, og á bak við það eru auðvitað engin annarleg sjónarmið, ósköp einfaldlega að með því að fresta þessum ákvæðum um skólanefndirnar væri verið að koma í veg fyrir að flækja hlutina að óþörfu, stuðla að tvíverknaði og margverknaði. Og af hverju mega þessar skólanefndir ekki vera til áfram? Hvað er það í þessum skólanefndum sem er hv. þm. Halldóri Blöndal þyrnir í augum? Eru það t.d. ákvæðin í lögunum um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi, um skólanefnd Verslunarskólans og Samvinnuskólans? Mega þær ekki starfa eins og þær eru eða hvað? Hvaða meinbægni í garð þessara nefnda kemur fram hjá hv. þm.? Ég undrast það. Hvaða vantraust er þetta á skólanefnd Verslunarskólans sem allt í einu birtist hjá aðaltalsmanni Sjálfstfl. í mennta- og skólamálum? Það er sérkennilegt. Hér er einfaldlega gert ráð fyrir að sú skólanefnd sem starfað hefur við Verslunarskólann starfi áfram þar til fjármálakafli framhaldsskólalaganna hefur tekið gildi. Ég get svo sagt það sem mína skoðun að þau ákvæði sem eru í framhaldsskólalögunum um þessa verslunarskólanefnd orka mjög tvímælis. En í lögunum um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi er kveðið á um skólanefndir og þar segir: „Skólanefndir ráða skólastjóra svo og kennara í samráði við hann. Í skólanefnd sitja fimm fulltrúar. Skal einn tilnefndur af menntmrh., en eignaraðilar tilnefna fjóra. Nefndin kýs sér sjálf formann og varaformann." Þannig er þetta í sambandi við Verslunarskólann og Samvinnuskólann.

Tökum annað dæmi, þ.e. 12. tölul. í 41. gr., þar sem hv. þm. er sérstaklega að agnúast út í þær nefndir sem til eru samkvæmt lögum um hússtjórnarskóla. Hvað er svona vont við þær nefndir að mati hv. þm.? Hvað hafa þær gert hv. þm. eða Sjálfstfl.? Í 8. gr. laga um hússtjórnarskóla nr. 53/1975 er kveðið á um þessar skólanefndir og þar segir: „Við hússtjórnarskóla skal starfa skólanefnd sem menntmrn. skipar og starfar hún samkvæmt erindisbréfi er ráðuneytið setur. Formann skal skipa án tilnefningar en tvo nefndarmanna skal skipa samkvæmt tilnefningu héraðssambands kvenfélaga í byggðarlagi skólans, tvo tilnefnda af viðkomandi landshlutasamtökum og tvo tilnefnda af nemendum úr hópi reglulegra nemenda skólans."

Hvað er að því þó að þetta fái að vera? Af hverju þarf endilega að slá af þessar skólanefndir? Eða er það kannski 8. tölul. sem á að fresta sem hv. þm. er sérstaklega í nöp við, þ.e. skólanefnd Stýrimannaskólans í Vestmannaeyjum? Hvað er að henni? Hvað er að skólanefnd Stýrimannaskólans í Vestmannaeyjum er starfar samkvæmt lögun nr. 1 1973? Um hana er fjallað í lögunum. Þar segir, með leyfi forseta, í 13. gr.: „Í skólanefnd eiga sæti fimm menn. Ráðuneytið skipar fjóra skólanefndarmenn til fjögurra ára í senn, tvo samkvæmt tilnefningu Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Verðandi í Vestmannaeyjum og einn samkvæmt tilnefningu Útvegsbændafélags Vestmannaeyja. Formann skipar ráðuneytið án tilnefningar." Af hverju má ekki Útvegsbændafélag Vestmannaeyja tilnefna mann í þessa nefnd áfram? Hvað með Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi? Hvað er að því? Af hverju þarf endilega að setja þessa nefnd af og láta þessi lög koma til framkvæmda þannig að hún geti ekki starfað? Hvað er að því?

Eða eru það þau ákvæði sem snerta iðnfræðsluna sem hv. þm. er að agnúast út í? Ég held ekki. Ég held í raun og veru að það sem hv. þm. sé að hugsa um sé að þær skólanefndir sem lagt var af stað með í tíð forvera míns, fyrrv. hæstv. menntmrh., fái endilega að verða til samkvæmt þeim lögum. Ég sé í sjálfu sér ekki að það séu nein efnisleg rök sem mæla með því að þegar kostnaðarköflunum er öllum frestað eigi þær nefndir að koma inn með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í lögunum.

Ég segi alveg eins og er að þegar ég mælti fyrir þessu frv. á dögunum við 1. umr. var ég vissulega tilbúinn að skoða alla hluti sem mættu verða til að greiða fyrir framgangi málsins í þinginu. Ég hef ekkert sérstaklega gaman af því að vera að búa til aukaflækjur í mál til að valda erfiðleikum við að koma málum hér í gegn. Ég hef enga þörf fyrir það.

Ég legg þvert á móti á það áherslu að það sé sem allra best samkomulag í þinginu um mál af þessu tagi.

Ég lét þess vegna kanna mjög vel hvort væri hægt að hugsa sér að fresta þessum ákvæðum og fella niður þessi ákvæði frv. þannig að skólanefndirnar kæmu inn. Mín niðurstaða varð sú að það væri óheppilegt frá faglegu sjónarmiði séð því að skólarnir geti starfað með eðlilegum hætti áfram á óbreyttum kostnaðarforsendum. Þess vegna sé eðlilegt að þeir aðilar sem hafa tilnefnt í skólanefndirnar geti gert það áfram meðan ríkið er ekki búið að yfirtaka þessi mál. Þannig sá ég þetta. Og ég er alveg sannfærður um það að ef hv. 2. þm. Norðurl. e. skoðar þessa hluti af allri sanngirni og í ró og setur þetta ekki í samhengi við annað stríð sem hann á í við ríkisstjórnina þessa dagana og má margt um segja heldur skoðar þetta fyrst og fremst frá faglegu sjónarmiði, eins og menn eiga að gera sem taka sig hátíðlega í menntmn., sem ég veit að hv. þm. gerir og vinnur þar gott starf — þegar hann skoðar þessa hluti í samhengi er ég sannfærður um að hann verður sammála um að þetta er í raun og veru skásta leiðin miðað við að það er verið að fresta þessum ákvæðum. Þess vegna skora ég á hv. þm. að taka þátt í því með okkur að þetta mál komist í gegnum þingið með eðlilegum hætti.

Ég taldi hins vegar óhjákvæmilegt, herra forseti, að fara yfir þessi atriði efnislega því það er alveg rétt hjá hv. 2. þm. Norðurl. e. að hann átti það inni hjá ráðherranum að það yrði gert. Þegar ég talaði fyrir málinu var ég að velta því fyrir mér hvort það gæti verið samkomulagsflötur uppi í málinu í þá veru að skólanefndirnar yrðu til í samrekstrarskólunum eins og lögin gera ráð fyrir. Þess vegna flutti ég það mál ekki með sérstökum og ítarlegum hætti hér.

Ég hef núna farið yfir þessar skólanefndir og ég segi við hv. þm. og þingheim í þessari virðulegu deild: Ég held að það sé skynsamlegt frá sjónarmiði skólanna séð að þessu verði frestað líka úr því að verið er að fresta kostnaðarköflunum. Það sé alveg út í hött að vera að setja skólanefndirnar inn aftur.

Ég vænti þess, herra forseti, að það sem ég hef sagt hafi skýrt stöðu þessa máls og það geti orðið til þess að málið fái eðlilegan framgang.

Ég vil svo að síðustu segja það út af því sem hv. þm. vék að sveitarfélögunum og verkaskiptingunni sérstaklega að auðvitað er það svo að meðal þeirra sem bera ábyrgð á sveitarfélögunum er verulegur áhugi á því að ýta framhaldsskólanum af sér strax af fjárhagslegum ástæðum og líka af því að menn vilja gera þetta dæmi upp og ekki hafa það hangandi yfir höfði sér árum saman að það sé óljóst hvar framhaldsskólinn á að lenda. Það eru sjónarmið sem ég ber fulla virðingu fyrir. Ég held hins vegar að menn hljóti að skilja að þegar þetta mál er af ríkinu og sveitarfélögunum sett í samhengi í uppgjörinu verkaskipting ríkis og sveitarfélaga séum við í raun og veru dæmd til að taka á málinu með þeim hætti að fresta þessum kafla að sinni.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Ég get lýst því yfir hér að ég hef enga ástæðu til að halda mikla og langa ræðu um þetta frv. Ég get fallist á þau rök sem haldið hefur verið fram um nauðsyn frestunar sem slíkrar á kostnaðarkafla og stjórnunarkafla þessara laga, en ég er á nál. með hv. 2. þm. Norðurl. e. og tel að 7. og 8. gr. frv. megi koma til framkvæmdar. Ég hef enga ástæðu til að halda í þær nefndir sem þegar hafa verið skipaðar, en tel að það sé ekki sama nauðsynin á að fresta þessari nefndaskipun og þeim tveimur köflum sem eru uppistaðan í þessum lögum og mun ég reyna að skýra það með nokkrum orðum.

Lög um framhaldsskóla voru samþykkt á síðasta löggjafarþingi. Mörkuðu þau viss tímamót fyrir framhaldsskólastigið og bundu enda á óvissuástand sem ríkt hafði um alllangt skeið. Með frv. sem nú er lagt fram er lagt til að kostnaðar- og stjórnunarþætti frv. ásamt 7. og 8. gr. frv. um skólanefndir verði frestað. Helstu rök þessarar frestunar eru samkvæmt framsöguræðu hæstv. menntmrh. eftirtalin:

1. Væntanlegt frv. um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga hafi ekki verið samþykkt. 2. Að reglugerðarsmíð sem nauðsynleg er gangi seint. 3. Að nauðsynlegt sé að endurskoða ýmsar greinar frv.

Ég get fallist á að fresta á grundvelli þess að frv. um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga er ekki orðið að lögum og einnig að fresta á grundvelli þess að reglugerðarsmíð gangi seint. En ég get ekki fallist á að þessar tvær greinar, 7. og 8. gr. frv., frestist líka og ég tel að það sé einmitt nauðsynlegt að þessar nefndir verði skipaðar. Þá er ég ekki með því að gera lítið úr þeim nefndum sem nú eru heldur tel ég mjög eðlilegt að þær megi skipa þrátt fyrir að þessu verði frestað.

Á fundi menntmn. þar sem ég átti sæti kom fram hjá fulltrúum ráðuneytisins að þessi nefndaskipun væri í tengslum við stjórnunarkaflann, en þeir færðu ekki nein sérstök rök fyrir því að þetta gæti ekki farið fram þrátt fyrir að köflunum tveimur yrði frestað, kostnaðarkaflanum og stjórnunarkaflanum. Ég tel að það megi sem sagt fara fram nefndaskipan og þess vegna skrifa ég undir álit 2. minni hl. menntmn., en ég lýsi því hér yfir að ég mun fallast á að samþykkja frv. um kostnaðarkaflann og stjórnunarkafla framhaldsskólafrv., en legg á það ríka áherslu að menntmrh. reyni að hraða þessu máli eins og tök eru út af því að þessi lög eru mikil nauðsyn og frestun hefur komið miklu róti á mál. Öll frestun á lögum sem þessum skapar mikla óvissu. Það má minna á að formaður Skólastjórafélagsins, Ingvar Ásmundsson, kom fyrir nefndina og hann taldi alveg ófært að fresta þessum lögum þar sem það mundi mismuna sveitarfélögum og mismuna mjög verulega skólum, þar sem sveitarfélög mundu draga lappirnar, eins og hann orðaði það, vitandi að ríkið tæki þetta yfir innan skamms tíma.

Ég vil ekki tefja þessa umræðu, en ég vildi samt skýra það sjónarmið, sem liggur til grundvallar

afstöðu minni í þessu máli, að ég tel enga nauðsyn á að fresta þessari nefndaskipun.

Frsm. 2. minni hl. menntmn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Varðandi þau sérstöku atriði sem hæstv. ráðherra vék að í sambandi við reglugerðarsmíð og þau mál sem taka þyrfti til athugunar í sambandi við lögin í því samhengi vil ég aðeins segja að vegna þess annríkis sem ég hef átt í út af skattamálum síðustu daga hafði mér láðst að geta þess að ég hafði fengið þetta plagg í hendur og mun, herra forseti, við 3. umr. gera ítarlega grein fyrir því hver afstaða mín sé til þess og býst við því að forseti gefi mér svigrúm til að athuga það nú þannig að eftir þingflokksfundi þegar umræðu lýkur er ég reiðubúinn að ræða þann kafla úr ræðu ráðherrans sérstaklega. Ég veit að forseti skilur að þvílíkt annríki hefur verið á þingmönnum nú upp á síðkastið að það er kannski fyrirgefanlegt þótt þeim hafi láðst í öllum hitanum að fara ofan í alla pappíra því þó svo forseti Sþ. hafi lýst því yfir að þingmenn hafi þrjá starfsmenn sér til aðstoðar við undirbúning mála og hafi lýst því sem miklum framförum í Þjóðviljanum hafa mér engin boð borist um það frá forsetanum að mér prívat og persónulega standi slík þjónusta til boða fram yfir það sem áður hefur verið og er það kannski lítil skýring á því hvers vegna ég hef ekki haft tíma til að víkja nákvæmlega að þessum atriðum.

En hitt vil ég segja um hvernig hæstv. ráðherra vék að athugasemdum þessarar nefndar að hann seildist þar um hurð til lokunnar, eins og fyrrv. þingmaður sagði stundum þegar menn tóku á sig útúrdúra að óþörfu. Ég býst ekki við því að hæstv. menntmrh. hafi viljað láta skilja sig svo að framvegis ættu skólarnir sjálfir að annast útgreiðslu launa, en það eru orðin mörg ár síðan sá háttur var upp tekinn að ríkisféhirðir annaðist almennar launagreiðslur til fastra starfsmanna og ég hygg að framkvæmd staðgreiðslulaganna sé mun einfaldari með því að sá háttur verði áfram en hitt að hann ætli sér að einstakir skólar á framhaldsskólastigi og e.t.v. á grunnskólastigi, ég veit ekki um Háskólann, eigi að greiða út launin en ekki ríkisféhirðir eins og verið hefur. Það væri kannski fróðlegt að fá upplýsingar um það.

Nú er það svo að á því stigi sem þetta mál var þegar það fór úr deildinni og eins og þetta mál hefur verið hefur Sjálfstfl. ekki gert tillögu um að III. og VIII. kafla laganna verði frestað þó svo að í því felist ekki nein ánægja yfir því að smíði reglugerða í sambandi við framhaldsskólafrv. hefur dregist úr hömlu og mjög verulega kvartað yfir því af fulltrúum bandalags kennara hversu illa hefði verið staðið að reglugerðarsmíðinni og má vel vera að af þeim sökum sé nauðsynlegt að fresta lögfestingu þessara kafla. En ég undirstrika, herra forseti, að við höfum ekki gert það endilega að okkar tillögu.

Á hinn bóginn vil ég spyrja hæstv. félmrh. hvaða afskipti félmrn. hefur haft af bréfi Sambands ísl. sveitarfélaga frá 16. sept. sl. Með leyfi hæstv. forseta er best að ég lesi bréfið í heild til þess að ekki komi fram misskilningur. Þetta bréf er dags. 15. des. 1988 af því tilefni að formaður menntmn. sneri sér til Sambands ísl. sveitarfélaga til að biðja um afstöðu þess til þess að fresta tilteknum atriðum í lögum um framhaldsskóla. Þá barst þetta bréf 15. des., en í því segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Lög nr. 57/1988 um framhaldsskóla.

Á stjórnarfundi Sambands ísl. sveitarfélaga 16. sept. sl. var m.a. rætt um framkvæmd laga um framhaldsskóla nr. 57/1988 sem taka eiga gildi í ársbyrjun 1989 að því er stofn- og rekstrarkostnað varðar. Svofelld samþykkt var gerð um málið:

„Þar sem fram hefur komið í umræðum að til álita komi að fresta gildistöku laga um framhaldsskóla sem samþykkt voru á síðasta þingi vill stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga árétta að sveitarfélög landsins hafa ekki gert ráð fyrir öðru en að ríkið standi við sinn hlut kostnaðar við framkvæmd laganna á næsta ári miðað við þá kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga við byggingu og rekstur framhaldsskóla sem lögin gera ráð fyrir."

Þetta tilkynnist hv. þingdeildarnefnd hér með.

Virðingarfyllst,

Magnús E. Guðjónsson,

framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga."

Nú skildi ég þetta bréf Sambands ísl. sveitarfélaga þannig að framkvæmdastjóri þess væri að koma þeim skilaboðum til menntmn. að sveitarfélögin sem heild álitu að það væri ávinningur að því fyrir sig að staðið yrði við fyrirheitið um að fjármálakaflar framhaldsskólalaganna tækju gildi 1. jan. 1989 eins og ákveðið hafði verið á síðasta Alþingi og skýrt er kveðið á um í lögum og ég skildi þetta bréf framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga einnig þannig að það hefði láðst hjá ríkisstjórninni að tilkynna Sambandi ísl. sveitarfélaga og sveitarfélögunum um að annað stæði til en að framhaldsskólalögin tækju gildi 1. janúar.

Þetta er mjög alvarlegt mál. Það er auðvitað mjög alvarlegt mál ef svo er. En hitt kemur mér þess vegna mjög á óvart ef það er rétt hjá hæstv. menntmrh. að kostnaðarákvæði framhaldsskólalaganna séu óbrúkleg því að ef kostnaðarákvæði framhaldsskólalaganna eru óbrúkleg felst í þessum orðum hæstv. menntmrh. beinlínis að Samband ísl. sveitarfélaga, stjórn þess, hafi ekki nennt að setja sig inn í framhaldsskólalögin áður en það bréf var skrifað sem ég vitnaði nú til eða þá að sveitarfélögin hafa látið undir höfuð leggjast að tilkynna framkvæmdastjóra sínum að um óbrúkleg lagaákvæði væri að ræða. Mér finnst satt að segja að í þessum ummælum hæstv. menntmrh. felist allmikill hroki, ef litið er á forsögu málsins, ólýsanlegur hroki. A.m.k. er það alveg ljóst, herra forseti, að ummæli hæstv. menntmrh. lýsa því að hann hefur ekki lagt mikið á sig til að setja sig inn í þankagang sveitarstjórnarmanna um þá hagsmuni sem hann ber fyrir brjósti.

Það sem hæstv. menntmrh. sagði áðan um galla frv. var sagt í slíkum styttingi að ég hlýt við 3. umr. að skoða þau mál sérstaklega. Má vera að nauðsynlegt sé þá að taka upp ítarlegar viðræður við hæstv. menntmrh. einmitt um þá kafla sem lúta að fjármálahliðinni. Skal ég ekki fara um það fleiri orðum, en mér var ómögulegt annað en hafa orð á því hér í deildinni að skilaboðin sem menntmn. fékk frá Sambandi ísl. sveitarfélaga voru skýr að okkar dómi, þau að ríkisstjórnin hefði látið undir höfuð leggjast að gera sveitarstjórnunum grein fyrir því að ekki stæði til að taka upp kaflana um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga 1. janúar eins og lögákveðið er.

Eins og ég sagði eru margar hliðar á þessu máli. Þetta er flókið mál. Ég geri alls ekki lítið úr þeim ummælum hæstv. menntmrh. að í sambandi við breytta kostnaðarskiptingu sé margt álitamálið. Við munum eftir því alveg frá því 1970 eða um það leyti, þegar farið var að tala fyrst um nauðsyn þess að setja samræmda löggjöf um framhaldsskóla, að slík löggjöf strandaði einmitt alltaf á því að sveitarfélögin og ríkisvaldið gátu ekki komið sér saman um það hvernig kostnaðarskiptingin ætti að vera. Af þeim sökum frestaðist ár frá ári að ganga frá breyttri kostnaðarskiptingu til að eyða því misræmi og því óréttlæti sem er á milli ýmissa sveitarfélaga einmitt vegna þess að kostnaðarskiptingin er allt önnur í framhaldsskólunum eftir því um hvaða skóla við erum að tala. Nú get ég t.d. af því að hæstv. menntmrh. talaði um framhaldsskólana á Akureyri aðeins vikið að því að allt, allt öðruvísi er staðið að kostnaðarskipan verkmenntaskólans en menntaskólans þar sem ríkið greiðir hverja einustu krónu og fjölbrautaskólans aftur á Sauðárkróki. Þar er enginn skóli rekinn sem alfarið er á kostnað ríkisvaldsins. Hitt er auðvitað misskilningur og rangminni hjá hæstv. menntmrh. ef hann minnir að Dalvíkurbær mundi t.d. einhverju tapa á því að lögin um breytta kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga tækju gildi úr því að hann fór sérstaklega inn í mitt kjördæmi og fór að tala um að í því kjördæmi mundu sveitarfélögin tapa á breyttri kostnaðarskiptingu. Ég vona að þessi orð hæstv. menntmrh. lúti að því að sú leiðrétting verði gerð á fjárlagafrv. að Dalvíkurbær verði ekki einn látinn bera allan almennan rekstrarkostnað af stýrimannaskólanáminu og fiskvinnslunáminu þar ef sleppt er launakostnaðinum. Ég vona sannarlega, úr því að hæstv. menntmrh. misminnti um Dalvík, að það verði þá til þess að hann leiðrétti það í fjárlögunum þannig að Dalvíkingar fái þá kostnaðarskiptingu sem menntmrh. lýsti í deildinni að hann vildi hafa. Ég vona að hann skrifi nú niður sér til minnis, sýni einmitt að málunum sé svo komið. En ég dreg ekkert úr því að Dalvík hefur ranglega orðið að bera of þungar byrðar af þessum sökum síðan þessar framhaldsdeildir voru stofnaðar. Sumpart er það vegna þess að þau vinnubrögð eru orðin nú hjá fjvn., a.m.k. eftir að alþýðuflokksmaðurinn Sighvatur Björgvinsson var kjörinn formaður, að hún neitar fullkomlega og algerlega að segja einstökum þingmönnum frá því hvaða brtt. hún hyggist flytja við 2. og 3. umr. fjárlaga, þannig að ógerningur er að koma neinum leiðréttingum að, því að allar brtt. sem síðar berast falla í Sþ. samkvæmt sérstakri skipan ríkisstjórnarinnar. Það er einmitt af þessum sökum, vegna óbrúklegra, svo að ég noti orð hæstv. menntmrh., óbrúklegra vinnubragða formanns fjvn., sem örðugt hefur reynst einmitt að koma fram nauðsynlegum lagfæringum og nauðsynlegum breytingum í sambandi við kostnaðarskiptingu ýmissa sveitarfélaga.

Hæstv. menntmrh. var að hrósa sér af Norðurlandi eystra. Það er alger misskilningur t.d. hjá honum ef hann heldur, eins og tillögurnar komu frá fjvn. varðandi framhaldsskólann á Húsavík, að einhver hugmynd hafi verið uppi um það í fjvn. að greiða eina einustu krónu af stofnkostnaði framhaldsdeildanna þar. Allur sá stofnkostnaður átti að falla á Húsavíkurkaupstað. Það er borðliggjandi. Við höfum það á borðinu fyrir framan okkur þannig að það þýðir ekkert að vera að vingsa einhverjum orðum hér sem ekki er hægt að standa við. Hitt held ég að skipti okkur meira máli hvort einhver misskilningur hafi komið fram milli menntmn. og Sambands ísl. sveitarfélaga. Skilaboðin til okkar eins og þau eru orðuð voru skýr. Þeir bjuggust við að fjármálakaflarnir tækju gildi 1. janúar eins og lög segja til um og bréfin verða ekki skilin öðruvísi en svo að sveitarfélögin sjái hagsmuni sína í því. Þetta er alveg skýrt.

Varðandi svo skólanefndirnar: Ef borin er saman ræða hæstv. menntmrh. um skólanefndirnar við 1. umr. málsins og nú við 2. umr. kemur undir eins í ljós að rök hæstv. menntmrh. eru allt, allt önnur nú en þá. Þá talaði hann um að það væri tæknilega ekki unnt að skólanefndirnar tækju til starfa um áramótin, að væri faglega ekki hægt. Nú talar hann aftur um að ákvæðin um skólanefndirnar séu efnislega gölluð vegna þess að hæstv. menntmrh. vilji að öðruvísi sé skipað í skólanefndirnar en ákveðið er í lögunum um framhaldsskóla. Það er aftur málefnalegur ágreiningur sem auðvitað er fullkomin ástæða að ræða efnislega við menntmrh. og ég er reiðubúinn að gera það milli 2. og 3. umr. ef hæstv. menntmrh. kýs. Skal ekki standa á mér í sambandi við það.

Hann spurði í fyrsta lagi hvort ég gæti fellt mig við að hafa breytta skipan á skólanefnd Verslunarskólans. Ég get sagt menntmrh., af því að það er ekkert launungarmál, að ég yrði mjög ánægður yfir því ef Verslunarskólinn sýndi af sér meira sjálfstæði að sumu leyti en hann hefur gert og er mjög til viðtals einmitt við hæstv. menntmrh. um hvernig hægt sé að haga svo landslögum og fjárveitingum til Verslunarskólans og Samvinnuskólans að þessum tveim skólum verði gert mögulegt að vera miklu, miklu sjálfstæðari í sínum rekstri en þeir hafa verið. Um þetta er ég alveg fullkomlega sammála ráðherranum og tel raunar að rétt sé að taka í útrétta hönd hans um að reyna að vinna að meira sjálfstæði

þessara skóla en verið hefur, meira fjárhagslegu sjálfstæði þessara skóla. Ég er mjög sáttur við það. En hvort hússtjórnarskólarnir hafi þessa stjórnun eða hina held ég að sé ekki höfuðmál og skal ekki fara út í þá sálma.

Ég vil aðeins vekja athygli á því að að síðustu sagði hæstv. menntmrh. að spurningin væri sú hvort skólanefndirnar sem lagt var af stað með af fyrirrennara hans fengju að verða til eða ekki. Hann sagði: Fyrir því eru engin efnisleg rök. Þetta vissum við allan tímann. Hæstv. menntmrh. hefur játað undir lokin að það var fyrirsláttur með faglegu ástæðurnar. Það var fyrirsláttur að einhverjar menningarlegar eða skólastefnulegar — ég man ekki fínu orðin sem hann tvinnaði saman við 1. umr, ég man að þar kom fyrir siðfræði, þróun, menning og eitthvað fleira, þær ástæður voru auðvitað fyrirsláttur. Það sem fyrir núv. hæstv. menntmrh. vakir er að þær skólanefndir sem forveri hans hafði ákveðið samkvæmt lögunum að tækju til starfa 1. janúar 1989 skuli ekki taka til starfa. Þetta er hans ákvörðun. Þetta er pólitísk ákvörðun. Ekki skólapólitísk ákvörðun heldur flokkspólitísk ákvörðun og á auðvitað m.a. rætur sínar að rekja til þess að í skólapólitík eins og í allri pólitík er gjá á milli Sjálfstfl. og Alþb., djúp gjá sem okkur hefur ekki tekist að brúa til þess að við hefðum kannski getað tekið saman um önnur mál þar sem við erum sammála, Alþb. og Sjálfstfl.

Við tveir, ég og hæstv. menntmrh., gerum okkur fullkomlega grein fyrir því að það er ópolandi ástand í þjóðfélaginu að þessir svokölluðu milliflokkar, Alþfl. og Framsfl., geti hagað sér eins og daðurdrósir í landsmálapólitíkinni, ýmist brosað til hægri eða vinstri og í trausti þess að Alþb. og Sjálfstfl. nái ekki saman. Við höfum oft átt tal um þetta, ég og ýmsir af stuðningsmönnum Alþb., sannir sósíalistar og alþýðubandalagsmenn, og við höfum fundið að báðir þessir flokkar, bæði Sjálfstfl. og Alþb., hafa viss prinsip sem þeir vilja standa við. Við stöndum á okkar skoðunum. Við erum ekki eins og vindhani eða skopparakringla.

Ef maður ætlar að kynna séu t.d. hverjar séu skoðanir Alþfl. í skattamálum dettur engum reyndum Íslendingi sem orðinn er tvítugur í hug að fletta upp í stefnuskrá Alþfl. Menn spyrja: Hvort er hann í stjórn með íhaldinu eða kommum? Og ef hann er í stjórn með íhaldinu flettum við upp í stefnuskrá Sjálfstfl. til að vita hvað Alþfl. vill í skattamálum. Ef hann er í stjórn með kommum spyrjum við: Hvað vill Svavar Gestsson og hvað vill Ólafur Ragnar? Eins er þetta með Framsfl. Framsfl. hefur allra flokka best lag á því að laga sig eftir umhverfinu og minnir stundum á salamöndru í því sambandi. Þess vegna hef ég stundum sagt að gamni mínu að pólitísk barátta hæstv. forsrh. sé í rauninni salamöndrustríð.

Ég skal svo ekki, herra forseti, hafa fleiri orð um þetta. Mér þykir vænt um að hæstv. menntmrh. skyldi í lokin koma inn á að ágreiningur okkar um skólanefndirnar er pólitískur ágreiningur, ekki faglegur skólapólitískur ágreiningur heldur af allt, allt öðrum toga og þakka þá hreinskilni sem hann hafði uppi í því sambandi, en ítreka fyrirspurnir mínar til félmrh.: Hvaða viðræður hafa átt sér stað milli félmrn. og sveitarfélaganna, stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, um það ákvæði laganna að fresta gildistöku á fjármálaköflum laga um framhaldsskóla?

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Hv. 2. þm. Norðurl. e. hefur beint til mín spurningu og spyr um hvaða afskipti félmrn. hafi haft af bréfi því sem hann las upp frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og hvaða viðræður hefðu átt sér stað milli ráðuneytisins og sambandsins um þetta mál. En í bréfi Sambands ísl. sveitarfélaga er gerð grein fyrir ákveðinni samþykkt sem lýtur að gildistöku laga um framhaldsskóla.

Því er til að svara að félmrn. hefur ekki haft nein afskipti af þessu bréfi eða samþykkt Sambands ísl. sveitarfélaga, enda væri það óeðlilegt, og engar viðræður hafa átt sér stað milli sambandsins og félmrn. um þetta mál. Hinu vil ég þó við bæta að eins og hv. þm. er væntanlega kunnugt um liggur hér fyrir frv. til l. um breytingu á verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og þar er gert ráð fyrir að ríkið taki á sig útgjöld sem nema 225 millj. kr. vegna framhaldsskólanna þegar verkaskiptafrv. kemur til framkvæmda ef það verður samþykkt sem lög frá Alþingi. Það sem undrar mig kannski nokkuð í því sambandi er að ekki er gert ráð fyrir að gildistakan í því frv. verði að veruleika fyrr en 1. janúar 1990. Og í tilefni fyrirspurnar hv. þm. vil ég benda á að fulltrúar Sambands ísl. sveitarfélaga hafa að fullu tekið þátt í því starfi að semja frv. um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og hafa ekki haft neina fyrirvara á því sem þar kemur fram, m.a. að gildistakan verði 1. janúar 1990.

Að því er varðar þá samþykkt að sveitarfélögin hafi gert ráð fyrir gildistökunni strax á næsta ári og gert ráð fyrir því í sínum fjárhagsáætlunum, þá vil ég ekki leggja neitt mat á það sem fram kemur í þessari samþykkt, en mér er þó kunnugt um að yfirleitt gera sveitarfélögin ekki sínar fjárhagsáætlanir eða ganga ekki frá þeim fyrr en í byrjun næsta árs.

Ég vænti þess að ég hafi svarað fyrirspurninni sem hv. þm. beindi til mín.

Frsm. 2. minni hl. menntmn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Eins og ég skil ummæli hæstv. félmrh. hefur átt sér stað alvarlegur misskilningur milli nefndarmanna í menntmn. sem sýnir að við gerðum rangt í því að greiða fyrir því að nefndin gæti afgreitt frv. með lítilli skoðun og látið duga að fá bréf frá Sambandi ísl. sveitarfélaga. Það hefði verið miklu skýrara að fá það beint frá sambandinu að það væri sátt við að breytt kostnaðarskipting við framhaldsskóla tæki ekki gildi fyrr en 1. janúar 1990 en að framkvæmdastjóri þess sendi okkur bréf sem

ekki verður túlkað á annan veg en þann að það sé sérstakt baráttumál sveitarfélaganna að þessi breytta kostnaðarskipting taki gildi 1. janúar 1989. Ég vil að þetta komi fram, herra forseti, en aðeins ítreka að ég treysti því að mér gefist rúm til að athuga nánar þau atriði sem hæstv. menntmrh. vék að áðan í sambandi við það að lögin væru óbrúkleg. Ég hef í höndum það plagg sem hann vildi rökstyðja það með og tel óhjákvæmilegt að kynna mér það örlítið betur og afla mér upplýsinga því að þetta eru mjög mikil og stór orð og í algerri og hróplegri mótsögn við það sem bréf Sambands ísl. sveitarfélaga ber með sér.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 279 felld með 10:6 atkv.
1. gr. samþ. með 10:1 atkv.
2. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1988, frh. 1. umr.

Stjfrv., 158. mál (gjald ef erlendum lánum). — Þskj. 169.

Halldór Blöndal (frh.):

Herra forseti. Hæstv. viðskrh. þurfti að bregða sér í símann áðan og mig og þann forseta sem þá var brast biðlund þannig að það varð samkomulag milli okkar að við skyldum fresta umræðunni og gá hvort hæstv. viðskrh. kæmi. Mér þykir bara verst að nú man ég ekkert hvar ég var staddur áðan. Það getur því farið svo að ég þurfi að rifja eitthvað upp. Það er nú þannig. Það eru auðvitað fleiri mál á dagskrá. Það er skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Ég er fyrstur á mælendaskrá þar. (**Forseti:** Það er verið að gera ráðstafanir til að ná í viðskrh.)

Herra forseti. Mig minnir að þar hafi verið komið sögu að ég var að rifja upp fyrir ráðherrum báðum að hæstv. fjmrh. og hæstv. viðskrh. hafi verið að tala um að það væri alls engin þörf á því að fella gengið. Ég var einmitt að rifja upp að hæstv. fjmrh. hafi sagt í septembermánuði að það væri hættulegt að treysta stjórn Byggðasjóðs fyrir því að hafa með höndum skuldbreytingu fyrir útflutningsatvinnuvegina því að ekki væri hægt að handstýra stjórn Byggðasjóðs úr ráðuneytinu eins og hægt er að gera með stjórn Atvinnutryggingarsjóðs, enda má kannski segja að það þurfi meiri þrekmenn en eru í ráðherrastólum nú til að handstýra 1. þm. Vestf. Sú er nú ástæðan fyrir því að ekki mátti nota stjórn Byggðasjóðs. Að vísu hafa einstakir ráðherrar haft uppi þau ummæli opinberlega og annars staðar að það sé mikið um hrossakaup í stjórn Byggðastofnunar, kjördæmasjónarmið ráði miklu og því sé þessum aðilum ekki treystandi fyrir því að fjalla faglega um umsóknir. Ekki skal ég segja um hvað t.d. ráði því að langlánanefnd var lögð niður í viðskrn. og fróðlegt væri að fá að fylgjast með því eftir hverju hafa farið heimildir til að taka lán erlendis, sem hafa verið í höndum viðskrh. á mismunandi tímum, en hitt vitum við að öll þau plögg sem fjh.- og viðskn. hefur fengið um þarfir atvinnuveganna fyrir erlendar lántökur og allar þær upplýsingar sem við fengum t.d. í fjh.- og viðskn. fyrir einu ári, fyrir síðustu jól, um hvernig viðskrh. hygðist standa að heimildum fyrir erlendar lántökur reyndust einskis virði. Það er beinlínis tekið fram í grg. með frv. til lánsfjárlaga að ástæðurnar fyrir því hversu mjög erlendar lántökur hafi farið fram úr á þessu ári megi í höfuðdráttum rekja til viðskrn.

Það var af þessum sökum sem mér þótti, herra forseti, bagalegt að enginn fulltrúi Alþfl. skyldi vera við þegar við ræddum lánsfjárlögin og hef ég hugsað mér að víkja nánar að þessum þætti þegar þau koma til afgreiðslu hér í deildinni og skal ekki fjalla um þau, en ég minni aðeins á að ríkisstjórnin er ákveðin í því að beina í vaxandi mæli fyrirgreiðslu til útflutnings- og samkeppnisatvinnuveganna þannig að einungis persónulegir fulltrúar einstakra ráðherra fái að lokum að segja um hverjir séu útvaldir. Og það er ekki nóg með það að þessir hæstv. ráðherrar hagi sér með þeim hætti heldur bæta þeir inn í frv. um *breytingu á lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum* og lánsfjármálum á árinu 1988, þ.e. hversu það skuli vera á árinu 1989, einum lið, c-lið. Við 3. mgr. bætist við nýr tölul., 4. tölul., svohljóðandi: „Lán sem tekin eru vegna sérstakra aðgerða stjórnvalda í þágu útflutningsgreina."

Hverjir eiga að fjalla um þessi sérstöku lán? Er það hugmynd þeirra tveggja hæstv. ráðherra sem hér eru að það sé stjórn sem skipuð er kannski að meiri hluta af þeim sjálfum? Nú kann ég svo illa lögin um Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina. Eins og ég man það skipar forsrh. einn mann, sjútvrh. einn mann, iðnrh. einn mann, viðskrh. einn mann. Er þetta rétt munað? (**GHG:** Sami maðurinn.) Getur verið að þetta sé rétt? (**Gripið fram í:** Já.) Það eru m.ö.o. svo að þessir tveir menn sem eru við hliðina á mér skipa meiri hlutann í þessari stjórn. Nú er það þess vegna mjög þýðingarmikið að þeir báðir skýri þingdeildinni frá því, sérstaklega kannski viðskrh. og iðnrh., hvaða sjónarmið hann vilji leggja til grundvallar þegar hann er að tala um að það eigi að undanþiggja tiltekin lán almennri skattheimtu. Hver eru skilyrðin fyrir því að lánin séu undanþegin? Að þau séu vegna sérstakra aðgerða stjórnvalda í þágu útflutningsgreina. Það væri t.d. ekki úr vegi að fá eitthvert fordæmi fyrir þessu. Ætli stjórnarskrá íslenska lýðveldisins, þegar talað var um að skattlagning skyldi vera almenn og taka jafnt til allra, hafi gert ráð fyrir því t.d. ef við tökum stað sem á í erfiðleikum, eigum við að segja Ólafsfjörð þar sem

bæði frystihúsin eru lokuð. Svo stendur í lögum: „Lán sem tekin eru vegna sérstakra aðgerða stjórnvalda í þágu útflutningsgreina." Segjum svo að Ólafsfjörður vilji taka lánið, bæjarstjórn Ólafsfjarðar, en ríkisstjórninni finnist að bæjarstjórn Ólafsfjarðar standi rangt að þessu. Á þá að leggja lántökugjald á það sem Ólafsfjarðarkaupstaður vill gera? Á að gera það? Eru stjórnvöld þarna eingöngu ríkissjóður og þeir fulltrúar sem eru í þessum almannasjóði fyrir þessa tvo herramenn mér til vinstri handar og fyrir forsrh. og fyrir fjmrh.? Eiga þessir fimm menn að taka almennt ákvörðun um hvernig lántökugjald skuli koma við einstök fyrirtæki? Ef þessir menn segja: Við skulum láta það fyrirtæki sem hér um ræðir falla undir sérstakar aðgerðir í þágu útflutningsgreina, ef þeir telja að aðgerðirnar fyrir fyrirtækin falli undir þetta, þá á að gefa eftir lántökugjaldið. En ef einhverjir aðrir tala um að nauðsynlegt sé að fá erlent lán til að undirbúa og hrinda aðgerðum í framkvæmd til viðreisnar öðrum fyrirtækjum í sömu atvinnugrein, á það fyrirtæki þá ekki að fá afslátt af láninu? Ég skora á þessa tvo hæstv. ráðherra að benda mér á eitthvert fordæmi þess að Alþingi hafi afsalað valdi sínu með þessum hætti. Ég skora á þá að gera það. Ég þekki ekki fordæmi fyrir slíku og bið þess vegna um að ráðherrarnir útskýri það. Annar þeirra er mjög vel að sér í skattalögum og hinn líka svo að við skulum vona að það standi ekki í þeim að tala um það.

Ég veit ekki hvort ég má segja það upphátt, herra forseti, það er fundið að því að ég finni of mikið að, en þó verð ég að segja að stundum finnst mér stjórn þingsins ekki vera nógu góð og vil rekja það til þess að forsetar þingsins hafi ekki hugmynd um hvað vaki fyrir ríkisstjórninni eða forsrh. Þetta hefur stundum leitt til þess að forseti Sþ. hefur ekki getað haft þá stjórn á þinginu sem við höfum vanist og við höfum kosið, sem aftur hefur valdið því að ekki hefur verið hægt að tala út um skipasmíðaiðnaðinn í Sþ. Ef það hefði verið hægt hefði það flýtt fyrir umræðunum núna. En vegna þess að við vitum ekki hvort það vinnst tími til að ræða skipasmíðaiðnaðinn fyrir áramót eins og búið var að lofa er óhjákvæmilegt að víkja að honum nokkrum orðum.

Hæstv. iðnrh. sagði í Sþ. að það væri mjög mikils vert ef enskt hagræðingarfyrirtæki gæti hjálpað upp á sakirnar hjá skipasmíðaiðnaðinum þannig að þar mætti verða meiri framleiðni og meiri hagræðing. Þegar ég las fjárlögin yfir hugsaði ég með mér, sérstaklega eftir að hafa hlustað á þetta hjá viðskrh.: Af hverju fékk ekki ríkisstjórnin sér enskt hagræðingarfyrirtæki til þess að það væri hægt að létta skatti af þjóðinni sem ríkisstjórnin er svo önnum kafin við að leggja á og vill leggja á töluvert meira til að það væri hægt að spara? Ef menn þurfa endilega að leita til Thatcher ber ég fullt traust til hennar og mundi glaður vilja lúta hennar leiðsögn. En það er ekki svo vel að ríkisstjórnin hafi vit á því.

Hins vegar er hún önnum kafin við að tala um að hagræða. Hæstv. forsrh. sagði líka að þeir í sjávarútveginum ættu að hagræða og spara. Ég man ekki hvort hæstv. sjútvrh. hefur sagt að þeir eigi að hagræða og spara í sjávarútveginum, en ég man eftir að fjmrh. hefur líka talað um að það eigi að hagræða og spara í sjávarútveginum og þegar hæstv. menntmrh. talar um sjávarútveg er hann að tala um að það eigi að hagræða og spara, en þegar kemur að menntuninnni spyr hann: Hver vill draga úr kostnaðinum við menntunina? Og eins er það um þennan viðskrh., sem líka er iðnrh., að tillögur hans um að rétta við skipasmíðaiðnaðinn hafa ekki vakið sérlega athygli. Það væri kannski fróðlegt að fá líka frá honum skýr svör um hvernig eru t.d. spádómar um iðnfyrirtækin á næsta ári. Er það rétt, sem maður hefur séð á prenti, að því sé spáð vegna rangs gengis að markaðshlutdeild íslenskra iðnfyrirtækja muni minnka um 10% á næsta ári, markaðshlutdeildin hafi minnkað á þessu ári, hún haldi áfram að minnka og hún muni minnka á næsta ári um 10%? Getur verið að þetta sé satt? Getur verið að skipasmíðaiðnaðurinn eigi í verulegum erfiðleikum? Getur verið að samkeppnisiðnaðurinn eigi í verulegum erfiðleikum og sé að tapa markaðshlutdeild? Getur verið að þjónustuiðnaðurinn við útgerðina, eigum við að taka veiðarfæri, kassa eða eitthvað annað, eigi líka í miklum erfiðleikum? Og getur verið að á sama tíma og þetta liggur allt fyrir, þá sé iðnrh. sem segir: Þetta er allt í lagi. Við skulum bara láta reyna á þolrifin á þeim. Við skulum athuga hvort það sé rétt að þeir séu að missa markaðshlutdeild. Það er ekki nokkur þörf á því að vera að breyta genginu. Gengið er alger afgangsstærð, eins og þeir segja sumir stjórnarsinnar, afgangsstærð í þessu þjóðfélagi, alger afgangsstærð. Svo er gefið í skyn að það sé Seðlabankanum að kenna að gengið er ekki rétt skráð. Ég hef aldrei heyrt þá speki hér á Alþingi fyrr að Seðlabankinn geti staðið uppi í hárinu á ríkisstjórninni og neitað að fella gengið ef ríkisstjórnin stendur saman um að vilja gera það. Ég hef aldrei heyrt þá speki. En hitt er nauðsynlegt að hæstv. sjútvrh. leyfi okkur að heyra hver skoðun hans sé um gengið.

Ég sagði í ræðu minni í októbermánuði úr þessum ræðustól að það væri alveg útilokað að ríkisstjórninni tækist að standa á móti gengisfellingu lengur en fram í janúarmánuð. Ég er farinn að efast um að ríkisstjórninni takist, eins og hún hefur stjórnað, að standa lengur á móti því en eigum við að segja á annan í jólum. Ég er ekki hissa þó þeir mundu nota jólahátíðina til að fella gengið eins og nú er komið. Slíkt er öngþveitið um allt land, uppsagnirnar á fólkinu, kvíðinn hjá þeim mönnum sem eru að reyna að reka fyrirtæki og halda uppi atvinnu og skapa verðmæti í þessu landi. Hann segir það í helgarhugleiðingu, hæstv. forsrh., í Morgunblaðinu að á borðinu séu að hlaðast upp staflar af bréfum og skýrslum um fyrirtæki sem eigi í erfiðleikum, en í næsta orði fer hann að tala um að það sé barlómur í mönnum að segja að það sé eitthvað að. Og svo þegar hann er búinn að tala um þennan barlóm í mönnum sem segja að það sé eitthvað að er hann að

tala um hvað væri gaman ef hér gæti orðið ferðamannaiðnaður. Hvernig er ástandið þar? Er það glæsilegt? Er glæsilegt ástandið þar? Eru þeir að græða þar? Ætli ráðherrarnir gætu rekið hótel núna með hagnaði? Ætli þeir gætu boðið upp á það verð sem nauðsynlegt er að bjóða upp á til að fá fólk til landsins núna? Eru það bara hinir sem eiga að sýna hagræðingu og hinir sem eiga að spara? Ekki þeir sem leggja á skattana, ekki þeir sem eru að leggja til að skattleggja Lánasjóð ísl. sveitarfélaga um 95 millj. Þeir ætla ekki að spara. Þeir ætla bara að ná í peningana. Auðvitað er það alger ómöguleiki að hægt sé að reka ríkissjóð með greiðsluafgangi þegar þannig er staðið að atvinnuvegunum eins og nú er gert.

En ég var áðan að tala um skipasmíðaiðnaðinn. Það er hugsað fyrir því hér í staflið a að lán sem tekin eru erlendis vegna kaupa eða reksturs á kaupskipum og flugvélum sem notaðar eru í atvinnuskyni skuli undanþegin lántökugjaldi, en ég hygg að ég fari rétt með að ef lán eru tekin með smíði, vegna vinnu við smíði á fiskiskipum hér á landi, muni lántökugjald falla á slík lán. Væri fróðlegt að fá það rökstutt af hæstv. iðnrh. ef ég hef skilið það rétt með skipasmíðaiðnaðinn: Er það réttur skilningur hjá mér, eða rétt munað réttara sagt, að lán vegna kaupa á tækjum til skipa sem smíðuð eru hér á landi skuli undanþegin lántökugjaldi en hins vegar ekki vinna við að koma tækjunum fyrir eða smíða skipin? Er þetta rétt munað? Það væri afskaplega þægilegt, forseti, ef ráðherra vildi upplýsa í leiðinni hvort þetta er rétt munað. Mig minnir að þetta sé svona. Ekki svar við því, ekki einu sinni nei. Þó fengumst við til þess á fundi nefndarinnar í morgun að ræða þau frumvörp sem hér eru til 1. umr. til að flýta fyrir. Samt ekki já eða nei. (**VS:** Það voru ekki allir sem fengust til þess.) Ekki já eða nei. — Ég fékkst til þess. Vegna frammískots hv. 5. þm. Norðurl. e. vil ég aðeins ítreka það, sem ég sagði við flokksbróður þingmannsins í dag, að ógerningur er að fjalla um svo flókið mál sem staðgreiðslukerfi skatta án undirbúnings í þingnefnd og áður en því frv. hefur verið vísað til nefndarinnar. Ég held að sá maður sem það gerir beri enga virðingu fyrir sínum þingskyldum. Það er hægt að fjalla með slíkum hætti um einföld frumvörp eins og tvöföldun á skatti á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Það er enginn vandi. En það má vera að hv. þm. sé svo vel að sér í þessum lögum að hann geti það. Ekki skal ég um það segja.

En ég heyri að hæstv. viðskrh. vill ekki tala eitt einasta orð um þessa hluti. (**Viðskrh.:** Ef ég má grípa fram í fyrir ræðumanni meðtók ég ekki alveg spurninguna. Sú var ástæðan.) Nei. Ég skal ítreka spurninguna: Er það rétt munað að samkvæmt lögunum eigi lántökugjald ekki að falla á tæki sem flutt eru til fiskiskipa hér á landi en hins vegar falli lántökugjald á þá vinnu sem unnin er við smíði fiskiskips hér? (**Viðskrh.:** Þessu hygg ég að sé ekki hægt að svara með einu orði, jái eða neii. Það er rétta svarið.) Já, það er nefnilega það. Ekki er ég óánægður með þetta svar — (**Viðskrh.:** Ég get ekki verið nákvæmari en þetta, hv. þm.) Nei. — enda hef ég, herra forseti, beðið um að fá bréf frá samtökum skipasmíðaiðnaðarins einmitt um þetta atriði. Ég hygg að þingdeildinni sé kunnugt að svo hallar á skipasmíðaiðnaðinn að það væri algerlega út í bláinn ef sérstakur þensluskattur yrði lagður á umsvif skipasmíðastöðvanna því að lántökugjald og erlendar lántökur eru ekkert annað en skattur sem lagður er á til að draga úr þenslu. (**Viðskrh.:** Þingmaðurinn stóð að því sjálfur.) Ja, fyrir einu ári stóð öðruvísi á. Þá var meiri þensla í þjóðfélaginu.

Ég hef gaman af því að vita hvort þessi sé skoðun hæstv. viðskrh. vegna þess að hann hefur verið ráðunautur margra ríkisstjórna. Er það skoðun hæstv. viðskrh. að gengisfelling nú mundi hafa sömu verkan og fyrir ári? Ef hann telur það talar hann öðruvísi en aðrir þeir hagfræðingar sem ég hef talað við sem hafa sérstaklega vakið athygli mína á að gengisfelling nú þjónaði ekki aðeins þeim tilgangi að rétta stöðu útflutnings- og samkeppnisgreina heldur mundi gengisfelling nú almennt verka til að draga úr þeirri stöðvun sem er að verða hjá fyrirtækjunum og mundi verka sem vítamínssprauta almennt á atvinnulífið og veitir ekki af. Fyrir einu ári aftur á móti, ef komið hefði til verulegrar gengisfellingar, var ótti manna sá að sú gengisfelling mundi um leið og hún rétti hlut atvinnuveganna leiða til svo og svo mikillar þenslu í þjóðfélaginu að af þeim sökum væri nauðsynlegt að gera ráðstafanir af því tagi sem ég er hér að lýsa. (**Forseti:** Það er komið að þingflokksfundatíma. Ef ræðumaður á mikið eftir af ræðu sinni bið ég hann að gera hlé á henni.) Já, ég skal gera það. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Eins og þingdeildarmönnum er kunnugt var það mat manna á öndverðu þessu ári, fyrstu mánuðum þessa árs, að nauðsynlegt væri að koma í veg fyrir að sú þensla sem þá hafði verið í atvinnulífinu héldist og var af þeim sökum ákveðið að leggja á sérstakt lántökugjald sem var þannig að skv. 13. gr. laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum 1988 var ákveðið að 2% lántökugjald skyldi koma á samninga sem væru til sex mánaða eða skemmri tíma, 4% lántökugjald skyldi koma á samninga til lengri tíma en sex mánaða en þó ekki lengri tíma en eins árs og loks var það ákveðið að 6% lántökugjald skyldi koma á samninga til lengri tíma en árs og skyldi samanlagður gildistími samninga segja til um í hvaða gjaldflokk þeir féllu.

Eins og augljóst er á þessari grein skiptir mjög miklu máli, herra forseti, hvaða undanþágureglur gilda varðandi þessa skattskyldu. Það er auðvitað ekki lítið þegar menn eru að ráðast t.d. í skuldbreytingu hjá fyrirtæki sem hefur of mikið af skammtímaskuldum, fyrirtæki í sjávarútvegi sem hefur safnað upp skuldum jafnt og þétt á þessu ári og af þeim sökum er komið með mikinn fjármagnskostnað. Ég veit að hæstv. forseti man jafn vel og ég að hæstv. forsrh. hefur mjög lýst áhyggjum sínum

einmitt úr þessum ræðustól sem ég stend nú í yfir því hversu mjög fjármagnskostnaðurinn hafi vaxið og af þeim sökum er eðlilegt að maður íhugi hvort og hvers vegna nauðsynlegt sé að skuldbreyta.

Ég vil líka minna á það, herra forseti, vegna þess að ef einhver maður er stjórnvald hér inni — Ég sé að vísu að nýtt stjórnvald gengur í salinn. Já, það er nú það. Hvað er stjórnvald? Það væri kannski rétt af því að enginn ráðherra er inni til að hlýða á mínar spurningar að spyrja hæstv. forseta, hvernig hann túlki það frv. sem hér er. Hér stendur í 1. gr. við c:

„Við 3. mgr. bætist nýr töluliður, 4. tölul., svohljóðandi: Lán sem tekin eru vegna sérstakra aðgerða stjórnvalda í þágu útflutningsgreina."

Skilur hæstv. forseti þessa grein svo að með stjórnvaldi í þessu samhengi sé einungis átt við ríkisstjórnina eða skilur hæstv. forseti greinina í víðara samhengi? Er t.d. átt við stofnanir ríkisins? Er hugsanlegt að sveitarstjórnir geti fallið undir orðið „stjórnvald" í þessari merkingu? Það væri fróðlegt að fá um það upplýsingar. (**Forseti:** Ég hygg að það sé ekki hlutverk forseta að úrskurða um svona lagað, en mér sýnist að þetta sé augljóst mál sem um verður fjallað í þeirri nefnd sem fær málið til meðferðar og þar muni þetta verða skoðað gaumgæfilega.)

Nú er það auðvitað mikið skilyrði að lagagreinar séu skýrar. Ef maður les fyrstu orðin í þessum texta eru þau svo: „Lán sem tekin eru vegna sérstakra aðgerða stjórnvalda". Getur verið að þarna séu sérstaklega og einkum hafðar í huga þær miklu skattaálögur sem ríkisstjórnin hyggst bæta á atvinnureksturinn og að það sé ætlast til þess að lán sem útflutningsatvinnuvegirnir taka til að standa undir auknum skattaálögum skuli vera undanþegnar lántökugjaldi og þá sé kannski réttara að orða greinina svo: Lán sem tekin eru vegna nýrra skatta ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar, í staðinn fyrir að segja: „Lán sem tekin eru vegna sérstakra aðgerða stjórnvalda." Það væri fróðlegt að fá eitthvað um það.

Annars man ég ekki betur en fyrr í minni ræðu hafi verið óhjákvæmilegt að slá á frest umræðum um þetta sérstaka dagskrármál vegna þess að sá ráðherra sem málið fjallar um var ekki í deildinni. Nú er aftur komin upp sú staða að sá sérstaki ráðherra er ekki í deildinni. Ég tók að vísu eftir því að annar ráðherra var í salnum þegar fundur var settur, en nú hefur hann gengið inn í hliðarherbergi og lokað að sér. Ég er sannfærður um það, alveg spauglaust, að þegar verið er að biðja þingmenn að sitja á fundum frá því snemma á morgnana, í hádegi og jafnvel í kvöldmat, þegar ekki er ætlast til þess að þeir hafi neinn tíma á venjulegum vinnudegi til að setja sig inn í mál í stjórnarandstöðu, þá sé hér um bil lágmark að ráðherrarnir séu við. Og ég vil ekki flokka þetta undir málþóf. Ég hlýt að flokka þetta undir lélega verkstjórn í þinginu. Það er alveg óhjákvæmilegt að gera það. — Ég sé að hæstv. sjútvrh. er kominn og það er þá kannski hægt að spyrja hæstv. sjútvrh. hvernig hann skilji þessi orð. Nú skulum við fara yfir þetta í samhengi.

Í 3. tölul. 19. gr. laganna eins og þau eru núna stendur að undanþegin lántökugjaldi skuli vera: „Ný lán sem tekin eru til greiðslu á ógjaldföllnum hluta eldra láns enda sé sýnt fram á að hin nýja lántaka hafi ekki í för með sér aukningu erlendra skulda viðkomandi aðila eða lengingu á lánstíma og að með hinni nýju lántöku sé aðeins stefnt að því að fá hagstæðari lánskjör." Það á að fella niður „eða lengri lánstíma".

Nú langar mig til að spyrja hæstv. sjútvrh. hvort hann sé sammála því, sem hæstv. forsrh. sagði um daginn, að nauðsynlegt væri sem liður í því að reyna að greiða úr erfiðri greiðslustöðu sjávarútvegsins að gera fyrirtækjunum kleift að taka erlend lán eins og heimildir eru fyrir í bráðabirgðalögum til að fyrirtækin gætu létt á greiðslubyrðinni. Jafnvel þótt summa lána þeirra væri sú sama hefði breyst hlutfallið milli skammtímalána og langtímalána.

Ég hélt satt að segja að hugmyndin á bak við það sem skýrt hefur verið Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina væri sú að reyna annars vegar með beinum framlögum ríkissjóðs, með sérstakri lántöku ríkissjóðs og loks með því að gefa út sérstök skuldbreytingalán, það er talað um 5 milljarða í lögunum, að gera útflutningsfyrirtækjunum kleift að skuldbreyta með þeim hætti að greiðslustaðan lagaðist þannig að hallarekstrinn á þessu ári, sem hefur farið mjög vaxandi sérstaklega síðustu mánuðina, kæmi ekki allur niður á næsta ári heldur væri hægt að dreifa byrðunum af þessum langvarandi hallarekstri á fleiri en eitt ár. Þetta hélt ég að hefði verið markmiðið á bak við Atvinnutryggingarsjóð. Þess vegna get ég með engum hætti skilið hvers vegna í kjölfarið nú sé því slegið föstu að þeir sem geta fengið erlend lán á eigin spýtur í því skyni að létta á sinni greiðslustöðu skuli ekki aðeins þurfa að borga stimpilgjöld og annað þvílíkt, sem þeir losna við sem taka lánin hjá Atvinnutryggingarsjóði, heldur eigi þeir ofan í kaupið að greiða 6% lántökugjald. Þetta er mikið umhugsunarefni, ekki síst þegar í næstu málsgr. kemur að undanþegin skuli lán ef þau eru tekin vegna sérstakra aðgerða stjórnvalda í þágu útflutningsgreina. Það er alveg augljóst að ríkisstjórnin stefnir að því að fulltrúar hennar í Atvinnutryggingarsjóði geti haft fingurinn á lántökunum, eins og einn mikill stuðningsmaður ríkisstjórnarinnar komst að orði, og með þeim hætti sé hægt að stýra því hvert peningarnir fara.

Ég sé að hæstv. fjmrh. er kominn í salinn og væri þá kannski fróðlegt líka, vegna þess að hér komum við beint inn á bráðabirgðalögin, að hann útskýri nákvæmlega hvað fyrir honum vakir þegar hann er að tala um að hann vilji sjá það að erlendri fyrirmynd, mig minnir bandarískri, að einhverjir legátar hans fari úr byggðarlagi í byggðarlag, frá fyrirtæki til fyrirtækis til að velta því fyrir sér hvort ekki sé rétt að afhenda fyrirtækin einhverjum öðrum.

Það er líka eftirtektarvert, vegna þess að hæstv. iðnrh. var hér í salnum áðan þó hann sé ekki kominn nú, og auðvitað fróðlegt að velta því fyrir sér hvernig á því megi standa að hann skuli vilja fella út orðin „eða lengingu á lánstíma". — Ég var að tala um að það væri eftirtektarvert hvers vegna hæstv. iðnrh. vildi fella úr 3. tölul. 19. gr. laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum 1988 orðin „eða lengingu á lánstíma" sem vel gat átt við samkeppnisiðnaðinn, en setja í staðinn „lán sem tekin eru vegna sérstakra aðgerða stjórnvalda í þágu útflutningsgreina". Nú liggur alveg fyrir að ýmis fyrirtæki sem hafa verið aðsópsmikil og til fyrirmyndar, í örum vexti og hafa þjónustað m.a. sjávarútveginn hafa þurft að taka á sig þá kvöð að fjármagna viðskiptin við útflutningsatvinnuvegina vegna slæmrar greiðslustöðu þeirra upp á síðkastið þannig að þessi fyrirtæki, ef þau eiga að hafa bolmagn til að skuldbreyta eftir lögunum um Atvinnutryggingarsjóðinn, þurfi á því að halda að fá fjármögnun til að standa undir þeirri lánsfyrirgreiðslu sem óhjákvæmilegt virðist að þau þurfi að láta sjávarútveginum í té.

Nú langar mig til að spyrja líka hæstv. iðnrh. Nú getur hann sagt að í þágu útflutningsgreina þýði það að iðnfyrirtæki megi taka erlent lán án lántökugjalds ef sú hugsun er á bak við það eða ef málin eru þannig vaxin að iðnfyrirtækið geri þetta til að greiða fyrir viðskiptum sínum við útflutningsfyrirtæki. En þá hlýtur líka að koma þessi spurning: Eru ekki ýmis önnur iðnfyrirtæki í landinu sem ekki stendur þannig á um? Ég held þess vegna að það sé alveg óhugsandi annað en þeir hæstv. ráðherrar sem hér eru inni úr þrem stjórnmálaflokkum geri allir grein fyrir því nú í deildinni hvernig þeir skilji orðin „lán sem tekin eru vegna sérstakra aðgerða stjórnvalda í þágu útflutningsgreina".

Ég ítreka, hæstv. iðnrh., það sem ég sagði áðan, að það er alveg gersamlega óskiljanlegt hvernig á því getur staðið að ríkisstjórninni finnst betra að orða þessa málsgr. þannig að hún ekki skilst í staðinn fyrir að láta lagatextann vera þannig að hægt sé að botna í því hvað hann merkir. Ég hringdi núna í kvöldmatnum í þrjá virta lögfræðinga. Það hefur stundum komið fyrir að hæstv. ráðherrar hafi sagt: Ég hringdi í lögfræðing sem ég treysti eða ég kallaði til mín lögfræðinga sem ég treysti. Nú gerði ég þetta. Ég talaði við þrjá lögfræðinga sem ég treysti og ég spurði þá að því hvað þetta þýddi nákvæmlega. Allir lögfræðingarnir brugðust eins við og þeir spurðu: Af hverju er ekki hægt að hafa þetta þannig að það þurfi ekki að spyrja okkur? Nú rifja ég upp að ég hef einu sinni orðið vitni að því þegar var verið að setja hér lög að það var kallað á eina þrjá eða fjóra lögfræðinga til að spyrja þá að því hvað þau lög þýddu sem við ætluðum að fara að setja í staðinn fyrir að reyna að breyta textanum þannig að hann væri hverjum manni skiljanlegur.

Ég var að segja áðan, hæstv. iðnrh., og sé ástæðu til að ítreka það, að sá var munur á lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum 1988 að lántökugjaldið á þeim tíma var ekki hugsað — Herra forseti. Ég hlýt að gera það alveg gamanlaust að ætlast til þess að þeir ráðherrar sem mál heyra undir geti setið í deildinni a.m.k. 2–3 mínútur. Ég er að tala um lagatexta við ráðherrann sem skiptir mjög miklu máli fyrir fyrirtæki í landinu og ég er að biðja hæstv. ráðherra um að útskýra hvað lagatextinn þýðir. En þeir virðast líta svo á, ráðherrar, að það sé alveg aukaatriði hvort þeir sitji í salnum. Þetta er alveg dæmalaust. Ég man ekki eftir neinu fordæmi um það, þegar með þessum hætti er beint spurt um lagatúlkun, að ráðherrar með þessum hætti tefji þingstörf. (**GHG:** Menn sem eru í tveim embættum ...) Það er mikið annríkið. (**GHG:** ... forstjórar hjá ríkinu, ráðherrar og alþingismenn þurfa ekki að hlusta á venjulegt fólk.) Ég var að segja það, hæstv. ráðherra, og fagna mjög að ráðherrann skuli kominn í salinn. (**Viðskrh.:** Ég fór að sækja lög nr. 10/1988. Þú leggur svo mikið út af þeim.) Já, það þykir mér gott ef ráðherrann vill lesa þau. Úr því að þetta frv. er til breytingar á þeim lögum finnst mér elskulegt að það skuli gert.

Ég var að segja það að þegar lántökugjaldið var tekið upp í byrjun marsmánaðar á þessu ári var ekki markmiðið með þeim lögum að afla fjár í ríkissjóð heldur var markmiðið fyrst og fremst að draga úr þeirri þenslu sem þá var í þjóðfélaginu og reyna að slá á frest fjárfestingu sem ýmis fyrirtæki höfðu ætlað sér að ráðast í og þannig að reyna að draga úr þenslunni. Ég vil ítreka það, sem ég sagði áðan, að nú er ástandið allt, allt öðruvísi. Nú er ástandið þannig að nauðsynlegt er að fara í gengisfellingu. Ekki eingöngu vegna útflutningsatvinnuveganna heldur almennt séð vegna atvinnulífsins til að reyna að flýta fyrir því að hjól framleiðslunnar geti farið að snúast á nýjan leik og auðvitað algjörlega út í bláinn að leggja lántökugjald á t.d. þjónustu skipasmíðastöðva eða annan þann rekstur sem þarf á erlendri lánafyrirgreiðslu að halda til að geta gengið.

Ég vil líka nota tækifærið til að spyrja hæstv. iðnrh. hvaða viðbrögð bréf Hins íslenska stálfélags hf. hafi fengið, en eins og þingmönnum er kunnugt hefur það verið í undirbúningi um skeið. Hluthafar í félaginu eru fimm íslenskir aðilar og tvö erlend fyrirtæki er leggja fram um 71,5% hlutafjárins. Til grundvallar þeirri skiptingu liggur heimild frá iðnrn. er veitt var á sl. sumri og nú langar mig, herra forseti, að lesa smákafla úr þessu bréfi til skýringar sem er svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Tilmæli félagsins um undanþágu frá gjaldi á erlendar lántökur eru í fyrsta lagi til komin vegna þess að áætlanir um stálverksmiðjuna voru upphaflega gerðar áður en gjaldið kom til, þ.e. snemma árs 1987. Voru hinir erlendu þátttakendur í fyrirtækinu reiðubúnir til að hefjast handa þá þegar þannig að frestun þess nánast um rúmt ár hefur orsakast af nauðsynlegum undirbúningi varðandi aðstöðu hér innan lands og útvegun fjármagns, jafnframt því sem hagfellt var að tengja gangsetningu verksmiðjunnar við nýja aðveitustöð rafmagns í Hamranesi við

Hafnarfjörð sem kemur til skjalanna haustið 1989. Þessi frestun hefur haft bæði jákvæðar og neikvæðar afleiðingar, en hins vegar er nú svo komið að hún getur ekki staðið lengur. Mundi frekari töf geta kollvarpað gerðum samningum um fjármögnun og aðstöðu félagsins, auk þess að hindra gerðar áætlanir um söfnun á brotajárni handa verksmiðjunni sem eru nú þegar komnar í framkvæmd á Reykjavíkursvæðinu og á Suðurnesjum." — Ég var að ganga úr skugga um að heimild væri ekki frá Nd. inni í frv. eins og það er nú. Síðan held ég áfram, með leyfi hæstv. forseta:

„Í öðru lagi er eðlilegt að líta til þess varðandi gjaldið á erlendar lántökur að hér er um að ræða fyrirtæki sem ætlað er að vinna að nýsköpun í atvinnulífi og felur í sér nýjan iðnað í mikilvægri undirstöðugrein sem jafnframt er útflutningsiðnaður að öllu leyti.

Í þriðja lagi ber að benda á að rúmlega ⅔ hlutar eigin fjár í fyrirtækinu koma frá erlendum aðilum sem taka fullan þátt í áhættunni af rekstri þess að sínu leyti. Síðast en ekki síst styðst erindið við það að hið nýja fyrirtæki mun hafa í för með sér algera byltingu á möguleikum til að safna úrgangsmálmi hér á landi og koma í veg fyrir spjöll á landi og náttúru af hans völdum. Er með því tekið meiri háttar skref til aukinnar náttúruverndar svo ekki sé meira sagt."

Ég skal ekki, herra forseti, vitna í fleira sem stendur í þessu bréfi, en aðeins taka fram að umboðsmenn Stálfélagsins, ég er ekki með það bréf uppi hjá mér, höfðu lagt til að frv. yrði breytt með sérstökum hætti til að tryggja að Stálfélagið yrði undanþegið slíku lántökugjaldi. Nú vil ég spyrja hæstv. iðnrh. að því hvort hann telji ekki að til sérstakrar lagaheimildar þurfi að koma til að undanþiggja stofnlán vegna Hins íslenska stálfélags lántökugjaldi, hvort hann telji að til þurfi að koma breyting á lögunum til þess að það sé heimilt eða hvort hann telji að nægilegar heimildir séu innan laganna til þess að lántökugjaldið verði ekki á lagt.

Júlíus Sólnes:

Hæstv. forseti. Þetta mál liggur tiltölulega ljóst fyrir okkur þingmönnum Borgfl. Þetta er arfleifð frá tíð fyrri ríkisstjórnar og er ekki hægt að sjá annað en hér sé enn eitt málið þar sem allir gömlu flokkarnir samanlagt bera fulla ábyrgð á því sem hér er verið að ræða um, þ.e. lántökuskatt á erlendar fjárfestingar. Út af fyrir sig skil ég vel hugsunina hér á bak við. Hún er eflaust fróm og góð. Það er verið að reyna að stemma stigu við þeirri gífurlegu fjárfestingu sem hefur átt sér stað hér undanfarið, reyna að fá fyrirtækin í landinu til að draga úr erlendum lántökum og þar með draga úr fjárfestingunni. Nú er það svo að ég hef alla tíð haldið því fram að það þurfi hér fyrst og fremst að eiga við ríkið sjálft. Þar er rót meinsemdarinnar, hvernig ríkið sjálft hegðar sér í þessum málum. Það leiðir hugann að því hvernig almennt er hægt að líta á hugtakið „erlend lántaka". Ég hef oft áður úr þessum ræðustól fjallað um það fyrirbæri og vakið athygli á því hvað það kemur einkennilega fyrir sjónir að ríkið sjái eitt um allar erlendar lántökur og skammti síðan erlent lánsfé til atvinnuveganna gegnum alls konar sjóði og millifærslustofnanir. Að vísu hefur í seinni tíð verið opnað eilítið fyrir þetta þannig að fyrirtækin geti tekið beint erlend lán. T.d. má vísa í auglýsingu viðskrn. og af því að hæstv. viðskrh. er þarna á næstu grösum væri gaman að heyra sjónarmið hans og kannski fá nánari skýringar á þessari margfrægu auglýsingu viðskrn., hvað hún heimilar að miklu leyti frjálsa erlenda lántöku og með hvaða hætti.

Ég hef stundum velt því fyrir mér hvað mundi gerast ef við settum okkur það markmið að losa ríkið og stjórnvöld yfirleitt alveg út úr þessu dæmi með því að fara að ráðum ýmissa erlendra iðnríkja. Þau haga yfirleitt sínum málum þannig að ríkisvald í viðkomandi landi og opinberir aðilar taka engin erlend lán. Þeim er það gjörsamlega fyrirmunað. Það er alls ekki ætlast til þess. Það er ekki reiknað með slíkum möguleika. Hins vegar er það í þessum löndum yfirleitt opin og algild regla að öll fyrirtæki og einstaklingar geta fengið að taka þau erlendu lán sem þeim sýnist, en þá á eigin ábyrgð. Það er höfuðmálið. Ég velti því oft fyrir mér hvort ástandið í þessu þjóðfélagi væri ekki allt, allt annað ef við hefðum farið inn á þá braut að ætla ríkinu að fjárfesta aðeins að svo miklu leyti sem það aflar sjálft tekna til slíkra fjárfestinga og í besta falli að það geti þá fjármagnað sínar fjárfestingar umfram tekjur með innlendu lánsfé, þ.e. ef ríkið endilega vill eyða umfram tekjur verði slík umframeyðsla algjörlega fjármögnuð með innlendu lánsfé. Ef innlendi markaðurinn getur ekki útvegað þetta lánsfé til ríkisins verður ríkisvaldið að gera nákvæmlega það sama og fjölskylda gerir þegar hún fær ekki meiri víxla og lán í bankanum. Hún neyðist einfaldlega til að draga saman seglin og endurskipuleggja fjárfestingaráætlanir sínar og eyðslu sína. Það væri betur ef ríkið tæki upp þessa háttu í stað þess að þenja út skuldir erlendis með þeim hætti sem við höfum séð undanfarin ár, en mér skilst að erlendar skuldir íslenska ríkisins og sjóða sem tengjast ríkinu séu nú í kringum 130 milljarðar kr. Það er því ekki nema von að menn óttist mjög gengisfellingu og því um líkt því að það gefur auga leið að við það stóraukast erlendar skuldir ríkisins. Þessar miklu erlendu skuldir, má segja, eru búnar að eyðileggja gengisfellingu sem hagstjórnartæki því það er ekki lengur hægt að bjarga okkur út úr ógöngum í efnahagsmálum eins og var hægt fyrir nokkrum áratugum þegar gengisfelling gat virkað. Hún virkar ekki lengur einmitt vegna þess hvað erlendar skuldir ríkisins eru orðnar gífurlega miklar.

Lántökuskatturinn, hugmyndin á bak við hann er að reyna að draga úr þenslunni, þessu furðulega hugtaki sem hagfræðingar seinni ára hafa fundið upp. Það er kannski í því sambandi rétt að minna á það, virðulegi forseti, að á árum áður, þegar hafði

verið langvarandi atvinnuleysi hér í þjóðfélaginu, fögnuðu menn því þegar fór eitthvað að hreyfast í atvinnulífinu og einhver þensla komst á. Allt í einu var eftirspurn eftir vinnuafli og menn fóru að framkvæma. Það þótti bara gott hérna á árum áður. En það er eins og á þessum síðustu og verstu tímum gangi allt út á að reyna að draga saman seglin og fara sér hægar og reyna helst að draga úr eftirspurn eftir vinnuafli. Það er eins og það læðist að sá grunur að ýmsum þætti betra ef það yrði umtalsvert atvinnuleysi. Það mundi þá fyrst virkilega draga úr þenslunni. Ég hef einhvern veginn alltaf verið þeirrar trúar að í landi þar sem er heilbrigt efnahagslíf og þar sem atvinnulífið er í lagi sé einmitt mikil þensla og það sé bara af hinu góða, það eigi að vera þensla, því þá eru fyrirtækin að vaxa og dafna. En hér er þetta einhvern veginn þannig öfugsnúið að um leið og það er mikil eftirspurn eftir vinnuafli og kaup fer hækkandi á vinnumarkaðnum hrópa allir úlfur, úlfur! eða þensla, þensla! Það verður að draga saman. Lántökuskatturinn er að sjálfsögðu hugsaður af hálfu þeirra sem settu hann á, þ.e. fyrri ríkisstjórnir, til að draga úr þessari margfrægu þenslu.

Ég leyfi mér að efast um ágæti þeirrar hugsunar sem felst hér á bak við og vildi beina þeim fyrirspurnum til þeirra sem nú fara með völd og reyndar þingmanna allra hvort það væri ekki umhugsunar vert að endurskoða þetta dæmi allt saman frá grunni. Ég hef reyndar oft, eins og ég sagði áður, vakið athygli á þessu. Þegar t.d. farið yfir lánsfjárlög sést gjörla hvernig lánsfjárstreymið er í gegnum sjóði ríkisvaldsins, en ég held að fyrirtækin og einstaklingarnir yrðu gerð miklu ábyrgari fyrir þeim fjárfestingum sem þau hyggjast leggja út í ef þeim væri gert að taka erlendu lánin beint, með að sjálfsögðu aðstoð sinna viðskiptabanka, og fengju engar ríkisábyrgðir til slíks.

Það hefur oft komið fram í umræðum sem hafa farið fram í hv. fjh.- og viðskn. Ed., þar sem við höfum átt mjög fróðlegar og góðar umræður um þessi mál við hina ýmsu fulltrúa atvinnulífsins, að þeir eru nokkuð sammála um að ríkisábyrgðin kosti hugsanlega 2% í vaxtamun, þ.e. erlendu lánin verði að einhverju leyti dýrari. Það er hugsanlegt að vaxtakostnaður sé um 2% hærri svo það er skiljanlegt að ríkisábyrgðin sé eftirsóknarverð, ég neita því ekki. En ég hef einhvern veginn samt á tilfinningunni að ef hægt er að koma því við að taka erlend lán án ríkisábyrgðar og viðkomandi fyrirtæki og einstaklingar taki slík lán algjörlega upp á eigin ábyrgð væri það miklu heilbrigðara þegar til langs tíma er litið. Það er einhvern veginn miklu betri tilhugsun og mér betur að skapi að hugsa dæmið þannig að Jón Jónsson semji um erlent lán með aðstoð banka síns á Íslandi. Hann leggi eignir sínar að veði fyrir því að það sem hann ætlar að fara út í sé svo öruggt að það borgi sig þá að taka erlent lán með þeirri áhættu sem fylgir og hann standi síðan og falli með þessum gerðum sínum. Ef fyrirætlanir hans fara út um þúfur og þetta mistekst ber hann einn fulla ábyrgð á því að hafa tekið þetta erlenda lán og hann verður þá að sæta því sem það hefur í för með sér eins og ég hef einnig oft bent á. Það gerist þá ekkert annað en það að einhver erlendur banki lætur einhverja lögfræðinga hér heima á Íslandi bjóða upp eignir þessa Jóns Jónssonar, en meira gerist í sjálfu sér ekki.

Þess vegna hef ég í sjálfu sér ósköp lítið um þetta lántökugjald sem slíkt að segja. Þetta er, eins og ég segi, afkvæmi fyrri ríkisstjórna. Hér er að vísu verið að gera nokkrar breytingar. Úr því að þetta lántökugjald er komið á og það er ekkert sem bendir til þess að það hverfi í bráð finnst mér sumar þær breytingar sem hér eru lagðar til út af fyrir sig eðlilegar og sjálfsagðar. T.d. í 1. gr. a-lið er verið að taka það skýrar fram að lán vegna reksturs og kaupa á kaupskipum og flugvélum sem notuð eru í atvinnuskyni skuli undanþegin. Ég get út af fyrir sig tekið undir með hv. 2. þm. Norðurl. e. að það væri ágætt að fá nánari skýringu á þessu stjórnvaldi í c-lið 1. gr. og það er spurt af minni hálfu einnig: Er hér um að ræða lánið vegna Atvinnutryggingarsjóðs eingöngu eða eru einhver önnur lán sem eru hugsuð undir þessum lið?

Ég held að ég þurfi ekki að hafa þessi orð um frv. fleiri og hef lokið máli mínu, herra forseti.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Herra forseti. Hv. 2. þm. Norðurl. e. beindi til mín nokkrum spurningum varðandi dagskrármálið sem fjallar um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 10/1988, um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum 1988.

Ég vil í upphafi leyfa mér að minna á að þetta eru lög sem sett voru til staðfestingar bráðabirgðalögum sem sett voru við upphaf ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar. Þetta lántökugjald var sett á miklu fyrr, en reyndar var það hækkað með þeim lögum sem við erum hér að breyta eins og ég efast ekki um að hv. 2. þm. Norðurl. e. man jafn vel og við hin.

Ég vil fyrst segja um athugasemdir hv. þm. og fyrirspurnir varðandi tillögugreinina hina fyrstu að ég tek undir með hv. 7. þm. Reykn. að a-liður 1. gr. frv. er eingöngu hugsaður til að skýra nánar að hér er verið að heimila undanþágu vegna kaupa eða reksturs á kaupskipum og flugvélum sem notaðar eru í atvinnuskyni en ekki til annarra þarfa. Sá er tilgangur þessa ákvæðis eins og hann skildi og skýrði glöggt. En hvað varðar b-liðinn í tillgr. þar sem orðin „eða lenging á lánstíma" eru felld niður úr 3. tölul. 3. mgr. þessarar 19. gr. laga nr. 10, þá virðist mér að athugasemdir og spurningar hv. 2. þm. Norðurl. e. kunni að einhverju leyti að hafa byggst á misskilningi því þegar 3. tölul. er lesinn í heild sjá menn glöggt að áhrifin af því að fella niður þessi orð eru að heimilt yrði samkvæmt frv. að taka lengra erlent lán í stað skemmra ef kjör væru jöfn að öðru leyti og án þess að lántökugjald kæmi til ef heimildin yrði veitt. Allar hugleiðingar um að þessi breyting

þrengi rétt einhverra fyrirtækja eða atvinnugreina virðast mér fjarri lagi. Þetta er einmitt til þess hugsað að greiða fyrir skuldbreytingu á erlendum lánum þannig að heimilt sé að taka án lántökugjalds lengra erlent lán í stað skemmra. Ég fæ ekki með nokkru móti séð að þetta geti talist valda vandræðum í nokkurri atvinnugrein nema síður sé. Þetta er einmitt til þess hugsað að auðvelda mönnum að skipuleggja sinn fjárhag upp á nýtt. Ég beini því til hv. þm., sem ég veit að ber hag skipasmíðaiðnaðarins og annarra samkeppnis- og útflutningsgreina mjög fyrir brjósti, að kynna sér það sem ég hef nú sagt.

Í sambandi við c-liðinn hefur hv. þm. gert það nokkuð að umtalsefni að viðbót á 4. tölul. við 3. mgr. 19. gr. laga nr. 10/1988 sé ekki mjög nákvæm lögfræði. Hann spurði líka hvort þess væru dæmi í fyrri löggjöf að sett væru slík undanþáguákvæði sem bundin væru við sérstakar aðgerðir stjórnvalda eða sérstakt fyrirkomulag á lántökum vegna tiltekinna atvinnugreina. Ég vil leyfa mér í þessu sambandi að benda hv. þm. einmitt á greinina sem verið er að breyta því að í henni eru undanþáguheimildir fyrir:

Í fyrsta lagi afurðalán vegna útflutnings, útflutningslán og birgðalán sem tekin eru erlendis eða endurlánað erlent fé til útflytjenda í því skyni að flýta uppgjöri söluandvirðis við framleiðendur útflutningsafurða, svo og önnur lán sem falla undir auglýsingu nr. 309/1986, um erlend lán vegna útflutningsafurða. Í öðru lagi lán vegna hráefnakaupa fyrirtækja í útflutnings- og samkeppnisiðnaði. Sama á við um lán sem tekin eru erlendis vegna reksturs flugvéla og kaupskipa, töluliður sem líka er verið að breyta með þessu frv., ef að lögum verður.

Ég fæ ekki séð að þessi viðbótartöluliður, hinn 4., feli í sér mismunun umfram það sem áður var samþykkt, m.a. vona ég að rétt sé tilvitnað með atkvæðum hv. 2. þm. Norðurl. e. Hitt get ég fallist á og reyndar tekið undir að það mætti skerpa þessi orð. En úr því að hér var minnst á, bæði af hv. 2. þm. Norðurl. e. og hv. 7. þm. Reykn., hvort hér væri eingöngu átt við lántökur vegna Atvinnutryggingarsjóðsins, þá vildi ég láta koma fram, hafi það ekki komið fram hér áður í hv. þingdeild, að það er litið svo á að fiskeldislánaákvörðunin, sem ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar tók, um að útvega sérstakt lánsfé vegna þeirrar atvinnugreinar, mundi að skilningi ríkisstjórnarinnar falla undir þetta undanþáguákvæði, svo ég nefni eitt mikilvægt dæmi sem ég veit að hv. 2. þm. Norðurl. e. lætur sér líka annt um. Ég tek undir það með honum að það er ástæða til þess hér í hv. þingdeild og hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar að kanna það vel hvort lögfræðin sé í góðu lagi. En ég ætla að segja að meiningin sé góð nokk í málinu og ekki hættuleg mismunun í eða umfram það sem áður hefur verið á lögbókina fest með góðra manna atfylgi.

Meira hef ég eiginlega ekki að segja um þessar beinu spurningar varðandi dagskrármálið. Hins vegar vildi ég í tilefni af því sem hv. 2. þm. Norðurl. e. nefndi hér varðandi Stálfélagið hf. láta það koma fram að ég hef fyrir hönd iðnrn. mælt með því að það félag fái alla mögulega fyrirgreiðslu við lántökur erlendis, þar með að kannað verði til þrautar hvort unnt sé að veita því undanþágu frá lántökugjaldinu. Ég hef beint því til fjmrh., sem að sjálfsögðu fer með framkvæmd þessara laga eins og annarra skattalaga, að kanna það til þrautar hvort aðstæðurnar leyfa það. Þar kæmi m.a. til greina að kanna hvort ákvæði til bráðabirgða í þessum títt nefndu lögum dygði til þess með tilvísun til þess bréfs sem hv. 2. þm. Norðurl. e. las hér upp úr að veita slíka undanþágu. Það mál er ekki fullkannað enda erindið tiltölulega nýstofnað eins og hv. 2. þm. Norðurl. e. virðist kunnugt. En ég legg til að þetta mál verði kannað betur í hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar. Hér varðar miklu að menn beiti þeim ákvæðum sem þessi lög leyfa og sem þetta frv. biður um að leyft verði til þess að veita útflutnings- og samkeppnisgreinum eðlilegar undanþágur frá þessum lántökuskatti, að þeim verði beitt.

Ég vona að þetta svari spurningum hv. 2. þm. Norðurl. e. Vegna þeirrar spurningar sem hann líka beindi til mín hér fyrr í dag, ef ég man rétt, hvort það væri meiningin að lán vegna efniskaupa og tækjakaupa ein vegna skipasmíða sérstaklega gætu verið undanþegin gjaldinu, þá á hann væntanlega við að þar væri byggt á 2. tölul. 19. gr. laga nr. 10, sem hann talaði hér áðan um af svo mikilli sérþekkingu. Það tel ég réttan skilning. Síðan kemur önnur spurning og hún er sú, hvort lántökur vegna innlendra skipasmíðaverkefna eigi að hljóta slíka undanþágu almennt. Því vil ég ekki fortakslaust svara en læt í ljós þá skoðun að það mál tel ég að eigi að kanna og m.a. hugleiða hvort það geti fallið undir lán sem séu tekin vegna sérstakra aðgerða stjórnvalda í þágu útflutningsgreina ef um sérstakan lánaflokk er að ræða til slíkra verkefna. Þetta mál höfum við hæstv. sjútvrh., sem er hér deildarmaður, rætt undanfarna daga og ég vonast til þess að við finnum á því hyggilega niðurstöðu sem þó heldur í heiðri að skatturinn sé rétt á lagður.

Um málið sem hér er beinlínis til umræðu hef ég ekki meira að segja. En hv. 2. þm. Norðurl. e. beindi auk þess til mín nokkrum spurningum varðandi almenna stöðu útflutnings- og samkeppnisgreina og um gengismál sérstaklega. Ég ætla ekki að lengja þessar umræður um dagskrármálið með því að halda um það efni langar ræður, vildi þó eingöngu um það segja að það er auðvitað rétt og öllum kunnugt, og hv. þingdeildarmönnum mjög vel, að frá því ríkisstjórnin greip til þeirra aðgerða, sem hún ákvað með bráðabirgðalögunum í lok september, hefur staða sjávarútvegsins versnað, eða kannski öllu heldur það mat sem á hana er lagt hefur sýnt lakari útkomu en menn áður töldu lýsa veruleikanum. Það er talið að í stað þess að sjávarútvegurinn sé með afkomu nokkurn veginn í járnum, sé hann í heild með 3–4% halla. Þessi lakari staða skýrist að því er talið er að hálfu af því að hún hafi ekki verið

rétt metin, en að hálfu af því, sem auðvitað er alvarlegast, að fisksölukjör og fiskaflahorfur séu nú lakari en þá var talið. Við þessu er náttúrlega fátt að gera annað en að horfast í augu við það eins og það er. En ég vil ítreka þá skoðun mína að breytingar af þessari stærð frá því sem áætlað var, þegar drög voru lögð að þeim efnahagsaðgerðum sem þessi stjórn er og hefur verið og mun framkvæma á næstunni, er ekki meiri en svo að á það verður að reyna enn um sinn hvort það dugi. Ekki vil ég þó segja að frá þessu verði ekki að neinu leyti vikið. Það er ósköp einfalt mál að þessi skilyrði eru jafnan til athugunar. Það er verkefni stjórnvalda á hverjum tíma, en menn mega ekki bregðast svo ótt og títt við því sem gerist í umhverfinu að þeir missi áttirnar. Það er nefnilega líka hættulegt að eltast við hvaða mýrarljós sem þeir sjá.

Ég bendi á að þó að mönnum finnist syrta í álinn víða þá er það líka í fréttum þessi dægur að Evrópuþjóðir, sem draga fisk úr Norðursjó, hafa nú neyðst til þess að skera niður aflaheimildir sinna veiðiskipa fyrir næsta ár svo mjög að þar sem áður átti að leyfa 150–160 þús. tonna afla af þorski verður hann skorinn niður fyrir 120 þús. tonn, jafnvel niður í 118 þús. tonn. Þar sem áður átti að leyfa 160 þús. tonna afla af ýsu fyrir Evrópubandalagsríkin úr Norðursjó, verður sá afli nú skorinn niður í 60 þús. tonn, og mætti nú sjá minna grand í mat sínum en það. Samtímis eru svo fréttir af því að í Barentshafi neyðist þær þjóðir sem þau mið nytja til þess að skera niður sínar aflaheimildir um hlutfallstölur miklu hærri en þær sem við verðum sjálfir að horfast í augu við fyrir næsta ár. Sama máli gegnir um annan afla við Noregsstrendur af botnlægum tegundum.

Þetta eru auðvitað alvarleg tíðindi fyrir þessar fiskveiðiþjóðir en þær fela það líka í sér að þarna muni komin ástæða til þess að ætla að fiskverð á Evrópumarkaði hljóti að fara hækkandi á næstu mánuðum. Áður lá það fyrir að uppskerubrestur og þurrkar í Bandaríkjunum kynnu að valda matvælaverðshækkun og um síðir fiskverðshækkun, eftir þá lækkun sem varð á þessu ári, þegar líða tæki á nýja árið sem nú nálgast senn. Þetta er ekki atriði eða sjónarmið sem metin verða til talna í einu lagi fljótlega, en sýna þó að menn skyldu gá vandlega að áður en þeir laga skilyrðin eins og t.d. gengisskilyrðin að því sem þeim virðist ríkja á líðandi stund.

Hins vegar fer ég ekki í neinar grafgötur um það að nú er hart í ári fyrir margar útflutnings- og samkeppnisgreinar. En ég vildi benda hv. 2. þm. Norðurl. e. á það að gengisbreyting er þar ekkert lausnarorð. Ég held að hann hafi komist rétt að orði þegar hann fór að velta því fyrir sér hvort raungengið væri rétt til fundið, rétt skráð. Það er einmitt lóðið. Það ræðst ekki af því hvaða nafngengi, hvaða krónutala er skráð á verð erlendra mynta á hverjum degi af Seðlabankanum. Það ræðst líka af því hvernig okkur lánast að hafa taumhald á innlendum kostnaði, á innlendum útgjöldum, á fjárhag ríkisins og það er m.a. það verkefni sem við ræðum hér í dag. Allt þetta hefur áhrif á gengið, hvernig það dugir mönnum til gengis í rekstri þeirra atvinnugreina sem allt byggist hér á. Auðvitað verður sá grundvöllur sem lífið í landinu hvílir á að vera í lagi, en það er ekki lausnarorð að segja að nú eigi bara að fella gengið. Þetta veit hv. 2. þm. Norðurl. e. vel og ég veit að hann skilur líka að raungengi ræðst ekki eingöngu af því hvaða verðmiði er skrifaður á bandaríkjadollar og aðrar heimsmyntir, heldur ekki síður af hinu hvernig okkur tekst til í þeim verkum sem þjóðin hefur trúað okkur fyrir hér í þessum þingsölum.

Ég ætla ekki að segja um þetta mikið fleira en læt mínu máli lokið.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég hef áður beint fyrirspurnum til hæstv. sjútvrh. til þess að reyna að knýja fram hvaða skoðanir hann hafi á afkomu sjávarútvegsins en það er erfitt að fá þann hæstv. ráðherra til þess. Auðvitað er það svo um ríkisstjórn og einstaka ráðherra að þeir þurfa ekki að taka til máls fremur en þeim sýnist og verður stjórnarandstaðan hverju sinni að sætta sig við það. En þó langar mig til að spyrja hæstv. sjútvrh. að því hvort hann vilji skilgreina orð hæstv. viðskrh. hér áðan, þegar hann sagði: „Það er hættulegt að eltast við hvaða mýrarljós sem menn sjá.“ — Að forustumenn sjávarútvegsins séu að eltast við einhver mýrarljós nú þegar þeir láta í ljósi áhyggjur yfir afkomu fyrirtækja sinna og kvíða því að þau séu ekki rekstrarhæf. Er hæstv. sjútvrh. þeirrar skoðunar að þeir séu að elta mýrarljós? Það er auðvitað alveg laukrétt sem hæstv. iðnrh. sagði hér áðan, að afkoman í samkeppnisiðnaði og útflutningsgreinum er mun verri en þessi ríkisstjórn ímyndaði sér þegar hún réðst í efnahagsráðstafanirnar svokölluðu í sl. septembermánuði, enda hefur hæstv. forsrh. síðan afsakað sig með því að hann hafi verið í fílabeinsturni þegar hann myndaði ríkisstjórnina. Þá var hæstv. forsrh. staddur á fundi Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna. Þá var hann staddur mitt á meðal þeirra manna sem voru að tapa sínum fjármunum. Þá var hann staddur á meðal þeirra manna sem voru að segja fólkinu upp atvinnunni.

Ég spurði hæstv. iðnrh. að því áðan hvað mundi gerast ef bæjarstjórn Ólafsfjarðar mundi óska eftir því að taka erlent lán til þess að koma frystihúsunum aftur af stað á Ólafsfirði. Ég spurði líka hæstv. sjútvrh. að því hvort bæjarstjórn Ólafsfjarðar þyrfti að greiða 6% lántökugjald ef hún vildi taka erlend lán til þess að reyna að skjóta traustum stoðum undir atvinnulífið þar. Hvorugur þessara ráðherra ætlaði að svara þessari spurningu. Þó á þeim að vera það kunnugt að í þessu sjávarplássi eru tvö frystihús og bæði notuð. Og þar hafa menn verið að reyna að tala um það hvort ekki sé hægt að ná fram hagkvæmari rekstri með því að sameina fyrirtækin, með því að þessi tvö frystihús séu rekin undir einni stjórn. Það er auðvitað alveg óhjákvæmilegt að við fáum um

það upplýsingar hver sé skilningur ráðherranna á þessu atriði.

Ég veit að það fór ekki fram hjá nokkrum þingmanni að hæstv. viðskrh. notaði þessi orð að hann teldi að fiskeldi mundi að skilningi ríkisstjórnarinnar falla undir þetta ákvæði, þ.e. undir væntanlegan ... (**Viðskrh.:** Þessa sérstöku ákvörðun sem ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar tók, að útvega 300 millj. kr. á þessu ári og 500 millj. kr. á því næsta.) Nú, ekki undir lán sem tekin eru vegna sérstakra aðgerða stjórnvalda í þágu útflutningsgreinanna? (**Viðskrh.:** Að fiskeldisákvarðanirnar féllu undir það.) Já, og mundu af þeim sökum ekki fá 6% lántökugjald. En hvernig eigum við nú að fella þetta saman? Öðrum þræði var hæstv. iðnrh. hér áðan að lýsa áhyggjum sínum yfir gjaldeyrisöflun okkar Íslendinga vegna þess að við verðum að draga saman sókn í sjávarafla á næsta ári þó svo að hann gerði sér vonir um það að verð á sjávarafurðum færi hækkandi. Við skulum vona að sá spádómur kunni að rætast. Eftir sem áður hljótum við Íslendingar mjög að velta því fyrir okkur hvernig við getum skotið stoðum undir nýjar útflutningsgreinar, aðrar útflutningsgreinar. Það held ég að sé alveg óhjákvæmilegt.

Ég er dálítið undrandi á því t.d. að hv. 5. þm. Norðurl. e. skyldi ekki spyrja hæstv. ráðherra hvort lán vegna loðdýraræktar féllu undir þann skilning að þar gæti verið um að ræða lán sem tekin væru vegna sérstakra aðgerða stjórnvalda í þágu útflutningsgreina.

Ég veit satt að segja ekki hvernig þingstörfin eru að verða. Það hefur verið fjallað um lánsfjárlög og mér skilst á formanni fjh.- og viðskn. að það liggi ekkert sérstakt fyrir í nefndinni varðandi lánsfjárlögin. Samt sem áður man ég ekki eftir því að ríkisstjórnin hafi í sambandi við lánsfjárlög sent okkur neina greinargerð, skýrslu eða áætlun um það hvernig hún hygðist almennt séð eða hvaða sérstöku aðgerðir stjórnvöld hefðu í hyggju í þágu útflutningsgreina eins og það er orðað hér.

Hæstv. iðnrh. sagði rétt í þessu að afkoma sjávarútvegsins og útflutningsgreinanna væri verri en hann hefði sjálfur búist við. Auðvitað felur það í sér, ef orðin hafa þá einhverja merkingu, að þær ráðstafanir sem ríkisstjórnin hafði áður hugsað sér vegna útflutningsgreinanna eru ónógar, enda komst ráðherrann svo að orði undir öðrum kringumstæðum, að hann talaði um þær efnahagsaðgerðir sem þessi ríkisstjórn er, hefur og mun framkvæma á næstunni — er, hefur og mun framkvæma á næstunni.

Nú er alveg óhjákvæmilegt að fá um það upplýsingar hvort ríkisstjórnin hafi í hyggju einhverjar nýjar aðgerðir eins og hún kallar í þágu útflutningsgreinanna, einhverjar nýjar lántökur sem kannski eigi að fara fram hjá lánsfjáráætlun, sem ég tel auðvitað að væri mjög hrapallegt einmitt vegna þess að við erum að fjalla um hana nú hér í þinginu þó svo að ég geri mér grein fyrir að undir mörgum kringumstæðum sé hægt að komast fram hjá því að fá beina lagaheimild samkvæmt lánsfjárlögum til þess að hægt sé að skuldbreyta fyrir fyrirtæki. Ég verð því að óska eftir því að hæstv. iðnrh. tali skýrar um þessi efni og útskýri betur en hann hefur gert hvers vegna hann langar svo mjög og ríkisstjórnina til þess að hafa þetta vald að geta sagt við eitt fyrirtæki: Þú fellur undir aðgerðir ríkisstjórnarinnar, en við næsta fyrirtæki: Þú gerir það ekki. Við vitum að það hafa komið fram tillögur um að synja fyrirtækjum um lán hjá Stefánssjóði sem heitir Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina. Er það ekki rétt munað? (**Viðskrh.:** Jú, það er rétt.) Það hafa komið fram tillögur um að synja þar um lán. Nú skulum við hugsa okkur að þeir aðilar eigi í hlut og við skulum hugsa okkur að peningarnir séu uppurnir og menn séu að reyna að bjarga sér eftir á. Eiga þeir þá að greiða lántökugjaldið? Ef einhverjir í fiskeldi geta nú fengið lán erlendis og lánið fellur ekki undir það sem hæstv. viðskrh. vitnaði til, lán sem útveguð voru á tímum ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar. Þeir peningar verði uppurnir, en sama þörfin er eftir sem áður hjá þeim fiskeldisfyrirtækjum sem ekki hafa fengið næga fyrirgreiðslu, eiga þá þau fyrirtæki að greiða 6% lántökugjald? Eða ætlar bara ríkisstjórnin þegar þar að kemur að bæta þeim fyrirtækjum við? Er hæstv. ríkisstjórn að biðja um opinn víxil til þess að hún geti að eigin vild og geðþótta skammtað mönnum leyfi til undanþágu frá þessum skatti til þess að fá persónulegar og sérstakar þakkir fyrir hjá viðkomandi atvinnurekendum, eigendum viðkomandi fyrirtækja, til þess að einstakir ráðherrar geti sagt: Ég er að gera ykkur greiða? Hér er hönd mín, hér eru molarnir og hver moli er 6%. 6% hver moli. Það getur verið töluvert ef upphæðin er há. Það er alls ekki til að gera grín að. Eftir stendur samt sem áður sú spurning: Af hverju vill ríkisstjórnin ekki eins og allar heilbrigðar ríkisstjórnir hafa lögin afdráttarlaus þannig að hægt sé að benda á í lögunum hvar undanþágan frá skattinum liggur?

Ég man ekki betur en fyrrv. fjmrh., Jón Baldvin Hannibalsson, hafi hér í þessum ræðustól þar sem ég er núna flutt mælskar ræður, því að hæstv. utanrrh. er virkilega mælskur maður og kann að koma fyrir sig orði þannig að hver skilur.

Spurt er: Er það hollt fyrir fjármálaráðherra að hafa heimildir til þess að segja við þennan og þennan: Þú þarft ekki að borga skattinn? Svarið er: Nei, það er ekki hollt fyrir fjármálaráðherra að hafa heimildir til þess að geta mismunað mönnum.

Spurt er: Bætir það siðferðið í þjóðfélaginu ef fjármálaráðherrann eða viðskiptaráðherrann getur mismunað mönnum í sköttum? Svarið er: Nei, það er ekki siðferðilega gott að fjármálaráðherrann eða viðskiptaráðherrann hafi vald til þess að mismuna í sköttum. (Gripið fram í.) Hvað þýðir stjórnvald? Hæstv. viðskrh. greip fram í. Á hann við að stjórnvald þýði þarna öll ríkisstjórnin? Þarf þá sérstök samþykkt ríkisstjórnarinnar að koma til í

hvert skipti sem undanþáguheimild er gefin eða veitt frá lántökugjaldinu? Var það það sem hæstv. viðskrh. meinti?

Nei, staðreyndin er auðvitað sú að ríkisstjórnin hefur engin svör á takteinum. Ríkisstjórnin ætlar sér, eins og svo oft áður, að fá opinn víxil, hefur ekki hugsað dæmið í botn, en vill geta látið þakka sér fyrir það sem ekkert er. Mér þótti líka hálfleiðinlegt að iðnaðarráðherrann skyldi ekki koma upp í viðskiptaráðherranum þegar hann var að tala hér áðan. Ég spurði hæstv. iðnrh., ekki hæstv. viðskrh., að því hvað hann vildi gera til þess að reyna að koma til hjálpar fyrir samkeppnisiðnaðinn. Það er algjörlega borðleggjandi að miðað við sömu stefnu og nú er í efnahagsmálum — og mig minnir að hæstv. forsrh. hafi talað um þjóðargjaldþrot (**KP:** Að jaðraði.) að jaðraði við þjóðargjaldþrot. Meðan þessari efnahagsstefnu er fylgt, þá minnkar hlutdeild innlendra fyrirtækja í markaðnum hér á landi. Erlendu fyrirtækin sækja á innlendu fyrirtækin á ótal sviðum, mennirnir sem eiga fyrirtækin hafa af þessu þungar áhyggjur. Fólkið sem vinnur hjá þessum fyrirtækjum hefur jafnvel enn meiri áhyggjur af þessu. Og ég spurði iðnrh.: Hvað ætlar hann að gera í þessu? Ég spurði iðnrh.: Getur ekki verið að samkeppnisiðnaðurinn þurfi á því að halda að taka erlend lán? Og getur þá ekki verið að samkeppnisiðnaðurinn vilji gjarnan sleppa við þetta 6% lántökugjald?

Það er tvennt enn sem óhjákvæmilegt er, herra forseti, að víkja að til að málið liggi skýrt fyrir. Annað er það að í bréfi frá Stálfélaginu er talað um að nýr málsliður komi inn, svohljóðandi, sem falli undir undanþáguákvæðin frá lántökugjaldinu, með leyfi hæstv. forseta:

„Lán sem tekin eru vegna sérstakra aðgerða stjórnvalda í þágu útflutningsgreina eða vegna nýrra útflutningsgreina.“ Eða þá að viðbótin geti verið: „svo og stofnlán vegna nýrra útflutningsgreina.“ Hvernig má það vera að það geti verið skynsamlegt fyrir Alþingi að hafa ekki skýra og beina heimild inni í lögunum til þess að undanþiggja stofnlán vegna nýrra útflutningsgreina sérstöku lántökugjaldi? Varla óttast ríkisstjórnin að það sé svo mikil ásókn í það eins og gengispólitíkin er hér á landi, að menn séu áfjáðir í það að stofna hér útflutningsfyrirtæki? Ekki býst ég við því. Ekki minntist hæstv. forsrh. á það í Morgunblaðinu í gær þegar hann var að tala um allan bunkann frá atvinnurekendum, allan erfiðleikabunkann, að hann væri með annan bunka kannski enn þá stærri frá mönnum sem eru áfjáðir í að hefja hér atvinnurekstur í útflutningsskyni. Ekki minnist ég þess. Ég hélt því að það væri kannski ástæða til þess að reyna að örva menn til að leita fyrir sér á nýjum sviðum í útflutningi. Auðvitað hlýtur þetta að koma til álita í nefndinni og er nauðsynlegt að athuga þessi mál mjög vel og gaumgæfilega.

Ég áttaði mig ekki á því hvers vegna ríkisstjórnin leggur til að orðin „eða lengingu á lánstíma“ falli úr 3. tölul. 3. mgr. 19. gr. laganna ef það er skilningur ráðherrans að það breyti engu. (**Viðskrh.:** Jú. Eins og þau standa er bannað að taka lán sem lengja fyrra lánið. Ef þetta er fellt niður þá má taka lengra lán eins og ég útskýrði vandlega áðan. Þetta er rýmkun eins og hvert mannsbarn getur séð sem les textann.) Já, þetta er rétt. Ég bið hæstv. viðskrh. afsökunar á því að hafa misskilið þetta. (**Viðskrh.:** Ef þú sérð það sem ég talaði um á blaðinu, þá muntu komast að raun um að það var útskýrt eins rækilega og unnt er að gera.) Ég bið hæstv. viðskrh. afsökunar á því að hafa mislesið þessa grein. (**Viðskrh.:** Áður var bannað að lengja lán, nú kann það að verða leyft, án þess að tekið sé af því lántökugjald.) (Gripið fram í.) Ég sætti mig við þetta, þannig að það liggur ljóst fyrir, og er mjög ánægður yfir því að svo skuli vera.

Herra forseti. Ég vil ítreka ánægju mína yfir þessu en vil jafnframt benda á að ef fyrir ráðherra hefði vakað að stytta tímann, þá hefðu þeir kannski leiðrétt mig í fyrri ræðu minni þegar ég las þessi orð vitlaus vegna þess að ég átti satt að segja ekki von á góðu frá ríkisstjórninni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 18 shlj. atkv.

EFRI DEILD

29. fundur, mánudaginn 19. des., að loknum 28. fundi.

Framhaldsskólar, 3. umr.

Stjfrv., 184. mál (gildistaka). — Þskj. 215.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. 2. minni hl. menntmn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það kom fram í ræðu menntmrh. hér áðan að veigamiklir tæknilegir gallar væru á III. og VIII. kafla laganna og jafnframt sagði hann að kostnaðarákvæði framhaldsskólalaganna væru óbrúkleg. Nú er ég hér með frv. til laga um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Það frv. er nokkurs konar bandormur og þar eru gerðar tillögur um breyt. á l. um málefni fatlaðra, um breyt. á l. um aðstoð til vatnsveitna, um breyt. á l. um heilbrigðisþjónustu, um breyt. á l. um almannatryggingar, með síðari breytingum, um breyt. á l. um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum, um breyt. á l. um grunnskóla, með síðari breytingum, um breyt. á íþróttalögum, með síðari breytingum, um breyt. á l. um félagsheimili, með síðari breytingum, um breytingu á lögum um skemmtanaskatt, með síðari breytingum, um breyt.

á l. um byggingu og rekstur dagvistarheimila, með síðari breytingum, um breyt. á l. um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, um breyt. á vegalögum, með síðari breytingum, um landshafnir, um kostnaðaruppgjör milli ríkis og sveitarfélaga heitir síðan næstsíðasta millifyrirsögn þessa frv. og hin síðasta gildistaka.

Í greinargerðinni er aðeins minnst á framhaldsskóla. Það er talað um helstu breytingar sem eigi að verða á verkefnaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og þar er talað um að sveitarfélögin greiði 40% af stofnkostnaði framhaldsskóla og vitnað er til nýsamþykktra laga um framhaldsskóla. Það er því ekki að sjá að ástæða þyki til að breyta þeim köflum í framhaldsskólafrv. sem hæstv. menntmrh. sagði við 2. umr. að væru óbrúklegir kaflar. Á þessum köflum áttu að vera veigamiklir tæknilegir gallar. Ég held að það sé því alveg óhjákvæmilegt að hæstv. menntmrh. úttali sig nánar um þetta mál.

Ég vil líka að það komi algerlega skýrt fram að ég átti áðan samtal við formann Sambands ísl. sveitarfélaga sem sagði mér að hann og sveitarfélögin legðu ríka áherslu á það að lögin um framhaldsskóla tækju gildi 1. janúar eins og ákveðið er. Hann ítrekaði það sem áður hefur komið fram að sveitarstjórnirnir hafa ekki gert ráð fyrir öðru í sambandi við fjárhagsáætlanir en að þessi breytta verkaskipting komi til í byrjun næsta árs eins og lög standa til. Vegna ummæla hæstv. ráðherra hér mundi ég halda, herra forseti, að mjög æskilegt væri, til þess að vinnubrögð nefndarinnar yrðu sem vönduðust, að hún fengi frv. aftur til athugunar þannig að við gætum rætt þetta mál nánar við forustumenn Sambands ísl. sveitarfélaga, sem ég hef gengið úr skugga um að leggja mikið upp úr því að frv. taki gildi um áramótin. Í trausti þess að svo yrði sat ég hjá við afgreiðslu frv. nú þar sem ég er ekki í vafa um það að hæstv. menntmrh. jafnt sem einstakir þingdeildarmenn leggja einnig mikið upp úr þessu.

Ég sé, herra forseti, ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð, en ég get ekki ímyndað mér annað en hæstv. ráðherra sé mér sammála um að æskilegt sé að þingnefnd tali við fulltrúa sveitarstjórnarmanna áður en málið fer úr deildinni og efnt verði til stutts fundar í fyrramálið til þess að koma því í kring. Ég harma auðvitað það sem fram kom, sérstaklega hjá fulltrúa Bandalags kennarafélaga, að samning reglugerða hefði dregist mjög á langinn og það má vera skýringin á því að hæstv. menntmrh. treystir sér ekki til þess að framkvæma lögin strax í byrjun næsta árs eins og allir höfðu búist við. En ég legg mikið upp úr því að nefndin fái svigrúm til þess að ræða við fulltrúa sveitarfélaganna í fyrramálið. Það er ekki nema einn dagur. Það tefur ekki þingstörf en eru hins vegar sjálfsögð vinnubrögð í þinginu.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég held að það sé ástæðulaust að vera að taka þetta mál aftur inn í nefndina. Nd.-nefndin fær þetta og ef hún kemst að einhverjum nýjum sannindum í málinu kemur málið náttúrlega aftur hingað eða strandar þar. Ég held því að við bætum okkur ekki mikið á því að fara með þetta til nefndar aftur.

Ég get út af fyrir sig vel skilið það hvernig hv. 2. þm. Norðurl. e. setur þetta mál upp og hvernig það birtist honum frá Sambandi ísl. sveitarfélaga. Í fyrsta lagi er það þannig að Samband ísl. sveitarfélaga og stjórn þess eru aðilar að flutningi frv. til l. um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga hér í þinginu. Það væri nú betra, herra forseti, ef þeir þingmenn sem varpa til manns spurningum væru viðstaddir þegar maður er að reyna að svara. Satt að segja tek ég það mikið mark á spurningum hv. þm. að mér finnst að mér sé skylt sem ráðherra málaflokksins að svara honum.

Það sem ég var að víkja að, hv. þm. og herra forseti, var að ég er ekkert undrandi á því þó að hv. þm. spyrji um afstöðu Sambands ísl. sveitarfélaga. Hún birtist þannig að það liggur hérna fyrir frv. til l. um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Á baksíðu þess þingskjals er mat á áhrifum breyttrar verkaskiptingar á fjármál sveitarfélaga á ársgrundvelli miðað við núverandi tillögur og þar kemur fram að það er gert ráð fyrir framhaldsskólanum inni í þessu uppgjöri milli ríkisins og sveitarfélaganna. Á verðlagi í janúar 1988 er það talið nema 225 millj. kr. lækkun fyrir sveitarfélögin á kostnaði að flytja framhaldsskólann á milli. Í frv. eins og það er flutt er síðan gert ráð fyrir því að lögin um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga taki gildi samkvæmt því sem segir á bls. 13 í þingskjalinu 1. jan. 1990 eða á sama degi og frv. sem hér er verið að tala um um framhaldsskóla. M.ö.o., að þessu leytinu til lítur málið þannig út að Samband ísl. sveitarfélaga fellst á að svona sé að hlutunum staðið.

Síðan gerist það að fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga í nefnd sem er að semja drög að reglugerð um rekstrarþátt framhaldsskólalaganna kemst að þeirri niðurstöðu að kostnaðarákvæðin séu — ég endurtek í þrítugasta sinn úr þessum ræðustóli í dag, ég í annað sinn og hv. 2. þm. Norðurl. e. hefur nefnt það svona 20–30 sinnum — óbrúkleg. Það er hroki í því af minni hálfu, þetta er niðurstaða nefndar sem er að semja drög að reglugerð. Þessi fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga í nefndinni er bæjarstjóri í Garðabæ, ef ég man rétt. (**Gripið fram í:** Hann er sjálfstæðismaður.) Það kemur náttúrlega ekki skólamálastefnunni við hvar menn eru í pólitík eins og kunnugt er. Síðan gerist það að hv. menntmn. berst mótmælasamþykkt frá sama Sambandi ísl. sveitarfélaga út af þessu máli og ég er ekkert undrandi á því þó að hv. 2. þm. Norðurl. e. spyrji: Hvað er gilt og hvað er ógilt í þessu efni? Í rauninni er það ekki þannig að menn séu hér að bera hlutina með einhverjum óljósum hætti á milli. Þetta liggur allt saman fyrir í skriflegum gögnum og þetta er si svona. Þess vegna hef ég litið þannig á að Samband ísl. sveitarfélaga hafi í raun og veru fallist á að framhaldsskólinn sé hluti af þessum pakka varðandi

breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Þess vegna kemur það mér á óvart að heyra af þessari ályktun sem hv. 2. þm. Norðurl. e. kynnti hér fyrr í dag þegar þetta mál var rætt.

Síðan er á það að benda að í því frv. til laga um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, sem hér er fjallað um, er gert ráð fyrir því að sveitarfélögin greiði 40% af stofnkostnaði framhaldsskólans. Að óbreyttum lögum í þeim efnum greiðir ríkið 100% af stofnkostnaði sumra framhaldsskóla. Er þá Samband ísl. sveitarfélaga í raun og veru að biðja um meiri pinkla eða hvað? Ég segi alveg eins og er að ég undrast þessa uppsetningu mála af hálfu Sambands ísl. sveitarfélaga. Ég get hins vegar ekki að því gert að ég held að að langeðlilegast sé að Nd.-nefndin kembi þetta mál og fari yfir það. Við bætum okkur ekkert á því að vera að liggja yfir málinu frekar í hv. menntmn. Ed. eins og það er margt að sýsla hér í þessari virðulegu deild.

Meginástæðan fyrir því að við frestum þessu er sem sagt þessi: Í fyrsta lagi er hún sú að mjög hefur dregist að semja reglugerðir með þessum lögum. Fulltrúi Bandalags kennarafélaga mun hafa sagt það í menntmn. Ed. að það væri mjög bagalegt og það var fróðlegt að heyra þær upplýsingar frá hv. 2. þm. Norðurl. e. Hugmyndirnar um að fresta fjármálakafla laganna um framhaldsskóla fæddust síðan ekki í gær eða fyrradag. Það er augljóst mál að menn voru að ræða þessar hugmyndir í menntmrn. í tíð síðustu ríkisstjórnar. Hér er ekki um að ræða neina uppfinningu þeirra vondu manna sem nú stýra menntmrn. og fjmrn. heldur hafa menn séð, bæði þeir sem nú stýra málum og þeir sem þar voru áður, að þetta er hluti af heild og því óhjákvæmilegt að fresta þessu.

Ég tel, herra forseti, að ég hafi flutt svo gild fagleg rök fyrir þessari frestun að það sé í raun og veru engin ástæða til þess að mylja þetta mál með sér frekar og eðlilegast að afgreiða það bara hér einn, tveir, þrír, enda heyri ég í rauninni ekki svo ýkja hörð mótmæli við því hér í þessari virðulegu deild.

Frsm. 2. minni hl. menntmn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég held að það hafi ekki farið fram hjá neinum tónninn hjá hæstv. menntmrh. Ég gekk úr skugga um það í kvöldmatnum með því að hringja í formann Sambands ísl. sveitarfélaga og spurði hann að því hvort þær upplýsingar væru réttar sem menntmn. hefði fengið um að Samband ísl. sveitarfélaga vildi að kaflarnir um nýja verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga taki gildi um áramótin. Hann staðfesti að þetta væri rétt. Eftir sem áður kemur hæstv. menntmrh. upp í ræðustól og heldur hinu gagnstæða fram.

Nú hef ég hér í höndum óundirritaða skýrslu til ráðherra um störf nefndar til að semja reglugerð um rekstrarkostnað framhaldsskóla og minnisblað til ráðherra um vinnu við reglugerð vegna laga um framhaldsskóla. Það væri auðvitað afskaplega fróðlegt að fá að vita hvenær þessi skýrsla og minnisblaðið urðu til til þess að hægt sé að átta sig á því hvernig það er vaxið. (**Gripið fram í:** Hvaða ráðherra fékk þetta?) Ég hygg að það hafi verið menntmrh. án þess að það standi nú þarna. (Gripið fram í.) Ég geri auðvitað ráð fyrir því. Ég sé nú að formaður nefndarinnar er ekki hér við. Ég man ekki eftir því áður, þegar nefndarmaður biður um að umræðu sé frestað til þess að nefndin geti athugað hvor segir satt hæstv. menntmrh. eða fulltrúi Sjálfstfl. í menntmn. til þess að við getum gengið úr skugga um það hver sé vilji Sambands ísl. sveitarfélaga, að forseti hafi ætlað að slíta umræðunni án þess að a.m.k. formaður viðkomandi nefndar fengi upplýsingar um að þess væri óskað að nefndin kæmi aftur saman. Ég veit ekki hvort hæstv. ráðherra þykir skemmtilegt að þurfa að biðja bókstaflega um alla hluti margsinnis í staðinn fyrir að viðhafa venjuleg vinnubrögð í deildinni.

Það fór ekki fram hjá neinum að ráðherrann sagði hér áðan að fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga væri andvígur ályktun Sambands ísl. sveitarfélaga og formaður Sambands ísl. sveitarfélaga fer með öll mál. (**Menntmrh.:** Þetta sagði ég ekki.)

Ég ítreka, hæstv. menntmrh., hvenær var þessi skýrsla dagsett og þetta minnisblað sem nefndin fékk í hendur? (**Menntmrh.:** Síðustu daga.) Síðustu daga? Stóð það undir frumritinu, síðustu daga? (Gripið fram í.) Já. Þetta getur vel staðist því að hér stendur með rithönd einhvers úr ráðuneytinu, með leyfi hæstv. forseta: „Þetta fékk ég í hendur í dag", og undir stendur G svo að það er nú mjög til upplýsingar. Það er mjög til upplýsingar um það hvenær þetta kom til. Ég sé að formaður menntmn. er kominn í deildina og ég vil sem sagt beina þeim tilmælum til hans að nefndin geti komið saman í fyrramálið og rætt þá við fulltrúa Sambands ísl. sveitarfélaga til að fá úr því skorið hvort rétt sé að stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga óski eftir því að frv. komi til framkvæmda nú 1. jan., en mér skilst á hæstv. ráðherra að hann vilji halda málinu til streitu þar sem hann ímyndar sér að stjórn sambandsins vilji endilega slá málinu á frest.

Forseti (Jón Helgason):

Ég tel rétt að verða við þeirri beiðni hv. 2. þm. Norðurl. e. að hv. menntmn. geti fjallað um þetta mál nú og tekið afstöðu til þessarar beiðni. Með því fresta ég þessum fundi í 10 mínútur meðan menntmn. getur tekið þessa beiðni til athugunar og umræðu um málið er frestað. — [Fundarhlé.]

Umræðu frestað.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, frh. 1. umr.

Stjfrv., 135. mál. — Þskj. 142.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Ég vil gjarnan, og ég held mín flokkssystkin líka, koma málum til nefndar og þá þessu máli eins og öðru máli sem hefur þegar verið sent til fjh.- og viðskn.

Ég gat aðeins um efni þessa máls hér fyrr í dag þegar umræða var um annað mál og skal ekki endurtaka margt af því sem ég þá sagði, en eins og við vitum hafa umræðurnar snúist um ýmis mál og almenna stjórnmálaumræðu að vissu marki sem er ekki nema gott eitt um að segja. Ég gat þess sérstaklega þá, eins og þeir sem hér voru mættir í deildinni þá minnast, að það hefur komið mjög athyglisvert bréf frá Sambandi ísl. samvinnufélaga varðandi þennan skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði sem þeir telja, Sambandsmenn, að sé nánast eitt með öðru reiðarslag fyrir dreifbýlisverslunina og þjónustu í dreifbýlinu. Auðvitað sé þetta ekki meginorsökin, en þetta bætist þó ofan á aðra útgjaldaliði, og framkvæmdastjóra Verslunarráðs Íslands hafði reiknast svo til að þessi skattur, þó að hann láti kannski ekki mikið yfir sér, mundi þýða um það bil 0,6% almenna vöruverðshækkun í smásöluverslun á landinu. Það er náttúrlega eitt með öðru sem knýr á um að verðbólgan fari nú enn af stað og ég held að verið sé að viða í æðimikinn eld.

Ég held hins vegar, af því að ég sá hæstv. fjmrh. vera að rabba þarna frammi á gangi, að kannski væri gaman að fá hann inn eitt augnablik. (**Forseti:** Við skulum bara ná í hann.) Já, en á meðan get ég kannski beint aðeins spurningu til hæstv. viðskrh. Þó að það málefni, sem ég ætla að víkja að, heyri ekki beint undir hann minnumst við þess sjálfsagt báðir að í umræðu um fjárlög á föstudagskvöld mótmælti hæstv. fjmrh. því mjög eindregið að réttar væru tölur sem Þjóðhagsstofnun eða starfsmenn frá Þjóðhagsstofnun höfðu sett fram um heildarskattlagninguna sem nú væri á döfinni á fundi í fjvn. Þeir nefndu 6,7 milljarða, en ég minnist þess að hæstv. fjmrh. kallaði fram í og taldi töluna vera 4,3 milljarða. Þar bar nú á milli nærri því hálfan þriðja milljarð svo að ekki var kannski að ófyrirsynju að menn spyrðu í hverju það kynni að vera fólgið. Ráðherrann skýrði síðar frá því að hann hefði talið með þann mismun sem er á söluskatti og virðisaukaskatti sem gæfi ríkissjóði ákveðna upphæð án þess að þar væri um nýja skatta að ræða.

Ég var hér, hæstv. fjmrh., að beina til viðskrh. og þá fjmrh. líka þeirri ósk minni að skýrður yrði sá ágreiningur sem varð um heildarupphæð nýrra skatta á milli manna hér í umræðunum á föstudag þegar maður úr Þjóðhagsstofnun hafði talið að heildarupphæðin væri 6,7 milljarðar en fjmrh. greip fram í og taldi það vera 4,3 milljarða, en bætti síðan við skýringum á því að ríkið fengi tekjur án þess að um nýja skatta væri að ræða vegna þess að gildistöku virðisaukaskatts væri frestað. Það skýrði þó ekki alla upphæðina og ég vona að núna liggi fyrir einhverjar frekari tölur og gleggri og þá rökstuddar því að vissulega eiga menn, þjóðin öll, heimtingu á því að fá að vita hve mikil þessi nýja skattlagning er, ekki síst fátækt fólk sem á í erfiðleikum með að láta enda ná saman og þá eru það auðvitað bæði tekjuskattarnir, eignarskattarnir og líka þessir pinklar sem við erum nú hér að ræða um og svo vörugjaldið.

Ég las í DV í dag að hæstv. fjmrh. hefði breytt frumvörpum um vörugjald og raunar um tekjuskatt líka. Það er nú altítt að þingmenn fái að lesa í blöðum eða heyra í öðrum fjölmiðlum um það sem ríkisstjórnin er að bauka hverju sinni og það er á vitorði allra að það eru ráðherrarnir sjálfir sem smala til sín fréttamönnum til þess að leka í þá eða segja þeim eitthvað og til þess sjálfsagt að fá auglýsingar líka, geta komið fram o.s.frv. Þetta vita allir menn. Það er náttúrlega hinn mesti ósiður að Alþingi skuli sniðgengið með þessum hætti, að alþingismönnum sé ætlað það að þegar þeir koma hér til funda kl. 2 hafi eitthvert blaðið, þá oftast Dagblaðið, allar fréttirnar að færa þó að engin þingskjöl séu hér fyrir okkur þingmennina til þess að athuga hvað sé að gerast. Ég býst ekki við að á þessu verði mikil breyting á meðan þeir ráða ríkjum í Stjórnarráðinu sem það gera nú, að Alþingi verði virt þeirrar sjálfsögðu kurteisi að fá a.m.k. fyrst að frétta um mikilvægar breytingar á stjórnarfrumvörpum, ef þessi frétt er þá rétt sem ég ekki veit. Það skýrist væntanlega allt saman ef hæstv. fjmrh. gefur okkur svolitla stund til þess að útskýra þetta fyrir okkur, en ég sá það að hæstv. ráðherra var bara að rabba þarna frammi svo að ég hélt að það væri ekkert verið að ónáða hann þó hann gengi hér inn og við gætum þá kannski notað nokkrar mínútur til að greiða úr þessari flækju. Ég held að það sé öllum í hag að það liggi nokkuð fyrir.

Nú kann að vera að enn þá sé verið að breyta þessum frumvörpum og nýir útreikningar komi þá. Það kemur þá í ljós væntanlega í svörum ráðherranna. Ég beindi reyndar spurningunni til beggja hæstv. ráðherranna sem hér eru inni. Þó að Þjóðhagsstofnun heyri ekki beint undir hæstv. viðskrh. meðan hann gegnir sínu starfi er hann kunnugur hnútum þar og þess vegna ætlaði ég að vekja athygli hans líka á því að því var haldið fram af hæstv. fjmrh. að tölur sem komu frá Þjóðhagsstofnun væru rangar. Það er æðimikil ábyrgð að fullyrða slíkt. Nú skal ég játa á mig þá sök að ég hef tekið með fyrirvörum ýmiss konar útreikninga, áætlanir o.s.frv., bæði frá Þjóðhagsstofnun og öðrum stofnunum, og kannski ekki alltaf rökstutt það nægilega vel. En það hefur náttúrlega margsannast að það er erfitt að reikna langt fram í tímann og þess vegna hef ég freistast til að gera þetta, en þarna er um staðhæfingar að ræða sem stangast svona rækilega á að annars vegar eru nefndir 6,7 milljarðar og hins vegar 4,3 sem raunar eru nokkur partur af bilinu þar á milli, að vísu skýrður með því sem ég gat um áðan

að virðisaukaskatti er frestað. Enn er samt eftir að skýra talsvert af þessum mun.

Ég ætla þá ekki að hafa þessi orð fleiri í bili, en vænti þess að ráðherrarnir báðir muni svara, ekki endilega í löngu máli. Ég var að segja það, hæstv. fjmrh., áður en þú komst inn að það vekti ekki fyrir okkur sjálfstæðismönnum að tefja mál, heldur þvert á móti að koma þeim til nefnda eða a.m.k. því máli sem er á dagskrá nú. Ég er því ekki að halda uppi neinu málþófi, heldur vil ég gjarnan fá þessar upplýsingar.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Mér finnst bæði sjálfsagt og eðlilegt að hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson spyrjist nánar fyrir um þær tölur sem ég heyrði fyrst í umræðu um fjárlagafrv. fyrir fáeinum dögum. Ég hef síðan kannað það mál og fengið lýsingu á því hvernig orð féllu á fundi fjvn. þegar embættismenn frá ýmsum stofnunum voru þar viðstaddir, bæði frá Þjóðhagsstofnun, frá hagdeild fjmrn. og fleiri stofnunum.

Eins og mér er tjáð af embættismönnum fjmrn. féll umræðan á þann veg að einstakir nefndarmenn spurðust fyrir um það hver væri heildartekjuöflunin samkvæmt þeim frv. sem lögð höfðu verið fram á þinginu og beindu þeim spurningum til fulltrúa Þjóðhagsstofnunar. Í fyrstu komu ekki svör við þessari spurningu en hún var síðan ítrekuð og við þá ítrekun mun sá fulltrúi Þjóðhagsstofnunar sem var á fundinum hafa sett fram töluna 6700. Það var ekki gert í skriflegri greinargerð, það var ekki gert með neinum ítarlegum rökstuðningi, heldur var það eingöngu tala sem sett var fram eftir ítarlega eftirgrennslan. Forstöðumaður hagdeildar fjmrn. tjáði mér að hann hafi á fundinum sagt að það væri ekki tala sem hann kannaðist við, væri öðruvísi en útreikningar fjmrn. gæfu til kynna, en, eins og mig minnir að ég hafi vikið að hér í umræðu í Sþ. á sínum tíma, ekki, vegna faglegrar kurteisi, farið út í deilur við þennan fulltrúa Þjóðhagsstofnunar, en hefur ekki síðan fengið nein rök fyrir því hvernig þessi tala er fundin. Ég get þess vegna ekki upplýst málið hér og nú með neitt öðrum hætti en ég hef hér gert. Þetta var á þann veg að eftir eftirgrennslan var sett fram af embættismanni Þjóðhagsstofnunar, munnlega, ein tala, en ekki hefur verið gerð grein fyrir henni með því að brjóta hana upp í hvað kæmi á grundvelli hvers frv. eins og ég gerði þegar ég í Sþ. lýsti því hvernig talan 4300 væri fengin.

Ég vakti athygli á því þá og vil gera það einnig hér að síðan er auðvitað hægt að bæta við þessa tölu þeim 1200 millj. sem koma vegna frestunar virðisaukaskattsins, en það er nú venjulega ekki talið til hinna eiginlegu svokölluðu skattheimtufrv. hér í þinginu sem eru vörugjald, tekju- og eignarskattur, skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, lántökugjald og skattur á veðdeildir. Þess vegna hafa ekki komið fram nein gögn, hvorki frá Þjóðhagsstofnun eða öðrum aðila, sem réttlæta það að þetta talnalega mat sé tekið til endurskoðunar og án þess að ég ætli nokkuð að rengja viðkomandi embættismann getur það auðvitað alltaf gerst að menn setji fram munnlega einhverja tölu sem ekki reynist vera hin rétta og þar til fram kemur ítarleg sundurliðun bak við þá tölu er voðalega erfitt fyrir okkur í fjmrn. að taka afstöðu til hennar vegna þess að þær tölur, sem við settum fram og ég gerði grein fyrir þegar ég mælti fyrir þessum fimm frv., eru allar byggðar á ítarlegu mati. Ég vona að þetta skýri fyrir hv. þm. hvernig þessi talnalegi mismunur er fram kominn og með hvaða hætti það gerðist.

Ég tek alveg undir það með honum að mér fannst fréttaflutningur DV í dag af þeim hugmyndum sem kynntar voru fulltrúum þingflokkanna hér um helgina vera óeðlilegur. Ég get fullvissað hv. þm. um það að þar átti ég engan hlut að máli og kom mér satt að segja á óvart að svo væri. Það sem gerðist var að á laugardag áttu þrír ráðherrar, auk mín forsrh. og viðskrh., fundi, fyrst með fulltrúum Kvennalistans, síðan með fulltrúum Borgfl. og loks með fulltrúum Sjálfstfl. Á öllum þessum fundum var lagt fram blað sem dreift var til fulltrúa þessara þriggja flokka utan ríkisstjórnar þar sem gerð var grein fyrir þeirri hugmynd að í stað þeirra tillagna um vörugjald sem liggja fyrir í frv. komi aðrar tillögur þar sem tekið er upp 10% vörugjald á fleiri vöruflokka sem felur þá m.a. í sér að það vörugjald sem í dag er 14% lækki í 10% og þær vörur lækka að sama skapi, en hins vegar muni 25% gjald á gosdrykkjum, sælgæti og sykurvörum halda sér, en þó þannig að 10% af því verði vörugjald og 15% sérstakt sætindagjald.

Þessu var lýst á fundum með fulltrúum þingflokka stjórnarandstöðunnar á laugardag og til þess mælst að þeir kynntu þingflokkum sínum þessar hugmyndir vegna þess að þær voru settar fram, m.a. af hálfu okkar í ríkisstjórninni, til þess að koma til móts við þríþættar athugasemdir eða gagnrýni sem fram hefur verið sett á frv. um vörugjald, í fyrsta lagi þá gagnrýni að það mundi gera heimilistæki of dýr, með þessum tillögum eru þau lækkuð, í öðru lagi að það mundi gera ákveðnar byggingarvörur of dýrar, og þær eru þá lækkaðar, og í þriðja lagi það sjónarmið, m.a. fulltrúa atvinnurekenda, að ef á annað borð væri tekið upp vörugjald væri æskilegra að það væri lægri tala á mun breiðari stofn, þannig að mismunun milli vörutegunda væri sem minnst.

Ég er alveg sammála hv. þm. um það að eðlilegt er auðvitað að þetta komi fram í þingskjölum fyrst, en ég vil þó segja það hér að gefnu tilefni að fyrir tveimur sólarhringum voru þessar hugmyndir kynntar fulltrúum þingflokkanna þriggja og satt að segja fyrr en þingflokkum ríkisstjórnarflokkanna sem í heild sinni voru ekki kynntar þessar hugmyndir fyrr en í morgun, formlega, með þeim tilmælum að þær yrðu teknar til umfjöllunar innan flokkanna. Sá er hins vegar munurinn að hugmyndin um breytingar á tekjuskattinum var ekki lögð fram á sérstöku blaði á þessum þremur fundum á laugardag, en henni var lýst munnlega, að til greina gæti komið ef

óskað væri að hækka persónuafslátt og barnabætur, að mæta því að hækka prósenttöluna lítið eitt. Eins og ég sagði var ekki lagt fram neitt útreiknings- eða minnisblað um það en því lýst munnlega. Báðar hugmyndirnar voru settar fram sem dæmi, ekki sem endanleg tillögugerð, vegna þess að við vorum reiðubúin að heyra álit og gagnhugmyndir þeirra fulltrúa flokkanna sem við ræddum við.

Ég vona að þessi skýring sé tæmandi og verði til þess að veita nánari upplýsingar um það sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson spurði um.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Þessi skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði er gamall kunningi. Ég man ekki gjörla hvenær hann var settur á. Að mig minnir var það í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar og sjálfstæðismanna, 1983–1987. (**Gripið fram í:** 1978.) Er hann svo gamall orðinn? Hann er orðinn 10 ára, þessi skattur. Hann er hins vegar jafnslæmur fyrir því. Ekki gerir það að hann er orðinn 10 ára það neitt geðfelldara fyrir okkur þingmenn Borgfl. að kyngja þessum skatti á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Ég hef alla tíð haft ímigust á þessum skatti vegna þess að það er verið að taka eina atvinnugrein fyrir sérstaklega og að því er virðist refsa henni með þessari skattlagningu. Nú efast ég ekkert um að stjórnvöld hafi gert þetta í góðum tilgangi, væntanlega til þess að koma í veg fyrir óeðlilega fjárfestingu sem menn telja að hafi verið í einmitt verslunarrekstri og í skrifstofurekstri. Það er auðvitað það sem menn hugsa um, þessar miklu verslunarhallir sem hafa risið hér á seinni árum í Reykjavík. Það er hins vegar ekki einungis um það að ræða að offjárfesting sé í verslun og í skrifstofuhúsnæði, heldur má einnig minna á að það hefur verið gífurleg offjárfesting víða í alls kyns atvinnuhúsnæði, ekki einungis hér á Reykjavíkursvæðinu þó að ég viðurkenni mætavel að hér hefur verið um mikla fjárfestingu að ræða, heldur hefur verið um offjárfestingu að ræða í fiskvinnslu og ýmiss konar fyrirtækjum víða um allt land. Þess vegna er spurt: Hefði ekki verið alveg eins eðlilegt að setja einfaldlega skatt á allt atvinnuhúsnæði? Það væri nú gaman að fá svör við þessari spurningu, hæstv. fjmrh.: Við skulum bara ímynda okkur að það yrði settur einhver skattur á allt atvinnuhúsnæði í landinu. Hvað þyrfti hann að vera hár í prósentum talið til þess að gefa svipaðar tekjur í ríkissjóð og 1,1% eða öllu heldur 2,2% skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði?

Annars er fróðlegt að rifja upp að í vikunni var ég að hlusta á pistil sem var fluttur í útvarpsstöðinni Rót. Ég hlusta nú stundum á hana því að það er afbragðs útvarpsstöð. Þar heyrist stundum mælt mál, ekki bara rokkmúsík. Þar var mjög fróðlegur og skemmtilegur pistill sem skáldið Einar Kárason flutti frá Osló. Hann var að fræða okkur á því að í Osló hefur verið gífurleg offjárfesting í verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Þar er talið að byggðar hafi verið verslunarhallir og verslunarmiðstöðvar sem mundu nægja fyrir 12 millj. manna þjóð, en Norðmenn eru eins og kunnugt er 4 millj. Þannig er víðar pottur brotinn en á Íslandi. Ekki hef ég hins vegar trú á því að Norðmenn hafi verið svo snjallir að fara að setja sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði þrátt fyrir þetta því að ég get ekki látið hjá líða að ítreka það að þetta er geysilega óeðlilegur og ósanngjarn skattur. Að taka eina atvinnugrein fyrir og skattleggja hana svona umfram aðrar atvinnugreinar. Hvers á verslunin að gjalda? Er það ekki ósk okkar allra að verslun sé rekin á sem hagkvæmastan og skynsamlegastan hátt, og reynt sé að halda vöruverði niðri eftir bestu getu? Okkur er tjáð af fulltrúum verslunarinnar í landinu að þessi skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði valdi því að vöruverð hækkar um 0,6% almennt talið. Auðvitað er skatti sem þessum velt beint út í vöruverðið.

Ég þarf í sjálfu sér ekki að hafa mörg orð um þetta. Þessi skattur er, má segja, ein af margvíslegum efnahagsráðstöfunum gömlu flokkanna sem þeir hafa fundið upp í tímans rás. Þetta er skattur sem er eins og margir aðrir skattar settur á til bráðabirgða. Honum er ætlað að leysa ákveðinn vanda tímabundið. En eins og allir aðrir slíkir tímabundnir skattar vill hann festast og það eina sem gerist er það að þegar hann er búinn að vera við lýði um dálítið skeið finna menn upp á því að tímabært sé orðið að hækka hann enn frekar. Mér kæmi ekkert á óvart þó að stjórnvöld mundu innan fárra ára telja eðlilegt að hækka þennan skatt í 3,3% eða eitthvað því um líkt. Ég vil því lýsa því yfir, a.m.k. hvað mig varðar, að ég er algerlega á móti skattlagningu sem þessari. Ég mundi þá frekar vilja athuga að settur væri, eins og ég sagði áðan, skattur á allt atvinnuhúsnæði, hverju nafni sem það nefndist þannig að allir sætu þar við sama borð.

Svo langar mig að lokum að spyrja hæstv. fjmrh.: Hvernig er háttað skattlagningu á skrifstofuhúsnæði fyrirtækja sem ekki eru endilega í verslun, við skulum taka sem dæmi iðnaðarfyrirtæki og fiskvinnslufyrirtæki? Eru þau látin borga skatta af sínu skrifstofuhúsnæði eins og gerist hjá þeim sem eru meira í hreinum verslunarviðskiptum og rekstri þar sem skrifstofan er aðalatriðið? Ég hef grun um, án þess að ég geti neitt fullyrt um það, að lítt sé gengið eftir því að innheimta þennan skatt af verslunarhúsnæði af fyrirtækjum úti á landsbyggðinni þar sem kannski skrifstofuhúsnæðið er illa aðgreinanlegt frá iðnaðarhúsnæði eða verksmiðjuhúsnæði fyrirtækisins.

Ég held að ég þurfi ekki að hafa þessi orð fleiri og læt staðar numið.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. 8. þm. Reykv. að ég hafði beðið um orðið til þess að svara þótt í litlu væri því sem hann til mín beindi. Hann spurði hverju það sætti að Þjóðhagsstofnun hefði látið koma fram að skattaálögur ákveðnar með nýjum lögum eða

nýjum ákvörðunum væru metnar 6,7 milljarðar af Þjóðhagsstofnun en 4,4 af hæstv. fjmrh.? Hæstv. fjmrh. nefndi þarna einn skýringarlið, þ.e. frestun gildistöku virðisaukaskattslaganna sem ég ætla að mætti meta sem 1,1–1,2 milljarða. Þar með værum við komnir í 5,5–5,6 milljarða. Þá ber á milli 0,9–1 milljarð. Það hygg ég að megi að mestu eða öllu leyti skýra af þeim áformum sem lýst er í fjárlagafrv. eða síðar í yfirlýsingum fjmrh. um beitingu reglugerðarheimilda til þess að hækka gjaldskrár. Þar með ætti að vera að fullu skýrður munurinn, þ.e. mennirnir eru að því er ég best fæ séð að tala um sömu tölurnar.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Ég vil þakka þeim báðum, hæstv. ráðherrum, fyrir þessar skýringar. Þá fer ég að botna nokkuð í þessu, held ég. Þarna ber á milli ekki 1,9 heldur 2,2 sýnist mér nú. Er það ekki rétt? Það skiptir ekki máli, í kringum 2 milljarða. Ef það er hægt að ná því öllu með þessum hækkunum á gjöldum — þær hafa verið boðaðar á áfengi og tóbak og eitthvað fleira. Það er það sem þú áttir við? (**Viðskrh.:** Bensíngjöldum.) Bensíngjöldum o.fl. Það er skýringin. (**Viðskrh.:** Þungaskatti.) Er það rétt, alltsvo þessir tveir milljarðar? (Gripið fram í.) Gæti orðið eitthvað á þeirri breiddargráðu? (Gripið fram í.) Já, ég tók hann til greina. Samt vantar tvo. (**Viðskrh.:** Nei, samt vantar einn.) Nei, sex komma ... (**Fjmrh.:** 4,3 plús 1,2.) Já, það er 5,5. (**Viðskrh.:** Plús 1–1,1.) Plús 1–1,2? Hann sagði þá 6,7. Já, já. Allt í lagi. Alla vega þarna er skýringin komin. Þetta nefndi hæstv. ráðherra ekki á föstudaginn. (**Fjmrh.:** Af því að þá var sagt samkvæmt frumvörpunum.) Já, sem sagt, þá erum við komnir með þá skýringu að það er gert ráð fyrir að heildarálögur geti orðið 6,7 mínus þessi 1,2 sem er ekki nýtt. Er það ekki rétt skilið? Þá ætti þetta allt saman að fara að verða gleggra. Þetta er hins vegar í fyrsta skipti sem ég hef heyrt þessar upplýsingar um hvernig þetta væri út fundið og ég þakka hæstv. viðskrh. og hæstv. fjmrh. fyrir og þarf kannski ekki að hafa mikið fleiri orð um þetta.

Hv. þm. Júlíus Sólnes gagnrýndi þetta gjald og það hef ég gert líka, auðvitað sekur um að hafa flutt framsögu fyrir þessu gjaldi sem formaður fjh.- og viðskn. í fjögur ár. Ég fékk meira að segja leyfi til þess eitt árið að tala bæði með og á móti nefndaráliti meiri hluta, vera með sérálit þar. Af göfuglyndi andstæðinga minna leyfðu þeir mér að gera það í sömu ræðunni að mæla fyrir áliti meiri hlutans og líka gera athugasemd um mínar sérskoðanir í því efni svo að það er ekki nema gott um það að segja.

Við erum að tala um góða og vonda skatta og hv. þm. taldi þennan skatt vera með því versta og að það mætti kannski leggja hann á alla atvinnuvegina. Mér finnst voða erfitt að meta skatta ýmist eftir því að þeir séu góðir eða slæmir. Sannleikurinn er auðvitað sá að allir skattar eiga það sammerkt að verið er að færa fjármuni, eignarráð fólks og atvinnufyrirtækja, frá fólkinu og atvinnufyrirtækjunum til ríkisins. Þess vegna er öll skattheimta þannig vaxin. Þessi skattur sem menn halda að lendi á versluninni sérstaklega fer náttúrlega út í verðlagið. Það er áreiðanlegt, a.m.k. þar sem einhver veruleg velta er. Og svo er það náttúrlega spurning, þegar verið er að reikna þessar tölur núna, hvort þær verða raunverulegar eftir árið. Ég held að þær verði það ekki. Kannski verða þetta lægri skattar en þessar tölur segja til um. Ég held nefnilega að tekjurnar lækki svo mikið hjá fólkinu og þar með ríkinu. Þegar beinlínis er skipulega unnið að kreppu og atvinnuleysi hlýtur það auðvitað að verka þannig að tekjurnar minnki ef samhliða er viðað í gífurlegt verðbólgubál og þá rýkur auðvitað gjaldahlið fjárlaganna upp og miklu, miklu fyrr en tekjuhliðin. Þetta höfum við upplifað á þessu ári nákvæmlega. Þegar fyllt var upp í 3 milljarða gat, sem áætlað var í fyrrahaust, með 5 milljörðum í nýjum sköttum, þá varð hallinn ekki 3 milljarðar heldur er mér nú sagt — ég held að farið sé að nefna töluna 7. Hæstv. fjmrh. sagði hér úr þessum stól að hann hækkaði um 1 milljarð í hvert skipti sem hann skýrði frá nýjum tölum og mér fannst það drengilega sagt. Það hefði gert það og það þýddi ekkert að vera að leyna því. Mér er sagt, ég heyrði það ekki með eigin eyrum, en af því að hæstv. sjútvrh. er hér inni ætla ég að bera það undir hann, hvort hann hafi jafnvel gert því skóna að halli á þessu ári sem er að ljúka gæti orðið 7 en ekki 5 eða 6 milljarðar. Er það rétt að ráðherra hafi sagt þetta hér í þinginu? (**Sjútvrh.:** Já það er rétt.) Það er rétt. Ég held að þetta sé rétt líka, en það sýnir að þessar tölur er eins gott að taka allar með fyrirvörum.

Af því að langt er nú liðið á kvöld og ég var búinn að lofa að vera ekki með málþóf ætla ég að hætta hér. Við tökum þessa umræðu upp seinna, kannski á næsta ári þegar maður fer að sjá fyrir svona 10 milljarða halla á fjárlögunum eftir skattahækkanirnar allar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 16 shlj. atkv.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 1. umr.

Stjfrv., 180. mál. — Þskj. 261.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Frv. sem hér er lagt fram felur eingöngu í sér tæknilegar breytingar á framkvæmd staðgreiðslukerfisins. Í því er ekki að finna neina efnislega breytingu hvað skattlagningu snertir. Það hefur komið í ljós við framkvæmd kerfisins að bæði er óþarfi og mjög kostnaðarsamt að gefa út ný

skattkort á hverju ári og launagreiðendur hafa mjög kvartað yfir því óhagræði sem það yrði fyrir hinn mikla fjölda launagreiðenda að þurfa árlega að taka við nýjum skattkortum. Þess vegna er í frv. lagt til að ekki þurfi að gefa árlega út skattkort heldur nægi að gefa út þær tölur sem nota skal til viðmiðunar. Einnig er í þessu frv. lagt til að breyta ákvæðum sem snerta námsmenn og einstaklinga í rekstri sem eru með mjög sveiflukenndar tekjur og staðgreiðslukerfið hefur sýnt að með núverandi skipan greiða óeðlilega mikið þegar greiðslan er innt af hendi miðað við það sem þeir eiga að greiða ef litið er til ársins í heild.

Nokkur önnur smávægileg atriði er að finna í frv. Þegar ég mælti fyrir því í hv. neðri deild óskaði ég eftir því að frv. fengi greiðan gang í gegnum deildina. Það skal sagt hér, neðri deild til hróss, að svo varð. Málið hlaut mjög skjóta og góða afgreiðslu og ég beini því einnig til þessarar hv. deildar að svo geti orðið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga, 1. umr.

Stjfrv., 203. mál. — Þskj. 276.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á þskj. 276. Á samráðsfundi ríkis og sveitarfélaga í júní 1986 var gert um það samkomulag að skipa tvær nefndir sem höfðu það hlutverk að gera tillögur um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og breytingar á fjárhagslegum samskiptum þessara aðila. Páv. félmrh. Alexander Stefánsson skipaði aðra nefndina, sem fjallaði um verkaskiptinguna, og voru nefndarmenn tilnefndir af Sambandi ísl. sveitarfélaga, félmrn., fjmrn., menntmrn. og heilbr.- og trmrn. Páv. fjmrh. Þorsteinn Pálsson skipaði hina nefndina, en hún fjallaði um fjármálaleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Nefndarmenn í henni voru tilnefndir af Sambandi ísl. sveitarfélaga, félmrn. og fjmrn.

Við vinnu sína höfðu nefndirnar einkum til hliðsjónar álitsgerð verkaskiptanefndar ríkis og sveitarfélaga frá 1980, en sú nefnd var skipuð árið 1976 af Gunnari Thoroddsen páv. félmrh. Í öðru lagi höfðu nefndirnar skýrslu samninganefndar um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga frá 1983. Sú nefnd var skipuð árið 1982 af Svavari Gestssyni páv. félmrh. Í þriðja lagi höfðu þær samþykkt stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga um verkaskiptamál frá apríl 1985. Nefndir þessar höfðu með sér náið samstarf og skiluðu þær álitum sínum vorið 1987.

Mikil kynning hefur farið fram á álitum nefndanna, bæði á vegum Sambands ísl. sveitarfélaga og landshlutasamtaka sveitarfélaga. Þá voru verkaskiptamálin aðalumræðuefni á samráðsfundi ríkis og sveitarfélaga í des. 1986 og maí 1987. Af framantöldu má ljóst vera að mikil vinna hefur verið lögð í þetta mál og ítarleg gagnasöfnun átt sér stað auk þess sem mjög lengi eða á annan áratug hefur verið á döfinni að koma á breyttri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Ég hef fundið mjög mikinn áhuga sveitarstjórnarmanna á því að málið nái nú fram að ganga. Vænti ég þess að svo geti orðið á yfirstandandi þingi og góð samvinna takist í þessari hv. deild um að koma málinu til nefndar þannig að sveitarstjórnir fái málið til umsagnar nú í þinghléi.

Varðandi galla á núverandi fyrirkomulagi verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga var bent á nokkur meginatriði sem komið hafa fram. Í fyrsta lagi er talið að ríkið hafi oft með höndum verkefni sem betur væru komin í höndum heimamanna vegna þekkingar þeirra á staðbundnum þörfum og aðstæðum. Í öðru lagi er verkaskipting ríkis og sveitarfélaga talin óskýr og flókin. Mikil vinna er lögð í margs konar uppgjör milli þessara aðila og í mörgum tilvikum er stöðug togstreita og ágreiningur einkum vegna fjárhagslegra samskipta. Ákvarðanir um framkvæmdir eru oft taldar teknar af þeim aðilum sem ekki bera nægilega ábyrgð á stofnkostnaði og rekstri viðkomandi verkefnis. Sveitarfélögin eru talin fjárhagslega ósjálfstæð og of háð ríkisvaldinu.

Við undirbúning fjárlagafrv. fyrir árið 1988 ákvað páv. ríkisstjórn að taka á því ári fyrsta skrefið í heildarendurskoðun á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Frv. um þetta efni var lagt fram á Alþingi í byrjun des. 1987. Afgreiðsla frv. þessa dróst á langinn og í tengslum við efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar í mars var það lagt til hliðar og málinu var frestað. Í nóv. 1987 skipaði ég nefnd til að undirbúa næsta skref í flutningi verkefna milli ríkis og sveitarfélaga og til að fjalla um uppgjör og eignatilfærslu sem því tengjast. Nefnd þessi var skipuð fulltrúum frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og þeim ráðuneytum sem mest samskipti hafa við sveitarfélögin. Nefnd þessari var ætlað að starfa á grundvelli nefndarálitanna frá 1987. Þegar ljóst var hver yrðu afdrif verkaskiptafrv. sem lagt var fram í des. 1987 var nefndinni falið að yfirfara verkaskiptamálið að nýju og undirbúa framlagningu lagafrv. nú í haust. Nefndin gekk frá drögum og álitum um miðjan október sem þá voru kynnt fyrir viðkomandi ráðherrum, ríkisstjórn og Sambandi ísl. sveitarfélaga. Stjórnarandstöðunni var einnig kynnt málið og niðurstaða nál. Rætt hefur verið við fjölda sveitarstjórnarmanna og viðhorf þeirra könnuð til málsins, sem ég met svo að séu mjög jákvæð.

Með tilliti til þeirrar gagnrýni sem fram kom, m.a.

hér á Alþingi þegar málið var til umfjöllunar á síðasta þingi, leggur nefndin til nokkrar breytingar frá fyrri tillögum. Þessar breytingar eru að lagt er til að fallið verði frá áformum um að færa styrki til íþrótta- og æskulýðsfélaga alfarið til sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að stofnkostnaði við heilsugæslustöðvar og sjúkrahús verði skipt þannig að sveitarfélögin greiði 40% en allur rekstrarkostnaður verði greiddur af ríkinu. Í fyrri tillögum var reiknað með að ríkið greiddi stofn- og reksturskostnað sjúkrahúsa en sveitarfélögin stofn- og reksturskostnað heilsugæslustöðva. Sveitarfélögin greiði 40% af stofnkostnaði framhaldsskólans, sbr. nýsamþykkt lög. Fyrri tillögur gerðu ráð fyrir að ríkið greiddi allan stofnkostnað. Lagt er til að hlutverki Framkvæmdasjóðs aldraðra verði breytt og núverandi verkefni, eins og bygging dvalarheimila og íbúðir fyrir aldraða, flytjist að mestu til sveitarfélaga.

Seinna var tekin sú ákvörðun að fella niður tillögu verkaskiptanefndar varðandi byggðasöfnin. Nefndin ítrekar fyrri tillögur um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga í sambandi við breytingar á verkaskiptingunni. Þar er lagt til að veitt verði sérstök framlög til sveitarfélaganna með þrennum hætti. Í fyrsta lagi eru það framlög til stofnframkvæmda, svo sem grunnskóla, dagvistarheimila, félagsheimila, íþróttamannvirkja og vatnsveitna. Í öðru lagi framlög til reksturs grunnskóla í dreifbýli, svo sem akstur, gæsla í heimavist, mötuneytiskostnaður og í þriðja lagi framlög vegna breyttra verkaskipta, svo sem ýmis framlög vegna tónlistarskóla o.fl. Ég mun nánar gera grein fyrir framlögum vegna verkaskiptingarinnar hér á eftir þegar ég mæli fyrir frv. um breyt. á l. um tekjustofna sveitarfélaga. Jafnframt vil ég upplýsa að nú er unnið að því að semja drög að reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga vegna þeirra ákvæða sem fram koma í frv. um tekjustofna, en framlög þar hafa áhrif á verkaskiptinguna. Ég mun sjá til þess að nefnd sú sem fær málið til umsagnar og meðferðar fái einnig við meðferð verkaskiptamálsins reglugerðardrögin til umfjöllunar.

Nefndin leggur til að upphæð sérstakra framlaga úr Jöfnunarsjóði vegna verkaskiptanna verði við það miðuð að hagur hinna minni og vanmegnugri sveitarfélaga batni við breytingar á verkaskiptingunni. Menntmrn. hefur tekið saman lauslega áætlun um skuldastöðu ríkissjóðs um næstu áramót vegna sameiginlegra framkvæmda ríkis og sveitarfélaga. Samkvæmt áætluninni er niðurstaðan sú að skuld ríkissjóðs við sveitarfélögin sé rúmur milljarður, en það verður auðvitað að taka fram að hér er um grófa áætlun að ræða og það vantar enn nokkuð á að fyrir liggi nægjanlegar upplýsingar frá sveitarfélögunum um framkvæmdir yfirstandandi árs þannig að hægt sé að reikna nákvæmlega út skuldastöðuna. Það er auðvitað ljóst að ríki og sveitarfélög verða að komast að sameiginlegri niðurstöðu varðandi skuldastöðuna og að jafna þarf ágreining sem verið hefur milli þessara aðila um við hvaða byggingarkostnað eigi að miða kostnaðarþátttöku ríkissjóðs.

Nefndin leggur til að það verði mótaðar nánar reglur um uppgjör milli ríkis og sveitarfélaga vegna breytingar á verkaskiptingunni og af því tilefni verði skipuð nefnd með fulltrúum ríkisins og Sambands ísl. sveitarfélaga. Nefndin leggur til að greiðsluskuldbindingar ríkissjóðs við sveitarfélögin verði gerðar upp með sem næst jöfnum greiðslum á eigi lengri tíma en fjórum árum eftir að breytingar á verkaskiptingunni taka gildi.

Við samningu þessa frv. hefur verið hafður sá háttur á að hvert ráðuneyti sem hlut á að máli hefur unnið tillögur til breytingar á lögum sem undir það heyrir. Frv. er í öllum aðalatriðum byggt á tillögunum frá 1987 með þeim breytingum og áherslum sem nefndin leggur nú til. Helstu breytingar frá gildandi lögum sem lagðar eru til í frv. eru eftirfarandi:

1. Felld verði niður 15% þátttaka sveitarfélaga í stofnkostnaði nokkurra stofnana fyrir fatlaða.

2. Felld verði niður sérstök framlög til vatnsveitna í fjárlögum. Þátttaka ríkisins er nú allt að 50% í stofnkostnaði aðveituæða, miðlunargeyma og vatnstökuvirkja.

3. Felld verði niður þátttaka sveitarfélaga í rekstri sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva. Þátttaka sveitarfélaga er nú aðallega í rekstri heilsugæslustöðva.

4. Ríkissjóður greiðir launakostnað faglærðra starfsmanna, en sveitarfélög laun annarra starfsmanna og annan rekstrarkostnað. Viðhalds- og endurnýjunarkostnaður greiðist nú 85% af ríki og 15% af sveitarfélögum. Hlutdeild sveitarfélaga í stofnkostnaði sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva verði 40% í stað 15%.

5. Framlög sveitarfélaga til sjúkrasamlaga verði felld niður og sjúkratryggingar verði alfarið verkefni ríkisins. Kostnaðarskipting í rekstri sjúkrasamlaga í núgildandi lögum hefur í aðalatriðum átt að vera að ríkið greiði 85% og sveitarfélög 15%. Sveitarfélögin greiða nú 50% af tannlæknakostnaði barna á aldrinum 6–15 ára.

6. Framlög sveitarfélaga til atvinnuleysistrygginga verði felld niður. Nú er fyrirkomulagið þannig að hver sveitarstjórn greiðir til sjóðsins framlag sem er jafnhátt iðgjöldum atvinnurekenda í sveitarfélaginu og ríkissjóði ber að greiða framlag sem er tvöfalt hærra en iðgjald atvinnurekenda.

7. Ríkissjóður greiði alfarið kostnað við rekstur fræðsluskrifstofa. Fyrirkomulagið nú er að ríkissjóður greiðir föst laun fræðslustjóra og helming af reksturskostnaði húsnæðis, ferðakostnaði og kostnaði við ráðgjafa- og sálfræðiþjónustu. Annan reksturskostnað bera landshlutasamtök sveitarfélaga eða einstök sveitarfélög.

8. Sveitarfélög greiði allan reksturskostnað grunnskóla að undanskildum kennslulaunum. Ríkið greiðir nú launakostnað við mötuneyti í heimavistarskólum og heimanakstursskólum og tekur einnig þátt í greiðslu nokkurra rekstrarliða, eins og húsaleigu, skyldutryggingu fasteigna, heilbrigðisþjónustu, skólaaksturs í dreifbýli og skólaaksturs í þétt-

býli.

9. Lagt er til að sveitarfélögin greiði allan stofnkostnað grunnskóla. Fyrirkomulagið nú er að ríkið greiðir 50% af áætluðum stofnkostnaði kennslurýmis og 85% af stofnkostnaði heimavistarrýmis.

10. Felld verði niður þátttaka ríkisins í stofnkostnaði íþróttamannvirkja á vegum sveitarfélaga. Ríkissjóði er nú samkvæmt gildandi lögum heimilt að veita styrki sem samsvara allt að 40% af byggingarkostnaði.

11. Felld verði niður þátttaka ríkisins í byggingu félagsheimila. Laun eru þannig nú að Félagsheimilasjóði er heimilt að veita styrki allt að 40% af stofnkostnaði.

12. Bygging dagvistarheimila fyrir börn verði alfarið verkefni sveitarfélaga, en ríkissjóður greiðir nú 50% af stofnkostnaði.

13. Felld verði niður þátttaka ríkisins í launakostnaði tónlistarskóla. Ríkið á nú að greiða 50% af launum skólastjóra og kennara.

14. Felld verði niður framlög sveitarfélaga til sýsluvega, en sveitarfélögin hafa samkvæmt gildandi lögum greitt ákveðið framlag sem hefur samsvarað launum fyrir tiltekinn fjölda dagvinnustunda á íbúa.

15. Felld verði úr gildi sérstök lög um landshafnir og þess í stað gildi um þær almenn hafnalög. Rekstur hafna er nú á vegum sveitarfélaga. Undantekningar á þessu eru svokallaðar landshafnir sem ríkið hefur kostað að öllu leyti.

Til viðbótar við framantaldar breytingar er gert ráð fyrir að gerðar verði breytingar á l. nr. 92/1982, um málefni aldraðra, en lögin falla úr gildi um næstu áramót. Endurskoðun laganna stendur yfir og stefnt er að því að flytja sérstakt frv. um breytingar á þeim lögum. Þar verður lagt til að hlutverki Framkvæmdasjóðs aldraðra verði breytt og núverandi verkefni hans flytjist að mestu til sveitarfélaga og einnig að heimilishjálp verði verkefni sveitarfélaga. Á vegum menntmrn. verði einnig flutt frv. sem m.a. feli í sér að framhaldsnám í tónlistarskólum í Reykjavík verði alfarið greitt af ríkinu, svo og rekstur Myndlista- og handíðaskólans. Við mat á áhrifum breyttrar verkaskiptingar á fjármál sveitarfélagsins eru einnig teknar með breytingar sem felast í nýjum lögum um framhaldsskóla.

Samhliða þessu frv. er lagt fram frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga. Í þeim kafla frv. sem fjallar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga er lagt til að veitt verði sérstök framlög til sveitarfélaga vegna breytinga á verkefnaskiptingunni í samræmi við þær tillögur sem ég hef hér áður rakið. Fyrir liggja útreikningar Byggðastofnunar á áhrifum breyttrar verkaskiptingar á rekstur allra sveitarfélaga á Norðurlandi. Þar er um að ræða 60–70 sveitarfélög. Upphæðir þeirra framlaga sem ætlaðar verði úr Jöfnunarsjóðnum í tengslum við breytingar á verkaskiptingunni eru byggðar á þessum útreikningum. Þessir útreikningar verða lagðir fram í þeirri nefnd sem fær frv. til meðferðar hér í þinginu.

Einnig er hafin vinna að drögum að reglugerð um úthlutun þessara framlaga sem einnig verða lögð fyrir nefndina eins og ég áður gat um. Á fylgiskjali með frv. þessu kemur fram mat á áhrifum breyttrar verkaskiptingar á fjármál sveitarfélaga á ársgrundvelli miðað við þær tillögur sem felast í frv. Slíkt mat hlýtur þó alltaf að vera ýmsum annmörkum háð. Niðurstaðan er sú að ef tekin eru saman áhrif breyttrar verkaskiptingar og breytingar á fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga, þá minnka útgjöld sveitarfélaganna í heild um 639 millj. kr. á ári en útgjöld ríkisins aukast að sama skapi. Gert er ráð fyrir að jafna þetta með hliðstæðri lækkun á heildartekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Ég legg sérstaka áherslu á að nú liggur allt verkaskiptamálið fyrir í heild sinni ásamt frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga og er gert ráð fyrir að breytingar á verkaskiptingunni taki gildi samhliða breytingu á tekjustofnalögunum á árinu 1990. Ég vænti þess að það auðveldi mjög meðferð þessara mála hér í þinginu þannig að hægt er að skoða málið í heild sinni nú.

Herra forseti. Ég hef gert hér í aðalatriðum grein fyrir efni þessa frv. Ég legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er á ferðinni mikilvægt mál fyrir sveitarfélögin í landinu og er miður að það skuli þurfa að taka það til umræðu þegar svo áliðið er orðið kvölds sem raun ber vitni.

Umræða um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga er ekki ný af nálinni. Hún hefur verið á döfinni áratugum saman. Þegar ég hóf afskipti af sveitarstjórnarmálum fyrir meira en tveimur áratugum síðan var þetta mál mikið rætt á vettvangi sveitarstjórnarmanna. Það má segja að rauður þráður í þeirri umræðu hafi alla tíð verið sá að efla sjálfstæði sveitarfélaganna, að færa valdið heim í héruð og að ákvarðanataka og fjármálaleg ábyrgð verði á sömu hendi. Stjórnmálaflokkar hafa látið þessi mál til sín taka í ályktunum sínum og Sjálfstfl. er þar engin undantekning, enda hefur hann haft frumkvæði í umfjöllun um þessi mál hér á hv. Alþingi þegar hann hefur átt aðild að ríkisstjórnum. Í ríkisstjórnartíð Geirs Hallgrímssonar 1974–1978 skipaði þáv. félmrh. Gunnar Thoroddsen nefnd, það var árið 1976, til að vinna að þessu máli, þ.e. verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Sú nefnd skilaði álitsgerð árið 1980 og það hversu langan tíma tók að vinna að þeirri álitsgerð sýnir kannski best hvað hér er um umfangsmikið og viðkvæmt mál að ræða.

Síðan hafa fleiri ríkisstjórnir sett á laggirnar nefndir til þess að fjalla um málið og skila álitsgerðum. Nú síðast var skilað álitsgerð í apríl 1987 sem unnin var af tveimur nefndum sem skipaðar voru í ríkisstjórnartíð þáv. hæstv. forsrh. Þorsteins Pálssonar. Önnur nefndin var skipuð til þess að endurskoða verkaskiptinguna en hin fjármálaleg samskipti ríkis og sveitarfélaga og skiluðu þær sameigin-

legri álitsgerð.

Sveitarstjórnarmenn eru yfirleitt sammála um að vilja efla sjálfstæði sveitarfélaganna í landinu og færa þeim valdið heim í héruð en þegar reynt hefur á framkvæmd þessara mála hefur strandað á því að velja verkefnin sem á að færa sveitarfélögunum heim í héruð. Oft eru skiljanlegar ástæður fyrir því. Það er tortryggni sveitarstjórnarmanna gagnvart því að þeim verði færð verkefnin en að þeim verði ekki tryggðir tekjustofnar til að standa undir auknum verkefnum.

Á síðasta þingi var lagt fram frv., eins og hér kom fram í yfirgripsmikilli ræðu hæstv. félmrh., um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og mælti páv. hæstv. forsrh. Þorsteinn Pálsson fyrir því 10. des. 1987 í hv. Nd. Eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra hafði fyrrv. ríkisstjórn það á sinni starfsáætlun að finna lausn á þessum málum með því að gera verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga skýrari þannig að saman fari í hverjum málaflokki ákvörðun, framkvæmd og fjármálaleg ábyrgð.

Frv. sem flutt var á síðasta þingi og lagt fram í hv. Nd. fékk mikla umfjöllun í deildinni en dagaði uppi þar sem það mætti mikilli andstöðu ekki síst frá sveitarstjórnarmönnum úti á landsbyggðinni sem töldu að það hefði ekki verið nægjanlega kynnt úti í sveitarfélögunum. Það frv. sem hér liggur fyrir hefur aftur á móti fengið ítarlega umfjöllun og kynningu á vettvangi sveitarstjórnarmanna og mér er kunnugt um að stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga hafi hafið kynningu á frv. hjá einstökum landshlutasamtökum. Það hefur nú þegar fengið kynningu hjá þrennum landshlutasamtökum og þeirri kynningu verði haldið áfram eftir áramótin hjá öðrum landshlutasamtökum.

Ég á sæti í félmn. þessarar hv. deildar og sé því ekki ástæðu til við 1. umr. að fara út í efnislega þætti frv. eða einstaka greinar, enda hefur hæstv. ráðherra nú þegar gert ítarlega grein fyrir þeim meginbreytingum sem gerðar eru á þessu frv. Vil ég lýsa stuðningi mínum við frv. í meginatriðum þó að auðvitað eigi eftir að fjalla um það í félmn. þar sem að sjálfsögðu geta komið upp einhver atriði sem einstakir þingmenn vilja skoða nánar. Við þessa umræðu vildi ég leggja áherslu á að löngu er orðið tímabært að breyta lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og, eins og ég sagði fyrr, þrátt fyrir það að tilraunir hafi verið gerðar til að breyta þessum lögum þá hefur það yfirleitt strandað á því að sveitarstjórnarmenn sjálfir hafa ekki verið samstiga í þeim efnum. Nú liggur það sem sagt fyrir, að því er ég best veit, að stuðningur sveitarstjórnarmanna almennt er 100%, eins og það var orðað við mig af formanni Sambands ísl. sveitarfélaga. Hlýtur það að vera fagnaðarefni og a.m.k. gefur það fyrirheit um að hægt ætti að vera að koma þessu frv. í gegnum þingið jafnvel þó einhverjar breytingar þyrfti á því að gera.

Það er óhætt að segja að sveitarfélögin standi á tímamótum. Þau hafa orðið og verða nú að mæta margvíslegum breytingum. Auknar kröfur til menntunar, heilbrigðisþjónustu og samgangna hafa veruleg áhrif á atvinnulíf, byggðaþróun, velferð og menningu í landinu. Þekking sveitarstjórnarmanna á þörfum samfélagsins kallar þá til ábyrgðar og lausna þeirra verkefna sem tengjast nýjum viðhorfum. Engin stjórnvöld standa fólkinu nær en einmitt sveitarstjórnirnar. Þess vegna leggjum við sjálfstæðismenn áherslu á sjálfstæði þeirra og að þeim verði tryggðar auknar tekjur til að standa straum af auknum verkefnum. Við þingmenn Sjálfstfl. munum stuðla að framgangi þessa frv. og styðja það í meginatriðum, þó, eins og ég sagði áðan, að eðlilega þurfi að hafa fyrirvara um kannski einstök atriði í frv. Mér þótti rétt, herra forseti, að láta það koma hér fram að við styðjum þetta frv., við teljum það vera í anda þess sem við höfum lagt megináherslu á varðandi sjálfstæði sveitarfélaganna og ekki síst þegar það er haft í huga hversu víðtæk samstaða hefur náðst hjá þeim aðilum sem eiga þar fyrst og fremst hagsmuna að gæta, sveitarstjórnarmönnum í landinu.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Hér er sannarlega á ferðinni mikilvægt mál og ber að fagna því að frv. er þannig kynnt að þinginu gefst nægur tími til að fjalla um það og sömuleiðis að hægt sé að kynna það vel hinum ýmsu sveitarfélögum. Að vísu kom fram í máli hæstv. ráðherra og einnig í máli hv. 6. þm. Reykn. að þetta mál hefði þegar verið kynnt sveitarfélögunum. Bréf barst þó frá stofnfundi héraðsnefndar Norður-Þingeyinga, sem haldinn var á Þórshöfn 29. nóv., sem skoraði á stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga að kynna rækilega þegar í stað stöðu mála varðandi verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og virðast a.m.k. þeir hreppar í sveitarfélaginu norður þar ekki hafa fengið næga kynningu á þessu máli. Víst er það jákvætt að sveitarfélögunum gefist bæði gott rúm og næg tækifæri til þess að fjalla um hinar ýmsu hliðar málsins því þetta er sannarlega mál sem á sér margar hliðar sem allar er vert að gaumgæfa.

Ég verð hins vegar að segja að mér finnst þetta afleitur tími til að kynna málið og verð að telja það óheppileg vinnubrögð að leggja það fram svona rétt í þinglok í miklum önnum þar sem ekki gefst nægur tími til að gaumgæfa það eins og það á skilið við 1. umr., jafnvel þó svo það hafi verið til umfjöllunar á undanförnum áratugum eins og hv. 6. þm. Reykn. tók fram. Ég verð einnig að nefna að mér finnst óheppilegt að frv. sé lagt fram í Ed. þar sem félmn. Nd. og Nd. höfðu málið til umfjöllunar í fyrra og höfðu lagt ómælda vinnu í að kynna sér hin ýmsu atriði þess og rætt það bæði á fundum í deildinni og eins í nefnd. Mikil forvinna hefur þannig verið lögð í málið þar en hér er það hins vegar í frumvinnu. En þetta er viðamikið mál sem hefur ýmsar hliðar og margar umdeildar.

Frv. sem lagt var fram í fyrra var að ýmsu leyti ekki nægilega vel undirbúið og var gagnrýnt þess

vegna, einkum hvað varðar umfjöllun um verkefni sem fyrst og fremst voru flutt af ríkinu yfir á sveitarfélögin en hlutur ríkisins var látinn liggja á milli hluta. Í þessu frv. er hins vegar tekið tillit til beggja aðila og er það vel og þar með raunverulegrar verkaskiptingar gætt og betri skil gerð milli þessara stjórnunaraðila. Sömuleiðis fylgir hér frv. um tekjustofna sveitarfélaga og er málið því nú mun fullkomnara og betur lagt fram og ber að fagna því.

Í frv. eru gerðar veigamiklar breytingar hvað varðar skiptingu stofnkostnaðar og rekstrarkostnaðar, t.d. í skóla- og heilbrigðismálum, og er margt að athuga í þessum efnum.

Það hefur lítill tími gefist til að athuga frv. og fylgifrv. þess en ég vil þó nefna nokkur atriði sem vert er að gefa gaum.

Uppbygging skólamannvirkja, heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa er mjög misjafnlega á veg komin í hinum ýmsu sveitarfélögum. Má t.d. minnast á höfuðborgarsvæðið hvað varðar uppbyggingu heilsugæslustöðva, ekki síst vegna þess að hér í deildinni var einmitt í dag mælt eina ferðina enn fyrir frv. um frestun gildistöku laga um heilbrigðisþjónustu. Þetta frv. varðar uppbyggingu heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu sem hefur verið vanrækt hingað til og hafa samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu t.d. gert athugasemdir vegna þessa. Hin ýmsu sveitarfélög eru þannig afar misvel stödd þegar þeim er ætlað að taka að sér breytt og aukið hlutverk hvað varðar fjármögnun.

Hins vegar finnst mér það að mörgu leyti góð hugmynd sem fram kemur í 4. gr. frv. þar sem sveitarfélögunum er ætlað að taka að sér ríkara hlutverk í sambandi við stofnkostnað heilsugæslustöðva. Ég held að það sé til bóta. Það hefur verið uppi gagnrýni á það að sveitarfélög hafa ráðist í of veigamiklar eða viðamiklar framkvæmdir vegna þess að mikill hluti stofnkostnaðar var greiddur af ríkinu en sveitarfélögin gátu síðan ekki staðið undir rekstrarkostnaði þegar fram í sótti.

Hvað varðar 5. gr. er þar atriði sem ég tel líka til bóta sérstaklega hvað varðar samrekstur heilsugæslu og sjúkrahúsa þar sem um slíkt er að ræða.

Ég vil aðeins nefna hér örfá atriði í frv. þó að vissulega væri ástæða til að minnast á fleiri. Ég vil gjarnan minnast á 60. gr. X. kaflans sem varðar rekstur dagheimila. Mér þætti eðlilegt að ríkissjóður greiddi þar laun forskólakennara eða fóstra eins og gert er í grunnskólum. Sömuleiðis tel ég í sambandi við 68. gr., er varðar tónlistarskóla, að í fyrsta lagi sé eðlilegt að tónlistarkennsla verði tekin inn í grunnskólana og tónlistarkennurum því greidd svipuð laun og grunnskólakennurum.

Hvað varðar 61. gr., sem snertir byggingu og fyrirkomulag á rekstri dagheimila og að sveitarstjórnir ákveði rekstrarfyrirkomulagið, þá tel ég mjög mikilvægt að dagheimilin geti fylgt ákveðinni uppeldisáætlun sem nú þegar er til fyrir dagvistarheimili. Mér er t.d. ekki ljóst af þessu frv. hvort menntmrn. geti haft hönd í bagga með ákvörðun fyrirkomulags á dagheimilum til þess að tryggja lágmarksstaðal. Ég held að það sé mjög mikilvægt.

Þetta eru fáein atriði sem þarf að huga að og örugglega eru mörg önnur sem gera mætti athugasemdir við en ég sé ekki ástæðu til þess nú, bæði vegna þess að það hefur ekki gefist nægilegur tími til að gaumgæfa þessar breytingar í lokaönnum þingsins og ég vil ekki tefja fyrir framgöngu málsins því ég tel mjög nauðsynlegt að það komist til nefndar. Það hafa verið nokkur mál á ferðinni hér í deildinni sem orðið hefur að fresta eða tefja einmitt vegna þess að það vantar nánari skilgreiningu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Í meginatriðum tel ég frv. til mikilla bóta og tek heils hugar undir þau markmið sem koma fram í athugasemdum, markmið þeirra nefnda sem unnu að málinu upphaflega. Þar er lögð meginábersla á aukna valddreifingu og sjálfstæði sveitarfélaga, fjárhagslega ábyrgð, jafnframt því sem ákvarðanataka fer fram heima í héraði. Það varðar auðvitað öllu að sveitarfélögunum sé tryggt nægilegt fé þannig að þessi ákvarðanataka verði ekki marklaus. Það hlýtur að þurfa að gæta vel að því að Jöfnunarsjóðurinn verði í raun til tekjujöfnunar og geti stutt sveitarfélögin til þeirra framkvæmda sem nauðsynlegar eru.

Þar sem Kvennalistinn á ekki fulltrúa í hv. félmn., en ég tel mjög nauðsynlegt að við getum fengið að fjalla um þetta mál og leggja þar okkar af mörkum, vil ég biðja um áheyrnaraðild að nefndinni fyrir hönd Kvennalistans þegar þetta mál verður tekið til umfjöllunar þar.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Ég vil taka undir þá ósk hæstv. félmrh. að þetta mál fái greiða leið í gegnum umræðurnar og hægt verði að koma því til umsagnar til sveitarstjórna á meðan jólafrí þingmanna stendur yfir. Ég held að mjög nauðsynlegt sé að málið fái þá afgreiðslu. Að mörgu leyti er þessu máli þannig varið að almenn umræða hér í þinginu er kannski ekki til mikils meðan ekki liggja fyrir umsagnir sveitarstjórna um frv.

Það má vel vera að þetta frv., og ég efast ekkert um það, sé betur unnið og markvissara en það frv. sem hér var til umfjöllunar í fyrra og, eins og hv. þm. vita, náði það ekki fram að ganga. Ég geri því ekki skóna að eins verði með þetta frv. en til þess að hægt sé að skoða þetta mál rækilega held ég að jafnnauðsynlegt sé að komnar verði umsagnir sveitarstjórna um málið.

Rökin fyrir breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga hafa verið margvísleg og sum hver svolítið brosleg. Eitt af því sem jafnan er haldið fram, ég held ég hafi heyrt það hér í umræðum a.m.k. í tvígang, er að sum af þeim verkefnum sem sveitarfélögin hefðu með ríkinu væru á þann veg að þau væru að vissu leyti hvati til þess að sveitarfélögin gerðu meira en þau hefðu síðan raunverulega efni á að standa undir þegar búið væri að koma upp einhverjum stofnunum. Ég held að þetta sé eitt af því

sem er ansi mikill misskilningur þó að þetta hafi verið notað sem rök fyrir því að það þyrfti að breyta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Ég held að það sé algjör undantekning ef það hefur átt sér stað að sveitarfélög hafa verið að reisa sér hurðarás um öxl á þann veg að gera meira en þörf hefur verið á að gera. Aftur á móti getur verið að sveitarfélögin hafi undir vissum kringumstæðum ekki haft bolmagn til þess að reka þær stofnanir sem byggðar hafa verið en það hefur ekki verið vegna þess að þær stofnanir hafi verið byggðar of stórar heldur vegna þess að sveitarfélögin hafa ekki haft þá tekjustofna sem hefði þurft til þess að standa undir rekstri þeirra stofnana.

Það er vitaskuld hægt að nefna ýmsa hluti sem þarf að skoða vel og verður ábyggilega fjallað um síðar þegar málið verður rætt í nefnd og við 2. umr. í hv. deild. Ég get lýst þeirri skoðun að ég tel mjög vafasamt að færa dagvistun algjörlega til sveitarfélaganna. Mín skoðun er eins í sambandi við tónlistarskóla. Ég tel að þróunin í tónlistarkennslu úti um land hafi verið á þann veg að það sé mjög vafasamt að hverfa frá því eins og það hefur verið. Það er eitt af því fáa sem landsbyggðin getur stært sig af að hafa komist lengra áleiðis en þéttbýlissvæðið hér við Faxaflóa. Víða úti um land er meira framboð í tónlistarkennslu og tónlistarstarfi í tónlistarskólum en er hér á þessu svæði og eins og ég sagði hefur þetta verið eitt af því sem landsbyggðin hefi getað stært sig af að vera með á betri veg heldur en þéttbýlið hér við Faxaflóa.

Ég kvaddi mér fyrst og fremst hljóðs hér til þess að benda á kaflann um landshafnir. Mér finnst nokkuð vafasamt að það sé hægt að samþykkja lög eða ákvarða um landshafnirnar á þann veg sem lagt er til í frv. Staðreyndin er sú að þarna eru fyrir stofnanir sem ég held að sé ekki beinlínis hægt að gefa eða afhenda án þess að á undan hafi gengið samningar við þau sveitarfélög sem þarna er til að dreifa. Mér er kunnugt um það að þó að það sé ákvæði í hafnalögum um það að samgrn. eigi að hefja samninga við þessi sveitarfélög, þá er það mjög skammt á veg komið a.m.k. við þá höfn sem ég þekki best, þ.e. landshöfnina á Rifi, og ég tel að það sé mjög nauðsynlegt að einmitt á næstu vikum sé gengið í þennan þátt, að gera samninga milli sveitarfélaganna sem þessar landshafnir eru í. Ég tel jafnvel að það sé komið eitthvað áleiðis í Keflavík og Njarðvík. En það er ekki hægt beinlínis að samþykkja með lögum að þetta eða hitt sveitarfélagið skuli taka á móti höfn. Ég held að þar verði að vera samkomulag beggja, ríkisins og viðkomandi sveitarfélags áður en lög eru sett um það hér á hv. Alþingi.

Það er svo staðreynd að í sambandi við landshafnirnar hafa framkvæmdir við þessar hafnir, vegna ákvæðisins í hafnalögum um það að samgrn. skuli hefja samninga við þessar hafnir, næstum því alveg legið niðri frá 1984. Því er staða hafnanna mun verri en gera hefði mátt ráð fyrir að væri ef þetta ákvæði hefði ekki verið í hafnalögum, þetta hefði ekki vofað yfir. Menn höfðu verið að búast við því að þarna færi eitthvað að gerast og allir hlutir voru í biðstöðu. Ég taldi ástæðu til þess að benda á þetta atriði. Ég tel mjög vafasamt að það verði bundið í lögum að þessir hlutir skuli eiga sér stað í sambandi við yfirtöku hafnanna án þess að áður hafi verið gengið frá samningum við viðkomandi sveitarfélög.

Jóhann Einvarðsson:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir orð fyrri ræðumanna hér í kvöld að ég fagna því að þetta frv. sé komið fram í þessari breyttu mynd sem það er núna og með þó þeirri miklu kynningu sem hefur þegar farið fram. Ég vona að sú kynning haldi áfram og jólaleyfið verði notað til þess að fá umsagnir allra þeirra aðila sem nauðsyn kann að krefja til þess að geta afgreitt þetta mál skynsamlega hér á þinginu, þannig að það geti tekið gildi 1. jan. 1990 eins og gert er ráð fyrir í frv.

Ég hef starfað alllengi að sveitarstjórnarmálum og tekið þátt í stjórn tveggja allstórra sveitarfélaga á okkar mælikvarða. Ég fullyrði það að þessi flókna verkaskipting og kostnaðarskipting sem hefur verið á milli sveitarfélaga á undanförnum árum og áratugum hefur kostað ógrynni fjár, mikla vinnu og reyndar mikla flækju og deilur á milli sveitarfélaga og ríkisvaldsins um það hvernig gera eigi hlutina upp. Því miður hefur ekki alltaf farið þar saman ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum og framkvæmdalegum ákvörðunum sem verður að taka heima í héraði. Ég vona þess vegna að þinghléið verði notað til þess að senda frv. til umsagnar og kynningar eins víða og nokkur tök eru á. Ég tel að frv. hafi tekið allmörgum góðum breytingum frá fyrra ári. Ég ætla ekki hér að fara út í einstaka liði í frv. Ég á sæti í félmn. sem fær frv. til meðferðar og fæ þar tækifæri til þess að ræða það allvel.

Ég vara þó við því, sem ég reyndar held að hafi tafið þetta mál á undanförnum árum, þ.e. það atriði þegar löggæslan var færð frá sameiginlegum kostnaði og ábyrgð ríkis og sveitarfélaga yfir til ríkisins eingöngu. Sú reynsla þykir ekki hafa gefið góða raun, ríkissjóður varð fyrir miklum útgjöldum, útgjaldaaukningu við þessa tilfærslu. Ég tel að hún hafi orðið fyrst og fremst vegna þess að þegar ríkið tók löggæsluna yfir, þá fylgdi ríkið því ekki eftir að láta það eftirlit og umsjá með löggæslunni fara fram sem fór fram heima í héraði áður og þess vegna megi ekki taka þá reynslu sem neikvæða. Ég held að það hafi verið við ríkið eitt að sakast hvernig þar tókst til.

Það er eitt atriði sem ég vil leggja mikla áherslu á að verði tryggt í þessari lagasetningu og þeim samningum sem fara fram á milli ríkisins og sveitarfélaga við frágang þeirra mála í árslok næsta árs, það er uppgjör á kostnaðinum. Ég tel að það sé meginmál að reynt verði að komast að niðurstöðu um það hver kostnaðarstaðan sé í árslok 1989 þegar lögin eiga að taka gildi — hvort sem þau verða í þessu formi eða eitthvað lítillega breytt — sú kostnaðar-

skuld, sem er þá hjá ríkissjóði, sem núna virðist vera rúmur 1 milljarður eftir þeim áætlunum sem liggja fyrir og verða kannski hálfur annar þá eða guð má vita hvað. Ég legg mikla áherslu á að við það verði staðið sem nefndin sem samdi þetta frv. leggur til, að gera skuldir upp á fjórum árum, og jafnvel svo að það verði gefið strax við þau tímamót út skuldabréf um greiðslu á þeim skuldum á fjórum árum. Það er mikið mál held ég fyrir sveitarstjórnir, sem flestar eða a.m.k. mjög margar eiga í verulegum fjárhagslegum erfiðleikum út af þessum samskiptum við ríkisvaldið, miklu meiri erfiðleikum held ég en tölurnar segja til um, m.a. vegna þess að fjármagnskostnaður og verðbólga hefur ekkert komið inn í það dæmi, að það verði gert upp á einu bretti að svo miklu leyti sem nokkur tök eru á og staðið við það að greiða skuldirnar á ekki lengri tíma en fjórum árum. Það held ég að sé grundvallaratriði til þess að sveitarfélögin fari ekki illa út úr þessu.

En meginmarkmið frv. held ég að sé nokkuð augljóst, að fjárhagsleg ábyrgð og ákvarðanataka fari saman, annaðhvort hjá ríki eða sveitarfélagi. Ég held að þetta frv. sé gott í öllum meginatriðum. Það eru einstök atriði sem ég vil að sjálfsögðu hafa fyrirvara um eins og fyrri ræðumenn hér í kvöld, sem ég mun þó taka upp í þeirri nefnd sem fær málið til meðhöndlunar, félmn., þegar umsagnir liggja fyrir.

En að lokum bara þetta. Ég legg áherslu á það að uppgjörsmál verði reynt að hafa eins einföld og skýr og kostur er og að skuldir verði greiddar á þeim tíma sem um er talað, á ekki lengri tíma en fjórum árum, og tryggja þannig fjárhagslegt sjálfstæði sveitarfélaganna eins og kostur er. En frv. hefur tekið breytingum til hins betra frá því í fyrra, eins og sjá má í þeirri töflu m.a. sem fylgir frv., því að fjárhagsleg staða sveitarfélaganna mun frá fyrra frv. batna mjög mikið. Það má að vísu deila um einstök atriði en ég held að þetta sé spor í rétta átt og ég vænti þess að við getum komið þessu máli til nefndar og til umsagnar áður en þingið fer í jólaleyfi.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég sé ástæðu til að koma hér upp nú í lok þessarar umræðu til þess að fagna þeim umræðum sem hafa orðið um þetta frv. Mér finnst að sú umræða sem hér hefur farið fram sýni mjög jákvæð viðhorf þingmanna til þessa frv. og það vekur mér vonir um að um þetta mál geti tekist mjög góð og breið samstaða hér á hv. Alþingi. Vissulega hafa komið hér fram athugasemdir og ábendingar sem er mjög eðlilegt þegar um er að ræða svo stórt og viðamikið mál sem verkaskiptamálið er. En ég ítreka það, sem ég sagði í minni ræðu og reyndar hefur komið fram hjá ýmsum þingmönnum sem hér hafa talað, að það er gífurlegur áhugi hjá sveitarstjórnarmönnum á að þetta mál nái fram að ganga og vænti ég þess fastlega að svo geti orðið á þessu þingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 1. umr.

Stjfrv., 204. mál (heildarlög). — Þskj. 277.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga. Frv. þetta er samið af nefnd sem skipuð var í maí sl. en í þeirri nefnd áttu m.a. sæti fulltrúar Sambands ísl. sveitarfélaga. Frv. er í öllum meginatriðum eins og nefndin lagði til og í flestum atriðum í samræmi við tillögur sem komið hafa fram hjá sveitarfélögunum.

Helstu breytingar frá gildandi lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem lagðar eru til í frv. eru þessar:

1. Aðstaða sveitarfélaga til álagningar fasteignaskatts er jöfnuð og undanþágum frá álagningu skattsins fækkað.

2. Tekjuöflun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði breytt þannig að meginhluti tekna hans verði ákveðið hlutfall af tekjuskattsstofni í staðgreiðslukerfinu sem rennur beint í sjóðinn í stað ríkisframlags eins og nú er. Greiðslum úr sjóðnum verði breytt þannig að almennu framlögin verði felld niður en þau hafa numið um ⅔ af útgjöldum sjóðsins. Þess í stað verði útgjöldum sjóðsins skipt í þrennt:

1. Bundin framlög, sem gangi til Sambands ísl. sveitarfélaga, landshlutasamtaka sveitarfélaga, Lánasjóðs sveitarfélaga og Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

2. Sérstök framlög, sem gangi til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, til að greiða úr sérstökum fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga og til að bæta sveitarfélögum upp aukinn kostnað vegna breytinga á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

3. Jöfnunarframlög til að bæta sveitarfélögum upp lágar tekjur í samanburði við sambærileg sveitarfélög líkt og verið hefur með núverandi aukaframlög, en framlögum þessum yrði einnig varið til að jafna aðstöðu sveitarfélaga vegna mismikilla verkefna.

Þannig miðast jöfnunarframlögin ekki einungis við að jafna tekjur eins og nú er, heldur einnig útgjöld þannig að minni sveitarfélögin verða aðstoðuð við að halda uppi ákveðnu þjónustustigi.

Lagt er til að fólksfækkunarframlögin verði felld niður en upphæðir sem til þeirra hefur verið varið gangi til að hækka jöfnunarframlögin.

Lagt er til að heildartekjur Jöfnunarsjóðsins lækki samhliða því sem útgjöld sveitarfélaganna lækka vegna breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, en eins og fram kom í máli mínu þegar ég ræddi hér áðan um verkaskiptingu, þá þarf tæpar 640 millj. kr. til að jafna útgjöld milli ríkis og sveitarfélaga því að ríkið tekur á sig 640 millj. kr. meiri útgjöld en sveitarfélögin ef verkaskiptingin verður að lögum.

Jafnframt er lagt til að stórhækkaður verði sá hluti ráðstöfunarfjár sjóðsins sem varið er til jöfnunar milli sveitarfélaga, og er nærri lagi að hann fjórfaldist.

Áætlun um tekjur og gjöld Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga miðað við þessar tillögur fylgir með frv. á fskj. II, en drög að reglugerð um Jöfnunarsjóðinn eru nú í undirbúningi og verða þau lögð fram í nefndinni sem fær þetta frv. til umfjöllunar.

3. Útsvarskafli laganna verður aðlagaður staðgreiðslukerfinu og lögum um tekju- og eignarskatt mun betur heldur en nú er.

4. Ákvæði um mismunandi gjaldflokka aðstöðugjalda verði afnumin og hámarksálagning verði 1,3%, en hver sveitarstjórn geti síðan ákveðið mismunandi gjaldflokka eftir tegund atvinnurekstrar. Undanþágum frá álagningu gjaldsins verði fækkað.

Samhliða þessu frv. er lagt fram frv. til l. um breytingu á verkaskiptingu sem ég hef þegar mælt fyrir og er lagt til að lögfest verði og komi til framkvæmda á sama tíma og þetta frv. Sérstaklega er rétt að undirstrika að kaflinn um Jöfnunarsjóð er alfarið tengdur væntanlegum breytingum á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Ég mun þá, herra forseti, rekja nokkrar helstu breytingar frá núgildandi tekjustofnalögum eins og þær koma fram í einstökum greinum frv.

Í 2. gr. er lagt til að bætt verði inn í 1. mgr. upptalningu á tveimur gjöldum sem sveitarfélagi er heimilt að leggja á, þ.e. gjöldum vegna holræsakostnaðar og lóðarleigu. Enn fremur er lagt til að sveitarstjórn geti ákveðið að gjalddagar þessara gjalda verði þeir sömu og fasteignaskatts og einnig að innheimtufyrirkomulagið verði hið sama. Er þetta ákvæði sett til hagræðis fyrir sveitarfélögin sem og gjaldendur.

Í 3. gr. er að finna nýmæli um jöfnun á aðstöðu sveitarfélaga vegna mismunandi fasteignamats þannig að fasteignir verði svipaður skattstofn í hvaða sveitarfélagi sem þær eru, en þetta hefur lengi verið krafa sveitarfélaganna úti á landsbyggðinni, einkum þéttbýlissveitarfélaganna. Nánar felur þetta nýmæli í sér að lagt skal til grundvallar álagningu fasteignaskatts húsa og annarra mannvirkja, hvar sem er á landinu, afskrifað endurstofnverð þeirra margfaldað með markaðsstuðli þessara eigna í Reykjavík, í stað fasteignamats eins og það hefur verið ákvarðað samkvæmt markaðsstuðli hlutaðeigandi sveitarfélags.

Með þeirri aðferð við álagningu fasteignaskatts, sem hér er lögð til, vinnst einkum tvennt: Öll sveitarfélög fá svipaða möguleika til skattlagningar sams konar fasteigna og álagningarprósentur sveitarfélaganna verður hægt að bera saman.

Lóða-, landa- og hlunnindamat er ekki tengt mati lóða, landa eða hlunninda í Reykjavík. Sjálfstætt mat fer fram á þessum þáttum fasteignamatsins um allt land. Ekki eru lagðar til breytingar á stofni til álagningar fasteignaskatts á þessar eignir.

Auk framangreindra meginbreytinga er einnig lagt til að fellt verði niður ákvæði um heimild til að skattleggja sérstaklega hlunnindi í eigu utansveitarmanna. Ákvæði þetta hefur frá upphafi verið mjög umdeilt og með hæstaréttardómi nr. 706 frá 1986 var því hnekkt.

Skatturinn skal vera allt að ½% samkvæmt a-lið og allt að 1% samkvæmt b-lið 3. mgr., eftir ákvörðun hlutaðeigandi sveitarfélags, en heimilt er sveitarfélagi að hækka hundraðshluta þessa um allt að 25%. Ekki er lengur takmörkuð lækkun hundraðshluta þessara eins og verið hefur.

Í 6. mgr. 3. gr. er gert ráð fyrir því nýmæli að Fasteignamat ríkisins útbúi til handa sveitarfélögum sérstakar skrár þar sem stofn til álagningar kemur fram, enda ljóst með hliðsjón af tillögu til breytinga á 2. mgr. að ekki er hægt að nota fasteignaskrána eins og tíðkast hefur.

Í 4. gr. er að finna nýmæli þess efnis að gert er ráð fyrir þeim möguleika að sérstökum aðila verði falið að annast innheimtu fasteignaskatts fyrir hönd sveitarfélaga. Er það til samræmis við innheimtu annarra sveitarsjóðsgjalda.

Annað nýmæli er að finna í greininni, en þar er lagt til að gjaldfella megi fasteignaskattinn í heild ef um vangreiðslur að hluta er að ræða.

Í 5. gr. er lagt til að undanþágum frá greiðslu fasteignaskatts verði fækkað, en í því felst að félagsheimili og samkomuhús, orlofsheimili launþegasamtaka og stúdenta- og hjónagarðar verði ekki undanþegin greiðslu fasteignaskatts. Talið er eðlilegra að styrkur sveitarfélaga við þessa starfsemi sé í formi beinna framlaga fremur en eftirgjöf á sköttum.

Þá er felld niður heimild til að undanþiggja nýjar íbúðir fasteignaskatti í allt að tvö ár eftir að afnot hefjast. Ákvæði þetta hefur verið lítið notað. Hafi sveitarstjórn hug á að ívilna þeim gjaldendum sem þarna eiga hlut að máli virðist einfaldara að gera það t.d. með lækkun gatnagerðargjalda.

Í 8. gr. er lögð til sú breyting á tekjuöflun Jöfnunarsjóðs að meginhluti tekna hans verði ákveðið hlutfall af tekjuskattsstofni, sbr. 1. og 3. tölul. 62. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, sem renni beint í sjóðinn í stað ríkisframlags eins og nú er.

Ákvæði 9. gr. um landsútsvör Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, svo og landsútsvör banka eru óbreytt frá gildandi lögum. Gert er ráð fyrir að þau ríkisfyrirtæki sem tilgreind eru í b-lið, svo og olíufélög greiði öll landsútsvör eftir sömu reglu, þ.e. 1,3% af heildarsölu, en í gildandi lögum eru mismunandi reglur um landsútsvör þessara fyrirtækja. Tekið er upp ákvæði laga nr. 18/1977, 4. tölul. 3. mgr. 7. gr., um landsútsvör Járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði. Ferðaskrifstofa ríkisins og Landssmiðjan hafa verið felldar út þar sem þessi fyrirtæki hafa verið seld. Sparisjóðir eru teknir inn og settir undir sama lið og bankar, enda þykir ekki eðlilegt í þessu tilviki að gera mun á þeim.

Í 11. gr. er lagt til að útgjöldum Jöfnunarsjóðsins verði skipt í þrjá hluta sem nefndir eru bundin framlög, sérstök framlög og jöfnunarframlög.

Í 12. gr. er að finna skilgreiningu á því hvað teljist til bundinna framlaga Jöfnunarsjóðsins og hvernig þau skiptast innbyrðis.

Í 13. gr. er að finna ákvæði um hin sérstöku framlög úr Jöfnunarsjóði, en tilgangurinn með þeim er tvíþættur: Framlög samkvæmt a- og b-liðum eru í samræmi við ákvæði í sveitarstjórnarlögum, nr. 8 1986, en framlög samkvæmt c-, d- og e-liðum eru til að bæta sveitarfélögum upp aukinn kostnað vegna breytinga á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Í 14. gr. er lagt til að jöfnunarframlögum verði varið til að jafna tekjur sveitarfélaga og einnig verði við úthlutun þeirra tekið tillit til þjónustustigs sveitarfélaga.

Til þessa verkefnis er lagt til að fari þær tekjur sjóðsins sem eru umfram ráðstöfun skv. 12. gr. og 13. gr.

Í frv. þessu er ekki gert ráð fyrir fólksfækkunarframlögum heldur gangi sú upphæð sem til þeirra hefur verið varið til að hækka jöfnunarframlögin.

Í 15. gr. er að finna nánari skýringar á því hvað teljist til kostnaðarsamra stofnframkvæmda hjá sveitarfélögum, sbr. c-lið 13. gr. Hér er um að ræða stofnframkvæmdir vegna skylduverkefna sveitarfélaga og er þetta tæmandi upptalning verkefna.

Þá er svo fyrir mælt að sett verði í reglugerð ákvæði um hvaða skilyrði sveitarfélög þurfi að uppfylla til að eiga rétt til þessara framlaga, svo sem varðandi íbúafjölda sveitarfélaga og hlutfall væntanlegs kostnaðar af heildartekjum sveitarfélags og verður reglugerð þar að lútandi lögð fyrir félmn. eins og áður er sagt. Einnig verður sett ákvæði um það hvernig útreikningi framlaganna skuli háttað.

Í 16. gr. er lagt til að allt að 15,5% af vergum tekjum sjóðsins verði varið til aðstoðar sveitarfélögum í strjálbýli til að bera aukinn kostnað við grunnskóla. Þá er og lagt til að allt að 7,3% af vergum tekjum sjóðsins verði varið til að bæta þeim sveitarfélögum, sem þess þurfa, upp aukinn kostnað við rekstur tónlistarskóla og fleiri málaflokka.

Í reglugerð skulu sett ákvæði um hvaða skilyrði sveitarfélög þurfi að uppfylla til að koma til greina við úthlutun framlaga samkvæmt þessari grein, svo sem með hliðsjón af fjölda íbúa, verkefnum, útgjöldum og tekjumöguleikum.

Í 17. gr. er að finna nýmæli um svonefnda ráðgjafarnefnd. Nefnd þessari er ætlað að gera tillögur til félmrh. þegar úthluta skal úr Jöfnunarsjóði framlögum skv. c-, d- og e-lið 13. gr. og framlögum skv. 14. gr.

21.–33. gr. frv. fjalla um útsvör. Þar er ekki gert ráð fyrir neinum verulegum efnisbreytingum. Þessi kafli er hins vegar samræmdur lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Í 34. gr. eru lagðar til þær efnisbreytingar að felld verður niður heimild til álagningar aðstöðugjalds á ríkisfyrirtæki skv. c-lið 10. gr. núgildandi laga þar sem talið er óeðlilegt að þau greiði bæði landsútsvar og aðstöðugjald. Þessi fyrirtæki eru skv. 9. gr. frv. Síldarverksmiðjur ríkisins og Ríkisprentsmiðjan Gutenberg. Skv. ákvæðum 34. gr. gildandi laga um tekjustofna sveitarfélaga er m.a. rekstur sláturhúsa og mjólkurbúa undanþeginn aðstöðugjaldi. Undanþágur þessar hafa verið mjög umdeildar hjá sveitarstjórnarmönnum. Hér er um að ræða atvinnufyrirtæki sem undanþegin hafa verið álagningu slíkra gjalda. Á það má benda að búrekstur er ekki undanþeginn aðstöðugjaldsskyldu og hefur aðstöðugjald á rekstur bænda lent í hámarksflokki skv. d-lið 38. gr. gildandi tekjustofnalaga þar sem sá rekstur er ekki tilgreindur í lægri gjaldflokkum í 38. gr. Einnig hefur verið gagnrýnt að tilteknar tegundir atvinnufyrirtækja væru með öllu undanþegnar aðstöðugjaldi og m.a. bent á að það skerti verulega tekjur sveitarfélaga þar sem slík fyrirtæki væru.

Í 36. gr. er lagt til að afnumin verði flokkun aðstöðugjalda í lögum. Hámarksaðstöðugjald verði 1,3%, eins og nú er í hæsta gjaldflokki, en sveitarstjórnum verði heimilað að ákveða gjaldflokka eftir tegundum atvinnurekstrar en gæta ber samræmis innan sömu tegundar. Eðlilegt verður að telja að hver sveitarstjórn ákveði gjaldflokk í sínu sveitarfélagi, m.a. með tilliti til aðstæðna í sveitarfélaginu og í hverri atvinnugrein, frekar en að löggjafinn fastsetji slíka flokkun í eitt skipti fyrir öll.

Í 37. gr. er að finna heimild fyrir sveitarstjórnir til að fela sérstökum innheimtuaðila að annast innheimtu aðstöðugjalda í þeirra umboði. Aðrar breytingar varðandi aðstöðugjöldin eru minni háttar.

Ég hef þá rakið helstu breytingar sem felast í einstökum greinum frv. Núgildandi tekjustofnalög eru að meginefni til frá 1972 en þá voru gerðar á þeim talsvert róttækar breytingar samhliða nokkrum breytingum á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Það liggur ljóst fyrir að fyrstu árin eftir 1972 var hagur sveitarfélaganna mun betri en áður og svigrúm þeirra til framkvæmda meira. Um og eftir 1980 fór hagur margra sveitarfélaga versnandi. Áttundi áratugurinn var tími mikillar uppbyggingar víða um land, sveitarfélögin voru þar engin undantekning. Þau byggðu skóla, dagvistarheimili fyrir börn, dvalarheimili og íbúðir fyrir aldraða og þannig mætti halda áfram. Þegar þessar stofnanir komu í rekstur jók það útgjöldin án þess að auknar tekjur kæmu á móti. Mikil verðbólga fór líka mjög illa með sveitarfélögin þar sem tekjustofnar þeirra voru að langmestu leyti óverðtryggðir. Það sem e.t.v. er mest áberandi núna í fjármálum sveitarfélaganna og tekjustofnamálum þeirra er hversu misjafnlega þau eru á vegi stödd fjárhagslega. Sveitarfélög þar sem meira en helmingur íbúa landsins býr eru skuldlítil með mikið framkvæmdafé, þ.e. vel stödd fjárhagslega. Hinn hluti sveitarfélaganna er að vísu mismunandi illa staður, en mörg þeira eru mjög skuldug með lítið framkvæmdafé.

Þetta er sú mynd sem blasir við við endurskoðun laganna. Hver verður þá fjárhagsleg staða sveitarfélaganna ef þær breytingar koma til framkvæmda sem lagðar eru til í frv.? Ég tel rétt að skoða þær í samhengi við þær breytingar sem nýlega hafa verið gerðar varðandi útsvörin. Þær breytingar eru mikill ávinningur fyrir sveitarfélögin með þrennum hætti. Í fyrsta lagi er verðtrygging þessa langgildasta tekjustofns sveitarfélaganna mjög þýðingarmikil. Innheimta mun í mörgum tilfellum batna mjög verulega og síðast en ekki síst mun hámarksálagning útsvara, nú 7,5%, gefa sveitarfélögunum mun meiri tekjur en áður.

Breytingar þær sem lagðar eru til í frv. varðandi fasteignaskattinn stefna fyrst og fremst að því að jafna aðstöðu sveitarfélaganna. Þær hafa engin áhrif hér í Reykjavík og lítil eða engin áhrif í öðrum sveitarfélögum hér á höfuðborgarsvæðinu. Áhrifin úti á landsbyggðinni munu að sjálfsögðu fara eftir því hvernig sveitarfélögin koma til með að nýta sér þennan aukna tekjumöguleika. Fasteignamatið hefur verið mjög mismunandi en þó langsamlega hæst hér á höfuðborgarsvæðinu. Miðað við sömu nýtingu álagningarhlutfalls og verið hefur hér á höfuðborgarsvæðinu er ljóst að sú breyting sem lögð er til í frv. getur gefið mörgum sveitarfélögum 20–30% hærri tekjur af fasteignasköttum en nú er.

Breytingarnar varðandi aðstöðugjöldin munu fyrst og fremst koma þeim sveitarfélögum til góða þar sem atvinnurekstur hefur að miklu leyti verið í lægri gjaldflokkunum, en gjaldflokkar hafa verið fjórir, sá lægsti 0,33% og sá hæsti 1,3%. Fastlega má gera ráð fyrir því að sveitarfélögin nýti sér mjög misjafnlega þá heimild sem í frv. felst í þessu efni.

Varðandi Jöfnunarsjóðinn er rétt að undirstrika sérstaklega þá breytingu að lagt er til að fjórfalda þá upphæð sem ætlað er að verja til jöfnunar milli sveitarfélaga.

Samkvæmt því sem ég hef hér rakið er ljóst að megininntak frv. þessa er að jafna aðstöðu sveitarfélaganna og að auka ákvörðunarvald þeirra um nýtingu eigin tekjustofna. Að sjálfsögðu má lengi deila um hvort nógu langt sé gengið í þessu efni.

Við samningu frv. hefur verið haft náið samráð við sveitarfélögin. Fjórir af átta nefndarmönnum sem sömdu frv. eru stjórnarmenn í Sambandi ísl. sveitarfélaga. Á undanförnum mánuðum hafa aðilar frá endurskoðunarnefndinni og frá félmrn. sótt fundi sveitarstjórnarmanna víða um land og rætt um endurskoðun tekjustofnalaganna. Nú þegar frv. liggur fyrir verður þessari kynningu haldið áfram í samvinnu við Samband ísl. sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga.

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að hv. þm. þessarar deildar greiði fyrir því að frv. komist til nefndar fyrir jól svo hægt sé að senda það til umsagnar til sveitarstjórnanna nú í þinghléinu. Ég hef gert í aðalatriðum grein fyrir efni frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Fundir hófust 19. des. og nú er kominn 20. des. og það eru liðnir 10 tímar síðan fundur hófst í dag eða eigum við að segja í gær, að vísu með hléi vegna þingflokksfunda og kvöldverðarhlés, en einhvern veginn finnst mér að mál sé að linni. Það hefði verið freistandi að ræða frekar ýmislegt sem kom fram við umræðu um fyrra frv., þ.e. um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Það var af ásettu ráði að ég kvaddi mér ekki hljóðs aftur því ég vildi ekki tefja frekar umræður um þetta mál en stuðla frekar að því að það fengi skjóta afgreiðslu. Það voru ýmis atriði sem ég hefði gjarnan viljað koma inn á sem hv. þingmenn minntust á og sem ég reyndar hef lagt áherslu á áður, eins og varðandi hvar dagvistarmálin eigi heima og tónlistarskólarnir svo eitthvað sé nefnt. Mín skoðun hefur verið að dagvistarmálin ættu fyrst og fremst heima hjá sveitarfélögunum. Eins og ég sagði í mínu fyrra máli hér eru það einmitt sveitarstjórnirnar sem standa næst fólkinu og þekkja betur þarfirnar á hverjum stað en skrifborðsherrarnir í ráðuneytum í Reykjavík sem eiga að segja til um það hvar þörf sé fyrir byggingu dagvistarheimila. Það hefur líka verið mín skoðun, og ég hef komið því á framfæri, að undirstöðumenntun tónlistar ætti heima í grunnskólum og tónlistarskólarnir ættu að vera framhaldsskólar. Ekki meira um það.

Það má segja að frv. sem hæstv. ráðherra hefur mælt fyrir sé svo nátengt verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga að þessi tvö frv. verði ekki aðskilin enda er þetta frv. forsenda þess að hitt frv. nái fram að ganga. Það sem þetta hefur einmitt oftast strandað á, eins og ég minntist á hér í máli mínu þegar fyrra frv. var rætt, er tortryggni sveitarstjórnarmanna gagnvart ríkisvaldinu. Það sé ekki hugað að því að færa þeim tekjustofna, tryggja þeim tekjustofna til þess að standa undir þeim auknu verkefnum sem sveitarstjórnarmenn vilja gjarnan taka heim í hérað.

Ég ætla því ekki að fara frekar út í einstök atriði frv. Hæstv. félmrh. fór ítarlega yfir frv. Að vísu gerði hún það á mettíma og mátti maður hafa sig allan við að fylgja henni eftir ef maður ætlaði að grípa allt það sem hún kom inn á. En það er skiljanlegt vegna þess hve áliðið er orðið að hæstv. ráðherra hafi reynt að tefja ekki tímann með því að vera lengi að koma sínu máli til skila.

Ég vil í meginatriðum lýsa stuðningi við þetta frv. og við munum stuðla að því að það fái framgang eins og hið fyrra, að sjálfsögðu þó með fyrirvara um að ýmislegt geti komið fram við umfjöllun í nefnd og fram geti komið athugasemdir við einstök atriði eða einstakar greinar.

Af því að ég minntist á það hér áðan að búið væri að kynna þessi frv. í nokkrum landshlutasamtökum dettur mér í hug að nefna að mér er kunnugt um að það hefur nú þegar verið gert á Suðurnesjum og hér hjá landshlutasamtökum á höfuðborgarsvæðinu,

SSH, og einnig á Suðurlandi. Eftir þeim upplýsingum sem ég fékk hjá formanni Sambands ísl. sveitarfélaga og eins og reyndar kom fram í máli hæstv. ráðherra verður haldið áfram kynningum um landið eftir áramótin. Ég verð þó að segja það að ég á enga ósk betri til handa sveitarfélögunum en að hægt verði að breyta lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og færa þeim og tryggja fjárhagslegt sjálfstæði þannig að þeirra hungurgöngum til fjvn. á hverju hausti megi fækka.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Ég er nú ansi hræddur um að þó að frv. verði samþykkt og gert að lögum þá linni ekki hungurgöngum sveitarstjórnarmanna til hans stóra pabba hérna á skrifstofu fjvn. í Reykjavík.

Ég var í þeirri nefnd sem samdi frv. og mér þykir miður að álit nefndarinnar, sem var nú mjög fáort, skuli ekki fylgja frv. Það voru þó nokkuð miklar efasemdir í nefndinni um að frv. kæmi að því gagni sem ég hygg að sveitarstjórnarmenn telji að það þurfi að koma og ráðherra nefndi hér í ræðu sinni, þ.e. að með samþykkt þessa frv. verði jöfnuð aðstaða sveitarfélaganna. Ég ætla að leyfa mér að lesa það sem nefndin lét frá sér fara þegar hún skilaði frá sér frv. til hæstv. ráðherra. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í nefndinni er ágreiningur um við hvað eigi að miða tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og hversu háar þær eigi að vera. Kemur þetta fram í fyrirvörum einstakra nefndarmanna."

Ég vil bæta því inn í að það má vera að þessi þáttur hafi lagast, ekki sé eins mikill ágreiningur um þennan þátt. Það sem meiri hluti nefndarmanna vildi koma á framfæri með sínum fyrirvara var þetta: „Þá hafa komið fram efasemdir um að rýmri álagningarheimildir fasteignaskatts og aðstöðugjalds muni nýtast sveitarfélögum til aukinnar tekjuöflunar eða tekjujöfnunar við núverandi aðstæður."

Ég held að mjög nauðsynlegt sé þegar frv. verður sent til umsagnar sveitarstjórnarmanna að þessi fyrirvari nefndarmanna fylgi með. Það var álit sumra nefndarmanna, m.a. þess sem hér talar, að breytingin á ákvæðum í sambandi við fasteignaskatt komi ekki til með að jafna stöðu sveitarfélaga tekjulega, hún komi aðeins til með að jafna möguleika sveitarfélaganna til að leggja á. Staðreyndin er nefnilega sú að litlar líkur eru fyrir því að sveitarfélag norður á Þórshöfn, vestur á Hellissandi eða vestur á Þingeyri láti sér nokkurn tíma detta í hug að leggja á íbúðarhús og eignir svipaðar upphæðir og hægt er að leggja á eignir hér í Reykjavík. Heimildin er þess vegna létt í vasa fyrir þessi sveitarfélög og hungurgöngur þessara sveitarfélaga eiga eftir að halda áfram þó að þetta ákvæði sé komið í lög. Hitt er alveg rétt að það verður svolítið skemmtilegra fyrir þessi viðkomandi sveitarfélög að segja: „Ja, við slógum nú svona mikið af fasteignaskattinum. Reykjavík leggur á þetta fullan fasteignaskatt en við slógum svona mikið af." Aðeins það gerir þeim eitthvað pínulítið léttari göngu milli sinna þegna.

Nákvæmlega er sama upp á teningnum í sambandi við aðstöðugjaldið. Heimild til þess að mega leggja á fyrirtæki sem eru á hausnum og geta ekki borgað gjöldin í dag, skulda sveitarfélögunum milljónir á milljónir ofan, heimild til þess að þyngja gjöldin á þessi fyrirtæki breytir ekki krónufjöldanum í kassa viðkomandi sveitarfélags. Því miður. Til þess að breyta því þarf ákveðna aðgerð ríkisvaldsins sem segir: Þið skuluð leggja á jöfn aðstöðugjöld alls staðar. Ef ríkisvaldið telur að ekki sé hægt að leggja þetta mikið aðstöðugjald á landbúnaðarafurðirnar, landbúnaðarfyrirtækin eða sjávarútvegsfyrirtækin, þá skuli ríkissjóður koma til og jafna. Þá er hægt að segja að verið sé að jafna stöðuna. En að segja sveitarfélögunum, þar sem uppistaða aðstöðugjalda er frá landbúnaðarfyrirtækjum, að leggja 1,3% á viðkomandi fyrirtæki sem hafa ekki verið með neitt aðstöðugjald hingað til. Hverjum getur dottið í hug að það nái fram að ganga? Það er svo fráleitt. Alveg er sama með sjávarútvegsfyrirtækin. Þar er aðeins heimildin til að mega leggja á og hún er því miður óskaplega létt í vasa.

Þetta var sá fyrirvari sem nefndarmenn, m.a. stjórnarmenn úr samtökum sveitarfélaga, vildu láta koma fram og ég tel nauðsynlegt að komi fram.

Þá er það Jöfnunarsjóðurinn. Það var alveg rétt, sem hæstv. ráðherra sagði, að breytingin á Jöfnunarsjóðnum er á þann veg að höfðatöluframlagið verður fellt niður. Hver skyldi nú græða mest á því þegar upp er reiknað? Líklegast okkar ágæta höfuðborg vegna þess að ávinningur höfuðborgarinnar okkar, Reykjavíkur, af verkaskiptingunni verður meiri en höfðatöluframlagið sem var úr Jöfnunarsjóðnum áður. Þetta er kannski gott og blessað. Og það sé hægt að leggja ýmislegt á sig til þess að leggja niður þetta höfðatöluframlag sem var þó alltaf í eðli sínu ákveðið jöfnunarframlag, jöfnum höndum, eða raunverulega það lá í því. Höfðatöluframlag hlýtur alltaf að vera jöfnunarframlag. En staðreyndin er sú að það er ekki verið að færa sveitarfélögunum mikla jöfnun með þessari aðgerð, með Jöfnunarsjóðnum, virðulegi ráðherra. Svo er stór hluti tekinn af Jöfnunarsjóðnum til þess að breiða yfir alls konar mismunun sem á sér stað í sambandi við verkaskiptinguna.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Ég tek undir það að það er nauðsynlegt að koma þessu frv. til umsagnar. En ég ítreka það og fer fram á það að fyrirvari okkar nefndarmanna sem hér eru „presenteraðir" að hafi samið þetta frv. verði prentaður með frv. áður en það verður sent til umsagnar til sveitarstjórnarmanna.

Jóhann Einvarðsson:

Hæstv. forseti. Ég skal ekki hafa langt mál á þessum nýja degi. Ég get endurtekið það sem ég sagði um fyrra frv. sem hér var á dagskrá, um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Ég tel mjög brýnt að koma báðum þessum málum út til kynning-

ar og umsagnar hjá sveitarstjórnum og öðrum þeim aðilum sem um þau þurfa að fjalla. Það eru ýmis atriði sem eru verulega jákvæð og skýrari í frv. en var í gömlu lögunum.

Í fyrsta lagi tel ég að þau ákvæði um Jöfnunarsjóðinn sem eru í þessu frv. — þó ég hafi fyrirvara um einstök atriði í því efni eins og reyndar fleiri í frv. og mun áskilja mér rétt til þess að hafa áhrif á það í félmn. þar sem ég á sæti — séu skýrari en var í gömlu lögunum. Fyrst og fremst stendur Jöfnunarsjóðurinn frekar undir nafni núna sem Jöfnunarsjóður en hann er í núgildandi lögum.

Um fasteignaskattinn má segja að þetta er gamalt hagsmunamál sveitarfélaga utan Reykjavíkursvæðisins, að stofninn sé svipaður og sveitarfélög hafi þar með sömu möguleika til tekjuöflunar. Það er pólitískt vandamál eins og þetta hefur verið að í sumum sveitarfélögum þurfi að vera verulegt álag á fasteignaskattinn, önnur geti gefið afslátt til þess að fá út svipaðar tekjur. Þetta er pólitískt vandamál sem hefur verið á milli sveitarfélaga sem nú er jafnað að verulegu leyti.

Ég tek líka undir það að það er eðlilegt að það séu sveitarstjórnir sem ákveði aðstöðugjaldastofnana undir þessu vissa ákvæði um hámark, 1,3%, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., en sveitarstjórnirnar sjálfar ákveði skiptingu þar á milli atvinnugreina. Ég hygg að það verði í reynd ekki sveitarstjórnirnar sem geri það heldur landshlutasamtökin sem muni reyna að koma sér saman um hvernig það verði. Sama má segja um útsvörin. Það er mikið hagsmunamál og gott mál sem hefur tekist á þessu ári, að afskiptum ríkisvaldsins af því máli er hætt. Það eru sveitarfélögin sjálf sem fá heimild til að taka ákvörðun um hvort þau nýta sér hámarksálagninguna eða bæta á það 10% álagi eða ekki, þannig að það eru mörg atriði í þessu frv. sem eru til mikilla bóta.

Ég er því samþykkur þessu frv. í öllum aðalatriðum, en hef þó fyrirvara um að flytja eða styðja brtt. sem fram kunna að koma við meðferð málsins bæði í nefnd og annars staðar, enda á ég, eins og ég sagði áðan, sæti í þeirri nefnd sem mun fá frv. til umfjöllunar. Meginmálið er þó það að ljúka þessu máli núna fyrir jólahlé og koma því til umsagnar til þeirra aðila sem um það þurfa að fjalla þannig að félagsmálanefndarmenn og aðrir þingmenn hafi möguleika til að meta skoðanir manna almennt á því.

Ég tek svo að lokum undir þær skoðanir að ég held að að sé rétt að nefndarálitið sjálft fylgi með til umsagnaraðila, og hefði reyndar átt að fylgja með til þingsins, þannig að það hefði legið ljóst fyrir hvernig nefndin sjálf skilaði þessu frá sér til ráðherra. En það er hægt að bæta úr því með því að prenta það og láta það fylgja með til umsagnar til þeirra aðila sem þurfa að fá það.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins nokkur orð um þetta frv. sem er í raun fylgifrv. þess sem áður var rætt, um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Þetta er auðvitað algjör forsenda þess að sú verkaskipting takist og það takist í raun að stunda valddreifingu og færa ákvörðunarrétt út í sveitarfélögin eins og markmið fyrra frv. er. Það er afar mikilvægt að það takist að koma á meiri jöfnuði og útrýma því misræmi sem hefur verið á möguleikum til tekjuöflunar milli sveitarfélaga.

Mig langar að vitna í ályktun sem gerð var á aðalfundi Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi í ágústlok. Þar er bent á eftirfarandi þrjú atriði, með leyfi hæstv. forseta. Í fyrsta lagi: Grunnur til álagningar fasteignaskatta verði sá sami hvar sem er á landinu. Í öðru lagi: Álagning aðstöðugjalda verði endurskoðuð og fundinn annar og sanngjarnari grundvöllur til álagningar, t.d. tekjur fyrirtækjanna. Álagningarhlutfall verði hið sama hvaða atvinnurekstur sem um er að ræða. Og í þriðja lagi: Jöfnunarsjóður verði í ríkari mæli en nú er gert notaður til tekjujöfnunar. Jafnframt verði tryggt að sveitarfélögin fái þær tekjur í gegnum Jöfnunarsjóð sem lög gera ráð fyrir hverju sinni og hann verði sá styrkur við sveitarfélögin sem honum var ætlað.

Ég ætla ekki að hafa öllu fleiri orð um þetta. Hér er um mjög mikilvægt mál að ræða þar sem þetta frv. er, og varðar miklu að það komist sem fyrst til umsagnar ásamt hinu og það verði fjallað um þau samtímis í nefndinni. Ég vil ítreka beiðni mína um aðild að hv. félmn. þegar þessi tvö frv. koma þar til umfjöllunar.

En í megindráttum tel ég að hér sé um gott mál að ræða þó að ég áskilji fulltrúum Kvennalistans allan rétt til að hafa fyrirvara við ýmsar greinar, eftir því hvernig umfjöllunin fer fram í nefndinni.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég þakka þær umræður sem hér hafa orðið um þetta frv. Ég vil aðeins koma inn á það sem fram kom í máli hv. 4. þm. Vesturl. Þetta er vissulega rétt ábending sem hann dró hér fram í umræðuna, að það komu fram efasemdir frá einstökum nefndarmönnum um að rýmri álagningarheimildir fasteignaskatts og aðstöðugjalds mundu nýtast sveitarfélögum til aukinnar tekjujöfnunar eða tekjuöflunar við núverandi aðstæður. Ég vek einmitt athygli á því orðalagi: núverandi aðstæður. Það var auðvitað ekki mín meining að vera að draga neitt undan í því að kynna deildinni þessar athugasemdir nefndarmanna og ég þakka hv. þm. fyrir að hafa gert það.

En einmitt þessi atriði, að jafna möguleika sveitarfélaga til álagningar og að skapa þeim rýmri álagningarheimildir í fasteignaskatti og aðstöðugjaldi, hafa verið baráttumál Sambands ísl. sveitarfélaga um langan tíma og hér er komið að fullu til móts við það. Ég get vissulega tekið undir það með hv. þm. að við núverandi aðstæður er nokkuð ljóst að þær heimildir sem hér eru gefnar, ef að lögum verða, munu nýtast sveitarfélögunum mismunandi

vel. En ég vænti þess að þegar til lengri tíma er litið muni þetta geta nýst sveitarfélögunum vel til tekjuöflunar.

Hv. þm. dró í efa að jöfnunin í þessu frv. væri eins mikil og af væri látið. Ég vil benda hv. þm. á að það hlýtur að segja nokkuð til um það að mikil áhersla er lögð á jöfnunina að jöfnunarframlögin eru fjórfölduð frá því sem nú er. Það hlýtur að segja sína sögu.

En ég þakka þær umræður sem hér hafa orðið um þetta mál og hve vel þingmenn hafa greitt götu þess að frv. nái til nefndar nú fyrir jólaleyfi þingmanna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

NEÐRI DEILD

27. fundur, mánudaginn 19. des., kl. 2 miðdegis.

Tilhögun þingfunda.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Áður en gengið er til dagskrár vil ég taka fram að til þess getur rekið að hér verði settir fleiri fundir í dag ef til deildarinnar berast erindi eða mál frá Ed. ellegar fyrir liggja nál. og vísa ég þá til þeirrar vinnuáætlunar sem flestum er kunnug og nauðsynjar þess að taka fyrir þau mál sem okkur berast jafnharðan til þess að geta komið þeim áfram. Það er því undirskilið að fleiri fundir verði settir hér í dag og þá ef nauðsyn krefur að fresta umræðum um þau mál sem nú eru á dagskrá til þess að halda slíka fundi.

Í annan stað: Ef til þess skyldi koma að einhver önnur fundahöld þyrfti verður tekið tillit til þess í dagskránni.

Aðgerðir í efnahagsmálum, 1. umr.

Stjfrv., 20. mál (staðfesting bráðabirgðalaga frá 20. maí 1988). — Þskj. 243.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Þau tvö mál sem eru á dagskrá deildarinnar eru nátengd og þótt mælt sé fyrir þeim sitt í hvoru lagi hygg ég óhjákvæmilegt að þau komi bæði nokkuð við sögu í framsögu.

Fyrra málið, aðgerðir í efnahagsmálum, er að grunni til staðfesting á bráðabirgðalögum sem ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar setti 20. maí sl. Aðgerðum sem þá var gripið til í efnahagsmálum var ítarlega lýst í yfirlýsingu þeirrar ríkisstjórnar frá 20. maí. Þær aðgerðir byggðust í fyrsta lagi á gengisfellingu sem nam 10% og í öðru lagi á ýmsum aðgerðum í kjaramálum sem síðan voru lögfestar í bráðabirgðalögum. Meginatriði þeirra laga var að framlengja alla gildandi og síðast gildandi kjarasamninga til 10. apríl 1989 og jafnframt að ákveða og binda þá kjarasamninga sem ekki höfðu verið gerðir við svokallaða Akureyrarsamninga þar sem meginþorri aðildarfélaga Alþýðusambands Íslands náði samkomulagi norður á Akureyri og hefur verið við þann stað kennt.

Þá voru í þeim bráðabirgðalögum ákvæði m.a. sem bönnuðu verkbönn, verkföll og þar með taldar samúðarvinnustöðvanir, það var í 4. gr. þeirra bráðabirgðalaga, og sömuleiðis bann til atvinnurekenda að hækka laun, þóknun og hlunnindagreiðslur hvers konar.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja þau bráðabirgðalög mikið nánar, en það kom í hlut minn að leggja þau fram og fá þau staðfest. Þau hafa síðan verið til meðferðar í hv. Ed. sem valdi þann kostinn, sem eðlilegt var, að sameina þau bráðabirgðalög ýmsum ákvæðum í lögum um efnahagsaðgerðir sem núv. stjórn setti með bráðabirgðalögum 28. sept. sl. og einkum þó að færa ákvæði í hinum nýrri lögum, sem voru samþykkt sem breytingar á lögum frá ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar eða maílögunum, yfir í fyrri lögin og sameina þau þannig. Fyrst og fremst eru þetta ákvæði sem varða kjarasamninga og kjör í landinu almennt.

Ég ætla að fara yfir nokkur þau atriði og m.a. mun ég fjalla um þær brtt. sem komið hafa fram í hv. Ed. Eins og frv. stendur nú fjallar 1. gr. þess um m.a. að afnumdar verði launahækkanir sem ákveðnar höfðu verið í september og desember en ákveða í staðinn launahækkun 15. febr. nk. 1,25% og hljóti þá allir þá hækkun. Í 1. gr. frv. er jafnframt ákvæði þess efnis að frekari hækkun launa, kjaratengdra liða og hvers konar endurgjalds fyrir unnin störf en kveðið er á um í þessari grein sé óheimil fram til 15. febr. og er það sama eðlis og sú grein í bráðabirgðalögum ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar sem ég nefndi áðan. Í frv. eins og það stendur núna er 4. gr. frv. breytt frá því sem var í bráðabirgðalögum ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar. Í þeim bráðabirgðalögum var gert ráð fyrir því að framlengja alla gildandi og næstgildandi kjarasamninga til 10. apríl, en í þeim lögum sem sett voru 28. sept. var hins vegar ákveðið að þessi framlenging kjarasamninga yrði til 15. febr. Í lögunum er hins vegar ekki gert ráð fyrir því að stytta þá kjarasamninga, sem eru þó nokkrir, sem ná lengra en til 15. febr. fremur en gert var ráð fyrir því í fyrri lögum, maílögunum, sem að grunni til ég mæli fyrir nú.

Í upphaflegu frv. var jafnframt það ákvæði sem var í bráðabirgðalögunum frá 20. maí þar sem bann er sett við verkföllum, verkbönnum og samúðarverkföllum og slíkri viðleitni til að fá fram aðrar hækkanir en getið var um í þeim lögum. Í meðferð hv. Ed. á þeim málum komu fram ýmsar brtt. M.a. kom fram brtt. þar við 5. málsl. 5. mgr. 1. gr. frv.

eins og það stendur núna, sem var áður 12. gr. nýrri bráðabirgðalaganna, og er þar lagt til að fella niður setningu sem er svohljóðandi: „Frekari hækkun launa, kjaratengdra liða og hvers konar endurgjalds fyrir unnin störf sem kveðið er á um í þessari grein er óheimil til 15. febr. 1989“, sem með m.ö.o. mundi þýða að það væri vinnuveitendum og launþegum frjálst að semja um aðrar hækkanir en fram er tekið í þessum lögum. Ekki var talið rétt við lagasetninguna 20. maí að heimila slíka samninga eins og það var orðað þá, þ.e. atvinnurekendum var óheimilt að ákveða frekari hækkanir, og við setningu laganna 28. sept., þ.e. septemberlaganna, var talið rétt einnig að hafa slíkt lagaákvæði inni þannig að það yrði ekki til þess að valda misræmi á vinnumarkaðnum. Meiri hl. í Ed. taldi ekki rétt að fallast á þessa breytingu með tilliti til þess sem ég hef nú sagt.

Í Ed. var einnig rætt um ýmsar fleiri breytingar, m.a. þá að launaliður í verðlagsgrundvelli búvöru skyldi frjáls vera frá staðfestingu þessara laga frá hinu háa Alþingi nú sem gæti þá þýtt að launaliðurinn væri frjáls frá áramótum. Þetta hefur út af fyrir sig ekki þýðingu því að laun bóndans koma ekki til ákvörðunar fyrr en 1. mars og mundi því engu breyta, enda byggjast laun bóndans eins og allir vita á viðmiðunarstéttum.

Þá var einnig lagt til að í 3. gr. yrði fellt niður ákvæði sem bindur gjaldskrá sjálfstætt starfandi sérfræðinga til 28. febr. 1989 og segir jafnframt að sama gildi um hvers konar útselda vinnu og þjónustu. Þetta var sett í septemberlögin til að binda slíka taxta sama tíma og verðlag er bundið með almennu ákvæði í verðlagslögum sem ekki þurfti að setja frekari lagaákvæði um. Á þetta treysti meiri hlutinn sér heldur ekki til að fallast af þeirri augljósu ástæðu að menn óttast að það gætu orðið verulegar hækkanir á útseldri vinnu sérfræðinga ef þarna er losað um og ekki eðlilegt að gera það á meðan t.d. ýmsir aðrir kjarahópar eru með bundna samninga í töluvert lengri tíma.

Þá var einnig flutt brtt. um að fella niður „15. febr. 1989“ úr 4. gr. sem mundi einnig þýða að þá yrðu sumir samningar lausir frá staðfestingu þessara laga. Þar er staðan sú að tíu samningar mundu þá losna, þ.e. Alþýðusamband Vestfjarða, sjómannasamningar, kjötiðnaðarmenn, Félag járniðnaðarmanna og blikksmiða, Verkstjórafélag Íslands, Félag hárgreiðslu- og hárskerasveina, Félag ísl. atvinnuflugmanna, Flugfreyjufélag Íslands, flugvélstjórar og flugvirkjar. Hins vegar yrðu ýmsir samningar bundnir til lengri tíma og reyndar langmestur hluti samninga. Án þess að ég fari að lesa allan þann langa lista hér, þá eru það samningar Verkamannasambands Íslands, sem gilda til 10. apríl eins og þeir samningar voru gerðir, Landssambands iðnaðarmanna til 10. apríl líka og þannig er um fleiri. Félag bókagerðarmanna samdi hins vegar til 31. mars. Er þetta nokkuð breytilegt þegar farið er í gegnum þennan lista. Það eru aðrir með gildistíma töluvert lengur, eins og t.d. Sementsverksmiðja ríkisins til 30. apríl, Áburðarverksmiðja ríkisins til 30. apríl, Íslenska álfélagið til 31. ágúst, mjólkurfræðingar til 1. september o.s.frv. Æðimargir eru bundnir töluvert lengur.

Ástæðan fyrir því að núverandi ríkisstjórn kaus að færa þessa samninga til sama dags var sú sama sem fyrri ríkisstjórn hafði fyrir flutningi samninga til 10. apríl, þ.e. sú að skapa á vinnumarkaðnum um ákveðinn tíma nokkra ró sem nota mætti til að skoða sem allra best og ákveða aðgerðir til að styrkja rekstrargrundvöll atvinnuveganna. Í stjórnarmyndun var þetta mikið rætt en þá varð ekki samkomulag um að halda dagsetningunni 10. apríl og því ákveðið og fallist á til samkomulags að færa það til 15. febr. Meiri hlutinn í Ed. féllst hins vegar á að fella niður það ákvæði sem bannaði verkföll, verkbönn og samúðarverkföll fyrst og fremst vegna þess að forusta verkalýðshreyfingarinnar hafði farið hinum hörðustu orðum um þetta ákvæði, nefnt það mannréttindabrot, ögrun við launþega. Reyndar var þetta og er aðaluppistaðan í kæru ASÍ til Alþjóðavinnumálasambandsins, ILO, eins og þeir þekkja sem hafa kynnt sér þau mál.

Ríkisstjórnin leggur jafnframt mikla áherslu á að fljótlega geti hafist viðræður við launþega sem og vinnuveitendur og stjórnarandstæðinga um atvinnuástandið almennt. Það hafði ekki farið leynt að launþegahreyfingar, a.m.k. sumar, töldu sér ekki fært að setjast til slíkra viðræðna með þessa ögrun eða mannréttindabrot í lögum.

Eins og ég sagði í upphafi míns máls er frv. í raun orðið eitt af tveimur frumvörpum sem eru til umræðu í dag og hvort tveggja er nátengt og liðir, reyndar óaðskiljanlegir þættir í þeim efnahagsaðgerðum sem frumvörpin til samans lýsa.

Ég ætla þá að leyfa mér að fara nú nokkrum orðum um efnahagsástandið almennt því að það liggur til grundvallar báðum þessum frumvörpum.

Eins og fram kemur í yfirlýsingu ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar frá 20. maí var þar ákveðið að grípa til ýmissa annarra aðgerða, hliðaraðgerða sem sú ríkisstjórn mat að þyrfti töluverðan tíma til að ná fram eins og kom fram í því sem ég sagði áðan um framlengingu launasamninga o.fl. Ákveðið var að treysta afkomu atvinnuveganna með allverulegri skuldbreytingu, gefa heimild til erlendra skuldbreytinga hér heima og endurskoða starfsemi Verðjöfnunarsjóðs svo eitthvað sé þar nefnt.

Ég hef þegar lýst þeim ákvörðunum sem teknar voru um að binda kjarasamninga þeirra, sem ekki höfðu gert þá, við þá kjarasamninga sem gerðir voru á Akureyri. Jafnframt var ákveðið að hækka ellilífeyri og aðrar bætur almannatrygginga, hækka persónuafslátt eða flýta hækkun hans til 1. júní. Jafnframt var ákveðið að líta nánar á allar víxlverkanir í efnahagslífinu og sérstaklega tekið fram í upphafsmálsgrein þeirrar yfirlýsingar að „ríkisstjórnin hefur ákveðið til þess að gengisbreyting krónunnar skili tilætluðum árangri“ o.s.frv. „að skapa undirstöðugreinum atvinnulífsins viðunandi rekstrarskilyrði,

koma í veg fyrir sjálfvirkt vixlgengi verðlags, gengis, launa og fjármagnskostnaðar." Í því skyni var m.a. ákveðið að fela sérstakri nefnd, sem starfaði þá og fjallaði um lánskjaravísitölu, að leita leiða og gera tillögur um það hvernig mætti feta sig út úr þeirri viðmiðun fjármagns við verðlag. Nefndinni var ætlaður tími fram í júlímánuð til að skila því áliti.

Þá var ákveðið að auka aðhald bæði með því að draga úr erlendu lánsfé til fjárfestinga og fjárfestingasjóða og aðgerðir til að auka aðhald hjá ríkissjóði. Það var ákveðið að skipa sérstaka nefnd til að gera tillögur um aðgerðir í byggðamálum því að þar hefur röskun orðið afar mikil o.s.frv. svo ég hlaupi yfir þetta nokkuð hratt.

Gengisfellingin var ákveðin að höfðu samráði við aðila vinnumarkaðarins eða atvinnurekendur réttara sagt og ákveðin nokkurn veginn eins og þeir töldu óhjákvæmilegt. Það var rætt þar um 10–13% gengisfellingu. Niðurstaðan varð 10% gengisfelling en jafnframt heimild til Seðlabanka Íslands til að fella gengið um 3% til viðbótar.

Því miður kom hins vegar fljótlega í ljós að þessar ráðstafanir náðu takmörkuðum árangri. Þær réttu við stöðu útflutningsatvinnuveganna um nokkurn tíma, en fljótlega kom að því að staðan virtist engu betri og staðfest var það af þeim tölum sem Þjóðhagsstofnun birti. Vitanlega eru ýmsar skýringar á þessu, m.a. verðfall á afurðum okkar, sérstaklega á Bandaríkjamarkaði, og lækkun á dollara, en ég held að mönnum hafi flestum verið orðið ljóst þegar kom fram í lok júlímánaðar eða ágústmánuð að ítarlegri athugun þyrfti til að ákveða aðgerðir í efnahagsmálum sem gætu orðið varanlegri en tvær gengisfellingar á árinu höfðu reynst. Því ákvað fyrrv. forsrh. að skipa í upphafi septembermánaðar sérstaka nefnd fulltrúa atvinnurekenda til að gera tillögur um aðgerðir í efnahagsmálum. Sú nefnd vann mikið starf og stjórnarflokkarnir í samráði og samstarfi við hana og leiddi það starf til svokallaðrar niðurfærsluleiðar sem ég ætla ekki að fara að rekja í smáatriðum en er niðurfærsla kostnaðar og þá gagnstætt uppfærsluleiðinni sem er gengisfelling sem leiðir að sjálfsögðu til kostnaðarhækkana.

Hins vegar var sumt afar athyglisvert í störfum þessarar nefndar sem nauðsynlegt er að hafa enn í huga. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að mikilvægast væri í efnahagsmálum að ná verðbólgunni niður. Hin mikla verðbólga væri það mein sem erfiðast væri atvinnugreinunum eins og fleirum. Nefndin komst einnig að þeirri niðurstöðu að fjármagnskostnaður væri allt of hár og leita yrði leiða til að lækka hann. Nefndin ákvað því með tilliti til þess að leggja til, eins og ég sagði fyrr, fremur niðurfærslu en gengisbreytingu. Mig minnir að nefndin hafi jafnframt sagt að gengisbreytingu yrðu að fylgja mjög róttækar hliðarráðstafanir sem tækju áhrif gengisbreytingar út úr efnahagslífinu á sem flestum ef ekki öllum sviðum, en það hafði þá sannarlega sýnt sig að erfitt hefur reynst að ná samstöðu um slíkt.

Því miður náðist ekki samkomulag um leiðir þær sem nefndin lagði til og leiddi það til stjórnarslita. Um þær tilraunir sem gerðar voru í septembermánuði til að ná samstöðu um aðgerðir í efnahagsmálum held ég að megi segja almennt að þær mótuðust af því að skapa enn á ný svigrúm til að ákveða varanlegri aðgerðir í efnahagsmálum. Ég ætla hér ekki að fara að gera upp sakir í þeim efnum eða ræða mun á hinum ýmsu tillögum. Þó vil ég geta þess, sem öllum er ljóst, að sjálfstæðismenn lögðu þá til enn á ný meiri gengisbreytingu en aðrir stjórnarflokkar töldu sér fært að fallast á sem ekki síst mótaðist af því að þær gengisbreytingar sem höfðu orðið, bæði í febrúar og september, höfðu ekki leitt til neins þess bata sem menn höfðu gert sér vonir um, en hins vegar valdið verulegri verðbólgu og þar með aukið á þann vanda sem atvinnuvegirnir sjálfir töldu hvað mestan, þ.e. mikla verðbólgu. Alþfl. og Framsfl. töldu því að leita yrði annarra leiða og m.a. að skapa svigrúm til þess með bráðabirgðaaðgerðum.

Þessum bráðabirgðaaðgerðum er að hluta lýst í því frv. sem ég mæli fyrir hér, þ.e. launaþáttum þeirra aðgerða, en að hluta lýst í því frv. sem er til umræðu á eftir.

Ég ætla að fara nokkrum almennum orðum — þetta tengist mjög saman eins og ég sagði áðan og erfitt að greina þar fullkomlega á milli — um þessar aðgerðir í heild sinni og þau áhrif sem þeim var ætlað að hafa.

Samkvæmt mati Þjóðhagsstofnunar í lok september var talið að með þessum aðgerðum mætti ná veiðum og vinnslu upp í kringum núllið eða kannski rétt yfir núllið og frystingunni rétt um núllið. Saltfiskurinn er aðeins fyrir ofan. Hins vegar eru erfiðleikar miklir í t.d. rækjunni. Heildin yrði því einhvers staðar rétt í kringum núllið. Þessar aðgerðir felast m.a. í greiðslu úr Verðjöfnunarsjóði, skuldbreytingum, Atvinnutryggingarsjóði og viðleitni til lækkunar raforkuverðs eins og þá var talað um, þó það hafi ekki komið til framkvæmda, en fólust einnig í því að ná niður fjármagnskostnaði, ná niður vöxtum. Í því skyni er það mat þessarar ríkisstjórnar og reyndar þeirrar fyrri að ákaflega mikilvægt sé að halda verðbólgu sem lægstri. Það hefur því verið og er mat þessarar ríkisstjórnar að á meðan sú mikilvæga viðleitni fer fram að ná niður vaxtakostnaði sé afar mikilvægt að halda verðbólgu sem lægstri.

Í fáum orðum sagt, þó að ég komi að öllum líkindum eitthvað meira inn á það á eftir, hefur sýnt sig við framkvæmd þessara efnahagsaðgerða að ástand atvinnuveganna er stórum lakara en talið var í september. Líklega var það í raun yfir heildina litið um 2–3% lakara en Þjóðhagsstofnun hafði metið. Skýringar á því eru fyrst og fremst þær að aflasamdráttur og verðlækkanir, hækkanir á ýmsum liðum eins og t.d. launalið o.s.frv. hafi ekki skilað sér nógu vel í mati stofnunarinnar frá því í septembermánuði. Ég lét því hefja mjög umfangsmikla vinnu til að skoða þróun þessara mála og hef látið alla þing-

flokka fá eintök af þeim mikla talnafjölda sem í þeim skjölum er og ég efa ekki að þingmenn hafa skoðað það.

Ég vil aðeins geta þar um fáein atriði. M.a. kemur fram í sérstakri úttekt, sem gerð var af fjórum endurskoðendum sjávarútvegsfyrirtækja sem fengu með leyfi fyrirtækjanna beinan aðgang að 29 fyrirtækjum í sjávarútvegi, mjög skýr mynd af því afar alvarlega ástandi sem hefur skapast og er tvímælalaust, ég hygg að allra mati, miklu lakara en menn töldu í septembermánuði. Þar kemur m.a. fram að í þessum fyrirtækjum í frystingu er tap á þessu 8–9 mánaða tímabili nú tæplega 11% eða um 650 millj. kr. Sömuleiðis kemur fram að yfirleitt er skuldastaða þessara fyrirtækja afar slæm. Í efnahagsreikningi, þar sem tekið er saman yfirlit yfir öll þessi fyrirtæki, þ.e. frystingu, söltun og útgerð, kemur fram að skammtímaskuldirnar eru um 7,5 milljarðar kr. en langtímaskuldirnar rúmlega 8,5 milljarðar, en heildartekjur þessara 29 fyrirtækja eru rúmlega 11 milljarðar kr. Þarna kemur einnig fram að eiginfjárstaðan hefur skerst mjög og eiginfjárstaða fyrirtækjanna er í lok tímabilsins 4,7% þegar tekið er allt til samans. Ef fiskiskip eru metin á vátryggingarverði hækkar eiginfjárstaðan upp í 16,4%. Það sama kemur fram í þeim gögnum sem Atvinnutryggingarsjóður hefur safnað og hefur einnig verið látið hv. þm. í té. Vek ég þar sérstaklega athygli á yfirliti yfir 15 fyrirtæki sem þar eru dregin saman. Þar kemur í ljós að eiginfjárstaðan hefur hrunið — þetta er fyrst og fremst frysting en lítið af útgerð í þeim fyrirtækjum — úr 11% í 3% og tap þessara fyrirtækja frá því að vera, ef ég man rétt, 30–40 millj. á síðasta ári í um 640 millj. á 8–9 fyrstu mánuðum þessa árs.

Ég hygg að mönnum geti verið ljóst að a.m.k. fyrir þau fyrirtæki sem eru með skuldastöðu eins og ég las áðan — og ég vek athygli á því að að sjálfsögðu eru mörg með miklu verri skuldastöðu því að í þessu eru einnig fyrirtæki með allgóða stöðu í dag — kemur gengisfelling að mjög litlum notum og aðeins í mjög skamman tíma. Af þessum ástæðum m.a. tel ég að afar þarft hafi verið að skoða þetta í grunninn. Það er enn þá verið að skoða það og ég geri mér vonir um að milli jóla og nýárs liggi þetta fyrir enn ítarlegar, bæði almennt yfirlit yfir fleiri fyrirtæki sem sótt hafa til Atvinnutryggingarsjóðs og sömuleiðis er Þjóðhagsstofnun að vinna ítarlegra yfirlit, m.a. svör við spurningum sem hér hafa komið fram og ég geri mér vonir um að dreifa á næstu dögum yfirliti yfir svokölluð tíu verstu og tíu bestu frystihúsin, þannig að verið er að safna saman mjög viðamiklum upplýsingum um stöðu sérstaklega útflutningsgreinanna í dag.

Um þetta mætti allt hafa miklu lengra mál og verður eflaust rætt í dag. Ég mun svara þeim spurningum sem til mín er beint og ég hef svör við, en vil aðeins að lokinni framsögu fyrir þessu fyrra máli taka það fram til að fyrirbyggja misskilning, sem mér hefur stundum heyrst fleygt á Alþingi, að ríkisstjórnin hyggist ekki gera annað og meira í þágu atvinnuveganna en það sem hér er nefnt. Þetta er misskilningur. Allt það sem ég hef hér rakið og talið er til undirbúnings því að grípa megi til viðameiri aðgerða en jafnframt aðgerða sem verða vonandi varanlegri en þær hafa verið sem gripið hefur verið til á undanförnum missirum og árum. Það er ásetningur minn að bjóða hv. stjórnarandstæðingum að koma til viðræðna um þá hluti. Ég lít svo á að hér sé um þannig mál að ræða að við þurfum að ræða þau sem allra mest fyrir opnum tjöldum, þó á ég ekki við að hafa fjölmiðlana inni hjá okkur, þeir eru það næstum því í dag, en a.m.k. á milli þeirra sem hér á Alþingi sitja og aðila vinnumarkaðarins. Það er von mín að þær viðræður geti hafist ekki síðar en strax upp úr áramótum. Sérstaklega legg ég á það mikla áherslu að fá fulltrúa frá Alþýðusambandi Íslands og launþegahreyfingum til þessara viðræðna og mun leggja drög að því næstu daga þó að ekki liggi endanlega fyrir sá tími sem þetta gæti orðið.

Ég leyfi mér svo að leggja til, herra forseti, að máli þessu verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til staðfestingar á bráðabirgðalögum sem að stofni til eru frá því í maí á þessu ári og voru þá sett af fyrri ríkisstjórn. Þeim lögum hefur síðan verið breytt í grundvallaratriðum með bráðabirgðalögum sem hæstv. núv. ríkisstjórn hefur sett. Þau lög marka grundvöll að efnahagsstefnu núv. hæstv. ríkisstjórnar og eðlilega, eins og fram kom í máli hæstv. forsrh., hljóta þessi tvö frv. að tengjast mjög saman ekki síst fyrir þá sök að það frv. sem hér er til umræðu hefur tekið alveg gagngerum breytingum með þeim bráðabirgðalögum sem hæstv. núv. ríkisstjórn hefur sett. Þau eru þess vegna að meginefni til á pólitískri ábyrgð núv. ríkisstjórnar.

Það kom fram fyrir helgi að hæstv. ríkisstjórn óskaði eftir því að fram færu viðræður við stjórnarandstöðuflokka um ekki einasta skattamál ríkisstjórnarinnar heldur einnig þessi bráðabirgðalög sem eru grundvöllurinn að hennar efnahagsstefnu. Slíkar viðræður fóru fram sl. laugardag og aftur í dag. Því miður urðu lyktir þeirra viðræðna þannig að ríkisstjórnin var ekki tilbúin að ræða þær málamiðlunartillögur sem stjórnarandstöðuflokkarnir fluttu, ýmist sameiginlega í Ed. ellegar Sjálfstfl. stóð að með því að styðja tillögur sem Borgfl. og Kvennalisti höfðu flutt.

Það ber að harma að ríkisstjórnin skuli hafa tekið þá afstöðu að sjá ekki ástæðu til að ræða þessar tillögur efnislega, en ég geri ráð fyrir að við frekari umfjöllun í hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar komi þau mál til frekari umræðu. En með hliðsjón af aðdragandanum, með hliðsjón af því að ríkisstjórnin sjálf hafði óskað eftir slíkum viðræðum hefði mátt búast við því að hún hefði haft eitthvað meira fram að færa og sýnt einhvern áhuga á að

koma til móts við þær málamiðlunartillögur sem þannig voru til umfjöllunar af hálfu stjórnarandstöðuflokkanna þriggja í hv. Ed.

Það frv. sem hér er til umræðu var eins og áður segir að stofni til bráðabirgðalög sem fyrri ríkisstjórn gaf út í maímánuði sl. í tengslum við efnahagsaðgerðir sem þá voru ákveðnar. Vandi sjávarútvegsins hefur undanfarin missiri verið býsna mikill og bæði í febrúar og maí þurfti að breyta gengi krónunnar til að tryggja rekstur þessa höfuðatvinnuvegar þjóðarinnar og samkeppnisiðnaðarins í landinu.

Því hefur verið haldið fram og kom m.a. fram í ræðu hæstv. forsrh. að þær ráðstafanir hafi ekki skilað árangri í þágu þessara atvinnuvega, gengisbreytingin í febrúar og aftur í maí. Nú er hæstv. forsrh. nokkuð iðinn við að fá skýrslur frá Þjóðhagsstofnun. Þó minna fari fyrir ákvörðunum og aðgerðum af hans hálfu ber auðvitað að fagna því að hæstv. ráðherra hefur verið mjög duglegur við að fá skýrslur frá Þjóðhagsstofnun. Það væri þess vegna mjög athyglisvert vegna þessarar umræðu að hæstv. ríkisstjórn fengi skýrslu frá Þjóðhagsstofnun um hvernig komið væri í íslenskum sjávarútvegi og samkeppnisiðnaði í landinu ef þessar breytingar á gengi krónunnar hefðu ekki verið gerðar. Það væri ástæða til að fá upplýsingar um hversu margir væru nú atvinnulausir í landinu, hversu margar milljónir streymdu út úr Atvinnuleysistryggingasjóði í viku hverri ef þessar ráðstafanir hefðu ekki verið gerðar, hverjar væru útflutningstekjur þjóðarinnar og m.ö.o. hvernig ástandið væri í efnahags- og atvinnumálum og á heimilum landsmanna því að það liggur í augum uppi að ef ekkert hefði verið aðhafst og gengi krónunnar ekki breytt við þessar aðstæður væru höfuðatvinnuvegir þjóðarinnar búnir að vera stopp mánuðum saman með þeim afleiðingum sem ekki þarf að lýsa í orðum. Það þekkir hver hv. alþm. Þess vegna vekur það nokkra furðu ekki síst þegar forustumenn Framsfl. taka þannig til orða að þessar ráðstafanir hafi ekki skilað sér í þágu atvinnuveganna.

Hitt er alveg ljóst að á þessum tíma áttu sér stað mjög verulegar launabreytingar. Kjarasamningar drógust frá því í febrúar og allt fram í maí og auðvitað er það rétt að gengisbreytingin í maí dugði ekki að öllu leyti til að vega upp þær miklu launahækkanir sem þá var verið að semja um og raungengisbreytingin varð því engan veginn nægjanleg fyrir atvinnuvegina á þeim tíma. En hitt er svo annað að það er eðlilegt og undir það tek ég með þeim sem vilja fara að með gát við stjórn efnahagsmála að auðvitað verða menn hverju sinni að stilla gengisbreytingum í hóf vegna annarra efnahagslegra markmiða, en það má ekki leiða til þess að menn berji höfðinu við steininn og neiti að breyta gengi krónunnar þegar augljóst er að undan því verður ekki vikist. Þess vegna voru þessar ráðstafanir gerðar í maí. Þá var ljóst og um það full samstaða að því er virtist að fylgja slíkum ákvörðunum eftir með hliðarráðstöfunum, m.a. með þeirri launabindingu sem kveðið er á um í þessum lögum en hefur að vísu verið breytt í ýmsum atriðum með bráðabirgðalögum núv. hæstv. ríkisstjórnar. Það hefur hins vegar komið á daginn við umfjöllun á hinu háa Alþingi að tveir af þingmönnum Alþfl. munu á þeim tíma hafa bókað í þingflokki sínum að þeir stæðu ekki að þessum ákvæðum laganna, ef ég hef skilið það rétt. Ég finn hins vegar ekki í gögnum fyrrv. ríkisstjórnar að þessari bókun eða þessum bókunum hafi með skriflegum hætti verið komið á framfæri á þeim tíma þannig að það eru að vísu nokkrar nýjar upplýsingar að þessu leyti til.

Það lá alveg ljóst fyrir í maí að horfur voru á því að verðlag á erlendum mörkuðum mundi halda áfram að lækka yfir sumarmánuðina og með haustinu yrði á ný að grípa til ráðstafana í þágu atvinnuveganna. Eðlilegt var að uppistaðan í slíkum aðgerðum yrði breyting á gengi krónunnar með eðlilegum hliðarráðstöfunum. Hæstv. forsrh. minntist á sérstaka ráðgjafarnefnd sem starfaði sl. haust. Hún lagði eðlilega á það ríka áherslu að reynt yrði að ná niður verðbólgu og fjármagnskostnaði, en umfram allt lagði sú nefnd áherslu á, og það var hennar höfuðtillaga og það sem allt snerist um, að umsvif ríkisins yrðu minnkuð og að dregið yrði úr erlendum lántökum. Grundvöllurinn að öllu því sem sú nefnd lagði til var þetta: Minni ríkisumsvif og minni erlendar lántökur.

Það sem hins vegar hefur komið fram af hálfu þessarar hæstv. ríkisstjórnar er alveg þveröfugt. Það eru meiri ríkisumsvif og auknar erlendar lántökur. Hún gengur þess vegna þvert á ráðleggingar þessarar nefndar. Nefndin benti svo á að nauðsynlegt væri að athuga hvort fært væri að fara svokallaða niðurfærsluleið með því að lækka laun beinlínis með lögum, lækka launataxta. Nú er komið á daginn að a.m.k. tveir af þingmönnum Alþfl. höfðu bókað andstöðu við lög sem gerðu ráð fyrir því að binda kjarasamninga og því fremur má ætla að andstaða þeirra og kannski einhverra fleiri þingmanna Alþfl. hefði verið meiri við það að færa launataxtana beinlínis niður þó að það hafi ekki komið fram í umræðunum á þeim tíma. En hitt er þó aðalatriðið að ljóst var að tæknilega var útilokað á þeim tíma að fara þessa leið. Það var ljóst að hún mundi ekki koma réttlátlega niður og hefði því valdið sprengingu á vinnumarkaði en ekki orðið til þess að stuðla að bættu umhverfi atvinnurekstrarins í landinu. Þó að auðvitað hefði um margt verið æskilegt að fara slíka leið lá einfaldlega fyrir að hún var ekki fær við þær aðstæður sem þá voru. En því miður hefur núv. hæstv. ríkisstjórn í engu haft til hliðsjónar megintillögur þessarar nefndar sem voru einmitt þær að minnka umsvif ríkisins og draga úr erlendum lántökum og vekur það nokkra furðu, ekki síst með tilliti til þess að hæstv. ráðherrar vitna stundum til þessa nál., að þeir skuli með öllu í sínum ráðstöfunum og aðgerðum hafa virt að vettugi megintillögur þessarar nefndar.

Auðvitað lá fyrir í haust sem leið að þessum

athugunum loknum að aðgerðir í efnahagsmálum yrðu að vera almennar ráðstafanir. Það lá fyrir að það var ekki unnt að geyma þær almennu ráðstafanir lengur en fram í ágúst eða september og um það var á þeim tíma allvíðtæk samstaða í þjóðfélaginu. En því miður skipuðust mál á annan veg, því miður vegna hagsmuna atvinnulífsins í landinu og launafólksins í landinu. Hv. 10. þm. Reykv. hefur lýst því svo að aðgerðir núverandi hæstv. ríkisstjórnar séu biðleikur þangað til annað verður ákveðið. Það kom einnig fram í máli hæstv. forsrh. að hann lítur svo á að aðgerðirnar séu ekki aðgerðir, efnahagsstefnan sé ekki efnahagsstefna heldur biðleikur þangað til efnahagsstefnan verði mótuð. Það hefur á hinn bóginn komið mjög skýrt fram í máli hæstv. fjmrh. og hæstv. viðskrh. undanfarnar vikur að þeir líta svo á að ríkisstjórnin verði að fylgja eftir og hvika í engu frá þeirri efnahagsstefnu sem mörkuð var í haust og það sé hin eiginlega björgunaraðgerð fyrir íslenskt atvinnulíf sem í bráðabirgðalögum núv. hæstv. ríkisstjórnar felst og þar megi hvergi frá hvika. Öllum hugmyndum um að breyta gengi krónunnar hefur verið vísað út í hafsauga af hæstv. fjmrh. og hæstv. viðskrh. Og það hefur ekki farið fram hjá neinum sem fylgst hefur með þessum umræðum að það er ekki einasta að hæstv. fjmrh. hefur haft verkstjórn á hendi hér með fjáröflunar- eða skattheimtufrumvörpum ríkisstjórnarinnar heldur hafa yfirlýsingar hans mótað efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og verið ráðandi um vegferð hennar í þeim efnum. Alþb. hefur fengið að ráða efnahagsstefnunni, ráða því að nú á að keyra atvinnulífið í landinu niður í svaðið. Það gegnir nokkurri furðu að Framsfl. skuli svo lengi vera tilbúinn að fylgja þessari stefnu því að auðvitað, *ef menn hefðu haft hagsmuni atvinnulífsins* í huga og launafólksins í landinu, var þegar í haust pólitískur grundvöllur fyrir því að gera raunhæfar aðgerðir þar sem breyting á gengi krónunnar væri uppistaðan í aðgerðunum.

Auðvitað getur gengisbreyting ein út af fyrir sig ekki leyst allan vanda. Það er fráleitt. Það getur ekki gerst við núverandi aðstæður. En þessi mynd var alveg skýr í haust. Vandinn hefur svo smám saman verið að vaxa og ég er alveg sannfærður um að hann mun halda áfram að vaxa eftir því sem hæstv. forsrh. kallar á fleiri skýrslur þar um frá Þjóðhagsstofnun. En það er engin lausn að kalla bara á skýrslur. Það er engin lausn að bíða.

Það meginákvæði frv. sem lýtur að kjarasamningum og launabindingu með lögum var þáttur í efnahagsaðgerðum, var hliðarráðstöfun með gengisbreytingu. Nú hafa forsendur breyst á marga lund. Í fyrsta lagi liggur fyrir að hæstv. ríkisstjórn hefur lýst því mjög skýrt og skorinort yfir, a.m.k. þeir sem ferðinni ráða í ríkisstjórninni, hæstv. fjmrh. og flokksmenn hans, að gengi krónunnar verði ekki breytt og ríkisstjórnin ætli að standa og falla með þeirri efnahagsstefnu sem bráðabirgðalögin marka. Þá eru komnar allt aðrar forsendur fyrir ákvæðum eins og þessum sem upphaflega eru sett sem hliðarráðstöfun við aðgerðir í þágu atvinnuvega með gengisbreytingu sem uppistöðu.

Í öðru lagi kom það í ljós við meðferð málsins í hv. Ed. að þingmenn Alþb. höfðu fyrirvara og það kom líka í ljós að tveir af þingmönnum Alþfl. höfðu bókað að þeir stæðu ekki að lögunum með þeim hætti sem þau voru lögð fyrir. Þó að það hafi kannski verið nýmæli þegar málið kom til Ed. að sú væri afstaða þessara tveggja hv. þm. Alþfl. þá gerir hæstv. forsrh. tilraun til að koma frv. í gegnum hv. Ed. með breytingum. Það mál allt klúðraðist með þeim eindæmum að út voru gefnar yfirlýsingar sem voru í engu samræmi við þá efnisbreytingu sem gerð var á lögunum og eðlilega hefur þetta valdið miklum óróa og mikilli óvissu og þeirri óvissu er óhjákvæmilegt að eyða. Hæstv. forsrh. var að því spurður beint hvort þessi ráðstöfun þýddi að samningarnir gengju í gildi og þeirri spurningu var svarað mjög skýrt að svo væri. Í einu orði já. Í framkvæmd var þetta allt annað. Engin efnisleg breyting var gerð. Þetta hefur valdið óvissu og umróti í þjóðfélaginu. Til að tryggja eðlileg samskipti ríkisvalds og aðila vinnumarkaðarins er nauðsynlegt að taka af skarið í þessu efni og með hliðsjón af breyttum forsendum er því að mínu mati eðlilegt að samningarnir gangi í gildi án íhlutunar frá og með þeim degi að Alþingi afgreiðir þessi lög og í samræmi við það ákvað Sjálfstfl. að styðja brtt. sem hníga í þá veru og fluttar voru af Samtökum um kvennalista og Borgfl. í Ed.

Í dagblaðinu Þjóðviljanum laugardaginn 17. des. segir forseti Alþýðusambandsins, Ásmundur Stefánsson, með leyfi forseta: „Yfirlega lögfræðinga hefur nú staðfest að mín túlkun er hárrétt. Breytingartillaga ríkisstjórnarinnar breytir engu um efnis*innihald laganna. Mannréttindasviptingin* stendur óhögguð þó breytingin fari fram. Um þann skilning er ekki lengur deilt."

Og varaforseti Alþýðusambandsins, Örn Friðriksson, skrifar svohljóðandi yfirlýsingu í sama tölublað Þjóðviljans, með leyfi forseta:

„Fyrir allmörgum árum skrifaði þáverandi ritstjóri Þjóðviljans, Magnús Kjartansson, margar greinar og leiðara um þjóðmál í blaðið. Öll hans skrif, m.a. um verkalýðsmál, einkenndust af skýrri framsetningu, góðri greiningu á kjarna málsins og staðreyndum. Greinar hans voru oft merktar -m.

Nú kveður hins vegar við annan tón í Þjóðviljanum, „Málgagni sósíalisma, þjóðfrelsis og verkalýðshreyfingar". Annar ritstjórinn, Mörður Árnason, sem einnig merkir greinar sínar -m, skrifaði um grundvallaratriði verkalýðsmála, samningsréttinn, í pistlinum „Klippt og skorið" sl. fimmtudag. Þar hæðist ritstjórinn að ályktun forystumanna Alþýðusambandsins, miðstjórn og formönnum landssambandanna fyrir að benda á þá staðreynd að samningsrétturinn sé ekki fyrir hendi. Ályktunin byggir á því að engu breyti þótt fellt sé út úr „bráðræðislögunum" áréttingarákvæði um að verkbönn og verkföll séu ekki heimil á gildistíma samninga.

Gagnvart einstökum forystumönnum gerir það

minnst til að þeir séu gerðir tortryggilegir. Verra er að í þessu felst ómakleg gagnrýni á ályktanir miðstjórnar, en langtum verst að í þessum skrifum er gengið út frá röngum forsendum um grundvallaratriði.

Sagt er að ríkisstjórnin ætli að virða samningsréttinn. Þetta er alrangt.

Í fyrsta lagi skal áfram standa í „bráðræðislögunum" að allir samningar skulu gilda a.m.k. til 15. febrúar. Þetta þýðir að þeir sem voru með lausa samninga um áramótin 1987/1988, BSRB, sjómenn, járniðnaðarmenn o.fl., og náðu ekki samningum áður en fyrsta útgáfa „bráðræðislaganna" tók gildi mega ekki breyta samningum fyrr en eftir 15. febr. 1989.

Í öðru lagi stendur áfram skýrum stöfum í nýjustu útgáfu laganna að hækkun launa, kjaratengdra liða og fleira er óheimil fram til 15. febrúar.

Í þriðja lagi er hnykkt á þessu atriði í einni lagagreininni þar sem segir að atvinnurekanda sé óheimilt að hækka laun, þóknanir o.fl. Það eru auðvitað þessi atriði sem eru brot á mannréttindum og ASÍ kærði til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Nú má spyrja: Hvernig hefur Þjóðviljinn fjallað um þessi „bráðræðislög" undanfarna mánuði? Því get ég ekki svarað með tilvitnunum vegna þess að ég safna ekki blaðinu. Ég hygg að í hugum flestra launamanna sé myndin þessi:

1. Þegar ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar setti „bráðræðislögin" 20. maí gagnrýndi Þjóðviljinn harðlega að verkalýðsfélögin voru svipt samningsrétti til 10. apríl 1989.

2. Þegar sama ríkisstjórn frestaði um ca. 30 daga launahækkun með viðbótarbráðabirgðalögum í ágúst og setti jafnframt á verðstöðvun, þá var ekkert verið að skafa utan af skepnuskapnum hjá ríkisstjórninni.

3. Eftir að ný ríkisstjórn var mynduð (með þátttöku Alþb.) og sett voru ákvæði sem styttu bannið við samningum um 55 daga, þá þótti Þjóðviljanum það stórt spor í rétta átt til mannréttinda. Það fór hins vegar minna fyrir gagnrýni á þá staðreynd að þessi lög nýju ríkisstjórnarinnar tóku af umsamdar launahækkanir fram til 1. mars 1989 og einnig þær lágmarkshækkanir sem „Þorsteinslög" gerðu þó ráð fyrir.

4. Þegar sú staða kom upp á Alþingi að óvíst var með framgang þessara „bráðræðislaga" í öllum útgáfum, þá er reynt að blekkja fólk með orðagjálfri í stað staðreynda og Þjóðviljinn heldur vart vatni fyrir hneykslun yfir því að forysta ASÍ tekur ekki þátt í því að ljúga að sjálfri sér og öðrum. Og fólk spyr áfram:

Túlkar ritstjórinn -m afstöðu blaðsins? Hefur Þjóðviljinn þá sem málgagn verkalýðshreyfingar breytt um afstöðu til samningsréttarins? Hvað veldur? Hvernig ætlar Þjóðviljinn að skrifa ef kröfur ASÍ um afnám samningsbanns í samningum ná fram að ganga á Alþingi? Verður einhverjum kennt um eða einhverjum þakkað? Hvernig hefði Þjóðviljinn fjallað um þessi mál ef Alþb. hefði verið í stjórnaraðstöðu?

Sem lesandi og kaupandi Þjóðviljans geri ég þá kröfu að fjallað sé efnislega um verkalýðsmál í blaðinu og skrif ritstjóra hafi rökrænt samhengi. Ritstjórinn -m má hins vegar mín vegna hafa þá prívatskoðun að verkalýðshreyfingin eigi að gera sig ánægða með samningsréttinn klipptan og skorinn."

Þetta eru tilvitnanir í skrif forseta og varaforseta Alþýðusambands Íslands um þetta efni. Þar kemur skýrt fram að um var að ræða verulegan misskilning. Gefið var til kynna að samningsréttinn ætti að gefa frjálsan. Með athöfnum var ekki aðhafst í samræmi við þessa yfirlýsingu. Þetta eru þær staðreyndir sem síðan hafa legið til grundvallar því að nú verður að taka af skarið í þessu efni og eyða þeirri óvissu sem uppi er.

Eins og fram hefur komið fela bráðabirgðalög ríkisstjórnarinnar í sér að engar ráðstafanir eru gerðar né eru á döfinni af hálfu ríkisstjórnarinnar til að treysta rekstrargrundvöll atvinnuveganna. Þó voru menn um það sammála flestir hverjir í sumar sem leið að lengur mætti ekki draga slíkar aðgerðir en fram í ágúst eða september. Ekki síst voru það hv. þm. Framsfl. sem voru þeirrar skoðunar og um það var ekki ágreiningur við til að mynda Sjálfstfl. að þessi tímasetning væri eðlileg. Nú hafa aðstæður breyst og Alþb. hefur fengið forustuhlutverk við stjórn efnahagsmálanna og það áhrifavald að koma í veg fyrir að nauðsynlegar aðgerðir séu gerðar. Hæstv. forsrh. mætti á fundi samtaka frystihúsaeigenda í landinu og mælti þar þau fleygu orð að Ísland væri nú komið nær þjóðargjaldþroti en nokkru sinni fyrr. Svo tók ég ekki betur eftir því þegar hæstv. forsrh. hugsaði upphátt á síðum Morgunblaðsins um helgina en hann talaði um þá menn í þriðju persónu sem væru að draga upp allt of dökka mynd af ástandinu í þjóðfélaginu og gera menn hrædda við það sem í vændum væri. Eru það mikil umskipti. Hæstv. forsrh. er nú ekki viðstaddur þessa umræðu fremur en venjulega í hv. deild og ég segi það alveg eins og er að ég geri ekki ráð fyrir því að margir sakni hæstv. forsrh.

Ég var að fjalla um það, hæstv. forsrh., að hæstv. ráðherra mætti á fundi með samtökum frystihúsamanna í landinu og lýsti því þá yfir að íslenska þjóðin stæði nær þjóðargjaldþroti en nokkru sinni fyrr. Olli sú yfirlýsing talsverðu írafári og menn veltu því fyrir sér hvort það ætti að taka hana bókstaflega eða eins og venjulega, en svo sé ég þegar hæstv. forsrh. hugsar upphátt á síðum Morgunblaðsins nú um helgina að hann er farinn að tala um þá menn í þriðju persónu sem eru að draga upp allt of dökka mynd af ástandi efnahagsmálanna og hafa nú yfirlýsingar gengið nokkuð á misvíxl.

Á sama fundi tilkynnti hæstv. forsrh. að hann hefði ákveðið að boða til langs ríkisstjórnarfundar. Það var með nokkuð dramatískum hætti tilkynnt öllum frystihúsaeigendum, bæði innan Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og þeirra sem selja á vegum

Sambands ísl. samvinnufélaga, að ríkisstjórnin hefði tekið þá miklu ákvörðun að boða langan ríkisstjórnarfund um afkomuvanda sjávarútvegsins. Menn sögðu sem svo: Nú hlýtur eitthvað mikið að gerast. Hæstv. forsrh. hefur bara tekið ákvörðun um að boða langan ríkisstjórnarfund. Og flestir voru býsna sáttir við þetta og sögðu að eðlilegt væri, þó að ýmislegt hefði dregist á langinn, að hæstv. ríkisstjórn fengi ráðrúm fram yfir þá helgi sem þá stóð fyrir dyrum til að taka endanlegar ákvarðanir og eðlilega kallaði það á langan ríkisstjórnarfund. Eitthvað dróst svo að hinn langi ríkisstjórnarfundur yrði haldinn. Svo kom sá stóri dagur og þá voru engar ákvarðanir teknar. En það var tilkynnt að það ætti að halda áfram að safna skýrslum og upplýsingum. Og enn er verið að tilkynna að það eigi að halda áfram að safna skýrslum og upplýsingum. Hæstv. forsrh. segir að það sé þörf á aðgerðum. Hæstv. fjmrh., sem hefur verkstjórnina með hendi, segir: Það verður engin gengisbreyting. Hæstv. viðskrh. segir: Það verður engin gengisbreyting. Ríkisstjórnin hefur lagt ákveðna og skýra línu með bráðabirgðalögum. Hún verður að standa og falla með því. Það verður að koma í ljós hver árangur verður af þeirri stefnu. Þannig talar ríkisstjórnin í margar áttir.

Ég vil nú vera þeirrar skoðunar vegna langra kynna af hæstv. forsrh. að hann sé þeirrar skoðunar að það þurfi að gera ráðstafanir og hann satt best að segja vilji gera ráðstafanir og ég er alveg sannfærður um að hann þarf ekki frekari skýrslur til að sannfæra sjálfan sig um að nú verður að gera ráðstafanir í þágu atvinnulífsins í landinu og sjávarútvegsins í landinu og samkeppnisiðnaðarins. Ég þekki hæstv. forsrh. svo vel að honum er alveg ljóst hvert ástandið er, hann þarf ekki frekari skýrslur þar um.

Staðreynd málsins er sú að það eru Alþb. og hæstv. fjmrh. sem fylgja annarri stefnu í efnahagsmálum og fá að ráða ferðinni í þessum efnum og það er það sem er að skapa þann mikla vanda sem við stöndum nú frammi fyrir. Það er sú stefna sem er að leiða til þess ófremdarástands sem við horfum fram á. Það verður ekki gerð nein krafa til nokkurrar ríkisstjórnar við þessar aðstæður að hún geti komið fram ráðstöfunum sem leiði til þess í einni svipan að atvinnulífið fari allt á fljúgandi ferð og allur vandi sjávarútvegsins verði leystur. Það væri fullkomlega óábyrgt að bera fram slíkar kröfur og ábyrgðarleysi að gagnrýna ríkisstjórn fyrir að gera ekki ráðstafanir sem nái svo langt. Það er einfaldlega ekki hægt við þessar aðstæður. En það verður að koma í veg fyrir að sjávarútvegurinn og iðnaðurinn stöðvist. Við vitum það og það er margsinnis viðurkennt, þar á meðal af hæstv. forsrh., að gengi krónunnar er of hátt skráð. Við verðum að treysta grundvöll atvinnurekstrarins. Það er ekki hægt að mæta þeim vanda með því að taka stöðugt meiri og meiri erlend lán eins og þessi ríkisstjórn er að gera og stefnir að því að gera samkvæmt þeim efnahagsforsendum sem liggja fyrir í fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar sem hún ætlar að afgreiða fyrir jól. Þær efnahagsforsendur byggja á því að taka erlend lán í vaxandi mæli og gera ekkert annað. Það leysir hins vegar ekki vanda atvinnuveganna. Það er hægt að framlengja í lífi nokkurra atvinnufyrirtækja með þeim hætti. En á þennan veg er verið að keyra vel rekin atvinnufyrirtæki niður í svaðið. Við þurfum mest á því að halda í dag að tryggja rekstur þeirra fyrirtækja sem vel eru rekin. Það eru þau sem skapa verðmætin. Það eru þau sem tryggja stöðugt batnandi lífskjör í landinu. En nú á að sverfa að þessum fyrirtækjum með því að neita að breyta rekstrarskilyrðunum. Það getur verið góðra gjalda vert að útvega fyrirtækjum lán, en rekstrarskilyrðin verða að vera fyrir hendi. Og það er verið að draga best reknu og vel reknu fyrirtækin niður í svaðið. Það er verið að reyna að framlengja lífdaga annarra. Það þýðir að best reknu fyrirtækin verða eftir nokkra mánuði komin í sömu spor og verst reknu fyrirtækin eru í í dag. Áframhaldandi óbreytt stjórnarstefna hefur þessar afleiðingar. Það er hryggilegt til þess að vita að Framsfl., sem hefur sýnt á því áhuga að koma fram úrbótum, skuli ekkert aðhafast í þessu efni og hæstv. fjmrh. skuli komast upp með að ráða þeirri kolröngu stefnu sem hér er fylgt í atvinnumálum og efnahagsmálum.

Hæstv. forsrh. greindi frá því að við stjórnarmyndunina hefðu verið gefnar út yfirlýsingar um að sjávarútvegurinn ætti með þeim að verða rekinn nokkurn veginn á núlli. Allt annað hefur komið á daginn. Hvort tveggja er að vandinn hefur haldið áfram að versna og þær ráðstafanir sem svo eru kallaðar hafa ekki borið neinn árangur. Þetta eru þær staðreyndir sem gera það að verkum að nýjar og nýjar skýrslur verða alltaf svartari eftir því sem kallað er eftir fleirum.

Það átti að lækka raforkuverð til fiskvinnslufyrirtækja og það var reiknað inn í grundvöllinn. Það hefur ekkert gerst í þessu efni, ekki neitt, ekkert verið aðhafst í því efni. Og það átti að lækka vexti. Vextir byrjuðu að lækka sl. haust. Það var eðlileg afleiðing gengisbreytingar í maí að verðbólga fór vaxandi fyrst á eftir. Þegar kúfnum var náð byrjaði verðbólga að lækka á nýjan leik og í lok ágúst var síðan sett á verðstöðvun. Nafnvextir lækkuðu þannig úr 40% niður í um það bil 25% frá því að þeir voru hæstir í júlímánuði og fram í septembermánuð. Síðan hafa nafnvextir lækkað nokkuð til viðbótar með áframhaldandi verðstöðvun. En það átti að lækka raunvexti og þannig tryggja afkomu atvinnuveganna. Hvað hefur nú gerst í raunveruleikanum í þessu efni? Afar lítið. Að nafninu til hafa raunvextir að vísu verið lækkaðir um innan við 1%, en í raunveruleikanum er þetta allt annað. Á verðbréfamörkuðunum eru vextirnir enn nokkurn veginn óbreyttir. Útlánavextir bankanna hafa lækkað, en þeir eru með sérstöku álagi upp á 1½–2% og eru þess vegna í raun ekkert lægri nú en þeir voru áður. Vextir á spariskírteinum ríkissjóðs voru lækkaðir nokkuð, en þau eru hætt að seljast. Bankastofnanir

og verðbréfafyrirtæki sem gerðu samning um það við hæstv. ríkisstjórn að selja spariskírteini ríkissjóðs á sl. sumri sitja núna uppi með birgðir upp á nálega 2 milljarða kr. sem ekki seljast. Og þessar birgðir af spariskírteinum koma ofan á það sem hæstv. ríkisstjórn ætlar svo samkvæmt nýjum fjárlögum að selja á næsta ári. Hvernig á að koma þessu í framkvæmd? Hvernig væri að fá skýr svör við þessu? Hvernig á að halda þessu áfram? Ef spariskírteinin seljast ekki í dag, hvernig á að selja þau á næsta ári? Það væri nauðsynlegt að fá skýr svör í þessari umræðu um þetta efni.

Staðreyndin er sú að þarna hefur enginn raunverulegur árangur orðið heldur af þeim biðleik sem ríkisstjórnin ákvað. Það er hægt að finna á pappírunum lækkun um prósentubrot en í raunveruleikanum ekki og það er allt á huldu með það hvernig viðskipti eigi að fara fram með þau bréf sem gefin eru út af þeim sjóði sem samkvæmt lögum heitir Atvinnutryggingarsjóður en hefur nú af flestum verið kallaður Stefánssjóður til heiðurs þeim manni sem óumdeilanlega er burðarás þessarar ríkisstjórnar. Flest bendir til þess enn sem komið er að þau bréf verði seld með miklum afföllum og mun hærri vöxtum en skráðir eru á pappírunum. Þannig er ljóst að sá biðleikur sem svo var kallaður hefur í raun og veru engu skilað.

Það er líka ástæða til að fá skýrari svör hér í umræðunni um starfsemi Atvinnutryggingarsjóðs, hversu mörg lán hafa verið veitt, hvort birta eigi nöfn þeirra fyrirtækja sem fá lánafyrirgreiðslu eins og gert er í Byggðasjóði, hvernig sjóðurinn starfar í dag. Það er ástæða til að spyrja um til að mynda ákvæði í 7. gr. bráðabirgðalaga núverandi hæstv. ríkisstjórnar þess efnis að Ríkisendurskoðun eigi að annast endurskoðun reikninga Atvinnutryggingarsjóðs og fylgjast með starfsemi hans, hvort Ríkisendurskoðun er þegar farin að fylgjast með starfsemi sjóðsins og hvort hún hafi gefið einhverjar skýrslur eða ábendingar um lánastarfsemi sjóðsins fram til þessa.

Þegar það svo liggur fyrir að hæstv. ríkisstjórn ætlar ekkert að aðhafast utan það að kalla eftir fleiri skýrslum og að lýsa því yfir af hálfu Framsfl. að það sé þörf á að aðhafast en með yfirlýsingum þeirra sem ferðinni ráða er ljóst að það á ekki að gera, genginu á ekki að breyta samkvæmt yfirlýsingum verkstjórans í efnahagsmálum, hæstv. fjmrh., og hæstv. viðskrh., þá kemur hæstv. ríkisstjórn hér inn með fjárlagafrv. sem byggir á auknum erlendum lántökum ríkissjóðs og ríkisstofnana og fjárfestingarsjóða ríkisins og sem byggir á stóraukinni skattheimtu. Hvernig má það ganga til? Þegar fylgja á eftir þeirri stefnu að atvinnuvegirnir hafa ekki rekstrargrundvöll, þeim eigi að blæða út, minnka auðvitað umsvifin í þjóðfélaginu. Ef á sama tíma á svo að auka umsvif ríkissjóðs eins og fjárlagafrv. gerir ráð fyrir þarf að hækka mjög hressilega skattheimtuhlutföllin í skattalögunum hvort sem þar er um að ræða tekjuskatta, vörugjöld eða söluskatt. Það þarf að auka skattheimtuna mjög hressilega. Tekjur fólksins í landinu minnka líka og ef á að fá auknar tekjur í ríkissjóð af minnkandi tekjum fólksins í landinu þarf líka að hækka skatthlutföllin mjög hressilega. Þegar þessum áformum er náð fram er búið að lama atvinnulífið hálfu meira en bara með því að láta reksturinn ganga í því horfi sem hann er núna. Þá minnka umsvifin enn og þá minnka tekjur launafólksins enn og þá þurfa þeir að koma aftur, hæstv. fjmrh. og fylginautar hans í ríkisstjórninni, og hækka skattana enn á ný.

Alþfl. mun fylgja eftir í því efni og hefur nú tekið mestu kúvendingu sem um getur í íslenskum stjórnmálum. Flokkurinn sem fór með það stefnuskrárákvæði fram í síðustu kosningum að nú ætti að gera hreint, nú ætti að hætta velferðarkerfi atvinnuveganna í ríkissjóði, flokkurinn sem gagnrýndi Sjálfstfl. eftir 14 mánaða samstarf fyrir að hafa ekki verið nógu ötull í að selja ríkisfyrirtæki. Hvað gerir hann núna? Það er verið að auka á velferðarkerfi atvinnuveganna í gegnum ríkissjóð. Það er verið að lama atvinnulífið í landinu með rangri gengisskráningu. Það er verið að brjóta upp í grundvallaratriðum þá miklu kerfisbreytingu í skattamálum sem komið hefur verið fram á undanförnum árum og Alþfl. var að hæla sér af að hafa átt hlutdeild í. Og Alþfl. heldur flokksþing og gefur út yfirlýsingu um efnahags- og atvinnumál sem ber þá yfirskrift að gjalda beri varhug við of mikilli áherslu á einkarekstur. Yfirskriftin á flokksþingssamþykkt Alþfl. í efnahags- og atvinnumálum er að gjalda varhug við of mikilli áherslu á einkarekstur eftir allt talið um það að samstarfsflokkarnir hafi ekki verið nógu duglegir við að selja ríkisfyrirtæki. Það er von að sumir kjósi sér að starfa í utanrrn. og vera sem lengst frá umræðum á Alþingi þegar þessi grundvallarbreyting er rædd í sölum þingsins.

Í fyrra voru gerðar umfangsmiklar breytingar á skattamálum í framhaldi af þeim breytingum sem áður höfðu verið samþykktar með staðgreiðslu skatta. Nú á að kollvarpa þessu. Á síðasta þingi voru með órjúfanlegum hætti tengd saman nokkur skattalög, þar á meðal breikkun á söluskattsstofni með því að leggja söluskatt á matvæli og svo hins vegar lækkun og einföldun á tolla- og vörugjaldskerfinu. Með alveg órjúfanlegum hætti voru þessi mál tengd saman. Og ég hygg að allir þeir flokkar sem áttu aðild að þeirri ríkisstjórn hafi tekið þær ákvarðanir á þeirri forsendu að það væri ekki verið að auka við framfærslubyrði fólksins í landinu þó að söluskattur hafi þá verið lagður á matvæli. Því var mætt með lækkun vörugjalda og tolla og einföldun á þessu kerfi. Nú kemur hæstv. fjmrh. Alþb. og segir: Þessu verður að breyta. Það verður að slíta þetta í sundur. Jafnvel hæstv. fjmrh., sem lýsti forvera sinn brennimerktan vegna skattheimtu á matvæli, segir nú: Það verður að halda skattheimtunni á matvæli óbreyttri áfram en samt að hækka vörugjöldin sem voru órjúfanlega tengd skattlagningunni á matvæli. Alþfl. fylgir auðvitað með í hlutlausum gír án þess að

skipta sér kannski mikið af því hvað fram fer í þessari ríkisstjórn eða hvaða efnahagsstefnu hún fylgir, ég tala nú ekki um hvaða stefnu hún fylgir í skattamálum. Og það er athyglisvert að það er ekki aðeins gagnvart atvinnuvegunum sem þessi afstaða kemur fram, að það á með stórauknum sköttum að auka á vanda atvinnuveganna, keyra þau fyrirtæki sem skila hagnaði niður í svaðið með því að auka skattheimtuna á þau, með því að raska atvinnuhagsmunum fólksins sem vinnur til að mynda í sælgætisiðnaði og byggingariðnaði. Það á líka að ráðast á þá hópa sem kannski hafa staðið veikast fyrir í íslensku þjóðfélagi, unga fólkið sem er að byggja sér þak yfir höfuðið og maður hélt um stund að Alþfl. hefði borið nokkra umhyggju fyrir.

Það á að hækka tekjuskattana á unga fólkinu í landinu, á unga fólkinu sem þarf að leggja á sig meiri vinnu og afla meiri tekna af því að það er að kaupa sér húsnæði. Það á að stórhækka tekjuskattana á þessu fólki í nafni félagshyggjunnar og með fylgispekt Alþfl. Og það er ekki nóg með að það eigi að gera þetta. Það á líka að auka byggingarkostnaðinn með því að hækka vörugjöld á mikilvægar byggingarvörur og gera þessu fólki enn erfiðara fyrir í nafni félagshyggjunnar og með fylgispekt Alþfl. Og svo veit ég ekki betur en að þegar komið er að veðdeild Landsbankans, þeirri stofnun sem annast um húsnæðisstjórnarlánin, eigi, þegar fólk er komið þangað með greiðsluerfiðleikalánin, að leggja sérstakan skatt á húsbyggjendur þar í gegnum skatt á veðdeild Landsbankans, á þá sem eru að sækja um húsnæðislán og greiðsluerfiðleikalán. Það er nákvæmlega sama hvar unga fólkið í landinu ber niður, hvort það er með því að afla sér viðbótartekna, hvort það er að kaupa byggingarefni eða hvort það er að sækja um lán. Alls staðar kemur hæstv. fjmrh. Alþb. með fylgispekt Alþfl. í nafni félagshyggjunnar og segir: Hér á að leggja á ykkur skatta, hvar sem niður er komið.

Hvar er nú komið þeirri umhyggju sem stundum hefur verið lýst í orði af hálfu Alþfl.? Hvar er hæstv. félmrh.? Hví tekur hann ekki þátt í þessum umræðum? Hví gerir hann ekki grein fyrir því með skýrum orðum hvernig Alþfl. er nú að koma fram við húsbyggjendur í landinu, unga fólkið í landinu? Hvers vegna gerir hæstv. félmrh. ekki skýra grein fyrir því að það sé nú markmið flokksins að koma með þessum hætti að húsbyggjendum hvar sem þeir bera niður? Ef þeir ætla að auka tekjur sínar; meiri skatta þar beint í ríkissjóð. Þar sem þeir koma að kaupa byggingarefni; meiri skatta þar. Þar sem þeir koma að taka lán; taka líka skatta þar. Það væri æskilegt að heyra hæstv. félmrh. skýra þessa hugsjón út. Hvaða hugsjón liggur að baki þessum ráðstöfunum? Hvernig má hún koma íslensku þjóðfélagi og íslenskum heimilum til góða? Hvers konar þjóðfélag er það sem við erum að sigla inn í ef þetta er hugsjónin á bak við það sem verið er að gera?

Svo liggja hér fyrir frumvörp um tekjuskatta sem hæstv. fjmrh. tilkynnti að fælu í sér hækkun á persónuafslætti, hækkun á skattleysismörkum, lækkun á sköttum einstæðra foreldra. Hann hefur sjálfsagt selt þessi frumvörp í þingflokkum stjórnarandstöðunnar á þessum rökum. Hann byrjaði a.m.k. á því að reyna að selja þjóðinni þetta í sjónvarpi með þessum rökum. Það kom svo á daginn þegar farið var að skoða frumvörpin að það hefur í för með sér lækkun á skattleysismörkum. Það hefur í för með sér lækkun á persónuafslætti. Það hefur í för með sér hækkun á sköttum einstæðra foreldra. Og Alþfl. fylgir hæstv. fjmrh. eftir í nafni félagshyggjunnar í einu og öllu. Ekkert hik á því. Hraustir menn, þeir í Alþfl., kokvíðir og geta gleypt allt sem áður var sagt.

Það er stundum gott að vera hraustur, en menn þurfa líka stundum að vera samkvæmir sjálfum sér. Menn þurfa líka stundum að vera trúir hugsjón sinni og líka sjá fyrir afleiðingar af því sem verið er að gera. Það er ekki verið að rétta íslenskt atvinnulíf við. Það er verið að keyra það niður í meira svað. Og það eru engin rök fyrir því að með þessum hætti sé verið að bæta afkomu atvinnufyrirtækja eða heimilanna í landinu eða skapa heilbrigðari skilyrði í efnahagslífinu. Það eru þess vegna engin raunverulег markmið og engar afsakanir fyrir þeim kollsteypum sem hér hafa verið teknar af þingmönnum Alþfl.

Vörugjaldsfrv. sem þessu er tengt er svo þáttur út af fyrir sig sem er illskiljanlegt að Alþfl. skuli standa að og býsna ósvífið í ljósi þeirra ákvarðana sem teknar voru á síðasta þingi. En hvernig er nú staðan í þessum efnum? Því er haldið fram af hæstv. ríkisstjórn að fjárlagafrv. sé einfalt bókhaldsfrv., debet og kredit, það sé hægt að auka ríkisumsvifin og þá þurfi sjálfkrafa að kalla á meiri skatta hvernig sem ástatt er í þjóðfélaginu og með því móti sé verið að lækna alla hluti og allar meinsemdir í íslensku efnahagslífi. Ég vil af þessum sökum fá að vitna í grein í Vísbendingu eftir dr. Þorvald Gylfason sem fjallar m.a. um þetta atriði. Með leyfi forseta segir í þessari grein:

„Þegar fjárlagafrv. og lánsfjárlagafrv. fyrir næsta ár eru skoðuð í víðu samhengi kemur á daginn að heildarlánsfjárþörf ríkisins er mjög veruleg, jafnvel þótt A-hluti ríkisbúskaparins sýni afgang. Taflan sýnir", sem fylgir með greininni, „að verg lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs nemur 4,7 milljörðum kr. Þessa fjár á að afla með sölu spariskírteina ríkissjóðs. Við þessa fjárhæð bætast fyrirhugaðar lántökur byggingarsjóða í B-hluta, að mestu hjá lífeyrissjóðum, en þær nema 9,5 milljörðum kr. Þar að auki er sveitarfélögum, fyrirtækjum með eignaraðild ríkissjóðs og ýmsum opinberum sjóðum ætlað að taka 8,9 milljarða kr. að láni innan lands og utan. Þannig verður heildarlánsfjárþörf, þ.e. greiðsluhalli ríkisins, 23,1 milljarður kr. á næsta ári þegar allt er tekið með í reikninginn. Þessi fjárhæð er 63% hærri en í fjárlagafrv. fyrir 1988. Takið eftir því að lánsfjárþörf A-hlutans eykst um aðeins 12% á milli ára, en lánsfjárþörf B-hlutans eykst um 53% og C-

hlutans um 134%. Fyrirhugaðar erlendar lántökur ríkisins í C-hluta þrefaldast eða því sem næst frá frv. ársins í fyrra. Af þessu má sjá hversu villandi það getur verið að einblína á A-hlutann í stað þess að skoða ríkisbúskapinn í heild.

Heildarlánsfjárþörf ríkisins er þó ekki réttur mælikvarði á þensluáhrif ríkisfjármála. Þetta stafar af því að verulegum hluta ríkisútgjalda í víðum skilningi er varið í vaxtagreiðslur og afborganir af skuldum ríkisins við útlönd og við Seðlabanka Íslands. Þessar greiðslur, sem nema 13,3 milljörðum kr. á næsta ári samkvæmt frumvörpunum tveim, renna til útlanda og í Seðlabankann og valda því væntanlega engri þenslu hér heima. Séu þær dregnar frá fyrirhugaðri lánsfjárþörf næsta ár standa 9,8 milljarðar kr. eftir. Þetta er þensluhallinn sem ég hef kallað svo."

Þetta eru orð dr. Þorvalds Gylfasonar sem Alþfl. hefur stundum litið til. Það er m.ö.o. ekki nóg að einblína á A-hluta ríkissjóðs og segja að með því að hafa hann í jafnvægi upprætum við allar meinsemdir í þessu þjóðfélagi. Og ofan í þetta kaup, sem dr. Þorvaldur er að benda á, liggur það fyrir að spariskírteini ríkissjóðs seljast ekki og bankastofnanir og verðbréfamarkaðir eiga núna 2 milljarða kr. nánast í birgðum ofan á það sem ríkissjóður þarf að selja á næsta ári. Svo er verið að stórauka erlendar lántökur til atvinnuveganna og hefur verið gengið nokkuð langt fram í því á undanförnum vikum. Það verður að hafa þetta dæmi í heild sinni í huga þegar verið er að tala um þenslu í þjóðfélaginu. Það er barnaskapur að koma hingað upp og segja: A-hluti ríkissjóðs verður að vera í jafnvægi á sama tíma og allt annað á að vera galopið í aukinni þenslu, B-hluti ríkissjóðs, C-hluti lánsfjárlaganna, allt opið, allt galopið og ekkert aðhald, bara þensla! Og svo peningastefna sem leiðir til þess að ríkissjóður getur ekki fengið þann sparnað á innlendum markaði sem hann þarf á að halda með því að spariskírteinin seljast ekki. Að koma hingað inn á Alþingi og segja að það læknist allt með því að hafa A-hluta ríkissjóðs í lagi. Það er í lagi að keyra atvinnulífið í kaf. Það er í lagi að láta sjávarútveginn og iðnaðinn sökkva í kaf, hafa ekki rekstrargrundvöll. Það er í lagi að auka skuldir í B-hluta ríkissjóðs og erlend lán. Það er í lagi að láta C-hluta lánsfjárlaga stórauka erlendar lántökur. Allt í lagi. Þetta bara ræðum við ekki, þetta er ekki til umræðu, segir hæstv. ríkisstjórn. Það eina sem við þurfum er að hækka skattana til að hafa jöfnuð á A-hluta ríkissjóðs. Auðvitað stangast hér hvað á annars horn. Auðvitað er hér ekkert samræmi í því sem verið er að segja og gera. Auðvitað fær þessi efnahagsstefna ekki staðist.

Herra forseti. Ég hef með nokkrum almennum orðum vikið að því frv. sem hér liggur fyrir, var í upphafi sett af fyrrv. ríkisstjórn en hefur í öllum meginatriðum verið breytt og er nú að stofni til lög núv. hæstv. ríkisstjórnar og tengist því frv. sem er burðarás í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, stefnu sem leiðir til fallandi gengis atvinnuveganna og versnandi lífskjara fólksins í landinu, stefnu sem mun á nýju ári leiða til þess að verðbólga fer hér vaxandi á nýjan leik og vextir fara hækkandi. Að óbreyttri stefnu mun verðbólga fara vaxandi á nýju ári og vextir fara hækkandi jafnframt því sem stoðunum er endanlega kippt undan rekstri atvinnuveganna. Þetta er kjarni efnahagsstefnunnar sem þessi frv. fela í sér. Þessari stefnu verður að breyta. Fyrsta verkið er að horfa á hagsmuni atvinnulífsins, marka atvinnulífinu í landinu eðlileg rekstrarskilyrði. Síðan geta menn tekist á við útgjöld og tekjur ríkissjóðs og mótað afstöðu til lánsfjárlaga og nauðsynlegs aðhalds í ríkisfjármálum. Þetta eru forsendurnar fyrir því að við getum skapað meira verðmæti í þjóðfélaginu, komið á stöðugleika, dregið úr verðbólgu og lækkað vexti og skapað eðlileg starfsskilyrði fyrir atvinnulífið og fólkið í landinu.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Með leyfi hæstv. forseta langar mig til að byrja mál mitt með tilvitnun í frétt í Morgunblaðinu 11. þessa mánaðar. Sú frétt ber yfirfyrirsögnina „Heildarfiskaflinn stefnir í 1,7 milljónir tonna í ár" og undirfyrirsögn hljóðar svo: „Líkur á því að útflutningsverðmæti verði svipað og í fyrra."

Í aðfaraorðum fréttarinnar segir svo: „Árið í ár færir Íslendingum að öllum líkindum meiri afla úr sjó en nokkru sinni áður. Miðað við aflabrögð til þessa og spá Fiskifélags Íslands verður aflinn rúmlega 1,7 milljónir tonna og verður það þá í fyrsta sinn sem afli fer yfir það mark. Botnfiskafli verður svipaður þrátt fyrir samdrátt í þorskafla og loðnu- og síldarafli eykst talsvert. Minna hefur hins vegar veiðst af skelfiski nú en í fyrra. Verðmæti aflans upp úr sjó eykst verulega og þrátt fyrir verðlækkanir á frystum fiski erlendis má áætla að heildarverðmæti útfluttra sjávarafurða verði svipað og á síðasta ári, um 42 milljarðar kr. Þar skiptir mestu veruleg verðhækkun á loðnuafurðum og um 100 þúsund tonna aflaaukning í heildina."

Síðan er fjallað í fréttinni um aflabrögðin nokkru frekar og eru birtar ýmsar tölur, en síðar segir, með leyfi forseta:

„Að loknum ágústmánuði hafði verðmæti þorsks upp úr sjó aukist um 11% miðað við sama tíma í fyrra, verðmæti ýsu um 64%, loðnu um 61% og heildarverðmæti aflans um 14%. Það var þá 20,4 milljarðar kr. en 1987 17,8. Áður fyrr mátti áætla útflutningsverðmæti tvöfalt aflaverðmæti, en það er hæpið nú, bæði vegna útflutnings á ísuðum fiski og verðlækkunar á dýrustu afurðunum. Í júlílok var útflutningsverðmæti sjávarafurða að lagmeti meðtöldu um 25,4 milljarðar kr. og var þá 6,7% lægra en á sama tíma árið áður. Á þeim tíma er veruleg verðhækkun á loðnuafurðum ekki farin að skila sér, enda veiðar og vinnsla ekki hafin. Með aukningu heildarafla um 100 þús. tonn, megnið af því loðna og síld, og verðhækkun á loðnuafurðum má því reikna með því að heildarverðmæti útfluttra sjávarafurða verði svipað og á síðasta ári, um 42 milljarðar kr.

Verðmæti hefur því aldrei verið meira reiknað á verðlagi hvers árs fyrir sig."

Ekki er nú hægt að segja, virðulegi forseti, að þessi frétt af aflabrögðum og verðmætasköpun í undirstöðuatvinnuvegi okkar Íslendinga sé uggvekjandi eða lituð af svartsýni og hef ég hvergi séð þessari frétt mótmælt sem ósannri og rangri mynd. Aflinn hefur aldrei verið meiri og verðmætið aldrei meira reiknað á verðlagi hvers árs fyrir sig.

Á sama tíma er talað um kreppuástand, hrun atvinnuveganna, fyrirtækin að brenna upp, þjóðlíf standi á brauðfótum og sjálfur hæstv. forsrh. gengur svo langt að segja okkur nálgast þjóðargjaldþrot. Á sama tíma telja stjórnvöld brýna nauðsyn bera til að hefta launafólk í fjötra launafrystingar og samningsbanns. Samt hefur aflinn aldrei verið meiri og verðmæti hans aldrei meira en á þessu ári sem kemur í kjölfar einhvers mesta góðæris í manna minnum. Samt hefur aflinn aldrei verið meiri og verðmæti hans aldrei meira. Von er að einhvern bresti skilning og þolinmæði gagnvart sífelldu fálmi stjórnvalda, aðgerðarleysi eða hálfkáki.

Hér stöndum við nú á annasamri aðventu jóla og ræðum vorverk síðustu ríkisstjórnar og haustverk núv. ríkisstjórnar, hvort tveggja skilgreint sem aðgerðir í efnahagsmálum til þess að bregðast við erfiðu ástandi í efnahags- og atvinnumálum. Nú stendur svo á að þeim hefur verið blandað nokkuð saman, þ.e. að því er tekur til launafrystingar sem núv. ríkisstjórn framlengdi í óðagoti sínu í haust. Það varð fyrsta verk þessarar ríkisstjórnar, sem nú situr, fyrsta verk ráðherranna í valdastólum sínum. Svo mjög lá þeim á að troða úrræðum sínum upp á þjóðina að þeir töldu sér ófært að bíða með lagasetningu þá fáu daga sem voru til þingsetningar. Hér er rétt að minna á afstöðu ⅓ af tríóinu sem þá var reyndar utan stjórnar. En svo litla ábyrgð finnst þeim þeir líklega bera á þessari lagasetningu að þeir sjá sér ekki fært að vera við þessa umræðu. Sennilega væru eyru þeirra hálflokuð ef þeir væru hér hvort eð er og ég ætla ekki að gera kröfu til þess sérstaklega að þeir séu sóttir. En miðað við háværar kröfur þeirra í fyrra í garð þáverandi ráðherra um að vera viðstaddir umræðu skýtur nú nokkuð skökku við hvað þeim finnst lítið áríðandi að hlýða á það sem fulltrúar stjórnarandstöðunnar hafa að segja í umræðum á Alþingi.

En mér finnst nauðsynlegt að minna á að seint í ágúst á þessu ári kom þingflokkur Alþb. saman til fundar á Hallormsstað og skrifaði þar bréf. Þingflokkurinn skrifaði þáv. forsrh. Þorsteini Pálssyni bréf og óskaði eftir því við ríkisstjórnina að Alþingi yrði kallað saman til funda eigi síðar en tíu dögum eftir dagsetningu bréfsins. Í bréfinu sagði m.a., með leyfi forseta:

„Mikil óvissa ríkir nú í þjóðmálum. Ríkisstjórnarflokkarnir koma sér ekki saman um neitt nema skerða kjör launafólks eins og nú hefur verið gert með enn nýjum bráðabirgðalögum sem svipta launafólk launahækkunum sem áttu að koma til móts við hinar miklu verðhækkanir að undanförnu. Opinskátt er rætt um frekari bráðabirgðalög á næstunni aðeins örfáum vikum eða dögum áður en Alþingi komi saman. Þingflokkur Alþb. telur með öllu óverjandi að grípa nú til setningar umdeildra bráðabirgðalaga af ríkisstjórn sem riðar til falls og einkennist af óheilindum og sundurþykkju."

Þetta var skoðun Alþb. í ágúst. En mánuði seinna eða þar um bil stóð það að því að setja bráðabirgðalög þau sem við nú ræðum í dag og dæmi nú hver fyrir sig sem honum sýnist um þennan málflutning og snör sinnaskipti.

Það verður eflaust forvitnilegt að heyra þegar stjórnmálamenn fara á hefðbundinn hátt að minnast atburða liðins árs við áramót. Ekki er ólíklegt að einhverjum verði það fyrir að minnast ársins 1988 sem ársins þegar bráðabirgðalög voru sett örfáum dögum eftir þingslit að vori og aftur örfáum dögum áður en þing kom saman að hausti. Skyldi það vera borin von að við þurfum ekki að upplifa fleiri slík ár í þessu tilliti?

Núverandi ríkisstjórn stendur ekki síður völtum fótum en sú fyrri, en vissulega af öðrum ástæðum. Þessi ríkisstjórn hefur ekki meiri hluta í þessari deild. Hún byggir tilveru sína á óvissum stuðningi huldumanna sem bónus þessarar happaþrennu taldi sig hafa ráð yfir hér á Alþingi. Það er að koma betur og betur í ljós hvílík ósvífni það var af hæstv. ríkisstjórn að setja þessi bráðabirgðalög sem við höfum nú loks fengið til meðferðar og er skipt raunar á milli þessara þingmála sem við ræðum í dag. Kvennalistinn gerði þá kröfu strax eftir myndun núv. ríkisstjórnar og setningu þessara bráðabirgðalaga að þau kæmu strax til kasta Alþingis svo að í ljós kæmi hvern stuðning þau og ríkisstjórnin hefðu. Hingað í hv. Nd. eru þau nú komin vonum seinna í miðju annríki lokadaganna fyrir jólaleyfi hvernig sem fer um það leyfi.

Um efni þessara bráðabirgðalaga hefur svo margt verið sagt að hv. þm. þekkja þau út og inn og vafalaust afstöðu Kvennalistans til einstakra greina þess frv. sem hér er til umræðu. Þingkonur Kvennalistans í Ed. fjölluðu um þau þar í löngu máli og gerðu þar tillögur til breytinga, bæði einar sér og ásamt þingmönnum Sjálfstfl. og Borgfl. Hvað varðar það þingmál sem nú er til umræðu, þ.e. 20. málið, sem er á þskj. 243 eins og það er komið frá Ed., snýr höfuðgagnrýni okkar vitaskuld að þeim ákvæðum bráðabirgðalaganna sem lúta að launafrystingu og afnámi samningsréttar. Um þau atriði mætti hafa mjög langt mál og jafnvel lesa eitthvað af þeim fjölmörgu ályktunum, yfirlýsingum og greinum frá félögum og samtökum sem hafa birst undanfarnar vikur. Það ætla ég þó ekki að gera, enda afstaða okkar löngu kunn og þarflaust í sjálfu sér að leiða fram vitni í löngum röðum til stuðnings þessum sjónarmiðum okkar. Það er einfaldlega óþolandi að stjórnvöld skuli með þessum hætti ráðast að launafólki, sem flest hefur ekki annað en eigin vinnu til að lifa af, og svipta það umsömdum launahækkunum

og réttindum til að semja um kjör sín. Hér er líklega rétt að komi fram að útspil hæstv. ríkisstjórnar við afgreiðslu málsins í Ed. breytir engu um afstöðu okkar í þessu efni. Það útspil var hæstv. ríkisstjórn gersamlega útlátalaust, enda túlkað nánast sem smekksatriði og breytti litlu fyrir launafólk þótt auðvitað verði að gefa mönnum prik fyrir viðleitni þótt klaufaleg væri. En svo virðist sem þetta atriði hafi gert einhverjum fært að réttlæta afstöðu sína til málsins í heild. En þessi viðleitni svo og breytt afstaða Sjálfstfl. vekja óneitanlega von um að frekari breytingar nái fram að ganga í Nd., eða nánast vissu, svo fremi sem allir þingmenn þingflokka stjórnarandstöðu verði jafnsamstiga í þessari deild og í Ed., en við hljótum að gera ráð fyrir því á meðan ekki kemur annað á daginn.

Það sem e.t.v. er ámælisverðast alls í gjörðum núv. ríkisstjórnar er þó sú staðreynd að á sama tíma og hún tekur sér það vald að ákveða þak á almenn laun og leyfir jafnframt hækkun verðlags af völdum erlendra kostnaðarhækkana leggur hún til breytingar á lögum í tekjuöflunarskyni sem hljóta að hafa veruleg áhrif á afkomu launafólks og heimila. Á ég þar t.d. við frv. um vörugjald og um tekju- og eignarskatta. Þetta er auðvitað ólíðandi með öllu og hlýtur að skoðast sem sérstök árás á launafólk, auk þess sem það er afar ólíklegt að þetta dæmi gangi upp reikningslega. Það gengur auðvitað ekki að þrengja svo að launafólki úr öllum áttum í senn og við það verður ekki unað. Það er siðleysi gagnvart launafólki og það hreinlega borgar sig ekki fyrir ríkissjóð. Kvennalistinn getur ekki samþykkt nein slík frv. til tekjuöflunar sem þrengt geta hag launafólks og heimila sem eru í spennitreyju fyrir.

Ég ætla ekki að fara miklu fleiri orðum um frv. að sinni, en það má ljóst vera að við kvennalistakonur munum flytja brtt. sem lúta að afnámi launafrystingar svo sem við gerðum í Ed. Ef þær verða felldar hljótum við að benda á óréttlætið sem felst í 7. gr. frv. eins og það kom frá Ed. á þskj. 243 þar sem segir að gjaldskrár fyrirtækja og stofnana á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli ekki hækka til 28. febr. 1989, þó með þeirri undantekningu að tekið skuli tillit til hækkana á verði innfluttra aðfanga. Við sjáum satt að segja ekkert réttlæti í því að fyrirtæki og stofnanir hafi sínar tekjur verðtryggðar á meðan launafólk hefur það ekki. En ríkisvaldið sýnir með þessu að því er annara um stofnanir sínar og fyrirtæki en fólkið sem hefur ekki annað að selja en vinnuna sína.

Hæstv. forsrh. lauk máli sínu áðan með því að fjalla nokkuð um efnahagsástand almennt sem reyndar virðist ekki ýkja mikið í tengslum við þá frétt sem ég vitnaði til í upphafi míns máls. Hann sagði svo að lokum að þær efnahagsaðgerðir væru aðeins undanfari þess að gripið yrði til viðameiri aðgerða og boðaði samráð við stjórnarandstöðuna. Nú komu þar engar vísbendingar fram um hvað líklegt væri að fælist í þessum orðum, en vissulega hefur hvarflað að manni síðustu dagana og við þessi orð hæstv. ráðherra að menn séu smám saman að átta sig á hugmynd Kvennalistans frá því í stjórnarkreppunni í haust um samstjórn allra þingflokka. Ekki skal ég segja hversu raunhæf sú hugmynd er nú úr því sem komið er, en það er út af fyrir sig þarflegt að ríkisstjórnin skilji það og viðurkenni að hún hefur ekki nægan styrk ein og sér. Hún verður að taka tillit til þess sem stjórnarandstaðan hefur fram að færa.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Það er vissulega að mörgu að hyggja í sölum Alþingis þessa dagana og auðvitað margt sem verður undan að láta í þeirri tímaþröng sem hér er. En ég vil leyfa mér að kvarta við hæstv. forseta þessarar deildar undan vinnubrögðum í hv. félmn. deildarinnar og skal ég rekja nokkuð hvað fyrir mér vakir með því.

Fundur hafði verið boðaður í hv. félmn. í morgun kl. 11 til að fjalla þar um þau mál sem fyrir nefndinni liggja. Fulltrúar minni hlutans í nefndinni höfðu fallist á að til þess fundar kæmu nokkrir aðilar er gætu orðið nefndinni til leiðbeiningar um þau mál sem þar eru áður en þau yrðu tekin til afgreiðslu. Síðan, eins og öllum deildarmönnum er kunnugt, var boðað til þingflokksfunda í morgun og af þeim sökum var m.a. fallið frá fundi í fjh.- og viðskn. deildarinnar þar sem ég á sæti nú í forföllum annars hv. þm. og auðvitað var út frá því gengið að fundi hv. félmn. yrði frestað og hann boðaður á öðrum tíma þegar öllum hentaði.

Mér er nú tjáð, virðulegi forseti, að formaður nefndarinnar hafi einn setið á fundinum með gestum nefndarinnar og átt við þau að vísu óformlegan fund því að fundur í nefndum deildarinnar er ekki löglegur nema þar séu a.m.k. fjórir mættir. En síðan hefur hann falið starfsmanni nefndarinnar að leggja fyrir nefndarmenn drög að nefndarálitum fyrir tveimur málum og beðið þá að rita þar undir. Ég vil lýsa algerri furðu minni á þessum vinnubrögðum og beini því til forseta að hann grennslist fyrir um hverju þetta sætir.

Er það svo í þeirri tímaþröng sem þingmenn verða að vinna við um þessar mundir að þetta séu þau vinnubrögð sem eigi að taka upp, að það eigi bara að afgreiða mál utan nefndarfunda og það meira að segja mál sem eru umdeild og menn hafa boðað breytingartillögur við eins og ég gerði í ræðu minni við 1. umr. um annað þeirra mála sem hér er á ferðinni? Er það virkilega svo að forgangsröð ríkisstjórnarinnar sé þannig að mál sem þessi eigi að taka tíma frá umræðum hér í hv. deild um bráðabirgðalög ríkisstjórnarinnar og um tekjuöflunarfrumvörpin og annað það sem hér er á ferðinni og skiptir verulegu máli?

Ég mun ekki una þessum vinnubrögðum. Ég geri að sjálfsögðu kröfu til þess að það verði haldinn fullboðaður og eðlilegur fundur í hv. félmn. þar sem okkur nefndarmönnum gefst færi á að ræða við fólk sem boðað hefur verið til fundar við nefndina og að mál séu ekki afgreidd á göngum þingsins eins og

þetta er í pottinn búið. Okkur er öllum kunnugt um að þegar mál eru ágreiningslaus hefur nefndarmönnum sem ekki hafa átt þess kost að mæta á nefndarfundi oft verið gefinn kostur á að skrifa upp á nál. Þar er um að ræða mál sem hafa áður verið afgreidd með formlegum hætti og bókuð út úr viðkomandi nefnd. Hér er alls ekki um það að ræða og hér er þar að auki um að ræða mál sem eru, a.m.k. annað að hluta til, ágreiningsmál.

Ég lýsi megnustu vanþóknun á þessum vinnubrögðum og óska skýringa forseta á þeim auk þess sem ég krefst þess að þessi mál fái formlega rétta meðferð í þingnefndinni. Við annað verður að sjálfsögðu ekki unað í hv. deild.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Forseta barst vitneskja um þetta mál, reyndar frá hv. 17. þm. Reykv., fyrir hálftíma síðan eða svo. Ég gerði þá þegar ráðstafanir til þess að fá formann nefndarinnar á minn fund. Hann hefur ekki fundist enn þá. Þar mun ég einmitt taka þetta umkvörtunarefni upp við formanninn og koma á framfæri þeim skoðunum sem hv. þm. lét hér í ljós og óska eftir því að mál fái formlega afgreiðslu.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Þau frv. sem hér liggja fyrir til umræðu um efnahagsaðgerðir eru annars vegar lög sem voru sett í þingbyrjun og hins vegar þau lög sem voru sett sl. vor. Í umræðum hefur komið fram að hér á sér stað uppgjör við þessa umræðu á milli fyrrv. stjórnarflokka og þeirra sem nú sitja í stjórn um hvað gerðist í þessum málum og af hverju það stjórnarsamstarf brast. Ég vil ekki blanda mér í þær umræður og tel að þeir flokkar sem þar koma að málum verði að útkljá það sín á milli. Það er okkur óviðkomandi að öðru leyti en því að afleiðingarnar eru þær að núna hefur sest að völdum ríkisstjórn sem hefur ekki þingmeirihluta á bak við sig. Það þýðir að þau frumvörp sem hér liggja fyrir ná ekki fram að ganga í Nd. nema samstarf við stjórnarandstöðuna takist.

Nú er það svo að auðvitað erum við, a.m.k. í Borgfl., sammála um að atvinnulífið í landinu gangi og þau hjól sem snúa okkar undirstöðuatvinnugreinum séu á fullri ferð. En það verður að gera með þeim hætti að allir geti verið ánægðir með það og að það séu raunhæfar aðgerðir.

Á síðasta þingi vöruðum við í Borgfl. við þeim efnahagsaðgerðum sem voru þá í frammi hafðar, við fjárlögum sem voru afgreidd síðast og við höfum varað við þeirri efnahagsstefnu sem nú hefur verið fylgt. Allar þær ráðstafanir sem hafa verið gerðar í ríkisfjármálum hafa stuðlað að því að svo er komið sem nú er. Því var reyndar lýst yfir að menn vildu að sú spenna sem hefur verið í þjóðfélaginu yrði minni eða félli niður. Afleiðingin er sú að núna er ekki lengur um spennu í þjóðfélaginu að ræða. Það er samdráttur. Þetta er afleiðing af gerðum í ríkisfjármálum, en eitt af því sem ríkisstjórn hverju sinni verður að vita er hvort hún vill hafa spennu í þjóðfélaginu eða, eins og áður var kallað, velmegun. Þetta er ein af þeim leiðum sem hver ríkisstjórn verður að gera upp við sig hvernig hún vill standa að. En það gengur ekki að halda áfram á sömu braut, að auka skatta á sama tíma og það er verið að leggja til aðgerðir til að bjarga atvinnulífinu í landinu. Viðvaranir Borgfl. og okkar þingmanna á þinginu síðast eiga fullan rétt á sér núna. Þá má spyrja hvað menn hafi hugsað til að bæta úr þessu. Við sjáum að ef staða fyrirtækjanna er svo sem talin er, að þau nái ekki endum saman, hlýtur það einnig að vera alveg ljóst að auknir skattar á sömu fyrirtæki eru ekki til að bæta ástandið þannig að þær aðgerðir sem liggja annars vegar fyrir í svokölluðum bráðabirgðalögum og hins vegar í skattafrumvörpum ganga í sitt hvora áttina. Við viljum leggja áherslu á að það verði þá með sama hætti lækkaðir skattar á fyrirtækjum og fólkinu í landinu til þess að það verði meira fjármagn í umferð og fólkið og fyrirtækin hafi meira fé. En öll lagafrumvörp sem hér hafa verið flutt ganga í öfuga átt. Það er ekki rétt á sama tíma og við erum að flytja frv. um viðamiklar björgunaraðgerðir fyrirtækja í sjávarútvegi að ákveða að auka skatta á fyrirtækin. Þetta er stefna sem stangast á.

Við í Borgfl. höfum flutt tillögur í Ed. um nokkur atriði sem við teljum vera til bóta á þeim bráðabirgðalögum sem hér liggja fyrir. Ég tel að það mætti vel ígrunda þær örlítið betur því að það er ekki til bóta, eins og hefur komið fram, að hér sé byggt upp eitt kerfið í viðbót við Byggðastofnun þannig að ný Byggðastofnun rísi með þessum bráðabirgðalögum heldur sé eðlilegra að notast við það kerfi sem er þegar til.

Það eru mörg ákvæði sem væri hægt að fjalla um hér. Ég vil ekki lengja þessa umræðu mikið um þau sérstaklega, en þó verður að víkja að þeim atriðum sem varða kjarasamninga. Það er nokkuð ljóst að skoðanir eru skiptar um þá hluti. Við höfum lagt til að kjarasamningar séu frjálsir og verkalýðshreyfingin fái samningsréttinn strax, en það eru ekki allir sammála um það í verkalýðshreyfingunni þannig að það er sín hver skoðunin uppi um það. Ég tel að það sé mjög mikilsvert að ef það séu lög í landinu sem heimila frjálsa samninga séu þau virt. Annars er miklu eðlilegra að hafa engin lög í landinu sem heimila frjálsa samninga. Það er mjög mikilvægt að þau lög sem eru í landinu séu virt og ekki sé sífellt verið að skerða þau eins og hefur verið gert æðioft á undanförnum árum.

Við þessa umræðu verður ekki hjá því komist að líta á stefnuna í peningamálum og stöðu heimilanna. Hér á hinu háa Alþingi hafa farið fram umræður sem hafa nær eingöngu fjallað um að leggja skatta á heimilin í landinu, leggja skatta á fólkið, en það hefur ekki verið fjallað um á hinu háa Alþingi af hæstv. ríkisstjórn að auðvitað verður fólkið sem býr í landinu að fá auknar tekjur ef það á að leggja á svo mikla aukna skatta. Það er alveg ljóst að staða margra heimila í landinu er mjög bágborin og með

auknum sköttum mun sú staða ekki batna. Ég vil enn ítreka þá skoðun mína varðandi eignarskatta sem hafa verið hér lagðir fram svo háir að þeir þekkjast hvergi hærri í heiminum að ég veit um. Á Norðurlöndunum eru þeir smábrot af þessu því mönnum dettur ekki í hug að leggja eignarskatta á með þessum hætti og sérstaklega ekki á íbúðarhúsnæði því að menn hafa gert sér grein fyrir því að íbúðarhúsnæði er enginn skattstofn eins og hér hefur verið fundið út og landshlutum þar að auki mismunað eftir því hvort menn búa í eign sem selst betur eða verr. Þetta er kjarnaatriði. Við hljótum að staldra við það að íbúðarhúsnæði hlýtur að vera fyrst og fremst til að búa í því en ekki til að leggja á skatta. Ég tel að þetta sé hugsanaskekkja hjá þeim sem hafa sífellt verið að auka þessa skatta. Það er svo um allan heim að menn leggja ekki háa skatta á íbúðarhúsnæði. Menn gera sér grein fyrir því að þegar menn hafa eignast íbúðarhúsnæði, þá er það hús sem menn búa í gjarnan til æviloka og tekjur manna vaxa ekkert í hlutfalli við húsin sem þeir búa í. Þeir fá ekkert hærri tekjur þó að þeir búi í verðmætara húsi. Hér er því verið að leggja vitlaust mat á verðmæti og þar að auki er verið að mismuna fólki eftir landshlutum. Þessir hlutir koma inn á aðgerðir í efnahagsmálum á sinn hátt vegna þess að það verður ekki hjá því komist að verði þessir auknu skattar lagðir á til að auka þenslu ríkisins munu þau bráðabirgðalög sem hér eru til að bæta stöðu atvinnuveganna vera gagnslaus því að verkalýðshreyfingin í landinu er nauðbeygð til að krefjast miklu hærri launa en annars væri. Þetta er auðvitað það sem mun gerast. Það mun verða hér allt logandi í verkföllum og kjaradeilum vegna þess að fólkið, hin vinnandi hönd þarf á hærri tekjum að halda. Þá verða fyrirtækin að borga hærri laun og þá erum við komin í sömu stöðu aftur. Það er verið að leika sér að eldinum. Það er verið að ganga í allt aðra átt en eðlilegt er. Ég vil enn minna á að á sama tíma sem á Norðurlöndunum er verið að ganga til móts við skattastefnu Efnahagsbandalagsins um lækkun skatta til þess að fólkið í landinu, fyrirtækin í landinu verði samkeppnishæf við þau fyrirtæki sem eru í Efnahagsbandalaginu, þá er hér verið að ganga í þveröfuga átt og koma því þannig fyrir að samkeppnisaðstaðan verði miklu verri. Þetta eru mikilsverðir hlutir sem við verðum að gera okkur grein fyrir.

Hér hefur einnig verið rætt um setningu laga rétt fyrir þingbyrjun, bráðabirgðalaganna, sem hefðu allt eins getað verið borin upp á þinginu. En sannleikurinn er sá að þau voru ekki sett af því að þau hefðu ekki getað verið sett hér á þinginu heldur vegna þess að það var ekki meiri hluti til að setja þau á þinginu. Svo hefur verið reynt að þvæla þessu í gegn með ýmsum hætti. Ég geri ráð fyrir að ríkisstjórnin viti að stjórnarandstaðan mun gjarnan vilja að atvinnuvegirnir gangi vel. En það er ekki sama með hvaða hætti það er gert. Það gengur heldur ekki að ætla að reyna að pressa slík lög í gegn með því að segja eitthvað í þá veru að ef þetta verði fellt sé allt komið í strand. Það verður að vera lýðræðislegur meiri hluti á þinginu fyrir aðgerðum sem þessum. Það er grundvallarspurning þegar við erum að ræða þau lög sem hér liggja fyrir að lýðræði er ekki virt ef það er ekki meiri hluti fyrir lögum sem við erum að setja. Við verðum að horfast í augu við þær staðreyndir að til þess að bráðabirgðalög nái fram að ganga verður ríkisstjórnin annaðhvort að hafa meiri hluta á Alþingi eða ná samningum við stjórnarandstöðuna um að þessi lög verði þannig úr garði gerð að allir geti sætt sig við þau.

Ég held að þetta sé kjarnaatriðið í þessum umræðum og því mjög mikilvægt að ríkisstjórnin taki nú af skarið sem allra fyrst og geri annað tveggja: að ná samningum við stjórnarandstöðuna eða tryggja sér aukinn meiri hluta. Það er ekki nema um tvær leiðir að ræða. Annað væri óraunhæft. Og það hlýtur að liggja í augum uppi að ríkisstjórnin verður að horfast í augu við þessar staðreyndir.

Við höfum litið á þessi lög mjög gaumgæfilega, eins og ég sagði í byrjun, og þau bera í sér ýmislegt sem við getum ekki samþykkt og teldum að væri hægt að breyta þannig að þau yrðu miklu betri og til bóta fyrir atvinnulífið í landinu. En það verður jafnframt að huga að því að það sé ekki gengið í aðra veru með álagningu aukinna skatta hér á Alþingi þannig að það sem er verið að gera með bráðabirgðalögum og lögum um efnahagsaðgerðir sé eyðilegt með auknum skattaálögum á þinginu á eftir. Þetta er mjög mikilsvert atriði. Það verður auðvitað að hefja til vegs nýja stefnu í efnahagsmálum, nýja stefnu í peningamálum sem felst í aukinni hagræðingu og sparnaði hjá ríkinu en ekki auknum útgjöldum. Þetta eru kjarnaatriði sem hlýtur að verða að líta á í náinni framtíð því að nú höfum við búið við mesta góðæri sem hugsast getur jafnvel frá upphafi lýðveldis hér. Við höfum haft hæsta aflaverðmæti sem um getur í sögunni og tilkostnaður hefur verið tiltölulega lágur hvað varðar olíu, það hefur verið mjög lágt verð á olíu, þannig að ytri aðstæður fyrir þjóðarbúið hafa verið geysigóðar. En þessu hefur verið gloprað niður með rangri stjórnun á peningamálum.

Við verðum að taka okkur saman og halda þannig á þessum málum að hægt sé að halda atvinnufyrirtækjum gangandi, heimilunum gangandi og efnahagslífinu gangandi með lægri tilkostnaði á öllum vígstöðvum því að við getum alveg eins átt von á því að olían hækki og þá þýðir það allt upp í 10 milljarða kr. á ári í auknum útgjöldum í innkaupum á olíu. Við getum einnig átt von á því að það verði breytingar á fiskigengd sem við sjáum þegar að er gert ráð fyrir í tillögum sjútvrh. Við verðum því að huga að sparnaði og mæta þessu á þann hátt en ekki með auknum sköttum.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég ætla að leyfa mér að ræða það frv. sem hér er til umræðu eða þau frv. bæði sem hér

eru á dagskrá því að þau er nú svo náskyld að það er ekki hægt að ræða þetta nema í einu samhengi.

Í fyrsta lagi langar mig til þess að minna á það að um það leyti sem síðustu stjórnarskipti urðu skrifaði einn þekktur hagfræðingur í blað að hörðustu efnahagsaðgerðir sem hægt væri að gera um þessar mundir væri að gera ekki neitt og það er nákvæmlega það sem hefur verið gert.

Hæstv. forsrh. sagði að þær gengisbreytingar sem hefðu orðið á árinu hefðu ekki leitt til bata í sjávarútvegi. Mér er nú bara spurn hvort maðurinn sé ekki í fílabeinsturni. Ég veit ekki hvernig ástandið væri í sjávarútvegi í dag ef þessar leiðréttingar sem hafa verið gerðar hefðu ekki komið til framkvæmda. Ég byði nú ekki í það. Það væri orðin þokkaleg útreið.

Enn fremur fengum við að heyra það hér í ræðu hæstv. forsrh. að eiginfjárstaða fyrirtækja í útflutnings- og samkeppnisiðnaði væri enn þá lakari nú en í september og það væri verið að hefja umfangsmikla vinnu. Ég veit ekki betur en að ríkisstjórnin hafi verið mynduð vegna þess að það lá fullt af staðreyndum á borðinu sem þurfti að taka ákvarðanir um, stór og mikil mál sem ekki var hægt að koma í gegnum síðustu ríkisstjórn. Svo gerist bara ekki neitt. Og nú á að fara að hefja umfangsmikla vinnu og fá fram nýjar upplýsingar. Hvernig er þá með þessar gömlu upplýsingar sem byggðust á því sem voru forsendur fyrir myndun stjórnarinnar? Var ekki hægt að stjórna út frá þeim upplýsingum? Ef eiginfjárstaðan hefur rýrnað hjá þessum 29 fyrirtækjum sem hæstv. forsrh. minntist á, úr 11% niður í 3%, hvað er hún þá orðin í dag? Og hvað á lengi að halda áfram að fara ránshendi um eigið fé undirstöðufyrirtækja landsmanna?

Enn fremur sagði hæstv. forsrh. að gengisfelling hefði komið að litlum notum, kæmi að litlum notum nú og í skammam tíma. Mig langar til að nefna hér tvær staðreyndir. Fyrirtæki sem flytur út vöru og skuldar 1000 dollara, það skuldar líka 1000 dollara eftir gengisfellingu ef við erum að tala um gjaldeyri. Og ef það framleiðir líka fyrir 1000 dollara, hver er þá breytt staða eftir gengisfellingu? Breytt staða eftir gengisfellingu er sú að einingarkostnaður á kostnaði innan lands hefur lækkað og þar af leiðandi hafa afkomumöguleikar fyrirtækisins batnað. En staða fyrirtækisins vegna þess að það framleiðir á erlenda markaði er auðvitað óbreytt gagnvart skuldum þó svo að bókhaldsleg staða tímabundið kunni eitthvað að hafa breyst vegna þess að bókhaldið er í íslenskum krónum. Það er bara allt annað mál.

Menn hafa lýst því sem svo að hér sé verið að gera einhverjar stórkostlegar aðgerðir með því að bjóða mönnum lán í staðinn fyrir rán, eins og ég vil orða það. Atvinnutryggingarsjóður. Það hljómar ákaflega fallega. Það hljómar þannig að það sé verið að tryggja atvinnu. En í mínum huga hafa þessar skuldbreytingar, sem þar eru að fara fram, farið fram í sjávarútvegi oft áður og verið hægt að gera þær í Fiskveiðasjóði, bankakerfinu og Byggðasjóði. Af hverju var það ekki hægt núna? Af hverju voru þessar lánastofnanir flestar allt í einu orðnar svona ómögulegar? Ég skil það ekki. Það þurfti nýtt nafn: Atvinnutryggingarsjóður. Það sem raunverulega er verið að gera er að það er bara verið að taka til í eldhúsinu, ef það mætti orða það svo. Það er verið að færa til í hillum. Í staðinn fyrir að skulda í skammtímaskuld, þá skuldar þú í langtímaskuld. Og hver er breytt staða fyrirtækisins rekstrarlega? Hún er alls óbreytt nema hvað greiðslubyrðin hefur lækkað. Það bætir ekki rekstrarstöðu fyrirtækisins til þess að borga niður lánin. Hún er alveg óbreytt, því gengisskráningin er grundvallaratriði. Það eru til lög um gengisskráningu. Ég geri alveg ráð fyrir því að hæstv. ríkisstjórn sé kunnugt um það. Gengi krónunnar á að skrá þannig að afkoma útflutningsgreinanna sé tryggð og jafnvægi sé í viðskiptum við útlönd. Hæstv. ríkisstjórn og viðskrh. geta því ekki skráð gengi krónunnar einhvern veginn, af því bara, út í loftið þó svo að þeir komist upp með það um þessar mundir.

Við sjáum líka miklar hugmyndir um skattahækkanir á fólk og fyrirtæki. Það á bara að senda fógetann á liðið eins og ástandið er í atvinnulífinu og ná inn auknum tekjum í ríkissjóð með fógetavaldi. Það er von að talað sé um þjóðargjaldþrot með þessar hugmyndir. Þjóðin er ekkert gjaldþrota, en íslenskur sjávarútvegur er mjög illa staddur vegna þess að ríkissjóður Íslands hefur færst allt of mikið í fang undanfarin ár og of hratt. Það er ekkert endilega verið að tala um að það eigi að skera niður á sjúklingum, eins og menn segja alltaf þegar verið er að fjalla um þessi mál, það á ekkert endilega að byrja þar. Það er hægt að fresta opinberum framkvæmdum, lengja framkvæmdatímann. Það er hægt að spara, t.d. með útboðum og einkavæðingu, selja ríkisfyrirtækin.

Það er ósköp einfalt að setja upp plön um skattahækkanir og ætla sér að ná tekjum í kassann. En einhvers staðar stendur skrifað: Skipstjóri vill sigla, en byr hlýtur að ráða. Það er auðvitað takmörkuð auðlind, skattstofn ríkisstjórnarinnar ef þannig mætti að orði komast.

Allt hefur átt að vera svokallaðri frjálshyggju að kenna. Það fá menn stundum að heyra. Ég veit ekki betur en að grundvallaratriði allra vestrænna þjóða sé frjálsræði, trúfrelsi, tjáningarfrelsi og athafnafrelsi, allt saman tóm frjálshyggja. Er ekki bara ómögulegt að búa hérna vestan megin í allri þessari frjálshyggju? Meira að segja Gorbatsjov og kommúnistarnir í Kreml ætla að leyfa erlendum fyrirtækjum að reka fyrirtæki í meirihlutaeigu í Rússlandi á næsta ári þó að það virðist nú vefjast fyrir sumum hér á Íslandi að leyfa erlendum fyrirtækjum að fjárfesta t.d. í stóriðju svo að dæmi séu nefnd.

Ég held að það sé ekki frjálsræðið sem er að fara með þessa þjóð, það er stjórnlyndið, það er ríkissjóður Íslands. Hann hækkar skatta. Hugmyndir eru

núna t.d. um að hækka skatta og hugmyndir eru um að taka aukin lán. En það er aldrei spurt að því: Hvað þolir atvinnulífið að skattar geti verið háir? Hvað þolir fólkið í landinu mikla skatta? Hvað má ríkissjóður Íslands taka mikið að láni án þess að sprengja vextina í háaloft og í himinhæðir? Þessara spurninga er aldrei spurt, heldur er bara vaðið áfram, útgjöldin sett í svimandi hæðir, lán eru tekin bæði erlend og innlend og svo þegar afleiðingarnar koma fram í háum vöxtum og óðaverðbólgu, þá er það allt saman einhverri frjálshyggju að kenna. Sér eru nú hver vísindin! Af hverju lokar hæstv. ríkisstjórn þá ekki þessum fjármagnsmörkuðum sem eru til ef þetta er svona ómögulegt? Er þetta bara eitthvað til þess að tala um? Þarf ekki að stjórna samkvæmt sannfæringu sinni ef þetta er allt saman svona ómögulegt? Hvernig eru fjármagnsmarkaðir t.d. í Svíþjóð? Hvernig er með fjármagnsmarkaðina í Svíþjóð eða annars staðar á Norðurlöndunum? Er frjálshyggjan að drepa hina Norðurlandabúana? Það væri gaman að fá svar við þeirri spurningu.

Það sem ég hef orðið vitni að þessar fáu vikur sem ég hef setið hérna á Alþingi gefur ekki fallega mynd um framkvæmdarvaldið á Íslandi, þar sem hugmyndir eru núna um rányrkjustefnu í eigið fé atvinnufyrirtækja Íslendinga, sérstaklega í útflutnings- og samkeppnisiðnaði. Það getur ekki leitt til annars en skertra lífskjara í landinu. Ég verð að segja það að ég hlýt að lýsa andstyggð minni á þessum sýndarmennskusjónleik sem maður hefur orðið vitni að hér þessa viku, þar sem alltaf er verið að reyna að telja fólki trú um það í fjölmiðlum landsins að verið sé að gera einhverjar stórkostlegar ráðstafanir og Atvinnutryggingarsjóður, sem tryggir atvinnu, er að breyta skuld úr þessum stað í hinn stað. Hverju breytir það? Það var til nóg af bankastofnunum í landinu fyrir. Það breytir ekki neinu hvort þú skuldar hér eða þar. Skuld er skuld, hvar sem hún er. Og að vera að lána fyrirtækjum t.d. erlent fé núna á röngu gengi, það kalla ég bara tilraun til þess að kyrkja fyrirtækin, því það kemur að því að það þarf að breyta gengi krónunnar. Og eiga þá fyrirtækin bara að fá skell af því að þau hafa neyðst til þess að taka lán vegna þess að þau eiga engra kosta völ?

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Hér er til umræðu frv. til l. um aðgerðir í efnahagsmálum sem er 20. mál Alþingis. Þetta mál hefur verið til umræðu, umfjöllunar og afgreiðslu í hv. Ed. og hefur þá fylgt 8. máli þingsins, sem er mjög skylt þessu máli sem hér er til umræðu. Það er eðlilegt að umræður um þessi tvö mál tengist með ýmsum hætti og það er jafnframt afar eðlilegt að umræður verði um stefnu eða stefnuleysi hæstv. ríkisstjórnar þegar þessi mál eru til umræðu því að þessi staðfestingarmál á bráðabirgðalögum eru í raun frumvörp sem lýsa svokölluðum fyrstu aðgerðum hæstv. ríkisstjórnar, þeim aðgerðum sem farið var af stað með í upphafi og áttu að gagnast atvinnuvegum þjóðarinnar með þeim hætti að ekki stefndi í atvinnuleysi og lokun atvinnufyrirtækja um land allt.

Það er full ástæða til þess að rifja það upp, virðulegur forseti, að núv. ríkisstjórn er mynduð eftir að stjórnarflokkar fráfarandi ríkisstjórnar komu sér ekki saman um þau úrræði sem grípa skyldi til til þess að koma til móts við eðlilegar þarfir atvinnuveganna vegna versnandi árferðis á þessu ári og síðasta ári. Það er full ástæða til þess, virðulegur forseti, að rifja það upp að meginágreiningurinn, efnislegi ágreiningurinn sem var fyrir hendi í fyrrv. hæstv. ríkisstjórn, stóð kannski fyrst og fremst um það að einn stjórnarflokkanna þáverandi, Sjálfstfl., vildi fremur beita svokölluðum almennum aðgerðum sem lýstu sér þá fyrst og fremst í breytingum á gengi íslensku krónunnar gagnvart erlendri gjaldmynt, en hinir þáv. stjórnarflokkar lögðu meiri áherslu á að halda genginu stöðugu en beita þess í stað millifærslum til þeirra útflutningsgreina sem verst voru settar.

Ég tel að ágreiningurinn sem varð á milli þáv. stjórnarflokka hafi í reynd verið þessi, fyrst og fremst, þegar talað er um efnislegan ágreining. En ég fer ekki dult með það að ástæðan fyrir því að sú ríkisstjórn gat ekki starfað lengur var sá draugagangur sem var í þáv. ríkisstjórn og lýsti sér í því að einn flokkurinn fyrst og fremst og þá kannski fyrst og fremst formaður þess stjórnmálaflokks, hæstv. forsrh., virtist hafa vaxandi áhuga á því að tengjast fremur svokölluðum félagshyggjuflokkum og reyna með nýjum lausnum að ná tökum á þeim vandamálum sem upp höfðu komið í þjóðfélaginu. Það bar nokkuð á þessu snemma á þessu ári. Síðan fóru þessi viðhorf hæstv. forsrh. að blasa betur við og loks gat hann ekki lengur setið á strák sínum þegar halla fór á septembermánuð og kom þeim viðhorfum til skila til íslensku þjóðarinnar með hjálp ákveðinna blaða sem gefin eru út hér í bæ að líklega þyrfti að grípa til félagshyggjuúrræða ef vel ætti að fara. Þegar síðan hæstv. forsrh. hafði tekist að sprengja fyrrv. ríkisstjórn og ná saman nýrri stjórn — sem reyndar var gert með þeim einkennilega hætti að hæstv. forsrh. fékk umboð til þess að mynda meirihlutastjórn, en niðurstaðan varð sú að mynduð var ríkisstjórn sem ekki var a.m.k. á yfirborðinu hægt að sjá að hefði starfhæfan meirihluta á Alþingi, en sú stjórn var sögð styðjast við svokallaða huldumenn sem lífgjafi hæstv. ríkisstjórnar, hv. þm. Stefán Valgeirsson, sagðist hafa gott samband við.

Í fáum orðum, virðulegi forseti, kom síðan fram í svokallaðri stefnuræðu hæstv. forsrh. að í raun hefði mistekist að ná tökum á vanda atvinnuveganna vegna þess að frjálshyggjan hefði komið í veg fyrir það að hægt væri að grípa til eðlilegra og æskilegra úrræða. Þegar þeir sem hlustuðu á hæstv. forsrh. flytja ræðu sína, svokallaða stefnuræðu, hér á hinu háa Alþingi reyndu að rýna í það í þeirri ræðu hvað það væri sem hæstv. forsrh. kallaði frjálshyggju var það einkum tvennt sem nefnt var til sögunnar.

Annars vegar voru það svokallaðir verðbréfasjóðir, grái markaðurinn eins og hæstv. forsrh. kallaði þessa sjóði og starfsemi þeirra, og hins vegar vextirnir sem gefnir voru frjálsir í hendur bankakerfinu og öðrum í valdatíð ríkisstjórnar hæstv. forsrh. sem varð til árið 1983 og starfaði til 1987. Eitt það helsta og markverðasta sem sú ríkisstjórn náði fram var að breyta að miklu leyti fjármagnsmarkaðinum, sérstaklega á sviði peningamála, vaxtamála, annars vegar, og með því að setja löggjöf um svokallaða verðbréfasjóði sem var sú fyrsta sinnar tegundar hér á landi og þurfti auðvitað að lagfæra hana innan nokkurra mánaða. Þetta voru kannski helstu afrek þeirrar ríkisstjórnar þótt auðvitað megi margt tína til og það er kannski kominn tími til að hæstv. forsrh. sé þakkað það að hafa á sínum tíma haft þann skilning á frjálshyggjunni sem hann kallar svo að hafa beitt sér fyrir þessum umbreytingum á íslenska fjármagnsmarkaðinum. En síðan, nokkrum mánuðum eftir að hann hvarf úr forsætisráðherrastól, varð utanrrh. og tók sér bólfestu þar í fílabeinsturni, brá svo við að allt sem aflaga hafði farið var frjálshyggjunni að kenna. Maður gat reyndar haldið þegar maður hlustaði á hæstv. núv. forsrh. að það væri frjálshyggjunni að kenna að verð hefði lækkað í Bandaríkjunum, það væri frjálshyggjunni að kenna hvernig hitastigið væri í sjónum því að eins og hann talaði um þessa blessuðu frjálshyggju virtist allt illt frá henni komið. Nú veit ég ekki hvort hæstv. ráðherra er sammála mér um það hvað frjálshyggja sé. Það er nú einu sinni þannig að þeir tala mest um Ólaf konung sem ekki hafa heyrt hann eða séð, en eins og hæstv. forsrh. lýsir frjálshyggjunni beinist hún einkum að þeim tveimur þáttum sem ég hef nefnt hér í minni ræðu.

Nú skulum við aðeins nokkur andartök líta út fyrir landsteinana og skoða það efnahagsumhverfi sem þar ríkir í helstu viðskiptalöndum Íslendinga, helstu nágrannalöndum, í þeim löndum sem við berum okkur gjarnan saman við. Sumir kalla þau vestræn lýðræðisríki. Við getum talað um þjóðirnar í Evrópu sem eru í EFTA og Efnahagsbandalaginu. Þegar fjármagnsmarkaðurinn er skoðaður í þessum löndum kemur í ljós að Íslendingar hafa smám saman, þar á meðal undir forustu hæstv. forsrh., verið að fikra sig inn á þær brautir sem þar eru farnar í þessum málum. Og hvers vegna skyldi þetta hafa verið gert? Jú, svarið liggur nokkuð í augum uppi þegar þess er gætt að hjá þessum þjóðum eru lífskjörin einna best í heiminum. Stundum hafa menn reynt að svara þeirri spurningu, hvers vegna lífskjör séu betri fyrir vestan járntjald en fyrir austan. Er fólkið eitthvað öðruvísi? Er jarðvegurinn eitthvað öðruvísi? Eða getur verið að kerfið sjálft sé með þeim hætti að annars vegar lami það frumkvæðiskraft einstaklinganna, en hins vegar örvi það atvinnustarfsemina? Og ég tel að langflestir sem um þessi mál hafa fjallað séu sammála um að í megindráttum snúist þetta mál um það að fyrir austan járntjald hefur það gerst að miðstýringin, að handaflsaðferðin hefur verið látin ráða með þeirri niðurstöðu að í raun eru lífskjör þar miklu lakari en þar sem frelsið er meira.

Hvað segir þetta okkur? Þetta segir okkur það að ríkisstjórnir á Vesturlöndum, þar á meðal sósíalistaríkisstjórnir eins og nú starfa í Svíþjóð og Noregi, Frakklandi og víðar, hafa sannfærst um það að frelsi á fjármagnsmarkaði er eitt af þeim undirstöðuatriðum sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að hægt sé að ná þeim efnahagslega árangri sem skilar sér í bættum lífskjörum þjóðanna. Þetta er staðreynd sem er óhrekjanleg og nú er svo komið að jafnvel austur í Sovétríkjunum þar sem vinur hæstv. forsrh., Gorbatsjov, sá sem samdi á sínum tíma bók sem hæstv. forsrh. hefur mikla unun af að lesa og jafnvel auglýsa, er farinn að hafa skilning á því að líklega sé kerfið á Vesturlöndum ekki svo slæmt að ekki megi nokkuð af því læra. Og hann hefur lýst því yfir, sá ágæti maður, að að því sé stefnt að rúblan geti verið skráð á alheimsmörkuðum fyrir árið 2000 og að fjármagnsmarkaðurinn í Sovétríkjunum þurfi að taka þeim breytingum að hann gangi í átt til þess kerfis sem ríkir nú á Vesturlöndum. En hér uppi á Íslandi sest að völdum ríkisstjórn sem lýsir því yfir að allt þetta, allt þetta starf sem hefur átt sér stað á Vesturlöndum, þetta frelsi á fjármagnsmarkaði, þetta frelsi í efnahagsmálum, sé líklega á misskilningi byggt og það stafi í raun og veru allt illt frá því að íslenska ríkisstjórnin á sínum tíma, reyndar undir forustu hæstv. forsrh., stóð að því að breyta lánsfjármarkaðinum, fjármagnsmarkaðinum, efnahagsmálum, í átt til þessa frjálsræðis. Það hlýtur að vera krafa þeirra sem taka þátt í stjórnmálalegri umræðu að fá betri skýringar en gefnar hafa verið hjá hæstv. forsrh. á þeirri stefnubreytingu sem nú hefur átt sér stað.

Auðvitað kemur engum á óvart að Alþb. hafi þá stefnu að vilja stjórna með miðstýringu og handafli. Það kemur hins vegar á óvart að flokkur sem kennir sig, a.m.k. erlendis, við frjálslyndi, og ég veit að hæstv. forsrh. er gjörkunnugur þeim alþjóðlegu samtökum sem frjálslyndir hafa myndað því að Framsfl. er einn þeirra flokka, og undir forustu hæstv. forsrh. skuli nú kúvenda svo mjög í þessum efnum. Mig langar til þess að spyrja hæstv. forsrh. að því hvort hann hafi í viðtölum við þá stjórnmálaforingja í Vestur-Evrópu, sem hann hittir reglulega, spurt þá að því hvort meira frelsi á fjármagnsmarkaði, eins og tekið var upp á Íslandi, geti verið ástæðan fyrir þeim óförum sem hafi átt sér stað hér á landi, hvort hann hafi spurt þá að því hvort þeir mundu vera tilbúnir til þess að söðla um og færa kerfið í þeirra löndum í átt til þess sem hæstv. forsrh. reynir hér á landi. Ef marka má þá stefnu sem þessir flokkar fylgja þar sem þeir ráða ríkjum hygg ég að svör þeirra yrðu neikvæð. Þetta eru auðvitað undirstöðuatriði. Þetta eru kannski þau pólitísku stefnumál sem tekist er á um í þessu þjóðfélagi þessa stundina. Eigum við kannski að hverfa frá frjálsræðisstefnunni og til handaflsstefnunnar, til

haftabúskapar, til sósíaliskrar stefnu eins og hún var rekin á millistríðsárunum og skömmu eftir stríð, eða eigum við að halda áfram á þeirri braut sem við höfðum markað fyrir nokkrum árum síðan og var mörkuð vegna þess að við töldum þá, og sumir telja enn að hún leiði til þeirrar niðurstöðu að lífskjör batni hér á landi.

Þegar Sjálfstfl. sagði á lokadögum síðustu ríkisstjórnar að hann vildi ekki standa að mjög miklum millifærslum en fremur beita gengismálunum byggðist það á því meginsjónarmiði að millifærslur mismunuðu atvinnuvegunum auk þess sem þær væru aðeins bráðabirgðaúrræði því að millifærslur þýða ekkert annað en það að peningar eru teknir af einum og færðir yfir til annarra.

Ég skal viðurkenna það að Sjálfstfl. og formaður hans lögðu sig fram um að ná samkomulagi í þeirri ríkisstjórn. Það var gert með því að taka tillit til óska og tillagna annarra stjórnmálaforingja sem áttu aðild að þeirri ríkisstjórn og meira að segja gengum við svo langt í Sjálfstfl. að fallast á nokkrar millifærslur ef hægt væri að hreyfa gengið meira til en tillögur Framsfl. og Alþfl. gerðu ráð fyrir. Það tókst ekki og því fór sem fór eins og öllum er í fersku minni.

Það lá mjög mikið á hjá hæstv. ríkisstjórn á fyrstu dögunum. Hæstv. forsrh. var óþreytandi í fjölmiðlum að lýsa því að ekki mætti bíða. Það yrði að gera ráðstafanir strax til þess að bjarga atvinnuvegunum. Og fyrstu aðgerðir hæstv. ríkisstjórnar miðuðust við það að sjávarútvegurinn væri ekki að meðaltali rekinn með halla. Allar fyrstu aðgerðirnar miðuðu að þessu og því var lýst yfir að með þeim aðgerðum mætti reikningslega sjá að sjávarútvegurinn væri rekinn á núlli eins og stundum er sagt. Það er þess vegna ekki úr vegi, virðulegur forseti, að rifja upp í örstuttu máli hverjar þessar fyrstu aðgerðir voru. Ég hef nefnt það fyrr í minni ræðu að hæstv. ríkisstjórn tók erlent lán að fjárhæð 800 millj. kr. Það lán var að vísu ekki tekið í einu lagi heldur átti að takast smám saman fram til næsta vors. Þessir fjármunir voru síðan lánaðir Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins og áttu að standa undir útgreiðslum sjóðsins til þess að hækka verð til framleiðenda. Skömmu eftir að útgáfa bráðabirgðalaganna átti sér stað stóð hæstv. sjútvrh. í pontu á þingi Farmanna- og fiskimannasambandsins og lýsti því yfir, gagnstætt því sem maður gæti haldið miðað við texta bráðabirgðalaganna, að þessi lán yrðu ekki endurgreidd af hálfu Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Þetta þýðir m.ö.o., virðulegur forseti, að hér var um hreina lántöku ríkissjóðs að ræða. Þetta þýðir að fyrstu aðgerðir hæstv. ríkisstjórnar miðuðust við það að auka erlenda lántöku ríkissjóðs til þess að greiða með útflutningsstarfsemi landsmanna.

Allir hljóta að sjá að slík stefna boðar ekki gæfu. Það getur ekki verið mögulegt fyrir þjóð sem stundar fiskveiðar og fiskvinnslu í jafnstórum stíl og Íslendingar að tekin séu erlend lán til þess að borga með þeirri vöru sem við flytjum út, einfaldlega vegna þess að það blasir við að gengi íslensku krónunnar er of hátt skráð.

Ég ætla, virðulegur forseti, að bíða með það að ræða um Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina þar til við ræðum það frv. til staðfestingar á bráðabirgðalögum sem um það mál fjallar og er á dagskrá þessa fundar. Mig langar hins vegar til þess að spyrja hæstv. forsrh., jafnvel þótt aðeins hafi heyrst um það mál í blöðum, hvort gengið hafi verið frá niðurgreiðslum á ull til ullariðnaðarins og hvernig afkoma fyrirtækja í ullariðnaði hafi breyst vegna þessa opinbera stuðnings. Ég rifja það upp að ætlunin var að þetta gæti bætt afkomu fyrirtækja í ullariðnaði um 5% af tekjum.

Ég vil í þriðja lagi, virðulegur forseti, spyrja hæstv. forsrh. að því hvort ekki sé rétt hjá mér að eitt af því sem átti að koma fiskvinnslu og sjávarútvegi á núllpunkt hafi verið að lækka raforkuverð til fiskiðnaðar, einkum og sér í lagi til þeirra fyrirtækja þar sem um jafna sólarhrings- og ársnotkun væri að ræða. Mig minnir, af þeim gögnum sem ég sá á þeim tíma, að gert væri ráð fyrir þessu í útreikningum hæstv. ríkisstjórnar. Á þeim tíma var talað um 25% lækkun. Mér er sagt nú að þetta mál sé í nefnd á vegum hæstv. ríkisstjórnar. Nú þremur mánuðum síðar er málið í nefnd hæstv. ríkisstjórnar, og mér hefur skilist á svörum hæstv. iðnrh. að hér sé mikið vandamál á ferðinni því að hæstv. ríkisstjórn hafi allt í einu uppgötvað það að ef á að lækka verð á einum þá þurfi að hækka verð á öðrum, nema hæstv. ríkisstjórn ætli enn að auka erlendar lántökur með því að greiða minna af erlendum lánum til baka en efni stóðu til fyrir þessa breytingu. (**Forseti:** Þar sem nú er runninn upp tími þingflokksfunda vill forseti í fyrsta lagi vekja athygli hv. ræðumanns á því og jafnframt geta þess að ætlunin mun vera að fresta fundi til kl. hálfníu, þ.e. vegna þingflokksfunda til kl. sjö og vegna matmálstíma til kl. hálfníu og þess vegna gefa hv. ræðumanni kost á að gera hlé á ræðu sinni ef hann kýs svo, ella ljúka ef hann vill það og á stutt eftir. En annars eru fjórir hv. þm. á mælendaskrá.)

Virðulegur forseti. Ég hafði rétt lokið mínum inngangsorðum. Ég kýs því að gera hér hlé á ræðu minni. — [Fundarhlé.]

Virðulegur forseti. Ég var þar kominn máli mínu að ég var að fjalla um nokkur atriði í svokölluðum fyrstu aðgerðum hæstv. núv. ríkisstjórnar og hafði fyrir hlé rætt nokkuð um raforkuverð til fiskiðnaðar og beint fsp. til hæstv. forsrh. um það mál, bent á að það hefði komið í ljós sem sjálfsagt flestir vissu að ekki verður hægt að lækka raforkuverð til sumra notenda nema hækka til annarra ef ekki á að vera hætta á því að orkuöflunar- og orkudreifingarfyrirtæki verði rekin með halla sem þýðir m.ö.o. að erlendar lántökur aukast umfram það sem áætlað hafði verið.

Í því sambandi er kannski rétt að minna á að samkvæmt fyrstu aðgerðum hæstv. ríkisstjórnar eiga gjaldskrár fyrirtækja á vegum ríkis eða sveitarfélaga

að gilda óbreyttar til 28. febr. 1989. Nú hefur komið í ljós á undanförnum dögum að fyrirtæki, eins og orkufyrirtæki, eru rekin með stórkostlegum halla, þannig að augljóst verður að um talsverða hækkun á gjaldskrá verður að ræða 28. febr. eða dagana þar á eftir.

Í ríkissjónvarpinu í kvöld og sjálfsagt í öðrum fjölmiðlum var jafnframt sagt frá niðurstöðu starfshóps sem kannaði málefni Ríkisútvarpsins. Þar kom fram að ætlunin er, og að manni skildist lá fyrir samþykkt hæstv. ríkisstjórnar þar að lútandi, að hækka gjaldskrá Ríkisútvarpsins um 20–30% hinn 1. mars nk. Þetta er táknrænt fyrir það sem gerist þegar verðlagi er haldið niðri. Það hleðst upp eins konar uppistöðulón og þegar löggjöf um bann við verðlagshækkunum fellur úr gildi má búast við stórkostlegum verðbreytingum og gífurlegri verðbólguholskeflu.

Frv. sem hér er til umræðu fjallar m.a. um launastöðvun og talsverður tími hefur farið í það í hv. Ed. að ræða um þau lagaákvæði í frv. sem fjalla um kjarasamninga. Hæstv. ríkisstjórn, undir forustu hæstv. forsrh., breytti bráðabirgðalögunum í hv. Ed., þannig að niður var felld 2. mgr. 4. gr., en hún hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Verkbönn, verkföll, þar með taldar samúðarvinnustöðvanir, eða aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi mæla fyrir um, eru óheimilar."

Með því að fella þetta ákvæði úr gildi var gefið í skyn að nú gætu aðilar hafið kjarasamninga. Það urðu því æðimikil vonbrigði þegar í ljós kom að í raun hefðu bráðabirgðalögin frá því í maí aldrei bannað mönnum og samtökum að ræða sín mál, og eftir stóð sú staðreynd að samningarnir gilda a.m.k. fram til 15. febr. og óheimilt er að semja um kjaraatriði samninga nema að þau taki gildi eftir 15. febr. Og að sjálfsögðu eru verkbönn, verkföll og samúðarvinnustöðvanir óheimilar samkvæmt eðli máls.

Vegna þeirrar óvissu sem skapaðist af þessum sökum ákvað Sjálfstfl., sem í upphafi bar ábyrgð á þessum lögum ásamt Framsfl. og Alþfl., að styðja þær tillögur sem fram höfðu komið í efri deild, annars vegar frá Kvennalistanum og hins vegar frá Borgfl., um að fella úr gildi launastöðvun um leið og bráðabirgðalögin tækju gildi að lokinni samþykkt Alþingis, en það þýðir að kjarasamningar komast í gildi á ný.

Þetta hefur að sjálfsögðu það óhagræði í för með sér, sem öllum er kunnugt um, að kjarasamningar gilda til misjafnlega langs tíma, en það er einmitt eðli kjarasamninga að slíkt gerist. Hæstv. ríkisstjórn og talsmenn hennar hafa gert mikið veður út af þessu. Þeir hafa bent á að með þessu sé verið að mismuna samningsaðilum á vinnumarkaðinum en geta þess ekki að þegar hæstv. ríkisstjórn var mynduð breytti hún ákvæðum í bráðabirgðalögum ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar á þá lund að í stað þess að kjarasamningarnir giltu til 10. apríl 1989, sem var sú dagsetning sem Verkamannasambandið stóð fyrir að sett yrði í kjarasamninga — svokallaðir Akureyrarsamningar gilda til þess tíma — var þessu ákvæði breytt í 15. febr. 1989. Með því hafði hæstv. ríkisstjórn sjálf sett inn lagaákvæði sem augljóslega urðu til þess að samningstíminn varð misjafn. Það er þess vegna harla einkennilegt að hlusta á það frá hæstv. ríkisstjórn að hún nú segi að stjórnarandstaðan geti ekki verið þekkt fyrir að flytja slíka brtt. á rökum sem gilda alveg jafn vel gegn þeirri breytingu sem hæstv. ríkisstjórn stóð að þegar hún tók við völdum. Auðvitað eru á þessu skýringar sem nú hafa komið fram. Það kemur nefnilega í ljós að þessum ákvæðum var breytt vegna kröfu einstakra stjórnarliða og hæstv. ríkisstjórn hefur ekki sterkari stöðu á Alþingi Íslendinga en svo að hún verður að halda í hvert og eitt atkvæði stjórnarliða.

Það hefur talsvert verið rætt um hvort hæstv. ríkisstjórn sé meirihlutastjórn í þeim skilningi að hún sé starfhæf meirihlutastjórn. Hæstv. ríkisstjórn hefur boðað til samningaviðræðna við stjórnarandstöðuna til þess að ræða hugsanlegar breytingar á fyrirliggjandi frv. sem nú eru til umfjöllunar á hinu háa Alþingi. Þegar þær viðræður höfðu farið fram tvisvar sinnum og í ljós kom að stjórnarandstöðuflokkarnir stóðu fast á sínum sameiginlegu brtt. í efri deild hafði hæstv. ríkisstjórn ekkert meira við stjórnarandstöðuna að tala.

Það hefur komið í ljós frá því að síðari fundur stjórnar og stjórnarandstöðu var haldinn í dag að væntanlegur varaformaður Borgfl. hefur upplýst í sjónvarpsviðtali að Borgfl. muni standa að þeim brtt. sem þeir fluttu í efri deild og ef um samstarf hæstv. ríkisstjórnar og Borgfl. eigi að vera að ræða hljóti hæstv. ríkisstjórn að taka upp stjórnarmyndunarviðræður við Borgfl., líkt og gert var þegar hæstv. ríkisstjórn var mynduð fyrr á þessu hausti.

Þetta er athyglisvert því að með þessari yfirlýsingu er því lýst yfir að borgaraflokksþingmenn hv. muni standa með þeim tillögum sem þeir sjálfir fluttu í efri deild og standa að þeirri stefnu sem þeir mörkuðu þar. Hins vegar sýnist hæstv. ríkisstjórn hafa eitthvað það uppi í erminni sem gefur til kynna að þeir geti náð þessu lagafrv. til staðfestingar á bráðabirgðalögum fram án atbeina ríkisstjórnarinnar einnar. Svo mikill var viljaskortur hæstv. forsrh. og annarra talsmanna ríkisstjórnarflokkanna á fundi með stjórnarandstöðunni í dag, að gera verður ráð fyrir að huldumennirnir séu u.þ.b. að koma í ljós.

Ég ætlast ekki til þess að hæstv. forsrh. staðfesti þetta eða ekki. Auðvitað hlýtur hæstv. ríkisstjórn í sinni veiku stöðu að reyna að koma fram málum. En ég verð að álykta sem svo að loknum þessum sameiginlega fundi í dag að ríkisstjórnin hæstv. hafi tekið þá ákvörðun að ekki sé hægt að ganga að málamiðlunartillögum stjórnarandstöðunnar.

Ég segi, virðulegur forseti, málamiðlunartillögum því að einungis var um að ræða að fallast á þær tillögur sem stjórnarandstöðuflokkarnir voru sammála um. Þær tillögur snúa annars vegar að svo-

kölluðum Atvinnutryggingarsjóði og hins vegar að kjarasamningum. Ég ætla ekki frekar að ræða um það að sinni.

Þegar hæstv. ríkisstjórn boðaði sínar fyrstu aðgerðir var það eitt meðal þeirra atriða sem þá voru nefnd að lækka skyldi raunvexti. Með leyfi forseta var sagt í málefnasamningi: „Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir 3% lækkun meðalraunvaxta á spariskírteinum og öðrum skuldabréfum ríkissjóðs í samningum við innlánsstofnanir og lífeyrissjóði.“ Þetta loforð var síðan reiknað inn í rekstrargrundvöll útgerðar og fiskvinnslu til þess að bæta afkomu þessara greina. Nú hefur það komið í ljós að þetta hefur ekki átt sér stað nema að mjög litlu leyti. Raunvextir hafa lækkað kannski um hálft prósentustig en ekki þrjú prósentustig. Og það sem meira er, ríkisstjórnin hæstv. lofaði því að þetta kæmi til framkvæmda á næstu vikum. Staðreyndin er sú að vextir á ríkisskuldabréfum og spariskírteinum ríkissjóðs hafa lækkað mjög lítið, ekki nema brot af þessu sem hér er lýst yfir, og ýmsir bankamenn, þar á meðal bankastjóri Búnaðarbankans, banka hv. þm. Stefáns Valgeirssonar, hafa lýst því yfir að ekki komi til greina að lækka vexti frekar, enda séu bréfin óseljanleg. Í svari sem hæstv. fjmrh. gaf við fsp. minni um þetta atriði kom í ljós að birgðir í spariskírteinum eru nú tæplega 2000 millj., og sumir bankanna, þar á meðal sumir ríkisbankanna, selja eða ætla sér að selja spariskírteinin með afföllum sem þýðir auðvitað ekkert annað en það að það er verið að bjóða betri ávöxtunarkjör. Sú litla raunvaxtabreyting sem átti sér stað hefur þannig ekki orðið virk því að skuldabréfin seljast ekki. Ég spyr hæstv. forsrh. að því hvernig hæstv. ríkisstjórn ætli að standa við kannski eitthvert veigamesta loforð sem hæstv. ríkisstjórn gaf, en það sneri einmitt að lækkun raunvaxta um 3%.

Ég vil jafnframt spyrja hæstv. forsrh. um lánskjaravísitöluna. Það er ljóst að hæstv. forsrh. lagði mjög mikið upp úr því, bæði í síðasta stjórnarsamstarfi og einkum í því sem nú á sér stað, að breytingar yrðu gerðar á lánskjaravísitölunni. Að vísu fór nokkuð á milli mála hver hafði beðið um þessar breytingar. Alþýðusamband Íslands vísaði því frá sér en hæstv. forsrh. sagði að þetta hefði verið gert vegna kröfu frá samstarfsflokkunum, ef marka má viðtal sem hann átti við DV á sínum tíma og margoft hefur verið rætt um í þingsölum. Nú er mér tjáð að hæstv. ríkisstjórn hyggist breyta lánskjaravísitölunni, útbúa nýja vísitölu þar sem vísitala launa hafi helmings vægi á móti framfærsluvísitölu og vísitölu byggingarkostnaðar. Mér er einnig tjáð að gamla lánskjaravísitalan eigi jafnframt að vera í gildi og að enn eigi að heimila að velja viðmiðun við gengi sem lánskjaravísitölu. Þetta þýðir að við getum haft þrjár til fjórar lánskjaravísitölur í gangi frá næstu áramótum. Það verður að teljast nokkuð furðulegt, miðað við allan þann áróður sem hafður hefur verið uppi gegn lánskjaravísitölu, að hæstv. forsrh. þurfi nú að standa frammi fyrir þeirri staðreynd að þola ekki aðeins eina tegund af lánskjaravísitölu heldur ætlar hann að hafa þrjár til fjórar í gangi.

Ég spyr hæstv. forsrh.: Telur hann að þetta muni einfalda málið? Telur hæstv. ráðherra að þessar breytingar sem gerðar verða séu launþegum til góðs þegar þess er gætt að í svari hæstv. viðskrh., sem lagt var fram fyrir örskömmu síðan á hinu háa Alþingi, kom í ljós að ef skoðuð eru síðustu átta ár, eða frá því að lánskjaravísitalan tók gildi samkvæmt svokölluðum Ólafslögum sem mig minnir að hafi verið í febrúar 1979, hefði nýja vísitölugerðin nánast undantekningarlaust leitt til meiri fjármagnsútgjalda en sú sem nú er í gildi. Mér finnst, virðulegur forseti, sem hæstv. forsrh. þurfi að gera hreint fyrir sínum dyrum um þetta atriði þegar verið er að ræða um fyrstu aðgerðir hæstv. ríkisstjórnar. Þess vegna fer ég fram á það að hann gefi Alþingi Íslendinga a.m.k. vísbendingar um hvað komi til með að gerast um næstu áramót því mér er t.d. kunnugt um að nú í dag, 19. des., hafi bankarnir ekki hugmynd um hvað komi til með að gerast í byrjun næsta árs. Mér er enn fremur kunnugt um að Hagstofu Íslands hafi verið falið að útbúa lagafrv. um launavísitölu og það frv. hefur ekki enn verið lagt fram á Alþingi. Óska ég eftir því að hæstv. ráðherra segi frá því, ef hægt er, hver staða þessa máls er þannig að hægt sé að eyða þeirri óvissu sem allar umræður hæstv. ríkisstjórnarinnar og einkum og sér í lagi einstakra ráðherra, þar á meðal hæstv. forsrh., hafa leitt til.

Mig langar vegna ákvæða — það er kannski eðlilegra að geyma þá umræðu þar til næsta mál kemur til umræðu þar sem ég hef, virðulegur forseti, farið nokkuð vítt og breitt yfir frv. og spurt spurninga er varða þau mál sem eru til umræðu og sé ég því ekki ástæðu til þess að lengja mál mitt. Vegna umræðna um gengismál væri vissulega athyglivert að heyra álit hæstv. ráðherra á hugmyndum þeirra sem nú eru að gera athuganir fyrir atvinnufyrirtækin í landinu þegar gert er ráð fyrir því að um 15% gengisfellingu verði að ræða á næstunni. Þeir sem hlustuðu á kvöldfréttir Sjónvarpsins heyrðu glöggt að fulltrúar ullariðnaðarins eru nú mjög bjartsýnir enda treysta þeir á að gengi íslensku krónunnar verði leiðrétt um 15% og setja það inn í sína útreikninga.

Virðulegur forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að lengja mál mitt frekar og segi hér amen eftir efninu.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að segja nema örfá orð í þessari umræðu en ég sé þó ástæðu til að taka til athugunar örfá atriði sem hafa komið fram í máli hv. þingmanna sem þegar hafa talað.

Hv. 1. þm. Suðurl. sagði m.a. í sinni ræðu að gott væri að fá upplýsingar um það hvernig verið hefði ef þær gengisfellingar hefðu ekki komið til sem voru á þessu ári. Þetta er athyglisverð spurning, en ég hefði viljað bæta því við að gott væri að fá upplýsingar um hvernig umhorfs hefði verið ef farið hefði verið eftir fyrirheitum fyrri ríkisstjórnar um að lækka vextina

frá því sem þeir voru þegar hún var mynduð í júlíbyrjun 1986. Hvernig hefði þá verið umhorfs í þjóðfélaginu?

Hv. 1. þm. Reykv. talaði um að núv. hæstv. ríkisstjórn hefði lofað að lækka vextina. Fyrrv. ríkisstjórn framkvæmdi sitt loforð með því að meira en tvöfalda vextina á ríkisvíxlum fyrstu 5 mánuðina sem hún sat að völdum. Þannig var það loforð. Hitt er alveg rétt að enn hefur ekki tekist að lækka raunvextina eins og stefnt var að. Hv. 1. þm. Reykv. sagði að það væru 0,5%. Það er talið að það sé nú innan marka ef menn ýkja ekki meira en um helming en hv. þm. gerir vel það því að vextir í bönkunum voru 9,25%, voru búnir að lækka um 0,25% þegar þessi ríkisstjórn var mynduð, en raunvextir eru nú yfirleitt um 8%. (**FrS:** Þetta voru spariskírteini.) Það er fyrst og fremst þetta sem hefur lækkað og vextir hafa yfirleitt lækkað enn þá meira. Nafnvextir, hvað hafa þeir lækkað? Hvernig hefur það komið út? Ég sagði í þingræðu fyrir nokkrum dögum frá fyrirtæki sem stendur nokkuð vel eignalega en hefur að vísu mikinn rekstur. Það var reiknað út fyrir mig að miðað við þá veltu sem er á þessu ári, annars vegar miðað við þá vexti sem voru í ágústmánuði og hins vegar miðað við þá vexti sem eru í desembermánuði í ár, að vaxtagreiðslan var hvorki meira né minna en 100 millj. kr. hærri þannig að í staðinn fyrir um 40 millj. kr. tap hefði útkoman á rekstrinum verið 32–33 millj. kr. hagnaður miðað við þá vexti sem eru í dag. Þetta skýrir allt málið. Þetta kom fram í sjónvarpsfréttunum sem hv. 1. þm. Reykv. var að segja frá áðan. Hvað segir Alþýðusambandið um útkomuna? Ég ætla ekki að fara að tefja tímann með því að lesa það upp en það kom greinilega fram hvað það er að þeirra dómi og þeirra athugun.

Ég get sagt hv. þm. annað dæmi. Stórt fiskvinnslufyrirtæki græddi um 80 millj. kr. á árunum 1986 og 1987 og var komið í yfir 100 millj. kr. í ágúst 1987 en undan hallaði vegna vaxtahækkana seinni part ársins. Á þessu ári töpuðu þeir 90 millj. kr. á fyrstu 9 mánuðum ársins. Hvað segir þetta okkur? Svo koma hv. fyrrv. ráðherrar upp í ræðustól og tala um að eina bjargráðið væri að fella gengið. Þetta þjóðfélag verður auðvitað ekki rekið þannig að útflutningsframleiðslan sé rekin með tapi en það eru fleiri leiðir til. Þegar hv. 1. þm. Suðurl. er að tala um að verið sé að keyra atvinnulífið niður í svaðið. Hvernig skildi hann við og hvað sögðu stjórnarherrarnir þá? Að þeirra eigin sögn máttu ekki líða nema örfáir dagar þar til gripið yrði til efnahagsráðstafana. Þannig var skilið við.

Hér fyrr á árum starfaði ég dálítið í verkalýðsfélögum og tel það eiga að vera ásetning manna hvar í stétt sem þeir standa að standa við orð sín og samninga og er því algerlega á móti því að taka samningsréttinn af verkalýðsfélögunum, launþegafélögunum, nema það sé voði fyrir dyrum. Yfirleitt á að krefjast þess af vinnuveitendum og launþegum að þeir beri ábyrgð á sínum samningum. En við erum búnir að fara yfir það hér. Það kom fram í kvöldfréttum að það sé ekki launakostnaðurinn sem er að drepa fyrirtækin. Það er annað sem gerðist og ég er búinn að taka það kyrfilega fram. (**FrS:** Styður þá ekki hv. þm. fyrirliggjandi tillögu um að koma samningunum í gildi?) Ráðstafanir sem ríkisstjórn gerir er ein keðja og það ætti fyrrv. ráðherra að vita. Ég gæti minnt hann á ýmislegt í því sambandi. Það verður að koma í ljós á sínum tíma hvað ég geri í þessu sambandi en hvað gerði fyrirspyrjandi sem ráðherra í maí á þessu ári? Hvað gerði hann? Hann taldi það nauðsynlegt. Hvers vegna var það nauðsynlegt? Vegna þess að hann stóð að því og undir forustu formanns hans voru vextirnir hækkaðir þannig að allt var komið, atvinnuvegirnir, ofan í svaðið, svo að ég noti orð fyrrv. forsrh.

Hv. þm. Kristín Halldórsdóttir sagði það ósvífið að gefa út bráðabirgðalög sem sýnilegur meiri hluti væri ekki fyrir. Ég held að hv. þm. ætti að spara sér stóru orðin þangað til hún sér hvernig þeim frv., sem eru til umfjöllunar á Alþingi í dag, reiðir af.

Það væri ástæða til þess að segja margt fleira en ég ætla ekki að fara að standa hér og læt öðrum það eftir að ræða þessi mál. En við sjáum það á næstu dögum hvernig mál þróast.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Efnahagsaðgerðir, 1. umr.

Stjfrv., 8. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 246.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Ég hafði reiknað með því að fleiri væru á mælendaskrá en eins og ég sagði í upphafi míns máls og aðrir hafa tekið hér undir eru þessi mál svo nátengd að í raun er ekkert lakara að ræða þau saman og líklega betra.

Það mál sem nú er til umræðu er það sem eftir stendur af bráðabirgðalögum núv. ríkisstjórnar, þ.e. það sem er ekki flutt yfir í bráðabirgðalög fyrri ríkisstjórnar, ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar. Þau atriði sem hér um ræðir snerta sérstaklega aðgerðir í atvinnumálum, aðgerðir í verðlags- og kjaramálum að nokkru leyti, sem ekki voru færðar yfir, og vaxtaákvarðanir og skal ég fara yfir það í nokkrum orðum.

Aðgerðir í atvinnumálum eru í fyrsta lagi greiðsla úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins til frystingar og framleiðslu á humar og rækju. Ákveðið er með þessum lögum að taka lán hjá Seðlabanka Íslands eða fyrir milligöngu Seðlabanka Íslands, allt að 800 millj. kr., sem greiða má út á frystar sjávarafurðir, 750 millj. kr. vegna verðbóta á freðfisk og 50 millj. kr. vegna verðbóta á hörpudisk. Hér er um að ræða

5% verðbætur á þessar afurðir og er það u.þ.b. sú upphæð sem frystingin hefði fengið greitt samkvæmt þeim reglum sem gilda í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins ef þar hefði verið inneign. Sú inneign var því miður ekki fyrir hendi, hafði verið tekin út, ekki lögð inn á þeim árum þegar tekjur höfðu verið, á undanförnum þremur árum, allmiklar í frystingunni.

Einnig var ákveðið að greiða svipaðar verðbætur og reyndar nokkuð meiri á skelfletta rækju og var nauðsynlegt að setja það ákvæði í lög því að þar er um að ræða töluvert meiri greiðslu vegna erfiðleika í rækjuvinnslunni en reglur um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins gáfu tilefni til. Eins og ég veit að hv. þingmönnum er kunnugt byggjast þær reglur á breytingu á verðlagi sjávarafurða erlendis. En í sambandi við rækjuna þótti nauðsynlegt að taka tillit til erfiðleika sem urðu vegna minni afla hér heima. Gera má ráð fyrir því að þessar greiðslur endist fram í marsmánuð, þ.e. 5% verðbætur út á frystinguna og viðbótargreiðsla út á rækjuna.

Þá er í þessum lögum gert ráð fyrir því að stofna svonefndan Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina. Sjóði þessum er ætlað að skuldbreyta skammtímaskuldum útflutningsgreinanna, en jafnframt er sjóðnum ætlað að veita lán til hagræðingar í útflutningsgreinunum og er gert ráð fyrir því að til þess renni um 800 millj. kr. Gert er ráð fyrir því að sjóðurinn fái í reiðufé 2 milljarða kr. Einn milljarður kr. er framlag frá ríkissjóði, sem kemur til lækkunar á framlagi ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs, en 400 millj. kr. er aflað með sérstökum tekjuskattsauka á árunum 1989 og 1990. Þá er stjórn sjóðsins heimilað að taka lán í Seðlabanka Íslands eða fyrir milligöngu hans allt að einum milljarði kr. og er það gert með sjálfskuldarábyrgð af hálfu ríkissjóðs. Jafnframt er sjóðnum heimilað að skuldbreyta allt að 5 milljörðum kr.

Gert er ráð fyrir því í þessum lögum að í stjórn sjóðsins sitji fimm menn. Er gert ráð fyrir því að fjmrh., iðnrh., sjútvrh. og viðskrh., hver um sig, tilnefni einn stjórnarmann, en einn stjórnarmaður er skipaður án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður sjóðsstjórnar. Þá er einnig gert ráð fyrir því í lögunum að við stofnunina starfi samstarfsnefnd lánastofnana atvinnuveganna og Byggðastofnunar og er Ríkisendurskoðun ætlað að fylgjast með starfsemi sjóðsins og gefa Alþingi árlega skýrslu um starfsemi hans.

Það var ætlun ríkisstjórnarinnar með þessum reglum að tryggja að umsóknir í sjóðinn fengju sem faglegast mat. Í fyrsta lagi af þeirri samstarfsnefnd sem þær lánastofnanir, sem eiga þarna mestra hagsmuna að gæta, skipa fulltrúa í. Í öðru lagi með eftirliti því sem Ríkisendurskoðun er ætlað að hafa með starfsemi sjóðsins. Og í þriðja lagi með því að velja menn í stjórn sjóðsins sem væru embættismenn fyrst og fremst, kunnugir á hinum ýmsu sviðum atvinnuveganna, hefðu þaðan reynslu á einn máta eða annan. Gert er ráð fyrir því að sjóðurinn starfi eða hafi heimili hjá Byggðastofnun og að Byggðastofnun annist reikningshald og rekstur sjóðsins eftir nánara samkomulagi þeirra á milli.

Þá er gert ráð fyrir því að Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina sé undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum hverju nafni sem nefnast.

Forsrh. setur með reglugerð nánari reglur um Atvinnutryggingarsjóð og hefur það að sjálfsögðu þegar verið gert.

Í þessum lögum eru ákvæði sem fjalla um hugsanlegt gjald af loðnu og öðrum bræðslufiski sem fluttur er óunninn til vinnslu erlendis. Gjaldið renni til reiknings fyrir loðnuafurðir í deild fyrir mjöl og lýsi í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins og segir þar að gjaldið skuli ákveðið sem tiltekin fjárhæð á hvert tonn bræðslufisks. Til þessa hefur þó ekki komið en þessi heimild er hér í lögum og er þar að sjálfsögðu ætlað að jafna á milli greiðslna Verðjöfnunarsjóðs og á milli þess afla sem fluttur er til bræðslu erlendis og hins sem unninn er hér heima.

Í þessu frv. sitja eftir nokkur ákvæði sem varða verðlags- og kjaramál. Er það m.a. tekið fram að óheimilt er að hækka endurgjald fyrir afnot af fasteignum frá gildistöku laga þessara til 28. febr. 1989.

Í lögunum er einnig kafli sem fjallar um vaxtaákvarðanir og er þar tekið af skarið með það að dráttarvextir skuli ætíð reiknast sem dagvextir. Þó skulu haldast óbreytt til 1. júlí 1989 ákvæði um útreikning dráttarvaxta í lögum um innheimtu opinberra gjalda til ríkissjóðs og sveitarfélaga.

Einnig eru sett ákvæði um það að Seðlabanki Íslands skuli eigi sjaldnar en mánaðarlega reikna vegið meðaltal ársávöxtunar á nýjum almennum útlánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum og birta meðaltal þetta í Lögbirtingi ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr.

Þá var Seðlabankanum heimilað að ákveða hámark þess álags er innlánsstofnanir mega bæta við vexti gengisbundins fjár er þær endurlána í formi afurðalána. Með þessu ákvæði er að sjálfsögðu að því stefnt sem framkvæmt hefur verið að lækka þann vaxtamun sem hefur verið á afurðalánum.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja nánar einstök ákvæði þessara bráðabirgðalaga, ég hygg að allt það mikilvægasta hafi komið fram, en ætla þá að fara nokkrum orðum um þau áhrif sem þessu er ætlað að hafa á stöðu atvinnuveganna og þá um leið um ýmsar þær aðgerðir sem ríkisstjórnin hefur gripið til. Mér sýnist þá ástæða til að leitast við að svara ýmsum þeim spurningum sem komu fram í umræðum um fyrra dagskármálið en varða þetta mál í heild sinni að sjálfsögðu og vona ég að menn virði það við mig að ég steig ekki í ræðustól áðan. Eins og ég sagði í upphafi gerði ég mér ekki grein fyrir að ýmsir höfðu fallið þar frá orðinu.

Með þessum aðgerðum ríkisstjórnarinnar er að sjálfsögðu, eins og ég hef hvað eftir annað sagt, alls ekki boðað að þar sé um að ræða varanlegar eða endanlegar aðgerðir til þess að treysta rekstrargrundvöll atvinnuveganna, ekki frekar en þær að-

gerðir sem fyrri ríkisstjórn hafði gripið til í maí og sem aðildarflokkar að þeirri ríkisstjórn lögðu til í viðræðum sín á milli í septembermánuði. Reyndar sagði hv. þm. Þorsteinn Pálsson hér áðan að ljóst hefði verið eftir aðgerðirnar í maí að enn hefði orðið að grípa til nýrra aðgerða á haustmánuðum til þess) rétta enn einu sinni við stöðu útflutningsgreinanna. Með þessum aðgerðum ætlar ríkisstjórnin að skapa nokkurt svigrúm til að skoða betur stöðu útflutningsgreinanna og ná síðan breiðri samstöðu um aðgerðir sem geti þá orðið til lengri tíma og krefjist þess ekki í raun fyrir fram að gripið verði til nýrra aðgerða að fáum mánuðum liðnum.

Ég hygg að það hafi verið bæði hv. þm. Þorsteinn Pálsson og hv. þm. Kristinn Pétursson sem andmæltu þeim orðum að gengisfelling hefði ekki komið að liði. Ég sagði nú að vísu aldrei að hún hefði ekki komið að liði heldur aðeins að skammtímaliði í þessum málum, þ.e. að áhrif gengisfellingar hafi verið runnin út í sandinn á ótrúlega skömmum tíma. Ég hygg að það hafi komið enn betur í ljós við þær athuganir sem nú hafa verið gerðar.

Hv. þm. Þorsteinn Pálsson gerði lítið úr öflun þessara upplýsinga. Taldi lítið gert annað en að safna skýrslum. Ég er nú þeirrar skoðunar að ólíkt betra sé að vita með vissu hvaða afleiðingar þær ýmsu aðgerðir sem til greina koma hafa og hvaða árangri má með því ná. Og ég er þeirrar skoðunar að til þess að það sé unnt sé afar mikilvægt að þekkja stöðu atvinnuveganna sem allra best. Ég held að það sé alveg tvímælalaust að þær athuganir sem hafa verið gerðar hafa leitt í ljós að fjármagnskostnaður hefur hækkað langtum meira en menn gerðu ráð fyrir. Ég vek athygli á því sem var í fréttum Sjónvarps í kvöld frá hagfræðingum ASÍ þar sem sannarlega var með rökum vakin athygli á því að fjármagnskostnaður hefur hækkað margfalt meira á yfirstandandi ári heldur en launakostnaður.

Nú er það hárrétt að það eru ýmsar leiðir til að reikna fjármagnskostnað. Menn reikna inn verðbótafærslur o.s.frv., sem vissulega er rétt samkvæmt skattalegu uppgjöri en eru hins vegar ekki peningar í vasa, við reiknum þær ekki í okkar ávísanahefti, og gefa því ekki rétta mynd í raun, vil ég leyfa mér að segja, af fjármagnskostnaði fyrirtækjanna, greiðslubyrði vegna fjármagnskostnaðar. Því taldi ríkisstjórnin eitt af því allra mikilvægasta í sínum aðgerðum að ná fram lækkun á fjármagnskostnaði þannig að gengisfelling yrði ekki í gegnum lánskjaravísitölu svo mjög sem verið hefur til þess að hækka fjármagnskostnað. Það er að vísu alveg hárrétt hjá hv. þm. Kristni Péturssyni, ég held að hann hafi nefnt það sem dæmi að 1000 dollarar eru 1000 dollarar eftir gengisfellingu sem áður og það á við bæði um tekjur og skuldir. En málið er nú því miður ekki svo einfalt sem ætla má af þessum tölum. Útgerðarmaður sem þolir gengisfellingu fær ekki sömu dollaratölu fyrir fiskinn sinn nema því aðeins að hann nái fram hækkun á fiskinum í samningum við fiskvinnslufyrirtæki. M.ö.o.: Tekjur hans í dollurum lækka. Hins vegar ef hann skuldar í dollurum þá haldast skuldirnar vitanlega óbreyttar. Það er rétt. Og olíuverðið helst óbreytt í dollurum. Mér þykir nú alltaf skemmtilegra satt að segja að reikna þetta yfir í íslenskar krónur, en vitanlega fáum við nákvæmlega það sama út. Tekjur fiskvinnslunnar hækka í íslenskum krónum og skuldirnar hækka í íslenskum krónum, svo ég held að við þurfum ekki að vera að fara yfir í erlenda gjaldmiðla í þessu skyni.

En mér hefur verið sagt að það væri svona nokkuð viðunandi þumalfingursregla að segja að u.þ.b. helmingur af auknum tekjum vegna gengisfellingar renni strax í aukinn kostnað. Það eru fjölmargir liðir sem hækka. Í fyrsta lagi hækkar t.d. rafmagnsverð og ýmsir slíkir liðir sem eru æðimikið bundnir gengi. Í öðru lagi er óhjákvæmilegt að veita útgerðinni nokkra aðstoð með því að hækka fiskverð, þannig að hún geti mætt hækkun á útgerðarkostnaði, hækkun á sínum skuldum o.s.frv., sem gengisfellingin hefur í för með sér. Ég held auk þess að það sé óraunhæft að reikna með því að engin hækkun launa verði. Mér hefur verið sagt af þeim mönnum sem hafa unnið mikið í þessu að það megi reikna með kannski í kringum helming í hækkuðum kostnaði. Og ef við tökum nú bara í huganum afar einfalt dæmi, tökum t.d. þessi 29 fiskvinnslufyrirtæki sem eru í samantekt endurskoðenda sem til þess voru fengnir. Samtals eru tekjur þessara fyrirtækja um 11 milljarðar kr. Þær mundu hækka þá um 1,1 milljarð kr. og eru þá eftir um það bil 550 millj. kr. Skammtímaskuldirnar, sem eru 7,6 milljarðar kr., mundu hækka um 760 millj. kr. Nú er ég ekki að segja að þær þyrftu að greiðast upp á einu ári. Vitanlega er þeim framlengt o.s.frv. En miðað við þessa hækkun á höfuðstól, þá hækka náttúrlega greiðslur vaxta í íslenskum krónum séð. Sama er um langtímaskuldirnar sem eru taldar hjá þessum 29 fyrirtækjum upp á 8,6 eða 9 milljarða ísl. kr., þó að það dreifist yfir lengri tíma.

Ég er því ekki í nokkrum vafa um að það er rétt sem hagfræðingar ASÍ sögðu og skýrt var frá í fréttunum áðan, að gengisfelling sé mjög takmörkuð, þeir sögðu reyndar engin lækning fyrir fiskvinnsluna. Ég er sammála því sem hv. þm. Þorsteinn Pálsson sagði að vitanlega fyrir — ja, ég vil ekki bara segja betur rekin fyrirtæki, en fyrir betur stæð fyrirtæki verður þetta vitanlega aðstoð þar sem skuldirnar eru litlar, þá kemur tekjuaukningin, en hækkunin skuldamegin verður þar vitanlega minni. Það sem við erum að sjá af þessum úttektum sem nú hafa verið gerðar er m.a. það að það eru langtum fleiri fyrirtæki en menn trúðu áður í þeirri skuldastöðu að þau fá engan bata og í mörgum tilfellum versnar þeirra staða mjög fljótlega eftir fyrstu vikurnar, eftir nokkrar vikur, tvo þrjá mánuði í mesta lagi, þá versnar þeirra staða við gengisfellingu.

Einn er sá þáttur í sambandi við gengisfellingu sem ég vil a.m.k. ekki gleyma og það er það

misgengi sem verður á milli fjármagnskostnaðar og launa. Ég hef látið athuga hvað hann yrði mikill miðað við t.d. 15% gengisfellingu og í ljós kemur að misgengið yrði í kringum 25%. Gengisfelling þýðir að sjálfsögðu kjaraskerðingu, flutning frá launþegum yfir til atvinnuveganna. Og að fenginni reynslu í ríkisstjórninni 1983–1987 treysti ég mér ekki til að standa frammi fyrir þeim fjölmörgu skuldugu einstaklingum sem þurfa að mæta slíku misgengi og að öllum líkindum, a.m.k. til að byrja með, í ástandi þar sem t.d. yfirvinna og yfirborganir munu dragast verulega saman.

Af því að mér hefur nú orðið tíðrætt um fjármagnskostnaðinn í þessu er rétt að ég fari nokkrum fleiri orðum um það og nefni nokkur dæmi og reyni þá jafnframt að svara hv. þm. Friðriki Sophussyni sem spurði sérstaklega um ýmislegt í þeim málum. En því nefndi ég hann áðan að lækkun fjármagnskostnaðar er, a.m.k. í augum þessarar ríkisstjórnar, ein meginlagfæringin sem þarf að gera áður en aðrir hlutir eru ákveðnir. Ég vek athygli á því t.d. að á ágætum fundi í Félagi fiskvinnslustöðva sem haldinn var í Stykkishólmi sl. haust kom þetta mjög greinilega fram, hvað fjármagnskostnaðurinn er orðinn geigvænlegur þegar yfir sviðið er litið.

Ég hef hér útreikninga frá fremur stóru fyrirtæki, sem mér hafa verið látnir í té, og sýna bara hreinan vaxtakostnað þess fyrirtækis, sýna heildargreiðslur vegna vaxta hjá þessu fyrirtæki. Reiknað á meðalársvöxtum frá janúar til nóvember 1988 voru heildarvaxtagreiðslur hjá fyrirtækinu rúmar 205 millj. kr. Hins vegar voru vaxtatekjur 61 millj. kr., þannig að samtals voru hreinar greiðslur vaxtakostnaðar 144 millj. 155 þús. kr. Síðan hefur fyrirtækið reiknað hvað þessir vextir hefðu orðið miklir með þeim vöxtum sem núna eru ákveðnir, þ.e. í desembermánuði. Þá hefðu vaxtagreiðslur á sama tímabili níu mánaða orðið um 71,5 millj. kr., vaxtatekjur tæpar 27 millj. kr., eða vaxtagreiðslur hreinar orðið nálægt 44,5 millj. kr.

Mér er fyllilega ljóst að það kann að vera hægt að lækka þetta eitthvað með færslu verðbóta o.s.frv. eins og skattalög gera ráð fyrir. En þetta eru þær greiðslur sem fyrirtækið varð að inna af hendi og verðbótafærslur gengu ekki upp í þær greiðslur úr tékkhefti fyrirtækisins. Þ.e. það munar hátt í 100 millj. kr. hjá fyrirtækinu á þessum mánuðum í vaxtagreiðslum. Og þetta er ekki eina fyrirtækið sem hefur sýnt hve mikilli breytingu þessi lækkun veldur. Og þó að raunvaxtalækkunin hafi orðið minni en ég hefði viljað, ég viðurkenni það, og það verður haldið áfram að þrýsta henni niður, reyna að handstýra vöxtunum niður. Þó að sumir hafi ekki trú á því, þá hafa þeir þó lækkað í 7,75% og eru það t.d. af öllum skuldabréfum sem þessi fyrirtæki borga af, sem eru með breytilegum vöxtum. Manni er að vísu sagt að bankarnir fari nú nýja leið og það séu bestukjaravextir. Þá líti bankastjórinn framan í manninn og ákveði svo hvaða vexti hann megi fá. En a.m.k. af þeim skuldbindingum, sem hafa þegar verið gerðar og eru með breytilegum vöxtum, er þessi lækkun komin fram og að sjálfsögðu í þeim nafnvöxtum sem reiknaðir eru t.d. af afurðalánum sem eru vitanlega mjög miklir hjá mörgum þessara fyrirtækja. Ég held því að það sé alveg tvímælalaust að þarna hefur afar mikið áunnist.

Ég viðurkenni það að vitanlega hefur markaðurinn mikil áhrif á vaxtahæð og hann hefur það alveg sérstaklega núna því að þótt úr þenslu hafi dregið gífurlega mikið og nú jaðri við atvinnuleysi, þá er þetta nú vertíð hjá verslunum og innflytjendum og það er gífurlega mikil ásókn í að fá fjármagn til að geta haldið oft veikum rekstri áfram yfir þessa mánuði. Og m.a. hafa kaupmenn þá horfið að því óyndis úrræði að selja greiðslukortakvittanir með allt að 50% ávöxtun. Þess vegna hefur ríkisstjórnin nú ákveðið að frá áramótum færist greiðsla söluskatts til samræmis við greiðslu krítarkorta til annars dags hvers mánaðar. Þetta þýðir aukin vaxtagjöld fyrir ríkissjóð, líklega rúmar 100 millj. kr. En talið er af öllum sem þessi mál þekkja að þetta muni draga töluvert úr þrýstingnum á sölu þessara korta bæði í bönkum og á hinum svonefnda gráa markaði. Ég tel að því verði alls ekki á móti mælt að mikið hefur áunnist í vöxtum þó að enn meira þurfi að ávinnast og á það muni lögð áhersla á næstu vikum.

Hv. þm. Friðrik Sophusson ræddi um lánskjaravísitöluna. Ég er því miður ekki með hér með mér mjög fróðlegar töflur sem mér hafa borist bæði frá Landsbanka Íslands og sömuleiðis frá Fiskveiðasjóði en ég ætla að fara með eftir minni nokkrar af þeim tölum.

Í töflum Fiskveiðasjóðs er borin saman ávöxtun með lánskjaravísitölu án vaxta og nauðsynlega vexti á ýmsum gjaldmiðlum til að halda í við þá ávöxtun, frá 1981 ef ég man rétt. Og þá kemur í ljós að til þess að dollarinn hefði haldið í við lánskjaravísitölu án vaxta þessi ár, þá hefðu vextir af dollaranum orðið að vera 15,83%. Þannig eru teknir þarna fjölmargir gjaldmiðlar og alls staðar þurfa vextirnir að vera mjög háir.

Í því sem ég fékk frá Landsbanka Íslands er hins vegar borið saman frá 1980, lánskjaravísitalan sett í hundrað yfir allan tímann og þá metið hvað nokkrir gjaldmiðlar hafa fallið borið saman við íslenska krónu með lánskjaravísitölu. Sá gjaldmiðill af þeim sem þarna voru bornir saman sem komst næst íslensku lánskjaravísitölunni var þýska markið sem er með styrkleika 76% rúmlega af lánskjaravísitölunni í lok þessa tímabils.

Nú skal viðurkennt að þarna er ekki tekin verðbólga inn í. Ég lét skoða það og það breytti ekki mjög miklu. Reyndar komu þá þeir sem voru að athuga þetta með hlut á móti sem þeir töldu reyndar benda til þess að það væri ekki sérstök ástæða til að taka verðbólguna þarna inn í. Staðreyndin er m.ö.o. að það hefur verið afar hagkvæmt fyrir erlenda fjármagnseigendur að ávaxta hér í fjármagni með íslenskri lánskjaravísitölu, a.m.k. hefðu þeir getað fengið peningana til sín aftur sem hefur vitanlega

verið mjög losað um.

Ég leyfi mér að fullyrða að íslenskt efnahagslíf hefur ekki efni á því að hafa svona gjaldmiðil eins og íslenska krónu með lánskjaravísitölu. Og þó að það sé rétt, eins og kom fram hjá hv. þm. Kristni Péturssyni, að 1000 dollarar eru 1000 dollarar eftir sem áður við gengisfellingar, þá eru þó æðimargir með mikið af sínum lánum í íslenskum krónum með lánskjaravísitölu. M.a. átti ég mjög fróðlegar viðræður við eiganda báts á Suðurlandi nú nýlega sem sagðist hafa skoðað afleiðingar gengisfellingar hjá sér. Hann sagðist vera með svo að segja allt í íslenskum krónum með lánskjaravísitölu. Og hann sagðist ekki sjá betur miðað við þær hækkanir sem hafa orðið á lánskjaravísitölu en að það mundi ríða honum að fullu ef gengið félli, jafnvel þó að hann fengi þá fiskverðshækkun sem hann taldi koma til greina í þessum málum. Þessi ungi maður með þennan bát skuldar að vísu töluvert mikið í bátnum. Því miður.

Hv. þm. spurði um lánskjaravísitölu um áramótin. Ríkisstjórnin ákvað í stefnuyfirlýsingu sinni, og þar er það birt, að taka upp nýja lánskjaravísitölu sem byggist að hálfu á launavísitölu, að einum fjórða á framfærsluvísitölu og einum fjórða á byggingarvísitölu. Þessi ákvörðun hefur verið tekin. Hún var tilkynnt Seðlabankanum strax og ríkisstjórnin tók við. Það var haldinn fundur með Seðlabankanum í fyrri hluta nóvember og þá ítrekað og Seðlabankinn beðinn að hefja undirbúning að þessu og að það gæti tekið við strax eftir áramótin. Hins vegar kom í ljós í byrjun desember að Seðlabankinn var ekkert byrjaður að vinna að þessum málum. Og því miður er það ekki ný reynsla. En það var ákveðið þá og ítrekað að Seðlabankinn gengi frá málinu og tilbúið er frv. sem ég mun leggja fram í ríkisstjórninni á morgun um lögbindingu vísitölu launa. Hins vegar telur Seðlabankinn ekkert því til fyrirstöðu og Hagstofan að taka upp þessa vísitölu strax þó að það sé ekki búið að lögbinda hana. Hagstofustjóri telur að engar breytingar séu væntanlegar af þeim útreikningum sem þegar hafa verið gerðir og eru notaðir í þessu sambandi en hins vegar sé réttara að hún sé fest í lögum sem vísitala.

Ríkisstjórnin ákvað jafnframt að heimilt yrði að hafa gengisviðmiðun. Það hefur reyndar verið heimilt nokkuð lengi í lánsviðskiptum en satt að segja hafa mjög fáir notað sér það, líklega hafa þeir sem lána skilið réttilega að lánskjaravísitalan íslenska er ólíkt betri kostur heldur en lán í erlendum gjaldmiðlum eins og ég nefndi áðan.

Hins vegar hefur það ekki endanlega verið afgreitt í ríkisstjórninni hvort gamli vísitölugrundvöllurinn verður leyfður áfram. Ég hika ekki við að segja að ég tel það afar vafasamt að hafa svo marga vísitölugrundvelli í notkun. Tel að það muni fyrst og fremst stuðla að enn auknu braski og „spekúlasjónum" manna á milli vísitölugrundvalla.

Við fengum, og það tafði nokkuð okkar starf í þessu, álit lögfræðinga enn einu sinni á því hvort heimilt væri með lögum að breyta gömlum lánasamningum í nýja vísitölu, í nýjan grundvöll og niðurstöðurnar voru þær að það væri ekki rétt og fengi ekki staðist, mundi varla standast fyrir dómstólum. Þetta er annað en þeir lögfræðingar ályktuðu sem sátu í svokallaðri lánskjaravísitölunefnd sem starfaði á vegum fyrri ríkisstjórnar. Þeir töldu að breytingar væru heimilar. Hitt er svo annað mál að vitanlega geta lánveitendur boðið upp á breytingu yfir á þennan nýja grundvöll. Þá yrði hann á eldri lánum enn þá í notkun, nema hjá þeim sem kjósa að færa yfir á nýja grundvöllinn.

Nú hefur heilmikið verið birt um það að þessi nýi grundvöllur sé ólíkt óhagstæðari lántakendum en sá gamli. Byggist það á því að laun hafa hækkað hér á undanförnum árum töluvert umfram verðlag sem kemur m.a. fram í því að þáttur launa er nú talinn í svokölluðum þáttatekjum, sem eru þjóðartekjur mínus beinir skattar, og er nú talinn vera kominn upp í 73%, úr u.þ.b. 65–66%. Það hefur orðið þarna gífurlega mikil hækkun. Fyrst og fremst hygg ég að þessi hækkun stafi af miklum yfirborgunum sem atvinnurekendur hafa talið vera um 20% og mundi lýsa að fullu þessari hækkun sem þarna er orðin. Þessi hækkun kemur inn í þetta mat, þegar borin eru saman laun og vísitölur.

En það sem efst er í mínum huga þegar ég ræði um þessa hluti er það að ef við þurfum að ganga í gegnum tímabil eins og t.d. 1983, þegar ekki varð komist hjá að lækka hlutdeild launa verulega í þjóðartekjum, þá skapar það lántakendum gífurlega mikla erfiðleika í mismun, í misgengi launa- og fjármagnskostnaðar. Ég tel miklu betra að lánskjör og laun fylgist sem næst að. Þó að í vissum tilfellum kunni það að vera óhagstæðara fyrir launþegann þá a.m.k. á hann ekki á hættu að horfa framan í svona mikið misgengi eins og þá varð.

Ég vil hins vegar taka það skýrt fram að ég tel ekkert annað viðunandi, og það sem fyrst, að losna að fullu út úr þessari víxlverkun launa, verðlags og lánskjaravísitölu fjármagnskostnaðar eins og við samþykktum í fyrri ríkisstjórn og er þar bókað í upphafsorðum þeirrar yfirlýsingar sem ég fór yfir hér fyrr í dag. Það má kannski geta þess að í ríkisstjórninni 1983–1987 var þetta rætt og m.a.s. kom fram tillaga frá þáv. fjmrh., ef ég man rétt, á fyrri hluta þess tímabils um að fella burtu lánskjaravísitöluna, en ekki náðist samstaða um það. Ég man að vísu að hv. þm. Þorsteinn Pálsson sagði þá að þegar komið væri jafnvægi, eða niður fyrir 10% verðbólga, þá teldi hann rétt að stíga slíkt skref. Og hæstv. fyrrv. forsrh. gerði einmitt þá tillögu, sem kom til framkvæmda 20. maí, að heimila ekki verðtryggingu á tveggja ára lánum. (**Gripið fram í:** Inn- og útlánum.) Inn- og útlánum. Það var gefinn frestur á þessu með innlánin að vísu, það er rétt, samkvæmt mjög eindreginni ósk Seðlabanka Íslands, nánast kröfu, þannig að það varð breyting á því.

Ég fagna því að mér sýnist vera rík samstaða hér á

hinu háa Alþingi um að losa okkur út úr þessari lánskjaravísitölu og taka upp nafnvexti. Og ég leyni því alls ekki að þegar rétta þarf við stöðu atvinnuveganna þá er ekki ólíklegt að það geti orðið með neikvæðum vöxtum einhvern skamman tíma.

Staðreyndin er sú að þegar lesnar eru þær mörgu tölur sem koma út úr þeim athugunum, sem menn hafa dálítið gert hér að umræðuefni — og sumir ekki kannski talið vera þarfa notkun dýrmæts tíma að safna þeim — þá kemur m.a. í ljós að eiginfjárstaða fyrirtækjanna hefur dregist gífurlega saman, sérstaklega útflutningsfyrirtækjanna, t.d. dregist saman hjá þeim 15 fyrirtækjum sem Atvinnutryggingarsjóður veitti yfirlit um, úr 11% í 3%. Og sama kom fram í þeim 29 fyrirtækjum sem sérstakir endurskoðendur athuguðu. En það eru til fyrirtæki í þjóðfélaginu sem hafa verulega bætt eiginfjárstöðu sína. Það eru allir fjárfestingarsjóðirnir, nokkurn veginn með tölu. Það eru bankarnir. Það eru sparisjóðirnir, sem eru komnir mjög ánægjulega hátt ef maður lítur á það frá þeirra sjónarmiði, mig minnir með yfir 11% eigið fé eins og það er mælt í bönkunum. Það eru tryggingafélögin. Og það eru yfirleitt þau félög, þau fyrirtæki sem hafa haft fjármagn á milli handanna og getað ávaxtað í þessari dásamlegu lánskjaravísitölu okkar eða tekið erlend lán á meðan gengið var fast og lánað út á ný í lánskjaravísitölu eins og Iðnlánasjóður gerði á síðasta ári og sýndi hagnað, ef ég man rétt, upp á 260 millj. kr. eða þar um bil.

Þannig að ég vísa líka til þess ákvæðis í stjórnarsáttmála sem segir að banna eigi alla slíka verðtryggingu fjármagns þegar jafnvægi er fengið í efnahagsmálum. Ég hygg að Ísland sé eina landið í Vestur-Evrópu sem er með slíkt fyrirkomulag. Og reyndar ef ég veit rétt þá er aðeins eitt annað land í Evrópu sem er með lánskjaravísitölu og það er Júgóslavía. Öll önnur lönd hafa forðað sér út úr lánskjaravísitölu eða verðtryggingu fjármagns. Í Júgóslavíu er nú ástandið ekki þannig að við getum talið það vera til fyrirmyndar. Ég vona að ég hafi svarað hv. þingmanni um lánskjaravísitöluna og vextina.

Hv. þm. Sjálfstfl. sérstaklega hafa lagt mikla áherslu á gengisfellingu og ég hef sjálfur sagt að vissulega sé raungengið of hátt. Raungengið hefur þó samkvæmt athugun Seðlabankans lækkað verulega núna síðustu missirin. Lækkað verulega og er á nokkurri niðurleið.

Sömuleiðis er það spá mjög margra að hækkun verði á fiskverði á vormánuðum, m.a. vegna þess að fiskveiðikvótar hafa verið mjög skornir niður í Evrópu, t.d. í Norðursjónum alveg gífurlega mikið og í Barentshafi, á sumum stofnum um meira en helming. Því er nú almennt spáð að þetta muni leiða til verulegrar hækkunar á verði sjávarafurða.

Ég leyfi mér einnig að fullyrða að áður en til gengisfellingar yrði gripið, ef farið yrði að ráðum hv. sjálfstæðismanna, þá sé afar mikilvægt að geta notað þá litlu verðbólgu sem er núna til að ná vaxtakostnaði eins mikið niður og frekast er unnt. Það er afar mikils virði einnig að geta lengt þau skammtímalán sem eru svona gífurlega mikil, eins og ég las áðan, á fiskvinnslufyrirtækjunum, álíka mikil og langtímalánin samkvæmt niðurstöðu endurskoðendanna.

Það er einmitt þetta sem ríkisstjórnin er að gera. Hv. þm. fullyrða hér að það sé ekkert gert. Mér þykir það undarlegt því að nú lögðu hv. sjálfstæðismenn einnig til að það yrði greitt úr Verðjöfnunarsjóði og ekki munu þeir hafa talið það ekkert. Þeir lögðu til að greiða 4% uppbót úr Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins á frystan fisk. Ég viðurkenni að það er millifærsla, ja, það er bitamunur en ekki fjár á milli tillagnanna. Við erum með 5%, hv. sjálfstæðismenn voru með 4%. Ég bendi einnig á að það voru á floti einnig tillögur um að bæta eiginfjárstöðu fyrirtækjanna. Það erum við einnig að skoða, en við höfum farið út í miklu víðtækari skuldbreytingar og ég held að þegar málin eru nú skoðuð í grunninn þá komi í ljós að þeirra er svo sannarlega þörf.

Ég hef einnig séð útreikninga fyrirtækis sem hefur tekið til greina þær skuldbreytingar sem það sækir um í Atvinnutryggingarsjóð, það er ekki búið að fá þær, og tók það inn í þessa vaxtabyrði sem ég rakti áðan frá einu fyrirtæki þar sem spöruðust 100 millj. kr. Hjá því fyrirtæki kom fram tiltölulega enn meiri sparnaður með því að losna út úr dráttarvöxtum og háum vöxtum á hinum fjölmörgu skammtímalánum. Og svo loks þessi almenna vaxtalækkun sem nú er unnið að.

Ef ég má koma að þeim brtt. þá sem gerðar voru í Ed. við þetta frv., ég ætla síðan að reyna, væntanlega til að spara tíma, að svara eitthvað þeim spurningum sem komu fram hér áðan og varða þetta mál almennt. En í Ed. komu fram ýmsar brtt. við frv. frá hv. stjórnarandstöðu og varða þær fyrst og fremst Atvinnutryggingarsjóðinn.

Án þess að rekja þær nákvæmlega þá er þar lagt til í raun að Atvinnutryggingarsjóðurinn verði lagður niður en í stað komið á fót rekstrardeild við Byggðastofnun sem taki að sér það verkefni sem Atvinnutryggingarsjóðurinn á að hafa. Jafnframt er lagt til að komið verði á fót hlutafjársjóði sem geti þar með eignast hlutafé í ýmsum fyrirtækjum þar sem verið er að bæta eiginfjárstöðuna. Jafnframt er lagt til að það framlag sem ríkisstjórnin gerir ráð fyrir af lögbundnu framlagi til Atvinnuleysistryggingasjóðs verði lán. Þá er einnig lagt til að fiskverð verði laust frá gildistöku þessara laga. Ég held að ég hafi þá rakið í meginatriðum þær brtt. sem ekki var fjallað um í sambandi við fyrra málið hér á dagskrá.

Ég heyri að það er lítið gert úr þeim viðræðum sem stjórnarandstaðan og ég ásamt tveim öðrum ráðherrum áttum. Ég vil alls ekki gera lítið úr þeim. Ég tel að þær hafi verið þarfar. Ég get hins vegar alls ekki tekið undir það að þar hafi verið lagðar á borðið fyrir okkur málamiðlunartillögur. Við stóðum frammi fyrir því að ræða þær tillögur sem stjórnarandstaðan hafði lagt fram í Ed. annars vegar og frv. hins vegar. Ég ákvað því og þeir sem með mér voru og þingflokkar okkar að bjóða þar upp á málamiðlunartillögur. Mjög hefur verið gagnrýnd

skipan stjórnar Atvinnutryggingarsjóðsins og m.a. fullyrt að að þeim störfum komi ekki aðrir en fulltrúar stjórnarflokkanna. Ég er tilbúinn að beita mér fyrir því að mæta þessu með því að fjölga í stjórn sjóðsins t.d. um þrjá menn sem yrðu skipaðir af forsrh. að höfðu samráði við formenn þingflokkanna og þá er að sjálfsögðu gert ráð fyrir því að þeir væru allir tilnefndir af stjórnarandstöðuflokkunum. Þá fjölgar í stjórninni upp í átta. Það er víst aldrei gott að fjölga um of, en ég teldi þannig gengið til móts við stjórnarandstöðuna.

Ástæðan fyrir því að mér þykir varasamt að kúvenda nú í þessum störfum er að það er búið að vinna mikið starf í þessari stofnun. Samstarfsnefndin hefur afgreitt frá sér með jái eða neii eitthvað um 50–60 umsóknir, en stjórnin sjálf hefur afgreitt rúmlega 20 umsóknir. Það er rétt að orðið hefur nokkur töf á þessu eins og stendur, m.a. vegna þess sem kom fram í fréttum í dag og hv. þm. Þorsteinn Pálsson spurði um, að Ríkisendurskoðun hefur viljað skoða nánar starfshætti og óskað eftir upplýsingum um hvernig ákveðin fyrirtæki eru metin og gerir það þá sérstaklega með tilliti til 2. gr. í reglugerð um stofnunina sem kveður á um að fyrirtækin skuli talin hafa rekstrargrundvöll þegar til lengri tíma er litið eftir skuldbreytinguna. Vitanlega eru þessar upplýsingar látnar í té og mér skilst að það verði um það fjallað á morgun, en stjórnin taldi réttara að skoða athugasemdir Ríkisendurskoðunar dálítið nánar til að engin slys yrðu.

Ég er alveg sammála ríkisendurskoðanda sem sagði samkvæmt fréttum að þetta væri ekkert annað en venjulegt eftirlit og ég fagna því að Ríkisendurskoðun skuli hafa náið eftirlit með því hvernig þarna er starfað. Ég veit hins vegar ekki annað en að allmargar umsóknir verði afgreiddar nú alveg á næstunni. Þetta mat er alltaf vissum erfiðleikum háð. Það getur aldrei hjá því farið og þarna koma t.d. inn í, þegar litið er yfir lengri tíma, hvert fiskverð verður á næstunni o.s.frv. og það viðurkenna vitanlega allir að rekstrargrundvöllurinn er, jafnvel fyrir góð fyrirtæki, alveg á mörkum þó að það muni að vísu vera nokkur dæmi þess að fyrirtæki koma út með jákvæða afkomu jafnvel á þessu erfiða ári þar sem annars staðar hefur kúvenst. Þetta er fyrsta tillagan sem við höfum gert í þessu sambandi.

Önnur tillagan er sú að setja á fót rekstrardeild við Byggðastofnun. Vitanlega er það góð hugmynd því að staðreyndin er vitanlega sú að Byggðastofnun stendur stöðugt frammi fyrir miklum rekstrarvandræðum en sjóðurinn sem þar er er stofnlánasjóður og ég held að það sé engin launung að menn hafa verið að reikna út stofnkostnað í raun til þess að mæta ýmsum rekstrarvandræðum með nýjum lánum. Við teljum að það væri skynsamlegast að slík rekstrardeild tæki við öllu frá Atvinnutryggingarsjóðnum á ákveðnum degi, t.d. 1. jan. 1991 þegar hann á að vera búinn að skuldbreyta, en þarna getur vel verið að menn geti hugsað sér að rekstrardeildin taki við einhverjum ákveðnum hluta eða hvernig menn vilja hafa það. Það er vissulega til umræðu.

Við teljum það sömuleiðis ágæta hugmynd að setja upp hlutafjársjóð. Við teljum að það þurfi að skoða nokkuð vandlega hvernig sá sjóður starfar því að það er ekki einfalt mál að fara að safna á einn stað e.t.v. mjög miklu hlutafé í fjölmörgum íslenskum fyrirtækjum. T.d. er ljóst að bankarnir yrðu að koma inn í starfsemi slíks sjóðs því að mjög mikið af skuldum sem þarft er að breyta í hlutafé er í bönkum, en þeir hafa ekki heimild til þess samkvæmt bankalögum. Og það er spurning hvort þeir geta keypt hlutdeild í sjóðnum og þannig stuðlað að breytingum skulda í hlutafé. Við erum því tilbúnir að fallast á þá hugmynd, enda verði hún nánar útfærð.

Við erum líka tilbúnir að athuga á hvern máta það yrði tryggt að fjármagn það sem Atvinnuleysistryggingasjóður fær ekki á næstu tveimur árum verði endurgreitt Atvinnuleysistryggingasjóði þegar kemur til endurgreiðslna á lánum Atvinnutryggingarsjóðs. En að gera það að láni á þessari stundu er dálitlum erfiðleikum bundið því að það vitanlega rýrir mjög eiginfjárstöðu Atvinnutryggingarsjóðsins ef þetta er allt talið lánsfé. Við teljum hins vegar eðlilegt að ríkissjóður ábyrgist að þetta fjármagn verði greitt Atvinnuleysistryggingasjóði aftur þegar það endurgreiðist.

Við teljum hins vegar ekki rétt að losa um fiskverðið um áramótin fremur en annað. Við teljum að ástandið sé það alvarlegt, eins og mjög greinilega hefur komið fram hjá hv. sjálfstæðismönnum, að ekki veiti af að hafa þarna sem minnsta óvissu meðan á þeim málum er tekið.

Ég hef nú lýst þeim tillögum sem ég leyfi mér að kalla málamiðlunartillögur sem við höfum lagt fram í þessum málum og þó að ekki næðist samstaða um það á fundinum í morgun tel ég að þar hafi verið gagnleg umræða um þessar hugmyndir og það er von mín að í nefnd verði þessar hugmyndir einnig athugaðar og milli flokkanna og athugað hvort ekki næst um þær samstaða.

Herra forseti. Það var að vísu spurt um æðimargt. Ég ætla þó að reyna að fara yfir það nokkuð fljótt. Ég hef komið inn á þessa fundi sem voru og er því ósammála að ekki hafi orðið þar árangur, a.m.k. liggja sjónarmið fyrir töluvert betur, og hef komið inn á æðimargt af því sem hér hefur verið sagt. Menn hafa dálítið gert að umræðuefni það sem ég sagði að við stæðum nær þjóðargjaldþroti. Ég vek athygli á því sem Guðmundur J. Guðmundsson sagði á fundi hjá Borgfl. fyrir nokkru. Ég hygg að sú lýsing hafi verið öllu svartari en mín og ég geri mikinn greinarmun á því að vera nær eða að við blasi eins og einhverjir hafa leyft sér að orða það. Ég vek hins vegar athygli á því að erlendar skuldir þjóðarinnar nú eru 45% þjóðarframleiðslu og með svipuðum aðgerðum og við höfum verið með hækka þær skuldir á næstu tveimur árum líklega yfir 60%. Það fer að vísu eftir mjög mörgum þáttum, en ég vek athygli á því að enn þá er spáð viðskiptahalla á næsta

ári upp á 10–11 milljarða. Þarna spilar að sjálfsögðu mjög inn í að þjóðarframleiðslan fellur á þessu og næsta ári um 6–7% og það sem ég tel hvað alvarlegast í þessu sambandi er að fram undan er spáð þremur lélegum aflaárum. Árið 1984 þegar skuldirnar voru meiri voru fram undan mjög góð aflaár og þetta fer mjög eftir aflanum eins og allir hér vita.

Ég tek undir það sem einhver sagði, ég man ekki hvort það var hér í þessum sal eða í Ed., að ef útflutningsatvinnuvegirnir stöðvast og gjaldeyrisöflunin stöðvast erum við svo sannarlega nær þjóðargjaldþroti en við höfum verið áður. Ég vil hins vegar fullyrða að svo gerist ekki með þeim aðgerðum sem núv. ríkisstjórn er með og væntanlega næst samstaða um frekari aðgerðir hér mjög fljótlega. Það er því alrangt eins og ég hef nú rakið að engar ákvarðanir hafi verið teknar, því fer víðs fjarri.

Menn hafa spurt hér um raforkuverðið. Það er rétt að í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir að lækka raforkuverð og gert ráð fyrir að það geti numið ½% í rekstrarútgjöldum þeirra fyrirtækja sem nota raforku tiltölulega jafnt yfir sólarhringinn á ársgrundvelli. Þetta hefur verið skoðað. Þetta mun kosta að mati rafveitna um það bil 200 millj. kr. og þær hafa svarað málaleitun ríkisstjórnarinnar þannig að þær treysti sér á engan máta til að axla þennan kostnað, þannig að það er hárrétt að þetta mál er ekki leyst og er enn þá á borði iðnrh. og í viðræðum við Rafveiturnar. Út af fyrir sig er þetta tiltölulega ódýr leið til að lækka umtalsvert rekstrarkostnað hjá vissum fjölda fyrirtækja, en það verður hins vegar að viðurkenna að gallinn á þessu er sá að þetta er mjög sértæk aðgerð og nær aðeins til frystingar og söltunar að einhverju leyti en t.d. ekki mjölvinnslu sem kannski þarf síður á því að halda og nær ekki til annarra greina í útflutningi sem vissulega þurfa á lagfæringu á sinni rekstrarstöðu að halda, svo að ég vil alls ekki fara leynt með það að menn hafa talið nauðsynlegt að skoða þetta nokkuð nánar.

Hv. þm. Kristín Halldórsdóttir vakti athygli á fréttum um það að aldrei hefur aflast meira og það er út af fyrir sig alveg hárrétt, en engu að síður sýna allar tölur, allir endurskoðendur, allir sem að þessum málum koma að aldrei hefur staðan verið verri. Þetta er einmitt ástæðan fyrir því að við teljum að þarna sé æðimargt sem þurfi að skoða betur en gert hefur verið. Ég hef þegar rakið þetta nokkuð. Ég hef tekið undir það sem hagfræðingar ASÍ segja um gífurlegan fjármagnskostnað sem ég held að sé einn meginþátturinn í þessari slæmu stöðu. M.ö.o., slæma staðan er ekki vegna þess að ekki hafi aflast umtalsvert. Hitt er svo líka annað mál að það er alltaf spurning hvernig slíkum afla er ráðstafað og miklu af þessum afla var á síðasta ári, nokkuð minna núna, ráðstafað til útlanda í gámum. Mjög mikil aukning hefur orðið á vinnslu á þessum afla á sjó úti. Frystitogurum hefur fjölgað afar mikið. Ég held að þeim hafi fjölgað á þremur til fjórum árum úr líklega þremur upp í 21 og þá á ég reyndar við togara sem vinna aflann, ekki þá sem frysta aðeins heldur vinna aflann jafnframt á sjó. Þetta hefur náttúrlega dregið mjög úr þeim afla sem komið hefur til vinnslu í fiskvinnslustöðvum á landi. Um þær erum við fyrst og fremst að fjalla. Þar hefur aflinn dregist saman og mér sýnist að alls ekki hafi orðið sú sama hagræðing hjá fiskvinnslustöðvum á landi sem orðið hefur væntanlega með vinnslutogurum á sjó og sem nauðsynleg hefur verið vegna breyttra aðstæðna að þessu leyti. Þetta er eitt af þeim málum sem ég held að sé óhjákvæmilegt að taka betur á og ná betri samræmingu á milli nauðsynlegrar vinnslu í landi og flutnings á óunnum afla úr landi.

Hv. þm. Hreggviður Jónsson kom inn á atriði um peningamálin og hef ég reyndar þegar rakið það svo ítarlega að ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það. Ég verð hins vegar að taka undir það með honum að röng stefna í peningamálum, eins og ég held að hann hafi orðað það, á mikinn þátt í þessum erfiðleikum sem við eigum nú við að stríða.

Ég hef þegar fjallað mikið um það sem hv. þm. Kristinn Pétursson sagði, en þó er eitt atriði, hann sagði að staðan væri lakari nú en í september. Ég held að það sé ekki rétt miðað við þá 5% greiðslu sem kemur úr Verðjöfnunarsjóði. Ég held að hún sé eitthvað skárri, en hitt er alveg hárrétt að hún hefur versnað miðað við enga greiðslu úr Verðjöfnunarsjóði. Ég er reyndar með alveg nýjar tölur um þetta. Það er, eins og hér hefur verið sagt, stöðugt verið að vinna skýrslur og samkvæmt þeim tölum er staðan núna í botnfiskvinnslu eins og ég skal nú lýsa. Miðað við 6% ávöxtun stofnfjár, og þá er búið að taka inn greiðslur úr Verðjöfnunarsjóði og jafna þeim yfir allt árið, er talið að í frystingunni séu 5,3% í mínus en voru líklega um 8% í september, söltunin sé plús 1,4. Samtals sé þetta mínus 2,8 og er þá miðað við 6% ávöxtun stofnfjár. En eins og fram hefur komið mun fjármagnskostnaðurinn vera miklu meiri en þá og afkoman því töluvert lakari en hér kemur fram. Þetta er hins vegar reiknað nákvæmlega á þann sama máta og reiknað var í september.

Ég vil ekki taka undir það að þetta sé allt ríkissjóði að kenna. Það liggja hér á borðinu og eru í hólfum manna yfirlit yfir auknar lántökur á síðasta ári og þessu ári og það vekur undrun mína að af þeim, ef ég man rétt, rúmum 6 milljörðum sem farið er fram úr er hátt í helmingurinn hjá útgerðinni og fiskvinnslu. Það kemur líka fram einmitt í tölum endurskoðendanna, sem ég hef oft vísað til, að í útgerðinni eru vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur 36% veltunnar og þar eru afskriftir 11,8% veltunnar. M.ö.o., það hlýtur að vera þarna gífurlega mikið af nýrri fjárfestingu, og það vitum við reyndar, í frystitogurum og endurbótum á fiskiskipum o.s.frv., sem fjarar síðan undan vegna þess að verð hefur lækkað og fleira sem ég veit að hv. þm. þekkir allra manna best. Ég er ekki út af fyrir sig að draga úr því að það er mjög skaðlegt að ríkissjóður er rekinn með halla á þenslutímum. Mér finnst hins vegar of mikið gert úr því að tileinka

ríkissjóði þetta allt. Og mín skoðun er nú sú að við búum hér við velferðarkerfi sem við getum verið tiltölulega ánægð með og ég er ekki tilbúinn að draga úr eða afhenda einkaaðilum til reksturs eins og kom fram í orðum hv. þm. sem mætti athuga. Ég vek athygli á því að skattheimta hér er miklu minni en víða annars staðar þar sem svipað velferðarkerfi er eins og t.d. á Norðurlöndum. Ég tel að við eigum að setja okkur þarna þak og reyna að standa við það.

Hv. þm. Friðrik Sophusson var sá sem talaði síðastur, en hann hefur gengið brott úr salnum. Hv. þm. ræddi töluvert t.d. um frjálshyggjuna hér og á Norðurlöndum. Ég vil leyfa mér að fullyrða að frjálshyggjan sé æðimikið meiri hér en víða annars staðar og sérstaklega að hún er stjórnlaus hér. Ég hef áður rakið lánskjaravísitöluna sem þarna spilar stórkostlega inn í og er ekki til á Norðurlöndum, þar er ekki lánskjaravísitala en skapar vitanlega þeim sem versla með fjármagnið allt aðra aðstöðu, tryggir þeim grundvöllinn, tryggir þeim að vextir verða ekki neikvæðir og því miður hafa ekki verið hér lög um flesta þætti þessarar starfsemi sem er utan bankanna en sem verið er að setja nú og hefði þurft að koma að sjálfsögðu langtum fyrr með langtum meiri kröfur um ábyrgðir þessara aðila og langtum meiri takmörkun á ýmiss konar umsvifum þessara aðila sem hvergi annars staðar þekkist. Hér er meiri notkun greiðslukorta en annars staðar er og hér eru ekki til lög um notkun greiðslukorta. Ég held því að það megi svo sannarlega segja að frjálshyggjan sé hérna miklu meiri en t.d. á Norðurlöndum.

Ég er að sjálfsögðu ekki á móti frelsi og það er hárrétt að við tókum þátt í því á árunum 1983–1987 að losa um. Við gerðum það 1984 þegar samþykkt var í þeirri ríkisstjórn að heimila hækkun vaxta um 2%, en því miður fór síðan allt úr böndum eins og allir þekkja, hætt var að ákveða hámarksvexti, okurlögin urðu þar með óvirk og fleiri slys urðu þá sem því miður er erfitt að lagfæra, en þyrfti þó að gera. Ég held að öllum sé fyrir bestu að frelsið sé innan ákveðinna marka. Ég ætla ekki að ræða um frelsi á þessu sviði í öðrum löndum. Ég veit að t.d. í Bandaríkjunum er þetta miklu strangara og hart tekið á þeim sem eru taldir okra.

Hv. þm. spurði um ullariðnaðinn. Ákveðin hefur verið aðstoð við ullariðnaðinn upp á 40 millj. kr. sem þýðir u.þ.b. 5% útborgun á verðmæti en verður þó ekki allt nýtt þannig. 20 millj. verða greiddar á þessu ári og 20 millj. á því næsta. Af þeim verða á hvoru ári 14 millj. greiddar sem uppbót á útfluttar ullarafurðir, en 6 millj. verður varið til hagræðingarátaks innan ullariðnaðarins, til að aðstoða menn við að sameina fyrirtæki, sameinast í markaðsátaki og fleiru þess háttar.

Ég hef svarað, hygg ég, flestu sem um var spurt. Hv. þm. sagði að vísu að bankarnir vissu ekkert um þessa breytingu á lánskjaravísitölu. Ég held að ég hafi ekki út af fyrir sig svarað því áðan, en það er einkennilegt því að Seðlabankanum var tilkynnt það formlega strax í upphafi stjórnarsamstarfsins og ítrekað í nóvember og það er þá einhver samgönguskortur á milli Seðlabanka og viðskiptabanka sem vitanlega á ekki að eiga sér stað.

Herra forseti. Ég hef talið nauðsynlegt að fara nokkrum orðum um þessi mál ítarlegar en ég gerði áðan vegna þess sem eðlilega hefur komið fram hjá stjórnarandstæðingum. Ég er tilbúinn að svara fleiri spurningum ef menn óska að sjálfsögðu, en legg loks til að máli þessu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir þessa löngu og ítarlegu ræðu sem hefur nánast slegið allar aðrar ræður í dag út að lengd til og vissulega var það ánægjulegt að hann skyldi gefa sér tíma til að taka þátt í þessum umræðum því að ekki veitir af að við fáum, stjórnarandstæðingar og aðrir hv. þm., tækifæri til þess að skiptast á skoðunum um þau mikilvægu mál sem hér er um fjallað. Nú er til umræðu síðara dagskrármálið sem reyndar er náskylt hinu fyrra, en það er frv. til laga um efnahagsaðgerðir sem er 8. mál þingsins. Áður en ég vík að því frv. sérstaklega langar mig til þess að fara örfáum orðum um fáeina hluti sem hæstv. forsrh. rakti í sínu máli.

Í fyrsta lagi var það ánægjulegt að hæstv. forsrh. skuli nú lýsa því yfir að hann sé með frelsi, (**Forsrh.:** Ég hef alltaf verið það.) og bætir nú reyndar við í frammíkalli að hann hafi alltaf verið það, því að þetta er sami maðurinn sem fyrir nokkrum vikum flutti hér stefnuræðu á hv. þingi og sagði þá að vestrænar aðferðir ættu ekki við hér landi. Ég hygg að hann hafi lært ýmislegt núna á sínum utanlandsferðum, kannski helst þegar hann veitti sér þann munað að afla upplýsinga ekki eingöngu um það hvar beinin væru í frú Thatcher, heldur hefur hann væntanlega jafnframt tekið innan úr henni í efnahagsmálum og vonast ég til þess að hann hafi þar með tileinkað sér þær hugmyndir sem kannski hafa skilað hvað bestum árangri á Vesturlöndum á síðustu árum.

Það sem kannski var þó athyglisvert var það að hann taldi, og kem ég þá að því að ræða það að hann hefur sýknt og heilagt, og ekki síst í ræðu sinni áðan, rætt um lánskjaravísitöluna og hann er sá maður sem einna harðast hefur barist fyrir því að breyta lánskjaravísitölunni og nú kemur í ljós að þau mál eru í nokkurri bendu hjá hæstv. ríkisstjórn sem virðist ætla að láta það viðgangast að um næstu áramót verði margvíslegar lánskjaravísitölur í gangi. Að vísu viðurkenndi hæstv. ráðherra það að slíkt væri heldur óskemmtilegt og gæti vissulega orðið tilefni til frekara brasks þar sem augljóst er að þetta getur ruglað almenning nokkuð í ríminu.

Það var mjög athyglisvert sem kom fram í máli hæstv. ráðherra og varðaði lánskjaravísitöluna og þann útreikning sem gerður hefði verið á samanburði annars vegar ávöxtunar með lánskjaravísitölu

hér á landi þegar miðað væri við gengi annarra þjóða. Þetta var athyglisvert vegna þess, og það held ég að skipti mjög miklu máli fyrir hæstv. ráðherra að gera sér grein fyrir, að ef Landsbankinn og aðrir þeir sem beðnir voru um þessa útreikninga hefðu verið látnir mæla þetta í nýju vísitölunni hefði samanburðurinn verið enn óhagstæðari og það er vegna þess að launin vega þyngra í nýju vísitölunni og það þýðir að ávöxtun með nýju vísitölunni er hærri en samkvæmt gömlu vísitölunni. M.ö.o., þær aðgerðir sem hæstv. ríkisstjórn er nú að efna til hefði gert þennan samanburð sem hæstv. forsrh. gerði mikið úr enn þá óhagstæðari. Það er nefnilega alveg rétt sem hæstv. ráðherra sagði að raungengið á Íslandi hefur verið mjög hátt og ástæðan fyrir mjög háu raungengi er auðvitað hin mikla kostnaðarhækkun sem hefur átt sér stað innan lands, fyrst og fremst launahækkunin ef við teljum saman nokkur undanfarin ár því að það er hárrétt sem hann sagði að í þáttatekjum hefur launakostnaðurinn í raun og veru hækkað í 73% úr u.þ.b. 65%.

Allt þetta kom fram í ræðu hæstv. ráðherra og þar með sannaði hann að í raun og veru er hæstv. ríkisstjórn að fara út á þær götur núna að velja lánskjaravísitölu sem hefði verið mun óhagstæðari en núgildandi lánskjaravísitala. Hæstv. ráðherra réttlætti þetta hins vegar með því að ekki mætti koma fram það misgengi sem varð á sínum tíma, 1983, annars vegar á lánskjörum og launum. M.ö.o., hæstv. forsrh. ætlar að breyta tommustokknum, mælistikunni, þegar nú hagar þannig til í þjóðfélaginu að það getur verið til hagsbóta einum hópi um skeið. Þetta minnir mann dálítið á það þegar harmónikkuleikari á dansleik sagði að næsti hálftími yrði þrjú korter. Það er nákvæmlega það sem hæstv. ráðherra er að gera. Hann er í raun og veru að segja að á næstunni muni cm verða 8 mm. Svo einfalt er það mál því að það eru auðvitað vextirnir sjálfir en ekki sjálf lánskjaravísitalan sem í raun og veru mælir það leigugjald sem menn eiga að fá fyrir peningana en ekki tommustokkurinn sem mælir eingöngu verðbólguna á hverjum tíma. Þetta held ég að hæstv. ráðherra hafi sannað ágætlega í sínu máli og er ég þakklátur honum fyrir að að sýna í ágætum málflutningi fram á að í raun og veru er nýja vísitalan lakari en sú gamla á þeim mælikvarða sem hann notaði með því að bera saman lánskjör á Íslandi og ávöxtunarkjör í öðrum löndum, t.d. í Bandaríkjunum. Niðurstaðan er afskaplega ljós. Hún er eingöngu sú að þrátt fyrir svipaðan hagvöxt á Íslandi og í Bandaríkjunum hafa laun hækkað mun meira á Íslandi en í Bandaríkjunum og það sýndi hæstv. ráðherra fram á í sinni ræðu þótt honum tækist það ótrúlega að taka undir með Alþýðusambandi Íslands í sömu ræðunni og segja að það sé fjármagnskostnaðinum að kenna en ekki launanum hvernig komið er.

Það er auðvitað enginn vandi að sýna fram á það að fjármagnskostnaður hefur hækkað gífurlega á yfirstandandi ári og það er auðvitað fyrst og fremst vegna þess að tekjur fyrirtækjanna hafa dregist saman, tapið hefur aukist, fyrirtækin hafa þurft að taka meira lánsfé og heildarfjármagnskostnaðurinn hefur þess vegna aukist. Og á meðan hæstv. ríkisstjórn viðurkennir ekki að það þurfi að bæta afkomu fyrirtækjanna, bæta rekstrarskilyrði þeirra með því að laga gengið, halda fyrirtækin áfram að tapa, skuldastaðan versnar, heildarfjármagnskostnaðurinn vex en dregst ekki saman. Þetta eru staðreyndir sem ég held að hæstv. ráðherra verði að hafa í huga þegar hann ræðir þessi mál. Og það skiptir auðvitað langmestu máli að gera sér grein fyrir þessu. Það hefur enginn talað um það hér í þingsölum að gengið eigi að fella og síðan eigi aðrir þættir að vaxa jafnótt. Það er auðvitað undirstöðuatriði sem ég veit að hæstv. ráðherra gerir sér betur grein fyrir en flestir aðrir að til þess að gengisfelling nái tilgangi sínum verður að koma í veg fyrir að hún hafi áhrif á alla aðra þætti, á alla innlendu kostnaðarliðina. Þar á meðal hlýtur gengislækkun að verða til þess gerð að færa niður að einhverju marki hlutfall launa í þáttatekjum.

Þetta veit auðvitað hæstv. forsrh. þannig að það er alveg út í bláinn þegar hann segir að gengisfelling hafi enga þýðingu. Hún hefur auðvitað enga þýðingu nema til mjög skamms tíma ef menn sleppa öllu öðru lausu. Um þetta eru menn sammála. Það sem hins vegar hryggir okkur í stjórnarandstöðunni, eða a.m.k. suma hverja, er það að hæstv. ráðherra stendur að því að greiða með útflutningsgreinunum sumum með því að taka erlent fjármagn að láni og það vita allir að getur ekki gengið nema um skamma hríð. Ég tek auðvitað undir það með hæstv. ráðherra að vonandi hækkar verð á afurðum okkar erlendis þannig að afkoman batni. Við höfum hins vegar enga tryggingu fyrir því.

Ég ætla ekki að gera svör hæstv. ráðherra að umræðuefni hér. Það gefst örugglega betra tækifæri til þess síðar. En þó vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort möguleiki sé á að hann útvegi fulltrúum stjórnarandstöðunnar þá skýrslu sem Seðlabankinn sendi ríkisstjórninni á sínum tíma um breytingar á lánskjaravísitölunni. Okkur er sagt að sú skýrsla hafi verið send hæstv. ríkisstjórn fyrir fáeinum vikum síðan. Sumir hæstv. ráðherrar hafa reyndar haldið því fram að þeir hafi ekki fengið þessa skýrslu í hendur, en ég held að það muni hjálpa til við umræðuna og til þess að eyða óvissunni í þessum málum ef bæði stjórnarliðar og stjórnarandstæðingar á þingi fengju aðgang að þessari skýrslu og þeim upplýsingum sem þar koma fram og ég held að hljóti að vera hinar athyglisverðustu í ljósi ummæla hæstv. ráðherra áðan.

Hæstv. ráðherra rakti síðan þau atriði sem hann hafði lagt fram sem málamiðlunartillögur á sameiginlegum fundi ríkisstjórnarfulltrúanna og fulltrúa stjórnarandstöðunnar á fundum sem haldnir voru annars vegar í dag og hins vegar á laugardaginn var. Ég leyfi mér, hæstv. ráðherra, að kalla okkar tillögur málamiðlunartillögur af þeirri ástæðu að í

þeim er að verulegu leyti gengið út frá því að kjarninn í tillögum hæstv. ríkisstjórnar eins og þær birtast á þskj. 8 og þskj. 20 eigi að ná fram að ganga með þessum breytingum sem við höfum minnst á og varða annars vegar Atvinnutryggingarsjóðinn og hins vegar kjarasamningamálin. Þess vegna leyfum við okkur að kalla þetta málamiðlunartillögur, enda hefur hæstv. ríkisstjórn áður komið til móts við suma sína stuðningsmenn með því að hreyfa til dagsetningar í frv. sem var til umræðu fyrr í dag.

Svo að ég nefni aðeins örlítið af því sem kom fram í máli hæstv. ráðherra vil ég taka undir það með honum að æskilegt væri að koma upp hlutafjársjóði eins og tillögur eru uppi um og fluttar voru í hv. Ed. Ég er jafnframt þeirrar skoðunar að okkur beri að vinna að því með miklu markvissari hætti en hingað til hefur verið gert að koma á virkum hlutabréfamarkaði hér á landi en til þess þarf skattalagabreytingar og ég hvet hæstv. ráðherra til þess að huga að því með hvaða hætti við getum eflt hlutabréfamarkað hér á landi, einmitt vegna þess að með því gætum við hugsanlega tryggt eiginfjárstöðu fyrirtækjanna í stað þess að láta fyrirtækin vera allt of háð innlendu og erlendu lánsfjármagni. Það er nefnilega sá munur á hlutafé og lánsfé að hlutaféð situr eftir í fyrirtækinu jafnvel þótt hlutabréf gangi kaupum og sölum en lánsfé verða fyrirtækin eðlilega að borga til baka.

Ég vil enn fremur, virðulegur forseti, vekja athygli á tvennu sem kom fram í máli hæstv. ráðherra, annars vegar því sem hann sagði um viðskiptahallann sem yrði verulegur á næsta ári, eins og hann reyndar var á þessu ári, og benda á og leggja á það áherslu hve hættulegt það er þegar viðskiptahalli er mikill ár eftir ár. Viðskiptahallinn þýðir í raun og veru að viðskipti landsins við önnur lönd eru ekki í jafnvægi og oftast er brugðið á það ráð, og það hefur verið gert hér á landi um árabil og áratuga skeið, að leiðrétta gengi íslensku krónunnar einmitt til þess að ná jafnvægi í viðskiptum við erlendar þjóðir. Þetta er undirstöðuatriði og með því að víkja sér undan því að ná jafnvægi í viðskiptum við útlönd er auðvitað vísvitandi verið að stefna í gífurlegar erlendar lántökur á næsta ári. Og það er kannski það sem við óttumst verulega að sé gert vitandi vits og allir hljóta að sjá hvaða afleiðingar það hefur í för með sér. Með þessum orðum ætla ég ekkert að vera að fría minn flokk eða sjálfan mig í þessu sambandi. Það er ljóst að það hefur verið ólag á þessum málum á undanförnum árum en kannski kominn tími til að menn leggist á eitt í því að ná viðskiptajöfnuði.

Þá vil ég enn fremur, og það er síðara atriðið, nefna það sem hæstv. ráðherra hefur oft lagt áherslu á og það er lækkun á raforkuverði til sumra fyrirtækja. Ég tek heils hugar undir með honum og satt að segja tel ég það mikla framför hjá hæstv. forsrh. að viðurkenna að þarna er náttúrlega um mjög sértækar aðgerðir að ræða sem skilja eftir fyrirtæki sem eru í útflutningi og ekki síður fyrirtæki sem eru í samkeppni við innflutning og þá á ég við samkeppnisiðnaðinn sem því miður hefur verið skilinn eftir í þeim efnahagsaðgerðum sem ríkisstjórnin stóð að á síðasta hausti. Ég held að þetta mál sé satt að segja óleysanlegt og enn óleysanlegra þegar nú kemur í ljós að Landsvirkjun, miðað við lagalegar forsendur, er rekin með halla á yfirstandandi ári. Mér er og kunnugt um að staða annarra orkufyrirtækja er ákaflega slæm. Þar á ég sérstaklega við Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða. Enn er ekki séð fyrir endann á því hvernig leysa á vandamál þeirra þannig að ekki komi til verulegrar orkuverðshækkunar til þeirra sem síst mega við því að fá slíka hækkun. Á ég þá við þá sem þurfa að hita upp húsnæði sitt með innlendum orkugjöfum. Á sama tíma, og það vil ég segja til athugunar fyrir hæstv. ráðherra, eru erlendir orkugjafar skattfrjálsir þótt þeir framleiði rafmagn. Ég er ekki að biðja um breytingar í þeim efnum, en ég bendi á að framleiði menn rafmagn með dísilolíu þurfa menn ekki að borga söluskatt, en framleiði menn rafmagn innan lands til venjulegra nota annarra en til húshitunar hjá einstaklingum borga menn fullan söluskatt. Þarna er auðvitað misvægi sem einhvern tíma hlýtur að þurfa að leiðrétta og ráðgert var að leiðrétta með upptöku virðisaukaskatts sem nú hefur verið frestað til áramóta eftir rúmt ár.

Vík ég nú, virðulegur forseti, með nokkrum orðum að fyrirliggjandi frv. og skal ekki vera langorður. Í fyrsta lagi vil ég minnast á 1. gr. frv. þar sem segir að stjórn deildar fyrir frystar afurðir í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins sé heimilt að taka lán að upphæð allt að 800 millj. kr. Mér finnst ástæða til þess að hæstv. forsrh. íhugi hvort eðlilegt sé að orða þessa grein með þessum hætti eftir að yfirlýst er af hálfu hæstv. ríkisstjórnar að hér sé um að ræða lán með ábyrgð ríkisins sem ríkið ætli ekki að heimta til baka. Er það bókhaldslega verjandi að orða þetta með þessum hætti þegar sú yfirlýsing hæstv. ríkisstjórnar liggur fyrir að þessar 800 millj. verði ekki krafðar aftur af Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins? Er þá ekki rétt að láta þessa fjármuni fara í gegnum ríkissjóð sem verður hvort sem er að standa straum af endurgreiðslu þessara erlendu lána? Hérna er um að ræða mikilvægt bókhaldsatriði sem frestar því að upphæðin sé tekin inn í reikninga íslenska þjóðarbúsins á þeim stað sem hún á heima.

Í öðru lagi langar mig til að minnast á 3. gr. frv. sem fjallar um Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina. Ég spyr hæstv. forsrh. hvort honum finnist ekki eðlilegra þegar um slíkar aðgerðir er að ræða, og læt ég þá liggja á milli hluta hversu góðar þær eru, sjálfur hef ég lýst skoðun minni á því fyrr að þær næðu einnig til samkeppnisiðnaðarins. Finnst hæstv. ráðherra það verjandi að gera mun á samkeppnisiðnaðinum og útflutningsgreinunum þegar um slíkar aðgerðir er að ræða en gera hins vegar ekkert fyrir samkeppnisiðnaðinn og iðnaðinn yfir höfuð þegar mjög vel gengur í sjávarútvegi og ljóst er að gengi íslensku krónunnar er allt of hátt skráð miðað við eðlilegar þarfir og eðlilega getu iðnaðarins?

Er það verjandi fyrir þjóð eins og Íslendinga sem lifa jafnmikið á fiski og fiskafurðum að láta það viðgangast að gengi íslensku krónunnar sé eingöngu skráð með tilliti til þess hvernig gengur í sjávarútvegi? Auðvitað veit ég, og hæstv. ráðherra þekkir það mætavel, að eðli vandans og orsök hans eru í því fólgin að sveiflurnar sem verða óhjákvæmilega í sjávarútveginum fara út í allt hagkerfið og verða að almennum hagsveiflum á mjög skömmum tíma. Þar liggur hundurinn grafinn. Ég held að það sé kominn tími til að stjórnvöld og aðrir geri sér grein fyrir því að besta ráðið til þess að ráða við þennan vanda er að jafna afkomuna á milli góðæra og harðæra í sjávarútvegi og til þess þurfum við skattalegar aðgerðir. Því finnst mér skjóta skökku við þegar hæstv. ríkisstjórn er nú í skattafrv. sínum að ráðast að þeim fyrirtækjum sem hafa nýtt sér heimildir til þess að leggja fé fyrir til mögru áranna. Það er ekki lengur hægt að ná sköttum af fyrirtækjum sem mörg hver tapa vegna fjárfestinga umfram getu og þegar það er ekki hægt ræðst hæstv. ríkisstjórn á þá sem vegna fyrirhyggju lögðu fé til hliðar í fjárfestingarlánasjóði og varasjóði. Nú á að draga úr möguleikum fyrirtækjanna til þess að leggja fé til hliðar með því að skattleggja þessi fyrirtæki mun meira en áður. Ég held að þetta sé aðferð sem hafi þveröfug áhrif en þau sem eðlileg væru ef ríkisstjórnin hæstv. væri að leita að sveiflujafnandi aðgerðum til að stemma stigu við þeim erfiðleikum sem yfir okkur dynja vegna einhæfrar atvinnu. Og við vitum það báðir að atvinna á Íslandi verður auðvitað einhæf enn um alllangt skeið.

Í þriðja lagi vil ég minnast á 4. gr. Það hafa orðið nokkrar umræður við fyrra málið sem hér var á dagskrá, þ.e. um Atvinnutryggingarsjóðinn, og þó einkum um Ríkisendurskoðun og eftirlit hennar. Hæstv. ráðherra hefur reyndar sagt að samstarfsnefndin ráði nokkurn veginn öllu því sem þarna gerist. Það sé unnið með faglegum hætti að því að velja þá úr sem eiga að fá skuldbreytingalán frá Atvinnutryggingarsjóði. Ég ætla ekki að bera brigður á það en það er athygli vert sem upplýst hefur verið, m.a. í ræðu hæstv. ráðherra, að Ríkisendurskoðun skuli hafa þurft að hafa afskipti af málefnum sjóðsins. Ég tel ástæðu til þess að kalla sem fyrst eftir skýrslu frá Ríkisendurskoðun um þessi mál, einkum og sér í lagi vegna þess að það virðist hafa verið ætlun bráðabirgðalöggjafans, hæstv. ríkisstjórnar, að Alþingi yrði mjög vel upplýst um þá starfsemi sem fram fer á vegum Atvinnutryggingarsjóðs.

Þá langar mig til þess, virðulegur forseti, að benda á 18. gr. frv. og vekja athygli á því að í þessu ákvæði er gert ráð fyrir því að hækka ríkisútgjöld á yfirstandandi ári um 600 millj. kr. Mér finnst, og tek undir það með öðrum þeim sem hafa lýst yfir þeirri skoðun sinni, að hér sé farið inn á mjög varhugaverða braut, ekki síst fyrir þær sakir að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki tryggan meiri hluta fyrir framgangi þessa frv. Hæstv. ráðherra lýsti því reyndar yfir fyrir nokkrum vikum á fundi á hinu háa Alþingi að engin trygging væri fyrir meiri hluta ríkisstjórnarinnar fyrir þessu eða ýmsum öðrum frv. Mér finnst því vera farið út á hálar brautir þegar veitt er heimild með bráðabirgðalögum til þess að hækka ríkisútgjöld. Ég leyfi mér að efast um að þetta sé í þeim anda sem stjórnarskrá Íslands er skrifuð. Ég efast ekki um að hæstv. ríkisstjórn hafi leitað sér lögfræðiálits en mér þykir rétt að vekja athygli á þessu og spyrja hæstv. ráðherra hvort til að mynda leitað hafi verið álits lagastofnunar Háskóla Íslands því að hérna virðist vera farið út á hálar brautir.

Þá finnst mér enn fremur, sem líka er lagatæknilegs eðlis, í 20. gr. vera farið út fyrir það sem getur kallast eðlilegt að sé í bráðabirgðalögum. Allir vita að bráðabirgðalög eru gefin út vegna þess að brýna nauðsyn ber til. Getur verið eðlilegt að setja í bráðabirgðalög ákvæði sem taka gildi einum til einum og hálfum mánuði síðar „ef brýna nauðsyn ber til". Auðvitað getur það gerst að sum ákvæði bráðabirgðalaga verði ekki virk fyrr en síðar en ég bendi hæstv. forsrh. á að það er afar óeðlilegt að í bráðabirgðalögum sé tiltekið að ákveðnir hlutar laganna eigi ekki að taka gildi fyrr en miklu síðar. Af hverju segi ég þetta? Vegna þess að ef næsta hæstv. ríkisstjórn eða þessi hæstv. ríkisstjórn ætlaði að nota þetta atriði sem fordæmi gæti ríkisstjórnin síðasta dag sumarleyfis gefið út bráðabirgðalög sem tækju ekki gildi fyrr en nokkrum mánuðum seinna. Með því er auðvitað stórkostlega unnið gegn meginhugmyndum að baki útgáfu bráðabirgðalaga. Það hefði verið hægt að bjarga þessu með því að setja slík ákvæði inn í 15. gr. En að orða þetta sérstaklega með þessum hætti í 20. gr., sem í eru ýmis ákvæði en eru ákvæði til bráðabirgða þótt það beri ekki það heiti í fyrirsögn, finnst mér mjög óeðlilegt frá lagalegu sjónarmiði.

Loks vil ég, virðulegur forseti, minnast á þær tillögur sem lagðar voru fram í hv. efri deild og Sjálfstfl. hefur lýst yfir stuðningi við eða er meðflutningsaðili að.

Í fyrsta lagi eru það brtt. eins og þær birtast á þskj. 209 og fjalla um hlutafjársjóði. Sjálfstfl. styður þessar tillögur sem fluttar eru af hv. þm. Danfríði Skarphéðinsdóttur, Halldóri Blöndal og Eyjólfi Konráð Jónssyni. Eins og ég hef sagt áður teljum við afar mikilvægt að styrkja eiginfjárstöðu fyrirtækjanna en draga sem mest úr lánsfjárþörf þeirra öfugt við það sem hæstv. ríkisstjórn er að gera.

Í öðru lagi hefur Sjálfstfl. flutt aðrar tillögur ásamt fulltrúum Borgfl. og Kvennalistans á þskj. 208. Ég vil árétta hér að sjálfstæðisþm. í neðri deild munu áfram fylgja þeirri stefnu sem þar kemur fram. Það vil ég ítreka svo að ekkert fari á milli mála að fulltrúar Sjálfstfl. í neðri deild hafa lýst yfir og munu standa við þá yfirlýsingu að fylgja þeim hugmyndum sem fram komu í tillögum frá Kvennalistanum og Borgfl. í efri deild og varða gildi kjarasamninga. Þetta hefur verið áréttað, virðulegur

forseti, í viðræðum sem hafa átt sér stað á milli ríkisstjórnarflokkana og stjórnarandstöðunnar og ég vil segja að því miður enduðu þær viðræður með því að hæstv. forsrh. og fulltrúar hæstv. ríkisstjórnar féllust ekki á málamiðlunartillögur stjórnarandstöðunnar. Því getur farið svo, sem búast má við, að ef stjórnarandstaðan stendur saman í neðri deild verði nokkur hluti þessa frv. felldur ef ekki verða gerðar á frv. breytingar í hv. fjh.- og viðskn. Fari á þann veg lýsi ég, fyrir hönd Sjálfstfl., fullri ábyrgð á hendur hæstv. ríkisstjórn.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hér er kominn til umræðu hryggjarbitinn úr þeim bráðabirgðalögum sem núv. ríkisstjórn setti í miklu óðagoti í septemberlok því eins og menn hafa áttað sig á voru þær greinar sem varða launafrystinguna fluttar hreppaflutningum við afgreiðslu þessara mála í efri deild. Eftir urðu ýmsar fjármálaráðstafanir sem áttu að rétta stöðu atvinnulífsins en um það eitt voru menn ákaflega sammála á þeim tíma að eitthvað yrði að gera í þessum dúr.

Eins og ég hef áður vikið að er ekki auðvelt að ráða í stöðuna, skilaboðin eru satt að segja afar misvísandi. Við fáum fréttir af rífandi afla og bættri meðferð og auknu verðmæti sjávarafla, eins og ég minnti á hér fyrr í dag úr þessum ræðustól, en síðan segja gjaldþrotafréttir og tölur um aukið atvinnuleysi okkur allt aðra sögu. Við fáum skýrslu á skýrslu ofan um afkomu fyrirtækja sem gefa okkur meðaltalstölur sem vissulega eru ófagrar. Við kvennalistakonur leituðum fast eftir nánari sundurgreiningu á þeim vanda sem við væri að etja, sundurgreiningu á stöðu fyrirtækja í tölum um frávik. Slíkar upplýsingar fengust hér ekki á haustdögum og því lögðum við ásamt þingmönnum úr öðrum þingflokkum fram beiðni um skýrslu um stöðu tíu verst stöddu og tíu best stöddu fiskvinnslufyrirtækja í landinu til þess að fólkið gæti áttað sig á þessum misvísandi upplýsingum og gert sér grein fyrir ástæðunum fyrir slæmri afkomu eða hagnaði fyrirtækja. Þessi skýrsla hefur ekki enn verið lögð fram. Með þessari beiðni og þessari afstöðu erum við auðvitað ekki að segja að vandinn sé minni en af er látið heldur aðeins að leggja áherslu á að vandi verður ekki leystur nema menn geri sér grein fyrir rótum hans.

Í umræðum um fyrra dagskrármálið fór ég nokkrum orðum um þá aðför að launafólki sem stjórnvöld hafa talið nauðsynlega sem lið í aðgerðum til lausnar þess vanda sem við er að fást í atvinnulífinu. Menn muna allar umræðurnar á liðnu sumri um ýmsar leiðir kenndar við færslu, ýmist niður-, upp-, milli-, bak- eða undan-. Niðurfærslan freistaði margra enda lítur hún auðvitað vel út á pappír. Keyra bara alla kostnaðarliði niður og köttur út í mýri, allur vandi á bak og burt. Það eru miklir talnatrúarmenn sem halda að slíkt geti gengið burt séð frá því óréttlæti sem í slíkri leið felst. Veruleikinn er auðvitað allt annar og launin eru ekki vandamálið. Sé kostnaður vegna taxtalauna einhverju fyrirtæki ofviða er rekstrargrundvöllur tæplega fyrir hendi. Of hár launakostnaður sem tilkominn er vegna launaskriðs eða fríðindagreiðslna er hins vegar á ábyrgð viðkomandi fyrirtækja sem geta þá stundað sína niðurfærslu sjálf án milligöngu stjórnvalda. Það er fullkomin heimska að hrófla við hóflegum launasamningum og ætla almennu launafólki á hreinum töxtum að gjalda þannig fyrir þenslu og mistök í fjárfestingum og rekstri sem það ber enga ábyrgð á.

Það eru aðrir kostnaðarþættir en launin sem hrjá atvinnulífið og þá fyrst og fremst fjármagnskostnaður eins og hæstv. forsrh. tók sannarlega undir í sínu máli. Á þetta höfum við kvennalistakonur margsinnis bent og þetta var m.a. það sem við vildum fá fram í þeirri skýrslu sem við höfum beðið um varðandi fiskvinnslufyrirtæki. Að sjálfsögðu er um ýmislegt annað að ræða sem hefur áhrif á afkomu fyrirtækja, svo sem umhverfi þeirra eða almennt ástand í viðkomandi byggðarlagi, flutningskostnaður og aðrar aðstæður til aðdrátta, orkukostnaður og sitthvað fleira. Það er fjármagnskostnaðurinn sem er aðalsökudólgurinn að okkar dómi og samkvæmt athugunum hagfræðinga ASÍ er það mat okkar rétt. Hæstv. forsrh. minntist einmitt á athuganir þeirra í sínu máli og hafi ég tekið rétt eftir þá benda útreikningar þeirra sannarlega til þess að hlutfall fjármagnskostnaðar í rekstri fyrirtækja í sjávarútvegi, og þá voru þeir fyrst og fremst að kanna stöðu fiskvinnslufyrirtækja, hafi vaxið um 150% frá því í fyrra, á sama tíma og hlutfall launa í rekstri hefur aðeins vaxið um 4%. Þetta er mjög athyglisverð niðurstaða og hlýtur að sýna okkur hvar a.m.k. stór hluti vandans liggur.

Hjá einhverjum þessara fyrirtækja er vissulega um sjálfskaparvíti að ræða. Offjárfestingar og rangar áætlanir. Því miður er glannaskapur, vanþekking og ábyrgðarleysi áberandi í íslenskum atvinnurekstri. Í útflutningsgreinunum mun þó að talsverðu leyti vera um utanaðkomandi vanda að ræða, óhagstæða þróun gengis og verðlags, sem fyrirtækin hefur skort eigið fé til að mæta. Í sumum greinum, einkum í fiskvinnslunni, var þetta ástand orðið verulega slæmt fyrr á þessu ári svo að augljóst var að stjórnvaldsaðgerðir urðu að koma til, enda afkoma og framtíð heilla byggðarlaga undir því komin að rekstur sé tryggur. Slíkar stjórnvaldsaðgerðir má þó ekki gera blindandi heldur að undangenginni athugun á stöðu og rekstri viðkomandi fyrirtækja og með skilyrðum um endurskipulagningu og aðhald í rekstri. Við vorum því sammála því að óhjákvæmilegt væri að fara einhverja þá leið sem fæli í sér bætta skulda- og rekstrarstöðu og ekki síst aukningu eigin fjár.

Við erum hins vegar ósáttar við hinn margfræga Atvinnutryggingarsjóð sem varð niðurstaðan hjá stjórnvöldum. Þessi sjóður er nú þegar orðinn að apparati þrátt fyrir óvissu um afdrif lagasetningar. Við höfum gagnrýnt það og okkur þykir ámælisvert hversu mikil umsvif þessa sjóðs og stjórnar hans eru

orðin meðan fullkomin óvissa ríkir enn um afdrif þeirrar lagasetningar sem við erum að fjalla um. Þessi sjóður, sem kallaður hefur verið Atvinnutryggingarsjóður, er að okkar mati ekkert annað en margnotuð aðferð til fyrirgreiðslu í erfiðleikum atvinnulífsins sem færð er í nokkurs konar grímubúning, e.t.v. til þess að láta menn halda að um sérstaka aðgerð sé að ræða og þá eitthvað björgulegri og árangursríkari en áður hefur verið reynd.

Við höfum, eins og fram hefur komið í umfjöllun í Ed. og í brtt. þar, margt að athuga við þennan grímubúning. Í fyrsta lagi teljum við einsýnt að verkefni sjóðsins eigi einfaldlega heima í Byggðastofnun og megi fela þau sérstakri deild þar og þurfi í rauninni ekkert sérstakt nafn, þótt það sé svo sem útlátalaust ef menn vilja endilega láta afkvæmið heita eitthvað. Byggðastofnun hefur hingað til sinnt verkefnum sem þessum og á samkvæmt bráðabirgðalögunum bæði að hýsa sjóðinn, færa bókhald og aðstoða á alla lund. Því er eðlilegast að hér sé ekki um einhverja sérstofnun að ræða heldur einfaldlega deild í Byggðastofnun.

Sérstakur þyrnir í okkar augum er svo fjármögnun þessa sjóðs þar sem fjárframlag á að taka af lögboðnu framlagi ríkisins í Atvinnuleysistryggingasjóð. Það er raunar með ólíkindum hvað stjórnvöld lítilsvirða rétt launafólks á alla lund, frysta launataxta, banna samninga og ætla svo að ganga af fullkomnu virðingarleysi og miskunnarleysi í Atvinnuleysistryggingasjóð á sama tíma og víðast hvar þrengir að á vinnumarkaðinum og horfur á atvinnuleysi fara vaxandi. Burtséð frá því að með því að sækja þetta fé í Atvinnuleysistryggingasjóð er einhliða verið að rjúfa samninga þriggja aðila, þ.e. Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambandsins og ríkisins, um fjármögnun sjóðsins, þá hlýtur þetta að vera afar vafasöm ráðstöfun í ljósi þess sem er að gerast í atvinnumálum. Daglega berast fréttir af uppsögnum starfsfólks hjá ýmsum fyrirtækjum og víða býr fólk við mikið öryggisleysi um afkomu sína og framtíð. Milli mánaðanna september og október varð 37% aukning atvinnuleysis á landinu öllu og samkvæmt upplýsingum frá félmrn. bárust 500–600 tilkynningar um uppsagnir í októbermánuði og stór hluti þeirra kemur til framkvæmda nú um næstu áramót. Meðalfjöldi atvinnulausra í október var 706 og af þeim voru 472 konur, en það er alkunn staðreynd að samdráttur í atvinnulífinu kemur fyrst niður á konum. Samkvæmt upplýsingum Atvinnuleysistryggingasjóðs leyfir staða hans nú 5% atvinnuleysi í eitt ár. Það er því afar mikilvægt að þessi sjóður launafólks verði ekki skertur. Það er ekki réttmætt að láta launafólk að mestu gjalda fyrir það að stjórnendum atvinnulífs og ríkisins láðist að leggja fyrir til mögru áranna í því góðæri sem ríkt hefur. Það er hin raunverulega orsök þess vanda sem nú er við að etja og ef einhvern tíma væri unnt að læra af reynslunni og mistökunum ætti það einmitt að vera nú.

Það er auðvitað ekki hægt að hafna því að fé sé fært á milli sjóða með þeim hætti sem hér er lagt til án þess að benda á aðra leið og það höfum við gert. Við höfum lagt til að fyrirtækjum í erfiðleikum, sem þó hafa alla möguleika á rekstri með bættum skilyrðum, betri skuldastöðu og meira eigin fé, hafi möguleika á skuldbreytingum og lánum en einnig á aukningu eigin fjár með sölu hlutabréfa. Nú kann það að virðast bjartsýni að halda að einhverjir vilji veita fé í formi hlutafjár til þessara greina svo við tölum nú bara um sjávarútveginn. Það má þá velta því fyrir sér hvar þetta þjóðfélag er á vegi statt ef þetta er ekki raunhæf leið. Við erum að tala um undirstöðuatvinnuveg þjóðarinnar, sjávarútveginn, og menn hafa talað sig hása um nauðsyn þess að styrkja atvinnulífið, efla útflutningsgreinarnar og reyndar ekki síður samkeppnisgreinarnar. Við hljótum því að trúa á framtíð þessara greina ella trúum við ekki á framtíð þjóðarinnar sjálfrar. Það er höfuðnauðsyn að styrkja eiginfjárstöðu fyrirtækjanna og að hinu leytinu þarf að gefa fólki tækifæri til að fjárfesta í þessum undirstöðugreinum án þess að taka mikla áhættu. Að því miða þessar tillögur sem lagðar voru fram í efri deild. Hlutafjáraukning skilar sér margfalt betur en lán og eykur heildarstyrk fyrirtækisins. Þetta er markmið þeirra tillagna sem Kvennalistinn og Sjálfstfl. fluttu sameiginlega í efri deild og verður væntanlega nánar fjallað um síðar.

Við teljum að sú sérfræðiþekking sem fyrir hendi er í Byggðastofnun ætti að nýtast vel til að velja þau fyrirtæki sem hlutafjársjóður teldi rétt að kaupa hlutabréf í og ætti að tryggja fullt verðgildi bréfanna. Með sölu bréfanna að fjórum árum liðnum væri tryggð ákveðin dreifing og með því að veita starfsfólki fyrirtækjanna eða fyrirtækjunum sjálfum forkaupsrétt má betur tryggja en nú að eignarhald fyrirtækjanna haldist heima í héraði. Á þeim tímum sem við nú lifum á getur það verið spurning um líf eða dauða einstakra byggðarlaga hvort þau geta haldið því atvinnustigi sem þegar er úti í héruðunum.

Ég þarf ekki að hafa þessi orð fleiri við þessa umræðu. Ég held að almennur vilji sé fyrir því að afgreiða þessi þingmál, sem hafa verið til 1. umr. í dag, án tafar og sæti nú síst á okkur kvennalistakonum að þvælast fyrir því þar sem við höfum lagt mikla áherslu á það allt frá upphafi að þessi mál fái þinglega meðferð svo að ljóst verði hver hin raunverulega staða ríkisstjórnarinnar er og hverjir standa á bak við hana. Hv. 6. þm. Norðurl. e. telur þá stöðu greinilega styrka eins og kom fram í máli hans fyrr í kvöld. Hvað sem rétt er í því efni þá er nú tími til kominn að leiða það í ljós svo ekki verði um villst.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Út af umræðunum um fjármagnskostnað langar mig til þess að benda á að hluti af þessum skýringum á háum fjármagnskostnaði er væntanlega sá að skattalögin gera ráð fyrir að gengismunur sem myndast skuli gjaldfærður í bókhaldi fyrirtækis. Þessi gengismunur er hins vegar

ekki greiddur, þ.e. ef fyrirtæki skuldar 10 millj. kr. í erlendum gjaldeyri og gengið fellur um 10% kemur ein milljón til gjalda eins og fyrirtækið hafi ekki greitt þessa einu milljón. Þetta er bókhaldsatriði. Um áramót er svo færð svokölluð tekjufærsla á móti. Ég veit náttúrlega ekki hvort búið er að færa slíkar tekjufærslur í þessum fjármagnskostnaði sem verið er að safna í þessum umræðum eins og það kom fram í sjónvarpinu í kvöld. Ég vil bara benda á þetta.

Varðandi gengisskráninguna þá hef ég bent á það margsinnis áður að ekki er hægt að skrá gengi krónunnar einhvern veginn, af því bara, út í loftið. Ég er margbúinn að benda á það úr þessum ræðustól að ákvarðanir um gengi krónunnar styðjast við lagabókstaf. Það eru til lög um það hvernig skuli skrá gengi krónunnar. Það stendur hér í lögum um Seðlabanka Íslands, 18. gr., með leyfi forseta: „að gengi krónunnar skuli haldið sem stöðugustu og ná skuli jöfnuði í viðskiptunum við útlönd en tryggja rekstrargrundvöll útflutnings- og samkeppnisgreina". Þetta er ekki hlutur sem íslensk stjórnvöld geta leyft sér að hafa einhvern veginn eða eins og þeim dettur í hug hverju sinni. Það er alveg fráleitt.

Ég held að rétt sé í þessari stöðu að forsrh., ef hann vill vera svo vænn, spyrji sína efnahagsráðgjafa spurninga eins og hvað íslenskir atvinnuvegir þoli háa skatta nú, vegna allra þessara hugmynda um hækkun skatta. Hvað þola íslenskir launþegar mikla hækkun á tekjuskatti í dag og hvað þolir íslenskur lánsfjármarkaður að ríkið seilist langt í íslenskt lánsfé? Er ekki rétt að spyrja þessara spurninga frá nýjum sjónarhól en ákveða ekki bara að hrifsa þetta til sín burtséð frá því hvaða afleiðingar þetta hefur? Mér finnst einhvern veginn eins og ákvarðanir hingað til hafi verið í þeim dúr að ríkið ákveði bara að hrifsa til sín svona mikið af þjóðarkökunni burtséð frá því hvernig það kemur niður á íslenskum atvinnuvegum og lífskjörum í landinu.

Ég skal ekki tefja hér meira að sinni.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Aðeins örfá orð vegna þess sem kom fram hjá hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur. Hv. þm. nefndi að ekki væri komið svar við þeirri fyrirspurn sem hún ásamt nokkrum fleirum lagði fyrir mig um stöðu tíu best settu og tíu verst settu fyrirtækjanna. Ég vil geta þess að drög að svari Þjóðhagsstofnunar barst á mitt borð fyrir örfáum dögum en ég var ekki ánægður með það þar sem það var allt byggt á reikningum fyrir árið 1987 sem sýna alls ekki réttu myndina því það hefur orðið svo mikil kollsteypa á árinu 1988. Því endursendi ég það og óskaði eftir því að gert yrði allt sem hægt er til að hafa þarna upplýsingar um árið 1988. Vandinn er sá að fjölmörg þessara fyrirtækja eru ekki með reikninga fyrir árið 1988 tilbúna. Það er sem sagt verið að reyna að gera það besta úr því sem hægt er einnig fyrir árið 1988. Ég vil taka mjög undir það sem hv. þm. sagði að menn þurfi að gera sér grein fyrir rótum vandans og það er einmitt það sem ég tel að við séum að gera. Ég tel að þessar rætur séu stöðugt að koma í ljós, m.a. í miklum fjármagnskostnaði.

Út af því sem hv. þm. Kristinn Pétursson sagði áðan er rétt að Seðlabankinn á að ákveða gengið. Seðlabankinn hefur ekki gert neina tillögu um gengisbreytingu. Hann hefur þvert á móti sent okkur ítarlegt yfirlit um breytingu á raungengi sem sýnir að það hefur verið lækkandi. Ég met stöðu Seðlabankans svo að hann telji ekki þörf á gengisbreytingu.

Ég ætla ekki að svara ýmsu því sem kom fram hjá hv. þm. Friðriki Sophussyni, sem ekki er hér staddur. Þó vil ég segja að okkur er fyllilega ljóst að samkeppnisiðnaðurinn er skilinn eftir í þessum aðgerðum en þetta eru sértækar aðgerðir, eins og aðgerðir sjálfstæðismanna voru einnig að mestu leyti fyrir utan þær gengisbreytingar sem eru í báðum, vegna þess að þessar greinar, og þá sérstaklega frystingin, hafa verið í langsamlega erfiðastri stöðu að áliti allra sem það hafa skoðað. Það er því verið að reyna að jafna þau mörk en hv. þm. er ekki hér og ég ætla ekki að fara að ræða það nánar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

NEÐRI DEILD

28. fundur, mánudaginn 19. des., að loknum 27. fundi.

Aðgerðir í efnahagsmálum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 20. mál (staðfesting bráðabirgðalaga frá 20. maí 1988). — Þskj. 243.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 37 shlj. atkv.

Efnahagsaðgerðir, frh. 1. umr.

Stjfrv., 8. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 246.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 36 shlj. atkv.

Málefni aldraðra, 1. umr.

Stjfrv., 195. mál (gildistími). — Þskj. 231.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 37 shlj. atkv.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 91 frá 1982, um málefni aldraðra, með síðari breytingum, en hinn 1. jan. 1983 gengu í gildi lög um málefni aldraðra.

Megintilgangur þessara laga er að skipuleggja og samhæfa þjónustu fyrir aldraða. Lögin hafa það að markmiði að stuðla að því að aldraðir geti lifað eðlilegu heimilislífi svo lengi sem verða má en að völ sé á nauðsynlegri stofnanaþjónustu þegar hennar gerist þörf. Með þessum lögum var í fyrsta sinn komið á samræmdu skipulagi öldrunarþjónustu á Íslandi með tilliti til félagslegra og heilsufarslegra sjónarmiða. Lögin leitast við að tengja öldrunarþjónustu annarri þjónustu sem fyrir hendi er, bæði heilbrigðisþjónustu í tengslum við heilsugæslustöðvar og félagslega þjónustu á vegum sveitarfélaga.

Í lögunum er sólarlagsákvæði sem gerði ráð fyrir að þau rynnu úr gildi 31. des. 1987, enda hefðu þau ekki verið endurskoðuð fyrir þann tíma. Með lögum nr. 32 frá 27. mars 1987 var gildistími laganna framlengdur til 31. des. 1988.

Enginn vafi er á því að með tilkomu laga um málefni aldraðra, ekki síst ákvæðum um Framkvæmdasjóð aldraðra, sem fyrst voru lögbundin árið 1981, hefur orðið allveruleg breyting á högum aldraðra. Þeim sveitarfélögum sem bjóða öldruðum og öðrum sem á þurfa að halda heimaþjónustu, þ.e. heimilishjálp og heimahjúkrun, fer mjög fjölgandi. Þar eiga hlut að máli án efa ákvæði laganna um endurgreiðslu sjúkrasamlaga á 35% rekstrarkostnaðar sveitarfélaga vegna þeirrar þjónustu.

Ótrúleg uppbygging hefur verið í húsnæðismálum aldraðra um allt land síðustu 8–10 árin og er nú völ einhvers konar stofnanaþjónustu fyrir aldraða í allflestum þéttbýlissveitarfélögum landsins. Það er liðin tíð að aldrað fólk úti á landsbyggðinni sæki hingað á suðvesturhornið til að eyða ævikvöldinu.

Um alllangt skeið hefur staðið yfir á vegum heilbrmrn. endurskoðun laga um málefni aldraðra. Endurskoðunin hefur tafist, ekki síst vegna óvissu um framvindu frv. um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem nú er komið hér til meðferðar í Alþingi.

Ljóst er að ekki gefst tími til að afgreiða nýtt frv. til laga um málefni aldraðra áður en gildistími núgildandi laga rennur út 31. des. nk. Nauðsyn ber því til að framlengja að nýju gildistíma laganna, enda allir sammála um að ekki sé tímabært að lögin falli úr gildi. Því er hér lagt fram frv. til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra sem gerir ráð fyrir að gildistími laga nr. 91/1982 verði framlengdur til 31. des. 1989. Gert er ráð fyrir að nýtt frv. til laga um málefni aldraðra verði lagt fram á Alþingi fljótlega eftir jólaleyfi eða í ársbyrjun 1989.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og heilbr.- og trn. með ósk um skjóta afgreiðslu þar sem málið þarf að fá fullnaðarafgreiðslu fyrir áramót.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 35 shlj. atkv.

SAMEINAÐ ÞING

28. fundur, þriðjudaginn 20. des., kl. 1 miðdegis.

Kosning þriggja yfirskoðunarmanna ríkisreikninga 1988, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 43. gr. stjórnarskrárinnar.

Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Lárus Finnbogason lögg. endurskoðandi,
Geir H. Haarde alþm.,
Sveinn G. Hálfdánarson innheimtustjóri.

Norðurlandasamningar um starfsréttindi kennara, síðari umr.

Stjtill., 173. mál. — Þskj. 188, n. 268.

Frsm. utanrmn. (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Utanrmn. hefur á fundi sínum 16. þ.m. fjallað um þessa samninga og mælir með því að till. verði samþykkt. Undir þetta rita allir nefndarmenn í utanrmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 312).

Samningur um stofnun norræns þróunarsjóðs, síðari umr.

Stjtill., 174. mál. — Þskj. 189, n. 267.

Frsm. utanrmn. (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Utanrmn. kom saman á fund 16. þ.m. og ræddi þessa þáltill. og gerði svohljóðandi samþykkt:

„Nefndin hefur rætt tillöguna og kallaði á sinn fund Björn Dagbjartsson, framkvæmdastjóra Þróunarsamvinnustofnunar Íslands.

Nefndin mælir með því að tillagan verði samþykkt."

Undir þetta rita allir nefndarmenn í utanrmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 40 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Tillgr. samþ. með 40 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 313).

Umhverfisfræðsla, síðari umr.

Þáltill. KE o.fl., 6. mál. — Þskj. 6, n. 249, brtt. 250.

Frsm. félmn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegi forseti. Félmn. hefur fjallað um 6. mál þingsins, till. til þál. um umhverfisfræðslu. Fyrir nefndinni lágu umsagnir um sama mál sem flutt var á síðasta þingi og voru þær frá Kennarasambandi Íslands, Hinu ísl. kennarafélagi og fræðslustjórum Vesturlands, Vestfjarða og Suðurlands. Af öllum þessum aðilum var jákvætt tekið undir efni till.

Á fund nefndarinnar komu frá Náttúruverndarráði Þóroddur Þóroddsson framkvæmdastjóri og Sigurður Á. Þráinsson líffræðingur og frá menntmrn. Þorvaldur Örn Árnason námsstjóri. Lögðu þessir aðilar fram skriflegar álitsgerðir þar sem hvatt er til aðgerða á sviði umhverfisfræðslu.

Málið var rætt á fjórum fundum nefndarinnar og var nefndin sammála um að leggja til að till. verði samþykkt með breytingu sem flutt er á sérstöku þskj. Undir þetta nál. rita allir nefndarmenn í félmn., en till. um breytingu er svohljóðandi frá nefndinni:

„Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að auka og samræma fræðslu um umhverfismál í skólum, m.a. í tengslum við endurskoðun á aðalnámsskrá grunnskóla og þróun námsefnis fyrir framhaldsskóla, svo og fyrir almenning í samvinnu við opinbera aðila, fjölmiðla og félagasamtök."

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrir hönd flm. þessarar till. þakka hv. félmn. fyrir afgreiðslu þessa máls. Það hljóta allir að vera því sammála að nauðsynlegt er að gera stórátak á sviði umhverfismála. Fræðsla er einn nauðsynlegur þáttur í því átaki, bæði í skólum og á meðal almennings. Ég vænti þess að hv. alþm. veiti þessari till. stuðning og síðan að framkvæmdarvaldið taki hana þegar til meðferðar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 250 (ný tillgr.) samþ. með 35 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 314).

Menningarsjóður félagsheimila, síðari umr.

Þáltill. JK o.fl., 32. mál. — Þskj. 32, n. 253, brtt. 254.

Frsm. félmn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegi forseti. Til félmn. var vísað 32. máli þingsins, till. til þál. um eflingu Menningarsjóðs félagsheimila. Þetta mál var rætt á fjórum fundum nefndarinnar. Þar lágu fyrir umsagnir um samhljóða þáltill. frá síðasta þingi frá Fjórðungssambandi Norðlendinga og Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi svo og skrifleg greinargerð frá Menningarsjóði félagsheimila. Umsögn barst nefndinni frá stjórn Bandalags íslenskra leikfélaga. Þessir aðilar taka undir markmið till. Til viðræðu við nefndina komu Sigurður Þorsteinsson frá UMFÍ og Kristinn Hallsson frá menntmrn.

Nefndin hafði til hliðsjónar drög að frv. um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Þar kemur m.a. fram að áformað er að leggja niður Félagsheimilasjóð en kveðið á um að Menningarsjóður félagsheimila starfi áfram og renni til hans 10% af skemmtanaskatti. Það hefði í för með sér verulega aukningu á tekjum sjóðsins frá því sem verið hefur.

Í ljósi þessara áformuðu breytinga telur nefndin rétt að ríkisstjórnin beiti sér fyrir endurskoðun lagaákvæða um sjóðinn með það að markmiði að hann stuðli betur en nú er að aukinni menningarstarfsemi á landsbyggðinni.

Nefndin flytur á sérstöku þskj. brtt. við málið og mæla allir nefndarmenn með samþykkt till. svo breyttrar. Brtt. er þannig að tillgr. orðist svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að endurskoða lagaákvæði um Menningarsjóð félagsheimila samhliða breytingum á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga með það að markmiði að sjóðurinn stuðli betur en nú er að aukinni menningarstarfsemi á landsbyggðinni."

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. félmn. fyrir afgreiðslu á þessu máli og ég tel þá brtt. sem hún flytur við frv. viðunandi niðurstöðu, enda vissi ég af þessari afgreiðslu. Ég tel að hún staðfesti þann vilja, ef samþykkt verður, að Alþingi hefur það markmið að sjóðurinn stuðli betur en nú að aukinni menningarstarfsemi á landsbyggðinni. Það var aðaltilgangurinn með þessari tillögugerð að festa sjóðinn í sessi í þeim breytingum sem nú eru fram undan í sambandi við Félagsheimilasjóð og ég vil aðeins endurtaka að ég er samþykktur þessari afgreiðslu og þakka nefndinni fyrir skjót viðbrögð.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 254 (ný tillgr.) samþ. með 34 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 315).

Um þingsköp.

Fyrirspurn um þjóðargjaldþrot o.fl.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. 4. mgr. 31. gr. þingskapa Alþingis hljóðar svo: „Á sérstökum fundi í sameinuðu þingi skal forseti taka á dagskrá munnlegar fyrirspurnir er leyfðar hafa verið í síðasta lagi fjórum virkum dögum fyrir fundinn. Fyrirspurn skal þó að jafnaði ekki tekin á dagskrá síðar en átta virkum dögum eftir að hún var leyfð."

Ég þarf ekki að rifja upp fyrir hv. þm. að þingsköpum var breytt 1985 þannig að umræðutími við fsp. og um fsp. var mjög skorinn niður til að greiða fyrir því að þingmenn gætu fengið svör ráðherra við málum sem þeir vildu bera upp þannig að fyrirspurnatími gæti gengið fljótt fyrir sig og hefði ekki truflandi áhrif á störf Alþingis og þannig að samtímis ynnist tími í sameinuðu þingi til þess að ræða þáltill. og jafnframt gætu fundir í deildum gengið viðstöðulaust fyrir sig.

Þegar talað er um að fsp. skuli í síðasta lagi að jafnaði ekki tekin á dagskrá síðar en átta virkum dögum eftir að hún var leyfð er auðvitað átt við það að ekki þykir við hæfi að það dragist úr hömlu að svara fsp. sem eru formlega fram lagðar vegna þess að það hlýtur að enda með því að þingmenn sjái sig knúða til að kveðja sér hljóðs utan dagskrár. Ef þingmenn geta ekki treyst því að fsp. séu teknar fyrir á eðlilegum tíma, þá hefur það auðvitað þau áhrif að þeir kveðja sér hljóðs utan dagskrár.

Samkvæmt málaskrá sameinaðs Alþingis beindi ég fsp. til forsrh. 28. nóv. sl. Fsp. er til forsrh. um þjóðargjaldþrot, svohljóðandi: „Telur forsrh. að þjóðargjaldþrot blasi við að óbreyttri stjórnarstefnu?" Í fyrirspurnatíma sl. fimmtudag var hæstv. forsrh. í húsinu þangað til kom að þessari fsp. Þá hafði hann horfið á braut án þess að hafa samband við fyrirspyrjanda og það kom mjög í opna skjöldu hæstv. forseta þingsins því hann hafði áður sagt mér að öll dagskrá fundarins yrði afgreidd og ég þyrfti ekki að óttast að þessi fsp. kæmist ekki á dagskrá. Ég sagði hæstv. forseta að ég ætlaðist til þess að fsp. yrði svarað fyrir jól, sem væri skýlaus vilji þingsins miðað við hinar nýju reglur um fsp., og sagði hæstv. forseta jafnframt að ef svo færi að hann treysti sér ekki til þess að boða til sérstaks fyrirspurnatíma fyrir jólin sæi ég mig knúinn til að kveðja mér hljóðs utan dagskrár til að knýja fram svar við fyrirspurninni. Vitaskuld liggur það í augum uppi, eins og ástandið er í landinu, að ekki er hægt að komast undan því fyrir hæstv. forsrh. að svara þessari fsp. sem borin er fram að gefnu tilefni vegna þeirra ummæla sem hæstv. forsrh. hafði á fundi Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna fyrir rúmum mánuði.

Ég vek athygli hæstv. forseta á því að síðan þessi fsp. var fram borin eru ekki liðnir átta dagar heldur nærfellt þrisvar sinnum átta dagar. Það eru 22 dagar síðan fsp. var fram borin og auðvitað dæmalaust að fyrirspyrjandi skuli á öllum þessum tíma ekki hafa átt kost á því að fá fsp. svarað.

Ég vil taka fram, hæstv. forseti, að þann hinn sama dag bar ég fram fyrirspurn til annars ráðherra sem að vísu hefur ekki verið svarað, en hann hefur haft að fyrra bragði samband við mig og ég hef samþykkt þann drátt sem hefur orðið á því að svar sé veitt við fyrirspurninni og er það í fullkomnu samkomulagi okkar á milli og hef ég ekkert þess vegna við það að athuga. En ef þingmenn og fyrirspyrjendur telja brýnt að fá fyrirspurnum svarað lít ég svo á að hæstv. forseta beri skylda til að sjá til þess að hæstv. ráðherrar, einstakir ráðherrar, virði rétt þingmanna til að bera fram fyrirspurnir, virði fyrirspurnatímann og boði ekki til funda úti í bæ þennan eina dag í viku sem þeim er ætlað að standa hér fyrir svörum og m.a.s. farið svo vægt í sakirnar að stjórnarandstaðan hefur aldrei ætlast til þess ef menn eru langdvölum erlendis að þeir fljúgi heim að morgni og fari aftur að kvöldi til að mæta hér í fyrirspurnatímanum heldur höfum við virt það sem löglega fjarvistarsönnun ef þeir hafa verið erlendis. Að því leyti eru mínar aðfinningar ekki ósanngjarnar.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Í fyrirspurnatíma sl. fimmtudag tjáði ég forseta að ég væri með svör við tveimur fsp. sem lágu þar fyrir til mín. Önnur var afgreidd. Fyrirspyrjendur voru ekki viðstaddir til að hreyfa hinu málinu. Ég hafði gert ráð fyrir því að þeirri fsp. sem hér er um að ræða yrði svarað nk. fimmtudag, þá ekki gert mér grein fyrir því að það kann að vera að það verði ekki fyrirspurnatími þá, og ég bið hv. fyrirspyrjanda afsökunar á því. Hins vegar er svar mitt raunar mjög stutt og laggott. Ég tel ekki blasa við þjóðargjaldþrot.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Nú vill svo til að hæstv. forsrh. er farinn að tala um efni fsp., að vísu mjög lauslega og losaralega, undir þingskapaumræðum. Nú vil ég spyrja hæstv. forseta: Ber að skilja þetta svo að hann muni þá taka til greina mína athugasemd þannig að forseti telji þá rétt að gefa mér orðið á nýjan leik, þá um fyrirspurnina, þannig að við getum þá hafið umræður hér og nú utan dagskrár um þá fsp. sem ég beindi til hæstv. forsrh.? Ég er að sjálfsögðu reiðubúinn til þess, en vegna þess að ég lofaði forseta að vera ekki mjög langorður vil ég ekki brjóta það loforð mitt en býðst til þess sem sagt, ef það greiðir fyrir þingstörfum, að við hefjum umræðuna strax um fyrirspurnina og ég taki í útrétta sáttarhönd forsrh. um það hvernig málsmeðferð eigi að vera.

Vilji þingsins stendur kannski til þess að við hefjum nú utandagskrárumræður um mína fyrirspurn.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ég hlýt að upplýsa þingmanninn um að hér fara fram umræður um þingsköp. Því verður ekki breytt. Það hefur ekki verið beðið um utandagskrárumræðu að þessu sinni með eðlilegum fyrirvara þannig að hún verður ekki leyfð. Ég tel heldur ekki að fyrirspurn hv. þm. hafi verið svarað. Henni ber að svara í fyrirspurnatíma. Ég mun í samráði við forseta þingsins og þingflokksformenn reyna að finna tíma til þess að þeim fyrirspurnum sem ósvarað er innan þess tíma sem ákveðinn er megi verða svarað. Ég vil hins vegar upplýsa að ég hygg að oft hafi verið farið í jólaleyfi með verra registur því að hér er í þinginu nú 13 fsp. ósvarað sem beðið hefur verið um munnlegt svar við, þar af eru fimm alveg nýjar. Tólf fsp. bíða skriflegs svars og margar hverjar þeirra eru líka tiltölulega nýlega fram lagðar, þannig að ég held að hér sé ekki um neitt óeðlilegt ástand að ræða. En ég vil leyfa hv. 2. þm. Norðurl. e. að ljúka máli sínu um þingsköp en ekki annað.

Halldór Blöndal:

Ég vek athygli hæstv. forseta á því að hugur hæstv. forsrh. stendur til þess að mega svara fsp. á fimmtudaginn og alveg með sama hætti og á þessum fundi nú er tekinn klukkutími til þess að ræða þau mál sem hæstv. forseti ber fyrir brjósti og vill afgreiða fyrir jólin, þá lýsi ég mig algerlega sammála forsrh. um þá málsmeðferð að við tökum smáfund á fimmtudaginn áður en fundur er haldinn um önnur málefni, fyrirspurnafund, og þá geti fyrirspurnin komið fyrir. Ég treysti því að hæstv. forseti fari í þessu efni bæði að vilja fyrirspyrjanda og hæstv. forsrh. (**Forseti:** Það mun forseti gera.)

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir að hér hafa orðið þessar umræður, sem eru alveg bráðnauðsynlegar, um störf þingsins fram að jólum og fagna því að hæstv. forsrh. hefur lagt til að á fimmtudaginn næsta verði svarað fsp. og vil taka undir og styðja þá tillögu og mælast til þess við hæstv. forseta að reynt verði að standa við það.

En önnur ástæða er fyrir því að ég kem í ræðustól sem ég hygg að hæstv. forseti átti sig á. Ég hef auðvitað fullan skilning á því að störf hæstv. forseta eru erfið við þessar aðstæður og það stjórnleysi sem ríkir vegna þess að núv. hæstv. ríkisstjórn hefur ekki þann starfhæfa meiri hluta sem hún þarf á að halda. Því er mjög erfitt fyrir virðulegan forseta að starfa við slík skilyrði þannig að ég hef fullan skilning á því hve erfitt það er fyrir hann. En þannig er mál með vexti að fjöldi þingsályktunartillagna bíður umræðu. Ég hygg að þær séu á fjórða tuginn og margar hverjar voru lagðar fram í októbermánuði. Þar á meðal hafa tvær þáltill. sem ég lagði þá fram komist stundum á dagskrá, síðast komst önnur á dagskrá á fimmtudaginn í síðustu viku, en ekki fengist ræddar, m.a. vegna umræðna utan dagskrár og umræðna um þingsköp, en þó ekki síður af öðrum ástæðum. Þess skal getið að umræður um þingsköp hafa ekki verið hafnar af stjórnarandstæðingum eingöngu heldur ekki síður af stjórnarliðum, eins og ég veit að hæstv. forseti man, t.d. síðasta fimmtudag þegar slíkar umræður urðu æðilangar vegna fjarveru þingmanna við umræður um búminjasafn á Hvanneyri.

Nú langar mig, vegna þess að áður höfum við rætt okkar á milli um þessi mál, að spyrjast fyrir um, fyrst að fundi er stefnt á fimmtudag og ætlunin er þá að hafa fyrirspurnir eins og venja er á fimmtudögum, hvort ekki gefst þá tími til þess á fimmtudaginn að veita þeim sem vilja flytja sínar framsöguræður og ræða sínar þáltill., a.m.k. þær sem voru lagðar fram í október, tækifæri til þess að taka það mál fyrir á þeim fundi. Ég veit að virðulegur forseti er allur af vilja gerður að koma til móts við óskir þingmanna og vegna þess að hæstv. forsrh., sem er nú yfirstjórnandi þessa alls eins og allir vita, ríkisstjórnin hæstv. ber ábyrgð á þessum störfum öllum saman, leggur til að fyrirspurnatími verði á fimmtudeginum langar mig til þess að bæta við þá tillögu hvort ekki sé hægt að ræða þáltill. þennan fimmtudag sem er sá dagur sem fundir eru venjulega í sameinuðu þingi.

Skúli Alexandersson:

Virðulegur forseti. Ég er ekki í neinum vafa um að það er mjög áhugavert fyrir þingheim að heyra svar hæstv. forsrh. við fsp. 2. þm. Norðurl. e. um þjóðargjaldþrotið og ég get svo sem haft vissa samúð með hæstv. forseta, að hún gefi frjálsleg loforð um hvað skuli gera næsta fimmtudag. En það er víst dagurinn fyrir Þorláksmessu og sá dagur sem vanalega hefur verið heimfarardagur hv. þm. Ég lýsi þeirri skoðun minni hér að þó að ég viðurkenni að þetta mál og sjálfsagt þáltill. sem hér voru nefndar líka séu mikilsverðar tel ég varla ástæðu til þess að það verði haldnir sérstakir fundir á hv. Alþingi til að fjalla um þær fsp. sem eftir er að afgreiða og þær

þáltill. sem eftir er að afgreiða líka. Ég tel að ef einhverjir fundir eigi að vera á fimmtudag fyrir Þorláksmessu eigi það að vera einhverjir sérstakir afgreiðslufundir út af þeim aðgerðum sem ríkisstjórnin ætlar sér að gera í sambandi við skattamál og í sambandi við fjárlög. Ég mótmæli því að það verði farið að setja á fund í hv. sameinuðu þingi vegna fsp. og þáltill. á þessum degi.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Erindið sem ég á upp í þennan ræðustól er svipað og hv. þm. Skúli Alexanderssson átti hingað, aðeins að árétta og spyrja: Heyrði ég virkilega rétt að forseti Sþ. gaf yfirlýsingu um það að fimmtudeginum nk. yrði varið til að svara fyrirspurnum og m.a. um ekki stærra mál en það hvort við blasti þjóðargjaldþrot. Þá sýnist mér að dagurinn mundi varla endast. Ég endurtek spurningu mína til forseta: Er það meining forseta að fimmtudeginum nk. verði varið til að svara fsp.?

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Nei, það er ekki meining forseta Sþ. að fimmtudagurinn fari í fyrirspurnir eingöngu. Hins vegar er gert ráð fyrir fundum hér á hinu háa Alþingi og ég tel alls ekki úr vegi að venjulegur fyrirspurnatími væri notaður að einhverju leyti til að svara fyrirspurnum. Forseti mun leitast við hér eftir sem hingað til að koma til móts við óskir jafnt stjórnar sem stjórnarandstöðu svo að vel getur svo farið að hér verði fyrirspurnatími á fimmtudaginn.

Ég vil upplýsa menn um, svo að það sé alveg ljóst, að fram hafa komið á þessu þingi 55 þingsályktunartillögur. Þar af eru 20 farnar til nefndar en 35 bíða umræðu.

Hér hefur hv. 3. þm. Vestf. kvatt sér hljóðs um þingsköp, en ég bendi hv. þm. á að hér er á dagskrá þáltill. sem leitast átti við að ræða til þrautar. Úr því verður augljóslega ekki mikið ef þingskapaumræður halda hér áfram.

Karvel Pálmason:

Hæstv. forseti. Ég skal ekki lengja umræður um þetta mikið, en fyrst einum hv. þm. leyfist að taka til máls um þingsköp hlýtur öðrum að leyfast það líka (**Forseti:** Að sjálfsögðu.) þannig að þar verður engin undantekning gerð.

Mér heyrist á yfirlýsingu hæstv. forseta að það muni ekki liggja mikið fyrir þingdeildum til afgreiðslu fram á fimmtudag ef hér er verið að boða fund í Sþ. til að svara fyrirspurnum. Ekki er ég að draga úr því því að auðvitað eiga þingmenn rétt á því að fá svör við sínum fsp. En mér hefur virst ganga erfiðlega að fá út þá ákvörðun hvenær þingleyfi eigi að vera á Alþingi, hvort það eigi að halda áfram fram á Þorláksmessu eða jafnvel fram á aðfangadag. Enginn hefur svarað því enn. Mér sýnist á því sem hæstv. forseti er nú að gefa í skyn að menn ætli að vera í Sþ. á fimmtudag. Þá gera menn trúlega eitthvað á föstudaginn, gætu kannski haldið áfram fram að hádegi á aðfangadag ef það er meiningin að haga þingstörfum með þessum hætti.

Ég mótmæli harðlega vinnubrögðum af því tagi sem hér eru viðhöfð. Það verður að gera kröfu til þess, a.m.k. hljótum við sem búum úti á landi og eigum langa ferð fyrir höndum og ekkert örugga oft og tíðum frá degi til dags að gera þá kröfu að þingstörfum sé hagað með þeim hætti að menn hafi nægilegan tíma til þess að komast til síns heima fyrir jólafrí.

Þingstörfin að undanförnu hafa gengið með þeim hætti að það tekur engu tali. Oft hefur það verið slæmt en aldrei eins. Ég er út af fyrir sig ekki með þessu að gagnrýna hæstv. forseta sérstaklega. Forsrh. og ríkisstjórn bera að sjálfsögðu meginábyrgð á því hvernig þingstörfum er hagað hér. Hér liggur ekkert fyrir enn hvað á að afgreiða af frumvörpum hæstv. ríkisstjórnar sem menn telja nauðsyn á fyrir jólahlé og þau eru ærið mörg að mér heyrist. Ég held að menn geti ekki dregið öllu lengur að taka af skarið um hvað á að gera hér, hvað á að afgreiða fyrir jólahlé og hvenær það á að vera. Þessari spurningu hljótum við, a.m.k. utanbæjarþingmenn, að krefjast svara við í ljósi þeirra ummæla sem hér hafa verið.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Samkvæmt útgefinni verkáætlun Alþingis stóð til að ljúka þingstörfum 21. des. Það er ljóst að það dregst um einn dag þannig að hv. 3. þm. Vestf. kemst að öllum líkindum á venjulegum tíma til síns heima fyrir jólahlé. (**KP:** Hann fer fyrr, forseti.)

Bætt samkeppnisstaða innlends skipaiðnaðar, frh. fyrri umr.

Þáltill. StG, 37. mál. — Þskj. 39.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðul[illegible]i forseti. Tillaga sú sem hér er flutt af hv. 2. þm. Norðurl. v. felur í sér þrjá efnisþætti.

Í fyrsta lagi að allra leiða verði leitað til að efla og bæta samkeppnisstöðu íslensks skipaiðnaðar og sporna við því að skipaiðnaðarverkefni fari úr landi. Undir þetta er sjálfsagt að taka. En þá verða menn að hafa í huga að þarna geta togast á hagsmunir skipasmíðastöðvanna, sem eru þeir að hafa sem mest verkefni, á aðra hlið og hagsmunir útgerðarmanna að fá verkefnin unnin á skjótan og ódýran hátt hins vegar.

Eins og kom fram í svari mínu við fsp. hv. 2. þm. Norðurl. e. þann 15. þ.m. er nú unnið að undirbúningi sérstaks átaks til hagræðingar og aukinnar framleiðni í íslenskum skipasmíðaiðnaði. Í samvinnu iðnrn. og hagsmunasamtaka í skipasmíðaiðnaði var á sl. ári eða reyndar fyrr á þessu ári ráðið breskt

ráðgjafarfyrirtæki, A & P Appledore að frumkvæði þáv. iðnrh. í samráði við samtök skipasmíðaiðnaðarins til þess að gera úttekt á samkeppnisstöðu skipasmíðastöðvanna og er nú víst að endanleg skýrsla þessa fyrirtækis mun liggja fyrir í janúar nk. Þá munu hefjast viðræður um niðurstöður skýrslunnar og um það til hvaða ráða sé rétt að grípa í því skyni að bæta rekstur og rekstrarskilyrði skipasmíðastöðvanna. Hér er að sjálfsögðu fyrst og fremst um mál skipasmíðastöðvanna sjálfra að ræða, enda líta þau þannig á og hafa tekið þátt í þessu starfi á þeirri meginforsendu, en iðnrn. mun að sjálfsögðu taka þátt í þessum umræðum og leggja stöðvunum lið eftir því sem ráðuneytinu er unnt.

Ég veit að eitt af þeim atriðum sem þar munu koma til athugunar, og hef ég reyndar þegar rætt það við forsvarsmenn Félags skipasmiðja og dráttarbrauta, er að koma á aukinni samvinnu milli íslenskra stöðva og ná þar samkomulagi um verkaskiptingu og sérhæfingu, ekki síst í sambandi við meiri háttar skipasmíðaverkefni.

Í öðru lagi fjallar þáltill. sem hér er til umræðu um það að ríkisstjórnin tryggi að útvegsmenn og opinberir sjóðir semji ekki um nýsmíði skipa eða um viðhaldsverkefni erlendis án undangenginna útboða þar sem innlendir aðilar keppi á jafnréttisgrundvelli við erlendan skipaiðnað, m.a. varðandi meðhöndlun tilboða og fjármagnsfyrirgreiðslu.

Ég vil láta koma skýrt fram að ég tel ekki rétt að útvegsmenn séu skyldaðir fortakslaust til að bjóða út verk sem þeir þurfa að láta vinna. Þetta getur bæði verið kostnaðarsamt og tímafrekt og útvegsmenn hljóta á hverjum tíma að sjálfsögðu að leitast við að velja smíða- og viðgerðaraðila sem veitir þeim besta og ódýrasta þjónustu miðað við allar aðstæður. Það er oft og einatt svo í útgerðinni að menn velja ekki tímann til slíkra verkefna sjálfir heldur eru það aðstæðurnar sem ráða. En hitt er annað mál að við vitum mörg dæmi þess að menn hafa verið að notfæra sér ýmist opinberar niðurgreiðslur í Noregi á þjónustu skipasmíðastöðvanna eða lágt verð hjá skipasmíðastöðvum í Póllandi t.d. sem m.a. byggist á lágum verkalaunum.

Varðandi fjármagnsfyrirgreiðsluna er það að segja að 25. maí 1987 var heimilað með auglýsingu frá viðskrn. að taka erlend lán vegna viðgerða á skipum erlendis, en jafnframt var hérlendum skipasmíðastöðvum heimilað að taka lán erlendis til sams konar viðgerða innan lands. Þessar heimildir voru svo framlengdar með auglýsingu sem var dags. 1. febr. 1988 um erlendar lántökur og leigusamninga vegna innflutnings á vélum, tækjum og búnaði til atvinnurekstrar. Í þessari auglýsingu segir m.a., með leyfi virðulegs forseta:

„Heimilt er að gera samninga um lán eða greiðslufrest við erlenda aðila vegna viðgerða á skipum erlendis. Hérlendum skipasmíðastöðvum, sem annast sams konar viðgerðir, er og heimilt að taka lán erlendis til að fjármagna þær. Lánshlutfall af viðgerðarkostnaði fiskiskipa skal eigi vera hærra en Fiskveiðasjóður Íslands hefur til viðmiðunar í sínum útlánareglum í sambærilegum tilvikum, en um önnur skip gilda lánshlutföll skv. 1. tölul. 1. gr. hér að ofan."

Með þessu er við það átt að erlend lán skuli yfirleitt ekki nema hærra hlutfalli en 70% af viðgerðarkostnaði en 60% ef um er að ræða ábyrgð eða endurlán innlendrar fjármálastofnunar. Reyndar hefur þó verið algengt að gefa viðbótarheimildir allt að 80% í þessu skyni.

Það er svo, eins og reyndar kom fram í umræðunum um daginn um þessa þáltill., að í viðskrn. var lengi reynt að fylgja þeirri reglu að veita ekki heimild til erlendrar lántöku nema áður hefði verið athugað hvort hægt væri að láta slíka viðgerð fara fram hérlendis. Þessu var síðar hætt, einkum vegna óánægju útgerðarmanna með tafir og bréfaskipti í þessu sambandi. Þar sem lántökurnar eru nú heimilar samkvæmt almennum reglum og hafa verið það frá árinu 1987 verður þessi háttur trauðla tekinn upp að nýju. Fiskveiðasjóður gæti að sjálfsögðu veitt *innlendum skipasmíðastöðvum stuðning á þann hátt* að veita ekki lán til smíða, endurbóta eða meiri háttar viðgerða á skipum erlendis nema verkin hafi áður verið boðin út, en mér segir hugur um að þetta mundi mæta verulegri og réttmætri andstöðu útgerðarmanna. Enn er þess þó að gæta að það er ekki allt sem sýnist varðandi innlend og erlend tilboð í meiri háttar endursmíðaverkefni, eins og reyndar kom fram í umræðunum um daginn, og það hefur oft komið í ljós að það hefur þurft að fá íslenskar skipasmíðastöðvar til að endurbæta verulegar breytingar á skipum sem unnar hafa verið erlendis á grundvelli lágra tilboða. Reyndar eru mörg dæmi um það að íslenskar stöðvar hafi jafnvel nú í seinni tíð unnið samkeppnistilboð um verkefni. Ég tel þess vegna ástæðu til þess að veita óformlega leiðsögn í þessa átt, en sé ekki að það séu forsendur fyrir því að skylda menn almennt til að leita tilboða þar sem aðstæður eru oft og einatt þannig að því verður ekki við komið.

Þá kem ég að þriðja lið tillögunnar sem fjallar um það að ríkisstjórnin beiti sér fyrir því að íslenskir *bankar veiti sambærilegar ábyrgðir vegna skipa*smíðaverkefna innan lands og veittar eru þegar verkefnin eru unnin erlendis. Ég hef lýst því yfir hér í hv. Alþingi og annars staðar að ég muni beita mér fyrir því að jafn aðgangur verði að fjármagni hvort sem verkefnið er unnið hér á landi eða erlendis. Varðandi ábyrgðirnar vil ég leyfa mér að benda á að þar mun fremur vera um að ræða verklagsreglu en opinbera reglu. Þetta eru verklagsreglur sem hér hafa myndast fremur en um sé að kenna tregðu bankanna. Ábyrgðirnar eru oftast nauðsynlegar þegar um er að ræða verk sem eru unnin erlendis fyrir íslenska aðila og þær hafa reyndar líka tíðkast þegar innlendir aðilar hafa tekið að sér verk fyrir erlenda aðila, eins og t.d. þegar Slippstöðin á Akureyri tók að sér með góðum árangri að breyta nokkrum kanadískum togurum sem reyndar hefur

verið vitnað til við umræður um skipasmíðar hér í hv. Alþingi. Þegar um er að ræða innlenda aðila, sem skipasmíðastöðvarnar þekkja eða eiga að þekkja, virðist mér ekki eðlilegt að krafa um bankaábyrgð sé almenn regla, ekki síst þar sem ábyrgðirnar kosta nokkurt fé og útgerðarfyrirtækin eru af eðlilegum ástæðum treg til að borga slík ábyrgðargjöld að nauðsynjalausu. Þetta hafa skipasmíðastöðvarnar virt og samkeppni þeirra á milli og erlendra aðila hefur orðið til þess að þær gera ekki bankaábyrgðir að skilyrði fyrir því að taka skip til viðgerða eða breytinga. Ég held að í þessu máli dugi ekki almenn regla og aðstæður eigi að ráða í hverju máli eftir því sem kaupin gerast á eyrinni.

En það er kannski annað sem mætti hagræða og haga betur og kæmi skipasmíðastöðvunum að verulegu gagni, og það er stytting á þeim tíma sem tekur að afgreiða lán Fiskveiðasjóðs. Talsmenn skipasmíðastöðvanna og reyndar útgerðarmenn líka kvarta mjög yfir því að langur tími fari í ýmiss konar pappírsvinnu og bið eftir fjármagni frá Fiskveiðasjóði, jafnvel þótt ákvörðun um lán til tiltekinnar framkvæmdar hafi verið tekið. Með því að bæta úr þessu yrði samkeppnisstaða íslensku stöðvanna vissulega bætt, en erlendir aðilar sem hafa bankaábyrgð þurfa ekkert að glíma við svona tafir sem óhjákvæmilega hafa mætt á innlendu stöðvunum. Ég hef fullan vilja til að bæta úr þessu í góðri samvinnu við hæstv. sjútvrh.

Þá vil ég láta koma fram að ég mun beita mér fyrir því að innlendu skipasmíðastöðvarnar hafi jafnan aðgang að erlendu lánsfé til meiri háttar viðhaldsverkefna og nýsmíða og þegar slík verkefni eru af hendi leyst erlendis. Á undanförnum árum hefur þetta m.a. verið gert með því að Byggðastofnun hefur fengið ákveðna heimild til erlendrar lántöku vegna innlendra skipasmíða. Þetta er tilhögun sem ég er nú að láta skoða í samráði við samtök skipaiðnaðarins og Fiskveiðasjóð og aðrar lánastofnanir sem koma að málinu. Ég get látið það koma hér fram að það verður framhald á slíkri lánafyrirgreiðslu og ef það helst ekki óbreytt verður það af því að hið nýja skipulag er betra en ekki lakara fyrir skipasmíðastöðvarnar. Á þessu stigi máls vil ég ekki segja meira um þetta, en það mun hins vegar skýrast þegar lánsfjárlögin koma til meðferðar í hv. Alþingi.

Í þessu sambandi vil ég að endingu nefna að ég er nú að láta kanna, m.a. í samvinnu við hæstv. sjútvrh., hvort ekki sé eðlilegt að slík lánafyrirgreiðsla verði undanþegin lántökugjaldi.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Sú tillaga sem hér er til umræðu er búin að liggja lengi fyrir þinginu og það er líklega mánuður eða svo síðan ég setti mig á mælendaskrá, en ég ætla að nýta minn tíma rétt til að víkja að nokkrum þáttum þessa máls þó að fennt sé kannski yfir sumt af því sem ég vildi sagt hafa þegar tillagan var tekin upp til umræðu.

Ég tel að þáltill. sé mjög góðra gjalda verð, hún hreyfi við afar brýnu máli. Hún er flutt hér öðru sinni og það segir okkur að það hefur dregist allt of lengi að taka á þeim þáttum sem að er vikið í tillögunni. Það er reyndar ekki um ár að ræða heldur væri nær að tala um áratugi því að það skortir mjög mikið á að við höfum náð þeirri skipan á þennan þátt iðnaðar hjá okkur sem æskilegt væri.

Ég þekki það frá þeim tíma sem ég sinnti iðnaðarmálum í ráðuneyti að það var enginn hægðarleikur að koma þar fram úrbótum, en þó tókst á þeim tíma að breyta mörgu í samráði og samvinnu við hagsmunaaðila til að tryggja verkefni í landinu og til þess að reyna að sjá fram til mála til lengri tíma. Það er auðvitað það sem skiptir máli að við reynum að ná okkur niður úr þeim sveiflum í verkefnum sem einkennt hafa þessa iðngrein og endurnýjun á okkar fiskiskipastóli og viðhald fiskiskipastólsins þannig að við byggjum þetta upp hönd í hönd þannig að bæði þróist hér og dafni verkþekking sem þessu tengist og það hagræði sem á að vera að því að hafa hér vel menntaða iðnaðarmenn sem geta leyst verkefnið sómasamlega.

Það er enginn sem gerir kröfu til þess að innlendur skipasmíðaiðnaður sitji við allt annað borð heldur en keppinautar erlendis, en það skortir mjög mikið á að jafnrétti ríki í þessum efnum eins og komið hefur verið að og eins og hæstv. ráðherra staðfesti í máli sínu áðan. Þetta á m.a. og ekki síst við um fjárhagslega aðstöðu þeirra sem taka að sér verk hér innan lands, að ekki sé nú minnst á það að á tímum þegar verðbólga er mikil, eins og oft hefur verið hér á undanförnum áratugum, þá verkar hún mjög illa á það kerfi sem hér er um að ræða.

Ég held því að þau atriði sem vikið er að í tillgr. og snúa að hinum viðskiptalega grundvelli, að bankastofnanir og sjóðir veiti sambærilega fyrirgreiðslu við það sem tíðkast erlendis sé ein þungamiðjan í þessu máli, kannski eitt það mikilvægasta og það sem stjórnvöld eiga að geta bætt úr ef vilji er fyrir hendi. Ég efa það ekki að hjá núv. hæstv. ríkisstjórn sé hugur í þá átt að bæta hér úr og ég vil leggja á það áherslu að það þarf að gerast fljótt vegna þess hvernig horfurnar eru á vinnumarkaði innan lands og vegna þeirra uppsagna og samdráttar sem blasir við hjá þessari iðngrein, skipasmíðaiðnaðinum og iðnaði sem honum tengist.

Ég legg einnig á það áherslu, virðulegur forseti, að hér er ekki bara um málmiðnaðinn að ræða, hér er fjölþættur iðnaður á ferðinni sem tengist skipasmíðum og viðhaldi skipanna. Það er m.a. rafiðnaður og það er smíði á margháttuðum búnaði þar sem við höfum náð býsna langt á undanförnum árum, þar sem innlendir aðilar hafa t.d. smíðað þau fljótandi frystihús sem eru í okkar frystitogurum sem eru orðnir allmargir. Hér er verkkunnátta til staðar í þessum efnum og það er hin mesta óhæfa ef við missum þá kunnáttu niður og flytjum störfin úr landi með því að hleypa erlendum aðilum miklu lengra en sanngjarnt getur talist inn í þessi verkefni og meira

en þyrfti að vera.

Ég hef fyrir framan mig mörg sýnishorn varðandi útboð og verkefni sem hafa farið til útlanda að ég tel á fölskum forsendum. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu með því að fara að vitna til slíkra dæma, en þau eru mörg. Ég vísa m.a. til greinar sem kom í Morgunblaðinu 29. nóv., eftir Ingólf Sverrisson, um stórfelldan útflutning verkefna þar sem hann rekur í skýru máli ýmis dæmi um þetta og sýnir fram á að þó að menn teldu sig vera að gera hagkvæma samninga hefur annað orðið uppi á teningnum áður lauk. Þau tilboð erlend sem menn gengu að, kannski lægri í krónum reiknað í upphafi en þau innlendu, reyndust ekki standa undir því sem þar var lofað og afhendingartími fara mjög úr böndum. Því var um skeið haldið fram og það kannski með réttu í vissum tilvikum að innlendar stöðvar stæðust ekki skilmála varðandi afhendingu og verkhraða. Ég held að þetta hafi breyst til batnaðar og ef litið er til hinna erlendu aðila og dæma þar að lútandi, til dæmis varðandi breytingar á togskipum undanfarin ár erlendis, kemur í ljós að þar hefur orðið um mjög verulegar tafir að ræða til ómælds tjóns fyrir viðkomandi fyrirtæki, útgerðaraðila og fiskvinnslufyrirtæki sem staðið hafa að og tengjast þessari útgerð.

Það er einnig rétt að nefna að samkeppnisstaðan er ekki alltaf sem skyldi. M.a. hygg ég að þess séu nokkur dæmi að þeir aðilar sem eru að vinna hér fyrir innlenda aðila að útboðsgerð eru oft með hagsmunatengsl eða geta verið með hagsmunatengsl erlendis í sambandi við umboð og annað þess háttar sem er full ástæða til að gefa gaum, hagsmunatengsl sem geta orðið til þess að þeir ekki standi að málum eins og skyldi. Það er auðvitað erfitt að skera úr um svona atriði, en það er sjálfsagt fyrir þá sem í hlut eiga og opinbera aðila að reyna að vernda okkar innlendu hagsmuni, einnig gagnvart slíkum baksamningum ef rétt er að kalla það því nafni.

Ég vil, virðulegur forseti, um leið og ég vænti þess að till. þessi fái hér eðlilega og góða meðferð, vænta þess að hæstv. ríkisstjórn taki á þessum málum, þeir ráðherrar sem í hlut eiga. Svo vill til að sami ráðherrann fer nú með málefni viðskipta og iðnaðar sem ætti að valda því að hægara er um vik að koma við úrbótum varðandi hina viðskiptalegu hlið málanna og auðvitað reynir einnig á hæstv. sjútvrh. í þessum efnum til að reyna að bæta úr því sem snýr að hans ráðuneyti og hans valdsviði. Á sínum tíma, þegar ég kom að þessum málum, var einmitt um að ræða náið samráð iðnaðar- og sjávarútvegsráðherra á þeim tíma og alveg ljóst að það gengur ekki að koma viðunandi skipan á þessi mál nema menn geti litið yfir þrengstu skammtímahagsmuni og reynt að stilla þessi mál saman horft til lengri tíma út frá þjóðhagslegu mati.

Ég læt þetta, virðulegur forseti, nægja hér. Ég ræddi þessi mál við umræður utan dagskrár 19. okt. sl., gildi okkar skipaiðnaðar og möguleika okkar á því sviði. Það má vel vera að við þurfum að taka tillit til alþjóðlegrar þróunar í sambandi við þessi efni, en ég hygg þó að hér séum við með þær aðstæður varðandi okkar fiskiskipastól sérstaklega að við eigum að líta á það sem hagkvæmt framtíðarverkefni að viðhalda okkar flota hér sem mest innan lands og einnig að stunda hér skipasmíðar þar sem við erum samkeppnisfærir.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Sú þáltill. sem hér er til umræðu um bætta samkeppnisstöðu íslensks skipasmíðaiðnaðar er kannski af sömu rót og bætt samkeppnisstaða íslenskra atvinnuvega yfirleitt. Á iðntæknisviðinu höfum við góðar stofnanir eins og t.d. Iðntæknistofnun, sem sinnir sínu hlutverki vel, og við höfum góða iðnskóla, iðnfræðslu, og við höfum iðnlánasjóði. Við höfum þetta allt saman. En hvað er það þá sem við höfum ekki? Það vantar hin almennu skilyrði fyrir þetta atvinnulíf. Það vantar almennilega hagstjórn í landinu. Það er tími til kominn að efnahagsráðgjafar hætti að spyrja hvað mikið vanti í kassann, hvað mikið sé hægt að sækja í atvinnulífið, hvar sé hægt að láta greipar sópa um íslenskt atvinnulíf og hirða í ríkishítina. Þessu eiga menn að hætta að velta fyrir sér og huga í staðinn að því hvað atvinnulífið þoli mikið. Það er einmitt það sem íslenskur skipasmíðaiðnaður þarf á að halda. Íslenskir atvinnuvegir þurfa á að halda réttri gengisskráningu, líka íslenskur skipasmíðaiðnaður. Gengisskráning er ekki eitthvað sem ráðherrar geta haft eins og þeim sýnist. Gengisskráning á að endurspegla ástandið í hagstjórn á Íslandi. Hún á að vera nokkurs konar loftvog ef hæstv. ráðherrum er kunnugt um hvers konar tæki það er.

Valkostirnir í sambandi við íslenskan skipasmíðaiðnað eru þeir sömu og í öðrum atvinnuvegum. Valkostirnir eru þeir að hæstv. ráðherrar og ríkisstjórn og efnahagsráðgjafar sérstaklega fari að velta fyrir sér hvað atvinnulífið þoli mikla skattheimtu og hvað launþegar í landinu þoli mikla skattheimtu. Hvað þolir íslenskur veikur fjármagnsmarkaður að ríkissjóður sæki stóran part þangað? Það eru þessar spurningar sem menn þurfa að íhuga og hugsa þessa hluti frá sjónarhóli raunveruleikans en ekki frá þeim sjónarhóli hvað sé hægt að láta fógetann sópa miklu í kassann.

Þegar menn hugsa á þennan hátt verða svörin allt öðruvísi en ýmsar þær hugmyndir sem hér eru uppi um skattheimtubrjálæðið. — Ég ætla að leyfa mér að nota það orð.

Og ég ætla að halda áfram að segja þetta hér aftur og aftur, þó svo að menn verði hundleiðir á því, þangað til að einhver skilningur verður fyrir því að það sé bætt hagstjórn í landinu sem þarf til þess að íslenskur atvinnuvegur fái þrifist og þar á meðal íslenskur skipasmíðaiðnaður.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég hlýt að lýsa ánægju minni yfir því að hæstv. iðnrh. skuli hafa tekið vel við þeirri ábendingu að rétt væri að undanskilja skipasmíða-

iðnaðinn lántökugjaldinu. Þetta mál kom upp í Ed. og við ræddum þetta mál á síðari fundi fjh.- og viðskn. í morgun. Það er rétt, sem formaður nefndarinnar hefur fundið að við mig, að ég kom of seint á þennan nefndarfund þannig að svo virtist um skeið sem ekki tækist að taka upp efnislega skoðun á frv. um lántökugjaldið, en það náðist fram og fulltrúar skipasmíðaiðnaðarins komu á fund nefndarinnar og ég hygg að hann hafi sannfært nefndarmenn um að óeðlilegt væri annað en lán vegna skipasmíða hér á landi yrðu undanþegin gjaldinu. Ég er þakklátur hæstv. viðsk.- og iðnrh. fyrir að hann skyldi hafa, eftir því sem mér skildist hér áðan, fallist á að þetta væri réttlát ábending og að meiri hl. væri inni á því að taka þessa beiðni til greina.

Það er auðvitað mikil spurning hvort ekki eigi að stíga skrefið til fulls og endurgreiða skipasmíðaiðnaðinum það lántökugjald sem hann kann að hafa greitt vegna verkefna á þessu ári og mun ég taka það mál upp við nefndina því eðlilegt er að það sé ekki mismunur á milli stöðva, eðlilegt er að ekki halli á á milli einstakra fyrirtækja í þessu efni, hvort sem við erum þá að tala um skipasmíðafyrirtækin eða þau útgerðarfyrirtæki sem við þau eiga viðskipti.

Ég vil í annan stað, hæstv. forseti, lýsa yfir ánægju minni yfir því að hæstv. iðnrh. skuli nú hafa gefið afdráttarlausa yfirlýsingu um að innlendar skipasmíðastöðvar skuli jafnan hafa sama aðgang að erlendu fjármagni og þær erlendu eða m.ö.o. að útgerðarmaður sem lætur gera við skip sitt hér á landi eigi það öruggt og tryggt að hann fái jafnfljóta og jafngóða fyrirgreiðslu og sá útgerðarmaður sem lætur gera við skipið erlendis. Enginn maður yrði glaðari yfir því en ég ef hægt yrði að koma slíkri reglu á vegna þess að í sambandi við mörg lánsfjárlög undanfarið hefur komið til mjög harðra átaka milli einstakra manna sem stutt hafa þær ríkisstjórnir sem áður voru við völd. Ég hef átt viðræður við viðskrh. síðustu ríkisstjórnar og sjútvrh. þeirrar næstsíðustu um hvernig eigi að fara að því að tryggja skipasmíðaiðnaðinum eðlileg rekstrarskilyrði og ég er mjög ánægður yfir því að þessir ráðherrar báðir eru nú sammála mér um nauðsyn þess að á hverjum tíma eigi að tryggja innlendum skipasmiðjum það mikið fjármagn að þær geti gengið fyrir sig með eðlilegum hætti. Ég leyfi mér að skilja orð viðskrh. svo að hann sé þá að tala um 80% af viðgerðarkostnaði þegar um meiri háttar viðhald er að ræða eða endurbætur.

Ég þarf auðvitað ekki að ítreka, það á þingdeildarmönnum að vera mjög kunnugt, að ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar að Fiskveiðasjóður hafi meiri skyldur við íslenskar skipasmíðastöðvar en erlendar og að við Íslendingar værum fullsæmdir af því ef Fiskveiðasjóður lánaði meira til þeirra skipasmíðaverkefna sem unnin eru hér á landi en erlendis. Auðvitað er það það sem ég stefni að. En númer eitt er að reyna að ná jafnstöðu og má segja að það sé varnarsigur, en síðan hljótum við að berjast áfram fyrir því að þeir útgerðarmenn sem vilji versla við innlenda aðila fái af opinberri hálfu greiðari aðgang en aðrir. Auðvitað er ég ekki að tala um að það eigi að gefa neinum neitt, en ég fordæmi með jafnmikilli sannfæringu ef íslensk framleiðsla, hvort sem það eru garðyrkjumenn eða skipasmíðastöðvar, hvort sem það heita gosdrykkjaframleiðendur eða þeir sem t.d. framleiða færavindur, ef einhverjir slíkir aðilar eru til langframa eða stutt látnir sitja við annað og verra borð en keppinautur þeirra erlendis. Auðvitað hlýt ég að fordæma slíkt og hlýt af þeim sökum nú undir lokin, hæstv. forseti, að leggja áherslu á að til þess að hægt sé að tryggja viðhlítandi samkeppnisstöðu, viðhlítandi rekstrarstöðu íslenskra skipasmíðastöðva og til þess að íslenskir útgerðarmenn hafi efni á því að versla við íslenskar skipasmíðastöðvar verða þeir að fá gengið rétt skráð. Það er algjörlega út í bláinn, það er algjörlega út í hött, það er í rauninni fyrirlitning á staðreyndum að reyna að koma því sjónarmiði að að þjónustufyrirtæki við sjávarútveginn geti, þegar gengið er rangt skráð, boðið upp á jafngóð kjör og erlend fyrirtæki, þegar útgerðarmennirnir fá gjaldeyrinn á útsölu sem þeir greiða viðgerðina fyrir. Og hitt er jafnvitlaust að hugsa sér að útgerðarmennirnir hafi efni á því að vera blíðir og þægilegir við íslenska framleiðendur ef þeir fá gjaldeyri fyrir sinn útflutning á niðursettu verði. Auðvitað gefur auga leið að á meðan ríkisstjórnin vill ekki viðurkenna staðreyndir, á meðan ríkisstjórnin tekur ekki undir með Jakob Möller og segir „þegar gengið er fellt er það fallið", á meðan hún getur ekki skilið þetta er alveg tómt mál að tala um einhver erlend ráðgjafarfyrirtæki. Það getur vel verið að það sé ódýrara að borga þeim ef það má borga reikninginn með niðurgreiddum gjaldeyri í bili. Það getur vel verið að reikningurinn verði lægri fyrir skipasmíðastöðvarnar, fyrir hið erlenda ráðgjafarfyrirtæki. En hitt er alveg ljóst að tapið verður miklu meira af öðrum ástæðum vegna þess að rekstrargrundvöllurinn er ekki fyrir hendi.

Ég skal ekki síðan fara mörgum fleiri orðum um þetta. Ég vil sem sagt í stuttu máli segja, hæstv. forseti: Ég er mjög ánægður yfir því að hæstv. iðnrh. skyldi lýsa því yfir fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, eins og ég skildi hann, að lántökugjaldið komi ekki á lán sem tekin eru til greiðslu á viðgerðum hér á landi, á skipasmíðum hér á landi og veit að bæði útgerðarmenn og þeir sem reka skipasmíðastöðvarnar kunna að meta þetta. Ég vil líka láta í ljós ánægju mína yfir því að báðir þessir hæstv. ráðherrar, bæði sjútvrh. og iðnrh., skuli vilja sjá um að þjónustan við skipasmíðaiðnaðinn í sambandi við þau verkefni sem við erum að tala um, þ.e. meiri háttar viðhald og endurbætur, að lánsfyrirgreiðslan við skipasmíðastöðvarnar skuli ekki verða verri en hún hefur verið heldur þvert á móti betri og að þeir skuli fullyrða í hinu háa Alþingi að skipasmíðastöðvarnar megi vænta þess að þær fái til sinna verkefna jafngreiðlega fjármagn og hinir erlendu keppinautar þeirra. Ég hlakka sannarlega til að fylgjast með því að

þessir báðir hæstv. ráðherrar standi við þessi orð.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég vil lýsa ánægju minni yfir því að þessi tillaga var borin hér fram og þeim umræðum sem hafa átt sér stað um hana. Ég hef að vísu ekki fylgst alveg með þessari umræðu, það er margt að gera, en það er eitt sem þarf að hafa í huga umfram það sem hefur komið hér fram, a.m.k. þegar ég hef hlustað á. Það er sú verkkunnátta sem er orðin til í landinu í sambandi við skipasmíðarnar og viðhaldið. Það væri mjög slæmt, það væri mikill skaði fyrir okkar þjóð ef sú kunnátta mundi að einhverju leyti hjaðna niður fyrir ónóg verkefni fyrir utan við eigum auðvitað að keppa að því sem þjóð að gera það sem hægt er í landinu og lifa á því sem landið gefur meira en við gerum í dag og minnka þannig innflutning.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta frekar. Það er annað að gera. En ég vonast til þess að það verði tekið svo á þessum málum að menn þurfi ekki að leita í jafnauknum mæli til útlanda með skipasmíðar og viðgerðir og raun ber vitni.

Albert Guðmundsson:

Virðulegur forseti. Ég held að það sé tímabært að ræða um bætta samkeppnisaðstöðu innlends skipaiðnaðar og því er þessi tillaga hv. flm. Stefáns Guðmundssonar tímabær og má segja þó fyrr hefði verið. En ég var byrjaður að ræða í mjög naumum ræðutíma iðngreinar sem eru hliðstæðar skipasmíðaiðnaðinum að því leytinu til að vandamál þeirra eru hliðstæð hvað þetta frv. snertir, iðngreinar sem hafa horfið vegna sjónarmiða sem voru lík þeim sjónarmiðum sem ríkja varðandi skipasmíðaiðnaðinn, horfið á þann hátt að þekkingin er ekki til lengur í annarri iðngreininni og þekkingin var að hverfa vegna þess að menn eldast, þeir sem voru í hinni, en fengu þó tækifæri til að hefja sína iðn á ný.

En ég vil fyrst, ef hæstv. iðnrh. vildi taka eftir því sem ég ætla að segja núna, fagna því að mér skildist á hans tali áðan að hann sé að komast á hliðstæða skoðun og ég hafði þegar ég var iðnrh. og ég gerði tillögu um ákveðna fyrirgreiðslu fyrir skipaiðnaðinn sem slíkur og ég heyri líka að hv. 2. þm. Norðurl. e. telur þá lausn vera fullnægjandi fyrir sig, en það er að takmarka mjög lánveitingar til nýbygginga eða viðgerða erlendis ef hægt er að vinna verkefnið hérlendis. Tillaga mín sem iðnrh. í ríkisstjórn Íslands á þeim tíma var einmitt um það að banna, taka alveg fyrir öll lán eða fyrirgreiðslu af opinberu fé til að halda uppi vinnumarkaði erlendis í samkeppni við vinnumarkaðinn hér. Á þeim tíma gerði ég tillögu um það að þegar tilboð berst erlendis frá verði það borið saman við innlend tilboð á þann hátt að allir opinberir skattar af innlenda tilboðinu hverju nafni sem þeir nefnast, og þá tek ég útsvör líka með sem skatta, allt sem heitið getur álag, verði dregið frá íslenska tilboðinu til að fá jafnan samanburð vegna þess að íslenska ríkið fær ekki krónu í opinber gjöld af erlendu tilboðunum þannig að samanburður getur aldrei verið jafn nema þetta sé gert. Þar fyrir utan á að ákveða hvað mörgum prósentustigum íslenska tilboðið má vera hærra til að það sé tekið fram yfir erlend tilboð. Þetta var kolfellt í ríkisstjórn Íslands og sérstaklega var nú hæstv. sjútvrh. algerlega á móti því að beita slíkum fantabrögðum við Fiskveiðasjóð Íslands. En Fiskveiðasjóður er opinbert fé og þetta opinbera fé er notað til að gera íslenskum fyrirtækjum erfiðara fyrir en þeim útlendu og þá sérstaklega þegar við tökum tillit til þess að það er næstum því útilokað að fá nokkra bankaábyrgð til innlendra verktaka hvort sem það er nýsmíði eða viðgerðarkostnaður, en það er greið leið fyrir erlend fyrirtæki að fá sams konar bankaábyrgð. Að sjálfsögðu er hugsunin sú að erlendu fyrirtækin hreinlega bjóða skipin upp og selja þau erlendis fyrir kostnaðinum, en ef það er gert af íslensku fyrirtækjunum er það allt í lagi vegna þess að skipið fer ekki úr landi. Þessi hugsunarháttur gengur ekki. Slíkan ójöfnuð skapar það á milli erlendra og innlendra aðila.

Ég held að það sé nokkuð skýrt hvað ég óskaði eftir að fá heimild til að gera sem ráðherra og ég fagna því að hv. 2. þm. Norðurl. e. skuli vera kominn á þessa skoðun. Ég fagna því og vona um leið að ég hafi ekki misskilið eða misheyrt ræðu hæstv. iðnrh. áðan þar sem mér fannst hann vera kominn inn á þessa leið að einhverju leyti a.m.k.

Nú ætla ég að segja sögu af tveimur iðngreinum sem hurfu vegna nákvæmlega sama skilnings og sömu meðferðar. Það var fyrir nokkrum árum, áratugum reyndar, líklega fyrir og um 1970, að ein blómlegasta framleiðslugrein Rafha í Hafnarfirði voru straumbreytar og við notum mikið af straumbreytum á vegum ríkisins. Það eru Rafmagnsveitur ríkisins sem eru aðalviðskiptavinur á því sviði. Raftækjaverksmiðjan í Hafnarfirði gat fullnægt með framleiðslu sinni ársþörf íslensku þjóðarinnar, Rafmagnsveitna ríkisins, hefði verksmiðjan fengið að framleiða eftir getu sinni með stanslausri framleiðslu og jöfnum afgreiðslum til rafmagnsveitnanna. En hvað skeður? Rafmagnsveitur ríkisins bjóða ársmagnið út og krefjast afgreiðslu á miklu magni á mjög skömmum tíma sem þýddi að raftækjaverksmiðjan í Hafnarfirði varð ekki samkeppnisfær um afgreiðslu á sama tíma sem hún hafði framleiðslugetu til að fullnægja þörfum ríkisins og var samkeppnisfær í verði. Niðurstaðan varð sú að raftækjaverksmiðjan varð að leggja niður framleiðslu á straumbreytum, það eru orðnir nokkrir áratugir síðan það var gert, og þekkingin er ekki lengur fyrir hendi vegna þess að fólkið sem vann við þetta endurnýjaðist ekki þegar gömlu mennirnir luku sinni starfsævi. Þetta þýðir að straumbreytar eru ekki lengur framleiddir í rafmagnsverksmiðjunni Rafha í Hafnarfirði.

Á nákvæmlega sama hátt var farið að flytja út yfirbyggingar á langferðavögnum, yfirbyggingar fyrir Strætisvagna Reykjavíkur og yfirleitt yfirbyggingar á hina stóru bíla sem fara sístækkandi og verða

sífullkomnari. Þessi vinna var öll keypt erlendis og mestmegnis voru bílarnir fluttir þaðan sem þeir voru framleiddir til Belgíu því að Belgía var eitthvað ódýrari en aðrar þjóðir sem buðu. Þegar þessi iðnaður hafði verið lagður niður, bílasmiðjan hér var hætt en fólkið var enn þá til sem kunni til verka, þá breytti Reykjavíkurborg um ákvarðanir og samþykkti íslensku tilboðin sem voru ekki verri vinna að neinu leyti, eins og þeir sem nota almenningsvagna, bæði innlenda og erlenda, geta borið saman. Þetta gekk meira að segja svo langt í upphafi til þess að fá þessa iðngrein af stað aftur og til að fá þessa iðn til að lifa, að það voru ef ég man rétt milli 20 og 30 stætisvagnayfirbyggingar pantaðar hjá verksmiðjunni og 20–30% dýrari en tilboðið var lægst frá útlöndum. En iðngreinin lifnaði við og blómgaðist um tíma. Nú veit ég ekki hvernig stendur því að ég hef ekki fylgst sérstaklega með því. Það getur vel verið að hún hafi lognast út af aftur af sömu ástæðum og hér er rætt um erfiðleika innlends skipasmíðaiðnaðar.

Allt er þetta gert á kostnað opinberra sjóða. Það álít ég vera misnotkun. Ég held að við komumst í íslenskum iðnaði á hvaða stigi sem er og hvaða sviði sem er niður í samkeppnisfært verð ef opinberir aðilar, hvort sem það eru sveitarfélög eða ríkið, ætla sér nákvæmlega sama í tekjur frá erlendum aðilum og innlendum aðilum eða öfugt. Opinberir aðilar fá ekkert í skatta af því sem þeir fjármagna erlendis og þeir eiga á þann hátt að viðhalda vinnumarkaðnum með innlendum iðnaði. Það er þetta sem ég hefði viljað leggja áherslu á, virðulegi forseti, sem ég byrjaði á í styttri ræðutíma, en forseti bað mig um að hefja ekki umræður um slíkt stórmál í þeim stutta ræðutíma.

Ég fylgist að sjálfsögðu með því sem hæstv. iðnrh. á eftir að segja hér. Ég reikna með að hann telji þörf á að koma aftur upp í ræðustólinn til að svara ef hann finnur hvöt hjá sér til. Geri hann það óska ég eftir því að hann endurtaki það, sem ég hélt að ég hefði heyrt, staðfesti eða hafni, að hann muni stuðla að því að Fiskveiðasjóður og aðrir opinberir sjóðir láti íslenskan iðnað hafa algeran forgang þó að hann sé ekki reiðubúinn að ganga eins langt og ég vildi ganga, að banna innlendum opinberum sjóðum að fjármagna vinnumarkaðinn erlendis í samkeppni við íslenska aðila.

Við erum lítið samfélag, við erum stór fjölskylda og það er dýrt, tiltölulega og hlutfallslega miklu dýrara fyrir okkur að vera sjálfstætt ríki og þess vegna verðum við að halda uppi vinnumarkaði, halda uppi menningarstarfsemi og halda ýmsu uppi sem er hlutfallslega mörgum sinnum dýrara en hjá stórþjóðum. Það eru ekki margar stórþjóðir landfastar á alla kanta sem hafa kostnað við sams konar strandlengju og við með jafnfáu fólki t.d. Sama má segja um íslenskan iðnað ef við berum það saman við okkar löngu strandlengju. Við verðum að taka á okkur innlendan kostnað. Við verðum að gera okkur grein fyrir því að við erum litlir og það kostar talsvert að vera sjálfstæðir.

Meira hef ég ekki að segja um þetta, en mér þætti vænt um ef hæstv. ráðherra vildi staðfesta eða hafna skilningi mínum að hans vilja um að nota íslenska sjóði fyrst og fremst og helst eingöngu fyrir íslenskan iðnað, í þessu tilfelli fyrir skipasmíðastöðvarnar, en ekki fyrir útlendan vinnumarkað.

Flm. (Stefán Guðmundsson):

Hæstv. forseti. Ég geri mér ljóst að við erum enn einu sinni að tala um þetta mál í tímahraki og þess vegna skal ég verða við vinsamlegum tilmælum forseta og reyna að stytta mál mitt mjög, en ég vil þó aðeins grípa inn á nokkur atriði sem hafa komið fram í máli manna.

Hv. fyrrv. iðnrh. Friðrik Sophusson sagði fyrr í umræðum um þetta mál að stefna þessarar ríkisstjórnar væri hættuleg íslenskum skipaiðnaði. Ég held, hv. þm., að það sé of snemmt fyrir okkur að gerast spámenn í þessum efnum. Ég trúi því ekki og reyndar veit að svo er ekki og ég held að ef við höfum lagt hlustirnar við og hlustað á hæstv. iðnrh., hvað hann lagði hér til málanna, þá sé ekki sanngjarnt að tala svo.

Hv. þm. minntist einnig á að ég sem flm. þessarar tillögu hefði átt að snúa mér beint til sjútvrh. með þetta mál og láta vera að flytja það inn í þingsali. Ég er á öðru máli en hv. þm. í þessum efnum. Þannig var að ég lagði þessa tillögu fram á síðasta þingi, en því miður var svo liðið á þing að málið komst ekki á dagskrá. Því endurflutti ég það nú og ég held að þau viðbrögð sem þetta mál hefur fengið hér sanni það að það var vissulega þarft að hreyfa því. Ég vil einnig taka fram að ég tel mig vissulega hafa leyfi til að flytja mál á þingi þótt þau heyri undir þá ráðherra sem ég hvað dyggilegast styð. Það vil ég að komi skýrt fram að það bindur enginn hendur mínar þannig í þessum málum.

Hæstv. iðnrh. sagði þegar hann fór yfir þessa tillögu að það toguðust á hagsmunir iðnaðar og útgerðar í þessum efnum. Þá var hann að tala um hvað því við kæmi að bjóða út verk og lét að því liggja að útgerðarmenn þyrftu oft og tíðum og kannski oftast nær að fá þessi verk unnin mjög fljótt og alla jafna vildu þeir fá þau á sambærilegu verði.

Ég sagði þegar ég talaði fyrir þessari tillögu að íslenskur skipaiðnaður væri ekki — og ég endurtek: hann er ekki að biðja um forréttindi í þessum málum. Hann er ekki að biðja um forréttindi. Íslensk skipaiðnaðarfyrirtæki og íslenskir iðnaðarmenn eru að biðja um jafnrétti við erlendar stöðvar. Það er það sem verið er að biðja um og um það snýst þetta mál. Að þessum hluta til harma ég ummæli iðnrh.

Ég vil að menn hugsi það mjög áður en þeir kasta því frá sér sem stendur í minni tillögu um að skylt sé að bjóða út öll verk. Ég trúi því að yfirleitt séu þetta svo stórir póstar að útgerðarmenn vilji fá úr því skorið hvar hagstæðast sé að vinna þessi verk. Það er ekki bara um að ræða að það sé unnið í

Þýskalandi eða Íslandi. Það eru margar þjóðir sem eru að keppa við okkur í þessari atvinnugrein þannig að mér finnst mjög eðlilegt að um útboð sé að ræða og það skuli vera skylt.

Ég fullyrði einnig úr þessum ræðustól eins og ég gerði þegar ég talaði fyrir þessu máli að íslenskar stöðvar eru fyllilega samkeppnisfærar við erlendar stöðvar í þessari atvinnugrein. Þegar þessi verk hafa verið boðin út hafa íslensku stöðvarnar ekki ætíð unnið öll tilboð, en ég veit um dæmi þess og eitt mjög nýlegt dæmi, og ég gat um það sérstaklega þegar ég talaði fyrir tillögunni, að verk var boðið út. Það komu tilboð erlendis frá og það kom íslenskt tilboð í þetta verk. Og hvað kom upp? Íslenska tilboðið var ekki helmingi hærra, íslenska tilboðið var helmingi lægra. Íslenska tilboðið var nefnilega helmingi lægra en erlenda tilboðið. Ég fullyrði hér að íslenskir iðnaðarmenn eru betri iðnaðarmenn en aðrar þjóðir geta státað af í þessari atvinnugrein. Ég fullyrði að verk sem íslenskir útgerðarmenn fá unnin hér heima eru betur af hendi leyst en erlendis.

Við megum heldur ekki gleyma að skoða það grannt hvort við höfum efni á því að flytja út í jafnríkum mæli og við höfum gert þá tækniþekkingu sem við höfum verið að öðlast með því að sinna þessum verkefnum að ógleymdri tækniþekkingunni sem við höfum fleygt frá okkur til erlendra þjóða í svo stórum stíl sem raun ber vitni.

Það sem ég bað um í máli mínu þegar ég talaði fyrir þessari tillögu um daginn var hvort núv. ríkisstjórn gæti ekki fallist á að láta fara frá sér hliðstætt bréf og ríkisstjórn lét frá sér fara árið 1986, en ég ætla að lesa bréfið enn og aftur til þess að þeir sem um þessi mál fjalla geti heyrt hvað í því stendur. Þar segir, með leyfi, virðulegi forseti:

„Opinberum sjóðum verði tilkynntur sá vilji ríkisstjórnarinnar" — verði tilkynntur sá vilji ríkisstjórnarinnar, ég endurtek það — „að leita skuli tilboða innan lands um endurbætur og viðhald fiskiskipa og samanburður gerður á slíkum tilboðum og erlendum og þau metin á viðskiptalegum grundvelli áður en lánveitingar eru ákveðnar. Lögð verði áhersla á það við viðskiptabankana að bankaábyrgðir vegna skipasmíðaverkefna innan lands verði sambærilegar og þær sem veittar eru þegar verkefni eru unnin erlendis. Ríkisstjórnin samþykki að gera ráð fyrir lántökuheimildum til Byggðasjóðs eins og verið hefur undanfarin tvö ár þannig að sjóðurinn geti veitt viðbótarlán vegna viðgerðaverkefna hér á landi svo að lánin verði 80% kostnaðar. Þess verði farið á leit við Iðnlánasjóð að hann veiti skipaiðnaðinum samkeppnislán til þess að mæta sérstökum undirboðstilboðum eða niðurgreiðslum frá erlendum skipasmíðastöðvum."

Undir þetta ritar Steingrímur Hermannsson þáv. forsrh.

Þetta er raunverulega kjarni þess máls sem í tillögunni felst. Og ég trúi því, eftir að hafa hlýtt á mál iðnrh. og reyndar rætt við hann áður um skilning hans á þessu máli, að þetta mál verði til lykta leitt þannig að þeir sem við eiga að búa geti sætt sig við, enda kom það skýrt fram í máli hæstv. ráðherra áðan þar sem hann lýsti því yfir að hann mundi beita sér fyrir því að innlendir aðilar hefðu jafnan aðgang að fjármagni til þessara verkefna eins og veitt væri þegar þessi verk væru unnin erlendis.

Ég tala ekki um það að ég fagna auðvitað sérstaklega, eins og ég held að hafi komið fram í máli hv. þm. Halldórs Blöndals, þeirri viljayfirlýsingu sem hér kom fram að nú væri unnið að því að reyna að tryggja að þetta lántökugjald, sem menn hafa rætt um, yrði ekki lagt á þegar um þessar heimildir væri að ræða.

Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja mál mitt meir. En ég veit um að þetta breska fyrirtæki, Appeldore, er að vinna að skýrslu og er hún væntanleg hingað til okkar. Ég vona að við fáum hana á borð þingmanna og getum gluggað í hana. (**FrS:** Það er búið að lofa því.) Það er búið að lofa því, segir hv. þm., þannig að við getum gluggað í það. Ég fagna því auðvitað. En það má geta þess að atvinnugreinin sjálf er einnig með mjög víðtækar áætlanir og vinnu í gangi til að bæta stöðu sína.

Hvað varðar samkeppnishæfni þessara stöðva held ég að það sem við þurfum mjög að einbeita okkur að sé hvernig við getum bætt nýtingartíma innlendra skipasmíðastöðva. Staðreyndin er nefnilega sú að langmesti hluti þessara verkefna er unninn á tímabilinu maí til október. Þar er veðurfarinu um að kenna og það sjá allir menn og skilja að það hlýtur að vera mjög óhagstætt að heilu vinnuflokkarnir þurfi að standa í slíkum viðgerðarverkefnum jafnvel við hin verstu veðurskilyrði. Þess vegna hef ég þá trú að við getum ekki unnið þetta af neinu viti fyrr en við erum búin að koma upp ákveðnum skipasmíðastöðvum þannig að hægt sé að vinna þessi verk undir þaki. Þá fyrst er farið að gera þetta á faglegan hátt og þá fyrst erum við orðnir hæfir til þess að berjast við erlenda risa í þessum efnum.

Virðulegi forseti. Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri nú. Ég þakka mönnum fyrir að hafa tekið þátt í þessum umræðum og legg til að málinu verði að þessari umræðu lokinni vísað til síðari umr. og hv. atvmn.

Umræðu frestað.

EFRI DEILD

30. fundur, þriðjudaginn 20. des., að loknum fundi í Sþ.

Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 203. mál. — Þskj. 276.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til félmn. með 13 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 204. mál (heildarlög). — Þskj. 277.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til félmn. með 13 shlj. atkv.

Framhaldsskólar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 184. mál (gildistaka). — Þskj. 215.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Í framhaldi af þeim umræðum sem áttu sér stað um mál þetta í hv. menntmn. í gærkvöld flyt ég brtt. á þskj. 292 sem er í raun og veru aðeins skýring á þeim ákvæðum sem gert er ráð fyrir í 2. málsl. 1. gr. Þar er gert ráð fyrir því að tiltekin lagaákvæði haldi áfram gildi sínu. Er þar um að ræða annars vegar kostnaðarákvæði og hins vegar ákvæði um skipan skólanefnda. Við umræðuna í nefndinni kom fram að menn áttuðu sig ekki á því hvað af þessum ákvæðum fjallaði um kostnað og hvað af þeim fjallaði um skólanefndir. Til þess að gera málið alveg skýrt og koma í veg fyrir misskilning er flutt þessi till. þar sem fyrri málsl. orðast svo:

„Ákvæði þau um niðurfellingu laga, sem um er getið í 41. gr., koma ekki til framkvæmda fyrr en 1. jan. 1990 að því er varðar kostnaðarskiptingu og fjármál skólanna.“ — Síðan segir: „Þær skólanefndir, sem starfa við framhaldsskólana, er lög nr. 57 1988 koma að öðru leyti til framkvæmda, halda umboði sínu til 1. jan. 1990.“ M.ö.o.: þær skólanefndir sem til voru við framhaldsskólana eru einfaldlega framlengdar að því er varðar umboð og starf.

Ég tók eftir því við umræðuna í gær að menn rugluðu aðeins saman þessum þáttum, annars vegar kostnaði og hins vegar skólanefndarmálinu, og til þess að gera þetta skýrt flyt ég þessa brtt. Ég tel að þetta sé tvímælalaust til bóta. Ég þakka hv. nefndarmönnum fyrir ábendinguna og vænti þess að þetta greiði fyrir afgreiðslu málsins svo sem kostur er.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. á þskj. 292, sem var of seint fram komin, samþ. með 11 shlj. atkv.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Ég hef væntanlega ekki misskilið að það væru flokksfundir nú klukkan þrjú og það væri búið að gefa hlé í Nd. Ég hef reiknað með því og við hér held ég fleiri að ekki yrði lengra haldið fram með dagskrá og við fengjum hlé.

Forseti (Jón Helgason):

Það er óskað eftir að fresta þessari umræðu þangað til að loknum þingflokksfundum sem gert var ráð fyrir núna klukkan þrjú og stæðu í hálftíma og verður orðið við þeirri ósk. — [Fundarhlé.]

Frsm. 2. minni hl. menntmn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Mér hafði verið sagt að það hefði náðst samkomulag um að fundir yrðu í þingflokkum, fundi yrði frestað, og átti þess vegna ekki von á því að þetta mál yrði tekið á dagskrá fyrr en að loknum þingflokksfundum og er satt að segja mjög undrandi á því að hæstv. menntmrh. skuli hafa haldið sína ræðu fyrir brtt. sem hann flytur án þess að mér hafi verið gefinn kostur á að hlýða á hana og skil satt að segja ekki þessi vinnubrögð.

Ég vil taka það fram í upphafi að á fundi menntmn. í gærkvöld benti ég á að eins og 1. gr. er orðuð í frv. stenst hún ekki. Hún er óþinglega fram sett og gjörsamlega út í hött að ætla sér að endurvekja lög sem fallið hafa úr gildi með þeim hætti sem gert var ráð fyrir í málsgr. Ég er þakklátur hæstv. menntmrh. fyrir að hann skyldi hafa komið til liðs við mig til þess að tími ynnist til þess að málið yrði athugað nánar en þingdeildin hlypi ekki til eða meiri hluti hennar og afgreiddi málið án þess að það yrði skoðað eins og leit út fyrir á tímabili. Ég legg ríka áherslu á að sú skylda hvílir á þingmönnum og þingdeildum að vanda lagagerð sem mest þeir mega og auðvitað grundvallarforsenda, herra forseti, ef nefndarmaður fer fram á að fá að kynna sér hvort lagafrv. sé með lögformlegum hætti að til þess sé jafnan gefinn frestur og tími. Ég vil láta þess getið að ég hef borið lagagreinina eins og hún er í frv. undir — ég vil segja málsmetandi lögfræðinga og þeir hafa spurt mig brosandi að því hvort það væri lagasetning ef sagt væri í lagafrv.: 1. gr. Umferðarlög nr. 7/1948 skulu taka gildi. 2. gr. Önnur lagaákvæði um umferðarlög skulu falla úr gildi. 3. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi.

Auðvitað er lagagerð af þessu tagi út í hött og gengur ekki að standa þannig að verki. Við áttum síðan tal saman, ég og hæstv. menntmrh., í gærkvöld og hann skýrði mér frá því hvert yrði efni brtt. Ég hef ekki tekið blaðið með mér, en samkvæmt þeim er gert ráð fyrir að síðari málsl. falli niður og lagagreinin hljóði þá svo: „Ákvæði III. og VIII. kafla laganna auk ákvæða 7. og 8. gr. skulu ekki koma til framkvæmda fyrr en 1. jan. 1990. Ákvæði þau um niðurfellingu laga, sem um er getið í 41. gr., koma ekki til framkvæmda fyrr en 1. jan. 1990 að því er varðar kostnaðarskiptingu og fjármál skólanna. Þær skólanefndir, sem starfa við framhalds-

skólana, er lög nr. 57/1988 koma að öðru leyti til framkvæmda, halda umboði sínu til 1. jan. 1990."

Þetta er svolítið skrýtið orðalag en skilst kannski. En ég vek athygli á öðru sem er óvenjulegt í sambandi við þessa lagasmíð og það er að í 1. málsl. þessarar greinar er lagt til að sú grein í lögunum um framhaldsskóla sem fjallar um starfssvið skólanefndar skuli falla niður eða skuli frestast þannig að 8. gr. laganna, þar sem fjallað er um hvað skólanefndin eigi að gera, á ekki að taka gildi fyrr en 1. jan. 1990. Það á að fresta gildistöku þeirrar greinar til þess tíma þannig að ekki verður séð að skólanefndir eigi samkvæmt brtt. menntmrh. að hafa annað hlutverk en það að vera menntmrh. til aðstoðar við að setja eða skipa skólameistara eða rektor eða þegar menntmrh. þarf að setja eða skipa fasta kennara að fengnum tillögum skólanefndar og skólameistara viðkomandi skóla, eins og segir í lögunum, og stundakennara. Auðvitað get ég verið sammála hæstv. menntmrh. um að hann þurfi leiðbeiningar um hvernig eigi að ráða skólameistara og kennara að framhaldsskólunum, en vil á hinn bóginn benda á að verksvið skólanefndanna er skorið niður við trog. Eins og þessi lagasmíð liggur fyrir virðist ekki gert ráð fyrir að skólanefndirnar komi með einum eða öðrum hætti að daglegum rekstri framhaldsskólanna og má því segja að þessi viðbót hafi sáralitla þýðingu. Það væri þá kannski einfaldara að fella algerlega niður ákvæðið um skólanefndirnar.

Ég skal svo að öðru leyti ekki fjalla fremur um þetta mál. Af einhverjum undarlegum ástæðum telur menntmrh. að 8. gr. laganna sé óbrúkleg, að hlutverk skólanefnda eins og það er þar skilgreint eigi ekki við og ekki sé rétt að skólanefndir komi að þeim verkum sem þar er um talað, en kýs á hinn bóginn að viðhalda skólanefndum sem eru ekki að störfum núna en endurreisa þær með að vísu óvenjulegum hætti og þá þannig að þær eigi ekkert annað að gera en vera til ráðuneytis við kennararáðningar á hausti komanda og eftir því sem við á í sambandi við ráðningu skólameistara eða rektora.

Þessi tillöguflutningur allur minnir okkur á, herra forseti, að þó að mikið sé að gera verðum við líka að huga að hinu að þingmenn fái tóm til þess á milli nefndarstarfa og umræðna að ræða þingmál við kunnáttumenn einslega og vinna sjálfstætt að rannsókn á þingmálum til þess að komið verði í veg fyrir slys af þessu tagi. Ég held líka að það muni koma í ljós þegar skólanefndir eftir þessum tillögum menntmrh. taka til starfa á næsta ári að þeim gömlu skólanefndum þyki undan sér fjarað og þær átti sig ekki alveg á því hvaða hlutverk þær hafi. Bið ég hæstv. menntmrh. mjög að íhuga hvort ekki sé rétt að breyta enn frvgr. og segja a.m.k. að 8. gr. skuli standa þannig að skólanefndirnar hafi þó eitthvert verksvið og þannig að sú uppbygging sem er í framhaldsskólafrv. um stjórnun framhaldsskólanna geti haldist og staðið og að eitthvert vit verði í þeirri lagasetningu sem Alþingi vill setja um skólamál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 292 samþ. með 10:1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10:2 atkv. og afgr. til Nd.

EFRI DEILD

31. fundur, þriðjudaginn 20. des., að loknum 30. fundi.

Heilbrigðisþjónusta, 2. umr.

Stjfrv., 193. mál (heilsuverndarstarf í Reykjavík). — Þskj. 226, n. 299.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. heilbr.- og trn. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 299 frá hv. heilbr.- og trn. Nefndin hefur fjallað um frv. á fundi sínum og mælir með að það verði samþykkt óbreytt.

Undir nál. rita hv. þm. Salome Þorkelsdóttir, Guðmundur H. Garðarsson, Karl Steinar Guðnason, Stefán Guðmundsson og Valgerður Sverrisdóttir. Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir og Margrét Frímannsdóttir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 2. umr.

Stjfrv., 180. mál (áætlaðar tekjur, skattkort o.fl.) — Þskj. 261, n. 290.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Á þskj. 290 liggur fyrir nál. frá hv. fjh.- og viðskn. um frv. til l. um breytingu á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda með síðari breytingum. Á fund nefndarinnar komu Skúli Þórðarson, forstöðumaður staðgreiðsludeildar ríkisskattstjóraembættisins, og Lárus Ögmundsson skrif-

stofustjóri tekjudeildar fjmrn.

Hér er eingöngu um að ræða tæknilegar lagfæringar á lögunum um staðgreiðslu, atriði sem í ljós hefur komið og reynslan hefur sýnt að betur fer á að breyta. Veigamesta breytingin er kannski sú að ekki verður lengur skylt að gefa út nýtt skattkort árlega, enda er því verulegur kostnaður samfara, allt að 10 millj. kr. Þetta er raunar talinn óþarfi og óþarfaumstang. Þar sem breytingar verða á högum manna, svo sem vegna breytingar á hjúskaparstöðu eða annars, fá menn auðvitað ný skattkort, en það verða ekki gefin út ný skattkort til allra launþega á hverju ári og hefur það verulegan sparnað í för með sér.

Þá eru ýmsar lagfæringar aðrar sem eru ívilnandi, t.d. að því er varðar þá sem gera út smábáta sem hafa meginhluta af tekjum sínum á ákveðnum hluta ársins. Þeim er gert auðveldara fyrir innan kerfisins. Ég hygg að þetta séu tvær veigamestu breytingarnar.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa um þetta fleiri orð, en undir þetta nál. skrifa allir nefndarmenn í fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar.

Danfríður Skarphéðinsdóttir sat fund nefndarinnar og er samþykk þessu áliti.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það kom frá Nd.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.–8. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, 2. umr.

Stjfrv., 135. mál. — Þskj. 142, n. 289 og 296.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Á þskj. 289 er að finna nál. frá meiri hl. fjh.- og viðskn. um frv. til laga um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Nefndin ræddi frv. og á hennar fund komu þeir Kjartan P. Kjartansson og Geir Geirsson frá Sambandi ísl. samvinnufélaga og Vilhjálmur Egilsson frá Verslunarráði Íslands.

Hér er um gamalkunnan skatt að ræða sem margar ríkisstjórnir hafa lagt á ár eftir ár, en skylt er að geta þess að hann er að vísu hækkaður nokkuð núna með þessu frv. Um það hefur verið ágreiningur og á það bent að það kunni að koma illa við ýmsa aðila og auðvitað hafa verið færð fyrir því nokkur rök. En þetta er liður í fjáröflun ríkisstjórnarinnar til að standa straum af samneyslunni og sameiginlegum kostnaði okkar og ein af forsendum fjárlagafrv. sem verið er að afgreiða núna.

Það er alveg ljóst að þetta er umdeilt mál og nefndin klofnaði í afstöðu sinni til þess. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 142 og ég get þess að lokum að Danfríður Skarphéðinsdóttir sat fund nefndarinnar og er samþykk þessu áliti.

Undir þetta nál. skrifa, auk framsögumanns, Valgerður Sverrisdóttir fundaskr., Jóhann Einvarðsson og Margrét Frímannsdóttir.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Herra forseti. Þetta mál hefur verið æðimikið rætt bæði í þessari hv. deild og eins í Nd. og raunar líka í fjölmiðlum og manna á meðal. Það þarf kannski ekki þess vegna að hafa mjög langt mál hér, enda má segja að það sé rétt að að stofni til a.m.k. sé þetta gamalkunnugt mál eins og hv. frsm. meiri hl. gat um.

Við í minni hl. leggjum til að frv. verði fellt. Undir það nál. skrifa Halldór Blöndal, Júlíus Sólnes og Eyjólfur Konráð Jónsson. Engu að síður vildum við greiða fyrir því að málið kæmi hér til 2. umr. og fengi afgreiðslu við þá umræðu. Ég leyfi mér hins vegar að leggja til að þar sem þetta er í síðari deild verði 3. umr. ekki tekin strax, ekki fyrr en við sjáum hvernig reiðir af öðrum tekjuöflunarfrv. hæstv. ríkisstjórnar, því að það er auðvitað alveg rétt, sem hv. þm. Eiður Guðnason sagði áðan, að þetta er einn af þeim pinklum sem þar eru á ferðinni. Það getur ekki seinkað neitt framgangi málsins eða þingstörfum þó að 3. umr. verði frestað, enda þarf deildin að hafa a.m.k. eitt mál á sinni dagskrá á milli funda meðan við bíðum eftir að sjá hvernig fram vindur með önnur mál. Ég held að það séu heppileg vinnubrögð að við mundum ekki flytja okkar brtt. fyrr en við 3. umr. sem yrði þá væntanlega ekki í dag heldur á morgun. En við munum að sjálfsögðu ekki tefja framgang málsins þó að þetta verði gert.

Við vitnum til nál. úr fjh.- og viðskn. Nd. og með leyfi forseta ætla ég að rekja það nál. Það var mjög vel unnið og skýrir málið kannski betur og í styttra máli, eins og ritað mál oft gerir nú, en ég mundi gera í lengra máli. Ég les þá upp meginefni nefndarálitsins sem hljóðar á þennan veg:

„Sérstakur skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði var upphaflega lagður á árið 1979 sem tímabundin tekjuöflun, en hefur þó verið framlengdur árlega síðan um eitt ár í senn. Álagningarhlutfall var í fyrstu 1,4% en hefur frá árinu 1984 verið 1,1% af fasteignamatsverði verslunar- og skrifstofuhúsnæðis.

Núverandi ríkisstjórn hyggst nú tvöfalda skatthlutfallið í 2,2% sem jafngildir 140% hækkun þegar tekið hefur verið tillit til hækkunar fasteignamats milli áranna 1988 og 1989. Þannig mun aðili sem í ár greiddi 100 þús. kr. í þennan skatt þurfa að inna af

hendi 240 þús. kr. á næsta ári.

Slík hækkun á einum skatti milli ára á sér fá ef nokkur fordæmi og er að dómi undirritaðra algerlega óréttlætanleg, ekki síst þegar þess er gætt að gjaldþol greiðenda þessa skatts fer nú í mörgum tilvikum minnkandi með samdrætti í atvinnulífinu.

Raunar stefna eignarskattshækkanir núverandi ríkisstjórnar í áður óþekktar stærðir því að af skrifstofu- og verslunarhúsnæði í Reykjavík, sem er yfir 6 millj. kr. að fasteignamati, verður á næsta ári að greiða 6,4% í eignarskatta og fasteignagjöld nái stefna ríkisstjórnarinnar fram að ganga. Þar af rynnu 5,15% til ríkisins í stað 2,3% í ár, en 1,25% til borgarinnar.

Hækkun núverandi ríkisstjórnar nemur því 2,85% af fasteignamati nái þessi áform fram að ganga. Slík stökkbreyting í skattlagningu er ekki aðeins gífurleg íþynging gagnvart þeim gjaldendum sem í hlut eiga heldur einnig efnahagsleg fásinna.

Eign sem ber 6,4% skatt verður að skila eiganda 6,4% raunávöxtun til þess eins að unnt sé að greiða skattinn. Eignarskatturinn jafngildir í því tilviki 100% tekjuskatti af eignatekjunum. Til þess að skattur á þessar eignatekjur væri sambærilegur við hinn almenna tekjuskatt einstaklinga, eins og ríkisstjórnin ráðgerir að breyta honum, þ.e. 37,2%, þyrfti raunávöxtun eignarinnar að vera 17,2%."

Lengra skal ég ekki lesa. Menn sjá af þessum tölum að hér er auðvitað um fáránlega háan skatt að ræða. Auðvitað kemur engum til hugar að verslun og önnur sú starfsemi sem þarf yfir skrifstofuhúsnæði að ráða muni ekki þurfa að ná einhverjum tekjum til að greiða þennan skatt og auðvitað eru engir til að greiða skattana aðrir en almenningur í landinu svo og atvinnufyrirtækin. Því ættu menn að gera sér gein fyrir. Þessi skattur er því eins og allir aðrir skattar millifærsla á eignarrétti frá fólkinu og atvinnufyrirtækjunum til ríkisins. Auðvitað þarf ríkið að hafa tekjur, enginn okkar neitar því, en takmörk eru auðvitað fyrir því hve skattlagning í heild má vera há og matsatriði alltaf hvort á að leggja skattinn á menn með beinum sköttum eða að hve miklu leyti það er gert í óbeinum sköttum eins og þeim skatti sem hér er um að ræða. Heildarniðurstaðan verður sú sama, að eignarráð flytjast frá einstaklingum og atvinnufyrirtækjum til ríkisins. Þess vegna má endalaust þjarka um hvaða skattur sé góður og hver sé slæmur skattur. Enginn þeirra góður náttúrlega. Engu að síður held ég að niðurstaðan af þessum skatti réttlæti það ekki að styðja hann, svo gífurlega hár sem hann er, sprengir upp verðlag á leigumarkaði og setur einhver fyrirtæki á hausinn. Sumum finnst það vera af hinu góða. En í öllu falli lendir hann með einum eða öðrum hætti á almenningi í neysluvöruverðlagi.

Það hefur raunar verið reiknað út að þessi skattur, hækkun hans nú, muni svara til 0,6% hækkunar vöruverðs þegar upp verði staðið. Það er sem sagt rúmlega ½% í verðlagi í landinu sem þessi skattur þýðir hvort sem mönnum líkar betur eða verr.

Alþt. 1988. B. (111. löggjafarþing).

Ég skil út af fyrir sig röksemdafærslu Samtaka um kvennalista í nál. Það er of mikið af verslunarhúsnæði og það má kannski þess vegna stemma stigu við frekari byggingum. En ég held að það þurfi ekki til að koma. Ég held að bæði verslunar- og skrifstofuhúsnæði sé orðið svo mikið, ekki bara í Reykjavík heldur um land allt, að það muni ekkert verða byggt af því á næstu árum þannig að þessi skattur verkar ekkert á að draga úr þeim framkvæmdum sem engar verða. Best er þessu lýst í bréfi Sambands ísl. samvinnufélaga sem ég gat um við fyrri umræðu og skal ekki rekja að öðru leyti en því að þeir sögðu, sem það álit afhentu okkur, að dreifbýlisverslunin væri að leggjast af, ekki bara vegna þessa skatts heldur af mörgum öðrum ástæðum. En það verða litlar tekjur sem þessi skattur gefur af verslunarhúsnæði sem búið er að leggja af og kannski leggja niður eða nota til geymsluhúsnæðis eða einhvers slíks. Vonandi nýtist það til einhverra góðra hluta, verður breytt í einhvers konar vinnustofur væntanlega, en verslunarhúsnæði verður það þá ekki lengur og engan skatt af því að hafa.

En ég ætla ekki að tefja þessa umræðu, þvert á móti greiða fyrir því að málið verði núna afgreitt til 3. umr. Vonandi verður orðið við þeirri ósk, sem ég held að séu líka skynsamleg vinnubrögð fyrir deildina, að fresta 3. umr. þar til að betur skýrist, bæði í Nd. og þessari hv. deild, hvernig það mál muni æxlast, en óvissa er nú mjög mikil. Menn vita það varla í stjórnarandstöðu hvernig farið muni með afgreiðslu mála í Nd. núna í eftirmiðdag eða í kvöld og bæði við og þjóðin sjálfsagt öll bíður spennt eftir að vita hvað er að gerast á bak við tjöldin hjá stjórnarliðum og einhverjum sem hafa sérstakan áhuga á að tala við stjórnarliða, kannski semja við þá um eitt eða annað. Ég veit það ekki. Ég býst hins vegar við að fólkið í landinu fylgist með því sem gerist í Nd. í dag og hjá okkur á morgun. Við vitum ekkert hvernig vinnubrögð verða hérna þegar líður á kvöldið eða á morgun. Þess vegna held ég að það sé mjög æskilegt að fresta 3. umr. þessa máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 11:6 atkv.
2.–10. gr. samþ. með 12:7 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

EFRI DEILD

32. fundur, þriðjudaginn 20. des., að loknum 31. fundi.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 3. umr.

Stjfrv., 180. mál (áætlaðar tekjur, skattkort o.fl.) — Þskj. 261.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 317).

Heilbrigðisþjónusta, 3. umr.

Stjfrv., 193. mál (heilsuverndarstarf í Reykjavík). — Þskj. 226.

Of skammt var liðið frá frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 318).

NEÐRI DEILD

29. fundur, þriðjudaginn 20. des., að loknum fundi í Sþ.

Um þingsköp.

Vinnubrögð í fjh.- og viðskn. og framvinda þingmála.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég sé ástæðu til að kveðja mér hljóðs utan dagskrár vegna þeirra vinnubragða sem viðhöfð hafa verið í hv. fjh.- og viðskn. Nd. Þannig er mál með vexti að við höfum þar verið að fara yfir frv. til l. um vörugjald sem er stórt og viðamikið mál og mjög áríðandi mál fyrir stjórnina að fá í gegn sem fyrst. Við kölluðum til umsagna fjölmarga aðila og átti ég þar stærstan hlut að máli að fara fram á það og formaður veitti það góðfúslega.

Eftir að hafa rætt við þá aðila kemur í ljós nú á seinni stigum málsins að það frv. sem þar var til umræðu er má segja úrelt eða úr gildi þar sem stjórnin boðar verulegar breytingar og má segja nýtt frv. um vörugjald. Það sem ég vil hér kvarta yfir eru vinnubrögðin við umfjöllum um frv. þar sem m.a. fengust ekki þær greinargerðir sem ég hafði beðið um og formaður hafði tekið undir á þeirri stundu, m.a. í framhaldi af viðræðum við tollverði og embættismenn tollstjóra þar sem þeir kváðust sjá vissa annmarka á þessu máli og voru beðnir um að setja það á blað. Undir það tók formaður nefndarinnar. Ég bað einnig um skriflegt álit Sigurðar Líndals lögfræðings á því hvernig þetta kæmi heim og saman við verðstöðvunarákvæði bráðabirgðalaganna. Þetta hef ég heldur ekki fengið. Ákveðnir aðilar sem ég bað um til umsagnar voru ekki kallaðir til, en ég gerði engan sérstakan ágreining um það, en vil samt að það komi hér fram.

En síðan er málið afgreitt út úr nefndinni með slíkum hraða í morgun að ekki einu sinni liggja fyrir þær breytingar sem gera á á frv. og enginn hefur séð. Ég tel það verkefni nefnda m.a. að fara yfir mál og fínpússa þau og gera þau sem best úr garði og ég verð að átelja þau vinnubrögð sem hér hafa verið viðhöfð því að yfir frv. hefur nefndin alls ekkert farið. Hún hefur hlustað á aðila og þeirra skoðanir, en að nefndin færi í frv., læsi það yfir, hvað þá að nefndin hreinlega viti um hvað frv. er, á hvað er verið að leggja gjöld, það hefur ekki verið gert. Þetta vil ég harðlega gagnrýna og tel ámælisvert fyrir þingið að stunda slík vinnubrögð.

Ég tel að þær brtt. sem hér verða lagðar fram og ég held að séu ekki enn þá komnar hérna fram séu þess eðlis og það sé svo mikið breytt frv. að það þurfi að fara aftur til nefndar og það þurfi aftur að kalla til umsagnaraðila vegna þess að allar þær umsagnir sem bárust um fyrra frv. eru úr gildi og hafa ekkert að segja um það frv. sem hér verður væntanlega rætt.

Ég vil geta þess að hv. þm. Kristín Halldórsdóttir, sem hefur fjarvistarleyfi í dag, er fyllilega meðvituð um þá umræðu sem hér á að fara fram og er að öllu leyti sammála.

Ég vil sem sagt vekja athygli á þessu. Það má reyndar gagnrýna nefndina fyrir fleiri störf, t.d. varðandi framgang mála hvað snertir 8. og 20. mál, sem eru brbl. Þau voru rædd með viðlíka hraði í gær þrátt fyrir að á samningsfundum, sem voru haldnir með stjórnarandstöðu og stjórn fyrir tveim dögum, væri sagt að áframhald þeirra viðræðna færi væntanlega fram í nefnd. Það var ekki svo gott að það væri. Þar fengust engir menn til umsagnar og ég held varla að það hafi nokkurri einustu spurningu verið svarað eða þá gefinn kostur á því að leggja fram nokkrar spurningar. Auðvitað er slíkt þinginu til ámælis. Nefndirnar eru að sjálfsögðu til þess að vinna málin til enda og setja þau fram þannig að þingið geti borið höfuðið hátt gagnvart þeim plöggum, vinnuplöggum og málum, sem koma inn í þingið.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Mig langar að byrja á því að beina þeirri spurningu til forseta hvað sé ætlunin að ræða á þessum fundi nú.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Ég get svarað því. Hugmyndin er að þessari þingskapaumræðu megi ljúka. Strax að henni lok-

inni verði það mál sem er á dagskrá tekið út af dagskrá og settur nýr fundur þar sem fyrir verði tekin þau mál sem eru komin frá nefndum og eru *tilbúin til umræðu*. Þau mál eru væntanlega þau sem ganga venjulega undir nafninu bráðabirgðalög en eru tvö mál samkvæmt þingskjölum, síðan niðurfelling laga vegna breytingar á skipun sveitarstjórnarmála og málefni aldraðra. Loks framhaldsskólafrv. sem mun þegar hafa verið afgreitt úr Ed.

Hugmynd forseta er síðan sú að setja nýja fundi eftir því sem nauðsynlegt reynist til að geta komið á dagskrá þeim málum öðrum sem frá nefndum koma og eftir því sem miðar og um semst í deildinni.

Geir H. Haarde:

Ég þakka fyrir þessi svör. Þarna er mjög mikið af brýnum málum sem ekki mega bíða og þola enga bið. En það sem *ég vildi vekja athygli á í framhaldi* af því sem hv. síðasti ræðumaður gat um er það að meiri hlutinn í hv. fjh.- og viðskn. hefur alls ekki getað komið frá sér nál. um vörugjaldið þó svo málið væri svo brýnt í morgun að það þyldi enga bið að því er virtist.

Hv. þm. Páll Pétursson, formaður fjh.- og viðskn., er vaskur maður og vinsæll af meðnefndarmönnum sínum í starfi. Honum lá nú samt sem áður svo mikið á í morgun að hann ætlaði sér að afgreiða fjögur stórmál út úr nefndinni.

Fyrsta málið var það sem hv. þm. Ingi Björn Albertsson gerði að umtalsefni, en það er þannig vaxið að því hefur verið gerbreytt í meðförum ríkisstjórnarinnar að því er okkur er sagt, hinum nefndarmönnum. Við höfum hins vegar ekkert fengið um þetta að sjá á blaði, ekkert í frumvarpsformi, aðeins einhvern snepil þar sem eru lauslegar hugmyndir um hvernig þetta eigi að vera. Málið er meira að segja þannig vaxið að það er ekki hægt að sjá að meiri hluti nefndarmanna hafi skilað inn nál. Það kann e.t.v. að stafa af því að ég sá ekki betur en *að í nefndinni í morgun væru meirihlutamenn* mikið í erfiðleikum með hvort þeir ættu að skrifa upp á þetta frv. Það var óskað eftir viðbótarupplýsingum. Það gerðu bæði hv. 3. þm. Norðurl. e. og hv. 10. þm. Reykv., sem eru í meiri hl., hv. þm. Árni Gunnarsson og Guðmundur G. Þórarinsson, fyrir utan það að minni hl. óskaði eftir viðbótarupplýsingum og að fá að kalla menn til fundar. Á þetta var ekkert hlustað heldur var málið tekið út úr nefndinni og að því er manni sýnist með þeim hætti að meiri hlutinn hefur ekki enn getað komið frá sér nál.

Síðast þegar ég vissi, þegar nefndarfundi lauk kl. eitt í dag, var hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson ekki búinn að skrifa undir nál. vegna þess að hann *hafði ekki fengið* svör við *því sem hann* óskaði eftir að fá að vita og þá heyrðist í hv. 3. þm. Norðurl. e. Árna Gunnarssyni að hann mundi ekki skrifa undir nál. ef Guðmundur G. Þórarinsson gerði það ekki. Ég vona að þessi samtöl séu ekkert leyndarmál, en þetta er til marks um hvernig er unnið í þessari nefnd og hefur verið upp á síðkastið, þ.e. síðustu klukkutímana, því að ég vil almennt síður en svo kvarta undan verkstjórn og fundastjórn hv. þm. Páls Péturssonar.

Síðan voru tekin fyrir tvö önnur mál nátengd, bráðabirgðalögin, frumvörpin tvö sem hæstv. forseti gat um. *Við annað þeirra mála eru umfangsmiklar* brtt. sem voru lagðar á borð fyrir nefndarmenn en þeim tæpast gefinn kostur á að kynna sér svo nokkru næmi og málið síðan afgreitt án þess að hægt væri að ræða við nokkra aðra hagsmunaaðila eða utanaðkomandi aðila um þetta mál. Þá gerði hv. formaður nefndarinnar sér lítið fyrir og vildi afgreiða líka í sömu andránni frv. um tekjuskatt og eignarskatt og var þá flestum nóg boðið þannig að hann féllst á að fresta þeirri afgreiðslu þar til kl. 17 í dag, enda á eftir að útvega nefndarmönnum heilmikið af upplýsingum *sem þeir voru búnir* að biðja um á síðasta fundi og báðu síðan um í dag í framhaldi af þeim brtt. sem meiri hlutinn hyggst standa að.

Ég hef ekki þingreynslu á borð við þá sem hv. þm. Páll Pétursson hefur og mér er ekki kunnugt um hvort svo hafi verið um langt árabil að þannig sé staðið að afgreiðslu mála úr nefndum. En ég hef reynsluna frá því í fyrra þegar við sátum báðir í meiri hluta. Þá munaði minnstu að hæstv. núv. landbrh. í einni af sínum fjölmörgu og löngu ræðum mæltist til þess við þingheim að hann vítti hv. formann fjh.- og viðskn. Pál Pétursson fyrir vinnubrögð. Því var að vísu afstýrt og ég ætla ekki að gera tillögu um það í þetta sinn þó að mér sé tamt að vitna í ræður hæstv. núv. landbrh. um sína núverandi samstarfsmenn. En ég hlýt að álelja það mjög hvernig að þessu hefur verið staðið og hvernig á að þjösna þessum málum, ekki bara út úr nefndinni athugunarlaust eða athugunarlítið heldur að því er virðist einnig í gegnum þessa hv. deild. Ég held að við hljótum að gera þá kröfu í umfangsmiklum og flóknum málum að þau fái lágmarksumfjöllun í viðkomandi þingnefnd.

Það liggur alveg fyrir t.d. að því er varðar tekjuskattinn og eignarskattinn að þar var meiningin að beita einhverjum stórfelldustu blekkingum við *framlagningu frv. sem a.m.k. mig rekur minni til*. Þar var ætlun fjmrh. að blekkja þingdeildina og landsmenn alla með þeim gögnum sem hann lagði fram með frv. og með sinni framsöguræðu. Það kom t.d. ekkert fram í hans ræðu og það tók margra daga eftirgrennslan að komast að því og fá það viðurkennt að skattleysismörkin í tekjuskattsfrv. mundu lækka frá því sem ella hefði orðið en ekki standa í stað eins og hæstv. fjmrh. lét í veðri vaka.

En nú hafa þeir komist að niðurstöðu að því er varðar tekjuskattinn og að því er okkur hefur verið sýnt í fjh.- og viðskn. ætla þeir af höfðingsskap sínum, stjórnarliðar hæstv. og hv. ýmist, að hækka skattleysismörkin um 65 kr. á mánuði. Það er niðurstaðan *úr þeirra umfjöllun um tekjuskattinn* og eignarskattinn. Það skal ég hins vegar ekki ræða í umræðum um þingsköp. En ég tel að það sé

fullkomlega eðlilegt að nefndin ætli sér tíma til að fjalla um þessi umfangsmiklu og flóknu mál sem hefur komið á daginn að hæstv. fjmrh. meira að segja sjálfur botnar ekki meira í en svo að hann lýsti því yfir við framsöguna að hann hefði bara ekkert skilið í því að það væri hægt að beita staðgreiðslukerfinu til tekjujöfnunar. Þá er nú kannski ekki undarlegt þó að ýmsir óbreyttir þingmenn vilji fá að kynna sér þessi mál í nefndinni til hlítar með sérfræðingum þegar slík viðurkenning og yfirlýsing liggur fyrir af hálfu mannsins sem flytur frv.

Allt ber þetta því að sama brunni. Það er ekki hægt að ætlast til þess að þingmenn fjalli um þessi mál á hlaupum hér á göngunum. Það er búið að boða fund í fjh.- og viðskn. kl. 17 í dag og ef hér verða þá til umræðu mál sem heyra undir þessa nefnd, eins og margt bendir til miðað við þá dagskrá sem forseti kynnti, hljótum við að gera þá kröfu að það verði gert hlé á fundahaldi í deildinni á meðan nefndin hittist ella þá að nefndin fresti sínum fundahöldum þannig að nefndarmenn geti fylgst með því starfi sem fer fram í deildinni og snýr að þeirra verksviði.

Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að gera þessar athugasemdir, herra forseti. Ég þykist vita að forseti hafi ekki sjálfur verið með í ráðum um þennan framgang mála og ég reyndar efast um að hv. formaður fjh.- og viðskn. sé nú einn í ráðum um þetta. Ég hygg að það sé komið frá æðri stöðum innan stjórnarliðsins að nú eigi að rusla öllum þingmálum út í deildina og til atkvæða því nú eru þeir ekki lengur uggandi um sinn hag af einhverjum ástæðum að því er varðar framgang mála og þá þykjast þeir geta látið þingsköp og þingvenjur og eðlilega meðferð mála lönd og leið. Þetta gengur auðvitað ekki.

Þessu hljótum við að mótmæla og mælast til þess að með mál sé hér farið með þeim hætti sem eðlilegur getur talist. Ella kann svo að fara að þingmenn þurfi að tileinka sér einhverja siði hér sem hæstv. landbrh. var að reyna að kenna mönnum í fyrra og koma mönnum upp á, en stjórnarandstaðan hefur forðast í ár.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Forseti ber sjálfsagt ábyrgð á því að hafa rekið á eftir mönnum.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Ég ætla að byrja á því að þakka meðnefndarmönnum mínum í fjh.- og viðskn. fyrir sérstaklega indælt samstarf undanfarna daga. Það hefur reynt mikið á okkur og við höfum lifað annasama tíma og það er kannski ekkert að undra þótt sumir séu að verða pínulítið þreyttir, en ég vona að það komi ekki niður á störfum nefndarinnar.

Ég vísa hins vegar algerlega á bug þeim ummælum, sem hér hafa verið höfð, að vinnubrögð hafi verið með eitthvað óeðlilegum hætti í nefndinni. Ég tel að þau hafi verið með fullkomlega eðlilegum hætti og skammast mín ekki vitund fyrir þau vinnubrögð. Það vildi svo til að stjórnarflokkarnir ákváðu að koma til móts við stjórnarandstæðinga í vörugjaldsmálinu og breyttu frv. í átt að því sem við héldum að stjórnarandstaðan vildi og þar af leiddi að ég reiknaði með því að þetta væri þeim mun geðfelldara mál í morgun en það var í gær.

Það er að vísu rétt, sem hér hefur komið fram hjá hv. þm. Inga Birni Albertssyni, að það bárust ekki allar greinargerðir sem hann óskaði eftir. Það voru réttmætar óskir sem hann setti fram, en ég leyfi mér að telja það vafasamt að bíða von úr viti eftir skriflegum greinargerðum sem ekki koma. Það er engin nýlunda þótt einhverjir umsagnaraðilar skili ekki umsögnum, að einhverjir af þeim sem spurðir eru um málið skili ekki inn áliti, og þá virðist þeim ekki liggja það á hjarta að koma því frá sér. Ég tel að eðlilegir frestir hafi verið gefnir og þessar greinargerðir bárust ekki.

Við undirbjuggum þann umrædda fund í morgun sem hefur verið hér til umræðu og menn hafa verið að klaga. Við undirbjuggum hann í Alþingishúsinu í gærkvöld, allir nefndarmenn saman komnir, og voru þeir prýðilega ánægðir með alla þá vinnuáætlun sem ég lagði fram fyrir fundinn. Það gerði enginn maður athugasemd við það í gærkvöld að vörugjaldið yrði afgreitt. Stjórnarandstæðingar voru mjög áfram um að bráðabirgðalögin yrðu afgreidd á fundinum í morgun. Og ég vissi ekki annað en þetta væri allt gert í góðu samkomulagi. Það þurfti engum að koma á óvart að ég mundi gera tillögu um að afgreiða þessi mál. Þegar þeir fóru að sofa í gærkvöld, nefndarmenn, gátu þeir vaknað í fullvissu þess að ég mundi gera tillögu um að afgreiða þessi mál. Það er eins og hver önnur vitleysa að ég sé ekki búinn að skila nál. um vörugjald eða brtt. Það er ég auðvitað búinn að gera og nál. er undirritað af meirihlutamönnum í nefndinni öllum saman. Það er hins vegar ekki komið á borð þingmanna, því miður, vegna þess að af eðlilegum ástæðum á starfsfólk annríkt og tekur dálítinn tíma að ganga frá þessu til dreifingar.

Hvað varðar bráðabirgðalögin komu til viðræðu við nefndina þeir sem óskað var eftir að ræða við að undanteknum einum manni. Það var óskað eftir að ræða við Ögmund Jónasson, fyrirsvarsmann BSRB. Það náðist því miður ekki í hann. Hann fannst ekki þegar starfsmenn Alþingis reyndu að hafa upp á honum. Hann var ekki viðlátinn. Aðrir sem beðið var um að kæmu til viðtals út af bráðabirgðalögunum komu á fund nefndarinnar í morgun, þ.e. Ásmundur Stefánsson, Lára V. Júlíusdóttir og Örn Friðriksson frá ASÍ, Þórarinn V. Þórarinsson frá VSÍ og Vilhjálmur Egilsson frá Verslunarráði. Fleirum var ekki óskað eftir og fullkomið samstarf um það í gærkvöld a.m.k. þó einhverjir hafi farið öfugt fram úr í morgun.

Ég tel að þetta séu óþarfa aðfinnslur, vinnubrögðin hafi verið eðlileg. Það fór reyndar, eins og ég hef bent á, fram sams konar umræða hér í fyrra, en nú er heldur skipt hlutverkum þar sem þáverandi sam-

herji, Geir H. Haarde, sem ef ég man rétt stóð drengilega við bakið á formanni sínum í þeim slag, tekur nú við hlutverki Steingríms J. Sigfússonar hæstv. landbrh., en hann var þá með einhverja taugaveiklun yfir því að unnið væri of hratt í nefndinni.

Það er rétt, og ég vil taka það fram, að frv. um tekju- og eignarskatt var frestað, afgreiðslu þess var frestað í nefndinni að ósk Geirs H. Haarde, enda ber að viðurkenna að það lágu ekki fyrir allar þær upplýsingar sem hann hafði beðið um í nefndinni. Það voru komnar þær upplýsingar sem ég taldi mig þurfa til þess að afgreiða málið, en Geir H. Haarde óskaði eftir viðbótarupplýsingum og ég taldi rétt að verða við því af fullkominni lipurð eins og ég ævinlega reyni að sýna samnefndarmönnum mínum.

Það er búið að fjalla um þessi mál öll í marga klukkutíma hvert. Það er búið að kalla á alla þá sem nöfnum tjáir að nefna og nefndarmönnum hefur getað dottið í hug að fá til viðtals. Það liggur fyrir að þessi frumvörp verður að afgreiða fyrir jól. Það vill nefnilega svoleiðis til að stjórnarandstaðann hefur gert það að skilyrði að tekjuöflunarfrumvörpin verði afgreidd áður en 3. umr. fjárlaga fer fram svo skrýtið sem það nú er. Ég man ekki eftir svona skilyrðum fyrr. Í gær þótti mönnum í stjórnarandstöðunni mjög mikilvægt að fá þessi frv. til afgreiðslu sem allra fyrst. Forsetum þingsins bráðliggur á að fá þau til afgreiðslu og þá fannst mönnum að dagurinn í dag væri rétti dagurinn til að láta á það reyna í Nd. hvort þessi frumvörp hefðu þingfylgi. Ég er á því að þetta sé rétti dagurinn til að láta reyna á það og ég vildi gera mitt til þess að þau gætu komið til umræðu og afgreiðslu í hv. deild.

Ég endurtek, herra forseti. Ég vísa algerlega á bug að að nokkru leyti hafi verið um óvanaleg vinnubrögð að ræða í hv. fjh.- og viðskn. deildarinnar. Ég er miklu fremur stoltur af vinnubrögðunum og sérstaklega vil ég þakka samnefndarmönnum mínum og þá ekki síst hv. stjórnarandstæðingum fyrir framúrskarandi vönduð og góð vinnubrögð í nefndinni og þann góða hlut sem þeir hafa átt að því að við náðum svo prýðilegri niðurstöðu sem raun ber vitni.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði áðan að það væri svo skrýtið með það að minni hl. fjvn. hefði farið fram á það eða krafist þess að skattalög hæstv. ríkisstjórnar hefðu hlotið afgreiðslu á Alþingi áður en 3. umr. fjárlaga færi fram. Þetta þótti hv. 1. þm. Norðurl. v. ákaflega skrýtið. Ef þetta væri ekki gert ætti þessi glöggi og skilmerkilegi hv. 1. þm. Norðurl. v. að átta sig á því að ekki er hægt að áætla tekjuhlið fjárlaganna. Þá er tilgangslaust að kalla á fulltrúa Þjóðhagsstofnunar til að reikna út fyrir fjvn. hvað tekjuhliðin kunni að gefa á næsta ári. Það er ævinlega forsenda fyrir því að hægt sé að afgreiða fjárlög að tekjuhliðin verði reiknuð út sem er hlutverk Þjóðhagsstofnunar og fulltrúa hennar að gera á fundum fjvn.

Nú er kominn þriðjudagur 20. desember og mér finnst að það sé mál til komið fyrir hæstv. ríkisstjórn og stjórnarflokkana að ræða í alvöru um það við fulltrúa stjórnarandstöðunnar á Alþingi hvernig vinnubrögðum verður háttað á þeim dögum sem eru mögulegir til verka fyrir jólin. Þetta virðist ekki hafa verið gert og hæstv. ríkisstjórn virðist ekki hafa áttað sig á því að það er ekki mögulegt að koma fram þeim málum sem venjulegast er í jólaönnunum að þessu sinni. Þar á ég við fjárlög. Og það er ákaflega hæpið að það takist að ljúka afgreiðslu á skattafrumvörpum ríkisstjórnarinnar á þessum tíma.

Fjvn. hefur unnið vel og dyggilega frá því að 2. umr. lauk. Þar hafa verið tekin fyrir mörg mál. Þar er verið að afla upplýsinga um mörg stórmál. Þær upplýsingar liggja sumar fyrir, aðrar ekki. Áfram verður haldið þeirri vinnu. Þar er eftir að afgreiða B-hluta stofnanir, þar er eftir að afgreiða 6. gr. fjárlaga, þar er eftir að afgreiða ýmis mál er varða 4. gr. fjárlagafrv. Þar er enn fremur eftir að afgreiða tekjuhlið fjárlagadæmisins og gera málið allt saman upp eins og þarf að leggja það fyrir Alþingi.

Ef menn hugsuðu sér að stefna að því að 3. umr. fjárlaga færi fram á fimmtudag, sem vitaskuld er a.m.k. einum degi of seint, en maður hefur heyrt því fleygt að hæstv. ríkisstjórn hugsi sér að 3. umr. fjárlaga geti farið fram á fimmtudegi, þá er best að átta sig á því hvað þarf að gerast svo að það sé mögulegt. Í fyrsta lagi þarf að skila tillögum fjvn. og meiri hl. fjvn. eigi síðar en um kl. 10 í fyrramálið til þess að þær geti farið í prentun og það sé hægt að vinna þær af starfsmönnum þingsins og síðan útbýta þeim þannig að Alþingi sjái þessar brtt. áður en umræðan hefst á fimmtudag. Það sjá allir að það eru engar líkur til þess. Hvað sem fjvn. leggur sig í líma, og þar hefur ekki verið tafið fyrir málum, þá tekst ekki að ljúka afgreiðslu mála fyrir kl. 10 á morgun. Það er alveg ljóst.

Þó að við töluðum einungis um 4. gr., 5. gr. og 6. gr. er hæpið að það muni takast vegna þess að enn vantar upplýsingar um nokkur mál sem þar varða mjög miklu, þar á meðal upplýsingar frá hæstv. ríkisstjórn. En það er líka jafnljóst að það eru engin skilyrði til þess að fyrir þennan tíma geti legið fyrir afgreiðsla Alþingis á skattafrumvörpum ríkisstjórnarinnar og útreikningar Þjóðhagsstofnunar um hvað hinir nýju skattar kunni að gefa og þar með tekjuhlið fjárlagafrv. í heild. Það er útilokað. Þetta ætti hæstv. ríkisstjórn að gera sér ljóst.

Ég sagði fyrir á að giska tíu dögum að sýnilegt væri að afgreiðsla fjárlaga mundi ekki takast fyrir jólaleyfi þingmanna og mér er fullkunnugt um að ýmsir reyndir menn í liði ríkisstjórnarinnar hafa vitað þetta allan tímann og viðurkennt, en fá ekki ráðið við afstöðu hæstv. ráðherra sem virðast lifa í draumaheimi og gera sér ekki grein fyrir þeim verkum sem þarf að vinna, bæði í nefndum og af starfsfólki Alþingis, og skeyta engu um hvort hv. alþm. sem eru utanbæjarmenn geti komist til síns heima með sæmilegum hætti fyrir jólahátíðina. Ég

segi það alveg hreint út að ég tel ekki að það sé utanbæjarmönnum bjóðandi að vera hér að störfum fram á Þorláksdag. Ég segi það hreint út. Það blasir þá jafnframt við að færi 3. umr. fjárlaga fram á fimmtudegi mundi atkvæðagreiðsla dragast fram á Þorláksdag. Það eru einfaldar skýringar á því. Þær eru þessar:

Minni hl. fjvn. flutti engar brtt. við 2. umr. vegna þeirrar miklu óvissu sem er um alla afgreiðslu málsins, forsendur frv. og tekjuhlið fjárlagadæmisins. Þess vegna þarf minni hl. allgóðan tíma í fyrsta lagi til að útbúa sínar brtt. og í öðru lagi taka þær tíma í umræðu og afgreiðslu þannig að 3. umr. um fjárlög mundi vafalaust standa fram á nótt yrði hún á fimmtudegi. Jafnframt liggur fyrir að minni hl. fjvn. hefur sett það fram sem óhjákvæmilegt skilyrði fyrir því að fjárlagaafgreiðsla gæti orðið raunhæf og sæmilega marktæk að hæstv. ríkisstjórn hafi mótað nýja efnahagsstefnu og tekið ákvarðanir sem geti þannig orðið grundvöllur undir fjárlagadæminu, grundvöllur nýrra og raunhæfra forsendna sem gerir fjárlögin þá marktæk þegar þau verða afgreidd. Sé þetta ekki gert eru fjárlögin líka markleysa og Alþingi til vansæmdar. Ég tel því að það beri allt að einum og sama brunni. Hæstv. ríkisstjórn ætti að stíga út úr fílabeinsturninum. Hún ætti að kynna sér hvernig verk ganga hér og hvaða verk þarf að vinna áður en afgreiðslu mála lýkur.

Hæstv. ríkisstjórn hefur ekki sýnt hv. fjvn. né hv. Alþingi þann sóma að vera við umræður um fjárlög hér, hvorki við 1. né 2. umr., svo að nokkru nemi. Hæstv. fjmrh. á hlaupum, einstaka ráðherra stundarkorn. Hæstv. heilbrmrh. var hér um tíma við 2. umr., enda er hann gamalgróinn fjárveitinganefndarmaður. Hæstv. forsrh. hefur ekki sést við þessar umræður og hefur ekki hirt um að fylgjast með því sem sagt hefur verið um fjárlagafrv. og um efnahagsstefnu hæstv. ríkisstjórnar í tengslum við fjárlagaafgreiðsluna, hvorki við 1. né 2. umr. Svo er einnig um suma aðra hæstv. ráðherra þessarar ríkisstjórnar. Eru þó mál með þeim hætti í fjárlagadæminu mörg hver sem heyra undir einstaka fagráðherra að þeir þyrftu að gefa þeim gaum og þeir þyrftu að sýna Alþingi a.m.k. þá virðingu að vera við þegar þessi mál væru rædd. Það hafa þeir ekki gert. Þeir hafa ekki hirt um það. Þeir halda að það sé hægt að afgreiða mál á færibandi eftir þeirra óskum, á færibandi í gegnum nefndir þingsins, á færibandi í gegnum það starf sem þarf að vinna af starfsfólki Alþingis og síðan sé hægt að láta skeika að sköpuðu hvort Alþingi kemst heim með eðlilegum hætti í jólaleyfið. Ég endurtek: Hæstv. ríkisstjórn ætti að stíga niður úr sínum draumaheimi og nálgast veruleikann, þann veruleika, sem ætti að vera öllum ljós fyrir löngu síðan, að þetta mun ekki takast.

Ég geri einnig þá kröfu fyrir mína hönd, og ég geri þá kröfu væntanlega fyrir hönd margra annarra hv. þingmanna, að við fáum sæmilegan tíma til þess að komast heim til okkar fyrir jólahátíð og að það verði ekki gripið til þeirra örþrifaráða að halda hér fundum fram á Þorláksdag sem ég tel gjörsamlega óviðunandi. Og ég tel líka gjörsamlega óviðunandi fyrir utanbæjarþingmenn að koma hér til funda í tvo daga á milli jóla og nýárs. Þess vegna ætti hæstv. ríkisstjórn að taka höndum saman við stjórnarandstöðuna um að koma lagi á þá afgreiðslu mála hér á tveimur dögum, í dag og á morgun, sem nauðsynlegust er, taka síðan hlé með eðlilegum hætti og taka síðan vinnulotu að loknum áramótum til þess að ljúka þeim málum sem hér er verið að fjalla um.

Þetta er eina leiðin sem einhver skynsemi er í. Þetta er eina leiðin sem er raunhæf.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Það skal tekið fram út af þeim ummælum sem hér féllu að forseti þessarar deildar hefur áhuga á því að menn geti komist heim í jólaleyfi. Það hefur líka verið vilji forseta að greiða fyrir því að tekjuöflunarfrv. kæmust til umræðu, sem svo mikil áhersla er lögð á að séu forsenda fyrir fjárlagaafgreiðslu t.d. Og að því er þingstörfin varðar í þessari deild hefur forseti leitast við að hafa samráð við fulltrúa frá öllum þingflokkum um hvernig þau gangi fyrir sig.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hér stend ég nú og get ekki annað. Ég var með fjarvistarleyfi í upphafi fundar og kom þess vegna til þessarar umræðu eftir að hún var byrjuð og veit því ekki nákvæmlega hvað hér hefur verið sagt og ætlaði raunar ekki að segja neitt umfram það sem ég vissi að aðrir nefndarmenn ætluðu að gera, þ.e. nefndarmenn sem eru í stjórnarandstöðu. En því kem ég hér upp að mér ofbauð gjörsamlega orð hv. formanns fjh.- og viðskn. sem talaði hér af mikilli kokhreysti og hældi sér í bak og fyrir og var alveg sérstaklega ánægður með störf sín og nefndarinnar. Hann þakkaði að vísu okkur fulltrúum stjórnarandstöðu í nefndinni og ég er ekki undrandi á því vegna þess að stundum var tæplega fundarfært nema vegna þess að stjórnarandstaðan mætti af stakri samviskusemi og tryggði það að formaður gæti haldið fundi.

Hann minnti á fund sem var haldinn í hliðarherbergi í gærkvöldi á meðan á þingfundi stóð. Af þeim fundi varð ég að vísu að fara þar sem ég var á mælendaskrá í umræðum um bráðabirgðalögin og þurfti að fara í ræðustól. Ég verð hins vegar að segja það að ég þekkti ekki þennan fund af lýsingu hv. formanns fjh.- og viðskn. Hann sagði að þar hefði verið fullt samkomulag um það starf sem við ætluðum að inna af hendi í morgun í nefndinni. Það var vissulega rætt um vinnutilhögun, en ég harðneita því að það hafi verið samkomulag um það að drífa þessi mál öll út úr nefndinni. Ég a.m.k. og við í stjórnarandstöðunni mótmæltum því harðlega að öll málin væru tekin út úr nefnd í morgun. Mig minnir að ég hafi heyrt hv. formann nefndarinnar segja að það hafi ekki komið nein athugasemd við það að vörugjaldið yrði afgreitt út úr nefnd. Það er ekki rétt. Ég gerði athugasemd við það og það hygg ég að við

höfum gert öll úr stjórnarandstöðunni og við lýstum þeirri skoðun okkar að fyrst yrðum við að fá að sjá þær brtt. sem stjórnarflokkarnir ætluðu að gera og gátu ekki sýnt okkur né skýrt út fyrir okkur, hvorki í gærkvöldi né heldur í morgun, að fullu og ég hef sem sagt ekki enn þá séð þar sem ég þurfti að fara frá um hádegisbilið. Við lýstum því að við yrðum að hafa tækifæri til að sýna þessar brtt. og ræða þær í okkar þingflokkum. Þessa hefur okkur alls ekki gefist tími til, og þessi afgreiðsla og þetta vinnulag er gjörsamlega óþolandi.

Hv. formaður reyndi að gera lítið úr þeirri kröfu stjórnarandstöðunnar að tekjuöflunarfrv. yrðu afgreidd áður en fjárlög væru afgreidd. Ástæðan er vitanlega sú að það hefur verið algjör óvissa um það hvernig sú afgreiðsla yrði. Sú óvissa er raunar enn fyrir hendi. Það kann að breytast eftir afgreiðslu bráðabirgðalaganna og það vekur vissulega athygli að menn eru allir aðrir í framkomu hér og telja sig geta gengið yfir stjórnarandstöðuna eins og hún sé ekki til. Við höfum einmitt lagt áherslu á það að bráðabirgðalögin verði afgreidd fyrst, það fáist niðurstaða í atkvæðagreiðslu um þau. Við höfum reynt að vinna að því og m.a. var óvenjulítil umfjöllun um bráðabirgðalögin í fjh.- og viðskn. í morgun svo að það er ekki við okkur að sakast um þau mál.

Ég hlýt að taka það fram að hv. formaður hefur hingað til sýnt mikla lipurð í samskiptum við stjórnarandstöðuna. Það er ekki fyrr en núna sem þessi snöggu umskipti hafa orðið og á að keyra allt í gegn án þess við einu sinni fáum að sjá á þingskjali ellegar þá aðeins á blaði nákvæmlega útfærðar þær brtt. sem menn afgreiða út úr nefnd með nál. án þess að geta sýnt okkur þær, hvað þá að við getum sýnt öðrum þær.

Það er fráleitt að ætlast til þeirrar afgreiðslu sem meiri hl. ætlar nú að knýja hér fram á frv. um vörugjald og tekju- og eignarskatt. Það er hv. fjh.- og viðskn. og þinginu öllu til skammar.

Matthías Á. Mathiesen:

Herra forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. v. orðaði það svo, held ég, í sinni ræðu áðan að vinnubrögðin væru með eðlilegum hætti hér á Alþingi þessa dagana. Hann var auðvitað að ræða um vinnubrögðin í hv. fjh.- og viðskn. og út frá því sem hefur verið til umræðu varðandi þau frv. sem þar hafa verið.

Þegar við virðum aðeins fyrir okkur þessar fáu mínútur sem þessi umræða hefur átt sér stað spyr ég: Gefa þær nú ástæðu til þess að menn hafi þá skoðun að vinnubrögðin hér á Alþingi séu með eðlilegum hætti þessa dagana? Þvert á móti. Hér hafa fulltrúar allra stjórnarandstöðuflokkanna, sem sæti eiga í fjh.- og viðskn., komið og lýst furðu sinni á gangi mála og ég verð að segja það sem gamall formaður í fjh.- og viðskn. að ég skil það mætavel eftir því sem mér hefur verið sagt — nú ætti ég auðvitað eftir að heyra hvernig málflutningur hv. formannsins væri, a.m.k. umfram þann sem var hér áðan. Ég verð að segja það að hans forvera, þeim mæta þingmanni Skúla Guðmundssyni, hefði ekki líkað þessi vinnubrögð þegar hann sat sem stjórnarandstæðingur í fjh.- og viðskn. hér á þingi forðum daga og ég gegndi formennsku í nefndinni. Þetta væru ekki vinnubrögð af hans tagi. Nú ég trúi líka að þar séu fölmargir aðrir sem taka mundu undir.

Þá hefur einn af fulltrúum minni hl. í fjvn., hv. 2. þm. Norðurl. v. Pálmi Jónsson, komið hér og gert mjög ítarlega grein fyrir vinnunni sem þar er eftir og með hvaða hætti staðið hefur verið að þeim málum og gert mjög skilmerkilega grein fyrir því hvernig tíminn til jólahátíðar er með tilliti til þeirrar vinnu sem þar er eftir.

Ég held að það sem hér hefur verið sagt sé með þeim hætti að það verði að staldra við. Mín skoðun er sú að vinnubrögðin séu ekki með eðlilegum hætti og ég vil þá undirstrika að þar á ég hvorki við forseta í neðri deild eða forseta þingsins. Ég veit að þeir reyna að gera hlutina með þeim hætti sem þeir telja eðlilegast og meta að fært sé. Það eru hins vegar, eins og hér réttilega kom fram áðan, ákveðnir aðilar sem þrýsta á. Nú og að sjálfsögðu hefur stjórnarandstaðan viljað hafa nokkuð um það að segja með hvaða hætti og í hvaða röð mál verða hér tekin fyrir.

Hv. formaður fjh.- og viðskn., 1. þm. Norðurl. v., sagði að allt í einu hefði það nú komið upp að stjórnarandstaðan hefði sett skilyrði um það að tekjuöflunarfrv. færu fyrst í gegn. Hvað eru fjárlög ríkisins annað en greinargerð um tekjur og gjöld ríkisins samkvæmt þeim lögum sem gilda í landinu þegar fjárlögin eru samþykkt? Það sem menn hyggjast gera hér er það að búa til tölur inn í fjárlagafrv. og samþykkja fjárlög ársins 1989 án þess að Alþingi sé búið að samþykkja. Og ég segi: Þessir hlutir gerast ekki nema menn fari offari í því að reyna að koma málum fram, og er engu þjóðþingi til sóma að þannig sé staðið að.

Hér er vikið að því að kl. 4 í dag er boðaður fundur í fjh.- og viðskn. (**Gripið fram í:** Kl. 5.) Kl. 5 í fjh.- og viðskn. Það á að ræða tekjuöflunarfrumvörpin. Kl. 4 var hins vegar boðaður fundur í fjvn., og þar á væntanlega að ræða undirbúning fyrir 3. umr. fjárlaga. Ég hefði einhvern tíma átt von á því að heyra frá þingmönnum að slíkir hlutir gætu ekki gerst. Það er auðvitað það sem menn eru að gera hér í dag.

Það er tekið fram af nefndarmönnum fjh.- og viðskn. að afgreiðsluhætti í morgun hafi verið mótmælt af þeim öllum, en samt sem áður voru þessi mál afgreidd út úr nefndinni. Þannig var það a.m.k. í mínum flokki að sá nefndarmaður sem þar situr hafði ekki í höndunum það sem samþykkt hafði verið af meiri hl. nefndarinnar í morgun til þess að skýra þingflokknum frá því hvað það væri sem hér ætti að leggja fram og gera tillögu um í sambandi við vörugjaldsbreytingar. Þannig eru þessi vinnubrögð, það er keyrt áfram, og ég vil leyfa mér að beina orðum mínum til hæstv. forsrh., sem vissulega hefur hér mikið að segja um gang mála, að hann beiti sér

fyrir því nú að umræður fari fram með forsetum og formönnum stjórnmálaflokkanna til þess að hægt verði að setja niður tímaáætlun fyrir þau verkefni sem fyrir liggja. Við eigum eftir fimm umræður um tekju- og eignarskatt. Við eigum eftir tvær umræður um bráðabirgðalög. Ég sagði við forsrh. hér í dag: Svo koma blöðin og segja að stjórnarandstaðan sé með málþóf. Hér var umræða um bráðabirgðalögin í gær og sá sem lengst talaði var hæstv. forsrh., sem ekkert var óeðlilegt þegar var verið að ræða þetta mál, en umræðan stóð frá miðjum degi í gær og fram undir miðnætti og var að mínum dómi með öllu mjög eðlileg. Við eigum hins vegar eftir að ræða tekju- og eignarskattsfrv. í fimm umræðum, vörugjaldsfrv. í fimm umræðum. Við eigum eftir 3. umr. fjárlaga. Við eigum eftir atkvæðagreiðslu við 3. umr. fjárlaga. Það er ósköp auðvelt að setja þetta niður á blað og gera sér grein fyrir því hvernig hægt er að koma þessu áfram og vinna þannig. Ég endurtek: Ég trúi því að hæstv. forsrh. láti nú verða af því að boða menn saman og ná samstöðu um það hvernig að þessum málum verður staðið. Ég trúi ekki öðru en að forsetar séu tilbúnir til þess að liðka til með þá hluti eftir því sem til vinnst.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég verð fyrst að vísa því á bug, sem kom fram hjá hv. þm. Pálma Jónssyni hér áðan, að ég hafi ekki fylgst með því sem sagt hefur verið um efnahagsstefnu þessarar ríkisstjórnar. Það er misskilningur. Ég hef gert það. Ég var hins vegar ekki á þingi þegar 2. umr. fór fram. Þá var hér varamaður fyrir mig. Ég veit að það hefur verið unnið afar mikið og vel af öllum nefndum og þinginu, bæði af stjórnarsinnum og stjórnarandstæðingum. Ég hef nokkra þingreynslu þó að hún sé ekki eins löng og hjá hv. síðasta ræðumanni, og við höfum áreiðanlega báðir getað borið það að við höfum oft gengið í gegnum miklar þrengingar á síðustu dögum fyrir jólaleyfi. Ég minnist þess að fyrstu árin þegar ég var hér voru iðulega fundir fram undir morgun og meira að segja kvöld eftir kvöld og drifið áfram af þeim flokkum sem þá fóru með stjórn. Það hefur ekki verið svo nú, ekki nærri því eins hart keyrt eins og þá var oft.

Ég er hins vegar ekki að áfellast einn eða neinn með þessum orðum. Ég er að sjálfsögðu reiðubúinn til þess að taka þátt í fundum um þingstörfin. Ég hef gert það. Á þeim fundi var lögð fram áætlun um þingstörfin. Hún hefur riðlast. Það er nauðsynlegt að endurskoða hana. Í gær urðu nokkrar breytingar á umræðu sýndist mér. Þá drógu m.a. ýmsir ræðumenn sig til baka úr umræðunni eða hurfu frá orðinu og það stytti umræðuna í gærkvöldi, að vísu er gerð athugasemd við það núna að ég hafi leyft mér að svara þeim fsp. sem til mín var beint — svona sem innskot. Í efri deild var mér legið á hálsi fyrir að svara þeim ekki svo að það er erfitt að gera hv. stjórnarandstæðingum til þægðar að öllu leyti.

Í gær var lögð á það mikil áhersla að bráðabirgðalögin kæmu sem allra fyrst til atkvæða og þannig hefur hv. formaður fjh.- og viðskn. unnið, að því er ég taldi í fullu samráði við stjórnarandstæðinga. Það er einnig öllum hér að sjálfsögðu ljóst að það er ekki skynsamlegt að hafa umræðu um vörugjald í marga daga og jafnvel vikur og allar ríkisstjórnir hafa drifið slíkt í gegn venjulega á næturfundum þannig að í morgun var einnig lögð áhersla á að fá það frv. afgreitt hér frá hinu háa Alþingi.

Mér er fullkomlega ljóst að tíminn er skammur til jólaleyfis og að nauðsynlegt er að setjast niður og kortleggja hvernig við komum nauðsynlegum málum fram fyrir jól eða a.m.k. fyrir áramót. Ég er reiðubúinn um leið og forseti Sþ. kallar til fundar, og hvet til þess að það verði gert, að ræða þau mál og sjá hvort við getum ekki náð samstöðu um afgreiðslu mála en snúið okkur nú að því að greiða atkvæði um það frv. sem lögð hefur verið áhersla á að fá afgreitt á þinginu í dag bæði af stjórnarandstæðingum og stjórnarsinnum.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Það skal fram tekið að forseti er reiðubúinn til þess og hefur reyndar gert ráð fyrir því að menn bæru saman bækurnar þegar líður á þennan dag og þegar hér hefur komist á eðlilegt fundahald.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að færa hv. 5. þm. Vesturl. þakkir fyrir að vekja hér máls á þeim vinnubrögðum sem viðhöfð hafa verið í hv. fjh.- og viðskn. Það er býsna makalaus lýsing sem þar var gefin og hv. þm. sem skipa minni hl. nefndarinnar hafa síðan staðfest hér í þessum umræðum.

Hæstv. forsrh. kemur hér og segir: Það er eðlilegt að afgreiða vörugjaldsfrv. með miklu hraði. Það hefur legið hér fyrir í þinginu um allnokkurn tíma vörugjaldsfrv. Ég veit ekki betur en að fulltrúar minni hl. hafi fyrir löngu verið tilbúnir að standa að afgreiðslu þess út úr nefnd, en hæstv. ríkisstjórn hefur ekki komið sér saman um frv. og kjarni málsins er einmitt sá sem málshefjandi benti hér á að ríkisstjórnin hefur ekki enn lagt frv. í útfærðu formi fyrir hv. fjh.- og viðskn. Málið er afgreitt út úr nefndinni áður en hæstv. ríkisstjórn leggur frv. í útfærðu formi fyrir nefndina, og það er þetta sem er ámælisverð vinnubrögð. Og það liggur nokkuð ljóst fyrir að hér er ekki um neinar smávægilegar breytingar að ræða, heldur verulegar efnisbreytingar, þannig að sennilega má líkja því við að hér sé nánast flutt nýtt frv. og jafnvel fullkomið álitamál hvort ekki eigi að fara fram 1. umr. um málið upp á nýtt. Hitt er hins vegar alveg augljóst að það er lágmarkskrafa, ef hér á að viðhafa eðlileg og málefnaleg vinnubrögð, að frumvarpið í útfærðu formi sé lagt fyrir nefndina og hún geti fjallað um það þegar það hefur með þeim hætti verið þannig lagt fyrir nefndina. Allt annað er óþingleg og ómálefnaleg vinnubrögð. Og það verður með allri vinsemd að óska eftir því að áður en málið kemur hér til 2. umr.

komi nefndin saman á ný og fjalli um málið þegar hæstv. ríkisstjórn hefur loksins komið sér saman um með hvaða hætti hún ætlar að bera frv. fram. Það er makalaust af hæstv. forsrh. að vera að hneykslast á því að frv. skuli ekki fá skjóta afgreiðslu þegar það á fundi í morgun var ekki tilbúið af hennar hálfu.

Auðvitað er eðlilegt að hraða afgreiðslu þessa máls og ýmissa annarra hér. Á það hefur verið lögð rík áhersla, bæði af þm. stjórnarliðsins og stjórnarandstöðunnar, og engin dæmi hægt að sýna um það að reynt hafi verið að tefja framgang mála. Alveg sjálfsagt er að afgreiða mál með býsna miklu hraði úr nefndum, en það er ekki hægt að verja það að mál séu afgreidd úr nefndum áður en þau eru lögð fyrir þær í útfærðu formi. Þess vegna verður að gera þá eðlilegu kröfu að nefndin komi saman á nýjan leik og fjalli um málið.

Vafalaust er það svo að þetta er ekki að vilja hv. formanns nefndarinnar sem er alkunnur að lipurð við stjórn þessarar hv. nefndar. Hér er verið að ganga erinda hæstv. fjmrh. sem hefur verkstýrt málum hér í þinginu með miklum eindæmum og á þann veg að flest er nú komið í óefni eins og lýst hefur verið. Þess vegna er það spurning til hv. formanns fjh.- og viðskn. hvort hann geti ekki á það fallist að nefndin ræði þetta á nýjan leik. Hún á að koma saman núna kl. 17. Ég geri fastlega ráð fyrir að forseti deildarinnar viðurkenni og fallist á þá eðlilegu ósk að ekki séu fundir í hv. deild á meðan fundur er í hv. fjh.- og viðskn. Þá er unnt án þess að frekari tafir verði á störfum deildarinnar að ræða málið í nefndinni eftir að það hefur legið fyrir af hálfu ríkisstjórnarinnar í útfærðu formi. Þennan tíma væri þá líka unnt að nota til þess að efna til funda með þingforsetum og formönnum þingflokka um framhald þingsins og er mjög æskilegt að hæstv. forsrh. geri þá nákvæma grein fyrir því á slíkum fundi, sem ég tel eðlilegt og fer fram á að verði þá haldinn núna kl. 17, hvert á að verða framhald þingstarfa, hvaða mál ætlunin er að afgreiða með skaplegum hætti fyrir jólaleyfi þingmanna og að einhverri verkstjórn verði komið á afgreiðslu og skipan mála í þingdeildum og meðferð þeirra í þingnefndum því að augljóst er, eins og hér hefur komið mjög glöggt fram í máli hv. 2. þm. Norðurl. v. og hv. 1. þm. Reykn., að útilokað er að láta mál ganga áfram með þeim hætti sem nú er. Ég ítreka þess vegna þá fsp. mína til forseta deildarinnar og hæstv. forsrh. og hv. formanns fjh.- og viðskn. hvort ekki er unnt að fallast á það að nú kl. 17 fari þessir fundir fram og hæstv. forsrh. geri grein fyrir afstöðu stjórnarinnar í þessu efni og hv. fjh.- og viðskn. fái þá tóm til þess að fjalla um vörugjaldsfrv. að nýju eftir að það liggur fyrir af hálfu hæstv. ríkisstjórnar í útfærðu formi.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég mun beita mér fyrir fundi eins og beðið er um nú kl. 17.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram og hefur leitt það í ljós að hún var vissulega þörf þar sem víða er greinilega pottur brotinn, ekki bara hjá okkur uppi í fjh.- og viðskn. Nd., heldur einnig í fjvn., ríkisstjórninni og hér inni á þinginu sjálfu. Þar af leiðandi hlýt ég að taka heils hugar undir hugmyndina um þann fund sem nú hefur verið boðaður kl. 17 um framhaldið á þingstörfunum.

Ég harma það hins vegar að hv. formaður, sem ég vil líka hrósa fyrir lipurð og gott samstarf, skuli telja þessi vinnubrögð eðlileg. Það er eiginlega hræðilegt til þess að hugsa ef slík vinnubrögð eiga að gilda út um allt þing, í öllum störfum þingsins. Þá held ég að við förum nú ekki mikið lengra. Það er hins vegar afskaplega hæpið að vera stoltur af slíku og ég tel að hann hafi jafnvel misst þetta út úr sér í sinni vörn.

Ég tel eðlilegt, eins og hv. 1. þm. Suðurl. kom inn á og ég kom reyndar inn á sjálfur í fyrri ræðu minni, að þetta frv. verði tekið aftur til meðferðar nefndarinnar þar sem hér er um gjörbreytt mál að ræða og meira en það. Það þarf að kalla aftur aðila til umsagnar því að þeir sem gáfu umsagnir um fyrra frv. gerðu það á allt öðrum forsendum en nú liggja fyrir. Ég vil minna hv. formann á það að ég mótmælti kröftuglega þessum framgangi í morgun á fundinum og bað jafnframt um það að fá hlé til að kynna þetta í mínum þingflokki sem öllum á að vera ljóst að var ekki veitt. Hins vegar fékk ákveðinn stjórnarliði leyfi til að fara á þingflokksfund þannig að ekki sátu allir við sama borð hvað það varðaði að kynna þetta mál í sínum þingflokki.

Varðandi það samkomulag sem hv. formaður sagði að hefði verið gert hér í gærkvöldi, þá er það ekki alveg rétt. Ég minnist þess að við töluðum um að bráðabirgðalögin skyldu rúlla tiltölulega fljótlega í gegnum nefndina, en ég mótmælti strax á þeim fundi og gerði athugasemdir við það að vörugjaldið gæti farið í gegnum nefndina á svo skömmum tíma. Bráðabirgðalögin voru afgreidd úr nefndinni á kannski 5–10 mínútum. Á þeim tíma voru okkur afhentar fundargerðir frá Ed., sem við væntanlega áttum að kynna okkur, sem hafa sennilega verið upp á 40–50 síður og ekki nokkur einasta leið að komast yfir, enda fór ég enn á ný fram á fundarhlé þar til að gefa þá nefndarmönnum kost á þó ekki væri annað en að lesa þær. Það var ekki veitt.

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir það að fundi verði frestað á meðan fundur í fjh.- og viðskn. stendur yfir, að öðrum kosti verði þá fundi nefndarinnar frestað, en að þessir tveir fundir verði ekki haldnir á sama tíma. Ég harma það að hæstv. forsrh. skuli álíta það að vörugjaldið þurfi ekki eðlilega — ég vil segja eðlilega — mikla umræðu. Auðvitað þarf þetta mikla umræðu. Þetta er viðamikið og stórt mál og tekur á mörgum þáttum. Ég mun hins vegar geyma mér þá umræðu þangað til málið sjálft kemur á dagskrá.

Ég tek einnig undir með hv. þm. Pálma Jónssyni.

Þó að hann og hans flokksmenn megi muna hvernig hér var starfað á síðasta þingi eiga þingmenn ekki að þurfa að vera hér yfir hátíðarnar á milli jóla og nýárs. Ég tek undir þá ósk hans að hér verði gefið eðlilegt jólaleyfi.

Það er óhætt að koma kannski inn á það úr því að maður er hér uppi í ræðustól að þessi hringlandaháttur í stjórnarliðinu er náttúrlega fyrir neðan allar hellur. Hér hefur fólk hópast í verslanir til að, sumir vilja kalla það að hamstra, en alla vega hagnast örlítið á því að vera á undan vörugjaldshækkuninni. Með hringlandahættinum að bakka til baka hefur þetta fólk sem taldi sig vera að hagnast eitthvað örlítið orðið fyrir enn stærra tapi fyrir bragðið. Þetta er nú akkúrat stjórnarstefnan, upp og niður, út og suður.

Hæstv. forseti. Ég skal ekki hafa þetta lengra, en ég ítreka þá ósk mína að þessir tveir fundir, annars vegar í deildinni og hins vegar í nefndinni, skarist ekki og verði ekki haldnir á sama tíma.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Það skal tekið fram að ákveðið hefur verið að um fimmleytið verði veitt fundarhlé í klukkutíma til þess að ráðrúm gefist til þeirra fundahalda sem hér hefur borið á góma, annars vegar í fjh.- og viðskn. og hins vegar milli forseta og stjórnmálaflokkanna um skipulag vinnubragða. Það er ósk forseta að þessari þingskapaumræðu megi ljúka áður en að fundarhléinu kemur.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég kemst ekki hjá því að gera örlitlar athugasemdir við þessi vinnubrögð. Mér finnst vanta að í þessum nefndum, fjvn. og fjh.- og viðskn., sé spurt þeirra spurninga sem ég hef nefnt hér áður, hvort íslenskt atvinnulíf þolir aukna skattheimtu um þessar mundir og hvort íslenskir launþegar þola aukna skattheimtu, og hvort íslenskir fjármagnsmarkaðir þola það að ríkissjóður sæki þangað aukið fé án þess að vextir springi upp úr öllu valdi. (**Forseti:** Ég minni á að þetta eru umræður um þingsköp.) Þessar umræður þurfa að fara fram, hæstv. forseti. (**Forseti:** Það verða umræður um efnahagsmál á eftir.) Ég tel að í þessum nefndum verði að spyrja þessara spurninga, hæstv. forseti, og ákveða vinnubrögðin út frá þeim punkti en ekki ákveða að sækja eitthvert fjármagn út í þjóðfélagið án þess að vita hvort fjármagn er fyrir hendi. Það verður að vinna þetta út frá því að ekki er hægt að gefa sér það að hægt sé að sækja endalaust fé til borgara og fyrirtækja.

NEÐRI DEILD

30. fundur, þriðjudaginn 20. des., kl. 5 síðdegis.

Málefni aldraðra, 2. umr.

Stjfrv., 195. mál (gildistími). — Þskj. 231, n. 291.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. heilbr.- og trn. (Guðrún Helgadóttir):

Virðulegi forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 91/1982, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

Hér er um að ræða samkomulagsmál sem komið er frá efri deild. Frv. er í því fólgið að lengja gildistíma laga um málefni aldraðra til 31. des. 1989. Nefndin varð sammála um að mæla með frv. eins og það liggur fyrir.

Undir nál. skrifuðu Guðrún Helgadóttir, Jón Sæmundur Sigurjónsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Ragnhildur Helgadóttir, Geir H. Haarde, Jón Kristjánsson og Guðmundur G. Þórarinsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Niðurfelling laga vegna breytinga á skipan sveitarstjórnarmála, 2. umr.

Stjfrv., 196. mál. — Þskj. 232, n. 304.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Guðrún Helgadóttir:

Virðulegi forseti. Félmn. hefur fjallað um frv. til laga um breytingu á lagaákvæðum og niðurfellingu laga vegna breytinga á skipan sveitarstjórnarmála samkvæmt sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986.

Á fundi nefndarinnar kom Þórhildur Líndal, deildarstjóri í félmrn., og veitti nefndinni upplýsingar.

Frv. felur í sér fyrst og fremst tvenns konar breytingar. Í fyrsta lagi er verið að fella brott hugtakið „sýslunefndir“ í fjölmörgum lögum þar sem slíkar nefndir voru lagðar niður með sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986. Í öðru lagi eru felld brott ýmis úrelt lög og er það í tengslum við þá sömu breytingu sem gerð var með sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986.

Nefndin varð sammála um að athuguðu máli að samþykkja frv. eins og það liggur fyrir. Undir nál. skrifuðu 20. des. 1988 Jón Sæmundur Sigurjónsson,

Jón Kristjánsson, Alexander Stefánsson, Kristín Einarsdóttir, Geir H. Haarde, Eggert Haukdal og Guðrún Helgadóttir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
2.–75. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 147. mál (sala eignarhluta í kaupleiguíbúð). — Þskj. 154, n. 308, brtt. 309.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. félmn. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali, segir í nál. Efnislega er sú eina breyting gerð að í 2. mgr. 2. gr. falli orðin „allt að" brott, þannig að skýrt verði að leigutaki þurfi að kaupa 15% kostnaðarverðs eða kaupverðs íbúðar til að tryggja sér ótímabundinn afnotarétt.

Aðrar breytingar lúta einungis að breyttri framsetningu frv. og uppröðun greina. Þannig að á eftir 1. gr. komi ný grein er orðist svo: „6. og 7. mgr. 92. gr. laganna falli brott." Þær málsgreinar koma síðar fyrir í nýrri 94. gr.

Við 2. gr., er verði 3. gr., er í fyrsta lagi gerð sú breyting að orðin „allt að" í 2. mgr. falla brott, eins og ég vék að áðan, og í öðru lagi að 4., 5. og 8. mgr. falli brott, en þær koma aftur í nýrri 94. gr.

Á eftir 2. gr., er verði 3. gr., komi ný grein er verði 4. gr. og orðist svo: „Á eftir 93. gr. komi ný grein, 94. gr., og töluröð annarra greina breytist samkvæmt því." Sú grein er sett fram í brtt. frá félmn.

Á fund nefndarinnar komu Ingi Valur Jóhannsson frá félmrn., Þórarinn V. Þórarinsson frá VSÍ, Björn Þórhallsson og Grétar Þorsteinsson frá ASÍ og Sigurjón Þorbergsson og Reynir Ingibergsson úr stjórn Búseta.

Fram kom hjá umsagnaraðilum að hið nýja fyrirkomulag væri þáttur í hinu félagslega kaupleigukerfi og veitti engan sérstakan forgang eða réttindi umfram það sem almennt gildir í félagslega kerfinu. Almennt töldu umsagnaraðilar rökrétt að þetta frv. væri flutt og að þessi viðbót yrði gerð á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Í umræðum í nefndinni kom fram að í athugasemdum við upphaflegt lagafrv. hefði verið gerð grein fyrir því að það sem hér um ræðir, þ.e. frv. um hlutareign, hafi ekki verið lögfest í félagslega hluta kaupleigukerfisins þar sem ekki hafi náðst samstaða þáv. stjórnarflokka þar um. Það þótti staðfest að í frumdrögum þeim sem þingmenn fengu til umfjöllunar á síðasta þingi hafi viðkomandi lagagreinar ekki verið fyrir hendi þannig að ágreiningur um þær hafi ekki getað orðið af skiljanlegum ástæðum. Þess vegna þótti rétt að taka það fram að setningin „að ekki hafi náðst samstaða þáv. stjórnarflokka" hafi ekki verið alls kostar rétt á því stigi.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Þetta mál sem nú er verið að afgreiða við 2. umr. gefur í sjálfu sér ekki tilefni til umræðna. Ég vakti athygli á því við 1. umr. að það kynni að fara betur á því að skipa þessari breytingu með öðrum hætti í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins og lagði því fram breytingar í þá veru í morgun þegar tókst að halda lögmætan fund í nefndinni. Við þeim hugmyndum var orðið þannig að ég er fyllilega sáttur við frv. eins og það er.

Ég vil vekja sérstaka athygli á því og undirstrika það, sem reyndar kom fram hjá formanni og kemur fram í nefndaráliti og er grundvallaratriði að því er varðar þessar svokölluðu búsetaréttaríbúðir, að með þessu er ekki hugmyndin að koma betur settu fólki þjóðfélagsins inn í húsnæðiskerfi sem ætlað er þeim lakar settu. Það kom rækilega fram í nefndarstarfinu, það kemur rækilega fram í nefndarálitinu og það kom fram í svari ráðherra við fyrirspurn við 1. umr. að þetta er ekki meiningin. Fyrst þannig er í pottinn búið er alveg ástæðulaust af minni hálfu og okkar sjálfstæðismanna að leggja stein í götu þessa máls. Við teljum rétt að fólk geti valið um það form sem það kýs að búa við þó að væntanlega sé hér um að ræða fyrirkomulag sem sjálfsagt er ekki ódýrara fyrir fólk. Fólk þarf eflaust að greiða jafnmikið eða allt að því jafnmikið í húsaleigu og önnur gjöld sem þessu fylgja eins og það hefur þurft að borga í afborganir af íbúð sem það væri sjálft að kaupa. En það um það. Málið snýst um að gefa fólki ákveðið valfrelsi.

Ég ætla þess vegna ekki að orðlengja mjög um frv. Ég vil þakka framsögumanni og formanni nefndarinnar fyrir að hafa lýst því yfir að ákveðin fullyrðing í greinargerð með frv. eigi ekki við rök að styðjast og læt síðan útrætt um þetta mál.

Hins vegar vildi ég við þetta tækifæri víkja dálítið að hinum stærri þáttum í húsnæðismálunum eins og ég gerði við 1. umr. um þetta mál. Þá óskaði ég eftir að félmrh. greindi nokkuð frá því hver væri staða endurskoðunar annars vegar á hinu almenna húsnæðislánakerfi og hins vegar á hinu félagslega kerfi. Ráðherra greindi þá frá því að starfshópur sem skipaður hefði verið hefði ekki lokið störfum en væri hins vegar að búa sig undir að ljúka þeim. Nú vill svo til að þessi hópur, með hæstv. forseta þessarar deildar í forsvari, hefur skilað af sér ákveðinni vinnu

sem ég tel að sé mjög jákvætt og gagnlegt framlag til þessara mála.

Þannig vill hins vegar til að Alþýðusamband Íslands hefur til að mynda lýst andstöðu við veigamikla þætti í þeim hugmyndum sem þar er verið að tala um, eins og t.d. húsbréfin svokölluðu og það fyrirkomulag sem þeim fylgir. Það er því ljóst að þessar nýju hugmyndir eru ekki ágreiningslausar og um þær kann að standa nokkur slagur þegar fram í sækir. Engum blandast hins vegar hugur um að við núverandi ástand þessara mála er ekki unnt að búa til frambúðar, enda sýndi ég fram á það við 1. umr. að eftir á að giska 20 til 25 ár muni ríkissjóður þurfa að greiða með lánum Húsnæðisstofnunar, og þá eingöngu með hinum almennu lánum en ekki félagslegu íbúðunum, hvorki meira né minna en 7 milljarða kr. á ári á núgildandi verðlagi. Þá mega hæstv. fjmrh., bæði núv. og fyrrv., hafa sig alla við að auka skatta ef standa á undir slíkri niðurgreiðslu í framtíðinni. Þó að þeir hafi mikið ímyndunarafl báðir tveir reikna ég ekki með því að þeir geti ímyndað sér með hvaða hætti standa á undir slíkum sköttum fyrir þennan eina lið, þ.e. niðurgreiðslur á húsnæðislánum, þegar fram í sækir að óbreyttu kerfi. Því held ég að nauðsynlegt og eðlilegt sé að endurskoða þessi mál og ég fagna því að niðurstaða er fengin úr því starfi sem félmrh. beitti sér fyrir. Ég fyrir mitt leyti vil gjarnan stuðla að því að þær tillögur sem þar eru fram settar megi ná fram að ganga.

Þetta mál er hins vegar þannig vaxið að um núverandi skipan var nánast samið í kjarasamningum milli aðila vinnumarkaðarins í febrúar á árinu 1986. Þeir áttu síðan mikinn þátt í að fullvinna frv. um þessi mál sem samþykkt var á þingi vorið 1986. Það er því ljóst að þeir hafa átt mikla aðild að núverandi kerfi, enda er það þannig að meginparturinn af þeim fjármunum sem til þess renna koma frá lífeyrissjóðakerfinu í landinu þar sem aðilar vinnumarkaðarins í landinu koma að sjálfsögðu mjög við sögu.

Nú vildi ég spyrja hæstv. félmrh. að því hvernig hún hyggist standa að þessu máli á næstunni og ítreka spurningu mína úr 1. umr. um hvort hún hyggist beita sér fyrir framlagningu frv. á grundvelli þeirra tillagna sem nú liggja fyrir jafnvel þó að Alþýðusamband Íslands standi ekki að slíkum breytingum. Þegar verið er að ræða einn lítinn þátt í lögunum um Húsnæðisstofnun ríkisins, sem ég tel að vísu enga sérstaka nauðsyn hafa rekið til að taka hér í forgangsröð frumvarpa, tel ég fullkomlega eðlilegt að í umræðunni sé vikið að hinum stærri þáttum þessara mála í heild sinni og um þá fjallað. Við sjálfstæðismenn í félmn. höfum ekki tafið fyrir þessu frv. þó að ég lýsi enn og aftur furðu minni á því að það skuli vera sérstakt forgangsmál og látið ganga fyrir ýmsum hinum veigameiri málum sem maður hefði talið að ættu að hafa sérstakan forgang. Þvert á móti held ég að við höfum reynt að greiða fyrir þessu máli með því að sjá til þess að félmn. væri fullmönnuð, eða hefði a.m.k. nægilega marga nefndarmenn til þess að geta haldið fundi. Það er einmitt eitt af því sem einkennir þinghaldið nú að stjórnarliðar nenna ekki að mæta á nefndarfundi til þess að halda uppi eðlilegum nefndarstörfum og þurfa að leita á náðir stjórnarandstæðinga. Auk þess höfum við í minni hl. lagt fram ákveðnar breytingar sem ég held að séu til bóta þó að þær snerti ekki efni málsins í sjálfu sér.

Ég held að ég sé ekki að syndga upp á náðina, herra forseti, þó að ég beini spurningum um hinn stærri þátt þessara mála til hæstv. ráðherra. Ég hefði getað rætt mun meira um efni frv. ef ég hefði haft einhvern áhuga á að tefja það, sem ég geri ekki og sé enga ástæðu til. Þess í stað sé ég ríka ástæðu til að hugleiða nokkuð heildarmyndina fyrst þessi mál eru hér á dagskrá. Hvað tekur við að því er varðar Byggingarsjóð ríkisins og útlánareglurnar þar?

Sömuleiðis hvað tekur við að því er varðar félagslega húsnæðiskerfið og hugsanlegar breytingar á því? Það kerfi hefur verið í endurskoðun um nokkuð langa hríð og því hefði mátt segja sem svo að breytingin sem hér er til meðferðar hefði mátt bíða eftir því alveg eins og við í Sjálfstfl. töldum eðlilegra á sínum tíma að kaupleigukerfið í heild sinni biði þess tíma. En lögin eru eins og þau eru í dag m.a. fyrir okkar atbeina og vegna samkomulags sem gert var um það á sínum tíma. Það breytir ekki því að heildarendurskoðun þessara mála mun vera á leiðinni, reyndar búin að vera það ærið lengi án þess að nokkuð bóli á niðurstöðum. Ég held því að gagnlegt væri að fá dálitlar viðbótarupplýsingar um hvar það mál er á vegi statt.

Ég skal síðan ekki orðlengja þetta frekar, herra forseti, en vil bæta því við í lokin af því að í gær varð nokkurt fjaðrafok af minni hálfu vegna þess hvernig að þessu máli var staðið af hálfu formanns félmn. Það mál leystist farsællega af hans hálfu og ég vil þakka honum fyrir það hvernig hann brást við. Honum höfðu orðið á ákveðin mistök sem hann tók auðvitað á sig og þar með var málið látið niður falla af hálfu annarra nefndarmanna. Málið er þannig allt komið í eðlilegan farveg eftir að upplýstist hvernig það var í pottinn búið. Ég held því að hv. formaður félmn. standi fullréttur eftir þær ábendingar sem ég hafði fram að færa um málsmeðferðina í gær og ég þakka honum fyrir samstarfið í þessu máli og mörgum öðrum á undanförnum missirum.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Hv. framsögumaður tók ekki fram hverjir hefðu skrifað undir nefndarálitið og tók þar af leiðandi ekki heldur fram að ég hafði skrifað undir nefndarálitið með fyrirvara. Minn fyrirvari felst fyrst og fremst í því að ég tel mjög brýnt að endurskoða félagslega íbúðarlánakerfið í heild. Inn í þá endurskoðun þurfa m.a. að koma leiguíbúðir, kaupleiguíbúðir, húsnæðissamvinnufélög og verkamannabústaðir. Með samþykkt þessara breytingartillagna er verið að veita heimild til að selja hlutareign gegn búseturétti í félagslega kerfinu sambærilegt við það sem er í almenna kerfinu. Ég tel þetta

eðlilega breytingu en hefði, eins og ég sagði áðan, talið betra að endurskoðun húsnæðiskerfisins hefði þegar farið fram. Mínir fyrirvarar eru kannski á svipuðum nótum og hv. 17. þm. Reykv., sem talaði hér á undan mér, um að eðlilegra hefði verið að heildarendurskoðun á húsnæðislánakerfinu hefði farið fram og þar með þetta ákvæði en eins og nú er komið tel ég þessa breytingu eðlilega.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. félmn. fyrir afgreiðslu frv. og vænti þess að það geti orðið að lögum fyrir jólaleyfi þingmanna.

Hv. 17. þm. Reykv. vék nokkuð að niðurstöðu þeirrar nefndar sem starfað hefur að endurskoðun almenna húsnæðislánakerfisins og spurði í því sambandi þeirrar spurningar hvort ég mundi beita mér fyrir framlagningu frv. á grundvelli tillagna meiri hl. nefndarinnar. Því er til að svara að eins og hv. þm. er væntanlega kunnugt þá mæltu sex af átta nefndarmönnum með því að tekið yrði upp húsbréfakerfi, þó að einstakir nefndarmenn hafi haft fyrirvara um einstök atriði í nefndarálitinu sem lagt var fram. Tveir nefndarmanna, annar fulltrúi ASÍ og hinn fulltrúi Framsfl. í nefndarstarfinu, mæltu hins vegar með því að viðhaldið yrði núv. húsnæðiskerfi með nokkrum breytingum. Ég held að það segi nokkra sögu í svo viðamiklu verkefni sem endurskoðun húsnæðiskerfisins er, þar sem skiptar skoðanir hafa verið um leiðir að endurskipulagningu, þegar samstaða næst milli sex af átta aðilum um að taka upp húsbréfakerfi.

Ég hef lagt niðurstöðu nefndarstarfsins og nefndarálitið fyrir ríkisstjórnina. Ríkisstjórnin hefur falið þremur ráðherrum að fara yfir nefndarálitið og þau frumvarpsdrög sem nefndin skilaði af sér. Í fyrsta lagi er það frv. sem felur í sér að taka upp nýtt kerfi, húsbréfakerfi, sem sett verði í gang samhliða núgildandi kerfi. Einnig hefur meiri hl. nefndarinnar lagt til að gerðar verði nokkrar breytingar á núgildandi kerfi og að breytt verði niðurgreiðslu á vöxtum. Þetta mun ráðherranefndin taka til skoðunar ásamt því sem hún mun vissulega taka til skoðunar sérálit minni hl. sem mælir með því að viðhaldið verði núgildandi kerfi með breytingum. Ráðherranefndinni hefur verið fengið þetta verkefni að fara yfir nefndarálitið og skila sinni niðurstöðu.

Mín skoðun er sú að meginniðurstaða nefndarinnar, sem er að taka upp húsbréfakerfi, sé lausn sem gæti leyst þann vanda sem húsnæðiskerfið er komið í og ég bind vonir við að þarna sé að finna framtíðarlausn á húsnæðismálunum. Auðvitað eru þarna þrír flokkar sem þurfa að koma sér saman um niðurstöðu til þess að hægt sé að leggja fram stjfrv. á Alþingi, en ég get svarað hv. þm. beint um það að ég mun beita mér fyrir því að framlagning geti átt sér stað á Alþingi á stjfrv. á grundvelli tillagna meiri hluta nefndarinnar.

Frsm. félmn. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegur forseti. Vegna ábendingar hv. 12. þm. Reykv. Kristínar Einarsdóttur er það rétt að mér láðist að geta þess hverjir skrifuðu undir þetta nál. Það er sjálfsagt að gera það til að því sé slegið föstu á spjöldum sögunnar. Hv. þm. Kristín Einarsdóttir skrifaði undir með fyrirvara. Hún er efnislega sammála nál., en hefur að öðru leyti gert ágætlega grein fyrir sínum fyrirvara. Aðrir sem skrifuðu undir þetta nál. voru: Alexander Stefánsson, Eggert Haukdal, Geir H. Haarde, Jón Kristjánsson og Jón Sæmundur Sigurjónsson sem hér stendur.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Hér er til umræðu afmarkað svið húsnæðislöggjafarinnar sem að vísu er ekki mikill ágreiningur um eitt út af fyrir sig eins og það liggur hér fyrir. Það hefur komið fram í máli nefndarmanna úr hv. félmn. sem hér hafa lýst nefndarálitum. Það er hins vegar táknrænt fyrir stjórn á húsnæðismálum að einmitt þetta afmarkaða frv., sem tekur til mjög takmarkaðs hluta af löggjöfinni um húsnæðismálin, skuli vera sett á forgangslista hæstv. ríkisstjórnar fyrir þessi áramót og sett í flokk þeirra mála sem mikilvægust eru. Vitaskuld ber að fagna því að þetta skuli hafa verið gert, en einmitt fyrir það hve frv. er smátt í sniðum er það um leið táknrænt fyrir störf hæstv. ríkisstjórnar að húsnæðismálum og táknrænt fyrir störf Alþfl. í þeim efnum.

Hæstv. félmrh. hefur mjög stuttlega drepið á það sem á döfinni er varðandi heildarendurskoðun húsnæðislöggjafarinnar, en í engu getað gefið skýr svör um hvert stefnir í því efni. Flest bendir auðvitað til þess að áfram muni halda í þeim farvegi, sem hér hefur verið markaður, að eitt og eitt atriði þessarar löggjafar verði tekið út úr til endurskoðunar og engin almenn heildarendurskoðun með markvissri stefnumörkun eigi sér stað. Ekkert bendir til þess að um það takist samstaða. Þvert á móti mátti lesa úr orðum hæstv. ráðherra að verulegur ágreiningur væri um þær tillögur sem þegar liggja fyrir og ná þær þó ekki til húsnæðislöggjafarinnar í heild sinni.

Ég saknaði þess hins vegar alveg sérstaklega í máli hæstv. ráðherra, fyrst hæstv. ríkisstjórn kaus að gera þetta mál að forgangsmáli fyrir jólaleyfi þingmanna, að hæstv. ráðherra skyldi ekki gera nákvæma grein fyrir því hvernig staða fjármála Húsnæðisstofnunar og húsnæðissjóðanna er. Ég geri ráð fyrir því að fyrir jólaleyfi verði reynt að afgreiða lánsfjárlög ríkisstjórnarinnar. Þau eru líka á forgangslista hæstv. ríkisstjórnar. Enn sem komið er hafa þau þó ekki komið til umræðu og eftir því sem ég veit best eru þau enn í nefnd í fyrri deild. Óhjákvæmilegt er þó að þau séu afgreidd samhliða fjárlögum og annarri stefnumótun í efnahags- og atvinnumálum sem hér er til umfjöllunar. Hver er staðan að því er varðar fjármálastöðu húsnæðissjóðanna? Hvernig standa samningar við lífeyrissjóði? Hverjar eru áætlanir um ráðstöfunarfé sjóðanna? Hvernig standa þær áætlanir gagnvart umsóknum og þegar afgreiddum umsóknum og skuldbindingum Húsnæðisstofnunar?

Hvernig líta þær áætlanir út um ráðstöfunarfé varðandi fjármála- og peningamálastefnu hæstv. ríkisstjórnar? Við hvaða vaxtastig miðast áætlanir um ráðstöfunarfé húsnæðissjóðanna á næsta ári? Við hvaða stefnu í vísitölumálum miðast þær áætlanir?

Það er alveg nauðsynlegt fyrst hæstv. ríkisstjórn hefur gert þetta mál að forgangsefni að hæstv. ráðherra geri hér skýra grein fyrir fjármálastöðunni í heild sinni, stefnunni í peningamálum og á hvaða forsendum áætlanir um ráðstöfunarfé húsnæðislánasjóðanna eru reistar, við hvaða vaxtastig er miðað og út frá hvaða vísitölu er gengið. Ég óska eftir því að hæstv. ráðherra svari þessum spurningum.

Það er líka táknrænt að þetta afmarkaða mál skuli nú tekið hér fyrir með þessum hætti og gert að forgangsmáli. Það fer ekki hjá því að mönnum detti í hug að það eigi að draga fjöður yfir hina raunverulegu stefnu í húsnæðismálum sem hæstv. félmrh. er að beita sér fyrir á hinu háa Alþingi fyrir jólin. Það á að flytja hér frv. og fá það fram sem forgangsmál um afmarkað svið húsnæðislöggjafarinnar, en hin raunverulega stefna hæstv. félmrh. í húsnæðismálum kemur fram í öðrum frv. Sú stefna kemur fram í því að nú á að stórhækka byggingarkostnað. Það á að stórhækka allt efni með nýjum skattaálögum til byggingarframkvæmda. Og ekki bara efni til byggingarframkvæmdanna. Það á að hækka skattana á innréttingunum og það á að hækka skattana á húsbúnaðinum sem hinir ungu húsbyggjendur þurfa að afla. Þarna birtist hin raunverulega stefna hæstv. félmrh. í húsnæðismálum núna fyrir þessi jól. Og þegar unga fólkið í landinu ætlar svo að mæta þessum nýju skattaálögum og aukna og hækkaða byggingarkostnaði með því að afla meiri tekna birtist í öðru lagi stefna hæstv. félmrh. í húsnæðismálum með því að taka þær auknu tekjur í ríkissjóð, hækka skattana á unga fólkinu sem þarf að auka vinnu sína til að koma sér þaki yfir höfuðið, hækka tekjuskattana á því unga fólki. Þetta er hin raunverulega stefna hæstv. félmrh. Og svo þegar þetta unga fólk sligast undan nýjum álögum og hækkuðum byggingarkostnaði og auknum tekjusköttum og þarf að leita til Húsnæðisstofnunar með lánafyrirgreiðslu, kannski vegna húsnæðiserfiðleika vegna þess að það hefur ekki getað staðið í skilum með almenn lán, ætlar hæstv. ráðherra að bæta um betur og leggja nýja skatta á Húsnæðisstofnunina. Þetta er hin nýja stefna og væri ágætt ef hæstv. ráðherra vildi í þessari umræðu gera grein fyrir þeirri félagslegu hugsjón sem að baki þessu liggur. En umfram allt er nauðsynlegt að hæstv. ráðherra geri grein fyrir fjárhagsstöðu byggingarsjóðanna.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég held að það sé ekki hægt að halda þessari umræðu áfram án þess að það komi svo sem eins og eitt eða tvö orð frá hæstv. ráðherra um það sem hér hefur verið spurt um. (**Félmrh.:** Hv. þm. var bara á undan að biðja um orðið.) Ég biðst afsökunar á því. Þar með lít ég svo á að hæstv. ráðherra ætli að svara þessum fyrirspurnum. En mér heyrðist virðulegur forseti ætla að slíta þessari umræðu.

En ég vil eindregið skora á hæstv. ráðherra að láta ekki undir höfuð leggjast að skýra þingheimi frá því sem er að gerast í þessum málum. Ég hef tekið eftir því að í fjölmiðlum stillir hæstv. ráðherra sér gjarnan upp við hlið húsbyggjenda og horfir til ríkisstjórnarinnar en ekki frá ríkisstjórn til húsbyggjenda. Mér finnst þess vegna vera kominn tími til að hæstv. ráðherra sé krafinn sagna í þessum málum og spurður að því hvort hæstv. ráðherra telji sig ekki bera ábyrgð á þeim þungu búsifjum sem húsbyggjendur mega búast við vegna fyrirliggjandi stjfrv.

Þar sem, virðulegur forseti, hæstv. ráðherra hyggst taka til máls sé ég ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Mér varð hugsað til þess þegar hv. þm. Þorsteinn Pálsson, formaður Sjálfstfl., talaði áðan að ég vildi að ég hefði heyrt þessa ræðu flutta þegar hann átti sæti með mér í ríkisstjórn, að ég hefði fundið þá þann eldmóð sem kom fram áðan í hans orðum og hans umhyggju fyrir húsbyggjendum sem kom fram í ræðustólnum. Ég varð aldrei neitt mikið vör við það að ég hefði sérstakan stuðning frá formanni Sjálfstfl. að því er varðar að tryggja nægjanlegt fjármagn til húsnæðiskerfisins eins og það er nú. Þess vegna fagna ég þeim umskiptum sem hafa orðið á formanni Sjálfstfl.

Að því er varðar fjárskuldbindingar húsnæðislánakerfisins, þá mun húsnæðislánakerfið hafa til ráðstöfunar á næsta ári, ef ég man töluna rétt, um 10–11 milljarða kr. Þar af er gert ráð fyrir að fari í lánveitingar tæpir 8 milljarðar kr. Miðað við það ráðstöfunarfé sem húsnæðislánakerfið hefur samkvæmt fjárlögum nú mun það geta staðið við sínar skuldbindingar, þau lánsloforð sem hafa verið gefin út.

Ég hef oft gagnrýnt þá sjálfvirkni sem er í húsnæðislánakerfinu. Hún lýsir sér m.a. í því að það er búið að binda fjármagn húsnæðislánakerfisins í lánsloforðum fyrir allt næsta ár og að hluta til yfir á árið 1990. Þar er búið að binda sennilega eina 2–3 milljarða. Ég átti í töluverðum vandræðum með það þegar ég sat í ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar að fá fram breytingu á húsnæðislánakerfinu, sem sumir töldu ekki mjög mikilvæga, sem var samþykkt hér um þetta leyti í fyrra. Þessi breyting hefur þó gert að verkum að við erum ekki búin að binda húsnæðislánakerfið 2–3 ár fram í tímann sem við að óbreyttu hefðum verið búin að gera.

Það eru núna óafgreiddar um 7–8 þúsund umsóknir. Ef við hefðum búið við óbreytt húsnæðislánakerfi hefði verið búið að gefa það út í bindandi lánsloforðum sem við þekkjum og heyrum sögur af að ganga kaupum og sölum á fjármagnsmarkaðnum.

Ég hef reynt frá því að ég tók sæti í ríkisstjórn,

fyrst ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar og nú þessari ríkisstjórn, að ná fram breytingum á húsnæðislánakerfinu og ég hygg að ég hafi verið með þeim fyrstu sem hafi vakið athygli á þeirri miklu sjálfvirkni í þessu húsnæðislánakerfi og hve brýnt væri að gera þar breytingar á. En auðvitað verður að nást um það samkomulag og samstaða til þess að hægt sé að ná fram breytingum og nýrri löggjöf á hv. Alþingi. Mér finnst hv. þm. ekki þurfa að gera lítið úr því áliti sem nú liggur fyrir og ég vil segja nokkuð breiðri samstöðu um að koma á nýju húsnæðislánakerfi.

Ég nefndi það áðan í mínu máli að það eru sex af átta nefndarmönnum sem styðja það að tekið verði upp húsbréfakerfi og ég vænti þess að það geti orðið til þess að við getum fundið framtíðarlausn á húsnæðislánakerfinu ef það verður tekið upp. En ég fullvissa hv. þm. um að við þær skuldbindingar sem húsnæðislánakerfið hefur tekið á sig að því er varðar 1989 verður staðið og fjármagn sem til þess er ætlað á fjárlögum og lánsfjárlögum fyrir næsta ár mun nægja til þess að hægt sé að standa við þær skuldbindingar. Auðvitað er ríkisframlagið allt of lágt miðað við það kerfi sem við búum við. Það veit hv. þm. mætavel. Ég gerði hans ríkisstjórn margoft grein fyrir því að ef við ætlum að búa við húsnæðislánakerfið eins og það er nú þyrfti að auka ríkisframlagið sennilega upp í 2 milljarða til að standa undir vaxtamismun sem hv. þm. Geir H. Haarde hefur gert mikið úr hér í ræðustól með réttu. Það húsnæðislánakerfi sem við búum við mun alls ekki standa undir þeim vaxtamismun sem er í þessu kerfi.

Ég geri mér vonir um það og ég heyri að talsmaður Sjálfstfl. í húsnæðismálum, Geir Haarde, hefur lýst ákveðnum stuðningi við þá leið sem nefndin, sem hefur verið að endurskoða húsnæðislánakerfið, hefur mælt með. Þannig vænti ég þess að það sé að finna stuðning Sjálfstfl. við það mál þegar það kemur á þingið sem ég vona að geti orðið eftir jólaleyfi þingmanna.

En ég endurtek að við þær fjárskuldbindingar sem húsnæðislánakerfið hefur tekið á sig verður hægt að standa miðað við það fjármagn sem er til ráðstöfunar á fjárlögum næsta árs og lánsfjáráætlun.

Frsm. félmn. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Eins og þingmenn hafa vafalaust tekið eftir hefur nál. félmn. verið ljósprentað upp og dreift á borð þingmanna. Ástæðan er sú að vegna tæknilegra mistaka hafði nafn hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur, meginforseta þingsins og fundaskrifara nefndarinnar, fallið út og kemur hér á nýju ljósprentuðu nál. (**Forseti:** Ég vil minna þingmanninn á að það er forseti sameinaðs þings.) Ég biðst afsökunar. Að sjálfsögðu skal ég leiðrétta mín orð. Það var nafn hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur, forseta sameinaðs þings, sem féll niður, fundaskrifara nefndarinnar, og mér er bæði ljúft og skylt að taka fram að hún ritaði undir þetta nál., er fyllilega sammála því. Hennar nafn á þess vegna að standa undir þessu nefndaráliti.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Ég get tekið undir það með hv. 17. þm. Reykv. að það er ástæða til að veita atbeina sinn að því að þær hugmyndir sem nú liggja fyrir um húsbréf geti orðið að veruleika. Það sem ég tók hins vegar fram í minni ræðu var að í ræðu hæstv. félmrh. kom því miður ekkert fram um að um heildarendurskoðun á húsnæðislöggjöfinni, m.a. á þessum grundvelli, væri að nást eitthvert samkomulag. Þess vegna bendir flest til þess að málin verði áfram í óefni, því miður.

Hæstv. ráðherra svaraði ekki fyrirspurnum um það á hvaða forsendum áætlanir um ráðstöfunarfé húsnæðissjóðanna væru reistar, við hvaða vaxtastig væri miðað og út frá hvaða vísitöluútreikningum lánssamningar yrðu miðaðir á næsta ári og óska ég eftir að hæstv. ráðherra svari því. Auðvitað er fjármagn úr ríkissjóði takmarkað í húsnæðissjóðina miðað við þá sjálfvirkni sem þar ríkir, en því fremur hlýtur það að vera umhugsunarefni fyrir hæstv. ráðherra, ef hann hefur einhvern tíma meint eitthvað með umhyggju sinni fyrir húsbyggjendum, á sama tíma sem ljóst er að það er af skornum skammti að stórauka á skattheimtu á húsbyggjendur, ekki bara með því að hækka byggingarkostnaðinn og aðföng í byggingarnar og á heimilin heldur með því að draga af sjálfsaflafé húsbyggjendanna í stórauknum tekjusköttum og loks með því að leggja skatta á Húsnæðisstofnunina sjálfa. Það hlýtur að vera umhugsunarefni fyrir hæstv. ráðherra og svolítið til marks um hina eiginlegu stefnu sem hæstv. ráðherra fylgir um þessar mundir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 309,1 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.

Brtt. 309,2 samþ. með 25 shlj. atkv.

2. gr. (verður 3. gr.), svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.

Brtt. 309,3 (ný gr., verður 4. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.

3. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

31. fundur, þriðjudaginn 20. des., að loknum 30. fundi.

Málefni aldraðra, 3. umr.

Stjfrv., 195. mál (gildistími). — Þskj. 231.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 325).

Niðurfelling laga vegna breytinga á skipan sveitarstjórnarmála, 3. umr.

Stjfrv., 196. mál. — Þskj. 232.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 147. mál (sala eignarhluta í kaupleiguíbúð). — Þskj. 324.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Aðgerðir í efnahagsmálum, 2. umr.

Stjfrv., 20. mál (staðfesting bráðabirgðalaga frá 20. maí 1988). — Þskj. 243, n. 295, 310 og 311, brtt. 284, 300.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á þskj. 295 liggur fyrir nál. meiri hl. fjh.- og viðskn.

Nefndin hefur athugað þetta frv. Á fund hennar komu Ásmundur Stefánsson, Lára V. Júlíusdóttir og Örn Friðriksson frá ASÍ, Þórarinn Þórarinsson frá VSÍ og Vilhjálmur Egilsson frá Verslunarráði.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 243.

Undir þetta rita Guðmundur G. Þórarinsson, Ragnar Arnalds, Árni Gunnarsson og Páll Pétursson.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. á þskj. 310 sem hljóðar svo:

„Með þessu frv. tekur ríkisstjórnin sér það vald að ákveða einhliða þak á almenn laun og segja fyrir um hvenær segja megi upp samningum. 1. minni hl. getur ekki fallist á það sem réttmætan lið í lausn á vanda atvinnulífsins sem er að stærstum hluta fólginn í óhóflegum fjármagnskostnaði, svo og þróun gengis og verðlags. 1. minni hl. leggur því til breytingar á frv. sem birtar eru á þskj. 284. Í þeim felst að frá gildistöku laganna verði aflétt banni við launahækkunum og uppsögn samninga."

Undir þetta rita Kristín Halldórsdóttir og Ingi Björn Albertsson.

Þetta er sem sagt álit 1. minni hl. þar sem hv. 17. þm. Reykv. skilar séráliti þótt hann standi að þeim brtt. sem við flytjum sameiginlega, þessi þrjú, á þskj. 284.

Ég vil svo aðeins leggja áherslu á að ef hv. þm. greiða atkvæði eftir sömu afstöðu þingflokka og kom fram í meðförum málsins í Ed. er þetta frv. fallið, en að ráði hv. 6. þm. Norðurl. e. ætla ég að spara mér stór orð og þung. Hann virtist búa yfir einhverju sem enn er á huldu.

Ég vil líka leggja áherslu á að fulltrúar Alþýðusambands Íslands komu á fund fjh.- og viðskn. í morgun og leiðréttu þann misskilning, sem hefur komið fram í fréttum, að Alþýðusambandið sé andvígt því að launafrystingu sé aflétt fyrr en í febrúar. Þær fullyrðingar eru sem sagt rangar. Fulltrúar Alþýðusambands Íslands kváðust ekkert hafa á móti því að aðrir gætu samið þótt síðar kæmi að þeirra fólki.

Það er líka ástæða til að geta þess að á þessum fundi var dreift ljósriti af bréfi frá Jóhönnu Sigurðardóttur, hæstv. félmrh., sem hún ritaði Alþjóðavinnumálastofnuninni fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands. Bréfið er ritað í tilefni af kæru Alþýðusambandsins vegna banns við verkföllum. Bréfið er dagsett 12. des. sl., daginn áður en hæstv. forsrh. lýsti því yfir á Alþingi að ríkisstjórnin væri reiðubúin að fella ákvæðið um bann við verkföllum úr brbl. Í bréfinu standa m.a. þessi orð, með leyfi forseta: „Ákvæði 2. mgr. 4. gr. laganna um bann við verkföllum er í reynd aðeins sérstök birting ákvæða um friðarskyldu gagnvart gildandi kjarasamningum og

hafa enga þýðingu umfram það. Þegar þetta er virkt getur það ákvæði að mati ríkisstjórnar Íslands með engu móti talist fela í sér brot á starfsréttindum verkalýðsfélaga samkvæmt samþykktum ILO."

Ég endurtek það, herra forseti, að þetta bréf er dagsett 12. des., daginn áður en hæstv. forsrh. gefur yfirlýsingu sína á Alþingi. Ríkisstjórnin var sem sagt sjálf búin að staðfesta fyrir sitt leyti innihaldsleysi samþykkis síns áður en það var sett fram.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það er ánægjulegt að í þessum þrengingum á aðventunni skuli þó alltént hv. formaður fjh.- og viðskn. sjá ástæðu til að mæta hér úr stjórnarliðinu. Það er ekki sýnilegt að það sé neinn annar hér (**Forseti:** Forsetinn auðvitað.) en forsetinn. Tveir ráðherrar híma þarna í hliðarherbergjum og ræða skattamál eflaust.

Ég mæli fyrir áliti 2. minni hl. fjh.- og viðskn. um 20. mál þingsins. Ég er einn í þessum minni hl. Nefndarálit mitt er svohljóðandi:

„Frv. þetta á rætur að rekja til brbl. sem ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar beitti sér fyrir í maímánuði sl. Þeim brbl. var breytt með öðrum brbl. núv. ríkisstjórnar sem eru til meðferðar samhliða þessu frv. sem mál nr. 8. Að dómi undirritaðs eru forsendur brott fallnar fyrir mikilvægustu greinum þess máls sem hér liggur fyrir. Hann stendur því að brtt. á þskj. 284 ásamt fulltrúum Borgfl. og Kvennalista og styður frv. svo breytt."

Þetta þýðir það, herra forseti, að ég mun styðja frv. ef þessar brtt. ná fram að ganga, en hv. síðasti ræðumaður hefur gert grein fyrir efni þeirra. Þetta er sambærileg og raunar alveg sams konar brtt. og flutt var í Ed. þegar málið var til meðferðar þar.

Nú er það þannig um þetta frv. að mörg ákvæði þess eru úrelt orðin vegna þess hversu langt er um liðið frá því að lögin voru sett í maímánuði sl. Hins vegar stendur eftir það meginatriði að allir launasamningar verði bundnir til 15. febr. nk. verði frv. eigi breytt í hv. Nd. Í raun þýðir þetta að spurningin snýst um hvort samningsfrelsi verður aftur ríkjandi hér á landi 15. febr. nk. eða þegar þessi lög taka gildi, væntanlega á næstu dögum eða fyrir áramót, sex vikum áður en samningsfrelsið hefði ella komið til framkvæmda.

Þannig var að í upphaflegum lögum var 4. gr. öðruvísi en hún er nú orðin því að í Ed. var felld niður 2. mgr. 4. gr. um að verkbönn, verkföll, þar með taldar samúðarvinnustöðvanir eða aðrar aðgerðir, sem er ætlað að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi mæla fyrir um, séu óheimilar. Af einhverjum ástæðum tók hæstv. forsrh. það upp hjá sér í meðferð málsins í Ed. að leggja til að þessi málsgrein félli niður enda þótt fyrri málsgreinin stæði óbreytt.

Nú er það þegar upplýst, en það má segja að það hafi tekið menn um það bil tvo tíma að uppgötva það, hvers lags markleysa sú tillaga hæstv. forsrh. var að fella niður bannið við verkbönnum og verkföllum en hafa áfram í gildi ákvæði sem kveður á um að allir kjarasamningar gildi til 15. febr. Svona tillaga, sem Ed. Alþingis breytti síðan í ákvörðun og breytti lagatextanum í bráðabirgðalögunum, er auðvitað sýndarmennskan ein. Tillaga sem þessi getur ekki hafa haft annan tilgang en að blekkja og villa um fyrir fólki og það tókst í þó nokkra stundarfjórðunga, sennilega eina átta eða tíu, þar til menn uppgötvuðu hvers konar sýndarmennska var á ferðinni. En það vantaði ekki að hæstv. forsrh. berði bumbur sínar í hv. Ed. og sakaði sjálfstæðismenn um að vera steinrunna og eitthvað þaðan af verra ef þeir gætu ekki hugsað sér að gera þessa breytingu.

Auðvitað ber Sjálfstfl. ábyrgð á því að þessi bráðabirgðalög voru upphaflega sett. Það var forsrh. Sjálfstfl. og formaður hans sem gaf þau út og Sjálfstfl. dettur ekki í hug að hlaupast á brott frá þeim ákvörðunum sem þá voru teknar í ljósi efnahagsaðstæðna á þeim tíma. En það er auðvitað ekki hægt að una því þegar fyrrv. samstarfsmenn, núv. hæstv. forsrh., koma svona fram. Hann slengir fram tillögu um að þessari grein verði breytt með þeim hætti sem hann lagði til og hefur síðan í flimtingum þær ákvarðanir sem teknar voru í samstarfinu á sl. vori. Það er alveg ljóst að hæstv. forsrh. er undir slæmum áhrifum í þessu máli, væntanlega frá hæstv. fjmrh., og kemur það út af fyrir sig ekkert á óvart, en hann skal ekki halda að hann geti með tilkynningum af þessum toga hreytt ónotum í sína fyrrverandi samstarfsmenn án þess að menn taki eftir því.

Reyndar er það svo, herra forseti, að í bráðabirgðalögum núv. ríkisstjórnar frá því í haust var gengið lengra í að þrengja samningsrétt og nema úr gildi kjarasamninga en gert var á sl. vori. Á sl. hausti var það að sjálfsögðu á meðábyrgð Alþb. undir forustu efnahagsráðherra Alþb., hæstv. fjmrh., eflaust með góðum stuðningi hæstv. utanrrh. Við setningu bráðabirgðalaganna í september voru þurrkaðar út þær launabreytingar sem þó hafði verið gert ráð fyrir í fyrri bráðabirgðalögum þó svo að samningsbannið, launastöðvunarbannið, væri stytt um tæplega tvo mánuði.

Við teljum eðlilegt við núverandi aðstæður að stíga þetta skref sem varðar 4. gr. til fulls, fyrst verið er að hrófla við greininni og stjórnin taldi sér kleift að stytta verkfallsbannið um tæplega tvo mánuði, og afnema það að fullu við gildistöku þessara laga. Þess vegna studdu sjálfstæðismenn brtt. Kvennalista og Borgfl. í Ed. og þess vegna hef ég gerst meðflm. að sambærilegri tillögu í hv. Nd.

Hæstv. núv. ríkisstjórn stendur þessa dagana fyrir gríðarlegri kjaraskerðingu í formi skattahækkana. Fulltrúar Alþýðusambandsins, sem hafa komið á fundi í fjh.- og viðskn., hafa látið okkur í té upplýsingar um hvað gera megi ráð fyrir að kaupmáttur minnki vegna þessara skattahækkana og þær upplýsingar koma mjög heim og saman við það sem ég hef nefnt um þetta atriði í umræðum um önnur mál. Það er alveg ljóst að kaupmáttur atvinnutekna

hefur minnkað í landinu með minnkandi möguleikum fólks á að afla sér tekna með yfirvinnu. Í því sambandi má líka benda á að atvinnuleysisdögum hefur fjölgað. Hjá iðnverkafólki er nú um það bil sexfalt meira atvinnuleysi en verið hefur að undanförnu og má kannski teljast eðlilegt og sama er að segja í öðrum verkalýðsfélögum.

Til viðbótar þeirri skerðingu kaupmáttar sem stafar af minna vinnumagni koma síðan skattahækkanir ríkisstjórnarinnar. Samtals nemur þetta 7–10% kjaraskerðingu. Þessar tölur hef ég farið með hér áður og þessar tölur hafa fulltrúar ASÍ staðfest á fundum í fjh.- og viðskn. Síðan bætist við það sem ríkisstjórnin kann að hugsa sér að gera í málefnum atvinnuveganna, hugsanlega öðru hvorum megin við áramótin, hugsanlega síðar, en óhjákvæmilega ekki án þess að það komi við almenning í landinu og þá bætist það enn við þá kjaraskerðingu sem orðin er af þessum sökum.

Það kom skýrt fram í hv. fjh.- og viðskn. að þær skattahækkanir sem nú eru á döfinni munu síst verða til að draga úr launakröfum í kjarasamningum á næstunni, enda væri það illskiljanlegt ef ekki kæmi við kjarasamninga sú kaupmáttarskerðing sem fólgin hefur verið í skattahækkunaráformum ríkisstjórnarinnar. Hitt er annað mál að það er fullkomlega óeðlilegt þegar búið er að beita sér fyrir því að launasamningar séu afnumdir og samningsfrelsi afnumið, þegar þannig er búið að setja nýjar leikreglur um þetta efni skuli ríkisvaldið ganga fram fyrir skjöldu eins og nú er gert með kjaraskerðingu í formi skattahækkana í þeim mæli sem hugmyndir eru uppi um hér í þinginu. Það þarf ekkert að koma á óvart þó að mönnum blöskri það og þó að mönnum þyki eðlilegt að verkalýðsfélögin geti brugðist við slíkum íþyngingum með nýjum samningum og þeim hætti sem eðlilegur er í samskiptum á vinnumarkaðnum.

Ég vil taka undir það sem kom fram hjá hv. 10. þm. Reykn. og varðar það sem haft hefur verið eftir forseta Alþýðusambands Íslands um 4. gr. í því frv. sem hér er til umræðu. Mér er tjáð að það séu mörg vitni að því að hæstv. fjmrh. hafi sjálfur borið það á forseta Alþýðusambandsins eða sagt það vera hans skoðun að það mundi gera illt verra að fella 4. gr. alveg úr gildi eða láta hana falla úr gildi þegar lögin ná fram að ganga.

Það er sem sagt haft eftir fjmrh. að hann beri það á forseta Alþýðusambandsins að forseti Alþýðusambandsins kæri sig ekki um að samningsfrelsi verði aftur komið á fyrr en 15. febr. Að gefnu þessu tilefni var gengið mjög á forseta Alþýðusambandsins í fjh.- og viðskn. um hvort hér væri rétt með farið, hvort það væri virkilega svo að hann hefði ekki áhuga á því að 4. gr. væri breytt þannig að samningar væru lausir í samræmi við gildandi ákvæði hvers kjarasamnings fyrir sig. Það kom fram hjá hv. 10. þm. Reykn. og ég undirstrika það, að forseti Alþýðusambands Íslands bar þetta algerlega af sér, taldi að hér væri mikil firra á ferðinni að því er hann sjálfan varðaði og taldi reyndar af og frá að nokkur maður hefði getað haft slíkt eftir sér.

Reyndar bætti hann því við að hann hefði spurt hæstv. fjmrh. að því hvað hæft væri í þessum orðrómi og hæstv. fjmrh. hefði sagt sér að þetta væri tómur uppspuni frá upphafi til enda, fjmrh. hefði aldrei látið sér um munn fara neitt sem skilja mætti þannig að forseti Alþýðusambandsins vildi ekki fá samningsfrelsi þegar í stað. Þannig fer nú tveimur sögum af afstöðu hæstv. fjmrh. til þess hver afstaða forseta Alþýðusambandsins sé. M.ö.o.: getur það verið að hæstv. fjmrh. gangi um sali þessa húss og segi tvær sögur af því hver afstaða forseta Alþýðusambandsins sé gagnvart 4. gr. og afnámi samningsréttar?

Það er eðlilegt að skýra frá því þessu til viðbótar að forseti Alþýðusambandsins telur ekki að það eigi eingöngu að afnema 4. gr. Hann vill ganga lengra og vill helst, að því er okkur skildist, að löggjafinn beiti sér fyrir því að allir samningar verði lausir, ekki bara þeir sem samkvæmt sínum eigin ákvæðum yrðu lausir falli 4. gr. niður. En hann sagði hins vegar líka, og það er rétt að ítreka það, að hann teldi afnám 4. gr. frv. spor í rétta átt og mun skárra en hafa hana óbreytta inni í lögunum eins og hún er nú orðin eftir meðferðina í hv. Ed.

Þetta eru staðreyndirnar um þetta atriði að því er afstöðu forseta Alþýðusambands Íslands varðar. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að hæstv. fjmrh. standi upp og geri grein fyrir hvort það sé svo að hann sé að bera rangar sakir á forseta Alþýðusambandsins, beri út að hann sé á móti því að samningsfrelsi verði komið á eða hvort hann hefur sagt mönnum eitthvað annað sem mætti skilja sem svo eða hvort hann er e.t.v. að segja forseta Alþýðusambandsins ósatt þegar hann kannast ekki við ummæli sem þessi.

Ég held að það sé full ástæða til að fá þetta upplýst og ég efast ekkert um að ráðherrann vill hafa það sem sannara reynist í þessu og það viljum við eflaust öll. En hitt er ljóst að það er eindreginn vilji Alþýðusambandsins að 4. gr. falli brott ef ekki er hægt að ná fram frekari breytingum á frv. sem gengju þá í þá átt að opna alla kjarasamninga í landinu og ekki bara þá sem opnast sjálfkrafa falli 4. gr. niður.

Hv. 10. þm. Reykv. vitnaði einnig til þess sem alþýðusambandsmenn lögðu fyrir fjh.- og viðskn. Það var annars vegar ályktun miðstjórnar ASÍ frá 14. des. um samningsréttarmál og hins vegar hluti af greinargerð sem ríkisstjórn Íslands sendi til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og varðar ákvæði fyrrverandi 2. mgr. 4. gr. laganna sem felld var burt í hv. Ed.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara yfir það aftur, en það er alveg ljóst að það var hrein blekking að fella niður þá málsgrein, eða réttara sagt hrein tilraun til blekkingar því að hún mistókst. Hún afhjúpaðist innan tveggja klukkutíma. Það var hrein tilraun til blekkingar að fella brott 2. mgr. 4. gr. og segja sem

svo: Nú mega menn byrja að tala saman — rétt eins og það hafi verið bannað – en það mega engir samningar eftir sem áður taka gildi fyrr en 15. febr.

Ég ítreka, herra forseti, að ég tel óeðlilegt að íþyngja almenningi með stórhækkuðum sköttum eins og nú er verið að gera á sama tíma og almenn launastöðvun er í landinu og verðstöðvun. Ég hef átt aðild sem stjórnarþingmaður að ákvörðunum þar sem slíkri launastöðvun var komið á í maímánuði sl. Ég hleyp ekkert frá þeim ákvörðunum. En slíkar ákvarðanir eru auðvitað teknar á ákveðnum forsendum, sem snerta alla aðila, og þá m.a. þeim að ríkið gangi ekki á lagið í slíku launastoppi og í slíkri verðstöðvun til að bæta eigin hag á kostnað almennings í landinu.

Það er auðvitað fullkomlega óeðlilegt að ganga á lagið með þeim hætti þegar mönnum eru allar bjargir bannaðar í samningum og nýta sér ástandið til þess að afla tekna í ríkissjóð með sköttum eins og nú er verið að gera. Það er auðvitað fullkomlega óeðlilegt. En hámark óeðlileikans er það þegar reynt er að læða því inn hjá almenningi, eins og gert hefur verið í tengslum við tekjuskattsfrv., að hækkanir á tekjuskattinum komi ekki við pyngju hins venjulega manns. Það er slík ósvífni að það tekur auðvitað engu tali.

Ég mun ræða það mál allt miklu frekar þegar frv. um tekjuskatt og eignarskatt, sem hv. fjh.- og viðskn. hefur nú afgreitt frá sér, kemur til meðferðar hér í deildinni. Ég get hins vegar alveg endurtekið það sem ég sagði hér í dag að framlagning þess frv., þau fylgigögn sem því fylgdu og sá blaðamannafundur, sem haldinn var af því tilefni, er einhver ósvífnasta blekkingartilraun í tengslum við skattamál og stjórnmál á Íslandi í seinni tíð sem ég man eftir. Og fjmrh. skal fá að svara fyrir það þegar þar að kemur, en ég skal ekki gera neina kröfu til þess að hann geri það í þessari umræðu sem er um annað málefni.

Í frv. því sem hér er til umræðu eru, eins og ég sagði áðan, mörg atriði sem úrelt eru orðin vegna þess hversu langt er um liðið frá því að frv. var samþykkt. Þessi bráðabirgðalög voru sett 20. maí sl. sem þáttur í hliðarráðstöfunum vegna gengisbreytingar og annarra atriða sem þá voru á döfinni í efnahagsmálum. Síðan eru liðnir einir sjö mánuðir og það er ljóst að margt í þessu er úrelt orðið. Ég hef rakið í meginatriðum hvað ég tel að þar sé helst á ferðinni. Ég mun ekki orðlengja þetta frekar, herra forseti, en ítreka það að ég styð frv. að sjálfsögðu eins og ég gerði í maímánuði að teknu tilliti til þeirra breytinga sem minni hl. fjh.- og viðskn. hefur lagt til. Nái þær breytingar ekki fram að ganga er það mín till. og 2. minni hl. fjh.- og viðskn. að frv. verði fellt.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Herra forseti. Við 1. umr. um frv. sem hér er nú til 2. umr. flutti hæstv. forsrh. allítarlega framsöguræðu þar sem hann gerði nokkra grein almennt fyrir efnahagsmálum og lýsti því jafnframt yfir að hann teldi að eðlilegt væri að ræða þetta mál ásamt 8. máli, þ.e. bráðabirgðalögum frá því í september sl. eða staðfestingarfrv. á þeim, nokkuð í einu lagi. Ég var á mælendaskrá við 1. umr. þessa frv. en féll frá orðinu, en ég tek ábendingum hæstv. forsrh. um það að rétt sé að ræða þessi mál nokkuð í samhengi þó að um það sé að ræða að flutt eru hér tvö frv. til staðfestingar á tvennum brbl. sem sett voru hvor af sinni ríkisstjórn.

Nú hefði maður mátt ætla að eftir þriggja mánaða valdatímabil væri þessi hæstv. ríkisstjórn komin lengra varðandi lausn efnahagsmála eða undirbúning tillagna um efnahagsmál en svo að aðalumræðan um efnahagsmál í lok desember væri um þau bráðabirgðalög sem sett voru fyrst í vor og síðan í september. Því miður er það ekki svo. En maður hefði auðvitað sérstaklega reiknað með því að málin væru lengra á veg komin þegar haft er í huga upphaf þessarar ríkisstjórnar og reyndar endalok þeirrar sem fyrir var, þ.e. ríkisstjórnar þáv. hæstv. forsrh. Þorsteins Pálssonar.

Ég býst við að mörgum sé í fersku minni sá sjónvarpsþáttur sem sýndur var á Stöð 2 í september, ætli það hafi ekki verið 16. september, á föstudagskvöldi, þegar þeir mættu í beinni útsendingu þáv. hæstv. utanrrh. Steingrímur Hermannsson og þáv. hæstv. fjmrh. Jón Baldvin Hannibalsson og slitu í beinni sjónvarpsútsendingu því stjórnarsamstarfi sem þá hafði staðið í um fjórtán mánuði. Og ekki nóg með það. Hæstv. þáv. fjmrh. Jón Baldvin Hannibalsson stökk í þessum sjónvarpsþætti upp í fangið á hæstv. ráðherra Steingrími Hermannssyni og þar hefur hann setið síðan og ekki hefur losnað um þau faðmlög. Í allri umræðu sem varð, m.a. í þessum sjónvarpsþætti, var það talin ein meginforsenda fyrir stofnun þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr og ástæðan fyrir því að stjórnarsamstarfinu fyrra var slitið að það lægi lífið á. Atvinnulífið þyldi ekki að beðið yrði öllu lengur með það að gera efnahagsráðstafanir sem dygðu. „Efnahagsráðstafanir í þágu atvinnulífsins þola enga bið. Þess vegna þarf að setja á laggirnar nýja ríkisstjórn sem fyrst sem geti tekið á málunum.“ Þetta var formálinn að myndun þessarar hæstv. ríkisstjórnar.

En hvað hefur gerst þessar vikur, eða þessa þrjá mánuði síðan ríkisstjórnin var mynduð? Hvað hefur verið gert í þágu íslensks atvinnulífs? Það hefur sáralítið gerst. Bráðabirgðalögin sem sett voru í september og voru af sjálfri hæstv. ríkisstjórn talin bíðleikur, fyrst og fremst, hafa reynst með öllu gagnslaus og það hefur komið í ljós að taprekstur sjávarútvegsins í heild hefur aukist verulega frá því að þessi hæstv. ríkisstjórn tók við völdum. Það er talið að í staðinn fyrir 2,5% taprekstur í september sl. sé taprekturinn nú 4,5%, og atvinnulífinu blæðir út og ekki bólar á aðgerðum af neinu tagi til þess að leysa þann vanda sem við er að glíma. Það eina sem ríkisstjórnin virðist geta gert, virðist geta komið sér saman um, en þó með nokkrum harmkvælum eins og við höfum orðið vitni að hér í þingsölum núna

síðustu daga, er að hækka skatta, það er að auka umsvif ríkissjóðs, það er að auka ríkisafskipti á öllum sviðum og að stórauka álögur á alla landsmenn í formi nýrra skatta, í formi nýrra óbeinna skatta sem munu hækka vöruverð á landinu eins og lýst hefur verið og í stórhækkun beinna skatta sem kemur niður á öllum almenningi en ekki hinum breiðu bökum eins og reynt hefur verið að telja fólki trú um.

En hvenær hyggst hæstv. ríkisstjórn grípa í taumana? Ætlar hún að láta atvinnulífinu blæða út með öllu áður en reynt er að gera eitthvað? Á meðan atvinnulífið eða fyrirtækin þurfa að draga saman seglin, á meðan gjaldþrot ekki aðeins vofa yfir, heldur eru raunveruleiki nánast á hverjum degi, í öllum greinum atvinnulífsins, í iðnaði, í verslun, í sjávarútvegi, gerist ekkert hjá hæstv. ríkisstjórn annað en það að reyna að seilast enn lengra ofan í vasa fyrirtækjanna, reyna að soga til sín enn meira fé úr vösum almennings og úr sjóðum fyrirtækjanna langt umfram það sem er sæmilegt og unnt er að sætta sig við.

Þetta er auðvitað alröng stefna sem hér er framfylgt. Í kreppuástandi á ríkið að reyna að örva fyrirtæki og einstaklinga, ekki að leggja lamandi hönd aukinnar skattheimtu yfir atvinnulífið. Það sem skiptir mestu máli nú er að hjól atvinnulífsins geti farið að snúast hratt, fyrirtækin geti farið að snúa þróuninni við, í stað þess að tapa geti þau farið að skila hagnaði. Þá atvinnuleysisskriðu sem virðist vera að ríða yfir þarf að stöðva. En þetta virðast hæstv. ráðherrar ekki skilja. Þeirra eina úrræði er að hugsa um ríkisfjármálin, að hugsa um ríkiskassann og efna til meiri eyðslu og leggja á aukna skatta.

Hið almenna efnahagslíf, rekstrargrundvöllur fyrirtækjanna, verður út undan og nú þegar líður að jólum og nýju ári eru ekki uppi neinar tillögur og engar hugmyndir um það hvernig leysa á þann vanda sem að steðjar. Þó var þessi ríkisstjórn mynduð, eins og ég gat um áðan, með þeim formerkjum að það væri forgangsverkefni að tryggja hag atvinnulífsins, einkum útflutnings- og samkeppnisgreina.

Ég held að það sé nú öllum ljóst sem af alvöru vilja hugsa um þessi mál að sú eina raunhæfa alvörutillaga til úrbóta, sem uppi var þegar ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar fór frá og núv. hæstv. ríkisstjórn var mynduð, var sú till. sem þáv. hæstv. forsrh., Þorsteinn Pálsson, lagði fyrir ríkisstjórnina, en um hana náðust ekki samningar og stjórnarslit urðu.

Það er mjög fróðlegt nú, þegar við erum í þessari stöðu — að sjá engar tillögur frá hæstv. ríkisstjórn, að horfa á atvinnulífinu blæða út — að rifja upp hverjar þessar raunverulegu tillögur sem þá voru uppi á borðinu voru. Ég er sannfærður um að ef þær hefðu þá verið framkvæmdar væri á margan hátt öðruvísi umhorfs í okkar efnahagslífi. Og ekki er mér grunlaust um að margir af þeim sem stukku út úr þeirri ríkisstjórn til þess að taka þátt í þessari sjái nú eftir því að ekki skyldi hafa verið gripið til þeirra aðgerða sem þá var lagt til.

Ég ætla að rifja upp í hverju þessar tillögur voru fólgnar, hvað það var sem þáv. hæstv. forsrh. Þorsteinn Pálsson lagði til um aðgerðir í efnahagsmálum. Grundvöllur og markmið þessara aðgerða var að leggja grunn að stöðugleika í efnahagslífinu og hafa það að markmiði að bæta afkomu atvinnuveganna, að treysta atvinnuöryggi og hag heimilanna, að draga úr verðbólgu og að lækka vexti og fjármagnskostnað. Þær tillögur og hugmyndir — mér þætti vænt um, herra forseti, ef hægt væri að halda fundinn sem hæstv. ráðherrar eru með einhvers staðar annars staðar en hér við hliðina á þessum ræðustól. (**Gripið fram í:** Tekið til greina.) (**Forseti:** Það er alveg sjálfsagt að ræðumaður fái frið til að halda máli sínu áfram.) Þær aðgerðir sem þar voru uppi voru í stórum dráttum á þessa leið:

Í fyrsta lagi að sýnt yrði verulegt aðhald í verðlagsmálum. Í því efni var ríkisstjórnin reiðubúin að fela Verðlagsstofnun að beita strängu verðlagsaðhaldi í samræmi við gildandi ákvæði um verðstöðvun, samkvæmt lögum nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti. Við framkvæmdina var gert ráð fyrir að Verðlagsstofnun veitti nauðsynlegar undanþágur vegna breytinga á gengi og verði á erlendu hráefni og aðföngum og enn fremur vegna starfsemi innlendra uppboðsmarkaða og árstíðabundinna verðbreytinga. Gert var ráð fyrir að breytingar á gjaldskrám ríkisfyrirtækja yrðu óbreyttar til 10. apríl 1989, en þó yrði heimilt að taka tillit til hækkana af erlendum toga og sérstakra heimilda í fjárlögum. Það var gert ráð fyrir að fjárhæðir launaliða í gjaldskrám sjálfstætt starfandi sérfræðinga yrðu óbreyttar til 10. apríl 1989 og sama skyldi gilda um hvers konar útselda vinnu og þjónustu.

Til þess að koma til móts við almenning, til þess að treysta hag heimilanna í landinu, var gert ráð fyrir í þessum tillögum að söluskattur af matvælum skyldi lækka þann 1. okt. úr 25% í 10%. Til þess að vega á móti því tekjutapi sem ríkissjóður hefði þá orðið fyrir var hins vegar gert ráð fyrir að tekjuskattur einstaklinga skyldi hækka frá sama tíma úr 28,5% í 30,5% og að heildarskatthlutfall einstaklinga hækkaði þannig úr 35,2% í 37,2%.

Því hefur verið haldið fram að í rauninni hefði almenningur ekki notið neins góðs af þessari skattalækkun vegna þess að þessir skattar væru niðurgreiddir að fullu og þess vegna mundi almenningur ekki sjá eyri í sínum vasa úr þessu dæmi. Þetta er alrangt og raunar furðulegt að þáv. hæstv. fjmrh. skyldi leyfa sér að halda slíku fram því að það er ljóst að það voru mjög margar vörutegundir sem hefðu lækkað og það var talið að áhrif til lækkunar framfærsluvísitölu vegna lækkunar söluskattsins yrðu 1,6%.

Minnsta lækkunin var á kjöti og kjötvörum, um 2,5%, og mjólk, rjóma, ostum og eggjum um 0,4% vegna niðurgreiðslnanna. En þó var gert ráð fyrir að

ýmsar landbúnaðarvörur eins og rjómi lækkaði um 9%, svínakjöt, egg, kjúklingar og nautakjöt um 3%, hrossakjöt um 12% og unnar kjötvörur um 3–4%. Þetta eru þær vörur sem minnst mundu hafa lækkað ef orðið hefði verið við þessum tillögum, en stórir vöruflokkar eins og grænmeti og ávextir hefðu lækkað um 12%, kartöflur og vörur úr þeim um 12%, sykur um 12%, kaffi, te, kakó og súkkulaði um 12%, aðrar matvörur, sem svo eru flokkaðar, um 12%, gosdrykkir og öl um 12%, mjöl, grjón, bakaðar vörur um 12% og fiskur og fiskvörur um 7,1%. Það er því alveg ljóst að sá áróður sem haldið hefur verið uppi, að þessar tillögur hefðu ekki komið heimilunum til góða, hefur verið alrangur og settur fram fyrst og fremst í blekkingarskyni.

Af öðrum tillögum sem þá lágu fyrir skal minnt á að gert var ráð fyrir að samningsbundin og lögákveðin laun hækkuðu ekki til 10. apríl 1989 og sama skyldi gilda um búvöruverð. Það var gert ráð fyrir að almennt fiskverð skyldi framlengjast óbreytt til 10. apríl 1989.

Þá var í þessum tillögum þáv. hæstv. forsrh. gert ráð fyrir verðjöfnun á frystum sjávarafurðum. Stjórn frystideildar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins átti að vera heimilt að taka innlent eða erlent lán með ríkisábyrgð að fjárhæð allt að 440 millj. kr. og andvirði lánsins skyldi nota til greiðslu verðbóta vegna framleiðslu á freðfiski og hörpudiski á tímabilinu frá 1. júní sl. Sjóðsstjórn skyldi ákveða nánar hvernig að greiðslu verðbóta skyldi staðið, en taka skyldi sérstakt tillit til afkomu frystiiðnaðarins.

Þrátt fyrir ákvæði laga um Verðjöfnunarsjóð frystiiðnaðarins var gert ráð fyrir að verja um 250 millj. kr. af innstæðu á reikningi vegna skelflettrar rækju í deild fyrir frystar afurðir í Verðjöfnunarsjóði frystiiðnaðarins til endurgreiðslu til þeirra rækjuframleiðenda sem gert hefur verið að greiða í sjóðinn á tímabilinu 1. febr. 1986 til 30. sept. 1988. Skyldi fjárhæðinni skipt milli framleiðenda í hlutfalli við það sem þeim hefur verið gert að greiða í sjóðinn vegna rækjuframleiðslu á framangreindu tímabili að frádregnum verðbótum sem til falla vegna framleiðslu þeirra á sama tímabili. Sjútvrh. skyldi setja reglugerð um tilhögun endurgreiðslu samkvæmt þessari grein.

Þá var gert ráð fyrir að treysta eiginfjárstöðu fyrirtækja í þessum tillögum. Það var gert ráð fyrir að stofnaður yrði sjóður sem hefði að markmiði að treysta eiginfjárstöðu fyrirtækja í útflutnings- og samkeppnisgreinum og skyldi sjóðurinn vera sérstök deild í Byggðastofnun sem annaðist rekstur hans og hafa sérstaka stjórn. Stofnfé sjóðsins átti að verða 600 millj. kr. sem greiddist af lögbundnu framlagi ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs á árunum 1989–1990. Enn fremur skyldi sjóðnum aflað lánsheimildar allt að 400 millj. kr. á næstu tveim árum þannig að ráðstöfunarfé hans yrði 1 milljarður. Sjóðurinn skyldi lána til aukningar eigin fjár í fyrirtækjum í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu þeirra og skyldi starfsemi hans einkum lúta að meiri háttar skipulagsbreytingum og samruna fyrirtækja.

Gert var ráð fyrir að settar yrðu á fót atvinnumálanefndir í kjördæmum landsins sem skyldu vinna með sjóðsstjórn að verkefnum sjóðsins. Þá var veitt fyrirheit um það að ríkisstjórnin mundi undirbúa aðgerðir í skattamálum til að treysta eiginfjárstöðu atvinnufyrirtækja. Með ákvæðum í skattalögum yrði útflutningsfyrirtækjum gert kleift að jafna sveiflur með því að mynda eigin varasjóði til að mæta hugsanlegum áföllum. Með þessum aðgerðum var unnt að skjóta styrkari stoðum undir atvinnuvegina og dregið úr lánsfjárþörf fyrirtækja.

Í þessum tillögum var einnig fjallað um lækkun vaxta og breytingu á lánskjaravísitölu. Á því var vakin athygli að ákvörðun ríkisstjórnarinnar um verðstöðvun frá 27. ágúst hefði mjög dregið úr verðbólgu og gert fært að lækka vexti um 10–12% í byrjun septembermánaðar. Áframhald launastöðvunar til næsta vors ásamt ströngu verðlagsaðhaldi mundi gera kleift að lækka nafnvexti enn verulega á næstu mánuðum ef við tæki tímabil stöðugleika í verðlagi á næsta ári, þ.e. 1989. Þess vegna hafði ríkisstjórnin falið Seðlabankanum í samráði við viðskrn. að halda áfram viðræðum við lánastofnanir um lækkun vaxta og ef þær viðræður leiddu ekki til samkomulags um vaxtaþróun ítrekaði ríkisstjórnin samþykkt sína frá 26. ágúst sl. um beina íhlutun Seðlabankans um vaxtaákvarðanir innlánsstofnana til þess að viðunandi niðurstaða næðist. Samhliða lækkun nafnvaxta í samræmi við áframhaldandi hjöðnun verðbólgu mundi ríkisstjórnin vinna að því að meiri stöðugleiki í efnahagsmálum leiddi til lækkunar raunvaxta. Fjmrh. mundi beita sér fyrir lækkun vaxta á spariskírteinum og öðrum skuldabréfum ríkissjóðs í samningum við innlánsstofnanir og lífeyrissjóði.

Ríkisstjórnin hafði falið Seðlabankanum að stuðla að hliðstæðum breytingum á öðrum sviðum lánamarkaðarins og vinna þannig að almennri lækkun raunvaxta. Jafnframt hafði ríkisstjórnin falið Seðlabankanum að breyta grundvelli lánskjaravísitölu þannig að vísitala launa hefði sama vægi og framfærsluvísitala og vísitala byggingarkostnaðar. Með þessu var talið að leitast yrði við að draga úr misgengi launa og lánskjara samhliða því sem sparifé yrði áfram varið til verðlagsbreytinga.

Það var gert ráð fyrir að dráttarvextir skyldu framvegis reiknast sem dagvextir, en til þessa hafði verið heimilt að reikna fulla mánaðarvexti fyrir brot úr mánuði. Jafnframt skyldi Seðlabankinn reikna dráttarvexti eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Í þessum tillögum var gert ráð fyrir að gengi krónunnar yrði lækkað um 6%, en í þeirri tillögu fólst almenn aðgerð sem átti að koma ekki aðeins ákveðnum greinum sjávarútvegs til góða heldur sjávarútveginum í heild og öllum okkar útflutningsatvinnuvegum, þar á meðal okkar útflutningsiðnaði.

Síðan var yfirlýsing um að ríkisstjórnin mundi í framhaldi efnahagsaðgerðanna taka ákvarðanir um

fjárlög ársins 1989 og gert ráð fyrir að lánsfjárlög mundu einkennast af ströngu aðhaldi á erlendum lántökum og almennt stefnt að því að draga verulega saman erlendar lántökur á árinu 1989 en jafnframt að skapa heilbrigða umgjörð á þessu sviði með setningu almennra reglna.

Þessar aðgerðir, sem þáv. hæstv. forsrh. lagði til, áttu að koma í veg fyrir stöðvun undirstöðuatvinnuveganna og tryggja með því atvinnuöryggi og afkomu heimilanna. Það var gert ráð fyrir að komið yrði í veg fyrir víxlgengi verðlags og launa og grundvöllur lagður að frekari hjöðnun verðbólgu og lækkun vaxta. Með þessum aðgerðum var talið að sköpuð yrðu skilyrði til að mæta verðfalli á erlendum mörkuðum og samdrætti í afla mikilvægra fisktegunda. Jafnframt að lagður yrði grundvöllur að auknum stöðugleika og jafnvægi sem væri forsenda þess að þjóðarbúið glæddist nýjum þrótti og lífskjör almennings bötnuðu á nýjan leik.

Ég hef rakið nokkuð ítarlega þessar tillögur þáv. hæstv. forsrh. til þess að sýna fram á að þetta voru einu raunhæfu tillögurnar sem lágu á borðinu þegar þáv. ríkisstjórn fór frá, en því miður náðist ekki samkomulag um þær og þessi ríkisstjórn var mynduð. Hún var mynduð til þess að grípa til aðgerða sem allra fyrst til þess að koma til móts við þarfir atvinnulífsins, en þær aðgerðir hafa ekki enn þá séð dagsins ljós. Við erum enn næstum í sömu sporum og þess vegna ítreka ég það sem ég sagði áðan að enginn vafi er á því að um margt væri öðruvísi umhorfs í íslensku efnahagslífi, í íslensku atvinnulífi, grundvöllur okkar atvinnuvega væri mun styrkari ef þessar tillögur hefðu náð fram að ganga. Hitt er svo annað mál, og það var tekið mjög skýrt fram þegar þáv. hæstv. forsrh. Þorsteinn Pálsson lagði þessar tillögur fram að þetta væru ekki neinar óskatillögur hans né Sjálfstfl., heldur væru þetta málamiðlunartillögur þar sem reynt væri að taka tillit til mismunandi sjónarmiða beggja samstarfsflokkanna, annars vegar Framsfl. sem greinilega vildi ganga lengra, ekki síst t.d. á vegi gengislækkunarinnar, en hins vegar Alþfl. sem vildi ganga mun skemmra.

Hæstv. forsrh. rifjaði það upp í sinni frumræðu þegar hann mælti fyrir frv. að sú nefnd sem þáv. hæstv. forsrh. skipaði, nefnd fulltrúa úr atvinnulífinu, hefði gert það að tillögu sinni að farin yrði svokölluð niðurfærsluleið en um hana hefði ekki náðst pólitísk samstaða og það hefði orðið þessari ríkisstjórn að falli. Það er rétt að við nánari athugun var Sjálfstfl. ekki reiðubúinn til að fara niðurfærsluleiðina og menn hljóta að spyrja sjálfa sig að því hvernig standi á því. Niðurfærsluleiðin fól það í sér að laun yrðu lækkuð um 9% en síðan yrði verðlag lækkað um það sem lækkun launa leiddi af sér á næstu tveimur mánuðum þar á eftir.

Það var okkar skoðun við nánari athugun að niðurfærsluleiðin væri gjörsamlega óframkvæmanleg. Það lá ljóst fyrir að þessi leið mundi fela í sér mjög mikla mismunun. Það lá alveg ljóst fyrir að hluti launafólks mundi auðvitað þurfa að sæta því að laun þess yrðu skert um 9%, lækkun launa um 9%, og það var alveg ljóst að það fólk sem mundi verða fyrir skerðingu af því tagi væri lægst launaða fólkið, það væri fólkið í fiskvinnslunni, það væri lægst launaða verslunarfólkið, fólkið sem ynni hjá stórum fyrirtækjum sem aðallega greiddu bera launataxta en ekki yfirborganir af neinu tagi.

Það var jafnframt ljóst að mörg fyrirtæki mundu ekki lækka launin sem þessu næmi. Þess vegna var það okkar mat að þegar þessi mismunun kæmi í ljós, þegar t.d. fjölmiðlar færu að spyrja launþega í fyrirtækjunum hvort þeirra laun hefðu verið lækkuð og þegar stúlkan á kassanum hjá Hagkaup segði já eða þegar fiskvinnslustúlkan hjá Granda segði já eða þegar fiskvinnslustúlkan hjá Útgerðarfélagi Akureyringa segði já og síðan yrði komið í önnur fyrirtæki, minni fyrirtæki, t.d. minni verslunarfyrirtæki, heildverslanir eða minni skrifstofur og spurt hvort laun hefðu verið lækkuð um 9% og svarið yrði nei, mundi slík mismunun, þegar hún uppgötvaðist meðal launþega, verða til þess að þessi leið mundi hrynja og við yrðum verr settir en áður. Slík leið hefði haft í för með sér sennilega eitt mesta stríð á vinnumarkaðinum sem við hefðum upplifað um langan tíma. Það var þessi mismunun sem gerði það að verkum að við treystum okkur ekki til að fallast á þessa leið.

Það var líka ljóst að mikill misskilningur var úti í þjóðfélaginu um það hvað niðurfærsluleiðin raunverulega fæli í sér. Ef maður fór út á götu og spurði fólk hvað niðurfærsluleiðin fæli í sér fékk maður oftast það svar að hún fæli það í sér að laun og verðlag lækkaði. M.ö.o., fólk trúði því að lækka ætti verðlag um það sama og laun þess lækkuðu um. Því fór fjarri að svo væri í raun. Útreikningar sýndu að þegar laun áttu að lækka um 9%, þá strax, mundi verðlag lækka smám saman á næstu tveimur mánuðum um 2–3%. Ég hygg að fólk hefði ekki unað því þegar það hefði uppgötvað að sú trú sem menn stóðu í varðandi lækkun verðlags hefði á engan hátt staðist.

Þess vegna var það okkar trú að þessi leið væri ekki fær, enda kom það reyndar í ljós þegar farið var að ræða þessa tillögur nánar innan ríkisstjórnarinnar að fulltrúar bæði Alþfl. og Framsfl. voru búnir að bæta við tillögu nefndar forsrh. tillögu þess efnis að verðlag ætti að lækka jafnmikið og launin sem auðvitað var óframkvæmanlegt. Hvernig í ósköpunum á að vera hægt að lækka t.d. innflutta vöru í verði alveg óháð því hvað varan kostar erlendis? Þess vegna var það okkar eindregin niðurstaða að niðurfærsluleiðin væri ófær, enda reyndist það svo að þrátt fyrir það að bæði Framsfl. og Alþfl. hefðu innan ríkisstjórnar og í áróðrinum úti í þjóðfélaginu sagt að þeir vildu fara niðurfærsluleiðina kom það í ljós að um leið og síðasta ríkisstjórn var farin frá var ekki minnst á niðurfærsluleiðina meir og hæstv. núv. forsrh. sagði í viðtali stuttu seinna að það hefði verið afstaða Alþýðusambandsins sem hefði gert það að verkum að ekki væri unnt að fara þá leið. Það kom

reyndar í ljós að Alþýðusamband Íslands var mjög andvígt þessari leið og treysti sér ekki til þess að fara hana og let reyndar uppi þær skoðanir að hart yrði barist gegn því að fara niðurfærsluleiðina ef hún yrði reynd. Þess vegna var þessi leið ekki farin. Mér þótti sérstök ástæða til þess að skýra það í nokkuð ítarlegu máli hér vegna þess að hæstv. forsrh. gerði niðurfærsluleiðina nokkuð að umtalsefni í sinni frumræðu fyrir nokkrum kvöldum þegar hann mælti fyrir frv.

Eins og hæstv. forsrh. gat um þá, og ég hef fylgt hans ráðleggingum í þeim efnum, er ekki unnt auðvitað að ræða þetta mál öðruvísi en að ræða hin bráðabirgðalögin einnig frá því í september og þetta mál allt í heild. Þess vegna mun ég hér á eftir ræða nokkuð ítarlegar um hvor tveggja þessi bráðabirgðalög og þá stefnu eða stefnuleysi sem ríkjandi er hjá hæstv. ríkisstjórn varðandi þessi mál. Áður en ég geri það vil ég þó aðeins minnast á þá furðulegu uppákomu sem varð út af 4. gr. bráðabirgðalaganna sem hér eru til umræðu. 4. gr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Með þeim breytingum á kaupgjaldsákvæðum kjarasamninga sem kveðið er á um í lögum þessum framlengjast allir gildandi og síðast gildandi kjarasamningar til 10. apríl 1989.

Verkbönn, verkföll, þar með taldar samúðarvinnustöðvanir, eða aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi mæla fyrir um eru óheimilar."

Nú gerðist það fyrir nokkrum kvöldum hér í Ed. í síðustu viku að hæstv. forsrh. kom öllum á óvænt og sagði að ríkisstjórnin hefið ákveðið að hverfa frá 2. mgr. 4. gr. og túlkaði það í sínu máli þannig að kjarasamningar yrðu allir lausir og nú mætti ganga til samningaviðræðna um nýja samninga. Þessu fögnuðu forsvarsmenn launþegasamtaka. T.d. fagnaði formaður BSRB þessu ákaflega í útvarpsviðtali þetta sama kvöld og Ásmundur Stefánsson gerði það einnig. Síðan mættu þeir í beinni útsendingu — þær eru frægar þessar beinu útsendingar á Stöð 2 — hæstv. forsrh. og Ásmundur Stefánsson, og það var sérkennilegt að horfa á þann hátt vegna þess að það kom í ljós að Ásmundur Stefánsson var sömu skoðunar og Ögmundur Jónasson í upphafi þáttarins, að með þessari yfirlýsingu forsrh. væri ríkisstjórnin að hverfa frá fyrri áætlunum og heimila kjarasamninga þannig að þeir væru allir lausir frá og með gildistöku þessara laga. Það var sérkennilegt að horfa á það renna upp fyrir Ásmundi Stefánssyni smám saman í sjónvarpinu að hann hafði misskilið forsrh. og reyndar var ekki alveg auðvelt að sjá hvort forsrh. sjálfur áttaði sig nákvæmlega á hvað hann ætti við, en smám saman rann það upp fyrir mönnum og kom í ljós að öll launþegahreyfingin hafði misskilið yfirlýsingu forsrh. og talið að nú væri unnt að ganga til kjarasamninga og öll 4. gr. skyldi þar með falla úr gildi.

Borgfl. og Kvennalistinn höfðu flutt brtt. í Ed. þess efnis að öll 4. gr. félli úr gildi. Eftir þessa yfirlýsingu hæstv. forsrh., sem greinilega var sett fram til þess að láta menn halda annað en raun varð á, varð það niðurstaða í þingflokki okkar sjálfstæðismanna að við mundum fallast á þær tillögur sem Kvennalisti og Borgfl. höfðu flutt og við mundum greiða þeim atkvæði og þingmenn Sjálfstfl. gerðu það í Ed. Með því vildum við eyða þeirri óvissu sem upp var komin, auk þess sem þeim bráðabirgðalögum sem hér eru til umræðu hefur verið breytt það mikið af hæstv. ríkisstjórn að raunar eru forsendur þeirra að miklu leyti brostnar.

Ýmis samtök hafa látið frá sér fara ályktanir og skoðanir um þær aðgerðir ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum sem bráðabirgðalögin frá því í september kveða á um. Landssamband iðnaðarmanna hefur nú nýlega sent þingmönnum mjög ítarlega greinargerð um aðgerðir ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum og þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Fyrstu aðgerðir núv. ríkisstjórnar í efnahagsmálum, sem birtast m.a. í umræddum bráðabirgðalögum, eru annars vegar almennar aðgerðir, svo sem launastöðvun og vaxtalækkun, sem gagnast atvinnulífinu almennt og eru vissulega til þess fallnar að bæta stöðu atvinnulífsins frá því sem orðið hefði ef ekkert hefði verið aðhafst. Hins vegar hafa lögin í för með sér sértækar aðgerðir í þágu útflutningsgreina, einkum hraðfrystiiðnaðar.

Rekstrarvandi sjávarútvegs og annarra útflutningsgreina er sannarlega mjög mikill og alvarlegur. Það eitt og sér réttlætir þó ekki að ítrekað séu gerðar efnahagsráðstafanir sem mismuna atvinnuvegunum og skekkja starfsgrundvöll þeirra. Iðnaður sem framleiðir fyrir innanlandsmarkað á einnig í verulegum rekstrarerfiðleikum og hefur á flestum sviðum verið að tapa markaðshlutdeild. Þessi staðreynd hefur alls ekki farið jafnhátt og erfiðleikar útflutningsgreina og mætir litlum skilningi hjá stjórnvöldum. Kannski er þó alvarlegast að efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar geta ekki falið í sér lausn á vanda þeirra útvöldu atvinnugreina sem þeim er ætlað að hjálpa. Ástæðan er sú að þær taka lítt á því sem er grundvallarvandinn, innlendur framleiðslukostnaður er orðinn allt of hár í hlutfalli við framleiðslukostnað í samkeppnislöndunum, þannig að almennur taprekstur og/eða samdráttur er í öllum greinum útflutnings- og samkeppnisgreina.

Skuldbreytingar til þess að fjármagna tapið leysa ekki vandann til frambúðar og verðuppbætur úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins duga heldur ekki til og eiga raunar ekki heldur rétt á sér þar sem engin innstæða er fyrir þeim.

Ójafnvægi innlends og erlends framleiðslukostnaðar hefur haft í för með sér innflutningsholskeflu, rýrnandi markaðshlutdeild og versnandi afkomu íslensks iðnaðar, aukinn viðskiptahalla og óhóflega ásókn í erlent lánsfé. Þessu ójafnvægi verður ekki mætt með því einu að rykkja niður verðbólgu um stundarsakir.

Landssamband iðnaðarmanna telur m.ö.o. að efnahagsstefna núv. ríkisstjórnar eins og hún birtist í umræddum bráðabirgðalögum og öðrum ráðstöfun-

um fái ekki staðist til lengdar þótt sumar ráðstafanir hennar gætu átt rétt á sér í einhverri mynd ef grundvallarstefnan væri önnur.

Ekki verður hjá því komist að leiðrétta hlutföll innlends og erlends framleiðslukostnaðar, annaðhvort með verulegri gengislækkun eða með beinni niðurfærslu launa og verðlags. Í báðum tilvikum þyrfti jafnframt að gera víðtækar hliðarráðstafanir, ekki síst í ríkisfjármálum og peningamálum. Ef litið er á þær fjárhæðir sem um er að tefla í aðgerðum ríkisstjórnarinnar til að bæta afkomu atvinnuveganna vegur stofnun Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina langþyngst þar sem gert er ráð fyrir að sjóðurinn hafi milligöngu um skuldbreytingu á allt að 5 millj. kr. af lausaskuldum útflutningsfyrirtækja. Landssamband iðnaðarmanna hefur því haft til skoðunar áform um starfsemi þessa sjóðs með hagsmuni iðnaðarins í huga. Í því sambandi telur Landssamband iðnaðarmanna að einkum þurfi að huga að eftirfarandi tveim atriðum:

1. Verksvið sjóðsins. Samkvæmt bráðabirgðalögunum og reglugerð sjóðsins er honum eingöngu heimilt að lána eða hafa milligöngu um skuldbreytingu til fyrirtækja í útflutningsgreinum. Eins og kunnugt er hefur Landssamband iðnaðarmanna barist fyrir jöfnum starfsskilyrðum atvinnuveganna almennt og skilningi á því að engin haldbær rök eru fyrir því að mismuna atvinnuvegunum með því að gera sérstakar efnahagsráðstafanir í þágu útflutningsgreina einna, en skeyta litlu um þær atvinnugreinar sem eru gjaldeyrissparandi, þ.e. atvinnugreinar sem keppa við innflutta vöru og þjónustu. Þá hefur Landssambandið löngum bent á að skilgreining stjórnvalda á samkeppnisskilyrðum atvinnuveganna, ekki síst á hugtakinu „samkeppnisiðnaður", hefur verið allt of þröng og ekki á rökum reist.

Með nýrri tollskrá um sl. áramót varð þó einkum breyting til batnaðar á þessu sviði. Stofnun Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina yrði hins vegar afturför ef starfssvið sjóðsins verður jafnþröngt og ráðgert er. Í reynd hljóta einnig að vera veruleg vandkvæði á framkvæmd þess að binda starfsemi sjóðsins við útflutningsfyrirtækin ein þar sem það er oft talsvert matsatriði hvaða fyrirtæki geti talist útflutningsfyrirtæki. T.d. er hlutur útflutnings í heildarveltu margra iðnfyrirtækja talsvert breytilegur frá einum tíma til annars og e.t.v. ekki ávallt skýrt afmarkaður í bókhaldi þeirra. Sama á við um mörg fyrirtæki í sjávarútvegi. Landssamband iðnaðarmanna þekkir raunar dæmi þess að menn hafi fyrir löngu síðan verið farnir að búa sig undir mismunun af því tagi sem hér um ræðir og gera út á hinn nýja sjóð.

Með vísan til þess sem að framan segir leggur Landssamband iðnaðarmanna til að starfssvið Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina verði víkkað þannig að það nái a.m.k. til alls samkeppnisiðnaðar auk útflutningsgreina.

2. Gagnsemi sjóðsins fyrir kröfuhafa. Fyrr á þessu ári beitti þáv. ríkisstjórn sér fyrir skuldbreytingu lausaskulda atvinnufyrirtækja en upphaflegar tillögur um reglur við úthlutun heimilda voru iðnaðinum mjög í óhag. Viðskiptaráðherra beitti sér þá fyrir að mál iðnfyrirtækja sem óskuðu eftir skuldbreytingu yrðu síðar tekin fyrir hvert og eitt þannig að þau yrðu ekki að mestu afskipt í þessum efnum. Þrátt fyrir þessa lagfæringu hafði skuldbreytingin þá, eins og oft áður, þann alvarlega ágalla að skuldbreytingin náði fyrst og fremst til krafna banka og lánastofnana. Kröfur iðnfyrirtækja sem selja fyrirtækjum í sjávarútvegi vöru og þjónustu urðu hins vegar algerlega út undan, en þessar kröfur nema verulegum fjárhæðum, sbr. meðfylgjandi upplýsingar úr könnun Landssambandsins.

Í ljósi þess mikla vanda sem mjög háar útistandandi viðskiptakröfur hafa skapað hjá hlutaðeigandi iðnfyrirtæki er skiljanlegt að ýmis þeirra hafa litið vonaraugum til Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina. Að óbreyttum lögum virðist gagnsemi sjóðsins fyrir þessa aðila ætla að verða mun minni en í fyrstu mátti ætla.

Að undanförnu hefur ýmsum þjónustufyrirtækjum sjávarútvegs verið boðin greiðsla með skuldabréfum sjóðsins. Hafa sum þeirra snúið sér til Landssambands iðnaðarmanna og bent á að erfitt muni verða að selja bréf þessi á verðbréfamarkaði nema með verulegum afföllum. Skýringin er annars vegar sú að vextir bréfanna eru lágir miðað við markaðsvexti og hins vegar að þau eru ekki talin fyllilega tryggð þar sem talið er að þeim fylgi ekki ríkisábyrgð. Telja fyrirtækin að ef svo fer fram sem horfir sé verið að velta vanda útflutningsfyrirtækjanna yfir á þjónustufyrirtækin þar sem verið sé að bjóða upp á greiðslu á hluta skuldarinnar eða að þjónustufyrirtækin verði þvinguð til að lána í lengri tíma með því að eiga bréfin til gjalddaga í þeirri von að þau verði þá að fullu greidd. Slík þjónusta hlýtur fremur að teljast á sviði lánastofnana en iðnfyrirtækja.

Að öllu samanlögðu telur Landssamband iðnaðarmanna því mjög óvíst að starfsemi sjóðsins muni, eins og hún er fyrirhuguð, geta komið að því gagni sem að er stefnt. Verði ekki gerð breyting á bráðabirgðalögunum í meðferð Alþingis, fela aðgerðirnar, þegar á heildina er litið, í sér verulega mismunun á milli atvinnugreina og röskun á starfs- og samkeppnisskilyrðum þeirra."

Hér lýkur lestri á þessari greinargerð frá Landssambandi iðnaðarmanna, en undir hana rita forseti Landssambands iðnaðarmanna, Haraldur Sumarliðason, og framkvæmdastjórinn, Þórleifur Jónsson.

Landssamband iðnaðarmanna hefur látið fleira fara frá sér í sambandi við efnahagsstefnu núv. hæstv. ríkisstjórnar. Í blaðinu Iðnaðurinn, 6. tbl. 1988, er gerð grein fyrir þessari stefnu og afstöðu Landssambands iðnaðarmanna til hennar í ritstjórnargrein þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Miklar sveiflur í fjármunamyndun og við verklegar framkvæmdir hafa lengi verið vandamál á

Íslandi. Opinber hagstjórn hefur allt of oft magnað þessar sveiflur, bæði toppa og lægðir. Sú virðist einnig ætla að verða raunin nú því nú, þegar fjárfestingar eru þegar farnar að dragast saman um allt atvinnulífið, hefur ríkisstjórnin á prjónunum ýmsar ráðstafanir í skatta- og ríkisfjármálum sem miða að enn frekari samdrætti í fjárfestingum.

Í þessu sambandi er rétt að benda á að sú skoðun sem margir hafa haldið á lofti, að offjárfesting hafi verið ein helsta undirrót þenslunnar á undanförnum missirum, er ekki á rökum reist. Vissulega má benda á ýmsar óarðbærar fjárfestingar og þeim þarf að sjálfsögðu að fækka í framtíðinni. Staðreyndin er hins vegar sú að samkvæmt opinberum áætlunum verður hlutfall fjármunamyndunar af landsframleiðslu á þessu ári 17,7% og 17,2% á því næsta eða lægra en verið hefur áratugum saman. Sérstakar hagstjórnaraðgerðir til þess að draga enn úr fjármunamyndun gætu því naumast talist brýnar.

Öðru máli gegnir um annan af þrem höfuðflokkum útgjalda þjóðarinnar, ríkisútgjöldin. Þar hefur þenslan verið óstöðvandi og sífelldar skattahækkanir alls ekki náð að minnka hallarekstur. Þróun ríkisfjármála er orðin óhugnanleg, skattkerfisbreytingin um sl. áramót, sem var skynsamleg í sjálfu sér, var ekki síst gerð undir því yfirskini að ná jöfnuði í ríkisfjármálum. Breytingin náði vissulega að skila ríkissjóði meiri tekjum. Þannig er t.d. talið að staðgreiðslukerfið eitt og sér muni skila ríkissjóði heilum milljarði kr. aukalega á þessu ári vegna bættrar innheimtu. Einnig hafa tekjur af söluskatti að sjálfsögðu stóraukist eftir að undanþágur á matvæli og þjónustu voru afnumdar. En auknar skatttekjur segja ekkert í hítina. Bilið milli tekna og útgjalda ríkissjóðs fer vaxandi þrátt fyrir það.

Í ljósi þessarar reynslu hlýtur það að vera alvarlegt íhugunarefni hvort stefnan í ríkisfjármálum ætti ekki fyrst og fremst að miðast við það að draga úr sköttum, jafnvel þótt það leiddi til tímabundins hallareksturs á ríkissjóði. Það að hafa jöfnuð í ríkisbúskapnum fyrst og fremst að leiðarljósi, eins og margir síðustu fjármálaráðherrar hafa gert, getur leitt til þess að báknið vaxi í hið óendanlega ef jöfnuði er eingöngu náð með skattlagningu. Forráðamenn ríkisins hafa nú uppgötvað að góðærinu er að ljúka og virðast hafa einna mestar áhyggjur af því að dregið geti úr þeirri innflutningsholskeflu sem verið hefur og þá missi ríkissjóður eitthvað af tekjum sínum. Ekki stendur á viðbrögðunum. Þeir ætla sér að skattleggja kreppuna og jafna bilið með því. Hjá samkeppnisiðnaðinum lauk undangengnu góðæri í raun þegar fyrri ríkisstjórnir ákváðu að taka upp fastgengisstefnu án þess að hafa að öðru leyti efnahagsstefnu sem gerði hana mögulega. Þá hefði þurft að draga verulega úr útgjöldum ríkissjóðs en það var ekki gert. Það er kaldhæðnislegt að nú þegar ríkissjóður er loks farinn að finna fyrir samdrætti á að skattleggja kreppuna sem iðnaðurinn hefur búið við alllengi.

Ekki skal hirt um að tíunda öll þau fjölmörgu nýju skattlagningaráform sem er að finna í fjárlagafrv., en eitt það versta er að ráðgert er að hækka vörugjald og leggja það á nýja vöruflokka, þar á meðal á vörur sem framleiddar eru hér á landi. Virðist ekki duga til að fyrri ríkisstjórnum hefur ítrekað verið komið í skilning um að vörugjald er meingallað skattform fyrir iðnaðinn og skerðir samkeppnisstöðu hans gagnvart erlendum aðilum. Við þann samdrátt og erfiðleika sem nú blasa við í efnahagsmálum og einnig með tilliti til þeirrar gífurlegu kröfu sem fast gengi í verðbólgu gerir til atvinnulífsins um hagræðingu og framleiðniaukningu til að standast samkeppni er nauðsynlegra en ella að ríkisvaldið hvetji til og styðji við hagræðingu, vöruþróun og markaðssókn í atvinnulífinu almennt en ekki aðeins í útflutningsgreinum. Fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar gengur því miður í öfuga átt."

Þetta er boðskapur sem alþingismönnum hefur verið sendur frá Landssambandi iðnaðarmanna en þingmenn hafa allir fengið þetta blað, Iðnaðurinn, sem landssambandið gefur út. En þetta var úr ritstjórnargrein þess blaðs.

Við höfum líka fengið frá ýmsum öðrum aðilum boðskap sem er ekki ólíkur þessum. Þannig höfum við þingmenn fengið sent ritið Á döfinni sem gefið er út af Félagi ísl. iðnrekenda þar sem fjallað er um málefni íslensks iðnaðar og þar segir í ritstjórnargrein, með leyfi hæstv. forseta:

„Í fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1989 eru boðaðar miklar skattahækkanir. Þar má nefna hækkun á tekjuskatti einstaklinga og félaga, hækkun á eignarskatti og hækkun á vörugjaldi, auk hækkunar á ýmsum öðrum sköttum. Fjárlagafrv. er í raun yfirlýsing um það að ekki verði dregið úr ríkisútgjöldum og halli á ríkissjóði verði því jafnaður með hækkun skatta. Þetta kemur reyndar ekki á óvart þar sem ríkisútgjöld hafa vaxið jafnt og þétt undanfarin ár og áratugi. Þessi vöxtur ríkisútgjalda verður ekki stöðvaður með yfirlýsingum í fjárlagafrv., heldur aðeins með víðtækum breytingum á stærstu útgjaldakerfum ríkisins og skipulegu eftirliti með ríkisútgjöldum. Þetta kallar á lagasetningu og annan undirbúning sem ekki örlar á.

Ef þessari þróun ríkisútgjalda verður ekki snúið við á næstunni þá stöndum við frammi fyrir ört vaxandi skattbyrði á næstu árum. Hækkun skatta lendir fyrst og fremst á atvinnurekstrinum, annaðhvort með beinum eða óbeinum hætti. Þetta á beint við um tekjuskatt félaga en einnig óbeint t.d. um vörugjald. Álagning vörugjalds veldur mismunun milli atvinnugreina og gengur þvert á þá stefnu að skattlagning eigi að vera almenn. Fyrirhugaðar skattahækkanir munu veikja samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja gagnvart erlendum keppinautum á sama tíma og talað er um nauðsyn þess að laga íslenskt efnahagslíf að þeirri breytingu sem er að verða í Evrópu og reyndar víðar. Skattastefna ríkisstjórnarinnar gengur þvert á þetta.

Ríkisstjórnin hefur einnig lagt fram þjóðhagsáætl-

un fyrir árið 1989. Þar kemur einungis fram sú stefna sem ríkisstjórnin markaði þegar hún var mynduð, en um þá stefnu ályktaði stjórn Félags íslenskra iðnrekenda m.a.:

„Í tilefni af efnahagsaðgerðum nýrrar ríkisstjórnar [þ.e. þeim efnahagsaðgerðum sem birtast í þeim bráðabirgðalögum sem einnig eru hér á dagskrá þessa fundar] vill stjórn Félags íslenskra iðnrekenda ítreka fyrri mótmæli sín gegn hvers konar millifærslu og styrkjakerfi fyrir einstakar greinar útflutningsframleiðslunnar. Þessar aðgerðir mismuna atvinnugreinum en leysa engan vanda eins og reynslan frá fyrri árum ber glöggt vitni um. Þetta er einungis margreynd gengisfölsunarleið sem ávallt hefur magnað taprekstur í útflutnings- og samkeppnisgreinum samhliða auknum halla ríkissjóðs og miklum viðskiptahalla.

Niðurstaða þjóðhagsspár fyrir næsta ár er sú að landsframleiðslan dragist saman um rúmlega 1½% í kjölfar svipaðs samdráttar á þessu ári. Þetta eru nánast sömu niðurstöður og settar voru fram í þjóðhagsspá Félags íslenskra iðnrekenda um mitt þetta ár. Nú bendir hins vegar allt til þess að samdráttur á næsta ári verði meiri. Afkoma útflutnings- og samkeppnisgreina verður mun lakari á þessu ári en vonir stóðu til eftir mitt ár, enda hefur nánast ekkert verið gert af opinberri hálfu til að bæta samkeppnisstöðu atvinnuveganna. Þar stefnir allt í óefni.

Verkefni stjórnvalda á næstu dögum er í rauninni aðeins eitt: að bæta verulega samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs gagnvart erlendum keppinautum. Það verður ekki gert með millifærslukerfi og því síður með skuldbreytingum. Samkeppnisstaðan ræðst fyrst og fremst af raungengi krónunnar og það er einfaldlega allt of hátt um þessar mundir."

Hér lýkur tilvitnun í ritstjórnargrein blaðsins Á döfinni sem Félag íslenskra iðnrekenda gefur út.

En fleiri aðilar láta í sér heyra og senda okkur þingmönnum sinn boðskap. Annað rit sem við þingmenn höfum fengið nú nýlega í hendur er ritið Af vettvangi sem er fréttablað Vinnuveitendasambands Íslands. Þar er ritstjórnargrein sem fjallar um þá efnahagsstefnu sem boðuð er í þeim frumvörpum sem við höfum hér til meðferðar og þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Af opinberum umræðum síðustu daga mætti helst ráða að vandi efnahagslífsins felist í minnkandi innflutningi og minni veltu því þetta valdi halla á ríkissjóði. Við þessum vanda þurfi að bregðast með enn meiri skattahækkunum en áður var áformað því lækkandi gjaldstofn verði best meðhöndlaður með hærri hundraðshluta því ríkið þarf sitt og engar refjar.

Í efnahagsyfirliti því sem birtist í þessu blaði og unnið er af hagdeild VSÍ kemur fram að verðmæti sjávarvöruframleiðslu mun dragast saman um tæp 3% á þessu ári og að líkindum um 6% til viðbótar á næsta ári. Þjóðartekjurnar minnka á þessu ári um 3–4% og 5% til viðbótar á næsta ári. Kaupmáttur hefur lækkað lítillega frá fyrra ári, en hefur þó hækkað um þriðjung á síðustu fjórum árum.

Neysla þjóðarinnar hefur aukist um fjórðung síðustu fjögur ár og nú er svo komið að atvinnulífið riðar til falls. Fjöldi fyrirtækja hefur hætt starfsemi og önnur fækkað starfsmönnum og dregið úr vinnutíma. Útflutnings- og samkeppnisgreinar eru reknar með tapi og sumar með tímabundnum styrkjum og niðurstaða efnahagsstarfsemi ársins er rúmlega milljarðs skuld í útlöndum. Við þessar aðstæður hefur ríkisstjórnin lagt fram efnahagsboðskap fyrir næsta ár sem miðar að enn auknum útgjöldum ríkissjóðs, óskilgreindum skattahækkunum og óbreyttu gengi íslensku krónunnar. Þessu fylgja frekari lán og enn skal kreppt að peningalegum sparnaði landsmanna sem rétt hefur úr kútnum á þessum áratug eftir hrun á þeim síðasta. Þessi stefna byggir annars vegar á þeim harða skóla óheftrar markaðshyggju að sterkustu fyrirtækin muni lifa en hins vegar á þeirri kennisetningu að stjórnmálamenn séu best til þess færir að meta hvaða fyrirtækjum sé rétt að veita fyrirgreiðslu og tryggja líf. Markaðshyggjan grisji skóginn en miðstýringin planti út.

Þessi stefna getur ekki leyst vanda íslensks efnahagslífs. Hún horfir fram hjá þeim veruleika að þjóðin öll hefur eytt meiru en aflað er. Hún hefur látið berast stjórnlítið á bylgjufaldi tímabundins góðæris sem steytt hefur á skeri. Undirstaðan er horfin. Því lengur sem menn neita að horfast í augu við þessa staðreynd, þeim mun dýpri verður öldudalurinn og örðugra um uppbyggingu á ný.

Efnahagsvandi á borð við þann sem nú knýr dyra er ekkert nýtt. Valkostirnir eru jafnsvipaðir. Kjósa menn að varðveita kaupmátt velmektardaganna þýðir það í reynd ekkert annað en aukið atvinnuleysi. Færri skipta og kaupmáttur þeirra sem eru án vinnu reiknast ekki með. Þessari lausn hefur lengst af verið hafnað því að hún býður annars vegar heim ójafnari skiptingu byrðanna meðal þjóðfélagsþegnanna en ella væri og grefur auk þess heldur undan innlendri framleiðslu af öllu tagi.

Hagdeild VSÍ áætlar t.d. að ef boðaðri stefnu ríkisstjórnar væri fylgt fram í öllum greinum, þá þýddi það a.m.k. 10% samdrátt innlendrar iðnaðarframleiðslu, mikla byggðaröskun og minni útflutningsframleiðslu. Landsframleiðslan mundi dragast verulega saman og atvinnuleysi yrði á síðari helmingi ársins allt að 6000 manns. Þessi stefna fær því ekki staðist. Ekkert getur komið í stað þess að viðurkenna orðinn hlut og horfast í augu við það að gengi íslensku krónunnar verður að færa á nýjan grundvöll. Því fylgja að sjálfsögðu erfiðleikar en hverfandi miðað við alla aðra skyndikosti þegar til lengri tíma er litið. Verðbólga eykst tímabundið og lán hækka, en lánin á ekki að greiða af einni ársveltu fyrirtækjanna heldur mörgum. Með þessum hætti einum er unnt að skapa nýjan rekstrargrundvöll og leggja grunn að jafnvægi í hagkerfi okkar og áframhaldandi uppbyggingu.

Horfur í sjávarútvegi benda eindregið til þess að í hönd fari a.m.k. þriggja ára samdráttarskeið svo

takmarka verði sókn í flesta nytjastofna frá því sem verið hefur. Því eru horfur á að lægð verði í eftirspurn eftir vinnuafli á næstu missirum samtímis því að fátt teiknar til þess að grundvöllur verði að bæta enn kjör frá því sem þau verða á næsta ári.

Í þessum aðstæðum felst jafnt takmörkun og tækifæri. Síðustu missiri hefur verið vandséð hvernig íslenskur vinnumarkaður gæti tekist á við stór verkefni á borð við frekari uppbyggingu orkufreks iðnaðar. Aðstæður eru nú aðrar og svo virðist að samstarfsaðilar séu nú fáanlegir til að ráðast í slíkar framkvæmdir. Því er mikilvægt að frekari uppbygging orkufreks iðnaðar verði ekki tafin eða torvelduð því að á næstu missirum virðist fátt annað geta bætt upp fyrirsjáanlegan samdrátt sjávarafla.

Það er þörf á nýjum grundvelli, raunsæi og framkvæmdahug ef takast á að halda lífskjörum á Íslandi á við það sem best gerist með öðrum þjóðum til langrar framtíðar."

Þetta var það sem segir í Fréttablaði Vinnuveitendasambands Íslands Af vettvangi um þá efnahagsstefnu sem þessi hæstv. ríkisstjórn fylgir.

Því má enn fremur bæta við að í fréttum í kvöld, bæði í sjónvarpi og öðrum fjölmiðlum, í hljóðvarpi, var greint frá fundi sem Verslunarráð Íslands hélt í morgun þar sem ýmsir sérfræðingar héldu erindi um efnahagsstefnu núv. ríkisstjórnar, þ.e. einkum þann þátt sem snýr að ríkisfjármálunum, aukinni skattheimtu og hvernig útlitið væri fyrir atvinnuvegina í ljósi þessarar skattheimtu. Það virðist eftir fréttum að dæma, ég var því miður ekki á þessum fundi, hafa verið eindregin skoðun þeirra sem þar töluðu að sú mikla skattheimta, sem nú er boðuð, af atvinnurekstri í landinu geti ekki haft aðrar afleiðingar en þær að samdráttur verði hjá fyrirtækjum. Fyrirtæki verði annaðhvort að velta þessum auknu sköttum út í verðlagið, og þar með hækka verð, rýra kaupmátt og draga úr lífskjörum almennings, eða þá að draga úr launagreiðslum annaðhvort með uppsögnum starfsfólks eða að draga úr kaupgreiðslum á annan hátt, t.d. með minnkun yfirvinnu eða draga úr yfirborgunum. Það er því eiginlega sama hvar borið er niður varðandi þá efnahagsstefnu sem þessi hæstv. ríkisstjórn fylgir, hún mætir alls staðar andstöðu í þjóðfélaginu. Ekki er launþegahreyfingin hrifin af því sem er að gerast nú á hv. Alþingi eins og glöggt hefur komið fram annars staðar.

Því miður virðist þessi hæstv. ríkisstjórn ekki ætla að bera gæfu til að grípa á vandamálum íslensks efnahagslífs og íslensks atvinnulífs á þann hátt sem dugir til þess að koma því á réttan kjöl. Við þurfum umfram allt á því að halda að sem fyrst — og það þolir enga bið frekar en það þoldi bið þegar þessi ríkisstjórn var mynduð — að grípa til almennra efnahagsaðgerða sem treysti grundvöll íslensks atvinnulífs og þau frumvörp sem við höfum verið með til umræðu og meðferðar á Alþingi nú og undanfarna daga eru síst til þess fallin.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Efnahagsaðgerðir, 2. umr.

Stjfrv., 8. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 246, n. 293 og 303, brtt. 294, 297, 298, 301, 302.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á þskj. 293 er prentað nál. frá meiri hl. fjh.- og viðskn. Þar segir:

„Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og kvaddi á sinn fund Ásmund Stefánsson, Örn Friðriksson og Láru V. Júlíusdóttur frá ASÍ, Þórarin Þórarinsson frá VSÍ og Vilhjálm Egilsson frá Verslunarráði Íslands.

Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 246 með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali."

Síðan eru í örstuttu máli taldar upp meginbreytingarnar, þ.e. í fyrsta lagi er þremur mönnum bætt við í stjórn Atvinnutryggingarsjóðs, við Byggðastofnun verður komið á fót hlutafjársjóði með sjálfstæðum fjárhag og sérstakri stjórn. Atvinnutryggingardeild verður stofnuð við Byggðastofnun og tekur hún við eignum og skuldbindingum Atvinnutryggingarsjóðs á stofndegi og Atvinnutryggingarsjóði verða tryggð viðbótarframlög eftir mitt ár 1990 í hlutfalli við endurgreiðslur lána sem Atvinnutryggingarsjóður hefur veitt.

Að þessu nál. standa Árni Gunnarsson, Guðmundur G. Þórarinsson, Ragnar Arnalds og Páll Pétursson.

Ég mun, herra forseti, gera í örstuttu máli aðeins nánari grein fyrir þessum brtt. sem við flytjum á þskj. 294.

Eins og mönnum er kunnugt eru nú fimm menn í stjórn Atvinnutryggingarsjóðs, en við leggjum til að þar verði fjölgað þannig að sjóðsstjórnin sé skipuð átta mönnum og þessir þrír sem til viðbótar koma verði skipaðir að höfðu samráði við formenn þingflokka. Það er að ýmsu leyti mjög æskilegt að stjórnarandstaða komi að stjórn sjóðsins og eðlilegt til að eyða tortryggni og skapa ró um sjóðinn að svo sé. Ég treysti því að formenn þingflokka treysti sér til að taka þátt í vali þessara manna.

Fjmrh., iðnrh., sjútvrh. og viðskrh. tilnefna hver um sig einn stjórnarmann. — Þessi þingflokksfundur hjá sjálfstæðismönnum er að vísu nokkuð skemmtilegur, og ef þeir gætu leyst einhver vandamál sín á milli þá væri það vel þess virði að doka hér aðeins við. (**Gripið fram í:** Þeir eru að leysa það.) Mér þykir vænt um að heyra að vandamálin eru leyst. — En hér er lagt til að ríkissjóður ábyrgist að eftir 1. júlí 1990 renni til Atvinnuleysistryggingasjóðs auk reglulegra framlaga 1/10 hluti af endurgreiðslum lána sem Atvinnutryggingarsjóður hefur veitt þar til 600 millj. kr. er náð.

Þá er hér nýmæli að lagt er til að við Byggðastofn-

un skuli starfa hlutafjársjóður. Hann skal afla fjár með sölu hlutdeildarskírteina og skal ríkissjóður tryggja verðbætt nafnvirði þeirra án vaxta fyrir allt að 600 millj. kr. Hlutafjársjóður Byggðastofnunar skal hafa sjálfstæðan fjárhag og lúta stjórn þriggja manna sem skipaðir eru af forsrh.

Hlutafjársjóði Byggðastofnunar er heimilt að kaupa hlutabréf í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja og það er raunar verkefni þessa sjóðs. Ríkissjóður getur einnig selt hlutafjársjóðnum hlutafjáreign sína í fyrirtækjum ef ástæða þykir til.

Hlutabréf sem sjóðurinn kann að eignast skulu boðin til sölu eigi síðar en fjórum árum eftir að þau eru keypt og skal starfsfólk og aðrir eigendur fyrirtækis sem í hlut á njóta forkaupsréttar.

Hlutdeildarskírteini í hlutafjársjóðnum skulu ætíð skráð á nafn og geta gengið kaupum og sölum. Hlutafjársjóðnum skal tilkynnt um eigendaskipti á hlutdeildarskírteinum. Hlutafjársjóðurinn skal gefa reglulega út gengi á hlutdeildarskírteinum.

Ég hygg að með þessu sé brotið upp á merku nýmæli sem gæti reynst merkilegt og heilladrjúgt í atvinnulífi Íslendinga, sérstaklega þegar við erfiðleika er að etja.

Þá er í 12. gr. lagt til að stofnuð verði hinn 1. jan. 1991 atvinnutryggingardeild við Byggðastofnun sem hafi það markmið að treysta fjárhagsstöðu fyrirtækja í útflutnings- og samkeppnisgreinum í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu, meiri háttar skipulagsbreytingar, samruna fyrirtækja og annað það sem til hagræðingar horfir. Deildin skal hafa sjálfstæðan fjárhag og tekur hún á stofndegi við eignum og skuldbindingum Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina og þá hættir að sjálfsögðu stjórn Atvinnutryggingarsjóðs störfum. Það er eðlilegt að ganga frá því með einhverjum hætti hver framvindan verði til lengri tíma. Atvinnutryggingarsjóður var hugsaður sem bráðabirgðaráðstöfun í vandræðaástandi og það er eðlilegt að gengið sé frá því með hverjum hætti málinu verði lokið.

Ég mun ekki að svo komnu máli orðlengja þetta meira, herra forseti. Álit meiri hl. fjh.- og viðskn. deildarinnar er sem sagt það að það beri að samþykkja þetta frv. með þeim breytingum sem við leggjum til á þskj. 294.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti minni hl. hv. fjh.- og viðskn. Minni hl. sendi frá sér stutt nál. sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Meiri hl. nefndarinnar ákvað að afgreiða frv. þetta með brtt. út úr nefndinni með slíkum hraða að minni hl. gafst hvorki tóm til að kynna sér tillögurnar að nokkru marki né ræða þær við hagsmunaaðila. Minni hl. getur við þessar aðstæður ekki annað en lýst andstöðu við þessi vinnubrögð og málatilbúnað og mun flytja brtt. á sérstökum þskj.“

Undir þetta rita auk mín Ingi Björn Albertsson og Kristín Halldórsdóttir.

Þetta er sem sagt, herra forseti, sameiginlegt nál. Borgfl., Kvennalista og Sjálfstfl. og við flytjum brtt. á einu þskj. sameiginlega, þskj. 297, auk þess sem við hv. þm. Kristín Halldórsdóttir flytjum aðrar brtt. á þskj. 298.

Það kom fram í umræðum um þingsköp í dag að mikil skemmri skírn hefði verið á afgreiðslu þeirra brtt. sem meiri hl. nefndarinnar ákvað að gera að sínum. En þannig var að nefndarmenn fjölluðu um þetta frv. eins og það lá fyrir frá Ed., áttu viðræður við aðila vinnumarkaðarins um það á nefndarfundi í morgun, en síðan bárust frá hinum svokölluðu æðri máttarvöldum í stjórnarsamstarfinu boð um að nú yrði að gera breytingar á frv. og gera hlé á störfum nefndarinnar meðan beðið væri eftir þeim.

Þegar því hléi lauk, þá bárust á blöðum einhverjar hugmyndir sem kom síðan á daginn að ekki var hægt að nota. Þegar búið var að endursenda þær og fá nýjar hugmyndir, þá ákvað meiri hl. að drífa þetta bara út úr nefndinni við svo búið án þess að gefa okkur í minni hl. neinn sérstakan kost á að kynna okkur þetta. Síðan munu meirihlutamenn reyndar hafa breytt áliti sínu enn seinni part dagsins og grunar marga að hér liggi nú einhvers staðar a.m.k. fiskur undir steini ef ekki einhver atkvæði hér í þinginu miðað við það hvernig þetta mál er allt í pottinn búið.

Ég ætla ekki að gera neinar athugasemdir við málflutning frsm. meiri hl. en mig langar til þess að fara hér aðeins yfir þær brtt. sem við flytjum í minni hlutanum.

Þar er þá frá að segja, herra forseti, að á þskj. 297 gerum við í fyrsta lagi tillögu um að 1. gr. breytist og 3. mgr. hennar orðist svo, með leyfi forseta:

„Lán skv. 1. mgr. þessarar greinar skal undanþegin stimpilgjaldi. Skal það endurgreitt á þremur árum með greiðslum úr ríkissjóði.“

Í öðru lagi gerum við tillögu um að í stað 3.–9. gr. komi fimm nýjar greinar og leysi þar með af hólmi ákvæðin um hinn svonefnda Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina, öðru nafni Stefánssjóð. En tillaga okkar um hinar fimm nýju greinar er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„a. Stofna skal rekstrardeild við Byggðastofnun sem hafi það að markmiði að treysta fjárhagsstöðu fyrirtækja í útflutnings- og samkeppnisgreinum í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu, meiri háttar skipulagsbreytingar og samruna fyrirtækja og annað það sem til hagræðingar horfir.

Deildin skal hafa sjálfstæðan fjárhag.

b. Stofnfé deildarinnar skal vera 1000 millj. kr. Skal ríkissjóður leggja sjóðnum til 400 millj. kr. á árunum 1989 og 1990, en 600 millj. kr. aflað með innlendu lánsfé er endurgreiðist úr ríkissjóði.

Deildinni er heimilt að taka lán hjá Seðlabanka Íslands eða fyrir milligöngu hans að fjárhæð allt að 1000 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í

erlendri mynt. Fjmrh. er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu láns þessa.

Rekstrardeild Byggðastofnunar tekur við eignum og skuldbindingum Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina.

c. Rekstrardeild er heimilt að hafa milligöngu um skuldbreytingu á allt að 5000 millj. kr. af lausaskuldum útflutnings- og samkeppnisgreina. Í því skyni er deildinni heimilt að taka við skuldabréfum frá fyrirtækjum í útflutnings- og samkeppnisgreinum og gefa út skuldabréf til lánardrottna þeirra.

d. Rekstrardeild skal undanþegin öllum opinberum gjöldum, hverju nafni sem þau nefnast. Öll skjöl viðvíkjandi lánum sem deildin veitir eða tekur skulu undanþegin stimpilgjaldi.

e. Forsætisráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd 3.–6. gr. laga þessara."

Hér er sem sagt um það að tefla, herra forseti, að í stað þess að stofna hér sérstakan Atvinnutryggingarsjóð komi sérstök rekstrardeild við Byggðastofnun í þeim tilgangi að efla eiginfjárstöðu fyrirtækja í útflutnings- og samkeppnisgreinum sem yrði sérstök deild við Byggðastofnun en ekki sérstök stofnun við hliðina á Byggðastofnun.

Síðan, herra forseti, gerum við hv. þm. Kristín Halldórsdóttir tvær viðbótartillögur á þskj. 298. Þær eru svohljóðandi:

„1. Á eftir 9. gr. komi tvær nýjar greinar er orðist svo:

a. Stofna skal hlutafjársjóð við Byggðastofnun. Skal hann afla tekna með sölu aðildarbréfa og skal ríkissjóður tryggja verðbætt nafnvirði þeirra án vaxta fyrir allt að 600 millj. kr.

Hlutafjársjóður skal hafa sjálfstæðan fjárhag.

b. Hlutafjársjóður skal kaupa hlutabréf í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja. Hlutabréfin skulu boðin til sölu eigi síðar en fjórum árum eftir að þau eru keypt og skal starfsfólk fyrirtækis eða fyrirtækið njóta forkaupsréttar.

Aðildarbréf skulu ætíð skráð á nafn og geta gengið kaupum og sölum.

Hlutafjársjóði skal tilkynnt um eigendaskipti aðildarbréfa.

Hlutafjársjóður gefur reglulega út gengi á aðildarbréfum."

Hin brtt. á þskj. 298 er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„2. Á undan 10. gr. komi ný grein svohljóðandi:

Í hverju kjördæmi landsins skal starfa atvinnumálanefnd. Hver atvinnumálanefnd skal skipuð fimm fulltrúum, tveimur tilnefndum af Alþýðusambandi Íslands, tveimur af Vinnuveitendasambandi Íslands og formanni tilnefndum af ríkisstjórninni. Atvinnumálanefndir skulu fylgjast með atvinnuástandi og þróun atvinnumála á starfssviði sínu og vera stjórn Byggðastofnunar til ráðuneytis um verkefni sjóðsins."

Þetta eru þær tillögur sem við í minni hl. höfum flutt við frv. og þær eru samhljóða tillögum sem minnihlutaflokkarnir stóðu að í hv. Ed.

Nú er kannski ekki ástæða til þess, herra forseti, að hafa miklu lengra mál um þetta, en fyrst umræða um þetta er hafin og ég hef ekki áður tekið til máls um þetta mál langar mig til þess að vekja athygli á því að í 10. gr. frv. er gert ráð fyrir því að greiða skuli sérstakt gjald af loðnu og öðrum bræðslufiski sem fluttur er óunninn til vinnslu erlendis. Nú skal ég ekki gera mikinn efniságreining um þetta, en ég vil benda á að slíkt framsal á gjaldtöku, eins og hér er um að ræða, er mjög vafasamt. Því hér segir, með leyfi forseta, að gjaldið skuli ákveðið sem tiltekin fjárhæð á hvert tonn bræðslufisks og það sé sjútvrh. sem skuli að fenginni umsögn stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins ákveða með reglugerð fjárhæð gjaldsins til þriggja mánaða í senn.

Það sem ég vil vekja athygli á, herra forseti, í sambandi við þetta er það að tvívegis hafa fallið dómar í Hæstarétti sem kveða á um að slíkt framsal skattlagningarvaldsins í hendur ráðherra eða framkvæmdarvalds sé óheimilt. Það gengu tveir dómar um þetta í Hæstarétti á árinu 1985, ef ég man rétt, frekar en 1986, annar um þungaskatt og hinn um svonefnt búnaðarmálasjóðsgjald. Báðir þessir dómar staðfesta að það er óheimilt að framselja skattlagningu með þessum hætti þar sem ráðherrar skuli að fenginni umsögn hinna eða þessara aðila ákveða með reglugerð fjárhæð gjalds.

Það er eins og þeir háu herrar sem stjórna þessu landi fylgist ekkert með því sem gerist hjá dómstólunum. Ég hélt að það væru nógu margir lögfræðingar starfandi í Stjórnarráðinu, að menn gætu nú hent reiður á því hvernig svona mál hafa gengið fyrir dómi og þurfi ekki að láta það henda sig á nýjan leik að fá slíka gjaldtöku dæmda ólöglega.

Ég verð að lýsa furðu minni á því að það skuli ekki vera tekið tillit til dóma sem þessara, að þeir skuli látnir sem vindur um eyru þjóta hjá hæstv. ríkisstjórn. Það er engu líkara en að þetta verk, þetta frv., þessi bráðabirgðalög sem hér liggja fyrir í frumvarpsformi, séu svo hroðvirknislega unnin að þau hafi ekki verið borin undir ýmsa þá ágætu lögfræðinga sem í Stjórnarráðinu starfa og fylgjast með þessum málum, hafa jafnvel atvinnu af því að flytja þau fyrir dómstólum og hafa haft á árum áður. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að nefna þetta og gagnrýna þetta þó að þetta sé kannski ekki eitt af þeim stóru pólitísku atriðum sem menn hafa deilt á í sambandi við þetta frv.

Ég ætla síðan ekki, herra forseti, að lengja þetta frekar. Ég hef gert grein fyrir brtt. sem ég og aðrir minnihlutamenn í nefndinni standa að. Ef þær ná ekki fram að ganga, þá geri ég ráð fyrir því að við munum leggjast gegn þessu frv., en eitthvað sýnist mér nú á hv. formanni nefndarinnar að hann láti sér það í léttu rúmi liggja, enda hygg ég að hann sé

búinn að afla sér fylgis á öðrum miðum en hinum hefðbundnu. Það mun þá væntanlega koma í ljós þegar atkvæði verða greidd um hans eigin tillögur sem reyndar sáu ekki dagsins ljós fyrr en í eftirmiðdag hér í hv. deild og auðvitað öðruvísi en hans eigin stjórnarliðar gengu frá málinu í Ed. En svo lengi lærir sem lifir. Ég hef lokið máli mínu.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Varðandi Atvinnutryggingarsjóðinn langar mig til þess að spyrja: Hvað skyldi næsti sjóður eiga að heita næsta haust? Eða ætli Atvinnutryggingarsjóður eigi að taka við öllu atvinnulífinu næsta haust? Það er gott og blessað, þessar hugmyndir um hlutafjársjóð Byggðastofnunar, en hræddur er ég um að það gangi ekki upp til lengri tíma að ætla að láta ríkisvaldið kaupa upp atvinnufyrirtæki landsmanna nema þá að komið verði rekstrargrundvelli undir dótið.

Það er alveg ljóst að þessi aukna skattheimta, sem stefnt er að með fjárlagafrv., getur náttúrlega ekki annað en leitt til aukinnar verðbólgu sem eykur enn þá meira en orðið er þrýsting á gengi krónunnar, hvort svo sem menn vilja sjá það eða ekki. Mér sýnist helst sem menn hér ætli að binda fyrir bæði augu og eyru og láta bara vaða. Það hefðu ekki þótt merkilegar rekstraráætlanir í sjávarútvegsfyrirtæki, það fjárlagafrv. sem liggur fyrir þessu þingi. Ég er hræddur um að það fengi ekki góða einkunn í banka.

Ég verð að segja það að mér finnst raunverulega alveg hræðilegt að upplifa hér valdníðslu kerfisins gagnvart atvinnuvegunum og um leið launþegum landsins og það þekkingarleysi og virðingarleysi sem maður verður vitni að.

Eftir allar þessar skuldbreytingar og eiginfjárrýrnun þá verður náttúrlega greiðslubyrði þessara fyrirtækja enn þá erfiðari en nokkru sinni fyrr þannig að þau þurfa að vera rekin með enn meiri hagnaði en áður ef þau eiga að geta staðið í skilum. Allar þessar hugmyndir eru því eins og hróp í eyðimörkinni, þær ganga allar á sama veg. Þetta er allt saman byggt annaðhvort á sýndarmennsku eða algjöru skilningsleysi. Ég sé ekki annað en að atvinnulífið og einstaklingarnir í þjóðfélaginu eigi engra annarra kosta völ en að láta fyllilega reyna á öll ákvæði stjórnarskrárinnar, bæði um eignarrétt, varðandi gengisskráningu og eignarskatt — og láta prufukeyra stjórnarskrána alveg í botn. Það er eina svarið við svona skattheimtubrjálæði. Borgurunum ber skylda til að láta reyna á smáa letrið í stjórnarskránni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vörugjald, 2. umr.

Stjfrv., 162. mál (gjaldflokkar og gjaldstofn). — Þskj. 173, n. 307 og 320, brtt. 306.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á þskj. 307 liggur fyrir álit meiri hl. fjh.- og viðskn.

„Nefndin hefur fjallað um frv. Umsagnir bárust frá Félagi íslenskra iðnrekenda, Meistara- og verktakasambandi byggingamanna, Landssambandi iðnaðarmanna, Félagi húsgagna- og innréttingaframleiðenda, Félagi ísl. stórkaupmanna og Kaupmannasamtökum Íslands.

Á komu á fund nefndarinnar Sveinn Björnsson frá utanrrn., Guðrún Ásta Sigurðardóttir frá fjmrn., Ólafur Friðriksson, framkvæmdastjóri verslunardeildar SÍS, Kristmann Magnússon frá Kaupmannasamtökunum, Árni Reynisson frá Félagi ísl. stórkaupmanna, Vilhjálmur Egilsson frá Verslunarráði Íslands, Sigurgeir A. Jónsson frá tollstjóra, Sveinbjörn Guðmundsson og Jón Mýrdal frá tollvörðum, Helgi Hjálmarsson og Jón Bragi Gunnlaugsson frá Tollvörugeymslunni, Þórleifur Jónsson, Guðlaugur Stefánsson og Haraldur Sumarliðason frá Landssambandi iðnaðarmanna, Björn Lárusson og Guðjón Pálsson frá Félagi húsgagna- og innréttingaframleiðenda, Guðmundur Þ Jónsson frá Iðju, Loftur Pétursson frá Meistarafélagi húsgagnabólstrara, Kristinn Björnsson og Ólafur Davíðsson frá Félagi ísl. iðnrekenda, Benedikt Davíðsson frá Sambandi byggingamanna, Árni Brynjólfsson frá Landssambandi rafverktaka, Gísli Karlsson frá Framleiðsluráði landbúnaðarins, Gunnlaugur Júlíusson og Hákon Sigurgrímsson frá Stéttarsambandi bænda, Jóhannes Gunnarsson og María Ingvadóttir frá Neytendasamtökunum, Snorri Páll Snorrason og Hrafn Tulinius frá Manneldisráði, Jón Gíslason frá Hollustuvernd, Ólafur Ólafsson landlæknir og Georg Ólafsson verðlagsstjóri.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þskj. Meginbreytingin er að vörugjaldið verður 9% en gjaldstofn breikkaður, lækkar þá gjald á þær byggingarvörur er borið hafa 14% vörugjald. Rafmagnstæki og snyrtivörur, er borið hafa 14% vörugjald, lækka. Hins vegar leggst 9% vörugjald á húsgögn, innréttingar, lampa, teppi, bílavarahluti, timbur, steypu, málningu, lökk, lím, gler, vörur til pípulagna og byggingarefni úr plasti.

Þá leggst sérstakt 16% vörugjald til viðbótar 9% vörugjaldi á sælgæti, kex, gosdrykki og sykur.

Loks leggur nefndin til að lögin verði endurskoðuð fyrir 1. jan. 1991."

Ég teldi það vera til skoðunar og mun beita mér fyrir því fyrir 3. umr. að nefndin íhugi hvort ekki sé óþarflega langt í þessa dagsetningu, hvort ekki væri fullt eins eðlilegt að endurskoða lögin árinu fyrr, þ.e. endurskoða lögin að ári liðnu. (**Gripið fram í:** Það er komin brtt. um það.) Já, ég tel að það beri að íhuga þann kost.

Í brtt. eru talin upp tollskrárnúmer þeirra vörutegunda sem ætlast er til að beri 9% vörugjald. Það er í fyrsta lagi um sykurvörur að ræða, og melassa. Síðan koma málning í allmörgum liðum, slöngur og pípur úr plasti til pípulagna, plastvörur til bifreiða, slöngur og pípur úr gúmmíi til pípulagna og síðan ýmsar byggingarvörur úr járni og stáli í fjölmörgum liðum, ofnar og eldavélar sem ekki eru fyrir rafmagn, miðstöðvarofnar, stengur úr kopar til bygginga, koparvír, koparleiðslur, hitunartæki úr kopar, stengur úr nikkel, leiðslur og pípur úr nikkel og álteinar, álvír, álleiðslur, álleiðsluhlutar, vír úr blýi, leiðslur og pípur úr blýi, zinkteinar og stengur, leiðarar úr zinki, tinplötur, leiðarar úr tini, leiðslur úr tini, skápar, innréttingar og katlar, hreyflar í bifreiðar, loftdælur og hreyflar aðrir, loftdælur, loftjöfnunartæki, lyftur, hlutar í lyftara, rafgeymar, varahlutir í bifreiðar, lampar og lýsingartæki. Og síðan eru talin upp þau númer sem bera sérstakt vörugjald upp á viðbótar 16%. Þar er um að ræða sykur og sælgæti, sætt kex, ávaxtasafa, ölkelduvatn, öl og gosdrykki, efni til gosdrykkjarframleiðslu og sælgæti.

Þá leggjum við til að í 1. málsl. 2. gr. frv. verði eindaginn hinn 15. og að lög þessi öðlist þegar gildi hvað varðar gjaldskyldar innfluttar vörur, en frá og með 1. jan. 1990 vegna gjaldskyldrar innlendrar framleiðslu. Þannig er mál með vexti að nokkuð hallar á innlenda framleiðslu þegar vörugjaldið er að byrja að verka þar sem innlend framleiðslufyrirtæki verða að gjalda vörugjald af sínum framleiðslulager en innflytjendurnir einungis af því sem þeir flytja inn eftir gildistökudag.

Þá eru breytingar á dagsetningum og síðan bætist ákvæði við til bráðabirgða svohljóðandi:

„Þrátt fyrir ákvæði 16. gr. bráðabirgðalaga nr. 83 1988, um efnahagsaðgerðir, og fyrirmæli stjórnvalda um stöðvun á hækkun verðs vöru og þjónustu má hækka verð vöru sem nemur álagningu gjalda samkvæmt lögum þessum."

Ég mun ekki orðlengja þetta meira að sinni, herra forseti, og læt máli mínu lokið.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir minnihlutaáliti á þskj. 320, um vörugjald, sem hljóðar svo:

„Frv. þessu um vörugjald er ætlað að afla ríkissjóði um 1600 millj. kr. viðbótartekna á árinu 1989. Nái það fram að ganga verður það til að íþyngja almenningi í landinu til viðbótar við aðrar boðaðar skattahækkanir.

Meiri hl. boðaði brtt. við frv. Þær tillögur voru ekki lagðar fyrir nefndina áður en meiri hl. afgreiddi málið. Minni hl. átelur slík vinnubrögð og leggur áherslu á að slíkt komi ekki fyrir aftur.

Þær takmörkuðu upplýsingar, sem fram komu um breytingar á frv., benda þó eindregið til þess að þar sé verið að gera hlut innlendrar framleiðslu enn lakari en til stóð í upphaflega frv. Athugasemdir í fskj. eiga því ekki síður við frv. eins og það mun væntanlega líta út eftir 2. umr.

Þegar matarskatturinn var lagður á á síðasta þingi voru tollar og aðflutningsgjöld lækkuð til að milda áhrif hans. Nú er áformað að taka þá lækkun til baka og um leið að hverfa af braut „einfaldleikans" sem svo mjög var talað fyrir á síðasta þingi.

Allt er hér á sömu bókina lært: laun fryst, skattar stórauknir, kaupmáttur stórlega skertur og verðstöðvun hefur farið úr böndum. Það jaðrar því við siðleysi að leggja auknar byrðar á almenning sem óhjákvæmilega verður með samþykkt þessa frv. Þess vegna getur minni hl. ekki staðið að samþykkt frv. og leggur til að það verði fellt.

Á fund nefndarinnar komu fjölmargir aðilar til umsagnar. Nokkrar skriflegar umsagnir þeirra fylgja áliti þessu."

Undir nál. skrifa ásamt mér hv. þm. Geir H. Haarde og hv. þm. Kristín Halldórsdóttir.

Þess ber að geta, hæstv. forseti, að hér er vísað til meðfylgjandi umsagna. Af tillitssemi við starfsmenn þingsins var ekki farið út í það að fjölrita þær í þeim fjölda eintaka sem til hefði þurft og látið duga að það kæmi í sinni endanlegu mynd í þskj. á morgun.

Um þetta frv. má hafa langt og mikið mál og verður það sjálfsagt raunin á morgun að fjallað verður ítarlegar um það. En eins og forseta er kunnugt hefur verið gert samkomulag um að stytta nú mjög umræður og mun ég heiðra það samkomulag.

Ég vil þó þakka hv. formanni fjh.- og viðskn. fyrir jákvæðar undirtektir við þær brtt. sem minni hl. nefndarinnar hefur hér lagt fram um það að færa til endurskoðunarákvæðin frá 1. jan. 1991 til 1. jan. 1990. Þessi brtt. er lögð fram að beiðni innlendra framleiðenda sem telja á þessu frv. ýmsa vankanta sem muni koma mjög fljótlega í ljós þannig að væntanlega verði ekki vanþörf á að endurskoða frv. strax að ári.

Hæstv. forseti. Frekari umræður um þetta frv. geymi ég mér til morguns og hef lokið máli mínu.

Umræðu frestað.

EFRI DEILD

33. fundur, miðvikudaginn 21. des., kl. 1 miðdegis.

Niðurfelling laga vegna breytinga á skipan sveitarstjórnarmála, 1. umr.

Stjfrv., 196. mál. — Þskj. 232.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Með samþykkt sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, var gerð sú veigamikla breyting á skipan sveitarstjórnarmála að sýslunefndir voru lagðar niður. Þessi breyting felur m.a. í sér að réttarstaða allra sveitarfélaga verður sú sama samkvæmt sveitarstjórnarlögunum, hvort sem þau nefnast kaupstaður, bær eða hreppur, en samkvæmt eldri sveitarstjórnarlögum er réttarstaða hreppanna frábrugðin stöðu kaupstaðanna að því leyti að sýslunefndum var m.a. ætlað að hafa umsjón með störfum hreppsnefnda.

Í bráðabirgðaákvæði í sveitarstjórnarlögum var svo fyrir mælt að sýslunefndir skyldu kosnar á árinu 1986 og færu með umboð þar til sveitarstjórnir eða byggðasamlög gætu tekið við verkefnum þeirra, þó ekki lengur en til 31. des. 1988. Skv. 6. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, skulu lögbundin verkefni sýslunefnda falla til sveitarfélaga sem síðan skulu setja á stofn héraðsnefndir eða byggðasamlög til að annast framkvæmd þeirra að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er að hafa samvinnu um verkefnin.

Fyrr á þessu ári skilaði áliti sínu nefnd sem falið var að gera tillögur að reglum um flutning verkefna og önnur skil af hálfu sýslufélaga til sveitarfélaga og héraðsnefnda. Í þessu áliti var einnig að finna tillögur nefndarinnar um breytingar á lögum og lagaákvæðum sem varða sýslufélög, sýslunefndir og sýslusjóði. Tillögur þessar fólu í sér breytingar til samræmis við ákvæði sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986. Þar sem lög þau sem lagt var til að breytt yrði heyra undir hin ýmsu ráðuneyti var sl. vor sent bréf til allra hlutaðeigandi ráðuneyta með ósk um að þau fjölluðu um fram komnar tillögur.

Í stuttu máli má segja að í frv. sé gengið út frá því að hvarvetna verði settar á stofn héraðsnefndir í samræmi við ákvæði 6. gr. sveitarstjórnarlaga. Í mörgum tilvikum er þannig lagt til að héraðsnefndir eða byggðasamlög komi í stað sýslunefnda og héraðssjóður í stað sýslusjóðs, en á öðrum sviðum hefur þótt eðlilegra að sveitarstjórnir og sveitarsjóðir leystu sýslunefndir eða sýslusjóði af hólmi. Í örfáum tilvikum er þó gert ráð fyrir því að sýslumenn komi í stað sýslunefnda.

Þá þykir rétt að vekja athygli á því að í frv. er einnig að finna tillögur um niðurfellingu ýmissa lagaákvæða sem talið er að ekki eigi lengur við með hliðsjón af breyttri skipan sveitarstjórnarmála. Sama á við um ýmis gömul lög og úrelt. Hér er því um að ræða talsverða lagahreinsun.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til félmn. með 13 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 147. mál (sala eignarhluta í kaupleiguíbúð). — Pskj. 324.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, eins og það liggur fyrir á þskj. 324. Efni þessa frv. er að opna fyrir möguleika í félagslegum kaupleiguíbúðum líkt og í almennum kaupleiguíbúðum, leigu með kaupum á eignarhluta í íbúð sem tryggi fólki öruggan afnotarétt af íbúðinni. Hér er um að ræða að leigjendur í félagslegum kaupleiguíbúðum eigi þess kost að kaupa sér 15% hlutareign í íbúðinni sem veiti ótímabundinn afnotarétt af henni.

Í almennum kaupleiguíbúðum er nú heimilt að bjóða kaupleiguíbúðir á þeim forsendum að leigjendur kaupi skuldabréf framkvæmdaaðila og eignist 30% hlut í íbúðinni. Þegar um er að ræða aldraða eða öryrkja er heimilt að selja 15% hlut í eigninni. Hlutareign var hins vegar ekki lögfest í félagslega hluta kaupleigukerfisins.

Nú hafa húsnæðissamvinnufélög og ýmis félagasamtök sem starfa að húsnæðismálum með það að markmiði að eiga og reka leiguhúsnæði í þágu félagsmanna sinna óskað eftir því við stjórnvöld að heimilað verði að leigjendur í félagslegum kaupleiguíbúðum eigi þess kost að kaupa sér 15% hlutareign í kaupleiguíbúð sem veiti ótímabundinn afnotarétt af henni. Þó æskilegt hefði verið að slík breyting sem hér er nú gerð hefði fylgt heildarendurskoðun á félagslega hluta húsnæðislánakerfisins sem nú stendur fyrir dyrum vil ég vænta þess að sú breyting sem hér er lögð til nái fram að ganga, en þessi breyting skiptir miklu máli fyrir láglaunafólk sem er undir tekjumörkum sem tilskilin eru í félagslega íbúðakerfinu.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að hafa fleiri orð um frv. Ég met það svo að það sé mjög brýnt að efla möguleika félagasamtaka sem að húsnæðismálum starfa til að koma á fót leiguhúsnæði með hlutareign í félagslega kerfinu.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Vegna frv. sem er til umræðu er ástæða til að ræða hér nokkuð um húsnæðismál almennt. (Gripið fram í.) Ef hv. þm. sem styðja ríkisstjórnina þola það ekki að þingmenn leyfi sér að ræða hér um framlögð frv. sem hæstv. félmrh. er að leggja fyrir deildina sannast það náttúrlega sem segir í einu dagblaðanna í dag að þeir séu á góðri leið með það að vilja afleggja þingræði á Íslandi og hafi tekið upp aðra siði. Þetta er náttúrlega mjög fróðlegt fyrir þingmenn að fá svona frammíköll. (**Menntmrh.:**

Hvaða siðir eru það?) Vill hæstv. menntmrh. kannski ná í Dagblaðið fyrir mig svo að ég geti lesið það fyrir hann sem þar stendur. (**Menntmrh.:** Hvaða dagblað er það?) Það er DV, Dagblaðið Vísir. (Gripið fram í.) Ég veit að hæstv. ráðherra er vinsamlegur í garð þingmanna yfirleitt og gerir þetta fyrir mig. (**SkA:** Þarf hv. þm. að sækja skoðun á *þessu máli í Dagblaðið?*) *Virðulegi forseti, ef hv.* þm. þurfa að fá að tala held ég að rétt sé að þeir biðji um orðið á eftir mér. Ég held að hv. þm. Skúla Alexanderssyni sé orðið brátt í brók að komast hér upp í stólinn.

Ég ætla nú að leyfa mér að ... (**Menntmrh.:** Ég ætla að lesa það fyrst.) Hæstv. ráðherra verður að vita hvað ég ætla að lesa. (**Menntmrh.:** Ég ætla aðeins að gá í blaðið.) Ég hef nógan tíma. Eigum við ekki að halda þessum samræðum áfram? Þetta er *náttúrlega mjög athyglisvert að þingmenn mega* ekki standa hér upp, ekki einu sinni til þess að kynna afstöðu sína til stjórnarfrv. án þess að þingmenn sem styðja núv. stjórn fari að grípa fram í. Þeim líður greinilega mjög illa yfir því að við sem erum í stjórnarandstöðu skulum yfirleitt taka til máls. (Gripið fram í.) Ég veit að hæstv. félmrh. hugsar ekki þannig. Ef menn vilja hins vegar spilla framgangi mála fyrir ríkisstjórninni og hæstv. félmrh. er það velkomið og þá skulum við eyða *deginum í það. Ef menn geta ekki sýnt þingmanni* háttvísi og kurteisi skulum við bara hefja leikinn á ný með sama dólgshætti og hæstv. ráðherrar sumir hafa komið fram við okkur, stjórnarandstöðuna, það sem af er þessu þingi. Ég undanskil auðvitað hæstv. félmrh. sem hefur verið mjög kurteis og elskulegur eins og hennar var von.

Varðandi þetta mál er þetta að sjálfsögðu mjög athyglisvert og kemur auðvitað til greina að skoða það með jákvæðum huga. Þetta er nýtt form sem *þarf náttúrlega að sanna sitt ágæti og það hefur verið* farið varlega af stað eins og efni standa til. Það á eftir að koma í ljós hvort fólk sé ánægt með þetta fyrirkomulag og tekur auðvitað nokkur ár, en þetta er samt greinilega mál sem snertir það marga og, eins og ráðherra sagði réttilega, kemur sérstaklega við sögu hjá láglaunafólki þannig að Sjálfstfl. verður auðvitað að skoða þetta með jákvæðum huga.

Það er annað sem ég hefði áhuga fyrir að ræða sem er þessu auðvitað nátengt. Það hefði verið *nauðsynlegt og æskilegt að við þingmenn hefðum* fengið upplýsingar um stöðu mála almennt hjá Húsnæðisstofnun ríkisins, þ.e. hvernig stofnuninni hefur tekist að þjóna sínum tilgangi og hvort þau lög sem sett voru á síðasta þingi hafi skilað tilætluðum árangri. Það væri mjög æskilegt og nauðsynlegt að hæstv. félmrh. upplýsti okkur þingmenn um það hvernig staðan er með tilliti til afgreiðslu lána. Eins væri mjög æskilegt að fá að vita hvernig hæstv. ráðherra og stofnuninni hefur tekist að afla fjár til að mæta þeirri eftirspurn og þeirri þörf sem er á þessu sviði. Þá væri einnig æskilegt, ef hægt væri, að hæstv. ráðherra upplýsti okkur um það hvernig lífeyrissjóðirnir hafi staðið í skilum í sambandi við þau ákvæði laga sem gera ráð fyrir að þeir kaupi fyrir 55% af árlegu ráðstöfunarfé skuldabréf Húsnæðisstofnunar.

Þetta eru atriði sem er mjög þýðingarmikið að fá upplýst og ég veit að hæstv. félmrh. mun örugglega gera það hér á eftir.

Þessu tengt kemur auðvitað einnig annað inn í myndina í sambandi við húsnæðismál, og það er að þótt þetta frv. sem hér liggur fyrir hafi mikla þýðingu fyrir láglaunafólk má ekki gleyma því að húsnæðismál snúa að öðrum en bara láglaunafólki. Það er að sjálfsögðu millitekjufólk líka, náttúrlega er meginþorri manna í þeim hópi sem flokkast undir að vera millitekjufólk. Svo er auðvitað hátekjufólk. Það þarf víst ekki að hugsa um það, en alla vega varðandi millitekjufólk er mjög mikilvægt að gera *sér grein fyrir því hver staða þess og einnig láglauna*fólks getur orðið í þeirri þróun sem er að eiga sér stað núna síðustu daga og síðustu vikur sem er fólgin í þeirri stefnu núv. ríkisstjórnar að stórauka skatta-álögur á launafólk almennt.

Það er þess vegna, finnst okkur sumum, þversögn fólgin í því að á sama tíma og við erum að reyna að laga til og gera fólki auðveldara að eignast íbúðir eða húsnæði skuli sérstaklega einn stjórnarflokkur, sem hæstv. ráðherra tilheyrir, Alþfl., ekki hafi gætt þess sem skyldi í sambandi við þá skattastefnu sem núv. ríkisstjórn rekur. Ég vil vekja athygli hæstv. ráðherra á því að það eru þrjú atriði sérstaklega sem geta haft mjög neikvæð áhrif — og ekki geta, heldur munu hafa mjög neikvæð áhrif — á stöðu launafólks í sambandi við viðleitni þess til að eignast eigin íbúð. Ég vil nefna sérstaklega, í fyrsta lagi, að á sama tíma og verið er, samkvæmt þessu frv. og samkvæmt því sem hæstv. ráðherra segir sjálfur, að reyna að auðvelda fólki að eignast íbúðarhúsnæði er núv. *ríkisstjórn að gera það erfiðara fyrir fólk almennt og* sérstaklega ungt fólk að eignast íbúðir með þeirri skattastefnu sem ríkisstjórnin rekur. Ég minni á það að fyrir þinginu liggur frv. til laga um vörugjald sem felur í sér verulega aukningu á kostnaði við byggingu íbúða og húsnæðis. Þetta gjald, vörugjaldið, á byggingarefni, húsgögn og fleira, hlýtur að koma mjög þungt niður á sérstaklega lágtekjufólki og millitekjufólki.

Þá er það annað atriði sem er fólgið í því að hækka á tekjuskatta. Ungt fólk sem vill leggja hart að sér og afla mikilla tekna til þess að greiða niður kostnað vegna íbúðamála getur lent í þessari hækkun og það er auðvitað íþyngjandi atriði.

Þá er það þriðja atriðið sem lýtur að skattlagningu í sambandi við veðdeildir. Húsnæðisstofnun er stærsti aðilinn í því máli, í veðdeild Landsbanka Íslands, þannig að í þessu felst líka ákveðin íþyngjandi hjá sérstaklega yngra fólki og öðrum sem þurfa að eignast íbúð eða húsnæði. Allt þetta felur það í sér að þessi skattastefna er til hins verra og vinnur eiginlega gegn tilgangi frv. sem hæstv. ráðherra var að kynna áðan og ber að harma það að sjálfsögðu.

Ég efast ekki um að hæstv. ráðherra tekur undir þessi atriði með mér, að ekki megi vera með íþyngjandi skattastefnu á sama tíma sem verið er að reyna að auðvelda fólki að eignast íbúð.

Þegar skattastefna núv. ríkisstjórnar er skoðuð í heild, og sérstaklega með tilliti til þess frv. sem lýtur að tekju- og eignarskatti, sést m.a., ef við tökum einstætt foreldri, að ef maður gerði ráð fyrir að einstætt foreldri, sem er ekkert óalgengt, væri í skuldlausri íbúð sem mætti meta á svona 6½ millj. og viðkomandi ætti líka t.d. bifreið sem væri ekki metin á meira en hálfa millj. felst það í stefnu núv. ríkisstjórnar í sambandi við frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt að einstætt foreldri sem svona væri ástatt um mundi þurfa að greiða hvorki meira né minna en 17 þús. kr. á mánuði í eignarskatt og fasteignagjöld. Þetta eru verulegar upphæðir fyrir láglaunafólk og millitekjufólk. Þetta eru verulegar upphæðir fyrir einstætt foreldri að þurfa að inna af hendi, 17 þús. kr. Þetta er mun hærra en er í núgildandi lögum svo að ekki sé meira sagt.

Varðandi það atriði þegar hæstv. menntmrh. greip fram í fyrir ræðumanni í upphafi ræðunnar og þingmenn stjórnarinnar — hv. þm. Eiður Guðnason er farinn, enda er hv. þm. mjög vanstilltur þessa dagana — en það sem ég ætlaði að leyfa mér að lesa upp í sambandi við það hvernig hv. þm., stjórnarstuðningsmenn, haga sér þessa dagana og sumir ráðherra er smákafli um afstöðu þjóðarinnar, fólks almennt, til þingmanna til þess að sýna hv. þingmönnum á hvaða stigi við erum raunverulega staddir og ég veit að hæstv. menntmrh. vill ekki fá þann stimpil sem stendur hér frá einum lesanda DV þar sem hann er að skrifa um stöðu Alþingis og ráðherra almennt. Það getur vel verið að menn séu orðnir svo öruggir í valdinu og öruggir um það að sitja hér ár eftir ár og þing eftir þing að það skipti þá engu máli hvað þjóðin segir á hverjum tíma. Eitt lesendabréf snertir kannski ekki atvinnustjórnmálamenn svo mjög. Þeir geta setið áfram og spilað með þjóðina eins og hér kemur fram í lesendabréfi og ég ætla að leyfa mér að lesa það fyrir hv. þingmenn til að sýna þeim hvert álit almennings er á því hvernig stjórnmálamenn haga sér almennt og margir hv. þm., því miður. (**SkA:** Betra að lesa upp úr Mogganum.) Ég held að það sé nauðsynlegt fyrir hv. þm. að huga nokkuð að því sem kemur fram í þessu bréfi og ég ætla að lesa hér kafla úr þessu lesendabréfi í DV sem birtist í dag, 21. des., en þar segir m.a., með leyfi forseta: „Hvernig ná má meirihlutastjórn: Þeir spila um þjóðina.“ Síðan segir, og lesandinn heitir Kristinn Einarsson:

„Í hinum frábæra danska sjónvarpsmyndaflokki Matador, sem sýndur er á sunnudagskvöldum í sjónvarpinu, bar það m.a. til tíðinda að innan bankastjórafjölskyldunnar, sem er helsta fólkið til umfjöllunar, er farið að „spila um“ ráðskonuna sem er jafnframt frábær matreiðslumaður og hafði verið í þjónustu fjölskyldunnar í 17 ár. Þetta atvik ...“ (Gripið fram í.) Hv. þm., ég held ég vilji fá að ljúka við að lesa þetta lesendabréf. Nú kemur að því sem skiptir máli að hv. þm. hugleiði. (Gripið fram í.) Ég orðaði það ekki á þennan hátt, ég tek það fram. Ég les bara það sem stendur í lesendabréfi. (Gripið fram í.) Þetta er svona nokkur áminning til þm. um það hvernig þjóðin lítur orðið til Alþingis Íslendinga og ég held að ágætt væri að hv. þm. hefðu þolinmæði til að heyra það. Ég veit að hv. þm. Stefán Guðmundsson mun gera það. Hann áttar sig bara ekki á því að ég var rétt að byrja að lesa bréfið. (**KP:** Ræðumaður grípur oft fram í.) Síðan vil ég, með leyfi forseta, lesa áfram úr umræddu bréfi, en þar segir þessi ágæti bréfritari, Kristinn Einarsson:

„Þetta atvik flaug mér í hug þegar ég fór að hugleiða viðtal við þrjá kunna stjórnmálamenn þetta sama kvöld í sjónvarpsfréttum, utanrrh., formann Borgaraflokksins og varaformann hans. [Hann mun víst vera orðinn formaður núna.] Hafi menn einhvern tíma spilað með fólk var það þarna í þessum viðtölum. Réttara sagt töluðu þeir eins og þeir væru að spila um þjóðina, en ekki með hana, svo öruggir voru þeir um að fólk tryði því sem þeir sögðu. Þeir fullyrtu að í viðræðum sínum hefðu þeir ekki minnst á stjórnmál, það væri öðru nær. Maður roðnar nú bara af blygðun yfir því að hér skuli tala menn sem hafa verið í framboði í stjórnmálum. Auðvitað snúast viðræður um sendiherrastarf formanns Borgaraflokksins um stjórnmál og ekkert annað. — En þegar varaformaður flokksins, Júlíus Sólnes, fór að ræða um að flokkur hans væri tilbúinn til viðræðna við hvaða flokk sem væri um aðild að stjórnarsamstarfi, þá fyrst blöskraði manni.“

Ég skal nú sleppa næsta kafla, en vil síðan lesa niðurlag þessa bréfs, en þar segir svo, með leyfi forseta. (**SkA:** Slitnar þá ekki samhengið í þessu?) (Gripið fram í.) Nú, það er sjálfsagt að ég lesi þetta fyrir hv. þm. ef þeir vilja heyra bréfið í heild. Ég vil þá, með leyfi forseta, halda áfram þar sem ég endaði áðan. En svo segir:

„Er í bígerð að endurbæta þessa ríkisstjórn sem nú situr eða mynda aðra án kosninga? Ég veit ekki til þess. — Það vita allir að þessi ríkisstjórn svindlaði sér inn á þjóðina [Þess vegna er þetta óþol í hv. stjórnarþm. sem hér eru í þessum sal.] án kosninga og staðhæfði við forseta að meiri hluti mundi finnast á Alþingi. Sá meiri hluti hefur ekki enn fundist [(Gripið fram í.) Hv. þm. Jóhann Einvarðsson virðist hafa fundið þennan meiri hluta og það kemur þá vonandi fram, en við skulum halda áfram.] utan að vænst er stuðnings Borgaraflokksins eða aðila innan hans þegar búið er að semja við formanninn um að fara af vettvangi.“ Það mun víst vera hv. þm. Albert Guðmundsson. Síðan segir bréfritari og það kannski skiptir máli fyrir hv. þm. að hlusta á niðurlagið:

„Mest er ég undrandi á því að fólk skuli ekki sjá þessa einstöku en ósvífnu brellu sem þessir menn skella framan í þjóðina. Ef forseti lýðveldisins kyngir því að sjá meirihlutaríkisstjórn með þessum hætti má eins gefa lýðræði hér upp á bátinn. — Það

verður ekkert liðið að lappað verði upp á núv. ríkisstjórn með viðbótarráðherrum. Héðan af er ekkert sem getur breytt stöðunni nema kosningar."

Þetta leyfir kjósandi sér að segja í lesendabréfi. Ég vona að aðallinn á hinu háa Alþingi, hv. þm., þoli það að fólk úti í bæ hafi skoðanir á því hvernig þeir haga sér og hvernig þetta lið er að verða sem skipar meiri hlutann á bak við núverandi ríkisstjórn. (**Menntmrh.:** Meiri hlutann, já.) (Gripið fram í.) Ég verð að segja það eins og er að það er orðið ansi illa farið fyrir ykkur, ágætu þm., ef þið þolið það ekki að almenningur segi álit sitt og skoðanir á ykkur. En það getur vel verið að þið í hroka ykkar, sumir, þurfið ekkert á því að halda að fólk tali til ykkar. Þið komið bara aftur og talið í hring og talið í gegnum sjálfa ykkur og kyngið því. Það sem sagt var í gær passar ekki í dag. Það getur vel verið að það passi vel, en það passar ekki hinum almenna borgara og fólkinu í landinu þegar til lengdar lætur, enda sé ég að hæstv. menntmrh. gerir sér grein fyrir þessu og er hættur að grípa fram í fyrir ræðumanni. (Gripið fram í.) Já, hæstv. menntmrh. þarf ekki að hafa áhyggjur af Sjálfstfl. Hann skilar sér og hefur ætíð gert. (**Gripið fram í:** Hver?) Við höfum ekki áhyggjur af því. En við höfum meiri áhyggjur af því hvernig hæstv. ríkisstjórn hagar sér í sínum málum eða réttara sagt hagar sér í því að geta ekki komið sínum málum fram á Alþingi Íslendinga með eðlilegum hætti. Hins vegar skil ég það vel að hv. þm., stjórnarsinnar, þola það illa að maður skuli tala hér um m.a. skattamál í sambandi við húsnæðismál. Það gengur nefnilega ekki upp hjá almenningi að sagt sé í einu orði: Við erum að gera allt sem unnt er til þess að auðvelda ykkur það að eignast eigið húsnæði, en á sama tíma skuli sama ríkisstjórn í gegnum skattalög gera fólki það erfiðara að halda þessu húsnæði, eða réttara sagt gera fólki það dýrara að komast yfir húsnæði. Ég gat um það m.a. í minni ræðu áðan að núverandi skattastefna, frv. til laga um tekju- og eignarskatt sem liggur fyrir Nd., muni þýða það að fjölskylda eða réttara sagt einstæð móðir með barn mundi þurfa að borga 17 þús. kr. á mánuði verði þetta frv. að lögum, og það er verulegur skattur fyrir utan afborganir og vexti svo að ekki sé meira sagt. Ég vil því leyfa mér að álíta það að ýmsir stjórnarþm. séu farnir að átta sig á því að þessi stefna gengur ekki upp.

Ég vildi nota tækifærið, virðulegi forseti, til þess að koma þessum atriðum að þar sem hæstv. félmrh. er staddur hér og ég vænti þess að hún muni upplýsa okkur um þau atriði og spurningar sem ég lagði fyrir hana og enn fremur hljóti hæstv. ráðherra að koma inn á þessi atriði sem varða aukna skattlagningu sem mun koma sérstaklega illa niður á láglaunafólki og millitekjufólki ef frv. til laga um tekju- og eignarskatt verður samþykkt á núverandi þingi eins og það liggur fyrir í Nd. sem við í Ed. munum væntanlega reyna að hafa áhrif á og breyta til hins betra.

Halldór Blöndal:

Virðulegi forseti. Það er ekki vonum fyrr sem tækifæri gefst hér í deildinni til þess að ræða húsnæðismálin og það mikla öngþveiti sem þau hafa komist í og er vaxandi. Við sem hlýddum á hæstv. félmrh. meðan hann var þm. höfðum satt að segja búist við því að stórstígar framfarir yrðu fram undan nú þegar þm. settist í sæti húsnæðisráðherra og að húsnæðisráðherrann mundi gera einhverja tilraun til þess að standa við hin stóru orðin svo dómharður sem þessi hæstv. ráðherra var, meðan hann var þm., um forvera sinn, 1. þm. Vesturl. Alexander Stefánsson.

Ég veit satt að segja ekki hvar maður á að byrja. Það er kannski freistandi að byrja á þeim punkti hvort hæstv. félmrh. hafi eitthvað meint með því meðan hann var þm. þegar hann talaði um að þetta húsnæðiskerfi væri sprungið. Ef við drögum þá ályktun að hugur hafi fylgt máli á þeim tíma og reynum síðan að meta verk húsnæðisráðherrans eftir að hann settist í sæti félmrh. er augljóst að hann hefur ekki haft afl til að koma fram þeim umbótum sem honum bjuggu í brjósti meðan hann var þm. eða þá að þm. hafi skipt um skoðun þegar hann var orðinn að ráðherra. A.m.k. er það víst að hann hefur söðlað um með þeim hætti að húsnæðismálin eru nú í meira öngþveiti en nokkru sinni fyrr og vaxandi öngþveiti vegna þess að húsnæðislöggjöfin eins og hún er núna, ef hún er borin saman við skattalöggjöfina, hlýtur óhjákvæmilega að leiða til mjög vaxandi mismununar milli þegnanna á margvíslegan hátt, bæði varðandi þau lán og lánskjör sem notendur húsnæðis eiga kost á frá hinu opinbera og líka vegna þess að þannig er haldið á skattamálunum að sú mismunun margfaldast í gegnum skattakerfið. Það er þess vegna deginum ljósara að það er ekki vonum fyrr að okkur gefist tækifæri til þess að tala um húsnæðiskerfið í heild sinni en núna.

Ég hafði satt að segja búist við því að það hefði getað orðið í sambandi við frv. til lánsfjárlaga en formaður fjh.- og viðskn. hefur kosið að draga það á langinn eða slá því á frest að fulltrúar byggingarsjóðanna komi á fund fjh.- og viðskn. þannig að okkur hefur ekki unnist tími til þess að ræða þau mál út við fulltrúa Húsnæðisstofnunar enn þá í fjh.- og viðskn.

Ég ætla að byrja á að víkja að því að þegar húsnæðiskerfinu var breytt með lögum í kjölfar febrúarsamninganna 1986 var út frá því gengið, miðað við þá eftirspurn eftir lánum sem þá var gert ráð fyrir, að það væri algjört lágmark að í fjárlögum væri varið 1 milljarði kr. til húsnæðislána. Og ég minnist þess meðan Alexander Stefánsson var húsnæðisráðherra (**Gripið fram í:** Hann var nú góður ráðherra.) að þessum hv. þm. þótti það naumt skorið og vildi halda því fram að svo naum fjárveiting til húsnæðiskerfisins fæli það í sér að það hlyti að hrynja og að vaxtamismunur sem ríkissjóður yrði af þeim sökum að standa undir og hlyti að hlaðast upp, vaxtamunurinn á milli tekinna lána hjá lífeyrissjóðunum og veittra lána hjá Byggingarsjóði

ríkisins, yrði svo mikill á skömmum tíma að óviðráðanlegur yrði í fyrirsjáanlegri framtíð. Ég var fullkomlega sammála hv. þm. um þetta atriði og var auðvitað ekki sáttur við að í fjárlögum fyrir árið 1987 skyldi ekki takast að ná hærri fjárhæð en 1 milljarði og það þurfti engan að undra það, jafnríka áherslu og ég hafði lagt á að auka fjárveitingar ríkisins í Byggingarsjóðinn strax til þess að hann gæti síðar staðið undir sér, jafnríka áherslu og ég hafði lagt á það atriði í tveimur nefndum sem ég átti sæti í hjá tveimur fyrirrennurum núv. húsnæðisráðherra.

Það hefur hins vegar nú komið á daginn að bæði í fjárlögum yfirstandandi árs og þó sérstaklega í fjárlögum fyrir næsta ár, eins og fjárlagafrv. lítur út eftir 2. umræðu, er gert ráð fyrir að upp á vanti — ég skal ekki segja ef það hefði verið framreiknað hvort það er 1 milljarður kr., ég hygg að stærðargráðan sé ekki minni. (**Félmrh.:** Það er mikið meira.) Hæstv. húsnæðisráðherra segir að það sé mikið minna. (**Félmrh.:** Mikið meira.) Ég hafði kannski ætlað — (**Gripið fram í:** Mikið meira.) Ég heyrði það. Ég hafði búist við að ef maður framreiknaði einn milljarð væri ekki ósanngjarnt að búast við að það gæti verið 1,8 eð 2 milljarðar nú, en húsnæðisráðherra er mér sammála um að ástæða sé til að taka þetta mál upp milli 2. og 3. umr. fjárlaga og væri æskilegt að ráðherrann léti þá formann fjvn. vita um það. Það eru hæg heimatökin en á hinn bóginn erfitt fyrir einstaka þm. að ræða einstök útgjöld ríkisins við þennan formann fjvn. vegna þess að hann hefur þau vinnubrögð að svara þm. engu um það hvað honum finnist, hvort hann telji að þeir rökstyðji nægilega vel sín erindi, og hefur raunar gengið svo langt að segja við aðra nefndarmenn í fjvn. að þeir megi ekki segja frá því á fundi í sínum þingflokkum hvernig vinnan gengur í smáatriðum í fjvn. (**Gripið fram í:** Þessu þarf að breyta.) Það eru því auðvitað fyrst og fremst flokksbræður formanns fjvn. sem hljóta að ræða þetta mál.

Ég hef líka tekið eftir því þegar verið er að tala um fjárlögin að hæstv. ráðherrar virðast hafa þann hátt á, ef málið er óþægilegt, að vísa jafnan til fjvn. Nú þekki ég það af reynslunni og þykist vita að svo sé einnig þegar Sjálfstfl. er utan ríkisstjórnar að fjárveitingar af þeirri stærðargráðu sem húsnæðismálin eru verða ekki ákveðnar af fjárveitinganefndarmönnum meiri hlutans heldur erum við hér að tala um ákvörðun sem hlýtur að takast af ríkisstjórninni í heild og nú verður það eftirtektarvert vegna frammíkalls hæstv. ráðherra að fylgjast með því hvort honum tekst að ná fram þeim vilja sínum að í fjárlögum fyrir árið 1989 verði veitt svo miklu fé til byggingarsjóðanna að hann telji viðunandi. Auðvitað verður með þessu fylgst. Það er ekki aðeins vegna þess að kæruleysið nú fyrir eignarstöðu og greiðslustöðu byggingarsjóðanna valdi því að með því séum við að safna upp til framtíðarinnar, með því sé verið að binda ríkinu bagga sem erfitt getur orðið að standa undir síðar, heldur lít ég svo á að með þessu sé beinlínis og bókstaflega brotið það samkomulag sem gert var við verkalýðshreyfinguna og vinnuveitendur, sem gert var við aðila vinnumarkaðarins í febrúarmánuði 1986. Það er ógjörningur að horfa á þetta mál út frá öðru sjónarmiði og ég vil taka það fram, virðulegi forseti, að á fundi sem forseti Alþýðusambandsins átti með fjh.- og viðskn. nú í desembermánuði kom það glögglega fram að eins og málin stóðu þá taldi forsetinn að þetta atriði, hversu naumt fjárveitingarnar eru skammtaðar, væri hrein svik við verkalýðshreyfinguna, og hann taldi líka að lánsfjáráætlun, eins og hún var hugsuð af fjmrh., væri líka bein svik við verkalýðshreyfinguna þar sem á þeim tíma var búist við að hluti af því fé, þeim 55% sem talað er um af skuldabréfakaupum lífeyrissjóðanna, yrði tekinn fyrir ríkissjóð. Ég hygg hins vegar að húsnæðisráðherra hafi tekist að fá hæstv. fjmrh. ofan af því og ég lýsi sérstakri ánægju minni yfir því og stuðningi því að auðvitað, þó svo ég hafi sagt áðan að ráðherrann geri ekki jafnmiklar kröfur til sín í húsnæðismálum og hann gerði til fyrirrennara síns meðan þessi ráðherra var þm., veit ég eigi að síður að ráðherrann er mikill málafylgjumaður ef hann leggur sig fram og þykist vita að hann standi mjög fast á sínu. Þess vegna vil ég mega vænta þess og vil sannarlega vona að þegar fulltrúar Húsnæðisstofnunar ríkisins koma á fund fjh.- og viðskn. þegar meiri hlutinn er búinn undir það að ræða lánsfjárlögin megi það koma í ljós að byggingarsjóðirnir eigi að fá það lánsfé frá lífeyrissjóðunum sem þeim var ætlað samkvæmt nýju húsnæðislöggjöfinni og eins og samkomulagið frá því í febrúarmánuði 1986 stóð til.

Ég er að því leyti sammála hæstv. ráðherra að þannig hefur verið staðið að Byggingarsjóði ríkisins að hann hefur ekki getað staðið við þau fyrirheit sem gerð voru þegar lögin voru sett. Ástæðan fyrir því er að minni hyggju fyrst og fremst sú að hvorugur þessara hæstv. ráðherra, hvorki Alexander Stefánsson né sá ráðherra sem nú situr, hafa fyrst og fremst lagt sig fram við að láta hinn almenna borgara njóta þeirra réttinda sem hinn almenni borgari hlýtur að hafa gert kröfu til þegar löggjöfin var sett og þegar febrúarsamningarnir voru gerðir. Það er auðvitað alveg augljóst mál, úr því að verið er að hengja þyngri bagga á Byggingarsjóð ríkisins til þess að ná vissum hópum fram fyrir röðina, að allur almenningur, allur fjöldinn, hlýtur að fá verri fyrirgreiðslu en áður nema sérstakar aðgerðir séu gerðar, nema Byggingarsjóðnum sé sérstaklega ætlað fé til að standa undir þessum aðgerðum, fé sem ekki er tekið frá öðrum. Ég fullyrði hins vegar að eins og framkvæmdin hefur verið hjá þessum hæstv. ráðherra hefur breytingin á lögunum og breyting á reglugerðum og vinnubrögðum stjórnar Húsnæðisstofnunar ríkisins bitnað á öðrum.

Ég vil taka sérstaklega sem dæmi hvernig farið er með lán vegna endurbóta á húsnæði. Til að byrja með var sá háttur á hafður að þeir sem þannig stóð á um voru ekki settir inn í röð, heldur gátu fengið lán sín, eins og áður, eftir því sem verkin unnust,

endurbæturnar voru unnar. Hins vegar er nú búið að setja þessi lán inn í röðina sem veldur verulegum töfum, að ég ætla, hjá einstökum mönnum, a.m.k. hef ég skilið framkvæmdina svo og verður þá leiðrétt ef um misskilning er að ræða. Þetta hygg ég þó að sé rétt.

Í öðru lagi hefur verið gefið út að ef menn kaupa íbúð í sérstökum lánaflokki, eins og t.d. í kaupleiguíbúðum, eigi viðkomandi rétt á því að fá 85% af byggingarkostnaði innan mjög rýmilegra marka. Á sama tíma og þetta er ákveðið er hinum venjulega borgara sem ekki kemst inn í röðina ætlað að bíða svo árum skiptir og getur ekki vænst þess að fá nema 70% af byggingarkostnaði hið hæsta og þó með ákveðnum mörkum, þó þannig að lánið má ekki fara yfir þessar — ég skal ekki segja hvernig það er núna, ætli það sé ekki í kringum 3 millj. kr. eða eitthvað svoleiðis. Ég kann það ekki nákvæmlega, ég hef ekki séð nýjar tölur um það, en ef ég man rétt vorum við að tala um rúmar 2 millj. á árinu 1986 og ég hygg að það sé ekki fjarri lagi að það sé í kringum 3 millj. núna, og það er hámark. Og eftir þessum 70% þarf viðkomandi að bíða mjög lengi og verður raunar að una því fyrsta kastið, jafnvel í tvö ár, að fá ekki annað svar frá Húsnæðisstofnun en það að viðkomandi húsnæði sé að vísu lánshæft, en á þessari stundu sé ekkert hægt um það að segja hvenær búast megi við láninu. Það er ekki, eins og gert var ráð fyrir í samkomulaginu og lögunum upphaflega, tekið fram af Húsnæðisstofnun hvenær lánið verði til greiðslu, heldur verða menn að reyna að bjarga sér svo árum skiptir, eins og áður var og kannski miklu verr en áður, án þess að hafa neina pappíra í höndunum sem geti tryggt þeim það hvernig þeir geti endurgreitt íbúð sem þeir kaupa, festa kaup á hvort sem um nýsmíði íbúðar er að ræða eða kaup á eldri íbúð.

Ég minnist þess að þegar við þm. úr öllum flokkum vorum að ræða húsnæðismálin á árunum 1984 og 1985, þm. og fulltrúar allra flokka — fyrir Alþfl. var í þeirri nefnd fyrrv. félmrh. Magnús Magnússon — vorum við öll sammála um að það yrði gífurlegur munur og mundi skapa meira jafnvægi á húsnæðismarkaði, koma í veg fyrir mikla greiðsluörðugleika fólks ef hægt yrði að koma á þeirri reglu, bæði fyrir þá sem ekki áttu íbúðir og eins hina sem þurftu að stækka við sig eða þurftu að flytjast búferlum milli staða vegna þess að þeir misstu atvinnuna á einum stað og þurftu að setjast að á öðrum, vegna þess kannski að húsnæði þeirra á hinum fyrri staðnum var verðlítið samanborið við markaðsverð á hinum síðari staðnum — þá þurftu viðkomandi á verulegu lausafé að halda til þess að geta staðið í skilum og til þess að geta annaðhvort náð sér í, stækkað við sig eða fest kaup á húsnæði. Þá voru þm. allra flokka sammála um að það væri grundvallaratriði að menn gætu sagt um það fyrir fram hvenær lánveitingin kæmi og við sögðum að það væri grundvallaratriði að lánsloforðið héldi verðgildi sínu borið saman við vísitölu byggingarkostnaðar. Þetta var í raun og veru forsendan fyrir okkar tillögum.

Nú hefur síðan verið slakað á hvað þetta varðar. Ég fullyrði að það hafi ekki þurft mikið fé til viðbótar, ef það hefði komið á réttum tíma, til þess að húsnæðismálin nú væru í mjög sómasamlegu standi. Ég fullyrði að ástæðan fyrir hinum langa biðlista sem er eftir húsnæðislánum eigi fyrst og fremst rætur sínar að rekja til þess að þeir menn og konur sem hafa farið með stjórn húsnæðismálanna hafa ekki hugsað um það hvernig hægt væri að svara þörfum hins almenna borgara, ungs eða gamals. Hitt er okkur ofviða með öllu, að láta sérhvern ungan mann eða stúlku, ung hjón, fá sem svarar 85% lán í nýbyggingu og ætla að svara öllum markaðnum undir eins þannig. Ef við erum ekki menn til þess að lána 70% með vissu hámarki erum við ekki menn til þess að lána 85% í miklu dýrara húsnæði. Þetta skilur hvert mannsbarn.

Ég geri mér auðvitað grein fyrir því að það fólk sem kemst inn í kaupleiguíbúðirnar og fær 85% lánið, hvort sem það er hjá Byggingarsjóði verkamanna eða Byggingarsjóði ríkisins, unir auðvitað vel sínum hlut. Þegar ég var á ferðalagi nú nýverið um Austfirði og hitti þar tvo unga menn sem höfðu nýstofnað heimili og þeir voru að spyrja mig um húsnæðismálin var ég að reyna að útskýra fyrir þeim að allir yrðu að sætta sig við að bíða eitthvað og ég var að útskýra fyrir þeim að ekki væru tök á því að byggja kaupleiguíbúðir jafnt og samtímis fyrir alla þá sem eru húsnæðislausir í landinu. Þá sögðu þeir við mig að maður í stjórnarandstöðu ætti auðvitað ekki að vera að tala um að skortur væri á fé og að lífeyrissjóðirnir gætu ekki lánað endalaust, Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna. Þessir ungu menn fluttu mér þann boðskap að það væri óskynsamlegt fyrir mann í stjórnarandstöðu að tala af hreinskilni um húsnæðismálin eins og þau eru vegna þess að þeir töldu að stjórnarandstaðan ætti fremur að tala um það þjóðfélag sem hana dreymdi um að fá en hitt sem væri kannski í raunveruleikanum í það og það skiptið og ætti þess vegna ekki að taka á sig þá erfiðleika sem því eru samfara að útskýra að við getum ekki alls staðar flogið eins og við viljum, við getum ekki undir eins uppfyllt óskir allra, við getum ekki látið alla fá allt sem þeir vilja.

Ég fullyrði að það var auðvitað mikil og góð byggðastefna að fólk úti á landi, á stöðum þar sem byggingarframkvæmdir höfðu kannski legið niðri, á stöðum þar sem atvinnulífið hafði kannski tekið fjörkipp vegna betri aflabragða, vegna þess góðæris sem var í sjávarútvegi og er alltaf einhvers staðar á landinu — þá er auðvitað nauðsynlegt að unga fólkið á þessum stöðum geti fengið lán þegar það þarf á að halda svo að það þurfi ekki að flytjast í burtu og það var af þeim sökum sem fulltrúar Sjálfstfl. og fulltrúar Framsfl. sögðu við stjórnarmyndunarviðræður vorið 1987, að það væri af þeirra hálfu skilyrði fyrir kaupleigufyrirkomulaginu að landsbyggðin yrði látin sitja fyrir. Það var líka vegna

þess að endursöluverð á íbúðum úti um land er ekki jafnhátt og hér á höfuðborgarsvæðinu og líka vegna þess að sú þróun hafði orðið að bygging verkamannabústaða var orðin mjög áberandi víðs vegar úti um land.

Á hinn bóginn vil ég vekja athygli á því að verkamannabústaðakerfið hefur sums staðar reynst þannig að íbúðir innan þess kerfis hafa hækkað svo í verði með vísitölum og öðru þvílíku að ógerningur er fyrir það fólk sem fellur inn í verkamannabústaðakerfið að endurgreiða lánin eins og þau hljóta að verða borið saman við þær endurmatsreglur sem eru á verkamannabústaðakerfinu. Ég skal víkja nánar að því síðar. Vegna þess að boðað er með þessu frv. að til standi að efna til heildarendurskoðunar á hinum félagslega hluta húsnæðislánakerfisins tel ég óhjákvæmilegt nú við 1. umr. að víkja síðar nokkuð að því hvaða hugmyndir ég hef um það hvernig að því eigi að standa í grundvallaratriðum og hvaða markmið við eigum að hafa með félagslega kerfinu.

Við erum nú að tala um það og þetta frv. hér fjallar sérstaklega um það sem við köllum kaupleiguíbúðir. Ég vil vekja athygli á því að þeir sem búa í slíkum kaupleiguíbúðum og taka íbúðirnar á leigu — sem er mikið baráttumál Alþfl., að fjölga sem mest leiguíbúðum hér á landi, og minnist ég snoturrar greinar í Alþýðublaðinu á sínum tíma þegar talað var um það að ríkið ætti að sjá þegnunum fyrir íbúðum til þess að einstaklingarnir gætu átt skemmtisnekkjur eða sumarbústaði. Það var sú stefna sem Alþýðublaðið hafði í húsnæðismálum meðan Alþfl. var í stjórnarandstöðu en hefur verið minna um það síðan. Eftir að ábyrgðin á húsnæðismálunum kom yfir á Alþfl. hefur minna verið talað um það í Alþýðublaðinu en á þeim tíma að það væri markmiðið hjá Alþfl. að auðvelda mönnum að eignast skemmtisnekkjur og sumarbústaði. Það er svo annað mál.

Leiguíbúðirnar hafa skattalegan forgang, í fyrsta lagi vegna þess að ef félagssamtök reka slíkar íbúðir, ef hið opinbera rekur slíkar íbúðir, þurfa slíkir eignaraðilar að íbúðum ekki að greiða tekjuskatt af viðhaldi og endurbótum sem á sér stað á íbúðunum, þurfa ekki að greiða tekjuskatt af fasteignagjöldum eða öðru slíku eins og nauðsynlegt er að gera fyrir einstaklinga sem vilja halda við sínum íbúðum. Það er hægt að taka um þetta lítið dæmi. Segjum sem svo að einstaklingur sem á sína íbúð þurfi að kalla til sín iðnaðarmenn vegna þakleka eða einhvers þvílíks og fái reikning upp á hálfa milljón króna er óheimilt að draga þennan reikning frá við álagningu tekjuskatts. Félagið á hinn bóginn hefur fullan rétt til þess að draga slíkan kostnað frá sem auðvitað kemur fram í því að endurgjaldið verður minna en ella.

Í öðru lagi vil ég vekja athygli á því að með því að fjölga þeim íbúðum úr hófi sem einungis þurfa að borga 1,5% vexti af sínum lánum vex ásóknin í slíkar íbúðir. Við höfum dæmin fyrir okkur um það að fjöldi manns býr nú í verkamannabústöðum og áreiðanlega innan skamms í kaupleiguíbúðum sem staðið er undir af Byggingarsjóði verkamanna, fólk sem hefur mjög góðar tekjur, þannig að aðstaða þessa fólks hefur gjörbreyst síðan það festi kaup á hinum félagslegu íbúðum. Ég minnist þess þegar þessi mál voru til umræðu á árinu 1986 að fulltrúar Alþýðusambands Íslands létu í ljós þá skoðun að nauðsynlegt væri að hafa eitthvert svigrúm í sambandi við vaxtahæð húsnæðislána þannig að hægt væri að hækka vextina upp í það sem gildir hjá Byggingarsjóði ríkisins ef viðkomandi hefði mjög miklar tekjur, en á hinn bóginn væri unnt að lækka vexti hjá Byggingarsjóði ríkisins þannig að þeir svöruðu til vaxta hjá Byggingarsjóði verkamanna ef kjör viðkomandi versnuðu mjög mikið, ef um röskun á húsnæðishögum væri að ræða. Það dæmi sem þeir tóku, fulltrúar Alþýðusambands Íslands, var að læknir hafði flust inn í íbúð ekkju hér í Reykjavík og þau bjuggu áfram í verkamannabústaðnum við þau kjör sem ekkjan hafði áður haft, en á hinn bóginn tóku þeir dæmi af konu sem hafði misst mann sinn og þurfti að standa undir lánum frá Byggingarsjóði ríkisins. Þetta er auðvitað mikið réttlætismál og nauðsynlegt að koma því í framkvæmd.

Ég verð, herra forseti, að biðjast afsökunar á því að í fljótræðinu hér áðan, það er sennilega vegna þess að ég er búinn að lesa of mikið af skattalögum upp á síðkastið, fór ég rangt með þau skattalegu áhrif sem ég var að tala um áðan í sambandi við viðhaldið og bið afsökunar á því og tek þá aðfinningu til baka.

Þegar ég hef fundið að því í sambandi við félagslegu íbúðirnar að sú löggjöf væri orðin úrelt og þyrfti endurskoðunar við, og það á auðvitað líka við um kaupleiguíbúðir að því leyti sem þær falla undir félagslega kerfið, hafa andstæðingar Sjálfstfl. mjög haldið því á loft og reynt að læða því inn hjá fólki að í aðfinningum mínum felist andstaða við það að félagslegt kerfi sé í húsnæðismálum. Það er auðvitað algjörlega rangt. Við sjálfstæðismenn höfum frá upphafi lagt á það ríka áherslu að það sé skylda samfélagsins að sjá þeim sem verst eru settir fyrir húsnæði við hóflegu verði þannig að viðkomandi geti staðið undir því að búa sómasamlega. Við höfum lagt áherslu á að æskilegt væri að gera það eftir mætti innan kerfis verkamannabústaðanna, auðvitað vegna þess að reynslan hér á landi og erlendis sýnir að ef menn eiga sjálfir sín hýbýli ganga þeir betur um þau, reyna að halda þeim vel við á hverjum tíma, þannig að þau drabbist ekki niður, líður betur í þeim og hugsa betur um umhverfið. Fyrir þessu er margföld reynsla.

Það var á sínum tíma gerð tilraun til þess að efna til leiguíbúða sveitarfélaga, en það kom brátt í ljós að bæði íbúar slíkra íbúða og eins sveitarstjórnarmenn lögðu á það vaxandi áherslu að einstaklingarnir mættu komast yfir íbúðirnar og létta ábyrgðinni af sveitarfélögunum. Þetta teljum við nauðsynlegt, en um leið og við teljum nauðsynlegt að viðhalda þessu kerfi höfum við haldið því fram að

engir séu líklegir til þess að kunna að meta félagslega þörf íbúðanna á hverjum stað en þeir menn sem eiga sæti í sveitarstjórnum og fulltrúar verkalýðsfélaganna á hverjum stað. Það er einmitt þannig sem verkamannabústaðakerfið er byggt upp og ég efast ekki um að ég segi satt þegar ég held því fram að í öllum aðaldráttum hafa þeir menn sem ábyrgð hafa borið á kerfinu reynt að leggja sig fram um það að láta þá sitja fyrir íbúðum sem helst hafa þurft á því að halda.

Við getum auðvitað líka búið til nýtt lánakerfi sem heitir kaupleiguíbúðir. Það breytir í sjálfu sér ekki þessari heildarmynd. Það breytir ekki þeirri heildarmynd að við ætlumst til þess að sumir þegnar eigi kost á því að fá lán með betri kjörum en aðrir. Það er ekki annað en nafn. Kaupleiguíbúðir innan félagslega kerfisins eru auðvitað ekkert annað en eitt nafn á því sem áður viðgekkst. Það skiptir auðvitað engu máli frá sjónarmiði hins opinbera hvort það heitir verkamannabústaðir eða leiguíbúðir sveitarfélaga eða eitthvað annað ef hlutur hins opinbera í kerfinu er sá sami, ef það sem ríkið leggur af mörkum fyrir þegnana er hið sama í báðum tilvikum. Og það fullyrði ég að enn er ekki komið það kerfi sem tekur fram verkamannabústaðakerfinu að þessu leyti þó mér þyki á hinn bóginn hálfdapurlegt að sjá hversu lítið er lagt upp úr því sums staðar á landinu að íbúðir verkamannabústaða séu hóflegar og ekki allt of kostnaðarsamar eða dýrar. Ekki þarf maður að fara lengi um landið til þess að fá dæmin um fáránlegt verð á slíkum íbúðum, svo fáránlegt að augljóst er hverjum manni að fólk með lægstu tekjur hefur ekki ráð á því að setjast að í íbúðunum, búa í þeim, af því að afborganir og vextir eru of stór hluti af ráðstöfunartekjum fólksins.

Ég hef margsinnis lagt á það áherslu í mínum málflutningi að í mínum huga er það auðvitað ekki heilagt mál að húsnæðismálunum sé öllum komið fyrir í einni opinberri stofnun. Ég er þeirrar skoðunar að hitt væri heppilegra ef smátt og smátt, kannski í einum, tveimur eða þremur áföngum, væri hægt að færa húsnæðislánin, kannski hægt að byrja á þeim lánum sem veitt eru til kaupa á notuðum íbúðum, inn í bankana í hinu almenna kerfi þannig að bein viðskipti ættu sér stað með skuldabréf, t.d. milli lífeyrissjóða og banka, þannig að bankarnir gætu séð viðskiptavinum sínum fyrir húsnæðislánum að verulegum hluta í tengslum við skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna. Þetta mundi að sjálfsögðu valda því að meira svigrúm yrði í kerfinu en áður, bankarnir gætu t.d. eins og víða er erlendis hagað endurgreiðslum lánsins í samræmi við greiðslugetu viðkomandi viðskiptamanns á hverjum stað. Ég vil þessu til útskýringar taka dæmi frá Hollandi. Landi okkar sem þar býr festi sér kaup á íbúð þar fyrir nokkrum árum en þau hjón urðu síðan atvinnulaus um eins árs skeið og þá gátu þau samið við bankann um það að lán sem áður voru til 20 ára skyldu verða til 30 ára. Það var linað á endurgreiðslum lánsins meðan þetta tímabundna ástand varði að þetta fólk hafði ekki fasta vinnu, hafði minni tekjur en áður. En um leið og hagur þeirra vænkaðist á nýjan leik, þá var aftur hert á kröfunum, hert á endurgreiðslunni, auðvitað til þess að flýta fyrir því að fólkið eignaðist sjálft þessa íbúð.

Ég er ekki í vafa um að það mætti koma á þvílíku samstarfi milli lífeyrissjóðanna og viðskiptabankanna beint því að auðvitað er það eðlilegt að þegnarnir eigi rétt á því að geta þannig fengið fyrirgreiðslu í einni stofnun. Það er á hinn bóginn algjört skilyrði fyrir því, ef hugmyndin er að fara með húsnæðismálin út úr Húsnæðisstofnun ríkisins, ef hugmyndin er að láta húsnæðislánin vera með markaðsvexti en niðurgreiða vextina ekki eins og nú er gert, þá er auðvitað algjört skilyrði fyrir því að hinni vaxandi vaxtabyrði sé mætt með því að vextir og verðbætur af lánunum yrðu frádráttarbær frá skatti eins og víða tíðkast erlendis, t.d. í Englandi, Danmörku og víðar, alls staðar þar sem ég hef spurnir af. (Gripið fram í.) Ég man nú ekki hvort þetta er eitthvað að breytast í Danmörku vegna þeirrar miklu skattheimtu sem þar er í landinu, en ég hygg að víðast erlendis sé það þannig. Þetta er auðvitað algjört skilyrði fyrir því að fara með húsnæðislánin út úr Húsnæðisstofnun ríkisins, að vextir og verðbætur verði frádráttarbær við álagningu tekjuskatts. Ef sú leið er ekki farin og ef ríkisvaldið ætlar að þráast við þeim megin og er ekki reiðubúið til þess að viðurkenna að þetta séu rekstrargjöld þess efnis af því tagi hjá þegnunum að eðlilegt sé að draga þau frá tekjuskatti, þá er auðvitað óhjákvæmilegt að viðhalda húsnæðiskerfinu eins og það er og að niðurgreiðsla ríkisins á fjármagninu komi strax fram hjá Byggingarsjóði ríkisins eins og nú er þar sem vextir eru 3,5%.

Við þingmenn erum oft að segja það að nauðsynlegt sé að draga úr ríkisútgjöldum. Við sjálfstæðismenn höfum auðvitað verið harðari á því en aðrir og ég hika ekki við að segja að einmitt með því að breyta húsnæðiskerfinu á þann veg sem ég hef verið að lýsa hjá þeim sem ekki þurfa á félagslegum lánum að halda væri hægt að stíga stórt skref í þá átt að draga úr opinberum kostnaði sem raunar má gera á mörgum öðrum sviðum sem heyra undir þennan hæstv. ráðherra og ekki er efni til að fara út í núna. En vitaskuld ber alþingismönnum á hverjum tíma að hafa það í huga annars vegar að hægt sé að veita þegnunum sem besta þjónustu og hins vegar að draga úr kostnaði eftir mætti.

Ef ekki eru gerðar ráðstafanir til þess að stytta biðlistann fyrir hinn almenna borgara í Húsnæðisstofnun er auðvitað sýnilegt að lífeyrissjóðirnir hljóta fyrr en síðar að brjóta niður það samkomulag sem þeir hafa gert við ríkisvaldið og byggingarsjóðina um fjármögnun á húsnæðiskerfinu. Sú var hugsunin þegar þetta samkomulag var gert að félagsmenn lífeyrissjóðanna þyrftu ekki að sitja við verra borð en áður varðandi lánsfyrirgreiðslu úr þessum sjóðum sem auðvitað var rökstutt með því að þeir sem ættu sjóðina ættu fyrst og fremst rétt til þess að

fá lán úr þeim. Ef sú þróun heldur áfram að menn þurfi að bíða eins og nú er, að menn fái ekki svar, ef það heldur áfram á þeim stöðum þar sem íbúðarbyggingar hafa legið niðri en allt í einu færist fjörkippur í atvinnulífið, ef sú þróun á að halda áfram að einstaklingarnir sem þar búa þurfi að bíða um ófyrirsjáanlegan tíma áður en þeir fá fyrirgreiðslu, þá er náttúrlega óhjákvæmilegt fyrir þessa lífeyrissjóði að brjóta sig út úr. En við sjálfstæðismenn höfum flutt um það frumvörp hér á Alþingi og lagt það til að húsnæðislögunum verði breytt á þann veg að þegar um skyndilega eftirspurn er að ræða eftir húsnæði á vissum stöðum, þá sé Húsnæðisstofnun heimilt að taka menn fram fyrir í röðina. Ég skil hins vegar að það er mjög erfitt eins og nú standa sakir einfaldlega vegna biðraðarinnar, vegna þess að málið er ekki hugsað í botn, ekki er séð fyrir þörfum kerfisins í heild.

Það væri fróðlegt að fá um það upplýsingar hjá hæstv. félmrh. hversu mikið fé hann telji að þurfi til þess að hægt sé að svara eftirspurninni þannig að viðunandi ástand verði komið segjum innan þriggja ára, þannig að þeir sem sækja um húsnæðislán eftir þrjú ár megi vænta þess að geta fengið lánsloforð um greiðslu fyrri hluta lánsins, segjum einu ári eftir að þeir sækja. Það er auðvitað mjög mikið atriði að fá þetta upplýst í tengslum við þennan málaflokk í heild. Það er líka mjög mikilsvert að fá það upplýst hjá ráðherranum hvort hann hyggist horfa fram á það að biðröðin í Byggingarsjóði ríkisins haldi áfram að lengjast, hvort hann hyggist standa við þau fyrirheit sem gefin voru með febrúarsamkomulaginu eða hvort hann hyggist í einhverjum atriðum reyna að sveigja frá þeim og taka rétt af einstaklingum sem þeir hafa samkvæmt því samkomulagi og sem þeir hafa samkvæmt þeim lögum sem nú eru í gildi.

Ég vil líka segja það, og ég veit að þar er ekki við félmrh. að sakast, að það er auðvitað mjög ömurlegt að horfa upp á það að það fólk, sem verst er statt í landinu, hefur verið í mjög miklum persónulegum erfiðleikum og átt erfitt með að halda sínu húsnæði, skuli ekki hafa fengið fyrirgreiðslu frá Húsnæðisstofnun fyrr en raun er á, að enn skuli þeir sem sóttu um lán hjá ráðgjafarþjónustu Húsnæðisstofnunar ekki hafa fengið svar, þeir sem sóttu um lán í septembermánuði að ég hygg, jafnvel í lok ágúst, ég kann það ekki nákvæmlega, en því var lofað þegar ríkisstjórnin tók við völdum að meira fjár yrði aflað til þess arna nú á þessu ári. Það hefur líka verið talað um það að verja ákveðnum fjárhæðum til þess að flýta afgreiðslu á lánum þar sem verst stendur á. Ég veit það af dæmum að það fé, sem varið hefur verið til þessa hvors tveggja — til þess að flýta lánsloforðum og til þess að bjarga þeim sem verst hafa verið staddir — þetta fé hefur verið ónógt og væri fróðlegt að fá upplýsingar um það hjá húsnæðisráðherra hversu mikið fé hann telji nauðsynlegt að fá til þess annars vegar að hægt sé að veita því fólki sem er í nauðum statt flýtingu á lánsfyrirgreiðslu vegna endurbóta á húsnæði, kaupa á húsnæði eða vegna byggingar á húsnæði, og hins vegar að fá upplýsingar hjá hæstv. ráðherra um hversu mikla fjárhæð ráðherrann telji að vanti til þess að fullnægja þeim þörfum sem eru vegna beinna greiðsluerfiðleika og falla undir þá skilgreiningu. Ef ég þekki þessi mál, þá hygg ég að síðari málaflokkurinn sé betur staddur en hinn fyrri, en ég vil leggja á það áherslu, herra forseti, að ef hugmyndin hjá ríkisstjórninni og ráðherranum er sú, með því að leggja aukna áherslu á kaupleiguíbúðir, með því að leggja aukna áherslu á félagslegar íbúðir, að bjarga þeim sem eru í nauðum staddir, þá er oft og tíðum hægt að komast af með miklu lægri fjárhæð ef komið er til móts við það fólk sem vantar herslumuninn til þess að halda sinni íbúð. Ég held þess vegna að það verði að gefa þessu meiri gaum. Það verði umfram allt að efla fólk til sjálfsbjargar þannig að það reyni sjálft að ráðast í það verkefni að koma þaki yfir höfuðið.

Ég sagði hér áður í ræðu minni, að það væri auðvitað viss sóun fólgin í því að hið opinbera ætti og ræki íbúðir fyrir einstaklingana, að hið opinbera færði einstaklingunum íbúðirnar upp í hendurnar. Og það er auðvelt að rökstyðja það. Við höfum auðvitað öll fylgst með því hvernig ungt fólk hefur brotist í því að eignast íbúð, byggja yfir sig og hefur oft látið sér nægja minna í upphafi en síðar, hefur byggt í áföngum, hefur kannski ekki gengið frá öllu undir eins. Það hefur kannski ekki verið komið teppi út í öll horn, korkur á gólfin. Það hefur kannski verið beðið með að kaupa hurðir inn í stofuna og þar fram eftir götunum. Það hefur kannski ekki verið búið að ganga endanlega frá lofti í öllum herbergjunum þegar flutt hefur verið inn, heldur hefur þetta unga fólk smátt og smátt verið að eignast þetta sem það býr í. Smátt og smátt. Þetta fólk hefur átt kost á þessum lánum úr Byggingarsjóði ríkisins og hefur auðvitað sparað ríkinu stórfé með þessu. Af því að það hefur sparað þjóðfélaginu stórfé, þá hefur það sparað bæði ríki og einstaklingum stórfé. Síðan hefur þetta fólk sjálft unnið í því að lagfæra sínar lóðir. Það hefur sjálft getað málað. Það hefur getað gert ótal, ótal hluti og þannig sparað. En kerfið vinnur á móti því.

Ég þekki eitt dæmi utan af landi. Þá var íbúð seld á uppboði í hinu félagslega kerfi og ung hjón á staðnum vildu festa kaup á íbúðinni af kerfinu, en því var sagt að það væri ekki hægt eins og stæði vegna þess að það þyrfti að gera mikið við íbúðina. Ég man ekki hvort sú áætlaða viðgerð kostaði 800 þús. kr. eða 1,2 millj. kr. Það skiptir heldur ekki máli. En skoðun kerfisins var sú að hið opinbera yrði að lagfæra hlutina áður en unga fólkið mætti flytja inn. Ungu hjónin bentu að vísu á það að foreldri annars var húsasmiður og hins rafvirki og sjálfur var sá sem keypti mjög liðtækur við hvers konar viðgerðir þannig að fólkið bað um að fá íbúðina ódýrari. Það mundi sjálft gera við hana, það kynni að halda á pensli, það kynni að laga skolplögn, það kynni að lagfæra ef eitthvað færi úrskeiðis

í sambandi við rafmagnið. En þetta átti ekki að fást. Það tók margra mánaða þref að ná þessu fram sem þó tókst að lyktum til allrar hamingju. En í öðrum dæmum hefur þetta ekki verið svo. Reglan er: Við skulum ekki hleypa nýjum íbúum inn í íbúðirnar fyrr en hið opinbera með öllum sínum kostnaði er búið að bæta ofan á kaupverðið, ofan á söluverðið svo og svo miklu en íbúarnir fá ekkert að gera. Auðvitað er þetta sóun. Þetta er sóun á opinberu fé og þetta kemur í veg fyrir að aðrir fái fyrirgreiðslu sem þurfa á henni að halda. Þetta er auðvitað ömurlegt dæmi um það hvernig kerfið er farið að vinna innan úr þjóðinni, sjúga merginn úr einstaklingunum að því marki sem kerfið vinnur á móti sjálfsbjargarviðleitni einstaklinganna.

Sú ríkisstjórn sem nú situr leggur á það mikla áherslu að hækka eignarskatta. Nú er fróðlegt að velta því fyrir sér hvernig eignarskattar koma við einstaklingana eftir því hvar þeir búa. Ef t.d. einstaklingur fær búseturétt í íbúð sem hið opinbera á, ríki og sveitarfélög í raun og veru, ef sveitarfélag t.d. *á íbúðina eða ríkið, hvernig svo sem búseturéttur*inn er til kominn, hvort sem hann er samkvæmt sérstökum samningi eða vegna atvinnu viðkomandi eða hvernig sem á stendur, þá þarf einstaklingurinn ekki að greiða eignarskatt af þeirri íbúð vegna þess að eignarskatturinn fellur ekki á *búseturéttinn*, heldur fellur eignarskatturinn á íbúðarhúsnæðið ef það er skuldlítið eða skuldlaust. Með háum eignarskatti er þessi ríkisstjórn þannig beinlínis að níðast á þeim sem sjálfir hafa tök á því að koma yfir sig húsnæði, að níðast á þeim í bókstaflegri merkingu þess orðs. Það náttúrlega getur verið góð latína hjá þeim sem eiga það málgagn sem talaði um að ríkið ætti að sjá mönnum fyrir íbúðum til þess að þeir gætu eignast skemmtisnekkjuna eða sumarbústaðinn, að tala um það að aðrir þegnar í þjóðfélaginu séu rétt góðir til að borga skattinn af íbúðarhúsnæðinu. En auðvitað er það ómannúðleg stefna. Og ég vil taka það fram að í sumum tilvikum kemur þetta mjög illa niður.

Það er, herra forseti, óhjákvæmilegt að vekja athygli á því að það er mikil lausung í húsnæðiskerfinu hér á landi. Einstaklingarnir vita ekki hvaða rétt þeir eiga frá einu ári til annars. Það er alltaf verið að finna upp á einhverju nýju, það er verið að breyta því sem var, breyta rétti fólks og einstaklinga. Það líður ekki svo ár að ekki sé verið að setja á fót *nefndir til* þess að kollsteypa kerfinu. Hver og einn þykist geta fundið eitthvað annað og betra og nýrra kerfi í staðinn fyrir að reyna að fá stöðugleika í húsnæðismálunum. Ég hygg að einstaklingarnir hér á landi hljóti að eiga þann rétt. Og ég held að það gangi ekki að leika sér svona með fjölskyldurnar í landinu, að menn bókstaflega viti ekki neitt hvar þeir standa. Það koma í blöðum og fjölmiðlum fréttir af hinu og þessu og það er alltaf verið að spyrja mann: Hver er minn réttur núna og hver var hann *í gær og hvernig verður hann á morgun*? Það væri þess vegna mjög nauðsynlegt — ég vil segja kannski fyrst og fremst fyrir þá menn sem bera ábyrgð á ávöxtun lífeyrissjóðanna og eru trúnaðarmenn launþega í landinu að þeir fari að íhuga það í sameiningu hvernig þeir hyggist verja þessu fé samborgaranna *til* þess að skapa öryggi fyrir fólkið því að þar liggur uppspretta fjármagnsins. Húsnæðisstefnu verður aldrei haldið uppi í þessu landi til langframa nema þessir aðilar séu sáttir við hana, það er fullkomlegur ómöguleiki, um leið og við hljótum að íhuga, og ég hlýt að leggja áherslu á það, að lán til húsnæðiskaupa eru þess eðlis að við eigum að niðurgreiða þau. Við eigum annaðhvort að niðurgreiða þau beint í gegnum Byggingarsjóð ríkisins eða Byggingarsjóð verkamanna — ef þannig er ástatt hjá viðkomandi að hann þurfi á þvílíkri aðstoð að halda — eða við eigum að heimila það að vextir og verðbætur séu frádráttarbær. Þetta eigum við að gera. Við erum ekki menningarþjóð nema við höfum ráð á þessu, það er útilokað. Og það kerfi sem við byggjum upp á að vera þannig að það komi fólkinu að gagni í þeirra lífi.

Það þýðir auðvitað ekki að segja við mann sem missir atvinnuna á Neskaupstað vegna þess að þar er lagt niður fyrirtæki, og hann getur ekki fengið vinnu í sinni starfsgrein þar vegna þess, að hann eigi hús á Neskaupstað og geti af þeim sökum ekki fengið lánsfyrirgreiðslu *til að kaupa hús annars staðar, ef hann* getur ekki selt þá húseign nema fyrir smámuni borið saman við markaðsverðið á nýja staðnum. Það húsnæðiskerfi sem við eigum að byggja upp á að geta mætt slíkum hlutum á þolanlegan hátt en ekki segja við mennina: Þú átt að fara inn í biðröð og kannski get ég eftir þrjú, fjögur, fimm, sex ár sagt þér hvenær þú getur átt von á láninu. Og það þýðir ekkert að flagga með einhverjar aðrar rósir. Ef maður fer inn í blómabúð og biður um rósir þá þýðir ekkert fyrir kaupmanninn að koma og segja: Ég er með túlípana. Auðvitað verður sá maður sem ber ábyrgð á húsnæðismálunum að hugsa málið í heild. Hann verður að skilja að hann er trúnaðarmaður þjóðarinnar í heild í þessum málum og að honum ber skylda til að hugsa jafnt um úrlausn fyrir alla. Það þýðir ekki að vera með nein gæluverkefni. Það þýðir ekki að látast því að sársaukinn að vera óöruggur um sjálfan sig og vita ekki sinn næturstað er jafnsár hvort sem maður hefur átt íbúð áður eða ekki og hvar sem maður er staddur.

Ég verð þó vegna sanngirni að segja að þessi hæstv. ráðherra hefur mikinn hug til þess að standa sig vel í húsnæðismálum og ég hef satt að segja fundið til þess að ekki skuli hafa verið hægt að gera betur á liðnum árum og að ekki skuli hafa verið gert betur. En ég vil líka segja við ráðherrann að ég stend heils hugar með honum í því ef hann vill gera almennar aðgerðir til að koma til móts við alla og sérstaklega vil ég leggja áherslu á það að óhjákvæmilegt er við afgreiðslu lánsfjárlaga og afgreiðslu fjárlaga nú að taka almennilega á þeim þætti í starfsemi Húsnæðisstofnunar ríkisins sem lýtur að þeim sem nú eru í mestu erfiðleikunum

annaðhvort vegna greiðsluerfiðleika eða af öðrum sökum. Og þó svo að það mundi hafa einhver áhrif til frestunar hjá öðrum sem betur mega sín mundi ég sætta mig við það. En hitt get ég ekki sætt mig við ef fólk í sömu stöðu, sem er jafn vel statt fjárhagslega og atvinnulega, á að búa við misjafna stöðu eftir því hvort það sækir hjá Byggingarsjóði ríkisins um kaupleiguíbúð eða eitthvað annað. Ég get heldur ekki sætt mig við að sumir geti svo áratugum skiptir búið við lánskjör Byggingarsjóðs verkamanna ef þeir eru í raun og sannleika hátekjumenn. Þá verður að vera inni í kerfinu einhver möguleiki til þess að leiðrétta lánskjörin eins og við heimtum að sé inni í kerfinu einhver möguleiki til þess að leiðrétta lánskjörin ef um neyð er að ræða. Þetta er grundvallaratriði og ég hygg að um þetta megi fá góða samvinnu við aðila vinnumarkaðarins.

Ég vil að síðustu, herra forseti, mjög vara við því að sú regla verði tekin upp hjá Húsnæðisstofnun ríkisins eftirleiðis að lán til einstaklinga verði veitt eftir nýrri lánskjaravísitölu sem þannig verði saman sett að hún verði að ¼ byggingarvísitala, að ¼ framfærsluvísitala og að ½ einhvers konar launavísitala. Ég hlýt að spyrja húsnæðisráðherra að því hvort hann hafi í hyggju að taka upp þá reglu í Húsnæðisstofnun ríkisins á næsta ári að ákveða að allir þeir sem húsnæðislán fái þá skuli þurfa að axla þá byrði sem slíkri lánskjaravísitölu fylgir. Það liggur auðvitað opið fyrir að kaupmáttur launa er mjög lækkandi og í rauninni orðinn mjög lágur miðað við það sem hann var fyrir einu ári. Það liggur auðvitað líka fyrir að ríkisstjórnir koma og fara. Þó svo að einstakir þingmenn úr Borgfl. hafi komið ríkisstjórninni til hjálpar í dag þá þýðir það ekki að ríkisstjórnin verði eilíf. Einhvern tíma birtir upp. Öll él birtir upp um síðir. Og þess vegna kemur auðvitað að því að önnur stjórn tekur við völdum í þessu landi. En fram að þeim tíma verða væntanlega veitt lán úr Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna. Og ég held að það sé nauðsynlegt að fá upplýsingar um þetta.

Ég viðurkenni að vísu að þessi ríkisstjórn fylgir þeirri stefnu að rétt sé að reyna að kenna verkalýðshreyfingunni mannasiði, rétt sé að reyna að lækka lífskjörin, kaupmáttinn hjá fólkinu í landinu með því að við megum ekki búa við gjaldmiðil í landinu sem stendur undir nafni. Þess vegna er með skipulögðum hætti verið að brjóta niður þau fyrirtæki sem eru burðarásar atvinnulífsins hér, útflutningsgreinarnar. Það er auðvitað viss stefna í efnahagsmálum. Hún hefur verið reynd annars staðar. Og hún var reynd af Framsóknar- og kreppustjórninni hér á sínum tíma á fjórða áratugnum. Að reyna að brjóta niður fyrirtækin og knýja þannig kaupmáttinn niður að ekki var hægt að reka fyrirtækin nema launþegarnir létu sér nægja minna. Þetta er auðvitað viss pólitísk stefna. En ef við reiknum nú með því að aðrir taki við eða kannski að ríkisstjórnin sjái að sér, þá er óhjákvæmilegt að lífskjörin fari batnandi á nýjan leik eins og í kringum okkur. Þá hljóta launin að hækka að verðgildi meira en framfærsla eða byggingarkostnaður. Og þegar svo er komið þá er auðvitað með engum hætti þolanlegt að þeir sem hafa tekið lán hjá byggingarsjóðunum verði að sitja við það borð að afhenda ríkinu hluta af þeim kjarabótum sem þeir eiga í vændum í formi nýrrar lánskjaravísitölu sem ekki gengur upp. Þetta held ég að sé augljóst mál. Og þess vegna hlýt ég að spyrja ráðherrann hvort hann hyggist taka þessa vísitölu upp eftir áramótin þegar hæstv. forsrh. er búinn að sannfæra hæstv. viðskrh. um að það sé nauðsynlegt.

Nú langar mig að spyrja, herra forseti, úr því að ég kom inn á þennan þátt, hvort forseti geti greitt fyrir því og séð um að þingmenn fái í hendur þá álitsgerð sem Seðlabankinn hefur gert um mismunandi lánskjaravísitölu. Nú er Seðlabankinn náttúrlega opinber stofnun og auðvitað viðurkenni ég þann rétt sem ríkisstjórnin hefur til að biðja um sérstakt álit á ákveðin mál, en lánskjaravísitalan er slík þungamiðja í íslenskri efnahagspólitík að eðlilegt hlýtur að teljast að allir þingmenn fái þessa skýrslu í hendur til þess að þeir geti áttað sig á einstökum atriðum ef málið skyldi bera upp í þinginu. Þetta getur ekki verið neitt ríkisleyndarmál. Það eru ekki neinir hagsmunir í húfi þarna, engir fjárhagslegir, peningalegir hagsmunir. Það mundi ekki skaða neinn þótt þingmenn fengju plaggið í hendur. Ég vil spyrja forseta hvort hann geti greitt fyrir því eða séð um það að við fáum þessa greinargerð í hendur.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Það ríkir nokkuð undarlegt ástand hér á hv. Alþingi þessa dagana. Hér mættum við efrideildarþingmenn til þingfunda kl. 11 í morgun og síðan hefur fundi verið frestað æ ofan í æ, þar til kl. 13 að þessi þingfundur gat hafist. Það er kominn 21. des. og við vitum í raun ekkert hvernig málin þróast fram að jólum og ég efast um að hæstv. ríkisstjórn hafi hugmynd um það sjálf. Hæstv. forsrh. er samur við sig. Hann gefur eina yfirlýsinguna í dag og aðra á morgun eða jafnvel eina að morgni og aðra að kvöldi. Því hefur verið lýst yfir að engir þingfundir verði hér milli jóla og nýárs og því hefur verið lýst yfir að það verði þingfundir milli jóla og nýárs. Hverju eigum við að trúa?

Ég get ekki séð af þessu, sem ég nú hef sagt, að það sé ástæða fyrir þingmenn stjórnarliðsins í þessari hv. deild að amast við því þó að þingmenn stjórnarandstöðunnar hafi áhuga á að fjalla um og ræða þau frumvörp sem hæstv. ráðherrar eru þó að leggja fyrir þingdeildina. Mér finnst það dálítið dapurlegt hvað menn eru fljótir að gleyma. Fyrrv. þingmenn stjórnarandstöðu og núverandi þingmenn stjórnarliðsins virðast ekki lengur muna eftir því að hafa verið í því hlutverki að hafa hér af litlu tilefni, jafnvel engu tilefni hlaupið í ræðustól æ ofan í æ til að lýsa andstöðu sinni eða taka þátt í umræðum um mál þegar þeir voru í stjórnarandstöðu til að mótmæla því sem hæstv. ríkisstjórn var þá að gera. En nú, þegar nýir stjórnarandstæðingar hafa komið hér

til liðs, er þetta allt annað og er skinhelgin yfirsterkari hjá þessum hv. þm. Ég gat ekki, hæstv. forseti, látið hjá líða að nefna þetta eins og mér hefur fundist menn haga sér hér þegar stjórnarandstæðingar hafa fundið hvöt hjá sér til að taka hér til máls.

Lögin um Húsnæðisstofnunina eru mikill lagabálkur og flókinn, enda er það svo að í hvert sinn sem nýr ráðherra sest í stól félmrh. setur hann á laggirnar nefnd til að endurskoða lögin. Við höfum vissulega kynnst þessu, þingmenn á hv. Alþingi, og þeir sem hafa setið í félmn. á hverjum tíma hafa lagt á sig mikla vinnu í umfjöllun um þessi frv. Ég minnist þess sjálf að hafa setið hér jafnvel heilu helgarnar fyrir nokkrum árum þegar ég átti sæti í félmn. og við vorum að fjalla um þennan lagabálk. Það ætti ekki að vera neitt undarlegt við það því að lög um Húsnæðisstofnun ríkisins varða hverja einustu fjölskyldu í landinu, efnahag hennar og afkomu.

Ég verð að segja það hæstv. núv. félmrh. til hróss að hún hefur alla tíð barist fyrir þessum málum og haft brennandi áhuga á húsnæðismálum, en ég er ansi hrædd um að hún hafi upplifað það nú sem félmrh. eins og fleiri að það er oft hægara um að tala en í að komast. Ég geri ráð fyrir því að hún standi oft frammi fyrir því nú að geta ekki staðið við stóru loforðin eða fyrirheitin sem hún gaf þegar hún var aðeins óbreyttur þingmaður að berjast fyrir þessum málum.

Stefna okkar sjálfstæðismanna er ljós í húsnæðismálum. Við leggjum áherslu á að sem flestir einstaklingar í þjóðfélaginu geti eignast eigið húsnæði og notið þess öryggis og sjálfstæðis sem því fylgir. Þeir eiga ekki að vera afgangshópar í lánakerfinu sem eru sjálfbjarga og geta staðið undir því að eignast eigið húsnæði, þeir sem geta og vilja gera slíkt. Við viljum hafa valkosti og sveigjanleika en ekki forsjárhyggju bundna á klafa.

Hv. 2. þm. Norðurl. e. hefur ítarlega fjallað um okkar stefnu. Hún kom greinilega fram í ræðu hans áðan og ég geri ráð fyrir því að hæstv. félmrh. hafi hlustað með athygli á ýmislegt sem þar kom fram og ég þykist vita að hún hafi talið sér vera gagnlegt ýmislegt sem kom fram í hans sjónarmiðum varðandi þessi mál.

Þegar ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. var mynduð vorið 1983 ríkti neyðarástand í málefnum fjölmargra húsbyggjenda og íbúðakaupenda vegna þeirrar óstjórnar sem hafði viðgengist í þessum málum og fyrir þá sök setti Sjálfstfl. fram það meginmarkmið að almenn íbúðalán hækkuðu nægilega til þess að almenningi yrði gert kleift að eignast húsnæði með þeim lánskjörum sem staðið yrði undir með venjulegum launatekjum. 1. sept. 1986 tóku gildi veigamiklar breytingar á lögunum, eins og hér hefur reyndar komið fram í máli hv. 2. þm. Norðurl. e. Þessar breytingar voru gerðar í samræmi við samkomulag aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar. Með þeim breytingum náðust fram mörg meginatriði einmitt í okkar stefnu í húsnæðismálum, sem við töldum vera til bóta, og með þeim var húsnæðislánakerfið gert einfaldara og aðgengilegra fyrir lántakendur, en það verður að segjast eins og er að því miður hefur framkvæmdin upp á síðkastið farið úr böndunum varðandi þau fyrirheit sem gefin voru með þessum lögum. Ég vil því ítreka þær spurningar sem komu fram í máli hv. 2. þm. Norðurl. e. varðandi það hvaða úrbætur ríkisstjórnin hafi vegna þeirra aðila sem eru í greiðsluerfiðleikum.

Nú ríkir stjórn hér á landi sem kennir sig við jafnrétti og félagshyggju, en ég verð að segja alveg eins og það er að mér kæmi ekki á óvart þó að eftirmæli hennar yrðu ríkisstjórn skattpíningar og forsjárhyggju því að hennar stefna t.d. í húsnæðismálunum birtist í skattastefnunni. Skattpíningarstefnan beinist fyrst og fremst að fjölskyldunum og heimilunum í landinu, unga fólkinu sem er að koma sér upp þaki yfir höfuðið eða er búið að því og hefur tekið á sig skuldbindingar vegna t.d. húsnæðislána. Nú á að auka skatta á þessu fólki vegna þessara lána með því að skattleggja greiðsluerfiðleika húsbyggjendanna, skattleggja lántökur húsnæðismálastjórnar, skattleggja byggingarefni unga fólksins sem er að koma sér upp þaki yfir höfuðið eða húsbyggjendanna, skattleggja húsbúnaðinn og svo tekur steininn úr með auknum eignarsköttum og fasteignasköttum sem auðvitað bitna fyrst og fremst á þessu fólki. Eins og hér hefur komið fram skiptir það þúsundum mánaðarlega sem þetta fólk kemur til með að þurfa að greiða ef skattastefna ríkisstjórnarinnar nær fram að ganga. Þá má gera ráð fyrir að íbúðareigandi, sem á kannski lítinn bíl upp á við skulum segja hálfa milljón, komi til með að þurfa að greiða á hverjum mánuði bara vegna þessara eigna líklega um 17 þús. kr. og er það ekki lítið til viðbótar við allt annað.

Ég ætla ekki, hæstv. forseti, að tefja þessa umræðu frekar. Það frv. sem hér liggur fyrir og er breyting á lögunum um Húsnæðisstofnun ríkisins varðar hið félagslega kaupleigukerfi og virðist vera eðlileg í sjálfu sér og gefur því ekki tilefni til sérstakrar umræðu, enda á ég sæti í félmn. þessarar hv. deildar og hef því tækifæri til að taka þátt í afgreiðslu frv. þar.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Það frv. sem hér er til umræðu felur í sér að heimila að selja allt að 15% eignarhlut í íbúð til að tryggja afnotarétt af íbúð í félagslega íbúðalánakerfinu. Þetta er reyndar sams konar ákvæði og er í 38. gr. í almenna íbúðalánakerfinu.

Það er eðlilegt að þetta ákvæði nái einnig til kaupleiguíbúða, en spurningin er hvers vegna ákvæðið er í raun ekki inni í húsnæðislögunum eins og þau eru. Þó að Kvennalistinn geti fallist á að þessi breyting á lögunum sé eðlileg nú teljum við eftir sem áður að það hefði verið betra að fresta afgreiðslu kaupleigufrv. sl. vor og taka fremur tíma til að endurskoða húsnæðislánakerfið og þar með félags-

lega íbúðalánakerfið samtímis. Í þeirri endurskoðun hefði einmitt mátt taka tillit til skipulags verkamannabústaðakerfisins, leiguíbúða, húsnæðissamvinnufélaga og fleiri aðila.

Við afgreiðslu málsins í Nd. var fulltrúi Kvennalistans í hv. félmn. samþykk nál. nefndarinnar, en þó með fyrirvara og þá fyrst og fremst vegna þess að við teljum að það sé eðlilegt að sinna þessu í heild sinni en ekki að taka út einstaka þætti fyrir sig. Nógur er vandi húsnæðiskerfisins fyrir.

Eins og menn muna e.t.v. gekk talsvert mikið á hér á sl. ári þegar hæstv. félmrh. mælti fyrir kaupleigufrv. sem var samþykkt um vorið þó margir hefðu efasemdir um ágæti þess að koma með nýtt kerfi við hlið annars. Það er ekki vegna þess að við í Kvennalistanum séum á móti því að auka valkosti í húsnæðislánakerfinu heldur miklu fremur að við teljum tæplega réttlætanlegt að koma á nýju kerfi þegar óvissan um framtíð byggingarlánasjóðanna er eins mikil og raun ber vitni og hefur reyndar verið um langan tíma. Biðtími eftir lánum mun nú vera a.m.k. þrjú ár, e.t.v. lengri, og ef ekkert verður að gert til að breyta þessu kerfi er eins víst að þessir sjóðir stefni í gjaldþrot, bæði Byggingarsjóður ríkisins og eins Byggingarsjóður verkamanna. Þess vegna hefði verið miklu eðlilegra og æskilegra að sú breyting, sem gerð var á húsnæðislöggjöfinni á sl. vori, hefði verið liður í heildarendurskoðun á húsnæðislánakerfinu og það er í raun það sem við teljum að sé nauðsynlegt að gera.

Það er vafi á því að það gangi í raun upp að íbúðalánakerfið sé með þeim hætti sem það er nú, þ.e. mörg kerfi hlið við hlið bæði flókin og reyndar misréttlát. Þannig deilist fé sem rennur til húsnæðislánakerfisins í marga hluta og því hlýtur nýtt kerfi að takmarka fé til þeirra hluta kerfisins sem fyrir eru. Eins og allir vita hafa framlög til leiguíbúða verið allt of lítil undanfarin ár, en þörf á leiguíbúðum, bæði félagslegum og almennum, er veruleg bæði hér á höfuðborgarsvæðinu og ekki síður úti á landi þar sem mikil neyð ríkir víða og tefur fyrir atvinnuuppbyggingu. Meiri hluti fólks er í raun á því máli að verulegt átak þurfi að gera til að auka framboð á leiguhúsnæði og það sem kannski flestir hafa mestar áhyggjur af, eins og komið hefur hér fram ítarlega í máli þeirra sem talað hafa á undan mér, er að menn óttast mjög um fjármögnun til þessa kerfis. Það er vert að huga að því að sú mikla vinna, hin langa vinnuvika Íslendinga stafar ekki síst af því hversu erfitt hefur verið um vik fyrir vanalegt fólk að koma sér upp húsnæði, hvort heldur sem er leiguhúsnæði eða að byggja sér eigið húsnæði. Það má nánast líkja því við krossferð fyrir hverja fjölskyldu að ganga í gegnum slíkt, svo miklar eru fjárhagsáhyggjurnar og valda þar í raun ómældum félagslegum vanda vegna þess hvernig kerfið hefur verið sniðið. Það er því auðvitað löngu kominn tími til þess að taka afstöðu til heildarendurskoðunar og endurbóta á þessu kerfi. Ég vænti þess að hæstv. ráðh. geti gert sitt til þess meðan hún situr í embætti sínu vegna þess að hún hefur, eins og áður kom fram, verið mikil áhugamanneskja og baráttumanneskja um þessi mál um langa hríð. En hún þarf auðvitað stuðning annarra í ríkisstjórninni og það þarf að vera vilji stjórnvalda allra að taka á þessu máli vegna þess hve angar málsins teygja sig víða út í þjóðlífið og hversu miklum vanda þau valda í raun venjulegum fjölskyldum í landinu.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Hér hafa orðið mjög góðar og gagnlegar umræður um húsnæðismál í tengslum við það frv. sem hér er til umræðu og vissulega hefði verið gott að hafa meiri tíma en nú gefst til að ræða um húsnæðismálin því að þau eru sá málaflokkur sem skiptir mjög miklu máli fyrir allar fjölskyldur í landinu. Ég þakka fyrir þær umræður sem hér hafa orðið.

Til mín hefur verið beint ákveðnum spurningum m.a. af hv. 2. þm. Norðurl. e. og hv. 14. þm. Reykv. Ég skal reyna að svara þeim spurningum sem til mín hefur verið beint.

Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson, sem að vísu er ekki staddur í deildinni, vildi fá almennt upplýsingar um stöðu í húsnæðiskerfinu og hvernig gengi með öflun fjár með tilliti til þarfar og húsnæðislaga sem við búum við og m.a. hvernig lífeyrissjóðirnir hefðu staðið í skilum.

Það er ljóst og allir þingmenn þekkja það að það húsnæðiskerfi sem við búum við kallar á mjög mikið fjármagn, ekki einasta fjármagn frá lífeyrissjóðunum heldur einnig mikið ríkisframlag ef kerfið á að ganga upp. Frá því að þessu húsnæðiskerfi var komið á hafa borist tæplega 16 þús. umsóknir og um 8 þús. lánsloforð hafa verið send út. Til að fjármagna þær 8 þús. umsóknir sem nú bíða afgreiðslu þarf um 23 milljarða kr., þ.e. þessar 8 þús. óafgreiddu umsóknir kosta um 23 milljarða kr., og það segir okkur sína sögu um fjárþörf húsnæðiskerfisins. Meðalbiðtími er mjög langur. Hann verður væntanlega á næsta ári um 34 mánuðir og ef ekkert er að gert má gera ráð fyrir að hann styttist ekki fyrr en árið 1994 að öllu óbreyttu.

Hv. þm. Halldór Blöndal beindi til mín þeirri spurningu hvað þyrfti að gera til að ná biðtímanum niður, hann nefndi t.a.m. í eitt ár eftir þrjú ár. Því er til að svara að nefnd sem starfað hefur að því að móta tillögur um endurskipulagningu húsnæðislánakerfisins hefur skilað sínu áliti. Þar kemur fram í áliti minni hluta nefndarinnar að til að stytta biðtímann niður í 24 mánuði á næsta ári og niður í eitt ár á næstu þremur árum þarf bæði að koma til veruleg breyting á útlánareglum húsnæðislánakerfisins þar sem yrðu skert lán bæði til einstaklinga og til þeirra sem eiga íbúð fyrir og það er einnig miðað við þennan biðtíma að endurgreiðsla lána verði tekjutengd og það komi til aukagreiðsla sem nemi 3,5% af tekjum umfram skattleysismörk sem þýðir raunverulega styttingu á lánstímanum. Til þess að ná biðtímanum niður um þetta þarf að koma verulega

aukið fjármagn, ríkisframlag, inn í Byggingarsjóð ríkisins. Þar kemur fram að til að ná biðtímanum niður, þ.e. í 24 mánuði á næsta ári og eitt ár á næstu þremur árum, telur minni hluti nefndarinnar að framlag ríkissjóðs á næsta ári þurfi að vera um 2 milljarðar og að 2 milljarða vanti upp á framlög ríkissjóðs fyrir árið 1987 og 1988. Ef það skili sér ásamt því að framlag ríkissjóðs yrði um 2 milljarðar á næsta ári og hér eftir telur meiri hluti nefndarinnar að hægt sé að ná niður biðtímanum um það sem ég nefndi.

Það er ljóst að þegar verið er að huga að húsnæðislöggjöfinni þurfa menn að gera upp við sig hvort við treystum okkur til að láta það ríkisframlag inn í húsnæðislánakerfið sem til þarf eða hvort við viljum gera einhverjar breytingar á því. Það er deginum ljósara og hefur komið fram í máli þeirra sem hér hafa talað í dag, og ég tek undir, að það er óviðunandi að búa við það ástand sem nú er í húsnæðislánakerfinu, að fólki sé boðið upp á það að þurfa að bíða í tvö og hálft til þrjú ár eftir að fá lán úr húsnæðislánakerfinu. Ég er því alveg sammála. En hitt er líka ljóst að ég hef ekki orðið vör við það þann tíma sem ég hef setið í stól félmrh. að þeir flokkar sem hafa átt aðild að þeim ríkisstjórnum, m.a. Sjálfstfl., séu tilbúnir að láta í húsnæðislánakerfið það fjármagn sem til þarf til að stytta biðtímann.

Ég minni á að þegar Sjálfstfl. átti sæti í ríkisstjórn var verulega skert ríkisframlagið og það var líka verið að skerða ríkisframlagið í byggingarsjóðina eftir að fjárlög voru samþykkt í tengslum við efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar þannig að þessir flokkar virðast ekki tilbúnir að láta það fjármagn sem til þarf í húsnæðislánakerfið og ríkissjóður raunverulega ekki geta staðið undir því.

Hv. þm. Halldór Blöndal spurði hvort ég hefði eitthvað meint með því á sínum tíma þegar ég sagði að húsnæðiskerfið, eins og hann orðaði það, „væri sprungið". Ég varaði við því fyrir þó nokkuð löngu hvert stefndi í húsnæðislánakerfinu ef ekki yrðu gerðar breytingar á. Ég hygg að það hafi allt komið á daginn. Það var eins og hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir sagði áðan að þótt vilji væri fyrir hendi t.a.m. hjá húsnæðismálaráðherra til að breyta húsnæðislánakerfinu þarf auðvitað fleira að koma til. Það þarf að nást samstaða á Alþingi um breytingar, samstaða á milli stjórnarflokka um nauðsynlegar breytingar á húsnæðislánakerfinu.

Að því er verið að vinna þessa dagana að reyna að ná áfram samstöðu um breytingar á húsnæðislánakerfinu. Ég tel að þessari ríkisstjórn sé ekki stætt á því að ná ekki fram nauðsynlegri endurskipulagningu á húsnæðislánakerfinu á yfirstandandi þingi. Það er líka óviðunandi fyrir mig sem húsnæðismálaráðherra ef ekki nást fram verulegar breytingar og endurskipulagning á húsnæðislánakerfinu á þessu þingi og það er óviðunandi fyrir fólkið sem er í löngum biðröðum að bíða eftir láni.

Ég hygg að þær tillögur sem nú liggja á borðinu og eru til skoðunar muni geta haft veruleg áhrif í þá átt að stytta þessa margumtöluðu biðröð og stuðla að því að gera húsnæðislánakerfið svo fjárhagslega öflugt að það geti með eðlilegum hætti veitt lán og lánafyrirgreiðslu til fólksins eins og með þarf.

Spurt var um hvort lífeyrissjóðirnir hafi staðið í skilum. Það verður að segjast eins og er að það hefur verið mjög erfitt að fá fullnægjandi upplýsingar frá lífeyrissjóðunum, en ég vænti að það geti orðið þar breytingar á vegna þess að í samkomulagi sem nú hefur verið gert við lífeyrissjóðina um fyrirkomulag á skuldabréfakaupum lífeyrissjóða hefur náðst samstaða um ákveðnar aðferðir, sem lífeyrissjóðirnir hafa gengist undir, um skil á skýrslum um ráðstöfunarfé og greiðsluflæði í lífeyrissjóðunum þannig að hægt sé að fylgjast reglubundið með því á hverjum tíma að lífeyrissjóðirnir standi við tilskilin kaup þannig að þeirra félagar hafi fullan rétt í lífeyrissjóðunum. Það ber að viðurkenna að á þetta hefur skort, en með því samkomulagi sem nú hefur verið gert um fyrirkomulag á skuldabréfakaupum lífeyrissjóðanna vænti ég þess að á því geti orðið breyting.

Ég skal ekki tefja mjög þessa umræðu. Ég vil þó koma inn á það sem hv. þm. Halldór Blöndal vék að er hann taldi að það þyrfti að vera fyrir hendi ákvæði í félagslega húsnæðiskerfinu sem væri í þá veru að hægt væri að leiðrétta lánskjör ef tekjur breytast. Ég hygg að það hafi farið fram hjá hv. þm. að slíkt ákvæði er fyrir hendi í löggjöfinni um félagslegar kaupleiguíbúðir þannig að ef tekjur kaupanda að félagslegri kaupleiguíbúð breytast er heimild fyrir hendi til að breyta vaxtakjörum og það er ákvæði um reglulega endurskoðun á því fyrirkomulagi. Ég vænti þess að hv. þm. fagni því þá að þetta ákvæði er fyrir hendi í húsnæðislöggjöfinni, þ.e. í félagslega kerfinu, bæði að því er varðar félagslegar kaupleiguíbúðir og almennar kaupleiguíbúðir, þar sem er heimild til endurskoðunar á vaxtakjörum.

Að því er varðar félagslegar íbúðir hér á landi er ljóst að það þarf að gera verulegt átak í því efni vegna þess að það er margt fólk sem ekki getur staðið undir þeirri greiðslubyrði sem því fylgir að kaupa íbúðir í gegnum almenna húsnæðislánakerfið. Ég bendi á í því sambandi, sem er nokkuð athyglisvert, að af um 87 þúsund íbúðum á landinu eru ekki nema liðlega 5 þúsund félagslegar íbúðir eða tæp 6% af heildinni og það hlýtur að segja sína sögu.

Ég hygg að ég hafi svarað flestu af því sem fram hefur komið. Varðandi greiðsluerfiðleikalánin sem hv. þm. spurði um líka, þá er alveg ljóst að þar er veruleg þörf fyrir hendi. Bara til þess að sinna 300 umsóknum sem liggja fyrir hjá Húsnæðisstofnun frá fjölskyldum sem eru í miklum greiðsluvanda og líklegt að stór hluti þeirra verði gjaldþrota ef ekki kemur til fjármagn í greiðsluerfiðleikalán, fara um 150 millj. kr. Forstöðumaður ráðgjafarstöðvarinnar telur að það þurfi að gera ráð fyrir því að um 2000 fjölskyldur leiti aðstoðar vegna greiðsluerfiðleika á árinu 1989 að öllu óbreyttu og miðað við útlánareglurnar nú, sem mjög hafa verið þrengdar og tengjast

bæði tekjum og eignum viðkomandi, megi gera ráð fyrir að um 500 umsóknum þurfi til viðbótar þessu að sinna á næsta ári og til þess þurfum við 250 millj. kr. Um þetta mál hefur verið fjallað í ríkisstjórninni og þremur ráðherrum verið falið að skoða hvernig hægt er að koma til móts við þennan vanda.

Ég tel að það verði að stuðla að því að bankarnir komi miklu meira inn í þessa mynd en verið hefur, bæði með breyttum vinnubrögðum og eins hitt að verulegur hluti af því fjármagni sem t.d. á þessu ári fór í greiðsluerfiðleikalán rann aftur í bankakerfið vegna þess að þær fjárhæðir voru notaðar til að gera upp vanskil við bankana. Þarna var um að ræða 150 millj. kr. Ég tel að það verði að skoða það af fullri alvöru að bankarnir kaupi skuldabréf af Húsnæðisstofnun ríkisins, t.a.m. sem nemur þeirri upphæð sem ég nefndi, sem verulega gæti leyst þá þörf sem fyrir hendi er á næsta ári að því er þennan þátt í húsnæðismálunum varðar.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa lengra mál að sinni nema tilefni gefist til. Ég vænti þess að samstaða geti orðið um það í þessari hv. deild að greiða götu frv. og að það geti orðið að lögum fyrir jólaleyfi þingmanna.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegur forseti. Því miður gat ég ekki af óviðráðanlegum ástæðum verið í deildinni þegar hæstv. ráðherra hóf mál sitt og svaraði spurningum, en ég hefði gjarnan viljað fá að leggja spurningu fyrir hæstv. ráðherra sem lýtur að samningum Húsnæðisstofnunar við lífeyrissjóðina vegna næsta árs. Eins og hv. þm. vita er það venjan að lífeyrissjóðirnir semja við húsnæðiskerfið fyrir eitt ár í senn um hvað þeir hyggjast kaupa fyrir mikið og jafnframt því er samið um vaxtakjör og önnur lánskjör. Nú hafa staðið yfir undanfarnar vikur viðræður, veit ég, á milli lífeyrissjóðanna og hins opinbera um þetta atriði. Ég vildi leyfa mér að spyrja hæstv. ráðherra að því hvort búið sé að semja við lífeyrissjóðina og ef svo sé hvað um hafi verið samið, hver vaxtakjörin séu eða lánskjör almennt.

Það er mjög þýðingarmikið að það komi fram, ekki endilega í sambandi við afgreiðslu þessa frv. heldur er þýðingarmikið að það komi fram í sambandi við afgreiðslu mála almennt á þinginu, hvernig þetta stendur. Það er mjög þýðingarmikið að við getum gert okkur grein fyrir hver er hugsanleg stefna hæstv. ríkisstjórnar í sambandi við vaxtakjör á lánum almennt og einnig er það að sjálfsögðu þýðingarmikið hvort núv. ríkisstjórn viðurkennir lánskjaravísitöluna, en eins og við vitum hafa verið miklar deilur um það og m.a. hefur hæstv. forsrh. margsinnis sagt á þessu ári að það eigi að leggja niður lánskjaravísitöluna. Þetta hefur geysimikla þýðingu bæði fyrir þá samninga sem hafa verið undanfarið milli aðila og ekki síður fyrir lífeyrissjóðina sem þurfa að gera það upp við sig hvernig þeir ætli að haga sínum kaupum.

Að öðru leyti skal ég ekki lengja þessa umræðu, en ég vil þó láta það koma fram, sem ég hef oft gert áður, að ég er þeirrar skoðunar að þetta bákn, eins og Húsnæðisstofnunin er orðin, sé allsendis ófullnægjandi í því formi sem hún er. Ég minnist þess að í umræðum hér fyrr um Húsnæðisstofnun og íbúðamál almennt hef ég lagt áherslu á að ég teldi að það ætti að þróa alla þessa lánastarfsemi vegna húsnæðismála þjóðarinnar þannig að bankarnir komi meira inn í þá mynd sem og sjóðir og aðrir sem eiga fé aflögu þannig að húsbyggjendur og verktakar geti snúið sér í æ ríkari mæli til bankanna og bankakerfisins í sambandi við lausn þessa máls. Ég er sannfærður um að ef þetta verður flutt meira frá Húsnæðisstofnun yfir í bankakerfið muni þær biðraðir ekki vera sem nú eru því miður vegna lánafyrirgreiðslu í sambandi við íbúðabyggingar og yfirleitt í húsnæðismálunum. Það er ekki nokkur vafi á því að með því að færa þetta yfir í bankakerfið, eins og mér skildist að hæstv. ráðherra væri sjálfur inn á að þyrfti að þróa í ríkari mæli, mundi það leysa mikinn vanda.

Ég vil svo einnig segja að lokum að auðvitað verðum við að haga okkur þannig í sambandi við húsnæðismálin að þess sé jafnan gætt að fyrir hendi sé nægilega mikið af félagslegum íbúðum til að fullnægja þörf láglaunafólks og annarra sem geta ekki með auðveldum hætti eignast íbúðir. Það er stefna Sjálfstfl. að sjálfsögðu og hefur alltaf verið. Vísa ég til þess að Reykjavíkurborg undir forustu Sjálfstfl. hefur staðið myndarlega að þessum málum, sem viðurkennt er og til mikils sóma, en að sjálfsögðu leggjum við áherslu á sem meginstefnu sjálfseignarstefnuna. Það er grundvallaratriði. Því miður hlýtur maður að hafa miklar áhyggjur af því að núv. ríkisstjórn ætli að brjóta niður þá stefnu að menn geti átt sínar íbúðir og húseignir sjálfir. Það er sama stefna og snýr að atvinnulífinu. En hvað sem því líður vil ég láta það koma fram að Sjálfstfl. styður það eindregið og einlæglega að byggt sé á félagslegum grundvelli, eins og einnig hefur komið fram hjá hæstv. ráðherra.

Mér þætti vænt um það ef hæstv. ráðherra gæti svarað þeirri spurningu hvort samningar hafi tekist við lífeyrissjóðina og þá á hvaða grundvelli.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég sé ástæðu til að þakka hæstv. félmrh. þau svör sem hann gaf áðan. Það vakti athygli að hann vék ekki einu einasta orði að hinni nýju lánskjaravísitölu, sem forsrh. hefur svo mjög prísað, sem verður eins og ég sagði áðan þannig byggð upp að það á taka til baka ef kjarabætur verða í landinu hluta þeirra hjá þeim sem skulda hjá byggingarsjóðunum þannig að launþegar geti ekki til fullnustu notið þeirrar kaupmáttaraukningar sem þeir ella mundu njóta því auðvitað getur maður ekki spáð því að þjóðfélagsþróun verði með þeim hætti að áfram horfi niður á við, en eins og þingmenn vita hefur hagvöxtur dregist saman á þessu ári og eins og horfir á því næsta. Eins og stefna ríkisstjórnarinnar er er öldungis ljóst að ekki glæðast vonir manna til

þess að þeir hafi meira úr að spila. Við sjáum fyrir okkur hringinn í kringum landið hvernig fjaraö hefur undan fyrirtækjunum og ég veit ekki betur en þess hafi víða orðið vart líka í höfuðborginni að fólkið hefur ekki sama atvinnuöryggið. Þessa hefur m.a. orðið vart í daglegri neyslu manna. Við sjáum það ef við skoðum innflutningsskýrslur að þá hefur innflutningur minnkað mjög verulega á venjulegum neysluvörum og það má sjá líka á versnandi fjárhag ríkissjóðs hvernig söluskattstekjur hafa orðið minni en búist hafði verið við. Og kaupmenn hafa þá sömu sögu að segja. Kaupmátturinn er allur annar og miklu minni en áður. Auðvitað eru engin teikn á lofti önnur en þau að sú öfugþróun haldi áfram.

Það er þess vegna alveg morgunljóst að það mun hefna sín síðar á þeim sem lán þyrftu að taka í húsnæðiskerfinu á næsta ári ef þeir verða skyldugir til þess að lánin verði tryggð með lánskjaravísitölu forsrh. Ég vil þess vegna ítreka þá fyrirspurn sem ég var með áðan til hæstv. félmrh. um hvort hann geti fellt sig við þessar hugmyndir og hvort hann telji það fyrirkomulag betra fyrir lántakendur að skuldbindingar þeirra séu tryggðar eins og verið hefur með lánskjaravísitölunni eins og hún er núna eða hvort hæstv. húsnæðisráðherra telur að lántakendur fari betur út úr hinni nýju vísitölu.

Svarið er líka vísbending um hvernig ráðherrann sér framtíðina fyrir sér. Ef ráðherrann sér framtíðina þannig fyrir sér að kjörin haldi áfram að skerðast og ef ráðherrann á ekki von á því að kaupmáttur geti aftur vaxið hér á landi hlýtur svar hans auðvitað að vera að hann fallist á hugmyndir forsrh. Ef hins vegar ráðherrann gerir sér vonir um að kaupmáttur geti batnað á nýjan leik, að launakjörin eða að laun manna í krónum talið vaxi meir en kostnaður við að halda uppi fjölskyldum og meir en byggingarkostnaður, er það líka alveg ljóst að það borgar sig að halda gömlu vísitölunni.

Ég hygg þess vegna að það sé mjög lærdómsríkt og upplýsandi fyrir þingdeildina að fá svör húsnæðisráðherra við einmitt þessari spurningu. Ég sætti mig ekki við það að húsnæðisráðherra, eins mikill baráttumaður og hann er, láti kyrrt liggja ef hann hefur sannfæringu fyrir því að gengið sé á rétt þeirra sem minnst mega sín, eins og er t.d. um þá sem eru í hinu félagslega íbúðakerfi, ef það á nú að knýja þá til þess að borga sérstakan aukaskatt til Byggingarsjóðs verkamanna ef aðeins tekst að bæta hlut þeirra borið saman við aðra í landinu. Ég held að þessi nýja lánskjaravísitala sé mjög vanhugsuð og geti undir engum kringumstæðum verið viðunandi fyrir launafólk.

Ég minni á að lögin eru mjög afdráttarlaus um það hvaða rétt lántakendur hafa og ég minni á að þessi afdráttarlausi réttur, sem lántakendum er gefinn til vissrar lánsfyrirgreiðslu í lögunum, byggir á þeim rökum að nær allir í landinu eru launþegar, nær allir í landinu greiða til lífeyrissjóðanna og höfðu áður en húsnæðislöggjöfin var sett vorið 1986 verulegan rétt til sérstakrar lánsfyrirgreiðslu úr lífeyrissjóðakerfinu, einkum og sér í lagi þó ef um hjón var að ræða sem bæði höfðu áunnið sér fullan rétt. Við munum að á þeim tíma fór því víðs fjarri að lífeyrissjóðslánin væru greidd út síðar en húsnæðislánin. Þvert á móti var útgreiðsla þeirra venjulega mun fyrr á ferðinni sem gerði mörgum kleift að stíga það stóra skref sem það vissulega var að eignast þak yfir höfuðið.

Ég get vel rifjað það upp að ég var á þeim tíma efins um að við ættum að hafa skrefið jafnstórt og það var á árinu 1986 og benti á að í þeirri miklu verðbólgu sem verið hafði og geisað hafði þá á annan áratug hafði fyrirgreiðsla Húsnæðisstofnunar raunverulega verið mun minni en hún sýndist á pappírnum. Þannig man ég það örugglega rétt að meðan núv. hæstv. menntmrh. var ráðherra húsnæðismála var svo komið að lán til byggingar á íbúð var að raungildi eitthvað í kringum 10% af byggingarkostnaði, en með skrefinu sem stigið var gat það farið upp í 70% ef um íbúð af hóflegri stærð var að ræða.

Það má vel vera að það sé rétt hjá hæstv. ráðherra að nauðsynlegt sé að skerða mjög rétt ýmissa til húsnæðislána til þess að hægt sé að stytta biðlistann niður í eitt ár á næstu þrem árum. Það er alveg ljóst að ef skorið er aftan af biðlistanum með stjórnvaldsaðgerðum minnkar biðröðin. Ef það fé sem viðkomandi eiga að fá verður mun minna nægir minna til að uppfylla óskirnar og vonirnar. En ég vil líka minna á hitt, að þær greiðslur sem mest munar um eru ekki til þess fólks sem á íbúð fyrir og þarf að stækka við sig. Ég gæti trúað að fyrirgreiðsla til þess fólks nú sé í kringum 1,5 millj. kr. Það væri fróðlegt að rifja upp hversu mikið fé þetta sama fólk gat fengið á árinu 1986 frá lífeyrissjóðunum og athuga um hversu mikið fé væri að ræða ef það væri fært upp til núgildandi verðlags. (Gripið fram í.) — Já, hv. þm. segir að það yrðu 2 til 2,3 millj. þannig að við erum þá í raun og veru að tala um minni fyrirgreiðslu nú í krónum talið til þessa fólks en það gat fengið á þeim tíma úr lífeyrissjóðunum ef það hafði fullan lánsrétt.

Þess vegna stöndum við enn á ný frammi fyrir þessari spurningu: Ef húsnæðiskerfi, ef ráðamenn, stjórnvöld ætlast til þess að lífeyrissjóðirnir geti varið jafnmiklum hluta af ráðstöfunartekjum og þeir gera nú til húsnæðiskerfisins hlýtur sú krafa að koma á móti að ekki sé gengið á það grundvallarsjónarmið lífeyrissjóðanna að allir sem þar eru hafi nokkuð sama rétt með hliðsjón af því hversu lengi þeir hafa greitt í viðkomandi sjóð. Þetta húsnæðiskerfi í heild, þó því sé breytt, er þess vegna mjög brothætt og má búast við því að ef knúðar eru fram breytingar á kerfinu í grundvallaratriðum muni fara fyrir því eins og stundum gerist um stjórnmálaflokka, að þegar einn steinninn losnar molna þeir niður.

Það er þess vegna að minni hyggju miklu þýðingarmeira en maður gæti haldið í fljótu bragði að allar breytingar sem gerðar eru á lánsreglum Byggingarsjóðs ríkisins séu í fullu samráði og samstöðu við verkalýðshreyfingu og vinnuveitendur, í fullu sam-

ráði og í fullum friði við þá sem ráða yfir lífeyrissjóðunum. Verkalýðshreyfingin er þannig byggð upp að þeir sem stjórna henni eru trúnaðarmenn hinna einstöku félagsmanna og ef þeim mislíkar við forustuna verður hún að sæta sömu ábyrgð og alþm. ef þeir stjórna þannig að þeim fellur ekki við þá þannig að þeir eru undir mikilli pressu og þeir hljóta augsýnilega að haga sér þannig að það skapi a.m.k. viðunandi frið í viðkomandi stéttarfélögum.

Ég vil eins og ég gerði áðan leggja ríka áherslu á að einhver lágmarksfyrirgreiðsla úr Byggingarsjóði ríkisins meðan við höldum honum verður að vera fyrir hendi til þess að menn reyni að bjarga sér sjálfir, til þess að menn ráðist í kaup á íbúðum eða í byggingu húsa án þess að þeir falli undir hina sérstöku gæðaflokka, forgangshópa, sem við köllum kaupleigukerfið og við hljótum að kalla félagsmálakerfið í heild sinni. Ráðherrann komst svo að orði að það þyrftu 2 milljarðar til að koma á næsta ári til viðbótar öðrum tveim sem húsnæðiskerfið hefði þurft að fá á þessu ári og sl. ári til þess að biðröðin gæti farið niður í eitt ár eftir þrjú ár. Þá er óhjákvæmilegt að spyrja hvað hann reiknar með að kaupleiguíbúðirnar verði margar sem byggðar verði á þessum árum, 1989, 1990 og 1991. Í þessum áætlunum hlýtur að vera talað um þá skiptingu því að hún er ráðandi þáttur um fjármagnið sem nauðsynlegt er að fá. Þá er líka fróðlegt að fá upplýsingar um hvort könnun hafi verið gerð á því meðal ungs fólks hvort það vilji fá íbúð í þessum kaupleiguíbúðum, hvort það vilji njóta þeirra sérstöku lánskjara sem þar er um að tefla þannig að það geti fyrst notið hinnar sérstöku fyrirgreiðslu og síðan gert það upp við sig á eftir hvort það vill eignast íbúðirnar eða ekki. Ég held að það geti orðið okkur mikill vegvísir að því mikla vandamáli sem húsnæðiskerfið vissulega er.

Ég hlýt að ítreka það sem ég sagði áðan um það hversu nauðsynlegt það er að koma til móts við það fólk sem nú á í greiðsluerfiðleikum. Hæstv. ráðherra hafði orð á því að það væri ekki nema, ef ég man rétt, 5 eða 6% íbúanna sem byggju í íbúðum af félagslegum toga. Þetta er mjög lág tala. Að sumu leyti skýrist hún af því að húsnæðislánin, sem Byggingarsjóður ríkisins veitti á fyrri hluta síðasta áratugs og fram eftir honum, gufuðu upp þannig að menn gátu með tiltölulega lítilli fyrirhöfn ráðist í það stórvirki að kaupa húsnæði án þess að búast við því að þeir þyrftu að greiða andvirðið til baka. Bæði var nú þá ástatt svo að vextir náðu engan veginn raunvöxtum og það litla þeir voru voru þeir jafnframt frádráttarbærir við álagningu tekjuskatts þannig að ólíku er saman að jafna þá og nú.

Nú á hinn bóginn hafa menn þurft að sæta mjög ströngum lánskjörum og þess vegna er við því að búast, ef erfiðleikalánin eru dregin við sig, að þeim fjölgi sem vegna erfiðs fjárhags hafa misst íbúðir sínar og að þeir banki á dyrnar annars staðar í kerfinu, annaðhvort hjá verkamannabústöðum eða þá þessum kaupleiguíbúðum, í þeim hlutanum sem fellur undir Byggingarsjóð verkamanna eða hinum sem fellur undir Byggingarsjóð ríkisins.

Ég er mjög ánægður yfir því að þeirri reglu skuli hafa verið komið á að þeir sem njóta lánskjara Byggingarsjóðs verkamanna megi búast við að þeim verði breytt ef tekjur þeirra og allur efnahagur hefur batnað þannig að þeir falli undir Byggingarsjóð ríkisins. Þetta er skref sem fyrir löngu hefði átt að vera búið að stíga. Ég geri mér grein fyrir að það er flóknara mál að taka dæmið á hinn veginn þannig að þeir sem njóta nú kjara Byggingarsjóðs ríkisins geti vænst þess að njóta kjara Byggingarsjóðs verkamanna ef heimili hefur orðið fyrir miklu áfalli. Það er miklu erfiðara og flóknara mál, en þó er óhjákvæmilegt að huga að því einnig og reyna að taka á því í tengslum við þá endurskoðun á húsnæðiskerfinu í heild sem hæstv. ráðherra hefur boðað og verð ég að taka undir með ráðherra að ég skil ekki hvernig það megi vera að frv. um slíka heildarlöggjöf skuli ekki þegar liggja fyrir þinginu svo mikið sem er í húfi.

Ég man eftir því þegar við vorum að fjalla um húsnæðismálin í gamla daga hversu lengi það stóð í okkur hvernig haga ætti lánveitingum úr Byggingarsjóði ríkisins til kaupa á notuðum íbúðum. Við gerðum okkur grein fyrir því að við því mætti búast fyrst í stað að íbúðaverð færi hækkandi ef lánsfyrirgreiðslan yxi verulega. Menn voru þess vegna mjög hræddir við að stíga stórt skref í einu í þá áttina eins og þó var gert 1. september 1986. Ef litið er yfir fasteignamat frá þeim tíma sést að fyrst á eftir hækkaði verð á notuðum íbúðum á öllum fasteignamarkaði hér á landi. Var það að vísu óeðlilega lágt fyrir en vitaskuld fór hluti hinnar auknu fyrirgreiðslu í hækkað íbúðaverð á þeim tíma.

Við veltum því fyrir okkur hvort einhver tök væru á því að hafa svigrúm í kerfinu inn við Laugaveg þannig að sett yrði á fót einhver stofnun eða einhver undirnefnd húsnæðismálastjórnar sem mundi hafa það verkefni, jafnvel í tengslum við viðskiptabanka, að átta sig á því hvort reynandi væri að haga lánveitingum til kaupa á notuðum íbúðum nokkuð eftir efnahag, en komumst fljótt að þeirri niðurstöðu að slíkur dilkadráttur með borgara landsins var alls ekki við hæfi hjá opinberri stofnun svo niðurstaða okkar var í rauninni sú að ef til þess ætti að koma að lánsfyrirgreiðsla ætti að fara nokkuð eftir efnahag, tekjum manna og aðstöðu allri — lánstími gæti t.d. verið mismunandi eftir efnum og ástæðum — væri óhjákvæmilegt að færa lánveitingarnar inn í viðskiptabankana.

Ég vék að því í minni ræðu áðan að því fylgdu þeir kostir að launatekjur viðkomandi færu í gegnum hina sömu banka þannig að bankastjórarnir hefðu alla aðstöðu til þess að fylgjast náið með því hvort viðkomandi hefðu reist sér hurðarás um öxl og gætu staðið undir skuldbindingunum þannig að það gæti þá fljótt komið til úrlausnar hvort viðkomandi réðu við þá íbúð sem þeir höfðu fest kaup á, kannski með einhverri tilhliðrun í bili, eða hvort nauðsynlegt væri

fyrir viðkomandi að selja hana og kaupa aðra minni á meðan hann væri að ná fótunum undir sig. Ég tók eftir því að hv. 14. þm. Reykv. tók undir sömu sjónarmið og ég var nú að lýsa.

Við höfum oft haft orð á því, sjálfstæðismenn, og ég man eftir því einmitt þegar við stóðum í viðræðunum við fulltrúa Alþýðusambandsins á vordögum 1986 að þeir voru okkur sjálfstæðismönnum algerlega sammála um að það væri bæði siðferðilega þroskandi og þjóðfélagslega nauðsynlegt að reyna með almennum aðgerðum að hafa áhrif á að þeir sem hygðust festa kaup á húsnæði hefðu yfir nokkru fjármagni að ráða, hefðu lagt til hliðar töluvert af sjáfsaflafé sínu og þannig komið fótunum undir sig. Það er miklu, miklu betri aðferð en hin að knýja menn til lántöku fyrir allri íbúðinni.

Af þessum sökum var lögfest að þeir sem legðu fé inn á sérstaka reikninga, húsnæðissparnaðarreikninga, skyldu njóta vissra skattfríðinda. Mér er algerlega ljóst að þessi löggjöf var í upphafi mjög ósveigjanleg. Það var sjónarmið fjmrn. að slíka tilhliðrun frá skatti væri ekki réttmætt að veita heimild til nema inn í löggjöfina væru sett mjög óaðgengileg refsiákvæði sem höfðu þau áhrif að fjöldi manna sneri frá, treysti sér ekki til að fara út í þann sparnað sem reikningarnir þó heimiluðu. Síðan bættist það við að á árinu 1987 voru tekjur manna í raun skattfrjálsar þannig að þá greiddu menn einungis skatt af því fé sem þeir höfðu unnið fyrir árið áður en skipti ekki máli hvernig þeir ráðstöfuðu fé sínu það árið.

Þegar staðgreiðslan var síðan tekin upp var ekki samstaða milli Sjálfstfl. og Alþfl. um þetta atriði. Alþfl. mátti ekki heyra á það minnst undir neinum kringumstæðum að fólki væri gefinn áfram kostur á þessum húsnæðissparnaði og afleiðingin hefur síðan orðið sú að þessir reikningar hafa ekki komið að þeim notum sem við höfðum þó gert okkur vonir um.

Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að hæstv. félmrh. svari því nú hvaða hug hann hefur til húsnæðissparnaðarreikninganna, hvort hugur hans standi til þess að þeir verði endurreistir. Ég gat ekki skilið orð hans öðruvísi áðan en svo að hann hefði í hyggju að draga mjög úr þeim lánsrétti sem vissir einstaklingar hafa nú innan húsnæðiskerfisins. Einmitt með hliðsjón af þeim orðum held ég að óhjákvæmilegt sé að á það reyni hvort húsnæðisráðherra geti fallist á að menn megi spara fyrir fram þannig að þær upphæðir sem lagðar eru inn á bundinn húsnæðisreikning séu undanþegnar tekjuskatti eftir ákveðnum reglum, annaðhvort að hluta eða algjörlega. Það sem þá kemur til álita er að sjálfsögðu sú ávöxtun sem húsnæðissparnaðarreikningarnir gefa í heild og það getur verið álitamál hversu langt löggjafinn telur rétt að gengið sé í því að menn geti lagt til hliðar með þessum sérstaka hætti.

Ég skal ekki neita því að það geti verið nauðsynlegt að setja því takmörk. Á hinn bóginn vil ég ítreka þá skoðun mína að við eigum ekki aðeins að huga að því hvernig við getum með framlögum úr ríkissjóði stutt stoðir lánakerfis húsnæðismála. Við hljótum líka að velta því fyrir okkur hvort það þjóni ekki tvenns konar tilgangi að örva menn til sparnaðar, annars vegar þeim að auka innlendan sparnað, sem er mikilvægur liður í því að draga úr erlendum lántökum m.a., og hins vegar með því að draga úr þörfinni fyrir húsnæðislánin. Einmitt með því að færa húsnæðislánin inn í bankana þannig að við losnuðum við þann millilið sem húsnæðislánastofnun er mundi slíkur sparnaður fyrir fram beinlínis tengjast þeirri fyrirgreiðslu sem viðskiptabankarnir yrðu síðan reiðubúnir til að veita viðkomandi mönnum.

Sumir hafa sagt að það sé raunar óþarfi að blanda viðskiptabönkunum inn í þessi mál. Það sé miklu eðlilegra og miklu nær að lífeyrissjóðirnir láni beint til sinna félagsmanna þannig að bæði sé hægt að ganga fram hjá Húsnæðisstofnun og viðskiptabönkum, a.m.k. í verulegum mæli. Ég hef nokkuð íhugað þann möguleika, en ég hef eftir sem áður komist að þeirri niðurstöðu að það yrði mjög til einföldunar og hagræðis fyrir alla aðila ef hinn hátturinn yrði á hafður, að viðskiptabankarnir tækju að sér þessa fyrirgreiðslu eins og gerist víðast erlendis. Fyrirgreiðslan mundi þá ganga fyrir sig með þeim hætti að lífeyrissjóðirnir keyptu skuldabréf af bönkunum til langs tíma sem þeir gætu síðan endurlánað viðskiptavinum sínum.

Eins og ég lagði ríka áherslu á áðan: Ef við viðurkennum slíkt fyrirkomulag hlýtur það að þýða að markaðsvextir koma á skuldabréfin sem aftur gerir þá nauðsyn knýjandi og óhjákvæmilega að vextir og verðtrygging séu undanþegin við álagningu tekjuskatts, ekki síst eins og nú er komið þegar við völd er ríkisstjórn sem byrjar á að hugsa um hverju hún megi eyða og langar til að eyða og fer síðan með hjálp Borgfl. eða einstakra þingmanna úr honum ofan í vasana á þegnunum. Verð ég raunar að segja að sumt af því hefur komið mér mjög á óvart sem maður hefur orðið vitni að, eins og það t.d. að samningsrétturinn skuli ekki lengur vera heilagur í huga þess verkalýðsleiðtoga sem sæti á á þingi fyrir Borgfl.

Ég vil, herra forseti, leggja áherslu á að ef ríkisstjórninni tekst að knýja fram þær miklu skattahækkanir sem ætlast er til að við í Ed. setjum upp á færiband og afgreiðum fyrir jólin, ef það áform ríkisstjórnarinnar tekst að fara svo djúpt í vasann hjá þjóðinni hlýt ég að ætlast til þess á móti að meiri hluti en nú er á fjárlögum næsta árs eftir 2. umr. fari til þess að létta hlut þeirra fjölskyldna sem sárast brenna á erfiðleikarnir í húsnæðismálum. Það er kannski skiljanlegt að menn séu naumir í slíkri fyrirgreiðslu ef alls staðar er gætt fyllsta aðhalds og ef ríkisstjórnin hagar skattheimtu sinni með þeim hætti að einstaklingarnir hafi eitthvert svigrúm, en þegar á að gera hvort tveggja, þegar nú er með skipulögðum aðgerðum verið að skapa atvinnuleysi víðs vegar um landið, þegar nú er með skipulegum

aðgerðum verið að brjóta niður kaupmáttinn hjá fólkinu með því að verðbólga er mjög vaxandi — það er vaxandi dýrtíð í landinu — og þegar maður verður á sama tíma vitni að því að ekki megi gefa samningsréttinn lausan og svo á að klípa af á hinum endanum líka með því að auka hlut ríkisins af sjálfsaflafénu, ekki þó þannig að þetta fólk geti fengið vaxtaálögurnar frádráttarbærar við álagningu tekjuskattsins heldur þannig að nauðþurftirnar eiga að vera algjör afgangsstærð, þá hlýtur það að vera almenn siðferðilega krafa, ekki aðeins frá þingmönnum Sjálfstfl. heldur líka frá þjóðinni allri, að þeir sem fara með húsnæðismálin í ríkisstjórninni sjái um að betur verði gert við þá sem verst eru staddir núna í húsnæðismálunum en áætlað hafði verið, að lánum þeirra sem verst eru staddir verði flýtt meira en áætlað hafði verið, að meira fé verði varið í svokölluð erfiðleikalán en áætlað hafði verið.

Ríkisstjórnin hafði ekki vissu fyrir því né öruggan meiri hluta að hún gæti komið skattheimtunni fram. Þess vegna get ég kannski skilið að hún hafi skorið við nögl meira en hún vildi þessa sérstöku liði. En nú er búið að kasta bjarghringnum til hennar. Nú hafa þeir sem þóttust vera borgaralega þenkjandi brugðist þeim borgaralegu skyldum sínum að standa vörð um sjálfsaflafé (**GHG:** Og fóru létt með það.) og fóru létt með það. Þá er ekki lengur sú afsökun að ríkisstjórnin geti ekki skattlagt eins og hún vill. Ég get ekki betur séð en (**SkA:** Allt sé í lagi.) sómi hennar sé sá einn ef einhverju á að bjarga að koma til móts við þetta fólk.

Í ræðu minni áðan vék ég sérstaklega að því að víðs vegar úti um land hefðu húsbyggingar legið niðri á árunum eftir að nauðsynlegt þótti að setja fiskkvóta á öll fiskiskip í landinu, sem hafði mjög mikinn samdrátt í för með sér í sjávarplássum hringinn í kringum landið, og á þessum sama tíma þótti þeirri ríkisstjórn sem þá sat nauðsynlegt að herða mjög að almenningi þannig að kaupmáttur rýrnaði mjög mikið og varð snöggt um minni en áður og síðar. Það var skiljanlegt við þessar aðstæður að menn skyldu ekki vera mjög áfjáðir í að taka á sig miklar skuldbindingar vegna húsbygginga í hinum minni sjávarplássum þar sem allt var undir því komið að vel veiddist. Af þessum sökum drógust húsbyggingar algjörlega saman ef undan eru skildir verkamannabústaðir. Þetta voru ástæðurnar fyrir því ekki síst að landsbyggðarfólk á mörgum stöðum á landinu var seint til að sækja um fyrirgreiðslu úr Byggingarsjóði ríkisins þegar nýju lögin tóku gildi. Það var ekki í byggingarhugleiðingum, hafði ekki ráðið við sig hvar það mundi setjast að og vildi bíða og sjá hvað gerðist. Síðan breyttist ástandið og ekki síst rækjan varð til þess að afkoma batnaði mjög skjótt og sums staðar á landinu hefur verið mikill skortur á vinnuafli og fleiri viljað setjast að en mögulegt var vegna húsnæðiseklu.

Ég vék að því áðan, herra forseti, að það væri mjög nauðsynleg breyting á húsnæðislöggjöfinni að breyta henni svo að einmitt þetta fólk gæti setið fyrir um lánveitingar, þ.e. á þeim stöðum þar sem húsbyggingar hafa legið niðri, til þess að koma byggingunum aftur af stað og vekja tiltrú fólksins á þessa staði og er fróðlegt að fá að heyra hvaða skoðun húsnæðisráðherra hefur á því. Ég hafði t.d. mjög gaman af því að koma til Djúpavogs nú á þessum haustdögum með hv. þm. Agli Jónssyni, sem því miður er upptekinn við önnur störf, og ræða við það unga fólk sem þar var. Þeir sögðu mér að þar væru, ég man ekki hvort þeir sögðu sex eða átta ungir menn sem vildu fara í húsbyggingu. Ég get t.d. talað um stað eins og Dalvík þar sem veruleg byggingarstarfsemi hefur verið og fólk hefur viljað setjast að eða vildi a.m.k. til skamms tíma. Ég skal ekki segja hvort stefna ríkisstjórnarinnar hefur einhverju breytt. Hún bitnar auðvitað mjög á svona stöðum. Atvinnulífið á Dalvík er annars vegar byggt upp á sjávarútvegi og hins vegar á fyrirtækjum sem þjónusta sjávarútveginn og keppa beint við innflutninginn. Þegar þeirri stefnu er fylgt að reyna að keyra niður lífskjörin með því að gera slíkum fyrirtækjum erfitt fyrir, með því að framkalla hallarekstur í sjávarútvegsfyrirtækjum og hallarekstur í samkeppnisiðnaði, þegar reynt er þannig að brjóta niður kaupmáttinn má auðvitað búast við því að þau byggðarlög sem eingöngu byggja á slíkum atvinnurekstri standi höllum fæti. Þó held ég að Dalvík standi sig enn til guðs lukku. (**SkA:** Hvernig er hjá Sæplasti?) Það eru erfiðleikar hjá því fyrirtæki. Ég heyri að hv. þm. er kunnugur og gerir sér grein fyrir því að einmitt þetta fyrirtæki á mikil viðskipti við útgerðarmenn og auðvitað hlýtur að valda því vissum greiðsluerfiðleikum ... (**SkA:** Blankheitin hjá útgerðarmönnum.) Já, að erfið staða útgerðarmannanna verkar beint á þessi þjónustufyrirtæki. Það er alveg laukrétt hjá hv. þm. (**SkA:** Bliki stendur sig sæmilega). Bliki stendur sig vel, en á hinn bóginn sýnir þetta dæmi þýðingu þess að unga fólkið sem þar vill setjast að fái eðlilega fyrirgreiðslu til þess þegar vel gengur í plássinu. Svo kemur fleira til á Dalvík, ýmsar aðrar ástæður en á Djúpavogi, eins og t.d. þær góðu samgöngur sem þar eru og eru alveg gagnstætt því sem á við um Djúpavog sem er mjög einangraður staður. Ég held að ég muni það rétt að þau byggðarlög sem standa næst Djúpavogi eiga sum hver í vissum erfiðleikum.

Ég veit ekki, herra forseti, hvort ástæða sé til að víkja nánar að öðrum atriðum í tengslum við það frv. sem hér liggur fyrir. Ég vil aðeins ítreka áhuga minn á því að það gangi fram, sem hæstv. félmrh. boðaði áðan, að hið félagslega kerfi húsnæðismálanna megi koma í heild til endurskoðunar. Á því er ekki vanþörf. Það er í rauninni grundvöllur þess að hægt sé að koma fastri og skynsamlegri skipan á húsnæðismálin.

Ég vænti þess að sú nefnd sem fær þetta frv. til meðferðar leggi einmitt áherslu á það í sínu nál., sem félmrh. sagði áðan, að húsnæðismálin í heild eru í ólestri, að brýn þörf er á því að taka félagslega kerfið í heild til endurskoðunar og að spurning sé

með hvaða hætti unnt sé að láta þá gífurlegu peninga sem í húsnæðiskerfinu liggja koma að sem bestu haldi og að sem bestu gagni.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Það var beint til mín ákveðnum spurningum af Guðmundi H. Garðarssyni, 14. þm. Reykv., sem mér er ljúft að svara. Hann spurði hvort samkomulag hefði tekist um vaxtakjör vegna skuldabréfakaupa lífeyrissjóða á árinu 1989. Svo hefur verið. Það hefur tekist samkomulag milli fjmrn., félmrn., Húsnæðisstofnunar og samtaka lífeyrissjóða um vaxtakjör fyrir mánuðina janúar, febrúar og mars. Hér er um skammtímasamkomulag að ræða. Það felur í sér að mánuðina janúar, febrúar og mars skulu útgefin skuldabréf bera 6,8% vexti ofan á verðtryggingu og aðilar eru ásáttir um að semja fyrir lok mars 1989 um kjör útgefinna skuldabréfa á tímabilinu apríl til desember 1989. Samkomulagið felur einnig í sér að vextir skuldabréfa með föstum vöxtum útgefnum á árinu 1987 og bera nú 6,25% vexti hækki frá áramótum og til enda líftíma bréfanna í 6,35%. Þetta er í aðalatriðum það sem felst í samkomulaginu um vaxtakjör. Síðan hefur samkomulag verið gert um fyrirkomulag skuldabréfakaupa lífeyrissjóðanna, þ.e. sem tryggja á að lífeyrissjóðirnir gefi betri upplýsingar um sitt ráðstöfunarfé og skuldabréfakaup. Það samkomulag var einnig gert í dag.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég vek athygli þingheims á að ráðherra kom með mjög merkilegar upplýsingar inn á fundinn, að það hefur tekist samkomulag milli fjmrn. annars vegar og lífeyrissjóðanna hins vegar um kaup lífeyrissjóðanna á skuldabréfum Húsnæðisstofnunar. Að vísu gildir þetta ekki nema fyrir þrjá fyrstu mánuði ársins 1989, en það sem hefur gerst í þessum samningum er m.a. að vextir sem áður voru 7% fara ekki nema niður í 6,8%. Þetta ber vott um að af hálfu fjmrn. er það staðfest að ríkisstjórninni hefur ekki tekist að framkalla þá vaxtastefnu til lækkunar sem til stóð þegar hún tók völdin haustið 1988. Þetta er mjög þýðingarmikið atriði og verður að koma skýrt fram í ljósi þess sem gera þarf bæði fyrir atvinnulífið og einnig í sambandi við peninga- og fjármálamarkaðinn.

Þá er einnig eftirtektarvert að í þessum samningum hefur verið samið um að vextir á skuldabréfum sem keypt voru á árinu 1987 skuli hækka úr 6,25% í 6,35%. Út af fyrir sig hlýt ég að fagna því að lífeyrissjóðirnir skuli geta tryggt stöðu sína með þessum hætti. Þarna er greinilega samið á raunsæjum grundvelli um hvað lífeyrissjóðirnir þurfa að fá til að tryggja sitt fé, sem eru fjármunir til að tryggja gamla fólkið í ellinni. Þarna er sem sagt búið að staðfesta það, sem við sjálfstæðismenn höfum sagt í umræðum á þingi undanfarnar vikur, að sú stefna sem núv. ríkisstjórn hefur í sambandi við að reyna að lækka vexti hefur ekki tekist. Þeir hafa ekki fundið þau ráð sem gátu haft áhrif á að þessir samningar yrðu með öðrum hætti.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til félmn. með 12 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Vinnubrögð í fjh.- og viðskn. Ed. o.fl.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég vek athygli á að hér hafa átt sér stað mjög málefnalegar umræður um húsnæðismál og gagnlegar. Hæstv. húsnæðisráðherra hefur gefið mjög fróðlegar upplýsingar um stöðu þessara mála og um afstöðu sína yfirleitt til þessa mikilvæga málaflokks. Ég sé ástæðu til að vekja athygli á þessu vegna óstilltra viðbragða hv. 3. þm. Vesturl., formanns fjh.- og viðskn., þegar hv. 14. þm. Reykv. kvaddi sér hljóðs um húsnæðismálin fyrr í dag, sem ber undarlegan keim af því að stjórnarandstæðingum sé yfir höfuð talað ekki ætlað að taka til máls í deildinni.

Eins og fram kom hjá hv. 3. þm. Vestf. Karvel Pálmasyni við umræður um þingsköp í Sþ. hefur málþóf ekki átt sér stað hér í Ed. Það hefur verið vegna undarlegra vinnubragða stjórnarsinna sem þingstörf hafa gengið jafnilla og við verðum nú vitni að. Má raunar segja að það kóróni undarlegheitin í vinnubrögðunum að fjh.- og viðskn. kom saman til fundar kl. 9 í morgun og lauk störfum fyrir hálftíu og lá þá ekkert meira fyrir nefndinni, en síðan er búið að boða nefndarfund í fjh.- og viðskn. strax að loknum þeim fundi sem við sitjum nú á þó svo að engu máli hafi verið vísað til nefndarinnar síðar. Lýsir þetta með öðru fuminu og fátinu sem er á þessum störfum öllum.

Ég vil líka vekja athygli á þeim umræðum sem hafa verið um að nauðsynlegt sé að gefa þingmönnum og starfsmönnum þingsins kost á að fá nokkurt hlé áður en dregur að jólum. Sjútvrn. hefur hins vegar boðað fund í ráðgjafarnefnd á Þorláksmessu kl. 9 að morgni og sé ég ekki eftir því, en vil á hinn bóginn benda á að í þessari nefnd eiga sæti þingmenn utan af landi, a.m.k. einn, það fullyrði ég. Allt er þetta upp á sömu bókina lært. Verkstjórn hér í þinginu er engin.

Síðan bætist það við að á fundinum í morgun var það boðað, sem auðvitað kom ekki til greina, að haldinn yrði fundur í fjh.- og viðskn. í nótt. Ef fundur drægist fram eftir kvöldi og fram á nótt átti að boða til fundar í fjh.- og viðskn. Þetta eru dæmafá og dæmalaus vinnubrögð. Ástæðan fyrir því að mál hafa tafist er ekki sú að umræður hafi verið miklar í Ed. Í gær lauk fundi hér milli kl. 4 og 5 eða

rétt upp úr 5. Við höfum verið hér og haft nógan tíma til að leggja harðar að okkur ef ríkisstjórnin hefði sjálf komið sér saman um málin, ef ríkisstjórnin hefði vitað hvernig hún vildi standa að vörugjaldinu, ef ríkisstjórnin hefði vitað hvernig hún ætlaði að standa að frv. til hækkunar á tekju- og eignarskatti, ef ríkisstjórnin t.d. hefði einhverja hugmynd um það enn þann dag í dag hvernig hún ætlar að standa að skattahækkunarfrv. á fjárfestingarsjóði þar sem m.a. stendur til að leggja 95 millj. kr. skatt á Lánasjóð ísl. sveitarfélaga, þar sem ákveðið er að skattleggja mjög verulega Iðnlánasjóð og Stofnlánadeild landbúnaðarins, en báðir þessir sjóðir sækja tekjur sínar og fjármagn til þeirra atvinnuvega sem þeir þjóna, annar til iðnaðarins og hinn til bænda, þannig að hugmynd ríkisstjórnarinnar er að skattleggja skattinn sem er alveg einsdæmi og á sér ekkert fordæmi — ætlar sér að skattleggja Orkusjóð, ætlar sér að skattleggja aðra þvílíka sjóði, eins og Framleiðnisjóð sem er alveg dæmafátt.

Ég hlýt að gera þessar athugasemdir. Við í stjórnarandstöðunni höfum lagt okkur fram um að greiða fyrir þingstörfum. Það á við t.d. um það frv. sem hér er á dagskrá um skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Það var búið að ræða það mál í fjh.- og viðskn. áður en málinu var vísað til nefndarinnar. Og í sambandi við lántökuskattinn féllumst við á að afgreiða hann svo til umræðulaust úr nefndinni. Við höfum verið reiðubúnir að sitja fundi um lánsfjárlög. Það hefur ekki verið þegið. Þannig get ég haldið áfram að telja upp. Allar hugmyndir manna og allar ásakanir um að stjórnarandstaðan hafi haldið uppi málþófi, stjórnarandstaðan hafi verið ósamvinnuþýð eru úr lausu lofti gripnar. En auðvitað verður þessi ríkisstjórn eins og allar aðrar að sætta sig við að haldið sé uppi gagnrýni og beðið um svör við einföldum spurningum sem varða grundvallaratriði lagasetningar.

EFRI DEILD

34. fundur, miðvikudaginn 21. des., að loknum 33. fundi.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1988, 2. umr.

Stjfrv., 158. mál (gjald af erlendum lánum). — Þskj. 169, n. 327 og 338, brtt. 328, 339.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Á þskj. 327 er nál. frá meiri hl. fjh.- og viðskn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 10/1988, um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum á árinu 1988.

Nefndin hefur rætt frv. og meiri hl. leggur til að það verði samþykkt með brtt. sem flutt er á sérstöku þskj. og ég mun gera grein fyrir hér á eftir. Rétt er að fram komi að í nefndinni var m.a. rætt um vanda skipasmíðaiðnaðarins. Á fund nefndarinnar komu Þórleifur Jónsson, framkvæmdastjóri Landssambands iðnaðarmanna og Félags dráttarbrauta og skipasmiðja, Björn Tryggvason, aðstoðarbankastjóri Seðlabankans, og Ingimundur Friðriksson frá Seðlabanka Íslands. Að gefnu tilefni vil ég segja eftirfarandi: Fram hefur komið í umræðum á Alþingi í þessari viku að iðnrh. léti nú í samráði við fjmrh. og sjútvrh. kanna möguleika á að undanþiggja erlendar lántökur vegna samkeppnisverkefna í skipasmíðaiðnaði þessu lántökugjaldi.

Það væri hægt að flytja hér, herra forseti, um þetta býsna langt mál. Ég mun ekki gera það að þessu sinni. Þó tel ég rétt að fram komi að hér er upphaflega um að ræða gjald sem sett var á með brbl. þegar ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar tók við völdum. Síðan var þetta gjald hækkað með lögum sem samþykkt voru á Alþingi í mars. Með þeirri breytingu sem er nú til umræðu er verið að framlengja þetta gjald og jafnframt slaka til þannig að undanþágur og ívilnanir eru meiri en áður var án þess að ég reki það í smáatriðum. Þetta eru efnisþættir málsins, þetta er forsaga málsins, þannig að hér er í rauninni um að ræða mál sem er ekki aðeins á ábyrgð stuðningsmanna núv. ríkisstjórnar heldur og þeirra sem studdu fyrrv. ríkisstjórn.

Brtt. sem meiri hl. nefndarinnar leggur til er að við c-lið 1. gr. bætist nýr málsl. sem er svohljóðandi:

„Sama á við um stofnlán til fyrirtækja sem hyggjast stunda endurvinnslu úrgangsefna til útflutnings eða sinna öðrum verkefnum á sviði umhverfisverndar."

Tillagan er sem sagt um að víkka enn þá undanþágu sem þarna er og skal þá beinlínis sagt berum orðum að hér er verið að hugsa um fyrirtæki sem t.d. hefðu það verkefni að safna gömlum bílhræjum og gera úr þeim málm til útflutnings sem væri ekki einungis þarfaverk heldur þjóðþrifamál og almennt þrifamál.

Ég ætla ekki, herra forseti, að orðlengja þetta frekar. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með þeirri brtt. sem ég hef nú gert grein fyrir.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Það er spaugilegt jafnan þegar hv. 3. þm. Vesturl., formaður fjh.- og viðskn., er að reyna að dreifa ábyrgðinni og getur ekki almennilega staðið undir henni einn. Nú er verið að tala um að lög sem sett voru 4. mars sl. og áttu að falla úr gildi 31. des. 1988 skuli framlengd. Hann er að tala um það og er að reyna að koma því inn, væntanlega til þess að láta prenta það í Alþýðublaðinu, að við sjálfstæðismenn berum ábyrgð á þessu. Það er algerlega úr lausu lofti gripið, mjög ómerkilegur málflutningur og hefði kannski verið skiljanlegt að

þingmaðurinn héldi þessu fram ef hann gæti fært einhver skynsamleg rök fyrir því að ástæður væru hliðstæðar í þjóðfélaginu núna og þegar frv. var lagt fram um skattinn á sínum tíma í febrúarmánuði, en það er síður en svo að svo sé.

Hins vegar sé ég, hæstv. forseti, ástæðu til þess að rifja það upp að einmitt það þing sem þessi hv. þm. sat fyrst voru ýmsir ungir og vaskir kratar á þinginu og þeir töluðu mikið um að nú væri sannarlega kominn tími til að skipta um vinnubrögð. Og þeir töluðu um það að það væri þýðingarmesta atriðið í því sambandi að taka upp svonefnt sólarlagsákvæði í lögin. Það átti ekki aðeins að setja lög heldur átti líka að slá því föstu í lögunum sjálfum hvenær þau ættu að ganga úr gildi. Þeir ungkratar sem þá komu inn á þingið voru að vísu ekki þolgóðir í stjórnarsamstarfi þegar þar að kom og væri kannski ástæða til að rifja það upp pínulítið líka hvernig þeir hafa reynst í stjórnarsamstarfi, en þá gáfust þeir undir eins upp. Þá voru þeir að tala um þetta. Svo fengu þeir ábyrgðina og síðan hafa þau viðhorf nokkuð breyst. En áráttan vaxið með hverju árinu sem hefur liðið að viðhalda öllum sköttum í þjóðfélaginu, sama hvers eðlis skattarnir séu. Ef einu sinni er búið að leggja á skatt, segja kratar, skulum við halda þeim skatti. Þeir eru meira að segja svo djöfullegir í skattheimtunni að á þeim tíma sem okkur tókst með hjálp framsóknar frá 1974 til 1978 aðeins að lækka tekjuskattinn og gera hann viðráðanlegan gripu þeir til þess strax um haustið 1978 í septembermánuði að gefa út sérstök brbl. um að það skyldi leggja tekjuskattinn á á nýjan leik og eignarskattinn á á nýjan leik. Það var kallaður tekjuskattsauki og eignarskattsauki. Þeim þótti gamli íhaldsskatturinn ekki nógu hár og þess vegna brugðu þeir á það ráð að láta skattstjórana gefa út tvær skattskrár það árið, eina með gömlu sköttunum og svo sérstaka *krataskatta um haustið.*

Síðan sátu þeir í ríkisstjórn fram í septembermánuð árið 1979 og gáfust þá upp. Þá hjálpuðum við þeim krötum til að mynda minnihlutastjórn og fórum í kosningar, en um leið og kosningarnar voru búnar sögðu kratar: Við viljum ekki samstarf við Sjálfstfl. Allt er betra en íhaldið. Við skulum mynda ríkisstjórn með öllum öðrum en sjálfstæðismönnum. Þannig var það úthald.

Síðan reyndum við á nýjan leik nú og mynduðum ríkisstjórn með krötum vorið 1987 og það stóð heima. Þeir dugðu fram í september árið eftir. Þá gáfust þeir upp, kiknuðu undan ábyrgðinni. Að vísu er það svo með frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. að honum þykir betra að hafa gamla íhaldið hjá sér ef hann þarf að bera ábyrgð á einhverju. Nú þarf hann að bera ábyrgð á því að framlengja skattinn og þá segir hann að það eigi líka að kenna íhaldinu um. Þannig talar hann, sá góði maður.

Nú bíður maður spenntur eftir því að næsti september renni upp. Ætli kratarnir lifi af að hanga í stjórninni út þann septembermánuð? Það verður fróðlegt að sjá það. Hitt er öldungis ljóst að úthald hafa þeir ekki þeir ungkratar og best kemur það fram í því, eins og ég sagði áðan, að ef þeir halda að eitthvað sé óvinsælt reyna þeir ævinlega að klína því á aðra í staðinn fyrir að reyna að standa á fótunum og bera sjálfir ábyrgð á því sem þeir eru að gera og reyna að flytja það mál eins og menn.

Hver var ástæðan fyrir því að við lögðum þennan umdeilda skatt á í marsmánuði 1988? 4. mars 1988 eru lögin staðfest. Ástæðan var sú að eftirspurn eftir vinnuafli var þá enn mjög mikil í landinu og var komið í ljós að ýmsir þeir sem báru ábyrgð á rekstri fyrirtækja höfðu ekki áttað sig á þeim samdráttareinkennum sem orðið var vart í þjóðfélaginu og höfðu tilhneigingu til að halda sama strikið. Að vísu lá fyrir að virðisaukaskattur yrði tekinn upp á næsta ári, en það var ekki nægileg bremsa og af þeim sökum var ákveðið að reyna að draga úr erlendum lántökum með því að leggja tímabundið á ákveðið lántökugjald, 2, 4 og 6% eftir ástæðum og eftir lánaflokkum. Á þessu ári hafa síðan orðið meiri breytingar í atvinnulífinu en menn sáu fyrir. Sú þensla sem þá raunverulega var í þjóðfélaginu er fyrir löngu horfin. Það er þess vegna algerlega út í bláinn að einhverjar forsendur séu fyrir því að leggja slíkt lántökugjald á fyrirtækin í landinu, algerlega ástæðulaust. Þvert á móti er óhjákvæmilegt, vil ég segja, að fella niður þessa skattlagningu ef menn vilja standa að nauðsynlegum ráðstöfunum til þess að aftur glaðni yfir atvinnulífinu og til að örva menn til dáða.

Ég man ekki betur en hæstv. forsrh. sé mikið að tala um það í báðum þingdeildum og líka í sameinuðu *þingi og líka í blöðum og líka í sjónvarpi og líka í* útvarpi að vaxtakostnaður og fjármagnskostnaður sé mikill hjá fyrirtækjunum. Hann kemur með langa talnarunu til að sýna fram á það. Hvernig í ósköpunum stendur þá á því að hann skuli vilja halda sig við *þennan skatt* sem þýðir 6% eignaupptöku á þeim erlendu lánum sem tekin eru og falla undir skattinn? Hvernig stendur á því? Ekki er það til að lækka fjármagnskostnaðinn. Það er nú svo um orðaskipti mín og hæstv. forsrh. að ég verð helst að spyrja hann með formlegum hætti í fyrirspurnatíma í sameinuðu þingi til þess að hann svari einstökum fyrirspurnum, en það væri hægt að spyrja hann: Ef fjármagnskostnaðurinn hefur verið of hár hjá þeim fyrirtækjum í fiskvinnslu og útgerð sem erfiðast eiga, er þá ekki ástæða til að létta þessu lántökugjaldi af þeim á árinu 1988?

Nú veit ég ekki hvort hæstv. sjútvrh. er einhvers staðar þar staddur að hann megi orð mín heyra. Ég veit að forsrh. heyrir til mín út á Austurvöll. En ég veit ekki hvort hann hefur jafngóða heyrn, sjútvrh. Ætli það sé nokkur vegur að gera ráðstafanir til að koma orði að honum, víkja að honum einu orði? (**Forseti:** Forseti mun gera ráðstafanir til að sækja hæstv. sjútvrh.) En á meðan verið er að ná í ráðherrann mun ég gera grein fyrir síðari brtt. sem við flytjum saman fulltrúar Sjálfstfl. og Borgfl. í fjh.- og viðskn., ásamt mér Eyjólfur Konráð Jónsson og

Júlíus Sólnes.

Við leggjum til að við 19. gr. laganna 4. mgr. bætist tveir nýir tölul. og snýr annar að skipasmíði og skipasmíðaverkefnum og hljóðar svo þegar hann er settur í rétt samhengi: Fjmrh. er heimilt að undanþiggja eftirtalda lánssamninga gjaldi samkvæmt þessum kafla: Lán sem tekin hafa verið eftir gildistöku laga þessara eða tekin verða vegna smíði, endurbóta eða viðhalds á fiskiskipum, enda sé verkið unnið hér á landi.

Í nefndinni gerði Þórleifur Jónsson, framkvæmdastjóri Landssambands iðnaðarmanna, sem Félag dráttarbrauta og skipasmiðja heyrir undir, okkur grein fyrir því að verulega skorti á að skipasmíðastöðvarnar slyppu við lántökugjaldið vegna verkefna sinna eða þeir útgerðarmenn sem við skipasmíðastöðvarnar skipta. Ætti það raunar ekki aðeins við varðandi vinnu heldur líka varðandi 2. tölul. þessarar mgr., þar sem segir: „Lán vegna hráefnakaupa fyrirtækja í útflutnings- og samkeppnisiðnaði. Sama á við um lán sem tekin eru erlendis vegna reksturs flugvéla og kaupskipa.“ Hann gerði okkur grein fyrir því að í verulegum atriðum félli lántökugjaldið ekki á lán sem tekin væru vegna t.d. fiskleitartækja svo ég taki eitthvert dæmi. Hins vegar félli vinna í skipasmíðastöðvum ekki undir undanþáguákvæðið og heldur ekki einstök tæki eða aðföng skipasmíðastöðva.

Eftir fundinn sendi hann nefndinni síðan svohljóðandi bréf, minnisblað, sem það er kallað, sem dagsett er 20. des. og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Í framhaldi af fundi undirritaðs með nefndinni í morgun er rétt að árétta að vandamál skipaiðnaðar við að fá niðurfellt lántökugjald af hlutum, hráefni til skipasmíða og -viðgerða er verulegt vegna erfiðleika á að skilgreina sem hráefni fullbúna hluti, „komponenta“, sem hægt er að nota til annars en smíði eða viðgerða skipa. Þetta vandamál er meira en fram kom hjá undirrituðum á fundinum. [Þessi málsgrein er undirstrikuð hjá Þórleifi Jónssyni.]

Þegar betur er að gáð kemur í ljós að fjölmörg vörunúmer tilheyrandi skipaiðnaði vantar í reglugerð fjmrn. nr. 178/1988 sem heimilar niðurfellingu lántökuskattsins. Þannig falla t.d. flest fullbúin rafmagnstæki og vélahlutir utan reglugerðarinnar, þ.e. erlend lán vegna innkaupa á þeim þurfa að bera lántökuskatt. Hins vegar nær hún yfir hráefni sem fá frekari vinnslu í skipasmíðastöðinni. Það hlutfall sem ég nefndi í morgun um hráefni sem a.m.k. fræðilega séð ætti að geta sloppið við lántökuskattinn er því miklu lægra en ég hélt fram þá, sennilega nær 35% en 50%. Þetta vandamál snýr öðruvísi að skipaiðnaðinum en flestum öðrum iðngreinum í samkeppnisiðnaði vegna þess að skipaiðnaðarfyrirtækin taka lán út á verkefni, hráefni og vinnu í einu lagi, en ekki sérstaklega vegna innkaupa á hráefni, eins og flestar greinar gera. Þegar innheimtuaðilar skattsins eru allir bankarnir og útibú þeirra úti á landi gefur auga leið að framkvæmdin getur orðið nokkuð snúin. A.m.k. hafa stöðvarnar almennt ekki getað nýtt sér þetta undanþáguákvæði laganna.

Eðlilegt væri að koma í veg fyrir þessa erfiðleika og svara um leið að hluta til erlendum niðurgreiðslum með því að afnema lántökuskatt af lánum sem tekin eru til skipasmíða hér innan lands, a.m.k. á meðan á framkvæmdatímanum stendur.“ — Ég endurtek: „Eðlilegt væri að koma í veg fyrir þessa erfiðleika og svara um leið að hluta til erlendum niðurgreiðslum með því að afnema lántökuskatt af lánum sem tekin eru til skipasmíða hér innan lands.“

Ég vil mjög taka undir þessi orð, hæstv. forseti. Þegar við áhugamenn um skipasmíðaiðnað höfum rætt vandamálin sérstaklega við iðnrh. og viðskrh. hafa þeir jafnan borið því við að vegna samninga okkar við Efnahagsbandalagið væri ekki hægt að koma við beinum ríkisstyrkjum og hef ég fallist á það. En hitt er auðvitað algjörlega óhugsandi að skipasmíðaiðnaðinum, sem stendur meir höllum fæti í samkeppninni en nokkur annar iðnaður hér á landi að ullariðnaðinum undanskildum, skuli sérstaklega vera ætlað að greiða slíkt lántökugjald. Og þeim mun ámælisverðara er þetta sem hæstv. iðnrh. lýsti því yfir á fundi Sþ. í gær að hann væri til viðræðu um það að lántökugjaldið yrði fellt niður — og ég raunar hlýt að hafa misheyrt, ég heyrði ekki betur en hann hefði sagt að hann mundi fallast á að lántökuskatturinn yrði felldur niður af skipasmíðaverkefnum og hlýt ég þess vegna að skoða vandlega þá útskrift sem ég fæ af hans ræðu þegar hún birtist í þingtíðindum, en víst er að hæstv. iðnrh. var a.m.k. að gefa í skyn við umræðuna að hann ætlaði að beita sér fyrir því að lántökugjaldið yrði fellt niður.

Mér finnst þetta alveg dæmafá niðurstaða, líka vegna þess að hér í þessari hv. deild er einn þingmaður, Stefán Guðmundsson, sem með sérstökum tillöguflutningi hér á Alþingi hefur vakið athygli á erfiðleikum skipasmíðaiðnaðarins. Hann komst svo að orði í Sþ., að hundruð manna í skipasmíðaiðnaði séu ýmist atvinnulausir eða atvinnuleysi bíði þeirra. Nú er honum, þessum áhugamanni um skipasmíðaiðnað, sem hefur sett sig inn í mál skipasmíðaiðnaðarins, ætlað að greiða atkvæði hér í deildinni þvert á móti sinni sannfæringu, þvert á móti þörfum skipasmíðaiðnaðarins. Það er ætlan ríkisstjórnarinnar að kengbeygja hann í atkvæðagreiðslunni hér á eftir. Að kengbeygja hann. Ég vil vonast til þess að hv. þm. þeirra Skagfirðinga sverji sig í kynið við ýmsa aðra fulltrúa þeirrar sýslu á Alþingi og sýni það að hann láti ekki stjórna atkvæði sínu þegar þessi tillaga kemur til atkvæðagreiðslu hér á eftir. Ég vil í lengstu lög trúa því. A.m.k. get ég ekki séð annað en að það sé óhjákvæmilegt fyrir þennan hv. þm. eftir þau ummæli sem iðnrh. hafði í Sþ. í gær.

Hin brtt. sem við hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson flytjum veit að útflutningsgreinum, aðallega útgerðarfyrirtækjum og það var af þeim ástæðum sem ég bað um að hæstv. sjútvrh. yrði kallaður hér í deildina. Ég býst við að við séum sammála um það nafnarnir að á öllu þessu ári, alveg frá því í

marsmánuði, hafi verið unnið að skuldbreytingu fyrir fyrirtæki í sjávarútvegi, fiskvinnslu og útgerð. Allan þennan tíma hefur hæstv. sjútvrh. staðið að efnahagsaðgerðum til þess að reyna að rétta hlut fiskvinnslunnar og útgerðarinnar. Fyrst með gengisfellingu í febrúar, síðan með gengisfellingu í maí og nú með gengisfellingu í september. Svo hefur hann *nú staðið að frv. hér á þinginu til staðfestingar á* bráðabirgðalögum sem ætlað er að veita skuldbreytingarlán fyrir útgerðina. Hugmyndir ráðherrans, eins og ég skil frv., ganga út á það að þau erlendu lán sem nú eru veitt vegna skuldbreytinga eigi að vera undanþegin þessu 6% lántökugjaldi.

Ég hygg að ráðherrann sé mér líka sammála um það að þegar lögin voru sett í marsmánuði þá voru þessi lög tímabundin og við ætluðumst til að þau féllu úr gildi 31. des. Ég hygg að hæstv. ráðherra sé *mér sammála um að engin efnisleg rök eru fyrir því* að þau útgerðarfyrirtæki og þær fiskvinnslustöðvar, sem hafa fengið skuldbreytingarlán á tímabilinu frá 3. mars til gildistöku þessara laga, eigi það fremur skilið að greiða 6% lántökugjald en hin fyrirtækin sem fá skuldbreytingarlánið til að breyta innlendum lánum í erlend í janúarmánuði eftir að búið er að fella gengið og eftir að þeir fá þess vegna fleiri íslenskar krónur fyrir erlenda lánið og standa af þeim sökum strax betur að vígi þegar búið er að *leiðrétta gengið. Ef það gengur þannig fram, þá er* það hugmynd ríkisstjórnarinnar að þeir sem hafa nú fengið skuldbreytingarlán síðustu vikurnar eigi ekki aðeins að bera uppi rangt skráð gengi, fá færri krónur fyrir erlenda lánið vegna þess að gengið sé vitlausara skráð nú en það verður eftir áramótin, heldur eiga þeir ofan í kaupið að missa 6% strax í ríkishítina. Ef það er hugmynd ríkisstjórnarinnar og vilji að mismuna fyrirtækjum í sjávarútvegi, fyrirtækjum í útflutningsgreinum með þessum hætti, þá *er auðvitað sú röksemd í huga ríkisstjórnarinnar* fallin að eðli lántökugjaldsins sé ekki að afla fjár fyrir ríkissjóð heldur hitt, að draga úr þenslu og erlendum lántökum.

Ég vil þess vegna mjög vænta þess að skýringin á því að í brtt. meiri hl. fjh.- og viðskn. var ekki gert ráð fyrir því að fella lántökugjaldið niður af þeim fyrirtækjum í sjávarútvegi sem hafa fengið skuldbreytingu á þessu ári sé sú að nefndarmenn meiri hl. í fjh.- og viðskn. hafi látið undir höfuð leggjast að *bera málið undir sjútvrh. og hann muni af þeim* sökum leiðrétta málið hér í deildinni. Auðvitað er ekki hægt að segja við þá fulltrúa sjávarútvegsins sem eiga sæti í Ed. að þeir ætli að mismuna fyrirtækjunum með þessum hætti. Auðvitað hljótum við öll að standa saman um það að eitt skuli yfir alla ganga í þessum efnum, að lög sem voru sett í mars eigi ekki að fela í sér þunga skattheimtu á fyrirtæki í landinu, en síðan sé því breytt í desembermánuði án þess að nokkur efnisrök séu fyrir hendi, þannig að *menn standi ekki jafnir fyrir lögunum og jafnir fyrir* skattheimtunni.

Ég veit að herra forseti, sem er sanngjarn maður, mun mjög vilja styðja það mál sem ég hef hér flutt og greiða atkvæði með þeim brtt. sem minni hl. fjh.- og viðskn. hefur lagt fram hér í deildinni.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég sit sem áheyrnarfulltrúi fyrir hönd Kvennalistans í fjh.- og viðskn. Ed. Eins og *fram kemur á þeim nál. sem liggja frammi hér í* deildinni kemur afstaða mín til þessa máls ekki fram. Í Nd. skrifaði fulltrúi Kvennalistans, hv. þingkona Kristín Halldórsdóttir, undir álit meiri hl. um að frv. verði samþykkt. Sú afstaða okkar hefur ekki breyst, en vegna þess hraða sem hér er á öllum málum þessar klukkustundirnar og að töluvert lá á að skila nál. tók ég þann kost að láta afstöðu minnar ekki getið þar eð ég þurfti að gaumgæfa aðeins betur brtt. þær sem hér hafa verið lagðar fram af hv. þm. *Sjálfstfl. og Borgfl. Við nánari athugun þeirra brtt.* sem þeir hafa borið fram erum við kvennalistakonur reiðubúnar að styðja þær.

Það hefur verið töluvert fjallað um málefni og stöðu skipaiðnaðarins hér í þingsölum að undanförnu. Þingmenn hafa einn af öðrum lýst áhyggjum sínum af því að þessi mikilvæga atvinnugrein sé að hverfa úr landi. Þó fram komi í nál. meiri hl. að málefni skipaiðnaðarins séu í sérstakri athugun hjá hæstv. ráðherrum iðnaðar, fjármála og sjávarútvegs, þá er það í sjálfu sér aðeins yfirlýsing. Ég tel því vænlegra að samþykkja slíka brtt.

Varðandi seinni brtt. tel ég einnig rétt, í ljósi þeirra miklu erfiðleika sem hafa komið í ljós hjá útflutningsfyrirtækjum á því ári sem nú er að líða, að þau sitji við sama borð, að þau fyrirtæki sem þegar hafa tekið lán njóti sömu kjara og þau sem taka munu lán á næsta ári.

En ég vil einnig láta þess getið hér að Kvennalistinn hefur lagt fram þáltill. um endurvinnslu úrgangsefna. *Við teljum þá atvinnugrein mjög mikil*væga og arðbæra þegar til lengri tíma er litið, ekki síst með tilliti til umhverfisverndar og því fagna ég auðvitað brtt. þeirri sem kom frá meiri hl. fjh.- og viðskn. varðandi endurvinnslufyrirtæki.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Vegna fsp. hv. 2. þm. Norðurl. e. um skatt á skuldbreytingarlán í sjávarútvegi þá er það rétt sem fram hefur komið hjá honum að ýmis fyrirtæki í útflutningsgreinum, ekki eingöngu í sjávarútvegi, hafa tekið erlend lán á árinu 1988 til skuldbreytinga og fjárhagslegrar endurskipulagningar og greitt af þeim skatt. Ég er alveg sammála honum um að það voru ekki efni til þess hjá flestum þessara útflutningsfyrirtækja að greiða þennan skatt. Skatturinn hafði verið lagður á og það er mjög óvenjulegt, ef það á sér þá nokkurt fordæmi, að þegar skattur hefur einu sinni verið lagður á þá sé honum breytt aftur í tímann og ég hef alls ekki gert ráð fyrir því að svo verði varðandi þau lán sem tekin eru á árinu 1988, enda er mjög erfitt að gera upp á milli fyrirtækja í þeim efnum. Því sannleikurinn er sá

að það hafa flestöll atvinnufyrirtæki verið í miklum erfiðleikum á árinu 1988, ekki aðeins í útflutningsgreinum heldur á flestum sviðum atvinnulífsins og svo er enn.

Hins vegar er það alveg ljóst að það verður ekki innheimtur skattur að því er varðar sérstakar aðgerðir í þessum málum eins og fram kemur í frv. Og ég tel það vera alveg ljóst að skattur verður ekki lagður á þessi fyrirtæki vegna skuldbreytinga á árinu 1989. En ég sé heldur ekki, jafnvel þótt þessi brtt. hv. þm. yrði samþykkt, að það mundi nokkru breyta að því er varðar árið 1988, því hér stendur „lán sem tekin hafa verið eftir gildistöku laga þessara eða tekin verða vegna skuldbreytinga fyrirtækja í útflutningsgreinum". Þessi brtt. varðar ekki árið 1988. Þessi brtt. varðar árið 1989, því væntanlega verða þessi lög samþykkt svo seint á árinu 1988, að ekki komi til þess.

Þetta vildi ég nú segja í sambandi við fsp. hv. þm. og vænti að ég hafi skilið spurningu hans rétt, en hann mun þá leiðrétta það ef svo er ekki.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Hv. frsm. minni hl. hefur gert grein fyrir brtt. sem við flytjum um þetta mál og eru ekki veigamiklar. Þess er að geta að á fund nefndarinnar kom aðstoðarbankastjóri Seðlabankans við annan mann og gerði okkur grein fyrir því að núna á síðustu vikum, eins og hann orðaði það, þá hefðu verið veitt lán aðallega til sjávarútvegsfyrirtækja í framhaldi af heimild sem hæstv. iðnrh. hafði til skuldbreytingalána frá í vor og þau næmu allt að 3 milljörðum í staðinn fyrir 1 milljarð eins og ákveðið var upphaflega. Af öllum þessum lánum hefði verið tekið 6% lántökugjald sem er auðvitað mikil upphæð hjá fyrirtækjum sem illa eru stödd vegna þess að það voru fyrst og fremst þau sem fengu þessi lán. Heimild sú sem er í frv. til þess að undanþiggja fyrirtæki þessu gjaldi næði einungis til þeirra gjalda sem hefðu annars orðið á lögð eftir gildistöku laganna sem við núna ræðum um, þ.e. frv. sem við núna ræðum um. Þarna yrði mjög mismunað því að þeir sem hefðu verið að taka þessi lán á síðustu vikum, eins og það var orðað, það hafði dregist það lengi að lánin yrðu greidd út að lítið var um það í sumar að menn fengju þessa peninga. Það var aðallega á föstudögum og síðustu vikurnar sem þetta hefði verið borgað út.

Það er auðvitað ekki við það unandi að þeir sem fengu lánin núna í haust eftir mjög svipaðri heimild til undanþágu frá skatti eins og hér er rætt um greiði þennan skatt að fullu en hinir sem fengju útborgað t.d. í næstu viku eða svo slyppu. Það er fullkomið sanngirnisatriði, a.m.k. að það sé heimild til að undanþiggja þá eða endurgreiða öllu heldur þeim sem þennan skatt hafa greitt nú að undanförnu. Satt að segja er ég algjörlega undrandi á því að hv. stjórnarþm. skuli ekki samþykkja þessa heimild, svo augljóst sem það er að menn eigi að njóta jafnréttis í þessu efni sem öðru. Þess vegna er ég að vona að brtt. sem við flytjum um þetta efni, þ.e. fyrri brtt. verði samþykkt. Þess er þá líka að gæta, og ég held nú að öllum sé orðið það ljóst, að gengið er fallið og menn verða að taka á sig þá gengisfellingu sem fram undan er, en þeir sem hafa verið að fá þessi skuldbreytingarlán yrðu að auki að borga þessi 6%.

Síðari brtt. fjallar um að heimilt sé að undanþiggja gjaldtöku lán þar sem um er að ræða viðhald fiskiskipa, enda sé verkið unnið hér á landi. Hæstv. iðnrh. talaði um það hér á fundi í Sþ. að hann teldi þetta ekki óeðlilegt, en því heldur hélt ég að stjórnin mundi samþykkja að þessi undanþáguregla yrði lögfest svo að ekkert þyrfti um það að véla hvort þetta mætti greiða út eða ekki.

Það er rétt, sem kom fram í máli hv. þm. Halldórs Blöndals, að hér er um að ræða skattlagningu og ekkert annað. Það getur enginn verið með þessum skatti að slá á einhverja þenslu sem alls ekki er til í þjóðfélaginu. Þess vegna er þetta bara gjaldtaka til ríkissjóðs. Þetta er einn af þessum pinklum sem alls staðar er verið að tína saman til þess að fylla í eitthvert ógurlegt gat hjá ríkissjóði á næsta ári sem auðvitað verður þeim mun stærra sem skattarnir verða meiri af því að þeir þýða jú verðbólgu og gengisfellingar. Og eins og ég svo margoft hef sagt einmitt úr þessum ræðustól í hv. Ed., þá eykst halli ríkissjóðs en minnkar ekki við slíka skattlagningu eins og dæmin sanna því að gjaldahliðin hækkar á undan tekjuhliðinni og í kreppuástandi verða tekjurnar auðvitað enn þá minni en ella.

Þetta er eins vitlaus stjórnarstefna og nokkuð getur verið vitlaust. Það er stefnt beint út í foraðið, vísvitandi út í kreppu og erfiðleika og miklu meiri greiðsluhalla en vera mundi ef horfið yrði frá allri þessari skattlagningu og skattakröfur lækkaðar. Það er ég sannfærður um og það eru fleiri og fleiri að sannfærast um. Það finn ég hvarvetna. Menn eru farnir að skilja hver endaleysa það er að ætla á hverju einasta ári að dengja milljörðum á milljarða ofan, jafnvel milljarðatugum yfir þjóðina í nýjum sköttum og halda að með því móti sé hægt að stöðva verðbólgu, örva atvinnulíf og tryggja hag fólksins í landinu. Þetta er svo vitlaust að það gengur ekkert af þessu upp. Þessi upphæð ríður kannski ekki baggamuninn. En á sama tíma og verið er að taka fé að láni og úr ríkissjóði til þess að styrkja útveginn, þá er verið að skattleggja hann hvarvetna sem hægt er í einu og öllu. Gagnvart sjávarútveginum gæti maður sagt að þarna væri eiginlega um öfuga gengisfellingu að ræða, ef það mætti orða það svo, kyrrt gengi, þ.e. óbreytt krónutala sem sjávarútvegurinn fær fyrir útfluttar afurðir. Þeir fá bara part af dollarnum til sín, partur fer til allra neytenda o.s.frv. En í ofanálag ætlar ríkið að láta þá borga meira fyrir gjaldeyrinn sem þeir fá miklu lægri, 6% meira skulu þeir borga en ég ef ég kaupi mér bíl. Það er það sem verið er að gera. Þetta stangast allt hvað á annars horn og er eins og ég segi algjör endaleysa. Það er ekki bara að landið sé stjórnlaust. Það er miklu verra en stjórnlaust. Ég hugsa að ef ekkert

yrði gert í skattamálum og öðru slíku — og jafnvel væri allt í lagi að hafa þessa ráðherra sem gætu dúllað í stólunum sínum og verið í utanlandsferðum og veislum og öllu slíku, ef þeir gerðu ekki neitt — þá mundi þetta kannski leysast svona nokkurn veginn. En að gera á hverjum degi alrangar ráðstafanir er háskalegt.

Það síðasta er það að nú á að fara fram á það að í viðbót við það sem búið er að semja um, ég var að frétta þetta bara núna í augnablikinu, að koma í gegn þessum skattlagningarfrv., þá á að keyra áfram skattinn á fjármálastofnanir. Það er verið að óska eftir því núna. Við höfum fengið útreikninga frá nokkrum hvað þetta kosti. Lánasjóður sveitarfélaga litlar 95 millj. á ári. Forstöðumenn þessara samtaka lýstu því yfir að þeir vildu miklu heldur að sjóðurinn yrði allur tekinn til ríkisins og þeir færu þá bara að skattleggja allar ríkiseignirnar og ríkisumsvifin úti á landi í staðinn. Það á sem sagt að gera þennan sjóð upptækan. Og Hafnabótasjóður, sem fær 20 millj. eða þar um bil úr ríkissjóði, það á að skattleggja hann um einar 10 og Fiskveiðasjóð um 150 eða eitthvað slíkt og alla landbúnaðarsjóðina og atvinnuvegasjóðina. Iðnþróunarsjóður, sem er erlent fé, fé sem okkar bræðraþjóðir margumræddar létu okkur fá, að vísu að láni en nokkurs konar gjafafé er við gengum í EFTA, nú ætlar íslenska ríkið að fara að skattleggja gjöfina frá nágrönnum okkar.

Þetta er allt slík endaleysa að ef það á að fara að reyna að drífa þetta mál í gegn ofan á allt hitt, þá er náttúrlega nauðsynlegt að hafa fundi hér milli jóla og nýárs og fram eftir næsta ári bara til þess að fjalla um það mál eitt sér. Ég vona að a.m.k. nefndarmenn í hv. fjh.- og viðskn. geri sér grein fyrir því að þetta getur auðvitað ekki gengið upp. Ég trúi ekki öðru en a.m.k. hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir, sem hefur þó nokkra þekkingu á atvinnumálum og viðskiptamálum, sé andvíg því að fara nú að gera þessi ósköp ofan á allt annað og það á að gera það í nótt, skilst mér. Þetta er nú síðasta ósk fjmrh. Það er búið að rétta honum litla puttann, og þá skal sko taka höndina alla.

Ég ætla svo sannarlega ekki að tefja hér umræður, mér dettur það ekki í hug. Það er búið að gera samkomulag hér með forustumönnum flokka og eins og venjulega hlýði ég mínum foringjum, en ef á svo núna að fara að rifta því samkomulagi með því að bæta einu atriðinu inn í viðbót, og því allra vitlausasta af því öllu sem vitlaust er, að margskattleggja peninga sem komnir eru frá atvinnuvegunum og ríkinu og eyðileggja allt sjóðakerfi landsins! Það má út af fyrir sig hugsa sér að afnema allt sjóðakerfi og afnema alla ríkisbanka og hafa frjálsræði í peningamálum. Það væri kannski það æskilegasta. En að ætla að byrja á því að taka með eignaupptöku það fé sem t.d. Fiskveiðasjóður hefur yfir að ráða — ég býst að hv. þm. Stefáni Guðmundssyni sé kunnugt um það að það hefur æðilítið fé runnið í Fiskveiðasjóð í gegnum árin og áratugina frá sjávarútveginum — að núna, þegar sjávarútvegurinn er allur kominn á hausinn, þá eigi að hirða af þeim sjóði líka með sköttum er auðvitað fáránlegt. Ég hefði gaman af að sjá hv. þm. Stefán Guðmundsson núna í nótt greiða atkvæði með þessu frá fjmrh. sínum. Má ég kannski spyrja beint, hv. þm. Stefán Guðmundsson, munt þú greiða atkvæði með þessu? (**StG:** Við sjáum nú til.) Mundir þú fallast á að við værum hér í alla nótt að ræða um að bæta þessum pinklum ofan á? (**StG:** Við skulum hafa biðlund, þingmaður góður.) Kannski við verðum fram eftir nóttu og sjáum hvað hv. þm. gerir. (**StG:** Já. Ég vona að þú bíðir.) Ég get vakað í alla nótt og hina nóttina líka. Mér er ekkert að vanbúnaði og mig langar mjög mikið til að sjá hvað hv. þm. mundi gera. Ég raunar veit hvað hann mundi gera. Hann mundi segja nei. Ég veit það, ég þekki hann það vel. Og þó ég þekki hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur eitthvað minna, þá veit ég líka að hún mundi segja nei. Þess vegna er allt í lagi mín vegna að taka þetta á dagskrá, þessa mestu endaleysu af allri endaleysunni, fyrir nú utan náttúrlega þetta sem verið er að bauka í hornunum hérna og er nú að ýmsu leyti dálítið skemmtilegt.

En ég lofaði að hafa ekki langa ræðu og ég lýk máli mínu.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég tek vel þeirri ábendingu hæstv. sjútvrh. að ég sé illa að mér í lagasmíð og er mjög þakklátur fyrir og dreg þess vegna til baka þá brtt. sem við þremenningarnir lögðum fram, en legg um leið fram aðra nýja sem ég bið um að fá heimild deildarinnar fyrir að verði tekin fyrir, á þá leið að í staðinn fyrir „eftir gildistöku laga þessara“ komi: frá og með 10. mars 1988.

Það er best að halda líka ártalinu til haga þannig að ekki fari nú á milli mála. Hitt er svo forvitnilegt að ganga úr skugga um að skilningur hæstv. ráðherra hafi verið réttur á því að eftir gildistöku laga þessara hafi einungis átt við um breytinguna á lögunum. Skal ég ekki fara út í það, en má vel vera að það sé rétt að fyrir því hafi fengist úrskurður. En best er að hafa þetta skilmerkilegt og skýrt og ég þakka fyrir þá ábendingu og skal reyna að haga mér betur eftirleiðis þegar ég þarf að skrifa niður lagatexta. En ekki greinir okkur þá á um það hvað lögin þýða.

Hitt þótti mér merkilegt þegar hæstv. sjútvrh. sagði í sinni ræðu að ekki væri fordæmi fyrir því að skattur sem búið væri að leggja á yrði endurgreiddur. Það er nú verið að gera þetta núna í loðdýraræktinni. Það er nú verið að senda þeim peninga vegna uppsafnaðs söluskatts sem þeir höfðu greitt. (Gripið fram í.) Mér fannst hæstv. sjútvrh. gefa í skyn að fyrir því væri ekki fordæmi. Það hefur líka verið gert áður í sambandi við loðdýraræktina beinlínis þannig að það tók til sérstakrar framkvæmdar. Endurgreiddur hefur verið söluskattur í iðnaði og útgerð. Að vísu hefur ríkisvaldið haft tilhneigingu til þess um leið og það þykist vera að endurgreiða söluskattinn að taka hluta af honum til

baka. (**Gripið fram í:** Skattleggja svolítið skattinn.) Já, skattleggja pínulítið af því sem þeir taka til baka. Ég efast ekki um það að jafnvel þótt okkur tækist, herra forseti, að fá deildina til að samþykkja það að lántökugjaldið skuli undanþegið eftir textanum, og nú yrði textinn samþykktur, þá hefði ríkisstjórnin einhver ráð til að setja einhverjar reglur sem mundu valda því að þeir fengju kannski ekki lántökugjaldið allt til baka. En það er betra að það sé eitthvað heldur en ekki neitt. Og þó svo ég tali nú um annað sem kannski liggur fremur í loftinu en að maður megi beinlínis fullyrða það af því að maður hefur ekki tölulegar upplýsingar um það, þá veit ég ekki betur en að það séu ekki síður þau frystihús sem versla við Samband ísl. samvinnufélaga heldur en Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna sem hafa fengið lánafyrirgreiðslu á þessu ári, þannig að ég veit kannski ekki alveg hvar þetta kemur niður. (Gripið fram í.) En ég hygg að það sé ekki það sem skiptir höfuðmáli. Aðalatriðið er náttúrlega það óþolandi misrétti sem lýsir sér í þessari lagasetningu, að gert er ráð fyrir því, eins og frv. liggur fyrir frá ríkisstjórninni, að þetta lántökugjald eigi að vera í gildi í 20 mánuði og 21 dag og þá er það hugmynd ríkisstjórnarinnar að þeir sem hafa tekið lán í 8 mánuði og 20 daga eigi að borga 6% af því til ríkissjóðs undir eins, en hinir sem koma síðar, síðustu 12 mánuðina, eigi ekki að borga eina einustu krónu í lántökugjald. Þetta finnst mér nú ekki vera lagasmíð sem hægt er að leggja nafn sitt við. Mér finnst þetta vera mismunun af því tagi að hún sé óþolandi og verð auðvitað að segja að ef meiri ró hefði verið yfir störfum fjh.- og viðskn., þá hefði auðvitað nefndin öll staðið að þeim brtt. sem við hér berum fram. Ég vil líka að það komi alveg skýrt fram að þó svo að við viljum reyna að laga frv. þannig erum við auðvitað algjörlega á móti lántökugjaldinu í heild því að það eru engar forsendur fyrir því að leggja svona gjald á núna.

Eins og hæstv. ráherra sagði, þá er bullandi hallarekstur á fyrirtækjunum í landinu. Bullandi hallarekstur. Og hvaða rök eru þá fyrir einhverjum sérstökum þensluskatti? Einhverjum sérstökum góðærisskatti til að reyna að standa á móti því að fyrirtækin fari í framkvæmdir þegar þau geta alls ekki hreyft sig? Það eru auðvitað engin rök fyrir því. Eins og ég sagði áðan var satt að segja nógu erfitt fyrir okkur þessa óbreyttu þingmenn í síðustu ríkisstjórn að kyngja bitanum í marsmánuði, kyngja þessum bita. En að biðja stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar núna að kyngja bitanum, það er snöggt um erfiðara. Það er eins og búið sé að reka títuprjóna í gegnum helvítis bitann sem alls staðar rekast í í kokinu þannig að það verður að banka í menn til þess að bitinn fari annaðhvort upp eða niður. Ég ætla að vona að hann fari upp. Ég ætla að vona að hv. stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar kyngi ekki þessum ósköpum.

Með vilja sá ég hins vegar ekki ástæðu til að kalla á iðnrh. áðan til þess að spyrja hann nánar út í skipasmíðaiðnaðinn vegna þess að ég fann að viðskrh. hafði borið hann ofurliði í málinu. Því að eins og greinin lítur út hjá stjórnarmeirihlutanum og eins og fram kom í ræðu sjútvrh. eiga einungis þau fyrirtæki að njóta þess að sleppa við lántökugjaldið sem fá skuldbreytingu sem er liður í aðgerðum stjórnvalda. Ef nú peningarnir sem ætlaðir eru til þessara aðgerða eru ekki nógir, ef þeir verða ónógir, og ef fyrirtæki í sjávarútvegi þurfa á frekari skuldbreytingum að halda en felast í bráðabirgðalögunum og í einhverjum sérstökum aðgerðum stjórnvalda, verða út undan, eiga þau þá að borga lántökugjaldið?

Ég veit ekki hvað hæstv. sjútvrh. hugsar sér í því, en ekki þótti mér ræða hans falleg og ef forsrh. hefði verið staddur hér í deildinni hefði mér líka þótt viðeigandi að hann segði að fjármagnskostnaðurinn á þessum fyrirtækjum væri svo sem ekkert of þungur á árinu 1988. Það mætti vel þyngja hann, 8% til eða frá skipti kannski ekki máli. Það ætti að fara að lækka fjármagnskostnaðinn í framtíðinni og þá skipti svo sem ekki máli hvað væri fallið á fyrirtækin áður.

Ég vil þess vegna aðeins ítreka að ég treysti því að óbreyttir stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar láti þetta ekki yfir sig ganga og sýni þann manndóm annars vegar að mismuna ekki fyrirtækjum í útflutningsgreinum eins og gert er með þessari lagasetningu og hafi hins vegar kjark til þess að standa á bak við skipasmíðaiðnaðinn í landinu. Þarna eru tök á því að greiða aðeins fyrir og ég held að ekki sé vanþörf á.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. 342, sem var of seint fram komin, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 328 samþ. með 16:1 atkv.

Brtt. 339 kölluð aftur.

Brtt. 342, fyrri tölul., felld með 11:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EgJ, EKJ, GuðmÁ, GHG, HBl, JúlS, SalÞ, ÞK, DS.

nei: EG, HÁ, JE, KSG, KP, MF, SkA, StG, SvG, VS, JHelg.

GA greiddi ekki atkvæði.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Umfangsmiklar skuldbreytingar standa nú yfir fyrir fyrirtæki í sjávarútvegi. Ef þessi brtt. verður felld mun það í mæltu máli þýða það að þau útgerðarfyrirtæki og þær fiskvinnslustöðvar, sem hafa fengið skuldbreytingarlán nú síðari hluta þessa árs, eiga að greiða 6% lántökugjald, en á hinn bóginn munu þau fyrirtæki sem fá skuldbreytingarlán hér eftir sleppa við lántökugjaldið. Ég tel að með því að haga lagasetningunni með þeim hætti sé um óþolandi mismunun að ræða sem hver ærlegur maður hlýtur að standa á móti. Hver maður sem vill sýna sanngirni, réttsýni, í skattamálum, vill láta skattheimtuna ganga jafnt yfir alla, hlýtur að segja já við þessari brtt. Ég segi já.

Brtt. 342, síðari tölul., felld með 11:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞK, DS, EgJ, EKJ, GuðmÁ, GHG, GA, HBl, JúlS, SalÞ.

nei: VS, EG, HÁ, JE, KSG, KP, MF, SkA, StG, SvG, JHelg.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Við umræður í Sþ. í gær lét hæstv. iðnrh. svo ummælt að ekki varð skilið á annan veg en þann að skipasmíðaiðnaðurinn þyrfti ekki að greiða 6% lántökugjald vegna lána sem tekin væru við endurbætur, viðhald eða smíði íslenskra fiskiskipa. Það hafa ekki liðið tvær nætur áður en hæstv. iðnrh. hefur svikið þetta fyrirheit. Allir stjórnarflokkarnir í heild hafa svikið þetta fyrirheit ef þeir greiða atkvæði á móti brtt. sem hér liggur fyrir og verð ég því miður að segja að það kemur mér ekki á óvart. Ég segi já við brtt.

Stefán Guðmundsson:

Forseti. Eftir viðræður sem ég hef átt bæði við hæstv. iðnrh. og hæstv. sjútvrh., svo og eftir umræður og ummæli þeirra hér á Alþingi bæði í gær og nú í dag, að unnið sé að því að koma því svo fyrir að undanþiggja frá lántökugjaldi smíði, endurbætur og viðhaldsverkefni fiskiskipa sé verkið unnið hér á landi. Það er kjarni þessa máls sem hér er fjallað um. Ég treysti því að við þetta sé staðið og því segi ég nei.

1. gr., svo breytt, samþ. með 12:8 atkv.
2.–3. gr. samþ. með 12:7 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15:3 atkv.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, 3. umr.

Stjfrv., 135. mál. — Þskj. 142, brtt. 334.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Herra forseti. Mál þetta er margrætt og þarf engu við það að bæta sem rætt hefur verið hér í hv. deild nú og raunar mörg ár áður og tillagan er einföld. Hún er flutt af okkur Júlíusi Sólnes og Halldóri Blöndal og er breyting við 6. gr., að í stað 2,2% komi 1,1%, þ.e. að þessi sérstaki skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði verði eins og hann áður var eða helmingi lægri en nú er gert ráð fyrir, enda liggur það fyrir að þessi skattur, eins og flestir aðrir skattar, a.m.k. þeir sem eru fasteignaskattar og neysluskattar, fer út í verðlagið beint og óbeint og það sem verið er að leggja núna sérstaklega á verslunar- og skrifstofuhús hefur verið reiknað út að muni geta þýtt allt að 0,6% í verðlagi, í vöruverði á landinu. Það eitt sýnir því hvert stefnir þó að í þessu sé það auðvitað í litlu, en við leggjum til að upphæðin verði helmingi lægri en er í frv.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Til fundar við nefndina kom út af þessu máli fulltrúi frá Sambandi ísl. samvinnufélaga og fulltrúi frá Verslunarráðinu. Það var mjög athyglisvert að hlýða á það sem fulltrúi Sambands ísl. samvinnufélaga sagði á þessum fundi. Hann vakti athygli nefndarmanna á þeirri miklu breytingu sem orðið hefði hér á landi ef farið er aftur í tímann, við getum sagt 20–30 ár aftur í tímann. Þá bjuggust menn við allt annarri byggðaþróun en orðið hefur. Menn bjuggust við því að fólki færi fjölgandi í öllum landshlutum og menn gerðu ráð fyrir að ýmsar iðngreinar mundu spretta upp víðs vegar um landsbyggðina og verslun eflast eftir því sem samgöngur bötnuðu og eftir því sem lífskjör yrðu almennt betri, þannig að samgönguþátturinn kæmi strjálbýlinu miklu betur en raun hefur orðið á í þeim skilningi að þjónustan mundi færast út á land. Hann rakti fyrir okkur dæmin um það hvernig t.d. einstök kaupfélög hefðu ráðist í byggingu mikilla verslunarhúsa og skrifstofuhúsa. Hann minntist einnig á einkafyrirtæki í þessu sambandi og sagði að nú væri svo komið að þessi fyrirtæki héldu einungis heimamarkaðinum í nauðþurftavörunum og tók sérstaklega þar til dæmis mjólkurvörur og kjötvörur sem þannig væri þó ástatt um að álagning á þessum vörum væri ekki nema kannski þriðjungur, kannski fjórðungur af því sem álagningin þyrfti að vera og væri t.d. í Noregi til þess að sá rekstur stæði undir sér.

Ég var auðvitað sammála hverju orði sem fulltrúi Sambands ísl. samvinnufélaga, Kjartan Kjartansson, sagði um þessi efni. Það var allt laukrétt sem hann sagði. Hann rakti dæmin, ekki mörg en sláandi, um það hvernig landsbyggðin stendur höllum fæti og hann talaði af þeim sökum mjög gegn þessum skatti af því að hann leggst á fjárfestingu sem kemur ekki að fullum notum úti á landi, en verður þó að greiða fullan skatt af miðað við þá löggjöf sem við erum nú að setja. Það er því auðvitað algjör misskilningur ef einhverjir menn halda að skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði sé einhver sérstakur Kringluskattur sem aðeins komi við eitt verslunarhús eða verslunarhöll hér í Reykjavík. Það er algjör misskilningur. Þessi skattur kemur auðvitað líka við Miklagarð. Hann kemur líka við miklar byggingar, t.d. Kaupfélags Eyfirðinga, ekki síður en kaupfélagsbyggingarnar á Patreksfirði eða Sauðárkróki eða verslunarhús einstaklinga sem eru að berjast við að halda þó uppi einhverri þjónustu við landsbyggðina.

Ég hlýt að vekja athygli á þessu hér um leið og ég minni á að þessi skattur er ekki frádráttarbær fyrir álagningu tekjuskatts fremur en eignarskatturinn sem nú á að fara að leggja á með enn meiri þunga en áður. Það á að þyngja tekjuskattinn, það á að þyngja eignarskattinn, það á þyngja skattinn á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, en enginn af þessum sköttum er frádráttarbær áður en kemur til álagningar tekjuskatts. Það væri því auðvitað fróðlegt rannsóknarefni að sjá hversu mikið fyrirtækin eiga eftir af sínum arði og sínum hagnaði eftir á þegar þannig er alls staðar klipið utan af. Hvernig eiga menn líka að hafa vilja og dugnað til þess að leggja dag við nótt til þess að bjarga fyrirtækjunum sem kannski standa höllum fæti, að fjölskyldan öll leggi saman, starfsmennirnir allir leggi saman og séu kannski óeigingjarnir í sínum störfum, ef ríkið gengur svona hart að, ef hvergi nokkurs staðar má vera eftir eyrir og ef engin virðing er borin fyrir því sem menn eru að gera og skiptir ekki máli þótt vöruverð rjúki hér upp?

Herra forseti. Vegna þess að ég veit að þessi mikla fjárfesting í verslunar- og skrifstofuhúsnæði á sér líka stað í byggðum Suðurlands þar sem fólki hefur fækkað, þar sem áður var búist við að því fjölgaði þar sem menn bjuggust auðvitað við miklu fjölbreyttari verslunarrekstri en nú er og meiri þjónustu, veit ég að forseti deildarinnar þekkir þessi dæmi engu síður en ég og gerir sér auðvitað grein fyrir því að þessi sérstaki skattur er mjög ranglátur og hann hlýtur að bitna á viðskiptavinunum. Það er talað um, eins og hv. 8. þm. Reykv. sagði áðan, að þetta muni kannski 0,6% í vöruverði. Auðvitað munar það enn meira í vöruverði þar sem viðskiptin eru minni og fólkið færra og kannski fjárfestingin miðuð við allt, allt aðrar aðstæður en nú eru.

Ég skal ekki halda um þetta lengri tölu. Ég vil aðeins leggja áherslu á þetta. Með þessum skatti er verið að reyna að gefa í skyn, með því að hækka hann nú um helming þrátt fyrir erfiða stöðu verslunarinnar úti um allt land, að þetta sé einhver skattur á Reykvíkinga, þar séu verslanirnar og þar sé skrifstofufólkið. Þetta er sami söngurinn og maður hefur vanist í Þjóðviljanum og frá alþýðubandalagsmönnum, að þeir sem fást við verslun og þjónustu séu einhverjir annars flokks þegnar. Það er auðvitað úr lausu lofti gripið og þetta er ekki annað en hálfaulaleg tilraun til þess að draga athyglina frá því aðalatriði málsins að þarna er enn á ferðinni sama árátttan að klípa af alls staðar, ná alls staðar í einn bita í viðbót, þangað til skattbyrðin verður að síðustu orðin óbærileg.

Það er gamalt orðtak og sýnir náttúrlega hvað þjóðarsálin er vitur: Lengi tekur sjórinn við. Menn gerðu sér grein fyrir því hér fyrr á öldum að jafnvel sjórinn gat ekki endalaust tekið við, því væru líka takmörk sett hvað lífríki hans þyldi. Það er líka sagt að dropinn fylli mælinn. Eins er það um skattheimtuna: Þegar alltaf er bætt við kemur að því að menn þola ekki lengur ranglætið, hljóta að gera uppreisn gegn þessu, sætta sig ekki við það að ríkið skuli heimta meira og meira. Sama daginn og það er fellt í þinginu að fólkið fái samningsréttinn til sín á nýjan leik koma þessir sjálfkjörnu talsmenn verkalýðshreyfingarinnar, eins og hæstv. menntmrh., og semja við stjórnarandstöðuna um það að öll skattafrv. skuli í gegn fyrir jól. Það er jólagjöfin. (Gripið fram í.) Það eru jólagjafirnar og þeir eru margir pinklarnir. Samningsrétturinn verður ekki veittur, það á að hækka vöruverð á ótal vörutegundum, það á að íþyngja hér og íþyngja þar. Ég held að ríkisstjórnin ætti nú smekks síns vegna ekki að hafa mynd af jólasveinum á þeim jólapappír sem hún réttir þjóðinni núna, heldur sé betur við hæfi að það sé Leppalúði sem skreytir jólapappír ríkisstjórnarinnar á jólagjöfunum fyrir þessi jól.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég skal virða það samkomulag sem hefur orðið á milli þingflokkanna um það að menn séu ekki að tala hér of lengi eða með neinar maraþonræður, en ég hlýt að taka til máls um þetta frv. því þetta er einn af þeim skattapinklum sem núv. ríkisstjórn er að leggja á atvinnulífið. Það er eins og sagt hefur verið hér fyrr í umræðunni og hv. þm. Halldór Blöndal kom vel og réttilega inn á að stöðugt er verið að íþyngja atvinnulífinu með sköttum og nú er verið að fjalla hér um sérstaklega skatt sem mun leggjast hart á verslun almennt en þó alveg sérstaklega strjálbýlisverslunina.

Hv. þm. Halldór Blöndal ræddi m.a. um verslun samvinnuhreyfingarinnar á Akureyri, KEA. Hann kom réttilega inn á það að samvinnuhreyfingin hefur verið mjög umsvifamikil í strjálbýlinu, svo ekki sé meira sagt, á undangengnum árum, hefur lagt í miklar fjárfestingar við það að byggja upp verslunarhúsnæði víðs vegar á landinu. Nú hefur það gerst, ég segi illu heilli fyrir þá hreyfingu og landsmenn í heild, að þær breytingar hafa orðið í samgöngum að þessi fjárfesting hefur ekki nýst sem skyldi. Harma ég það að sjálfsögðu þó að ég sé ekki neinn sérstakur talsmaður samvinnuhreyfingarinnar, hvorki hér á hinu háa Alþingi né annars staðar. Þess vegna er það mjög undarleg ráðstöfun af hæstv. ríkisstjórn að koma með þessa íþyngingu með þeim hætti sem birtist í þessu frv. Ég satt að segja furða mig á því að þeir sem hafa talað máli samvinnuhreyfingarinnar hér á þingi skuli ekki átta sig á því að ofan á raunir samvinnuhreyfingarinnar, sem eru miklar eins og við vitum allir hv. þm., á nú að bæta einum skattinum til viðbótar sem gerir stöðu hennar enn verri. Þetta er furðuleg ráðstöfun svo ekki sé meira sagt. Á sama tíma sem það blasir við að þessi fjárfesting hefur átt sér stað, sérstaklega hjá samvinnuhreyfingunni í strjálbýlinu, hefur velta minnkað vegna bættra samgangna, þannig að strjálbýlisfólk kemur meira til Reykjavíkur og inn á Reykjavíkursvæðið og gerir sín stórinnkaup. Ég veit ekki hvort hv. þm., sem telja sig sérstaka talsmenn samvinnuhreyfingarinnar, hafi áttað sig á þessari

stöðu nægilega vel þegar þeir samþykktu það í þessu stjórnarsamstarfi að leggja þennan skatt á.

Ég vil svo víkja nokkrum orðum að verslun hér í þéttbýlinu. Það er lenska, ég segi því miður, að alltaf þegar verslunin hefur frumkvæðið um nútímauppbyggingu, nútímaviðskiptahætti, eru hér ákveðnir menn á hinu háa Alþingi sem rísa upp og ráðast á þessar framfarir. Það kemur mér ekki á óvart þótt alþýðubandalagsmenn geri það eða svokallaðir skrifstofusósíalistar. Það eru þessir nútímastjórnmálamenn sem koma beint ég vil segja úr ýmsum stöðum hjá hinu opinbera og gerast hér talsmenn þess að skattleggja þjóðina stöðugt meira. Þessum sömu ágætu mönnum, sem greinilega ráða ferðinni í núv. ríkisstjórn, finnst sjálfsagt að fjárfesta meira hjá hinu opinbera, en þeir eru líka ætíð reiðubúnir til þess að ráðast á þær fjárfestingar sem eiga sér stað úti í atvinnulífinu, hvort sem það er hjá verslun, sjávarútvegi eða annars staðar. Yfirleitt fjandskapast þessir menn við atvinnulífið í sambandi við uppbyggingu þess og gera meiri kröfur til þess en þeir gera til sjálfra sín.

Ég vil þess vegna við þessa umræðu láta það koma fram að ég er eindregið á móti þessari skattlagningu yfirleitt. Ég vil afnema þessa skattlagningu á atvinnulífinu og alveg sérstaklega hlýt ég að tala gegn því að skatturinn sé þar af leiðandi hækkaður. Sú skattheimtustefna sem núv. ríkisstjórn fylgir mun keyra niður lífskjör þjóðarinnar og hún mun keyra niður stöðu margra fyrirtækja og draga þróttinn úr mönnum til athafna úti í atvinnulífinu. Þess vegna segi ég, virðulegi forseti: Það er tími til kominn að þeir menn, alla vega af stjórnarstuðningsmönnum, sem hafa sérstaklega borið fyrir brjósti stöðu samvinnuhreyfingarinnar, átti sig á hennar stöðu. Við hinir gerum okkur grein fyrir heildarstöðunni og munum þess vegna greiða atkvæði gegn þessari skattheimtu. — [Fundarhlé.]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 334 felld með 13:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SalÞ, ÞK, EgJ, EKJ, GuðmÁ, GHG, HBl, JúlS.

nei: KP, MF, SkA, StG, SvG, VS, DS, EG, GA, HÁ, JE, KSG, JHelg.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Júlíus Sólnes:

Herra forseti. Þessi sérstaki skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði er með ósanngjarnari skattaálagningu sem við þekkjum í þessu þjóðfélagi. Ég er algjörlega á móti því að atvinnurekstri sé mismunað með þessum hætti með skattlagningu á atvinnuhúsnæði. Hér er til þrautavara reynt að færa þetta til fyrra horfs þótt ég vildi hafa séð að þessi skattur hefði algjörlega verið felldur niður. Ég segi já.

Frv. samþ. með 13:8 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 349).

EFRI DEILD

35. fundur, miðvikudaginn 21. des., að loknum 34. fundi.

Niðurfelling laga vegna breytinga á skipan sveitarstjórnarmála, 2. umr.

Stjfrv., 196. mál. — Þskj. 232, n. 347.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. félmn. (Margrét Frímannsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. félmn. á þskj. 347 um frv. til l. um breytingar á lagaákvæðum og niðurfellingu laga vegna breytinga á skipan sveitarstjórnarmála skv. sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt eins og það var afgreitt í Nd.

Guðrún Agnarsdóttir sat fundi nefndarinnar og er samþykk áliti hennar.

Undir nál. rita Margrét Frímannsdóttir, Karl Steinar Guðnason, Jóhann Einvarðsson, Salome Þorkelsdóttir, Júlíus Sólnes, Valgerður Sverrisdóttir og Guðmundur H. Garðarsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.–75. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 147. mál (sala eignarhluta í kaupleiguíbúð). — Þskj. 324, n. 346.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. félmn. (Margrét Frímannsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. félmn. á þskj. 346 um frv. til l. um breytingar á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1986.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt eins og það var afgreitt í Nd.

Guðrún Agnarsdóttir sat fund nefndarinnar.

Undir nál. rita Margrét Frímannsdóttir, Karl Steinar Guðnason, Jóhann Einvarðsson, Salome

Þorkelsdóttir, Júlíus Sólnes, Valgerður Sverrisdóttir og Guðmundur H. Garðarsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1988, 3. umr.

Stjfrv., 158. mál (gjald af erlendum lánum). — Þskj. 353.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég vil óska eftir því að hæstv. fjmrh. sé viðstaddur umræðuna. (Gripið fram í.) — Nóg er nóttin, hæstv. forseti. (Gripið fram í.) Það er ástæðulaust að draga neina fjöður yfir það að ég tel óhjákvæmilegt að hæstv. fjmrh. sé viðstaddur þessa umræðu vegna ummæla sem fallið hafa við 2. umr. og til þess að skýra málið. Og ég sé ekki annað, ef hæstv. fjmrh. er upptekinn í Nd., en að óhjákvæmilegt sé að fresta fundi. Það er, held ég, einsdæmi í þingsögunni að tveir ráðherrar greiði atkvæði á móti því að fella skatta af atvinnugrein sem þeir hafa sannfært stuðningsmenn sína um að þeir vilji ekki að borgi skattinn. Mér skildist á hv. 3. þm. Norðurl. v. Stefáni Guðmundssyni að hann greiddi atkvæði á móti því að aflétta lántökuskatti af skipasmíðaiðnaðinum af því að hæstv. iðnrh. og hæstv. sjútvrh. vildu alls ekki hafa þennan skatt á skipasmíðaiðnaðinum.

Venjan er nú sú ef maður vill ekki hafa skatt á einhverjum iðnaði, vill ekki að fyrirtæki beri skatt, að greiða þá atkvæði með því að aflétta skattinum af fyrirtækjunum. Nú er annar siður upp tekinn. Þetta er svona eins og maður sé að lesa öfugmælavísur sem manni voru gefnar í barnæsku. (**Forseti:** Ég mun þá verða við beiðni hv. þm. og fresta þessari umræðu og fresta fundinum í 5 mínútur.) Og fresta ræðunni. (**Forseti:** Já.) — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég þakka fyrir það að fundi var frestað svo að hæstv. fjmrh. gæti verið viðstaddur þessa umræðu. Þannig standa sakir að við 2. umr. lögðu þm. Sjálfstfl. og Borgfl. í fjh.- og viðskn. fram brtt. við frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum þess efnis svo að ég hafi orðrétt eftir, þ.e. undanþáguliðurinn við 19. gr.:

„Lán sem tekin hafa verið frá og með 10. mars 1988 eða tekin verða vegna smíði, endurbóta eða viðhalds á fiskiskipum, enda sé verkið unnið hér á landi.“

Hv. 3. þm. Norðurl. v. Stefán Guðmundsson greiddi atkvæði gegn þessari tillögu á þeim forsendum að hann hefði átt samtöl við hæstv. sjútvrh. og hæstv. iðnrh. og þeir hefðu báðir fullvissað sig um að þeir vildu vinna að því að lántökugjaldið félli ekki á erlend lán sem tekin væru vegna viðgerða, endurbóta eða smíða á fiskiskipum hjá íslenskum skipasmíðastöðvum. Ég skildi ummæli hv. þm. þannig að þessum tveim ráðherrum hefði ekki tekist að sannfæra fjmrh. um nauðsyn þess að lántökugjaldinu væri létt af íslenska skipasmíðaiðnaðinum og vil þess vegna spyrja hæstv. fjmrh. hvort honum sé kunnugt um þetta samkomulag og ef svo er, hvort hann sé þá samþykkur meðráðherrum sínum, hæstv. iðnrh. og hæstv. sjútvrh., um það að lántökugjald skuli ekki verða tekið af verkefnum íslenskra skipasmíðastöðva. Ég tel einsýnt, herra forseti, ef í ljós kemur að allir ráðherrarnir þrír vilji ekki að skatturinn komi á skipasmíðastöðvarnar, að það verði þá látið reyna á það til þrautar hvort deildin vill samþykkja það við 3. umr. Ef hins vegar kemur í ljós að hæstv. fjmrh. er þarna andvígur sínum meðráðherrum, ef hæstv. fjmrh. vill halda til streitu lántökugjaldinu vegna verkefna innlendu skipasmíðastöðvanna, þá er það auðvitað líka upplýsandi um samkomulagið í ríkisstjórninni.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst að vandi íslenska skipasmíðaiðnaðarins er mikill og eins og fram hefur komið fyrr á þessu þingi er það ætlun ríkisstjórnarinnar undir forustu hæstv. iðnrh. að taka það mál til rækilegrar athugunar og leggja drög að því að um skipulega uppbyggingu, a.m.k. áframhaldandi starfsemi íslenska skipasmíðaiðnaðarins verði að ræða. Í þeim efnum kemur margt til álita og skoðunar, þar á meðal sú tegund af gjaldi sem hér er til umræðu.

Hv. þm. Eiður Guðnason, formaður fjh.- og viðskn. þessarar deildar, kynnti mér þau sjónarmið sem uppi voru í nefndinni varðandi þetta atriði og það var um það samkomulag við mig að þetta yrði tekið til skoðunar fljótlega á næsta ári. Það hefur hins vegar ekki verið tekin ákvörðun í þeim efnum. Málið er ekki það einfalt að hægt sé að taka ákvörðun um það án þess að skoða það í samhengi við annað þannig að innra samræmi ríki í þeim reglum sem settar verða. Það mál verður einnig rætt við hæstv. ráðherra iðnaðarmála og sjávarútvegsmála og sameiginleg niðurstaða mun nást í því máli þegar gefist hefur nægilegur tími til að skoða það.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það að leggja 6% lántökugjald á lán sem tekin eru vegna smíði, viðgerða eða endurbóta á fiskiskipum hér á landi þýðir 6% afföll. Það þýðir 6% afföll. Ef útgerðarmenn eiga það víst að lántökugjaldið verði fellt af skipasmíðaiðnaðinum, kannski í febrúar, kannski í mars, kannski í apríl, kannski í maí, kannski í júní, hlýtur það óhjákvæmi-

lega að valda því að þeir dragi á langinn að setja skip sín í slipp, reyni að draga það í lengstu lög að skipin fari til viðgerðar þannig að með því að hafna tillögunni nú eftir þau ummæli sem einstakir ráðherrar hafa látið falla, sem eru í stuttu máli svona: *Við erum svo önnum kafnir við það að leggja nýja skatta á*, ríkisstjórnin að koma nýju sköttunum í gegnum þingið, að við megum ekkert vera að því að hugsa um skipasmíðaiðnaðinn fyrr en seinna. Það skiptir engu máli þó að við vitum það að hundruð manna séu atvinnulaus í skipasmíðaiðnaði. Ráðherrarnir brosa. Það er alvara þeirra í þessu máli. Og hv. þm., sem talaði um það í sameinuðu þingi að hundruð manna væru atvinnulaus í skipasmíðaiðnaði, *virðist vera svo geðlaus að hann ætli að láta þetta yfir sig ganga.*

Ég hef oft og tíðum orðið var við það hér á Alþingi að menn hafi verið skeytingarlausir um atvinnurekstur, talað um hann af léttúð, látið sig litlu skipta hagsmuni slíkra greina. Ég hlýt þó að segja, og skammast mín ekki fyrir að leggja áherslu á það, ég hlýt að segja það sem þingmaður Akureyrar að afgreiðsla af þessu tagi er með öllu óþolandi, *ólíðandi, bein ögrun* við þau byggðarlög sem eru háð þessum viðskiptum, móðgun við þá menn sem vinna við skipasmíðaiðnaðinn og auðvitað ekkert annað en kæruleysi að haga sér með þessum hætti.

Ég vil láta reyna á það til þrautar, herra forseti, hvort ekki sé hægt að fá ráðherrana til að taka afstöðu hér í þinginu í kvöld og mun þess vegna bera fram brtt. nú við 3. umr. Ég hef ekki haft svigrúm til þess að ræða við *meðflutningsmenn mína* að brtt. við 2. umr. og af þeim sökum tel ég því rétt að ég sé einn flm. að till., en hún mun hljóða svo:

„Við 1. gr. bætist nýr stafliður, d, svohljóðandi:

Lán sem tekin verða vegna smíði, endurbóta eða viðhalds á fiskiskipum, enda sé verkið unnið hér á landi."

Ráðherrarnir eru að tala um það að þeir vilji gera þetta seinna. Þeir eru að tala um að þá skorti *undirbúning*. Það er alveg óþarfi að fara upp í ráðuneyti og láta skrifa þetta fyrir sig þar. Það er vel hægt að skrifa svona texta niður hér niðri í Alþingi. Ef menn vilja ekki skattinn þá eiga menn ekki að greiða atkvæði með honum. Og ég vil brýna þá menn hér í deildinni, sem bera einhverja virðingu fyrir sjálfum sér, bera einhverja virðingu fyrir þeim mönnum sem hafa verið að byggja upp íslenskan skipasmíðaiðnað, að draga þetta mál ekki lengur heldur segja já hér við umræðurnar á eftir, afnema lántökugjaldið af skipasmíðaiðnaðinum fyrst ráðherrar þriggja stjórnmálaflokka hafa hér í deildinni lýst sig samþykka því að það verði gert, annaðhvort með þögninni eða þá með beinum yfirlýsingum.

Ég get að sjálfsögðu ekki dregið hér inn í deildina fjórða hjólið undir vagni ríkisstjórnarinnar, formann flokks jafnréttis og félagshyggju, Stefán Valgeirsson, en ég þarf ekki að spyrja hann að því hvar hugur hans er í málinu. Hann skilur það auðvitað jafn vel og við aðrir Norðlendingar hvað er í húfi, að fyrirtæki t.d. á borð við Slippstöðina á Akureyri, fyrirtæki á borð við Þorgeir og Ellert á Akranesi þurfi ekki að draga á eftir sér þetta lántökugjald.

Ég vil biðja herra forseta um að leita afbrigða til þess að þessi brtt. geti komið fyrir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. 355, sem var of seint fram komin, samþ. með 14 shlj. atkv.

Stefán Guðmundsson:

Herra forseti. Örstutt. Ég vil aðeins segja það við hv. þm. Halldór Blöndal, að ég hef enga trú á því, Halldór Blöndal, að þetta mál eða önnur vinnist með einhverjum hávaða og köllum hér í þessari deild. Ég undirstrika hins vegar það sem hæstv. fjmrh. sagði hér, nú rétt áðan, og ég endurtek það sem hann sagði: „Sameiginleg niðurstaða mun fást í þessu máli", sagði hæstv. fjmrh. Við þekkjum það hvað bæði hæstv. sjútvrh. og hæstv. iðnrh. hafa sagt í þessu máli. Við skulum bíða og spyrja að leikslokum í málinu.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það er fullkomlega ljóst að lögum samkvæmt eru ekki heimildir til þess að undanþiggja skipasmíðaiðnaðinn hvað varðar vinnu lántökugjaldinu öðruvísi en Alþingi samþykki. Ef till. verður felld þá er algjörlega ljóst, hvort sem menn tala um það að ég tali hátt eða lágt, hvort sem menn segja að minn málflutningur sé góður eða vondur, þá verður algjörlega útilokað að létta lántökugjaldinu af skipasmíðaiðnaðinum nema sú till. verði borin upp hér í þessari deild og í neðri deild og þingmenn, meiri hluti í báðum deildum samþykki.

Ef það er fullnægjandi fyrir hv. 3. þm. Norðurl. v. að þetta megi dragast svona fram eftir vorinu þannig að ekki þurfi að spyrja deildina er ekki að vænta að lántökugjaldinu verði létt af fyrr en ríkisstjórnin hefur fengið bráðabirgðalagavaldið í sínar hendur. (Gripið fram í.) Það er algjör misskilningur hjá þessum hv. þm. ef hann heldur að hæstv. fjmrh. hafi heimild til þess að létta af sköttum af þessu tagi að geðþótta sínum. Þess vegna mun reyna á það nú í deildinni hvort hugur manna stendur til þess nú að létta lántökugjaldinu af skipasmíðaiðnaðinum eða hvort menn kjósa að koma síðar og bera það undir deildina að létta þessu lántökugjaldi af skipasmíðaiðnaðinum eða hvort ríkisstjórnin tekur kannski hinn kostinn: að undirbúa málið og athuga málið og draga málið og láta það danka, sem er auðvitað þá líklegasta. Ég hef ekki orðið var við það að hæstv. fjmrh. sleppi neinu sem hann hefur náð í. Ég hef enga trú á því. Úr því að hugsunarhátturinn hjá ríkisstjórninni núna er sá að það eigi að nota þetta sérstaka lántökugjald í fjáröflunarskyni fyrir ríkissjóð, sem það var ekki hugsað til í upphafi, þá má hv. þm. bíða lengi eftir því að skipasmíðaiðnaðurinn

fái leiðréttingu. Og þá er til lítils að vera að flytja einhverjar þáltill. í sameinuðu þingi og samþykkja einhverjar almennar ályktanir í sameinuðu þingi ef þessi iðnaður fær ekki rétt sinn núna. (Gripið fram í.)

Ég mundi í sporum þessa hv. þm. ekki beina orðum mínum að þeim sem vilja hjálpa honum til þess að rétta stöðu skipasmíðaiðnaðarins, heldur mundi ég krefja ráðherrana um það að þeir bregðist skjótt við og standi við orð sín gagnvart þessum þingmanni en komi honum ekki í þá klemmu sem hann er í núna. (**StG:** Við höfum báðir beðið.) En þetta er hins vegar ekki aðeins hlutskipti þessa manns. Þetta er ekki eini maðurinn sem núna er í vandræðum. Við getum talað t.d. um fjórða hjólið undir vagni ríkisstjórnarinnar, Stefán Valgeirsson. Það vantaði ekki að áður en upplýst varð um það að ríkisstjórnin hafði fengið Borgfl. til liðs við sig, a.m.k. hluta af honum, þá var sú dagskipan gefin í fjh.- og viðskn. efri deildar að við skyldum láta sjóðafrv. danka vegna þess að ríkisstjórnin vissi að hún hafði ekki meiri hluta fyrir því í neðri deild að koma skattinum á Stofnlánadeild landbúnaðarins, en um leið og Aðalheiður, blessunin, bættist í hópinn og kannski einn eða tveir til viðbótar, hálfir eða í heilu lagi úr Borgfl., þá þykist hæstv. fjmrh. öruggur með sig, þá má segja við Stefán Valgeirsson: Núna ætla ég að skattleggja Stofnlánadeild landbúnaðarins, nú þarf ég ekki lengur á þér að halda, nú skulum við ganga yfir hann. Þannig hafa vinnubrögðin verið. Það er ekki bara Stefán Guðmundsson, það er ekki bara Stefán Valgeirsson sem hafa orðið að kyngja miklu núna. (**StG:** Ekki Halldór Blöndal.) Og þeir munu vera fleiri sem hafa orðið að kyngja. Hv. þm. Karvel Pálmason hefur orðið að kyngja líka. Þeir eru allir önnum kafnir við að kyngja. Ég vil þess vegna segja það að við afgreiðsluna á þessu máli kæmi mér ekki á óvart þótt stjórnarmeirihlutinn léti sig hafa það að halda lántökugjaldinu á skipasmíðaiðnaðinum þrátt fyrir stóru orðin, þrátt fyrir blíðmælgina, þrátt fyrir loforðin.

Mig minnir að Alexander mikla hafi verið gefið það ráð að ef hann vildi lofa, en hefði þó ekki ráð á því, þá skyldi hann lofa eigi að síður og efna þegar tök væru á. Mér finnst einhvern veginn að þessir hæstv. ráðherrar ætli að efna fyrirheitið við Stefán Guðmundsson þegar tök eru á. Og hvenær eru tök á því? Hvenær þykir ráðherrunum vera tök á því að einstakir þingmenn, stuðningsmenn þeirra fái að koma fram með svona litla bón eins og þá að skipasmíðaiðnaður fái að halda velli? Það er ekki stórt mál. Það er hægt að sigla með fiskiskipin, það er hægt að gera við þau erlendis, þau eru hreyfanleg. Þess vegna skiptir kannski ekki svo miklu máli þó þessi litla iðngrein fari á höfuðið eins og svo margar aðrar. Það voru ein helstu rökin hjá hæstv. sjútvrh. í dag fyrir því að nauðsynlegt væri að halda lántökugjaldinu á ýmsum fyrirtækjum á þessu ári að þau væru svo illa stödd. Ætli rökin fyrir skipasmíðaiðnaðinum séu ekki þau sömu núna? Skipasmíðaiðnaðurinn er svo illa staddur, hann má ekki missa af neinu, þess vegna skulum við hugsa okkur vel og lengi um það hvað við getum gert til þess að létta dauðastríðið. Það getur hins vegar einn þingmaður þessarar hv. deildar, Guðrún Agnarsdóttir 6. þm. Reykv., sagt ríkisstjórninni af sinni læknisreynslu að eftir því sem sótthitinn hækkar, eftir því sem nær dregur dauðastríðinu verður erfiðara að gera sjúklinginn alheilan á nýjan leik.

Ég held þess vegna að þingmenn ættu að manna sig upp í það í deildinni að ganga til liðs við skipasmíðaiðnaðinn, styrkja hann og efla hann, og fyrsta skrefið í þá átt hlýtur að vera að aflétta lántökugjaldinu af skipasmíðaiðnaðinum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 355 felld með 11:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EKJ, GHG, GA, HBl, JúlS, SalÞ, ÞK, DS, EgJ, GuðmÁ.

nei: HÁ, JE, KSG, KP, MF, SkA, StG, SvG, VS, EG, JHelg.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Eins og fram kom við atkvæðagreiðsluna hér áðan stendur hugur iðnrh. og sjútvrh. til þess að þeir sem eiga viðskipti sín við íslenskar skipasmíðastöðvar þurfi ekki að greiða 6% lántökugjald af erlendum lánum sem tekin eru af þeim sökum. Nú hefur hæstv. fjmrh. lýst því yfir að hann sé sömu skoðunar og hæstv. sjútvrh. og hæstv. iðnrh. Öll þrenningin vill m.ö.o. endilega aflétta lántökugjaldinu af skipasmíðaiðnaðinum. Nú þætti mér það huggulegt ef einhver af stjórnarþingmönnunum mundi nú létta áhyggjum af ráðherrunum, úr því að þeir geta ekki bjargað sér sjálfir, og sagt já við þessari tillögu því að þá mun það undir eins gerast að skipasmíðaiðnaðurinn þarf ekki að greiða 6% lántökugjaldið. Ég segi já, herra forseti.

Stefán Guðmundsson:

Herra forseti. Ég vísa til þess fyrirvara sem ég var með hér fyrr og við það er að bæta að hér kom fram yfirlýsing hæstv. fjmrh. í umræðu hér áðan um að hann væri fullviss um það að sameiginleg lausn mundi finnast á þessu máli. Þar með er lausn iðnrh. og hæstv. sjútvrh. staðfest og þess vegna sýnist mér málið muni fá farsæla lausn og því segi ég nei.

Frv. samþ. með 13:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvG, VS, DS, EG, GA, HÁ, JE, KSG, KP, MF, SkA, StG, JHelg.

nei: ÞK, EgJ, EKJ, GuðmÁ, GHG, HBl, JúlS, SalÞ.

Frv. endursent Nd.

NEÐRI DEILD

32. fundur, miðvikudaginn 21. des., kl. 10 árdegis.

Bann við ofbeldiskvikmyndum, 2. umr.

Frv. menntmn. Ed., 183. mál (gildistími). — Þskj. 214, n. 323.

Frsm. menntmn. (Ragnar Arnalds):

Herra forseti. Menntmn. hefur fjallað um frv. til l. um breytingu á lögum nr. 33/1983, um bann við ofbeldiskvikmyndum, sbr. lög nr. 101/1987. Hér er um að ræða frv. sem er fram sett til að framlengja gildandi lög sem renna út nú um áramót.

Nefndin hefur einróma komist að þeirri niðurstöðu að mæla með samþykkt þessa frv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 39 shlj. atkv.

Stofnlánadeild landbúnaðarins, 1. umr.

Stjfrv., 206. mál (fiskeldislán). — Þskj. 305.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég er þakklátur forseta að gefa mér kost á að mæla fyrir þessu frv. mitt í önnunum, en svo háttar til eins og öllum hv. þingdeildarmönnum mun vera kunnugt að sú atvinnugrein sem er vikið að í frv., fiskeldið, á við nokkuð brýnan vanda að glíma þar sem vegna mikils og örs vaxtar í greininni skortir verulega á að rekstrar- og afurðalánafyrirgreiðsla sé með þeim hætti að unnt sé að tryggja örugga og áframhaldandi starfsemi fiskeldisins. Það hefur því undanfarnar vikur verið leitað leiða til þess að unnt væri að hækka afurða- og rekstrarlánahlutfall í fiskeldi þannig að það gæti numið allt að 75% af verðmæti birgðanna eins og gerist í öðrum sambærilegum útflutningsgreinum. Þó er sá munur á að í fiskeldinu er áhættan meiri og því þurfa að koma til sérstakar baktryggingar ef lánastofnanir eiga að treysta sér til að veita afurða- og rekstrarlán upp í þetta hlutfall.

Sú niðurstaða sem liggur fyrir í frumvarpsformi er að í tengslum við Stofnlánadeild landbúnaðarins verði settur á fót sérstakur sjóður er nefnist Tryggingasjóður fiskeldislána og verði um hann fjallað í sérstökum kafla laganna um Stofnlánadeild landbúnaðarins. Þessi tryggingasjóður skal hafa það hlutverk að tryggja greiðslur á afurðalánum sem bankar og aðrar lánastofnanir veita eða útvega innlendum fiskeldisfyrirtækjum þannig að þessi lán geti numið allt að 75% af verðmæti birgðanna ef svo ber undir.

Það er tekið fram í 1. gr. laganna að slíkar greiðslutryggingar skuli því aðeins veittar að viðkomandi fyrirtæki hafi fyrir tryggt afurðir sínar með svonefndri umframskaðatryggingu eða hliðstæðri tryggingu er nemi a.m.k. 50% af tryggingaverðmætum afurða og að fyrirtæki fái viðskipti við lánastofnun í eðlilegu hlutfalli við þær tryggingar og að þessi hluti afurðalánsins verði á undan greiðslutryggingu sjóðsins.

Síðan er vikið að því að landbrh. sé heimilt að víkja frá þessum ákvæðum við ákvörðun reglna fyrir hafbeit, sem er nokkuð sérstakur hluti af þessari starfsemi, að fengnum tillögum nefndar sem gert er ráð fyrir að sett verði á fót.

2. gr. lýtur að því að hámarksskuldbindingar sjóðsins á hverjum tíma megi nema samtals allt að 1800 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Rétt er að taka fram að fyrirvari er hafður á þessari tölu og rétt er að sú hv. nefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar láti meta sérstaklega hvort þörf er á svo hárri tölu eða hvort eftir nánari athugun komast megi af með eitthvað lægri hámarksfjárhæð hvað þetta snertir.

Í c-lið 1. gr. er vikið að því að landbrh. skuli skipa sérstaka nefnd sem ákveði skilyrði fyrir veitingu greiðslutrygginganna og sú nefnd á að fjalla um hverja einstaka umsókn og ákveða á hvaða kjörum sjóðurinn veitir greiðslutryggingar hverju sinni. Þeir sem tilnefna eiga fulltrúa í þessa nefnd skulu vera einn frá Stofnlánadeild landbúnaðarins, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands fiskeldis- og hafbeitarstöðva, sá þriðji samkvæmt tilnefningu fjmrh. og sá fjórði samkvæmt tilnefningu landbrh. og verði hann jafnframt formaður nefndarinnar. Það er þessi nefnd sem samkvæmt a-lið skal hafa með höndum stjórn Tryggingasjóðs fiskeldislána.

Þá er í b-lið vikið að því að ákvarða skuli hið árlega iðgjald sem tekið er fyrir greiðslutrygginguna og miðað við það að sjóðurinn verði rekinn hallalaus. Komi til þess að sjóðurinn geti ekki tímabundið, hvorki með iðgjöldum sínum né varasjóði, staðið við skuldbindingar og reynist þá nauðsynlegt vegna stöðu sjóðsins að taka lán skal veita sérstakar ríkisábyrgðir fyrir slíkum lánum og verði þær ríkisábyrgðir óháðar þeim sem að öðru leyti standa á bak við starfsemi Stofnlánadeildar landbúnaðarins, sbr. 11. gr. laga þar um.

Enn fremur er vikið að því í d-lið að verði höfuðstóll tryggingasjóðsins neikvæður í árslok 1993, en það er það ártal sem miðað er við að lögin skuli hafa komið til endurskoðunar fyrir, sé heimilt að leggja tímabundið gjald á söluverðmæti fiskeldisfyrirtækjanna í allt að fimm ár frá þeim tíma og

það gjald þá miðast við að jafna fjárhag sjóðsins. Þetta þýðir að það er ætlunin að fiskeldisgreinin sem slík beri uppi kostnað af starfsemi sjóðsins þegar til lengri tíma er litið svo fremi sem sú grein vaxi upp og verði að arðvænlegum atvinnuvegi í landinu og sú áhætta sem tekin er af starfsemi sjóðsins er í raun fyrst og fremst áhætta sem tekin er með atvinnugreininni sem slíkri í heild sinni.

Svo er vikið að því í e-lið að landbrh. skuli setja samkvæmt tillögum nefndar reglugerðir með nánari ákvæðum um framkvæmd þessa kafla, þ.e. kaflans í lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins sem fjallar um tryggingasjóðinn. Þar skuli kveðið á um efni og eðli tryggingarinnar, hversu hátt hlutfall afurðalána er tryggt, röð ábyrgða, rekstur sjóðsins, þóknun fyrir umsjón hans og nánari reglur, m.a. um álagningu og innheimtu gjaldsins samkvæmt d-lið.

Í 2. gr., herra forseti, er lagt til að lög þessi öðlist þegar gildi og skuli endurskoðuð fyrir árslok 1993.

Ég þarf ekki að hafa þessi orð öllu fleiri, herra forseti, en vil leggja á það sérstaka áherslu að hér er á ferðinni mál sem mjög brýnt er að fái skjótan framgang þar sem vandi fiskeldisfyrirtækjanna er þegar ærinn og fer vaxandi með hverjum deginum sem líður, helgast fyrst og fremst af því að þegar markaðir fyrir seiði lokuðust mjög óvænt á sl. sumri var tekin sú ákvörðun að setja þau á hér innan lands og reyna að láta þau vaxa upp og verða að útflutningsverðmætum. Þetta kallaði á mikla fjárfestingu og mikla og skyndilega aukningu rekstrarfjár í atvinnugreininni sem nauðsynlegt er að tryggja að fyrir hendi verði með einhverjum hætti.

Það mætti út af fyrir sig ræða hvar eðlilegast væri að koma fyrir starfsemi af þessu tagi og getur sýnst sitt hverjum þar um, en hér er sem sagt lögð til ákveðin leið sem eftir talsverða skoðun hefur orðið fyrir valinu og ég held að sé með tilliti til allra aðstæðna eðlileg.

Ég vil leggja sérstaka áherslu á að sú starfsemi sem hér er lagt til að verði rekin í tengslum við Stofnlánadeild landbúnaðarins verður óháð annarri starfsemi deildarinnar og undir sérstakri stjórn. Það er ekki gert ráð fyrir því að eigið fé stofnlánadeildarinnar eða eignastaða deildarinnar eins og hún er vegna almennrar starfsemi standi á nokkurn hátt bak við þá áhættu sem af starfsemi Tryggingasjóðs fiskeldislána er. Þetta verður að kallast eðlileg ráðstöfun við þær aðstæður að hér er um tiltölulega óskylda starfsemi að ræða og að sú grein sem hér á í hlut, fiskeldið, hefur ekki greitt iðgjöld til Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Það hafa hins vegar greinar hefðbundins búskapar gert um langt árabil og þar með myndað það eigið fé sem nú er fyrir hendi í stofnlánadeildinni.

Sá aðili sem hér stendur á bak við með ábyrgð er ríkissjóður, þó þannig að hann tekur, eins og ég áður sagði, fyrst og fremst áhættu með fiskeldisgreininni sem slíkri í heild sinni og þegar til lengri tíma er litið er gert ráð fyrir því að kostnaður af þessari starfsemi verði borinn uppi af fiskeldinu sem atvinnugrein.

Það er svo enn fremur gert ráð fyrir því, eins og ég vék að, að lögin verði endurskoðuð fyrir lok ársins 1993 og er vikið að því í greinargerð að komi til þess fram að þeim tíma að mönnum sýnist hentugra að haga þessari starfsemi með öðrum hætti, svo sem að stofna sjálfstætt félag um þessa starfsemi, ábyrgðarfélag hagsmunaaðila eða annarra slíkra, þá verði að sjálfsögðu gert ráð fyrir því að slíkur félagsskapur geti yfirtekið þá starfsemi sem þarna fer fram.

Herra forseti. Ég legg svo til að þessu máli verði vísað til hv. landbn. deildarinnar að lokinni umræðu.

Matthías Á. Mathiesen:

Herra forseti. Hæstv. landbrh. hefur hér talað fyrir frv. sem fjallar um vandamál sem lengi hefur verið á dagskrá, þ.e. afurðalán vegna fiskeldis. Hvað svo sem menn segja um staðsetningu þessa málefnis í stjórnkerfinu heyrir það undir landbrn. og mér sýnist að hæstv. landbrh. sé hér með frv. sem geti leyst úr því vandamáli sem við hefur verið að glíma og unnið hefur verið að kannski um of langan tíma og þess vegna ástæða til þess að málið fái hraða afgreiðslu. Menn geta að vísu deilt um með hvaða hætti þessum málum skuli fyrir komið, en eins og hér er gert ráð fyrir í 2. gr. frv., að um endurskoðun verði að ræða fyrir lok ársins 1993, þá yrði fengin reynsla af því hvernig það fyrirkomulag sem hér er lagt til hefur reynst.

Ég vil taka undir það með hæstv. ráðherra að þetta mál fái eins skjóta afgreiðslu og mögulegt er til þess að af því sem því er ætlað að sinna geti orðið sem allra fyrst.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrir minn hlut aðeins taka undir þau orð sem hér hafa fallið, bæði af hálfu hæstv. landbrh. sem og hv. 1. þm. Reykn., um mikilvægi þessa máls og mikilvægi þess að það fái eins skjóta afgreiðslu þingsins og nokkur kostur er. Hér er um að ræða í rauninni rekstrargrundvöll fyrir vaxtarbroddinn í íslensku atvinnulífi í dag og þess vegna er málið mjög brýnt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv. og til landbn. með 38 shlj. atkv.

Aðgerðir í efnahagsmálum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 20. mál (staðfesting bráðabirgðalaga frá 20. maí 1988). — Þskj. 243, n. 295, 310 og 311, brtt. 284, 300.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 284,1 felld með 21:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MálmS, ÓE, PJ, RH, ÞP, ÞÞ, AG, BÍG, EH, FÞ, FrS, GHH, HJ, IBA, KrP, KE, KH, MB, MÁM.

nei: ÓÞÞ, PP, RA, SighB, SV, StH, SJS, AS, ÁrnG, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, HG, JóhS, JBB, JK, JónS, JSS, KJóh.

ÓÞG, AðB greiddu ekki atkvæði.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Eins og staðan er nú í atvinnumálum og efnahagsstjórn okkar Íslendinga væri ábyrgðarhluti að koma í veg fyrir staðfestingu þeirra bráðabirgðalaga ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar sem hér eru til staðfestingar á þskj. 243. Nú liggur enn fremur fyrir yfirlýsing núv. hæstv. forsrh. um að hann muni beita sér fyrir viðræðum á milli aðila vinnumarkaðarins til undirbúnings nýjum kjarasamningum í upphafi næsta árs. Ég tel því ekki rétt að greiða atkvæði gegn staðfestingu þessara bráðabirgðalaga og greiði því ekki atkvæði.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Í þessari brtt. felst að felld verði brott setningin „frekari hækkun launa, kjaratengdra liða og hvers konar endurgjalds fyrir unnin störf en kveðið er á um í þessari grein er óheimil til 15. febr. 1989.“ Hér er sem sagt um að ræða afnám launafrystingar. Ég segi já.

1. gr. samþ. með 21:4 atkv.

Brtt. 284,2 felld með 20:19 atkv.

2. gr. samþ. með 20:4 atkv.

Brtt. 284,3 felld með 20:18 atkv.

3. gr. samþ. með 21:4 atkv.

Brtt. 284,4 felld með 21:18 atkv.

4. gr. samþ. með 21:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JóhS, JBB, JK, JónS, JSS, ÓÞÞ, PP, RA, SighB, SV, StH, SJS, AS, ÁrnG, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, HG, KJóh.

nei: KrP, KE, KH, MB, MÁM, MálmS, ÓE, PJ, RH, ÞP, ÞÞ, AG, BÍG, EH, FÞ, FrS, GHH, HJ, IBA.

ÓÞG, AðB greiddu ekki atkvæði.

5. gr. samþ. með 21 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JóhS, JBB, JK, JónS, JSS, ÓÞÞ, PP, RA, SighB, SV, StH, SJS, AS, ÁrnG, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, HG, KJóh.

KrP, KE, KH, MB, MÁM, MálmS, ÓE, ÓÞG, PJ, RH, ÞP, ÞÞ, AðB, AG, BÍG, EH, FÞ, FrS, GHH, HJ, IBA greiddu ekki atkvæði.

6.–7. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.

Brtt. 300 kölluð aftur.

8.–11. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.

12. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Efnahagsaðgerðir, frh. 2. umr.

Stjfrv., 8. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 246, n. 293 og 303, brtt. 294, 297, 298, 301, 302.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 297,1 felld með 21:17 atkv.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StH, SJS, AS, ÁrnG, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, HG, JóhS, JBB, JK, JónS, JSS, ÓÞÞ, PP, RA, SighB, SV, KJóh.

ÞP, ÞÞ, AðB, AG, BÍG, EH, FÞ, FrS, GHH, HJ, IBA, KrP, KE, KH, MB, MÁM, MálmS, ÓE, ÓÞG, PJ, RH greiddu ekki atkvæði.

2. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.

Brtt. 297,2 felld með 21:18 atkv.

Brtt. 301,1 kölluð aftur.

3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StH, SJS, AS, ÁrnG, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, HG, JóhS, JBB, JK, JónS, JSS, ÓÞÞ, PP, RA, SighB, SV, KJóh.

ÞP, ÞÞ, AðB, AG, BÍG, EH, FÞ, FrS, GHH, HJ, IBA, KrP, KE, KH, MB, MÁM, MálmS, ÓE, ÓÞG, PJ, RH greiddu ekki atkvæði.

Brtt. 294,1 samþ. með 22:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓÞG, PP, RA, SighB, SV, StH, SJS, AðB, AS, ÁrnG, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, HG, JóhS, JBB, JK, JónS, JSS, KJóh.

nei: MB, MÁM, MálmS, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RH, ÞP, ÞÞ, AG, BÍG, EH, FÞ, FrS, GHH, HJ, IBA, KrP, KE, KH.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég sé ekki að vandi fyrirtækja í landinu leysist með því að fjölga sjóðum eða bönkum. Í ljósi þess að rekstrargrundvöllur þessara fyrirtækja hefur ekki enn verið treystur segi ég nei.

4. gr., svo breytt, samþ. með 22:13 atkv.

Brtt. 294,2 samþ. með 23:5 atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 22:3 atkv.

Brtt. 301,2 kölluð aftur.

6. gr. samþ. með 21 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GGÞ, GuðnÁ, GHelg, HG, JóhS, JBB, JK, JónS, JSS, ÓÞÞ, PP, RA, SighB, SV, StH, SJS, AS, ÁrnG, GeirG, GB, KJóh.

HJ, IBA, KrP, KE, KH, MB, MÁM, MálmS,

ÓE, ÓÞG, PJ, RH, ÞP, ÞÞ, AðB, AG, BÍG, EH, FÞ, FrS, GHH greiddu ekki atkvæði.

Brtt. 301,3 kölluð aftur.

Albert Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir að fá að koma inn í miðja atkvæðagreiðslu, en það er vegna þess að ég tók ekki eftir því fyrr, forseti fór svo hratt yfir, að tillögur á þskj. 301, sem hafa verið settar fram eftir að hafa verið kynntar í þingflokki Borgfl. og fluttar af einum þingmanni Borgfl. og þar með með samþykki flokksins, hafa verið dregnar allar til baka af honum. Ég óska eftir að taka upp þær tillögur sem eftir eru og þær sem þegar hafa verið kallaðar aftur óska ég eftir að komi fram til atkvæðagreiðslu við 3. umr. Ég óska eftir að taka upp og gera að mínum tillögum þær tillögur sem eftir eru á þessu plaggi. Ef einhver vafi er að það sé þingskapalega rétt eða hægt óska ég eftir því að skrifstofustjóri verði kallaður til og hann látinn skera úr um hvort þingsköp leyfa að ég taki upp tillögu sem annar maður fellur frá.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Það er samdóma álit forseta og skrifstofustjóra að það muni ekki geta gengið þingskapalega að maður sem ekki er flm. tillögu taki hana upp eins og hér var óskað eftir. Hins vegar liggur að sjálfsögðu beint við að hv. 5. þm. Reykv. eða hverjir aðrir sem það kjósa taki þetta mál upp þegar kemur til 3. umr.

Albert Guðmundsson:

Virðulegur forseti. Að sjálfsögðu met ég ákvörðun þá sem hæstv. forseti og virðulegur skrifstofustjóri með aðstoð hæstv. viðskrh. hafa komist að niðurstöðu um. En með því að standa upp og gera þessa fyrirspurn vildi ég draga athygli þingheims að því að í þessari atkvæðagreiðslu kemur kannski mönnum á óvart ekki síður en mér sjálfum að það hefur orðið mjög mikil stefnubreyting hjá Borgfl.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Mér hefur skilist að einn hv. þm. hafi spurst fyrir um hvort hann geti gert að sinni tillögu tillögur sem flm. hefur ákveðið að kalla aftur, annaðhvort til 3. umr. eða kalla alveg aftur, og að svar hæstv. forseta og úrskurður sé að svo sé ekki hægt, jafnvel um þær tillögur sem ekki hafa verið greidd atkvæði um, þ.e. brtt. sem eru við greinar sem ekki er búið að greiða atkvæði um. Vel kann að vera að svo sé, en ég óska eftir því að það sé þá vísað til ákveðinna greina í þingsköpum þar sem þetta er að mínu viti afar óeðlilegt því að hv. alþm. þurfa að geta treyst því að tillögur sem hafa komið fram með réttum hætti séu ekki gervitillögur sem síðan séu kallaðar aftur í atkvæðagreiðslunni og þannig komið í veg fyrir að greidd séu atkvæði um efnisatriði sem þegar er búið að ræða og menn hafa tekið afstöðu til í umræðum. Ég ætla ekki að efast um úrskurð hæstv. forseta, en þetta stríðir a.m.k. gegn almennum fundasköpum sem fylgt er í landinu og þess vegna óska ég eftir að vísað sé til ákveðinna atriða í þingskapabálki.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Eins og hv. þm. er jafnljóst og mér gerist það oft á Alþingi að tillögur séu dregnar til baka, annaðhvort milli umræðna eða fyrir fullt og fast, og hlýtur að teljast eðlilegt í þingsköpum að ef koma upp nýjar aðstæður hafi menn möguleika á því að draga tillögur sínar til baka áður en kemur til atkvæða. Það hlýtur að teljast eðlilegt. En ég legg til úr því að hér er ekki um slíkt vandaverk að ræða að það gefist ekki færi á því að taka þessar tillögur upp aftur, það gefst færi á því við 3. umr., að það verði farið í bóklestur, lagalestur og þingskapalestur að lokinni þessari atkvæðagreiðslu, enda hefur hv. 5. þm. Reykv. lýst skoðun sinni á þessu máli.

Matthías Á. Mathiesen:

Herra forseti. Ég vildi aðeins vekja athygli forseta á því til lögjöfnunar að í 41. gr. þingskapa stendur svo, með leyfi forseta:

„Frumvörp, hvort heldur eru frá ríkisstjórn eða þingmönnum, svo og tillögur til þingsályktunar og breytingartillögur, má kalla aftur á hverju stigi umræðu sem vill. En heimilt er hverjum þingmanni að taka það jafnskjótt upp aftur á sama fundi. Fyrirspurn má og afturkalla."

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Sé tillaga kölluð aftur á meðan enn er ráðrúm til þess að gera tillögur, þ.e. áður en atkvæðagreiðsla hefst, er að sjálfsögðu hverjum þingmanni heimilt að gera þá tillögu sem þá er dregin til baka að sinni. Eftir að atkvæðagreiðsla er hins vegar hafin er ekki heimilt að gera tillögur þannig að sé þá kölluð aftur tillaga þegar atkvæðagreiðsla er hafin getur enginn þingmaður gert hana að sinni fremur en nokkur þingmaður getur flutt tillögu eftir að atkvæðagreiðsla er hafin.

Þess eru mörg dæmi að þannig hafi staðið á við afgreiðslu fjárlaga t.d. að í atkvæðagreiðslunni hafi tillögumenn kallað brtt. aftur og aðrir þingmenn hafi þá óskað eftir því að atkvæði gengju um þá brtt. þó hún væri kölluð til baka með því að gera hana að sinni. Það hefur ávallt verið úrskurður forseta við slíkar aðstæður að slíkt sé ekki hægt eftir að atkvæðagreiðsla er hafin og ég tel að þessi úrskurður forseta sé laukréttur. En ég vil jafnframt benda hv. þm. á að þó að menn kalli tillögur sínar aftur til 3. umr., eins og sumir segja, verða þær ekki til atkvæða við 3. umr. sjálfkrafa af þeim sökum nema þingmenn flytji þær aftur formlega eftir að 2. umr. lýkur.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Ég tel eftir ábendingu 1. þm. Reykn. að lykilorðið sem hér sé um að ræða sé orðið „umræðu". Við erum komin í atkvæðagreiðslu. Það eru sams konar

sjónarmið og komu fram hjá hv. 5. þm. Vestf.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég held að hér sé um misskilning að ræða. Ég dreg þessar tillögur til baka til 3. umr. eins og gert var í Ed. af okkar þingmönnum þannig að þær tillögur sköruðust ekki við þær brtt. sem við værum með hér fyrr en ljóst væri hvort þær hefðu náð fram að ganga, en við 3. umr. yrðu þessar tillögur bornar upp sem heildstæðar tillögur. En ef brtt. sem við stóðum sameiginlega að við flutning þessarar umræðu hefðu verið samþykktar hefðu þær skarast við þær tillögur sem hér liggja fyrir. Þess vegna er þetta dregið til baka til 3. umr. þannig að menn skilji það.

Albert Guðmundsson:

Herra forseti. Ég er ánægður með að heyra að hv. 11. þm. Reykn. hefur hug á að draga þessar tillögur til baka til 3. umr. Það hefur ekki komið fram í hans máli. En ég vil bara beina því til forseta að taka betur eftir þegar menn kveðja sér hljóðs. Hann var að slíta umræðum um það bil sem ég var að byrja að banka í borðið og ég gerði þá athugasemd þegar ég kom í stólinn að umræðum var ekki slitið þegar ég bað um orðið heldur sleit hann þeim meðan ég var að banka í borðið.

Friðrik Sophusson:

Herra forseti. Ég held að við þurfum á milli funda að athuga þessi ákvæði betur. Það hefur verið vitnað til 41. gr. þingskapa þar sem segir, með leyfi forseta: „Frumvörp, hvort heldur eru frá ríkisstjórn eða þingmönnum, svo og tillögur til þingsályktunar og breytingartillögur, má kalla aftur á hverju stigi umræðu sem vill." Síðan segir: „En heimilt er hverjum þingmanni að taka það jafnskjótt upp aftur á sama fundi." (**Landbrh.:** Þegar umræðan er opin.) Ég þarf enga hjálp frá hæstv. landbrh. nema þá kannski í öðrum málum, en þá skal ég kalla eftir greiðanum og vona ég að hann verði goldinn.

Þetta þýðir það samkvæmt orðanna hljóðan að ekki megi kalla aftur tillögu nema í umræðu, en auðvitað sjá allir þingmenn að það gengur ekki þannig. Skilningur þessara laga hlýtur að vera sá sami og í almennum fundasköpum að hver hv. þm. megi treysta því að fram komnar tillögur sem koma eiga til atkvæða séu settar fram í fullri alvöru og ef þær eru kallaðar aftur geti sérhver þingmaður gert þá tillögu að sinni.

Tökum dæmi, virðulegur forseti. Hugsum okkur að hæstv. fjmrh. flytti tillögu og segði við mig: Þú þarft ekki að hafa áhyggjur af því að þessi tillaga verði ekki flutt því ég hef þegar flutt þessa tillögu. (**ÓÞÞ:** Þetta er nú ekki trúlegt.) Það er alveg rétt hjá hv. þm. ef ég fæ frið til að klára dæmið. Síðan kemur að atkvæðagreiðslu og þá, sem kannski er öllu trúlegra, kallar hæstv. fjmrh. sína tillögu aftur og ég get ekki gert hana að minni. Þá sjá allir að hér er verið að rýra rétt þingmanna. Ég efast um, virðulegur forseti, að túlkun forseta sé rétt og skora á virðulegan forseta að kanna þetta mjög vel á milli funda. Í þessu tiltekna tilviki hefur þetta hins vegar ekki þýðingu þar sem ein umræða er eftir í málinu.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Ég tel þetta mál mjög forvitnilegt og mun einmitt kanna það milli funda eins og ég hef þegar látið í ljós.

7.–8. gr. samþ. með 21 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, HG, JóhS, JBB, JK, JónS, JSS, ÓÞÞ, PP, RA, SighB, SV, StH, SJS, AS, ÁrnG, KJóh.

EH, FÞ, FrS, GHH, HJ, IBA, KrP, KE, KH, MB, MÁM, MálmS, ÓE, ÓÞG, PJ, RH, ÞP, ÞÞ, AðB, AG, BÍG greiddu ekki atkvæði.

Brtt. 294,3a (ný gr., verður 9. gr.) (aftur að „og lúta stjórn" o.s.frv.) samþ. með 23:9 atkv.

Brtt. 294,3a (ný gr., verður 9. gr.) („og lúta stjórn" o.s.frv.) samþ. með 22:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓÞÞ, PP, RA, SighB, SV, StH, SJS, AðB, AS, ÁrnG, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, HG, JóhS, JBB, JK, JónS, JSS, KJóh.

nei: ÓE, PJ, RH, ÞP, ÞÞ, AG, BÍG, EH, FÞ, FrS, GHH, HJ, IBA, KrP, KE, KH, MB, MÁM.

MálmS, ÓÞG greiddu ekki atkvæði.

Brtt. 294,3b–c (nýjar gr., verða 10.–11. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓÞÞ, PP, RA, SighB, SV, StH, SJS, AS, ÁrnG, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, HG, JóhS, JBB, JK, JónS, JSS, KJóh.

KrP, KE, KH, MB, MÁM, MálmS, ÓE, ÓÞG, PJ, RH, ÞP, ÞÞ, AðB, AG, BÍG, EH, FÞ, FrS, GHH, HJ, IBA greiddu ekki atkvæði.

Brtt. 294,4 kölluð aftur.

Brtt. 298,1 kölluð aftur.

Brtt. 302 felld með 21:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓÞG, AðB, AG, EH, HJ, IBA.

nei: JBB, JK, JónS, JSS, ÓÞÞ, PP, RA, SighB, SV, StH, SJS, AS, ÁrnG, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, HG, JóhS, KJóh.

KrP, KE, KH, MB, MÁM, MálmS, ÓE, PJ, RH, ÞP, ÞÞ, BÍG, FÞ, FrS, GHH greiddu ekki atkvæði.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir að verja 150 millj. kr. til fólks í alvarlegum greiðsluerfiðleikum vegna húsnæðiskaupa. Þessi tillaga gerir ráð fyrir að 250 millj. kr. verði varið til slíkra lána. Eðlilegra hefði verið að tillaga sem þessi hefði verið flutt sem brtt. við fjárlög en ekki við þessi lög. Ljóst er að vandi fólks

er svo mikill að hvorki 150 né 250 millj. kr. muni duga til að mæta vandanum. Hvorug talnanna virðist byggð á neinum áætlunum. Nú er svo komið að margir af þeim sem fengið hafa lán samkvæmt nýja húsnæðislánakerfinu svokallaða hafa sótt um greiðsluerfiðleikalán og allt of margir sækja um slík lán þótt þeir hafi fengið lán einu sinni og jafnvel tvisvar áður. Það er eitthvað bogið við kerfi sem gerir ráð fyrir slíku fyrirkomulagi. Ég greiði því ekki atkvæði.

Albert Guðmundsson:

Virðulegur forseti. Það er rétt sem kom fram hjá fulltrúa Kvennalistans, hv. 12. þm. Reykv. Kristínu Einarsdóttur, að auðvitað hefði þessi fjárupphæð átt að skila sér í gegnum fjárlög beint inn í húsnæðismálastjórn í þessum tilgangi. En eins og tillagan segir er ríkisstjórninni skylt að útvega 250 millj. til að veita fjölskyldum og einstaklingum sem eru í miklum nauðum aðstoð. Ég vil segja að ef þetta er ekki næg ástæða til að samþykkja tillöguna og koma henni svo inn á fjárlög, þá held ég að það sé á margan hátt óþarfari hlutur afgreiddur á fjárlögum. Og ég segi já.

Brtt. 298,2 felld með 23:15 atkv.

10.–11. gr. (verða 13.–14. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓÞÞ, PP, RA, SighB, SV, StH, SJS, AS, ÁrnG, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, HG, JóhS, JBB, JK, JónS, JSS, KJóh.

MB, MÁM, MálmS, ÓE, ÓÞG, PJ, RH, ÞP, ÞÞ, AðB, AG, BÍG, EH, FÞ, FrS, GHH, HJ, IBA, KrP, KE, KH greiddu ekki atkvæði.

12. gr. (verður 15. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.

13. gr. (verður 16. gr.) samþ. með 22:4 atkv.

Brtt. 301,5 felld með 19:8 atkv.

14. gr. (verður 17. gr.) samþ. með 21:4 atkv.

15.–17. gr. (verða 18.–20. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv.

18. gr. (verður 21. gr.) samþ. með 21:6 atkv.

19. gr. (verður 22. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

20. gr. (verður 23. gr.) samþ. með 21:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AS, ÁrnG, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, HG, JóhS, JBB, JK, JónS, JSS, ÓÞÞ, PP, RA, SighB, SV, StH, SJS, KJóh.

nei: RH.

ÞP, ÞÞ, AðB, AG, BÍG, EH, FÞ, FrS, GHH, HJ, IBA, KrP, KE, KH, MB, MÁM, MálmS, ÓE, ÓÞG, PJ greiddu ekki atkvæði.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Hér stendur enn óbreytt í gildistökuákvæði frv. atriði sem ég tel gefa hættulegt fordæmi í okkar stjórnarfari, en það er að hér stendur að hluti bráðabirgðalaga taki ekki gildi fyrr en löngu eftir að þing er komið saman. Ég tel afar vafasamt að slíkt geti staðist og það gefur afar hættulegt fordæmi. Þess vegna get ég ekki samþykkt þessa grein eins og hún er. Þess vegna greiði ég atkvæði gegn þessari grein. Ég vonast til að slíkt eigi ekki eftir að henda okkur aftur því að þessi aðferð gæti orðið mjög hættuleg í okkar landi.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Frv. um aðgerðir í efnahagsmálum.

Matthías Á. Mathiesen:

Virðulegi forseti. Á þessu frv. hafa nú verið gerðar svo miklar breytingar að mér sýnist eðlilegt að 3. umr. fari ekki fram fyrr en frv. hefur verið lagt fram á nýju þingskjali eftir 2. umr. í deildinni eins og það hefur nú breyst.

NEÐRI DEILD

33. fundur, miðvikudaginn 21. des., að loknum 32. fundi.

Aðgerðir í efnahagsmálum, 3. umr.

Stjfrv., 20. mál (staðfesting bráðabirgðalaga frá 20. maí 1988.). — Þskj. 243, brtt. 331.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Hér koma þá til 3. umr. bráðabirgðalög sem að stofni til voru sett af fyrri ríkisstjórn sl. vor en hefur nú verið breytt í öllum aðalatriðum. Þau eru þess vegna nátengd bráðabirgðalögum hæstv. ríkisstjórnar sem sett voru við myndun hennar í haust sem leið og eru grundvöllur að stefnu núv. hæstv. ríkisstjórnar í efnahags- og atvinnumálum.

Það vekur auðvitað mikla athygli við vegferð þessara mála í gegnum hið háa Alþingi nú fyrir jólaleyfi að þessi frumvörp, sem marka grundvöll efnahagsstefnunnar, skuli afgreidd með þeim hætti sem raun ber vitni um. Löngu er orðið ljóst að gera þarf ráðstafanir til að treysta rekstur undirstöðuatvinnugreina landsmanna, sjávarútvegs og samkeppnisiðnaðar. Eigi að síður hefur hæstv. ríkisstjórn tekið þá ákvörðun undir forustu hæstv. fjmrh. að aðhafast ekkert í þeim efnum, hafna með öllu að gera raunhæfar ráðstafanir í þágu atvinnuveganna.

Eins og kunnugt er var það yfirlýsing núv. hæstv.

ríkisstjórnar að koma rekstri sjávarútvegsins á svokallaðan núllpunkt með þeim biðleik sem svo hefur verið kallaður af hv. 10. þm. Reykv. Í reynd hefur þó nánast ekkert gerst. Nafnvextir höfðu farið lækkandi í tíð fráfarandi ríkisstjórnar, lækkað úr 40% niður í um það bil 25% og hafa nokkuð lækkað síðan í tengslum við lækkun á skráðri verðbólgu. Í reynd hefur hins vegar ekki tekist að lækka raunvexti. Það er óumflýjanleg staðreynd að árangur á því sviði hefur ekki orðið í raunveruleikanum. Til marks um það er sú staðreynd að spariskírteini ríkissjóðs hafa ekki selst. Bankar og innlánsstofnanir sitja nú uppi með birgðir upp á tæplega 2 milljarða kr. í óseldum spariskírteinum sem leggjast ofan á fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar um sölu spariskírteina á næsta ári. *Það hefur vakið athygli í* umræðum um þetta mál að hæstv. fjmrh. hefur í engu getað svarað því hvernig þessu eigi að mæta. Á að mæta þessu falli á spariskírteinum með auknum erlendum lánum? Hvernig á að mæta þessum breytingum sem orðið hafa vegna þess að það er ríkjandi vantraust í þjóðfélaginu á efnahagsstefnu núv. ríkisstjórnar og spariskírteinin hafa hætt að seljast? Það er óhjákvæmilegt að ganga eftir skýrum svörum um það og ef verkstjórinn að því er varðar mótun efnahagsstefnunnar getur ekki svarað spurningum sem þessum er óhjákvæmilegt að beina þeim spurningum til hæstv. forsrh.: Hvernig á að standa að sölu spariskírteinanna? Hvað á að gera í þeim efnum? Það er órækur dómur um það að efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar ber ekki árangur og nýtur ekki trausts í þjóðfélaginu að spariskírteini seljast ekki. Og það hlýtur að vera eðlileg krafa þegar þessi frumvörp koma til endanlegrar afgreiðslu á Alþingi að hæstv. ríkisstjórn gefi um þetta alveg skýr svör.

Hæstv. ríkisstjórn hefur heldur ekki efnt það fyrirheit að lækka raforkuverð til frystihúsanna og sjávarútvegsins. Það stendur óefnt, það loforð. Þetta sem hv. 10. þm. Reykv. hefur kallað biðleik af hálfu ríkisstjórnarinnar hefur því í reynd orðið að eins konar tapleik, engum leik. Það hefur ekkert verið gert. En með því að afleiðingar af efnahagsstefnunni hafa með þessum hætti komið í ljós hlýtur að vera nauðsynlegt að fá skýr svör í þessum efnum.

Það er líka nauðsynlegt að nú sé gerð grein fyrir því hvernig hæstv. ríkisstjórn ætlar að standa að afgreiðslu lánsfjárlaga. Afgreiðsla lánsfjárlaga er á forgangslista hæstv. ríkisstjórnar svo sem eðlilegt er. Það liggur í augum uppi að fjárlög er ekki unnt að *afgreiða með sómasamlegum hætti nema um leið* séu afgreidd lánsfjárlög fyrir næsta ár. Flest bendir nú til þess að það frv. til lánsfjárlaga sem liggur fyrir Alþingi sé pappírsgagn eitt vegna þess að efnahagsstefnan hefur ekki gengið upp. Ég vil því inna hæstv. ríkisstjórn og hæstv. fjmrh. eftir því hvaða áætlanir hæstv. ríkisstjórn hefur uppi í þeim efnum, hvaða breytingar hún ætlar að flytja við lánsfjárlögin, hvaða nýmæli eru í vændum frá hæstv. ríkisstjórn að því er lánsfjárlögin varðar, eða ætlar hæstv. ríkisstjórn í engu að horfast í augu við það að efnahagsstefnan hefur ekki gengið upp og draga afgreiðslu lánsfjárlaga fram á næsta ár eða kannski samþykkja engin lánsfjárlög fyrir næsta ár?

Það hefur komið fram í umræðum í þjóðfélaginu af hálfu virtra hagfræðinga að veruleg hætta er á því að efnahagsstefnan í heild leiði til aukinnar þenslu, leiði til þess strax í byrjun næsta árs að markmið um verðbólguhjöðnun og lækkun vaxta fái ekki staðist, vegna þess að að öllu óbreyttu sýnist ríkisstjórnin vera að stefna í mjög auknar erlendar lántökur. Það er einmitt þess vegna sem er óhjákvæmilegt að fá alveg skýr svör um það fyrir áramót, fyrir afgreiðslu fjárlaga, hver stefna stjórnarinnar er í lánsfjármálum, hvernig hún ætlar að taka á þeim viðhorfum sem blasa augljóslega við í þeim efnum.

Dr. Þorvaldur Gylfason hefur bent á að ríkisstjórnin stefni nú í að auka mjög verulega þensluhallann í þjóðfélaginu með því að auka á erlendar lántökur, bæði í því sem hann hefur kallað B-hluta og C-hluta ríkiskerfisins. Í heild telur hann að þensluhallinn verði upp á tæpa 10 milljarða kr. Í ljósi þessara staðreynda er nauðsynlegt að þessar upplýsingar liggi fyrir.

Það er líka nauðsynlegt að nú verði tekið af skarið um það hvers konar vísitölukerfi á að vera í gildi frá og með næstu áramótum. Hæstv. forsrh. hefur lýst því yfir að um áramótin eigi að taka gildi ný lánskjaravísitala sem tengd verði launabreytingum. Hann hefur jafnframt lýst því yfir, hæstv. forsrh., að það sé óeðlilegt að margar lánskjaravísitölur séu í gildi í einu. Samt er það svo að nokkrir þingmenn Framsfl., þingmenn úr flokki hæstv. forsrh., hafa *flutt um það tillögur hér á Alþingi, vegna þess að* þeir eru ósammála þeirri breytingu sem hæstv. forsrh. er að gera á lánskjaravísitölunni og telja hana ófullnægjandi, að skipuð verði sérstök nefnd sem taki þessi mál úr höndum hæstv. viðskrh. og geri tillögu um aðra samsetningu lánskjaravísitölunnar. Og nú er óskað eftir því að hæstv. forsrh. svari því hvort hann er sammála tillöguflutningi þm. Framsfl. í þessu efni, hvort hann er sammála því stefnumiði sem þar kemur fram, að það eigi a.m.k. að vera tvenns konar lánskjaravísitala.

Loks er nauðsynlegt að fá svör vegna frétta sem birst hafa í blöðum um það að hæstv. fjmrh. hafi lýst því yfir í samningum við lífeyrissjóðina að í samningum milli ríkissjóðs og lífeyrissjóðanna eigi að vera óbreytt lánskjaravísitala. Hér rekst hvað á annars horn. Þingmenn Framsfl. flytja tillögur gegn tillögu hæstv. forsrh. Hæstv. fjmrh. leggur á það áherslu að óbreytt lánskjaravísitala verði í gildi þrátt fyrir ákvarðanir og yfirlýsingar hæstv. forsrh. um að breyta eigi þessari vísitölu. Nú er óskað eftir því að hæstv. ríkisstjórn geri hreint fyrir sínum dyrum í þessu efni og skýri þinginu frá því hver hin raunverulega stefna stjórnarinnar er. Fregnir hafa spurst um það að hæstv. fjmrh. hafi í samningum við lífeyrissjóðina boðið 0,2% vaxtalækkun á nýjum lánum í næstu þrjá mánuði til lífeyrissjóðanna, að vextirnir lækki um 0,2% næstu þrjá mánuði, en vextir af

lánum sem tekin voru á síðasta ári hækki um 0,1% sem í fljótu bragði virðist þýða að auka eigi vaxtagreiðslur ríkissjóðs á næsta ári til lífeyrissjóðanna. Ef þetta er rétt sýnist augljóst að ríkisstjórnin er að viðurkenna það í verki að um frekari vaxtalækkanir verði ekki að ræða þó að fara eigi svona skringilega leið að því að reyna að draga fjöður yfir þá staðreynd að aðilarnir úti í þjóðfélaginu og þar á meðal lífeyrissjóðirnir treysta ekki efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Ég óska eftir því að áður en þessari umræðu er lokið fáist um þetta skýr svör.

Frv. sem hér liggur fyrir tekur á kjarasamningum í þjóðfélaginu. Auðvitað er það svo og það hefur aðdiott hent í þjóðfélagi sem byggir á miklum sveiflum að þær aðstæður geta verið fyrir hendi að stjórnvöld þurfi um skamman tíma að grípa inn í gerða kjarasamninga. Þessi lög eru að stofni til sett í maímánuði sl. í tengslum við gengisbreytingu, sem hliðarráðstöfun við breytingu á gengi krónunnar. Þá var gildistími laganna áætlaður til 10. apríl vegna þess að öllum var ljóst að með hausti þyrfti nýjar aðgerðir til þess að tryggja afkomu atvinnuveganna og einkanlega sjávarútvegsins. Nú hefur það hins vegar gerst að ný ríkisstjórn neitar með öllu að gera slíkar ráðstafanir, sendir þau skilaboð, þann jólaboðskap, þann nýársboðskap, til fólksins í sjávarútveginum, fiskvinnslunni, útgerðarmanna og sjómanna, að engar ráðstafanir eigi frekar að gera, en að vísu eigi að safna nokkrum skýrslum til viðbótar. Þessar aðstæður hafa auðvitað gjörbreytt þeim forsendum sem lágu fyrir þessari lagasetningu.

Nú hefur það gerst hér í hv. deild í dag, svo sem boðað var við myndun þessarar ríkisstjórnar, að huldumenn mundu koma til liðs við stjórnina þegar mikið lægi við og það hefur komið fram í röksemdum við atkvæðagreiðslu fyrr í dag um þetta mál að breytt afstaða byggist m.a. á því að hæstv. forsrh. hafi lýst því yfir að hann ætli að hefja viðræður við verkalýðshreyfinguna nú um áramótin. Auðvitað ber að fagna þessu. Ég tek undir það að það er skynsamlegt og rétt við þessar aðstæður af hálfu hæstv. ríkisstjórnar að hefja þessar viðræður. Um leið og það er tilkynnt að þessar viðræður eigi að hefjast hlýtur ríkisstjórnin hins vegar að hafa mótað afstöðu til þess hvaða boðskap hún ætlar að flytja verkalýðshreyfingunni í landinu. Á hvaða grundvelli eiga þessar viðræður að fara fram? Hvað ætlar hæstv. ríkisstjórn að leggja fyrir verkalýðshreyfinguna? Það hlýtur að liggja alveg skýrt fyrir um leið og yfirlýsing sem þessi er gefin hver sá boðskapur er. Og nú er óskað eftir því að við þessa umræðu geri hæstv. forsrh. skilmerkilega grein fyrir því hver viðræðugrundvöllurinn er, hvaða efnahagsstefna það er sem hæstv. ríkisstjórn leggur fyrir verkalýðshreyfinguna, hvaða aðgerðir það eru í efnahags- og atvinnumálum, hvaða stefna það er í kjaramálum sem hæstv. ríkisstjórn leggur fyrir verkalýðshreyfinguna. Þessi yfirlýsing hefur verið gefin með ótvíræðum hætti og hún hefur verið forsenda fyrir atkvæðagreiðslu hér í hv. deild í dag. Þess vegna verður ekki undan því vikist að í einstökum atriðum skýri hæstv. ríkisstjórn frá þessum áformum og hvað liggi til grundvallar viðræðunum. Því verður ekki trúað að óreyndu að yfirlýsing sem þessi sé gefin án þess að ákvarðanir þar að lútandi liggi fyrir.

Hæstv. sjútvrh. hefur lýst því yfir hér á Alþingi og víðar að ráðstafanir verði ekki gerðar við þessar aðstæður öðruvísi en að þær hafi kjaraskerðingu í för með sér. Ég er sammála hæstv. sjútvrh. í þessu efni. Mín skoðun er sú að við þær aðstæður sem við búum við í þjóðfélaginu í dag verði engum raunhæfum ráðstöfunum komið fram sem tryggi rekstur útflutningsgreinanna og samkeppnisiðnaðar í landinu nema þær hafi þessar miður heppilegu afleiðingar að um sinn rýrni kaupmátturinn í þjóðfélaginu. Því miður eru aðstæður með þessum hætti og ég er sammála þessu mati hæstv. sjútvrh. ef gera á raunhæfar aðgerðir. Því miður liggur það enn fyrir og ekkert annað hefur komið fram en að ríkisstjórnin ætli að sitja aðgerðalaus. Nú þegar hæstv. forsrh. hefur hins vegar boðað viðræður við verkalýðshreyfinguna og þær hafa verið forsendur fyrir atkvæðum einstakra þingmanna er eðlilegt að eftir þessu sé gengið: Hver er stefnan? Hvað verður lagt fyrir aðila vinnumarkaðarins og launafólkið í landinu? Hvaða aðgerðir eru það sem gera á og hvaða kjarastefna kemur fram í þeim viðræðum? Er ríkisstjórnin sammála um það sem hæstv. sjútvrh. hefur sagt, að það þurfi að rýra kaupmáttinn í landinu? Getur hæstv. fjmrh. svarað því hér alveg skilyrðislaust hvort hann er sammála því mati og hvort það verður lagt til grundvallar í viðræðum ríkisstjórnarinnar við verkalýðshreyfinguna?

Herra forseti. Ég sé að svo stöddu ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um frv. eins og það liggur nú fyrir en vil ítreka þær fyrirspurnir sem hér hafa verið bornar fram. Svör við þeim eru nauðsynleg til þess að unnt sé að standa að afgreiðslu mála með eðlilegum og málefnalegum hætti fyrir áramót.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég vænti þess, eins og kom fram í máli hv. síðasta ræðumanns, að forsvarsmenn hæstv. ríkisstjórnar gefi skýringar og svör við þeim spurningum og fyrirspurnum sem til þeirra var beint af hálfu síðasta ræðumanns, einkum og sér í lagi vegna þeirra yfirlýsinga sem komu fram af hálfu þeirra sem ákváðu að koma í veg fyrir eðlilegar breytingar á frv. sem hér er verið að ræða. Það er nú þannig, virðulegur forseti, að málgögn ríkisstjórnarinnar halda því fram í leiðurum þessa dagana að hér á Alþingi sé stundað málþóf af hálfu stjórnarandstöðunnar. Af því tilefni tel ég rétt að það komi mjög skýrt fram að við 2. umr. um frv. sem hér er til umræðu og eins um 8. mál þingsins urðu tiltölulega stuttar umræður. Að vísu flutti hæstv. forsrh. nokkuð langa og ítarlega ræðu sem ég er honum þakklátur fyrir því að í ræðu hans komu fram ýmis gagnleg efnisatriði sem snerta stefnu hæstv. ríkisstjórnar og hafa upplýsingagildi fyrir þingmenn alla.

Mér finnst það vera ákaflega ósanngjarnt af hálfu málgagna hæstv. ríkisstjórnar að ráðast þannig að þeim sem þurfa að koma fram með upplýsingar í þessum umræðum og ég hygg að dagblaðið Tíminn, sem einna harðast hefur verið að hamra á því að hér sé stundað málþóf, hafi með þessum hætti ætlað að stemma stigu við því að hæstv. forsrh. taki aftur til máls, en ég treysti því að hæstv. forsrh. láti ekki undan slíkum tilmælum og viðurkenni það að auðvitað þurfa forsvarsmenn hæstv. ríkisstjórnar að svara þeim fyrirspurnum sem til þeirra berast í umræðum og taka eðlilegan þátt í umræðum um þessi mál.

Eins og fram kom í máli síðasta ræðumanns er hér á ferðinni frv. sem á rætur að rekja til ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar. Þetta eru að stofni til bráðabirgðalög sem útgefin voru í maímánuði sl. Á því frv. eða á þeim bráðabirgðalögum sem þá voru samþykkt af páv. ríkisstjórn hafa orðið gagngerar breytingar. Þær breytingar eru m.a. í því fólgnar að 4. gr. frv. hefur verið breytt í meðförum Alþingis, en jafnframt hefur ýmsum ákvæðum verið breytt og gerðist það um það bil sem hæstv. núv. ríkisstjórn tók við völdum hér á landi.

Það liggur nú fyrir að sumir hv. þm. úr hópi stuðningsmanna hæstv. ríkisstjórnar lögðu á það mikla áherslu að í stað dagsetningarinnar 10. apríl kæmi 15. febr. Það virtist vera skilyrði af hálfu Alþb. í upphafi þegar stjórnarmyndunarviðræður hófust að samningsrétturinn yrði viðurkenndur strax, en eftir nokkurt þóf og eftir að Alþb. hafði fallist á þá hugmynd formanns Alþb. að ganga til samstarfs við Alþfl. og Framsfl. nánast hvernig sem viðraði var ákveðið til málamynda að færa dagsetninguna til og setja dagsetninguna 15. febr. í lögin með breytingu sem varð með nýjum bráðabirgðalögum. Þetta hafði auðvitað þá þýðingu, sem margoft hefur verið bent á, að samningstími samninga sem gerðir hafa verið verður mislangur. Það er ljóst að samið hefur verið við fjölmörg verkalýðsfélög samkvæmt Akureyrarsamningunum til 10. apríl, en önnur verkalýðsfélög, þar á meðal félög eins og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, eru með gildandi kjarasamninga við ríkisvaldið til nk. áramóta.

Þetta nefni ég hér og legg áherslu á vegna þess að svo undarlega vill til að hæstv. ríkisstjórn, og þó einkum fulltrúar Alþb. í hæstv. ríkisstjórn og í þingliði Alþb., bera það nú allt í einu fyrir sig að ekki megi fella niður bann við samningum og opna samningana í gildi frá gildistöku þessara laga vegna þess að þá verði gildistími samninganna mismunandi langur. M.ö.o.: Hæstv. ríkisstjórn notar sem rök gegn nýfelldum tillögum stjórnarandstöðunnar, rök sem eiga nákvæmlega eins vel við um þá breytingu sem hæstv. ríkisstjórn gerði á bráðabirgðalögum þegar hún tók við völdum sl. haust.

Hæstv. forsrh. hefur engin ný rök komið með í þessum efnum og hæstv. fjmrh. hefur jafnvel leyft sér að halda því fram að fulltrúar Alþýðusambands Íslands séu á móti því að þessi ákvæði — einkum og sér í lagi þau sem koma fram í 4. gr. þessa staðfestingarfrv., formaður Alþb. hefur leyft sér að nefna ákveðin nöfn í forustusveit Alþýðusambands Íslands og haldið því fram að þeir forustumenn í Alþýðusambandinu sem hann hafi rætt við, og ég þori að nefna mann eins og Ásmund Stefánsson, að hann sé á móti því að samþykkt verði tillaga stjórnarandstöðunnar. Ég vil að það komi skýrt fram í þessum umræðum hér að Ásmundur Stefánsson lýsti því yfir á fundi fjh.- og viðskn. að hann vildi fella þessa grein brott.

Ég held hins vegar að hæstv. forsrh. hafi gefið í skyn að hann í sínu almáttuga veldi geti strax í upphafi nýs árs gengið til einhvers konar kjarasamningaviðræðna við aðila vinnumarkaðarins. Og eins og fram kom í atkvæðaskýringu eins þingmanns sem gekk til liðs við ríkisstjórnina í dag, þá búast menn við því að hæstv. forsrh. spili einhverjum trompum út í upphafi næsta árs. Þess vegna vil ég beina þeim eindregnu tilmælum til hæstv. forsrh. að hann skýri það út fyrir þingheimi: Hvað ætlar hann að leggja til við Alþýðusamband Íslands og við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja í þeim viðræðum sem hann hyggst efna til eftir jól? Það verður ekki annað ráðið af atkvæðaskýringum sumra hv. þm., sem gengið hafa til liðs við ríkisstjórnina, en að hæstv. forsrh. ætli sér að leggja upp í slíkar viðræður með einhver ákveðin efni. Og við hljótum að spyrja hér á hinu háa Alþingi: Hvað er það sem hæstv. forsrh. ætlar að leggja af stað með í slíkar viðræður? Er það eitthvað nýtt sem varðar efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar? Eins og allir vita hefur hæstv. ríkisstjórn ekki fylgt neinni stefnu annarri en þeirri að leika biðleiki í haust og síðan á að „leita allra leiða" svo að ég noti orðrétt orðtak sem hæstv. viðskrh. notar gjarnan í sínum málflutningi.

Ég tel í tilefni dagsins að það sé bráðnauðsynlegt að hæstv. forsrh. fylli út í þessa mynd þannig að almenningur í landinu geti betur gert sér grein fyrir því hvað sé að gerast í stjórnmálunum, hvernig á því standi að vissir þingmenn beri þetta traust til hæstv. forsrh. á þeim grunni að hann muni efna til einhvers konar viðræðna við verkalýðssamtökin í landinu í upphafi nýs árs. Ef hæstv. forsrh. hefur gefið slíkt loforð eða lýst slíku yfir við viðkomandi þingmenn, þá er fyllsta ástæða til þess nú að fá fram hvað hæstv. forsrh. eigi við. Upp á hvað ætlar hann að bjóða? Eða ef engin svör koma — og ég trúi því satt að segja ekki að hæstv. forsrh. sitji þegjandi undir þessum umræðum, jafnvel þótt dagblaðið Tíminn segi að hér fari fram málþófsumræður þegar hæstv. forsrh. leyfir sér að taka til máls — þá ætlast þingheimur til þess og almenningur að hann svari slíkum einföldum spurningum.

Og hvers vegna skyldi nú hæstv. forsrh. eiga að svara slíkri fyrirspurn? Það skal ég segja honum. Það er vegna þess að eitt sinn sem oftar þegar hæstv. forsrh. var erlendis að ná sér í nýja línu með því að skoða beinabyggingu ákveðins forsætisráðherra úti í heimi, þá var varamaður hans, hæstv. sjútvrh., hér

mættur og tók þátt í umræðum um efnahagsmál. Í þeim umræðum sagði hæstv. sjútvrh. svo skýrt að allir skildu: Það á að lækka launin í landinu. Það á að rýra kaupmáttinn. Það er það eina sem dugar. Þetta sagði hæstv. sjútvrh. sem talar manna skýrast og er talinn sá hæstv. ráðherra sem mest mark er á takandi. Ég þarf ekki að minna hæstv. forsrh. á orðræður þeirra um hvalamálið svokallaða. Þar kom best í ljós hver það var sem hélt orð sín. Og það er ekki nokkur vafi á því að það er tekið mark á orðum hæstv. sjútvrh. Það sem þá stendur eftir, svo að ég tali nú mjög skýrt, er þetta:

Að minnsta kosti tveir hv. stjórnarandstæðingar svokallaðir hafa gengið til liðs við ríkisstjórnina vegna þess að hæstv. forsrh. hefur gefið það í skyn að hann ætli að hefja viðræður við verkalýðssamtökin í landinu. Hæstv. forsrh. hefur ekkert sagt um það út á hvað slíkar viðræður eiga að ganga, en varamaður hans, staðgengill hans, hæstv. sjútvrh. hefur sagt hér í þessum sama ræðustól: Það ber að rýra kaupmátt fólksins í landinu. Og við hljótum að spyrja hæstv. forsrh.: Ætlar hann að staðfesta orð sjútvrh.? Er það sú stefna sem hefur orðið til þess að menn hafa hér breytt um afstöðu? Eða hefur hæstv. forsrh. einhverja aðra áætlun, einhver önnur spil sem hann ætlar að sýna verkalýðshreyfingunni? Þessum eðlilegu fyrirspurnum bið ég hæstv. forsrh. um að svara og gera hér skil í sinni ræðu. Ég mun aldrei halda því fram þótt hæstv. forsrh. taki til máls og ræði efnislega um þessi atriði að hann haldi uppi málþófi hér á hinu háa Alþingi. Það dytti mér aldrei í hug að gera.

Í þessu frv. til staðfestingar á bráðabirgðalögum kemur fram kjara- og efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar. Við 2. umr. málsins urðu nokkrar umræður um einstakar greinar frv. en jafnframt um nokkur önnur atriði og ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir það að hafa í þeim umræðum tekið til baka þau ummæli sem hann viðhafði í svokallaðri stefnuræðu sinni þegar hann hélt því fram að vestrænar aðferðir í efnahagsmálum væri ekki hægt að viðhafa hér á landi. Ég fagna því að í ræðu hæstv. forsrh. við 2. umr. þessa máls kom skýrt fram að hæstv. ráðherra telur að það eigi að stefna í átt til frjálsræðis í íslenskum efnahagsmálum, ekki síst í málefnum er varða fjármagns- og lánamarkaðinn. Ég fagna þessu vegna þess að ýmsir töldu að hæstv. forsrh. væri horfinn af þessari braut, ekki síst vegna þess að til fylgilags við Alþfl. og Framsfl. kom Alþb. í haust og til skamms tíma a.m.k. hafa menn þekkt stefnu þess flokks á því að hann hefur ekki viljað fylgja svokölluðum vestrænum aðferðum við stjórn efnahagsmála. (**Fjmrh.:** Það er misskilningur hjá þér. Það stafar af vanþekkingu.) Það er alveg hárrétt, held ég, sem hæstv. fjmrh. kallar hér fram í að þetta sé misskilningur vegna þess, hæstv. fjmrh., núv. formaður Alþb., að ég er sannfærður um að þú, virðulegur ráðherra, ætlar að færa Alþb. til í íslenskum stjórnmálum. Ég er viss um að hæstv. fjmrh. sættir sig ekki við að vera foringi í litlum kommúnistaflokki.

Hæstv. ráðherra (**Fjmrh.:** Það á að stofna hann fyrst.) hefur verið í ýmsum íslenskum stjórnmálaflokkum. Hæstv. ráðherra er fæddur og uppalinn í Framsfl. (**Fjmrh.:** Ekki fæddur þar.) ja, a.m.k. skírður í Framsfl., fæddur á Ísafirði, eins og ýmsir góðir flokksmenn annarra flokka. (**Fjmrh.:** Hann er fæddur í Alþfl.) Reyndar er hann fæddur í Alþfl. upplýsir hann, og það þýðir þá, svo ég fari nú með lífsferil þess hæstv. ráðherra sem kallar hér fram í: Fæddur í Alþfl., alinn upp í Framsfl., fór með Möðruvallahreyfingunni yfir í Frjálslynda og vinstri til þess að sameina alla vinstri menn í einum flokki, hvarf þaðan yfir í Alþb. og situr þar við hægri hönd Svavars Gestssonar og annarra þeirra sem hafa starfað þar allt frá því að þeir störfuðu í Æskulýðsfylkingunni á sínum tíma. (**Fjmrh.:** Og deyr í Sjálfstfl.) Ja, ég get nú ekki ráðið næturstað hæstv. ráðherra, en ég rifja upp vísu sem hv. þm. Stefán Valgeirsson orti á sínum tíma þegar hv. þm. Stefán Valgeirsson var í Framsfl. með hæstv. ráðherra, en þá stóð þannig á að (Gripið fram í.) jú, jú, seinna — að hv. þm. Stefán Valgeirsson var harðasti framsóknarmaðurinn á landinu (**SV:** Og er það enn.) Og er það enn, segir hann, þó að hann sé farinn úr flokknum. Hafa menn heyrt þetta? Þá orti Stefán Valgeirsson um hæstv. ráðherra:

Fyrir öllu sjálfur sat,
sótti um völd og hylli.
Ólafur Ragnar Grímsson gat
því gengið flokka á milli.

Man hv. þm. eftir því þegar þeir störfuðu saman í Framsfl. og Ólafur Ragnar Grímsson, hæstv. ráðherra, gekk úr flokknum og fyrir orðastað flokksforustunnar í Framsfl. þáv. orti hv. þm. Stefán Valgeirsson þessa vísu? (**SV:** Það er ekki rétt.) Jæja, í sinn eigin orðastað þá. (**SV:** Þín sagnfræði er léleg.) Neitar hv. þm. að hafa ort þessa vísu? Kannast hv. þm. ekki við krógann? Þorir ekki hv. þm. að kannast við krógann kannski vegna þess að nú er hv. þm. Stefán Valgeirsson farinn að ganga flokka á milli?

Þetta var nú í tilefni þess að hæstv. fjmrh. kallaði hér fram í og sagði að ég hefði misskilið stefnu Alþb. Ég held nefnilega satt að segja að hæstv. fjmrh. hafi enn í huga að sameina alla vinstri menn í einum flokki, og væri það vel ef honum tækist það, og þess vegna sé það áhugamál hæstv. fjmrh. að breyta frá þeirri stefnu sem hefur verið ríkjandi af hálfu Alþb. í efnahagsmálum. Það er þess vegna ekki misskilningur af minni hálfu. Það er fullur skilningur af minni hálfu á því hver sé stefna hæstv. fjmrh. Ég hygg að það sé einmitt nákvæmlega þess vegna sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson treysti sér ekki til þess að kjósa hæstv. fjmrh. sem formann Alþb.

Um það sem hæstv. fjmrh. sagði, að svo gæti farið að hann dæi í Sjálfstfl., ja, maður hefur nú ýmis kvíðbogaefnin í þeim flokki þó að þetta bætist ekki við (Gripið fram í.) svo að ég vil nú frábiðja mér það böl að þurfa að taka við hæstv. fjmrh., a.m.k.

þangað til enn ein hugarfarsbreytingin hefur átt sér stað og hann hefur þvegið úr heilanum á sér ýmsar þær vitleysur sem þar sitja nú fyrir.

Það hefur verið rætt nokkuð í þessari umræðu, og ég held að það sé afar nauðsynlegt að fá hæstv. ráðherra, einkum og sér í lagi hæstv. fjmrh., til að ræða í þessari umræðu um spariskírteini og vexti, hæstv. fjmrh., sem er nú æðsti ráðherra þessarar ríkisstjórnar og stjórnar ferðinni, a.m.k. að eigin áliti — og ég sé að hæstv. forsrh. skilur hann einan eftir úr ráðherragenginu hér í salnum — þá væri ánægjulegt ef hæstv. fjmrh. vildi gera okkur þann greiða í þessari umræðu að skýra það út hvort vextir af spariskírteinum muni lækka á næstunni samkvæmt því loforði sem hæstv. ríkisstjórn gaf út í haust og tekið var inn í fyrstu aðgerðir ríkisstjórnarinnar. — Ég ætla að bíða aðeins meðan hæstv. ráðherra hreinsar á sér eyrun. — Ég held nefnilega að það skipti ákaflega miklu máli að átta sig á því hvort hæstv. ráðherra hyggst standa við gefin loforð þrátt fyrir það að nánast ekkert spariskírteini ríkissjóðs hafi selst eftir að hæstv. ráðherra byrjaði að skrifa undir þau. Nú er staðan sú í bönkum landsins og öðrum þeim stofnunum sem hafa tekið að sér að selja spariskírteini ríkissjóðs að spariskírteinin hafa ekki selst. Ég giska á að álíka mikið hafi selst af spariskírteinum og innleyst hafa verið. Ég giska á það. Þetta þýðir að áætlanir ríkissjóðs, sem hæstv. ráðherra hefur gert, geta ekki staðist og þess vegna hlýtur hæstv. ráðherra að þurfa að skýra það út fyrir þingheimi og þjóðinni hverng hann hyggst standa að rekstri ríkissjóðs án þess að fá þá fjármuni sem áttu að fást með sölu spariskírteina og hvort hann treysti sér til þess að lækka enn vexti á spariskírteinum þótt sú staðreynd liggi fyrir að spariskírteinin seljast alls ekki. Um þetta urðu nokkrar umræður hér um daginn í fyrirspurnatíma. Þá sagðist hæstv. ráðherra ætla að beita sér fyrir vaxtabreytingu á spariskírteinum um áramótin. Nú líður senn að áramótum þannig að hæstv. ráðherra hlýtur að geta gefið okkur einhverjar vísbendingar um það hvað hann hyggst gera nú á síðustu dögum fyrir jól.

Það er annað mál sem hefur talsvert verið rætt einnig og snertir öll þessi mál, en það er lánskjaravísitalan. — Og nú eru í salnum tveir hæstv. ráðherrar í forföllum hæstv. forsrh. Annar þeirra er hæstv. viðskrh. Mig langar til að rifja það upp ásamt hæstv. viðskrh. hvernig það lá svo dæmalaust mikið á hjá hæstv. forsrh. að útrýma lánskjaravísitölunni og á meðan það var ekki hægt, þá ætti a.m.k. að breyta henni. Nú skilst mér af fjölmiðlum að eftir áramótin verði ekki bara ein lánskjaravísitala heldur tvær eða þrjár og fór nú þannig fyrir hæstv. forsrh., sem ætlaði að drepa lánskjaravísitöluna, að þegar hann hjó á hana, þá fjölgaði hún sér með þeim afleiðingum, sem hæstv. forsrh. hefur best lýst, að það verður stórhættulegt fyrir almenning í landinu sem kemur til með að skilja minna í þessum frumskógi en áður og getur orðið til þess, eins og hann sagði, ég geri þau orð ekki að mínum en nefni hans rök til sögunnar, getur orðið til þess að braskarar eigi betur með að svindla á fólki. Það var efnislega það sem hann sagði hér í umræðum í gær. Nánast þetta. Og ég spyr hv. þm., ekki síst þá sem hafa hugsað sér að styðja núv. hæstv. ríkisstjórn og hæstv. forsrh., ekki síst þá sem leggja traust sitt á það að hæstv. forsrh. muni fara að vilja þeirra og hefja viðræður við fulltrúa verkalýðsins: Treysta þeir orðum forsrh. í ljósi þeirrar staðreyndar að þegar hann lýsir yfir að breyta eigi lánskjaravísitölunni, þá er fjölgað úr einni viðmiðun í þrjár?

Hér hefur enn fremur verið rætt um raforkuverðið, en af því að ég hafði ekki hugsað mér að tala hér lengi, þá ætla ég ekki að fjalla ítarlega um það mál að sinni. Það gefst tækifæri til þess síðar. En ég vil ítreka þá fyrirspurn, sem lögð var fyrir hæstv. forsrh., hvort ekki væri rétt að 25% lækkun raforkuverðs hefði verið reiknuð inn í fyrstu aðgerðir hæstv. ríkisstjórnar og átt að gilda um ½% í afkomubata, en í því máli hefði ekkert gerst og ekki sé fyrirsjáanlegt að nokkuð muni gerast.

Mig langar til þess að spyrjast fyrir um það jafnframt, hvort hæstv. forsrh. þyki það tilhlýðilegt, að í 12. gr. þess frv. sem hér er til umræðu standi nú eins og áður: „Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 10. apríl 1989.“ Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra: Hvaða efni standa til þess að þessi lög gildi til 10. apríl 1989 þegar þess er gætt að nánast allar aðrar dagsetningar miðast við 15. febr. eða 1. mars? (**Forseti:** Má ég aðeins, hv. þm. Það hefur komið fram mjög eindregin ósk frá að ég held öllum flokkum þingsins um það að gefa færi á þingflokksfundum til þess að bera saman bækurnar um skipulag þinghaldsins og að þeir yrðu haldnir núna um þrjúleytið. Spurning mín til ræðumanns er hvort hann muni ljúka sér af svona rétt um þrjúleytið eða hvort hann vilji eiga eftir afgang af ræðu sinni.) Virðulegur forseti. Það stóð aldrei til að flytja hér langa ræðu og það mun vera auðvelt verk fyrir mig að ljúka minni ræðu á svo sem eins og tveimur mínútum.

Ég spurði hæstv. forsrh. hvort ekki væri eðlilegt að breyta dagsetningunni í gildisákvæði laganna. Loks — og nú er ég kominn að lokaorðum minnar ræðu — vil ég enn á ný ítreka það sem margoft hefur komið fram í umræðum um þessi mál og önnur stefnumál hæstv. ríkisstjórnar, ef maður má nota svo fínt hugtak um þann biðleik sem leikinn var í haust, og það er þetta: Hæstv. forsrh. hefur margoft lýst því yfir að gengi íslensku krónunnar sé rangt skráð. Undir þetta vil ég taka. En ég vil segja til viðbótar að ef gengið er rangt skráð, þá hlýtur það að vera lágmarkskrafa að hæstv. ríkisstjórn leiðrétti skráningu gengisins. Þetta segi ég hér vegna þess að þetta hefur þá efnislegu þýðingu að betur næst viðskiptajöfnuður við önnur ríki og einnig vegna þess að þannig má koma í veg fyrir þá mismunun sem verður milli einstakra atvinnugreina með því að draga úr millifærslum til sumra greina á kostnað annarra. Þetta vil ég gera að mínum lokaorðum, virðulegur

forseti, og vænti þess að hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. muni gefa okkur skýr svör við þeim fyrirspurnum sem hér hafa komið fram í þessari stuttu umræðu sem nú hefur átt sér stað.

Umræðu frestað.

Vörugjald, frh. 2. umr.

Stjfrv., 162. mál (gjaldflokkar og gjaldstofn). — Þskj. 173, n. 307 og 320, brtt. 306, 326.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Nú kemur til umræðu annað veigamesta skattahækkunarfrv. hæstv. ríkisstjórnar, frv. um vörugjald. Það má því segja að þetta sé annar máttarstólpinn í tekjuöflun ríkisstjórnarinnar en hann er sama marki brenndur og hinn, þ.e. tekjuskattsfrv., að hér er verið að níðast á þeim sem síst skyldi og íþyngja íslenskum atvinnuvegum á afar erfiðum tímum.

Ég vil gjarnan, virðulegi forseti, áður en ég held út í miklar efnislegar umræður, beina þeim tilmælum til forseta að hann kanni það — ég skal ekki gera neitt hlé á máli mínu á meðan — en ég beini því til hans að hann kanni það og kveði upp úrskurð um hvort þinglega hefur verið að meðferð þessa máls staðið.

Þannig er að mál þetta tók mjög miklum breytingum í hv. fjh.- og viðskn., nánast gjörbreyttist í nefndinni, og það er spurning sem ég vildi beina til forseta hvort hér sé ekki verið að fara á svig við þingskapalög sem kveða á um að mál verði að fá þrjár umræður í hvorri deild. Ég tel að það sé fullkomið álitaefni að þetta nýja frv. um vörugjald — sem var kastað hér inn í salinn í gær löngu eftir að formaður fjh.- og viðskn. ákvað að ljúka meðferð málsins — ég tel mikið vafamál að hægt sé að segja að þetta sé sama málið og það sem upphaflega var flutt undir sama númeri hér í þinginu.

Ég vil leyfa mér að vitna til hins merka rits Ólafs heitins Jóhannessonar, Stjórnskipun Íslands. Þar segir á bls. 293 í þeirri útgáfu sem ég hef í höndunum, með leyfi forseta:

„Gerbreytingar á frumvarpi á síðari stigum meðferðar þess verður að telja óheimilar. Ef slík gerbreyting er leyfð verður hinum áskilda umræðufjölda ekki náð.“ — Síðan bætir hann við, herra forseti: „Þessa hefur ekki ætíð verið gætt sem skyldi. Slíkum gerbreytingartillögum sýnist forseti eiga að vísa frá.“

Það eru þessi tilvitnuðu ummæli sem ég vil biðja forseta að kanna hvort ekki sé verið að brjóta með þeim breytingum sem búið er að gera á þessu frv. Því tel ég að það sé fullkomið vafamál að um þetta mál eigi að fara fram þrjár umræður í þessari hv. deild. Mér sýnist stefnt í það að þær verði aðeins tvær og þrjár í hinni síðari. Þannig að ef forseti vildi kanna þetta þá kynni ég honum þakkir fyrir það.

Hins vegar, virðulegi forseti, efnislega um þetta frv., þá er auðvitað það að segja að frv. þetta er hinn versti bastarður, bæði eins og það kom í upphaflegri mynd til hv. fjh.- og viðskn. og ekki síður eftir að það kom þaðan út í gjörbreyttu formi. Hér er um það að ræða að hverfa frá þeim meginsjónarmiðum í gjaldtöku og skattheimtu, óbeinum sköttum, sem Alþingi markaði stefnu um á síðasta þingi. Nú er meiningin á nýjan leik að taka upp tilviljanakennda gjaldtöku á hinum ýmsu vörutegundum allt eftir því hvað ráðamönnum sýnist í það og það skiptið. Hið nýja frv. sem kom út úr fjh.- og viðskn. er hins vegar skárra að því leyti að gjaldflokkum hefur verið fækkað en engu að síður er horfið frá því meginsjónarmiði að eitt skuli yfir allar vörutegundir ganga, óháð því hvort þær eru í einhverri sérstakri náð hjá ráðamönnum eða ekki.

Ég vakti athygli á því við 1. umr. þsssa máls að í A-flokki frv. væri verulegt ósamræmi ef það ætti að heita svo að þessi þáttur frv. væri ætlaður til þess að skattleggja sérstaklega sykurvörur. Það var vegna þess að í þessum kafla voru bæði ýmsar hollustuvörur og vökvar sem ekki verða kenndir við sætindi og einnig vantaði þar inn í, ef þetta átti að verða sykurskattur, fjölmargar vörutegundir sem innihalda sykur. Ný þykist hins vegar hv. fjh.- og viðskn. hafa fundið ráð við þessu sem er það að skattleggja sykurinn sjálfan og endurgreiða þá væntanlega þeim sem nota sykur í iðnframleiðslu þann kostnað sem þeir verða fyrir af þessum sökum, þó að ekkert hafi komið fram um það hvernig eigi að framkvæma þetta í innflutningi.

Ég vek athygli á því að það kom ekkert fram um það í ræðu hv. frsm. meiri hl. nefndarinnar hvernig ætti að innheimta þennan sykurtoll á innfluttum vörum. Á að mæla sykurmagnið í því sælgæti sem kemur til landsins, í þeim tertubotnum sem koma til landsins eða öðrum slíkum varningi eða á að láta þetta jafnt yfir alla ganga óháð sykurmagni? Og ef það er svo, en þannig blasir frv. nefnilega við, þá er ekki verið að tala um neinn sykurskatt, þá er bara aftur verið að tala um það sem hér var til umræðu þegar frv. kom fram í fyrstu, tilviljanakennda skattheimtu sem byggist ekki á neinu öðru en peningagræðgi Alþb. og viðleitni þess til að skattleggja allt og alla úr hófi fram.

Fyrir nokkru síðan komu á fund fjh.- og viðskn. ýmsir aðilar sem hagsmuna eiga að gæta í þessum málum, þeirra á meðal fulltrúar framleiðenda hinna svokölluðu óhollustuvara og fulltrúar starfsfólksins, iðnverkafólksins, sem þarna á að sjálfsögðu verulegra hagsmuna að gæta. Í kjölfarið á þessum fundahöldum ákváðu þessir aðilar að beita sér fyrir sérstökum opnum fundi í Reykjavík með starfsfólki allra þeirra verksmiðja sem þetta mál snertir og þar voru saman komin mörg hundruð manns á fundi. Niðurstaða þess fundar og tilmæli þau sem þaðan

bárust til þingsins voru afar eindregin. Þau tilmæli voru að falla frá þessum áformum sem bitna á þessum verksmiðjum og starfsfólki þeirra nú við aðstæður sem hvort eð er einkennast af samdrætti, einkennast af minni framleiðslu, minni vinnu fyrir þetta fólk, meira atvinnuleysi og hugsanlega enn meira atvinnuleysi verði frv. samþykkt.

Ég sé nú ekki betur en að meiri hlutinn í fjh.- og viðskn. og stjórnarflokkarnir ætli að hafa þessi tilmæli gersamlega að engu, enda kemur það heim og saman við aðra afstöðu þessarar hæstv. ríkisstjórnar til atvinnulífsins í landinu og þess fólks sem þar starfar. (**FrS:** Er ekki rétt að hv. þm. spyrji hæstv. ráðherra að því hvort þetta breytist?) Já, ég mundi gjarnan vilja spyrja hæstv. ráðherra að því ef hann sæi einhverja ástæðu til þess að vera hér í salnum, en það er út af fyrir sig ágætis ábending og tilvalið að óska eftir nærveru hans. Hann hefur tamið sér það, þessi virðulegi ráðherra, eins og reyndar kollegar hans að láta helst ekki sjá sig hér í deildinni þegar verið er að ræða mál sem að honum snúa. Mætti ég nú ekki óska eftir því að ráðherrann virðulegi léti sjá sig hér meðan verið er að fjalla um þessi mál?

Ég mun geyma mér þessa spurningu þar til hann gengur í salinn ef hann þá getur hugsað sér að vera hér viðstaddur, en ég vil ítreka það sem ég hef sagt að hér er verið að vega að íslenskum atvinnuvegum, íslenskri framleiðslu, á tímum þegar kreppir að, atvinna fer minnkandi, uppsagnir eru meiri en áður og almenn eftirspurn eftir þessum vörum minni en verið hefur. Hafi það einhvern tíma verið ætlun manna að nota gjaldtöku sem þessa til að vinna bug á þenslu eru þau rök fallin um sjálf sig fyrir löngu síðan. Ef eitthvað er ætti frekar að lækka þessi gjöld, a.m.k. ef maður gagnályktar frá því sem menn hafa haldið fram um að þessi gjöld ættu að hækka á þenslutímum.

Það er ekki bara sælgætis-, kex- og gosdrykkjaiðnaður sem ætlunin er að íþyngja með frv., heldur er nú sérstaklega lagst á ýmsar iðngreinar í tengslum við byggingarstarfsemi og smíðar ýmsar, starfsemi iðnaðarmanna af ýmsu tagi. Það hefur verið upplýst að með gjaldtöku þeirri sem hér er á ferðinni muni *vísitöluhúsið kosta húsbyggjendur hvorki meira né minna en 200 þús. kr.* í auknum byggingarkostnaði. Það er nú býsna fróðlegt, ekki síst fyrir hæstv. fjmrh. því ég er ekki í nokkrum vafa um það að hann hefur ekkert kynnt sér þessa hlið málsins og er auðvitað *alveg nákvæmlega sama um hana. Það er hins vegar* býsna fróðlegt sem fram kom í fjh.- og viðskn. að þessar álögur á byggingariðnaðinn í landinu munu kosta hvorki meira né minna en 200 þús. kr. til viðbótar fyrir vísitöluhúsið svokallaða, enda hækkar byggingarvísitala af völdum frv. um hvorki meira né minna en 3,2%, framfærsluvísitalan um 0,5% og lánskjaravísitalan þar af leiðandi um 1,3%, á að giska. Einhvern tíma hefði hæstv. núv. fjmrh. reiknað út hvað það þýddi í auknum vaxtakostnaði fyrir þá sem skulda í landinu miðað við heildarskuldir allra landsmanna. Hann hefur að vísu ekki séð ástæðu til þess að birta slíkar tölur með þessu frv., enda hefur hann tileinkað sér hæfileika kameljónsins í stjórnmálum og skiptir um málflutning, skoðanir og viðhorf eins og venjulegt fólk skiptir um fatnað.

Ég var að beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra hverju hann hygðist svara þeim áskorunum og tilmælum sem bárust frá fundi starfsfólks í verksmiðjum hér á Reykjavíkursvæðinu í síðustu viku sem A-hluti frv. snertir sérstaklega. Þar er um að ræða milli 500 og 1000 manns sem í þessum iðnaði starfa og það má vel vera að það séu skilaboð hæstv. ráðherra og ríkisstjórnarinnar að þessi störf sem þar er að finna séu eitthvað ógöfugri en önnur framleiðslustörf á Íslandi. En þá er líka ágætt að það komi fram og menn segi það þá fullum fetum að starfskraftar þess fólks sem vinnur við þessa framleiðslu, hvort sem það er í gosdrykkjaverksmiðjum, kexverksmiðjum eða sælgætisverksmiðjum, séu miklu minna virði en annarra og það eigi það skilið að störfum þar sé fækkað með skattlagningu af þessum toga. Því það er það sem blasir við í þessu efni, auk þess sem sérstaklega er verið að hlúa að erlendri samkeppni við þessar greinar, jafnvel þó að vörugjaldið leggist auðvitað bæði á innflutning og innlenda framleiðslu, vegna þess að hlutfallsleg hækkun beggja vörutegunda, innlendrar framleiðslu og innflutnings, eykur á það krónutölubil sem er á verði innlendrar og erlendrar framleiðslu. Þar af leiðandi verður samkeppnisstaða innlendu varanna lakari en áður var.

Það er gegnumgangandi í frv. og engu líkara en það sé sérstök stefna að hygla innflutningnum á kostnað innlendrar framleiðslu. Ég hef sagt það í þessari ræðu áður að það sé þá í samræmi við aðra afstöðu þessarar ríkisstjórnar gagnvart atvinnulífinu, en ég held að hæstv. fjmrh. hljóti að fá sérstaka viðurkenningu frá innflutningsaðilum ýmsum, heildversluninni í landinu, ekki síst þeim sem versla með heimilistæki, fyrir að hafa í fyrsta lagi tilkynnt um þó nokkra verðhækkun á þessum vörum, þannig að fólki gæfist kostur á að hamstra, en síðan ákveðið að í stað þess að hækka vörurnar eigi að lækka þær, og það á sama tíma og verið er að hækka gjöld á alls kyns innlendum framleiðsluvörum.

Á sama tíma og innlend framleiðsla hækkar í verði af völdum þessa gjalds gera menn sér lítið fyrir og lækka gjaldið á alls kyns innfluttum varningi. Ég yrði ekkert hissa á því þó að hæstv. fjmrh. væri búinn að ávinna sér viðurkenningu hjá þeim sem starfa við innflutning fyrir þessa frammistöðu sína. Hann hefur nefnilega stórbætt samkeppnisstöðu innflutningsins gagnvart innlendri framleiðslu með *beinum skattabreytingum, ef þessi frv. ná fram að* ganga, til viðbótar við allt það sem hann hefur gert fyrir innflutningsaðilana og innflutninginn með þeirri gengisstefnu sem hann er aðalhvatamaður að og ver nú með kjafti og klóm við hvert einasta tækifæri. Hann á því sannarlega skilið heiðursvið-

urkenningu frá þeim sem starfa við innflutninginn. Með sama hætti á hann hins vegar skilið smán eina og skömm frá öllum þeim sem starfa í innlendri framleiðslu og bera hag íslenskra atvinnuvega fyrir brjósti.

Forseti. Ég var að óska eftir því að hæstv. ráðherra gengi hér í salinn til þess að vera hér viðstaddur, en ekki til að sitja hér á kjaftatörn í öllum gluggasyllum og skúmaskotum og hypja sig síðan úr salnum. Mætti ég vinsamlegast óska eftir því að hæstv. ráðherra yrði kallaður hér inn aftur? Ég er hér að bera fram til hans ýmsar spurningar. Ef hann getur ekki hunskast til þess að sitja hér á meðan maður er að tala er ástæðulaust að halda áfram þessu máli. (Gripið fram í.) Ég er að tala um ráðherrann, forseti góður. Mér mundi aldrei detta í hug að tala svona um hæstv. forseta deildarinnar. **(Forseti:** Hæstv. fjmrh. hefur verið gert viðvart að hans nærveru sé óskað. Ég veit ekki hvort orðaval hv. ræðumanns virkar mjög hvetjandi á ráðherrann, en við skulum vona að hann birtist fljótlega.) Ég skal taka þetta orðaval til endurskoðunar, en ekki fyrr en hann verður við þessum tilmælum.

Herra forseti. Ýmsir þeir sem hafa komið á fund hv. fjh.- og viðskn. hafa skilað nefndarmönnum skriflegu áliti á því máli sem hér er til umræðu. Við hv. þm. Ingi Björn Albertsson og hv. þm. Kristín Halldórsdóttir sem stöndum sameiginlega að nál. um þetta mál höfum tekið þann kost að birta með okkar nál. ýmis þessi skjöl og meðan ráðherrann ekki er viðstaddur tel ég eðlilegt að lesa upp úr þessum pappírum, en það er kannski ástæðulaust fyrst hann er kominn hér í hv. deild. Það er hins vegar skemmst frá að segja, virðulegi forseti, að allir þeir hagsmunaaðilar sem leitað var álits hjá voru á einu máli um það hvílíkt óráð þetta frv. væri og hvílík árás þetta frv. væri á innlenda atvinnustarfsemi. Mig langar, með leyfi forseta, að lesa upp úr fskj. V með okkar nál. þar sem er ályktun frá stjórn Sambands byggingamanna, en þar eru nú í forustu ýmsir samflokksmenn hæstv. ráðherra. Þar segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að flestar meginbyggingarefnavörur og húsgögn verði stórlega skattlagðar umfram það sem verið hefur. Slík skattlagning mundi tvímælalaust hafa í för með sér mikla verðhækkun, t.d. íbúðarhúsnæðis, sem er meðal brýnustu nauðsynja alls almennings, auk þess sem það væri almennt verðbólguvaldandi og samdráttar í húsgagnaframleiðslu."

Síðan segir áfram, virðulegur forseti:

„Því mótmælir Samband byggingamanna mjög harðlega áður nefndum aðgerðum og fyrirætlunum stjórnvalda og bendir á að ef ríkisstjórn svokallaðra félagshyggjuafla finnur ekki aðrar leiðir til lausnar þeim rekstrarvanda atvinnufyrirtækja, sem nú er talið við að etja, en þær sem hér hafa verið nefndar, þá hljóti það að leiða til algers stríðs milli slíkrar ríkisstjórnar og verkalýðshreyfingarinnar."

Hér er ekkert verið að skafa utan af hlutunum, virðulegi forseti. Hér er hins vegar vakin athygli á einum þætti þessa máls sem hefur kannski ekki verið mikið drepið á í umræðum um vörugjaldið, en því meira í umræðum um húsnæðismál hér í deildinni þegar frv. um það efni var hér til umræðu, en það er það að á sama tíma og talað er fagurlega um nauðsyn þess að koma til móts við húsbyggjendur í landinu er þeim stórlega íþyngt með þessu frv. Það kemur fram í þessu áliti Sambands byggingamanna og það kom fram í þeim tölum sem ég fór með hér áðan um að byggingarkostnaður á meðalíbúðarhúsnæði mundi hækka um 200 þús. kr. af völdum þessa frv.

Landssamband iðnaðarmanna og Félag húsgagna- og innréttingaframleiðenda vöruðu sömuleiðis mjög alvarlega við þessari breytingu á gjaldtöku sem er yfirvofandi vegna þeirra áhrifa sem þessi gjaldtaka mun hafa á innlenda húsgagnasmíði, innréttingaframleiðslu og skylda starfsemi. Ég tel engan vafa á því að þessi starfsemi sem nú þegar á mjög undir högg að sækja gagnvart innflutningi mun fara mjög illa út úr þessari breytingu. En eflaust er hæstv. fjmrh. líka sama um það atriði eins og önnur umkvörtunarefni sem bent hefur verið á í þessu máli.

Í nál. minni hl. fjh.- og viðskn. er birt yfirlit um markaðshlutdeild í húsgagnaframleiðslu sl. 10 ár. Á því yfirliti kemur fram að þróunin í þessum efnum hefur verið mjög neikvæð að því er varðar hlutdeild hinnar innlendu framleiðslu. Að einhverju leyti kann það að skýrast af því að á því tímabili sem myndin sýnir féllu endanlega niður aðflutningsgjöld í tengslum við aðlögun Íslands að EFTA-aðild. Hins vegar er ljóst að nú þegar markaðshlutdeild þessarar framleiðslu er komin ofan í ⅓ af markaðnum má þessi grein ekki við frekari áföllum til þess að geta haldið velli. Frekari álögur í tengslum við þá gengisstefnu sem nú er fylgt geta ósköp einfaldlega þýtt rothögg fyrir þessa starfsemi eins og raunar ýmsar aðrar iðngreinar sem ekki njóta þeim mun meiri fjarlægðarverndar eða sérstakra aðstæðna hér á innanlandsmarkaðnum.

Ég vakti athygli á því við 1. umr. um þetta mál að þenslan væri liðin og það væri rangt að taka upp ígildi fjárfestingarskatts, eins og hæstv. fjmrh. kallaði þetta vörugjald, við þær aðstæður þegar framleiðslan væri að skreppa saman. Hæstv. fjmrh. sá ekki ástæðu til þess að svara því, en engu að síður er það rétt að þegar við blasir samdráttur mega íslenskar iðnframleiðslugreinar ekki við nýjum álögum, hvort sem það er 9% vörugjald eða 14% á tilteknum greinum eins og til stóð í upphafi eða 25% eins og hugmyndin er varðandi ýmsan matvælaiðnað og ég hef þegar getið um.

Ég hlýt hins vegar að lýsa alveg sérstakri furðu á því hvernig frv. hefur verið breytt í meðförum nefndarinnar, innlendum framleiðendum í óhag. Það er beinlínis verið að fella niður eða lækka gjöld á innflutningi á sama tíma og verið er að leggja ný gjöld á innlenda framleiðsluvöru. Þarna er auðvitað

komin stefna ríkisstjórnarinnar í hnotskurn gagnvart íslensku atvinnulífi eins og margbent hefur verið á. Hins vegar skal það viðurkennt að það er ekkert allt of mikil hrifning meðal stjórnarliða af þessu máli og kom það glöggt fram við afgreiðslu málsins í fjh.- og viðskn. A.m.k. tveir nefndarmenn skrifuðu undir þetta með mjög svo hangandi hendi þó svo að tekist hafi að kúga þá til hlýðni á endanum í málinu, enda var alls ekkert orðið við öllum óskum nefndarmanna um upplýsingar. T.d. óskaði einn stjórnarliðinn og sömuleiðis stjórnarandstæðingar upplýsinga frá Bílgreinasambandinu um hvað það mundi þýða fyrir starfsemi aðila innan þess vébanda að leggja vörugjald á bílavarahluti. Þetta atriði var ekki í upphaflegu frv. en því var bætt inn í. Við þessu hafa ekki fengist nein svör.

Nú vildi ég spyrja hæstv. ráðherra hver hann telji að vera muni áhrif vörugjalds á bílavarahluti, á innlenda starfsemi á þeim vettvangi, því þó að kannski viti það ekki allir eru þau verkstæði til sem framleiða varahluti eins og t.d. hljóðkúta og fleira þess háttar. Hefur verið kannað hver áhrif þessa vörugjalds verða á slíka starfsemi og ætla menn ekkert að taka tillit til þess að hér á Íslandi er veikburða starfsemi í nokkrum greinum þessa þáttar eða á bara að keyra það allt á hausinn eins og svo margt annað þessa dagana?

Mig langar að spyrja virðulegan forseta hvort sú könnun, sem ég í upphafi ræðu minnar bað um að fram færi, er hafin? (**Forseti:** Því er til að svara að ég hef tekið niður ábendingu hv. ræðumanns og ég mun koma því á framfæri við aðalforseta þingdeildarinnar við fyrstu hentugleika og er sjálfsagt að það verði athugað. Það liggur hér fyrir.) Já, ég þakka forseta fyrir þetta og vænti þess að þetta verði upplýst. (Gripið fram í.) Hvaða könnun, spurði hæstv. fjmrh. því hann var ekki hér í upphafi og ég skal upplýsa hann um það hvað það er.

Sú könnun sem ég hef óskað eftir að forseti beiti sér fyrir og úrskurði um er um það hvort meðferð þessa máls og framlagning brtt. sem jafnast í raun og veru á við nýtt frv. samrýmist þingskapalögum. Í þingskapalögum er kveðið á um þrjár umræður um hvert mál en ég tel að það sé fullkomið álitaefni hvort hér sé ekki verið að smeygja máli í gegnum aðeins tvær umræður í stað þriggja og bað forseta að kanna það mál. Raunar vitnaði ég til hins merka fræðirits Ólafs heitins Jóhannessonar um stjórnskipun Íslands þar sem segir að gerbreytingar á frv. á síðari stigum séu óheimilar. Hæstv. fjmrh. má ekkert vera að því að hlusta á þær skýringar sem hann bað um, en ég vona að hann hafi náð þessu. Þá sný ég mér að öðru.

Þingmönnum hefur borist, virðulegur forseti, ályktun frá svonefndri skattanefnd atvinnuveganna vegna hinna fyrirhuguðu skattahækkana sem nú dynja yfir. Við hv. þm. Ingi Björn Albertsson munum birta þessa ályktun sem fylgiskjal með okkar áliti um frv. um tekju- og eignarskatt, en mig langar aðeins að fá að vitna í þessa ályktun, með leyfi forseta, vegna þess að þar eru atriði sem eiga erindi inn í þessa umræðu um vörugjald. Þar segir:

„Áform um hækkun vörugjalds boða sömuleiðis fráhvarf frá þeirri stefnu sem verið hefur í skattamálum, að hafa skatta sem almennasta og veikja ekki um of samkeppnishæfni atvinnuveganna. Að svo miklu leyti sem hækkun vörugjaldsins er stefnt gegn innflutningi er beinlínis verið að falsa enn frekar gengi krónunnar. Með hækkun almennu vörugjaldsprósentunnar úr 14% í 20% er verið að mismuna enn frekar þeim vörutegundum sem þetta gjald fá á sig. Er þó í mörgum tilfellum um að ræða algengar heimilisvörur sem flokkast undir nauðsynjar á hverju nútímaheimili.“ Hér lýkur þessari tilvitnun, herra forseti, en það er nauðsynlegt að taka það fram að þessi hluti ályktunarinnar er saminn áður en frv. var breytt þannig að þessi þáttur, að því er varðar þessi heimilistæki, er orðinn úreltur, og það er breytt stefna hjá ríkisstjórninni varðandi heimilistækin. Hins vegar er fyrri hluti þessarar tilvitnunar fullkomlega réttmætur að því er varðar hin almennu atriði.

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Sérstöku 25% vörugjaldi á sælgæti og gosdrykki er fyrst og fremst stefnt gegn nokkrum einstökum fyrirtækjum og því fólki sem þar vinnur. Hollustu- og manneldissjónarmiðum hefur verið haldið fram í þessu sambandi en þau rök eru haldlaus. Þessar vörur eru ekki nema lítill hluti af þeirri neyslu sem kallast getur óholl og sum hver nýtur jafnvel sérstakrar velvildar ríkisvaldsins.

Ekki eru nein efnisleg rök sjáanleg fyrir því að ríkisvaldið fari með þessum hætti að skipta vörum í „góðar“ og „vondar“ vörur. Því ætti það sama að gilda um þessar vörur eins og aðrar og þær ætti ekki að skattleggja sérstaklega.

Sérstakt 10% vörugjald á byggingarvörur er undrunarefni þegar húsbyggjendur þurfa á víðtækri aðstoð að halda. Það er enn fremur ljóst að þetta gjald mun hafa í för með sér mikinn samdrátt í byggingariðnaði einmitt þegar samdráttur í þessari atvinnugrein er að verða tilfinnanlegur af öðrum ástæðum.

Hækkun vörugjalds veikir því enn atvinnugrundvöllinn og hætta er á að uppsagnir verði í kjölfar hækkunarinnar í byggingariðnaði, sælgætis- og gosdrykkjaiðnaði og í verslun. Nokkur hundruð störf gætu verið í hættu af þessum ástæðum.

Þá liggur einnig fyrir að hækkun vörugjaldsins mun hafa í för með sér 0,5% hækkun á vísitölu framfærslukostnaðar og 3–4% hækkun á vísitölu byggingarkostnaðar. Lánskjaravísitalan hækkar þá í framhaldinu.“

Allt ber hér að sama brunni, virðulegi forseti. Allir sem hafa tjáð sig um þetta mál leggjast eindregið gegn frv. við núverandi aðstæður. Ég vil undirstrika það að auðvitað er gjald eins og það sem nú er lagt á, 14%, engin sérstök heilög tala. Auðvitað gæti komið til greina að breyta því í aðra hvora áttina ef aðstæður væru þess efnis. Það hefði þá frekar komið til greina að hækka þetta gjald

þegar þenslan var sem mest til þess að sporna gegn eftirspurn, ekki síst eftir innfluttum vörum. En það er rangt að farið, eins og ég hef margtekið fram, að hækka þetta gjald þegar svo er í pottinn búið í atvinnulífinu eins og nú standa sakir og þegar innlend framleiðsla á svo mjög undir högg að sækja eins og raun ber vitni.

Ég hyggst ekki lengja mál mitt, herra forseti, ég tel að ég hafi komið að þeim meginsjónarmiðum sem ég vildi láta fram koma en ég vil enn ítreka mína fsp. til forseta og vænti þess að úr þessu fáist skorið áður en málið verður afgreitt hér í deildinni.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Svo mjög er nú þegar búið að gagnrýna vinnubrögð meiri hlutans við afgreiðslu þessa frv. um vörugjald að varla er á bætandi, en hjá því verður þó ekki komist.

Fyrir ári voru gerðar víðtækar breytingar á lögum um tolla og vörugjald. Lentum við þá í slæmri tímaþröng við athugun mála rétt eins og nú þótt segja megi að nú hafi svo sannarlega keyrt um þverbak. Þá lýstu fulltrúar stjórnarandstöðunnar sig reiðubúna til þess að fara ítarlega yfir tollskrána og leita samkomulags um álagningu vörugjalds. Því boði var hafnað og var svo að skilja að þeir sem þá réðu málum væru sannfærðir um að ekki yrði bætt um betur.

En Adam var ekki lengi í Paradís. Nú er kominn nýr húsbóndi í fjmrn. og þykir nú álitlegt að leita á náðir vörugjaldslaganna og kreista svolítið meira út úr þeim. Við kvennalistakonur erum ekki á móti sköttum svo framarlega sem þeir þrengja ekki um of að almenningi. Um afstöðu til þeirra tekjuöflunarfrv. sem hafa komið til afgreiðslu nú síðustu daga og vikur höfum við viljað fara mjög varlega, bæði með tilliti til ótryggs atvinnuástands og með tilliti til þess að ríkisvaldið hefur tekið sér það vald að ákveða þak á almenna launataxta. Við slíkar aðstæður er óforsvaranlegt að samþykkja álögur sem hafa veruleg áhrif á afkomu heimila og launafólks og þá jafnáþreifanlega og t.d. bæði vörugjaldið og hækkun tekju- og eignarskatts.

Þegar frv. sem hér er til 2. umr., ef við eigum að fallast á það með tilliti til þeirra miklu breytinga sem fram eru komnar á þingskjölum, var kynnt var látið að því liggja að manneldissjónarmið hefðu skipað háan sess við val númera úr tollskrá. Við nána athugun kom hins vegar í ljós að með því var verið að reyna að fegra tilganginn sem var auðvitað sá einn að afla ríkissjóði tekna.

Í síðustu útgáfu sem við nefndarmenn fengum í hendurnar óútskýrða með öllu, eftir að meiri hlutinn hafði afgreitt málið frá nefndinni fyrir sitt leyti, er farin býsna skringileg leið. Þar er sérstök hækkun á ákveðna vöruflokka færð í eins konar grímubúning, eins og reyndar fleiri tillögur stjórnarinnar í öðrum málum, og reynt að halda því fram að þar sé um sykurskatt að ræða. Það er þó alls ekki raunin þar sem innan um og saman við sælgætis- og gosnúmerin eru númer sem hafa að geyma t.d. ósætt ávaxtaþykkni, ógerjaða og ósykraða ávaxtasafa, edik, ölkelduvatn, sælgæti sem hvorki inniheldur sykur eða kakó, samkvæmt skýringum í tollskrá, og svokölluð „medicated sweets". Hins vegar er svo sleppt ýmsum vörum eins og t.d. tilbúnum ávaxtagrautum sem allir vita að eru hlaðnir sykri og rotvarnarefnum. Því er afar augljóslega engin samræming í þessari skattlagningu sem er klædd í búning hollustuverndar.

Það skal að vísu metið að með breikkun stofnsins í A-lið 1. gr. er komið til móts við það sjónarmið Kvennalistans sem við kynntum rækilega hér við umræðu og í þingsölum fyrir ári að sykur og sykurvörur ættu að bera vörugjald. Framkvæmdin að öðru leyti er ekki eins og við teljum réttast. Hitt er þó kannski sýnu verra að sitthvað bætist við, fær sem sagt vörugjald, sem bar ekkert slíkt áður samkvæmt brtt. meiri hl. sem fengust lítið skýrðar áður en þetta var keyrt í gegnum nefndina. Það skildi ég raunar vel þegar ég sökkti mér niður í tollskrána að loknum þingfundi í gærkvöldi, en þá fyrst gat ég farið að kynna mér þetta. Sumt verkar reyndar hálfhlægilega. Ég tíni hér til örfá dæmi.

Það er að vísu ekkert hlægilegt við það að vörugjald á að leggja á málningu og lökk og t.d. liti til listmálunar, kennslu, dægradvalar og þess háttar. Það eru gluggakítti, þéttiefni og sparsl, slöngur, pípur, hosur. Síðan er eitt númer sem er komið hér inn í — ég vona að ég sé með rétt þingskjal — það er númer 3926.3001. Þetta fann ég ekki í tollskránni, en e.t.v. get ég fengið skýringar á því. Alla vega hef ég ekki hugmynd um hvað þetta er ef þetta númer er þá einhvers staðar til. Ég sem sagt fann það ekki og spyr: Hvaða númer er þetta? Ég vænti að þessi spurning komist til hæstv. fjmrh. Hann virðist vera mjög önnum kafinn, en ég sé að hann hefur aðstoðarmenn í hliðarsal sem hlýða á mál mitt, og ég lýsi eftir því hvað felist á bak við þetta númer 3926.3001.

Síðan kom áfram slöngur, pípur, hosur, ýmsar vörur úr járni og stáli, koparstengur og fleiri vörur úr kopar, vörur úr nikkel, ýmislegt úr áli, blýi, zinki. Síðan koma númer sem eru skýrð sem brynvarðir eða styrktir peningaskápar. Hvort menn telja sig ná þar inn miklu fé veit ég ekki. Það eru katlar til miðstöðvarhitunar, stimpilbrunahreyflar með þrýstikveikju, viftur og háfar, loftjöfnunartæki, lyftur og skúffubönd til vöru- og mannflutninga, rennistigar, rennigangbrautir, rafgeymar og fleira áfram í þeim lið. Það eru yfirbyggingar fyrir vélknúin ökutæki, stuðarar á bíla, bremsuborðar, gírkassar, höggdeyfar o.s.frv., það eru sem sagt varahlutir í bíla, og loks lampar og ljósabúnaður. Þetta eru þau númer sem bætt er við við breikkun stofnsins og þetta kemur vitaskuld misjafnlega illa niður. Sjá menn t.d. skynsemina í því að skattleggja aukalega varahluti í bíla? Þessi skattur er samkvæmt upplýsingum, sem við þó fengum, talinn skila um 70 millj. kr. í soltinn ríkissjóð, en að mínum dómi er hann

heimskulegur og varhugaverður og ég hef ástæðu til að ætla að fulltrúar meiri hl. hafi slæma samvisku þegar þeir leggja það til að þetta gjald verði lagt á. Álagningarpólitík stjórnvalda er satt að segja með eindæmum vitlaus hvað þetta varðar, þ.e. hvað varðar skattlagningu á bíla og hluta í þá. Fyrst voru bílar stórlækkaðir í verði árið 1986 til þess að falsa framfærsluvísitöluna og afleiðingarnar eru allt of margir bílar sem kalla á dýr umferðarmannvirki og kosta okkur manntjón og eignatjón og viðskiptahalla og mengun. Og nú vilja menn skattleggja varahluti svo að það borgi sig síður að gera við alla þessa bíla. Sér er nú hver stefnan.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta en hlýt að endurtaka mótmæli við því hvernig meðferð þessa máls hefur orðið þar sem hreinlega enginn tími hefur gefist til þess að vinna með þær tillögur sem meiri hl. varpaði fram, fyrst munnlega áður en hann afgreiddi málið frá nefndinni og því næst skriflega í óskiljanlegu formi svo að illmögulegt er um að ræða. Svona afgreiðsla nær auðvitað engri átt og ég tek undir með hv. síðasta ræðumanni, 17. þm. Reykv., að hér fer í raun og veru fram 1. umr. en ekki 2. umr. þar sem um gjörbreytt þingmál er að ræða. Ég er satt að segja enn að reyna að átta mig á því hvernig unnt er að greiða atkvæði um þetta þingmál af nokkru viti og ég tala nú ekki um að koma upplýsingum til stallsystra minna í þingflokknum. Af þessum ástæðum vil ég að lokum, hæstv. forseti, mælast til þess að okkur gefist stutt hlé til þess að undirbúa atkvæðagreiðslu að lokinni umræðu um þetta mál, hvort sem við köllum hana 1. eða 2. umr. (**Forseti:** Tilmæli hv. ræðumanns verða tekin til vinsamlegrar athugunar.)

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því, eins og ég hygg að aðrir ræðumenn hafi gert, að fjalla örlítið um þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið í þessu máli.

Eins og fram kom hér í gær undir þingskapaumræðu hafa vinnubrögðin verið ákaflega gagnrýnisverð og þinginu í raun til vansa. Lagt er fyrir viðamikið mál eins og vörugjaldsmálið er, einn af helstu tekjustofnum ríkisstjórnarinnar, og því ekki gefinn sá tími sem það í rauninni þarf til vinnslu í nefnd. Frv. sem upphaflega var afgreitt til nefndar er, eins og ég sagði í gær, orðið nánast úrelt og úr gildi fallið og þar af leiðandi einnig álit allra þeirra fjölmörgu aðila sem á fund nefndarinnar komu til að gefa sínar umsagnir um málið. Þær umsagnir eru allar marklausar með öllu. Ég ítreka því enn á ný að ef þetta á að fá það sem ég vil kalla þinglega meðferð þarf það að fara aftur fyrir nefnd og aðilar sem þetta mál snertir þurfa að fá að fjalla aftur um það og gefa sínar umsagnir.

Nefndastörf eiga að vera til þess að lagfæra mál, finna á þeim hnökra og skila þeim sem allra bestum út úr nefnd og inn í þingið þannig að það þurfi ekki að vera þinginu og þingmönnum til vansa, en því miður virðist sú vera raunin í dag. Ég tek því undir þá fsp. sem ég hygg að hv. þm. Geir H. Haarde hafi borið fram hér fyrr í dag um að athugað verði hvort hér hafi verið rétt að málum staðið.

Um frv. má hafa fjölmörg orð og eins og ég sagði þá gafst ekki tími til að fara yfir þetta í nefndinni. Ég bað um það þegar 1. umr. fór fram að á borðum nefndarinnar mundi liggja tollskráin, þannig að nefndin gæti farið yfir skrána og borið saman númer og menn vissu þá í raun hvað þeir væru að tala um. Það kom fljótlega í ljós að menn hafa afskaplega litla hugmynd um á hvað þeir eru að auka álögur, á hvaða vörur þeir eru að bæta gjöldum og hvaða vörur þeir eru að hækka úti í þjóðfélaginu.

Þegar að því kom að ég vildi fá að ræða það í nefndinni var skellt við skolleyrum og málinu lokað og það afgreitt út úr nefnd á hraða sem Carl Lewis hefði verið afskaplega stoltur af.

Það eru fjölmörg númer sem má gera athugasemdir við. Ég ætla ekki að fara að tína þau mörg upp, sérstaklega af því að forsendur hafa breyst mikið. Það er allt í lagi engu að síður að kíkja lítillega á þetta. Það er talað um sykurskatt og þá stefnu sem kennd er við hann. Hollustustefnu, manneldisstefnu og annað slíkt. Þá vekur það furðu að í tollskránni, undir þeim ákveðna kafla er heyrir undir sykur, eru nánast öll númer sett með vörugjaldi, nema dísætir ávaxtagrautar og búðingsduft. Má t.d. benda í því sambandi á 18. kafla þar sem fjölmörg númer fá á sig vörugjald, nema búðingsduft. Þetta leiðir náttúrlega hugann að hver í rauninni stefnan er á bak við frv. Hvernig er valið úr? Hvaða vara skal fá vörugjald og hver ekki? Ég hef hingað til staðið í þeirri meiningu að ávaxtagrautar væru eitthvað það sætasta sem menn setja upp í sig. Engu að síður er í 21. kafla tollnúmer 9033, ávaxtasúpur og grautar, sem ber ekki vörugjald. Eðlilegt er að menn velti fyrir sér hvernig vinnubrögð hafi verið viðhöfð, hvort hér hafi bara hreinlega verið kastað upp á það hvaða númer fengi vörugjald á sig og hvaða númer fengi það ekki.

Þá er mjög athyglisvert að í allri sykurskattsstefnunni og hollustustefnunni, manneldisstefnunni, og því sem nú er kallað sykurskattur á að setja vörugjald á sælgæti sem hvorki inniheldur sykur né kakó. Þetta hljómar mjög ankannalega, að sælgæti sem ekki inniheldur sykur skuli fá þetta vörugjald á sig. Maður hefði ætlað að það væri nær að sleppa því þá í gegn af manneldissjónarmiðum, af hollustusjónarmiðum, að reyna þá að stýra neyslunni yfir í sykurlaust sælgæti, en það er öðru nær. Ég óska náttúrlega eftir því að fá skýringar á því hvers vegna þetta er og hvaða stefna felst í því að setja vörugjald á sykurlaust sælgæti, hvort það hefur eitthvað með hollustu að gera eða ekki og hvort það kemur inn á t.d. sykursjúka. Ölkelduvatn, af hverju setja þeir vörugjald þar? Maður getur skilið þetta með bjórinn, að sett sé vörugjald á hann, enda á það að vera ein megintekjulind ríkisins í næstu framtíð. Hér er númer eins og edik. Á bak við öll þessi númer hlýtur

að liggja einhver ástæða, einhver stefna. Nær hefði verið að setja vörugjald á tóbak, t.d. neftóbak, kaffi og aðrar slíkar vörur. Þá sæi maður einhverja hollustustefnu í frv.

Eins og ég hef sagt fékk nefndin engan tíma til að fara yfir þetta, þannig að það verður að fara einhver tími af þingtímanum úr ræðustól í að fletta þessu aðeins í gegn. Stefna sú sem hæstv. ríkisstjórn markar hér í þessu frv. m.a. er sú að leggja vörugjald á vörur í 30. kafla sem er kafli undir nafninu Vörur til lækninga. Þar er liður 3003.9004 sem ber þetta enska orð „medicated sweets". Það er afskaplega hæpin stefna sem þar er tekin, að fara að setja vörugjald á þann kafla. Þarna er nú aðallega, að ég hygg, um að ræða hóstatöflur og annað slíkt. Í kafla 3307.9002 er sett vörugjald á lið sem heitir pappír, vatt, flóki, vefleysur, gegndreypt, húðað eða hjúpað með ilmefni eða snyrtiefnum. Ef maður flettir blaðsíðunni er nákvæmlega sama upptalning, pappír, vatt, flóki, vefleysur, gegndreypt, húðað, hjúpað sápu eða þvottaefni, vörugjaldslaust. Það er ekkert samræmi í þessu. Þetta er nákvæmlega sami hluturinn nema að því leyti til að í vörugjaldstilfellinu er bætt í snyrtiefnum en í síðara tilfellinu, sem fær ekki vörugjald, þvottaefnum. Ég sæi tollverðina fyrir mér þegar þeir ættu að fara að greiða úr þessu.

Kafla 7313.0000 merki ég sérstaklega við fyrir Framsfl., þar sem nú hyggjast þeir setja vörugjald á gaddavír, girðingarefni, netagerðarefni og annað slíkt sem á virkilega að aðstoða bændurna í þeirra hörðu baráttu, gaddavír úr járni eða stáli, snúin bönd eða einfaldur flatur vír o.s.frv. (Gripið fram í.) Það er ákveðin stefna sem felst í því, hv. þm. Ég held að við ættum ekki að ræða hana mjög út í hörgul núna.

Hér er 90. kafli sem er ansi stór og mikill kafli. Þar er tollnúmer 9007, eina númerið í öllum kaflanum sem lagt er á vörugjald og enn á ný er kallað eftir skýringum. Hvers vegna þetta eina númer? Þarna er um kvikmyndavélar og kvikmyndasýningarvélar að ræða. Ég skal viðurkenna að þetta gæti verið til samræmis við vörugjald á vídeóvélar en þó skal ég ekki segja. Mér finnst hæpið að samræma það á þann hátt.

Herra forseti. Það er náttúrlega hægt að lesa þessa tollskrá fram og til baka en hv. nefnd fékk engan tíma til að gera slíkt og hafði í reynd engan áhuga á að gera slíkt og er það miður að svo hafi farið. En stefna er engin í frv. Hún er mjög handahófskennd. Og að voga sér að tengja þetta manneldis- eða hollustusjónarmiðum er gjörsamlega út í hött.

Þær breytingar sem hafa orðið í þá veru að hafa að meginstofni bara eitt vörugjald, 9%, eru þó vissulega til bóta þó að sykurskatturinn komi þar í ofanálag á mörg númer, og virðist þá hinni margfrægu einfeldni, sem átti að komast á í tollmeðferð, vera kastað fyrir róða því að þar á að leggja á 9% jöfnunargjald, 16% sértækt gjald hygg ég að það eigi að kallast þó að það hafi ekki, held ég, komið neins staðar fram, og síðan 25% heildsöluálag ofan á það. Ég held að þar með sé einfeldnin fokin út í veður og vind.

Á fund nefndarinnar komu fjölmargir aðilar til umsagnar og eins og ég hef fyrr getið eru flestar þeirra nánast ógildar vegna þeirra gríðarlegu breytinga sem orðið hafa á frv., en ég vil þó fá að fara lítillega yfir einhvern hluta af þeim. Áður en ég geri það vil ég fá að minna á það að bæði í umræðunum um þetta mál á síðasta þingi og eins í 1. umr. hér, já, og einnig í umræðum uppi í ráðuneyti í þeim frægu samstarfsumræðum sem þar fóru fram um þetta frv., gat ég um ákveðið ósamræmi sem væri í tollskránni og benti á að ýmsir varahlutir, sem eru nákvæmlega eins og geta verið notaðir hver í sitt tækið, fá annaðhvort vörugjald eða ekki vörugjald. Til skýringar get ég nefnt tollskrárnúmer 8450.9000, sem eru varahlutir í þvottavélar. Samræmið í að hafa vörugjald á þessum lið er lítið þar sem ekkert vörugjald er á varahlutum t.d. í uppþvottavélar undir kafla 8422.9000, eða þurrkara 8451.9000 og fleiri og fleiri númer þar sem um nákvæmlega sömu hluti er að ræða. Sama má segja um fleiri tæki, ryksugur og hrærivélar og önnur sem ég hirði ekki um að tína upp hér. Það er búið að benda á þetta í tvígang en það fæst ekki lagað. Þegar tollverðir komu á fund nefndarinnar spurði ég þá einmitt um þetta atriði og þeir tóku alveg undir það að hér væri ógjörningur að greina á milli, og nánast, að mínu mati, lagt í hendur innflytjanda hvort hann merkir ekki vöruna vitlaust hreinlega til að komast hjá því að greiða vörugjald.

Manneldisstefnan og hollustustefnan í frv. kemur m.a. fram í því að tannburstar eru að ég hygg vörugjaldslausir, en þegar kemur að því að hugsa um sjúka og aldraða og þá sem þurfa á rafmagnstannburstum að halda sem fer nú mjög í vöxt er að sjálfsögðu skellt á vörugjaldi. Þá er náttúrlega athyglisvert að orðið heimili og heimilistæki eða byggingarefni eða byggingarvörur virðist vera það sem dugar til þess að vörugjald sé sett á. Á síðasta þingi fengust að verulegu leyti felld niður gjöld á smyglnæmar vörur. Það er tekið upp aftur nú. Má þar nefna tollnúmer eins og 8519.2100, 2900, og nú ætla ég ekkert að nefna vöruna enda tel ég að þingmenn hafi farið það vel í gegnum frv. að þeir átti sig algjörlega á því hvað býr á bak við hvert númer, enda hygg ég að krafa sé gerð til þess að þingmenn fari yfir öll þingskjöl.

Við þá brtt. sem meiri hl. lagði fram hef ég ásamt hv. þm. Geir H. Haarde og hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur flutt brtt. um að í ákvæði til bráðabirgða V komi ártalið 1990 í stað 1991. Hér er um endurskoðunarákvæði að ræða á þessu frv. sem ég tel nauðsynlegt að fá inn einfaldlega vegna þess að það á eftir að koma í ljós að svo miklir hnökrar eru á frv. að ekki veitir af því að endurskoða það sem allra fyrst. Þar af leiðandi er sá tími sem gert er ráð fyrir í frv. of langur.

Eins og ég sagði áðan komu tollverðir á fund nefndarinnar og gerðu athugasemdir við frv., þó

ekki efnislegar því þeir eins og aðrir höfðu ekki fengið tækifæri til að skoða það, en þeir sáu samt í hendi sér að þar væri ýmislegt sem betur mætti fara. Ég bað þá formann nefndarinnar og tollverði um að gefa okkur skriflega álitsgerð um málið og hvað mætti betur fara. Í þetta var ágætlega tekið en málinu var ekki sinnt frekar og gerði ég athugasemdir þar við.

Sama má segja um þá kröfu að fá lögfræðilega álitsgerð á því hvernig slík álagning vörugjalds kæmi heim og saman við þau ákvæði brbl. er taka á verðstöðvun. Þessu var einnig lofað af formanni nefndarinnar. Það loforð var hins vegar ekki efnt en þingmönnum minni hl. var bent á að þeir gætu og ættu að taka orð eins nefndarmanns trúanleg, sem hafði víst í síma átt eitthvert ágætis samtal við hv. Sigurð Líndal.

Herra forseti. Ég innti fjmrh. eftir allmörgu hér í 1. umr. en hann svaraði fáu og ég hyggst nú spyrja hann aftur. Ég las upp úr viðtali sem haft var við ráðherra í einu dagblaðanna þar sem hann segir m.a.: „Fjmrh. var spurður hvort Alþb. væri ekki andsnúið matarskattinum. „Það er alveg rétt að við alþýðubandalagsmenn töldum matarskattinn ekki gott skattform," svaraði ráðherra. „Við stefndum að því einnig að lækka verð á nauðsynlegum matvælum og nota frekar tekjuöflunina til þess. Hins vegar féllumst við á það, þegar þessi stjórn var mynduð, að matarskatturinn héldi gildi sínu í eitt ár og peningarnir væru frekar notaðir til að greiða niður verð á nauðsynlegum matvælum"." Ég spurði hæstv. ráðherra við 1. umr. hvað þetta þýddi. Þýðir þetta að matarskatturinn verði felldur niður eftir eitt ár? Eða þýðir þetta það að ráðherrann er að boða tvö þrep í virðisaukaskattskerfinu? Ég tel það afar brýnt að ráðherrann svari þessari spurningu.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að gera kröfu til þess að ráðherra sitji undir þessum umræðum en vil engu að síður fá að spyrja hann að þessu aftur. Því spyr ég hæstv. forseta hvort ekki séu tök á að fá ráðherrann í salinn. (**Forseti:** Það verður athugað hvort ekki eru tök á því.)

Á meðan verið er að leita að hæstv. ráðherra mun ég halda áfram ræðu minni. Sá hringlandaháttur sem hefur átt sér stað með þetta vörugjald hefur komið sér illa við margan manninn úti í þjóðfélaginu. Sú hækkun á vöruverði sem frv. í upprunalegri mynd sinni boðaði varð til þess að fólk flýtti sér út á markaðinn og keypti þá hluti sem það bjóst við að mundu hækka. Nú hefur þetta snúist upp í öndverðu sína og lít ég m.a. til ákveðins þingmanns sem lenti í þessari gildru stjórnarinnar og hljóp til og keypti sér heimilistæki, taldi sig spara vænlegan pening, en þegar upp var staðið tapaði hann ekki aðeins þeim hagnaði sem hann taldi sig hafa heldur einnig þeirri lækkun sem nú mun koma með þessum brtt.

Þessu til staðfestingar vil ég fá að lesa hér brot úr grein er birtist í DV í gær, þriðjudaginn 20. des. Þar er viðtal við sölustjóra hjá Heimilistækjum hf. undir fyrirsögninni: Fólk hamstraði heimilistæki vegna boðaðrar hækkunar á vörugjaldi — tapar nú peningum þar sem vörugjaldið lækkar. Í stað 5,3% hækkunar kemur 3,5% lækkun. Þessu lýsir sölustjórinn á eftirfarandi hátt, með leyfi forseta: „Að sögn Williams Gunnarssonar, sölustjóra hjá Heimilistækjum, varð töluverð söluaukning á heimilistækjum fyrstu dagana eftir að Ólafur Ragnar lagði fram frv. um hækkun vörugjalds á þessi tæki. Þá vildu margir spara sér fjármuni með því að kaupa þessi tæki áður en þau hækkuðu um 5,3%. Samkvæmt nýjum tillögum Ólafs hefur þetta fólk ekki sparað neitt. Þess í stað hefði það sparað 3,5% ef það hefði geymt kaupin fram yfir samþykkt hins nýja frv."

Hér kemur hringlandaháttur ríkisstjórnarinnar berlega í ljós. Fólk á náttúrlega að læra af reynslunni og taka þessa ágætu herra með varúð. Úr því að hæstv. ráðherra er kominn í salinn ætla ég fá að endurtaka þá spurningu sem ég var með til hans hér áðan og þarf í því sambandi að lesa aftur upp úr þeirri grein sem ég vitnaði til: „Fjmrh. var spurður hvort Alþb. væri ekki andsnúið matarskattinum. „Það er alveg rétt að við alþýðubandalagsmenn töldum matarskattinn ekki gott skattform," svaraði ráðherra. „Við stefndum að því einnig að lækka verð á nauðsynlegum matvælum og nota frekar tekjuöflunina til þess. Hins vegar féllumst við á það, þegar þessi stjórn var mynduð, að matarskatturinn héldi gildi sínu í eitt ár og peningarnir væru frekar notaðir til að greiða niður verð á nauðsynlegum matvælum"."

Hæstv. ráðherra. Ég spurði við 1. umr. hvað þetta þýddi. Er ráðherrann að boða það að matarskatturinn verði felldur niður eftir eitt ár eða er hann að boða tvö skattþrep í virðisaukaskattskerfinu?

Hæstv. forseti. Ég óska eftir því að ráðherrann svari þessari spurningu. Ég tel að þjóðin eigi heimtingu á að vita það hvort fjmrh. meinar það sem hér segir, að matarskatturinn eigi aðeins að gilda í eitt ár. Þó að virðisaukaskattskerfið komist á seint og um síðir er matarskatturinn enn þá inni í því. Ég tel að hann sé annaðhvort að boða niðurfellingu matarskattsins sem slíks eða tvö skattþrep í virðisaukaskattskerfinu með allverulega lægra skattþrepi fyrir þá matvöru sem þessi skattur féll á.

Þá spurði ég einnig um fjölgun greiðenda með tilkomu frv. Því var skilmerkilega svarað að greiðendum mundi fjölga úr 50 í 300–350. Nú er stofninn hins vegar breikkaður allverulega og því spyr ég aftur: Hvað verða greiðendurnir margir í þetta sinn? Ég hygg að þeim hafi fjölgað allverulega við þetta. Í upphaflega frv. var um að ræða um 290 ný tollnúmer. Nú sýnist mér þau sennilega vera komin langleiðina í 1000.

Þá er rétt að það komi fram að hæsta gjald sem greitt er í tolli í dag er vörugjaldið með sykurskattinum. Um það bil 31,2% er hæsta gjald sem lagt er á í tolli og það heitir vörugjald. Þetta eru svik, fölsun eða plat, hvað sem á að kalla þetta, því þetta er hreinræktaður tollur og ekkert annað. Ég hygg að menn verði að fara varlega gagnvart Efnahags-

bandalaginu og þeim fríverslunarsamningi sem við höfum skrifað undir. Ég hygg að hér séum við á þunnum ís.

Þá sýnist mér stefnan í tollskránni vera orðin sú að ef menn nenna að flytja inn heilu tækin sem varahluti og dunda við að setja þau saman heima þá fái þeir þau töluvert mikið ódýrari fyrir bragðið.

Hér er ég með í hendi mér það sem nefndin hafði úr að moða. Þetta eru brtt. sem nefndin vann úr. Hér var ákveðinn þingflokksformaður að gagnrýna vinnubrögð um daginn. Ég hefði gaman af því að heyra álit manna á slíkum vinnubrögðum. Af þessu áttum við að dæma vörugjaldsfrv. Ekki eitt einasta tollnúmer hér og forsendurnar hérna standast meira að segja ekki lengur á, 10% alls staðar. Ef svona vinnubrögð eru ekki nefndum og þinginu til skammar þá veit ég ekki hvað. (Gripið fram í.) Já, það má vel vera, en þetta eru akkúrat vinnubrögðin sem ég er að gagnrýna, hæstv. forsrh.

Þá var harkalega gagnrýnt í nefndinni að innlenda framleiðslan fær strax á sig vörugjaldið en ekki innflutningurinn. Ég veit að hér er um erfitt mál að ræða en engu að síður teldi ég rétt að þetta yrði skoðað og þá sérstaklega með það fyrir augum að gefa frekari aðlögunartíma þannig að gildistíminn verði ekki nú þegar eins og gert er ráð fyrir. Innlenda framleiðslan þarf tvo til þrjá mánuði til að búa sig undir þessa auknu skattlagningu.

Það kom m.a. fram í nefndinni að fyrir venjulegan húsbyggjanda þýðir þessi hækkun á vörugjaldi 200 þús. kr. á íbúð. Ég hygg að þetta samræmist ekki þeim ágæta málefnasamningi sem ríkisstjórnin stendur að.

Þá er náttúrlega þetta með verðstöðvunina. Það er ein sorgarsaga út af fyrir sig. Hér gildir verðstöðvun fyrir alla nema ríkisstjórnina. Hér má ekkert hækka nema það sem ríkisstjórnin sjálf tekur upp. Í mínum huga er þessi verðlagning sem nú er verið að setja á vöruna algjört siðleysi, og þetta er ekkert annað en verðlagning því þetta fer beint út í verðlagið og hækkar vöruna. Að ríkisstjórnin skuli þannig varða veginn í þessum efnum. Hún þverbrýtur allar þær reglur sem hún setur sjálfri sér. Hvernig ætlast hún til þess að þegnarnir hagi sér? Auðvitað er þetta bara hvati fyrir þá til að hækka vöruverð þegar á þarf að halda. Verslunin er að kikna undan aðgerðum ríkisstjórnarinnar með auknum skattaálögum. Auðvitað velta þeir þessu bara út í verðlagið. Það er einhvers staðar sagt að eftir höfðinu dansi limirnir. Nei, hér er aftur verið að ýta verslun út í hina títt nefndu Glasgow. Glasgow-verslun á eftir að aukast verulega, við eigum eftir að sjá það.

Á síðasta ári voru tollar og vörugjöld lækkuð til að lina þjáningarnar sem fólkið varð fyrir af völdum matarskatts. Því er þessi aukna skattlagning ekkert annað en svik við neytendur, hrein og klár svik. Ég spurði líka ráðherrann, úr því ég sé hann þarna í dyrunum, af hverju væri ekki tekin upp hér fobtollun, hver ástæðan er fyrir því að leggja tolla á flutningsgjöld, tryggingar, pökkun, innanlandsfrakt og annað úti í heimi. Ég minnist þess ekki að hafa fengið svar við því. Auðvitað er þetta ekkert annað en jólagjöf ríkisstjórnarinnar til þjóðarinnar. Það er bara verst að stjórnarandstaðan hefur tafið þetta mál á einhvern hátt, eftir því sem þeir segja, þannig að þeir ná ekki alveg að kreista hinn almenna mann eins og þeir hefðu helst viljað.

Samkvæmt samningum við fríverslunarsamtökin, EFTA, eiga engir tollar að vera hér í gildi. Samkvæmt þeim samningum áttu þeir allir að vera úr gildi fallnir árið 1980. Ég tel að þann samning þurfi að endurskoða. Ég er ansi hræddur um að við séum víða að brjóta hann.

Hæstv. forseti. Ég ætla kannski að fá að renna stuttlega yfir þær umsagnir sem komu til nefndarinnar. Árni Reynisson frá Félagi ísl. stórkaupmanna viðhafði þau orð, eins og ég hafði hérna rétt áðan, að það væru svik við neytendur í tengslum við matarskattinn sem lagður var á á síðasta þingi. Hann tók undir það að þetta mundi örva Glasgow-verslun og kaupmenn í Glasgow yrðu fjmrh. ævinlega þakklátir. Hann taldi þetta verðbólguhvetjandi og verðbólguvaldandi og er hægt að taka undir þetta allt.

Vilhjálmur Egilsson hjá Verslunarráði tók mjög í sama streng. Hann gagnrýndi mjög að nú ætti að hækka byggingarvöru á sama tíma og rætt er um að hjálpa eigi húsbyggjendum. Hann kallaði þetta sérstakt átak til að koma landsbyggðarverslun fyrir kattarnef. Ég get ekki annað en tekið undir þessi orð enda hefur þetta átak birst víðar en bara í vörugjaldsfrv., það birtist t.d. í 100% hækkun skattlagningar á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, eignarskatti og víðar. Auðvitað er þetta ekki annað en tæki til að viðhalda vitlausu gengi.

Innlendir framleiðendur hafa mjög kvartað undan þessu frv. sem hér er lagt fram og héldu m.a. stóran fund að ég hygg í Háskólabíói. Ég ætla að fá að lesa upp, með leyfi forseta, það sem Morgunblaðið hafði um þetta að segja föstudaginn 16. des. undir fyrirsögninni „Sérstöku vörugjaldi af gosi og sælgæti mótmælt" og með undirfyrirsögninni „Beinist gegn nokkrum framleiðslufyrirtækjum og starfsfólki þeirra, sagði Kristinn Björnsson, forstjóri Nóa-Siríusar, á fundi starfsfólks fyrirtækjanna."

„Þessu sérstaka vörugjaldi sem nú er fyrirhugað að leggja á, og nemi 25%, er fyrst og fremst stefnt gegn nokkrum einstökum íslenskum framleiðslufyrirtækjum og starfsfólki sem vinnur í þeim. Þannig mælti Kristinn Björnsson, forstjóri Nóa-Siríusar, á sameiginlegum fundi starfsfólks og fyrirtækja í sælgætis-, drykkjarvöru- og kexiðnaði er haldinn var í Bíóborginni í gær. Um 600 starfsmenn fyrirtækjanna sóttu fundinn. Samþykkt var áskorun á alþingismenn um að þeir felli frv. um þetta sérstaka vörugjald. Kristinn sagði engin rök vera færð fyrir þessu vörugjaldi nema að sykurmagn í þessum vörum væri mikið og því væru þær óhollar. Hann spurði hvers vegna ekki ætti að leggja hann þá á allan sykur og allar sætar vörur, eins og kökur, brauð, jógúrt og kókómjólk.

Guðmundur Þ Jónsson, formaður Iðju, var fundarstjóri. Í ávarpi í fundarbyrjun lýsti hann áhyggjum af atvinnuástandinu. Hann sagði að fyrr á árinu hefðu að jafnaði verið fimm til átta manns á atvinnuleysisskrá hjá Iðju. Það hefði verið fólk sem ekki var lengi í senn á skránni. Nú væru tugir manna á atvinnuleysisskrá og fleiri tugir sem ynnu á uppsagnarfresti.

Kristinn Björnsson flutti framsögu og sagði stjórnmálamenn gera upp á milli atvinnugreina. Þannig er það óumdeilanlega fínast að vinna við landbúnað og sjávarútveg en mun síðra að vinna við iðnað, sagði Kristinn. Hann sagði engin rök vera færð fyrir því að leggja hið sérstaka vörugjald á en nefnt væri að vörurnar væru óhollar einkum vegna mikils sykurs í þeim. Hann nefndi aðrar framleiðslugreinar sem nota umtalsverðan sykur í vörur sínar. Ég nefni sem dæmi bakarí og bakaríisvörur. Mörg þessara bakaría eru í dag hinar glæsilegustu verksmiðjur og framleiða lostætar kökur og sælgæti. Takið eftir því, sælgæti. Enda auglýsa fyrirtækin það hispurslaust að þau bjóði til sölu sælgæti. Allt er þetta án vörugjalda. Mjólkurvörur ýmiss konar. Gera menn sér grein fyrir hvað mikið er af sykri í kókómjólk eða jógúrtdós? Ótrúlega mikill, allt án vörugjalda. Kannski eru sumar slíkar vörur niðurgreiddar, hver veit. Kristinn sagði að vörugjaldið muni hækka vöruverðið um 11–12% ef það verður lagt á og að þá verði íslensk framleiðsla ekki lengur samkeppnishæf við innfluttar vörur og það geti ekki þýtt annað en samdrátt í rekstri framleiðslufyrirtækja.

Lýður Friðjónsson, framkvæmdastjóri Vífilfells hf., rakti í ræðu sinni fyrri samdráttartímabil í þessum framleiðslugreinum. Hann sagði þau hafa ýmist verið af utanaðkomandi orsökum, þ.e. af almennum samdrætti í þjóðfélaginu, eða vegna sérstakra gjalda á framleiðsluvörurnar. Hann nefndi dæmi frá 1981 þegar sérstakt vörugjald var lagt á þessar vörur. Þá hafði orðið mikill samdráttur og fjöldi fólks misst vinnu sína af þeim sökum. Það eru sjö til átta hundruð manns sem eiga lífsafkomu sína undir þessum iðngreinum. Hann sagði ríkisvaldið nú þegar taka til sín á milli 30 og 40% af söluverði varanna og væri ekki á bætandi. Hann sagði að hækkun vörugjaldsins hefði einnig víðtækari áhrif, þar á meðal á almennt verðlag og vísitölur. T.d. mundi 2 millj. kr. húsnæðislán hækka um 30.000 kr. vegna þessa gjalds eins. Hann hvatti að lokum fundarmenn til að samþykkja kröftug mótmæli við fyrirhuguðu vörugjaldi.

Í fundarlok var samþykkt áskorun til alþingismanna og kvenna frá starfsfólki þeirra 14 fyrirtækja sem hlut eiga að máli um að fella frv. um vörugjaldið. Þar segir m.a.: Samkvæmt A-hluta þessa frv. [og nú er vitnað til upphaflegs frv.] skal greiða 25% vörugjald af framleiðsluvörum ofangreindra fyrirtækja í stað 14% áður. Þetta frv. er sett fram án rökstuðnings. Þó virðist liggja ljóst fyrir að helsta von fjmrh. til að fá þennan hluta frv. samþykktan sé að það verði gert vegna hollustu- og manneldissjónarmiða. Fundurinn vísar þeim sjónarmiðum á bug og lýsir yfir furðu sinni á slíkri skinhelgi. Ofangreindar iðngreinar nota nú aðeins 25–30% af innfluttum sykri. Eru þá ótaldir fjölmargir vöruflokkar sem fluttir eru til landsins með miklu sykurinnihaldi án þess að vörugjald sé á þá lagt. Þá er minnt á að mismunun milli fyrirtækja felist í frv. og störfum sjö til átta manna sé stefnt í hættu. Ljóst er að verði frv. þetta að lögum er atvinnu þessa fólks stefnt í verulega hættu."

Herra forseti. Það þarf varla að hafa fleiri orð um þetta. Þessi varnaðarorð eiga fullan rétt á sér í þingsölum.

Auðvitað er hér um verulega óréttlátan skatt að ræða sem kemur misjafnlega niður á hinum ýmsu atvinnugreinum eins og komið hefur verið inn á og marglýst. Á sama tíma og samdráttur er á flestum sviðum atvinnulífsins ætlar ríkisstjórnin að auka álögur á fyrirtæki í landinu. Allir eiga að herða sultarólarnar, svo notað sé víðfrægt orð, nema ríkisstjórnin sjálf. Laun verða fryst, verðstöðvun, skattar hækkaðir, allar álögur hækkaðar, allir eiga að draga saman nema ríkisvaldið sjálft.

Hæstv. forseti. Ég ætla að fá að vitna til álitsgerðar sem Félag ísl. stórkaupmanna sendi frá sér um þetta mál og undirrituð er af Árna Reynissyni. Hún er skrifuð í Reykjavík 13. des. 1988 og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Félag ísl. stórkaupmanna hefur samkvæmt beiðni yðar [þ.e. formanns hv. fjh.- og viðskn. Nd., Páls Péturssonar] í bréfi dags. 7. des. tekið saman álitsgerð vegna frv. til laga um breytingu á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, 162. mál, og eru fulltrúar félagsins reiðubúnir að koma á fund nefndarinnar til nánari viðræðna um eftirfarandi sjónarmið félagsins:

Fyrir réttu ári síðan, haustið 1987, fór fram mikil og ítarleg umræða um skattkerfið íslenska, ekki síst skattheimtu ríkisins af vörum og þjónustu. Í því sambandi var rætt um nauðsyn þess að aðlaga nú aðstæður íslenskra atvinnuvega þeim sem tíðkast í viðskipta- og samkeppnislöndum okkar með tilliti til aðildar Íslands að EFTA og samninga við Evrópubandalagið núverandi og væntanlegra. Aðlögun að hinum nýja Evrópumarkaði er eitt mesta stórmál sem nú er við að glíma í íslenskri efnahagspólitík og árangur á því sviði verður, að mati félagsins, að setja langt ofar tímabundnum erfiðleikum í greiðslustöðu ríkissjóðs Íslands.

Til þess að ná framangreindum markmiðum náðist í fyrrahaust samstaða eða a.m.k. skilningur á því að eftirfarandi höfuðbreytingar væru óhjákvæmilegur liður í aðlögun og breyttum aðstæðum í Evrópu og víðar. Virðisaukaskattur verði tekinn upp í stað söluskatts. Innflutningstollar og vörugjöld hverfi sem helsti tekjustofn ríkisins en virðisaukaskattur taki við sem aðaltekjustofn þess af vörusölu og þjónustu og verði ásamt tekjusköttum annar burðarásinn í fjáröflun ríkisins. Í þessu sambandi

voru samþykktar þrennar lagabreytingar:

1. Samþykkt var að taka upp virðisaukaskatt þann 1. júlí 1989 og leggja niður söluskatt á sama tíma.

2. Söluskattsstofn var breikkaður og er nú tekinn af allri almennri vöru og þjónustu.

3. Samþykkt voru ný lög um tollskrá sem tóku gildi þann 1. jan. 1988 og voru þar felld niður aðflutningsgjöld á aðföng atvinnuvega og tollar á almennar vörur ýmist stórlækkaðir eða felldir burt.

4. Vörugjald var að mestu afnumið og var um það rætt að leifar þess féllu endanlega burt við upptöku virðisaukaskatts, enda fellur skatturinn illa að framkvæmd virðisaukaskatts.

5. Þá var lántökugjald lagt á til bráðabirgða en á að falla niður um þessi áramót samkvæmt gildandi lögum.

Frekari skref í framhaldi af afnámi þessara skatta töldust eðlilega þau að smám saman verði afnumdir allir skattar sem mismuna atvinnugreinum þjóðarinnar innbyrðis og veikja samkeppnisstöðu þeirra út á við. Hér er m.a. átt við skatt á atvinnuhúsnæði, mishá aðstöðugjöld og launaskatt á nokkrar atvinnugreinar, þ.e. gjöld sem eru dæmd til að hverfa ef íslensk stjórnvöld sjá nauðsyn á að aðlaga sig hugmyndum Evrópubandalagsins um samskipti ríkis og atvinnulífs.

Höfuðtilgangurinn með þeim skattkerfisbreytingum sem hófust á síðasta ári er samkvæmt framansögðu að styrkja og jafna samkeppnishæfni atvinnugreina við nýjar og breyttar aðstæður í milliríkjaviðskiptum. Það frv. til laga um vörugjald sem hér liggur fyrir og felur í sér nýja og stóraukna skattheimtu af vörum gengur hins vegar í þveröfuga átt. Óljóst er af frv. hvað ríkissjóður gerir ráð fyrir miklum tekjum af þessum skattstofni. Þó er ljóst að frv., ef að lögum verður, mun leiða til umtalsverðrar hækkunar á þýðingarmiklum vöruflokkum sem mjög getur orkað tvímælis á viðsjárverðum tímum eins og nú. Vísitala framfærslukostnaðar mun hækka svo og vísitala byggingarkostnaðar, þar með einnig lánskjaravísitala. Bein afleiðing er verðbólga sem mun m.a. torvelda mjög skynsamlega kjarasamninga á næsta ári. Vegna almenns samdráttar í þjóðfélaginu og minnkandi kaupgetu almennings og atvinnuveganna má búast við að stórfelld hækkun á vöruverði, eins og hér er gert ráð fyrir, muni ekki leiða til tilætlaðrar tekjuaukningar heldur geti eftirspurn eftir hinum skattlögðu vörum minnkað eins og rýrar tekjur af vörugjaldi á þessu ári benda til.

Samkeppnisstaða íslenskrar verslunar gagnvart erlendri skerðist enn við auknar álögur á svokallaðar ferðamannavörur. Þetta mun væntanlega lýsa sér í auknum innkaupaferðum til Glasgow og annarra ódýrra verslunarstaða í grannlöndum okkar þar sem álögur ríkisins eru hóflegar og virðisaukaskattur endurgreiddur við brottför. Á þessu ári hafa menn kynnst einföldun og skilvirkni í skattkerfum og ríkulegri hagræðingu sem af því leiðir. Með þremur skattstigum sem voru ráðgerð í vörugjaldsfrv. er snúið af þeirri leið og haldið inn í frumskóginn aftur. Telji einhver að hollustusjónarmið ráði ferðinni þegar fyrirhugaður er skattur á sælgæti, öl og gosdrykki, þá er það skoðun Félags ísl. stórkaupmanna að betur þurfi að vanda til slíkrar löggjafar en hér er gert. Vörugjaldið leggst aðeins á hluta sykurneyslunnar og hollustustefna í skattlagningu og verðlagningu þarf að sjálfsögðu að taka til fleiri vara en sykurs. Nægir að benda á að hollustuvörur eins og grænmeti eru hér seldar á margföldu því verði sem algengt er á erlendum mörkuðum vegna verndarstefnu sem haldið er uppi með viðskiptahömlum og réttnefndum ójafnaðargjöldum.

Skattabyltingin sem ríkisstjórn þriggja flokka hratt í framkvæmd á síðasta þingi var mikið framfaraspor. Félag ísl. stórkaupmanna skorar á Alþingi að hvika hvergi af áður markaðri braut, fella fyrirliggjandi frv. um vörugjald en ljúka þess í stað afnámi vörugjalds og skatta er mismuna atvinnugreinum fyrir upptöku virðisaukaskatts."

Hæstv. forseti. Á síðasta þingi er hæstv. þáv. fjmrh. Jón Baldvin Hannibalsson talaði fyrir þessum breytingum notaði hann gjarnan orðið „kjarkur" við hvert tækifæri og taldi sig væntanlega mann að meiri. Mér datt í hug staka sem við þingmenn fengum í blaði sem fyllilega á rétt á sér hér inni á þingi og ber heitið Geðhjálp. Þar á bls. 17 er vísa sem vel getur átt við og er eftirfarandi:

Við skulum ekki víla hót,
það varla léttir trega.
Það er þó alltaf búningsbót
að bera sig karlmannlega.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Hv. 17. þm. Reykv. Geir H. Haarde gerði að umræðuefni hvort þinglega væri staðið að meðferð þess frv. um vörugjald sem hér er til umræðu þar eð því hefði verið breytt mjög mikið í fjh.- og viðskn. Í þessu sambandi vitnaði hann í ritið Stjórnskipun Íslands eftir Ólaf Jóhannesson varðandi það að ef um gerbreytingartilvik væri að ræða þyrfti þrjár umræður í deildinni um frv. Óskaði 17. þm. Reykv. úrskurðar forseta um málið.

Fyrst skal bent á að skv. 24. gr. þingskapa segir:

„Ef seinni deild breytir frumvarpi í stóru eða smáu frá því sem það var afgreitt í fyrri deild skal senda það til hinnar deildarinnar og fer það þá til einnar umræðu í þeirri deild."

Ég vek athygli á orðunum „í stóru eða smáu" sem þó þýðir einungis einnar umræðu umfjöllun.

Í annan stað hafa fyrirspurnir forseta leitt í ljós að mörg fordæmi eru fyrir mjög verulegum breytingum á frumvörpum, jafnvel í seinni deild, án þess að þær hafi verið taldar gerbreytingartilvik. Að þessu sögðu skal vitnað til bókar Ólafs Jóhannessonar, Stjórnskipun Íslands, um þetta efni. Þar segir:

„Gerbreytingar á frumvarpi á síðari stigum meðferðar þess verður að telja óheimilar. Ef slík gerbreyting er leyfð verður hinum áskilda umræðufjölda ekki náð. Þessa hefur ekki ætíð verið gætt sem

skyldi. Slíkum gerbreytingartillögum sýnist forseti eiga að vísa frá og ætíð verður að gæta þess að breytingartillögur, hversu lítilfjörlegar sem eru, séu samþykktar í báðum deildum eða sameinuðu þingi."

Forseti vekur athygli á því að lögð er áhersla á að breytingartillögur séu samþykktar í báðum deildum. Því mun verða fullnægt í þessu tilviki. Í annan stað er talað um „síðari stig meðferðar". Um það mál, sem hér er til umfjöllunar, er það að segja að nú liggja fyrir deildinni breytingartillögur á fyrsta mögulega breytingarstigi frumvarpsins, þ.e. við 2. umr., og því getur ekki átt við að hér sé um „síðari stig meðferðar" að ræða. Með tilvísun í þetta er úrskurður forseta sá að fullnægt sé skilyrðum um þinglega meðferð þessa frumvarps.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Ég tel rétt að kveðja mér hljóðs út af þeirri fyrirspurn sem ég beindi til forseta hér í deildinni fyrir stundu. Eflaust má halda því fram að ég hefði átt að bera fram fyrirspurnina undir þingskapaforminu en ég vil nú eingöngu nota tækifærið og þakka forseta fyrir að hafa grennslast fyrir um þetta mál.

Ég taldi annað óviðunandi í máli þessu en að grafist yrði fyrir um hvort hugsanlega væri verið að fara á svig við þingskapalögin eða ekki. Þar kunna að vera ákveðnar hættur varðandi fordæmi síðar meir. Forseti upplýsir hins vegar að fordæmi þessa efnis séu þegar fengin og það mörg. Ég ætla ekki að gera neinn ágreining við hans úrskurð í þessu tilviki en ég vil undirstrika það sem hann las upp úr *Stjórnskipan Íslands*, og ég sömuleiðis, um að eflaust hafi þessum ákvæðum þingskapalaga ekki verið fylgt nægilega vel eftir og eflaust má það vera þingdeildarmönnum öllum til eftirbreytni framvegis.

Ég vil sem sagt eingöngu þakka forseta fyrir að verða við þessari bón minni og kanna þetta mál og úrskurði hans mun ég að sjálfsögðu hlíta.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 306,1–2 samþ. með 22 shlj. atkv.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Forseta leyfist kannski að taka fram að nauðsyn þess að greiða atkvæði um 1. gr. svo breytta byggist einungis á því að í brtt. er ekki tekið fram við hvaða grein laganna sé átt, þannig að einu orðin, sem menn eru í rauninni að greiða atkvæði um í þeirri atkvæðagreiðslu, sem nú fer fram, eru að 1. gr. frv. eigi við 3. gr. laganna.

1. gr., svo breytt, samþ. með 22:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓÞÞ, PP, RA, SighB, SV, StH, SJS, AðB, AS, ÁrnG, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, HG, JóhS, JBB, JK, JónS, JSS, KJóh.

nei: KE, KH, MB, MÁM, MálmS, ÓE, ÓÞG, PJ, RH, ÞP, ÞÞ, AG, BÍG, EH, FÞ, FrS, GHH, HJ, IBA, KrP.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Þetta er satt að segja mjög ruglingslegt allt saman og þar sem hér eru inni í ákveðnir liðir sem eru hér samkvæmt númerum í brtt. og á frv. sem við hefðum getað hugsað okkur að styðja og verða til þess að lækka verð á ákveðnum hlutum til heimilisnota, þá er málið í heild þannig fram sett að við getum ekki greitt slíkum liðum atkvæði nú og því segi ég nei.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir:

Herra forseti. Þegar við stöndum nú frammi fyrir gjaldþroti nýfrjálshyggjunnar þurfum við þingmenn ekkert að efast um að við verðum að gera fleira en okkur líkar. Ég hef beðið eftir því í allan vetur að við í stjórnarandstöðunni, öll, legðum fram einhver fjáröflunarfrumvörp sem tækju þeim fram sem ríkisstjórnin nú leggur fram. Það höfum við ekki gert. Við erum með engin fjáröflunarfrumvörp á borðinu. Því segi ég já.

Albert Guðmundsson:

Virðulegur forseti. Vörugjald í tolli hefur eins og tollurinn sjálfur keðjuverkandi áhrif til hækkunar í útreikningi á endanlegu verði vöru. Það hækkar útgjöld heimilanna og þar með minnkar kaupmáttur launþega og færir vanda ríkissjóðs í æ auknum mæli yfir á einstaklingana. Ég segi nei.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Þær tillögur sem hér eru til atkvæða eiga það sameiginlegt að vera árás á íslenskan iðnað, íslenskt iðnverkafólk, húsbyggjendur á Íslandi og ýmsa fleiri aðila sem of langt mál yrði upp að telja. (**ÓÞÞ:** Það væri gaman að heyra þá líka.) Við sjálfstæðismenn getum ekki staðið að þessari tillögu. Við segjum þess vegna nei og það geri ég.

Brtt. 306,3 samþ. með 22:2 atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 22:11 atkv.

Brtt. 306,4 (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 306,5 (ný 3. gr., verður 4. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 306,6a samþ. með 22 shlj. atkv.

Ákv. til brb. I, svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 306,6b–c samþ. með 22 shlj. atkv.

Ákv. til brb. II, svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

Ákv. til brb. III samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 306,6d (nýtt ákv. til brb. IV) samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 326 felld með 22:19 atkv.

Brtt. 306,6e (nýtt ákv. til brb., V) samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.

Stjfrv., 189. mál (skatthlutföll, persónuafsláttur o.fl.). — Þskj. 222, n. 321, 335 og 340, brtt. 322.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á þskj. 321 liggur fyrir álit meiri hl. fjh.- og viðskn. Nefndin hefur fjallað um frv. Kvaddi hún á sinn fund Björn Arnórsson og Ögmund Jónasson frá BSRB, Þórarin Þórarinsson frá VSÍ, Harald Skúlason og Lilju Mósesdóttur frá ASÍ, Birgi Björn Sigurjónsson og Pál Halldórsson frá BHMR, Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóra, Snorra Olsen, Bolla Bollason og Maríönnu Jónasdóttur frá fjmrn., Gunnar Helga Hálfdanarson og Óttar Örn Petersen frá Samtökum sparifjáreigenda, Kristínu Höllu Jónsdóttur frá Húseigendafélagi Reykjavíkur, Víglund Þorsteinsson, Lýð Friðjónsson og Bjarna Þór Jónsson frá Félagi ísl. iðnrekenda og Hólmgeir Jónsson, hagfræðing Sjómannasambandsins.

Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru á þskj. 322. Helstu breytingarnar eru þessar:

Ákvæði 31. gr. skattalaga varðandi frádráttarbærni gjafa til menningarmála o.fl. haldast óbreytt. Í öðru lagi að heimilt sé fyrirtæki að yfirtaka annað, enda sé það í skyldum rekstri ellegar fyrirtækið haldi áfram rekstrinum. Í þriðja lagi hækkar skatthlutfall á árinu 1989 samkvæmt bráðabirgðaákvæði um 2,3% frá gildandi lögum. Persónuafsláttur hækkar í 214.104 kr. og það er í samræmi við gildandi lög. Barnabætur hækka til samræmis við gildandi lög og barnabótaauki jafnframt. Eignarskattur af eign einstaklings sem er umfram 7 millj. verður 2,7%. Eignarskatturinn reiknast þá þannig að af fyrstu 2,5 millj. af eignarskattsstofni greiðist enginn skattur, af eignarskattsstofni yfir 2,5 millj. greiðist 1,2%, af eignarskattsstofni yfir 7 millj. greiðist að auki 1,5%.

Að þessu áliti meiri hlutans standa Ragnar Arnalds, Árni Gunnarsson, Guðmundur G. Þórarinsson og Páll Pétursson.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Áður en lengra er haldið mætti ég óska eftir nærveru hæstv. fjmrh. og einhvers af ráðherrum Alþfl., hæstv. viðsk.- eða utanrrh.

1. minni hl. fjh.- og viðskn., sem í eru hv. þm. Ingi Björn Albertsson og ég, hefur skilað nál. á þskj. 335 við frv. til laga um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt. Nál. er svohljóðandi, virðulegur forseti:

„Með frv. þessu er lögð til gífurleg þyngin tekjuskatts einstaklinga, tekjuskatts fyrirtækja og eignarskatta einstaklinga. Af hálfu fjmrh. hefur með ýmsum hætti verið látið í veðri vaka að skattahækkanir þessar séu minni en frv. gerir í raun ráð fyrir og eru slíkar blekkingartilraunir vítaverðar.

Skal nú fjallað um hverja skatttegund frv. fyrir sig.

1. Tekjuskattur einstaklinga.

Með frv. er lögð til veruleg hækkun skattbyrði allra hópa gjaldenda frá því sem núverandi lög gera ráð fyrir. Fyrir nefndina hafa verið lagðir skýrir útreikningar sem sanna þetta.

Verður að teljast sérstaklega ámælisvert að fjmrh. skuli í grg. með frv., í framsöguræðu og í fjölmiðlum hvergi minnast á hvernig tekjuskattar einstaklinga hefðu orðið á næsta ári samkvæmt gildandi lögum heldur einungis bera saman skattbyrði ársins 1988 og áætlaða skattbyrði frv.

Í gildandi tekjuskattslögum eru ákvæði sem eru þess valdandi að skattbyrði lækkar með minnkandi tekjum en hækkar með vaxandi tekjum.

Í frv. er gert ráð fyrir að breyta þessu með því að afnema viðmiðun persónuafsláttar, húsnæðisbóta, barnabóta og fleiri liða við lánskjaravísitölu en miða þessar stærðir við skattvísitölu ár hvert. Í kynningu á frv., í greinargerð, framsöguræðu og annars staðar er þess hvergi getið að þessi breyting sé látin koma fram í samanburði á sköttum fyrir og eftir samþykkt þessa frv.

Hér er um að ræða slíka fölsun að undirritaðir nefndarmenn þekkja ekki dæmi slíks. Forsendum núverandi kerfis er breytt í grundvallaratriðum áður en það er borið saman við afleiðingar frv. og án þess að það sé útskýrt. Gengið hefur verið úr skugga um að hér er ekki um mistök að ræða í framsetningu heldur vísvitandi fölsun. Slíkt siðleysi í vinnubrögðum og málflutningi er bæði til vitnis um spillt hugarfar í stjórnmálum og ömurlegan málstað í því máli sem um ræðir.

Skattfrelsismörk einstaklings lækka samkvæmt frv. frá því sem verið hefði í janúar nk. samkvæmt gildandi lögum úr 50.681 kr. í 47.513 kr. Sú breyting, sem meiri hl. nefndarinnar leggur til um persónuafslátt, hækkar mörkin um 65 kr. á mánuði eða í 47.578 kr.! Slík hækkun er þvílík háðung að hún hefði betur verið látin ógerð.

Skattþyngingu annarra hópa en einstaklinga frá gildandi lögum er síst minni. Vísast um það efni til þeirra útreikninga sem hagfræðingar ASÍ, VSÍ og BSRB hafa sameiginlega sent fjh.- og viðskn. og birtir eru sem fylgiskjal með nál. þessu. Á þeim skal þó hafður sá fyrirvari að í þá vantar barnabótaauka, bæði í tölur um núverandi kerfi og það sem frv. gerir ráð fyrir.

Sú gríðarlega skattahækkun, sem hér er gert ráð fyrir, kemur ekki til nokkurra álita við núverandi aðstæður að dómi minni hl. nefndarinnar.

2. Tekjuskattur fyrirtækja.

Að því er þennan þátt varðar er sýnt að leitað hefur verið allra hugsanlegra leiða í skattalögum til

að þyngja tekjuskatt lögaðila. Er jafnvel gengið svo langt að tínd eru til smáatriði sem á sínum tíma voru sett í lögin til einföldunar og til þess að hreinsa út illframkvæmanleg eldri ákvæði. Er í þetta ráðist í frv. þótt vitað sé að slíkar breytingar muni mjög torvelda fyrirtækjum og skattyfirvöldum framkvæmd og að auki skila litlum peningum í ríkissjóð. Hér er sérstaklega átt við ákvæði 4. og 5. gr. frv. um að fella niður heimildir til að færa kostnaðarverð lausafjár með skamman endingartíma til gjalda við kaup sem og eigna undir tilteknu lágmarksverðmæti.

Í skýringum með frv. er þess getið að tekjuskattshækkun fyrirtækja sé hin sama og einstaklinga þar sem álagningarhlutfall hækki úr 48% í 50%. Þessi fullyrðing er mjög villandi og beinlínis röng gagnvart þeim fjölda fyrirtækja sem hagnýtt hafa sér heimildir til að leggja í fjárfestingarsjóði. Með frv. á að takmarka þá heimild við 15% skattskyldra tekna í stað 30% áður. Þannig er í raun verið að hækka skatthlutfall fyrirtækja, sem leggja í slíka sjóði, úr 33,6% í 42,5%.

Þó tekur steininn úr í blekkingum þegar því er haldið fram í grg. með frv. að þetta sé í samræmi við stefnu fyrri ríkisstjórna sem stefnt hafi að lækkun heimilda til að leggja í fjárfestingarsjóði og raunar lækkað hlutfallið úr 40% í 30% í fyrra. Margyfirlýst er og öllum ljóst að stefnan var sú að þrengja þessar heimildir í tengslum við lækkun skatthlutfallsins. Nú á hins vegar að hækka hlutfallið samtímis takmörkun þessara heimilda.

Frv. gerir ráð fyrir verulega þrengri möguleikum til fyrninga í atvinnurekstri en verið hefur. Er það í samræmi við afstöðu þeirra sem telja að afskriftir séu í eðli sínu óeðlilegar og óþarfar. Engin efnisrök hafa verið færð fyrir þeim tillögum sem er að finna í frv. og ekkert hefur komið fram um að endingartími eigna, sem afskrifa má samkvæmt skattalögum, hafi lengst að undanförnu. Þvert á móti má halda því fram að endingartími margra tækja í nútímarekstri, eins og t.d. tölva og tölvubúnaðar, hafi styst og þau eigi því að afskrifa á styttri tíma en áður.

Stjórnarflokkarnir hafa gefist upp við það áform sitt að afnema heimild til þess að draga gjafir til menningarmála, vísindalegra rannsókna og líknarstarfsemi frá tekjum í atvinnurekstri. Ber að fagna því.

Í frv. er ákvæði til þess ætlað að koma í veg fyrir að hlutafélög láni hluthöfum eða stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum fé. Virðast stjórnarflokkarnir telja í lagi að önnur félög, svo sem samvinnufélög, geti lánað sínum forstjórum fjármuni á vildarkjörum. Að dómi undirritaðra er rétta leiðin til að sporna við misnotkun í þessu efni sú að skylda aðila til að reikna markaðsvexti af slíkum lánum og láta eitt yfir öll félagaform ganga. Meiri hl. féllst ekki á að gera breytingar í þá átt.

Í stuttu máli eru breytingar á skattareglum fyrirtækja í frv. svo íþyngjandi og órökréttar að undirritaðir hljóta að leggjast gegn þeim í heild sinni.

3. Eignarskattar einstaklinga.

Frv. gerir ráð fyrir gríðarlegum hækkunum að því er varðar eignarskatta einstaklinga. Svo miklum að jafnvel meiri hl. stjórnarflokkanna í nefndinni blöskraði og flytur nú brtt. um að hækka viðmiðunarmörk í ráðgerðu stóreignaskattþrepi úr 6 í 7 millj. kr.

Í upphaflegu frv. var enn gerð tilraun til að blekkja þingheim og almenning með því að láta líta svo út sem 2,7% skattþrep væri aðeins 1,5% þrep. Þessar blekkingar voru afhjúpaðar þegar við 1. umr. og hefur meiri hl. nú gert tillögu um að texti frv. segi það sem alltaf stóð til. Þó hefur fjármálaráðherra lagt blátt bann við því að talan 2,7% fái að sjást.

Einnig var reynt að villa um fyrir fólki með því að upplýsa í grg. með frv. að í stóreignaskattinum lentu aðeins 6 þús. manns af 182 þús. framteljendum. Hinn eðlilegi samanburður er hins vegar við tölu eignarskattsgreiðenda, en þeir munu vera rúmlega 48 þús. og því var áformað að íþyngja 12% þeirra sérstaklega með hinu nýja eignarskattsþrepi. Eitthvað mun fækka í þessum hópi nái brtt. meiri hl. fram að ganga.

Séu þær hækkanir á eignarskatti, sem hér eru ráðgerðar, og hækkanir á hinum sérstaka skatti á skrifstofu- og verslunarhúsnæði teknar saman er ljóst að ríkisstjórnin áformar að ná sér sérstaklega niðri á því fólki sem á eignir í formi verslunar- og skrifstofuhúsnæðis. Útkoman er hins vegar einnig sú að þeim hluta Íslendinga, sem býr í skuldlausum og þokkalega verðmiklum íbúðum, er freklega refsað fyrir þá sjálfsbjargarviðleitni sína.

Þannig gerir frv. ráð fyrir því að einstaklingur í Reykjavík, sem býr í skuldlausri eign að fasteignamati 8 millj. kr., greiði á næsta ári 11.600 kr. á mánuði í eignarskatta til ríkis og borgar, en fasteignagjöld til borgarinnar eru 0,421% af fasteignamati.

Sé miðað við það tekjuskattshlutfall, sem frv. gerir ráð fyrir, 37,5% að meðtöldu útsvari, jafngildir þetta því að slíkur einstaklingur greiddi sjálfum sér 30.900 kr. í húsaleigu á mánuði og innti síðan af hendi skatt af leigunni. Ávöxtunarkrafan, sem ríkisstjórnin telur eðlilegt að gerð sé til slíks húsnæðis, jafngildir því hvorki meira né minna en 4,6% raunvöxtum.

Meiri hl. leggur til með brtt. sínum að eignarskattar slíks einstaklings verði rúmlega 10.300 kr. á mánuði í stað 11.600 kr. Samkvæmt gildandi reglum er þessi fjárhæð nú tæplega 7.900 kr. á mánuði og mörgu eldra fólki ofviða.

Undirritaðir nefndarmenn hafna algerlega þeim hugmyndum sem liggja að baki þessum hækkunum og geta ekki sætt sig við þessa gríðarlegu hækkun á eignarsköttum ofan á allt annað.

4. Niðurstaða.

Ljóst er af því sem að ofan greinir að það er eindregin skoðun undirritaðra að frv. beri að fella. Við bendum jafnframt á það siðleysi að ætla að láta hluta frv. koma til framkvæmda vegna tekna á árinu

1988 og hafa þannig afturvirk áhrif. Mjög slæm reynsla er af slíkum ákvæðum og raunar mikill vafi á því að þau standist stjórnarskrá. Nægir í því sambandi að vitna til dómsmála sem spunnust síðast þegar núv. stjórnarflokkar sátu saman í ríkisstjórn, en þá eins og nú létu þeir það verða eitt sitt fyrsta verk að leggja á afturvirka skatta."

Undir þetta nál. rita Geir H. Haarde og Ingi Björn Albertsson en 2. minni hl., hv. þm. Kristín Halldórsdóttir, skilar sérstöku áliti.

Með þessu áliti fylgja jafnframt tvö fylgiskjöl, í fyrsta lagi ályktun skattanefndar atvinnuveganna um fyrirhugaðar skattabreytingar og í öðru lagi útreikningar hagfræðinga ASÍ, VSÍ og BSRB af áhrifum hins upphaflega frv. á tekjuskatta manna. Þau fylgiskjöl hafa hins vegar ekki enn verið prentuð og þeim því ekki dreift í deildinni, en ég féllst á að nál. yrði dreift engu að síður og í trausti þess að álitið í heild sinni með fylgiskjölum lægi prentað fyrir í fyrramálið. — Forseti. Mætti ég núna ítreka ósk mína um að einhver ráðherra Alþfl. mæti hér. (**Forseti:** Það hefur verið orðið við óskum um að reyna að hafa uppi á ráðherrum Alþfl. og hæstv. viðskrh. mun vera á leiðinni.)

Ég vil í örfáum orðum, herra forseti, og ætlaði nú reyndar að beina máli mínu ekki síður til ráðherra Alþfl., fara örlítið nánar yfir þau atriði sem gerð eru að umtalsefni í nál. en það er auðvitað ekkert vafamál að í því eru mjög harðar ásakanir á hæstv. fjmrh. fyrir vinnubrögð í þessu máli, fyrir undirbúning hans og þá kynningu sem hann hefur látið frá sér fara á efni frv. Ég tel að það sé stórkostlega ámælisvert að kynna þetta frv. með þeim hætti sem gert var. Það á bæði við um þá kynningu sem fram kom í grg., framsöguræðu og kynningu hæstv. ráðherra á frv. í fjölmiðlum. Ég er fyrst og fremst að tala um tekjuskatta einstaklinga, en það var látið í veðri vaka í þessari kynningu að ekki væri um að ræða neina breytingu skatta hjá þorra almennings. Og ég verð að viðurkenna það að ég var nokkra daga að átta mig á því hversu lymskuleg aðferð var viðhöfð þarna til þess að slá ryki í augun á fólki og telja fólki trú um að ekki væri verið að þyngja skatta hjá fólki með lægri tekjur og jafnvel ekki fólki með miðlungstekjur eins og segir á einum stað í grg. frv.

Ég tel að það sé stórkostlega vítavert að leggja fram frv. um skattamál, tekjuskatta einstaklinga, og bera það ekki saman við gildandi lög um það efni. Hæstv. ráðherra hefur síðan gert sig breiðan á sjónvarpsskerminum og sagt að það sé ekki hægt að miða við einhver loforð sem fyrrv. ríkisstjórn hefur gefið. Það eru bara engin loforð í gangi um þetta mál. Það eru gildandi lög í landinu sem verið er að tala um. Það sem hins vegar hæstv. ráðherra hefur leyft sér að gera við kynningu á málinu er að bera saman skattbyrði ársins í ár og áætlaða skattbyrði frv. og kemst að þeirri niðurstöðu að þá sé skattbyrði ekki aukin á fólki með 60 þús. kr. mánaðarlaun eða minna.

En málið snýst bara ekkert um þetta. Það kemur á daginn þegar farið er að skoða þetta mál betur, og ég viðurkenni að mér yfirsást þetta við 1. umr., að það er ekki verið að miða við það sem stendur í gildandi lögum. Og hvernig í ósköpunum dettur mönnum í hug að bjóða Alþingi upp á þessa ósvífni að koma með samanburð sem er svona villandi og svona mikil fölsun? Ég skal aðeins fara yfir það með hvaða hætti þetta er gert. Þessar blekkingar grundvallast á því að í 21. og 22. gr. frv. er svo lítið ber á lætt brtt. við núverandi lög um að kippa úr sambandi viðmiðun ýmissa stærða við lánskjaravísitölu en í stað þess skuli tekin upp viðmiðun við skattavísitölu sem yrði þá ákveðin á hverju ári.

Ég vakti reyndar athygli á því við 1. umr. að um þetta atriði segir nánast ekkert í grg. og það eru engin efnisrök færð fyrir þessari breytingu þannig að vafalaust hefur mörgum sýnst hún vera býsna sakleysisleg þó að á daginn komi síðan allt, allt annað því það er á grundvelli þessarar breytingar sem hinum miklu blekkingum um efnisinnihald frv., raunverulegt innihald þess, er haldið fram.

Í 21. og 22. gr. er sem sagt gert ráð fyrir því að hætta að miða persónuafslátt, sjómannaafslátt, húsnæðisbætur, barnabætur og barnabótaauka við lánskjaravísitölu eins og gert er ráð fyrir í núgildandi lögum, en hins vegar segir hér í skýringum með þessum greinum, með leyfi forseta:

„Skattvísitala skal ákveðin í fjárlögum ár hvert. Þetta þýðir að fjárhæð þessara afslátta og bóta verða ákveðnar í tengslum við fjárlagaafgreiðslu hverju sinni í samræmi við almenna stefnumörkun stjórnvalda í ríkisfjármálum."

Hins vegar eru engar efnisútskýringar á því hvers vegna lánskjaravísitalan sé óbrúkleg í þessum tilgangi og ekkert kom fram um þetta mál í framsöguræðu hæstv. ráðherra og ekkert kom fram um þetta mál í máli hans þegar hann svaraði spurningum manna við 1. umr. Það er síðan ekki fyrr en farið er að grennslast fyrir um þetta nánar í fjh.- og viðskn. og þegar aðilar úti í þjóðfélaginu, eins og samtök vinnumarkaðarins, fara að senda frá sér útreikninga sem það kemur í ljós hvað raunverulega hangir þarna á spýtunni. Og það sem hangir á þessari spýtu er það að það er verið að snuða almenning um þá hækkun persónuafsláttarins sem núgildandi lög gera ráð fyrir og þá minnkandi skattbyrði sem menn gengu að opnum augum í þeim lögum sem nú gilda þegar tekjur fara minnkandi.

Nú koma hins vegar þeir háu herrar sem ráða ferðinni á stjórnarheimilinu, og hafa beitt fyrir sig hv. formanni fjh.- og viðskn., og segja: Ja, við erum hér með brtt. um að hækka persónuafsláttinn upp í þá krónutölu sem hefði verið gert ráð fyrir í gildandi lögum. Þar með viðurkenna þeir auðvitað óbeint á sig skömmina að því leyti til að þeir telja eðlilegt að því er virðist nú eftir á að fara með persónuafsláttinn upp í það sem óbreytt lög hefðu gert ráð fyrir. En þá gleyma þeir bara alveg óvart hinu lykilatriðinu sem ákveður skattfrelsismörkin og það er auðvitað álagningarhlutfallið sjálft vegna þess að skattfrelsis-

mörkin munu lækka samkvæmt frv. um þó nokkrar fjárhæðir þó að þau að vísu hækki um heilar 65 kr. á mánuði eftir að þessi brtt. er fram komin og af því sjá þeir nú sérstaka ástæðu til þess að stæra sig, talsmenn meiri hl. í fjh.- og viðskn.

Ég tel að hér hafi verið gerð tilraun til þess að koma í gegnum þingið veigamiklum skatthækkunum með blekkingum sem ég veit ekki til að eigi sinn líka. Hér er um að ræða það að upp er stillt dæmum þar sem skattbyrðin í ár er borin saman við skattbyrði næsta árs samkvæmt frv. og sagt: Ja, ef skattbyrði þessa árs hefði verið flutt yfir á næsta ár væri ekki nema um svo og svo miklar breytingar að ræða og raunverulega ekki hækkun nema fyrir hluta almennings, þegar beinlínis er gert ráð fyrir því í núgildandi lögum að skattbyrðin eigi að lækka þegar tekjur fara lækkandi. Engin grein gerð fyrir þessu, engar útskýringar gefnar á þessu. Ég verð að segja það að ég tel að þetta séu vítaverðar blekkingar og falsanir sem þarna hafa verið bornar á borð fyrir þingheim og almenning allan.

Ég lét þess getið áðan, herra forseti, að við sem stöndum að þessu nál. höfðum ákveðið að birta sem fylgiskjal útreikninga frá hagfræðingum aðila vinnumarkaðarins og þar geta menn séð svart á hvítu hver hinn raunverulegi og eðlilegi samanburður er í þessu frv. við það sem ella hefði verið því að þegar menn eru að bera fram skattafrv. eiga menn að bera áhrif frv. á skattbyrði saman við það ástand sem hefði verið að óbreyttum lögum. Annað er auðvitað vítaverð blekking.

Ég vil hins vegar taka það fram, virðulegi forseti, að ég er ekki að segja með þessu að ekki megi breyta skattalögum þeim, sem hér hafa verið samþykkt og eru komin til framkvæmda á þessu ári, undir nokkrum kringumstæðum til íþyngingar. Auðvitað dettur engum manni í hug að halda því fram. Ef aðstæður eru hins vegar þannig að menn telji að það sé nauðsynlegt er auðvitað ekki annað eðlilegt en að menn komi þá fram og segi fullum fetum hvað þeir eru að gera.

Ég hefði haldið að hæstv. fjmrh. gæti talað fullkomlega uppréttur fyrir þeim skoðunum sínum að hér þyrfti að hækka skatta án þess að viðhafa blekkingar af þessu tagi sem ég tel að hér hafi verið flett ofan af. Við vitum það, þingmenn, að það er skoðun Alþb. yfirleitt að hafa beri skattana hærri í landinu en þeir eru núna. Að koma hins vegar og segja að ekki sé verið að hækka skatta þegar verið er að gera það í jafnríkum mæli og hér er verið að tala um, það er auðvitað bara ófyrirgefanleg og vítaverð framkoma. Ég tel að hæstv. fjmrh. hefði verið maður að meiri ef hann hefði lagt fyrir þessar upplýsingar sínar og þessar skattahækkunarhugmyndir og sagt: Ja, ástandið er þannig núna að okkar mati — ég tek fram að ég er ekki sammála því mati — að það er óhjákvæmilegt að hækka skatta á öllum landsmönnum og færa niður skattfrelsismörkin. Þetta hefði verið heiðarlegur málflutningur og það hefði enginn getað amast við því að fjmrh. hefði þessar skoðanir og ríkisstjórnin á landsmálunum. Það er hins vegar gersamlega fráleit framkoma að halda því fram að ekki sé verið að þyngja skattana á fólki þegar það er gert í svo ríkum mæli sem gert er miðað við gildandi lög. Ég tel að þetta sé algerlega óafsakanlegt, jafnvel þó að menn hafi þá skoðun að skattana eigi að hækka miðað við núverandi aðstæður.

Það var talið, herra forseti, eitt af hinum mikilvægari atriðum í staðgreiðslukerfi skatta að inn í það væri byggð ákveðin sjálfvirkni að því er varðar breytingar á skattbyrði með tilliti til sveiflna í tekjum manna. Þegar þetta var sett inn í lögin á sínum tíma gengu menn að því með opnum augum að þetta kynni að þýða minnkandi tekjur fyrir ríkissjóð á tímum samdráttar, hins vegar vaxandi tekjur fyrir ríkissjóð á tímum þenslu í þjóðfélaginu.

Það var líka um það talað á sínum tíma, herra forseti, að hið nýja staðgreiðslukerfi gæfi betri möguleika til hagstjórnar en áður var í eftirágreiddum sköttum vegna þess að hægt væri að koma fram breytingum á sköttum með áhrifum sem kæmu fram strax ef menn vildu annaðhvort hækka skattana með tilliti til efnahagsástands eða lækka þá. Það liggur því alveg fyrir að í þessu kerfi eru slíkir möguleikar og eins og ég sagði áðan dettur mér ekki í hug að afneita því að menn geti notað slíka möguleika. Ágreiningurinn stendur hins vegar um það hvort í fyrsta lagi er þörf fyrir slíka beitingu þessara möguleika við núverandi aðstæður og í öðru lagi hvort þetta sé kynnt og frá þessu sagt með heiðarlegum hætti. — Mætti ég biðja um að gert sé fundarhlé á fundinum hér í ráðherraröðinni meðan ég lýk máli mínu. (**Forseti:** Forseti tekur undir tilmæli ræðumanns um að menn hlýði á mál hans.) — Ég er því ekki með þessum orðum að halda því fram að sú skattprósenta sem ákveðin var í staðgreiðslukerfi skatta og í tekjuskatti á sínum tíma eigi að vera óumbreytanleg, henni megi ekki breyta, hvorki upp né niður. Ágreiningurinn snýst sem sagt um það hvort nauðsynlegt sé við núverandi aðstæður að notfæra sér þessar heimildir og svo hitt, sem snýr að málatilbúnaðinum og vinnubrögðunum, hvort sú breyting sem hér er í uppsiglingu hafi verið kynnt með heiðarlegum og eðlilegum hætti og ég tel mig hafa sýnt fram á það að svo var alls ekki.

Ég ætla nú til viðbótar, herra forseti, að segja örfá orð um hina tvo meginþætti frv., þ.e. tekjuskatta lögaðila og eignarskatta einstaklinga. Í því frv. sem fyrir liggur eru tíndir til svo að segja allir þeir þættir sem e.t.v. er hugsanlegt að geti leitt til hærri tekjuskatta hjá fyrirtækjum sem á annað borð skila einhverjum hagnaði. Nú hefur að vísu margverið sýnt fram á það að fyrirtæki á Íslandi greiða miklu meiri skatta en bara tekjuskatta og er ástæðulaust að rekja það enn frekar þó að hæstv. fjmrh. tönnlist á því að fá fyrirtæki greiði tekjuskatt. Hins vegar er svo langt seilst í þeim tillögum sem hér eru gerðar að það vekur mikla undrun að t.d. ákvæði sem á sínum tíma voru sett inn í tekjuskattslögin til þess að

hreinsa þar út eldri ákvæði sem illframkvæmanleg voru skuli nú tekin inn á nýjan leik eins og gert er í 4. og 5. gr. Þar er fyrirtækjum samkvæmt orðanna hljóðan gert að afskrifa alls kyns smávarning sem þau nota við starfsemi sína og þeim meinað að færa til gjalda á einu ári smáhluti undir tilteknu verðmæti eða með tiltölulega skamman endingartíma.

Ég verð að segja að ég botna ekkert í því hvað fyrir mönnum vakir með svona löguðu, ekki síst þegar gert er ráð fyrir að þessi ákvæði séu afturvirk og eigi að ná til þeirra sem hafa staðið í fyrirtækjarekstri og fært bókhald sitt samkvæmt þessum heimildum á þessu ári, enda hafa engar skýringar komið fram á þessu í nefndarstarfinu né annars staðar aðrar en þær að það þurfi að afla peninga í ríkissjóð og þetta séu heimildir sem einhver hafi hugsanlega einhvern tíma misnotað.

Ég skal ekki hafa mörg orð um fyrningarákvæðin í þessu frv. Ég hef gert það, bæði við 1. umr. og í nál., en ég vek enn og aftur athygli á því að þessar breytingar sem hér er verið að gera tillögu um eru gersamlega órökstuddar. Það er engin tilraun gerð til þess að sýna fram á nein efnisleg rök sem leiða til þess eða gætu leitt til þess að það sé rétt að þrengja heimildir til afskrifta. Það má vel vera að einhvers staðar í þessum afskriftaheimildum sé svo ástatt að þessar heimildir séu fullrúmar. Ég skal ekkert taka fyrir það. En það er auðvitað ekki hægt að samþykkja svona breytingar án þess að fá einhver rök, einhver dæmi, einhvern rökstuðning fyrir því að þetta sé of rúmt og það beri að þrengja þessar heimildir. Því er bara engan veginn að heilsa.

Að því er varðar síðan ákvæðið um lánastarfsemi í hlutafélögum þá var að vísu gerð heiðarleg tilraun í hv. fjh.- og viðskn. af formanni hennar til þess að setja þar inn ákvæði sem yrði þess valdandi að ekki væri tekið fyrir slík lán ef þau væru með eðlilegum vöxtum, en formaðurinn dró þá tillögu til baka. Hún var af einhverjum ástæðum ekki talin framkvæmanleg þannig að allar athugasemdir sem gerðar hafa verið af minni hálfu við þessa grein standa óbreyttar.

Að því er varðar 9. gr. og möguleika fyrirtækja til þess að yfirtaka rekstrartap hjá öðrum aðilum gerir meiri hl. brtt. sem er í átt við þá athugasemd sem ég kom með við 1. umr. um það að skilgreiningin á hugtakinu „sams konar rekstur“ væri alls ekki á hreinu og lægi ekki fyrir þannig að því hefur nú verið breytt. Engu að síður var bent á það í nefndinni að þessi ákvæði gætu komið sér illa á ýmsum stöðum þó að ég taki hins vegar undir þá meginhugsun sem þarna liggur að baki að það eigi að koma í veg fyrir að menn geti eingöngu í skattalegum tilgangi keypt upp gjaldþrota fyrirtæki eða rekstrartap aðila sem hafa hætt rekstri.

Það verður ekki sagt um virðulegan meiri hl. í fjh.- og viðskn. að hann hafi komist til vits og ára í öllum atriðum. Hann gerir hér eina tillögu um að fella niður eina grein í heilu lagi og það er 2. gr. frv. sem kvað á um að fella niður heimildir til frádráttar hjá fyrirtækjum sem leggja fé í menningar-, vísinda- og líknarstarfsemi. Það er því engu líkara en að þær brýningar sem hér voru uppi við 1. umr. um þetta atriði hafi hrinið og geri ég þá ráð fyrir að hæstv. ráðherrar Alþfl., minnugir baráttu sinnar á síðasta þingi, hafi komið því til leiðar að þetta ákvæði væri fellt niður á nýjan leik. (Gripið fram í.) Þó það nú væri, segir hæstv. viðskrh. og mætti nú gjarnan beita áhrifum sínum víðar í þessum skattamálum öllum saman fyrst allt í einu er farið að hlusta á Alþfl. í þessum málum. (Gripið fram í.) Alþfl. hefur verið barinn niður í skattamálum í þessari ríkisstjórn hvað eftir annað eins og sýnt er og greinilegt í hverju málinu á fætur öðru af oddvita ríkisstjórnarinnar í efnahags- og fjármálum, hæstv. núv. fjmrh., og það svo að hæstv. fyrrv. fjmrh. lætur ekki sjá sig hér í þinginu þegar skattamál eru til umræðu og telur sér þessi mál nú með öllu óviðkomandi þó að mjög forvitnilegt væri að heyra í honum um eitt og annað sem hér hefur verið á döfinni. Ég nenni hins vegar ekki að elta ólar við hann um hans ferðir og geri ekki athugasemdir við þær á meðan annar ráðherra úr hans flokki er hér viðstaddur.

Í heild sinni, herra forseti, er það skoðun okkar í 1. minni hl. að breytingarnar sem hér eru lagðar til á sköttum fyrirtækja séu óviðunandi, þær gangi allt of langt til að íþyngja fyrirtækjum, þær séu órökréttar og þeim beri þess vegna að hafna. Ég vakti athygli á einu atriði í 1. umr. sem kemur fram í nál. og ég skal ekki orðlengja um, en það er sú blekking að eingöngu sé verið að hækka skatt fyrirtækjanna úr 48% í 50%. Hjá þeim fyrirtækjum sem hagnýta sér heimildir til að leggja í fjárfestingarsjóði er skattahækkunin mun meiri.

Ég skal ekki orðlengja frekar um þennan þátt frv., herra forseti, en kem þá að eignarsköttum einstaklinga sem hér hafa verið ræddir allnokkuð að undanförnu, bæði í tengslum við þetta mál og eins í tengslum við frv. um hækkun skatts á skrifstofu- og verslunarhúsnæði þar sem gert er ráð fyrir tvöföldun skatthlutfallsins. Það runnu reyndar tvær grímur á meiri hl. í fjh.- og viðskn. í þessu efni þegar ég og fleiri höfðum í nefndinni sýnt fram á hvers konar gríðarlegar greiðslur verður um að ræða hjá fólki samkvæmt því frv. sem upphaflega var lagt fram. Þeim blöskraði svo, þeim heiðursmönnum sem sitja í nefndinni að þeir ákváðu upp á sitt eindæmi að hækka viðmiðunarmörkin í hinum svokallaða stóreignaskatti úr 6 millj. kr. upp í 7 millj. kr. og meira að segja án þess að bera það undir fjmrh. Það kom mér mest á óvart að þeir skyldu treysta sér til þess. Þeir höfðu að vísu fögur orð um að bera þetta undir hann, og hafa eflaust gert, eða kannski hafa þeir tilkynnt honum að þeir ætluðu að hafa þetta svona. En þeim var sem sé öllum lokið þegar sýnt var fram á að einstæður aðili sem býr í skuldlausri fasteign upp á kannski 7 millj. kr. að verðmæti þarf að borga vel á annan tug þúsunda á mánuði til þess að geta staðið undir eignarsköttum af þessari íbúð sinni. Þegar þeim var sýnt fram á þetta ákváðu þeir að

hækka viðmiðunarmörkin úr 6 millj. kr. upp í 7 millj. kr. Það er einfalt að sýna fram á að þetta stóreignaþrep hefur auðvitað mikil áhrif á þá sem þar eru fyrir ofan eins og t.d. einstæða aðila sem búa í 8 millj. kr. fasteignum, og ekki er óalgengt að t.d. ekkjur og eldra fólk hér í Reykjavík eigi slíkar eignir. Slíkt dæmi er einmitt í nefndarálitinu og skal ég ekki rekja það frekar.

Ég tel að eignarskattar af íbúðarhúsnæði eða fasteignum fólks séu komnir út í algjörar öfgar þegar fólk þarf að greiða á milli 10 og 20 þús. kr. á mánuði fyrir það eitt að búa í íbúðum sínum. (**Menntmrh.:** Davíð innheimtir líka.) Ég er með fasteignagjöld borgarinnar inni í þessu, hæstv. menntmrh. Eins og kemur fram í nefndarálitinu eru þetta samanlögð eignagjöld til ríkis og borgar sem hér er um að ræða. Hins vegar verður engin hækkun á fasteignagjöldum borgarinnar heldur er eingöngu um að ræða hækkun á eignarsköttum ríkisins. Þess vegna er rétt að geta þess, í tilefni af frammíkalli menntmrh., að borgin, eins og önnur sveitarfélög, hefur ýmsar heimildir til þess að falla frá og lækka fasteignagjöld hjá eldra fólki þegar sérstaklega er ástatt, en slíkar heimildir eru ekki í eignarskatti ríkisins.

Það má auðvitað segja sem svo að það hafi verið jákvæð viðleitni hjá meiri hl. fjh.- og viðskn. að hækka þessi mörk. Það má kannski orða það þannig að það er þá ekki til einskis barist hér í þingsölum og í þingnefndum þegar hægt er að koma hér smáviti fyrir menn, þegar þeim blöskrar svo mjög að það gengur alveg fram af þeim hve skattahækkanagleðin er mikil hjá ráðherrum og ríkisstjórn.

Við í minni hl. teljum hins vegar að þessar hækkanir ofan á aðrar skattahækkanir sem verið er að leggja til séu það miklar að á þær verði ekki fallist. Við teljum að þær hugmyndir sem liggja að baki séu byggðar á misskilningi og við höfnum þeim. Við teljum að sú ávöxtunarkrafa sem að baki þessu liggur og hin óbeina húsaleiga sem mönnum er gert að greiða sjálfum sér með þessum sköttum sé svo há að hún sé komið út yfir öll eðlileg mörk, og hafi kannski verið raunar fyrir þessa hækkun eins og kemur fram í nefndarálitinu. Við teljum þess vegna að þessi kafli frv. sé ekki ásættanlegur frekar en nær því allt annað í frv.

Að lokum vil ég fjalla um þá tilraun til fölsunar sem gerð var í frv. sjálfu þegar látið var í veðri vaka að hæsta eignarskattsþrepið yrði aðeins 1,5%, en þannig hljóðaði frv. í upphafi. Það var athyglisvert að hæstv. fjmrh. vék sér undan að svara beinni spurningu frá 1. þm. Suðurl. við 1. umr. um þetta mál og gerði það ekki fyrr en í sæti sínu þegar sá sem hér stendur gekk á hann um það atriði. Það átti sem sagt greinilega að reyna að komast upp með þetta þó að það hafi komið ljóslega fram í fjh.- og viðskn. hjá starfsmönnum ráðuneytisins og áður en 1. umr. fór fram að hér átti að standa 2,7%. Það var meiningin. Hins vegar ber öllum lögfróðum mönnum saman um það og öllum sem um þetta hafa fjallað að textinn, eins og hann var upphaflega fram lagður, hlyti að þýða að þrepið væri 1,5 og hækkunin væri úr 1,2% upp í 1,5%.

Við þessu er gengist í brtt. meiri hl. og orðalagið er þannig að það tekur af allan vafa, þó svo að sögur hermi að fjmrh. sjálfur hafi lagt blátt bann við því að talan 2,7% fengi að sjást í lagatextanum, hann vildi frekar hafa 1,2% + 1,5% en 2,7%. Hann verður sjálfur að eiga það fyrir sig og þær útskýringar sem þar kunna að liggja að baki.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um eignarskatta af þessu tilefni, herra forseti, enda styttist væntanlega í matarhlé. Aðeins eitt að lokum um þetta mál sem varðar almennt prinsipp, almennt grundvallarsjónarmið í skattlagningu og það er afturvirkni einstakra ákvæða í frv.

Við hv. þm. Ingi Björn Albertsson gerum það að umtalsefni í okkar niðurstöðu að það sé gjörsamlega óeðlilegt og siðlaust að láta einstakar greinar frv. virka aftur í tímann eins og ætlunin er. Það er reyndar athyglisverð tilviljun að það skuli einmitt vera þeir þrír stjórnarflokkar, sem nú sitja við völd, sem glímdu við dómstóla um afturvirkni skatta þegar þeir voru síðast við völd á árinu 1979 í tilefni af sköttum sem þeir lögðu á afturvirkt haustið 1978. Í því dómsmáli sluppu stjórnarflokkarnir naumlega fyrir horn vegna þess að Hæstiréttur taldi nánast að þó að þetta gæti gengið í eitt skipti þá mætti aldrei gera þetta aftur.

Það er þegar upplýst að einstakir aðilar ætla að höfða mál til að láta á þessi ákvæði reyna ef þau verða að lögum. Þá mundi ég í mesta bróðerni mæla með því við ráðherrana hæstv. að þeir tækju frekar þessi ákvæði út úr frv. í stað þess að láta á það reyna fyrir dómstólum á nýjan leik. Ég tel að það væri affarasælast fyrir alla aðila að gera það í stað þess að fara í veigamikil málaferli út af ákvæðum sem auðvelt er að breyta hér í þinginu. Ef menn vilja það er það auðvitað sjálfsagt því ég efast ekki um að þeir aðilar eru til í þjóðfélaginu sem ekki munu sætta sig við slíkt prinsipp-brot í þessum efnum. Það liggur líka fyrir að hjá dómstólum í landinu hefur verið ákveðin tilhneiging á undanförnum árum í þá átt að dæma í ríkari mæli með hinum almenna borgara á grundvelli almennra mannréttinda og almennra stjórnarskrár-prinsippa í stað þess að dæma ríkinu í hag sí og æ eins og orð lá á að dómstólunum í landinu hætti til. Ég tel að það geti verið varhugavert fyrir hæstv. ríkisstjórn að halda inn á þessa braut en það verður þá ekki sagt að þeir hafi ekki verið varaðir við ef þeir halda þessu til streitu og koma þessum ákvæðum í gegnum þingið. Ég tel að þarna séu á ferðinni mjög varhugaverð ákvæði sem jaðra við brot á stjórnarskránni.

Ég skal ekki lengja þetta meira, herra forseti. Ég hef komið öllum mínum sjónarmiðum um þau atriði sem eru í frv. á framfæri í nefndaráliti okkar minnihlutamanna og hér í þessari ræðu og sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri. Ég vil rétt endurtaka það í lokin að ég tel að hæstv. fjmrh. hafi því miður gert sig sekan um mjög alvarlegar blekk-

ingar og falsanir í kynningu sinni á áhrifum frv. á tekjuskatt einstaklinga. Ég hefði gjarnan viljað að hann léti nokkur orð falla um það efni í þessari umræðu vegna þess að ég tel gengið úr skugga um það, tel mig hafa gert það í nefndarstarfinu, að hér var gengið til leiks með opin augu og engin mistök á ferðinni. Ég tel að þetta sé vítaverð framkoma gagnvart þingheimi og gagnvart almenningi og þeim sem borga skattana hér í þessu landi.

Ég hef lokið máli mínu að sinni, herra forseti.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, á þskj. 340 frá 2. minni hl. fjh.- og viðskn. Það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Fyrir ári gengu í gildi róttækar breytingar á skattalögunum sem m.a. voru undirbúnar af milliþinganefnd skipaðri fulltrúum allra þingflokka og aðila vinnumarkaðarins. Frv. sem hér er til afgreiðslu felur í sér margvíslegar breytingar á þeim lögum sem þurfa miklu nánari athugunar við en ráðrúm leyfir.

Í frv. er m.a. lagt til að hætta að miða framreikning persónuafsláttar og barnabóta við lánskjaravísitölu eins og lögin kveða á um, en taka þess í stað upp skattvísitölu sem breytist árlega. Með því er horfið frá því markmiði að tengja skattbyrði einstaklinganna við verðlagsþróun, en samkvæmt núgildandi lögum minnkar skattbyrðin hlutfallslega ef samdráttur er í launum. Auk þess er í frv. lögð til hækkun á tekjuskattshlutfalli einstaklinga sem þýðir hærri álögur en ella yrði á fólk með meðaltekjur og lægri.“ — Nú vildi ég leyfa mér, herra forseti, að koma með örstutt innskot því að þetta er e.t.v. svolítið klúðurslega orðað og verður að skrifast á þann asa og tímaskort sem ríkir í þingstörfum. Hér er vitaskuld í þessari setningu átt við að þessi hækkun sem lögð er til á tekjuskattshlutfalli einstaklinga þýðir hærri álögur á fólk með meðaltekjur og lægri tekjur en ella hefði orðið, þ.e. að óbreyttum lögum. — „Þessar breytingar getur 2. minni hl. ekki sætt sig við og flytur brtt. á þskj. 337 sem fela það í sér að núgildandi lög verði óbreytt hvað varðar framreikning persónuafsláttar og barnabóta og að skatthlutfall verði ekki hækkað.“ — Hér vildi ég nú leyfa mér að koma með annað innskot því að það eru fleiri skatttengdir liðir en persónuafsláttur og barnabætur, svo sem eins og sjómannaafslátturinn og húsnæðisbæturnar. Held ég þá áfram lestri úr nefndarálitinu.

„Annar minni hl. minnir á að við skattalagabreytingarnar fyrir ári lagði Kvennalistinn til að háar tekjur yrðu skattlagðar sérstaklega, bæði í tekjuskatti og útsvari. Ekki eru gerðar tillögur um það nú, en Kvennalistinn er þó enn sömu skoðunar og mun vinna áfram að því máli.

Annar minni hl. er einnig þeirrar skoðunar að skattleggja beri eignir umfram hófleg mörk, svo sem ætlunin er skv. 19. gr. frv., en telur að sú tillaga sé ekki grundvölluð á nægilega miklum athugunum. Viðmiðunarmörkin voru þó hækkuð í meðförum nefndarinnar og telur 2. minni hl. það til bóta.

Að tillögunum á þskj. 337 samþykktum mun 2. minni hl. sitja hjá við afgreiðslu málsins í heild, en greiða atkvæði gegn því ella. Ástæða þess er sú að 2. minni hl. er samþykkur í meginatriðum ýmsum þeim breytingum sem lagðar eru til á reglum varðandi skattlagningu fyrirtækja, en telur að þær hafi ekki fengið nægilega umfjöllun frekar en margt annað sem keyrt er gegnum þingið þessa dagana.“ Þetta nál. er undirritað 21. des. 1988 af Kristínu Halldórsdóttur.

Breytingartillögurnar á þskj. 337 sem ég flyt ásamt hv. þingkonum Þórhildi Þorleifsdóttur, Málmfríði Sigurðardóttur og Kristínu Einarsdóttur eru einfaldar og auðskiljanlegar þeim sem hafa kynnt sér frv. Í 1. brtt. er lagt til að 10. gr. frv., sem kveður á um hækkun skatthlutfalls, verði felld niður, þ.e. að skattprósentan verði eftir sem áður 28,5%, og þarf varla að skýra það frekar.

Í 2. brtt. á þskj. 337 er lagt til að a-liður 11. gr. falli brott. Samkvæmt þessum lið er ætlun stjórnvalda að breyta viðmiðun persónuafsláttar við lánskjaravísitölu og ákveða hann frá ári til árs. En eins og segir í nál. á þskj. 340 er með því hafnað því hagræði fyrir skattgreiðendur að skattbyrði þeirra minnki hlutfallslega þegar samdráttur er í launum.

Í 3. og 4. brtt. er um sams konar tillögur að ræða, þ.e. til samræmis við þá skoðun okkar að framreiknun persónuafsláttar, barnabóta, húsnæðisbóta og sjómannaafsláttar skuli miða við lánskjaravísitölu eins og núgildandi lög kveða á um.

5. brtt. þarf ekki að skýra frekar, hún er aðeins til samræmis við hinar fyrri.

Ég vil svo ítreka þá skoðun okkar kvennalistakvenna að háar tekjur beri að skattleggja aukalega. Þá erum við ekki að tala um neinar meðaltekjur, eins og hv. þm. Alþb. vildu skattleggja sem hátekjur við afgreiðslu skattalaganna fyrir ári. Við lögðum þá til 33% tekjuskatt á tekjuskattsstofn yfir 2,5 millj. kr. á ári og að þær skatttekjur skiluðu sér í hækkun persónuafsláttar. Sú upphæð, sem mig minnir að næmi þá um 300 millj. kr., svo og annað eins sem hefði fengist við aukalega hækkun á útsvarinu hefði að vísu ekki skilað nema 5000 kr. hækkun á persónuafslætti á ári en það munar sannarlega um það.

Þá vil ég taka undir margt sem kemur fram nefndaráliti 1. minni hl. sem er að mínu mati mjög upplýsandi um þetta mál. Þar er mjög rækilega flett ofan af tilraunum, vil ég segja, frumvarpshöfunda til að slá ryki í augu manna við kynningu á þessum frumvarpstillögum. Á ég þar fyrst og fremst við það sem viðkemur breyttri viðmiðun við útreikning á persónuafslætti og öðrum tekjuskattstengdum liðum.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Ég vildi gjarnan óska eftir því að hæstv. fjmrh. væri nú viðstaddur þegar þetta frv. hans kemur hér til umræðu, svo mjög sem hann hefur lagt áherslu á að þröngva þessu gerræðislega frv. í gegnum Alþingi nú fyrir jólaleyfi þingmanna, og ég hef einnig talið rétt að hæstv. viðskrh., sem hefur verið forustumaður fyrir því að kúvenda stefnu Alþfl. í efnahags- og atvinnumálum og skattamálum með svo rækilegum hætti að engin dæmi eru um aðra eins kúvendingu í samanlagðri stjórnmálasögu landsins, væri nú viðstaddur. Ég hefði gjarnan viljað að þessir tveir hæstv. ráðherrar væru viðstaddir umræðuna. En þeir hafa að því er virðist ekki meiri áhuga á framgangi þessara mála en svo að þeir hafa ekki séð ástæðu til þess að heiðra þessa hv. deild með nærveru sinni. Ég vil inna forseta eftir því hvort ekki sé rétt að ég fresti ræðu minni og gert sé hlé á þessari umræðu þangað til hæstv. ráðherrar sjá ástæðu til að taka hér þátt í umræðum og fundarstörfum. (**Forseti:** Það skal fram tekið af þessu tilefni að þegar hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að hafa upp á viðkomandi ráðherrum. Þær upplýsingar liggja fyrir að hæstv. fjmrh. sé á leiðinni en leit stendur yfir að hæstv. iðn.- og viðskrh. Ég legg það í vald þingmanns hvort hann getur tekið fyrir aðra þætti ræðu sinnar sem snúa ekki beinlínis að þessum ráðherrum, og þá kannski með tilvísun til þess að hæstv. forsrh. er mættur, eða hvort hann telur nauðsynlegt að gera hlé á ræðu sinni þar til annar hvor þessara ráðherra eða báðir eru mættir.) Ég tel nauðsynlegt að hæstv. fjmrh. sé viðstaddur umræðuna og vildi þá gjarnan gera hlé á ræðunni. (**Forseti:** Þá gerum við hlé á ræðu hv. þm. þangað til hæstv. fjmrh. er mættur.) — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég hef skilið það svo að hæstv. ríkisstjórn hefði nokkurn áhuga á að ná fram skattahækkunarfrumvörpum sínum. Að vísu gerðist það þegar hæstv. fjmrh. mælti fyrir þessu frv. að hann þurfti að biðjast afsökunar á því að koma of seint til þingfundar og geri ég ráð fyrir því að hæstv. ráðherra hafi verið að finna sér þá nokkra stund til þess að fresta því að mæla fyrir þessu makalausa frv. sem hér liggur fyrir. Ég trúi því að hann hafi enn á ný fengið samviskubit og mikinn efa í matarhléi hér í kvöld og ætli að draga það að koma til fundar. Kannski hefur samviskubitið verið orðið svo mikið að hæstv. ráðherra hafi alls ekki ætlað að mæta og ef það er þá er auðvitað sjálfsagt að skjóta afgreiðslu þessa máls á frest, svo makalaust sem það er. Ef það er ástæðan fyrir því að hæstv. ráðherra sá ekki ástæðu til að mæta hér í upphafi fundar að samviskan er farin að naga hann, þá stendur ekki á samkomulagi um að skjóta afgreiðslu málsins á frest.

Þetta frv. er einstakt fyrir margra hluta sakir, ekki einasta vegna þess makalausa efnisinnihalds sem það hefur að geyma, ekki einasta vegna þeirra árása á launafólkið í landinu og atvinnufyrirtækin í landinu, heldur líka fyrir þá sök hvernig staðið var að undirbúningi frv. og kynningu þess úti í þjóðfélaginu og hér inni á hinu háa Alþingi.

Hæstv. ráðherra hóf kynningu á þessu frv. í fjölmiðlum með því að segja þjóðinni að nú væri hann að koma með skattafrv. sem ætti að hafa það innihald að hækka skattleysismörkin, lækka skatta á lágtekjufólkinu og alveg sérstaklega var tekið fram að hér væri skattafrv. sem ætti að létta skatta á einstæðum foreldrum. Og þegar hæstv. ráðherra kom og mælti fyrir frv. í þessari hv. deild, þá hélt hann uppteknum hætti, að bera þessar staðreyndir á borð. Síðar kom í ljós að allt var þetta rangt. Hvergi örlaði á því að þessi boðskapur, sem hæstv. ráðherra lét ganga út til þjóðarinnar og flutti hér í hv. deild, hefði við rök að styðjast, enda eyddi hæstv. ráðherra meginhluta framsöguræðu sinnar í það að flytja framsöguræðu fyrir frv. sem ekki var flutt, en það er annað mál.

Því hefur verið haldið fram að hæstv. ráðherra hafi fengið Alþfl. og Framsfl. til fylgis við þetta frv. með sömu aðferðum og hann ætlaði að blekkja þjóðina til fylgis við það: með því að segja þessum flokkum ósatt um hið raunverulega efnisinnihald. En það hefur nú gerst að hæstv. fjmrh. hefur beinlínis og markvisst og vísvitandi ætlað að blekkja fólkið í landinu til stuðnings við þetta frv. með ósönnum yfirlýsingum um efnisinnihald þess. Hann gerði tilraun til að afla þess stuðnings hér í hv. deild með því að bera þessi ósannindi fram og allar líkur eru á því að hann hafi fengið stuðning þingflokka Framsfl. og Alþfl. með því að bera sömu ósannindi fram í þessum flokkum. Þetta er auðvitað alvarlegt og ámælisvert og ég hygg að engin dæmi séu um það að ráðherra hafi komið fram með þessum hætti, að ráðherra hafi ætlað og reynt að fá fylgi við frv. með þessum hætti. Og það er makalaust að ráðherra skuli sitja eftir að hafa komið fram gagnvart fólkinu í landinu á þennan hátt.

Staðreyndin er sú að þetta frv. felur í sér að skattleysismörkin lækka, felur í sér hækkun á sköttum á öllu almennu launafólki í landinu, ekki síst einstæðum foreldrum. Með þessu frv. eru gerðar margar breytingar á veigamiklum grundvallaratriðum staðgreiðslulaganna. Hér í umræðunum hefur verið á það bent að fella á úr gildi það ákvæði staðgreiðslulaganna að skattfjárhæðir eins og persónuafslátt og barnabætur, sjómannafrádrátt o.fl. skattfjárhæðir eigi að endurskoða samkvæmt lánskjaravísitölu. Þegar staðgreiðslulögin voru sett var þetta grundvallaratriði. Staðgreiðslulögin voru þáttur í samningum stjórnvalda við aðila vinnumarkaðarins og hæstv. núv. forsrh. og hæstv. forsrh. í páv. ríkisstjórn átti ekki svo litla hlutdeild að eigin sögn í því samkomulagi. Það er deginum ljósara að aðilar vinnumarkaðarins lögðu á það höfuðáherslu að þetta efnisatriði væri í frv. til að tryggja hagsmuni skattborgaranna, til þess að tryggja það að ef stjórnvöld ætluðu sér að breyta skattheimtunni, auka skattheimtuna, þá yrði það gert með því að breyta skatthlutföllum í lögunum sjálfum á hinu háa Alþingi, en ekki með handaflsákvörðunum ríkis-

stjórnar með því að ákveða skattvísitölu í fjárlagafrv. Þetta var grundvallaratriði af hálfu vinnumarkaðarins sem tók þátt í þessari þjóðarsátt. Og er það svo, hæstv. forsrh., að Framsfl. hafi í raun og veru fallist á það, er það raunverulega afstaða Framsfl. að falla frá þessu samkomulagi, að brjóta þetta samkomulag sem lýtur að grundvallaratriðum skattheimtunnar? Ef hæstv. ríkisstjórn þarf að hækka skattana og ætlar sér að gera það með þessum þingmeirihluta sem hún hefur, þá er það unnt með því að breyta skatthlutföllum. En það er ámælisvert að ætla að gera það bakdyramegin með þessum hætti. Nú vil ég spyrja hæstv. forsrh. hvort hann sé ekki reiðubúinn til að breyta þessu ákvæði frv. þó að hann í engu falli frá áformum sínum um hina auknu skattheimtu. Er ekki hæstv. forsrh., áður en það slys gerist að þessu ákvæði sé breytt, reiðubúinn til að beita sér fyrir því að þessu verði breytt í meðförum þingsins áður en þetta frv. hlýtur hér lokaafgreiðslu? Ég vil gjarnan fá um þetta svör vegna þess að hæstv. forsrh. átti aðild að því samkomulagi milli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins þar sem þetta var eitt af grundvallaratriðunum.

Með þessum hætti felur frv. í sér verulega hækkun á sköttum svo sem hér hefur verið gerð mjög rækilega grein fyrir. Tökum dæmi af venjulegri fjölskyldu, hugsanlega í sjávarþorpi úti á landi, hjónum með tvö börn sem hafa 150 þús. kr. í mánaðarlaun sameiginlega. Eiginkonan vinnur við fiskverkun í bónus til þess að drýgja tekjurnar og eiginmaðurinn vinnur einnig við fisk, þarf að leggja á sig nokkra yfirvinnu til þess að heimilið hafi nægjanlegar teljur. Samanlagt hafa þau 150 þús. kr. í tekjur á mánuði með mikilli vinnu og miklu vinnuálagi í bónus. Hvaða þýðingu hefur þetta skattafrv. og þau skattafrv. sem hæstv. ríkisstjórn er nú að koma fram með fyrir þessa fjölskyldu?

Ef við tökum fyrst afleiðingar af þeim breytingum sem frv. mælir fyrir um fyrir þessi hjón, þá hækka skattgreiðslur þessara hjóna úr 151.500 kr. í 193.000 kr. eða um 41.000 kr. vegna frv. Síðan koma áhrif vörugjaldsins. Þau þýða um 9.000 kr. í auknum útgjöldum fyrir þessa fjölskyldu. Um 9.000 kr. til viðbótar þeim 41.000 kr. sem þessi fjölskylda á að greiða í hærri skatta í formi tekjuskatta. Síðan koma áhrif vörugjaldsins vegna breytinga á vísitölum, þar á meðal lánskjaravísitölu, sem eykur skattbyrði fjölskyldunnar um 1.600 kr. eða þar um bil. Og loks kemur hækkun eignarskattsins sem eykur skattgreiðslur þessarar fjölskyldu um 3.000 kr. og býr hún þó ekki í íbúð af þeirri stærð sem fellur undir hátekju- eða stóreignaskattþrep hæstv. fjmrh. Þessi fjölskylda, sem áður greiddi um 161.000 kr. í skatta greiðir nú um 216.000 kr. Skattbyrði þessarar fjölskyldu hækkar því um 55.000 kr. Skattar þessarar fjölskyldu hækka um 30%. Skattar þessarar dæmigerðu fjölskyldu, sem vinnur láglaunastörf í sjávarþorpi úti á landi, hækka um 30%. Það er þetta sem hæstv. ríkisstjórn er að koma hér fram með offorsi nú fyrir jólaleyfi þingmanna. Og það er þetta sem jafnvel einstaka verkalýðsforingjar hér inni á þingi ætla að veita brautargengi. Það er þetta sem Alþýðusamband Íslands hefur verið að mótmæla, þar á meðal verkalýðsforingjar Alþfl. En þeir koma hér svo inn glaðhlakkalega þegar þeir koma inn á Alþingi og krefjast þess ekki einungis að þjóðin fái þetta í nýársgjöf heldur gera þeir þá kröfu að þjóðin fái þessa skattahækkun í jólagjöf eftir að hafa setið á fundum Alþýðusambandsins og sent mótmælayfirlýsingar og útreikninga á villandi vinnubrögðum og fölsunum hæstv. fjmrh. Þetta eru staðreyndirnar sem fyrir liggja.

Tökum dæmi af hv. 3. þm. Vestf. sem býr í dæmigerðu sjávarplássi úti á landi. Hann fer til síns heima nú fyrir jólaleyfið með boðskap ríkisstjórnarinnar, hv. þm. Karvel Pálmason, til sinnar heimabyggðar. Hann fer með boðskap ríkisstjórnarinnar. Í fyrsta lagi færir hann útgerðarmönnunum, sjómönnunum og fiskvinnslufólkinu þá ákvörðun hæstv. ríkisstjórnar að aðhafast ekkert til að styrkja stoðir sjávarútvegsins í landinu. Ekkert á að gera. Ekkert hefur verið aðhafst í þeim efnum. Það er fyrsti boðskapurinn, fyrsta jólagjöfin sem þessi hv. stjórnarþingmaður færir sínu sjávarplássi.

Jólagjöf númer tvö er 30% skattahækkun hinnar venjulegu fjölskyldu sem vinnur við fiskvinnu í sjávarþorpinu þar sem þessi hv. þm. á heima. Þetta er boðskapurinn sem þessir þingmenn fara með. Þetta er boðskapur hæstv. ríkisstjórnar og jólagjöf hennar. Og það er makalaust hvernig umskipti Alþfl. hafa verið í þessum efnum.

Um langan tíma hefur Alþfl. verið baráttuflokkur í orði kveðnu fyrir því að lækka tekjuskatta, hækka skattleysismörk, talið sig standa framar öðrum flokkum í þeirri baráttu. Nú koma alþýðuflokksþingmennirnir inn á Alþingi í kjölfar hæstv. fjmrh. sem virðist vera nánast einráður um efnahags- og fjármálastefnu þessarar ríkisstjórnar. Fyrst mótmæla þeir hækkun á tekjuskatti, síðan gefa þeir það eftir. Þá setja þeir þau viðmiðunarmörk að skatturinn megi ekki hækka nema um 2% og auðvitað gefa þeir það eftir líka. Í einu og öllu láta þeir undan. Í einu og öllu snúa þeir öllu því við sem þeir hafa áður verið talsmenn fyrir. Fyrir réttu ári voru þeir talsmenn breytinga í skattamálum, einföldunar og skilvirkni í skattamálum. Þá voru tengdar saman órjúfanlegum böndum samkvæmt margítrekuðum ummælum þáv. hæstv. fjmrh. og núv. hæstv. utanrrh. breytingar á söluskatti á matvæli og einföldun og lækkun tolla og vörugjalda. Nú er þessu snúið við. Nú á að falla frá einföldun vörugjaldanna. Nú á að hækka vörugjöldin án þess að lækka söluskattinn á matvæli samhliða því sem verið er að hækka tekjuskattinn með þeim ósköpum sem hér er verið að gera, með því að leggja hann af fullum þunga á lágtekjufólkið í landinu.

Hæstv. viðskrh. hefur verið talinn forustumaður fyrir þessum umskiptum í Alþfl., forustumaður fyrir þeim umskiptum að flokkur sem áður studdi frjálslyndi í efnahags- og atvinnumálum hefur núna lýst

því yfir með fyrirsögn í ályktun flokksþings um efnahags- og atvinnumál að gjalda beri varhug við of mikilli áherslu á einkaframtak, flokkur sem gengið hefur undir þá stefnu sem hæstv. forsrh. lýsti, að hverfa yrði frá vestrænum viðurkenndum aðferðum í stjórn efnahagsmála. Hæstv. viðskrh. hefur verið talinn forustumaður þessara umskipta í Alþfl.

Formaður Alþfl. hefur sýnt sóma sinn í því að vera sem minnst við þær umræður sem hafa farið fram um þessi efni og er hann maður að meiri fyrir það. Er hann maður að meiri fyrir að viðurkenna þessi umskipti, gefa jafnvel til kynna með því að vera hér sem minnst við að innst í hjarta hans sé sú ósk að geta fylgt hinni gömlu stefnu Alþfl. En hann fær engu ráðið þar um.

Hæstv. viðskrh. skuldar þjóðinni nokkrar skýringar á þeirri forustu sem hann hefur tekið fyrir þessari kollsteypu og það stórbrotnasta af öllu er hvernig afstaða Alþfl. gagnvart húsbyggjendum í landinu, hvernig hin nýja stefna Alþfl. í húsnæðismálum kemur fram í skattafrumvörpum ríkisstjórnarinnar. Hin nýja húsnæðisstefna Alþfl. kemur fram í því að stórhækka byggingarkostnaðinn, leggja skatt á unga fólkið sem þarf að afla aukinna tekna til að standa undir auknum útgjöldum við öflun íbúðarhúsnæðis og leggja svo skatt á Húsnæðisstofnunina þegar fólkið kemur þangað til að leita greiðsluerfiðleikalána. Hæstv. félmrh. hefur margsinnis skotið sér undan því þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir hér að gera grein fyrir þeirri hugsjón sem liggur að baki þessari stefnubreytingu. En væntanlega mun hæstv. viðskrh. gera grein fyrir þessari hugsjón í þessum umræðum. Alþfl. hefur ekki látið svo lítið að því er varðar stefnuna í húsnæðismálum., Alþfl. hefur ekki látið svo lítið þegar hann hefur verið að telja fólkinu trú um að þar færi sá flokkur sem hefði hagsmuni húsbyggjenda í huga. Loksins þegar eitthvað er gert í þessum efnum sem máli skiptir er það með þessum hætti. Það er hin eina og sanna hugsjón Alþfl. í þessum efnum.

Hæstv. fjmrh. fór af stað með skattahækkanir upp á fleiri milljarða kr. með miklum yfirlýsingum svo sem menn muna. Það átti að færa til milljarða króna í þjóðfélaginu, eins og það var orðað, frá fjármagnseigendunum og ríka fólkinu í landinu, með fjármagnstekjuskatti, með hátekjuskattþrepi og þar fram eftir götunum. Hver er niðurstaðan af öllum þeim stóru orðum? Það er verið að leggja skatt á neysluvörur almennings, það er verið að leggja skatt á þá sem eru að koma sér þaki yfir höfuðið, almúgafólkið og unga fólkið í landinu. Það er verið að hækka skatta á lágtekjufólki í landinu í formi tekjuskatta. Hæstv. ráðherra hafði þó manndóm í sér, og það verður að virða við hann, að falla frá kröfunni um öryrkjaskattinn sem var fyrsta hugsjón hans. Undir merkjum félagshyggjunnar til að færa fjármagn frá ríka fólkinu í landinu átti að leggja á öryrkjaskatt. Hæstv. ráðherra hafði sómatilfinningu til að falla frá þessari skattheimtu og þrátt fyrir allt verður að virða það til betri vegar.

Hæstv. ráðherra ætlaði svo að kóróna skattastefnu ríkisstjórnar sinnar með því að afnema heimild til fyrirtækja til frádráttar á framlögum til menningarmála og velferðarmála og vísindarannsókna. Þar birtist hin eiginlega afstaða Alþb. til þessara verkefna, til þeirra samtaka sem að slíkum stofnunum, að slíkum verkefnum vinna, til að mynda Hjálparstofnun kirkjunnar. Hæstv. ráðherra fékk nú heldur betur ádrepu frá framkvæmdastjóra þeirrar stofnunar. Það virðist vera nákvæmlega sama hvaða velferðarsamtök það eru í þjóðfélaginu. Það hefur verið helsta hugsjón hæstv. fjmrh. í nafni félagshyggjunnar að leggja þar á skatta. Sem betur fer hefur tekist að koma í veg fyrir þessa smán. Sem betur fer hefur hæstv. fjmrh. sætt sig við þetta.

Öll vegferð þessa frv. er með ólíkindum, upphaf þess, kynning og með hvaða hætti á að hraða afgreiðslu þess í gegnum Alþingi án þess að gefa þingmönnum nægjanlegt ráðrúm til þess að fjalla um þetta, án þess að gera þjóðinni nægjanlega grein fyrir hinu raunverulega innihaldi. Þegar frv. var lagt fram á Alþingi lá fyrir í yfirlýsingum frá hæstv. forsrh. að stjórnarflokkarnir höfðu þá ekki enn komið sér saman um endanlegt efnisinnihald frv. og raunin varð sú að það samkomulag varð ekki fyrr en í gær. Samt er það krafa hæstv. fjmrh. að nýta hér hinn nýja þingmeirihluta til að keyra þetta mál í gegn á örfáum klukkutímum til þess að almenn umræða geti ekki orðið um það í þjóðfélaginu. Auðvitað af engum öðrum ástæðum. Auðvitað er dregið að koma með þetta fram í þeim tilgangi að hindra að almenn umræða geti orðið um þetta í þjóðfélaginu.

Hæstv. ríkisstjórn mun hafa hina mestu skömm af þessu máli.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. 337 og 341, sem voru of seint fram komnar, samþ. með 35 shlj. atkv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bann við ofbeldiskvikmyndum, 3. umr.

Frv. menntmn. Ed., 183. mál (gildistími). — Þskj. 214.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 38 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 38 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 344).

Framhaldsskólar, 1. umr.

Stjfrv., 184. mál (gildistaka). — Þskj. 316.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Það frv. sem hér er um að ræða hefur þegar fengið ítarlega umræðu í hv. efri deild. Frv. gengur í fyrsta lagi út á það að fresta þeim breytingum á fjármögnun framhaldsskólanna sem gert er ráð fyrir í framhaldsskólalögunum. Þeim breytingum var frestað strax við gildistöku laganna til 1. jan. 1989 og frv. gengur út á að þessum köflum verði enn frestað til 1. jan. 1990 fyrst og fremst vegna þess að þetta mál er hluti af þeim umræðum sem nú standa yfir og fram hafa farið um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir því að þegar þau mál hafa verið afgreidd taki ríkið við rekstri framhaldsskólanna af sveitarfélögunum.

Í annan stað er gert ráð fyrir því í frv. að ákvæðum framhaldsskólalaganna um skólanefndir, 7. og 8. gr., verði einnig frestað og að þær nefndir sem til þessa hafa starfað sem skólanefndir framhaldsskóla fái áframhaldandi umboð til 1. jan. 1990.

Það er ljóst að fyrri þáttur þessa máls, þ.e. sá sem snertir fjármögnunina, er með þeim hætti að brýnt er að afgreiða hann fyrir áramót. Ég hef hins vegar orðið var við að örðugt er að ná um það samstöðu að á síðarnefnda þættinum, sem lýtur að skólanefndunum, verði tekið. Ég hef því fyrir mitt leyti fallist á, ef það gæti orðið til að greiða fyrir framgangi þessa máls og annarra, að fjármögnunarþátturinn verði afgreiddur nú þegar en afstöðunni til skólanefndanna og afgreiðslu þess máls verði frestað. Jafnvel þó að það yrði ekki afgreitt fyrir hátíðarnar er ljóst að það mál hlýtur að koma hér til meðferðar strax eftir áramót eða þegar þingið fjallar um þessi mál á nýjan leik.

Auk þeirra mála sem snerta skólanefndirnar er menntmrn. með í gangi undirbúning að vissum breytingum á framhaldsskólalögunum, m.a. því sem snertir rekstrarframlög til framhaldsskólanna. Niðurstaða nefndar sem fjallað hefur um þessi mál og reglugerðarútgáfu á grundvelli framhaldsskólalaganna er að núverandi kostnaðarákvæði þeirra séu óbrúkleg eins og þau líta út og því óhjákvæmilegt að lögunum verði breytt á þessu þingi.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál frekar hér að sinni og legg til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv. og til menntmn. með 38 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 189. mál (skatthlutföll, persónuafsláttur o.fl.). — Þskj. 222, n. 321 og 335, brtt. 322, 337, 341.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 40:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JSS, KrP, KE, KH, MB, MÁM, MálmS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RH, SighB, SV, StH, SJS, ÞP, ÞÞ, AðB, AG, AS, ÁrnG, BÍG, EH, FÞ, FrS, GeirG, GHH, GB, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, HG, IBA, JóhS, JBB, JK, JónS, KJóh.

nei: ÓÞG, HJ.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Þannig háttar til um 1. gr. þessa frv. að hún er ekki stefnumarkandi fyrir frv. í heild heldur fjallar hún um breytingar á ákveðnum viðmiðunartölum í lögum um tekjuskatt og eignarskatt, um upphækkun slíkra viðmiðunartalna, þar sem ekki er gert ráð fyrir skattvísitölu í fjárlögum næsta árs. Sjálfstfl. styður þessar breytingar. Það hefur hins vegar ítrekað komið fram að hann er andvígur frv. í hinum stefnumótandi ákvæðum þess. Við munum styðja brtt. þær sem Kvennalistinn hefur flutt sem miða að því að breyta skipan tekjuskatts einstaklinga í það horf sem gert er ráð fyrir í núgildandi lögum til að tryggja að ef þetta frv. nær fram í heild sinni verði þau ákvæði þannig að þau skili því gagnvart almenningi sem núgildandi lög gera ráð fyrir. Ég segi já við þessari grein, herra forseti.

Brtt. 322,1 (2. gr. falli brott) samþ. með 38 shlj. atkv.

3.–8. gr. (verða 2.–7. gr.) samþ. með 22:15 atkv.

Brtt. 322,2 samþ. með 25 shlj. atkv.

9. gr. (verður 8. gr.), svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 322,3 (10. gr. falli brott) samþ. með 38 shlj. atkv.

Brtt. 337,1 kom ekki til atkvæða.

Brtt. 337,2 felld með 22:20 atkv.

Brtt. 322,4 samþ. með 22:1 atkv.

11. gr. (verður 9. gr.), svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 337,3 kölluð aftur.

12. gr. (verður 10. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 322,5 samþ. með 22 shlj. atkv.

13. gr. (verður 11. gr.), svo breytt, samþ. með 22

shlj. atkv.

Brtt. 322,6 samþ. með 22 shlj. atkv.

14. gr. (verður 12. gr.), svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

15. gr. (verður 13. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

16. gr. (verður 14. gr.) samþ. með 35 shlj. atkv.

17. gr. (verður 15. gr.) samþ. með 22:16 atkv.

18. gr. (verður 16. gr.) samþ. með 31 shlj. atkv.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Forseti vill taka það fram að við 19. gr. er, auk brtt. meiri hl. fjh.- og viðskn., einnig brtt. á þskj. 341 frá hv. þm. Hreggviði Jónssyni og Albert Guðmundssyni. Þó að í tillögu meiri hl. fjh.- og viðskn. sé kveðið á um endanlegt orðalag greinarinnar lítur forseti svo á að tillaga hv. þm. Hreggviðs Jónssonar og Alberts Guðmundssonar sé viðaukatillaga og geti staðist sem efnislega sjálfstæð viðbót við greinina og mun því bera hana upp á eftir tillögu meiri hl. nefndarinnar. (**RH:** Forseti. Slík tillaga er, held ég, samkvæmt venjulegum skilningi þingsins brtt.) Tillagan er borin fram sem brtt., en það sem forseti er að segja er að þó að orðalag sé þannig hjá meiri hl. fjh.- og viðskn. að greinin skuli orðast með tilteknum hætti telur forseti rétt að engu að síður teljist greinin ekki endanlega ákveðin þótt sú tillaga hafi verið samþykkt heldur verði á eftir borin upp til atkvæða tillaga frá hv. þm. Hreggviði Jónssyni og Albert Guðmundssyni vegna þess að forseti telur að meginreglan sé sú að vilji þingsins geti fengið að koma í ljós, m.a. um þessa tillögu. Tillaga Hreggviðs Jónssonar og Alberts Guðmundssonar er hrein viðaukatillaga og getur staðist efnislega sem viðbót við greinina eins og hv. þm. geta gengið úr skugga um og skiptir engu um það orðalag sem lagt er til af meiri hl. fjh.- og viðskn. (**RH:** Forseti. Er eitthvað í þingsköpum sem heitir viðaukatillaga? Eru ekki bara nefndar brtt.? Ef það er breyting á frumvarpsgrein, þá er það brtt. Þetta er þó kannski ekki stórt atriði.) Ég skal taka nafngiftina til baka ef það skiptir máli. Meginatriðið í huga forseta er að vilji þingsins geti fengið að koma fram um þessa tillögu. (**RA:** Ef báðar tillögurnar eru samþykktar er skatturinn lagður tvisvar á.) Eins og kemur fram í brtt. er hér um „þrátt fyrir"-ákvæði að ræða sem vísar til fyrri mgr. Þess vegna telur forseti að brtt. geti staðist sem sjálfstæð viðbót og telur rétt að brtt. geti komið til atkvæða þó að tillaga meiri hl. hafi verið samþykkt.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Ég tel að það sé eðlilegt að bera upp brtt. á þskj. 341 eftir að atkvæðagreiðsla hefur farið fram um tillögu meiri hl. fjh.- og viðskn. Þar með geta menn eins og sá sem hér stendur greitt tillögunni á þskj. 341 atkvæði ef svo illa skyldi fara að tillagan á þskj. 322 yrði samþykkt og eignarskattshækkanirnar yrðu þar með að veruleika. Þessi viðbótartillaga gerir mönnum kleift að milda þá hækkun sem í fyrri tillögunni felst.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Sú aðferð sem hv. 17. þm. Reykv. lýsti er nákvæmlega sú aðferð sem forseti hafði lýst að hann ætlaði að viðhafa við atkvæðagreiðsluna.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Vegna skýringa hv. síðasta ræðumanns er nauðsynlegt að benda á að að sjálfsögðu er tilhögun sú sem forseti leggur til rétt og sú eina sem getur gengið vegna þess að brtt. á þskj. 341 frá hv. þm. Hreggviði Jónssyni og Albert Guðmundssyni getur ekki staðið ein sér, er merkingarlaus ein sér og hana ber að kalla til baka ef ekki er búið að samþykkja fyrri tillöguna þar sem hún er merkingarlaus og út í bláinn ein sér og í henni er vísað til fyrri málsgr. sem þarf að vera búið að samþykkja til þess að það hafi eitthvað upp á sig að samþykkja síðari brtt.

Brtt. 322,7 (ný 19. gr., verður 17. gr.) samþ. með 22:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓÞÞ, PP, RA, SighB, SV, StH, SJS, AðB, AS, ÁrnG, GeirG, GB, GGP, GuðnÁ, GHelg, HG, JóhS, JBB, JK, JónS, JSS, KJóh.

nei: HJ.

MB, MÁM, MálmS, ÓE, ÓÞG, PJ, RH, ÞP, ÞÞ, AG, BÍG, EH, FÞ, FrS, GHH, IBA, KrP, KE, KH greiddu ekki atkvæði.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Með samþykkt hækkunar eignarskatta er gengið í berhögg við allt velsæmi og langt út fyrir eðlileg mörk í skattaáþján almennra borgara. Þetta bitnar harðast á einstaklingum sem búa í eigin íbúðarhúsnæði. Þeir hafa lagt í það metnað sinn að spara, fara vel með þau laun sem þeir hafa unnið til og greitt fulla skatta, bæði af launum vinnu sinnar og byggingarefni því sem í þessi hús hefur farið. Hér er verið að hegna þeim sem hafa sýnt ráðdeild, hafa borgað skuldir sínar með skilum og eiga nú skuldlitlar eða skuldlausar eignir. Þessi skattur hefur af sumum verið kallaður ekknaskattur vegna þess að hann leggst afar þungt á einstaklinga. Af eign sem hjón greiða 108 þús. kr. af greiðir einstaklingur 231 þús. kr. og var á síðasta ári 72 þús. kr. eða hækkar um rúm 320%. Mismunurinn á því sem einstaklingur greiðir og því sem hjón greiða er 123 þús. kr. í ár. Ofan á þetta verður ein fyrirvinna að greiða miklu hærri skatta af launum. Þetta er ósvífni. Þá er einnig ráðist á íbúa hér í Reykjavík og á Reykjanesi á lúalegan hátt. Sama stærð af eign er nánast skattlaus víða úti á landi. Launatekjur hér á Reykjanesi og í Reykjavík eru þó þær sömu. Þetta er eignaupptaka og árás á borgarastétt í landinu. Ég segi nei.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. 2. minni

hl. fjh.- og viðskn. er Kvennalistinn þeirrar skoðunar að það beri að skattleggja eignir sem eru umfram hófleg mörk svo sem ætlunin er skv. 19. gr. Í meðförum nefndarinnar voru viðmiðunarmörkin vissulega hækkuð og það teljum við til bóta, en við teljum að þessi tillaga og hækkunin sé ekki grundvölluð á nægilega miklum athugunum og því greiði ég ekki atkvæði.

Brtt. 341 (fyrri mgr.) felld með 21:15 atkv.

Brtt. 341 (síðari mgr.) felld með 21:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HJ, IBA, AG.

nei: AS, ÁrnG, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, HG, JóhS, JBB, JK, JónS, JSS, ÓÞÞ, PP, RA, SighB, SV, StH, SJS, KJóh.

BÍG, EH, FÞ, FrS, GHH, KrP, KE, KH, MB, MÁM, MálmS, ÓE, ÓÞG, PJ, RH, ÞP, ÞÞ, AðB greiddu ekki atkvæði.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Eins og flestum er kunnugt er endurstofnverð húsa víða úti á landi liðlega tvöfalt fasteignamatsverð. Tillagan felur því í sér að það er verið að leggja það til að eignarskattur á þetta húsnæði hækki þannig að hann verði a.m.k. 2% í staðinn fyrir það sem nú er á eignir umfram 5 millj. Þar að auki er fasteignamatsverð miðað við söluverð eigna og þannig er því hér gerð tillaga um að eignarskattur sé lagður á eignir sem ekki eru í raun og veru til því að eignirnar eru ekki meira virði en sem nemur fasteignamatsverði. Mér finnst þetta því með fráleitari tillögum sem ég hef séð í þinginu og segi nei.

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Ég vísa til mjög glöggra skýringa hv. þm. Ragnars Arnalds á þessu máli og mig furðar að hver þingmaður landsbyggðarinnar á fætur öðrum skuli láta þetta mál fram hjá sér fara og engin afskipti vilja hafa af afgreiðslu þess. Ég segi nei.

Albert Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það að endurstofnverð er hærra en fasteignamat úti á landi, en það er sagt vera minna en fasteignamat í Reykjavík. Af hverju er þessi munur á húsnæði? Fólk þarf jafnt að hafa húsnæði hér sem annars staðar eða annars staðar sem hér þannig að það á að vera jöfnuður. Ég segi að sjálfsögðu já. Ég er flm.

20. gr. (verður 18. gr.) samþ. með 22:12 atkv.

Brtt. 337,4–5 kölluð aftur.

21.–22. gr. (verða 19.–20. gr.) samþ. með 22:11 atkv.

23. gr. (verður 21. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv.

Brtt. 322,8 samþ. með 22:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JBB, JK, JónS, JSS, ÓÞÞ, PP, RA, SighB, SV, StH, SJS, AðB, AS, ÁrnG, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, HG, JóhS, KJóh.

nei: HJ, IBA.

KrP, KE, KH, MB, MÁM, MálmS, ÓE, ÓÞG, PJ, RH, ÞP, ÞÞ, AG, BÍG, EH, FÞ, FrS, GHH greiddu ekki atkvæði.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Ég vek athygli á því að þingheimur er hér að samþykkja afturvirk ákvæði í skattalögum að hluta til. Þetta gildistökuákvæði er að hluta til með afturvirkum ákvæðum. Slíkt er að sjálfsögðu algerlega óviðunandi. Við sjálfstæðismenn getum ekki borið ábyrgð á slíku ákvæði í lögum og greiðum ekki atkvæði í þessari atkvæðagreiðslu. Ég greiði ekki atkvæði.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Það er meginregla að það eigi ekki að leggja á skatta aftur í tímann. Ég segi nei.

24. gr. (verður 22. gr.), svo breytt, samþ. með 22:10 atkv.

Ákv. til brb. I samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 322,9 (nýtt ákv. til brb., II) samþ. með 22:19 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

34. fundur, miðvikudaginn 21. des., að loknum 33. fundi.

Vörugjald, 3. umr.

Stjfrv., 162. mál (gjaldflokkar og gjaldstofn). — Þskj. 345.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Hér hafa orðið þó nokkur tíðindi á þessum þingfundi í kvöld. Það hefur komið í ljós að ríkisstjórnin er öflugri hér í deildinni en áður var talið og að einn af þingmönnum Borgfl. hefur veitt brautargengi einhverjum mestu skattahækkunarfrv. sem um getur í landinu í seinni tíð. Það frv. sem nú er komið til 3. umr. um vörugjald vekur sérstaka athygli í þessu sambandi þar sem fyrir liggja eindregin mótmæli allra þeirra verkalýðsfélaga sem þessu máli tengjast, allra þeirra hagsmunasamtaka sem málinu tengjast og yfirleitt allra aðila sem hafa tjáð sig við hv. fjh.- og viðskn.

Það hlýtur því að vekja sérstaka undrun að einn hv. þm. Borgfl. skuli styðja mál sem hagsmuna-

samtök launþega og atvinnurekenda í íslenskum framleiðslugreinum hafa mótmælt svo harðlega. Ég tel að allir þeir aðilar sem hafa tjáð sig við hv. fjh.- og viðskn. hafi vit á þeim málum sem hér er verið að fjalla um, það þurfi ekkert að fara í grafgötur með það eða gefa í skyn að nefndin hafi kallað til aðila sem ekki vissu hvað þeir voru að tala um.

Ég hlýt að lýsa mikilli undrun á þessari niðurstöðu, en þó fyrst og fremst miklum vonbrigðum með að svo skuli hafa farið bæði í þessu máli og að því er varðar tekjuskatt og eignarskatt.

Það liggur alveg fyrir að frv. um vörugjald er mjög íþyngjandi fyrir íslenska iðnstarfsemi og mun gera samkeppnisstöðu íslenskrar framleiðslu verri en áður var gagnvart innfluttum vörum. Þá koma menn að vísu og segja: Já, en vörugjaldið leggst á bæði innflutning og innlendar vörur. Og það er að vísu alveg rétt að báðir vöruflokkarnir munu hækka hlutfallslega jafnmikið. Ef um er að ræða innflutning og innlenda vöru þá hækkar hvort tveggja um sömu prósentu í kjölfar vörugjaldsins. En þar sem um er að ræða lægra vöruverð hinum erlenda framleiðanda í hag eykst auðvitað það krónubil sem er á verði hinnar innfluttu vöru miðað við þá innlendu. Þess vegna er alveg ljóst að hér er verið að gera breytingar á sköttum og gjöldum sem bitna illilega á íslenskum atvinnuvegum og það í ástandi þegar samdráttar gætir af öðrum orsökum, það í ástandi þegar fyrir liggur að uppsagnir eru miklar, minni vinna en verið hefur og blikur á lofti um atvinnu fjölda fólks.

Á einhverju stigi umræðna um þetta mál var því haldið fram að vörugjaldið ætti að verða eins konar fjárfestingarskattur, það ætti að leggjast á byggingarstarfsemi og ýmsa þenslu í okkar hagkerfi. Nú held ég hins vegar að öllum sé ljóst að þessi margumtalaða þensla er liðin tíð og gjald sem þetta vörugjald mun gera illt verra, mun gera öldudalinn í efnahagslífinu krappari að því er varðar þá hagsmunaaðila sem hér eiga hlut að máli.

Það er ekki aðeins svo, herra forseti, að það sé verið að koma við hagsmuni iðnfyrirtækja og iðnverkafólks með þessu frv. Það hafa líka verið sérstaklega valdir út aðrir aðilar og þá á ég við húsbyggjendur í landinu sem með vörugjaldi á byggingarefni munu þurfa að greiða mun hærri kostnað vegna húsbygginga sinna. Þetta eru kveðjurnar sem ríkisstjórnin, með félags- og húsnæðismálaráðherra í broddi fylkingar, sendir húsbyggjendum um þessar mundir. Þetta eru kveðjur í samræmi við það sem var á döfinni í deildinni fyrr í dag þegar stjórnarliðið felldi tillögu um að hækka framlag til þeirra sem eiga í sérstökum greiðsluerfiðleikum og þurfa á fyrirgreiðslu að halda hjá Húsnæðisstofnun ríkisins af þeim sökum.

Ég verð að segja að fyrir þann fjölda fólks sem hefur bundið trúss sitt við vinstri flokkana í landinu og félagshyggjustefnu þeirra hljóta þetta að vera kaldar kveðjur. Ég hygg að húsbyggjendum, iðnverkafólki, iðnrekendum og yfirleitt atvinnulífinu á Íslandi í heild muni þykja þetta kaldar kveðjur. Þessar jólakveðjur Alþb. koma hins vegar ekki þeim á óvart sem eitthvað þekkja til stefnu þess flokks. En ég hygg að Alþfl. og hugsanlega Framsfl. hafi verið búnir að tala sig svo mikið inn á gafl hjá fólki að jólakort í þessu formi muni koma nokkuð á óvart hjá almenningi í landinu þegar fólk gerir sér grein fyrir því hvað hér er á ferðinni.

Herra forseti. Það er ekki ýkja mikið tilefni til að efna til langra viðbótarumræðna um þetta tiltekna mál við 3. umr. Það liggur fyrir að huldumaðurinn — eða huldukonan — er komin í ljós. Ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar hefur nú allt í einu 22 atkvæði í hv. Nd. og þar með nægilegt fylgi til að koma í gegn einhverri mestu skattpíningu sem um getur á einu bretti í þingsögunni, a.m.k. á síðari árum. Það var, eins og hæstv. forseti deildarinnar sagði í dag, býsna forvitnilegt að fá úr þessu skorið. Hann notaði að vísu það orð um annað fyrirbæri sem upp kom í umræðum í deildinni í dag, en það orð á jafn vel við um að það er ekki síður forvitnilegt að fá úr því skorið hverjir eru hinir raunverulegu stuðningsmenn þessarar ríkisstjórnar og hverjir ekki. Nú er komið í ljós að það er meiri hluti hér í deildinni og væntanlega einnig í Ed. fyrir þeirri skattpíningu sem stjórnin boðar og stjórnin fylgir óháð því á hverjum hún lendir.

Því var haldið fram í þingbyrjun og í fjárlagafrv. að skattarnir sem stjórnin boðaði ættu að lenda sérstaklega á hátekjufólki og þeim sem hefðu fleytt rjómann ofan af góðærinu eins og það var kallað. Síðan hefur komið allt annað í ljós. Það eru neytendur í landinu, það er iðnverkafólkið í landinu, það eru lágtekjumenn, einstæðir foreldrar, hjón með mörg börn og aðrir slíkir svokallaðir forréttindahópar sem að mati ríkisstjórnarinnar hafa fleytt rjómann ofan af góðærinu og eiga nú að gjalda fyrir það svo um munar. Og fólkinu sem hefur komið sér upp íbúðum, hugsanlega myndarlegum íbúðum, í langri sambúð og langri starfsævi, býr nú eitt í sínum íbúðum oft og tíðum, hefur kannski með ráðdeild og sparsemi á löngum tíma komið sér upp einhverjum sjóði, hvort sem það er í formi íbúðar eða með öðrum hætti, á nú að refsa harðlega fyrir ráðdeildarsemina og sparsemina, fyrir það eitt að hafa ekki eytt peningunum eins og aðrir um leið og þeirra var aflað. Þetta er stefnan sem orðin er ofan á hér í þinginu, herra forseti. Það er ágætt að fá á hreint hverjir fylgja slíkri stefnu. Úr því að það er komið í ljós er nokkuð ljóst að stjórnin sem var minnihlutastjórn í Nd. er orðin að meirihlutastjórn og hún á auðvitað ákveðinn rétt á því að koma málum sínum fram fyrst þannig er í pottinn búið.

Ég sé þess vegna ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri. Við höfum varað mjög eindregið við þessu máli, við sjálfstæðismenn og aðrir stjórnarandstæðingar, og það mun koma í ljós að hér er á ferðinni aðgerð sem mun hafa háskalegar afleiðingar í för með sér, aðgerð sem mun hugsanlega stefna atvinnu fjölda manna í hættu, aðgerð sem engir góðviljaðir

stjórnmálamenn geta verið þekktir fyrir að leggja nafn sitt við.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég ætla að gera fjórðu tilraun til að spyrja hæstv. ráðherra einnar spurningar. Hún er byggð á blaðagrein og blaðaviðtali sem átt var við hæstv. ráðherra undir þeirri makalausu fyrirsögn „Hækkun vörugjalds snertir ekki daglegar nauðsynjar launafólks". Þar segir ráðherra m.a.: „Við stefndum að því einnig að lækka verð á nauðsynlegum matvælum og nota frekar tekjuöflunina til þess." Það er verið að tala þarna um matarskattinn. „Hins vegar féllumst við á það, þegar þessi stjórn var mynduð, að matarskatturinn héldi gildi sínu í eitt ár og peningarnir væru frekar notaðir til að greiða niður verð á nauðsynlegum matvælum."

Ég ætla ekki að lesa meira þó að ég hafi gert það við fyrri spurningu. Spurning mín til ráðherrans var sú: Má treysta þessum orðum? Verður matarskatturinn felldur niður eftir eitt ár? Reyndar segir ráðherrann berum orðum að hann eigi aðeins að halda gildi sínu í eitt ár. Ég bið ráðherrann vinsamlegast að koma hér í ræðustól og staðfesta það fyrir þjóðinni að eftir eitt ár verði matarskattur úr gildi fallinn.

Hæstv. forseti. Auðvitað voru allmargar aðrar spurningar sem ég lagði hér fyrir og ég harma að hæstv. ráðherra sá enga ástæðu til að koma í ræðustól og svara einni einustu spurningu hvorki frá mér né öðrum ræðumönnum hér í dag. Ég verð bara að túlka það sem táknrænt dæmi um þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið í sambandi við þetta ákveðna frv.

Ég spurði m.a. um fob-tollun, hvort ráðherra hefði íhugað hana eða hvort hann væri jafnvel að *íhuga hana og af hverju hún væri ekki í raun tekin* upp. Hvers vegna ættum við að greiða tolla af hlutum eins og pökkun, frakt, tryggingu, kostnaði o.s.frv.?

Ég spurði ráðherra einnig um ósamræmi og benti honum á í tvígang ákveðið ósamræmi í vörugjaldsfrv. Ég hygg að hv. þm. Kristín Halldórsdóttir hafi bent á ákveðin númer sem hreinlega eru ekki til í tollskránni. Dæmin um vinnubrögðin og hversu hroðvirknisleg þau virðast vera eru æpandi. Ég spurði um fjölgun greiðenda. Þeir voru sagðir fara upp í rúmlega 300 við fyrsta frv. sem hér var lagt fram. Nú hefur stofninn verið breikkaður um fleiri hundruð númer þannig að væntanlega hefur greiðendum fjölgað allverulega.

Ég ætla ekki að tína upp fleiri spurningar, en ég get svo sem notað mér þann möguleika sem ég hef á seinni ræðu ef ekki koma svör við þeim örfáu spurningum sem ég hef hér borið fram.

Hins vegar vil ég aðeins taka undir það að einhverju leyti sem hv. þm. Geir H. Haarde kom inn á áðan þó að ég taki ekki undir allt sem hann sagði. Ég verð, því miður, að harma þá afstöðu sem ákveðinn þingmaður Borgfl. hefur tekið í dag. Ég segi því miður vegna þess að á þeim tímum sem nú eru í hönd farnir hafa skattar verið stórauknir, hafa laun verið fryst, hefur jafnvel lækkun launa verið boðuð, samningsréttur afnuminn, það þarf að setja upp sérstakan sjóð til að aðstoða nauðstödd heimili og það er samdráttur í atvinnulífinu. Það er boðað aukið atvinnuleysi, það verður stórskertur kaupmáttur og það verður hækkað vöruverð.

Ég segi enn á ný: Því miður finnst mér slæmt að nokkur þingmaður Borgfl. skuli styðja slíkt frv.

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég þarf ekki að vera margorð um þetta mál. Ég hef þegar tjáð mig um það, bæði um efnisatriði og málsmeðferð. Við kvennalistakonur erum andvígar frv. þar sem það hækkar framfærslukostnað, það hækkar byggingarkostnað og það eykur verðbólgu um leið og launafólk er beitt valdi og fær ekki að semja um laun sín. En ég sé mig tilneydda til að gera athugasemd vegna atkvæðagreiðslu sem fram fór áðan við 2. umr. Ég hafði ætlað að gagnrýna hæstv. forseta, nú er ekki aðalforseti í forsetastóli, en ég hef þegar rætt við þann sem gegndi forsetastörfum áðan, vegna þess að tilhögun atkvæðagreiðslunnar ruglaði a.m.k. þá sem hér stendur í ríminu og mér tókst ekki að greiða atkvæði á *þann veg sem ég ætlaði*. Þar má um kenna ruglingslegum þingskjölum sem stafa af ruglingslegri málsmeðferð meiri hl. Hæstv. forseti lét greiða atkvæði um tvær fyrstu brtt. frá meiri hl. í einu, en ég áttaði mig hreinlega ekki á því og heldur ekki þeir sem í kringum mig voru fyrr en atkvæðagreiðslan hélt áfram. Þess vegna vildi ég nú nota tækifærið og lýsa því yfir að það var ætlun okkar kvennalistakvenna að greiða atkvæði með sumum atriðum í brtt. nr. 2 og ég hafði hugsað mér að fá þeim *númerum skipt upp í hluta*. Það er sjálfsagt að upplýsa þingheim um hvernig við höfðum hugsað okkur að greiða atkvæði því að þarna eru númer frá 1701.1100 til 1704.9009 en á bak við þau númer eru ýmsar sykurvörur og sætindi og við höfðum hugsað okkur að styðja þá hækkun. Við höfðum hins vegar hugsað okkur að greiða atkvæði gegn tveimur númerum sem hafa að geyma kakóduft án sykurs sem við sjáum ekki ástæðu til að hækka sérstaklega. Þar á eftir koma ýmis númer sem innibera súkkulaðinúggatmassa og sitt af hverju tagi í þeim dúr. Þá eru hér piparkökur og sætt kex. Það fellur undir þessa skilgreiningu einnig. En síðan koma allmörg númer sem hafa að geyma ávaxtabykkni, ógerjaðan og ósykraðan safa, þ.e. númer frá 2009.1101 til 2201.1000, og við ætluðum að greiða atkvæði gegn sérstöku álagi á þessar vörur. Þar næst koma númer sem eiga við gos, öl og vínanda og fleira af því tagi og við ætluðum að styðja sérstakt álag á þær vörur.

Við höfðum sem sagt farið nokkuð rækilega yfir þennan kafla og ætluðum á málefnalegan hátt að styðja þær álögur á þau númer sem við töldum vera í samræmi við manneldisstefnu. En þetta misfórst hjá

okkur þar sem atkvæðagreiðslan var ekki á sama veg og við töldum að hún yrði.

Þetta vildi ég skýra út svo það kæmi skýrt fram bæði gagnvart þingdeild og kæmi fram í þingtíðindum og þarf svo sem ekki frekari orð um það að hafa. En fyrst ég er komin hingað vil ég ítreka fyrirspurn sem ég gerði til hæstv. ráðherra við umræðuna áðan og hún er varðandi þetta númer sem ekki fyrirfinnst í tollskránni en meiri hl. vill endilega hafa með 9% vörugjaldi. Það er mér vitaskuld útlátalaust, en ég hygg að tekjur ríkisins aukist ekkert við það og mér finnst snyrtilegra að það sé í samræmi við tollskrána. Þetta númer er 3926.3001. Ég bar fram fsp. um það áðan hvað lægi að baki þessu númeri, hvort þetta væri eitthvert sérnúmer hæstv. fjmrh., eitthvað sérstaklega hugnanlegt, en ég fann þetta ekki í tollskránni og því er þessi fyrirspurn fram borin.

Ég vona að ég hafi þá hér með úskýrt hver afstaða Kvennalistans er í rauninni til þeirra liða sem hér var verið að afgreiða.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Þetta er alveg makalaust. Ég eiginlega skil ekki hvað þarf til að fá hæstv. ráðherra hér upp og svara þeim spurningum sem fyrir eru lagðar. Það er ákveðið mál til umræðu sem heyrir undir þennan hæstv. ráðherra og hann fæst ekki hér upp til að svara þeim spurningum sem þarf og er eðlilegt að spyrjast fyrir um. Ég leita til hæstv. forseta með það að koma því til leiðar að hæstv. ráðherra taki þátt í umræðum og svari þeim fyrirspurnum sem lagðar eru fyrir hann. **(Forseti:** Forseti tekur fram að hann hlutast ekki til um hverjir kveðja sér hljóðs.)

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Þeirri fyrirspurn sem hv. þm. bar fram og lýsti í ræðu sinni áðan að hann hefði ítrekað við umræðurnar og snertir afstöðu mína til skattlagningar á matvæli tel ég að ég hafi þegar svarað á þessu þingi með því að vísa til þess að þeir þættir koma til umfjöllunar við endurskoðun laganna um virðisaukaskatt. Eins og fram hefur komið í þessari hv. deild og hv. Ed. er ætlunin að þeir flokkar sem ekki eiga aðild að ríkisstjórninni eigi einnig aðild að þeirri endurskoðun og vænti ég þess að þar gefist rækilegri og betri vettvangur til að fjalla um það mál en hér.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Ég bar fram nokkrar spurningar til hæstv. fjmrh. við 1. umr. þessa máls. Þeim spurningum hefur ekki verið svarað. Þær vörðuðu nokkra þá þætti sem hv. þm. Kristín Halldórsdóttir hefur gert að umræðuefni og nokkra aðra þætti líka. Ein af þessum spurningum var beinlínis sú hvort það væri ekki áreiðanlega rétt skilið að sætuefni sem innihalda ekki sykur séu í þessum sama vörugjaldsflokki. Enn fremur kom ég með þá ábendingu að það væri æskilegt og að ýmsu leyti nauðsynlegt að þeir vöruflokkar væru teknir út úr þessu vegna heilsufarsnauðsynjar hóps fólks sem er algerlega háð fæðu sem er sykursnauð. Ég sé ekki betur en ríkisstjórnin hafi alveg skellt skolleyrum við þessu, en ég get ekki ímyndað mér að þetta muni svo afskaplega miklu í tekjuöfluninni. Hins vegar munar þetta mjög miklu fyrir þann hóp, sem er sem betur fer ekki mjög fjölmennur en of fjölmennur þó, sem er háður slíkum vörum. Þetta tel ég að sé alveg nauðsynlegt að leiðrétta. Hér er fyrst og fremst um að ræða sætuefnið aspartan sem ég hygg að sé enn þá inni í þessari grein og þarf endilega að fara þaðan.

Annað atriði, sem ég get heldur ekki ímyndað mér að vegi afskaplega þungt í tekjuöflun ríkisins en hefur hins vegar mjög mikla þýðingu menningarlega, er það að nú virðist ríkisstjórnin hafa ákveðið að leggja vörugjald á efni til listmálunar. Ég bendi hæstv. ráðherra á það, ef hann mætti vera að að taka þeirri ábendingu, a.m.k. hafa hana í huga sér, að það var mikið framfaraspor þegar opinber gjöld af þessum efnum voru afnumin fyrir nokkrum árum og breytti stöðu myndlistarmanna mjög mikið. Það gerðist hvort tveggja í senn að við gerðumst aðilar að Flórens-sáttmálanum um niðurfellingu aðflutningsgjalda af slíkum efnum, efnum til framleiðslu menningarverðmæta m.a., efnum vegna menningar og vísinda, og svo hins vegar að ríkisstjórnin ákvað að ekki skyldi vera sérstakt vörugjald á efnum til listmálunar. Ég vek athygli á þessu og hvet eindregið til þess að þetta spor aftur á bak verði ekki stigið. Nóg er nú samt sem að skattafrv. ríkisstjórnarinnar má finna.

Ég held að þau tvö atriði sem ég hef bent á séu í raun og veru afskaplega útlátalítil fyrir ríkisstjórnina að leiðrétta en hafi mikla þýðingu fyrir þá sem í hlut eiga.

Það væru fjölmörg atriði, herra forseti, sem ástæða væri til að víkja að því að þetta frv. er eitt með öðru það sem sýnir hug þessarar hæstv. ríkisstjórnar til almennings í landinu. Nú vil ég ekki ætla henni að hún beri neina óvild í brjósti gagnvart almenningi í landinu heldur er hér um að ræða þvílík flaustursverk að þau bitna með óhóflegum þunga á þeim sem síst skyldi oft og tíðum. Það aftur á móti lætur hæstv. ríkisstjórn sér í léttu rúmi liggja þegar um er að ræða að halda völdum sínum annars vegar og hins vegar að geta sýnt fram á pappír þar sem menn telja, a.m.k. til bráðabirgða, að nokkurn veginn sé jafnvægi á milli tekna og gjalda í fjárlögum hvað sem það kostar, þó að það hafi mikinn aukakostnað og erfiðleika í för með sér örskömmu seinna. Þetta er einungis vegna þess að þessari ríkisstjórn er margt helgara en kjör hinna einstöku þjóðfélagsborgara í landinu. Svipurinn á fjárlagafrv. hæstv. fjmrh., þ.e. fjárlagafrv. Alþb., þarf að vera með þessum hætti hvað sem það kostar og undir það jarðarmen ganga bæði hæstv. forsrh. og hans flokksmenn, hæstv. viðskrh. og hans flokksmenn og svo

nýju hásetarnir tveir sem væntanlega fá kannski ekki skiprúm á þessum bát fyrr en eftir áramótin. En svo er að sjá hér enn sem fyrr, áður en þessi frv. tóku þó þeim breytingum sem eru nú að verða á þeim, að það sé Alþb. sem ræður efnahagsstefnu þessarar ríkisstjórnar, fjármálastefnu þessarar ríkisstjórnar allt til þess að hið sama Alþb. geti sýnt á pappír að fjárlagafrv. og hin endanlegu fjárlög eins og þau verða afgreidd sýni e.t.v. meira jafnvægi en er í raun og veru. Með þessum hætti gerist það einkennilega að sjálfur hæstv. forsrh. sem hér situr verður eiginlega í þjónustu Alþb., svo einkennilegt sem það er. Ég veit að sveifluhæfileikar Framsfl. eru miklir og að hæstv. forsrh. er íþróttamaður góður, en einhvern veginn þykir mér lítið leggjast fyrir kappann, ég verð að segja það, og má mikið vera ef það á ekki eftir að koma í ljós síðar að öll þessi aðferð hafi haft meiri og óheillavænlegri þýðingu fyrir íslenskt stjórnmálalíf en menn gefa sér tíma til að hugsa um núna í annríki daganna.

Herra forseti. Ég ætlaði mér ekki að flytja langt mál um þetta frv., en ég var fyrst og fremst með þessar tvær litlu ábendingar í huga sem ég vona að réttsýnir menn í stjórnarflokkunum taki upp og haldi til haga við þá sem ráða þessu fleyi þeirra.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Það kom fram við atkvæðagreiðslu í lok 2. umr. um þetta mál að hæstv. ríkisstjórn hefur borist liðsauki sem tryggði framgang málsins hér í hv. deild með þeim rökum að nú væri kominn tími til að snúast gegn, eins og það var kallað, „nýfrjálshyggju" og ég geri ráð fyrir að ganga í lið með félagshyggjunni. En í hverju er nú félagshyggjan í þessari skattheimtu fólgin? Hún er m.a. fólgin í því að lækka álögur á innfluttan varning. Nú ætla ég ekki út af fyrir sig að gagnrýna ríkisstjórnina fyrir það ef hún telur sig hafa efni á því við þær aðstæður sem ríkissjóður býr núna og ef hún telur það almennt vera rétta hagstjórn við þessar aðstæður, þegar viðskiptahalli er mikill, að lækka tolla á tilteknum innfluttum vörum. En á móti er félagshyggjan svo fólgin í því að hækka gríðarlega skattheimtu sem bitnar á íslenskum iðnaði, verksmiðjuiðnaði og byggingariðnaði, og sem bitnar með mestum þunga á unga fólkinu í landinu. Þetta er félagshyggjan á bak við þetta frv.

En ég kom hér fyrst og fremst upp til að ítreka þá spurningu sem hv. 5. þm. Vesturl. bar hér fram. Hæstv. fjmrh. hefur verið allra ráðherra duglegastur við að gefa út stórar yfirlýsingar í fjölmiðlum. Það hefur hins vegar komið á daginn að engar þeirra yfirlýsinga hafa staðist. Ýmist hafa þær hrunið vegna þess að hæstv. ráðherra hefur ekki komið áformum sínum fram eða að þær hafa verið vísvitandi blekkingar. Allar þessar yfirlýsingar hafa verið rangar.

Hv. 5. þm. Vesturl. vitnaði í eina blaðayfirlýsingu hæstv. fjmrh. um að matarskatturinn ætti aðeins að standa í eitt ár, en hæstv. ráðherra fæst með engu móti til að staðfesta þá yfirlýsingu á hinu háa Alþingi og er það í samræmi við allt annað. Allar aðrar yfirlýsingar hans utan Alþingis hafa ýmist ekki staðist, hrunið vegna þess að hann hefur ekki komið áformum sínum fram, eða verið vísvitandi blekkingar og ósannindi. Þess vegna er mjög nauðsynlegt að knýja á um að hæstv. ráðherra svari þessari fyrirspurn frá hv. 5. þm. Vesturl.

Þegar þessi mál voru til umræðu á Alþingi fyrir ári og hæstv. núv. utanrrh. var fjmrh. komst hann svo að orði í ræðu 10. des., með leyfi forseta, um söluskattsfrv., um tolla- og vörugjaldsfrv. sem þá voru til meðferðar: „Þar sem þessi þrjú frv. eru að mörgu leyti efnislega ósundurslítanleg og nátengd hef ég í hyggju að ræða þau hér öll að svo miklu leyti sem umræðuefnið er eitt og vænti þess að þingmenn geti fjallað um þau öll í senn hér á eftir að svo miklu leyti sem það er efnislega óaðskiljanlegt."

Og síðar í sömu umræðu segir núv. hæstv. utanrrh., með leyfi forseta:

„Þær breytingar á söluskatti sem felast í þessum frv. eru sem fyrr segir nátengdar umfangsmiklum breytingum á lögum um tollskrá og vörugjald. Jafnhliða samræmingu söluskatts og víkkun skattstofns verða tollar lækkaðir og sex mismunandi vöru- og aðflutningsgjöld lögð niður. Í stað þeirra verður tekið upp eitt vörugjald, 14%, sem leggst á nokkra skýrt afmarkaða vöruflokka."

Síðan segir hæstv. utanrrh.: „Um innbyrðis tengsl þessara aðgerða, breytinga á tollkerfi, vörugjaldskerfi og söluskattskerfi, er fjallað í þeim frv. þremur sem hér eru á dagskrá. Þessi endurskoðun og einföldun á tolla- og vörugjaldskerfinu tengist enn fremur þeim breytingum sem verða á söluskattskerfinu um næstu áramót."

Með öðrum orðum, svo skýrt tók hæstv. núv. utanrrh. fram að þessar lagabreytingar, sem þá var verið að gera, væru ósundurslítanlegar og óaðskiljanlegar að það er auðvitað ekki hægt að ljúka þessari umræðu án þess að skýr svör fáist um þetta efni. Ég geri ekki ráð fyrir því að hæstv. viðskrh., sem leitt hefur kollsteypu Alþfl. í þessum efnum, geti svarað einu einasta orði um þetta fremur en annað sem til hans hefur verið beint. En það er skýlaus krafa þingsins að hæstv. fjmrh. svari þessari spurningu.

Hér voru gerðar umfangsmiklar skattkerfisbreytingar. Álagning söluskatts á matvæli var órjúfanlega tengd því að tollar og vörugjöld væru lækkuð og einfölduð. Það er ekki unnt öðruvísi en það komi í bakið á fólki í landinu að hækka núna vörugjöldin. Það eru hrein svik við það sem áður var gert. Alþfl. fer auðvitað létt með það, en hæstv. fjmrh. verður að svara þessari spurningu vegna þess að hann hefur utan þings gefið til kynna að þetta eigi að vera bráðabirgðaástand. Ég ítreka spurningu hv. 5. þm. Vesturl. Getur hæstv. ráðherra svarað því skýrt og skorinort hér eða er sú yfirlýsing sem hv. 5. þm. Vesturl. vitnaði í enn eitt dæmið um að það er ekkert að marka það sem hæstv. ráðherra segir?

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að spyrja hæstv. fjmrh. í sjötta sinn. Ég ætla nú að snúa mér að hæstv. forsrh. sem heiðrar okkur hér vegna þess að í svari hæstv. fjmrh. við þessari ákveðnu spurningu í blaðagreininni segir hæstv. fjmrh., með leyfi forseta: „Hins vegar féllumst við á það, þegar þessi stjórn var mynduð, að matarskatturinn héldi gildi sínu í eitt ár."

Þetta gefur náttúrlega það til kynna að um þetta hafi verið samið við stjórnarmyndunarviðræður, í málefnasamningi væntanlega. Því vil ég spyrja hæstv. forsrh.: Var Alþb. með þetta skilyrði? Er þetta skilyrði fyrir stjórnarþátttöku Alþb. eða ekki?

Ég man vel þá tíð hér fyrir ári síðan þegar hæstv. fjmrh. stóð á kassa inni í versluninni Miklagarði og talaði gegn matarskatti og skoraði á ákveðna ráðherra að mæta þar. Ég man þá tíð. Hann hefur hins vegar gleymt þeirri tíð.

Hér hafa verið lagðar fyrir hann fjölmargar spurningar varðandi það frv. sem hér liggur frammi. Ekki einni einustu spurningu hefur verið svarað, ekki einni einustu. Það er að mínu mati dæmi talandi dæmi um þau vinnubrögð sem þessi ríkisstjórn viðhefur. Ef það er ekki til skammar þá er ekkert til skammar í þessu þjóðfélagi í dag.

Matthías Á. Mathiesen:

Herra forseti. Ég vil áður en a.m.k. þessari umræðu lýkur vekja athygli á því sem hér er að gerast, þegar hér hafa verið umræður um hin þýðingarmestu mál, þegar þeir sem hafa verið í forsvari fyrir þá aðila sem fjallað hafa um þessi mál, forustumenn stjórnarandstöðunnar, fulltrúar í fjh.- og viðskn. koma hér upp með fyrirspurnir til ráðherranna, sem hafa lagt málið fyrir þingið, hæstv. fjmrh. og að sjálfsögðu hæstv. forsrh. sem a.m.k. stjórnlagalega séð ber fyrstur ábyrgð á hlutunum og telst vera í forustu fyrir þeim hópi ráðherranna sem hér eru. Hvorugur þessara aðila er reiðubúinn til þess að svara spurningum, að rökræða við þá aðila sem hér hafa komið upp. Á sama tíma koma þessir aðilar og tala um það að ekki sé hægt að fá mál afgreidd á Alþingi. Ég spyr: Hvers vegna er ekki hægt að fá mál afgreidd? Ein ástæðan er sú að þeir aðilar, sem bera ábyrgð á þeim frv. sem lögð hafa verið fram, eru ekki reiðubúnir — ég veit að hæstv. fjmrh. er orðinn syfjaður, það eru kannski ýmsir aðrir líka. En Alþingi á kröfu á því að þeir aðilar, sem bera ábyrgð á málunum, svari og þeir skiptist á skoðunum við þá þingmenn sem tala hér og koma fram með sjónarmið sín af hálfu minni hlutans hér á Alþingi.

Ég vildi aðeins benda á þetta og víkja að þeim þætti sem að mínum dómi er tvímælalaust það sem upp á stendur, þ.e. að hæstv. ráðherrar treystast ekki til þess að koma hér upp í ræðustólinn og svara spurningum eða rökræða um málin.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Vegna fsp. frá hv. 5. þm. Vesturl. vil ég upplýsa eftirfarandi:

Í samningum stjórnarflokkanna er ekki tekið fram um, eins og kallað er, lækkun á matarskatti eða lækkun á verði matvæla. Hins vegar er fullt samkomulag um það á milli stjórnarflokkanna að leita leiða til að lækka verð, sérstaklega á matvælum framleiddum hér á landi, og skoða það í sambandi við þá yfirferð sem væntanlegur virðisaukaskattur þarf að fá. En ég vek athygli á því að þessi ríkisstjórn hefur aukið niðurgreiðslur á ákveðnum landbúnaðarafurðum sem eru svo sannarlega í þessum flokki og nemur sú niðurgreiðsla núna, ef ég man rétt, nokkuð yfir 300 millj. kr. Þannig að því fjármagni sem hefur verið ráðstafað í slíku skyni hefur öllu verið ráðstafað til að lækka það verð sem annars væri á matvælum sem framleidd eru innan lands.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 22:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓÞÞ, PP, RA, SighB, SV, StH, SJS, AðB, AS, ÁrnG, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, HG, JóhS, JBB, JK, JónS, JSS, KJóh.

nei: KE, KH, MÁM, MálmS, ÓE, ÓÞG, PJ, RH, ÞP, ÞÞ, AG, BÍG, EH, FÞ, FrS, GHH, HJ, IBA, KrP.

1 þm. (MB) fjarstaddur.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Eins og ég gerði grein fyrir í 3. umr. tókst okkur ekki að koma fyllilega til skila afstöðu okkar hérna við atkvæðagreiðslu í 2. umr. Við styðjum í rauninni hærri skatt á nokkur af númerunum í 17. kafla tollskrárinnar og örfá önnur sem hafa í för með sér að hærri álögur eru á sykur og sætindi, gos og öl. En við erum andvígar frv. í heild. Ég segi því nei.

Frv. afgr. til Ed.

Tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.

Stjfrv., 189. mál (skatthlutföll, persónuafsláttur o.fl.). — Þskj. 348.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það er í sjálfu sér ástæðulaust að hafa mörg orð um þetta mál til viðbótar öllu því sem

sagt hefur verið um þetta frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt. Ég rakti það í ítarlegu máli hér fyrr í kvöld hvaða meginástæður lægju að baki andstöðu okkar sjálfstæðismanna við þetta frv. Þetta mál er þríþætt. Það fjallar um að stórauka álögur, tekjuskattsálögur á allan almenning, það fjallar um að stórauka skattgreiðslur fyrirtækja og það fjallar um að stórhækka eignarskatta hjá einstaklingum. Allt þetta gerir það að verkum að þetta frv. er hið versta plagg að mínum dómi.

Ég tel mig hafa sýnt fram á að fjmrh. leyfði sér að beita mjög grófum blekkingum við kynningu þessa máls. Því hefur ekki verið andmælt. Fjmrh. sá ekki ástæðu til þess, þó svo að ég hvetti hann til þess, að svara þeim ásökunum um vinnubrögð sem ég hef haft uppi í þessu máli. Ég lít því svo á að fjmrh. viti upp á sig þau vinnubrögð sem hann er sakaður um í því nál. sem 1. minni hl. fjh.- og viðskn. hefur sett fram um mál þetta. Þar segir m.a. þegar verið er að fjalla um tekjuskatta einstaklinga og áhrif frv. á skatta þeirra á næsta ári miðað við gildandi lög, með leyfi forseta:

„Hér er um að ræða slíka fölsun að undirritaðir nefndarmenn þekkja ekki dæmi slíks. Forsendum núverandi kerfis er breytt í grundvallaratriðum áður en það er borið saman við afleiðingar frumvarpsins og án þess að það sé útskýrt. Gengið hefur verið úr skugga um að hér er ekki um mistök að ræða í framsetningu heldur vísvitandi fölsun. Slíkt siðleysi í vinnubrögðum og málflutningi er bæði til vitnis um spillt hugarfar í stjórnmálum og ömurlegan málstað í því máli sem um ræðir."

Ég endurtek þessi ummæli nú við 3. umr. ef vera kynni að þau hefðu farið fram hjá einhverjum hér fyrr í kvöld. Ég tel að það sé ábyrgðarhluti að leggja nafn sitt við vinnubrögð af þeim toga sem hér er búið að afhjúpa. Ég geri ekki ráð fyrir að fjmrh. sjái ástæðu til þess að fetta fingur út í þetta nál. við 3. umr. frekar en 2. umr. En ég vil að það liggi alveg skýrt fyrir hver okkar afstaða er, á hvaða grunni hún er byggð og hvers konar blekkingum hefur verið beitt þegar þetta mál hefur verið kynnt fyrir almenningi og hér í þinginu.

Virðulegi forseti. Það er fram komið að fyrir þessu máli er meiri hluti hér í þessari hv. deild þrátt fyrir alla þá galla sem á því eru. Það virðist vera meiri hluti fyrir öllu frv. og upp úr kafinu eru komnir ákveðnir huldumenn eða huldumeyjar. Hv. þm. Stefán Valgeirsson kannast við það. (**SV:** Vertu ekki að þessu þrasi.) Ljóst er því að frv. mun fá hér brautargengi, illu heilli.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um þetta. Ég tel að hér sé verið að stíga óheillaskref í öllum þeim þáttum sem um er að tefla í þessu frv. Ég tel að það grafi undan tiltrú almennings á skattkerfinu, að það fái ekki einu sinni að standa óhaggað í heilt ár áður en menn eru komnir með puttana í það til þess að ýta út úr staðgreiðslukerfinu þeim eiginleikum sem eru skattborgurunum í vil. Ég harma þetta mjög en ég skal ekki hafa um það fleiri orð, a.m.k. ekki nema að tilefni gefist til og læt þá lokið máli mínu, herra forseti.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Það er óþarfi að hafa mörg orð um þetta frv. sem hér er til 3. umr. Margt hefur verið sagt og bent á hvers konar árás er hér á ferðinni á kjör heimila og fyrirtækjanna í landinu en allt hefur komið fyrir ekki. Hæstv. ríkisstjórn undir forustu hæstv. fjmrh. hefur haft sitt fram og komið hefur í ljós að nokkur fylgisaukning hefur orðið í stjórnarliðinu þegar lagðar voru enn nýjar skattaálögur á almenning.

Það er óþarfi að tína upp öll þau atriði sem hv. stjórnarandstæðingar hafa gert að umræðuefni og gert ágætlega, m.a. í nál. 1. minni hl., sem skipaður var þeim hv. þm. Geir H. Haarde og Inga Birni Albertssyni. Það var mjög ítarlegt og gott nál. Ég tek heils hugar undir það að líklega hefur sjaldan ef nokkurn tíma verið reynt að beita jafnmiklum blekkingum eins og gert var í þessu máli af hálfu hæstv. fjmrh., svo miklum að sjálfsagt hlýtur hann ævarandi skömm af. Í því sambandi þarf ekki að rifja upp nema eitt dæmi. Það er þegar hann heldur því fram að verið sé að hækka tekjuskattshlutfall fyrirtækja til samræmis við hækkun á tekjuskattshlutfalli einstaklinga um 2 prósentustig eins og gert var ráð fyrir í upphaflegu frv. En þegar betur er að gætt kemur í ljós að auðvitað er hækkunin mun meiri vegna þess að það hlutfall af hreinum tekjum sem leggja má í fjárfestingarsjóð er lækkað úr 30% í 15%.

Það hlýtur að teljast furðulegt að Alþfl. skuli láta teyma sig blindan í þá göngu sem hafin er undir forustu hæstv. fjmrh., ekki síst þegar það er rifjað upp að á síðasta ári þegar hlutfall hreins ágóða sem mátti leggja í fjárfestingarsjóði var lækkað um 10 prósentustig, úr 40% í 30%, þá var það gert um leið og tekjuskattshlutfallið var lækkað en ekki hækkað. Þannig hafa þeir hv. alþýðuflokksmenn — sem gjarnan guma af því að það eigi að heiðra þá sem hafa starfað í fyrirtækjum af fyrirhyggju og ráðdeildarsemi og skynsemi, enn fremur að leita til þeirra og reyna að koma, ja, að þeirra áliti a.m.k., vitinu fyrir þá sem hafa fjárfest umfram getu — nú hafa þeir tekið þátt í þeim leik með hæstv. fjmrh. sem öllu ræður í efnahagsstefnu hæstv. ríkisstjórnar, ef hægt er að kalla hana stefnu, og þar með jarðsett sínar fögru yfirlýsingar frá fyrri tíð.

Það sem þó öðru fremur rekur mig hér upp í ræðustólinn eru orð sem voru látin falla við atkvæðaskýringu þegar greidd voru atkvæði um brtt. á þskj. 341, en það var brtt. frá hv. þm. Hreggviði Jónssyni og Albert Guðmundssyni. Hv. þm. Ragnar Arnalds og Sighvatur Björgvinsson stóðu upp fullir vandlætingar og töldu að síðari hluti þessarar tillögu lýsti þeim skoðunum að utanbæjarfólk ætti að greiða hærri skatta en þeir sem búa í Reykjavík eða á Reykjanesi. Hér er um mjög alvarlegan misskilning að ræða sem ég held, virðulegur forseti, að nauðsyn-

legt sé að leiðrétta því að auðvitað eru allir skattar greiddir af launum eða tekjum þeirra sem skattana þurfa að greiða. Og það er í meira lagi ósanngjarnt að ætlast til þess að á þeim svæðum, þar sem húseignir eru mjög dýrar og oft erfiðara að komast yfir húsnæði, skuli fólk verða skattlagt af launum sínum jafnvel helmingi meira en þeir sem hafa sömu laun og búa í nákvæmlega jafnstóru húsnæði annars staðar á landinu.

Við sjálfstæðismenn sátum hjá við atkvæðagreiðsluna um þessa tillögu. Við töldum ekki ástæðu til að breyta frá því að hafa eignarskatta tiltölulega hógværa. Þær kasta tólfunum röksemdir hv. þm. Ragnars Arnalds og Sighvats Björgvinssonar af þeirri ástæðu sem ég hef nú nefnt, en hún er sú að menn sem búa í nákvæmlega jafnstóru húsnæði, jafnvel allt sitt líf, þurfa að greiða hærri skatta ef þeir búa hér á þeim svæðum þar sem fasteignamat er hærra. Þetta verður auðvitað þeim mun meiri mismunun sem eignarskattar hækka. Nú kynni einhver að segja að það sé hægt að breyta álagningu eins og gert er í fasteignagjöldum til viðkomandi sveitarfélaga. En hér er ekki slíku til að dreifa því að hér er um eignarskatta að ræða sem renna til ríkisins.

Þetta, virðulegur forseti, vildi ég fá að láta koma hér fram við 3. umr. þannig að öll rök komist til skila en hv. alþm. sitji ekki undir þeim áróðri sem kom fram hjá hv. þm. og ég hef nú þegar nefnt.

Ég sé síðan ekki ástæðu til þess, enn á ný, að lýsa yfir þeim vonbrigðum sem hljóta að vera í brjóstum allra þeirra sem töldu að ríkissjóður ætti að rifa seglin eins og almenningur og fyrirtæki. Það hefur komið í ljós að hæstv. ríkisstjórn ætlar sér með stefnu sinni eða stefnuleysi, aðgerðarleysi í atvinnumálum, að koma fyrirtækjunum á kné. Nú skulu þau fyrirtæki, sem hafa haft þá fyrirhyggju að fjárfesta ekki en leggja í sjóð, hundelt og enn á ný er hert á skattpíningarstefnunni gagnvart heimilunum í landinu. Þetta hefur komið skýrt í ljós. Hv. stjórnarsinnar hafa enga afsökun. Þetta hafa þeir gert vitandi vits og við það situr að sjálfsögðu á ábyrgð þeirra sem nú sitja að völdum hér á landi.

Að svo mæltu, virðulegur forseti, læt ég í ljós þá veiku von að hv. þm. ríkisstjórnarinnar sjái að sér og hjálpi til við að fella þetta frv. nú við 3. umr.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Það frv. sem hér var afgreitt við 2. umr. með þessari gífurlega auknu skattheimtu er eitthvert mesta skattafrv. sem samþykkt hefur verið hér á vesturhveli jarðar. Það má leita víða til þess að reyna að finna hliðstæðu í skattlagningu á íbúðarhúsnæði við það sem hér hefur verið samþykkt og það má leita víða til þess að sjá slíka eignaupptöku sem hér er verið að framkvæma. Það er einnig alveg ljóst að þessi skattur, sem er sérstaklega lagður á okkur sem búum hér á Reykjavíkur- og Reykjanessvæðinu, er geysilega óréttlátur því að það liggja sömu tekjur á bak við fólkið sem býr hér, eins og ég sagði þegar ég gerði grein fyrir atkvæði mínu, og vandi þess verður því meiri sem þessir skattar verða hærri.

Sú tillaga sem við hv. 5. þm. Reykv. fluttum, um eignarskatt manna af íbúðarhúsnæði, að hann ætti að reiknast með öðrum hætti en aðrir eignarskattar, var felld hér, því miður, og einnig tillaga um það að sömu eignarskattar væru af íbúðarhúsum um allt land þannig að það væri jafnrétti hjá öllu fólki á landinu. Hér í umræðum kom í ljós að hv. 5. þm. Vestf. og hv. 4. þm. Norðurl. v. sýndu einmitt fram á í sínum málflutningi hvað um væri að ræða. Hv. 4. þm. Norðurl. v. sagði: Jú, það eru helmingi lægri gjöld þar, það er helmingi lægri gjaldstofn. Það er verið að ráðast á fólkið hér á Reykjavíkur- og Reykjanessvæðinu með óeðlilega háum sköttum á íbúðarhúsnæði. Þessi stefna sem hér hefur verið samþykkt í kvöld mun lengi lifa og það mun verða hart barist gegn þessu í framtíðinni. Þetta er raunverulega árás á heimilin í landinu og þetta er einhver sú mesta aðför sem getur að sjálfseignarstefnu hér á þessu svæði.

Ég ítreka að þeir menn sem hafa samþykkt þetta hafa alls ekki gert sér grein fyrir afleiðingunum af þessu. Það er verið að mismuna fólki stórkostlega eftir landssvæðum og eftir því hvort það eru einstaklingar eða fólk í sambúð. Þetta er mjög mikil hækkun, allt upp í 300% eða meiri hjá einstaklingum, sem er einhver almesta hækkun sem sögur fara af hjá skattgjafanum á einu þingi. Á sama tíma sem ríkisstjórnin er að ræða um vandræði í efnahagsmálum er hún að auka áþján fólksins sem þýðir auðvitað það að við næstu kjarasamninga verður barist af hörku og fólkið hér á Reykjavíkur- og Reykjanessvæðinu hlýtur að krefjast hærri launa en á öðrum stöðum í landinu. Og það er ekki nokkur vafi að þetta óhóf sem hér er haft í skattlagningu er langt umfram það sem þörf er á og hefði verið nær að grípa með allt öðrum hætti á ríkisfjármálunum eins og ég hef komið inn á margoft áður. Mér dettur nú í hug að í Þjóðviljanum, blaði hæstv. landbrh., stendur í dag: „Afhausanir vinsælar" og er átt við stöðumælana. Það væri kannski rétt að afhausa ríkisstjórnina líka með sama hætti því það er náttúrlega greinilegt að það þarf að bregðast hart við þeim skattaálögum sem hér hafa verið lagðar á og það þarf að berjast hart fyrir því að þær verði lækkaðar því fólkið í landinu getur ekki tekið á sig meiri álögur að svo komnu. Það er ekki hægt að velta vanda ríkissjóðs yfir á fólkið í landinu. Ég vara við þessari stefnu, þessari óbyggðastefnu, að ráðast á fólkið hér á Reykjavíkur- og Reykjanessvæðinu með þessum hætti.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Þó ærið tilefni sé til þess að ræða ítarlega enn á ný við 3. umr. efnisatriði frv. skal ég verða við tilmælum forseta að fara hér ekki mörgum orðum um þau efni. Auðvitað er ljóst að ríkisstjórnin er að þrýsta þessu máli fram með óskammfeilnum hætti með fljótræðisvinnubrögðum á þann veg að hv. Alþingi fær ekki nægan tíma til umfjöllunar og

fyrst og fremst auðvitað í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að almenn umræða geti orðið um frv. úti í þjóðfélaginu. En þó að efnisatriði frv. séu alvarleg og háskaleg og hér sé á ferðinni sennilega eitthvert versta og alræmdasta skattafrv. sem nokkru sinni hefur verið flutt hafa í tengslum við þetta frv. gerst enn alvarlegri atburðir sem ekki lúta að efnisinnihaldinu sjálfu. Þar á ég við að það hefur verið staðfest í þessum umræðum að hæstv. fjmrh. fór í fjölmiðlum með ósannindi um efni frv., reyndi vísvitandi að blekkja almenning í landinu með því að segja ósatt um efni frv., og hann hóf máls hér á Alþingi með sömu blekkingunum. Það hefur verið staðreynt í meðferð málsins að hér var um vísvitandi blekkingar að ræða. Ég hygg að þetta sé einsdæmi og engin önnur dæmi séu um vinnubrögð af þessu tagi af hálfu ráðherra í ríkisstjórn Íslands. Hér er um svo fordæmanleg vinnubrögð að ræða að engu tali tekur. Þess vegna er það spurning mín til hæstv. forsrh. nú þegar þetta frv. er til lokaumræðu hér í hv. deild hvort hann hafi verið í vitorði með hæstv. fjmrh. þegar þessum blekkingum var komið á framfæri við alþjóð, hvort hann hafi vitað um þessar vísvitandi blekkingar hæstv. fjmrh. eða hvort þær hafi komið honum á óvart. Ég held að það skipti miklu máli að fá skýr svör við þessu. Auðvitað getum við þm. verið með deildar meiningar svo sem hér hefur komið fram um efni frv. og við skiptumst auðvitað í flokka eftir afstöðu okkar til skattamála. Ég ætla ekki að gera það að frekara umræðuefni hér. En hitt hljóta menn að geta sameinast um, að fordæma vinnubrögð af því tagi sem hæstv. fjmrh. hefur orðið uppvís að, svo alvarleg sem þau eru, svo mjög sem þau grafa undan virðingu ríkisstjórnar Íslands og Alþingis Íslendinga. Þess vegna spyr ég hæstv. forsrh. hvort það sé ekki öruggt að hann hafi verið ómeðvitandi um þessi vinnubrögð og hvort þau séu ekki ríkisstjórninni að óðru leyti óviðkomandi. Það skiptir miklu máli. Jafnvel þó að við séum hér margir hverjir andvígir ríkisstjórninni og vildum gjarnan að hún sæti öll uppi með þetta held ég að vegna heiðurs landsins skipti það máli að það komi hér fram að ríkisstjórnin sitji ekki öll uppi með þessa skömm.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):
Úr því að þessari umræðu er ekki lokið, þá vill forseti fresta umræðu um þetta mál vegna þess að nú er farið að ríða á að geta afgreitt til Ed. það sem þegar er lokið umræðu um og mundi þá fresta umræðum um þetta mál að sinni. (**ÞP:** Þetta þarf aðeins að taka eina mínútu.)

Þorsteinn Pálsson:
Herra forseti. Ég bar fram fsp. til hæstv. forsrh. sem ekki þarf að svara í löngu máli og ég bið um það að hæstv. ráðherra sjái sér fært að svara fsp.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):
Herra forseti. Þegar hækkun tekjuskatts var ákveðin eða til umræðu í ríkisstjórninni var það vilji margra að hækka hundraðshlutann meira og hækka persónuafsláttinn þar með meira. Það lá fyrir tillaga um hækkun um 2,5 hundraðshlutastig og nota hálft hundraðshlutastig að öllu leyti til þess að hækka persónuafslátt og barnabætur. Í meðferð á síðasta degi hjá þingflokkunum náðist ekki samstaða um það og frv. var lagt fram með aðeins tveggja hundraðshluta hækkun og það er hárrétt að þá lækkaði persónuafslátturinn til að ná sömu tekjum. Hins vegar varð samkomulag um það, til að leiðrétta þetta, að hækka hundraðshlutann um 0,3 hundraðshlutastig til viðbótar og þannig er það leiðrétt sem hv. þm. hafa fundið að. Það skal vel viðurkennt að í meðferðinni á þessum klukkutímum þegar breytingin átti sér stað var ekki fyllilega ljóst til hvers hún mundi leiða.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 22:19 atkv. og afgr. til Ed.

EFRI DEILD

36. fundur, miðvikudaginn 21. des., kl. 23.35 síðdegis.

Niðurfelling laga vegna breytinga á skipan sveitarstjórnarmála, 3. umr.

Stjfrv., 196. mál. — Þskj. 232.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 356).

Húsnæðisstofnun ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 147. mál (sala eignarhluta í kaupleiguíbúð). — Þskj. 324.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 357).

EFRI DEILD

37. fundur, miðvikudaginn 21. des., að loknum 36. fundi.

Vörugjald, 1. umr.

Stjfrv., 162. mál (gjaldflokkar og gjaldstofn). — Þskj. 345.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Fyrir nokkru var lagt fram í hv. Nd. frv. til l. um vörugjald. Í því frv. var lagt til að vörugjald, sem verið hefur 14%, á sælgæti, gosdrykkjum og ýmsum öðrum sykurvörum yrði hækkað í 25%. Í öðru lagi var lagt til að vörugjald, sem verið hefur 14%, á byggingarvörum og ýmsum heimilistækjum yrði hækkað í 20% og síðan yrði 10% vörugjald á nokkrum öðrum víruflokkum.

Í umræðum sem fram hafa farið í hv. Nd. kom m.a. fram það sjónarmið að í fyrsta lagi væri um of hátt gjald að ræða á heimilistækjum, í öðru lagi var af ýmsum talið að þær byggingarvörur sem þarna voru sérstaklega tilgreindar og áttu að vera í 20% vörugjaldsflokki væru þess eðlis að slíkt gæti verið óeðlilegt og í þriðja lagi var sett fram það sjónarmið að ef vörugjald yrði tekið upp með þeim hætti sem þar var lagt til væri eðlilegra að vera með lægri tölu á mun breiðari stofn til að draga úr hættunni á því að atvinnugreinum væri mismunað.

Eftir ítarlegar umræður var ákveðið að leggja til breytingar á þessu frv. á þann veg að eitt vörugjald, 10%, væri tekið upp á alla þá flokka sem lagt er til að vörugjald gildi um og breikka stofninn þar með, en taka til viðbótar upp sérstakt 15% gjald á sætindi, sykurvörur ýmiss konar og gosdrykki. Ég greindi frá því við 1. umr. í hv. Nd. að víða um lönd hafa verið gerðar tilraunir til þess á undanförnum árum að skattleggja sérstaklega sykurvörur af ýmsu tagi. Ástæðan fyrir því er að rannsóknir hafa sýnt að sykurvörur eru orsök margvíslegrar óhollustu og sjúkdóma og neysla þeirra reynist mjög dýru verði keypt fyrir samfélagið vegna heilsugæslu- og hjúkrunarkostnaðar af margvíslegu tagi. Í Danmörku t.d. er lagður á sérstakur sykurskattur sem fer eftir sykurinnihaldi í vörum.

Eftir athugun ýmissa sérfræðinga hér á landi var talið óframkvæmanlegt að velja hliðstæðan sykurskatt og í Danmörku, en þess í stað var ákveðið að fara þá leið að velja úr algengustu sykurneysluvörur almennings, þá kannski sérstaklega unglinga og yngra fólks, til þess að reyna með markvissum hætti að draga að einhverju leyti úr neyslu þessara vara.

Sú ástæða sem að meginhluta liggur að baki þess frv. sem hér er lagt fram er engu að síður sú að við þær erfiðu aðstæður sem eru í okkar ríkisfjármálum er óhjákvæmilegt ef ekki á að reka ríkissjóð áfram með verulegum halla og stuðla þannig að ójafnvægi í efnahagsmálum að efna til þeirrar tekjuöflunar sem hér er gerð tillaga um.

Ég tel við þær aðstæður sem eru í þinginu ekki ástæðu til að fjölyrða mikið meira um þetta frv. Ég vil þó í örfáum orðum víkja að því að utan þings og að nokkru leyti innan hefur komið fram sú gagnrýni að með þessu frv. sé verið að veikja stöðu innlends iðnaðar. Ég vil þó vekja athygli í þessu sambandi á tveimur staðreyndum. Í fyrsta lagi leggst vörugjaldið jafnt á innfluttar og innlendar vörur, en þó þannig að sá stofn vegna tollgjalda sem gildir varðandi erlendu vörurnar er hærri þannig að vörugjaldið hefur í för með sér að hlutfallslega hækka meira innfluttu vörurnar en hinar innlendu.

Í öðru lagi er rétt að vekja athygli á því að aðföng til innlends iðnaðar sem vörugjald er lagt á eru meðhöndluð með þeim hætti að það vörugjald er endurgreitt og hefur verið um langan tíma. Þessir tveir þættir hafa ekki mjög komið fram í umræðunni, en nauðsynlegt er að nefna þá til upplýsingar.

Ég vil svo mælast til þess við hv. fjh.- og viðskn. að hún taki þetta mál til meðferðar að lokinni 1. umr. í deildinni og vil lýsa því einnig að til samræmis við þau sjónarmið sem fram komu í hv. Nd. erum við reiðubúnir að endurskoða þessa gjaldtöku á næsta ári m.a. og skoða þá hvort þau sjónarmið sem fram hafa verið sett, kannski sérstaklega utan þings, varðandi hugsanleg neikvæð áhrif á innlenda framleiðslu hafa við rök að styðjast eða ekki. Þeir sérfræðingar sem við höfum leitað til hafa komist að þeirri niðurstöðu að ef eitthvað er ívilni vörugjald af þessu tagi frekar innlendu framleiðslunni en hinni erlendu ef verið er að bera saman innflutning vöru og sölu framleiddrar vöru hér í landinu.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Hér við 1. umr., sem byrjar á miðnætti, skal ég ekki vera langorður, það gefst gott tækifæri til að ræða þetta mál eftir að um það verður fjallað á fundi í fjh.- og viðskn. sem boðaður hefur verið kl. 10 í fyrramálið, og vil aðeins geta þess að hér um miðjan dag varð samkomulag um að greiða fyrir framgangi þessa máls og nokkurra annarra og að sjálfsögðu stend ég við það sem um var samið og þau mál eru öll í gangi. Síðan hefur verið ýjað að því að ætti að keyra áfram annað mál sem ekkert hefur verið unnið að núna lengi í fjh.- og viðskn. vegna marghátttaðra annmarka og skrípamáls í einu og öllu. Við sjáum til hvað um það verður á morgun, en það er sem sagt samkomulag um að greiða fyrir því að þetta mál nái fram að ganga.

Hæstv. fjmrh. gat þess að við þær erfiðu ástæður sem í þjóðfélaginu væru nú bæri brýna nauðsyn til að

íþyngja borgurunum með nýjum skattahækkunum og þetta mál væri liður í því. Það er í ákveðnu samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar sem hefur boðað að hér ætti að koma á atvinnuleysi og draga úr umsvifum þjóðfélagsins vegna þeirra ástæðna að hér væri allt of mikil þensla og hvað þeir nú kalla það allt saman, þessir spekingar, sem sjá ofsjónum yfir framförum í landinu.

Ég hef vakið á því athygli hér í tvígang a.m.k. að þegar erfiðleikar eru í þjóðfélaginu bjargar ríkið sér með þeim hætti eða ætlar að bjarga sér með þeim hætti að leggja á gífurlega skatta. Það var gert í fyrrahaust, einir 5 milljarðar sem hér var dengt yfir þjóðina með þeim rökum að það þyrfti að brúa bilið, það þyrfti að fylla upp í ca. 13 milljarða gat og þess vegna væri rétt að hafa borð fyrir báru, eins og hæstv. núv. utanrrh. hefur komist að orði og ráðlagt hæstv. núv. fjmrh., að hafa nú borð fyrir báru. Og hann virðist ætla að gera það allrækilega því að í heild er upphæðin talin vera, og trúi ég nú reikningunum mátulega, 6,7 milljarðar þegar allt er tínt til sem beint og óbeint á að leggja á þjóðina.

Ríkið notar þá aðferð sem sagt að stoppa í gatið sitt og íþyngja bæði atvinnuvegum og alþýðu með gífurlegum skattahækkunum. Gatið stækkar að vísu með því að gjaldaliðirnir hækka á undan tekjuliðunum og því meir verður þetta auðvitað sem þessar aðferðir eru notaðar í fleiri ár. Nú verður hallinn á næsta ári væntanlega 10–12 milljarðar gæti ég trúað og þar næsta, ef áfram yrði haldið á sömu braut, yrði hann einhverjar svimandi upphæðir vegna þess að það verða engir til að greiða skattana, en gjaldahliðin hækkar jafnt og þétt eins og við vitum.

En ríkið hefur um það bil, þó ekki meira enn þá, þriðjung af umsvifunum í þjóðfélaginu. Það ætlar núna, eins og hæstv. ráðherra segir, vegna hinna erfiðu ástæðna að sjá fyrir sér með því að leggja á tæpa 7 milljarða kr. Eins og ég segi hefur ríkið um það bil þriðjung umsvifanna, launagreiðslna og annarra greiðslna í þjóðfélaginu. Atvinnuvegirnir hafa þó enn þá upp undir ⅔ af umsvifunum og þeir ættu þá, ef þeir ætluðu sér að stoppa í sitt gat, sem sagt að leggja á ca. 14–15 milljarða. Og á hvern ættu nú atvinnuvegirnir að leggja þetta þegar þeir sjálfir eiga að greiða meginhluta upphæðarinnar til ríkisins?

Þessi endaleysa gengur auðvitað ekkert upp. Ég veit að það er eins og að tala við grjótið að ræða þetta við hæstv. fjmrh. — og þó ekki. Ég held að hann viti hvað hann er að gera. Hann er sósíalisti eins og hann hefur marglýst yfir og verður það væntanlega alltaf og auðvitað er það leið sósíalismans að færa eins mikið af fjármagni í þjóðfélaginu frá borgurunum og atvinnuvegunum til ríkisvaldsins og undir beina og óbeina stjórn ríkisins, eins og nú er verið að gera, eins og mögulegt er. Þetta er hugsjón sem hefur að vísu gengið sér til húðar víðast hvar, bæði austan tjalds og vestan, og fáir vilja nú viðurkenna að þeir haldi við barnatrúna sína heldur reyna þeir að afneita henni í orði en framkvæma hana í verki þegar þeir hafa aðstöðu til. Það er kannski engin ástæða til þess að undrast þetta nokkurn skapaðan hlut.

Þetta er almennt um skattapólitík ríkisstjórnarinnar. Um þetta sérstaka mál mun ég að sjálfsögðu fjalla með öðrum nefndarmönnum á fundi sem boðaður er kl. 10 í fyrramálið og væntanlega kemur þetta mál til 2. umr. einhvern tíma á morgun ef það tekst að halda það samkomulag sem gert hefur verið um ákveðin mál. En við mig er ekkert samkomulag um eitt mál sem núna var aftur vakið upp kl. að verða 7 í dag, þ.e. skattlagning á alla mögulega sjóði bæði atvinnuvega, sveitarfélaga o.s.frv. Um það hefur ekkert verið fjallað í langa tíð í hv. fjh.- og viðskn. Málið er algerlega óunnið og óhæft til afgreiðslu á þessu þingi eða þessa dagana alla vega, að næturlagi og annað slíkt. Mér er kunnugt um að um það hefur ekkert samkomulag verið gert við Kvennalista eða Borgfl. heldur. Það er ekkert samkomulag mér vitanlega um það mál og þess vegna fjalla ég ekki um það nú. En ef reynt verður að taka það fyrir í fjh.- og viðskn. kl. 10 á morgun verður löng og mikil umræða um það og hún gæti staðið dögum saman.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Þegar við 1. umr. um vörugjaldið í Nd. Alþingis kom fram í máli hv. þingkonu Kvennalistans, Kristínar Halldórsdóttur, að við kvennalistakonur getum ekki stutt þetta frv. í heild sinni og það kom reyndar strax fram þegar frv. var kynnt fyrir þingflokknum. Á síðasta þingi þegar unnið var að víðtækum breytingum á tollalöggjöfinni fluttum við brtt. sem lutu að því að skattleggja ýmsar vörutegundir sem upp eru taldar undir a-lið 1. gr. frv., en þá giltu einkunnarorðin einföldun, réttlæti og skilvirkni sem við heyrðum svo oft höfð yfir hér í þessum ræðustóli í fyrra. Við töldum og teljum reyndar enn að það sé ein leið til þess að stýra neyslu fólks að setja mishátt gjald á vörur eftir því um hvers konar vörur er að ræða. Þegar um er að ræða skattlagningu á matvörur teljum við að það beri fyrst og fremst að taka mið af manneldissjónarmiðum. Það hefur reyndar komið fram og er fyrst og fremst markmið og tilgangur hæstv. ríkisstjórnar að leita að tekjulind sem að vissu leyti er skiljanlegt við þær aðstæður sem við nú stöndum frammi fyrir. Þetta þýðir að undir a-liðnum í 1. gr. frv. er ýmislegt sem ekki ætti að vera þar séu manneldissjónarmiðin og neyslustýring höfð að leiðarljósi. Eins eru margar vörutegundir sem ættu heima undir þessum lið sem alls ekki eru þar. Til þess að vinna að slíkum breytingum sem væru fólgnar í neyslustýringu þyrfti miklu lengri tíma en nú hefur gefist til þess að skoða málið og leita álits næringarfræðinga og annarra sérfróðra manna. Ef taka á upp neyslustýringu með verðlagningu þarf markmiðið að vera allt annað en hrein tekjuöflun fyrir ríkissjóð.

Rétt eins og í fyrra þegar fjallað var um breytingu á lögum um tolla og vörugjald lendum við nú aftur í

tímaþröng og getum ekki skoðað málið nógu vel, en það tekur ærinn tíma ef gera á þær breytingar sem ég hef minnst á hér.

Við kvennalistakonur erum ekki á móti skattlagningu svo framarlega sem það þrengir ekki um of að almenningi, en með tilliti til ótryggs atvinnuástands og þess að ríkisvaldið hefur tekið sér það vald að setja þak á ákveðna launataxta höfum við viljað fara varlega í að íþyngja launafólki um of með sköttum. Við þessar aðstæður teljum við óvarlegt að samþykkja álögur sem koma beint við afkomu heimilanna sem vörugjaldið óneitanlega gerir, en það skilar sér auðvitað strax út í verðlagið.

Varðandi sykurskattinn vil ég benda á að eins og málið kom frá hv. Nd. eru ýmis atriði í sykurskattsflokknum sem alls ekki ættu að vera þar. Þar eru t.d. vörutegundir sem alls ekki innihalda sykur, t.d. ósætt ávaxtaþykkni, kakó og ölkelduvatn svo að dæmi séu nefnd. Hins vegar er sleppt vörum eins og t.d. ávaxtagrautum og sultu sem innihalda ríkulegt magn af sykri. Þannig vantar alla samræmingu í þessar tillögur.

Með tilliti til þess sem ég hef áður sagt um vilja okkar til að hafa áhrif á neyslu með því að leggja mismunandi hátt vörugjald á neysluvörur allt eftir eðli þeirra gætum við hugsað okkur að styðja ákveðna liði í þessu vörugjaldsfrv. en aðra ekki. Við teljum t.d. afar óskynsamlegt og beinlínis varhugavert að skattleggja aukalega varahluti í bíla. Árið 1986 voru bílar stórlækkaðir í verði með afleiðingum sem eru okkur allt of dýrar bæði hvað varðar manntjón og eignatjón og þar að auki koma til dýr umferðarmannvirki. Ofan á þetta allt saman bætist við mengun og viðskiptahalli. Nú skal skattleggja varahluti svo að það borgi sig enn síður að gera við bílana þannig að áfram heldur innflutningurinn. En það er kannski rík ástæða til að efast um að þeir fjármunir skili sér inn sem tekjur til ríkissjóðs sem gert er ráð fyrir þar eð ástandið er þannig í þjóðfélaginu að ekki virðast vera neinar líkur á að fólk geti ástundað mjög mikla neyslu.

Það kom fram á brtt. frá meiri hl. fjh.- og viðskn. í Nd. að það stendur til að endurskoða frv. um vörugjaldið árið 1991. Reyndar lagði minni hl. til að frv. yrði endurskoðað þegar árið 1990. Ég hefði talið það betra því að eftir allan sönginn í fyrra sem við heyrðum um þessa þrjá tóna, einföldun, skilvirkni og réttlæti, virðist vera horfið algerlega frá því núna og við vitum ekki hvað gæti gerst um næstu áramót ef það vantar þá líka peninga í ríkissjóð. Ég tel mjög óæskilegt að farið sé að gera lauslegar ónákvæmar breytingar á þessum vörugjaldslögum eingöngu í þeim tilgangi að ná í tekjur í ríkissjóð og ég vil hvetja hæstv. fjmrh., sem reyndar skaust út úr dyrunum núna rétt í þessu, að við þessa endurskoðun verði manneldissjónarmið í alvöru höfð í huga en ekki eins og þau eru sett fram í frv. eins og það kom frá Nd.

Guðmundur H. Garðarsson:

Herra forseti. Hér er verið að fjalla um mjög veigamikið frv. sem mun örugglega hafa mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir íslenskt atvinnulíf. — Mér finnst nú lakara að hæstv. fjmrh. skuli ekki vera í salnum. (**Forseti:** Ég hef gert ráðstafanir til að ná í hann.) Já, ég þarf að tala við þann hámenntaða mann. Inngangurinn í minni ræðu snýst nefnilega um það, virðulegi forseti, að ræða nokkuð við hinn menntaða sósíalista. Það er að gefnu tilefni út af því sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson sagði. Ég var ekki alveg sammála flokksbróður mínum í túlkun. Ég teldi mjög þýðingarmikið að þessi virðulegi, ungi og efnilegi nútímasósíalisti hlýddi á mál mitt í upphafi ræðunnar. Ég er að tala um hæstv. fjmrh.

Áður sagði ég, hæstv. fjmrh., að þetta frv. um vörugjald væri mjög alvarlegt mál, sérstaklega fyrir íslenska atvinnuvegi og fólkið í landinu í heild, vegna þess að það hefur í för með sér mjög alvarlegar afleiðingar eins og ég mun víkja nánar að. En áður vil ég víkja nokkuð að ummælum hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar. Hann sagði eitthvað á þá leið að sósíalisminn hefði gengið sér til húðar bæði fyrir austan og vestan. Ég hugsa að það sem hv. þm. hafi raunverulega átt við, vegna þess að ég er ekki sammála þessu, sé að hinn gamli stalínismi væri dauður í bili, þ.e. sérstaklega í Sovétríkjunum. En það er eitt sem er nauðsynlegt að menn hafi jafnan í huga þegar verið er að ræða við hámenntaða nútímasósíalista eins og hæstv. fjmrh., að maður gleymi því ekki að enn sem fyrr er hann útvörður þess kerfis sem kommúnisminn byggði upp á sínum tíma, en hefur farið í annan og nýjan búning, ég vil segja mjög að mörgu leyti áferðarfallegan búning fyrir almenning, en ef nánar er að gáð er innsta eðli þess sem er á bak við nákvæmlega hið sama. Það er vernd kerfis sem hefur vit fyrir fólkinu og stjórnin ákveður því að enn búa sósíalistaríkin, við skulum kalla þau sósíalistaríki en ekki kommúnistaríki, við eins flokks kerfi. Í þeim ríkir ekki það lýðræði sem við höfum hingað til þekkt á Íslandi.

Það sem skiptir máli þegar við erum að tala um þetta eins og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson gerði er að gera sér grein fyrir því að enn er verið að byggja upp þetta valdakerfi. Enn er verið að byggja og skipuleggja á grundvelli gamla kommúnismans, bara í nútímaútfærslu. Það er verið að byggja upp sterkt ríkisvald. Eins og ég sagði áðan eru þeir sem hafa forustu fyrir slíku yfirleitt áferðarfallegir menntamenn. Þeir koma vel fyrir, þeir kunna sín fræði og koma sér fyrir á réttum stöðum til þess að öðlast áhrif.

Það er, herra forseti, mjög skemmtilegt að horfa á. Þarna horfir maður á þrjá ráðherra. Tveir þeirra flokkast nefnilega undir þá tegund sósíalista sem ég er að tala um. Það eru þessir nútímakerfissósíalistar sem byggja upp sterkt ríkisvald sem á að hafa vit fyrir þegnunum. Það getur verið ágætt út af fyrir sig, ef sá ókostur fylgdi ekki að lýðræðinu er hætt og ég tala ekki um þingræðinu. En ég vona að hæstv. ráðherrar hafi lokið sér af og þeir séu búnir að

tryggja sína stöðu, alla vega í nótt (**Fjmrh.:** Hver var þessi eini ráðherra?) Svavar Gestsson, hæstv. menntmrh. Hann er einn af mönnum fólksins. Hann hefur komið frá fólkinu og stendur með fólkinu. Að vísu þarf að gæta sín á honum, en hann er maður fólksins. (Gripið fram í.) Ég ætla ekki að svara hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur nánar um það atriði, en við sjálfstæðismenn þekkjum okkar menn og verður það að duga. Einn af fyrrv. forustumönnum flokksins þekkti þá einnig mjög vel og átti gott samstarf við marga góða alþýðubandalagsmenn sem betur fór fyrir íslenska þjóð. Við sjálfstæðismenn lifum enn þá í þeirri trú og vitum það að slíkir menn fyrirfinnast í Alþb. En það er þetta með þessa menntuðu nútímasósíalista. Þeir hafa þá aðferð sérstaklega, skiljanlega, að hasla sér völl í stjórnmálum og einnig koma þeir mjög við sögu sem háembættismenn í ríkiskerfinu. Takist okkur að sameina þetta hvort tveggja er eftirleikurinn auðveldur. Ég segi þess vegna, eins og komið hefur fram óbeint í ræðum þingmanna bæði í þessari deild og í Nd., að þetta frv. er liður í þeirri áætlanagerð hinna hámenntuðu sósíalista að auka við skattheimtu, styrkja þar með undirstöður ríkisvaldsins og kerfisins á kostnað atvinnulífsins. Þeir vita sem er, enda stendur það í flestöllum fræðibókum, að eftir því sem mönnum gengur betur að styrkja kerfið, styrkja ríkisvaldið, skipuleggja það vel, þá er eftirleikurinn léttari fyrir þessa nútímavaldamenn gagnvart hinu dreifða valdi atvinnulífsins því að þeir sem eru í átökum úti í atvinnulífinu, hvort sem það er í sjávarútvegi, fiskiðnaði, verslun eða öðru, hafa ekki tíma til með sama hætti og nútímasósíalistar í kerfinu að skipuleggja sitt valdakerfi þannig að þeir geti varist því hvernig að þeim er vegið.

Þau frumvörp sem við erum að fjalla um hér um aukna skattlagningu eru liður í útfærslu þessara nýju ungu sósíalista sem eru að ryðja sér braut í íslenskum stjórnmálum. Vörugjaldið er e.t.v. skýrasta dæmið í þessari aðför að íslensku atvinnulífi sérstaklega. Það þýðir ekkert fyrir hæstv. fjmrh. að koma og segja að þetta hafi engin áhrif til hins verra fyrir íslenskt atvinnulíf. Það þýðir ekkert fyrir hæstv. fjmrh. að koma og segja um þá mætu menn sem hafa komið á fundi í fjh.- og viðskn. Nd. og hafa sent bæði skýrslur og plögg um það hvaða áhrif þetta muni hafa á iðnað sérstaklega, það þýðir ekkert fyrir menntaðan mann sem hefur aldrei komið nálægt þessum atvinnugreinum að segja að ummæli og orð þessara manna úr atvinnulífinu séu ekki rétt, þau séu röng. Þessir menn tala af reynslu, þeir tala af þekkingu, þeir vita nákvæmlega hver þeirra staða er á hverjum tíma, enda kemur það fram m.a. í nál. í Nd., að vísu minni hl. en ég vona að orð minni hl. gildi eins og meiri hl., hæstv. fjmrh. er samþykkur því, að frv. eigi að afla ríkissjóði hið minnsta um 1600 millj. kr. í viðbótartekjur á árinu 1989. Af einhverjum er þetta tekið. Annaðhvort er þetta tekið af fyrirtækjunum eða þessu er velt yfir á neytendur. Það er álit þeirra sem hafa fjallað um öll þau skattafrumvörp sem hér hafa verið til umræðu í þinginu að íþyngingin vegna þeirra á atvinnulífinu sé ekki 1600 millj. heldur 6–7 milljarðar. Af einhverjum er þetta tekið. Þarna er verið að færa til milljarða frá atvinnuvegunum, frá fólkinu til að styrkja og efla ríkiskerfið. Í ríkiskerfinu er líka fólk að sjálfsögðu, en það er verið að auka við yfirbygginguna en ekki að draga úr henni á erfiðum tímum í íslensku atvinnulífi. Þetta er stefna. Þetta er markmið.

Þeir sem þekkja vel til þeirra atvinnugreina sem harðast verða úti vegna þessarar skattheimtu, og er ég þá að tala um hana í víðari merkingu þess orðs, spá því að þetta muni framkalla atvinnuleysi. Sumir tala um að allt að 2000 manns geti orðið atvinnulaus á næsta ári vegna þessarar skattheimtu og annarrar sem hæstv. ríkisstjórn er að berja í gegnum þingið á þessum dögum. Þetta vildi ég segja vegna þeirra ummæla hæstv. fjmrh. um að þetta yrði endurgreitt. Það er rangt. Þetta verður ekki endurgreitt í því formi sem hæstv. ráðherra gaf í skyn að yrði gert. Hins vegar má segja að óbein endurgreiðsla eigi sér stað, en hún dreifist með öðrum hætti til þegnanna.

Þegar matarskatturinn var lagður á á síðasta þingi voru tollar og aðflutningsgjöld lækkuð til að milda áhrif hans. Nú er áformað að taka þá lækkun til baka og um leið að hverfa af braut einfaldleikans eins og hæstv. utanrrh. talaði um á þeim tíma og hafði mjög að orði.

Ég held að það sé rétt, virðulegi forseti, að minnast nokkuð á hvað forustumenn iðnaðar og verslunar segja um áhrif þessa frv. verði það að lögum, hvaða áhrif þetta frv. muni hafa á stöðu verslunar og iðnaðar í landinu.

Félag raftækjasala mótmælir þessu frv. sérstaklega, þ.e. hækkun á vörugjaldi, og vekur athygli á því að þetta mismuni aðilum, íslenskum innflytjendum og öðrum sem hafa tækifæri til að kaupa þessar vörur erlendis, með þeim hætti að verslunin flytjist æ meira úr landi.

Félag ísl. stórkaupmanna segir í bréfi til fjh.- og viðskn. Nd. 13. des. 1988 m.a., með leyfi forseta:

„Frekari skref í framhaldi af afnámi þessara skatta töldust eðlilega þau að smám saman verði afnumdir allir skattar sem mismuna atvinnugreinum þjóðarinnar innbyrðis og veikja samkeppnisstöðu þeirra út á við. Hér er m.a. átt við skatta af atvinnuhúsnæði, mishá aðstöðugjöld og launaskatt á nokkrar atvinnugreinar, þ.e. gjöld sem eru dæmd til að hverfa ef íslensk stjórnvöld sjá nauðsyn á að aðlaga sig hugmyndum Evrópubandalagsins um samskipti ríkis og atvinnulífs. Höfuðtilgangurinn með þeim skattbreytingum sem hófust á síðasta ári er samkvæmt framansögðu að styrkja og jafna samkeppnishæfni atvinnugreina við nýjar og breyttar aðstæður í milliríkjaviðskiptum.

Frv. það til laga um vörugjald sem hér liggur fyrir og felur í sér nýja og stóraukna skattheimtu á vörum gengur hins vegar í þveröfuga átt. Óljóst er hvað frv. muni skila ríkissjóði miklum tekjum."

Þetta eru ummæli Félags ísl. stórkaupmanna, en áður hef ég skýrt frá skoðunum annarra:

„Þó er ljóst að frv., ef að lögum verður, muni leiða til umtalsverðrar hækkunar á þýðingarmiklum vöruflokkum sem mjög getur orkað tvímælis á viðsjárverðum tímum eins og nú er."

Síðan segir: „Vísitala framfærslukostnaðar mun hækka, svo og vísitala byggingarkostnaðar og þar með einnig lánskjaravísitalan. Bein afleiðing er verðbólga sem mun m.a. torvelda mjög skynsamlega kjarasamninga á næsta ári. Vegna almenns samdráttar í þjóðfélaginu og minnkandi kaupgetu almennings og atvinnuveganna má búast við að stórfelld hækkun á vöruverði eins og hér er gert ráð fyrir muni ekki leiða til tilætlaðrar tekjuaukningar heldur geti eftirspurn eftir hinum skattlögðu vörum minnkað eins og rýrar tekjur af vörugjaldi á þessu ári benda til. Samkeppnisstaða íslenskrar verslunar gagnvart erlendri skerðist enn við auknar álögur á svokallaðar ferðamannavörur" — og læt ég þá lokið tilvitnun í bréf frá Félagi ísl. stórkaupmanna til fjh.- og viðskn. Nd.

Mér finnst þó rétt að vekja athygli á því sem þar segir um samkeppnisstöðu íslenskrar verslunar gagnvart erlendri vegna þess að það getur haft afdrifaríkar afleiðingar í för með sér fyrir framtíð þessarar atvinnugreinar á Íslandi.

Þá segir í umsögn til fjh.- og viðskn. frá Félagi húsgagna- og innréttingaframleiðenda, með leyfi forseta:

„Félag húsgagna- og innréttingaframleiðenda lýsir yfir harðri andstöðu við frv. þetta. Jafnframt lýsir félagið undrun sinni á þeirri vanþekkingu og/eða skilningsleysi á samkeppnisstöðu húsgagna- og trjávöruiðnaðar."

Að síðustu, forseti, vil ég vitna í umsögn sem kemur frá Landssambandi iðnaðarmanna, dags. 12. des. 1988. Í þeirri umsögn segir m.a.:

„Landssamband iðnaðarmanna lýsir andstöðu sinni við ofangreint frv. í heild sinni, en þó sérstaklega við c-lið 1. gr. þess sem er bein ógnun við samkeppnisstöðu fjölda fyrirtækja og heilla iðngreina innan landssambandsins þannig að ekki verður við unað."

Þetta er mjög alvarleg aðvörun eða umsögn þegar maður hefur í huga að innan landssambandsins eru þúsundir iðnaðarmanna sem eiga mikilla hagsmuna að gæta. Þetta er ein fjölmennasta stétt faglærðra manna á Íslandi.

Síðan segir í umræddri umsögn, með leyfi forseta, þ.e. í umsögn Landssamands iðnaðarmanna:

„Sú fyrirætlun að leggja vörugjald á byggingarefni og unna trjávöru bendir til þess að fjmrh. sé illa upplýstur um staðreyndir um þróun í fjárfestingu og byggingarstarfsemi og lýsir ekki síður vanþekkingu eða skilningsleysi á erfiðri samkeppnisstöðu húsgagna- og trjávöruiðnaðar og annars íslensks iðnaðar sem framleiðir efni og vörur til bygginga í samkeppni við innflutning.

Þá er og forkastanlegt að leggja vörugjald á aðföng málmiðnaðar sem stjórnvöld sjálf hafa marglýst yfir að þyrfti að gegna mikilvægu hlutverki í tæknivæðingu, fiskvinnslu og útgerð ásamt því að vera ein helsta vonarglæta um eflingu útflutnings."

Þetta eru vissulega alvarleg orð. En samkvæmt þeim og á grundvelli þess mats sem þessir fagmenn, íslenskir iðnaðarmenn og þeirra starfsmenn, leggja á þetta frv. um vörugjald er ásetningur núv. ríkisstjórnar að knésetja þessar atvinnugreinar, koma þeim á kaldan klaka. Ég held því fram, eins og kemur fram í umsögninni, að hér sé fyrst og fremst um að ræða ákveðna vanþekkingu hjá hæstv. fjmrh. eða þeim sem hafa staðið að frv. Ég efast ekki um að hæstv. fjmrh. vill ekki láta það á sig sannast að hann hafi lagt fram hér frv. sem grundvallist á vanþekkingu hans eða hans samstarfsmanna. Þá hlýtur að læðast að manni sá grunur að eitthvað annað og meira felist á bak við þessa skattheimtu. Kannski er það að hinir ungu íslensku nútímasósíalistar sjáist ekki fyrir í skattheimtunni vegna ríkiskerfisins. Þeir hafa enn þá tækifæri til að breyta um stefnu og vonast ég til þess og trúi því að hæstv. fjmrh. sé íslenskur sósíalisti, íslenskur títóisti sem geri sér grein fyrir því að það verður að byggja upp íslenskt atvinnulíf og sleppa öllum kenningum og varast sérstaklega þá hættulegustu sem felst í eflingu of sterks ríkiskerfis í litlu þjóðríki eins og Ísland er. (**Fjmrh.:** Okkar stefna er að komast í sama hlutfall og hjá Thatcher af landsframleiðslu.) Ja, Thatcher er ekki aldeilis til fyrirmyndar í þessum efnum, hæstv. ráðherra. Ég tilheyri hinum frjálslynda armi Sjálfstfl. og við sækjum ekki okkar fræðikenningar til Bretlands eða til Margrétar Thatcher ef því er að skipta. Hún hefur þó ýmislegt gott gert, en ekki allt. En ef hæstv. fjmrh. fer í skóla til hennar eða vill nema hjá henni held ég að hann sé ekki alveg á réttu spori í þeirri útfærslu sem kemur fram í frv. til l. um vörugjald. Það er annar og miklu meiri tilgangur á bak við það.

Ég skal ekki orðlengja þetta mikið, en þó hlýt ég að lesa hér upp úr umsögn Landssambands iðnaðarmanna þar sem rætt er um áhrif á aðrar iðngreinar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Auk áhrifa vegna skattlagningar á aðföng, m.a. á málm- og skipasmíðaiðnað, mundi vörugjaldið hækka framleiðslukostnað allra greina iðnaðarins og raunar atvinnuveganna almennt og skerða samkeppnisstöðu þeirra gagnvart erlendum keppinautum. Þá skal einnig sérstaklega bent á að gjald af þessu tagi fyrirfinnst almennt ekki í samkeppnislöndunum."

Hér hafa farið fram miklar umræður um skipasmíðaiðnaðinn íslenska. Einn af stjórnarstuðningsmönnum, hv. þm. Stefán Guðmundsson, var með gagnmerkt mál sem hann hefur því miður orðið að bakka með. (**StG:** Það er ekki rétt.) Hv. þm. varð á reginskyssa í því hvernig hann tók afstöðu út frá sinni fyrri stefnu og sínum fyrri ræðum í þessu máli. Hann stóð upp og varð það á, eins og sumum þingmönnum hefur orðið á í gegnum tíðina, að hann

leggur allt sitt traust á hæstv. ráðherra og ég mun víkja nokkuð að því á eftir hvað mikið er yfirleitt á hæstv. ráðherra að treysta. (**StG:** Þeir verða ekki lengur ráðherrar en stuðningsmennirnir vilja.) Gott að heyra þetta vegna þess að ég mun víkja alveg sérstaklega að og halda upp á afmælisræðu hæstv. utanrrh. Jóns Baldvins Hannibalssonar sem sannar hvað lítið er að marka og á orð ráðherra að treysta í stórmálum. Ég flokka það mál sem hv. þm. Stefán Guðmundsson var með undir stórmál, að endurreisa íslenskan skipasmíðaiðnað. Það er grundvallaratriði. Þar er ég honum sammála. Því miður treystir hv. þm. á að einhver hæstv. ráðherra, í þessu tilviki iðnrh. í núv. ríkisstjórn, muni koma honum til bjargar í þessu, en sá ráðherra er í sama flokki og hæstv. utanrrh. og það er ekki meira að marka þá en svo að það er hægt að halda upp á eins árs afmæli ræðu þessara ágætu stjórnmálamanna með þeim hætti að það stendur ekki steinn yfir steini af því sem þeir sögðu fyrir einu ári þannig að ég legg ekki mikið upp úr loforðum þeirra ágætu ráðherra.

Ég ætla svo að vitna í bréf Landssambands iðnaðarmanna varðandi stöðu annarra iðngreina, en þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Eins og fjmrh. hefur lýst yfir er vörugjaldið fjárfestingarskattur og það sem verra er: fyrsta skrefið í enn þá víðtækari skatti í þá veru. Fjárfestingarskattur hefur að sjálfsögðu veruleg áhrif á öll fyrirtæki í landinu og verður að minna á í þessu sambandi hve stór hlutur iðnaðarins er tengdur mannvirkjagerð, framkvæmdum og þjónustu við atvinnulífið."

Sem sagt: Það er mat Landssambands iðnaðarmanna, það er mat þess landssambands, sem telur þúsundir manna innan sinna vébanda, að þar sé verið að stíga stórt skref í að eyðileggja rekstrar- og starfsgrundvöll iðnaðarins í landinu. Ég vek einnig athygli á því að einmitt á sviði iðnaðar er um mikinn fjölda svokallaðra einyrkja að ræða, þ.e. aðila sem eiga sín eigin fyrirtæki. Þetta eru faglærðir iðnaðarmenn, sérstaklega hæfir íslenskir iðnaðarmenn. Þarna er verið að lýsa því hvernig með fjárfestingarskatti á að eyðileggja gersamlega sjálfsbjargarviðleitni þessara manna og eignargrundvöll þeirra og rekstur.

Þetta er mjög alvarlegt mál, en þetta er stefna í nútímasósíalisma sem gerir menn háðari ríkisvaldinu, sem gerir menn háðari kerfinu: Gera alla að starfsmönnum ríkisins þar sem allir eiga allt og enginn á neitt. Þetta er stefna út af fyrir sig. Ég er henni bara ekki sammála og það er mitt hlutverk m.a. að berjast gegn því að þessi áform takist.

Að lokum segir í umsögn Landssambands iðnaðarmanna, með leyfi forseta:

„Landssamband iðnaðarmanna telur að lagafrv. þetta sé ósvífin aðför að íslenskum iðnaði og ítrekar harða andstöðu sína við það."

Landssamband iðnaðarmanna er brjóstvörn þúsunda iðnaðarmanna. Þeir eiga lítil og sjálfstæð fyrirtæki sem hafa verið byggð upp af atorku og dugnaði með ómældu vinnuálagi. Það er viðurkennt að íslenskir iðnaðarmenn eru sérstaklega hæfir og það er örugglega vegna þess að þeir hafa yfirleitt unnið mjög sjálfstætt. Þeir hafa verið óháðir ríkiskerfinu, þeir hafa verið óháðir sveitarfélögum, þeir hafa verið sjálfstæðir einstaklingar á sínu sviði og skilað frábæru verki. Nú á með nútímasósíalisma að drepa niður sjálfsbjargarviðleitni þessara manna. Allt er þetta gert í þágu ríkissósíalisma, allt í þágu þess að efla og styrkja ríkiskerfið. Allt er þetta gert að ráðum hins menntaða fámennisveldis sem hefur náð undirtökunum sérstaklega í tveim flokkum sem eiga þingmenn á Alþingi Íslendinga, þ.e. í Alþfl. og Alþb. Því miður segi ég. (Fjmrh.: En framsókn?) Nei, ég tala ekki um góða eða vonda að öðru leyti en því að ég tel það vont þegar verið er að þróa íslenskt þjóðfélag og íslenskt atvinnulíf nær ríkissósíalisma, nær því kerfisfyrirkomulagi sem er andstætt íslensku eðli, íslensku sjálfstæði. Framsóknarmenn hafa það ekki sem markvissa stefnu. Það get ég um þá gott sagt. Hins vegar hafa þeir fallið fyrir svokölluðum korporisma sem felst í því að byggja upp stór fyrirtæki sem passa ekki inn í nútímaþjóðfélagshætti. Þeir hafa fallið fyrir því. (Fjmrh.: Eins og SH og SÍS.) Já, Samband ísl. samvinnufélaga varð því miður of stórt. Sú stærð hefur orðið því fyrirtæki að falli. Ég segi því miður vegna þess að samvinnuhreyfingin á fullkomlega rétt á sér. En það er með hana eins og allt annað sem mannlegt er, að verði það of stórt, verði það fyrirferðarmikið og falli það í hendur of fárra sem ætla að ráða fyrir alla hina endar það eins og þar sem ríkisvaldið ræður öllu. Þetta verður fámennisveldi. En fámennisveldi samvinnuhreyfingarinnar og Framsfl. á sér allt aðrar rætur en fámennisveldi menntamanna sem eru sósíalistar. Þar er grundvallarmunur og það veit hæstv. fjmrh.

Ég ætla ekki að hætta mér frekar út í þá umræðu á þessu stigi, en ég sá að fjmrh. óskar þess að ég geymi mér það og skal orðið við þeirri ósk. (Gripið fram í.) Já, það er nefnilega það, hv. þm. Þar kem ég að því atriði sem sameinar okkur tvo sérstaklega og það er hvernig þingmenn eða pólitíkusar snúa gersamlega við blaðinu. Það sem var hvítt í gær er svart í dag o.s.frv. Ég ætla nefnilega, ágæti þingmaður Skúli Alexandersson, að ræða nokkuð um hvernig menn skipta um skoðanir, þ.e. ég ætla að koma með dæmi um hvernig stjórnmálamenn eiga ekki að haga sér. Þar veit ég að hv. þm. er sammála mér. En hann verður að vera sjálfum sér samkvæmur ef hann ætlar að geta staðið í útgerð. Þar verða menn að standa eins að verkum. Þar þýðir ekki að skipta um skoðun. Þar verða menn að byggja á raunverulegum grundvelli og standa sig. En í stjórnmálum er það orðið of algengt að stjórnmálamenn þurfi ekki að standa sig vegna þess að þeir skjóta sér á bak við aðra. Þeir skjóta sér á bak við kerfi og flokka og þeir skjóta sér á bak við mikið málæði eins og hér hefur tíðkast oft, því miður, í sölum Alþingis.

En það er óhjákvæmilegt, herra forseti, að víkja

nokkrum orðum að þessu sérstaklega vegna þess að hér er til umræðu vörugjald, hér er til umræðu stefnubreyting í skattamálum á Íslandi sem er grundvallarbreyting frá þeirri stefnu sem einn af hæstv. ráðherrum fylgdi fyrir ári. Það er óhjákvæmilegt að víkja að þessu þar sem það vill svo til að það er nákvæmlega eitt ár síðan þessi hæstv. ráðherra boðaði allt aðra stefnu í skattamálum, allt aðra stefnu gagnvart atvinnulífinu, allt aðra stefnu gagnvart íslensku þjóðlífi og atvinnulífi. Á ég þar sérstaklega við ræðu sem páv. hæstv. fjmrh. og núv. hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson flutti á þingi þann 10. des.

Það er skylda okkur að upplýsa þá þingmenn sem kunna að hafa gleymt einhverju af því sem gerðist hér þó sé ekki farið lengra aftur í tímann en eitt ár. Svo er auðvitað skylda okkar, því að hér eru fjölmiðlar, að upplýsa fjölmiðlamenn um hvaða hugarfarsbreytingar og stefnubreytingar eiga sér stað og hvað felst í þessu. Og það er skylda okkar að reyna að koma þeim boðskap til fólksins vegna þess að það er einu sinni þannig að fólk tekur mark á flestum alþm. og alþm. vekja upp væntingar, þeir vekja upp vonir og þeir leggja oft grundvöllinn að því að menn haga sínu lífi með öðrum hætti vegna þess að þeir treysta því að þeir menn sem tala hér úr ræðustóli meini það sem þeir eru að segja. Að breyta svo um skoðun með jafnskjótum hætti og hæstv. páv. fjmrh. hefur gert, þ.e. núv. utanrrh., getur haft og mun hafa mjög örlagaríkar afleiðingar fyrir þúsundir Íslendinga sem voru í góðri trú fyrir rúmu ári um að það sem hann sagði væri marktækt. Fólk hefur hagað sínu lífi margt í samræmi við það.

Fyrir rúmu ári boðaði páv. fjmrh. allt aðra stefnu í sambandi við skattamál. Það var skattastefna sem gaf mönnum vonir um að nú ætlaði hann ásamt þeirri ríkisstjórn sem þá var að styrkja stoðir íslensks atvinnulífs. Nú hefur hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson snúið við og hann hefur heimilað og hann tekur þátt í því að samþykkja hér allt aðra stefnu, stefnu sem er í grundvallaratriðum þess eðlis að hún er andstæð hagsmunum atvinnulífsins en hagstæð hins vegar eflingu ríkisvaldsins og kerfisins, stefnu sem felur í sér skattaíþyngingu fyrir bæði atvinnulífið og fólkið.

Ég ætla, með leyfi forseta, að víkja hér nokkuð að þeirri ræðu sem páv. fjmrh. flutti þar sem hann er að ræða ... (**SkA:** Er ekki rétt að ná í þann ráðherra?) *Ég er að tala um stefnubreytinguna. Stefnubreytingin birtist m.a.* í framlögðu frv. um vörugjald þannig að það nægir ... (**SkA:** Þarf ekki að hafa ráðherrann neitt hérna.) Ekki þess vegna. En ég geri ráð fyrir að hann viti hvað hann sé að gera sem ráðherra í núv. ríkisstjórn. En það er fróðlegt fyrir hv. þm. að heyra hvað páv. fjmrh. Jón Baldvin Hannibalsson sagði í ræðu þann 10. des. og er þá verið að ræða hér í þingi um söluskatt. Hann segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Þetta [þ.e. frv. til laga um söluskatt] er eitt þriggja frumvarpa sem öll verða til umræðu á þessum deildarfundi. Hin tvö fjalla um breytingar á tollalögum og vörugjaldi. Þar sem þessi þrjú frv. eru að mörgu leyti efnislega ósundurslítanleg og nátengd hef ég í hyggju að ræða þau öll hér að svo miklu leyti sem umræðuefnið er eitt og vænti þess að þingmenn geti fjallað um þau öll í senn hér á eftir að svo miklu leyti sem það er efnislega óaðskiljanlegt." Það eru breytingar á tollalögum, breytingar á vörugjaldi og söluskatti, nánar tiltekið með inniföldum matarskatti.

Síðar í þessari sömu ræðu segir páv. fjmrh., með leyfi forseta: „Þær breytingar á söluskatti sem felast í þessum frv. eru sem fyrr segir nátengdar umfangsmiklum breytingum á lögum um tollskrá og vörugjald. Jafnhliða samræmingu söluskatts og víkkun skattstofns verða tollar lækkaðir og sex mismunandi vöru- og aðflutningsgjöld lögð niður. Í stað þeirra verður tekið upp eitt vörugjald, 14%, sem leggst á nokkra skýrt afmarkaða vöruflokka".

Síðan segir fjmrh. Jón Baldvin Hannibalsson, með leyfi forseta: „Um innbyrðis tengsl þessara aðgerða, breytinga á tollakerfi, vörugjaldskerfi og söluskattskerfi, er fjallað í þeim frumvörpum þremur sem hér eru á dagskrá. Þessi endurskoðun og einföldun á tolla- og vörugjaldskerfinu tengist enn fremur þeim breytingum sem verða á söluskattskerfinu um næstu áramót þar sem hluta af því tekjutapi sem ríkissjóður verður fyrir með tollalækkunum og afnámi vörugjalds verður mætt með tekjum, í fyrsta lagi af breiðari söluskattsstofni. Þessi þrjú frv. *verður því að meta að því er áhrif þeirra varðar í* heild sinni og spyrja: Hverjir eru meginþættir þessarar kerfisbreytingar og hver eru áhrif hennar í heild annars vegar á tekjur ríkissjóðs og hins vegar á verðlag í landinu?"

Enn fremur segir: „Þannig er tekjutapið, sem hlýst af lækkun aðflutningsgjalda, vegið upp með víkkun söluskattsstofnsins jafnhliða því sem tekna er aflað til hliðarráðstafana. Það er afar mikilvægt að skýrt komi fram að þessar kerfisbreytingar fela ekki í sér á nokkurn máta aukna skattbyrði á almenning frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrv. heldur er einungis verið að færa tekjuöflun á milli einstakra tekju- og gjaldstofna."

Með því frv. sem hér er til umfjöllunar um vörugjald er því verið að auka skattbyrðina greinilega því að söluskattsstofninn er óbreyttur. Það er greinilega ekkert að marka orð hæstv. utanrrh. ef maður lítur til baka aðeins eitt ár þar sem hann er *stuðningsmaður þess vörugjalds sem nú er hér til* umræðu. Hann er búinn að slíta þetta allt í sundur. Nú þarf ekki samræmi eða einföldun. Nú þarf aðeins að hækka skattana.

En hvað segir svo hæstv. utanrrh. núv. síðar í sömu ræðu þegar hann var fjmrh. Hann segir sem hér segir, með leyfi forseta: „Hvað segir þetta okkur þá um framfærslukostnað heimilanna? Það segir okkur að heildaráhrifin af öllum þessum aðgerðum valda ekki hækkun á framfærslukostnaði. Það er ákaflega mikilvægt þegar menn taka afstöðu til þessara breytinga að almenningur sé ekki blekktur

með villandi upplýsingum um stóraukin útgjöld vegna þessara aðgerða því að sannleikurinn er sá að útgjöld meðalfjölskyldu á Íslandi, hjóna með tvö börn, eins og þau mælast í vísitölu framfærslukostnaðar, haldast óbreytt. Það er kjarni málsins," segir ráðherra svo.

Hvað er að gerast nú? Nú er það að gerast að með óbreyttri innheimtu á söluskatti, 25%, með þessu hækkaða vörugjaldi og með öðrum skattafrv. sem hér eru til meðferðar er verið að stórhækka framfærslukostnaðinn á sama tíma sem verkalýðurinn, fólkið í landinu, býr við óbreytt kjör og lakari því að ýmsar kostnaðarhækkanir hafa orðið síðustu vikurnar í sambandi við vörur og þjónustu.

Ég ætla ekki, forseti, að taka upp mörg fleiri atriði úr þessari ræðu, en vil að lokum lesa, með leyfi forseta, niðurlagið í ræðu þáv. fjmrh. Jóns Baldvins Hannibalssonar því hún er raunverulega aðvörunarorð til okkar allra sem stjórnmálamanna um hvað menn geta farið í gegnum sjálfa sig á stuttum tíma og raunverulega snúið gjörsamlega við blaðinu. Í niðurlagi ræðunnar segir þáv. fjmrh., með leyfi forseta:

„Herra forseti. Með þeim breytingum á tolli, vörugjaldi og söluskatti sem áformaðar eru um næstu áramót [þ.e. áramótin 1987–1988] er stefnt að verulegri einföldun á núgildandi skattakerfi. Með þeim næst betra samræmi milli verðhlutfalla bæði hér innan lands og ekki síður milli innlendrar og erlendrar vöru en undanfarin ár og jafnvel áratugi, en eðlileg verðhlutföll milli einstakra vörutegunda hafa vissulega meira og minna brenglast í þessum leifum frá haftabúskap fyrri ára. Hitt er jafnljóst að þegar litið er á verðmyndun í landinu í samhengi blasir víða við verulegt misræmi í verðlagningu. Það má telja fullvíst að þetta misræmi hafi óheppileg áhrif á eðlilega verðmyndun, bæði með óhagkvæmari innkaupum og hærra vöruverði en ella. Enn fremur hefur það vafalaust í mörgum tilvikum ýtt undir óæskilega viðskiptahætti og þannig í reynd stuðlað að undandrætti frá skatti. Þess vegna er löngu orðið tímabært að vinda ofan af þessu kerfi og gera það auðveldara í framkvæmd og eftirliti, en það er megintilgangurinn með þessari kerfisbreytingu." — Lýk ég svo tilvitnun í ræðu Jóns Baldvins Hannibalssonar á Alþingi fyrir ári.

Það stendur ekki steinn yfir steini af því sem þessi ágæti þingmaður sagði þá miðað við það sem hann er að gera nú. Nú er blaðinu snúið við. Nú má brengla verðhlutföllum. Nú má hverfa aftur til ákveðins haftabúskapar. Nú má vöruverð hækka. Nú má ýta undir óæskilega viðskiptahætti. Nú má aftur vinda upp á kerfið. Og þá er spurningin: Hvers vegna? Jú, allt er til vinnandi til að halda völdum, tefla áfram pólitíska skák á kostnað fólksins í landinu. Þannig þróast sósíalisminn á nútímavísu. Þannig þróast sósíalisminn hjá þeim mönnum sem eru sósíalistar í hjarta sínu og hafa aldrei meint það sem þeir sögðu eins og ég hef bent hér á rækilega í ræðu minni. Öll þau orð, allt það sem formaður Alþfl. sagði um frelsi, um samræmi, um einföldun, um réttlæti eru innantóm orð sem flutt voru á Alþingi Íslendinga fyrir ári. Það er svona sósíalismi sem ég og mínir líkar og meginþorri Íslendinga hafna. Þess vegna munum við sjálfstæðismenn ekki taka þátt í því að greiða þeim skattafrv. atkvæði á þingi, hvort sem það heitir vörugjald eða annað. Við viljum ekki innleiða þann sósíalisma og þau svik við íslenskan málstað sem felast í þeim frv.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er verið að ræða eitt af skattpíningarfrv. hæstv. ríkisstjórnar. Þegar matarskatturinn var lögleiddur á síðasta þingi voru gerðar ráðstafanir til að milda áhrif hans með því að lækka tolla og aðflutningsgjöld, en með þessu frv. er verið að taka þá lækkun til baka auk þess að hverfa frá þeirri einföldun í skattkerfinu sem þáv. fjmrh. og núv. utanrrh. var svo tíðrætt um á þeim tíma.

Það er ekki ofsögum sagt að þessi hæstv. ríkisstjórn skattpíningar og forræðishyggju ætlar að færa íslenskum heimilum stórar gjafir á þessum jólum. Jólagjafir eru yfirleitt gefnar til að gleðja vini og vandamenn, muna eftir þeim sem eru sjúkir eða búa í einsemd. Hæstv. ríkisstjórn ætlar ekki að verða eftirbátur annarra og ætlar að færa íslensku þjóðinni sína jólagjöf, ætlar að muna eftir heimilunum. Ríkisstjórnin ætlar að muna eftir unga fólkinu sem er að stofna heimili, sem er að koma sér upp þaki og muna eftir þeim sem búa í einsemd, muna eftir ungum sem öldnum.

Jólasveinarnir hafa verið að færa sig til byggða einn af öðrum þessa dagana. Gluggagægir kom til byggða í dag og í kvöld kom svo jólasveinn ríkisstjórnarinnar til byggða. Hann hefur farið huldu höfði fram að þessu. Ýmsir trúðu ekki á hann, trúðu ekki að hann væri til. En hann birtist í atkvæðagreiðslunni í Nd. í kvöld. Og nú getur hæstv. ríkisstjórn fært íslenskum heimilum gjafir sínar, en ansi er ég hrædd um að það verði litlar gleðigjafir. Þegar menn vakna á aðfangadag jóla hafa íslenskum heimilum verið færðar þessar gjafir í formi aukinnar skattheimtu á öllum sviðum.

Þetta frv. um vörugjaldið er einn liður í aðför að heimilunum í landinu. Það er aðför að íslenskum iðnaði, það er í verki stuðningur ríkisstjórnarinnar við íslenskan iðnað. Allt ber að sama brunni: laun fryst, skattar stórauknir, kaupmáttur skertur. Þetta frv. er einn liður í því að leggja auknar byrðar á almenning í landinu og þess vegna getum við sjálfstæðismenn ekki staðið að slíkri skattpíningu.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Ég ætla að reyna að vera stuttorður því að ég sé í sjálfu sér ekki þörf fyrir að segja mjög mikið um þetta mál. Ég vildi þó segja í upphafi að sá vandi sem við stöndum frammi fyrir, allir íslenskir stjórnmálamenn, hvar í flokki sem við stöndum, er að við höfum algjörlega misst stjórn á ríkisfjármálunum. Ég held að það verði að segja það

hreint út eins og það er að við verðum að viðurkenna þá staðreynd að okkur hefur mistekist að hemja ríkisófreskjuna, hina óseðjandi ríkisófreskju. Við ráðum ekkert við hana lengur. Það er alveg sama hvar í flokki menn standa og hvaða stjórnir eru myndaðar, allar eru í sömu vandræðunum. Þær ráða ekkert við ríkisófreskjuna. (**JE:** Það eru gömlu flokkarnir.) Já, ég gæti trúað að við mundum kannski geta komið með ýmsar hugmyndir þar að lútandi að hemja hana, en það á eftir að reyna á það. En það sem verra er er að þetta virðist vera meinsemd sem grefur um sig um alla Vestur-Evrópu. Ríkisfjármálin eru öll í ólestri og lífskjör og hagvöxtur fara að sama skapi minnkandi í þessum löndum meðan mikið hagvaxtarskeið er runnið upp í fjarlægari heimsálfum þar sem minna er talað um að ríkisfjármálin séu öll úr böndum. Þetta er mjög athyglisvert og ég held að við verðum að velta fyrir okkur hvernig standi á þessu. Ég held að það þýði í raun og veru ekki að kenna hvert öðru um að illa hafi farið. Við erum öll meira eða minna samsek.

Þó hlýt ég að harma þá gífurlegu skattlagningu sem er stefnt að með þessum skattafrv. núv. hæstv. ríkisstjórnar, enda er það andstætt stefnu okkar borgaraflokksmanna að íþyngja almenningi með þeim hætti sem hér er verið að gera og hlýt ég því að harma að einn þingmaður Borgfl. sá ástæðu til að styðja þessi skattafrv. í Nd. við atkvæðagreiðslur fyrr í kvöld.

Fyrir um það bil ári vorum við að fjalla um frv. til laga um vörugjald. Þá áttu sér stað mjög langar og málefnalegar umræður um frv. í hv. Ed. og ég er sannfærður um að við höfðum þar ýmis rök frammi til að sannfæra þingheim um að þessi skattur er mjög ósanngjarn. Hann kemur illa við margar atvinnugreinar. Í honum felst mikil mismunun. Það kom *mjög vel fram í umræðunum fyrir ári að það var* ákaflega skringilegt val á vörutegundum sem lentu með vörugjaldi og þeim sem sluppu og mátti jafnvel sjá handbragð eins ákveðins manns í þjóðfélaginu á því vali, töldu sumir. Þetta er almennt talinn mjög óvinsæll skattur af almenningi því að þetta er einkennandi neysluskattur sem kemur almennt illa niður á almenning í landinu.

Þá er rétt að rifja upp eitt atriði sem ég held að menn megi ekki gleyma. Það er að vörugjaldið var lækkað fyrir um það bil ári frá því sem það hafði verið þá á undan og sömuleiðis var gjaldflokkum fækkað eilítið. Það var gert til að koma á móts við þá gífurlegu hækkun sem varð á matvælum vegna álagningar söluskatts á matvæli þegar matarskatturinn svonefndi var innleiddur. Það var einmitt forsenda fyrir matarskattinum að vörugjald skyldi lækkað og vörugjaldsflokkum fækkað. Nú er verið að skella vörugjaldinu á á nýjan leik á miklu fleiri vörutegundir þannig að það má segja að hér með bresti forsendurnar fyrir matarskattinum, a.m.k. hvað þá varðar sem stóðu að því að setja matarskattinn á fyrir rúmlega ári. Þess vegna væri gaman að fá rök þeirra sem töldu í lagi að setja á matarskattinn vegna þess að vöruverð mundi almennt lækka með því að þessar breytingar, sem þá voru gerðar á vörugjaldinu, sýndu að ýmsar neysluvörur til almennings mundu lækka í verði.

Mig langar til að fjalla örlítið frekar um þá mismunun sem vörugjaldið veldur í sambandi við mismunandi iðngreinar, en kannski er fyrst rétt að benda á hversu illa vörugjaldið kemur yfirleitt við iðnaðinn í landinu. Að vísu er það svo að vörugjaldið á að leggjast jafnt á innfluttar vörur og sambærilegar innlendar vörur sem eru framleiddar í landinu, en þrátt fyrir það er ómögulegt að sjá annað en að vörugjaldið valdi því að lokum að innlendur iðnaður stendur verr að vígi í samkeppni við sambærilegar innfluttar vörur.

Nú er sú meginbreyting gerð á vörugjaldinu að það er reynt að setja á sérstakan sykurskatt. Út af fyrir sig er hægt að taka undir þá hugmynd að það væri eðlilegt að setja sérstakan skatt á sykur og þá allar þær matvörur sem eru með sykurinnihaldi. Það er að sjálfsögðu í samræmi við manneldissjónarmið sem mjög var talað um fyrir ári. Það er hægt að taka undir að vissu leyti þau sjónarmið að það væri æskilegt að skattleggja sykurneyslu með þeim hætti að vörutegundir sem eru með sykurinnihaldi bæru ákveðinn skatt í takt við sykurinnihaldið. En því miður hefur gjörsamlega mistekist að koma þessu í kring þannig að eðlilegt og sanngjarnt megi teljast.

Iðnrekendur hafa bent á að frv. er því miður mjög flausturslega og illa unnið, enda virðist staðreyndin vera sú að hér er bara gripið í eitthvert hálmstrá til að afla meiri tekna fyrir ríkishítina, einar 1600–1700 millj. eiga að koma í ríkishítina með þessum hætti, en því hefur minna verið velt fyrir sér að það væri verið að leggja á vel útfærðan og vel hugsaðan skatt sem legðist jafnt á alla þannig að það væri ekki um *neina mismunun á milli atvinnugreina eða fyrirtækja* að ræða. En eins og ég sagði: Þetta hefur því miður gjörsamlega mistekist.

Mig langar til að lesa upp, með leyfi forseta, minnisblað sem barst til okkar þingmanna í hv. Ed. snemma í kvöld frá Félagi ísl. iðnrekenda, en það fjallar um tillögur til innheimtu á sérstöku 16% vörugjaldi af sykri og hljóðar minnisblaðið svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Vegna fram kominna brtt. frá meiri hl. fjh.- og viðskn. Nd. Alþingis nr. 306, liður 2 um sérstakt 16% vörugjald vill Félags ísl. iðnrekenda árétta eftirfarandi:

Sérstakt vörugjald á sykur samkv. 17. kafla tollskrár mun eingöngu koma fram í hækkuðu sykurverði til neytenda sem kaupa í smásöluumbúðum auk tímabundinnar fjárbindingar vörugjaldsskyldra framleiðslufyrirtækja, þ.e. fyrirtækja sem greiða vörugjald af framleiðsluvörum sínum, en það eru fyrirtæki sem framleiða gosdrykki, sælgæti og kex. Önnur fyrirtæki sem ekki greiða vörugjald af framleiðsluvörum sínum þrátt fyrir mikið sykurinnihald munu ekki þurfa að greiða vörugjald af sykri.

Skv. 13. tölul. 6. gr. tollalaga nr. 55 1987 er fjmrh.

heimilt að endurgreiða eða fella niður gjöld af hráefni til framleiðslu innlendra iðnaðarvara sem tollar hafa verið lækkaðir eða felldir niður af samkvæmt samningum við EBE og EFTA, jafnframt að lækka eða fella niður gjöld af efnivöru í innlenda iðnaðarvöru ef gjöldin af sams konar iðnaðarvöru framleiddri erlendis eru jafnhá eða lægri en af efnivörunni. Samkvæmt þessum tölulið skal ráðherra setja nánari reglur um framkvæmd. Þær reglur er að finna í auglýsingu nr. 69 1988, um niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda eða sölugjalds af ýmsum aðföngum til iðnaðar. Sem dæmi um ofangreinda heimild er meðfylgjandi afrit af bréfi fjmrn. til brauðgerðar sem undanþiggur viðkomandi framleiðanda greiðslu allra aðflutningsgjalda, þar með talið vörugjalda, af aðföngum til framleiðslunnar. Sykur er nú án gjalda, en verði ákveðið að leggja á hann 16% vörugjald er ljóst að þau fyrirtæki sem ekki greiða vörugjald af framleiðsluvörum sínum þurfa ekki heldur að greiða vörugjaldið af hráefni, í þessu tilviki sykri. Vörugjaldsskyld fyrirtæki þurfa hins vegar að binda fjármagn með greiðslu vörugjalds á sykri sem þau fá síðan endurgreitt við skil á vörugjaldi af fullunninni vöru. Af þessu má ljóst vera að innheimta vörugjalds af sykri með þessum hætti bitnar eingöngu á fyrirtækjum er framleiða gosdrykki, sælgæti og kex án þess að snerta aðrar vörur með miklu sykurinnihaldi auk þess að hækka verð á sykri sem seldur er til neytenda í verslunum."

Það eru ýmis skringileg dæmi sem má taka í þessu sambandi. T.d. er bent á að á gosdrykki, þar er sykurinnihald oft um 10%, verður lagt vörugjald. Hins vegar er orðin mikil framleiðsla á Íslandi á jógúrt þar sem sykurinnihald getur verið allt upp í 20%, en það er án vörugjalds. Það sjá allir um hvers konar mismunun er hér að ræða. Það er ekki raunverulega, eins og hefur komið fram áður í máli mínu, gerð nein tilraun til að skattleggja sykur eða sykurinnihaldið. Það er hins vegar út í bláinn lagt vörugjald á ákveðnar vörutegundir þar sem er þægilegt að koma skattinum við án þess að það verði flókið mál fyrir ráðuneytið að höndla skattheimtuna.

Í þessu sambandi má minna á að á hinum Norðurlöndunum hafa verið teknir upp sérstakir sykurskattar. Þá er það gert með þeim hætti að sykurinnihald vörunnar er skattlagt sérstaklega og þá eftir þeim hlutföllum sem sykurinnihaldið er. Auðvitað er þetta eina leiðin ef á annað borð á að skattleggja sykur vegna manneldisstefnu, að skattleggja þá sykurinnihald sérhverrar vöru þannig að sykurskatturinn sé í hlutfalli við sykurinnihald hennar.

Það er mjög athyglisvert að benda á eitt dæmi sem hlýst af þessu, hvernig Norðurlöndin reyna að vernda iðnaðarframleiðslu sína. Þannig má t.d. benda á að í Danmörku, ef erlendur aðili hyggst flytja þangað inn sælgæti, t.d. súkkulaði frá Íslandi, við skulum taka það sem dæmi, þá verður hinn erlendi framleiðandi að gera mjög nákvæma grein fyrir sykurinnihaldi vörunnar, þ.e. í þessu tilviki súkkulaðisins, bæði þess beina sykurinnihalds sem er í vörunni vegna íblöndunar hreins sykurs og/eða annars konar sykurs, t.d. eins og mjólkursykurs, sem kemur vegna annarra efna sem eru í vörunni. Slík nákvæm efnagreining verður að fylgja vörunni til þess að hún fái innflutningsleyfi til Danmerkur. Þetta er svo flókið og erfitt mál að þarna er töluverð vernd fyrir danska iðnaðarframleiðslu gegn innflutningi erlendis frá. Hér er þetta eiginlega alveg öfugt. Vara sem er framleidd erlendis á mjög greiðan aðgang inn á íslenskan markað. Það er ekkert gert hér til að krefja slíkra upplýsinga, eins og ég var að nefna áðan að er gert í Danmörku t.d., heldur getur flóðið streymt inn í landið óhindrað. Tollayfirvöld hafa í raun og veru engan áhuga á að vita hvað er í þessum vörum bara ef þau geta fengið sína tolla og söluskattinn og þeim er alveg sama þó innlendur iðnaður smám saman leggi upp laupana vegna þess að samkeppnin er óheft. Það er ekki gerð nein tilraun til að gera eins og hin Norðurlöndin, þ.e. að reyna alltaf að gæta hagsmuna innlends iðnaðar þegar verið er að hamla gegn samkeppni erlendis frá.

Þá vildi ég að lokum benda á eitt atriði enn og það er þörfin fyrir þessa skattlagningu. Það er eins og ég gat um í upphafi máls míns augljóst að það vantar meira í óseðjandi ríkishítina og vörugjaldsálagningunni, þessari breyttu vörugjaldsálagningu, er ætlað að útvega ríkissjóði um það bil 1600–1700 millj. kr. Nú hefur það komið fram m.a. í máli fulltrúa Borgfl. í hv. fjvn. í ræðu sem hann flutti við 2. umr. fjárlaga að það ætti að vera tiltölulega auðvelt að finna leið til að skera niður útgjaldahlið fjárlaga um einmitt eitthvað sem þessu næmi, 1600–1700 millj. Í raun hefur Borgfl. í huga að leggja fram slíka sparnaðartillögu við 3. umr. fjárlaga, að það sé hægt að sýna fram á að það megi enn þá draga saman útgjaldahlið fjárlaganna sem nemur 1600–1700 millj. kr. Því er þetta frv. í raun og veru óþarft. Það hefði verið nær að leggja vinnu í að skera fjárlögin niður, lækka útgjöld ríkisins og taka þetta óvinsæla gjald burtu eða með öðrum orðum að fjarlægja þetta frv. úr þingsölum og gleyma því að það hafi nokkurn tíma verið til.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að vera langorður. Ég ætlaði aðeins að taka undir það sem síðasti ræðumaður sagði um þetta vörugjald og lýsa þeirri skoðun minni að ég er mótfallinn frv. Ég tel að það hafi verið mjög kastað höndum að samningu frv. og harma að þetta frv. hafi hlotið mjög litla umræðu í Nd. og sérstaklega í hv. fjh.- og viðskn. Nd. og erfitt hafi verið að koma að sjónarmiðum þeirra aðila sem þetta vörugjald bitnar sérstaklega á.

Þegar síðasta ríkisstjórn lagði fram skattafrv. sín rétt fyrir síðustu áramót var það ein af meginforsendum þeirrar skattlagningar og þá sérstaklega skattlagningarinnar á matvæli að vörugjald yrði

lækkað og tekjustofnar felldir niður að öðru leyti. Nú aftur á móti bregður svo við að þarna er verið að leggja sömu skattana á og felldir voru niður síðast og hlýt ég að harma að svo hafi verið gert og sé verið að gera. Fólk býr við mjög hátt vöruverð og þessi skattur kemur beint ofan á það háa vöruverð sem nú er. Ég mun þess vegna ekki styðja þessa skattlagningu. Ég held að þegar svo er komið sem nú er beri frekar að hugsa um að skera niður ríkisútgjöldin og ríkið þurfi eins og fjölskyldur og fyrirtæki í kreppuástandi að draga saman seglin og haga sér í samræmi við breyttar aðstæður.

Vörugjald er einn af nýju sköttunum sem eru millistig á milli tekjuskatts og tolla og hefur verið laumað í gegnum löggjöfina til að villa um fyrir fólki og koma oft mjög illa niður á fyrirtækjum, samkeppnisiðnaðinum sérstaklega, sem þurfa að berjast við erlenda samkeppnisaðila. Ég held að það ætti að takmarka mjög þessa skattlagningu.

En eins og ég sagði í upphafi taldi ég einungis rétt að koma hér upp til að lýsa skoðun minni á þessu frv. Ég tel að sú hækkun sem þarna er verið að boða sé í andstöðu við stefnu a.m.k. fyrri ríkisstjórnar og þau loforð sem hún gaf þjóðinni þegar matarskatturinn svokallaði var settur á. Það má einnig benda á að það aukagjald sem er í B-hluta þessa frv., svokallað 16% sykurgjald, komi mjög illa niður á þeim fyrirtækjum sem hafa þó þraukað enn í sælgætisiðnaði og mismuni mjög verulega þeim fyrirtækjum og svo erlendu keppinautunum.

En þar sem ég er síðasti ræðumaður, vonandi, hef ég þetta mín síðustu orð.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 16 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Stjfrv., 189. mál (skatthlutföll, persónuafsláttur o.fl.). — Þskj. 348.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það frv. sem ég mæli hér fyrir felur í sér þríþættar breytingar. Í fyrsta lagi er gerð breyting á tekjuskatti einstaklinga. Í öðru lagi eru gerðar margvíslegar breytingar á skattlagningu fyrirtækja sem hafa í för með sér að samræma ýmis ákvæði í skattlagningu fyrirtækja og færa hana í það horf að eðlilegt sé að þau fyrirtæki sem skili verulegum hagnaði færi hluta af honum í hinn sameiginlega sjóð landsmanna og dregið sé úr möguleikum til þess að eigendur eða stjórnendur fyrirtækja geti fært hluta af einkaneyslu sinni á reikninga fyrirtækjanna. Í þriðja lagi felast í þessu frv. breytingar á eignarsköttum.

Ég hef lýst því yfir áður að við ákvörðun um tekjuskatta einstaklinga á næsta ári hafi verið leitast við að fylgja þeirri meginreglu um tekjuskatta einstaklinga með 60 þús. kr. eða minna og hina ýmsu tegunda hjóna og fjölskyldufólks með 120–150 þús. að skattarnir sem þessir hópar greiða á árinu 1989 verði minni en þeir greiddu á árinu 1988.

Í umræðum bæði á Alþingi og eins í þjóðfélaginu hefur verið gert nokkuð úr því að bera saman efnisþætti þessa frv. við það sem hefði átt að vera samkvæmt gildandi lögum á næsta ári. Það er þess vegna nauðsynlegt að menn átti sig á hvort verið er að bera saman annars vegar þá skatta sem menn hafa greitt í reynd á yfirstandandi ári og þá sem menn koma til með að greiða á næsta ári eða hvort menn eru að bera saman þá skatta sem hefði átt að greiða samkvæmt gildandi lögum á næsta ári og þá sem greiddir verða samkvæmt þessu frv. ef það verður að lögum.

Til að koma til móts við þá sem leggja höfuðáherslu á síðarnefnda samanburðinn var ákveðið við meðferð þessa máls í hv. Nd. að hækka skattprósentuna um 0,3% til viðbótar við þau 2% sem fyrir lágu í frv., en þó þannig að ríkissjóður fær ekki krónu af þessari hækkun heldur er henni allri varið til að hækka persónuafslátt og barnabætur. Hún felur þess vegna eingöngu í sér tekjujöfnunaraðgerð milli ólíkra hópa í þjóðfélaginu en er ekki sem slík tekjuöflunaraðgerð fyrir ríkissjóð. Þær tekjur sem felast í 2% hækkuninni eru þær einu viðbótartekjur sem ríkissjóður fær í sinn hlut af frv.

Það er enn fremur ákveðið í frv. í þeim búningi sem það birtist í í þessari hv. deild að sú 2,3% hækkun sem í frv. felst er eingöngu bundin við næsta ár, árið 1989, en felur ekki í sér ákvörðun um viðvarandi hækkun prósenthlutfallsins.

Í framsögu minni fyrir frv. í hv. Nd. vék ég nokkuð ítarlega að þeim athugunum sem fram hafa farið í fjmrn. á möguleikum þess að taka upp sérstakt hátekjuþrep í tekjuskatti. Ástæða þess að ég gerði það að umtalsefni var að bæði innan þings og eins víða í þjóðfélaginu er mjög sterk krafa eða áhugi á því að skattkerfinu sé breytt með þeim hætti. Ég lýsti því þá yfir að hvað sem liði afstöðu manna til að hafa eitt eða fleiri skattþrep í tekjuskattinum hafi ég sannfærst um það eftir ítarlegar viðræður við starfsfólk skattkerfisins og stjórnendur þess að útilokað sé að taka upp slíka breytingu nema með a.m.k. 4–6 mánaða fyrirvara ef tryggja á að hún komist örugglega til skila. Staðreyndin er sú að það framkvæmdakerfi sem við höfum í skattamálum er að mörgu leyti vanmegnugra en ég hafði gert mér grein fyrir og ég hugsa flestir hv. alþm. hafa gert sér grein fyrir. Það fólk sem hefur á yfirstandandi ári orðið að bera framkvæmd hins nýja staðgreiðslukerfis á sínum herðum hefur í raun og veru frá einum

mánuði til annars staðið frammi fyrir mjög erfiðum verkefnum og ekki haft tryggingu fyrir því að sá vilji Alþingis sem birtist í ákvörðun um staðgreiðslukerfi skatta yrði í reynd framkvæmdur.

Ég lýsti því yfir við 1. umr. málsins í hv. Nd. að þessi athugun mundi halda áfram og að allir hv. þingflokkar gætu fylgst með efnisþáttum hennar svo að aðstaða skapaðist á fyrri hluta næsta árs til þess að menn gætu vegið og metið kosti þess og galla að hafa sérstakt hátekjuþrep í tekjuskatti. Þá gætu þeir sem hafa verið sannfærðir um að slíkt væri ekki ákjósanlegt skoðað málið að nýju og e.t.v. komist að sömu niðurstöðu og áður og eins gætu þeir sem lagt hafa ríka áherslu á slíkt sérstakt hátekjuþrep metið sína afstöðu.

Hins vegar er alveg ljóst að innan núgildandi kerfis er hægt að beita breytilegum stærðum þess, þ.e. skattprósentunni, persónuafslættinum og barnabótunum, með margvíslegum hætti til að ná fram mjög hliðstæðum tekjujöfnunaraðgerðum og sérstakt hátekjuþrep í tekjuskattinum hefði í för með sér. Það er ein af ástæðum þess að mér finnst óeðlilegt að áfram sé við lýði sú ákvörðun, sem felst í gildandi lögum, að þessar stærðir, persónuafsláttur inn og barnabæturnar, séu fastbundnar með vísitölu. Þar með eru menn að segja að þeir vilji ekkert annað „réttlæti", svo ég noti það orð, með tilliti til barnabóta og persónuafsláttar en nákvæmlega það sem felst í þeim tölugildum sem ákveðin voru fyrir ári og vísitölubindingu þeirra. Það er fyllilega hugsanlegt að meiri hluti Alþingis hefði aðra skoðun á þessu hlutfalli, vildi t.d. hækka barnabæturnar enn frekar og kannski lækka persónuafsláttinn svo dæmi séu nefnd eða verja verulegu hlutfalli til þess að breyta aldursmörkunum hvað börnin snertir og breyta hlutfallinu í samræmi við það. Það er ein meginástæðan fyrir því að mér finnst, burtséð frá ágreiningi um þyngd skatta eða ekki, að það að vísitölubinda þessar stærðir frá ári til árs feli í sér í raun og veru ákvörðun Alþingis um að afsala sér á þessum tíma möguleika á að breyta réttlætishlutfallinu gagnvart hinum ýmsu þjóðfélagshópum.

Ég ætla ekki að gera þetta nánar að umræðuefni hér. Það má skoðast betur eftir að hv. fjh.- og viðskn. hefur haft tækifæri til að fjalla um frv., en vildi þó við upphaf málsins vekja athygli á þessum sjónarmiðum.

Það er alveg ljóst að hér er um hækkun skatta að ræða. Það hefur engin dul verið dregin á þá staðreynd málsins. Það sem við höfum hins vegar sagt er að ef borið er saman hlutfallið í ár og svo það sem verður á næsta ári sé gagnvart þeim tekjuhópum lágtekjufólks sem ég nefndi áðan ekki um íþyngingu skatta að ræða.

Annar meginþáttur þessa frv. felur í sér breytingar á skattlagningu fyrirtækja. Þær breytingar fela það í sér, ef þær eru teknar sem ein heild, að það er fyrst og fremst verið að gera tvennt. Í fyrsta lagi að ákveða að fyrirtæki sem skila verulegum hagnaði greiði hluta af þeim hagnaði í gegnum tekjuskatt fyrirtækja í sameiginlegan sjóð landsmanna. Vil ég í því sambandi bara vekja athygli á einni staðreynd, að á grundvelli tekna ársins 1987, sem var einstakt góðæri hjá atvinnulífinu í landinu, greiddi aðeins um þriðjungur fyrirtækja tekjuskatt vegna þess hvers eðlis skattalögin voru. Ég segi að atvinnulíf sem býr við þannig skattlagningu elur á tortryggni í sinn eigin garð hjá fólkinu í landinu og það sé miklu hollara fyrir atvinnulífið og fyrirtækin að fólkið finni að þegar um mikinn hagnað er að ræða sé hluti af honum greiddur í hinn sameiginlega sjóð.

Hinn þátturinn sem snertir breytingar á skattlagningu fyrirtækja er að loka ýmsum þeim möguleikum sem stjórnendur og eigendur fyrirtækjanna hafa haft til að styrkja sína persónulegu stöðu, t.d. í gegnum hvernig bifreiðanotkun er færð, hvernig lántökur til eigin þarfa úr fyrirtækjunum eru meðhöndlaðar og eftir ýmsum öðrum leiðum.

Þriðji og síðasti meginþáttur frv. felur í sér breytingar á eignarsköttum. Þar er fyrst og fremst um tvenns konar breytingu að ræða. Annars vegar hækkun á almenna hlutfallinu í 1,2% og hins vegar sérstakt háeignaþrep sem er 1,5% til viðbótar við hið almenna þrep.

Auðvitað má ávallt um slíka ákvörðun deila. Ég er þó þeirrar skoðunar að í okkar þjóðfélagi sé fyllilega réttlætanlegt að vera með stighækkandi eignarskatt eins og menn eru að vissu leyti með stighækkandi tekjuskatt innan núgildandi kerfis. Þetta háeignaþrep er svo hátt, enn frekar eftir þá breytingu sem gerð var í hv. Nd., að miða við 7 millj. kr. skuldlausa eign hjá einstaklingi og 14 millj. kr. skuldlausa eign hjá hjónum, að það er aðeins um eða innan við 5000 manna hópur sem þessi skattlagning tekur til. Hvað íbúðarhús snertir svo tekinn sé samanburður þurfa menn að leita í dýrustu íbúðarhverfi höfuðborgarsvæðisins til að finna einbýlishús sem flokkast undir þetta sérstaka háeignaþrep.

Þegar við eigum við mikla erfiðleika að etja og sú meginstefna er mörkuð að sækja fé eftir þessum leiðum fannst okkur eðlilegt að gera það m.a. með því að búa til slíkt sérstakt háeignaþrep í eignarskattinum.

Virðulegi forseti. Það er nokkuð liðið á nóttu svo að ég mun ekki fjalla í ítarlegra máli í framsögu um efnisþætti frv. Ég hef þó ekki viljað hafa hana um of stuttaralega en vona að hv. deildarmenn virði það að ég hef leitast við það hér í minni framsöguræðu að gera grein fyrir öllum höfuðatriðunum sem felast í frv.

Auðvitað er það ætíð um frv. af þessu tagi að hægt er að ræða lengi með einstökum dæmum og útfærslu hvernig það birtist hinum og þessum hópum. Það er efni sem e.t.v. er betra að fjalla um eftir að málið hefur verið skoðað í nefnd. Ég veit að hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar mun ekki hafa mikinn tíma til að fjalla um frv. og virði vilja nefndarmanna til að greiða fyrir framgangi þess. Ég vil þess vegna,

virðulegur forseti, mælast til þess að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það er nú komið í ljós að ríkisstjórnin styðst við meiri hluta hér á Alþingi þannig að það væri mjög rangt af stjórnarandstöðunni undir slíkum kringumstæðum að tefja fyrir því að sú stefna ríkisstjórnarinnar nái fram að ganga, sem hún hefur þinglega burði til að fylgja eftir, að þyngja svo álögur á þjóðinni að engin dæmi eru til um það. Afsökun hæstv. fjmrh. fyrir þessari skattpíningu er sú að hann hefur einhvers staðar lesið að skattar muni erlendis sums staðar vera hærri og hefur nú sett sér það mark að komast í heimsmetabók Guinness þannig að hægt verði að benda á að enginn fjmrh. hvergi nokkurs staðar í heiminum hafi náð þeim merka áfanga að þyngja skattbyrðina jafnört meðal sinna þegna á sama tíma og lífskjör hafa verið versnandi og afkoma fyrirtækja ömurleg.

Ég hygg að hæstv. fjmrh. muni takast þetta. Eins og ég sagði um daginn í ræðu í sameinuðu þingi þyngist skattbyrðin miðað við þjóðartekjur mjög ört þegar þjóðartekjurnar dragast annars vegar saman og hins vegar er stækkaður hluti þess sem ríkið tekur til sín, ekki aðeins í verðmætum, ekki aðeins að raungildi heldur einnig auðvitað margfalt sem hlutfall af þjóðartekjum. Ég hygg því að hæstv. fjmrh. geti ekki komið upp fyrir næstu jól og sagt að sums staðar erlendis sé skattbyrðin hærri. Ég hygg að þá geti hann hrósað sér að því að hvergi í vestrænum lýðræðisríkjum þekkist meiri og þyngri skattbyrði en hér.

Ég verð að harma að hagdeild fjmrn. skuli hafa gerst sek um að leggja skattadæmi og ýmsar aðrar upplýsingar þannig fyrir þingdeildir að við getum ekki treyst þeim upplýsingum. Það er borðleggjandi að það sem hæstv. fjmrh. hefur sagt um samanburð á skattbyrði á milli ára stenst ekki eins og nánar verður gerð grein fyrir á morgun þegar málið hefur verið athugað í nefnd og fengist hafa fullnægjandi skýringar frá ríkisskattstjóra.

Þegar staðgreiðslukerfi skatta var tekið upp vorum við ýmsir mjög hræddir við þá ráðstöfun vegna þess að hún auðveldar mjög óprúttnum stjórnmálamönnum að seilast djúpt í vasa launþega fyrirvaralaust með því að launþegarnir eiga enga vörn þegar skattheimtumaðurinn kemur til verkamannsins um leið og hann fær arðinn af sinni vinnu. Auðvitað var hægt að færa þau rök fyrir staðgreiðslunni að í uppsveiflu í þjóðfélaginu, þegar tekjur hækkuðu mjög ört, gæti verið skynsamlegt af ríkisvaldinu að hækka skatthlutfallið, kannski taka visst hlutfall af tekjum manna í skyldusparnað og reyna þannig að færa hinn aukna afrakstur milli ára og draga úr þeirri spennu sem hinar skyndilegu tekjur ella hefðu í þjóðfélaginu eins og við höfum oft orðið vör við að gerist í okkar litla landi og má segja að sé einn höfuðerfiðleikinn í okkar efnahagslífi, þ.e. að brúa bilið á milli góðærisins og harðærisins.

Það var vitaskuld merkur áfangi þegar samstaða náðist um það milli stjórnarandstöðuflokkanna að nauðsynlegt væri að setja á fót sérstakan sveifluJöfnunarsjóð sem við kölluðum. Hugsunin var sú að fyrirtæki gætu í góðæri lagt peninga inn á bundinn reikning í bönkum sem ekki kæmi til skattlagningar fyrr en peningarnir væru notaðir. Þetta mundi annars vegar þýða að í erfiðari árum stæðu fyrirtækin sig betur, gætu borið af sér fallið og hins vegar hefði þetta sjálfkrafa þýtt að fyrirtækin hefðu verið betur undir það búin að ráðast í margvíslega fjárfestingu sem þau nú vegna ranglátra skattalaga freistast til að gera þó svo að hagkvæmara væri miðað við eðlileg skattalög að draga framkvæmdina eða endurnýjun tækjakosts um eitt, tvö eða jafnvel þrjú ár. Við vitum það, Íslendingar, að við erum orðnir svo vanir erfiðum skattheimtumönnum að af þeim sökum grípa menn hvert tækifæri sem þeir geta til að koma sér undan skattinum og geta oft og tíðum reiknað vissan hagnað út úr því þó að það verki sem tap fyrir þjóðarbúið í heild.

Nú getur vel verið að hæstv. fjmrh. geti fundið eitthvert réttlæti út úr því. Hann segir að sínir skattar séu betri en skattar íhaldsins. Það má vera að hæstv. fjmrh. geti fundið eitthvert réttlæti út úr því að hækka tekjuskattinn, að hækka óbeina skatta á neysluvörum heimilanna á sama tíma og lífskjörin hafa verið að versna, á sama tíma og fólkið er að missa atvinnuna, á sama tíma og atvinna dregst saman í fyrirtækjunum í landinu. Það má vera að honum finnist þetta réttlæti. Ég segi að sá hugsunarháttur sem býr á bak við þetta er víðsfjarri þeim hugsunarhætti sem við sjálfstæðismenn höfum tileinkað okkur og við skiljum raunar ekki hvað á bak við þetta liggur.

Ég vil í öðru lagi segja að engin von er til þess að við getum byggt upp heilbrigðan atvinnurekstur sem getur staðið undir betri lífskjörum nema fyrirtækin geti starfað á svipuðum grundvelli og í okkar nágrannalöndum sem við keppum við. Við keppum bæði við erlend fyrirtæki á hinum erlendu mörkuðum og við erum líka í stöðugri samkeppni við hin erlendu fyrirtæki hér heima.

Áðan var verið að tala um vörugjaldið. Vegna þess að við ætlum að stytta umræðurnar sá ég ekki ástæðu til að lesa upp skjal sem við höfum fengið frá húsgagnasmiðum sem lýsir þeim áhyggjum sem þeir hafa út af þessari nýju skattlagnignu á þá og þar sem þeir segja beinlínis að við því sé að búast að fjöldi manns í þeirri stétt muni missa sína atvinnu. Við heyrðum í kvöldfréttum hversu margir menn hafa þegar misst atvinnuna í byggingariðnaðinum. Það var einmitt haft orð á því að mörg fyrirtæki hefðu ekki verkefni fram undan þannig að við því er að búast að enn fleiri verði atvinnulausir þegar kemur fram á vorið. Samt sem áður sér ríkisstjórnin ástæðu til að leggja vörugjald á byggingarvörur og hækka með þeim hætti byggingarkostnaðinn.

Við vorum líka að tala um skipasmíðaiðnaðinn.

Þrátt fyrir að óumdeilt sé að hundruð manna hafi þar misst atvinnu sína sér ríkisstjórnin ástæðu til að skattleggja sérstaklega þennan iðnað. Nú væri fróðlegt að spyrja hæstv. fjmrh.: Meinar hann að þetta fólk sem þannig er að missa sína atvinnu, annaðhvort yfirvinnuna og heldur kannski dagvinnunni einni saman eða kemst á atvinnuleysisbætur, að þetta fólk sé betur statt núna en það var áður? Er það hans hugsun? Ég held að það verði að koma alveg hreint fram hvort fjmrh. finnst þjóðin vera aflögufær, hvort honum finnst þetta réttlæti.

Hann talaði áðan um fyrirtækin og sagði að nauðsynlegt væri að koma í veg fyrir að einstaklingarnir gætu lifað á kostnað fyrirtækjanna og þannig svikið undan skatti. Hæstv. fjmrh. vék ekki einu einasta orði að þeim rökum sem hann þykist hafa fyrir því að ástæða sé t.d. til að draga úr fyrningum og hefði þó vissulega verið ástæða til að hann reyndi að gera það. Þetta er gömul stefna Alþb. fjandsamleg atvinnuvegunum og hefur gengið sér blessunarlega til húðar í öllum nágrannalöndum okkar.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, við 1. umr. málsins, enda komið fram á nótt, að gera einstök efnisatriði sérstaklega að umræðuefni. Ég vil leggja áherslu aðeins á þetta:

Í fyrsta lagi: Tekjuskatturinn er þyngdur á sama tíma og þjóðin verður fyrir verulegri kaupmáttarskerðingu, á sama tíma og álögur á nauðþurftarvörur eru þyngdar.

Í öðru lagi: Á sama tíma og hæstv. sjútvrh. sagði í dag að fjöldi fyrirtækja í landinu byggi við hallarekstur og gæti ekki risið undir neinum áföllum sér hæstv. fjmrh. ástæðu til að þyngja þá pinkla sem lagðir eru á atvinnureksturinn. Auðvitað getur atvinnureksturinn ekki staðið undir hinni nýju skattlagningu. Auðvitað þýðir þetta ekki annað en að þjóðin verður að borga skattana einhvern veginn fyrir fyrirtækin. Auðvitað eiga þau ekki það fjármagn og þær eignir að þær geti staðið undir skattheimtunni. Kannski er spaugilegasta dæmið af allri skattheimtunni að nú hefur hæstv. ríkisstjórn ákveðið að leggja sérstakan skatt á veðdeild Landsbankans sem í raun og veru er skattur á Húsnæðisstofnun ríkisins.

Í þriðja lagi, herra forseti: Samtímis því sem gengið er á sjálfsaflafé fólksins, annars vegar með því að brjóta niður rekstrargrundvöll fyrirtækjanna, hins vegar með því að þyngja skattana á þær færri krónur sem fólkið fær, er hugmyndin að þyngja enn eignarskattana. Hæstv. fjmrh. var líka að reyna að gera lítið úr því, en er einhver maður hér inni sem lætur sér detta í hug að hann hafi sagt það með sannfæringarkrafti að frv. sem hér er til umræðu sé einungis til lagfæringar, samræmis og leiðréttingar en feli ekki í sér stórfelldar tekjutilfærslur til hins opinbera?

Ég skal síðan ekki hafa fleiri orð. Frv. gengur á móti öllum hugsjónum og grundvallarstefnu Sjálfstfl., það vinnur á móti sjálfsbjargarhvöt og afneitar þeim atvinnuforsendum sem eru í landinu og síðast en ekki síst þrengir svo að fjölskyldunum að ég get ekki séð hvernig verkalýðshreyfingin getur látið kyrrt liggja. Það hefur komið fyrir áður hér á landi að okkar útflutningsatvinnuvegir hafa átt í verulegum erfiðleikum og því hefur jafnan verið mætt með því að ríkið hefur tekið eitthvað af byrðinni á sínar herðar. En nú er því ekki til að dreifa. Hæstv. fjmrh. talar mikið um að hann ætli að skila hallalausum ríkissjóði um næstu áramót, í árslok 1989. Við vitum að þau orð hans eru meiningarlaus og marklaus. Við vitum að eins og búið er að þjóðinni nú, eins og horfurnar eru nú í atvinnulífinu er með öllu útilokað að skila greiðsluafgangi hjá ríkissjóði miðað við alla þá eyðslu sem hæstv. fjmrh. hefur verið í forustu fyrir að efna til. Það er í rauninni nákvæmlega sama hversu djúpt hann reynir að seilast, upp á hversu mörgum sköttum hann reynir að finna. Samt sem áður mun reyndin verða að ríkissjóður verður rekinn með halla og ég hygg að svo muni jafnvel geta farið að þjóðin muni hrinda þessari ríkisstjórn af höndum sér áður en næsta ár rennur sitt skeið.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Það tekur að halla á nóttu og ég tel því ekki ástæðu að flytja langa ræðu og skal reyna að gerast stuttorður, enda er í raun og veru óþarfi að lýsa í löngu máli þeirri andstöðu sem ég hef við þetta skattafrv. og reyndar skattafrv. ríkisstjórnarinnar yfirleitt. Ég geri mér hins vegar vel grein fyrir, eins og ég sagði hér í ræðu áðan um vörugjaldsfrv., að þetta er liður í þeim vandræðum sem við erum í með ríkisfjármálin. Það er alveg sama hvernig við förum að, við höfum misst stjórn á ríkisfjármálunum og hér er gerð örvæntingarfull tilraun til að loka ríkisfjármálagatinu með því að hugsa upp einhverjar nýjar leiðir til að afla meiri tekna. Ég spái því, og í raun og veru er alveg sama hvaða ríkisstjórn verður við völd hér að ári liðnu, að hún muni grípa til álíka örþrifaráða um þetta leyti árs til að auka tekjur ríkissjóðs. Því miður virðist þetta vera orðin þróun sem enginn ræður neitt við.

Ég þarf ekki að hafa mörg orð um tekjuskatt einstaklinga. Við erum að ljúka fyrsta staðgreiðsluárinu og ég er ekkert að draga dul á að ég var einn þeirra sem höfðu miklar efasemdir um innleiðslu á staðgreiðslukerfi skatta. Ég taldi það stórhættulegt og það gæti einmitt orðið til þess að með dulbúnum hætti yrðu tekjuskattar einstaklinga og fjölskyldna stórauknir. Nú verð ég að segja eins og er að það kom mér þægilega á óvart að þessi breyting á skattkerfi í staðgreiðslukerfi skatta virtist takast nokkuð vel þetta fyrsta ár a.m.k. hvað mig sjálfan varðar. Mér finnst þetta vera frekar þægilegt. En ég er hræddur um að með þeim breytingum sem nú er verið að gera sé aftur verið að reyna að þyrla upp moldviðri í kringum tekjuskattinn þannig að það sé verið að reyna að gera það óljósara hver tekjuskatturinn í rauninni er. Nú er horfið frá því að verðbinda persónuafsláttinn og ýmsar bætur sem eru greiddar í

staðgreiðslukerfinu og í staðinn tekin upp skattvísitalan gamla sem er gamall kunningi. Það er mjög tortryggilegt því að með skattvísitölunni er einmitt þægilegra að gabba almenning og koma á skatthækkunum í gegnum hana á laumulegan hátt.

Hæstv. fjmrh. heldur því fram að það sé í raun engin skattahækkun, þ.e. ríkið njóti ekki neinnar hækkunar sem verður við breytingu á tekjuskatti einstaklinga og fjölskyldna því að þeir fjármunir sem koma til ríkisins umfram það sem gamla kerfið hefði skilað af sér fari allir til þess að greiða auknar barnabætur, húsnæðisbætur og persónuafslátt með meiru. Ég er mátulega trúaður á þessa staðhæfingu og á eftir að sjá að hún rætist.

Hvað varðar tekjuskatt fyrirtækja þarf heldur ekki að hafa mörg orð um það. Hér eru tekjuskattar á fyrirtæki auknir verulega með tvennum hætti, fyrst og fremst með því að hækka álagningarhlutfallið um 2%. Það lítur í sjálfu sér frekar sakleysislega út og það er rökstutt með því að vegna þess að skattálagning á einstaklinga og fjölskyldur hækkar um 2% eigi hún að gera það á fyrirtækjunum líka. En miklu alvarlegri er sú breyting sem er fólgin í því að það er takmörkuð sú heimild að taka 30% af skattskyldum tekjum og leggja í fjárfestingarsjóð hjá fyrirtæki. Í raun og veru er verið að hækka skatthlutfall fyrirtækja verulega með þessari einu breytingu og miklu meir en sjálf hækkunin á álagningunni gefur til kynna. Þetta er mjög alvarleg breyting og líkleg til þess að valda því að fyrirtæki muni eiga erfiðara uppdráttar í framtíðinni. Það verður erfiðara fyrir fyrirtæki að standa undir nauðsynlegri endurnýjun og nauðsynlegum viðbótum sem hlýtur að vera í öllum heilbrigðum atvinnurekstri, en öll fyrirtæki þar sem allt gengur eins og ganga á hljóta að þurfa að hafa fjármuni til þess bæði að endurnýja húsakost, vélar og tæki og bæta við sig.

Hún er annars mjög athyglisverð umræðan um efnahagsmál sem fer fram í þessu landi. Það er alltaf verið að tala um þensluna sem einhvern allsherjaróvin okkar. Þenslan er talin valda því að efnahagslífið er yfirhitað og ríkisfjármálin í ólagi og það er skammt þess að bíða að gjaldþrotið sé fram undan. Allt er þetta þenslunni að kenna. En spurt er: Er það ekki einmitt dæmi um heilbrigðan atvinnurekstur þegar er þensla í einhverju fyrirtæki, þegar fyrirtæki blómstrar, það stækkar, það bætir við sig, það kaupir aukinn vélakost vegna aukinnar framleiðslu og það þarf aukið húsnæði vegna þess að fyrirtækið stækkar og dafnar? Þetta er ekki þensla. Þetta er merki um að atvinnulífið sé heilbrigt. En hér er verið að stuðla að hinu gagnstæða, þ.e. að íþyngja fyrirtækjunum og koma í veg fyrir að þau fái að blómgast og dafna með eðlilegum hætti. Hvaða afleiðingu hefur það svo í för með sér? Jú, það hefur þá afleiðingu í för með sér að hagnaður fyrirtækjanna minnkar og þau hljóta að þurfa að draga saman seglin og ein skelfileg afleiðing slíks er aukið atvinnuleysi því að fyrirtækin munu að sjálfsögðu reyna að fækka starfsmönnum, draga saman launakostnað o.s.frv.

Síðan er síðasta atriðið í frv. til laga um breytingar á tekjuskatti og eignarskatti, bæði einstaklinga og fyrirtækja, sem mig langar til að gera sérstök skil, en það er eignarskattur einstaklinga sem eru taldir eiga óþarflega stórar og miklar eignir. Frv. gerir ráð fyrir að setja sérstakan eignarskattsauka á einstaklinga sem eru með hreina eign — eftir þær breytingar sem gerðar voru í Nd. eru þessi mörk 7 millj. kr. Það sem telst vera hrein eign umfram þá upphæð verður skattlagt með 2,7%, en hjá hjónum er þetta mark komið upp í 14 millj. Þetta kann að vera að áliti margra sanngjarnt, að þeir sem eigi svona miklar eignir séu ekkert of góðir til að borga, en ég held að það væri hollt að staldra við og velta því fyrir sér hvernig þessar eignir hafa orðið til.

Hér er oft um að ræða fólk sem með dugnaði, eljusemi og sparnaði hefur náð að koma sér upp þokkalegu húsnæði og húsnæðið heldur verði sínu. Undanfarin ár hefur það reyndar gerst að húsnæði sérstaklega hérna á höfuðborgarsvæðinu hefur hækkað mjög í verði þannig að allt í einu stendur einstaklingurinn og eða fjölskyldan frammi fyrir því að sú húseign, þ.e. íbúðarhúsnæðið sem fjölskyldan á og býr í eða einstaklingurinn, er allt í einu orðið svo verðmætt að það telst orðið nauðsynlegt að skattleggja það sérstaklega. Þetta húsnæði er upphaflega keypt fyrir fjármuni sem er búið að borga tekjuskatt af. Þetta eru þær afgangstekjur sem einstaklingurinn eða fjölskyldan lagði til hliðar eftir að hafa borgað skatt af tekjum sínum til að geta byggt annaðhvort húsið eða keypt íbúðina. Og ekki nóg með það. Einstaklingurinn og fjölskyldan hefur samhliða þessu þurft að borga söluskatt af öllum þeim búnaði og byggingarefni sem fór til íbúðarinnar. Þannig er búið að borga bæði skatt af þeim peningum sem fóru til fjárfestingarinnar og það er búið að borga sérstakan söluskatt af öllu því efni sem fór til íbúðarinnar. Svo á nú að taka sérstakan eignarskattsauka. Það má segja að þetta sé þriðji skatturinn sem er lagður á íbúðarhúsnæði þeirra einstaklinga og fjölskyldna sem lenda í þessu aukna skattþrepi.

Þingmenn Borgfl. í Nd. hafa flutt brtt. við þessi ákvæði frv. sem miðar sérstaklega að því að gera tilraun til að jafna þetta þannig að þetta leggist jafnt á fólk hvar sem það býr á landinu, en það er alveg ljóst að þessum nýja eignarskatti er stefnt sérstaklega gegn íbúum höfuðborgarsvæðisins. Þeim er kennt um að hér skuli fasteignir vera metnar hærra til verðs en annars staðar á landinu. Það er út af fyrir sig ekkert óeðlilegt. Það er svo í flestum löndum að fasteignir í þéttbýli verða oft verðmeiri en fasteignir í dreifbýli. En spurningin er sú: Er einhver ástæða til að skattleggja það sérstaklega þó að fasteignin hér í þéttbýlinu sé orðin verðmeiri en fasteignin sem er í dreifbýli eða einhvers staðar úti á landi? Þetta er íbúðarhúsnæði sem báðir aðilar búa í og þeir hafa engar tekjur sérstaklega af því þó að það kunni kannski að vera gaman að vita af því að húsið eða

íbúðin skuli vera svona verðmikil.

Ég held að þetta sé með því ósanngjarnara sem við höfum séð í þessum skattafrv. ríkisstjórnarinnar. Hér er um gífurlega skattheimtu að ræða hjá þeim sem lenda í þessu, en það munu vera um 6 þús. einstaklingar sem munu þurfa að borga skatt vegna þessa sérstaka eignarskattsauka af eignum sem eru taldar vera yfir 7 millj. hjá einstaklingum eða 14 millj. hjá hjónum.

Við höfum gert tilraun til að jafna þetta þannig að þetta leggist jafnþungt á alla íbúa landsins með því að í stað þess að nota fasteignamat viðkomandi íbúðar eða húsnæðis verði tekið upp svokallað endurstofnverð íbúðar eða húss þannig að þessi skattur verði lagður á endurstofnverðið sem er þá eins hvar sem er á landinu. Ég veit að landsbyggðarþingmennirnir hafa mótmælt þessu kröftuglega. Þeim finnst að sjálfsögðu allt í lagi að við íbúar höfuðborgarsvæðisins borgum vegna þess að íbúðir okkar eru dýrari í verði, fasteignamat þeirra er hærra en gerist úti á landi, en þeir virðast gleyma því að þetta skiptir í rauninni engu máli því að hvort sem við búum í Reykjavík eða úti á landi þurfum við að búa í þessum íbúðum. Það eru ekki allir að flytja til Reykjavíkur, guði sé fyrir að þakka. Það er í því eina tilviki að það skiptir máli að fasteignamatið er lægra úti á landi en í Reykjavík.

Að lokum langar mig til að vekja athygli á því að hér á landi hefur verið að meðaltali 3% hagvöxtur allar götur síðan seinni heimsstyrjöldinni lauk. Það sem er umfram 3% hagvöxt á ári hverju má segja að fari til að standa undir auknum kostnaði vegna þeirrar fólksfjölgunar sem hefur orðið. En 3% hagvöxtur hefur staðið undir þeirri atvinnuuppbyggingu sem hér hefur átt sér stað undanfarna áratugi. Þeir nýju skattar sem hér er verið að tala um þurrka í rauninni upp þessi 3%. Þessi hagvöxtur sem hefur verið 3% að meðaltali á ári undanfarna áratugi hverfur núna með þessari auknu skattheimtu. Við sjáum í raun fram á það á næstu árum og áratugum að ef svona heldur áfram fer allur hagvöxturinn í að borga skatta, það verður enginn hagvöxtur. Fyrirtækin og einstaklingarnir gera ekkert annað en að borga skatta og hafa ekkert afgangs hvorki til að skapa ný atvinnutækifæri eða halda áfram þeirri gífurlegu uppbyggingu sem þrátt fyrir allt hefur þó einkennt þjóðlífið á Íslandi frá því að seinni heimsstyrjöldinni lauk.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Hér eru nú viðhöfð sömu vondu vinnubrögðin ár eftir ár á Alþingi rétt fyrir jólahlé og má með sanni segja að þingmenn séu oft eins og hálfgerðir jólasveinar þegar málin drífa að þeim ótt og títt eins og pappírshríð eða e.t.v. ætti ég að segja eins og álfar út úr hól. Ekki batnar nú meðferð málanna við þetta eða útkoman og eins víst að við munum verja einhverjum tíma til þess á næsta ári að leiðrétta sum þeirra mistaka sem hlotist hafa af asa og flaustri. Það merkilega er að menn láti þetta yfir sig ganga árlega og reyndar tvisvar á ári því sama háttalag er haft á vorin fyrir þinglok. Flestir þingmenn viðurkenna að vinnulagið sé ótækt og þinginu til vansa en samt er engu breytt og það er rannsóknarverkefni út af fyrir sig hvers vegna menn sækja í þennan óvana eða geta ekki hrist hann af sér.

Það frv. sem nú er til umræðu varðar breytingar á skattalögum, en fyrir u.þ.b. ári gengu í gildi róttækar breytingar á skattalögunum sem m.a. voru undirbúnar af milliþinganefnd skipaðri fulltrúum allra þingflokka og aðila vinnumarkaðarins. Það frv. sem hér er til afgreiðslu felur í sér margvíslegar breytingar á þessum lögum, en þær þyrftu í raun mun nánari athugunar við en okkur hefur gefist svigrúm til.

Auðvitað væri ástæða til að ræða almennt um skattlagningu og skattamál, en ég mun ekki gera það nú. Hins vegar vil ég minnast lítillega á nokkur atriði sem því tengjast. Það er í sjálfu sér rétt og gott markmið að stefna að hallalausum fjárlögum og jafnvel að eiga afgang. Það gildir reyndar um allan búskap og rekstur. En hins vegar má velta því fyrir sér hvort hreinlega borgi sig fyrir ríkissjóð að ætla sér að taka þessar fyrirhuguðu 900 millj., eða hvað upphæðin er nú stór, úr umferð og minnka þannig ráðstöfunartekjur fólks sem væntanlega hefðu að öðrum kosti skilað sér í neyslu af ýmsu tagi. Þeir peningar sem þarna eru teknir með beinum sköttum mundu að öllum líkindum skila sér að miklum hluta í gegnum óbeina skatta í ríkissjóð, en hefðu jafnframt gert nokkurt gagn í efnahags- og atvinnulífi landsins. Eins stórlega og tekjur ríkissjóðs hafa nú þegar minnkað af veltu og neyslu og ef tekið er tillit til þess samdráttar sem líklegur er geta menn spurt hvort nokkuð veiti af þessum peningum í veltunni og hvort þeir mundu ekki þegar upp er staðið skila sér í raun betur. Og einu megum við ekki gleyma, að þessar skatthækkanir á að greiða upp með miklu verðminni krónum en áður voru. Kaupmáttarrýrnunin sem hefur orðið á sl. ári er talsvert mikil, verðbólgan er á fullri ferð eða var langt fram eftir hausti og þar á ofan hefur launafrystingin verið talsvert árangursríkari en verðstöðvunin þannig að tölur fyrir og eftir breytingu eru í raun alls ekki sambærilegar.

Ég mun ekki fara út í einstök atriði frv. nema að litlu leyti og væri réttara að gera það við 2. umr., en þar er m.a. lagt til að hætta að miða framreiknun persónuafsláttar og barnabóta við lánskjaravísitölu eins og lögin kveða á um en taka í þess stað upp skattvísitölu sem breytist árlega. Þannig er horfið frá því markmiði að tengja skattbyrði einstaklinganna við verðlagsþróun en samkvæmt núgildandi lögum minnkar skattbyrðin hlutfallslega ef samdráttur er í launum. Auk þess er í frv. lögð til hækkun á tekjuskattshlutfalli einstaklinga, en sú breyting þýðir hærri álögur á fólk með meðaltekjur og lægri tekjur en yrði ef lögin héldust óbreytt.

Þess vegna fluttu hv. þm. Kvennalistans í Nd. ýmsar brtt. sem við munum hugleiða og væntanlega endurflytja, a.m.k. að einhverju leyti, fer þó talsvert

eftir umfjöllun um málið í nefndinni á morgun. Þessar brtt. fólu það í sér að núgildandi lög yrðu óbreytt a.m.k. hvað varðar framreiknun persónuafsláttar og barnabóta og að skatthlutfallið yrði ekki hækkað.

Kvennalistakonur eru þó alls ekki frábitnar því að sækja meira fé í ríkissjóð með skattheimtu og sjáum við nauðsyn á því að bæta einhvern veginn upp þá fjárvöntun sem þar ríkir og lögðum reyndar til að háar tekjur yrðu skattlagðar sérstaklega þegar skattalagabreytingarnar voru til umræðu fyrir u.þ.b. ári og þá áttum við bæði við tekjuskatt og útsvar. Við höfum ekki gert tillögur um það nú, en erum þó enn þeirrar skoðunar og munum vinna áfram að því máli.

Við höfum einnig haft það í stefnu okkar að rétt sé að skattleggja eignir umfram hófleg mörk. Það var einmitt ætlað að gera í 19. gr. þessara laga og voru þar gerðar lítillegar breytingar til batnaðar. En við teljum að sú brtt. sem var reyndar samþykkt í Nd. sé ekki grundvölluð á nægilega ítarlegum athugunum þó að viðmiðunarmörkin hafi verið til bóta.

Við höfum, eins og kom fram í atkvæðagreiðslu í Nd., verið hlynntar ýmsum þeim breytingum sem felast í frv. í meginatriðum þar sem lögð er til aukin skattlagning á fyrirtæki, en teljum þó að þessar tillögur hafi ekki fengið nægilega umfjöllun frekar en margt annað í frv. þessu og öðrum sem hér eru rekin hart í gegnum deildir nú fyrir þinghlé.

Ég mun ekki orðlengja frv. frekar. Hv. þm. Danfríður Skarphéðinsdóttir hefur áheyrnaraðild að fjh.- og viðskn. Þar fer þetta mál til umfjöllunar í fyrramálið og gefst þá kostur að ræða það frekar við 2. umr. og þá sérstaklega ef ekki fást fram einhverjar frekari breytingar á málinu við þá umfjöllun.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 16 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

35. fundur, miðvikudaginn 21. des., kl. 23.45 síðdegis.

Framhaldsskólar, 2. umr.

Stjfrv., 184. mál (gildistaka). — Þskj. 316, n. 350 og 352, brtt. 351.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. menntmn. (Ragnar Arnalds):

Herra forseti. Þegar mál þetta kom frá Ed. fól það í sér að gildistöku fjármálakafla framhaldsskólalaganna yrði frestað og einnig að skólanefndir sem starfa við framhaldsskólana skyldu halda umboði sínu eins og fyrri lög væru áfram í gildi.

Nefndin hefur fjallað um þetta mál og niðurstaðan er sú að meiri hl. nefndarinnar flytur brtt. við frv. þar sem lagt er til að frv. verði samþykkt eins og það kemur frá Ed. með þeim breytingum að ekki er lengur vísað til 6. og 8. gr. og niðurlag frv. um skólanefndirnar er einnig fellt niður. Þetta er gert til samkomulags og til að greiða fyrir málsmeðferð í þinginu. Segja má að spurningin um skólanefndirnar sé óútkljáð og er það sérstaklega tekið fram í nál. að nefndin hafi ekki fjallað um skólanefndirnar og muni taka þau mál sérstaklega til umræðu ásamt menntmn. Ed. eftir áramótin.

Ég ítreka að allt er þetta gert til að greiða fyrir málsmeðferð og til að tryggja að meginatriði málsins, þ.e. gildistaka fjármálakaflans og frestun gildistökunnar, nái fram að ganga fyrir áramót. Þó klofnaði nefndin um afstöðu sína til málsins. Þórhildur Þorleifsdóttir skilar séráliti og Ragnhildur Helgadóttir og Birgir Ísl. Gunnarsson skrifa undir nál. með fyrirvara þar sem þau styðja ekki frv. en una þessari málsmeðferð.

Frsm. minni hl. menntmn. (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 352 um frv. til laga um breyt. á lögum um framhaldsskóla. Þó halda megi því fram með nokkrum rökum að skortur á löggjöf um framhaldsskóla hafi auðveldað jákvæða og öra þróun mála í framhaldsskólum telur Kvennalistinn að tímabært hefði verið að setja um það rammalöggjöf. Við umræður um frv. til laga um framhaldsskóla á Alþingi sl. vor gagnrýndu þingkonur Kvennalistans ýmsa þætti þess og fluttu brtt. við margar greinar þess. Að mati Kvennalistans var helstu agnúa frv. að finna varðandi stjórnunarþáttinn og aðbúnað nemenda og lutu brtt. því einkum að þessu tvennu. Allar brtt. Kvennalistans voru felldar. Því koma skoðanir Kvennalistans á ýmsum mikilvægum þáttum í starfi framhaldsskólans ekki fram í þeim lögum sem samþykkt voru á Alþingi 9. maí 1988.

Skólamenn hafa einnig gagnrýnt marga þætti laganna. Að mati þeirra, einkum stjórnenda skólanna, var þó stigið mikilvægt skref við lagasetninguna með því að kveðið er á um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna stofnkostnaðar framhaldsskólanna og yfirtöku ríkissjóðs á rekstri þeirra. Með þeirri frestun á hluta laganna sem hér er lögð til er viðhaldið þeirri mismunun sem nú er eftir því um hvers konar skóla er að ræða. Sveitarfélög sem taka þátt í rekstri framhaldsskóla hafa gert sínar áætlanir með tilliti til þess að fjármálakafli laganna taki gildi nú um áramótin. Kvennalistinn telur brýnt að þessi mismunur verði afnuminn. Þrátt fyrir þá vinnu sem nú fer fram við smíð reglugerða og að boðuð hefur verið viss endurskoðun á ýmsum þáttum laganna sem Kvennalistinn hefur gagnrýnt getur minni hl.

ekki stutt þá frestun á framkvæmd laganna sem frv. gerir ráð fyrir og mun því ekki taka þátt í afgreiðslu málsins.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. meiri hl. á þskj. 350 hef ég og hv. 3. þm. Reykv. skrifað undir nál. með fyrirvara og tökum fram að við styðjum ekki frv. Ástæðan fyrir því að við ritum undir nál. á þennan hátt er sú að við unum þessari málsmeðferð en munum hins vegar sitja hjá við afgreiðslu þeirrar brtt. og frv. í heild sem nefndin flytur.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta hér en frv. sem liggur fyrir hv. deild felur í sér tvö meginatriði, annars vegar að fresta gildistöku fjármálakafla framhaldsskólalaganna og hins vegar að fresta gildistöku þeirra ákvæða laganna sem fjalla um skólanefndir. Það gefur auga leið að það liggur á að fá úrslit um hvort fresta eigi gildistöku fjármálakaflans eða ekki nú fyrir afgreiðslu fjárlaga. Það mál tengist beint fjárlagaafgreiðslunni og því erum við reiðubúin að ljá okkar lið til þess að það mál fái hér greiðan gang í gegnum hv. deild. Um hitt atriðið þarf síðan að fjalla eftir áramótin.

Það má að sjálfsögðu segja margt um þetta mál efnislega. Það er auðvitað slæmt að sveitarfélögin skuli ekki geta treyst því að löggjöf af þessu tagi sem samþykkt er á Alþingi haldi þegar til á að taka. Ég efast ekkert um að ýmis sveitarfélög hafi við fjárhagsáætlanir sínar gert ráð fyrir að þessi lög yrðu í gildi og því reiknað með því í sínum áætlunum. Hins vegar er það ljóst að þetta hefði í för með sér verulegan útgjaldaauka fyrir ríkissjóð, eða um 200 millj. kr. sem ríkissjóður tekur þá á sig einkum í rekstri framhaldsskólanna. Það er því skiljanlegt að hæstv. ríkisstjórn skuli grípa til þess að fresta þessum kafla laganna nú þegar að þrengir.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta frekar en eins og ég sagði munum við sitja hjá við endanlega afgreiðslu málsins.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 351 (ný 1. gr.) samþ. með 20:4 atkv.
2. gr. samþ. með 21:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Tollalög, 1. umr.

Frv. meiri hl. fjh.- og viðskn. Nd., 211. mál (grænmeti). — Þskj. 354.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. sem er flutt af meiri hl. fjh.- og viðskn., þ.e. Páli Péturssyni, Guðmundi G. Þórarinssyni, Árna Gunnarssyni, Ragnari Arnalds, Geir H. Haarde og Inga Birni Albertssyni.

Frv. fjallar um ferli tolls í nokkrum númerum. Í greinargerð segir, með leyfi forseta:

„Þegar síðustu breytingar voru gerðar á tollalögum var ráð fyrir því gert að landbúnaðarráðherra yrði veitt heimild til að leggja sérstakt jöfnunargjald á innflutt grænmeti til að viðhalda svipaðri samkeppnisaðstöðu innlendra grænmetisframleiðenda gagnvart innfluttu grænmeti og var fyrir tollalagabreytinguna.

Gert var ráð fyrir að tollar á innflutt grænmeti lækkuðu um næstu áramót, 1988–1989, um 10%, úr 30% í 20%. Fyrrnefnd álagning jöfnunargjalds hefur hins vegar enn ekki komið til framkvæmda.

Markaðsstaða innlendrar grænmetisframleiðslu versnaði verulega með álagningu söluskatts á innlent grænmeti, en jöfnunargjaldið átti m.a. að koma vegna söluskattsáhrifanna.

Frv. þetta er flutt til að fresta um sinn þeim tollalækkunum sem áttu að koma til framkvæmda um næstu áramót. Komi tollalækkunin til framkvæmda getur það haft alvarleg áhrif á innlenda grænmetisframleiðslu en í þessari grein eru nú miklir erfiðleikar. Frestun tollalækkunarinnar er einnig til þess fallin að unnt reynist að huga nánar að stöðu greinarinnar."

Þetta segir í greinargerðinni sem fylgir frv., herra forseti. Þetta frv. er flutt af sex af sjö nefndarmönnum í fjh.- og viðskn. Hv. þm. Kristín Halldórsdóttir stendur ekki að málinu og er því andvíg. Það er samkomulag við hana og milli okkar nefndarmanna að málið þarfnist ekki meðferðar í fjh.- og viðskn. Þess vegna mun ég ekki leggja til að málinu verði vísað til nefndar.

Ég vil geta þess að endingu að hv. þm. Stefán Valgeirsson, sem gjarnan situr fundi fjh.- og viðskn., er fylgjandi þessu máli.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ástæðan fyrir því að ég hafnaði að flytja frv. með meðnefndarmönnum mínum í hv. fjh.- og viðskn. er sú að ég er ekki sannfærð um ágæti röksemdafærslunnar sem fram kemur í greinargerðinni og vildi miklu heldur fá söluskattinn niður felldan af öllu grænmeti. Ég tel að okkur beri að stuðla að því að verðlag á grænmeti sé sem lægst og ég minni á að hv. þm. Alþb. voru okkur kvennalistakonum sammála um það fyrir ári að það bæri að undanþiggja grænmeti söluskatti. Ég tel raunar að það felist næg vernd fyrir íslenskt grænmeti í þeim höftum sem eru lögð á innflutt grænmeti þegar sambærilegt íslenskt grænmeti er á boðstólum.

Neysla grænmetis fer sem betur fer sífellt vaxandi og það er ekki spurning í mínum huga að íslenskt grænmeti tekur innfluttu grænmeti í flestum tilvikum

fram. Hins vegar viljum við íslenskar húsmæður eiga kost á fjölbreyttu grænmeti allan ársins hring og vitaskuld á sem lægstu verði.

Innlendir grænmetisframleiðendur virðast þó, samkvæmt því sem fram kemur hér í greinargerðinni, vera uggandi um sinn hag og telja þessa lagasetningu nauðsynlega meðan þeir athuga sinn gang og freista þess að laga stöðu sína. Ég vil á engan hátt gera þeim erfitt fyrir um það efni og mun því ekki standa gegn frv. Gagnstætt því sem kom fram í máli hv. 1. flm. þá mun ég ekki standa gegn frv. þótt ég treysti mér ekki til þess að flytja það með öðrum nefndarmönnum í hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1988, ein umr.

Stjfrv., 158. mál (gjald af erlendum lánum). — Þskj. 353.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Efri deild hefur fjallað um frv. til laga um breyt. á lögum nr. 10/1988, um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum á árinu 1988. Þetta mál hafði hlotið umfjöllun í hv. Nd. en Ed. gerði á því eina breytingu, þ.e. við c-lið 1. gr. bætist nýr málsliður svohljóðandi:

„Sama á við um stofnlán til fyrirtækja sem hyggjast stunda endurvinnslu úrgangsefna til útflutnings eða sinna öðrum verkefnum á sviði umhverfisverndar", þ.e. undanþiggja þau fyrirtæki þessu lántökugjaldi. Meiri hl. fjh.- og viðskn. hefur athugað þetta mál og leggur til að fallist verði á þessa breytingu sem hv. Ed. gerði á frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

NEÐRI DEILD

36. fundur, fimmtudaginn 22. des., að loknum 35. fundi.

Framhaldsskólar, 3. umr.

Stjfrv., 184. mál (gildistaka). — Þskj. 358.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 38 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og endursent Ed.

Tollalög, 2. umr.

Frv. meiri hl. fjh.- og viðskn. Nd., 211. mál (grænmeti). — Þskj. 354.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþ. með 38 shlj. atkv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

37. fundur, fimmtudaginn 22. des., að loknum 36. fundi.

Tollalög, 3. umr.

Frv. meiri hl. fjh.- og viðskn. Nd., 211. mál (grænmeti). — Þskj. 354.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 38 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

SAMEINAÐ ÞING

29. fundur, fimmtudaginn 22. des., kl. 12 miðdegis.

Þjóðargjaldþrot, ein umr.

Fsp. HBl, 139. mál. — Þskj. 146.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Þann 16. nóv. sl. var haldinn aukafundur Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna vegna þeirrar erfiðu stöðu sem frystingin er í og er m.a. haft eftir stjórnarformanni Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna að hann hafi sagt á þessum degi: Vonleysi manna í frystingunni er algert. Í Vísi daginn eftir birtist útdráttur úr ræðu hæstv. forsrh. þar sem hann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er áreiðanlega ekki seinna vænna að haldinn er aukafundur Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og hefði hann mátt vera töluvert fyrr. Ég sagði við Jón Ingvarsson þegar hann bað mig að koma hingað að það væri miklu nær að ég fengi að spyrja ykkur ýmissa spurninga en þið mig. Þær sex vikur sem ég hef verið í Stjórnarráðinu við Lækjartorg hef ég lítið gert annað en að ræða við menn um ástand og horfur í útflutningsgreinum og skoða gögn sem mér hafa borist um þau mál og ég verð svartsýnni með hverjum degi sem líður.

Ég hika ekki við að segja nú að við stöndum nær þjóðargjaldþroti en nokkru sinni fyrr og ég spyr sjálfan mig að því hvernig á því stendur að þetta lá ekki ljósar fyrir fyrr. Ég get e.t.v. afsakað sjálfan mig með því að ég hef setið inni í utanrrn. í einhverjum flabeinsturni þar. En hvað um ýmsa aðra? Hvað um ykkur sjálfa? Hvað um bankana? Hvað um Þjóðhagsstofnun og fleiri?"

Svo mörg voru þau orð, hæstv. forseti. Eins og fram kemur spyr hæstv. forsrh. fyrir rúmum mánuði, einum mánuði og fjórum dögum, alla aðra en sjálfan sig að því hvernig komið sé fyrir íslenskum atvinnuvegum. Nú hefur hann haft þessa skýrslu fyrir framan sig þessar tæpu fimm vikur og ég hef ekki orðið var við að það hafi mikið hreyft við ríkisstjórninni. Ég hef ekki orðið var við annað en enn þá hafi haldið áfram að fjara undan hraðfrystiiðnaðinum og ég hygg að vonleysið sé enn meira nú meðal manna í sjávarútvegi en var á þeim tíma sem aukafundur Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna var haldinn. Ég hygg því að það sé ærin ástæða til að spyrja hæstv. forsrh. af þessu tilefni: Telur forsrh. að þjóðargjaldþrot blasi við að óbreyttri stjórnarstefnu?

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Svar mitt er stutt. Svar mitt er nei.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég átti ekki von á því að hæstv. forsrh. mundi gefa neina skýringu á ummælum sínum á fundi Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna. Þaðan af síður átti ég von á því að hæstv. forsrh. mundi skýra þingheimi frá því hvort hann hafi notað að einhverju leyti þær upplýsingar sem hann fékk á fundinum og lýsti með svo dramatískum hætti. Á þessum fundi spurði hæstv. forsrh.: Hvað ætlið þið að gera? Hann segist hafa verið inni í flabeinsturni þar sem gamla gasstöðin stóð við Rauðarárstíg og segist ekki hafa fylgst náið með málum og orðið steinhissa á því hvernig ástand atvinnuveganna var eftir að hann var kominn í forsætisráðherrastólinn og gat farið að fylgjast með. Hann hefur orð á því að pappír sé að hlaðast upp á skrifborðinu hjá sér sem hann hafi verið að rýna í og að hann hafi gert sér grein fyrir erfiðleikunum. Og síðan lítur hann í kringum sig á fundinum og segir: Það var ekki vonum fyrr sem þið kölluðuð saman þennan fund, það var sannarlega tími til kominn, og nú spyr ég ykkur hvað þið ætlið að gera.

Nú er rúmur mánuður síðan hæstv. forsrh. spurði þá sem voru í kringum hann um það hvað þeir vildu gera. Þess vegna hygg ég að það sé fullkomin ástæða til að við hér í hinu háa Alþingi spyrjum hæstv. forsrh. hvað hann ætli að gera. Mátti ég skilja ummæli hans svo, þegar hann segir afdráttarlaust að ekki stefni að þjóðargjaldþroti, að hann telji að ástandið í íslenskum útflutningsgreinum sé betra en það var fyrir fimm vikum? Er það mat hæstv. forsrh. að þann tíma sem hann hefur veitt forustu ríkisstjórn landsins hafi eitthvað það verið gert fyrir atvinnuvegina sem munar um, eitthvað jákvætt, eitthvað til að bæta undirstöðu þeirra, eitthvað til að bæta starfsskilyrði atvinnurekstrarins? Og er það mat hæstv. forsrh. að það sé meira atvinnuöryggi nú í sjávarplássum víðs vegar um landið en var þegar hann settist í stólinn? Ég hygg að svarið við þessum spurningum muni leiða í ljós hvort hæstv. forsrh. sé enn í flabeinsturninum. Þá sé spurningin einungis sú hvort flabeinsturninn standi nú við Lækjartorg þar sem hann stóð áður við gömlu gasstöðina.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegur forseti. Með þeirri miklu vinnu sem hefur verið unnin, með þeim miklu upplýsingum sem hefur verið safnað, með því samráði sem hefur verið haft við atvinnuvegina og mun verða haft meira á næstu dögum og m.a. við stjórnarandstöðuna mun sú ríkisstjórn sem nú situr forða þjóðargjaldþroti.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Fyrirspurn mín til forsrh. laut að því hvort hann teldi að þjóðin væri nálægt þjóðargjaldþroti að óbreyttri stjórnarstefnu. Nú hefur hæstv. forsrh. skýrt frá því að ríkisstjórnin hyggist söðla um, taka upp aðra stefnu í atvinnumálum og þannig forða þjóðargjaldþroti. Í þessum ummælum hæstv. forsrh. felst viðurkenning á því að sú stefna sem ríkisstjórnin hefur fylgt í atvinnumálum leiði til þjóðargjaldþrots.

Skipti Íslendinga við varnarliðið, ein umr.

Fsp. GHH, 40. mál. — Þskj. 42.

Fyrirspyrjandi (Geir H. Haarde):

Virðulegur forseti. Það er ævinlega þannig þegar Alþb. tekur sæti í ríkisstjórn á Íslandi að það vakna nokkrar spurningar um hver muni verða afstaða slíkrar ríkisstjórnar til varna landsins og aðildar Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Þannig vill til um þá ríkisstjórn sem nú situr við völd að í stefnuyfirlýsingu hennar er ekki vikið orði að varnarsamstarfi vestrænna ríkja eða þátttöku Íslendinga í því þannig að það er eðlilegt að menn velti fyrir sér eða hafi gert í upphafi, áður en utanrrh. tók af skarið um þau mál, hver væri stefna stjórnarinnar í þessum efnum.

Ég leyfði mér, virðulegur forseti, að bera fram fsp., sem var lögð fram í þinginu hinn 28. okt. sl., þar sem óskað var skýringa á ákvæði í stjórnarsáttmálanum sem er með því orðalagi að ekki er ljóst hvað við er átt. Ég vil, með leyfi forseta, fá að lesa upp úr stefnuyfirlýsingu stjórnarinnar þar sem segir m.a.: „Ríkisstjórnin mun ekki gera nýja samninga um meiri háttar hernaðarframkvæmdir og skipti Íslendinga við varnarliðið verða endurskipulögð."

Fyrirspurn mín er svohljóðandi, virðulegur forseti:

„Hvernig ber að skilja það ákvæði í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar að „skipti Íslendinga við varnarliðið verði endurskipulögð"?"

Hvaða skipti er verið að tala um? Er verið tala um viðskipti, almenn samskipti? Þetta er ekki ljóst. Ég tel ástæðu til þess margra hluta vegna að fá það nákvæmlega skýrt hvað fyrir höfundum þessa skjals hefur vakað.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hv. 17. þm. Reykv. spyr hvernig skilja beri ákvæði stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar um að skipti Íslendinga við varnarliðið verði endurskipulögð. Svarið er að þessi orð ber að skilja eftir orðanna hljóðan. Þannig er ætlunin að fram fari úttekt á öllum skiptum við varnarliðið sem máli skipta fyrir Íslendinga. Þetta starf er þegar hafið og ég vil gjarnan nota tækifærið í tilefni af þessari fsp. til að skýra það með nokkrum dæmum.

1. Unnið er að athugun á tilhögun verktöku fyrir varnarliðið. Það er fyrst og fremst um að ræða starfsemi Aðalverktaka, en jafnframt verður unnið að athugun á þætti annarra verktaka og gerðar tillögur um breytingar gefi niðurstöður athugananna tilefni til. Tryggt verður að íslenskum reglum verði fullnægt í öllum framkvæmdum á vegum varnarliðsins.

2. Verslun og viðskipti við varnarliðið verða skoðuð vandlega, m.a. í því skyni að freista þess að fá varnarliðið til að kaupa meiri hlut af íslenskum landbúnaðar- og iðnaðarvörum en nú er.

3. Viðræður eru hafnar og vinnuhópur er að störfum með aðild sveitarfélaga og varnarliðs um frambúðarlausn á vatnsbólum fyrir svæðið vegna yfirvofandi mengunarhættu. Langt er komið forhönnun þeirra mannvirkja. Þetta mál hefur m.a. verið tekið til umræðu á fundum utanríkisráðherra Íslands og Bandaríkjanna.

4. Viðræður eru hafnar við varnarliðið um afhendingu varnarsvæða neðan þjóðvegarins að nýju flugstöðinni til sveitarfélaga á svæðinu.

5. Langt er komið samningum um aukna hlutdeild varnarliðsins í rekstri heilbrigðiseftirlits og mengunarvarna á svæðinu.

6. Áhersla verður lögð á að draga úr umhverfisspjöllum af völdum varnarliðs og flugvallarins og verða holræsa- og sorpeyðingarmál sérstaklega athuguð í því sambandi.

7. Haldið verður áfram athugunum á því með hvaða hætti og að hvaða marki rétt er og skynsamlegt að Íslendingar taki sjálfir yfir ýmis eftirlitsstörf, svo sem þegar hefur verið gert að því er varðar rekstur ratsjárstöðva.

8. Hafin er úttekt á vegum utanríkis- og fjármálaráðuneyta á starfsemi lögreglustjóraembættisins á Keflavíkurflugvelli.

9. Haldið verður áfram umræðum, sem reyndar eru stöðugt í gangi, um ýmsa þætti flugöryggismála á Keflavíkurflugvelli og miða að því að tryggja að flugvöllurinn uppfylli ýtrustu kröfur um öryggisbúnað.

Virðulegi forseti. Ég vona að þessi dæmi gefi hugmynd um það sem felst í ákvæðum stjórnarsáttmálans um skipti Íslendinga við varnarliðið. Ríkisstjórnin hefur ekki í hyggju að breyta né bregðast þeim skyldum sem Íslendingar hafa tekið á sig með aðild að Atlantshafsbandalaginu sem telst hornsteinn íslenskrar utanríkisstefnu, en vill tryggja íslenska hagsmuni sem best í skiptum við varnarliðið.

Fyrirspyrjandi (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég þakka utanrrh. fyrir afar greið og skýr svör við þessari spurningu. Ég tel að þarna sé komið það sem vantað hafi í stjórnarsáttmálann sjálfan og ég vona að alþýðubandalagsráðherrarnir þrír — sem eru nú allt í einu mættir hér allir saman þó að það sé ekki venju samkvæmt — ég vænti þess að þetta sé sá skilningur sem þeir sem aðilar að stjórnarsamstarfinu leggja líka í þetta ákvæði og um það sé þá enginn ágreiningur. Þetta sé nákvæmlega það sem um hefur verið samið í stjórnarmyndunarviðræðunum þó að það hafi ekki mátt setja það á blað við stjórnarmyndunina sjálfa. Hér er um að ræða ýmsa þætti sem snerta dagleg samskipti við varnarliðið en ekkert, ég undirstrika ekkert, sem snertir grundvallarstefnuna í afstöðu Íslendinga til varnarliðsins sjálfs og aðildar Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Þessu vil ég fagna og tel mikilvægt að þessar upplýsingar séu komnar fram.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Fulltrúi kaldastríðsviðhorfanna á Alþingi, hv. þm. Geir H. Haarde, heldur áfram uppteknum hætti þó að veröldin í kringum hann sé

sífellt að breytast. Það hefur væntanlega farið fram hjá hv. þm. að fyrir nokkrum dögum var stigið stórt skref í afvopnunarátt í Evrópu. Þá tilkynnti forseti Sovétríkjanna tillögur Sovétríkjanna um stórfellda einhliða afvopnun í Evrópu. (**GHH:** Eru ekki fyrirspurnir til umræðu, forseti?) Það er greinilegt að fulltrúi kaldastríðsviðhorfanna þolir ekki að heyra frásagnir af því sem er að gerast í hinni raunverulegu veröld og vill halda áfram að vera lokaður inni í sínum gamla kaldastríðsheimi hvað sem gerist í kringum hann. Það hefur verið grundvallarkenning þessara kaldastríðssinna um áratugaraðir að afvopnun megi aldrei gerast með þeim hætti sem hún er nú að gerast, með einhliða stórum skrefum. Hún mun halda áfram á þann hátt og þess vegna er það óhjákvæmilegt að Íslendingar þurfa að endurskoða samskipti sín við varnarliðið bæði nú og í framtíðinni vegna þess að þessi þjóð mun ekki daga ein uppi í heimi kalda stríðsins þegar Evrópa og heimurinn allur verður fyrir löngu kominn þaðan. Það er sá veruleiki sem hv. þm. ætti að hugleiða að fremstu forustumenn vestrænna ríkja eru líka á þeirri skoðun að kalda stríðinu sé lokið. Það er tími til kominn fyrir hv. þm. að átta sig á því, nema hann ætli að halda áfram, vonandi í sinni löngu þingsögu, að standa hér upp við og við og reyna að hugga sjálfan sig og litlu klíkuna í Sjálfstfl. við það að þrátt fyrir að heimurinn sé að breytast heldur kalda stríðið áfram að vera til í innsta hring Sjálfstfl.

Matthías Á. Mathiesen:

Virðulegi forseti. Það mátti heyra að svar hæstv. utanrrh. fór eitthvað í taugarnar á hæstv. fjmrh. Hann kom ekki upp til að svara fsp. sem til hans var beint nú frekar en áður. Hann hefur ekki gert það og heldur því ef til vill þannig áfram að sýna Alþingi þá virðingu sem hann telur að eigi að sýna. En við hinir erum á öndverðum meiði.

Ég vildi aðeins segja, einmitt eftir ræðu hæstv. utanrrh., að sú stefna sem vestrænar þjóðir hafa haft í öryggis- og varnarmálum hefur leitt til þess að þeir aðilar, sem hér var vikið að, hafa breytt sinni stefnu. Ég heyrði ekki betur en hæstv. utanrrh. hefði lýst því yfir að hann sem slíkur og þá fyrir hönd ríkisstjórnarinnar hygðist standa að þeim málum eins og hefur verið gert áður. Þá er ég sannfærður um að það tekst að fá þá aðila sem ekki hafa viljað hlusta fyrr en nú á seinustu mánuðum til að fallast á það með hvaða hætti þeir verða að standa að þessum hlutum.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Hv. 1. þm. Reykn. Matthías Á. Mathiesen, sem lét mynda sig fyrir framan flugstöðina fyrir síðustu kosningar til að hæla sér sérstaklega af hinni traustu framkvæmdastjórn sem þar átti sér stað, var að þakka vestrænum sjónarmiðum þann ávinning sem hefur verið að nást í gjörbreyttri stöðu í afvopnunarmálum. Ef hann kynnir sér ummæli forustumanna Bandaríkjanna á síðustu vikum vegna hinnar nýju ákvörðunar Sovétríkjanna um stórfellda einhliða afvopnun kom sú ákvörðun þeim öllum mjög á óvart. Það var þess vegna ekki með neinum hætti afleiðing af stefnu sem ætlað var að hafa þessa afleiðingu heldur var það þvert á móti stórt nýtt einhliða afvopnunarskref sem mun hafa stórfelld áhrif á samskipti Íslands við varnarliðið ef við viljum ekki sitja einir eftir þegar Evrópa verður að afvopnast öll og ef við viljum taka höndum saman á Alþingi til að koma í veg fyrir að vígbúnaðurinn í höfunum haldi áfram. Það er stefna sem núverandi utanrrh. hefur áréttað að það verði að koma í veg fyrir slíkt og ég vona að fyrrverandi flugstöðvarbyggingarráðherra og fulltrúi kaldastríðsviðhorfanna í Sjálfstfl. fari nú að átta sig á hinum nýja veruleika.

Fyrirspyrjandi (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. beitir sömu vinnubrögðum í þessari umræðu og í umræðunum um skattamál og ríkisfjármál. Hann þyrlar upp moldviðri um allt annað mál en hér er til umræðu. Þetta eru sömu blekkingaraðferðirnar og við þekkjum og við höfum afhjúpað í þingsölum undanfarna daga. Það hefur ekki verið minnst orði á og er alls ekki til umræðu yfirlýsing Gorbatsjovs um fækkun í herafla Sovétríkjanna. Henni hljóta allir menn að fagna, en hún er bara ekki hér til umræðu. Ég hlýt að túlka viðbrögð hæstv. fjmrh. við upplýsingum utanrrh. sem óbein mótmæli við því sem utanrrh. hafði fram að færa og ég leyfi mér að fagna og taka undir. Það er ekki hægt að skilja þetta öðruvísi en að fjmrh. sé með þessum óbeina hætti að mótmæla stefnu síns eigins utanrrh. Við slíku heimilisböli er ekkert að segja. Við sem ekki eigum aðild að þessu stjórnarsamstarfi getum ekkert við því sagt, en það er allt í lagi fyrir almenning í landinu að fá vitneskju um það.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Þótt stefna í utanríkismálum sé ekki hér á dagskrá hefur verið að henni vikið óbeint og það gefur mér sérstakt tilefni til að taka af allan vafa um að á nýlegum ráðherrafundi Atlantshafsbandalagsins í Brussel, 8. des. sl., var því einróma yfir lýst af hálfu ráðherra Atlantshafsríkjanna sextán að þeir fögnuðu eindregið einhliða ákvörðun Gorbatsjovs aðalritara um fækkun í venjulegum vopnabúnaði og herafla í Austur-Evrópu. En á þessum fundi var til umræðu tillögugerð, sem unnið hefur verið að sl. hálft ár og verður grundvöllur að afvopnunarviðræðum af hálfu vesturveldanna í Vín á næsta ári, þar sem af hálfu Atlantshafsbandalagsins var gengið mun lengra í afvopnunarátt. Tillögurnar voru ítarlegar, en þær miðuðu að þeirri grundvallarreglu að ekkert eitt ríki á meginlandi Evrópu hefði yfir að ráða mannafla undir vopnum eða venjulegum vopnum sem gæti verið meiri en teldist eðlilegt vegna eðlilegra varnarsjónarmiða. Í annan stað að ekkert ríki hefði herafla í landi annars ríkis sem væri umfram það sem skilgreina mætti vegna

varnarsamstarfs og eftirlits. Þetta hefði t.d. falið í sér að ekkert ríki hefði yfir að ráða meira en 12 þúsund skriðdrekum á meginlandi Evrópu. Þar með hefði þeirri grundvallarreglu verið komið á að ekkert ríki hefði yfir að ráða venjulegum vopnabúnaði sem túlka mætti að væri fullbúinn til hernaðarlegrar árásar eða til leifturstríðs að óvörum. Það var rætt að ef þessar tillögur næðu fram að ganga væri þar með kannski stiginn stærsti áfanginn í afvopnunarmálum á meginlandi Evrópu frá stríðslokum og hefði bein tengsl við spurningarnar um tilvist skammdrægra kjarnavopna sem Atlantshafsbandalagið hefur því aðeins sett upp að hernaðaryfirburðir Sovétríkjanna og Varsjárbandalagsríkjanna á sviði venjulegra vopna hafi verið gífurlegir.

Að gefnu tilefni vil ég taka það fram að þótt fram hafi komið í mínu svari að Ísland yrði að sjálfsögðu aðili að Atlantshafsbandalaginu og mun gegna þar öllum skyldum sínum hefur Atlantshafsbandalagið nú með þessum tillögum stigið mjög stórt skref fram á við í afvopnunarmálum, jafnframt fagnað frumkvæði Gorbatsjovs. Og við skulum sameiginlega láta í ljós þá von að á grundvelli þessara tillagna muni árið 1989 vonandi reynast það ár sem skiptir sköpum í afvopnunarmálum og yrði þá punkturinn aftan við allt tal um kalda stríð frá fyrri tíð.

Matthías Á. Mathiesen:

Virðulegi forseti. Ég efast ekki um friðarvilja virðulegs forseta, en af því að hæstv. fjmrh. vék að flugstöðvarmálinu vildi ég aðeins mega lýsa yfir ánægju minni hvernig þar er öllu fram haldið eins og gert hafði verið ráð fyrir. Teknir við núv. hæstv. utanrrh. með hæstv. fjmrh. í ríkissjóði.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Örstutt athugasemd, ég held að það eigi erindi inn í þessa umræðu, um tiltekna setningu í stjórnarsáttmálanum sem lýtur að endurmati og samskiptum við varnarliðið svonefnt — herinn eins og ég kalla það. Sú setning vísar fyrst og fremst til þess að það skuli ekki vera frosið ástand í þessum samskiptum. Þau geti verið til endurskoðunar og endurmats á hverjum tíma. Eitt af því sem er að gerast úti í hinum stóra heimi og er ágætt að uppfræða tiltekna hv. þm. um er að verulegur skriður er að komast á þá kröfu að þjóðir heimsins leggi niður allar herstöðvar á erlendri grund þannig að ekkert ríki hafi herstöð eða haldi úti her í annars landi. M.a. með þessa hreyfingu í huga, þá miklu hreyfingu sem er að komast á þetta stóra mál, er hollt að menn lesi þetta ákvæði stjórnarsáttmálans.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Þetta er orðin æðiathyglisverð umræða. Hæstv. fjmrh. kallar, og þó ekki beint heldur undir rós og í gegnum Albaníu eins og það heitir, hæstv. utanrrh. kaldastríðsmann og hann flytji kaldastríðsræðu hér. Ég er sammála hverju einasta orði sem hæstv. utanrrh. hér hefur sagt og ég er þá kaldastríðsmaður eins og hann. En ég held að menn, sem eru að kalla okkur slíkt sem viljum sinna skyldum okkar við okkar samstarfsmenn í Atlantshafsbandalaginu og halda áfram þeirri stefnu sem Íslendingar hafa góðu heilli fylgt um áratugi, ættu að líta sér svolítið nær. Og að fara að tala um það núna að það sé bara Gorbatsjof sem sé að koma á friði í heiminum. Auðvitað vitum við öll hér inni að það er varnarmáttur vestursins sem hefur hindrað útþenslustefnu Rússa. Þetta liggur alveg á borðinu. Þetta skilur öll íslenska þjóðin.

Ég vek athygli á því að ráðherra sem ekki var spurður í fsp. talaði a.m.k. í fimm mínútur áðan, þ.e. hæstv. fjmrh. Ég held að reglan um hvað menn megi tala lengi gildi einungis um þann ráðherra sem spurður er og þess vegna vona ég að mér leyfist að segja kannski tvö þrjú orð í viðbót.

Það liggur fyrir að Alþb. er andvígt þeirri stefnu sem Ísland fylgir og það er alveg rétt hjá hæstv. samgrh. að það var loðið orðalag í stjórnarsáttmálanum, en þó að ég sé innilega ósammála mörgu í efnahagskenningum hæstv. utanrrh. og ríkisstjórnarinnar allrar lýsi ég því hér og nú yfir að ég gleðst mjög yfir staðfestu hans í utanríkismálum sem kom fram í tveim ræðum hans. Það er kannski eina ástæðan til þess að ég hef einhvern vilja til að styðja þennan hæstv. ráðherra núna vegna þess að allt það sem hann hefur sagt í efnahags- og skattamálum hefur reynst rangt og það á þjóðin eftir að sjá. En ég fagna því að hann er mjög eindreginn í því sem mestu máli skiptir auðvitað, öryggi og varnir Íslands. (**Landbrh.:** Gleymdu ekki Rockall-málinu.) Nei, hann skilur það held ég og ætlar að beita sér í því og meira að segja hæstv. forsrh. sjálfur tók málið upp við Margréti Thatcher í mjög góðri samvinnu við mig og eftir umræður við mig og hæstv. utanrrh. núverandi. Í utanríkismálunum eru þeir ekki svo slæmir. Þeir eru ekki svo slæmir í utanríkismálunum. Það er hins vegar hv. friðarpostuli og fjmrh. sem er núna að friða Ísland af því að hann getur ekki lengur friðað heiminn. Og hann er alkunnur af því að vera alls staðar friðarins engill, bæði í sínum flokki og annars staðar.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Mig langar til að segja að ef það er kaldastríðsviðhorf að vilja viðhalda mestu mannréttindum á vesturlöndum og bestu lífskjörum í heimi get ég alveg fallist á að vera kaldastríðsmaður ef hæstv. fjmrh. vill endilega nota svoleiðis orð um fólk sem vill viðhalda mestu mannréttindum í heimi og bestu lífskjörum í heimi.

Ég held að eitt af grundvallaratriðum okkar sé líka að bera virðingu fyrir skoðunum náungans. Það er eitt af grundvallaratriðum vestrænna siðaðra ríkja.

Auðvitað fagna allir friðelskandi menn þeirri afvopnunarstefnu sem leiðtoginn fyrir austan járntjald hefur tekið. Það fagna því allir. Allur heimurinn fagnar því.

Og ég verð að segja það varðandi stefnu hæstv. utanrrh. að mér finnst hann hafa staðið sig vel í sínu starfi og mér mundi finnast hæstv. fjmrh. trúverðugri boðberi friðarins ef hann notaði ekki alveg jafnhrokafullan málflutning á hendur náunganum og hann gerir stundum.

SAMEINAÐ ÞING

30. fundur, fimmtudaginn 22. des., að loknum 29. fundi.

Jólakveðjur.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Hv. alþm. og starfsmenn Alþingis eru nú að ljúka annasömum þingtíma og eru vel að jólaleyfi komnir eftir stranga vinnu síðustu dægur. Hv. alþm. fá nú tækifæri til að dveljast með fjölskyldum sínum milli jóla og nýárs og starfslið á vonandi rólegri tíð á meðan.

Gert er ráð fyrir að þing komi saman hinn 4. jan. nk. og starfi í nokkra daga við nauðsynleg úrlausnarefni.

Á þessum síðasta fundi fyrir jól vil ég nota tækifærið til að þakka hv. alþm. gott og heiðarlegt samstarf og starfsliði Alþingis fyrir alla aðstoð það sem af er þessu þingi. Ég flyt hæstv. ráðherrum öllum, alþingismönnum og starfsliði Alþingis óskir um góð og gleðileg jól. Ég óska utanbæjarmönnum góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu og bið fyrir kveðjur til fjölskyldna þeirra. Ég vænti þess að við hittumst öll heil á næsta ári.

Ólafur G. Einarsson:

Í nafni okkar alþm. þakka ég hæstv. forseta góð orð og hlýjar óskir í okkar garð og fjölskyldna okkar. Ég þakka hæstv. forseta góða og röggsama fundarstjórn á þessu þingi. Ég óska forseta og fjölskyldu hennar gleðilegra jóla og vonast til að við hittum hana hressa á nýju ári. Ég bið hv. alþm. að taka undir þessar óskir mínar með því að rísa úr sætum. – [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ég þakka hv. 2. þm. Reykn. góð og hlý orð í minn garð og fjölskyldu minnar og ég ítreka óskir mínar til þingheims alls um góð og gleðileg jól.

EFRI DEILD

38. fundur, fimmtudaginn 22. des., kl. 1 miðdegis.

Tollalög, 1. umr.

Frv. meiri hl. fjh.- og viðskn. Nd., 211. mál (grænmeti). — Þskj. 354.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Hér er um að ræða frv. til breytinga á tollalögum, framlengingu á heimild að því er varðar grænmeti. Málið var upphaflega flutt af sex af sjö nefndarmönnum í hv. fjh.- og viðskn. Nd. Þetta mál var lítillega kynnt og rætt stuttlega á fundi fjh.- og viðskn. í morgun með óformlegum hætti og ég legg til að málið verði samþykkt án þess að ég geti talað formlega í umboði nefndarinnar.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Þetta er kannski ekki veigamikið mál, en mér sýnist við skjóta athugun að þetta sé af hinu góða og að nefndin muni geta staðið saman um það. Það kemur þá í ljós væntanlega síðar á þessum fundi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

EFRI DEILD

39. fundur, fimmtudaginn 22. des., að loknum 38. fundi.

Skattskylda innlánsstofnana, 2. umr.

Stjfrv., 161. mál (fjárfestingarlánasjóðir). — Þskj. 172, n. 362, brtt. 363.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Hér er um að ræða frv. til laga um breytingu á lögum um skattskyldu innlánsstofnana með síðari breytingum.

Þetta frv. hefur verið á döfinni og í umræðunni allt frá 1982 og tekið til banka og innlánsstofnana að veðdeildum undanskildum. Oftlega hafa verið uppi áform um að skattleggja með sama hætti ýmsa fjárfestingarlánasjóði sem starfa í landinu, en þeir eru margir og þeir eru ólíkir.

Þegar þetta frv. var lagt fram á þessu hausti voru að vísu í því nokkur undanþáguákvæði, svo sem um byggingarsjóðina og nokkra fleiri sjóði, en það kom hins vegar fljótlega í ljós í umfjöllun nefndarinnar að hér voru vafatilvikin mörg og ólík. Það kom raunar líka í ljós að það var engan veginn ljóst hverjar tekjur þetta frv. mundi gefa. Það var talað um 300 millj., en við athugun málsins kom í ljós að nánast var ógjörningur að áætla tekjur af þessu frv. á næsta

ári með nokkurri nákvæmni. Það kom líka í ljós í umfjöllun nefndarinnar að þessir fjárfestingarlánasjóðir eru svo margir og svo ólíkir og hafa tekjur með svo ólíkum hætti og lána eða styrkja með ýmsu móti að frv., eins og það var var hreinlega þannig vaxið að það var ekki unnt að samþykkja það. Það hefði leitt til margháttaðra erfiðleika, ágreinings og hugsanlega málaferla. Því er það að meiri hl. leggur nú til að frv. verði samþykkt með breytingum sem er að finna á þskj. 363, þ.e. að þessi skattlagning takmarkist við viðskiptabanka, sparisjóði og veðdeildir við innlánsstofnanir.

Um það hefur ekki verið neinn ágreiningur í nefndinni að þetta væri hin ákjósanlega leið. Menn getur greint á um ágæti skattsins og skattlagningarinnar, en þetta er sú leið sem er hreinlegust og hún er skilgreind og skýr og hana ber að fara hvað sem menn segja um skattlagninguna.

Hér er sérstaklega tekið fram í brtt. við 2. gr. að til skattskyldra tekna og eigna samkvæmt 1. gr. laganna teljast ekki tekjur og eignir stofnlánasjóða sem stofnaðir eru með sérstökum lögum eða með reglugerð á grundvelli heimilda í lögum.

Ég held ekki, herra forseti, að það sé ástæða til að gera frekari grein fyrir þessu. Málið var hreinlega ekki nægilega skýrt og því leggur meiri hlutinn til og það er að höfðu samráði við hæstv. fjmrh. að frv. verði samþykkt með brtt. á þskj. 363.

Undir það nál. rita, auk þess er þetta mælir, Jóhann Einvarðsson, Valgerður Sverrisdóttir og Margrét Frímannsdóttir. Júlíus Sólnes ritar undir með fyrirvara. Danfríður Skarphéðinsdóttir sat fundi nefndarinnar og er samþykk þessu áliti.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Hv. formaður fjh.- og viðskn. hefur réttilega lýst aðdraganda þess að þetta mál er nú tekið fyrir með þessum hætti í hv. Ed. Við höfum fjallað mjög mikið um þetta mál, þó ekkert síðustu tvær vikurnar eða svo því að málið var að allra augsýn mjög erfitt bæði lagalega og raunar kom líka í ljós að þarna yrði um miklar fjárhæðir að ræða fyrir sjóði sem búa við mikinn fjárskort, eins og t.d. Lánasjóður sveitarfélaga. Hann hefði orðið að borga 95 millj. kr. í skatta ef hann hefði verið skattlagður með þessum hætti. Aðrir sjóðir eins og Orkusjóður hefðu þurft að borga kannski þriðjung eða helming af framlaginu úr ríkissjóði aftur til baka. Jafnvel Hafnabótasjóður hefði orðið að greiða fé til ríkisins. Þetta var orðin hálfgerð kómedía á pörtum, en að vísu hitnaði í gærkvöld og fram eftir nóttu alla vega svolítið í sumum út af þessu og þar á meðal mér, en í mjög góðu samkomulagi við hv. formann nefndarinnar og hæstv. fjmrh. Um það er lauk gat ég fyrir mína parta fallist á að málið yrði afgreitt með þeim hætti sem meiri hl. nefndarinnar leggur nú til. En ég mun, alla vega persónulega, láta það afskiptalaust við afgreiðsluna hvort þetta er gert. Það má segja að það séu viss rök fyrir því að skattleggja veðdeildirnar úr því að bankarnir sem eiga þær eru skattlagðir. Það væri kannski hægt að misnota það að setja meiri tekjur á veðdeildir en eðlilegt væri. Þetta snertir þó fyrst og fremst veðdeild Landsbankans og þar er svo komið að veðdeild Landsbankans gerir nákvæmlega ekki neitt nema sinna störfum fyrir húsnæðismálastjórn þannig að þeir skattar sem legðust á veðdeild Landsbankans eru í raun og veru skattar á Húsnæðisstofnun ríkisins eins og það er nú gáfulegt að skattleggja þá stofnun. En þarna er ekki um neinar upphæðir sem máli skipta að ræða eins og veðdeildin er rekin í dag. Það gæti verið að hún þyrfti að borga nokkrar milljónir kr. sem er þá bara skerðing á fé Húsnæðisstofnunar. Svona til þess að hafa þá samræmi í hlutunum af því að við erum alltaf að berjast fyrir því að styrkja Húsnæðisstofnun og ýmiss konar atvinnuvegasjóði að þá sé allt í lagi kannski að hafa smáskattheimtu til baka af Húsnæðisstofnun eins og af sjóðunum. Þess vegna læt ég þetta afskiptalaust og sætti mig við þessa niðurstöðu.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Vegna þeirra ummæla hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar, að hér væri um sérstakan skatt á húsnæðislánakerfið að ræða, þá held ég að það sé rétt að það komi fram alveg áreitnilaust að milli veðdeildar Landsbanka Íslands og Húsnæðisstofnunar er í gildi samningur um þá þjónustu sem veðdeildin lætur Húsnæðisstofnuninni í té. Ef veðdeild Landsbanka Íslands hefur hagnað af því að vinna fyrir Húsnæðisstofnun ríkisins er sá hagnaður skattlagður. Ef veðdeild Landsbanka Íslands væri undanþegin væri það í hæsta máta óeðlilegt vegna þess að þó svo að veðdeild Landsbanka Íslands sé nú um stundir ekki með umfangsmikla lánastarfsemi sér hún þó um innheimtu þrjú eða fjögur hundruð viðlagasjóðslána og sitthvað fleira þannig að það væri í rauninni ekki eðlilegt að undanþiggja hana þessari skattlagningu. Ég hygg að við getum verið sammála um það, hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, að hér er í rauninni um mjög smáar upphæðir að ræða ef einhverjar.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég tek undir það sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson sagði áðan. Að því leyti sem veðdeild Landsbankans verður eignarskattsskyld hlýtur það auðvitað að falla á Húsnæðisstofnun. Auðvitað fer Landsbankinn ekki að reka veðdeildina þannig að hann hafi af því skaða og fjárútlát. Það gefur auga leið. Og um leið og búið er að skattleggja veðdeildina breytist auðvitað eðli hennar.

Ég vil aðeins segja út af ummælum frsm. meiri hl. nefndarinnar að ég held að ég hafi ekki talið neitt eðlilegt í sambandi við þessa skattlagningu. Sannleikurinn er sá að það er búið að þyngja svo tekju- og eignarskatt, ekki aðeins á fyrirtækjum heldur líka á bönkum og sparisjóðum, að það er ekki lengur hægt að tala um að þessi starfsemi geti

gengið með eðlilegum hætti miðað við þau skattalög sem ríkisstjórnin er að beita sér fyrir sem sennilega eru þau ósvífnustu og hæstu sem sett hafa verið hér á landi frá örófi alda. Sérstaklega á það þó við varðandi sparisjóðina. Það kom glöggt fram í viðtali sem við áttum við Sigurð Hafstein, framkvæmdastjóra Sambands sparisjóðanna, að sparisjóðirnir eiga æ erfiðara með að standa undir þeim kröfum sem gerðar eru um eigið fé slíkra stofnana. Sparisjóðirnir eru í þeirri stöðu að þeir geta ekki aukið eigið fé sitt með hlutafjárframlögum og af þeim sökum er það svo eða var a.m.k. til skamms tíma að sparisjóðir voru ekki skattlagðir í nágrannalöndum okkar vegna þess sérstaka eðlis þeirra, a.m.k. ekki í Noregi. Ég hygg því að ef það eigi að tala um að eitthvað sé eðlilegt í sambandi við skattlagningu á banka og sparisjóði sé a.m.k. eðlilegt að sparisjóðirnir séu undanþegnir tekju- og eignarskatti vegna þess hvernig þeir eru upp byggðir, vegna sögu þeirra og vegna þess hversu nálægir þeir eru byggðunum á hverjum stað vegna þess að þeir eru raunverulega í eigu fólksins til ráðstöfunar fyrir það. Þess vegna, ef ég væri spurður hvað væri eðlilegt, mundi ég segja að það væri eðlilegt að afleggja skatt á sparisjóði, hvað sem er um ríkisbanka eða hlutafélagabanka sem geta tryggt eigin fjárstöðu sína með hlutafjárframlögum.

En hitt er auðvitað alveg óeðlilegt að á sama tíma og ríkið ætlast til þess að eigið fé fyrirtækjanna, banka og sparisjóða, sé aukið, á sama tíma og ríkisstjórnin lætur það í veðri vaka að óþarfi sé að hafa ríkisábyrgðir á bankaviðskiptum skuli ríkisstjórnin nota hvert tækifæri til að grafa undan þessari starfsemi þannig að fyrirsjáanlegt er að þessar stofnanir verða æ verr undir það búnar að geta staðið sig í einhverjum samanburði við þær kröfur sem gerðar eru til þessarar starfsemi í öðrum löndum. Við erum því með frv. að færast fjær því en áður að geta afnumið ríkisábyrgðir af venjulegum bankaviðskiptum. Við erum að færast fjær því að hægt sé að minnka vaxtamun og við erum að færast fjær því að koma við sparnaði í bankarekstri.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Það er auðvitað alveg rétt, sem hv. þm. Eiður Guðnason sagði áðan og ég var raunar búinn að segja áður, að þetta er lítið mál að því er veðdeild Landsbankans varðar, en þó er það þannig að ef skattar leggjast á hana er það alveg ljóst að breytt verður samningum við húsnæðismálastjórn til að bæta veðdeildinni það upp. Það lá fyrir frá fulltrúa þeim sem kom frá Landsbankanum að samningar þeirra við húsnæðismálastjórn væru í endurskoðun, færu eftir kostnaðarliðum. Þess vegna lendir sá skattur sem hugsanlega leggst á veðdeildina á húsnæðismálastjórn, það er óbreytt. Ég man ekki betur en að eignir veðdeildarinnar séu talsvert miklar. Ég þori ekki að fullyrða um það, en ég held að þær hafi skipt nokkrum tugum milljóna, jafnvel 50 milljónum. Það kemur þess vegna verulegur eignarskattur þar í öllu falli þó að tekjuskattur yrði kannski lítill. En það stendur óbreytt að þeir skattar sem á veðdeildina mundu leggjast færast beint á kostnað stofnunarinnar og þar með yfir á útgjöld húsnæðismálastjórnar.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Þegar við 1. umr. mæltist mér svo að við værum tilbúnir að líta á þá breytingu sem hér er lögð til með jákvæðu hugarfari og grunduðum það með því að í sjálfu sér leggjum við mikla áherslu á að skattlagning sé almenn og það sé engin mismunun fólgin í skattlagningu, hvorki á fyrirtæki né einstaklinga. Um þetta ræddum við mikið m.a. á fundi hv. fjh.- og viðskn. í morgun þar sem einmitt þetta atriði var mjög tíundað, þ.e. að skattalög verða að vera þannig að þau virki almennt þannig að það séu engar undantekningar í skattalögunum sem menn notfæri sér á þann hátt að hafa af því hag. Ég vil mjög eindregið taka undir þetta.

Þess vegna töldum við að það væri mjög eðlilegt að skattlagning á banka, sparisjóði og aðrar innlánsstofnanir væri með svipuðum hætti þannig að það væri ekki hægt með því að notfæra sér ákvæði í skattalögum að flytja rekstur og starfsemi yfir í annað form vegna þess að það nyti hagstæðari skattlagningar eða jafnvel undanþágu frá skattlagningu. Þess vegna töldum við okkur út af fyrir sig geta stutt hugmyndir þar að lútandi að gera þetta almennara og að skattlagning yrði með sama hætti hvaða form sem væri á viðkomandi peningastofnun.

Hins vegar kom það fljótt í ljós við meðferð málsins í hv. fjh.- og viðskn. að þetta frv., eins og svo mörg önnur tekjuöflunarfrv. ríkisstjórnarinnar, hafði verið ákaflega lítið ígrundað og flaustурslega samið. Ég held að það verði kannski sú minning sem við komum til með að eiga eftir þessa erfiðu daga okkar í hv. þingdeild í desembermánuði 1988 þar sem við höfum þurft að fjalla um hvert tekjuöflunarfrv. á fætur öðru þar sem hefur verið kastað til höndunum.

Þetta er eitt slíkra. Það hefði verið nauðsynlegt að vinna frv. miklu, miklu betur og í raun og veru hefði átt að afturkalla þetta frv. og leggja það kannski fyrir að ári, eftir að búið væri að grandskoða alla þætti þess og fara betur ofan í málið. M.a. kom skemmtilega og sérkennilega fram í meðferð hv. fjh.- og viðskn. á þessu máli að ríkið væri að verulegu leyti að skattleggja sjálft sig eins og upphaflega var lagt til. Sérstaklega var það broslegt að taka fyrir sjóði þar sem það eina sem sjóðirnir hafa af fjármagni er beint ríkisframlag af fjárlögum og síðan eiga þeir að borga skatt af því til ríkisins aftur. Þetta er aldeilis fráleitt.

En það varð úr að á þessu frv. voru gerðar verulegar breytingar þannig að nú er um það að ræða að aðeins er bætt við veðdeildum bankanna. Að þeirri breytingu tel ég að sé hægt að standa, en ætli menn að gera meira þarf að leggja í það miklu meiri og nákvæmari vinnu.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég skal aðeins hafa um þetta mál örfá orð, en vegna þeirrar umræðu sem hér hefur orðið tel ég nauðsynlegt upp á framhaldið að rifja aðeins upp forsögu þessa máls.

Þannig er mál með vexti að bankar og sparisjóðir voru skattlagðir að því er mig minnir 1981 eða 1982 og þá þótti eðlilegt að veðdeildir bankanna yrðu jafnframt skattlagðar. Hins vegar var við það mikil andstaða, eins og vill verða þegar breytingar eru gerðar á skattamálum, og það var frá því horfið á þeim tíma sem átti að sjálfsögðu ekki að gera. Síðan var byrjað að undirbúa skattlagningu annarra fjármálastofnana og ég hygg að það sé rétt munað hjá mér að í tíð hv. þm. Alberts Guðmundssonar sem fjmrh. kom þetta frv. fyrst inn í ríkisstjórn. Þar var m.a. gert ráð fyrir því að Ríkisábyrgðasjóður borgaði tekjuskatta og eignarskatta sem ég gat ekki skilið. Síðan varð hv. þm. Þorsteinn Pálsson fjmrh. Þá kom þetta frv. aftur inn í ríkisstjórn óbreytt. Þar næst varð hæstv. núv. utanrrh. fjmrh. og þá kom frv. enn á ný inn í ríkisstjórn óbreytt. Í tíð hæstv. núv. fjmrh. kom þetta frv. enn á ný til umfjöllunar og var flutt á hv. Alþingi.

Sannleikurinn er sá að um það hefur verið breið samstaða á Alþingi að það sé gætt samræmis í skattlagningu fjármálastofnana. En spurningin er aðeins hvar eigi að draga mörkin. Auðvitað verða sparisjóðir að vera skattskyldir eins og aðrir bankar alveg með sama hætti og samvinnufélög eru t.d. skattskyld með sama hætti og verslanir og skiptir að sjálfsögðu ekki máli hvort viðkomandi stofnanir eru nær fólkinu eða ekki eins og mátti skilja á hv. þm. Halldóri Blöndal.

Ég tek hins vegar undir að það þarf að vinna þetta mál mun betur til að draga rétt mörk. Það eru ýmsar fleiri fjármálastofnanir í okkar þjóðfélagi. M.a. má með sanni segja að lífeyrissjóðir landsins séu á vissan hátt fjármálastofnanir en ég býst ekki við að neinum detti í hug að skattleggja þá. Sú breyting sem nú er gerð er eðlilegt framhald af því sem gert var 1982. Hins vegar þarf að eiga sér stað betra undirbúningsstarf og þar má ekki eingöngu saka núv. ríkisstjórn um að hafa ekki staðið nægilega vel að þessu máli því að sannleikurinn er sá að það hefur verið unnið að þessu máli allar götur frá 1982 og líklega verður unnið að því betur í framtíðinni þannig að málið komi betur undirbúið inn á hv. Alþingi næst.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég hefði kosið að hæstv. sjútvrh. hefði fremur tekið þátt í umræðum í þessari deild um atvinnumálin og gert grein fyrir stefnu sinni um þau en taka þá loksins til máls og taka þátt í efnislegri umfjöllun um frv. hér í deildinni þegar hann er að verja skattheimtuna. Ég verð að segja eins og er að þó þessi hæstv. ráðherra sé vel að sér í skattamálum og hafi sannarlega úr miklu að moða þar stendur honum nær að tala um sjávarútveginn, en um þau efni hef ég beint til hans fjöld fyrirspurna og hefur hann kosið að láta þögnina svara þegar komið er að þeim málaflokki sem hann hefur fjallað um í ríkisstjórninni og raunar borið ábyrgð á um alllangt skeið. En úr því að hæstv. sjútvrh. hefur loksins tekið til máls vil ég reyna að svara því sem hann segir.

Samkvæmt upplýsingum sem við höfum frá samtökum iðnaðarins og staðfestar voru af hagdeild fjmrn. lætur nærri að raungildi tekjuskattshækkunar á þessu ári sé — ja, ég er ekki með tölurnar en það er nú ekki minna en 30% raungildishækkun á tekjuskatti og mun ég víkja nánar að því síðar og er þá ekki tekið tillit til eignarskatts og skatts á verslunar- og skrifstofuhúsnæði þegar við erum að tala um það. Auðvitað gefur auga leið að þegar við erum að tala um réttláta skattheimtu er grundvallaratriðið og forsendan fyrir því að við getum notað orðið „réttlátur" að átta sig á því hvers eðlis tekjuskatturinn er, hvort hann er rán eða eðlilegt framlag til ríkisins, til ríkissjóðs og heildarinnar. Mín skoðun er sú að skattarnir á atvinnureksturinn núna séu fremur rán og eignaupptaka en hægt sé að tala um að það sé eðlilegt framlag til sameiginlegra þarfa.

Í öðru lagi vil ég nú segja að ég hef jafnan verið andvígur því og ekki skilið þegar hugmyndir hafa komið fram um að skattleggja fjárfestingarlánasjóði sem eru í eðli sínu stofnanir en ekki viðskiptafyrirtæki og skal ég góðfúslega taka dæmi um það máli mínu til skýringar. Þegar við rifjum upp eðli Stofnlánadeildar landbúnaðarins hefur eigið fé hennar og rekstrarfé verið byggt upp með þeim hætti að lagður hefur verið skattur á bændur sem þeir hafa greitt til deildarinnar til þess að hægt sé að dreifa fjármagnsbyrðunum á bændastéttina í heild en það er gert til að auðvelda uppbyggingu og endurnýjun í þessari stétt. Um leið og ákvörðun er tekin um að skattleggja Stofnlánadeild landbúnaðarins er óhjákvæmilegt að endurskoða þessar reglur einfaldlega vegna þess að þá er ríkið farið að skilgreina Stofnlánadeild landbúnaðarins sem venjulegt viðskiptafyrirtæki og þá leiðir af sjálfu sér að bændur kæra sig ekki um að leggja eins og áður framlag til deildarinnar til að láta skattleggja það þar, en það þýðir auðvitað að vextir Stofnlánadeildar hljóta að hækka mjög verulega og mjög auknar kröfur hljóta að verða gerðar um veð og annað í viðskiptum deildarinnar.

Hið sama á við um Iðnlánasjóð. Bragi Hannesson bankastjóri upplýsti okkur um að víðast hvar erlendis væru slíkir sjóðir reknir með halla og hefðu nokkurn stuðning frá atvinnugreinum eða hinu opinbera og hann þekkti ekki til að iðnlánasjóðir væru skattlagðir neins staðar í kringum okkur. Það leikur að vísu vafi á því hvort svo kunni að vera komið nú að farið sé að skattleggja sjóði af þessu tagi í Danmörku og það er athyglisvert að þar hefur líka skotið upp þeirri hugmynd að skattleggja líf-

eyrissjóði. Sú hugmynd kom þar upp en var kveðin í kútinn. En raunar datt það upp úr hæstv. sjútvrh. áðan að lífeyrissjóðir væru fjármálastofnanir og þá er spurningin: Hvað þýðir orðið fjármálastofnun? Hvað þýðir það? Er fjmrn. fjármálastofnun og á þess vegna að skattleggja fjmrn.? Eru innheimtudeildir sveitarfélaga fjármálastofnanir og á þess vegna að skattleggja innheimtudeildir sveitarfélaga? Auðvitað er þetta ekki annað en leikur að orðum.

Eðli málsins samkvæmt væri eðlilegt t.d. að skattleggja Verslunarlánasjóð vegna þess að hann er í einkaeign og hann lýtur hinum viðskiptalegu lögmálum og fellur inn í skilgreiningu á því sem við getum kallað fyrirtæki. En hugmyndir meiri hlutans í nótt voru þær að láta Verslunarlánasjóð og Stofnlánadeild samvinnufélaga vera undanþegin þessum skatti á sama tíma og hreinar stofnanir eins og Iðnlánasjóður, Fiskveiðasjóður, Stofnlánadeild landbúnaðarins og Iðnþróunarsjóður áttu að skattleggjast, en enginn af þessum sjóðum getur fallið undir skilgreiningu viðskiptafyrirtækis vegna þess að þessir sjóðir eiga í engri samkeppni, eru annað tveggja: sjálfseignarstofnanir eða í opinberri eigu og lúta allt öðrum tilgangi, hafa allt annað eðli og hafa allar verið byggðar upp ýmist með opinberu fé eða beinu framlagi stéttanna sem ekki hefur verið eignfært. Við erum því að tala hér um alls óskyldar stofnanir.

Ég hjó líka eftir því að hæstv. sjútvrh. talaði um að eðlilegt væri að sams konar skattareglur giltu um skattlagningu á einkafyrirtækjum og skattlagningu á samvinnufyrirtækjum. Í því frv. sem liggur fyrir um tekju- og eignarskatt segir í athugasemdum við 7. gr.: „Það hefur tíðkast nokkuð að hlutafélög veiti eigendum sínum eða stjórnendum veruleg peningalán, oftar en hitt á vildarkjörum, vaxtalaust og óverðtryggt. Þegar áhrif verðbreytinga á eignir og skuldir félags eru metin myndar þessi neikvæða ávöxtun á peningaeign fyrirtækja stofn til gjaldfærslu. Telja verður óeðlilegt að félög geti lækkað skattskyldar tekjur sínar með lánafyrirgreiðslu af þessu tagi. Því er lagt til í þessari grein að lán hlutafélaga til hluthafa, stjórnarmanna og framkvæmdastjóra félaga teljist ekki sem eignir við útreikning á verðbreytingarfærslu samkvæmt þessari grein laganna."

Ég spurði ríkisskattstjóra af þessu tilefni hvort það væri rétt skilið hjá mér að hlutafélögin hefðu haft skattalegt hagræði af því að geta talið slík lán sem eignir við útreikning á verðbreytingarfærslu og hann sagði já við því. Ég spurði ríkisskattstjóra að því hvort samvinnufélögin mundu halda þessu hagræði. Við vitum að það hefur lengi tíðkast, svo áratugum skiptir, að hluti af launakjörum æðstu manna samvinnuhreyfingarinnar á mismunandi tímum og á mismunandi stöðum eftir atvikum hefur verið fólginn í mjög hagstæðri lánafyrirgreiðslu. Ég spurði þess vegna ríkisskattstjóra að því hvort samsvarandi heimildir væru gagnvart samvinnufélögum og hlutafélögum eða hvort það væri meining fjmrh. með frv. að halda hinu skattalega hagræði hjá samvinnufyrirtækjunum en taka fyrir það hjá hlutafélögunum. Hann sagði að hugmyndin á bak við frv. væri sú að það ætti að loka fyrir þetta hjá hlutafélögunum, halda skattalegu hagræði hjá samvinnufélögunum. Þá spurði ég ríkisskattstjóra hvort hann teldi að það samrýmdist þeim almennu sjónarmiðum sem samkvæmt stjórnarskrá er skylt að leggja til grundvallar skattlagningu að gera þannig upp á milli samvinnufyrirtækja og hlutafélaga. Svar ríkisskattstjóra var að hann teldi ekkert því til fyrirstöðu og að það samrýmdist stjórnarskrá íslenska lýðveldisins að gera með þessum hætti upp á milli rekstrarforma fyrirtækja þannig að samvinnufyrirtækin mega að hans dómi hygla sínum mönnum og hafa af því skattalegt hagræði þó svo að einkafyrirtækin megi það ekki. Ef það er meining hæstv. sjútvrh. að hið sama eigi að gilda um einkareksturinn og um samvinnureksturinn er sjálfsagt að láta á það reyna nú við atkvæðagreiðslu á eftir, breyta lagagreininni á þann veg að þessar heimildir taki einnig til samvinnufélaga. Mun ég nú þegar að lokinni umræðu um þetta mál hafa samband við ríkisskattstjóra og biðja hann að koma hingað niður í Alþingi brtt. við frv. sem felur í sér að sá jöfnuður milli þessara rekstrarforma, sem sjútvrh. vill koma á og vill hafa, haldist og megi vera.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Að því tilefni sem hæstv. sjútvrh. gaf áðan get ég lýst því skýrt og skorinort yfir að mér kemur nákvæmlega ekkert við hvaða ríkisstjórnir hafa skoðað þetta mál og hvaða embættismenn hafa lagt það á borð ríkisstjórna að undanförnu, ríkisstjórna sem hæstv. ráðherra hefur alltaf setið í, og ég ætla hvorki að verja að þeir hafi skoðað þetta frá embættismönnunum þá né heldur t.d. skattlagningunum á sl. hausti. Þessi er miklu gífurlegri og stóralvarlegri en þá af því að það var þó ekki komið jafnhátt í skattprósentu og skattaálögum í heild og verður nú á eftir.

En ég ætla að greiða hér fyrir því að þetta mál gangi nógu fljótt fyrir sig og finnst algjörlega ástæðulaust að vera nokkurn skapaðan hlut að blanda inn í þetta mál hvar og hvenær þetta frv. hefur verið til skoðunar. Þau eru nákvæmlega jafnvitlaus þessi frv. sem ofstjórnarkarlar og kerfiskarlar eru stanslaust að mata ráðherrana á hvert sem ráðherraborðið er hverju sinni. Og ef það er einhver flokkur sem ber ábyrgð á skattpíningu undanfarinna ára er það Framsfl.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 363,1 samþ. með 12 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 363,2 samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

EFRI DEILD

40. fundur, fimmtudaginn 22. des., að loknum 39. fundi.

Skattskylda innlánsstofnana, 3. umr.

Stjfrv., 161. mál (fjárfestingarlánasjóðir). — Þskj. 371.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Framhaldsskólar, ein umr.

Stjfrv., 184. mál (gildistaka). — Þskj. 358.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 10:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 372).

Vörugjald, 2. umr.

Stjfrv., 162. mál (gjaldflokkar og gjaldstofn). — Þskj. 345, n. 364 og 370.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Á þskj. 364 er að finna nál. frá meiri hl. fjh.- og viðskn. um frv. til l. um breytingu á lögum um vörugjald. Til fundar við nefndina þegar hún fjallaði um þetta mál komu Ólafur Davíðsson, framkvæmdastjóri Félags ísl. iðnrekenda, Víglundur Þorsteinsson, formaður Félags ísl. iðnrekenda, Sigurður B. Stefánsson hagfræðingur, Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóri og frá fjármálaráðuneytinu Bolli Þór Bollason, Lárus Ögmundsson, Maríanna Jónasdóttir og Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

Þetta frv. hefur tekið miklum breytingum frá því að það fyrst var lagt fram í Nd. Breytingin er í því fólgin að gjaldprósentan hefur verið lækkuð niður í 9% þannig að hér er aðeins um eina prósentu að ræða með þeirri undantekningu sem ég mun nefna á eftir en gjaldstofninn er hins vegar breikkaður. Þetta hefur það í för með sér að þetta vörugjald leggst nú á ýmsa vöruflokka sem það lagðist ekki áður á. Hins vegar hefur þetta líka í för með sér að vörugjald á ýmsum munum, svo sem ýmsum heimilistækjum, lækkar frá því sem áður var. Við þetta er því að bæta að sérstakt 16% gjald er lagt á sykur og sælgæti og fengu nefndarmenn ítarlegar útskýringar nú í morgun á framkvæmd þess á því ákvæðis. Það sem ræður þessari skattlagningu á sykur og sykurneyslu, sælgæti, eru kannski fyrst og fremst manneldissjónarmið. Ég get tekið undir að það væri kannski ástæða til að skattleggja og undanþiggja ekki ýmislegt annað sem sykur er í eins og t.d. kökur sem þetta kemur ekki á.

Auðvitað eru skiptar skoðanir um gjaldtöku af þessu tagi. Þetta er einn af meginliðunum í tekjuöflunaráformum ríkisstjórnarinnar og forsenda fyrir fjárlagagerðinni og enda þótt mönnum sé misjafnlega ljúft að samþykkja þessa gjaldheimtu leggur meiri hl. nefndarinnar til að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það kom frá hv. Nd.

Undir þetta nál. rita, auk þess er þetta mælir, Margrét Frímannsdóttir, Valgerður Sverrisdóttir og Jóhann Einvarðsson.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Herra forseti. Þess er fyrst að geta að í önnum dagsins urðu smámistök varðandi minnihlutaálit sem var dreift áðan. Það var ekki algjörlega rétt og er verið að endurprenta það og það kemur á borðin væntanlega innan stundar. Það breytir engu efnislega en ég vildi vekja á þessu athygli.

Eins og allir hér vita er þetta mál liður í ofskattunar- og ofstjórnarstefnu núv. hæstv. ríkisstjórnar. Þetta er margrætt. Fyrir utan alla skattaáþjánina sem í öllum þessum frv. felst er þetta meingallað frv. eins og raunar frsm. meiri hl., hv. þm. Eiður Guðnason, var að geta um. Hann nefndi þá sem voru á fundum hjá okkur í morgun til að ræða skattamálin í heild. Það voru Sigurður B. Stefánsson, Lárus Ögmundsson, ríkisskattstjórinn, Víglundur Þorsteinsson, formaður Félags ísl. iðnrekenda, og Ólafur Davíðsson framkvæmdastjóri.

Auðvitað snerust málin mikið um þetta frv. Ekki svo að skilja að neitt hafi komið fram nýtt. Það var bent á þá annmarka sem er á framkvæmd þessara laga og sérstaklega að því er varðar gjald á sykur og sykraðar vörur og allar þær undanþágur sem því eru samfara. Einnig er vörugjaldið mjög erfitt í framkvæmd, t.d. fyrir framleiðendur innréttinga og hús-

gagnaframleiðendur sem eiga við nægilegan vanda að etja nú þegar.

Allir vita að hér er verið að stórhækka byggingarkostnað. Það á víst að vera liður í að leysa húsnæðisvanda fátæka fólksins eða þeirra sem eru ungir að árum og þurfa að byggja yfir sig. Að því er gamla fólkið varðar er verið að leggja á gífurlega eignarskatta, hærri en nokkurs staðar þekkjast, það fullyrði ég algerlega, þannig að það fólk verður að flytja úr húsum sínum ef fram heldur sem horfir, a.m.k. ef þessi skattlagning ætti að vera varanleg í meira en eitt ár. Þá held ég að færi að syrta í álinn bæði hjá ungum og öldnum. Ég hygg að það fari ekkert milli mála.

Til að gera langt mál stutt, af því að ég vil greiða fyrir að það samkomulag standi sem gert hefur verið, held ég að það sé nægilegt að vitna til svolítilla orðaskipta sem urðu á fundinum. Sigurður B. Stefánsson sagði þar að það sem væri nú verið að lögfesta, einkum gagnvart fyrirtækjunum en á auðvitað líka við um einstaklinga, væri hæsta skatthlutfall um langa tíð. Ekki vildi hann nefna árafjöldann, en ég endurtek: hæsta skatthlutfall um langa tíð.

Ég spurði þá aðra viðstadda, ég hef talið þá upp, hvort einhver þeirra væri annarrar skoðunar eða vildi hrekja þetta sjónarmið og endurtók þá spurningu og enginn gaf sig fram. Þeir samþykktu allir að nú væri verið að lögfesta hæsta skatthlutfall á Íslandi um langa tíð.

Það er þess vegna ekkert ofsgt að hér sé um ofsköttun að ræða, bæði að því er varðar beina skatta og óbeina. Það fer ekki milli mála að þetta er hæsta skatthlutfall í sögu þjóðarinnar kannski þó að ég viti ekki nákvæmlega hvernig var á kreppuárunum. Og hvenær eru þessir skattar hækkaðir? Á hvaða tíma eru þeir hækkaðir? *Á þeim tíma þegar sjálfur forsrh.* segir að þjóðargjaldþrot liggi við, á þeim tíma sem allir vita að er mikill samdráttur í atvinnulífinu, á þeim tíma sem þeir vita að kjararýrnun hefur þegar orðið gífurleg og á þeim tíma sem allir segja: Það er að byrja atvinnuleysi. Enginn fer dult með það. Þá á að vera með hæsta skatthlutfall í sögunni á atvinnuvegina, gjaldþrota atvinnuvegi sem þeir því miður eru flestir. Þar á meðal eru gjaldþrot gífurleg fram undan í versluninni, ekki síst dreifbýlisversluninni, af því allir halda nú að það sé hægt að græða á verslun. Sumir byrja raunar verslunarrekstur, en vakna svo upp við vondan draum þegar fyrirtækið fer á hausinn eftir nokkra mánuði.

Á þessum tíma er hæstv. ríkisstjórn búin að koma þessu fram. Hún náði meiri hluta. Það sættum við okkur auðvitað við í minni hlutanum. Annars mundi ekkert af þessum frumvörpum verða afgreitt nú ef ríkisstjórnin hefði ekki tryggt sér meiri hluta á þingi og læt ég nú alveg bíða að ræða um með hvaða hætti tókst að ná þeim meiri hluta. Það á sagan eftir að skýra. Það má kannski benda á að hæstv. utanrrh. sagði skömmu eftir myndun þessarar stjórnar að þetta hefði verið hægt að gera á skömmum tíma vegna þess að það væru vanir menn. Vanir menn voru að verki. Það hafa vanir menn verið að verki undanfarna daga í þinginu. Við getum séð hvernig þeir hafa unnið. Þeir tryggðu sér, vönu mennirnir, þeir kunnu aðferðirnar, meiri hluta og þeir ætla að halda honum. Þeir ætla að halda þessari stjórn áfram hvað sem tautar og raular. Þeir sem nú ráða í flokki hv. þm. Eiðs Guðnasonar, af því að hann brosir, og hv. þm. Stefáns Guðmundssonar, af því að hann brosir líka, ætla að halda þessu áfram. (**EG:** Við brosum í dag.) Þið skuluð vera undir það búnir að þessi stjórn haldi áfram. (**EG:** Er þetta hótun?) Já, það er nefnilega hótun til frjálslyndra manna sem þeir eru báðir, hv. þm. Það er hótun í þeirra garð. Þeir eiga eftir að sitja uppi með þessi ósköp næstu mánuðina og þeir eiga eftir að sitja uppi með gífurlegar óvinsældir allra stétta í þessu þjóðfélagi, en einkum þó láglaunafólksins, fólksins sem í dag á ekki peninga til að kaupa inn til jólanna og það á að skerða kjör þess enn. Það var talað upphaflega um 8% kjaraskerðingu, síðan var hún hækkuð í 10%, farið að tala um 12, 15 og það er komin með þeim frumvörpum sem eru þarna núna a.m.k. 15% kjaraskerðing. Ég hef sagt úr þessum ræðustól: Hvað hefur maðurinn, sem jafnvel hefur 100 þús. kr. á mánuði, sem þykja bara sæmileg laun núna, eftir þegar hann er búinn að borga af húsinu sínu, hvort sem það er leiga eða af húsnæðislánum, þegar hann er búinn að borga ljós og hita, rafmagn, útvarp, sjónvarp, bíldruslu? Hvað hefur hann eftir fyrir mat og klæðum? Og hvað hefur hann eftir þegar búið er að rýra kjör hans a.m.k. um 15% þegar komin eru í gildi þessi lög sem við erum að samþykkja núna? Það vita það allir hér inni að þessi maður hefur ekkert eftir í kreppuástandi. Kannski er hann atvinnulaus.

Það þarf ekkert að hafa fleiri orð um þetta. Þessir vönu menn vita hvað þeir eru að gera. Ef þeir vissu það ekki væri hægt að fyrirgefa þeim. En þeir vita að þeir eru að leiða fátækt og örbirgð yfir þúsundir heimila, gjaldþrot eiginlega, ekki bara atvinnuveganna. Það er sagt að það sé bara verið að skattleggja ríka fólkið. Það er ekki verið að því. Það er allt fólkið í landinu sem borgar skattana, hvort sem það er í gegnum milliliði eða ekki. Allir skattar, hverju nafni sem nefnast, eru tilfærsla á eignarrétti, á fjármunum frá fólkinu í landinu til ríkisins, í ríkishítina. Það má segja að sumir skattar séu góðir og aðrir slæmir. T.d. sé góður skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði af því að í fyrsta umgangi er hann borgaður af eigendum húsnæðisins. Það fer allt saman yfir í verðlagið, leiðir af sjálfu sér.

Við getum deilt óendanlega um hvað séu góðir skattar og hvað slæmir. En við getum ekki deilt um að þegar búið er að skattleggja allan landslýð þannig að þjóðartekjurnar rýrni, samdráttur verði í atvinnulífinu, fólkið hefur takmarkaða atvinnu eða enga, þá fær ríkið ekki heldur sína peninga. Og þegar búið er að mergsjúga fólkið eitt árið enn með því að leggja alltaf ár frá ári á gífurlega skatta, 5

milljarða í fyrrahaust, 7 núna, fyrir utan allt sem ríkið nær eftir öllum krókaleiðunum, þegar búið er að skattleggja fólkið þannig verður enginn til að borga skattana.

Ég ætla að endurtaka úr þessum stól að það er þó reyndar enn þá þannig að ⅔ af umsvifum þjóðfélagsins eru á vegum atvinnuveganna, ekki nema ⅓ á vegum ríkisins. Ríkið tók í fyrra 5 milljarða, ætlar að taka 7 núna af fólkinu og atvinnuvegunum til að fylla í gatið sitt sem alltaf stækkar þó. Hvernig eiga atvinnuvegirnir að ná í þessa peninga? Ég spurði hv. þm. Skúla Alexandersson að þessu fyrir hálfum mánuði, þrem vikum, af því að hann er atvinnurekandi. Hvernig eiga atvinnuvegirnir að ná í þá? Hann veit jafn vel og ég að þetta er della allt saman upp úr og niður úr.

En stjórnin hefur meiri hluta, a.m.k. að sinni, og þeir ætla sér, hæstv. menntmrh., fjmrh., utanrrh. og forsrh., að halda völdunum og þá virðist ekkert varða um það þó að það sé á kostnað fátækasta fólksins í landinu.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Með þessu frv. er vörugjaldinu breytt í grundvallaratriðum og skattstofninn breyttur mjög verulega, sérstaklega þó þannig að vörugjaldið leggst með miklu meiri þunga á innlenda framleiðslu en áður hefur verið. Það sést best á því að við núverandi kerfi eru 40 gjaldendur á vörugjaldi af innlendri framleiðslu, en verða eftir frv. a.m.k. 400 og eru þá ekki taldir allir þeir fjölmörgu trésmiðir og þau fjölmörgu trésmíðaverkstæði sem verða vörugjaldsskyld samkvæmt frv. Ég veit að hæstv. menntmrh. hefur sérstaklega borið fyrir brjósti að halda gjaldendum sem fæstum, sérstaklega þegar talað hefur verið um virðisaukaskatt. Nú eru þeir búnir að ákveða að fresta gildistöku virðisaukaskattsins, en við fáum þá í staðinn margföldunina á framteljendum og gjaldskyldum einstaklingum eða fyrirtækjum í gegnum vörugjaldið.

Um leið og gjaldstofninn er þannig breikkaður nær hann að sjálfsögðu til fjölmargra vörutegunda sem áður voru undanskildar og skal ég nú gera nokkra grein fyrir því.

Í fyrsta lagi er því haldið fram að það sé lagt á sérstakt 16% vörugjald vegna óhollustu þeirra vörutegunda sem um ræðir og er þá sérstaklega talað um sykur. Undir þessa skilgreiningu fellur hreinn ávaxtasafi samkvæmt frv., hreinn ávaxtasafi sem er talinn einhver hollusturíkasta fæða sem til er. Ekki opnar maður svo heilsufræðibækling þar sem maður er áminntur um að borða ekki feitt lambakjöt að um leið sé ekki tekið fram að maður eigi að drekka eins mikinn ávaxtasafa og maður getur torgað. Það er auðséð að ríkið ætlar að hafa af því góðan tekjustofn.

Það er jafnframt gert ráð fyrir því að á jógúrt og kakómjólk, svo að dæmi séu tekin, er lagður samkvæmt þessu frv. 25% hráefnisskattur sem kemur beint inn í verðlagið og er það til umhugsunar fyrir menn hvað lagt er til grundvallar um hollustuna og óhollustuna.

Í öðru lagi vil ég vekja athygli á því að lagt er til að af húsgögnum og innréttingum eigi að greiða 9% vörugjald. Og þá fer að vandast málið. Í fyrsta lagi liggur fyrir að í húsgagnaiðnaðinum og innréttingaiðnaðinum hefur orðið vart mikils atvinnuleysis og í mjög ítarlegri ályktun sem þessir aðilar hafa sent Alþingi er gerð nánari grein fyrir því í einstökum atriðum hversu illa þetta vörugjald kemur til með að leika húsgagnasmiði og trésmiði almennt og eru þá látnar í ljós miklar áhyggjur yfir þeim afleiðingum sem þetta mun hafa fyrir þessa framleiðslu og enginn vafi á að það mun leiða til þess að staða hinna erlendu samkeppnisaðila mun styrkjast mjög mikið.

En það er kannski ekki kjarni málsins heldur hitt, hvernig á að skilgreina t.d. innréttingar. Ég spurði ríkisskattstjóra að því í morgun hvort það væri vörugjaldsskylt nú ef verið væri að reisa hús og fataskápar væru innbyggðir í húsið eða bókahillur væru innbyggðar í húsið. Hann sagði að slík smíði væri söluskattsskyld. Hann viðurkenndi að vísu að miklum erfiðleikum gæti verið bundið að greina á milli hvað væri almenn húsasmíði og hvað væri innréttingasmíði undir slíkum kringumstæðum, en taldi þó að það væri vel framkvæmanlegt. Ég spurði hann að því: Hvað um það ef fjölskylda kallar á trésmið, biður trésmiðinn um að rífa niður gömlu skápana og byggja aðra í staðinn? Þá sagði hann að slík smíði væri vörugjaldsskyld. Við erum m.ö.o. búin að setja fjölda fjöldskyldna á landinu í þá klemmu að geta ekki gert sér grein fyrir því hvernig hún eigi að svara út skattinum til ríkisins vegna þess að reglurnar eru svo flóknar að ógerningur sé að skilgreina í stuttu máli.

Ef ég t.d., herra forseti, ætlaði mér að kaupa bókahillur og ég hefði þann háttinn á að fara í eitt verkstæði og biðja þá sem þar ynnu að saga fyrir mig fjalir í ákveðnar lengdir, þá er undir engum kringumstæðum hægt að segja að þessar fjalir séu bókaskápur þannig að ég slepp við vörugjaldið. Ef ég síðan kalla trésmið heim til mín og bið hann um að festa fjalirnar saman þannig að þær myndi bókaskáp, ég er ekki mjög laghentur maður og mundi kjósa að biðja einhvern annan að gera það fyrir mig, þá yrði ég að greiða vörugjald af þeirri vinnu. Ef ég á hinn bóginn mundi kaupa bókaskápinn í verslun félli vörugjaldið undir eins líka á hráefnið. Með þessum hætti er m.ö.o. verið að flækja svo málin fyrir bæði trésmiðum og einstaklingum að þeir að síðustu vita ekki sitt rjúkandi ráð og gera sér kannski ekki grein fyrir muninum á því að endurnýja gamla eldhúsinnréttingu eða smíða nýja, hvað eru viðgerðir og hvað endurbætur, hvað er nýsmíði. Allt þetta hringsnýst auðvitað í höfðinu á skattheimtumönnunum þegar þeir eru spurðir fyrir fram og ógerningur að átta sig á hvað fyrir löggjafanum vakir nema það eitt að fjölga gjaldendum sem mest, reyna að ná sem

flestum krónum inn í ríkissjóð, finna til hvert skattatilefnið á fætur öðru í vonlausri baráttu sinni við að fylla upp í gatið á ríkissjóði sem er þegar orðið svo stórt og mikið að ógerningur er að ná því saman á nýjan leik.

Ég vil enn benda á að samkvæmt þessu frv. er undir vissum kringumstæðum lagt vörugjald á hráefni sem flutt er til landsins sem hinir innlendu framleiðendur verða að bera, en hins vegar sleppa innflytjendur við að greiða vörugjaldið undir vissum kringumstæðum. Þar get ég tekið sem dæmi grautargerð hér á landi. Innfluttur ávaxtagrautur ber ekki vörugjald, en hins vegar verða innlendir grautargerðarmenn að greiða vörugjaldið 25% af hráefninu.

Ég skal ekki, vegna þess að við erum að reyna að flýta þessum umræðum, setja á þetta mikið lengri tölu. Aðalatriðið er að með þessari skattheimtu er verið að valda innlendum framleiðslufyrirtækjum margs konar óhagræði og fjárbindingu sem kostar mikið fé vegna þess að þeir verða að leggja út peninga sem þeir að vísu stundum fá endurgreidda en verða að bera allan fjármagnskostnað af og undir öðrum kringumstæðum er ekki um það að ræða að vörugjaldið fáist endurgreitt þó svo að enginn slíkur skattur falli á erlendu framleiðsluna.

Ég spurði fulltrúa fjmrn. að því hvort ekki væri hægt að koma þessu í betra horf þannig að innlendu framleiðendurnir gætu sloppið við útgjöldin ef svo stæði á að þeir ættu ekki að bera vörugjald í endanlegu verði — við getum tekið sem dæmi brauðgerðir sem verða að greiða vörugjald af sykri þegar hann er fluttur í landið en fá hann síðan endurgreiddan síðar. Ég spurði hvort ekki væri hægt að koma því svo fyrir að innlenda framleiðslan þyrfti aldrei að leggja peningana út. Þá var mér svarað að það væri út af fyrir sig ekki flókið mál, en það stæði þó á einu. Það stæði á því að fjmrn. hefði ekki efni á því að kaupa tölvu til þess að fylgjast með endurgreiðslunum og gera þannig framkvæmdina í senn fljótvirka og örugga.

Ég þarf svo ekki að hafa mikið fleiri orð um þetta. Ég tek undir það sem hv. 8. þm. Reykv. sagði. Með þessu vörugjaldi er verið að hverfa mörg ár aftur í tímann. Það er verið að gera skattheimtuna almennari og flóknari, það er verið að grafa undan fjölda fyrirtækja og það er verið með ég vil segja beinum hætti að vinna að því að atvinnuleysi breiðist út meðal þess fólks sem vinnur við húsgagnaiðnað, innréttingar og margvíslegan annan iðnað og síðast en ekki síst við byggingariðnaðinn. Það er kapítuli út af fyrir sig.

Við ræddum um það í gær, ég og hæstv. félmrh., hvaða erfiðleikar væru á að fjármagna húsnæðislánakerfið þannig að það gæti staðið við þær skuldbindingar sem til þess væru gerðar og búið er að leggja á það lögum samkvæmt. Hæstv. húsnæðisráðherra kvartaði undan því að fjmrh. væru ekki nógu örlátur við sig. Að öðrum kosti færist sér framkvæmdin betur úr hendi. Nú vil ég, herra forseti, mælast til þess, vegna þess að ég veit að forseti deildarinnar hefur mikil áhrif í ríkisstjórninni, hvort ekki sé hægt að ná samkomulagi um að vörugjaldið af byggingariðnaðinum renni þá í húsnæðiskerfið og komi þá húsbyggjendum til góða þeim megin frá. Það gæti kannski stytt biðröðina og þannig létt áhyggjum og armæðu af fólki og það fengi þá eitthvað til baka af skattinum. Ég geti ekki séð að fyrir þessu geti verið nein önnur réttlæting og ítreka þessa beiðni mína til forsetans, að hann beiti sér fyrir þessu, um leið og ég legg til að frv. verði fellt.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Herra forseti. Um þetta leyti fyrir jólin í fyrra hljómaði í eyrum okkar jólasálmur og það voru þrjár laglínur og þrjár nótur: einföldun, réttlæti og skilvirkni. Við kvennalistakonur heyrðum reyndar þá strax að nóturnar voru nokkuð mattar og spái ég því að lagið hafi verið sungið í moll en alls ekki í dúr.

Sú lækkun sem þá var gerð á vörugjaldi og tollum var réttlætt með því að matarskattur var lagður á um svipað leyti. En nú kveður við annan tón og nýja tóntegund með nýjum hæstv. fjmrh. Sem tekjulind hefur hann nú fundið hinar ýmsu nauðsynjar sem heimilin þurfa á að halda og hefur hugsað sér að leggja að nýju vörugjald á ýmsar tegundir af neysluvörum sem áður höfðu alls ekki neitt vörugjald. Þetta gerist á tímum launafrystingar sem er búin að standa yfir í nokkra mánuði og enginn reyndar veit svo sem hvað um hana verður, hverjar verða næstu efnahagsráðstafanir þessarar hæstv. ríkisstjórnar.

Ég lýsti hug okkar kvennalistakvenna nokkuð ítarlega hér seint í gærkvöld til þessa frumvarps og ætla ekki að fara út í smáatriði þess að þessu sinni. En ég tel nauðsynlegt að skýra aðeins, vegna þess að á eftir munum við fara út í atkvæðagreiðslu um málið og til þess að tefja ekki þá atkvæðagreiðslu með því að biðja um alls kyns sundurliðun, nokkur atriði og þá um leið hvernig og hvers vegna við munum greiða atkvæði eins og við munum gera.

Sumt innan 1. gr. er að fá á sig vörugjald þar sem ekkert vörugjald var. Vil ég þar nefna t.d. byggingarvörur, bílavarahluti og ýmislegt fleira. Ég nefndi það sérstaklega í ræðu minni hér í gær að ég tel vænlegra að hvetja fólk til þess að nota bílana lengur en nú er gert vegna þess að það fylgja því ýmsir ókostir og mikill viðskiptahalli að flytja inn allan þennan fjölda bíla sem nú er gert. Þess vegna held ég að hækkun á varahlutum í bíla sé afar vafasöm.

Ef við hefðum ráðið einhverju um vistun númera í 1. gr. hefðum við greitt atkvæði allt öðruvísi en við munum gera á eftir. Við erum t.d. hlynntar lækkun vörugjaldsins á ýmsum heimilistækjum úr 14% í 9%, en eins og ég sagði andvígar því að nú skuli leggjast nýr stofn á ýmislegt annað. Við hefðum hins vegar hugsað okkur að geta haldið 14% á ýmsum öðrum vörum og vil ég þá nefna sérstaklega vörur sem eru undir vöruflokknum nr. 17, sælgæti og sætindi sem ég lít ekki á að séu hinar daglegu nauðsynjavörur hvers heimilis. Við fögnum því reyndar líka að vöru-

gjald á kakó skuli lækka og vœrum til í að styðja það, en ég sé alls ekki rökin fyrir því að setja síðan sérstakan sykurskatt á kakó, 16% sykurskatt á kakó sem er ósæt vara. Það eru að mínu mati engin rök fyrir því hvernig þessi listi er settur saman og það sem maður gæti þess vegna hugsað sér að styðja undir a-liðnum gæti maður síðan alls ekki stutt undir b-liðnum og kann það nú að hljóma nokkuð undarlega. En eins og ég sagði þá sjáum við enga sérstaka ástæðu til þess að lækka vörugjald á sælgæti úr 14% í 9% og erum á móti því. Hins vegar vœrum við til í að styðja sérstakan sykurskatt á þá vöru.

Það hefur verið nefndur hér ósætur ávaxtasafi. Við erum að sjálfsögðu hlynntar því, sem fram kemur í 1. gr. undir a-liðnum, að lækka vörugjald á ósætum ávaxtasafa úr 14% niður í 9%, en við getum með engu móti fallist á að samþykkja síðan að leggja 16% sykurskatt á þennan ósæta ávaxtasafa.

Ég vildi láta þetta koma fram við þessa umræðu, eins og ég sagði áðan, til þess að tefja ekki um of umræðuna. Mér finnst rétt að geta þess að lokum að það er algerlega óverjandi á tímum launafrystingar að leggja slík aukagjöld á nauðsynjar heimilanna. Fyrst ég fór að minnast á ávaxtasafann ósæta vil ég líka láta þess getið að í landinu búa mörg börn sem hafa ofnæmi fyrir mjólk og það eru mörg heimili sem af þeim sökum þurfa að nota mjög mikið af þessum ávaxtasafa.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er aðeins örstutt viðbótarinnlegg frá umræðunni sl. nótt. Það er sérkennilegt ástand í þessu húsi þessa dagana á sama tíma og fjölskyldurnar í landinu eru að undirbúa jólahátíðina, við sjáum ys og þys á götunum ef við höfum yfirleitt tíma til að líta út um gluggana. Hér inni erum við í fílabeinsturni og ég er ansi hrædd um að hæstv. ríkisstjórn geri sér litla grein fyrir því hvaða áhrif það hefur á almenning í landinu sem hér er að gerast. Það má kannski segja að það bjargi henni í bili að fólk er svo upptekið af jólaundirbúningnum að það fylgist ekki náið með hvað efnislega er verið að gera innan dyra á hv. Alþingi.

En hér fáum við í hendurnar hvert skattafrv. af öðru sem eru skilaboð hæstv. ríkisstjórnar til þjóðarinnar um það sem fram undan er. Allt ber að sama brunni. Það er aðför að heimilunum í hverju einasta frv. sem hér er lagt fram. Það er aðför að íslenskum fyrirtækjum, að íslenskum atvinnurekstri og að íslenskum iðnaði, það frumvarp sem hér er verið að fjalla um.

Þegar matarskatturinn var lagður á á síðasta þingi voru tollar og aðflutningsgjöld lækkuð til að milda þau áhrif. Nú er sú lækkun tekin til baka og um leið horfið af braut einfaldleikans sem hæstv. þáv. fjmrh. Jón Baldvin Hannibalsson talaði svo fjálglega um þegar það mál var hér til umfjöllunar.

Við getum rifjað það upp sem gerðist þegar þetta frumvarp sá dagsins ljós á hv. Alþingi. Þá ruku margir upp til handa og fóta og fóru að versla, fóru að kaupa heimilistækin sem fyrir lá að áttu að hækka, 20% vörugjald átti að leggjast á heimilistækin og yfirleitt allt til heimilanna í landinu. Það var farið að hamstra, fólk varð sér úti um peninga, notaði krítarkortin og vörurnar seldust upp. Það lýsir best ringulreiðinni innan ríkisstjórnarinnar þegar hún sá hvað var að gerast, fór að endurskoða frumvarpið og lækkaði síðan prósenturnar niður þannig að nú er búið að plata fjölda fólks til að kaupa þessa vöru á hærra verði því að nú mun hún lækka vegna 9% skattsins sem á að koma í staðinn fyrir upphaflega 14%.

Mér þótti rétt, hæstv. forseti, að benda á þetta sem dæmi um þá ringulreið sem hér ríkir. Við sjálfstæðismenn erum að sjálfsögðu á móti þessu frumvarpi og leggjum til að það verði fellt.

Júlíus Sólnes:

Virðulegur forseti. Síðla nætur sl. nótt hélt ég langa ræðu um þetta dagskrármál, þ.e. vörugjaldið, og lýsti með hvaða hætti og hvaða rökum við þingmenn Borgfl., að einum undanskildum, erum andvígir þessari skattálagningu. Ég sagði jafnframt að ég harmaði afstöðu eins þingmanns flokksins í Nd., að hann hefði greitt atkvæði með þessu frumvarpi, en því verður ekki breytt. Hins vegar er það yfirlýst stefna Borgfl. að við erum andvígir þeirri gífurlegu skattlagningu, sem nú er verið að keyra í gegn, sem kemur mjög þungt niður á öllum almenningi og fyrirtækjum þessa lands og er síst til þess fallin að laga það ástand sem nú ríkir bæði í atvinnulífinu og í fjármálalífi og efnahagslífi þjóðarinnar.

Vörugjaldið er þægileg skattheimta. Það er fljótt til hennar gripið og hún er líkleg til að klóra saman nokkur hundruð milljóna í óseðjandi ríkiskassann. Hér er um að ræða skattform sem liggur vel við höggi ef svo mætti að orði komast.

Það kom alveg greinilega í ljós, bæði við meðhöndlun málsins í hv. Nd. og eins hér við 1. umr., að það eru mjög margir vankantar á þessari frumvarpssmíð. Því miður hefur svo illa til tekist að um verulega mismunun verður að ræða milli atvinnugreina og jafnvel milli fyrirtækja í mjög skyldum rekstri, eins og kom mjög greinilega fram við umræðu um málið. T.d. má nefna að sælgætisframleiðsla lýtur nú þeirri skattheimtu að ef hún fer fram í bakaríi er hún undanþegin vörugjaldi en ef hún fer fram hjá sælgætisverksmiðju ber hún fullt vörugjald, jafnvel þó um sama hlutinn væri að ræða. Þetta nær engri átt og þetta er nánast brot á stjórnarskránni þar sem segir að skattheimta skuli vera almenn og hún skuli leggjast jafnt á alla.

Ég hef oft rætt um það áður að það er gjörsamlega fráleitt og það er, eins og ég er að segja hér, andstætt a.m.k. anda stjórnarskrárinnar að skattlagning virki með þeim hætti að hún mismuni almenningi, mönnum og fyrirtækjum eins og hér er gert.

Það hafa ekki orðið neinar þær bragarbætur á frv.

í meðferðinni í hv. fjh.- og viðskn. Ed., en í morgun ræddum við þetta frumvarp ítarlega. M.a. fengum við á okkar fund fjölmarga fulltrúa atvinnulífsins sem sögðu okkur álit sitt á þessu frv. og með hvaða hætti það mundi virka. Allt það sem þessir fulltrúar atvinnulífsins sögðu við okkur styrkir mig í þeirri trú minni að hér sé um mjög illa unnið frv. að ræða þar sem fulltrúar fjmrn. sem þessa vinnu hafa unnið hafa ekki megnað að setja sig inn í vandamál atvinnufyrirtækjanna og atvinnulífsins í heild sinni.

Ég hef bent á það áður að það hefði verið ofur auðvelt, og reyndar höfum við boðað slíkar tillögur, að skera niður útgjaldahlið fjárlaga um einar 1600–1700 millj. kr. sem er mjög svipað og þær tekjur sem fjmrh. ætlar að vörugjaldið með þeim breytingum sem nú er verið að gera muni skila í ríkiskassann. Þannig hefði verið ofur auðvelt að leggja meiri vinnu í að fara yfir útgjaldahlið fjármála, skera þar niður sem næmi 1600–1700 millj. kr. og fjarlægja þetta frv. úr þingsölum og bjóða okkur ekkert upp á að horfa á það meir.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, hæstv. forseti, aðeins lýsa því yfir að við þingmenn Borgfl. í Ed. munum greiða atkvæði gegn frv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr., a-liður, samþ. með 10:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HÁ, JE, KSG, MF, SkA, StG, SvG, VS, EG, JHelg.

nei: EKJ, GuðmÁ, GHG, GA, HBl, JúlS, SalÞ, ÞK, DS.

2 þm. (KP, EgJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Frv. sem hér kemur nú til atkvæðagreiðslu er aðför að heimilunum í landinu, það er aðför að íslenskum iðnaði, það er aðför að íslenskum fyrirtækjum. Þetta er köld jólakveðja ríkisstjórnarinnar til íslensku þjóðarinnar. Ég segi nei.

1. gr., b-liður, 1701–1905, samþ. með 12:6 atkv.

1. gr., b-liður, 2009.1101–2201.1000, samþ. með 10:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HÁ, JE, KSG, MF, SkA, StG, SvG, VS, EG, JHelg.

nei: EKJ, GuðmÁ, GHG, GA, HBl, JúlS, SalÞ, ÞK, DS.

2 þm. (KP, EgJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Kvennalistakonur telja rétt að stjórnvöld gangi á undan með góðu fordæmi og stuðli að auknu heilbrigði þjóðarinnar með aðgerðum sínum. Best er að þær aðgerðir séu samræmdar og taki mið af almennri viðurkenndri stefnu í heilbrigðismálum. Nú hefur tvisvar verið lögð fyrir Alþingi íslensk heilbrigðisáætlun sem leggur megináherslu á fyrirbyggjandi aðgerðir í heilbrigðismálum. Hluti þessarar áætlunar varðar manneldismál og það er á valdi stjórnvalda að stýra neyslu að einhverju leyti með verðlagningu. Sykurát er óhóflegt meðal Íslendinga og veldur m.a. óvanalega miklum tannskemmdum barna auk annarra sjúkdóma. Þó að hér sé því miður ekki um samræmdar aðgerðir stjórnvalda að ræða, sem væri æskilegra, er þó hér sýnd viðleitni í rétta átt. Kvennalistakonur eru þess vegna hlynntar sérstakri skattlagningu á sætindi og gosdrykki, en við viljum þó undanskilja ávaxtaþykkni og ósykraðan ávaxtasafa. Nefna má að sum börn og fullorðnir hafa ofnæmi fyrir mjólk og mjólkurvörum og þótt þeim væri eflaust jafnhollt að drekka vatn í stað ávaxtasafa er þó líklegra að þeim hugnist ávaxtasafi betur. Því segi ég nei.

1. gr., b-liður, 2202.1001–3302.1002, samþ. með 10:7 atkv.

2.–4. gr. samþ. með 10:5 atkv.

Ákv. til brb. I–V samþ. með 10:7 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.

Stjfrv., 189. mál (skatthlutföll, persónuafsláttur o.fl.). — Þskj. 348, n. 365 og 368, brtt. 366, 373.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Á þskj. 365 liggur fyrir nál. frá meiri hl. fjh.- og viðskn. um frv. til l. um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Um þetta mál var fjallað á fundi nefndarinnar í morgun. Þangað komu m.a. til viðræðna við nefndina Ólafur Davíðsson frá Félagi ísl. iðnrekenda, Víglundur Þorsteinsson, formaður þess félags, Sigurður B. Stefánsson hagfræðingur, Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóri og frá fjmrn. Bolli Þór Bollason, Lárus Ögmundsson, Maríanna Jónasdóttir og Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

Það fóru fram töluverðar umræður um frv. á fundi nefndarinnar og sýndist þar auðvitað mönnum sitt hvað, en hér er eins og í vörugjaldsfrv. um að ræða eitt af tekjuöflunarfrumvörpum ríkisstjórnarinnar og forsendu fjárlaga og þó menn greini á um stig skattheimtunnar, hversu langt eða skammt þar skuli ganga, ætla ég ekki að fara út í þá sálma nér.

Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt með breytingu

sem flutt er á þskj. 366. Skylt er að geta þess þar sem þetta mál þarf nú aftur að fara til Nd. að samráð hefur verið haft við nefndarmenn þar og sýnist ekki vera ágreiningur um þessa breytingu þar, enda er hér um ívilnandi ákvæði að ræða sem þó hafa ekki tekjutap sem neinu nemur í för með sér fyrir ríkissjóð heldur er fyrst og fremst um að ræða lagfæringu í skynsemisátt og til bóta. En ég skal í örstuttu máli, herra forseti, gera grein fyrir því í hverju breytingin er fólgin.

Hún er fólgin í því að fella átti niður úr lögunum ákvæði sem þar var þess efnis að vélar og tæki að verðmæti innan við rúmlega 100 þús. kr., upphaflega um 80 þús. kr., þurfi ekki að eignfæra og fyrna vegna þess að mörkin þarna á milli eru oft býsna óljós, þ.e. hvað á að ganga langt niður, þannig að ekki þurfi t.d. maður sem kaupir sér dýptarmæli eða eitthvað því um líkt í bát, sem kostar 20 þús. kr., að eignfæra það og fyrna eftir reglum skattalaga heldur taki þær reglur skattalaga um eignfærslu og fyrningu fyrst gildi þegar verðmæti hlutarins fer upp fyrir þessa ákveðnu upphæð. Einhverra hluta vegna hafði þetta verið fellt brott, en mjög sterk rök hníga að því að taka þetta ákvæði upp aftur og það er lagt til að svo verði gert.

Hin brtt. er sú að rýmkaðar verði nokkuð frá því sem áður var, þ.e. úr 15% í 20%, afskriftir af skrifstofuvélum og tækjum og þá einkum tölvum. Það er sem sagt ívilnandi ákvæði líka. Auðvitað má margt um þetta segja. Ástæða hefði verið til að ganga þar lengra, en þetta var einfaldlega það sem samkomulag varð um við hæstv. fjmrh. og er gert með hans samþykki. Báðar þessar breytingar hníga í skynsemisátt, eru ívilnandi og til bóta og því er lagt til að þær verði samþykktar.

Undir þetta nál. skrifa, auk þess er þetta mælir, Margrét Frímannsdóttir, Valgerður Sverrisdóttir og Jóhann Einvarðsson.

Meiri hl. nefndarinnar leggur sem sagt til, herra forseti, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem tilgreindar eru á þskj. 366.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Í Egils sögu segir um Harald hárfagra: „Haraldur konungur var mjög gjörhugull." Þar segir enn fremur, með leyfi hæstv. forseta: „Haraldur konungur eignaðist í hverju fylki óðul öll og allt land, byggt og óbyggt, og jafnvel sjóinn og vötnin og skyldu allir búendur vera hans leiglendingar, svo þeir er mörkina orktu og saltkarlarnir og allir veiðimenn, bæði á sjó og landi, þá voru allir þeir honum lýðskyldir. En af þessi áþján flýðu margir menn af landi brott."

Ég hygg, hæstv. forseti, að líkingin með Haraldi konungi lúfu og hæstv. fjmrh. sé mjög mikil og má raunar segja um þá báða að eftir að þeir komust til valda voru báðir hárprúðir. (**Gripið fram í:** Og með greiðsluhalla.)

Hæstv. forseti. Það kom fram á fundi fjh.- og viðskn. í morgun að það er rétt sem segir í nál. minni hl. fjh.- og viðskn. Nd. að skattfrelsismörk einstaklinga lækka samkvæmt frv. frá því sem verið hefði í janúar nk. samkvæmt gildandi lögum úr 50.681 kr. í 47.513 kr. Þetta var staðfest af embættismönnum þannig að það liggur ljóst fyrir að það sem hæstv. fjmrh. sagði um hið gagnstæða á fundinum í nótt voru vísvitandi rangfærslur. Það voru í rauninni blekkingar sem hann bar á borð fyrir deildina til að breiða yfir að með þessu tekjuskattsfrv. er gengið lengra í skattlagningu á þá sem lægstar hafa tekjurnar en áður hefur verið og gert var á þessu ári. Þegar ég spurði skattfróða menn, sem mættu á fundi nefndarinnar, að því hvort þeir héldu að tekjuskattur hefði einhvern tíma verið hærri hér á landi, tekjuskattur á einstaklinga, svöruðu þeir því til að ef svo væri hefði það verið á kreppuárunum eða m.ö.o. á blómatíma framsóknar og Alþfl. Það er dæmigert að þegar þessir flokkar hafa nú náð saman með systurflokki sínum, Alþb., skuli þetta sama endurtaka sig, enda er það í samræmi við þann metnað fjmrh. að hækka æ meir skattana því lengur sem hann situr í stólnum og hefur hann nú náð því marki að skattaáþjánin í landinu er orðin meiri en á þeim tíma í sögu fullveldis okkar Íslendinga þegar lífskjör voru verst, atvinnuleysið mest og almenn vesöld eftir því.

Ég hlýt að vekja athygli á því, hæstv. forseti, að með því að taka upp skattvísitölu í staðinn fyrir þá viðmiðun sem nú er í gildandi lögum um lánskjaravísitölu var hæstv. fjmrh., eins og stundum er sagt, að grugga vatnið, kasta steini í forarpollinn til að grugga upp vatnið til þess að ekki sæist til botns. Hann var að reyna að villa um fyrir fólki, en á bak við allt þetta lá það eitt að reyna að koma í veg fyrir eðlilegan samanburð á skattbyrði milli ára. En það liggur nú sem sagt fyrir frá embættismönnum fjmrn. að það er búið að lækka skattleysismörkin, það er búið að skattleggja það fólk sem hefur þurftartekjur. Það fólk sem er með lægstar launatekjur í landinu á nú að greiða tekjuskatt til ríkisins. Þetta er mikil afturför, en dæmigerð fyrir þá ríkisstjórn sem hér situr.

En það er ekki aðeins í þessu efni sem hæstv. fjmrh. og ríkisstjórnin eru að villa um fyrir fólki. Í skýringum við 8. gr. frv. segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Skv. 4. gr. laga nr. 2/1988, sem fjalla um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, var hámarkstillag í fjárfestingarsjóð lækkað úr 40% í 30%. Í greinargerð með frv. að þeim lögum var getið að um væri að ræða fyrsta skrefið á þeirri braut að fella heimild þessa til frestunar á skattgreiðslum niður að fullu. Í samræmi við þetta markmið er í þessari grein lagt til að hámarkstillagið í fjárfestingarsjóð lækki úr 30% í 15% af skattstofni."

Svo mörg voru þau orð. Nú er hálferfitt að hafa ekki hæstv. fjmrh. hér til þess að hann geti staðið fyrir sínu máli þegar hann með þessum hætti er að gefa í skyn að skattastefna síðustu ríkisstjórnar hafi verið öfug við það sem hún raunverulega var og gerir það í opinberu plaggi. Við getum kannski

fyrirgefið ef hæstv. fjmrh. hefði gert þetta í almennum inngangi eða greinargerð. — Ég sé að hæstv. fjmrh. er hér í hliðarherbergi og heyrir hvað ég segi. — Ef hæstv. fjmrh. hefði kannski gert þetta í inngangi að greinargerð fyrir breytingum á frv. þannig að menn sæju að þetta væri almennt pólitískt snakk. En þegar orð af þessu tagi eru felld inn í skýringar við einstaka grein frv. hlýtur maður að líta svo á að það sem þar stendur sé óumdeilanlegt, það sé rétt, þar sé fullum sannleika fram haldið, en eins og við munum segir íslenskt skáld: Hálfsannleikur oftast er óhrekjandi lygi. Og þessi orð í greinargerð frv. eru hálfsannleikur.

Staðreyndin er sú að við höfum mjög rætt um það sjálfstæðismenn á liðnum árum og höfum haldið því fram að það væri heilbrigðara að lækka tekjuskatt fyrirtækja og þannig draga úr skyndifjárfestingu eða ótímabærri fjárfestingu sem einungis er stofnað til í því skyni að komast hjá óhæfilegri skattheimtu. Það getur verið undir mörgum kringumstæðum að slík flýting á fjárfestingu sé arðbær út af fyrir sig fyrir viðkomandi fyrirtæki þegar skattheimtan er óbærileg. Hins vegar er alveg ljóst að ef óréttlát skattheimta ríkisins er farin að hafa afgerandi áhrif á hvernig einstök fyrirtæki verja sínum hagnaði hlýtur það til lengri tíma litið að hafa í för með sér mikið óhagræði og draga úr hagvexti. Það var af þessum sökum sem við sjálfstæðismenn vildum lækka tekjuskatt á fyrirtækjum smátt og smátt og töldum að jafnframt væri unnt að draga úr varasjóðstillaginu vegna þess að það hafði þá ekki sama tilgang og áður.

En nú er fróðlegt að fá að vita hver er raunveruleg hækkun tekjuskatts á fyrirtækjum í landinu ef tekið er tillit til þess að meðalhækkun verðbólgu frá árinu 1986 til 1987 var 25,5% en búist er við því að meðalhækkun verðbólgu milli áranna 1988 og 1989 verði 12%. Að gefnum þessum forsendum liggur fyrir og er staðfest af embættismönnum fjmrn. að raunverulegt skatthlutfall, það sem er kallað á vondu máli effektíft skatthlutfall, hækkar úr 33,6% í 42,6% af hagnaði fyrirtækjanna. Þetta er ekkert smátt. Og þegar ofan á þetta bætast auknar skattaálögur á fyrirtækin vegna hækkunar eignarskatts, vegna hækkunar skatts á verslunar- og skrifstofuhúsnæði og fleira er ljóst að enn minna verður eftir. Það er einmitt skattheimta af þessu tagi sem gerir það óhjákvæmilegt að hafa hámarkstillög í fjárfestingarsjóð rýmileg þannig að miðað við þessa háu skattprósentu hefði þvert á móti verið nauðsynlegt að hækka hámarkstillagið á ný upp í 40% sem er í samræmi við háskattapólitík núverandi ríkisstjórnar.

Ég vil leggja áherslu á það, herra forseti, að með því að draga svo úr fyrningum sem gert er í þessu frv. og með því að lækka heimild til tillags í fjárfestingarsjóð um helming er verið, eins og formaður Félags ísl. iðnrekenda sagði á fundinum í dag, að draga úr framþróun og nýsköpun í íslenskum atvinnugreinum. Ólafur Davíðsson, framkvæmdastjóri Félags ísl. iðnrekenda, sem ég hygg að við hljótum öll að bera mikið traust til, og með hliðsjón af hans reynslu og með hliðsjón af þeim trúnaði sem þessi hagfræðingur hefur, bæði hér á landi og erlendis, er náttúrlega óhjákvæmilegt fyrir alþm. að hlusta á það sem hann segir, hann sagði á fundi nefndarinnar m.a. að fyrningarákvæði sem kannski kunna að hafa verið rýmileg fyrir fimm árum séu það ekki í dag vegna þess að endingartími tækja og véla sé sífellt að styttast vegna tækninýjunga sem koma fram ég vil segja nær því á hverjum degi og óhjákvæmilegt er fyrir fyrirtæki sem vilja standa sig að fylgjast með og tileinka sér hin nýju vinnubrögð á hverjum tíma. Ég hygg því, virðulegi forseti, að það sé óhrekjanleg staðreynd, það sé sannmæli að með þessari skattalagabreytingu er verið að vinna á móti nýsköpun í atvinnugreinum. Með þessum breytingum er sérstaklega vegið að framleiðsluatvinnuvegunum, ekki aðeins með fyrningarákvæðunum, ekki aðeins með því að minnka framlagið í varasjóðinn heldur líka með því að hækka eignarskattinn, en vitaskuld eru það fyrst og fremst framleiðsluatvinnuvegirnir sem þurfa á mikilli fjárfestingu og miklu eigin fé að halda. Ef við viljum síðan íhuga hvar framleiðsluatvinnuvegirnir hafa fyrst og fremst búið um sig, hvar þau fyrirtæki eru, þá eru þau úti á landi. Það er því mikið ófugmæli í því annars smekklega blaði Tímanum, sem á það til að koma manni á óvart eð fallegum forsíðum, þegar það heldur því fram að þessi ríkisstjórn sé sérstaklega og einkanlega ríkisstjórn fyrir strjálbýlið eða landsbyggðina. Þessi ríkisstjórn hefur þvert á móti knúið fram á Alþingi hverja aðgerðina á fætur annarri þar sem sérstaklega er vegið að atvinnulífi landsbyggðarinnar eða þá með sofandahætti og úrræðaleysi dregið við sig nauðsynlegar aðgerðir í atvinnumálum.

Sú skýring sem í grg. er gefin við 7. gr. frv. vakti athygli mína, en þar segir, með leyfi virðulegs forseta: „Það hefur tíðkast nokkuð að hlutafélög veiti eigendum sínum eða stjórnendum veruleg peningalán, oftar en hitt á vildarkjörum, vaxtalaust og óverðtryggt. Þegar áhrif verðbreytinga á eignir og skuldir félags eru metin myndar þessi neikvæða ákvöxtun á peningaeign fyrirtækja stofn til gjaldfærslu. Telja verður óeðlilegt að félög geti lækkað skattskyldar tekjur sínar með lánafyrirgreiðslu af þessu tagi. Því er lagt til í þessari grein að lán hlutafélaga til hluthafa, stjórnarmanna og framkvæmdastjóra félaga teljist ekki sem eignir við útreikning á verðbreytingarfærslu samkvæmt þessari grein."

Með hliðsjón af þessari skýringu í grg. frv. spurði ég ríkisskattstjóra að því hvort þetta ákvæði tæki einnig til samvinnufélaga, en eins og við vitum hefur það tíðkast hjá ýmsum samvinnufélögum á mismunandi tímum og mismunandi stöðum á landinu að þau láni stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum peningalán, oftar en hitt á vildarkjörum, vaxtalaust og óverðtryggt. Ríkisskattstjóri sagði mér að þótt hið skattalega hagræði væri tekið af hlutafélögunum skyldu kaupfélögin og samvinnufélögin halda því

skattalega samræmi sem þau hafa haft þó þau hafi með þessum hætti dulbúið launagreiðslur til sinna stjórnenda. Ég spurði ríkisskattstjóra að því hvort hann teldi að það samræmdist almennum skattasjónarmiðum og þeim grundvallarreglum sem lagðar væru í stjórnarskrá íslenska lýðveldisins að láta að þessu leyti aðrar reglur gilda um skattalegt hagræði samvinnufyrirtækja og hlutafélaga til að hygla sínum mönnum. Ríkisskattstjóri sagði að það væri ekkert í stjórnarskránni sem að hans hyggju bryti á móti því. Á hinn bóginn kom það fram áðan í ræðu hæstv. sjútvrh. að hann teldi að hinar sömu skattareglur ættu að gilda um verslun sem rekin væri af hlutafélögum og verslun sem rekin væri af samvinnufélögum.

Eins og þingdeildarmönnum er kunnugt vil ég mikið gera fyrir hæstv. sjútvrh. og af þeim sökum höfum við í minni hl. fjh.- og viðskn. flutt brtt. á þskj. 373 og er orðalagið í samræmi við ábendingar ríkisskattstjóra þannig að það tekur tvímælalaust af allan vafa um að hið sama skal gilda um hlutafélög og samvinnufélög hvað varðar skattlagningu vegna lána sem þessi fyrirtæki, sem eru hlutafélög eða samvinnufélög, veita stjórnarmönnum eða framkvæmdastjórum sínum. Ég trúi ekki öðru en meiri hlutinn fallist á þessa brtt. Meiri hl. hefur hvort eð er lagt fram brtt. við frv. þannig að það verður á ný að koma til Nd. Auðvitað getur mismunun af þessu tagi ekki viðgengist. Það er spilling að halda henni inni. Það er spilling að eitt félagsform skuli geta hyglað sínum mönnum eingöngu en önnur ekki. Auðvitað á ekkert félagsform að geta gert það. Það er þess vegna lagahreinsun að ná þessu út. Ég þarf svo ekki að útskýra þessa hlið málsins frekar.

Ég vil hins vegar segja almennt um skattlagningu á fyrirtækjum að það kom fram hjá þeim skattfróðu mönnum sem fjh.- og viðskn. fékk til ráðuneytis að kannski einhvern tíma eftir stríðið hefði skattbyrði fyrirtækja verið þyngri en nú. Það er með öðrum orðum svo að síðasta mannsaldur hefur að dómi allra þessara manna aldrei verið jafnþung skattbyrði á fyrirtækjunum og stefnt er að með þessu frv. Þó liggur fyrir að hver einasti maður í ríkisstjórninni gerir sér grein fyrir því að atvinnuvegirnir eiga nú við óvenjumikla erfiðleika að stríða og ríkisstjórnin gerir sér grein fyrir því að það stefnir hér að miklu atvinnuleysi og atvinnuöryggi er víðs vegar um landið ekkert. Samt sem áður leyfa þessir menn sér að efna til meiri skattbyrðar, íþyngingar skatts á fyrirtækjum landsins en hefur þekkst a.m.k. í heilan mannsaldur og eftir því sem þeir segja hefur skattbyrðin á einstaklingana ekki verið meiri a.m.k. tvo mannsaldra eða frá því síðast þegar kreppustjórn framsóknar og krata var við völd eins og nú er.

Ég vil, virðulegi forseti, benda á að ríkisstjórnin ætlar að hækka hámark eignarskatta úr 1,45% í 2,95% þegar eignir einstaklinga eru 7 millj. kr. eða meira. Auðvitað er þetta eignarupptaka. Og það sem er raunar sorglegast af þessu er að þunginn af þessari nýju skattheimtu leggst á útgerðarmenn, fólk í fiskvinnslu sem hefur tekist að eignast verulegan hlut í sínum framleiðslutækjum. Þetta er þess vegna beinn skattur á sjávarútveginn í landinu fyrst og fremst.

Það er eðlilegt að hæstv. sjútvrh. kjósi að vera fjarverandi við þessar skattaumræður þó að hann hafi gaman af því að tala um að það eigi að leggja skatta á Fiskveiðasjóð og Stofnlánadeild landbúnaðarins. Nú er komið að því að ræða um hagsmunamál sjávarútvegsins og þá er hann í felum. Þá vill hann ekki segja neitt. Þá er hann annars staðar. Þá eru sumir hvergi. En fyrir utan hvernig þessi skattheimta leggst með þessum ofurþunga á sjávarútvegsfyrirtækin og iðnfyrirtækin í landinu sem rekin eru af einstaklingum leggst þetta á fjölda einstaklinga sem búa í skuldlausum íbúðarhúsum og afleiðingin af þessari þungu skattheimtu getur ekki orðið önnur en sú að fólkið verður að selja eignir sínar til að standa undir þeim, eignir sem það hefur kannski lagt ævistarf sitt í að eignast, lagfæra, prýða og búa vel um, halda við. Nú á að hrifsa þessar eignir frá því fólki, ekkjum, einhleypum mönnum, hjónum sem eru hætt að hafa tekjur nema ellilífeyri. Þetta fólk á ekki lengur að geta búið í sínum gömlu híbýlum vegna þess að skattlagningarsvipa fjmrn. dynur á þeim, hvín á þeim.

Fyrrv. fjmrh. sagði að Sjálfstfl. hefði stungið rýting í bak sér þegar við vildum lækka nauðþurftir landsmanna um leið og við töldum nauðsynlegt að grípa til aðgerða til að rétta við atvinnulífið í landinu. Ég segi: Eftir þessar aðgerðir ríkisstjórnarinnar er bak hinna lægst launuðu, hinna sem minnst mega sín, blóði drifið eftir svipuhögg skattheimtumanna.

Virðulegi forseti. Minni hl. fjh.- og viðskn. leggur það til með mikilli sannfæringu að frv. verði fellt.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Tíminn er stuttur, hann er allt of stuttur og það er mjög ámælisvert. Okkur hafa verið gefnar örfáar klukkustundir til að fjalla um þetta frv. til laga sem hérna liggur fyrir og tekur til margra og flókinna þátta. Það er mikill skaði og eins og ég sagði áðan ámælisvert hve tímaskortur háir okkur þingmönnum, að því er mér virðist alltaf á þessum tíma ársins.

Við kvennalistakonur ásamt hv. flokkssystkinum hæstv. fjmrh. gagnrýndum mjög vinnubrögð hér í fyrra en lendum svo í nákvæmlega því sama um þessi jól. Það vil ég gagnrýna alveg sérstaklega því að þau mál sem við erum að fjalla um hér og óvönduð vinnubrögð í kringum þau geta haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar sem koma fram í ýmsum vafaatriðum og beinlínis göllum í lögunum þegar þau hafa tekið gildi og þá hefst gjarnan umfangsmikil leiðréttingarvinna sem ætti að vera alveg óþörf ef betur væri unnið að málum. Þessum vinnubrögðum verður að breyta. Það hefur reyndar oft verið sagt hér úr þessum ræðustól, en ef vinna okkar hér á að vera marktæk verða þessi vinnubrögð að breytast.

Það er rétt u.þ.b. ár síðan að í gildi gengu róttækar breytingar á skattalögunum. Þær voru að mörgu leyti nokkuð vel undirbúnar af nefnd skipaðri fulltrúum allra þingmanna og allra þingflokka og aðilum vinnumarkaðarins. Í því frv. sem við höfum hér til umfjöllunar er lagt til að hætt verði að miða framreiknun persónuafsláttar og barnabóta við lánskjaravísitölu eins og lögin kveða á um en taka þess í stað upp skattvísitölu sem breytist árlega. Með því er horfið frá því markmiði að tengja skattbyrði einstaklinganna við verðlagsþróun, en samkvæmt núgildandi lögum minnkar skattbyrðin hlutfallslega ef samdráttur verður í launum. Auk þess er í frumvarpinu lögð til hækkun á tekjuskattshlutfalli einstaklinga, en sú breyting þýðir hærri álögur á fólk með meðaltekjur og lægri tekjur en ella yrði. Ég vil taka það sérstaklega fram og minna á að auðvitað eru konur í stórum hluta á því launabili sem þar um ræðir. Þetta ætlar ríkisstjórn jafnréttis og félagshyggju að leggja til um þessi áramót.

Eins og fram kom á brtt. sem fluttar voru í Nd. af fulltrúum Kvennalistans getum við ekki sætt okkur við þessar breytingar á útreikningi. Við fluttum í Nd. brtt. sem fela í sér að núgildandi lög verði óbreytt hvað varðar framreiknun persónuafsláttar og barnabóta og að skatthlutfall verði ekki hækkað. Við fulltrúar Kvennalistans hér í hv. Ed. sáum ekki ástæðu til að flytja þær tillögur aftur eftir að þær höfðu verið felldar í Nd. í gærkvöld.

Í máli hæstv. fjmrh. hér sl. nótt kom fram að hann teldi hina nýju skattvísitölu heppilegri því í henni fælist frekar sveigjanleiki til hækkunar á persónuafslætti og barnabótum en með því fyrirkomulagi sem nú gildir. Ég vil hins vegar benda hæstv. fjmrh. á að skattvísitalan gefur líka auðveldlega möguleika á að halda þessu hlutfalli niðri og jafnvel lækka það. En hvað getur launafólk ekki trúað þessari hæstv. ríkisstjórn jafnréttis og félagshyggju til þess að gera núna með öllum þeim skattaálögum sem verið er að leggja til og það á tíma þegar í gildi er launafrysting? Það hefur því miður verið reynslan að frekar hneigjast stjórnvöld til að halda niðri eða lækka slík hlutföll. Ég vil geta þess líka að það verður erfiðara fyrir fólk að fylgjast með skattvísitölunni þegar stjórnvöld geta ráðskast með hana að eigin vild á þann hátt sem lagt er til.

Varðandi tekjuskatt einstaklinga vil ég minna á að í fyrra fluttum við kvennalistakonur tillögur í þinginu um að háar tekjur yrðu skattlagðar sérstaklega, bæði í tekjuskatti og útsvari. Ekki voru gerðar tillögur um það í Nd. nú, en við erum enn sömu skoðunar og munum vinna áfram að því máli. Við höfum einnig oft lýst þeirri skoðun okkar að skattleggja beri eignir umfram hófleg mörk. Við teljum að sú breyting sem gerð var í meðförum hv. fjh.- og viðskn. í Nd. sem fólst í hækkun viðmiðunarmarkanna hafi verið til bóta. Að öðru leyti teljum við tillögur um eignarskatt engan veginn grundvallaðar á nægilega miklum athugunum og þar kem ég aftur að þeim tíma sem okkur er ætlaður til að kynna okkur hin ýmsu mál á síðustu dögum þinghaldsins fyrir jólin.

Við getum verið sammála ýmsum þeim tillögum sem hér eru til afgreiðslu um skattlagningu fyrirtækja, en ég tel þó að þar beri ýmislegt að athuga og að þar skjóti nokkuð skökku við að ýmsu leyti og vil ég gera sérstakar athugasemdir við tvær greinar er varða skattlagningu á fyrirtækin.

Í fyrsta lagi varðandi 8. gr. þar sem lækkað er úr 30% í 15% það tillag sem fyrirtækjum er heimilað að greiða í fjárfestingarsjóð til að fresta skattagreiðslum. Þetta tillag var lækkað úr 40% í 30% um síðustu áramót og skyldi þá vera fyrsta skrefið til að lækka skatthlutfall fyrirtækja. Nú ber svo við að um leið og þetta er lækkað er skatthlutfall fyrirtækjanna hækkað og vil ég minna á að nú á dögunum vorum við líka að hækka sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Ég nefni þetta hér og bendi á að í hringiðunni sem skapast í þessum önnum er hætta á að yfirsýnin glatist. Það er öllum ljóst að það eru mikil vandamál uppi núna í rekstri fyrirtækja á Íslandi. Ég minntist áðan í umræðum um síðasta mál sem við fjölluðum um á þann söng, þann jólasálm sem hljómaði í moll í eyrum okkar í fyrra. Ég er ekki viss um að við þær breytingar sem hér er verið að leggja til hafi einu sinni náðst laglína.

Eins og ég gat um áðan sáum við ekki ástæðu til að tillögum okkar í Nd. felldum að flytja þær hér aftur og það eru, eins og ég gat reyndar líka um áðan, ýmsar greinar þessa frumvarps sem við gætum stutt, en við getum ekki stutt frumvarpið í heild sinni eins og það er fram sett hér.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Hérna er komið enn eitt skattafrumvarp ríkisstjórnarinnar. Nú erum við komin að síðasta frv. sem þessi hv. ríkisstjórn leggur fram, frv. um tekjuskatt og eignarskatt.

Við 1. umr. lýsti hv. 7. þm. Reykn. Júlíus Sólnes skoðun Borgfl. á þessu frv. Við erum mótfallnir þeirri hækkun sem frv. gerir ráð fyrir. Við teljum að á þeim tíma þegar kreppir að í þjóðfélaginu, kreppir að hjá einstaklingum og fyrirtækjum eigi ríkisvaldið ekki að taka meiri peninga til sín en fyrirtækin þola. Ég tel að þau frumvörp sem þegar hafa verið samþykkt séu nógu mikil byrði fyrir þessar tvær stoðir þjóðfélagsins og það frv. sem hér er lagt fram sé ónauðsynlegt. Ég held að það sé nær að draga enn frekar úr ríkisrekstrinum en leggja á þessar auknu skattaálögur.

Til að styrkja stoðir efnahagslífsins þurfa einstaklingarnir og fyrirtækin að geta lifað. Á því byggist afkoman og á því byggist það að við getum rétt úr kútnum. Við þurfum að koma peningum og fjármunum til einstaklinganna og fyrirtækjanna en ekki að taka peninga frá þeim í kreppuástandi.

Ég ætla ekki að fara út í einstakar greinar frv., en vil þó taka á nokkrum atriðum og þá sérstaklega er varða tekjuskatt fyrirtækja. Ég held að þar sé gengið

mjög nærri fyrirtækjum, aðallega þeim fyrirtækjum sem þó reyna að myndast við að skila hagnaði og greiða tekjuskatt í ríkissjóð. Þær breytingar tel ég mjög óæskilegar.

Í fyrsta lagi er þar gert ráð fyrir því að fyrirtæki megi ekki kaupa önnur fyrirtæki sem standa illa og nýta sér til frádráttar það tap sem verið hefur á rekstri þess fyrirtækis sem keypt er.

Núna, þegar staðan er sú að hvert fyrirtækið er að fara á höfuðið á fætur öðru og sérstaklega verður það áberandi þegar kemur fram í janúar og febrúar, held ég að svona heimildarákvæði sé nauðsynlegt. Fyrir þjóðarbúið er það versta sem getur komið fyrir að fyrirtæki verði gjaldþrota. Það er ekki aðeins að fólk missir vinnuna sem hjá fyrirtækjunum vinnur heldur einnig að uppgjör til lánardrottna getur verið mjög erfitt og skil við gjaldþrot taka oft langan tíma. Ég get nefnt sem dæmi að ef fyrirtæki verður gjaldþrota og skuldar kannski 100 milljónir, og þó svo að eignir séu 50–60 milljónir, þá tekur það um tvö til þrjú ár að greiða kröfuhöfum þennan eignarhluta. Þau fyrirtæki sem hafa verslað við þetta sérstaka fyrirtæki, sem verður gjaldþrota, geta oft ekki beðið svo lengi og eru jafnvel líka orðin gjaldþrota á þessu tveggja ára tímabili.

Þetta er eitt þeirra atriða sem ég vildi nefna. Annað er að ég held að sú hækkun sem gert er ráð fyrir í frv., að hækka tekjuskattinn úr 48 í 50%, sé ekki æskileg.

Í þriðja lagi vil ég nefna fjárfestingarsjóðina. Upphaflega þegar fjárfestingartillagið kom inn í lögin var gert ráð fyrir að fyrirtækin mættu nota 40% af hagnaði og leggja inn í banka og fá það frádráttarbært. Síðan var þetta lækkað niður í 30% og nú er gert ráð fyrir að það verði lækkað niður í 15%. Þetta gerði að verkum í mörgum tilvikum að fyrirtæki hættu við fjárfestingar sem fyrirhugaðar voru og sáu hag sinn í að leggja fjármuni inn á sérstaka reikninga í bankastofnunum. Kom það þjóðfélaginu í heild til góða þar sem þetta sérstaka ákvæði í lögunum leiddi til sparnaðar.

Í fjórða lagi vildi ég minnast á afskriftareglurnar, en gert er ráð fyrir í frv. að afskriftatíminn lengist. Má ég hér nefna sérstaklega tölvur og annan slíkan búnað, en endingartími slíks er mjög skammur. Ég vil nefna að tölvur t.d. úreldast nú á þremur til fjórum árum, en samt er ekki gert ráð fyrir í frv. að tekið sé mið af því heldur er endingartíminn þar fimm til sex ár.

Þetta eru helstu atriðin er varða tekjuskatt fyrirtækja sem ég vildi nefna. Varðandi eignarskattinn get ég í sjálfu sér fallist á að hann sé hækkaður að einhverju leyti, en mér finnst sú breyting sem þarna er gert ráð fyrir vera allt of mikil og skattheimtan allt of há.

Varðandi tekjuskatta einstaklinga, sem ég hefði í sjálfu sér átt að byrja á, þá er ég mjög á móti beinum sköttum og sérstaklega þegar þeir, eins og í frv. er gert ráð fyrir, bitna á meðaljóninum eða meðaleinstaklingnum sem ætti að vera að mínu mati skattfrjáls.

Þetta eru helstu atriði sem ég hef við frv. að athuga og lýsi því yfir, svo það komi ekki neinum á óvart, að ég mun greiða atkvæði á móti þessu frv.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð inn í þessa umræðu. Hér er á ferðinni enn eitt skattahækkunarfrumvarp ríkisstjórnarinnar, enn ein staðfesting á því að nú situr að völdum ríkisstjórn skattheimtu og forsjárhyggju. Það er ástæða til að undirstrika að ríkisstjórn sem telur sig vera sjálfkjörinn málsvara láglaunafólksins í landinu, verkafólksins, þeirra sem þurfa mest að erfiða fyrir nauðþurftatekjum, lætur sig ekki muna um og gerir það kinnroðalaust að senda slíkar kveðjur til íslensku þjóðarinnar sem þetta frv. felur í sér. Það felur í sér verulega þyngingu skattbyrðar allra hópa gjaldenda miðað við núgildandi skattalög. Samkvæmt breytingum á skattareglum fyrirtækja í frv. eru þær íþyngjandi og *órökréttar. Eignarskattar einstaklinga munu hækka* gríðarlega þó að frv. hafi verið breytt nokkuð til lækkunar. Enn er íþyngingin allt, allt of mikil.

Það talaði við mig ung kona í gær. Hún sagði mér frá því að þau hjónin hefðu barist fyrir því að losna við sínar skuldir og nú hefði þeim tekist að eignast íbúðina sína skuldlausa. En þá uppgötvar hún að nú er verið að endurskatta þessar eignir sem þau hafa eignast, hjónin, af sínum launatekjum í gegnum árin svo að nú þurfa þau að borga á hverjum mánuði álíka mikið og þeir sem eru að greiða skuldir af íbúðum sem þeir hafa enn ekki eignast. Það er sem sagt ekki hvetjandi fyrir fólk nú að eiga skuldlausar eignir heldur þvert á móti. Það er stefna okkar sjálfstæðismanna að afmá tekjuskatt af almennum launatekjum, jafnframt að persónuafsláttur sé að fullu millifæranlegur. Það er einnig okkar stefna að auka ekki skattlagningu eigna frá því sem verið hefur heldur þvert á móti að létta á eignarskattsbyrði einstaklinga með því að tvöfalda núgildandi fríeignarmörk.

Hér er á ferðinni enn ein köld jólakveðja ríkisstjórnarinnar til íslensku þjóðarinnar í formi aukinnar skattheimtu. Við sjálfstæðismenn leggjum til að þetta frv. verði fellt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 12:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: DS, EG, GA, HÁ, JE, KSG, MF, SkA, StG, SvG, VS, JHelg.

nei: EKJ, GuðmÁ, GHG, HBl, JúlS, SalÞ, ÞK.

2 þm. (EgJ, KP) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Þetta frv. er enn ein staðfesting á því að sú ríkisstjórn sem nú situr er ríkisstjórn skattheimtu og forsjárhyggju. Hér er enn ein aðför

að heimilunum í landinu. Hér er enn á ferðinni kvöld jólakveðja til íslensku þjóðarinnar. Og ég segi nei.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):
Herra forseti. Hér er enn ein tilraun ríkisstjórnarinnar til að treysta grundvöll velferðarkerfisins í landinu. Ég segi já.

Brtt. 366,1 samþ. með 11 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: MF, SkA, StG, SvG, VS, EG, EKJ, HÁ, JE, KSG, JHelg.
SalÞ, ÞK, DS, GuðmÁ, GHG, GA, HBl, JúlS greiddu ekki atkvæði.
2 þm. (KP, EgJ) fjarstaddir.
3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Eyjólfur Konráð Jónsson:
Herra forseti. Ég er svo sem engan að ásaka öðrum fremur þó að við ruglumst eitthvað í ríminu þegar tillögur koma mjög seint og málið er flókið eins og það er upp sett og þess vegna hafa menn kannski ekki gert sér grein fyrir hvað hér er um að ræða, en mér skilst að það sem í þessari tillögu felst, sem meiri hl. flytur, sé að ekki sé skylt núna að gjaldfæra t.d. hamra, naglbíta og smáverkfæri. Með þessu frv. hefur það allt saman verið sett á eignahlið fyrirtækja. Nú má taka naglbíta, hamra og kannski jafnvel kúbein og slíkt eins og þeir nota í Þjóðhagsstofnun þegar þeir eru að stjórna efnahagslífinu og eignfæra það en ekki gjaldfæra. En við skulum halda að það sé betra að fyrirtækin þurfi ekki að tíunda hvern hefil og þess vegna segi ég já við þessu.

Halldór Blöndal:
Herra forseti. Í öllum þessum hamagangi hafði ég tekið þau orð trúanleg að þetta væri almennt um að auka fyrningar. Það á þá að gera á skrifstofuáhöldum og tækjum upp í 20% eins og er í núgildandi lögum. Mér finnst hins vegar hálfsmátt að segja að „svo og annað lausafé sem fellur ekki undir 1.–3. tölul." skuli vera í 15% fyrningum, þannig að naglbítarnir hans Eykons verða eftir sem áður í 15% fyrningum því að ekki geta naglbítar verið skrifstofuáhöld og tæki þó að gatarar séu það. Ég held að það sé best að láta þetta afskiptalaust og ég greiði ekki atkvæði.

Júlíus Sólnes:
Virðulegi forseti. Ég sat fund hv. fjh.- og viðskn. Ed. í morgun þar sem var verið að ræða um þessi mál og þar sem komu upp hugmyndir sem leiddu til þessarar brtt. frá meiri hl. Ég verð að játa að eftir fundinn í morgun var ég jafnnær um hvað hefði verið talað og tek undir það með þeim hv. þm. sem hér hafa talað á undan mér og kvartað yfir því að þetta mál sé allt afar ruglingslegt. Það staðfestir fyrir mér hvað það er fáránlegt að þurfa að afgreiða tekjufrumvörp ríkisstjórnarinnar og fjárlög með þessum hraða rétt fyrir jól. Ég treysti mér ekki til að taka afstöðu í þessu máli. Ég held að það sé verið að gera eitthvað jákvætt hér. Ég er þó ekki viss. Ég greiði ekki atkvæði.

2. gr., svo breytt, samþ. með 11:7 atkv.
3. gr. samþ. með 10:7 atkv.
Brtt. 366,2 (4. gr. falli brott) samþ. með 14 shlj. atkv.
5. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 11:7 atkv.
Brtt. 373 kölluð aftur.
6.–19. gr. (verða 5.–18. gr.) samþ. með 11:6 atkv.
Brtt. 366,3 samþ. með 11 shlj. atkv.
20. gr. (verður 19. gr.), svo breytt, samþ. með 10:7 atkv.
21.–22. gr. (verða 20.–21. gr.) samþ. með 10:7 atkv.
Ákv. til brb. I–II samþ. með 10:7 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17:1 atkv.

EFRI DEILD

41. fundur, fimmtudaginn 22. des., að loknum 40. fundi.

Tollalög, 2. umr.

Frv. meiri hl. fjh.- og viðskn. Nd., 211. mál (grænmeti). — Þskj. 354, n. 374.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Eiður Guðnason):
Herra forseti. Á þskj. 374 er nál. frá fjh.- og viðskn. sem mælir með því að frv. verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði, 1. umr.

Stjfrv., 212. mál. — Þskj. 360.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það varð að samkomulagi milli allra þingflokka að láta það hafa forgang í þingstörfum fyrir jól að afgreiða tekjuöflunarfrv. sem hafa verið til umræðu í þessari hv. deild undanfarna daga. Síðan stóðum við frammi fyrir því hvort koma ætti saman milli jóla og nýárs og afgreiða fjárlög, 3. umr. og atkvæðagreiðslu, en hv. fjvn. hefur nú lokið sínum störfum.

Það varð samdóma niðurstaða allra þingflokka að þingmenn kysu frekar að eiga tímann milli jóla og nýárs til annarra verka og með fjölskyldum sínum en koma frekar saman fyrstu dagana í janúar til að afgreiða 3. umr. fjárlaga og greiða um þau atkvæði.

Þetta samkomulag hefur í för með sér að nauðsynlegt er að afgreiða frv. um greiðsluheimildir ríkissjóðs á fyrstu dögum næsta árs og það frv. sem hér hefur verið lagt fram er tæknileg útfærsla sem helgast af því samkomulagi þingflokka að afgreiða fjárlagafrv. frekar á fyrstu dögum næsta árs en milli jóla og nýárs.

Í 1. gr. frv. er kveðið á um greiðsluheimildir til loka janúarmánaðar. Ástæðan er sú að t.d. launagreiðslur eru greiddar í upphafi mánaðar fyrir mánuðinn allan og þess vegna nauðsynlegt að orða greinina með þessum hætti. Sama gildir um aðrar greinar. Sú sem snýr að útgáfu spariskírteina ríkisins helgast af því að það geti verið nauðsynlegt að hafa heimild strax í upphafi ársins, á fyrstu dögunum, til að gefa út spariskírteini af þessari upphæð þó að þau séu ekki öll seld á þeim dögum. Á sama hátt er í síðustu grein frv. kveðið á um heimild til lántöku til að mæta greiðsluhalla ríkissjóðs á árinu 1988 og reyndar einnig að hluta til á árinu 1987. Ástæðan fyrir því að öll sú upphæð er höfð í þessari grein er að það kann að opnast möguleiki á allra fyrstu dögum ársins að taka hagstætt lán á erlendum mörkuðum til að standa straum af þessari greiðslu og þá fannst mönnum rétt að hafa upphæðina alla inni. Það er ekki þar með sagt að hún verði notuð á þessum tíma því að það er tíminn fram í mars sem menn hafa til að ljúka þessu verki, en ef opnast á fyrstu dögum janúarmánaðar möguleiki til hagstæðrar lántöku var talið rétt að hafa lögformlegan grundvöll til að geta framkvæmt hana.

Ég vænti þess að þetta frv. fái greiðan gang í gegnum þessa hv. deild, enda er það til komið vegna góðs samkomulags þingflokka um afgreiðslu mála fyrir jól og á fyrstu dögum á nýju ári.

Ég mælist til þess, virðulegi forseti, að þessu frv. verði síðan vísað til fjh.- og viðskn. að lokinni þessari umræðu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

EFRI DEILD

42. fundur, fimmtudaginn 22. des., að loknum 41. fundi.

Bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði, 2. umr.

Stjfrv., 212. mál. — Þskj. 360, n. 381.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Hér er um að ræða frv. til laga um bráðabirgðagreiðslur úr ríkissjóði og heimildir til lántöku á árinu 1989 og fleira sem nauðsynlegt er að samþykkja vegna þess að fjárlög verða fyrirsjáanlega ekki samþykkt fyrr en eftir áramót. Þetta hefur gerst áður. Í framhaldi af því samkomulagi sem gert var á dögunum milli stjórnar og stjórnarandstöðu fylgir það að óhjákvæmilegt er að samþykkja frv. eins og hér um ræðir. Fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar hefur fjallað um frv. og mælir með samþykkt þess.

Undir nefndarálitið rita allir nefndarmenn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Tollalög, 3. umr.

Frv. meiri hl. fjh.- og viðskn. Nd., 211. mál (grænmeti). — Þskj. 354.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 382).

Tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.

Stjfrv., 189. mál (skatthlutföll, persónuafsláttur o.fl.). — Þskj. 380.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Við 3. umr. vildi ég leyfa mér fyrir hönd meiri hl. fjh.- og viðskn. að leggja fram tvær skriflegar breytingartillögur við frv.

Fyrri tillagan er við 5. gr. um að greinin orðist svo sem nú segir:

„Í stað 2. málsl. 4. mgr. 53. gr. koma tveir nýir málsliðir er orðast svo:

Skuldir og inneignir stjórnarmanna og framkvæmdastjóra félaga, sbr. 1., 2. og 4. tölul. 2. gr., svo og skuldir og inneignir hluthafa í hlutafélögum og ógreidd hlutafjárloforð, teljast ekki til eigna eða skulda við útreikning þennan nema því aðeins að skuldir þessar og inneignir séu vaxtareiknaðar með sambærilegum kjörum og gilda í innlánsstofnunum á hverjum tíma. Skuldir og inneignir eignaraðila sameignarfélaga, sbr. 3. tölul. 2. gr., teljast ekki til eigna eða skulda við útreikning þennan."

Um þessa tillögu er það að segja — takist mér að koma því rétt til skila — að um það er að ræða að jafnræði sé milli félagaforma, þ.e. að sömu reglur gildi um samvinnufélög og sameignarfélög og gilt hafa um hlutafélög í þessu tilliti og í lögunum eins og þau voru, svo og að lán milli þeirra aðila er hér greinir, séu þau á sömu kjörum og vaxtareiknaðar með sama hætti og gilda hjá innlánsstofnunum á sínum tíma, eru í rauninni ekkert óeðlileg. Annars skal játað að á þeim skamma tíma sem gefist hefur til að fjalla um þetta mál má vera að aðrir séu betur að sér um nánari útskýringar á þessu. Hér er verið að jafna aðstöðu þeirra aðila sem þessi lög taka til.

Í öðru lagi þá vil ég gera grein fyrir breytingartillögu við 9. gr. laganna þar sem fjallað er um sjómannafrádrátt, sem svo er kallaður, sem í lögunum, eins og þau eru nú, er 455 kr. á úthaldsdag. Tillaga okkar er að í stað 455 komi talan 492 og er þá tekið tillit til þeirrar hækkunar úr 2% í 2,3% sem orðið hefur á tekjuskattinum. Þessi breyting er til þess eins að sjómenn hafi sömu stöðu og aðrir og skattbyrði þeirra aukist ekki umfram byrði annarra þegna í þjóðfélaginu. Hér er í rauninni aðeins um leiðréttingu að ræða þannig að sjómenn verði jafnsettir og áður var að því er sjómannafrádráttinn varðar. Ég hygg að það hafi verið yfirsjón hjá okkur í nefndinni að hafa ekki komið auga á þetta en þetta er leiðrétt hér með. Um þessi tvö atriði er flutt skrifleg breytingartillaga, herra forseti.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. 383, sem var of seint fram komin, samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég get ekki sagt að ég taki undir þau ummæli formanns fjh.- og viðskn. að fjh.- og viðskn. hafi orðið á í sambandi við sjómannaafsláttinn. Í athugasemdum við einstakar greinar frv. segir um 12. gr.: „Samkvæmt þessari grein hækkar sjómannaafsláttur úr 365 kr. í 455 kr. fyrir hvern lögskráðan dag. Er það í samræmi við áætlaða launa- og verðlagsþróun að undanförnu og á næsta ári." Það er náttúrlega ógjörningur fyrir fjh.- og viðskn. þegar hún hefur tæpa klukkustund til að fjalla um svona viðamikið frv. að ... (**Gripið fram í:** Tæpar tvær.) Tvær klukkustundir. Við fjölluðum um vörugjald á þeim sama fundi. (**Gripið fram í:** Það var rétt.) Þannig að ógjörningur er auðvitað fyrir okkur að ganga úr skugga um það hvort upplýsingar sem gefnar eru í greinargerð séu réttar eða rangar. Báðar þingnefndir hafa sem aðstoðarmann fulltrúa frá Ríkisendurskoðun og það er hagdeild við fjmrn. Því eiga þingmenn ekki að þurfa að ganga úr skugga um að skýringar við einstakar lagagreinar séu tölulega réttar. Hér er einfaldlega um það að ræða að frv. er illa unnið, eins og raunar hefur komið fram á fleiri greinum. Ég verð samt að láta ánægju mína í ljósi yfir því að þessi skekkja í frv. skuli hafa verið upplýst af sjómannasamtökunum í tíma þannig að sjómenn haldi sínum rétti eins og til er ætlast.

Ég verð líka að láta í ljós ánægju mína yfir því að það náðist fram að rýmka, þó lítið væri, fyrningarheimildir frá því sem til stóð. Að síðustu lýsi ég ánægju minni yfir því að 6. gr. frv. sem nú er orðin 5. gr. skuli breytt á þann veg að ætlast er til að hún taki jafnt til allra fyrirtækja burtséð frá rekstrarformi fyrirtækisins. Á hinn bóginn verð ég að játa að mér hefur ekki unnist tími til þess að fara ofan í efni greinarinnar eins og hún er hér á breytingartillögunni. Ég átta mig ekki alveg á hvernig ríkisskattstjóri muni túlka þessa grein og má vera að nauðsynlegt hefði verið að setja inn í hana einhverja skírskotun til þess að farið væri eftir almennum viðskiptaháttum því að vitaskuld geta átt sér stað viðskipti milli hlutafélaga þegar annað er hluthafi í hinu og átta ég mig ekki alveg á hvernig það kemur út. Það er auðvitað alltaf erfitt að festa á blað flóknar lagagreinar án þess að menn geti sofið á því og af þeim sökum treysti ég mér ekki til þess að vera meðflm. að þessari tillögu, enda höfum við sjálfstæðismenn satt að segja lítinn áhuga á því að setja fingrafar okkar á þennan lagabálk í heild sem eru mestu okurskattalög í sögu lýðveldisins.

Þó ber að fagna því sem náðst hefur fram. Ef í ljós kemur að eitthvað í frv. er vanhugsað, eins og þegar hefur komið í ljós um margt, er auðvitað sjálfsagt að reyna að leiðrétta það á næsta ári í von um að hæstv. fjmrh. kunni að meta það og vilji koma til móts við þá sem með ábendingarnar koma.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að hafa um þetta fleiri orð. Það má segja að maður geti verið stoltur af því að frv. skuli þó vera pínulítið

skárra en í upphafi leit út fyrir að það yrði og ég hlýt að draga til baka brtt. mína eftir að þessi brtt. er fram komin.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Ég gæti tekið undir það sem hv. síðasti ræðumaður sagði en vek á því athygli að hér var talsvert fjaðrafok í dag þegar tók að líða á daginn út af brtt. sem hann, ég og hv. þm. Júlíus Sólnes fluttum við 6. gr. Samþykkt þeirrar tillögu hefði þýtt að ákvæði þau sem tekin eru upp í þá grein varðandi lán til stjórnarmanna og framkvæmdastjóra félaga mundi ná einnig til annarra félaga en hlutafélaga, þar á meðal til samvinnuhreyfingarinnar og annarra félaga.

Menn voru á rökstólum og fengu hvorki meira né minna en þann sem er nú sjálfsagt einna klókastur okkar alþingismanna í framtalsmálum, bókhaldsmálum og kannski fjármálum, sjálfan sjútvrh. til að búa til nýja tillögu. Hafði hann m.a. samráð við löggiltan endurskoðanda, sem ég reyndar gat ekki náð í þar sem hann var fjarverandi. Ég efast þó ekki um að þær skýringar séu réttar að þarna er auðvitað ekki um sama ákvæðið að ræða og það sem gilti fyrir hlutafélögin, en það er þó fagnaðarefni að eitt skuli yfir alla eiga að ganga með þessari brtt. Auðvitað eru heimildirnar allt aðrar og rýmri í þessari grein og kannski er engin vanþörf á því að þær séu það þegar alla á að beita ofríki í skattamálum og jafnvel að hundelta.

Ég get því væntanlega fallist á að þessi grein komi þarna inn en það er alveg ljóst að vegna okkar tillagna um að þetta gilti fyrir alla byrjuðu menn að hlusta á hvað væri verið að gera. Það er allt í lagi að þetta gilti fyrir hlutafélög einvörðungu en þegar átti að koma nær hjartanu varð náttúrlega að breyta öllum textanum og hafa hann rýmilegri.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 383,1 samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 383,2 samþ. með 18 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HÁ, JE, KSG, MF, SkA, StG, SvG, VS, EG, JHelg.

nei: EKJ, GuðmÁ, GHG, GA, HBl, JúlS, SalÞ, ÞK, DS.

2 þm. (KP, EgJ) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Þegar Árni Magnússon var á gangi um götur Kaupmannahafnar heyrði hann að Herleg dáð sagði við kónginn: Skattarnir á Íslandi eru 70. Nei, sagði Árni Magnússon. Þeir eru ekki 70, þeir eru heldur ekki 7 sinnum 70, þeir eru 70 sinnum 70. Ég held að Árni Magnússon hafi haft rétt fyrir sér. Ég segi nei.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Þrátt fyrir þessar síðustu breytingar sem við vorum að samþykkja hér, sem eru allar til bóta og lagfæra ýmis atriði í frv., verður ekki horfið frá þeirri staðreynd að frv. gerir ráð fyrir verulegri skattaíþyngingu, sérstaklega þó á atvinnulífinu, þ.e. fyrirtækjunum.

Þá er einnig um að ræða að einstaklingar og fjölskyldur verða nú skattlagðar vegna eignamyndunar sinnar sem þær hafa unnið við að afla með hörðum höndum af sparifé sínu sem þær hafa þegar greitt skatta af. Svona skattheimta er gengin út í öfgar. Ég segi nei.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í máli mínu fyrr í dag og sl. nótt tel ég þau vinnubrögð sem við höfum leiðst út í að stunda þessa dagana mjög ámælisverð. Hér hafa menn orðið að skoða mikilvæg mál í miklum flýti og taka afstöðu til þeirra. Hef ég reynt að kynna mér þau mál eins vel og kostur hefur verið þessar síðustu klukkustundir. Ég verð þó að játa að oft líður mér eins og kennara sem hefur ekki lesið próf nemendanna mjög nákvæmlega, en gefur þeim samt einkunn til þess að skila úrlausnum á réttum degi.

Ég lýsti því fyrr í dag að við kvennalistakonur gætum stutt ýmsar greinar í því tekjuskatts- og eignarskattsfrv. sem við nú greiðum atkvæði um en að tillögum okkar í hv. neðri deild felldum ákváðum við að flytja þær ekki aftur hér. Við munum ekki styðja frv. og ég segi nei.

Frv. endursent Nd.

Vörugjald, 3. umr.

Stjfrv., 162. mál (gjaldflokkar og gjaldstofn). — Þskj. 345, brtt. 379.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Félag húsgagna- og innréttingaframleiðenda hélt fjölmennan félagsfund þar sem mótmælt var harðlega því sem fundurinn kallar aðför að íslenskum húsgagna- og innréttingaiðnaði og sem felist í frv. um breytingu á lögum um vörugjald sem ríkisstjórnin hefur lagt fyrir Alþingi. Síðan segir í ályktun félagsfundar, með leyfi hæstv. forseta:

„Félagið bendir á eftirfarandi atriði:

Íslenskur húsgagna- og innréttingaiðnaður hefur árum saman átt í mjög harðri samkeppni við erlenda aðila. Á undanförnum missirum hefur samkeppnis-

staðan versnað stórum vegna fastgengisstefnu, óhóflegs fjármagnskostnaðar og erfiðra starfsskilyrða. Þrátt fyrir mikið uppbyggingarstarf íslenskra húsgagnaframleiðenda hefur markaðshlutdeild þeirra sífellt farið minnkandi allt frá um 73% á árinu 1977 niður í um 32% á sl. ári. Í innréttingaframleiðslu hefur innlend markaðshlutdeild einnig minnkað stórlega, eða úr um 90% niður í um 52% á sl. ári. Að leggja vörugjald á íslensk húsgögn og innréttingar og jafnframt á hráefni til þeirrar framleiðslu er því forkastanlegt og lýsir óskiljanlegri vanþekkingu eða skilningsleysi stjórnvalda á samkeppnisaðstöðu þessa iðnaðar.

Félagið varar sérstaklega við þeirri fráleitu skoðun, sem sumir hafa haldið fram, að vörugjald sé hlutlaus skattur sem komi jafnt við innflutning sem innlenda framleiðslu. Hækkun á innlendum húsgögnum og innréttingum vegna vörugjalds gefur erlendum keppinautum kjörið tækifæri til þess að ná til sín enn þá stærri hluta af markaðnum, enda hefur reynslan sýnt að þeir geta auðveldlega í krafti stærðar sinnar, og e.t.v. einnig með ríkisstyrkjum til útflutningsátaks, tekið á sig hækkunina tímabundið. Fyrirsjáanlegt er að vörugjald á hráefni muni verulega íþyngja ýmsum fyrirtækjum og jafnvel gera starfsemi sumra fyrirtækja vonlausa. Staðreyndin er sú að þrátt fyrir undanþáguheimildir í tolla- og vörugjaldslögum er ógerningur í framkvæmd að koma í veg fyrir að iðnaðurinn þurfi að hluta að greiða vörugjald af hráefni sínu. Aðeins þegar iðnfyrirtæki annast sjálf innflutning hráefna sinna er í framkvæmd unnt að koma í veg fyrir að þau þurfi að bera vörugjald sem lagt yrði á hráefni.

Þegar hráefni eru keypt af innlendum efnissala, eins og eðlilega er mjög algengt að fyrirtæki í húsgagna- og innréttingaiðnaði geri, er óhjákvæmilegt að vörugjald hækki framleiðslukostnað. Íslenskur húsgagna- og innréttingaiðnaður greiðir þegar 25% söluskatt af allri framleiðslu sinni auk annarra skatta. Ef vörugjald bætist við mun það stuðla mjög að því að framleiðslan færist frá verksmiðjum og vel búnum verkstæðum inn á byggingarstað eða það sem verra væri, yfir í bílskúrsstarfsemi sem að sjálfsögðu mundi hvorki greiða vörugjald, söluskatt né tekjuskatt. Vörugjald er upphaflega lagt á sem verksmiðjuskattur og skattformið er að öllu leyti miðað við verksmiðjur sem fjöldaframleiða tiltölulega fáar samkynja vörur og selja í heildsölu. Skattformið á hins vegar engan veginn við í íslenskum húsgagna- og innréttingaiðnaði þar sem meiri hluti fyrirtækjanna eru smáfyrirtæki sem ekki selja staðlaða framleiðsluvöru eins og vörugjaldslögin gera ráð fyrir heldur stunda sérsmíði og selja fyrst og fremst út vinnu og efni.

Félag húsgagna- og innréttingaframleiðenda ítrekar mótmæli sín við ráðgerðri skattlagningu á íslenskan húsgagna- og innréttingaiðnað og telur að verði frv. að lögum muni það leiða til þess að mörg fyrirtæki verða að hætta starfsemi og hluti þeirra 1400 manna sem starfa í húsgagna- og trjávöruiðnaði missi atvinnu sína."

Ég rifja það upp, herra forseti, að talað hefur verið um það í sambandi við aðrar iðngreinar að hundruð manns missi atvinnu sína. Landssamband iðnaðarmanna hefur sent alþingismönnum dreifibréf, dagsett í dag, sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Engu er líkara en fjmrh. og starfsmenn hans séu innkaupastjórar iðnfyrirtækja í hjáverkum. Þeir þykjast hafa meira vit en fyrirtækin sjálf á því hvort og að hve miklu leyti vörugjald og önnur gjöld leggjast á hráefni iðnfyrirtækja. Annað verður ekki skilið af yfirlýsingu þeirra í fjölmiðlum í framhaldi af ábendingu Landssambands iðnaðarmanna um áhrif vörugjaldsfrv.

Kjarni málflutnings Landssambands iðnaðarmanna um vörugjaldið er þessi:

Samkeppnisstaða innlendra iðnfyrirtækja versnar með álagningu vörugjalds fyrst og fremst af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi hækkar vörugjald vöruverðið og af þeirri ástæðu dregur almennt úr eftirspurn eftir vörunni. Auk þess gefa slíkar hækkanir erlendum keppinautum kjörið tækifæri til þess að ná til sín auknum hluta af íslenskum markaði, en þeir geta iðulega í krafti stærðar sinnar og annarrar aðstöðu tekið á sig slíka hækkun tímabundið.

Í öðru lagi á nú að leggja vörugjald á öll mikilvægustu hráefni til húsgagna-, trjávöru- og byggingariðnaðar. Fyrirtæki sem teljast til samkeppnisiðnaðar, eins og t.d. húsgagnaiðnaðar, geta að vísu fengið fellt niður vörugjald af hráefni sem þau flytja inn sjálf. Hins vegar er það alls ekki svo að algengast sé að þau u.b.b. 300 fyrirtæki sem enn þá eru starfandi í húsgagna- og trjávöruiðnaði flytji sjálf inn hráefni. Þvert á móti er mjög algengt að fyrirtækin, jafnvel þau stærstu, kaupi hráefni sitt af innlendum efnissala. Landssamband iðnaðarmanna hefur kannað sérstaklega hve stór hluti hráefnisins til húsgagna- og innréttingaiðnaðar er keyptur af innlendum efnissölum. Er það um það bil 65% af heildarhráefnisnotkun í iðngreininni.

Þegar hráefni er keypt af innlendum efnissala þurfa fyrirtækin samkvæmt vörugjaldslögum að greiða vörugjald en er síðan heimilt að draga gjaldið af hráefni frá við skattskil. Þessi frádráttarheimild er bundin við vörugjaldsskylda aðila en gjaldskyldan miðast við tollskrárnúmer framleiðsluvara. Sama fyrirtæki sem rekur t.d. bæði trésmiðju og byggingarstarfsemi, eins og mjög er algengt, getur m.ö.o. bæði verið gjaldskylt og ekki gjaldskylt. Enn fremur á vörugjald að leggjast á hráefni til málmiðnaðar og einingahúsaframleiðslu sem ekki eiga að innheimta vörugjald af fullunnum vörum. Í því tilviki fæst vörugjald af hráefni aðeins niðurfellt ef iðnfyrirtækin flytja hráefnið inn sjálf. Er því fyrirsjáanlegt að fjmrn. þarf að setja flóknari reglur um framkvæmd slíkra frádráttarheimilda sem óhjákvæmilega verða erfiðar og mannaflakrefjandi í framkvæmd. Þá telur Landssamband iðnaðarmanna sig hafa vissu fyrir því af fyrri reynslu að í slíkri framkvæmd mundi

tekjuöflunarsjónarmið ríkissjóðs verða sett ofar hagsmunum íslensks iðnaðar. Vörugjaldsskylda á hráefni íslensks iðnaðar mundi m.ö.o. skerða samkeppnisstöðu hans og afleiðingin mundi t.d. verða sú að markaðshlutdeild íslenskra húsgagna- og innréttingaframleiðenda, sem hefur farið síminnkandi undanfarin ár vegna erfiðra aðstæðna, mundi enn minnka.

Landssambandi iðnaðarmanna er kunnugt um að innflytjendur húsgagna og innréttinga hafi á undanförnum dögum verið í stórum stíl að leysa vörur úr tolli og birgja sig upp fyrir næstu mánuði. Samkvæmt brtt. meiri hl. fjh.- og viðskn. Nd. er innlendum framleiðendum veittur allt að fjögurra daga aðlögunartími að lögunum. Á sama tíma hafa innflytjendur birgt sig upp til margra mánaða og geta því boðið vörur sínar án vörugjalds fram á vor en innlendum framleiðendum er hins vegar gert að hefja innheimtu vörugjalds frá og með 1. jan. nk.

Landssamband iðnaðarmanna krefst þess, sé það vilji meiri hluta á Alþingi Íslendinga að refsa íslenskum iðnaði með samþykki þessa lagafrv., að í það minnsta verði leiðrétt það hróplega misrétti sem í gildisákvæðum laganna felst og innlendum framleiðendum gefinn a.m.k. fjögurra mánaða aðlögunartími."

Svo mörg voru þau orð, herra forseti, og geta ekki misskilist.

Minni hl. fjh.- og viðskn. telur einsýnt að nauðsynlegt sé að verða við tilmælum Landssambands iðnaðarmanna. Ég hef á fundi fjh.- og viðskn. kynnt meiri hlutanum tillögu okkar sem er þess efnis að innlendu framleiðendurnir fái fjögurra mánaða umþóttunartíma eins og þeir telja að sé algert grundvallaratriði eigi nokkur von að vera til þess að þessi iðnaður geti haldið velli. Því miður tókst ekki að telja meiri hlutann á að þessi frestur væri nauðsynlegur fyrir þessa atvinnugrein. Ég fer satt að segja, herra forseti, að halda að það skipti ekki lengur máli fyrir munn hvaða atvinnugreinar stjórnarandstaðan talar. Við fáum nei og aftur nei. Það er hvergi hliðrað til. Það er haldið áfram að þyngja pinklana og ekkert horft á það hvort viðkomandi starfsgreinar standi vel eða illa. Það er ekki horft á það í hvaða knérunn er verið að vega.

Ef einhver hér inni heldur að húsgagnaiðnaðurinn sé aflögufær hefur hann lítið fylgst með íslenskum atvinnuvegum, a.m.k. síðasta áratuginn. Ég fullyrði ekki meira. Svo er um ýmislegt annað. Þess vegna vil ég vona það enn í lengstu lög að þeir menn sem ráða ferðinni í skattheimtunni biðji um að gert verði hlé á þessum fundi, eins og gert var eftir að ég flutti breytingartillögu við tekjuskattsfrv., og þingi nú vel og lengi hér í hliðarherbergi og komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé alleinasta nóg að verða við mínum tilmælum heldur gangi þeir lengra og felli vörugjaldið niður af húsgagna- og innréttingaiðnaðinum í landinu.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Ef hv. 2. þm. Norðurl. e. heldur að þau fundahöld sem áttu sér stað fyrr í dag hafi eingöngu verið vegna brtt. hans er það ekki alveg rétt. Það var ýmislegt fleira til umræðu en vissulega var þar fjallað um hans tillögu og komið til móts við þau sjónarmið sem þar komu fram eins og hann hefur reyndar áður lýst og þau raunar tekin upp að fullu. Um það ræddu menn kannski ekki mjög lengi.

Ég vildi, herra forseti, fá leyfi til fyrir hönd meiri hl. fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar fá að gera grein fyrir skriflegri brtt. við frv. til laga um vörugjald. Hún er á þá leið að á eftir ákvæði til bráðabirgða III komi nýtt ákvæði til bráðabirgða, IV, sem orðist svo:

„Þrátt fyrir ákvæði 1. og 4. gr. skal ekki greiða vörugjald af innlendri húsgagna- og innréttingaframleiðslu í tollskrárnúmerum 9401.1000 til 9404.9000 fyrr en frá og með 1. mars 1989."

Þessi tillaga gengur nokkru skemmra en sú tillaga sem hv. þm. Halldór Blöndal hefur gert grein fyrir en hér er komið nokkuð til móts við húsgagna- og innréttingaframleiðendur og þeim veittur aðlögunartími, að vísu ekki alveg jafnlangur og farið var fram á en þó fram til 1. mars á næsta ári. Vill meiri hl. með þessu koma til móts við þær óskir og raunar eindregnu kröfur sem fram hafa verið settar.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa um þetta fleiri orð. Þessi tillaga skýrir sig að öðru leyti sjálf. Hér er um aðlögunartíma að ræða fyrir húsgagna- og innréttingaframleiðslu.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég er að sjálfsögðu ánægður yfir hverju því skrefi sem næst til þess að létta af einhverjum sköttum en ég vil á hinn bóginn benda á að það eru fleiri framleiðslugreinar en húsgagna- og innréttingaiðnaðurinn sem þurfa á innfluttum vörum að halda til síns rekstrar og tillaga meiri hl. tekur ekki til þeirra. Það er því ekki aðeins að skemmra sé gengið í tíma heldur gerir tillaga meiri hl. beinlínis upp á milli framleiðslunnar í landinu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. 386, sem var of seint fram komin, samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 379 felld með 10:9 atkv.

Brtt. 386 samþ. með 16 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10:9 atkv. og endursent Nd.

EFRI DEILD

43. fundur, fimmtudaginn 22. des., að loknum 42. fundi.

Bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði, 3. umr.

Stjfrv., 212. mál. — Þskj. 360.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 387).

Jólakveðjur.

Forseti (Jón Helgason):

Þá er komið að lokum þessa fundar sem verður síðasti fundur í Ed. fyrir jól og nýár. Ég vil því þakka hv. deildarmönnum kærlega fyrir ánægjulegt og árekstralaust samstarf á þessu þingi það sem af er og vænti þess að svo verði áfram á nýju ári. Ég vil jafnframt færa öllum þingdeildarmönnum bestu jóla- og nýársóskir og jafnframt skrifstofustjóra Alþingis og öllu starfsliði.

Þeim deildarmönnum sem eiga um langan veg að sækja heim um jólin óska ég góðrar heimferðar og heimkomu og vænti þess að við megum öll hittast hér heil á nýju ári.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrir hönd þingdeildarmanna þakka hæstv. forseta hlý orð og góðar óskir í okkar garð. Ég þakka honum góða og vinsamlega fundarstjórn það sem af er þessu þingi og óska honum og fjölskyldu hans gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Skrifstofustjóra Alþingis og öllu starfsfólki vil ég þakka lipurt og gott samstarf að vanda, ekki síst í heiðbundnum önnum fyrir þinghlé. Þeim og fjölskyldum þeirra vil ég einnig óska gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Svo vona ég að við hittumst öll heil og endurnærð á næsta ári og bið hv. þingdeildarmenn að rísa úr sætum og taka undir orð mín. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (Jón Helgason):

Ég þakka hv. 6. þm. Reykv. fyrir góðar óskir í minn garð og minnar fjölskyldu og vil taka undir orð hennar að við megum öll hittast hér hress og kát á nýju ári og endurtek jóla- og nýársóskir til ykkar allra.

NEÐRI DEILD

38. fundur, fimmtudaginn 22. des., kl. 2 miðdegis.

Forseti tók eina dagskrármálið af dagskrá.

NEÐRI DEILD

39. fundur, fimmtudaginn 22. des., að loknum 39. fundi.

Bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði, 1. umr.

Stjfrv., 212. mál. — Þskj. 360.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það varð að samkomulagi milli fulltrúa þingflokka að viðhafa þau vinnubrögð hér í hv. Alþingi að reyna að afgreiða fyrir jólahátíð þau frv. sem fyrst og fremst snerta tekjuöflun ríkissjóðs á næsta ári. Þegar síðan var rætt um það hvort þingheimur vildi frekar koma saman á milli jóla og nýárs til þess að afgreiða fjárlög eða gera það á fyrstu dögum hins nýja árs var það sameiginleg niðurstaða að þingheimur kaus að koma frekar til þeirra verka í fyrstu viku janúar og ljúka þeim þá. Sú ákvörðun að hafa hlé á störfum þingsins á milli jóla og nýárs en afgreiða fjárlög í fyrstu viku janúarmánaðar, á fyrstu dögum hins nýja árs, gerir það óhjákvæmilegt að við afgreiðum frv. til laga um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði og heimildir til lántöku á árinu 1989. Þótt ætlunin sé að ljúka fjárlagafrv. á allra fyrstu dögum hins nýja árs er engu að síður nauðsynlegt að frv. sé útbúið með þeim hætti sem hér er gert.

Í 1. gr. frv. er ríkisstjórninni heimilað að greiða úr ríkissjóði til bráðabirgða til 31. janúar 1989. Ástæða þeirrar dagsetningar felst m.a. í því að laun eru greidd fyrir fram, mánuður í senn, og óhjákvæmilegt er að hafa þannig heimildina til þessa tíma þótt fjárlagafrv. verði búið að fá lagagildi löngu fyrir þá dagsetningu. Sama gildir varðandi 2. og 3. gr. frv., þar er að finna ákvæði sem nauðsynlegt er að hafa með þessum hætti strax á fyrstu dögum nýs árs. Hvað 4. gr. snertir er vísað þar til hugsanlegrar nauðsynlegrar lántöku vegna þeirra skulda sem ríkissjóður hefur stofnað til í Seðlabanka Íslands, bæði á yfirstandandi ári og einnig vegna greiðsluhalla ríkissjóðs á árinu 1987. Nauðsynlegt er að hafa heimild fyrir allri þessari upphæð strax á fyrstu dögum nýs árs ef hagstæð skilyrði skapast til þess að leysa það vandamál með lántökum sem bjóðast á kjörum sem talin eru ákjósanleg.

Hér er því fyrst og fremst um að ræða nauðsynleg

formsatriði til þess að geta uppfyllt þá vinnuákvörðun þingsins að ljúka skattafrv. fyrir jól en afgreiða fjárlagafrumvarpið á fyrstu dögum hins nýja árs í stað þess að gera það milli jóla og nýárs. Þar sem þetta frv. er flutt í samræmi við sameiginlegt samkomulag allra þingflokka vænti ég þess að það fái skjóta og góða afgreiðslu hér í þinginu og mælist til þess, virðulegi forseti, að að lokinni 1. umr. verði því vísað til hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég ætla nú ekki að gera athugasemd við þetta en vil nota tækifærið til þess að minna á það að yfirmenn fjármála hér á Íslandi gætu gjarnan komið þeim skilaboðum til sinna sérfræðinga að gefa einhverjar upplýsingar um það hvaða áhrif sala spariskírteina ríkissjóðs í mjög miklum mæli hefur á vaxtaþróunina í landinu gagnvart atvinnuvegunum. Ég sé ástæðu til þess að minna á þetta vegna þess að mér finnst einhvern veginn að það skorti á að þessi mál séu hugsuð frá sjónarhóli raunveruleikans. Raunveruleikinn er sá að spenna á lánsfjármarkaði á Íslandi er allt of mikil. Gegndarlaus sókn ríkisins á innlendan lánsfjármarkað er fyrst og fremst aðalvaldurinn að háum vöxtum á Íslandi. Einnig er, sbr. 4. gr., heimilt að taka lán erlendis upp á 6,5 milljarða. Gegndarlaust innstreymi erlends lánsfjár virkar sem bein samkeppni við fyrirtækin sem eru að framleiða gjaldeyri með því að selja vöru á erlendan markað. Ég tel nauðsynlegt að hæstv. ríkisstjórn geri eitthvað í því að meta þau áhrif sem svona mikið innstreymi erlends lánsfjár hefur á íslenska atvinnuvegi, þannig að reynt verði að gera allt sem hægt er til að stemma stigu við slíku.

Mér finnst vera ærin ástæða til að minna á þetta hér.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 30 shlj. atkv.

Skattskylda innlánsstofnana, 1. umr.

Stjfrv., 161. mál (fjárfestingarlánasjóðir). — Þskj. 371.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Þegar ég mælti fyrir þessu frv. í hv. Ed. vakti ég athygli á því að í því væri verið að stíga skref til að samræma skattlagningu veðdeilda og sjóða, þá skattlagningu sem tíðkast á bankastofnunum og öðrum hliðstæðum atvinnufyrirtækjum í landinu.

Fyrir nokkrum árum síðan var stigið það skref að viðskiptabankarnir og aðrar bankastofnanir greiddu skatt eins og annar atvinnurekstur í landinu. Sú breyting olli töluverðri umræðu á sínum tíma. Ég held hins vegar, þegar litið er til baka, að allir hafi verið sammála um að þar hafi verið um rétt skref að ræða.

Í frv. var ætlunin að stíga töluvert stórt skref til þess að færa ýmsa sjóði og veðdeildir enn fremur inn í þessar reglur sem almenn skattlagning þarf að miðast við.

Í meðferð málsins í Ed. kom fram, eins og stundum hefur gerst áður við undirbúning þessa máls, að bæði af lögfræðilegum og ýmsum tæknilegum ástæðum vefst það fyrir mönnum að skilgreina nákvæmlega í lagasetningunni þau mörk sem skilja á milli þeirra sjóða sem eðlilegt er að þennan skatt greiði og hinna sem fyrst og fremst er ætlað að sinna ýmiss konar félagslegu hlutverki eða hafa ekki starfsemi sem út frá eðli hennar verður að teljast eðlilegt að skattleggja með þessum hætti. Þess vegna var farin sú leið eftir ítarlegar viðræður að taka út úr frv. fyrst og fremst veðdeildirnar sem almenn samstaða var um að væri eðlilegt að kæmu inn í þessa skatttöku og eins út frá tæknilegu og lögformlegu eðli þeirra væri mjög auðvelt að skilgreina og binda. Hins vegar verði áfram unnið að því að reyna að afmarka, lögfræðilega og tæknilega, sjóðina enn frekar.

Það er kannski fróðlegt fyrir hv. þingheim að vita af því að það margvíslega sjóðakerfi, sem búið hefur verið til í landinu á undanförnum áratugum, er svo margbrotið að það vefst mjög fyrir lærðum lögfræðingum að búa til eðlilegar og almennar lögfræðilegar reglur sem gera skattheimtu gagnvart þessum aðilum samrýmanlega grundvallarreglum skattkerfisins. Ég held að þessi reynsla ætti þess vegna að verða okkur öllum hér og öðrum tilefni til þess að skoða þennan sjóðafrumskóg allrækilega og reyna að færa hann í eðlilegra horf þar sem auðveldara er að beita almennum og viðurkenndum reglum. Það væri mjög slæm niðurstaða ef menn kæmust að því eftir ítarlega athugun að sá sjóðafrumskógur sem skapaður hefur verið á undanförnum áratugum væri orðinn þannig vaxinn að það væri ekki hægt að beita almennum skattlagningarreglum gagnvart honum. Þess vegna verður áfram unnið að því máli, en ákveðið nú í tímaþröng þingsins að taka út þann þátt í frv. sem einkennist ekki af þessu vandamáli og samstaða var um að hægt væri að afgreiða án þess að erfiðleikar af því tagi sem ég var að lýsa væru þar samferða afgreiðslunni.

Ég mælist þess vegna til þess, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til fjh.- og viðskn.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Ég vil aðeins vekja athygli á því að fram kom í máli hæstv. ráðherra að vafist hefði fyrir færustu lögfræðingum að gera út um það hvaða sjóðir væru þess eðlis að unnt væri að skattleggja þá með sama hætti og aðrar lánastofnanir. Þetta er ansi athyglisverð yfirlýsing um að stjfrv., undirbúið af hæstv. fjmrh., hafi verið þess eðlis að það hafi ekki verið á færi færustu lögfræðinga að ráða fram úr efni þess að því er þetta atriði varðar.

Það er hins vegar í samræmi við annan málatilbúnað hæstv. ríkisstjórnar að hún skuli — og það hefur ekki vafist fyrir henni þó það hafi vafist fyrir færustu lögfræðingum — taka þarna inn ýmsa þá sjóði sem ríkið leggur nú til meiri part síns fjármagns en þannig kom þetta frv. fram í upphafi í hv. efri deild, en hefur nú sem betur fer verið breytt. Þá var t.d. lagt til að Framleiðnisjóður ríkisins greiddi skatt af sínu fjármagni þannig að með því að auka útflutningsbótaféð í Framleiðnisjóðnum á fjárlögum hefði verið hægt að afla ríkissjóði heilmikilla tekna.

Þannig var frv. þegar það kom fram, eins og það blasti við, en því hefur sem betur fer verið breytt og er það að sjálfsögðu til bóta. Sú samræming sem eftir stendur í frv., en þar er nú ekkert eftir annað en veðdeildir bankanna, er hins vegar til bóta að mínum dómi og eins og frv. er orðið er ástæðulaust að amast við því.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að efna til ítarlegra umræðna um þá ræðu sem hv. þm. Geir Haarde flutti. Hins vegar er það ekkert nýtt að vafist geti fyrir færustu lögfræðingum að svara öllum þeim spurningum sem upp kunna að koma við meðferð málsins á Alþingi og er bæði sjálfsagt og eðlilegt að taka tillit til þeirra sjónarmiða. Ég get tekið eitt dæmi til skýringar og umhugsunar fyrir hv. þm. og aðra. Menn geta verið sammála því að slík skattlagning eigi að ná til fjárfestingarlánasjóða og menn geta verið sammála því að sú skattlagning eigi einnig að ná til atvinnuvegasjóða, það séu hinar almennu reglur sem settar eru í lögin. Síðan kann vís maður að spyrja hvort Kvikmyndasjóður falli undir þessar skilgreiningar. Er hann fjárfestingarlánasjóður? Er hann atvinnuvegasjóður? Við þeirri spurningu er ekki neitt skýrt og einfalt svar en það er hins vegar nauðsynlegt, fyrst þær óskir hafa á annað borð komið upp í meðferð þingsins, að það fái rækilegri skoðun og því finnst mér rétt að það sé gert. Mér hefur verið tjáð að frv. af þessu tagi hafi verið í vinnslu og undirbúningi í fjmrn. þegar hv. þm. Þorsteinn Pálsson var fjmrh. og að það hafi einnig verið í vinnslu og undirbúningi í fjmrn. þegar hæstv. utanrrh. var fjmrh. Mér finnst því ekkert óeðlilegt við það að alþingismenn fái tíma til þess í fjh.- og viðskn. þessarar deildar og hv. efri deildar að velta fyrir sér þeim vandamálum sem a.m.k. tveir fyrirrennarar mínir og embættismenn einnig veltu fyrir sér nokkuð langan tíma og ætla ekki að þrýsta málinu hér í gegnum þingið án þess að sú athugun geti farið fram. Þess vegna er algerlega tilefnislaust að vera að draga einhverja þá ályktun að málið sé þess vegna illa undirbúið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 31 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

40. fundur, fimmtudaginn 22. des., að loknum 39. fundi.

Um þingsköp.

Afturköllun og upptaka tillagna.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Í gær kom hér til umfjöllunar og úrskurðar forseta ort þingmanni, sem ekki væri flm. tillögu, væri heimilt að taka upp tillögu sem flm. hefði kallað aftur breytingartillögur við það frv. sem til afgreiðslu eftir að fá að gera að sínum þær tillögur sem hv. 11. þm. Reykn. kynni að kalla aftur við atkvæðagreiðslu í deildinni en hv. 11. þm. Reykn. hafði þá kallað aftur breytingartillögu við það frv. sem til afgreiðslu var. Lagði hv. 5. þm. Reykv. til við forseta að hann leitaði ráða hjá skrifstofustjóra þingsins ef forseti teldi vafa á um rétt hans til þess að gera að sínum tillögur sem kallaðar væru aftur.

Um þetta spannst nokkur þingskapaumræða og komu þar fram ýmsar góðar ábendingar. Að höfðu samráði við skrifstofustjóra úrskurðaði forseti að slík upptaka tillögu annars þingmanns væri ekki heimil en benti á að hv. 5. þm. Reykv. hefði ekki glatað neinum rétti til að láta reyna á þessar tillögur þar sem málið væri að ganga til atkvæða við 2. umr. og hann gæti því tekið upp og flutt þær tillögur sem hér um ræddi við 3. umr. Á það sættist hv. 5. þm. Reykv. Jafnframt var upplýst við þingskapaumræðuna að ætlun hv. 11. þm. Reykn. væri einungis sú að kalla tillögu sína aftur til 3. umr.

Undir lok þingskapaumræðunnar gat forseti þess, og reyndar hét deildinni því, að hann mundi skoða þetta mál nánar enda teldi hann það áhugavert og forvitnilegt. Í þeim orðum fólst vitaskuld viðurkenning á því að sá úrskurður, sem felldur hafði verið, væri e.t.v. ekki einhlítur og sjálfsagt væri að skoða hann nánar. Forseti gaf með öðrum orðum fyrirheit um slíka athugun og það fyrirheit er nú verið að efna.

Að undangenginni nánari íhugun og með tilvísun í hefðir hér á Alþingi er úrskurður forseta þessi, þ.e. sá úrskurður sem hann mun fylgja framvegis:

Sérhver þingmaður getur og hefur rétt til þess að

gera tillögu, sem kölluð er aftur, að sinni hvenær sem til slíks dregur, hvort heldur er við atkvæðagreiðslu eða umræðu — en með einni mikilvægri undantekningu: ef flm., eða 1. flm. ef því er að skipta, tekur fram að tillagan sé kölluð aftur til 3. umr. þá hefur þingmaður ekki slíkan rétt.

Rökstuðningur forseta er þessi, og styðst hann þá við þá grundvallarreglu að aðalatriðið sé að stuðla að því að vilji þingsins eða deildarinnar fái að koma fram:

1. Það má ekki hindra að til atkvæða komi tillaga sem aðrir en flm. kynnu að hafa flutt en létu ógert að flytja úr því að tillagan var þegar fram komin. Þetta þýðir að flm. tillögu hefur ekki slíkan einkarétt á tillögu að hann geti hindrað að hún komi til atkvæðagreiðslu, og þá um leið að aðrir þingmenn geti tekið upp og gert að sinni tillögu sem kölluð er aftur. Skýringin er einföld, nefnilega sú að annars kynnu þeir að hafa flutt sömu tillögu af því að þeir væru henni samþykkir, en eins og sakir standa töldu þeir það óþarft úr því að tillagan var fram komin.

2. Frá þessari reglu gerir forseti eina mikilvæga undantekningu: ef 1. flm. tekur fram að hann kalli tillöguna aftur til 3. umr. þá gildi ekki fyrri reglan. Orsökin fyrir þessari undantekningu er sú að ekki verða tekin frá flm. forráð yfir tillögu sem hann hefur flutt, reyndar haft frumkvæði að því að flytja ef að líkum lætur, svo framarlega sem ljóst er að tillagan komi til atkvæða síðar. Þá hefur flm. ekki gengið á rétt neins sem hugsanlega hefði flutt sams konar tillögu, og tillagan mun koma til atkvæða þótt síðar verði. Því er samkvæmt þessum úrskurði sú krafa gerð til 1. flm. tillögu að þegar hann kallar tillögu aftur láti hann í ljós hvort hann ætli henni að koma til atkvæðagreiðslu síðar.

Þetta var ekki nægilega ljóst við upphaf þingskapaumræðunnar í gær, þótt það upplýstist meðan á umræðu stóð að flm. hafði einmitt í huga að láta tillögur sínar koma til atkvæða við 3. umr.

Að því er varðar tilvísun í 41. gr. þingskapa, þar sem segir m.a. að frv. eða tillögur megi kalla aftur á hverju stigi umræðu sem vill, telur forseti rétt að túlka hér orðið „umræðu“ í víðum skilningi, þ.e. sem 1., 2. og 3. umr., sem í þeim skilningi felur einnig í sér atkvæðagreiðslu við hverja umræðu. Orðið „umræða“ hefur svo aðra merkingu og þrengri þegar forseti segir að umræðu sé lokið, þ.e. að ræðuhöldum sé lokið.

Með þessari yfirlýsingu telur forseti sig hafa efnt það heit sem hann gaf í gær að hann mundi kveða upp nánari úrskurð í þessu máli ef hann teldi það rétt vera.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka forseta fyrir þá vinnu sem hann hefur lagt í það að komast að hinu rétta í því máli sem hann hér skýrði. Ég er líka þakklátur fyrir að sá skilningur sem ég hafði hefur verið staðfestur og því til viðbótar að niðurstaða umræðnanna um 41. gr. þingskapa er að sjálfsögðu atkvæðagreiðslan. Flm. tillögu dregur hana yfirleitt ekki til baka fyrr en á lokastigi umræðu eða afgreiðslu sem er þá atkvæðagreiðslan. Ég þakka forseta fyrir þetta.

Ég þakka hæstv. forseta alveg sérstaklega fyrir að leiðrétta þann úrskurð sem hann kvað upp í gær. Ég vil bæta við að það eykur traust mitt, og ég veit annarra þingmanna, á forseta og hans persónu og það eykur virðingu fyrir persónu hans og störfum sem trúnaðarmanns okkar allra hvernig hann hefur tekið þetta mál upp í dag. Ég þakka forseta aftur.

Matthías Á. Mathiesen:

Herra forseti. Ég vildi aðeins mega taka undir með hv. 5. þm. Reykv. þegar hann þakkar forseta fyrir þá vinnu sem hann hefur lagt í það að leiðrétta það sem gerðist í gær.

Ég tel að það sem hér hefur verið gert sé til fyrirmyndar hjá þeim sem sitja í forsetastól á Alþingi.

Bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði, 2. umr.

Stjfrv., 212. mál. — Þskj. 360, n. 375.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti fjh.- og viðskn. sem hefur fjallað um frv. og mælir með því að það verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 360.

Hv. þm. Stefán Valgeirsson sat fund nefndarinnar og er samþykkur þessu áliti.

Undir nefndarálitið rita allir nefndarmenn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Skattskylda innlánsstofnana, 2. umr.

Stjfrv., 161. mál (fjárfestingarlánasjóðir). — Þskj. 371, n. 376.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):
Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur athugað frv. sem var breytt allmikið í Ed. og mælir meiri hl. með að það verði samþykkt eins og Ed. afgreiddi það.
Stefán Valgeirsson er samþykkur þessu áliti.
Undir nál. rita Ragnar Arnalds, Guðmundur G. Þórarinsson, Árni Gunnarsson, Ingi Björn Albertsson, Kristín Halldórsdóttir og Páll Pétursson.

Geir H. Haarde:
Herra forseti. Ég hef ekki sett nafn mitt undir það nál. sem hér er til kynningar í deildinni. Ég gerði grein fyrir því við 1. umr. um málið að eins og frv. er nú þá sæi ég ekki ástæðu til þess að amast við því og mun þess vegna sitja hjá við atkvæðagreiðslu um málið.
Ég vek hins vegar athygli á því að frv., eins og það var lagt fram, var illa undirbúið af hálfu fjmrn. og á ábyrgð fjmrh. Í því voru ákvæði sem ekki var búið að kanna til hlítar hvort fengju staðist og ummæli ráðherra við 1. umr. fá engu breytt. Ástæðan fyrir því að forverar hans hafa ekki gert neitt í því að leggja þessi ákvæði fram var auðvitað sú að málið var flókið og vandmeðfarið. Af þeim sökum var ekki hlaupið til með að leggja ákvæðin fram með þeim hætti sem fjmrh. tók síðan ákvörðun um en hefur nú orðið að hopa frá.

Kristinn Pétursson:
Hæstv. forseti. Ég vildi vekja athygli á og taka það fram að forseti úrskurðaði mjög rökrétt í deilumáli frá því í gær. En hér er einnig um að ræða deilumál og ég óska þess að þetta mál verði ekki látið fara frá deildinni fyrr en ljóst er að þetta sé ekki í bága við stjórnarskrá lýðveldisins varðandi þá jafnréttisreglu sem alltaf hefur verið talið að fælist í henni.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):
Forseti mun óska eftir því að ef hann á að fara að úrskurða um stjórnarskrármál þá fái hann skriflegar greinargerðir um hvað úrskurðurinn eigi að fjalla. Ég efast nú um að ég sé hæfur til þess þó ég úrskurði hér um þingsköp. Ég held því að ég verði að fara fram á það við hv. 5. þm. Austurl. að við ræðum nánar það mál sem hann gerði hér að umtalsefni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Ákv. til brb. I–IV samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum, frh. einnar umr.

Stjfrv., 158. mál (gjald af erlendum lánum). — Þskj. 353.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 26:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 377).

NEÐRI DEILD

41. fundur, fimmtudaginn 22. des., að loknum 40. fundi.

Bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði, 3. umr.

Stjfrv., 212. mál. — Þskj. 360.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Skattskylda innlánsstofnana, 3. umr.

Stjfrv., 161. mál (fjárfestingarlánasjóðir). — Þskj. 371.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

NEÐRI DEILD

42. fundur, fimmtudaginn 22. des., að loknum 41. fundi.

Forseti tók öll dagskrármálin af dagskrá.

NEÐRI DEILD

43. fundur, fimmtudaginn 22. des., að loknum 42. fundi.

Tekjuskattur og eignarskattur, ein umr.

Stjfrv., 189. mál (skatthlutföll, persónuafsláttur o.fl.). — Þskj. 385.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Fjh.- og viðskn. deildarinnar er búin að fara yfir þær breytingar sem voru til meðferðar. Hugmyndin í fyrri brtt. var okkur ekki ókunn því þessari tillögu var hreyft í okkar nefnd á sínum tíma en horfið frá henni vegna þess að ríkisskattstjóri taldi óheppilegt að fara svona að. Nú skilst mér að hann telji að þetta sé nothæft fyrirkomulag og við gerum ekki athugasemd við það.

Varðandi seinni brtt., sem varðar sjómannafrádrátt, fengum við þá skýringu að þetta væri gert til samræmis við breytingar á skattbyrði annarra, þ.e. að ekki þyngist skattbyrði meira á sjómönnum hlutfallslega en á öðrum, og gerum við ekki athugasemd við það. Þá gerði Ed. fleiri breytingar á frv. sem liggja fyrir á þskj. 366, sem ég hef nú fengið í hendur. Þar breyta þeir fyrningarákvæðum og fella á brott grein. Þessar breytingar telur neðri deildar nefndin allar vera til bóta.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það var ekki mjög ítarleg greinargerð sem hv. 1. þm. Norðurl. v. gaf um þessar breytingar. Ég vil segja það fyrir mitt leyti að þessar breytingar eru að mínum dómi allar til bóta og eru staðfesting á mörgum atriðum í þeirri gagnrýni sem við sjálfstæðismenn í þessari hv. deild höfum haldið fram. Það er verið að sníða nokkra alvarlegustu meinbugina og fáránlegustu hlutina af frv. eins og það var upphaflega lagt fram.

Í fyrsta lagi er m.a. hætt við að þrengja fyrningarreglur á tölvum og tölvubúnaði en það var eitt af því sem við gagnrýndum. Í öðru lagi er hætt við að skikka menn til þess að afskrifa eftir almennum reglum ýmsar smávörur sem þeir kaupa til reksturs síns. Ég fagna þessu hvoru tveggja og tel að þó að upplýst sé að engu hafi mátt hrófla við í þessum efnum í hv. neðri deild hafi þó verið hægt að koma einhverju tauti við menn í hinni efri. Mikilvægt atriði um skuldir og inneignir stjórnarmanna og framkvæmdastjóra í félögum er síðan á síðara þingskjalinu þar sem því ákvæði er breytt í réttlætisátt þannig að þetta eigi framvegis við stjórnarmenn og framkvæmdastjóra allra félaga en ekki aðeins hlutafélaga. Sömuleiðis er gert ráð fyrir því að slík lán verði vaxtareiknuð og er það í samræmi við okkar ábendingar í minni hl. fjh.- og viðskn. Ég tel að þessar breytingar séu allar til bóta.

Varðandi síðasta atriðið sem bætt var inn í frv., og varðar hækkun sjómannaafsláttar, geri ég heldur enga athugasemd en bendi eingöngu á að frá því að frv. var lagt fram í þinginu í upphafi hefur stjórnarmeirihlutinn á þinginu afráðið að hækka skattfrelsismörk hins almenna einstaklings í þjóðfélaginu um 65 kr. á mánuði en sjómanna, með þessari breytingu, um 2700 kr. á mánuði.

Þær breytingar sem búið er að gera á frv. eru til bóta. Frv. er samt að mínum dómi eftir sem áður algjörlega óaðgengilegt í heild sinni og stefna og afstaða okkar sjálfstæðismanna er því að sjálfsögðu óbreytt og við munum greiða atkvæði gegn frv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 18:12 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 388).

Skattskylda innlánsstofnana, frh. 3. umr.

Stjfrv., 161. mál (fjárfestingarlánasjóðir). — Þskj. 371.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 22:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 389).

NEÐRI DEILD

44. fundur, fimmtudaginn 22. des., að loknum 43. fundi.

Vörugjald, ein umr.

Stjfrv., 162. mál (gjaldflokkar og gjaldstofn). — Þskj. 390.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Við erum svo forsjál í fjh.- og viðskn. deildarinnar að við athuguðum þessa brtt. sem Ed. var að fjalla um þó að ekki væri búið að vísa málinu til okkar með formlegum hætti. Þessi brtt. fjallar um að ekki skuli greiða vörugjald af innlendri

húsgagna- og innréttingaframleiðslu í tilteknum tollskrárnúmerum fyrr en frá og með 1. mars 1989, þ.e. tveggja mánaða aðlögunartími gefist fyrir innlenda húsgagna- og innréttingaframleiðslu.

Þegar málið var til meðferðar í Nd. fjölluðum við einmitt um það hvort væri unnt að veita svona heimild og létum athuga það. Okkur var tjáð af sérfræðingum okkar að þetta væri brot á samkomulagi við EFTA og flokkaðist undir tollvernd en nú kemur í ljós að svo er ekki eftir því sem Ed. hlýtur að hafa haft upplýsingar um. Við teljum að þetta sé til bóta og gerum ekki athugasemdir við gerðir Ed.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Það er greinilegt að stjórnarliðið er á hröðu undanhaldi í ýmsum þeim málum sem mest hafa verið gagnrýnd og snerta skattahækkanir og tekjuöflun fyrir ríkissjóð. Með þessari breytingu er verið að koma til móts við þá gagnrýni sem uppi hefur verið höfð á vörugjaldsfrv. í þá veru að það hygli innflutningi en vinni gegn hagsmunum innlendra framleiðenda. Ég tel að þessi breyting sem gerð hefur verið í Ed. að forgöngu stjórnarliða sé jafnframt staðfesting á þeirri gagnrýni sem fram hefur komið um þetta atriði. Ég treysti því að stjórnarliðar hafi gengið úr skugga um að hér sé ekki verið að brjóta gegn alþjóðlegum skuldbindingum Íslendinga gagnvart EFTA eða öðrum viðlíka samningsbundnum skuldbindingum Íslendinga. Ég tel að þessi breyting sé spor í rétta átt en frv. í heild er að sjálfsögðu áfram óaðgengilegt og mun atkvæði mitt og sjálfstæðismanna falla til samræmis við það.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég get tekið undir þetta og get fagnað þessari brtt. að vissu marki. Ég tel að ganga hefði átt lengra því hér er vissulega verið að mismuna innlendum framleiðendum. Þetta ákvæði hefði átt að gilda um alla innlenda framleiðendur, ekki aðeins þessa einu sérstöku framleiðslu.

Ég vil hins vegar segja, og ráðlegg ráðamönnum að skoða það vel, að í mínum huga er ekki nokkur vafi á því að verið er að brjóta þann samning sem við höfum gert við EFTA. Þar af leiðandi get ég ekki staðið að samþykkt þessarar tillögu.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Herra forseti. Ég vil lýsa stuðningi við þessa tillögu sem hér er fram komin. Ég hefði reyndar kosið að hún gilti fyrir innlendan iðnað almennt. Það er alveg ljóst að nokkur mismunun er á innflutningi og innlendum iðnaði gagnvart byrjunarpunkti þessa vörugjalds. Innflutningur fyrir gildistöku frv. er vörugjaldslaus en hins vegar leggst vörugjald á birgðir innlends iðnaðar samkvæmt ákveðinni tímasetningu sem við vorum reyndar með 1. jan.

Ég vil mótmæla því, sem fram kom hjá hv. þm. Geir Haarde, að hér sé verið að ræða um eitthvert undanhald stjórnarsinna. Hv. þm. er vel kunnugt um að í fjh.- og viðskn. varð þetta atriði um samtíma gildistöku vörugjalds fyrir innlendan iðnað og innflutning mjög að umræðuefni. Sjálfur vísaði ég því hvað eftir annað til okkar ráðgjafa og starfsmanna fjmrn. hvernig unnt væri að koma þessu máli fyrir á annan hátt þannig að ekki íþyngdi innlendum iðnaði en stöðugt var borið við tæknilegum erfiðleikum í framkvæmd. Hér er auðvitað um það að ræða að birgðatalning verður að fara fram aftur ef ekki á að koma vörugjald á birgðir fyrir ákveðinn tíma.

Ég hefði kosið að þetta yrði fremur á allan innlendan iðnað en samþykki þessa tillögu enda ber ég mjög fyrir brjósti innlendan húsgagna- og innréttingaiðnað.

Albert Guðmundsson:

Virðulegur forseti. Ég vil taka undir það að ég sé ekkert undanhald sem slíkt í þessari ráðstöfun eða í auknum álögum. Ég sé stórsókn ríkisstjórnarflokkanna á fólkið í landinu, sérstaklega á þá sem eiga erfiðast með að standa í skilum við hið opinbera og daglegar þarfir þannig að hér er um stórsókn að ræða. Ég tek undir það með hv. 10. þm. Reykv. að hér er ekki um undanhald að ræða.

Hitt er annað mál að fróðlegt væri að fá að heyra í hæstv. utanrrh. og ég tala ekki um hæstv. viðskrh. sem, ef ég man rétt, er að taka sæti í einni af þessum erlendu stórstofnunum sem eiga bæði að gæta réttar stofnana og réttlætis í meðferð þings hverrar þjóðar sem er í einhverjum tengslum við þessar stofnanir í meðferð mála. Ég fullyrði að hér er ekki rétt að staðið og ég bið hæstv. ráðherra, annan hvorn eða báða, um að koma hér upp og segja að ég fari með rétt mál eða að sjá til þess að undir þeirra forustu verði ekki rangt staðið að málum hér.

Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. og bið hann um að svara. — Þessi þögn á að vera svona eins og til að strika undir svo menn taki vel eftir. — Hvað kostar þetta í minnkandi tekjum fyrir ríkissjóð? Er það á fleiri sviðum sem hægt er að lækka álögur á íslenskan iðnað eða á fólkið í landinu á seinni stigum eða á síðustu mínútum fyrir jólafrí? Eitthvað hlýtur þetta að þýða í tekjumissi og það væri gaman að vita hvort fleiri svona póstar væru til að létta á launþegunum, að létta á litla fólkinu, létta á þeim sem við viljum gera svo mikið fyrir. Við viljum sjá til þess að litla fólkið, fólkið með lágu launin geti átt sæmilega gleðileg jól án þess að við hér aukum á áhyggjur þess. Ég hélt einmitt að við værum ekki til þess að vera vondir við fólkið heldur til þess að vera góðir við það, ekki til að vera eins konar lögreglulið á landslýð. Að sjálfsögðu þýðir hækkun á sköttum, hækkun á vörugjaldinu að það fer beint út í verðlagið og kemur þá náttúrlega hvergi annars staðar frá en úr launapökkum fólksins hvort sem það hefur mikið eða lítið í laun.

Ég vil leggja áherslu á að á þessu seinna stigi rétt fyrir jólahlé svari ráðherrarnir því hvort þetta er brot á því samkomulagi sem gert hefur verið við

erlend samtök um samskipti þjóða á milli og hins vegar hvað þetta þýðir í tekjutapi. Ef við þolum að tapa, kannski verulegum upphæðum af þessu, eru þá fleiri póstar sem við gætum tekið upp ef við vinnum á milli jóla og nýárs, förum ekki í jólafrí og vinnum nákvæmlega jafnmikið og fólkið í landinu gerir yfirleitt um þetta leyti árs.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Það undanhald sem ég lýsti í fáum orðum áðan felst í því tekjutapi sem hv. síðasti ræðumaður var að spyrja um. Það hefur engin grein verið gerð fyrir því af ráðandi mönnum í þinginu hversu mikið tekjutap felst í breytingunum á tekjuskattslögunum eða þessari breytingu á vörugjaldsfrv. frá því sem áður var ráðgert. Þetta undanhald er undanhald skattpíningaraflanna í þinginu en áfangasigur fyrir almenning í landinu.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegur forseti. Að gefnu tilefni skal það tekið fram að utanrrn. hefur gengið úr skugga um að ekki er um að ræða brot á EFTA-skuldbindingum. Ástæðan er sú að verið er að reyna að gæta sanngirnissjónarmiða milli innlendrar og innfluttrar framleiðslu. Það er byggt á sanngirnisreglum og hér er um að ræða skammtímaaðgerð.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka utanrrh. fyrir svarið en mér þykir leiðinlegt ef enn þá einu sinni á að koma fyrir að fjmrh. svari ekki þegar hann er spurður. En ég vil þá upplýsa að sem fjmrh. þurfti ég að leita sömu ráða hjá þeim sérfræðingum sem fjmrn. hafði yfir að ráða og eftir að þeir höfðu kannað málið fékk ég þveröfugar upplýsingar við það sem hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði að sérfræðingar ráðuneytisins hefðu gefið í dag.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Það voru athyglisverðar upplýsingar sem komu fram hjá hæstv. utanrrh., sem sagði að samkvæmt þeirri könnun sem farið hefði fram í utanrrn. væri heimilt að ákveða með þeim hætti, sem hæstv. ríkisstjórn og stjórnarmeirihlutinn á þingi hefðu samþykkt, þennan þátt vörugjaldsins. Hæstv. ráðherra bætti því við að það væri vegna sanngirnissjónarmiða. Nú spyr ég: Af hverju eiga sanngirnissjónarmiðin ekki við um aðra veruflokka þar sem um er að ræða innlenda framleiðslu? Ég tel eðlilegt fyrst þetta er rökstuðningur í málinu að annaðhvort hæstv. fjmrh., sem ekki fæst til þess að standa á fætur í þessari umræðu, eða hæstv. utanrrh. svari þeirri spurningu því að sá fjöldi fólks sem vinnur við slíka framleiðslu hér á landi hlýtur að eiga kröfu á því að vita hvers vegna sanngirnissjónarmið eiga ekki við þegar talað er um vinnu alls fólks. Óska ég eftir, virðulegur forseti, að því sé svarað.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 23:10 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 391).

Jólakveðjur.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Nú er komið að lokum síðasta fundar þessarar hv. deildar fyrir jólahlé. Ég vil þakka hv. þingdeildarmönnum fyrir mjög ánægjulegt og gott samstarf sem hefur greitt fyrir störfum í deildinni og ekki hefur síst reynt á það nú hin síðustu dægrin. Fyrir það góða samstarf er ég mjög þakklátur.

Ég óska hv. þingdeildarmönnum og fjölskyldum þeirra gleðilegrar jólahátíðar og farsældar á komandi ári. Einnig óska ég skrifstofustjóra og starfsfólki öllu gleðilegrar jólahátíðar og farsældar á komandi ári um leið og ég þakka þeim ánægjulegt samstarf og fyrirgreiðslu alla sem gjarnan er unnin við mjög erfiðar aðstæður og sem auðvitað hefur ekki síst reynt á þessa seinustu daga og nætur.

Þeim hv. þingdeildarmönnum sem eiga um langan veg heim að fara óska ég góðrar heimferðar, og reyndar öllum þingdeildarmönnum hvort sem þeir fara um langan veg eða skamman, og góðrar heimkomu og bið þess að við megum öll hittast heil á nýju ári.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Fyrir okkar hönd, alþingismanna, þakka ég hæstv. forseta fyrir hlý orð og góðar óskir okkur og fjölskyldum okkar til handa. Ég þakka honum sanngjarna og ég vil leyfa mér að undirstrika réttláta fundarstjórn og góða forustu um þingstörfin. Fyrir hönd okkar allra óska ég honum og fjölskyldu hans gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Þá vil ég einnig þakka skrifstofustjóra og starfsfólki Alþingis öllu vel unnin störf og óska því og fjölskyldum þess gleðilegra jóla og farsæls komandi árs og leyfi mér að vænta þess að við megum öll hittast heil til starfa á ný að loknu þinghaldi.

Ég vil biðja hv. alþm. að taka undir óskir mínar með því að rísa úr sætum.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Ég þakka hv. 5. þm. Reykv. fyrir hlý orð og góðar óskir í minn garð og minnar fjölskyldu og hv. þingdeildarmönnum fyrir að taka undir þau orð með því að rísa úr sætum.

Ég endurtek mínar innilegustu jóla- og nýársóskir til hv. þingdeildarmanna og til alls starfsfólks Alþingis og segi þessum fundi slitið.

Efnisskrá.

Aðgerðir í efnahagsmálum (20. mál, staðfesting bráðabirgðalaga frá 20. maí 1988) 2343, 2414, 2475, 2576, 2584.

Bann við ofbeldiskvikmyndum (183. mál, gildistími) 2573, 2638.

Bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði (212. mál) 2740, 2742, 2751, 2752, 2758, 2760.

Bætt samkeppnisstaða innlends skipaiðnaðar (37. mál) 2424.

Efnahagsaðgerðir (8. mál, staðfesting bráðabirgðalaga) 2386, 2414, 2498, 2578.

Endurskoðun lánskjaravísitölu (33. mál) 2048.

Framhaldsskólar (184. mál, gildistaka) 2267, 2306, 2439, 2639, 2693, 2697, 2717.

Heilbrigðisþjónusta (193. mál, heilsuverndarstarf í Reykjavík) 2253, 2442, 2447.

Húsnæðisstofnun ríkisins (147. mál, sala eignarhluta í kaupleiguíbúð) 2465, 2475, 2508, 2566, 2660.

Jólakveðjur 2707, 2751, 2766.

Kosning yfirskoðunarmanna ríkisreikninga 1988 2416.

Málefni aldraðra (195. mál, gildistími) 2255, 2415, 2464, 2474.

Menningarsjóður félagsheimila (32. mál) 2418.

Niðurfelling laga vegna breytinga á skipan sveitarstjórnarmála (196. mál) 2464, 2475, 2506, 2566, 2660.

Norðurlandasamningar um starfsréttindi kennara (173. mál) 2416.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1988 (158. mál, gjald af erlendum lánum) 2255, 2285, 2547, 2567, 2697, 2760.

Samningur um stofnun norræns þróunarsjóðs (174. mál) 2417.

Skattskylda innlánsstofnana (161. mál, fjárfestingarlánasjóðir) 2708, 2717, 2753, 2758, 2760, 2762.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði (135. mál) 2311, 2443, 2561.

Skipti Íslendinga við varnarliðið (40. mál) 2701.

Staðgreiðsla opinberra gjalda (180. mál, áætlaðar tekjur, skattkort o.fl.) 2318, 2442, 2446.

Stofnlánadeild landbúnaðarins (206. mál, fiskeldislán) 2573.

Tekjuskattur og eignarskattur (189. mál, skatthlutföll, persónuafsláttur o.fl.) 2619, 2640, 2654, 2681, 2728, 2743, 2761.

Tekjustofnar sveitarfélaga (204. mál, heildarlög) 2332, 2439.

Tilhögun þingfunda 2343.

Tollalög (211. mál, grænmeti) 2695, 2698, 2707, 2740, 2742.

Um þingsköp 2419 (fyrirspurn um þjóðargjaldþrot o.fl.); 2447 (vinnubrögð í fjh.- og viðskn. og framvinda þingmála); 2546 (vinnubrögð í fjh.- og viðskn. Ed. o.fl.); 2584 (frv. um aðgerðir í efnahagsmálum); 2756 (afturköllun og upptaka tillagna).

Umhverfisfræðsla (6. mál) 2417.

Veiting ríkisborgararéttar (110. mál) 2253.

Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga (203. mál, breyting ýmissa laga) 2319, 2438.

Vörugjald (162. mál, gjaldflokkar og gjaldstofn) 2504, 2595, 2644, 2661, 2717, 2746, 2762.

Þjóðargjaldþrot (139. mál) 2698.

SAMEINAÐ ÞING

31. fundur, miðvikudaginn 4. jan., kl. 2 miðdegis.

Nýárskveðjur.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Fundur er settur í sameinuðu Alþingi. Ég býð hv. þm. velkomna til starfa og til þessa fyrsta fundar á nýju ári um leið og ég óska þeim og starfsliði Alþingis góðs og gleðilegs nýs árs.

Varamaður tekur þingsæti — rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Stefán Valgeirsson, 6. þm. Norðurl. e., hefur ritað mér á þessa leið:

„Vegna veikinda get ég ekki setið fundi Alþingis á næstunni. Leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska eftir því að 1. varamaður Samtaka um jafnrétti og félagshyggju í Norðurlandskjördæmi eystra, séra Pétur Þórarinsson, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.“

Þetta er yður hér með tilkynnt, hæstv. forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Kjartan Jóhannsson,
forseti Nd.“

Samkvæmt þessu bréfi og skv. 4. gr. þingskapa ber nú kjörbréfanefnd að prófa kjörbréf séra Péturs Þórarinssonar, 1. varamanns Samtaka um jafnrétti og félagshyggju í Norðurlandskjördæmi eystra. Gert verður hlé á fundinum meðan kjörbréfanefnd starfar. — [Fundarhlé.]

Frsm. kjörbréfanefndar (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Kjörbréfanefnd hefur borist eitt erindi, kjörbréf 1. varamanns Samtaka um jafnrétti og félagshyggju, Péturs Þórarinssonar, sem tæki sæti 6. þm. Norðurl. e. Stefáns Valgeirssonar. Kjörbréfanefnd hefur rannsakað þetta kjörbréf og leggur til að það verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Kjörbréf Péturs Þórarinssonar samþ. með 40 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Séra Pétur Þórarinsson hefur undirritað drengskaparheit um að halda stjórnarskrána. Er hann boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

EFRI DEILD

44. fundur, miðvikudaginn 4. jan., að loknum fundi í Sþ.

Nýárskveðjur.

Forseti (Jón Helgason):

Í upphafi þessa fyrsta fundar Ed. á nýju ári vil ég bjóða menn velkomna til starfa og óska mönnum gleðilegs nýs árs um leið og ég þakka fyrir liðið ár og vonast til þess að samstarf okkar megi verða jafngott á þessu nýja ári og var á hinu gamla.

Norrænn þróunarsjóður, 1. umr.

Stjfrv., 202. mál. — Þskj. 273.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um norrænan þróunarsjóð sem er á þskj. 273. Frv. þetta er flutt í framhaldi af þáltill. sem samþykkt var í Sþ. nú fyrir jólin um heimild fyrir ríkisstjórnina að fullgilda Norðurlandasamning frá 3. nóv. 1988 um stofnun norræns þróunarsjóðs.

Í framsöguræðu minni fyrir þeirri till. í Sþ. rakti ég aðdragandann að stofnun sjóðsins, en hugmyndin mun upphaflega hafa komið fram á þingi Norðurlandaráðs árið 1984. Samningurinn og samþykktir fyrir sjóðinn voru síðan byggðar á tillögum norrænu ráðherranefndarinnar sem samþykktar voru á þingi Norðurlandaráðs í Osló í mars í fyrra. Samningurinn og samþykktir fyrir sjóðinn fylgja sem fskj. með þessu frv.

Markmiðið með stofnun sjóðsins er að örva félagslegar og efnahagslegar framfarir í þróunarlöndum. Sjóðurinn skal einbeita sér að fátækustu löndunum og veita lán sem eru með svipuðum kjörum og Alþjóðaframfarastofnunin, IDA, sem er systurstofnun Alþjóðabankans í Washington, veitir fátækum löndum. Þessi lán IDA eru til langs tíma og vaxtalaus að kalla. Þau voru lengst af frá árinu 1961 til 50 ára og vaxtalaus en með allt að hálfs prósents

árlegu lántökugjaldi. Nú eru þessi lán til 35 ára eða til 40 ára til allra fátækustu landanna og án vaxta, afborganalaus fyrstu 10 árin yfirleitt.

Það er fyrst og fremst verkefni Norræna þróunarsjóðsins að lána til þessara landa og til verkefna þar sem norrænir hagsmunir eru í húfi af hálfu verktaka eða annarra verkseljenda og aðrar lánastofnanir, eins og t.d. Norræni fjárfestingarbankinn, lána einnig til framkvæmdanna á venjulegum kjörum. Þetta eru eins konar viðbótarlán við vildarkjörum.

Með þessum hætti verður unnt að hleypa af stokkunum verðugum og nauðsynlegum verkefnum sem e.t.v. mundu ekki standast ávöxtunarkröfur venjulegra lánastofnana. Auk þess opnast Norðurlöndunum með þessu leið til að keppa við aðrar iðnaðarþjóðir sem margar hafa við hliðina á sínum venjulegu framkvæmdalánastofnunum stofnanir eða fyrirkomulag „mjúkra lána" eins og þetta er stundum nefnt.

Ég tel það mikilvægt að þessi sjóður tengist Norræna fjárfestingarbankanum og Norræna verkefnaútflutningssjóðnum. Með tilkomu þessa þróunarsjóðs aukast líkurnar á því að norræn fyrirtæki fái verkefni í þróunarlöndum sem byggjast á samstarfi þessara norrænu stofnana.

Stofnfé hins nýja sjóðs er 100 millj. sérstakra dráttarréttinda sem greiða skal á fimm árum. Þar í er hlutur Íslands um 55,9 millj. kr. eða um 11,2 millj. kr. á ári og er gert ráð fyrir þeirri fjárveitingu í fjárlagafrv. því sem nú er til meðferðar.

Ég bind vonir við að þessi sjóður geti sérstaklega greitt fyrir því að íslenskir aðilar fái verkefni í þróunarlöndum þar sem það er einatt forsenda þess að slík verk fáist að þeim fylgi möguleikar til þess að þróunaraðstoð og ódýrt lánsfé fylgi frá verktökulandinu. Möguleikar Íslendinga hafa því verið næsta takmarkaðir á þessu sviði en með samstarfi við fyrirtæki á Norðurlöndum opnast með tilkomu sjóðsins nýir möguleikar fyrir íslensk ráðgjafar- og verktakafyrirtæki.

Aðsetur sjóðsins verður í skrifstofu Norræna fjárfestingarbankans í Helsingfors, en lagafrv. sem hér liggur fyrir hv. Ed. er flutt til að tryggja sjóðnum fullnægjandi heimildir vegna hugsanlegrar starfsemi hans hér á landi.

Í fyrsta lagi er í 2. gr. ákvæði um að sjóðurinn skuli vera undanþeginn greiðsluhöftum og stefnumarkandi lánaráðstöfunum sem komið gætu í veg fyrir eða torveldað starfsemi hans eða girt fyrir að hann geti staðið við skuldbindingar sínar. Með einföldum orðum talað er hann undanþeginn ákvæðum laga um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála að svo miklu leyti sem slíkar reglur hér á landi kynnu að hamla starfsemi hans ef sjóðsstjórnin ákvæði að reka einhverja starfsemi á Íslandi.

Í öðru lagi er í 3. og 4. gr. frv. ákvæði þess efnis að sjóðurinn sé undanþeginn opinberum gjöldum hér á landi.

Í þriðja lagi eru svo ákvæði um gildistöku laganna í 5. gr. og er hún þar tengd gildistöku Norðurlandasamnings um sjóðinn, en eins og ég nefndi í upphafi máls míns, hæstv. forseti, hefur hv. sameinað Alþingi þegar samþykkt þál. sem heimilar ríkisstjórninni að fullgilda samninginn.

Hæstv. forseti. Ég legg áherslu á að þetta mál nái sem fyrst fram að ganga og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Júlíus Sólnes:

Hæstv. forseti. Þegar hafa farið fram nokkrar umræður um þetta mál þegar það var til meðferðar í Sþ. með hliðsjón af þeirri þáltill. sem þá var flutt og þarf að sjálfsögðu ekki miklu við að bæta hér. Ég vil kannski ítreka þau varnaðarorð mín, sem ég hafði uppi við þá umræðu, að hagsmuna okkar Íslendinga verði vel gætt í þessu samstarfi. Út af fyrir sig fagna ég þessu framtaki og tel að hér sé um mjög markvert átak að ræða í þá veru að gera Íslendingum og hinum Norðurlandaþjóðunum kleift að standa að verkefnaútflutningi til þróunarlandanna og að sjálfsögðu að veita þróunarlöndunum margvíslega aðstoð í formi uppbyggingar, bæði atvinnufyrirtækja og ýmislegs fleira sem þar kæmi til greina. Hins vegar er því ekki að leyna að Íslendingar hafa átt í harðri samkeppni við hin Norðurlöndin um ýmiss konar verkefni til útflutnings til m.a. þróunarlandanna og þá hefur stundum viljað brydda á því að hinar þjóðirnar, sérstaklega þó Norðmenn, hafi í krafti aflsmunar síns látið okkur gjalda þess að þeir hafa miklu sterkari aðstöðu hjá þessum norrænu sjóðum og norrænu samtökum en við nokkurn tíma komum til með að hafa. Þess vegna þarf að gæta þess mjög vel að hagsmunir Íslendinga séu ekki fyrir borð bornir þegar til slíkra samkeppnisátaka kynni að koma t.d. við Norðmenn eða aðrar Norðurlandaþjóðir.

Þetta vildi ég segja við þessa umræðu en tel þetta að öðru leyti hið besta mál.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. 7. þm. Reykn. fyrir undirtektir hans við frv. Ég vildi aðeins fullvissa hann um að ég mun gera það sem í mínu valdi stendur til þess að hagsmuna Íslendinga verði gætt í samskiptum við þennan sjóð og legg áherslu á að það verði m.a. gert með því að velja öfluga og trausta menn í stjórn sjóðsins af Íslands hálfu. Það verður líka gert. Og ég er sannfærður um að þetta verður til góðs ekki síður fyrir hin fátækustu löndin en fyrir íslensk fyrirtæki sem vilja fá verkefni í þeim löndum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 16 shlj. atkv.

Erfðalög, 1. umr.

Stjfrv., 208. mál (önnur erfð, óskipt bú o.fl.). — Þskj. 332.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingar á erfðalögum nr. 8, 14. mars 1962, með síðari breytingum. Frv. þetta er samið að undangenginni athugun á því hvort og þá að hverju leyti þörf er á að endurskoða ákvæði núgildandi erfðalaga. Niðurstaðan var sú að rétt væri að breyta einstökum ákvæðum þeirra og yrðu breytingarnar einkum fólgnar í eftirfarandi:

1. Að breytt yrði núgildandi reglu 1. málsgr. 3. gr. erfðalaga sem kveður á um að foreldrar látins manns taki arf á móti maka hans, ef hann lætur engan niðja eftir sig, í það horf að maki verði einkalögerfingi hins látna við þær aðstæður.
2. Heimildir langlífari maka til setu í óskiptu búi verði rýmkaðar verulega.
3. Reglum erfðalaga verði breytt um frádrátt fyrirframgreiðslu arfs við endanlegt uppgjör hans.
4. Erfðalögum verður breytt þannig að þau falli að fyrirhuguðum aðskilnaði dómsvalds og umboðsvalds í héraði.
5. Tilvísunum verði breytt í erfðalögum til annarra laga sem nú eru fallin úr gildi og settar þess í stað tilvísanir til núgildandi reglna.

Dómsmrn. fól þeim Markúsi Sigurbjörnssyni, settum prófessor, Ragnari H. Hall borgarfógeta og Skúla Guðmundssyni, deildarstjóra í dómsmrn., að semja þetta frv.

Um fyrsta atriðið er fjallað í 1. gr. frv. og skal um það efni þess vísað til athugasemdanna með frv.

Reyndir skiptaráðendur hafa bent á að erfðaréttur foreldra hafi í mörgum tilvikum reynst mjög ósanngjarn gagnvart langlífari maka og hann falli ekki að þjóðfélagsaðstæðum í dag. Þá er rétt að ítreka það sem stendur í athugasemdunum um norræna lagasamræmingu á þessu sviði, en þar höfum við Íslendingar nú sérstöðu.

Um annað atriðið er fjallað í 2. og 3. gr. frv. og eru lagðar til breytingar á núgildandi reglum um heimildir langlífari maka til að fá leyfi til setu í óskiptu búi. Núgildandi fyrirmæli 7. gr. erfðalaga taka bæði til þessarar heimildar langlífari maka gagnvart sameiginlegum niðjum og gagnvart stjúpniðjum, en í frv. er lagt til að hér verði gerður skilsmunur á. Fjallar 2. gr. um rétt langlífari maka til setu í óskiptu búi gagnvart sameiginlegum niðjum og 3. gr. um þann rétt gagnvart stjúpniðjum.

Á undanförnum árum hefur nokkur umræða orðið um þá skipan sem hér hefur verið lýst, einkum í tengslum við lagafrv. sem flutt voru á Alþingi og leiddu að lokum til setningar laga nr. 29/1985. Í þeirri umræðu hefur einkum verið bent á veika stöðu langlífari maka gagnvart fjárráða börnum sínum eða fjarlægari afkomendum eftir fráfall skammlífari makans því fram að setningu áður nefndra laga var hinn langlífari alfarið háður velvilja fjárráða barna sinna um það hvort honum yrði kleift að setjast í óskipt bú. Fjölmargar röksemdir hljóta að mæla gegn reglum sem leiða til slíkrar aðstöðu.

Langlífari maki sem knúinn er til að skipta búi eftir fráfall hins skammlífari getur þurft að selja íbúðarhúsnæði til að standa straum af útborgun arfs eða þurft að ganga á sparifé sem ætlað var til framfærslu í elli. Eignir sem langlífari makinn kann að þurfa að láta að hendi hafa iðulega myndast á langri starfsævi hjónanna beggja með sameiginlegu framtaki þeirra án þess að börn þeirra eða fjarlægari afkomendur hafi átt hlut að öflun eignanna. Með hækkandi meðalaldri manna hafa þær aðstæður einnig orðið æ algengari að skammlífari makinn lifi að sjá börn sín komin vel yfir miðjan aldur og því fær aldursins vegna að sjá fyrir sér sjálf. Geta því orðið torfundin þau siðferðislegu og fjárhagslegu rök sem mæla með almennri reglu þess efnis að fjárráða niðjum hjóna sé í sjálfsvald sett að synja langlífari maka um heimild til setu í óskiptu búi jafnvel með þeim afleiðingum að högum hans verði verulega raskað.

Lög nr. 29/1985 bættu stöðu langlífari maka að því leyti að skammlífari maki gat með erfðaskrá veitt langlífari maka rétt til setu í óskiptu búi með sameiginlegum niðjum. Mörgum hefur þó vaxið í augum gerð erfðaskrár og því ekki orðið af gerð hennar fyrr en um seinan jafnvel þótt hjón hafi verið búin að binda slíkt fastmælum.

Veruleg líkindi hljóta einnig að standa til þess að hjónum sé það almennt að skapi að hinu langlífara þeirra gefist kostur á setu í óskiptu búi ef það óskar þess. Í frv. er því lagt til að langlífari maki eigi rétt á setu í óskiptu búi með sameiginlegum niðjum sínum og hins skammlífara nema annað hafi verið ákveðið í erfðaskrá hins skammlífari.

Í 3. gr. er fjallað um rétt langlífari maka til setu í óskiptu búi með stjúpniðjum og er þar mælt svo fyrir að hann hafi þann rétt varðandi ófjárráða stjúpniðja að þeir sem fara með forsjá eða lögráð hinna ófjárráða niðja veiti samþykki sitt til þess, enda hafi hið látna ekki mælt svo fyrir í erfðaskrá að skipti skuli fara fram. Ef eftirlifandi maki fer með forsjá eða lögráð ófjárráða stjúpniðja á hann þennan rétt og ef fjárráða stjúpniðjar samþykkja er honum heimilt að sitja í óskiptu búi með þeim. Hafi skammlífari maki mælt svo fyrir í erfðaskrá er eftirlifandi maka heimilt að sitja í óskiptu búi með stjúpniðjum sínum hvort sem þeir eru fjárráða eða ófjárráða.

Rökin fyrir rýmkuðum rétti langlífari maka til setu í óskiptu búi með stjúpniðjum sínum eru um margt hin sömu og um þann rétt gagnvart sameiginlegum niðjum. Að mati reyndra skiptaráðenda hefur þess gætt í talsvert ríkara mæli í framkvæmd að stjúpniðjar standi í vegi fyrir setu langlífari maka í óskiptu búi en sameiginlegir niðjar hjóna. Er og áberandi við þessar aðstæður að hjón hafa leitast við

að tryggja stöðu hins langlífara með ýmsum hætti, t.d. með fyrirmælum í erfðaskrá, um aukningu erfðahluta hins langlífara eða með kaupmálum. Slíkar ráðstafanir ná þó sjaldan því markmiði að gera hið langlífara eins sett og það sæti í óskiptu búi.

Í 4. gr. er mælt fyrir um þá breytingu á 8. gr. núgildandi erfðalaga að felld eru niður skilyrði fyrir heimild eftirlifandi maka til setu í óskiptu búi sem ekki þykir lengur rétt að hafa í lögum, enda þjónar það tæpast sjálfstæðum tilgangi.

Ákvæði 5. gr. eru til að lögfesta skýrar verklagsreglur um framkvæmd leyfisveitingar til setu í óskiptu búi og er þar höfð hliðsjón af framkvæmd núgildandi laga.

Ákvæði 6. gr. fellir erfðalögin að fyrirhuguðu skipulagi um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, en í ákvæði í 16. gr. frv. er jafnframt séð til þess að lögin falli einnig að núgildandi embættisskipan.

Í 7. gr. er lagt til að felld verði brott tvö ákvæði sem nú teljast óþörf og í 8. gr. er fjallað um hvenær niðjar geti krafist skipta á óskiptu búi. Eru þar gerðar breytingar til samræmis við ákvæði 2. og 3. gr. Sama gildir um ákvæði 10. gr.

Í 12. gr. eru ný ákvæði varðandi uppgjör á fyrir fram greiddum arfi og er tillaga gerð þar að lútandi í ljósi reynslunnar af framkvæmd 31. gr. núgildandi erfðalaga sem valdið getur ójöfnuði við uppgjör milli erfingja.

Herra forseti. Ég hef nú gert nokkra grein fyrir helstu ákvæðum þessa frv. Ég legg til að því verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umræðu og hv. allshn.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að frv. er hér komið fram. Það ber með sér breytingar sem eru flestar til bóta en eins og kom fram í framsögu hæstv. ráðherra er það einkum hvað varðar réttindi eftirlifandi maka gagnvart sameiginlegum niðjum hans og skammlífari maka og stjúpbörnum.

Þetta mál var borið fram a.m.k. tvisvar á sl. kjörtímabili og var ég meðflm. auk annarra þingmanna, en 1. flm. var hv. þm. Guðrún Helgadóttir og hefur hún einkum beitt sér fyrir þessu máli. Í umfjöllun allshn. Nd. um frv. 1984–1985 hlaut það samþykki nefndarinnar með nokkurri breytingu, en þó var ekki tekið tillit til brtt. sem fram kom af hálfu 1. flm. og annarra, en hún fjallaði aðallega um að ekki yrði gerður svo mikill greinarmunur á börnum og stjúpbörnum. Þessi aðgreining helst áfram í þessu frv., en þó hefur greinilega verið stigið þarna skref til að auka réttindi eftirlifandi maka þar sem skammlífari maki getur kveðið svo á um í erfðaskrá sinni að eftirlifandi maki geti setið áfram í óskiptu búi án tillits til vilja stjúpbarna.

Ég vil taka undir allar þær breytingar sem hér hafa verið lagðar til og tel þær allar til bóta. Ég er sammála því að það þurfi kannski að fjalla betur um í nefndinni hvaða aðgreiningu á að gera á réttindum barna og stjúpbarna og vildi þess vegna biðja um áheyrnaraðild að umfjöllun málsins í nefndinni þegar hún fer fram. En að öðru leyti lýsi ég mig samþykka þessum breytingum og tel að þær séu allar skref í rétta átt og til bóta.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég á sæti í hv. allshn. sem fær frv. til meðferðar, en ég vildi aðeins við 1. umr. lýsa stuðningi mínum við frv., fagna því að það er komið fram. Ég hef litið á það sem réttlætismál að gera slíkar breytingar á erfðalögunum eins og hér er gerð tillaga um og ég hef talið löngu tímabært að leiðrétta erfðalögin í þessa veru.

Ég tek undir að sjálfsögðu fær nefndin þetta til umfjöllunar og getur þá hugað betur að einstökum greinum, en ég vildi aðeins láta í ljós stuðning minn hér við 1. umr.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Ég kem einungis upp til að lýsa stuðningi við þær breytingar sem frv. gerir ráð fyrir. Mér sýnast flestar breytingarnar vera til mikilla bóta og þá sérstaklega það að eftirlifandi maki skuli nú einn hafa erfðarétt en ekki deila honum með foreldrum eins og núverandi lög gera ráð fyrir. Þá finnst mér mjög til bóta að festa í lögum að réttarstaða langlífari maka verði bætt og þá með þeim hætti sem þarna er gert ráð fyrir.

En ég segi eins og síðasti ræðumaður að ég á sæti í hv. allshn. þar sem þetta mál kemur til nánari umfjöllunar og við munum eflaust fara vel yfir þetta mál. Ég vonast svo sannarlega eftir því að það verði afgreitt á þessu þingi. Ég tel þetta mjög brýnar breytingar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Friðun hreindýra, 1. umr.

Stjfrv., 217. mál. — Þskj. 384.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um hreindýr og verndun þeirra. Frv. er ætlað að tryggja áframhaldandi friðun hreindýra, þó þannig að veiðar á þeim séu heimilar að vissu marki samkvæmt ákveðnu skipulagi.

Meginatriði frv. er að tryggja tilvist hóflegs fjölda hreindýra í landinu, friðun þeirra og að kveða á um nytjar á stofninum eftir því sem stærð hans leyfir. Að þessu leyti er frv. efnislega samhljóða núgildandi lögum um friðun hreindýra og eftirlit með þeim, nr.

28/1940, þ.e. þau eru byggð á þeirri meginreglu að hreindýr séu friðuð með þeim undantekningum sem í frv. greinir.

Það frv. sem nú liggur fyrir er mun ítarlegra en núgildandi lög hvað varðar stjórnun og skipulag hreindýramála og eftirlit með hreindýrastofninum. Til þess að ná framangreindu meginmarkmiði er í frv. einkum gert ráð fyrir breytingum á eftirfarandi þáttum:

1. Að því er varðar stjórn og skipulag. Settar verði skýrari reglur um stjórn og skipulag á hreindýramálum. Yfirstjórn hreindýramála verður eftir sem áður í höndum menntmrn., en ráðuneytinu til aðstoðar við framkvæmd laganna verði sérstakur umsjónarmaður hreindýra og ráðgjafarnefnd, hreindýranefnd. Þá er gert ráð fyrir ráðningu hreindýraeftirlitsmanna í sveitarfélögunum þar sem hreindýr ganga. Menntmrn. ákveður þann heildarfjölda dýra sem fella má hverju sinni að fengnum tillögum umsjónarmans, en hreindýranefnd ákveður síðan skiptinguna innbyrðis á milli sveitarfélaga og er það nýmæli.

Lagt er til að stofnuð verði sérstök staða umsjónarmanns með hreindýrunum sem hafi það hlutverk m.a. að vera tengiliður milli menntmrn. og þeirra ýmsu aðila sem telja sig málefni hreindýra varða. Hann á að hafa eftirlit með friðun og veiði hreindýra. Þá er það jafnframt hlutverk umsjónarmannsins að stjórna rannsóknum á hreindýrastofninum og gera tillögur til ráðuneytisins um fjölda þeirra dýra sem heimilt er að fella á hverju ári.

Vegna þess hlutverks sem umsjónarmaður hreindýra á að gegna við friðun hreindýra og rannsókna á þeim er lagt til í frv. að umsjónarmaðurinn þurfi að uppfylla ákveðin menntunarskilyrði, þ.e. að vera menntaður í líffræði eða hafa aðra sambærilega menntun.

Hreindýranefnd hefur það hlutverk með höndum að vera ráðgefandi um framkvæmd laganna. Skipun slíkrar nefndar er nýmæli. Í nefndinni eiga sæti eins og frv. er fimm fulltrúar þeirra aðila sem þessi mál varða mest. Þar sem hér er um að ræða friðunarlöggjöf þykir eðlilegt að Náttúruverndarráð tilnefni tvo þeirra.

Í öðru lagi fjallar frv. um eftirlit og þar er gert ráð fyrir mun virkara eftirlitskerfi með hreindýrum en verið hefur. Starf umsjónarmanns á að tryggja virkara eftirlit en verið hefur til þessa. Jafnframt er lagt til að það fyrirkomulag um skipun hreindýraeftirlitsmanna sem hingað til hefur gilt samkvæmt reglum menntmrn. um hreindýraveiðar verði lögfest. Hlutverk hreindýraeftirlitsmannanna er að sinna eftirlitsstörfum undir stjórn eftirlitsmanns og í einstökum veiðiferðum. Með tilliti til þeirra friðunarsjónarmiða sem frv. er reist á er lagt til að veiðar fari fram undir eftirliti hreindýraeftirlitsmanns eða leiðsögumanns á hans vegum og er það einnig nýmæli.

Þriðji þátturinn lýtur að gjaldtöku, en stefnt er að því að gjaldtaka fyrir veiðarnar verði gerð einfaldari. Lagt er til að veiðileyfi séu veitt sveitarfélögum gegn greiðslu gjalds í ríkissjóð sem verja á til greiðslu kostnaðar við framkvæmd laganna. Sveitarstjórnum er síðan heimilt að endurselja veiðileyfi samkvæmt nánari fyrirmælum sem sett yrðu í reglugerð. Þykir þessi háttur á gjaldtöku einfaldari en það sem tíðkast hefur. Gert er ráð fyrir að menntmrn. setji reglur um gjaldtöku fyrir veiðileyfi og felld hreindýr. Andvirði felldra hreindýra og tekjur af endursölu veiðileyfa renna í sveitarsjóð og skal þeim fjármunum varið m.a. til þess að bæta þeim sem að einhverju leyti verða fyrir ágangi hreindýra tjón þeirra.

Fjórði meginþátturinn í breytingu lagafrv. þessa lýtur að því að hér er gert ráð fyrir því að veiði hreindýra fylgi ekki eignarrétti á landi. Þar er tekið af skarið um það að eignarréttur að landi skapi ekki eigendum landa rétt til veiða. Er hér um almenna takmörkun á eignarrétti að ræða sem leiðir af þeim friðunarsjónarmiðum sem lög þessi eru reist á.

Enda þótt meginregla íslensks réttar sé sú að veiði fylgi eignarrétti að landi er þó í frv. þessu gert ráð fyrir að löggjafinn hafi heimild til að kveða á um þá tilhögun sem hér er lögð til, þ.e. að rétturinn til veiða á hreindýrum og arðurinn af þeim tilheyri þeim sveitarfélögum þar sem hreindýr ganga en fylgi ekki eignarrétti á landi. Er þetta gert til að auðvelda friðun hreindýra og skipulagningu hinna takmörkuðu veiða. Er m.a. byggt á því að hreindýr hafa verið friðuð um langa hríð og veiði þeirra hefur ekki verið tengd veiðirétti landeigenda eða rétthafa beitarréttinda og því veiðirétturinn ekki verið fémætur í höndum landeigenda. Þótt sveitarfélag geti skipulagt veiðar innan síns umdæmis er sérstaklega tekið fram í frv. að þau geti ekki skipulagt veiðar í eignarlöndum og afréttum, sem háðir eru einstaklingseignarrétti, án samþykkis eiganda.

Fimmti þátturinn að því er varðar frv. þetta og nýmæli þess fjallar um skyldur þeirra er hafa veiðiheimildir. Í frv. eru nokkuð ítarleg ákvæði um skyldur þeirra aðila sem hafa heimildir til að veiða hreindýr. Eru gerðar hæfniskröfur til þeirra um skotfimi og kunnáttu í meðferð skotvopna, en einungis er heimilt að nota til veiðanna tilteknar gerðir skotvopna, sbr. 11. gr. frv. Þá er óheimilt að skjóta hreindýr úr vélknúnu farartæki eða nota það til að smala hreindýrunum á veiðistað, en nauðsynlegt þótti að taka það sérstaklega fram í frv.

Þá er sérstaklega tekið fram að þeim sem fá heimild til að skjóta hreindýr sé skylt að virða lög og reglur um náttúruvernd og umferð, m.a. að aka ekki utan vega eða vegarslóða. Veiðar skulu fara fram undir eftirliti hreindýraeftirlitsmanns eða leiðsögumanns á hans vegum svo sem áður er vikið að.

Hér hef ég, herra forseti, gert grein fyrir helstu breytingunum sem í frv. þessu felast. Þetta frv. hefur verið í undirbúningi í mörg ár. Margar nefndir hafa komið að þessum málum og nú síðast störfuðu að endurskoðun frumvarpsdraga sem fyrir lágu lögfræðingarnir Friðgeir Björnsson og Þorgeir Örlygs-

son að fyrirlagi Birgis Ísl. Gunnarssonar þáv. menntmrh. Frv. er flutt hér eins og það var lagt fram og undirbúið af þessum lögfræðingum með lítils háttar breytingum sem gerðar voru í þingflokkunum þegar málið var til meðferðar áður en það var lagt hér fram sem stjfrv.

Ég tel við hæfi að geta þess, herra forseti, í tengslum við framlagningu þessa frv. að þau mál sem hér um ræðir og lúta að verndun hreindýra og hreindýraveiðum hér á landi hafa í menntmrn. verið um árabil í höndum Runólfs Þórarinssonar deildarstjóra sem hefur starfað í ráðuneytinu í áratugi en hefur frá síðustu áramótum látið þar af störfum. Ég tel ástæðu til að geta hans sérstaklega vegna þess að ég veit að hv. þm. þekkja hans hlut að þessum málum.

Einnig vil ég láta það koma hér fram að lokum, sem ég tel að sé rétt að hafa í huga, að að sjálfsögðu á mál eins og þetta heima í umhverfismálaráðuneyti þegar það verður til og auðvitað á umhverfismálaráðuneyti að verða til og að því hefur verið unnið og það hefur m.a. verið rætt á milli stjórnarflokkanna undanfarna mánuði.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er á ferð ágætismálefni og sýnist vera hið þarfasta mál. Það er vissulega mjög mikilvægt að hafa eftirlit með stofnstærð hreindýra svo og annarra villtra dýra. Á því byggist markviss stofnstærðarstjórnun þar sem þarf að taka mið af mörgum þáttum, ekki síst þeim þætti hvað varðar þol landsins. Mjög mikilvægt er að mat á stofnstærð og stofnstærðarstjórnun sé unnin af sérfróðum og óháðum aðilum. Hér er eins og áður var getið gert ráð fyrir að ráðinn verði umsjónarmaður með hreindýrum sem verði starfsmaður Náttúrufræðistofnunar. Það er rétt fyrirkomulag við þær aðstæður sem nú eru í þessum málum.

Ég fagna jákvæðum ummælum hæstv. menntmrh. um umhverfismálaráðuneyti og staðhæfingum hans um að þetta mál eigi heima þar. Það get ég sannarlega tekið undir og vil í þessu sambandi vísa til þáltill. um umhverfismálaráðuneyti sem flutt er af þingflokki Kvennalistans. Þar er einmitt gert ráð fyrir því að innan lífríkisdeildar, sem þar er fyrirhuguð, verði stofnun sem hafi með að gera allt eftirlit og stjórnun á stofnum slíkra viltra landdýra.

Mig langar að vitna, með leyfi hæstv. forseta. Þar stendur í c-lið, undir lífríkisdeild: „Spendýr, fuglar og önnur landdýr. Mat á og eftirlit með stofnstærðum dýra, t.d. rjúpu, ref og hreindýrum, og tillögur um aðferðir við stjórnun stofnstærða ef talin er þörf á að fjölga t.d. æðarfugli, fækka t.d. rottum eða vernda ákveðnar dýrategundir eins og örninn.

Enginn einn aðili hefur nú þetta verksvið, en það er að hluta til unnið af dýrafræðideild Náttúrufræðistofnunar, Hafrannsóknastofnun sér um hvali og seli, menntmrn. (fuglafriðunarnefnd og hreindýrafulltrúi)“ — eins og áður var getið reyndar — „veiðistjóraembætti Búnaðarfélagsins og hjá meindýraeyðum sveitarfélaganna.“

Það stendur einnig í þessari þáltill. í kafla sem varðar framkvæmd þeirra skipulagsbreytinga sem við leggjum til, með leyfi forseta:

„Rannsóknastarfsemi Náttúrufræðistofnunar flyst öll undir umhverfisráðuneyti (safnið yrði áfram undir menntmrn.) en skiptist þar á milli deilda, 1c, 1d og 2a.

Deild sjávarspendýra hjá Hafrannsóknastofnun og veiðistjóraembættið sameinast dýrafræðideild Náttúrufræðistofnunar undir deild 1c í hinu nýja ráðuneyti og þangað fara líka hreindýraeftirlit og starfsemi fuglafriðunarnefndar.“

Þetta er aðeins til að minna á þær tillögur sem þegar liggja fyrir á þinginu og nauðsynlegt er að hafa hliðsjón af þegar ákvarðanir verða teknar um umhverfismálaráðuneyti sem vissulega er löngu orðið brýnt mál.

Það er eitt sem ég vildi vekja athygli á í sambandi við þetta frv. að öðru leyti en því að ég er fullkomlega sammála flestu sem þar stendur og við tökum undir það kvennalistakonur. Það er nafnið á frv. Ég tel að nafnið á frv. sé rangt. Það gerir nefnilega alls ekki ráð fyrir því að hreindýr séu friðuð. Væru hreindýr friðuð mætti alls ekki skipta sér neitt af þeim en náttúran látin ein um stofnstærðarstjórnun. Þá fjölgaði þeim í góðæri, ætu upp gróður til tjóns og hríðfellu svo í harðærum. Merking orðsins friðun meðal náttúruverndarsinna og umhverfisverndarsinna þýðir að láta í friði þannig að náttúran ein sér um friðunina. Orðið „verndun“, eins og hæstv. ráðherra reyndar beitti sjálfur í lok síns máls, þýðir hins vegar að hlúa að, hafa eftirlit með og grípa inn í þróun mála til verndunar.

Þetta frv. er í raun frv. um verndun hreindýra. Það er gert ráð fyrir því að fylgst sé með stofninum og honum stjórnað skynsamlega. Það væri því eðlilegra að frv. héti: Frumvarp til laga um verndun hreindýra og hreindýraeftirlit — eða að það héldi því nafni sem það bar þegar það kom frá þeirri nefnd sem samdi það: „Lög um hreindýr og hreindýraveiðar.“

Rétt málnotkun er mjög mikilvæg til að auka skilning fólks og sannarlega veitir ekki af því hvað umhverfismálin varðar.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Já, ég vil þakka hv. 6. þm. Reykv. fyrir góðar undirtektir við þetta frv. og í annan stað taka undir ábendingar hennar að því er varðar umhverfismálin. Ég held að þær hafi allar verið á sínum stað og sjálfsagt að taka tillit til þeirra að mínu mati þegar um þau mál er fjallað í undirbúningi þess að stofnað verði umhverfismálaráðuneyti. Í menntmrn. eru nokkur mál sem bersýnilega ættu að heyra undir umhverfismálaráðuneyti. Það eru hreindýramálin, það eru fulgaveiðar og fuglafriðun, það er dýravernd, það er Geysissvæðið og það er

Náttúruverndarráð svo nokkuð sé nefnt. Í rauninni held ég að umhverfismál og ákvörðun um að koma þeim í eitt ráðuneyti hafi aldrei strandað á menntmrn. Menntmrn. hefur tiltölulega skýra verkaskiptingu að því er þessa hluti varðar og þess vegna hefur tregðan ekki verið þar. Mæli ég af nokkurri reynslu frá þeim tíma þegar ég gerði tilraun til þess sem félmrh. að koma þessum þáttum öllum saman í eitt ráðuneyti og gekk illa. Von er þó til þess að vaxandi skilningur sé á því að á þessum málum þurfi að taka. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að það eigi að taka það undir umhverfismálaráðuneyti sem hægt er að taka strax og ekki að láta kerfistregðu á einstökum stöðum verða til að stöðva málið í heild eins og við höfum því miður gert á undanförnum árum.

Varðandi nafnið á frv. eru þær athugasemdir réttmætar. Það styðst einungis við þá staðreynd að núgildandi lög heita þetta. Ég tel að það væri langeðlilegast að þetta frv. bæri nafnið: Frumvarp til laga um verndun hreindýra. En það er mál sem hv. menntmn. á að ráða til lykta og ég tel að ábendingar hv. þm. hafi verið fyllilega réttmætar í þeim efnum. Það hefur reyndar verið sá háttur á í sambandi við löggjöf af þessu tagi að hún hefur yfirleitt verið löggjöf um friðun, svo undarlegt sem það nú er, þó efnið hafi yfirleitt verið um veiðar. Þetta dæmi er skýrt í þeim efnum. — Lög um friðun hreindýra og eftirlit með þeim frá 1940, sömuleiðis lög um fuglafriðun. En ég hygg þó að skemmtilegasta dæmið í lagasafninu sé frá 1914. Það eru lög nr. 23, 2. nóv. það ár, sem hefjast svo: „Stjórnarráð Íslands getur ákveðið að hérar skuli friðaðir vera nokkurn hluta ársins eða allt árið." Þessi lög heita: Lög um friðun héra. Kannski er fyrirmyndin þaðan fengin og því ástæða til að breyta til af því að við höfum lítið haft með friðun héra að gera seinni áratugina, jafnvel þó maður líti yfir gjörvalla sögu menntmrn. og Runólfs Þórarinssonar deildarstjóra sem ég nefndi áðan til sögunar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 15 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

45. fundur, miðvikudaginn 4. jan., að loknum fundi í Sþ.

Nýárskveðjur.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Ég býð þingdeildarmenn velkomna til starfa á ný og óska þeim heilla á nýju ári um leið og ég þakka samstarfið á liðnu ári.

Aðgerðir í efnahagsmálum, frh. 3. umr.

Stjfrv., 20. mál (staðfesting bráðabirgðalaga frá 20. maí). — Þskj. 243, brtt. 331.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Þegar þingmenn hurfu frá þessari umræðu fyrir jólaleyfi Alþingis hygg ég að flestir hafi reiknað með því að hæstv. ríkisstjórn mundi nota tímann frá því að jólaleyfi hófst og þar til Alþingi kæmi saman á nýju ári til þess að taka ákvarðanir um viðbótaraðgerðir í efnahagsmálum í þeim tilgangi að treysta rekstur útflutningsframleiðslunnar. Ég hygg að fáir hafi haft aðra trú en að hæstv. ríkisstjórn hefði þá þegar undirbúið þau mál svo vandlega að nú þegar Alþingi kemur saman á nýju ári væru þær tillögur tilbúnar og e.t.v. komnar í framkvæmd. Þau frv. sem hér eru til umræðu hafa verið grundvöllur að efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar.

Nú kemur það hins vegar á daginn, þvert ofan í það sem vonir manna stóðu til, þvert ofan í það sem menn trúðu og gefið hafði verið til kynna, að hæstv. ríkisstjórn hefur ekkert aðhafst í þessum efnum utan það að safna viðbótarupplýsingum sem auðvitað er góðra gjalda vert. Og þeir sem lesa forustugreinar dagblaðsins Tímans tóku enda eftir því að í nýársleiðara blaðsins var lögð á það höfuðáhersla að stjórnarstefnan hefði breyst í þá veru að nú væri lagt miklu meira kapp á öflun upplýsinga en áður. Er það nú tilefni til umfjöllunar um breytta stjórnarstefnu að meira kapp sé lagt á söfnun upplýsinga en áður, ekki síst þegar haft er í huga að slíkar yfirlýsingar eru gefnar í tilefni áramóta, að hin breytta stjórnarstefna sé í raun ekki annað en breytt upplýsingastefna.

Það vakti þó einna mesta athygli, þegar hæstv. ríkisstjórn tilkynnti að hún hefði tekið ákvörðun um að breyta gengi krónunnar, að hæstv. utanrrh. notaði það tilefni til þess að senda íslensku þjóðinni þau skilaboð á öldum ljósvakans að hann vænti þess að forustumenn í íslenskum sjávarútvegi og stjórnmálamenn létu nú af „því óþjóðholla tali", eins og sagt var, að ræða um ranga gengisskráningu krónunnar. Hann sendi þessi skilaboð út til fólksins í landinu á öldum ljósvakans að nú skyldi fólkið í landinu, forustumenn fiskvinnslunnar, láta af hinu óþjóðholla tali. Hvað stendur á bak við þessi orð hæstv. utanrrh.? Það er að dómi þessarar hæstv. ríkisstjórnar óþjóðhollusta að ræða um almenn rekstrarskilyrði fyrir höfuðatvinnuveg landsmanna. Það er óþjóðhollusta að setja fram þá kröfu að vel rekin atvinnufyrirtæki í sjávarútvegi búi við sómasamleg rekstrarskilyrði, búi við þau rekstrarskilyrði að það geti verið nokkur afgangur af rekstrinum til áframhaldandi uppbyggingar, tækninýjunga og til þess að búa svo um hnútana að unnt sé að auka verðmætasköpunina í landinu. Þessi krafa er núna kölluð óþjóðhollustukrafa. Það er hinn nýi boð-

skapur. Það var áramótaboðskapur hæstv. ríkisstjórnar. Hygg ég að ýmsir hafi vænst annars af hæstv. ríkisstjórn en þessa. Ég hygg að fólkið sem starfar í sjávarútveginum geti seint litið svo á að það sé óþjóðhollusta að setja fram slíka kröfu. En athugasemdalaust af hálfu annarra ráðherra í ríkisstjórn Íslands var þessi sending send á öldum ljósvakans út um landið.

Síðan kom hæstv. fjmrh., sem hefur haft á hendi forustu um mótun stefnunnar í efnahags-, atvinnu- og fjármálum, og sagði: „Þessi ráðstöfun sýnir stefnufestu ríkisstjórnarinnar.“ Stefnufestan er í því fólgin að segja sem svo við fólkið í landinu: „Sjávarútvegurinn er rekinn með halla og hann skal áfram rekinn með halla þangað til allt rekur endanlega í strand.“ Í því er stefnufestan fólgin. Þetta er það sem forustumenn alþýðubandalagsflokksins nýja boða þjóðinni. Þeir ætla að vísu ekki að varpa þessum spurningum fram á sameiginlegum fundum sínum ef mark má taka af viðtölum við þá í blöðunum í morgun. Þar á að varpa fram þeim spurningum til grasrótarinnar hvort hæstv. fjmrh. sé NATO-sinni eða NATO-andstæðingur og hefði nú sumum fundist sem svo að það væri hægt að leita svara við þeirri spurningu hér á hinu háa Alþingi en þyrfti ekki að fara út um víðan völl til að spyrja grasrótina að því. Kannski veit hæstv. utanrrh. líka hvort hann er NATO-sinni eða NATO-andstæðingur. En það á ekki að spyrja fólkið í landinu að hinu, hvort það telur eðlilegt og rétt að hér sé rekstrargrundvöllur fyrir höfuðatvinnuveg þjóðarinnar. Nei, það á bara að gefa eina yfirlýsingu þar um, að það sé óþjóðhollusta að tala á þeim nótum. Það liggur við að í orðum hæstv. ráðherra hafi falist að það nálgist landráð að tala um rekstrarskilyrði fyrir höfuðatvinnuveg landsmanna. Ég ætla ekki að leggja honum þau orð í munn en það stappaði nærri að á þann veg einan væri hægt að skilja þessi ummæli.

Hæstv. ríkisstjórn tók ákvörðun um að breyta gengi krónunnar um 4%. Því var bætt við að Seðlabankinn hefði síðan heimild til viðbótarbreytingar upp á 1–2%. Það hefur ekki komið skýrt fram enn sem komið er hvort hér er um að ræða heimild sem takmarkar viðbótarbreytingar við 1–2% eða hvort Seðlabankinn hefur heimild til þess á hverjum degi eða í hvert skipti sem hann hefur og sér ástæðu til að fella gengið um 1–2%, þannig að unnt verði, hugsanlega á örfáum vikum, að ná fram þeirri raungengisbreytingu sem flestir eru sammála um að þörf er á og hæstv. forsrh. hefur þó nokkrum sinnum bent á með því að sýna fram á hversu mikil skekkja er í skráningu á raungenginu. Æskilegt væri að fá svör við þessu frá hæstv. ríkisstjórn: Er hér um takmarkaða heimild að ræða sem í heild er bundin við 1–2% eða hefur Seðlabankinn þessa heimild í hvert sinn þannig að þess megi vænta að annað og meira felist í ákvörðuninni en í fyrstu hefur komið fram?

Þessi breyting gerir ekki annað en að koma dollaranum í sama horf og hann var við lok septembermánaðar samkvæmt ákvörðunum um gengisbreytingar sem teknar voru í maímánuði á sl. ári. Það var mín skoðun í haust og ég hygg margra annarra að þá þegar hafi staða útflutningsatvinnuveganna verið með þeim hætti að rekstrarskilyrðin voru óviðunandi, að þá hafi verið nauðsyn að gera ráðstafanir sem tryggðu útflutningsgreinunum auknar tekjur. En nú er sá boðskapur fluttur, og einna helst af þeim sem stærstu orðin hafa haft um það að viðskilnaður fráfarandi ríkisstjórnar hafi verið svo slæmur vegna þess hversu illa var komið fyrir atvinnuvegunum, þá voru þau orð höfð núna að þetta séu þau einu og sönnu rekstrarskilyrði, þ.e. þau skilyrði sem atvinnuvegirnir bjuggu við í september sl., og annað og meira megi ekki gera, þá séu menn ekki lengur þjóðhollir. Og er nú skörin farin að færast upp í bekkinn þegar litið er til allra stóru orðanna sem sögð hafa verið á undanförnum vikum.

Ríkisstjórnin sjálf hefur svo með aðgerðum af sinni hálfu verið að hækka raungengið að undanförnu með skattahækkunum af ýmsu tagi sem fara út í verðlagið og leiða til þess að raungengi krónunnar hækkar af þeim sökum. Það eru ekki ákvarðanir einhverra annarra. Það eru beinar ákvarðanir hæstv. ríkisstjórnar. Þessi gengisbreyting gerir lítið meira en að vega upp þá hækkun á raungenginu sem er afleiðing af skatta- og verðlagsstefnu hæstv. ríkisstjórnar.

Ég ætla ekki hér við þessa umræðu, þó að ærið tilefni væri til, að fara í einstökum atriðum yfir þær ákvarðanir sem hæstv. ríkisstjórn hefur tekið í skattamálum. En hitt er ljóst, og því hefur íslenska þjóðin núna gert sér grein fyrir, að það er einn aðili í þjóðfélaginu sem algjörlega hefur virt verðstöðvun að vettugi og það er hæstv. ríkisstjórn. Í ágústmánuði sl. var tekin ákvörðun um verðstöðvun. Slíkar ákvarðanir geta verið eðlilegar og oft nauðsynlegar um stundarsakir. Mitt mat var það að á þeim tíma hafi slík ákvörðun verið eðlileg og nauðsynleg og sannarlega skilaði hún talsverðum árangri. Það hefur komið fram eftir að þessi verðstöðvun var svo framlengd að atvinnureksturinn í landinu hefur tekið á sig umtalsverðar kauphækkanir. Atvinnureksturinn í landinu hefur til að mynda tekið á sig að mestöllu leyti þá gengisbreytingu sem ákveðin var í haust eða látin koma til framkvæmda í haust samkvæmt ákvörðun sem tekin var í maí. Á stundum hefur það verið tilefni heitra deilna að atvinnurekendur, og þá kannski einkanlega kaupmenn, væru ekki tilbúnir til þess að taka á þegar þjóðin stendur frammi fyrir erfiðum ákvörðunum og nokkrum þrengingum. Núna er hitt staðreynd, svo ánægjuleg staðreynd að hæstv. fjmrh. hefur varla opnað munninn öðruvísi en að vekja á því athygli að kaupmennirnir í landinu hafi tekið gengisbreytinguna á sig, borið þann kostnaðarauka sem hún hefur haft í för

með sér. Og fólkið í landinu hefur tekið á sig sinn hlut. En þá komum við að eina aðilanum sem segir: Ekki ég. Verðstöðvunin sem ég setti á ekki við mig. Við virðum hana ekki, segir hæstv. ríkisstjórn. Við ætlum að virða hana algjörlega að vettugi. Þetta er boðskapur hæstv. ríkisstjórnar. Þegar atvinnulífið og fólkið í landinu segir ekki einasta: Við erum reiðubúin til þess að taka okkar skerf á okkur, heldur sýnum við það í verki og með svo áþreifanlegum hætti að jafnvel formaður Alþb. syngur kaupmönnum lof og prís af því tilefni, þá kemur ríkisstjórnin og segir: Við hækkum skattana. Við ætlum ekki að taka þátt í verðstöðvuninni. Við ætlum að hækka verðlagið af því að við þurfum okkar skerf. Við þurfum að auka umsvifin þó að aðrir þurfi að draga saman.

Og hver er nú árangurinn af þessu? Undanfarnar vikur og kannski um það bil tvo mánuði höfum við búið við nánast verðbólgulaust tímabil sem afleiðingu af verðstöðvun. Nánast verðbólgulaust tímabil. En hver er nú afleiðingin af þeim ákvörðunum sem hæstv. ríkisstjórn hefur tekið?

Það stefnir í það að vísitala framfærslukostnaðar muni hækka í þessum mánuði um 1,5% eða þar um bil og er það sennilega vægt reiknað. Hvað þýðir það í ársverðbólgu? Það þýðir 20% verðbólgu. Nú segja menn eðlilega: Það er ekki sanngjarnt og rétt að taka hækkun í einum mánuði og færa hana yfir í ársverðbólgu. Það er eðlilegt að líta yfir lengra tímabil. Og ég tek auðvitað undir það. Einn mánuður er ekki nein afgerandi vísbending um verðbólguþróunina í landinu. Þó að tölur eins mánaðar geti sagt mikið, þá ráða þær auðvitað ekki úrslitum. En tölur þessa mánaðar benda til þess að verðbólgan sé komin upp í 20%.

En hverjar eru þá horfurnar á næstu þremur mánuðum? Allir þeir sérfræðingar, sem um þau mál hafa fjallað, eru þeirrar skoðunar að vægilega reiknað megi búast við því að í febrúar og mars verði hækkunin af svipuðum toga að meðaltali. Þetta þýðir að á næstu þremur mánuðum búum við við 20% verðbólgu, einvörðungu sem afleiðingu af ákvörðunum hæstv. ríkisstjórnar, ekki vegna þess að kaupmenn hafi verið að velta kostnaði út í verðlagið, heldur þvert á móti hafi þeir tekið á sig kostnað eins og hæstv. fjmrh. hefur rækilega bent á. Verðbólgan er ekki að fara í 20% næstu þrjá mánuði af því að launafólkið í landinu hafi verið að gera verðbólgukjarasamninga. Verðbólgan er að fara í 20% næstu þrjá mánuði einvörðungu vegna ákvarðana sem hæstv. ríkisstjórn hefur tekið og af engum öðrum ástæðum. Þetta eru býsna alvarlegar staðreyndir sem við blasa.

Lánskjaravísitalan kemur svo væntanlega til með að hækka nokkuð meira vegna áhrifa frá ákvörðunum hæstv. ríkisstjórnar, en eins og menn rekur minni til var það einmitt sérstakt framlag Alþfl. til húsnæðismála, fyrsta alvöruframlag Alþfl. til húsnæðismála, að leggja skatta á byggingarefni, húsgögn og innréttingar til þess að gera ungu fólki erfiðara um vik að eignast eigið húsnæði. Afleiðingin af þessari húsnæðisstefnu Alþfl. er að koma fram í hækkuðum byggingarkostnaði sem leiðir auðvitað til hækkunar á byggingarvísitölu og þar af leiðandi til þess að lánskjaravísitalan hækkar meira en framfærsluvísitalan. Ætli árshækkun lánskjaravísitölunnar verði ekki einhvers staðar á bilinu 22–25%, einvörðungu vegna ákvarðana ríkisstjórnarinnar?

Þetta eru athyglisverðar staðreyndir. Athyglisverðar fyrir það að með sínum ákvörðunum á hæstv. ríkisstjórn sök á þessum umskiptum, breytingu úr nánast núlli í verðbólgu undanfarna tvo mánuði upp í 20%. Og að öllum líkindum, ef fram heldur sem horfir, fer þessi verðbólguþróun svo vaxandi á mánuðunum sem þar koma á eftir. Þetta eru staðreyndir sem menn þó hafa fyrir augum og ekki verða umflúnar hvað sem menn annars aðhafast og er ástæðulaust á þessu stigi að vera að hafa uppi stóra spádóma um það sem síðar kann að gerast í þessum efnum.

Forseti Alþýðusambandsins hefur sagt að þessar ráðstafanir hæstv. ríkisstjórnar leiði til um það bil 7% kjaraskerðingar.

Nú get ég um margt tekið undir það sem hæstv. sjútvrh. sagði hér á Alþingi fyrir jól, að engar þær ráðstafanir yrðu gerðar í alvöru til þess að rétta við hag útflutningsframleiðslunnar sem ekki hefðu þann fylgikvilla að kjör fólksins í landinu mundu skerðast eitthvað. Þetta var karlmannlega mælt af hálfu hæstv. ráðherra. Því miður er það svo að ég hef ekki trú á því að neinar alvöruaðgerðir verði gerðar í þessu efni nema þær sem hafa þessa afleiðingu. Dagblaðið Þjóðviljinn, og sá ritstjóri þess sem talinn er sérstakur málsvari hæstv. fjmrh., hefur svo notað þessa yfirlýsingu hæstv. utanrrh. sem sérstakt árásarefni og í forustugrein Þjóðviljans í dag fær hæstv. sjútvrh. sérstaka kveðju frá hæstv. fjmrh. fyrir þessa yfirlýsingu. Látið er í það skína að skattheimturáðherrann, kjaraskerðingarráðherrann sé einhverrar annarrar skoðunar, ráðherrann sem ber ábyrgð á kjaraskerðingunni. Nei, Þjóðviljinn gerir hæstv. sjútvrh. að hinum mikla sökudólgi kjaraskerðingarinnar og er þó á allra manna vitorði að hæstv. fjmrh. hafi um þetta forustu og frumkvæði og hann hefur jafnvel með nokkrum blekkingum fengið suma stjórnarflokkana til liðs vig sig í þeim efnum. En þannig eru kveðjurnar sendar á milli.

Það er hins vegar áhyggjuefni að nú stefnir í þessa kjaraskerðingu, um 7% að mati forseta Alþýðusambandsins, án þess að nokkuð hafi verið gert til þess að rétta við rekstur útflutningsframleiðslunnar. Auðvitað getur þjóðin þurft að horfa framan í kjaraskerðingu og taka hana á sig ef í raun og veru er verið að gera ráðstafanir sem tryggja rekstur útflutningsframleiðslunnar sem skapar verðmæti sem við lifum á. Ég tek undir þau sjónarmið sem hæstv. sjútvrh. hefur sett fram í þessum efnum. En það hlýtur að vera mikið áhyggjuefni þegar slík kjaraskerðing blasir við án þess að nokkrar ráðstafanir hafi verið gerðar af þessu tagi og án þess að það

bóli á þeim.

Hæstv. ríkisstjórn boðaði í sömu mund og bráðabirgðalögin voru gefin út sl. haust að gera ætti sérstakar ráðstafanir sem hv. 10. þm. Reykv. hefur nú kallað biðleik svona til þess að spotta svolítið forustumenn eigin flokks. Biðleikurinn var í því fólginn að lækka raforkuverð til fiskvinnslufyrirtækja. Þetta hefur ekki verið gert enn. Og nú eru gefnar út yfirlýsingar um það að í þeim nýju ráðstöfunum sem ríkisstjórnin hefur verið að tala um síðustu vikur eigi það einmitt að vera fólgið að framkvæma það sem lofað var í byrjun október. Fyrsta efnahagsráðstöfunin var fólgin í því að lofa og á fjórða mánuði er farið að tala um að næstu ráðstafanir verði í því fólgnar að framkvæma það sem lofað var fyrir fjórum mánuðum. Með hvaða hætti á að gera þetta? Það er ástæða til að inna hæstv. ríkisstjórn eftir því. Á að framkvæma þetta *með þeim hætti að hækka raforkuverð á almenningi* eða á að leggja þetta á ríkissjóð? Hvor niðurstaðan sem verður í þessu efni, þá hlýtur að vera komið að því að hæstv. ríkisstjórn segi þjóðinni frá því hvora leiðina á að fara. Á að hækka raforkuverðið til almennings á móti? Eða á að leggja þetta á ríkissjóð sem hlýtur þá að kalla á aukna skattheimtu? Það hlýtur að þurfa að taka tillit til þess við afgreiðslu fjárlaga á morgun ef þá leið á að fara. Þessu þarf hæstv. ríkisstjórn að svara.

Í annan stað var gefið fyrirheit um mikla skuldbreytingu í nýjum sjóði sem stofnaður var og var það auðvitað mál út af fyrir sig að ekki væri hægt að koma fram skuldbreytingu nema stofna nýjan sjóð með sérstakri kommissarastjórn. Fram til þessa hefur verið unnt að koma fram skuldbreytingum í sjóðum atvinnuveganna og í þeim bönkum sem starfandi eru. En nú þurfti stefna Alþb. að ná fram að ganga eins og henni var skilmerkilega lýst í forustugrein Þjóðviljans. Þau fyrirtæki eiga að lifa sem þeir hafa velþóknun á sem ferðinni ráða, eins og það var orðað. Þá þurfti að stofna nýjan sjóð með kommissarastjórn.

Nú vill svo til að sjóður þessi hefur starfað með allmiklum bægslagangi án þess að þess sjáist nokkurs staðar stað í atvinnulífinu. Enn sem komið er eru pappírar þessa sjóðs ekki gjaldgengir. Samband almennra lífeyrissjóða gefur út yfirlýsingu þar um, telur bæði að tryggingar séu ónógar og bendir á að vextir séu lægri en almennt gerist og hvort tveggja, að því er manni skilst, út af fyrir sig ræður því að pappírarnir eru ekki gjaldgengir. Viðskiptabankarnir hafa enn sem komið er ekki hafið að kaupa eða taka við þessum pappírum. Þessi stóra aðgerð hefur því ekki komið til framkvæmda enn. Var þó skuldbreyting við þær aðstæður alveg nauðsynleg og býsna mikilvægt að ekki yrði dráttur á að hún kæmi til framkvæmda. Það mátti öllum vera ljóst að aðgerð af þessu tagi, að skuldbreyta fyrir útflutningsframleiðsluna, var nauðsynleg. En það var hægt að gera með hefðbundnum hætti eftir þeim farvegi sem slíkar aðgerðir hafa verið framkvæmdar áður og þá er hugsanlegt að hún hefði gengið skjótar og öruggar fyrir sig. En með þessum hætti hefur málið allt verið dregið á langinn með augljósum afleiðingum fyrir atvinnulífið.

Þriðja stóra loforðið var að lækka vextina. Þeir lækkuðu í tíð fyrri ríkisstjórnar, á síðustu mánuðum hennar úr 40% niður í 25% og nafnvextirnir lækkuðu áfram í takt við lækkun skráðrar verðbólgu eftir að þessi stjórn tók við. En að því er raunvextina varðar hefur enginn eiginlegur árangur orðið.

Það eru spurnir af því að bankabréf gangi nú með 9,5 og 9,8% ávöxtunarkröfum. Ekki eru það dæmi um raunvaxtalækkun. Spariskírteini ríkissjóðs voru seld á sérstöku gengi fram til áramóta á 8% vöxtum hvað sem sagði um hina skráðu vexti á þeim bréfum. Og ég heyrði ekki betur en að Samvinnubankinn hafi verið að auglýsa 8% ávöxtun á spariskírteinum ríkissjóðs í morgun. Þeir létu ekki þar við sitja að auglýsa slík kjör fram til áramóta heldur byrjuðu nýtt ár á því í Samvinnubankanum að auglýsa birgðirnar sem þeir sitja uppi með af spariskírteinum ríkissjóðs á 8% vöxtum. Þetta eru nú staðreyndirnar í þeim efnum.

Hæstv. fjmrh. samdi við lífeyrissjóðina til þriggja mánaða um skuldabréfakaup, um 0,2% lækkun á vöxtum, en gegn því skilyrði að vextirnir á bréfunum frá 1987 yrðu hækkaðir og hélt að með þeim hætti væri hægt að slá ryki í augun á fólkinu í landinu og telja því trú um að vextirnir væru að lækka. Það er auðvelt að lækka vexti að nafninu til um 0,2% næstu þrjá mánuði, ef þú um leið ert að semja um það að hækka vextina sem búið var að semja um á bréfunum frá 1987, en ég býst við að niðurstaðan af því sé a.m.k. óbreyttir vextir ef ekki hærri vextir. Þetta er það sem hæstv. ríkisstjórn er að gera sjálf og getur ekki kennt neinum öðrum um. Þetta er það sem hún aðhefst sjálf í þessum efnum. Og svo kemur hæstv. fjmrh. með hótanir núna og segir: Ef þið seljið ekki spariskírteinin, þá höfum við ýmislegt uppi í erminni. Nú vil ég spyrja hæstv. ríkisstjórn: Hvað er þetta sem verið er að hóta með? Bankarnir hafa setið uppi með birgðir af óseljanlegum spariskírteinum upp á tæpa 2 milljarða kr. Og nú hótar hæstv. fjmrh. Er verið að hóta því að hækka bindiskylduna? Þegar bankarnir vegna efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar sitja uppi með nálega 2 milljarða kr. í óseljanlegum spariskírteinum, á þá að hóta í ofanálag að hækka bindiskylduna? Það er nauðsynlegt að fá skýr svör við þessu.

Telur hæstv. ríkisstjórn að með því sé verið að greiða götu atvinnulífsins í landinu? Telur hæstv. ríkisstjórn að með því sé verið að auðvelda viðskiptabönkunum að þjóna atvinnuvegunum sem ekki fá rekstrarskilyrði, sem hæstv. ríkisstjórn stærir sig af að vilja ekki búa eðlileg rekstrarskilyrði? Staðfesta hennar sé svo mikil að hún bara taki það ekki í mál, eins og hæstv. fjmrh. gaf til kynna á fundi ráðherranna þegar 4% gengisbreytingin var tilkynnt. Er þessi hótun enn ein nýárssendingin til atvinnuveganna í landinu?

Hæstv. forsrh. lýsti því yfir fyrir jólaleyfi að hann mundi á nýju ári hefja viðræður við aðila vinnumarkaðarins og kynna stjórnarandstöðuflokkunum hugmyndir ríkisstjórnarinnar um viðbótaraðgerðir í efnahagsmálum. Á þeim tíma fengust engin svör um það á hvaða grundvelli viðræður við aðila vinnumarkaðarins ættu að fara fram, hvaða stefnumörkun lægi fyrir af hálfu ríkisstjórnarinnar. En það er svo satt og rétt að hæstv. forsrh. hefur kynnt stjórnarandstöðuflokkunum að ég hygg öllum, a.m.k. átti ég fund með hæstv. forsrh. þar sem hann gerði grein fyrir útreikningum sem hæstv. ríkisstjórn hefur látið fara fram og nokkrum hugmyndum sem ríkisstjórnin er með á prjónunum. Þetta er auðvitað þakkarvert og lofsvert og er ástæða til að taka fram af þessu tilefni og í þessari umræðu. En þetta eitt dugir út af fyrir sig ekki. Það gagnar ekki, þó að Tíminn telji það vera umtalsverða stefnubreytingu í efnahagsmálum að nú sé safnað upplýsingum, þá dugar það ekki eitt út af fyrir sig. Það dugar ekki eitt út af fyrir sig að greina stjórnarandstöðu og atvinnulífinu frá því sem ríkisstjórnin er að hugsa. Þar skipta aðgerðirnar auðvitað höfuðmáli. Nú er auðvitað ekki unnt að ræða þau efni meðan hæstv. ríkisstjórn hefur ekki greint frá þeim opinberlega, en Alþýðublaðið hefur þó sagt frá því í morgun að þar séu á döfinni hugmyndir um að fjölga nokkuð sjóðunum, auka nokkuð við sjóðabáknið, og ég ætla aðeins að segja þetta af fyllstu einlægni og til viðvörunar.

Ég hygg að þeir séu fáir í þessu þjóðfélagi og síst af öllu finnist þeir í sjávarútveginum sem telji að það sé einhver leið til þess að treysta rekstrarstöðu vel rekinna fyrirtækja að fara að bæta við sjóðabáknið. Menn vara fastlega við að halda áfram með hugmyndir af því tagi. Og ástæða er til þess að vara menn enn við að halda áfram hugmyndum um að auka skattheimtuna, að vara menn við að hugsa um frekari skatta á atvinnulífið í landinu og allra síst á sjávarútveginn. Engar slíkar hugmyndir geta leitt til lausnar á þessum vanda.

Vafalaust er það rétt sem fram hefur komið hjá hæstv. ríkisstjórn að sum fyrirtæki eru þannig stödd að þeim verður ekki bjargað með almennum aðgerðum. Það sem skiptir máli í dag er að vel rekin fyrirtæki í sjávarútvegi og iðnaði fái rekstrarskilyrði. Stefnan virðist hins vegar vera sú að bíða, eins og hv. 10. þm. Reykv. orðaði það, og freista þess svo að taka eitt og eitt fyrirtæki, eins og það er stundum orðað, úr þeim hópi þar sem þörfin er mest, en láta meginþorrann, sem eru vel rekin fyrirtæki, sitja á hakanum og bíða eftir því að þau fyrirtæki komist líka endanlega á vonarvöl. Þetta virðist vera hugmyndafræðin á bak við stjórnarstefnuna sem hæstv. fjmrh. hefur mótað og lagt. Krafa dagsins hlýtur að vera sú að tryggja vel reknum fyrirtækjum rekstrarskilyrði. Það eru þau sem skapa verðmætin í landinu og það eru þau sem tryggja lífsafkomu fólksins.

Hæstv. utanrrh. gaf út allmikla yfirlýsingu um nauðsyn þess að taka í hnakkadrambið á Seðlabankanum og endurskoða lög um hann. Þessi yfirlýsing hefur vakið allmikla athygli. Nú veit ég ekki hvort þessi yfirlýsing er þáttur í heildarráðstöfunum ríkisstjórnarinnar eða hvort hún er gefin einungis í þeim tilgangi að draga fjöður yfir það að ríkisstjórnin er ekkert að gera því að með yfirlýsingunni fylgdu engar skýringar á því hvað væri að í Seðlabankanum, engar skýringar um það í hverju hæstv. ráðherra væri að fella áfellisdóma yfir Seðlabankanum og því síður fólust í þeirri yfirlýsingu nokkrar vísbendingar um það í hverju lagabreytingin ætti að vera fólgin sem er nauðsynleg. Vel má vera að yfirlýsing sem þessi sé einungis gefin í þeim tilgangi að reyna að draga athygli manna frá því sem raunverulega er að gerast, svona einhver uppákomuaðferð eins og fundaherferðin á rauðu ljósi. Það er kannski ástæða til að inna eftir því hvort þetta er yfirlýsing af því tagi eða hvort þetta er einhver þáttur í stefnu hæstv. ríkisstjórnar. Kann vel að vera að einhver atriði þarfnist endurskoðunar í seðlabankalöggjöfinni, eða er það svo að í þessari yfirlýsingu felist áfellisdómur yfir þeim ráðherra sem hefur haft með þessi mál að gera að undanförnu? Er það svo að þriðji maður á lista Alþfl. í Reykjavík sé þeirrar skoðunar að fyrsti maður á lista Alþfl. í Reykjavík, sem hefur haft með málefni Seðlabankans að gera, hafi leyft bankastjórum Seðlabankans að fara út fyrir þau lög sem um bankann gilda og þess vegna þurfi að gera athugasemdir? Eða felst í þessu athugasemd af hálfu þriðja manns á lista Alþfl. um það að fyrsti maður á lista Alþfl. hafi ekki sinnt því eðlilega hlutverki að endurskoða lög um Seðlabankann? Það væri býsna fróðlegt að fá einhverja umfjöllun um þetta þó að ég ætli ekki að fara að draga hugsanleg innanbúðarvandamál í Alþfl. inn í umræður á hinu háa Alþingi. En með því að þetta hefur verið gert að opinberu máli er kannski ástæða til að fá um það nokkra umfjöllun af hálfu hæstvirtra ráðherra. Eða er þetta í einhverjum tengslum við þann alvarlega atburð sem gerst hefur og gerður hefur verið opinber, að nýráðinn bankastjóri Landsbankans neitar að hætta störfum sem kaupfélagsstjóri og stjórnarformaður SÍS um leið og hann tekur við starfi bankastjóra svo sem honum er þó skylt lögum samkvæmt? Er með þessu verið að gagnrýna hæstv. viðskrh. fyrir að koma ekki í veg fyrir þetta?

Þá er enn á ný ástæða í þessari umræðu til þess að inna hæstv. ríkisstjórn eftir áformum hennar í lánsfjármálum á þessu ári. Lagt hefur verið fram frv. til lánsfjárlaga. Mér vitanlega hefur nánast engin vinna farið fram í þingnefnd um þetta efni. Venja er að samþykkja lánsfjárlög í tengslum við fjárlög þegar þess er nokkur kostur og reynslan hefur jafnan sýnt að dragist afgreiðsla lánsfjárlaga á langinn eru líkur á að lánsfjármál ríkisins fari úr böndunum. Það er heldur gagnslítið að afgreiða fjárlög sem þátt í heildarstefnu ríkisstjórnar í efnahagsmálum ef ekki liggja á sama tíma fyrir ákvarðanir ríkisstjórnarinnar um stefnu í lánsfjármálum og ákvarðanir um það hvernig lánsfjárlög eiga að vera. Ég vil inna eftir því hvort það sé í raun og veru ætlun ríkisstjórnarinnar

að standa að afgreiðslu fjárlaga án þess að afgreiða lánsfjárlögin. Hefur afgreiðsla fjárlaga þó dregist fram í janúarmánuð. Á samt sem áður að draga afgreiðslu lánsfjárlaganna enn á langinn? Hefur ríkisstjórnin ekki komið sér saman um lánsfjárlög? Er óvissan svo mikil að hæstv. ríkisstjórn getur ekki staðið að afgreiðslu lánsfjárlaga? Hvað veldur því að þau eru ekki til umfjöllunar hér á hinu háa Alþingi þessa daga? Því þarf auðvitað að svara. Og æskilegt er að um leið sé gefin greinargerð um það hvernig staðið hefur verið að framkvæmd lánsfjárlaga á síðasta ári. Nú stefnir í óbreyttan eða jafnvel vaxandi viðskiptahalla. Það er mat flestra hagfræðinga að stefna núv. ríkisstjórnar geti ekki þýtt annað en að viðskiptahalli fari vaxandi. Það væri einkar athyglisvert í þessari umræðu að fá sjónarmið hv. 10. þm. Reykv. sem fyrir um það bil ári gaf þá yfirlýsingu að hann gæti aldrei stutt ríkisstjórn sem ekki næði viðskiptahallanum niður í jöfnuð í einu vetfangi. Nú er hann ábyrgur fyrir ríkisstjórn sem virðist ekki einu sinni hafa það að markmiði að ná niður viðskiptahalla.

Í heild, herra forseti, sýnist það vera augljóst að það var réttnefni hjá hv. 10. þm. Reykv. að aðgerðir ríkisstjórnarinnar væru biðleikur og gagnslausar. Gengisbreytingin sem ákveðin var í byrjun þessa árs hefur engin raunveruleg áhrif á afkomu atvinnuveganna. Ríkisstjórnin sjálf hefur virt verðstöðvun að vettugi og staðið að því að hækka raungengi krónunnar af þeim sökum og draga úr áhrifum gengisbreytingarinnar sem verða hverfandi vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar. Þetta eru í hnotskurn þær staðreyndir sem við blasa.

Loks sýnist það blasa við að það verður býsna erfitt að koma fram nauðsynlegri breytingu á raungengi krónunnar á næstu vikum eftir að þessi klaufalega ákvörðun var tekin í ársbyrjun sem er allsendis ónóg, skilar engu til útflutningsframleiðslunnar, einkanlega vegna áhrifa af skattastefnu ríkisstjórnarinnar, en þetta kann auðvitað að leiða til þess að erfitt verði að taka hið raunverulega skref núna alveg á næstunni. Það er kannski það alvarlegasta og sýnir best hvers konar klaufaskapur var þarna á ferðinni ef þessi ákvörðun verður til þess að hin raunverulega ákvörðun um að leiðrétta raungengi krónunnar verður ekki tekin á næstu vikum því að auðvitað er það skiljanlegt að það sé erfitt fyrir hæstv. ríkisstjórn að breyta gengi krónunnar tvisvar sinnum á einum mánuði. Af þessu hljóta þeir sem eru í forustu fyrir íslenskum sjávarútvegi að hafa nokkrar áhyggjur þó að ekki sé dýpra í árinni tekið.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Það er út af fyrir sig tilgangslítið að eyða tíma í langar umræður um það mál sem hér er á dagskrá. Þessi bráðabirgðalög verða staðfest svo fremi menn hafa ekki skipt um skoðun í ráðrúmi hátíðisdaganna. Þar með fellst meiri hl. alþm. á það að stjórnvöld geti einhliða ákveðið þak á almenn laun og sagt fyrir um það hvenær segja megi upp samningum sem samningsaðilar hafa þó ekki einu sinni fengið að fara eftir. Það er svo sem ekki í fyrsta skiptið sem launafólk er beitt valdi af þessu tagi og ævinlega undir því yfirskini að þjóðarhagur sé ella í voða. Sé hins vegar rætt um nauðsyn þess að lögfesta lágmark launatekna í þjóðfélaginu til þess að tryggja öllum sómasamlega afkomu og framfærslueyri, þá er samningsrétturinn dreginn fram af andmælendum og klæddur í búning heilagleikans. Þá er ekki hlustað á þau rök að hagur lágtekjufólksins sé í voða.

Það virðist sem sagt alltaf hægt að tryggja meirihlutafylgi við það að halda launatöxtum niðri, en ógerningur, hingað til a.m.k., að fá skilning nægilega margra á því að allir eigi rétt á lágmarkstekjum sem dugi til mannsæmandi lífs. Afstaða kvennalistakvenna til þessara bráðabirgðalaga hefur frá upphafi verið ljós. Við getum ekki fallist á launafrystingu og afnám samningsréttar sem réttmætan lið í lausn á vanda atvinnulífsins sem er að stærstum hluta fólginn í óhóflegum fjármagnskostnaði, svo og þróun gengis og verðlags á erlendum mörkuðum.

Hér í Nd. stóðu fulltrúar allra þingflokka stjórnarandstöðu í fjh.- og viðskn. sameiginlega að tillögum til breytinga á frv. sem fólu í sér afnám launafrystingar og banns við uppsögn samninga. Það voru sár vonbrigði að sú samstaða skyldi ekki ná til allra sem sitja í viðkomandi þingflokkum. Ég leyfi mér ekki að efast um einlægni þeirra sem ráðstöfuðu atkvæði sínu þannig að þessum lögum yrði bjargað í höfn, en rök þeirra get ég ekki fallist á. Þau virtust byggð á því að ríkisstjórnina mætti ekki fella. Þjóðarhagur ylti á því að gefa henni frið til sinna verka, ella yrði upplausnarástand í þjóðfélaginu. Þessi afstaða hlýtur að byggjast á trú á þessa ríkisstjórn og getu hennar til þess að ráða fram úr vanda efnahags- og atvinnulífsins. Hingað til höfum við þó ekki séð neitt það til þessarar ríkisstjórnar sem réttlætt geti slíka trú. Helstu úrræði hennar hafa falist í því að frysta launataxta. Hún hefur hins vegar ekki treyst sér til þess að frysta verðlag þar sem það má hækka vegna sannanlegra hækkana á erlendum aðföngum. Þetta eru rök ríkisstjórnar jafnréttis og félagshyggju. Launafólk má ekki fá laun sín hækkuð vegna sannanlegra kostnaðarhækkana, en ríkisstofnanir og viðskiptaaðilar geta borið fyrir sig sannanlegar kostnaðarhækkanir. Þannig er forgangsröðin hjá ríkisstjórn jafnréttis og félagshyggju sem finnst sæmandi að halda launafólki í skrúfstykki launafrystingar og hækka um leið tekjuskatta og gjöld ríkisstofnana og verðlag í landinu með hækkun óbeinna skatta eins og vörugjalds, allt saman aðgerðir sem koma verst og harðast niður á almennu launafólki. Mig undrar að nokkrum sem ber sérstaklega hag launafólks og heimilanna fyrir brjósti geti fundist ástæða til að verja slíka ríkisstjórn og jafnvel styðja hana. Og ég hlýt að vísa á bug öllu tali um ábyrgðarleysi í þessu sambandi.

Afstaða kvennalistakvenna til tekjuöflunarfrum-

varpa ríkisstjórnarinnar var í fullu samræmi við aðstæður. Við erum engir sérstakir skattaandstæðingar og teljum eðlilegt og sjálfsagt að bæði fólk og fyrirtæki greiði skatta til samfélagsins. Það verður hins vegar að miðast við getu og aðstæður. Og við teljum það beinlínis ósæmilegt að hækka skatta á launafólki um leið og því er bannað að taka umsamdar launahækkanir, hvað þá heldur að semja um aðrar. Afstaða okkar var því sú að við samþykktum þær tekjuöflunarleiðir sem okkur virtist sannanlegt að skertu ekki kjör almenns launafólks né snertu afkomu heimilanna. Og ég verð að segja að mér er ómögulegt að skilja þau rök að menn sjái sig tilneydda til að styðja þvílíkar aðgerðir til þess að koma í veg fyrir upplausn í þjóðfélaginu. Það verði fyrir alla muni að verja þessa ríkisstjórn falli hvað sem það kostar.

Þessi ríkisstjórn jafnréttis og félagshyggju hefur enn bætt um betur eða hitt þó heldur með gengisfellingu sem hlýtur að skila sér mjög fljótt í hækkun verðlags og enn rýrari kaupmætti en kemur þó að harla litlu gagni fyrir atvinnulífið. Þessi aðgerð virðist algjörlega út í loftið. Það er löngu viðurkennt af flestum öðrum en aðstandendum ríkisstjórnarinnar að gengið hefur verið kolrangt skráð mjög lengi og það er einmitt ein af orsökunum fyrir slæmri stöðu útflutnings- og samkeppnisgreinanna og hins vegar fyrir gróða og góðæri hjá innflutningsgreinunum. Þetta misræmi er óhjákvæmilegt að leiðrétta þó það sé sannarlega hvorki vandalaust né einfalt og þarf vitaskuld að mæta því með hliðarráðstöfunum sem fyrst og fremst verða að miða að því að taka áfallið af almennu launafólki og heimilunum. Öðruvísi má það ekki gerast. Það sem nú hefur hins vegar verið gert er skelfing máttleysislegt og ómarkvisst og leysir engan vanda, enda eru boðaðar frekari aðgerðir. Eins og hv. síðasti ræðumaður kom inn á hefur hæstv. forsrh. nú þegar kynnt lauslega hugmyndir sem eru til umræðu, en ég hygg að ég brjóti engan trúnað þótt ég segi að við kvennalistakonur leituðum nokkuð í þessum plöggum og í þessum hugmyndum að einhverju sem horfa kynni til bóta fyrir almennt launafólk og þar sem kæmi fram einhver umhyggja þessarar ríkisstjórnar sem kennir sig við jafnrétti og félagshyggju fyrir því fólki sem maður hefði haldið að ætti skjól hjá slíkri ríkisstjórn. Þær tillögur eða hugmyndir fundum við ekki í þessum plöggum.

Nú ber hins vegar svo við að ráðherrum virðist ekki liggja alveg jafnmikið á og á haustdögum þegar stjórnarmyndun og efnahagsaðgerðir voru algjört dagaspursmál svo að ekki þótti einu sinni fært að bíða með lagasetningu þá örfáu daga sem voru til þingsetningar. Nú telja menn sig hafa góðan tíma og meira að segja ráðrúm til fundahalda úti um landsbyggðina alls óviðkomandi þeim stjórnunarstörfum sem þeir hafa þó talið sig manna best fallna til að gegna. Það er annars hið undarlegasta mál og skilningurinn kann að vefjast fyrir ýmsum. Oddvitar tveggja stjórnarflokkanna boða til fundahalda að því er virðist í óþökk allra samstarfsmanna sinna og það á þessum tíma, þegar einhverjir hefðu haldið að brýnna væri að sinna ýmsu öðru, svo sem eins og efnahags- og atvinnumálum. Vafalaust verða þó einhverjir fegnir að fá tækifæri til að ræða við þessa hæstv. ráðherra augliti til auglitis og spyrja þá m.a. rækilega út í skilgreiningu þeirra á jafnrétti og félagshyggju. Þeir láta hins vegar ekki svo lítið að vera við þessa umræðu. Þeir eru e.t.v. að búa sig undir þessa fundaherferð, enda veitir þeim ekki af að skerpa hugmyndir sínar og skilgreiningar og e.t.v. verða þeir líka spurðir út í þá einkennilegu birtingarmynd jafnréttis og félagshyggju sem sjá má í þessu frv. til laga um aðgerðir í efnahagsmálum, 20. máli þessa löggjafarþings.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um frv. sem hér er á dagskrá. Við kvennalistakonur greiðum atkvæði gegn því eftir sem áður.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Mér þykir rétt, ekki síst þar sem hér hafa komið fram ýmsar athugasemdir og orðið nokkur umræða um efnahagsstöðuna almennt, að fara um það nokkrum orðum. Ég skal þó forðast að flytja það langa ræðu að ég fái ámæli fyrir frá stjórnarandstöðunni.

Hv. 1. þm. Suðurl. sagði menn hafa búist við víðtækum efnahagsráðstöfunum um áramót. Ég veit ekki á hverju það er byggt. Ég hef hvað eftir annað sagt í umræðu hér á hinu háa Alþingi að þeim ráðstöfunum sem gripið var til við stjórnarmyndun 28. sept. var ætlað að veita svigrúm fram í febrúar og áformað að vinna á þeim tíma ötullega að því að skapa betri grundvöll fyrir efnahagsaðgerðir sem gætu orðið varanlegri og, svo að ég noti orð, ég held það hafi verið hv. síðasta ræðumanns hér um daginn, sem sagt reyna að grafast fyrir um rætur vandans og gera sér grein fyrir því t.d. hvers vegna aðgerðir, á sl. ári m.a., virtust flestar renna mjög fljótlega út í sandinn. A.m.k. var staða atvinnuveganna eftir þær gengisfellingar sem gerðar voru í febrúar og maí mjög fljótlega svipuð ef ekki verri en hún hafði verið áður. Og ég ítreka enn einu sinni það, sem ég held að vísu að sé ekki misskilningur um hér á hinu háa Alþingi, að sú leiðrétting á gengi sem gerð var um áramótin var alls ekki nema óbeint liður í efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar. Hún var gerð til þess einmitt að skapa þetta svigrúm sem til var ætlast í september. Hún er miðuð við að leiðrétta það misgengi sem orðið var við dollarann sem að mati Seðlabankans var orðið 4,3% á nýársdag. Að vísu breyttist dollarinn enn nokkuð á öðrum í nýári og gengisfellingin sem var gerð er því í raun nær 5% miðað við þá stöðu sem þá var orðin.

Okkur er að sjálfsögðu ljóst að þessi gengisfelling hefur hækkunaráhrif á verðlag. Reynt verður að draga úr því og hafa verið gerðar ráðstafanir til þess, m.a. með því að færa til sömu dagsetningar greiðslu söluskatts og innheimtu greiðslukorta sem kaupmenn hafa talið vera mjög íþyngjandi, eins og flestir

vita, eins og það var áður. Sömuleiðis var ákveðið að veita heimild til að nýta greiðslufrest sem innflytjendur geta fengið erlendis. Ég er ekki að segja að þetta vegi upp á móti þeim hækkunaráhrifum sem gengisfellingin hefur. Það er nokkuð athyglisvert að gengisfellingin er annars vegar gagnrýnd fyrir það að vera of lítil og hins vegar gagnrýnd fyrir það að hafa verðlagsáhrif. Nú veit ég að öllum er ljóst að hjá þessu verður ekki komist. Því meiri sem gengisfellingin er því meiri áhrif hefur hún á verðlag. En ég ætla ekki að eyða fleiri orðum að þessari gengisfellingu. Í mínum huga var hún algjört aukaatriði í þeim efnahagsráðstöfunum sem gera þarf.

Það er rétt sem komið hefur fram hjá hv. ræðumönnum að ég afhenti viðbótargögn nú á síðustu dögum, hef afhent formönnum eða leiðtogum stjórnarandstöðuflokkanna þessi gögn. Sömuleiðis hef ég átt viðræður við forseta ASÍ og afhent honum gögnin, ég hef átt viðræður við forustumenn vinnuveitenda, við áttum ítarlegan fund í morgun með forustumönnum í sjávarútvegi, og þannig get ég áfram talið og mun áfram ræða við þessa aðila, að sjálfsögðu, með það í huga að víðtækt samráð geti orðið um þessi mál, t.d. í næstu viku. Af því að hér var spurt áðan, ef ég man rétt, hvernig ég hugsaði mér það samráð svara ég þeirri spurningu þannig að ég vil ákveða það að höfðu samráði við þá aðila sem ég hef leitað til og hef ekki sett þar ákveðna formúlu fram á þessu stigi. Þetta er liður í þeirri viðleitni að vinna að þessum málum mjög opið og mér er ljóst að þetta hefur þegar komist til fjölmiðla. Ég hef út af fyrir sig enga athugasemd við það að gera, það vill gerast fljótlega þegar margir vita.

Ég ætla ekki að ræða þau nýjustu gögn ítarlega en geta þó aðeins um eitt atriði þeirra sem varðar það sem mjög hefur borið hér á góma, þ.e. áhrif gengisbreytingar til hagsbóta fyrir útflutningsgreinarnar. Ég upplýsti hér á hinu háa Alþingi fyrir jólin að ég hefði beðið um athugun á því hvaða áhrif mismunandi gengisfelling hefði til lengri tíma litið fyrir fyrirtæki í sjávarútvegi. Því er ekki að leyna að ég gerði það vegna þess að mér leikur nokkur forvitni á að vita betur hvernig á því stendur að gengisfellingar á síðustu mánuðum hafa borið afar lítinn árangur, hafa runnið afar fljótt út í sandinn. Þjóðhagsstofnun kaus að vinna þetta þannig að leggja til grundvallar þau 30 fyrirtæki sem sérstaklega og mjög ítarlega hafa verið skoðuð og gera það sameiginlega fyrir þau fyrirtæki fremur en að skoða hvert einstakt fyrirtæki því aðstaðan hjá einstökum fyrirtækjum er svo gífurlega breytileg að þeir töldu það nánast óvinnandi verk. Þetta var síðan útfært til miklu fleiri sjávarútvegsfyrirtækja með því að framreikna stöðu þeirra til dagsins í dag á grundvelli þeirrar þróunar sem kom fram hjá þessum 30 fyrirtækjum sem sérstaklega voru athuguð.

Nú er að sjálfsögðu ljóst að til þess að unnt sé að gera slíka athugun þarf að gefa sér mjög margar forsendur. T.d. þarf að gefa sér forsendur um aflabrögð og þær forsendur eru gefnar þar að afli dragist saman á árinu 1989 um 7%, á árinu 1990 um 3% en afli aukist síðan á árinu 1991 og 1992 um 2% fyrra árið, 5% síðara árið. Það þarf einnig að gefa sér forsendur um meðalverðlag sjávarafurða á erlendum mörkuðum. Talið er að sjávarafurðir hækki um 2% á ári á erlendum mörkuðum og er reyndar þá aðeins tekin nokkurn veginn sú verðbólguspá sem liggur fyrir frá alþjóðlegum stofnunum. Það þarf einnig að gefa sér forsendur um raunvexti. Þeir eru settir í 7% fyrri tvö árin en 6% seinni tvö árin. Einnig þarf að gefa sér forsendur um lengd lána og þær forsendur eru gefnar að afborgunartími lána sé 6–8 ár, dálítið breytilegur eftir því um hvaða greinar sjávarútvegsins er að ræða. Í þessu er gert ráð fyrir því að launahækkun verði á árinu eins og Þjóðhagsstofnun hefur gert ráð fyrir, 5%, og 5% fiskverðshækkun, en eftir árið 1989 er ekki gert ráð fyrir að neinar slíkar breytingar verði né gengisfelling. Þetta er að sjálfsögðu stílfært dæmi en það er ekki kostur á að reikna slíkt út nema með einhverju slíku móti. Í fáum orðum sagt, það sem kemur mjög athyglisvert út úr þessum dæmum er að það er nánast sama hver gengisfellingin verður, vandi sjávarútvegsins verður ekki leystur á nokkrum mánuðum. Ef gengisfelling væri t.d. ákveðin 10% væri fjárþörf í sjávarútvegi án nokkurrar nýrrar fjárfestingar 8–9% fram á næsta ár til viðbótar við tekjur, þ.e. 8–9% þörf fyrir nýtt fé, 8–9% af veltuþörf fyrir nýtt fé fram á mitt næsta ár, þ.e. skuldir fyrirtækjanna mundu halda áfram að vaxa. Jafnvel með 20% gengisfellingu, sem ég hef ekki heyrt menn minnast á, væri þörf á viðbótarfjármagni upp á 4% og jafnvægi mundi ekki nást samkvæmt þessum, ég endurtek, stílfærðu dæmum t.d. miðað við 20% gengisfellingu fyrr en um mitt árið 1991. Og ef bætt er við fjárfestingu lengist þessi tími vitanlega töluvert mikið. Ég lét því einnig athuga og fékk útkomuna í gær hvaða áhrif það hefði ef unnt væri að lengja lánin verulega, t.d. tvöfalda lánin, og það kemur að sjálfsögðu í ljós að þá lagast þessi mynd afar mikið, þá minnkar fjárþörf fyrirtækjanna u.þ.b. um 3% af veltu, þ.e. ef lánin eru tvöfölduð. Menn geta sagt, það er ekki raunhæft að tala um svo löng lán, sem sagt 12–16%. Ég segi, vissulega kann það að vera raunhæft og kann að vera nauðsynlegt. Ég lét líka athuga hvaða breytingum það ylli ef raunvextir lækkuðu í 4% og að sjálfsögðu breytir það einnig fjárþörfinni um u.þ.b. einn til tvo af hundraði á ári, en að öðru leyti verða breytingarnar jafnvel meiri, þ.e. reksturinn lagast fyrr. Ef þetta hvort tveggja næðist væri gífurlega dregið úr nýrri fjárþörf sjávarútvegsins og það væri svo sannarlega markmið að setja sér. Ég vil því halda því fram að öll þessi upplýsingasöfnun sé þegar að leiða til mjög haldgóðra upplýsinga sem við höfum nú og hljóta að verða lagðar til grundvallar í þeim aðgerðum sem óhjákvæmilegt er að grípa til.

Ég hef einnig dreift upplýsingum sem ég sé að jafnframt hafa einnig að sumu leyti birst. Ég veit ekki hvað hefur birst mikið af því sem ég sagði áðan, mér finnst afar eðlilegt að menn skoði þau mál

opinskátt, en ég hef dreift upplýsingum um ýmsar ráðstafanir sem alveg sérstaklega hafa verið unnar á vegum sjútvrh. og miða vitanlega að því að draga úr þörf fyrir aðrar almennar aðgerðir eins og gengisfellingu eða niðurtalningu í þágu sjávarútvegsins.

Það er mjög athyglisvert að í því mati sem Þjóðhagsstofnun gefur nú á stöðu sjávarútvegsins hefur staða útgerðar versnað mjög. Samkvæmt alveg nýlegu mati sem ég var að fá á stöðu eftir þá gengisbreytingu sem nú er orðin er staðan miðað við nokkurn veginn — það er verið að skoða þetta nokkuð nánar, vil ég taka fram — þá telur Þjóðhagsstofnun að botnfiskveiðar, veiðar og vinnsla séu enn þá rekin með u.þ.b. 5% halla en veiðarnar sjálfar með 9% halla og vinnslan í heild sinni sé í kringum núllið eins og að var stefnt með aðgerðunum í september en frystingin sé með tvo og hálfan í halla en saltfiskur með fjóra og hálfan í plús. Það er ekki síst þessi mjög slæma staða veiðanna sem veldur áhyggjum og að sjálfsögðu er mönnum ljóst að gengisfelling lagar ekki fyrir veiðarnar heldur þvert á móti gerir ástandið þar verra. Þess vegna hefur sjútvrh. hafið mjög umfangsmikla vinnu að því hvort ekki megi fækka fiskiskipum og færa þannig fiskveiðikvótann saman á færri skip. Við ræddum þetta við sjávarútvegsmenn í dag og ég held að allir séu sammála um að þetta er afar mikilvæg aðgerð. Hún skiptir hins vegar ekki sköpum á nokkrum vikum, þetta er langtímaaðgerð. Ég er hins vegar ekki í nokkrum vafa um að einhver aðgerð í þessa veru er óhjákvæmileg ef við ætlum að ná viðunandi rekstrarstöðu fyrir þennan stóra flota og um leið þó möguleika til þess að laga fyrir sjávarútveginn í heild, þ.e. án þess að laga fyrir frystinguna en spilla fyrir útgerð. Við þurfum að fá þar meira jafnvægi á milli. Það er einnig í athugun svipað fyrir vinnsluna og hafin vinna við það, sem sagt hagræðingarátak í þágu vinnslunnar.

Hér var sagt áðan að í þeim gögnum sem ég hef dreift sé ekki að finna orð um hvað gera eigi fyrir láglaunafólkið. Það er að vísu rétt að þar er ein setning sem í segir nokkurn veginn að grípa verði til hliðarráðstafana vegna láglaunafólks ef kemur til almennra aðgerða eins og hér er verið að tala um. Þessari ríkisstjórn er fullkomlega ljóst að þær aðgerðir þurfa að vera víðtækar. Þær aðgerðir eru hins vegar miklu betur kunnar en ýmsar þessar sértæku aðgerðir sem verið er að vinna fyrir atvinnuvegina. Við höfum hvað eftir annað gripið til aðgerða, og þá á ég við margar ríkisstjórnir, til að hækka barnabætur, hækka tekjutryggingu og hækka tryggingariðgjöld svo að eitthvað sé nefnt. Það hefur einnig verið rætt um leiðir til þess, reyndar framkvæmt að litlu leyti enn þá af þessari ríkisstjórn, að auka jafnvel niðurgreiðslur á matvæli til að lækka matvælakostnað og ég tel það vera þátt sem þarf að athuga mjög vandlega þegar til aðgerða kemur. Ég vil því fullvissa hv. þingmenn um að í þeim viðræðum sem við eigum munu þessir liðir allir verða á borðinu þó að ég hafi ekki talið nauðsynlegt að telja þá upp á þessari stundu sem væri þó auðvelt.

Hér hefur verið rætt töluvert um Atvinnutryggingarsjóðinn. Ég hygg að sjá megi af þeim upplýsingum sem ég gaf áðan um áhrif af lengingu lána og lækkun fjármagnskostnaðar að starf þess sjóðs er afar mikilvægt. Þar er einmitt verið að lengja lánin upp í 10 ár. Ég hefði að vísu kosið að farið hefði verið enn þá lengra þegar ég sé hvað skuldastaða fyrirtækjanna er ákaflega erfið, en líklega þykir nokkuð mikið í lagt á þessu stigi að lengja lánin þó upp í 10 ár.

Sjóðurinn hefur fengið 175–180 umsóknir. Sumar þessara umsókna eru hins vegar það illa úr garði gerðar og svo mikið vantar í margar þeirra að afar erfitt er að taka afstöðu til þeirra. Sjóðurinn hefur nú afgreitt 31 umsókn, þar af er 21 jákvæð en 10 eru neikvæðar. Sjóðurinn er núna með 33 umsóknir sem samstarfsnefndin hefur ákveðið og sjóðsstjórnin er að fjalla um þær í dag. Ég skal ekki segja hver niðurstaðan verður en ekki er ólíklegt að hlutfallið sé eitthvað svipað því sem ég nefndi áðan.

Það er hárrétt að fjármagn hefur ekki verið afgreitt nema til fjögurra sjóða og það stafar fyrst og fremst af tvennu. Í fyrsta lagi tekur tíma að útbúa gögnin, ganga frá veðum og öllu slíku, eins og ég hygg að flestir viti, og eru það ekki tafir af hálfu sjóðsstjórnarinnar, og svo af hinu að ég vil leyfa mér að segja að þyrlað hefur verið upp ótrúlegu moldryki í kringum þennan sjóð og starfsemi hans tortryggð. Því hafa margir sem hafa fengið samþykki átt í vissum erfiðleikum að fá sína lánardrottna til þess að taka við þeim skuldabréfum sem hér er um að ræða. Að sjálfsögðu hefur staða sjóðsins verið skoðuð og ég viðurkenni að það þarf að skýra hana betur.

Ég hygg að stöðu sjóðsins verði best lýst með því að líkja sjóðnum við aðrar ríkisstofnanir. Það stendur skjalfest að ríkissjóður beri ábyrgð á öllum gerðum viðskiptabankanna, Fiskveiðasjóðs, Stofnlánadeildar landbúnaðarins o.s.frv. Við áttum ítarlegan fund með forstöðumönnum Seðlabanka og allra viðskiptabanka ríkisins um þetta mál í morgun og ég hygg að niðurstaðan af þeim fundi hafi verið sú að í raun væri staða sjóðsins afar svipuð og staða þessara aðila sem ég hef nefnt. Það er ekki dregið í efa að ábyrgð ríkisins stendur á bak við eignir sjóðsins. Sömuleiðis vil ég benda mönnum á að í því greiðsluflæði sem unnið hefur verið fyrir sjóðinn, og sem ég hygg að ýmsir hafi séð, er gert ráð fyrir því að sjóðurinn verði að taka veruleg lán á þessu 10 ára tímabili, sem skuldabréfin sem hann tekur við frá fyrirtækjunum ná yfir, til að geta staðið við greiðslur. Þau lán verða ekki tekin nema á lánsfjáráætlun og fyrir milligöngu ríkissjóðs þannig að þegar þetta mál var rætt nánar hygg ég að allir hafi viðurkennt að þarna væri vitanlega óbein og mjög víðtæk ríkisábyrgð að baki eins og er hjá bönkum og mörgum sjóðum. Ríkisstjórnin hefur hins vegar ekki viljað taka það skref að ríkisábyrgð væri á hverju einstöku bréfi frekar en hverri einstakri slíkri skuld-

bindingu hjá bönkum eða öðrum sjóðum.

Um leið og ég tek undir það að stöðu sjóðsins þarf að skýra betur tel ég að hún hafi verið að skýrast núna á síðustu dögum en ríkisstjórnin mun leggja áherslu á að hún skýrist enn betur og þá vona ég að losni um móttöku á þessum bréfum. Ríkisstjórnin hefur einnig rætt um það við Seðlabankann að hann greiði fyrir því að viðskiptabankarnir geti tekið við þessum bréfum og ekki þurfi að skerða þeirra lausafjárstöðu o.s.frv. Ég vek athygli á því að í fyrri skuldbreytingu, t.d. árið 1982 og gerð var í gegnum viðskiptabankana, samþykkti Seðlabankinn að taka við vissum hluta þeirra bréfa. Ég tel ekki óeðlilegt að svo verði enn þó að ég taki skýrt fram að engin endanleg ákvörðun er um þetta tekin. Þetta mál er þannig til ítarlegrar meðferðar og ég leyfi mér að fullyrða að það muni skýrast mjög á allra næstu dögum.

Það má skipta afgreiðslum sjóðsins í tvennt, eins og kemur fram í því sem ég ég las áðan, þ.e. annars vegar fyrirtæki sem fá þær afgreiðslur og hins vegar fyrirtæki sem ekki fullnægja ákvæðum laga og reglugerða um rekstrarhæfni. Að sjálfsögðu getur ríkisstjórnin ekki haft nema mjög takmörkuð afskipti af einstökum slíkum fyrirtækjum og menn geta kannski sagt: Þau verða bara gjaldþrota. En það er nokkuð alvarlegt mál ef fyrirtæki sem ber uppi atvinnulíf á einstökum stað er gert gjaldþrota. Það er ekki síst alvarlegt mál ef skip eru t.d. seld á brott frá slíkum stað og eignirnar sitja eftir án þess að hafa afla. Ég held að ég megi fullyrða að ýmsum sjóðum og bönkum er þetta mjög vel ljóst og því hafa þeir hafið mjög ítarlega athugun á eigin vegum á þessu máli því að ef banki á veð í frystihúsi sem missir togarann sinn og fær engan afla er það veð heldur lítils virði. Ég tel að sá hlutafjársjóður, sem að tillögu stjórnarandstöðunnar er kominn inn í þetta mál, geti að vissu leyti orðið til verulegrar aðstoðar í þessu sambandi og til þess að bankar geti breytt skuldum í hlutafé með því að kaupa þar aðildarbréf, eins og lagt hefur verið til af stjórnarandstöðu. Alla starfsemi þess sjóðs þarf vitanlega að móta miklu betur en við teljum að þetta sé mikilvæg leið í þessu sambandi.

Menn hafa talað mikið um gengisfellingu o.s.frv., sem eðlilegt er, og réttilega hefur verið sagt að gengisfelling þýði að fluttar eru tekjur frá launamönnum til útflutningsatvinnuveganna og þær þannig skertar. Því vil ég að lokum leggja á það ríka áherslu að að mínu mati og ríkisstjórnarinnar verða fleiri aðilar að bera þær byrðar. Það er fyrst og fremst fjármagnskostnaðurinn sem mjög hefur verið rætt um í þessu sambandi. T.d. ef gengið er fellt um 10% þýðir það að höfuðstóll lánskjaratryggðra lána hækkar um 3,5% eða, þar sem lánskjaratryggð lán eru talin vera að stofni til um 170 milljarðar, um 6 milljarða kr., þ.e. skuldirnar hækka um 6 milljarða kr. Þetta mundi að sjálfsögðu einnig þýða misgengi milli launa og fjármagnskostnaðar sem gæti orðið einhvers staðar af stærðargráðunni 20%. Ég veit að engir hv. þingmenn vilja stofna til þess og því hefur þessi ríkisstjórn talið það eitt meginviðfangsefnið að ná vöxtunum og fjármagnskostnaðinum niður. Ég hika ekkert við að segja og taka t.d. undir það sem formaður Félags ísl. iðnrekenda segir að það sé kominn tími til að fjármagnseigendur greiði eitthvað af hagnaði sínum undanfarin ár til baka. Þetta er djúpt tekið í árinni hjá þeim manni en ég held að afar mikið sé satt í þessum orðum. Og hvernig verður það gert? Ég neita því ekki að mér hefur þótt baráttan við þá sem fjármagnið annast ansi erfið. Þar virðist ekki mega hrófla við neinum hlut. Ég tel það óviðeigandi og þeir sem hafa talið þessa gengisfellingu of litla mættu gjarnan segja mér hvernig við hefðum getað dregið úr þessum áhrifum með lánskjaravísitöluna í fullu sambandi. Ég held að það sé afar stórt mál. Sumir lögfræðingar, ekki þó allir, vilja efast um að fært sé að taka áhrif gengisfellingar út úr lánskjaravísitölu, þ.e. þessi 3,5% niður í 10% gengisfellingu. Sumir segja að það muni vera hægt, aðrir ekki. Það mál liggur alls ekki nægilega ljóst fyrir.

Af því að menn hafa sagt hér að vextir hafi ekki lækkað mikið þá vil ég andmæla því því það hefur komið fram mjög í greiðsluflæði fyrirtækja. Ég upplýsti það í umræðu fyrir jólin út frá útreikningum fyrir eitt fyrirtæki, Kaupfélag Skagfirðinga, að þar hefðu sparast 100 millj. kr. nettó ef nafnvextir og raunvextir hefðu verið á árinu eins og þeir voru orðnir í lok ársins. Hitt er alveg rétt að raunvextir þurfa að lækka meira. Seðlabankinn telur að raunvextir séu nú orðnir svipaðir og þeir eru í nágrannalöndunum og hann hafi ekki heimild til að knýja þá meira niður. Ég get lýst þeirri skoðun minni að ég tel að til eigi að vera ákvæði sem heimilar Seðlabankanum að grípa inn í vaxtahæð án tillits til þess hver hún er í nágrannalöndum okkar. Ég tel að sveiflurnar í okkar þjóðfélagi séu svo miklar að brýn þörf sé á því og kannski gæti það orðið liður í þeirri endurskoðun á seðlabankalögum sem hæstv. utanrrh. hefur hvað ákveðnast mælt með og hv. 1. þm. Suðurl. talaði lítillega um hér áðan.

Ég spyr: Er ekki hægt að koma vöxtum niður í eitthvað svipað og þeir voru árið 1986? Þá voru raunvextir hér. Þá jukust innlán og þá voru útlánsvextir í kringum 5%. Það væri mikið skref ef það næðist og að þessu er ötullega unnið og leitað er eftir því að það megi gerast, bæði með samráði og samstarfi við Seðlabanka og viðskiptabanka og með því að ná miklu betri tökum á gráa markaðinum, sem svo er stundum kallaður, heldur en hingað til hefur verið. Að þessu stefna að sjálfsögðu þau frv. sem hæstv. viðskrh. hefur lagt fyrir. Ég vil því leyfa mér að halda því fram að með lækkun vaxta, starfsemi Atvinnutryggingarsjóðs o.fl. hafi þegar töluvert áunnist en vil líka halda því fram að með þeim upplýsingum sem nú liggja fyrir sé ljóst að það þurfi að grípa til ýmissa aðgerða sem mönnum hafi ekki verið eins ljósar áður og ég vona sannarlega að ríkisstjórn, stjórnarandstaða og aðilar vinnumarkað-

arins geti sameiginlega unnið að því að finna lausn á þeim málum.

Albert Guðmundsson:

Virðulegur forseti. Síðan í gær hef ég verið að lesa svona með öðru auganu þau plögg sem voru afhent sem trúnaðarplögg en hafa nú komið hér á dagskrá bæði frá þeim sem þeim dreifðu sem trúnaðargögnum, hæstv. forsrh., og öðrum. Ég sé enga ástæðu til annars en að gera það að svolitlu umræðuefni í mínu tali líka. Ég verð að segja alveg eins og er að þessi blessuð ríkisstjórn er einhver sá ruglaðasti hópur manna sem ég hef nokkurn tíma séð saman kominn. Hugsið ykkur Atvinnutryggingarsjóðinn. Ef við lítum á hann öðruvísi en við tölum um hann. Ef við áttum okkur á því að verið er að taka lán til þess að kaupa lán í fyrirtækjunum. Það er verið að færa geymslustað lánanna frá fyrirtækjunum yfir í Atvinnutryggingarsjóð og með nýjum bréfum frá Atvinnutryggingarsjóði inn í bankakerfið. Hver er munurinn? Ekki annar en að þetta skapar frið í ákveðinn tíma fyrir fyrirtækin til að safna nýjum skuldum.

Þessi leynigögn sem hæstv. forsrh. gerði að umræðuefni hér áðan rekast hvert á annars horn. Þar eru tillögur um lausn á sjávarútvegsmálum í tveimur eða þremur af þeim fimm plöggum sem afhent voru og í hverju plaggi er ný leið. Ef þetta eru væntanlegar efnahagsráðstafanir er þetta eins og þegar 10 bílar keyra hver á annan á Miklubrautinni. Það er ekki lausn í neinu sem þar kemur fram. Ég ætla að minna hæstv. forsrh. á það af því að hann er efnahagsráðherra að ég hef margoft gert það að umræðuefni hér að forsenda sem notuð er við gerð fjárlaga er 20–30% verðbólga og þá er fjármagnskostnaður í því hámarki sem hann hefur verið. Þegar síðan er komið að samþykktum fjárlaga prédikar ríkisstjórnin að verðbólgan sé komin niður í núll og að fjármagnskostnaður hafi lækkað. Ekkert tillit er tekið til þess við niðurstöðu gjaldaliða í endanlega samþykktum fjárlögum eins og þau liggja fyrir núna.

Svo segir hæstv. forsrh. í sínum lokaorðum hér áðan, sem undirstrikar þetta sem ég er að segja, að verðbólgan sé komin niður í núll og fjármagnskostnaður hafi lækkað svo að hefði Kaupfélag Skagfirðinga búið við þann fjármagnskostnað sem er nú um áramótin hefði það munað 100 millj. kr. fyrir þetta litla félag borið saman við veltuna hjá ríkissjóði. Ekkert tillit er tekið til þess við gerð fjárlaga að svo miklu munar í lækkun fjármagnskostnaðar. Hvað væri hægt að spara þjóðinni í nýjum sköttum ef ríkisstjórnin hefði tekið tillit til þessa í niðurstöðu gjaldahliðar fjárlaga? Hefði ríkisstjórnin trúað því að hún væru raunverulega að segja satt þegar hún talar um árangur í baráttunni við verðbólguna eða niðurfellingu á fjármagnskostnaði að hluta. Það er alveg furðulegt hvernig talað er út og suður og þannig er þetta leyniplagg. Þar rekst hvað á annars horn, ein ráðstöfunin til hægri og önnur til vinstri og allt í kaós.

Hæstv. forsrh. minntist á gengið og að það væri óbeinn liður í efnahagsráðstöfunum. Ég hef aldrei nokkurn tíma heyrt að gengislækkun, eða gengishækkun þess vegna, væri óbeinn liður í efnahagsráðstöfunum. Það er beinn liður í efnahagsráðstöfunum allan tímann og sá alversti vegna þess að hún hefur áhrif um leið og ráðstöfunin er gerð, bankarnir opna með nýtt gengi og það hefur áhrif á efnahagsástand þjóðarinnar og hvaða þjóðar sem er. Ætla svo að segja að tillagan sem nú er samþykkt, en sem hæstv. forsrh. hefur áður fellt í ríkisstjórn þegar ég lagði hana fram, þ.e. að leyfa erlendar lántökur milli einstaklinga þó að hafið aðskilji þá, að hún eigi að vega upp gengislækkunarráðstafanir ríkisstjórnarinnar, það eru hlægileg rök, hreinlega hlægileg rök. Ég skil ekkert í jafnreyndum manni í stjórnmálum og hæstv. forsrh. að tala svona. Það gæti verið að þeir sem enn þá eru eins konar lærlingar í starfi, eins og t.d. fjmrh., gætu sagt þetta, en svona getur reyndur maður ekki talað.

Að lengja lán á að létta undir með fyrirtækjunum. Þetta er alveg rétt. Ég tek alveg undir þetta. Ég er mjög inni á því ef hægt er að lengja lán án þess að skapa nýja geymslustaði fyrir lánin eða skapa þeim nýja byrði með nýjum milliliðum, með nýjum skuldabréfum gegn skuldabréfum, sem fara frá fyrirtæki til Atvinnuleysistryggingarsjóðs, til bankanna ef bankarnir vilja taka þau. Þetta er hringlandi sem ruglar það kerfi sem íslenskt þjóðfélag er byggt á og þessi ruglandi hefur átt sér stað í svo ríkum mæli að hvorki þjóðfélagið sjálft né einstaklingarnir vita hvernig þeir eiga að haga sér frá degi til dags vegna þess hve kerfið er orðið flókið og vitlaust. Ef það er hins vegar rétt hjá hæstv. forsrh. að það að lengja lán létti undir með fyrirtækjunum léttir það þá ekki undir með fólkinu í landinu að fá að greiða niður halla ríkissjóðs á þremur árum t.d., eins og þegar ég var fjmrh. undir forsæti hæstv. núv. forsrh.? Á þremur árum náðum við ríkisfjármálunum og ríkissjóði í jákvæða stöðu. Þá var tekjuafgangur. En að ætla sér að segja það hér að það létti undir með fyrirtækjum að fá lengingu lána, en að það sé sjálfsagður hlutur að það sé ekkert sem heitir lenging lána hjá fólkinu í landinu. Það skal yfirfæra ríkissjóðsvandann á fólkið á 12 mánuðum. Það fær ekki þennan lánsfrest, þessa lengingu lána. Það skal knésetja það. En af hverju? Vegna þess að það er kominn nýr húsbóndi. Forsrh. ræður ekki ferðinni lengur.

Við skulum bara taka sem dæmi hvað skeður undir hans forsæti í tveimur ríkisstjórnum. Tímabilið 1983–1986 er eina tímabilið sem ég þekki persónulega. Þá eru vörugöldin lækkuð, þá eru tollar lækkaðir. Tekjuskattur var lækkaður um 600 millj., endurgreiðsla á söluskatti til sjávarútvegsins var 650 millj. og við höfðum niðurfellingu á tölvum og öllum kostnaði á tölvubúnaði meðan við vorum að tölvuvæða þjóðina og landið. Skattar voru aflagðir af þeim sem voru að ljúka starfsævi. Sjómannafrádrátturinn var látinn ná til farmanna líka. Og svona

er lengi hægt að tala. Þá var hallalaus ríkissjóður. En hvernig er hann núna? Vörugjaldið er hækkað. Þetta er sami ráðherrann í efnahagsmálum. Tollarnir eru hækkaðir, skattarnir eru hækkaðir, matarskatturinn er látinn halda sér þó að vörugjaldið komi til baka. Það var þó fellt niður á þeim forsendum að matarskatturinn var settur á. Verðlag er fryst. Fyrir hvern? Alla nema ríkið. Eignarskattar eru hækkaðir, þannig að líklega kosta þeir mig á mínu heimili tveggja mánaða þingfararkaup til viðbótar við það sem ég greiddi áður. Það býr fátæk — ja, ég segi ekki fátæk því að ég veit ekkert um efnahag hennar — það býr ekkja við hliðina á mér og hún er komin á tíræðisaldur. Hún er orðin 90 ára gömul. Hún verður að borga sama skatt og ég, tvöföld þingfararkaupslaun til viðbótar við það sem áður var gert. Og gengið er lækkað og í því sambandi, hæstv. forsrh., langar mig að spyrja og ég trúi ekki öðru en að ég geti fengið svar hér og nú: Hvað skuldum við? Hvað skuldar þjóðarbúið? Síðast þegar ég vissi var það komið yfir 130 milljarða, og eftir 4% gengislækkun getur hver þingmaður fyrir sig reiknað út hækkun í krónutölu á erlendum lánum. Og hvað er þjóðarframleiðslan í útflutningsverðmætum og hvað gefa þessi 4% í krónutölu? Ég leyfi mér að efast um að þjóðin hafi nokkuð að þakka fyrir við þessar ráðstafanir ríkisstjórnarinnar.

Þetta er alveg furðulegur hringlandi á öllum sviðum sem sýnir ekkert annað en það að ríkisstjórnin er gjörsamlega ráðvillt. Ummæli hæstv. forsrh. áðan í ræðu hans gefa mér tilefni til að spyrja: Er samkomulag innan ríkisstjórnarinnar? Þau gefa mér tilefni til þess að efast um að samkomulag sé innan ríkisstjórnarinnar í þessum ráðstöfunum vegna þess að hæstv. forsrh. hefur hvað eftir annað viljað einmitt það sem hann var að lýsa áðan. Hann hefur viljað yfir 20% gengislækkun þegar Alþb. hefur, sem betur fer má segja, haldið henni niðri. Þá er bara spursmálið: Eru virkilega komin upp svona mikil ágreiningsefni innan ríkisstjórnarinnar?

Svo er annað. Í þessum leyniplöggum sem hæstv. forsrh. hefur gert hér að umræðuefni er eitthvað það hræðilegasta sem ég hef nokkurn tíma lesið um hugsanlegar ráðstafanir. Þar ætlar ríkisstjórnin að láta embættismenn eða útvalda segja til um það hvaða fyrirtæki eiga að fá að starfa og hvaða fyrirtæki eiga að fá að deyja. Þar er beinlínis sagt, byggðarlögin verða bara að þola atvinnuleysið eða skapa sér eitthvað annað að gera. Það er bara að taka þær vélar og þau vinnutæki sem eru í frystihúsum og verkunarstöðvum á þeim stöðum sem eiga að deyja, að breyta þeim húsum í eitthvað annað og það er ekkert talað um hvað annað, bara í einhverja aðra starfsemi. Sem sagt, ríkisstjórnin ætlar að ráða. Þeir segja: Þú mátt lifa, þú verður að deyja, þetta byggðarlag verður að vera án atvinnutækifæranna, nema fólkið skapi sér þau sjálft og breyti húsunum undir einhverja aðra starfsemi. Fólkið verður bara sjálft að vera atvinnulaust, flytja í burtu eða þá bara finna sér eitthvað nýtt til að gera. Ég hef aldrei séð aðra eins hugmynd. Það er vítavert að koma fram með svona plögg, hreinlega vítavert.

Ég vil taka það fram, því miður, að gefnu tilefni vegna þess að minn flokkur hefur staðið að því að tekjuöflunarfrv. ríkisstjórnarinnar hafa náð fram að ganga að ég tala ekki fyrir hönd Borgfl. Ég tala á sama hátt fyrir mína eigin hönd núna eins og ég talaði áður en það óhapp skeði. Ég segi óhapp vegna þess að ég held að afstaðan sem tekin var hafi verið tekin á fölskum forsendum af þeim sem hana tóku. Þetta segi ég að gefnu tilefni vegna ummæla hv. 10. þm. Reykn. hér fyrr.

Rök þeirra borgaraflokksmanna sem samþykktu tekjuöflunarfrv. ríkisstjórnarinnar voru þau að engin betri tekjuöflunartillaga hafi komið frá stjórnarandstöðunni. Það kom hvað eftir annað fram á flokksfundum þingflokks Borgfl., frá mér, að það stæði ekki til að koma með ný tekjuöflunarfrv. Það sem ég lagði til og var samþykkt, þó að því hafi ekki verið haldið til streitu í báðum deildum, var einfaldlega það að dreifa ríkissjóðsvandamálinu eða ríkissjóðsvandanum yfir á fleiri ár á sama hátt og var gert þegar ég var í fjmrn. með góðum árangri og í öðru lagi að taka tillit til þess sem ríkisstjórnin var sjálf að boða miðað við að verðbólguforsendurnar voru 20–30% þegar fjárlagagerðin fór af stað en voru komnar niður í núll um áramótin. Þá var hægt að taka tillit til þess í útgjaldahlið fjárlaganna og það var líka hægt að viðurkenna það að fjármagnskostnaður hefði lækkað við lækkandi vexti og þá átti að lækka útgjaldahlið fjárlaganna sem því nam og þar með var hægt að stórlækka tekjuöflun fyrir ríkissjóð ef ekki að fella hækkanir niður með öllu. (**Forseti:** Má ég spyrja hv. 5. þm. Reykv. hvort hann eigi skammt eftir af ræðu sinni þannig að henni verði lokið innan fáeinna mínútna eða hvort hann óski eftir því að halda áfram máli sínu kl. 6 ef meira er eftir en 3–4 mínútur af ræðunni.) Virðulegi forseti. Á þessu augnabliki hef ég ekki hugmynd um hvað ég á mikið eftir, en ég ætla að fá að eiga þess kost að halda áfram þegar hæstv. forseta býður svo við að horfa. — [Fundarhlé.]

Hæstv. forseti. Þráðurinn dettur svolítið niður þegar maður er stoppaður í miðri ræðu og oft er erfitt að ná honum aftur, en það er ekki alltaf útilokað. Tilefnið er svo furðulegt að það gleymist ekki í fundahléi eins og því sem gert var til að halda þingflokksfundi. Þau leynigögn, sem hæstv. forsrh. vitnaði í nokkrum sinnum í sinni ræðu og ég hef gert að nokkru að umræðuefni, eru nýjar og næstu efnahagsráðstafanir sem ríkisstjórnin er með í bígerð ef ríkisstjórnin telur það þá sér í hag að kynna nokkurn tíma opinberlega þessi gögn sem ég efa.

Hæstv. forsrh. svaraði hv. 1. þm. Suðurl., forvera sínum í embætti, um áhrif þeirra ráðstafana sem þegar hafa verið gerðar. Kom hv. þm. að nokkru inn á þær nýju ráðstafanir sem eru í bígerð, óbeint, og hafði áhyggjur út af láglaunafólkinu og spurði um áhrif ráðstafananna, sem hafa verið gerðar, á lág-

launafólk og hvernig því yrði þá bættur skaðinn. Hæstv. forsrh. svaraði því að því yrði bættur skaðinn með, eins og ég skrifaði niður, aukagreiðslum á matvæli og með aukabarnabótum. Er þetta rangt, hæstv. forsrh.? (**Forsrh.:** Kannski mætti gera það m.a. með því að auka niðurgreiðslur á matvæli, ekki aukagreiðslur á matvæli.) Það kemur alveg í sama stað niður hvort það eru viðbótargreiðslur á einhvern hátt. Orðalagið skiptir engu máli. Hæstv. forsrh. skýtur hér inn í að það mætti auka niðurgreiðslur á matvæli og auka barnabætur. Og þá langar mig að spyrja: Eftir allt þetta skattaflóð, sem *ég hef minnst á bæði í þessari ræðu minni fyrir hlé* og í öllum öðrum sem ég hef haldið í sambandi við þessar ráðstafanir ríkisstjórnarinnar, má þá búast við nýjum sköttum á fólk, á eignir eða fyrirtæki til að standa undir þessum væntanlegu aukaframlögum, sem ég kalla svo, til láglaunafólks á matvæli og barnabætur? Er þessari skatta- og álagahrinu sem hefur dunið á íslensku þjóðinni undanfarið virkilega ekki lokið enn þá? Er það enn þá í hugum manna að íþyngja fólki vegna þess að ástandið er orðið svo hörmulegt hjá mörgum að það þarf að auka niðurgreiðslur á matvælum og auka barnabætur til þess að fólk geti búið sæmilega, lifað sæmilega, í þessu landi allsnægtanna þar sem aflabrögð eru betri en nokkru sinni áður? Það er meiri afli en nokkru sinni áður og verð á honum fer hækkandi á erlendum mörkuðum og eftir fréttum sem ég hlustaði á í gærkvöldi var dollarinn frekar á uppleið en niðurleið, þannig að þess vegna var engin ástæða nú á þessari stundu til að gera þær ráðstafanir í gengismálum sem voru gerðar í dag eða í gær hvort sem það nú var.

En það alvarlega við þetta er að fyrir aðeins þremur árum þegar við hæstv. forsrh. vorum samstarfsmenn um efnahagsmál og peningamál var tekjuafgangur og niðurstaða fjárlaga var 33 milljarðar. Í dag, aðeins þremur árum síðar, er niðurstaða fjárlaga, eyðsluhliðin, 77 milljarðar og það þarf skýringar við hvernig í ósköpunum niðurstöðutala fjárlaga sem var 33 milljarðar fyrir þremur árum hefur næstum þrefaldast á þessum tíma, á 36 mánuðum, og það er ætlast til að fólkið í landinu standi undir þessari eyðsluhít á einu og sama árinu. Það á að ná greiðsluhallalausum fjárlögum á einu ári, fjárlögum sem hafa hækkað um þessa miklu upphæð á ekki lengri tíma. Og enginn getur svarað því betur en hæstv. forsrh. vegna þess að bróðurpartinn af þeim 17 árum sem Framsfl. hefur setið í ríkisstjórn hefur hæstv. ráðherra verið í ríkisstjórninni. Enginn hefur betra yfirlit en hann því að hann hefur setið í það mörgum ráðuneytum.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, en það sem ég hef sagt álít ég að sé þess virði að ég fái svar við því. Ég harma það ef hæstv. forsrh. eftir þó nokkra fjarveru úr þinginu vegna starfa sinna veitir mér ekki þá virðingu sem ég get krafist sem þingmaður að ég fái svar við því sérstaklega hvernig á því geti staðið að undir hans stjórn og forustu og þátttöku í stjórn í hátt á annan áratug geti fjárlögin allt í einu á þremur árum farið úr 33 milljörðum og hallalausum fjárlögum í 80–85 eða jafnvel 90 milljarða sem þau kunna að verða eftir lokaafgreiðslu á þessu ári fyrir árið 1989. Ég býst við að hæstv. forsrh. svari mér.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Hér er til 3. umr. 20. mál þingsins sem er frv. til laga um aðgerðir í efnahagsmálum. Þetta mál hefur verið samferða öðru máli í gegnum þingdeildir, þ.e. 8. málinu sem er frv. til laga um efnahagsaðgerðir. Umræður um þessi tvö *mál hafi farið nokkuð saman og ég hygg að það geri* lítið til, en í minni ræðu hér mun ég fyrst og fremst ræða um það mál sem er til umræðu þessa stundina en ræða síðan um efnisatriði 8. máls þegar það kemur til umræðu, enda er þar fjöldi efnisatriða sem þarf að skoða mjög rækilega, ekki síst vegna þeirra breytinga sem hafa orðið á frv. á milli umræðna, en sumar þær breytingar voru gerðar með nokkuð óvæntum og dramatískum hætti við atkvæðagreiðslu þegar 2. umr. lauk um þessi mál skömmu fyrir jólaleyfi þingmanna.

Það voru auðvitað óvænt tíðindi þegar það gerðist á fundi rétt fyrir jólaleyfi þingmanna að hæstv. ríkisstjórn tókst að koma fram frv. sem er til umræðu án þess að stjórnarandstaðan gæti fellt þau efnisatriði frv. sem hún hafði komið sér saman um. Þetta var gert með atbeina 1–2 stjórnarandstæðinga og rökin sem þessir hv. stjórnarandstæðingar létu fylgja afstöðu sinni voru auðvitað út í hött. Það voru rök þess efnis að ekki mætti undir neinum kringumstæðum setja samninga í gildi eða fella niður ákvæði í 1. gr. frv. og 4. gr. frv. vegna þess að það þýddi að þá yrði samningstími mislangur hjá þeim sem samið höfðu í kjarasamningum á sínum tíma. Því var meira að segja haldið fram með mjög lymskulegum hætti, og ég þori að segja hér úr ræðustól á Alþingi, ekki síst af hæstv. fjmrh., að þetta væri gert að beiðni forustumanna Alþýðusambands Íslands. Ég hef talað við forseta Alþýðusambandsins og hann hefur leyft mér að segja það úr ræðustól að hafi það verið haft eftir honum, forseta Alþýðusambands Íslands, að hann vilji ekki fella þessi ákvæði frv. úr gildi, sé það rangt, því sé skrökvað upp á hann. En það voru einmitt þessi rök sem hv. 16. þm. Reykv. bar m.a. fyrir sig þegar hún studdi ríkisstjórnina til þeirra verka að ná fram frv. eins og ríkisstjórnin hafði ætlast til.

Það liggur nú fyrir að frv. er óbreytt. Það liggur enn fremur fyrir að ekki er hægt við 3. umr. að flytja brtt. sem eru efnislega eins og þær sem fluttar voru við 2. umr. Þegar frv. er skoðað í heild kemur í ljós að flestöll ákvæði, ef ekki öll ákvæði frv., eru nú þegar úrelt orðin vegna breyttra forsendna. Það sem hefur gerst frá því að bráðabirgðalög hæstv. ríkisstjórnar voru sett á sínum tíma við upphaf stjórnartímabils þessarar hæstv. ríkisstjórnar er svo margt að það getur ekki verið verjandi fyrir hv. Alþingi að samþykkja bráðabirgðalögin. Þar er auðvitað fyrst

til að nefna að skattar á almenning hafa verið stórkostlega hækkaðir, það mikið að forustumenn launþegahreyfingarinnar áætla að það hafi 3–4% áhrif á ráðstöfunartekjur. Þá er enn fremur gert ráð fyrir að gengisfelling hæstv. ríkisstjórnar, sem tók gildi í gær, hafi talsverð kjararýrandi áhrif, eins og eðlilegt er, og til viðbótar er síðan gert ráð fyrir því samkvæmt brtt. frá meiri hl. hv. fjh.- og viðskn. við 7. gr. þessa frv. að áfengi og tóbak hækki umfram almennar verðlagshækkanir. Og loks það sem gerðist nú um áramótin og kom mörgum í opna skjöldu, að vörugjöld hækkuðu á bifreiðum og bensín hækkaði verulega og þeir nýju bensínskattar, þungaskattar sem lagðir voru á bensín- og dísilbifreiðar, renna í ríkissjóð en ekki til vegagerðar eins og ætíð hefur verið lýst yfir að stefnt skuli að. Það má því gera ráð fyrir miklum verðlagsáhrifum af aðgerðum ríkisstjórnarinnar og nú í fyrsta skipti um langan tíma getur hæstv. ríkisstjórn ekki kennt neinum öðrum um en sjálfri sér hvernig verðbólgan kemur til með að þróast á næstu vikum og mánuðum. Verðlagshækkanir og vísitöluuppsveiflur eru eingöngu til komnar vegna skattahækkana og gjaldskrárhækkana ríkisstjórnarinnar, auk sjálfrar gengisleiðréttingarinnar eða gengisfellingarinnar sem átti sér stað í gær.

Þess vegna, virðulegur forseti, og ég vil að það komi skýrt fram í mínu máli, getur Sjálfstfl. ekki stutt þetta frv. og mun greiða atkvæði gegn frv. Svo mikið hefur gerst af völdum hæstv. ríkisstjórnar frá því að flest ákvæði frv. voru sett sl. vor að það er óverjandi með öllu fyrir Sjálfstfl. að greiða atkvæði öðruvísi en gegn frv. Það hljóta allir að sjá að það eru brostnar forsendur fyrir því að lögin, sem frv. byggist á, geti verið lengur í gildi og þess vegna mun Sjálfstfl. greiða atkvæði gegn frv.

Mig langar til að spyrja hæstv. forsrh., og fá nánari útskýringar en komið hafa fram á því, hvers vegna við hækkun vörugjalds eða innflutningsgjalds á bifreiðum og bensíni þurfi ekki atbeina löggjafarvalds en hins vegar við hækkun á áfengi og tóbaki. Ég þykist auðvitað vita að svarið liggi í því að menn telji að hækkun á útsöluverði áfengis og tóbaks fari gegn 7. gr. frv. þar sem segir að gjaldskrár fyrirtækja og stofnana á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli ekki hækka, en mér þykir furðulegt að hæstv. ríkisstjórn geti án þess að spyrja kóng eða prest farið gegn anda laganna og lagt aukagjöld á bifreiðar og hækkað bensín, en í því er auðvitað fólgin stórkostleg verðlagshækkun, án þess að slíkt sé borið undir hv. Alþingi með sama hætti og hæstv. fjmrh. virðist hafa beðið meiri hl. hv. fjh.- og viðskn. að gera varðandi hækkun á brennivíni og tóbaki. Þetta tel ég að hæstv. forsrh. verði að skýra nákvæmlega út því að ef sumt er hægt og annað ekki í þessum efnum þýðir það að hæstv. ríkisstjórn getur leikið sér að því að hækka ýmiss konar skatta og gjöld án þess að tala jafnvel við sína eigin stuðningsmenn ef hún telur með lögskýringu sinni að það stangist ekki á við lög eins og bráðabirgðalögin. Óska ég eftir því að hæstv. forsrh. geri okkur og þjóðinni, sem þarf að greiða þessa skatta, nánari grein fyrir því hvernig á þessu stendur.

Virðulegur forseti. Nú kemur að þeim kafla ræðu minnar þar sem mig langaði m.a. til þess að tala við hæstv. utanrrh. sem hefur setið hér í þingsölum í dag. Þess vegna langaði mig til þess að spyrja hvort hann sé til staðar hér í Alþingishúsinu þannig að hann megi heyra mál mitt. (**Forseti:** Hæstv. utanrrh. er ekki í húsinu og mér er kunnugt um það að hann var bundinn á fundi í framkvæmdastjórn flokksins sem dróst eitthvað vegna annarra fundahalda. (**Gripið fram í:** Hvaða flokks?) Það mun vera Alþfl., en það verða gerðar ráðstafanir til þess að láta hann vita af því að óskað sé eftir nærveru hans.)

Ástæðan fyrir því, virðulegi forseti, að ég óskaði eftir nærveru hæstv. utanrrh. er auðvitað sú að hæstv. utanrrh. hefur látið hafa eftir sér ýmislegt um áramótin sem ástæða er til að spyrja hann út úr. Vænti ég þess að gefist þá tækifæri til þess síðar í þessari 3. umr. og að henni ljúki ekki fyrr en hæstv. utanrrh. fái tækifæri til þess að svara fsp. sem til hans verður beint.

Sú var tíðin að hæstv. utanrrh. taldi sig vera mesta andstæðing Framsfl. sem uppi hefði verið á Íslandi. Fyrir síðustu kosningar fór hann um landið, barði sér á brjóst og barðist við framsókn með slíkum vopnum að eftir var tekið. Mig langar til þess að vitna örlítið í örstutta grein eftir hæstv. utanrrh. ef hv. alþm. skyldu hafa gleymt þessum baráttumanni, þessum baráttujaxli jafnaðarmanna, sem á sínum tíma átti sér ekkert annað mikilvægara að stefna að í lífinu en að drepa Framsfl. og SÍS. Hann sagði, með leyfi forseta, í blaðagrein fyrir síðustu kosningar orðrétt: „Frá og með þeirri stundu sem undirritaður tók við forustu Alþfl. lýsti ég því yfir að nóg væri komið af óþurftarverkum Framsfl. í íslenskri pólitík. Framsfl. ætti upp úr næstu kosningum að ástunda einarða sjálfsgagnrýni og fara í andlega endurhæfingu, helst til næstu aldamóta."

Síðar í þessari sömu grein sagði formaður Alþfl., núv. hæstv. utanrrh.: „Það hefur lengi verið vitað að Framsfl. er pólitískt rekald, hann virðist ekki eiga annað erindi í íslenskri pólitík en að reka trippi landbúnaðarkerfisins og gæta hagsmuna SÍS á kostnað skattgreiðenda." Og enn segir formaður Alþfl., hæstv. utanrrh., fyrir síðustu kosningar reyndar:

„Árangur þessa pólitíska farandverkaflokks í stjórnarathöfnum er kunnur, efnahagslíf þjóðarinnar hefur enn ekki beðið þess bætur að Framsókn komst til valda árið 1971."

Þetta var, virðulegur forseti, brot úr blaðagrein eftir formann Alþfl. Auðvitað hlýtur maður að velta fyrir sér hvort hann hafi náð þeim árangri á örfáum mánuðum að ná Framsfl. upp úr þessum ógöngum sínum, komið honum í svo snögga og góða endurhæfingu með því að eiga samstarf við hann að nú þurfi ekki að gefa Framsfl. frí til næstu aldamóta til að hann geti farið í andlega endurhæfingu. — Ég

þori nú ekki einu sinni að fara með sumt, virðulegur forseti, sem er í þessari blaðagrein því að þar er auðvitað talað um verrfeðrunga í Framsfl. o.s.frv. — En allt um það þá veltir maður fyrir sér hvort formaður Alþfl. telji sig hafa náð þessum árangri á örfáum mánuðum sem hann taldi fyrir síðustu kosningar að tæki a.m.k. 10 til 12 ár. Eða hvort það geti verið — og það er kannski það sem ég hefði viljað heyra sjálfan hæstv. utanrrh. tala um — að hann sé nú farinn að reka trippi landbúnaðarkerfisins og gæta hagsmuna SÍS á kostnað skattgreiðenda. Það er nefnilega þannig að aldrei fyrr hefur nokkur önnur ríkisstjórn en einmitt þessi hæstv. ríkisstjórn, sem nú situr og hæstv. utanrrh. á sæti í, lagt eins mikla skatta á eina þjóð á jafnstuttum tíma. Þess vegna, virðulegur forseti, óska ég eftir návist hæstv. ráðherra svo að hann geti skýrt þetta út fyrir okkur hinum.

Það var ekki aðeins þetta sem ég ætlaði að ræða um því að mig langaði jafnframt til að spyrja hæstv. utanrrh., sem skrifar merkilega grein í Alþýðublaðið nú um áramótin, út úr um nokkur önnur atriði. Það er margt sér til gamans gert um áramót, menn skrifa ýmislegt í blöð og þar á meðal skrifar formaður Alþfl. í Alþýðublaðið og segir þar að sumir hafi til að bera innri styrk sem aðrir hafi ekki, og þar á hann auðvitað við sjálfan sig og einn eða tvo aðra. Í framhaldi af því ræðir hann um stjórnarskiptin sl. haust og segir af sinni alkunnu hógværð orðrétt, með leyfi forseta: „Þeir stjórnmálaflokkar sem stóðust þessa prófraun voru Alþfl. og Framsfl." Svo bætir hann við: „Á tímabili leit út fyrir að Alþb. gæti ekki slitið sig úr viðjum fortíðarinnar. Á seinustu stundu náðu forustumenn flokksins áttum og náðu að grípa sögulegt tækifæri loksins þegar það gafst." Síðar í þessari grein fjallar hann að sjálfsögðu um sjálfstæðisforustuna og segir: „Á þessum tíma klúðruðu forustumenn Sjálfstfl. samskiptum sínum við Alþfl." Bætir síðan við skömmu seinna: „Ein afleiðing af gjörðum forustuliðs Sjálfstfl. var sú að leiða Alþb. aftur til ríkisstjórnarsamstarfs og gefa nýjum formanni flokksins tækifæri til að leiða flokkinn út úr vonarsnauðri eyðimerkurgöngu." Hér lýkur tilvitnunum í þessa gamansemi formanns Alþfl. þar sem hann segir að það sé auðvitað sjálfstæðisforustunni að kenna að Alþb. hafi komist til valda. Ef eitthvað er í áttina við að mega kallast áramótaskaup þá held ég að það séu röksemdir hæstv. utanrrh. Ég hefði kosið að hann gæti verið hér og hlýtt á mitt mál og svarað spurningum sem að honum er beint. Það er áreiðanlega íhaldinu að kenna líka þegar þessi hæstv. ráðherra lendir í þeim ósköpum að þurfa nú „Á rauðu ljósi" að ferðast um með formanni Alþb. um sveitir landsins til þess að spyrja þjóðina ýmissa spurninga.

Í Alþýðublaðinu í dag segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Jón Baldvin segir við Alþýðublaðið að spurningarnar séu margar sem þeir þurfi að svara [í þessari ferð]. Eins og hvort Stalín sé ennþá hér? Er Ólafur Ragnar krati? Er Alþb. bara kratar? Er Alþb. gengið í NATO? Er Gorbatsjov orðinn krati? Var Jón Baldvin marxisti? Er Jón Baldvin hægri krati, er hann friðarsinni eða er hann orðinn þjóðnýtingarsinni? Er verkalýðshreyfingin dauð? Er fortíðin í ösku? Er framtíðin súperkrataflokkur?"

Ég geri hér aðeins hlé á lestrinum af því að mér finnst full ástæða vera til þess að spyrja hæstv. forsrh., því að hér er verið að ræða um ýmsar spurningar sem eru mjög merkilegar og ég veit nú að hæstv. forsrh. þekkir Gorbatsjov mjög vel: Hefur hæstv. forsrh. verið spurður að því á ríkisstjórnarfundi eða af þessum meðráðherrum sínum hæstv. hvort Gorbatsjov sé orðinn krati? Ef það er rétt að hæstv. ríkisstjórn þurfi að senda þingið heim í fjórar vikur til þess að þessir tveir hæstv. ráðherrar geti farið um landið og spurt að því hvort Gorbatsjov sé orðinn krati hlýt ég að spyrja vin Gorbatsjovs, þann sem seldi fyrir hann bækur fyrir næstsíðustu jól: Hefur hann ekki verið spurður að þessu? Hvernig stendur á því að þeir, hæstv. fjmrh. og utanrrh., spyrja ekki mesta vin Gorbatsjovs á Íslandi að þessu öllu saman? Maður verður aldeilis hissa á því hvernig á þessu stendur. Ég held að svarið sé reyndar það að hæstv. forsrh. er eiginlega í hálfgerðri fýlu út af þessu öllu saman því að hann fær ekki að fara með hinum. Hvernig stendur á þessu? Hvers konar verkstjórn er þetta eiginlega? Eitthvað hefði hæstv. forsrh. sagt í síðustu ríkisstjórn. Hvers konar verkstjórn er það að biðja um fjögurra vikna frí, ekki til að leita allra leiða og lausna á efnahagsvanda þjóðarinnar, en ekkert hefur gerst í því í þrjá mánuði, nei, heldur til að senda þessa tvo hæstv. ráðherra út á land til að spyrja að því hvort Alþb. sé gengið í NATO, hvort Gorbatsjov sé orðinn krati og hvort Stalín sé enn þá þar.

Ég skil vel, virðulegur forseti, að hæstv. forsrh. kjósi að líta ekki upp úr sínum lestri þegar hann hlustar á þessi ósköp. En áfram segir í Alþýðublaðinu, og það er nú dálítið merkilegt þó ég efist ekki um að virðulegum forseta leiðist að svo mikið sé lesið upp úr því, a.m.k. eins og það er skrifað í dag, með leyfi forseta:

„Jón Baldvin segir enn fremur að fyrstu viðbrögð þeirra alþýðuflokksmanna sem rætt hafi við sig séu mjög neikvæð: „Það virðast allir á móti þessari fundaherferð okkar Ólafs Ragnars." Ólafur Ragnar Grímsson sat fund framkvæmdastjórnar Alþb. í gærkvöldi. Samkvæmt heimildum Alþýðublaðsins voru viðbrögð framkvæmdastjórnarinnar við fyrirhugaðri fundaferð þeirra Jóns Baldvins einnig neikvæð og formaðurinn varaður við að geta með þessu klofið Alþb. sem nú væri að ná sér eftir væringar undanfarinna missira. Ekki náðist í Ólaf Ragnar vegna þessa máls."

Er ekki full ástæða til þess að fá hæstv. utanrrh. til þess að ræða þessi mál hér? Eða má álíta sem svo að þetta sé allt íhaldinu að kenna? Því að ef það var íhaldinu að kenna að leiða formann Alþb. til vegs í íslenskum stjórnmálum, auðvitað algjörlega á móti

vilja Alþfl., er það áreiðanlega líka íhaldinu að kenna að utanrrh. skuli nú þurfa að fara í fundaferð með formanni Alþb. Og ég rifja upp, virðulegur forseti, að 1978 til 1979 sat hér á landi ríkisstjórn þeirra flokka sem nú sitja í ríkisstjórn. Þegar hæstv. utanrrh. var spurður að því hvað hann segði um þá ríkisstjórn, sem sat í eitt ár, sagði hann af sinni hógværð og lítillæti: „Þetta var pólitískt umferðarslys." Nú sest hann upp í bílinn hjá formanni Alþb. og ætlar að fara um landið og spyrja hvort Stalín sé ekki þar og spyr ekki einu sinni forsrh. að því hvort Gorbatsjov sé orðinn krati, einkavin hans á Íslandi.

Svona geta menn gert að gamni sínu um áramót. En öllu gamni fylgir alvara því að auðvitað situr Framsfl. og Tíminn hjá og þeim finnst þetta auðvitað mjög góð frammistaða hæstv. utanrrh. og formanns Alþfl. rétt eins og þeir voru mjög ánægðir að fá hann í heimsókn í framsóknarfjósið á sínum tíma. *Því að í Tímanum í dag, virðulegur forseti, segir* orðrétt: „Nafn Jóns Baldvins mun sennilega lifa hvað lengst fyrir það að hann hafi pólitískan næmleika til að skynja raunverulega afstöðu Sjálfstfl. til Alþfl. sem var sú að álíta hann eins og hvert annað tungl í einhvers konar aflfræðilegum tengslum við sjálfan meginhnöttinn án sjálfstæðrar tilveru. En Jón Baldvin gerði betur en að skynja þetta, hann hafði þrek til að slíta þessi íhaldstengsl Alþfl. og endurmeta afstöðu flokks síns til annarra stjórnmálaflokka, fyrst og fremst til Framsfl. Þetta uppgjör Alþfl. við Sjálfstfl. kallaði flokksþing Framsfl. sögulegan atburð. Vonandi reynist sú umsögn um þessa eftirminnilegu þróun stjórnmála rétt þegar horft verður til atburða síðasta árs úr fjarlægð áranna seinna meir." Síðan er auðvitað fjallað um það að þetta sé ekki stundarfyrirbrigði, hér sé um upphaf samstarfs félagshyggjuflokkanna að ræða sem eigi að duga.

Að hugsa sér örlög eins manns, eins og hæstv. utanrrh., sem byrjaði kosningabaráttuna og barðist þá gegn Framsfl., sagðist ætla að senda þennan flokk í pólitíska andlega endurhæfingu og nú situr hann uppi með það að fá hólgrein um sig — sem ég held að sé reyndar dálítið grín — í Tímanum í dag. Þess vegna, virðulegur forseti, hefði ég viljað hafa hæstv. utanrrh. hér. Mér er að vísu kunnugt um að hæstv. utanrrh. og hæstv. fjmrh. voru einu sinni *saman í stjórnmálaflokki*. Það voru Samtök frjálslyndra og vinstri manna sem ætluðu þá að sameina alla vinstri menn í einum flokki. Það er kannski ástæða til að spyrja hæstv. forsrh. að því hvort hann hafi verið spurður um hvort hann vilji sameina þessa vinstri flokka, Alþfl., Alþb. og jafnvel Framsfl., í einn flokk?

Það sem fram kom í grein hæstv. utanrrh. um áramótin og vakti hvað mesta athygli — því að ég held að menn hafi tekið nokkurt mark á því — var að hann sagði að það væri tímabært að endurskoða lög um Seðlabanka Íslands. Ef ég man rétt þá hefur hæstv. forsrh. tekið undir þetta. Hins vegar telur hæstv. viðskrh., sem sjálfsagt er líka á einhverjum fundi hjá Alþfl. úti í bæ, að óþarfi sé að vinna að slíkri endurskoðun strax því að enn hafi ekki fengist sú reynsla af lögunum sem þarf.

Mig langar til þess að spyrja hæstv. forsrh. að því við hvað var átt þegar talað er um að endurskoða lögin um Seðlabanka Íslands. Það kom ekki nægilega skýrt fram, ekki einu sinni í áramótagrein utanrrh.

Það er óþarfi að rifja upp að ágreiningurinn sem var á sínum tíma á milli þáv. stjórnarflokka, sem sátu í síðustu ríkisstjórn, var um hvort velja ætti almennar eða sértækar aðgerðir. Ágreiningurinn stóð fyrst og fremst um það hvort fella ætti gengið meira og hafa minna um millifærslur eða hvort menn ætluðu að halda áfram að reyna að halda genginu sem mest föstu og efna til erlendra skulda og skattahækkana og fá þannig fjármuni til þess að færa fé til sumra útflutningsgreinanna. Þetta er staðreynd hvernig sem hæstv. utanrrh. lætur og skrifar. Þetta vita allir og ekki þarf að spyrja frekar út í það. Það veldur hins vegar vissum áhyggjum að núv. hæstv. ríkisstjórn hefur í raun enga stefnu mótað í atvinnu- og efnahagsmálum. Þingmenn stjórnarinnar tala um biðleiki. Hæstv. ráðherrar hafa sagt að þeir séu að leita allra leiða og enn er beðið eftir því hvað ríkisstjórnin ætlar að gera því að rétt í þessu, í dag, lýsti hæstv. forsrh. því yfir að í raun hefði gengisfellingin einungis verið óbeinn liður í efnahagsaðgerðum en hefði ekkert með efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar beinlínis að gera.

Maður hlýtur að spyrja sig að því hvort ekki sé von á þessum efnahagsaðgerðum. Og eftir þær umræður sem fram hafa farið í dag kemur í ljós að sumir þingmenn, þar á meðal forustumenn stjórnar og stjórnarandstöðuflokka, hafa fengið að sjá fyrstu drög að *slíkum efnahagsaðgerðum*.

Það væri full ástæða til þess að spyrja hv. 10. þm. Reykv. talsvert út úr um fyrri afstöðu hans í ýmsum efnum en þar sem hæstv. utanrrh. er mættur og hefur gert sér það ómak að koma hingað niður eftir vil ég fá tækifæri til að tala við hann. Ég rifjaði það upp í minni ræðu að fyrir síðustu alþingiskosningar hafi hæstv. utanrrh. verið einn allra mesti baráttumaðurinn gegn Framsfl. og SÍS. Ég las hér úr grein sem hann skrifaði á þeim tíma þar sem hann sagði að frá því að hann tók við þeim flokki sem hann er í þessa stundina, Alþfl., hefði hann talið það vera eitt stærsta og mikilvægasta verkefni sitt að senda Framsfl. í andlega endurhæfingu til næstu aldamóta a.m.k. Ástæðan fyrir þessu, segir í þessari grein, að Framsfl. sé pólitískt rekald, hann reki trippi landbúnaðarkerfisins og gæti hagsmuna SÍS á kostnað skattgreiðenda. Síðan fjallar hæstv. núv. utanrrh. og formaður Alþfl. frekar um þetta og segir að Framsfl. hafi unnið svo mikinn skaða að efnahagslíf þjóðarinnar hafi ekki beðið þess bætur síðan Framsfl. komst að völdum 1971.

Ég rifjaði það upp að sami maðurinn, hæstv. utanrrh., er nú kominn upp í fangið á Framsfl. og fær um sig hólgrein í Tímanum — sem ég held að sé

nú svona hálfgert grín og veit reyndar að hæstv. utanrrh. hefur þegar lesið og sjálfsagt klippt út og geymir fyrir sig þar til hann eða konan hans kjósa að gefa út fleiri bækur um sig. Ég rifjaði síðan upp að í áramótagrein hæstv. ráðherra ... (**Utanrrh.:** Hvað er á dagskrá?) Ég skal svara hæstv. utanrrh. ef hann er svo fjarri góðu gamni að hann fylgist ekki betur með störfum þingsins en svo að hann veit ekki hvað er á dagskrá. Það er verið að ræða um bráðabirgðalög ríkisstjórnarinnar, 20. mál, en það er allt skráð í dagskrá. (**Utanrrh.:** Ræða hv. þm. gaf á tímabili til kynna að hann hefði farið út fyrir dagskrárefnið.) Ég skal viðurkenna að ræða hv. ræðumanns gaf til kynna að hann hefði aðeins farið út fyrir umræðuefnið en það var vegna þess að hæstv. utanrrh kom inn og mér fannst tilhlýðilegt að rifja upp nokkur atriði sem ég hafði verið að tala um til þess að hæstv. utanrrh. áttaði sig á framhaldinu.

Ég ætla ekki að orðlengja það. Ég hef þegar fjallað nokkuð um fundaferðalag þeirra hæstv. utanrrh. og hæstv. fjmrh. En fyrirspurn mín, og þess vegna óskaði ég eftir nærveru hæstv. utanrrh., var um það hvernig hæstv. ráðherra teldi að breyta ætti seðlabankalögunum og hvort hann vildi segja okkur nákvæmar frá því en kom fram í áramótagrein hans, því að eins og hæstv. ráðherra veit sjálfur þá vakti þetta atriði öðrum fremur athygli.

Ekki síst spyr ég að þessu vegna þess að hæstv. viðskrh. lét hafa eftir sér að ástæðulaust væri að breyta þessum sömu lögum, enda væru þau ný af nálinni og meiri reynslu þyrfti því af þessum lögum áður en menn byrjuðu að hrófla við þeim. Þessi fyrirspurn mín beindist að því hvort hér væri um ágreining innan Alþfl. að ræða sem hann vildi opinbera með þessum hætti og flengja þannig opinberlega besta samstarfsmann sinn eða hvort að baki þessarar hugsunar hæstv. utanrrh. liggi eitthvað sem mark er á takandi. Og ef svo er, hvernig vill hann þá nákvæmlega breyta þessum lögum, því að þetta hefur auðvitað meginþýðingu fyrir það mál sem við erum að ræða og enn fremur fyrir aðrar stjórnarathafnir eins og t.d. gengisfellingar.

Þar sem ég, virðulegur forseti, ætlaði ekki að flytja langa ræðu sé ég ekki ástæðu til þess að lengja mál mitt frekar en vil ítreka ýmsar fyrirspurnir sem hafa komið fram í þessum umræðum. Ég sé ekki hæstv. forsrh. hér en ég tel þá að hæstv. utanrrh. geti svarað eftirfarandi spurningu í leiðinni: Hvað ætlar hæstv. ríkisstjórn að gera varðandi raforkukostnað í frystiiðnaðinum? Því var lofað að lækka þennan kostnað um 25%. Nú liggur fyrir nál. sem segir að þetta kosti um 95 millj. kr. á yfirstandandi ári. Hver á að borga þann brúsa?

Í öðru lagi langar mig til þess að fá upplýsingar um það frá einhverjum hæstv. ráðherra hvort búast megi við því að raunvextir lækki á næstunni því að komið hefur í ljós að vaxtalækkunin er aðeins lítið brot af því sem hæstv. ríkisstjórn lofaði á sínum tíma. Þegar ég segi að hæstv. ríkisstjórn hafi lofað einhverju á sínum tíma felst það í því að hæstv. ríkisstjórn reiknaði bæði raforkulækkunina og vaxtalækkunina inn í rekstrargrundvöll sjávarútvegsins til þess að ná endum saman og koma sjávarútveginum á svokallaðan núllpunkt þegar hún tók við völdum í haust. Engar efndir hafa orðið í þessum málum og því er kominn tími til að hæstv. ríkisstjórn geri hreint fyrir sínum dyrum.

Virðulegur forseti. Þar sem hv. 10. þm. Reykv. er kominn í salinn finnst mér ástæða til þess að spyrja hann, þar sem hann sagði á sínum tíma í blaðaviðtali að hann gæti ekki hugsað sér að styðja fyrrv. ríkisstjórn nema hún eyddi viðskiptahallanum og skráði gengið rétt: Telur hann að með aðgerðum ríkisstjórnarinnar fyrir jól og nú sé gengið rétt skráð og að viðskiptahallinn muni eyðast af þeim sökum? Ég spyr vegna þess að ég er hér með viðtal við hv. þm. frá 13. febr. í fyrra þar sem hann segir að hann muni keppa að því innan síns flokks að gera það að skilyrði að styðja ekki þá ríkisstjórn sem ekki eyðir viðskiptahallanum og skráir gengið rétt. Ég veit að hv. 10. þm. Reykv. er öðrum stjórnarþingmönnum djarfari og kjarkmeiri og þorir stundum að stíga í þennan ræðustól sem hinir mega ekki vegna ofríkis hæstv. fjmrh. En ég held að hæstv. fjmrh. sé ekki við hérna núna þannig að hv. þm. er alveg óhætt að taka til máls í þessum umræðum.

Að svo mæltu, virðulegur forseti, sé ég ekki ástæðu til þess að hafa þessa ræðu mína lengri að sinni.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Ég hef hugsað mér að ræða örlítið um frv. sem liggur hér fyrir til 3. umr. og þær breytingar sem hafa orðið á því frá því að ákvörðun var tekin um þessar aðgerðir.

Flestir treystu því að halda ætti áfram því starfi, sem fyrrv. ríkisstjórn hafði ákveðið, að vinna bug á verðbólgunni. Hún neyddist til þess, eins og margoft hefur verið tekið fram, að gera ráðstafanir sem ekki var sársaukalaust að gera, eins og að binda launin, en hennar ákveðni vilji var að halda verðstöðvun það tímabil sem hún átti að ná til.

Ég bjóst við því að það væri einnig áform þeirrar hæstv. ríksstjórnar sem nú situr að halda fast við þennan ásetning. En það sem hefur gerst núna á síðustu vikum og síðustu dögum fyrir jól eru þær stórfelldu skattahækkanir sem ríkisstjórnin beitti sér fyrir og hækkanir mitt í verðstöðvuninni á mikilvægum vörum eins og bensíni og bílum. Þetta hefur gert það að verkum að almenningur í landinu treystir ekki á þessa ríkisstjórn. Hún fer úr einu í annað. Ekkert liggur enn þá fyrir hvernig á að mæta erfiðleikum atvinnulífsins. Bæði Framsfl. og Alþfl. stukku út úr fyrri ríkisstjórn og slitu stjórnarsamstarfi í sjónvarpi, og er það sennilega einsdæmi í veröldinni að stjórnarsamstarfi hafi verið slitið í sjónvarpi, án þess að þriðji flokkurinn vissi um. Þeir töldu að þeir gætu ekki beðið lengur, það þyrfti að fara í gagngerðar, róttækar aðgerðir til að lækna vanda atvinnulífsins. Heimild Seðlabankans um 3%

gengislækkun frá því í maímánuði var þá notuð og nú aftur var 4% gengislækkun. Sumir ráðherranna hafa barið sér á brjóst og sagt að engin gengislækkun komi til greina. En einn ráðherrann, og sá sem virðist ráða langmestu í ríkisstjórninni en er tiltölulega nýr í ráðherrastól, hæstv. fjmrh., lýsti því yfir við þessa gengislækkun að hún væri aðeins leiðrétting á vanda atvinnulífsins, þ.e. þeirri skekkju sem orðið hefði frá því að núv. hæstv. ríkisstjórn tók til starfa, eða frá 28. september til áramóta. Það væri því ekki um neitt annað að ræða en gera þessa mikilvægu breytingu.

Það er alltaf verið að tala um að verið sé að krefjast þess að lækka gengi krónunnar og hæstv. utanrrh. bregst svo óstinnt við að hann telur slíka menn óþjóðholla. Gamli Stalín taldi alla óþjóðholla sem ekki voru honum sammála og á sama tíma og verið er að taka upp aukið frjálsræði í Sovétríkjunum sé ég ekki annað en hæstv. utanrrh. sé alveg hættur að vera hægri krati og sé hann orðinn langt, langt vinstra megin við Alþb. og kominn svona upp að hliðinni á gamla Stalín og gamla Bréshnév því þeir sem leyfa sér að hafa einhverja skoðun, leyfa sér að benda á það sem miður fer í þjóðfélaginu eru bara taldir óþjóðhollir.

Ég vil benda mönnum einu sinni enn á það að gengisskráning á Íslandi hefur aldrei verið gerð að óþörfu. Hún hefur aldrei verið gerð fyrr en gengið hefur í raun verið fallið og þá hefur það verið skráð nokkurn veginn rétt. En það er ekki gert núna. Það þýðir ekki alltaf að tala um að sjávarútvegurinn sé að heimta þetta og annað. Hvað með samkeppnisiðnaðinn í landinu? Hann er að líða út af vegna rangrar gengisskráningar fyrst og fremst. Hvað með ullariðnaðinn? Eru ekki fram undan stór gjaldþrot í ullariðnaði ef gengið verður ekki nokkurn veginn rétt skráð? Hvað með nýjar greinar sem eru að keppa við erlendar greinar? Hvað um hugbúnaðinn? Hann er búinn að vera. Hann þolir ekki samkeppni við erlend fyrirtæki því að hér er notuð röng gengisskráning. Þetta er því nauðsynlegt að gera. Það er heldur ekki hægt að haga sér með þeim hætti að þeir sem flytja vörur til landsins fái þær á undirverði. Og erlent vinnuafl er sterkara í samkeppninni við hið innlenda vinnuafl og það verður að lúta í lægra haldi eins og allir menn sjá.

Ég taldi það að mörgu leyti rétta stefnu sem tekin var upp á sl. sumri og bjóst ekki við þessum óskaplegu kollsteypum hjá þessari ríkisstjórn, að hverfa frá einu og fara í annað þannig að ekkert stendur í raun og veru eftir. Mér finnst ansi langt gengið þegar tveir gamlir flokksbræður sem nú eru í þessari ríkisstjórn en voru áður í Samtökum frjálslyndra og vinstri manna, hæstv. fjmrh. og hæstv. utanrrh., og eru búnir að koma víða við síðan, séu nú að fara í eitthvert fundaferðalag sem ráðherrar í núv. ríkisstjórn. Formaður Framsfl. er ekki með og hefur hann aldrei verið latur til ferðalaga eins og menn vita. Hann sat í fílabeinsturni á annað ár og nú er svo komið að gamla framsókn er bara að draga sig út úr pólitík. Hún fær ekki að fara með þeim.

Mér datt ekki í hug að ríkisstjórn sem kennir sig við jafnrétti og félagshyggju teldi það lífsspursmál að vinna upp fjárlagahallann á einu ári og skella hallanum yfir á heimilin í landinu og atvinnurekstur-inn. Það hefði mátt taka tillit til alls þessa, en það hefur ekki verið gert. Þetta er allt gert í nafni jafnréttis og félagshyggju.

Hér hafa margar spurningar verið bornar fram í dag sem ég ætla ekki að endurtaka eða það sem aðrir hafa sagt, en af því að ég sé þá hér þrjá saman, sem kemur ekki mjög oft fyrir á Alþingi, hæstv. forsrh., hæstv. utanrrh. og hæstv. viðskrh., langar mig að ítreka spurninguna: Hvað hefur skeð þannig að brýn nauðsyn er að endurskoða seðlabankalöggjöfina, tveggja ára gamla? Hæstv. núv. forsrh. stóð að endurskoðun þessarar löggjafar og var tiltölulega ánægður með hana. Hæstv. viðskrh. hefur látið hafa það eftir sér að hann teldi að ekki hafi reynt á hvort nauðsyn sé á því að breyta þeirri löggjöf eða endurskoða hana. En Jón í þriðja sæti er ekki sammála Jóni í fyrsta sæti og telur alveg bráðnauðsynlegt að gerbreyta löggjöfinni um Seðlabankann. Ég er enginn talsmaður Seðlabankans en það var reynt að vanda þessa löggjöf eins og hægt var og ég átti þar hlut að máli og margir aðrir menn og þáv. ríkisstjórn svo að ég sé ekki að svona upphlaup hafi í raun og veru mikið að segja.

Ég tel útilokað fyrir okkur sjálfstæðismenn að greiða atkvæði með þessum frv. Ég hefði fellt mig við launastöðvunina ef ekki hefði verið bætt á launþegana í landinu öllum þeim sköttum og þeim hækkunum sem nú rignir yfir og við sjáum fram á stórfellda hækkun vísitölunnar á næstunni. Ríkisstjórn jafnréttis og félagshyggju hefur því brugðist fólkinu í landinu. Hún hefur brugðist launþegum þessa lands og hún hefur gengið það langt að öllum er farið að ofbjóða. Hún virðist vera alveg rótlaus og stefnulaus og nú er höfuðatriðið að losna við okkur þingmennina, gefa okkur helst langt frí þannig að þið fyrrverandi flokksmenn úr Samtökum frjálslyndra og vinstri manna getið ferðast um og reynt að sannfæra þjóðina um að nú séu þið komnir til þess að mynda nýjan, sterkan vinstri flokk og leggja gömlu framsókn bara fyrir ankeri um alla framtíð, þið ætlið ykkur að éta hana upp til agna. Það er gaman fyrir blessaðan hæstv. forsrh. að hafa slíka sendimenn á för um landið. (**Forsrh.:** Það er betra að halda ríkisstjórninni gangandi.)

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Að undangengnu samráði við ýmsa fulltrúa stjórnmálaflokka hér hefur það orðið að ráði að halda þessari umræðu ekki áfram en taka hins vegar frá fundartíma á morgun kl. 3–4 fyrir deildafundi ef upp kynnu að koma mál sem menn teldu ástæðu til þess að leitast við að afgreiða og um það væri sæmileg samstaða. Þingflokkunum er ætlaður tími til fundahalda kl. 1–3, að þeim er nú mjög kreppt vegna ýmissa anna í þinginu en þetta mundi verða til

þess að greiða fyrir því að þeir gætu haldið sína fundi.

Umræðu frestað.

SAMEINAÐ ÞING

32. fundur, fimmtudaginn 5. jan., kl. 10 árdegis.

Atvinna kvenna á landsbyggðinni, ein umr.

Fsp. HG og MF, 104. mál. — Þskj. 107.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Á þskj. 107 hef ég leyft mér ásamt hv. þm. Margréti Frímannsdóttur að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. forsrh.:

„Hvernig hyggst ríkisstjórnin framkvæma það ákvæði stjórnarsáttmálans að „sérstakt átak verði gert til að auka fjölbreytni í atvinnu kvenna á landsbyggðinni"?"

Hér er um að ræða beina tilvísan í málefnasamning ríkisstjórnarinnar og innt eftir því með hvaða hætti unnið skuli að framkvæmd þess. Hér er um að ræða að mati okkar fyrirspyrjenda mjög þýðingarmikið mál og í rauninni brýnt og mætti rökstyðja það í löngu máli en verður ekki gert hér. Ég vísa þó til þess sem blasir við í nýútkomnum bráðabirgðatölum varðandi mannfjölda í landinu frá 1. des. sl. þar sem í ljós kemur að mjög hallar á í sambandi við skiptingu kynja úti um land sérstaklega þar sem karlar eru í öllum landsbyggðarkjördæmunum að ég hygg mun fjölmennari en konur. Ég er ekki í vafa um að ástæðurnar fyrir þessari óheillaþróun liggja ekki síst í atvinnumynstrinu úti um land, fábreyttari möguleikum kvenna til starfa en gerast hér á aðalþéttbýlissvæði landsins.

Ég get nefnt hér tölur, t.d. Vesturland. Þar eru karlar 1. des. 1988 taldir vera 7661 en konur 7137. Þar munar yfir 500 manns í þessu ekki fjölmenna kjördæmi á körlum og konum. Á Vestfjörðum er þessi munur ekki ósvipaður. Þar eru karlar samkvæmt manntalsskýrslum 5286 en konur 4810. Á Norðurlandi vestra eru karlar 5497 en konur 5056. Það munar á fimmta hundrað. Á Norðurlandi eystra eru karlar taldir 13.192 en konur 12.913, munurinn ekki eins mikill og í hinum kjördæmunum, enda þarna þéttbýlissvæði eins og Akureyri. Og ég nefni hér, virðulegur forseti, Austurland með 6855 karla en 6308 konur, mismunur 550 eða þar um bil. Þar eru karlar um 8% fjölmennari en konur. Á Suðurlandi blasir við sama mynd, 10.512 karlar en 9585 konur samkvæmt bráðabirgðatölum yfir mannfjölda.

Þetta talar nokkuð skýru máli um stöðuna í þessum efnum og ég vænti þess að ríkisstjórnin hafi á döfinni aðgerðir til úrbóta eins og málefnasamningur hennar kveður á um.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Hér er hreyft mikilvægu máli sem eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda er í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar. Það hefur verið afgreitt þannig innan ríkisstjórnarinnar að ég óskaði eftir því að félmrh. afgreiddi þetta mál og skipaði til þess starfshóp að vinna að málinu og gera tillögur eins og til er ætlast í málefnasamningi. Félmrh. tjáði mér að hún er með málið til meðferðar, en vegna þess að ýmsir hafa að þessu máli komið að undanförnu hyggst hún hefja og er hafin samantekt á málinu og því sem þar hefur verið að unnið áður. Hún taldi rétt að hafa þær upplýsingar fyrirliggjandi áður en starfshópur yrði skipaður.

Það er rétt að þessu máli hefur verið alloft hreyft, t.d. hafa á Alþingi nýlega verið lagðar fram tvær þáltill. um þessi mál sem sýnir að sjálfsögðu þann áhuga sem málið hefur hér. Málinu hefur einnig verið hreyft á fyrri árum. M.a. 1979 var samþykkt þáltill. um eflingu úrvinnslu- og þjónustuiðnaðar í sveitum og var Framkvæmdastofnun falið að vinna að því máli, en eftir þeim upplýsingum sem ég hef fengið hefur þar hins vegar, því miður, ekkert gerst. Þá hefur einnig að tilhlutan Kvenfélagasambands Íslands verið starfandi hópur sem fjallar um möguleika á uppbyggingu heimilisiðnaðar í sveitum. Í þessum hópi eru konur frá Kvenfélagasambandinu, Heimilisiðnaðarfélaginu, Þjóðminjasafninu, Ferðamálaráði, Byggðastofnun, Ferðaþjónustu bænda og Heimilisiðnaðarskólanum. Það má geta þess að á sl. sumri skipaði landbrh. nefnd sem er ætlað að gera tillögur um atvinnuuppbyggingu fyrir konur í sveitum og mér er einnig tjáð að til athugunar er að koma á fót við Bændaskólann á Hvanneyri sérstakri heimilisiðnaðarbraut og braut um nýskipan á endurnýjun starfsgreina í sveitum og mun þá ekki síst atvinna fyrir konur höfð þar í huga.

Þá er mér tjáð að konur hafa á nokkrum stöðum á landinu bundist samtökum um að stofna til atvinnureksturs í því skyni að auka á fjölbreytni í störfum kvenna. Í þá veru mun t.d. vera stóraukin ferðamannaþjónusta í sveitum sem konur hafa sinnt af miklum myndarskap víða um landið. Einnig hafa störf kvenna verið nefnd í sambandi við loðdýrarækt og fleira sem upp hefur verið tekið mætti nefna.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta mörg fleiri orð, en vil endurtaka það, sem ég sagði í upphafi, að þetta er hið mikilvægasta mál. En af þeirri stuttu upptalningu sem ég hef hér gert má koma fram að ýmsir vinna að þessu máli og ég hygg að það sé rétt hjá hæstv. félmrh. að nauðsynlegt er að draga saman þær upplýsingar. Ég mun leggja á það mikla áherslu að sá starfshópur sem ákveðið er að skipa verði skipaður fljótt og gengið eftir því að hann skili niðurstöðum fyrr en ýmsir aðrir sem að þessu máli hafa komið eða átt að koma að því á liðnum árum.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir þær upplýsingar sem hann hefur veitt um undirbúning að þessu máli á vegum ríkisstjórnar. Ég ætla ekki að gagnrýna þá málsmeðferð sem þar hefur verið upp tekin, en ég tek undir það, sem fram kom hjá hæstv. ráðherra, að það er mjög brýnt að vinnu við athugun þessara mála verði hraðað og fram komi tillögur og ákvarðanir sem breyti þeirri þróun sem hefur verið í gangi í þessum efnum. Ég held að það dugi í rauninni ekkert lítið og síst af öllu hægagangur. Það þarf áreiðanlega mjög margt til að koma til að breyta stöðu þessara mála og því er þörf á því að ríkisstjórnin í heild og öll ráðuneyti séu þátttakendur í athugun þessara mála, þau ráðuneyti a.m.k. sem atvinnumálin varða og félagsmálin, en félmrh. er ætluð forusta í athugun málsins.

Ég vek athygli á að það eru í gangi og yfirvofandi meiri breytingar líklega í sambandi við tækni í frumvinnslugreinum en fyrir hefur legið um lengri tíma. Ég vísa þar til stöðu frystiiðnaðarins í sjávarútvegi þar sem þörf er á miklu tækniátaki til að bæta stöðu þeirrar greinar og það er hætt við því að það leiði til fækkunar starfa í þessari grein þar sem konur eru burðarásinn í störfum. Sama er í gangi í sveitum landsins. Þar er möguleiki á störfum fyrir konur mjög takmarkaður og því nauðsynlegt að horfa til þess einnig sem og í almennum iðnaði.

Launamálin koma inn í þetta líka og þó að það sé sannarlega góðra gjalda vert að konur reyni að koma fótum undir nýja starfsemi til að bæta úr þessari brýnu þörf á störfum er þar oft um að ræða verkefni sem ekki er líklegt að skili miklum afrakstri. Það er ekki líklegt til að bæta stöðu þessara mála til lengdar að byggja upp láglaunastörf ef það er ekki þokkalegur efnahagslegur grundvöllur fyrir því og þarf að hafa það í huga við meðferð þessara mála.

Ég ítreka hvatningu mína til hæstv. forsrh. og ríkisstjórnarinnar í heild til að taka þessi mál föstum tökum og vonandi liggur eitthvað fyrir áður en þingi lýkur í þessum efnum því það getur verið þörf á að taka ákvarðanir hér á Alþingi fyrr en seinna sem snerta framkvæmd til úrbóta.

Meðferð trúnaðarmála, ein umr.

Fsp. GHH, 192. mál. — Þskj. 225.

Fyrirspyrjandi (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Á þskj. 225 hef ég leyft mér að bera fram svofellda fsp. til forsrh. um meðferð trúnaðarmála:

„Hvað líður störfum nefndar sem fyrrverandi forsrh. setti á laggirnar til að gera tillögur um meðferð opinberra trúnaðarskjala?"

Ég hygg að öllum sé ljóst að í okkar mikla upplýsingaþjóðfélagi er nauðsynlegt að hafa ákveðnar reglur um hvenær upplýsingaleynd er varpað af skjölum frá liðnum tíma og sömuleiðis hvenær ekki á að segja frá viðkvæmum málum heldur láta það bíða síðari tíma. Ég hygg að um þetta efni skorti ákveðnar starfsreglur í okkar stjórnkerfi. Ég hygg að það hafi vakað fyrir mönnum þegar fyrrv. ríkisstjórn setti þessa nefnd á laggirnar að koma þarna á skýrari reglum og mig langar til þess að forvitnast um það hjá ráðherra hvað líði störfum þessarar nefndar.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Ég tek undir það, sem fram kemur í fsp. hv. þm., að hér er um mál að ræða sem þarf að afgreiða fljótlega. Því miður eru ekki hér reglur um birtingu skjala. Því skipaði fyrrv. ríkisstjórn nefnd til að gera tillögur um slíkt. Ég hef gengið eftir því að nefndin hraði sínum störfum og aflað mér upplýsinga um hvar málið stendur.

Störfum nefndarinnar er ekki lokið, en mér er lofað að því verði hraðað eins og frekast er unnt. Hins vegar hefur nefndin lokið við undirbúning að tillögugerð sem mér sýnist miða í rétta átt, m.a. hefur nefndin flokkað niður skjöl, þ.e. almenn stjórnarskjöl og skjöl sem varða einstaklinga og skjöl sem varða öryggi þjóðarinnar, og hefur til undirbúnings sínum tillögum aflað sér upplýsinga erlendis frá um það hvernig farið er með hin ýmsu skjöl í öðrum löndum. Ég mun ganga eftir því að nefndin hraði sínum störfum og vænti þess að það geti orðið á næstu mánuðum.

Fyrirspyrjandi (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég þakka forsrh. fyrir þessi svör og tek undir ósk hans um að nefndinni auðnist að ljúka störfum á næstu vikum eða mánuðum.

Ég tel að það sé brýnt að við setjum okkur ákveðnar reglur um þessi efni, bæði um hvenær birta eigi upplýsingar en kannski ekki síður hvenær ástæða er til að varðveita viðkvæmar upplýsingar þannig að ekki hljótist af meðferð þeirra óeðlileg vandamál eða óþægindi fyrir einstaklinga. Ég geri mér fulla grein fyrir því að um þessi mál er vandasamt að fjalla. Eflaust er líka vandasamt að setja um þau reglur svo öllum líki.

Um hitt atriðið, að því er varðar upplýsingar frá fyrri tíð, þá er auðvitað fyrir löngu orðið tímabært að setja hér ákveðnar reglur um birtingu skjala. Um það hygg ég að flestir séu sammála. Við höfum dæmi á undanförnum vikum um hvernig menn hafa misfarið með trúnaðarupplýsingar á æðstu stöðum, þó að þar hafi kannski ekki verið um að ræða upplýsingar í formi opinberra skjala, og ég tel, eins og ég segi, afar mikilvægt að um slík mál sé jafnframt fjallað í þessu starfi.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég tek undir það með fyrir-

spyrjanda að það er þörf á því að hlíta setningu reglna varðandi meðferð trúnaðarmála og birtingu opinberra gagna. Ég hef ítrekað ýtt á eftir þessu máli á Alþingi og það að gefnu tilefni. Þessi starfshópur, sem er að vinna að málum á vegum stjórnvalda, mun vera tilkominn vegna umræðu um þessi efni á Alþingi fyrir fáum missirum. Ég tel nauðsynlegt að við mótun stefnu um þessi efni verði þess gætt að upplýsingar verði sem fyllstar og aðgangur rúmur að upplýsingum varðandi aðgerðir stjórnvalda. Ég er ekki þar með að segja að það geti ekki verið ástæða til að hafa reglur um birtingartíma varðandi einstök málefni samkvæmt nánar útfærðum ákvæðum, en meginreglan á að vera opið stjórnkerfi og opnar reglur varðandi aðgang almennings að skjölum og gerðum opinberra aðila.

Ég hef stundum minnt á meðferð þessara mála í öðrum ríkjum eins og Bandaríkjum Norður-Ameríku þar sem er birtingarskylda eða birtingarkvöð lögum samkvæmt á málefnum sem varða samskipti við aðrar þjóðir, að vísu með ákveðnum takmörkunum. Það var athyglisvert að í umræðum um þau efni á síðasta ári kom það fram hjá íslenskum sagnfræðingum að 20% þeirra gagna sem skotið hefur verið undan birtingu varðandi Ísland á árunum 1947–1951, sem varða það tímabil, þau 20% sem ekki er heimill aðgangur að fyrir sagnfræðinga eru fyrst og fremst lokuð vegna óska frá Íslandi, frá íslenskum aðilum. Þetta segir nokkra sögu og ég vildi minna á það í þessu sambandi.

En aðalatriðið er að það verði þannig búið að skjalavörslu í landinu og reglum þar að lútandi að aðgangur sé öruggur og rúmur að þessum gögnum ásamt varðveislu þeirra. Þetta snertir auðvitað Þjóðskjalasafnið og uppbyggingu þess og aðstöðu á Þjóðskjalasafni útlendinga, en þar hefur margt dregist úr hömlu.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Án þess að lengja þessa umræðu að ráði vil ég taka undir það sem síðasti hv. ræðumaður sagði um Þjóðskjalasafnið. Það er mjög alvarlegur þrándur í götu góðrar meðferðar þessara mála að skjölin eru ekki aðgengileg og þau liggja yfirleitt í kössum sem að vísu eru að mér er sagt skráð að vissu leyti en afar erfitt að komast að. Það er mjög brýnt verkefni að ganga svo frá því ágæta húsnæði sem sú stofnun hefur nú fengið að skjölin verði vel aðgengileg eins og kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni.

Ég vil geta þess, af því að það kom fram hjá ræðumanni að aðgangur að skjölum væri takmarkaður vegna óska frá íslenskum yfirvöldum, að ég leitaðist við að afla mér upplýsinga um þetta á meðan ég var utanrrh. er mál kom upp þá. Ég gat ekki fengið þetta staðfest þótt ég hefði sömu fréttir erlendis frá. Það virðist vera mjög óljóst hvaða íslensk yfirvöld og hvenær hafi óskað þess að ákveðin skjöl yrðu ekki birt þótt um það gildi reglur hjá viðkomandi erlendum ríkjum.

Störf ósonnefndar, ein umr.

Fsp. FrS, 190. mál. — Þskj. 223.

Fyrirspyrjandi (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Ég hef leyft mér að flytja fsp. um störf ósonnefndar sem ég skipaði 15. *júní* sl. og var skipuð í framhaldi af skipan nefndar sem átti að gera tillögur um umhverfismál fyrir forsrn. Þær tillögur lágu fyrir fyrrv. ríkisstjórn.

Frá því að þessi fsp. var flutt hefur ýmislegt gerst í þessu máli sem ég hygg að hæstv. iðnrh. muni segja frá. Tillögur nefndarinnar liggja fyrir og hæstv. ráðherra hefur tekið ákvörðun í anda tillagna nefndarinnar.

Auðvitað er það svo að ekki er vísindalega sannað að eyðing ósonlagsins stafi af klórflúorkolefnum, en þó er það talið líklegt. Það er ljóst að eyðing ósonlagsins hefur átt sér stað yfir suðurskautinu a.m.k. Þar hefur kalda loftið verið nokkrum vikum seinna að hitna en var fyrir nokkrum árum, að sögn bandarískra sérfræðinga sem þetta mál hafa kannað. Það er athygli vert að hér á landi hafa mælingar á ósonlaginu farið fram frá 1952 af hálfu Veðurstofunnar en ekkert verið unnið úr þeim rannsóknum. Ósonlagið verndar jörðina og íbúa hennar fyrir útfjólublám geislum, en það er talið að meðal áhrifa á menn, sem eyðing ósonlagsins mundi hafa í för með sér og þar af leiðandi bein útfjólublá geislun, væri að krabbamein, einkum húðkrabbamein, gæti aukist, starblinda og truflun á ónæmiskerfi manna, auk áhrifa á umhverfi.

Við notum talsvert af ósoneyðandi efnum hér á landi. Það er talið samkvæmt skýrslunni sem liggur fyrir að notkunin hafi verið 200 tonn árið 1986 og þar af hafi 70 tonn verið flutt inn en 130 í hálfunnum eða fullunnum varningi hér á landi.

Mér er ljóst, virðulegi forseti, að það er í raun búið að svara þessari fsp. með aðgerðum af hálfu ráðuneytisins og ég leyfi mér að þakka fyrir að brugðist var skjótt við og fylgt niðurstöðum nefndarinnar sem skipuð var á sl. sumri.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Hv. 1. þm. Reykv. spurði hvað liði störfum nefndar sem hann sem iðnrh. skipaði í júní sl. til að kanna notkun efna og efnasambanda sem talin eru eyða ósonlaginu og gera tillögur um hvernig draga mætti úr notkun þeirra og áætla kostnað sem því fylgdi. Það er skemmst hjá því að segja, eins og reyndar kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, að nefndin hefur skilað áliti, gerði það í desember sl., og hefur þar með lokið sínum störfum. Reyndar skilaði hún mér í byrjun október drögum að reglugerð um merkingar á úðabrúsum, en þeir

innihalda margir svonefnd klórflúorkolefni sem kunna að vera hættuleg ósonlaginu.

Í framhaldi af þessari greinargerð átti ég viðræður við formann nefndarinnar og aðra nefndarmenn sem leiddu til þess að viðfangsefni hennar hafa víkkað verulega og afraksturinn kemur fram í skýrslu nefndarinnar frá því um miðjan desember eins og ég nefndi áðan.

Það er rétt, eins og ég kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, að það er ekki óumdeilanlega sannað vísindalega að losun efna eins og klórflúorkolefna og halóna eyði eða sé aðalvaldurinn að þynningu ósonlagsins. Hins vegar er sú áhætta sem því fylgir að sleppa slíkum efnum út í andrúmsloftið, ef þau skyldu vera þarna orsakavaldur, svo mikil að það er ekkert spursmál að það á að líta á allar leiðir til að takmarka losun slíkra efna út í andrúmsloftið, sérstaklega þar sem í sumum dæmum er um að ræða notkun sem ekki getur talist skipta sköpum fyrir mannkynið, um þess framleiðslu eða framkvæmdir, og ég nefni aftur sem dæmi úðabrúsana því að það eru til önnur efni sem nota má til þess að þrýsta algengum hreinlætisvörum í gegnum þær túður sem eru á þessum brúsum sem ekki eru talin hafa slík áhrif. En eyðing ósonlagsins hefur, eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, á seinni árum valdið mönnum vaxandi áhyggjum vegna þess að áhrifin á lífkeðjur lands og sjávar, á heilsu fólks, ekki síst hættan á aukinni tíðni húðkrabbameins, veikara ónæmiskerfi og augnskaða er svo alvarleg að ekki verður undan því vikist að Íslendingar taki þátt í alþjóðaátaki til að draga úr þessari hættu.

Í framhaldi af skýrslu nefndarinnar lagði ég til á fundi ríkisstjórnarinnar fyrir jól að Íslendingar gerðust aðilar að tveimur alþjóðasamningum um verndun ósonlagsins, annars vegar svonefndum Vínarsáttmála frá árinu 1985 og hins vegar Montrealsamþykktinni frá því í fyrra. Ég hef þegar skrifað utanrrn. og beðið um að ráðstafanir verði gerðar til þess að Íslendingar gerist aðilar að þessum alþjóðasamningum.

Til þess að fullnægja ákvæðum þessara samninga og til þess að taka þátt í sameiginlegri framkvæmdaáætlun Norðurlanda, sem samþykkt var á umhverfisþingi Norðurlandaráðs, aukaþingi, í nóvember sl. þarf að gera hér ýmsar ráðstafanir. Þær hafa verið bundnar í ákveðna framkvæmdaáætlun sem byggð er á skýrslu nefndarinnar. Það er í fyrsta lagi að skylt verði að merkja úðabrúsa sem innihalda ósoneyðandi efni, einkum klórflúorkolefni, frá 1. júní á þessu ári og síðan að banna sölu þeirra eftir 1. júní 1990. Ég tek það fram að slíkt bann er í gildi í mörgum nágrannalöndum okkar, bæði austan hafs og vestan. Jafnframt er svo fjallað um aðgerðir til að minnka notkun þessara efna í kæli- og frystibúnaði, í einangrunarefnum, í plastframleiðslu, hjá efnalaugum og í slökkvitækjum. Ég hef lagt til að eftirlit og ráðgjöf á þessu sviði verði falin Hollustuvernd ríkisins, Iðntæknistofnun og Vinnueftirliti ríkisins og það verður gert. Þá verður tekin upp sérstök tollskráning á klórflúorkolefnum til að auðvelda eftirlit með innflutningi á þeim. Ég hef þegar skrifað fjmrh., sem fer með tollskrána, um það að þessi breyting verði gerð og er þar bent á fyrirmyndir í nálægum löndum.

Þá er líka til athugunar hvort koma megi upp í samvinnu við sveitarfélög aðstöðu til aftöppunar á klórflúorkolefnum til endurvinnslu eða eyðingar þegar lögð eru til hliðar kælikerfi sem ekki eru lengur í notkun. Þetta er praktískt framkvæmdaatriði sem nauðsynlegt er að ná samvinnu um við þá sem sjá um sorphirðu og sorpeyðingu.

Hæstv. forseti. Ég vil að lokum geta þess að ég hef ákveðið að skipa þriggja manna framkvæmdanefnd til að fylgja eftir þessu máli þar til komið verður á fót sérstöku umhverfismálaráðuneyti eða yfirumsjón umhverfismála falin einhverju einu ráðuneyti. Í þessa nefnd hyggst ég skipa einn mann frá Iðntæknistofnun Íslands, einn frá Hollustuvernd og einn frá Vinnueftirliti ríkisins.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er ánægjuefni þegar greint er á Alþingi frá jákvæðum viðbrögðum af hálfu framkvæmdarvaldsins í mikilvægu máli sem þessu varðandi verndun ósonlagsins.

Hér var til meðferðar á síðasta þingi till. til þál. sem ég var meðflm. að en 1. flm. Álfheiður Ingadóttir. Þeirri tillögu var sl. vor vísað til ríkisstjórnarinnar með jákvæðum hætti að tillögu félmn. Sþ. og í framhaldi af því skipaði hæstv. páv. iðnrh. nefnd til að gera tillögur um málið. Nú hefur hún skilað áliti og má segja að það sé með skjótari hætti en gerist um ýmsa aðila sem fá slík verkefni til meðferðar.

Ég tel að þarna hafi verið vel að verki verið. Ég hef ekki kynnt mér í smáatriðum niðurstöður þessarar nefndar, en mér sýnist að það sem greint hefur verið frá stefni allt í rétta átt í þessu máli varðandi takmörkun á ósoneyðandi efnum hérlendis og að Íslendingar geti borið sig saman við það sem er að gerast hjá nágrannaþjóðum okkar og á vettvangi Norðurlanda eins og hæstv. ráðherra vék að í sínu svari.

Ég tók eftir því að hæstv. ráðherra ætlar að fylgja þessu máli eftir með sérstakri framkvæmdanefnd og orðaði það svo: á meðan ekki hefur verið stofnað hér sérstakt umhverfisráðuneyti eða meðferð umhverfismálanna komið í annað og betra horf. Ég fagna þeirri áherslu sem kom fram hjá hæstv. ráðherra um sérstakt ráðuneyti þessara mála sem er mjög knýjandi að hér verði að veruleika hið fyrsta, óháð ráðuneyti sem fylgist með þessum málum og geti beitt sér gagnvart þeim aðilum sem þurfa að taka með á málum þar með öðrum ráðuneytum í Stjórnarráði Íslands og auðvitað fjölmörgum fleiri.

Fyrirspyrjandi (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég þarf ekki að bæta mörgum orðum við þær umræður sem hér hafa farið fram, en ítreka þakkir mínar fyrir skjót viðbrögð hæstv.

ráðherra og einkum og sér í lagi ætlun hans og aðgerðir í því efni að Íslendingar gerist aðilar að sáttmálum sem kenndir eru annars vegar við Vín og hins vegar við Montreal og við bíðum eftir viðbrögðum utanrrn.

Það er öllum ljóst að það er nauðsynlegt fyrir okkur Íslendinga að vera í hópi þeirra þjóða sem fremstar eru í því að taka virkan þátt í umhverfisvernd og vissulega hefur þetta mál þýðingu í þeim efnum þótt ekki sé vísindalega fullsannað að þessi klórflúorkolefni séu aðalorsökin fyrir sannanlegri eyðingu ósonlagsins.

Það er mikilvægt, sem kom fram hjá hæstv ráðherra, að koma skipulagi á aftöppun efna sem geta haft þessi áhrif, eins og t.d. freons sem notað er í venjulegum kælikerfum inni á öllum heimilum og enn fremur í frystihúsum landsmanna í stórum stíl. Það kemur því miður allt of oft fyrir að þessi efni sleppa út þegar skipt er um t.d. í frystihúsum og eins, þó ekki sé í jafnmiklum mæli, þegar um er að ræða að ísskápar ganga úr sér og þeim er fleygt á ruslahauga.

Ég vil enn ítreka að grunnurinn að þessu starfi var sú vinna sem fór fram á vegum forsrn. og hófst árið 1987 um haustið, en tek undir það með hv. 2. þm. Austurl. að vissulega hafði áhrif sú tillaga sem kom fram frá nokkrum þingmönnum. Ég held að 1. flm. hafi verið þáv. varaþm. Álfheiður Ingadóttir.

Ég vil taka undir það með öðrum sem hér hafa talað að það er nauðsynlegt að koma skipulagi á umhverfismálin. Fyrir mér skiptir mestu máli að þessi mál séu samhæfð undir einni stjórn í einu ráðuneyti, en ekkert úrslitaatriði að stofnað sé sérstakt umhverfismálaráðuneyti. Að þessu vann forsrh. í síðustu ríkisstjórn og ef ekki verður hreyft við þeim málum á næstunni tel ég einsýnt að Sjálfstfl. muni leggja fram frv. um það efni á næstunni.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þeim hv. þm. sem hér hafa talað undirtektir þeirra við það mál sem hér er til umræðu vegna fsp. hv. 1. þm. Reykv.

Vegna þeirra orða sem hér hafa fallið um skipulag í ráðuneytum á yfirumsjón umhverfismála og umhverfisverndar vil ég taka það fram að ég tek undir það, sem kom fram hjá báðum þeim þingmönnum sem hér hafa talað, að það er brýn þörf á að sameina og samræma í einu ráðuneyti yfirstjórn þessara mála, ekki síst vegna þátttöku í alþjóðastarfi á þessum vettvangi því að mörg umhverfisvandamál eru þannig vaxin að þau varða heila heimshluta eða jafnvel alla heimsbyggðina. Það ætti að vera þjóðarheiður Íslendinga að láta sinn hlut þar ekki eftir liggja og taka þátt í umhverfisvernd eftir því sem við höfum krafta til því þjóð sem lifir á lífríki sjávar í jafnríkum mæli og við gerum á mikið undir því að þar sé vel og farsællega á málum haldið.

Ég vildi, vegna þess sem kom fram hjá hv. 1. þm. Reykv. um að einhver dráttur væri á því að koma þessum málum fyrir í einu ráðuneyti, vekja athygli á því að forsrh. hefur gert um það alveg ákveðna tillögu, sem fram hefur komið á opinberum vettvangi, að umhverfismálin verði lögð til félmrn. og að það heiti eftir slíka breytingu félags- og umhverfismálaráðuneyti og þangað verði færðir helstu þættir umhverfisverndar og umhverfismálayfirumsjónar. Þetta tel ég gagnlega tillögu. Þetta er ekki eina skipulagslausnin sem til greina kemur. En ég vildi bara að það kæmi skýrt fram að sú ríkisstjórn sem nú situr leggur mikla áherslu á umhverfisvernd og umhverfismál og mun sýna þeim málum alla þá athygli sem þarf og mun breyta þessu skipulagi innan tíðar.

Samkeppnisstaða innlendrar kökugerðar, ein umr.

Fsp. FrS, 197. mál. — Þskj. 234.

Fyrirspyrjandi (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Ég hef leyft mér að flytja svohljóðandi fsp. til hæstv. iðnrh.:

„Ætlar ríkisstjórnin að fara að sameiginlegum tillögum nefndar sem iðnrh. skipaði hinn 6. apríl 1988, til að gera úttekt á samkeppnisstöðu innlendrar kökuframleiðslu, en nefndin skilaði endanlegu áliti hinn 3. nóv. sl.?"

Þess ber að geta að fyrstu tillögur þessarar nefndar lágu fyrir strax í september sl., en nefndin var skipuð af iðnrh. Í henni áttu sæti, auk fulltrúa iðnrn., fulltrúi fjmrn., reyndar tveir, fulltrúi úr Þjóðhagsstofnun, viðskrn., landbrn. og frá Landssambandi bakarameistara.

Niðurstöður nefndarinnar voru samhljóða, en í októbermánuði og snemma í nóvembermánuði var tillögunum breytt vegna leiðréttinga á niðurstöðum. Aðaltillaga nefndarinnar er sú að lagt verði verðjöfnunargjald, tímabundið breytilegt gjald, á innfluttar kökur og majónes samkvæmt stofnsamningi EFTA og Fríverslunarsamningi Evrópubandalagsins og gjaldið verði tilkynnt EFTA og EBE a.m.k. mánuði fyrir gildistöku. Verðjöfnunargjaldið verði 25% á innfluttar kökur og 16% á innflutt majónes.

Mér er kunnugt um að í framhaldi af þessum niðurstöðum hefur verið skrifað bréf til fjmrn. Hér er á ferðinni mjög brýnt mál sem hægt er að taka á innan ramma samninga Íslands við viðskiptabandalögin. Þess vegna er þessi fyrirspurn lögð fram og vænti ég þess að hæstv. ráðherra geti greint frá því hvaða ákvörðun ríkisstjórnin hefur tekið í þessu mikilvæga máli fyrir þann hluta íslensks iðnaðar sem stundar kökugerð.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Eins og kom fram hjá hv. fyrir-

spyrjanda, 1. þm. Reykv., skilaði nefnd sú sem fjallaði um samkeppnisstöðu innlendrar kökugerðar upphaflega áliti í september, en það kom í ljós að á því áliti voru nokkrir tæknilegir annmarkar sem eftir viðræður við mig voru leiðréttir og hún skilaði síðan endanlegu áliti sínu í nóvember sl.

Ég hef lagt þetta mál fyrir ríkisstjórnina og hún hefur samþykkt að fara að tillögum nefndarinnar í meginatriðum efnislega þannig að lagt verði sérstakt jöfnunargjald á innfluttar kökur og majónessósu í samræmi við álit nefndarinnar í megindráttum. Tilgangurinn er að sjálfsögðu sá að jafna aðstöðu innlendra framleiðenda og erlendra sem verða aðnjótandi niðurgreiðslu á landbúnaðarvörum í Vestur-Evrópuríkjum.

Framkvæmd málsins hefur hins vegar tafist nokkuð sökum anna í tekjudeild fjmrn. að undanförnu, en eins og þingmenn hafa e.t.v. orðið varir við hefur þar eitt og annað verið að fljóta yfir borðin og reyndar yfir okkar borð í hv. Alþingi. Þar hefur verið til sérstakrar athugunar hvort rétt sé að hafa gjaldið í formi tímabundins jöfnunargjalds sem leggja má á samkvæmt tollskrárlögum og heimildir eru til samkvæmt okkar fríverslunarsamningum eða í formi sérstakra heimildarlaga sem flytja þyrfti um sérstakt lagafrumvarp og leita samþykkis Alþingis.

Ég á von á því að niðurstaða tekjudeildar fjmrn. og hinna lögfróðu manna í málinu liggi fyrir á næstunni og ég mun beita mér fyrir því að þetta gjald komi til framkvæmda á næstu vikum eftir því sem frekast verða tök á.

Fyrirspyrjandi (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Ég fagna þessu svari hæstv. ráðherra og fagna því að hæstv. ríkisstjórn hefur samþykkt að fara að tillögum nefndarinnar í megindráttum. Ég skil að framkvæmdin hafi tafist. Nú hins vegar hefur hæstv. ríkisstjórn óskað eftir því að fá fjögurra vikna leyfi frá þinghaldi til að geta komið málum í lag. Má þá búast við því að á þessu máli verði tekið og væri gott að fá staðfestingu hæstv. fjmrh. á því, þ.e. ef fundahald hæstv. fjmrh. og hæstv. utanrrh. leiðir ekki til þess að það verður útilokað að vinna að slíkum málum.

Mig langar, virðulegur forseti, í tilefni þeirra fundarhalda að fara með vísu sem mér barst í morgun, ekki síst af því að hæstv. ráðherrar eru báðir hér samtímis í þingsalnum en það er ekki oft. En vísan er svona:

Eykur vanda enn á Fróni
Ólafur í fylgd með Jóni.
Tillögur úr Tímans fjósi
tendra ást á rauðu ljósi.

Reglur um afhendingu áfengis á kostnaðarverði, ein umr.

Fsp. GA, 153. mál. — Þskj. 164.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Athugasemdir ríkisendurskoðanda við áfengiskaup handhafa forsetavalds á sl. ári hafa leitt huga manna að því hvernig háttað er og hvernig háttað skuli þeim fríðindum sem opinberir embættismenn og stofnanir njóta. Það er ríkuleg ástæða til að gaumgæfa þær reglur sem gilda um áfengiskaup á kostnaðarverði í því sambandi.

Ég hef því leyft mér að spyrja hæstv. fjmrh. á þskj. 164:

„1. Hvaða reglur gilda um afhendingu á áfengi frá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins á kostnaðarverði til stofnana og einstaklinga?

2. Hverjir hafa slík fríðindi og hvers vegna?“

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Síðan 1964 hafa gilt þær reglur að auk erlendra sendiráða hafi eftirtaldir aðilar heimild til að fá áfengi á kostnaðarverði: Forseti Íslands, handhafar forsetavalds, ríkisstjórn, ráðuneyti, Alþingi, Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, forstjóri Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, Eimskipafélag Íslands, Ríkisskip, Fríhöfnin á Keflavíkurflugvelli. Til ársins 1971 höfðu einstakir ráðherrar og forsetar Alþingis einnig þessa heimild, en hún var afnumin með sérstakri samþykkt ríkisstjórnar 14. okt. 1971.

Í þeim reglum sem settar voru 1964 var það tekið fram að handhafar forsetavalds hefðu aðeins rétt til slíkra áfengiskaupa þann tíma sem forsetavaldið er í þeirra höndum og áfengi það er Eimskipafélag Íslands og Ríkisskip fái keypt með þessum skilmálum sé einungis selt í siglingum milli landa og kæmi ekki til neyslu innan lands. Enn fremur að Fríhöfnin seldi aðeins farþegum flugvéla við brottför þeirra úr landinu og kemur því ekki til neyslu innan lands áfengi það sem hún selur samkvæmt þessum reglum.

Þetta eru þær reglur sem Áfengis- og tóbaksverslunin hefur farið eftir og þeim hefur verið beitt í þágu þeirra kvaða, sem hafa verið lagðar á þær stofnanir og þau embætti sem hér hafa verið talin upp, að standa fyrir opinberri risnu.

Hv. þm. er kunnugt um þá umræðu sem hefur farið fram um þessar reglur og fyrir nokkru ákvað ríkisstjórnin að óska eftir tillögum frá Ríkisendurskoðun um breytingar á þessum reglum og mun ríkisstjórnin þess vegna taka það mál til skoðunar þegar hún hefur haft tíma til að hugleiða þær tillögur um breytingar á reglunum sem Ríkisendurskoðun setur fram.

Ástæða þess að leitað er til Ríkisendurskoðunar er sú að það er sú stofnun sem ætlað er að tryggja að ekki eigi sér stað misnotkun á meðferð opinberra fjármuna og þess vegna talið eðlilegt að leita eftir tillögum frá henni.

Það er rétt einnig að geta þess að samkvæmt langri hefð, sem að vísu hefur verið endurnýjuð með

sérstakri samþykkt fjmrh. á hverju ári, tíðkaðist það að starfsmenn Stjórnarráðsins fengu keyptar tvær áfengisflöskur á kostnaðarverði eða rúmlega það í tengslum við starfsemi starfsmannafélags Stjórnarráðsins, en sú heimild verður ekki veitt af núv. fjmrh. þannig að sú skipan mun ekki gilda meðan ég gegni þessu embætti.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka ráðherra svör hans og tel reyndar fyllstu ástæðu til að endurskoða þessar reglur og þá sérstaklega þann hátt sem hafður er á um afgreiðslu þessara fríðinda eða hlunninda og enn fremur að greiða risnu stofnana og opinberra embættismanna t.d. samkvæmt reikningum eða með öðrum hætti sem ekki býður heim mistúlkun, freistingum, misnotkun eða spillingu. Ég held að nýliðnir atburðir hafi gefið tilefni til að líta vel í saumana á þessu máli og þá í samvinnu við Ríkisendurskoðun og þingið að setja niður reglur sem allir sætta sig við og telja eðlilegar og réttlátar.

Reyndar gerði ég ekki fyrirspurn um það hvort tóbak heyrði til með áfengi sem fríðindi, en ef svo er tel ég að svipaðar reglur eigi einnig að gilda um það. Hitt er svo annað mál hvaða fordæmi ríkið og fulltrúar þess gefa og ber að gefa sem gestgjöfum. Ef ríkið vill gæta samræmingar og forðast tvískinnung hlýtur það að draga úr veitingum áfengis og tóbaks til að standa við þá heilbrigðisstefnu sem stjórnvöld hafa samþykkt og ætla sér að stunda í samvinnu við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina sem það er aðili að. Sú stefna miðar að því að draga verulega úr áfengisneyslu og tóbaksnotkun fram til aldamóta. Hægri höndin verður að vita hvað sú vinstri gerir og eftir höfðinu dansa líka limirnir þannig að stjórnvöld hafa mikla ábyrgð í þessum efnum. Ekki bara að gæta velsæmis, réttlætis, forðast spillingu heldur líka að gefa góð og hófleg fordæmi.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins geta þess vegna orða hv. fyrirspyrjanda að samkvæmt samþykkt ríkisstjórnarinnar og tillögum fjvn. er gert ráð fyrir því að í því fjárlagafrv. sem hér kemur til afgreiðslu verði verulega dregin saman útgjöld til risnu, veisluhalda og annarra slíkra atburða á vegum opinberra aðila á árinu 1989.

Sala á landbúnaðarafurðum, ein umr.

Fsp. GuðnÁ, 92. mál. — Þskj. 95.

Fyrirspyrjandi (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að spyrja hæstv. utanrrh. tveggja spurninga, svohljóðandi:

„1. Hversu mikið af landbúnaðarvörum seldu Íslendingar varnarliðinu í Keflavík, sundurgreint eftir tegundum, á árunum 1985, 1986 og 1987?

2. Hversu mikið af kjötvörum fékk varnarliðið að flytja til Íslands á árunum 1985, 1986 og 1987, sundurgreint eftir tegundum?"

Ég tel mikilvægt fyrir Alþingi Íslendinga að fylgjast vel með þróun mála hvað hina síðari spurningu varðar, ekki síst vegna þess hversu umdeildur er með þjóðinni sá innflutningur á hráu kjöti sem liðist hefur hvað varnarliðið áhrærir. Bæði löglærðir menn, ráðherrar og leikmenn hafa deilt um lögmæti þessa innflutnings.

Nú ætla ég ekki að hafa í frammi neinar fullyrðingar um hvort þessi kjötinnflutningur sé löglegur eða ekki samkvæmt varnarsáttmálanum. Ég treysti mér ekki að vefengja niðurstöðu nefndar löglærðra manna um málið sem fjölluðu um það fyrir nokkrum árum. Ég ætla heldur ekki að halda því fram að varnarliðið brjóti þær ströngu reglur sem um þennan innflutning gilda. Ég tel hins vegar tímabært að ríkisstjórn Íslands hefji viðræður við varnarliðið um að íslenskir bændur anni þessum markaði út frá öryggissjónarmiðum um sjúkdómavarnir. Það er mikil vá fyrir dyrum, hæstv. ráðherra, í okkar einangraða landi ef hingað bærust sjúkdómar, svo sem gin- og klaufaveiki. Sú veiki gæti borist hingað þessa leið þó líkurnar séu kannski enn meiri að slík veiki berist hingað með smygli og lögbrotum landsmanna sjálfra sem í dag munu vera allmikil, því miður. Á því þarf að taka.

Ég veit að varnarliðsmenn éta mest svínakjöt, nautakjöt og kjúklinga. Þegar varnarliðið kom hingað voru þessar búgreinar á því frumstigi að við gátum ekki fullnægt þörf þeirra. Nú eru þessar búgreinar það þróaðar að við höfum á boðstólum kjöt sem stenst allan samanburð. Það sem ég undrast þó mest er það að ég taldi okkur geta þjónað mjólkurþættinum, en á dögunum vakti frétt í Dagblaðinu athygli mína, að enn eru þeir að nema hér land, þessir útlendingar, enn eru þeir að auka umsvif sín í matvælasölu á Íslandi. Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa þessa frétt sem birtist í Dagblaðinu. „Ís til Íslands" hét hún:

„Á Keflavíkurflugvelli hefur verið opnuð ísbúð sem er í eigu hins þekkta bandaríska ísfyrirtækis, Baskin Robbins. Fyrirtækið rak fyrir nokkrum árum þessa ísverslun en hefur nú opnað hana aftur endurbætta. Allur ís sem seldur er í versluninni er fluttur inn frá Bandaríkjunum, enda leggur fyrirtækið mikið upp úr því að selja eigin framleiðslu.

Að sögn Íslendinga sem vinna á flugvellinum smakkast ísinn vel og er mjög eftirsóttur. En sjálfsagt þykir sumum skjóta skökku við að mjólkurís skuli vera fluttur inn til Íslands."

Ég vek athygli hæstv. ráðherra á þessu landnámi þeirra Bandaríkjamanna. Og það eru ekki bara útlendingar sem éta ísinn þarna heldur og Íslendingar.

Hæstv. utanrrh. er þekktur að því að vera höfðingjadjarfur og hikar oft ekki við að mæla digurt og láta reyna á nýjar leiðir. Nú treysti ég honum til að

taka þessi mál í heild sinni til endurskoðunar með það að markmiði að við Íslendingar sinnum matvælaþættinum hvað þessa gesti, sem hér dvelja um skamma stund, varðar.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hv. fyrirspyrjandi spyr í fyrsta lagi um hvað mikið af landbúnaðarafurðum Íslendingar hafi selt varnarliðinu í Keflavík á árunum 1985, 1986 og 1987, sundurgreint eftir tegundum. Ég hef látið taka saman töflu um þetta efni sem dreift hefur verið til þingmanna og er í töflunni miðað við þyngd í pundum og verð í bandaríkjadölum, en mjólk í lítrum. Þar kemur m.a. fram að kaup varnarliðsmanna á kjöti, eggjum, mjólkurafurðum og brauðvörum námu samtals tæplega 62 þús. bandaríkjadölum á árinu 1987 eða sem svarar til 2,8 millj. kr.

Um sölu íslenskra landbúnaðarafurða fóru fram ítarlegar samningaviðræður á árunum 1986 og 1987 sem lauk með undirritun samkomulags hinn 11. febr. 1987. Samkvæmt því skyldi stefnt að viðskiptum samkvæmt ákveðnum viðmiðunum varðandi magn og verð.

Í byrjun þessa árs var samkomulagið endurnýjað, en þá var ljóst að ekki hafði reynst unnt að selja það viðmiðunarmagn sem skráð var í fyrra samkomulagi. Var viðmiðunum breytt í samræmi við fengna reynslu og hefur salan gengið betur á þessu ári. Þannig er nú gert ráð fyrir að varnarliðið kaupi á þessu ári talsvert meira en þau 16 tonn af nautakjöti sem samningurinn fjallaði um. Keypt verði um 50 tonn af eggjum, en sala á kjúklingum verði talsvert undir því 34 tonna marki sem um var samið, enda telja kjúklingabændur sig ekki geta annað þeirri eftirspurn. Þá var samið um sölu á 4,5 tonnum af svínarifjum, en ekki reyndist unnt að anna þeirri eftirspurn þegar til kom.

Nú eru fram undan viðræður um kaup landbúnaðarafurða á næsta ári og munu fulltrúar Varnarmálaskrifstofu, landbrn., kjúklingabænda og annarra kjötframleiðenda taka þátt í þeim. Varnarliðið hefur lýst áhuga á kaupum landbúnaðarvara annarra en dilkakjöts sem nýtur ekki eins mikillar hylli varnarliðsmanna og aðrar íslenskar búvörur.

Í öðru lagi er spurt hve mikið af kjötvörum og öðrum landbúnaðarvörum varnarliðið fékk að flytja inn til landsins á árunum 1985, 1986 og 1987. Ég hef einnig látið taka þær upplýsingar saman í töflu sem dreift er til þimgmanna og ekki hentar að þylja í munnlegu svari við fsp., en þar kemur m.a. fram að á árinu 1987 voru flutt inn samtals 504 tonn af kjöti, þar með töldu kjúklingakjöti, og einnig flutti varnarliðið inn 40 tonn af eggjum. Unnar landbúnaðarafurðir voru fluttar inn fyrir jafnvirði 24 millj. kr. og landbúnaðarafurðir fyrir jafnvirði 7,2 millj. kr.

Virðulegi forseti. Ég er tilbúinn að láta hv. fyrirspyrjanda og öðrum þingmönnum sem þess kynnu að óska í té nánari skriflegar upplýsingar um þessi viðskipti, en hagskýrslur um þau henta sem kunnugt er illa til slíkra munnlegra svara.

Fyrirspyrjandi (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. svör hans og upplýsingar sem hann hefur dreift. Ég verð að segja um upplýsingarnar að skammt miðar. Af kjöttegundum sem hér er um rætt eins og svínakjöti sköffum við aðeins 6% til þeirra, 5% af nautakjötinu, 11% af því sem þeir borða af kjúklingum og 55% af eggjunum. Þar hefur miðað hraðast.

Það sem ég vildi svo segja í viðbót er að það vill svo vel til að áður hefur verið fjallað um þetta mál á hv. Alþingi fyrir um það bil þremur árum. Þá töluðu ýmsir hv. alþm. og gáfu fyrirheit um að jafnvel mætti breyta lögum eða leita eftir samkomulagi um breytta stefnu í þessu máli sem ég vænti að hæstv. utanrrh. muni gera. Þá sagði hæstv. núv. forsrh. Steingrímur Hermannsson, sem þá var einnig forsrh., m.a., með leyfi forseta, þegar hann fjallaði um væntanlega niðurstöðu lögfræðinganefndarinnar:

„Það kann vel að vera að ríkisstjórnin síðan ákveði að hún vilji beita sér fyrir breytingu á lögum ef í ljós kemur að úrskurðurinn er á þann veg, en um það er ekki tímabært að taka ákvörðun fyrr en álit lögfróðra manna liggur fyrir.“ — Nú liggur það fyrir að lögfræðingarnir töldu að innflutningurinn á kjötinu væri ekki ólögmætur þrátt fyrir íslensk lög um sjúkdómavarnir frá 1928.

Forsrh. sagði enn fremur: „Það munu verða hafnar viðræður við varnarliðið um þennan kjötinnflutning og jafnframt um kaup á íslenskum landbúnaðarafurðum öllu fremur en að flytja þær inn erlendis frá.“ — Ég hygg að hann sé enn sömu skoðunar.

Ég veit að við þetta var staðið en árangurinn varð sorglega lítill eins og kemur fram í skýrslu utanrrh.

Við verðum að höggva á innflutninginn og ég tel samningaleiðina besta í því efni. Það ber að láta fyrst á hana reyna.

Mesta athygli vakti þó ræða kornungs þingmanns í þessum umræðum fyrir þremur árum. Það var hæstv. núv. landbrh. Steingrímur J. Sigfússon sem þá vakti mesta athygli í þessum umræðum, en hann sagði, með leyfi forseta, í þessu máli það sem segja þarf og vitna ég í þau ummæli, með leyfi forseta, og heiti á hans stuðning í þessu máli í framhaldi af því, en Steingrímur sagði:

„Fyrir liggur álit færustu sérfræðinga þjóðarinnar á því að hér sé um stórhættulega hluti að ræða þar sem er eftirlitslaus innflutningur á hrámeti inn í landið, jafnvel frá svæðum þar sem sjúkdómar á borð við gin- og klaufaveiki geisa eða hafa geisað einhvern tíma fyrir stuttu síðan.“

Hann taldi að þessa fyrrv. ríkisstjórn skorti stefnu í málinu, að okkur bæri að banna þennan innflutning nú þegar.

Þar með lýkur tilvitnun í þessi ummæli. Vilji er allt sem þarf og látum nú til skarar skríða í þessu umdeilda máli. Ég treysti því um þá samninga sem

utanrrh. gat um sem nú færu í hönd að hann taki þar forustu í því máli með aðstoð hæstv. forsrh. og hæstv. landbrh. og að menn stöðvi þennan innflutning og þá áhættu sem honum fylgir.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegi forseti. Sá sem hér talar hefur verið og er þeirrar skoðunar að meðan erlendur her dvelji í landinu, sem vonandi verður ekki lengi úr þessu, eigi hann að vera sjálfum sér nægur og dvelja hér einangrað og ekki eigi að vera við hann nein samskipti efnahagsleg af þessu tagi né öðru. Þessi her getur mín vegna lifað á dósamat eða dufti á meðan hann er hér. Það er jafnsjálfsagt og hitt að hann virði íslensk lög, þ.e. að íslensk lög gildi á Íslandi öllu. Ég hef aldrei skilið þá röksemdafærslu að íslensk lög skuli ekki gilda innan svonefndra varnarsvæða. Annaðhvort er þar verið að segja að þessi varnarsvæði séu ekki lengur hluti af Íslandi eða segja að íslensk lög skuli ekki gilda fyrir Ísland allt. Að sjálfsögðu er þessi innflutningur á jafnvel hráu kjöti inn á svæði sem lögð hafa verið undir herinn lögleysa af því tagi sem gengur þvert í gegnum öll samskipti við þennan her og helgast af því að einhver æðri lög þykjast hafa verið búin til með svonefndum varnarsamningi sem taka af almenn ákvæði íslenskra laga að því er ýmsir vilja meina.

Ég tel að sjálfsögðu að það beri að stöðva þann innflutning inn á þessi svæði sem brýtur í bága við almenn íslensk lög og þar eigi engar undanþágur að gilda. Hvort það leiði síðan til þess að herinn fari vegna þess að hann fái ekki nógu góðan mat eða hann taki það upp hjá sjálfum sér að éta dósamat eða duft, það læt ég mig einu gilda. Ég er ekki sérstakur talsmaður og hvatamaður þess og mun ekki verða að menn fari að gera það að keppikefli að selja íslenskar landbúnaðarafurðir sérstaklega til þeirra Bandaríkjamanna sem dvelja þarna frekar en Bandaríkjamanna annars staðar í heiminum.

Ég vil svo að lokum geta þess, virðulegur forseti, að í landbrn. eru ýmis mál til skoðunar sem lúta að sjúkdómavörnum og innflutningi á vörum sem bannaður er, meintum innflutningi, leyfilegum eða óleyfilegum.

EFRI DEILD

45. fundur, fimmtudaginn 5. jan., kl. 4 síðdegis.

Heimild til að hækka útsöluverð áfengis og tóbaks, 1. umr.

Stjfrv., 223. mál. — Þskj. 407.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Eins og fram hefur komið er það einn þáttur í tekjugrundvelli þess fjárlagafrv. sem ætlunin er að afgreiða á morgun að útsöluverð áfengis og tóbaks verði hækkað eins og oft gerist í okkar þjóðfélagi. Þegar ákveðið var að afgreiða tekjuöflunarfrumvörp ríkisstjórnarinnar fyrir jól var um það rætt að bráðabirgðalögin yrðu þá einnig afgreidd um svipað leyti og var þá brugðið á það ráð að tengja afgreiðslu þess breytingu á einni grein þess frv. sem heimilaði hækkun á áfengi og tóbaki í samræmi við tekjuáætlun fjárlagafrv. Lögfræðingar hafa komist að þeirri niðurstöðu að þar sem verð á áfengi og tóbaki er tilkynnt með útgáfu verðskrár gildi verðstöðvunarákvæði bráðabirgðalaganna um þessa tegund tekjuöflunar ríkissjóðs þótt það gildi ekki um aðrar tegundir skatta og gjalda sem lögð eru á með sérstökum lögum.

Nú hefur verið ákveðið í samkomulagi þingflokka að láta afgreiðslu bráðabirgðalaganna bíða og þess vegna er farin sú leið að taka þetta eina atriði út úr og leggja fram um það sérstakt frv. hér í hv. deild. Frv. er í sjálfu sér mjög einfalt. Það er samhljóða þeim texta sem lá fyrir í hv. Nd. varðandi breytingu á bráðabirgðalögunum.

Á árinu 1989 er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs aukist um 450 millj. kr. vegna sérstakra hækkana á áfengi og tóbaki umfram almennar verðlagsbreytingar.

Ég vænti þess síðan í góðu samkomulagi sem gert hefur verið við forustumenn þingflokkanna að þetta frv. fái afgreiðslu í þessari deild og hv. Nd. og þar með þingsins alls um leið og fjárlagafrv. er afgreitt.

Að lokinni þessari umræðu mælist ég svo til þess að frv. verði vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Þegar fundur í hv. fjh.- og viðskn. var afboðaður áðan var sagt að hann yrði haldinn þegar að lokinni ræðu hæstv. fjmrh. Ég vona að það hafi verið um mistök að ræða að boða fundinn með þessu móti því að auðvitað hlýtur hv. þingdeildarmönnum að vera leyfilegt að taka til máls og þess vegna kvaddi ég mér hljóðs.

Auðvitað hef ég ekkert á móti því úr því að náðst hefur um það samkomulag að málið gangi til nefndar. Það leiðir af sjálfu sér að ef forustumenn í þinginu eru búnir að samþykkja það fer ég ekki sem óbreyttur þingmaður að reyna að breyta einhverju um það. Mér skilst að það liggi mjög á að koma aftur á fundi í Sþ. þannig að hér verði þá kannski ekki langar umræður, en þær gætu orðið eitthvað lengri við 2. umr. málsins.

Ég fæ satt að segja ekki séð að það sé ljóst að þetta markmið um 450 millj. kr. tekjuauka á árinu sem nú er nýbyrjað vegna hækkana á áfengi og tóbaki náist nema heimilt verði að hækka útsöluverð á þessum vörum sem allra fyrst. Ég held að það geti ekki verið um neina nákvæma útreikninga að ræða

sem skipti því máli hvort þetta verður deginum fyrr eða seinna. Og umfram almennar verðhækkanir. Hver ætlar að segja í dag hverjar almennar verðlagshækkanir verði? Ekki get ég það og það getur auðvitað ekki nokkur maður. Það er dengt yfir þjóðina nú hverjum skattinum á fætur öðrum sem auðvitað gengur inn í verðlag þegar verðstöðvun lýkur og það verða engir smámunir. Það eru engin 2 eða 3% sem verið er að telja mönnum trú um að verði kannski hækkanir umfram það sem gert er ráð fyrir í fjárlögum. Við vitum öll, landslýður veit það allur, að það er ákveðið að rýra kjörin og er verið að því hvern einasta dag og hækka vöruverð með þeim hætti að það getur ekki verið ljóst, eins og sagt er í athugasemdum, að það þurfi að skipta einhverjum dögum hvenær þetta frv. sé samþykkt.

Mér skilst að hæstv. ríkisstjórn sé í þann veginn að styrkja enn þann meiri hluta sem hún telur sig hafa og þá verður einskis svifist að dengja yfir landslýðinn hverri kjaraskerðingunni á fætur annarri og getur enginn sagt í dag hver verði almenn verðlagsþróun í þessu landi. Ég er raunar alveg sannfærður um að hún verður með því mesta sem hún hefur orðið. Hún yrði kannski eitthvað svipuð og á fyrri helmingi ársins 1983. Það er stefnt í nákvæmlega það sama og þá var stefnt í með afgreiðslu fjárlaga og skattaálögum á landslýðinn. Það er það sem verið er að gera og hefur gerst núna með vaxandi hraða þegar stjórnin með einhverjum hætti hefur styrkt sinn meiri hluta og hún ætlar sér sýnilega að nota það til hins ýtrasta.

Við skulum ekkert dylja okkur þessa. Það er verið að hækka álögur á allar mögulegar og ómögulegar vörur. Við skulum segja að áfengi og tóbak sé út af fyrir sig óþarft, menn geti án þess verið, en það er verið að hækka skatta á alls kyns vörur aðrar og álögur og ríkið er í fararbroddi að hækka allar sínar álögur. Það er ekki verið að heimila atvinnuvegunum hækkanir eða bæta þeirra kjör. Þó að menn séu sammála um að meginatvinnuvegirnir séu nánast gjaldþrota er ekki verið að bæta þeirra kjör. Það er verið að rýra þeirra kjör með öllum þeim hækkunum sem yfir dynja. Ríkið segist þurfa meiri peninga. 7 milljarða nefnir núna hæstv. sjútvrh. til viðbótar við það sem áður hefur verið, 7 milljarða hygg ég. Þessir milljarðar verða ekki greiddir af öðrum en atvinnuvegunum og fólkinu í landinu. Og hverjar verða verðlagshækkanirnar þegar þetta allt saman springur framan í þá menn sem halda að það sé hægt að bjóða alþýðu þessa lands hvað sem er? Það er enginn dómbær að skera úr um það á þessari stundu.

En það er samkomulag um að málið gangi til nefndar. Ég skal ekki tefja tímann. Ég á sæti í nefndinni og þar munum við að sjálfsögðu ræða bæði við hæstv. fjmrh. og aðra þá sem við teljum að þurfi að ræða við áður en málið verður afgreitt úr nefnd.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

EFRI DEILD

46. fundur, fimmtudaginn 5. jan., kl. 5 síðdegis.

Heimild til að hækka útsöluverð áfengis og tóbaks, 2. umr.

Stjfrv., 223. mál. — Þskj. 407, n. 415 og 416.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar deildar kom saman til fundar fyrir stundu og fjallaði þá um þetta frv. til l. um heimild til að hækka útsöluverð á áfengi og tóbaki. Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt. Ég held að rétt sé að fram komi sú skýring að fyrir jól var flutt í Nd. brtt. við bráðabirgðalögin sem þar eru til meðferðar um að heimila hækkun á áfengi og tóbaki þrátt fyrir verðstöðvunarákvæði laganna. Sú tillaga kom sem sagt fram í Nd. í desember og þar sem ljóst er nú að þinghlé verður um tíma og bráðabirgðalögin hljóta ekki afgreiðslu og þar með þessi brtt. fyrr en þing kemur saman að nýju þótti nauðsyn bera til að afla þessarar heimildar til að hækka verð á áfengi og tóbaki sem er í tengslum við tekjuforsendur fjárlagafrv. sem hér verður afgreitt væntanlega á morgun eða fyrir helgina alla vega.

Þetta er einfalt mál og óþarfi að hafa um það svo mörg orð. Undir nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. skrifa auk þess er þetta mælir Valgerður Sverrisdóttir, Jóhann Einvarðsson og Margrét Frímannsdóttir og meiri hl. leggur til að málið verði samþykkt.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Herra forseti. Eins og ég gat um í stuttri ræðu við 1. umr. málsins er ýmislegt við þetta mál að athuga og upplýsingar skortir. Þar er t.d. tekið fram að ljóst sé að það markmið sem ætlað er í fjárlagafrv. náist ekki nema heimild til breytinga verði veitt sem allra fyrst. Þetta hefði út af fyrir sig kannski verið óþarft. Það sem er aðalatriðið er það sem kemur fram í minnihlutaáliti sem er stutt og laggott, en undir það skrifar auk mín Guðmundur Ágústsson. Þar segir:

„Meðan verðstöðvun er í gildi er óeðlilegt að ríkisvaldið geti í krafti valds síns ákveðið að undanskilja sjálft sig ákvæðum verðstöðvunar. Því leggur minni hl. til að frv. verði fellt."

Við viljum ekki tefja fyrir því að mál þetta fá framgang, en munum greiða atkvæði á móti því af framangreindum ástæðum. Það hefði auðvitað af fjmrn. hálfu verið hægt að gefa fyllri upplýsingar um útreikninga, verðhækkanir o.s.frv. en það mun þá koma fram í neðrideildarnefndinni.

Ég vildi ekki spyrjast fyrir um það til að ég upplýsti það hve hækkun áfengis yrði mikil ef hún yrði framkvæmd nú, mér finnst ekki eðlilegt að frá því sé skýrt opinberlega, en það kemur að sjálfsögðu á daginn ef þessi heimild verður notuð sem mér skilst að sé svo brýnt að verði. Auðvitað eru þeir menn til sem segja að hættulaust sé að hækka áfengi og tóbak. Það er ekki mergurinn málsins, við getum deilt um það annars staðar, en aðalatriðið er að ríkið er stöðugt að hækka sínar álögur og sína verðlista og beita hins vegar verðstöðvun gagnvart öðrum. Það eru óhæf vinnubrögð og þess vegna greiðum við atkvæði gegn frv.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Þar eð afstaða mín kemur ekki fram á þeim nefndarálitum sem hér hefur verið mælt fyrir vil ég láta afstöðu mína koma í ljós við þessa umræðu.

Ég tel þessa hækkun mun gæfulegri en margar þær tekjuöflunarleiðir sem hæstv. ríkisstjórn hefur valið sér á undanförnum vikum og byggi ég þá afstöðu mína fyrst og fremst á heilbrigðissjónarmiðum. Sá galli er hins vegar á að tóbak og áfengi hafa vægi í framfærsluvísitölu og hækkunin hefur því bein áhrif á hana, svo og lánskjaravísitöluna.

Við kvennalistakonur teljum óeðlilegt að þessar vörur hafi vægi í framfærsluvísitölunni og vildum gjarnan sjá þeim kippt út með sama hraða og nú stendur til að afgreiða heimild hæstv. fjmrh. til hækkunar á áfengi og tóbaki. En þrátt fyrir þetta munum við þó styðja málið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 11:5 atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

EFRI DEILD

47. fundur, fimmtudaginn 5. jan., að loknum 46. fundi.

Heimild til að hækka útsöluverð áfengis og tóbaks, 3. umr.

Stjfrv., 223. mál. — Þskj. 407.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 10:5 atkv. og afgr. til Nd.

SAMEINAÐ ÞING

33. fundur, fimmtudaginn 5. jan., að loknum fundum í Ed.

Fjárlög 1989, 3. umr.

Stjfrv., 73. mál. — Þskj. 280, brtt. 286, 287, 393, 395, 396, 397, 398.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjvn. (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Fjvn. Alþingis hefur nú lokið umfjöllun sinni um fjárlagafrv. fyrir árið 1989. Frá nefndinni koma brtt. á fjórum þingskjölum, þskj. 395, 396, 397 og 398. Brtt. á þskj. 395 varða einkum og sér í lagi 4. gr. frv. og eru fluttar af meiri hl. fjvn. Brtt. á þskj. 396 tilheyra 6. gr. og eru fluttar af nefndinni allri. Brtt. á þskj. 397 varða 5. gr., þ.e. B-hluta fjárlaga, og eru þær brtt. fluttar af meiri hl. nefndarinnr. Og brtt. á þskj. 398 varða 3. gr., tekjugreinina, og eru þær einnig fluttar af meiri hl. fjvn.

Áður en ég vík að brtt. vil ég nota þetta tækifæri til að endurtaka þakkir mínar við starfsfólk fjvn. og hagsýslu sem hefur veitt okkur ómetanlegt liðsinni í okkar störfum. Enn fremur vil ég þakka meðnefndarmönnum mínum í fjvn., ekki síður stjórnarandstæðingum en stjórnarsinnum, fyrir gott samstarf og þolinmæði við formann í oft erfiðri stöðu og miklu tímahraki.

Vil ég nú víkja að brtt. á þingskjölunum í þeirri röð sem þingskjölin eru.

Koma þá fyrst til álita brtt. á þskj. 395 frá meiri hl. fjvn. 1. brtt. á því þskj. er við 1. gr. frv. og er 1. brtt. í sjö stafliðum.

Gengisbreyting íslensku krónunnar sem kom til framkvæmda þann 2. jan. sl. hefur að sjálfsögðu áhrif á útreikninga á afborgunum af teknum og veittum lánum sem færð eru undir lánahreyfingar við 1. gr. Undir sama yfirlið í greininni þarf svo einnig að koma nýr undirliður sem heitir Uppgjör á skammtímaskuld við Seðlabanka. Er hér um að ræða uppgjör á yfirdrætti ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands í árslok 1988, en þá nam skuld ríkissjóðs við Seðlabanka Íslands samtals 7,3 milljörðum kr. 800 millj. kr. af þeirri fjárhæð eru frá árinu 1987, en 6,5 milljarðar vegna halla á rekstri ríkissjóðs á árinu

1988. Gert hafði verið ráð fyrir því í fjárlagafrv. að séð yrði fyrir þessari skammtímaskuld á þann veg að fyrir árslok 1988 yrði tekið erlent lán til lengri tíma og það notað til að gera skil á yfirdráttarskuld ríkissjóðs við Seðlabanka Íslands, bæði frá árinu 1987 og árinu 1988. Í greiðsluheimildarlögunum, sem samþykkt voru á Alþingi rétt fyrir jólaleyfi þingmanna, var gefin heimild til umræddrar lántöku. Hins vegar vannst ekki tími til að ganga frá nema hluta af þessu láni fyrir árslok 1988 þannig að í upphafi árs 1989 var ekki búið að ganga frá lántökum og greiða nema 2,8 milljarða af umræddri skammtímaskuld. Verður þess vegna að gera ráð fyrir lántöku til uppgjörs á skammtímaskuld við Seðlabanka Íslands á árinu 1989 vegna ársins 1988 sem nemur 4,5 milljörðum kr. Stafl. a og b í 1. brtt. varða þannig breytingar sem gera þarf vegna áhrifa gengisfellingar á lánahreyfingar og stafl. e varðar uppgjör skammtímaskulda við Seðlabankann að fjárhæð 4,5 milljarðar kr. eins og áður getur.

Í staflið c í þessari brtt. er gerð tillaga er varðar veitt lán til B-hluta ríkissjóðs og er lagt til að sú fjárhæð, sem í frv. er 1 milljarður 265 millj. kr., hækki um 75 millj. kr. og verði 1 milljarður 340 millj. Ástæðan er sú að gert er ráð fyrir að hefja mjög viðamikla endurbyggingu Þjóðleikhússins á árinu 1989. Í þá endurbyggingu verður ráðist strax að loknu yfirstandandi leikári og verður endurbyggingin mjög kostnaðarsöm þar sem húsið er orðið ákaflega illa farið og miklar breytingar þarf á því að gera af þeim sökum. Á árinu 1989 þarf því að afla fjár til umræddra framkvæmda sem á því ári er áætlað að kosti 75 millj. kr. Er í þessari tillögu gert ráð fyrir slíkri lántöku og síðan í B-hluta, þar sem fjallað er um Þjóðleikhús, gert ráð fyrir samsvarandi framkvæmdakostnaði.

Eins og áður segir mun þessi viðamikla endurbygging hefjast þegar að loknu því leikári sem nú stendur. Fyrirsjáanlegt er að hún mun taka talsverðan tíma og er óhjákvæmilegt annað en gera ráð fyrir því að á meðan endurbyggingin standi yfir þurfi að gera talsverðar breytingar á starfi leikhússins. M.a. muni leggjast niður sýningar á aðalsviði hússins, a.m.k. um verulegan hluta þess tíma sem endurbyggingin stendur yfir, og munu þær ekki geta hafist fyrr en að lokinni endurbyggingu hússins.

Þjóðleikhúsið hefur stofnað til mjög mikilla launaskulda við ríkissjóð sem ekki er fyrirsjáanlegt að húsinu takist að greiða eins og sakir standa og raunar er ekki heldur fyrirsjáanlegt að sú skuldasöfnun verði stöðvuð nema með umtalsverðum breytingum og endurskipulagningu á rekstri hússins. Þann tíma sem starfræksla Þjóðleikhússins liggur að miklu leyti niðri vegna endurbóta á byggingunni verður því að nota til að endurskipuleggja rekstur hússins og skoða m.a. samningamál við starfsfólk og aðra. Fjvn. leggur ríka áherslu á að sú endurskoðun fari fram og mun fyrir sitt leyti fylgjast með því að það verði gert.

Tölul. d í 1. brtt. á þskj. 395 varðar síðan hluta- og stofnfjárframlög. Samkvæmt frv. eftir 2. umr. er gert ráð fyrir að varið verði 115 millj. kr. til slíkra framlaga.

Þann 1. jan. sl. tók nýtt fyrirtæki, Bifreiðaskoðun Íslands hf., við starfsemi Bifreiðaeftirlits ríkisins. Ráð var fyrir því gert að ríkissjóður legði hinu nýja fyrirtæki til 40 millj. kr. í hlutafé. Ekki var endanlega gengið frá samningum og stofnframlagi ríkissjóðs á árinu 1988, en á því ári voru greiddar 20 millj. af þeim 40 sem fyrirheit höfðu verið gefin um. Verður því að gera ráð fyrir 20 millj. kr. hlutafjárframlagi á árinu 1989 til endanlegrar greiðslu á hlutafjárloforðum ríkissjóðs í Bifreiðaskoðun Íslands hf. Samkvæmt því er gerð sú brtt. við 1. gr. fjárlagafrv. að liðurinn hluta- og stofnfjárframlög hækki úr 115 millj. kr. í 135 millj. kr.

Stafliður f varðar liðinn Innlend útgáfa verðbréfa og er þar lagt til að liðurinn verði hækkaður um 600 millj. kr. Stafliður g varðar nýjan lið, erlenda lántöku upp á 4 milljarða 635 millj. kr., og hefur ástæðan fyrir þessari tillögu þegar verið skýrð. Er hér um ræða þá lántöku sem rætt var um að taka þyrfti erlendis til uppgjörs á skammtímaskuldum við Seðlabanka Íslands vegna halla á ríkissjóði á árinu 1988.

Þær tillögur sem hér á eftir koma varða allar 4. gr. frv., allt aftur að 52. brtt. á þskj. 395. Allar þessar brtt. eru fluttar af meiri hl. fjvn., en mjög margar af brtt. þessum við 4. gr. eru hins vegar afgreiddar af nefndinni í heild og að þeim staðið með hefðbundnum hætti þannig að minni hl. fjvn. stendur með meiri hlutanum að afgreiðslu margra þessara brtt. Í hópi brtt. við 4. gr. sem fluttar eru á þskj. 395 eru hins vegar allnokkrar tillögur sem fluttar eru samkvæmt ákvörðun og að tilmælum ríkisstjórnarinnar og varða samþykktir ríkisstjórnarinnar um breytingar á einstökum útgjaldaliðum. Minni hl. fjvn. stendur að sjálfsögðu ekki að slíkum tillögum sem fluttar eru samkvæmt ákvörðun og tilmælum ríkisstjórnar. Til þess að flækja ekki mál að óþörfu var því það ráð tekið að meiri hl. fjvn. stæði einn að öllum brtt. við 4. gr. sem hér eru fluttar, bæði þeim tillögum sem fluttar eru samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar og eins þeim tillögum sem samkomulag varð um í fjvn. Er þetta gert eins og áður segir til einföldunar, en ég ítreka að sumar af þessum tillögum sem ekki varða ákvarðanir ríkisstjórnarinnar eru gerðar í samvinnu fjvn.

1. brtt. við 4. gr., þ.e. önnur brtt. á því þskj., varðar embætti forseta Íslands. Þar er lagt til að viðfangsefnið 501, Viðhald fasteigna, hækki í 12 millj. kr. Í þeirri tillögu, ef hún verður afgreidd með samþykki, er fólgin sú ákvörðun Alþingis að hefjast handa á árinu 1989 um umfangsmiklar framkvæmdir við endurbyggingu á efri hæð forsetasetursins á Bessastöðum. Þarna er um brýna og nauðsynlega framkvæmd að ræða sem m.a. hefur verið fjallað um opinberlega. Áætlanir um framkvæmdina, m.a. kostnaðaráætlanir um endurbygginguna, hafa verið lagðar fyrir fjvn. Er ekki laust við að nefndar-

mönnum þyki sú framkvæmd vera nokkuð kostnaðarsöm og spurningar hafa risið hvort ekki væri unnt að ráðast í þetta þarfa viðfangsefni fyrir minni kostnað en þó svo að verkinu væri fullur sómi sýndur. Til samanburðar má geta þess að eins og kostnaðaráætlunin liggur nú fyrir um þetta verk mundi þessi endurbygging per fermetra kosta tvisvar sinnum hærri fjárhæð en nam byggingarkostnaði pr. fermetra á hinu margumtalaða mannvirki Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Fjvn. gafst ekki tækifæri til að skoða nánar þessar kostnaðaráætlanir, en að sjálfsögðu er nauðsynlegt að það verði gert og það verður án efa gert.

Með tillögu sinni vill nefndin hins vegar stuðla að því að framkvæmdir geti hafist á árinu 1989, en leggur að sjálfsögðu til að áætlanirnar verði skoðaðar betur og tilboða leitað í þeim tilvikum þar sem unnt er að viðhafa útboð í þeirri von að verkið verði hægt að vinna eins og verklýsing segir til um án þess þó að af því þurfi að hljótast sá mikli kostnaður sem kostnaðaráætlunin gerir ráð fyrir.

Þá er í b-tölul. 2. brtt. lagður til nýr liður varðandi forsetaembættið þar sem gert er ráð fyrir því að önnur af tveimur bifreiðum embættisins verði endurnýjuð. Báðar bifreiðar forsetaembættisins eru 6–7 ára gamlar og beðið hefur verið um af embættinu að heimila að endurnýja aðra þessa bifreið.

3. brtt. varðar Alþingi. Þar hefur fjvn. fylgt þeirri reglu að leitast af fremsta megni við að áætla útgjöld Alþingis í samræmi við raunveruleg útgjöld einstakra viðfangsefna eins og þau birtast í ríkisreikningi. Það þjónar engum tilgangi að styðjast við svo rangar áætlanir fjárveitingavaldsins um rekstur löggjafarsamkundunnar að kostnaður við hefðbundna og óhjákvæmilega og eðlilega starfsemi þingsins fari árlega tugum milljóna fram úr áætlun. Áherslu ber að leggja á varðandi þá stofnun eins og aðrar að áætlanir í fjárlögum séu sem réttastar miðaðar við raunveruleikann eins og hann er, en þó þannig að fyllsta aðhalds sé að sjálfsögðu gætt. Þess sjónarmið voru ríkjandi hjá fjvn. varðandi tillögugerð hennar um útgjöld Alþingis.

1. tölul. þessara breytinga varðar þannig skrifstofu- og alþingiskostnað Alþingis og er lögð þar til hækkun upp á 3,3 millj. kr. þannig að heildarútgjöld skrifstofu- og alþingiskostnaðar verið 143 millj. 198 þús. kr. Hækkunin er öll til komin vegna leigukostnaðar þeirra tveggja hæða að Austurstræti 14 sem Alþingi tók á leigu í haust, en kostnaður þeirra vegna lá ekki fyrir þegar fjárlagafrv. var samið en verður að sjálfsögðu að taka tillit til hans.

Þá er lagt til í b-staflið að liðurinn 106, Útgáfukostnaður Alþingistíðinda, hækki um 5 millj. kr. og er það í samræmi við niðurstöður um raunverulegan útgáfukostnað.

Þá er lagt til í c-staflið að viðfangsefni 110, Umboðsmaður Alþingis, hljóti hækkun er nemi 1 millj. kr. og er það vegna kostnaðar við aðkeypta sérfræðiþjónustu, en kostnaður vegna aðkeyptrar sérfræðiþjónustu hlýtur óhjákvæmilega að verða allmikill hjá embætti eins og því sem hér um ræðir sem verður að sinna fjölmörgum og mjög ólíkum erindum og leita umsagnar og álits ýmissa aðila sem embættið getur ekki haft í þjónustu sinni sem fastráðið fólk.

Stafliður d varðar leiðréttingu á kostnaði við þátttöku hjá Alþjóðaþingmannasambandinu og stafl. e er svo nýr liður.

Eins og kunnugt er tók utanrrn. þá ákvörðun á nýliðnu ári að tilkynna að ráðuneytið mundi ekki lengur greiða kostnað vegna þátttöku fulltrúa þingflokkanna í sendinefnd Íslands á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, en þann kostnað hefur utanrrn. greitt um margra ára bil eða sennilega allt frá því að þessu verkefni var sinnt í fyrsta skipti. Féll því á Alþingi sá kostnaður sem af því hlýst að fulltrúar þingflokkanna sóttu fundi allsherjarþingsins á sl. hausti, að jafnaði þrjár vikur á hverju hausti hver fulltrúi til þess að kynna sér umræður á þessari mikilvægu alþjóðasamkomu.

Tillagan í staflið e á þskj. 395 varðar það að þetta viðfangsefni verði tekið upp sem sérstakt viðfangsefni á vegum Alþingis, fái númerið 136 og heiti viðfangsefnisins verði: Þátttaka alþingismanna í allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Kostnaður verði áætlaður 2 millj. kr.

Í sambandi við þessa afgreiðslu vil ég taka fram eftirfarandi:

Til þess var mælst af þingforsetum á sínum tíma að þátttaka fulltrúa þingflokkanna í sendinefnd Íslands á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna miðaðist við alþingismenn eina. Þessum tilmælum þingforseta hefur ekki að öllu leyti verið fylgt, enda hefur þessi þátttaka ekki verið á vegum Alþingis fram til þessa heldur á vegum utanrrn. og fulltrúar þingflokkanna í sendinefndinni hafa talist starfsmenn ráðuneytisins meðan á dvölinni hefur staðið á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, en ekki verið fulltrúar Alþingis á þeim vettvangi. Hafa fulltrúar þingflokkanna þannig sinnt störfum í tilteknum fastanefndum á allsherjarþinginu. Í hlut þeirra hefur komið að skila ráðuneytinu daglegum skýrslum eins og um starfsmenn ráðuneytisins væri að ræða en ekki fulltrúa Alþingis. Fulltrúar annarra þjóðþinga á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna hafa hins vegar fyrst og fremst því hlutverki að gegna að fylgjast með og kynna sér þau umræðuefni sem á dagskrá eru hverju sinni að þeirra eigin vali og í samræmi við áhuga þeirra á þeim umræðuefnum sem á dagskrá eru og fulltrúarnir því ekki bundnir við störf í einhverri tiltekinni undirnefnd alla veru sína á þinginu. Þar eð utanrrn. greiðir ekki lengur kostnað af þessari starfsemi heldur hefur hann alfarið flust yfir til Alþingis er ekki lengur um það að ræða að Alþingi geti greitt kostnað annarra þátttakenda en alþingismanna. Þingflokkarnir geta því hér eftir ekki tilnefnt aðra fulltrúa af sinni hálfu til setu á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna en alþingismenn því ekki er heimilt að Alþingi greiði slíkan kostnað vegna annarra en alþingismanna. Hafi þingmenn

einhvers þingflokks ekki aðstæður til eða áhuga á að sækja allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna er því ekki um það að ræða að sá þingflokkur geti átt fulltrúa þar í það sinn og yrði það þá ákvörðun alþingisforseta og þingflokkaformanna hvort öðrum þingflokkum yrði gefinn kostur á að tilnefna í það sæti eða þátttaka félli niður.

Sú breyting sem hér um ræðir hefur einnig annað í för með sér. Fulltrúar Alþingis í sendinefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum verða eftir þessa breytingu ekki lengur starfsmenn utanríkisþjónustunnar heldur áheyrnarfulltrúar á allsherjarþinginu eins og þingmenn annarra löggjafarsamkoma hafa verið. Þeim verður því eftirleiðis í sjálfsvald sett með hvaða hætti þeir kjósa að kynna sér þau mál sem til umræðu eru á allsherjarþinginu og hvernig þeir vilja haga veru sinni þar. Eftirleiðis eru þau fulltrúar Alþingis á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna en ekki þar í störfum á vegum utanrrn.

Brtt. 4 varðar Þjóðhagsstofnun. Þar er lagt til að launagjöld hækki um 2 millj. 903 þús. og er þar miðað við að umsvif stofnunarinnar verði þau sömu og á árinu 1988, en Þjóðhagsstofnun hafa nýlega verið falin ýmis ný verkefni. Þar er gert ráð fyrir því að sértekjur stofnunarinnar hækki um 1 millj. 140 þús. kr. og er það í samræmi við þessa afgreiðslu.

5. brtt. varðar Tilraunastöð Háskólans að Keldum. Þar er lagt til að viðfangsefnið 101 Almennur rekstur lækki um 3 millj. kr. en á móti hækki um sömu fjárhæð viðfangsefnið 110 Rannsóknadeild fisksjúkdóma. Er þetta til samræmis við breytingu sem gerð var varðandi meðferð þessarar stofnunar við 2. umr. fjárlaga þar sem m.a. áætlun um sértekjur var verulega lækkuð vegna fyrirsjáanlegra minni umsvifa og tekna af sölu bóluefnis, en þau minnkandi umsvif munu gera fært að flytja til viðfangsefni milli deilda.

6. brtt. varðar svo tillögu sem ég tók aftur til 3. umr. við 2. umr. fjárlaga vegna ábendinga sem komu fram í umræðunni er vörðuðu fjárveitingu til liðarins Önnur leiklistarstarfsemi. Í tillögum fjvn. við 2. umr. var gert ráð fyrir því að þetta viðfangsefni, Önnur leiklistarstarfsemi, lækkaði verulega og var það skýrt með því að viðfangsefni sem áður féllu undir þann lið yrðu nú sjálfstæð í fjárlögum og fyrir því séð annars staðar. Fjvn. hefur endurskoðað tillögur sínar varðandi þennan lið og leggur til að ekki verði um eins mikla lækkun að ræða á framlögum til annarrar leiklistarstarfsemi og gert var ráð fyrir í tillögum hennar við 2. umr. Miðast tillaga nefndarinnar við að menntmrh. hafi jafnmikið fé óráðstafað til stuðnings við aðra leiklistarstarfsemi á árinu 1989 og hann hafði á árinu 1988 og hefur þá verið tekið tillit til þeirra viðfangsefna sem áður voru inni á þessum lið en hafa nú fengið sérstakt fjárlaganúmer.

Hvað aðra stafliði þessarar brtt. varðar heldur fjvn. við upphaflega tillögu sína eins og henni var lýst við 2. umr., enda komu ekki athugasemdir við þá umræðu fram við þessa þrjá stafliði, stafliði b, c og d.

7. brtt. varðar liðinn Bygging íþróttamannvirkja og er sundurliðun þar nánar lýst.

8. brtt. varðar viðfangsefni 2-999 192 Ýmis framlög. Er þar lagt til að sá liður verði hækkaður úr 8 millj. 890 þús. kr. í 11 millj. 490 þús., en fjvn. mun síðar fjalla um skiptingu á þeim lið.

9. brtt. varðar liðinn 3-103 Skrifstofa ráðherranefndar Norðurlandaráðs. Lagt er til að tilfærslur til einstaklinga, samtaka og heimila hækki um 2,3 millj. kr. og er þar um að ræða leiðréttingu á fjárframlögum vegna hlutar Íslands í kostnaði við starf á vegum norrænu ráðherranefndarinnar.

Brtt. 10 er um nýjan lið, 4-221 Áburðarverksmiðja ríkisins, almennur rekstur, og er um að ríkisframlag verði veitt að fjárhæð 22 millj. kr. Það samkomulag var gert við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1988 að á því ári og árinu næsta yrðu greidd ríkisframlög til Áburðarverksmiðjunnar alls að upphæð 40 millj. kr. á verðlagi ársins 1988. Fyrri hluti þessarar greiðslu fór fram í fjárlögum ársins 1988 og vísa ég til þess sem ég sagði í fjárlagaræðu um þá afgreiðslu, en þar var gefin yfirlýsing um að samkomulag hefði náðst milli fjvn., fjmrh. og landbrh. um að á næsta ári yrði greiddur síðari hluti þessa framlags verðbættur. Í fjárlagafrv. fyrir árið 1989 var hins vegar ekki gert ráð fyrir að þetta framlag yrði greitt. Um er hins vegar að ræða skuldbindandi samkomulag sem fjvn. leggur til að staðið verði við og gerir því hér tillögu um 22 millj. kr. fjárframlag úr ríkissjóði til Áburðarverksmiðju ríkisins á árinu 1989. Er það lokagreiðsla og samkvæmt fyrrnefndu samkomulagi er ekki gert ráð fyrir því að um frekari fjárframlög verði að ræða úr ríkissjóði til Áburðarverksmiðjunnar.

11. brtt. varðar Skógrækt ríkisins. Ekki er þar um að ræða tillögur um neinar hækkanir heldur fyrst og fremst um orðalagsbreytingar og minni háttar tilfærslur. Í sambandi við Skógrækt ríkisins vil ég þó taka fram að fjvn. fékk bréf frá landbrn. sem sent hafði verið til Skógræktarinnar þar sem ítrekaður var sá vilji ráðherrans að Skógræktin hæfi undirbúning að flutningi aðalbækistöðvar sinnar austur á land og verði sem samsvari launagreiðslum til eins manns varið til þess verkefnis að undirbúa þann flutning.

12. brtt. varðar landgræðslu- og landverndaráætlun. Hér er um að ræða ákvörðun og samþykkt ríkisstjórnarinnar um afgreiðslu þess máls sem ríkisstjórnin náði samkomulagi um og meiri hl. fjvn. flytur. Hækkunin skýrist á eftirfarandi hátt:

Landgræðsluáætlun, til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins: Framlag hækki um 500 þús. kr. Landgræðsluáætlun, framlag til Skógræktar ríkisins: Liðurinn hækki um 900 þús. Landgræðsluáætlun, framlag til Landgræðslu ríkisins: Liðurinn hækki um 5,5 millj. kr. Landgræðsluáætlun, ýmis starfsemi: Liðurinn hækki um 200 þús. kr. Landgræðsluáætlun, óskipt: Liðurinn falli brott.

Í framhaldi af þessari tillögu er síðan 13. brtt. um að á landgræðslu- og landverndaráætlun komi nýr

liður, Landþurrkun að fjárhæð 500 þús. kr., en sambærilegur liður var áður færður undir Búnaðarfélag Íslands og nam á fjárlögum yfirstandandi árs 700 þús. kr. en er nú felldur niður. Sundurliðun kemur síðar fram á sérstöku yfirliti á þskj. 395.

Þá er brtt. 14 einnig tengd við sömu ákvörðun ríkisstjórnarinnar, en þar er að inn á landverndar- og landgræðsluáætlun bætist nýr liður, Fyrirhleðslur. Sá liður hefur verið inni á fjárlögum undanfarin ár en féll niður í fjárlagafrv. Lagt er til að til fyrirhleðslna samkvæmt þessum lið verði veitt samtals 16,5 millj. kr. og kemur sundurliðun fram á sérstöku yfirliti.

Fram skal tekið að í samþykkt ríkisstjórnarinnar og afgreiðslum og í þessum tillögum meiri hl. fjvn. er ekki gert ráð fyrir því að landgræðsluáætlun sé að fullu verðbætt. Skýringar eru að sjálfsögðu þær að á sama tíma og menn neyðast til að rifa seglin á öllum sviðum við afgreiðslu fjárlaga sökum sérstakra aðstæðna í efnahagsmálum okkar Íslendinga þykir ekki fært á árinu 1989 að leggja til að landgræðsluáætlun verði að fullu verðbætt.

Brtt. 15 varðar síðan viðfangsefnið 4-288 Jarðræktarlög, framlög, og er þar um nýjan lið að ræða, Framlög til búnaðarsambanda að fjárhæð 9 millj. kr. Þessi afgreiðsla á sér fordæmi frá afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1988. Í sambandi við þessar afgreiðslur er rétt að taka fram að landbrh. hyggst láta endurskoða lög um jarðræktarframlög og einnig búfjárræktarlög. Gert er ráð fyrir því að þær breytingar sem sú endurskoðun hefur í för með sér dragi úr útgjöldum vegna nýframkvæmda sem tengjast hefðbundnum búgreinum. Í tengslum við endurskoðun og afgreiðslu nefndra lagabreytinga er ætlunin að ganga frá uppgjöri á skuldum vegna þegar tilkominna framkvæmda samkvæmt gildandi jarðræktar- og búfjárræktarlögum og leita samkomulags um greiðslu þeirra á tilteknu tímabili.

Brtt. 16 varðar söluskatt í sjávarútvegi. Er gerð tillaga um að endurgreiðsla á söluskatti verði lækkuð um 30 millj. kr., en á móti komi nýr liður, 110 Útflutningsráð Íslands, með 30 millj. kr. framlagi. Er þetta sambærileg afgreiðsla og gerð var í fyrra við 3. umr. fjárlaga og er þessi breyting gerð að tilmælum sjútvrn.

Brtt. 17, 18, 19, 20, 21, 22, 23, 24, 25 og 26 varða síðan eitt og sama mál, en þar er um að ræða tilfærslur á stöðugildum tollgæslumanna frá embætti ríkistollstjóra og til viðkomandi sýslumanna- og bæjarfógetaembætta og embættis tollstjórans í Reykjavík. Ekki er hér um að ræða aukin útgjöld heldur tilfærslur og samsvarandi breytingar sértekna.

Brtt. 27 varðar viðfangsefnið 303 620 Byggingar á prestssetrum. Er þar gerð tillaga um að fjárveiting til viðfangsefnisins verði hækkuð um 4,5 millj. og verði 11,5 millj. kr. alls. Í frumvarpstölunni, sem er 7 millj. kr., er gert ráð fyrir að 1 millj. renni til byggingar prestsseturs í Bjarnanesprestakalli. Á fjárlögum í fyrra voru veittar 2 millj. kr. til þess viðfangsefnis en fest hafa verið kaup á íbúðarhúsi til bráðabirgða fyrir prestinn. Þetta íbúðarhús er ekki ætlað sem framtíðarbústaður hans. Með fjárveitingu ársins 1988 og fjárveitingu þeirri sem hér er lögð til verða til ráðstöfunar alls 7,5 millj. kr. til byggingar embættisbústaðar prests í Bjarnanesprestakalli og er gert ráð fyrir því að þeirri fjárhæð verði varið til framtíðarembættisbústaðar fyrir prestinn í þessu prestakalli og að sá framtíðarbústaður verði að sjálfsögðu á prestssetrinu sjálfu.

Tillaga 28 varðar Byggingarsjóð ríkisins. Er þar lagt til að tilfærslur lækki um 70 millj. kr. og er það vegna ráðstafana ríkisstjórnarinnar til lækkunar ríkisútgjalda.

Tillaga 29 varðar Byggingarsjóð verkamanna. Er þar lagt til að tilfærslur verði lækkaðar um 80 millj. kr. vegna ráðstafana ríkisstjórnarinnar til lækkunar ríkisútgjalda.

Brtt. 30 varðar skipulagsstjóra ríkisins. Þar er gerð tillaga um að sértekjur verði lækkaðar um 12 millj. kr. Er það miðað við óbreytt lög um skipulagsgjöld og er þar með horfið frá því að gera ráð fyrir því í fjárlagafrv. og fjárlögum að flutt verði frv. á Alþingi er breyti skipulagsgjöldum til hækkunar.

Tillaga 31 varðar málefni fatlaðra á Norðurlandi eystra, verndaðan vinnustað á Bjargi. Er lagt til að fjárveiting verði veitt að fjárhæð 2 millj. kr. vegna uppgjörs á rekstrarhalla.

Brtt. 32 varðar Framkvæmdasjóð fatlaðra. Þar er lagt til að framlög hækki um 1 millj. kr. og er hækkunin ætluð til að koma sundlaug vistheimilisins Sólborgar á Akureyri í notkun.

Tillaga 33 varðar Vinnueftirlit ríkisins. Lagt er til að áætlun um sértekjur stofnunarinnar verði lækkuð um 10 millj. 41 þús. kr. þannig að stofnunin skili ekki tekjum í ríkissjóð eins og áformað var. Hins vegar er löngu orðið tímabært að málefni þessarar stofnunar verði tekin til rækilegrar skoðunar og hún verði endurskipulögð, m.a. þannig að hún geti alfarið staðið sjálf undir útgjöldum við starfsemi sína en hafi þá um leið meira frjálsræði um starfsemi og starfshætti.

Tillaga 34 varðar viðfangsefni 7-999 131 Félagasamtök, styrkir á vegum félmrn. Er þar lögð til hækkun um 1 millj. kr. og er hækkunin ætluð til styrktar við Blindravinnustofuna vegna hallarekstrar bursta- og körfugerðar.

35. brtt. varðar Tryggingastofnun ríkisins, sjúkratryggingar. Er þar lögð til lækkun um 80 millj. kr. og tengist sú tillaga ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar til lækkunar ríkisútgjalda og er í samræmi við þær lækkanir og launakostnaði sem gerð verður grein fyrir hér á eftir.

Brtt. 36 varðar læknishéraðasjóð. Er þar lögð til hækkun sem nemur 1,5 millj. kr. Er sú hækkun vegna aukningar á ríkisframlagi í sjóðinn.

Brtt. 37 er í tveimur stafliðum. Fyrri stafliður, stafl. a, felur ekki í sér neina breytingu á fjárhæð heldur aðeins orðaskýringu um framlagið sem hér er um að ræða, þ.e. stuðning við Krabbameinsfélag

Íslands. Hér er ekki um rekstrarstuðning að ræða heldur greiðslu samkvæmt samningi milli ríkisins og Krabbameinsfélagsins um krabbameinsleit. Er brtt. gerð um þessa orðalagsviðbót til að taka af öll tvímæli um hvers kyns fjárframlag er hér um að ræða.

Stafliður b varðar viðfangsefni 195 Kynsjúkdómar, eyðni. Þar er lagt til að framlagið hækki um 2,5 millj. kr.

Í sambandi við heilbrigðismálin og málefni heilbrmrn. vil ég sérstaklega taka fram eftirfarandi:

1. Í fjárlagafrv. því, sem hér er til umræðu og afgreiðslu, er ekki gert ráð fyrir því að hefja á árinu 1989 frekari framkvæmdir við svokallaða tengibyggingu eða tengigang við krabbameinslækningadeild Landspítalans. Fjvn. flytur ekki tillögur um breytingar á þeirri ákvörðun í fjárlagafrv. Ástæðan er ekki sú að ríkisstjórn og Alþingi geri sér ekki fulla grein fyrir því að þessum framkvæmdum verður að halda áfram. Fullur vilji er á því að þessu verki verði haldið áfram eins og til er stofnað og ber alls ekki að skoða þá afgreiðslu sem hér er gerð tillaga um sem ákvörðun fjárveitingavaldsins um að nú eigi að gera hlé á framkvæmdum við K-byggingu. Ákvörðunin um að leggja ekki til að veruleg fjárveiting verði veitt til áframhaldandi byggingarframkvæmda á landspítalalóð er aðeins og einvörðungu tengd þeim sérstöku erfiðleikum sem nú er við að fást í efnahagsmálum landsmanna. Verði breytingar þar á á árinu 1989, sem breyti verulega forsendum fjárlaga þannig að svigrúm gefist til þess að sinna þeim viðfangsefnum sem ekki er talið mögulegt að sinna við afgreiðslu fjárlaga nú, munu þessi mál verða skoðuð. Einnig vil ég að ljóst liggi fyrir að það er ásetningur að halda áfram þeim framkvæmdum sem ráðast þarf í á landspítalalóðinni í samræmi við tillögur yfirstjórnar mannvirkjagerðar á landspítalalóð og munu þau áform að sjálfsögðu koma á dagskrá að nýju við gerð fjárlaga fyrir árið 1990.

2. Þá vil ég taka fram að mjög ítarleg og athyglisverð skýrsla barst fjvn. frá stjórnarnefnd ríkisspítala um launaþróun á vegum ríkisspítalanna á undanförnum árum og að hve miklu leyti rekja má þá launaútgjaldaþróun, þ.e. hækkun álagsgreiðslna o.fl., til sérstakra aðstæðna eins og gerðar kjarasamninga sem áhrif hafa til launakostnaðarauka umfram það sem ráð er fyrir gert. Var þess óskað í þessari greinargerð að fjvn. beiti sér fyrir því að teknar verði upp viðræður um gerð kjarasamninga eins og stjórnarnefnd ríkisspítala hefur óskað eftir. Fjvn. hefur samþykkt fyrir sitt leyti að fallast á þessi tilmæli og mun beita sér fyrir því að sérstök athugun verði gerð á áhrifum kjarasamninga á launaútgjöld ríkisspítalanna með þeim hætti sem stjórnarnefndin hefur óskað eftir.

38. brtt. á þskj. 395 varðar svo viðfangsefnið 926 Ríkistollstjóri. Fyrsti stafliðurinn varðar almennan rekstur ríkistollstjóraembættisins og er viðfangsefnið lækkað um 118 millj. 712 þús. kr. Er þar um að ræða áhrif vegna tilflutnings á stöðugildum tollgæslumanna og þeim kostnaði er því fylgir frá embætti ríkistollstjóra til tollstjórans í Reykjavík og til embætta sýslumanna og bæjarfógeta.

Þá er stafliður b þar sem viðfangsefnið Tölvubúnaður, bifreið o.fl. er lækkað um 900 þús. kr. Er þar um að ræða tilfærslu á stofnkostnaðarfjárveitingu til tollstjórans í Reykjavík. Loks er lagt til að sértekjur lækki um 6 millj. 851 þús. kr. og tengist það einnig ákvörðuninni um tilflutning tollgæslumanna sem að framan var getið.

39. brtt. tengist sama máli og varðar tollstjórann í Reykjavík. Þar er tekinn inn nýr liður, Tollgæsla, og fjárhæðin 99 millj. 969 þús. kr. vegna tilfærslunnar frá embætti ríkistollstjóra og viðfangsefni 610 Tölvubúnaður hækkar um 900 þús. kr. af sömu ástæðu.

Tillaga 40 varðar liðinn 9-381 Uppbætur á lífeyri. Þar er lagt til að viðfangsefnið verði hækkað um 90 millj. kr. og er það vegna leiðréttingar og umreiknings á uppbótum á lífeyri.

Þá er næst tillaga 41 og varðar hún viðfangsefnið Ríkisábyrgðasjóður. Þar er lögð til lækkun að fjárhæð 78 millj. kr. og tengist sú tillaga ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar til lækkunar ríkisútgjalda.

Þá kemur 42. brtt. er varðar viðfangsefnið 9-989, Launa- og verðlagsmál. Í þessari brtt. er lagt til að tillit verði tekið til áhrifa þeirra breytinga sem orðið hafa vegna ákvarðananna um breytingar á gengi íslensku krónunnar sem teknar voru og komu til framkvæmda þann 2. jan. sl. Þessi ákvörðun hefur áhrif á útgjöld ríkisins með tvennum hætti. Annars vegar eins og segir í 42. brtt. á þskj. 395 og varðar liðinn 9-982, Launa- og verðlagsmál, og hins vegar er varðar 50. brtt. á því þskj. er fjallar um viðfangsefnið 15-991 Ýmis lán ríkissjóðs, vaxtagreiðslur.

Í A-hluta frv. til fjárlaga er rekstrarkostnaður einstakra stofnana á verðlagi sem miðað er við janúar 1989. Á einum fjárlagalið, 09-989 Launa- og verðlagsmál, er ætlað fyrir fé til að mæta þeim breytingum á launum og rekstrargjöldum innan ársins sem eru í samræmi við almennar forsendur frv. Heildartölur frv. voru því á áætluðu meðalverðlagi ársins 1989. Vaxtagjöld vegna A-hluta eru síðan færð upp á einum fjárlagalið 15-991, Ýmis lán ríkissjóðs, vextir.

Við gerð frv. var miðað við að laun hækkuðu um 8% milli ára, almennt verðlag um 12% og að gengið yrði um 7% hærra að jafnaði en það var 1988. Endurskoðun á verðlagsforsendum eftir gengisfellingu í janúar 1989 leiðir til þess að rétt er talið að miða launabreytingar eftir sem áður við 8%, en hækka breytingu á almennu verðlagi um 1,5% og gengi um 4%. Útgjöld sem beint eru tengd gengi önnur en vextir, svo sem framlög til alþjóðastofnana, kostnaður við sendiráð og fleira, eru alls um 400 millj. kr. Áætlað er að þessi kostnaður hækki um 16 millj. kr. vegna gengisbreytinganna.

Rekstrargjöld önnur en laun eru 9,5 milljarðar kr. þegar frá eru dregin gengistengd gjöld sem þegar hafa verið hækkuð. Hækkun á þessum lið um 1,5% er um 143 millj. kr. Í samræmi við það er gerð tillaga

um að liðurinn Launa- og verðlagsmál hækki um 160 millj. kr. vegna breytinga á almennu verðlagi og gengi og er það skýringin á 42. brtt.

Áætlaðar vaxtagreiðslur voru endurskoðaðar með tilliti til gengisbreytingarinnar að því er varðar erlend lán, en með tilliti til lánskjaravísitölu þegar um innlend lán var að ræða. Var talið rétt að hækka þá áætlun um 190 millj. kr. Af sömu ástæðum er einnig talið rétt að hækka áætlun um afborganir af teknum lánum um 140 millj. kr. og afborganir af veittum lánum um 70 millj. kr. Þessar fjárhæðir snerta ekki útgjöld A-hluta en koma fram undir lánahreyfingum í 1. gr. frv. Samtals nema áhrif gengisbreytingarinnar á launa- og verðlagsmál annars vegar og vaxtaútgjöld hins vegar því um 350 millj. kr. til hækkunar.

Ég ítreka að hér er um það að ræða að samkvæmt mati Þjóðhagsstofnunar, sem barst fjvn. í gær, var gert ráð fyrir því að launahækkanirnar milli áranna 1988 og 1989 nemi 8% og hefur þá verið tekið tillit til áhrifa gengisbreytingarinnar. Hér er um sömu prósentutölu að ræða hvað varðar laun og þegar er búið að áætla fyrir í fjárlagafrv. Gengisbreytingin þann 2. jan. 1989 mun því ekki breyta launaforsendunum frá því sem ráð var fyrir gert í frv. Fyrir viðbótarútgjöldum vegna áhrifa gengisbreytinganna hvað varðar launalið hefur því þegar verið séð í frv.

Sjálfsagt verða einhverjir til að efast um að hér sé nægilega ríflega áætlað fyrir áhrifum gengisbreytingarinnar. Um það er enn að segja að samkvæmt áætlunum Þjóðhagsstofnunar eru launabreytingar milli áranna 1988 og 1989 ekki meiri en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlagafrv. þrátt fyrir gengisbreytinguna í janúarbyrjun. Hún gefur sem sé ekki tilefni til að áætla aukningu launaútgjalda hjá ríkinu umfram það sem fjárlagafrv. gerði ráð fyrir. En það er auðvitað í launaútgjöldum sem breytingarnar yrðu mestar og mjög verulegar ef gengisbreytingin hefði breytt launaforsendum fjárlagafrv. sem hún ekki hefur gert. Þetta er meginskýringin á því að gengisbreytingin hefur ekki í för með sér meiri útgjaldaauka á liðnum uppbætur á laun og verðlagsmál en þær 160 millj. kr. er ég áður nefndi.

43. brtt. er í tveimur stafliðum. Fyrri stafliður varðar viðfangsefnið 118 sem er undirliður 9-999 Ýmislegt á vegum fjmrn. Þar er lagt til að tiltekin orðalagsbreyting verði gerð á texta. Í frv. er rætt um styrk til dagblaðaútgáfu. Er lagt til að orðalaginu verði breytt í „styrkur til blaðaútgáfu".

Þá er lagt til í staflið b að nýr liður verði tekinn í fjárlög er heiti Ýmsar endurgreiðslur og til hans verði varið fjárhæð er samsvari 10 millj. kr. Þar er gert ráð fyrir að hægt verði að sinna beiðnum um ýmsar undanþágur frá greiðslu söluskatts og aðflutningsgjalda sem ávallt hefur verið leitað eftir í 6. gr. fjárlaga, en með breytingu söluskattslaganna í fyrra var tekin sú stefna að fella niður þann hátt að sinna öllum slíkum erindum með heimildagreinum á fjárlögum með því m.a. að setja inn almenna undanþáguheimild í söluskattslögin.

Nú hefur komið í ljós að sú almenna heimild er í einstökum tilvikum ekki fullnægjandi þegar sérstaklega stendur á. Hafa nokkrar umsóknir um slíkar endurgreiðslur og niðurfellingar borist fjvn. og stóð nefndin frammi fyrir því annaðhvort að hefja á ný upptöku slíkra heimilda í 6. gr. ellegar að gera ráð fyrir sérstakri fjárveitingu á fjárlögum sem gæti gengið til þess að endurgreiða slík gjöld í sérstökum tilvikum í samræmi við hefðbundnar afgreiðslur eins og þær hafa löngum verið með heimildum í 6. gr. Nefndin valdi síðari kostinn og leggur hér til eins og áður segir að 10 millj. kr. verði varið í þessu skyni og að fé þessu verði ráðstafað í samráði við fjvn.

Tillaga 44 varðar Póst- og símamálastofnun, almennan rekstur.

Tillaga 45 varðar Vegagerð ríkisins. Er þar m.a. gert ráð fyrir afgreiðslum í samræmi við samþykktir ríkisstjórnarinnar um framkvæmdafé, en jafnframt er þó ráð fyrir því gert að nýframkvæmdir fái alls til ráðstöfunar 1 milljarð 345 millj. kr. Er þá gert ráð fyrir að innan þess ramma geti rúmast framkvæmdir við gerð jarðganga um Ólafsfjarðarmúla sem þegar hefur verið samið um, en fjárþörf vegna þeirra framkvæmda á árinu 1989 er talin vera um 320 millj. kr. Nánari tillögur um hvernig að þessu verkefni skuli staðið svo og öðrum nýframkvæmdum mun ríkisstjórnin gera af sinni hálfu þegar kemur til afgreiðslu á Alþingi að endurskoða vegáætlun síðar á þessu vormissiri og Alþingi mun síðan taka sínar endanlegu ákvarðanir við afgreiðslu þeirrar endurskoðunar.

Þá er einnig rétt að fram komi hér að við óreglulega endurskoðun vegáætlunar á sl. ári var gert ráð fyrir að á árinu 1989 yrði skilað til Vegasjóðs áætluðum tekjum af innheimtu fastra gjaldstofna sem ekki var ráðstafað til vegaframkvæmda á árinu 1988 og talið var að nema mundu 285 millj. kr. Þessar óinnheimtu tekjur, sem þannig voru áætlaðar, reyndust hins vegar vera allmiklu lægri eða 180 millj. kr. í stað þeirra 285 sem rætt var um við afgreiðslu vegáætlunar í fyrra og var það skipt á einstök kjördæmi. Vegna sérstakra aðstæðna í ríkisfjármálum og efnahagsmálum á árinu 1989 er ekki gert ráð fyrir að þessum tekjum verði skilað til ríkissjóðs á því ári eins og ráðgert hafði verið heldur munu þær áfram færast á ríkisreikningi sem skuld ríkissjóðs við Vegasjóð og koma til greiðslu síðar.

Einnig er rétt að taka það fram að í þessum tillögum um vegamál felst að lögbundnar tekjur Vegasjóðs á árinu 1989 eru skertar um 700 millj. kr. miðað við þá áætlun sem gerð hefur verið um hversu miklu þessar tekjur geti skilað. Samgrh. hefur tekið fram að sú ákvörðun að skerða tekjur Vegasjóðs miðist aðeins við árið 1989 vegna sérstakra aðstæðna á því ári, en allar tekjur Vegasjóðs muni frá og með árinu 1990 verða til ráðstöfunar til framkvæmda eins og til er ætlast.

Brtt. 46 varðar Flugmálastjórn. Þar er gert ráð fyrir að sértekjur hækki um 24 millj. kr. og framkvæmdir að sama skapi og er það í samræmi við ný-

lega samþykkta flugmálaáætlun.

Þá er tillaga 47 er varðar ýmis framlög á vegum samgrn. Þar er lögð til hækkun um 1 millj., en liðnum verður skipt síðar með bréfi af fjvn. eins og vani er.

Þá kemur loks brtt. 48 er varðar Ferðamálaráð. Þar er lagt til að almennur rekstur Ferðamálaráðs lækki um 1 millj., en inn komi nýr liður er varði Ferðamálasamtök landshlutanna og fái þau til ráðstöfunar 1 millj. kr. Er þetta í samræmi við afgreiðslu sem gerð var í fjárlögum ársins 1988.

49. brtt. varðar Orkusjóð. Þar er lagt til að viðfangsefnið Lán til jarðhitaleitar verði hækkað um 1150 þús. kr. og er hækkunin til að greiða skuld vegna jarðhitarannsókna 1988 í Öxarfirði.

Þá er gert ráð fyrir því og gerð tillaga um að viðfangsefnið 620 Sveitarafvæðing hækki um 1 millj. kr. og er sú hækkun ætluð til að greiða kostnað við sérstaka framkvæmd í sveitarafvæðingu samkvæmt samkomulagi við Orkusjóð.

Þá er loks lagt til í staflið c að framlag til styrkingar dreifikerfis í sveitum verði hækkað um 5 millj. kr.

50. brtt. hafði ég þegar lýst.

51. brtt. við 4. gr. Þar er lögð til sú afgreiðsla að launaliðir í rekstri stofnana lækki um 1,5% og fjárhæð þessi sem reiknast af heildarlaunum hverrar stofnunar skal koma til lækkunar á launagjöldum öðrum en föstum mánaðarlaunum. Þar sem sértekjur stofnana eru ákveðnar sem hlutfall gjalda skulu þær lækka til samræmis við þau. Auk þess skal framlag til tiltekinna stofnana, sem upp eru taldar, lækka eins og þar segir. Þetta merkir að framlög til nokkurra stofnana, sem þarna eru upp taldar og fá framlag í formi tilfærslu, eru lækkuð þannig, að áhrif fyrrnefndra launabreytinga verði hliðstæð og hjá öðrum stofnunum. Er þetta í samræmi við ákvarðanir ríkisstjórnarinnar um að draga úr launakostnaði hjá hinu opinbera.

52. brtt. varðar Póst- og símamálastofnunina og er þar vísað í sundurliðun á fjárfestingum Pósts og síma um einstök verkefni.

53. brtt. varðar með sama hætti Rafmagnsveitur ríkisins og felur í sér sundurliðun á fjárfestingum á vegum RARIK.

Ég hef þá lokið við að lýsa brtt. á þskj. 395 og koma þá næst brtt. á þskj. 396, en þær brtt. flytur fjvn. öll og varða þær brtt. 6. gr., heimildagrein fjárlaga.

Í 1. brtt. er gert ráð fyrir að heimilað verði að fella niður stimpilgjald vegna kaupa Flugleiða hf. á Boeing-þotu og er þetta í samræmi við afgreiðslur sem áður hafa verið gerðar við slík tilefni.

b-stafliður er leiðrétting um að fella á brott lið sem rangt hefur verið upp settur og þegar hefur verið gert ráð fyrir að sinna á öðrum stað í frv.

Stafliður c er um nýja liði, heimildir til að selja tilteknar fasteignir og eru þessar tillögur fluttar að beiðni fjmrn. og skýra sig sjálfar. Ástæða er þó að segja nokkur orð um tillögu 4.40 sem fjallar um heimild til að selja lögreglubifreiðaverkstæði og lóð að Síðumúla 24–26 í Reykjavík en kaupa í staðinn húsnæði fyrir þvotta- og þjónustustöð fyrir lögreglubifreiðar. Hér er um það að ræða að leita leiða til að draga úr kostnaði með því móti að selja verkstæði það og lóð að Síðumúla 24–26 sem notað hefur verið undir viðgerðarhúsnæði fyrir lögreglubifreiðir og kaupa viðgerðir á þeim bifreiðum annars staðar án þess að lögreglan starfræki sjálf sérstakt verkstæði í þeim efnum, en gera hins vegar ráð fyrir því að lögregluembættið starfræki staðinn aðstöðu til minni háttar viðhalds og þrifa á lögreglubílunum, eins og segir í tillögugreininni.

Tillaga í stafl. d varðar að almenn heimild til kaupa á skrifstofuhúsnæði fyrir Stjórnarráð Íslands og taka til þess nauðsynleg lán falli niður. Talsvert mikið af húsnæði hefur þegar verið keypt fyrir Stjórnarráð Íslands. Fjvn. finnst ekki ástæða til að hafa í heimildagreinum fjárlaga svo opna heimild eins og hér um ræðir til ótiltekinna kaupa á ótilteknu húsnæði undir ótiltekin ráðuneyti þegar ekkert liggur fyrir um að slík kaup séu á döfinni eða hvaða ráðagerðir menn hafa uppi um þau mál og er því lagt til að þessi almenna heimild verði felld niður.

Sama máli gegnir um næstu tillögu í stafl. e, en hún varðar að niður falli almenn opin heimild til að kaupa húsnæði fyrir ríkisstofnanir og taka til þess nauðsynleg lán ef fullreynt þykir að ekki fáist fyrir það leiguhúsnæði á viðunandi leigukjörum. Þessi heimildargrein er svo opin og víðtæk að út af fyrir sig gæti hún staðið ein og aðrar kaupaheimildir þyrfti ekki til en hana eina því að hún gerir ráð fyrir því, eins og í greininni segir, að fjmrh. sé heimilt að kaupa hvaða húsnæði sem er fyrir hvaða ríkisstofnun sem er og taka til þess hvaða lán sem hann kann að kjósa og sá varnagli einn er sleginn að ekki fáist húsnæði leigt á viðunandi leigukjörum til starfseminnar. Fjvn. telur ekki ástæðu til að hafa svo víða heimildargrein í fjárlögum sem hér um ræðir og leggur því til að hún verði felld brott.

Af öðrum greinum sem tillaga er gerð um á þskj. 396 vil ég staldra við þessar:

Stafliður g, tillaga 5.15 þar sem veitt er heimild til að kaupa heimavistarhúsnæði fyrir Fjölbrautaskóla Suðurlands að því tilskildu að aðrir rekstraraðilar greiði sinn hluta kaupverðsins. Hér er um að ræða húsnæði sem nýtt hefur verið sem heimavistarhúsnæði fyrir Fjölbrautaskóla Suðurlands og er nú til sölu á almennum markaði en býðst ríkissjóði á mjög góðum kjörum vegna þess að núverandi eigandi vill gjarnan að húsið verði nýtt áfram sem heimavistarhús. Væri húsið ekki keypt heldur félli öðrum í hlut yrði nauðsynlegt að byggja nýtt sem mundi kosta verulega hærri fjárhæðir en þær sem hér er um að tefla.

Þá vil ég staldra í sama staflið við tillögu 5.23 þar sem rætt er um að leigja eða kaupa húsnæði fyrir Listdansskóla Þjóðleikhússins að tilskildu samþykki fjvn. Þjóðleikhúsinu hefur boðist að kaupa tiltekið húsnæði sem er sérhannað til dansskóla og dans-

þjálfunar og hentar því mjög vel bæði Listdansskóla Þjóðleikhússins og Íslenska dansflokknum, en bæði Listdansskólinn og Íslenski dansflokkurinn búa nú við mjög þröngan og erfiðan kost í húsnæði Þjóðleikhússins þar sem einnig má búast við að þessir aðilar þurfi að víkja alveg á næstunni vegna þeirra umfangsmiklu endurbóta sem fyrir dyrum standa. Fjvn. þótti rétt að þetta mál yrði skoðað nánar og leggur því til að þessi heimild til leigu eða kaupa verði veitt, enda verði haft samráð og fengið samþykki fjvn. fyrir kaupum eða leigu áður en í yrði ráðist.

Stafliður h varðar þá afgreiðslu að heimila að draga mismun á tryggingaverði áburðarflugvélar frá kaupverði annarrar slíkrar, en slík heimild er í fjárlagafrv. Þessi afgreiðsla hefur þegar farið fram að fullu er því lagt til að heimildagreinin verði felld niður, enda er hún óþörf.

Í staflið k, lið 6.17, er lagt til að heimilað verði að leita eftir tilboði og gera samning um kaup á siglingahermi fyrir Stýrimannaskólann í Reykjavík. Hér er um að ræða tæki sem nauðsynlegt þykir við kennslu í skipstjórnarfræðum, en þetta tæki getur bæði líkt eftir skipi á siglingu og við veiðar og enn fremur er það ákjósanlegt til að skoða betur og rannsaka ástæður sjóslysa og óhappa á sjó. Slíkt tæki er alls staðar talið nauðsynlegt við skipstjórnarkennslu í nágrannalöndum okkar og er ekki síður nauðsynlegt í kennslu skipstjórnarmanna á Íslandi. Fjvn. hefur fengið frumupplýsingar um kostnað við kaup á slíku tæki að lokinni fyrstu athugun málsins. Nefndin vill gjarnan að Alþingi stuðli að því að slík kaup geti átt sér stað, en telur að nánari athugun þurfi og miklu betri könnun á því tilboði sem fram hefur verið sett og e.t.v. öðrum tilboðum sem fram geta komið og leggur því til að sú afgreiðsla verði gerð á málinu sem hér er nefnd.

Svo er það loks tillaga 6.21, en þar leggur nefndin til afgreiðslu sem orðist svo: „Heimilað sé að ganga frá samningum við Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða um yfirtöku skulda til lúkningar á samkomulagi því sem gert var við þessi fyrirtæki við niðurfellingu „verðjöfnunargjalds á raforku" árið 1986 að fenginni umsögn fjvn. Yfirtökunni verði hagað þannig að fyrirtækin geti öðlast þann rekstrargrundvöll, miðað við eðlilega fjárfestingu, rekstrarumsvif og gjaldskrárákvarðanir, sem umrætt samkomulag frá árinu 1986 gerði ráð fyrir".

Í þessu sambandi vil ég taka fram að hér er um að ræða mál sem varðar efndir á samkomulagi milli ríkissjóðs annars vegar og Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða hins vegar, en það samkomulag var gert milli þessara aðila við niðurfellingu verðjöfnunargjalds á raforku árið 1986. Bæði þessi fyrirtæki hafa haldið því fram að ekki hafi að fullu verið staðið við það samkomulag sem gert var á árinu 1986 og átti að tryggja þessum orkufyrirtækjum tveimur að þau bæru ekki skaða af niðurfellingu verðjöfnunargjaldsins með þeim hætti að ríkissjóður tæki á sig tilteknar skuldbindingar á þeirra vegum um leið og gjaldið væri niður fellt. Fenginn var óháður sérfræðingur til að meta hvort ástæður umræddra orkufyrirtækja væru réttmætar, þ.e. að ekki hefði að fullu verið staðið við það samkomulag sem ríkissjóður gerði við þessi fyrirtæki. Niðurstaða umrædds sérfræðings var sú, að umkvörtunarefni Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða væru réttmæt og að á skorti að ríkissjóður hefði að fullu staðið við sinn hlut af samkomulaginu. Þessi mál voru tekin til sérstakrar umræðu í fjvn. og náðist um það samkomulag í nefndinni og við fjmrh. og iðnrh. að sá háttur yrði á hafður að skipuð yrði sérstök nefnd sem í ættu sæti fulltrúi tilnefndur af iðnrh., fulltrúi tilnefndur af fjmrh. og fulltrúi tilnefndur af fjvn. og sú nefnd tæki tafarlaust til starfa og óskaði eftir viðræðum við Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða um að ganga frá samningum um yfirtöku skulda til lúkningar á samkomulagi því sem gert var við þessi fyrirtæki við niðurfellingu verðjöfnunargjaldsins. Því verki yrði hraðað eftir föngum og að fenginni niðurstöðu væri fjmrh. heimilað, að fenginni umsögn fjvn., að ganga frá samkomulagi sem tryggt gæti að umrædd fyrirtæki gætu öðlast þann rekstrargrundvöll, miðað við eðlilega fjárfestingu, umsvif og gjaldskrárákvarðanir, sem samkomulagið frá árinu 1986 gerði ráð fyrir.

Áður en ég skilst við 6. gr. fjárlaganna vil ég ítreka það, sem kom fram fyrir um það bil einu ári, að nauðsynlegt er að tekist verði á við þann vanda sem Iðnskólinn í Reykjavík á við að etja vegna þröngs og óviðunandi húsnæðis. Þessi skóli er stærsti iðnfræðsluskóli landsins og raunar sá eini sem rís undir því nafni. Skóla þennan sækja nemendur hvaðanæva að af landinu og er þetta í rauninni eini iðnfræðsluskólinn sem boðið getur upp á iðnfræðslunám sem er í líkingu við það sem kröfur eru gerðar um í nálægum löndum. Skólinn á hins vegar við mikla erfiðleika að etja vegna mikilla húsnæðisþrengsla, fyrst og fremst varðandi verklegt námsefni og þá ekki síst á málmiðnaðarbraut, en sú braut er samnefnari iðnfræðslumenntunar allt frá fínmekaník, eins og raf- og rafeindaiðnaður er, og til grófsmíði.

Eftir umræður í fjvn. um þetta mál fyrir einu ári var skipuð sérstök nefnd með aðild Iðnskólans og ríkisins og borgarstjórnar Reykjavíkur um málefni skólans. Sú nefnd hefur ekki lokið störfum. Nauðsynlegt er að nefndin ljúki störfum hið allra fyrsta og komist að niðurstöðu um tillögugerð, m.a. vegna þess að rekstraraðili skólans er Reykjavíkurborg og þaðan verða að koma þau erindi um framtíðaruppbyggingu Iðnskólans í Reykjavík sem ríkið og Reykjavíkurborg þurfa sameiginlega að vinna að. Fjvn. leggur mikla áherslu á að nefndin hraði störfum sínum og væntir þess að tillögur geti legið fyrir sem allra fyrst svo að unnt sé að taka þær til rækilegrar skoðunar fyrir fjárlagagerð á næsta ári. Enn fremur er rétt að geta þess að vandi loðdýrabúa og loðdýrabænda er nú til sérstakrar skoðunar hjá ríkisstjórninni og til umfjöllunar hjá ríkisstjórn.

Við víkjum nú að brtt. á þskj. 397, en þær brtt. eru fluttar af meiri hluta fjvn. og varða þær gervallan B-hluta fjárlagafrv., ríkisfyrirtæki og sjóði í ríkiseign. B-hluti frv. er settur fram á áætluðu meðalverðlagi 1989. Stofnanir, sjóðir og fyrirtæki í B-hlutanum afla flestar tekna fyrir útgjöldum. Breytt rekstraráætlun hefur því yfirleitt ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs og A-hluta fjárlaga. Rekstraráætlun B-hluta stofnana hefur nú verið breytt frá upphaflegu frv. þannig, og koma þær breytingar fyrir á þskj. 397, að gert er ráð fyrir að þær sæti sömu niðurfærslu launa og A-hluta stofnanir og hafa launaáætlanir þeirra því verið færðar niður um 3,5%. Vegna gengisbreytingar og áætlaðra verðlagsáhrifa af henni voru rekstrargjöld önnur en laun hækkuð um 1,5%, fjármagnskostnaður, fjármagnstekjur og afborganir lána voru hækkaðar um 1,5% vegna innlendra lána og sem gengisbreytingunni nam vegna erlendra lána. Auknum gjöldum B-hluta stofnana af framangreindum ástæðum var mætt með því að breyta áætluðum tekjum af sölu á vöru og þjónustu um allt að 1,5% eftir því sem með þurfti. Þar sem tekjubreyting dugði ekki til var unnt að brúa bilið með því að gera ráð fyrir breyttri sjóðsstöðu. Þannig hafa allar B-hluta stofnanirnar í fjárlögunum verið uppreiknaðar í samræmi við þær forsendur sem ég hef hér lýst.

Nokkrar stofnanir í B-hlutanum þarfnast sérstakrar umsagnar og mun ég nú ræða um þau efni hér á eftir. Ber ég þá fyrst niður þar sem rætt er um Ríkisútvarpið, hljóðvarp og sjónvarp. Eins og fram kom við 2. umr. skilaði sérstök nefnd, sem menntmrh. skipaði til að fjalla um vanda Ríkisútvarpsins, álitsgerð og tillögum í desembermánuði sl. Voru þar ýmsar tillögur gerðar til lausnar á fjárhagsvanda Ríkisútvarpsins.

Við fjárlagaafgreiðslu í fyrra fór fjvn. mjög vandlega ofan í málefni Ríkisútvarpsins og bjó þau undir afgreiðslu á hinu háa Alþingi. Í forsendum fjvn. sem kynntar voru hér og lagðar voru til grundvallar afgreiðslu Alþingis var m.a. út frá því gengið að stjórnendur Ríkisútvarpsins gripu til tiltekinna ráðstafana til að lagfæra rekstrarstöðu útvarpsins og einn þáttur þeirrar aðgerðar var sá að Ríkisútvarpið bjó sig undir að auka mjög verulega tekjur sínar af auglýsingum með sérstöku átaki. Forsendur þeirra áætlana sem gerðar voru og fjvn. lagði fyrir Alþingi við afgreiðslu fjárlaga í fyrra voru einnig þær að Ríkisútvarpið fengi tilteknar hækkanir á afnotagjöldum og var Alþingi frá því skýrt hverjar þessar hækkanir voru þannig að það lá fyrir í upphafi árs hvað stjórnendur Ríkisútvarpsins höfðu á sig tekið til þess að lagfæra rekstrarstöðu útvarpsins og hvaða afgreiðslur löggjafinn gerði ráð fyrir að hafa á afnotagjaldamálum útvarpsins til að tryggja þá afkomu sem Alþingi afgreiddi samkvæmt tillögum fjvn.

Það sem gerðist hins vegar var að ríkisstjórnin tók þá ákvörðun að þær afnotagjaldshækkanir sem í forsendunum fólust fengust ekki framkvæmdar heldur var þeim hrundið. Með því var raunar öllum grundvelli kippt undan þeim afgreiðslum sem Alþingi hafði haft á málefnum Ríkisútvarpsins. Stjórnendum þess tókst í öllum höfuðatriðum að ná þeim árangri sem þeir höfðu tekið að sér að tryggja í sambandi við bætta rekstrarafkomu og bættan rekstrargrundvöll. Það að hnekkja þeim ákvörðunum um tekjur útvarpsins sem Alþingi ákvað við fjárlagaafgreiðsluna gerði það hins vegar að verkum afkoman varð ekki sú sem stefnt var að heldur stofnaði Ríkisútvarpið þvert á móti til mikilla skulda við ríkissjóð og lenti í verulegum erfiðleikum.

Frumskilyrði þess að hægt sé að gera kröfu til þess að stjórnendur ríkisstofnana haldi sig innan marka fjárlaga er að framkvæmdarvaldið virði þær afgreiðslur sem Alþingi leggur til grundvallar við gerð fjárlaga um tekjustofna fyrirtækja og stofnana sem eru forsendur þess að afgreiðslur Alþingis og rekstraráætlanir stofnunarinnar fái staðist. Það er ekki hægt af framkvæmdarvaldinu né fjárveitingavaldinu að gera kröfur til þess að stjórnendur ríkisstofnana haldi sig innan ramma fjárlaga ef framkvæmdarvaldið sjálft virðir ekki þær gjaldskráætlanir sem Alþingi leggur til grundvallar samþykktum sínum við fjárlagagerð.

Fjvn. mótmælti því að þessi afgreiðsla á málefnum Ríkisútvarpsins hefði verið gerð af fyrrv. ríkisstjórn og ætlast til þess að það samkomulag sem unnið hefur verið að í samráði við stjórnendur stofnunarinnar og ríkisstjórn og viðkomandi ráðherra um afgreiðslu Ríkisútvarpsins hér verði virt.

Í umræddum tillögum hinnar sérstöku nefndar um rekstrarvanda Ríkisútvarpsins eru ýmsar tillögur. Með bréfi til fjvn., dagsettu 16. des. sl., greinir menntmrh. frá því að ríkisstjórnin hafi fyrir sitt leyti fallist á umræddar tillögur og framsendi skýrsluna með óskum um að hún verði tekin til afgreiðslu í fjvn. Þetta hefur fjvn. gert og tillögur hennar um afgreiðslu Ríkisútvarpsins hér og nú eru í öllum höfuðatriðum byggðar á niðurstöðum þessarar nefndar.

Í fyrsta lagi er ráð fyrir því gert að hinn 1. mars nk. hækki útvarpsgjald hljóðvarps og sjónvarps í 1500 kr. á mánuði og við hækkun gjaldsins verði tekið mið af breytingum á vísitölu vöru og þjónustu. Með þessu móti fær Ríkisútvarpið um 1200 millj. kr. í tekjur í stað 1020 millj. samkvæmt fjárlögum 1988.

Í annan stað er ráð fyrir því gert að sama niðurstaða verði gagnvart Ríkisútvarpinu og öðrum B-hluta stofnunum að því verði gert að draga saman seglin í launaútgjöldum sem svarar 3,5% og verði sú fjárhæð sem þannig sparast notuð til lækkunar á skuld Ríkisútvarpsins við ríkissjóð.

Í þriðja lagi áætlar nefndin, sem skipuð var af menntmrh., að með sérstöku átaki í innheimtumálum Ríkisútvarpsins, m.a. með þeim hætti að stofnunin taki í sínar hendur verulegan hluta þeirra starfa sem nú eru falin lögmönnum, ætti að vera unnt að ná til fjölda tækja sem nú eru óskráð og að með þeim hætti megi auka skil til stofnunarinnar á næsta

ári um 40 millj. kr. Í tillögum fjvn. er ráð fyrir því gert að þessi bættu skil vegna aukinna innheimtuaðgerða Ríkisútvarpsins komi stofnuninni sjálfri til góða.

Í fjórða lagi er gert ráð fyrir því, eins og segir í nál., að útboðsstefna Ríkisútvarpsins verði tekin til endurskoðunar, kynningarstarfsemi verði samræmd og skipulögð innan stofnunarinnar og dregið verði úr þenslu í stjórnunarstörfum hjá henni. Með slíkum aðgerðum megi ná betri nýtingu fjár og auka ráðstöfunarfé um 20–30 millj. kr.

Fjvn. gerir ráð fyrir því að 10 millj. kr. af þessari fjárhæð renni jafnt til greiðslu á launaskuldum Ríkisútvarpsins við ríkissjóð, en að öðru leyti njóti stofnunin að fullu sjálf þeirra fjármuna sem bætt og betri stjórnun gæti skilað til aukins sparnaðar og hagræðingar í rekstri.

Í fimmta lagi er gert ráð fyrir því að staðið verði við skuldbindingar um endurgreiðslu ríkisins á sérstökum lánum sem tekin voru á árunum 1979, 1980 og 1981.

Að lokum má svo geta þess að svo háttar til að Tryggingastofnun ríkisins gefur út vottorð um undanþágu bótaþega trygginga sem tekjutryggingar njóta frá afnotagjaldi útvarps og sjónvarps. Hér er um það að ræða að með þessum hætti njóta um 5000 einstaklingar niðurfellingar afnotagjalda og nemur tekjutap Ríkisútvarpsins árlega af þessum sökum um 90 millj. kr. Er því hér um mjög miklar fjárhæðir að ræða þar sem einn aðili verður af tekjum, þ.e. Ríkisútvarpið, samkvæmt ákvörðunum annars aðila, þ.e. Tryggingastofnunar ríkisins, og sá sem tekjunum tapar hefur engin áhrif á með hvaða hætti niðurfellingin er veitt og sá sem heimildina veitir til niðurfellingar ber engan kostnað þar af.

Það er auðséð að hér er um verulegt fjárhagsmál að ræða og nokkur brögð eru að því að þessar niðurfellingar séu misnotaðar, m.a. þannig að tæki séu skráð á heimilismann sem tekjutryggingar nýtur þannig að annað heimilisfólk í fullri vinnu og með góðar tekjur njóti þjónustu hljóðvarps og sjónvarps án endurgjalds. Til þessa var að sjálfsögðu aldrei ætlast. Í tillögum umræddrar nefndar, sem skipuð var af menntmrh. til að endurskoða málefni Ríkisútvarpsins, var ráð fyrir því gert að sú breyting yrði á gerð að Tryggingastofnun ríkisins tæki að sér greiðslu afnotagjalda þeirra er hingað til hafa notið niðurfellingar þannig að Ríkisútvarpið yrði ekki af þeim tekjum. Slíkt er ekki hægt að framkvæma að óbreyttum lögum. Hins vegar þarf vendilega að skoða slíkar breytingar og einnig breytingar svo sem í þá átt hvort ekki sé rétt að um undanþágu frá útvarpsgjaldi þurfi sérstaklega að sækja þar sem glöggar verði greint en nú er gert frá heimilisaðstæðum viðkomandi og meira eftirlit sé haft með því að slík niðurfelling sé ekki misnotuð. Enn fremur er að sjálfsögðu rétt að skoða hvort um allsherjarundanþágu frá gjaldinu eigi að vera að ræða eða að hluta til o.s.frv. Ákveðið hefur verið að skoða þessi mál sérstaklega og flytja frv. sem heimili þær breytingar sem hér er verið að ræða um í átt við það sem umrædd nefnd hefur lagt til.

Það kann vel að vera að þegar menn fara að vega í prósentum þá hækkun afnotagjalda Ríkisútvarpsins sem hér er rætt um finnist mönnum nokkuð í lagt því að sú hækkun sem nú er rætt um í 1500 kr. á mánuði er hækkun um 28,2% miðað við núverandi útvarpsgjald og um 11,9% ef miðað er við þá hækkun sem heimiluð var í gildandi fjárlögum en ekki fékkst fram. Það er hins vegar ekki hægt að horfa fram hjá því að það verður að tryggja jafnmikilvægum fjölmiðli og menningarmiðli og Ríkisútvarpið er eðlilegan rekstrargrundvöll. Á það hefur skort.

Um Þjóðleikhúsið hef ég þegar rætt og þær breytingar sem þar standa fyrir dyrum.

Nokkur orð um Sölu varnarliðseigna. Í frv. er gert ráð fyrir að Sölu varnarliðseigna verði gert að skila mun meiri tekjum en sem nemur því sem ætla má miðað við skil þessa fyrirtækis á umliðnum árum og þær aðstæður sem ríkja miðað við óbreyttan rekstur. Í frv. er jafnframt gert ráð fyrir að með skipulagsbreytingum verði sú niðurstaða tryggð sem ekki er sjáanlegt að hægt sé að ná að öllu óbreyttu. Fjvn. þykir rétt að þessar fyrirætlanir komi fram í uppsetningu fjárlagafrv. Því gerir nefndin það að tillögu sinni að tekjur af seldri vöru og þjónustu verði lækkaðar um 30 millj. kr., en sú tekjufjárhæð færð á aðrar tekjur vegna Sölu varnarliðseigna og breytir sú tilfærsla engu um niðurstöðuna. Hins vegar merkir þetta það og sá er skilningur fjvn. að verði ekki gerðar neinar þær breytingar á starfsemi Sölu varnarliðseigna sem boðaðar eru í fjárlagafrv. og eru forsenda þess að stofnunin skili meiri tekjum í ríkissjóð en reynsla undanfarinna ára hefur sýnt að hún getur, þá sé ekki rétt að gera ráð fyrir því að tekjur af seldum vörum og þjónustu í ríkissjóð nemi hærri fjárhæð en 20 millj. kr. Ætli menn að ná þeim skilyrðum sem í frv. eru sett, þ.e. að stofnunin skili 50 millj. kr. í ríkissjóð, verður það að tengjast skipulagsbreytingu á þessari stofnun sem gerir henni fært að skila þeim tekjum sem hún getur ekki að óbreyttum rekstri.

Örfá orð um Áburðarverksmiðju ríkisins. Eins og fram kemur á þskj. 395 er gerð tillaga um að fjárveiting til Áburðarverksmiðjunnar úr ríkissjóði nemi 22 millj. kr. og er þar um lokagreiðslu að ræða. Þetta framlag úr ríkissjóði mun bæta rekstur stofnunarinnar þannig að vegna þessarar fjárveitingar er hækkunarþörf á áburðarverði 3% minni en greint er frá í forsendum fjárlagafrv. og dregur þessi fjárveiting úr útgjöldum áburðarkaupenda vegna áburðarkaupa sem því nemur.

Um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins er það að segja að þar er gert ráð fyrir tekjum af seldum vörum og þjónustu um 450 millj. kr. umfram forsendur fjárlagafrv. og það samsvarar því að verð á þessum varningi hækki um 10% umfram verðlagsforsendur.

Hvað varðar Póst- og símamálastofnunina er rétt að fram komi að gert er ráð fyrir að hún fái til

framkvæmda sömu fjárhæð og var á sl. ári eða 577 millj. kr. og er skipting þeirrar fjárhæðar sýnd á þskj. 395. Þar að auki er gert ráð fyrir afborgunum lána að fjárhæð 295 millj. kr. og loks að stofnunin greiði í ríkissjóð 250 millj. kr. Heildarlaunaútgjöld Póst- og símamálastofnunarinnar nema 2 milljörðum 537 millj. kr. samkvæmt okkar tillögum. Áætluð skil stofnunarinnar í ríkissjóð nema innan við 10% þeirrar fjárhæðar, en það er minna fé en gera má ráð fyrir að ríkissjóður þurfi að greiða vegna verðtryggingar á lífeyri starfsmanna þessarar stofnunar og vegna launatengdra gjalda. Þó svo að stofnuninni verði gert að skila 250 millj. kr. í ríkissjóð er ekki um það að ræða að stofnunin greiði hærri fjárhæð til ríkissjóðs en ríkissjóður þarf að standa ábyrgur fyrir vegna lífeyrisskuldbindinga og launatengdra gjalda starfsmanna þessarar stofnunar. Þar að auki má svo á það benda að Póstur og sími hefur ýmis þau umsvif sem eru í beinni samkeppni við einkarekstur svo sem eins og varðar sölu á símtækjum, símstöðvum og því um líku. Væri um einkaaðila að ræða mundi Póstur og sími þurfa að standa hinu opinbera skil á sköttum af þessari starfsemi eins og keppinautar hans þurfa að gera. Það er því ekki rétt að þessi greiðslukrafa á hendur Pósti og síma íþyngi stofnuninni umfram það sem hún nýtur beint og óbeint úr ríkissjóði. Þvert á móti tel ég líklegt að væri alfarið um sjálfstæða stofnun að ræða yrði hún að taka á sig mun þyngri skuldbindingar sem skattgreiðandi og gagnvart starfsfólki sínu með þau réttindi sem það nýtur nú en þessari fjárhæð nemur og vil ég biðja menn að hugleiða það sérstaklega í sambandi við umræður um þessi mál. Til þess að sú afgreiðsla á málefnum Pósts og síma sem hér er gerð tillaga um geti staðist verður að reikna með því að á árinu 1989 nemi gjaldskrárhækkanir hjá stofnuninni 4–5% umfram þá gjaldskrárhækkun sem stofnunin fékk í september á sl. ári.

Þá er loks komið að Rafmagnsveitum ríkisins, en um þær hef ég rætt talsvert áður í sambandi við 6. gr.-heimildina sem fjvn. gerir tillögur um og varða samskipti Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða við ríkissjóð samkvæmt samkomulagi frá árinu 1986. Við það vil ég aðeins bæta að auk þess sem þar er gert ráð fyrir, er varðar Rafmagnsveitur ríkisins, er við það miðað í tillögum þessum að á árinu 1989 fái Rafmagnsveitur ríkisins gjaldskrárhækkanir sem nemi um það bil 3% hækkun umfram heildsöluverð á raforku, en það er svipuð hækkun umfram heildsöluverð og Rafmagnsveitur ríkisins fengu á árinu 1988.

Virðulegi forseti. Ég hef nú lokið umfjöllun minni um öll þau atriði er varða fjárlagafrv. fyrir árið 1989 nema sjálft kjarnaatriðið og það er að sjálfsögðu hvernig þeirra tekna á að afla sem menn hafa verið að ráðstafa. Þær tillögur er að finna á þskj. 398 frá meiri hl. fjvn. Í mjög samanþjöppuðu máli þá eru meginatriðin þessi og vík ég þá fyrst að áætluðum tekjum ríkissjóðs árið 1988:

Við endurskoðun tekjuáætlunar í október var talið að innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu 1988 gætu orðið tæplega 66,5 milljarðar og var sú áætlun lögð til grundvallar tekjuhlið fjárlagafrv. 1989. Sú áætlun tók fyrst og fremst mið af innheimtutölum fyrir fyrstu níu mánuði ársins og efnahagshorfum eins og þær voru metnar þá. Nú liggja hins vegar fyrir tölur um innheimtu tekna á tímabilinu janúar til nóvember og vísbendingar um innheimtu desembermánaðar. Úr þeim tölum má einkum lesa tvennt: annars vegar áframhaldandi samdrátt í almennri veltu og hins vegar versnandi innheimtu, ekki síst í beinum sköttum. Allt bendir því nú til þess að innheimtar tekjur ríkissjóðs verði 2–2,5 milljörðum kr. minni á árinu 1988 en gert var ráð fyrir í október eða aðeins 64–64,5 milljarðar kr. Tekjur af beinum sköttum verða líklega 1 milljarði lægri en talið var sem stafar af lakari innheimtu bæði hjá einstaklingum og félögum. Óbeinir skattar lækka um 1–1,5 milljarða frá októberáætlun, en sú lækkun kemur fyrst og fremst fram í söluskatti en einnig í innflutningsgjöldum. Þessi þróun endurspeglar vel þann samdrátt sem um þessar mundir virðist ríkja í efnahagslífinu. Á móti vegur svo að aðrar tekjur, einkum þó tekjur af dráttarvöxtum, gætu farið tæplega 300 millj. kr. fram úr áætlun.

Þá kem ég að tekjuhorfum ríkissjóðs fyrir árið 1989.

Í frv. til fjárlaga fyrir árið 1989 var áætlað að tekjur ríkissjóðs á árinu 1989 yrðu um 77,3 milljarðar kr. Af þeirri fjárhæð mátti rekja 5,5 milljarða kr. til nýrrar tekjuöflunar. Á þeim tveimur mánuðum sem liðnir eru frá því frv. var lagt fram hafa forsendur þeirrar áætlunar breyst í þremur meginatriðum. Í fyrsta lagi hefur tekjugrunnurinn breyst, þ.e. tekjur ársins 1988 verða minni en reiknað hafði verið með, og það hefur að sjálfsögðu sambærileg áhrif á tekjuspá af þessum tekjustofnum fyrir árið 1989.

Í öðru lagi hefur verið gripið til frekari tekjuöflunar til að bregðast við minnkandi tekjum og er nú gert ráð fyrir að ný tekjuöflun muni skila ríkissjóði 5600 millj. kr. á þessu ári. Þetta reyndist nauðsynlegt eigi það markmið að nást að ríkissjóður verði rekinn með afgangi í ár.

Í þriðja lagi hafa almennar verð- og veltuforsendur breyst í kjölfar þeirrar gengisfellingar sem nú hefur verið gripið til. Með hliðsjón af þessum breyttu forsendum hefur tekjuáætlun frv. nú verið endurskoðuð og er áætlað að heildartekjur ríkissjóðs verði 77,1 milljarður kr.

Frávik einstakra tekjuliða frá tölum frv. eru eftirfarandi: Eignarskattar hækka um rúmlega 300 millj. kr. frá áætlun frv. Tvo þriðju hluta þessa tekjuauka má rekja til frekari hækkunar á eignarskatti einstaklinga og félaga. Almennur eignarskattur hefur verið ákveðinn 1,2% í stað 1% eins og reiknað hafði verið með í frv. bæði hjá einstaklingum og félögum. Enn fremur hækkar hlutfall sérstaka eignarskattsins úr 1,25% í 1,5% en á móti hækka

eignamörk úr 6 millj. kr. á einstakling í 7 millj. kr. Tekjur af erfðafjárskatti verða einnig nokkuð meiri en áætlað hafði verið. Á móti þessari hækkun eignarskatts lækka tekjuskattar hins vegar um tæpan 1 milljarð kr. frá frv. Sú lækkun kemur einvörðungu fram í tekjuskatti einstaklinga og skýrist af þrennu: Í fyrsta lagi af lægri tekjum á árinu 1988 sem hefur áhrif á tekjuspána 1989. Í öðru lagi af minni hækkun á meðalskatti og meiri hækkun frádráttarliða en stefnt hafði verið að í frv. Og í þriðja lagi var síðan í tölum frv. reiknað með að skattur af fjármagnstekjum gæti gefið um 150 millj. kr. á þessu ári, en nú er hins vegar talið óvarlegt að reikna með þessum tekjum þar sem málið krefst ítarlegri undirbúnings.

Með öðrum orðum er ljóst af þessu að hvað svo sem sagt hefur verið um skattastefnu núverandi ríkisstjórnar og að hún hafi með skattabreytingum sínum í desembermánuði seilst lengra en fjárlagafrv. gerði ráð fyrir er það ekki rétt. Skattar á þá sem eiga umtalsverðar eignir, eignarskattarnir, hækka að vísu um 300 millj. kr., en sú hækkun kemur fyrst og fremst fram hjá þeim sem eiga meira en meðaleignir. Tekjuskattarnir hafa hins vegar lækkað í meðförum Alþingis um tæpan 1 milljarð kr. frá upphaflegri áætlun fjárlagafrv. og skýrist, eins og sagt var áðan, m.a. af minni hækkun meðalskatts og meiri hækkun frádráttarliða en áformað var upphaflega þannig að á sviði tekjuskattsins hefur verið dregið meira úr skattlagningu en upphaflega var ráð fyrir gert og í öðru lagi dregið meira úr honum gagnvart lág- og meðaltekjufólki en í upphaflegum áformum.

Í þriðja lagi eru síðan tekjur af innflutningi því sem næst óbreyttar frá tölum frv. sem skýrist af því að á móti meiri veltusamdrætti og þar með lægri tekjum kemur aukin tekjuöflun, svo sem af innflutningsgjaldi bifreiða og bensíngjaldi. Minni tekjur verða af söluskatti en spáð var og lækkun hans stafar fyrst og fremst af meiri veltusamdrætti á þessu ári en búist hafði verið við. Skattar af launagreiðslum lækka frá áætlun frv. um röskar 250 millj. kr. og skýringanna er einnig að leita í meiri samdráttaráhrifum en gert hafði verið ráð fyrir.

Aðrir óbeinir skattar hækka hins vegar um tæpar 600 millj. kr., en þar er fyrst og fremst um að ræða fyrirhugaða hækkun á áfengi og tóbaki umfram almennar verðlagsbreytingar en sú hækkun er áformað að gefi 450 millj. á árinu 1989. Þá er talið að aðrar tekjur, þar á meðal vaxtatekjur, muni hækka um 575 millj. kr. frá áætlun frv. Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs munu hækka nokkuð og loks verður Pósti og síma gert skylt að skila 250 millj. kr. í ríkissjóð eins og áður hefur fram komið.

Niðurstaða þessarar endurskoðunar verður því sú að tekjur ríkissjóðs á þessu ári verði rúmlega 200 millj. kr. lægri en tekjuáætlun fjárlagafrv. gerði ráð fyrir. Skýringin er í fyrsta lagi meiri samdráttur á árinu 1988. Áhrif gengisfellingar og frekari tekjuöflun ná ekki til fulls að vinna það upp.

Virðulegi forseti. Ég hef nú lokið umfjöllun um þau meginatriði sem eru brtt. á þingskjali 398 frá meiri hl. fjvn. Ég á að sjálfsögðu von á því að menn komi upp á eftir til að kvarta undan naumum fjárveitingum og að afgreiðslur séu skornar við nögl, en ég á síður von á því að menn komi upp til að kvarta yfir því að hinir svokölluðu veiku þættir fjárlagafrv. séu ekki bættir upp með þeim eina hætti sem er hægt við þessar aðstæður svo nokkru nemi, þ.e. að afla þeirra tekna sem þarf til að svara þeim útgjaldakröfum sem menn ætla sér að gera.

Við 2. umr. fjárlaga tók hv. stjórnarandstaða fram að það væru fyrst og fremst tvö atriði sem hún vildi að útkljáð væru áður en til afgreiðslu fjárlaga kæmi. Í fyrsta lagi að ríkisstjórnin hefði sýnt fram á að hún hefði þingmeirihluta fyrir þeim afgreiðslum sem þyrfti að gera á Alþingi til að tryggja þær tekjur sem til þyrfti til að standa undir rekstri ríkissjóðs á árinu 1989. Margir í röðum stjórnarandstæðinga efuðust um að ríkisstjórninni tækist þetta og höfðu uppi svardaga og heitingar um það að þetta skyldi aldrei vera. Niðurstaðan liggur nú fyrir. Þessum skilmálum er nú fullnægt. Ríkisstjórnin hefur á Alþingi fengið afgreiðslur á þeim tekjufrv. sem gera það að verkum að hægt er að afgreiða ríkissjóð nú með verulegum rekstrarafgangi.

Með þessum afgreiðslum og tekjuöflunarfrv. ríkisstjórnarinnar hefur tekist að tryggja að fjárlög verði afgreidd með tekjuafgangi eins og að var stefnt. Verði allar tillögur meiri hl. fjvn. samþykktar nú við 3. umr. verða tekjur umfram gjöld á rekstrarreikningi rúmlega 640 millj. kr. Við munu svo bætast útgjaldamegin áhrifin af hækkunum vegna tillagna samvn. samgm. verði þær samþykktar og vegna tillagna menntmn. um heiðurslaun listamanna verði þær samþykktar. Engu að síður er ljóst að mjög verulegur rekstrarafgangur, yfir 600 millj. kr., verður á ríkissjóði samkvæmt þeirri afgreiðslu sem hér er lögð til.

Ég lét þess getið í ræðu minni við 2. umr. fjárlaga að við afgreiðslu á tekjuöflunaráformum mundi reyna mjög á ábyrgð alþingismanna, bæði stjórnarþingmanna og annarra. Alþingismenn yrðu að vera reiðubúnir að horfast í augu við þá ábyrgð Alþingis að sjá fyrir tekjuöflun til þeirra útgjalda sem ákveðin eru með fjárlögum. Ýmsir urðu til að draga í efa að þau orð fengju staðist að stuðningur mundi verða á Alþingi við óhjákvæmilega tekjuöflun fyrir ríkissjóð. Niðurstaðan liggur nú fyrir. Sá stuðningur reyndist vera fyrir hendi. Þrátt fyrir spár og jafnvel fullyrðingar um að hið gagnstæða mundi gerast reyndist vera fyrir hendi á Alþingi sú ábyrgðartilfinning að ekki mætti afgreiða fjárlög með halla við núverandi aðstæður og að viðbótartekna yrði að afla til að tryggja það. Efasemdir um að slíkt mundi ekki gerast reyndust ekki á rökum reistar.

Fjárlög eru auðvitað aldrei annað og meira en afgreiðsla greiðsluheimilda úr ríkissjóði til tiltekinna viðfangsefna og byggist sú afgreiðsla annars vegar á spá um tekjuöflun og áætlun um útgjaldaþarfir og hins vegar á áformum ríkisstjórnar og meiri hluta

Alþingis um tilteknar aðgerðir í ríkisfjármálum. Spár geta auðvitað reynst rangar og áætlanir ekki byggðar á nægilega traustum grunni. Reynslan ein sker úr um hvort svo er. Í fjárlagaafgreiðslunni nú er eins og jafnan áður byggt á haldbestu upplýsingum um þjóðhagshorfur sem tiltækar eru og áætlanir fjárlaga um útgjaldaþarfir eru sömuleiðis byggðar á eins vönduðum grunnupplýsingum og tök voru á að afla. Hvað þessi atriði varðar er fjárlagagerðin nú hvorki byggð á traustari né ótraustari grunni en gerist og gengur.

Hins vegar má segja að væntanleg útkoma sé nú í ríkara mæli en oft áður byggð á áformum stjórnvalda um tilteknar breytingar. Er hér fyrst og fremst um að ræða áform um lækkun útgjalda, en á bak við allar þær áætlanir búa tiltekin áform um athafnir og breytingar. Hvort slíkar áætlanir standast er svo undir því komið hversu ríkur viljinn er til að standa við áformin. Í þessum efnum gerir hinn góði vilji mjög takmarkaða stoð. Til þess að staðið verði við áætlanir fjárlaga verður að standa við framkvæmdaáformin sem að baki búa. Ríkisstjórnin verður að meina það sem hún segir og framkvæma það. Skorti á viljann og framkvæmdina verða áformin ekki virði þess pappírs sem þau eru skráð á. Þetta á ekki hvað síst við um áætlanir þær um lækkun launakostnaðar sem í fjárlagaafgreiðslunni felast. Árangurinn þar er undir framkvæmdinni kominn. Þar er hægt að ná þeim árangri sem áformaður er. Það er engin spurning. Spurningin er miklu frekar hvort stjórnvöld heykjast þegar á hólminn er komið og menn standa frammi fyrir erfiðum ákvörðunum ellegar hvort menn láta undan kröfum þrýstihópanna og hopa af hólmi þegar á reynir.

Virðulegi forseti. Með þessari fjárlagaafgreiðslu er fullnægt þeirri kröfu stjórnarandstöðunnar, sem fram kom strax við 1. umr. um fjárlögin, að þegar afgreiðsla fjárlaga færi fram væri búið að sýna fram á með afgreiðslum á Alþingi að stuðningur væri við þá tekjuöflun sem til þyrfti svo séð yrði fyrir tekjum vegna þeirra útgjalda sem áformuð eru. Það hefur verið gert. Fjárlögin verða þannig afgreidd.

Einnig komu fram óskir um að áður en til lokaafgreiðslunnar væri gengið hefði ríkisstjórnin lagt fram og fengið afgreiddar hugmyndir sínar og tillögur um endurreisn atvinnulífsins á Íslandi. Þar er hvorki um að ræða einfalt né auðvelt mál og tengist ekki nema að litlu leyti fjárlagaafgreiðslu, m.a. það sem ítrekað hefur fram komið, að meginatriði þeirra efnahagsaðgerða verða ekki sú hin mikla gengisfelling og samsvarandi lífskjaraskerðing sem sumir stjórnarandstæðingar hafa krafist.

Sú gengisbreyting sem gerð var fyrir nokkrum dögum er aðeins ætluð til að koma til móts við þá óhagkvæmu þróun gengismála, einkum og sér í lagi varðandi gengi bandaríkjadollars, sem rýrt hefur afkomumöguleika íslenskra útflutningsatvinnuvega að sama skapi. Eftir gengisbreytinguna verður staða þeirra svipuð og hún var í september eftir þær aðgerðir sem ríkisstjórnin gerði þá, enda var gengisbreytingunni þann 2. janúar sl. aldrei ætlað annað og meira hlutverk.

Um það er enginn ágreiningur að ástæða er til þess og hún rík að grípa til heildstæðra aðgerða í efnahags- og atvinnumálum til að tryggja útflutningsatvinnuvegunum eðlileg rekstrarskilyrði. Ríkisstjórnin vinnur nú að slíkri tillögugerð. Vissulega hefði verið æskilegt að niðurstaða hefði legið fyrir áður en fjárlög yrðu afgreidd, ekki vegna þess að þær tillögur sem væntanlegar eru tengist svo mjög sjálfri fjárlagaafgreiðslunni heldur vegna hins að því fyrr sem tillögurnar koma fram og hljóta afgreiðslu, því betra. Staðreyndin er hins vegar sú að þegar fjárlög eru nú tilbúin til afgreiðslu liggja þessar tillögur enn ekki fyrir. Þar eð fjárlögin liggja tilbúin til afgreiðslu er ástæðulaust að bíða með þá afgreiðslu þótt umræddar tillögur séu ekki komnar fram. Auðvitað væri áskjósanlegast að geta leyst öll meiri háttar vandamál efnahagslífsins á einni og sömu stundu, en sjaldnast geta menn gengið þannig til verka heldur verða menn að takast á við viðfangsefnin í þeirri röð sem þau ber að.

Vandamálin varðandi afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1989 eru leyst. Fjárlögin eru tilbúin til endanlegrar afgreiðslu og við skulum ganga til þeirrar afgreiðslu án nokkurra óþarfatafa. Þá mun betra ráðrúm gefast til að snúa sér að öðrum viðfangsefnum sem ekki eru síður vandasöm.

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins geta þess í lokin að þær breytingar sem orðið hafa á frv. til fjárlaga fyrir árið 1989 síðan það fyrst kom fram á Alþingi í nóvember eru, þegar tekið er tillit til þeirra aðgerða sem gerðar hafa verið, útgjaldaaukning upp á 329,1 millj. kr. Þetta samsvarar hækkun um 0,43% á útgjöldum fjárlaga í meðferð Alþingis. Ég efast um að það hafi nokkurn tíma áður gerst að fjárlagafrv. hafi verið afgreitt með svo lítilli útgjaldaaukningu eftir þá meðferð sem fjárlagafrv. fær hér á Alþingi. Vaninn er að útgjaldaaukningin í meðförum Alþingis nemi um 3%. Nú nemur hún 0,43%. Þetta sýnir, virðulegi forseti, vilja Alþingis og ríkisstjórnar til að standa þannig að afgreiðslu fjárlaga að fyllsta tillit sé tekið til þess árferðis sem nú ríkir í efnahagsmálum á Íslandi.

Ég legg svo til, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umræðu verði gengið til atkvæða og samþykktar þær tillögur sem meiri hl. fjvn. flytur og fjvn. í heild og fjárlög fyrir árið 1989 þannig samþykkt.

Frsm. samvn. samgm. (Karvel Pálmason):

Virðulegi forseti. Ég vil með örfáum orðum gera grein fyrir nál. samvn. samgm. og einnig þeim tillögum sem hún leggur til að samþykktar verði hér.

Ég vil strax byrja á því að þakka meðnefndarmönnum mínum fyrir samstarfið. Það gekk greiðlega eins og ávallt og nánast hnökralaust og miðað við aðstæður vona ég að flestir ef ekki allir séu tiltölulega ánægðir þó að úr litlu hafi verið að moða, það skal tekið fram.

Ég ætla ekki að fara í gegnum nál., en vil aðeins segja örfá orð um það.

Samvn. samgm. hafði að venju fjallað um erindi þau sem Alþingi hafa borist um framlög á fjárlögum til stuðnings við rekstur flóabáta vegna vöru- og fólksflutninga á einstökum svæðum. Farsvæði þessara báta eru á Faxaflóa, á Breiðafirði, á Ísafjarðardjúpi, á leiðinni frá Þorlákshöfn til Vestmannaeyja. Enn fremur eru flutningastyrkir á Eyjafirði og milli Mjóafjarðar og Neskaupstaðar. Jafnframt hefur nefndin tekið fyrir og rætt erindi sem borist hafa vegna flutninga á landi, svo sem til reksturs snjóbifreiða eða vegna mikils snjómoksturs þar sem erfitt reynist fyrir viðkomandi byggðarlög að standa straum af þeim kostnaði sem þau verða að bera samkvæmt snjómokstursreglum Vegagerðarinnar.

Enda þótt reglurnar hafi verið nýrýmkaðar á síðustu árum verða íbúar í snjóþungum héruðum fyrir verulegum kostnaði umfram aðra þegna þjóðfélagsins við að halda uppi nauðsynlegum samgöngum. Til að minnka eitthvað þennan aðstöðumun hafa verið veitt á fjárlögum hvers árs framlög til þeirra aðila sem að dómi nefndarinnar eru verst settir að þessu leyti.

Halldór S. Kristjánsson, skrifstofustjóri samgrn., og *Guðmundur Einarsson, forstjóri Skipaútgerðar* ríkisins, mættu á fundum nefndarinnar og veittu henni margvíslegar upplýsingar sem komu nefndinni að verulegu gagni og færir nefndin þeim sérstakar þakkir fyrir störf þeirra í hennar þágu.

Á undanförnum árum hefur í framsögu fyrir tillögum nefndarinnar verið gerð nákvæm grein fyrir einstökum þáttum þeirra, sérstaklega varðandi hin stærri verkefni, þ.e. flutninga á sjó. Þar sem fyrir þessum þáttum er skilmerkilega gerð grein í áliti nefndarinnar sé ég ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um einstaka báta heldur vísa til nál. sem er á þskj. 402. Þar er gerð, að ég hygg, nokkuð rækileg grein fyrir þessum þáttum.

Ég vil taka fram að flestöllum umsóknum fylgdu greinargóðar upplýsingar um viðkomandi verkefni og á þetta einkum við um flutninga á sjó. Enda þótt þeir aðilar sem styrks til landflutninga njóta hafi einnig sent nefndinni greinargóðar upplýsingar um rekstur og annað er umsóknina varðar er í nokkrum tilvikum misbrestur á því að reikningar fylgi umsókn og voru nefndarmenn sammála um að styrkur yrði ekki greiddur á næsta ári fyrr en reikningar bærust samgrn. fyrir yfirstandandi ár.

Enn fremur vill nefndin beina því til samgrn. að þeim aðilum sem fá stofnstyrki undir liðnum Flutningar á landi verði kynnt sú meginregla nefndarinnar að stofnstyrkir vegna ákveðinna verkefna verði eingöngu veittir í þrjú ár. Tekið skal fram til fróðleiks að nefndin hefur við úthlutun stofnstyrkja að jafnaði við það miðað að hann verði ekki hærri samtals en helmingur kostnaðar við kaup á vélum og tækjum.

Ég mun nú víkja að tillögunni og þeim breytingum sem nefndin er sammála um að gera á fjárframlagi til þessara málaflokka á fjárlögum fyrir árið 1989.

Nefndin leggur til að framlag til flóabáta og völuflutninga verði 109 millj. 609 þús. á árinu 1989. Samsvarandi upphæð á fjárlögum 1988 var 92 millj. 719 þús. Hér er um að ræða 18% hækkun milli ára. Til flutninga á landi er lagt til að verja 16 millj. 49 þús., en fyrir árið 1988 var upphæðin 14 millj. 289 þús. Hækkun á þessum lið nemur um 12%. Til reksturs flóabáta og skyldra verkefna leggur nefndin til að framlagið verði 93 millj. 560 þús., en samsvarandi framlag 1988 var 78 millj. 430 þús., hækkun er um 19%.

Nefndin leggur til að veittir verði styrkir til 54 verkefna vegna flutninga á landi, tveimur færri en eru á fjárlögum fyrir árið 1988. Af þessum liðum leyfi ég mér að gera að umtalsefni nokkur atriði og nefni fyrst tvö verkefni sem lagt er til að fái stofnstyrk fjórða árið í röð. Er hér um algjöra undantekningu að ræða og alls ekki til eftirbreytni. Hér er átt við stofnstyrki til vetrarsamgangna í Árneshreppi, það er liður nr. 18 í brtt. og til snjóbifreiðar í Oddsskarði og Fagradal, liður nr. 47. Nefndin hefur farið fram á það við samgrn. að þessum aðilum verði ritað bréf og þeim tilkynnt að ekki verði um frekari stofnstyrkveitingar til þeirra að ræða að öllu óbreyttu.

Ég leyfi mér enn fremur að minnast á lið nr. 54 í tillögunum, Óráðstafað, en um hann er það að segja að hann er fyrst og fremst hugsaður sem sjóður sem hægt yrði að grípa til í neyðartilvikum þegar samgöngur teppast og grípa þarf til dýrari flutningstækja. Slíkir flutningar yrðu síðan greiddir samkvæmt reikningi og hefur verið farið fram á það við Halldór S. Kristjánsson, skrifstofustjóra í samgrn., að hann annist greiðslu slíkra reikninga í samráði við formenn samgn. Alþingis.

Til reksturs flóabáta og skyldra verkefna leggur nefndin til að styrkir verði veittir til níu verkefna eða til sömu verkefna og á fjárlögum fyrir árið 1988.

Ég sagði í upphafi að ég mundi hafa tiltölulega fá orð um þessar tillögur. Ég held að nál. á þskj. 402 skýri það sem skýra þarf í þessum efnum og vitna til þess þannig að þm. geti kynnt sér það. Venjan hefur verið sú að brtt. nefndarinnar hafa verið lesnar upp, lið fyrir lið. Ég hyggst ekki gera það nú, ég tel ekki ástæðu til slíkra hluta. Þær till. sem nefndin gerir liggja fyrir á þskj. 403. Það geta þingmenn allir kynnt sér gaumgæfilega.

En nefndin leggur að sjálfsögðu til að þetta verði samþykkt og undir það rita í nál. Karvel Pálmason, Hjörleifur Guttormsson, Guðmundur Ágústsson, Guðni Ágústsson, Stefán Guðmundsson, Árni Gunnarsson, Jón Helgason, Ólafur Þ. Þórðarson, Þorv. Garðar Kristjánsson, Friðjón Þórðarson, Skúli Alexandersson, Egill Jónsson, Ingi Björn Albertsson og Matthías Á. Mathiesen.

Samvn. samgm. er sammála um að leggja til að þær tillögur sem hér liggja fyrir við afgreiðslu fjárlaga til þessa þáttar í fjárlögunum verði samþykktar.

Frsm. minni hl. fjvn. (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Við 2. umr. þessa máls þann 16. des. sl. gerði ég ítarlega grein fyrir því hversu fjárlagafrv. væri reist á ótraustum grunni. Ég gerði enn fremur grein fyrir því að í fjárlagafrv. felst alvarleg atlaga að atvinnuvegunum og landsbyggðinni og ég vakti athygli á því hvernig frv. stangast á við yfirlýsingar og loforð hæstv. ríkisstjórnar sem hún gaf þjóðinni þegar hún var mynduð.

Í sameiginlegu nál. minni hl. fjvn. fyrir þá umræðu var enn fremur gerð grein fyrir þeirri skoðun okkar, sem erum fulltrúar stjórnarandstöðunnar í fjvn., að áður en fjárlagafrv. væri tekið til lokaafgreiðslu væri óhjákvæmilegt að tvennt hefði gerst: Í fyrsta lagi að ríkisstjórnin hefði mótað stefnu í efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar sem gæti orðið grundvöllur raunhæfra forsendna fyrir fjárlög næsta árs. Í öðru lagi að skattafrv. ríkisstjórnarinnar hefðu hlotið afgreiðslu Alþingis þannig að hægt væri að áætla tekjuhlið fjárlaganna.

Telja verður að síðara atriðinu af þessum tveimur hafi verið fullnægt. Skattafrv. hæstv. ríkisstjórnar voru afgreidd frá Alþingi þann 22. des. Útreikningar er varða tekjuhlið frv. nú við lokaafgreiðslu eru m.a. byggðir á þeim ákvörðunum sem teknar voru við afgreiðslu á skattafrv. ríkisstjórnarinnar fyrir jólin en auk þess á nýjum skattaálögum hæstv. fjmrh. og ríkisstjórnar nú um áramótin.

Á hinn bóginn hefur hæstv. ríkisstjórn enn enga stefnu tekið í efnahags- og atvinnumálum sem þjóni því markmiði að annars vegar verði hægt að byggja upp nýjar og raunhæfar forsendur fyrir afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár og hins vegar að gefa atvinnuvegunum möguleika á því að byggja upp nýja undirstöðu fyrir lífvænlega afkomu og atvinnuöryggi, að snúa við frá botnlausum hallarekstri og skuldasöfnun yfir í viðunandi rekstrarafkomu.

Þrátt fyrir þetta stefnuleysi hæstv. ríkisstjórnar er fjárlagafrv. nú komið til 3. umr. Það þýðir að hæstv. ríkisstjórn hefur ákveðið að afgreiða fjárlög fyrir hið nýbyrjaða ár með forsendum sem eru gjörsamlega í lausu lofti og verður ekki betur lýst í einu orði en gert var af forseta Alþýðusambands Íslands, Ásmundi Stefánssyni, en hann sagði að forsendur fjárlagafrv. væru rugl.

Ég hlýt að mótmæla því að fjárlög séu afgreidd með þessum hætti. Þegar raunhæfar forsendur vantar við afgreiðslu fjárlaga er fjárlagadæmið allt á sandi byggt.

Ég undrast það að hæstv. ríkisstjórn skyldi ekki nota þinghlé um jól og áramót til þess að móta stefnu í efnahagsmálum sem dygði til þess að fjárlagaafgreiðsla gæti orðið með trúverðugum hætti og að vandamál atvinnuveganna yrðu leyst.

Allir virðast sammála um það að sú gengisfelling sem hæstv. ríkisstjórn greip til nú eftir áramótin leysi engan vanda. Meira að segja hæstv. ríkisstjórn sjálf segist vera að leitast við að ná sömu stöðu fyrir atvinnuvegina og var í september þegar hún tók við. Hærra er nú ekki risið á þeim aðgerðum. Samt er þetta nú ekki niðurstaðan.

Samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar var halli á rekstri sjávarútvegsins, veiða og vinnslu, metinn 2,5% við stjórnarskiptin í september, en 4,5% í nóvembermánuði og hafði þá hallarekstrinn nærri því tvöfaldast. Samkvæmt áliti Þjóðhagsstofnunar í gær var halli sjávarútvegsins, þ.e. botnfiskveiða og vinnslu, nú metinn um 5% eftir gengisfellingu. Þrátt fyrir síðustu kákráðstafanir ríkisstjórnarinnar, þ.e. gengisfellingu eftir áramótin og skattahækkanir hennar, sem snerta atvinnurekstrinn á mörgum sviðum, þá hefur afkoma sjávarútvegsins, veiða og vinnslu, versnað um helming frá því að ríkisstjórnin tók við.

Þannig er nú niðurstaðan samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar. Þetta er staðan þegar hæstv. ríkisstjórn hefur setið að völdum í rúma þrjá mánuði. Þetta er sú hæstv. ríkisstjórn sem lýsti því yfir að hún væri mynduð til þess að leysa bráðan efnahagsvanda þjóðarinnar, rétta við stöðu útflutningsgreinanna, forðast atvinnuleysi og hemja verðbólgu. Lokið væri tímabili óþolandi óvissu og úrræðaleysis, upp væri runninn tími aðgerða, tími tillagna væri að baki.

Digurbarkalegar yfirlýsingar hæstv. ríkisstjórnar frá því í haust duga henni ekki lengur. Allir sjá að óvissunni er ekki lokið, allir sjá að úrræðaleysi er alls ráðandi, allir sjá að hæstv. ríkisstjórn horfir á það vitandi vits að útflutningsatvinnuvegirnir eru að fara fram af bjargbrúninni. Það er orðið tímabært að spyrja þessa hæstv. ríkisstjórn — hér er enginn til andsvara úr þeim hópi og ég hlýt enn að undrast það að þegar fulltrúar stjórnarandstöðunnar í fjvn. ræða um fjárlög hér í hv. sameinuðu Alþingi, þá hirða hæstv. ráðherrar og núv. ríkisstjórn ekki um að vera við í salnum. Ég hlýt að fara fram á það við hæstv. forseta að gerðar verði ráðstafanir til þess að ráðherrar hæstv. ríkisstjórnar mæti hér við umræðuna, a.m.k. hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. Ég er reiðubúinn til þess að gera hlé á máli mínu meðan þeir eru sóttir. (**Forseti:** Forseti mun gera ráðstafanir til þess að hafa samband við fjmrh.) Hæstv. forseti, ég ætti kannski að fá mér sæti á meðan? (**Forseti:** Það er hv. þm. í sjálfsvald sett. — Forseti hefur ákveðið að fresta fundi í 5 mínútur. — Hæstv. fjmrh. er nú kominn til leiks og hv. 2. þm. Norðurl. v. heldur áfram máli sínu.)

Virðulegi forseti. Ég gerði hlé á máli mínu og óskaði eftir því að ráðherrar úr hæstv. ríkisstjórn væru hér viðstaddir þessa umræðu. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem ég hef þurft að gera athugasemd við umræðu um fjárlög á þessum vetri vegna þess að hæstv. ráðherrar hafi ekki hirt um að vera við fjárlagaumræðu. Þetta er í þriðja sinn í jafnmörgum umræðum sem ég hef þurft að kvarta undan því að hæstv. fjmrh. hafi ekki verið við umræðu. Í þriðja sinn í þremur umræðum hef ég þurft að vekja á því athygli að hæstv. fjmrh. sjálfur og hæstv. ríkisstjórn

sýnir ekki þingheimi þá virðingu að vera við umræðu um fjárlög hér á hv. Alþingi. Hæstv. fjmrh. hefur í sumum þessara umræðna verið hér eins og fló á skinni. Hann hefur vikið úr þingsalnum og það kann að geta verið afsakanlegt að fjmrh. hæstv. og aðrir hæstv. ráðherrar víki úr þingsal undir umræðu sem þá og þeirra málaflokka snertir sérstaklega, en það er alla jafna venja og siður að það sé þá gert undir þeim kringumstæðum að þeirra meðhaldsmenn séu í ræðustól en ekki stjórnarandstæðingar.

Nú vildi svo til að hæstv. ráðherra var ekki mættur hér á réttum tíma þegar umræða hófst og enginn ráðherra úr hæstv. ríkisstjórn. Ég fagna því að sjálfsögðu að hæstv. fjmrh. skuli hafa séð sér fært að koma hingað til fundar því það er mér ánægja að horfa til hans annað veifið í minni ræðu, en ég hlýt enn að vekja á því athygli að aðrir hæstv. ráðherrar sýna þingheimi ekki þá virðingu að vera hér viðstaddir. Hæstv. forsrh. var ekki hér viðstaddur þegar 1. umr. og 2. umr. um fjárlög fóru fram. Hann sagði að við 2. umr. hefði hann verið staddur erlendis, sem vel má vera rétt, en þá þess heldur hefði hann átt að sýna Alþingi þá virðingu að vera viðstaddur við umræðu hér í dag og í kvöld. Ekki er við hæstv. fjmrh. að sakast um þessi efni en það er furðu fáskipað úr röðum þeirra stjórnarliða. Hér sé ég t.d. einungis tvo hv. þm. Framsfl. og engan ráðherra úr þeirra röðum. (**Gripið fram í:** Það er óvenju góð mæting.) Og það er líklega óvenju góð mæting. En ég sé hér út undan mér að hæstv. utanrrh. er mættur í hliðarsal og fyrrv. fjmrh. (**Gripið fram í:** Þeir eru mættir hérna tveir.) Þeir eru hér mættir formenn AA-samtakanna sem ætla sér að fara um á rauðu ljósi í endurhæfingu og væntanlega til þess að bæta eigið skinn og e.t.v. að reyna að verða einhverjum landsmönnum til skemmtunar. Hvað sem út úr því kemur þá er sjálfsagt fagnaðarefni að þeir skuli vera hér mættir við þessa umræðu.

Ég hafði lokið við að flytja nokkurn pólitískan inngang að ræðu minni sem vitaskuld var sérstaklega ætlaður hæstv. ráðherrum í núv. hæstv. ríkisstjórn. Ég mun þó ekki gera það öðrum hv. þm. hér til skapraunar að fara að flytja ræðu mína aftur en ég hef minnt á það í þessum ræðukafla að sú ríkisstjórn, sem nú situr að völdum og er búin að sitja í þrjá mánuði, var mynduð til þess, að eigin sögn, að ráða bót á því efnahagsástandi sem við er að fást, að rétta við stöðu atvinnuveganna, að bægja frá hættu á atvinnuleysi og að vinna gegn verðbólgu.

Þessi ríkisstjórn hefur enn enga stefnu tekið sem sýnir það að hún ætli að vinna þessi verk þrátt fyrir það að liðnir séu þrír mánuðir frá því að hún tók við völdum. Hún lýsti því yfir þegar hún tók við að nú væri að baki tími tillagna, nú væri tími aðgerða, sagði hæstv. núv. utanrrh. Hæstv. forsrh. sagði: Atvinnuvegirnir þola ekki lengri bið. Það þarf að bregðast við því ástandi sem er í atvinnumálum og efnahagsmálum þjóðarinnar ef atvinnuvegirnir eiga ekki að hrynja. Síðan hefur ekkert gerst sem mark er á takandi, sem gagn er að, ekkert verið gert sem gagn er að að mati þeirra aðila sem eru í forsvari fyrir atvinnuvegina, jafnvel ekki heldur hinna sem eru í forsvari fyrir launþega í landinu. Ég lýsti því hér í þessum inngangi að ræðu minni hvernig staðan í sjávarútveginum væri að mati Þjóðhagsstofnunar, en samkvæmt því mati var hallarekstur sjávarútvegsins, veiða og vinnslu, metinn í septembermánuði við stjórnarskiptin 2,5%. Í nóvembermánuði var hallinn kominn í 4,5% og hafði þá nálega tvöfaldast. Og í gær, eftir að ríkisstjórnin hafði gripið til nokkurrar gengisfellingar og skattahækkana og annarra kákráðstafana sem hún hefur verið að smáfikta við núna síðustu dagana, þá er hallinn kominn í 5% samkvæmt mati Þjóðhagsstofnunar, eftir gengisfellinguna. Forustumenn þessarar hæstv. ríkisstjórnar sögðu: Það má ekki dragast lengur að grípa til aðgerða, það er ekki hægt að koma aðgerðum fram vegna þess að Sjálfstfl. flytur tillögur sem við getum ekki fallist á, við þurfum að losna við Sjálfstfl. úr ríkisstjórninni til þess að geta komið fram nauðsynlegum aðgerðum. Ríkisstjórnin hefur nú setið í þrjá mánuði. Og afraksturinn er þessi: Halli sjávarútvegsins hefur tvöfaldast. Það er von að hæstv. ráðherrar séu ánægðir með frammistöðuna.

Ég endurtek það að eitt af því sem ég sagði fyrr í ræðu minni var að digurbarkalegar yfirlýsingar núv. hæstv. ríkisstjórnar duga ekki lengur. Það sjá allir að óvissunni er ekki lokið. Það sjá allir að úrræðaleysi er alls ráðandi. Og það sjá allir að hæstv. ríkisstjórn horfir á það vitandi vits að útflutningsatvinnuvegirnir eru að fara fram af bjargbrúninni. Það er orðið tímabært að spyrja þessa hæstv. ríkisstjórn hvort hún hafi verið mynduð til þess að knésetja allan einkarekstur í undirstöðugreinum landsmanna. Aðgerðarleysi hæstv. ríkisstjórnar knýr slíkar spurningar fram.

Það er sannarlega engin furða þótt forstjóri Þjóðhagsstofnunar leggi á það áherslu að enn ríki veruleg óvissa um ýmsar mikilvægar forsendur þjóðhagsspár fyrir árið 1989. Og hann bætir við í greinargerð sinni til fjvn., með leyfi hæstv. forseta:

„Hvað þróun innlendra efnahagsmála snertir á árinu 1989 ríkir ekki síður mikil óvissa. Fyrir þessu eru margar ástæður. Í fyrsta lagi er gerð kjarasamninga fram undan. Í öðru lagi er afkoma útflutningsatvinnuvega og samkeppnisgreina almennt erfið um þessar mundir. Í þriðja lagi rennur verðstöðvun úr gildi í febrúarlok. Loks er erfitt að meta með nákvæmni áhrif skattabreytinga um áramótin á verðlag og aðrar þjóðhagsstærðir."

Hér er vitaskuld hófsamlega að orði komist en kjarninn leynir sér ekki. Hann er sú algera óvissa sem ríkir á öllum sviðum efnahags- og atvinnumála um þessar mundir sem er meiri en oftast áður, ef til vill meiri en nokkru sinni fyrr.

Hæstv. fjmrh. lýsti því yfir þegar fjárlagafrv. var kynnt við 1. umr. að engin erlend lán yrðu tekin vegna A-hluta ríkissjóðs á árinu 1989. Til þess að gera þetta mögulegt hefur hæstv. ráðherra væntanlega ætlað sér að taka sem allra mest erlend lán fyrir

áramót til að geta kennt öðrum um lánaþörfina. Á fundi fjvn. í gær var því lýst yfir að ekki hefði komist í verk að taka nema 3,3 milljarða kr. erlend lán nú fyrir áramótin og því yrði að gera ráð fyrir erlendum lántökum á næsta ári sem nemi um 4,6 milljörðum kr. Svona fór nú um sjóferð þá. Það er í sjálfu sér ekkert nýtt og þetta er ekkert einstakt að þær yfirlýsingar sem koma frá hæstv. fjmrh. eða hæstv. ríkisstjórn standist ekki heldur breytist í andhverfu sína. Það er ekki nýtt.

Á þessu ári er einnig gert ráð fyrir því að um verði að ræða hrikalegan viðskiptahalla á þjóðarbúskapnum og viðskiptum okkar við útlönd eða sem svarar um 14 milljörðum kr. sem er hækkun um 2½ milljarð frá því sem áætlað er að verði í ár og er þó viðskiptahalli ærinn fyrir. Þannig að það er ekkert lát á hallarekstrinum, hallarekstri þjóðarbúsins gagnvart útlöndum, það er ekkert lát á þessu, þrátt fyrir yfirlýsingar hæstv. fjmrh., að það eigi að fleyta okkur áfram á erlendum lánum.

Frá því að 2. umr. um fjárlagafrv. fór fram hafa orðið nokkrar breytingar á gengis- og verðlagshorfum fyrir þetta ár í kjölfar 4% gengisfellingar. Að mati Þjóðhagsstofnunar raskar það forsendum fjárlagafrv. verulega í þessu efni. Er nú talið að framfærsluvísitalan hækki um 15% á milli áranna 1988 og 1989 í stað 12% í forsendum fjárlagafrv. Vanmat fjárlagafrv. í þessu efni er þegar orðið 2,7%. Atvinnutekjur eru taldar hækka um 8% í stað 6% í þjóðhagsspá og nemur sú hækkun um 1,9%. Að lokum er áætlað, eftir þær breytingar sem urðu á gengi eftir áramót, að gengið hækki um 12% á milli ára í stað 7% í forsendum fjárlagafrv. og nemur vanmat sem þegar er fram komið af þessum sökum því um 4,7%.

Breytingar á forsendum frv. í A-hluta hafa verið uppfærðar harla lauslega fyrir 3. umr., harla lauslega. Það var líkast því sem hæstv. ríkisstjórn, hæstv. fjmrh. og hv. meiri hl. fjvn. gerði sér litla grein fyrir því að það væri tilefni til þess að reikna fjárlagafrv. upp eftir að gengi hafði verið breytt á milli 2. og 3. umr. Því fyrst klukkan að ganga tólf í gærkvöldi var hafið það verk að reikna upp forsendur B-hluta frv. Það var svo seint að minni hl. lét sér það nægja að fá þá ákvörðun fram og sá ekki tímans vegna tilefni til að krefjast fundar til þess að leggja niðurstöðurnar fyrir nefndina í heild. Því kunna að vera inni í uppfærslu B-hlutans atriði sem gætu komið minni hlutanum á óvart. En þetta er tákn um þau flausturslegu vinnubrögð sem verða í afgreiðslu stórmála þegar svo er haldið á málum í tímaþröng eins og hér er gert á hinu háa Alþingi undir yfirstjórn hæstv. ríkisstjórnar.

Varðandi A-hlutann er það sjáanlegt að uppfærslan er í hæsta máta óljós í þeim plöggum sem meiri hlutinn hefur lagt fram. Hvað varðar tekjur ríkissjóðs er aðeins sagt að búið sé að taka tillit til breyttra forsendna og eru áhrifin hvergi sýnd sérstaklega. Okkur í fjvn. er aðeins sagt að sú tala sem sýnd er í tekjuhlið taki bæði tillit til meiri samdráttar í efnahagsstarfseminni en upphaflega var ráð fyrir gert og vegna breyttra verðlagsforsendna.

Að því er gjaldahliðina snertir er óvissan einnig mikil. Launatölum frv. er haldið óbreyttum þrátt fyrir að atvinnutekjur séu taldar hækka um 1,9% umfram það sem gert er ráð fyrir í spám þjóðhagsáætlunar. Að vísu er um sömu tölu að ræða eða 8% eins og gert er ráð fyrir í forsendum fjárlagafrv. Sömu meðferð fá síðan allir tilfærsluliðir frv., þar með taldar tryggingabætur. Í því hlýtur að felast áætlun hæstv. ríkisstjórnar að ef þessi niðurstaða um launamálin ekki stenst í þessum útreikningum, þá beri tryggingar þegar skertan hlut. Eða er það meiningin að hækka þá útgjöld til Tryggingastofnunar ríkisins til þess að mæta því sem á kann að vanta? Það væri ákjósanlegt að fá um það svör hér í þessari umræðu.

Einu tilburðir hæstv. fjmrh. til þess að taka tillit til breyttra verðlagshorfa árið 1989 í A-hluta er 160 millj. kr. hækkun í rekstrarútgjöldum og 190 millj. kr. hækkun á vaxtagjöldum. Þær hækkanir virðast einnig verulega vanmetnar. Ekki er talin nein þörf á hækkun á launum og tryggingabótum eins og áður sagði vegna breyttra forsendna og því er skyndilega haldið fram að í frv. til fjárlaga hafi verið áætlað svigrúm til að mæta þessum verðhækkunum. Það er vissulega nýmæli að þannig séu málin skýrð.

Ég vil geta þess hér að miðað við þá útreikninga sem ég hef látið gera nokkuð lauslega og unnið að á þeim stutta tíma síðan þessi mál lágu fyrir í gær, þá sýnist mér að sú uppfærsla sé vanmetin sem gerð hefur verið af hv. meiri hl. nefndarinnar á rekstrargjöldum og vöxtum. Á það við báða þessa liði. Mér sýnist að þessi uppfærsla sé vanmetin samtals um a.m.k. 140 millj. kr. og er þá ósvarað þeirri spurningu hvort hér sé rétt að verki staðið varðandi launaútgjöld, tilfærslur og tryggingabætur. Þetta er vitaskuld ekki það eina sem vanmetið er í þessari afgreiðslu fjárlaga og kem ég nokkuð að því síðar. — Ég hlýt að bjóða tvo hæstv. ráðherra Framsfl. velkomna í salinn til þess að vera við umræður um fjárlög. Það er mikil nýlunda að sjá hér hæstv. forsrh. Hæstv. heilbrmrh. hefur setið hér stundarkorn við 2. umr., enda er hann þessum málum kunnugur frá fyrri tíð.

Við 2. umr. lét ég þess getið að sýnilegt væri af skattaáformum hæstv. ríkisstjórnar að árið 1989 ætti að verða skattaárið mikla. Sú verður og raunin. Þrátt fyrir að hæstv. ríkisstjórn tækist ekki að koma fram öllum þeim skattaáformum, sem hún hafði hugsað sér, fyrir jólaleyfi nema skattaálögur á þessu ári samkvæmt nýjum lögum hæstv. ríkisstjórnar samtals 3 milljörðum 955 millj. kr. að mati hagdeildar fjmrn. Stendur þá út af það sem hæstv. ríkisstjórn tókst ekki að koma fram, en það er lagasetning um tekjuskatt á fjármagnstekjur, sem áætlaður var um 150 millj. kr., skatt á orkufyrirtæki, einnig um 150 millj. kr., og skatt á happdrættismiða og skylda starfsemi, lottó og getraunir, um 400 millj. kr., eða samtals um 700 millj. kr. af áætluðum

skattaáformum hæstv. ríkisstjórnar sem ekki tókst að koma í gegnum Alþingi, a.m.k. ekki enn sem komið er.

Hæstv. fjmrh. brá því býsna hart við um áramótin og hækkaði með reglugerð ýmsa skatta til ríkisins, þ.e. bensíngjald um 600 millj. kr., þungaskatt af dísilbifreiðum um 190 millj. kr., innflutningsgjald af bílum um 400 millj. kr. og einnig er áætlað að hækka áfengi og tóbak og nemi sú hækkun um 450 millj. kr. þ.e. ef hæstv. ríkisstjórn telur sig hafa heimildir til samkvæmt verðstöðvunarákvæðum. Samtals er því áætlað af hagdeild fjmrn. að nýir skattar, sem lagðir eru á samkvæmt reglugerðum á þessu ári, nemi um 1640 millj. kr. Alls eru því nýir skattar, sem álagðir eru um þessi áramót, samtals rétt tæpir 6 milljarðar kr. Enn fremur er rétt að taka með í þennan útreikning ákvörðun hæstv. ríkisstjórnar um að fresta gildistöku virðisaukaskatts frá miðju þessu ári til næstu áramóta, en sú ákvörðun er talin færa ríkissjóði 1200 millj. kr. í auknar tekjur. Samtals er því áætlað að ný skattheimta á þessu ári samkvæmt mati hagdeildar fjmrn. nemi samtals um 7,2 milljörðum kr.

Við Íslendingar höfum því eignast nýjan skattakóng, sem er hæstv. fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson. Og þegar hann fer að ferðast um landið ásamt hæstv. utanrrh. undir yfirskriftinni „Á rauðu ljósi", *mun hann vafalaust hæla sér af því að hafa gert árið* 1989 að skattaárinu mikla.

Hæstv. fjmrh. mótmælti því við 2. umr. fjárlaga að áform hæstv. ríkisstjórnar um nýjar skattaálögur á þessu ári væru 6,7 milljarðar kr., eins og upplýsingar höfðu verið gefnar um af Þjóðhagsstofnun. (**Fjmrh.:** Samkvæmt tekjuöflunarfrv., sagði Þjóðhagsstofnun.) Nú liggur hins vegar niðurstaða fyrir samkvæmt mati hagdeildar fjmrn. (**Fjmrh.:** Samkvæmt tekjuöflunarfrv.) (**EgJ:** Nei, hún sagði það ekki.) *Það mat sýnir ...* (**Fjmrh.:** *Hún sagði það víst.*) — Hæstv. fjmrh. er velkomið að fá orðið hér á eftir og ég vænti þess að svo sem venja er til fái hæstv. fjmrh. að tala hér í lok umræðu alveg eins og hann lystir. Þá getum við athugað það hvort ástæða þykir til fyrir okkur óbreytta þingmenn að tala að nýju eftir því sem máli hæstv. fjmrh. vindur fram, svo sem hann óskar eftir. (**Fjmrh.:** Ræða þingmannsins er í þingtíðinum.) Og þá hefur hæstv. fjmrh. sitt tækifæri eins og stundum áður.

Þetta mat sýnir sem sé, eins og ég áður sagði, að þessar nýju skattahækkanir nema samtals réttum 7,2 milljörðum kr. Hitt er svo annað mál hvernig hæstv. fjmrh. gengur innheimtan á þessum sköttum miðað við þær þrengingar sem nú eru í atvinnulífi landsmanna, bæði í rekstri fyrirtækja og í atvinnutekjum fólksins.

Samkvæmt áætlunum hagdeildar fjmrn. er nú gert ráð fyrir að eignarskattar á þessu ári verði tæpir 3 milljarðar kr. og tekjuskattar um 10,5 milljarðar kr. Beinir skattar eru því samtals um 13,4 milljarðar kr. en í fjárlögum síðasta árs voru beinir skattar áætlaðir 8,2 milljarðar kr. Hækkun skatta á milli ára er langsamlega mest hlutfallslega í beinum sköttum sem leggjast beint á einstaklinga og fyrirtæki. Óbeinir skattar eru samtals áætlaðir á þessu ári 59,6 milljarðar kr. en voru samkvæmt fjárlögum 1988 tæplega 51,6 milljarðar, eða 8 milljörðum lægri. Samtals er áætlað að skattheimta til ríkisins hækki á milli ára úr 63 milljörðum kr. árið 1988 samkvæmt fjárlögum í 77 milljarða kr. samkvæmt fjárlögum 1989, eða um 22%.

Við sjálfstæðismenn höfum lýst andstöðu við þessar gífurlegu skattahækkanir hæstv. ríkisstjórnar og höfum barist hart gegn flestum þeim skattafrv. sem hæstv. ríkisstjórn hefur borið fram á hinu háa Alþingi. Þó höfum við viðurkennt réttmæti á einstökum þáttum hennar eins og frestun á virðisaukaskatti til næstu áramóta sem gefur, eins og áður sagði, um 1200 millj. kr. í ríkissjóð á þessu ári.

Ég hef gagnrýnt það allharðlega að á sama tíma og atvinnureksturinn rambar á barmi gjaldþrots og hvert fyrirtækið af öðru í undirstöðugreinum landsmanna riðar til falls skuli skattheimta vera verulega aukin á atvinnureksturinn. Ég hef einnig gagnrýnt harðlega að á sama tíma og kreppir að hjá öllum almenningi, tekjur fólks dragast saman og þrengir að í öllu efnahagskerfinu þá skuli skattheimta aukin svo gífurlega til ríkissjóðs eins og nú er orðið staðreynd. Ég tel að þegar að kreppir í efnahagskerfinu verði ekki hjá því komist að ríkissjóður taki á sig einhvern hluta þrenginganna með því að draga saman sín umsvif.

Þó að lítils háttar hafi verið fallist á þessi sjónarmið af hæstv. ríkisstjórn meðan fjárlagafrv. hefur verið til meðferðar er það að mínum dómi hvergi nærri nóg miðað við ríkjandi aðstæður. Ber þá að hafa í huga að fjárlagafrv. sjálft er þenslufrv. sem felur í sér útþenslu á rekstri og launagjöldum ríkiskerfisins. Þegar þrengir að hjá öllum almenningi *á hann að borga meira en áður til ríkissjóðs til þess* að ríkissjóður geti haldið áfram að auka umsvif sín. Á hinn bóginn er á sama tíma skorið niður til opinberra framkvæmda sem jafnframt hefur áhrif í þá átt að draga úr atvinnu fólksins, minnka tekjur þess og skerða möguleika fólksins til að greiða þau gjöld sem heimtað er af hálfu ríkisins.

Í fjárlagafrv. sjálfu er gert ráð fyrir 400 nýjum störfum hjá ríkiskerfinu í A-hluta og á einu ári vaxa launaútgjöld ríkisins sem næst um 1 milljarð vegna nýrra starfa á vegum ríkisins. Þetta er óhófleg útþensla á sama tíma sem kreppir að í öllum atvinnurekstri og hjá öllum almenningi, útþensla sem síðan á að fóðra með því að hækka skatta jafn óhóflega og raun ber vitni. Þetta er að mínum dómi röng fjármálastjórn, þetta er röng efnahagsstjórn. Á sama tíma er ekkert eða sama og ekkert aðhafst til þess að gera það mögulegt að undirstöður allrar þjóðfélagsbyggingarinnar, útflutningsatvinnuvegirnir, geti starfað með sæmilegum hætti, hvað þá að þeim séu veitt skilyrði til þess að geta blómgast. Mér er engin launung á þeirri skoðun minni að við þessar aðstæður í efnahagskerfinu hefði þurft að beita

verulegum samdrætti í útgjöldum, rekstri og umsvifum ríkiskerfisins og mun meiri sparnaði en lítils háttar tillögur eru gerðar um af hálfu hæstv. ríkisstjórnar og meiri hl. fjvn.

Ég tel rétt að greina frá því að fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna í minni hl. fjvn. hafa rætt þessi mál mjög alvarlega í sínum hóp. Við höfum fastmótaðar hugmyndir um það hvernig ná megi verulegum sparnaði í rekstri, mannafla og launaútgjöldum ríkissjóðs á þessu ári. Þetta snertir bæði einstök störf á vegum ríkisins, fyrst og fremst óheimilaðar stöður, jafnvel hjá hæstv. ráðherrum sjálfum þar sem sums staðar er farið fram úr því sem reglugerð um Stjórnarráðið og aðrar heimildir veita en einnig að því er lýtur að yfirvinnu og yfirborgunum ýmiss konar sem þanist hafa ótrúlega út á síðustu árum en þó einkum á síðasta ári.

Það hefur hins vegar orðið niðurstaða að eftir að hæstv. ríkisstjórn hefur náð að leggja á alla þá skatta sem raun ber vitni og vegna þess að meðferð þessara mála er að sjálfsögðu í mörgum tilvikum vandasöm og viðkvæm og þeir sem flytja slíkar tillögur vilja gjarna hafa ráð á því að koma þeim fram og hafa hönd í bagga með hvernig þær eru framkvæmdar hefur það orðið að ráði að þær skuli ekki fluttar nú. Sjálfstfl. hefur hvað eftir annað í vetur í umræðum um skattafrv. ríkisstjórnarinnar boðið upp á viðræður um minni skattheimtu og lægri ríkisútgjöld. Þessu hefur hæstv. ríkisstjórn ekki sinnt. Hæstv. ríkisstjórn hefur viljað fara skattaleiðina. Ef svo hefði til tekist að við í stjórnarandstöðunni hefðum náð að stöðva eitthvað af því mikla skattaflóði sem hæstv. ríkisstjórn hefur nú dembt yfir þjóðina hefðum við flutt slíkar tillögur til þess að mæta því sem hrokkið hefði til baka af skattaáformum hæstv. ríkisstjórnar. Úr því að okkur mistókst að koma í veg fyrir þessar miklu skattahækkanir látum við þessar tillögur liggja um sinn.

Nú sé ég að þskj. 418 eru komnar fram brtt. við fjárlög frá Guðmundi Ágústssyni hv. þm. Borgfl. þar sem flutt er sem brtt. eitt vinnuskjal frá þeirri vinnu sem liggur að baki hugmyndum okkar í minni hl. fjvn. Ég hlýt að segja að þetta þingskjal kom mér mjög á óvart þar sem um er að ræða vinnuskjal sem ekki var fullmótað og ekki hefði verið flutt í þeim búningi sem það er þar sem þetta er vinnuskjal sem sett er upp til að sjá hvernig tiltekin form koma út í útreikningi. Ég undrast það að vinnuskjal sem farið er með á milli manna í minni hl. nefndar, í þessu tilliti fjvn., og ákveðið að flytja ekki skuli tekið af tilteknum þingmanni og flutt sem brtt. hans. Að sjálfsögðu sýnir þetta að um er að ræða einn af þeim hv. þingmönnum sem ekki eiga langa setu að baki á Alþingi því að ég ætla að engum hv. þingmanni sem vanur er vinnubrögðum hér hefði flogið í hug að haga málum á þennan hátt. Mér kom þetta á óvart og ætla ekki að hafa nein stór orð um, aðeins segja það að mér þykir miður að vinnuskjöl séu á þann hátt tekin og flutt eftir að það hefur verið ákveðið að þau skuli liggja.

Við 2. umr. fjárlaga lýsti hv. 1. þm. Vesturl., Alexander Stefánsson, því yfir að á milli 2. og 3. umr. væri óhjákvæmilegt að taka til alvarlegrar umræðu innan fjvn. nokkur stór mál sem ég hafði minnst á við umræðuna og þó einkum skerðingu á framlögum til landbúnaðarins og skerðingu á framlögum til Vegagerðar ríkisins. Hv. þm. fékk þakkir fyrir í umræðunni bæði frá mér og eins frá hv. þm. Agli Jónssyni. Nú er mér vitaskuld ókunnugt um hvað meiri hl. fjvn. ræðir á sínum fundum. Hitt liggur hins vegar alveg ljóst fyrir að afraksturinn af þessum ummælum hv. þm. Alexanders Stefánssonar og þeim umræðum sem kunna að hafa farið fram um þessi mál í meiri hl. fjvn. á milli umræðna er helst til rýr. Raunar er hann enginn.

Áður hefur komið fram að í þessu fjárlagafrv. er gert ráð fyrir því að jarðræktarframlög verði einungis 100 millj. kr. á þessu ári. Skuldbindingar sem hefðu átt að greiðast á síðasta ári vegna framkvæmda árið 1987 nema um 77 millj. kr. og verði þær greiddar á þessu ári eru einungis 23 millj. kr. eftir til þess að greiða framlög vegna framkvæmda sem unnar voru árið 1988 og lögboðið var að greiða framlög til. Þörf fyrir framlög vegna framkvæmda síðasta árs er áætluð um 150–160 millj. kr. Nú er ljóst að engar tillögur koma frá meiri hl. fjvn. um að mæta einhverri þessara skuldbindinga. Einungis er gert ráð fyrir því að verja 9 millj. kr. til þess að styðja starfsemi búnaðarsambanda í landinu.

Þá er einnig ljóst að meiri hl. fjvn. gerir enga tillögu um að verja einni einustu krónu á þessu ári til lögboðinna framlaga samkvæmt búfjárræktarlögum. Ég hefði gjarnan kosið að sjá hér framan í hæstv. landbrh. og samgrh. en ég get ekki gert að því að mér finnst að þetta séu kaldar kveðjur frá hæstv. ríkisstjórn og frá hæstv. landbrh. til bændastéttarinnar í landinu.

Í fyrsta sinn eru við þessa fjárlagaafgreiðslu skert framlög samkvæmt landgræðsluáætlun og þar með brotið það meginsjónarmið sem virt hefur verið til þessa að standa við þá áætlun sem byggist á ályktun Alþingis er afgreidd var á sínum tíma samhljóða. Þar með er ekki sagan öll sögð vegna þess að hæstv. ríkisstjórn og meiri hl. fjvn. rugla hlutföllum innan þessarar áætlunar. Hún gerir meira en að skerða framlögin um 10–12 millj. kr. Hún ruglar einnig innbyrðis skiptingu þess fjár sem veitt er þrátt fyrir að fyrir liggi ályktun Alþingis um skiptingu fjárins. Þessa meðferð á málinu, þ.e. að hæstv. ríkisstjórn og hv. meiri hl. fjvn. taki sig þannig fram um að breyta innbyrðis hlutföllum í áætlun sem Alþingi hefur samþykkt eindregna áætlun um, tel ég enn þá alvarlegri en þó að fé skorti til þess að greiða áætlunina til fulls, enn þá alvarlegri. Þetta sýnir eitt með öðru að það skortir á að þeir sem með völdin fara beri nægilega virðingu fyrir Alþingi og ákvörðunum þess. Mun hæstv. ríkisstjórn læra af reynslunni eftir að hún hefur setið lengur að völdum eða mun hún fyllast þeirri tilfinningu, t.d. eftir ferðalag þeirra formanna AA-bandalagsins, að henni sé

óhætt að fara sínu fram hvað sem líður ákvörðunum Alþingis? Fróðlegt væri að vita það ef þessi hæstv. ríkisstjórn á einhverja meiri háttar lífdaga fyrir höndum.

Fram til þessa hefur verið staðið við ákvæði vegalaga um að sérmerktir tekjustofnar Vegagerðar ríkisins rynnu óskertir til vegamála, þó að ekki hafi alltaf tekist að áætla þá fjárhæð nákvæmlega. Þessir sérmerktu tekjustofnar vegamála eru sem kunnugt er bensíngjald og þungaskattur af dísilbifreiðum. Samkvæmt þeim tillögum sem nú liggja fyrir frá meiri hl. fjvn. ætlar hæstv. ríkisstjórn nú einnig að brjóta þessa meginreglu sem haldin hefur verið í heiðri af Alþingi til þessa. Samkvæmt fjárlagafrv. var gert ráð fyrir að taka 600 millj. kr. af þessu fé beint í ríkissjóð. Í sparnaðartillögum hæstv. ríkisstjórnar var enn fremur gert ráð fyrir að bæta þá við 90 millj. kr. í þann niðurskurð og samkvæmt síðustu tillögum og tillögum meiri hl. fjvn. hefur enn verið bætt 10 millj. kr. við af fé Vegasjóðs í ríkissjóð þannig að samtals er skert fé til Vegagerðar ríkisins af sérmerktum tekjustofnum vegamála um 700 millj. kr. Enn fremur kemur fram að á þessu ári á ekki að skila þeim 180 millj. kr. til Vegagerðarinnar sem geymdar voru á síðasta ári af innheimtum tekjum Vegasjóðs. Samtals á því að skerða vegafé samkvæmt sérmerktum tekjustofnum til vegamála á þessu ári um 880 millj. kr. Þetta eru efndirnar á því sem hæstv. ríkisstjórn segir í málefnasamningi sínum, þ.e. að hún ætli að vinna skipulega að uppbyggingu í samgöngumálum samkvæmt langtímaáætlun.

Fátt kemur fólkinu á landsbyggðinni, og raunar Íslendingum öllum, betur en greiðar samgöngur. Ástæðulaust er að gleyma því hvílík vandamál hafa skapast á höfuðborgarsvæðinu vegna vaxandi umferðarþunga og öngþveitis í umferðarmálum. Óhjákvæmilegt er að leggja í mjög kostnaðarsamar framkvæmdir. Það er því eitt hið allra þýðingarmesta hagsmunamál landsmanna allra að unnt sé að halda sæmilega í horfi með framkvæmdir í samgöngumálum. Samkvæmt þessum niðurskurði, um 880 millj. kr., á fé til Vegasjóðs er ljóst að ekki verður unnt að vinna nýframkvæmdir í vegamálum fyrir eina einustu krónu í a.m.k. þremur kjördæmum á landinu á þessu ári ef miðað er við óbreytta hlutdeild þeirra í skiptingu á fé til vegamála. Þessi kjördæmi eru Suðurland, Vesturland og Norðurland eystra. Í þessum kjördæmum var á síðasta ári búið að vinna fyrir fram fyrir meira en sem svarar áætlaðri fjárveitingu til nýframkvæmda í vegamálum á þessu ári. Sú fjárveiting sem ætla má að þessi kjördæmi fái til nýframkvæmda samkvæmt vegáætlun síðar í vetur mun ekki duga til þess að greiða þau lán sem tekin hafa verið til nýframkvæmda á síðasta ári. Það verður því ekkert og minna en ekkert til þess að hefja þar einhverjar nýframkvæmdir. Samt skerðir hæstv. ríkisstjórn sérmerkta tekjustofna Vegagerðar ríkisins um 880 millj. kr.

Nú eru auðvitað hinir mætustu þingmenn stjórnarliðsins, hv. þm. úr þessum kjördæmum, sem hafa tekið á sig að halda þannig á málum. Ég hlýt að undrast það að þeir skuli sætta sig við það að 880 millj. kr. af fé sem samkvæmt lögum á að renna til Vegagerðar séu teknar beint í ríkissjóðshítina. Enn er ekki hægt að sjá fyrir um það á hvern hátt fé verður útvegað eða hvort eitthvert fé verður útvegað til þess að halda áfram jarðgangagerð í Ólafsfjarðarmúla sem er stórvirki. Vel má vera að hæstv. ríkisstjórn ætli sér að taka erlent lán til þeirra hluta og fá heimild til þess á lánsfjárlögum sem enn bíða afgreiðslu þrátt fyrir að lög kveði svo á að afgreiðsla fjárlaga og lánsfjárlaga skuli fara fram samtímis eða því sem næst. Meðferð lánsfjárlagafrv. er nú með þeim hætti að brotið er það sem náðst hefur í vinnubrögðum af hálfu þeirra sem farið hafa með fjármálastjórn í landinu á síðustu fjórum til fimm árum, þ.e. að afgreiðsla lánsfjárlaga og fjárlaga fari fram á sama tíma. Nú er það brotið. Óhætt er að segja að við þessa afgreiðslu fjárlaganna er því sá hluti ríkisfjármála sem birtist í lánsfjárlögum algerlega í lausu lofti og ómögulegt að segja hvernig afgreitt verður.

Ég lít svo til og væri kannski fróðlegt að fá að heyra það frá hv. þm. stjórnarliðsins hvort ætlunin sé að taka af óskiptu niðurskornu fé Vegasjóðs til framkvæmda í Ólafsfjarðarmúla eða hvort eigi að hverfa frá þeim framkvæmdum sem þar eru hafnar. Ég sá fregnir af því að hæstv. samgrh., sem því miður er ekki viðstaddur, sem er þó jafnframt einn af þm. Norðurl. e., hefði farið í haust norður til Ólafsfjarðar og stutt þar á hnapp til þess að sprengja þegar framkvæmdir hófust við jarðgangagerð í gegnum Múlann. Nú væri rökrétt framhald af þeim ákvörðunum sem hér hafa verið raktar um niðurskurð á fé til vegamála að hæstv. samgrh. færi aðra ferð norður til Ólafsfjarðar og styddi aftur á hnapp til þess að loka göngunum. Miðað við frammistöðu hans í þessum málum og frammistöðu hæstv. ríkisstjórnar væri það rökrétt framhald. Mér er sannarlega engin launung á því að það hefur valdið mér nokkrum vonbrigðum hvernig þessi hæstv. ráðherra, ungur maður og ég álít vaskur maður, hefur látið samráðherra sína beygja sig á þeim þremur mánuðum sem ríkisstjórnin hefur setið. Mér er engin launung á því að ég hef orðið fyrir vonbrigðum með það. Ég hefði ætlast til meira.

Sjálfstfl. er nú í stjórnarandstöðu og hefur ekki með sama hætti og fyrr möguleika til að standa vörð um hagsmuni strjálbýlisins. Þegar til kastanna kemur sjá menn að þegar áhrifa Sjálfstfl. nýtur ekki við í stjórn landsins er ekki sparað að skera niður vegaframkvæmdir, lögboðið fé til vegamála og skera niður lögboðin framlög til bændanna í landinu. Þá stendur ekki á hv. þm. Framsfl. og hæstv. ráðherrum Alþb. og hv. þm. að standa þannig að málum. Enginn spyr um hæstv. ráðherra eða hv. þm. Alþfl.

Eins og fram hefur komið í máli mínu hér að framan hefði í raun átt að fresta afgreiðslu fjárlaga þangað til hægt væri að byggja afgreiðslu þeirra á nýjum og traustum forsendum. Engin merki sjást

hins vegar um það að hæstv. ríkisstjórn muni koma sér saman um stefnu og aðgerðir til þess að svo megi verða. Allt bendir til þess að hún muni áfram láta reka á reiðanum, láta skeika að sköpuðu, þótt framleiðslufyrirtækin hrynji.

Um það hafði verið samið fyrir jól að afgreiðsla gæti farið fram í þessari viku í janúar. Og þótt forsendur séu breyttar og vissulega mikið breyttar hef ég talið mér skylt að standa að þeim samningum um afgreiðslu frv. í þessari viku nema til kæmu nýir samningar á milli forustumanna flokkanna. Þess vegna hef ég ekki tafið fyrir því að þessi afgreiðsla gæti hér tekist sem þó efnislega væri fullt tilefni til og full ástæða til. Fjárlögin eru því afgreidd á brauðfótum og að ýmsu leyti sem óraunsætt plagg. Eftirmæli þessarar fjárlagagerðar verða þess vegna ekki fagurleg. Ljóst er að í fjárlagadæmið vantar stórar fjárhæðir. Áður er komið fram að vanmat á áhrifum gengisbreytingar í janúar eru a.m.k. um 140 millj. kr. Skerðing á fé Atvinnuleysistryggingasjóðs á þessu ári vegna stofnunar Atvinnutryggingarsjóðs nemur nær 300 millj. kr. Til þess að halda niðurgreiðslum óbreyttum, aðeins í krónutölu, út þetta ár vantar um 620 millj. kr. Samtals vantar inn í fjárlagadæmið samkvæmt þessum liðum rúman milljarð eða 1040 millj. kr.

Ég hafði hugsað mér að spyrja út í málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna. Um 50% lána sjóðsins eru í erlendri mynt og ljóst er að til þess að standast það vantaði um 70–80 millj. kr. umfram það sem fjárlagafrv. gerði ráð fyrir vegna gengisbreytingarinnar. Ég vakti athygli á þessu máli á fundi með forustumönnum fjvn. í gærkvöldi og nú er mér sagt, þó að ég hafi ekki séð það þingskjal, að tillit hafi verið tekið til þessa við uppfærslu á B-hluta stofnunum í nótt. Það þingskjal hefur hins vegar ekki verið sýnt okkur í minni hl. og ég hef ekki haft tíma til að kafa í þingskjalið í dag vegna annarra verka. En ég hefði auðvitað spurt, ef þetta er ekki svo, hvort hæstv. menntmrh. og hæstv. fjmrh. ætluðu sér að skerða námslánin eða hvort stæði til að afla aukins fjármagns til þess að mæta áhrifum gengisbreytingarinnar. Ég met það svo að síðari kosturinn hafi verið valinn.

Við sjálfstæðismenn og aðrir fulltrúar minni hl. í fjvn. óskuðum eftir því við meiri hl. að tillögum frá fulltrúum í Stúdentaráði Háskóla Íslands um sérstakt fé til þess að styðja við bakið á þeim nemendum sem þurfa að búa í dýru leiguhúsnæði yrði sinnt. Unnt hefði verið að komast af með allt niður í 50 millj. kr. til að mæta þessu verkefni. Þessu var hafnað af meiri hl. nefndarinnar, enda þótt það hafi í för með sér misrétti og ranglæti gagnvart mörgum þeirra sem ekki geta sótt nám heiman frá sér, að þurfa að sæta því að búa í dýru leiguhúsnæði.

Ég vil svo segja það um málefni Lánasjóðsins að við þessa fjárlagaafgreiðslu er horfið frá því sem þó var reynt í afgreiðslu fjárlaga fyrir síðasta ár að fjármagna sjóðinn í vaxandi mæli af framlögum ríkisins. Nú er snúið við frá þeirri stefnu og sjóðurinn er fjármagnaður að miklu minni hluta en áður af framlögum ríkisins en meiri hluta af lánum sem hlýtur að enda með því að fjárhag sjóðsins verði kollvarpað. Hæstv. fjmrh. og hæstv. menntmrh. ættu að gefa því gaum hvernig þá verður séð fyrir hagsmunum námsmanna.

Virðulegi forseti. Verði fjárlagafrv. afgreitt nú eins og meiri hl. fjvn. leggur til má draga saman nokkrar niðurstöður.

1. Fjárlögin verða byggð á stefnuleysi hæstv. ríkisstjórnar í efnahags- og atvinnumálum. Forsendur fjárlaganna verða svífandi í lausu lofti, eða rugl eins og Ásmundur Stefánsson orðaði það réttilega, og afgreiðsla þeirra felur því í sér virðingarleysi við Alþingi. Það er virðingarleysi við Alþingi að afgreiða fjárlög með vísvitandi vitlausum forsendum og forsendurnar eru vitlausar meðan þær byggjast á stefnuleysi þegar allir sjá að það verður að taka stefnu og það verður að grípa til aðgerða eigi þetta þjóðfélag ekki að hrynja.

2. Tekjuhlið fjárlaganna byggist á hrikalegri nýrri skattheimtu sem vegur þyngra en nokkru sinni að hagsmunum einstaklinga og fyrirtækja í landinu.

3. Í fjárlagadæminu eru vanáætluð útgjöld sem nema a.m.k. yfir 1 milljarði kr.

4. Niðurskurður útgjalda hittir fyrst og fremst atvinnuvegina og strjálbýlið, ekki síst bændur og vegamál.

5. Afgreiðsla fjárlaga stangast í fjölmörgum greinum á við málefnasamning hæstv. ríkisstjórnar sem helst virðist hafa verið saminn í öfugmælastíl miðað við efndir á þeim fyrirheitum og loforðum sem þar eru gefin.

6. Lausatök á þessum málum eru slík á meðan atvinnuvegunum er að blæða út að ég hef valið þann kost að flytja ekki brtt. við frv. og lýsa m.a. á þann hátt andúð minni á meðferð þessara mála. Sjálfstfl. stendur að sjálfsögðu ekki að slíkri afgreiðslu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. 418 og 419, sem voru of seint fram komnar, samþ. með 35 shlj. atkv.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Stundum er það haft á orði að tímanum sem fer til ræðuhalda, jafnvel hér á hinu háa Alþingi, sé ekki vel varið. Hann skili tæpast þeim árangri sem til er ætlast, að auki sé hann oft í öfugu hlutfalli við tilætluð áhrif. Ekki skal ég í sjálfu sér leggja dóm á slíkar bollaleggingar, en hinu mega menn þó ekki gleyma, þó að stundum blöskri ýmsum málgleðin sem auðvitað er oft býsna ómarkviss, að hér er um að ræða þann hornstein í lýðræðisskipulagi okkar sem aldrei, undir engum kringumstæðum, má vanmeta í sjálfu sér. Og þó að vitaskuld sé ætíð nauðsyn á meirihlutaákvörðun í hverju máli, þá er réttur minni hlutans, stjórnarandstöðu, í engu síðri og e.t.v. ekki þýðingarminni þegar á heildina er litið. Mörg dæmi sanna að oft fer það eftir styrk og

skynsamlegri afstöðu minni hlutans hve vel honum tekst að halda meiri hlutanum við þau takmörk sem honum eru raunar ætíð sett, nánast hversu stór sem hann er. Þar á ég við þá staðreynd að meiri hlutanum þýðir aldrei og líðst aldrei í lýðræðisþjóðfélagi að þröngva í gegn ákvörðun sem stríðir gegn ótvíræðum almannavilja og allra síst í þjóðfélagi þar sem fjölmiðlun er jafnsterk og jafnvirk og hún er orðin hér á landi.

Því minnist ég á þessi atriði hér, hæstv. forseti, að ég held að sjaldan sé fremur ástæða til að menn íhugi alvöru þeirra verka sem hér eru unnin sem við lokaafgreiðslu fjárlaga. Auðvitað fer það ekki á milli mála að fjárlagaafgreiðslan er ein tímafrekasta og þýðingarmesta vinnan á hverju löggjafarþingi. Við stöndum hér nú við 3. umr. fjárlaga 1989, enda þótt það ár sé fyrir nokkru gengið í garð. Þetta er í annað sinn sem ég kynnist þessari vinnu af eigin raun. Mér finnst margt líkt með afgreiðslunni og umfjölluninni nú og afgreiðslu fjárlaganna 1988 sem gjarnan mætti íhuga nokkru nánar.

Að vísu fór 3. umr. fjárlaga í fyrra fram hér í Sþ. þann 22. des. þó að atkvæðagreiðslunni væri frestað þar til á milli jóla og nýárs. Þá dróst hins vegar afgreiðsla mjög mikilvægra skattafrv. sem þá hétu vitaskuld í munni páv. stjórnarliða skattkerfisbreytingar. Þær drógust sem sé nokkuð fram á hið nýja ár og lauk víst ekki fyrr en 11. jan. ef ég man rétt.

Nú má hins vegar segja að afgreiðsla þessara mála hafi verið í öfugri röð frá því sem var við seinustu fjárlagaafgreiðslu. Við 2. umr. fjárlagafrv. nú var áhersla á það lögð af hálfu fulltrúa stjórnarandstöðunnar í hv. fjvn., sem m.a. kom fram í nál. minni hl., að skattafrv. hæstv. ríkisstjórnar hlytu afgreiðslu fyrir 3. umr. fjárlagafrv. Þetta var vitaskuld gert vegna þeirrar staðreyndar að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki ótvíræðan meiri hluta nema í annarri deild þingsins og í Sþ. Við þessari beiðni minni hlutans var orðið og nú liggur fyrir samþykkt þingsins með þeim hætti sem öllum er kunnugt. Á síðasta ári var ekki til að dreifa álíka spennu út af naumum meiri hluta ríkisstjórnar. Engu að síður dróst afgreiðsla þingsins svo úr hömlu sem raun bar vitni. E.t.v. var þá um að kenna hve meiri hlutinn var stór, óstýrilátur og sjálfum sér sundurþykkur. Ég held hins vegar að það sé orðið meira en tímabært að íhuga aðra hætti við afgreiðslu fjárlaga en hér hefur lengst af tíðkast.

Við 2. umr. frv. sem hér er til 3. umr. vakti varaformaður fjvn., hv. 1. þm. Vesturl., máls á því að breyttir vinnuhættir væru vissulega tímabærir. Undir það vil ég einnig taka. Víða með öðrum þjóðum er afgreiðsla fjárlaga ekki bundin við áramót almanaksársins. Sums staðar byrjar fjárlagaárið jafnvel á miðju sumri. Enginn vafi er á því að öll spennan sem fylgir jólahaldi, áramótum og oft erfiðum samgöngum, sem eru gjarnan hér á landi um þetta leyti árs, hefur gert afgreiðslu fjárlaga á Alþingi miklum mun erfiðari en ella þyrfti að vera. Þá er ekki síður trúlegt að einmitt þessar aðstæður séu a.m.k. einn þeirra þátta sem hafa valdið því hve illa fjárlög hafa staðist og úr böndum farið. Auðvitað eru efnahagsaðgerðir stjórnvalda á hverjum tíma, gengisbreytingar og annað í þeim dúr, drýgstur orsakavaldur í þessu efni. En trúa mín er sú að fari fjárlagaafgreiðslan fram á öðrum árstíma, t.d. undir þinglok að vori, væri þar margt með öðrum og betri brag en nú er.

Eins og gefur að skilja var starfið í hv. fjvn. frá 2. umr. fyrst og fremst bundið undirbúningi að afgreiðslu tekjuhliðar frv. til 3. umr. og er það vitaskuld unnið á ábyrgð meiri hl. fjvn. svo sem venja er. Svo var einnig um B-hluta stofnanir sem meiri hl. stendur einn að venju. Hins vegar stendur nefndin öll að brtt. um 6. gr. frv., heimildagreininni, sem flutt er hér á þskj. 396.

Ég vil nú við lok vinnunnar í fjvn. þakka samstarfsfólki, bæði úr röðum stjórnarliða og stjórnarandstöðu, fyrir ágætt samstarf við alla þætti þessa starfs. Ég vil einnig þakka starfsfólki nefndarinnar öllu fyrir sérstaka lipurð í þessum erli, sem og starfsfólki Fjárlaga- og hagsýslustofnunar, Ríkisendurskoðunar og hagdeildar fjmrn. Forstjóri og fleiri fulltrúar Þjóðhagsstofnunar komu til fundar við nefndina bæði fyrir 2. umr., sem og nú í gær fyrir 3. umr. Í því efni var sami háttur á hafður og í fyrra. Það mun vera í fyrsta sinn sem fulltrúar þessarar stofnunar koma til fjvn. fyrir báðar þessar mikilvægu umræður. Vissulega ber að þakka allar þær margháttuðu upplýsingar sem þessir aðilar höfðu fram að færa um stöðu efnahagsmála almennt og þá ekki síður álit þeirra um efnahagshorfur í næstu framtíð. Þegar þau álit eru athuguð nánar getur maður varla varist þeirri hugsun að skammt sé í næstu bráðnauðsynlegar efnahagsráðstafanir sem í verulegum atriðum hljóti að breyta forsendum og grunni þess verks sem hér er þó verið að vinna.

Í upplýsingum Þjóðhagsstofnunar um helstu breytingar á efnahagshorfum, ekki síst eftir að þjóðhagsáætlun var lögð fram, kom m.a. fram að nú er talið að landsframleiðslan 1988 hafi dregist saman um 2,5% miðað við 1,5% sem ráð var fyrir gert í þjóðhagsáætlun. Enn fremur kom fram í þeirri stuttu skýrslu sem fulltrúar Þjóðhagsstofnunar gerðu grein fyrir í gær í fjvn. að nú er gert ráð fyrir að landsframleiðslan dragist saman um 2% á þessu ári. Þetta er heldur meiri samdráttur en reiknað var með þegar þjóðhagsáætlun var hér lögð fram. Samkvæmt þessu minnkar landsframleiðslan því samanlagt um 4,5% á árunum 1988 og 1989. Minni landsframleiðsla á þessu ári stafar fyrst og fremst af því að nú er stefnt að því að draga meira úr fiskafla en áður. Áætlað er að aflaverðmæti úr sjó á þessu ári verði um 7% minna en á síðasta ári, sbr. 4,5% sem ráð var fyrir gert í þjóðhagsáætlun. Mestu máli skiptir þó þar að gert er ráð fyrir skerðingu þorskafla um allt að 15 þús. tonn.

Halli í viðskiptum við útlönd á þessu ári verður meiri en reiknað var með í þjóðhagsáætlun. Því var

þar spáð að hallinn yrði um 14 milljarðar kr., eða um 5% af landsframleiðslu. Þetta er u.þ.b. hálfum öðrum milljarði kr. meiri halli en þjóðhagsáætlun sýndi sem fyrr var á drepið.

Ákvörðun um lækkun á gengi krónunnar nú eftir áramótin um tæplega 5% felur í sér að forsenda þjóðhagsáætlunar um 7% hækkun á meðalverði erlends gjaldeyris milli ársmeðaltala 1988 og 1989 hækkar í 12%. Þessi breyting ásamt meiri verðlagsáhrifum skattbreytinga en áður hefur verið reiknað með leiðir til þess að nú er gert ráð fyrir að vísitala framfærslukostnaðar hækki um 15% milli ársmeðaltala 1988 og 1989, samanborið við 12% í þjóðhagsáætlun. Samkvæmt þessu verður hækkun framfærsluvísitölu frá upphafi til loka árs 1989 á bilinu 9–10% í staðinn fyrir 6%. Flestar þessar upplýsingar sem fulltrúar Þjóðhagsstofnunar létu fjvn. í té í gær ganga í eina átt. Erfiðleikar eru greinilega fram undan, mun meiri en menn höfðu reiknað með áður.

Þrátt fyrir gengislækkun krónunnar verður t.d. afkoma sjávarútvegsins áfram erfið eins og ríkulega kom fram í máli hv. 2. þm. Norðurl. v. fyrr í umræðunni. Afkoma botnfiskvinnslu er þó svipuð nú í ársbyrjun og í septemberlok. Þó kom það manni býsna mikið á óvart á þessum fundi með fulltrúum Þjóðhagsstofnunar í gær að þeir héldu því fram að afkoma fiskvinnslunnar væri nú að nálgast núllið. Þar væru menn að ná sæmilegum jöfnuði. Hins vegar, eins og kom fram hjá hv. 2. þm. Norðurl. v., væri gert ráð fyrir um 5% halla á samrekstri fiskvinnslu og veiða, og allt að 9% halla á rekstri bátaflotans.

Það ríkir því mikil óvissa um ýmsar mikilvægar forsendur þjóðhagsspár við þessi áramót. Helstu óvissuþættirnir eru vitaskuld þeir að ytri skilyrði þjóðarbúsins hafa breyst. Tveir aðalóvissuþættirnir varða verð á sjávarafurðum og gengi bandaríkjadollars. Annar gæti þó verið jákvæður en um það er að vísu lítið vitað. Það bendir nefnilega ýmislegt til þess að verð á sjávarafurðum gæti farið hækkandi á næstu missirum. Í þessu sambandi má m.a. benda á minnkandi framboð sjávarafurða af okkar slóð og fremur bjartar horfur um hagvöxt og þar með aukningu almennrar eftirspurnar í iðnríkjunum. Hins vegar er talin töluverð hætta á að gengi bandaríkjadollars haldi enn áfram að lækka á næstunni vegna mikils viðskiptahalla í Bandaríkjunum.

Hvað þróun innlendra efnahagsmála snertir, þá er náttúrlega fyrst þar til að taka að óvissan er ekki síst vegna þess að kjarasamningar eru fram undan strax og því verðstöðvunartímabili lýkur sem við nú lifum. Í annan stað er afkoma útflutningsatvinnuvega og samkeppnisgreina almennt erfið, eins og fyrr hefur komið fram, og í þriðja lagi rennur verðstöðvun úr gildi í febrúarlok með allri þeirri óvissu sem þá tekur við. Það er þess vegna erfitt að meta þessa stöðu, eins og nú standa sakir, á annan veg en þann að taka undir með þeirri niðurstöðu sem kom fram hjá fulltrúum Þjóðhagsstofnunar, að framtíðin er á flesta lund óviss í þessu efni.

Ég mun nú, hæstv. forseti, hverfa ögn að tekjuáætlun frv. sem hér er til umræðu og greina frá í fáum orðum hvernig hún lítur út miðað við frv. eins og það var lagt fram og með þeim breytingum sem síðar hafa fram komið.

Þegar frv. var lagt fram var gert ráð fyrir tekjuáætlun með niðurstöðutölum að upphæð 77 milljarðar 315 millj. kr. Þetta er mikil hækkun miðað við niðurstöðutölur á síðasta fjárlagaári sem námu 63 milljörðum kr. Þegar fjvn. hefur lagt fram sínar tillögur, fyrst og fremst meiri hl. fjvn., hefur þessi tala breyst og það sem merkilegt má telja, til lækkunar. Nú er gert ráð fyrir því í tillögum nefndarinnar, af þeim ástæðum sem ég hef frá greint fyrr, að niðurstöðutalan teknamegin verði lægri eða 77 milljarðar og 100 millj. Þarna munar að vísu ekki miklu, um 215 millj. kr. Hins vegar verður að telja til nýlundu að þannig fari um frv. til fjárlaga í meðförum Alþingis Íslendinga. Við skulum þó ekki gleyma því að þegar frv. var lagt fram lá ekki fyrir nema lítill hluti af því hvernig til mundi takast um þá tekjuöflun eða sköttun sem hér um ræðir. Þá var gert ráð fyrir því, eins og lagasetning lá þá fyrir, að sérstök tekjuöflun yrði um 5,2 milljarðar kr., á grundvelli laga sem þá voru í gildi 4,4 milljarðar og með reglugerðum um 865 millj. Síðan hafa þessar niðurstöður breyst í meðförum og eru nú svohljóðandi:

Sérstök tekjuöflun eða sköttun sem nú hefur verið samþykkt hér á hv. Alþingi nemur, eins og kom fram hjá hv. 2. þm. Norðurl. v., um 6 milljörðum kr. Og þegar tekið er með í þann reikning frestun virðisaukaskattsins bætist við þá upphæð um 1,2 milljarðar, sem sagt um 7,2 milljarðar kr.

Þegar litið er á þessa sundurliðun er hún svohljóðandi: Hækkun tekju- og eignarskatta er um 2 milljarðar, hækkun vegna vörugjaldsins rösklega 1,5 milljarðar, sköttun á veðdeildum 50 millj. kr., skrifstofuhúsnæðisskatturinn 150 millj., lántökuskatturinn 200 millj. Í heild eru þetta tæpir 4 milljarðar kr. Til viðbótar koma svo ýmiss konar gjaldbreytingar á grundvelli reglugerða og raunar á grundvelli ákvarðana sem verið er að vinna að hér í dag á milli deilda og í deildum. Það er í fyrsta lagi bensíngjald sem hefur verið hækkað og mun gefa um 600 millj. kr. tekjur, þungaskattur sem mun gefa 190 millj. kr. í ríkissjóð, innflutningsgjald 400 millj. kr. og hækkun á vörum Áfengisverslunar ríkisins 450 millj. kr. Samtals eru þetta 1640 millj. kr., samtals með skattahækkunum, fyrr samþykktum, um 6 milljarðar kr.

Þegar nánar er athugað hvernig þetta kemur út í frv. sjálfu kemur ýmislegt í ljós. Þar er bæði um að ræða hækkun á tekjum sem og lækkun frá því að frv. var lagt fram í haust. Eignarskattarnir, sem gert var ráð fyrir í haust að yrðu 2,6 milljarðar í tekjum ríkissjóðs, hafa hækkað í meðförum þingsins um 335 millj. Í breytingartillögum frá meiri hl. fjvn. er nú gert ráð fyrir að eignarskattarnir gefi að þessu leyti

2,9 milljarða. Hins vegar hefur tekjuskatturinn, sem gert var ráð fyrir að gæfi 11,4 milljarða í tekjur fyrir ríkissjóð, lækkað um tæpan milljarð, eða um 950 millj. kr. Nú gerir meiri hl. fjvn. ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti verði 10 milljarðar 450 millj. kr. Ástæðan er vitaskuld sú að um er að ræða verulegan veltusamdrátt, fyrirsjáanlegan veltusamdrátt í þjóðfélaginu og þar með tekjusamdrátt hjá þeim sem á er lagt.

Gert er ráð fyrir að gjöld af innflutningi verði um 95 millj. kr. lægri tekjustofn en ráð var fyrir gert þegar frv. var lagt fram fyrr í haust. Gjöld af innflutningi í heild hækka hins vegar um 213,5 millj., úr 4,9 milljörðum í 5,1 milljarð.

Þannig breytist þetta töluvert eftir gjaldstofnum. T.d. hækka skattar af einkasöluvörum — þá er náttúrlega aðallega um að ræða skattana á vörur Áfengisverslunarinnar — í tekjum ríkissjóðs um 453 millj. á milli þessara umræðna, úr 5,6 milljörðum í 6 milljarða. Söluskatturinn lækkar hins vegar um hálfan milljarð. Í haust var gert ráð fyrir að söluskatturinn gæfi 33 milljarða í ríkissjóð en nú, samkvæmt tillögu meiri hl. fjvn., er um að ræða tekjur upp á 32,5 milljarða.

Niðurstaðan er sem sagt sú, þegar þetta er allt lagt saman, að um er að ræða tekjulækkun frá því að frv. var lagt fram til þess sem það nú liggur fyrir að upphæð 214,5 millj. kr.

Þegar gjaldahliðin er athuguð kemur í ljós að þar er líka um að ræða mjög óverulega breytingu þannig að líklega heyrir til undantekninga. Eins og kom fram hjá formanni fjvn. fyrr í umræðunni í dag er heildarbreytingin sú að um er að ræða hækkun um aðeins 0,43%. Venjulegast hefur breyting frá því að fjárlagafrv. er lagt fram og til þess að það er samþykkt við 3. umr. verið 2,5–3%, en hér er þetta innan við 0,5% af þeim ástæðum auðvitað sem hér hefur verið á drepið.

Það ber líka að taka fram að í meðförum fjvn. er í tillögum frá hæstv. ríkisstjórn, sem og raunar annars staðar, gert ráð fyrir niðurskurðartillögum og ég mun aðeins koma nánar að því á eftir.

Þegar fjárlagafrv. var lagt fram í haust var gert ráð fyrir heildarútgjöldum að upphæð 76 milljarðar 131 millj. Eins og þetta liggur fyrir hér við 3. umr. er útgjaldahliðin að niðurstöðutölu 76 milljarðar 459 millj. Vissulega ber það ekki undan að draga að hér er hins vegar um verulega hækkun að ræða frá seinustu fjárlögum. Hækkunin frá fjárlögum 1988 er 21,2%. Þegar þetta er athugað nánar eftir skiptingunni í rekstrargjöld, rekstrartilfærslur, vaxtagjöld, viðhald og fjárfestingu kemur þetta í ljós:

Þegar frv. var lagt fram voru rekstrargjöldin áætluð að upphæð 29 milljarðar 851 millj. kr. Það er nokkurn veginn sama tala og um er að ræða við lokin eða 29 milljarðar 822 millj. kr. Engu að síður var við 2. umr. fjárlaga gert ráð fyrir 204 millj. kr. hækkun á rekstrargjöldum. Nú hefur það hins vegar gerst milli 2. og 3. umr., sem raunar var boðað við 2. umr., að þessi rekstrargjöld eru skorin niður um 233 millj. kr. Þar munar vitaskuld mestu um niðurskurð á launagjöldum að tillögu meiri hl. fjvn., ættaðri frá hæstv. ríkisstjórn, um 320 millj. kr.

Vegna þeirra orða sem hv. 2. þm. Norðurl. v. lét falla fyrr í umræðunni um brtt. eins af þingmönnum Borgfl., Guðmundar Ágústssonar, á þskj. 418 vildi ég láta eftirfarandi koma fram. Það er rétt, sem kom fram í máli hv. þm. Pálma Jónssonar, að að stofni til voru þessar tillögur sem þarna er um að ræða og raunar fleiri unnar að tilhlutan fulltrúa minni hl. fjvn. af starfsmönnum fjvn. og raunar öll þessi vinna. Þegar það lá fyrir í dag að fulltrúar minni hl., sem höfðu kynnt þessar tillögur á þingflokksfundum í flokkum sínum í gær, mundu ekki flytja þessar tillögur sameiginlega, og ég fékk raunar þessar tillögur nú síðdegis hjá þessum hv. þm., 2. þm. Norðurl. v., leit ég svo á að hverjum sem hefði tillögurnar undir höndum væri heimilt að flytja og raunar gera að sínum hvað af þessu verki sem mönnum sýndist. Sá var skilningur minn þegar ég fékk þessar tillögur frá hv. þm. Pálma Jónssyni síðdegis í dag. Það er þess vegna við mig að sakast en ekki hv. þm. Guðmund Ágústsson hvernig til tókst. Ég harma vitaskuld að svo skyldi til takast, en það varð vegna misskilnings milli mín og hv. þm. Pálma Jónssonar. Það harma ég sannarlega en ég hafði alls ekki gert mér grein fyrir því að feðrun þessara tillagna væri svo nákvæm sem fram kom í hans máli. En þetta er skýringin á tillöguflutningi hv. þm. Guðmundar Ágústssonar.

Ef við lítum nánar á útgjaldahlið þessa fjárlagafrv. þá var gert ráð fyrir þegar frv. var lagt fram að fyrir ýmsar rekstrartilfærslur yrði niðurstöðutalan 28 milljarðar 692 millj. kr. Hér er því einnig um að ræða mjög litla breytingu frá því að frv. var lagt fram í haust til afgreiðslu við 3. umr. Nú er niðurstöðutalan 28 milljarðar 572 millj. kr. Engu að síður er um að ræða hækkun frá fjárlögum ársins 1988 um 20,65%. Við 2. umr. munar 27 millj. og nú 93 millj. kr. þannig að um er að ræða lækkun á þessum rekstrartilfærslum frá því að frv. var fyrst lagt fram. Þannig má eiginlega taka hvern þessara liða í rekstrartilfærslum og þar munar sáralitlu.

Í vaxtagjöldum munar hins vegar meiru. Þar er um að ræða hækkun um 190 millj. kr. Í frv. þegar það var lagt fram var gert ráð fyrir að í vaxtagjöld væri varið 7 milljörðum 350 millj. kr. en nú 7 milljörðum 540 millj. kr. Hins vegar er það mjög athygli vert og veruleg ástæða til þess að leggja á það áherslu að þessi liður fjárlaga hefur hækkað langsamlega mest frá því sem var í fjárlögunum 1988 eða um 57,08%. Auðvitað minnir það á þá nöpru staðreynd að staða ríkisfjármálanna hefur að þessu leyti verið að versna stórlega þennan tíma sem hér um ræðir.

Í viðhald fer hér nánast nákvæmlega sama upphæð, í haust var lagt til að upphæðin væri 1,5 milljarðar kr. en nú er hún 1577 millj. kr. Þar er því um að ræða sáralitla hækkun frá gildandi fjárlögum eða aðeins 4,64%. Eins er með fjárfestinguna.

Þegar frv. var lagt fram í haust var gert ráð fyrir að í fjárfestingu færu 8 milljarðar 684 millj. kr. Sú tala hefur lítillega hækkað, upp í 8 milljarða 947 millj. kr. Hækkun frá fjárlögum er því aðeins 13,74%.

Eitt megineinkennið á rekstrarhlið fjárlagafrv. er þess vegna að rekstrarþátturinn tútnar út á sama tíma sem fjárfesting og viðhald minnkar sem hlutdeild af heildinni.

Hæstv. forseti. Ég gat þess við 1. umr. um frv. til fjárlaga og ég endurtók það við 2. umr. að ég óttaðist að sömu einkenni fylgdu þessu frv. til fjárlaga 1989 sem og varð 1988, þ.e. góð áform um hallalaus fjárlög sem fóru hins vegar gersamlega úr böndum í framkvæmd. Ég er enn sömu skoðunar og ástæðan er enn hin sama. Ég tel að óvarlega sé farið í lánsfjáröflun ríkissjóðs og sjóðakerfisins á hans vegum. Ég tel að mun lengra ætti að ganga í niðurskurði rekstrarútgjalda en hér er þó gert. Ég tel enn fremur að nú sé lag til að ná árangri í þeim efnum betur en verið hefur í annan tíma. Það er út af fyrir sig fróðlegt að líta nánar á lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs sem ætlað var að yrði 4,7 milljarðar kr. og mundi aðeins hækka lítillega frá því sem var á sl. ári eða um 12% hækkun frá því árið 1988. Þegar staðan í þeim efnum er athuguð núna við 3. umr. fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að lánsfjárþörfin sé um 9,9 milljarðar kr. Skýringin á muninum er ósköp einföld. Hún kom hér ríkulega fram í máli hv. 2. þm. Norðurl. v. og ég held að það saki ekki þó ég minnist einnig á það.

Auðvitað er meginskýringin sú að fjárlagahallinn frá árinu 1988 fer yfir á þetta fjárlagaár. Það var gert ráð fyrir því að þessi fjárlagahalli næmi allt að 8 milljörðum kr., að vísu eru 800 millj. kr. af því allt frá árinu 1987. Þetta er samansafnaður vandi frá alllöngum tíma. Það kom hér fram fyrr í kvöld að af hálfu Seðlabankans var í þessu skyni tekið erlent lán nú milli jóla og nýárs og mun það hafa verið að upphæð 3,3 milljarðar kr. Það vannst ekki tími til frekari lántöku. Eftir er síðan að taka að láni í þessu skyni 4,5 milljarða kr. til þess að hreinsa borðið eins og staðan var orðin. Um þetta leyti í fyrra var gert ráð fyrir að fjárlög væru hallalaus. Þessi er niðurstaðan.

Í B-hluta er hins vegar bætt enn um betur. Þar er reiknað með 9,3 milljarða kr. lánsfjárþörf vegna byggingarsjóðanna eða um 50% hækkun frá því sem er í ár. Allir þekkja síðan hvernig ætlað er að ávaxta það fé, hvar meginhluti þeirrar fjárfestingar fer fram og hvert þjóðhagslegt gildi þeirrar fjárfestingar er. Þegar lánsfjárþörf annarra opinberra sjóða, sem vitaskuld tengjast fjárlögum ríkisins, er athuguð kemur í ljós að gert er ráð fyrir 6,8 milljarða kr. lánsfjárþörf eða um 78,9% hækkun frá því sem var á sl. ári. Samanlögð er öll þessi lánsfjárþörf röskir 20 milljarðar kr. miðað við 14,2 milljarða kr. í fjárlögunum 1988 eða 46,8% hækkun. Það er þessi stefna sem þarna liggur að baki og þessi pólitík sem að minni hyggju eru hættumerkin. Hættumerkin um að örðugt muni reynast að hemja verðbólguna og að hafa stjórn á almennri efnahagsþróun hér á landi eftir febrúarlok rétt eins og varð á sl. ári nema að því tilskildu að meginhluti þessa fjármagns fari til þess að treysta útflutningsgreinarnar svo sem best má verða og þar með arðbæra undirstöðu þjóðfélagsins.

Árið 1988 var ráðgerður rösklega 4 milljarða kr. viðskiptahalli samkvæmt þjóðhagsáætlun á því ári sem svaraði 6–7% tekna ríkissjóðs. Reyndin varð um það bil þreföldun eða nær 12 milljarða kr. viðskiptahalli sem svarar rösklega 18% tekna ríkissjóðs. Í áætlun og markmiðum núv. hæstv. ríkisstjórnar er reiknað með svipaðri útkomu að ári. Í þessari staðreynd og ekki síður í þessu markmiði sem er um svo gífurlegan viðskiptahalla er að minni hyggju fólginn meginvandinn í ríkisbúskap Íslendinga um þessar mundir. Þess vegna er niðurstaða mín sú og ekki síst við þær óvissu pólitísku aðstæður sem nú ríkja að það er nauðsyn að hér sé styrkur þingmeirihluti sem vill einbeita sér að því að snúa af þeirri óheillabraut sem leitt hefur af þeirri erfiðu stöðu sem ég hef hér gert að umræðuefni og sem hér blasir við. Það er sú þjóðarnauðsyn sem nú skiptir mestu máli.

Ég hef lokið máli mínu, hæstv. forseti.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil hefja mál mitt á því að þakka meðnefndarfólki í fjvn. svo og öllu starfsfólki nefndarinnar og starfsfólki í Austurstræti 14 einstaklega gott og snurðulaust samstarf á síðustu vikum.

Þegar litið er á horfur í efnahagsmálum á næsta ári hvað varðar ytri skilyrði virðist sem Þjóðhagsstofnun sé óþarflega svartsýn í spádómum. Margt bendir til þess að næsta ár boði betri tíma. Fiskverð fer nú hækkandi og spáð er að enn muni það hækka á heimsmarkaði. Kann það að hraða enn þeirri þróun að tjón hefur orðið á fiskimiðum helstu keppinauta okkar bæði vegna ofveiða og mengunar og því eru líkur til að fiskafurðir okkar geti selst á góðu verði og jafnvel að nýir markaðir opnist. Þrátt fyrir fyrirhugaða skerðingu á afla eru uppi efasemdir um að aflaverðmæti dragist eins mikið saman og Þjóðhagsstofnun spáir nú og ekkert bendir til að olíuverð hækki, a.m.k. ekki fyrri hluta árs.

Varðandi gengisþróun er líklegt að bandaríkjadollar hafi nú náð lágmarki og muni e.t.v. hækka eitthvað á árinu. Fremur bjartar horfur eru um hagvöxt og þar með vaxandi almenna eftirspurn í iðnríkjum. Spá Þjóðhagsstofnunar um viðskiptahalla upp á 14 milljarða kr. á næsta ári kann því að byggjast á of mikilli svartsýni.

Hvað varðar innlend efnahagsmál þá ríkir þar mikil óvissa. — Ég vil vekja athygli forseta á því að ráðherrar eru ákaflega lausir í sessi hér um þessar mundir í salnum. (**Forseti:** Forseti mun gera tilraun til að kalla hæstv. ráðherra inn í salinn.) Hvað varðar innlend efnahagsmál þá ríkir þar mikil óvissa. Verðstöðvun, eða öllu heldur verðlagsafföll, fellur úr gildi í febrúarlok og ljóst er að nýir kjarasamning-

ar eru fram undan. Í kjölfar gengisfellingarinnar nú hefur komið í ljós að kaupmáttur launa hefur rýrnað um 12,7% á síðustu sex mánuðum. Fjárlagafrv. gerir ráð fyrir sama kaupmætti launa út allt árið og á fyrstu þrem mánuðum þess. Þykir mönnum nú líklegt að launafólk sætti sig við að búa við slíkt? Ég hef efasemdir um það. Líklegra virðist að launahækkun muni verða umfram forsendur fjárlagafrv. sem þá eru brostnar nema ríkisstjórnin viðhaldi launafrystingunni út árið. Kannski ætlar hún sér það og ber við þjóðhagslegri nauðsyn. Þjóðhagsstofnun telur erfitt að meta áhrif skattbreytinganna um áramótin á verðlag og aðrar þjóðhagsstærðir. Þetta er síst að undra í ljósi þess hver raunin varð á nýliðnu ári. Þær skattbreytingar sem gengu í gildi um áramót 1987 og 1988 áttu að bjarga hag ríkissjóðs í bráð og lengd og söluskatti var ætlað að skila sér betur en nokkru sinni áður. Allt fór þetta úr böndunum með þeim afleiðingum sem öllum eru kunnar.

Þriðja umræða um fjárlög fer nú fram við óvenjulegar aðstæður þar sem komið er fram á fjárlagaárið og forsendur eru enn að breytast og má segja að nýjar tölur birtist daglega. Stjórnarandstaðan lagði mikla áherslu á það að tekjuöflunarfrv. væru afgreidd sem lög frá Alþingi áður en endanlega væri gengið frá fjárlögum. Annað hefði í rauninni verið óforsvaranlegt þar sem mikil óvissa ríkti um afdrif þeirra og þar með tekjuhlið fjárlaga. Að sjálfsögðu kom í ljós að ekki var vanþörf á að hafa vit fyrir stjórnarflokkunum að þessu leyti.

Í meðförum Alþingis urðu umtalsverðar breytingar á þessum frv. sem breyttu tekjuöflunardæminu um hundruð milljóna kr. Mest munar þó vissulega um happdrættisskattinn sem hæstv. fjmrh. gleymdi að tryggja sér stuðning við áður en hann var markaður sem 400 millj. kr. tekjulind í fjárlagafrv. Ekki hörmum við kvennalistakonur afdrif þess máls og erum vissulega sáttar við að sækja svipaða upphæð í vasa þeirra sem nota áfengi og tóbak svo sem ætlunin er. Í sambandi við það vil ég lýsa andstöðu okkar kvennalistakvenna við vægi þessara þátta í framfærsluvísitölunni. Það er bágt að sjá nokkurt réttlæti í því að framfærslu- og lánskjaravísitala taki stökkbreytingum og skuldabyrði manna þyngist við hækkanir á brennivíni og tóbaki.

Annað dæmi um breytta liði í tekjuhlið frv. er tekjuskatturinn, en enginn vafi er á því að hörð barátta stjórnarandstöðunnar kom í veg fyrir að álögur á einstaklinga yrðu enn meiri en raunin verður. Því miður tókst ekki að koma í veg fyrir hækkun skattprósentunnar en hækkun fékkst á persónufrádrætti og barnabótum frá því sem ríkisstjórn jafnréttis og félagshyggju hafði áformað. Ýmislegt í því frv. og reyndar öðrum hefði þurft að athuga og fjalla um miklu nánar og skal hér enn ítrekuð sú skoðun að það sé hreint glapræði að flaustra svo af afgreiðslu afdrifaríkrar lagasetningar.

Þessi nýju skattalög kveða svo á að framreikningur persónuafsláttar og barnabóta miðist ekki lengur við lánskjaravísitölu heldur skattvísitölu sem breytist árlega. Með þessu er horfið frá því að tengja skattbyrði fólks við verðlagsþróun því áður minnkaði skattbyrðin hlutfallslega ef samdráttur varð í launum. Auk þessa var svo skatthlutfall hækkað úr 28,5% í 30,8%. Þessu vorum og erum við kvennalistakonur ekki samþykkar. Við höfum áður lagt til að háar tekjur verði skattlagðar sérstaklega bæði í tekjuskatti og útsvari og mundi það sennilega gefa álíka tekjur í ríkissjóð en vera sanngjarnari skattheimta. Við höfum í hyggju að vinna áfram að athugun þessa máls. Við erum einnig þeirrar skoðunar að skattleggja beri eignir umfram hófleg mörk en við töldum engan veginn nægilega athugað hvernig sú skattlagning og skattlagning á fyrirtækjum kæmi niður. Því sátum við hjá við afgreiðslu þessara greina hinna nýju skattalaga en greiddum atkvæði gegn frv. í heild vegna hækkunar tekjuskatts einstaklinga.

Ekki er hægt annað en gagnrýna enn og aftur þau vinnubrögð sem þingmönnum hefur verið boðið upp á við undirbúninginn að afgreiðslu fjárlaganna. Eftir verkefnaskort í þinginu vikum saman komu síðustu daga fyrir jól í einni skæðadrífu frv. sem ætlað er að mynda tekjur sem standa eiga undir útgjöldum fjárlaga. Þetta gerist þá sömu daga sem ætlað var að fjárlögin yrðu afgreidd. Svona vinnulag er engin leið að samþykkja. Það þarf mjög teygjanlega samvisku til að samþykkja tekjuöflunarfrv. sem fá svo hraða umfjöllun og er rekið svo á eftir að ekki fást svör við til hvers þau kunna að leiða úti í þjóðfélaginu og hvernig þau koma við hinn almenna þjóðfélagsþegn. Þessi frv. hefðu því þurft að koma fram miklu fyrr.

Þetta fjárlagafrv. sem við ræðum hér boðar harðari álögur og þrengri stöðu almennings en sést hefur um árabil. Álögurnar koma fram í beinum og óbeinum sköttum auk þess sem ætlað er að gjaldskrár ýmissa stofnana hækki. Hagur almenns launafólks fer síversnandi. Kaupmáttur launa hefur samkvæmt síðustu fréttum rýrnað um 12,7% á síðustu sex mánuðum. Það þýðir ekki aðeins versnandi hag almennings heldur einnig ríkissjóðs. Hækkun skatta kemur óhjákvæmilega til með að minnka ráðstöfunartekjur almennings enn frekar og hlýtur að leiða til þess að tekjur ríkissjóðs af veltusköttum minnki. Þannig kann ávinningur ríkissjóðs að verða minni en ætlað er. Það hefur þegar sýnt sig að vaxandi samdráttur hefur leitt til tekjubrests hjá ríkissjóði og í ljósi þess leyfi ég mér að hafa þá skoðun að tekjur ríkissjóðs af óbeinum sköttum séu ofáætlaðar í frv. Hafa ber í huga að hækkun á gjaldskrám, t.d. Ríkisútvarpsins og Pósts og síma og hækkun á bensíngjaldi, er líka skattlagning sem munar um í pyngjum sem léttar eru fyrir. Þá má einnig minna á að breikkun vörugjaldsstofnsins leiðir til aukinna útgjalda einstaklinga auk þess sem sú mikla skattlagning er verðbólguhvetjandi.

Landssamband iðnaðarmanna hefur lýst sig mótfallið hækkun vörugjaldsins. Þeir telja að með þeirri lagasetningu sé litið fram hjá vandamálum íslenskra iðnfyrirtækja og samkeppnisstöðu þeirra gagnvart

innfluttum vörum. Þeir vara við þeirri stefnu stjórnvalda að gera samdráttarráðstafanir þegar efnahagslífið er að dragast saman og telja að framkvæmdir og fjárfestingaráform hafi þegar dregist svo mikið saman að naumast sé þörf á sérstökum hagstjórnaraðgerðum, svo sem aukinni skattlagningu á byggingarefni, til að draga úr fjárfestingu. Vörugjald hefur veruleg áhrif á flestöll iðnfyrirtæki og má í því sambandi minna á hve stór hluti iðnaðarins er tengdur mannvirkjagerð, framkvæmdum og þjónustu við atvinnulífið. Með þessum skatti eru vandkvæði útflutnings- og samkeppnisgreina í iðnaði stóraukin og voru þó ærin fyrir. Vert er að hafa í huga að sé búið þannig að fyrirtækjum að þau ýmist aðeins hangi á horriminni eða leggi upp laupana fær ríkissjóður ekki umtalsverðar tekjur af sköttum frá þeim. Því má heldur ekki gleyma að hækkun á byggingarkostnaði er verðbólguvaldandi, leiðir til vísitöluhækkana og kallar á aukin framlög til byggingarsjóðanna. Þannig rekur sig eitt á annars horn.

Mér býður í grun að í þessu sem fleiru séu tekjur af skattheimtu ofmetnar. Samdrátturinn kynni að verða meiri en reiknað er með vegna rýrnunar gjaldstofnsins og við þurfum ekki að leita langt aftur í tímann eftir dæmum um rangar tekjuáætlanir. Þær hafa kannski sjaldnast staðist, sem oft er skiljanlegt, en aldrei hafa menn þó misreiknað sig jafnhrapallega og á síðasta ári, einmitt þegar ráðist var í umfangsmiklar breytingar á tekjuöflunarkerfi ríkisins sem leiða áttu til skilvirkari og öruggari áætlana. Sú fyrirætlun brást gjörsamlega.

Í baráttunni við rekstrarhalla ríkissjóðs ætti hæstv. ríkisstjórn að hafa í huga að þó að vandinn sé mikill leyfist henni ekki að smíða sér vopn gegn honum úr hvaða efniviði sem er. Samdráttar- og sparnaðarhugmyndir hennar birtast okkur ekki aðeins í tillögum heldur í tilskipunum um niðurskurð í hinum margvíslegustu málaflokkum sem ég vil nefna dæmi um. Þar vil ég fyrst telja lækkun launagjalda til skóla um 110 millj. kr. Það ætti að vera öllum kunnugt að um langt skeið hafa kennarar búið við laun sem engan veginn samrýmast því ábyrgðarhlutverki sem þeir gegna og margir þeirra hafa neyðst til að drýgja tekjur sínar með mikilli yfirvinnu hreinlega til þess að komast af. Með þessum niðurskurði er dregið úr þeim möguleikum þar sem honum er að miklu leyti beint gegn yfirvinnu og forfallakennslu. Ekki eru líkur til að kennarastéttin láti slíkri skerðingu ómótmælt og gefur auga leið hverjar afleiðingarnar verða.

Samkvæmt tilskipun ríkisstjórnarinnar skal lækka launaútgjöld ríkisins og svarar sú lækkun til þess að heildarlaunakostnaður dragist saman um 1,5%. Áætlað er að þessi samdráttur komi fyrst og fremst fram í minnkandi yfirvinnu og aukavinnu. Einnig skal lækka kostnað vegna ferða, risnu og sérfræðiþjónustu um 250 millj. kr. eða u.þ.b. 20%. Þessu skal náð fram með auknu aðhaldi. Fyrr hafa nú sést í fjárlagafrv. áform um aðhald og sparnað. Aldrei hafa þau gengið fram því sjálfvirkni í kerfinu er býsna föst fyrir. Verður fróðlegt að sjá hvort þetta gengur eftir nú fremur en áður og satt að segja efumst við kvennalistakonur mjög um það. En það er allrar athygli vert að þegar hæstv. fjmrh. hefur talað um þessa sparnaðarleið hefur hann alltaf orðað það svo að risnu- og ferðakostnaður skyldi lækkaður um 250 millj. kr. en sérfræðiþjónustunni hefur hann sleppt úr umtalinu þó að vissulega liggi fyrir að hún sé inni í þessu dæmi. Og aldrei hefur þessi risnu- og ferðakostnaður verið sundurgreindur. Sérfræðiþjónustan er eitthvað sem fer lakar í munni en risnu- og ferðakostnaður og spurningin er: Hver á að sjá um aðhaldið og hvernig á að ná þessu fram? Halda menn virkilega að þetta takist?

Það má enn nefna fleiri baráttutæki hæstv. ríkisstjórnar sem smíðuð eru úr efniviði sem ætlaður var í annað. Fyrirheit ríkisstjórnarinnar um skipulega uppbyggingu í samgöngumálum birtast á þann hátt að af 900 millj. kr. hækkun á sérmerktum tekjustofnum Vegagerðarinanr fara aðeins 200 millj. kr. til vegamála. Hitt fer til ríkissjóðs, eða 700 millj. kr. Í öðru lagi verður ekki skilað á þessu ári 180 millj. kr. sem geymdar voru frá fyrra ári. Þarna fara því um 880 millj. kr. af sérmerktu fé Vegagerðar ríkisins beint í ríkissjóð. Það er augljóst að vegagerðarframlög til sumra kjördæma duga naumast fyrir skuldum þannig að lítið sem ekkert verður eftir til nýframkvæmdanna. Þó að ráðherrann gefi fyrirheit um að þessar og þvílíkar ráðstafanir sem varða skerðingu lögboðinna tekjustofna séu aðeins miðaðar við árið í ár, og meini það kannski, er rétt að hafa í huga að þegar þetta hefur einu sinni verið gert er eftirleikurinn auðveldur og freistingin fyrir hendi að seilast aftur til fjárins ef færi gefst.

Þessar ráðstafanir hljóta að hafa í för með sér tekjutap og atvinnusamdrátt á landsbyggðinni ofan á fyrirsjáanlegan atvinnubrest sem stafar af niðurskurði á öðrum verklegum framkvæmdum og þrengingum atvinnuveganna. Það er því heldur kátbroslegt sem gat að líta í Þjóðviljanum, málgagni sósíalisma, þjóðfrelsis og verkalýðshreyfingar, 28. des. sl. þar sem leiðarahöfundur lýsir fögnuði sínum yfir störfum og árangri ríkisstjórnarinnar og segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Allt annar andi en áður ríkir í samgöngumálum. Þar er nú hugað að því að bæta lífskjör og vaxtarmagn á landsbyggðinni.“ Ekki veit ég í hvers konar turni þessi veslings leiðarahöfundur er en sá turn hlýtur að vera bæði gluggalaus og hljóðeinangraður fyrst maðurinn sér hvorki né heyrir staðreyndir á borð við þessar sem ég hef nú lýst.

Svo enn sé rætt um mál sem varða landsbyggðina sérstaklega þá má nefna að eftir 1. apríl sést ekki að ætluð sé króna til niðurgreiðslna á landbúnaðarvörum og hvergi hefur komið fram hvað ríkisstjórnin hyggst aðhafast í því máli, hvort landbúnaðarvörur eigi að hækka í verði eða hvar á að taka fjármuni til áframhaldandi niðurgreiðslna. Búfjár-

ræktarframlög eru strikuð út, til jarðræktarframlaga skortir 150 millj. kr. vegna framkvæmda sem þegar hafa verið unnar og auk þess er langur skuldahali á þessum liðum sem hvergi er tekið á. Að vísu lýsti formaður fjvn. í ræðu sinni hér áðan fyrirheitum ráðherra um endurskoðun, uppstokkun og skuldagreiðslu varðandi þessa liði og nú er helst að binda vonir við að það gangi eftir. En allt um það taka bændur nú að gerast langeygir eftir lögboðnum greiðslum fyrir framkvæmdir sem þeir hafa þegar komið á.

Einnig er vert að geta þess að svo mjög sem stjórnarliðar hafa hátt um landgræðslu og landvernd, sem út af fyrir sig er allt gott um að segja, er raunin sú að samkomulagið um framlög vegna landgræðslu er brotið og síðan er ruglað öllum samþykktum um hlutföll í úthlutun til verkefna sem fyrir liggja. Landsbyggðin er ekki gæluverkefni þessarar ríkisstjórnar. Það væri nær að segja að hún væri olnbogabarn. (**Gripið fram í:** Það er hún alveg ótvírætt.)

Ég hef nú rætt nokkuð um niðurskurðartilskipanir hæstv. ríkisstjórnar og þann sparnað sem hún hyggst koma á með margvíslegu aðhaldi sem við kvennalistakonur höfum lýst efasemdum um að takist. En ég vil nú minnast á þær greinar þar sem ekki virðist gerð tilraun til að spara. Á undanförnum árum hefur sú þróun orðið að kostnaður við ráðuneyti hefur aukist jafnt og þétt, einkum þó kostnaður við aðalskrifstofurnar, yfirstjórnina, sem yfirleitt hefur hækkað meira milli ára en aðrir liðir á fjárlögum. Á næsta ári, ári aðhalds og sparnaðar í öllum greinum að sögn hæstv. fjmrh., hækkar kostnaður við æðstu stjórn ríkisins og yfirstjórn ráðuneyta um 19,5% eða 220,8 millj. kr. Launakostnaðurinn hækkar í flestum ráðuneytum umfram verðlagsforsendur frv. og upp úr stendur sjálft fjmrn. með 52,5% hækkun launa sem er vitanlega hrein og bein ósvífni og storkun. Þarna er á ferð launakostnaður langt umfram forsendur fjárlaga og útþensla á umfangi ráðuneyta á sama tíma og yfirmennirnir, ráðherrarnir, prédika allt hvað af tekur nauðsyn samdráttar og aðhalds í öllum greinum og fyrirskipa almenningi að herða sultarólina. Það stuðlar ekki að tiltrú fólks til ráðamanna þegar þeir standa eins og vegprestar, benda öðrum leiðina en fara hana ekki sjálfir. Almenningur í þessu landi hefur lengi mátt horfa upp á ótrúlega ósvífni í opinberum fjárfestingum og margs konar bruðl og óhóf. Ýmsir athafnamenn hafa leikið lausum hala, offjárfest og bruðlað og síðan ber launafólk skaðann ýmist beint eða í gegnum ríkissjóð. Sífellt berast fréttir af alls konar misnotkun eða ofnotkun á almannafé og misferli í atvinnurekstri og því verða niðurskurðar- og sparnaðarleiðir hæstv. ríkisstjórnar að vera mjög trúverðugar og jafnafdráttarlausar og álagningartillögur hennar. Þá er hollt að minna á að tiltekt í eigin búi er þar líklegust til að vekja tiltrú.

Ég vék að því í upphafi máls míns að forsendur frv. hefðu verið mjög á hverfanda hveli og nýjar tölur og nýjar forsendur birst dögum oftar. Þetta hefur vitanlega oft gert okkur í fjvn. erfitt um að fylgjast með og hafa yfirsýn um breytingar á frv. Við erum þó líklega ekki ein um að hafa orðið fyrir truflunum af þessum sökum. Hagfræðingar og ráðunautar ríkisstjórnarinnar hafa trúlega haft nokkurt angur af þessu líka við að hagræða fjárlagafrv. í samræmi við breyttar forsendur hverju sinni. Þetta lýsir sér glöggt í gagnmerku skjali sem mér barst í hendur rétt í þessu frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun og ber yfirskriftina „Um breytingar á fjárlagafrumvarpi vegna gengisbreytingar í byrjun janúar 1989". Að sjálfsögðu eru þar ýmsar upplýsingar um hvað Fjárlaga- og hagsýslustofnun hefur talið rétt að endurskoða og breyta, teygja og toga í sambandi við frv. Ég vil lesa niðurlagsorð þessa plaggs, með leyfi hæstv. forseta:

„Rekstraráætlun B-hluta stofnana hefur verið breytt frá upphaflegu frv. Vegna gengisbreytingar og áætlaðra verðlagsáhrifa af henni voru rekstrargjöld önnur en laun hækkuð um 1,5%, fjármagnskostnaður og fjármagnstekjur og afborganir lána voru hækkaðar um 1,5% vegna innlendra lána og sem gengisbreytingunni nam vegna erlendra lána."

— Og taki menn nú eftir: „Auknum gjöldum B hluta stofnana af framangreindum ástæðum var mætt með því að breyta áætluðum tekjum af sölu á vörum og þjónustu um allt að 1,5% eftir því sem þurfti. Þar sem slík tekjubreyting dugði ekki til var unnt að brúa bilið með því að gera ráð fyrir breyttri sjóðsstöðu."

Mér finnst þetta dæmi alveg lýsandi um verklagið við smíði og afgreiðslu þessa frv. Ef tölur passa ekki er bilið brúað með því að gera ráð fyrir að eitthvað sé öðruvísi en það er. Ég gæti hugsað að fleira leyndist görótt í vinnubrögðum þessarar stofnunar sem er nokkurs konar bakhjarl ríkisstjórnarinnar.

Þess má enn geta að í fjárlagafrv. er eins og endranær óútfylltur víxill, þ.e. 6. gr. Þar er ríkisstjórninni gefið sjálfdæmi um greiðslur og útgjöld sem enginn sér fyrir um hver kunni að verða og vandanum er vísað til framtíðarinnar. Þessi liður hefur að undanförnu kostað ríkissjóð árlega hundruð milljóna. Í frv. sem nú liggur frammi er þegar greiddur rúmur hálfur milljarður af 6. gr. og eru þá ekki öll kurl komin til grafar.

Í fjárlagaumræðunni undanfarin ár hafa kvennalistakonur margsinnis bent á nauðsyn þess að endurskoða þessa grein og hlutverk hennar. Endurskoða hvernig hún hefur verið notuð því oftsinnis hafa ákvarðanir um kaup og sölu ríkisins sem heimilaðar eru á þessari grein orsakað deilur og jafnvel orkað tvímælis og þarf varla að nefna dæmi um slíkt. Ég vil enn ítreka að þörf er á að endurskoða hvort yfirleitt á að veita ríkisstjórninni svo rúmar yfirdráttarheimildir, ef svo má kalla þær, sem gert er með þessari grein og sem freista e.t.v. oft til ónauðsynlegra eða ótímabærra fjárfestinga. Væri ekki rétt að þrengja hana enn, hafa aðeins örfá atriði inni eða jafnvel afnema hana með öllu. Opin heimild af þessu tagi

leiðir tæpast til aðhalds eða sparnaðar í ríkisfjármálum.

Launakostnaður ríkisins er vissulega stór liður á útgjaldahlið fjárlaga og ekki að undra þótt menn líti til þess liðar þegar leitað er leiða til að hagræða og spara í ríkisrekstri. Við kvennalistakonur erum þeirrar skoðunar að víða sé pottur brotinn í þeim efnum. Launataxtar ríkisstarfsmanna eru að sönnu lágir og sumir til skammar og í mörgum tilvikum í engu samræmi við menntun fólksins eða mikilvægi starfanna, svo sem í uppeldis- og umönnunarstörfum. Láglaunastefnan sem fylgt hefur verið hefur leitt til margvíslegrar brenglunar og mismununar í launakerfinu. Það er opinbert leyndarmál hvernig reynt er að bæta upp lélega launataxta með fríðindum af ýmsu tagi, stöðuheitum sem hækka menn um launaflokka og gera menn jafnvel að deildarstjórum eða yfirmönnum með enga undirmenn til að stjórna, að ekki sé nú minnst á áfengiskaup á kostnaðarverði og ferðalög með dagpeningum sem oft eru langt umfram þörf. Stærsti liðurinn er þó væntanlega yfirvinna sem auðvitað er oft innt af hendi í raun og veru en þó er mjög algengt að opinberir starfsmenn hafi fastar yfirvinnustundir sem þeir fá greiddar án þess að skila vinnunni. Ég þarf varla að minna á að allar þessar aðferðir sem beitt er leynt og ljóst til að drýgja lágar launatekjur ríkisstarfsmanna eru að langmestu leyti nýttar í þágu karlmanna í þjónustu ríkisins. Þess hefði mátt vænta að ríkisstjórn sem kennir sig við jafnrétti gerði meira en aðeins að tala um slíkt augljóst misrétti. Við kvennalistakonur íhuguðum alvarlega að leggja til lækkun launaliða þessa fjárlagafrv. með það í huga að ráðist yrði að rótum þessarar meinsemdar en hurfum frá því ráði þar sem við höfum ekki tök á því að hafa hönd í bagga með framkvæmd slíkrar stefnu. Hún er hreint ekki vandalaus né einföld og við treystum því einfaldlega ekki að byrjað yrði á réttum enda.

Ég hef áður nefnt áhyggjur okkar vegna fyrirætlana um niðurskurð á launalið skólanna í landinu. Slík fyrirætlun gefur ekki ástæðu til að ætla að þessari ríkisstjórn sé treystandi til að útfæra hugmyndir um lækkun launakostnaðar sem alls ekki mega leiða til lakari þjónustu á sviði uppeldis og umönnunar og ekki þrengja kost þeirra sem enga aðstoð þurfa að hafa til þess að sækja sér uppbætur á léleg laun í formi fríðinda, óunninnar yfirvinnu eða öðru af því tagi. Þá er vitaskuld engin leið að fallast á þær forsendur sem launaútgjöld ríkisins byggjast á. Þó að gert sé ráð fyrir launabótum á árinu þá er augljóst að þær bætur geta ekki orðið í neinu samræmi við verðbreytingar. Frv. gerir ekki ráð fyrir frekari gengisbreytingum en hins vegar er af flestum talið fullvíst að ríkisstjórnin áformi að fella gengi enn á næstunni. Gangi það fram eru flestar forsendur frv. brostnar enda að sögn t.d. formanns ASÍ tómt rugl.

Hvernig horfir svo þetta fjárlagafrv. við almenningi í landinu? Hvernig kemur það við fjölskyldur og heimili? Jú, það færir þeim nýja skatta og álögur upp á 5,6 milljarða kr. að mati Ríkisendurskoðunar, 7,2 milljarða kr. segir hagdeild fjmrn., hverju sem maður á nú að trúa. Það sýnir þeim svimháar upphæðir í erlendum og innlendum skuldum og nýjum lántökum vegna gamallar og nýrrar óráðsíu. Það boðar samdrátt í launum og kaupmætti, niðurskurð á opinberum framkvæmdum og jafnvel atvinnubrest. Það segir okkur ófagra sögu af tilætlunarsemi ráðherra sem skera niður flest annað en eigin eyðslu og fremstur í flokki er hæstv. fjmrh. sem þenur út eigið ráðuneyti langt umfram allt annað í ríkisrekstrinum. Það segir almenningi að orð og athafnir hæstv. ríkisstjórnar eru sitt hvað og skýrustu dæmin um það eru einmitt stefnuyfirlýsing hæstv. ríkisstjórnar og svo fjárlögin þar sem jafnrétti milli kynja, milli byggðarlaga, milli ríkra og fátækra skipar hærri sess í stefnuyfirlýsingu en í framkvæmd.

Virðulegi forseti. Við kvennalistakonur gerðum engar brtt. við 2. umr. fjárlagafrv. Ástæðan var ekki sú að við teldum ekki breytinga þörf heldur var umfjöllun og úrvinnsla alls ekki á því stigi að við teldum brtt. tímabærar. Eins og ég sagði áðan íhuguðum við vandlega að gera brtt. við tekjuhlið frv. en hurfum frá því ráði eins og ég gerði grein fyrir í máli mínu og sitthvað fleira kom til greina í því efni sem krafðist meiri athugunar en við höfðum tækifæri til. Brtt. okkar við gjaldahliðina eru ekki margar. Þar er aðeins um að ræða örfá atriði sem eru þó dæmigerð fyrir áherslur og forgangsröðun Kvennalistans. Þetta eru tillögur um hækkun framlaga til lista og menningarmála, til Lánasjóðs ísl. námsmanna, til Kvennaathvarfsins, til umhverfisfræðslu, til kvennarannsókna, til kvennamiðstöðvar á Grænhöfðaeyjum, til forvarnarstarfa í heilbrigðismálum, til Heimilisiðnaðarskólans og tillögur um nýja liði um framlög til átaks í jafnréttismálum og til eflingar atvinnu kvenna í dreifbýli. Þessar tillögur liggja frammi á þskj. 404, 406, 409, 411 og 414 og munu aðrar þingkonur Kvennalistans skýra þær á eftir. Af þessum tillögum og skýringum við þær geta menn séð hverjar áherslur yrðu ráðandi í fjárlögum íslenska ríkisins ef Kvennalistinn réði meiru þar um.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Hér fer fram 3. umr. um fjárlög og því verður að sjálfsögðu ekki á móti mælt að gert var samkomulag fyrir jólahlé um að lokaafgreiðslan færi fram á þessum dögum.

Frá hendi Sjálfstfl. er að sjálfsögðu eðlilegt að virða það samkomulag. En ríkisstjórnin mætti taka þá afstöðu okkar sér til fyrirmyndar því að hún hefur rofið þetta samkomulag. Í meginatriðum hlaut að vera eðlilegt að ganga út frá því að fjárlagafrv. yrði afgreitt við óbreyttar forsendur frá því sem var þegar þingi var frestað fyrir jól. Að sjálfsögðu var sá tími sem ætlaður var til umfjöllunar málsins fyrir lokaafgreiðsluna við það miðaður. Þessar forsendur hafa breyst þannig að tímasetningar eru ekki til samræmis við þetta samkomulag. Ríkisstjórnin hefur þess

vegna svikið samkomulagið og það er afar mikilvæg reynsla og niðurstaða í eðlilegum samskiptum innan þingsins að þetta samkomulag, ég held nánast það fyrsta um vinnutilhögun hér á þinginu, hefur verið svikið að tilhlutan ríkisstjórnarinnar.

Af störfum fjvn. við þessa fjárlagagerð má vissulega margt læra og það hlýtur að vera eðlilegt að það komi fram að í þeim efnum hefur margt horft til betri vegar og þá sérstaklega það að fjvn. hefur haft í miklu ríkari mæli en áður hefur verið aðgang að sérfræðiþjónustu til upplýsinga og skýringar við fjárlagagerðina. Þetta ber að sjálfsögðu að meta og þakka og mín skoðun er að fjárlagagerð og vinnu við fjárlagagerð þyrfti mjög að breyta frá því sem verið hefur. Hún tekur mið af því sem var hér á árum áður þegar ríkisumsvifin voru ekki nema hluti af því sem nú er og við þær aðstæður hafði fjvn. að sjálfsögðu miklu betri möguleika á því að meta mál eins og þau lágu fyrir.

Ég held hins vegar að líka verði að horfa til þess að minni hl. fjvn. sé gert mögulegt að hafa svipaða aðstöðu í þessum efnum og meiri hl. fjvn. Ég hygg að það væri gagnlegt og tel raunar að reynslan hafi sýnt það við þessa fjárlagagerð að það ættu að verða miklu skarpari skil á milli meiri hl. og minni hl. við fjárlagagerðina. Það eru vissir þættir sem eru sameiginlegir í þeim efnum, reyndar sameiginlegir hér í þinginu öllu, en aðrir ekki. Það er allt of stór hluti af þessari sameiginlegu vinnu sem fer fram á grundvelli tilkynninga frá meiri hl. fjvn. Þegar svo er komið í sumum vandasömum málum að meiri hl. fjvn. er málpípa frá ríkisstjórninni sem tekur við tillögum frá ríkisstjórninni sem meiri hl. kemur sér kannski ekki saman um undir öðrum kringumstæðum og nánast engin málefnaleg umfjöllun fer fram um í fjvn., og alls ekki sameiginlega, þá hlýtur það að koma mjög til álita að hafa skarpari skil í vinnubrögðum fjvn. Ég minni á það að sum af þeim málum sem ég bað um útreikninga og upplýsingar um voru ekki upplýst fyrr en eftir að hinni almennu málefnalegu umfjöllun í fjvn. lauk. Það er óhætt að fullyrða að í þessum efnum, þessum tilkynningarskyldu vinnubrögðum og beinum afskiptum ríkisstjórnarinnar um einstaka fjárlagaliði, var gengið lengra núna en áður hefur verið. Þetta segir í rauninni fyrst og fremst það að leiðir í fjvn. eiga að skilja með málefnalegum hætti með skýrari vinnubrögðum en nú voru viðhöfð.

Hv. 6. þm. Suðurl., fulltrúi Borgaraflokksins í fjvn. og sá hinn sami og hafði hér orð fyrir flokknum í þessari umræðu, hafði á því orð að það sem þjóðina vantaði núna helst væri styrkari ríkisstjórn. Auðvitað get ég verið honum sammála um að þjóðin þyrfti á miklu styrkari ríkisstjórn að halda en raun ber vitni um. Ég vek hins vegar athygli á því að ríkisstjórnin hefur komið öllum sínum málum fram á Alþingi. Hún þarf ekkert að kvarta. Stefna hennar liggur fyrir hér með afar skýrum hætti við afgreiðslu skattamálanna og við afgreiðslu fjárlaganna. Hún hefur ekki þurft að fara neinar krókaleiðir. Hún hefur getað haft þetta eins og hún hefur viljað. Þetta er hennar stefna. Það er engum öðrum að þakka né kenna en henni sjálfri. Að því leyti hefur ekkert skort á þingstyrk þessarar ríkisstjórnar. Það er svo annað mál hver styrkurinn er í upplaginu, en það var ekki það sérstaklega sem hv. þm. Óli Þ. Guðbjartsson var að ræða og ég held að ekki sé hægt að ætla að upplaginu sem slíku verði breytt.

Þegar þessar aðstæður eru metnar er auðvelt að sjá hvert stefnir í þessum efnum og eru það að sjálfsögðu verkin sem tala. Það fyrsta sem er eðlilegt að minna á og undirstrika alveg sérstaklega er að gert er ráð fyrir því að viðskiptahalli verði á þessu ári 14,5 milljarðar kr. Eitt af meginfyrirheitum ríkisstjórnarinnar, aðalfyrirheit ríkisstjórnarinnar, hefur verið að eyða viðskiptahallanum. Hvað skyldi nú hæstv. fjmrh. vera búinn að gefa margar yfirlýsingar um að það dygði ekki lengur fyrir íslensku þjóðina að lifa á erlendum lánum? Það væri fróðlegt að fara yfir það hversu oft sá virðulegi ráðherra hefur lýst því yfir. Niðurstaðan liggur fyrir. Það er ætlað að viskiptahallinn á þessu ári muni nema 14,5 milljörðum kr. og aukast enn frá því sem áður hefur verið og hefur reyndar verið eitt mesta ádeiluefni á Sjálfstfl. að undanförnu.

Það vakti nokkra eftirtekt við 2. umr. þessa máls þegar því var mótmælt af fjmrh. og af formanni fjvn. að markmið ríkisstjórnarinnar væri að hækka skattana í þjóðfélaginu, eins og fram hafði m.a. komið í viðræðum fjvn. við Þjóðhagsstofnun, um 6,7 milljarða kr. Fjmrh. greip hér fram í og sagði að þessi tala væri 4,3 milljarðar kr. Nú er staðfest svo að ekki verður um deilt að skattheimtan, nýir skattar beint og óbeint, sem tekin er ákvörðun um í skattafrumvörpunum og í þeim heimildum sem ríkisstjórnin hefur er upp á 7,2 milljarða kr. eða rétt tæpum þremur milljörðum kr. meiri en fjmrh. var að kalla fram í við 2. umr. fjárlaga. Þetta liggur nú fyrir og þar með hefur skattametið verið slegið eins og skýrlega hefur verið tekið fram.

Sú yfirlýsing sem mér finnst þó vera langsamlega mikilvægust af hendi ríkisstjórnarinnar er það sem kom fram hjá hv. formanni fjvn. í framsöguræðu hans fyrr í kvöld þar sem hann segir skýrum orðum að atvinnumál og aðgerðir í þeim efnum séu allt annað en fjárlagagerð. Þetta er að sjálfsögðu ekki hægt að skoða öðruvísi en að afkoman í atvinnulífinu, hin almenna pólitíska atvinnustefna í landinu, sé allt annað en það sem felist í fjárlögum. Ég veit ekki hvort hægt er með skýrari hætti að lýsa því á hvaða misskilningi þessi fjárlagagerð byggist þegar aðaltalsmaður ríkisstjórnarinnar við þessa umræðu segir að þetta tvennt sé sitt hvort og að afkoma atvinnulífsins, vandi þess eða viðgangur sé sú hagstærð sem sé óháð fjárlagagerðinni. Það gæti reyndar verið að ýmislegt væri öðruvísi við þessa fjárlagagerð ef afkoman í atvinnulífinu og sérstaklega í sjávarútveginum hefði verið tekin til umfjöllunar og gerðar þar nauðsynlegar aðgerðir til eflingar en ekki samdráttar eins og hefur verið og er stefna núv. ríkisstjórnar.

Það er nú liðið rúmt ár frá því að Alþb. tók upp alveg sérstakt pólitískt slagorð. Það var fyrst og fremst byggt á byggðasjónarmiðum sem margir góðir alþýðubandalagsmenn hafa vissulega mikinn áhuga fyrir. Ætla ég ekki að bera á það nokkrar einustu brigður. En þar var sagt: „Sækjum valdið suður.“ Leiðin til þess að treysta byggðirnar og bæta hag fólksins þar var að sækja valdið suður. Nú er búið að sækja þetta vald, færa það að sunnan og út á landsbyggðina og þá hlýtur að vera eðlilegt að víkja að því með örfáum orðum hvernig til hefur tekist með því að sækja þetta vald suður til Reykjavíkur og færa það austur á land og norður á land. Aðalbyggðamálaráðherrann er úr Alþb., ættaður af Norðausturlandi sem hefur nú ekki mjög ólíkt landfræðilegt umhverfi því sem gerist t.d. á Austurlandi. Það fer þess vegna ekkert á milli mála að þessi pólitísku áform Alþb. eru komin í framkvæmd. Það er búið að sækja valdið suður og það er búið að færa það út á land, svona hér um bil eins langt og hægt er að koma því í burtu frá Reykjavík. Og Alþb. stjórnar. Það er ekki einungis að valdið sé komið í réttan landshluta, það er líka komið í réttan flokk. Og ég hygg að það sé ekki mjög algengt að draumar manna og stjórnmálaflokka hafi ræst með svo skjótum hætti sem hér liggur fyrir. Það hafa verið boðaðar heilar ráðstefnur undir þessum formerkjum. Og nú liggja fyrstu tölurnar fyrir um hvert stefnir í þessum efnum. Vegamálin, sem eru náttúrlega grundvallarmál í byggðum landsins, hafa undir þessum byggðaformerkjum verið skorin niður í þessu fjárlagafrv. um 900 millj. kr. Það er einkunn númer eitt þegar búið er að sækja valdið suður. Og það eru margar aðrar áherslur sem vissulega væri hægt að hafa orð á í þessum efnum. Það er kannski gaman að rifja það upp að ég held að það hafi verið á einum af fyrstu fundum núv. fjvn. að skilaboð komu frá samgrh., landsbyggðarráðherra Alþb., um það að tekin yrði upp fjárveiting til rannsókna á jarðgöngum á Austurlandi. Hver var nú niðurstaðan? Hún var sú að til þeirra jarðganga sem nú er verið að byggja er ekki gert ráð fyrir einni einustu krónu, ekki einu sinni til þess að standa við verksamninga. Þessi gífurlega mikilvægu, ég vil segja nútímabyggðamál hafa þannig fengið sitt uppgjör hjá byggðamálaráðherra Alþb., það liggur fyrir. Og það vildi svo til að á síðasta kjörtímabili hafði Alþb. líka ýmislegt um það að segja hvernig málefnum í íslenskum landbúnaði væri stjórnað, og byggðamálaráðherrann hefur komið sínum málum þar í framkvæmd.

Ég gat þess hér við 2. umr. að leikurinn frá því sem gerðist við fjárlagagerð fyrir einu ári síðan hefði verið endurtekinn, leikurinn, eða kannski öllu frekar aðförin að landbúnaðinum sem þá var höfð uppi og Alþfl. beitti sér að sjálfsögðu fyrir. Það er vissulega athyglisvert að allt það versta í þeirri umfjöllun, meira að segja ýmislegt af því sem okkur tókst að hnekkja, er nú orðið að niðurstöðu og ákvörðunum við þessa fjárlagagerð. Þannig er nú, sem aldrei hefur verið gert fyrr frá því að jarðræktarlögin voru samþykkt árið 1923, ákveðið að greiða ekki lögskilin framlög vegna jarðræktarframkvæmda. Það er ákveðið að leggja búfjárræktarlögin af sem ein allra merkasta starfsemi og áhrifamesta í íslenskum landbúnaði hefur að stærstum hluta byggst á. Þetta er niðurstaða byggðamálaráðherra Alþb.

Hæstv. utanrrh. hefur lýst því yfir að fyrstu brestirnir í fyrrv. ríkisstjórn hafi komið fram við fjárlagagerðina í fyrra. Nú voru engar sprungur á ferðinni í sambandi við landbúnaðarmálin. Brestirnir sem hæstv. utanrrh. hefur verið að tala um byggðust á því að Sjálfstfl. féllst ekki á að það yrði níðst á bændum landsins, dreifbýlinu, með sama hætti og Alþfl. lagði til við fjárlagagerðina fyrir einu ári síðan. Og þess vegna komu brestir og þess vegna komu sprungur. Nú hefur hins vegar verið gengið lengra í því að lama þennan atvinnuveg við fjárlagagerð en meira að segja var reynt fyrir einu ári síðan. Og auðvitað hefur samkomulagið batnað en ekki versnað ef sérstaklega er litið til þess að nú eru A-flokkarnir svokallaðir orðnir það miklir bandamenn að þeir eru að fara í sameiginlega fundaferð hringinn í kringum landið.

Hér á Alþingi hefur verið gott samkomulag í landverndarmálefnum og um það samkomulag hefur gilt sérstök niðurstaða samþykkt af Alþingi. Henni hefur verið fylgt en ég ætla ekki að leyna því að stundum hafa verið uppi óskir um að þar yrði gerð breyting á og fyrir einu ári var það ein af tillögum þáv. fjmrh. að stórskerða landgræðsluáætlunina. Hlutur Alþb. í þessum efnum hefur þó orðið enn verri en meiningar Alþfl. stóðu til fyrir einu ári síðan og þá sérstaklega vegna þess að rofið hefur verið það samkomulag sem gilt hefur um skiptingu og ráðstöfun þessa fjár. Nú er sú skipting út af fyrir sig ekki tekin um alla framtíð og það hlýtur að vera eðlilegt að hún sé endurskoðuð þegar þar að kemur eins og verið hefur. En á meðan sú ákvörðun stendur sem Alþingi hefur komið sér saman um eru það svik að bregða þar út af. Þetta er líka sérstaklega athyglisvert með tilliti til þeirrar umfjöllunar sem hefur verið hér á Alþingi um landgræðslu og gróðurverndarmál, ekki síst í ljósi þeirra svigurmæla sem hæstv. viðskrh. hefur haft uppi í garð bændastéttarinnar í landinu og hefði áreiðanlega verið tekið betur eftir ef þar hefði verið erlendur maður sem að bændum landsins hefði sótt og störfum þeirra með sama hætti og sjálfur viðskrh. hefur gert.

Niðurstaðan liggur hins vegar fyrir með brigðum á landgræðsluáætluninni og stórskertum framkvæmdaframlögum til landgræðslu og gróðurverndarmála almennt séð í landinu. Það er hins vegar eðlilegt að hver njóti sannmælis eins og til stendur. Ég sé það hér á þingskjali að einn nýr liður er kominn inn í landgræðsluáætlunina og það er að sjálfsögðu alveg augljóst mál að þar ætlar ríkisstjórnin að bæta fyrir önnur verk sín í þessum efnum. Það er liðurinn Landþurrkun, upp á 500 þús.

kr. þar sem hæsta fjárveitingin er upp á 245 þús. kr. samkvæmt nánari sundurliðun. Þetta er að sjálfsögðu nýlunda. Þetta er nýr liður undir landgræðsluáætlun og kemur á móti niðurskurðinum, m.a. vegna varnaraðgerða af völdum landbrots við strendur landsins. Það er mikil ástæða til þess að þakka meiri hl. og ríkisstjórninni fyrir þessa hugulsemi. Hún er kannski nokkuð í takt við málflutning hæstv. viðskrh. í þessum efnum og má vel vera að formaður fjvn. hafi nokkuð viljað bæta fyrir hans umfjöllun hér fyrr á þinginu um landgræðslu- og gróðurverndarmál með þessari myndarlegu afstöðu ríkisstjórnarinnar.

Það er að sjálfsögðu ýmislegt fleira óupplýst í sambandi við þessi mál öllsömul og þá ekki síst það hvernig verður háttað með niðurgreiðslur. Það er kannski besta ráðið til þess að draga úr þessum óþjóðhollu störfum bændanna í landinu að hætta þessum niðurgreiðslum sem þó hefur verið samið um. Og ekki hafa verið gefnar skýringar á neinu öðru en að sú fjárlagatala sem er í þessari tillögugerð verði látin nægja og þá að sjálfsögðu kemur hæstv. viðskrh. markmiðum sínum fram með miklu auðveldari hætti en þeim að hafa uppi áróður um að óþjóðhollt sé að borða dilkakjöt.

Ég sé að hv. þm. Alexander Stefánsson er hér mikið við skriftir á þessu kvöldi. (**AS:** Það er út af fiskeldinu.) Það er út af fiskeldinu. Það er kannski rétt að taka það til umræðu hér í kvöld, fiskeldið og vinnubrögðin í sambandi við það. Það er vissulega mjög af hinu góða að formaður landbn. Nd. sé farinn að skrifa í þeim efnum því ég hygg að það sé leitun að öðrum eins vanskapningi eins og frv. sem átti að afgreiða á hálfum degi fyrir jól og einum degi eftir jól, um einhvern tryggingarsjóð í fiskeldismálum. En umræðan um það kemur til við aðrar aðstæður og verður þar að sjálfsögðu dregið fram í dagsljósið hvernig vinnubrögð ríkisstjórnin hefur viðhaft í þeim efnum.

Ástæðan fyrir því að ég horfði aðeins út í hornið til hv. þm. Alexanders Stefánssonar, sem ég reyndar hef átt ágætt samstarf við í fjvn. og trúverðugt sem ég met mikils, eru kannski ekki síst þær yfirlýsingar sem hann hefur gefið hér við fjárlagaumræðuna, bæði við 1. og 2. umr. fjárlaga. Og ég hef að sjálfsögðu hlustað eftir þeim. Það er sem betur fer allt skráð í þingtíðindum, en þar hefur farið málsvari Framsfl. Hann hefur mikið talað um það að hlutur landsbyggðarinnar yrði áður en yfir lýkur leiðréttur. Hann hefur verið sérstakur áhugamaður um vegamálin og hann hefur verið sérstakur áhugamaður um landbúnaðarmálin. Ég hef lýst niðurstöðunni. Það er svona mikið að marka Framsfl. meira að segja þó að aðaltalsmaður hans við fjárlagagerð sé að tala. Ég átti svolítið erfitt með að skilja afstöðu Framsfl. fyrir einu ári síðan þegar ágreiningurinn var þá uppi í sambandi við fjárlagagerð og ég tók ekki mark á því sem hæstv. forsrh. lýsti yfir þegar ríkisstjórnin var mynduð að á milli Framsfl. og Alþfl. væri enginn ágreiningur í landbúnaðarmálum. Þá hef ég viljað horfa til þess að ég hef haft kynni af einstökum þm. Framsfl. í störfum á Alþingi og m.a. hv. þm. Alexander Stefánssyni. Nú liggur niðurstaðan fyrir. Menn skyldu bera það saman sem þessi hv. þm. hefur haft á orði við þessa fjárlagaafgreiðslu, bæði við 1. og 2. umr. og svo aftur við þá niðurstöðu sem hér fæst. Hún staðfestir orð hæstv. forsrh. um sameiginleg markmið Alþfl. og Framsfl. í landbúnaðar- og byggðamálum og hún staðfestir að þó að traustir valinkunnir framsóknarmenn, eins og hv. þm. Alexander Stefánsson, séu að tala úr þessum ræðustól er ekkert að marka þá þegar byggðamál eru annars vegar.

Núna er liðið um það bil hálft annað ár síðan forustumenn Framsfl. fóru hringinn í kringum landið og lýstu því yfir að stefna þeirra í sjávarútvegsmálum meðan þeir réðu ferðinni, og sérstaklega síðan farið var að stjórna fiskveiðum við strendur landsins, hefði skilað 500 millj. dollara. Við frambjóðendur á Austurlandi heyrðum þetta t.d. býsna oft fyrir síðustu kosningar. Þá voru gefnar út fleiri og stærri aflaheimildir en verið hafði og þjóðinni var heitið því að þannig væri hægt að halda áfram, gefa út fleiri heimildir, framleiða og fá miklu fleiri dollara í staðinn. Það voru ekki bornar neinar brigður á að þetta væri árangur af störfum Framsfl. í þessum málum. Sjávarbyggðunum hringinn í kringum landið var þannig búið að bjarga.

Nú alveg á síðustu dögum hafa menn heyrt annan boðskap og líka frá forustumönnum Framsfl. Nú á að fara að setja á sérstakan auðlindaskatt, að vísu ekki mjög stóran í byrjun, sem á að nota til þess að kaupa upp fyrirtæki í sjávarútvegi vítt og breitt um landið. Það er rétt eins og valdið hafi líka verið sótt suður af Framsfl. Ég veit ekki til þess að nokkurn tíma hafi verið settar fram jafnfjandsamlegar tillögur fyrir íslenskar sjávarbyggðir. Ég vil biðja menn að bera þær saman við það sem forustumenn Framsfl. sögðu fyrir síðustu alþingiskosningar um að *þeir hafi skilað af sér 500 millj. dollara sem var* árangur stefnu þeirra á fjórum árum.

Ég held að það sé hárrétt sem fram kom hjá hv. þm. Óla Þ. Guðbjartssyni að íslenska þjóðin þurfi styrkari stjórn. Eins og ég gat um áðan þá lagði hann að sjálfsögðu þann skilning í orðin að það ætti að koma styrkari stjórnarmeirihluti á Alþingi. Hann hefur dugað. En málefnalegur styrkur ríkisstjórnarinnar hefur bilað og íslenskar byggðir vítt um landið gjalda þess nú langt fram yfir það sem áður hefur verið. Valdið hefur verið sótt suður. Alþb. fer með það vald og árangurinn liggur fyrir í þessu fjárlagafrv. og í þeirri tillögugerð sem nú er efst á baugi m.a. um nýja sjóði til þess að kaupa upp atvinnufyrirtæki vítt með ströndum Íslands.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. 420, sem var of seint fram komin, samþ. með 36 shlj. atkv.

Frsm. samvn. menntm. (Ragnar Arnalds):

Virðulegi forseti. Menntmn. beggja deilda komu saman í dag til að ræða um heiðurslaun listamanna. Nefndin leggur til að veitt verði 17 heiðurslaun, og er það fjölgun úr 15 frá því sem var í fyrra, og að hver heiðurslaun hækki úr 500 þús. kr. í 600 þús. kr.

Af þeim sem fengu heiðurslaun á liðnu ári eru 13 á lífi. Nefndin gerir því tillögu um að bætt sé við fjórum nöfnum á þann lista. Það var samkomulag um fjölgunina og samkomulag varð um þessa hækkun. Hins vegar voru skiptar skoðanir um það hverjir ættu að bætast við á listann og fór fram atkvæðagreiðsla sem lyktaði þannig að nefndin mælir með að eftirtalin nöfn bætist við á listann: Jakobína Sigurðardóttir, Jórunn Viðar, Kristján Davíðsson og Þorsteinn Ö. Stephensen.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Við þessa 3. og síðustu umræðu um frv. til fjárlaga höfum við kvennalistakonur leyft okkur að flytja fáeinar brtt. Það þýðir þó ekki að við yrðum ánægðar með frv. að okkar tillögum samþykktum. Við viljum með þessum tillögum leggja áherslu á nokkra þætti sem hafa orðið út undan við gerð frv. Ég hafði vonað að fjvn. sæi sér fært á milli 2. og 3. umr. að gera betrumbætur á frv. í átt til meira réttlætis.

Þær tillögur sem ég mæli hér fyrir eru á þskj. 404 og 414. Á þskj. 404 eru þrjár tillögur til breytinga. Í fyrsta lagi hækkun á framlagi til Kvennaathvarfsins í Reykjavík um tæpar 3,6 millj. kr. eða úr 6 millj. 130 þús. kr. í 9,7 millj. kr. Kvennaathvarfið sótti um 9 millj. 696 þús. 400 kr. til ríkisins sem er 70% af fjárhagsáætlun sem hljóðar upp á 13 millj. 852 þús. kr. Sótt er um 30% til sveitarfélaga. Þetta er þó einungis til rekstrar. Dvalarkonur sjá sjálfar um húshaldið. Hús athvarfsins er keypt fyrir frjáls framlög almennings, fyrirtækja og félagasamtaka og sama gildir um allt viðhald hússins.

Síðan athvarfið tók til starfa fyrir sex árum hafa leitað þangað og dvalið um lengri og skemmri tíma alls 865 konur af öllu landinu með samtals 697 börn. Þau úrræði sem áður voru fyrir hendi fyrir þær konur og börn þeirra sem flýja þurftu heimili sín vegna ofbeldis voru þjóðfélaginu til lítils sóma. Fram að þeirri stundu að Kvennaathvarfið var opnað hinn 6. des. 1982 buðust konum á Stór-Reykjavíkursvæðinu sem flýja þurftu heimili sín vegna andlegs og/eða líkamlegs ofbeldis ekki önnur úrræði en einnar nætur dvöl í fangaklefum lögreglunnar eða einnar nætur dvöl í einu af þremur sjúkrarúmum slysavarðstofunnar í þeim tilvikum að konan var illa slösuð. Börnum þeirra var ekki boðið upp á neitt né heldur landsbyggðarkonum og börnum þeirra. Næstum árlega stendur Kvennaathvarfið frammi fyrir lokun vegna skorts á rekstrarfé og er því mjög brýnt að séð verði til þess að rekstur Kvennaathvarfsins verði tryggður til frambúðar. Ódýrast hlýtur að vera að reka eitt kvennaathvarf fyrir allt landið.

Í öðru lagi er lögð til hækkun til Lánasjóðs ísl. námsmanna. Í menntamálaráðherratíð Sverris Hermannssonar voru námslán skert um 20%, þ.e. ætlast var til að námsmenn gætu lifað af 20% minni fjárhæð en reiknað var með að þyrfti til framfærslu. Samkvæmt áætlun þarf um 370 millj. kr. á næsta ári til að bæta námsmönnum upp þessa vanáætluðu framfærslu eða um 41 millj. kr. á mánuði í 9 mánuði. Núv. menntmrh. skipaði vinnuhóp sem átti að kanna leiðir til að leiðrétta að öllu eða að hluta þessa skerðingu. Í bráðabirgðaáliti hópsins er lagt til að námslán hækki um 7,5% nú í mars og aftur um 5% í september. Lagt er til að útgjaldaauki vegna þessa verði fjármagnaður að hluta með því að auka frádrátt vegna tekna námsmanna úr 35% í 50%. Til að leiðrétta skerðinguna á næsta ári, en þó aðeins frá 1. mars, þarf sjö sinnum 41 millj. kr. eða 287 millj. kr. Samkvæmt útreikningum vinnuhópsins er miðað við að breytingar á tekjuviðmiðun árið 1989 gefi 60–70 millj. kr. Ónýtt heimild upp á 77 millj. kr. er fyrir hjá Lánasjóðnum. Þetta gerir 137–144 millj. kr. en þá vantar 143–150 millj. kr. til að endar nái saman til að leiðrétta skerðinguna. Tillaga þessi gerir því ráð fyrir hækkun á framlagi til Lánasjóðsins um 145 millj. kr. til þess að skerðingin verði leiðrétt að fullu á næsta ári.

Í þriðja lagi er hækkun á fjárveitingum til Náttúruverndarráðs. Gert er ráð fyrir hækkun á fjárveitingum til fræðslustarfsemi um 2 millj. kr. Benda má á að rétt fyrir jól samþykkti Alþingi þál. um umhverfisfræðslu í skólum og fyrir almenning. Náttúruverndarráð gefur út bæklinga og fræðsluritlinga og heldur námskeið um náttúruvernd fyrir almenning og verðandi landverði. Landverðir nýta sína þekkingu til að fræða gesti í þjóðgörðum og víðar og stuðla þannig að betri umgengni um náttúru landsins. Einnig hefur ráðið haldið námskeið fyrir umhverfismálanefndir sveitarfélaga og gefið út náttúruminjaskrá. Einn starfsmaður hefur að mestu séð um fræðslustarfsemi á vegum ráðsins ásamt öðrum störfum hjá ráðinu. Nauðsynlegt er að efla verulega fræðslu um umhverfismál og er eðlilegt að Náttúruverndarráð gegni þar verulegu hlutverki. Þessi aukning, ef samþykkt verður, getur e.t.v. gert Náttúruverndarráði kleift að sinna betur þessum mikilvæga þætti starfsemi sinnar. Nú hrekkur fjárveiting ekki fyrir brýnustu verkefnum og hækkun um 2 millj. kr. er því aðeins lágmark.

Virðulegur forseti. Ég vil í þessu samhengi vekja athygli á samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 13. nóv. 1988 um norræna ráðstefnu á Íslandi um umhverfisfræðslu. Samþykktin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. Ákveðið verði að stefna að því að norræn ráðstefna um umhverfisfræðslu verði haldin hér á landi árið 1991.

2. Settur verði á laggirnar starfshópur þeirra ráðuneyta sem fjalla um umhverfismál. Verkefni hópsins verði m.a. að samræma aðgerðir á sviði umhverfisfræðslu og hafa yfirumsjón með undirbúningi ráðstefnunnar 1991.

3. Veittar verði 2 millj. kr. á fjárlögum 1989 til undirbúnings ráðstefnunni."

Ég vek sérstaka athygli á síðasta lið tillögunnar um að veittar verði 2 millj. kr. til undirbúnings þessari ráðstefnu á fjárlögum 1989. Það var sama hvernig ég fletti í frv. ég gat ekki séð að gert væri ráð fyrir þessari fjárveitingu. Vonandi þýðir það ekki að ríkisstjórnin ætli að kasta til hendinni við undirbúning ráðstefnunnar. Varla ætlast hún til að fólk vinni að undirbúningi í sjálfboðavinnu. Betra er að sleppa því að halda þessa ráðstefnu hér en gera það með hangandi hendi.

Í fjórða lagi er brtt. á þskj. 414. Þar er lagt til að við bætist nýr liður 102 Kvennahús í Mindelo á Grænhöfðaeyjum 4 millj. kr. Í fréttabréfi um þróunarmál sem kom út í desember árið 1988 skrifar Dóra Stefánsdóttir grein þar sem hún segir frá kvennahúsinu í Mindelo á Grænhöfðaeyjum. Mig langar, með leyfi forseta, að grípa niður í þessa grein, en þar stendur m.a.:

„Það hús sem konur í bænum Mindelo á Grænhöfðaeyjum eru að byggja með aðstoð ÞSSÍ [sem er Þróunarsamvinnustofnun Íslands]. Húsið verður mikil myndarbygging á tveimur hæðum og er sú þriðja áætluð seinna. Þar á að vera margt af merkum hlutum. Fyrst og fremst er það ætlað konum sem vilja leita sér aukinnar menntunar, hvort heldur sem er í lestri og skrift, matargerð eða umönnun barna, einhverju er færa kynni þeim atvinnu, vörnum gegn sjúkdómum eða öðru því er beint snertir daglegt líf þeirra. Einnig má bjóða upp á aðstoð í viðkvæmum málum eins og í getnaðarvörnum, hjálp á meðgöngu og við brjóstagjöf að henni lokinni. Þá geta konur leitað þangað ef eiginmenn þeirra eða sambýlismenn fara illa með þær eða ef þær eru skildar einar eftir með börnin eins og oft vill verða. Síðast en ekki síst verða haldnir fyrirlestrar, efnt til skemmtana og annars sem kann að létta konum lífið. Þetta hús verður byggt upp eins og önnur sömu tegundar um allar eyjarnar og það verður að segjast eins og er að fyrir þau er mikil þörf. Svo vægt sé til orða tekið er staða kvenna á eyjunum afar erfið. Þær eru mun minna menntaðar en karlar þó að búið sé að innleiða skólaskyldu fyrir öll börn. Áður en henni var komið á nutu drengir forgangs ef ekki reyndist unnt að mennta öll börn á heimilunum. Ólæsi er því mun algengara meðal kvenna en karla og sama má segja um aðra menntun sem verður til þess að konum gengur afleitlega að fá sér vinnu. Þetta er ekki síst bagalegt fyrir þá sök að þær eru oft einar um að vinna fyrir heimilunum. Faðir barnanna eða feður eru kannski stungnir af til annarrar eyju eða til annars lands."

Síðar í greininni segir hún svo: „Í þeim húsum sem kvennasamtökin eru búin að byggja um eyjarnar er fullt út úr dyrum alla daga og fram á kvöld. Aðallega er kennt á kvöldin en þá eiga konurnar auðveldast með að komast frá. Mjög oft verða þær þó að taka börn sín með sér. Þau fá að leggja sig einhvers staðar á meðan mamma er að læra. Þróunarsamvinnustofnun Íslands hefur gefið 3 millj. kr. til hússins sem verið er að byggja í Mindelo. Helmingurinn af fénu er kominn á staðinn. Allt verður féð um ⅔ hlutar byggingarkostnaðar og þá vantar allt inn í húsið. En ég dreg enga dul á að mér finnst þessum peningum hafa verið vel varið og þó meiri hefðu verið." Þetta eru orð Dóru Stefánsdóttur og get ég svo sannarlega tekið undir það sem hún segir.

Nauðsynlegt er að ljúka við þetta hús ef það á að verða að einhverju gagni. Alveg er eftir að innrétta húsið sem mun kosta verulegt fé þó að þar sé um að ræða upphæðir sem ekki mundu duga langt við innréttingar sams konar húss hér á landi. Ég tel það skyldu okkar að sjá til þess að Kvennahúsið í Mindelo verði ekki hálfkaraður og ónotaður kumbaldi. Þess vegna leggjum við kvennalistakonur til að 4 millj. kr. verði varið til þessa verkefnis á næsta ári.

Virðulegur forseti. Við þingkonur Kvennalistans flytjum fleiri brtt. við frv. en þær sem ég hef nú mælt fyrir og munu aðrar þingkonur mæla fyrir þeim. Eins og ég sagði í upphafi máls míns væri svo sannarlega þörf á að gera miklu fleiri breytingar á frv. ef það ætti að vera viðunandi. Við höfum einungis kosið að flytja örfáar brtt. við frv. og vænti ég þess að þær fái jákvæða afgreiðslu.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Það eru aðeins örfá atriði sem ég tel ástæðu til að koma inn á í sambandi við þessa lokaafgreiðslu fjárlaga. Ég vil fyrst byrja á því að þakka fjárveitinganefndarmönnum, bæði formanni og samstarfsfólki í fjvn. ánægjulegt samstarf að lokagerð fjárlaga og einnig því fjölmarga starfsfólki sem þar hefur komið við sögu. Það þarf ekki að endurtaka það að þetta samstarf hefur verið með miklum ágætum og hefur verið reynt á allan hátt að greiða fyrir upplýsingum og öðru sem þarf að koma fram.

Það er í raun og veru óþarft að ég sé að flytja langt mál. Ég vil þó aðeins undirstrika að það sem var grundvöllur fyrir þessari fjárlagagerð fyrir árið 1989 var hið hrikalega ástand þjóðmála er gerði fjárlagagerðina nú miklu vandasamari heldur en nokkurn tíma áður. Aðgerðir nýrrar ríkisstjórnar beindust að því að reyna að lækka tilkostnaðinn í landinu, skera niður þensluna og koma í veg fyrir meira áfall en menn áttuðu sig á í upphafi. Þetta hlutverk við fjárlagagerð nú var því mjög óvenjulegt og hlutverk meiri hl. fjvn. þar af leiðandi miklu þrengra en nokkurn tíma áður. Okkar hlutverk var fyrst og fremst að koma í veg fyrir hækkun fjárlaga, taka tillit til ástandsins og gera allt sem í okkar valdi stæði til þess að ná því markmiði sem fjárlagafrv. bar með sér í upphafi, að það yrði afgreitt með tekjuafgangi en ekki með rekstrarhalla eins og oft hefur komið upp áður.

Ég tel að þetta hlutverk, þó óvinsælt sé, hafi tekist að verulegu leyti. Það má endurtaka það, sem hér hefur raunar komið fram í ræðu formanns nefndarinnar fyrr í dag, að breytingarnar á frv. frá því að

það var lagt fram eru miklu minni heldur en nokkur maður hefur getað gert sér í hugarlund miðað við hina miklu yfirferð og þær miklu kröfur sem liggja frammi í sambandi við fjárlagagerð og nauðsyn á ýmsum fjárveitingum. Þetta kemur þannig út að hækkunin á frv. frá því að það var lagt fram er aðeins 329,1 millj. kr. eða 0,43%. Þetta hefur í raun og veru aldrei áður skeð við þessar hrikalegu aðstæður sem nú eru í okkar ágæta þjóðfélagi.

Ég held að ekki þurfi að rökræða þetta nánar. Þetta segir miklu meiri sögu en ein stutt ræða getur gert en ég tel að fjvn., og ekki síst meiri hl., hafi tekist að sigla á réttum sjó til þess að ná því markmiði sem nauðsynlegt var fyrir þjóðarbúið í heild. Fjárlögin bera þessa merki þó að það megi kannski deila um ýms atriði í þeim eins og alltaf er en ég tel að það sé nauðsynlegt að undirstrika þetta atriði sérstaklega. Ég tel líka að nauðsynlegt sé að láta það koma fram að ég geri ráð fyrir því að hv. þingmenn taki þær niðurstöður alvarlega sem bæði Þjóðhagsstofnun og aðrar opinberar hagstofnanir þjóðarinnar segja okkur í dag, þ.e. að aldrei hefur verið meiri þörf en nú að menn átti sig á því í hvaða stöðu íslenskt þjóðfélag er. Því verða menn að taka höndum saman um að gera ráðstafanir sem duga til þess að við höldum þeirri stöðu fyrir okkar þjóðfélag sem við erum öll örugglega sammála um til þess að við getum lifað sómasamlegu lífi í þessu landi og getum komið í veg fyrir ýmis slys sem annars væru fyrir stafni ef ekki er tekið skynsamlega á þessum hlutum.

Ég ætla ekki að fara út í neina pólitíska umræðu um þessi mál að þessu sinni, til þess gefst betri tími síðar. En ég vil aðeins koma inn á örfá atriði sem ég legg áherslu á og nauðsynlegt er að skýra. Ég vil sérstaklega nefna eitt mál sem ég tel mjög mikilvægt í 6. gr. fjárlaga, þ.e. sú heimild sem þar er veitt og áhersla sem fjvn. undirstrikar í þeirri ályktun þar sem ákveðið er að skipa nefnd til viðræðna og samninga við Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða um endanlegan frágang og yfirtöku skuldar þessara orkufyrirtækja þannig að staðið verði við þá samninga að fullu og það samkomulag sem gert var á sínum tíma þegar svokallað verðjöfnunargjald á raforku var fellt niður. Þarna er um gífurlegar fjárhæðir að ræða og skiptir miklu fyrir raforkumálin í landinu. Ekki síst er mikilvægt að þetta mál náist í höfn fyrir íbúana í hinum dreifðu byggðum sem búa við hátt orkuverð og verða að greiða hátt raforkuverð því að skuldasöfnunin hjá Rafmagnsveitum ríkisins verður þess valdandi æ ofan í æ að raforkuverð verður að hækka. Við þetta verður ekki búið. Ég vil aðeins benda í þessu sambandi á eitt stórt mál sem er afhending „Reykjaneslínunnar" sem átti að koma neytendum RARIK til lækkunar á þágildandi verðlagi um 600 millj. kr. Við þetta hefur síðan ekki verið staðið þannig að hér er um stórmál að ræða og ég vil benda hv. þingmönnum á að ekki er hægt að komast hjá að gera lagfæringar á í samræmi við ofangreint samkomulag.

Ég vil svo aðeins koma inn á tvö mál sem fyrri ræðumenn hafa sérstaklega beint til mín í sambandi við það sem ég nefndi í minni ræðu við 1. og 2. umr. fjárlaga. Hv. 4. þm. Austurl. nefndi þetta nú síðast og hv. 2. þm. Norðurl. v. gerði það einnig í sinni ræðu og voru þetta þau ummæli mín að fyrir 3. umr. þyrfti að taka á mikilvægum málum sem ég hefði miklar áhyggjur af, þ.e. málum landbúnaðarins í sambandi við jarðræktarframlögin og búfjárræktarlögin, en því málefni tengjast búnaðarsamböndin í landinu og einnig vegamálin. Þetta væru mál sem þyrfti að ræða sérstaklega um og ég teldi að væru mikilvæg í þessu sambandi. Ég vil náttúrlega minna þessa hv. þingmenn á að báðir hafa þeir orðið að þola þá reynslu að vera í stjórnarsamstarfi með öðrum þar sem taka hefur þurft mið af ýmsum staðreyndum sem þeir sjálfir hafa ekki verið sáttir við en orðið að beygja sig fyrir þeim staðreyndum sem teknar hafa verið í stjórnarsamstarfi í sambandi við meðferð slíkra mála. Þannig að þessi málsmeðferð er þeim ekki ókunnug. En vegna þess að það leit þannig út að ekkert hefði verið reynt að þoka þessum málum fram á milli umræðna er rétt að upplýsa að það voru miklar umræður í meiri hl. fjvn. og það voru umræður við ríkisstjórnina sjálfa um það hvernig hægt væri að leysa þessi mál án þess að raska því meginmarkmiði að hafa hallalaus fjárlög.

Ég vil bara benda hv. 4. þm. Austurl. á það að við saman náðum þeim árangri að rétta við stöðu Búnaðarfélags Íslands. Þetta var leiðrétt í fjárlögum og það er ákaflega mikilvægt fyrir bændastéttina. Einnig vil ég minna hv. þm. á að leiðrétting náðist fyrir landgræðsluáætlunina gegnum meiri hl. fjvn. frá ríkisstjórninni sjálfri og hafði það veruleg áhrif til þess að rétta við landgræðsluáætlunina. Ég vil í þriðja lagi benda hv. 4. þm. Austurl. á það, ef hann hefur ekki tekið eftir því, að einn mikilvægasti þátturinn fyrir búnaðarsamböndin í landinu og þar með bændastéttina í heild var að í fjárlögum, eins og þau voru lögð fram, var ekki ein einasta króna til starfsemi búnaðarsamtakanna í landinu. (**Gripið fram í:** Jú.) Þetta var leiðrétt og nú við 3. umr. koma 9 millj. kr. sem eru sérstaklega merktar búnaðarsamböndunum í landinu, þ.e. viðbót við jarðræktarlögin. Þetta er ekki lítið mál og ég efast ekkert um að forustumenn bænda í landinu kunna vel að meta svona aðgerðir þó að þær nái ekki því markmiði sem við allir vildum helst ná. Þessu til viðbótar vil ég undirstrika, ef hv. þingmenn hafa ekki tekið eftir því, að hv. formaður fjvn. las í sinni ræðu yfirlýsingu sem núv. landbrh. gaf að kröfu meiri hl. í fjvn. um meðferð á þessum viðkvæmu málum, þ.e. jarðræktarstyrkjunum og búfjárræktarlögunum, þar sem fram kemur að hæstv. ráðherra lýsir því yfir, og þá um leið í umboði ríkisstjórnarinnar, að hann muni leggja fram ný lagafrv. um þessi mál á þessu þingi og jafnhliða þeim muni verða gerðar ráðstafanir til þess að staðið verði við þær greiðslur sem bændur eiga rétt á samkvæmt gildandi jarðræktarlögum og verði

gengið frá þeim málum á þessu ári. Ég tel því að þessi yfirlýsing sé mikilvæg þó að maður hefði frekar kosið að þetta væri í beinum fjárhæðum í fjárlagafrv. en þetta á að vera jafngildi þess og til þessa hafa menn a.m.k. viljað vitna til slíkra yfirlýsinga þegar um er að ræða svona stór og mikilvæg mál. Þetta tel ég nauðsynlegt að láta koma fram.

Í sambandi við vegamálin væri að sjálfsögðu hægt að flytja langt mál en það ætla ég ekki að gera. Niðurstaða meiri hl. fjvn. var sú að að gert yrði ráð fyrir því í fjárlagafrv. að niðurskurður á tekjustofnum Vegagerðarinnar yrði 600 millj. kr. sem með viðbótarákvörðun ríkisstjórnarinnar varð þó í reynd 690 millj. kr. Þetta var að sjálfsögðu látið standa en reiknað var út hvað bensíngjaldið, sem er aðaltekjustofninn, mundi gefa. Það þýddi að þarna voru til viðbótar á milli 200 og 300 millj. kr. Niðurstaðan varð sú að þessari fjárhæð, 200 millj. kr., var bætt við hina upprunalegu skiptingu sem nefndin var búin að fjalla um áður, 3 milljarða 15 millj. kr., þannig að þessi liður er nú í stofnkostnaðarliðum Vegagerðarinnar 3 milljarðar 215 millj. kr. Þessar 200 millj. kr. bætast við nýframkvæmdir á árinu 1989 þannig að sá liður verður 1 milljarður 345 millj. kr.

Jafnhliða þessu vil ég sérstaklega benda á að samkvæmt ákvörðun við síðustu gerð vegalaga var sú fjárhæð, sem þá var reiknað með að yrðu auknar tekjur Vegasjóðs í sambandi við bensíngjaldið frá 1987 og 1988, eða 285 millj. kr., geymd til ársins 1989. Það sem gerðist við samþykkt vegáætlunarinnar sl. vor var að Alþingi tók þá ákvörðun samkvæmt tillögu fjvn. að þessari fjárhæð yrði skipt milli kjördæmanna inn á stofnverkefni, þjóðbrautir og brýr. Það var gert en svo kemur í ljós nú að þessi fjárhæð skilar ekki nema 180 millj. kr. Það hefði orðið það slys, ef ég má orða það svo, við þessa fjárlagagerð að þessi fjárhæð hefði verið þurrkuð út. Hún hefði ekki komið skýrt fram í þessum fjárlögum. Nú er hins vegar gengið út frá því að Vegasjóður haldi þessum tekjustofni. Þetta er skuld ríkissjóðs við Vegasjóð að upphæð 180 millj. kr. sem skipt er á kjördæmin. Niðurstaðan er hins vegar sú, vegna þessa ástands þjóðmála sem ég var að tala um, að þessi fjárhæð er geymd. Hún er geymd þannig og viðurkennd sem innstæða Vegasjóðs og gert er ráð fyrir því að í síðasta lagi verði hún greidd á næsta ári. En ef ástandið batnar, sem við öll vonum, getur alveg eins farið svo að tekjur Vegasjóðs aukist og verður þessi fjárhæð þá að sjálfsögðu greidd út.

Ég held að við gerum okkur alveg grein fyrir því að við afgreiðslu á síðustu vegáætlun var heldur ekki gengið frá fjármögnun Ólafsfjarðarmúla. Páv. samgrh. treysti sér ekki til þess hér í ræðustól á Alþingi að lýsa því yfir hvernig páv. ríkisstjórn ætlaði að fjármagna þá framkvæmd. Þess vegna var alveg ljóst að fjármagna verður þá framkvæmd sem búið er að gera samning um með lántöku, það er alveg ljóst.

Það sem bíður okkar nú er umfjöllun um vegáætlun fyrir árið 1989 og áfram og sú umfjöllun hefst nú á næstu vikum og mánuðum. Ljóst er að um þessi stórverkefni sem eru hafin og eru fram undan í vegagerð á Íslandi verður að taka ákvörðun í næstu vegáætlun, hvernig að þeim verði staðið og hvaða tekjustofnar verða settir upp í sambandi við þau stórvirki. Þetta er framtíðin og ég er alveg handviss um það að við hljótum að geta náð samstöðu um það á hv. Alþingi að vegamálin eru eitt stærsta byggðamál í þessu landi. Við getum alveg hætt að tala um að sameina frystihús, sameina alls konar rekstur úti um landsbyggðina ef samgöngumálin verða ekki í lagi, það eru hreinar línur. Núv. samgrh., ég er ekkert að væna hann um að hafa ekki mikinn áhuga og góð áform um þessi mál, hefur lýst því yfir að í næstu vegáætlun og næstu fjárlögum verði hverjum einasta eyri skilað í tekjustofna Vegagerðarinnar og á það verður látið reyna.

Virðulegi forseti. Ég sagði áðan að ég ætlaði ekki að eyða miklum tíma í þessa umræðu nú. Ég tel mig ekki þurfa þess. Ég get vitnað í ræðu hv. formanns fjvn. þar sem skýrt var lið fyrir lið, sem er líka óvenjulegt, hvert einasta atriði í þeim brtt. sem fjvn. lagði fram. Ég hef þá trú að staðið verði við það markmið, sem í mínum huga er eitt stærsta atriðið, að fylgja fjárlögunum eftir og taka nú rösklega á því atriði að staðið sé við það sem fjárlögin gera ráð fyrir. Það verði komið í veg fyrir að sífellt verði farið langt fram yfir fjárlög og sífellt verið að taka nýjar ákvarðanir sem ekki eiga stoð í fjárlögum. Þetta er atriði sem við höfum rætt áður og ég ræddi ítarlega við 2. umr. fjárlaga. Ég skaut þar fram hugmyndum um hvort ekki væri orðið tímabært að gera sér grein fyrir því að við þurfum að fara að breyta fjárlagagerðinni, bæði að því er varðar tímamörk og eins aðferðinni við afgreiðslu fjárlaga. Ég held að tími sé kominn til að fara að hugsa alvarlega um það og það verður væntanlega gert á næstu missirum.

Ég vil svo að lokum, virðulegur forseti, minnast á eitt lítið mál sem breytir í sjálfu sér ekki miklu fyrir þessi fjárlög. Rétt þykir þó að geta þess að af vangá féll niður við fjárlagagerðina eitt ákvæði 6. gr. sem hefur verið inni í nokkur ár, þ.e. heimildin um að selja Andakílsárvirkjun u.þ.b. tveggja km langa 66 kW línu á milli Vatnshamra og Andakílsárvirkjunar, sem nú er í eigu Rafmagnsveitna ríkisins, og hluta af byggðalínustöðinni á Vatnshömrum í Borgarfjarðarsýslu. Það er ekki ástæða til að flytja um þetta brtt. en ég nefni þetta hins vegar nú og það hefur orðið að samkomulagi á milli mín og formanns fjvn. að leggja til við nefndina að hún skrifi viðkomandi ráðuneyti bréf þar sem fram kemur að ef eftir þessari heimild verður leitað þá sé fjvn. þessu samþykk.

Ég vona svo að fjárlögin verði samþykkt eins og meiri hl. gerir ráð fyrir og lýk hér máli mínu.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er ákvörðun þingkvenna Kvennalistans, eins og komið hefur fram, að flytja

ekki margar brtt. við þessi fjárlög fremur en vanalega, þó að þess hefði sannarlega verið þörf. Við höfum jafnan gætt hófs í þeim efnum. Er það bæði af raunsæi stjórnarandstöðuþingmanna á það meirihlutalýðræði sem hér ríkir en einnig vegna þess að oft er erfitt að sætta sig við forgangsröðun og val annarra. Best þætti okkur að umturna verulega og breyta um vinnulag við fjárlagagerðina og hafa þar allt aðrar áherslur en nú eru. Þó ber að viðurkenna að ótrúlega lítill hluti þess fjár sem þar er ráðstafað er í raun hreyfanlegur og hægt að hafa áhrif á.

Í þetta sinn höfum við einnig gætt hófs vegna slæmrar stöðu ríkissjóðs. Brtt. stjórnarandstöðu ná fæstar fram að ganga eins og við öll vitum og eru oftast fyrst og fremst viljayfirlýsingar. Þó er það vitanlega lýðræðislegur réttur að bera þær fram og vissulega geta þær orðið frækorn að umbótum eða náð að þoka þróuninni áleiðis í heppilega og jákvæða átt.

Við þingkonurnar höfum skipt með okkur verkum um að flytja brtt. og mæla fyrir þeim en hv. 7. þm. Norðurl. e. Málmfríður Sigurðardóttir, fulltrúi okkar í fjvn., hefur þegar talað fyrir okkar hönd um almenna þætti fjárlaganna, stefnu þeirra og efnahagsleg áhrif.

Það hefur komið í minn hlut að mæla hér fyrir þremur brtt. sem varða heilbrigðismál og hafa í för með sér hækkun sem svarar 28 millj. 183 þús. kr. ef þær ná fram að ganga. Þá þekki ég að minnsta kosti einn þingmann hér inni sem mundi segja: Hvar á að taka það fé? Það má víða leita fanga og mundi ég einna fyrst leita í þeirri fúlgu sem sparast mun þegar dregið verður úr risnu eins og hæstv. fjmrh. hefur lofað. Nú, eða þá að leita í andvirði þeirrar hækkunar áfengis og tóbaks sem við kvennalistakonur studdum reyndar hæstv. fjmrh. og stjórn hans við að koma á fyrr í kvöld í Ed. Allar þessar brtt. sem ég mæli fyrir eru þarfar og þær eru einnig brýnar. Allar varða þær almannaheill og allar hníga þær að því að koma í veg fyrir vanda.

Þær eru á þskj. 406 og eru fluttar af öllum þingkonum Kvennalistans. Þær varða 4. gr. frv., lið 08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi. Þær eru þó allar vissulega allt of hóflegar miðað við þá þörf sem er í hverjum þessara málaflokka. Sú fyrsta er við undirlið 140 og varðar kostnað vegna laga nr. 25 1975, en það eru lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir. Þrettán árum eftir setningu laganna skortir verulega á að lögboðin fræðsla og ráðgjöf sé veitt á viðunandi hátt. Þetta er auðvitað óþolandi lítilsvirðing við samþykkt lög og er þeim mun alvarlegra þar sem þessi þáttur laganna er í raun grundvöllur þeirra. Ríkar ástæður eru til þess að hafa áhyggjur af vanþekkingu unglinga sem þrátt fyrir allar upplýsingar úr fjölmiðlum virðast margir ótrúlega fáfróðir um kynferðismál og getnaðarvarnir. Ætla má að bein tengsl séu á milli þessarar fáfræði og mikils fjölda þungana meðal íslenskra stúlkna á aldrinum 15–19 ára. Þá virðist enn skorta mjög á að piltum sé ljós sú ábyrgð sem þeir bera á afleiðingum samlífs engu síður en stúlkur og er brýn nauðsyn að vinna að breyttum viðhorfum hvað það varðar.

Ég vil aðeins geta þess að þó að fóstureyðingar séu ekki eins tíðar hér og í nágrannalöndum okkar, t.d. á Norðurlöndunum, hefur þó fæðingum hjá 15–19 ára stúlkum í þessum löndum fækkað samtímis á undanförnum árum. Á sama tíma hefur fjöldi fóstureyðinga í þessum aldursflokki aukist hér tiltölulega þó þeim hafi fækkað á Norðurlöndunum og telja menn almennt að þar sé um að ræða árangur meiri og betri kynfræðslu. Í því sambandi vil ég geta dæmis frá Kaupmannahöfn þar sem sérstakt átak í kynfræðslu fyrir nokkrum árum meðal unglinga leiddi til marktækrar lækkunar ótímabærra þungana meðal unglingsstúlkna.

Í grein í Læknablaðinu 1987, 73. árgangi bls. 321, sem varðar fóstureyðingar og notkun getnaðarvarna og er eftir læknana Þórð Óskarsson og Reyni Tómas Geirsson, segir, með leyfi forseta: „Til að halda fjölda fóstureyðinga sem lægstum þarf að gera átak í þá átt að gera getnaðarvarnir aðgengilegri fyrir alla aldurshópa m.a. með stofnun kynfræðsludeilda við heilsugæslustöðvar, ódýrari getnaðarvörnum og aukinni fræðslu táninga.“ Þingflokkur Kvennalistans flutti á síðasta kjörtímabili þingsályktunartillögu um fræðslu meðal almennings um kynfræðslumál. Sú tillaga var reyndar samþykkt í þinglok, eftir að hafa tekið nokkrum breytingum og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela heilbrmrh. að efla verulega fræðslu um kynferðismál meðal almennings með það meginmarkmið að koma í veg fyrir ótímabærar þunganir og hindra útbreiðslu sjúkdóma. Sérstök áhersla skal lögð á að upplýsa fólk á aldrinum 15–19 ára um kynlíf og getnaðarvarnir.“ Það er auðvitað óþolandi að hér skuli þrásinnis samþykkt góð mál á þingi en síðan skuli þau gjörsamlega hundsuð þegar til framkvæmdanna kemur og framlag til þeirra lækkuð af framkvæmdarvaldinu jafnvel þó að löggjafinn hafi nýlega samþykkt og lagt til að gera sérstakt átak í þessum efnum. Í núgildandi fjárlögum er beinlínis lögð til lækkun á þessum lið frá því sem áður var. Tillaga okkar er þó hófsöm og höfum við hækkað framlagið úr 927 þús. í 5 millj., eða um 4 millj. 73 þús. kr. Það er ekki mikið en það kemur þó til góða.

Breytingar við undirliðinn 195 Kynsjúkdómar, eyðni, eru í rauninni nátengdar fyrri liðnum og má leiða að því líkur að auðveldara verði að hefta útbreiðslu eyðni á Íslandi ef betur er staðið að almennri fræðslu um kynlíf og getnaðarvarnir en nú er. Eyðni er e.t.v. dæmigerðasti sjúkdómurinn þar sem varnir og aðgát varðandi hegðun eru einu meðulin sem duga. Þeim verður að beita ef hindra á vaxandi útbreiðslu sjúkdómsins. Það kostar þjóðfélagið hundruð þúsunda króna ef ekki nokkrar milljónir að annast og sinna hverjum þeim einstaklingi sem deyr úr eyðni, og þá nefni ég ekki þær

þjáningar og þann félagslega vanda sem því fylgir. Á sama tíma og tíðni eyðni eykst og vaxandi vandi fylgir í kjölfarið eru framlög til sérstakra aðgerða þess vegna lækkuð um rúmar 4 millj. kr. á fjárlögunum. Þetta er beinlínis grátbroslegur vitnisburður um skammsýni og skilningsleysi. Að vísu hefur tekist með góðra manna hjálp að tosa þetta framlag úr 5 millj. 890 þús. kr. upp í 8 millj. 390 þús. kr., eða um 2,5 millj. Við gerum tillögu um hækkun upp í 10 millj. kr. sem er aðeins myndarlegra þó að hvergi nærri sé miðað við þörfina. Ekki síst þegar hugað er að því hve geysilega hár auglýsingakostnaður er nú orðinn og gleypir léttilega framlög af þessari stærð.

Síðasta tillagan sem ég mæli fyrir er nýr undirliður 180 og varðar forvarnarsjóð en til hans viljum við verja 20 millj. kr. Útgjöld ríkisins vegna heilbrigðismála hafa farið vaxandi á sl. áratugum. Þessi kostnaðaraukning hefur fyrst og fremst orðið í rekstri sjúkrahúsa og annarra stofnana heilbrigðisþjónustunnar. Hins vegar hefur í raun orðið hverfandi lítil hækkun á framlagi ríkisins til heilbrigðisfræðslu og fyrirbyggjandi aðgerða þrátt fyrir þá vitneskju að miklu hagkvæmara sé að koma í veg fyrir sjúkdóma en að lækna þá. Það er því löngu orðið tímabært að taka afdráttarlaus skref til að snúa þessari þróun við og leggja ríkari áherslu á heilbrigðisfræðslu og fyrirbyggjandi aðgerðir en áður. Það er vert að geta þess að ýmis raunhæf verkefni á sviði forvarna blasa við þar sem ætla má að markvissar aðgerðir mundu skila verulegum árangri. Þann árangur má bæði mæla í mannslífum, auknu heilbrigði, bættri líðan og miklum fjárhagslegum sparnaði einkum þegar til lengdar er litið. Ég vil sérstaklega geta þess að þegar á að fara að beita niðurskurði á stofnanir heilbrigðiskerfisins er afar brýnt að stíga ákveðin markviss skref til forvarna og heilbrigðisfræðslu til að vega upp á móti þannig að samhengi og skipulag sé í þessari þróun og hún hlíti ákveðinni stefnumörkun.

Sá forvarnarsjóður sem við leggjum til að verði settur á laggirnar er viðleitni til stefnumörkunar í þessum efnum. Hann er einnig viðurkenning á nauðsyn þess að breyta um áherslur, að stíga markviss skref til forvarna og heilbrigðisfræðslu. Það eru mörg ágæt verkefni sem miða að forvörnum og varða heilbrigðisfræðslu en synjað er um fjármögnun af því að enginn ákveðinn aðili eða stofnun hefur það á verkefnaskrá sinni að sinna þeim eða útvega þeim fjármagn. Ég hef sannfærst um það eftir setu í tryggingaráði og af öðrum afskiptum af heilbrigðismálum á undanförnum árum að mikil þörf er á aukinni fjármögnun til þessara mála. Nauðsyn er að eyrnamerkja sérstakt fé til þessara þarfa en best væri þó að koma skipulagi þessara mála í betra horf. Samræmda og skipulega fræðslu um heilbrigðismál vantar hérlendis. Almenn heilbrigðisfræðsla og fyrirbyggjandi aðgerðir hafa ekki verið aðalviðfangsefni eða á ábyrgð neins ákveðins aðila heldur margra ólíkra og þá aðeins sem hluti af miklu stærra verksviði þeirra. Skortur á fjármagni til aðalstarfsemi þessara aðila hefur allt of oft leitt til þess að fræðsluhlutverkið hefur orðið út undan.

Í markmiði 5 í íslenskri heilbrigðisáætlun er fjallað um að komið verði á fót stofnun forvarna og heilbrigðisfræðslu. Þessari stofnun er ætlað að annast ráðgjöf um heilbrigða lífshætti, gerð fræðsluefnis og endurmenntun starfsliðs í heilsugæslu. Til þessarar stofnunar er enn fremur ætlað að flytja starfsemi áfengisvarnaráðs, tóbaksvarnanefndar, manneldisráðs og tannverndarstarfsemi svo eitthvað sé nefnt. Þó að þessi stofnun eða önnur ámóta sé enn ekki til, er samt nauðsyn að huga að þessum málum. Það er ekki síst nauðsyn að breyta viðhorfum manna, hvetja þá til að hugsa á annan hátt. Hvað eru menn eiginlega að hugsa um stefnumörkun í heilbrigðismálum, t.d. þau stjórnvöld sem nú sitja? Það er hutverk þeirra að marka samræmda og skipulega stefnu sem er í takt við þá heilbrigðisáætlun sem hefur í tvígang verið lögð fram á Alþingi, en þar er meginhersla lögð á fyrirbyggjandi aðgerðir. Sama er að segja um aðra þátttöku og aðild að stefnu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Ef menn ætla að standa við hana verða þeir að vinna að henni og leggja til þess nokkurt fé. Það mun bæði leiða til betra heilbrigðis hjá fólkinu í landinu og jafnframt spara mikið fé þegar til lengri tíma er litið. Og gleymum því ekki að 40% fjárlaganna renna til heilbrigðis- og tryggingamála. Það er hlutverk stjórnmálamanna og skylda að líta til lengri tíma og huga að framtíðinni. Í von um að hér leynist nógu margir slíkir sem styðji þessar hógværu en þörfu brtt. lýk ég máli mínu hér á nýjum degi, hinum 13. í jólum.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir tveimur brtt. á þskj. 287 og 418. Þetta eru brtt. við fjárlagafrv. sem hér er til umræðu. Önnur þessara tillagna, tillagan á þskj. 287, er til hækkunar en hin til lækkunar fjárlaga.

Sú brtt. sem ég geri á þskj. 287 er við 4. gr. lið 08-872 Lánasjóður ísl. námsmanna, að fyrir upphæðina 1 milljarður 617 millj. kr. komi 1 milljarður 707 millj. kr. Þessi brtt. sem ég mæli fyrir er um hækkun upp á 90 millj. kr. Fjárhæð þessi er málamiðlun frá því sem ég hugðist í upphafi leggja fram um að námsmönnum yrði bætt sú skerðing sem gerð var 1985 er sú ríkisstjórn sem þá var við völd skerti námslán verulega. Samkvæmt þeirri upphæð sem nú hefur verið reiknuð út mun sú fjárhæð nema um 300 millj. kr. Hér er aðeins mælt fyrir breytingu upp á 90 millj. kr. og er hún til þess að mæta húsnæðiskostnaði þeirra námsmanna sem þurfa að leigja sér húsnæði vegna náms og yfirleitt er það hér í Reykjavík. Því er þetta eins konar styrkur til námsmanna af landsbyggðinni sem þurfa að koma til Reykjavíkur til náms. Það er áætlað að seinni hluti árs 1988 kosti 42–43 millj. kr. og fyrri hluti árs 1989 47–48 millj. kr. Hér er sem sagt mælt fyrir um að námsmenn fái allt skólaárið bætt. Framfærsla mundi þá hækka sem

næmi 5 þús. kr. á mánuði og er það ekki ofrausn þar sem áætlað er í dag að framfærsla sé um 34 þús. kr. á mánuði og hækkar þessi fjárhæð fyrir námsmenn sem eru úti á leigumarkaðnum því í 40 þús. kr. Í mínum huga er það mikið réttlætismál fyrir námsmenn að fjárveitingarvaldið sýni þann skilning að hækka þessar greiðslur.

Hin brtt. sem ég geri er viðameiri og fjallar um verulega skerðingu á því fjárlagafrv. sem hér er til umræðu. Nemur sú skerðing alls 1,5 milljörðum kr. og mun ég reyna að skýra út hvernig skerðingin á að ná fram að ganga. Þess skal getið í upphafi að þessar skerðingartillögur voru unnar af Sigurði Þórðarsyni hjá Ríkisendurskoðun sem vann þær fyrir stjórnarandstöðuflokkana, þ.e. Kvennalista, Borgfl. og Sjálfstfl. Þar sem þessir flokkar komu sér ekki saman um að leggja þetta fram fannst mér rétt, þar sem ég hafði séð þessar tillögur, að gera þær að mínum og ég taldi að það væri í fullu samráði við aðra sem um þessar tillögur vissu. Ég harma það mjög að hv. 2. þm. Norðurl. v. Pálmi Jónsson skyldi veitast að mér í ræðu hér áðan og halda því fram að ég hafi verið að stela einhverjum tillögum sem hann eða hans flokkur hafi haft frumkvæði um að móta. Það er alrangt. Þessar tillögur urðu til að frumkvæði Óla Þ. Guðbjartssonar sem taldi rétt að stjórnarandstaðan öll stæði að því að biðja Ríkisendurskoðun um mat á því hvar skera mætti niður. Þar sem Sjálfstfl. hefur verið stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn og hefur haft frumkvæði í stjórnarandstöðunni mátti líta þannig á að hann hefði gert þetta en það er ekki rétt eftir því sem mínar heimildir segja til um. Það varð alla vega hvorki niðurstaðan hjá Sjálfstfl. eða Kvennalista að flytja þessa tillögu og taldi því Óli Þ. Guðbjartsson, eins og hann lýsti hér í ræðu sinni, ekki rétt að hann gerði það einn og kom þeim tilmælum til mín að ég gerði það og því eru þessar tillögur hér fram lagðar. Ég tel þessar tillögur mjög skynsamlegar og skil í raun ekki af hverju þessir tveir flokkar, Sjálfstfl. og Kvennalisti, gátu ekki á þær fallist þar sem þessir tveir flokkar hafa fyrir jól, að vísu ásamt Borgfl., mælt mjög á móti þeim fjáröflunartillögum sem ríkisstjórnin hefur lagt fram. Ef þessir tveir flokkar geta hvorki fallist á tekjuöflun né niðurskurð þá skil ég ekki í raun hvað þessir flokkar vilja. Vilja þeir virkilega afgreiða ríkissjóð með halla ár eftir ár?

Ef ég reyni að gera grein fyrir þessum brtt. þá eru þær eftirfarandi:

1. Við 3. gr. 4829 Aðrar arðgreiðslur ríkisfyrirtækja. Fyrir 150 millj. kr. koma 300 millj. kr.

2. Við 4. gr. 2-101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa 101 Yfirstjórn. Fyrir 140 millj. 903 þús. kr. koma 138 millj. 603 þús. kr.

3. Við 4. gr. 9-101 Fjármálaráðuneyti 101 Yfirstjórn. Fyrir 66 millj. 810 þús. kr. koma 58 millj. 510 þús. kr.

4. Við 4. gr. 9-212 101 Skattstofur, sameiginleg útgjöld. Fyrir 65 millj. 990 þús. kr. koma 58 millj. 990 þús. kr.

5. Við 4. gr. 12-101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa 101 Yfirstjórn. Fyrir 47 millj. 978 þús. kr. koma 45 millj. 578 þús. kr.

6. Við 4. gr. Launaliðir í rekstri A-hluta stofnana lækki um 5%. Fjárhæð þessi, sem reiknast af heildarlaunum hverrar stofnunar, skal koma til lækkunar á launagjöldum öðrum en föstum mánaðarlaunum. Þar sem sértekjur stofnana eru ákveðnar sem hlutfall gjalda skulu þær lækka til samræmis við þau. Auk þess skal framlag til eftirtalinna stofnana lækka sem hér segir:

A. 4-206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

a. Við 190 Aðalstöðvar. Fyrir 81 millj. 390 þús. kr. koma 71 millj. 900 þús. kr.

b. Við 191 Tilraunastöðin Sámsstöðum. Fyrir 5 millj. 250 þús. kr. koma 4 millj. 650 þús. kr.

c. Við 192 Tilraunastöðvar, óskipt. Fyrir 9 millj. kr. koma 7 millj. 968 þús. kr.

B. 4-246 Veiðimálastofnun. Við 190 Almennur rekstur. Fyrir 26 millj. 10 þús. kr. koma 22 millj. 980 þús. kr.

C. 5-201 Fiskifélag Íslands. Fyrir 39 millj. 920 þús. kr. koma 35 millj. 250 þús. kr.

D. 5-203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Fyrir 59 millj. 640 þús. kr. koma 52 millj. 680 þús. kr.

E. 11-201 Iðntæknistofnun Íslands. Fyrir 80 millj. 560 þús. kr. koma 71 millj. 170 þús. kr.

F. 11-203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Fyrir 37 millj. 450 þús. kr. koma 33 millj. 88 þús. kr.

7. Við 5. gr. Launaliðir í rekstri B-hluta stofnana lækki um 3,5%. Fjárhæð þessi, sem reiknast af heildarlaunum hverrar stofnunar, skal koma til lækkunar á launagjöldum, öðrum en föstum mánaðarlaunum.

Það sem þessar tillögur gera ráð fyrir er sem sagt að ekki er verið að taka á dagvinnulaunum heldur aðeins aukagreiðslum sem stofnanir á vegum ríkisins borga. Lækkun launa um 5% þýðir 1 milljarðs kr. sparnað. Önnur laun en föst mánaðarlaun og dagvinna nema um 40% af heildarlaunum. Ef samdrátturinn í launakostnaði mundi fyrst og fremst koma á útgjaldaliði aðra en föst laun þyrfti að lækka þann útgjaldalið um 10,5%. Ég tel ekki mjög óraunhæft að miða við það að lækka eftirvinnu hjá ríkinu um 10,5% þar sem mér og flestum er það ljóst að í hinum almenna geira verður á næsta ári um a.m.k. þessa upphæð að ræða ef þá ekki miklu meira.

Launaútgjöld B-hluta stofnana lækki á árinu 1989 um 3,5% sem gefur 220 millj. kr. Gert er ráð fyrir að af þeirri fjárhæð skili B-hluta stofnanir til ríkissjóðs 150 millj. kr. Ekki er gert ráð fyrir að stofnanir svo sem Ríkisútvarp, Þjóðleikhús, RARIK og Skipaútgerð ríkisins greiði þetta til ríkissjóðs en í stað bæti þær fjárhagsstöðu sína með sparnaði í launaútgjöldum. Þá er gert ráð fyrir að eftirtaldir fjárlagaliðir verði lækkaðir.

1. Fækkun starfsmanna ráðherra umfram heimildir um þrjú stöðugildi.

2. Fækkun um þrjú stöðugildi hjá aðalskrifstofu fjmrn. vegna nýlegs flutnings tekjuáætlunar til ráðu-

neytisins. Þetta er talið spara 6 millj. kr. en fyrri liðurinn er áætlaður 7 millj. kr.

3. Fækkun um fjögur ársverk vegna upptöku virðisaukaskatts. Það er áætlað að spari um 7 millj. kr. Alls er lagt til að lækka útgjöld A-hluta ríkissjóðs um 1 milljarð 20 millj. kr. og hækka arðgreiðslu B-hluta stofnana um 150 millj. kr. eða samtals um 1 milljarð 220 millj. kr.

Þessu til viðbótar er gert ráð fyrir, eins og fram kemur í brtt., enn frekari niðurskurði þannig að *heildarniðurstaðan er 1 milljarður 493 millj.* kr. Það má m.a. geta þess að í þessum mismun er gert ráð fyrir að lækkun til fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli nemi 4 millj. 150 þús. kr., til flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli 4 millj. kr., til Áburðarverksmiðju ríkisins tæpum 2 millj. kr., til Síldarverksmiðja ríkisins um 14 millj. kr., til Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins um 6 millj. 600 þús. kr. og til Lyfjaverslunar ríkisins um 3 millj. kr. og enn fleiri, t.d. til Innkaupastofnunar ríkisins. En stærsti liðurinn er Póstur og sími. Með þessum tillögum er gert ráð fyrir að hann lækki um 105 millj. kr.

Ég hef nú reynt að gera grein fyrir þeim brtt. sem ég hef lagt fram. En það er svolítið einstakt, alla vega í þessari umræðu, að í engum tillögum er gert ráð fyrir skerðingu á ríkisútgjöldum þrátt fyrir háværar raddir a.m.k. ýmissa stjórnarandstöðuflokka þar að lútandi. Þó svo að mér sé það sárt að skerða framlög til ýmissa stofnana tel ég þá skyldu hvíla á okkur sem hér störfum að axla þá ábyrgð að taka á óvinsælum málum þó svo að það kunni að líta þannig út að við séum að ráðast að ákveðnum stéttum eða ákveðnum mönnum.

Mér hefur fundist sú umræða sem hér hefur farið fram ekki vera þannig að menn geri sér grein fyrir hve staða ríkissjóðs er slæm og hvað illa hefur verið staðið að málum á síðasta ári. Ég tel mikla nauðsyn á því nú að ríkissjóður verði rekinn hallalaust. Þessar tillögur er m.a. lagðar fram í því augnamiði að það verði tryggt að ríkissjóður geti vegna ástands þjóðmála, og þá sérstaklega ástands atvinnulífsins, tekið á sig að einhverjum hluta þau vandamál og komið þessum atvinnufyrirtækjum til aðstoðar og þá að hluta til með beinum framlögum.

Ég hef reynt að gera grein fyrir þessum brtt. og vil ítreka það, sem fram kom í máli mínu áðan, að ég harma það að ákveðinn þingmaður, hv. þm. Pálmi Jónsson, skuli hafa séð ástæðu til að ráðast að mér fyrir að bera upp þessa síðari tillögu mína um sparnað í ríkisrekstri. Ég hefði haldið að þeim flokki sem hann vinnur fyrir og sem barist hefur á móti öllum tekjuöflunarfrv. ríkisstjórnarinnar hefði staðið nær að fylgja þessum frv.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegur forseti. Fyrir hönd þingflokks Kvennalistans mæli ég fyrir brtt. á þskj. 409. Fyrstu tvær brtt. falla undir liðinn 07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi og eru við 4. gr. frv. Við leggjum til að undir þennan lið komi tveir nýir liðir, annars vegar um sérstakt átak til að auka atvinnumöguleika kvenna í dreifbýli og hins vegar um sérstakt átak í jafnréttismálum.

Varðandi fyrsta liðinn vil ég benda á að í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er fyrirheit um að ríkisstjórnin muni gera sérstakt átak til að auka atvinnumöguleika kvenna í dreifbýli. Ég þarf ekki að verja tíma mínum til að lýsa þeirri óvissu og óöryggi sem margar konur úti á landsbyggðinni mega búa við varðandi afkomu sína á tímum þegar atvinna *minnkar við hefðbundinn* búskap. Nú á haustþinginu hefur komið fram mikill áhugi hv. þingmanna fyrir því að ákvæði þessu verði framfylgt. Það sést m.a. á því að tvær háttvirtar þingkonur stjórnarinnar hafa ásamt mörgum öðrum þm. flutt þingsályktunartillögur varðandi þetta mál og hafa báðar tillögurnar hlotið mjög góðar undirtektir. Í morgun hlýddum við svo á svör hæstv. forsrh. við fyrirspurn hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur og Hjörleifs Guttormssonar um það hvernig hæstv. ríkisstjórn hygðist ná því markmiði sínu að efla atvinnumöguleika kvenna í dreifbýli. Ég verð að segja að heldur þóttu mér svör hæstv. forsrh. ómarkviss og óákveðin. Í máli hans kom fram að nú stendur yfir söfnun heimilda um þá atvinnu sem konur um land allt hafa þegar skapað sér. Í mínum huga er hins vegar alveg ljóst að ekki þýðir að bíða lengur. Vonleysi fólks eykst ef það sér ekki eða finnur að eitthvað raunhæft sé hægt að gera. Konur þurfa fyrst og fremst örvun og hvatningu til þess að geta hrint ýmsum hugmyndum í framkvæmd og þær þurfa ráðgjöf og velvilja stjórnvalda og að sjálfsögðu, til að byrja með alla *vega, nokkurt fjármagn.*

Í máli hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar í umræðunum um áðurnefnda fyrirspurn hér í morgun, eða réttara sagt í gærmorgun, komu fram tölur um kynskiptingu íbúa landsbyggðarinnar. Alls staðar er nokkur munur á fjölda kvenna og karla. Konurnar flytja burt til að sækja sér menntun og fjölbreyttari atvinnu. Á eftir flytja karlmennirnir og það raskar auðvitað byggðunum enn frekar en orðið er. Frá mínum bæjardyrum séð er ekki hægt að gera það átak sem kveður á um í stjórnarsáttmálanum án þess að nokkru sé til kostað.

Einhæfni atvinnulífs í dreifbýli er ekki séríslenskt fyrirbæri. Ýmsir nágrannar okkar, t.d. íbúar norðurhluta Skandinavíu, búa við svipuð skilyrði. Þar hefur verið unnið markvisst að því að efla atvinnu fyrir konur sérstaklega. Langar mig að nefna hér dæmi um lítið samfélag, Velkulas, í finnska skerjagarðinum. Það nær yfir 400 skerjagarðseyjar en aðeins 7 þeirra eru nú í byggð og var sú byggð að deyja út. Árið 1980 voru aðeins 132 íbúar á svæðinu og svartsýni mikil. Nú er íbúafjöldinn orðinn 210 og yfir *1000 manns búa þar á sumrin, þökk sé stjórnvöldum* sem skipulögðu þróunarverkefni sem fólst m.a. í nýrri höfn, sumarbústaðauppbyggingu og þjónustu af ýmsu tagi. Þetta verkefni mætti mótspyrnu til að byrja með. Sumir vilja því miður engu breyta heldur sökkva á sínum leka dalli. En nú mætir þetta

verkefni vaxandi skilningi og trúin á framtíðina eykst. Til þess að örva og hvetja konur þarf að vera svigrúm til að veita þeim ráðgjöf og vinna upp hugmyndabanka um ný atvinnutækifæri sem miðast við þeirra forsendur og áhugamál. Til þess að vinna það verk þarf ekki aðeins velvilja stjórnvalda heldur líka fjármagn. Þess vegna legg ég til hér fyrir hönd þingflokks Kvennalistans að varið verði 5 millj. kr. á þessu ári til þess að hrinda þessu verkefni af stað. Það er ekki lengur eftir neinu að bíða því að það hallar stöðugt á konur úti á landsbyggðinni hvað atvinnu og fólksfjölda snertir.

Seinni liðurinn um sérstakt átak í jafnréttismálum tengist að sjálfsögðu þeim fyrri, en gífurlegt misrétti ríkir enn milli karla og kvenna þrátt fyrir lagasetningu um jafnrétti kynjanna og töluverða umræðu um jafnréttismál í þjóðfélaginu margra ára skeið. Þessi mál hefur einnig oftlega borið á góma á Alþingi undanfarið. Jafnréttismálin virðast þó enn brenna heitast á konum og sést það greinilega við lestur umræðna í Alþingistíðindum um þessi mál, þó sem betur fer sé að finna á því jákvæðar undantekningar. Hvers vegna segjast allir vilja ná jafnrétti en svo þokast jafnlítið í jafnréttisátt og raun ber vitni? E.t.v. stafar það af því að ekki meina allir það sama með hugtakinu jafnrétti. Í mínum huga er jafnrétti kvenfrelsi. Ef fólk viðurkennir það ekki náum við aldrei því jafnrétti sem við sækjumst eftir.

Jafnréttisráð hefur mörgum og mikilvægum verkefnum að sinna og ekki hefði verið vanþörf á að hækka verulega framlög til ráðsins. Við ákváðum hins vegar að leggja til að 5 millj. kr. yrði varið í sérstakt átak á sviði jafnréttismála. Markmiðið með slíku átaki er að vekja almenning til vitundar um stöðu kvenna og leiðir til þess að bæta þá stöðu. Að sjálfsögðu hefði mátt hugsa sér að verja mun hærri upphæð til slíks verkefnis því að víða er pottur brotinn. Ég vil minna á að hæstv. félmrh. hefur gert sérstaka jafnréttisáætlun sem forstöðumönnum ríkisstofnana er ætlað að fylgja og mig grunar að margir þeirra þurfi jafnvel að fá einhverja ráðgjöf um það hvernig slíkar áætlanir eru gerðar.

Næsta brtt. sem ég flyt við 4. gr. er varðandi rannsóknir í kvennafræðum við Háskóla Íslands. Þær hafa verið stundaðar undanfarin ár af fræðikonum í ýmsum greinum við Háskólann en hér á landi er þetta tiltölulega ný fræðigrein sem þó á sér töluverða sögu í nágrannalöndum okkar. Ég segi að greinin sé ný vegna þess að á öllum sviðum fræða og vísinda eru konur nú að þreifa sig áfram með nýjar og skapandi rannsóknir og hugmyndir af þessu tagi. Þær eru nýjar og skapandi vegna þess að til þeirra bera konur reynslu sína, vitund og lífssýn en ekkert af þessu hefur áður verið mótandi á nokkru rannsóknarsviði. Þau viðhorf, sjónarhorn og sá skilningur sem konur eru nú í fyrsta sinn í aðstöðu til að bera inn í fræðigreinarnar vegna stóraukinnar menntunar kvenna á undanförnum árum hafa víða verið sem frjóvgandi regn á gróðurmold. Upp hafa sprottið nýjar hugmyndir, ný viðfangsefni, nýjar aðferðir og nýjar niðurstöður sem stundum varpa nýju ljósi á fræðigreinina alla. Þetta hvetur fræðimenn til að leita nýrra svara og hvetur þá til nýrra dáða.

Það vekur reyndar furðu mína að þrátt fyrir nauðsyn á niðurskurði á ýmsum sviðum skuli þessi liður lækkaður í krónutölu. Ég tel það óverjandi af ríkisstjórn sem kennir sig við jafnrétti að skera niður fjárveitingar til þessa mikilvæga vísindastarfs. Þó að skammt sé síðan kvennarannsóknir hlutu viðurkenningu hefur tekist samstarf milli norrænna fræðikvenna og eru rannsóknir þeirra viðurkenndar sem mikilvægt brautryðjendastarf og fyrirmynd fræðikvenna í öðrum löndum. Í ljósi þess mikla áhuga sem er á þessum rannsóknum og ekki síst fyrir áhuga fræðikvennanna og hins nýja og mikilvæga framlags þeirra til vísindanna leggjum við til að til kvennarannsóknanna verði veitt 4 millj. kr., eins og þær reyndar fóru fram á í bréfi sínu til fjvn. 11. nóv. sl. Þar sem einmitt kemur fram að umsóknum hefur fjölgað mjög með hverju árinu síðan þessar rannsóknir hófust.

Síðasta brtt. sem ég mæli fyrir tengist Heimilisiðnaðarskóla Íslands. Þar er lögð til 2 millj. kr. hækkun til skólans og miðast upphæðin við að hún nægi a.m.k. til þess að greiða laun skólastjóra. Í þessum skóla fer fram kennsla í gamalli íslenskri handmennt, svo sem þjóðbúningasaumi, fótvefnaði, spjaldvefnaði, knipli, balderingu og allri tóvinnu, þ.e. því að aðskilja þel og tog, kemba, spinna og vinna úr báðum gerðum ullarinnar. Hér er um að ræða handbrögð sem eru hluti af okkar menningararfi og mörg hver séríslensk. Glatist þau er um óbætanlegan skaða að ræða því hvergi annars staðar á landinu, og reyndar í heiminum öllum, er hægt að læra það sem þarna er kennt. Heimilisiðnaðarskólinn hefur unnið ómetanlegt starf í varðveislu þessara handbragða. Hins vegar hefur skólinn jafnan barist í bökkum fjárhagslega. Það hefur orðið orsök þess að ekki hefur verið hægt að borga leiðbeinendum, kennurum og skólastjóra eðlileg laun og námskeiðsgjöld hafa verið það há að margar konur sem gjarnan vildu læra það sem þarna er kennt og leggja þar með sitt af mörkum til að viðhalda hinum séríslenska menningararfi hafa orðið frá að hverfa. Í ljósi þessa leggjum við kvennalistakonur áherslu á að ríkissjóður viðurkenni starfsemi Heimilisiðnaðarskólans með því að hækka verulega framlög til hans. Ég vil aðeins geta þess til samanburðar að vegna þess að nemendur Heimilisiðnaðarskólans þurfa að greiða öll kennslugjöld þá kostar hver kennslustund þátttakanda 196 kr., vefnaðarnámskeiðið er síðan 88 tímar sem þýðir að eitt námskeið kostar 17.248 kr. Til samanburðar vil ég benda á að ein önn í öldungadeild kostar 7400 kr. óháð því hversu margar námsgreinar eða tíma nemendur velja að taka. Og spurningin er auðvitað hvers vegna er svona miklu merkilegra að læra það sem fram fer innan framhaldsskólanna en t.d. spjaldvefnað og það að viðhalda þessari gömlu,

íslensku menningu okkar.

Virðulegi forseti. Þær brtt. sem ég hef mælt fyrir snerta á einn eða annan hátt stöðu kvenna. Eins og fram hefur komið í máli mínu væri trúlega hægt að verja enn meira fé til að bæta stöðu kvenna en við vildum auðvitað reyna að vera ábyrgar og hógværar í tillöguflutningi við þær aðstæður sem við búum við núna. Við teljum þó að tíma orða verði nú að ljúka og við taki athafnir. Ég vænti þess af ríkisstjórn jafnréttis og félagshyggju að hún taki undir þessar brtt. og þær hljóti jákvæða afgreiðslu.

Eggert Haukdal:

Frú forseti. Það lá ósköp mikið á í haust að mynda núv. ríkisstjórn, svo mikið að útkoman varð sú að búin var til stjórn sem vissulega gat varist vantrausti ef allir skiluðu sér en hefði ekki styrk til þess að koma fram mikilvægum málum án þess að treysta á aðstoð stjórnarandstæðinga. Þannig ýtti stjórnin úr vör með rifin segl. Öllum var ljóst að aðgerða var þörf og bjuggust menn við að skjótlega yrði gripið til raunhæfra aðgerða til að rétta af taprekstur höfuðatvinnuveganna og litið yrði til erfiðleika fólksins í landinu. En lítt bólar á slíkum aðgerðum enn. Þótt ríkisstjórnina hafi fram að þessu ekki endanlega rekið í strand hefur hún steytt á skerjum, en dælur virðast enn þá hafa undan lekanum hvað sem síðar verður. Horfur eru þó á að fleiri mönnum verði senn á að skipa til að ausa eins og að nokkru hefur komið í ljós.

Undanfarna mánuði hefur verið í gildi verðstöðvun og kaupstöðvun og samkvæmt þessum handaflsaðgerðum hafa vextir lækkað svo að um munar og opinber verðbólga er nú lítil. En sá aðili sem verst hefur gengið að halda verðstöðvunina er sjálf blessuð ríkisstjórnin. Endalausar hækkanir hafa dunið yfir frá henni að undanförnu, svo sem hækkun tekjuskatts og eignarskatts, vörugjalds, hækkun skatts á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, hækkun bensíngjalds o.fl. eða samtals alls á áttunda milljarð kr. Nú síðast kom gengisfelling en af henni mun leiða hækkun vöruverðs, hækkun lánskjaravísitölu og verðbólgan mun fara á fulla ferð þótt kaupið sé fast. Ríkisstjórnina munar ekkert um það í miðri verðstöðvun að skella ríkissjóðshallanum á heimilin í landinu á einu ári. Er þetta í samræmi við jafnrétti og félagshyggju sem núverandi ríkisstjórn kennir sig við og kyrjar á hátíðlegum stundum? Nýjast er að til stendur að hækka áfengi í verðstöðvuninni. Hætt er við að hið nýja verð á „guðaveigunum" verði ekkert nálægt handhafakjörum frekar en verið hefur.

Það hefur verið mér sem öðrum þingmönnum og þjóðinni allri undrunarefni og það hefur sannarlega valdið erfiðleikum við að vinna að framfaramálum hversu laus tök ríkisstjórnin og sérfræðingalið fjmrn. hefur haft ekki aðeins á fjárlagaafgreiðslunni sjálfri heldur á stöðu ríkiskassans á hverjum tíma. Má nefna ágreining fyrrv. fjmrh. í sumar við ýmsar ríkisstofnanir um hve gatið væri stórt í ágúst. Þar var hin nýja og dýra hagdeild hans sjálfs með 693 millj. kr. meðan aðrar stofnanir eins og t.d. Ríkisendurskoðun voru með 2,5 milljarða kr. og Þjóðhagsstofnun með 1500–2000 millj. kr. Hverjum átti að trúa? Engum bar saman og auðvitað kom í ljós að allir höfðu á röngu að standa. Þegar núv. fjmrh. gekk til jólahalds hafði þessi halli í nokkrum áföngum vaxið upp í 6,5 milljarða kr.

Við höfum nú undanfarið horft á hvernig þessi sami fjmrh. lætur greipar sópa um aflafé almennings til þess að stoppa í þetta gat en útflutningsatvinnuvegirnir í landinu halda áfram taprekstri sínum þótt viðurkenna beri tilraunir til að veita fjármunum til útflutningsfyrirtækja til að halda þeim gangandi. Slíkt er þó aðeins gálgafrestur meðan grundvöllinn vantar. Fjármunir þeirra brenna upp í áframhaldandi taprekstri. Væri ekki ráð að ríkisstjórnin og þetta mikla sérfræðingalið færi að einbeita sér að ríkisrekstrinum sjálfum í stað þess að sækja alltaf sífellt meira með aukinni skattpíningu, að fara að leita leiða til að vinda ofan af eyðslunni, ekki síst í ráðuneytunum sjálfum. Stöðugt eru almenningi og þingi birtar upplýsingar um óráðsíu og sóun. Víða í ríkiskerfinu er ekki sjáanlegur neinn árangur til ráðdeildar og sparnaðar. Hinar gífurlegu kollsteypur í tekjuöflun ríkisins og misrétti í skattheimtu gera það að verkum að æ erfiðara er fyrir fólk að fóta sig í þessu þjóðfélagi hvort sem um er að ræða venjulegan heimilisrekstur eða fyrirtæki.

Þessi fjárlög virðast þannig úr garði gerð að ríkisstjórnin virðist ætla í skjóli valds síns að fá hreint borð hjá sér á kostnað fólksins í landinu. Sjáanlegar tilraunir til þess að taka á sig hluta vandans, t.d. með skipulögðum sparnaði eða deila hallanum niður á fleiri ár, er ekki fyrir hendi. Þetta tel ég megingalla þessara fjárlaga og ekki stórmannlega að staðið hjá ríkisstjórninni. Það er eins og ríkisstjórnin og sérfræðingalið hennar geri sér ekki grein fyrir þeim gífurlegu erfiðleikum sem fólk um allt land hefur komist í. Þrátt fyrir yfirlýsingar þessarar ríkisstjórnar jafnréttis og félagshyggju að gera átak í að rétta við hinar dreifðu byggðir landsins, þá er staðreyndin sú að í þessu frv. er skorið á framkvæmdafé, skorið á framlög til atvinnuveganna og skorið á framlög til byggðamála. Sérstaklega er ömurlegt að horfa upp á það að framþróun í vegamálum undangenginna ára er rofin með því að leggja á nýja stórfellda skatta á umferðina sem renna beint í ríkissjóðshítina en ekki til framkvæmda í vegamálum. Er hér um að ræða á milli 800 og 900 millj. kr. Í mörgum landshlutum horfir svo að um mjög litlar vegaframkvæmdir verður að ræða í sumar. Var þó þegar nóg að gert hjá Alþingi og ríkisstjórnum á undanförnum árum að standa ekki við þau áform sem Alþingi setti sér með langtímaáætlun árið 1982. Nú sýnist endahnúturinn vera lagður að því að falla frá markmiðunum frá 1982 þannig að langtímaáætlunin hrynur endanlega ef menn taka sig ekki verulega á við afgreiðslu lánsfjáráætlunar og vegáætlunar síðar í vetur.

Eitt þeirra mála sem ríkisstjórnin er í vandræðum

með er lánskjaravísitalan en í því máli virðist skorta hugrekki. Hún var sett í endurskoðun á síðasta ári og út úr því starfi kom að engu þurfti að breyta, svo gott væri þetta fyrirkomulag. Þrátt fyrir það var við síðustu stjórnarskipti ákveðið að taka launavísitöluna til helminga inn í grundvöllinn á móti byggingarvísitölu og framfærsluvísitölu og skyldi það taka gildi um áramótin. Þau eru nú nýliðin. Flestum var og er þó ljóst að það gerir aðeins illt verra nema meiningin sé að halda kaupinu föstu, eins og verið hefur að undanförnu, en láta allt annað hækka. Eitthvað virðist standa á stuðningi Seðlabankans við þess aðgerð og nú um áramótin var öllu slegið á frest í nokkra mánuði. Seðlabanki og hæstv. viðskrh. virðast enn eiga að ráða. Í áramótaboðskap sínum telur hæstv. fyrrv. fjmrh. Jón Baldvin Hannibalsson að nú verði að fara að breyta lögunum um Seðlabankann til þess að hægt sé að taka á þessum málum. Undarlegt er að menn geti setið í ráðherrastól ár eftir ár án þess að taka til hendinni í meginmálum, benda bara á vondan Seðlabanka sem þeir segja að allt sé að kenna. Það er vissulega gott að hafa blóraböggul til að koma flestu hinu illa á. Vafalaust má laga lögin um Seðlabanka en menn sem eru í ráðherrastólum eiga að vera menn til að stjórna og ef hindranir eru í vegi þarf að ryðja þeim snarlega í burt en ekki bara að tala, án þess að framkvæma.

Frú forseti. Í upphafi þessara orða gat ég þess að mikið hefði legið á í haust að mynda núv. stjórn til að bjarga þjóðinni. Þrátt fyrir þriggja mánaða setu hafa bjargráðin enn ekki séð dagsins ljós því það getur varla talist bjargráð að seilast enn dýpra ofan í vasa almennings eða bæta enn á taprekstur fyrirtækjanna. En eitt „bjargráð" er þó boðað og það er kannski ljós í myrkrinu. Það er ferðalag tvímenninganna, AA-mannanna, hæstv. ráðherra utanríkismála og fjármála, um landið. Það verður mikil „dýrð" fyrir fólk að hitta þá. Kannski þeir geti sannfært fólkið í landinu um hversu skattpíningin er mikil blessun fyrir þjóðina.

Friðjón Þórðarson:

Virðulegi forseti. Aðeins örfá atriði skal ég nefna þó af nægu sé að taka. Á undanförnum árum hefur í fjárlögum staðið heimild til fjmrh. að selja Andakílsárvirjun um það bil tveggja km langa 66 kW línu milli Vatnshamra og Andakílsárvirkjunar, sem nú er í eigu Rafmagnsveitna ríkisins, og hluta af byggðalínustöðinni á Vatnshömrum í Borgarfjarðarsýslu. Heimamenn hafa óskað eftir því að þessari heimild yrði haldið inni í 6. gr. fjárlaga en af einhverjum ástæðum hefur hún lent utan garðs. Þá er auðvitað sá kostur fyrir hendi að þm. Vesturlands flyttu brtt. en þar sem svo framorðið var orðið var horfið frá því. Ég þakka hv. 1. þm. Vesturl. fyrir að minnast á þetta í lok ræðu sinnar áðan. Og raunar hefur hann, svo og formaður fjvn., heitið því að styðja við þetta mál ef á það reynir á þessu ári og verður að treysta á það.

Það er svo með 6. gr. að hún leynir á sér, hún er lítið í umræðunni. Það var minnst á það áðan af hv. 7. þm. Norðurl. e. að 6. gr. mætti líkja við óútfylltan víxil og satt er það að verði allar heimildir 6. gr. nýttar til hins ýtrasta er þar um æðimikið fjármagn að ræða. Ég ætla að leyfa mér að nefna tvö eða þrjú atriði varðandi þessa grein.

Á þskj. 396 frá fjvn. við 6. gr. segir í lið 5.25 að fjmrh. sé heimilt að kaupa húsnæði í húsi Útvegsbankans á Akureyri samkvæmt ákvæðum um forkaupsrétt. Ég vænti þess að þarna liggi þörf til grundvallar þessu ákvæði þó að hún sé ekki skýrð nánar og þetta sé ekki gert aðeins til þess að safna fasteignum í eigu ríkissjóðs.

Í lið 6.10 er ákvæði um að semja við Grýtubakkahrepp um uppgjör vegna skólamannvirkja. Ég vil taka það skýrt fram að ég er að sjálfsögðu mjög hlynntur þessu ákvæði. Þarna eygir eitt sveitarfélag landsins möguleika á því að fá skuldaskil við ríkissjóð og ég fagna því og styð þetta ákvæði eindregið. En ég vil jafnframt minna á að ríkissjóður skuldar ýmsum öðrum sveitarfélögum álitlegar fúlgur í þessum efnum, m.a. hefur Stykkishólmur átt hjá ríkissjóði vegna byggingar skólamannvirkja margar milljónir nokkur undanfarin ár. Sú upphæð var um 7 millj. kr. um síðustu áramót en hefur oft numið mun hærri fjárhæð. Ég vil taka skýrt fram að ég er hlynntur þessu ákvæði 6.10 en ég vil ekki láta gagnálykta frá því. Ég beini því til hæstv. fjmrh. að hann reyni að líta til þeirra sveitarfélaga sem eins er ástatt um og Stykkishólm að þessu leyti og munar vissulega um svo miklar fjárhæðir, og reyni, þó það verði ekki tekið fram í 6. gr. fjárlaga 1989, að rétta hlut þessara sveitarfélaga með einum eða öðrum hætti á þessu ári.

Útlitið er ekkert glæsilegt í vegamálum þar sem niður eru skornir sérmerktir tekjustofnar til vegamála. Við alþingismenn höfum vænst þess í lengstu lög að við gætum haldið áfram framkvæmdum í samgöngumálum eins og við höfum allir verið svo mjög sammála um á undanförnum árum og hv. 3. þm. Suðurl. vék að sérstaklega í sínu máli. Ég hygg að við verðum þess vegna að taka þessi mál til mjög gagngerðrar endurskoðunar síðar í vetur og koma bættri skipan á þau mál til frambúðar, miklu bjartari en nú blasir við.

Eins og fram hefur komið eru engar brtt. fluttar af hálfu sjálfstæðismanna við þessa umræðu eða a.m.k. mjög fáar. Ég skal ekki segja mikið meira, en nú eru, eins og hvað eftir annað hefur komið fram í máli manna við þessa umræðu, veður öll válynd og margt á hverfanda hveli. Við afgreiðslu þessa fjárlagafrv. eru fjölmörg skýr og greinileg ákvæði laga um framlög til hinna mikilvægustu mála sniðgengin með öllu. Hið eldforna markmið laga og réttar „Með lögum skal land byggja" virðist mér vera að færast fjær.

Ég læt máli mínu lokið að sinni, virðulegi forseti.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir brtt. á þskj. 411.

Þar leggjum við kvennalistakonur til hækkun á liðnum 02-982, sem tekur til framlaga til lista. Við höfum frá upphafi þingsetu kvennalistakvenna flutt tillögur um tvöföldun þessa liðar, ekki vegna þess að upphæðin sem lögð hefur verið til í fjárlögum frá ári til árs sé kórrétt tvöfölduð heldur er um viljayfirlýsingu að ræða og til áréttingar um að minna megi það nú ekki vera.

Það lætur nærri að fjárframlög undir þessum lið hafi verið framreiknuð milli ára. Nú bregður svo við að hækkunin er rúm 20% umfram forsendur fjárlagafrv. Því höldum við okkur við sama heygarðshornið og leggjum til breytingu sem nemur 80% í viðbót og leggjum til að í stað 183,7 millj. kr. komi 308 millj. 22 þús. kr. Ég ítreka að þessi tala sem við leggjum til er ekki eitthvert endanlegt takmark heldur áfangi. Ef þessi tillaga nær fram að ganga nema framlög til allra lista og menningarstarfsemi landsins utan stofnana 0,5% og tæplega þó af útgjöldum fjárlagafrv. Varla getur það nú talist ofrausn. Að þessu mætti færa ótal rök þó að þau þættu auðvitað mismunandi merkileg í þeirri efnishyggju sem nú ríkir og hefur gert um nokkurt tíma og sífellt fer vaxandi. Þau rök sem menn hlýða helst á hér eru af þjóðernislegum toga. Enginn vill kenna sig við þá léttúð að vilja ekki veg íslenskrar tungu sem mestan eða leggjast gegn varðveislu og viðhaldi íslenskrar menningar. Hitt heyrir maður sjaldan nefnt hversu mikils virði skapandi iðja er öllum, bæði þeim sem hana stunda og ekki síður þeim sem hennar njóta.

Margt væri hér með öðrum brag ef sem flestum væru búin skilyrði til listiðkunar, ekki með það fyrir augum að allir verði listamenn heldur til að leysa úr læðingi hugvit og hugmyndafrjóvgi sem hverju þjóðfélagi eru nauðsynleg á tímum örra breytinga. Hugmyndir manna um framtíðina eru oftar en ekki séðar með augum listamanna. Enginn einstaklingur getur kynnt sér allt eða þekkt allt af eigin reynslu. Þar gegna listir stóru hlutverki. Þær auka mönnum víðsýni og þekkingu á högum, tilfinningum og hugsunum annarra og stuðla þannig að auknum skilningi manna og þjóða í milli og þar er einmitt lykillinn að friði þjóða í milli. Listir geta þegar best lætur lyft huga mannsins á áður óþekkt stig, opnað nýjar víddir, glatt og upphafið. Ég ætla mér ekki þá dul að útskýra eðli og tilgang lista. Það hefur engum tekist. En einhverra hluta vegna leita allir menn, hvar sem þeir eru staddir og hvernig sem á stendur, að einhverju æðra og fegurra en því hversdagsamstri sem er hlutskipti flestra jarðarbúa. Þessa viðleitni mannsandans má ekki drepa í dróma heldur ber að ýta undir hana eins og frekast er unnt þó mönnum kunni í augnabliksblindni að finnast erfitt að leggja mikið fé í eitthvað sem erfitt er að skilgreina hvernig skilar sér í mælanlegum verðmætum. Því miður verður ekki sagt að við stöndum myndarlega að leitun þessara verðmæta hvort heldur er í uppeldi og menntun barna okkar, í því að gera öllum almenningi kleift að njóta eða stunda listir á ódýran, aðgengilegan og margbreytilegan hátt né með myndarlegum stuðningi við listamenn og listastofnanir landsins. Ef sá stuðningur væri með öðrum hætti segir mér svo hugur um að ýmislegt annað mundi sparast og ávinningar yrðu líka margir, t.d. með stórauknu hugviti.

Ég held þessar menningarvitaræður, en einhverjir hafa gefið þeim þá nafngift, með reglulegu millibili og gæti flutt þær margar og langar við mörg tækifæri en af menningarlegri tillitssemi læt ég staðar numið af virðingu fyrir tíma og áhuga hv. þm.

Í fyrra deildum við þeirri hækkun sem við lögðum til á fyrrgreindum lið niður á hina ýmsu undirliði. Nú háttar svo til að þó að við séum að sjálfsögðu ánægðar með þá viðleitni sem sýnd er með hækkun þessa liðar, þó að við viljum þar betrumbæta, erum við ekki ánægðar með hvernig hækkuninni er deilt niður á hin ýmsu verkefni. Þó enginn sé ofsæll af sínu skortir rök fyrir mjög misjafnri hækkun liða. Ég ætla ekki að nefna nein dæmi því að það má auðveldlega snúa þeim orðum á þann veg að ég leggist móti einstökum hækkunum. Sú er ekki raunin, heldur vægi einstakra liða. Sú spurning hlýtur að vakna hvað ræður stórlegum mun á þessum hækkunum og sem oftar leiðir hugann að því að gera þarf talsverðar breytingar á þessum lið, stokka upp og vanda miklu betur til verksins. Brýnt er að úthlutanir verði ekki að vana, það sé ekkert sjálfkrafa frá ári til árs. Sífellt endurmat verður að fara fram til að tryggja að fjárveitingar standi hvorki nýgræðingum fyrir þrifum né safaríkum gróðri meðan lífinu er e.t.v. haldið í skrælnuðum og trénuðum jurtum.

Matthías Á. Mathiesen:

Virðulegi forseti. Ég mun ekki ræða fjárlagafrv. sem slíkt. Það hafa aðrir sem talað hafa í þessari umræðu af hálfu Sjálfstfl. gert og hafa gert þar grein fyrir þeim sjónarmiðum sem Sjálfstfl. hefur varðandi frv. sem slíkt. Ég tala hér fyrir brtt. á þskj. 420.

Lög um fjáröflun til vegagerðar segja til um með hvaða hætti tekjur eru fengnar til þess að annast vegagerð. Lögin eru nr. 79 frá 1974. Þar er í 1. gr. gert ráð fyrir innflutningsgjaldi af bensíni, í 5. gr. er gert ráð fyrir þungaskatti af dísilbifreiðum. Í 12. gr. þessara laga er gert ráð fyrir því að þetta fjármagn skuli notað til vegaframkvæmda. Auk þess skuli notað það fjármagn sem ætlað er á fjárlögum.

Undanfarin tvö ár hefur eingöngu verið varið til vegagerðar því sem innheimst hefur samkvæmt þessum lögum en framlag ríkissjóðs hefur ekkert verið. Tekjur umfram áætlun hafa á þessum tveimur árum verið 180 millj. kr., áður var gert ráð fyrir 285 millj. kr., og það standa því á reikningi hjá ríkissjóði 180 millj. kr. Það hefur formaður fjvn. staðfest en hefur hins vegar sagt, sem sjá má af fjárlagafrv., að ekki sé gert ráð fyrir að greiða þessar 180 millj. kr. til vegaframkvæmda á þessu ári. En það sem meira er, á árinu 1989 er gert ráð fyrir að innheimta 3 milljarða 895 millj. kr. en aðeins eru ætlaðir 3

milljarðar 215 millj. kr. til útgjalda. Hér er um að ræða 680 millj. kr. sem samkvæmt fjárlögum er ekki ætlað að fara til vegagerðar en sem lögum samkvæmt eiga að gera það. Tillagan gengur út á að lögunum sé framfylgt og ekki ætluð meiri útgjöld en sem nemur þeirri upphæð sem hér munar eða 680 millj. kr. sem verði geymdar í ríkissjóði til næsta árs.

Ég hafði heitið forseta að taka ekki nema tvær mínútur í þessa ræðu mína og ég hef nærri því staðið við það.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Ég vil við lok þessarar umræðu þakka hv. fjvn. fyrir mjög gott verk við erfiðar og óvenjulegar aðstæður. (**Gripið fram í:** Enginn tekur við fyrir hönd fjvn.) Það mætti kannski kanna það hvort einhver fjárveitinganefndarmaður væri í salnum til að taka við þessum þökkum. (**PP:** Margrét Frímannsdóttir er hér.) Að vísu er það rétt að minn ágæti þingflokksformaður, sem jafnframt er í fjvn., er sá eini í salnum en með allri virðingu fyrir henni hefði ég kosið að þeir væru aðeins fleiri og mætti kannski biðja forseta að athuga hvort einhverjir þeirra eru í húsinu.

Ég mæli það af heilum huga að þessi vinna hefur verið á þann veg að það ber að þakka hana alveg sérstaklega við lok þessarar umræðu. Eins og þingheimi er kunnugt þá kom fjárlagafrv. fram síðar en venja er vegna þess að ný ríkisstjórn tók við fáeinum vikum fyrir þing og því hafði fjvn. skemmri tíma til þess að fjalla um frv. en að jafnaði hefur verið. Engu að síður hefur innan nefndarinnar tekist mjög góður samstarfsandi og ég held að að öllum öðrum ólöstuðum beri sérstaklega að þakka formanni nefndarinnar og stjórn nefndarinnar ásamt fulltrúum stjórnarandstöðunnar í fjvn. sem hafa sýnt bæði mjög góðan vilja og ríkan pólitískan skilning og drengskap á því verki sem hér hefur verið unnið og eiga þeir miklar þakkir skildar fyrir sitt framlag.

Það er auðvitað þannig í þinginu eins og við þekkjum að menn þurfa oft að leita samvinnu til þess að koma verkum fram og ljúka málum. Þá ríður á að þeir sem vinnan snertir sérstaklega hafi bæði reynslu og góðan vilja til þess að tryggja að þetta náist í höfn. Auðvitað hafa fulltrúar þeirra flokka sem ekki eiga aðild að þessari ríkisstjórn flutt mjög ítarlega gagnrýni á það frv. sem verið er að afgreiða. Ég ætla ekki við þetta tækifæri að taka þá gagnrýni til umræðu en tel að afstaða þeirra, bæði fyrir jól og eins eftir áramótin, eigi þátt í því að hægt sé að ljúka þessu verki og sýni, eins og ég hef sagt, góðan pólitískan vilja og samvinnuanda sem ber að þakka.

Við framlagningu frv. sagði ég að í því fælist tilraun til að snúa við þeirri þróun sem verið hefur í ríkisfjármálunum á því ári sem er nýliðið. Enginn okkar getur fullyrt það hér og nú hvort þessi tilraun muni takast á þann veg sem við aðstandendur frv. óskum en ég vil þó segja það undir lok þessarar umfjöllunar að við munum reyna að haga þannig vinnu við framkvæmd frv. á þessu ári að það takist.

Ég vil nú, eins og ég gerði í framsöguræðu minni við 1. umr., óska eftir sérstakri samvinnu við fjvn. um framkvæmdina á þessu ári þótt vinnu nefndarinnar við frv. sjálft sé formlega lokið. Þar eru fjölmörg atriði sem ég hef hug á að ræða við fjvn. á næstu vikum til þess að tryggja að þingið og framkvæmdarvaldið geti í sameiningu stuðlað að því að þær endurbætur, sem við erum öll sammála um að þurfi að hrinda í framkvæmd, geti orðið að veruleika. Ég mun einnig efna til funda með fulltrúum einstakra ráðuneyta á næstu dögum til að undirbúa það að á vegum ráðuneytanna verði komið í framkvæmd þeim ákvörðunum sem í frv. felast og reyna á ýmsan annan hátt að tryggja að þessi tilraun sem í frv. felst takist.

Ég vil einnig undir lokin láta í ljósi þá skoðun að við munum fagna góðu samstarfi við Ríkisendurskoðun í hennar störfum. Á undanförnum mánuðum hefur Ríkisendurskoðun að mörgu leyti farið inn á nýjar brautir og ég held að flestir séu sammála um að þær séu til bóta þótt auðvitað megi hafa á því ýmsar skoðanir hve langt Ríkisendurskoðun eigi að ganga í þátttöku sinni á öllum stigum fjárlagagerðarinnar. Hennar verkefni er fyrst og fremst að hafa eftirlit með framkvæmd fjárlaganna og vara við því sem úr skorðum fer og gera síðan upp dæmið þegar því er lokið. Ef góð samvinna tekst með öllum þessum aðilum sem ég hef hér nefnt, þ.e. fjmrn., einstökum fagráðuneytum, fjvn. og Ríkisendurskoðun, þá vona ég að við getum á nýju ári beitt ýmsum aðferðum sem verða vænlegri til að ná árangri í þessum efnum en gert var á því ári sem nú er að líða, með allri virðingu fyrir þeim sem tóku þátt í því starfi.

Það hefur hvarflað að mér að til greina gæti komið að gefa þinginu skýrslur með reglubundnum hætti um það hvernig gangi að tryggja framkvæmd fjárlaganna. Það er á þessu stigi einungis hugmynd og ég hef ekki tekið um það ákvörðun en mun ræða það bæði við fjvn. og aðra þá sem ég hef nefnt hver viðbrögð manna eru við slíku. Ég vil einnig geta þess að ég mun beita mér fyrir því að fjáraukalög og ríkisreikningur komi fyrr til umfjöllunar á Alþingi en gert hefur verið á undanförnum árum og afgreiðsla fyrir það ár sem nú er nýliðið gæti jafnvel fari fram á næstu mánuðum.

Ég vil ekki hafa þessi orð fleiri en vildi nota tækifærið til þess að koma bæði þökkum mínum á framfæri og þessari stuttu lýsingu á því hvernig ég tel nauðsynlegt að vinna að framkvæmd fjárlaganna eftir að þau hafa verið samþykkt á Alþingi, sem væntanlega verður síðar á þessum degi sem nú er nýhafinn, tæpum tveimur klukkustundum eftir miðnætti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

NEÐRI DEILD

46. fundur, föstudaginn 6. jan., kl. 10.30 árdegis.

Heimild til að hækka útsöluverð áfengis og tóbaks, 1. umr.

Stjfrv., 223. mál. — Þskj. 407.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir frv. sem felur það í sér að þrátt fyrir ákvæði brbl. um efnahagsaðgerðir, bæði nr. 83 og nr. 14, verði fjmrh. heimilt að hækka útsöluverð á áfengi og tóbaki.

Sjálfsagt er okkur tamast að hugsa um verð á áfengi og tóbaki á þann veg að það sé liður í tekjuöflun ríkissjóðs, en engu að síður er það þannig formsins vegna að hér þarf að koma til lagabreyting af þessu tagi vegna þess að verðákvarðanir áfengis og tóbaks eru gefnar út í formi verðskrár og flokkast þannig undir verðlagningu fyrirtækja, opinberra og annarra sem þannig starfa.

Þegar rætt var um það að bráðabirgðalögin yrðu afgreidd fyrir jól eða á milli jóla og nýárs var lögð fram brtt. við brbl. til að skapa lagagrundvöll fyrir þessari ákvörðun. Nú hefur hins vegar orðið að samkomulagi milli flokkanna í þinginu að brbl. verði látin bíða og þess vegna var talið óhjákvæmilegt til að öruggur lagagrundvöllur væri fyrir ákvörðun sem tengd er tekjugrundvelli fjárlagafrv. að frv. af þessu tagi væri flutt sérstaklega.

Ég vil síðan þakka fyrir þann skilning, sem kom fram í samkomulagi á milli forustumanna þingflokkanna á fundum með forsetum og forsrh. í gær, að greitt yrði fyrir því að þetta frv. fengi greiðan aðgang í gegnum þingið til þess að lagagrundvöllur slíkrar ákvörðunar væri ótvíræður. Það var að vísu aðeins kannað hvort hægt væri að láta það tengjast fjárlagafrv. sjálfu, en lögfræðingar töldu að slíkt væri ekki nægilega ákjósanleg lagaleg aðferð.

Í fjárlagafrv. sjálfu og í umræðunni í gærkvöld og í nótt kom fram að þetta er, eins og ég hef vikið að, þáttur í tekjuöflun fjárlagafrv. og töluleg greining á því var þáttur í umræðunum hér í gær þannig að ég ætla ekki að fjalla nánar um það hér, en óska eftir því að þessu frv. verði vísað til fjh.- og viðskn. að lokinni þessari umræðu.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Eins og flestum alþingismönnum ætti að vera kunnugt og þjóðinni allri eru í gildi lög um verðstöðvun og bindingu launa um tiltekinn tíma. Eftir því sem best er vitað hafa allur almenningur og fyrirtæki í landinu virt þessi lög á meðan þau eiga að gilda. En það er þó ein stofnun sem hefur ekki tekið mark á þeim og það eru þeir sem settu lögin sjálfir, hæstv. ríkisstjórn, því hún hefur farið offari í að hækka allt, alla skatta á almenning í landinu og hefur eiginlega ekki þurft að spyrja neinn. Það hefur með lagakrókum verið hækkað bensín og bílar að undanförnu en einhver feimni hefur verið ríkjandi hvað varðar hækkun á brennivíni svo að þetta afkvæmi hæstv. fjmrh. er nú komið á dagskrá um að heimila honum að hækka brennivín.

Í sjálfu sér er ekkert við því að segja þó að vín hækki, en hitt er höfuðatriðið, allar aðrar hækkanir sem hafa átt sér stað og það að hér er verðstöðvun. Hjá flestu fólki væri það virt og sérstaklega af þeim sem setja og gefa úr bráðabirgðalög um verðstöðvun og taka kjarasamninga úr gildi. Og allt er þetta gert undir heitinu „jafnréttis- og félagshyggja". Í nafni jafnréttis og félagshyggju á núna að hækka bensínið, sennilega á mánudag eða eftir hádegi í dag eða þegar þetta er orðið að lögum eða þess háttar. (**Fjmrh.:** Það er búið að hækka bensín.) Já, það er búið að hækka bensín. Þá þurfti ekki heimild.

M.ö.o.: hæstv. ríkisstjórn fer ekkert eftir því sem hún sjálf leggur til og ætlar þjóðfélagsþegnunum að fara eftir. Það er höfuðatriði þessa máls. Þetta er að mínum dómi siðleysi, algert siðleysi, en sérstaklega finnst mér andstyggilegt að kenna þetta við jafnrétti og félagshyggju.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég get verið mjög stuttorð um þetta þingmál.

Við kvennalistakonur tókum þá ákvörðun eftir nokkra umhugsun að styðja þessa hækkun á útsöluverði á áfengi og tóbaki. Ástæða þess er sú að þessi tekjuöflunarleið er okkur sannast sagna hugnanlegri en ýmsar aðrar fjáröflunarleiðir, ekki síst með tilliti til heilsufarssjónarmiða. Það er svo kannski ástæða til að óska eftir því við þá sem stjórna því hvernig þessi verðhækkun kemur niður að hún verði ekki endilega hlutfallslega jöfn á allar tegundir áfengis heldur séu sömuleiðis höfð ákveðin sjónarmið í huga, þ.e. að það verði þá fremur á hinum sterkari tegundum en hinum veikari.

En það er ákveðinn galli á gjöf Njarðar þegar rætt er um þessa hækkun á útsöluverði áfengis og tóbaks að það verð vegur þungt í framfærsluvísitölunni. Þessi hækkun hefur því áhrif til hækkunar á vísitölu framfærslu og lánskjara sem er auðvitað afar óheppilegt og slæmt. Í því sambandi vil ég koma þeirri skoðun okkar kvennalistakvenna á framfæri að áfengi og tóbak á að okkar dómi ekki heima í grundvelli framfærsluvísitölunnar og væri óskandi að menn gætu haft jafnhraðar hendur við að kippa þeim liðum út úr framfærslugrunninum og menn hafa við afgreiðslu þessa þingmáls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

47. fundur, föstudaginn 6. jan., að loknum 46. fundi.

Heimild til að hækka útsöluverð áfengis og tóbaks, 2. umr.

Stjfrv., 223. mál. — Þskj. 407, n. 424, 425 og 426.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti meiri hl. fjh.- og viðskn. sem liggur fyrir á þskj. 424. Þar segir að nefndin hafi athugað frv. og mæli meiri hl. með því að það verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 407. Undir þetta rita Páll Pétursson, Árni Gunnarsson, Ragnar Arnalds og Guðmundur G. Þórarinsson.

Það skal tekið fram að fyrir mín mistök var hv. þm. Pétur Þórarinsson ekki boðaður á fund nefndarinnar. Hann er varamaður hv. þm. Stefáns Valgeirssonar sem hefur setið fundi fjh.- og viðskn. og fylgst þar með störfum. Það voru mín mistök að boða ekki hv. þm. og bið ég hann afsökunar á þessari vangá minni. En ég hef rætt málið við hann og hann setur sig ekki upp á móti þeirri afgreiðslu sem meiri hl. nefndarinnar leggur hér til.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 425 um frv. til laga um heimild til að hækka útsöluverð á áfengi og tóbaki og það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Kvennalistakonur styðja þessa hækkun á útsöluverði áfengis og tóbaks sem er þeim hugnanlegri en margar aðrar fjáröflunarleiðir, ekki síst með hliðsjón af forvörnum og heilbrigðissjónarmiðum. Af sömu ástæðum telur undirrituð rétt að verðhækkunin verði hlutfallslega meiri á sterkari tegundum áfengis en hinum veikari.

Sá ókostur fylgir þó þessari verðhækkun að verð á áfengi og tóbaki vegur þungt í framfærslugrunninum og leiðir til hækkunar á vísitölu framfærslu og lánskjara og eykur verðbólgu. Það er skoðun kvennalistakvenna að áfengi og tóbak eigi ekki heima í grundvelli framfærsluvísitölunnar og beri að taka þessa liði út úr þeim grundvelli hið fyrsta."

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 426 fyrir hönd 2. minni hl. fjh.- og viðskn. Nd. Álitið hljóðar svo:

„Meðan verðstöðvun er í gildi er óeðlilegt að ríkisvaldið geti í krafti valds síns ákveðið að undanskilja sjálft sig áhrifum verðstöðvunarinnar. Því leggur 2. minni hl. til að frv. verði fellt."

Undir þetta rita Matthías Bjarnason og Ingi Björn Albertsson.

Nú má ekki misskilja það að við sem undirritum þetta álit höfum í raun ekki á móti hækkun á áfengi sem slíku heldur teljum við það siðlaust að á meðan í landinu ríkir launastöðvun og launafrysting og álögur allar eru stórhertar þannig að um er rætt að hér ríði yfir alda skattpíningar, fólki gert að herða sultarólina hvað mest það getur, gangi ríkið fram fyrir skjöldu og hækki alla mögulega hluti öllum almúga til mikilla óheilla vil ég segja.

Mér finnst við vera að gefa ríkisstjórninni óútfylltan víxil. Það kemur ekkert fram hvað ríkisstjórnin hyggst hækka áfengi mikið og þar af leiðandi ekki hvað framfærsluvísitala eða lánskjaravísitala hækkar mikið þannig að það er nánast ógerlegt að sleppa svona víxli úr höndum sér. Ég tel að ríkið eigi að ganga fyrir með góðu fordæmi og herða sína sultaról jafnmikið og almúginn í landinu sem nú er hættur að geta hert hana og þarf að naga hana sér til lífsviðurværis.

Albert Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Við höfum heyrt nál. lesin upp og ég tek undir það, sem kom fram hjá 2. minni hl., að það er ekki skemmtilegt af Alþingi að afhenda hverjum sem er, það er alveg sama hverjum það er, óútfyllta víxla. Mér finnst alveg nauðsynlegt að það komi fram hér á Alþingi, þó svo að ríkisstjórnin verði að veita þær upplýsingar í trúnaði og á lokuðum fundi, hvað stendur til að hækka áfengi mikið. Um hvað er ríkisstjórnin að biðja? Mér finnst alveg útilokað að Alþingi samþykki út í bláinn hækkanir af þessu tagi.

En þá vil ég líka spyrja af gefnu tilefni hver álagningin er nú þegar á áfengi. Ég hef grun um að innkaupsverð á kassa af áfengi af hvaða tegund sem er sé jafnvel minna en útsöluverð á einni flösku, að álagning sé orðin yfir 1000–1200%. Hvað ætlar ríkið að ganga langt? Það er verið að tala um að gera þetta og gera hitt öðruvísi en áður. Af hverju hættir ríkið ekki að fjárfesta í áfengum drykkjum? Það er á móti vilja meiri hluta þjóðarinnar að ríkisstjórnin noti ríkisfé og almennt fé til að fjárfesta í vörubirgðum innflytjenda, eins og ég hef verið að benda á, t.d. á áfengi. Af hverju tekur Áfengisverslunin sín gjöld ekki í tolli og lætur innflytjendur um að fjármagna sínar birgðir og dreifa sinni vöru og ríkið hafi engan fjármögnunarkostnað og ekkert annað en tekjur? Þá er hægt að lækka verðið en hafa meira nettó út úr viðskiptunum. Þetta er alveg furðulegur vítahringur. En ég ítreka að ég tel alveg óhæft að afhenda óútfylltan víxil á þennan hátt og það í verðstöðvun. Eins og hér kom fram er það náttúr-

lega siðleysi gagnvart öllum öðrum sem stunda viðskipti á hvaða sviði sem er.

Svo koma blessaðar konurnar með sitt nál. Ég skil þær ekki. Ég skil þær alls ekki vegna þess að það er ekki forvarnarstarfsemi að hækka verð á áfengi. Þeir sem hingað til hafa ætlað að fá sér áfenga drykki hafa fengið þá hvað sem það hefur kostað og ef það er búið að loka áfengisútsölunum hafa þeir í fortíðinni keypt það á dýrara verði annars staðar. Þetta er bara mannvonska gagnvart fólkinu almennt hvað snertir þessar landbúnaðarafurðir eins og oft kemur fram. (Gripið fram í.) Þetta eru landbúnaðarafurðir, elskan mín, annars staðar. (**KH:** Ættum við að greiða það niður?) Nei, en rökin að það sé forvarnarstarfsemi að hækka ölið er rangt, það er það sem ég er að segja, og þetta er ekki heilbrigðissjónarmið heldur. Það er rangt vegna þess að það fara bara meiri peningar frá heimilunum, frá fátækum heimilum og frá matarkaupum en ella mundu kannski gera. Og annað líka. Það eru engin rök að segja að það sé ókostur og láta þar við standa að verð á áfengi og tóbaki vegi þungt í framfærslugrunninum og leiði til hækkunar á vísitölu framfærslu og lánskjara og auki verðbólguna. Allt þetta er samþykkjanlegt af Kvennalistanum þrátt fyrir þessa ókosti. Þetta eru ekki rök. En það er afskaplega sjaldan sem ég hef séð einhver rök í skoðunum Kvennalistans og það breytir engu og síst af öllu þegar ábyrgð hefur átt að hvíla á þeirra herðum í stjórnarmyndunum eða einhverju slíku. Þá hafa þær hlaupið í felur, skulum við segja. (Gripið fram í.)

Virðulegur forseti. (**Forseti:** Ræðumaður hefur orðið.) Já, ég er að tala til forseta núna. Ég var að skoða þingsköp í gær að gefnu tilefni og bið forseta að leiðrétta mig ef það er rangt sem ég segi. Það er ekkert í þingsköpum sem bannar frammígrip. Það gæti verið óþægilegt ef um samtöl væri að ræða en frammígrip eru afskaplega eðlileg í öllum þingum heimsins og á hvaða fundum sem er þannig að á meðan ég er í ræðustól er allt í lagi að kalla fram í. Ég tel að það sé ekki brot á þingsköpum. En ég heyrði ekki hvað fulltrúi Kvennalistans, sem skrifaði undir nál., kallaði fram í svo ég get ekki svarað henni.

Ég fór fram á það við forseta að á þessum fundi yrðu tekin fyrir tvö frv. sem ég hef lagt fram, en því var algjörlega neitað, svo mikið lá á að hafa aðeins eitt mál, bara brennivínið, hækkun á áfengum drykkjum. Frv. sem snerta gamla fólkið og þurfa að komast á dagskrá til þess að hljóta afgreiðslu um leið og fjárlögin, eins og brennivínið, var hafnað. Forseti hafnaði að taka þau á dagskrá. Þetta eru tvö frv. sem fjalla annars vegar um að taka aftur upp endurgreiðslu á sköttum síðasta starfsárs ellilífeyrisþega og hins vegar að færa fasteignaskatta ellilífeyrisþega niður í 0,95% í staðinn fyrir þá okurhækkun sem hefur átt sér stað með viðbótargjöldum og líka Þjóðarbókhlöðuframlagi sem fólkið þolir ekki og ég hef áður getið um hér í ræðu. En brennivínið skyldi hafa forgang. Gamla fólkið má bíða. Ég verð að harma það.

En virðulegur forseti. Ég óska eftir svörum um hve hækkunin á að vera mikil. Hér fyrir stríð þegar ég var þingsveinn kom það iðulega fyrir að þingfundum var lokað þegar upplýsingar um afgreiðslu mála máttu ekki berast út vegna þess að það gat komið sér illa fyrir þjóðfélagið í heild. Ég skil vel þörfina á leyndinni yfir hækkunarprósentunni og þess vegna óska ég eftir að þær upplýsingar sem ég hef farið fram á verði gefnar á lokuðum fundi: Hvað er sá víxill hár sem verið er að fara fram á að fjmrn. fái til að fylla út og hver er álagningin fyrir og hver verður hún á eftir? Er þetta farið að skipta svo mörgum prósentum að það sé farið að teljast í þúsundum %, álagningin? Þá sér hver maður að svona er ekki hægt að halda áfram.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Hér er til umfjöllunar frv. sem með nokkrum sanni má segja að sé eins konar kóróna á stjórnarstefnu núv. hæstv. ríkisstjórnar. Tveir hv. þingdeildarmenn hafa borið fram í þessari umræðu fyrirspurn til hæstv. fjmrh. sem hann neitar að svara. Hér er um að ræða eitt augljósasta dæmið um það að ríkisstjórn Íslands er eini aðilinn í þjóðfélaginu sem ekki virðir og neitar að virða þá verðstöðvun sem verið hefur í gildi. Kaupmenn hafa samkvæmt orðum hæstv. fjmrh. sjálfs tekið á sig allar byrðar og allan kostnaðarauka af gengislækkun sem fram fór í lok septembermánaðar. Almenningur í landinu hefur tekið á sig kjaraskerðingu þó að hæstv. ríkisstjórn hafi ekki enn sem komið er gert neinar ráðstafanir til að tryggja rekstur undirstöðuatvinnuveganna. Og málgagn hæstv. fjmrh. ræðst á hæstv. sjútvrh. svo til á degi hverjum fyrir það að vera boðberi kjaraskerðingar. Hæstv. fjmrh. hins vegar ber einn höfuðábyrgð á því hvernig þessi kjaraskerðing er og hversu mikil hún er án þess að hér hafi verið gerðar ráðstafanir til að treysta undirstöður framleiðslunnar í landinu. Almenningur hefur tekið þessar byrðar á sig, atvinnureksturinn hefur samkvæmt ummælum hæstv. fjmrh. sjálfs tekið þessar byrðar á sig, en hann einn segir: Lögin ná ekki til mín. Þau lög sem ég set öðrum ná ekki til mín. Og þegar þessi stjórnarstefna er kórónuð með flutningi frv. um það að veita hæstv. fjmrh. undanþágu frá verðstöðvun til að hækka áfengi neitar hæstv. ráðherra að svara spurningum þess efnis hversu mikil þessi hækkun er sem tveir hv. þingdeildarmenn hafa borið fram.

Nú kann einhver að segja að það megi ekki gefa slíkt upp vegna þess að það geti haft óeðlileg áhrif á viðskiptin. Það liggur þó fyrir að hæstv. ráðherra er búinn að tilkynna opinberlega fyrir lifandi löngu að verð á þessum vörum eigi að hækka svo það getur varla talist ástæða fyrir þögn hæstv. ráðherra.

En hér er verið að taka ákvörðun í verðstöðvun um hækkun á vöru sem mælist í vísitölu framfærslukostnaðar, hefur áhrif á lánskjaravísitölu og þar með á afkomu fólksins í landinu og atvinnufyrirtækjanna.

Og það liggur núna fyrir eftir nokkurra vikna hlé í verðbólgu, þar sem verðbólga hefur engin verið, að hún verður yfir 20% næstu þrjá mánuði einvörðungu vegna ákvarðana sem hæstv. fjmrh. hefur tekið. Þá fer verðbólgan yfir 20%. Og húsnæðisstefna Alþfl. kemur fram í því á sama tíma og verðstöðvun ríkir í landinu og ríkisstjórnin er að dæma kjaraskerðingu yfir fólkið án aðgerða í þágu atvinnuveganna að skuldir húsbyggjenda hækka um nálega 1,5 milljarða vegna aðgerða Alþb. í núverandi hæstv. ríkisstjórn undir forustu núverandi formanns Alþb. — um 1,5 milljarða. Sú ákvörðun sem ríkisstjórnin er að knýja hér fram í verðstöðvun hefur enn áhrif í þá veru að auka á þessar skuldabyrðar vegna áhrifa á lánskjaravísitölu og það er býsna mikil ósvífni af hæstv. ráðherra að neita að svara þeirri spurningu hversu mikil þessi hækkun er, hvaða áhrif hún hefur á framfærsluvísitöluna, hvaða áhrif hún hefur á lánskjaravísitöluna og t.a.m. hvaða áhrif hún hefur á skuldagreiðslur húsbyggjenda í verðstöðvun.

Það er svolítið kyndugt þegar sett er á verðstöðvun og samstaða fólksins í landinu er svo mikil að það eru allir reiðubúnir að taka byrðarnar á sig, enginn skorast undan merkjum, enginn af forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar hefur skorið upp herör, enginn af forustumönnum atvinnurekenda hefur gengið gegn þessari meginstefnu að taka á sig byrðar og þeir hafa fengið lof og prís hjá hæstv. fjmrh. fyrir að velta ekki kostnaðarhækkunum út í verðlagið. Í fyrsta skipti í sögunni verður verðbólgusprenging eingöngu vegna ákvarðana ríkisstjórnar þar sem ekki er hægt að benda á að kjarasamningar hafi leitt til aukinnar verðbólgu eða benda á að forstjórar og kaupmenn hafi velt kostnaðarhækkunum út í verðlagið. Yfir 20% verðbólga á næstu þremur mánuðum stafar einvörðungu af áhrifum aðgerða hæstv. fjmrh. Það frv. sem hér er til umræðu, þó að það sé kannski ekki veigamikið, er verðug kóróna á þessa stjórnarstefnu, verðug kóróna fyrir hæstv. fjmrh. til að bera, verðugt tákn fyrir félagshyggjuna og jafnréttishyggjuna, veglegt dæmi um hið eiginlega innihald félagshyggjunnar, en lágmark að þingdeildarmenn geti krafið hæstv. fjmrh. svara við svo einfaldri spurningu sem hér hefur verið borin fram.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það er ánægjulegt að formaður Sjálfstfl., hv. þm. Þorsteinn Pálsson, skuli fá enn eitt tækifæri til að spila þessa plötu sína í svona 35. sinn hér á undanförnum vikum, en ég ætla ekki að eyða sérstökum orðum að því. Hins vegar vil ég vekja athygli hv. alþingismanna á því af því tilefni sem hér hefur gefist að í fjárlagafrv. kemur fram hver er ætlaður hluti Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins í tekjum ríkissjóðs. Það er í frv. þegar það var lagt fram rúmlega 5,5 milljarðar. Í því frv. sem við erum hér að ræða kemur fram, eins og reyndar í öðrum gögnum varðandi það fjárlagafrv. sem nú á að fara að afgreiða, að ætlunin er að skapa ríkissjóði tekjur af sölu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins sem nemur 450 millj. sérstaklega í viðbót. Þetta er sá talnagrundvöllur sem hér liggur fyrir, afdráttarlaus og skýr og á að veita mönnum nokkuð ljósa hugmynd um þá stærðargráðu sem hér er á ferðinni. (**FrS:** Veit ekki ráðherrann svarið við spurningunni?) Jú, jú, ráðherra veit ósköp vel svarið við spurningunni. (**FrS:** Af hverju svarar þá ekki ráðherra spurningunni?) Varaformaður Sjálfstfl. getur alveg tekið þessu rólega og beðið eftir því að ræðunni sé lokið nema hann telji sérstaka þörf á að hjálpa formanninum. (**FrS:** Formanni Alþb.?) (**MB:** Meðan ráðherrann hugsar.) Ráðherra þarf ekkert að hugsa sérstaklega í þessu máli. Málið liggur alveg skýrt og ljóst fyrir. (**FrS:** Af hverju svarar ráðherrann þá ekki?) Hins vegar væri æskilegt að þingmenn Sjálfstfl. læsu þingskjölin. Það væri til fyrirmyndar að þeir læsu þingskjölin, skoðuðu þann talnagrundvöll sem þar liggur frammi. Enn fremur væri æskilegt að þeir ræddu líka við þingmenn Sjálfstfl. í Ed. vegna þess að á fundi fjh.- og viðskn. Ed., lokuðum fundi eins og hv. þm. Albert Guðmundsson var að fara fram á, veitti ég m.a. upplýsingar um hvaða verðlagshækkanagrundvöllur lægi hér að baki. Sjálfstfl. á ágætan og virtan fulltrúa í þeirri nefnd. Hann óskaði þessara upplýsinga þar. Þær voru veittar þar. Ef nefndarmenn í nefnd í hv. Nd. hefðu einnig óskað eftir því eins og gert var á nefndarfundi í Ed. hefði ég að sjálfsögðu veitt þær einnig hér. En þær hafa verið veittar fjh.- og viðskn. Ed. og rökstuddar og hefði verið sjálfsagt að veita nefnd í hv. Nd. ef hún hefði haft jafnmikinn raunverulegan áhuga á málinu og fjh.- og viðskn. Ed.

Ég ætla ekki að gera það að nánara umræðuefni hér. Hins vegar vildi ég vekja athygli á því, sem kannski hefur farið fram hjá hv. þm., að í þeirri verðstöðvun sem hér hefur ríkt hefur verslunin í landinu haft heimild til að hækka vörur vegna gengisbreytinga. Áfengis- og tóbaksverslunin hefur hins vegar ekki hækkað verð á áfengi og tóbaki vegna gengisbreytinganna í september sl. heldur tekið þá gengisbreytingu á sig, svo ég noti orðalag hv. þm. Þorsteins Pálssonar. (**ÞP:** Eins og aðrir heildsalar.) Nei, þeir hafa haft lagalega heimild til þess að gera það og margir þeirra hafa notað hana, hv. þm. Þorsteinn Pálsson, þó að samkeppnin, sem hv. þm. er mikill fylgismaður við, hafi hins vegar gert það að verkum að það hafi með mismunandi hætti komið út í verðlagið og þar með birst kostir samkeppninnar. Varla löstum við það hér á Alþingi sem teljum að hæfileg og eðlileg samkeppni geti verið til bóta. Áfengis- og tóbaksverslunin hefur tekið á sig þá gengisfellingu sem varð í september vegna þess að það hefur ekki orðið nein verðhækkun á þessum vörum í kjölfar hennar þótt til þess hafi verið heimild.

Hins vegar hefur því ekkert verið leynt að eins og lengi hefur verið, í áratugi, er áfengi og tóbak, hvort sem mönnum líkar betur eða verr, einn af tekju-

stofnum ríkisins og skoðað sem slíkt og það er á þeim grundvelli sem þetta frv. er hér lagt fram.

Ég vil hins vegar lýsa því hér yfir að ég er sammála þeim sjónarmiðum, sem komu fram hjá hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur og þingkonum Kvennalistans, að það sé æskilegt að skoða rækilega breyttar verðáherslur í vínsölu hér á landi til að draga með vissum hætti úr sölu sterkra drykkja. Ég hef þegar rætt það við forstjóra Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins að þegar horft sé lengra fram í tímann ræði menn þann þáttinn. Hæstv. heilbrmrh. hefur einnig rætt það mál við mig svo og einnig ýmsir forsvarsmenn heilbrigðisstéttanna í landinu, bæði hvað snertir verðlagningu á tóbaki og hinum ýmsu tegundum áfengis, og ég mun skoða það mjög rækilega á næstu vikum og mánuðum.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Ræða hæstv. fjmrh. gefur mér tilefni til að standa hér upp. Hann sagði að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hefði tekið á sig gengisbreytingar bæði í september og þá væntanlega núna. Mátti ekki Áfengis- og tóbaksverslunin hækka eins og aðrir vegna hækkandi verðlags á innkaupum sínum í íslenskum krónum? Því var það þá ekki gert? Við höfum ekkert á móti því að það sé gert, alls ekki. Um það getur verið full samstaða. Ég skil ekkert í því af hverju hæstv. fjmrh. hefur glatað þessum tekjum á þessu tímabili. Ég ætlast ekkert til af honum að hann sé eitthvað betri en aðrir innflytjendur. Vitaskuld átti hann að breyta verðlaginu þá strax sem þessu nam — eða kannski fannst hæstv. fjmrh. ekki taka því, það væri svo lítið, hækkun á innfluttu víni og tóbaki miðað við útsölu. Það er kannski á bak við þessi orð.

Mér fannst hæstv. fjmrh. snupra okkur, minni hlutann í fjh.- og viðskn., svo maður er hálfpartinn beygður eftir að vera snupraður fyrir að vera svona miklu lélegri en kollegar okkar í Ed. Ég vona að ég megi fyrir mína hönd og hv. 5. þm. Vesturl. óska eftir því við hæstv. forseta að nefndin komi aftur saman á milli 2. og 3. umr. til að fá upplýsingar hjá hæstv. fjmrh. (**Fjmrh.:** Sjálfsagt mál.) Mér finnst það alveg sjálfsagt mál og það væri ánægjulegt ef væri hægt að koma þessum boðum til formanns hv. fjh.- og viðskn. sem er ekki í salnum eftir að hann flutti sína ítarlegu ræðu með sínum röksemdum fyrir þessari heimild samkvæmt frv., enda var hann varla sestur niður á nefndarfundi þegar hann lagði til að frv. yrði samþykkt og nefndarálitið var svo að segja tilbúið svo að það verður ekki hægt að segja annað en að brennivínshækkanir gangi greiðlega í gegnum þessa virðulegu stofnun. En það gildir kannski ekki alveg um öll önnur mál sem eru meiri háttar, því miður.

Ég endurtek að það sem skiptir hér verulegu máli er brot á því sjónarmiði að hér á að ríkja verðstöðvun, en ekki hvort menn þurfa að borga þetta eða þetta mörgum krónum meira fyrir brennivínsflösku eða þá hvort létt vín eigi að hækka minna en sterk vín. Sumir sem vilja verða fullir drekka þá þess meira af léttum vínum ef þeir fá ekki hitt. Það er líka til í dæminu. En aftur aðrir sem vilja verða lítið fullir láta sér kannski nægja þessi léttu vín. Það verður gaman fyrir kvennalistakonur og mína ágætu vinkonu 10. þm. Reykn. að fara nokkru nánar út í þetta áður en að lýst er yfir stuðningi við það að brjóta það prinsipp að hér er verðstöðvun og launastöðvun í landinu. En vitaskuld ræður hver sínum næturstað og það ræður hver því hvaða frv. hann styður. Því er ég alveg með á. Ég hefði ekkert haft á móti því ef hér væri ekki verðstöðvun þó að hæstv. fjmrh. hækkaði vín og tóbak, en ég hef á móti því af þeirri ástæðu sem ég hef gefið og það er prinsippástæða en ekki hvaða tegund vöru er rætt um. Það eru þeir skattar og miklu skattahækkanir sem hafa átt sér stað að undanförnu og þjóðin er ekki farin að átta sig á enn þá sem ég ber kvíðboga fyrir.

Vísitala og lánskjaravísitala koma til með að hækka um allt að 20% vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar, ríkisstjórnar sem gefur út bráðabirgðalög um verðstöðvun. Yfirleitt hafa verkefni ríkisstjórna á undanförnum áratugum verið þau að vinna gegn þrýstihópum sem hafa staðið að því að sprengja upp verðlag í landinu. En núna bregður allt öðruvísi við. Núna eru það ekki þrýstihóparnir eða sérhagsmunahópar í landinu sem eru að hækka verðlagið heldur sjálf ríkisstjórnin. Hún er sökudólguriinn. En áður þurftu ríkisstjórnir að glíma við ýmsa sökudólga í þjóðfélaginu. Þessi ríkisstjórn er því alveg sérstæð, enda er hún ríkisstjórn jafnréttis og félagshyggju. Það skiptir afskaplega miklu máli hvort það er ríkisstjórn jafnréttis og félagshyggju sem níðist á hinum almenna skattborgara og manni í þessu landi.

Albert Guðmundsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir að verða við þeirri ósk að gefa upplýsingar og svör við þeim spurningum sem ég lagði fram áðan og að nú hefur að mér skilst verið ákveðið að hv. fjh.- og viðskn. þessarar virðulegu deildar komi saman aftur á milli 2. og 3. umr. og að henni lokinni liggi fyrir þær upplýsingar sem beðið hefur verið um í þessari deild. Út af fyrir sig kemur mér ekkert við hvað hæstv. ráðherra eða aðrir gefa af upplýsingum til sjálfstæðismanna í einhverri nefnd á lokuðum fundi í Ed. Ég sem þingmaður, sem þingmaður, ekki sem flokksmaður neins staðar, á rétt á því að biðja um þær upplýsingar frá ríkisstjórninni, frá ráðherrum sem ég tel mig þurfa og því verður ekki breytt. Það er minn réttur hér.

En ég þakka ráðherra fyrir að taka undir það að hafa fund á ný í hv. fjh.- og viðskn. þannig að upplýsingar liggi þá fyrir við 3. umr.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. lýsti því yfir í ræðustól Nd. Alþingis að hann hvorki hugsaði né þyrfti að hugsa. Ég ætla aðeins að segja það eitt að það er

engin afsökun fyrir núverandi stjórnarstefnu og afleiðingum hennar þó að hún sé framkvæmd í algeru hugsunarleysi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 21:13 atkv.
2. gr. samþ. með 21:9 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

48. fundur, föstudaginn 6. jan., að loknum 47. fundi.

Heimild til að hækka útsöluverð áfengis og tóbaks, 3. umr.

Stjfrv., 223. mál. — Þskj. 407.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 21:11 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 428).

Stofnlánadeild landbúnaðarins, 2. umr.

Stjfrv., 206. mál (fiskeldislán). — Þskj. 305, n. 422, brtt. 423.

Frsm. landbn. (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 422 um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 45 16. apríl 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, með síðari breytingum, fyrir hönd landbn. Landbn. beggja deilda þingsins héldu sameiginlegan fund um þetta mál 22. des. sl. að lokinni 1. umr. þar sem strax var farið yfir frv. Á fundinn komu fulltrúar frá Stofnlánadeild landbúnaðarins og Búnaðarfélagi Íslands sem gerðu grein fyrir afstöðu sinni til málsins. Málið lá niðri meðan á jólafríi stóð en landbn. Nd. hafði málið síðan til meðferðar. Fyrir liggur samþykkt stjórnar Stofnlánadeildar landbúnaðarins sem leggur áherslu á samþykkt frv. með nokkrum breytingum. Landbn. beggja deilda þingsins héldu sameiginlegan fund um málið í gær. Á þann fund komi fulltrúi frá Búnaðarbanka Íslands, fulltrúar frá Landssamtökum fiskeldis- og hafbeitarstöðva, svo og fulltrúar frá landbrn.

Það er alveg ljóst að frv. þetta, ef að lögum verður, er mikilvægt fyrir stöðu fiskeldis hér á landi, ekki síst nú vegna mjög alvarlegs rekstrarfjárskorts og takmarkaðra möguleika þeirrar atvinnugreinar á nægjanlegum afurða- og rekstrarlánum. Fram kom í gær að raunverulega er neyðarástand ríkjandi í þessari atvinnugrein og þess vegna er brýnt að hraða afgreiðslu frv. og leggur nefndin til að svo verði gert. Enn fremur er vonast til þess að breið samstaða sé um málið á hv. Alþingi.

Nefndin leggur fram sérstakar breytingar á þskj. 423. Ég vil geta þess að allir nefndarmenn skrifuðu undir þetta nefndarálit, þ.e. þeir Alexander Stefánsson, Guðni Ágústsson, Pálmi Jónsson, Eggert Haukdal, Ragnar Arnalds, Jón Sæmundur Sigurjónsson og Ingi Björn Albertsson, sem skrifar undir með fyrirvara.

Ég vil, herra forseti, í örfáum orðum fara yfir breytingartillögurnar á þskj. 423 sem eru fyrst og fremst gerðar eftir samkomulagi við Stofnlánadeild landbúnaðarins og enn fremur til þess að skýra nokkur atriði nánar sem ekki var í upphafi algert samkomulag um.

Fyrsta brtt. er um það að tekinn er af allur vafi um að sjóðurinn skuli hafa sjálfstæðan fjárhag en vera í vörslu og umsjón Stofnlánadeild landbúnaðarins sem jafnframt sér um rekstur hans samkvæmt nánari reglum sem landbrh. setur.

Önnur brtt. er um nefndarskipan. Í frv. var gert ráð fyrir að í þessari nefnd sætu fjórir fulltrúar sem yrðu skipaðir þannig: einn eftir tilnefningu Stofnlánadeildar, annar eftir tilnefningu Landssambands fiskeldis- og hafbeitarstöðva og sá þriðji samkvæmt tilnefningu fjmrh. og fjórði nefndarmaður yrði skipaður af landbrh. án tilnefningar. Sú breyting sem hér er lögð til er að 3. og 4. málsl. orðist svo: „Í nefndinni eiga sæti fimm fulltrúar og skal einn þeirra skipaður eftir tilnefningu stjórnar Stofnlánadeildar landbúnaðarins, tveir eftir tilnefningu Landssambands fiskeldis- og hafbeitarstöðva og sá fjórði samkvæmt tilnefningu fjmrh. Fimmta nefndarmanninn skipar landbrh. án tilnefningar og er hann jafnframt formaður nefndarinnar." Breytingin er sem sagt sú að bætt er við fimmta nefndarmanninum og skal hann vera frá fulltrúum Landssambands fiskeldis- og hafbeitarstöðva.

Þriðja brtt. er við 1. gr., d-lið, að 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: „Landbrh. ákveður árlega í samráði við fjmrh. iðgjald sem tekið er fyrir greiðslutryggingu sjóðsins." Þarna er bætt við: í samráði við fjmrh.

Fjórða brtt. er við 1. gr., d-lið (22. gr.). Þar sem áður stóð: „Reynist nauðsynlegt vegna stöðu sjóðsins skal veita sérstaka ríkisábyrgð fyrir slíkum lánum þrátt fyrir ákvæði 11. gr." falli niður orðin „þrátt fyrir ákvæði 11. gr.".

Fimmta brtt. er svo við 1. gr., d-lið (22. gr.) og þetta var aðalágreiningsefnið í sambandi við þetta frv. Ákvæðið í frv. var þannig:

„Verði höfuðstóll tryggingasjóðs neikvæður í árslok 1993 er landbrh. heimilt að ákveða tímabundna gjaldtöku á söluverðmæti fiskeldisfyrirtækja í allt að fimm ár og miðist heildarfjárhæð gjaldsins við að jafna fjárhæð sjóðsins. Gjald þetta má taka lögtaki."

Samkvæmt brtt. er þessi grein þannig:

„Auk hins árlega iðgjalds skv. 1. málsgr. skal landbrh. í samráði við fjmrh. og að fengnum tillögum tryggingaeftirlitsins ákveða sérstakt áhættugjald þeirra fyrirtækja, sem við sjóðinn skipta, sem hlutfall af söluverðmæti þeirra. Iðgjaldið skal ákveðið út frá eðlilegu áhættumati og með tilliti til þess að ná jöfnuði í fjárhag sjóðsins. Iðgjöld þessi skulu verðtryggð með byggingarvísitölu og falla í gjalddaga að fjórum árum liðnum og er þá heimilt að taka þau lögtaki. Telji ráðherra að fjárhag sjóðsins sé borgið án iðgjaldsins í heild eða að hluta, þegar að innheimtu kemur, skal ráðherra heimilt að lækka gjaldið eða fella það niður."

Þetta var samkomulagsatriði og felur jafnframt í sér að ákvörðunin miðast við að sjóðurinn verði gerður upp án halla ef til lengri tíma er litið.

Sjötta brtt. er við 1. gr., e-lið (23. gr.). Við bætist ný málsgrein svohljóðandi:

„Um endurskoðun og bókhald Tryggingasjóðs fiskeldislána fer eftir lögum nr. 86 4. júlí 1985, um viðskiptabanka. Ársreikningar sjóðsins skulu að lokinni endurskoðun lagðir fyrir landbrh. til staðfestingar. Reikningar Tryggingasjóðs fiskeldislána skulu birtir árlega í Stjórnartíðindum með reikningum Stofnlánadeildar."

Þetta þarfnast ekki skýringar en hefði þurft að vera í frv.

Sjöunda brtt. er við 2. gr. sem fjallar um gildistökuna. Í frv. var gert ráð fyrir að lögin skuli endurskoðuð fyrir árslok 1993 en brtt. leggur til að í stað „1993" komi: 1992.

Herra forseti, ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð. Það er von nefndarinnar að samkomulag náist í báðum deildum Alþingis um að hraða þessu máli, því eins og ég sagði í upphafi þá ríkir raunverulega neyðarástand í þessum málum. Þeir sem eru í þessari atvinnugrein hafa beðið eftir ráðstöfunum sem dregist hefur í allt of langan tíma að koma í lag. Þeir tóku þá ákvörðun að ala upp þau seiði sem ekki seldust eins og gert var ráð fyrir á sínum tíma og hafa þess vegna orðið fyrir miklum fjárútlátum og standa alls ekki undir þessum rekstri nema Alþingi grípi þarna inn í á þennan hátt. Ég vænti þess að Alþingi bregðist vel við þessu og samþykki þetta frv. með hraði í dag.

Matthías Á. Mathiesen:

Herra forseti. Það kemur fram í greinargerð með þessu frv. sem hér er til umræðu að aðgangur fiskeldisfyrirtækja að fjármagni þegar að rekstri kemur hefur verið mjög ófullnægjandi hérlendis hvort sem litið er til möguleika samkeppnisaðila erlendis eða til annarra útflutningsatvinnugreina hér á landi. Menn eru sammála um þetta og það hefur verið unnið að því á undanförnum mánuðum að reyna að ná fram breytingu hér á bæði af fyrrv. og núv. ríkisstjórn.

Starfshópur skilaði núv. ríkisstjórn niðurstöðum sínum 25. okt. og á bls. 3 í greinargerðinni á þskj. 305 er getið um hverjar eru tillögur þessa starfshóps, þar á meðal um að við Ríkisábyrgðasjóð verði komið á sérstakri tryggingadeild fiskeldislána. Hæstv. ríkisstjórn hefur ekki talið rétt að flytja málið í því formi heldur því sem er á þskj. 305, þar sem gert er ráð fyrir að stofna tryggingasjóð fiskeldislána við Stofnlánadeild landbúnaðarins. Nú hafa menn verið að vinna að framgangi þessa máls, skoða það og reynt að lagfæra þá hnökra sem á frv. voru og tekist hefur um það breið samstaða, eins og kom fram hjá frsm. landbn. þessarar hv. deildar og síðan í tillögum á þskj. 423.

Mér finnst hins vegar rétt að fá fram við þessa umræðu mat þeirra tveggja ráðherra sem þetta mál skiptir, þ.e. hæstv. landbrh. og hæstv. viðskrh., og vildi þess vegna beina tveimur fyrirspurnum til hæstv. landbrh. og einni til hæstv. viðskrh. Ég vonast samt sem áður til að það verði ekkert verið að tefja málið því eins og komið hefur fram er áhugi manna að ná því fram nú.

Ég vildi mega spyrja hæstv. landbrh. hvort hann telji að stofnun þessa tryggingasjóðs fiskeldis, sem hér er gert ráð fyrir, og það hlutverk sem honum er ætlað að gegna tryggi fullnægjandi aðgang fiskeldisfyrirtækja að afurða- og rekstrarlánum. Í öðru lagi hvort það er skoðun hæstv. landbrh. að lánastofnanir telji að með þessu fyrirkomulagi geti þær veitt þá auknu fyrirgreiðslu sem óskað hefur verið eftir en sem þær hafa ekki enn treyst sér til að veita.

Til hæstv. viðskrh. vildi ég mega beina þeirri fyrirspurn hvort ekki muni gilda það sama fyrir lánastofnanir og aðrar útflutningsatvinnugreinar um erlendar lántökur til fjármögnunar á afurða- og rekstrarlánum fiskeldis. Ég tel rétt að þetta komi fram og vænti þess að hæstv. ráðherrar, sem ég hef aðeins gert aðvart um þessa fyrirspurnir, geti veitt við þeim svör svo málið geti haldið áfram og fengið fullnaðarafgreiðslu á þessum degi.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Vegna fyrirspurnar hv. 1. þm. Reykv. til mín vil ég láta koma fram að heimilt er að fjármagna öll afurðalán vegna útflutningsframleiðslu allt að ¾ hlutum af útflutningsverðmæti hennar með erlendu lánsfé. Þessi heimild sem viðskrn. hefur veitt gildir um allar greinar útflutnings, jafnt iðnað, fiskeldi sem og sjávarútveg. Ég ítreka því að þessi heimild tekur líka til útflutnings á eldisfiski.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér er til umræðu frv. sem mælt var fyrir á síðasta degi þings fyrir jólahlé ef ég man rétt. Ekki var þá að heyra á hæstv. landbrh. að

svo mikið lægi við að við þyrftum að afgreiða þetta frv. með þeim flýti sem raun ber vitni. Ég geri mér fulla grein fyrir að fiskeldisfyrirtækin eiga við mikinn vanda að stríða og að bregðast þarf við til að aðstoða þessa grein á svipaðan hátt og aðrar atvinnugreinar. Erfitt er þó að skilja þörfina á að hafa slíkan hraða á með þetta mál og alls ekki víst að þetta frv. muni einungis leiða til góðs eins og það liggur hér fyrir.

Kvennalistinn á ekki fulltrúa í landbn. þessarar deildar og hefur okkur því ekki gefist kostur á að fylgjast nægilega vel með málinu. Guðrún Agnarsdóttir, fulltrúi okkar í landbn. efri deildar, fylgdist þó með því þegar landbn. beggja deilda funduðu í sameiningu. Það er því óhjákvæmilegt að margar spurningar vakni við lestur frv. Í 1. gr. frv., staflið a, er gert ráð fyrir að afurðalán til fiskeldisfyrirtækja geti numið allt að 75% af verðmæti birgða, eins og fram hefur komið. Spurningin er hvers eðlis þessar birgðir eru. Er þarna um að ræða seiði sem vonast er til að hægt verði að selja einhvern tímann í framtíðinni? Heyrðist mér raunar á máli frsm. að það væri raunin. Eða er um að ræða afurðir sem bíða tilbúnar til sölu? Í því sambandi má benda á að fiskvinnslan fær afurðalán út á unnar afurðir og einungis eru unnar afurðir veðhæfar að því er ég best veit. Bændur geta fengið afurðalán út á búfé á fæti og að því er ég best veit eru þau afgreidd í gegnum afurðastöðvarnar gegn því loforði að þeir leggi þar inn. Iðnaðurinn fær líka afurðalán út á birgðir, en þó aðeins vegna auðseljanlegrar vöru. Ullariðnaðurinn fær ekki lán nema út á mjög takmarkaðar vörutegundir. Ég vil því spyrja hæstv. landbrh.: Hvernig fyrirkomulag er ætlast til að verði varðandi þessa grein?

Í sama staflið segir í lok málsgreinarinnar: „Ekki verður gripið til greiðslutryggingar nema tjónabætur dugi ekki til greiðslu á afurðaláni og fyrirtækið geti ekki greitt það með öðrum hætti.“ Ég hef velt því fyrir mér hvað nákvæmlega sé átt við með þessari setningu. Er gert ráð fyrir að fyrirtækið verði gert upp ef það getur ekki greitt afurðalánið eða hvað er átt við með þessu orðalagi „fyrirtækið getur ekki greitt það með öðrum hætti“? Ég átta mig ekki alveg á þessu.

Í staflið d er talað um að sjóðurinn verði rekinn hallalaus. Mjög erfitt er að sjá hvernig þetta á að vera hægt, a.m.k. ekki í upphafi, því að ekki er mér kunnugt um að til sé neinn undanfari þessa sjóðs. Því er alveg ljóst að í upphafi er einungis um að ræða að veita ríkisábyrgð á lán á meðan sjóðurinn er að myndast, ef hann myndast þá nokkurn tíma. Í brtt. við þennan staflið er gert ráð fyrir sérstöku áhættuiðgjaldi. Ég geri mér ekki grein fyrir hvernig á að framkvæma þetta. Er miðað við að þarna sé um jafnt gjald á alla að ræða og hvernig á að meta áhættuna?

Í máli frsm., og reyndar einnig hjá hv. 1. þm. Reykv., kom fram að þarna sé um samkomulagsatriði að ræða en ég vil benda á að aldrei var haft samband við kvennalistakonur varðandi þetta. Við fengum að sjá þessar brtt. mjög seint og því var ekki gert samkomulag við okkur, þó að við gætum hugsanlega hafa fallist á það ef við hefðum fengið að kynna okkur málið og fylgjast með. Þessi grein er t.d. mjög óljós fyrir mér og ég á mjög erfitt með að átta mig á henni og þar af leiðandi þykir mér ekki auðvelt að gera mér grein fyrir hvort ég geti stutt þetta. Aðallega finnst mér því útfærslan vera óljós. Ég vildi taka þetta fram því það er ekki alveg rétt að víðtæk samstaða hafi verið um þetta. Hún gilti alla vega ekki fyrir okkur sex sem hér erum fyrir hönd Kvennalistans.

Í frv. kemur ekkert fram hvaða skilyrða er gert ráð fyrir að krefjast til að fyrirtækin fái þessa ríkisábyrgð. Væntanlega verða slík skilyrði sett í reglugerð. Ég tel rétt að setja ákveðin skilyrði varðandi staðsetningu, aðbúnað, mengunarvarnir og hollustuhætti ásamt því að krafa sé gerð um viðhlítandi þekkingu þeirra sem við greinina starfa og fleira sem eðlilegt verður að teljast að gerðar séu kröfur um þegar um slíkan áhætturekstur er að ræða.

Eitt atriði sem kemur upp í hugann er vert að minnast á en það er þáttur erlendra aðila í þessari grein íslensks atvinnulífs. Mér er kunnugt um að íslensk fyrirtæki verði að vera að meiri hluta í eigu íslenskra aðila. Ég hef heyrt að erlendir aðilar eigi verulegan hluta fyrirtækja í þessari grein, jafnvel meiri hluta og því meira en það sem lög segja til um. Ekki er mér kunnugt um hvernig þetta er hægt eða hvort þessu er raunverulega svo farið. Ég hef ekki getað kynnt mér þetta nánar, en þetta er a.m.k. það sem maður hefur heyrt mjög lengi. Ég get ómögulega áttað mig á því í fyrsta lagi hvernig þetta er mögulegt og hvort þessu er raunverulega svo farið. Mér finnst í fyllsta máta óeðlilegt að veita ríkisábyrgð á lán sem erlendir aðilar eru að taka að stórum hluta, ef það er raunin. Þetta hefur mér ekki gefist tími til að athuga frekar en e.t.v. hefur hæstv. landbrh. upplýsingar um þetta efni.

Mér sýnist málið allt mjög opið og ekki nægilega undirbúið. Af hverju má ekki bíða í einn mánuð og gefa meira svigrúm til undirbúnings, semja reglugerð og gera þingmönnum þar með betur grein fyrir hvað hér er nákvæmlega á ferðinni? Ég hef fulla samúð með þessari atvinnugrein og fólkinu sem nú er í vanda. Ríkisvaldið hefur um langa hríð hvatt menn til að taka upp nýja atvinnuhætti og þar á meðal þessa, þar sem ýmist hefur verið talað um búgrein eða eitthvað annað. Margir hafa hlaupið af stað af meira kappi en forsjá en aðrir hafa vandað vel til undirbúnings. Það er því fyllilega eðlilegt, og ég er því fylgjandi, að stjórnvöld komi til móts við þá sem hafa farið út í þennan atvinnuveg. Ég tel eðlilegt að styðja við bakið á útflutningsgreinum, efla fjölbreytni og hvetja til nýrra atvinnugreina en það á ekki að styðja þessa grein umfram aðrar og síst af öllu er það greininni til framdráttar að kasta til hendi við undirbúning málsins.

Ég ítreka og vil að það sé öllum ljóst að við kvennalistakonur styðjum það heils hugar að hér sé sem mest fjölbreytni í atvinnugreinum. Það er enda skoðun okkar að slíkt sé æskilegt og nauðsynlegt. Ég tel mér ekki fært að styðja frv. fáist ekki greið svör við þeim spurningum sem ég hef lagt fram. Þetta mál er stórmál og mikilvægara en svo að þar megi vera einhverjir lausir endar og einhver vafaatriði. Þetta þýðir þó ekki að við séum málinu mótfallnar eða við viljum tefja á nokkurn hátt framgang þess.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að segja fáein orð við þessa 2. umr. málsins en vil hafa ræðu mína í styttra lagi vegna þess að tími er mjög naumur þó að hér sé stórt mál á dagskrá sem þörf væri að ræða og hafa tíma til að ræða á Alþingi. Ég vil taka það strax fram að ég tek áhættuna af því að styðja þetta frv. Ég segi: ég tek áhættuna af því — vegna þess að hér er um áhættusamt mál að ræða fyrir opinbera aðila í landinu, en hitt er líka áhætta að láta reka á reiðanum í sambandi við þessi mál eins og gert hefur verið um margra ára skeið. Ábyrgð þeirra aðila í stjórnkerfi landsins, sem hafa staðið það illa að þessum málum, er mikil hvað snertir uppbyggingu fiskeldis í landinu, þessa mikilvæga vaxtarsprota, og það er í rauninni hörmulegt ef það er rifjað upp.

Ég tek undir þær áhyggjur og ábendingar sem fram komu hjá hv. 12. þm. Reykv. Mér finnst þær eðlilegar og það er æskilegt að Alþingi hefði tíma til þess að fara ofan í saumana á ákveðnum þáttum sem þar var að vikið, m.a. þætti erlendra aðila og erlends fjármagns í uppbyggingu fiskeldis á Íslandi sem kominn er út fyrir öll eðlileg mörk að mínu mati og í rauninni út yfir lögleg mörk eins og stefnan hefur verið mörkuð hér í landinu, a.m.k. þannig að tvísýnt er, því það var fyrsta verk svonefnds Þróunarfélags að bakka upp erlend fyrirtæki að meiri hluta í eigu sænskra auðfélaga.

Ég tel að veikasti þátturinn í þessu máli snúi að sjálfsögðu að áhættunni varðandi það að þessi lán og sú fyrirgreiðsla sem fara á út í skili sér til baka þegar væntanleg vara verður seld eða markaðsfærð. Ég vil bæta við spurningu til hæstv. landbrh. og hún mætti einnig vera til hæstv. viðskrh. Hvaða vinna hefur verið lögð í og hvað liggur fyrir um áhættumatið? Hvaða mat liggur fyrir hjá stjórnvöldum varðandi líklega markaðsfærslu? Hversu mikil er áhættan metin í dag þegar þessi vara verður væntanlega markaðsfærð að einu eða tveimur árum liðnum?

Ég vísa svo, virðulegur forseti, til þess að á 106. löggjafarþingi 1983 flutti ég tillögu til þingsályktunar um fiskeldi og rannsóknir á klaki og eldi sjávar- og vatnadýra ásamt þremur öðrum hv. þm. Alþb. Þar var lagt til að mörkuð yrði grundvallarstefna í uppbyggingu þessarar atvinnugreinar af hálfu íslenskra stjórnvalda varðandi líffræðilega og staðfræðilega þætti, varðandi fjármögnunarþætti og hvar þessum málum yrði fyrir komið í íslenska stjórnkerfinu. Því miður bar Alþingi ekki gæfu til þess að afgreiða þá tillögu með þeim hætti sem verðugt hefði verið. Ef það hefði verið gert hefði ýmislegt öðruvísi farið í þessum málum. Tillögunni var að vísu vísað til ríkisstjórnar en það var afskaplega lítið með hana gert. Síðan hafa ýmsir þm. flutt tillögur sem tengjast fiskeldi en þær hafa í rauninni fallið í svipaða jörð. Það hefur verið lítið hlustað á tillögur þingmanna á Alþingi um það að reynt verði að koma skynsamlegri fótum undir þessa mikilvægu búgrein í landinu, líffræðilega, rannsóknarlega og fjárhagslega. Þess vegna stöndum við í þeim sporum sem við stöndum nú og það væri gagnlegt fyrir hv. þingmenn, og þar á meðal fyrrv. ráðherra og núv. ráðherra í ríkisstjórn Íslands, sem eru að reyna að krafsa sig fram úr vandanum í þessum málum að hugleiða þessa fimm ára sögu sem liðin er.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég skal ekki tefja þessa umræðu en ég tel að það þurfi nauðsynlega að koma fram að þegar við fulltrúar stjórnarandstöðunnar gengum af síðasta fundi landbn. var það undir því samkomulagi, eftir því sem við best skildum, að ef máli þessu yrði hleypt hér inn í deildina væri ljóst að Ed. mundi hleypa málinu beint í gegn, þ.e. fyrir frí. Ef það væri hins vegar ekki ljóst kröfðumst við þess að málið yrði kyrrt í Nd. og fengi sína eðlilegu umfjöllun þar því að hér er á ferðinni mál sem er gersamlega óunnið og er hræðilegt til þess að vita að nánast dag eftir dag er þingmönnum, og þá náttúrlega sérstaklega þingmönnum stjórnarandstöðunnar, stillt upp við vegg undir stórum orðum um ábyrgð og annað slíkt ef þeir ekki samþykkja gersamlega óunnin plögg frá stjórnarliðinu. Svona vinnubrögðum mótmæli ég alfarið.

Hins vegar hafa verið gerðar nokkrar breytingar á frv. sem fróðir menn segja mér, og ég skal viðurkenna að þessi mál sem hér eru til umræðu eru kannski ekki mín sterkasta hlið, að séu að einhverju leyti til bóta. Ég mun því ekki leggjast gegn þessu máli í trausti þess að gert hafi verið það samkomulag við Ed. sem um var rætt og ég óska þess að sjálfsögðu að formaður nefndarinnar geri grein fyrir því hér á eftir.

Ég gagnrýni harðlega þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið í nefndinni varðandi frv. Ég skrifaði upp á nál. í gær til þess að flýta þessu máli. Síðan áttu sér stað ákveðnar breytingar. Menn sem áður höfðu skrifað undir með fyrirvara hurfu frá því og lagðar eru fram brtt. sem ég sem nefndarmaður fékk aldrei að sjá og var ég þó með á þessu áliti. Þetta eru að sjálfsögðu forkastanleg vinnubrögð og ég óska að slíkt endurtaki sig ekki.

Herra forseti. Í prinsippi er ég afskaplega á móti því iðgjaldi sem verið er að setja á því hér er náttúrlega ekki verið að gera neitt annað en að refsa þeim sem betur standa sig til þess að halda skussunum uppi.

Í öðru lagi kom það mjög skýrt fram á nefndarfundi að verulegir vankantar eru á þessu sem fulltrúi

Búnaðarbanka Íslands benti m.a. á og hefði ekki verið vanþörf á að fá skriflega umsögn þeirra til þess að lagfæra þetta mál.

Í þriðja lagi, í ljósi þess að hér er um meingallað mál að ræða, átti endurskoðunarákvæðið að vera mun styttra eða í það lengsta til 1991.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta meira að sinni en ítreka þá ósk mína að formaður nefndarinnar geri grein fyrir því samkomulagi sem vonandi hefur verið fram tekið í Ed.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Það hafa komið hér fram nokkrar spurningar sem eðlilegar má telja. Vil ég fyrst víkja að því sem hv. þm. Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Vesturl., spurði hér um, þ.e. hvort samkomulag hefði tekist um að greiða götu þessa máls í Ed. Svar mitt er já. Ég vona að um það sé komið samkomulag að greiða götu þess. Eftir því sem ég hef haft tök á hef ég reynt að kanna hvernig hugur manna stæði til málsins þar og ég bind vonir við að það takist og í því trausti er reynt að ljúka afgreiðslu málsins hér í þessari deild.

Hv. þm. Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn., spurði tveggja spurninga. Í fyrsta lagi hvort ég teldi að takast mundi að sjá fiskeldisfyrirtækjunum fyrir fullnægjandi afurða- og rekstrarlánafyrirgreiðslu að frv. fluttu. Svar mitt er að ég tel að flest þau fyrirtæki sem eru með sæmilega heilbrigðan rekstur í þessari atvinnugrein og fullnægja settum skilyrðum banka og tryggingarfélaga eigi með tilkomu frv. að geta fengið þá fyrirgreiðslu á þessu sviði sem í raun og veru er skynsamlegt að þau fái, þ.e. upp að þeim mörkum sem eðlilegt getur talist við þær aðstæður sem þau búa við. Hitt er svo alveg ljóst að einhver fyrirtæki í þessari grein eins og öðrum muni ekki ná að uppfylla þau skilyrði sem þessir aðilar, annaðhvort einhver þeirra eða allir, setja fyrirtækjunum til þess að þau fái þessa fyrirgreiðslu. Um það hvort bankar eða lánastofnanir telji sig geta veitt fyrirtækjunum þessa fyrirgreiðslu þá er alveg ljóst að koma þarf til samstarf þessara aðila, þ.e. skilyrði þess að þessi ábyrgð sé veitt, eins og kemur fram í frv., er sú að tryggingarfélag hafi tekið fyrirtækið í viðskipti og veitt því tryggingu. Enn fremur að viðskiptabanki hafi tekið það í viðskipti. Þannig fer fram mat þessara aðila á fyrirtækinu og það þarf að liggja fyrir að það uppfylli þau skilyrði sem þessir aðilar setja. Til viðbótar hefur svo sú nefnd sem fer með málefni tryggingasjóðsins enn fremur mögguleika á að setja sín viðbótarskilyrði til að veita trygginguna þannig að í raun á þarna að fara fram þrefalt mat á því að þessir aðilar uppfylli sett skilyrði. Að því tilskildu tel ég, eins og ég sagði og svaraði fyrri spurningunni, að öll þau fyrirtæki sem eðlilegt má teljast fái þá fyrirgreiðslu sem ætti að nægja til þess að rekstur þeirra gæti gengið eðlilega og að þau næðu að koma sinni framleiðslu á markað.

Það er þó alveg ljóst að einn höfuðvandi sem við er að glíma í uppbyggingu fiskeldisins er sá að í raun hafa ekki komið til stofnlán vegna bústofnsins sem verið er að ala upp í stöðvunum. Þeir menn sem þekkja til landbúnaðar vita hvað þetta heitir á þeim fræðum, það heitir bústofnskaupalán. Vandi fiskeldisins sem er að vaxa upp sem atvinnugrein er fyrst og fremst sá að ekki hafa komið til þau löngu lán sem eðlileg mega teljast þegar verið er að byggja upp bústofninn í atvinnugreininni. Að því uppfylltu ætti að vera auðveldara að veita afurðalánafyrirgreiðsluna eins og hún þarf að vera á hverjum tíma. En hér er að hluta til verið að byggja upp bústofninn í atvinnurekstrinum sem síðan er reiknað með að haldist í gegnum líftíma stöðvanna með afurðalánum. Það er alveg ljóst.

Þá spurði hv. 12. þm. Reykv. Kristín Einarsdóttir nokkurra spurninga. Í fyrsta lagi vék hún að því hvort í raun lægi eins mikið á að afgreiða þetta mál og látið er í veðri vaka af þeim sem mælt hafa fyrir því. Svar mitt hlýtur að vera já. Ég tel það mjög brýnt að frv. komist í gegn og verði að lögum þannig að unnt verði að fara að vinna að því að setja reglugerð og koma starfsemi sjóðsins á fót því það er ljóst að vandi mjög margra fyrirtækja í greininni er þegar ærinn og sá tími sem tapast ef málið yrði ekki að lögum nú gæti orðið mörgum mjög dýr.

Hvað er átt við með ákvæði 1. gr. um að afurða- og rekstrarlán gætu numið allt að 75% af verðmæti birgða og hvernig eru birgðir metnar, spurði hv. 12. þm. Reykv. Því er til að svara að gert er ráð fyrir að metið verði verðmæti fiskjar í stöðvunum eins og það er á hverjum tíma og lánað er út á það. Það mat yrði með sama hætti og til að mynda tryggingafélögin framkvæma þegar þau meta verðmæti framleiðslunnar í stöðvunum og veita síðan út á sína tryggingu, svonefnda umframskaðatryggingu. Áhættan er að sjálfsögðu mismunandi eftir rekstrarformum. Þannig er ljóst til að mynda að hún er minni í landstöðvum heldur en í sjókvíaeldi. Slíkt kæmi að sjálfsögðu inn í mat á því hversu mikil afföll á að meta á birgðirnar áður en lánin eru veitt sem og hitt að meta verður líklegar markaðsaðstæður á hverjum tíma þegar þetta hvort tveggja er ákveðið.

Varðandi eðli ábyrgðarinnar eða tryggingarinnar og hvað gerist ef fyrirtæki geta ekki greitt afurðalán til baka er í raun um það að ræða að dugi framleiðslan eða tjónabætur ekki eða ef stöðvarnar geta ekki af rekstri sínum greitt lánin með öðrum hætti, þá kemur ábyrgðin til. Hér er ekki um einfalda ábyrgð að ræða með þeim hætti að skilyrði sé að ganga að hverju og einu fyrirtæki og gera það gjaldþrota til þess að reyna að ná tryggingunni til baka. Þetta miðast við að sé fyrirtækjunum ekki mögulegt að greiða afurðalánin til baka miðað við áframhaldandi rekstur þá komi ábyrgð sjóðsins til.

Varðandi áhættuiðgjöldin sem vikið er að í d-lið (22. gr.) og breytt með brtt. landbn., 4. lið, er því til að svara að þau miðast við að sjóðurinn geti til lengri tíma litið og, ef hann yrði gerður upp innan gildistíma laganna eða eftir einhverja tiltekna starfrækslu, að

endingu verið gerður upp án halla. Þessi áhættuiðgjöld eru við það miðuð að þau dugi til að jafna fjárhag sjóðsins, ekki endilega innan stutts tíma, eins árs eða svo, heldur þegar til lengri tíma er litið.

Hvað varðar skilyrðin þá hef ég þegar vikið að því hvaða skilyrði er fyrst og fremst reiknað með að yrðu lögð til grundvallar, þ.e. sambærileg skilyrði og tryggingafélög og bankar setja til þess að taka fyrirtæki í viðskipti sem og auðvitað þau skilyrði önnur sem eiga að gilda um starfrækslu fiskeldisfyrirtækja, starfsleyfi og öll þau vottorð og leyfi sem slíkum fyrirtækjum ber að hafa til að mega stunda sína starfsemi. Þó að ég geti tekið undir margt af því sem rætt var um að taka þyrfti til endurskoðunar þá tel ég frekar að rétt sé að leysa þau mál þar sem þau eiga heima, þ.e. á þeim vettvangi þar sem fjallað er um almenn starfræksluskilyrði, starfsleyfi o.s.frv.

Varðandi eign erlendra aðila í fyrirtækjunum þá er mér ekki kunnugt um að lög hafi verið brotin í því efni og hvað sem um það má segja fer reksturinn fram hér á landi, þetta er útflutningsstarfsemi á Íslandi, þannig að við hljótum auðvitað að miða fyrirgreiðsluna við það. Og það hvort eignarhaldið er eins og best yrði á kosið kýs ég að ræða við betra tækifæri.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson spurði um áhættumatið. Því hef ég þegar vikið að í svari mínu við fyrri spurningum. Það þarf að fara rækilega ofan í saumana á því máli og er eitt af því sem verður að ræða vandlega, m.a. í samráði við tryggingafélög og viðskiptabanka, þegar reglugerð verður sett. Ég hef hugsað mér að fá þá aðila til samstarfs um setningu þeirra ákvæða þegar eftir setningu laganna.

Ég vil að endingu segja að mér þykir auðvitað miður hversu mjög hefur þurft að hraða þessu máli í gegnum þingið. Ég vil þó ekki taka undir að það sé að öllu leyti og algerlega óunnið. Það hefur vissulega verið reynt eftir því sem tíminn hefur leyft að vinna málið og var það þó lagt fram fyrir jól. En ég tek undir það að vissulega hefur þurft að hraða þessu meira en æskilegt má teljast í gegnum þingið og er ekki annað að gera en biðja velvirðingar á því. Vegna þess m.a. vil ég lýsa því yfir að ég er reiðubúinn að beita mér fyrir því að haft verði samráð við alla aðila á Alþingi um setningu reglugerðarákvæðanna og þeir hlutir kynntir bæði stjórn og stjórnarandstöðu áður en af setningu reglugerðarinnar verður því að alveg ljóst er að þar verður að útkljá ýmis atriði sem ekki hefur gefist mikill tími til að ræða hér.

Herra forseti. Ég hef þetta þá ekki lengra en legg áherslu á, eins og frsm. og fleiri hafa gert, að það ber brýna nauðsyn til að hraða þessu máli.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 423,1–6 samþ. með 29 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 423,7 samþ. með 32 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 35 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

49. fundur, föstudaginn 6. jan., að loknum 48. fundi.

Stofnlánadeild landbúnaðarins, 3. umr.

Stjfrv., 206. mál (fiskeldislán). — Þskj. 429.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

SAMEINAÐ ÞING

34. fundur, föstudaginn 6. jan., kl. 2.15 miðdegis.

Fjárlög 1989, frh. 3. umr.

Stjfrv., 73. mál. — Þskj. 280, n. 402 (samvn. samgm.), brtt. 286, 287, 393, 395, 396, 397, 398, 399, 403, 404, 406, 409, 411, 414, 418, 419, 420.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 395,1 samþ. með 31:2 atkv.

Brtt. 420 felld með 31:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FrS, GHH, GHG, GA, HBl, IBA, JúlS, KrP, KE, KH, MB, MÁM, MálmS, ÓE, PJ, RH, SalÞ, ÞP, ÞK, ÞÞ, AG, BÍG, DS, EH, EgJ, EKJ, FÞ.

nei: GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, HG, JE, JóhS, JBH, JHelg, JK, JónS, JSS, KSG, KP, KJóh, MF, ÓÞÞ, PP, SighB, SkA, StG, PÞ, StH, SJS, SvG, VS, AS, ÁrnG, EG, GHelg.

GuðmÁ, ÓÞG greiddu ekki atkvæði.

3 þm. (HJ, RA, AðB) fjarstaddir.

Brtt. 418,1 felld með 30:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JúlS, ÓÞG, GuðmÁ.

nei: HG, JE, JóhS, JBH, JHelg, JK, JónS, JSS, KSG, KP, KJóh, MF, ÓÞÞ, PP, SighB, SkA, StG, PÞ, StH, SJS, SvG, VS, AS, ÁrnG, EG, GeirG, GB, GuðnÁ, HÁ, GHelg.

IBA, KrP, KE, KH, MB, MÁM, MálmS, ÓE, PJ, RH, SalÞ, ÞP, ÞK, ÞÞ, AG, BÍG, DS, EH, EgJ, EKJ, FÞ, FrS, GHH, GHG, GA, HBl greiddu ekki atkvæði.

4 þm. (HJ, RA, AðB, GGÞ) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Tillaga þessi er 1. liður í brtt. á þskj. 418 frá Guðmundi Ágústssyni. Að gefnu tilefni varðandi þessa tillögu vil ég taka eftirfarandi fram:

Að mínu frumkvæði í minni hl. fjvn. lét minni hl. undirbúa drög að tillögum um sparnað í ríkisútgjöldum. Tillaga sú sem hér er á þskj. 418 er úr vinnuskjali sem var í sambandi við vinnu að þessum undirbúningi og úr fórum minni hl. fjvn. Það vinnuskjal var ekki fullunnið né tillöguflutningur af þessu tagi í heild. Eftir að hæstv. ríkisstjórn hafði komið fram þeim skattaálögum sem raun ber vitni og lagðar eru á þjóðina var það sameiginleg niðurstaða fulltrúa minni hl. í fjvn. og fulltrúa stjórnarandstöðuflokkanna að þessar tillögur skyldu ekki fullunnar eða fluttar að sinni. Það er því ekki tilefni til þess að mínu áliti að samþykkja þessar tillögur nú og með óvenjulegum hætti eru þær hér á borð bornar og settar fram. Ég greiði ekki atkvæði.

Albert Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Þó að þessi tillaga sé flutt af þingmanni Borgfl. er hún eins og allir sjá ekki flutt með samþykki eða vilja flokksins. Ég greiði ekki atkvæði.

Guðmundur Ágústsson:

Hæstv. forseti. Þær brtt. sem ég geri á þskj. 418 eru, eins og fram hefur komið hjá hv. 2. þm. Norðurl. v., unnar af stjórnarandstöðunni í fjvn. og hefur það ekki farið milli mála. Hins vegar er það ekki rétt að það hafi verið að hans frumkvæði sem þessar tillögur voru útbúnar heldur af fulltrúa Borgfl. Þessar tillögur voru unnar af Ríkisendurskoðun og eru tillögur sem Ríkisendurskoðun hafði samið um hvernig koma mætti fyrir sparnaði í ríkiskerfinu. Ég tel að tillögur eins og hér er verið að ræða um séu þess eðlis að það mætti koma með þær fyrir Alþingi. Ég tel að þarna hafi á engan hátt verið unnið óheiðarlega heldur hafi þeim verið gert kunnugt um, bæði fulltrúum Kvennalista og Sjálfstfl., að þessar tillögur mundu verða lagðar fram af fulltrúa Borgfl. Ég segi já.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. (**AG:** Hæstv. forseti.) Herra forseti. Ég hef áður útskýrt það fyrir þingheimi að ég tel það ávarp mjög rökrétt og breyti því ekki.

Ég hef litið svo á að treysta megi því að þegar hér séu lögð fram þingskjöl séu það hinir uppáskrifuðu aðilar sem séu flm. að tillögunni. Ég vil því undirstrika að ég lít svo á að það hafi verið mismæli hjá hv. 11. þm. Reykv. þegar hann lýsir því yfir að sú tillaga sem hér var greitt atkvæði um sé tillaga Ríkisendurskoðunar og greiddi að sjálfsögðu atkvæði í ljósi þess að ég veit ekki betur en að sá sem skrifar upp á sem flm. sé flm. tillögunnar. Það er fráleitt að rugla því saman að fyrir fjvn. starfa starfsmenn Ríkisendurskoðunar og því að þeir séu orðnir flytjendur að máli hér í þinginu.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna þessara orða hv. 2. þm. Vestf. tel ég að hann hafi misskilið orð hv. 11. þm. Reykv. Það er vitaskuld algengt að flm. láti vinna tillögur fyrir sig og ég tel ekki að þingmaðurinn hafi tekið svo til orða að Ríkisendurskoðun hafi flutt þetta mál. En vitaskuld er það réttur skilningur að flm. eru ábyrgir fyrir hverri þeirri tillögu sem lögð er fram á hinu háa Alþingi.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég geri ekki mikið úr mismæli hv. þm. Guðmundar Ágústssonar. Hitt þykir mér verra að hann fór með ósannindi í sínu máli um upphaf þeirra tillagna sem hér eru fluttar. Mér er alveg óhætt að skýra frá því að áður en ég greindi fulltrúa Borgfl. í fjvn. frá þeim undirbúningi sem ég hafði í huga hafði ég rætt það við fulltrúa Kvennalistans, en síðar við fulltrúa Borgfl. sem stóð að þessu heils hugar eftir að við hann var rætt en hann hafði ekki um það frumkvæði. Það er ástæðulaust að deila um slíkt og ástæðulaust að koma hér upp og fara með ósannindi.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ég bið hv. þm. að ljúka umræðum um uppruna tillagna þeirra sem við erum hér að greiða atkvæði um og vænti þess að nú sé unnt að halda áfram atkvæðagreiðslunni.

Brtt. 398 (liðir 411–4118) samþ. með 31:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KJóh, MF, ÓÞÞ, PP, SighB, SkA, StG, PÞ, StH, SJS, SvG, VS, AS, ÁrnG, EG, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, HG, JE, JóhS, JBH, JHelg, JK, JónS, JSS, KSG, KP, GHelg.

nei: KrP, MB, MÁM, ÓE, ÓÞG, PJ, RH, SalÞ, ÞP, ÞK, AG, BÍG, EH, EgJ, EKJ, FÞ, FrS, GHH, GuðmÁ, GHG, HBl, IBA, JúlS.

KE, KH, MálmS, ÞÞ, DS, GA greiddu ekki atkvæði.

3 þm. (RA, AðB, HJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Hér kemur til atkvæðagreiðslu tillaga sem felur í sér hækkun á eignarsköttum og erfðafjárskatti. Þetta er afleiðing af þeim miklu skattahækkunum sem hæstv. ríkisstjórn hefur ákveðið og fengið samþykktar með lagabreytingum á hinu háa Alþingi. Þetta er skattahækkun sem ekki einungis leggst á þá sem miklar eignir eiga og góðar tekjur hafa. Þetta er skattahækkun sem kannski að stærstum hluta til leggst á þá sem eru einstæðingar, ekkjur, ekklar og einstæðir foreldrar og hafa lítil efni. Þetta er sú skattahækkun sem hvað óréttlátust er af öllum þeim óréttlátu skattahækkunum sem hæstv. ríkisstjórn hefur knúið fram, af þeim skattahækkunum sem nú valda verðlagshækkunum og gera það að verkum að ríkisstjórnin ein allra aðila í þjóðfélaginu virðir ekki þá verðstöðvun sem hún sjálf hefur sett. Að öllu

þessu athuguðu er það niðurstaða sjálfstæðismanna að greiða atkvæði gegn þessum lið og því segi ég nei.

Brtt. 398 (liðir 412–4999) samþ. með 31:1 atkv.
Brtt. 395,2–4 samþ. með 31:2 atkv.
Brtt. 418,2 felld með 29:3 atkv.
Brtt. 409,1 felld með 30:6 atkv.
Brtt. 395,5 samþ. með 30:2 atkv.
Brtt. 404,1 felld með 29:11 atkv.
Brtt. 287 felld með 29:22 atkv.
Brtt. 409,2 felld með 30:7 atkv.
Brtt. 404,2 felld með 29:7 atkv.
Brtt. 411 felld með 32:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: DS, GA, KE, KH, MálmS, ÞÞ.

nei: AG, AS, ÁrnG, EG, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, HG, JE, JóhS, JBH, JHelg, JK, JónS, JSS, KSG, KP, KJóh, MF, ÓÞÞ, PP, SighB, SkA, StG, PÞ, StH, SJS, SvG, VS, GHelg.

BÍG, EH, EgJ, EKJ, FÞ, FrS, GHH, GuðmÁ, GHG, HBl, IBA, JúlS, KrP, MB, MÁM, ÓE, ÓÞG, PJ, RH, ÞP, ÞK greiddu ekki atkvæði.

4 þm. (HJ, RA, SalÞ, AðB) fjarstaddir.

Brtt. 395,6a–b samþ. með 31:2 atkv.

Brtt. 419 samþ. með 58 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FrS, GeirG, GHH, GuðmÁ, GB, GHG, GGÞ, GA, HÁ, HBl, HG, IBA, JE, JóhS, JBH, JHelg, JK, JónS, JSS, JúlS, KSG, KP, KJóh, KrP, KE, KH, MF, MB, MÁM, MálmS, ÓE, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, PJ, RH, SighB, SkA, StG, PÞ, StH, SJS, SvG, VS, ÞP, ÞK, ÞÞ, AG, AS, ÁrnG, BÍG, DS, EH, EgJ, EG, EKJ, FÞ, GHelg.

GuðnÁ greiddi ekki atkvæði.

4 þm. (HJ, RA, SalÞ, AðB) fjarstaddir.

6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Hér kemur til atkvæðagreiðslu tillaga um að fjölga þeim listamönnum, sem heiðurslaun hljóta, um fjóra. Allir þessir menn og þúsund í viðbót eru verðir þessara launa. Hverjum þessara manna eru greiddar 600 þús. kr. Flestir þeir listamenn sem þessarar náðar njóta af hálfu Alþingis eru ellilífeyrisþegar, fólk komið yfir sjötugt. Allir sem hér er gerð tillaga um að bæta við eru einmitt á þeim aldri. Það er vandi að skilja hafra frá sauðum. Það er klúður að þingnefnd skuli þykjast þess umkomin í kosningu að velja heiðurslistamenn. Þeir eru margir sem aldrei hljóta náð sem eru þess verðir. Það sýnir þetta val. Heiðurskóróna þess fullorðna á að vera sæmd og ef þjóðfélagið vill heiðra þá sérstaklega er fálkaorðan enn til staðar. Það er ekki hægt að gera upp á milli listamanna með þessum hætti og það er ástæðulaust. Starfslaun til yngri listamanna væru verðugri.

Hæstv. forseti. Ég tek ekki þátt í þessari atkvæðagreiðslu.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Alþingismönnum hefur lengst af tekist að afgreiða heiðurslaun svo að bæði hafi orðið Alþingi, þjóðinni og þeim listamönnum sem í hlut eiga til sóma og þessi verðlaun hafa verið veitt vegna þess mikla framlags sem viðkomandi listamenn hafa lagt til menningar íslensku þjóðarinnar og við stöndum öll í þakkarskuld við. Til allrar hamingju hefur það jafnan verið svo að fleiri hafa verið verðugir þess að eiga sæti í hópi þeirra manna sem notið hafa heiðurslauna en við höfum getað veitt þá sæmd hverju sinni.

Ég segi nú eins og jafnan áður þegar um þessi mál hefur verið fjallað hér á Alþingi að ég sakna þess að ekki skuli fleiri listamenn á heiðurslaunum en þar eiga sæti um leið og ég óska þeim til hamingju sem nú voru valdir í þennan hóp og allir eiga það skilið. Ég vona að Alþingi Íslendinga beri áfram gæfu til að geta sýnt sínum bestu listamönnum sóma á hógværan hátt þannig að allir finni að vel sé að þessu staðið og allir finni að hugur fylgi máli. Ég segi já.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Hæstv. forseti. Um leið og ég lýsi atkvæði mínu vil ég nota þetta tækifæri til að óska þeim til hamingju sem nú fá heiðurslaun listamanna og sérstaklega beinast heillaóskir okkar til þeirra sem nú fá heiðurslaun listamanna í fyrsta sinn. Jafnframt vil ég láta þá skoðun mína í ljós að ég tel það fyrirkomulag á heiðurslaunum listamanna sem hér er um að ræða hafa fyrir löngu gengið sér til húðar. Það er með öllu óeðlilegt að mínu mati að Alþingi ákveði í lokaðri atkvæðagreiðslu heiðurslaun listamanna með þeim hætti sem gerst hefur á undanförnum árum.

Þá hlýtur það að vera sérstakt undrunarefni við fyrirliggjandi niðurstöðu að þeir menn sem hafa fengið Norðurlandaráðsverðlaun í bókmenntum og tónlist, þeir Atli Heimir Sveinsson og Thor Vilhjálmsson, skuli ekki vera á skrá yfir heiðurslaunahafa. (**FrS:** Hvar var ráðherrann í umræðunum?) Þetta er ekki síst undrunarefni þegar þess er gætt að Alþingi er beinn aðili að bókmennta- og tónlistarverðlaunum Norðurlanda. Til þeirra var stofnað með aðild allra þjóðþinga á Norðurlöndum og þau eru veitt á miklum hátíðum sem þjóðþingin beita sér fyrir. Það er þess vegna sérkennilegt og Alþingi að mínu mati beinlínis til vansa að virða með þessum hætti sín eigin verk. Að fenginni reynslu tel ég því óhjákvæmilegt að heiðurslaun listamanna, svo og önnur launamál listamanna í landinu verði endurskoðuð í heild og mun ég beita mér fyrir því að sú endurskoðun fari fram. Ég segi já.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ég vona að hæstv. ráðherra misvirði það ekki við mig þó ég leyfi mér að bæta einum verðlaunahafa við, sem einnig hefur fengið tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs, en það er tónskáldið Hafliði Hallgrímsson.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Það hefur ævinlega verið mín skoðun og flestra annarra listamanna að úthlutun launa eða fjár til listamanna ætti ekki að vera í höndum Alþingis að frekara leyti en því að ákvarða upphæð og síðan er miklu eðlilegra að aðrir fjalli um hvernig því fé er útdeilt. Nú hefur það sannast með mjög áhrifaríkum hætti að þetta er rétt skoðun. Ég er glöð að hæstv. menntmrh. skuli vera sammála mér að það þurfi að endurskoða þetta fyrirkomulag.

Hæstv. forseti tók af mér það ómak að minnast á þriðja verðlaunahafann, Hafliða Hallgrímsson, sem ekki hefur þarna komið til álita. Jafnframt vil ég mótmæla því að Norðurlandaráðsverðlaun séu endanlegur mælikvarði á þá listamenn sem Alþingi í þessu tilfelli ákveður að hljóti heiðurslaun. Þar ræður mat þeirra tveggja nefnda sem Alþingi hefur ákveðið að skuli gera það. Enn fremur vil ég mótmæla þeim fréttaflutningi, sem verið hefur í blöðum, sem er að mínu mati mjög ósmekklegur, þar sem dregin eru fram í dagsljósið úrslit þessarar atkvæðagreiðslu í nefndunum og látið í veðri vaka að þar hafi verið ósamkomulag. Það er ekki rétt og ég skora á aðra nefndarmenn að koma hér upp og lýsa því ef öðruvísi hefur verið því að það var fyrir fram samþykkt, fyrst búið er nú að láta uppi hvernig að þessu er staðið, að það skyldi fara fram skoðanakönnun og að lokinni skoðanakönnun skyldi fara fram atkvæðagreiðsla. Nákvæmlega þannig fór þetta fram og úrslit voru eins og koma fram á þessu skjali og þessi úrslit eru á engan hátt höfnun á öðrum listamönnum.

Hv. 5. þm. Suðurl. Guðni Ágústsson lýsti því hér áðan að það væri nær að þessir menn fengju starfslaun. Ég er þeirrar skoðunar að einmitt meðan listamenn eru á besta aldri og hafa enn þá fullan skapandi kraft sé eðlilegt að þeir njóti starfslauna, en þá verður líka að standa að þeim með myndarlegum hætti og vonandi getur maður þá treyst því að a.m.k. hv. 5. þm. Suðurl. standi að því í næsta skipti með myndarlegri hætti en nú. Ég segi já.

Albert Guðmundsson:

Herra forseti. Ég lýsi ánægju minni með störf nefndarinnar í þetta sinn eins og áður. Ég held að úthlutunarnefnd Alþingis hafi unnið gott og þarft starf. Ég sé engan á þessum lista sem er ekki að fullu verðugur þess heiðurs sem Alþingi er að sýna hverjum og einum af þeim 17 sem hér eru. Ég tek undir það með hæstv. ráðherra menntamála að það mættu vera fleiri nöfn á þessum lista, en ég tel að umræður eins og hafa átt sér stað hérna hjá þingmönnum sem eru velviljaðir málinu geri meira til hins verra en til hins betra. Slíkar umræður eiga að vera og hafa alltaf verið frá því að ég kom á Alþingi takmarkaðar við nefndarstörfin en ekki við sali Alþingis. En ég segi já.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég hef æðilengi starfað í menntamálanefndum bæði sem varaþingmaður og reyndar í menntmn. Nd. stundum og Ed. stundum. Það hefur ætíð verið fjallað um heiðurslaun til listamanna af báðum nefndunum í báðum deildum og þar hefur til hins ýtrasta verið leitast við að ná samkomulagi. Hér fyrrum voru heiðurslaunin veitt átta listamönnum af nefndum þingmanna. Síðan hefur þeim fjölgað og ég held að það sé ekki af því góða. En ef við viljum breyta þessu fyrirkomulagi á að ræða það við annað tilefni en þetta og ekki að draga ákveðna listamenn inn í þær umræður. Ég tel mjög miður að hæstv. menntmrh. sjálfur skyldi opna svona umræðu. Það er honum ekki til sóma. Ég segi já.

Brtt. 395,6c samþ. með 30:7 atkv.

Brtt. 395,6d samþ. með 28:5 atkv.

Brtt. 399,1 felld með 30:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KE, KH, MálmS, ÓÞG, AG, DS, GuðmÁ, GA, IBA, JúlS.

nei: KJóh, MF, ÓÞÞ, PP, SighB, SkA, StG, PÞ, StH, SJS, SvG, VS, AS, ÁrnG, EG, GeirG, GB, GuðnÁ, HÁ, HG, JE, JóhS, JBH, JHelg, JK, JónS, JSS, KSG, KP, GHelg.

KrP, MB, MÁM, ÓE, PJ, RH, ÞP, ÞK, ÞÞ, BÍG, EH, EgJ, EKJ, FÞ, FrS, GHH, GHG, HBl greiddu ekki atkvæði.

5 þm. (RA, SalÞ, AðB, GGÞ, HJ) fjarstaddir.

Brtt. 395,7 samþ. með 58 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónS, JSS, JúlS, KSG, KP, KJóh, KrP, KE, KH, MF, MB, MÁM, MálmS, ÓE, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, PJ, RH, SighB, SkA, StG, PÞ, StH, SJS, SvG, VS, ÞP, ÞK, ÞÞ, AS, ÁrnG, BÍG, DS, EH, EgJ, EG, EKJ, FÞ, FrS, GeirG, GHH, GuðmÁ, GB, GHG, GGÞ, GuðnÁ, GA, HÁ, HBl, HG, IBA, JE, JóhS, JBH, JHelg, JK, GHelg.

AG greiddi ekki atkvæði.

4 þm. (RA, SalÞ, AðB, HJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Albert Guðmundsson:

Virðulegur forseti. Það var gerð tilraun til að hækka þá upphæð óverulega sem hér er verið að greiða atkvæði um, en í þessari tillögu er gerð tillaga um 51 millj. rúmalega í 157 íþróttamannvirki víðs vegar um landið. Hér er verið að samþykkja allt frá 3 þús. kr. framlagi eins og í lið nr. 82 sem er Lýtingsstaðahreppur, íþróttavöllur. Ég held að það fari kannski upp undir fjórung af þessari upphæð í að koma greiðslunni til þeirra eða þá það kostar þá margfalt að sækja greiðsluna til Reykjavíkur. Það er svo hlægilegt það sem Alþingi er að samþykkja sem framlag til íþróttamannvirkja um landið allt að þó að ég sé líklega hlynntastur íþróttum af þeim sem eru hér inni ætla ég ekki að greiða atkvæði. Mér finnst það vera niðurlægjandi.

Brtt. 399,2 felld með 30:22 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KrP, MB, MÁM, ÓE, ÓÞG, PJ, RH, ÞP, ÞK, AG, BÍG, EH, EgJ, EKJ, FÞ, FrS, GHH, GuðmÁ, GHG, HBl, IBA, JúlS.
nei: MF, ÓÞÞ, PP, SighB, SkA, StG, PÞ, StH, SJS, SvG, VS, AS, ÁrnG, EG, GeirG, GB, GuðnÁ, HÁ, HG, JE, JóhS, JBH, JHelg, JK, JónS, JSS, KSG, KP, KJóh, GHelg.
KE, KH, MálmS, ÞP, DS greiddu ekki atkvæði.
6 þm. (RA, SalÞ, AðB, GGÞ, GA, HJ) fjarstaddir.

Brtt. 286 felld með 30:22 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JúlS, KrP, MB, MÁM, ÓE, ÓÞG, PJ, RH, ÞP, ÞK, AG, BÍG, EH, EgJ, EKJ, FÞ, FrS, GHH, GuðmÁ, GHG, HBl, IBA.
nei: JónS, JSS, KSG, KP, KJóh, MF, ÓÞÞ, PP, SighB, SkA, StG, PÞ, StH, SJS, SvG, VS, AS, ÁrnG, EG, GeirG, GB, GuðnÁ, HÁ, HG, JE, JóhS, JBH, JHelg, JK, GHelg.
KE, KH, MálmS, DS, GA greiddu ekki atkvæði.
6 þm. (SalÞ, ÞP, AðB, GGÞ, HJ, RA) fjarstaddir.

Brtt. 395,8 samþ. með 36 shlj. atkv.

Brtt. 399,3 felld með 30:3 atkv.

Brtt. 395,9 samþ. með 31:1 atkv.

Brtt. 414 felld með 30:6 atkv.

Brtt. 395,10–15 samþ. með 31:1 atkv.

Brtt. 393 felld með 29:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IBA, JúlS, KrP, KE, KH, MálmS, ÓÞG, PJ, AG, DS, EH, EgJ, FrS.
nei: HG, JE, JóhS, JBH, JHelg, JK, JónS, JSS, KSG, KP, KJóh, MF, ÓÞÞ, PP, SighB, StG, PÞ, StH, SJS, SvG, VS, AS, ÁrnG, EG, GeirG, GB, GuðnÁ, HÁ, GHelg.
MB, MÁM, ÓE, RA, ÞP, ÞK, ÞÞ, BÍG, EKJ, FÞ, GHH, GHG, GA, HBl greiddu ekki atkvæði.
7 þm. (HJ, RA, SalÞ, SkA, AðB, GuðmÁ, GGÞ) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér er athyglisvert mál á ferðinni. Flm. þess hefur flutt í Sþ. till. til þál. um málið, um að það verði athugað og það er til meðferðar í félmn. Sþ. og var í gær sent út til umsagnar í samráði við flm. Ég tel að þetta sé ótímabær tillaga um fjárveitingu á þessu stigi og segi nei.

Brtt. 395,16–34 samþ. með 30:2 atkv.

Brtt. 409,3 felld með 29:17 atkv.

Brtt. 404,3 felld með 30:29 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KrP, KE, KH, MB, MÁM, MálmS, ÓE, ÓÞG, PJ, RH, SalÞ, ÞP, ÞK, ÞÞ, AG, BÍG, DS, EH, EgJ, EKJ, FÞ, FrS, GHH, GuðmÁ, GHG, GA, HBl, IBA, JúlS.
nei: KJóh, MF, ÓÞÞ, PP, SighB, SkA, StG, PÞ, StH, SJS, SvG, VS, AS, ÁrnG, EG, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, JE, JóhS, JBH, JHelg, JK, JónS, JSS, KSG, KP, GHelg.
4 þm. (RA, AðB, HG, HJ) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegi forseti. Sú hækkun á framlögum til Kvennaathvarfsins sem þessi tillaga gerir ráð fyrir er miðuð við það að 70% af fjárhagsáætlun athvarfsins vegna reksturs komi úr ríkissjóði. Miðað er við að sveitarfélög greiði 30% rekstrarkostnaðar. Ég legg áherslu á að hér er aðeins um rekstrarkostnað að ræða. Viðhald húss og annar kostnaður er greitt af framlögum almennings, fyrirtækja og félagasamtaka. Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi Kvennaathvarfsins í Reykjavík fyrir konur sem hafa verið beittar líkamlegu og/eða andlegu ofbeldi. Sú upphæð sem hér er lögð til til hækkunar er lágmarksupphæð. Ríkisstjórn jafnréttis hlýtur að styðja þessa tillögu sem sjálfsagt réttindamál kvenna. Ég segi já.

Albert Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Það gleður mig að heyra rökin fyrir þessari tillögu og það er líka myndarlegt ef ríkið tekur að sér 70% af kostnaði við rekstur þessa kvennaheimilis. En með sömu rökum vildi ég gjarnan beina huganum að því hvort ekki er kominn tími til þess að það verði einhvers konar karlaathvarf með sömu rökum fyrir karlmenn í staðinn fyrir að hafa tugthúsin ein til að hýsa þá. En ég segi já.

Brtt. 395,35–37a samþ. með 30:2 atkv.

Brtt. 406 felld með 29:8 atkv.

Brtt. 395,37b samþ. með 35 shlj. atkv.

Brtt. 418,3–4 felld með 28:8 atkv.

Brtt. 395,38–45 samþ. með 29:4 atkv.

Brtt. 403 samþ. með 39 shlj. atkv.

Brtt. 395,46–48 samþ. með 29:3 atkv.

Brtt. 399,4 felld með 25:9 atkv.

Brtt. 395,49 samþ. með 30:2 atkv.

Brtt. 418,5 felld með 30:7 atkv.

Brtt. 395,50 samþ. með 30:3 atkv.

Brtt. 418,6 felld með 30:2 atkv.

Brtt. 395,51 samþ. með 29:4 atkv.

Brtt. 418,7 felld með 30:2 atkv.

Brtt. 397 samþ. með 30:2 atkv.

Brtt. 395,52–53 samþ. með 30:2 atkv.

Brtt. 396 samþ. með 43 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, HG, JE, JóhS, JBH, JHelg, JK, JSS, KSG, KP, KJóh, MF, ÓÞÞ, PP, SighB, SkA, StG, PÞ, StH, SJS, SvG, VS, AS, ÁrnG, EG, GHelg.
EKJ, FÞ, FrS, GHH, GuðmÁ, GHG, GA, HBl, IBA, JúlS, KrP, KE, KH, MB, MÁM, MálmS, ÓE, ÓÞG, PJ, SalÞ, ÞP, ÞK, ÞP, AG, BÍG, DS, EH, EgJ greiddu ekki atkvæði.
5 þm. (HJ, JónS, RA, RH, AðB) fjarstaddir.
3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Þegar hæstv. ríkisstjórn lagði fjárlagafrv. fyrir Alþingi var augljóst að fyrir því voru engar efnahagslegar forsendur. Það var ekki í neinum tengslum við þær raunverulegu aðstæður sem við búum nú við í efnahags- og atvinnumálum. Í meðferð frv. á hinu háa Alþingi hefur komið fram að ríkisstjórnin hefur ekki treyst sér til þess að afgreiða málið í einhverju samhengi við hinar raunverulegu aðstæður í efnahags- og atvinnumálum. Frv. er af þessum sökum þannig úr garði gert að fyrir því eru engar forsendur. Þar að auki er ljóst að vanáætlað er fyrir ýmsum mikilvægum kostnaðarliðum. Í heild fer ekki milli mála að hér er ekki um að ræða eiginlegt frv. að fjárlögum heldur pappírsgagn. Af þessum sökum er útilokað með raunhæfum hætti að taka þátt í afgreiðslu málsins. Af þessum sökum hefur Sjálfstfl. ekki flutt brtt. við þetta frv. Það kom fram þegar í upphafi umfjöllunar um málið á hinu háa Alþingi að Sjálfstfl. var fyrir sitt leyti reiðubúinn til samstarfs við ríkisstjórnarmeirihlutann á Alþingi bæði við útgjaldahlið fjárlagafrv., tekjuöflunarhliðina og efnahagsstefnuna í heild. Ríkisstjórnin hafnaði samstarfi af þessu tagi með öllu. Fyrir því er enginn grundvöllur fyrir alvöruumfjöllun um þetta frv. Af þeim sökum sitja þingmenn Sjálfstfl. hjá við afgreiðslu frv. við lok þessarar umræðu og ég greiði ekki atkvæði, frú forseti.

Albert Guðmundsson:

Virðulegur forseti. Í ræðustól hefur komið upp hver fjárveitinganefndarmaðurinn á fætur öðrum við afgreiðslu þessa máls og hælt sér af því að frv. til fjárlaga hafi ekki breyst í meðförum fjvn., talið það þrekvirki að fjvn. hefur aðeins hækkað fjárlögin frá því að þau voru lögð fram í frumvarpsformi um 0,43%. Nú er það staðreynd að frá fjárlögum síðasta árs til niðurstöðutalna þeirra fjárlaga sem við erum að afgreiða núna hafa fjárlögin hækkað um meira en 12 milljarða — um 12 milljarða á tólf mánuðum — og segir þetta sína sögu, þar sem fjvn. hefur ekki getað breytt til né frá, hvorki lækkað þá hækkun sem kemur frá ríkisstjórninni né hækkað samkvæmt óskum og vilja alþingismanna, og staðfesti betur að fjvn. hefur unnið í algerri spennutreyju þannig að þetta frv. er ekki að einu né neinu leyti frv. til fjárlaga sem Alþingi býr til. Þetta er frv. ríkisstjórnarinnar og ríkisstjórnarinnar einnar og þar af leiðandi segi ég sem alþingismaður: Ég sit hjá.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Við stjórnarsinnar höfum ekki orðið varir við nein sérstök samvinnu- eða samstarfstilboð frá Sjálfstfl. við gerð og undirbúning þessara fjárlaga. Þvert á móti hefur það komið mjög berlega í ljós við afgreiðslu fjárlaganna að Sjálfstfl. hefur ekkert haft til málanna að leggja utan það eitt að leggjast gegn tekjuöflunaráformum ríkissjóðs. Ég segi já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 430).

Frestun á fundum Alþingis, fyrri umr.

Þáltill. forsrh., 222. mál. — Þskj. 405.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 405 legg ég fram tillögu um frestun á fundum Alþingis. Í þessu þskj. er lagt til að Alþingi komi saman á ný ekki síðar en 6. febr. nk.

Í þessu sambandi vil ég taka fram að ríkisstjórnin hefur ekki hug á að nota heimild til setningar bráðabirgðalaga á þessu tímabili. Ef óvæntar ástæður ráða því hins vegar að slík lagasetning yrði nauðsynleg mun ég hafa um það samráð við stjórnarandstöðuna á Alþingi og ef hún óskar þess mun ég leggja til við forseta Íslands að Alþingi komi saman fyrr til að afgreiða slík lög.

Ég geri ekki tillögu um nefnd, en í þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til síðari umræðu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv.

EFRI DEILD

48. fundur, föstudaginn 6. jan., kl. 16.30 síðdegis.

Stofnlánadeild landbúnaðarins, 1. umr.

Stjfrv., 206. mál (fiskeldislán). — Þskj. 429.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 45 frá 16. apríl 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, með síðari breytingum.

Þetta frv. er komið hingað frá hv. Nd. og hefur þar fengið allnokkra umfjöllun. Það var lagt fram þar fyrir jólahlé og fór til hv. landbn. sem hafði það til umfjöllunar nú fram yfir áramótin.

Frv. gerir ráð fyrir því að stofnaður verði sérstakur tryggingasjóður fiskeldislána sem hafi sjálfstæðan fjárhag og lúti stjórn sérstakrar nefndar, en sjóðurinn verði í vörslu og umsjón Stofnlánadeildar landbúnaðarins sem jafnframt sjái um rekstur hans samkvæmt nánari reglum þar um.

Hlutverk þessa sjóðs er að veita greiðslutryggingu og tryggja greiðslur afurðalána sem bankar og aðrar lánastofnanir veita fiskeldisfyrirtækjum þannig að

afurða- og rekstrarlánahlutfall til þessara fyrirtækja geti orðið fullnægjandi. Þessi trygging verði því aðeins veitt að viðkomandi fyrirtæki hafi þegar tryggt afurðir sínar með svonefndri umframskaðatryggingu eða hliðstæðri tryggingu og að banki eða lánastofnun hafi viðkomandi fyrirtæki í viðskiptum.

Síðan er vikið að því í b-lið 1. gr. að hámark skuldbindinga sjóðsins á hverjum tíma megi nema samtals 1800 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

Í c-lið er vikið að þeirri nefnd sem ég áðan nefndi og skal fara með forræði fyrir sjóðnum. Nefndin skal fjalla um hverja einstaka umsókn og ákveða með hvaða kjörum sjóðurinn veiti greiðslutryggingar hverju sinni. Nefndin verði þannig skipuð að einn fulltrúi verði tilnefndur af stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins, tveir samkvæmt tilnefningu Landssambands fiskeldisstöðva, fjórði maðurinn samkvæmt tilnefningu fjmrh. og fimmti maðurinn samkvæmt tilnefningu landbrh. og verði hann jafnframt formaður nefndarinnar.

Þá er í d-lið (22. gr.) vikið að iðgjöldum og sérstöku áhættuiðgjaldi sem standa eiga undir starfsemi sjóðsins og tryggja þegar til lengri tíma er litið að starfsemi hans verði ríkinu að kostnaðarlausu og fjárhag sjóðsins þannig borgið, í fyrra lagi með því að ákvarða iðgjöld sem miðist við að standa undir venjulegri starfsemi sjóðsins og enn fremur að ákvarða sérstök áhættuiðgjöld sem grípa má til ef þörf krefur og rétta þannig við fjárhag sjóðsins.

Gert er ráð fyrir því að þurfi tryggingasjóður að taka tímabundið lán vegna starfsemi sinnar, þ.e. komi til þess að iðgjöldin nægi ekki á einhverjum tíma til að fjármagna starfsemi sjóðsins, verði tekin sérstök lán með ríkisábyrgð til að leysa þann tímabundna vanda sjóðsins sem síðan er reiknað með að greidd verði aftur upp af iðgjöldum eða áhættuiðgjöldum.

Síðan er að lokum í e-lið (23. gr.) ákvæði um að landbrh. skuli að fengnum tillögum stjórnarnefndar tryggingasjóðsins setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessa kafla laganna um Stofnlánadeild þar sem kveðið verði m.a. á um efni og eðli tryggingа, hversu hátt hlutfall afurðalána er tryggt, röð ábyrgða, rekstur sjóðsins o.fl. af því tagi.

Að lokum er í 2. gr. sjóðsins lagt til að lög þessi öðlist þegar gildi og skuli endurskoðuð fyrir árslok 1992.

Ég held að ég láti nægja, herra forseti, að rekja í stuttu máli aðalefni frv. þar sem það hefur fengið nokkra umfjöllun í hv. Nd. og landbn. þeirrar deildar og reyndar beggja deildanna sem að hluta til unnu sameiginlega að þessu máli, hafa farið yfir málið.

Það er ljóst að vegferð þess í gegnum þingið hefur verið hraðað og er í raun rétt og skylt að viðurkenna það. En þannig hagar til að brýna nauðsyn ber til að unnt sé að auka fyrirgreiðslu til fiskeldisfyrirtækjanna hvað varðar afurða- og rekstrarlán. Þar hefur skapast mikill vandi og liggur við stöðvun rekstrar hjá fjölmörgum aðilum af ástæðum sem óþarfi ætti að vera að fara hér um mörgum orðum.

Ég held að eftir þær breytingar sem hv. landbn. Nd. hefur gert á frv. í samráði við hagsmunaaðila málsins eigi það að vera komið í þann búning að vel sé viðunandi. Til viðbótar vil ég svo nefna, herra forseti, að nauðsynlegt er að setja allítarlega reglugerð þar sem útfærð verða nánar ýmis atriði sem varða starfrækslu sjóðsins, hlutverk hans og hvernig með skuli farið. Vegna þess að mikla nauðsyn ber til að afgreiða málið og reynt hefur verið að hafa um það samstöðu og samkomulag vil ég lýsa því yfir hér, eins og ég gerði í hv. Nd., að ég mun beita mér fyrir því að kynna þá reglugerð bæði stjórn og stjórnarandstöðu og reyna að ná sem bestu samkomulagi um setningu hennar. Einnig er nauðsynlegt að efni reglugerðarinnar verði unnið í nánu samráði við viðskiptabanka og tryggingafélög sem hér eiga hlut að máli þannig að allir aðilar sem þessu máli tengjast geti komið sínum sjónarmiðum á framfæri og sætt sig við útfærslu málsins.

Þá held ég að ég hafi ekki fleiru við þetta að bæta, herra forseti, og legg til að málinu verði síðan vísað til hv. landbn. þessarar deildar sem ég geri ráð fyrir að vilji skoða frv. þó hún hafi að nokkru leyti unnið það, eins og ég sagði, með hv. landbn. Nd.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég vek athygli á því að hér er fjallað um frv. sem er allviðamikið og kemur til umræðu í hv. deild og til afgreiðslu á síðasta starfsdegi hennar fyrir það hlé sem nú hefur verið ákveðið.

Það er út af fyrir sig rétt hjá hæstv. landbrh. að það hefur farið um þetta frv. fram ofurlítil umfjöllun sem landbn. Ed. hefur verið þátttakandi í og ég þarf ekkert að leyna því að ég var satt að segja afar ánægður með þá málefnalegu umfjöllun að þeim hluta sem nefndarmenn landbn. Ed. tóku þátt í því starfi.

Hinu er aftur ekki að leyna að það hefur ekki farið fram nákvæm umfjöllun um málið hér í deildinni og satt að segja virtist mér vera hálfgerður hlaupagangur á mönnum í gær við að fella þær tillögur saman sem nú hafa verið samþykktar í Nd. til breytingar á þessu frv.

Það skal að sjálfsögðu skýrt tekið fram að þær eru til bóta og skýra málið sem slíkt nokkuð frekar, en eigi að síður liggur enn þá ljóst fyrir að þetta frv. eins og það er nú úr garði gert hefur ekki víðtæk áhrif til stuðnings við fiskeldið í landinu.

Það eru ýmsar athugasemdir sem ég hef við frv. að gera. Ég geri mér hins vegar ljóst hvernig staða málsins er og að ekki verður miklu um þokað. En í þessum efnum ætla ég nú við umræðuna að drepa á örfá atriði og kannski mættu þau þá á einhverju stigi málsins verða til varnaðar.

Í fyrsta lagi tel ég fullkomlega óeðlilegt að þessi tryggingasjóður sé vistaður hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins. Stofnlánadeildinni, eins og nafnið ber með sér, er fyrst og fremst ætlað það hlutverk að veita lán til uppbyggingar í landbúnaði og greinum sem reyndar eru landbúnaði tengdar, eins og vinnslu-

stöðvar landbúnaðarins, en Stofnlánadeildin er hins vegar ekki aðili að rekstrarlánum á einn eða annan hátt. Þar af leiðandi á þessi atvinnugrein erindi inn í Stofnlánadeildina með tilliti til uppbyggingar en ekki með tilliti til rekstrar. Ég óttast alveg sérstaklega í þessum efnum, og þá vil ég vona að hæstv. landbrh. fái næði til að hlýða á orð mín, að sjóðir Stofnlánadeildarinnar verði notaðir til að fjármagna þann rekstur sem hér er verið um að tala. Það er ekki neitt sjálfgefið, þó að það séu veittar heimildir til lántöku, jafnvel þó að þær séu ríkistryggðar, að það fjármagn sé gripið upp úr hvaða banka sem er. Sem betur fer er Stofnlánadeildin vel efnum búin. Um áramótin 1987–1988 hygg ég að varasjóður Stofnlánadeildarinnar hafi talið hér um bil einn milljarð kr. Auðvitað er þessi góði hagur Stofnlánadeildarinnar fyrst og fremst til kominn vegna þess að hún á í viðskiptum við skilvísa stétt, bændastéttina í landinu.

Alveg burtséð frá því hvað hæstv. landbrh. kann að hugsa í þessum efnum hef ég mikinn beyg af því að það verði farið í sjóði Stofnlánadeildarinnar þegar þörf krefur til að leysa þær skuldbindingar sem nú hefur verið ákveðið að vista innan stofnunarinnar. Það er af þessari ástæðu sem mér þykir hlýða að bera fram þessi varnaðarorð.

Þá er það ýmislegt í frv., m.a.s. eftir breytinguna, sem hlýtur að orka tvímælis. Hér finnst mér fyrst rétt að minna á hverjir það eru sem kunna að eiga ábyrgðarréttindi í þessum nýja tryggingasjóði. Það er í rauninni alls ekki nákvæmlega skilgreint. Lögfróðir menn hafa skýrt þau hugtök fyrir mér þannig að þeir einir eigi þar lánsréttindi eða ábyrgðarréttindi sem fengið hafa afurðalán sem nemur 37% af þeim verðmætum sem þau eru tryggð með. Þetta þýðir að þeir sem eru fyrir neðan þetta hlutfall, eins og t.d. allir viðskiptaaðilar Búnaðarbankans, hafa þarna ekki réttindi.

Þá liggur það nú fyrir og er algerlega óumdeilanlegt, enda beinlínis tekið fram í frv., að þeir sem ekki hafa enn fengið afurðalán hafa ekki réttindi til að fá viðbótarfé eins og reyndar er skýrt tekið fram í frv. Í því kjördæmi sem ég er kunnugastur, Austurlandskjördæmi, hygg ég að fyrirtæki sem eru að hefja rekstur eða hafa hafið hann nú þegar séu tíu talsins. Þar af hefur einn þessara aðila fengið afurðalán. Hinir níu hafa ekki fengið nein afurðalán enn þá og eru þess vegna réttindalausir í þessum sjóði. Þetta er að sjálfsögðu afar þýðingarmikið að menn athugi í þessum efnum.

Þá þykir mér vert að minna sérstaklega á og vekja athygli á því ákvæði sem kveður á um hversu ábyrgðir tryggingasjóðsins mega mestar verða. Það held ég að sé mikil ástæða til að grandskoða, m.a. vegna þess að sú heimild er veitt í innlendri og erlendri mynt, þ.e. 1,8 milljarðar íslenskra kr. eða jafnvirði þeirrar tölu í erlendri mynt. Hvernig fer þegar genginu er breytt og krónurnar eru allt í einu orðnar fleiri en 1,8 milljarðar? Þar með ná ekki lögin þeirri tryggingarupphæð sem sjóðurinn hefur þegar gengist í ábyrgð fyrir.

Þetta hlýtur líka að verða að vera mjög til athugunar í hverju tilviki þegar bankar eða lánastofnanir veita viðbótarlán. Þannig virðist sú afgreiðsla í öllum tilvikum þurfa að ganga til sjóðsins svo að ekki verði farið þar yfir þau mörk sem heimildir veita. Þetta hygg ég að geti orðið nokkuð þungt í vöfum.

Til viðbótar við þetta geðjast mér ekki að því stjórnarfyrirkomulagi sem þessi sjóður á að lúta og ýmislegt hefur komið fram í viðræðum við þá sem á sameiginlegan fund landbúnaðarnefnda Alþingis hafa verið kvaddir sem staðfestir ótta minn í þeim efnum. Hér er verið að setja á stofn eina stjórnina enn sem mun með einum eða öðrum hætti veita þessa fyrirgreiðslu að eigin geðþótta.

Ég skal ekki meta hér hvaða skoðun fyrrv. hæstv. landbrh. hefur í þessum efnum. En loðdýrabændur fengu á sl. ári og hafa kannski fengið enn að ganga í gegnum harðan skóla í viðskiptum sínum við Stofnlánadeild landbúnaðarins. Þar var alls ekki fjallað um mál með eðlilegum hætti eða á hlutlausan hátt. Það væri hægt að fletta því upp. Sum vinnubrögð við ákvarðanatöku þar — m.a. sérstakar einkunnagjafir sem loðdýrabændur fengu fyrir árangur í störfum og jafnvel var seilst svo langt að taka án þeirrar vitundar skilríki sem voru þeim persónulega bundin — sýna að sjálfsögðu hvað menn geta gengið langt eða tekið sér mikinn rétt í þessum efnum.

Hér er um það að ræða að hagsmunaaðilar eiga m.a. að taka þátt í þessari umfjöllun og það tel ég sérstaklega óviðeigandi þar sem gætir enn frekari persónulegra sjónarmiða en ef þarna er fyrst og fremst beitt faglegum vinnubrögðum.

Efnislega eru það þessi tvö atriði sem mér er langsamlega verst við í þessum efnum og reyndar leiða hvort af öðru, þ.e. að þessi sjóður skuli vera vistaður hjá Stofnlánadeildinni og að hagsmunaaðilar skuli eiga að fjalla um þær ábyrgðir sem teknar verða og þá að sjálfsögðu þrúgaðir af miklum persónulegum viðhorfum.

Ég skal ekki, herra forseti, orðlengja þetta frekar. Hér á eftir fer fram umfjöllun um málið í nefnd og er augljóst að það er lagt á það mikið kapp að koma þessu máli hér til afgreiðslu. Ekki ætla ég að verða til þess að svo geti ekki orðið, enda er ákveðinn meiri hluti í Alþingi sem hefur þann rétt að vilji hans gangi fram. Ég vek hins vegar athygli á því að það hefði ekki þurft að tefja lánveitingar til eins einasta fiskeldisbónda þótt Alþingi hefði gefið sér betri tíma til umfjöllunar um þetta mál. Hæstv. landbrh. hefur nú lýst því að hann ætli að vanda sérstaklega til þeirrar reglugerðar sem fylgja mun þessari lagasetningu og það er mjög af hinu góða, ekki dreg ég í efa vilja hans í þeim efnum. En þá reglugerð hefði verið hægt að byrja að vinna strax á morgun þótt lögin hefðu ekki verið samþykkt. Að sumu leyti hefði það auðveldað umfjöllun um málið ef drög að reglugerð hefðu legið fyrir þegar umræðan og afgreiðslan fer fram í Alþingi.

Ég vona að þau vinnubrögð sem hér eru viðhöfð núna verði ekki til að gefa fordæmi um að með sama

hætti verði unnið að afgreiðslum í þessari deild og í landbn. Ed. Alþingis því að þar hafa menn lagt metnað sinn í að skila vandaðri vinnu. Þessi afgreiðsla sem slík er fráhvarf frá þeirri vinnutilhögun og auðvitað hlýtur það að valda vonbrigðum. Ég tek hins vegar skýrt fram að hér er ekki verið að beita ofríki né neinum þjösnaskap við afgreiðslu þessa máls þótt slæmt fordæmi sé gefið.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Eftir að frv. það sem sagt var fyrir Nd. hafði legið átta vikur í fjmrn. og ríkisstjórnin gat ekki komið sér saman um hvernig ætti að leggja plaggið fyrir Alþingi var því loks hent inn í Nd. tveim eða þrem dögum áður en þingmenn fóru heim í jólaleyfi og farið var fram á af meiri hlutanum að því yrði þá kastað á milli deildanna án undirbúnings, án þess að þingmenn gætu kynnt sér málið eins og raunar var gert með fleiri mál hér í deildinni einmitt á þeim tíma og fer mjög vaxandi. Ég hygg að það hljóti að vera fyrir okkur alþingismenn mikið umhugsunarefni hvort það sé af tilviljun sem til þess er ætlast í þingsköpum að ákveðinn tími líði á milli umræðna og að ákveðinn tími líði áður en mál sem samþykkt eru í Nd. megi takast fyrir í hinni efri eða öfugt. Eins og þessi mál hafa þróast er tilhneiging ráðherra sú og ríkisstjórnar að draga það í síðustu lög að leggja málin fyrir Alþingi og ætlast svo til þess að þingmenn loki öllum skilningarvitum og afgreiði frumvörpin eins og á færibandi en engin málefnaleg vinna megi eiga sér stað í þinginu. Ég held þess vegna að óbreyttir þingmenn verði að fara að athuga sinn gang, verði sjálfir að taka það upp og ræða saman um það hvernig hægt sé að hafa stjórn á ríkisstjórnum, hvernig Alþingi getur aftur náð þeim sjálfsagða rétti, sem það hlýtur að verða að standa á, að það geti fengið að skoða mál og kynna sér mál, hugsa um þau áður en þau eru afgreidd sem lög frá hinu háa Alþingi. Ég held að það mikið sé í húfi að þetta sé óhjákvæmilegt. Núna fyrir jólin voru tvö frumvörp afgreidd úr nefndum og í báðum tilvikum loksins rankaði meiri hlutinn við sér við 2. eða 3. umr. í deildinni. Eins er um þetta frv. Það var loksins þegar stjórnarandstaðan sagði að hún mundi ekki líða það að frv. yrði afgreitt núna fyrir helgina sem stjórnarmeirihlutinn fékkst til að horfa á einstakar greinar þessa frv. gagnrýnisaugum.

Ég vil taka það fram að ég vil síður en svo koma í veg fyrir að þetta frv. verði afgreitt frá Alþingi í dag. Ég hefði auðvitað kosið að þingið hefði tekið sér tíma fram á mánudag, við hefðum fengið að hugsa um frv. til mánudags og ríkisstjórnin hefði beðið þangað til á mánudaginn með að senda okkur heim. Mér hefði liðið betur með það. En úr því að minni hluti Alþingis ætlar á eftir að senda enn meiri minni hluta Alþingis heim með þál. er að taka því, en ég vil undir engum kringumstæðum að það bitni á fiskeldinu í landinu. Af þeim sökum mun ég aðeins víkja nokkrum orðum til viðbótar að frv., en að öðru leyti ekki taka þátt í þessum umræðum.

Ég vil í fyrsta lagi segja að eins og frv. lítur út núna er það allt annað og betra en eins og það var lagt fyrir þingið í upphafi sem veldur því að maður getur verið þekktur fyrir að láta það ganga í gegnum þingið í dag. Að öðrum kosti hefði það verið óhugsandi með öllu. Ég bendi á að hér er auðvitað ekki um tryggingasjóð að ræða í eiginlegri merkingu. Þetta er ábyrgðarsjóður og við hljótum að velta því fyrir okkur í tengslum við þetta mál hvort ekki sé eðlilegra að stofnaður verði sérstakur ábyrgðar- og verðjöfnunarsjóður fiskeldis og hvort ekki verði að vekja þá spurningu hvert eðlilegt sé að eignarhaldið verði á sjóðnum, hverjir verði að eiga þennan sjóð. Ég held að Alþingi verði að velta því fyrir sér og kannski fyrst og fremst vegna þess að frv. er þannig samið að ekki virðist annað hafa vakað fyrir ríkisstjórn og ráðherrum en að reyna að tryggja að þessi baktrygging fiskeldisins í landinu yrði ríkissjóði með öllu áhættu- og kostnaðarlaus. Ég vil sérstaklega vekja athygli á því að í 2. mgr. d-liðar 22. gr., þar sem talað er um ríkisábyrgðina, eru öll orð mjög loðin og ógreinileg og ógerningur að átta sig á því hvað við er átt. Það væri t.d. fróðlegt að spyrja ráðherrann hvort hann telji að sú ríkisábyrgð sem þar er veitt sé sjálfskuldarábyrgð eða einföld ábyrgð, hvort ráðherrann telji að þessi orð um ríkisábyrgðina séu fullnægjandi þannig að lánastofnun mundi treysta sér á grundvelli þessara orða til að veita lán án þess að nýrrar ríkisábyrgðar sé aflað hjá Alþingi. Það er deginum ljósara að Stofnlánadeild landbúnaðarins er með sérstakan fjárhag og sú ríkisábyrgð sem er á bak við Stofnlánadeild landbúnaðarins tekur ekki til þess sjóðs sem hér er verið að fjalla um og þess vegna er nauðsynlegt að íhuga þetta mál. Það þarf hins vegar ekki að tefja frv. vegna þess að á ábyrgðina mun ekki reyna á næstu 3–4 vikum þannig að þingið getur þá tekið það til skoðunar þegar það kemur aftur saman í febrúarmánuði, eins og ég tel raunar að nauðsynlegt sé að gera um ýmsa aðra þætti þessa frv., að íhuga hvort það sé nauðsynlegt.

Ég vek athygli á því í öðru lagi eða raunar þakka fyrir það að hæstv. ráðherra skuli hafa gefið þá yfirlýsingu að stjórnarandstaðan, mér hefði kannski þótt fullnægjandi landbúnaðarnefndir en ég er ekki á móti því að það sé stjórnarandstaðan í heild, fái að fylgjast með því starfi sem unnið er í ráðuneytinu í sambandi við reglugerðir á grundvelli þessara laga og ýmislegt annað sem ákvörðun þarf að taka um og vil sannarlega vona að vilji Alþingis til þess að þessi sjóður geti tekið til starfa, áþreifanlegur vilji þingmanna til þess að bakábyrgðin standi ekki í vegi fyrir því að fiskeldið geti þróast með eðlilegum hætti í landinu verði til þess að reglugerðarvinnan gangi vel og það verði þá búið að ganga frá öllum formsatriðum, reglugerð og öðru slíku, þegar þingið kemur saman á nýjan leik. Ég vona það sannarlega.

En eins og ég sagði í ræðu minni, herra forseti, hygg ég að óhjákvæmilegt sé að bæði þingmenn og ég tala nú ekki um ríkisstjórnin velti þessu frv. fyrir sér í hléinu, hvort nauðsynlegt sé kannski að bæta eitthvað upp á sakirnar þegar þing kemur saman á nýjan leik í febrúarmánuði.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég mun hafa örfá orð um þetta mál þó að sannarlega væri rík ástæða til að taka betur á því í umræðum. En ég sé ekki ástæðu til að tefja afgreiðslu þess eða umfjöllun, enda langt liðið á þennan síðasta dag þingsins fyrir hlé.

Það er enginn vafi á því að vandi fiskeldisfyrirtækja er mjög mikill og á honum verður að grípa á einhvern hátt og það án mikillar tafar. Hins vegar ber að harma að þetta mál skuli bera svo fyrirvaralítið að og án þess að okkur gefist nægilegur tími til að fjalla vandlega um það. Hér er um mikinn áhætturekstur að ræða, afar fjármagnsfrekan og það skiptir auðvitað meginmáli hvernig stjórnvöld standa að því að styðja þennan rekstur þegar hann er nú að byrja hér á landi og hefði kannski betur verið að því hugað fyrr.

Mér gefst kostur á að fjalla um þetta mál áfram í nefnd á eftir og hef tækifæri þar til að láta skoðanir mínar frekar í ljós og jafnvel láta þær koma fram í nál. Fulltrúi Kvennalistans í Nd. lýsti í nokkuð ítarlegu máli efasemdum sínum um málið og bar fram spurningar til hæstv. ráðherra sem því miður fengust ekki nógu góð svör við og sýnir það eitt að undirbúningur þessa máls hefur ekki verið eins og skyldi. En hins vegar, eins og ég sagði áðan, skil ég að það verður að grípa á vandanum og ég er reiðubúin að gera mitt besta á nefndarfundi á eftir til að hraða afgreiðslu málsins.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Ég skal svo sannarlega ekki lengja umræður hér, en mér finnst að mér sé bæði rétt og skylt að tala í örstutta stund og eyða kannski einhverjum af þeim mikla misskilningi sem fram kemur, eins og t.d. sá sem síðasti ræðumaður nefndi, að hér væri í fiskiræktinni um afar fjárfrekan rekstur að ræða. Því er nú öðru nær miðað við til t.d. útgerðarmál o.s.frv.

Ég fagna því, sem hefur komið fram t.d. hjá ákveðnum hv. þm., Agli Jónssyni og Halldóri Blöndal, að þeir gera sér grein fyrir því eins og ég að þetta frv. er aðeins spor í áttina. Það þarf miklu meira að gera. En ástæðan til þess að ég tel mér líka rétt og skylt að tala hér er sú að ég hygg að það fyrirtæki, sem ég er stjórnarformaður í og heitir Ísnó og starfar á þrem stöðum á landinu, í Kelduhverfi, Vestmannaeyjum og Ölfusi, mundi ekkert þurfa á þessari hjálp að halda. Það eru 20 ár síðan við byrjuðum nokkrir félagar í fiskirækt og núna áratugur síðan við sömdum við Norðmenn um þátttöku, fengum hjá þeim alla tækniþekkingu sem þá var til og höfum fengið síðan og reksturinn, þó hann væri í fimm ár tilraunarekstur, mjög dýr og erfiður þar af leiðandi, er farinn að skila svo góðum árangri að við erum t.d. um þessar mundir að slátra um 400 tonnum af úrvalslaxi, mest á Bandaríkjamarkað, fyrir 150 millj. eða svo. Við vonum að það tvöfaldist núna á þessu ári og síðan áfram. Við höfum fengið afurðalán upp á 37,5% og það nægir okkur og þetta eru allt erlend lán. Við skuldum ekkert í lánum innan lands. Við erum rétt að komast fyrir hornið eftir tíu ár og þeir sem hafa byrjað síðustu 3–4 árin hafa nánast engar tekjur fengið. Það er rétt að reksturinn er fjármagnsfrekur, en fjárfestingin er sáralítil miðað við það sem er t.d. í fiskveiðum sem allir vita, en togari kostar kannski 400 millj. í dag. Það er hægt að byggja ansi stóra stöð fyrir það og arðvænlega.

Þess vegna get ég með mjög góðri samvisku barist fyrir þessum atvinnuvegi af því að við þurfum ekki á þeirri fyrirgreiðslu að halda sem nú er talað um og höfum í raun og veru aldrei fengið krónu í nokkurn styrk og ég held að við höfum nánast aldrei fengið nein innlend lán. Það litla sem við höfum fengið hjá lánastofnunum hefur verið verðtryggt eða gengistryggt.

Hlutafé er auðvitað meira í þessu félagi en öðrum þó að hægt væri af stað farið. En það sem hefur gerst er hörmungarsaga þegar bæði ég og aðrir hafa hvatt menn mjög til að leggja út í þennan rekstur í von um að lánafyrirgreiðsla, svo að það orð sé notað, yrði eitthvað svipuð og hjá öðrum atvinnuvegum. Ég vil helst kalla þetta lántökur og vexti í staðinn fyrir neikvæða raunvexti eða þá vaxtafót eins og í gamla daga og rétt til að vera á alþjóðlegum markaði og taka þau lán sem menn þurfa. En hjá öðrum fyrirtækjum er það svo að þau hafa engar tekjur haft og þau voru hvött til þess, eins og ég sagði, af mér og öðrum og ég minnist þess að okkar hæstv. forseti og þáv. og núv. forsrh. við hittumst einmitt inni í þessu herbergi og sömdum um það þrír að reyna að beita okkur fyrir því að forsrn. skipaði nefnd á þeim tíma vegna átaka sem voru um hvort hér væri um landbúnaðarmál að ræða eða sjávarútvegsmál til að leysa þann ágreining, koma í veg fyrir að sá ágreiningur yrði. Við bjuggumst við því að þessi rekstur fengi eitthvað ámóta og t.d. iðnaður og engum datt í hug að hann þyrfti jafnmikla peninga og t.d. sjávarútvegur. Þess vegna fóru menn í gang, sumir auðvitað með allt of lítið eigið fé og mjög margir, en það er misskilningur að það hafi allir sem út í þennan rekstur hafa farið gert það af vanþekkingu. Það er mjög mikið af hámenntuðum mönnum og reyndum ungum mönnum og konum í landinu sem hafa alla sömu þekkingu og það fyrirtæki sem lengst er komið í Noregi, sem er Norsk Hydro og Mowi, félagar okkar, sem eiga 43% í okkar félagi. Sú þekking er öll komin inn í landið. Hún er öll á boðstólum. Og auðvitað gengur hún út frá okkar stöðvum til allra sem það vilja vita og sjá.

En menn sem eru að berjast í þessu eru að verða gjaldþrota af því að þeir hafa engin lán fengið sem hægt er að nefna því nafni. Það er alveg rétt að þarna hafa orðið mistök í kerfinu, mjög mikil tregða. Og ég verð að segja það eins og það er að mér finnst að landbrn. hafi gengið of langt í eins konar tilraunum til að setja nýjar reglur og flóknar mjög svo. Þess vegna held ég að það sem hafi bjargað þessu fyrirtæki sem ég leyfi mér að nefna, ekki til þess að hæla mér heldur til þess að menn viti

að þetta er hægt, sé að við höfum aldrei þurft að sækja neitt undir neinn nema það að við fengum leyfi til að flytja inn norsk hrogn fyrir fjórum árum og það vill svo til að núna er verið að kreista þennan norska fisk, sem er núna milli 50 og 60 punda, sem mönnum finnst nú voðalega stórt og eru skíthræddir við að eitthvað af því veiðist á stöng, veiðimennirnir mundu líklega bara henda honum, ekki vilja sjá svoleiðis fisk, og það eru um þúsund lítrar eða 5 millj. hrogn. Það þykir illa á haldið ef ekki helmingurinn af 5 millj. hrognum verður að stórfiski. Við höfum á boðstólum núna hrogn úr fiski sem er kannski eini alheilbrigði norski stofninn sem til er í veröldinni því að eftir að við fengum þessi hrogn og þau hafa verið auðvitað í sóttkví hafa komið upp mjög alvarlegir sjúkdómar í Noregi sem ekki þekkjast hér. Ef það ætti að drepa þennan atvinnurekstur núna með því að gera ekkert fyrir hann nálgast það landráð, finnst mér.

Hitt er rétt að þetta frv. nær mjög skammt og ég held og vil leggja á það megináherslu að við þurfum að breyta þeim lögum, sem væntanlega verða samþykkt núna á eftir, á þessu þingi. Það er hægt að breyta þessum lögum á morgun ef þing sæti. Ég held að það séu svo miklar ágallar á þeim og ég er ekki að ásaka einn eða neinn fyrir það. Þeir eru svo margir að ég held að það verði að láta breyta þessum lögum.

Hæstv. ráðherra ætlar að lofa okkur að fylgjast með reglugerðabreytingum og öðru slíku. En það sem ég er að leggja áherslu á er að vera ekki með of mikið af slíkum reglum, ekki of flókna hluti, leyfa einföldum hlutum að vera einfaldir. Þá er borgið kannski bara helmingnum af þeim stöðvum sem fyrir eru.

Við höfum líka lært af mistökunum. Það er það einkennilega að menn læra líka af mistökum. Og það voru auðvitað mistök hjá sumum að fara af stað með of lítið eigið fjármagn. (**KP:** Menn læra mest af mistökum.) Já, já, menn læra mest af mistökum. Við vorum nánast þekkingarlausir fyrir tíu árum þegar við fengum alla þessa þekkingu frá Norðmönnunum sem voru tíu árum á undan okkur og eru jafnfætis okkur út af fyrir sig núna í þessu fyrirtæki. Norsk Hydro er með stöðvar í Noregi, þær stærstu, með stöðvar á Írlandi og í Skotlandi og á Íslandi. Þessi hópur hittist alltaf öðru hverju, skiptist á öllum upplýsingum. Þær eru allar komnar í landið. En það sem hefur háð öðrum er fjármagnsskortur, fjármagnssvelti hreint. Það má vel vera að það yrðu að vera þau mörk að allt yrði að vera 50% lán, 50% eigið fé eins og hefur verið í okkar fyrirtækjum. En það er bara ekki venja á Íslandi. Iðnaðurinn fær bæði rekstrarfé og góð iðnfyrirtæki fá svona 50% í Iðnlánasjóði eða Iðnþróunarsjóði. (**HBl:** Útflutningslánasjóði.) Útflutningslánasjóði o.fl. Það má ekki drepa hugsjónamenn sem eru að byrja núna, hafa byrjað fyrir 3–4 árum, niður þannig að þeir sjái enga glætu. Það sem segir mér að það verði að samþykkja þetta frv. núna er að annars mundi svartsýnin verða alger og það vita bæði núv. hæstv. landbrh. og fyrrv., sem vissulega eru áhugamenn um þetta. Og hvað með alla þá erfiðleika sem fyrrv. landbrh. þurfti að glíma við, baráttuna við kerfið, þessa peningaskömmtun, vitleysingapeningaskömmtun? Auðvitað eiga peningar að vera frjálsir. Það er það eina sem á að vera frjálst. Menn geti tekið óháð lán ef þeir geta ábyrgst þau sjálfir.

Þessu verður að linna. Og menn eru að fara á taugum vegna þess að þeirra starf í fimm ár, sumra lengur, er allt að hrynja fyrir þröngsýni stjórnvalda, ekki pólitíkusa heldur kerfiskarla sem öllu vilja ráða og allt þykjast vita þó að þeir viti kannski ekki neitt.

En þetta er ekki aðalatriðið, laxinn og það. Það er smápeningur. Við getum vel farið í 40 þús. tonn af laxi á næstu 6–7 árum sem eru að útflutningsverðmæti — hvað haldið þið? — 15 milljarðar kr. Það eru sömu spor og Norðmenn voru í fyrir þremur árum. Það eru 15 milljarðar kr. Allt hreinn gjaldeyrir. Það er engin gjaldeyrisnotkun í fiskirækt þegar búið er að byggja stöðvarnar nema kannski vítamín í fóðrið. Það er hreinn gjaldeyrir. Menn sjá að það er ekkert verið að tala í gríni í þessu efni. En það er aukaatriði. Það sem er að gerast núna er að sjávarfiskarnir verða dýrari. Lúðan er dýrari fiskur í fínustu búðunum í Bandaríkjunum, það hef ég skoðað með eigin augum, en úrvalslax og selst hærra verði. Ísnó, mitt fyrirtæki, fyrirgefið að ég nefni það enn þá, er búið að ákveða í samvinnu við Norðmennina, sem eiga sandhverfustöðvar, þær fyrstu, keyptu tilraunastöðvar í Noregi fyrir tíu árum, að fara út í sandhverfu. Hún selst á helmingi hærra verði en laxinn. Hún selst á 1000 kr. á mörkuðum jafnvel. Þegar fást 10 dollarar kannski fyrir laxinn sem við erum að flytja út núna, 400–500 kr., nálgast sandhverfan 1000 kr. í heildsölu, bara á markaði. Og þetta eru staðreyndir. Þetta tekur allt tíma. Sandhverfuseiðin sem við erum að fá núna eru ekki orðin söluvara fyrr en eftir 3–4 ár. Auðvitað verður að fjármagna þetta eitthvað í millitíðinni. Það segir sig sjálft. Það tekur líka tíma að smíða veiðiskip og koma því í gagnið o.s.frv. Þetta eru bara tvær tegundir af fiski. Síðan er allur skelfiskurinn eftir, allt það sem hægt er að rækta hér. Það er staðreynd t.d. með sandhverfuna að hún þarf 12–17 gráðu hita sem jafnastan árið um kring. Það getur enginn annar gert þetta í stórum stíl en sá sem hefur jarðhita. Önnur hitaorka er of dýr.

Þess vegna hljótum við núna að afgreiða þetta mál til þess að við sjáum að Alþingi sé í alvöru að tala um hlutina, það sé ekki bara þykjustuleikur eins og þetta hefur verið. Þrátt fyrir það tal sem stjórnmálamenn hafa reynt er alltaf einhver fyrirstaða, alls staðar verið lok lok og læs, hvort heldur er hafbeit eða eldi í kvíum eða á landi. (**GHG:** Best væri að stjórnmálamenn kæmu ekki nálægt þessu. Það væri best.) Best væri auðvitað að hvorki stjórnmálamenn né kerfiskarlar kæmu nálægt þessu, hér væri hreint frjálsræði og sá sem gæti tryggt peningana mætti taka þá að láni hvar sem væri. (**KP:** Er ekki best að

þjóðnýta þetta bara?) Það eina sem aldrei má gera, það hef ég sagt margsinnis, það eina sem aldrei má gera er að styrkja fiskeldið. Þá fer það á hausinn. Það má aldrei styrkja fiskeldið um einseyring. Það á að borga fulla vexti af sínum lánum og má aldrei lána meira en svo að það sé nokkurn veginn öruggt að það tapist ekki. Þó þetta frv. sé samþykkt á það ekkert að hjálpa öllum. Sumir eru auðvitað gjaldþrota. Við því er ekkert að segja. En obbinn hefur það þó hann fengi ekki nema helminginn af þeim lánum sem sjávarútvegurinn hefur. Ég sagði áðan: 37,5% eru afurðalánin af tryggingaverði sem eru ⅔ af söluverði. Það eru sem sagt 20–24% af okkar söluverði. Það nægir okkar fyrirtæki. Það nægir líka öðrum fyrirtækjum eftir 2–3 ár þegar þau hafa rétt úr kútnum.

Mér fannst mér vera skylt að segja þetta til þess að menn sjái að frv. á að afgreiða núna bara til að fiskeldismennirnir, sem eru að berjast árum saman, og okkar hæstv. forseti veit manna best hvað hefur verið erfitt að koma þessu í gegnum kerfið, missi ekki algerlega móðinn og segi: Já, já, Alþingi, einn ganginn í viðbót, sinnir ekki mikilvægasta atvinnuveginum. Þess vegna á að gera það og svo breytum við því sem við þurfum í næsta mánuði í samráði við ráðherra og alla réttsýna og velviljaða menn og gerum þetta. Og svo skal ég ekki segja orð meira. Við skulum bara sameinast um að gera þessa hluti og gera þá skynsamlega og aldrei að styrkja fiskirækt, aldrei um einseyring.

Karvel Pálmason:

Herra forseti. Auðvitað ætlar enginn hv. þm. hér í deild að stöðva þetta mál. Þetta er ekki spurning um það. Þetta er ekki spurning um að Alþingi ætli að stöðva eitt eða neitt. Þetta mál hefur verið stöðvað annars staðar í langan tíma, ekki á þinginu. Og það hvarflar ekki að mér að leggja neinn stein í götu þessa máls þó að ég viti hins vegar að það er mörgum spurningum ósvarað að því er þetta mál varðar. Það kom berlega í ljós á fundi beggja nefnda deildanna í gær að það er ýmsum mikilvægum spurningum ósvarað. Hvað þetta frv. kann að leiða af sér í framkvæmd er ég ekki dómbær um að segja nú. En það var ekki endilega það sem ég ætlaði að tala um.

Ég ætlaði að taka undir þá gagnrýni sem hér hefur komið fram á meðferð þessa máls og meðferð margra mála í þinginu. Þetta er út af fyrir sig ekkert nýtt og ég er ekki með þessu að gagnrýna hæstv. núv. landbrh. sérstaklega. Það er auðvitað ótækt að þingmönnum sé stillt nánast upp við vegg í hvert skipti á fætur öðru og þeir verði að afgreiða mál án þess að hafa getað skoðað þau nægilega til að geta myndað sér skoðun á þeim. Þetta á ekki bara við núv. hæstv. landbrh. Kannski á hann minnst af þessu. Þetta á auðvitað við alla ráðherra mismunandi mikið og allar ríkisstjórnir undangengin ár og áratugi. Það er spurning hvað við hinir óbreyttu þingmenn látum hæstv. ráðherrum líðast það lengi að haga sér með þessum hætti. Það hlýtur að koma að því fyrr en seinna að menn segja: Hingað og ekki lengra. Menn eiga ekki að láta stilla sér þannig endalaust upp við vegg í mikilvægum málum að menn gefi sér ekki tíma til að líta á þau, fá um það upplýsingar og gaumgæfa hvað hér er í raun og veru á ferðum. Undir þessa gagnrýni tek ég heils hugar og hef gert það áður og raunar margoft, að það er óþolandi að þingmönnum sé boðið upp á svona vinnubrögð.

En að því er þetta mál varðar skal ég ekki spyrna við fótum í málsmeðferðinni og enn síður að því er málið sem slíkt varðar því að auðvitað er þörf á að bæta hér um. Spurningin er með hvaða hætti.

Ég tek líka undir að það kann vel svo að fara að þetta mál þurfi að taka upp aftur fljótlega. Ég hygg að hæstv. landbrh. muni líka sýna landbúnaðarnefndum þann heiður að þær fái reglugerðirnar eins og stjórnarandstaðan, eins og hann er búinn að lofa, hæstv. ráðherra, þannig að við sitjum við sama borð og stjórnarandstaðan, nefndarmenn. (**SkA:** Það er engin stjórnarandstaða til í landbúnaðarnefndum.) Ég var ekki að tala um stjórnarandstöðu þar. Ég var að tala um stjórnarandstöðu í þinginu og hæstv. ráðherra átti við það. (Gripið fram í.) Það á nú eftir að koma í ljós.

En hvað sem því líður er þetta mál nauðsynlegt, en það verður að taka tillit til þess að a.m.k. einstaka þingmenn vilja fá að hafa sjálfstæða skoðun og skoða mál. Það veit ég að hæstv. menntmrh. tekur undir og hefur gert undangengin ár. Hann hefði ekki látið bjóða sér slíkt lengi sem stjórnarandstæðingur og óbreyttur þingmaður. (Gripið fram í.) Já, það kann vel að vera. Auðvitað skiljið þið manna best hvor annan, hv. þm. Halldór Blöndal og Svavar Gestsson, hæstv. ráðherra. (**Menntmrh.:** Það er ekki svoleiðis í A-flokkunum.) (**SkA:** Á rauðu ljósi.) Ef menn vilja halda áfram umræðum í þessum dúr er það hægt, ekkert skorast ég undan því að tala um þessa hluti, sem eru hjartfólgnir fyrrv. formanni Alþb. þessa dagana, og hugsa til liðinna ára í þessum efnum. (**HBl:** Ætli þeir mætist á miðri leið, formennirnir?) Ekki skal ég segja um það. Það er ekki á mína ábyrgð sem sú ferð kann að verða farin. (**SkA:** Amen.)

Út af þessu dagskrármáli skal ég ekki hafa fleiri orð, en ég bið hæstv. landbrh., sem er með þetta mál, og einnig hæstv. menntmrh. að reyna að koma því til leiðar að ráðherrar fari að haga sér með þeim hætti að þeir séu að umgangast venjulega þingmenn og ryðji ekki inn málum á síðustu stundu án þess að menn fái aðstöðu til að kynna sér þau. Það er lágmarkskrafa að slíkt verði gert. En ég ítreka enn: Þessu er ekki beint gegn núv. hæstv. landbrh. Þetta höfum við öll orðið að láta yfir okkur ganga hér allt of lengi. En við hljótum einhvern tímann að segja: Nei. Hingað og ekki lengra.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki vera langorður, en

hér er um mjög mikið mál að ræða þannig að mér finnst eðlilegt að alla vega þeir þingmenn sem hafa fengist eitthvað við þetta láti eitthvað í sér heyra eins og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson gerði áðan. Ég vil einnig taka undir þær athugasemdir þingmanna sem hér hafa talað á undan að það er í sjálfu sér forkastanlegt hvernig þetta mál ber að. Þar á ég sérstaklega við þann drátt sem hefur orðið á því að koma málinu inn í þingið. Ég er ekki að gagnrýna hæstv. landbrh., ég tel ekki að hann eigi neina sérstaka sök á því, en æskilegra hefði verið að þetta mál hefði komið fyrr inn í þingið því það má segja að það er ekki seinna vænna að hið háa Alþingi fjalli um fiskeldismál.

Ég lít þannig á að þetta frv. sé spor í rétta átt, en það leysir í sjálfu sér ekki þann mikla vanda sem við er að etja. Það mun samt hjálpa til í sambandi við uppbyggingu fiskeldis. Í því eru atriði sem geta stutt mjög við bakið á heilbrigðum, vel reknum fiskeldisstöðvum. Því verður hins vegar ekki neitað að sumir sem hafa farið út í þessa atvinnugrein hafa ekki gert það af þeirri fyrirhyggju sem æskilegt er og þeim verður auðvitað ekki bjargað og frv. ekki hugsað þannig. (Gripið fram í.) Ég er ekki sammála hv. þm. Agli Jónssyni um að svo skuli gert. Menn verða að fara út í atvinnurekstur með fyrirhyggju og leggja grundvöll að því með eðlilegum hætti en ekki koma eftir á og gera þær kröfur til hins opinbera að þeim verði bjargað þegar þeir hafa ekki lagt út í sinn rekstur með þeim hætti sem verður að vera krafa um á hverjum tíma.

En mér fannst rétt að vekja athygli á því í þessu máli, þar sem hér hefur verið rætt nokkuð um fiskeldi almennt, að fiskeldi er fjölbreytilegt og það er mikið talað um, eins og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson gerði áðan, að Norðmenn hafi flutt alla þekkingu inn í landið eða réttara sagt Íslendingar sem eru í samstarfi við Norðmenn. Ég er ekki alveg sammála þessu sjónarmiði þótt ég ætli ekki að draga úr því að Norðmenn hafa veitt okkur veigamikla aðstoð í uppbyggingu mjög góðra fyrirtækja eins og þeirra fyrirtækja sem hv. þm. Eyjólfur Konráð minntist á áðan. Íslendingar hafa sjálfir tekið þátt í þessu. Þeir hafa sjálfir aflað sér þekkingar og komið við sögu, auk þess sem við höfum einnig notið sérþekkingar annars staðar frá og vil ég sérstaklega nefna það í sambandi við hafbeit.

Það er einu sinni þannig að fiskeldi er meira en bara kvíaeldi eða strandeldi. Það er einnig hafbeit. Ég undirstrika það í sambandi við afgreiðslu þessa frv. að í frv. er gert ráð fyrir og tekin afstaða til hafbeitar. Ég tel það mjög mikilvægt og þýðingarmikið atriði með það í huga að þeir sem hafa fengist við að reyna að byggja upp hafbeitarstöðvar hérlendis hafa yfirleitt ekki fengið neina fyrirgreiðslu, jafnvel ekki viðskipti í þeim bönkum sem ættu að veita slíkum fyrirtækjum viðskipti.

Ég nefni sem dæmi að það fyrirtæki sem hefur gengið lengst í því að byggja upp hafbeitarstöð á Íslandi, Vogalax hf., hefur ekki komist í viðskipti við ríkisbankana með sama hætti og ýmsar minni stöðvar og minni fyrirtæki. Er það í sjálfu sér forkastanlegt að fyrirtæki sem hafa verið að þróa sig á lengri tíma eins og það fyrirtæki, en það hóf sínar tilraunir fyrir tíu árum, skuli ekki hafa komist í eðlileg viðskipti eins og mörg önnur fyrirtæki.

Ég tek undir það sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson sagði áðan um að fjárfesting er ekki mikil í þessari atvinnugrein. Það er mikill misskilningur að halda það þegar það er borið saman við þá miklu fjárfestingu sem er t.d. í íslenskri togaraútgerð eða íslenskum fiskvinnslustöðvum. Sem dæmi vil ég nefna um hafbeitarstöðina sem Vogalax rekur í Vogum að fjárfesting í því fyrirtæki er ekki meiri en ¾ af skuttogaraverði, en það er áætlað að þegar stöðin er komin í full afköst geti hún skilað helmingi meiri tekjum en skuttogari. Ég nefni sem dæmi, þar sem hér var talað um áðan að sumar stöðvar væru að framleiða hrogn, að bara í þeirri stöð er hrognataka mjög mikil og stöðin er sjálfri sér nóg í því að framleiða úr þeim hrognum sem sá fiskur skapar skilyrði til sem kemur af hafi á hverju sumri. Okkar framleiðsla mun verða 5–6 milljónir seiða á þessu ári sem mun gefa möguleika á sleppingu upp á ca. 2½ milljón seiða næsta sumar. Það er álit mitt að í uppbyggingu fiskeldisstöðva eigi að reyna að dreifa áhættunni þannig að fyrirtækin séu með bæði seiðaeldi, strandeldi og hafbeit og eftir atvikum kvíaeldi.

Að lokum vil ég segja, virðulegi forseti, að ég tel að frv. sé spor í rétta átt og hefði átt að vera fyrr búið að huga betur að þessum málum á hinu háa Alþingi varðandi þau atriði sem hið opinbera getur komið inn á í sambandi við þessa atvinnugrein. Þetta er ný atvinnugrein á Íslandi og því miður hafa Íslendingar tapað að vissu leyti á tíma í þessum efnum. Norðmenn byrjuðu á fiskeldi fyrir rúmlega 20 árum, en það má segja að Íslendingar hafi ekki hafið þetta starf með skipulögðum hætti fyrr en fyrir um tíu árum þegar fyrirtækið Ísnó og Fjárfestingarfélag Íslands fóru út í þetta skipulega með það í huga að gera þetta að stórri atvinnugrein.

Hér áðan greindi hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson frá því að fyrirtækið Ísnó, sem hefur verið um tíu ár í þróun hérlendis ef rétt er með farið, er núna komið á það stig að það er farið að framleiða 400–500 tonn af eldislaxi á ári. Það fyrirtæki hefur aldrei notið neinnar fyrirgreiðslu af hálfu hins opinbera að öðru leyti en því að ég geri ráð fyrir að það hafi fengið lán eins og aðrir, en það eru örugglega lán með afarkjörum. Sama má segja um Vogalax. Það fyrirtæki hefur aldrei fengið neinn opinberan stuðning. Það hefur fengið að taka lán eins og aðrir með afarkjörum. Hins vegar hefur það, eins og aðrir aðilar sem hafa ráðist í þetta af eigin rammleik, mætt mikilli andstöðu og ég vil segja óvilja víða hjá hinu opinbera. Ég nefni sem dæmi að jafnvel ríkisbankar landsins hafa neitað að opna viðskipti við fyrirtæki eins og Vogalax. Eiginfjárstaða þess fyrirtækis hefur þar af leiðandi sem betur fer orðið með þeim hætti að eigendur hafa lagt til mjög mikið eigið fé á móti

þeim lánum sem tekin hafa verið þannig að eiginfjárhlutfall er mjög hátt. Ef þessir tveir aðilar hefðu ekki ráðist í þessar framkvæmdir með þeim hætti sem gert var fyrir tíu árum og aflað þeirrar þekkingar erlendis frá, annað fyrirtækið í Noregi og hitt í Bandaríkjunum, væru Íslendingar ekki komnir þar sem þeir eru í dag á sviði fiskeldismála.

Ég gat um það áðan að Íslendingar hefðu tapað tíma. Norðmenn munu á þessu ári væntanlega framleiða 120 þús. tonn af laxi í sínum fiskeldisstöðvum. Á sl. ári var framleiðsla þeirra um 80 þús. tonn. Þeirra forskot er orðið mikið, ekki bara í framleiðslumálum heldur einnig í markaðsmálum. Við Íslendingar erum rétt á byrjunarstigi. Ég tek undir það sem sagt hefur verið hér fyrr í umræðunni af sumum þingmanna að ég treysti þingmönnum til þess að leggjast ekki gegn þessari nýju atvinnugrein með úrtölum. Þeir ættu frekar að leggjast á sveif með þeim mönnum sem hafa staðið að þeirri uppbyggingu með þeim hætti sem eðlilegt er að hið opinbera geri.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að vera langorður. Ég ætlaði einungis að fagna frv. og lýsa yfir ánægju minni yfir því að hæstv. landbrh. skuli leggja það fram. Það má deila um margt í frv., en ég ætla ekki að eyða tíma mínum í að gera það.

Það er skoðun þeirra sem við fiskeldismál vinna að frv. geti leitt til góðs og þeir standa heils hugar á bak við þetta hefur mér skilist. Ég tel það eitt nægja til þess að ég muni ekki greiða atkvæði á móti frv.

Ég vildi rétt koma hér upp til að lýsa þeirri skoðun minni og fagna þessu frv., en mun vonandi fá tækifæri til að ræða þetta nánar í nefnd sem áheyrnarfulltrúi, þó ég eigi ekki þar sæti.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Aðeins fáein orð.

Ég þakka hv. þm. sem hér hafa talað þann skilning sem þeir hafa allir sýnt á þeim aðstæðum sem uppi eru í fiskeldinu og gera það að verkum að lögð er mikil áhersla á að þetta mál verði afgreitt. Vegna þeirra orða sem einnig hafa fallið um málsmeðferðina og hvernig þessu máli hefur verið hraðað í gegnum þingið endurtek ég að ég hef margsagt að mér þykir miður að ekki hafi gefist meiri tími til að skoða málið rækilegar í þinginu og í þingnefndum, en færi það fram mér til málsbóta að það er ekki ég sem vel mér þetta verklag heldur eru það aðstæður í fiskeldinu sem gera það að verkum að málið er svo brýnt sem raun ber vitni og ég tel það skyldu mína sem umsjónarmaður þessa máls að leggja til að því verði hraðað eftir föngum. Þess vegna hefur svona rík áhersla verið lögð á málið og það veit ég að hv. alþm. skilja og kom reyndar fram í máli allra þeirra sem töluðu.

Það er enn fremur ljóst og rétt að hér eru fjölmörg álitamál á ferðinni sem út af fyrir sig væri hægt að ræða ítarlega. En þá vísa ég til þess sem ég hef sagt um þá reglugerð sem setja þarf á grundvelli laganna ef af verður, að ég býðst til þess að reyna að vinna hana í samráði við hv. þm., bæði stjórn og stjórnarandstöðu, ekki síst landbn. hv. deilda, og enn fremur er það rétt, sem bent hefur verið á, að komi í ljós við nánari skoðun málsins að þar séu enn hlutir sem betur megi fara er auðvitað hægt að breyta þeim þó síðar verði, en það er mjög mikilvægt fyrir framgang málsins að þetta frv. verði að lögum þannig að á grundvelli þeirra laga sé hægt að hefja undirbúning að framkvæmdum og setningu reglugerðar. Það er, eins og hv. alþm. vita, auðveldara að vinna að slíku þegar lög eru í höfn, ella geta þau tekið breytingum sem reglugerðin þyrfti að taka mið af o.s.frv.

Varðandi eitt atriði sérstaklega sem spurt var um og kom fram í máli fleiri en eins aðila, það varðar ábyrgðarrétt og hlutföll lána frá bönkunum, þá hef ég lítillega rætt það mál við aðila úr viðskiptabönkum og tryggingafélögum og við höfum orðið ásáttir um að það sé eitt af þeim atriðum sem sérstaklega þurfi að ganga frá í samstarfi þessara aðila og setja í reglugerð. Hvort það hlutfall verður miðað við það sem einhver ein tiltekin bankastofnun hefur viðhaft upp á síðkastið í fyrirgreiðslu til fyrirtækjanna skal ég ekki segja. Fyrst og fremst væri heppilegt ef næðist samkomulag um það milli fulltrúa frá viðskiptabönkum, tryggingafélögum og hagsmunaaðilum málsins hvað væri eðlilegt afurðalánahlutfall frá viðskiptabönkunum á grundvelli eða á bak við svonefnda umframskaðatryggingu, en ég tel þó líklegt að það yrði nálægt þeim 37,5% sem flest fiskeldisfyrirtækin hafa fengið frá sínum viðskiptabönkum.

Ég vil svo endurtaka þakkir mínar, herra forseti, fyrir þann skilning sem menn hafa sýnt á aðstæðum í þessu máli og vona að frv. megi verða að lögum innan tíðar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

EFRI DEILD

49. fundur, föstudaginn 6. jan., að loknum 48. fundi.

Stofnlánadeild landbúnaðarins, 2. umr.

Stjfrv., 206. mál (fiskeldislán). — Þskj. 429, n. 432 og 433.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. landbn. (Skúli Alexandersson):

Herra forseti. Landbn. deildarinnar hefur fjallað um frv. á stuttum fundi. Áður hafði nefndin unnið með landbn. Nd. og rætt málið þar. Við höfðum óskað eftir því að á þennan fund, sem haldinn var núna, kæmi fulltrúi frá Landsbankanum. Það tókst ekki að fá þann fulltrúa, en ég átti samt símtal við Sverri Hermannsson bankastjóra og gerði honum grein fyrir okkar ósk og um hvað væri verið að fjalla. Það breytti ekki því að bankinn sendi ekki fulltrúa, en ég upplýsti hann sem sagt um þessa hluti þannig að hlutur okkar gagnvart bankanum, ef einhver upplýsingaskylda hefur átt að vera þangað, ætti að vera í lagi út frá því samtali sem við áttum saman.

Á fundi nefndarinnar kom það fram, sem reyndar hafði komið fram í ræðum manna hér, að vinnubrögð svipuð og þau sem hafa átt sér stað í kringum þetta mál, sá þrýstingur ríkisstjórnar að koma máli í gegnum hv. Alþingi á svo skömmum tíma og í svo miklum önnum sem í þinginu eru núna væri hlutur sem ekki mætti endurtaka sig og væri allur af hinu verra.

Hv. þm. Egill Jónsson ítrekaði enn á nefndarfundinum að hann vildi benda á að ákvæðið um gengisviðmiðun, ábyrgðartölurnar, gæti gert að verkum að þar féllu hlutir ekki saman, það yrði með einni gengisfellingu hærri tala en lögin gerðu ráð fyrir. Þetta væri nauðsynlegt að taka til ítarlegrar athugunar í sambandi við reglugerð. Einnig benti sami þingmaður á að hann teldi að sú umræða, sem hér hefði átt sér stað á þann veg að það væri allt í lagi að sum fyrirtæki færu á hausinn, væri ekki það sem við ættum að huga að heldur hitt, að styrkja þennan rekstur svo sem unnt væri þannig að hann mætti halda velli. Það voru margir nefndarmenn sem tóku undir þetta. (Gripið fram í.) Já, það voru allir nefndarmenn sem tóku undir það, en hv. þm. Egill Jónsson benti á þetta sérstaklega í sinni tölu. (**HBl:** Það hefur verið mikil eining í nefndinni.) Mjög mikil eining var í nefndinni og einnig var þar ítrekuð og reyndar þökkuð sú yfirlýsing frá hæstv. landbrh. að nefndin og þingmenn fengju að fylgjast með undirbúningi og gerð reglugerðar.

Ég þakka nefndinni fyrir gott starf og að hún skyldi hafa skilað þessu máli á þessum kvöldfundi frá sér þannig að við ættum að geta gengið frá frv. nú sem lögum frá Alþingi. Meiri hl. nefndarinnar leggur til ... (Gripið fram í.) Gleymi ég nú einhverju, hv. þm.? (**KP:** Málsmeðferðinni.) Ja, ég hafði nefnt hana í upphafi. Ég nefndi það einmitt í upphafi.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt. Guðrún Agnarsdóttir skilar séráliti.

Frsm. minni hl. landbn. (Guðrún Agnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. við 206. mál þessa þings, frv. til l. um breytingu á lögum nr. 45 frá 16. apríl 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, með síðari breytingum, og þetta er minnihlutaálit landbn.

Stjórnvöldum ber skylda til að skapa hagkvæmar aðstæður fyrir útflutningsgreinar. Það er einnig eðlilegt að efla fjölbreytni þeirra og hvetja til nýrra atvinnugreina. Miklu varðar þó að vanda til undirbúnings og líta til lengri tíma. Það er eðlilegt að styðja við bakið á nýjum atvinnugreinum meðan þær fóta sig, en sjálfsagt er einnig að krefjast ákveðinna lágmarksskilyrða áður en stjórnvöld veita fé eða styrki til framkvæmda og það hlýtur að vera grundvallaratriði að útflutningsgreinar beri sig. Alltaf geta þó komið upp óviðráðanlegar aðstæður sem gera kröfu til þess að stjórnvöld hlaupi undir bagga.

Þetta frv. er flutt til að taka á langvinnum og vaxandi vanda fiskeldisfyrirtækja, en þar hefur víða gætt meira kapps en forsjár. Bæði er að stjórnvöld hafa óspart hvatt menn til framkvæmda, en einnig hafa margir eygt skjótfenginn gróða í þessari atvinnugrein. Vandi fiskeldisfyrirtækja var viðurkenndur af stjórnvöldum í maí sl. þegar þau veittu þeim stuðning að nokkrum hluta. Sá stuðningur hvatti menn til að halda áfram rekstri. Síðan hefur orðið óskiljanleg töf á frekari aðgerðum stjórnvalda sem hefur aukið mjög á skuldabagga og annan vanda fiskeldisfyrirtækja. Það er því enn óskiljanlegra að þessu máli skuli nú skellt næsta fyrirvaralítið inn á Alþingi og þess krafist að það sé afgreitt næstum umyrðalaust án þess að nægilegur tími gefist fyrir þingmenn til að athuga það.

Ýmsir aðilar hafa sótt tvo sameiginlega fundi landbn. beggja deilda. Ég harma reyndar að fulltrúar frá Landsbanka Íslands hafa ekki látið sjá sig. Ég bað sérstaklega um að þeir mættu á fundinn, ekki síst vegna þess að þær reglur sem þar gilda um lán hafa verið fordæmisskapandi og við þær er miðað þegar talað er um eðlilegt lánshlutfall. Það er því mjög miður að þau hafa ekki séð sér, ekki einn einasti fulltrúi, fært að mæta á fund okkar. Hins vegar var ljóst af upplýsingum þeirra sem á fund okkar mættu að vandinn er mikill og nauðsyn að grípa á honum án mikillar tafar og tek ég fúslega undir það. Það er hins vegar einnig ljóst að á þessu máli eru margir lausir endar og margt óljóst um framkvæmd þess, jafnvel fyrir þá aðila sem ætlað er að sjá um lánveitingar og þá vitna ég til aðila frá Búnaðarbankanum sem var alls ekki ljóst hvernig ætti að framkvæma þetta mál.

Ekki liggur fyrir mat á áhættu sem stjórnvöld hljóta að taka á sig með þessum aðgerðum, en hún hlýtur að vera töluverð þar sem hér er um mjög fjármagnsfrekan atvinnurekstur að ræða. Skilyrði fyrir lánveitingu eru einnig mjög óljós, svo og þáttur erlendra aðila, t.d. raunverulegur eignarhluti þeirra. Það er til að mynda undarlegt að hvergi skuli minnst á í frv. mikilvæg skilyrði eins og t.d. staðsetningu fiskeldisstöðva, aðbúnað mengunarvarna, hollustuhætti og kröfur um menntun og þekkingu þeirra sem að greininni starfa, en það verða að teljast eðlilegar kröfur þegar um slíkan áhætturekstur er að ræða og af þessu tagi.

Lengri tíma þarf til að athuga málið betur án þess þó að á því verði töf, og ég vil taka mjög skýrt fram að við höfum fyllsta hug á því að afgreiða þetta mál og standa vel að afgreiðslu þess og tefja það alls ekki. En það þarf lengri tíma og það kom fram í umfjöllun nefndarinnar að hægt væri að fresta þessu máli fram í næstu viku og hefði ég og aðrar kvennalistakonur verið mjög fúsar til þess að taka á því þá til þess að vanda afgreiðslu þess. Án þess að það sé gert telja þingkonur Kvennalistans ekki óhætt fyrir stjórnvöld að styðja við þessa mikilvægu atvinnugrein á þann hátt sem hér er til lagt. Við viljum þó ekki standa gegn málinu og munum því sitja hjá við afgreiðslu þess í þinginu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

EFRI DEILD

50. fundur, föstudaginn 6. jan.,
að loknum 49. fundi.

Stofnlánadeild landbúnaðarins, 3. umr.

Stjfrv., 206. mál (fiskeldislán). — Þskj. 429.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþykkt með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 434).

SAMEINAÐ ÞING

35. fundur, föstudaginn 6. jan.,
að loknum fundum í Ed.

Frestun á fundum Alþingis, síðari umr.

Þáltill. forsrh., 222. mál. — Þskj. 405.

Of skammt var liðið frá fyrri umr. — Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv.

Ólafur G. Einarsson:

Hæstv. forseti. Tillaga liggur hér fyrir um frestun funda Alþingis í allt að fjórar vikur eða að það komi saman eigi síðar en 6. febrúar. Þingmenn Sjálfstfl. ætla ekki að leggja stein í götu þessarar tillögu og er það fyrst og fremst vegna þess að hæstv. forsrh. hefur gefið hér yfirlýsingu um það að ef ríkisstjórnin telji nauðsyn á lagasetningu meðan á þessari frestun funda stendur muni hæstv. forsrh. hafa samband við stjórnarandstöðuna og ef hún telji nauðsynlegt að kalla þing saman verði svo gert.

Ég fagna þessari yfirlýsingu hæstv. forsrh., en þrátt fyrir hana getum við þingmenn Sjálfstfl. ekki greitt þessari tillögu atkvæði okkar og það er vegna þess hversu mörg mál bíða afgreiðslu á hv. Alþingi. Ég hef að vísu ekki alveg nákvæma tölu um stöðu þingmála nú, en ég held að ég fari þó nokkuð nálægt hinu rétta þegar ég segi að af stjfrv. sem lögð hafa verið fram hafa 18 verið samþykkt sem lög en 28 bíða óafgreidd, flest ef ekki öll í fyrri deild og þar á meðal er 1. mál þingsins, um verðbréfaviðskipti, sem ef ég man rétt hæstv. ríkisstjórn lagði töluverða áherslu á að yrði að lögum sem fyrst. Af þmfrv. eru tvö orðin að lögum. Í nefnd í fyrri deild eru 20 frv. og 9 frv. bíða þess að talað verði fyrir þeim í 1. umr. Það hafa tvær þáltill. verið samþykktar, 21 er í nefnd og 33 þáltill. bíða þess að talað verði fyrir þeim. Ég hef ekkert sérstakt yfirlit um fyrirspurnir, enda skipta þær kannski minna máli, en þó veit ég að margar bíða afgreiðslu. Mér telst því til að af málum sem lögð hafa verið fyrir þingið, frv. eða þáltill., hafi 22 verið afgreidd en 111 bíði afgreiðslu.

Af þessu má sjá að hér er margt að vinna og því hefðum við talið skynsamlegra að fresta fundum þingsins í skemmri tíma, t.d. um tvær vikur. Þessa vildi ég láta getið, hæstv. forseti, og ítreka það um leið að þingmenn Sjálfstfl. munu sitja hjá við afgreiðslu þessarar tillögu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 27 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónS, JSS, KSG, KP, KJóh, MF, ÓÞÞ, PP, SkA, StG, PÞ, StH, SJS, SvG, VS, AS, ÁrnG, EG, GB, GuðnÁ, HÁ, HG, JE, JBH, JHelg, JK, GHelg.

KrP, KE, KH, MÁM, MálmS, ÓE, ÓÞG, SalÞ, ÞK, ÞÞ, AG, BÍG, DS, EgJ, EKJ, FÞ, FrS, GuðmÁ, GHG, HBl, IBA greiddu ekki atkvæði.

15 þm. (JúlS, MB, PJ, RA, RH, SighB, ÞP, AðB, EH, GeirG, GHH, GGÞ, GA, HJ, JóhS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 26:11 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 435).

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Forseti Íslands hefur gefið út svohljóðandi bréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forætisráðherra umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis, 111. löggjafarþings, frá 6. janúar 1989 eða síðar, ef henta þykir, enda verði þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 6. febrúar 1989.

Gjört í Reykjavík, 5. janúar 1989.
Vigdís Finnbogadóttir.

Steingrímur Hermannsson.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis.“

Samkvæmt þessu bréfi og því umboði sem mér er með því veitt lýsi ég því hér með yfir að fundum þessa Alþingis, 111. löggjafarþings, er frestað frá deginum í dag. Þingið verður kvatt til fundar eigi síðar en 6. febr. nk.

Efnisskrá.

Aðgerðir í efnahagsmálum (20. mál, staðfesting bráðabirgðalaga frá 20. maí) 2782.
Atvinna kvenna á landsbyggðinni (104. mál) 2817.
Drengskaparheit unnið 2770.
Erfðalög (208. mál, önnur erfð, óskipt bú o.fl.) 2773.
Fjárlög 1989 (73. mál) 2838, 2950.
Frestun á fundum Alþingis (222. mál) 2960, 2979.
Friðun hreindýra (217. mál) 2776.
Heimild til að hækka útsöluverð áfengis og tóbaks (223. mál) 2833, 2836, 2837, 2929, 2931, 2939.
Meðferð trúnaðarmála (192. mál) 2819.
Norrænn þróunarsjóður (202. mál) 2770.
Nýárskveðjur 2769, 2770, 2781.
Reglur um afhendingu áfengis á kostnaðarverði (153. mál) 2828.
Sala á landbúnaðarafurðum (92. mál) 2829.
Samkeppnisstaða innlendrar kökugerðar (197. mál) 2826.
Stofnlánadeild landbúnaðarins (206. mál, fiskeldislán) 2939, 2950, 2960, 2976, 2979.
Störf ósonnefndar (190. mál) 2822.
Varamaður tekur þingsæti – rannsókn kjörbréfs 2769.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Guðrún Helgadóttir 2769, 2770, 2952, 2954.
Forseti Ed. Jón Helgason 2770.
Forseti Nd. Kjartan Jóhannsson 2781, 2816.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 2794, 2818, 2820, 2821, 2960, 2981.
Fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson 2828, 2829, 2834, 2927, 2929, 2935.
Landbrh. Steingrímur J. Sigfússon 2833, 2947, 2960, 2975.
Menntmrh. Svavar Gestsson 2776, 2780, 2954.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 2773.
Utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson 2831.
Viðskrh. Jón Sigurðsson 2770, 2772, 2822, 2825, 2826, 2942.
Albert Guðmundsson 2801, 2932, 2938, 2951, 2955, 2956, 2958, 2959.
Alexander Stefánsson 2906, 2939.
Danfríður Skarphéðinsdóttir 2837, 2917.
Eggert Haukdal 2921.
Egill Jónsson 2896, 2962.
Eiður Guðnason 2836, 2959.
Eyjólfur Konráð Jónsson 2834, 2836, 2955, 2967.
Friðjón Þórðarson 2923.
Friðrik Sophusson 2806, 2822, 2824, 2826, 2827.
Geir H. Haarde 2819, 2820.
Guðmundur Ágústsson 2776, 2914, 2951, 2975.
Guðmundur H. Garðarsson 2972.
Guðni Ágústsson 2829, 2832, 2953.
Guðrún Agnarsdóttir 2775, 2779, 2828, 2829, 2910, 2967, 2977.
Halldór Blöndal 2954, 2965.
Hjörleifur Guttormsson 2817, 2819, 2820, 2824, 2945, 2957.
Ingi Björn Albertsson 2931, 2946.
Jón Sæmundur Sigurjónsson 2769.
Júlíus Sólnes 2772.
Karvel Pálmason 2864, 2971.
Kristín Einarsdóttir 2903, 2942, 2958.
Kristín Halldórsdóttir 2791, 2930, 2931.
Matthías Bjarnason 2814, 2929, 2937.
Matthías Á. Mathiesen 2926, 2941.
Málmfríður Sigurðardóttir 2888.
Ólafur G. Einarsson 2980.
Ólafur Þ. Þórðarson 2951.
Óli Þ. Guðbjartsson 2880.
Páll Pétursson 2931.
Pálmi Jónsson 2867, 2951, 2952.
Ragnar Arnalds 2903.
Salome Þorkelsdóttir 2776.
Sighvatur Björgvinsson 2838.
Skúli Alexandersson 2977.
Þorsteinn Pálsson 2782, 2934, 2938, 2952, 2959.
Þórhildur Þorleifsdóttir 2924, 2955.

SAMEINAÐ ÞING

36. fundur, mánudaginn 6. febr., kl. 2 miðdegis.

Framhaldsfundir eftir þingfrestun.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Hinn 25. jan. sl. var gefið út svohljóðandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda mánudaginn 6. febr. 1989, kl. 14.00.

Gjört í Reykjavík, 25. janúar 1989.
Vigdís Finnbogadóttir.

Steingrímur Hermannsson.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda."

Fundir Alþingis hefjast því á ný. Hæstv. forseta, hv. alþm. og starfsmenn Alþingis býð ég velkomna til starfa og lýsi þeirri von minni að þingstörfin megi verða Alþingi til vegs og virðingar og landi og lýð til góðs.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Borist hefur svohljóðandi bréf, dags. 6. febr. 1989:

„Formaður þingflokks Sjálfstfl. hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem Eyjólfur Konráð Jónsson, 8. þm. Reykv., er erlendis og getur því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér að hans beiðni að óska þess að Sólveig Pétursdóttir, 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavík, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans."

Þetta er yður hér með tilkynnt, hæstv. forseti.

Jón Helgason,
forseti Ed."

Sólveig Pétursdóttir hefur áður tekið sæti á hinu háa Alþingi og ég býð hana velkomna til starfa.

Tilkynning frá ríkisstjórninni.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Þegar ríkisstjórnin tók við 28. sept. sl. voru ákveðnar fyrstu aðgerðir sem var ætlað að skapa útflutningsatvinnuvegunum þolanlegan rekstur en um leið svigrúm í 4–5 mánuði til ýmiss nauðsynlegs undirbúnings og aðgerða.

1. Að afgreiða hallalaus fjárlög.
2. Að draga úr verðbólgu.
3. Að lækka vexti.
4. Að lagfæra raungengi íslensku krónunnar.
5. Að kanna vandlega stöðu atvinnuveganna.
6. Að lagfæra skuldastöðu atvinnuveganna.
7. Að undirbúa varanlegar aðgerðir í atvinnu- og efnahagsmálum.

Þeim tíma sem til þessa var ætlaður lýkur í þessum mánuði. Því þykir ríkisstjórninni rétt að gera Alþingi grein fyrir því starfi sem hefur verið unnið og þeim efnahagsaðgerðum sem hún ráðgerir.

Fjárlög voru afgreidd eins og að var stefnt. Nýsamþykkt fjárlög fela í sér rúmlega 600 millj. kr. tekjuafgang á ríkissjóði. Til að ná þessum afgangi var nauðsynlegt að auka skattheimtu ríkisins og skera verulega niður útgjöld. Niðurskurður útgjalda á milli áranna 1988 og 1989 er áætlaður um 2,5 milljarðar kr. á verðlagi síðasta árs. Er það einn mesti niðurskurður sem ráðgerður hefur verið á einu ári í langan tíma. Heildarútgjöld ríkissjóðs lækka úr 28,6% af landsframleiðslu 1988 í 27,7% 1989, en án vaxtagjalda fara útgjöld ríkissjóðs úr 25,9% af landsframleiðslu í 25%. Áætlað er að aukning skatttekna verði um 5 milljarðar kr. á verðlagi síðasta árs. Skatttekjur aukast úr 24,3% af landsframleiðslu í 26,5% en að meðtöldum vaxtatekjum og arði aukast heildartekjur úr 25,7% í 27,9 af landsframleiðslu.

Á þessum fjórum mánuðum sem ríkisstjórnin hefur setið og þrátt fyrir þær aðgerðir sem óhjákvæmilegt var að grípa til til að tryggja hallalausa afgreiðslu fjárlaga hefur verðbólga undanfarna fjóra mánuði verið um 9,5% á ársgrundvelli. Er það lægsta verðbólga sem við Íslendingar höfum kynnst síðan árið 1971. Er engum vafa undirorpið að þessi tiltölulega litla verðbólga hefur verið bæði atvinnufyrirtækjum og einstaklingum mikilvæg. Á þessu tímabili hafa raunvextir lækkað úr 9,5% af verðtryggðum skuldabréfum í 7,75%. Nafnvextir hafa sömuleiðis lækkað úr um það bil 33–34% í 15–16%. Þetta hefur reynst fjölmörgum fyrirtækjum og einstaklingum ákaflega mikilvægt. Eru mörg dæmi þess að greiðslubyrði vaxta hefur lækkað um helming eða meira. Því miður hafa hins vegar ekki lántakendur allir notið þessarar lækkunar á vöxtum. Rekstur margra fyrirtækja, einkum í iðnaði, er enn fjármagnaður með sölu verðbréfa sem keypt eru með miklum afföllum. Mun 18% raunávöxtun algeng í þeim viðskiptum. Að sjálfsögðu þolir enginn atvinnurekstur slíkt.

Frá því að raungengi íslensku krónunnar var hæst í upphafi ársins 1988 hefur það lækkað mjög og þá ekki síst fyrir aðgerðir þessarar ríkisstjórnar. Á einu ári hefur raungengið lækkað um nálægt 15% á mælikvarða launa og 10% á mælikvarða verðlags. Er það nú aðeins um það bil 2% hærra en meðaltal frá 1980. Verðlækkun á sjávarafurðum erlendis, einkum í Bandaríkjunum, hefur hins vegar valdið útflutningsfyrirtækjum erfiðleikum.

Staða útflutningsgreinanna, einkum sjávarútvegsins, hefur verið könnuð ítarlegar en líklega nokkru sinni fyrr. Liggja fyrir frá Þjóðhagsstofnun, frá sér-

stökum endurskoðendum í sjávarútvegi og frá Atvinnutryggingarsjóði afar miklar upplýsingar um stöðuna. Þessar upplýsingar hafa þegar að mestu verið kynntar fyrir þingflokkum og fulltrúum atvinnuvega og launþega. Mun ég því aðeins fara nokkrum orðum um helstu niðurstöður.

Á sl. ári er talið að eigið fé í sjávarútvegi hafi rýrnað um u.þ.b. helming eða fallið úr um það bil 26 milljörðum í 13 milljarða kr. Rekstrarstaða í botnfiskveiðum og vinnslu er að mati Þjóðhagsstofnunar nú neikvæð um 4%. Rekstrarstaða vinnslunnar er talin vera í núlli, þar af saltfiskvinnslunnar jákvæð um 4,5% en frystingar neikvæð um 2,5%. Rekstrarstaða veiðanna er hins vegar talin vera neikvæð um 7%. Innan veiðanna er staðan hins vegar talin vera mjög misjöfn. Bátar eru taldir með 14% neikvæða rekstrarstöðu, minni togarar með neikvæða rekstrarstöðu sem nemur 1½% en frystitogarar með 0,5% neikvæða rekstrarstöðu.

Í þessu mati Þjóðhagsstofnunar er aðeins gert ráð fyrir 6% ávöxtun stofnfjár. Athuganir benda hins vegar til þess að fjármagnskostnaður sé töluvert hærri eða líklega um 12–14% að meðaltali. Umhugsunarvert er að staða sjávarútvegsins skuli vera svo erfið þrátt fyrir afar góð aflaár frá 1985 til 1987, aflaverðmæti var þá um 12% meira en meðaltal áratugarins, og þrátt fyrir að gengi hinnar íslensku krónu hafi á einu ári verið fellt um yfir 26%. Skýringarnar eru margar. Verðfall á erlendum mörkuðum hefur að sjálfsögðu valdið búsifjum. Gífurleg fjárfesting, einkum í nýjum skipum og endurbótum á eldri skipum, á fyrrnefndum aflaárum, 1985–1988, á tvímælalaust þátt í þeim erfiðleikum sem nú blasa við. Fjárfesting í fiskiskipum hátt í þrefaldaðist á þessum árum. Á skömmum tíma var frysti- og vinnslutogurum fjölgað úr 3 í 20. Við þetta jókst vinnsla á fiski á sjó mjög. Á sl. ári voru yfir 70 þús. lestir af slægðum fiski unnar í frystitogurum án þess að fylgdu nauðsynlegar breytingar og aðlögun á vinnslu í landi. Þessu til viðbótar var útflutningur á ferskum fiski í gámum rúmlega 47 þús. tonn og fluttar voru út með fiskiskipum tæplega 39 þús. lestir eða samtals um 156 þús. lestir voru ekki unnar í landi af um það bil 536 þús. lestum af þeim sem veiddust af þessum fiskstofnum. Augljóst er jafnframt að skuldastaða sjávarútvegsins er alls kostar óviðunandi og í mörgum tilfellum óviðráðanleg. Skammtímaskuldir eru allt of miklar. Veltufjárstuðull, þ.e. hlutfall lausafjár og skammtímaskulda, er að meðaltali aðeins rúmlega hálfur. Lengri lán eru til allt of stutts tíma, í mörgum tilfellum aðeins til tveggja eða þriggja ára, einkum í bankakerfinu.

Af þessari stuttu lýsingu og þeim miklu upplýsingum sem liggja fyrir má ljóst vera að þær miklu gengisfellingar sem orðið hafa á einu ári hafa komið stórum hluta sjávarútvegsins að litlum notum og aðeins í skamman tíma. Það hefur dregið mjög úr áhrifum þeirra að þeim hafa ekki fylgt nauðsynlegar aðgerðir, m.a. í fjármálum atvinnuveganna.

Þótt við stjórnarmyndun hafi ekki verið ljóst að fjárhagsstaða atvinnuveganna væri eins erfið og undangengin athugun, sem ég hef nú stuttlega lýst, hefur leitt í ljós taldi ríkisstjórnin nauðsynlegt að hefja þegar með fyrstu aðgerðum viðtækar skuldbreytingar í þágu útflutningsgreinanna. Í því skyni var Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina settur á fót. Mikilvægi þessara skuldbreytinga hefur sannast svo að ekki verður um villst. Til sjóðsins hafa sótt um lán um 190 fyrirtæki. Margar þessara umsókna eru hins vegar þannig úr garði gerðar að ekki er unnt að afgreiða þær án ítarlegri upplýsinga frá viðkomandi fyrirtækjum. 80 umsóknir hafa verið afgreiddar. 51 fyrirtæki hefur fengið skuldbreytingu og þar af nokkur hagræðingarlán til viðbótar. 29 fyrirtækjum hefur verið synjað. Synjanir eru byggðar á þeirri niðurstöðu að viðkomandi fyrirtæki hafi ekki rekstrargrundvöll eftir skuldbreytingu og við eðlileg rekstrarskilyrði þegar til lengri tíma er litið. Svo virðist sem þriðjungur fyrirtækja í sjávarútvegi fullnægi ekki slíkum kröfum. Fjöldi þessara fyrirtækja gæti því orðið á bilinu 60–70. Mörg þessara fyrirtækja eru máttarstoðir í viðkomandi byggðarlögum. Án þeirra mun meiri hluti íbúanna verða atvinnulaus og fjárhagur byggðarlagsins hrynja. Ríkisstjórnin hefur því óskað eftir því við Byggðastofnun að hún ásamt viðkomandi viðskiptabanka og fjárfestingarsjóðum athugi vandlega hvað gera má til þess að koma í veg fyrir slíkt hrun. Um það vil ég ræða nánar síðar.

Atvinnutryggingarsjóður hefur að sjálfsögðu einnig sinnt skuldbreytingum á sviði útflutningsiðnaðar. Hafa sex iðnfyrirtæki þegar fengið skuldbreytingu, en fjórum verið hafnað, flestum í ullariðnaði. Vegna þeirra efasemda sem fram komu um ríkisábyrgð á skuldbindingum Atvinnutryggingarsjóðs munu verða lagðar fram hér á Alþingi tillögur til breytinga á því frv. sem fyrir liggur um staðfestingu á bráðabirgðalögum sem taka af allan vafa í þessu efni. Verður sjóðurinn þá óumdeilanlega með sams konar ríkisábyrgð og aðrir fjárfestingarlánasjóðir sem á vegum ríkisins starfa.

Ríkisstjórnin hefur og þegar gert ýmsar ráðstafanir til styrktar landbúnaðinum og einstökum greinum hans. Með efnahagsráðstöfunum ríkisstjórnarinnar í lok september voru niðurgreiðslur á búvörum verulega auknar sem hefur leitt til þess að verð á helstu búvörutegundum hefur haldist óbreytt eða mjög lítið hækkað síðan sl. sumar. Hagstætt verðlag á búvörum er afar mikilvægt atriði fyrir neytendur jafnt sem bændur og styrkir stöðu innlendrar framleiðslu í samkeppni við innflutning. Af einstökum aðgerðum á sviði landbúnaðarins má nefna: Endurgreiðsla söluskatts til fiskeldis og loðdýraræktar, 30 millj. kr. á árinu 1988 og 70 millj. kr. á árinu 1989. Lög um Tryggingasjóð fiskeldislána voru sett í janúar og er nú unnið að stofnun sjóðsins og setningu reglugerðar um hann. Sérstakar aðgerðir sem þegar hafa verið kynntar til frekari stuðnings loðdýraræktinni sem m.a. lækkar tilkostnað við framleiðslu skinna og taka eiga á lausaskuldum bænda.

Þá kem ég að þeim efnahagsaðgerðum sem ríkisstjórnin hefur nú ákveðið. Eins og ég hef áður rakið

hefur raungengi krónunnar lækkað verulega á undanförnum mánuðum. Auk þess hefur gengi dollarans hækkað um u.þ.b. 4% frá áramótum sem er nokkur bót fyrir ýmis fyrirtæki sem verst eru stödd. Þó er raungengi krónunnar hærra en svo að samkeppnisstaða útflutningsatvinnuvega og samkeppnisiðnaðar sé viðunandi.

Rekstrarvandi þessara greina stafar þó ekki síður af ýmsum djúpstæðum skipulagsvandamálum en af því að almenn rekstrarskilyrði séu erfið. Á vegum fyrirtækjanna sjálfra og stjórnvalda er nú unnið að lausn þessa skipulagsvanda, bæði fjárhagslegs og tæknilegs. Þær umbætur og þær fjölþættu aðgerðir sem ríkisstjórnin hefur ákveðið í verðlagsmálum, peningamálum, ríkisfjármálum og á sviði útflutnings- og samkeppnisgreinanna sjálfra, sem ég mun lýsa, munu draga úr þörf fyrir gengislækkun. Auk þess sýnir reynslan að gengisbreyting, sem raskar þeim stöðugleika sem náðst hefur í verðlagsmálum á síðustu mánuðum, gæti reynst atvinnuvegunum hæpin hjálp. Þá hefði umtalsverð gengislækkun krónunnar óheppileg verðhækkunaráhrif á umþóttunartíma í verðlagsmálum í kjölfar verðstöðvunar. Engu að síður er talið óhjákvæmilegt að lagfæra gengið lítillega og bæta þannig rekstrarstöðu fyrirtækja í útflutnings- og samkeppnisgreinum og draga úr viðskiptahalla þjóðarbúsins. Jafnframt verður þar með eytt óvissu í gengismálum. Þá telur ríkisstjórnin einnig nauðsynlegt vegna áframhaldandi óstöðugleika á erlendum gjaldeyrismörkuðum að auka nokkuð svigrúm Seðlabankans til þess að jafna úr slíkum sveiflum. Slíkt fyrirkomulag er nú í gildi í öllum löndum Vestur-Evrópu, þar á meðal á Norðurlöndum og í því felst í sjálfu sér ekkert fráhvarf frá almennum stöðugleika í gengismálum. Í ljósi þessa hefur ríkisstjórnin samþykkt að Seðlabankanum verði heimilað að lækka gengið um 2,5% nú þegar og jafnframt verði staðfest heimild til bankans til þess að ákveða daglegt gengi íslensku krónunnar innan marka sem eru 2,25% til lækkunar eða hækkunar frá hinu ákveðna meðalgengi.

Á meðan að því er unnið að ná atvinnuvegunum úr þeim erfiðleikum sem við blasa telur ríkisstjórnin óhjákvæmilegt að tryggja nokkra umþóttun í verðlagsmálum. Það mun gert með tímabundnu strongu verðlagseftirliti í kjölfar verðstöðvunar. Fyrirætlun ríkisstjórnarinnar verður best lýst með þeirri samþykkt sem hún hefur gert um verðlagsmál:

„Ríkisstjórnin samþykkir að við lok verðstöðvunar, sem í gildi hefur verið frá því í lok ágúst á síðasta ári og lýkur 28. febr. nk., taki við sex mánaða umþóttunartími í verðlagsmálum með sérstöku aðhaldi að verðhækkunum. Ríkisstjórnin felur Verðlagsráði og Verðlagsstofnun að framkvæma þessa ákvörðun og leggur í því sambandi áherslu á eftirgreind atriði:

Ríkisstjórnin telur nauðsynlegt að náið verði fylgst með verðlagsþróun í einstökum greinum eftir að verðstöðvun lýkur. Í því skyni verði fyrirtækjum skylt að tilkynna verðhækkanir og ástæður fyrir þeim til verðlagsyfirvalda þegar eftir er leitað. Komi í ljós að verðhækkanir verði umfram það sem brýn kostnaðartilefni og afkoma fyrirtækjanna gefa tilefni til skulu verðlagsyfirvöld beita tímabundið ýtrustu ákvæðum verðlagslaga eftir því sem efni standa til. Til þess að tryggja örugg skil á upplýsingum til Verðlagsstofnunar mun ríkisstjórnin leggja fram á Alþingi frv. til breytinga á 49. gr. verðlagslaga um viðurlög við vanrækslu á tilkynningarskyldu.

Ríkisstjórnin felur Verðlagsstofnun að fylgjast sérstaklega með verðákvörðunum einokunar- og markaðsráðandi fyrirtækja, sbr. ákvæði verðlagslaga um slík fyrirtæki, hvort sem um er að ræða einkafyrirtæki eða opinber þjónustufyrirtæki. Þetta á einnig við um verðákvarðanir sem teknar eru af samtökum starfsgreina, en þau hafa að öðru jöfnu meiri möguleika en fyrirtæki í samkeppnisgreinum til að snögghækka verð í kjölfar verðstöðvunar.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að leggja til tímabundna breytingu á verðlagslögum þannig að á umþóttunartímanum verði hækkun á orkuverði háð samþykki verðlagsyfirvalda.

Ríkisstjórnin felur Verðlagsstofnun að sinna verðkönnun af árvekni og kynna niðurstöður rækilega. Jafnframt er nauðsynlegt að halda áfram samanburðarkönnunum á verðlagi hér á landi og í nágrannalöndum. Ríkisstjórnin mun styðja sérstakt átak á þessu sviði.

Loks leggur ríkisstjórnin það fyrir Verðlagsstofnun að hún taki upp samstarf við verkalýðs- og neytendafélög um aðhald að verðlagi. Þetta er mikilvægt vegna þess að opinbert verðlagseftirlit, hversu gott sem það er, getur aldrei komið í staðinn fyrir árvekni neytenda."

Ég hygg að ekki verði um það deilt að hinn íslenski peningamarkaður hefur farið mjög úr skorðum og reynst atvinnulífinu og einstaklingum þungur í skauti. Þótt verulegur árangur hafi náðst í lækkun vaxta og fjármagnskostnaðar er frekari lækkun nauðsynleg. Því hefur ríkisstjórnin gert eftirgreinda samþykkt á sviði peninga- og vaxtamála:

„Ríkisstjórnin hefur mótað stefnu í peninga- og vaxtamálum sem hefur að meginmarkmiði að koma á lægri raunvöxtum en stuðla jafnframt að betra jafnvægi á lánamarkaði með ýmsum umbótum í peninga- og vaxtamálum. Helstu markmiðin eru:

Með samræmdu átaki verði unnið að því að lækka raunvexti þannig að vextir af verðtryggðum ríkisskuldabréfum verði ekki hærri en 5% og raunvextir af öðrum fjárskuldbindingum lagi sig að því.

Vaxtamunur hjá bönkum og sparisjóðum og öðrum lánastofnunum minnki frá því sem nú er.

Starfsskilyrði fjármálastofnana verði samræmd með breytingu á reglum um bindi- og lausafjárskyldu og hvað varðar heimildir til tímabundinnar íhlutunar um ávöxtunarkjör.

Skipulagi bankakerfisins verði breytt og það bætt og samkeppni aukin á lánamarkaði."

Til þess að ná fram þessum markmiðum hefur ríkisstjórnin ákveðið fjölþættar ráðstafanir sem ég mun nú lýsa.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að fela Seðlabankanum að stuðla að því að vextir á lánamarkaðinum lagi sig að vöxtum á ríkisskuldabréfum að teknu tilliti til áhættu og annarra atriða sem máli skipta. Ríkisstjórnin hefur veitt Seðlabankanum heimild til þess að beita ákvæðum 9. gr. seðlabankalaganna ef þörf krefur til þess að markmiðum ríkisstjórnarinnar í peninga- og vaxtamálum verði náð.

Ríkissjóður mun neyta stöðu sinnar sem langstærsti lántakandi á innlendum fjármagnsmarkaði til þess að ná með samningum fram hóflegum raunvöxtum á ríkisskuldabréfum, m.a. þeim sem lífeyrissjóðir kaupa af ríkissjóði og Byggingarsjóði ríkisins, jafnframt því sem dregið verður úr lánsfjárþörf ríkissjóðs með ýtrasta aðhaldi að ríkisútgjöldum.

Seðlabanka Íslands verður í samráði við viðskrn. falið að veita nafnvöxtum lánastofnana sérstakt aðhald á umþóttunartímabili í kjölfar verðstöðvunar þannig að samræmi verði á milli raunávöxtunar verðtryggðra og óverðtryggðra lánasamninga. Seðlabankanum verður jafnframt falið að beita sér fyrir endurskoðun á ávöxtunarkjörum viðskiptaskuldabréfa og viðskiptavíxla og á skiptikjarareikningum í innlánsstofnunum og einnig að fylgjast náið með þróun vaxtamunar inn- og útlána og beita ákvæðum í seðlabankalögum til að innlánsstofnanir leggi fram áætlun um þróun vaxtamunar samhliða tilkynningum um vaxtaákvarðanir. Nefnd á vegum viðskrn. sem vinnur að athugun á þróun vaxtamunar í bankakerfinu er falið að móta tillögur um minnkun vaxtamunar.

Til að tryggja að markmið hennar nái fram að ganga hefur ríkisstjórnin undirbúið og mun leggja fyrir Alþingi á næstu dögum ýmis frumvörp til breytinga á lögum.

Ríkisstjórnin mun leggja fram frv. til breytinga á lögum um Seðlabanka Íslands þar sem verði kveðið skarpar á um heimildir bankans til þess að binda vaxtaákvarðanir innlánsstofnana takmörkunum. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að í lögum um verðbréfafyrirtæki og eignarleigustarfsemi verði hliðstæð ákvæði þannig að allir aðilar á fjármagnsmarkaði sitji við sama borð að þessu leyti. Þá verður laust fé innlánsstofnana skilgreint með markvissari hætti en verið hefur og kveðið á um að stærstur hluti viðurlaga sem Seðlabankinn innheimtir af innlánsstofnunum renni í ríkissjóð. Jafnframt verður reglugerð um bindi- og lausafjárskyldu breytt þannig að miðað verði við ráðstöfunarfé innlánsstofnana en ekki innlán eins og nú er. Breyttar reglur um bindi- og lausafjárskyldu munu jafna starfsskilyrði innlánsstofnana og koma bönkum sem þjóna útflutningsgreinum til góða. Þær eru jafnframt forsenda þess að unnt verði að beita bindiskyldu eða hliðstæðum kvöðum á aðrar fjármálastofnanir en banka og sparisjóði til þess að jafnræðis sé gætt.

Ríkisstjórnin mun leggja fram breytingar á lögum um viðskiptabanka og sparisjóði sem skilgreina nánar og auka verksvið bankaráða, m.a. hvað varðar vaxtaákvarðanir, gjaldskrár, skuldabréfaútgáfu og viðskiptahætti almennt, jafnframt því sem þær munu girða fyrir hagsmunaárekstra.

Ríkisstjórnin mun flytja frv. um breytingu á vaxtalögum til þess að koma í veg fyrir ósanngjarna vaxtatöku og misneytingu á aðstöðu í lánsviðskiptum. Þá verður lagt til að í lögunum verði kveðið á um að vaxtakjör fjárfestingarlánasjóða verði áfram háð staðfestingu ríkisstjórnarinnar.

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að fyrirliggjandi frumvörp um verðbréfafyrirtæki og verðbréfasjóði og eignarleigufyrirtæki verði að lögum sem fyrst.

Ríkisstjórnin mun á næstunni kynna ákveðnar tillögur um samruna lánastofnana hér á landi og áætlun um aðlögun íslenska lánamarkaðarins að breyttum aðstæðum í umheiminum. Í þessu felst m.a. að íslensku atvinnulífi verði tryggð sambærileg aðstaða á fjármagnsmarkaði og er í helstu viðskiptalöndum. Markmiðið er að stuðla að lækkun fjármagnskostnaðar fjölskyldna og fyrirtækja með aukinni samkeppni og hagræðingu í bankakerfinu og nánari tengslum innlends lánamarkaðar við fjármagnsmarkaði í nágrannalöndunum. Heimildir íslenskra fyrirtækja til þess að taka lán erlendis með ríkisábyrgð eða ábyrgð banka eða sjóða í eigu ríkisins verða takmarkaðar, en hins vegar verða heimildir fyrirtækja til að taka erlend lán á eigin ábyrgð rýmkaðar.

Á næstu missirum verða reglur um fjármagnshreyfingar og viðskipti með fjármálaþjónustu milli Íslands og annarra landa mótaðar á grundvelli tillagna ráðherranefndar Norðurlanda um efnahagsáætlun Norðurlanda 1989–1992.

Ríkisstjórnin leggur áherslu á að búa íslenska bankakerfið undir breytingar sem munu fylgja sameinuðum fjármagnsmarkaði Evrópu, m.a. með því að auka hagkvæmni þess þannig að það geti staðist samkeppni við erlenda banka hvað varðar vaxtamun, tryggingar og fleira. Í framhaldi af því verður m.a. kannað hvort heimila megi viðurkenndum erlendum bönkum starfsemi hér á landi.

Þá mun ríkisstjórnin flytja frv. til breytinga á verðtryggingarkafla laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o.fl., þannig að þar komi inn ákvæði um heimild Seðlabankans með samþykki viðskrn. að setja reglur um lágmarkstíma verðtryggðra fjárskuldbindinga og að vextir verðtryggðra lána skuli vera óbreytanlegir á lánstímanum. Ríkisstjórnin mun fela Seðlabankanum að lengja lágmarkstíma verðtryggðra fjárskuldbindinga eftir því sem verðbólga hjaðnar.

Í samræmi við málefnasamning ríkisstjórnarinnar ætlar ríkisstjórnin sér að koma í veg fyrir víxlhækkanir verðlags og lánskjara þegar jafnvægi í efnahagsmálum er náð.

Seðlabankinn mun óhjákvæmilega gegna lykilhlutverki í framkvæmd stefnu ríkisstjórnarinnar í pen-

inga- og vaxtamálum. Mun ríkisstjórnin fela honum að vinna að framgangi þeirrar stefnu sem mörkuð hefur verið með fyrrgreindum ákvörðunum.

Til að tryggja að markmið fjárlaga nái fram að ganga hyggst ríkisstjórnin fylgja markvissri aðhaldsstefnu á sviði útgjalda ríkisins. Í því sambandi verður unnið að eftirgreindum atriðum:

Gert verður markvisst átak til að halda útgjöldum ráðuneyta, stofnana og ríkisfyrirtækja innan ramma fjárlaga. Eftirlit með launakostnaði verður hert. Alls er stefnt að um 4% niðurskurði launaútgjalda. Mótaðar verða reglur sem tryggi fyrirhugaðan niðurskurð ferðakostnaðar, risnu og sérfræðiþjónustu. Greiðsluáætlanir verða nákvæmari en hingað til og komið verður á mánaðarlegum fundum fjmrn. og fjármálastjóra ráðuneyta til að tryggja framgang þeirrar stefnu sem ríkisstjórnin hefur ákveðið. Stefnt er að því með gerð greiðsluáætlana að draga úr árstíðasveiflu í fjármálum ríkissjóðs. Haft mun verða víðtækt samráð m.a. við ríkisstarfsmenn og aðila með reynslu í atvinnulífinu um leiðir til að spara í ríkisrekstrinum án þess að draga úr sjálfri velferðarþjónustunni.

Áfram verður unnið að umbótum í skattamálum sem miða að því að breikka skattstofna en lækka á móti jaðarskatta og auka réttlæti í skattamálum án þess að auka heildarskattbyrði, en gera skattkerfið réttlátara og einfaldara og láta það stuðla sem mest að hagkvæmni og réttum ákvörðunum í hagkerfinu. Á næstunni verður unnið að eftirgreindum málum á þessu sviði:

Skattlagning fyrirtækja verður tekin til skoðunar, bæði út frá almennum sjónarmiðum um skattaumbætur og með tilliti til samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs. Skattlagning eigna og fjármagnstekna verður samræmd. Skattlagning eigna og eignatekna verður í því sambandi tekin til endurskoðunar, svo og skattaleg meðferð arðs og hlutafjáreignar. Stefnt verður að sem mestu samræmi í skattalegri meðferð mismunandi sparnaðarforma og að eytt verði skattalegu óhagræði hlutafjáreignar. Athugað verður hvort fjárfestingarskattur geti e.t.v. leyst af hólmi sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði og vörugjald á byggingarvörur. Sérstakt átak verður gert til að bæta skattinnheimtu og draga úr skattsvikum. Innheimtukerfi söluskatts verður tekið til gagngerðrar endurskoðunar. Sett verða skilyrði fyrir söluskattsskyldri starfsemi. Samræmdar og bættar verða reglur fyrir innheimtumenn ríkissjóðs, innheimtukerfið sjálft verður styrkt, bæði varðandi yfirstjórn, eftirlit og sjálfa innheimtuna. Lög um gjaldþrot og greiðslustöðvanir verða endurskoðuð til að tryggja betur greiðslu á söluskattsskuldum.

Gert er ráð fyrir því í fjárlögum að innlend lánsfjáráætlun ríkissjóðs nemi 5,3 milljörðum kr. sem er 1,3 milljarðar kr. umfram áætlaða innlausn spariskírteina. Mikilvægt er að greitt verði fyrir þessari fjáröflun með ýmsum hætti ef hún á að takast samhliða því sem stefnt er að lækkun raunvaxta. Í því skyni mun þetta verða gert: Áhersla verður áfram lögð á söluherferð vegna spariskírteina og reynt verður að greiða fyrir henni með því að ná samkomulagi við banka og sparisjóði um spariskírteinaeign þeirra. Settar verði hömlur við útgáfu bankabréfa með ríkisábyrgð. Ríkissjóður mun gefa út nýja tegund verðbréfa sem verða sniðin að þörfum lífeyrissjóða. Sala ríkisvíxla verður örvuð og þeir þróaðir áfram sem tæki til að fjármagna árstíðabundinn halla ríkissjóðs.

Eins og áður er rakið er staða sjávarútvegsins erfið. Ríkisstjórnin hefur því gripið til margþættra aðgerða honum til stuðnings og má þar sérstaklega nefna starfsemi Atvinnutryggingarsjóðs og sérstakar verðbætur á freðfisk úr Verðjöfnunarsjóði. Þessar aðgerðir hafa komið í veg fyrir rekstrarstöðvun í greininni og þær munu leiða til traustari greiðslustöðu og bættrar fjárhagsuppbyggingar margra fyrirtækja í sjávarútvegi. Þrátt fyrir þetta og þrátt fyrir þær almennu aðgerðir í efnahagsmálum sem ég hef lýst eru enn sértækar aðgerðir í þágu sjávarútvegsins nauðsynlegar.

Eins og komið hefur fram eru fjölmörg af þeim fyrirtækjum, sem ekki fá skuldbreytingu í Atvinnutryggingarsjóði, máttarstoðir atvinnu og búsetu í viðkomandi byggðarlögum. Ef þau stöðvast mun af því leiða ómetanlegt tjón og gífurlegur kostnaður, ekki aðeins fyrir viðkomandi byggðarlag og íbúa þess heldur fyrir þjóðarbúið allt. Óhjákvæmilegt er að grípa til róttækra aðgerða til þess að bæta eiginfjárstöðu slíkra fyrirtækja og tryggja áframhaldandi rekstur í byggðarlaginu og koma í veg fyrir byggðaröskun af þessum völdum. Í þessu sambandi er sérstaklega mikilvægur hlutafjársjóður sá sem stjórnarandstaðan gerði tillögu um og samþykktur hefur verið eftir 2. umr. í Nd. um frv. til laga um staðfestingu á bráðabirgðalögum um aðgerðir í efnahagsmálum. Af stærð vandans er ljóst að sjóður þessi þarf að hafa mikið fé til ráðstöfunar til kaupa á hlutafé. Þess er vænst að viðskiptabankar og sjóðir sem hagsmuna hafa að gæta kaupi hlutdeildarbréf í sjóði þessum. Einnig er æskilegt að Alþingi geti ráðstafað fjármagni til sjóðsins. Breytingartillögur, sem ríkisstjórnin af ofangreindum ástæðum telur nauðsynlegar, munu verða lagðar fram. Jafnframt geri ég ráð fyrir því að drög að reglugerð megi kynna áður en málið hlýtur lokaafgreiðslu á Alþingi.

Þrátt fyrir stofnun hlutafjársjóðsins er ljóst að margra fyrirtækja bíður gjaldþrot. Í slíkum tilfellum er mikilvægast að fiskiskip haldist í viðkomandi byggðarlagi. Á það verður að leggja áherslu.

Meðal fyrstu aðgerða ríkisstjórnarinnar á sl. hausti var að heimila Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins að taka lán að fjárhæð 800 millj. kr. Andvirði þess hefur verið notað til greiðslu verðbóta vegna framleiðslu á freðfiski og hörpudiski frá 1. júní 1988. Þessar greiðslur munu halda áfram í samræmi við fyrri forsendur fram í maí eða á meðan það fé, sem tekið var að láni í þessu skyni, endist. Að þeim tíma liðnum falla þær niður en málið í heild verður endurskoðað á ný eftir því sem ástand á fiskmörkuðum og gjaldeyrismörkuðum gefur tilefni til. Vonir eru hins vegar

bundnar við að afurðaverð hækki á ný til mótvægis við núverandi greiðslur úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins.

Af sérstökum aðgerðum, sem ætlað er að treysta stöðu sjávarútvegsins til frambúðar, vil ég nefna:

Sjútvrh. hefur látið semja frumvarp um úreldingarsjóð fiskiskipa sem er til meðferðar hjá þingflokkum ríkisstjórnarinnar. Sjóðnum er ætlað að stuðla að aukinni hagkvæmni í útgerð. Afkoma útgerðar er nú afar slæm. Erfitt verður að bæta hana til langtíma nema fiskiskipum fækki þannig að meiri afli komi í hlut hvers skips. Sjútvrh. leggur til að stofnfé sjóðsins verði m.a. eignir Aldurslagasjóðs og hins eldri úreldingarsjóðs. Sjóðnum yrði ætlað að kaupa fiskiskip og selja þau úr landi eða eyða þeim þannig að fiskiskipum í flotanum fækki. Tekjustofn sjóðsins yrði hliðstæður núverandi tekjustofni Aldurslagasjóðs. Þá er gert ráð fyrir að aflaheimildir þeirra skipa sem sjóðurinn kaupir flytjist til hans og verði þeim endurráðstafað til þeirra fiskiskipa sem eftir verða í flotanum. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn geti þó aldrei eignast meira en sem nemur 3% af heildaraflaheimildum í einstökum tegundum veiða.

Varið verði 100 millj. kr. til niðurgreiðslu á raforkuverði til þeirra fiskvinnslufyrirtækja sem nýta raforku tiltölulega jafnt á dags- og ársgrundvelli. Með þessari ráðstöfun lækkar raforkuverð til frystihúsa að meðaltali um 25%. Það vegur um það bil 0,5% í rekstrarafkomu.

Stofnað verði sérstök þróunardeild við Fiskveiðasjóð Íslands. Deildin tekur við eignum og skuldum Fiskimálasjóðs. Hlutverk hennar verður að veita þeim aðilum, sem starfa að nýjungum í sjávarútvegi, lán eða framlög til þróunar- og rannsóknarverkefna.

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að þær hugmyndir um afla- og upplýsingamiðlun, sem samtök hagsmunaaðila í sjávarútvegi hafa rætt undanfarna mánuði, komist til framkvæmda. Hlutverk þeirrar starfsemi verður að miðla upplýsingum um afla og upplýsingum um ástand og horfur á helstu fiskmörkuðum erlendis milli kaupenda og seljenda. Samtök aðila í sjávarútvegi munu alfarið annast starfsemina og hafa hönd í bagga um að tryggja jafnt og stöðugt framboð á erlenda ísfiskmarkaðnum í samræmi við skuldbindingar okkar og samninga.

Sú margþætta starfsemi, er lýtur að því að auka verðmætasköpun úr takmörkuðu sjávarfangi, verður efld. Að sumum þessara atriða hefur verið unnið í mörg ár með góðum árangri, en önnur eru í undirbúningi. Þrír helstu þættir eru: gæðamál, fullnýting afla og starfsmenntun. Gerð hefur verið áætlun um gæðaátak í sjávarútvegi til fjögurra ára. Er ætlunin að nýta í ríkari mæli þær gæðastjórnunaraðferðir sem tíðkast við framleiðslu í iðnvæddum ríkjum heims. Ríkismat sjávarafurða hefur forustu um framkvæmd þessa máls í samvinnu við fyrirtæki í sjávarútvegi. Hluti þess afla sem úr sjó er dreginn fer í súginn, þar á meðal verðmætir hlutir eins og lifrin. Með samstilltu átaki og auknum rannsóknum má bæta nýtingu aflans. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins verður falin forusta í þessu máli.

Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar hefur starfað um nokkurra ára skeið með mjög góðum árangri. Starfsemi hennar þarf að efla og jafnframt þarf að útvíkka verksvið nefndarinnar þannig að það nái einnig til sjómanna og stjórnenda sjávarútvegsfyrirtækja. Til að samræma og skipuleggja hina ýmsu þætti þessa starfs verður komið á samstarfshópi sjútvrn. og þeirra stofnana er að þessum málum vinna. Er ætlunin að kostnaður vegna gæðaátaks geti orðið á bilinu 10–15 millj. kr. en kostnaður vegna vinnu og tilrauna til fullnýtingar afla á bilinu 20–25 millj. kr.

Á sviði landbúnaðar er hafin endurskoðun á fyrirkomulagi rekstrar- og afurðalána. Í undirbúningi er athugun á samkeppnisstöðu innlendrar grænmetisframleiðslu og ný reglugerð er væntanleg um innflutningsmálefni sömu greinar. Ætlunin er að hefja vinnu er lýtur að atvinnumöguleikum í strjálbýli og skoða þar sérstaklega aðstöðu kvenna. Í því sambandi er mikilvægt að styðja við bakið á greinum eins og ferðaþjónustu og hlunnindanýtingu jafnframt því að leita nýrra möguleika. Hafin er vinna við mótun nýrrar framleiðslustefnu í landbúnaði og undirbúningur að viðræðum milli ríkisvaldsins og bænda um nýjan grundvöll búvöruframleiðslunnar. Í þessu starfi verður sérstök áhersla lögð á að samræma búskaparhætti landkostum og markmiðum æskilegrar landnýtingar, jafna kjör og bæta aðstæður bænda og tengja skipulag landbúnaðarins markmiðum stjórnvalda í byggðamálum. Höfuðmarkmiðið er öflugur og vel rekinn landbúnaður sem fullnægir þörfum landsmanna fyrir sem flestar tegundir búvöru í hæsta gæðaflokki. Í undirbúningi eru margþættar aðgerðir og efld starfsemi í landgræðslu og skógrækt sem tengja verður breyttum búskaparháttum og víðtækari landnýtingaráætlun.

Útflutnings- og samkeppnisiðnaður hefur notið góðs af þeim almennu breytingum sem gerðar hafa verið á gengi og vöxtum. Sérstakt átak í þágu iðnaðarins er þó óhjákvæmilegt. Tryggja verður íslenskum fyrirtækjum aðgang að lánsfé til uppbyggingar og reksturs þannig að þau njóti jafnræðis við fyrirtæki í sjávarútvegi hvað varðar aðgang að fjármagni og lánskjör. Í fyrstu aðgerðum ríkisstjórnarinnar fólst sérstakur stuðningur við ullariðnaðinn og jafnframt fóru af hálfu iðnrn. fram viðræður við forsvarsmenn ullarvörufyrirtækja um aukið samstarf í markaðsmálum. Þær viðræður hafa nú skilað sér í viljayfirlýsingu tveggja stærstu aðilanna á þessu sviði, Álafoss hf. og Hildu hf., um að auka samvinnu í Bandaríkjunum. Unnið er að víðtækari samvinnu þessara og annarra íslenskra ullarvörufyrirtækja á útflutningsmörkuðum í Evrópu og Asíu. Unnið er að endurskoðun vörugjalds þannig að álagning og innheimta þess geri ekki stöðu íslensks iðnaðar lakari í samkeppni við innflutt an iðnvarning.

Þá er einnig unnið að því að samræma skattlagningu verkstæða og verksmiðjuframleiðslu í byggingariðnaði annars vegar og framleiðslu á byggingarstað hins vegar. Vandlega mun verða fylgst með undir-

boðum á innfluttum iðnvarningi og jöfnunargjaldi beitt þar sem slík undirboð virðast sannanleg. Þess mun einnig verða vandlega gætt að innfluttur iðnvarningur fullnægi íslenskum reglum um hollustu og gæði. Hefur heilbr.- og trmrn. þegar sett reglur sem að þessu lúta.

Í samvinnu iðnrn. og hagsmunaaðila hefur erlendur ráðgjafi verið ráðinn til þess að gera úttekt á íslenska skipasmíðaiðnaðinum, getu hans og framtíðarmöguleikum. Á grundvelli niðurstaðna þessa ráðgjafa mun á næstunni verða unnið að mótun nýrrar stefnu í málefnum skipasmíðaiðnaðarins hér á landi sem byggist á aukinni samvinnu fyrirtækja á sviði skipasmíði og markaðsstarfs, aukinni tæknivæðingu, þróun nýjunga og bættri þjónustu við íslenska skipaeigendur.

Vaxandi úrgangur frá byggð og atvinnulífi er vandamál hér á landi, bæði hvað varðar umhverfisvernd og sóun verðmæta. Af því tilefni mun ríkisstjórnin beita sér fyrir lagasetningu sem leggi skilagjöld á einnota drykkjarvöruumbúðir og iðnrn. mun hafa frumkvæði að stofnun sérstaks fyrirtækis sem taki að sér söfnun umbúða og ráðstöfun þeirra til endurvinnslu.

Unnið er að athugun á því hvernig nýta megi orkulindir landsins til atvinnuuppbyggingar. Ríkisstjórnin mun leita leiða til þess að sú atvinnuuppbygging geti stuðlað að sem æskilegastri búsetu og iðnþróun og byggðaþróun og að ný fyrirtæki jafnt á sviði frumvinnslu sem á sviði úrvinnslu styrki afkomu og frekari uppbyggingu byggðarinnar í öllum landshlutum.

Ríkisstjórnin hefur átt viðræður við ýmsa fulltrúa launafólks og atvinnurekenda. Hafa þeim einkum verið kynntar niðurstöður af þeirri könnun sem fram hefur farið á stöðu atvinnulífsins. Eftir að stefna ríkisstjórnarinnar hefur nú verið kynnt á Alþingi mun ríkisstjórnin bjóða þessum aðilum til viðræðna um framkvæmd hennar og þá stefnu í launamálum sem fylgja verður.

Eins og fram hefur komið í athugun Þjóðhagsstofnunar hefur þáttur launa í þjóðartekjum aukist mjög á undanförnum árum. Hann hefur aukist frá því að vera 65% svonefndra þáttatekna í yfir 72%. Þetta er hærra hlutfall þjóðartekna sem ráðstafað er til launa en þjóðarbúið þolir. Þessi aukning stafar að öllum líkindum ekki síst af miklum yfirborgunum á þenslutímum undanfarinna ára. Skynsamlegasta leiðin til þess að draga úr heildarlaunakostnaðinum er að slíkar yfirborganir hverfi og umsamdir kauptaxtar ráði launagreiðslum.

Við þær aðstæður sem nú eru, með um það bil 5,5% samdrátt í afla á yfirstandandi ári og lækkun þjóðartekna um 2–3%, getur ekki orðið um kaupmáttaraukningu að ræða. Það mundi setja öll markmið um endurreisn atvinnulífsins í hættu og gæti leitt til lækkunar á gengi og verðbólgu. Ríkisstjórnin telur skynsamlegast að leggja áherslu á eftirgreind atriði launþegum til kjarabóta: Atvinnuöryggi í öllum byggðarlögum, jöfnun kjara og lækkun fjármagnskostnaðar. Ríkisstjórnin er jafnframt reiðubúin til að gera það sem í hennar valdi stendur til að verja kaupmáttinn, m.a. með lækkun á verði helstu nauðsynja, t.d. innlendra matvæla. Þótt samningar um kaup og kjör hljóti að sjálfsögðu að vera á ábyrgð atvinnurekenda og launþega er ríkisstjórnin reiðubúin til þess að gera það sem hún má til að stuðla að skynsamlegum samningum.

Ég hef nú lýst þeim efnahagsaðgerðum sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að við taki af fyrstu aðgerðum á þessu sviði. Á næstu dögum munu ýmis frumvörp sem tryggja eiga framgang þessarar stefnu verða lögð fyrir Alþingi. Mikilvægt er að þau fái skjóta afgreiðslu. Um það vill ríkisstjórnin hafa góða samvinnu við stjórnarandstöðuna.

Okkur Íslendingum er tamt að leita að sökudólg í hverjum vanda. Það er aukaatriði nú. Ýmsir samverkandi þættir hafa leitt til þeirra erfiðleika sem við Íslendingar eigum nú við að stríða. Mikilvægast er að vinna sig hægt og sígandi en örugglega úr þessum erfiðleikum og án kollsteypu í efnahagsmálum. Um það eigum við öll að geta sameinast. Það er meginmarkmið þeirrar efnahagsstefnu sem ég hef lýst.

Að lokum vil ég geta þess að fulltrúar þeirra flokka sem að ríkisstjórninni standa hafa síðustu vikurnar átt viðræður við Borgfl. um þátttöku í ríkisstjórn. Þær viðræður hafa að mínu mati verið mjög jákvæðar. Mér hefur sýnst koma fram ríkur vilji hjá Borgfl. til þess að taka á þeim erfiðleikum sem íslenskt atvinnulíf á nú við að stríða. Borgfl. hefur lagt fram tillögur í ýmsum málaflokkum. Þeir flokkar sem standa að núverandi ríkisstjórn geta samþykkt þær að mjög miklu leyti og reyndar eru ýmsar þær tillögur nú komnar í það efni, sem ég hef lýst, t.d. í skattamálum. Fulltrúar Borgfl. hafa lagt mikla áherslu á lækkun á verði innlendra matvæla. Það gerir ríkisstjórnin einnig eins og fram kemur í málefnasamningi og ég hef ítrekað hér. Eðlilegt er að það gerist í tengslum við kjarasamninga.

Það er von mín að viðræðum á milli Borgfl. og þeirra sem að núverandi ríkisstjórn standa ljúki með því að þessir aðilar ákveði að starfa saman í ríkisstjórn og vinna saman að þeim stóru verkefnum sem við blasa.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Hæstv. forsrh. vék að því þegar hann setti fund Alþingis hér í dag að ósk hans væri sú að þessu þingi auðnaðist að auka með störfum sínum við veg og virðingu Alþingis. Auðvitað er það svo að þessi ábyrgð hvílir á öllum þingmönnum og ég hygg að hver einasti þingmaður sem hlýddi á ræðu hæstv. forsrh. hafi tekið undir þessa ósk í hljóði. En forustan um störf sem leiða til aukins vegs og aukinnar virðingar Alþingis er hjá hæstv. ríkisstjórn. Og hæstv. forsrh. hefur með þeirri tilkynningu, sem hér hefur verið lesin um það sem kallað hefur verið efnahagsaðgerðir, lagt dóm á það hvernig það er að auka veg og virðingu Alþingis.

Það hefur lítið farið fyrir aðgerðum þessarar

stjórnar. Menn hafa beðið ýmist eftir að löngum ríkisstjórnarfundum eða þá því að löngu jólaleyfi Alþingis lyki af því að í hvert skipti sem boðaður er langur ríkisstjórnarfundur eða boðað er langt jólaleyfi, þá eru gefin fyrirheit um aðgerðir til þess að tryggja rekstrargrundvöll atvinnuveganna í landinu, útflutningsframleiðslunnar, þeirra atvinnuvega sem skapa verðmætin sem íslenska þjóðin lifir á. En hér kemur forsrh. og talar hátt í heila klukkustund án þess að tilkynna um nokkrar raunhæfar aðgerðir til þess að leysa þann vanda sem atvinnuvegirnir búa við. Það er framlag hæstv. ríkisstjórnar til þess að auka veg og virðingu Alþingis. Það er boðskapurinn sem á að senda núna út til fólksins í landinu, í sjávarplássunum úti um land. Það er á þennan veg sem hæstv. ríkisstjórn lítur á veg sinn og virðingu, að senda þessi skilaboð út til fólksins sem starfar í sjávarútveginum, fólksins sem starfar í iðnaðinum og er að skapa verðmætin í þessu landi.

Ég vil taka það fram að þrátt fyrir miklar yfirlýsingar af hálfu hæstv. ríkisstjórnar, bæði fyrir jól og á þeim stutta tíma sem Alþingi starfaði í byrjun þessa árs, um það að haft yrði sérstakt samráð við stjórnarandstöðuna, leitað yrði eftir sem nánastri samstöðu allra flokka á Alþingi því að ábyrgðin væri jöfn og sérstaklega var tekið fram að allar upplýsingar yrðu látnar í té eftir því sem þær lægju fyrir. Við höfðum í stjórnarandstöðunni flutt sérstakar hólræður um hæstv. forsrh. vegna þessara yfirlýsinga. En það er ástæða til þess að taka það fram að ekkert af því sem hér var kynnt og kallað hefur verið efnahagsráðstafanir var kynnt stjórnarandstöðunni, a.m.k. ekki Sjálfstfl., áður en þetta var lesið upp hér áðan — og ég er ekki að gagnrýna það því að í raun og veru var ekkert að kynna. Boðskapurinn var enginn. Meira að segja var boðskapurinn svo kyndugur að eitt helsta stefnuatriði núverandi ríkisstjórnar í viðreisn iðnaðarins í landinu var yfirlýsing um það að hæstv. ríkisstjórn hefði ráðið erlendan ráðgjafa til þess að gefa upp álit á því hvernig standa ætti að uppbyggingu skipasmíðaiðnaðarins í landinu. Það var að vísu fyrrv. ríkisstjórn sem réði þennan ráðgjafa til starfa og þá þótti það eðlilegt og sjálfsagt, en var ekki talið til meiri háttar stefnuatriða í efnahagsmálum. En þessi aðgerð fyrrv. ríkisstjórnar, að ráða hingað erlenda ráðgjafa, er núna talið til meiri háttar stefnuatriða og nýmæla í endurnýjaðri stefnu hæstv. ríkisstjórnar. Er það nú skýrt dæmi um það hversu markvissar og mikilvægar þær ráðstafanir eru sem hér voru kynntar. Nei, það er ástæðulaust að kvarta yfir því að skort hafi á samráð um þetta efni því efnið er nánast ekkert.

Hæstv. forsrh. tilkynnti á neyðarfundi fiskframleiðenda á öndverðum þessum vetri að gera þyrfti neyðarráðstafanir eftir að ríkisstjórnin hafði ákveðið ráðstafanir sem hún sjálf kallaði bið leik. Og til þess að gera þessar neyðarráðstafanir átti að halda langan neyðarfund í hæstv. ríkisstjórn. Og það var samdóma álit manna að loknum þeim fundi að það væri neyðarleg hæstv. ríkisstjórn sem sæti í landinu. Og nú hefur verið neyðarjólafrí, óvenjulangt til þess að gefa hæstv. ríkisstjórn tóm til þess að kynna neyðarráðstafanirnar. Og ég hygg að það sé samdóma álit manna að hún sé hálfu neyðarlegri en eftir langa neyðarfundinn sem að engu varð. Þetta eru nú staðreyndir málanna.

Vandi okkar í dag er sá að höfuðatvinnuvegirnir, bæði sjávarútvegur og iðnaður, búa við þau skilyrði að það er tap á rekstrinum. Viðskiptahallinn hefur verið mikill, hefur reyndar verið þrálátt vandamál í áratugi, en það hefur verið markmið allra ríkisstjórna að vinna gegn þessum vanda. En nú höfum við ríkisstjórn sem virðist hafa vaxandi viðskiptahalla að markmiði.

Vandi sjávarútvegsins verður ekki leystur með fjölgun sjóða. Það er gott og blessað að útvega atvinnufyrirtækjunum lánsfé og að framlengja lán og að aðstoða eigendur fyrirtækja til þess að geta aukið eigið fé þeirra. Og það kann að vera nauðsynlegt í ýmsum tilvikum að gera ráðstafanir til þess að treysta stöðu atvinnufyrirtækja í byggðarlögum þar sem eitt fyrirtæki heldur uppi allri atvinnunni. En skilyrðið fyrir því að eitthvert vit geti orðið í ráðstöfunum af þessu tagi er auðvitað það að tryggður sé almennur rekstrargrundvöllur fyrir sjávarútveginn í landinu og samkeppnisiðnaðinn. Það hefur ekki verið gert.

Hæstv. forsrh. lýsti því hvernig ytri aðstæður hefðu breytt stöðu sjávarútvegsins og við þurfum ekki að eyða löngum tíma í það að ræða hvers vegna mál komust í þennan farveg. En það var um það býsna víðtæk samstaða á sl. sumri að lengur mætti ekki dragast en fram til loka ágústmánaðar eða byrjunar septembermánaðar að gera viðhlítandi ráðstafanir. Núv. ríkisstjórn var mynduð vegna þess að um það tókst ekki pólitísk samstaða og þess var auðvitað ekki að vænta að ný ríkisstjórn vinstri flokkanna í landinu stæði að heilsteyptum ákvörðunum í þessu efni, enda hefur hún sjálf kallað þær ráðstafanir bið leik, gagnslausan bið leik.

Nú eru enn á ný kynntar efnahagsráðstafanir sem eru bið leikur, enn á ný kynntar ráðstafanir sem ekki tryggja rekstur útflutningsframleiðslunnar. Hæstv. forsrh. fór hér með tölur um afkomu sjávarútvegsins í byrjun þessa árs þar sem hann greindi frá því að botnfiskútvegurinn í heild væri rekinn með 4% halla, að veiðarnar væru reknar með 7% halla og að frystingin væri í jafnvægi, ef vinnslan í heild væri í jafnvægi, frystingin rekin með 2½% halla en söltunin með 4½% ágóða. Hér er þó ekki tekið tillit til þess að Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins greiðir með fjármunum sem ríkissjóður á að leggja til 5% uppbætur sem þýðir um 4% í afkomu greinarinnar.

Nú er ákveðin gengisbreyting upp á 2½%. Þetta þýðir áframhaldandi verulegan halla á rekstri sjávarútvegsins, 7–8% halla á veiðum og þó að færa megi tölur upp fyrir núll að því er varðar vinnsluna sjálfa, þá er frystingin áfram rekin með a.m.k. 1% tapi. Og til viðbótar er það tap sem ríkissjóður stendur uppi með, með uppbótum í gegnum Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, þannig að tap frystingarinnar sýnist

vera um 6%. Og engin tilraun er gerð til þess að rétta þennan almenna rekstrargrundvöll. Engin tilraun. 2½% breyting á gengi krónunnar skiptir sáralitlu máli í þessu efni, er engin meginráðstöfun til þess að rétta við rekstur fiskvinnslunnar. Staðreyndin er því sú eftir þessa ráðstöfun, eftir þessa breytingu á gengi krónunnar að það á að halda áfram að taka upp eigið fé fiskvinnslunnar í landinu. Það er stefnt að því með þessum ráðstöfunum að taka a.m.k. 1 milljarð kr. til viðbótar af eigin fé sjávarútvegsins og þykir nú ýmsum nóg hvað gengið hefur á eigið fé sjávarútvegsins að undanförnu. En þá er stefnt að því markvisst með þessum ráðstöfunum að halda þessari eignaupptöku áfram. Og hæstv. sjútvrh. lætur sér það gott þykja. Það er boðskapur hæstv. sjútvrh. til íslenskra sjómanna, til fiskvinnslufólksins í sjávarplássunum úti um landið að þessari stefnu eigi að fylgja áfram. Vegna hvers? Vegna þess að Alþb., sem virðist hafa náð undirtökum í þessari ríkisstjórn, má ekki til þess hugsa að hér starfi atvinnulíf á eigin fótum, má ekki til þess hugsa að hér starfi sjálfstætt atvinnulíf rekið af einstaklingum, félögum þeirra, hvort sem það eru hlutafélög eða samvinnufélög. Það virðist vera augljóst markmið Alþb. með þeirri stefnu sem það hefur knúið fram í þessari ríkisstjórn að ríkisvaldið nái undirtökum í atvinnuvegunum og að sjávarplássin verði háð miðstjórnarvaldi kommissaranna í sjóðunum hér suður í Reykjavík. En bannorðið er að þessi fyrirtæki fái eðlilegan rekstrargrundvöll og að þau geti starfað sjálfstætt í eðlilegu umhverfi. Bannorðið er að fólkið í sjávarplássunum fái að reka fyrirtækin sín upp á eigin ábyrgð. Það á að gerast á ábyrgð miðstýrðra sjóða. Undir þessa stefnu hefur Framsfl. gengið. Það er óþarfi að tala um Alþfl. í þessu sambandi. Þetta er boðskapurinn sem hæstv. forsrh. var að flytja, áframhaldandi halli á rekstri sjávarútvegsins. Engin grein er gerð fyrir því hvað á við að taka þegar uppbótum ríkissjóðs í gegnum Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins lýkur í maí. En til þess voru teknar 800 millj. kr. að láni. Og hæstv. sjútvrh. hefur marglýst því yfir að ríkissjóður eigi að bera þessar 800 millj. þó að hæstv. fjmrh. hafi ekki fengist til þess að bókfæra þær á ríkissjóð til þess að geta gefið svolítið aðra mynd af ríkissjóðsdæminu en raunveruleikinn segir þó til um.

Hvað á að gera þegar þessu tímabili lýkur? Á að halda þessum uppbótum í gegnum ríkissjóð á kostnað skattgreiðendanna áfram eða á að breyta genginu þegar þar að kemur? Eða á að reka efnahagsstefnuna á þeim grundvelli sem hæstv. forsrh. var að lýsa hér? „Við vonum að verðlagið á erlendum mörkuðum hækki.“ Er það grundvöllur efnahagsstefnunnar? „Við vonum að verðlagið á erlendum mörkuðum hækki.“ Er það allur grundvöllurinn? Er það boðskapurinn sem á að fara með út um hinar dreifðu byggðir landsins? Sér er nú hver efnahagsstefnan! Sér er nú hver reisnin! Sér er nú hver virðingin fyrir Alþingi Íslendinga, fyrir störfum Alþingis Íslendinga!

Með þessari stefnu er líka verið að halda áfram því sem hefur verið meginvandi í marga áratugi, að leggja kollhúfur gagnvart viðskiptahallanum. Hann hefur verið þrálátt vandamál. Á árinu 1986 tókst að ná jöfnuði, m.a. vegna þess að þá gekk á útflutningsbirgðir. Nú hefði maður haldið að gengisskráninguna þyrfti að miða við það að það drægi úr viðskiptahallanum. Ég geri mér alveg fulla grein fyrir því að viðskiptahallinn er það mikill að það er ekki unnt að fella gengið svo mikið í einu vetfangi að það leiði til þess að við náum jöfnuði í viðskiptum við útlönd þegar í stað. Ég tel að það væri óraunhæf krafa til hæstv. ríkisstjórnar að ætlast til þess að hún næði jöfnuði í viðskiptum þegar á þessu ári. Til þess þurfum við vafalaust a.m.k. tvö ár. En þessi ríkisstjórn er að stefna úr 11 milljarða viðskiptahalla á síðasta ári upp í 14–15 milljarða viðskiptahalla á þessu ári. Og þær aðgerðir sem nú hafa verið ákveðnar kunna kannski að leiða til þess að hallinn verði ekki nær 15 milljörðum, eins og í stefndi, heldur nær 14. En það er verið að auka viðskiptahallann. Niðurstaðan af þeim ákvörðunum sem hér hafa verið teknar og tilkynntar er sú að það er stefnt að auknum viðskiptahalla. Menn vita hvaða afleiðingar það hefur. Menn vita að með því er verið að skekkja samkeppnisstöðuna hér innan lands, treysta stöðu verslunar og þjónustu en veikja að sama skapi stöðu útflutningsgreinanna. Menn vita það líka að með því að auka viðskiptahallann er verið að auka þrýsting á vaxtahækkanir. Þetta tvennt er afleiðing af stefnu sem felur það í sér að auka við viðskiptahallann, skekkja samkeppnisstöðuna útflutningsgreinunum í óhag, verslunar- og þjónustugreinunum í hag og að kynda undir vaxtabálið. Það er auðvitað hægt að taka ákvarðanir um það að vextir skuli vera þetta og vextir skuli vera hitt. En ríkisstjórn, sem með öllum öðrum aðgerðum sínum í efnahagsmálum stefnir í þveröfuga átt, kemst ekki hjá því að viðurkenna að þessar ráðstafanir auka þrýstinginn á vaxtahækkanir. Og það er það sem við þurfum síst á að halda við þessar aðstæður. Við þurfum við þessar aðstæður efnahagsráðstafanir sem draga úr þrýstingi á vaxtahækkanir. Atvinnulífið þarf á því að halda. En þá er stefnt í þveröfuga átt af hálfu hæstv. ríkisstjórnar, í þveröfuga átt.

Það væri fróðlegt í þessari umræðu að fá álit hv. 10. þm. Reykv. sem hefur verið einlægur baráttumaður gegn viðskiptahalla, haft um það stór orð að hann gæti aldrei stutt ríkisstjórnir sem ekki kæmu á jöfnuði í viðskiptum við útlönd þegar í stað. Ég hef nú verið þeirrar skoðunar að hann hafi stundum verið einum of kröfuharður í því efni því að þetta er ekkert einfalt verk. Þetta er ekki verk af því tagi sem hægt er að smella saman fingrum með og láta sér svo detta í hug að málið sé leyst. Þess vegna geri ég ekki þá kröfu til þessarar hæstv. ríkisstjórnar að hún geri ráðstafanir sem komi á jöfnuði þegar á þessu ári. En það væri fróðlegt að heyra álit þessa baráttuglaða þingmanns fyrir lækkun viðskiptahallans, hvaða álit hann hefur á þeirri ríkisstjórn sem stefnir að því að auka viðskiptahallann, auka þannig á þrýsting fyrir vaxtahækkun-

um og auka ójafnvægið á milli útflutningsgreinanna annars vegar og verslunar- og þjónustugreinanna hins vegar. En þetta sýnist mér vera alveg augljós afleiðing af stefnu ríkisstjórnarinnar. Hún stefnir m.ö.o. að því að auka erlendar lántökur.

Í áætlun sem gerð var um erlendar lántökur á þessu ári og birt var með fjárlagafrv. fyrir 1989 var gert ráð fyrir því að löng erlend lán yrðu rúmir 14 milljarðar kr. En 12. jan. á þessu ári gerir Seðlabankinn ráð fyrir því að nú stefni í erlendar lántökur allt að 20 milljarðar kr. Ég geri ráð fyrir því að hlutfall erlendra skulda stefni með þessari efnahagsstefnu í um það bil 50% af landsframleiðslu.

Hér stefnir því allt í þveröfuga átt og engar þær heildarráðstafanir hafa verið gerðar sem snúa þróuninni við til betri vegar, hvorki að því er varðar rekstur sjávarútvegsins, almenn markmið í efnahagsmálum að því er varðar lækkun viðskiptahalla, að draga úr erlendum skuldum, að draga úr þrýstingi á vaxtahækkanir. Þvert á móti sýnist áfram eiga að stefna í öfuga átt, auka við erlendar skuldir, auka viðskiptahallann, auka við þrýstinginn á vaxtahækkanir og halda áfram taprekstri sjávarútvegsins. Og væri nú ástæða til þess að hæstv. sjútvrh. gerði hinu háa Alþingi grein fyrir þeirri virðingu fyrir sjávarútveginum sem hann kýs að sýna með þessum hætti og að hann gerði fólkinu í landinu grein fyrir því hvernig hann rökstyður það að þetta sé að auka veg og virðingu Alþingis, að þessi afstaða til sjávarútvegsins, fólksins sem þar vinnur, feli það í sér að verið sé að auka veg og virðingu Alþingis. Það er ástæða til þess að hæstv. sjútvrh. geri grein fyrir því.

Ég veit að hæstv. sjútvrh. getur flutt hér tölu sem felur í sér upplestur á fjölgun sjóða, auknum skuldbreytingum og þar fram eftir götunum. Það er ekki það sem verið er að tala um. Við þurfum að breyta rekstrarskilyrðunum og það verður ekki gert með því að horfa fram hjá því að gengi krónunnar er enn rangt skráð. Að því búnu, þegar hin almennu rekstrarskilyrði hafa verið tryggð, er unnt og eðlilegt að fara í þau verkefni að skuldbreyta og horfa sérstaklega á einstaka staði á landinu þar sem eitt fyrirtæki er undirstaða allrar atvinnu, byggðaaðgerðir. En meginstefnan í efnahagsmálum verður aldrei grundvölluð á því að stofna hér sjóði, skuldbreyta og bæta við lánum. Þá er verið að knésetja framleiðsluna í landinu.

Hæstv. forsrh. taldi upp þau markmið sem ríkisstjórnin hefði ætlað að vinna að í upphafi: Ná hallalausum fjárlögum, ná niður verðbólgu, lækka vexti og tryggja varanlega rekstrargrundvöll atvinnuveganna. Við skulum fara stuttlega yfir þessi meginmarkmið.

Ná hallalausum fjárlögum. Þau voru að vísu samþykkt á pappírnum hallalaus. En skyldi nú ekki vanta sitthvað í þessi fjárlög? Ég nefni hér fyrst yfirlýsingar hæstv. sjútvrh. um það að lántakan til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins eigi að lenda á ríkissjóði. Af hverju er verið að fela það í bókhaldinu? Af hverju er hæstv. sjútvrh. látinn segja fólkinu í sjávarútveginum að þetta eigi að lenda á ríkissjóði, en hæstv. fjmrh. látinn segja skattgreiðendum að þetta eigi ekki að lenda á ríkissjóði? Þarf ekki að fara að gera upp sakirnar í þessu efni?

Ég spyr um annað dæmi. Hæstv. forsrh. gerði hér grein fyrir því að það væri eitt meginmarkmiðið að ekki aðeins halda búvöruverði óbreyttu, heldur að lækka verð á mikilvægum matvörum. Það hefur verið upplýst í bréfi sem ég hef fengið frá Þjóðhagsstofnun að það vantar 220 millj. kr. ef niðurgreiðslustigið á að vera óbreytt. Ef sú breyting á að koma til framkvæmda, sem fjárlögin kveða á um, þá þarf að hækka landbúnaðarvörurnar, mjólk og kjöt. Og vill nú ekki hæstv. ríkisstjórn gera grein fyrir því hvernig það fer saman að lýsa því yfir að fjárlögin séu hallalaus, þau séu raunhæf, samt vanti þessar 220 millj., samt eigi að halda áfram aðgerðum til þess að lækka búvöruverðið. Mér sýnist að hér rekist hvað á annars horn og hæstv. ríkisstjórn eigi býsna mikla heimavinnu eftir áður en hún getur komið hér og flutt sitt mál þannig að mark sé takandi á. M.ö.o.: Það liggur í augum uppi, þó bara séu tekin tvö dæmi, að fjárlögin eru óraunhæf og að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki náð þessu markmiði.

Annað markmiðið var að ná niður verðbólgu. Með þeim verðstöðvunarákvörðunum sem fráfarandi ríkisstjórn greip til í ágústmánuði á sl. ári og framhaldi þeirra náðist verðbólga verulega niður. Nafnvextir lækkuðu til að mynda í samræmi við það úr 40% niður í 25%. En hvað hefur gerst síðan? Það kom ríkisstjórn sem sagði: Verðstöðvunin í landinu á að gilda um alla nema ríkisstjórn Íslands. Launafólkið á að taka á sig verðstöðvun og atvinnurekendurnir — og ríkisstjórnin hældi atvinnurekendunum og sérstaklega kaupmönnunum fyrir að taka á sig gengisbreytingu, velta henni ekki út í verðlagið. En ríkisstjórnin kom með skatta- og efnahagsaðgerðir sem leiddu til þess að verðbólgan, sem var komin niður í nánast núll, fór yfir 20%. Það liggur fyrir að verðbólga fyrstu þriggja mánaða þessa árs verður yfir 20%. Lánskjaravísitalan fór að vísu held ég yfir 30%, en þeir breyttu tommustokknum til þess að ná henni niður aftur. M.ö.o.: Á þessu sviði hefur enginn árangur náðst.

Það átti að lækka vexti. Nafnvextir lækkuðu að vísu í kjölfar aðgerða fráfarandi ríkisstjórnar og héldu áfram að lækka nokkuð meðan verðbólgan hélt áfram að lækka í kjölfar þeirra aðgerða. En í kjölfar verðlagsstefnu núverandi ríkisstjórnar hafa nafnvextir farið hækkandi á ný. Spariskírteini ríkissjóðs hafa ekki selst á lækkuðum vöxtum. Þau hafa verið seld á útsölu. Í reynd hefur engin raunvaxtalækkun orðið og nafnvextir eru að hækka á nýjan leik vegna efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Þriðja höfuðmarkmiðið hefur þannig að engu orðið.

Í fjórða lagi átti svo að tryggja rekstur grundvallaratvinnuveganna. Og enn stendur að sjávarútvegurinn er rekinn með verulegum halla og það á að stefna að því að taka einn milljarð í viðbót af eigin fé sjávarútvegsfyrirtækjanna í landinu. Það er niðurstaðan af efnahagsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í dag.

Þetta eru markmiðin fjögur, þetta er árangurinn og þetta er það sem blasir við.

Það er ástæða til þess að fara hér líka nokkrum orðum um ýmislegt annað það sem hæstv. ríkisstjórn hefur verið að aðhafast. Ég nefni hér breytingu á lánskjaravísitölu. Það hefur verið með ólíkindum hvernig að því máli hefur verið staðið. Fyrst ákvörðun um að tengja laun við lánskjaravísitölu. Síðan tillöguflutningur nokkurra stjórnarþingmanna um það að sú skipan mála væri ófullnægjandi og setja þyrfti á fót sérstaka nefnd til þess að finna upp aðra samsetningu vísitölunnar. Loks yfirlýsingar hæstv. viðskrh. sem hnigu í þá veru að það væri óskynsamlegt að tengja launin lánskjaravísitölunni. Þá yfirlýsingu hæstv. forsrh. að það ætti bara að vera ein lánskjaravísitala, en um leið yfirlýsingar hæstv. viðskrh. um að það væri æskilegt að hafa margar lánskjaravísitölur. Og loks sú ákvörðun sem tekin var, og alkunn er, og hefur stofnað viðskiptum í verulega hættu og dregið mjög svo úr öryggi í viðskiptum vegna þess að hæstv. ríkisstjórn á nú yfir höfði sér umfangsmikil málaferli.

En hitt er þó kannski athyglisverðast við þessa ákvörðun að ríkisstjórnin gerði samninga við lífeyrissjóðina í landinu, við lífeyrisþegana í landinu, um viðskipti með skuldabréf þrjá fyrstu mánuði þessa árs. Og hæstv. ríkisstjórn samdi um það að gamli vísitölugrundvöllurinn skyldi gilda í þeim samningum. Síðan er þeim grundvelli breytt og hæstv. fjmrh. hefur ekki fengist til þess að staðfesta það hvort ríkisstjórnin ætlar að standa við gerða samninga. Það kom ekki á óvart að hæstv. fjmrh. gæti ekki staðfest það. Það hefur verið megineinkenni á öllum hans málflutningi að fara rangt með staðreyndir, segja ósatt um efni skattafrumvarpa og nú loks að standa ekki við eigin samninga.

Hæstv. forsrh. lýsti því yfir í sjónvarpi að sérstök úrskurðarnefnd sem starfar á grundvelli Ólafslaga hefði samþykkt nýju vísitöluna. Hann hafði varla sleppt orðinu er yfirlýsing kom um að það væri rangt. Mér sýnist því að hæstv. forsrh. sé að ganga í fótspor hæstv. fjmrh. um vinnubrögð að þessu leyti til líka og er það nú ekki til fyrirmyndar. En það væri fróðlegt að fá skýr svör við því eftir að hæstv. ríkisstjórn hefur haft svo langan tíma til umhugsunar hvort hún ætlar að standa við gerða samninga eða ekki.

Hæstv. forsrh. vék hér í alllöngu máli að því sem kallaðar eru aðgerðir í efnahagsmálum. Auðvitað er orðið ljóst að það sem hér var lesið og tilkynnt hefur engin raunveruleg áhrif til breytinga á rekstrarskilyrði fyrir atvinnuvegi landsmanna. Ýmislegt í því sem hæstv. ráðherra las þarfnast nánari skoðunar og athugunar. Það er auðvitað göfugt markmið í verðlagsmálum að gæta þar fyllsta aðhalds og hafa umþóttunartíma að því er varðar strangt verðlagsaðhald. Ég get ekki sagt annað en að þetta er göfugt markmið. En hæstv. forsrh. lýsti engum efnislegum ráðstöfunum til þess að hafa aðhald að verðlagsmálum, engum efnislegum ákvörðunum sem miða að því að koma í veg fyrir verðhækkanir, enda er hann forsrh. í fyrstu ríkisstjórn lýðveldisins sem hefur litið svo á verðstöðvun að ríkisstjórnin ein gæti virt hana að vettugi og var ekki að vænta að slík ríkisstjórn kæmi fram með markverðar tillögur í þessu efni. En hitt er auðvitað fallegur ásetningur að koma fram með slíkt aðhald og tilkynningar eða viðurlög við broti á tilkynningarskyldu breyta nú ekki miklu í verðlagsmálum. En það sýndist mér vera eina efnisatriðið sem hæstv. forsrh. kom fram með, viðurlög við broti á tilkynningarskyldu. Það var eina efnisatriðið í verðlagsmálum.

Það á svo að fela Verðlagsráði að fjalla um gjaldskrár orkufyrirtækja. Hér er nú ekki mikil breyting á ferðinni. Þær hafa verið háðar samþykki ríkisstjórnarinnar að því er varðar ríkisfyrirtæki, en fyrirtæki sveitarfélaganna hafa í einu og öllu virt, svo best ég veit, verðstöðvunina fram til þessa og hafa þannig staðið sig miklu betur. Sveitarfélögin hafa virt verðstöðvunina þó ríkisstjórnin hafi ekki gert það. En opinberu fyrirtækin hafa verið háð samþykki ríkisstjórnarinnar. Nú verða gjaldskrár þeirra og sveitarfélaganna háðar samþykki Verðlagsráðs. En hverju breytir það? Á að breyta einhverju í rekstri þessara stofnana? Hafa verið teknar ákvarðanir um að draga úr fjárfestingu, draga úr þjónustu þannig að koma megi í veg fyrir verðhækkanir eða lækka verð? Hæstv. forsrh. var ekki með neinar tilkynningar þar um. Engar efnislegar breytingar sem leitt geta til annarrar niðurstöðu í verðlagsmálum en fyrirsjáanleg er nema þá að ætlunin sé að fyrirskipa Verðlagsráði að segja nei við verðhækkunum en fyrirskipa svo fyrirtækjunum að halda áfram óbreyttri þjónustu og taka bara erlend lán? Skyldi það vera markmið hæstv. ríkisstjórnar að borga verðbólguna niður með erlendum lánum? Er það hugsanlegt, hæstv. forsrh.?

Það er nauðsynlegt að fá nánari skýringar við þessi atriði. Og það er líka nauðsynlegt í tengslum við verðlagsmálin að hæstv. forsrh. svari því alveg skýrt hvað hæstv. ríkisstjórn ætlar að gera í tengslum við búvöruverðið. Hann lýsir því yfir að það eigi að lækka búvöruverð, en fjárlögin sem hann stendur fyrir og ríkisstjórnin í heild gera ráð fyrir því að það hækki núna í mars vegna þess að það skortir á 220 millj. að niðurgreiðslurnar tryggi óbreytt verð. Vill ekki hæstv. ráðherra svara því hér skýrt og skorinort, a.m.k. ef hann ætlar að gera minnstu tilraun til þess að halda því fram að hér hafi verið talað í einhverri alvöru af hálfu hæstv. ríkisstjórnar?

Ég get líka tekið undir það ekki aðeins sem gott markmið heldur höfuðmarkmið í þessu þjóðfélagi að það þurfi að lækka vexti. Ég er að sama skapi ekki mjög trúaður á að sá boðskapur sem hæstv. forsrh. flutti hér leiði til einhverra raunverulegra breytinga í þeim efnum því að það er hið efnahagslega umhverfi sem ræður því auðvitað mest hvert vaxtastigið er í þjóðfélaginu. Og ríkisstjórn sem stefnir að því að auka viðskiptahallann er ekki að stefna að því að draga úr vöxtum, lækka vexti. Markmiðið er fallegt. En ég sé ekki að hæstv. ríkisstjórn sé í raun og veru að ná neinum árangri með þessu móti. Hæstv.

ríkisstjórn getur sagt: Vextirnir á ríkisbréfum eiga að vera 5%, sem þýðir kannski 6½–7% á öðrum bréfum. Það eru nú nokkuð góðir vextir, of háir vextir að mínu mati. En menn verða auðvitað að horfa á efnahagslega umhverfið og það þarf að ná á þeim vettvangi fram þeim breytingum sem gera það mögulegt að lækka þessa vexti. Ég geri ráð fyrir því að áfram verði seld skuldabréf með afföllum. Og mér sýnist að þó að ríkisstjórnin setji á blað að vextir megi ekki vera nema 5% og kannski 7% annars staðar, þá komi það ekki í veg fyrir það að verðbréf gangi kaupum og sölum á því gengi sem markaðurinn telur nauðsynlegt á hverjum tíma miðað við efnahagsstefnu stjórnarinnar að öðru leyti. Það er einmitt þetta sem hefur verið að gerast undanfarna mánuði. Og það er einmitt af þessum sökum sem hæstv. ríkisstjórn hefur ekki enn — þrátt fyrir góðan vilja, ég dreg ekki úr því að hún hlýtur að hafa góðan vilja í þessu efni — hefur engum árangri náð í því að lækka raunvextina. Og mér sýnist flest stefna í að það sama verði uppi á teningnum.

Það kom fram hjá hæstv. forsrh. að það væri meginstefna ríkisstjórnarinnar í peningamálum að skipulag bankakerfisins yrði bætt. Þetta er býsna stór yfirlýsing. Skipulag bankakerfisins bætt. En væri nú ekki fróðlegt að fá nánari skýringu á því hvernig á að bæta skipulag bankakerfisins eða er þetta bara almenn yfirlýsing sem stjórnarflokkarnir eiga svo eftir að takast á um og rífast um? Hvort það eigi að selja Útvegsbankann, leggja Útvegsbankann niður eða hvort ekkert eigi að gera? Hvort það megi hreyfa við Búnaðarbankanum eða það megi ekki hreyfa við honum? Það er ágætt svo sem að hafa þetta á blaði og berja sér á brjóst, en aðgerð er þetta ekki. Og ekki bætir það rekstrarskilyrði sjávarútvegsins, hæstv. forsrh., að setja svona á blað.

Þá á að fela Seðlabankanum aðhald að nafnvöxtum og eftir því sem ég skildi hæstv. forsrh. að tryggja það að nafnvextir yrðu í samræmi við ávöxtun á verðtryggðum verðbréfum. Ég hygg að ég hafi tekið rétt eftir. Nú get ég tekið undir það að það er eðlilegt að hafa sem mest samræmi í vöxtum og það er slæmt þegar mikill mismunur verður á milli vaxta eftir því hvort menn eru með verðtryggða eða óverðtryggða pappíra. En í fljótu bragði sýnist mér að þessi samræming leiði til þess að nafnvextir hækki talsvert og jafnvel býsna mikið á næstu vikum og væri fróðlegt að fá nánari skýringu á því hjá hæstv. ráðherra hvernig þessi samræming á að fara fram. Hverjir verða nafnvextirnir eftir að þeir hafa verið samræmdir vöxtum á verðtryggðum bréfum? Hvaða afleiðingu hefur það fyrir nafnvaxtaákvarðanir banka og sparisjóða á næstu vikum?

Svo var það til þess að kóróna boðskapinn að tilkynna það að viðurlög bankanna vegna of mikilla útlána skyldu núna renna í ríkissjóð. M.ö.o.: Þegar atvinnufyrirtækin lenda í vanda, bankarnir freistast til þess að lána meira en góðu hófi gegnir vegna þess að hæstv. ríkisstjórn neitar að leiðrétta rekstrargrundvöllinn, neitar að skrá gengi krónunnar rétt, bankarnir neyðast til þess að lána atvinnufyrirtækjunum meira, sjávarútvegsfyrirtækjunum, þá lenda þeir í smáskuld við Seðlabankann, fá refsivexti og nú eiga þeir að renna í ríkissjóð. M.ö.o.: Það er verið að gera ranga gengisskráningu, hallarekstur atvinnuveganna að tekjulind fyrir hæstv. fjmrh. Það verður gaman fyrir hæstv. sjútvrh. að fara út um land með þennan boðskap. Ég hygg að hann ætti nú að fá sér rautt ljós og ferðast um sjávarplássin og tilkynna fólkinu í sjávarútveginum þennan mikla árangur sem hann hefur náð í að bæta rekstrarskilyrði sjávarútvegsins.

Það er ein veigamesta yfirlýsing hæstv. forsrh. að taka refsivextina í ríkissjóð. Því meir sem hæstv. ríkisstjórn falsar gengið, því meir sem hún leggur á bankana aðhald að rekstri atvinnuveganna, því meira á ríkissjóður að græða.

Ég tók eftir því í ræðu hæstv. forsrh. að það var ein af efnahagsráðstöfununum, sem þeir notuðu jólaleyfið, fjögurra vikna jólaleyfið til að fjalla um, að þeir hefðu ákveðið í hæstv. ríkisstjórn að frumvörpin um verðbréfamarkaði og verðbréfasjóði, sem var fyrsta mál Alþingis, yrði að lögum á þessu þingi. Þeir þurftu sérstakt jólaleyfi, neyðarjólaleyfi, til þess að komast að þeirri niðurstöðu að fyrsta frumvarpið sem hæstv. ríkisstjórn lagði hér fram ætti að verða að lögum á þessu þingi. Það fer nú ekki hjá því að manni komi til hugar að hæstv. ríkisstjórn hafi leitað til einhvers grínista þessar fjórar vikur sem hún hefur setið við að útbúa efnahagsstefnu sína þegar flest er þessu marki brennt.

Síðan kemur að því að hæstv. ráðherra fer að ræða um tengingu íslenska fjármagnsmarkaðarins við hinn alþjóðlega fjármagnsmarkað. Það er byrjað á því að lýsa því að nú eigi að hverfa frá þeim almennu reglum sem hér hefur verið stuðst við og eru mjög í samræmi við það sem Norðurlöndin hafa búið við í áratugi að því er varðar skipan og ákvarðanir á fjármagnsmarkaðnum. Það er byrjað á því að tilkynna þetta. Svo er tilkynnt að ríkisstjórnin hafi sérstaklega í huga að sníða íslenska fjármagnsmarkaðinn að þeirri áætlun sem Norðurlöndin hafa nú á prjónunum um frjálsa fjármagnsflutninga. — Og þá gekk hæstv. forsrh. úr salnum. — En það stendur þannig á að hæstv. fjmrh. gerði við þessa efnahagsáætlun, sem nú liggur fyrir á vettvangi Norðurlandaráðs, sérstakan fyrirvara að því er varðar frjálsa fjármagnsflutninga. Ég hygg þó að einmitt þetta atriði í efnahagsáætluninni sé kannski sá þáttur sem kunni að hafa mest áhrif á íslenskt atvinnulíf og kynni þegar til lengri tíma er litið að hafa hér jákvæð áhrif, ef við værum tilbúnir til þess að taka þátt í þessu samstarfi. En ríkisstjórnin ákvað að gera um það sérstakan fyrirvara vegna þess að það samræmdist ekki stefnu Alþb. að taka þátt í þessu samstarfi Norðurlandaþjóðanna. Og ekki voru það nú neinir stórkapítalistar sem að þessu stóðu. Engir stórkapítalistar. Þetta voru kratafjármálaráðherrar af hinum Norðurlöndunum upp til hópa. Nei, en það var of frjálslynt fyrir Alþb. og um leið ríkisstjórnina. En nú er tilkynnt að það eigi að aðlaga

fjármagnsmarkaðinn hér að því sem Norðurlöndin eru að stefna að. Og því spyr ég: Hefur ríkisstjórnin tekið ákvörðun um að falla frá þessum fyrirvara? sem ég lít nú svo á að sé til vansæmdar fyrir Íslendinga að hafa gert. En ber að skilja þessi orð svo að íslenska ríkisstjórnin hafi fallið frá þeim fyrirvara sem þarna var gerður? Sé svo, þá er það fagnaðarefni, en ég bendi á að ákvarðanirnar ganga í tvær áttir. Önnur ákvörðunin gengur í þá átt að auka handstýringuna á fjármagnsmarkaðnum og hin ákvörðunin gengur í þá átt að aðlaga fjármagnsmarkaðinn að því sem gerist á Norðurlöndunum til aukins frelsis og er það nú í samræmi við flest annað sem hér hefur verið borið á borð.

Hæstv. forsrh. sagði að ákvarðanir yrðu teknar um það að vextir verðtryggðra lána verði fastir, þ.e. óumbreytanlegir. Þetta atriði tel ég vera um margt athyglisvert. Ég hygg að ákvörðun af þessu tagi geti stuðlað að aukinni festu á fjármagnsmarkaðnum. Auðvitað skiptir mjög miklu máli um framkvæmdina og ég vænti þess að hæstv. ríkisstjórn hafi ekkert í hyggju í þessu sambandi í líkingu við það klúður sem hún stóð að varðandi lánskjaravísitöluna. En efnislega er það mín skoðun að þarna sé um jákvætt atriði að ræða þó að það sé ekki nein grundvallarbreyting, en það verður að koma hér fram sem jákvætt er.

Að því er ríkisútgjöldin varðar er hin stóra ákvörðun fólgin í því að nú á að halda mánaðarlega fundi í fjmrn. Er það nú svona og svona gagnlegt að halda fundi, en það er auðvitað að vonum að það hafi tekið ríkisstjórnina langan tíma og hún hafi þurft alveg sérstaklega neyðarlega langt jólaleyfi til þess að komast að þessari niðurstöðu.

Þá er lýst almennri stefnu í skattamálum: breikka skattstofna og lækka skatthlutföll. Það sem þessi hæstv. ríkisstjórn hefur verið að gera er að hún hefur verið að hækka skatthlutföllin. Því hefur verið lýst hér að nú eigi sérstaklega að huga að skattlagningu fyrirtækja, hlutabréfa og þar fram eftir götunum. Þessi ríkisstjórn hefur verið að koma hér fram skattalögum sem íþyngja atvinnurekstrinum í landinu. Ber að skilja orð hæstv. forsrh. svo að allar þær ákvarðanir sem hæstv. ríkisstjórn tók hér í skattamálum að því er varðar atvinnufyrirtækin hafi verið rangar og á misskilningi byggðar? Var þetta enn eitt dæmið um það að hæstv. forsrh. var bara „plataður"? Hvers vegna er verið að keyra fram í desember skattbreytingar gegn harðri og eindreginni andstöðu hér á Alþingi vegna þess að það var svo augljóst að það væri verið að leggja auknar byrðar á atvinnufyrirtækin, draga úr möguleikum fólks að byggja hér upp eiginfjárstöðu atvinnufyrirtækjanna og koma svo með einhvern nýársboðskap í byrjun febrúar og segja: Við þurfum að lækka skattana á atvinnufyrirtækin. Við þurfum að auðvelda fólki að kaupa hlutabréf. Hvað á þetta að þýða? Hvaða heila brú er í þessari stefnumörkun? Ég fagna því ef mark má taka á þessum nýju yfirlýsingum. En þær verða þá að sjást í verki. Það þýðir lítið að koma hér og keyra hér og þvinga í gegn skattalög sem íþyngja fyrirtækjunum, koma svo nokkrum dögum seinna og segja: Við ætlum að fara að hjálpa fyrirtækjunum með því að lækka skattana. Ef það á að taka mark á hæstv. ríkisstjórn, þá þarf hún að haga gerðum sínum á annan veg og meira í samræmi við þau fyrirheit sem verið er að gefa.

Það var athyglisvert að hæstv. forsrh. tók hér fram í kaflanum um aðgerðir í þágu íslensks iðnaðar að það ætti að endurskoða vörugjaldið. Það var eitt stærsta deilumálið fyrir jól, höfuðágreiningsefni Sjálfstfl. við ríkisstjórnina að það væri verið að setja á nýtt vörugjald, breyta vörugjaldslögunum til íþyngingar íslenskum iðnaði. Það er út af fyrir sig fagnaðarefni að jólaleyfið, þetta langa, skuli hafa nýst til þess að hæstv. ríkisstjórn hefur komist að þeirri niðurstöðu að þetta hafi allt saman verið rangt, að það hafi verið rétt, sem bent var á af hálfu talsmanna Sjálfstfl., að skattbreytingin íþyngdi íslenskum iðnaði og nú eigi að huga að því að leiðrétta þetta á nýjan leik. Ætli hæstv. forsrh. hafi verið plataður í þessu efni? Og ef svo er, hver skyldi hafa platað hann? (**HBl:** Það má alltaf skipta um skoðun ef maður hefur rangt fyrir sér.)

Hæstv. forsrh. lýsti svo sértækum aðgerðum í þágu sjávarútvegsins, stofnun hlutafjársjóðs, úreldingarsjóðs, sérstakrar þróunardeildar við Fiskveiðasjóð, áformum um gæðaátak og svo tilkynnti hann að ríkisstjórnin hefði enn á ný tekið ákvörðun um lækkun raforkuverðs. Ég held að þetta sé í þriðja skipti sem hæstv. ríkisstjórn tilkynnir ákvörðun sína um lækkun raforkuverðs til frystihúsa og er spurning hvort hæstv. sjútvrh. á ekki að fá leyfi til að tilkynna þetta reglulega á svona þriggja mánaða fresti. Þá gæti hann hringt út á land og sagt: Nú hefur ríkisstjórnin tekið ákvörðun um að lækka raforkuverð til frystihúsa þannig að afkoma þeirra batni um 0,25%. Þetta er auðvitað svolítið ruglandi þegar verið er að tilkynna þetta æ ofan í æ en án þess að nokkur regla sé á hlutunum og ég sting upp á því að þeir setji það í lög að á þriggja mánaða fresti fái hæstv. sjútvrh. að tilkynna að þetta sé í vændum og ríkisstjórnin ætli að standa við þetta.

Hæstv. forsrh. lýsti með almennum orðum áformum um úreldingarsjóð. Það er auðvitað ekki hægt að taka neina endanlega afstöðu til þess boðskapar hér. Mér sýnist þó að það eigi að afla fjár til þessa sjóðs með því að taka þá fjármuni innan úr sjávarútveginum sjálfum. Hér er því ekki verið að bæta rekstrarskilyrði sjávarútvegsins. Hugsanlega geta komið upp mjög áleitnar spurningar um hverjir eigi þá peninga sem draga á úr öðrum sjóðum inn í þennan nýja sjóð og úr því geta orðið lagaflækjur miklar. Það ber auðvitað að hafa líka í huga að þegar hæstv. sjútvrh. kynnti fiskveiðistefnuna sem nú er í gildi, kvótastefnuna sem svo hefur verið nefnd, var einn megintilgangurinn með þeirri breytingu sá að stuðla að samruna og aukinni hagræðingu í sjávarútveginum. Það átti með þessari breytingu, með almennum aðgerðum, að knýja fram fækkun fiskiskipa. Nú kemur hæstv. sjútvrh. og segir: Nú þurfum við að

stofna nýjan sjóð til að ná þessu markmiði. Og ég sé ekki betur en að hann sé að kveða upp þann dóm yfir sinni eigin fiskveiðistefnu að hún hafi ekki náð því meginmarkmiði sem lýst var þegar haldið var af stað. Og það þarf auðvitað að skoða þessi áform um úreldingarsjóð í þessu ljósi.

Um hlutafjársjóðinn vil ég aðeins segja það að ég er þeirrar skoðunar að veruleg þörf sé á því að gera sérstakt átak í þjóðfélaginu til þess að auka eigið fé í atvinnufyrirtækjum landsmanna. Það er sú hugmynd sem Sjálfstfl. og Kvennalistinn stóðu að í þessu efni, að miða að því að slíkur sjóður yrði settur á fót í tengslum við Byggðasjóð, að komið yrði upp atvinnumálanefndum í kjördæmum með þátttöku aðila vinnumarkaðarins. Þetta mátti ríkisstjórnin auðvitað ekki heyra á minnst, að fólkið í landshlutunum fengi eitthvað um þessi mál að segja. Nei, allar tillögur þar um voru felldar. Allar tillögur um að verkalýðshreyfing og atvinnurekendur fengju að koma þar að voru auðvitað felldar og ríkisstjórnin ákvað að yfir slíkum sjóði ætti aðeins að sitja þriggja manna nefnd þar sem hæstv. forsrh. skipaði alla. Og nú sýnist mér samkvæmt orðum hæstv. forsrh. að þeir sjóðir sem eiga peninga inni hjá atvinnufyrirtækjunum eigi sérstaklega að kaupa hlutdeildarbréf. Ég átta mig ekki alveg á því hvert hæstv. ráðherra er að fara. Það verður auðvitað að skoða miklu betur þegar það mál kemur í útfærðu formi frá hæstv. ríkisstjórn, en auðvitað bendir margt til þess að hæstv. ríkisstjórn ætli að nota þennan sjóð með allt öðrum hætti en upphaflegar hugmyndir voru um þegar tillagan var sett fram í upphafi. En það skýrist auðvitað þegar nánari grein verður gerð fyrir þessu af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Aðalatriðið er þó þetta: Það verður að byrja á því að gera almennar ráðstafanir fyrir sjávarútveginn. Ef þær ráðstafanir eru ekki gerðar og almennur rekstrargrundvöllur fyrir þessa atvinnugrein er ekki tryggður koma ráðstafanir af þessu tagi að mjög litlu haldi. Eigið fé heldur áfram að brenna upp, taprekstur inn heldur áfram og það þarf að koma með nýjan hlutabréfasjóð eftir örskamman tíma. Og eftir hversu langan tíma á að koma með nýjan hlutabréfasjóð, því að þetta hlutafé brennur upp á örskömmum tíma? Þess vegna verður að gera þá höfuðkröfu að hin almennu rekstrarskilyrði séu leiðrétt. Það dugar ekkert annað. Allt annað verður kák. Allt annað leiðir til þess að sjávarútvegurinn lamast í landinu. Það er auðvitað hægt að halda honum gangandi með svona millifærslum. Ef menn trúa því að hægt sé að leggja skatta endalaust á neysluna í þjóðfélaginu til þess að halda uppi sjávarútveginum geta menn gert þá tilraun. Afleiðingarnar verða hins vegar skelfilegar vegna þess að verðmætin eru sköpuð í sjávarútveginum og sjávarútveginum verður auðvitað ekki haldið gangandi með millifærslum og skattheimtu á aðra aðila vegna þess að verðmætin verða til í sjávarútveginum. En það er eins og hæstv. fjmrh. fáist ekki til þess að gera sér grein fyrir því, vilji ekki gera sér grein fyrir því á hverju íslenska þjóðin lifir. (Gripið fram í.) Og Framsfl. vill ekki styggja hæstv. fjmrh. og tekur því á sig ábyrgð af þessari stefnu. Og það líður auðvitað ekki á löngu þar til best reknu fyrirtækin í sjávarútveginum eru komin í þessa sömu stöðu.

Sem betur fer eigum við mörg vel rekin fyrirtæki í sjávarútveginum, fiskvinnslufyrirtæki sem eru vel rekin og hafa jafnvel skilað hagnaði löngu eftir að mörg hús voru farin að tapa stórlega. En hæstv. ríkisstjórn segir sem svo: Okkur kemur ekkert við hvað verður um best reknu fyrirtækin í þessu landi. Þau eiga bara að fara á hausinn smám saman. Við ætlum að bíða eftir því að þau verði komin í skussaflokkinn þannig að við getum tekið þau inn í sjóðakerfið okkar af því að við getum ekki hugsað okkur, segir hæstv. ríkisstjórn, að hér starfi fyrirtæki með eigið fé sem hafi hagnað og ágóða af starfsemi sinni. Það eru einmitt þessi fyrirtæki sem skapa verðmætin, það eru þessi fyrirtæki sem tryggja það að við getum bætt lífskjör fólksins í landinu. Svo er hæstv. ríkisstjórn að tala um það að hún vilji hafa gott samráð við launafólkið í landinu og launþegasamtökin. Þegar hún er að vega að rekstrargrundvelli best reknu fyrirtækjanna, þangað sem við eigum að sækja bætt lífskjör, þá á markvisst að keyra þau niður í sama svaðið. Og hæstv. sjútvrh. ætlar að fara með þann boðskap út um landið að að því sé nú stefnt að öll fyrirtæki komist á endanum inn í náðarfaðm sjóðakerfisins.

Frú forseti. Ég hef hér með nokkrum almennum orðum vikið að því sem fram kom í tilkynningu hæstv. forsrh. Niðurstaðan af þessu er sú að sjávarútvegurinn á Íslandi er áfram rekinn með verulegum halla. Það er stefnt að því að eignaupptakan verði um 1 milljarður kr. með þessum efnahagsráðstöfunum. Það er stefnt að því að auka viðskiptahallann. Það er stefnt að því að prýsta á um vaxtahækkanir með almennum efnahagslegum ráðstöfunum vegna þess að viðskiptahalli prýstir á vextina en leiðir ekki til þess að dregið verði úr þeim. Hinar sértæku ráðstafanir sem hér hafa verið kynntar, mjög óljóslega og óútfærðar, breyta engu um það að rekstur sjávarútvegs og iðnaðar er enn í halla. Það er áfram stefnt að hallarekstri á íslensku atvinnulífi. Það er sú hætta sem við stöndum frammi fyrir. Og það er sú stjórnarstefna sem þarf að breytast.

Júlíus Sólnes:

Hæstv. forseti. Enn eina ferðina erum við komin saman hér í sölum hins háa Alþingis til að ræða um efnahagsmál og eflaust verður það aðalviðfangsefni hins háa Alþingis svo lengi sem við byggjum þetta land. Það læðist hins vegar að mér sá grunur að ef við töluðum svolítið minna og gerðum meira væru kannski efnahagsmálin ekki í eins miklum ólestri og þau virðast vera hér ævinlega.

Við höfum nú heyrt, bæði í máli hæstv. forsrh. og í máli hv. þm. Þorsteins Pálssonar, rætt mjög um afkomu þjóðarbúskaparins og um afkomu atvinnuveganna. Það er hins vegar eitt sem mér finnst gleymast í allri þessari umræðu. Það minnist enginn á afkomu fólksins í landinu. Hver er afkoma lágtekju-

hópanna í dag? Hver af afkoma barnafjölskyldnanna í dag? Og hver er afkoma ellilífeyrisþeganna? Það er eins og það hafi enginn áhuga á að velta því fyrir sér. Að sjálfsögðu byggir afkoma fólksins á því hver afkoma fyrirtækjanna er og því ber okkur skylda til að reyna með öllum ráðum að tryggja hagstæð ytri skilyrði fyrir allan atvinnurekstur í landinu. Ef ytri skilyrði eru góð og rekstrargrundvöllur er tryggður batnar að sjálfsögðu afkoma fólksins. Síðast í þessari röð kemur síðan afkoma ríkissjóðs og kerfisins. Því miður virðist nú vera sú stefna uppi að raða þessu upp í þá röð að fyrst eigi að fjalla um afkomu ríkissjóðs og kerfisins, síðan eigi að fjalla um afkomu atvinnufyrirtækjanna og svo síðast eigi að fjalla um afkomu fólksins. Hún skiptir minnstu máli, því miður, virðist mér, samkvæmt þeirri umræðu sem hér fer fram.

Það er alveg ljóst að eins og nú er ástatt í íslensku efnahagslífi eru stórir hópar fólks sem hafa mjög slæma afkomu. Það er hægt að tala um meðaltalskaupmátt sem sé mjög hár og að hann hafi kannski verið allt of hár núna upp á síðkastið og maður talar nú ekki um afkoma tekjuhærri hópa þjóðfélagsins sem hafa meira en meðaltalskaupmáttinn. Það þarf ekki að hafa áhyggjur af þeim. Það er hins vegar gífurlega stór hópur fólks sem hefur mjög slæma afkomu og við verðum að hugsa um þann hóp líka.

Við erum vitni að því hér eina ferðina enn að fulltrúar gömlu flokkanna standa uppi í hárinu hver á öðrum til þess að fjalla um slæma afkomu ríkissjóðs og slæma stjórnun á ríkinu, bæði nú og undanfarin ár. Það er mjög fróðlegt fyrir okkur, fulltrúa hinna nýju stjórnmálaafla á þingi, að vera vitni að þessari umræðu sem fer fram hér nærri óslitið dag eftir dag, viku eftir viku, mánuð eftir mánuð meðan Alþingi situr þar sem fulltrúar gömlu stjórnmálaflokkanna, Sjálfstfl., Framsfl., Alþfl. og Alþb., eru að kenna hver öðrum um hve illa er komið. Það þarf ekki að fara langt aftur á bak til þess að sjá hvernig það hefur farið með efnahagsástand þjóðfélagsins og er sérstaklega fróðlegt að virða það fyrir sér. Ég er hérna með upplýsingar frá Hafrannsóknastofnun um afkomu sjávarútvegs. Þar er greint frá virðismati aflafengs á árunum 1965 fram til 1987. Virðismat aflafengs, ef hann er mældur í dollurum, segir að ef árið 1973 er sett á töluna 100 er virðismat aflafengs í dollurum 1985 komið í 300 og aðeins tveimur árum seinna í 600 þannig að virðismat aflafengs hefur tvöfaldast á árunum 1985–1987. Í SDR-einingum er þetta svipað. Þar er virðismat aflafengs 1973 100, virðismat aflafengs 1985 300 og virðismat aflafengs 1987 500 sem sýnir okkur að dollarinn fór lækkandi á árunum 1985–1987. En þetta er svo gífurleg aukning á raunvirði aflafengs Íslendinga á þessum árum að það er von að spurt sé: Hvað varð um þetta allt saman? Hvert fór þetta allt saman? Hvað varð um góðærið?

Það er líka fróðlegt að rifja upp hvernig fjárhagur ríkisins var þessi ár. Ef við rifjum upp, þá skilaði þáv. fjmrh., hv. þm. Albert Guðmundsson, fjárlögum fyrir 1986 með tekjuafgangi upp á líklega 200 millj. eða svo, ég man það ekki gjörla en hv. þm. mun eflaust leiðrétta það ef rangt er með farið, en hann, sem öllum er kunnugt, var fluttur til í ríkisstjórninni haustið 1985 úr embætti fjmrh. í embætti iðnrh. og við tók hv. þm. Þorsteinn Pálsson sem skilaði síðan afkomu ríkissjóðs árið 1986 með tæplega þriggja milljarða tekjuhalla. Við tók síðan hæstv. núv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson sem var fjmrh. við myndun ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar vorið 1987, en í tíð hans varð fjárlagahallinn fyrir árið 1987 um 5 milljarðar kr. Síðan er það núna gjört heyrinkunnugt að fjárlagahallinn fyrir árið 1988 er kominn í rúmlega 7 milljarða kr. Og þetta gerist þegar eitthvert mesta góðæri sem nokkurn tíma hefur komið á þessu landi er að baki, þ.e. þegar virðismat aflafengs, hvort sem það er mælt í dollurum eða í SDR-einingum, margfaldaðist á örskömmum tíma. Það er skelfilegt að horfa til þess hvernig hefur verið farið með góðu árin.

Rótin að þessari meinsemd er að sjálfsögðu ríkisbáknið. Ég hef oft kallað það ríkisófreskjuna sem er gjörsamlega komin úr böndum. Það ræður enginn við hana lengur. Þetta er því miður ekkert einstakt fyrirbæri fyrir Íslendinga. Þetta virðist vera mjög svipað ástand og er víðast hvar í Vestur-Evrópu, að stjórnmálamönnum hefur gjörsamlega mistekist að hemja ríkisófreskjuna. Þeir ráða ekki við hana lengur. Það er skylda okkar, alþingismanna sem nú sitja á Alþingi, að leggjast allir á eitt að reyna að koma böndum á þessa ófreskju. Við verðum, með samstilltu átaki, hvort sem við erum í stjórn eða stjórnarandstöðu, að leggjast á eitt við það að reyna að hemja ófreskjuna. Það verður að fara rækilega ofan í saumana á ríkisrekstrinum og endurskipuleggja allt ríkiskerfið frá grunni ef á að nást árangur í þessari baráttu. Hún getur tekið langan tíma og kostað mikil átök. Við teljum, fulltrúar Borgfl., að það sé hægt að gera stóra hluti í þessum efnum ef farið væri af alvöru í þennan slag og við erum tilbúnir til þess hvort sem er í stjórnarandstöðu eða í ríkisstjórn.

Eitt af því sem við teljum að sé nauðsynlegt og verði að gera breytingar á er með hvaða hætti fjárveitingum er varið til hinna ýmsu málaflokka og hvernig fjárveitingum er deilt út. Miðstýringin eins og hún hefur þróast í ríkisrekstrinum, þar sem öllu er ráðstafað héðan frá Reykjavík, þ.e. niður í smæstu einingar. Fjvn. Alþingis situr hér dag eftir dag, mánuð eftir mánuð við að útdeila 5000 kr. til skóla hér og þar og til smáverkefna út um allt land, verkefna sem heimamenn væru miklu betur færir um að ráðstafa og vinna að sjálfir. Þess vegna höfum við lagt mikla og ríka áherslu á að það verði að efla heimastjórn landshlutanna, gera heimamenn ábyrgari fyrir sínum eigin málum og fela þeim að fara með sín eigin verkefni og dreifa þeim fjármunum sem eru ætluð til hinna ýmsu verkefna í hinum ýmsu landshlutum. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, og þar byggi ég á langri reynslu minni sem sveitarstjórnarmaður, að heimamenn mundu fara miklu, miklu betur með þá fjármuni sem þeir fengju til umráða með þessum hætti, þeir mundu nýta þá miklu betur en nú þekkist. Með þessum hætti væri hægt að ná

verulegum sparnaði í ríkisrekstrinum. Ég er ekki í nokkrum vafa um það.

Þá þarf í leiðinni að einfalda ríkiskerfið. Ríkiskerfið er orðið allt of flókið. Það er orðið svo flókið að almenningur skilur ekki lengur upp né niður í því hvað er að gerast. Þegar svo er komið er komið út á hættubraut. Þetta er eitt af þeim viðfangsefnum sem við verðum að leggja höfuðáherslu á á næstunni og á næstu árum, að leggjast öll á eitt við að leysa þetta viðamikla og erfiða verkefni.

Þá langar mig til að fara nokkrum orðum um stöðu iðnaðarins, en samkeppnisiðnaðurinn, iðnaðurinn á Íslandi virðist vera, í mínum huga, að verða einhver munaðarleysingi. Það er eins og enginn vilji annast iðnaðinn á Íslandi. Það er eins og enginn hafi áhuga á því að hér sé iðnaður yfirleitt. Menn eru að tala um að iðnaður eigi heima í Suður-Evrópu á láglaunasvæðunum, hann eigi jafnvel að flytjast til Afríku, hann eigi kannski að flytjast til Austurlanda fjær af því að þar eru launin svo lág. Við eigum ekkert að vera að leggja áherslu á iðnað hér á Íslandi lengur, við séum hálaunasvæði og við eigum að vera í einhverju allt öðru. Ég veit ekki í hverju allt öðru við eigum að vera. En það eru mjög margir, því miður, sem virðast halda að þjóðin geti lifað á því að veiða fisk og selja fisk og umfram það eigi svo hinir að vera í einhverjum fjármagnsleik, þeir eigi að vera í því að færa peninga á milli sparisjóðsbóka eða vera í því að kaupa alls konar bréf og fá af því vexti. Menn halda að stór hluti þjóðarinnar og atvinnulífsins geti lifað af þessu. Það er alveg ótrúlegt að heyra þessar hugmyndir manna þegar verið er að tala um fjármagnsmarkaðinn á Íslandi.

Nú er svo komið að samkeppnisiðnaðurinn berst ekkert síður í bökkum en sjávarútvegurinn. Og ég vil biðja menn að gleyma því ekki þegar verið er að ræða um efnahagsmál á Íslandi að það er fleira til en sjávarútvegur. Samkeppnisiðnaðurinn er kannski sá vaxtarbroddur sem getur tekið við þeim sem koma hér til leiks í atvinnulífinu. Það er takmarkað sem sjávarútvegurinn og fiskvinnslan getur tekið við af nýju fólki, sérstaklega þegar horft er til þess að mörg störf í sjávarútvegi eru erfið og eru ekki eftirsóknarverð þannig að víða hefur það tíðkast að þurft hafi að manna frystihús og fiskvinnsluhús með erlendum starfskröftum.

Því aðeins að hægt verði að koma traustari fótum undir samkeppnisiðnaðinn er von til þess að hægt verði að ráðast að viðskiptahallanum, en önnur höfuðmeinsemdin í íslensku efnahagslífi er hinn gífurlegi viðskiptahalli sem vex og vex. Hann er orðinn einn hluti af ófreskjunni sem ekkert ræðst við.

Það er annars ótrúlegt að mörg undanfarin ár hefur mér virst ástandið vera þannig að flestar okkar aðgerðir hafa miðast við það að lagfæra skilyrði innflutningsverslunarinnar. Nú er það alveg ljóst að hagkvæm innflutningsverslun er eitt af því nauðsynlegasta sem hægt er að tala um í íslensku efnahagslífi vegna þess að íslenska þjóðin er svo háð innflutningi, bæði á hráefni og fullunnum vörum, vegna þeirrar atvinnustarfsemi sem hér fer fram að auðvitað verður innflutningsverslunin að vera eins hagkvæm og unnt er. Það verður að skapa henni hagstæð rekstrarskilyrði. En það má ekki vera á kostnað útflutningsverslunarinnar þannig að iðnaðurinn sé látinn vera einhver hornreka hér í atvinnulífinu og það skipti engu máli hvort hann leggi upp laupana og menn segi sem svo: Við flytjum þennan iðnað bara til Austurlanda fjær eða suður í Afríku. Við þurfum ekkert að vera með neinn iðnað hér á Íslandi.

Hér var aðeins vikið að skipasmíðum í ræðum hæstv. forsrh. og hv. þm. Þorsteins Pálssonar áðan. Einhver mesta sorgarsaga sem hefur átt sér stað í íslensku atvinnnulífi undanfarin ár er hvernig íslenski skipasmíðaiðnaðurinn hefur nánast horfið, má segja. Ástandið er þannig nú að það eru ekki nema nokkrir mánuðir í það að ekki verði smíðuð skip hér á Íslandi framar og þá er kannski skammt í það að ekki fari heldur fram neinar viðgerðir á skipum framar á Íslandi. Það getur orðið til þess að við verðum algjörlega að treysta á skipasmíðar í Afríku, í Austurlöndum fjær og sömuleiðis að senda allan flotann okkar til viðgerða eitthvað langt út í heim. Er það ástand sem menn vilja koma á hér?

Fyrir nokkrum dögum var sagt frá því hér í útvarpi að tvö útflutningsfyrirtæki, sem hafa sérhæft sig í framleiðslu á ýmsum búnaði og tækjum í sambandi við sjávarútveg, fyrirtækin Meka og Marel, hefðu gert mjög athyglisverða útflutningssamninga, m.a. við Sovétríkin og reyndar við Skotland eða Hjaltlandseyjar. Þetta er ljós punktur í því dimmviðri efnahagsmála sem við erum í þessa stundina og sýnir að þetta er hægt. Ef við viljum, þá getum við náð árangri í útflutningi á íslenskum iðnaðarvörum, einkum þó og sér í lagi iðnaðarvörum sem tengjast sjávarútvegi því að þar er þekking okkar hvað mest, þar getum við eitthvað gert og þar kunnum við eitthvað dálítið fyrir okkur.

Hér áðan var vikið að því að erlendir ráðgjafar hefðu verið fengnir til þess að gera úttekt á stöðu íslensks skipasmíðaiðnaðar. Ég hef séð frumdrög að þessari skýrslu frá breska ráðgjafarfyrirtækinu Appledore sem er full svartsýni og lýsir því nánast yfir, sem kannski var vilji þeirra sem pöntuðu skýrsluna, að það sé engin framtíð fyrir íslenskan skipasmíðaiðnað. M.a. er í þessari ágætu skýrslu talað um að einkum beri okkur að forðast að reyna að ná mörkuðum fyrir íslensk fiskiskip í Arabalöndum. Er nánast ráðið eindregið frá því að vera nokkuð að fikta við slíkt.

Nú vill svo til að eitt íslenskt skipasmíðafyrirtæki hefur náð bindandi samningi um smíði 14 togskipa hjá einu Arabalandi, þ.e. Dubai, sem er eitt Sameinuðu furstadæmanna, sem hefur gert samninga um að smíðuð verði 14 togskip eftir teikningunni af Hólmadrangi sem er vel þekkt og mjög traust og gott fiskiskip í íslenska flotanum. Þetta sýnir það að þetta er hægt. Það er hægt að fara þarna niður eftir og ná í tugi skipasmíðasamninga ef við bara nennum og ef við viljum. En ef við viljum ekki neitt, ef við viljum

engan iðnað á Íslandi, þá verður auðvitað ekkert af þessu. Það er búið að ná samningum um samstarf við egypskar skipasmíðastöðvar sem vilja annast þessa smíði með Íslendingum. Og það sem athyglisvert er í þessu sambandi er að hin egypska skipasmíðastöð, sem er reiðubúin til samstarfs, er búin að gera bindandi samning um það að smíða fullbúið fiskiskip eftir teikningu Hólmadrangs fyrir langtum lægra verð en verið er að smíða fyrir íslenska útgerðarmenn í Noregi, sambærileg fiskiskip.

Það er saga út af fyrir sig hvernig Noregur og norskir aðilar hafa verið í óheiðarlegri samkeppni við Íslendinga, ekki bara í sambandi við fiskiskipasmíðar heldur nánast á öllum sviðum. Norðmenn eru með ríkisstyrktan iðnað, bæði hvað varðar fiskiskipasmíði og á sviði búnaðar fyrir sjávarútveg, og ég tel að það sé gjörsamlega fráleitt að við séum með eðlileg viðskipti við Norðmenn meðan á þessu stendur. Ég tel sjálfsagt að setja einhverjar viðskiptahömlur á innflutning frá Noregi meðan þeir standa í ólögmætri samkeppni við íslenskan iðnað.

Þá langar mig til að fjalla hér aðeins um banka- og viðskiptamál. Við höfum nú gengið í gegnum gífurlegar hremmingar í peningamálum. Hér hefur verið við lýði það sem oft hefur verið kallað peningastefna Seðlabankans en hún virðist byggja á því að hér geti raungengi íslensku krónunnar haldið áfram að vaxa mánuð eftir mánuð, raunvextir megi gjarnan verða einhverjir þeir hæstu sem þekkjast í heiminum og ef fyrirtækin geta ekki lifað við þetta ástand, þá sé bara þar um að kenna að þau séu svo illa rekin og þau eigi þá bara að fara á hausinn. Þetta virðist hafa verið sú peningastefna sem hefur verið við lýði undanfarna marga, marga mánuði. Það er kominn tími til að við gerum okkur það ljóst að vaxtastig í einu þjóðfélagi hlýtur að byggjast á því hvað atvinnulífið þolir, undir hverju atvinnulífið getur staðið. Ef atvinnulífið á Íslandi getur ekki staðið undir hærri raunvöxtum en 4–5%, þá þýðir ekkert að tala um að hafa hér hærri raunvexti en 4–5%. Vextir í þjóðfélaginu hljóta að taka mið af því hvað atvinnulífið ræður við, hvað atvinnulífið þolir. Eða hvað vilja menn? Vilja menn ekkert atvinnulíf? Vilja menn einfaldlega einhvern peninga- og vaxtaleik? Og hvaðan eiga þá peningarnir upphaflega að koma? Það virðist enginn spyrja að því. Það er sorglegt að horfa upp á það hvernig eigið fé fyrirtækjanna hefur breyst í vaxtatekjur hjá tiltölulega fámennum hópi sem hefur verið í fjármagnsleik í marga, marga undanfarna mánuði. Það er kominn tími til að stöðva þetta.

Þá langar mig til að koma aðeins inn á húsnæðismál en þau skipta verulegu máli í efnahagskerfinu. Nú er svo komið að við sitjum uppi með þvílíkt húsnæðislánakerfi að öll þjóðin er orðin staðráðin í því að byggja yfir sig nýtt húsnæði á fimm ára fresti eða svo. Hvernig má þetta verða áfram? Er einhver skynsemi í því að allir geti gengið að niðurgreiddum húsnæðislánum, hvort sem þeir sitja í dýrum eignum eða ekki? Ég og nágranni minn, sem erum þeirrar gæfu aðnjótandi að búa í góðum og traustum einbýlishúsum, við höfum stundum verið að tala um það að þetta kerfi sé svo fáránlegt að við getum í sjálfu sér gert samning um það að kaupa hús hvors annars. Síðan getum við sótt um húsnæðislán og þegar við erum búnir að fá lánsloforðin, því að við eigum fullkominn rétt á því eins og aðrir, þá getum við selt þessi lánsloforð hjá einhverjum fjármagnsfyrirtækjum sem kaupa þau með afföllum. Þannig gætum við stórlega hagnast á þessu kerfi eins og það er rekið.

Þetta verður að breytast. Við verðum að fara út í það að huga fyrst og fremst að þeim sem minna mega sín í þessu tilliti. Við eigum að láta húsnæðislánakerfið númer eitt vera miðað við þarfir þeirra sem eru að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð og svo þeirra sem þurfa á aðstoð að halda af félagslegum ástæðum. Hinir hljóta að geta bjargað sér með því að fara í gegnum bankakerfið eða það verði myndaðar sérstakar húsnæðislánastofnanir þar sem þeir geti fengið hagstæð lán en á markaðsvöxtum.

Hér hefur mikið verið rætt um yfirlýsingu í efnahagsmálum og er margt merkilegt í henni að sjá og heyra. Margt gæti betur farið eins og gengur, en að sjálfsögðu er eftir að sjá hvernig hún lítur út í smáatriðum og við komum til með að fjalla nánar um það þegar frumvarpið lítur dagsins ljós og við förum að fjalla um það hér á hinu háa Alþingi. Það er eitt sem mér finnst að verði að vera kjarni þeirra aðgerða sem eru væntanlegar.

Í fyrsta lagi verður að grípa til almennra aðgerða til að vernda kaupmátt launþega og þá fyrst og fremst lágtekjuhópanna og barnafjölskyldnanna og gamla fólksins. Það er meginatriðið. Þá vil ég ítreka það enn þá einu sinni, en við höfum margoft bent á nauðsyn þess, að það verður að koma til móts við fjölskyldur og einstaklinga sem eru í nauðum vegna þeirrar peningastefnu sem hefur verið rekin undanfarið með beinni aðstoð til skuldbreytinga í bönkum og sparisjóðum og hjá Húsnæðisstofnun ríkisins. Þar á ég m.a. við greiðsluerfiðleikalánin sem hafa skilað verulegum árangri. En það er ekki síður nauðsynlegt að hjálpa mörgum þeim einstaklingum og fjölskyldum sem hafa lent í gífurlegum fjárhagserfiðleikum þó að ekki sé vegna húsnæðiskaupa. Þess vegna verður að koma til aðstoð við þetta fólk og það verður að koma því til leiðar að bankakerfið geti tekið að sér að hjálpa þessu fólki með skuldbreytingum svo að það komist úr skuldasúpunni.

Ég hélt því fram í upphafi máls míns að ef við *töluðum svolítið minna og gerðum meira*, þá kannski næðum við betri árangri í efnahagsmálum. Þess vegna ætla ég ekki að flytja mjög langa ræðu í þessum umræðum á hinu háa Alþingi um efnahagsmál og tilkynningu hæstv. forsrh. hjá ríkisstjórninni, en mig langar að lokum til að vitna í yfirlýsingu sem aðalstjórn Borgfl. samþykkti á fundi sínum á Selfossi sl. laugardag. Í henni segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Borgfl. hefur gengið til viðræðna við stjórnarflokkana um myndun nýrrar ríkisstjórnar í ljósi þeirra erfiðleika sem blasa við í efnahags- og atvinnulífi þjóðarinnar. Aðalstjórn Borgfl. leggur áherslu á að

það verði kannað til þrautar hvort hægt er að ná samstarfi við núverandi stjórnarflokka um ríkisstjórn." — Það verði kannað til þrautar. Tíminn líður nú ört og við teljum að ef ekki fáist botn í þessar viðræður nú í dag eða á allra næstu dögum, þá þýði ekkert að halda þeim áfram. En með tilvísan í þessa yfirlýsingu höfum við viljað kanna þetta til þrautar, en auðvitað fer svo að lokum að það verða að fást úrslit í þessu máli.

Annað mundi ég vilja segja um leið og ég vitna hér áfram í yfirlýsingu aðalstjórnar Borgfl. Ef ríkisstjórnin hefur ekki þor og vilja til þess að taka á og leysa vandamálin, þá eigum við ekkert erindi í slíka ríkisstjórn. Ef ekki verða gerðar þær ráðstafanir í efnahagsmálum sem duga er ljóst að þá verður algert hrun fram undan hjá mjög mörgum atvinnufyrirtækjum, einkum þó í útflutningsgreinunum, og atvinnuleysi og upplausn heilla byggðarlaga er þá á næsta leiti. Það er þess vegna sem við höfum lagt alla áherslu á að kanna til þrautar hvort ná megi breiðri samstöðu um að takast á við vandamálin og leysa þau, að mynda hér ríkisstjórn sem hefur þor og vilja til þess að framkvæma það sem þarf að gera til þess að koma atvinnulífinu á lappirnar aftur í þessu þjóðfélagi. (**EgJ:** En nýja stefnan hjá Steingrími?) Hálfkák og máttlausar aðgerðir sem einungis halda líftórunni í sjúku atvinnulífinu án þess að lækna það eru marklausar. Það verður að styrkja samkeppnisiðnaðinn og útflutningsfyrirtækin með raunhæfum aðgerðum og ráðast að viðskiptahallanum. Þetta er kjarni málsins. Ef ekki er hægt að knýja fram lækkun á raungengi íslensku krónunnar með vaxtalækkun og verðlagslækkunum er ekki annarra kosta völ en fella gengið verulega. Eina leiðin til þess að bæta fólkinu í landinu þá kjaraskerðingu sem af því hlýst er að lækka verð matvæla og annarra nauðsynja svo að um munar. Ef ekki fæst niðurstaða í þessum viðræðum Borgfl. og stjórnarflokkanna sér aðalstjórn Borgfl. ekki aðra leið en reyna að ná samstöðu um raunhæfar aðgerðir að loknum alþingiskosningum. Að öðrum kosti munu heimilin halda áfram að berjast í bökkum og atvinnulífinu heldur áfram að blæða út.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Við höfum nú heyrt upp lesinn endurnýjaðan stjórnarsáttmála og mann sundlar nú við nýjungarnar. Hann er nýendurskoðaður, athugaður, kannaður og með hugsanlegum lausnum á hinum ýmsu vandamálum, almennt orðalag um það sem hæstv. ríkisstjórn stefnir að að gera í framtíðinni til hagsbóta fyrir land og lýð. En enn um sinn verða þegnar þó að bíða. Bráðum, bráðum koma aðgerðir. Og fólkið bíður og bíður og er langþreytt á biðinni eftir varanlegum lausnum á vanda allra undirstöðuatvinnuvega okkar. Þær eru ekki í sjónmáli enn, aðeins kák og skammtímalausnir.

Á sl. hausti þegar ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar sagði af sér áttu forsvarsmenn núv. ríkisstjórnar varla nógu sterk orð til að lýsa því hve mjög lægi á að mynda nýja ríkisstjórn vegna vanda atvinnuveganna og yfirvofandi stöðvunar alls atvinnulífs í landinu. Víst er það rétt að sá vandi var mikill og hann er mikill enn þrátt fyrir fjögurra mánaða setu ríkisstjórnarinnar á valdastóli. Hún hóf feril sinn með bráðabirgðaaðgerðum sem síðan átti að fylgja eftir með varanlegri aðgerðum til að tryggja rekstur fyrirtækja og atvinnulífsins í heild. Síðan hefur lítið gerst og almenningur gerist nú langþreyttur á biðinni eins og ég sagði áðan og allir hljóta að spyrja: Hvers vegna er svo lítið aðhafst?

Ég held að orsökin sé fyrst og fremst sú að ríkisstjórnin nær ekki saman, kemur sér ekki saman um eitt eða neitt og tíminn fer í hlaup út um alla móa í leit að stjórnarstefnu sem ekki hefur fundist enn. Aðgerðir hennar í vandamálum ýmissa atvinnugreina bera þess ljósan vott að stefnuna vantar.

Þegar Alþingi kom saman eftir áramótin var til umfjöllunar frv. um Tryggingasjóð fiskeldis og var mikill þrýstingur frá ríkisstjórninni um að Alþingi gerði sitt til að flýta afgreiðslu þess máls til að leysa vanda þessa atvinnuvegar sem helst er nú horft til og vonir bundnar við að verði veruleg lyftistöng atvinnulífs og afkomu. Málið var afgreitt frá Alþingi, en enn hafa ráðherrar ekki haft manndáð í sér til að skipa menn í stjórn sjóðsins svo að enn situr allt við það sama.

Þegar rætt er hér um efnahagsmál er ekki úr vegi að líta á hver staðan er. Þjóðarframleiðslan hefur verið mikil og þjóðartekjur háar þó að þær hafi eitthvað dregist saman. En þrátt fyrir góðæri eru útflutningsatvinnuvegirnir á heljarþröm og atvinnulíf að hruni komið víða á landsbyggðinni. Ýmsar iðnaðargreinar eru að tapa fótfestunni. Gjaldþrot eru tíðari en nokkurn tíma hefur sést og gífurleg eignatilfærsla er nú í þjóðfélaginu. Orsakir þess eru ýmsar, t.d. rangar fjárfestingar og röng gengisstefna sem hefur bitnað harðast á útflutningsatvinnuvegunum og þar með á landsbyggðinni sem byggir atvinnu sína að miklu leyti á þeim.

Undanfarnar vikur hefur verið hávær umræða um gengismál og þátt þeirra í hvernig komið er í efnahags- og atvinnulífi þjóðarinnar. Þróun gengis og verðlags á erlendum mörkuðum á vitanlega mikinn þátt í hvernig komið er og það er því ekki að undra þó að hinn svokallaði gengisfellingarkór sé hávær. Krafan um lækkun gengis er eðlileg því að staða útflutningsatvinnuveganna verður því aðeins bætt að þeir fái auknar tekjur og geti bætt rekstrarstöðu sína því að gengið verður að vera skráð þannig að útflutningsatvinnuvegirnir hafi nokkuð stöðug starfsskilyrði.

Þær raddir heyrast oft sem telja gengisfellingu enga lausn vegna þess að hún hækki erlendar skuldir. Staða fyrirtækja er vissulega mjög misjöfn hvað þetta varðar og sum kunna að fara illa út úr aðgerð sem þeirri að fella gengið, en auknar tekjur hljóta þó að auðvelda þeim að greiða niður skuldirnar. Við kvennalistakonur viðurkennum þessi sjónarmið og höfum fallist á að óhjákvæmilegt verði að fella gengið. Ýmsir og þá sérstaklega hæstv. fjmrh. hafa reynt að koma höggi á okkur vegna þessarar afstöðu,

jafnvel haldið því fram að með því værum við að hrópa á kjaraskerðingu. Þetta er vitaskuld mjög óvandaður málflutningur. Við höfum aldrei talað um gengisfellingu sem úrlausnarkost öðruvísi en að jafnframt verði tryggt að áfallið yrði tekið af launafólki og heimilum. Til þess eru ýmsar leiðir og minna má á orð hæstv. forsrh. í umræðum skömmu fyrir þinghlé þar sem hann taldi upp kunnar leiðir eins og hækkun barnabóta og tekjutryggingar og niðurgreiðslu matvæla. Hann nefndi ekki matarskattinn þá, en snjallasta leiðin væri sú að nema burt þann rangláta skatt því að heimskulegri aðgerð en að setja hann á held ég að hafi ekki verið gerð hér í manna minnum. Það væri enn fremur líklegt til að skila sér sem hemill á verðbólgu og kaupkröfur ef skatturinn yrði tekinn af. Við slíku segir væntanlega hæstv. fjmrh. að við séum að hrópa á halla á ríkissjóði. Við því er fyrst og fremst það að segja að ef um er að velja halla á ríkissjóði, halla á heimilum, halla á atvinnulífi, þá er það ríkissjóður sem verður að taka það á sig. En því má heldur ekki gleyma að afnám eða lækkun matarskatts mundi aldrei verða hreint tekjutap fyrir ríkissjóð. Þeir fjármunir kæmu örugglega inn að nokkru eða miklu leyti eftir öðrum leiðum. Þetta höfum við margoft bent á og ég vil enn ítreka að gengisfelling kemur ekki til greina að okkar mati nema tryggt sé að skellurinn lendi ekki á heimilunum. Og það er hægt að tryggja ef vilji til þess er fyrir hendi.

Stjórnarandstöðunni hafa ekki verið kynntar tillögur og áform stjórnarinnar um úrbætur í efnahagsmálum fyrr en nú. Áður hafa þær öðru hvoru heyrst og sést í fjölmiðlum, en í sífellu verið að taka breytingum frá viku til viku, stækkað eða minnkað á víxl og nú hafa þær frekar minnkað. Og sú spurning vaknar hvers vegna. Hvers vegna þær eru svo linar og marklausar og almennt orðaðar.

Kjarasamningar eru nú fyrir dyrum og það má ætla að launafólk reyni að lagfæra þær skerðingar sem það hefur mátt sæta hingað til. Þó fólk hafi orð ráðherra fyrir því að enginn matarskattur hafi verið lagður á leiða verðlagstölur frá Hagstofunni engu að síður í ljós að verð á mörgum algengum máltíðum vísitölufjölskyldunnar hækkaði á bilinu 45–75% frá nóvember 1987 til nóvember 1988. Meðalhækkun matvæla var á þessu tímabili 33% eða 10% umfram hækkun framfærsluvísitölu og Hagstofan telur að hækkun matarkostnaðar hafi verið nokkru meiri en hækkun meðallauna á tímabilinu — og leggja nú ráðherrar aftur augun. Hæstv. forsrh. minntist reyndar á þessi mál áðan í ræðu sinni og sagði að ríkisstjórnin hefði áhuga á því að lækka verð á matvælum, en það væri eðlilegt að það væri gert í tengslum við kjarasamninga. Það var athyglisverð yfirlýsing. Hún þýðir það einfaldlega að hæstv. ríkisstjórn ætlar að hafa matarskattinn illræmda sem verslunarvöru í komandi kjarasamningum. Þar er nú öll reisnin og velviljinn í garð almenns launafólks.

Byrðar heimilanna hafa þyngst úr hófi fram á síðustu tímum og launafólk hlýtur að svara slíkum álögum af sömu hörku og því hefur verið sýnd. Eflaust átta hæstv. ráðherrar sig á því og halda nú að sér höndum þar til séð verður hvernig samningunum lyktar og grípa þá til aðgerðanna. Reynslan kennir okkur því miður að einmitt þetta er það sem launafólk má búast við að gerist þegar mál standa eins og nú er. Launafólk hefur venjulega fengið að bera flestar þær efnahagsaðgerðir sem ríkisstjórnir hafa gert í gegnum tíðina.

En það er ein tegund efnahagsvanda sem ekki var minnst á í ræðu hæstv. forsrh. Fyrr í vetur hafa farið fram hér í þingsölum umræður um hvalveiðar Íslendinga og bann við þeim. Tvö þingmál hafa verið flutt í þá veru. Bæði þessi þingmál eiga rætur sínar að rekja til afstöðu Greenpeace-samtakanna til hvalveiða og þrýstings samtakanna á erlendar verslunarkeðjur að kaupa ekki íslenskt lagmeti eða íslenskar fiskafurðir meðan Íslendingar halda fast við þá stefnu að veiða hvali. Ég ætla ekki að rifja upp þær umræður, aðeins benda á að það virðast ekki hafa verið umhverfisverndunarsjónarmið eða umhyggja fyrir lífríki hafsins og verndun hvalastofna sem vakti þær umræður heldur fyrst og fremst bein hagsmunasjónarmið, verslunarviðskiptum okkar var stefnt í hættu.

Ég er þeirrar skoðunar að betra hefði nú verið að Íslendingar tækju upp þá stefnu að hætta hvalveiðum vegna þess að þeir vildu virða samþykktir Alþjóðahvalveiðiráðsins sem ítrekað hefur gert athugasemdir við þær hvalveiðar sem hér eru stundaðar í vísindaskyni og hefur skorað á íslensk stjórnvöld að draga veiðiheimildir sínar til baka.

Ég er einnig þeirrar skoðunar að aðild okkar að Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna skuldbindi okkur til að hlíta fyrirmælum Alþjóðahvalveiðiráðsins. Það höfum við ekki gert. Og sú spurning hlýtur að vakna hvort við vegna ósveigjanlegrar stefnu stjórnvalda í þessu máli erum búin að koma okkur varanlega út úr húsi hjá þeim þjóðum sem okkur er nauðsyn og ég vil segja lífsnauðsyn að hafa samstarf við um umhverfismál.

Mengun hafanna er þegar veruleiki og e.t.v. aðeins spurning um tíma hvenær sá vágestur tekur að veita okkur búsifjar ef ekkert er að gert. Þau samtök sem harðast hafa vítt stefnu Íslendinga í hvalveiðimálunum gætu verið okkar öflugustu samherjar í baráttunni gegn mengun hafsins og því er mikil skammsýni að baka okkur tortryggni og óvild þeirra í þeirri baráttu sem fram undan er.

Hér er verið að ræða efnahagsmál og það sem ég nú hef sagt tengist vissulega þeirri umræðu. Vegna stefnu stjórnvalda í hvalveiðimálum blasir sú staðreynd við að markaðir okkar eru í hættu. Vegna þrýstings frá umhverfisverndarsamtökum er sagt upp viðskiptasamningum, fyrirtæki geta ekki selt framleiðslu sína og verða að segja upp starfsfólki og nokkur hafa þegar lokað.

Laugardaginn 28. jan. mátti sjá í Morgunblaðinu viðtal við forsvarsmenn nokkurra fyrirtækja í lagmetisiðnaðinum og ég vil nú, með leyfi virðulegs forseta, vitna í nokkur af þeim.

Þá er fyrst til að taka að Magnús Tryggvason hjá

niðursuðuverksmiðjunni Ora í Kópavogi segir: „Verslanir taka ekki lengur við íslenskum vörum. Útflutningur á kavíar til Þýskalands hefur legið niðri undanfarna mánuði. Útflutningurinn stöðvaðist vegna óróa á markaðnum vegna mótmæla náttúruverndarsamtaka gegn hvalveiðum Íslendinga. Hjá Ora voru sett upp ný tæki til kavíarframleiðslu fyrir tveim árum og hefur verið framleitt fyrir Frakklandsmarkað. Hafa því verið nóg verkefni og selt hefur verið t.d. til ALDI og Tengelmann fyrir 45–50 millj. kr. árlega." En Magnús sagði að þessar uppákomur á Þýskalandsmarkaði væru alvarlegar fyrir sölusamtök lagmetis. Þau misstu 45–50% af tekjum sínum við þetta og rekstrargrundvöllur dótturfyrirtækisins í Þýskalandi væri brostinn.

Síðan segir Eiríkur Böðvarsson, forstjóri niðursuðuverksmiðju á Ísafirði, að hann trúi því ekki að hagsmunum okkar verði fórnað. „Ég hef lítið hugsað um afleiðingarnar ef ALDI hættir að kaupa af okkur. Ég trúi ekki að stjórnvöld fórni þessum hagsmunum fyrir hvalveiðarnar," segir hann. „Niðursuðuverksmiðjan á Ísafirði er með 40–50 manns í vinnu og fæst um helmingur tekna fyrirtækisins eða 200 millj. kr. á Þýskalandsmarkaði. En ef viðskiptabann ALDI yrði staðreynd [sem það er nú þegar orðið] þá mundi það kollvarpa öllum áætlunum fyrirtækisins."

Og hjá Norðurstjörnunni í Hafnarfirði er allt markaðsstarf í lamasessi, segir forstjórinn, Rafn Sigurðsson. Hann segir að Þjóðverjar vilji ekki lengur kaupa íslenskar vörur vegna hvalamálsins. Ísland er algert bannorð í Þýskalandi. „Þetta hefur kippt rekstrargrundvellinum undan skrifstofu okkar í Þýskalandi og allt þróunarstarf, sem búið er að eyða milljónum í, er runnið út í sandinn."

Í Norðurlandi eystra hafa fyrirtæki einnig orðið fyrir alvarlegum þrengingum af þessum sökum og var þó atvinnuástand þar ekki allt of gott fyrir. Verksmiðju KJ á Akureyri hefur verið sagt upp viðskiptasamningum. Vonandi ríður það nú ekki fjárhag fyrirtækisins að fullu, en fækkun starfsfólks er óhjákvæmileg. Pólstjarnan á Dalvík, sem er niðursuðufyrirtæki, hefur verið lokuð síðan um miðjan september og 14 starfsmenn verið atvinnulausir síðan. Niðursuðufyrirtækið Hik á Húsavík hefur orðið að leggja niður starfsemi. Þar misstu um 20 manns atvinnu sína. Í blaðinu Degi á Akureyri er 31. jan. eftirfarandi frásögn um það fyrirtæki:

Þar er sagt að niðursuðufyrirtækið hafi sagt upp öllu starfsfólki og að sögn framkvæmdastjórans sé ekkert að gera nema loka. „Við sitjum uppi með birgðir fyrir 40–50 millj. kr. og stöndum ekki undir því lengur. Við lendum allra fyrirtækja verst í þessu því að við höfum mestar birgðir. Og við seldum okkar vöru eingöngu til Tengelmann í Þýskalandi þegar fyrirtækið hætti viðskiptum við Ísland og þó að margir hafi sagt að það skipti ekki máli og við getum selt vöru okkar á öðrum mörkuðum hefur það ekki komið á daginn."

Miðað við fólksfjölda samsvara 20 störf á Húsavík 800 störfum í Reykjavík. Eitthvað mundi trúlega heyrast ef 800 manns í Reykjavík stæðu allt í einu uppi atvinnulaus. Bæjarstjórn Húsavíkur hefur fundað um þetta mál og sent áskorun til ríkisstjórnarinnar sem ég les hér, með leyfi hæstv. forseta:

„Fundur haldinn í bæjarstjórn Húsavíkur þann 31. janúar 1989 samþykkir að skora á ríkisstjórn Íslands að leysa nú þegar þann fjárhagsvanda sem skapast hefur hjá fyrirtækjum í lagmetisiðnaði vegna stefnu ríkisstjórnar í hvalveiðimálum.

Eitt fyrirtæki í lagmetisiðnaði er rekið á Húsavík og hefur stefna undanfarinna og núverandi ríkisstjórna í hvalamálum bitnað alvarlega á því. Er nú svo komið að rekstrarstöðvun blasir við ef ríkisstjórnin tekur ekki afstöðu til lausnar í málinu fyrir þau fyrirtæki sem stefnan hefur bitnað hvað mest á. Lausnin getur m.a. falist í beinum rekstrarstyrk til þessara fyrirtækja meðan unnið er að lausn markaðsmála. Það er mikið áfall fyrir Húsavík ef fyrirtæki, sem hefur 15–20 manns í vinnu og framleiðir afurðir fyrir 50–70 millj. kr., verður að hætta starfsemi vegna stefnu ríkisstjórnarinnar í hvalamálum.

Með ósk um skjót viðbrögð.

Bæjarstjórn Húsavíkur."

Í ljósi þessa, sem ég hef nú sagt, vil ég krefjast svara frá hæstv. ríkisstjórn um það hvað hún ætlast fyrir í þessum málum. — Maður er ekkert vanur því að forsrh. sé hér í sal, en það væri nú kannski skemmtilegra að hann væri viðstaddur. (**HBl:** Þegar verið er að fjalla um sjávarútveginn er ekki óviðeigandi að sjútvrh. sé við.) Sömuleiðis. (Gripið fram í.) (**Forseti:** Forseti skal óska eftir að sjútvrh. komi í salinn.) (**EgJ:** Allt liðið.) (**HBl:** Þeir ættu nú að hafa tíma til að sitja hér, búnir að vera í frí í heilan mánuð.) (**Forseti:** Það er verið að finna ríkisstjórnina.) Það er nú verst ef hún er týnd.

Virðulegi forseti. Úr því að nokkrir ráðherrar eru nú gengnir í salinn er ég að hugsa um að lesa aftur áskorunina frá bæjarstjórn Húsavíkur. Ráðherrar hafa trúlega ekki lagt mikið eyrun við því sem ég var að segja, en ég var að lýsa ástandinu á landsbyggðinni vegna stefnu stjórnarinnar í hvalveiðimálum þar sem hvert fyrirtækið af öðru lokar vegna þess að það hefur tapað mörkuðum sínum. Hér er áskorun sem ríkisstjórninni var send frá bæjarstjórn Húsavíkur:

„Fundur haldinn í bæjarstjórn Húsavíkur þann 31. janúar 1989 samþykkir að skora á ríkisstjórn Íslands að leysa nú þegar þann fjárhagsvanda sem skapast hefur hjá fyrirtækjum í lagmetisiðnaði vegna stefnu ríkisstjórnar í hvalamálum." Svo fylgdi greinargerð:

„Eitt fyrirtæki í lagmetisiðnaði er rekið á Húsavík og hefur stefna undanfarinna og núverandi ríkisstjórna í hvalamálum bitnað alvarlega á því. Er nú svo komið að rekstrarstöðvun blasir við ef ríkisstjórnin tekur ekki afstöðu til lausnar í málinu fyrir þau fyrirtæki sem stefnan hefur bitnað hvað mest á. Lausnin getur m.a. falist í beinum rekstrarstyrk til þessara fyrirtækja meðan unnið er að lausn markaðsmála. Það er mikið áfall fyrir Húsavík ef fyrirtæki, sem hefur 15–20 manns í vinnu og framleiðir

afurðir fyrir 50–70 millj. kr., verður að hætta starfsemi vegna stefnu ríkisstjórnarinnar í hvalamálum.

Með ósk um skjót viðbrögð.

Bæjarstjórn Húsavíkur."

Í ljósi þess sem ég hef nú sagt vil ég krefjast svara frá hæstv. ríkisstjórn um það hvað hún ætlast fyrir í þessum málum. Er ætlun ríkisstjórnarinnar að halda fast við stefnu sína um hvalaveiðar? Hefur ríkisstjórnin áform um að hefja viðræður við viðskiptaþjóðir okkar um þessi mál og kynna þeim íslensk sjónarmið í þessum efnum? Áformar ríkisstjórnin að leggja lið þeim fyrirtækjum sem horfa fram á lokanir og gjaldþrot vegna hvalveiðimálsins og hvernig ætlar hún að taka á málum þeirra? Atvinnuleysi sem þegar er orðið, tjón fyrirtækjanna og tap í útflutningsverðmætum sem kann að velta á milljónahundruðum orsakast af stefnu ríkisstjórnarinnar í þessum málum og afleiðingarnar kunna að verða alvarlegri en við sjáum fyrir nú. Fólk á heimtingu á að fá að vita hvað stjórnvöld ætla að gera í þessu máli, hvort hugsanlegt er að hæstv. ríkisstjórn geti komið sér saman um einhverja stefnu og aðgerðir í framhaldi af því.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Nú vantar klukkuna 5 mínútur í fimm, en klukkan fimm hefjast þingflokksfundir. Forseti hefur því ákveðið að fresta nú fundi. Talað hafði verið um að e.t.v. yrði kvöldfundur, en með tilliti til þess hvernig veðrið er held ég að það sé ekki mikið vit í því og fundinum er því frestað.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Á fundi sem ég sat með formönnum þingflokka nú eftir hádegi var frá því gengið að það yrði kvöldfundur hér í kvöld og um það var samkomulag að þessari umræðu mundi ljúka í kvöld. Ég vil jafnframt taka það fram að það er með öllu óviðunandi, þegar hæstv. forsrh. leggur hér fram það sem ríkisstjórnin vill kalla stefnumótun í efnahagsmálum, að fulltrúar Alþfl. og Alþb. skuli ekki taka til máls við þessar umræður þannig að fyrir liggi nú á þessum degi hver sé afstaða þeirra til þess sem hæstv. forsrh. vill kalla stefnumörkun í efnahagsmálum. Ég gerði athugasemd við það á fundinum í morgun og spurðist þá fyrir um hvort svo væri enn, sem fram hefði komið í sjónvarpsþætti hjá hæstv. sjútvrh., að hæstv. forsrh. hefði bannað öðrum mönnum í ríkisstjórninni að tala um efnahagsmál og svo virðist sem það bann standi enn. En þá vil ég segja við hæstv. sjútvrh. að það þarf sérstakt geð til að sitja undir því hér að áfram skuli halda sömu stefnu í efnahags- og gjaldeyrismálum á sama tíma og sjávarútvegurinn hefur á sl. ári tapað helmingnum af sínu eigin fé og ég tók áreiðanlega rétt eftir að hæstv. forsrh. talaði um að það væru 13 milljarðar kr. Ég vil ekki trúa því, hæstv. forseti, að hæstv. sjútvrh. styðji mig ekki í því að hann telji nauðsynlegt að koma hér upp í dag til að gera grein fyrir sínum málaflokki, tali úr þessum ræðustól í kvöld og skýri fyrir þjóðinni hvernig það megi saman koma, sú hörmung sem hæstv. forsrh. var að lýsa áðan og hitt sem maður kallar hagsmuni sjávarútvegsins, hagsmuni hinna dreifðu byggða, hagsmuni okkar Íslendinga raunar allra, því það er rétt, sem formaður Sjálfstfl. sagði hér áðan, að sómasamlegum lífskjörum verður ekki haldið uppi í landinu nema vel rekin sjávarútvegsfyrirtæki séu til í þessu landi. Það verður ekki hægt að halda hér uppi blómlegum byggðum, það verður ekki hægt að halda hér uppi batnandi lífskjörum ef sú stefna á að vera ríkjandi í þessu landi að þjóðnýta fyrirtækin aftan frá, skipuleggja þannig efnahagsmálin að öll sjávarútvegsfyrirtækin séu rekin með halla og síðan á að bæta það upp með því að moka í fyrirtækin úr ríkissjóði úr sérstökum sjóðum sem enginn stjórnarandstæðingur má koma að.

Ég held þess vegna, hæstv. forseti, og ég trúi ekki öðru en það standi sem við komum okkur saman um hér fyrr í dag, það standi að þessi umræða haldi áfram. Það er algerlega óviðunandi annað.

Landbrh. á líka eftir að fylla upp í þær eyður sem voru í ræðu hæstv. forsrh. Það er ekki bara að formaður Alþfl. og formaður Alþb. þurfi að gera hér grein fyrir sínum málum heldur hygg ég að hæstv. landbrh. þurfi sömuleiðis að gera grein fyrir því sem að honum snýr og ég tók ekki betur eftir en ekki hafi verið minnst einu einasta orði á húsnæðismálin og þó liggur fyrir að þau hafa ekki verið í jafnhörmulegu ástandi og núna síðasta áratuginn. (**Forseti:** Er hv. þm. að tala um þingsköp?) Ég er að tala um nauðsyn þess að umræðum sé haldið áfram, hæstv. forseti, og get ekki skilið annað en við því verði orðið. Fyrir því er öll sanngirni. Fyrir því er öll réttsýni. Fyrir því eru málefnalegar ástæður. Þetta nugg og juð um að stjórnarandstaðan megi ekki komast að nema í svo sem einn eða tvo tíma eftir allt þetta langa hlé er auðvitað algerlega út í hött, óviðunandi, ósæmandi og hæfir ekki þeirri stofnun sem við erum nú hér inni í. Ég vil því skora á hæstv. forseta að endurskoða sína afstöðu, leyfa hv. þm. að varpa fyrirspurnum til ráðherra, gefa ráðherrunum tækifæri til að sitja fyrir svörum og skýra það sem þeir vilja kalla nú hinn nýja boðskap þessarar ríkisstjórnar. Mér skildist á ýmsu sem hæstv. forsrh. sagði áðan sem hann vildi láta sýnast sem svo að hann væri kominn niður úr fílabeinsturninum þó svo hann hafi gefið það í skyn í sjónvarpsþætti fyrr í vikunni að utanrrh. væri kominn upp í turninn í staðinn. Og ég vil líka minna á að þegar hæstv. forsrh. var spurður um það hvort hann teldi enn að þjóðargjaldþrot væri fram undan sagði hæstv. forsrh. eitthvað á þá lund að hann hefði komið til landsins fyrir svo sem einu ári og þá sagt: Róm brennur. Skyldi Róm brenna núna? (**Forseti:** Má ég biðja þingmanninn að halda sig við þingsköp.) Eru það brunabjöllurnar sem klingja fyrir aftan mig á meðan verið er að brenna upp eigið fé fyrirtækjanna úti á landsbyggðinni?

Albert Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég sé að menn eru komnir vel hvíldir úr jólafríinu sem enginn óskaði eftir, en ég get

ekki séð hvernig hægt er að slíta fundi í lausu lofti rétt eftir að forsrh. tekur klukkutíma rúman af ræðutíma til að boða ekki nokkurn skapaðan hlut. Ég sit í lausu lofti eftir hans ræðu nema það að minn flokkur, Borgfl., sé á leiðinni inn í ríkisstjórn sem mér er bara ekkert kunnugt um. Ég vil fá staðfest í umræðu hvort það er rétt sem hæstv. forsrh. fullyrðir hér um minn flokk á sama tíma sem formaður flokksins kemur upp í ræðustól og mótmælir með tali sínu þeim ráðstöfunum sem hæstv. forsrh. er að boða og talar á móti þeim. Ég skil þörf ríkisstjórnarinnar fyrir gott fólk í ríkisstjórn, en ég skil ekki ákafa forsrh. né heldur þann áhuga sem ég hef orðið var við annars staðar hjá sumum borgaraflokksmönnum um að fara í ríkisstjórnina. Ég vil fá umræður um þetta. Það er alveg útilokað að geyma þær til næsta fimmtudags ef fundur er ekki fyrr en þá. Ég óska eftir því að þessari umræðu verði haldið áfram. Það er þjóðinni nauðsynlegt að vita hvort ríkisstjórnin er eða er ekki, hvort það er að koma ný ríkisstjórn eða ekki. En það er alveg eins víst eins og ég stend hér og brýt illa á virðulegum forseta, sem ég bið hann um að afsaka augnablik, að ef spádómur forsrh. er réttur er í burðarliðnum annar þingflokkur og það getur alls ekki beðið. Það er ekki hægt að láta slík mál dansa í lausu lofti. Við skulum tala þá íslensku sem fólk skilur. Það er ekkert verið að ráðstafa meiri eða minni hluta í einum þingflokki.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill upplýsa að á fundi í hádeginu í dag með formönnum þingflokka var farið fram á það að þingflokksfundir stæðu aðeins klukkutíma og þingfundir gætu hafist kl. 6. Því mótmælti þingflokkur Sjálfstfl. og taldi sig þurfa lengri tíma. Þess vegna var ekki talið ráðlegt, einkum og sér í lagi með tilliti til mjög erfiðrar færðar, að hafa hér kvöldfund, en þar sem tveir þingflokkanna hafa nú farið fram á það skal forseti verða við því. Fundinum er því frestað til kl. 9. — [Fundarhlé.]

Albert Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Stefnuyfirlýsingar eru nú ekki margar á hverju kjörtímabili, hvað þá maður geti átt von á þeim bæði í jólagjöf og í eftirmat með jólunum, en hæstv. forsrh. sá tilefni til að gefa út nýja stefnuyfirlýsingu þó að ekki séu liðnir nema um það bil fjórir mánuðir síðan ríkisstjórnin kom saman. Sú sem hann gaf út þá var að vísu prentuð þannig að þingmenn gátu farið yfir hana eins og venja er ekki seinna en um það bil sem hún var flutt á Alþingi og er mikið hagræði í því að þingmenn fái sendar stefnuyfirlýsingar. Forsrh. hafði gefið út góðar tilkynningar og skilmerkilegar í fjölmiðlum um að það væri von á nýrri stefnuyfirlýsingu með lækningu við öllu þjóðarmeini í efnahagsmálum okkar svo að ég hefði búist við eftir þær auglýsingar að hv. þm. fengju á borð hjá sér stefnuyfirlýsinguna til þess a.m.k. að fylgjast með því sem var lesið upp af svo miklu tilfinningaleysi að það var eins og forsrh. hefði ekki lesið yfir gagnið sem hann var með fyrir framan sig. Það er sannfæringarlaust, áherslulaust og engin furða þó að þingmenn muni ekki nokkurn skapaðan hlut úr viðkomandi ræðu og ég fyrir mína parta var eins ruglaður og ríkisstjórnin eftir að hafa hlustað á því að ég gat ekki með nokkru móti greint neitt nýtt til lausnar í efnahagsvanda þeim sem við erum í eftir að hafa hlustað á ræðuna. Það var að vísu vitnað í óafgreidd mál sem liggja fyrir Alþingi og ég skal fara rólega yfir það á eftir því að mér liggur ekkert á núna, fara yfir það og sýna fram á hvers lags endaleysa þær aðgerðir í efnahagsmálum sem lagðar voru fram fyrir jól eru. Og að bæta þessari súpu, sem ég kalla, við þær ráðstafanir er svo sannarlega að bæta gráu ofan á svart.

Í 60 mínútur hélt þetta áfram. Það var stefnt að þessu, stefnt skal að hinu og farið í hringi og kerfið sem við höfum þó notast við í áratugi ruglað enn þá meira en þegar er.

Mér skildist á forsrh. að núna eftir mánaðar hlé til að tala við Borgfl. um stjórnarmyndun væri hann svo þreyttur að hann hefði ekki getað talað við þá aftur í kvöld í klukkutíma. En í þessari ræðu voru engin loforð um betri tíma, engin niðurstaða, engin fyrirheit, ekkert sem getur gefið fólkinu í landinu von um að breytingar verði til hins betra.

Ég hugsaði þá og hugsa enn að okkar ágæti vinur og félagi, fyrrv. þingmaður Björn Pálsson, hefði líklega sagt við mig hefði hann séð hvað ég var að hugsa: Vertu nú ekki að stríða strákagreyjunum. Það er kalt úti og það snjóar. Það er erfitt að framkvæma nokkurn skapaðan hlut. Menn verða latir þegar það er kalt úti og þurfa að hanga inni í heitu húsi. — Ég hugsa að það sé rétt. En það er ekki letin ein. Ég undirstrika að ríkisstjórnin er, því miður fyrir okkur öll, komin á leiðarenda í hugmyndum að lausnum á efnahagsvanda þjóðarinnar. Og ef einhver getur fundið einhverja aðra skýringu á þessum hringlandahætti, ég veit ekki hvort á að kalla þetta efnahagsaðgerðir, hlýtur það að vera eina skýringin að menn eru komnir á leiðarenda í hugmyndum um hvað eigi að gera. Það fer ekki milli mála.

Ég ætla að gera það af tillitssemi við hæstv. forsrh., kannski breyta frá venjunni, að ég ætla að biðja hann í guðanna bænum að reyna ekki að skýra þetta aftur út, að reyna ekki að gefa nánari skýringar. Ég óska a.m.k. ekki eftir nánari skýringum vegna þess að menn geta dottið og meitt sig ef þeir fara of mikið í hringi. Það er best að tala sem minnst um það sem liggur fyrir óafgreitt í efnahagsmálum og eins það sem ríkisstjórnin virðist hafa í huga, enda hvernig á annað að vera en að menn eigi erfitt með að kynna lausnir í vandasömum málum þegar það er upplýst í fjölmiðlum í kvöld í matarhléinu að ríkisstjórnin hafi setið á fundi frá því snemma í morgun þangað til hálftíma fyrir fund í dag við að reyna að ná saman um þessar tillögur. (**Forsrh.:** Þetta er hrein endaleysa.) Það veit ég ekki. Ég hlusta á ríkisfjölmiðlana og ríkisstjórnin stjórnar ríkisfjölmiðlunum. (**Forsrh.:** Þú trúir fjölmiðlum vonandi.) Ég trúi þeim, ég hlusta svo

oft á forráðamenn þjóðarinnar í fjölmiðlum. Ekki vil ég segja að þeir segi ósatt.

Ég hefði gjarnan viljað fá skýringar hjá hæstv. forsrh. án þess að hann komi að efnahagsmálunum sem hann er að leita að. En hvað gaf honum tilefni til þess að láta þau orð sem hann lét falla um Borgfl. falla eins og hann gerði? Er Borgfl. kominn undir verndarvæng og stjórn forsrh. eða höfum við formann enn þá? Ég ætlast til þess jafnvel þó að Borgfl. færi í stjórnarsamvinnu, sem ég sé nú ekki að hann geti eftir það sem á undan er gengið, að hann verði áfram undir stjórn þess formanns sem flokkurinn kýs sér og hann verði talsmaður fyrir Borgfl. og fyrir það sem Borgfl. er að reyna að gera en ekki neinn annar.

Það er mánuður síðan við fórum í jólafrí. Rétt fyrir jólafrí voru afgreidd hér skattalög. Skattalög voru afgreidd með aðstoð hluta af Borgfl. og það fylgdi, að mér var tjáð, að fyrirhugað væri að taka upp stjórnarmyndunarviðræður við Borgfl. strax eftir að jólafríið væri skollið á. Jólafríið er búið og viðræðurnar hafa verið mjög fáar. Þeir sem hafa verið í viðræðunefnd hafa harla lítið séð af viðmælendum. Það getur vel verið að einhver leynifundur hafi átt sér stað. En ég veit ekkert um það. Það er nú ekki nema um hálft annað ár síðan ég stofnaði þennan flokk. Ég harma að það skuli ekki hafa unnist tími til að ræða við Borgfl. og komast að niðurstöðu. Er verið að leika sér að þingmönnum eða leika sér að heilum þingflokki? Er verið að gera grín að Borgfl.? Hvað er að ske? Á að nota fólk eins og saklausa einfeldninga? Hvað á þetta að þýða? Það er orðið aumkunarvert að horfa á þetta. Í gær segir formaðurinn: Ég er að koma af fundi forsrh. Og hnefann í borðið: Kl. 2 á morgun verður komin ríkisstjórn eða við förum ekkert í neina stjórn. Hvað svo? Svo skeður það að í þessum ræðustól fyrr í kvöld á þessum sama fundi segir sami formaður: Það verður að ganga frá þessu í dag, ekki seinna en á morgun eða innan fárra daga. Mér datt í hug: Ætli hann vilji ekki bara ganga frá þessu einhvern tíma fyrir kosningar? Hvað á svona fíflagangur að þýða?

Ég er á móti því að fara í þessa stjórn, en ég er enn þá meira á móti því að hafa félaga mína að fíflum. Ég stofnaði ekki þennan flokk til þess.

En ég skil þörfina fyrir Borgfl. Ég skil hana. Hann er með mannlega stefnu. Honum er ekki sama hvernig fer um fólk. Þess vegna má ekki undir neinum kringumstæðum skemma það sem byrjar vel með einhverjum refsskap gamalla stjórnmálamanna. Formaður flokksins talaði áðan, og er þá í stjórnarandstöðu, sem gaf ekkert tilefni til þess að ætla að Borgfl. væri á leið inn í ríkisstjórn, talar um fulltrúa gömlu flokkanna með fyrirlitningu. Það er kannski hægt að segja: Hvernig er með gömlu fulltrúa nýju flokkanna? Er einhver munur? Fer það eftir aldri mannanna eða aldri flokkanna hvort það er tekið mark á þeim eða ekki mark á þeim?

Ég verð að taka undir það, sem kom fram í efnahagsumræðum fyrr í kvöld og ég er innilega sannfærður um, að það er vel sagt og það er rétt sagt og menn ættu að hlusta á þau orð sem hv. 7. þm. Reykn. lét falla þegar hann sagði: Menn ættu að tala minna og gera meira. Mikið vildi ég að hann hefði gert það sjálfur þegar við greiddum atkvæði um skattafrv. fyrir jólin. Ég er innilega sammála og hefði kannski verið betra ef einhverjir fleiri hefðu gert það. Sumir hefðu mátt gera minna og tala meira, en það er sjaldan sem maður óskar eftir því. Það er afar sjaldan sem maður óskar eftir því, en það skemmir ekki stundum. Og þá var ekki verið að hugsa um afkomu hinna smáu. Þá var ekki verið að hugsa um litla fólkið. Það er ekki verið hugsa um láglaunafólkið. Það er ekki verið að hugsa um það þegar skattarnir eru settir á hvaða nafni sem þeir eru nefndir. Það er aukaatriði hvort það eru tollar, vörugjald, tekjuskattar, eignarskattar eða annað. Það eru skattar. Haldið þið að þið séuð, kæru ríkisstjórnarmeðlimir, að gera einhverjar ráðstafanir fyrir láglaunafólkið með því að koma nú með gengislækkun? Ísland er farið að skulda svo mikið að það er orðið einfalt barnaskóladæmi að margfalda skuldina með gengislækkuninni og sjá hvað við höfum upp úr því og hvað við fáum til baka í hagnað af þjóðarframleiðslu okkar. Það er orðið einfaldasta reikningsdæmi að sjá að við stórtöpum á gengislækkunum. En það er haldið áfram að lækka gengið og gera alls konar kúnstir sem eiga kannski rétt á sér við eðlilegar aðstæður en eru eins rangar og hægt er að hafa nokkuð rangt þegar aðstæðurnar leyfa ekki. Það eru ekki alltaf sömu aðstæður.

Svo er talað um að það þurfi að hugsa um afkomu fyrirtækjanna, það þurfi að hugsa um afkomu fólksins. Það þarf að hugsa um hvort tveggja vegna þess að það er þjóðarhagur. Þjóðfélagið gengur ekki nema vinnumarkaðurinn og fólkið sé sátt og gangi í takt. Umræðan sem fer fram er um þjóðina, um bæði hið svokallaða litla fólk, stóra fólk, fyrirtæki smá og stór, hlutafélög, samvinnufélög o.fl. Við skiljum ekki einn þáttinn frá öðrum.

En ég vil gjarnan fá skýringu á því hvernig á því stendur að forsrh. leyfir sér að tala fyrir hönd Borgfl. eins og hann gerði áðan. Jafnvel þó það væri komið samkomulag við þá nefnd sem er í gangi þá á stjórn flokksins og stjórn þingflokksins eftir að fjalla um málið og það segir enginn að þessir aðilar átti sig ekki á því hvað er að ske. (**Forsrh.:** Sagði ég það?) Ég hlusta ekki á allt sem hæstv. forsrh. segir. Hann hlýtur að vita sjálfur hvað hann hefur sagt og hvað hann hefur ekki sagt. Ég veit ekki um hvað forsrh. talar upp úr svefni eða vakandi.

Eitt af því sem kom fram áðan og var hluti af efnahagsumræðunum var hvað fjvn. úthlutar smáum upphæðum. Það er alveg rétt. Ég gerði tilraunir þegar ég var fjmrh. til að sleppa öllum upphæðum sem voru undir 100 þús. kr., síðan reyndi ég að sleppa öllum upphæðum sem voru undir 50 þús. kr. og hæstv. heilbr.- og trmrh., sem var í þessari vinnu með mér sem fjmrh., endaði með því að reyna að standa með mér um að sleppa 10 þús. kr. upphæðum. Það var ekki hægt. Það var ekki hægt vegna þess að fólkið

úti á landi munaði um 5 og 10 þús. kr. í smáátök í þessu eða hinu, viðgerð á þessu eða hinu, á stórum mannvirkjum. Það er ekki alltaf miðandi við hvað mannvirkin eru dýr sem þarf að gera við. En það hefði verið gott að sleppa þessum litlu upphæðum.

Það er alveg satt og staðreynd að við reyndum á sínum tíma að einfalda þetta svokallaða kerfi. Það var ekki hægt. En nú er búið að gera það svo flókið að einstaklingurinn, jafnvel þó að hann sé verslunarskólagenginn, getur ekki gert sína eigin skattaskýrslu skammlaust. Hann þarf að fá aðstoð sérfræðinga til þess. Þjóðfélagið er orðið þannig að fólkið getur ekki sinnt þeim skyldum sem á því hvíla frá því opinbera. Það kostar stórfé. Það er heil atvinnugrein sem gerir ekkert annað en að hjálpa almenningi með að reyna að halda sér innan ramma þess sem er krafist af þeim af því opinbera. Þetta gengur ekki. Og til upplýsingar fyrir minn ágæta formann, hv. 7. þm. Reykn., af því að hann talaði um iðnað, hefur það margkomið fram og hlýtur að hafa komið fram á iðnaðarráðstefnum þar sem hann hefur sjálfur setið, hann situr svo mikið af þeim, að ef iðnaðurinn í Evrópu eða í heiminum færist til færist hann frá suðrinu norður eftir vegna þess að orkan er öruggari í norðrinu en suðrinu. Orkan, olían og fleira er ekki lind sem endalaust er hægt að ausa úr. Vatnsorkan er talin munu endast lengur og því er það að vísindamenn framtíðarinnar sjá tilflutning á iðnaði frá suðrinu til norðursins. Það er ein af þeim hættum sem blasa við okkur í norðrinu, ekki bara Íslandi heldur Norðurlöndunum sérstaklega, að Norðurlöndin verði eins konar iðnaðarhverfi veraldarinnar. Það er öfugt við það sem hann sagði áðan. Við skulum frekar búa okkur undir þau ósköp en að það verði öfugt.

En eins og formaðurinn, hv. 7. þm. Reykn., talaði áðan var hann í stjórnarandstöðu og ekki útlit fyrir að Borgfl. væri á leiðinni í ríkisstjórn á sama tíma sem hæstv. forsrh. fullyrðir það. Þetta er svo furðulegt að það er eiginlega ekki hægt að tala um málin eins og þau eru. Það er ekki hægt. Það er talað um að mynda nýja ríkisstjórn næstu klukkutímana. Á sama tíma kemur hæstv. forsrh. og kynnir efnahagsráðstafanir sem hinn nýi flokkur í ríkisstjórn á að samþykkja, standa að og standa með, en hefur ekkert um það að segja hverjar þær eru. Mér finnst þetta vera svo mikil móðgun, ekki bara við félaga mína heldur við flokkinn minn sem ég er tiltölulega nýbúinn að stofna, að mér finnst það ekki ná nokkurri átt og það nær heldur ekki nokkurri átt og geta ekki verið mannasiðir að hefja viðræður um stjórnarmyndun bak við formenn flokka eins og var gert við mig. Þetta er furðulegt mál allt saman. Og koma svo fram fyrir alþjóð og segja af sakleysi sínu: Við erum að ná saman um ríkisstjórn. Það er alveg furðulegt.

En að bjóða upp á það að koma í dag með efnahagsráðstafanir sem Borgfl. á að standa að, ef hann fer í ríkisstjórn í kvöld eða á morgun eða næstu dagana, en hann hefur ekki haft aðild að á einn eða annan hátt, er dónaskapur. Ég trúi því ekki að Borgfl. leggist svo lágt að láta bjóða sér það. Eitthvert stolt hlýtur að vera eftir.

Hér úr þessum ræðustól var sagt áðan: Úrslit í stjórnarsamstarfið verða að koma í dag eða næstu daga. Í gær var það: Það verður að koma fyrir kl. 2. Þá kemur Alþingi saman. Þá verður að vera búið að stokka upp stjórnina. Hvorki ný ríkisstjórn né heldur þátttaka þessa nýja stjórnarflokks í efnahagsráðstöfunum ríkisstjórnarinnar eru sjáanleg enn þá. En ég vil að það sé alveg á hreinu að ég mun beita mér fyrir því að það verði nýr þingflokkur þeirra sem ekki sætta sig við að koma inn í ríkisstjórnina með því einu að fá brot af matarskatti felldan niður kannski og alls ekki strax, eins og um var talað í flokknum að fara fram á, heldur kannski að hluta til einhvern tíma seinna og er augljóst að þá á að nota matarskattinn sem var settur á vegna þess að vörugjald var fellt niður, en vörugjaldið svo aftur sett á til viðbótar, það á að nota hann í kjarasamningum til að selja launþegum það sem þeir eiga rétt á. Það er alveg furðuleg hringekja sem ríkisstjórnin er í. Hún snýst og spilakassinn spilar eins og menn þekkja sem hafa búið einhvern tíma erlendis. Og það spilar og það spilar og það spinnur og það spinnur.

Hæstv. forsrh. flutti sína ræðu sem var ekki boðskapur á einn eða annan hátt því ef hann hefur kallað það einhverja nýjung við lausn vandamála er megnið af því komið fram í ræðum hjá hæstv. forsrh. og hjá öðrum ráðherrum fyrir áramótin þegar efnahagsaðgerðir voru kynntar, efnahagsaðgerðir sem ég verð að segja alveg eins og er að eru fráleitar. Það er alveg sama hvort það eru aðgerðir í efnahagsmálum eða aðgerðir um efnahagsmál og hvernig allt það sem þar á að gera er fjármagnað. Það er allt fengið með láni hér og láni þar. Það er yfirdráttur í Seðlabankanum gegnum ríkissjóð. Það er skylda Seðlabankans að taka lán, ef ekki innan lands þá erlendis. Og þetta eru engar smáupphæðir. Þetta er upp á þúsundir milljóna. Það var a.m.k. altalað fyrir jólin að yfirdrátturinn í Seðlabankanum væri kominn á annan milljarðatug. Stundum var talað um 11 milljarða og ég heyrði allt upp í 15 milljarða. Og áfram er haldið að draga á Seðlabankann, annaðhvort beint á hann eða á erlend lán, þannig að þessi atvinnumálakafli er hrein geðveiki ef menn höguðu sér svona í einkafyrirtækjum.

Hæstv. forsrh. hafði svo vit á því að hlaupa yfir þennan kafla. En hann gerði meira að umtalsefni þann hlutafjársjóð og þar er, held ég, stjórnarandstaðan sammála. Ég efast um að hún hafi hugmynd um það sjálf, stjórnarandstaðan, frekar en ríkisstjórnin hvað hún er að samþykkja. Það á að stofna sjóð, sem er í upphafi 600 millj. kr., með því að selja hlutdeildarskírteini. Það er búinn til sjóður, við getum kallað það hvað sem er, við getum kallað það smásöluverslun á bréfum sem hafa ekki meira verðgildi en prentsvertuna sem sett er á þau, og það á að selja þessi hlutdeildarskírteini sem verðmæti og mynda úr því hlutafjársjóð sem á svo að kaupa

hlutabréf í fyrirtækjum sem engin hafa gefið af sér. Þess vegna verður að hjálpa þeim. Og þessi hlutabréf og hlutdeildarbréf sem eiga að mynda þennan sjóð eru vaxtalaus bréf í fyrirtækjum sem eru á hausnum en bera þó verðtryggingu. Og hver er ábyrgur? Það er ríkissjóður. Er hægt að gera hlutina mikið vitlausari en þetta? Og hvað er svo bak við þetta? Ríkissjóður, sagði ég. Og hvað þýðir það? Það þýðir ekkert annað en Seðlabankinn eða það sem ríkisstjórnin hefur gripið inn í vegna þess að Seðlabankinn og erlendar lántökur eru ekki lengur aðgengilegar. Það eru bara hækkandi skattar.

Þetta eru efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar sem hún flaggar helst með aftur núna til viðbótar við það að hún komst í gegnum Alþingi á milli umræðna um þessa hringavitleysu þegar hún kynnti þetta fyrst. Þetta er alveg stórkostlegt. En þetta stendur allt saman í þessu plaggi og hv. þm. geta lesið það ef þeir vilja leggja sig fram um að fylgja vegferð fjármagnsins í hugsuninni í þessu frv. Fylgið fjármagninu eftir, hvernig það myndast, hvaðan það kemur og hvernig það er notað og hvar það endar. Þetta er alveg furðulegt plagg.

Hv. 7. þm. Reykn. minntist á árið 1986 í ræðustól og hann gat þess að það hefði verið tekjuafgangur. Það er rétt. Það var lítið. Það voru 122 millj., ekki milljarðar. Það er ekki mikið. Og það var ekki talið nóg. Menn vildu meira. Og þá má kannski hæstv. sjútvrh. muna sinn fífil fegri því hann fékk þrátt fyrir þennan tekjuafgang 650 millj. endurgreiddar í uppsafnaðan söluskatt sjávarútvegsins í fyrsta sinn. Á sama tíma voru felldar niður 600 millj. af 2400 millj. tekjuskatti. En þrátt fyrir þetta og þrátt fyrir niðurfellingu skatta þeirra sem voru að ljúka störfum vegna aldurs og þrátt fyrir að það voru engir tollar og engin gjöld tekin af tölvuvæðingunni sem þá flæddi yfir landið var tekjuafgangur. Þetta var ekki talið nóg. Hv. 7. þm. Reykn. ætlaði svo að gera lítið úr því að árið eftir, hjá næsta fjmrh., var hallinn orðinn 7 milljarðar. Þetta voru hans orð. En þrátt fyrir 7 milljarðana í halla sem núna fundust og tveir síðustu fjármálaráðherrar, þ.e. sá sem núna er og sá síðasti, rífast um hver á hvað í þeim 7 milljörðum í halla, þá ætlar hann samt sem áður að leiða Borgfl. inn í þá hít sem hann er að benda mönnum á að varast. Er það furða þó að fólk segi: Alþingi er bara þannig saman sett að við höfum ekki möguleika á að vera með bestu menn í ríkisstjórn. Ég skal taka undir það. Við erum með bestu menn í ríkisstjórn. Þó enginn annar en þeir sjálfir viðurkenni það slepp ég líklega frá ræðu minni með því að taka undir það með þeim. En þetta eru staðreyndir sem tala sínu máli. Fulltrúar gömlu flokkanna eins og oft er sagt eru nefnilega ekkert betri en gömlu fulltrúar nýju flokkanna.

Virðulegur forseti. (Gripið fram í.) Stundum er nú bankað í bjölluna ef einhver grípur fram í, en ég tek undir að þeir eru ekkert verri. Ég er ekkert að leggja mat á hvorir eru betri, gömlu fulltrúar nýju flokkanna eða öfugt. Mér er hjartanlega sama. En eitt get ég sagt af þeirri reynslu sem ég hef hér í Alþingi, að það vantar heilan aldursflokk til starfa í Alþingi. Það vantar nefnilega þá sem eru komnir yfir fimmtugt, helst yfir sextugt. Það verður að vera ákveðin blanda aldursflokka og reynslu til að gera eina góða heild. Það vantar þann aldursflokk sem stórþjóðirnar nota til forustu þegar mikið liggur við. Þegar þið horfið í kringum ykkur sjáið þið hvaða aldursflokkur það er sem tekur við völdum við nýjar kosningar. Það eru ungir menn, það eru ungar konur með. Og það getur verið að það sé því ungæðisháttur í ákvörðunum og hugsun sem endurspeglast í „afrekum" okkar.

Ég ætla ekki að hafa þetta mikið lengra, virðulegur forseti, að þessu sinni. En mér finnst ákveðinn ungæðisháttur í allri framkomu ríkisstjórnarinnar og ríkisstjórnarflokkanna við Borgfl. Ég veit að Borgfl. hefur af heilum hug, bæði nú og fyrr, tekið þátt í stjórnarmyndunarviðræðum með góðu hugarfari um að gera vel, en hann hefur látið eyðileggja sig á því að vera dreginn á asnaeyrum, hreinlega dreginn á ódrengilegan hátt með svör hér og svör þar, fundi hér og fundi þar. Við sem höfum staðið í stjórnarmyndunarviðræðum áður með gömlu flokkunum vitum að það er sest niður og málið er klárað. Það er ekki haldinn fundur einu sinni í viku, eða jafnvel ekki það. Málin eru kláruð. Annaðhvort ná flokkarnir saman eða þeir ná ekki saman. Það er ekki hægt að draga svör eins og hefur verið gert. Ég væri ólíkur sjálfum mér, þó ég sé ekki lengur forustumaður þar er ég þó stofnandi flokksins, ef mér væri sama hvernig komið er fram við hann. Þetta eru góðir drengir og heiðarlegir sem tala við ykkur. Ég tel að þið hafið komið illa og óheiðarlega fram.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Það er eðlilegt að hæstv. ríkisstjórn sýni spilin, sýni uppskeruna eftir það óvenjulega langa hlé sem hefur orðið á þingstörfum, hlé sem varð til vegna þess að hæstv. ríkisstjórn þurfti að sinna mjög mikilvægum málum, annars vegar að móta framtíðarstefnu í efnahagsmálum þjóðarinnar og hins vegar að styrkja ríkisstjórnina með því að leita hófanna hjá Borgfl. í því skyni. Nú er þessu leyfi lokið og uppskeran er heldur rýr. Það hefur komið fram í umræðum í dag að það var fyrst í morgun sem hæstv. ríkisstjórn endanlega gekk frá þeim frauðtexta sem hæstv. forsrh. las upp og enn hefur hæstv. forsrh. ekki né lið hans í hæstv. ríkisstjórn og stjórnarflokkarnir getað svarað einföldustu fyrirspurnum frá Borgfl. Það sem sýnir kannski þó helst á hve veikum grunni allt þetta er reist er að það hefur komið fram opinberlega að enginn hæstv. ráðherra megi tala í þessari umræðu nema hæstv. forsrh. Líklega er það vegna þess að sú hætta gæti leynst í því ef einhver annar talaði að þá kæmi í ljós að menn væru ekki fyllilega sammála um þann loðna texta sem hæstv. ráðherra las upp. Ég sé um leið og ég segi þessi orð að það færist undrunarsvipur yfir hæstv. ráðherra aðra en forsrh. og vonandi merkir það að þeir hafi fullt málfrelsi í þessari umræðu og vonandi merkir það jafnframt að þeir séu fúsir til að taka til máls í

umræðunni og svara þeim fyrirspurnum sem til þeirra hefur verið beint og mun verða beint til þeirra.

Það merkilegasta sem ég tel að hafi gerst frá því að umræðunni var frestað í dag og menn fóru heim til sín til að fá sér að borða og undirbúa þessa umræðu var að hlusta á einn þingmann stjórnarflokkanna, hv. 10. þm. Reykv., koma fram í sjónvarpi og segja skoðun sína á því sem hér er til umræðu. Það eina sem kannski mætti kalla bitastætt í því sem hæstv. forsrh. las upp sem efnahagsáætlun og aðgerðir ríkisstjórnarinnar var að nú ætti að fella gengið til að koma til móts við undirstöðuatvinnugreinarnar um hvorki meira né minna en 2,5%. Síðan á að vísu að gefa Seðlabankanum heimild til að láta gengið síga um tvo og einn fjórða úr prósenti. Þetta eru öll ósköpin. Og af hógværð og lítillæti sagði hv. 10. þm. Reykv. að hann efaðist um að þetta nægði fyrir sjávarútveginn og útflutningsgreinarnar. Ósköp hefði verið meira gaman að því að fá hv. 10. þm. Reykv. í ræðustólinn til að segja þetta í þessum umræðum og skýra út fyrir okkur hvers vegna hann efaðist um þetta, því það er einmitt það sem stjórnarandstaðan hefur verið að segja og hefur sagt allt frá því í haust, að engin gengisbreyting eða of lítil gengisbreyting þýddi að ekki yrðu til rekstrarskilyrði fyrir undirstöðuatvinnugreinar þjóðarinnar. En það er kannski merkilegt að á sama tíma og hæstv. forsrh. flytur ræðu eftir margra vikna hlé og undirbúning, eftir langa, langa ríkisstjórnarfundi, eftir langa, langa þingflokksfundi, stendur hér uppi í ræðustól, les síðu eftir síðu, 28 vélritaðar síður þar sem ekkert er í innihaldinu sem máli skiptir, a.m.k. fyrir sjávarútveginn og undirstöðugreinarnar, nema 2,5% gengisfelling, skuli einn af framsóknarþingmönnunum, hv. 10. þm. Reykv., sjá sig knúinn til þess að fara í sjónvarpið og segja við þjóðina: Þetta dugir ekki.

Það er líklega einn harðasti dómur sem felldur hefur verið um verk hæstv. forsrh. og ríkisstjórnarinnar hæstv. þegar einn af þingmönnunum, að vísu úr djarfari flokki þeirra, fer fram á völlinn og segir að hann efist um að þetta nægi til þess að bjarga undirstöðuatvinnugreinunum. Nú skora ég á hv. 10. þm. Reykv. að koma hér upp í þennan ræðustól. Ég sé á svip hæstv. ráðherra að þeir eru fúsir til að gefa honum leyfi til þess. Hann fær málfrelsi í kvöld. Þrátt fyrir óskir um að hv. þm. ríkisstjórnarinnar tali sem minnst í þessum umræðum hygg ég að hann fái leyfi til þess. (**Menntmrh.:** Steingrímur talaði fyrir hann líka.) Það upplýsist af hálfu Alþb. í þessari ... (**Forseti:** Forseti vill upplýsa að hv. 10. þm. Reykv. svo og hæstv. sjútvrh. eru báðir á mælendaskrá.) Ósköp er ég feginn að fá þessar upplýsingar og er þakklátur fyrir það, virðulegur forseti, því að þá þarf ég ekki að eyða meiri tíma í að fá hv. 10. þm. Reykv. í ræðustól. En ég vil vekja athygli á því, virðulegur forseti, að þetta þýðir í leiðinni að hæstv. menntmrh. fer með tómt fleipur því að hæstv. ráðherra var að enda við að segja að hæstv. forsrh. talaði fyrir þá báða. (**Menntmrh.:** Hann talaði fyrir Framsfl.) Hæstv. ráðherra sagði að hæstv. forsrh. talaði fyrir hann líka. (Gripið fram í.) Nú upplýsist það til viðbótar að hæstv. ráðherra segir að hæstv. forsrh. tali fyrir hönd samstarfsflokkanna. Þetta þýðir væntanlega, virðulegur forseti, að hæstv. menntmrh. ætlar ekki að taka til máls í kvöld. (**Menntmrh.:** Það er rétt til getið.) Það er nefnilega það. Hann er þá í banni í kvöld, en vonandi fáum við nú að heyra í honum innan tíðar því að auðvitað eiga margir við hann erindi þótt svo standi á um þessar mundir að hæstv. menntmrh. hafi misst ítök sín í Alþb., enda ræður formaðurinn, þessi nýi, þar öllu og reyndar ekki bara í Alþb. heldur líka í hæstv. ríkisstjórn. Og nú er svo komið að hæstv. menntmrh. fær ekki að tala. (**Landbrh.:** Ertu ekki feginn?) Ég skal viðurkenna það, virðulegur og hæstv. landbrh., að ég er afskaplega feginn að þurfa ekki að hlusta á þær ræður sem hæstv. landbrh. flytur, alla vega ekki ef hann fer að lesa upp þær sem hann flutti í fyrra. Hins vegar hugsa ég að það gæti hann gert á þorrablótum úti um allan bæ ef hann vildi fá aðhlátur að því sem hann sagði þá vegna þess að nú hefur hann í þessari hæstv. ríkisstjórn gert þveröfugt við það sem hann boðaði fyrir ári. (**Menntmrh.:** Ansi yrði nú hlegið að þér einu sinni.) Það hugsa ég nú, hæstv. ráðherra, að verði gert, a.m.k. verður að koma fram í fundargerð þingsins að hæstv. menntmrh. hefur a.m.k. hlegið þrisvar undir ræðu minni og þakka ég honum fyrir það.

Nú skulum við halda aðeins áfram, með leyfi virðulegs forseta, því það borgar sig ekki að eyða löngum tíma í þessa ræðu þegar við eigum von á svona góðum ræðum frá hæstv. ráðherrum og hv. 10. þm. Reykv. Það sem hins vegar skiptir máli í þessu öllu saman er það, sem hefur komið fram af hálfu stjórnarandstöðunnar, að það er ekkert, ekkert sem kom fram í kvöld hjá hæstv. forsrh. sem leiðir til þess að sjávarútvegurinn og útflutningsgreinarnar verði rekin með ágóða.

Þegar hlé var gefið á störfum Alþingis eftir jólin var fjöldi mála óafgreiddur. Það var kannski athyglisvert við þau slit sem þá urðu á þinghaldinu að hæstv. ríkisstjórn kaus að skilja eftir bráðabirgðalögin en hafði þó gefið í skyn að búið væri að afnema það ákvæði í bráðabirgðalögunum sem bannaði verkföll. Ýmsir þeir sem hafa tekið til máls í þjóðfélaginu, jafnvel verkalýðs- og launþegaforingjar, standa í þeirri trú að hæstv. ríkisstjórn hafi afnumið þetta ákvæði. En þetta er auðvitað alrangt. Það eina sem hæstv. ríkisstjórn hefur gert er að koma fram með tillögu hér á hinu háa Alþingi um það að lagafrumvarpið breytist. En auðvitað fellur ekki verkfallsbannið niður fyrr en að samþykktum staðfestingarlögunum. Það er þess vegna kynlegt að heyra húrrahrópin úti í bæ fyrir einhverju sem ekki er orðið. Hins vegar gerðist það merkilega á þessari stundu að hæstv. fjmrh. krafðist þess við eina af síðari umræðum annars málsins sem fjallaði um bráðabirgðalögin að setja inn heimild til að geta hækkað brennivín og tóbak. Það lá þessi lifandi býsn á þannig að þegar ekki var hægt að ná fram bráðabirgðalögunum kom

fram sérstakt frv. sem var togað út úr bráðabirgðalagafrv. til að knýja fram þessa heimild. Síðan eru allmargar vikur. Og mig langar til að spyrja hæstv. fjmrh.: Hvernig stendur á því að hann hefur ekki notað þessa heimild? Ástæðan fyrir þessari fyrirspurn er sú að í fjárlögum sem samþykkt voru í síðasta mánuði er gert ráð fyrir því að Áfengis- og tóbaksverslunin skili ákveðnum ágóða. Það er þess vegna ljóst að eftir því sem þessi hækkun dregst, þeim mun hærri verður hún að vera. Ég veit hins vegar ástæðuna: Ástæðan er sú að hæstv. ráðherra þorði ekki að hækka brennivínið og tóbakið þegar hann sá hvernig hans eigin verk höfðu leikið lánskjaravísitöluna. Ef hækkun brennivíns og tóbaks hefði bæst við á þessari stundu hefði það líklega fyllt mælinn. Þess vegna var réttara að hans áliti að byrja á því að breyta lánskjaravísitölunni en koma síðan með þessar hækkanir til þess að það bæri minna á þeim. Þetta eru vinnubrögð hæstv. fjmrh. og ef hann er ekki sammála þessu bið ég hann vinsamlegast að koma hér á eftir og skýra það hvers vegna lá svona gífurlega mikið á að fá þessa heimild á þessum tíma og hún hefur enn ekki verið notuð.

Ég spyr einnig vegna þess að hæstv. fjmrh. hefur aldrei fyrr frá því að hann varð fjmrh. látið fram hjá sér fara tækifæri til að skattpína þessa þjóð eða hækka verð þar sem hann getur, enda kom það glögglega fram í upphafi ársins þegar verðbólgan rauk af stað fyrst og fremst vegna þess að skattar höfðu verið hækkaðir og vegna þess að gengið var fellt lítillega eftir áramótin.

Það hefði verið svo sem enn fremur full ástæða til að fá hæstv. utanrrh. og hæstv. fjmrh. til að skýra það úr ræðustól — ég tala nú ekki um ef hægt hefði verið að koma upp öðrum ræðustól í þinghúsinu við hliðina á þessum þannig að þeir gætu staðið báðir í ræðustól samtímis eins og þeir gera á skemmtunum sínum um landið — hvorum það var að kenna að fjárlögin fóru þannig á sl. ári að það vantaði 7,2 milljarða og reyndar 8 milljarða upp á að þau stæðust. Það eru athyglisverð köpuryrði sem ganga á milli þeirra félaga eftir að þeir hættu að stunda sínar skemmtanir Á rauðu ljósi vítt og breitt um landið.

Ég held að það sé nauðsynlegt að rifja upp að hæstv. fjmrh. átti ekki orð yfir forvera sínum sem hafði spáð 700 millj. kr. halla á sl. ári og kom í ræðustól, fyrst reyndar í Reykjaneskjördæmi og síðan hér á hinu háa Alþingi, og sagði: Þetta er hneyksli. Það er algjört hneyksli hvernig farið hefur í ríkisfjármálunum. Hallinn verður ekki 700 millj., hann verður líkast til 3 milljarðar. Svo leið hálfur mánuður eða svo og þá kom hann aftur í ræðustól og þá var hallinn orðinn 5 milljarðar. Nú er árið liðið, bráðabirgðatölur liggja fyrir og hallinn er 7,2 milljarðar. Það á að hrópa húrra fyrir svona mönnum eða hvað?

Hvað hefði nú hæstv. ráðherra sagt ef hann hefði verið í stjórnarandstöðu? Hvernig hefði hann ráðist á fjmrh. ef hann hefði verið t.d. í mínum sporum í stjórnarandstöðu? Hvernig hefði hann látið út í hæstv. utanrrh. ef þetta hefði gerst hjá hæstv. utanrrh. og hann væri fjmrh.? Geta einhverjir hér inni ímyndað sér það? Man einhver eftir því fyrir rúmu ári þegar hæstv. fjmrh. réðst á páv. fjmrh. með offorsi? (Gripið fram í.) Ef hæstv. ráðherra biður mig um að hlífa sér við því að rifja upp ræður hans enn einu sinni skal ég gera það í þetta sinn hans vegna.

Það sem fram kemur hins vegar í þeim langa lestri hæstv. forsrh. þegar frá er skilin þessi litla gengisfelling er það að í stað almennra aðgerða er a.m.k. gefið í skyn að nú eigi að efna til sértækra aðgerða og bókstaflega sagt í sambandi við sjávarútveginn og í stað meira frjálsræðis er núna farið í átt til miðstýringar. A.m.k. er gefið í skyn að það sé gert þótt mér sýnist að hæstv. viðskrh. hafi varist nokkuð í þeim málum sem snúa að hans ráðuneyti.

En það er athygli vert að hér á Íslandi skuli árið 1989 starfa ríkisstjórn undir forsæti manns sem lýsir því yfir kalt og ákveðið að hér á landi dugi ekki vestrænar aðferðir og við þurfum að hverfa frá frjálsræðinu á sama tíma og allar þjóðir, allar þjóðir í Vestur Evrópu, jafnvel líka í Sovétríkjunum og Kína, fara allt aðra leið, eru að auka frjálsræðið, leggja mun meira upp úr almennum aðgerðum en sértækum til að undirbúa sig undir innri markaðinn í Evrópu, hinn sameiginlega markað Evrópubandalagsríkjanna, og til þess að bæta lífskjörin. Árið 1989 situr á Íslandi ríkisstjórn sem fer í þveröfuga átt. Og þó að maður sjái ekki mikið fyrir þokunni þegar þessar 28 blaðsíður eru lesnar er þetta a.m.k. skrifað með þeim hætti að það er verið að gefa í skyn að nú eigi að stýra hlutum með handafli. Það er sérstök ástæða til að biðja hæstv. viðskrh. og reyndar hæstv. utanrrh. sem fer með utanríkisviðskiptin að segja okkur frá því hér í kvöld í þessum umræðum hvort það sé skynsamlegra fyrir okkur sem þjóð að hverfa aftur til handaflsstýringar og miðstýringar, þar á meðal í fjármálum og peningamálum, eða hvort við eigum að gera eins og aðrar þjóðir hafa verið að gera, að færa okkur í átt til frjálsræðis. Ég veit að báðir þessir menn hafa verið á ferðalögum erlendis. Þeir hafa báðir hitt kollega sína, þeir hafa fengið næg tækifæri til að ausa úr viskubrunnum þeirra og ég spyr þá í fyllstu hreinskilni: Telja þessir ágætu hæstv. ráðherrar að það sé sérstök ástæða til þess uppi á Íslandi að fara allt aðra leið í þróun efnahagsmálanna en gert er í okkar nágranna- og viðskiptalöndum? Ef þeir svara þessu játandi, að það sé ástæða til þess að fara aðra leið, vil ég spyrja í framhaldi af því: Hvers vegna? Hvað er það sem réttlætir það?

Hæstv. forsrh. segir í sinni ræðu, og hælir sér af því, að nú hafi verðbólgan náðst niður. Hún sé 9–10% og hafi verið það á undanförnum fjórum mánuðum. (**Forsrh.:** Yfir fjóra mánuði.) Yfir fjóra mánuði. Og gefur það í skyn eða manni skilst það a.m.k. að þar með hafi heilmikill árangur náðst. En til þess að hafa ræðuna eins og sagt er á útlensku „up to date" eða með nýjustu upplýsingum: hefði ekki verið ástæða fyrir hæstv. forsrh. að segja okkur hver verðbólgan er í dag, hvernig hún var þegar hún mældist síðast og hver var orsökin fyrir því að hún mældist svona há

síðast? Hvort orsakanna geti verið að leita hjá hæstv. ríkisstjórn sjálfri, hvort orsakanna geti verið að leita í því að hæstv. ríkisstjórn hugsaði fyrst og fremst um ríkissjóð en ekkert um atvinnuvegina og hækkaði skatta. Hvers vegna er ekki minnst á það? Nei, það er verið að gefa í skyn að mikill árangur hafi náðst og gefa í skyn að nú sé allt komið í lag, bara halda áfram á þessari leið og þá sé allt komið í lag. Sannleikurinn er sá að ef við teygjum verðbólguna eins og við mælum hana oft með því að kanna lánskjaravísitöluna, teygjum mánaðarlega hækkun yfir heilt ár, þá væri hægt að halda því fram að verðbólga hér væri um 30%. Að vísu, eins og fyrr hefur komið fram í þessum umræðum, kaus ríkisstjórnin að breyta eða búa til nýja — svo að ég taki nú ekki afstöðu til þess hvað hefur verið gert — vísitölu til þess að ná verðbólgunni niður í 20% a.m.k. um eins eða tveggja mánaða skeið. Svona galdramenn ætti maður nú eiginlega að leigja til útlanda og athuga hvort maður hefði ekki eitthvað meira upp úr þeim þar en að hafa þá sem ráðherra hérna heima. Það væri a.m.k. gaman að vita hvort þær ríkisstjórnir sem þeir hafa verið að heimsækja að undanförnu mundu ekki vera tilbúnar að ná verðbólgunni niður hjá sér, þó hún sé heldur lítil, með aðgerðum eins og þessum.

Það er athygli vert þegar kemur síðan að gengismálunum — og kannski ekki athyglisvert — að þá er hæstv. forsrh. samur við sig. Hann segir í fyrsta lagi: Gengisfellingar hafa ekki þýðingu fyrir sjávarútveginn. Svo segir hann: Raungengið er allt of hátt skráð, gengið er rangt skráð. Og svo segir hann: Það er nauðsynlegt að fella gengið um 2,5% og síðan um 2,25%. Og síðan kemur einhver rolla um djúpstæðan skipulagsvanda í útgerðinni o.s.frv. Nú langar mig til þess að spyrja hæstv. forsrh. (**Forsrh.:** Ég hélt að hv. þm. væri með ræðuna.) Ég er með ræðuna. Mér hefur hins vegar ekki gefist tími til að lesa hana alveg frá orði til orðs, en ég hlustaði mjög vel á hana. Mig langar til að spyrja hæstv. forsrh. hvað það er sem hann kallar „djúpstæðan skipulagsvanda". Getur hann skýrt það betur út en kemur fram í ræðu hans? Hvað er „djúpstæður skipulagsvandi"? Það er tekið beint upp úr ræðu hæstv. forsrh. Eins þætti mér vænt um það ef hæstv. forsrh. vildi nú einu sinni segja okkur nákvæmlega hvað hann á við þegar raungengi íslensku krónunnar er of hátt: Hvað telur hann að þurfi að fella gengið mikið til þess að raungengið sé eðlilegt? Er það 10%, 12% eða 15%? Getur hann sagt okkur nákvæmar hvað hann á við? Það veit öll þjóðin að hæstv. forsrh. og hæstv. sjútvrh. stóðu í slagsmálum í ríkisstjórninni fyrir því að fá einhverja gengisfellingu. Það veit öll þjóðin líka að þeir voru með tölur á borð við 10 og 12% og það vita allir þeir sem stunda fiskvinnslu og útgerð um allt land að þeir áttu von á öðru en þessu. En útkoman var 2,5% og 2,25%. En ég spyr: Hvað var það sem hæstv. ráðherra hafði í huga þegar hann í upphafi sagði og hefur reyndar af og til verið að tala um að gengið sé rangt skráð?

Ef hæstv. ráðherra kýs get ég verið nákvæmari í minni fyrirspurn. Ég get spurt að því í fyrsta lagi: Er hæstv. forsrh. sammála mér um að það eigi að skrá gengi íslensku krónunnar þannig að stefnt sé að viðskiptajöfnuði við útlönd? Ef hæstv. ráðherra er sammála því, sem ég veit að hann hefur stundum sagt, ef hann er sammála því í dag skulum við segja til að vera enn þá nákvæmari þannig að maður sé ekki að rifja upp fyrri ummæli, hvað telur þá hæstv. ráðherra að þurfi að fella gengið mikið til þess að jöfnuður náist í viðskiptum við útlönd? Og getur nú varla verið nákvæmar spurt.

Það er talsvert fjallað um málefni viðskrn. í ræðu hæstv. ráðherra. Auðvitað ber texti ræðunnar það með sér að hér er á ferðinni málamiðlun. Það er gefið í skyn að það eigi að vera aðhald, en þegar maður les betur ofan í textann eftir að hafa hlustað á hæstv. forsrh. kemur í ljós að allt það sem þarna stendur fer nákvæmlega eftir því hver framkvæmdin verður.

Hér segir m.a. að það verði sex mánaða umþóttunartímabil í verðlagsmálum með sérstöku aðhaldi að verðhækkunum. Svo er sagt að fyrirtækjum sé skylt að tilkynna verðhækkanir og ástæður fyrir þeim til verðlagsyfirvalda þegar eftir er leitað og síðan segir, með leyfi forseta: „Komi í ljós að verðhækkanir verði umfram það sem brýn kostnaðartilefni og afkoma fyrirtækjanna gefa tilefni til skulu verðlagsyfirvöld beita tímabundið ýtrustu ákvæðum verðlagslaga eftir því sem efni standa til."

Mig langar til að spyrja hæstv. viðskrh., sem ég býst við að hafi samið þennan texta, hvað þýðir þetta á mæltu máli?

„Brýn kostnaðartilefni og afkoma fyrirtækjanna gefa tilefni til." Þýðir þetta að fyrirtækin mega hækka vöru eða þjónustu ef þau eru rekin með halla af því að það hlýtur þá að vera afkoman sem kallar á slíka hækkun? Hvað eru „brýn kostnaðartilefni" og hvað þýðir það „að beita tímabundið ýtrustu ákvæðum verðlagslaga eftir því sem efni standa til"? Þetta fer ákaflega vel í munni, ekki síst í munni forsrh. sem allir vita að stefnir að handaflsstýringu og miðstýringu, en frjálshyggjumann sem ég kalla nú hæstv. viðskrh. sem talar a.m.k. stundum þannig að hann styðji frjálsræðishugmyndir er ástæða til þess að spyrja: Hvað þýðir þetta? Er þetta skrifað fyrir hæstv. forsrh. til þess að hann sætti sig við að hafa fengið einhvers konar aðhald í sinn hlut en þetta þýðir í raun og veru ekki neitt og þannig hafi hæstv. viðskrh. platað hæstv. forsrh. Eða er einhver merking á bak við þetta?

Það er ýmislegt fleira athygli vert í þessu plaggi sem hæstv. forsrh. las og kallaði yfirlýsingu í efnahagsmálum. Þar á meðal segir hæstv. forsrh. í þessari ræðu sinni, með leyfi forseta: „Ríkisstjórnin hefur ákveðið að leggja til tímabundna breytingu á verðlagslögum þannig að á umþóttunartímanum [sem er sex mánuðir] verði hækkun á orkuverði háð samþykki verðlagsyfirvalda."

Treystir ekki hæstv. viðskrh., hæstv. orkuráðherra og iðnrh., fyrrverandi forstjóri og núverandi jafnvel Þjóðhagsstofnunar, Þjóðhagsstofnun í þessu máli?

Nú er það ljóst að lögum samkvæmt er það Þjóðhagsstofnun sem fylgist með þessu og þessari hækkun og verður að setja sinn stimpil á hækkunarbeiðni Landsvirkjunar. Er þetta vantraust á þá stofnun sem hæstv. ráðherra hefur stýrt um áratuga skeið eða, sem mig grunar heldur, er þetta gert til að þóknast dyntunum í hæstv. forsrh. sem telur að allt illt sé frá Landsvirkjun komið?

Og áfram vil ég spyrja: Hvað þýðir þetta þegar það liggur fyrir staðfest frá hæstv. ríkisstjórn að Landsvirkjun þurfi 10% hækkun til að vera rekin með þeim hætti sem lög gera ráð fyrir og hvað þýðir þetta þegar tekið er tillit til þess að Rafmagnsveitur ríkisins þurfa 10–12% hækkun umfram þessa hækkun? Þýðir þetta að hæstv. ríkisstjórn ætlar um sex mánaða skeið að koma í veg fyrir raforkuhækkun sem þarf að vera 20% til að halda niðri verðlagi en fá þetta síðan allt í hausinn í haust eða í sumar? Er þetta gert til að láta ekki á þessu bera rétt á meðan samningar standa yfir á milli verkalýðsfélaganna og vinnuveitenda, fela vandamálin, safna uppistöðulóni eins og gert var fyrir 1983? Er þetta gert til þess? Ef ekki, til hvers er þá þessi texti? Hann verður ekki skilinn öðruvísi en svo, þegar slíkt fyrirtæki er tekið út úr eins og þessi orkufyrirtæki og þó einkum Landsvirkjun, að hæstv. viðskrh. hafi annaðhvort sjálfur sett eða verið þvingaður til að setja þennan texta niður til þess að hæstv. forsrh. geti lesið hann hér upp. Þetta er fullt vantraust á Þjóðhagsstofnun. — Kannski hefði ég átt frekar að snúa mér til hæstv. fjmrh. sem var stjórnarmaður í Landsvirkjun á sínum tíma.

En það er athygli vert að um það leyti sem menn voru að ræða hér um ákvarðanir í verðlagsmálum og vaxtamálum sagði hæstv. viðskrh. orðrétt í forsíðuviðtali í Alþýðublaðinu, nánar tiltekið laugardaginn 28. janúar: „Ég held því statt og stöðugt fram að það sé aðall jafnaðarstefnu í nútímaþjóðfélagi að beita frjálsræði í atvinnu- og efnahagsmálum og markaðslausnum þar sem þær eiga við til þess að standa straum af öflugu velferðarríki og jöfnun lífskjara. Þetta séu alls ekki andstæð atriði heldur styðji hvert annað. Menn eigi ekki að stefna að samþjöppun valdsins nema alveg hreint við sérstakar aðstæður þegar ekki verður hjá því komist."

Síðar: „Það er vont að framlengja tímabundnar ráðstafanir með sams konar eða náskyldum ráðstöfunum því það er ekki tímabundið sem varir. Ég vara því frekar við slíkum vinnubrögðum."

Nú spyr ég hæstv. ráðherra við hvað er átt. Er ekki nákvæmlega átt við það að hæstv. ráðherra er að mótmæla því að framlengja verðstöðvun sem verðlagsyfirvöld og einkum og sér í lagi yfirmaður verðlagsmála á Íslandi hefur sagt að ekki sé hægt að gera lengur en um mjög takmarkaðan tíma og fram hefur komið opinberlega af hans hálfu? Átti hæstv. ráðherra við það og ef það er rétt hvernig stendur þá á því að hæstv. ráðherra lætur undan hæstv. forsrh. og lætur líta svo út að nú eigi að halda öllu í járngreipum um sex mánaða skeið? Er þetta ekki gert til að sýnast? Er einhver alvara á bak við þetta? Ætla menn að taka á þessum málum með handaflsstýringu og miðstýringu eða er þetta sett á blað eingöngu til þess að friðþægja hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. og til að geta setið áfram í ríkisstjórn sem flestir sjá nú reyndar að er handónýt þegar kemur að merg málsins sem er auðvitað að reyna að koma atvinnulífinu á flot? Það væri gott ef hæstv. ráðherra gæti svarað þessari fyrirspurn því öðruvísi getur maður ekki skilið hvað hann hefur verið að gera í íslenskum stjórnmálum. Fyrri yfirlýsingar stangast á við þær gjörðir sem hann hefur nú sagst ætla að taka að sér ef það á að skilja þetta sem beina miðstýringu og handaflsstýringu eins og skilja mátti af hæstv. forsrh. sem mikið leggur upp úr slíkri stjórn.

Hæstv. forsrh. ræddi talsvert um vaxta- og peningamál og hefur reyndar verið ansi iðinn við það og það kemur fram í textanum sem hæstv. forsrh. las upp að sá texti er málamiðlunartexti á milli andstæðra sjónarmiða og getur sjálfsagt hvor um sig haldið sínu fram. Hins vegar skiptir framkvæmdin mjög miklu máli og þess vegna hljóta menn að beina spjótum sínum og spurningum til hæstv. viðskrh. Þar á meðal langar mig til að spyrja hæstv. viðskrh. að því sem reyndar hefur komið fram í fyrirspurnum frá öðrum hér í dag: Til hvers á að kveða á um það að stærstur hluti viðurlaga sem Seðlabankinn innheimtir af innlánsstofnunum renni í ríkissjóð? Getur verið að hér sé um málamiðlun að ræða vegna þess að einhverjir í hæstv. ríkisstjórn hafi haft það hugmyndaflug að láta sér detta í hug að nota ætti þessa peninga til að kaupa hluti í fyrirtækjum sem standa illa? Getur það verið? Getur það verið að einhver í hæstv. ríkisstjórn hafi átt uppástungu um að þá peninga sem bankarnir verða að borga í Seðlabankann þegar þeir fara yfir á heftinu vegna þess að þeir fá ekki fjármagn til baka frá fyrirtækjum í sjávarútvegi, sem þeir hafa lánað, eigi að nota til þess að ríkið eða ríkisrekinn sjóður gæti keypt hlut í þeim fyrirtækjum? Það er nú fínn þjóðnýtingarkommúnismi ef einhverjum hefur dottið þetta í hug. Getur verið, hæstv. viðskrh., að textinn sem settur er hér inn, að þetta eigi að fara í ríkissjóð, sé málamiðlunartexti vegna þess að einhverjum hafi dottið slík vitleysa í hug? Og finnst hæstv. viðskrh. vera viðeigandi að nota slíkt fé eins og skatta í ríkissjóð, fjármuni sem verða til vegna erfiðleika í viðskipta- og athafnalífinu? Finnst hæstv. viðskrh. og iðnrh., manni sem ber talsverða ábyrgð á stefnu ríkisstjórnarinnar og störfum og ábyrgð á því hvernig gengur í atvinnulífinu, það við hæfi að peningar sem verða til vegna þess að fyrirtækin geti ekki borgað bönkunum, peningar sem verða til vegna þess að bankarnir þurfa að borga yfirdráttarvexti í Seðlabankanum séu færðir beint í ríkissjóð? Ef svo er óska ég eftir því allra náðarsamlegast að hæstv. ráðherra skýri það út fyrir okkur óbreyttum þingmönnum. Ef hér er hins vegar um að ræða einhverja málamiðlun, sem ég hygg nú að frekar sé, þá er hægt að afsaka hæstv. ráðherra fyrir að hafa þó varist miðstýringar- og skattaöflunum með þessum hætti, en þetta er hvergi nærri nóg.

Hæstv. forsrh. gaf í skyn að nú ætti að endurlífga okurlögin, það ætti að semja lög um misneytingu sem reyndar er ekki okur því að í gömlu okurlögunum var gerður munur á misneytingu og okri og reyndar er misneyting að sjálfsögðu bönnuð í dag samkvæmt almennum hegningarlögum og samkvæmt samningalögum. En ef það er meiningin, sem ekki kemur fram og ekki sést í ræðu hæstv. ráðherra nægilega skýrt, að það eigi að taka upp einhverja okurklásúlu aftur, það eigi að koma í veg fyrir frjálsa vexti sem hæstv. forsrh. kom á á sínum tíma í þeirri ríkisstjórn sem hann stýrði fyrir nokkrum árum, hvernig ætla menn þá að fara að til að þeir lendi ekki í sömu vandræðum og þá? Hvað um afföll, kröfur á þriðja mann? Má selja þær á hvaða verði sem er? Hvernig stendur á því að hér uppi á Íslandi, eina landinu á Vesturlöndum, skuli mönnum detta þetta í hug loksins þegar menn eru lausir við þetta vandamál úr íslenskum lögum?

Það er full ástæða til þess, hæstv. viðskrh., sem fer með þessi mál, að fá þetta frekar skýrt út. Hér segir, með leyfi forseta, og les ég þá úr ræðu hæstv. forsrh.: „Ríkisstjórnin mun flytja frv. um breytingu á vaxtalögum til þess að koma í veg fyrir ósanngjarna vaxtatöku og misneytingu á aðstöðu í lánsviðskiptum."

Hvað þýðir þetta nákvæmlega? Þetta má lesa og skilja með ýmsum hætti og þess vegna skiptir miklu máli hvað þetta þýðir. Lánsviðskipti fara ekki fram bara á milli banka og einstaklinga og banka og fyrirtækja og ekki heldur eingöngu á milli verðbréfafyrirtækja og einstaklinga og verðbréfafyrirtækja og fyrirtækja. Lánsviðskipti fara líka fram á milli einstaklinga. Og hvað ætla þá hæstv. ráðherrar að gera með afföll sem er gamalt vandamál og þeir þekkja sem þurft hafa að fást við a.m.k. lögfræði og viðskiptafræði og skilja hvernig kaupin gerast á eyrinni í fjármálum einstaklinga og fyrirtækja?

Það er ákaflega merkilegt að þegar búið var að skýra það út að nú ætti að fylgja efnahagsáætlun Norðurlanda, sem hv. 1. þm. Suðurl. gerði hér ágætlega að umtalsefni, átti að búa íslenska bankakerfið undir breytingar vegna sameinaða fjármagnsmarkaðsins í Evrópu og síðan segir hæstv. forsrh. orðrétt: „Í framhaldi af því verður m.a. kannað hvort heimila megi viðurkenndum erlendum bönkum starfsemi hér á landi." Og ég spyr hæstv. viðskrh. Það á að kanna hvort heimila megi. Hver er það sem á að gefa slíka heimild? Alþb.? Við hvað er átt? (**EgJ:** Það má ekki tala.) „Í framhaldi af því verður m.a. kannað hvort heimila megi." Af hverju er þetta orðað með þessum sérkennilega hætti? Getur það verið að einhver í hæstv. ríkisstjórn hafi togað í spotta? Getur verið, og það væri stórkostlega broslegt, að það þurfi að spyrja Alþb. að því hvort þetta skuli ná fram? Eða hvað þýðir þessi texti? Er einhver merking á bak við þetta og hvernig er þetta hugsað? Ég vona svo sannarlega, hæstv. viðskrh., að hérna sé á ferðinni hlutur sem menn ætli sér að gera í raun, en hvers vegna þarf að spyrja um slíkt leyfi eins og textinn gefur til kynna? Getur verið að það hafi verið troðið á tánum á hæstv. ráðherra og hver skyldi hafa gert það? Hæstv. forsrh.? Hæstv. fjmrh.?

Hæstv. viðskrh. hefur öllum öðrum mönnum fremur á Íslandi skýrt það út hvers vegna vextir eigi að vera frjálsir. Hann skrifaði lærða og góða blaðagrein fyrir rúmu ári. Hann sagði þar m.a., með leyfi forseta:

„Vextirnir verða ekki hrópaðir niður með hástemmdum yfirlýsingum á þingi eða í fjölmiðlum. Bein afskipti stjórnvalda af ákvörðun vaxta kunna heldur ekki góðri lukku að stýra. Íslendingar hafa af því langa reynslu að skömmtun fjármagns í verðbólgu er forskrift af sóun fjármuna og misskiptingu auðs."

Nú spyr ég ári síðar: Stendur hæstv. viðskrh. við þá skoðun sína sem kemur fram í þessari grein? Ef svo er, hvað hefur þá gerst sem gerir það að verkum að nú er gefið í skyn í ræðu hæstv. forsrh., sem ég veit að hæstv. viðskrh. hefur farið höndum um og kannski samið að hluta, að nú eigi að fara að stýra vöxtum með handafli? Hvers vegna er þá verið að æpa vextina niður eða eins og hér er orðað „með hástemmdum yfirlýsingum á þingi"? Var þetta ekki reynt í haust? Í haust sagði hæstv. ríkisstjórn: Vextirnir fara niður um 3 prósentustig. Þeir bara gerðu það ekki. Þegar þeir voru lækkaðir lítils háttar á spariskírteinum, þá seldust þau ekki. Þegar hæstv. fjmrh. fór að skrifa undir skírteinin var ekki hægt að selja þau. Það er einmitt það sem hæstv. viðskrh. var að segja í sinni grein. Hvernig á að skilja ræðu hæstv. forsrh.? Að það sé vaxtafrelsi áfram eða að það eigi að stýra vöxtunum eða hrópa þá niður með hástemmdum ræðum? Ég óska eftir því að hæstv. ráðherra skýri það út. Ef hæstv. viðskrh. man ekki eftir því hver kom vaxtafrelsinu á get ég rifjað það upp fyrir honum með hans eigin orðum og leyfi forseta því að í þessari sömu grein sagði hæstv. ráðherra: „Frelsi banka til að ákveða vexti sína var leitt í lög í tíð ríkisstjórnar undir forsæti Steingríms Hermannssonar þótt hann virðist ekki lengur vilja kannast við krógann. Með þeirri lagasetningu var beinlínis stefnt að því að takmarka eins og kostur væri afskipti stjórnvalda af vaxtaákvörðunum." Þetta rifja ég upp fyrir hæstv. viðskrh. úr hans eigin orðum.

Það er svo margt í þessari ágætu grein hæstv. viðskrh. sem full ástæða er til að vitna til núna, einmitt núna í dag, vegna þess að nú skiptir það máli þegar þessi sjónarmið takast á hvort hæstv. ráðherra ætlar að hverfa frá þeim grundvallarsjónarmiðum sínum að ná niður vöxtum með jafnvægisstefnu, með því að koma jafnvægi á í íslenskum efnahagsmálum eða hvort hann ætlar að elta hæstv. forsrh. og aðra þá sem telja að það sé hægt að hrópa vextina niður, burtséð frá því hvort það sé grundvöllur fyrir atvinnulífinu eða hvort það sé í jafnvægi hér í efnahagsmálum.

Mér finnst, virðulegur forseti, að hæstv. ráðherra þurfi að gera hreint fyrir sínum dyrum. Það er svo margt gott í þessari grein að það er synd tímans vegna, virðulegur forseti, að geta ekki lesið meira upp úr henni. En þó ætla ég að lesa hérna eitt og það er þetta, með leyfi forseta:

„Athyglisvert er", segir hæstv. ráðherra, „að ekkert vestrænt ríki reynir lengur að stýra vöxtum með valdboði. Öll Norðurlöndin fylgja nú eindreginni frjálsræðisstefnu í þessu efni." Punktum, basta.

Og ég spyr: Hvernig stendur á því að hæstv. viðskrh., þessi gáfaði maður með þá miklu reynslu, þennan djúpa skilning á efnahagslífi þjóðarinnar stendur að því — (Gripið fram í.) Að hans áliti a.m.k. er hann það. (Gripið fram í.) Ég veit að hann er hógvær og lítillátur, ráðherrann. — að nú er verið að gefa eitthvað allt annað í skyn í þessum aðgerðum núna? Er það vegna þess að hæstv. viðskrh. er svo klókur. Hann hefur framkvæmdina með höndum og ætlar að afgreiða málið með því að segja við hæstv. forsrh.: Hérna kemur þetta allt. Þetta er aðhald. Þetta er stýring, handstýring. En í raun þýðir þetta það að það á ekkert að gera annað en að halda frjálsræðinu áfram. Textinn sem hæstv. forsrh. er látinn lesa upp er tóm froða. Það skilur ekki nokkur maður sem þetta les hvað þetta þýðir og við verðum þess vegna að fá að vita hvernig á að framkvæma þessa hluti. Það getur hæstv. ráðherra viðskiptamála sagt okkur. Skal ég nú ekki lesa meira úr sérdeilis góðri grein hæstv. ráðherra sem orðin er um það bil ársgömul.

Það sem er kannski hins vegar brandarinn við þetta allt saman er að það er Seðlabanki Íslands sem á að sjá um þetta, Seðlabankinn, hæstv. utanrrh., 166 starfsmenn í Seðlabankanum. 16 sem vinna og 150 naga blýanta, sagði hæstv. ráðherra á fundi á Akureyri 21. janúar sl., á laugardegi. Ég spyr, hæstv. utanrrh., ef ég má ná þó ekki væri nema öðru eyra þínu, af því að hæstv. ráðherra rakst inn í þingsalinn: Hvort á að þjálfa blýantsnagarana upp í það að hafa eftirlit með þessu kerfi eða á að leggja alla þessa vinnu á þessa 16 sem vinna? Og ætlar hæstv. ráðherra að segja okkur hverjir þessir 16 eru eða a.m.k. segja þeim það til þess að þeir viti hvað sé í vændum — eða líst hæstv. utanrrh. á það á annað borð að senda öll þessi verkefni í Seðlabankann? Það mundi kannski spara nokkra blýanta ef hætt er að naga þá þar ef taka má orð hæstv. ráðherra trúanleg. (**Utanrrh.:** Það á að virkja alla stassjónina.) Það á að virkja alla stassjónina. Þá veit maður það. Hæstv. ríkisstjórn hefur komist að því að nú eigi að virkja þann óvirkjaða kraft sem býr í 150 starfsmönnum Seðlabankans sem hingað til hafa verið að naga blýanta að áliti utanrrh. Nú hefur hæstv. viðskrh. fundið út að það má nota þetta fólk. Og til hvers? Jú, það er til þess að fylgjast með þessum skrýtnu málum sem koma fram í ræðu hæstv. forsrh. um vaxtamálin og peningamálin.

Kem ég nú að þeim kafla ræðunnar sem fjallar um ríkisfjármál. Ég skal ekki vera langorður um þetta efni frekar en um önnur sem ég hef talað um hér í kvöld. En í þessum kafla, sem áreiðanlega er saminn af hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. las hér upp, segir að það verði að hefja eftirlit með launakostnaði ríkisins og það hert og stefnt að 4% niðurskurði launaútgjalda. Og nú vil ég, hæstv. forseti, að hæstv. fjmrh. verði kallaður í salinn. (**Forseti:** Var það hæstv. fjmrh. sem þingmaðurinn saknaði?) Að sjálfsögðu saknaði ég hans. (**Forseti:** Það verður beðið um að hann gangi í salinn.) (**Forsrh.:** Má ég ekki ganga niður augnablik?) Fimm mínútur. Ég vona að virðulegur forseti taki tímann. Það er að forsrh. hafi leyfi í fimm mínútur. (**Forseti:** Hæstv. fjmrh. mun vera í húsinu og kemur von bráðar. Gæti hv. þm. tekið annað paragraf úr ræðu sinni til að flýta fyrir?) Það er alveg sjálfsagt, virðulegur forseti.

Mig langar aðeins til þess að ræða hér um sjávarútveginn þó lítið sé sagt um hann. Þar er eiginlega gefið í skyn að hæstv. sjútvrh. hafi hitt og þetta í hyggju en nánast gefið í skyn að ekki standi hæstv. ríkisstjórn öll að því sem segir í ræðu hæstv. ráðherra. Þar á meðal segir, með leyfi forseta: „Af sértækum aðgerðum sem ætlað er að treysta stöðu sjávarútvegsins til frambúðar vil ég nefna: Sjútvrh. hefur látið semja frv. um úreldingarsjóð fiskiskipa sem er til meðferðar hjá þingflokkum ríkisstjórnarinnar." Og nú langar mig til að spyrja hæstv. sjútvrh.: Getur hann frætt okkur um það hvernig viðtökur hafa orðið við þessari hugmynd, sem er nú ekki alveg splunkuný, hún hefur verið nokkrar vikur á ferðinni, í þingflokkum stjórnarflokkanna? Liggur það fyrir að þingflokkar stjórnarflokkanna muni samþykkja þá hugmynd sem þar kemur fram og getur hæstv. ráðherra gefið okkur betri skýringar á því sem á að gerast í þessum málum en komu fram í ræðu hæstv. forsrh. og þá alveg sérstaklega um þetta atriði? Sjálfur get ég sagt að ég efast mjög um að þessar sértæku aðgerðir séu til góðs. Ég efast um það, eins og reyndar hefur komið fram hjá öðrum ræðumönnum í dag, að nýtt og aukið sjóðakerfi í sjávarútvegi sé til bóta. Ég hygg að það væri miklu betra ef við kæmumst hjá því að stofna til nýs sjóðakerfis en gætum haft hinn almenna rekstrargrundvöll sjávarútvegsins þannig að vel rekin fyrirtæki gætu borið sig og aukið eigið fé sitt. Það er aðalatriði málsins og ég veit að hæstv. sjútvrh. er sammála mér í því efni þó að hans sjónarmið megi sín harla lítils í ríkisstjórninni ef marka má ræðu hæstv. forsrh.

Það er kannski óþarfi, virðulegur forseti, að fjalla meira um þau mál. Það er þó athygli vert að enn einu sinni skýtur upp kollinum að nú eigi að greiða niður raforku og ef ég skil rétt þann texta sem hæstv. forsrh. fór með mun vera átt við niðurgreiðslur úr ríkissjóði, en á sínum tíma hafði það komið til greina að taka mætti þessa peninga úr raforkugeiranum sjálfum. Ég tek sem jákvætt svar þá þögn sem kemur fram í þessu efni vegna þess að hugtakið niðurgreiðsla er oftast notað um niðurgreiðslur úr ríkissjóði.

Það sem auðvitað skiptir máli, virðulegur forseti, er enn og aftur það að þessar aðgerðir, þessar yfirlýsingar, koma engan veginn að því gagni sem þær þyrftu að gera og er raunar furðulegt að hæstv. ríkisstjórn, sem hefur setið í 4–5 mánuði, skuli ekki hafa komið sér saman um aðgerðir sem eru drýgri en þær sem hér eru til umræðu.

Nú sé ég, virðulegur forseti, að hæstv. fjmrh. hefur

gengið í salinn og ætla ég þá að snúa mér að honum og æskja þess að hann skýri frekar nokkur atriði sem komu fram í ræðu hæstv. forsrh. og snúa að ríkisfjármálum.

Í fyrsta lagi langar mig til að vita hvernig eftirlit með launakostnaði verður hert þannig að það sé hægt að ná 4% niðurskurði launa og útgjalda. Mér er kunnugt um að hæstv. ráðherra hefur um þetta fjallað þegar hann beið á rauðu ljósi einhvers staðar úti á landi um daginn, en það er full ástæða til þess að hann hér í þingsal skýri hv. Alþingi frá því hvernig hann hyggist ná þessu meginmarkmiði sem kemur fram í ræðu hæstv. forsrh.

Auðvitað er þetta hægt. Það er til að mynda hægt með því að flytja þjónustu frá ríki til einkaaðila, láta almenning greiða fyrir þjónustuna beint. Það er auðvitað hægt með því að fækka opinberum starfsmönnum og það er auðvitað hægt með því að lækka launin. Ég kýs hins vegar að giska ekki á það hér hvernig á að fara að þessu, en bið hæstv. ráðherra um að segja okkur það í nokkrum orðum, þau þurfa ekki að vera mörg, hvernig hann hyggst fara að.

Jafnframt vil ég gjarnan fá frekari hugmyndir um hvernig leggja skuli á svokallaðan fjárfestingarskatt sem á að koma í staðinn fyrir skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Ég spyr hæstv. ráðherra: Veit hann að fjárfesting í atvinnulífinu hefur að undanförnu verið jafnvel minni en mörg árin þar á undan? Er einhver sérstök ástæða til þess einmitt á þessari stundu og á þessu ári að reyna að koma í veg fyrir fjárfestingar í atvinnulífinu, jafnvel skynsamlegar fjárfestingar, með nýjum skatti þar sem skattur á að renna í ríkissjóð? Telur hæstv. ráðherra virkilega að þetta sé stýrikerfi sem megi nota til að koma í veg fyrir vitlausar fjárfestingar og er ætlunin að þessi fjárfestingarskattur sé altækur og nái til allra atvinnugreina, einnig til annars húsnæðis en skrifstofu- og verslunarhúsnæðis? Á þetta að ná til iðnaðarins fyrir framleiðsluhúsnæði, til sjávarútvegsins? Hvernig er þetta hugsað? Ég ætla ekki að tala um aðrar hugmyndir skattaráðherrans hæstv., en ég vil hins vegar biðja hann í leiðinni, ef hann vill vera svo góður að standa upp og tala hér á eftir en mér skildist áðan að hann hefði hér fullt málfrelsi, að segja okkur frá því hvernig gengur að selja spariskírteini ríkissjóðs með nýju aðferðinni. Hve mikið hefur verið leyst út, hve mikið hefur verið selt og hver er staðan? Við vitum hver staðan var fyrir nokkrum mánuðum þegar bankarnir neituðu að taka sinn skammt til viðbótar og mig langar til að spyrja hvort hæstv. ráðherra telji, miðað við þá reynslu sem hann hefur á þessu ári eftir að hann hóf herferðina og fór að bera spariskírteini inn á hvert heimili og stinga þeim inn í hvert launaumslag, að nú megi lækka vextina. Þetta langar mig til að biðja hæstv. ráðherra að fjalla um nú í upphafi þinghalds að loknu jólaleyfi.

Það hefði verið ástæða til þess, virðulegur forseti, að tala nú við hæstv. iðnrh., en hann gegnir bæði viðskipta- og iðnaðarráðuneytinu, er ráðherra í hvoru tveggja, en hugsanlega getur hæstv. fjmrh. hjálpað upp á sakirnar því að mér skilst að hæstv. forsrh. hafi gefið hæstv. viðskrh. leyfi til að fara í kaffi andartak áðan, að vísu ekki nema í nokkrar mínútur en það er sama. Mig langar til að spyrja: Hvað þýðir það þegar sagt er að það eigi að endurskoða vörugjaldið til að koma til móts við þarfir iðnaðarins? Getur það þýtt að hæstv. ríkisstjórn hafi séð að sér og ætli nú að hverfa frá því vörugjaldi sem sett var á um síðustu áramót? Ef svo er ekki spyr ég hæstv. fjmrh., en það hlýtur að hafa verið haft samráð við hann um þetta efni: Við hvað er átt? Hvernig á að breyta vörugjaldinu og endurskoða það þannig að það komi iðnaðinum til góða?

Ég ætla ekki að tala meira um iðnaðarmál en það er vissulega gaman að heyra það í ræðu hæstv. forsrh. að ein helsta aðgerðin í iðnaðarmálum er sú sem við undirbjuggum og fórum af stað með og nánast kláruðum í þeirri ríkisstjórn sem starfaði til sl. hausts undir forsæti hv. 1. þm. Suðurl.

Í lokin, virðulegur forseti, vil ég aðeins minnast á eitt. Það snertir svokallaðan matarskatt. — Virðulegur forseti. Það þarf að koma fram að ég hef ræðu hæstv. ráðherra undir höndum því að stundum vitna ég orðrétt til þeirrar ræðu ef rétt hefur verið upp lesin. Það segir í ræðu hæstv. forsrh.: „Fulltrúar Borgfl. hafa lagt mikla áherslu á lækkun á verði innlendra matvæla. Það gerir ríkisstjórnin einnig eins og fram kemur í málefnasamningi og ég hef ítrekað hér. Eðlilegt er að það gerist í tengslum við kjarasamninga."

Nú er það afar mikilvægt, hæstv. forsrh., að fá það mjög skýrt, afar skýrt fram í þessum umræðum hér í kvöld hvað þetta þýðir. Við vitum og allir þeir sem hlusta á útvarp, horfa á sjónvarp og lesa blöð að Borgfl. hefur gert kröfu um að matarskatturinn allur eða a.m.k. að hluta verði lagður af núna á næstunni, innan tveggja mánaða. Er hæstv. forsrh. að svara tilboði Borgfl., er hann að svara Borgfl. með því að segja: Við erum sammála ef þetta gerist í næstu kjarasamningum? Ber að skilja þetta svo? Og hvað segir nú hæstv. utanrrh. um rýtinginn? Er það ekki indælt, hæstv. ráðherra, að fá rýtinginn í bakið í næstu kjarasamningum eða fá hann í skipapósti frá Borgfl. eftir tvo mánuði? Man hæstv. ráðherra eftir því í haust þegar við sátum saman í ríkisstjórn að þegar minnst var á það að lækka matarskattinn bara örlítið og taka tekjuskatt á móti hélt hann um hjartað á sér, horfði framan í sjónvarpsáhorfendur og sagði: Þetta er rýtingur í bakið á mér. Og forsrh., sem kom með honum rétt eins og Baldur Georgs kom með dúkkuna sína í gamla daga, sagði: Þetta er alveg rétt hjá honum. Hann er með rýtinginn í bakinu.

Hvað heitir þetta, virðulegur ráðherra? Heitir þetta að fá rýting í pósti og stinga honum sjálfur í bakið á sér? Heitir þetta það? Eða heitir þetta að það eigi að semja um það að fá rýtinginn í bakið á sér? Nú væri gaman að fá hæstv. ráðherra hingað upp og skýra það út fyrir okkur sem ekki vitum en munum: Hvaða munur er á því að lækka matarskattinn núna eða gera það sl. haust? Er munur á því að fá rýtinginn

snögglega í bakið eða fá rýtinginn í bakið í samningum eða fá hann í pósti eða fá hann að kröfu Borgfl.? Svari nú hæstv. ráðherra sem búinn er að ferðast um allt landið og segja: Hér er ég kominn og ég er tilbúinn að svara hverju sem er. Komi hann hér í ræðustólinn og skýri hver munurinn sé. (**EgJ:** Hann má ekki tala.) Nú, hann má ekki tala.

Virðulegur forseti. Það væri vissulega þess virði að fara betur ofan í þessa ræðu, þessa frauðræðu, þessa froðuræðu hæstv. forsrh. sem hann flutti í kvöld. Ég hef nefnt örfá atriði. Ég held satt að segja að það sé alveg rétt sem stóð í Alþýðublaðinu um daginn og þá er verið að lýsa ástandinu hér á landi og þá sérstaklega ríkisstjórninni. Þar segir, með leyfi forseta: „Það er orðið óþolandi ástand í málefnum einnar þjóðar þegar óvissan er það eina sem vissa er fyrir og aldrei hægt að vita nokkurn veginn hver stefnan er næsta dag."

Ég held, eftir að hæstv. forsrh. hefur hér lokið sinni ræðu og eftir að hún hefur verið skoðuð og menn hafa séð að í henni er harla lítið sem ekki neitt, að menn geti tekið undir það sem kom fram hjá þessum ágæta manni sem skrifaði í Alþýðublaðið, að í raun og veru hefur maður enga vissu lengur nema fyrir óvissunni í þessu þjóðfélagi.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Það hefur komið fram í ræðum hv. þm. að þeir hafa miklar áhyggjur af útflutningsatvinnuvegunum og þá sérstaklega sjávarútveginum og er það vel og full ástæða til þess. Hitt er svo annað mál að til að gera sér grein fyrir stöðu sjávarútvegsins sem er okkar mikilvægasta útflutningsgrein er nauðsynlegt að fara nokkuð aftur í tímann til að varpa ljósi á það sem þar hefur gerst. Það kom fram í ræðu hv. 1. þm. Suðurl. og hv. 1. þm. Reykv. að gengisstefnan væri ráðandi um hvernig gengi í þessari atvinnugrein og get ég í sjálfu sér tekið undir það, þ.e. það sem skiptir máli er að raungengi hinnar íslensku krónu sé sem stöðugast.

Nú held ég að allir geti verið sammála um að það var á árinu 1987 sem ýmislegt fór úrskeiðis í okkar efnahagsmálum og þar af leiðandi er algjör óþarfi að halda því fram að þetta sé nú allt saman vegna þess að Alþb. hafi komið inn í ríkisstjórn og það sé þess vegna sem öll þessi bölvun hafi komið yfir okkur. Það er alls ekki svo því að eftir að þeir komu í ríkisstjórn hefur raungengið verið heldur að lagast þannig að samkvæmt því hafa þeir heldur verið til góðs.

En það var á árinu 1986 að raungengi hinnar íslensku krónu var miðað við verðlag 92,7 ef miðað er við 100 1980 en miðað við laun 87,6 ef miðað er líka við 100 1980 en raungengið var svipað 1979. Það gerist hins vegar á árinu 1987 að þetta sama raungengi miðað við launakostnað fer úr 87,6 í 107,6 og miðað við verðlag úr 92,7 í 101,2. Það var á þessu ári sem mikil bjartsýni var hér í landinu. Menn héldu að það væri allt að fara á betri veg. Það var m.a. kosningaár og þegar ríkisstjórn var mynduð vorið 1987 voru menn ekki nógu raunsæir um stöðu mála og á það jafnt við þann sem hér stendur og ýmsa aðra sem að því stóðu. Það var hins vegar alveg ljóst strax haustið 1987 að hér var ýmislegt á ferðinni sem þurfti að gá að og það fyrsta sem kom fram þá um haustið að laun áttu að hækka í byrjun október verulega þótt það væri alveg ljóst að það var ekkert til fyrir þessari launahækkun og ekkert það fram undan sem réttlætti hana. Um það var fjallað við aðila vinnumarkaðarins, en niðurstaðan eftir alllanga umræðu um það mál, m.a. í ríkisstjórn, að það væri ekki ráðlegt eftir að sú launahækkun væri gengin yfir að breyta gengi hinnar íslensku krónu vegna þess að þar yrði ekki um raungengisbreytingu að ræða vegna þess að launasamningar væru fram undan og það mundi hafa slæm áhrif á vinnumarkaðinn.

Um þetta voru skiptar skoðanir eins og gengur, enda er engin ein skoðun rétt í þessu sambandi. Hér er vissulega um matskennt atriði að ræða, hvort og hvenær tekst að koma fram raungengisbreytingu.

Síðan áttu sér stað launasamningar veturinn 1988, fyrir u.þ.b. ári. Þar urðu miklar launahækkanir, meiri en aðilar vinnumarkaðarins tjáðu þjóðinni að raunin væri, sem m.a. leiddi til þess að það þurfti að breyta genginu um veturinn og aftur um vorið. Var það nánast eingöngu til að jafna upp á móti þeim miklu launabreytingum sem þá urðu. Jafnframt var þá samþykkt heimild til Seðlabankans til að breyta genginu um 3% þá um vorið ef ástæða væri til. Seðlabankinn sá ekki ástæðu til þess og um það voru menn ekki allir sammála í ríkisstjórn þótt ástæðan væri í reynd augljós. Það þurfti nánast ríkisstjórnarskipti í landinu til að nýta þá heimild þótt í reynd væru allir sammála um að slíkt væri nauðsynlegt og Sjálfstfl. segði þá um haustið að það þyrfti meiri breytingu.

Svo varð gengisbreyting aftur nú um áramótin og síðan hefur dollarinn hækkað nokkuð og nú hefur genginu verið breytt um 2,5% þannig að raungengi miðað við verðlag er trúlega u.þ.b. 99 miðað við 100 1980 og miðað við launakostnað 102 miðað við 100 1980.

Þetta raungengi er vissulega heldur hátt miðað við stöðu útflutningsatvinnuveganna og miðað við viðskiptahallann, en hins vegar hefur það breyst mjög til hins betra og á það jafnt við nú eins og oft áður að menn velta því fyrir sér hvort mögulegt sé við þær aðstæður sem nú eru að koma fram raungengisbreytingu eða ekki. Miðað við að nýta þá heimild sem nú er fyrir hendi, sem er ekki mikil, 2,25%, má gera ráð fyrir því að mögulegt sé að koma raungenginu lítið eitt neðar.

Þetta er eins og hv. 1. þm. Suðurl. sagði, menn gera þetta ekki rétt eins og að smella saman fingrunum. Menn ná ekki niður viðskiptahalla með því að smella saman fingrunum. Það er mikið mál og erfitt. Það þýðir kjaraskerðingu, það þýðir margvíslegan samdrátt o.s.frv. Og það vill nú svo til að 1987 var viðskiptahalli 3,5% af landsframleiðslu, er áætlaður 4,6% 1988, var áætlaður 4,5% 1989, en gera má ráð fyrir við þessar aðstæður að viðskiptahalli á árinu

1989 verði 3% ef ekkert fer frekar úrskeiðis það sem eftir er ársins og raungengi lækkar lítið eitt frá því sem nú er. Það er vissulega verulegur árangur að ná viðskiptahallanum það mikið niður þótt vissulega þyrfti hann að fara neðar, sérstaklega þegar haft er í huga að allmikið af dýrum fjárfestingarvörum mun væntanlega koma inn í landið á árinu 1989, eins og flugvélar.

Hvernig er þá staða sjávarútvegsins í dag miðað við þessar aðstæður? Er þar áframhaldandi taprekstur eins og hér hefur verið haldið fram? Ég tek undir það að það er að sjálfsögðu mikilvægast að stöðva taprekstur inn í sjávarútveginum. Miðað við þá útreikninga sem við erum vanastir að fá í hendur frá Þjóðhagsstofnun og eru grundvöllur ákvarðana á sviði tekjuskiptingar innan sjávarútvegsins kemur fram að frystingin sé rekin nú í byrjun febrúar, miðað við kaupgengi dollars 50,06, með 2,5% halla sem þýðir að þegar nýtt gengi verður skráð í fyrramálið mun þessi 2,5% halli vera kominn í núll miðað við 6% ávöxtun og þá heldur betur þegar það loks kemst til framkvæmda sem nú er ákveðið og hefði þurft að hafa gerst áður, ég tek undir það, að greiða niður orkukostnað í sjávarútveginum sem munar um 0,5%.

Saltfiskvinnslan er rekin samkvæmt þessari áætlun Þjóðhagsstofnunar með 4,4% hagnaði við þessar aðstæður, en þar eru ýmsar blikur á lofti sem vonandi koma ekki fram því að það yrði mikið áfall fyrir saltfiskverkunina. Það má því segja að samkvæmt þessu hefur taprekstur inn í vinnslunni verið stöðvaður, a.m.k. að mestu. Það eru vissulega deilur um það hvernig eigi að túlka þessar niðurstöður og þar eru engin algild sannindi. Auðvitað get ég tekið undir það að miðað við hvað áður hefur gerst þarf að vera hagnaður en ekki hallaleysi eða núll og alls ekki tap. Allt er þetta þó heldur á betri leið.

Það sem er ástæða til að hafa verulegar áhyggjur af er taprekstur í botnfiskveiðunum, en þar er að vísu samkvæmt þessum sömu útreikningum, miðað við 6% ávöxtun, lítill sem enginn halli á togarunum en halli á bátaflotanum á ársgrundvelli tæpar 1100 millj. eða 13%, og sá halli mun aukast lítillega með þessari breytingu á gengi miðað við óbreytt fiskverð. En nú liggur það fyrir, og er eitt af mikilvægustu verkefnum á næstunni, að fást við tekjuskiptinguna innan sjávarútvegsins og ákveða fiskverð. Ég held að öllum megi vera það ljóst að miðað við þær litlu breytingar sem hafa orðið á fiskverði og afkomu flotans, sérstaklega bátaflotans, er ekki hægt að gera ráð fyrir að fiskverð verði óbreytt. Hins vegar er mikilvægt að það breytist ekki um of þannig að það raski ekki öðrum tekjuskiptingarmálum í þjóðfélaginu því að ef við missum þá skrúfu alla af stað er illa komið fyrir okkur eins og svo oft áður.

Hitt er svo annað mál að þetta mikla tap í bátaflotanum verður ekki lagfært með gengisbreytingu eða fiskverðshækkun einni saman. Þarna hefur kostnaður hækkað meira en kemur fram í reikningum togaranna sem vekur að vísu nokkra undrun, en nú er til sérstakrar athugunar og má hafa uppi nokkrar efasemdir um það að hallarekstur bátaflotans sé svona mikill. Hér er um loðnuskip að ræða, en afkoma í þeirri grein er viðunandi um þessar mundir þótt það komi ekki fram í þessum reikningum.

Þetta vildi ég taka fram vegna þeirra orða sem hér hafa komið fram um að ekkert sé verið að gera, það sé aðeins stefnt að markvissri eignaupptöku í sjávarútvegi o.s.frv., það gangi allt í þveröfuga átt. Svo er alls ekki þótt betur mætti ganga. Sannleikurinn er sá að raungengið fór allt of hátt á árunum 1987 og 1988 og það reynist erfitt að koma því aftur á réttan stað. Það eru ekki eingöngu stjórnvöld sem geta ráðið við það. Það eru ekkert síður hinir ýmsu aðilar í þjóðfélaginu, m.a. aðilar vinnumarkaðarins sem hljóta að geta lesið þau skilaboð út úr þessum tölum að þar er ekkert að fá. Það er ekki hægt að semja um almennar launahækkanir í þjóðfélaginu við þessar aðstæður þótt alltaf sé hægt að breyta tekjuskiptingunni eitthvað. Hver hugsandi maður hlýtur hins vegar að sjá að þessar aðstæður gefa ekkert tilefni til þess og sjávarútvegurinn þarf fremur á því að halda að þetta raungengi þokist heldur áfram til betri vegar þannig að hann fái staðið við þær miklu skuldbindingar sem hann hefur tekið á sig. Í því sambandi er mjög mikilvægt að dreifa skuldabyrðinni þannig að hægt sé að greiða þær til baka með eðlilegum hætti og til þess þarf sjávarútvegurinn langan frið og jákvæða afkomu. Það var slæm staða í sjávarútvegi 1983 og hann þurfti á því að halda að byggja sig upp frá þeirri stöðu. Það var augljóst að hann mundi þurfa mörg ár til þess og það gekk bærilega þar til á árunum 1987 og 1988. Það er verkefni okkar að koma þessari atvinnugrein inn á sömu braut þannig að hún búi við eðlilegt raungengi.

Það kom hér fram í ræðum hv. þm., 1. þm. Suðurl. og 1. þm. Reykv., að undarlegt væri að nú væri farið að tala um úreldingarsjóð og það er rétt hjá hv. þm., það er engin ný hugsun. Hún hefur oft verið uppi áður og var beinlínis ákveðið þegar svokallað sjóðakerfi var lagt niður að úreldingarsjóður yrði stofnaður. Það kom fram hjá hv. 1. þm. Suðurl. að menn hafa ekki náð því meginmarkmiði fiskveiðistefnunnar að sameina veiðiheimildir nægilega. Það er vissulega rétt og það er einfaldlega vegna þess að það hefur aldrei fengist samþykkt hér á hv. Alþingi að þessi löggjöf gilti til lengri tíma en helst eins eða tveggja ára. Um það hefur ekki verið pólitískt samkomulag og þar af leiðandi lítill áhugi fyrir sameiningu veiðiheimilda.

Mér er það alveg ljóst að afkoma bátaflotans verður ekki lagfærð, svo að dæmi sé tekið, nema með skipulagsbreytingum, þ.e. að hluti af bátaflotanum fari úr rekstri og aðrir fái rýmri veiðiheimildir því að kostnaður þar er hlutfallslega meiri en fram kemur í reikningum togaranna þannig að þessir bátar þurfa einfaldlega á meiri afla að halda þótt þar komi ýmislegt til sem ég skal ekki rekja hér í þessari stuttu ræðu, eins og t.d. fiskiganga á vertíðarslóð og að tiltölulega lítið af þorskstofninum hefur náð þeim aldri að vertíðir séu hér nægilega góðar. Það er hins

vegar mjög nauðsynlegt að fækka skipum í bátaflotanum og þessi flokkur skipa þarf að fá þær veiðiheimildir sem falla niður. Það má ekki halda áfram með þeim hætti sem gert var t.d. í fyrra, að veiðiheimildir hluta bátaflotans voru fluttar m.a. yfir á frystitogarana. Til þess að þessu verði komið fram er óhjákvæmilegt að taka upp úreldingarsjóð því að það mun reynast erfitt að sameina fiskveiðiheimildir í bátaflotanum nema með aðstoð slíks sjóðs. Um þetta mál hafa verið samin drög að frv. sem ég mun að sjálfsögðu koma til allra stjórnmálaflokkanna hér á Alþingi núna í vikunni þannig að þeir geti litið betur á það mál og íhugað það.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um stöðu sjávarútvegsins. Ég vil taka undir það að hún er mjög erfið um þessar mundir og hefur verið það um langt skeið og það mun taka langan tíma fyrir þessa atvinnugrein að ná sér á ný eftir þau áföll sem hún hefur lent í. En að halda því fram að hér sé stefnt að þjóðnýtingu og eignaupptöku er út í hött að mínum dómi. Það er stefnt að því að sjávarútvegurinn búi við raungengi þar sem hann getur skilað hagnaði, en vissulega verða menn líka að líta til framtíðarinnar með aðeins bjartari augum en oft er gert. Við hljótum að vonast eftir því að verðhækkanir verði á ný á okkar mörkuðum og birgðatími fyrirtækjanna styttist. Það hefur verið mikið álag fyrir fyrirtæki í sjávarútvegi að þurfa að liggja með birgðir á háum vöxtum jafnvel mánuðum saman. En aðeins fyrir tiltölulega stuttum tíma var þessi birgðahaldstími örfáar vikur. Ef sala örvast á ný sem ástæða er til að ætla, m.a. vegna þess ástands sem ríkir hér í kringum okkur, bæði í Kanada, Noregi og í Norðursjó, hlýtur það að breyta verulega fyrir sjávarútveginn. Hitt er svo annað mál að menn sjá ekki framan í þessa þróun á þessum degi, en vonandi breytist staðan með vorinu, þannig að t.d. verðhækkanir gætu leyst útgreiðsluna úr Verðjöfnunarsjóði af hólmi. Ef svo verður ekki hlýtur það að koma til athugunar hvort ekki sé rétt að framlengja þá greiðslu í einhvern tíma þótt menn hljóti samt að vona að þess þurfi ekki því að það getur ekki verið ráðlegt til langframa að greiða til atvinnugreinarinnar með slíkum hætti og á enginn að stefna að því og núv. ríkisstjórn gerir það ekki.

Ég vildi aðeins út af fsp. hv. 7. þm. Norðurl. e. um ákveðið mál er varðar Húsavík geta þess að það mál ásamt öðrum verður rætt í hv. utanrmn. á morgun þar sem ég vænti að fulltrúi flokks hennar verði viðstaddur. Munu upplýsingar um þau mál verða lögð fram í nefndinni og vænti ég þess að hv. þm. skilji að ég vildi gjarnan bíða með umræðu um það mál þar til það hefur verið rætt í hv. utanrmn.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Undir lok ræðu sinnar komst hæstv. forsrh. svo að orði hér fyrr í dag, með leyfi hæstv. forseta: „Okkur Íslendingum er tamt að leita að sökudólg í hverjum vanda. Það er aukaatriði nú."

Svo mörg voru þau orð en greinilegt er á þeim samt að afsökunartónninn er hreinn. Hann skín í gegnum þessi ummæli og verður sérstaklega áberandi ef höfð eru í huga orðaskipti sem hæstv. forsrh. átti við fréttamenn á Stöð 2 nú um mánaðamótin síðustu, en þá minnti fréttamaður Stöðvar 2 forsrh. á að hann hefði setið í ríkisstjórn um 10 ára skeið og væri nú loks kominn að þeirri niðurstöðu að eftir allan þennan tíma hefði þjóðin aldrei staðið nær þjóðargjaldþroti en einmitt þegar þessi hátíð rynni upp, 10 ára seta forsrh. í ráðherrastól, og spurði forsrh. þeirrar spurningar hvort hann væri sjálfur mesti efnahagsvandinn. „Það getur vel verið," svaraði hæstv. forsrh., „og það kemur maður í manns stað og það er auðvelt að losna við mig. En það er ekki auðvelt að gera 70–80 sjávarútvegsfyrirtæki gjaldþrota og það er ekki auðvelt að gera 16–20 byggðarlög gjaldþrota svo að ég er tilbúinn að víkja fyrir hverjum sem er sem getur gert það." Svo mörg voru þau orð.

Auðvitað er hæstv. forsrh. með þessum ummælum sínum að gefa í skyn að fyrirrennari hans í forsætisráðherrastóli hafi með lítilli stjórnvisku komið þjóð sinni í þennan vanda og það fannst líka spyrli því að hann sagði þá við hæstv. forsrh.: „En það er auðvelt að sitja í ríkisstjórn og koma svo út úr henni og segja: Ég sat í fílabeinsturni, eins og þú sagðir, þegar síðasta ríkisstjórn slitnaði." Hæstv. forsrh. svaraði: „Það hefur oft verið talað um það að utanrrh. sé afar mikið erlendis og hann er það. Hann er afar mikið erlendis." „En þið voruð alltaf að demba inn efnahagstillögum," sagði fréttamaður. „Ég kom að vísu á fund í Reykjavík fyrir ári og orðaði það svo: Róm brennur, og það reyndust því miður orð að sönnu svo að ég a.m.k. skaust út úr þeim turni og sagði það sem reynst hefur satt í þessum málum." „En er það ekki slæm einkunn, Róm brennur, eftir tíu ára stjórnarsetu þína," spyr spyrillinn. „Það er aðalatriðið að gera sér grein fyrir því hvert stefnir og bregða við í tíma."

Þetta er kafli úr orðaskiptum fréttamanns sjónvarps og hæstv. forsrh. í Stöð 2 nú um mánaðamótin janúar–febrúar og það er eftirtektarvert með hliðsjón af þessu mati hæstv. forsrh. að rifja það upp að í ræðu sinni hér fyrr í dag sagði hann, með leyfi hæstv. forseta:

„Á sl. ári er talið að eigið fé í sjávarútvegi hafi rýrnað um u.þ.b. helming eða fallið úr um það bil 26 milljörðum í 13 milljarða kr."

Ef ég á að taka hæstv. forsrh. alvarlega get ég ekki skilið það öðruvísi en svo að hann hafi skemmt sér við eldana allt sl. ár, hafi að síðustu tekið þann kostinn að setjast í sæti aðalleikarans og horfa svo á eldana, hvernig þeir brunnu, og það er eftirtektarvert þegar maður íhugar enn fremur það sem hæstv. forsrh. sagði í því sjónvarpsviðtali sem ég vitnaði til hér áðan þegar hann var spurður um gengismálin og afkomu sjávarútvegsins: „Gengisbreyting er afgangsstærð í mínum huga," sagði hæstv. forsrh.

Við sem heyrðum ræðu hæstv. sjútvrh. hér áðan fundum fljótt að gengisskráning er ekki afgangsstærð í hans huga. Hann telur sig bera ábyrgð á stöðu sjávarútvegsins, kannski frekar öðrum ráðherrum,

og hann hóf ræðu sína öðruvísi. Hann byrjaði á því að segja að á hverjum tíma ætti að miða raungengi við stöðu útflutningsatvinnuveganna og miða við það að ekki yrði halli á viðskiptunum við útlönd. Má raunar segja að sama sé hvor viðmiðunin er. Þessar báðar viðmiðanir eru í lögum um Seðlabanka, en ég vil einmitt þakka hæstv. sjútvrh. fyrir að hann lagði sérstaka lykkju á leið sína í sinni ræðu til þess að koma því fram að Sjálfstfl. vildi fara lengra til leiðréttingar á genginu í septembermánuði en tilfellið varð um þá ríkisstjórn sem nú situr. Auðvitað lýsa þau ummæli hæstv. sjútvrh. því að hann finnur sárt til þess hvernig komið er fyrir sjávarútveginum. Það var einnig athyglisvert að hæstv. sjútvrh. sagði í sinni ræðu að raungengið væri of hátt nú, bæði miðað við stöðu útflutningsatvinnuveganna og vegna þess að það leiddi til halla á viðskiptunum við útlönd, um 3% er reiknað með nú í byrjun árs, en þegar talað er um að hallinn á viðskiptunum við útlönd verði 3% er áfram gert ráð fyrir að lífskjör almennings í landinu haldi áfram að versna. Það er gert ráð fyrir að gengið falli áfram um 2–3% og samtímis því haldi sú kjaraskerðing áfram sem verið hefur um skeið, eins og glögglega kom fram hjá hagfræðingi Bandalags starfsmanna ríkis og bæja í fréttatíma Ríkissjónvarpsins nú í kvöld.

Hæstv. forseti. Það er kannski viðkunnanlegt að einhver formaður einhvers stjórnarflokksins sé hér inni. Það eru þrír stjórnarflokkar. Ég veit ekki hvort má segja að einn sé í vonum til viðbótar, ég veit ekki um það, en viðkunnanlegt er að formenn stjórnarflokkanna séu viðstaddir umræður þegar um svo alvarlegt mál er að ræða sem hér er til umræðu og olli því að hæstv. sjútvrh. hálfpartinn bað afsökunar á stefnu ríkisstjórnarinnar í sínum málaflokki hér áðan. Hann komst einhvern veginn þannig að orði í byrjun sinnar ræðu að ýmsir hefðu áhyggjur af stöðu sjávarútvegsins, og er það vel. Og er það vel, voru óbreytt orð ráðherrans. Hann skildi að þessi atvinnuvegur er ekki vel settur nú.

Ég hafði satt að segja búist við því að hæstv. iðnrh. mundi kannski grípa tækifærið meðan formennirnir væru frammi og tala eitthvað um ullariðnaðinn sem hæstv. forsrh. talaði svo mikið um í sinni ræðu að væri verið að bjarga, eða minntist lítillega á erlenda sérfræðinginn sem á að hjálpa til í skipasmíðaiðnaðinum og minntist kannski í leiðinni á það hvernig hann ætlaði að lækka og afnema lánsfjárgjaldið af lánum vegna skipasmíðaiðnaðarins. (**Forseti:** Forseti hefur gert ráðstafanir til að óska eftir því að formenn stjórnarflokkanna verði hér viðstaddir.) Það má vera, hæstv. forseti, að það sé komið að því að skipta ráðuneytum á nýjan leik og það hafi fjölgað um tvo ráðherra á þessari stund sem við höfum verið hér í fundarsalnum í kvöld. Það hefur hvorki sést formaður þingflokks Borgfl. né formaður Borgfl. og má vel vera að þeir séu nú að kasta upp ráðherrastólum. Má vera að svo sé. (Gripið fram í.)(**EgJ:** Þeir mega ekki tala. Það verður að hafa einhverja menn sem mega tala.) (**Forseti:** Vill hv. þm. nafngreina einhverja sérstaka sem hann óskar eftir að fá í þingsalinn?) Ég bað um það að formenn stjórnarflokkanna yrðu viðstaddir. Það er verið að tala hér um nýja efnahagsstefnu hjá ríkisstjórninni og mér finnst alveg fáránlegt ef formenn stjórnarflokkanna geta ekki verið viðstaddir þegar verið er að ræða um efnahagsstefnuna, nýjan málefnasamning. (**Gripið fram í:** Þarna eru formenn þingflokkanna.) Formenn þingflokka ráða nú litlu, en má vera hins vegar að rétt sé að fá hina. Það væri náttúrlega saga til næsta bæjar ef það yrði að gera hlé á fundinum, kannski í hálftíma, meðan verið væri að ná í formennina. (Gripið fram í.) Ég heyrði út undan mér, hæstv. forseti, að formaður þingflokks Alþfl. hefði talað um að það væri rugl að ætlast til þess að formenn stjórnarflokkanna kæmu hér í salinn, og má kannski vera að hann eigi við að það sé rugl að þeir flokkar sem þeir eru formenn fyrir skuli vera í þeirri aðstöðu hér í þinginu að vera stjórnarflokkar (**Gripið fram í:** Þeir virða ekki þingræðið.) sem er auðvitað ruglið í þessu öllu saman. (Gripið fram í.) Ég fer fram á það, hæstv. forseti, að gert verði hálftíma hlé á þessum fundi á meðan ráðherrarnir eru að ljúka sér af þarna frammi. (**Gripið fram í:** Er þetta nóg?) Ég skal halda ræðu minni áfram úr því að hæstv. forsrh. er kominn, en ég óska eftir því að formenn stjórnarflokkanna séu hér við. Ég get alls ekki skilið það að það geti gengið að þeir séu hér á sífelldu rási út og inn. Rási, það má kannski búa til vísu úr því og tala um að rauðkembingar blási, ég veit ekki hvernig — það má vera. Mér finnst það mjög óviðeigandi að þessir tveir ágætu menn sem eru formenn í stjórnarflokkunum skuli ekki sjá sóma sinn í því að vera hér inni í þingsalnum. Það er raunar algjörlega makalaust. Það er líka dæmalaust að þessir tveir menn skuli ekki hafa séð ástæðu til þess að taka til máls hér í dag við þessar umræður. Þær hafa staðið, að vísu með hléum, síðan kl. 2 í dag og þeir hafa vegna sinnar sérstöku stöðu haft nóg tækifæri til að taka til máls. Það er að vísu góð regla að leyfa stjórnarandstöðu að tala á eftir forsrh. Síðan höfðu þeir tök á því að taka hér til máls og skýra afstöðu sína til þessa málefnasamnings eins og hæstv. sjútvrh. gerði mjög rækilega áðan og ég er þakklátur honum fyrir það.

Eins og ég vék að hér áðan er það sameiginlegt mat hæstv. sjútvrh. og hæstv. forsrh. að gengi krónunnar sé enn of hátt ef miðað er við stöðu útflutningsgreinanna og hæstv. forsrh. bætti raunar samkeppnisiðnaðinum við. Ég get þess vegna ekki séð hvaða rök hæstv. forsrh. hefur fyrir því að þessar svokölluðu efnahagsaðgerðir, sem hann er að tala um, hafi eytt óvissu í gengismálum. Ég greip fram í fyrir hæstv. ráðherra þegar hann flutti sína tölu í dag og bað ráðherrann um að víkja sérstaklega og betur að því hvernig hann kæmist að þeirri niðurstöðu að þessi smágengisfelling nú — er það ekki rétt einum mánuði eftir að síðasta gengisfelling var gerð — skuli eyða óvissunni. Auðvitað veit hæstv. ráðherra jafnvel og ég að hún gerir það ekki.

Á hinn bóginn væri líka fróðlegt að fá nánari

upplýsingar um það hjá hæstv. forsrh. hvernig hann kemst að þeirri niðurstöðu að gengisfelling krónunnar á síðasta ári hafi ekki komið sjávarútveginum til góða. Ég held að það sé algjör misskilningur. Hæstv. forsrh. getur fljótlega gengið úr skugga um það ef hann hugsar sér dæmið hinsegin, ef hann ímyndaði sér það að í stað þess að fella gengið nú um 2,5% væri hann að hækka gengi krónunnar, og veltir fyrir sér hvernig staða útflutningsatvinnuveganna væri eftir það. Auðvitað er hæstv. forsrh. að hafa uppi orðaleik og ég vil segja blekkingar þegar hann talar í þeim dúr að útflutningsatvinnuvegirnir séu ekki háðir því, verðlagningu krónunnar á hverjum tíma, sem við erum að vinna með. Og auðvitað mælir hæstv. forsrh. þvert um hug sér, eins og raunar hæstv. fjmrh. sem hefur sagt sömu vitleysuna þrásinnis, þegar þessir tveir ráðherrar tala um það að gengisskráningin sé afgangsstærð.

Gengi krónunnar er auðvitað lykillinn að heilbrigðu efnahagslífi. Ef þessi lykill passar ekki, ef gengið er rangt skráð, hrannast erfiðleikarnir upp og við sjáum það nú að hallarekstur inn lætur ekki á sér standa. Hitt minnir auðvitað á gamla sögu frá Kleppi. Ég man eftir því að sú saga gekk mjög þegar ég var lítill drengur að sjúklingarnir á Kleppi hefðu þá vinnu að moka sandi í hjólbörur. Síðan áttu þeir að aka hjólbörunum upp planka og hvolfa svo úr hjólbörunum þannig að sandurinn lenti á sínum fyrri stað, og þannig gekk þetta koll af kolli að þeir mokuðu í hjólbörurnar og tæmdu þær svo á sama staðinn þannig að hrúgan minnkaði ekki og þeir voru alltaf að aka sama sandinum.

Sama er auðvitað að gerast nú. Ríkisstjórnin gerir enga tilraun til þess að rétta af sjávarútvegsfyrirtækin og reynir svo að bæta fyrir það með því að skattleggja þjóðina og þykist svo koma hlutunum í lag með því að stofna svokallaðan hlutabréfasjóð sem á að hafa það verkefni að hjálpa þeim fyrirtækjum sem eru komin á vonarvöl, sem eru gjaldþrota eftir lýsingu hæstv. forsrh. í sjónvarpinu, þó svo að hann hafi reynt að hafa mildari orð um það í ræðunni hér áðan, enda má vera að hún hafi verið yfirlesin af öðrum. Það er algjörlega rangt sem hér stendur í ræðunni: Í þessu sambandi er sérstaklega mikilvægur hlutafjársjóður sá er stjórnarandstaðan gerði tillögu um og samþykktur hefur verið eftir 2. umr. í Nd. o.s.frv. Stjórnarandstaðan gerði aldrei tillögu um það að hlutabréfasjóður væri liður í einhverjum hallærisráðstöfunum ríkisstjórnar. Stjórnarandstaðan hugsaði sér það aldrei að áfram yrði haldið uppi hallarekstri sjávarútvegsins og hann síðan falinn með því að láta opinbera sjóði gefa eftir skuldir til sjávarútvegsfyrirtækja með því að bankar breyttu skuldum í aðildarbréf svokölluð eða með því að Alþingi veitti sérstöku fé í þennan hlutabréfasjóð til þess að halda uppi hallarekstrinum. Það var aldrei um það rætt af stjórnarandstöðunni. Þvert á móti horfðu hugmyndir stjórnarandstöðunnar um hlutabréfasjóðinn til framtíðar, til þess að byggja upp einhver ný fyrirtæki, nýjan rekstur, alveg eins og kom fram hjá hagfræðingi Alþýðusambands Íslands í sjónvarpinu í kvöld þegar hann talaði einmitt um þennan veikleika sjóðsins.

Mér finnst satt að segja að þó svo að ráðherrar séu kannski ekki alltaf vandir að sínum ummælum hljóti þeir í helstu stefnuræðum sínum að reyna að fara rétt með, halda sér við sannleikann og reyni ekki að fela sig bak við stjórnarandstöðuna. Það er auðvitað mjög ámælisvert og algjörlega þýðingarlaust fyrir fulltrúa Alþfl. eða Alþb. að skorast undan því að bera ábyrgð á þessari ósannsögli, á þessari tilraun til blekkingar því að vitaskuld var texti ræðunnar borinn undir ríkisstjórnina í heild og auðvitað hljóta einstakir ráðherrar að bera hver og einn ábyrgð á orðalagi ræðunnar. Þetta er algjörlega ljóst og staðfestist líka af því að það var upplýst á fundi með þingflokksformönnum eftir hádegið að samkomulag hefði verið um það í ríkisstjórninni að forsrh. talaði einn. Um slíkt samkomulag hefði aldrei getað orðið að ræða nema aðrir ráðherrar vissu nákvæmlega hvað hæstv. forsrh. hugsaði sér að segja.

Annað sem líka vekur mikla athygli er að í ræðu hæstv. forsrh. er reynt að gera myndina af stöðu sjávarútvegsins betri en hún raunverulega er, eins og raunar kom fram hjá hæstv. sjútvrh. hér áðan. Í ræðunni er talað um það að staða saltfiskvinnslunnar sé jákvæð um 4,5%. Það má vera að reikningar Þjóðhagsstofnunar sýni fram á það að svo hafi þetta verið um áramót, kannski nú í janúarmánuði, en á hinn bóginn vitum við það að saltfiskvinnslan býr við mikla óvissu nú. Það er nú í fyrsta lagi að almennt er fiskverð hærra en gert er ráð fyrir í útreikningum Þjóðhagsstofnunar og vaxtakostnaður meiri, eins og raunar kom fram hjá sjútvrh., og Þjóðhagsstofnun og fulltrúar saltfiskvinnslunnar eru einmitt að reyna að komast að niðurstöðu um það hvernig beri að reikna afkomu vinnslunnar, eru að reyna að ná samkomulagi um það, þannig að þar er ekki um nein illindi að ræða.

Í öðru lagi blasir það við að eftir að tillögur fiskimálanefndar Evrópubandalagsins lágu fyrir, þar sem gert er ráð fyrir að lækka heildarmagnkvótann úr 52.500 tonnum í 30.000 tonn og þar sem gert er ráð fyrir að tollur sem var 5% á þessu magni verði 9% en síðan 13%. Auðvitað mundi það hafa mjög örlagaríkar afleiðingar fyrir saltfiskmarkaðinn ef allt fer á versta veg í þessum efnum eins og ýmsir óttast. Er kannski líka ástæða til að rifja upp í þessu sambandi að saltfiskframleiðslan á nú í kannski enn þá harðari samkeppni við Norðmenn en áður sem hafa fengið tollfrjálsan viðbótarkvóta í saltfiski fyrir allt að 30.000 tonn vegna þess að þeir hafa látið undan kröfunni um fiskveiðiheimildir. Þetta setur saltfiskinn í erfiðari samkeppnisstöðu en ella og það er enginn vafi á því að ef þessir tollar og kvótar verða að veruleika þá mun inneign saltfisksins í Verðjöfnunarsjóði étast upp á síðari hluta þess árs. Það liggur m.ö.o. fyrir að ef þetta fer á versta veg þá mun staða saltfisksins verða rétt svipuð og staða frystingarinnar, munurinn verður einungis sá að saltfiskurinn á

nokkra peninga í Verðjöfnunarsjóði þar sem á hinn bóginn frystingin fær peninga beint úr ríkissjóði, 800 millj. kr. Er nauðsynlegt að fá frekari upplýsingar um það hvort ríkisstjórnin hugsi sér að halda áfram að fjármagna Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, frystideildina, nú á þessum vordögum vegna þess að það kom skýrt fram í ræðu sjútvrh. að þó svo að viðbótarheimildin, þessi 2,25% heimild til viðbótargengisfellingar, verði notuð þá mun það ekki laga stöðu sjávarútvegsins nægilega til þess að hann standi undir sér. Hvorki frystingin né saltfiskurinn. Auðvitað gerir það svo myndina enn dekkri en ella að staða veiðiskipanna er síður en svo glæsileg. Það má ætla eftir þessa gengisfellingu að bátaflotinn sé kannski með 16–17% neikvæða rekstrarstöðu og auðvitað léttir það ekki undir með bátaflotanum að gæftir hafa verið óvenju erfiðar og lélegar nú hringinn í kringum landið þannig að staða bátaflotans er vissulega erfið.

Ég hygg að hæstv. forsrh. komist engan veginn undan því að gera grein fyrir því hér í framhaldsumræðunni hvort ríkisstjórnin hugsar sér að hækka fiskverð eða hvað hæstv. ríkisstjórn hugsar sér að taka til bragðs. En það er engan veginn auðvelt að hækka fiskverðið því öll hækkunin mundi koma fram sem halli hjá frystingunni eða saltfiskinum þar sem ekki er af neinu að taka. Og ef hæstv. forsrh. talaði um það fyrir einu ári að Róm brynni þá get ég ekki séð annað en að afkoma a.m.k. bátaflotans standi í ljósum logum. Hér er talað um 14% neikvæða rekstrarstöðu, gengisfellingin bætist svo við, þessi 2,5% og síðan 2,25%.

Ef við tölum hins vegar um frystitogarana þá standa þeir líka verr en sl. ár, bæði vegna þess að mjög hefur verið þrengt að þeim með veiðiheimildir og líka vegna hins að markaðir hafa þrengst, Japansmarkaður hefur þrengst mjög mikið og er ekki fyrirsjáanlegt hvernig það endar. Ég skal ekki vera uppi með neinar svartsýnisspár sérstaklega af þeim sökum, ég tel á hinn bóginn nauðsynlegt að vekja athygli á því, og legg á það áherslu, að þó svo að ríkisstjórnin geri ráð fyrir 2,25% viðbótargengisfellingu, kannski í kringum páskana, hefur beinlínis lýst því yfir hér í kvöld að búast megi við nýjum efnahagsráðstöfunum á vordögum nema til komi veruleg hækkun á fiskmörkuðum erlendis. Það er að vísu áreiðanlega rétt að við erum komnir í botninn á markaðinum í Bandaríkjunum og það má kannski búast við því að þar verði um einhverjar hækkanir að ræða, ég skal ekki um það segja, en allt er þetta á brauðfótum og áreiðanlega rétt sem hæstv. sjútvrh. sagði að ástandið í sjávarútveginum er þannig núna að það dugir ekki að halda þannig á spilunum að hallarekstrinn haldi áfram. Það dugir ekki fyrir menn sem vilja halda því fram og leggja áherslu á það í sinni ræðu að þeir vilji atvinnu um allt land, þeir vilji halda uppi atvinnu um allt land, að halda áfram þessum hallarekstri.

Fulltrúar Ólafsfirðinga komu á fund þingmanna kjördæmisins nú í síðustu viku vegna þess að bæði frystihúsin á staðnum eru lokuð. Ekki kannski vegna þess að þessi fyrirtæki eigi ekki fyrir skuldum, þau eiga fyrir skuldum, heldur vegna hins að Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina, Stefánssjóður, fjölskyldusjóður Stefáns Valgeirssonar, mat stöðuna svo að frystihúsin hefðu ekki rekstrargrundvöll. Auðvitað höfðu þessi frystihús ekki rekstrargrundvöll. Og aumingja stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar, tveir ráðherrar og tveir þingmenn, þegar þeir sátu fyrir framan Ólafsfirðingana og voru að tala um það að þeir yrðu að bíða fram yfir helgi til þess að þeir norður á Ólafsfirði fengju að sjá hversu rausnarleg ríkisstjórnin yrði þegar hún færi nú að bæta stöðu sjávarútvegsins eftir helgina — þegar hún færi að bæta stöðu sjávarútvegsins eftir helgina. Og nú er sannleikurinn kominn í ljós. Hér liggur plaggið fyrir og það er sameiginlegt mat, bæði sjútvrh. og forsrh., að sjávarútvegurinn standi áfram höllum fæti, gengið hafi ekki verið leiðrétt nægilega fyrir útflutningsatvinnuvegina og hugmyndin sé sú að segja við þá á Ólafsfirði, segja við þá á Breiðdalsvík — eigum við að segja í Stöðvarfirði, eigum við að fara víðar um landið? — að segja: Þið eruð beiningamenn.

Hæstv. forsrh. talaði um að 70–80 fyrirtæki væru gjaldþrota og skilgreinir þessi fyrirtæki svo í sinni ræðu nú í dag að fyrirtækin sem eru gjaldþrota séu þau fyrirtæki sem Atvinnutryggingarsjóðurinn hafi neitað um fyrirgreiðslu. Hæstv. forsrh. hefur líka sagt í fjölmiðlum í sambandi við þá sem vinna við útflutninginn að þar hafi ríkt ráðdeildarleysi, þeir hafi ekki sýnt nægilega ráðdeild í sjávarútveginum. Hann notaði orðið ráðdeild. Nú veit ég ekki hvort hæstv. forsrh. getur hrósað sér af sérstakri ráðdeild í nýja Atvinnutryggingarsjóðnum sínum sem öllu á að bjarga. Nú veit ég ekki hvort það sýnir sérstaka ráðdeild hjá ráðherra og ríkisstjórn, sem hélt því fram fyrir ári að Róm brynni, og hjá ríkisstjórn, sem talar um þjóðargjaldþrot í októbermánuði, að hún skuli nú halda hallarekstrinum áfram og skuli halda áfram að ganga hart að því fólki úti um landið sem hefur allan sinn aldur lifað af sjó, dregið fiskinn og björgina á land. Það er kannski aukaatriði hvort þetta fólk hefur atvinnuöryggi. Það er kannski afgangsstærð, gengið, sem ræður því hvort fyrirtækin geta snúist með eðlilegum hætti. Afgangsstærð.

Það má minna hæstv. ráðherra á það að atvinnuleysi hér á landi hefur aldrei verið meira síðan 1969 en nú í jólamánuðinum. Og þeir menn sem hafa verið að biðja um vinnu, hringja í mann og biðja um atvinnu, þeir eru ekki bjartsýnir.

Ég hafði satt að segja vænst þess að það yrði meiri karlmennska í þessum ráðstöfunum. (**Forseti:** Forseti vill spyrja hv. þm. hvort hann eigi eftir langt mál af ræðu sinni.) Það fer nú allt eftir því hvort maður kemst í stuð. (**Forseti:** Forsetar þingsins hafa ákveðið í samráði við þingmenn að þessum fundi verði frestað klukkan tólf. Því vildi ég láta hv. þm. vita af.) Já. Nú mundi ég vilja óska mér þess að ég hefði þá tungu sem væri svo lipur og snjöll að hæstv. forsrh. mundi skilja hvað ég er að fara og sannfærast af því að ég hafi rétt fyrir mér, eins og hann sagði í sjónvarpsþættinum, einhvern tíma sagði Keynes, sá frægi hagfræðingur:

„Þegar ég heyri eitthvað sem breytir skoðunum mínum þá viðurkenni ég það." „Annar eins maður og Oliver Lodge / fer ekki með neina lygi," sagði Örn Arnarson. Það er auðvitað alltaf gaman og gott að geta vitnað til einhverra frægra manna. Einu sinni var formaður í Framsfl. sem kunni Sturlungu og þótti skemmtilegra að vitna í Sturlungu.

Nú er það svo að hæstv. forsrh. og þeir ráðherrar allir hljóta að viðurkenna að bjargráðin öll í september eru að engu orðin. Ég vil leyfa mér að skora á hæstv. menntmrh., af því að hann er svo kurteis að vera hér í salnum, að standa nú upp næst þegar þetta mál kemur á dagskrá, hvort sem það verður á morgun eða fimmtudaginn, og endurtaka orðin sem hann viðhafði í efri deild þegar hann var nýkominn í ráðherrabuxurnar og nýsestur í ráðherrastólinn. Þá sagði hæstv. ráðherra: Nú erum við búnir að bjarga öllum fyrirtækjunum sem þið settuð á hausinn og við vorum enga stund að því, við þurftum ekki að blaka hendi. Og þá var hæstv. ráðherra að tala um það að það þyrfti svo sem ekki mikið að skerða lífskjörin. En nú er spurningin: Er það virkilega þannig að íslenskir atvinnuvegir, íslensk þekking og íslenskar auðlindir standi ekki undir þeim lífskjörum sem við lifum við í landinu? Hæstv. forsrh. segir það berum orðum í sinni ræðu hér. Hann sagði það sama í sjónvarpinu um mánaðamótin og hæstv. sjútvrh. kom að sama máli hér áðan. Öll ríkisstjórnin er komin að þeirri niðurstöðu að atvinnuvegirnir standi ekki undir þeim lífskjörum sem við lifum nú við hér á landi og þess vegna verðum við að búa okkur undir það það sem eftir er ársins, ekki aðeins að engar launahækkanir megi verða frá því sem þegar er ákveðið, heldur til viðbótar að gengið haldi áfram að lækka. Fyrst um 2,25%, síðan um eitthvað í vor o.s.frv. vegna þess að raungengi á mælikvarða launa sé enn of hátt fyrir þjóðarbúið þó það hafi á einu ári lækkað um nálægt 15%. Geri ég þá ráð fyrir að ekki sé reiknað með þeirri gengisfellingu sem nú varð í dag þannig að sú raungengislækkun á mælikvarða launa sem við erum hér að tala um er einhvers staðar á bilinu 17–18%. Það er m.ö.o. búið að lækka launin í landinu um 17–18% og stendur til að lækka þau meir.

Ég var á fundi á Hótel Borg í septembermánuði skömmu áður en Þorsteinn Pálsson baðst lausnar fyrir ráðuneyti sitt. Þar var staddur formaður þingflokks Alþb., Steingrímur J. Sigfússon ráðherra, og þar var staddur Svavar Gestsson, báðir þingmenn þá, báðir ráðherrar núna. Þeir gerðu hvor með sínum hætti harða atlögu að mínum málatilbúnaði af þeim sökum að báðir töldu þeir öll efni standa til þess að hækka launin í landinu, bæta lífskjörin. Báðir þessir tveir menn. Allar þeirra ræður gengu út á það að það væri af illgirni einni saman sem sú ríkisstjórn sem þá sat vildi ekki beita sér fyrir enn frekari kjarabótum en þá voru orðnar. Nú spyr ég hæstv. menntmrh. hvort hann sé sammála þeim skilningi, sem ég legg í ummæli hæstv. forsrh. og hæstv. sjútvrh., að allt of hátt hlutfall af þjóðartekjum renni í vasa launamanna. Ég vil líka spyrja hæstv. menntmrh. hvort hann sé sammála þeirri kenningu hæstv. fjmrh. að það yrði kannski mikil bót og mikill bati af því ef allir Íslendingar, allir launamenn, yrðu að una því að fá kauptaxtana bera. Engar yfirborganir, engan bónus, heldur skyldu menn búa við kauptaxtana eina. Það má vel vera, hæstv. forsrh., að það sé hægt að reikna út falska kaupmáttarrýrnun í landinu með því að bera kaupmátt kauptaxtans á einum tíma saman við kaupmátt kauptaxta á öðrum en taka ekki tillit til hins ef þeim fer fjölgandi sem verða að sætta sig við lægstu launin.

Umræðu frestað.

SAMEINAÐ ÞING

37. fundur, þriðjudaginn 7. febr., kl. 2 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Borist hefur svofellt bréf frá forseta Nd.:

„Stefán Valgeirsson, 6. þm. Norðurl. e., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna veikinda get ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að vegna sjúkrahúsvistar 1. varamanns taki 2. varamaður Samtaka um jafnrétti og félagshyggju í Norðurlandskjördæmi eystra, Auður Eiríksdóttir oddviti, sæti á Alþingi í forföllum mínum."

Þetta er yður hér með tilkynnt, hæstv. forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns."

Þá hefur borist símskeyti frá séra Pétri Þórarinssyni, 1. varamanni, en þar segir:

„Ég undirritaður, 1. varamaður Samtaka um jafnrétti og félagshyggju í Norðurlandskjördæmi eystra, get ekki í fjarveru Stefáns Valgeirssonar tekið sæti á Alþingi þar eð ég ligg á sjúkrahúsi. Óska ég þess að 2. varamaður Samtaka um jafnrétti og félagshyggju, Auður Eiríksdóttir, taki sæti á Alþingi fyrir mig.

Virðingarfyllst.
Pétur Þórarinsson.
Gert fyrir hönd eiginmanns míns.
Ingibjörg Sigurlaugsdóttir."

Þá er hér annað bréf frá forseta Nd., svohljóðandi:

„Málmfríður Sigurðardóttir, 6. þm. Norðurl. e., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna veikinda get ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Samtaka um kvennalista í Norðurlandskjördæmi eystra, Jóhanna Þorsteinsdóttir sölufulltrúi, taki sæti á Alþingi í forföllum mínum."

Þetta er yður hér með tilkynnt, hæstv. forseti, með

ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Kjartan Jóhannsson,
forseti Nd."

Hann undirritaði að sjálfsögðu einnig hið fyrra bréf.

Loks er hér þriðja bréfið frá forseta Nd. og hljóðar svo:

„Guðmundur G. Þórarinsson, 10. þm. Reykv., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að vegna anna 1. varamanns taki 2. varamaður Framsfl. í Reykjavík, Sigríður Hjartar lyfjafræðingur, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, hæstv. forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Kjartan Jóhannsson,
forseti Nd."

Þá er hér bréf frá 1. varamanni sem hljóðar svo:

„Vegna sérstakra anna sé ég mér ekki fært að taka sæti Guðmundar G. Þórarinssonar, 10. þm. Reykv., á Alþingi í þessum mánuði. Finnur Ingólfsson,
1. varaþingmaður Framsfl. í Reykjavík."

Með bréfum þessum fylgja kjörbréf Sigríðar Hjartar, Auðar Eiríksdóttur og Jóhönnu Þorsteinsdóttur.

Samkvæmt þessum bréfum og með vísan í 4. gr. þingskapa ber hv. kjörbréfanefnd nú að prófa kjörbréf Auðar Eiríksdóttur oddvita, Jóhönnu Þorsteinsdóttur sölufulltrúa og Sigríðar Hjartar lyfjafræðings. Gert verður hlé á fundinum í fimm mínútur meðan kjörbréfanefnd starfar. — [Fundarhlé.]

Frsm. kjörbréfanefndar (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Kjörbréfanefnd hafa borist þrjú erindi, í fyrsta lagi kjörbréf Jóhönnu Þorsteinsdóttur, 1. varamanns Samtaka um kvennalista í Norðurlandskjördæmi eystra, er tæki sæti Málmfríðar Sigurðardóttur, í öðru lagi kjörbréf Auðar Eiríksdóttur, 2. varamanns Samtaka um jafnrétti og félagshyggju í Norðurlandskjördæmi eystra, er tæki sæti Stefáns Valgeirssonar, í þriðja lagi kjörbréf Sigríðar Hjartar, 2. varamanns Framsfl. í Reykjavík, er tæki sæti Guðmundar G. Þórarinssonar.

Kjörbréfanefnd hefur farið yfir þessi kjörbréf og leggur til með mikilli ánægju að þau verði samþykkt þar sem hér er allt um konur að ræða.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Kjörbréf Auðar Eiríksdóttur samþ. með 38 shlj. atkv.

Kjörbréf Jóhönnu Þorsteinsdóttur samþ. með 36 shlj. atkv.

Kjörbréf Sigríðar Hjartar samþ. með 38 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Auður Eiríksdóttir, 6. þm. Norðurl. e., Jóhanna Þorsteinsdóttir, 7. þm. Norðurl. e., og Sigríður Hjartar, 10. þm. Reykv., undirrituðu drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Auður Eiríksdóttir, Jóhanna Þorsteinsdóttir og Sigríður Hjartar hafa undirritað drengskaparheit um að halda stjórnarskrána. Þær eru boðnar velkomnar til starfa á Alþingi.

Kosning fimm manna í stjórn Sementsverksmiðju ríkisins til fjögurra ára, frá 6. febrúar 1989 til 5. febrúar 1993, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 1. gr. laga nr. 7 6. febr. 1961, um breytingu á lögum nr. 35 1. apríl 1948, um sementsverksmiðju.

Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Steinunn Sigurðardóttir hjúkrunarfræðingur (A),
Friðjón Þórðarson alþingismaður (B),
Eiður Guðnason alþingismaður (A),
Ingi Björn Albertsson alþingismaður (B),
Inga Harðardóttir kennari (A).

Vinnubrögð í Seðlabanka Íslands, hvort leyfð skuli.

Fsp. FrS, 238. mál. — Þskj. 443.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Mér hefur borist fsp. sem ég tel ekki falla að ákvæðum þingskapa um fyrirspurnir og hef því ekki samþykkt fsp. Fyrirspyrjandi hefur óskað eftir því að hún verði borin upp í Sþ. og styðst þar við 31. gr. laga um þingsköp. Því hefur fsp. verið sett á dagskrá og ber nú þinginu að greiða atkvæði um hana. Fyrirspurnin er svohljóðandi:

„1. Er ráðherra samþykkur þeirri skoðun, sem utanrrh. lýsti á opinberum fundi á Akureyri 21. jan. sl., að 150 af 166 starfsmönnum Seðlabankans starfi við að naga blýanta?

2. Ef svo er:

a. Hefur farið fram könnun á vinnubrögðum starfsfólksins?

b. Hvaða 16 starfsmenn bankans vinna við annað en að naga blýanta og við hvað starfa þeir?

c. Hvaða aðgerðum mun ráðherra beita til að koma í veg fyrir að slík vinnubrögð starfsmanna viðgangist?

3. Ef svo er ekki:

a. Ætlar viðskrh. að hreinsa starfsfólk bankans af áburði utanrrh.?

b. Ætlar viðskrh. að beita sér fyrir því að utanrrh. biðji starfsmenn bankans afsökunar?

c. Mun ráðherra mælast til þess að slíkar yfirlýsingar verði ekki endurteknar?"

Með tilvísun til 31. gr. laga um þingsköp, 1. mgr., hefur forseti hafnað þessari fsp. og leggur það nú til atkvæða í Sþ. hvort hv. þm. telja að leyfa skuli fyrirspurnina.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Fellt að leyfa fsp., að viðhöfðu nafnakalli, með 28:23 atkv. og sögðu

já: KrP, KE, KH, MÁM, JÞ, ÓE, PJ, RH, SalÞ, ÞP, ÞK, ÞÞ, DS, EH, EgJ, SP, FÞ, FrS, GHH, GHG, GA, HBl, IBA.

nei: MF, ÓÞÞ, PP, SighB, SkA, AuE, StH, SJS, SvG, VS, AS, ÁrnG, EG, GeirG, GB, SHj, GuðnÁ, HÁ, JE, JóhS, JBH, JHelg, JK, JónS, JSS, KSG, KJóh, GHelg.

ÓÞG, AG, GuðmÁ, HG greiddu ekki atkvæði.

8 þm. (MB, RA, StG, AðB, BÍG, HJ, JúlS, KP) fjarstaddir.

6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Hin tilvitnuðu ummæli utanrrh. sem eru tilefni þessarar fsp. eru hneyksli. Þau eru vanvirða af hálfu ráðherra, þau eru ósæmandi og það er til vansæmdar fyrir Alþingi ef það á að koma í veg fyrir að ráðherra og yfirmaður þessara mála, hæstv. viðskrh., fái að svara fyrir ummæli utanrrh. Ég segi já.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Mér þykir alveg sjálfsagt að hv. þm. sem hér vildi fá að flytja fsp. gefist kostur á að efna til umræðu utan dagskrár um þetta ef hann girnist og lýsi mig reiðubúinn til þess að svara honum á þeim vettvangi. Hins vegar kann það að vera vafasamt fordæmi að heimila þessa fsp. Það gæti leitt til þess að frammíköll utan úr sal yrðu heimiluð sem fyrirspurnir. Ég segi því nei.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Þegar hv. 1. þm. Reykv. skýrði mér frá því að hann hefði áform um að bera fram þá fsp. sem hér er borin undir þingheim sagði ég honum að ég hefði að sjálfsögðu ekkert á móti því að svara slíkum spurningum, sæktist ekki eftir því, en jafnframt að ég mundi hlíta úrskurði forseta. Ég segi því nei.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Í 31. gr. laga um þingsköp segir svo: „Vilji alþingismaður óska upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni eða einstakt atriði þess gerir hann það með fyrirspurn í sameinuðu þingi er afhent sé forseta. Fyrirspurn skal vera skýr, um afmörkuð atriði eða mál sem ráðherra ber ábyrgð á og sé við það miðað að hægt sé að svara henni í stuttu máli. Alþingismaður segir til um það hvort hann óskar skriflegs eða munnlegs svars. Stutt greinargerð má fylgja fyrirspurn ef óskað er skriflegs svars." Þetta er 1. málsl. 31. gr. laga um þingsköp.

Í þessu tilviki er hæstv. viðskrh. spurður um tiltekið efni vegna orða utanrrh. Ég hefði talið að hæstv. viðskrh. gæti ekki borið ábyrgð á því sem hæstv. utanrrh. þóknast að segja á fundum hér og þar um landið og því taldi ég ekki koma til greina að þessi fyrirspurn yrði borin upp hér á hinu háa Alþingi. Ég vil hins vegar taka undir með hæstv. utanrrh. að sjálfsagt er, ef hv. 1. þm. Reykv. óskar þess, að hann fái hálftíma umræðu hér í Sþ. um þetta tiltekna efni. En nú hefur hv. 1. þm. Reykv. nýtt sér það ákvæði sem er að finna í 2. málsl. 31. gr. laga um þingsköp sem er að bera þessa ákvörðun undir þingið sjálft og við því varð að sjálfsögðu fúslega orðið.

Forseti Sþ., sem í þessu tilviki er ásamt öðrum ræðumaður, vill taka það fram að mér finnst nokkur ábyrgð hvíla á forsetum þingsins að sjá svo til að þingskjöl séu ekki í þá veru að þinginu sé nokkur minnkun að. Ég segi því nei.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Mér þykir nauðsynlegt að fram komi hvort einstakir ráðherrar og ríkisstjórnin í heild kunni háttvísi og segi því já.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Af orðum virðulegs forseta má ráða að það sé virðingu Alþingis ekki samboðið að taka hér til umræðu fyrirspurn er varðar orð tiltekins hæstv. ráðherra í núv. ríkisstjórn. Þetta þykir mér nokkuð harður dómur hæstv. forseta um núv. ríkisstjórn og núv. hæstv. ráðherra. Ég er þessu ekki sammála og segi já.

Um þingsköp.

Fsp. um vinnubrögð í Seðlabanka Íslands.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Virðulegur forseti synjaði í gær því að flutt yrði fsp. sú sem var til meðferðar nú rétt áðan í Sþ. og gerði það með svolátandi úrskurði:

„Fyrirspurninni er hafnað. Viðskrh. ber ekki ábyrgð á orðum utanrrh. Sjá 31. gr. þingskapalaga, 1. mgr."

Í viðræðum okkar á milli í kjölfar þessarar synjunar bauð virðulegur forseti upp á utandagskrárumræður í hálftíma sem ég taldi mig hafa þegið en skildi það svo að bakslag hefði komið í það boð eftir viðræður við hæstv. viðskrh. Viðskrh. sagði hins vegar við mig að hann væri tilbúinn til þess að ræða þessa fsp. Hann

sæktist að sjálfsögðu ekki eftir því, það skil ég mætavel, en mundi gegna úrskurði forseta. Ég taldi þess vegna að virðulegur forseti hefði farið fram á það að ekki færi fram utandagskrárumræða um þetta mál og taldi mér þá skylt að láta á það reyna hvort Sþ. mundi verða sammála virðulegum forseta.

Þegar lesin er 31. gr. þingskapalaga sést að ætlun löggjafans er að hv. alþm. geti óskað upplýsinga ráðherra eða svars um opinber málefni eða einstök atriði og síðan segir til nánari skilgreiningar: „Fyrirspurn skal vera skýr, um afmörkuð atriði eða mál sem ráðherra ber ábyrgð á og sé við það miðað að hægt sé að svara henni í stuttu máli."

Ef þessi lagagrein er skoðuð blandast held ég engum hugur um það að hér er á ferðinni opinbert málefni í öllum skilningi. Í öðru lagi get ég ekki séð annað en fsp. sé sæmilega skýr. A.m.k. hef ég enn ekki hitt neinn sem ekki hefur skilið fsp. og út á hvað hún gengur, enda eru þau ummæli sem vitnað er til öllum kunn.

Í þriðja lagi er hér um afmarkað atriði að ræða og hér er svo sannarlega um mál að ræða sem viðkomandi hæstv. ráðherra ber ábyrgð á, en það er málefni Seðlabanka Íslands sem lögum samkvæmt heyrir undir viðskrn. Þess vegna, virðulegur forseti, tel ég að úrskurður virðulegs forseta frá því í gær hafi verið rangur og niðurstaðan sem orðið hefur hér í dag ekki ráðandi sem fordæmi í framtíðinni. Ég gat að sjálfsögðu ekki komið fram með þessi sjónarmið fyrr vegna þess að forseta ber skylda til að bera tillöguna upp án umræðu.

Ég vil taka það fram að hér er ekki spurning um, eins og kemur fram í úrskurði hæstv. forseta, hvort hæstv. viðskrh. beri ábyrgð á ummælum annars ráðherra. Hér er ekki spurning um það heldur er spurningin um hitt, hvort Seðlabanki Íslands heyri undir viðskrn., þannig að ég tel að úrskurður forseta sé á misskilningi byggður. Ummæli þau sem til er vitnað eru svohljóðandi, með leyfi forseta: „Fyrir handan götuna er mikil bygging undir Svörtuloftum, einhver mesta marmarahöll í Reykjavík, sem heitir Seðlabanki og þar starfa 166 manns, þar af a.m.k. 150 við að naga blýanta." Þetta er orðrétt haft eftir hæstv. utanrrh. á fundi 21. janúar sl. á Akureyri, á opinberum fundi. (**Forseti:** Ég vil minna hv. þm. á að hér fer fram umræða um þingsköp.) Virðulegur forseti. Þingmaðurinn hefur tekið þeirri ábendingu og telur sig vera að ræða um þingsköp og vona ég að virðulegur forseti fallist á það að hér er málsvörn fyrir það hvers vegna sá sem hér stendur telur að taka hefði átt málið á dagskrá sem venjulega fsp. Vona ég að virðulegur forseti sjái í gegnum fingur sér við mig og reki ekki ræðumann úr ræðustól fyrr en hann hefur lokið máli sínu sem skal ekki verða mjög langt.

Í framhaldi af þessum umræðum, því að allt hefur þetta með málið að gera, sagði ráðherra síðan efnislega að húsið hefði verið byggt fyrir kaffisjóð starfsmanna. (**Forseti:** Ég vil minna hv. þm. á að honum stendur opið að fá hálftíma utandagskrárumræðu um þetta mál. Það ber ekki að ræða það efnislega hér.) Má ég spyrja virðulegan forseta hvort hér og nú megi sú umræða fara fram. (**ÓÞÞ:** Fráleitt.) (**Forseti:** Það er fráleitt þar sem ráðherra hefur ekki verið gert viðvart um það. Hins vegar hefur verið um það talað að bjóða hv. þm. að sú umræða fari fram á morgun.) Má ég minna virðulegan forseta á það að ég talaði sjálfur við ráðherra í gær og hann sagðist vera tilbúinn hvenær sem er að taka þátt í umræðum um þetta mál og mundi sinna í öllum atriðum úrskurði forseta þannig að virðulegur forseti getur hér og nú úrskurðað um það hvort umræðan fari fram hér í dag. (**Forseti:** Forseti getur það ekki vegna þess að þinghald dagsins er ekki skipulagt á þann veg. Hér hefjast innan tíðar fundir í deildum þingsins.) Ber að skilja þetta svo að hæstv. forseti ætli að koma í veg fyrir að ég ljúki ræðu minni um efnisatriði málsins? (**Forseti:** Forseti mun ekki leyfa umræður um efnisatriði málsins.)

Í þingskapaumræðunni er ég að tala um efnisatriði sem snúa að þingsköpum. Þar sem mér er meinað að tala hér í dag og þessari þingskapaumræðu á þar með að slíta vil ég lýsa því yfir að ég þigg það boð sem virðulegur forseti hefur boðið og bauð í gær, og ég hélt að hann hefði þá afturkallað, um að hálftími fari í utandagskrárumræður um þetta mál sem ég tel vera afar alvarlegt. Ég treysti á að virðulegur forseti muni við allra fyrsta tækifæri gefa virðulegum, hæstv. viðskrh. tækifæri til að segja sitt álit á þessu máli sem ég held að öllum hljóti að vera ljóst að er afar nauðsynlegt.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill lýsa því yfir að sú umræða mun fara fram og reynt verður að sjá til þess að hún fari fram á morgun, en forseti telur jafnframt að með þetta mál hafi í einu og öllu verið farið að þingsköpum og því ekki ástæða til að ræða málið efnislega hér, enda ekki ráð fyrir því gert. (**FrS:** Því er mótmælt úr sal að farið sé að þingsköpum.)

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það vakti athygli í gær af hvílíku offorsi menn sóttu það hér að halda áfram umræðu og það var kvöldfundur. Þá sögðu menn að það væru hin stóru mál þessarar þjóðar sem þyrfti að ræða. Svo virðist sem sókn forustusveitar Sjálfstfl. til þess að fá þau rædd í gær hafi verið af þeim toga spunnin að hv. 1. þm. Reykv. vildi ræða um blýanta hér í dag. Ég vil beina þeim eindregnu tilmælum til forseta að haga þannig vinnubrögðum að hin stærri mál þessarar þjóðar séu rædd um bjartan dag, en mál eins og þessi, þar sem menn keppast við að leika fífl, fái næturfundi og mega gjarnan vera nóttina alla mín vegna.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Hér hefur verið úrskurðað með atkvæðagreiðslu að það sé óþinglegt að ræða óráðherraleg ummæli á Alþingi. Þingmenn njóta hér ákveðinnar friðhelgi og þinghelgi þegar kemur að því að standa fyrir því máli sem þeir flytja á Alþingi úti í

þjóðfélaginu. Það er ekki hægt að sækja þá til saka fyrir það sem þeir láta sér af munni fara hér á Alþingi eða gera þá ábyrga fyrir máli sínu að öðru leyti.

Ég sé ekki betur en það sé verið að snúa því við núna, virðulegi forseti, þannig að ummæli sem menn láta sér í ábyrgðarleysi um munn fara utan þings *megi ekki herma upp á þá á Alþingi í formi fyrirspurna.* Og mér er spurn: Er þetta sú túlkun þingskapa sem menn hafa átt að venjast hér á Alþingi? Og er þetta sú framkvæmd á þinghaldinu sem þingmenn vilja? Ég leyfi mér að efast um það og að jafnvel þó að utanrrh. geri sig sekan um að vega að þeirri stofnun sem ríkisstjórnin hefur nú falið lykilhlutverk í hinni nýju efnahagsstefnu sinni sé það svo að hann kæri sig ekki um að það verði rætt hér á Alþingi. Ég held að hér hafi orðið mjög alvarleg *mistök, virðulegi forseti, og ég vona að við eigum* eftir að sjá hér réttlátari framkvæmd þingskapa framvegis.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Ég tel alveg augljóst að sá úrskurður sem felldur var í þessu máli sé rangur. Hér er um mjög skýrt afmarkað mál að ræða. Það er augljóst að það hefur verið vegið með ómaklegum hætti að starfsmönnum Seðlabankans. Starfsemi Seðlabankans *heyrir undir viðskrn.* Ef það væri svo, eins og kemur fram í úrskurðinum, að það væri ekki hægt að bera fram fyrirspurn um réttmæti ásakana á hendur starfsmönnum einstakra ríkisstofnana vegna þess að ásakanirnar væru ekki bornar fram af þeim ráðherra sem málið heyrir undir, þá er nú fokið í flest skjól og augljóst að það er verið að teygja ákvæði þingskapa langt fram yfir það sem unnt er með nokkrum skýrum rökum. Ef einhver aðili utan þings bæri þessar alvarlegu ásakanir á starfsmenn Seðlabankans á það að gilda samkvæmt úrskurði forseta að ekki sé hægt að inna eftir því hvort þær hafi við rök að styðjast. Þess vegna tel ég að úrskurðurinn hafi verið rangur. Ég lít svo á að meiri hluti þingsins, stjórnarmeirihlutinn, hafi með atkvæðagreiðslu sinni hér verið að víkja hæstv. viðskrh. hjá því að svara þessari fsp. með formlegum hætti og ég skil það. Ég skil það að stjórnarmeirihlutinn skuli bera nokkurn kinnroða vegna þessara ummæla hæstv. utanrrh. og ég skil það að stjórnarmeirihlutinn vilji leysa hæstv. viðskrh. undan þeirri ábyrgð að svara.

Frú forseti. Í máli forseta við atkvæðagreiðslu um þessa tillögu kom fram að forseti Sþ. telur að það sé ekki samboðið virðingu Alþingis að bera fram fyrirspurn um slík ummæli sem hæstv. utanrrh. viðhafði. Í ummælum forseta kom fram að það væri ekki samboðið virðingu þingskjalanna að bera fram fsp. um þvílík ummæli. Það sýnist hins vegar eiga að vera samboðið virðingu Alþingis að hafa utanrrh. sem getur viðhaft slík ummæli alveg athugasemdalaust. En í þessum ummælum kemur líka fram að virðing þingskjalanna þolir ekki ummæli sem þessi. M.ö.o.: það er verið að kveða upp þann úrskurð hér að virðing hæstv. utanrrh. þoli ekki samjöfnuð við virðingu þingskjalanna og hygg ég að annan eins dóm hafi nú enginn ráðherra fengið í sölum Alþingis.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það er misskilningur sem ber að leiðrétta, sem fram kom í máli hv. 1. þm. Reykv., að sá sem hér er sökum borinn, sá sem hér stendur, sé ekki reiðubúinn til að standa fyrir máli sínu. Ég hef lýst því yfir að ég er reiðubúinn til þess innan þings sem utan. Það hefur komið fram að hv. 1. þm. Reykv. hefur óskað eftir utandagskrárumræðu. Það hefur komið fram að forseti hefur orðið við þeim tilmælum, þó ekki á þessum degi vegna dagskrár þings, þannig að það stendur ekki á neinum, hvorki þeim sem hér er borinn sökum né öðrum, að ræða þetta mikilvæga málefni á þingi og satt að segja *hlakka ég til.*

Hitt er svo annað mál að hæstv. forseti hefur kveðið upp sinn úrskurð og meiri hluti þings staðfest hann svo að ég veit ekki um hvað menn eru að deila.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég hjó eftir því áðan að hæstv. utanrrh. sagðist vera reiðubúinn til að standa fyrir máli sínu hvenær sem er. Nú veit ég ekki hvað hæstv. utanrrh. meinti með þessum sínum ummælum. *Ég hélt að það væri nóg sagt áður og hélt að* hann mundi biðjast afsökunar ef eitthvað væri í sambandi við hans ég vil segja niðurlægjandi ummæli um starfsfólk Seðlabanka. Ef hann er nú að gefa í skyn að hann ætli að standa fyrir máli sínu hvenær sem er gefur hann með því í skyn að hugur hafi fylgt máli þegar þessi orð duttu út úr hans munni fyrir norðan á sínum tíma. Ég hélt að vísu að það hefði verið slys (**Forseti:** Má ég áminna þingmanninn að þetta er umræða um þingsköp.) og ég vil raunar segja hæstv. forseta að ef það á að biðja einhverja afsökunar í þessu máli, þá er það kannski Akureyringa fyrir að ummælin skyldu hafa fallið þar.

En ég ítreka það sem ég sagði. Mér þykir hæstv. utanrrh. hafa bætt gráu ofan á svart. Ég vil segja að ég tel að hæstv. forseti eigi að greiða fyrir því að utandagskrárumræða geti farið fram um þetta mál þegar í stað til þess að hreinsa til svo að fram komi undir eins hvort vilji ráðherra stendur til þess að biðjast afsökunar á þessum ummælum eða ekki. Á meðan hæstv. forseti fæst ekki til þess að greiða fyrir slíkri umræðu þykir mér vafasamt að hæstv. forseti gæti virðingar þingsins svo sem rétt er og sannarnt er.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Ég mun halda mig við þingskapaumræðu eins og ég hef gert hér í dag þó að mér hafi verið meinað að ljúka máli mínu hér áðan en ætla ekki að hverfa aftur að því máli.

Mér dettur í hug til þess að greiða fyrir þessu máli, virðulegi forseti, að stinga upp á því enn einu sinni

að þessi umræða fari fram strax í dag þar sem allir sem málið við kemur hafa lýst sig reiðubúna til þess og einkum og sér í lagi vegna þess að svo stendur á að þeim málum sem eru til umræðu í dag, þ.e. bráðabirgðalögum ríkisstjórnarinnar og staðfestingarfrv., hefur ekki verið lokið í nefnd. Nefndarstörf eiga að halda áfram í fyrramálið, nýjar brtt. hafa verið lagðar fram í dag og þess vegna augljóst að það fer betur á því að þær umræður geymist til morguns en þessi umræða fari strax fram á eftir. Ég legg þetta til, virðulegur forseti, af því að ég held að það geti greitt fyrir umræðunni. (Gripið fram í.) Það er kallað hér fram í af hálfu menntmrh. að í Ed. verði enn fremur fundur. (**Forseti:** Ég verð að biðja um að hafa ekki samtöl í salnum.) Maður getur náttúrlega ekki skýrt út hvað bjölluhljómurinn þýðir í það og það skiptið nema einhver útskýring fylgi. — En hæstv. ráðherra menntamála kallar hér fram í: „Það er fundur enn fremur í Ed.“ Ég vil aðeins segja hæstv. ráðherra þetta: Ef umræður eiga að fara fram um þetta mál í Sþ. á morgun getur ekki á sama tíma farið fram fundur í Ed. þannig að það kemur í sama stað niður. Vona ég að hæstv. ráðherra skilji það.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):
Það er ljóst að þinghaldið verður ekki skipulagt fyrir daginn í dag héðan úr þessum stól.

EFRI DEILD

51. fundur, þriðjudaginn 7. febr., að loknum fundi í Sþ.

Fjölskylduráðgjöf, 1. umr.

Stjfrv., 227. mál. — Þskj. 417.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):
Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um fjölskylduráðgjöf á þskj. 417. Efni þessa frv. er að hið opinbera skuli veita ráðgjöf í skilnaðarmálum, fræðslu um málefni barna í tengslum við sambúðarslit foreldra og leiðbeiningar um úrlausn í forsjár- og umgengnisréttarmálum.

Í þessum tilgangi er kveðið á um að starfrækja skuli sérstaka miðstöð fjölskylduráðgjafar undir yfirstjórn félmrn. þar sem veitt verði m.a. sérfræðiaðstoð sálfræðinga og lögfræðinga.

Hér er fyrst og fremst um að ræða að koma upp miðstöð slíkrar ráðgjafar til reynslu á höfuðborgarsvæðinu sem veita skuli öllu landinu þjónustu. Að fenginni reynslu eftir þrjú ár er gert ráð fyrir að þessi starfsemi verði tekin til endurskoðunar, m.a. það hvort rétt sé að staðsetja slíka starfsemi víðar á landinu.

Á vegum félmrn. hefur unnið að þessu frv. starfshópur sem í áttu sæti Drífa Pálsdóttir, deildarstjóri í dómsmrn., Guðfinna Eydal sálfræðingur, Lára V. Júlíusdóttir lögfræðingur, Sigríður Ingvarsdóttir, héraðsdómari og formaður barnaverndarráðs, og Sólveig Pétursdóttir, lögfræðingur og formaður barnaverndarnefndar Reykjavíkur.

Vegna starfa sinna höfðu þær sem starfshópinn skipuðu kynnst mjög mikið þeim málum sem frv. þetta tekur til og hafa lagt mikla áherslu á að hér sé um mjög brýnt mál að ræða. Hver á sínu sviði hafa þær starfað að málum sem tengjast efni þessa frv. og þeim vandamálum sem upp koma í skilnaðarmálum sem geta verið mjög erfið og ekki hefur verið á færi annarra að leysa, svo sem á vegum félagsmálastofnana, heilsugæslustöðva eða barnaverndarnefnda.

Ég tel ástæðu til að nefna hér að sérstök fjölskylduráðgjöf, sem hér er lagt til að komið verði á fót, dregur á engan hátt úr þýðingu annarrar fyrirbyggjandi starfsemi í fjölskyldumálum sem einkum er unnin á vegum félagsmálastofnana, heilsugæslustöðva og barnaverndarnefnda. Er ástæða til að tilgreina það sérstaklega að í heilsugæslustöðvum má segja að sé veitt almenn ráðgjöf. Fyrirbyggjandi aðgerðir sem þar eru veittar felast einkum í ungbarnaeftirliti, mæðraskoðun og fræðslu af ýmsum toga í formi funda, námskeiða og bæklinga. Félagsmálastofnanir eru einungis starfræktar í stærri byggðarlögum. Við þær eru fjölskyldudeildir þar sem mestur þungi er á framfærslumálum og meðferð barnaverndarmála. Þar er oftast um að ræða erfið og bráð verkefni sem veita lítið svigrúm til ráðgjafar, meðferðar og skipulegs forvarnarstarfs. Segja má einnig að barnaverndarnefndir, sem eru umsagnaraðilar í umgengnisréttar- og forsjárdeilumálum, séu ekki í stakk búnar til að veita sérstaka fjölskylduráðgjöf, enda ekki heppilegt að slík ráðgjöf sé einnig í höndum þeirra sem e.t.v. þurfa síðar að úrskurða í forsjárdeilumálum sömu aðila.

Allt það sem ég hef hér tíundað og er á verksviði heilsugæslustöðva, félagsmálastofnana og barnaverndarnefnda stangast á engan hátt á við það sem hér er lagt til, enda er hér einkum um það að ræða að þessi fjölskylduráðgjöf fjalli um mjög erfið og þung vandamál sem ekki hefur verið á færi annarra að leysa.

Miðað við reynsluna í öðrum löndum er talið nauðsynlegt að fjölskylduráðgjöf sé starfrækt sem sjálfstæð og sérhæfð þjónusta. Á þeim þrem árum sem lagt er til að fjölskylduráðgjöfin starfi til reynslu má vænta að grundvöllur skapist til að flytja hana út um landið verði það niðurstaða við endurskoðunina.

Hér er ekki á ferðinni hugmynd sem er ekki ný af nálinni hér í þingsölum vegna þess að á árinu 1982 og aftur 1983 var lagt fram stjfrv. um sama efni af þáv. félmrh. Svavari Gestssyni. Ég tel ástæðu til þess að vitna hér í greinargerð sem mér barst meðan frv. þetta var í vinnslu frá Sigrúnu Júlíusdóttur félagsráðgjafa sem starfar hjá ráðgjafar- og fræðsluþjónustu að hjóna- og fjölskylduráðgjöf og er því gjörkunnug þeim vandamálum sem frv. þessu er ætlað að taka til. Vil ég, með leyfi forseta, rekja í örstuttu máli einstök

atriði úr þeirri greinargerð, en þar kemur fram, með leyfi forseta:

„Eins og málum er nú háttað á Reykjavíkursvæðinu eru möguleikar á fjölskylduráðgjöf takmarkaðir." Víkur Sigrún fyrst að félagsmálastofnunum, en þar segir í hennar greinargerð: „Eins og kunnugt er miðast þjónusta þessara stofnana einkum við afgreiðslu framfærslumála og meðferð barnaverndarmála. Eftirlit, greinargerð og undirbúningur athafna tekur drjúgan tíma þeirra starfskrafta sem þar er nú á að skipa. Þó kostur á fjölskylduráðgjöf væri hér æskileg viðbót, það sé í samræmi við markmið þjónustunnar og oft sé þar starfandi fagfólk með þjálfun í samskiptamálum, þá virðist sem ófullnægjandi mönnun og þung og bráð verkefni skapi starfsaðstæður sem tæplega veita svigrúm til ráðgjafar og því síður meðferðar eða skipulegs forvarnarstarfs."

Síðan er vikið að heilsugæslustöðvum, en þar kemur fram eftirfarandi:

„Nokkuð er um almenna ráðgjöf og forvarnarstarf, m.a. í formi fræðslunámskeiða, hefur verið unnið á heilsugæslustöðvum. Þar hins vegar starfa aðallega sérfræðingar á sviði heilbrigðisþjónustu en lítið er um félagssálfræðilega menntað starfsfólk, þótt gert hafi verið ráð fyrir því í upphafi. Þannig virðist þessi þjónusta einkum taka mið af líkamlegri heilsugæslu. Þar fer þó alltaf fram einhver ráðgjöf og greining á einstökum málum og er hún mikilvæg þó í litlum mæli sé."

Síðan er vikið að göngudeildum geðdeilda. Þar kemur fram eftirfarandi:

„Hér er á að skipa sérhæfðu starfsfólki í geð- og samskiptafræðum. Þó eru skiptar skoðanir um það meðal ráðamanna á þessu sviði í hvaða mæli almenn fjölskylduráðgjöf, skilnaðarfræðsla eða hjónameðferð eigi heima inni á geðdeildum. Reynslan hefur enn fremur sýnt að almenningur hefur veigrað sér við að leita á geðdeildir með svokölluð vandamál daglegs lífs, enda tengist geðheilbrigðisþjónustan í huga fólks oft geðrænum truflunum og vanda af sjúklegum toga."

Síðan er vikið að þörfinni og kemur þar fram að töluvert sé um að almenningur spyrjist fyrir á göngudeildum geðdeilda um möguleika á fjölskylduráðgjöf þegar vandi kemur upp í fjölskyldunni, en ef fólk vill síður fara á skrá hjá geðheilbrigðisþjónustunni eða hefur ekki tök á að greiða fullan sérfræðingataxta er um fáa kosti að velja. Tilvísanir á stofur sérfræðinga berast sífellt frá félagsmálastofnunum, heimilislæknum og heilsugæslustöðvum. Allnokkuð er um tilvísanir frá félagsráðgjöfum á sjúkrahúsum. Í þessum tilvikum liggur til grundvallar mat félagsráðgjafa og lækna eða hjúkrunarfræðinga sem oft hafa þá átt nokkur greiningarviðtöl við viðkomandi einstaklinga, hjón eða fjölskyldu og mæla með sérhæfðri fjölskylduráðgjöf og meðferð á þeim grundvelli.

Víðast hvar í nágrannalöndunum og í Bandaríkjunum er nú rekin sérstök fjölskylduráðgjöf. Hún er ýmist rekin af hinu opinbera eða heilbrigðisþjónustunni, af hagsmunasamtökum eða af einkaaðilum og þá oft með styrk frá ríki, sveitarfélögum eða öðrum. Flestir eru sammála um nauðsyn þess og réttmæti að almenningur eigi kost á faglegri aðstoð í fjölskyldumálefnum, enn fremur að best færi á að hún starfi undir eigin nafni og tengist almennri félagsmála- og heilbrigðisþjónustu. Þannig er almenningi gert jafnt undir höfði. Möguleiki væri á að leita hjálpar milliliðalaust og þagnarvernd væri vel tryggð."

Ég taldi ástæðu til þess að rekja nokkur atriði úr greinargerð Sigrúnar Júlíusdóttur félagsráðgjafa sem starfað hefur einmitt að því máli sem frv. þetta fjallar um eða fjölskylduráðgjöf.

Virðulegi forseti. Ég tel að hér sé um mjög brýnt verkefni að ræða sem ástæða er til að reyna hér, starfsemi sem taka á á mjög vandasömum málum sem hætt er við ef ekki er við brugðist að verði miklu alvarlegri og kostnaðarsamari fyrir þjóðfélagið en starfræksla slíkrar fjölskylduráðgjafar sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Hér er því um mikilvæga fyrirbyggjandi starfsemi að ræða sem getur komið í veg fyrir erfið og þung félagsleg vandamál í fjölskyldum.

Starfshópurinn sem um þetta mál fjallaði lagði á það mat hvað gera mætti ráð fyrir að starfsemi slíkrar ráðgjafar kostaði. Niðurstaðan varð sú að áætlaður kostnaður við rekstur fjölskylduráðgjafar miðað við tvo sérfræðinga, annan með stjórnunarábyrgð, ásamt ritara í um 100 m^2 leiguhúsi yrði um 6 millj. kr. á verðlagi 1988.

Hins vegar er gert ráð fyrir því í frv. að gjaldtaka verði fyrir þessa þjónustu og að um það verði sett reglugerð. Brýnt er þó að gjaldtakan verði við það miðuð að sérstakt tillit verði tekið til efnalítils fólks. Þar sem hér er ekki um ókeypis þjónustu að ræða ætti það að verða til þess að fólk legði sig frekar fram um að árangur næðist. Tekjur af þjónustunni mundu eiga a.m.k. að hluta til að standa undir kostnaði.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta mál fleiri orð. 1. gr. frv. felur það í sér að hið opinbera veiti aðstoð í sambúðarslita- og skilnaðarmálum. Lögð er áhersla á að þjónustan verði undir yfirstjórn félmrn. þar sem félagsleg aðstoð er veitt á vegum sveitarfélaganna sem félmrn. hefur eftirlit með. Ekki þykir heppilegt að tengja þjónustuna dómsmrn. þar sem það ráðuneyti úrskurðar í flestum tilvikum í forsjárdeilumálum. Einnig má benda á að barnaverndarnefndir sem heyra undir menntmrn. eru umsagnaraðilar í forsjárdeilum. Gert er ráð fyrir að miðstöð ráðgjafarinnar verði fyrst um sinn á höfuðborgarsvæðinu, en hún þjóni öllu landinu.

Eins og fram kemur í ákvæði til bráðabirgða er hér lagt til að þessi starfsemi verði fyrst um sinn tilraunastarfsemi bundin við þrjú ár. Þá er gert ráð fyrir að úttekt verði gerð á starfseminni og á grundvelli hennar ákveðið hvert framhald málsins skuli vera og hvernig megi koma betur til móts við þarfir fólks á landinu öllu. En við endurskoðun er sérstaklega miðað við að athugað verði hvort staðsetja beri starfsemina víðar um landið, t.d. í tengslum við skipulag félagsþjónustu sveitarfélaga, en í undirbúningi hefur verið á vegum félmrn. að setja löggjöf um

félagsþjónustu sveitarfélaga og væri einmitt fengur að því áður en til slíkrar lagasetningar kæmi að einhver reynsla fengist af þeirri fjölskylduráðgjöf sem frv. þetta gerir ráð fyrir.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Það ber að fagna því að þetta frv. skuli nú vera komið fram. Vonandi verður það til þess að einhverrar hreyfingar sé að vænta í málefnum fjölskylduráðgjafar almennt. Ég vil lýsa yfir stuðningi við þetta frv. og tel að það muni verða til mikilla bóta. Ég held að það sé rétt að þróa slíka tilraunastarfsemi fyrst hér á höfuðborgarsvæðinu og í því sé í raun ekki fólgin mismunun vegna þess að þegar reynsla er komin á starfsemina þá verði hún ferjuð út í dreifbýlið á traustari grundvelli en nú væri og sjálfsagt að þessi þjónusta sé fáanleg í næsta umhverfi og þess vegna á vegum sveitarfélaga í framtíðinni. Hins vegar tel ég nauðsynlegt að sú verkaskipting sem fyrir liggur og er í mótun milli ríkis og sveitarfélaga verði ekki til þess að tefja framgang þessa máls, en að það fái brautargengi hér á þinginu.

Hins vegar finnst mér það athugavert við frv. að það er of takmarkað, þ.e. ráðgjöfin og aðstoðin nær einungis til ákveðins mjög takmarkaðs sviðs. Og þó að ég viðurkenni að þar sé vissulega hjálpar þörf og þar séu verkefni sem þurfi að sinna betur og á annan hátt en verið hefur, þá er hann mjög þröngur og skýrt afmarkaður sá málaflokkur sem ráðgjöfinni er ætlað að sinna. Því er þetta frv. í raun alls ekki um fjölskylduráðgjöf í víðasta skilningi, heldur fyrst og fremst aðstoð í tengslum við sambúðarslit foreldra, eins og stendur í 1. gr., með höfuðáherslu á úrlausn forsjár- og umgengnisréttarmála. Mér fannst reyndar málflutningur hæstv. ráðherra og sú greinargerð sem hún flutti frá Sigrúnu Júlíusdóttur félagsráðgjafa renna sterkum stoðum undir það að það er brýn nauðsyn á því að setja á laggirnar slíka aðstoð og í svipuðu formi og hér er hugsað sem tilraunastarfsemi sem síðan yrði ferjuð út til sveitarfélaganna.

Hæstv. ráðherra minntist á ýmsa þjónustu sem þegar er fyrir hendi í samfélaginu, t.d. heilsugæslustöðvarnar, en ég er þess fullviss að þar er hvorki fyrir hendi nægileg sérfræðileg aðstoð og þekking né heldur tími til þess að leysa vanda af þessu tagi. Ég held að þar eigi fólk fullt í fangi með að sinna líkamlegum kvillum og hafi ekki svigrúm eða bolmagn til þess að taka á þessum málum í nógu ríkum mæli. Sálfræðideildir skóla má líka nefna til. Þeim er ætlað fyrst og fremst greiningarhlutverk og þar er líka sami vandinn. Þar er ekki nóg af starfsfólki með sérfræðilega þekkingu sem sinnt getur þessum málum í nógu ríkum mæli.

Hæstv. ráðherra minntist á félagsmálastofnanir. Reyndin er sú að þau mál sem þangað koma eru mál fólks sem komið er í algjör þrot þannig að þar er um að ræða verulegar kreppur og vandamál sem eru allt annars eðlis en þau vandamál þar sem má koma í veg fyrir djúpstæðan ágreining eða mikinn vanda og byggja fólk upp þannig að það lendi ekki í því að þurfa að leita til félagsmálastofnana eins og nú er.

Hæstv. ráðherra vék einnig að göngudeildum geðdeildanna og sagði réttilega að þar væri um að ræða stofnanir sem mjög margir veigra sér við að sækja vegna þess að þeir telja sig ekki endilega eiga heima í þeim hópi. Þar er um að ræða viðhorf sem auðvitað þyrfti að breytast, en það verður að horfast í augu við raunveruleikann.

Mín tillaga er sem sé sú að þetta verði almennt víkkað út og látið taka til víðara sviðs. En ég vil samt leggja áherslu á að ég tek undir efni þessa frv. og styð það heils hugar. Ég geri mér grein fyrir því að þarna er mikill vandi á ferðinni sem þarf að taka betur á en nú er og koma í ákveðinn farveg.

Það er kannski líka smáatriði sem vert væri að taka fram að það er sérstaklega getið um sérfræðiaðstoð sálfræðinga og lögfræðinga. Það er út af fyrir sig mjög gott að þarna skuli eiga sæti lögfræðingar vegna þess að oft er um að ræða lagalegan rétt og skilgreiningu á honum, en hins vegar er kannski óþarfi að taka sérstaklega fram sálfræðinga umfram aðra félagssálfræðilega menntaða sérfræðinga. Þar koma margir til eins og geðlæknar, félagsráðgjafar, geðhjúkrunarfræðingar og uppeldisfræðingar svo eitthvað sé nefnt. Það er kannski miklu fremur til þess fallið að skapa óánægju og efla rígmilli starfsstétta sem vinna að sömu málunum að tilgreina á þennan sérstaka hátt sálfræðinga umfram aðra þó að það sé vitanlega engin gagnrýni á þeirra starf eða hæfni á sviði skilnaðarráðgjafar. Það væri kannski æskilegra að í frv. væri kveðið á um að tryggt væri að þeir sem starfræktu þessa þjónustu hefðu sérfræðiþjálfun á sviði fjölskyldumeðferðar eða fjölskylduvinnu og þá einkum skilnaðarráðgjafar eins og frv. liggur hér fyrir.

Vonandi er þessari hugmynd ætlað að þróast áfram þannig að fjölskylduráðgjöf gæti rúmast með þessu og finnst mér í raun ríkástæða til þess að freista þess að gera brtt. eða á annan hátt að reyna að víkka út starfssvið þessarar fjölskylduráðgjafar þannig að hún geti orðið að réttnefni.

En ég vil ítreka að þrátt fyrir þessa gagnrýni sem ég hef borið fram þá er það ekki vegna þess að ég sé ósammála frv. sem slíku. Ég tel það mjög nauðsynlegt og gott að það er komið fram en ég tel jafnframt að það þurfi að víkka út þessa aðstoð og efla hana og alveg á sama hátt og lagt er til í þessu frv.

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Það frv. sem hér er lagt fram er samið af starfshópi á vegum félmrn. Ásamt þáv. aðstoðarmanni hæstv. félmrh., Láru V. Júlíusdóttur, eru allir þeir sem þennan starfshóp skipa í störfum sem tengjast sérstaklega hagsmunum barna og þá ekki síst við forsjár- og umgengnisréttarmál, eins og reyndar hæstv. félmrh. gat um hér áðan, þar á meðal formaður barnaverndarráðs og formaður barnaverndarnefndar Reykjavíkur og átti ég sæti í þessum starfshópi. Þykir mér því rétt og skylt að reyna að skýra örlítið nánar hvað hér er átt við.

Fyrst má þess geta að það sjónarmið hefur komið fram að hér sé um of þröngt svið að ræða þar sem þetta sé frv. til l. um fjölskylduráðgjöf, sbr. hins vegar 1. gr. frv. sem hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Á vegum hins opinbera skal veita ráðgjöf í skilnaðarmálum, fræðslu um málefni barna í tengslum við sambúðarslit foreldra og leiðbeiningar um úrlausn í forsjár- og umgengnisréttarmálum."

Þetta sjónarmið, að um of afmarkað svið sé að ræða, kom m.a. fram í ræðu hv. þm. Guðrúnar Agnarsdóttur hér áðan og enn fremur kemur það fram í athugasemdum frá starfshópi um félags- og heilbrigðismál frá Samtökum jafnréttis og félagshyggju, að vísu með örlítið öðrum forsendum og langar mig til þess að gera nánar grein fyrir því.

Í þessum athugasemdum sem sendar voru hæstv. félmrh. segir m.a., með leyfi forseta:

„Þetta nýja frumvarp um fjölskylduráðgjöf miðar einungis að því að vinna með bráðavanda þeirra fjölskyldna sem eru að flosna upp. Gert er ráð fyrir sérstakri stofnun um þetta afmarkaða svið. Þetta er í andstöðu við alþjóða heilbrigðisstefnu WHO, útfærslu þeirrar úreltu stefnu sem hefur leitt okkur inn á blindgötur skammsýni og tengslaleysis." — Hér þykir mér nokkuð sterkt tekið til orða. Hins vegar er það rétt að vinna á með bráðavanda þeirra fjölskyldna sem eru að flosna upp og á því er full þörf. En aðaltilgangur frv. er að sjálfsögðu, eins og fram kemur í grg., forvarnarstarf og er mat starfshópsins að með auknu fyrirbyggjandi starfi, eins og hér er lagt til, megi oft komast hjá þeim skaða sem illskeyttar skilnaðardeilur foreldra valda börnum. Þetta er að sjálfsögðu meginatriðið. Deilur um það hvort hér sé um of afmarkað svið að ræða hjálpar ekki þeim börnum sem svo sannarlega þurfa á hjálp að halda.

Þeim sem vinna með barnaverndarmál og forsjáreða umgengnisréttardeilur ber lagaleg skylda til að komast að þeirri niðurstöðu sem hagsmunum barns er fyrir bestu. Þessi mál geta þó verið erfið viðureignar ef foreldrar eru ekki fúsir til samvinnu og sætta sig ekki við niðurstöður, t.d. hvort hjóna fari með forsjá barns. Slíkt getur komið mjög illa við börnin sem að sjálfsögðu í flestum tilvikum vilja hafa jafngott samband við báða foreldra. Þess vegna er það mjög brýnt að vinna með foreldrum að því að komast að sameiginlegri niðurstöðu t.d. um forsjá eða umgengnisrétt þannig að allir megi vel við una.

Sérfræðingar munu almennt sammála um það að skilnaðarbörnum getur liðið mjög illa og deilur foreldra geta haft langvarandi áhrif, jafnvel þannig að sá skaði á sálarheill verði aldrei bættur. Það er einnig stutt af mörgum rannsóknum. Þess vegna mun það meginatriðið, sem bæði sálfræðingar, félagsráðgjafar nú eða aðrir svo til sérmenntaðir leggja áherslu á, að foreldrar sýni skilning á þörfum barna þegar um skilnað er að ræða.

Enn fremur kemur fram í athugasemdum frá Samtökum jafnréttis og félagshyggju, með leyfi virðulegs forseta:

„Þegar Alþingi Íslendinga fjallar um málefni fjölskyldunnar hlýtur að vera áríðandi að minnast þess annars vegar að það sérsvið sem hér er til umfjöllunar heyrir nú þegar undir barnaverndarnefndir og félagsmálastofnanir um land allt. Við teljum áríðandi að byggja upp og styðja við starfsemi þessara stofnana þannig að þær verði betur færar um að ná árangri út frá fyrrgreindri heildarsýn í náinni samvinnu við heilbrigðiskerfið í landinu."

Þetta er að sjálfsögðu sjónarmið sem full ástæða er til að gaumgæfa. Það er brýnt að barnaverndarnefndir og félagsmálastofnanir nái að sinna störfum sínum sem best og það á ekki síst við víða úti á landi þar sem um lítil byggðarlög er að ræða og fámenn, sérstaklega þar sem barnaverndarnefndir eru til staðar en þær eru jafnmargar og hreppar þessa lands. En í þessu frv. er alls ekki verið að gera lítið úr mikilvægi þessara starfa, heldur er hér um viðbótarþjónustu að ræða. Þetta verða menn að athuga.

Í þessum athugasemdum er líka talað um heilsugæslu á Íslandi og þar er nefnd sérstaklega til skýrsla, sem ég hef hér undir höndum, um uppbyggingu fjölskylduráðgjafar við heilsugæslustöðina á Akureyri. Þar er talinn upp tilgangur þess að ráða fjölskylduráðgjafa að heilsugæslustöðinni á Akureyri og þar eru sett fram ákveðin markmið sem stuðla að því m.a. að skjólstæðingur fái samhliða núverandi þjónustu félagslega og sálfræðilega ráðgjöf. Að greina vandamálin og meðhöndla áður en skaði er skeður. Að fyrirbyggja félagsleg vandamál og sjúkdóma tengd þeim með einstaklings- og hópfræðslu. Að aðstoða hina ýmsu faghópa við að greina og finna úrlausn vandamála skjólstæðings síns o.s.frv.

Hvergi er hér getið nákvæmlega um þann tilgang sem þetta frv. tekur til, né heldur er hér um lögfræðilega þjónustu að ræða sem er að sjálfsögðu mjög mikilvæg í þessum málum því það þarf að hjálpa fólki til þess að leysa deilur varðandi skilnað eða sambúðarslit og það má ekki gleymast að atriði eins og t.d. varðandi skipti á fjárfélagi, húsnæði o.fl. geta haft veruleg áhrif á hagsmuni barna við skilnað og það hvort fólk nær samkomulagi almennt um nokkur atriði. Á þetta legg ég ríka áherslu.

Ég tel að þetta sé hið besta mál og legg á það ríka áherslu að það verði vakin athygli á vanda þeirra barna þar sem foreldrar hafa lent í skilnaði eða sambúðarslitum. Ég tel enn fremur að sú tímabundna starfsemi, sem gert er ráð fyrir í frv., muni leiða í ljós hversu mikil þörfin er og hjálpa okkur til þess að gera viðeigandi ráðstafanir. Ég lýsi því yfir stuðningi við þetta frv.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Ég vil einungis koma hér upp til þess að lýsa ánægju minni með það að þetta frv. skyldi hafa verið lagt fram. Ég held að sú hugsun sem kemur fram í frv. sé mjög góð. Ég tel raunar mjög mikla nauðsyn á því að starfrækja fjölskylduráðgjöf og ekki aðeins hér heldur vítt og breitt um landið, sérstaklega varðandi börn þeirra foreldra sem lenda í

skilnaði. Oft og tíðum er það mjög miklum erfiðleikum bundið að sjá um að börnin bíði ekki tjón af breytingunni og að fjölskyldur, og þá oft tvær fjölskyldur sem úr þessu verða, geti átt eðlileg samskipti þegar fram í sækir.

Ég þekki það nokkuð af eigin raun hvernig svona mál hafa gengið fyrir sig og hvaða vandamál oft hafa skapast. Það hefur einkum verið dómsmrn. sem hefur haft með úrlausn svona mála að gera og úrskurðað í skilnaðarmálum. Síðan hafa barnaverndarnefndir á hinum ýmsu stöðum kynnt sér fjölskylduaðstæður hjá viðkomandi aðilum þegar ekki er samkomulag milli foreldra um það hvernig með börn skuli fara. Ég hef orðið fyrir miklum vonbrigðum með það hversu langan tíma þetta hefur stundum tekið og oft og tíðum verið mjög erfitt að fá ákveðnar og góðar niðurstöður í þessum málum. Þess vegna fagna ég því, eins og ég sagði í upphafi, að ætlunin er að setja á stofn einhvers konar fjölskylduráðgjöf þar sem mundu vera sálfræðingar og lögfræðingar innan dyra. Ég tel einmitt mjög nauðsynlegt að þar skuli vera lögfræðingar að því leyti til að oft og tíðum þegar svona mál eru rædd skortir aðstoð lögfræðinga til þess að túlka ýmis álitamál sem upp koma.

En ég vildi spyrja hæstv. félmrh. að því hvernig þetta er hugsað. Ég náði því ekki alveg í hennar ræðu hvernig þetta er hugsað, hvenær þetta kemur til framkvæmda og hvernig þetta er hugsað í framkvæmd. Verður þetta sérstök stofnmiðstöð sem sinnir bara þessu eina máli? Hvernig tengist þetta starfi barnaverndarnefnda? Hvernig verða tengslin við dómsmrn. o.s.frv.? Það er lítið hægt að sjá svona beint á frv. og í grg. hvernig tengslin verða á milli allra þessara þátta, bæði varðandi fjölskylduráðgjöfina, hvaða hlutverki barnaverndarnefndir eiga að gegna í framtíðinni varðandi þetta afmarkaða svið og svo hvernig dómsmrn. kemur þá inn í þetta eða fjölskyldudeild dómsmrn. Að vísu hefur sú deild í dómsmrn. aðallega séð um að úrskurða um það hjá hvoru foreldri barn á að lenda ef ágreiningur verður um slíkt. En fyrir forvitnissakir, til að sjá hvernig þetta verður allt í framkvæmd, væri gott að fá upplýsingar um það frá hæstv. félmrh.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir það sem hér hefur verið sagt um það mikla vandamál sem efni þessa frv. fjallar um, þ.e. afleiðingar af skilnaðarmálum og þörf á því að hjálpa þeim sem í þeirri ógæfu hafa lent. Mig langar hins vegar að víkja að tveimur atriðum frá aðeins öðru sjónarhorni en hér hefur komið fram til íhugunar og athugunar þá fyrir þá nefnd sem um þetta mál mun fjalla.

Í fyrsta lagi þekkjum við það sem höfum kynnst afleiðingum hjónaskilnaða í starfi okkar að það er varla hægt að lýsa því í nógu skýrum dráttum hversu ömurleg eru stundum örlög þeirra einstaklinga sem í því lenda, þá fyrst og fremst barnanna sem þar eiga hlut að máli. Að sjálfsögðu viljum við öll gera það sem við getum til þess að hjálpa þeim. Hins vegar finnst mér gleymast hin hliðin að gera það sem við getum til þess að koma í veg fyrir að svona fari. Þar kemur mér í hug að þetta er að nokkru leyti aðeins einn angi, einn hluti af því gífurlega vandamáli sem áfengisneysla í landinu veldur.

Neysla áfengis og annarra vímugjafa á stóran hlut í því hve hjónabönd enda oft með skilnaði. Hér er því verið að glíma við eina af afleiðingum þess vanda. Því miður virðist það vera svo að Alþingi vilji frekar snúa sér að þeirri hliðinni að reyna að gera eitthvað sem á að draga úr afleiðingum en að koma í veg fyrir eða draga úr orsökunum. Þar á ég við sívaxandi áfengisneyslu en á síðasta þingi var ákveðið að auka mjög fjölbreytni og framboð áfengis og má búast við að afleiðingarnar láti ekki á sér standa. Það mál þarf að sjálfsögðu að ræðast undir öðrum dagskrárlið en ég held að það væri full ástæða til þess að Alþingi ræddi nú í vetur þá hlið málsins hvort alþingismenn vilja ekki í raun leggja eitthvað á sig til að draga úr orsök og afleiðingum af sívaxandi neyslu, m.a. því sem kemur fram í hjónaskilnuðum og þeim vanda sem þetta frv. fjallar m.a. um.

Hv. 8. þm. Reykv. las hér upp setningu eitthvað á þá leið að menn stefndu inn í blindgötu skammsýni og tengslaleysis og mér datt einmitt í hug hvort það ætti ekki við um þetta svið líka. Menn eru að reyna að klóra í bakkann og að setja upp einhverja varnargarða í staðinn fyrir að reyna að draga úr flaumnum. En engu að síður vil ég leggja áherslu á að að sjálfsögðu viljum við öll gera það sem við getum til að hjálpa þessum einstaklingum þegar út í óefni er komið.

Hitt atriðið er svo að benda aðeins á hvort í sambandi við svona hjálparstarf, aðstoðarstarf, væri ekki rétt að hafa eina stofnun enn í huga en það er kirkjan í landinu. Við vitum að það eru fjölmargir einstaklingar sem leita til hennar starfsmanna í sínum þrengingum á öllum tímum sólarhrings. Mér er að sjálfsögðu ljóst að núverandi starfsmenn kirkjunnar ráða ekki við öllu meira starf en þeir annast. En ég held að það gæti verið æskilegt að hafa í huga hvort það ætti ekki að skoða samstarf við þá stofnun í landinu líka. Kirkjan er með á sínum vegum hjálparstofnun sem vinnur fyrir fjarlægar þjóðir ásamt okkar eigin þjóð og hér er um að ræða verkefni sem er nátengt hennar starfi.

Svipað kom upp í huga minn fyrir örstuttu heyrði ég einhverjar glefsur af fundi sem hér var haldinn þar sem verið var að ræða um friðarfræðslu í skólum. Ég heyrði ekki nema lítið af því, aðeins síðustu orðin, og veit því ekki hvað þar fór fram. En í þessum orðum, þegar verið var að tala um friðarfræðslu í skólum, var ekki minnst á kristindómsfræðsluna í skólum sem virðist hafa verið minnkandi áhersla á á síðustu árum og áratugum. En að sjálfsögðu er þar fyrst og fremst um friðarfræðslu að ræða, hvernig við komum fram í samskiptum við náungann og þá einnig við aðrar þjóðir. Því er ekki ástæða til að gleyma því, heldur þvert á móti að íhuga hvort við höfum ekki einnig á því sviði á síðustu árum verið að fara inn á blindgötu

skammsýni með því að leggja minni áherslu en áður á kristindómsfræðsluna.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er um að ræða hið þarfasta mál, sem þetta frv. fjallar um, og ég kem því hér til að lýsa stuðningi við efnisatriði frv. Það lætur ekki mikið yfir sér, er aðeins tvær greinar, og ég verð að viðurkenna að mér fannst það dálítið óljóst og þröngt markað svið sem fram kemur í frv., en nú vill svo vel til að hér hefur tekið sæti í þessari hv. deild einn af höfundum þessa frv., sem hér kemur nú inn sem varamaður, hv. 8. þm. Reykv. Sólveig Pétursdóttir, og mér fundust koma ágætlega fram í hennar máli rök fyrir þeim atriðum sem eru þýðingarmikil og frv. fjallar um. Hún sagði að þetta frv. væri í raun og veru viðbótarþjónusta við það sem fyrir er í þessum efnum en ekki til höfuðs slíkri þjónustu ef ég skildi hana rétt, þ.e. við það starf sem barnaverndarnefndir og félagsmálastofnanir og jafnvel heilsugæslustöðvar veita í þessum erfiðu og viðkvæmu málum.

Ég geri ráð fyrir að það sé meiri þörf fyrir slíka þjónustu í fjölmennari byggðarlögum eða í þéttbýlinu og kannski fyrst og fremst á höfuðborgarsvæðinu, en mér er til efs að þjónusta sem þessi væri raunhæf fyrir fólk utan af landsbyggðinni ef það ætti að sækja hana hingað, eins og ég skil að er nú fyrirhugað, reyndar kannski aðeins tímabundið á meðan þessi tilraun fer fram, því að ég tel að það sé skilyrði fyrir því að slík þjónusta komi að notum að hún sé sem næst því byggðarlagi sem viðkomandi aðilar eru staðsettir í, þ.e. að slík þjónusta sé færð heim í héruð eins og svo oft er nú talað um. Ég vænti þess að gert sé ráð fyrir slíku seinna meir.

Ég get tekið undir það sem hv. 2. þm. Suðurl. kom inn á í sínu máli, þ.e. varðandi fyrirbyggjandi aðgerðir vegna þeirra vandamála sem oft eru grunnurinn að þeim vanda sem hér er ætlað að taka á. Ég get líka tekið undir að vissulega er það hlutverk kirkjunnar og prestanna eða sálusorganna að sinna slíkum verkefnum. Það er að því er ég best veit skylda þeirra að reyna að hjálpa fólki til þess að komast yfir slíka erfiðleika þegar sambúðarslit eru á döfinni, reyna sáttaleiðina. Hins vegar held ég að það sé alveg ljóst að *í nútímaþjóðfélagi verði ekki hjá því komist að* koma á slíkri þjónustu sem þetta frv. fjallar um.

Ég held að það sé líka hárrétt, sem hv. 8. þm. Reykv. kom hér inn á, að lögfræðiþjónustan er áreiðanlega mikill þáttur í þessu efni, ekki síst vegna þess að fólk veit oft ekki hvaða leiðir það á helst að fara til að leita slíkrar þjónustu og hún getur verið kostnaðarsöm. Ég held að þetta sé vissulega þýðingarmikill þáttur.

Einnig skiptir staðsetning á þessari þjónustu áreiðanlega miklu máli. Það er því miður þannig að reynsla fólks er ekki góð af embættismannakerfi ráðuneytanna þegar það þarf að leita þangað með erfið og viðkvæm mál, svo sem varðandi skilnaðarmál, forsjármál barna, ættleiðingar eða annað slíkt. Það virðist oft vera ansi þungt í vöfum og fólk á þá í erfiðleikum með að fá afgreiðslu sinna mála. Þess vegna held ég að það skipti miklu máli hvar staðsetning þessarar þjónustu verður hugsuð og eins og ég sagði áðan held ég að sé þýðingarmikið að hún verði færð sem víðast heim í héruð eftir því sem tímar líða.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna framkomu frv. sem hér er til umræðu og er sammála því að nauðsyn ber til að koma á fót ráðgjöf og aðstoð við foreldra og börn sem hafa lent í skilnaði eða sambúðarslitum því að þó svo það séu foreldrarnir sem ákveða að slíta sambúð eða hjónabandi eru þetta einkum sambúðarslit barna og oft annars foreldris og getur skilið eftir sig varanleg merki í sálarlífi barna ef ekki er brugðist rétt við. Því er það fagnaðarefni að hér hefur verið lagt fram frv. þess efnis að hið opinbera standi að því að veitt sé þjónusta og aðstoð sérfræðinga í slíkum tilvikum.

Það eru samt sem áður nokkrar athugasemdir sem mig langar að gera við þetta frv. og mun að sjálfsögðu gera í félmn. en ég á sæti þar. Þá er þar fyrst að nefna staðsetninguna eins og hv. þm. Salome Þorkelsdóttir benti á áðan. Ég efast um að það gefi rétta mynd ef aðeins á að þróa þessa starfsemi á höfuðborgarsvæðinu og gefa til þess þrjú ár. Ég er alls ekki viss um að þörfin sé sú sama eða sams konar í dreifbýlinu og hér í þéttbýlinu.

Algengar orsakir skilnaðar eða sambúðarslita eru peningavandamál og mjög dýrt og oft erfitt fyrir einstaklinga að sækja þjónustu hingað til Reykjavíkur. Það er jafnframt yfirlýst stefna þessarar ríkisstjórnar að standa að því að dreifa opinberri þjónustu um landið og við hjá Alþb. höfum stutt þetta, haft það markmið á oddinum hjá okkur í stefnu okkar. Ég held að þarna gefist tækifæri þegar farið er af stað með nýja þjónustustofnun.

Einnig tengist frv. kannski beint verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og tekjuöflun sveitarfélaga. Ég vil hugsa það vel áður en ég samþykki að vera skuli gjaldtaka fyrir slíka þjónustu.

Ég ítreka að ég er ekki sannfærð um að þriggja ára reynslutími slíkrar miðstöðvar fjölskylduráðgjafar, sem staðsett væri í Reykjavík, gæfi rétta mynd og þá kannski ekki síst vegna þess, sem ég nefndi áðan, að það er mjög dýrt fyrir þá sem lengst eiga að fara að sækja til Reykjavíkur til þess að ná í þá þjónustu og fólk veigrar sér þá e.t.v. við því og jafnvel þannig að það gæfi ekki rétta mynd af þeirri þörf sem er fyrir hendi.

Síðan vil ég varpa fram þeirri spurningu hvort ekki er rétt, þó svo um sérstaka miðstöð fjölskylduráðgjafar sé að ræða, að hún sé staðsett á heilsugæslustöðvum sem eru til staðar í landsfjórðungunum öllum og vítt og breitt um landið. Þar væri auðvelt að koma henni fyrir og ég legg áherslu á það að ef frv. verður hér samþykkt verði talað um t.d. tvær stöðvar til reynslu og mætti hugsa sér aðra hér í Reykjavík en aðra fyrir austan eða norðan.

Guðrún Agnarsdóttir:

Aðeins örfá orð, hæstv. forseti, vegna ummæla hæstv. forseta í ræðustól áðan varðandi friðarfræðslu.

Ég hygg að þær glefsur af fundi sem hann heyrði getið um í útvarpinu hafi verið af fundi sem Kvennalistinn hélt nýlega á Hótel Borg um vígbúnað á Íslandi. Þá vil ég einungis vegna orða hans leggja mikla áherslu á að þeir sem mest hafa velt fyrir sér friðarfræðslu og framkvæmd hennar telja að hún eigi sannarlega samleið með friðarboðskap kristinnar trúar og þar eigi einnig að vera samvinna á milli heimilanna og foreldra og þess friðarboðskapar sem þau brýna fyrir börnum sínum. Ég held því að þar sé enginn ágreiningur.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég skal ekki verða til þess að lengja þessa umræðu, en ég tel þó ástæðu til þess að standa hér upp og þakka þær umræður sem hér hafa orðið, sem hafa enn frekar sannfært mig um að hér sé mjög brýnt og þarft mál á ferðinni. Hér hafa margir hv. þm. tjáð sig um þetta mál sem hafa þekkingu á þessu máli og ég heyri ekki annað en það sé samdóma álit þeirra sem hér hafa talað að það sé mikið gagn og gildi af þessari starfsemi. Ég vek einnig athygli á því að um þetta málefni hafa úr þessum ræðustól tjáð sig þingmenn úr öllum flokkum sem lýst hafa jákvæðri afstöðu til málsins þannig að ég vænti þess að þetta frv. nái fram að ganga.

Það var beint til mín ákveðinni spurningu frá hv. þm. Guðmundi Ágústssyni sem spurði hvernig þessi fjölskylduráðgjöf ætti að starfa og hvernig hún tengdist starfi barnaverndarnefnda. Það kemur fram í frv. að hér er um að ræða að þetta verði sérstök miðstöð fjölskylduráðgjafar undir yfirstjórn félmrn. og þessi fjölskylduráðgjöf breytir í engu starfi barnaverndarnefnda, en komist þessi fjölskylduráðgjöf á laggirnar hlýtur hún vitaskuld að starfa að einhverju leyti í samvinnu við barnaverndarnefndir og þá aðila sem um þessi mál fjalla.

Það hefur verið komið inn á það hér, m.a. af hv. síðasta ræðumanni, að þessi starfsemi ætti að vera inni á heilsugæslustöðvunum. Ég held að það sé rétt, eins og er lagt til reyndar í frv., að þetta þróist til reynslu sem sjálfstæð fjölskylduráðgjöf og síðan muni reynslan og endurskoðunin sem hér er gert ráð fyrir skera úr um hvernig þessu verður svo háttað í framtíðinni, hvort þetta verði þá í tengslum við félagslega þjónustu sveitarfélaganna. Ég vek þó athygli á því að fyrir utan að það séu sérfræðingar sem starfi í þessari fjölskylduráðgjöf, t.d. sálfræðingar, er hér gert ráð fyrir lögfræðingi sem eins og hv. þm. Sólveig Pétursdóttir kom inn á er mjög veigamikill þáttur í slíkri starfsemi.

Eins og hér hefur komið fram og hv. þm. Sólveig Pétursdóttir kom reyndar inn á líka er hér um að ræða, eins og hún orðaði það, viðbótarþjónustu við þá þjónustu sem fyrir er þannig að hér er á engan hátt verið að fara inn á verksvið heilsugæslustöðva eða félagsmálastofnana heldur er fyrst og fremst um viðbót að ræða þar sem tekið er á þeim vandamálum sem heilsugæslustöðvar eða félagsmálastofnanir hafa ekki ráðið við.

Ég vil segja í lokin, herra forseti, að ég tel að hér sé mjög brýnt mál á ferðinni sem eigi að reyna vegna þess að skilnaðarmál og forsjárdeilumál sem þessi fjölskylduráðgjöf á fyrst og fremst að fjalla um bitna oft með miklum þunga og mjög harkalega á börnum og það oft svo harkalega að þau bera þess alvarlegar menjar lengi á eftir og kannski alla ævi. Ef slík fjölskylduráðgjöf, þó hún kosti eitthvert fé, getur komið í veg fyrir að skilnaðarmál lendi með miklum þunga á börnum er tilganginum með þessu frv. náð vegna þess að hér erum við að koma á fjölskylduráðgjöf sem á fyrst og fremst að halda uppi fyrirbyggjandi starfi, forvarnarstarfi til þess einmitt að vinna með bráðavanda fjölskyldna sem kemur upp í skilnaðarmálum og koma þá í veg fyrir að málin verði miklu erfiðari og flóknari en þau ella þyrftu að vera. Við skulum þá hafa í huga að ef mál þróast upp í það að verða mjög erfið og bitna með miklum þunga á börnunum getur það verið samfélaginu miklu dýrara en það sem kostar að koma upp síkri fjölskylduráðgjöf.

En ég þakka fyrir þær umræður sem hér hafa orðið og vona að þetta mál nái fram að ganga á þessu þingi.

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Mig langar til þess að benda hv. þm. á það sem er í greinargerð en ekki kom fram í nefndaráliti starfshópsins að um er að ræða viðbót. Þessi starfshópur taldi að það gæti valdið misskilningi um tengsl þessarar þjónustu við aðra félagsmálaþjónustu í landinu og þar vil ég nefna til atriði eins og t.d. um barnaverndarnefndir. Hér segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Barnaverndarnefndir, sem eru umsagnaraðilar í umgengnisréttar- og forsjárdeilumálum, eru ekki í stakk búnar til að veita sérstaka fjölskylduráðgjöf, enda ekki heppilegt að slík ráðgjöf sé einnig í höndum þeirra sem e.t.v. þurfa síðar að veita umsögn í forsjárdeilumáli sömu aðila."

Þetta hefur e.t.v. valdið nokkrum misskilningi hjá hv. þm. og finnst mér að þessi fullyrðing eigi ekki rétt á sér hér. Vísa ég sérstaklega til þess að nú stendur yfir endurskoðun á barnaverndarlögum þar sem gera má ráð fyrir því að mestur vandi stafi af því m.a. hversu margar barnaverndarnefndir eru úti um allt land og í fámennum byggðarlögum þar sem e.t.v. er ekki kostur á sérfræðiþjónustu o.s.frv. Það má vænta þess að félagsmálaþjónusta almennt í landinu, ekki síst hvað snertir barnaverndarnefndir, muni komast fjótlega í betra horf.

Ég minntist á þetta sérstaklega einnig vegna þess að hv. þm. Guðmundur Ágústsson var að spyrja áðan um tengsl barnaverndarnefnda við þá ráðgjafarþjónustu sem um er rætt í frv. Eins og ég sagði áðan er um viðbótarþjónustu að ræða. Starfsmenn félagsmálastofnunar, læknar og aðrir sérfræðingar geta vísað

fólki á þessa þjónustu að sjálfsögðu, en ekki síst mun þó fólk geta leitað eftir þessari þjónustu að eigin vilja og frumkvæði.

Hæstv. þingforseti velti því fyrir sér áðan hvort í þessu frv. væri einungis verið að byggja varnargarð, en það orð var notað. Að sjálfsögðu er það satt og rétt að betur þyrfti að treysta fjölskylduböndin í þessu þjóðfélagi, en ekki verður séð að það sé alltaf haft í huga. Jafnvel getum við tekið dæmi um alla þá hækkun á sköttum, bæði beinum og óbeinum, sem hæstv. ríkisstjórn stendur fyrir sem getur valdið heimilum þungum búsifjum og jafnvel valdið hjónaskilnuðum. Það ber því margt að varast og víða þarf að byggja varnargarðana.

Lögfræðiþjónustan er hér einnig mjög mikilvæg og ítreka ég það því að ekki virðast liggja fyrir aðgengilegar upplýsingar fyrir almenning um þessi mál og skólayfirvöld virðast ekki sjá ástæðu til að fræða nemendur sína um einföldustu lögfræðilegar staðreyndir, svo sem lögfylgjur hjúskapar. Er þó ljóst að fyrir flestum þessara nemenda á eftir að liggja að stofna heimili með einum eða öðrum hætti. Ég tel fulla ástæðu til og raunar brýnt að á námsskrá skólanna sé sett einhver fræðsla á þessu sviði. Það er of seint að byrgja brunninn þegar barnið er dottið ofan í og leitt er til þess að hugsa hve mörg hjónabönd eða sambýli hafa flosnað upp m.a. vegna misskilnings eða fáfræði um eðli og lögfylgjur þessara sambanda.

Að lokum þakka ég hæstv. félmrh. fyrir framlagningu þessa frv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til félmn. með 14 shlj. atkv.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það er venja að það fylgi frv. hver sé flm. þess og eins og það frv. sem nú er vísað til nefndar lítur út á þingskjölum virðist það flutt af hæstv. félmrh. sem einstaklingi og er þá viðkunnanlegt að fram komi nafn þingmannsins. (**Menntmrh.:** Þetta er stjórnarfrumvarp.)

Forseti (Jón Helgason):

Ég hygg það vera að þegar um stjfrv. er að ræða sé það ekki tekið fram. (**GA:** Það var prentað upp.) Þá hafa hv. deildarmenn einnig fengið upphaflega frv. í hendur eins og það var lagt fram og þar hljóta þeir að hafa séð að það var stjfrv.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Þetta er ekki gert til að tefja tímann, aðeins leggja áherslu á að mér finnst rétt að þingskjöl beri með sér hvort þau séu stjfrv. og ég tók það svo vegna þess að frv. var prentað upp að ríkisstjórnin hefði ekki fallist á frv. en hins vegar hefði gleymst að skrifa flm. Ég óska eftir því að annað tveggja liggi frv. fyrir eins og stjfrv. eða það sé leiðrétt þannig að flm. komi fram eins og er á þmfrv.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Frv. er stjfrv. og um það er full samstaða í ríkisstjórninni og stjórnarflokkunum eins og önnur mál sem ríkisstjórnin flytur.

Háskóli Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 224. mál (dómnefndir og veiting embætta). — Þskj. 408.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Frv. sem hér liggur fyrir um breytingu á lögum um Háskóla Íslands er flutt í framhaldi af miklum umræðum sem urðu um stöðu Háskólans og embættaveitingar þar á sl. sumri. Meginbreytingarnar samkvæmt frv. eru sem hér segir:

Í 2. mgr. 1. gr. frv. er gert ráð fyrir því að inn í 11. gr. bætist að umsækjendur um lektorsstörf verði meðhöndlaðir með sama hætti og umsækjendur um önnur embætti við Háskólann, þ.e. prófessorsembætti og dósentsstörf.

Í 3. mgr. er um að ræða þá breytingu að það er gert ráð fyrir því að auk sérstakrar dómnefndar sem fjalli um umsækjendur og meti hæfi þeirra verði kvaddur til sérstakur ritari dómnefndar eða eins og segir í frvgr.:

„Háskólaráð skipar ritara dómnefnd til ráðuneytis, leiðbeiningar og annarrar aðstoðar. Háskólaráð setur reglur um starfshætti dómnefndar og hlutverk ritara og skulu þær lagðar fyrir menntmrh. til staðfestingar."

Hlutverk ritarans á að vera eins og þarna kemur fram að vera dómnefndinni til ráðuneytis, leiðbeiningar og annarrar aðstoðar, en hlutverk hans á líka að vera að tryggja rétt umsækjanda og að réttlátlega sé um mál hans fjallað.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir því að tvær meginbreytingar verði. Í fyrsta lagi að áður en háskóladeild fjallar um umsækjendur sem dómnefnd telur hæfa á að leita álits hlutaðeigandi skorar. Og af hverju er það gert? Jú, það er vegna þess að í háskóladeildum þar sem um er að ræða margvíslegar greinar, eins og í verkfræði- og raunvísindadeild og heimspekideild svo að tekið sé dæmi, er nauðsynlegt að kveðja til álit hlutaðeigandi skorar áður en háskóladeild fjallar um málið og kveður upp úrskurð sinn. Síðan er gert ráð fyrir því að lokum í þessari mgr. að engum manni megi veita prófessorsembætti, dósentsstarf eða lektorsstarf við Háskólann nema meiri hluti dómnefndar telji hann hæfan og meiri hluti deildarfundar mæli með honum í embættið eða starfið.

Hér er um að ræða mál sem fékk ítarlega meðferð í háskólaráði á sínum tíma. Það var snemma í október sem ég ræddi við háskólarektor og óskaði eftir því að háskólaráð gerði tillögur um hvernig best væri að mati háskólaráðs að fara með embættaveitingar við Háskólann með hliðsjón af því markmiði að tryggja

sem best sjálfstæði Háskólans. Í framhaldi af því óskaði ég síðan formlega eftir því 24. okt. að háskólaráð gerði tillögur að frv. og greinargerð í einstökum atriðum. Háskólaráð fjallaði síðan um þetta mál á fundi sínum 10. nóv. og svo aftur 24. nóv. þar sem það gekk frá samþykkt um málið. Háskólinn sendi samþykktina frá sér 29. nóv. Heimspekideild gerði sérstaka samþykkt út af þessu máli sem hún sendi menntmrn. og barst ráðuneytinu 21. des., en þá hafði frv. áður verið tekið fyrir í ríkisstjórninni þar sem það var afgreitt 15. des. — og vegna umræðu um síðasta dagskrármál er rétt að taka það fram að hér er að sjálfsögðu um stjfrv. að ræða.

Í 4. mgr. 1. gr. eru meginbreytingar frv. Þar er í fyrsta lagi gert ráð fyrir því að álit hlutaðeigandi skorar verði kynnt á deildarfundi áður en deildin fjallar um hæfa umsækjendur. Í öðru lagi er háskóladeild falið að velja nýjan háskólakennara úr hópi hæfra umsækjenda og loks er veitingarvald ráðherra takmarkað með þeim hætti sem kemur fram í greininni og gert ráð fyrir því að ráðherrann megi ekki veita manni stöðu nema hann hafi hlotið meðmæli dómnefndar og háskóladeildar. Takmarkanir á stöðuveitingavaldi ráðherra tíðkast við háskóla annars staðar og þær þykja eðlileg afleiðing af þeirri kröfu sem vert er að setja fram um sjálfstæði háskólastofnana. Það er mín skoðun að Háskólinn eigi að hafa sem allra mest sjálfstæði í þessu efni. Það er mín skoðun að það sé óeðlilegt að taka fram fyrir hendurnar á Háskólanum að því er varðar mál af þessu tagi og ég tel reyndar að krafan um sjálfstæði Háskólans stuðli að aukinni ábyrgð Háskólans um meðferð þessara mála sem og annarra.

Ég vil taka það fram að heimspekideild Háskóla Íslands gerði athugasemdir við þetta mál, bæði þegar málið var til meðferðar í háskólaráði og einnig þegar málið hafði verið afgreitt í háskólaráði barst mér bréf frá Málvísindastofnun Háskólans þar sem varað var við því að ganga eins langt og hér er gert ráð fyrir varðandi takmörkun á veitingarvaldi ráðherra.

Það álitaefni kom upp í sambandi við meðferð þessa máls hvort það stæðist hinar almennu stjórnskipunarreglur hér varðandi ábyrgð ráðherra á embættisathöfnum, hvort það stæðist að takmarka með þessum hætti veitingarvald ráðherra. Niðurstaða varð sú í háskólaráði, þar sem sitja náttúrlega lærðir lögfræðingar m.a., að það væri ekki óeðlilegt að gera tillögu af þessu tagi og hún stangaðist ekki á við grundvallarreglur íslenskrar stjórnskipunar.

Ég tel ekki ástæðu til þess, herra forseti, að rifja upp ítarlega þá miklu umræðu sem varð um málefni Háskólans á sl. sumri. Ég endurtek það sem ég sagði áðan. Markmiðið með þessu frv. er að stuðla að sem bestu sjálfstæði Háskóla Íslands, flytja valdið þangað sem valdið á að vera, þar sem menn eiga að bera ábyrgðina og m.a. axla ábyrgð á þeim gerðum sínum að velja fólk til verka á þessum vinnustað sem heitir Háskóli Íslands.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég fagna því að þetta frv. er komið fram. Ég fagna því að með því skuli Háskólanum falið meira vald og meira sjálfstæði í eigin málum en hann hefur haft til þessa. Ég vek hins vegar einnig athygli á því að um leið og Háskólanum er falið meira vald er honum jafnframt falin meiri ábyrgð og gerðar meiri kröfur til hans um fagleg vinnubrögð og ég er þess fullviss að undir því mun hann rísa.

Það kunna að vera einhver álitamál um einstaka þætti frv. og framkvæmd þeirra eins og fram kom hjá hæstv. ráðherra, en ég hygg að menntmn. deildarinnar muni fá tækifæri til umfjöllunar um það og viðtala við þá aðila innan Háskólans sem ekki eru á eitt sáttir um þetta frv.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Á fundi sem stundakennarar við Háskóla Íslands efndu til með fulltrúum þingflokka fyrir ári eða hálfu öðru ári bar þessi mál á góma, vald Háskólans og valdmörk og vald ráðherra. Þá lýsti ég þeirri skoðun minni og míns flokks að að því er varðaði skipun í störf og embætti í Háskólanum ætti að færa það vald frá ráðherra og flytja það til Háskólans í auknum mæli. Þetta frv. miðar í þá átt og er skref í þá átt, enda nýtur það að ég hygg víðtæks stuðnings innan Háskólans, þótt vera kunni þar um þetta eins og ævinlega er, að þar eru ekki allir algerlega á eitt sáttir, en hér er verið að stíga skref í rétta átt. Það er verið að flytja valdið til Háskólans, æðstu menntastofnunar þessarar þjóðar, um það hverjir þar veljist til starfa. Ég fagna því að þetta frv. skuli fram komið og að sjálfsögðu verður þess gætt, og það segi ég vegna orða hv. síðasta ræðumanns, 6. þm. Reykv., við nefndarstörfin að hlýða á sjónarmið þeirra innan Háskóla Íslands sem aðrar skoðanir kunna að hafa á þessu máli en felast í frv.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég vil vegna ummæla hæstv. menntmrh. ítreka það, sem ég sagði hér áðan, að mér finnst rétt að halda þeirri reglu, sem verið hefur og forseti felldi ekki úrskurð um áðan, að stjfrv. sem eru til 1. umr. í fyrri deild séu prentuð með sérstökum hætti og get ekki fallist á að það sé eðlilegt að breyta uppsetningu stjfrv. þó að frv. sé prentað upp.

Ég segi þetta ekki í áreitni. Hins vegar lítur frv. þannig út að manni virðist sjálfsagt að koma til móts við hv. þm. með þeim hætti til þess að þeir séu fljótari að átta sig á þeim málum sem þeir eru að fjalla um hverju sinni að halda þeirri reglu sem ég hef hér verið að lýsa.

Ég segi út af þessu frv. að ég sakna þess að hæstv. menntmrh. skuli ekki sjá ástæðu til að rifja upp þá umræðu sem var nú í sumar varðandi starfsemi Háskólans úr því að hann telur að sú umræða varði beinlínis það frv. sem hér liggur fyrir og óska þess að hæstv. menntmrh. tali út um þau efni þannig að þingdeildarmenn átti sig á hvað hann eigi þar við. Það

er greinilegt að hann er að fara kringum það eins og köttur í kringum heitan graut hvað raunverulega vakir fyrir honum með flutningi þessa frv. og af þeim ástæðum held ég að það sé algerlega nauðsynlegt að hæstv. menntmrh. tali út.

Ég vil í öðru lagi aðeins segja það að ég sakna þess, úr því að á annað borð er farið að prenta fskj. með þessu frv., að ekki skuli einnig prentað með frv. bréf Málvísindastofnunar. Einnig minntist hæstv. ráðherra á að heimspekideild hefði gert athugasemdir við frv. Það hefði verið eðlilegt að þau gögn hefðu fylgt þessu frv. ekki síður en bréf menningarmálanefndar stúdentaráðs Háskóla Íslands.

Ég get ekki tekið undir það með öðrum þingmönnum sem hér hafa talað að það sé einsýnt mál að það eigi að vera á valdi meiri hluta deildarfundar hvort unnt sé að veita manni prófessorsembætti, dósentsembætti eða lektorsstarf. Ég álít að hér sé um mjög mikla breytingu að ræða og ég óttast að skyndiákvörðun hafi valdið því að þessi leið er valin í sambandi við embættisveitingar við Háskóla Íslands. Á hinn bóginn get ég tekið undir það og verið sammála því að Háskóli Íslands eigi að vera sem mest sjálfstæður. Ekki skal ég tala á móti því og er auðvitað þeirrar skoðunar að það eigi að veita Háskólanum rúmar heimildir til þess að hann geti einnig að sem mestu leyti verið sjálfstæður fjárhagslega, ekki aðeins í sambandi við mannaráðningar heldur einnig í sambandi við fjárhag Háskólans því að auðvitað er það ekkert sjálfstæði fyrir Háskóla að hafa eingöngu um það að segja hverjir megi koma í stað þeirra sem hverfa úr embætti, en Háskólinn hefur lítið um hitt að segja hvernig hann þróast eða inn á hvaða ný svið hann megi fara.

Ég vil mega vænta þess að Háskóli Íslands veiti menntmn. nauðsynlegar upplýsingar sem beðið verður um þó svo að nefndum Alþingis hafi borist bréf um það frá Háskólanum að um þvílíkt álit sé ekki að ræða nema sérstaklega sé fyrir það greitt. Ég get út af fyrir sig verið sammála því að Háskólinn eigi að vera stór upp á sig og eigi ekki að veita sérstaka ráðgjöf í sambandi við lagafrumvörp, sem fyrir liggja, ókeypis. Ég er síst að finna að því en ég tel á hinn bóginn að það sé rétt og nauðsynlegt fyrir nefndina að vanda sem best athugun þessa máls. Þegar ég er að tala um að Háskólinn óski eftir sérstakri greiðslu varðandi álitsgerðir til þingnefnda er ég að sjálfsögðu að vísa til þess bréfs sem fjh.- og viðskn. hefur borist frá Lagastofnun Háskólans og sérstaklega hefur verið rætt í fjh.- og viðskn. Ed.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum. Það veltur auðvitað mikið á því að sem best sé vandað til þess hverju sinni hverjir setjist í embætti prófessors, dósents eða lektors. Það er nauðsynlegt að sjónarmið séu ekki þröng og nauðsynlegt að þess sé gætt að miklir hæfileikamenn séu ekki sniðgengnir út af kunningjasjónarmiðum eða öðru þess háttar. Ég er ekki að vísa til neins þess sem gerðist í sumar þegar ég segi þetta. Mér var ekki ljóst hvað hæstv. menntmrh. átti við hér áðan og ítreka það, sem ég sagði hér, að ég óska eftir því að hann geri skýrari grein fyrir því hvað olli því að þetta frv. var flutt.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég er vanur að halda því til haga sem sagt er um mál og m.a. gerði ég það áðan með því að vitna til þeirra athugasemda sem gerðar voru um málið í Háskólanum. Ég var ekkert að tína það hér sérstaklega til, en best að ég geri það út af ummælum hv. síðasta ræðumanns, að þetta mál var samþykkt svo að segja samhljóða, með einu mótatkvæði í háskólaráði þannig að um þetta mál er mjög víðtæk samstaða í Háskóla Íslands.

Hér er ekki um að ræða neina skyndiákvörðun heldur ákvörðun sem er tekin að vandlega yfirveguðu ráði. Við höfum hugleitt það mjög rækilega með hvaða hætti sé best að koma þessum hlutum fyrir og mín skoðun er sú að það sé best með því að Háskólinn beri sem mesta ábyrgð á þessum málum sjálfur. Með því móti tryggjum við að við eignumst sem bestan háskóla. Ég tel það óeðlilegt fyrirkomulag að verið sé að ráðskast með þau mál á skrifstofum úti í bæ. Það sem vakir fyrir ráðherranum, það sem vakir fyrir ríkisstjórninni er að tryggja og stuðla að sem bestu sjálfstæði Háskólans.

Varðandi það sem gerðist hér sl. sumar og virðist koma hv. þm. Halldóri Blöndal spánskt fyrir sjónir, þá er það mál sem kennt er við Hannes Hólmstein Gissurarson, vakti miklar deilur bæði í fjölmiðlum og í Háskóla Íslands. Ég taldi það hins vegar ekki við hæfi að ég færi hér úr þessum ræðustól að rekja það mál lið fyrir lið, sérstaklega vegna þess að sá forveri minn sem þar átti hlut að máli á ekki kost á því að svara fyrir sig í þessari deild. Það voru ástæðurnar til þess að ég fór ekki að rekja það mál hér, en ég segi, herra forseti: Ég tel að það sé út af fyrir sig ekkert á móti því að fara yfir þau mál og menn skilji að þarna er visst samhengi á milli. Reynslan kennir að það er nauðsynlegt að hafa inni lagaákvæði af þessum toga, en það stafar ekki eingöngu af þessu máli heldur af almennum ástæðum, þeim að við viljum stuðla að sem bestu sjálfstæði Háskóla Íslands.

Að lokum, herra forseti, vil ég taka fram og víkja að því að með frv. er prentað sem fskj. álit menntmn. stúdentaráðs Háskóla Íslands þar sem þessari breytingu á 11. gr. laganna er fagnað, en jafnframt vakin athygli á því að í háskólaráði lögðu fulltrúar stúdenta til að úr 11. gr. yrðu felld orðin „og eiga fulltrúar stúdenta á deildarfundi þá ekki atkvæðisrétt."

Ég taldi rétt að vekja athygli á þessari beinu brtt. stúdenta, en ég flyt málið hér og ríkisstjórnin flytur málið hér að öðru leyti nákvæmlega upp á punkt og prik eins og það kom frá háskólaráði.

Ég þakka þær umræður sem fram hafa farið um málið og vænti þess að það fái eðlilega og þinglega meðferð hið allra fyrsta.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Það voru ekki mörg orð sem ég ætlaði að segja hér. Ég ætlaði aðeins að segja að ég

væri samþykkur þessu frv. og tel það afar mikilvægt að Háskólinn geti ráðið því hverjir starfa innan hans veggja og dregið verði úr hinu pólitíska valdi ráðherra varðandi stöðuveitingar. Þetta er það eina sem ég vildi að fram kæmi og sú skoðun sem ég tel nokkuð víst að sé í mínum flokki og fagna því eindregið að þetta frv. skyldi vera lagt fram. Það verður vonandi til þess að draga úr umræðum og misklíð sem verið hefur í þessu þjóðfélagi.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það er komið fram, sem mér þótti rétt, af hvaða sökum þetta frv. er flutt og hvað olli því. Venjulega er best að hlutirnir liggi fyrir eins og þeir eru. Ég ítreka það, sem ég sagði áðan, að auðvitað mun ég taka efnislega afstöðu til þessa frv. og mun kynna mér rækilega þau rök og þau gögn sem Háskólinn hefur fyrir því að óska eftir því að bera sjálfur ég vil segja pólitíska ábyrgð á mannaráðningum í Háskólanum. Ég átta mig á hinn bóginn ekki á því í fljótu bragði hvort eðlilegt sé að aðrar breytingar varðandi stöðu embættismanna við Háskólann fylgi í kjölfarið. Það má vel vera að rétt sé að athuga þá réttarstöðu starfsmanna Háskólans almennt í tengslum við þetta lagafrv. þar sem niðurstaðan hefur orðið sú að embættisveitingarvaldið er fært úr höndum menntmrh. í hendur Háskólanum sjálfum.

Ég vil líka segja að það er í mínum huga líka vafasamt, úr því að verið er að stíga þetta skref, hvort rétt sé að ráðherra hafi þá neitunarvald eins og gert er ráð fyrir í frv., hvort ekki sé þá rétt að stíga skrefið til fulls og fela háskóladeildum og þá matsnefndum veitingarvaldið alfarið þannig að menntmrh. hafi þá heldur ekki neitunarvald í málum. Ég held að það sé þá best að stíga skrefið til fulls ef menn á annað borð vilja gera þetta og athuga þá í leiðinni hvort nauðsynlegt sé að aðrar breytingar fylgi í kjölfarið varðandi stöðu þeirra manna sem við Háskólann vinna hverju sinni.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Mér finnst þetta athyglisverð ábending hjá hv. 2. þm. Norðurl. e. og tel til fyrirmyndar að Sjálfstfl. virðist hafa skipt um skoðun í þessum málum og fagna því mjög ef menn vilja taka það til athugunar við meðferð þessa máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til menntmn. með 14 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

50. fundur, þriðjudaginn 7. febr., að loknum fundi í Sþ.

Aðgerðir í efnahagsmálum, frh. 3. umr.

Stjfrv., 20. mál (staðfesting bráðabirgðalaga frá 20. maí 1988). — Þskj. 243, brtt. 331.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég skal alls ekki tala lengi í þessu máli, en ég mun hins vegar að sjálfsögðu áskilja mér rétt til að tala í því máli sem næst er á dagskrá. Mig langar til þess að skýra út eitt mál vegna þess að gætt hefur nokkurs misskilnings varðandi það í þjóðfélagsumræðunni. Sumir telja nefnilega að hæstv. ríkisstjórn hafi nú þegar numið úr gildi bannið við verkföllum í landinu. Þetta er auðvitað misskilningur því að þótt lagafrv. til staðfestingar á bráðabirgðalögum hafi verið breytt eru sjálf bráðabirgðalögin í gildi allar götur þar til staðfestingarfrv. hefur verið samþykkt á Alþingi og orðið að lögum sem koma í stað bráðabirgðalaganna.

Ég bendi á þetta vegna þess að hæstv. ríkisstjórn var í lófa lagið að gera þessar breytingar á frv. þegar hv. Alþingi kom saman skömmu eftir áramótin til að afgreiða fjárlög og fjalla um bráðabirgðalögin. Þá stóð svo á að hæstv. fjmrh. þurfti að fá heimild til að hækka brennivín og tóbak í landinu í því skyni að afla ríkissjóði meiri tekna. Slíkt ákvæði hafði verið sett inn í ákvæði frv. til staðfestingar á bráðabirgðalögum, reyndar ekki þetta frv. heldur 8. mál þingsins, og það lá þessi lifandis býsn á því að fá það mál afgreitt áður en þing færi heim í langt leyfi til þess að hæstv. ríkisstjórn gæti komið sér saman um efnahagsaðgerðir.

Það undarlega gerðist samt að þessi heimild var ekki notuð og mér finnst ástæða til þess, annaðhvort við umræður um þetta mál eða við umræður um næsta mál sem verður hér á eftir, að hæstv. fjmrh. geri okkur grein fyrir því hvers vegna þessi lagaheimild var ekki notuð og hvaða þýðingu það hefur fyrir hækkun á þessum tilteknu vörum ef hækkunin dregst um nokkrar vikur eða jafnvel mánuði.

Virðulegur forseti. Það er ljóst að frv. sem hér er til umræðu er að flestu leyti úrelt orðið. Þetta eru bráðabirgðalög frá því í maí að stofni til sem tóku síðan breytingum í haust um það leyti sem hæstv. núv. ríkisstjórn tók við völdum. Flestallt í þessu frv. er þegar úrelt orðið. Það er komið fram í febrúar og má segja að það skipti ekki neinu máli hver örlög þessa frv. verða úr þessu. Þó vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. forsrh. hvort hann telji ástæðu til að gildistökuákvæðið í 12. gr. frv. sé enn þá 10. apríl, þ.e. takmörkunardagsetningin — lögin tóku auðvitað gildi um leið og þau voru sett af bráðabirgðalöggjafanum — að þau eigi að gilda til 10. apríl og hvort í

raun og veru sé nokkur ástæða til þess efni málsins samkvæmt að lögin gildi til 10. apríl þegar ljóst er að langflest atriði frv. eru þegar úrelt orðin eða verða það á næstu vikum. Ég veit, virðulegur forseti, að það er mjög erfitt fyrir hæstv. forsrh. að koma hér oft í ræðustól. Hann kvartar stundum undan því sjálfur að þá sé hann að hefja umræður til þess að tefja fyrir málum, en ég veit að hann getur rætt þetta litla efnisatriði þegar hann tekur til máls og fylgir sínum eigin tillögum úr hlaði við umræður um næsta mál sem er 8. mál þingsins og er jafnframt staðfestingarlög með bráðabirgðalögum sem hæstv. ríkisstjórn gaf út um það bil sem hún tók við völdum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Efnahagsaðgerðir, 3. umr.

Stjfrv., 8. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 330, brtt. 301, 1–3, 336, 449.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 449. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Á þskj. 449 flyt ég nokkrar brtt. við mál það sem nú er til umræðu og skal ég lýsa þeim með fáeinum orðum.

Gert er ráð fyrir breytingu við 3. gr. frv. Í þeirri brtt. er Atvinnutryggingarsjóði heimilað að kaupa hlutdeildarskírteini hjá hlutafjársjóði Byggðastofnunar. Komið hefur fram í starfi Atvinnutryggingarsjóðs að svo kunni að fara að sjóðurinn ráðstafi ekki öllu því reiðufé sem hann hefur eða 2 millj. kr. Það stafar fyrst og fremst af því að fleiri fyrirtæki en menn hugðu í upphafi munu ekki geta fengið þá skuldbreytingu sem sjóðurinn veitir og kann því að fara svo að eitthvað af þessu fé geti orðið til ráðstöfunar til aðstoðar fyrirtækjum sem þangað hafa leitað í gegnum hlutafjársjóðinn. Því þykir eðlilegt að heimila stjórn Atvinnutryggingarsjóðs að verja einhverju af því fjármagni sem sjóðurinn hefur til ráðstöfunar til að kaupa hlutdeildarskírteini í hlutafjársjóðnum.

Þá er gerð brtt. við 6. gr. Hún er á þá leið að í 6. gr. falli brott setningin: „Ber sjóðurinn ábyrgð á greiðslu þeirra skuldabréfa með eignum sínum.“ Þetta er um þær ábyrgðir sem sjóðurinn veitir. Í staðinn komi grein sem er svohljóðandi: „Ríkissjóður ábyrgist skuldbindingar Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina og greiðir þær ef eignir og tekjur hans hrökkva ekki til.“ Þetta mál hefur verið mikið til umræðu og mönnum sýnst sitt hverjum um ábyrgð ríkissjóðs á starfsemi Atvinnutryggingarsjóðs. Ríkisstjórnin leitaði álits nokkurra lögfræðinga, m.a. þeirra sem samið höfðu frv., einnig ríkislögmanns. Þessar álitsgreinar voru nokkuð misvísandi. Þeir sem sömdu frv. töldu að ríkissjóður gæti aldrei fríað sig ábyrgð á heildarstarfsemi sjóðsins þrátt fyrir þessa setningu en sögðu þó að þessi setning gæti út af fyrir sig valdið nokkrum efasemdum. Þeir lögðu þess vegna til að sú breyting yrði gerð sem hér er lögð til í þessari brtt.

Niðurstaða ríkislögmanns var svipuð en þó fremur í þá veru að það kynni að vera vafasamt að ríkissjóður bæri þarna fulla ábyrgð og hann lagði einnig til að til að taka af öll tvímæli yrði svipuð brtt. gerð. Því er lagt til að þessi breyting verði gerð á frv.

Þá er það 3. liður, þ.e. brtt. við 8. gr. sem er eingöngu í því fólgin að hlutafjársjóður Byggðastofnunar verði undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum hverju nafni sem nefnast, þar með talið lántökuskatti, eins og Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina, enda er hér að sjálfsögðu um tvær greinar á sama meiði að ræða.

Þá er komið að brtt. við 9. gr. Þar er eingöngu um þá breytingu að ræða að rétt þykir að taka fram í greininni að til sjóðsins skuli einnig renna sérstaklega framlag ríkissjóðs ef Alþingi ákveður svo, annars vegar til reksturs sjóðsins og hins vegar til kaupa á hlutabréfum. Að sjálfsögðu má segja að þetta sé óþarft. Alþingi getur ætíð ákveðið að láta fjármagn renna til sjóðsins en þeim sem fjölluðu um þetta mál þótti þó rétt að taka það fram og má segja að þar sé gefið undir fótinn með slíkt framlag.

Þá er loks lögð til breyting við 10. gr. og er lagt til að lokasetning greinarinnar falli brott. Sú grein er þannig: „Hlutafjársjóðurinn skal gefa reglulega út gengi á hlutdeildarskírteinum.“ Þetta þykir nokkuð erfitt í framkvæmd. Telja ýmsir ekki ljóst hvernig þessi hlutdeildarskírteini yrðu metin til gengis og því er lagt til að þetta verði fellt út.

Ég vil svo, herra forseti, fara fáeinum orðum um þennan hlutafjársjóð sem mér heyrist í raun skýrður á nokkuð furðulegan máta bæði af einstaklingum og í fjölmiðlum. Ég tel að þessi hugmynd um hlutafjársjóð sé hin þarfasta. Ég mótmæli því að hér sé um einhvern skussasjóð að ræða eins og ég heyrði nefnt. Mér er fyllilega ljóst að mjög þarf að vanda reglugerð um þennan sjóð og alls ekki er auðvelt að tryggja reglur sem að öllu leyti eru viðunandi. Það er alls ekki ætlunin að hér sé um sjóð að ræða sem á að taka við „fallitt“ fyrirtækjum. Hins vegar er staðreyndin sú að af þeim 60–70 fyrirtækjum sem ekki fá afgreiðslu í Atvinnutryggingarsjóði eru í fyrsta lagi æði mörg sem alls ekki eru gjaldþrota í laganna skilningi en hafa samt ekki rekstrargrundvöll og alveg ljóst að til að þau fái rekstrargrundvöll þurfa þau að fá inn nýtt og meira eigið fé. Þarna eru einnig fyrirtæki sem mörg hver eru máttarstoðir viðkomandi byggðarlags. Sum þessara fyrirtækja eru þannig stödd að þau eru með skuldir umfram hugsanlegt söluverð eigna. Ég tel afar vafasamt að hlutafjársjóðurinn komi inn í slík fyrirtæki til að bjarga þeim skuldum sem eru umfram eignir. Í mörgum slíkum tilfellum hygg ég að fyrirtækin verði annaðhvort að ganga í gegnum gjaldþrotaskipti eða nauðungarsamninga eða eitthvað annað sem tryggir þá að eigið fé fyrirtækjanna sé a.m.k. nálægt núllinu áður en hlutafjársjóðurinn

getur komið inn. Þannig að ýmsar þær bollaleggingar, sem ég hef séð og heyrt, að þessi sjóður eigi að kaupa upp skuldir umfram eignir, tel ég ekki koma til greina. Til þess þarf einhverja allt aðra aðgerð. Hann getur hins vegar bætt eiginfjárstöðu fyrirtækja sem samkvæmt lögum og reglum eru ekki gjaldþrota þannig að hún verði viðunandi. Í þessu sambandi getur þessi sjóður orðið afar mikilvægur fyrir fjölmörg byggðarlög þar sem svona er ástatt með það fyrirtæki sem ber uppi þunga atvinnulífsins á staðnum.

Ég hef skilið þessa hugmynd svo að m.a. væri til þess ætlast að bankar og sjóðir geti keypt hlutdeildarskírteini og það fjármagn yrði síðan notað til þess að yfirtaka skuldir hjá viðkomandi stofnunum og breyta þeim í hlutafé í eigu hlutdeildarsjóðsins. Þetta finnst mér skynsamleg hugmynd vegna þess að viðskiptabankar eru háðir takmörkunum að þessu leyti en að mati lögfræðinga geta þeir komið inn í slíka endurreisn mikilvægra fyrirtækja með því að kaupa hlutdeildarskírteini í þessum sjóði. Þetta þykir mér eitt athyglisverðasta við þessa hugmynd.

Ég vona að samkomulag geti orðið um það að koma þessum sjóði á fót, enda eru þessar tillögur reyndar komnar inn í frv., þegar samþykktar við 2. umr. hér í hinni hv. deild. Mér þykir sjálfsagt og eðlilegt að nefndin taki þetta mál til endurskoðunar aftur því hér eru fluttar nokkrar brtt. sem, eins og ég hef áður skýrt, hafa fram komið nú í þessu langa hléi sem hv. þm. hafa gert mjög að umræðuefni, sem að vísu hefur ekkert verið lengra en önnur jólahlé, en því hefur unnist tími til að skoða mál eins og það sem hér er til umræðu, þ.e. þennan hlutafjársjóð.

Ég ætla svo að leyfa mér, herra forseti, að koma aðeins að því máli sem hér var áðan á dagskrá, þ.e. sem hv. þm. Friðrik Sophusson gerði að umræðuefni, þ.e. gildi laganna til 10. apríl 1989. Út af fyrir sig er það rétt hjá hv. þm. að þetta kann að hafa litla þýðingu því að flest það sem í lögunum er er með dagsetningar sem eru fyrr. Í 2. gr. kemur t.d. fram að fjárhæð í launalið í verðlagsgrundvelli búvöru skuli til 1. mars 1989 ekki taka meiri hækkun en mælt er fyrir. Mér sýnist þetta ekki skipta miklu máli og vel koma til greina, ef menn óska þess, að nefndin sem fær seinna málið til meðferðar skoði hvort slík breyting valdi einhverjum erfiðleikum. Ég held hins vegar að það megi vel standa 10. apríl þess vegna.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Það hefur komið fram tillaga um að þetta mál fari til nefndar.

Friðrik Sophusson:

Herra forseti. Ég fagna því að sjálfsögðu, eins og kom fram hjá virðulegum forseta, að málið eigi að fara aftur til nefndar. Það er nauðsynlegt því að fram hafa komið brtt. frá forsrh. sem nefndin hlýtur auðvitað að þurfa að skoða, og mér er kunnugt um það að formaður nefndarinnar, hv. þm. Páll Pétursson, mun beita sér fyrir því, og jafnframt að kallaðir verði til fundar við nefndina þeir aðilar sem gerst þekkja til þeirra atriða sem brtt. hæstv. forsrh. lúta að. Ég vil þó í örstuttu máli fara nokkrum orðum um þessar tillögur.

Fyrsta brtt. er við 3. gr., eins og fram kom í máli hæstv. forsrh. Þar segir að Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina geti keypt hlutdeildarskírteini hjá hlutafjársjóði Byggðastofnunar. Það er út af fyrir sig, ef menn eru að þessu á annað borð, skynsamleg ráðstöfun að opna þessa heimild fyrir Atvinnutryggingarsjóð hvað sem annars má um málið segja.

Önnur brtt., sem kemur fram á þskj. 449 og hæstv. forsrh. lýsti, gerir ráð fyrir því að 6. gr. frv. breytist. Hér er um að ræða mál sem hefur talsvert verið deilt um í þjóðfélaginu, einkum og sér í lagi vegna þess að lífeyrissjóðirnir hafa ekki talið sig geta keypt, ekki talið sig geta átt viðskipti við Atvinnutryggingarsjóð með þeim hætti sem ætlunin var vegna þess að ríkið bæri ekki ábyrgð á sjóðnum með sama hætti og almennt er um talað þegar rætt er um ríkisábyrgð. Auðvitað er ríkisábyrgð nokkuð flókið hugtak. Í fyrsta lagi getur það verið bein ábyrgð ríkisins þannig að ábyrgð falli á ríkið ef um greiðslufall í tiltekið skipti er að ræða. Hins vegar er sú ábyrgð ríkisins sem er svokölluð eigandaábyrgð og þá fellur ábyrgðin á ríkið ef viðkomandi sjálfstæður aðili stendur ekki við lokaskuldbindingar sínar eftir að hann hefur verið gerður upp. Í þriðja lagi þekkist það hér á landi líka, annars vegar með sérstökum lögum um hlutafélög þar sem er um takmarkaða ábyrgð að ræða eða með ábyrgð, eins og ég hygg að hafi verið sett í lög um Útflutningstryggingarsjóð, að ríkið ber takmarkaða ábyrgð. Takmörkuð ábyrgð ríkisins — skammstafað t.á.r. — þekkist víða í nágrannalöndunum. Þar hefur með löggjöf verið hægt að takmarka ábyrgð ríkisins á aðilum þótt þeir séu að fullu og öllu í eigu ríkisins. Það er sams konar takmörkun og á sér stað í hlutafélögum sem eru eingöngu í eigu ríkisins, félögum með takmarkaða ábyrgð og er þá ábyrgðin bundin við eignir slíkra fyrirtækja og sjóða.

Nú hefur komið í ljós að sú yfirlýsing hæstv. ríkisstjórnar, sem gefin var fyrst í efri deild Alþingis, um að ekki væri ætlunin að ríkisábyrgð fylgdi Atvinnutryggingarsjóði, fær ekki staðist ef Atvinnutryggingarsjóður ætlar að ná þeim tilgangi sem stjórnvöld hafa stefnt að. Út af fyrir sig er ekkert um þetta að segja. Ég hef óskað eftir því sem þrautavaramaður í hv. fjh.- og viðskn. að fulltrúar bankakerfisins og lífeyrissjóðanna komi á fund nefndarinnar í fyrramálið til að segja álit sitt á þessu.

Varðandi þriðju brtt. á þskj. 449, sem er við 8. gr. frv., þá kemur þar fram að öll skjöl vegna útgáfu hlutdeildarskírteina og skuldaskjala vegna lána sem hlutabréfasjóður Byggðastofnunar kann að veita eða taka skuli undanþegin lántöku- og stimpilgjöldum.

Þetta er út af fyrir sig góðra gjalda vert. En ég spyr, og kannski ekki síður hæstv. viðskrh., sem fer með málefni verðbréfafyrirtækja, verðbréfasjóða og annarra þeirra aðila sem annast viðskipti með hlutabréf: Finnst hæstv. ríkisstjórn það vera eðlilegt að gefnar

séu undanþágur fyrir sjóð á borð við þennan þegar aðrir þurfa að borga veruleg stimpilgjöld af sams konar starfsemi? Finnst ekki hæstv. ríkisstjórn vera eðlilegra að lækka stimpilgjöld almennt í landinu til þess að örva viðskipti með hlutabréf og freista þess með frjálsum hætti að menn leggi hlutafé sitt fram, áhættufé í fyrirtækjum, án þess að það sé gert þannig að ríkisvaldið þurfi að taka háan skatt af þessu hverju sinni? Þetta er, eins og allir vita sem þessi mál þekkja, verulegt vandamál hér á landi. Ég skil að hæstv. ríkisstjórnin skynjar þetta og vill nú fá sérstaka lagaheimild fyrir hlutafjársjóðinn. En ég spyr: Hvers vegna á hlutafjársjóðurinn í þessum lögum að njóta forgangs? Hvaða lagaskilyrði eru fyrir því? Það fæ ég ekki skilið, hef ekki fengið svör við því og óska eftir því að viðkomandi hæstv. ráðherrar gefi hér skýrari svör við þeirri fyrirspurn.

Í fjórðu brtt. á þskj. 449, sem hæstv. forsrh. fjallaði um hér í sinni ræðu, er sagt að til sjóðsins skuli einnig renna sérstaklega framlag ríkissjóðs ef Alþingi ákveður svo o.s.frv. Það er út af fyrir sig góðra gjalda vert að lýsa því yfir að fjárveitingarvaldið skuli leggja fram fjármuni. Ég bendi hins vegar á að Alþingi er ávallt heimilt að leggja fram slíka fjármuni þótt það sé ekki lögmælt með þessum hætti. Það gerist margsinnis á fjárlögum á hverju ári að alls kyns greiðslur ganga til stofnana og sjóða þótt engin lög mæli fyrir um slíkt og maður hlýtur að spyrja: Hvernig stendur á því að það þarf að taka þetta fram hérna? Þýðir þetta það að ætlunin sé að leggja fram verulega fjármuni á fjárlögum næsta árs eða næstu ára? Ef svo er tel ég það vera eðlilegt að hæstv. forsrh. segi Alþingi frá því nú hvað hæstv. ríkisstjórn hefur í huga í þessum efnum.

Virðulegur forseti. Hugmyndin um hlutafjársjóð er upprunnin hjá Kvennalistanum og brtt. varðandi þetta mál voru fluttar í efri og neðri deild af hv. þm. Kvennalistans og Sjálfstfl., hér í Nd. af hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur og Geir H. Haarde. Það er alveg ljóst samkvæmt tillögum þessara hv. þm. hvað er á seyði. Hér er verið að liðka til með tiltölulega svipuðum hætti og gert er almennt á hlutabréfamarkaðinum með hlutdeildarfyrirkomulagi. Nú hefur þessi hugmynd verið tekin og henni snúið rækilega við og ég vil að hæstv. forsrh., þegar hann hefur tíma til, fái að heyra það að ég gagnrýni harðlega að þessi hugmynd sé í síbylju kynnt sem hugmynd stjórnarandstöðunnar en síðan sé hún tekin og henni breytt með þeim hætti að hún er óþekkjanleg í framkvæmd ef það á að framkvæma hlutina eins og mér hefur skilist á þeim mönnum sem um þetta hafa fjallað. Það var ekki upphafleg ætlun flm. þessarar tillögu að hlutafjársjóðurinn ætti að taka við þeim fyrirtækjum sem Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina vildi ekki líta við eða mátti ekki líta við. Slík framkvæmd drepur upprunalega hugmynd. Hér er ekki lengur um hlutafjársjóð að ræða eins og hugmyndin var í upphafi heldur hallærissjóð sem nú er ætlað það hlutverk að taka við þegar Atvinnutryggingarsjóður vill ekki eða getur ekki skuldbreytt vegna þess að fyrirtækin standa svo illa. Þetta þýðir m.ö.o. að áhugi allra annarra en þeirra sem nauðbeygðir eru til þess að kaupa hlutdeildarbréf í þessum sjóði mun hverfa. Enda hefur hæstv. forsrh. lýst því yfir að hann telji að þeir sem eigi að kaupa hlutdeildarbréf í þessum sjóði og leggja fram fé til hans sé ríkissjóður, sé Atvinnutryggingarsjóður, enda er verið að opna lagagreinina fyrir því með þessum tillögum hæstv. forsrh., síðan fjárfestingarsjóðirnir og bankarnir. Og af hverju skyldi þetta vera gert? Jú það er gert vegna þess að sumir þessara sjóða og banka mega ekki kaupa hlutabréf í viðkomandi fyrirtæki sem þeir hafa lánað. Nú á að fara bakdyramegin að þessu. Nú eiga sjóðirnir að breyta í raun skuldum fyrirtækjanna í hlutdeildarbréf. Þetta er gert með þessari hringrás, að fara ekki framan að þessu heldur að fara inn bakdyramegin. Þessi hugsun, sem út af fyrir sig er skiljanleg því að auðvitað þurfa mörg fyrirtæki á hjálp að halda, er algjörlega út í bláinn með þessum sjóði eins og hann var upphaflega hugsaður.

Ég skora á hæstv. forsrh. og ríkisstjórnina alla að endurskoða hug sinn og kanna hvort ekki sé hægt að fara aðrar leiðir fyrir þau fyrirtæki sem eru svo illa stödd að Atvinnutryggingarsjóður treystir sér ekki til þess að taka á málefnum þeirra. Auðvitað kemur gjaldþrot til greina, það er ein aðferðin, kannski sú harðasta og erfiðasta en getur þó leitt til upprisu fyrirtækjanna hvers á sínum stað. Það getur líka vel verið að ríkið verði að koma með beinum hætti til þess að liðka til og hjálpa byggðarlögum sem hafa farið illa út úr erfiðleikum í fiskvinnslu og útgerð á síðustu árum. Að nota þessa aðferð þýðir hins vegar ekkert annað en það að verið er að eyðileggja möguleika á frjálsum framlögum og frjálsri þátttöku í þessari starfsemi. Þetta óttast ég, hæstv. forsrh., og vara þess vegna við þessari hugmynd og vara enn fremur við því að nú á að láta þennan sjóð fá aukinn rétt miðað við aðra slíka aðila sem hafa annast milligöngu um hlutabréfakaup í fyrirtækjum. Ég vil jafnframt minna á það að sú var tíðin, hæstv. forsrh., að menn höfðu áhuga á því að örva hlutabréfakaup. Því miður hef ég ekki séð frá þessari hæstv. ríkisstjórn neitt sem bendir til þess að það eigi að gera slíkt á næstunni en vonandi stendur það til bóta.

Ég vil enn fremur, hæstv. forsrh., óska eftir því að reglugerðardrög þau, sem nú liggja fyrir og hafa verið til umræðu hjá stjórnarflokkunum, verði lögð fram á fundi hv. fjh.- og viðskn. á morgun. Það er afar brýnt þegar verið er að fjalla um lög eins og þessi, sem að stórum hluta til eru háð framkvæmdinni sjálfri, að fá að sjá hvernig hæstv. ríkisstjórn hyggst láta framkvæmdina vera í einstökum atriðum.

Virðulegur forseti. Ég ætlaði ekki að hafa langt mál um þetta. Ég taldi mér skylt að ræða hér efnislega um þessa þætti málsins, eingöngu þá sem komu fram í brtt. forsrh. Ég hef sneitt hjá öllum öðrum atriðum frv., enda verður, og því hefur verið lýst yfir að mér skilst, fundur í hv. fjh.- og viðskn. á morgun.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Í fyrsta lagi vil ég leyfa mér að hverfa aðeins að fyrra dagskrármálinu. Ég hef verið að athuga þetta í sæti mínu og sé satt að segja ekki ástæðu til að breyta 12. gr., um gildistíma laganna. Ég bendi á að það eru greinar hér sem eru ekki bundnar við gildistíma, eins og t.d. 5. gr. og 6. gr., og ég held að það sé vissara að hafa þetta óbreytt þó að sjálfsögðu geti nefndin athugað þetta í fyrramálið því að mér skilst að það verði fundur þá.

En síðan út af hlutafjársjóðnum. Ég biðst afsökunar á því ef ég hef misskilið hugmyndir stjórnarandstöðunnar um hlutafjársjóðinn. Mér finnst samt sem áður hugmyndin góð, en ég verð að vísa í 10. gr. þar sem segir svo, með leyfi forseta:

„Hlutafjársjóði Byggðastofnunar er heimilt að kaupa hlutabréf í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja.“ Og kaflinn fjallar allur um þessa fjárhagslegu endurskipulagningu fyrirtækja þannig að ég leit svo á að hlutafjársjóðnum væri þar með ætlað að starfa í tengslum við Atvinnutryggingarsjóðinn.

Því miður var þannig ástatt að ég held að það séu afar fáir sem muni sækjast eftir hlutdeildarskírteinum í sjóðnum til þess að leggja í þessi fyrirtæki sem eru í fjárhagslegri endurskipulagningu því honum er ætlað að koma að þeim fyrirtækjum fyrst og fremst. Ég hef oft verið þeirri hugmynd hlynntur og talið hana skynsamlega að koma upp einhvers konar fyrirtæki á vegum ríkisins sem héldi hlutabréfum ríkissjóðs eins og víða er gert. Mér var ekki ljóst að það félli undir þessa fjárhagslegu endurskipulagningu þó að ég væri sannarlega tilbúinn að skoða hvort við í framhaldinu gætum ekki breytt þessu í eitthvert slíkt fyrirtæki sem tæki þá við öðrum hlutabréfum sem eru í eigu ríkisins. (Gripið fram í.) Já, já, það er alveg hárrétt og ég hef talið það sem sagt athyglisvert.

Hins vegar tel ég mjög mikla þörf fyrir slíka aðgerð sem hér er um að ræða í sambandi við þessa endurskipulagningu sem Atvinnutryggingarsjóðurinn er með lykilhlutverk í, en er háður mjög miklum takmörkunum eins og allir vita. Honum er t.d. ekki heimilt að skuldbreyta hjá fyrirtækjum sem ekki eru talin hafa rekstrargrundvöll skv. 2. gr. laga og reglugerðar. Og það er einmitt í mörgum slíkum tilfellum sem aukning á eigin fé sem Atvinnutryggingarsjóðurinn getur heldur ekki sjálfur annast er mikilvæg og hlutafjársjóðurinn gæti annast. Ég óttast það að reglugerð sú sem verið er að vinna nú verði ekki tilbúin í fyrramálið, en það er alveg sjálfsagt að leggja hana hér inn í þingið. Hún gæti þegar málið kemur til Ed., vona ég, verið tilbúin. Staðreyndin er sú að það er verið að skoða hana nú á mörgum stöðum. T.d. hafa bankastjórar Landsbankans verið fengnir til að skoða hana. Framkvæmdastjóri Byggðastofnunar, formaður Atvinnutryggingarsjóðs og lögfræðingar síðan verið tilkvaddir. Og ég tek undir það að hún er alls ekki auðveld. Hún er satt að segja flókin og verður að skoða hana mjög vandlega. Við þau allra fyrstu drög sem ég sá hef ég sjálfur margar athugasemdir, en ég ætla ekki að fara að rekja þær hér því að ég hygg að þetta muni breytast mjög, enda er ég ekki með reglugerðina hérna fyrir framan mig. En ég vil t.d. geta þess til að fyrirbyggja misskilning að í þessum fyrstu drögum er gert ráð fyrir því að hlutafjársjóðurinn geti ekki tekið þátt í að auka eigið fé fyrirtækja nema eiginfjárstaðan sé með öðrum aðgerðum orðin a.m.k. í núlli. Þetta tel ég rétt því að það eyðir þá þeim misskilningi að það eigi að fara að bjarga — ja, ég sá í einhverju dagblaðinu — Sambandi ísl. samvinnufélaga eða kannski væri stundum um SH að ræða, ég veit það ekki. Staðreyndin er sú að þau fyrirtæki sem verða líklega að fara í gegnum gjaldþrotameðferð munu flest hver lenda í eigu viðskiptabanka, Fiskveiðasjóðs og Byggðastofnunar. Aðrir munu tapa sínu fé þar, held ég, í langflestum tilfellum þar sem um slíkt verður að ræða. Og það er hárrétt, sem kom fram hjá hv. ræðumanni, að það verður í mörgum tilfellum mjög erfið ganga, afar erfið ganga.

Ríkisstjórnin ákvað að biðja þær stofnanir sem eiga þarna hagsmuna að gæta að skoða þessi fyrirtæki. Ríkisstjórnin hefur engin afskipti haft af því og einkum hafa Landsbankinn, Fiskveiðasjóður og Byggðastofnun unnið það verk. Við höfum ekki beðið um skýrslur um þau mál, en mér er tjáð af forstjóra Byggðastofnunar að frá byggðalegu sjónarmiði megi telja að þarna séu svona 15–20 fyrirtæki sem eru máttarstoðir viðkomandi byggðarlaga og verði mjög erfitt að bjarga, en menn hafa þá litið til þessa hlutafjársjóðs. Vitanlega hafa komið fram aðrar hugmyndir eins og t.d. þær að koma upp skuldaskilasjóði. Bankarnir hafa lagt það til. Það er vitanlega gömul hugmynd. Hér hafa komið upp slíkir kreppulánasjóðir og þá er um það að ræða að slíkur sjóður fái umtalsvert opinbert fé og yfirtaki skuldir sem eru umfram eignir í mörgum tilfellum. Ég hef ekki treyst mér til að leggja það til. Ég held að það yrði æðimikil fjárhæð og er mjög erfitt að ákveða hvernig það yrði gert. En þess eru vitanlega fordæmi að þannig hafi verið tekið á málum þegar í mikið óefni hefur verið komið.

Ég vil segja það að lokum að ég tel að málefni þessara fyrirtækja séu það alvarlegasta sem við okkur blasir og mun koma að því nánar í umræðu sem verður hér á fimmtudaginn um efnahagsaðgerðirnar. Ég tel að þessi 60–70 fyrirtæki í sjávarútvegi séu fyrir þjóðarbúið í heild málefni sem verður að skoða mjög vandlega og fyrir þau byggðarlög sem eiga hlut að máli úrslitaatriði.

Ég get nefnt það hér að ég hef t.d. óskað eftir því við Þjóðhagsstofnun að metið verði hvernig afkoma sjávarútvegsins breyttist ef svona helmingur af þessum fyrirtækjum sem lökust eru væru ekki tekin með í mat á afkomu og þá er mér tjáð að afkoman batni um 2–3%. Þetta geri ég aðeins til að gera mér grein fyrir því hvað þetta þýddi og þá vakna spurningar. Er ekki að mörgu leyti skynsamlegt að reyna að bjarga þessum fyrirtækjum með öðru en t.d. gengisfellingu? Er ekki skynsamlegt að reyna að lagfæra hjá

þessum fyrirtækjum eftir öðrum leiðum? Það finnst mér að beri að skoða.

Auk þess hef ég óskað eftir því að það verði skoðað hvort t.d. gengisfelling ein sér muni skapa rekstrargrundvöll fyrir þessi fyrirtæki. Mér er tjáð að svo sé ekki, alls ekki, jafnvel þótt hún yrði 20% og get ég nefnt dæmi um það. Hjá þessum fyrirtækjum er yfirleitt veltufjárstuðullinn langt fyrir neðan hálfan, hvað þá að það sé nokkurs staðar nálægt einum. M.ö.o. eru lausaskuldirnar svo gífurlega miklar. Um þetta mætti því halda langt mál og að öllum líkindum gefst tækifæri til þess á fimmtudaginn, en ég vona að nefndin geti tekið þetta til meðferðar og málið komi hér til afgreiðslu aftur á morgun, en ég skal leggja alla áherslu á a.m.k. að málið verði ekki afgreitt frá Alþingi án þess að reglugerðin hafi verið sýnd hér.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):
Herra forseti. Ég ætla að óska eftir því formlega að gert verði hlé á þessari umræðu og þannig að fjh.- og viðskn. deildarinnar gefist tækifæri til þess að fjalla um þær brtt. sem fram hafa komið og mun beita mér fyrir því að haldinn verði fundur í fyrramálið til þess að fjalla um þetta mál.

Ég óska sem sagt eftir því, herra forseti, að umræðu verði frestað og nefndinni gefist tækifæri til að taka málið til umfjöllunar á ný.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):
Forseti telur það vera rétta málsmeðferð.

Umræðu frestað.

Launavísitala, 1. umr.

Stjfrv., 213. mál. — Þskj. 361.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):
Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um launavísitölu á þskj. 361. Frv. þetta sem hér liggur fyrir er flutt í tengslum við breytingu á lánskjaravísitölu sem ákveðin var með útgáfu reglugerðar nr. 18 frá 23. jan. sl. Með þessari reglugerð var ákveðið að lánskjaravísitalan yrði samsett af vísitölu framfærslukostnaðar, vísitölu byggingarkostnaðar og launavísitölu þar sem hver hefur þriðjungsvægi. Ákvæði um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár er í lögum um stjórn efnahagsmála o.fl., nr. 13/1979. Skv. 39. gr. þeirra laga er það eitt skilyrða verðtryggingar að miðað sé við opinbera skráða vísitölu. Einu fyrirmælin sem nú eru í lögum um mat launavísitölu eru í lögum nr. 63/1985, um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga. Í 6. gr. þeirra laga er kveðið á um „launavísitölu til greiðslujöfnunar". Þessi vísitala skal að jöfnu samsett úr vísitölu atvinnutekna á mann og vísitölu meðalkauptaxta allra launþega. Launavísitala til greiðslujöfnunar er metin mánaðarlega og nýtt til greiðslujöfnunar opinberra húsnæðislána. Undanfarin tvö ár hefur ekki verið hægt að reikna þessa vísitölu í samræmi við fyrirmæli laganna þar sem mánaðarlegar áætlanir um vísitölu atvinnutekna og meðalkauptaxta hafa ekki verið tiltækar. Hagstofan hefur því reist vísitölu þessa á áætlunum um breytingar greiddra launa, einkum dagvinnulauna að teknu tilliti til samningsbundinna breytinga annarra launaþátta.

Þótt launavísitala til greiðslujöfnunar sé opinber vísitala er engu að síður ljóst að ákvæði 6. gr. laga nr. 63/1985, sem hún er reist á, er ófullnægjandi hvað snertir útreikning opinberrar launavísitölu sem fullnægir þeim skilyrðum sem sett eru í 39. gr. laga nr. 13 1979, um vísitölu sem heimilt sé að miða verðtryggingu við. Því er hér flutt sérstakt frv. um launavísitölu sem fullnægir þessum skilyrðum.

Í frv. þessu er lagt til að sett verði almenn lög um gerð launavísitölu. Ekki er nauðsynlegt að kveða sérstaklega á um hagnýtingu þessarar launavísitölu til útreiknings lánskjaravísitölu, enda eru almenn ákvæði þar að lútandi í lögum nr. 13/1979, eins og áður segir. Jafnframt sýnist eðlilegt að ákvæði laga um launavísitölu séu almenns eðlis og varði einungis gerð slíkrar vísitölu fremur en að þau séu háð tiltekinni notkun hennar.

Í almennum athugasemdum sem fylgja frv. þessu er gerð ítarleg grein fyrir þeim vandamálum sem við er að etja við mat á launabreytingum og hvernig ástandi mála er nú háttað í þessum efnum. Hér er bæði um það að ræða að þær reglubundnu upplýsingar, sem nú er að hafa um launabreytingar, eru lakari en æskilegt er og að úrvinnsla upplýsinga er ýmsum vandkvæðum háð hvað snertir skilgreiningu og sundurgreiningu hinna ýmsu þátta launa. Þá er mat á launabreytingum í kjarasamningum jafnan erfiðleikum bundið eins og nánar er lýst í grg. frv. Af þessum sökum er nauðsynlegt að rík áhersla verði lögð á að endurskipuleggja gerð reglubundinna og samræmdra launaskýrslna. Þetta er á verksviði Hagstofunnar, en miklu skiptir að unnið verði að þessu í nánu samráði við þá aðila sem hafa með höndum söfnun upplýsinga um laun og mat á launabreytingum hver á sínu sviði. Hér er einkum um að ræða kjararannsóknarnefndir og hagdeildir samtaka á vinnumarkaðinum, svo og Þjóðhagsstofnun. Þetta starf hefur þegar verið hafið og hefur Hagstofan leitað samstarfs um þetta verkefni við ýmsa þessara aðila.

Í upphafi hefur vinnan m.a. beinst að því að skipuleggja reglubundið flæði upplýsinga um launagreiðslur í hverjum mánuði. Þetta hefur þegar verið unnið að hluta í samvinnu Hagstofunnar, launaskrifstofu ríkisins, launaskrifstofu Reykjavíkurborgar og kjararannsóknarnefndar opinberra starfsmanna. Þá hefur einnig verið leitað eftir reglubundnum launaupplýsingum frá samninganefnd bankanna. Loks hefur tekist ágætt samstarf milli Hagstofunnar og kjararannsóknarnefndar ASÍ og vinnuveitenda um endurbætur á söfnun nefndarinnar á launaupplýsingum. Hér er m.a. um að ræða að reynt verður að

stækka úrtak nefndarinnar og að aukin áhersla verður lögð á söfnun mánaðarlegra upplýsinga um launagreiðslur í stað ársfjórðungslegra til þessa. Allt þetta ætti að vera til bóta. Auk þess sem þarf að endurbæta og auka þær launaupplýsingar, sem þegar er safnað og ég gat um áðan, verður jafnframt að stefna að upplýsingasöfnun frá þeim hluta vinnumarkaðarins sem lítil eða engin vitneskja er nú um.

Af öðrum áhugaverðum þáttum má nefna upplýsingar um laun eftir landshlutum og eftir kynjum. Í þessu sambandi gæti reynst nauðsynlegt að Hagstofan tækist á hendur sérstakar vinnumarkaðs- og launakannanir meðal einstaklinga. Jafnframt þarf að skipuleggja hagnýtingu þeirra launa- og tekjuupplýsinga sem verða tiltækar á næstunni, þ.e. úr tekjuskattskerfinu eftir að staðgreiðsla var tekin upp og frá lífeyrissjóðum eftir að iðgjaldsstofn SAL, Sambands almennra lífeyrissjóða, hefur að fullu verið samræmdur í ársbyrjun 1990.

Ég ætla nú að víkja að einstökum greinum frv.

Í 1. gr. er kveðið á um að Hagstofa Íslands skuli reikna og birta launavísitölu í hverjum mánuði. Álitamál er við hvaða tíma skuli miða nákvæmlega, en hér er lagt til að launavísitalan miðist við meðaltal mánaðar fremur en upphaf eða lok mánaðar. Tvær ástæður sýnast mæla með þessu. Í fyrsta lagi fellur vísitala sem miðuð er við meðaltal mánaðar betur að þeim launaathugunum sem nú eru gerðar. Því ætti að vera auðveldara en ella að bera hana saman við aðrar heimildir og leiðrétta eftir því sem ný vitneskja fæst um launabreytingar. Í öðru lagi má ætla að breytingar launavísitölunnar verði heldur jafnari sé miðað við meðaltal mánaðar fremur en upphaf. Í 1. gr. er lagt til að vísitalan verði sett 100 í desember 1988 miðað við laun í nóvember 1988. Vísitalan verður því fyrst reiknuð fyrir janúar 1989 og tekur þá til breytinga frá nóvember til desember 1988.

Í 2. gr. eru tillögur um hvernig skilgreina skuli þau laun sem launavísitalan á að mæla. Lagt er til að reynt verði að meta breytingar allra launaþátta, enda er ljóst að dagvinnulaun og breytingar þeirra gefa ófullnægjandi mynd af raunverulegum launagreiðslum og breytingum þeirra. Rétt er að taka tvennt fram sérstaklega. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að í reglugerð verði nákvæmari skilgreining á launum þeim sem mæla á en í sjálfum lögunum. Í öðru lagi má benda á til að taka af vafa í því efni að í frv. er lagt til að miðað sé við greidd laun allra launþega fyrir fastan vinnutíma en ekki tekjur. Í þessu felst að ætlast er til að breytingar á vinnutíma og samsetningu hans hafi ekki áhrif á launavísitöluna nema ef um er að ræða samningsbundnar breytingar sem jafna má til launabreytinga.

Í 3. gr. er fjallað um söfnun upplýsinga um launamál og samráð í því efni sem ég hef þegar vikið að.

Í 4. gr. er loks gert ráð fyrir að nánari ákvæði um útreikning launavísitölu verði sett með reglugerð. Í reglugerðinni virðist einkum nauðsynlegt að kveða á um tvö atriði:

Í reglugerðinni virðist einkum nauðsynlegt að kveða á um tvö atriði. Annars vegar þyrfti að skilgreina nánar en í frv. þau laun sem vísitalan á að mæla, eins og áður er vikið að. Hins vegar þyrfti að kveða sérstaklega á um leiðréttingu launavísitölunnar vegna hagnýtingar hennar til útreiknings lánskjaravísitölu.

Eins og þegar hefur verið vikið að er ekki hægt að reikna með því að þær tölur sem Hagstofan birtir í mánuði hverjum, um launabreytingar milli tveggja næstliðinna mánuða, séu endanlegar þar sem haldgóð vitneskja um launabreytingar fæst oft fyrst nokkuð löngu eftir að launin hafa breyst. Því er óhjákvæmilegt að vísitalan verði leiðrétt því að ella er hætta á að skekkjur safnist upp og vísitalan verði slæmur mælikvarði á raunverulegar launabreytingar. Ýmislegt virðist mæla með því að leiðréttingar sem varða næstliðna sex mánuði, miðað við útreikningsmánuð launavísitölu hverju sinni, skuli hafa áhrif á þá launavísitölu sem verður hluti af lánskjaravísitölu. Slíkar leiðréttingar geta þó aldrei haft áhrif á lánskjaravísitöluna með afturvirkum hætti, heldur geta þær einungis gilt við útreikning hennar fyrir mánuðina næst á eftir að þær koma fram í launavísitölunni. Ljóst er að lengi verður hægt að leiðrétta launavísitöluna en eðlilegt þykir að áhrifum leiðréttinga á lánskjaravísitölu séu sett ákveðin tímamörk. Takmarkið við sex mánuði, eins og hér hefur verið gert ráð fyrir, miðast annars vegar við að verðtrygging samninga um sparifé og lánsfé til skemmri tíma en tveggja ára sé óheimil samkvæmt lögum. Undantekningar eru gerðar varðandi tiltekna sparifjárreikninga, en þeir þurfa þó að vera til a.m.k. sex mánaða og sömu takmörk gilda um samanburðartímabil svonefndra skiptikjarareikninga. Hins vegar ætti þessi tími að vera nægilega langur til þess að öruggt sé að skýrslur kjararannsóknarnefndar ASÍ og vinnuveitenda séu fram komnar, en þær gefa mjög mikilvægar upplýsingar um launabreytingar.

Að lokum er rétt að ítreka að þótt þetta frv. sé flutt í tengslum við breytingu á lánskjaravísitölu er það í reynd óháð henni. Ég tel æskilegt að um frv. verði fjallað efnislega í því ljósi, enda hefur gerð vandaðrar launavísitölu sjálfstætt gildi fyrir stjórn efnahagsmála yfirleitt.

Herra forseti. Að svo mæltu leyfi ég mér að leggja til að málinu verði vísað til hv. fjh.- og viðskn. og 2. umr. að lokinni þessari umræðu.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Það frv. sem hér er til umræðu lýtur að lögfestingu ákvæða um launavísitölu. Launavísitalan hefur verið reiknuð út, eins og fram hefur komið í máli hæstv. forsrh., í þeim tilgangi að fullnægja ákvæðum húsnæðislaga um greiðslujöfnun opinberra húsnæðislána, en lagastoð hefur fram til þessa skort um eiginlega launavísitölu.

Í meginatriðum get ég tekið undir að nauðsynlegt og skynsamlegt er að festa þessa framkvæmd í sessi með löggjöf og mér sýnist að frv. sem hér liggur fyrir mæli fyrir um skynsamlegan lagaramma. Auðvitað er

nauðsynlegt við meðferð málsins í nefndum og hér í umræðu að kanna sérstaklega einstök tæknileg atriði, eins og viðmiðunarpunkta, launaútreikninga, upphaf, lok mánaðar eða meðaltöl og önnur atriði af því tagi. Það breytir ekki þeirri meginstefnu sem frv. markar og þeirri augljósu þörf sem fyrir hendi er að setja hér sérstaka löggjöf.

Hitt er svo annað mál að frv. tengist mjög, eins og kom reyndar fram í máli hæstv. forsrh., þeim ákvörðunum sem ríkisstjórnin hefur tekið með reglugerðarútgáfu og mæla fyrir um nýja lánskjaravísitölu. Sú ákvörðun og sú reglugerðarútgáfa hæstv. viðskrh. er táknræn um eitthvert mesta klúðurmál hæstv. ríkisstjórnar og þetta frv. tengist því beinlínis þessu mjög svo alvarlega klúðurmáli.

Í ýmsum efnum skiptir það kannski ekki öllu máli hvað hæstv. ríkisstjórn aðhefst en hér er um að ræða þátt sem snertir mjög einn viðkvæmasta þátt efnahagsstarfseminnar, þ.e. fjármagnsmarkaðinn, lánastarfsemi og sparnaðinn í landinu. Engum vafa er undirorpið að þessi klúðurslega ákvörðun hefur þegar valdið verulegum óróa á fjármagnsmarkaðinum og ríkisstjórnin á nú yfir höfði sér mikil málaferli vegna þeirra ákvarðana sem teknar voru, fyrst og fremst vegna þess hvernig að ákvörðunum var staðið. Ég get alveg fallist á að álitamál sé hvernig setja eigi saman lánskjaravísitölu og að það geti verið fullkomið álitaefni að hafa hana launatengda að einhverju leyti. Það hefur bæði kosti og galla. Það sem er alvarlegt við framkvæmd málsins er fyrst og fremst hvernig að því var staðið.

Það kemur fram í athugasemdum með frv., sem lagt var fram í byrjun þessa árs, að það tengist beinlínis fyrirætlunum hæstv. ríkisstjórnar um breytingu á lánskjaravísitölu. Í athugasemdunum segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Ákvæði 6. gr. laga nr. 63/1985 eru því ófullnægjandi hvað snertir útreikning opinberrar launavísitölu sem fullnægi þeim skilyrðum sem sett eru í 39. gr. laga nr. 13/1979, um vísitölu, sem heimilt sé að miða verðtryggingu við. Því er hér flutt sérstakt frv. um launavísitölu sem fullnægi þessum skilyrðum."

Með alveg skýrum orðum er tekið fram í athugasemdum hæstv. forsrh. með þessu frv. að það hafi vantað og vanti reyndar enn lagastoð fyrir útreikning launavísitölu til þess að tengja megi launavísitöluna í lánskjaravísitöluna. Eigi að síður gefur einn af ráðherrum hæstv. forsrh., hæstv. viðskrh., út reglugerð um breytingu á lánskjaravísitölunni þrátt fyrir að hæstv. forsrh. hafi lagt fram frv. um þetta efni á Alþingi þar sem bein og glerhörð yfirlýsing er um að slík breyting sé óheimil fyrr en búið sé að setja lög þar um á Alþingi. Að vísu kom það fram í máli hæstv. fjmrh. í sjónvarpi á dögunum að þessi ríkisstjórn liti svo á og hefði til þess lögfræðilegt álit frá Seðlabankanum að óþarfi væri að setja lög. Það væri nóg fyrir þessa hæstv. ríkisstjórn að lýsa því yfir að hún ætlaði að setja lög til þess að gera lagagrundvöll fyrir ákvarðanir sínar. Ég hef þó ekki enn séð Seðlabankann gangast við þessu áliti og væri nauðsynlegt og a.m.k. fróðlegt að fá þetta álit Seðlabankans fram, helst í umræðunni eða a.m.k. í starfi hv. fjh.- og viðskn. sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar. Ég óska eftir því að hæstv. forsrh. beiti sér fyrir því að þetta álit Seðlabankans, sem hæstv. fjmrh. vitnaði til í sjónvarpi, um að það væri óþarfi að setja lög heldur væri nægjanlegt að lýsa því yfir að svo muni vera gert, verði lagt fram í deildinni. Það lýsir, eitt með öðru, vinnubrögðum hæstv. ríkisstjórnar að hæstv. forsrh. segir í athugasemdum að ekki sé hægt að breyta lánskjaravísitölunni fyrr en búið sé að setja lög um launavísitölu og frv. með slíkri yfirlýsingu af hálfu hæstv. forsrh. hefur ekki fyrr verið lagt fram á Alþingi en hæstv. viðskrh. gefur út reglugerð þar sem lánskjaravísitölunni er breytt þvert ofan í yfirlýsingu hæstv. forsrh.

Ég óskaði eftir því í byrjun janúarmánaðar að fá þau gögn sem ríkisstjórnin hafði fengið frá Seðlabankanum vegna þeirra umræðna sem átt höfðu sér stað um breytingu lánskjaravísitölunnar. Í áliti, sem bankastjórn Seðlabankans sendir viðskrh. um lánskjaravísitölu og skyld efni í tilefni af fyrirspurn ríkisstjórnarinnar til Seðlabankans, segir m.a., með leyfi forseta:

„Ekki þykir ástæða til þess að vefengja að launavísitala gæti frá lagalegu sjónarmiði verið einn þáttur opinberrar lánskjaravísitölu ef hún er reiknuð í samræmi við viðunandi lagaheimild og uppfyllir þær gæðakröfur sem gera verður til opinberrar vísitölu."

M.ö.o.: Það er álit Seðlabankans þegar 3. nóv. að það þurfi að lögbinda útreikning launavísitölu áður en hún er tengd í lánskjaravísitölu, í fullu samræmi við yfirlýsingu hæstv. forsrh. í athugasemdum með frv. sem hér liggur fyrir. Þrátt fyrir þetta gefur hæstv. viðskrh. reglugerðina út. Síðan segir í áliti bankastjórnar Seðlabankans, með leyfi forseta:

„Til þess að launavísitala gæti orðið hluti af lánskjaravísitölu er því nauðsynlegt að sett verði lög um nýja, almenna launavísitölu er mældi með tryggilegum hætti og nægilega fljótt breytingar á launakostnaði á vinnueiningu."

Og áfram segir í nefndarálitinu: „Verði tekinn upp útreikningur slíkrar lánskjaravísitölu virðist lagalega ekkert því til fyrirstöðu að hún verði notuð við hlið þeirrar lánskjaravísitölu sem fyrir er," — ég endurtek: við hlið þeirrar lánskjaravísitölu em fyrir er — „þannig að Seðlabankinn auglýsi tvær lánskjaravísitölur sem samningsaðilar á lánamarkaðnum gætu valið um. Líklegt er að hin nýja vísitala verði talin henta betur í lánveitingum til launþega, einkum íbúðalánum þar sem samkvæmt henni mundi greiðslubyrði slíkra lána hreyfast í betra samræmi við greiðslugetu launþega en nú gerist."

Enn segir í álitinu: „Nú er hins vegar ljóst að í tillögum ríkisstjórnarinnar í máli þessu felst ekki eingöngu að tekin verði upp ný lánskjaravísitala við hlið hinnar sem fyrir er, heldur komi hin nýja vísitala að öllu leyti í stað hinnar fyrri, bæði í þeim lánssamningum sem fyrir eru, svo og í nýjum samningum. Það er hins vegar mjög mikið álitamál að hve miklu leyti

unnt sé að breyta grundvelli núgildandi lánskjaravísitölu þannig að ekki verði raskað gildi þeirra lánssamninga sem gerðir hafa verið á grundvelli hennar."

Svo segir: „Það virðist þó eðlilegt að meta svigrúmið til breytinga þröngt þannig að sem minnst áhætta sé tekin varðandi hugsanlegar deilur um grundvöll lánssamninga sem gætu haft alvarlegar afleiðingar." M.ö.o.: Það er talið mögulegt að breyta lánskjaravísitölu en aðeins þröngt og alveg augljóst af þessu áliti Seðlabankans að hér er verið að tala um nýja vísitölu. Því að þar segir enn fremur: „Til þess að geta metið þessa stöðu sem best óskaði bankastjórn Seðlabankans eftir áliti úrskurðarnefndar skv. 44. gr. nefndra laga og er niðurstöðu hennar að finna á fskj. 1. Á grundvelli álits hennar og skoðana sérfræðinga bankans sjálfs á máli þessu telur bankastjórn Seðlabankans með öllu óráðlegt að breyta lánskjaravísitölunni með þeim hætti sem lagt hefur verið til og reyna að láta slíka breytingu gilda um eldri lánssamninga."

Og í niðurstöðu í fskj. 1, bréfi úrskurðarnefndarinnar, segir svo, með leyfi forseta:

„Með hliðsjón af því sem hér hefur verið rakið er það skoðun nefndarinnar að breyting á vægi hinna opinberu vísitalna í núverandi lánskjaravísitölu feli í sér upptöku nýrrar lánskjaravísitölu. Ljóst er að Seðlabankinn getur heimilað að verðtrygging sparifjár og lánsfjár miðist við ýmsar vísitölur svo fremi að gætt sé þess skilyrðis að um sé að ræða opinberar skráðar vísitölur eins og þær eru reiknaðar á hverjum tíma. Í þessu felst hins vegar ekki að mati nefndarinnar heimild til að skipta um vísitölur í verðtryggðum samningum og á sama hátt verður ekki séð að unnt sé með stjórnvaldsákvörðun að raska vægi verðvísitalna í núverandi lánskjaravísitölu."

Hér er um óyggjandi álit að ræða, bæði af hálfu Seðlabankans og þeirrar úrskurðarnefndar sem starfað hefur á grundvelli svokallaðra Ólafslaga þar sem ákvæði eru um lánskjaravísitöluna.

Þrátt fyrir allt þetta tekur ríkisstjórnin ákvörðun sína og sennilega fæst ekki endanleg niðurstaða fyrr en öll sú röð dómsmála, sem hæstv. ríkisstjórn á nú yfir höfði sér, hefur fengið endanlega afgreiðslu á réttum vettvangi. En með þessu hefur hæstv. ríkisstjórn skapað alveg óþolandi óvissu á fjármagnsmarkaðinum, bæði lántakendum og sparendum í þjóðfélaginu. Það er í meira lagi ámælisvert að standa þannig að verki. Allur aðdragandi málsins er líka á þessa lund. Ríkisstjórnin tók um það ákvörðun að gera þessa breytingu þegar hún kom til valda og ég ítreka það að efnislega tel ég að það komi alveg til álita og geti verið fullkomlega réttlætanlegt að hafa í gildi lánskjaravísitölu sem tengd er launum. En eins og fram hefur komið í þessum álitum er það í meira lagi vafasamt að breyta með reglugerð eldri lánssamningum þar sem kveðið er á um notkun annarrar vísitölu. Og það kemur jafnframt fram að það er í meira lagi vafasamt að unnt sé að taka upp lánskjaravísitölu af þessu tagi fyrr en Alþingi er búið að samþykkja lög um launavísitölu. Þarna eru tveir meginbrestir að því er varðar lagastoð fyrir þá ákvörðun sem hæstv. ríkisstjórn tók.

Eftir því sem umræður mögnuðust um þessa ákvörðun virtist minna ætla að verða úr framkvæmdum af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Hæstv. forsrh. ítrekaði að það væri meginstefna að hér yrði aðeins ein lánskjaravísitala. Hæstv. viðskrh. taldi hins vegar að það gæti verið mikið álitaefni að gefa fólkinu í landinu kost á fleiri en einni og jafnvel fleiri en tveimur vísitölum. Nokkrir stjórnarþingmenn virtust vera mjög ósáttir við ákvörðun hæstv. ríkisstjórnar um þá breytingu sem boðuð var og fluttu þess vegna sérstaka tillögu þess efnis að skipuð yrði nefnd til þess að gera tillögur um og athuga með nýja samsetningu vísitölunnar. Þessi tillaga getur því aðeins hafa verið flutt að stjórnarþingmennirnir hafi verið óánægðir með ákvörðun hæstv. ríkisstjórnar. Nú er það spurning til hæstv. forsrh. hvort þessi óánægja sé enn fyrir hendi og hvort stjórnarliðið ætlar að samþykkja þessa tillögu og fela sérstakri nefnd að endurskoða þessa ákvörðun enn á ný. Og í ljósi þess klúðurs sem ákvarðanir ríkisstjórnarinnar bera vott um og þeirrar miklu óvissu sem ákvörðunin hefur valdið tel ég að eins og málum er komið geti það verið fullkomið álitaefni og spurning hvort það sé ekki rétt og nauðsynlegt að Alþingi kjósi sérstaka nefnd til að fara í þetta mál.

Ég hélt því fram í umræðum fyrr á þessu þingi að tillaga stjórnarþingmannanna væri borin fram vegna þess að þeir treystu ekki hæstv. viðskrh. fyrir meðferð málsins og nú hefur ýmislegt komið í ljós sem staðfestir þetta. Það hefur verið gefin út reglugerð af hæstv. ráðherra um breytingu á vísitölunni þrátt fyrir yfirlýsingu hæstv. forsrh. um að það sé ekki hægt fyrr en búið er að samþykkja lög á Alþingi. Því þykir mér ýmislegt mæla með því að þessi nefnd verði sett á fót og vil nú inna ríkisstjórnina eftir því hvort tillaga stjórnarþingmannanna muni fá atfylgi stjórnarflokkanna og nefndin verði sett á laggirnar.

Þá kemur að þætti hæstv. fjmrh. í þessu máli, en eins og kunnugt er gerði hann samninga við lífeyrissjóðina, lífeyrisþegana í landinu, skömmu fyrir áramót um kaup á skuldabréfum. Þeir samningar gilda að mig minnir í þrjá fyrstu mánuði þessa árs. Því hefur verið lýst yfir af hálfu lífeyrissjóðanna, fulltrúa lífeyrisþeganna í landinu, að skýrt ákvæði sé í þessum samningum þess efnis að fjmrh. hafi skuldbundið sig til að greiða vísitölu samkvæmt hinni eldri gerð, greiða vísitölubætur samkvæmt hinni eldri gerð lánskjaravísitölunnar. Og aðeins nokkrum dögum eftir að undirskriftin af hálfu fjmrn. er sett undir þetta plagg tekur hæstv. viðskrh. sig til og breytir vísitölunni þvert ofan í yfirlýsingar hæstv. forsrh. um að fyrst verði að setja um launavísitöluna lög. Hæstv. fjmrh. segir þá að hann geti engu um það svarað hvort hæstv. ríkisstjórn ætlar að standa við þá samninga sem fjmrh. gerði við lífeyrisþegana og hygg ég að ekki séu mörg dæmi um það að ráðherrar í ríkisstjórn Íslands lýsi því yfir opinberlega að þeir geti með engu móti svarað því hvort þeir ætli að standa við gerða samninga, þegar augljóst er ofan í kaupið að mjög skortir á að nægjanleg lagastoð hafi verið fyrir hendi þegar hæstv. viðskrh. gaf reglugerðina út. Þess vegna er það spurning hér í

þessum umræðum, sem ég óska eftir að hæstv. forsrh. svari, hvort fjmrh. á að standa við samninginn eða ekki, hvort hann muni leggja að hæstv. fjmrh. að standa við gerða samninga. Hæstv. fjmrh. hefur færst undan að svara þeirri spurningu en ég þykist vita að hæstv. forsrh. hafi þrátt fyrir allt nokkurn metnað fyrir hönd ríkisstjórnar sinnar og sé reiðubúinn að svara þeirri fyrirspurn hér játandi.

Það er líka nauðsynlegt að hæstv. forsrh. gefi skýringu á því sem fram kom í sjónvarpsfréttum fyrir skömmu, þar sem hann lýsti því yfir að úrskurðarnefndin sem hér hefur verið vitnað til hafi samþykkt breytingar hæstv. viðskrh. á vísitölunni, en þau orð höfðu varla verið sögð er yfirlýsing kom frá úrskurðarnefndinni þess efnis að hún hefði ekki samþykkt þessa breytingu. Ég geri ekki ráð fyrir að hæstv. forsrh. vilji í raun og veru gerast spurgöngumaður hæstv. fjmrh. í vinnubrögðum og óska því eftir nánari skýringum um þetta efni.

Það hefur verið óhjákvæmilegt að víkja nokkrum orðum að þessu klúðurmáli vegna þess að það beinlínis tengist því máli sem hér um ræðir og er skýrt tekið fram í athugasemdum með frv. að það tengist því máli þó að ég geti á hinn bóginn verið sammála því sem fram kemur í athugasemdunum og fram kom í upphafsræðu hæstv. forsrh., að ástæðulaust er að blanda efnisatriðum þessa frv. og þessara væntanlegu laga um launavísitölu hugsanlegri notkun hennar í öðrum tilgangi og þar á meðal uppbyggingu lánskjaravísitölu. Ákvæði þessara laga verða að standa alveg sjálfstætt að þessu leyti. Um það atriði er ég fyllilega sammála hæstv. forsrh. og hæstv. ríkisstjórn og vænti ég þess að þetta frv. geti orðið sem fyrst að lögum.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég fagna því að síðasti ræðumaður, hv. 1. þm. Suðurl., skuli hvetja til þess að þetta frv. um launavísitölu verði sem fyrst að lögum. Ég vildi hér eingöngu fara nokkrum orðum um þá gagnrýni sem hann hafði í frammi í ræðu sinni á þá breytingu sem nýlega hefur verið ákveðin á grundvelli lánskjaravísitölunnar þótt lánskjaravísitalan sem slík sé hér reyndar ekki á dagskrá.

Breytingin fól það í sér að launavísitala hafði jafnt vægi á við vísitölu framfærslu- og byggingarkostnaðar. Ég ætla hér einkum að fjalla um formlegar hliðar þessa máls. Mig langar í þessu sambandi til að rifja upp að fyrir miðjan september sl. var flutt tillaga um þetta mál af hv. 1. þm. Suðurl. sem þá var forsrh. Tillagan var flutt í fomri draga að yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um aðgerðir í efnahagsmálum og með leyfi virðulegs forseta ætla ég að lesa upp úr Morgunblaðinu þann 17. september þar sem þessar tillögur voru birtar, en tillagan var svona:

„Ríkisstjórnin hefur falið Seðlabankanum að breyta grundvelli lánskjaravísitölu þannig að vísitala launa hefði sama vægi og framfærsluvísitala og vísitala byggingarkostnaðar. Með þessari breytingu er leitast við að draga úr misgengi launa og lánskjara samhliða því sem sparifé verður áfram varið fyrir verðlagsbreytingum."

Þarna var tillagan sú að fela Seðlabankanum að breyta grundvelli lánskjaravísitölunnar. Þetta var tillaga sem var gerð í samræmi við þá framkvæmd sem verið hefur á breytingum á þessum mikilvæga mælikvarða þau 10 ár sem hann hefur gilt. Verðtrygging fjárskuldbindinga gegnir nú miklu hlutverki í okkar peningakerfi. Það má ætla að í lok síðasta árs hafi heildarfjárhæð verðtryggðra lánssamninga í landinu numið 300–350 milljörðum kr. og þar af hafi lánssamningar á bilinu 150–200 milljarðar verið verðtryggðir miðað við lánskjaravísitölu. Það er því mikilvægt að um lánskjaravísitöluna sé tryggilega búið. Það fóru því fram á vegum ríkisstjórnarinnar víðtækar athuganir á því hvort og hvernig mætti breyta grundvelli lánskjaravísitölunnar með því að taka launavísitölu inn í hana í samræmi við málefnasamning þessarar ríkisstjórnar sem nú situr og í samræmi við þá tillögu sem þáv. forsrh. Þorsteinn Pálsson hafði sjálfur gert.

Niðurstaða þessara lögfræðilegu athugana var að það væri unnt að gera slíka beytingu á grundvelli gildandi laga, svokallaðra Ólafslaga, að því tilskildu að breytingin væri almenns eðlis, gengi ekki á áunnin réttindi, byggðist á opinberlega birtum vísitölum og raskaði ekki verulega hagsmunum sem lánskjaravísitölunni væru tengdir þegar til lengdar léti. Það má líka geta þess að álit nefndar sem ég skipaði á fyrri hluta síðasta árs til þess að kanna fyrirkomulag verðtrygginga á fjárskuldbindingum hné mjög í sömu átt og það er rétt að vekja athygli á því að breytingin nú er alls ekki fyrsta breytingin á grundvelli lánskjaravísitölunnar á þeim áratug sem er liðinn frá því að hún var tekin upp. Þannig var mánaðarlegur reikningur á lánskjaravísitölunnir tekinn upp sumarið 1983 með einfaldri auglýsingu frá Seðlabankanum á grundvelli ákvörðunar ríkisstjórnar. Þess má líka geta að framfærslu- og byggingarvísitölur voru þá ekki reiknaðar nema ársfjórðungslega þannig að það þurfti að áætla tvö gildi lánskjaravísitölunnar á móti hverju einu sem byggt var á beinum athugunum. Það er líka rétt að geta þess að á þessum 10 árum hefur verið skipt um grundvöll algjörlega á framfærsluvísitölu og byggingarvísitölu. Það er af þessu ljóst að því fer fjarri að lánskjaravísitalan hafi verið óbreytt í öllum atriðum frá árinu 1979 þar til nú. Sú breyting sem gerð var í janúar uppfyllir öll þau skilyrði sem ég nefndi hér áðan og hlýtur því að teljast lögmæt. Auðvitað má jafnan deila um efnisatriði í slíku máli, en það liggur í augum uppi að hér var um almenna breytingu að ræða eins og kom m.a. fram í máli hv. 1. þm. Suðurl. en hann taldi að efnislega kæmi þetta vel til greina. Þessi breyting gengur heldur ekki, þegar litið er yfir lengri tímabil, á nein áunnin réttindi og hún byggist á opinberlega birtum vísitölum og raskar ekki verulega hagsmunum sem tengdir eru þessum reikningum þegar til lengdar lætur. Ég tel þvert á móti að það megi halda því fram að nú hafi formlega verið tryggilegar um þessa breytingu búið en áður

hafði verið gert. Ég vildi að endingu segja það að ég tek undir það með hæstv. forsrh. og hv. síðasta ræðumanni að það væri fengur að því að fá samþykkt frv. um launavísitölu til þess að ganga enn betur frá þessum breytta grundvelli.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég vil eins og hæstv. viðskrh. þakka fyrir þann stuðning sem kom fram hjá hv. 1. þm. Suðurl. við frv. Það er alveg ljóst að það ber brýna nauðsyn til að setja í lög ákvæði um hvernig reikna skuli launavísitölu og mun það væntanlega verða til þess að langtum nánar verður fylgst með þróun launa en verið hefur því að það hefur komið fram að það er alls ekki fullnægjandi eins og nú er. Hv. þm. kom að nokkrum atriðum og m.a. bar hann fram spurningar til mín. Í fyrsta lagi er vitanlega sjálfsagt að nefndin fái þær upplýsingar sem liggja fyrir frá Seðlabanka. Hv. þm. fékk þær, ég útvegaði þær samkvæmt ósk hans og skal ég ekki fara mörgum orðum um það út af fyrir sig.

Eins og kom fram hjá hv. þm. gerði Seðlabankinn fremur að tillögu sinni, hann nefndi að vísu nokkra kosti, að eldri vísitala yrði áfram heimil. Ég held að það hafi reyndar komið fram opinberlega, ef ég man rétt, að ýmsir höfðu efasemdir um það að hafa hér margar vísitölur. Ég minnist þess að þetta bar m.a. á góma í umræðum hér á hinu háa Alþingi og man ekki betur en að það hafi legið a.m.k. í orðum nokkurra þm. Sjálfstfl. að það væri mjög vafasamt að hafa svo margar vísitölur í notkun. Ég er þessu sammála. Og ég lýsti því þá hér í umræðu að ég teldi þetta afar vafasamt. Þetta var ein af meginástæðunum fyrir því að ný vísitala samkvæmt ákvörðun í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar var ekki tekin upp. Ég taldi t.d. ekki eðlilegt að hér væru margar vísitölur og mönnum þannig gefinn kostur á að flytja á milli og velta vöngum yfir því hvaða vísitölur á hverjum tíma gæfu kost á meiri arðsemi og meiri hagnaði. Við vildum því skoða þetta nánar.

Þó að hins vegar sé vakin athygli á því í greinargerð Seðlabankans, ef ég man rétt, að æskilegt sé að setja lög um launavísitölu er alls ekki sagt að það þurfi að gera áður en slík ný lánskjaravísitala er tekin upp. Það er hárrétt hjá hv. þm. að í grg. með frv. segir í 2. mgr.: „Ákvæði 6. gr. laga nr. 63/1985 eru því ófullnægjandi hvað snertir útreikning opinberrar launavísitölu sem fullnægi þeim skilyrðum sem sett eru í 39. gr. laga nr. 13/1979, um vísitölu, sem heimilt sé að miða verðtryggingu við.“ Við sem sagt vildum ganga nokkuð lengra en í raun, finnst mér, kemur fram í áliti Seðlabankans sem gat fallist á að taka upp þessa nýju lánskjaravísitölu um áramótin. Hins vegar er í frv. gert ráð fyrir að leiðrétta launavísitöluna reglulega því að ekki sé unnt að tryggja að hún sé ætíð rétt á þeim tíma sem hún er birt eins og kemur fram í því sem ég ræddi áðan. Sömuleiðis hefur forstjóri Hagstofunnar tjáð mér að hann telji afar litlar líkur á því að það verði nokkrar umtalsverðar breytingar á launavísitölunni, þannig að ef breytingar verða eftir samþykkt þessara laga, og reyndar eftir allan þann undirbúning sem er hafinn, sem ég rakti, þar sem hafið er samstarf við fjölmarga aðila um öflun nánari upplýsinga, verður það vitanlega leiðrétt. Af þessum sökum taldi ríkisstjórnin ekki ástæðu til að fresta því að taka upp nýja vísitölu.

Hv. þm. spurði um deilur sem væru við lífeyrissjóðina vegna þess samnings sem þar var gerður. Það standa nú yfir viðræður við lífeyrissjóðina um þessi mál og að sjálfsögðu verður staðið við það sem um var samið nema um annað semjist við lífeyrissjóðina. Um þetta eru nokkrar deilur sem ég þori ekki að skera úr hér úr þessum stól á þessari stundu, enda er þetta í athugun, en ég fullvissa hv. þm. um það að hæstv. fjmrh. hefur ekki hug á að svíkja neina samninga sem gerðir hafa verið.

Hv. þm. spurði um tillögu sem hér liggur fyrir sem lýsir vilja ýmissa þingmanna til þess að endurskoða grundvöllinn. Ég held út af fyrir sig að mikilvægt sé að endurskoða grundvöllinn. Það hefur verið gert með þessu og sömuleiðis hefur reyndar verið heimilað að hafa gengi eða erlenda gjaldmiðla sem grundvöll. Mig grunar nú að ekki sé lögð eins mikil áhersla af flutningsmönnum á endurskoðun grundvallarins nú, en þó vil ég taka það fram að ég sé ekkert því til fyrirstöðu að haldið sé áfram að leita að viðunandi grundvelli nema það eitt að ég er mjög eindregið þeirrar skoðunar að að því beri að stefna að afnema verðtryggingu fjármagns með öllu. Reyndar segir í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar að koma skuli í veg fyrir víxlverkun verðlags og verðtryggingar fjármagns svo fljótt sem jafnvægi er fengið í einahagsmálum. Og ég minni á það að í því samkomulagi sem var í fyrri ríkisstjórn og er frá 20. maí ef ég man rétt var sú ríkisstjórn einnig sammála því. Það er undirstrikað í aðgangsorðum að þeim aðgerðum sem þá voru ákveðnar að ríkisstjórnin muni koma í veg fyrir víxlverkun af þessu tagi og þar var reyndar fleira talið til og ég veit að hv. þm. getur staðfest það að í okkar umræðum, jafnvel enn lengra aftur í tímann, þá ræddum við um nauðsyn þess að stefna að slíku. Ég er mjög eindregið þeirrar skoðunar að þetta sé afar mikilvægt og ég vil leyfa mér að vísa í grein sem birtist í Morgunblaðinu 28. jan. og er skrifuð af þeim hálærða hagfræðingi Gunnari Tómassyni og, með leyfi forseta, lesa aðeins lítillega úr þeirri grein. Þar segir:

„Lögfesting lánskjaravísitölu jafngildir fráviki frá þeim lögmálum markaðarins sem ella mundu þjóna hagkerfinu sem öryggisventill gagnvart óhóflegum ávöxtunarkröfum á hendur fyrirtækjum atvinnulífsins sem er vettvangur allrar verðmætasköpunar íslenskrar þjóðar. Ef fjármagnseigendur heimta ávöxtun umfram raunverulega arðgjöf fjárfestingar, þá eyðist höfuðstóllinn að sama skapi.“ Og hér segir sömuleiðis: „Lánskjaravísitalan sem verðtryggir höfuðstól lánsfjármagns í verðmætasköpun, án tillits til þeirrar ávöxtunar sem þar býðst við þær aðstæður sem atvinnulífi eru búnar, eyðir eigin fé fyrirtækja samhliða því sem höfuðstóll fjármagnseigenda vex í skjóli lagaverndar.“

Í þessari grein segir jafnframt síðar að það sé að

sjálfsögðu ekki unnt að tryggja fjármagnseigendur fyrir þeim skakkaföllum sem verða m.a. hjá þeim atvinnuvegum sem vitanlega skapa allt það verðmæti sem við erum að skipta milli manna í þessu þjóðfélagi. Þetta er náttúrlega mjög athyglisvert í þeirri umræðu sem var hér í gær og heldur áfram á fimmtudag að 13 milljarðar hafa runnið burt af eigin fé fyrirtækjanna – er ekki líklegt að þeir hafi að hluta a.m.k. runnið til hins verðtryggða fjármagns? Ég held að höfundur þessarar greinar fari hér með sannleika málsins.

Nú grunar mig að hv. þm. sé sammála höfundi og sammála mér í þessu, a.m.k. eins og ég met umræður okkar, svo að ég er með því ekki að stofna, vona ég, til deilu, heldur aðeins að undirstrika að ég lít svo á að sú breyting sem var gerð sé til að lagfæra grundvöll lánskjaravísitölu sem fyrst verði afnumin af nýjum lánum en helst að öllum líkindum á eldri fjárskuldbindingum nokkuð lengi því að það mun vera niðurstaða lögfræðinga að ekki sé unnt að afnema með öllu verðtryggingu á eldri fjárskuldbindingum með lögum.

Eins og fram kom áðan hjá hæstv. viðskrh. lagði fyrrv. forsrh., hv. 1. þm. Suðurl., til 17. sept. að tekin yrði upp ný lánskjaravísitala nákvæmlega eins og hér er gert ráð fyrir. En það er athyglisvert að hv. þm. lagði þá til sem forsrh. að þetta yrði gert með auglýsingu Seðlabankans, þ.e. það er orðað svo: Seðlabankanum hefur verið falið að birta nýjan grundvöll lánskjaravísitölu. Við ítarlega athugun á þessu máli komst núv. ríkisstjórn að þeirri niðurstöðu að það væri ekki rétt að gera þetta með auglýsingu og það var haft mjög náið samráð við Seðlabankann um það mál og ákveðið þess vegna að gera það með reglugerð sem Seðlabankinn taldi vera traustari aðgerð. Seðlabankinn lagði til að það yrði gert með reglugerð. Nú efa ég ekki að hv. þm. hefur kannað þetta á sínum tíma áður en hann gerði þessa tillögu.

Hvað viðvíkur úrskurðarnefndinni, þá sendi Seðlabankinn að sjálfsögðu þessa breytingu til úrskurðarnefndarinnar nú þegar hún var gerð eins og lög gera ráð fyrir og því miður láðist mér að taka með bréf sem úrskurðarnefndin skrifaði, en í síðustu mgr. þess bréfs, ég held að ég muni það nokkuð nákvæmlega, segir að úrskurðarnefndin telji að þessi breyting á lánskjaravísitölunni sé í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar og það er til þess sem ég vísa þegar ég segi að úrskurðarnefndin hafi samþykkt þessa breytingu, en líklega er rökréttara að segja að úrskurðarnefndin telji þessa breytingu ekki ganga í bága við reglur sem gilda eða reglugerðina. Og ég skal að sjálfsögðu með ánægju láta hv. þm. og nefndinni þetta svar úrskurðarnefndarinnar í té og má vel vera að það berist hingað mjög fljótlega, en því miður hefur það ekki gert það enn þá.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð. Ég tel hins vegar að öll umræða um lánskjaravísitöluna sé mjög þörf og menn geri upp hug sinn um hana. Ég hef að vísu gert það fyrir mitt leyti. Ég tel hana vera af hinu verra og tel að það eigi að losna við hana sem fyrst eins og aðra verðtryggingu í þjóðfélaginu sem stuðlar að sjálfsögðu að *víxlverkun eins og svo margoft* hefur verið rætt um. Ég get bætt við til viðbótar að í skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á síðasta ári kemur það einmitt fram að verðtrygging fjármagns leiði til þess að hagstjórn í gegnum gengið verði ekki eins virk. Þetta held ég að sé mjög þörf ábending.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherrum fyrir svör þeirra. Mér heyrist eigi að síður að af þeim komi nú í ljós það sem flestir hafa haft á tilfinningunni að það hafi verið hrapað að þessu verki fyrst og fremst vegna þess að ríkisstjórninni þótti nauðsynlegt að lækka verðbólgutölur nokkuð og ég hygg að það hafi jafnvel verið ætlan hæstv. ríkisstjórnar að standa á annan veg að framkvæmd málsins, en það hafi þótt svo brýnt að lækka verðbólgutölur að því hafi verið hlaupið til verksins og þess vegna hafi þetta klúður orðið. Það er kunnara en frá þurfi að segja að verðbólga á þremur fyrstu mánuðum þessa árs var komin yfir 20% og ef ég man rétt hefði mæling á lánskjaravísitölu farið með verðbólguna yfir 30% í einum mánuði og eðlilega þótti ríkisstjórninni það slæmt og því var gripið til þessara breytinga. Í sjálfu sér, ef þetta er rétt mat, að þetta sjónarmið hafi legið að baki, er alveg spurning hvort hæstv. samgrh. ætti ekki að hugsa sinn gang og reyna kannski að tvöfalda lagningu bundins slitlags með því að skerða kílómetrann svona um 500 metra eða svo, en þetta er auðvitað aukaatriði.

Hæstv. ráðherrar rifjuðu hér upp að á lokadögum fyrri ríkisstjórnar lagði ég fram tillögu í ríkisstjórninni sem gerði ráð fyrir slíkri breytingu og það er að sönnu rétt, enda hef ég margsinnis lýst því yfir að ég telji þetta vera fullkomið álitaefni. Ég taldi þá og tel enn á hinn bóginn að það sé ekkert aðkallandi atriði í okkar efnahagsmálum og ekkert á fjármagnsmarkaðinum sem í sjálfu sér hafi kallað á þetta, enda er nauðsynlegt vegna þessara ummæla að taka það fram að þær tillögur sem þarna voru lagðar fyrir voru tilraun þá til málamiðlunar á milli þriggja flokka og það var í þeim tilgangi verið að taka hugmyndir frá þeim aðilum sem í þeirri ríkisstjórn störfuðu *saman og tilgangurinn* var auðvitað sá að ná um það samkomulagi.

Það er ekkert launungarmál að tillagan um þetta kom frá Framsfl. á þeim tíma og var sett inn í málamiðlunartillögur þessar í þeim tilgangi að reyna að brúa bil og það lá alveg ljóst fyrir að af hálfu Framsfl. voru gerðar um það mjög skýrar kröfur að slíkt ákvæði yrði að vera inni í yfirlýsingu. Hæstv. forsrh. lét að því liggja að orðalag þeirrar yfirlýsingar hafi verið með óvarkárari hætti en framkvæmdin varð af hálfu núv. hæstv. ríkisstjórnar. Ég vil mótmæla því að það orðalag hafi á nokkurn hátt bent til þess að óvandaðri undirbúningur hefði átt sér stað á þeim grundvelli. Í því sambandi vil ég minna hæstv. forsrh. á það sem stendur í stefnuyfirlýsingu hans eigin ríkisstjórnar. Þar segir:

„Ríkisstjórnin hefur falið Seðlabankanum að

breyta grundvelli lánskjaravísitölu þannig að vísitala launa hafi helmingsvægi á móti framfærsluvísitölu og vísitölu byggingarkostnaðar sem hafi fjórðungsvægi hvor."

Þetta stendur alveg skýrum orðum í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar hæstv. forsrh. En auðvitað felur það í sér að Seðlabankanum er falin framkvæmdin og á hans vegum fer fram hinn faglegi undirbúningur og hin faglega könnun og ég gagnrýni það síður en svo að það skuli hafa verið gert af hálfu þessarar hæstv. ríkisstjórnar þrátt fyrir þetta skýra ákvæði í stjórnarsáttmálanum, enda hygg ég að það hefði verið gert þrátt fyrir sams konar ákvæði af hálfu hvaða ríkisstjórnar sem setið hefði við völd. Kjarni málsins er sá að hin faglega athugun sem fór fram samkvæmt þessum fyrirmælum í stjórnarsáttmála og hefði farið fram ef tillögur í fyrri ríkisstjórn hefðu leitt til áframhaldandi samstarfs leiðir það í ljós að Seðlabankinn telur í bréfi sínu til viðskrh. að nauðsynlegt sé að setja lög um nýja launavísitölu. Orðrétt segir í álitinu:

„Til þess að launavísitala gæti orðið hluti af lánskjaravísitölu er því nauðsynlegt að sett verði lög um nýja, almenna launavísitölu." Þetta stendur alveg skýrt hér í áliti Seðlabankans. Og í ljósi þess að hæstv. ráðherra hefur lýst því yfir að það hafi verið sérstakt áhugamál hæstv. núv. ríkisstjórnar að undirbúa þetta mál faglega, hvers vegna er þetta skýra álit þá að engu haft? Og í niðurlagi bréfs úrskurðarnefndarinnar segir enn svo, með leyfi forseta:

„Með hliðsjón af því sem hér hefur verið rakið er það skoðun nefndarinnar að breyting á vægi hinna opinberu vísitalna í núverandi lánskjaravísitölu feli í sér upptöku nýrrar lánskjaravísitölu. Ljóst er að Seðlabankinn getur heimilað að verðtrygging sparifjár og lánsfjár miðist við ýmsar vísitölur svo fremi að gætt sé þess skilyrðis að um sé að ræða opinberar skráðar vísitölur eins og þær eru reiknaðar á hverjum tíma. Í þessu felst hins vegar ekki að mati nefndarinnar heimild til að skipta um vísitölur í verðtryggðum samningum og á sama hátt verður ekki séð að unnt sé með stjórnvaldsákvörðun að raska vægi vísitalna í núverandi lánskjaravísitölu." Ég fagna því að þessi vandaði undirbúningur fór fram og þessi álit lágu fyrir. Ég hygg að ekki nokkrum manni hafi dottið í hug að túlka ákvæði hvorki í tillögum sem lágu fyrir í fyrri ríkisstjórn né heldur þetta skýra ákvæði í stjórnarsáttmála núv. hæstv. ríkisstjórnar á annan veg en að þessi vandaða athugun færi fram. Síðan er það auðvitað spurning um hvernig staðið er að framkvæmdinni þegar þessi undirbúningsvinna liggur fyrir.

Hæstv. viðskrh. vék að því að það hefðu áður verið gerðar breytingar á lánskjaravísitölunni og það er rétt að minni háttar breytingar hafa verið gerðar eins og breyting á útreikningsdögum, að færa útreikningana yfir í mánaðarlega útreikninga, og að því er varðar vísitölurnar sem lánskjaravísitalan byggir á þá hefur grundvöllur framfærsluvísitölunnar breyst á grundvelli nýrra neyslukannana. Þetta er það sem ég skil í áliti Seðlabankans sem minni háttar breytingar sem í álitinu segir hins vegar að eigi að túlka þröngt þannig að meiri háttar breytingar verði að teljast ný vísitala. Álitið verður varla skilið á annan veg. Það segir hins vegar ekkert um það að rangt hefði verið af hæstv. ríkisstjórn að setja þannig nýja vísitölu. Það gat verið fullkomið álitaefni miðað við hennar ákvörðun að gera það og út af fyrir sig hefði það ekki verið tilefni til mikillar gagnrýni. Þessar athugasemdir um fyrri breytingar eiga augljóslega við hinar minni háttar breytingar sem talað er um í áliti Seðlabankans.

Hæstv. forsrh. sagði að sjálfsagt væri að upplýsingar Seðlabankans lægju fyrir í nefndinni. Það sem ég var sérstaklega að óska eftir er það álit sem ég hef ekki séð enn og hæstv. fjmrh. vísaði til í sjónvarpsþætti á dögunum, að lögfræðingar Seðlabankans hefðu talið nægjanlegt að hæstv. ríkisstjórn gæfi út yfirlýsingu um að hún ætlaði að setja lög um launavísitölu, það væri nægjanlegur lagagrundvöllur. Ég hef ekki heyrt það áður og hef engan lögfræðing heyrt, hvorki fyrr né síðar, halda því fram að yfirlýsing ríkisstjórnar um að hún ætlaði að setja lög væru nægjanlegur lagagrundvöllur. Þess vegna vildi ég mjög gjarnan að þessi lögfræðingur, ef til er, yrði nú dreginn fram í dagsljósið. Það væri fróðlegt að kynnast honum og hans álit yrði þá lagt fyrir hv. fjh.- og viðskn.

Það kom reyndar fram í máli hæstv. forsrh. að það væri hans túlkun á yfirlýsingunni í athugasemdum með frv. að lög þyrftu ekki að hafa verið samþykkt, heldur aðeins yfirlýsing gefin um að þau ætti að samþykkja. Ég ætla ekki að fara í einhverja þrætubók um þetta, en ég skil ekki 2. mgr. í athugasemdum hæstv. forsrh. á annan veg en þann að nauðsynlegt sé að setja ný lög um launavísitölu áður en ný lánskjaravísitala er tekin upp þar sem launavísitalan er nýr grundvöllur.

Ég fagna svo sérstaklega yfirlýsingu hæstv. forsrh. um að hæstv. ríkisstjórn ætli að standa við samningana við lífeyrissjóðina eins og þeir voru gerðir. Það fer ekki hjá því að þessi yfirlýsing hlýtur að vekja mikla athygli því að það hefur staðið í ströngu á milli lífeyrissjóðanna og hæstv. fjmrh. vegna þess að hæstv. fjmrh. hefur neitað að gangast undir þann samning sem fjmrn. gerði um kaup lífeyrissjóðanna á skuldabréfum. Þessi yfirlýsing hæstv. forsrh. er því mikið fagnaðarefni og hlýtur að vera vel tekið hjá forustumönnum lífeyrissjóðanna, og ég verð að segja það að hann á sérstakt hrós skilið fyrir það að setja nú hæstv. fjmrh. svolítið niður. Það var kominn tími til þess að stíga svolítið ofan á tærnar á honum, enda kannski ekki nema eðlilegt að gera það í tilviki sem þessu þar sem látið var að því liggja af hálfu hæstv. fjmrh. að ríkið ætlaði ekki að standa við gerða samninga. Þess vegna vil ég sérstaklega og enn á ný fagna þessari yfirlýsingu og þakka hæstv. forsrh. fyrir hana. Það verður síðan að koma í ljós hvað stjórnarmeirihlutinn gerir með tillögu þá sem hér liggur fyrir um að skipa sérstaka nefnd til þess að kanna nýjan vísitölugrundvöll. Verði sú tillaga samþykkt ber það auðvitað með sér að ríkisstjórnin er ekki viss um að sú

ákvörðun sem tekin var hafi verið rétt og þess vegna er það kannski öllum fyrir bestu, eins og málum er komið, að Alþingi samþykki þessa tillögu og kjósi þessa nefnd.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég skal vera stuttorður. Ég bað um orðið vegna þess að mér barst þessi úrskurður núna og ég hafði áður sagt að ég vildi gjarnan koma honum hérna á framfæri. 23. jan. ritar Seðlabankinn til úrskurðarnefndar samkvæmt lögum og þar segir svo í bréfi, með leyfi forseta:

„Viðskrn. hefur nú gefið út reglugerð sem breytir grundvelli lánskjaravísitölu frá því sem ákveðið var með auglýsingu Seðlabanka Íslands frá 27. ágúst 1983.

Þess er hér með farið á leit við nefndina að hún úrskurði hvort tenging milli grundvallanna samkvæmt sérstöku fylgiskjali sé í samræmi við ákvæði tilvitnaðrar reglugerðar. Fylgir eintak af henni hér með ásamt tilkynningu Seðlabankans sama efnis."

Síðan berst úrskurðurinn samdægurs og þar segir:

„Seðlabanki Íslands hefur með bréfi í dag óskað þess að nefnd skv. 44. gr. laga úrskurði hvort tillaga bankans um umreikning milli breyttrar lánskjaravísitölu samkvæmt reglugerð um lánskjaravísitölu til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár frá 23. jan. 1989 og áður gildandi lánskjaravísitölu sé í samræmi við ákvæði framangreindrar reglugerðar.

Tillaga Seðlabankans er að lánskjaravísitalan verði reiknuð sem hér segir ..." og svo fylgir hér með einföld stærðfræðileg formúla þar sem gert er ráð fyrir þessum þremur vísitölum og segir síðan: „Nefndin hefur fjallað um mál þetta og úrskurðar að sú reikningsaðferð sem Seðlabankinn leggur til sé í samræmi við ákvæði ofangreindrar reglugerðar." Undir þetta rita Hallgrímur Snorrason, Guðmundur Guðmundsson og Helgi V. Jónsson.

M.ö.o., við þetta átti ég þegar ég sagði að nefndin hefði samþykkt þessa reikningsaðferð sem Seðlabankinn ákveður hér og mér sýnist það vera staðfest í þessum úrskurði.

Ég skal ekki lengja þetta mál, en ég vil þó aðeins koma að því að hv. þm. taldi að við hefðum breytt þessari vísitölu til að – hvað á ég að segja – falsa verðbólguna, ef ég má orða það svo. Verðbólguna má að sjálfsögðu mæla á ýmsa mælikvarða. Hún er mæld á framfærsluvísitölu sem að sjálfsögðu verður ekki breytt. Hún er mæld á byggingarvísitölu sem að sjálfsögðu verður ekki breytt. Lánskjaravísitalan, fyrst og fremst, ákveður greiðslu af verðtryggðum fjárskuldbindingum og við töldum satt að segja, eða a.m.k. var ég einn í þeim hópi sem taldi satt að segja feng að því að skuldbindingar lántakenda, fjölmargra einstaklinga og fyrirtækja, í landinu hækkuðu minna en gamla vísitalan gerði. Samkvæmt gömlu vísitölunni hefði höfuðstóll lána átt að hækka um 2,22%, en samkvæmt þeirri nýju um 1,67. Og það tel ég, að fenginni reynslu ekki síst frá misgengisárunum 1983–1984 afar mikilvægt og tel því að lánskjaravísitala sem stuðlar að minna misgengi á milli launa og fjármagnskostnaðar sé mjög æskileg. Og þegar ég fyrir mitt leyti samþykkti í málefnasamningi að gengið yrði lengra að þessu leyti með vægi launa, þá er það með þetta í huga sem ég gerði það. Hins vegar töldu menn við nánari athugun að þriðjungsvægi hverrar vísitölu væri eðlilegri viðmiðun og eflaust hefur hv. þm. komist að sömu niðurstöðu á sínum tíma sem forsrh. Ég er ekki að efa það að fyrrv. forsrh. hefði farið að tillögum Seðlabankans. Ég minntist þess ekki að talað væri þá um reglugerðarbreytingu, en ég er ekki að gefa til kynna að hv. þm. og páv. forsrh. hefði ekki farið að slíkum ráðum.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að fagna þeirri yfirlýsingu hæstv. forsrh. að ekki komi til greina að breyta framfærsluvísitölunni, sérstaklega vegna þess að í málgagni hæstv. fjmrh. aðeins fyrir nokkrum dögum var því slegið upp á forsíðu að nú væri kominn tími til að breyta framfærsluvísitölunni og með því móti mætti stórlækka verðbólgu. Og miðað við þau áhrif sem hæstv. fjmrh. hefur í ríkisstjórn datt manni kannski í hug að þetta yrði framkvæmt án nokkurra lagabreytinga með reglugerðarútgáfu, en ég fagna því að hæstv. forsrh. hefur nú tekið af skarið í þessu efni og það á ekki að lækka verðbólguna með því að breyta framfærsluvísitölunni eins og málgagn hæstv. fjmrh. gaf til kynna fyrir nokkrum dögum.

Aðeins varðandi það bréf sem hæstv. forsrh. vitnaði til frá úrskurðarnefndinni. Ég skildi það alveg augljóslega á þann veg að úrskurðarnefndin hefði þarna verið að staðfesta að Seðlabankinn hefði reiknað rétt út í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar sem hæstv. viðskrh. gaf út. M.ö.o., úrskurðarnefndin var aðeins að kveða á um að rétt væri út reiknað. Hún var ekki að fjalla um það hvort efnislega hefði verið staðið með lögformlegum hætti að breytingunni, enda hefur það síðar komið fram vegna erindis sem nefndinni barst með ósk um úrskurð að hún telur sig ekki bæra til þess að úrskurða þar um hvort farið hafi verið að réttum lögum. Þar eigi dómstólar úrskurðarvald. Og í álitinu sem úrskurðarnefndin sendi frá sér í októbermánuði vegna óska Seðlabankans kemur alveg skýrt fram, eins og ég hef áður rakið hér í umræðunni, að nefndin telur þá breytingu sem hér er verið að tala um fela í sér nýja vísitölu. Þess vegna breytir þetta bréf sem hæstv. forsrh. las upp engu um þau efnisatriði sem ég hef áður komið hér fram með í þessari umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

38. fundur, miðvikudaginn 8. febr., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.
Vinnubrögð í Seðlabanka Íslands.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég þakka forseta fyrir að fá að beina fyrirspurn til hæstv. viðskrh. utan dagskrár. Ég vil jafnframt í upphafi míns máls andmæla úrskurði forseta sem kom fram á síðasta fundi. Ég er ekki með minni fyrirspurn að gera hæstv. viðskrh. ábyrgan fyrir ummælum hæstv. utanrrh. eins og skilja mátti af úrskurðinum. Ástæður fyrirspurnanna, sem ég þarf ekki að lesa, þær hafa þegar komið fram á þskj., eru m.a. eftirgreindar og verð ég að stytta mjög mál mitt.

Í fyrsta lagi: Hæstv. utanrrh. segir álit sitt á mjög áberandi hátt um starfsfólk stofnunar sem heyrir undir annan hæstv. ráðherra og sá síðarnefndi hefur ekki sagt sitt álit.

Í öðru lagi: Ef taka á orð hæstv. utanrrh. alvarlega eru þau stórmál annaðhvort meiðandi fyrir starfsfólkið eða hörð gagnrýni á yfirmenn, ekki síst hæstv. viðskrh. sem er æðsti yfirmaður bankans. Sú spurning vaknar hvort utanrrh. hæstv. telji hæstv. viðskrh. ekki valda verkefni sínu.

Í þriðja lagi: Séu ummæli hins vegar sögð í gamni er ástæða til að það komi fram. Það hefur ekki verið gert, a.m.k. ekki í fréttum af fundinum.

Í fjórða lagi: Yfirlýsingar af þessu tagi geta leitt til þess að almenningur átti sig ekki á því hvenær taka skuli stjórnmálamenn alvarlega og hvenær þeir eru í hlutverki skemmtikrafta. Vitaskuld er gott að geta blandað saman gamni og alvöru í málflutningi, en þá er nauðsynlegt að greinarmunurinn sé skýr, sérstaklega ef í ummælunum felast aðdróttanir í garð tiltekins hóps fólks eða lítilsvirðing fyrir stofnun sem ætlast er til að tekið sé mark á.

Í fimmta lagi: Ummæli af þessu tagi geta skaðað álit á stjórnmálamönnum almennt. Fólk getur álitið að þeir séu hópur gasprara sem ekki eigi að taka mark á, enda fylgja þeir ekki ummælum sínum eftir í verki.

Í sjötta lagi: Þessi fyrirspurn er ekki stórmál í sjálfu sér nema vegna úrskurðar virðulegs forseta og ég er ósammála forseta sameinaðs þings að þinginu sé minnkun að því að ummæli ráðherra utan þings séu rædd á Alþingi. En að öllu samanlögðu þótti mér rétt að gefa hæstv. viðskrh., æðsta yfirmanni Seðlabankans, tækifæri til að segja álit sitt á ummælum hæstv. utanrrh.

Að lokum, virðulegur forseti, vonast ég til og mér þætti vænt um það að hæstv. utanrrh. tæki hér til máls og staðfesti að þessi ummæli hafi átt að vera fyndin og sögð í gamni. Ég veit að hæstv. ráðherra er drengur góður og mundi vaxa af því að taka af allan vafa um það atriði.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég tók eftir því í gær að hv. málshefjandi, 1. þm. Reykv., taldi að nú stæði einkar vel á að ræða þessa fyrirspurn hans vegna þess að viðstaddir væru, eins og hann sagði, allir sem málið varðaði. Ég er ekki alveg viss um að hv. 8. þm. Reykv. Eyjólfur Konráð Jónsson, sem nú er fjarstaddur, mundi samþykkja þessa skoðun því hann hefur látið í ljós ýmis sjónarmið varðandi starfsemi Seðlabankans sem heppilegra væri að þeir ræddu saman, félagarnir og flokksbræðurnir, sérstaklega.

Það er annars einkennileg árátta, sem virðist vera að heltaka suma þingmenn Sjálfstfl., að þeir eru farnir að þráspyrja einstaka ráðherra um skoðanir þeirra á einhverju sem annar ráðherra kann að hafa sagt. Þetta er að verða eins og leikþáttur unninn upp úr hinni merku bók, Fagra nýja veröld eftir Aldous Huxley. Í þeirri bók voru reyndar þeir sem hugsuðu sjálfstætt sendir til Íslands, en nú virðist vera kominn upp hér á landi vísir að eins konar hugsanalögreglu sem situr sig ekki úr færi að eltast við hugsanir manna og ummæli við einhver tækifæri hér og hvar, ekki með því að tala við þá sjálfa heldur með því að bera fram fyrirspurnir á Alþingi til annarra manna um það hvaða skoðun þeir hafi á annarra hugsunum eða ummælum. Þetta minnir reyndar á rannsóknardómstóla miðalda þegar hér er verið að efna til yfirheyrslna yfir fólki um skoðun þess á skoðunum annarra. (Gripið fram í.) Í þetta sinn, hv. 1. þm. Reykv., er tilefnið einhver myndræn lýsing, nefnd í hita andartaksins af miklum mælskumanni í ham til að vekja athygli á þörfinni fyrir endurbætur í bankakerfinu. (**FrS:** Er það svo?)

Hér er ég spurður um tiltekin ummæli hæstv. utanrrh. um starfslið Seðlabankans. Ég skal lýsa því yfir að ég er þeim alls ekki sammála. Ég tel mig hins vegar alls ekki þurfa að halda uppi vörnum fyrir starfslið stofnana sem tilheyra mínu boðvaldi sem ráðherra í hvert sinn sem ég fregna af hnjóðsyrðum í þess garð. Starfsliðið svarar slíkum ummælum sjálft fyrst og fremst með farsælu og vel unnu starfi. Ég tel fyrirspurn hv. fyrirspyrjanda til mín í þremur töluliðum og mörgum stafliðum fyrst og fremst harla kjánalega og varla samboðna virðingu þingmanns á Alþingi Íslendinga.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Fyrsta athugasemd mín í tilefni af þessari fyrirspurn er þessi: Ég hefði gjarnan kosið að sá sem telur sig eiga eitthvað sökótt við mig eða telur að ummæli mín séu ekki samboðin virðingu Alþingis beindi máli sínu til mín en ekki annarra.

Ég rifja upp, virðulegi forseti, að fyrir fáum dögum mátti lesa í blöðum þá skoðun háttvirts landsbankastjóra nýskipaðs, sem mun að vísu telja sig enn þá vera í pólitík, sennilega á grundvelli þess að hann þiggur fyrir það biðlaun, að æðsti yfirmaður ríkisfjármála á Íslandi, hæstv. fjmrh., væri sérmenntaður í því að villa um fyrir fólki, en þegar við bættist að hann væri að upplagi ákaflega óheiðarlegur maður væri ekki von á góðu. Ég læt þetta sítat í ræðu háttvirts landsbankastjóra, fyrrum hv. þm., þess sem einhver mestur miðmundi þótti nú að í þingliði Sjálfstfl., nægja en gæti látið gamminn geysa í að lesa upp úr

þingræðum hv. þm., núverandi bankastjóra, og spyrja hvort ummæli væru samboðin virðingu Alþingis, en ég minnist þess ekki að menn hafi gripið þá til þess leiks að fara að spyrja aðra ráðherra um mat þeirra eða viðhorf til slíkra ummæla.

Ég minnist þess ekki t.d. að þegar hæstv. fyrrv. forsrh., utanrrh. og dómsmrh. lét frá sér fara þau ummæli að tiltekinn ritstjóri hér í bæ væri fulltrúi mafíu sem kenndi við ákveðið dagblað hafi aðrir stjórnmálamenn rokið upp til handa og fóta út af því máli.

Ég minnist þess ekki þegar hæstv. fyrrv. ráðherra Matthías Bjarnason lýsti þeirri skoðun sinni á tilteknum hópi manna í þessu þjóðfélagi að þeir væru gróðapungar að aðrir þingmenn rykju til til þess að spyrja aðra ráðherra eða forustumenn í flokkum álits á þessum skoðunum.

Virðulegi forseti. Það er ástæða til þess að minna á það að til er ákaflega mikilvirkur hugmyndafræðingur hér í borg, hér í þessu landi sem heitir Hannes Hólmsteinn Gissurarson og er gúrú hv. fyrirspyrjanda, hugmyndafræðingur mikill og hefur það eftir Friedman hagfræðingi að seðlabankar ættu ekki að vera til — og það er reyndar útbreidd skoðun í Sjálfstfl. og ekki bara haldið fram af hv. þm. Eyjólfi Konráði Jónssyni að seðlabankar ættu ekki að vera til. Er ástæða til að spyrja hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson eða Hannes Hólmstein Gissurarson, háttvirtan hugmyndafræðing, að því hvort þeir eigi að biðjast afsökunar á þeim hnjóðsyrðum í garð starfsmanna Seðlabankans að þeir eru þeirrar skoðunar að stofnunin ætti alls ekki að vera til, það ætti enginn að vinna þar? Ég held ekki. Ég held að þessi orð nægi til þess að sýna hversu mikill leikaraskapur og hversu mikill kjánaskapur er fólginn í fyrirspurn af þessu tagi og það var hárrétt hjá forseta að hafna fyrirspurninni en laukrétt hjá henni, hæstv. forseta, að heimila þessa umræðu.

Það væri ekki úr vegi að minna síðan höfund slagorðsins um „báknið burt", hv. fyrirspyrjanda, manninn sem verður að lokum minnst kannski fyrst og fremst fyrir að hafa hnoðað saman þessu slagorði, að tilefni þessara ummæla voru svar við fyrirspurn á almennum fundi þar sem undirritaður var spurður, sá sem hér stendur, hvort það væri líklegt að núverandi ríkisstjórn mundi ganga betur fram í því að framfylgja kjörorðinu um „báknið burt" en hefði tekist í samstarfi við Sjálfstfl. Ég lýsti af því tilefni þeirri skoðun minni að ef menn vildu koma í veg fyrir síþenslu í ríkisbákni, ef menn vildu koma í veg fyrir sífellda fjölgun starfsmanna á vegum hins opinbera langt umfram fjölgun þjóðar skyldu menn skoða það mál t.d. út frá tvennu: Annars vegar út frá starfskröfum fjmrn., sem vinnur undir einhverri mestu herkví og álagi í þessu landi, og hins vegar starfsliðið undir „svörtuloftum", í musteri peningamála og fór síðan nokkrum efnislegum orðum þar sem ég lýsti skoðunum mínum á árangri af ráðgjöf og stjórnmennsku Seðlabankans á undanförnum árum í peningamálum. Orðalagið hefði ég auðvitað átt að nota á annan veg. Ég hefði ekki átt að tala um blýanta. Ég hefði átt að tala um tölvuútskriftir sem kæmu að litlu gagni.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Ég verð að byrja á því að lýsa undrun minni á því hvernig tveir virðulegir ráðherrar hafa talað í dag. Það er eins og þeir geri sér enga grein fyrir því að þessir menn eru ráðherrar. Þeir gera ekkert borið sig saman við einhvern hugmyndafræðing úti í bæ og jafnvel ekki óbreyttan þingmann þó að hann sé fyrrv. formaður utanrmn. Alþingis. Og um hvað snýst málið? Það snýst um það hvernig virðulegir ráðherrar leyfa sér að tala um stofnanir ríkisins, leyfa sér að tala eins og menn sem ekki nokkurt mark er takandi á og sem ekki bera nokkra ábyrgð á orðum sínum. Um það snýst þetta mál.

Menn hafa verið að gera því skóna að það sé ósæmandi að ræða þessi mál hér á Alþingi. Auðvitað er það fjarstæða. Alþingi hlýtur að þola þær umræður sem ráðherrar í ríkisstjórn Íslands kalla yfir það með ummælum og ábyrgðarlausu tali, jafnvel þó það sé úti í bæ. Og viðskrh. getur ekki komið hér og kveinkað sér undan því þó að hann sé spurður um málefni sem varða stofnanir sem heyra undir hann, ekki síst þegar hans eigin flokksformaður fer með fleipur og blaður um slíkar stofnanir.

Ég sagði í gær að ummæli ráðherrans um það efni sem hér er til umræðu væru hneyksli og honum til vansæmdar. En það er sama að segja t.d. um orð hæstv. forsrh. þegar hann lýsti því yfir á opinberum fundi nýlega að það væri eins og að skvetta vatni á gæs að fela Seðlabankanum að athuga mál. Þannig geta æðstu yfirmenn ríkisins, og ekki heldur hæstv. fjmrh., leyft sér að tala um stofnanir ríkisins og þeirra starfsmenn.

Hæstv. utanrrh. hefur öðrum ráðherrum fremur tekið sér fyrir hendur að vega að Seðlabanka Íslands, yfirmönnum hans og starfsfólki. Það gerði hann t.d. í undarlegri áramótagrein þar sem hann sagði að löngu tímabært væri orðið að endurskoða lögin um bankann og nefndi nokkrar ástæður til þess. Nú vill hins vegar svo til að í gær var lagt fram á Alþingi frv. til breytinga á lögum um Seðlabankann og það var hæstv. viðskrh. sem lagði það fram. Þá hefði maður auðvitað haldið að viðskrh. færi að vilja síns eigin flokksformanns og legði til breytingar á lögunum um Seðlabankann í samræmi við vilja formanns Alþfl. Nei. Það er ekki gert. Og af hverju er það ekki gert? Það er vegna þess að hæstv. viðskrh. veit eins og allir hv. þm. að þessi ummæli flokksformannsins, hæstv. utanrrh., eru innantómt blaður sem engin meining stendur á bak við, markleysan ein eins og þau ummæli sem kallað hafa fram þessar umræður í dag. Þess vegna tekur viðskrh. ekki mark á þessu.

Það er auðvitað alvarlegt mál, virðulegi forseti, þegar ráðherrar Íslands láta sér um munn fara ósæmileg og marklaus ummæli, en það hlýtur að vera sérstakt böl fyrir hæstv. viðskrh., sem ekki hefur tamið sér þannig framkomu og er þekktur fyrir vönduð og yfirveguð vinnubrögð, að hafa sér við hlið

samráðherra sem ekki sjást fyrir í blaðri um málefni og stofnanir sem heyra undir hann. Ég er ekki hissa á því þótt hann sé orðinn langþreyttur á slíku og hann á vissulega samúð mína alla í því efni.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Af því að ummæli mín voru nefnd áðan vil ég gefa á þeim skýringu. Þau voru í sambandi við það að með bréfi var Seðlabankinn 28. september beðinn um að gera tillögu um grundvöll nýrrar lánskjaravísitölu. Á skrifstofu minni í október var þetta ítrekað og fastmælum bundið að slíkar tillögur skyldu liggja fyrir mjög fljótlega þannig að þær gætu komið til framkvæmda örugglega fyrir áramót.

Á öðrum fundi hjá mér í desember kom í ljós að ekkert hafði verið unnið að þessu máli og það var ekki fyrr en eftir að þrisvar sinnum hafði verið gengið eftir svari Seðlabankans, skyldum hans, að þessar tillögur komu um það bil tíu dögum fyrir áramótin. Ég hefði getað notað önnur orð um þetta, en það skilur hver einasti Íslendingur hvað við er átt.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Það er rétt, sem fram kom í máli hv. málshefjanda, að þetta er ekki eða var a.m.k. ekki í upphafi með stærri málum sem þetta þing hefur fjallað um. En viðbrögð hæstv. ríkisstjórnar og forseta sameinaðs Alþingis eru á þann veg að það sýnist kannski ætla að verða með meiri háttar málum vegna þess að ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn hér í þinginu eru að bera sig undan þessum ummælum og viðhafa mjög sérstök vinnubrögð í tengslum við þá fyrirspurn sem hér var borin fram.

Það var augljóslega kveðinn upp rangur úrskurður um fyrirspurnina þar sem henni var synjað. Og það er býsna kyndugt þegar hæstv. viðskrh. kemur hér og líkir einfaldri og saklausri fyrirspurn við rannsóknarrétt og rannsóknardóm og heldur því fram að þegar hæstv. utanrrh. hefur borið starfsfólk Seðlabankans þeim þungu ásökunum sem fram koma eigi aðeins starfsfólk Seðlabankans rétt á því að grípa til andsvara, Alþingi eigi ekki rétt á því að krefja viðskrh. svara um það hvort hann er sammála því að 150 eða 155 starfsmenn Seðlabanka nagi blýanta. Alþingi Íslendinga á rétt á því að fá svör um það, þegar hæstv. utanrrh. hefur borið slíkar ásakanir á borð, frá yfirmanni bankamála í landinu. Og að tala um að það sé rannsóknarréttur eða rannsóknardómur er vanvirða við Alþingi Íslendinga. Og að hlaupa hér eins og köttur í kringum heitan graut og vera að vitna í ummæli einhverra annarra manna innan þings og utan í afsökunartón fyrir ummælum sínum er lítilmannlegt og ég tala nú ekki um þegar vitnað er í ummæli sem dæmd hafa verið ómerk fyrir dómi.

Svo ætla ég að lokum að minna á að að sérstakri beiðni hæstv. fjmrh. úrskurðaði hæstv. menntmrh. að téð yfirlýsing væri ekki gamansemi sem skylt væri að greiða skemmtanaskatt af. (**Menntmrh.:** Það er rétt.)

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér hefur verið sagt að úrskurður forseta um ákveðna fsp. hafi verið rangur. Þeim úrskurði forseta var vísað til Alþingis og Alþingi tók undir úrskurð forseta. Sú yfirlýsing hlýtur þess vegna að skoðast á þann veg að úrskurður Alþingis hafi verið rangur. Þetta verður ekki skilið á annan veg en þann að hér í þinginu séu einstaklingar sem treysta sér til að lýsa því yfir hvenær Alþingi greiðir rétt atkvæði og hvenær á annan veg.

En þessir sömu aðilar hafa komist að merkilegri niðurstöðu. Hún er sú að innan þingsins séu slíkir gasprarar að þeir hafi framkvæmt gengisfellingu á manngildi hinna og þaðan kemur reiðin. Þaðan kemur þessi voðalega reiði sem einkennir málflutning hjá hv. 1. þm. Reykv. Hann er nánast æfur yfir því að hæstv. utanrrh. hefur sagt orð sem hafa valdið gengisfellingu á stjórnmálamanninum Friðriki Sophussyni. Og það er náttúrlega ekkert skrýtið þó hann sé reiður yfir slíku því auðvitað mátti hann ekki við því að lækka í áliti almennings. Það sér hver heilvita maður. Skaðinn er stórkostlegur. Hvar endar þetta, herra forseti, ef menn geta orðið til að fella menn í áliti sem stjórnmálamenn þannig að þeir komist kannski ekki á lista næst? Þetta er stóralvarlegt mál og þarf auðvitað að skoða hvernig slíkir menn eiga að bregðast til varnar. Það væri hugsanlegt að nota heilsíðuauglýsingu í Morgunblaðinu: Undirritaður er ekki í hópi þeirra gasprara sem segir eitt og framkvæmir annað. Friðrik Sophusson. Með mynd á miðri síðu væri kannski hægt að draga úr þessari gengisfellingu og bregðast þannig til varnar. En ég skil núna loksins hvers vegna hv. 1. þm. Reykv. er svona reiður og hvers vegna hv. 17. þm. Reykv. er svona foxandi vondur líka. Þetta er auðvitað stóralvarlegt mál.

En hitt er athyglisvert, að eftir að utanrrh. er búinn að lýsa því yfir að hann hefði getað haft heppilegri orð skuli það vera þrír forustumenn úr sveit Sjálfstfl. sem telji sér skylt að verja báknið, báknið sem einu sinni var í tveimur herbergjum í Landsbankanum með sína starfsemi og einni skúffu að auki en er nú orðið að höll með yfir 150 manna starfsliði.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Eitthvað hefur hv. 1. þm. Suðurl. misheyrst því það gekk alveg skýrt fram af mínu máli að teldu menn það alveg óhjákvæmilegt og nauðsynlegt að skilja mælskulist hæstv. utanrrh. bókstaflega — og í einangrun — væri ég alls ekki sammála yfirlýsingu hans. Ég svaraði því hins vegar að það væri best að starfslið þessarar stofnunar svaraði ummælunum sjálft, fyrst og fremst með farsælu og vel unnu starfi. Þetta er kjarni málsins.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Forustusveit Sjálfstfl. fer hér hamförum, er hamstola, hugstola eða hvað á að kalla það, þeir ráða sér ekki fyrir reiði og vefengja að hér hafi verið rétt að verkum staðið í gær með úrskurði og ákvörðun þingsins. Auðvitað var það rétt og óaðfinnanlega gert í alla staði, það var rétt sem gert var í gær.

En vegna þeirra ummæla sem hér hafa orðið að umræðuefni og fjallað er um vil ég segja þetta: Það er öllum ljóst hvað við var átt með þessum ummælum. Það hefur komið fram hér, það hefur komið fram áður. Ég skal að vísu viðurkenna að ég hefði kosið að öðruvísi hefði verið til orða tekið. En það er öllum ljóst við hvað var átt. Það hefur verið skýrt út hér.

Ég vil hins vegar frábiðja mér það, virðulegi forseti, að þurfa að sitja undir sérstökum umvöndunum frá hv. 17. þm. Reykv. Geir H. Haarde sem hafði þau orð hér að þetta væri mjög alvarlegt mál, ráðherrar sæjust ekki fyrir í blaðri o.s.frv. Ég vil frábiðja mér og þingheimi öllum umvandanir frá þessum hv. þm. Ég minni á að fyrir stuttu var haft eftir honum á opinberum fundi um hæstv. fjmrh. núv. ríkisstjórnar að það að gera einstaklinginn Ólaf Ragnar Grímsson að fjmrh. í ríkisstjórn Íslands væri það sama og að gera Drakúla greifa að bankastjóra Blóðbankans. Þetta átti kannski að vera fyndið, en þetta var ekki fyndið. Með þessum ummælum hv. þm., sem voru endurtekin í öllum fjölmiðlum, færði hann pólitíska umræðu á Íslandi niður á enn nýtt neðsta plan og voru þó forustumenn Sjálfstfl. búnir að færa umræðuna ærið langt niður áður. En honum tókst að færa hana enn þá neðar. Þessi ummæli voru ekki aðeins ósæmandi fyrir þingmann. Þau voru ósæmandi fyrir hvern mann og ég átti ekki von á þeim frá þeim skýra og annars dagfarsprúða hv. þm. sem hér á í hlut. En það sýnir hvert örvæntingin leiðir menn og hvert örvæntingin er að leiða leiðtoga Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu og ég frábið mér aftur og enn að þurfa að hlusta á umvandanir frá hv. þm. sem brúkar slíkt orðbragð um samstarfsmenn sína á Alþingi Íslendinga.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Þetta er nokkuð athyglisverð umræða og að mörgu leyti skemmtileg þó ekki sé greiddur af henni skemmtanaskattur. Hún er athyglisverð fyrir það að þetta er fyrsta stórmálið sem Sjálfstfl. telur ástæðu til að taka fyrir í sérstakri umræðu. Það er ekki vandi frystihúsanna eða útgerðarinnar, það er ekki. Það er engin ástæða til að ræða um það. Það er ekki vandi heimilanna í landinu. Það er ekki vandi byggðarlaganna. Hvar er hinn stóri vandi í þjóðfélaginu? Hvar er sá sem helst þarf að verja, taka upp hönd fyrir og hjálpa, lítilmagninn sem þarf að styðja á hinum hála ís? Hvar er sá sem vegið er ódrengilega að af núv. ríkisstjórn? Hver er sá sem á bágt? Hverjum þarf að hjálpa? Hver er það sem gjörvöll forustusveit Sjálfstfl. þarf að taka upp hanskann fyrir í ræðustól á Alþingi? Litli maðurinn? Það er Seðlabankinn. Og verð ég að segja, virðulegi forseti, að lokum í þessari athugasemd minni að er nú illa fjarri góðu gamni hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson.

Albert Guðmundsson:

Virðulegur forseti. Hv. fyrirspyrjandi, 1. þm. Reykv., gaf í framsöguræðu sinni svigrúm til að líta á ummæli hæstv. utanrrh. sem annaðhvort mjög alvarleg ummæli eða ummæli í gamni sögð. Ég er einn þeirra sem tek þessi ummæli sem í gamni sögð á pólitískum fundi og ekki lagður sá skilningur í þau sem mér finnst hafa komið fram hjá þeim sem deila á hæstv. ráðherra fyrir þessi ummæli. Sem sagt: Ég lít svo á að ummælin séu í gamni sögð og ég sé ekki ástæðu til þess að langar umræður eða strangar fari fram miðað við mína niðurstöðu. En hún er auðsjáanlega ekki sú sama og margra annarra.

En ég sé fulla ástæðu til þess að lýsa því hér yfir að Seðlabankinn sem slíkur hefur reynst mér mikil stoð í mínu starfi sem fjmrh. á sínum tíma þegar ég gegndi því starfi og byggt á þeirri reynslu vil ég þakka starfsfólki bankans og forustusveit vel unnin störf. Það stóð aldrei á neinu sem ég þurfti á að halda, enda bankinn rekinn af hinum hæfustu mönnum sem við höfum á að skipa.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Það er auðheyrt á máli hæstv. menntmrh. að hann hefur ekki fylgst með þingstörfum í vetur og ekki hlýtt á ræður sem fluttar hafa verið úr þessum ræðustól og heldur ekki umkvartanir hæstv. forseta sem stundum kvartaði yfir því að sum óheillaverk ríkisstjórnarinnar kæmust ekki fram vegna þess að Sjálfstfl. hefði nokkrar áhyggjur af því hvert stefndi fyrir hagsmunum fólksins í landinu og atvinnufyrirtækjanna.

Aðeins vegna ummæla hv. 3. þm. Vesturl. vil ég segja að það er ástæðulaust að fara fleiri orðum um þau gífuryrði sem þingmenn og ráðherrar Alþfl. hafa haft til varnar formanni sínum í þessu máli. Þau skýrast auðvitað af því að þeir skammast sín nokkuð fyrir ummælin, eins og reyndar hefur komið fram, því að þeir geti ekki undir þau tekið og er ástæðulaust að fara þar fleiri orðum um. Það sem skiptir auðvitað meginmáli er að hæstv. viðskrh. hefur lýst því yfir að hann er ósammála ummælunum.

Það er líka rangt að vera að blanda saman hugmyndum manna um hvort þau störf sem unnin eru í Seðlabankanum eigi að vera unnin á vegum ríkisins eða úti á hinum frjálsa markaði. Meðan þar vinna embættismenn íslenska ríkisins eiga þingmenn rétt á því að fá svör við því hvort þeir eru að vinna skyldum sínum samkvæmt eða hvort lýsing hæstv. utanrrh. á við.

Að lokum þetta. Ég held að það liggi alveg ljóst fyrir að það var kveðinn upp rangur úrskurður um hvort leyfa ætti þessa fyrirspurn eða ekki. Sá úrskurður sem slíkur var hins vegar ekki lagður fyrir Alþingi heldur var lögð fyrir Alþingi spurningin um hvort ætti að leyfa fyrirspurnina þannig að rökstuðningurinn sem lá fyrir úrskurði forseta var ekki borinn undir atkvæði þingmanna heldur fyrirspurnin sjálf.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég tek undir það með hæstv. menntmrh. að fullkomin ástæða er til að efna sérstaklega til umræðu utan dagskrár um vanda frystihúsanna, sérstakrar umræðu um vanda heimilanna og til sérstakrar umræðu um vanda byggðarlaganna því

auðvitað yfirgnæfir sá vandi þau óvarkáru orð utanrrh. sem hér er fjallað um. Auðvitað er það laukrétt hjá hæstv. menntmrh. að þessi ríkisstjórn hefur komið byggðarlögum og fyrirtækjum og heimilum í vanda og stefnir í mörgum byggðarlögum á vonarvöl þar sem atvinna hefur legið niðri og sums staðar er svo komið að innan fárra vikna rennur upp sá tími að fjölmargir einstaklingar fá ekki einu sinni rétt til atvinnuleysisbóta. Geta menn þá hugsað sér hvernig komið er fyrir heimilunum á slíkum stöðum. Auðvitað yfirgnæfir það allt annað í þjóðfélaginu að atvinnuleysi hafi verið í desembermánuði meira en skýrslur hafa mælt síðan 1969 sem er ótvíræður mælikvarði á hvernig þessi ríkisstjórn hefur dugað, hvernig hún hefur reynst.

Annars stóð ég aðallega upp til að vekja athygli á þeirri ég vil segja skemmtilegu uppákomu að hv. 3. þm. Vesturl. Eiður Guðnason skuli sjá ástæðu til að reyna að kenna öðrum mönnum háttvísi. Ég hygg að það sé eitt spaugilegasta atvik sem komið hefur fyrir í sögu þingsins.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Þar sem forseti hefur tilkynnt mér að ég sé síðastur ræðumanna í þessari umræðu og þar með sé umræðu lokið skal ég stytta mál mitt.

Ég þakka virðulegum og hæstv. ráðherra fyrir svörin. Það kom skýrt fram hjá honum að hann er ekki sammála því sem kom fram í ræðu hæstv. utanrrh. Sömuleiðis vil ég þakka hv. þingflokksformanni Alþfl. fyrir að segja það skýrt og skorinort að hann hefði ekki tekið svona til orða.

Ég ætla ekki að hafa nein orð um kjark eða kjarkleysi hæstv. utanrrh. Hann skýldi sér á bak við aðra menn. Það gera sumir þegar illa stendur á. Ég bara minni á að fyrir menn sem halda fram t.d. að hinir og þessir séu síbrotamenn eða taka fyrir ákveðinn hóp manna og eru sjálfir í valdastöðum er það kannski stórmannlegra að fylgja þá slíkum hugmyndum eftir ef þeir meina það sem þeir eru að segja. Sjálfur hef ég skilið ráðherra svo að hann vilji Seðlabankann burt eða þá að draga úr starfsemi hans. Hann getur hnippt í sessunaut sinn, hæstv. viðskrh. og þeir unnið saman að þessu máli. Það mundi verða þeim miklu betra ef þeir ynnu með þeim hætti fremur en að flytja ræður á borð við þær sem hæstv. ráðherra hefur gert.

Ég ætla ekki að gera langt mál úr því, en ég hélt satt að segja að gæsabóndinn úr Borgarfirðinum væri kominn hingað til að flytja varnarræðu fyrir gæsir sem hefði verið skvett vatni á. Ég ætla ekkert að gera meira úr því. Því hefur verið svarað. Ég vil einungis segja það í lokin, virðulegur forseti, að ég vonast til þess að þessar umræður hafi orðið til þess að við áttuðum okkur á að stjórnmálamenn geta talað saman á ákveðinn hátt. Við sem erum í þessum sal getum talað saman með þeim hætti sem hæstv. utanrrh. gerði af því að við getum svarað hverjir öðrum í þessum sal. Það er hins vegar umhugsunar virði fyrir okkur öll, ef við viljum að það sé tekið mark á orðum, að velja þau þá þannig að þegar til alvörunnar kemur og menn meina það sem þeir eru að segja að þá sé hægt fyrir almenning í þessu landi og aðra að segja: Þetta er það sem stjórnmálamaðurinn ætlar sér að gera, þetta er það sem hann vill.

Í þessu kraðaki stóryrða er mikil hætta á því að merking orðanna tapist. Ég veit að þessi umræða hefur orðið til þess að skýra þetta út fyrir fólki. Ég harma það að hæstv. ráðherra skyldi ekki biðjast afsökunar á sínum ummælum, en ég þakka honum fyrir að hafa komið hér upp og gefið í skyn að vísu í frumskógarleiðangri í sinni ræðu að í raun og veru hafi það sem hann sagði ekki átt að takast bókstaflega.

Læt ég síðan máli mínu lokið og þakka fyrir þessa umræðu sem ekki var um stórmál heldur varð að stórmáli vegna þess hvernig forseti úrskurðaði málið.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það eru tvær athugasemdir. Í fyrsta lagi leyfi ég mér að andmæla villandi ummælum 1. þm. Suðurl. þegar hann segir að úrskurður forseta hafi ekki berið borinn undir Alþingi. Forseti kvað upp úrskurð sem rökstuddur var með vísan til þingskapalaga og bar undir Alþingi hvort hann skyldi staðfestur. Alþingi staðfesti þennan úrskurð og vísaði þessu frá þannig að það er óþarfi að væna forseta um annað. Alþingi staðfesti þetta. Ég skal síðan ekki níðast á tímamörkum sem sett voru.

Það var minnst hér á Blóðbankann. Það hefði verið ástæða til þess að taka til varnar fyrir ýmsa menn. En þótt seðlabankar séu umdeildir vil ég að lokum segja að það er alveg óumdeilt að Blóðbankinn er þó sýnu þarfari.

Um þingsköp.

Umræður um vinnubrögð í Seðlabanka.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það voru greinilega mistök hjá forustu Sjálfstfl., sem hér hefur talað nánast öll, að óska ekki eftir því að þessi umræða færi fram á þann veg að ræðutími væri ótakmarkaður svo Alþingi hefði tóm til að ræða þetta merka mál sem helgar sérstaklega vörn Sjálfstfl. fyrir Seðlabankann. Mig langar þess vegna að koma þeirri ábendingu á framfæri að kannski væri æskilegt að finna tíma í störfum þingsins svo að Sjálfstfl. geti virkilega fengið að njóta sín hér í þinginu og fengið þann tíma fyrir það sem hann telur mikilvægast vegna þess að á fyrstu þingdögum eftir langt þinghlé er þetta það mál sem Sjálfstfl. leggur mesta áherslu á.

Ég sakna þess t.d. að ummæli mín um seðlabankastjórann á þessum fundi skuli ekki hafa komist hér til umræðu vegna tímaskorts. Ég vænti þess að þau þyki líka einhverrar umræðu verð. Hafi það farið fram hjá hv. formanni Sjálfstfl. og hv. varaformanni Sjálfstfl.

og hv. siðgæðisverði Sjálfstfl., Geir Haarde, hver þau voru skal ég endurtaka þau hér. Þau voru á þann veg að Jóhannes Nordal væri menntaður maður og vitur mjög, sérstaklega hefði hann gott vit á bókmenntum. Nú vildi ég benda hv. þm. Friðriki Sophussyni á það hvort hann vildi ekki flytja í sama dúr fyrirspurn til hæstv. menntmrh. um álit hans á þessum ummælum mínum svo hægt sé að halda áfram að rekja fundinn yfirlýsingu fyrir yfirlýsingu.

Ég vil svo að lokum geta þess, af því að Sjálfstfl. hefur löngum viljað láta kenna sig við lýðræði, að lýðræðið snýst um vilja fólksins og samþykki fólksins og á fjölmennasta stjórnmálafundi sem haldinn hefur verið á Akureyri í áraraðir, yfir 400 manna fundi, voru engin ummæli á fundinum sem vöktu eins mikla hrifningu fundarmanna og nutu eins mikils stuðnings, m.a. með dynjandi langvarandi lófataki, og sú yfirlýsing hæstv. utanrrh. sem hér hefur verið til umræðu þannig að það var alveg ljóst á þeim sem á fundinum voru að þessi skoðun hæstv. utanrrh. naut mikillar lýðhylli á þessum fjölmennasta stjórnmálafundi sem haldinn hefur verið á Akureyri. En kannski er Sjálfstfl. hættur að hlusta á fólkið í landinu og er meira orðið annt um að passa æðstu stofnanir ríkisvaldsins. (**EG:** Var fjmrh. sammála þeim ummælum?) Já, fjmrh. var sammála þeim vegna þess að á hverjum fundi sem fjmrh. hefur komið á í Seðlabankann, sem eru nú að vísu ekki mjög margir, hefur þess rækilega verið gætt af hálfu Seðlabankans að blýantar séu við hvers manns disk.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Nokkrir hv. þm. hafa beðið um orðið um þingsköp. Forseti hyggst hins vegar ljúka afgreiðslu á rannsókn kjörbréfs og vill þess vegna biðja hv. þingheim að hafa hemil á umræðum um þingsköp. (**FrS:** Ætlar forseti að slíta í sundur þingskapaumræðuna?) Forseti er satt að segja í vandræðum. Með samningum við hæstv. forseta Nd. og Ed. var gefið leyfi til hálftíma umræðu. Forseti fékk enga heimild fyrir lengri tíma. Þessi fundur átti einungis að fjalla um rannsókn kjörbréfs og síðan hina umræddu hálftíma umræðu sem þegar hefur farið fram. (**FrS:** Hver hóf þingskapaumræðuna?) Síðan verða hv. þm. að gera upp við sig hvort þeir vilja sýna forseta sínum þá virðingu að hann geti haldið orð sín við aðra forseta þingsins.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka til máls um þingsköp þótt full ástæða hefði verið til. Það gerði hins vegar formaður Alþb. og hæstv. ráðherra og bar fram ósk um það, ef ég skildi hann rétt, að ýmis ummæli hans og annarra á fundum úti á landi yrðu tekin sérstaklega upp til umræðu utan dagskrár. Ef virðulegur forseti ætlar að svara þessari beiðni hæstv. fjmrh. lýsi ég mig reiðubúinn að ræða um slíkt en gegni að öðru leyti úrskurði virðulegs forseta.

Hér hafa tveir virðulegir ráðherrar tekið fram að það eina sem Sjálfstfl. hafi lagt til í upphafi þings, þegar hæstv. ríkisstjórn þóknaðist að kalla þing saman aftur, sé að ræða um Seðlabankann. Er þetta rétt? Hver bað um utandagskrárumræðu um Seðlabankann eða um vinnubrögð þar? Sá sem hér stendur? Hver var það? Það var virðulegur forseti sem stakk upp á því að það yrði gert, tvívegis, og ég þáði það boð. Það var gerð lítil saklaus fsp. sem auðvitað átti að afgreiða með venjulegum hætti en hefur hér orðið að stórmáli, kannski sem betur fer því það getur kennt okkur þingmönnum að við eigum stundum að haga orðum okkar gagnvart öðru fólki en því sem vinnur í þessum þingsal með þeim hætti að við verðum ekki taldir vera gasprarar. Ég held að það hafi tekist. Ég held að hvert okkar finni það í hjarta sínu að það hefur tekist. Og ég heyri að menn koma nú iðrandi eftir ummæli sín úti á landi í þennan ræðustól og spyrja: Má ég ekki líka vera með af því að mig langar að biðjast afsökunar á mínum ummælum?

Ég skildi hæstv. fjmrh. þannig. Ef minn skilningur er rangur er ég tilbúinn að ræða við hann um hans ummæli úti á landi ef virðulegur forseti leyfir að slík umræða sé tekin. Ég er tilbúinn til þess hvenær sem er. En það er ekki hægt, virðulegur forseti, og kem ég að því, að leyfa hæstv. fjmrh. að taka til máls um þingsköp og slíta síðan þá umræðu í sundur. Forseti á að gæta hlutleysis.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta nema aðeins eitt í viðbót: Menn mega ekki rugla saman Seðlabanka og starfsfólki í Seðlabanka. Og um það snerist þessi umræða.

Virðulegur forseti. Ég veit að ég hef gengið talsvert á þolinmæði forseta. Það hafa og fleiri gert. Ég lýsi mig hins vegar stuðningsmann þess að það sé farið í gegnum ummæli hæstv. fjmrh., eins og hann hefur stungið upp á, ef hann fær leyfi til umræðu utan dagskrár, ég hélt til að biðjast afsökunar á þeim, en ef ekki þá til þess að ræða þau sérstaklega. Til þess var leikurinn gerður þegar ég bað um orðið um þingsköp.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég ætlaði ekki að koma upp um þingsköp upphaflega en mér fannst full ástæða til þess þegar hæstv. fjmrh. hélt langa ræðu um eitthvað allt annað en þingsköp. Ég varpa fram þeirri spurningu til hæstv. forseta, hvort maður sem er ekki þingmaður hefur leyfi til að ræða um þingsköp.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Þetta er e.t.v. rétt ábending hjá hv. þm. Hæstv. fjmrh. hefði ekki átt að fá orðið um þingsköp. Forseta var það ekki ljóst fyrr en hann hafði þegar tekið til máls og bið ég forláts á því. Kannað verður hvort hér var rangt að farið.

Matthías Á. Mathiesen:

Virðulegi forseti. Þessar umræður, sem hér hafa farið fram, held ég að hafi þjónað þeim tilgangi sem þeim var ætlað og ég ætla ekki að víkja að því. Ég vil hins vegar víkja að dagskránni vegna þeirra ummæla,

sem forseti viðhafði áðan, að hann gæti ekki vegna forseta Ed. eða forseta Nd. leyft umræður um þingsköp hér. Á dagskránni stendur: Dagskrá efri deildar að loknum fundi í sameinuðu þingi. Dagskrá neðri deildar að loknum fundi í sameinuðu þingi. Dagskrá sameinaðs þings er rannsókn kjörbréfs. Þingskapaumræður eru aldrei á dagskrá. Þess vegna verður forseti að gera sér grein fyrir því að það er ekki fyrr en þessar umræður, þingskapaumræður, hafa farið fram að þessum fundi er lokið. Síðan vil ég ekki fallast á það að hæstv. fjmrh. hafi ekki rétt til þess að tala um þingsköp enda þótt hann hafi fallið í seinustu kosningum. Hann situr á þingi sem ráðherra með fullu málfrelsi og tillögurétti og það verður ekki tekið af ráðherra sem hér situr og ekki er þingmaður réttur til að tala um þingsköp frekar en annað sem hér á að ræða.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna orða hv. 1. þm. Reykn. vil ég segja þetta: Hann hefur sjálfur verið forseti þessa þings og veit það eins vel og ég að auðvitað semja forsetar þingsins um fundahald hvers dags, einkum þegar sameinað þing er haldið á degi sem það er ekki vant að koma saman á. Hv. þm. verða hins vegar að gera það upp við sig hvort þeir ætla að hindra að hér fari fram fundir í deildum í dag, en til þess gefst nú einungis einn klukkutími. Það er ljóst að hæstv. viðskrh. mun tala fyrir einum fjórum málum í dag a.m.k. þannig að þingheimi hlýtur að vera ljóst að til umræðu sem þessarar er enginn tími.

Varamaður tekur þingsæti — rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf:

„Kristín Einarsdóttir, 12. þm. Reykv., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að vegna forfalla 1., 2. og 3. varamanns taki 4. varamaður Kvennalistans í Reykjavík, Sigrún Helgadóttir líffræðingur, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, hæstvirtur forseti, með ósk um að fram fari í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns."

Með þessu bréfi fylgir kjörbréf Sigrúnar Helgadóttur. Undir bréfið skrifar forseti Nd. Kjartan Jóhannsson.

Þrjú önnur bréf bárust af þessu tilefni til forseta sameinaðs þings. Hið fyrsta hljóðar svo:

„Þar eð ég undirrituð, Guðrún Halldórsdóttir, er mjög önnum kafin við mín daglegu störf og á örðugt með að sinna öðrum þjóðþrifamálum um sinn leyfi ég mér að æskja þess að taka ekki sæti sem varamaður á Alþingi í febrúar 1989. Virðingarfyllst,

Guðrún Halldórsdóttir."

Þá er annað bréf:

„Hér með tilkynnist að ég, 2. varaþingkona Kvennalistans í Reykjavík, Sigríður Lillý Baldursdóttir, sé mér ekki fært vegna annarra starfa að taka sæti á Alþingi nú í fjarveru Kristínar Einarsdóttur.

Virðingarfyllst,

Sigríður Lillý Baldursdóttir."

Þá er hið þriðja bréf:

„Þess hefur verið óskað að ég sitji þing fyrir hönd Kvennalistans vegna fjarveru Kristínar Einarsdóttur alþingiskonu. Ég sé mér ekki fært að verða við þessari beiðni vegna anna.

Virðingarfyllst,

María Jóhanna Lárusdóttir."

Samkvæmt þessum bréfum og með vísan til 4. gr. þingskapa ber hv. kjörbréfanefnd nú að prófa kjörbréf Sigrúnar Helgadóttur líffræðings. Gert verður hlé á fundinum í fimm mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. kjörbréfanefndar (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Kjörbréfanefnd hefur komið saman og athugað kjörbréf Sigrúnar Helgadóttur sem gefið er út af landskjörstjórn nú 6. febrúar. Þar segir að Sigrún Helgadóttir hafi hlotið við alþingiskosningarnar 21. apríl 1987 kosningu sem 4. varaþingmaður Samtaka um kvennalista í Reykjavík lögmæltan tíma. Forseti hefur greint frá því að varaþingmenn Samtaka um kvennalista hafa ekki getað tekið sæti og því er kjörbréfanefnd sammála um að leggja til að kjörbréf Sigrúnar Helgadóttur verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Kjörbréf Sigrúnar Helgadóttur samþ. með 39 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Sigrún Helgadóttir hefur undirritað drengskaparheit um að halda stjórnarskrána. Hún er boðin velkomin til Alþingis.

Forseti vill hins vegar að gefnu tilefni lýsa þeirri skoðun sinni að engar annir aðrar réttlæti það að kjörinn þingmaður eða kjörinn varaþingmaður sinni ekki þingstörfum. Engin önnur störf og engar annir koma í veg fyrir það þegar þess er þörf. Hið sama gildir vitaskuld jafnt um kjörna þingmenn sem kjörna varaþingmenn. Ég vil minna hv. þingheim á að það eru kjósendur sem ákveða hverjir taka sæti á Alþingi, ekki þingflokkar. Kjörnum þingmönnum og vara-

þingmönnum hlýtur að hafa verið ljóst þegar til framboðs kom hverjar skyldur fylgdu því ef af kjöri yrði. Þetta vil ég að komi fram að gefnu tilefni.

EFRI DEILD

52. fundur, miðvikudaginn 8. febr., að loknum fundi í Sþ.

Seðlabanki Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 241. mál (vaxtaákvarðanir o.fl.). — Þskj. 446.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég bið hv. þingdeild afsökunar á því að ég skyldi koma of seint til fundar, en hef nú mál mitt til að mæla fyrir stjfrv. til breytinga á lögum nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands.

Þær breytingar á lögum um Seðlabankann sem tillögur eru gerðar um í frv. eru einn liður í fjölþættum efnahagsráðstöfunum sem ríkisstjórnin beitir sér nú fyrir og forsrh. lýsti ítarlega í ræðu hér í þinginu á mánudag. Áður en ég sný mér að frv. sérstaklega langar mig til þess að segja hér nokkur orð um stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í vaxtamálum sem kemur fram í samþykkt hennar frá því á mánudag, en samþykktin er prentuð sem fskj. með frv.

Það er varla of djúpt í árinni tekið þegar sagt er að undanfarin tvö ár hafi vaxtamálin verið mikið ágreiningsefni hér á landi. Þessi ágreiningur hefur einkum snúist um það hvernig stuðla ætti að lækkun raunvaxta. Um markmiðið hefur lítið verið deilt, en þeim mun meira um leiðirnar að því. Þessi ágreiningur hefur ekki farið eftir flokkslínum heldur hafa menn skipað sér í hópa eftir því hvort þeir hafa talið vænlegra að ná raunvöxtunum niður með almennum aðgerðum til að bæta jafnvægi á lánamarkaði eða með því að hlutast til um vaxtaákvarðanir með beinum hætti. Til undantekninga heyrir, sem betur fer, að menn mæli neikvæðum raunvöxtum bót þótt enn kunni að eima eftir af því sjónarmiði meðvitað eða ómeðvitað. Vaxandi skilningur á því að sparifé landsmanna og almannasjóðir megi ekki brenna upp og að endurgreiða skuli raungildi lánsfjár að viðbættri hóflegri vaxtaþóknun horfir ótvírætt til framfara. Enn greinir menn þó á um það hvort vextirnir séu eins og hvert annað verð sem ræðst á markaði af framboði og eftirspurn. Reyndar hefur skilningur á því sjónarmiði einnig verið vaxandi.

Á hinn bóginn hefur því einnig verið haldið fram að verulegur brestur sé í íslenska fjármagnsmarkaðnum þannig að þar ríki ekki sú samkeppni sem stuðli að eðlilegri vaxtamyndun. Þetta er engu að síður spor í rétta átt, þessi vaxandi skilningur, þar sem í því felst ákveðin viðurkenning á því að vextirnir skuli ráðast af markaði ef samkeppnin er fullnægjandi. Með þeim ákvörðunum sem ríkisstjórnin hefur nú tekið hefur að mínu áliti verið fundin farsæl málamiðlun milli þessara sjónarmiða. Það er einmitt verkefni stjórnmálanna að finna slíkar málamiðlanir í þjóðmálum og ég treysti á atbeina hv. Ed. í þessari málamiðlun.

Í raun og veru má líta á þær tillögur, sem hér eru gerðar, þegar þær eru skoðaðar í heild sem lagfæringu á því fyrirkomulagi vaxtaákvarðana sem leitt var í lög á árunum 1985–1987 og byggist á grundvallarreglunni um samningsfrelsi. Sá óstöðugleiki sem ríkt hefur í efnahagsmálum hér undanfarin ár með mikilli umframeftirspurn á öllum sviðum, þar á meðal eftir lánsfé, hefur reynt mjög á þetta frjálsræðisfyrirkomulag varðandi vaxtaákvarðanir á sama tíma og það hefur einmitt verið að slíta barnsskónum. Það er því að vonum að í ljós hafi komið hvar veilurnar voru og að þetta fyrirkomulag þurfi nú nokkurrar lagfæringar við.

Í því frv. sem ég mæli hér fyrir er lagt til að þetta verði gert með því að skýra og skerpa heimildir Seðlabankans til þess að binda vaxtaákvarðanir innlánsstofnana takmörkunum ef vextir þykja keyra úr hófi. Í þessu felst alls ekki grundvallarstefnubreyting og hér er ekki um að ræða neitt afturhvarf til miðstýrðra vaxtaákvarðana.

Menn verða að átta sig á því hver er veruleikinn á íslenska fjármagnsmarkaðnum. Þetta er lokaður markaður þar sem samkeppni á útlánahliðina er ekki mjög virk. Samkeppnin um sparifé á innlánshlið er hins vegar mun virkari. Þar keppa ríkið, bankar og sparisjóðir, verðbréfasjóðir og aðrir sparnaðarkostir hart um því nær hverja krónu. Þótt óhjákvæmilegt væri að raunvextir hækkuðu nokkuð samfara þeirri umröðun vaxta á markaðnum í kjölfar vaxtafrelsis er það einmitt þessi áhalli í samkeppninni milli útlána- og innlánshliðar á lokuðum fjármagnsmarkaði sem í ofþenslu undanfarinna ára hefur keyrt raunvextina upp úr hófi fram. Við aðstæður eins og þessar verða stjórnvöld að hafa heimild til að hlutast til um vaxtaákvarðanir í undantekningartilfellum til þess að gæta hagsmuna hinna dreifðu lántakenda sem ekki eiga í mörg hús að venda með að verða sér úti um lánsfé. Jafnframt hníga þessi rök að því að brýnt sé þegar til lengdar er litið að stefna að því að opna íslenska fjármagnsmarkaðinn gagnvart útlöndum þótt það hljóti að gerast í áföngum á nokkrum tíma. En þar með er þó alls ekki sagt að stjórnvöld muni eða hljóti að binda vaxtaákvarðanir takmörkunum þangað til fjármagnsmarkaðurinn hefur verið fullkomlega opnaður.

Ríkisstjórnin hyggst sem fyrr fyrst og fremst beita almennum aðgerðum til að ná raunvöxtunum niður á hóflegt stig. Hún mun leitast við að veita ríkisútgjöldum eins mikið aðhald og kostur er og draga þannig úr lánsfjárþörf ríkisins. Ríkissjóður mun að sjálfsögðu freista þess að neyta aðstöðu sinnar sem langstærsti lántakandi á fjármagnsmarkaði og sá eini sem getur boðið viðhlítandi tryggingar fyrir mjög háum lánsfjárhæðum til þess að fá fram lækkun raunvaxta í samningum um sölu á ríkisskuldabréfum og á skuldabréfum byggingarsjóðanna, m.a. til lífeyrissjóðanna.

En hún ætlast til þess að raunvextir á öðrum sviðum lánamarkaðarins lagi sig að raunvöxtum á ríkisskuldabréfum. En til þess að ná því fram er nauðsynlegt að sambærilegar reglur gildi um öll fjármálafyrirtæki sem stunda svipaða starfsemi. Þetta á við um ákvæði sem lúta að bindi- og lausafjárskyldu, íhlutun í vaxtaákvarðanir og fleira sem fjallað verður um í fjh.- og viðskn. Nd. þar sem fjármagnsmarkaðsfrumvörpin eru nú til meðferðar.

Þá er það sérstaklega mikilvægt að mínu áliti að í ríkisstjórninni hefur tekist samkomulag um þá framtíðarsýn að til þess að búa þjóðinni bætt lífskjör þegar til lengri tíma er litið þurfi að tryggja íslensku atvinnulífi sambærilega aðstöðu á fjármagnsmarkaði og er í helstu viðskiptalöndum okkar. Þess vegna undirbýr ríkisstjórnin nú stefnumótun um nánari tengsl íslenska fjármagnsmarkaðarins við helstu viðskiptalönd Íslendinga, ekki síst í því skyni að auka samkeppni á lánamarkaðnum til aðhalds að fjármagnskjörum. Þessi stefnumörkun er sérstaklega mikilvæg vegna þeirra breytinga sem eru að verða á viðskiptaháttum með fjármagn og fjármálaþjónustu í umheiminum vegna sameiginlegs innri markaðs Evrópubandalagsins frá og með árslokum 1992. Þegar hefur verið ákveðið að þessi stefnumótun verði byggð á tillögum ráðherranefndar Norðurlanda um efnahagsáætlun áranna 1989–1992. Hér er um mikilvægt framtíðarmál að ræða sem brýnt er að ötullega verði unnið að svo að tryggt sé að Íslendingar dragist ekki aftur úr nágrannaþjóðunum varðandi umbætur í skipun efnahagsmála.

Fyrsta skrefið í þessari aðlögun var reyndar tekið nú um sl. áramót þegar almenn heimild var veitt til þess að taka vörukaupalán allt að þremur mánuðum án bankaábyrgðar vegna hvers konar vöruinnflutnings en áður var slík heimild bundin við tiltekna vöruflokka. Á næstunni verða frekari breytingar í sömu átt undirbúnar. Allt miðar þetta að því í reynd að lækka raunvextina og þar með fjármagnskostnað fjölskyldna og fyrirtækja. Þetta eru dæmi um það hvernig ríkið á að starfa að almannaheill með því að bæta virkni markaðarins, í bráð með íhlutun ef þörf krefur, en í lengd með því að opna markaðinn fyrir aukinni samkeppni.

Ég sný mér þá að frv. sjálfu. Breytingartillögurnar sem í því felast eru að sjálfsögðu byggðar á þeirri reynslu sem fengist hefur af framkvæmd seðlabankalaganna, en eins og ég sagði áðan er nauðsynlegt að skýra betur og skerpa nokkur ákvæði í lögunum í tengslum við efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar. En þessar breytingar munu einnig hafa að mínu áliti varanlegra gildi.

Í 1. gr. frv. er fjallað um laust fé innlánsstofnana. Í ljós hefur komið að endurbæta þarf ákvæði laganna varðandi skilgreiningu á lausu fé. Í júní á sl. ári setti Seðlabankinn nýjar reglur um þessa skilgreiningu en varð að hverfa frá þeim um síðustu áramót, þar sem lagagrundvöllur fyrir þeim reyndist ekki ótvíræður. Um þetta vísa ég til fyrsta fskj. með frv. en þar gerir Seðlabankinn grein fyrir þessu máli ásamt áformaðri breytingu á framkvæmd bindiskyldu lánsfjár sem er á grundvelli 1. mgr. 8. gr.

Í grg. Seðlabankans kemur fram að fyrirhugað sé að bindiskyldan reiknist framvegis af ráðstöfunarfé í heild í stað innlána eins og nú er. Þessi breyting mun koma sér vel fyrir þá banka sem mesta fyrirgreiðslu veita fyrirtækjum í útflutningsgreinum vegna þess að undanskilin verða frá ráðstöfunarfénu endurlán erlendra lána vegna afurðalána. Á sama hátt mun þessi breyting líka fela það í sér að bindiskyldan nær framvegis, ef þessi breyting verður framkvæmd, til bankabréfaútgáfu og veðdeildarstarfsemi bankanna sem hingað til hefur verið undanskilin.

Eins og nú er ástatt í reikningum bankanna mundi þessi breyting bæta til muna stöðu Landsbankans en einnig Búnaðarbankans og Útvegsbankans. Þessi breyting ætti því að auðvelda mönnum að veita útflutnings- og samkeppnisgreinum betri fjármagnsþjónustu.

Í 1. gr. er einnig lagt til að Seðlabankinn hafi heimild til þess að setja innlánsstofnunum reglur um gengisbundnar eignir og skuldir og um endurlánajöfnuð sem ætlað er að koma í veg fyrir töf vegna gengisbreytinga. Hér er um mikilvægt öryggisatriði að ræða fyrir íslenska bankakerfið, að girða þannig fyrir gengisáhættu eftir því sem kostur er.

Í 2. gr. frv. er lagt til að 9. gr. laganna verði breytt þannig að Seðlabankinn geti með samþykki viðskrh. betur tryggt en nú er að raunvextir útlána í innlánsstofnunum séu hóflegir og að jafnaði ekki hærri en í helstu viðskiptalöndum okkar. Þá er einnig lagt til að Seðlabankinn geti bundið vaxtaákvarðanir innlánsstofnana takmörkunum til þess að draga úr óhæfilegum vaxtamun inn- og útlána að teknu tilliti til annarra tekna innlánsstofnananna. Með þessum breytingum er áréttuð heimild Seðlabankans til þess að veita vaxtaákvörðunum innlánsstofnana aðhald. Hér er fyrst og fremst verið að skerpa þennan íhlutunarrétt Seðlabankans án þess að raska í meginatriðum því fyrirkomulagi vaxtaákvarðana sem í gildi hefur verið, þ.e. röð ákvarðana og valddreifingu. Reynslan hefur sýnt að það er erfitt að meta nákvæmlega raunvexti til samanburðar milli landa og þá er einnig matið á vaxtamun inn- og útlána ekki síður vandasamt. Þess vegna er eðlilegt að gefa Seðlabankanum færi á að meta hvað hóflegt getur talist í þessum efnum og þá ekki síður hvað varðar raunvexti en vaxtamun, en áður var slíkt mat lagt í hendur bankans hvað varðar vaxtamuninn.

Um leið og ég tók við starfi viðskiptaráðherra sumarið 1987 skrifaði ég Seðlabankanum bréf og óskaði eftir því að hann gerði ársfjórðungslega grein fyrir samanburði sínum á raunvöxtum hér á landi og í helstu viðskiptalöndum okkar og fyrir þróun vaxtamunar. En þetta eru einmitt viðmiðanirnar í 2. mgr. 9. gr. seðlabankalaganna. Þessi samanburður hefur verið nokkuð laus í böndum og mér virðist nú ljóst að eini öruggi samanburðurinn á raunvöxtum milli landa felist í samanburði á raunvöxtum á ríkisskuldabréfum. Þessir vextir gegna einnig því lykilhlutverki,

þar sem þeir hljóta að öllu jöfnu að vera neðri mörk á vaxtarófinu í hverju landi, þ.e. að besti lántakandinn njóti bestu kjara. Seðlabankinn fær nú það verkefni að vinna með ríkisstjórninni að því að tryggja samræmi í vaxtakjörum á peningamarkaðnum út frá raunvöxtum af ríkisskuldabréfum. Ég hef þegar rætt þetta mál við bankastjórn Seðlabankans og mun á næstunni fylgja því eftir.

Varðandi framkvæmd vaxtastefnunnar skiptir miklu máli að ekki verði mikið umrót í verðlagi á næstunni þannig að hvað styðji annað, vaxtaþróunin og verðlagsþróunin. Breytingin sem hér er gerð tillaga um á 2. mgr. 9. gr. gerir íhlutunarrétt í vaxtaákvarðanir á grundvelli mats stjórnvalda á öllum aðstæðum en ekki eingöngu þegar litið er til annarra landa eða vandmetins vaxtamunar alveg skýran. En ég vil einnig geta þess að því hefur verið beint til hv. fjh.- og viðskn. Nd., sem nú fjallar um frumvörpin um verðbréfasjóði og verðbréfafyrirtæki og um eignarleigustarfsemi, að inn í þau frumvörp verði tekin hliðstæð ákvæði um heimild Seðlabankans til að hlutast til um vaxtakjör þessara fyrirtækja þannig að jafnræði ríki á fjármagnsmarkaðnum hvað þetta snertir. En að sjálfsögðu verður að gæta þess við beitingu þessarar heimildar að um sambærilega áhættuflokka sé að ræða þegar ávöxtunarkjörin eru borin saman. Reyndar er einnig að þessu vikið í breytingum á lögum um viðskiptabanka sem ég vonast til að geta mælt fyrir síðar í dag í hv. Ed.

Ég á ekki von á því að það muni mikið reyna á þetta ákvæði á fjármagnsmarkaðnum utan bankanna en hins vegar þykir mér rétt og nauðsynlegt að samræmis sé gætt milli allra aðila á lánamarkaðnum eftir því sem kostur er. Ég held reyndar að það eitt að slík íhlutun vaki í veðri geti gert mikið gagn ef — og það er ákaflega mikilvægur fyrirvari — almennar forsendur eru jafnframt skapaðar fyrir hóflega vexti en það er einmitt markmið stjórnarinnar.

Hér er lærdómsríkt að hafa í huga reynsluna af vaxtalækkun á sl. hausti. Með fortölum og óbeinni tilvísun til heimildarákvæða í 9. gr. seðlabankalaganna tókst að fá innlánsstofnanir til að lækka vexti verulega samhliða hjöðnun verðbólgu vegna verðstöðvunarinnar. Þetta tókst strax í september, enn betur í október, nóvember og desember. Árangurinn sem náðist með þessu móti var ótvíræður. Nafnvextir af óverðtryggðum skuldalánum í bönkum og sparisjóðum lækkuðu úr um og yfir 40% í ágústmánuði í 12% í desember, en eru nú um 15%. Einnig náðist fram nokkur lækkun raunvaxta af verðtryggðum lánum eða úr 9–11% í 7¾–9% nú. Hins vegar er óhjákvæmilegt að nafnvextir hafi hækkað nokkuð þegar verðbólguhraðinn jókst að nýju um áramótin vegna aðgerða í skattamálum og lækkunar á gengi krónunnar. Eftir stendur hins vegar þessi gjörbreyting á vaxtakjörum sem varð og að mínu áliti studdi þar hvað annað, almennar ráðstafanir og aðstæður í efnahagsmálum og óbein tilvísun til heimildar til íhlutunar í vaxtakjörin. Það er einmitt þessi stefna sem ríkisstjórnin hyggst nú fylgja fram og skerpa enn til þess að tryggja að ekki fari úr böndunum vaxtaákvarðanir á umþóttunartímanum sem nú fer í hönd að lokinni verðstöðvun.

Þá kem ég að 3. gr. frv. en í henni er lögð til sú breyting að viðurlög skv. 41. gr. seðlabankalaganna renni að ¾ hlutum í ríkissjóð. Samkvæmt lögum og reglugerð um Seðlabankann hefur bankinn heimild til þess að innheimta viðurlög ef hlutfall lausafjár er fyrir neðan sett mörk eða ef ekki er staðið við skyldu til innlánsbindingar. Þessi viðurlög eru mjög mikilvæg til þess að tryggja að settum reglum sé fylgt í þessum efnum sem er grundvallaratriði við framkvæmd allrar stefnu í peningamálum. Hjá því verður hins vegar ekki komist að há viðurlög, sem einstaka stofnanir þurfa að greiða, leiði til óánægju og þrýstings á stjórnvöld og Seðlabankann að lina tökin og draga úr viðurlögunum. Menn gera því jafnvel skóna í umræðum að tekjur Seðlabankans af viðurlögunum hafi áhrif á ákvarðanir hans á þessum sviðum. Þetta er fjarri lagi og vegna þess hversu þýðingarmiklu hlutverki þessi stjórntæki gegna er mikilvægt að þau verði ekki veikt með áróðri af þessu tagi. Einfaldasta leiðin til þess að gera það ljóst að tekjur af viðurlögunum ráða engu um ákvarðanir Seðlabankans er að breyta lögum um hann þannig að innheimt viðurlög skv. 41. gr. laganna renni að mestu leyti til ríkissjóðs sem einnig fær reyndar helminginn af hagnaði af bankanum. Hér er lagt til að viðurlögin renni til ríkissjóðs að ¾ hlutum. Með því er ljóst að Seðlabankinn hefði ekki lengur verulegan hag af þessum viðurlögum og ætti það að kveða niður kröfur á hendur bankanum um endurgreiðslu þessa fjár.

Að endingu er svo í 4. gr. lagt til að lögfest verði ákvæði til bráðabirgða sem mælir fyrir um innheimtu viðurlaganna á árinu 1988 og að þau greiðist þegar að ¾ hlutum í ríkissjóð.

Ég vil upplýsa hv. þingdeild í þessu sambandi um það að innheimt viðurlög á síðasta ári námu samtals 335,8 millj. kr. en samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu sem hér er gerð tillaga um mundu 251,8 millj. kr. koma í hlut ríkissjóðs á þessu ári sem eru tekjur sem ekki hefur verið reiknað með í fjárlögum.

Hæstv. forseti. Ég vil ljúka máli mínu með því að óska þess að þetta mál hljóti skjóta meðferð hér í deildinni. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og til hv. fjh.- og viðskn. Ég vil líka láta í ljós þá ósk að heppilegt væri ef unnt er að mæla einnig í dag fyrir frumvörpum sem eru samferða þessu frumvarpi um viðskiptabanka og um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það er orðið daglegt brauð hér í deildinni og í nefndum Alþingis að beðið sé um skjóta afgreiðslu en á hinn bóginn virðist það vera orðin regla nánast að þeim sem fylgja þessari ríkisstjórn sé heldur og frekar ömun að því að þingnefndir vandi meðferð þeirra mála sem fyrir liggja. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt, hæstv. ráðherra, að fjh.- og

viðskn. taki sér nægan tíma til þess að athuga þetta mál. Eðlilegan tíma. Ég get ekki séð að ríkisstjórnin hafi verið að flýta sér við undirbúning þessa máls. Því var lofað af hæstv. forsrh. fyrir jól að stjórnarandstaðan fengi að fylgjast með vinnu að þeim efnahagsaðgerðum svokölluðum sem tilkynntar yrðu þegar þing kæmi saman. Það reyndust orðin tóm og svo langt gekk óðagotið að stjórnarandstaðan var beðin um það að taka þátt í umræðum um þessi mál á fundi deilda í gær þó svo að ekki hafi verið búið að útbýta þessum þingskjölum áður. Þingmenn áttu m.ö.o. að hlaupa til, vera reiðubúnir til þess að tala um þetta allt saman án þess að athuga málin, án þess að íhuga málin og án þess að bera saman lagatexta eins og þeir eru nú og þau frv. sem fyrir liggja, án þess að glöggva sig á einstökum efnisatriðum.

Ég vil, herra forseti, segja að þessi vinnubrögð eru mjög ámælisverð og ég minni á að ekki einu sinni fjárlögin komust skammlaust frá þinginu vegna óðagotsins. Má raunar segja að þetta sé kannski bein afleiðing af þeim óstöðugleika sem einkennir þjóðfélagið.

Hæstv. viðskrh. talaði áðan um það mjög fjálglega að það væri nauðsynlegt að reyna að leyfa íslenskum fyrirtækjum að njóta sambærilegra kjara á fjármagnsmarkaði eins og fyrirtæki í Efnahagsbandalaginu og talaði um árið 1992 í því sambandi. Fyrir einu ári talaði hæstv. viðskrh. og núv. hæstv. utanrrh. um nauðsyn þess að við reyndum að lagfæra skattalögin þannig að fyrirtæki hér á Íslandi gætu búið við sambærileg skattalög og fyrirtæki í helstu samkeppnisöndum okkar. Hins vegar voru þeir ekki fyrr komnir í nýja ríkisstjórn heldur en þeim þótti skattalögin engu máli skipta. Nú þarf ekki að hugsa um skattalögin. Þau eru aukaatriði. Það þarf heldur ekki að hugsa um það hvort t.d. gengi krónunnar sé rétt skráð. Bæði forsrh. og sjútvrh. lýstu því yfir í umræðunum hér á mánudaginn að hvorki samkeppnisiðnaðurinn né útflutningsframleiðslan gæti til langframa staðist það háa gengi sem nú er. Hæstv. viðskrh. er jafnframt iðnrh. svo að maður skyldi ætla a.m.k. þegar hann talar um nauðsyn þess að innlend fyrirtæki geti starfað á svipuðum grunni og fyrirtæki í Evrópubandalagslöndunum, þá skyldi maður ætla a.m.k. að hann talaði ekki um það eins og hæstv. forsrh. og fjmrh. að gengisskráningin sé afgangsstærð, afgangsstærð í íslensku efnahagslífi, eitthvað sem maður skrifar svona neðst til hliðar og ýtir svo út af borðinu. Það væri fróðlegt að heyra sjónarmið hæstv. viðskrh. á því hvort hann líti á gengisskráninguna sem afgangsstærð.

Hæstv. viðskrh. hefur lengi verið ráðgefandi fyrir ríkisstjórnir af ýmsum toga og er þess vegna vanur því að setja sig inn í margvísleg sjónarmið og fylgja eftir margvíslegri efnahagsstefnu. Þess vegna kom það mér og öðrum ekki neitt á óvart þó hann skyldi nú vera fljótur að átta sig á því að hann ætti að taka upp nýja vaxtastefnu eftir að ný ríkisstjórn hafði sest að völdum og efast ég um að nokkur annar maður íslenskur hefði leikið betur þau hamskipti en þessi hæstv. viðskrh. Það sýnir á hinn bóginn leikaraskapinn í þessu öllu saman þegar hæstv. viðskrh. hefur þau ummæli um breytingarnar á 2. mgr. 9. gr. laga um seðlabanka, þá segir hann að breytingunni sé ætlað að skýra og skerpa inntak þessarar málsgreinar. — Nú skulum við fletta upp hverju munar í gömlu lögunum, *í núgildandi lögum og eins og lögin verða ef* frv. verður samþykkt. Það er orðið „hóflegir og" annars vegar og hins vegar „að teknu tilliti til annarra tekna innlánsstofnana". Nú er best, með leyfi hæstv. forseta, að lesa þetta upp og sjá hverju munar. Eins og greinin hljóðar í núgildandi lögum er hún svohljóðandi:

„Seðlabankinn getur að fengnu samþykki ráðherra bundið vaxtaákvarðanir innlánsstofnana takmörkunum til að tryggja að raunvextir útlána innlánsstofnana verði eigi hærri en þeir eru að jafnaði í helstu viðskiptalöndum Íslendinga."

En eftir breytinguna á að standa: „til að tryggja að raunvextir útlána innlánsstofnana verði hóflegir og eigi hærri en þeir eru að jafnaði í helstu viðskiptalöndum Íslendinga."

Nú vil ég óska eftir því að hæstv. viðskrh. útskýri fyrir okkur í deildinni hér á eftir hver sé efnisbreytingin í þessu. Hver er efnisbreytingin? Hverju breytir orðið „hóflegir"? Það stendur í greininni „eigi hærri en þeir eru að jafnaði" og hverju breytir „hóflegir" þar á undan? Síðari breytingin í greininni er „að teknu tilliti til annarra tekna innlánsstofnana" og „til að draga úr óhæfilegum vaxtamun milli inn- og útlána" — og síðan á að bæta við „að teknu tilliti til annarra tekna innlánsstofnana". Ber að skilja hæstv. viðskrh. svo að Seðlabankinn hafi ekki unnið þannig fram að þessu? Ber að skilja hæstv. viðskrh. svo að starfsmenn Seðlabankans hafi verið að naga blýanta í staðinn fyrir að líta á dæmið í heild og þeim hafi verið orðið bumbult af öllu blýantsátinu og þess vegna hafi þeir ekki tekið tillit til annarra tekna innlánsstofnana? Er verið að reyna að gefa það í skyn?

Ég vil algjörlega mótmæla því að starfsfólk Seðlabankans vinni með þeim hætti. Ég held þvert á móti að starfsfólk Seðlabankans vilji vanda sín vinnubrögð mjög og hafi góða yfirsýn yfir bankareksturinn, þeir starfsmenn Seðlabankans sem um þau mál eiga að fjalla. Ég hef að vísu aldrei unnið í Seðlabanka, verið þar innan búðar, en á hinn bóginn hef ég margsinnis tekið þátt í því í störfum fjh.- og viðskn. að fræðast og draga lærdóm af því sem fulltrúar Seðlabankans hafa sagt okkur þingmönnum og ég hef ekki orðið var við annað en að þeir hafi verið greinargóðir í sínum svörum og hafi verið fullkomlega með á nótunum. *Þannig að ég álít að þessi viðbót skipti svo sem engu* máli. Starfsmenn Seðlabankans munu taka tillit til annarra tekna innlánsstofnana, auðvitað eftir sem áður. Á hinn bóginn er kannski svolítið skemmtilegt að fá þessa viðbót inn í þetta lagafrv. þegar þess er gætt að lagafrv. felur í sér í tveim síðustu greinunum nýja skatta á bankakerfið.

Í 3. gr. er talað um það að ¾ af viðurlögum sem Seðlabanki ákveður skuli renna til ríkissjóðs og inn-

heimt viðurlög á árinu 1988 skulu að ¾ hlutum einnig greiðast ríkissjóði. Á árinu 1988 — stendur í grg., hér er gert ráð fyrir bráðabirgðaákvæði um að innheimt viðurlög á árinu 1988 skuli að ¾ hlutum greiðast í ríkissjóð, er þar samkvæmt framangreindu um 258 millj. kr. að ræða. Ég tók nú ekki eftir hvað hæstv. viðskrh. sagði um það áðan en ég hygg að ég muni það rétt að 251 millj. kr. eigi samkvæmt þessu að renna í ríkissjóð — er það ekki? (**Gripið fram í:** Rétt.) 251 millj. kr.

Nú var sú nýbreytni tekin upp á sl. ári að frá 1. mars var gert ráð fyrir því, og var ákveðið nú í haust, að frá 1. mars skyldi Seðlabankinn greiða bönkunum 2% vexti af bindingarfénu. Er það ekki rétt munað? (**Viðskrh.:** Jú, jú.) Ég hygg að það fé sé einhvers staðar á bilinu 170–180 millj. kr. Er það ekki rétt? Eitthvað svoleiðis. Ég hef það nú ekki nákvæmlega. Á hinn bóginn hefur ekki verið ákveðið hvort Seðlabankinn muni á þessu ári greiða vexti til viðskiptabanka og sparisjóða af bundnu fé. Nú er nauðsynlegt að fá um það upplýsingar hvernig það mál standi og hvort sú sé ætlan viðskrh. — það er nú verið að koma öllum bankamálunum inn á skrifstofu til viðskrh., þar á nú þessi pólitíska miðstýring peningamálanna að vera og hækjan sem viðskrh. ætlar að nota — ég biðst afsökunar að nota orðið hækja, það datt einhvern veginn út úr mér, hæstv. forseti, ég biðst nú afsökunar á því vegna þess að hækja er úr timbri rétt eins og blýantar. (Gripið fram í.) En ég ætla hins vegar ekki að nota orðið hækja og biðst afsökunar á því en auðvitað er það rétt að það má búa til marga blýanta úr hækju. En tækið sem viðskrh. ætlar að nota til þess að stjórna þessum málum er auðvitað Seðlabankinn — auðvitað Seðlabankinn — til miðstýringarinnar á peningakerfinu sem nú á að koma á. En ég sem sagt óska eftir að fá um það upplýsingar hvort hugmyndin sé að greiða vexti af bindifénu á þessu ári og framvegis.

Nú fer maður að velta fyrir sér ef það er rétt að Seðlabankinn eigi að inna af hendi öll þessi hundruð milljóna króna, ýmist til viðskiptabanka, eins og ákveðið var í haust, eða til ríkissjóðs, eins og nú er búið að ákveða, hvernig og hvort Seðlabankinn standi undir þessu öllu saman. Getur Seðlabankinn greitt hundruð milljóna til ríkissjóðs öðruvísi en að taka þá peninga einhvers staðar annars staðar og hvar tekur hann peningana? Hvaðan fær Seðlabankinn sína peninga? Eigum við að ímynda okkur það að þetta sé einhvers konar sjálfrennandi lind, að hæstv. viðskrh. hafi nú, eftir að hann komst í nýju ríkisstjórnina og fór að hugsa um nýju efnahagsráðstafanirnar núna í febrúarmánuði, hafi kannski fengið sér göngutúr hér í vatnsleysunni og séð þar vatn koma upp úr sverðinum og þá hafi honum dottið í hug að Seðlabankinn sé einhvers konar svona sjálfrennandi lind sem hægt sé að nota til þess að sækja sér í svo sem eina ausu og hella í ríkissjóð til þess að geta svo hrært í ríkissjóði og leikið sér í vatninu, svamlað í gullvatninu? Dettur hæstv. viðskrh. það í hug að Seðlabankinn sé einhver ótæmandi hít sem ekki tekur peningana frá neinum? Er það hugmyndin? Auðvitað er Seðlabankinn ekki nein slík ótæmandi hít. Auðvitað verður Seðlabankinn að taka fyrir það sem hann gerir. Og auðvitað liggur það alveg í augum uppi að það verður ekki fækkað starfsmönnum Seðlabankans núna þegar það á að láta þá bæta á sig svona miklum skuldbindingum og miklum störfum og þungum. Og auðvitað verður heldur ekki fækkað í viðskrn.

Hæstv. utanrrh. sagði það norður á Akureyri — og verð ég nú að segja, hæstv. forseti, að hæstv. fjmrh. getur krítað liðugt þegar hann talar um þingsköp, sem mér skilst að hann megi ekki gera, þegar hann heldur því fram að það hafi verið 400 manns sem hafi verið á fundinum fyrir norðan. Það var nú að kríta liðugt. En það má vera að hann hafi fengið glýju í augun yfir því fólki sem þó kom á þann fund. Það má vera. (**Viðskrh.:** Var þingmaðurinn á fundinum?) Þingmaðurinn hefur fengið um það sannar spurnir að margir þeir sem voru á þeim fundi komu þaðan út í verra skapi en þeir fóru inn og þingmaðurinn hefur um það sannar spurnir að mönnum hafi þótt fundurinn fremur leiðinlegur. Enn fremur hefur þingmaðurinn af því sannar spurnir að ýmislegt það sem ráðherrarnir sögðu hafi verið ógætilegt en á hinn bóginn tók almenningur fyrir norðan undir það að Jóhannes Nordal seðlabankastjóri hefði gott vit á bókmenntum, eins og hans fólk, og þóttu ekki fréttir fyrir norðan. Menn vissu það nú fyrir norðan fyrir löngu, og langt á undan ríkisstjórninni að seðlabankastjóri hefur gott vit á bókmenntum og þarf ekki fjmrh. til að segja Norðlendingum frá því.

En ég var sem sagt að tala um það að Seðlabankinn væri engin peningavatnsleysa þó svo að hann prenti seðla. Og þeir skattar sem hæstv. viðskrh. er nú að leggja á þjóðina, ætli það sé ekki í kringum hálfur milljarður þegar allt er talið, verða auðvitað að koma einhvers staðar frá. Um leið og ríkissjóður seilist með höndina ofan í vasa Seðlabankans með þessum lögum er hann að sjálfsögðu að þyngja þær álögur sem almenningur og fyrirtækin í þessu landi verða að standa undir. (**Viðskrh.:** Það er fráleit fullyrðing.) Er það fráleit fullyrðing? Ja, það er eins og ég vissi að viðskrh. taldi að hann hefði fundið lindina, peningalindina. Það vissi ég. Er ekki bara best að þyngja viðurlögin enn þá meira á bankakerfinu? Væri það ekki sniðugt að taka bara enn þá meira fé í ríkissjóð? (**Gripið fram í:** Er það tillaga bankaráðsmannsins?) Það er ekki tillaga bankaráðsmannsins, nei. En ég óska viðskrh. til hamingju með það að hann skuli hafa fundið ráð til þess að næla í ríkissjóð peninga sem hvergi koma frá og enginn finnur fyrir. Það er mikil list, en þetta er ekki nýtt sjónarmið kannski.

Ég vil, svo að ég ekki gleymi því, taka það fram að ég er sammála því sem hér stendur um 1. gr. frv. Við það hef ég ekkert að athuga, get fallist á það.

En í öðru lagi vil ég ítreka það sem ég sagði áðan að þessar auknu álögur eða þessi skattlagning sem er með sérkennilegum hætti á Seðlabankann mun til lengdar valda meiri vaxtamun en ella og auðvitað bitna á almenningi í gegnum viðskiptabanka og sparisjóði. Það er augljóst mál.

Í sambandi við 2. gr. vil ég aðeins láta í ljós þá

skoðun að það er mjög óheppilegt fyrir störf þingnefnda að láta þau frumvörp, sem hæstv. viðskrh. með einum eða öðrum hætti gerði grein fyrir hér áðan, m.ö.o. frv. til laga um Seðlabanka, um stjórn efnahagsmála, viðskiptabanka og frv. um breytingu á vaxtalögum — það hefði verið eðlilegra að þessi frumvörp hefðu öll fylgst að og hægt hefði verið að vinna að þeim samtímis í fjh.- og viðskn. sömu deildar. Það er auðvitað óeðlilegt að skipta þessum frumvörpum svona á milli deildanna því að þau koma með einum eða öðrum hætti inn á sama málið.

En vegna þess að hæstv. viðskrh. gerði hér vexti almennt að umræðuefni, þá held ég að það sé óhjákvæmilegt líka, til þess að sýna þann leikaraskap og þau óheilindi sem þessi leikaraskapur sýnir, vekja athygli á því hvernig frv. til laga um breytingu á vaxtalögum liggur fyrir, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta, fyrst um 6. gr.:

„1. mgr. 17. gr. laganna hljóði svo:" Og síðan er 1. mgr. 17. gr. laganna prentuð — Mér finnst nú skemmtilegra svona, hvort það væri hægt að kalla til einhvern þingmann til að sitja hjá hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni einnig til þess að þessar prívatumræður sem eru hér í deildinni séu alveg hringinn. Það kemur betur út. — Ég var að vekja athygli á því, hæstv. viðskrh. ... (Gripið fram í.) Ég var að vekja athygli á því, hæstv. viðskrh., að það hefði verið heppilegra að þessi frumvörp hefðu öll fylgst að, en vil líka vekja athygli á því að framlagning frv. til laga um breytingu á vaxtalögum er með mjög sérkennilegum hætti.

Ég hygg, herra forseti, að sé mjög nauðsynlegt að prenta það þskj. upp, þó sú ábending eigi að vísu að koma til forseta Nd., því hér stendur: „6. gr. 1. mgr. 17. gr. laganna hljóði svo:" Síðan er 1. mgr. 17. gr. laganna prentuð upp orðrétt, stafrétt. Það er svolítið öðruvísi milli lína sem orðin falla, en stafrétt nákvæmlega, báðar greinarnar. Síðan má sjá að hér er bætt við annarri málsgrein: „Hafi seðlabanki" et cetera — þannig að hér á að standa: „Við bætist ný málsgrein sem verði 2. mgr. og hljóði svo" og brott falli þetta sem er fyrir ofan.

En skýringin á því að hæstv. viðskrh. vill endilega prenta þennan lagatexta upp aftur er sú að hæstv. viðskrh. vill gefa í skyn að hann sé núna að gera eitthvað sérstakt í vaxtamálunum. En þessi grein hljóðar svo samkvæmt gildandi lögum eins og 1. mgr. er prentuð í frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Hver sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi hagnýtir sér á óréttmætan hátt fjárþröng viðsemjanda síns eða aðstöðumun þeirra að öðru leyti til þess að áskilja sér vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar umfram gildandi vaxtamörk sambærilegra útlánsvaxta hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum á þeim tíma er til skuldar er stofnað, sbr. 8. gr., skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að einu ári. Sé brot ítrekað eða sakir miklar varðar brotið varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum."

Ég hygg að það sé rétt borið saman hjá mér í flýtinum að þetta er alveg nákvæmlega eins. (**Viðskrh.:** Ekki rétt.) Er það ekki rétt? (**Viðskrh.:** Það er viðbót. „Séu sakir miklar eða brot ítrekað varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum.") Er það viðbót? (**Viðskrh.:** Það er viðbót, já. — Hins vegar er vaxtalagafrv. ekki til umræðu hér í deildinni.)

Herra forseti. Ég fékk hér hjá starfsmönnum þingsins vaxtalög, ljósrit af þeim og hér stendur neðst, með leyfi hæstv. forseta:

„Sé brot ítrekað eða sakir miklar varðar brotið varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum."

Nú væri kannski hægt að gera ráðstafanir til þess að lögin séu í sömu útgáfu hjá starfsmönnum Alþingis og í viðskrn. Það mundi auðvitað leiðrétta margvíslegan misskilning. En þetta er sem sagt algjör misskilningur hjá viðskrh. þannig að það sem hæstv. viðskrh. og ríkisstjórnin eru að reyna að gefa í skyn er það að verið sé að gera eitthvert óskaplegt átak á móti okri. Þetta er allt í lögum. En hver er viðbótin sem hæstv. viðskrh. er að koma með og er svona merkileg? Hún er þessi, með leyfi hæstv. forseta:

„*Hafi Seðlabanki Íslands hlutast til um vexti útlána* hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum á grundvelli 9. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingum, skulu gildandi vaxtamörk útlána þau sömu og Seðlabankinn ákveður." — Þetta er viðbótin. Síðan heldur greinin áfram í lögum. Ég tel rétt að lesa það einnig upp svo að myndin sé full, með leyfi hæstv. forseta:

„Seðlabankinn getur ákveðið að tiltekinn hluti aukningar innlána eða ráðstöfunarfjár" ... nei, þetta er nú ekki rétt hjá mér. (**Viðskrh.:** Þetta er annað.) Þetta er nú annað. Síðan heldur áfram:

„Ákvæði 1. mgr. tekur einnig til þeirra sem bera fyrir sig eða framselja ..." (**Forseti:** Það væri til einföldunar, hv. ræðumaður, að ræða eingöngu það frv. sem hér er á dagskrá.) Hæstv. forseti. Ég hefði nú náttúrlega kosið að hæstv. forseti hefði þá gert það meðan viðskrh. talaði, sem byrjaði á almennum inngangi um vaxtalög. Þess vegna hélt ég að það væri til umræðu. Var það misskilningur eða hefur ráðherrann eitthvað rýmri ... (**Gripið fram í:** Nei, nei.) Við skulum bara tala hér um — ráðherrann afmarkar umræðurnar og við skulum ekkert vera með þennan útúrsnúning hér, hæstv. forseti. (**Gripið fram í:** Hann opnaði umræðuna.) Hann opnaði þessa umræðu og ég tel líka nauðsynlegt að niðurlag þessarar málsgreinar komi hér fram í þingtíðindum þar sem greinilegt er að það er misvísandi texti uppi í viðskrn. Niðurlag 17. gr. er svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ákvæði 1. mgr. tekur einnig til þeirra sem bera fyrir sig eða framselja *samning* eins og þar er lýst eða hafa af honum óréttmætan ávinning.

Um hlutdeild í brotum að öðru leyti og um tilraun til brota fer eftir III. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Gera má lögaðila fésekt fyrir brot á lögum þessum án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á fyrirsvarsmann eða starfsmann lögaðilans. Hafi fyrirsvarsmaður eða starfsmaður gerst sekur um brot á lögum

þessum má einnig gera lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hafi notið hagnaðar af brotinu."

Það liggur m.ö.o. alveg ljóst fyrir að hæstv. viðskrh. og raunar ríkisstjórnin í heild eru að reyna að skapa sér þá ímynd að þeir séu að beita sér fyrir einhverri ógnarbreytingu á lögum um Seðlabanka og ógnarbreytingu á vaxtalögum á móti okri. Þetta er bara algjörlega rangt. Þessi ákvæði eru fyrir hendi. Og eins og ég gerði glögga grein fyrir hér áðan felst ekki í því lagafrv. um Seðlabanka Íslands eitt einasta orð, ekki eitt einasta orð sem skýrir eða gerir gleggri á nokkurn hátt heimild Seðlabankans til þess að hafa afskipti af raunvöxtum útlána innlánsstofnana. Ég hef aldrei fyrr heyrt það að orðið hóflegur væri sérstaklega skýrt og glöggt. (**Gripið fram í:** Það segir ekki neitt.) Það segir bara nákvæmlega ekki neitt. Ég man eftir því að við vorum oft að henda gaman að því, blaðamenn hér, þegar ég var blaðamaður hér í þinginu að einn af þeim stjórnmálamönnum sem þá settu mestan svip á Alþingi og þótti allra manna sleipastur í sínum málflutningi, hann notaði mjög oft orð eins og „hóflegur", „hófleg kjör", „sanngjarnir vextir", „við eðlilegar aðstæður" auðvitað vegna þess að það var ekki hægt að hafa neitt af honum þegar hann greip til slíkra orða. Þetta er auðvitað alveg deginum ljósara. (**Forseti:** Ég þarf að biðja hv. ræðumann að fresta sinni ræðu núna þar sem komið er að þingflokksfundatíma og verður þá fram haldið kl. 6 aftur að þeim loknum. Það hafði nú verið ætlað að reyna að ljúka þessu, en það hefur verið óskað eftir því að ekki yrðu kvöldfundir þannig að það verður þá ekki, en við munum sjá til hvað við komumst áfram þá eftir kl. 6.) — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég tek fram að mér finnst mjög óviðkunnanlegt að hæstv. forsrh. skuli ekki vera viðstaddur af því að það er honum svo mikið hjartans mál að ná niður fjármagnskostnaðinum. Og einmitt núna þegar hæstv. viðskrh. hefur svo glögglega gert grein fyrir vaxtastefnu ríkisstjórnarinnar finnst mér það vera mikil synd að sú yfirlýsing skuli hafa farið fram hjá forsrh. Mér fyndist því mjög við hæfi, þegar umræður halda áfram hér í deildinni, næst þegar boðað verður til fundar í Ed. um seðlabankafrv., þá fyndist mér mjög við hæfi að hæstv. forsrh. yrði við til þess að hann gæti þá gripið inn í eða upplýst þingheim um sitthvað í þessu sambandi og hverjar skoðanir hans á vaxtamálunum eru nú.

Ég var þar kominn í ræðu minni áður að ég var búinn að beina þeirri fsp. til hæstv. viðskrh. hvernig hann skildi orðið „hóflegur" í 2. gr. frv. og hlakka ég mjög til að heyra hvað hann hefur um það að segja.

Ég hafði spurt hann um það hvort búast mætti við því að viðskiptabankar og sparisjóðir fengju vexti af bundnu fé nú á árinu 1989. Þeir vextir voru 2% á sl. ári. Ég þarf ekki að vekja athygli þingdeildarinnar á því hversu önugt það er fyrir þá menn sem bera ábyrgð á fjárhag Seðlabankans að fá á sig mörg hundruð milljóna króna bakreikning frá ríkisstjórninni nú með þessu lagafrv. (**Viðskrh.:** Ykkur er annt um þá seðlabankamenn í dag.) Ja, ég þarf ekki að orða hversu önugt það er fyrir þá menn. Mér þykir svolítið vænt um að hæstv. viðskrh. skuli hafa gripið fram í með þessari athugasemd: Ykkur þykir hálfvænt um þá seðlabankamenn í dag. (**Viðskrh.:** Nei, ykkur er annt um þá.) Ykkur er annt um þá seðlabankamenn í dag. Það er til orð á íslensku, auðskilið: Blórabögguli. Og sá hefur verið leikur þessarar ríkisstjórnar að búa sér til blóraböggul og stærsti blóraböggullinn er Seðlabankinn. Fram undir þetta hélt ég að hæstv. viðskrh. mundi láta það duga að fjmrh., forsrh. og utanrrh., formenn stjórnarflokkanna, hentu blórabögglinum á milli sín eða træðu hann undir fótum sér, veltu honum upp úr skítnum, þessum blóraböggli. En með þessu frammíkalli hæstv. viðskrh. er augljóst að honum þykir undarlegt að við í Sjálfstfl. skulum ekki taka undir sönginn. Sú var þó tíð að hér í þessari hv. deild voru haldnar um það margar langar ræður og strangar hvaða nauðsyn okkur Íslendingum væri á því að taka seðlaprentunina í okkar landi, hvaða nauðsyn okkur væri á því að vera sjálfstæðir í efnahagslegu tilliti, hafa okkar eigin mynt, okkar eigin seðlabanka. (**Viðskrh.:** Litlu verður nú Vöggur feginn.) Litlu verður Vöggur feginn. Man hæstv. viðskrh. úr hvaða sögu þetta er, litlu verður Vöggur feginn? (**Viðskrh.:** Ætli það sé ekki rétt að hinn sögufróði ræðumaður svari því sjálfur?) Já, það má vera. Það má vera að það sé rétt. Þetta er úr sögum Danakonunga. Er það ekki rétt hjá mér, hæstv. forseti? Það minnir mig. En ekki er það nú kannski aðalatriðið. En það er rétt að við sóttum seðlabankavaldið í hendur Danakonungs. Ég vil samt ekki halda því fram að við höfum þegið neinar gjafir úr höndum Danakonungs eins og Vöggur gerði á sínum tíma, en við sóttum seðlabankavaldið til Danakonungs, réttinn til þess að vera með okkar eigin mynt og auðvitað ber okkur skylda til þess að halda utan um okkar eigin mynt.

En því miður verður að segjast eins og er að það hefur verið ógæfa okkar að okkur hefur ekki tekist að halda utan um krónuna. Ég hygg að ekki sé vafi á því að ein grundvallarforsendan fyrir því að hægt sé að halda hér á landi uppi lágum raunvöxtum sé að gengi krónunnar sé rétt skráð. Ég held að ekki sé vafi á því að of hátt gengi krónunnar hefur það í för með sér að eftirspurn er óeðlileg, hefur það í för með sér að þrengist um á lánamarkaði nema seðlar séu prentaðir í óðaönn eða opnað fyrir alla krana hvað varðar erlent fjármagn og smám saman hækka vextir óhóflega. Ég hygg að þetta sé nokkurn veginn réttur þankagangur sem auðvitað þýðir það, eins og nú er í pottinn búið, að vextir hljóta að fara hækkandi hér á landi á þessu ári nema gripið sé inn í með handafli eins og talað er um og ég veit að hæstv. viðskrh. hefur lesið DV í dag og getur þar kynnt sér hvaða einkunn Þorvaldur Gylfason prófessor gefur þeirri stefnu í vaxtamálum sem ríkisstjórnin er nú að guma svo mjög af.

Hæstv. viðskrh. hafði orð á því að ef maður bæri saman raunvexti milli landa væri réttast að bera

saman vexti af ríkisskuldabréfum. Nú minnir mig að það sé rétt munað hjá mér að í yfirlýsingu ríkisstjórnar standi einhvers staðar að ætlunin sé að vextir af ríkisvíxlum verði 5% á þessu ári. Er það ekki rétt munað hjá mér, hæstv. viðskrh.? (**Viðskrh.:** Af verðtryggðum ríkisskuldabréfum.) Já, 5% af verðtryggðum ríkisskuldabréfum. Það er auðvitað alveg rétt ef maður lítur til baka, til þess tíma þegar Þorsteinn Pálsson var fjmrh. að hann lækkaði mjög vexti á ríkisskuldabréfum og gaf þannig bönkunum aukið svigrúm þannig að þeirra kaka stækkaði og náði í kjölfar þess frjálsum samningum við bankana um að þeir keyptu skuldabréf af ríkissjóði. Þetta hafði það auðvitað í för með sér að vextir hér á landi voru lægri en ella.

Nú skal ég ekki segja um það hvernig hæstv. viðskrh. tekst að ná raunvöxtum hér á landi niður í 5%, raunvöxtum ofan á verðtryggð lán. Ég er fullkomlega sammála hæstv. viðskrh. um að það sé mjög æskilegt, en hef, eins og ég sagði, efasemdir um að hægt sé að ná því á meðan gengi er rangt skráð eins og nú er og eins illa gengur í atvinnulífinu. En þó undarlegt sé get ég ekki séð að ýmislegt í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar stuðli að þessu, og nú er nauðsynlegt að víkja hér að tveim eða þrem málsgreinum í yfirlýsingu eða samþykkt ríkisstjórnarinnar, en þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Seðlabankanum er í samráði við viðskrn. falið að veita nafnvöxtum lánastofnana sérstakt aðhald á umþóttunartímabili í kjölfar verðstöðvunar þannig að samræmi verði á milli raunávöxtunar verðtryggðra og óverðtryggðra lánssamninga."

Nú langar mig í fyrsta lagi til þess að fá nánari útlistun á því frá hæstv. viðskrh. hvað hann meinar með orðinu umþóttunartími í kjölfar verðstöðvunar. Orðið gefur það til kynna, eins og það er skrifað, að það hafi safnast fyrir tilefni, eins og það er venjulega kallað, til verðhækkana hjá ýmsum aðilum í þjóðfélaginu, bæði vegna tíðra gengisfellinga og vegna ýmissa kostnaðarhækkana annarra sem að verulegu leyti eru komnar til af verulegum skattahækkunum hér á landi. Væri nú fróðlegt að fá um það upplýsingar hjá hæstv. viðskrh. hvað hann reiknar með að verðbólga verði mikil á þessum umþóttunartíma eftir verðstöðvun. Umþóttunartíminn í þessu samhengi þýðir ekkert annað en að við eigum nú tímabil verðhækkana fyrir höndum. Ef við erum jafnframt að velta því fyrir okkur að samræmi verði milli raunávöxtunar verðtryggðra og óverðtryggðra lánssamninga, þá hlýtur það að þýða að nafnvextir beri sömu ávöxtun og reikningar sem eru verðtryggðir með vöxtum. Það hefur í för með sér hækkun nafnvaxta verulega frá því sem nú er. Ef þessi setning þýðir eitthvað, þá þýðir hún það, þannig að þegar hæstv. viðskrh. talar um það að nafnvextir hækki ekki í náinni framtíð, þá er annaðhvort um það að ræða að nafnvextir taki ekki breytingum þrátt fyrir skeið verðhækkana sem fram undan er eða þá að þetta þýðir ekki neitt. Í þessu stendur enn fremur, með leyfi forseta:

„Seðlabankanum er falið að beita sér fyrir endurskoðun á ávöxtunarkjörum viðskiptaskuldabréfa og viðskiptavíxla og á skiptikjarareikningum í innlánsstofnunum." Það hefur kannski farið fram hjá mér áðan í ræðu hæstv. viðskrh. hvað hann á við með „endurskoðun á skiptikjarareikningum í innlánsstofnunum" og ég vil þess vegna óska eftir því að hann endurtaki það sem hann sagði um það hér áðan eða gefi nánari skýringar á því hvað hann hefur í huga. Ég hygg að það sem hæstv. viðskrh. hafi í huga sé það að fella niður skiptikjarareikningana eins og þeir eru nú, að þvílíkir reikningar skuli yfir höfuð ekki vera til. Þó veit ég ekki hvað hann er að hugsa. Mér datt sem sagt í hug að það vekti fyrir ráðherranum að annaðhvort bæru reikningar verðtryggingu eða nafnvexti. Ef það er ekki það sem hæstv. viðskrh. er að fara, þá er nauðsynlegt að hann útskýri fyrir okkur hvað í þessu felst.

Hér stendur enn fremur, með leyfi forseta: „Markmiðið er að stuðla að lækkun fjármagnskostnaðar fjölskyldna og fyrirtækja", flott skal það vera, það er innskot mitt, það stendur ekki hér, flott skal það vera, ég bið afsökunar á að hafa skotið þessu inn, en svona er textinn: „Markmiðið er að stuðla að lækkun fjármagnskostnaðar fjölskyldna og fyrirtækja með aukinni samkeppni og hagræðingu í bankakerfinu og nánari tengslum innlends lánamarkaðar við fjármagnsmarkaði í nágrannalöndunum.

Heimildir íslenskra fyrirtækja til þess að taka lán erlendis með ríkisábyrgð eða ábyrgð banka eða sjóða í eigu ríkisins verða takmarkaðar, en hins vegar verða heimildir fyrirtækja til að taka erlend lán á eigin ábyrgð rýmkaðar.

Á næstu missirum verða reglur um fjármagnshreyfingar og viðskipti með fjármálaþjónustu milli Íslands og annarra landa mótaðar á grundvelli tillagna ráðherranefndar Norðurlanda um efnahagsáætlun Norðurlanda 1989–1992.

Ríkisstjórnin leggur áherslu á að búa íslenska bankakerfið undir þær breytingar sem munu fylgja sameiginlegum fjármagnsmarkaði Evrópu, m.a. með því að auka hagkvæmni þess þannig að það geti staðist samkeppni við erlenda banka hvað varðar vaxtamun, tryggingar o.fl. Í framhaldi af því verður kannað hvort heimila megi viðurkenndum erlendum bönkum starfsemi hér á landi."

Svo mörg voru þau orð. Þetta segir hæstv. ráðherra að hafi í för með sér lækkun á vöxtum hér á landi. Því er ég algjörlega ósammála. Ég er ekki í nokkrum vafa um það að þessar breytingar allar saman munu hafa í för með sér hækkun á vöxtum. Það er auðvitað alltaf billegt að hlaupa til útlanda og segja: Hingað koma erlendir aðilar með fjármagn sem þeir munu lána íslenskum fyrirtækjum á miklu lægri kjörum og viðráðanlegri kjörum en við getum gert sjálfir Íslendingar. Þó er það svo að Norræni fjárfestingarbankinn tekur ekki gild þau veð, hygg ég, sem einstök fyrirtæki gera, heldur leitar, a.m.k. mjög oft, bankaábyrgðar fyrir sínum lánum. Ég hygg líka að það sé alveg augljóst mál að erlendar lánastofnanir munu

krefjast hærri vaxta ef íslenskir fjárfestingarlánasjóðir og bankar eru sviptir ríkisábyrgðinni. Þetta held ég að allir séu sammála um, enda hefur það verið viðurkennt í verki með því að ríkisbönkum er gert skylt að greiða sérstakan skatt eða sérstakt lántökugjald til ríkissjóðs af erlendum lánum, m.a. til þess að jafna samkeppnisstöðuna við einkabankana. Ef þessar tillögur ná fram að ganga þýða þær sjálfkrafa aukna vaxtabyrði íslensku þjóðarinnar sem heildar gagnvart útlendingum.

Nú geta menn auðvitað haldið því fram að það muni hafa aðra kosti í för með sér og m.a. valda því að við munum reyna að stjórna okkar málum betur en nú er og vilja ýmsir halda því fram að það muni verða okkur þörf lexía. En mig langar að spyrja hæstv. viðskrh. Ef hann væri bankastjóri og hefði ekki ríkisábyrgð og stæði frammi fyrir þeirri staðreynd að við völd væri ríkisstjórn á Íslandi sem hefði tekist að ljúka því verki að brenna upp helminginn af eigin fé fyrirtækja í sjávarútvegi hér á landi á sl. ári og væri nú önnum kafinn við það að halda brennunni áfram og brenna upp það sem eftir væri. Ef hér væri við völd ríkisstjórn sem gerði sér að vísu grein fyrir þessu, forsrh. lýsti því yfir þegar hann væri að marka nýja efnahagsstefnu að gengið væri það hátt að útflutningsatvinnuvegirnir stæðu ekki undir því og sjútvrh. sömuleiðis þannig að brennan heldur áfram. Ég held að ég muni það rétt að í skýrslu ríkisstjórnarinnar er talað um hjá bátaflotanum að hallinn sé 16 eða 18%. Eitthvað svoleiðis. Það stefnir í verulegan halla hjá frystingunni og við vitum að það er allt tvísýnt um saltfiskinn o.s.frv. Ætli hæstv. viðskrh. yrði mjög gírugur í að lána beint til þessara fyrirtækja með lægri vöxtum en nú er? Það væri fróðlegt, herra forseti, að fá það upplýst hvort t.d. viðskrh. hefur rætt það við forsrh., sem hefur mjög miklar áhyggjur af fjárfestingarkostnaði sjávarútvegsins, hvort vextirnir af afurðalánunum muni fara lækkandi ef ríkisábyrgðin stendur ekki á bak við afurðalánin. Það er a.m.k. þannig að þeir bankar sem hér standa fyrir afurðalánunum eru ríkistryggðir að því leyti. Ég held að ég fari rétt með það. Það er því alveg ljóst að það hagræði fylgir því ekki að fella niður ríkisábyrgð af bönkum og sjóðum að menn búist við lægri vöxtum en ella. Það verða þá að vera önnur rök fyrir því ef slíkt á að gera.

Og ef við erum að tala um það að samræma bankastarfsemi hér á landi þeim kröfum sem gerðar eru til sameinaðs fjármagnsmarkaðar í Evrópu í sambandi við erlenda banka hvað varðar vaxtamun, tryggingar og fleira, þá veit hæstv. viðskrh. það jafn vel og ég að það er ætlast til bættrar eiginfjárstöðu viðskiptabanka og ætlast til þess að eigið fé sé meira ef bankarnir lána til fyrirtækja en ef lánað er til íbúða og ég tala nú ekki um, ef ríkisábyrgð stendur á bak við útlánin. Þannig að auðvitað gerir það kröfurnar til viðskiptabankanna miklu meiri ef við ætlum þeim að starfa eins og hinir erlendu bankar gera og auðvitað er óhugsandi að íslenskir bankar muni hjálparlaust geta náð þeirri stöðu á meðan ríkisstjórn er í landinu eins og nú situr sem hefur bankann að blóraböggli, skattleggur venjulega bankastarfsemi svo að nemur hundruðum milljónum króna í ríkissjóð og hefur satt að segja engan skilning á því hvers virði efnahagslegt sjálfstæði er fyrir okkur Íslendinga. Þjóðerniskenndin er ekki meiri en svo að eina huggunarorðið sem þeir eru að reyna að gauka að þjóðinni er að þeir eigi enga þrá heitari en þá að hingað komi erlendir bankar og hefur þó ekki gengið vel að koma bönkunum hingað, þeim erlendu.

En ég vil segja við hæstv. viðskrh. að á meðan landinu er ekki betur stjórnað en raun ber vitni, á meðan sveiflurnar í stjórn landsins eru eins og þær eru, á meðan ekki er einu sinni hægt að setja skattalög sem endast út árið þannig að það sé hægt að telja fram eftir þeim t.d. einu sinni, á meðan við völd situr ríkisstjórn sem hefur ekki metnað til þess að krónan skipti máli, á meðan við völd situr ríkisstjórn sem er svo ómerkileg að segja við þjóðina: Fram undan er tími stöðugleika í efnahagsmálum, fram undan er tími án verðhækkana, fram undan er tími án gengisfellinga, á sama tíma og sjálf ríkisstjórnin hefur það inni í sínum sáttmála að gengið skuli halda áfram að falla á næstu 2–3 mánuðum, á sama tíma og ríkisstjórnin sjálf talar um umþóttunartíma eftir verðstöðvun og á sama tíma og ríkisstjórnin sjálf veit að stjórn hennar á efnahagsmálunum hefur þegar valdið því að ríkisstjórnin telur sér nauðsynlegt að taka það vald af t.d. sveitarstjórnum að þær megi sjálfar ákveða hvernig þær verðleggi dreifiveitur. Eru sveitarstjórnir þó kosnar af fólkinu sjálfu, af almenningi og skyldi maður ætla að þær gætu sjálfar borið ábyrgð á því sem þær gera.

Ég veit ekki hvort ástæða er til, herra forseti, að fara mikið lengra út í þetta. Hér er talað um fasta vexti á verðtryggingu. Ef vextir eru fastir á verðtryggðum lánum og lánin eru tryggð til einhvers tíma, þá þýðir það auðvitað hækkun raunvaxta á lánunum. Um leið og við bindum það í lögum eða reglugerðum að vextir á verðtryggð lán skuli vera fastir, þá þýðir það auðvitað hækkun raunvaxta. Ég tala nú ekki um eins og ástandið er núna, þegar ríkisstjórnin er byrjuð að krukka í lánskjaravísitöluna þannig að enginn maður veit stundinni lengur hvað verðtrygging lána þýðir. Í lögunum um stjórn efnahagsmála segir á einum stað að grundvöllur verðtryggingar sé sem hér segir: „Miðað sé við opnbera skráða vísitölu eða vísitölur eins og þær eru reiknaðar á hverjum tíma." Þetta er opinn víxill fyrir því að grundvöllur lánskjaravísitölunnar verði framvegis bara samningsatriði. Það sé hægt að versla með lánskjaravísitöluna. Og það þýðir líka um leið að þessi verðmiðun í þjóðfélaginu er úr sögunni.

Núna um síðustu áramót lék ríkisstjórnin sér að vísitölunni. Hún gerði það samtímis að hún hækkaði byggingarvísitöluna, en dró úr áhrifum þess með því að taka launavísitöluna inn með fullum þunga. Síðan er það hugsun ríkisstjórnarinnar, eins og fram kemur í yfirlýsingunni, að versla við verkalýðshreyfinguna um það í sambandi við kjarasamninga að minnka

vægi kaupgjaldsins í lánskjaravísitölunni. Og þegar búið er að gera það, þá á að afnema vörugjaldið af vörum til byggingariðnaðar, sem auðvitað þýðir það að þá tekst tvívegis að nota byggingarvísitöluna og launin til þess að lækka lánskjaravísitöluna meira en ella, fara fram hjá. Það eru svona kúnstir sem auðvitað valda því að óstöðugleikinn hér á landi mun vaxa með meiri óvissu, enda er nú svo komið eftir síðustu leiki ríkisstjórnarinnar að nauðsynlegt er fyrir þá sem við taka, fyrir þá sem raunverulega vilja standa að því að skapa hér aðhald í efnahagsmálum, raunverulega vilja vinna að jöfnuði í viðskiptunum við útlönd, raunverulega vilja byggja upp atvinnulífið og efla innlendan sparnað, þá hvílir á þeim sú þunga skylda að finna krónunni nýtt traust, finna nýja viðmiðun sem fólkið trúir á þannig að eðlilegur sparnaður geti á nýjan leik vaxið í landinu. Það er kjarni málsins.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umfjöllunar frv. til l. um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands sem er liður í þeirri heildarstefnu ríkisstjórnarinnar er lýtur að efnahagsaðgerðum. Þó að frv. láti lítið yfir sér, þá er þetta mjög veigamikið plagg og þær forsendur er liggja að baki þessu frv.

Það eru nokkur atriði sem ég hefði viljað fjalla um og leggja jafnframt spurningar fyrir hæstv. viðskipta- og bankamálaráðherra í þessu sambandi. Einnig hefði ég talið æskilegt að fulltrúar sérstaklega Alþb. væru viðstaddir við umfjöllun mína á þessu máli eða hæstv. ráðherrar yfirleitt og gera sér far um að hlusta á mál þingmanna hér í þessu máli sem öðrum. Það væri æskilegt vegna þess að í þessu frv. felst ákveðin stefnumörkun sem er svo veigamikil, eins og kom fram í ræðu hæstv. viðskipta- og bankamálaráðherra, að það væri mjög þýðingarmikið að fá úr því skorið strax við 1. umr. hvort þm. Alþb. og hæstv. ráðherrar, sem eiga sæti í þessari deild, séu samþykkir þeirri stefnumörkun sem í því felst og því sem fram kom hjá hæstv. ráðherra.

En áður en ég vík að því vil ég segja það í upphafi míns máls að ef maður lítur á þann þátt í stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í sambandi við efnahagsmál og úrlausn þeirra, þá kemur fram mjög mikil þversögn, sérstaklega í þeim atriðum er lúta að peninga- og vaxtamálum. Þessi þversögn felst í því, og gengur ekki alveg upp hjá mér, að á sama tíma sem hæstv. ríkisstjórn er að tala um það að hleypa erlendum aðilum inn í íslenska bankastarfsemi, þá er verið að taka ákvarðanir eða leggja til að takmarkanir verði settar á innlenda aðila með þeim hætti að þegar fjallað er um þann þátt sem kom fram í ræðu hæstv. viðskipta- og bankamálaráðherra þar sem hann sagði m.a., að vísu ekki alveg orðrétt en ég skildi þetta þannig, að nauðsynlegt væri að fá erlenda aðila inn í íslenska bankastarfsemi og þar með erlend áhrif og erlent fjármagn til þess að auka samkeppnina á íslenskum peningamarkaði.

Ég ætla ekki að draga úr því atriði út af fyrir sig að það sé mikil þörf á að auka samkeppni á íslenskum peningamarkaði, m.a. til þess að reyna að ná niður vaxta-"nívóinu" sem er mjög brýnt, ég tek undir það sem kom fram í ræðu ráðherra um það efni. En það gengur ekki alveg upp hjá mér að á sama tíma sem það er markmið hæstv. ríkisstjórnar skuli hún leggja kvaðir á innlenda aðila sem gætu aukið þessa samkeppni, en hins vegar á að leita sáluhjálpar erlendis frá og þá með þeim hætti sem er mjög stefnumarkandi hvað framtíðina áhrærir.

Ég vil þess vegna beina því til virðulegs forseta hvort ekki væri unnt að fá hér alla vega einhvern þingmann Alþb. og helst ráðherra til þess að hlýða á framhald míns máls. (**Forseti:** Ég hef óskað eftir þessu. Ég vænti þess að hæstv. menntmrh. sé að koma.) Já. Ég vona að það taki ekki mjög langan tíma, en þar sem ég veit að hæstv. menntmrh. er enginn samkeppnismaður, eins og hæstv. viðskipta- og bankamálaráðherra er nú í hjarta sínu, maður sem vill auka frelsið, ég efast ekkert um það, og vill koma hér á, eins og hann nefndi áðan, virkum markaði í peningamálum, þá vil ég undirstrika það sem ég sagði áðan að innlendir aðilar verða þá að hafa sama frelsi og sömu möguleika, búa við sömu skilyrði og þeir erlendu aðilar hafa sem væntanlega eiga að koma hér inn í landið til að auka samkeppnina. Þetta á við hvort sem um er að ræða einstaklinga, þ.e. Íslendinga sjálfa, íslensk fyrirtæki, íslenska banka, íslenskar fjármálastofnanir, lífeyrissjóði eða verðbréfasjóði.

Stefna þessarar ríkisstjórnar eins og hún er lögð fram gerir markaðinn ekki virkari að mínu mati nema því aðeins að því skilyrði verði fullnægt að íslenskir aðilar búi við sömu aðstæður og hinir erlendu sem hér eiga að koma inn í landið til að auka samkeppnina. Allar aðgerðir þessarar ríkisstjórnar stefna að því að þrengja mjög hag sérstaklega einkabanka. Þá er að því stefnt, þó það sé ekki sagt með berum orðum, að þrengja mjög hag annarra fjármálastofnana og einnig er að því stefnt, greinilega, að reyna að eyðileggja verðbréfasjóði. Og það er einnig að því stefnt, að því er virðist, ég tek ekki sterkar til orða á þessu stigi, að reyna að setja hömlur eða þvinga lífeyrissjóði landsmanna til viðskipta með einhverjum óræðum hætti sem ég veit ekki hver er, en kemur fram m.a. í viðtali við hæstv. fjmrh. í Alþýðublaðinu í morgun. Þar er það boðað að hann muni hafa í frammi aðgerðir, sem gera það að verkum að lífeyrissjóðirnir verði sko að hlýða því sem ríkisstjórnin ætlast til af þeim, til viðbótar þeirri þvingun sem felst í því að lífeyrissjóðir verða að afhenda 55% af ráðstöfunarfé sínu inn í húsnæðismálakerfið, að vísu á grundvelli samkomulags aðila vinnumarkaðarins og með löggjöf frá hinu háa Alþingi sem er að minni hyggju afar óæskileg, þar sem þar er með óeðlilegum hætti gripið inn í það sem gæti haft gífurlega mikil áhrif á það sem er markmið hæstv. viðskipta- og bankamálaráðherra, að koma niður vöxtunum.

Ég er ekki í nokkrum vafa um það að ef t.d. allt það fé sem lífeyrissjóðir landsmanna hafa til ráðstöfunar almennt færi inn á markaðinn með eðlilegum hætti í gegnum bankakerfið, fjármálastofnanir og annað, þá

hefðu vextir lækkað mjög á hinum íslenska peningamarkaði fyrir löngu síðan. En sú óeðlilega ráðstöfun, sem ég gagnrýndi á sínum tíma, að binda fé með þessum hætti, þ.e. að „kanalísera" það inn í húsnæðismálakerfið með þessum hætti. Annars vegar þurfti að fullnægja þeirri kvöð sem fylgir lífeyrissjóðunum, að þeir eiga að afmarka sem mest tekjur sínar af lánasatarfsemi, á sama tíma sem ríkisvaldið gerir samning við aðila vinnumarkaðarins um mun lægri vexti. Þetta er auðvitað mjög óeðlilegt, sérstaklega þegar maður hefur í huga hina miklu fjármuni sem hér er um að ræða. Ég er því ekki í nokkrum vafa um það að hefði þetta verið gert þannig að bankar og fjármálastofnanir hefðu fengið þetta fé til ráðstöfunar, m.a. til þess að lána að sjálfsögðu inn í húsnæðismálakerfið, þá væru vextir mun lægri og það fyrir tilverknað einmitt þess sem hæstv. viðskipta- og bankamálaráðherra var að leggja áherslu á, virkari samkeppni á markaðnum.

Varðandi samþykkt ríkisstjórnar um peninga- og vaxtamál, þá er það athyglisvert að í þessari samþykkt togast á annars vegar það markmið hæstv. viðskipta- og bankamálaráðherra að reyna að auka virknina á markaðnum á sama tíma sem stefna annarra, sem ég vil ekki ræða um á þessu stigi hverjir eru, beinist að því að keyra niður þessa virku samkeppni sem hæstv. ráðherra vill stefna að. En hvað sem því líður, þá hefur í tengslum við þau frumvörp sem m.a. þetta frv. er hluti af, í sambandi við ráðstafanir ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, verið gefin út yfirlýsing sem allir flokkar, sem nú standa að ríkisstjórninni, þ.e. Framsfl., Alþfl. og Alþb., standa að, sem felur það í sér, jafnframt því atriði sem ég gat um áðan, að það er stefnt í átt til frelsis á sama tíma sem einnig er stefnt í átt til miðstýringar. Þá kemur það atriði inn í, sem er þversögn á allar þessar aðgerðir, að þegar innlendum aðilum eru settar skorður um hvernig þeir geti hagað sínu máli, þá á að leysa vandamálin með því að hleypa inn erlendum aðilum og framkalla þá svokallaða samkeppni. Í þessu er auðvitað gífurleg þversögn þegar maður hefur það í huga að auðvitað verða innlendir aðilar líka að hafa frelsi til samkeppni eins og hinir erlendu ef við ætlum að ná því markmiði sem hæstv. viðskipta- og bankamálaráðherra stefnir að og fram kemur að hluta til í þessu plaggi.

Í samþykkt ríkisstjórnarinnar um peninga- og vaxtamál segir m.a. að ríkisstjórnin feli Seðlabankanum, en um þann banka snýst það frv. sem hér er til umræðu, að ríkisstjórnin feli Seðlabankanum að stuðla að því að vextir á lánamarkaðnum lagi sig að vöxtum á ríkisskuldabréfum að teknu tilliti til áhættu og annarra atriða sem máli skipta. Nú verður það ekki skilgreint nánar hvernig á að meta þetta atriði sem heitir „að teknu tilliti til áhættu" þannig að í því felst auðvitað ákveðið fyrirheit eða viðurkenning á því að vextir hljóti að vera mismunandi og það sé ekki alveg öruggt að það geti orðið samræmi á milli þessara vaxta eða þess markmiðs sem þarna er sett fram. Raunverulega segir þessi setning manni það að það er tilhneiging og meira en tilhneiging, það er yfirlýstur tilgangur ríkisstjórnarinnar að miðstýra sem mestu fjármagni til ríkissjóðs, þ.e. að reyna að útiloka það að það fjármagn sem atvinnulífið hefur þörf fyrir sem og einstaklingar fari í það að byggja upp íslenskt atvinnulíf og styrkja þann efnahagslega afkomugrundvöll sem þjóðin býr á. Það virðist enn þá vera stefna þessarar ríkisstjórnar að ríkið og það sem að ríkisvaldinu snýr skuli hafa forgang á meðan unnt er, því að það kemur auðvitað að skuldadögum. Þegar búið er að svelta atvinnulífið, þegar búið er að taka fjármunina af einstaklingunum, þá mun það auðvitað koma af sjálfu sér að það mun vanta fé til þarfa ríkisins.

Í þessari yfirlýsingu kemur einnig fram að verði aðilar ekki við því að beina þessu fjármagni til ríkisins, þá muni ríkissjóður neyta stöðu sinnar sem langstærsti lántakandi á innlendum fjármagnsmarkaði til að ná fram hóflegum raunvöxtum af ríkisskuldabréfum, m.a. þeim sem lífeyrissjóðir kaupi af ríkissjóði og Byggingarsjóði ríkisins jafnframt því sem dregið verður úr lánsfjárþörf ríkissjóðs með ýtrasta aðhaldi að ríkisútgjöldum. Það hefur ekki komið fram, hvorki í ræðu hæstv. forsrh. né ræðu hæstv. viðskipta- og bankamálaráðherra hvað átt sé við með „ýtrasta aðhaldi" í sambandi við ríkisútgjöld. Hins vegar fer það ekki á milli mála að í því felst ákveðin hótun að ríkissjóður, sem langstærsti lántakandi á innlendum fjármagnsmarkaði, muni neyta stöðu sinnar ef aðilar hlýða ekki þeim fyrirmælum sem hæstv. ríkisstjórn metur sem hóflega raunvexti, þ.e. hvernig ríkisstjórnin kemur sér niður á það að ákveða hóflega raunvexti af ríkisskuldabréfum sem á að vera hin rétta og væntanlega heilbrigða viðmiðun sem aðilar eiga að taka mið af.

Ég get út af fyrir sig fallist á það sjónarmið að auðvitað reyni ríkissjóður eða ríkisstjórnin að framkalla hóflega vexti í sambandi við sín viðskipti og aðilar reyni auðvitað að aðlaga sig þessum markmiðum. En þá er mjög æskilegt og nauðsynlegt að vita strax hvað átt sé við með hóflegum raunvöxtum, sérstaklega þegar sagt er að ríkissjóður muni „neyta stöðu sinnar" sem mér finnst afar óviðeigandi orðalag svo að ekki sé meira sagt. Síðan segir í samþykkt ríkisstjórnarinnar um peninga- og vaxtamál:

„Seðlabankanum er í samráði við viðskrn. falið að veita nafnvöxtum lánastofnana sérstakt aðhald á umþóttunartímabili í kjölfar verðstöðvunar þannig að samræmi verði milli raunávöxtunar verðtryggðra og óverðtryggðra lánasamninga."

Mér er ekki alveg ljóst, og ég vil beina því til hæstv. viðskrh. hvað átt er við með orðunum „sérstakt aðhald á umþóttunartímabili". Þá skil ég heldur ekki þegar verið er að tala um að í kjölfar verðstöðvunar skuli þetta gert, sem ég las hér upp áðan, því að ég verð nú að segja það eins og er, og ég held að þjóðin öll sé mér sammála um það atriði, að ég hef ekki orðið var við það að það hafi verið virk verðstöðvun í landinu síðustu mánuðina. Ég hef ekki orðið var við það að ríkisvaldið eða ríkið sérstaklega hafi leitast við

að tryggja það að það hafi verið verðstöðvun í sambandi við þá þjónustu og þau gjöld sem ríkisvaldið eða ríkisstjórnin getur haft áhrif á og ákveðið. Eftir því sem ég best veit hefur ríkisstjórnin því miður ákveðið og samþykkt verulegar útgjaldahækkanir í gegnum verðhækkanir á vörum og þjónustu, þar á meðal á þjónustu sem ríkið hefur vald yfir. Ég ætla ekki að tíunda það í einstökum atriðum í hverju þessi atriði eru fólgin. Það þekkja allir hv. þm. En þó er eitt dæmi sem sker sig alveg sérstaklega úr. Það er hin gífurlega mikla hækkun sem hefur orðið á bensíni með einhliða ákvörðunartöku ríkisstjórnarinnar sem brýtur auðvitað algerlega í bága við þá verðstöðvunarstefnu sem hún kveðst fylgja. Nema það sé markmið ríkisstjórnarinnar að beita allt öðrum og harðari hótunum eins og fram kemur í frv. til laga, þ.e. að þeir sem ekki lúti þessu úti í hinu frjálsa atvinnulífi skuli eiga í vændum refsingar sem ekki ná til þeirra sem bera ábyrgð á ríkisvaldinu.

Með leyfi forseta ætla ég að halda áfram að fjalla um samþykkt ríkisstjórnarinnar um peninga- og vaxtamál sem lýtur einnig að þessum lögum. Ég vil spyrja hæstv. viðskipta- og bankamálaráðherra hvað átt sé við með orðunum: „Þá verður laust fé innlánsstofnana skilgreint með markvissari hætti en verið hefur og kveðið á um að stærsti hluti innlána Seðlabanka innheimtur af innlánastofnunum renni í ríkissjóð.“ Að vísu kom hv. þm. Halldór Blöndal nokkuð inn á þetta atriði en ég hlýt að óska eftir því eins og hann að fá skýrt fram hvað átt er við og um hvaða upphæðir sé að ræða. Í mínum huga er það þannig, eins og hjá hv. þm. Halldóri Blöndal, að mér virðist hér vera um nýja skattheimtu að ræða, að vísu óbeina en ákveðna tegund af skattheimtu, sem mun koma niður á lántakendum áður en yfir lýkur. Þó það gerist ekki í fyrstu umferð met ég það eins og hv. þm. Halldór Blöndal, þ.e. að þetta muni hafa hækkandi áhrif á vaxtalíf í landinu og leysi ekki það vaxtavandamál sem er til umræðu og hefur verið til umræðu bæði af hálfu stjórnarsinna og stjórnarandstæðinga.

Síðan kemur það atriði sem ég tel mjög alvarlegt og brýtur raunverulega í bága við þá stefnu sem síðar kemur fram í þessari samþykkt ríkisstjórnarinnar varðandi það að erlendir bankar komi til skjalanna til að auka samkeppninna. Þar segir, með leyfi forseta: „Breyttar reglur um bindi- og lausafjárskyldu munu jafna starfsskilyrði innlánsstofnana og koma bönkum sem þjóna útflutningsgreinum til góða. Þær eru jafnframt forsenda þess að unnt verði að beita bindiskyldu eða hliðstæðum kröfum á aðrar fjármálastofnanir en banka og sparisjóði til þess að jafnræðis sé gætt.“ Ef ég skil þessa setningu rétt, hæstv. bankamálaráðherra leiðréttir ef svo er ekki, þá þýðir þetta á mæltu máli að styrkja á stöðu ríkisbankanna enn betur og veikja stöðu einkabankanna. Með ákveðnum hætti er sem sagt verið að ráðast á einkabankana, þrengja hag þeirra sem og einkarekstrar og annarra aðila sem þurfa að njóta viðskipta við einkabankana. Ég tel þetta mjög alvarlegt mál og ég trúi því ekki að hæstv. viðskipta- og bankamálaráðherra, sem ég tel vera mann frjálsrar samkeppni, muni láta það viðgangast að stefna sem þessi verði framkvæmd vegna þess að hún hlýtur m.a. að fela það í sér að fæla erlenda einkabanka frá því að koma inn í það peningakerfi sem þessi ríkisstjórn er að reyna að búa til. Ef hæstv. ráðherra tekst ekki að koma í veg fyrir þessa fyrirætlun ríkisstjórnarinnar, eins og ég skil hana, er þetta raunverulega marklaust plagg.

Þá kem ég að því sem ég vil segja að feli í sér stóra þversögn við allt sem á undan er komið. Í samþykkt ríkisstjórnarinnar um peninga- og vaxtamál segir, með leyfi forseta: „Ríkisstjórnin mun á næstunni kynna ákveðnar tillögur um samruna lánastofnana hér á landi og áætlun um aðlögun íslenska lánamarkaðarins að breyttum aðstæðum í umheiminum. Í þessu felst m.a. að íslensku atvinnulífi verði tryggð sambærileg aðstaða á fjármagnsmarkaði og helstu viðskiptalöndum. Markmiðið er að stuðla að lækkun fjármagnskostnaðar fjölskyldna og fyrirtækja með aukinni samkeppni og hagræðingu í bankakerfinu og nánari tengslum innlends lánamarkaðar við fjármagnsmarkaði í nágrannalöndunum.“ Ég get út af fyrir sig tekið undir það markmið að Íslendingar tengist vestrænum heimi með ákveðnum takmörkunum í sambandi við banka- og peningamál. En mér er spurn: Hefur Alþb. raunverulega undirritað þetta plagg eða er þetta tóm markleysa, sjónleikur?

Ég vil einnig undirstrika að ef þetta markmið á að ná fram að ganga hljóta íslenskir aðilar að krefjast sama réttar og þeir aðilar hafa sem koma til með að keppa við þá. Og það vitum við, hæstv. bankamálaráðherra, ég og flestallir hv. þingmenn sem hér eru, að bankar í nágrannalöndunum búa við allt annað frelsi og allt önnur skilyrði en íslenskir bankar. Þar er það í stórum dráttum samkeppnin sem ræður vaxta-“nívóinu“ á hverjum tíma en ekki aðgerðir stjórnvalda, eins og hér er verið að boða.

Þarna er því verið að boða ákveðna tegund af frelsi sem við sjálfstæðismenn getum tekið undir að vissu marki en með fyrirvara þó. Maður þarf að gera sér grein fyrir því hvað felst á bak við þessar setningar og mun ég gera það í mjög ítarlegu máli hér á eftir eða síðar í umræðunni. Ég vil halda áfram, með leyfi forseta, að undirstrika þennan þátt sem er náttúrlega hrein frjálshyggja eins og við sjálfstæðismenn höfum skilið hana og við höfum raunar verið úthrópaðir fyrir af hálfu Alþb. og þá sérstaklega af hæstv. menntmrh. Kem ég þá að því atriði sem ég veit að gleður hæstv. menntmrh. fyrir það að ég skuli hafa tekið svona vel eftir. Með leyfi forseta ætla ég einmitt einnig að lesa þann þátt upp úr samþykkt ríkisstjórnarinnar: „Heimildir íslenskra fyrirtækja til þess að taka lán erlendis með ríkisábyrgð eða ábyrgð banka eða sjóða í eigu ríkisins verða takmarkaðar en hins vegar verða heimildir fyrirtækja til að taka erlent lán á eigin ábyrgð rýmkaðar.“ Síðan segir, með leyfi forseta: „Á næstu missirum verða reglur um fjármagnshreyfingar og viðskipti með fjármálaþjónustu milli Íslands og annarra landa mótaðar á grundvelli tillagna ráðherranefndar Norðurlanda um efnahags-

áætlun Norðurlanda 1989 til 1992. Ríkisstjórnin leggur áherslu á að búa íslenska bankakerfið undir þær breytingar sem munu fylgja sameinuðum fjármagnsmarkaði Evrópu, m.a. með því að auka hagkvæmni þess þannig að það geti staðist samkeppni við erlenda banka hvað varðar vaxtamun, tryggingar o.fl. Í framhaldi af því verður m.a. kannað hvort heimila megi viðurkenndum erlendum bönkum starfsemi hér á landi."

Þetta er að minni hyggju hámark frjálshyggjunnar í peninga- og vaxtamálum og ég óska hæstv. menntmrh. sérstaklega til hamingju með það að hann, ásamt meðráðherrum sínum úr Alþb., skuli hafa samþykkt þetta sem stefnu núv. ríkisstjórnar í peninga- og vaxtamálum. Fyrir þessu eru ótvíræð skjöl frá sjálfri ríkisstjórninni sem staðfesta þetta. Nú er það annað mál hvernig við Íslendingar ætlum að fjalla um þetta frelsi. Veldur hver á heldur. Ég verð að segja það að ekki er ég sannfærður af upphafi samþykktar ríkisstjórnarinnar í þessum málum.

Hæstv. viðskrh. hefur setið mjög vel í þingsal og hlýtt á mál manna, og er það skiljanlegt því hann gerir sér grein fyrir hvað verið er að fjalla um mikilsvert atriði, stefnumarkandi atriði, sem er gífurlega þýðingarmikið fyrir framtíð þjóðarinnar. Hann skilur það. Þess vegna situr hann og hlustar á hv. þingmenn sem og hæstv. menntmrh. gerir einnig. (**EG:** Nú er formaður Sjálfstfl. búinn að segja að þessar aðgerðir séu minna en ekki neitt.) Ég var að lýsa samþykkt ríkisstjórnarinnar og forsendum þessarar aðgerðar. Hv. 3. þm. Vesturl. hefur ekki alveg skilið það sem ég sagði áðan, þ.e. að fyrri hluti samþykktar ríkisstjórnarinnar um peninga- og vaxtamál er 30 árum á eftir tímanum og felur í sér takmarkanir á frelsi og samkeppni en skapar ekki virkni á peningamarkaðnum. Í niðurlaginu held ég hins vegar að hljóti að felast grundvallarstefna hæstv. viðskipta- og bankamálaráðherra, alþýðuflokksmannsins Jóns Sigurðssonar. Ég var að undirstrika að þetta atriði felur í sér frjálshyggju. En það þýðir ekki að vera með tvær stefnur í sama plaggi. Maður stefnir ekki í tvær áttir í einu. Annaðhvort fer maður til hægri eða vinstri en ekki í báðar áttir í einu, hv. þm. Eiður Guðnason. Það er það sem ég er að tala um. (**EG:** Er það eina leiðin fram á við?) Það er það sem ég er að tala um. Ég vildi, hæstv. viðskrh., gjarnan fá nánari skýringar á því hvernig hann skilur þetta plagg, hvort það eigi að taka meira mark á þessum hluta, hvort þetta sé raunveruleg stefna sem eigi að framkvæma eða hvort það sem er á undan og ég vil líta á sem formála sé aðalatriðið. Þetta er grundvallaratriði.

Ég endurtek að það er gott til þess að vita fyrir okkur sem höfum viljað vera tengd vestrænum heimi að Alþb. skuli hafa fallist á það sem hefur lengi verið stefna okkar sjálfstæðismanna, þ.e. að eiga virkt samstarf við vestrænan heim í atvinnu- og efnahagsmálum sem öðrum. (Gripið fram í.) Rétt, hv. þm. Eiður Guðnason, vestræn samvinna eins og hún hefur verið hvað best í sambandi við samstarf okkar og störf í Atlantshafsbandalaginu. (**Menntmrh.:** Hefur NATO eitthvað með þetta að gera?) Já, hæstv. ráðherra, NATO kemur nefnilega inn í þetta. Það vill svo til að hv. þm. Eiður Guðnason kannast við þetta. Við höfum starfað saman á þeim vettvangi með mjög góðum árangri, eða allt frá 1962 og þá fyrst sem ungir áhugamenn utan þings í góðu samstarfi við skynsama menn í Framsfl., og þeir voru það nú ekki allir á þeim tíma. Sú stefna varð ofan á, en einmitt innan Atlantshafsbandalagsins er fjallað um fleira en hernaðarmál eins og hæstv. menntmrh. veit. Þar er mjög veigamikill þáttur sem lýtur að efnahagsmálum, vísindamálum og yfirleitt öllum hugsanlegum samskiptamálum Atlantshafsbandalagsríkjanna og þar á meðal eru þessi mál sem við erum að fjalla um nú. Þetta er liður í samstarfi vestrænna ríkja og það er gott til þess að vita að hæstv. menntmrh. er hættur að lesa Þjóðviljann eins og hann sjálfur skrifaði jafnvel um tíma, ég tala ekki um hvernig hann skrifaði í hann áður en hann kom þar til skjalanna.

En virðulegur forseti. Ég sé að klukkan er að verða sjö og ég er rétt hálfnaður í minni ræðu. Ég á eftir að víkja að mjög veigamiklum atriðum vegna þess að það vill svo til að ýmsir eru töluvert lesnir í þessum fræðum, bæði hvað varðar innlendan peningamarkað og bankamálastarfsemi sem og einnig því sem lýtur að Evrópubandalaginu, EFTA, Norðurlöndunum og hvernig Íslendingar hugsanlega tengjast þessu, ef maður leggur þann skilning í stefnu ríkisstjórnarinnar sem þetta plagg gefur tilefni til. Um það vildi ég, virðulegi forseti, fá að ræða alveg sérstaklega og tekur það svona einn til tvo tíma því að ég mun að sjálfsögðu styðjast við plögg og staðreyndir sem skipta miklu máli í sambandi við þessi mál. (**Forseti:** Hefur hv. ræðumaður ekki tök á að ljúka sinni ræðu fyrr?) Nei, það hef ég ekki. Ég þarf svona einn til tvo tíma minnst. (**Viðskrh.:** Hv. þm. hafði nú lofað stuttri ræðu og málefnalegri.) Þetta er málefnaleg ræða. (**Viðskrh.:** Ég sagði ekki að hún væri það ekki.) Ég held að hæstv. ráðherra muni verða mjög glaður þegar minni ræðu lýkur, virðulegi forseti, því ég lofa að þetta verði mjög fræðileg, hlutlaus ræða. (**Menntmrh.:** Ætlarðu ekki að hafa eitthvað um vestnorræna þingmannasambandið í þessu?) Ég er nú ekki í því, en hins vegar hef ég setið í ýmsum nefndum varðandi Evrópubandalagið fyrir verkalýðshreyfinguna og í ráðgjafarnefnd EFTA fyrir hönd þjóðarinnar o.fl. þannig að ég vona að ég geti talað með þeim hætti að allir aðilar verði ánægðir með mínar skýringar og hugrenningar í þessu máli. (**Forseti:** Ef hv. ræðumaður óskar eftir að gera hlé á ræðu sinni mun verða orðið við því. Ef hann gæti hins vegar lokið því væri það gott.) Mér virðist, virðulegi forseti, að þetta taki einn til tvo tíma. (**Forseti:** Þá mun vart verða hægt að ljúka því í kvöld.)

Umræðu frestað.

NEÐRI DEILD

51. fundur, miðvikudaginn 8. febr.,
að loknum fundi í Sþ.

Launavísitala, frh. 1. umr.

Stjfrv., 213. mál. — Þskj. 361.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

SAMEINAÐ ÞING

39. fundur, fimmtudaginn 9. febr.,
kl. 10 árdegis.

Varamaður tekur þingsæti — rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Borist hefur svofellt bréf frá forseta Nd.:

„Hjörleifur Guttormsson, 2. þm. Austurl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að vegna forfalla 1. varamanns taki 2. varamaður Alþb. í Austurlandskjördæmi, Björn Grétar Sveinsson, formaður verkalýðsfélagsins Jökuls, sæti á Alþingi í fjarveru minni.“

Þetta er yður hér með tilkynnt, hæstv. forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Kjartan Jóhannsson,
forseti Nd.“

Þessu bréfi fylgir kjörbréf Björns Grétars Sveinssonar.

Með þessu fylgir annað bréf sem hljóðar svo:

„Sökum sérstakra anna get ég undirrituð ekki tekið sæti á Alþingi að sinni sem varamaður Hjörleifs Guttormssonar.

Virðingarfyllst,
Unnur Sólrún Bragadóttir.“

Samkvæmt þessu bréfi og með vísan í 4. gr. þingskapa ber hv. kjörbréfanefnd nú að prófa kjörbréf Björns Grétars Sveinssonar og verður gert hlé á fundinum í fimm mínútur meðan kjörbréfanefnd starfar. — [Fundarhlé.]

Frsm. kjörbréfanefndar (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Kjörbréfanefnd hefur borist eitt erindi, kjörbréf Björns Grétars Sveinssonar, 2. varamanns Alþb. í Austurlandskjördæmi sem tæki sæti Hjörleifs Guttormssonar, 2. þm. Austurl.

Kjörbréfanefnd hefur athugað þetta kjörbréf og leggur til að það verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Kjörbréf Björns Grétars Sveinssonar samþ. með 32 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Björn Grétar Sveinsson, 2. þm. Austurl., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Rækjuveiðar og vinnsla, ein umr.

Fsp. HBl, 137. mál. — Þskj. 144.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Í lögum um samræmda vinnslu sjávarafla og veiðar sem háðar eru sérstökum leyfum segir svo í 2. gr., með leyfi forseta:

„Í þeim greinum veiða, sem háðar eru sérstökum leyfum samkvæmt 1. gr., skal leita leyfis sjútvrn. til að koma á fót vinnslustöðvum eða til aukningar á afkastagetu þeirra sem fyrir eru. Ráðuneytið getur synjað um slík leyfi ef ekki er fyrirsjáanleg aflaaukning á viðkomandi svæði né samdráttur í starfsemi annarra vinnslustöðva á svæðinu. Opinberum fjárfestingarlánasjóðum skal tilkynnt um synjun slíkra leyfa.“

Eins og þessi tilvitnun ber með sér er tilgangur þessara laga sá og varðar raunar sérstaklega rækju- og skelfiskveiðar að reyna að stilla fjárfestingu í hóf í sambandi við vinnslustöðvar fyrir rækju eða skelfisk þannig að afkastageta slíkra stöðva sé í samræmi við þann afla sem búast megi við á hverjum tíma að náist á land.

Eins og hv. þm. er kunnugt er jafnan óvíst þegar farið er að nýta nýja stofna hversu endingargóðir stofnarnir eru. Af þeim sökum er auðvitað nauðsynlegt að fara með gát í sambandi við útgáfu vinnsluleyfa og þarf ég ekki að fjölyrða um þann þátt málsins. Á hinn bóginn liggur ljóst fyrir að rækjuvinnslustöðvar eiga um þessar mundir í miklum erfiðleikum um öflun hráefnis og ég hygg að í engri grein sjávarútvegs sé það eins og um rækjuvinnslustöðvar að rekstrargrundvöllurinn er ótryggur og fyrirsjáanlegir erfiðleikar af þeim sökum.

Af þeim sökum hef ég borið fram fsp. svohljóðandi til sjútvrh.:

„1. Hversu mörg rækjuvinnsluleyfi hafa verið veitt frá 1. janúar 1984 og hversu mikil er afkastageta þeirra rækjuvinnslustöðva?

2. Hafði ráðherra hliðsjón af lögunum um samræmda vinnslu sjávarafla og veiðar, sem háðar eru sérstökum leyfum, þegar rækjuvinnsluleyfi voru veitt?

3. Hversu mikil var úthafsrækjuveiðin frá 1. janúar 1984 til þessa dags, ár hvert, og hver var leyfilegur kvóti sjútvrn.?"

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Að því er varðar fyrstu spurninguna hafa síðan 1. janúar 1984 ellefu rækjuvinnslufyrirtæki hafið starfsemi. Einhver fleiri hafa fengið heimild til að hefja starfsemi en ekkert úr því orðið, enda allar líkur til þess að svo verði ekki.

Það er erfitt að gera nákvæma grein fyrir afkastagetu því að hún ræðst af mörgum þáttum. Langflestar vinnslur eru búnar rækjupillunarvélum eins og flestar aðrar minni vinnslur í dag. Hámarksvinnslukvóti fyrir þessar verksmiðjur er á árinu 1988 7100 lestir og átta af þeim vinnslum með 500 lesta hámarkskvóta sem var lægsti kvóti sem úthlutað var til vinnslanna á árinu 1988.

Að því er varðar 2. liðinn er leyfi til uppsetningar rækjuvinnslu veitt á grundvelli laga nr. 12/1975, um samræmda vinnslu sjávarafla og veiða sem háðar eru sérstökum leyfum. Ef litið er til fjölgunar rækjuvinnsla á þessu tímabili verður að hafa í huga þá aukningu sem var í veiðunum á þessum árum, en frá árinu 1983 til 1987 jókst veiðin úr 6238 lestum í 34.722. Þó segja megi að næg afkastageta hafi verið fyrir í landinu verður að gæta að að á þessum árum fjölgaði mjög þeim bátum sem veiðarnar stunduðu og kom þá upp sú staða að eigi var rækjuvinnsla á viðkomandi útgerðarstað til að vinna aflann.

Það er mjög erfitt, bæði með tilliti til sjómanna og atvinnu í landi, að fyrirskipa útvegsmönnum og sjómönnum að landa afla sínum utan útgerðarhafnar og í reynd má segja að lögin frá 1975 hafi fyrst og fremst verið miðuð við veiðar á grunnslóð og í innfjörðum og því hafi komið upp alveg ný sjónarmið þegar veiðin hófst á úthafinu og mjög erfitt að neita stöðum sem höfðu allar aðstæður til að koma upp rækjuvinnslu, höfðu húsnæði o.s.frv. og höfðu skip sem höfðu hafið veiðarnar, að koma slíku upp á sína ábyrgð.

Hitt er svo annað mál að þegar afli dregst aftur saman er staðan í mörgum tilvikum þannig að viðkomandi aðilar hefðu betur látið eiga sig að fara í fjárfestinguna.

Að því er varðar 3. liðinn er afli á djúpslóð sem hér segir: 1983 6238 lestir, 1984 16.541, 1985 17.229, 1986 30.397, 1987 34.722, 1988 var áætlað 27 þús. lestir, en mjög mikill samdráttur verður á árinu 1989 sem mun hafa mikil áhrif í þessari grein. Á árinu 1988 var í fyrsta sinn gripið til einstaklingsbundinna veiðitakmarkana í úthafsveiðum, en þá miðuðust veiðiheimildirnar við 36 þús. lestir og enn á ný 1989 var þeirri aðferð beitt með mjög miklum samdrætti á bilinu frá 40–60% eins og hv. þm. er kunnugt.

Ég vænti þess að þessi svör séu fullnægjandi að því er varðar fsp. hv. þm.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Eins og svörin bera með sér er augljóst mál að úthlutun á rækjuvinnsuleyfum hefur verið langt umfram þann afla sem búast má við að berist á land að óbreyttum miðum og er enginn vafi á því að sú fjárfesting sem þannig hefur fengist opinber heimild til er liður í þeirri offjárfestingu sem hæstv. forsrh. verður svo tíðrætt um þegar hann m.a. talar um að það vanti ráðdeild í sjávarútveginum. Sjáum við hér eitt glöggt dæmi um það ráðdeildarleysi að mati hæstv. forsrh. sem verið hefur í stjórn sjávarútvegsmála hér á landi.

Ég vil að vísu segja að mönnum er vorkunn þó að þeir hafi sótt á um að fá rækjuvinnsluleyfi vegna þess að fyrirsjáanlegur var mikill samdráttur í þorskafla og búið var að takmarka slíkar veiðar mjög mikið. Eigi að síður er augljóst eftir á að við höfum ekki farið með nægilegri gát í þessum efnum og það hefur m.a. komið fram í óhóflegri og miskunnarlausri samkeppni milli einstakra rækjuvinnslustöðva um það hráefni sem falt hefur verið hverju sinni sem m.a. hefur valdið því að afkoma rækjuvinnslustöðvanna hefur verið lakari en maður getur búist við ef maður virðir eingöngu fyrir sér unnið hráefni og það verð sem fyrir rækjuna hefur fengist á liðnum árum. Tala ég ekki síst um árið 1986 og kannski 1987 í því sambandi.

Þessi reynsla er okkur auðvitað áminning um að fara gætilega í sambandi við nýtingu stofna eins og rækjustofnsins sem ekki hefur fengist reynsla fyrir. Ég minnist þess t.d. í sambandi við innfjarðarrækju í Öxarfirði fyrir allmörgum árum að þegar skyndilega var ákveðið af fiskifræðingum að þar skyldi veiði dragast mjög mikið saman fékkst sú skýring í Hafrannsóknastofnun fyrir miklum veiðiheimildum fyrsta árið að jafnan væri óhætt að leyfa nær takmarkalausa sókn í fiskstofn sem áður hefði verið ónýttur og síðan yrði að draga saman. Hafrannsóknastofnun hélt því á þeim tíma fram að það væri ekki hennar að hafa áhyggjur af rekstri eða peningum. Auðvitað verða menn því að gæta sín, læra af reynslunni og skilja að það verður að nýta þær heimildir sem ráðherra hefur hverju sinni til að halda fjárfestingu og sókn í skefjum þegar um nýja fiskstofna er að ræða.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Ég vil minna hv. þm. Halldór Blöndal á það út af því sem hann sagði að ég held að það sé ekki hægt að koma á opinberri forsjá í þessum málum. Það sem einkum hefur verið gagnrýnt í sambandi við rækjuvinnsluna er að nokkrir aðilar á Suðurnesjum og á vestanverðu landinu hafa hafið rækjuvinnslu, svo og þeir staðir á Norðurlandi sem ekki komu nálægt því áður.

Það hefur verið reynt eftir fremsta megni að halda mönnum í skefjum í þessu sambandi og reynt að koma mönnum saman á viðkomandi stöðum en ekki talið fært að neita þeim aðilum, sem eiga allmörg skip svo að dæmi sé nefnt, að vinna afla af sínum eigin skipum, t.d. í byggðunum á Suðurnesjum, ef þeir hafa haft aðstæður til þess. Þetta hefur fyrst og fremst verið

gagnrýnt á sama tíma og m.a. á Suðurnesjum hefur verið erfitt atvinnuástand. Ég bið menn að hafa í huga að þarna verður að rata einhvern meðalveg, en við það að úhtluta leyfi er ábyrgðin að sjálfsögðu ekki tekin af þeim aðilum sem fjárfesta og taka lán til þess. Til þess eru lögin ekki ætluð að hér sé um að ræða algerlega opinbera forsjá og þeim hefur ekki verið beitt í þeim anda.

Takmörkun rækjuveiða á næsta ári, ein umr.

Fsp. HBl, 138. mál. — Þskj. 145.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Fyrirspurnirnar eru svo samkynja að óhætt er að svara sumu því sem kom fram hjá hæstv. sjútvrh. undir þessum dagskrárlið. Varðandi fsp. eins og hún liggur fyrir á þskj. 145, „Hvernig verður brugðist við fyrirsjáanlegum samdrætti í úthafsrækjuveiðum á næsta ári varðandi veiðikvóta og rækjuvinnsluleyfi?", liggur svarið fyrir varðandi fyrri hluta fsp. en ekki hinn síðari. Ég minni á að á sl. ári var rækjukvótinn 36 þúsund tonn, en hins vegar var verksmiðjunum úthlutað 40 þús. tonnum til vinnslu og það var rökstutt með því að það hefðu verið gefin út svo mörg rækjuvinnsluleyfi að óhjákvæmilegt væri að skammta vinnsluna fyrir hverja verksmiðju. Jafnframt lá raunar fyrir, ef við förum aftur til ársins 1987, að sjútvrn. hafði sagt t.d. þeim einstaklingum sumum hverjum sem höfðu keypt frystitogara að þeir gætu nýtt skipin til rækjuveiða og þeir hvattir þannig óbeinlínis til þess að fjárfesta í slíkum tækjum eins og t.d. Mánabergið í Ólafsfirði sem hefur nokkra tugi milljóna bundna í veiðarfærum og búnaði, en beinlínis var stofnað til þeirrar fjárfestingar vegna ábendingar frá sjútvrn. um að togaranum mætti síðar beita á rækju sem síðan varð ekki raunin á. Það er bæði satt og rétt hjá hæstv. sjútvrh. að menn eigi að bera ábyrgð á eigin fjárfestingu og eigin gerðum, en hitt er líka satt og rétt að ef menn eru með opinbera forsjá bara að hálfu leyti og ef hin opinbera forsjá er villandi getur hún valdið einstaklingum mjög tilfinnanlegu tjóni. Með hliðsjón af þessari reynslu og annarri, sem ég mun víkja að í síðari ræðu minni, er mjög þýðingarmikið að fyrir liggi og ætti raunar að liggja þegar fyrir fyrir áramót hvaða stefnu sjútvrn. hafi varðandi rækjuvinnsluleyfi á þessu ári.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Það hefur þegar verið gefin út reglugerð og fréttatilkynning um takmörkun rækjuveiða á næsta ári og eins og hv. fyrirspyrjandi sagði hér er ekki ástæða til að ræða það.

Að því er varðar rækjuvinnsluna er um að ræða svo mikinn samdrátt í vinnslunni að það mun verða mikill hráefnisskortur í rækjuvinnslu í landinu og minnir okkur enn á að það sem er aðaláhyggjuefni Íslendinga í dag er hvað við getum tekið mikið úr hafinu. Það vantar alls staðar fisk til vinnslu og víða vantar fisk á markaði og á áreiðanlega eftir að koma betur í ljós.

Að því er varðar rækjuvinnsluna hefur það ekki enn verið ákveðið. Við höfum talið í sjútvrn. að reynslan frá síðasta ári gæfi til kynna að það væri ekki ástæða til að skipta þessu takmarkaða magni með formlegum hætti milli vinnslustöðvanna, en um það eiga sér nú stað viðræður við rækjuframleiðendur sem hafa óskað eftir því að við færum betur yfir það mál og það mun verða gert.

Það hefur m.a. komið í ljós að mjög margir aðilar hafa ekki hafið rækjuvinnslu og er miðað við að þeir missi sín rækjuvinnsluleyfi því að þau eru takmörkuð og er mikilvægt að hreinsa þetta borð eftir því sem kostur er.

Að því er varðar einstök frystiskip kannast ég ekki við að menn hafi verið hvattir til slíkra fjárfestinga. Það rétta í því er að aðilar voru hvattir til rækjuveiða á árunum 1983, 1984 og 185, en hins vegar hafa aldrei verið gefin slík svör. Þegar frystiskipin hafa farið út í þessa miklu fjárfestingu, m.a. að því er varðar veiðar á grálúðu, hafa menn orðið að takmarka grálúðuveiðarnar. Eins er að því er varðar rækjuna. Það kom að sjálfsögðu ekki til álita að mínu mati að veita nýjum aðilum heimild til rækjuveiða á sama tíma og þeir sem fyrir voru í greininni voru skornir svo hressilega niður sem raun ber vitni.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla aðeins að gera örstutta athugasemd og vekja athygli á því að kvóti á rækjuveiðar eða leyfisveitingar til rækjuvinnslu verða ef fram heldur sem horfir ekki stærstu vandamál þessarar atvinnugreinar. Allt útlit er fyrir að ef fram heldur sem horfir og ekki breytist stefna sjútvrh. varðandi hvalveiðar okkar Íslendinga verði þessi afurð okkar sem og aðrar sjávarafurðir óseljanlegar. Það er í dag hið stóra áhyggjuefni stjórnenda fyrirtækja sjávarútvegsins og um leið allrar þjóðarinnar.

Pálmi Jónsson:

Hæstv. forseti. Í allmörg ár hafa verið í gildi lög um samræmdar veiðar og vinnslu rækju og skelfisks. Ég var á móti þessum lögum þegar þau voru samþykkt, en eigi að síður hafa þau verið í gildi. Þau þýða að sjútvrn. veitir leyfi til veiða á rækju og skelfiski og jafnframt leyfi fyrir vinnslustöðvum.

Nú hefur hæstv. ráðherra sagt í þessum umræðum að það hafi ekki verið talið fært annað en veita leyfi þeim sem þess hafa óskað til vinnslu á rækju og lögin hafi ekki ætlast til þess að þær leyfisveitingar væru með þeim hætti að aðilum væri synjað. Þá sé ég ekki til hvers lögin hafa verið sett. En með tilliti til þess að þessi lög gilda verður hæstv. ráðherra að gera sér grein fyrir því að um leið og leyfi er veitt ber sjútvrn. og hæstv. sjútvrh. ábyrgð á þeirri vinnslustöð að meira eða minna leyti, ekki einungis einstaklingarnir sjálfir. Ég held því fram að allt of frjálslega hafi verið farið með þessar leyfisveitingar með tilliti til

hagsmuna þeirra sem fyrir voru í þessari grein þannig að það hefur komið niður á vinnslustöðvunum í heild að leyfi hafa of frjálslega verið veitt.

Takmarkanir á veiðum sem er spurt um í þessari fsp. verða auðvitað líka til þess að þrengja hag þeirra vinnslustöðva sem hafa farið af stað með vinnslu og hafa verið í þessari grein í langan tíma eða frá því að vinnsla hófst.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Þau ummæli hæstv. sjútvrh. að ekki sé kannski ástæða til þess að setja sérstakan vinnslukvóta á rækjuvinnslustöðvar á þessu ári staðfestir raunar betur en mörg orð þá niðurstöðu hv. 2. þm. Norðurl. v. að lögunum um samræmingu vinnslu sjávarafla og veiða hefði betur verið meiri gaumur gefinn þannig að reynt hefði verið að halda aftur af mönnum sem vildu fara út í það að setja á fót rækjuvinnslu og efna til hennar. Það er laukrétt hjá hæstv. sjútvrh. að það getur verið freistandi að láta þá menn fá rækjuvinnsluleyfi sem eiga skip sem gera má út á rækjuveiðar. En á hinn bóginn liggur fyrir að þeir menn sem ruddu brautina í sambandi við úthafsrækjuveiðarnar og hafa orðið að skipta um skip hafa verið sviptir rækjuvinnsluleyfinu þótt þeir séu brautryðjendur í þessum veiðum svo að ég taki dæmi af Árskógssandi.

Það var útgerðarmaður sem hafði gert út á rækjuveiðar öll viðmiðunarárin þegar þorskkvótinn var upp tekinn. Það var ekki tekið tillit til þess þegar þorskkvóta var síðan úthlutað á sérhvert veiðiskip og ég vil aðeins minna á frá þeim tíma að ég hélt því fram og hef raunar haldið fram löngum áður að það væri ástæða til að gefa því gaum hvort ekki væri nauðsynlegt að setja kvóta á úthafsrækjuveiðina þannig að hún nýttist Norðlendingum með svipuðum og sama hætti og síldveiðarnar og humarinn nýtist Höfn í Hornafirði. Og má vera ef sjútvrh. hefði komið af Norðurlandi að ástandið væri annað í sambandi við rækjuveiðarnar og í sambandi við rækjustöðvarnar en nú er þegar sjútvrh. kemur frá Austfjörðum.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegi forseti. Ég skil ekki þessi síðustu ummæli hv. þm. og ætla ekki að svara sleggjudómum sem þessum sem eru algerlega rangir, en hann rökstyður það e.t.v. einhvern tíma síðar.

Aðeins í sambandi við þessar rækjuvinnslustöðvar frekar vil ég minna á að það var á engan hátt háð leyfum að frysta á úthafinu og það fór mjög í vöxt á þessum árum. Ég vil minna hv. þm. Halldór Blöndal m.a. á að hann var sérstakur baráttumaður fyrir heimildum til svokallaðra raðsmíðaskipa sem hefðu betur aldrei komið inn í flotann og ýmislegt fleira hefur gerst sem hefur breytt þessari mynd. Nú lítur út fyrir að í mesta lagi 15–16 þús. tonn muni berast af úthafinu til stöðva í landi og ég ítreka að það er aðaláhyggjuefnið hversu lítið magnið er en það er ekki áhyggjuefni að mínu mati að koma þessari vöru á markaðinn.

Að því er varðar það sem hv. þm. Pálmi Jónsson sagði vil ég minna á að þessi lög voru sett að því er varðar sérstaklega veiðarnar á Húnaflóa, Ísafjarðardjúpi og Eldeyjarsvæðinu og þar hefur engin breyting orðið á. Rækjumagninu hefur verið skipt í sama hlutfalli milli þessara stöðva. Hins vegar hafa margar þessara vinnslustöðva haldið áfram að fjárfesta og aukið sína vinnslugetu allverulega og þá kemur þessi spurning: Var það ætlun laganna að þær stöðvar sem fengu leyfi að því er varðar Eldeyjarsvæðið, við Ísafjarðardjúp og Húnaflóasvæðið ættu að vinna alla viðbótina sem kom af úthafinu? Ég held að hver maður hljóti að sjá að slíkt var ekki verjanlegt. Í fyrsta lagi var ljóst að frystiskipin gátu farið út í þessa vinnslu og í sumum tilvikum sögðu menn beinlínis: Ef við getum ekki fryst þessa rækju í landi hljótum við að frysta hana fyrst og fremst um borð í okkar skipum. — Hér var úr vöndu að ráða og varð að taka tillit til þeirra aðstæðna sem upp voru komnar við túlkun laganna.

Hitt er svo annað mál að það má alveg deila um það og halda því fram og ég get tekið undir það hvort ekki sé rétt að afnema þessi lög, hvort það sé almennt rétt að hafa leyfisbindingar að því er varðar rækjuvinnslu sérstaklega en ekki aðra fiskvinnslu. Það mega allir fara í síldarvinnslu, hv. þm. Halldór Blöndal. Það er unnin síld á fleiri stöðum en Höfn í Hornafirði. Það mega allir fara í humarvinnslu og eru engin bönn sem gilda við því. Hins vegar eru veiðarnar takmarkaðar og er þeim skipt á milli skipa og þar hefur verið jafnræðis og hlutleysis gætt.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég hygg að það sé laukrétt, sem ég hélt fram áðan, að frumkvöðlarnir og brautryðjendurnir í úthafsrækjuveiði fyrir Norðurlandi komu ekki síst frá Árskógssandi og hæstv. sjútvrh. veit jafn vel og ég að þeir menn sem að þeim veiðum stóðu guldu þess í sambandi við þorskkvótann og síðan þegar þeir hafa skipt um skip hafa þeir misst heimildir til rækjuveiða. Ástæðan fyrir þessu er auðvitað sú mikla lausung sem hefur verið á stjórn fiskveiða hér á landi á undanförnum árum sem hefur valdið því að duglegir útgerðarmenn hafa ekki getað séð fram í tímann né getað skipulagt sínar veiðar. Þetta liggur alveg á borðinu og þarf ekki um það að ræða og ég hygg að eftir á hljóti allir menn að vera sammála um að við hefðum betur, Íslendingar, farið gætilegar í rækjuveiðarnar þannig að menn reyndu að sjá svolítið fram í tímann þannig að þeir erfiðleikar sem víða blasa við vegna offjárfestingar í rækjuvinnslustöðvum liggi ekki nú fyrir.

Varðandi raðsmíðaskip vil ég aðeins segja að það var ríkisstjórn sem Sjálfstfl. stóð ekki að sem bar ábyrgð á því að byrjað var á raðsmíðaskipunum.

Herferð gegn kinda- og hrossakjöti, ein umr.

Fsp. PJ, 152. mál. — Þskj. 163.

Fyrirspyrjandi (Pálmi Jónsson):

Hæstv. forseti. Sú fsp. sem hér er á dagskrá er flutt í nóvembermánuði eftir allharðar umræður um ummæli hæstv. viðskrh. um viðskiptaþvinganir gegn sölu á afurðum landbúnaðarins eða eins og hann orðaði það: á kjöti af dýrum sem alin væru á ofbeittu landi. Fsp. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hefur forsrh. beint þeim tilmælum til viðskrh. að hann dragi til baka hótun sína um að efna til herferðar meðal almennings um að hann hætti að kaupa afurðir sauðfjár og hrossa?"

Nú hygg ég sem betur fer að það sé einsdæmi að viðskrh. hóti viðskiptaþvingunum gegn sölu á innlendri framleiðslu í eigin landi og viðbrögð við þessum hótunum voru býsna hörð. Nú er kunnugt að hæstv. forsrh. hefur lýst því yfir að það sé enginn ágreiningur á milli Framsfl. og Alþfl. í landbúnaðarmálum. Þessi yfirlýsing liggur fyrir. Á hinn bóginn er mér forvitni á að vita hvort ekki sé ágreiningur á milli Framsfl. og Alþfl. um viðskiptamál, en hér er fjallað um viðskiptamál.

Ef hæstv. forsrh. er sammála þeim yfirlýsingum sem hæstv. viðskrh. hefur látið sér um munn fara er eðlilegt að hann hafi engin afskipti af þessum ummælum síns meðráðherra. En sé svo að hæstv. forsrh. sé þessum ummælum andvígur og hann vilji ekki sem forsrh. í sinni ríkisstjórn láta þessi ummæli koma út sem andlit ríkisstjórnarinnar í viðskiptamálum um meðferð á sölu innlendrar framleiðslu ætti hann að óska eftir því að hæstv. viðskrh. drægi ummælin til baka. Því er þessi fsp. hér flutt.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Þau ummæli sem hér er vísað til munu hafa verið viðhöfð á flokksþingi Alþfl. Ég hef ekki litið á það sem mitt verkefni að ritskoða það sem þar fer fram. Ég held að það yrði eins og sagt er til að æra óstöðugan. Ég lít svo á að hér hafi verið um að ræða ummæli alþýðuflokksmannsins Jóns Sigurðssonar.

Þessi viðleitni hefur aldrei komið fram í störfum viðskrh. í ríkisstjórninni. Þvert á móti veit ég ekki betur en að hæstv. viðskrh. Jón Sigurðsson hafi í ríkisstjórninni stutt þá viðleitni, sem þar hefur verið um rætt, að auka sölu á innlendum afurðum. Ég vil taka mjög skýrt fram að sú er stefna þessarar ríkisstjórnar en ekki herferð gegn sölu á innlendum afurðum. Það vil ég leggja ríka áherslu á og ég vil gjarnan úr þessum virðulega stól, sem ég held að sé öllu virðulegri en stóllinn á Hótel Íslandi eða hvar það var, hvetja landsmenn alla til að neyta sem mests af íslenskum afurðum.

Fyrirspyrjandi (Pálmi Jónsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir hans svör svo langt sem þau náðu. Hann sagði að þau ummæli sem hér er vitnað til hefðu verið flutt af alþýðuflokksmanninum Jóni Sigurðssyni á flokksþingi Alþfl., en þessi alþýðuflokksmaður, Jón Sigurðsson, er hæstv. viðskrh. í núverandi hæstv. ríkisstjórn. Það sem hæstv. viðskrh. segir, hvort sem hann gerir það á opinberum fundi Alþfl. eða annars staðar, mælir hann sem viðskrh. þjóðarinnar.

Ég fagna að vísu þeim ummælum sem hæstv. forsrh. lét sér hér um munn fara, hann hvetti til þess að Íslendingar keyptu sem mest af innlendri framleiðslu, en mér finnst það skylda forsrh. að taka af öll tvímæli fyrir hönd sinnar ríkisstjórnar að ríkisstjórnin sem heild vilji stefna í þá átt sem hæstv. forsrh. hefur hér lýst og með tilliti til þess væri alger nauðsyn að fara fram á það við hæstv. viðskrh. að hann dragi sín ummæli til baka ella hljóta að vera grunsemdir um að yfirlýsing forsrh. sé ekki jafnheil fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og hann vildi vera láta.

Ég ætla ekki að efna hér til frekari umræðna um þetta mál, aðeins segja að ummæli af þessu tagi hvar sem þau eru flutt af ráðherra í ríkisstjórn Íslands eru fordæmanleg og eru þess efnis að forsrh. í ríkisstjórn þeirri sem sá ráðherra starfar í á ekki að sitja undir því að þau séu ekki dregin til baka.

Viðvörunarskilti á Reykjanesbraut vegna hálku, ein umr.

Fsp. JE, 179. mál. — Þskj. 197.

Fyrirspyrjandi (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 197 að leggja fram eftirfarandi fsp. til samgrh.: „Hefur verið kannað hvort unnt sé að setja upp sjálfvirk viðvörunarskilti vegna hættu á hálku á Reykjanesbraut eða öðrum þjóðvegum?"

Ástæðan fyrir því að ég hef leyft mér að flytja þessa fsp. er sú að eftir að varanlegt slitlag hefur sem betur fer komið víðar og víðar um landið, Reykjanesbrautin var að vísu einna fyrsti langi spottinn sem lagður var varanlegu slitlagi hér, þá hefur aukist hætta bæði vegna aukins hraða og hálku sem myndast hraðar og oftar en ella og sérstaklega er hættuleg svokölluð blettahálka sem kemur öllum að óvörum.

Í nútímatækni dettur manni í hug að það sé unnt að setja upp skilti við enda slíkra vega sem mundi mæla hitastigið og gefa viðvörun með rauðu ljósi eða á annan hátt um hvort hætta væri á hálku á leiðinni eða ekki. Ég er sannfærður um að ef þetta yrði gert mundi það draga verulega úr slysahættu og örugglega hægja á mörgum sem stundum keyra heldur lipurt.

Ég get upplýst í leiðinni að ég var fyrir nokkru staddur vestur í Bandaríkjunum í útjaðri Klettafjallanna og þar er svona skilti. Það kviknar rautt ljós á því þegar hitastig er það að hætta er á því að hálka myndist. Þetta er sérstaklega áberandi hjá okkur á

Reykjanesbrautinni þar sem nokkrir staðir mynda slíka möguleika á hálku vegna sjávargangs og raka frá sjávargangi. Vegna nútímatækni og ágætra hönnuða hér á landi dettur mér í hug hvort þetta sé ekki framkvæmanlegt. — Þessi er spurningin.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegur forseti. Vegna þeirra upplýsinga sem hv. fyrirspyrjandi kom með vestan úr álfum um rauð aðvörunarljós verður að setja við það viss spurningarmerki hvort það væri sá litur sem við mundum velja okkur núna eins og málum er háttað hjá okkur.

En fyrirspurn hv. fyrirspyrjanda var send Vegagerð ríkisins og mun ég í mínu svari fyrst og fremst styðjast við álit Vegagerðarinnar sem hefur kannað þetta mál í framhaldi af fsp.

Í flestum nálægum löndum, þar sem svipað háttar til og hjá okkur að hálkumyndun á vegum orsakar hættu fyrir vegfarendur, hefur verið unnið markvisst að því að setja upp einhvers konar viðvörunarkerfi meðfram þjóðvegum. Þessi vinna byrjaði víða á 8. áratugnum í þeim löndum sem fyrst fóru af stað og það er enn þá verið að þróa ný kerfi og lagfæra þau sem fyrst voru sett upp í þeim tilgangi að gera þau öruggari. Ég vek sérstaka athygli á því að þessi vinna hefur fyrst og fremst beinst í þá átt að veita upplýsingar um ástand veganna til þeirra aðila sem eru að sinna þar þjónustu, þ.e. vegagerðar eða slíkra aðila, en það hefur minna farið fyrir því að reynt sé að setja upp sjálfvirk viðvörunarskilti af ástæðum sem ég kem að á eftir.

Forsenda þess að hægt sé að setja upp svona viðvörunarkerfi þannig að það geri eitthvert gagn er að gera miklar veðurfræðilegar úttektir á vegunum og umhverfi þeirra. Það þarf m.a. að skipta vegunum í kafla með tilliti til ísingarhættu og það þarf að finna þá staði á þjóðvegunum þar sem sérstök hætta er á ísingu miðað við tilteknar veðuraðstæður. Það þarf að safna ef vel á að vera upplýsingum um veðurskilyrði og ísingarhættu í nokkur ár áður en hægt er að nota þær við gerð áætlunar um skipulag svona viðvörunarkerfis. Á grundvelli slíkra upplýsinga er síðan upplýsingastöðvum, nemum eða skynjurum, komið fyrir við þjóðvegina. Fjöldi slíkra skynjana eða stöðva er háður því í hvað marga kafla veginum er þá skipt, marga kafla sem hafa sem líkust veðurfræðileg skilyrði. Þarna getur mismunandi hæð, halli eða nálægð við sjó o.s.frv. allt haft áhrif á flokkun vegarins. Þessar stöðvar þurfa að gefa upplýsingar um hitastig, rakastig, vind og e.t.v. fleira og eru gjarnan með nútímahætti sendar í tölvu í aðalstöð þar sem ákvörðun er tekin um þjónustu við veginn. Það þarf að setja upp sérstakar stöðvar á þá staði þar sem hætta er meiri en annars staðar á ísingu. Ef haft er of langt á milli stöðva geta upplýsingarnar orðið óáreiðanlegar o.s.frv. Það er rétt að menn átti sig á því að svona stöðvar gefa eingöngu upplýsingar um þann stað þar sem mælt er og þess vegna er mikilvægt að það liggi fyrir góðar veðurfræðilegar upplýsingar um vegina.

Það hefur verið fylgst nokkuð náið með gangi þessara mála í nálægum löndum og þá er það ekki síst með tilliti til Reykjanesbrautarinnar sem er tilefni fsp. Eins og kunnugt er hafa því miður orðið allmörg og oft og tíðum alvarleg slys á Reykjanesbraut sem rekja má a.m.k. að einhverju leyti til hálku. Það hefur ekki orðið af neinum framkvæmdum, enda er nokkuð ljóst, og þarf ekki annað en vitna til tíðarfarsins eins og það hefur verið undanfarnar vikur, að breytileiki aðstæðna í þessu sambandi er gríðarlega mikill hér og gerir að verkum að það er verulega vandasamt að setja upp svona aðvörunarkerfi og staðla það að þeim skilyrðum sem þarna eiga við. Þetta getur þó breyst og vonandi breytist það með aukinni tækniþróun og Vegagerð ríkisins og samgrn. munu áfram fylgjast með þessari þróun með það í huga að nýta megi þessa tækni hér þegar fært þykir. Ég held að það væri þá eðlilegt að fara að huga að því að gera veðurfræðilegar úttektir, sem eru forsenda svona aðvörunarkerfis á næstunni.

Ég tel þó að svona aðvörunarkerfi hér muni a.m.k. fyrst um sinn miðast fyrst og fremst við upplýsingagjöf frá slíkum skynstöðvum til Vegagerðarinnar og þeirra aðila sem þjónusta vegina. Síðar má e.t.v. reyna, þegar ákveðin reynsla er komin á þessa upplýsingagjöf, að koma á algerlega sjálfvirkum viðvörunarkerfum sem gefa vegfarendum merki hvort sem það er með rauðu ljósi eða með einhverjum öðrum hætti.

Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli, það er þarft, og vona að svar mitt hafi getað talist fullnægjandi miðað við aðstæður og hafi skýrt málið nokkuð.

Fyrirspyrjandi (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka ráðherranum fyrir skýrt og greinargott svar. Ég vil þó taka það fram að mér finnst mjög eðlilegt að öll aðvörunarskilti séu með rauðu ljósi en ekki öðrum litum af því gefna tilefni sem kom áðan. Ég vona að þetta starf hefjist, sú veðurfræðilega könnun sem menn tala um að sé nauðsynleg til þess að geta þjónustað slíkar aðvörunarstöðvar, hvort sem það er fyrir starfsmenn sem eiga að þjónusta veginn eða fyrir vegfarendur sjálfa. Ég held hins vegar að það megi ekki gera málið allt of flókið í sjálfu sér. Ég held að það væri vert að prufa þetta jafnvel þó það væri ósjálfvirkt og starfsmenn Vegagerðarinnar kveiktu við viss tilfelli á skiltum og það mætti þannig prufa sig áfram í þessu. Mér er fullkomlega ljóst og ekki síst á Reykjanesbrautinni að veðurfarsbreytingar eru mjög örar þannig að það er ekki hægt að gefa neitt einhlítt svar við því. En ég er þó sannfærður um að ef maður fengi aðvörunarljós við upphaf vegar, segjum hjá álverksmiðjunni þegar ég er á leið suður eftir, mundi maður vera betur viðbúinn því að slíkar aðstæður gætu skapast á leiðinni suður eftir og það þyrfti því ekki að skipta veginum endilega mjög mikið niður. Ég er sannfærður um það alveg eins og ég veit að sú lýsing sem komin er t.d. í kringum Hafnarfjörð og á leiðinni upp í Mosfellssveit hefur róað umferðina og menn eru betur viðbúnir öllum óvæntum tilfellum á leiðinni.

Að öðru leyti þakka ég ráðherra fyrir svar hans.

Ábyrgð stjórnarmanna Atvinnutryggingarsjóðs, ein umr.

Fsp. MÁM, 207. mál. — Þskj. 329.

Fyrirspyrjandi (Matthías Á. Mathiesen):

Virðulegi forseti. Í bráðabirgðalögum sem gefin voru út í haust og eru til staðfestingar á Alþingi nú, 8. mál þingsins, er fjallað um svonefndan Atvinnutryggingarsjóð. Það eru greinar í því frv. sem fjalla sérstaklega um sjóðinn sem slíkan. Í 3. og 4. gr. segir til um stjórnun þessa sjóðs. Í öðrum greinum er vikið að því að þessi sjóður muni hafa til umfjöllunar allt að 7 milljörðum kr. eftir því hvernig þess fjár verður aflað.

Við höfum á undanförnum árum fjallað um bankalöggjöf og það hefur tekið ærinn tíma. Það er seðlabankalöggjöf, það er viðskiptabankalöggjöf, það er löggjöf um sparisjóði og í þessari löggjöf eru ítarleg ákvæði um stjórn þessara stofnana og það hvernig með skuli fara. Síðan hafa gerst þeir hlutir fyrir ekki löngu að ákveðnir aðilar sem valdir hafa verið til stjórnar þessara stofnana hafa verið dregnir til ábyrgðar sem forsvarsmenn stofnunarinnar og þar á meðal þeir aðilar sem Alþingi hefur kosið til stjórnar. Er það eftir því sem ég best veit í fyrsta skipti sem til slíks hefur þurft að koma.

Það er því ekki óeðlilegt að spurt sé eins og ég geri á þskj. 329, 207. mál, og spyrji hæstv. forsrh. sem fer með yfirstjórn sjóðsins: Hvernig er háttað ábyrgð stjórnarmanna Atvinnutryggingarsjóðs vegna setu þeirra í stjórn sjóðsins og telur forsrh. að ábyrgðin sé sambærileg þeirri ábyrgð sem hvílir á bankaráðsmönnum og bankastjórum?

Fyrir áramótin og fyrir jólahátíð birtist í fjölmiðlum frásögn af athugasemdum sem Ríkisendurskoðun hafði gert vegna afgreiðslu á þeim málum, ekki vegna afgreiðslunnar sem slíkrar heldur vegna upplýsinga sem Ríkisendurskoðun virtist hafa fengið og ekki þá í samræmi við það sem gert hafði verið. Ég hafði vikið að því við hæstv. forsrh. hvort ekki væri rétt og eðlilegt að Alþingi fengi að heyra umrætt bréf svo að hv. þm. þyrftu ekki að heyra eða lesa um það sem e.t.v. getgátur í fjölmiðlum.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Áður en spurningum hv. fyrirspyrjanda er svarað er nauðsynlegt að hafa nokkur atriði í huga.

Í lögum og reglum er kveðið á um starfsemi Atvinnutryggingarsjóðs, stöðu og störf stjórnarmanna í sjóðnum, enda að öðrum kosti ekki unnt að afmarka þá ábyrgð sem hvílir á þeim í þessu sambandi. Skv. 3. gr. laga nr. 83/1988 er hlutverk Atvinnutryggingarsjóðs að veita lán til endurskipulagningar, hagræðingar og framleiðniaukningar í útflutningsfyrirtækjum. Jafnframt skal sjóðurinn hafa forgöngu um að breyta lausaskuldum fyrirtækja í útflutningsgreinum í föst lán til langs tíma.

Í 4. gr. laganna er mælt fyrir um skipun fimm manna í stjórn sjóðsins, en stjórnin á að ákveða lánveitingar að fengnum tillögum samstarfsnefndar lánastofnana atvinnuveganna og Byggðastofnunar.

Nánari ákvæði koma fram um starfsemi Atvinnutryggingarsjóðs í reglugerð. Við athugun á laga- og reglugerðarákvæðum má draga ályktanir um helstu heimildir og skyldur stjórnarmanna Atvinnutryggingarsjóðs.

1. Stjórn Atvinnutryggingarsjóðs ráði ein málefnum sjóðsins og ráðstöfun fjármagns hans, en hún er vitaskuld bundin af fyrirmælum laga og reglugerða í þeim efnum. Þeir aðrir sem starfa í tengslum við stjórn sjóðsins eða eru henni til ráðuneytis hafa ekki vald til ákvörðunar um málefni sjóðsins. Samstarfsnefnd skv. 2. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar getur ekki bundið hendur sjóðsstjórnar þótt henni sé ætlað að gera tillögur um lánveitingar.

2. Stjórn Atvinnutryggingarsjóðs stofni til skuldbindinga í þágu hans, annars vegar með lántöku á grundvelli heimilda í lögum og hins vegar með útgáfu skuldabréfa í nafni sjóðsins til skuldbreytinga.

3. Stjórn Atvinnutryggingarsjóðs geti ekki ráðstafað fjármunum sjóðsins í öðrum tilgangi en þeim sem beinlínis er tiltekinn í 3. gr. laga nr. 83/1988.

4. Stjórn Atvinnutryggingarsjóðs verði að hlíta fyrirmælum 8.–10. gr. reglugerðar um skilmála lánveitinga, þar á meðal skuldbreytinga, en hafi þó svigrúm til ákvörðunar einstakra atriða slíkra skilmála að því leyti sem þeim er ekki lýst til fullnustu í nefndum reglum.

5. Stjórn Atvinnutryggingarsjóðs megi ekki veita lán, þar á meðal skuldbreytingu, nema fullnægt sé því meginskilyrði að grundvöllur sé talinn fyrir rekstri lántakanda þegar til lengri tíma er litið að lokum skuldbreytinga á rekstri hans og fjárhag. Stjórn Atvinnutryggingarsjóðs er ætlað að leysa úr hvort þetta sé fullnægjandi, m.a. á grundvelli þeirra gagna sem mælt er fyrir um í 11. gr. og eftir atvikum í 3. mgr. 10. gr. nefndrar reglugerðar.

6. Stjórn Atvinnutryggingarsjóðs sé óheimilt að veita lán nema settar séu tryggingar fyrir endurgreiðslu í einhverju því formi sem lýst er í reglugerð.

7. Stjórn Atvinnutryggingarsjóðs taki ákvarðanir um rekstur hans og feli Byggðastofnun að framkvæma þær undir eftirliti stjórnarinnar, en undir þetta getur ýmislegt fallið. Má telja þar til að stjórnin verður væntanlega að gæta að ávöxtun peningaeigna sjóðsins, að gæta að áhættu vegna gengismunar og að gæta að innheimtu á kröfum sjóðsins, m.a. ef vanskil verða, svo að eitthvað sé nefnt.

Í ljósi framangreinds, sem gæti verið miklu ítarlegra, er svar mitt við fyrri fsp. um ábyrgð stjórnarmanna Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina svohljóðandi:

Hugtakið ábyrgð er notað í ýmsu sambandi í lögfræðilegum skilningi auk þess að eftir málvenju getur verið um ábyrgð að ræða sem ekki hefur beina þýðingu að lögum, t.d. siðferðilega ábyrgð. Þótt ekki verði hér fjallað um ábyrgð manna í öðrum skilningi en lagalegum og þá í tengslum við rækslu stjórnarstarfa í opinberum sjóðum getur umrætt hugtak allt

að einu tekið til fjölbreytilegra atriða. Í ljósi þess að algengast virðist að rætt sé um ábyrgð slíkra manna í sambandi við athafnir eða athafnaleysi, sem gæti haft í för með sér bótaskyldu þeirra eða agaviðurlög eða refsiviðurlög gagnvart þeim, verður eftirfarandi umfjöllun alfarið bundin við svokallaða bótaábyrgð og refsiábyrgð á þeim vettvangi auk möguleika á að beitt verði agaviðurlögum vegna brota í starfi. Fyrirmæli laga og reglugerða kveða ekki á um sérstök viðurlög sem stjórnarmenn í Atvinnutryggingarsjóði kunna að geta bakað sér með störfum sínum eða vanrækslu í starfi, enda tæpast að finna dæmi slíks í lagareglum um hliðstæða starfsemi. Heimildum þeirra og skyldum er hins vegar lýst í þessum reglum og hefur verið gerð grein fyrir þeim meginatriðum í þeim efnum hér á undan. Brot stjórnarmanna gegn þessum reglum gætu eftir atvikum haft bótaskyldu og/eða refsiviðurlög í för með sér á grundvelli eftirfarandi heimilda:

1. *Settar lagareglur mæla ekki fyrir um bótaskyldu* sem stjórnarmaður í opinberum sjóði kann að geta bakað sér með hátterni sínu í starfi. Til bótaskyldu gæti hins vegar hugsanlega komið við þessar aðstæður á grundvelli almennu skaðabótareglunnar sem svo er nefnd, en hún er ólögfest og styðst við dómvenjur. Samkvæmt þeirri reglu kynni stjórnarmaður í opinberum sjóði að geta bakað sér bótaskyldu gagnvart ríkissjóði eða lánardrottnum sjóðsins ef annar hvor eða báðir yrðu fyrir tjóni vegna saknæmrar og ólögmætrar háttsemi eða athafnaleysis stjórnarmannsins í starfi. Bótaskylda gæti að þessu leyti hvort sem er tengst refsiverðri háttsemi eða verið henni með öllu óháð.

2. Til fyrrnefndra agaviðurlaga kynni að geta komið ef stjórnarmaður í Atvinnutryggingarsjóði bryti gegn starfsskyldum sínum, hvort sem er með athöfn sinni í starfi eða vanrækslu, en skv. 1. málsl. 1. mgr. 3. gr. reglugerðar væri forsrh. heimilt að víkja *stjórnarmanni frá af slíkri ástæðu.*

3. Hvað refsiviðurlög varðar gætu einkum komið til skoðunar fyrirmæli XIV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, um brot í opinberu starfi, t.d. ákvæði 136. eða 141. gr. nefndra laga, því stjórnarmenn í Atvinnutryggingarsjóði verða að teljast gegna opinberu starfi í skilningi þessara lagafyrirmæla.

Svar mitt við seinni spurningu hv. fyrirspyrjanda um hvort ábyrgð stjórnarmanna í Atvinnutryggingarsjóði útflutningsgreina sé sambærileg ábyrgð bankaráðsmanna og bankastjóra er svohljóðandi:

Eins og þegar hefur verið getið má ætla að komið geti til ábyrgðar stjórnarmanna ef þeir brytu gegn lögum og reglum í störfum sínum. Sérstakar reglur um réttindi og skyldur bankaráðsmanna og bankastjóra í störfum sínum koma fram í fyrirmælum laga um viðskiptabanka nr. 86/1985, einkum í III. kafla laganna. Þær starfsreglur sem hvíla til samans á bankaráði og bankastjórn samkvæmt fyrrgreindum reglum eru að verulegu leyti hliðstæðar almennum skyldum stjórnar Atvinnutryggingarsjóðs eins og þær eru afmarkaðar í fyrirmælum laga nr. 83/1988 og stjórnvaldsreglum settum samkvæmt þeim. Virðist því að sama skapi mega ætla að sambærileg ábyrgð hvíli á stjórnarmönnum í Atvinnutryggingarsjóði annars vegar og hins vegar til samans á bankaráðsmönnum og bankastjórn í ríkisviðskiptabönkum vegna verulegrar vanrækslu í starfi eða annarra brota á þeim vettvangi.

Eins og ég sagði í upphafi gæti þetta svar verið töluvert ítarlegra. Ég óskaði eftir áliti lögfræðinga á þessu og það er töluvert lengra en ég hef talið mér fært að lesa hér upp því að málið er sannarlega mjög mikilvægt og nauðsynlegt að hér fari ekkert á milli mála. En ég vona þó að þessi svör hafi skýrt þau viðhorf sem komu fram og eru mín.

Fyrirspyrjandi (Matthías Á. Mathiesen):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svör hans og vildi gjarnan mega óska eftir því að fá að sjá þá álitsgerð lögfræðinga sem hann hefur fengið. Ég skil vel að hann hafði í fyrirspurnatíma ekki aðstæður til þess að svara öðruvísi en með því að taka útdrátt úr svörum þessara lögfræðinga.

Svar forsrh. og sú álitsgerð sem hann vísaði til getur að sjálfsögðu orðið til skoðunar hjá þeirri nefnd sem fjallar enn um þetta mál vegna þess að því er ekki lokið á Alþingi og gefur þingmönnum tækifæri til þess þá ef ástæða væri til að koma fram brtt. til að taka af öll tvímæli.

Ég endurtek þakkir mínar til hæstv. forsrh. fyrir þessi svör, en vænti þess að hann í síðari ræðu geti upplýst þingheim um það bréf sem við höfðum áður talað um og Ríkisendurskoðun skrifaði út af athugunum hennar á afgreiðslu mála. Ég mundi gjarnan vilja bæta við þeirri fsp. hvort ekki væri eðlilegt að forsrh. hlutaðist til um að Alþingi fengi greinargerð um störf þessarar sjóðsstjórnar frá því að hún tók við og þar til nú að þetta mál er á lokastigi til umfjöllunar á þingi.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Sjálfsagt er að afhenda hv. fyrirspyrjanda greinargerð lögfræðinganna í heild sinni.

Út af bréfi Ríkisendurskoðunar vil ég, með leyfi forseta, lesa það bréf. Það er dags. 12. des. 1988 og er stílað til Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina og þar segir svo, með leyfi forseta:

„Ríkisendurskoðun vísar til bráðabirgðalaga nr. 87/1988, um efnahagsaðgerðir, frá því í haust, 4. gr., þar sem segir m.a. að stofnunin skuli fylgjast með starfsemi sjóðsins og gefa Alþingi reglulega skýrslu um starfsemi hans.

Ríkisendurskoðun óskaði eftir því við Atvinnutryggingarsjóð að hann léti stofnuninni í té gögn sem lágu til grundvallar afgreiðslu sjóðsins á umsókn nokkurra útflutningsfyrirtækja. Stofnunin hefur tekið til athugunar sérstaklega gögn sem lágu til grundvallar afgreiðslu sjóðsstjórnar er varðar Granda hf. Í 2. gr. reglugerðarinnar um Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina segir:

„Fyrirtæki koma því aðeins til álita við lánveitingu eða skuldbreytingu samkvæmt reglugerð þessari að

grundvöllur teljist vera fyrir rekstri þeirra þegar til lengri tíma er litið og að lokinni skipulagsbreytingu á fjárhag þeirra og rekstri, enda uppfylli þau skilyrði 11. gr. um tryggingar."

Af þeim gögnum sem stofnuninni voru látin í té er ekki séð að nefnd fyrirtæki hafi gert grein fyrir að óbreytt rekstrarskilyrði og/eða endurskipulagning á skuldabyrðum geti staðið undir þeim greiðslukvöðum á árinu 1989 sem lesa má úr reikningsskilum fyrirtækjanna. Í þessu sambandi er spurt hvort greiðsluáætlun fyrir árið 1989 hafi borist frá fyrirtækinu til sjóðsins áður en til afgreiðslu kom. Enn fremur er spurt hvaða viðmiðunarreglum sjóðsstjórnin vinnur eftir við mat á þessum þætti.

Í 11. gr. reglugerðar segir m.a. að stjórn sjóðsins styðjist við mat á áætluðum tekjum fyrirtækisins á móti hreinum skuldum þannig að ætla megi miðað við eðlilega rekstrarafkomu að fyrirtækið geti greitt skuldir sínar á eðlilegum tíma. Ríkisendurskoðun óskar eftir því við stjórn sjóðsins að hún geri grein fyrir framangreinum atriðum."

Síðan vil ég taka það fram að Ríkisendurskoðun fékk öll þau gögn sem hún óskaði eftir og tjáði síðan formanni stjórnar að Ríkisendurskoðun hefði engar athugasemdir fram að færa.

Loðdýrarækt, ein umr.

Fsp. MF, 220. mál. — Þskj. 400.

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Á þskj. 400 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. landbrh. um ráðstafanir ríkisstjórnarinnar varðandi loðdýrarækt. Á undanförnum árum hefur um fátt verið meira rætt en þann vanda sem við er að etja í hefðbundnum búgreinum. Stjórnvöld mættu þessum vanda á sínum tíma með því að hvetja menn til búháttabreytinga, reyna nýjar arðvænlegar búgreinar.

Ein þessara búgreina er loðdýrarækt. Fyrir örfáum árum átti þetta að verða stóra tækifæri bænda. Sá stjórnmálamaður var varla til eða ráðgjafi í landbúnaði sem ekki hélt langar ræður um þennan spennandi atvinnuveg. Arðsemisútreikningar lofuðu öllu fögru og mönnum var nánast boðin fyrirgreiðsla. Vandinn var leystur. Nú aðeins 4–5 árum seinna er ljóst að útreiknaðar tölur voru rangar, mörg mistök hafa átt sér stað í skipulagi og undirbúningi loðdýraræktarinnar og því er komið í óefni. Gjaldþrot þeirra bænda em hlýddu ráðum stjórnvalda og hlustuðu á ráðgjafana blasir við. Fóðurstöðvar, sem reistar voru og eiga að þjóna búgreininni og eru að hluta til í eigu bændanna sjálfra, eru í miklum fjárhagsörðugleikum.

Hér verður ekki um kennt óráðsíu bænda eða stjórnenda fóðurstöðva. Lágt skinnaverð er auðvitað hluti af vandanum. En hann má líka rekja til lélegrar undirbúningsvinnu og rangrar efnahagsstjórnar. Í dag blasir svo vandinn við og bíður úrlausnar. Vissulega er þörf á ráðstöfunum og síðan að setjast niður og skoða hvort refa- eða minkarækt eigi hér framtíð fyrir sér og þá að tryggja rekstrargrundvöll búgreinarinnar.

Fyrir stuttu birtist fréttatilkynning frá landbrn. um þær ráðstafanir sem ríkisstjórnin hyggst grípa til og svara að hluta til þeim spurningum sem ég hef lagt hér fram. En nánari útfærslu á þeim tillögum sem þar um ræðir vantar og túlkanir fjölmiðla oft afar villandi. Því er rétt að hæstv. landbrh. geri grein fyrir tillögum ríkisstjórnarinnar hér. Því spyr ég:

„1. Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar af hálfu stjórnvalda til þess að bregðast við vanda loðdýraræktar í landinu?

2. Hvað hyggst ríkisstjórnin gera á næstunni til þess að treysta rekstrargrundvöll loðdýraræktar?

3. Hver er afstaða ráðherra til þess að viðmiðunarbústærð við lánveitingar úr Stofnlánadeild verði aukin?

4. Mun ráðherra beita sér fyrir því að Framleiðnisjóður greiði styrki vegna búháttabreytinga úr refarækt í minkarækt að fullu á árinu 1989?"

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegi forseti. Á þskj. 400 er fsp. í fjórum liðum varðandi ráðstafanir til stuðnings loðdýraræktinni og ég hyggst svara í raun tveimur eða jafnvel þremur þeirra í einu, þ.e. hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar af hálfu stjórnvalda til þess að bregðast við vanda loðdýraræktar í landinu og í öðru lagi hvaða ráðstafanir ríkisstjórnin hyggist gera á næstunni og 4. fsp.: Mun ráðherra beita sér fyrir því að Framleiðnisjóður greiði styrki vegna búháttabreytinga úr refarækt í minkarækt að fullu á árinu 1989?

Svarið við öllum þessum spurningum er að hluta til að finna í ákvörðun sem ríkisstjórnin tók hinn 20. jan. sl. um frekari aðgerðir til stuðnings loðdýraræktinni og birst hafa með fréttatilkynningu frá landbrn. Þær ráðstafanir helstar voru þar ákveðnar til viðbótar þeirri endurgreiðslu á söluskatti sem gerð var að hluta til fyrir áramót á árinu 1988 og haldið verður áfram á þessu ári að lækka tilkostnað við framleiðslu skinna með hliðsjón af því að greiða niður fóðurkostnaðinn um 3 kr. á kg miðað við eðlilega fóðurnotkun. Þessar ráðstafanir svara til nálægt 55 millj. kr. upphæð á árinu og ættu að nema um 30–38% af því verðfalli sem loðdýrarækt hefur tekið á sig núna á undanförnum 2–3 árum. Sem sagt rúmur þriðjungur eða svo af verðfalli ætti að vera bættur með þessum aðgerðum til að lækka framleiðslukostnaðinn.

Í öðru lagi var Framleiðnisjóði falið að taka lán allt að 60 millj. kr. til skuldbreytingar og hagræðingaraðgerða og til endurskipulagningar á fjárhag bænda þeirra sem verst eru staddir með lausaskuldir.

Í þriðja lagi verður Framleiðnisjóði gert kleift með frestun afborgana á lánum hjá Seðlabanka að greiða að fullu út framlög til búháttabreytinga á þessu ári. Það svarar 4. spurningunni. Það er að vísu ekki mjög

stór upphæð, í nágrenni við 20 millj. kr., en ætti að auðvelda þeim sem vilja færa sig úr refarækt yfir í minkarækt að gera það á árinu.

Þá er í þessari ákvörðun rætt um að Stofnlánadeild verði falið að fresta afborgunum lána hjá þeim bændum sem þess þurfa nauðsynlega með og í tengslum við aðgerðir til að endurskipuleggja fjárhag þeirra og taka á lausaskuldavanda bænda.

Að síðustu er í samþykktinni vikið einmitt að því sem þriðja spurningin snýst um, þ.e. viðmiðunarbústærð miðað við lánveitingar úr Stofnlánadeild. Það er mat margra sem til þekkja að þar þurfi að grípa til breytinga. Sérstaklega er það viðmiðunarbústærð í minkarækt þar sem það virðist sýna sig að svonefnt viðmiðunarbú er ónóg stærð, ekki rekstrarlega möguleg eining og þar þurfi að færa mörkin eitthvað upp á við, e.t.v. um einar 200 minkalæður eða svo.

Þessar ráðstafanir eru nú að koma til framkvæmda stig af stigi. Fóðurniðurgreiðslan er þegar að koma til framkvæmda. Ég geri ráð fyrir því að á næstu dögum verði skipuð nefnd til að sjá um þær skuldbreytingaraðgerðir eða hafa hönd í bagga með þeim skuldbreytingaraðgerðum sem Framleiðnisjóði er ætlað að aðstoða við og aðrar aðgerðir sem þessu tengjast eru þegar í undirbúningi. Ég hef rætt við og mætt á fund hjá stjórn Framleiðnisjóðs og fari yfir þann hluta málsins sem snýr að Framleiðnisjóði í þessu sambandi og mun væntanlega eiga sambærilegan fund með stjórn Stofnlánadeildar á næstunni.

Örfá orð um þessar aðgerðir í heild sinni. Það var mat stjórnvalda að hér væru svo miklir hagsmunir í húfi að nauðsynlegt væri að grípa til aðgerða til að afstýra því hruni sem ella virtist yfirvofandi í þessari atvinnugrein og gefa greininni frekari reynslutíma. Þar eru í húfi a.m.k. 250–300 störf í landinu. Fjárfesting í þessari grein nálgast nú 2 milljarða og miðað við eðlilegt skinnaverð er hér á ferðinni útflutningsverðmæti á bilinu 300–500 millj. kr. þannig að það er nokkuð í húfi að afstýra því að þessi unga grein sem menn bundu og binda út af fyrir sig enn vonir við hrynji vegna þeirra miklu erfiðleika sem hún hefur orðið fyrir eða mætt á undanförnum árum og stafa fyrst og fremst af því mikla verðfalli sem orðið hefur á framleiðsluvörunni. Einnig hefur mikill fjármagnskostnaður leikið þessa grein e.t.v. verr en flestar aðrar þar sem hún er öll ný með mikla fjárfestingu og byggir ekki á neinum stofni til að ganga í gegnum þrengingar af því tagi sem greinin hefur mætt.

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. greinargóð svör hvað varðar þær ráðstafanir sem ríkisstjórnin hefur tekið ákvörðun um. Ég vil hins vegar ítreka þá skoðun mína að heildarúttekt á loðdýrabúskap þarf að fara fram, athuga hvort raunhæfir möguleikar eru á því að stunda þessa búgrein hér miðað við það ástand sem ríkir nú og yfirlýsingar forsvarsmanna loðdýrabænda um þær ráðstafanir sem hér um ræðir. Þeir telja að meira þurfi að koma til.

Danskir loðdýrabændur sem búa við allt aðra og að mati loðdýrabænda hér betri fyrirgreiðslu en hér er til staðar telja sig þurfa 30% hærra verð fyrir afurðir sínar til þess að greinin beri sig nú. Ef svo er, hver er þá framtíðin hér? Það er vissulega þörf á heildarúttekt á loðdýrarækt og stöðu hennar hér á landi og að taka síðan ákvarðanir um framhaldið eftir það.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir með hv. fyrirspyrjanda að það sé þörf á því að gerð verði heildarúttekt á stöðu þessarar greinar sem nú er í mjög alvarlegum erfiðleikum. Ég held að það sé óhætt að meta það nokkurs sem hæstv. ráðherra hefur lýst að gripið verði til til þess að verjast einhverjum af þeim áföllum sem sýnilega dynja yfir. En mér þykir sýnilegt að þar sé um ónógar aðgerðir að ræða.

Þær aðgerðir fela í sér eftir því sem ráðherra sagði að bættur verði með aðgerðum um einn þriðji þess verðfalls sem orðið hefur. Þá eru óbættir tveir þriðju hlutar verðfallsins og verðfallið er gífurlega mikið. Það er ekki nein lausn í því fólgin að framlengja lán og fresta afborgunum þegar fyrirtæki eru orðin gjaldþrota eða ramba á barmi gjaldþrots. Það er hægt að lengja í snörunni, en það er ekki lausn og þó svo að menn kannski bindi vonir við það að verð taki að stíga aftur þá ber að hafa í huga að allar sveiflur í þessum málum eru hægar og því ekki nægilega að gert að fresta afborgunum og lengja lán þegar gjaldþrot er yfirvofandi. Það er aðeins til þess að lengja í snörunni. Menn þurfa að vita það, sem í þessari grein starfa, hvort raunverulegur möguleiki sé til að halda áfram eða ekki. Þess vegna þarf heildarúttekt að fara fram á stöðu greinarinnar og hvort það séu möguleikar til þess við þær aðstæður sem nú eru að halda áfram og hvað þurfi til að koma. Hjá því verður ekki komist.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Það er ástæða til að taka undir þakklæti til landbrh. fyrir þá afgreiðslu sem hér hefur fengist til handa loðdýrabændum. Hér hefur verið á það minnst að það væri æskilegt að fram færi heildarúttekt á stöðu þeirra búgreina og ekki þarf ég að mæla á móti því. En ég hygg að það hafi ekki verið skrifað í kringum nokkra menn á Íslandi á síðustu árum eins mikið og loðdýrabændur og satt að segja held ég kannski að það þurfi ýmislegt fleira.

Mér komu líka dálítið á óvart þau ummæli hv. fyrirspyrjanda að erfiðara væri að byggja upp þessa búgrein hér á landi en t.d. í Danmörku og aðstæður væru hér verri til þessarar ræktunar en þar. Ég held að svo sé ekki að öðru leyti en því að auðvitað er loðdýrabúskapurinn hér með nýrri fjárfestingu.

Ég legg áherslu á að það verður að reyna til þrautar hvort ekki er grundvöllur fyrir þessum búskap í landinu og ef menn telja það ekki vera þarf að taka aðrar ákvarðanir að því er varðar hinar hefðbundnu búgreinar. Þó að ekki sé mikið á því byggjandi hafa borist betri fréttir af uppboðum, m.a. í Finnlandi, og þessi mál skýrast kannski eitthvað í næstu viku.

En þrátt fyrir að ég vilji taka skýrt fram að það beri ekki að skoða sem gagnrýni frá minni hendi hefði ég þó fremur viljað kjósa að greinarnar innan loðdýraræktarinnar hefðu búið við það sama, þ.e. þeir bændur sem færðu sig úr ref og yfir í mink og hinir sem halda áfram að stunda refarækt ina. (**Landbrh.:** Þeir gera það.) Já, þá þarf ég ekki að spyrja frekar. En fyrirspurn mín var sú og það er best að fá það hér fram hvort refabændur sem halda áfram ræktun þeirrar greinar muni ekki fá framlagið greitt í einu lagi eins og þeir sem fara yfir í minkarækt ina. Það er að sjálfsögðu grundvallaratriði.

Að öðru leyti vil ég benda á það og leggja á það nokkra áherslu að sú fyrirgreiðsla sem hér er veitt er að mjög stórum hluta til borin uppi af sjóðum landbúnaðarins sem bændur hafa ýmist stofnað sjálfir til eða þá hefur verið samið sérstaklega um eins og í sambandi við Framleiðnisjóð til búháttabreytinga. Það vil ég sérstaklega taka hér fram, vegna þess að það er sí og æ verið að klifa á nýju fjármagni og miklu fjárstreymi yfir í landbúnaðinn, að þessu fjármagni er áður búið að ráðstafa yfir í landbúnaðinn og til þessara verkefna.

En virðulegi forseti. Svo að ég ljúki máli mínu, þá misskilst það ekki að hæstv. landbrh. sagði í svari sínu að greiðslur til niðurfærslu á fóðurkostnaði upp á 55 millj. kæmu inn í greinina til viðbótar við endurgreiðslu á söluskatti. Þetta held ég að ég hafi tekið rétt til og þá langar mig aðeins til að spyrja um það, þetta er það fjármagn sem mér sýnist að komi nýtt inn í greinina, hvort það verði afgreitt sem aukafjárveiting eða í gegnum lánsfjárlög.

Valgerður Sverrisdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna, en þar sem loðdýraræktin hefur verið mér nokkuð hugleikin í allmörg ár mátti ég til með að segja nokkur orð. Hvað snertir heildarúttekt á því hvort þessi búgrein eigi möguleika hér á landi eða ekki sé ég eiginlega ekki hvernig á að framkvæma þá úttekt. Við vitum að það sem hefur verið að og það sem hefur valdið erfiðleikum er verðfallið sem við vitum að er staðreynd, rangt skráð gengi á síðustu árum og óeðlilegur fjármagnskostnaður hér á landi eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra og það að uppbygging fóðurstöðva fór nokkuð úr böndum að mínu áliti. Þess vegna tel ég að það hafi verið rétt ákvörðun hjá stjórnvöldum að hluti af ráðstöfunum stjórnvalda sé í þá átt að greiða fóðrið niður vegna þess að það kemur þá jafnt við alla í hlutfalli við notkun.

Þetta vildi ég að kæmi hér fram vegna þess að mér finnst þessar heildarúttektir og annað slíkt vera eitthvað svo út í hött. Eins og kom fram hjá hv. 4. þm. Austurl. hafa fréttir gefið til kynna að verð sé nú á uppleið og það vekur hjá manni vonir um að það náist aftur rekstrargrundvöllur fyrir þessari búgrein því að hann var svo sannarlega þegar við byrjuðum.

Að um 30% vanti upp á að danskir loðdýrabændur telji sig hafa rekstrargrundvöll eins og ég skildi hv. 4. þm. Suðurl. kemur mér á óvart. Ég vissi ekki að ástandið væri svo slæmt þar.

Friðjón Þórðarson:

Virðulegi forseti. Á þskj. 400 er fsp. um vanda loðdýrabænda hér á landi og hann er vissulega mikill. Það hefur margt verið gert til þess að reyna að greiða úr þessum vanda, en hann er enn þá stór í sniðum. Það er rætt um heildarúttekt. Það er frekar vinsælt orð nú á tímum og því er víða slegið fram þar sem vandamál eru á ferðinni. Það er fjarri því að það leysi öll mál en er e.t.v. gott til þess að fá heildaryfirlit um hlutina.

Ég vil aðeins taka fram af því að að því er vikið á þskj. 400 að stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins hefur gert að ég hygg allt sem í hennar valdi hefur staðið til að greiða úr þessum vandamálum, en það hefur bara ekki dugað til. Hins vegar er hæstv. landbrh. áreiðanlega velkominn á fund deildarinnar eins og hann nefndi áðan ef það mætti verða til þess að fleiri leiðir sjáist út úr þessum miklu erfiðleikum loðdýrabænda.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður, en þó vil ég eins og aðrir þeir sem hér hafa talað taka undir þakklæti til ráðherra og ríkisstjórnar fyrir þær aðgerðir sem gerðar hafa verið til að liðka til í þeim mikla vanda sem loðdýraræktin hefur nú átt við að glíma. Menn tala um að það þurfi að gera heildarúttekt á þessari atvinnugrein. Ég tek undir það, sem hv. þm. Egill Jónsson sagði áðan, að mikið er nú búið að skrifa um þessa grein og ég vona að menn spari sér skriffærin og starfi heldur meira. Ég held að það sé greininni mikið þarfara. Upplýsingar höfum við orðið allbærilegar um þessa ungu atvinnugrein.

Það hefur verið fjallað um þessa atvinnustarfsemi í fjölmiðlum af mikilli vanþekkingu, því miður, og það er hluti af þeim vanda sem við er að fást. Menn hefðu gott af því að átta sig á því hvernig ástandið var þegar menn ákváðu að fara út í þessa atvinnustarfsemi. Ég held að ég fari nokkurn veginn rétt með að þá var meðalverð refaskinna á bilinu 3000–3500 kr. fyrir skinnið. Menn sjá hvar þessi atvinnugrein stæði ef við hefðum getað búið við það í einhver ár í viðbót. Með því að fara í þessa atvinnustarfsemi var gerð tilraun til að bjarga okkur úr hefðbundnum landbúnaði að hluta, menn sáu kannski ekki aðra fljótvirkari leið til þess. Við verðum að sætta okkur við að keppa á heimsmarkaði. Íslenskir bændur eru að keppa hér á heimsmarkaði og þeir eru að keppa við hátískuvöru í framleiðslu.

Við skulum líka vera minnugir þess hvað íslenskir bændur hafa náð langt í þessari atvinnugrein þrátt fyrir að ýmislegt hafi vantað í upphafi þessarar starfsemi. Frjósemi dýra á Íslandi er orðin fyllilega sambærileg miðað við það sem gerist best á meðal okkar samkeppnisþjóða. Verð skinna af þessum dýrum er orðið fyllilega sambærilegt við það sem

gerist best á meðal okkar samkeppnisþjóða. Í þriðja lagi: Það sem við eigum kannski eftir að njóta best er að við erum komnir sem betur fer, Íslendingar, með ósýktan stofn þannig að við höfum vissulega náð langt í þessari atvinnugrein og það hefur verið gáleysislegt tal um hana.

En ástæðan fyrir því að ég stóð upp var fyrst og fremst sú að mig langar til að fá ráðherra, vegna þess að ég veit að hann á eftir að koma upp aftur, til þess að gefa aðeins gleggri svör um þriðja lið fsp. þar sem fyrirspyrjandi spyr: Hver er afstaða ráðherra til þess að viðmiðunarbústærð við lánveitingar úr Stofnlánadeild verði aukin? Ég veit að það var samþykkt að auka þessa viðmiðunarstærð, en mig langar að fá það skýrt fram. Mér fannst það vera það sem hv. þm. Egill Jónnsson var að kalla eftir, en mér fannst ráðherra ekki grípa það rétt. En ég vil fá skýrt fram: Á þetta ekki bæði við minka- og refarækt?

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon): Virðulegur forseti. Það er sjálfsagt að reyna að svara því sem spurt er um til viðbótar eftir því sem tíminn leyfir.

Varðandi viðmiðunarbústærðina er það svo að það er ætlunin að hvor tveggja viðmiðunarmörkin verði endurskoðuð, í loðdýrarækt og refarækt, en ég nefndi það þó í minni fyrri ræðu, sem rétt er, að ég hef miklu meira orðið var við áhuga manna á því að lyfta markinu í minkaræktinni. Þar telja menn það liggja í raun á borðinu að viðmiðunarmarkið sé of lágt og menn hafa gjarnan talað um að það þurfi að færa það upp a.m.k. um sem nemur 200 minkalæðum, úr 700 í 900 þá, en það verður skoðað gagnvart refaræktinni. (**StG:** Ég á frekar við þessi úrvalsrefabú sem skara fram úr með gæði dýra.) Já, já. Það er annar handleggur kannski. En almennt hvað varðar reksturinn skiptir þetta fyrst og fremst máli varðandi lánsmöguleika, ekki satt, og auðvitað tekjur og veltu búanna líka.

Varðandi samræmið milli refaræktar og minkaræktar gagnvart aðstoð Framleiðnisjóðs við búháttabreytingar er það svo að refarækt fær sambærilega aðstoð, þ.e. þeir sem halda áfram í refarækt fá stuðning sem í heildina tekið er sambærilegur en dreifist yfir þrjú ár. Ástæðan fyrir því að minkarækt fær þetta greitt núna er sá tilkostnaður sem fylgir því að færa sig úr refaræktinni yfir í minkaræktina sem er töluverður vegna þess að þar eru öðruvísi búr og annað slíkt. Refabændur vita hins vegar fyrir fram að hverju þeir ganga gagnvart þessari aðstoð þetta ár og næstu tvö ár.

Aðstoð við refaræktina sem tekur mið af uppsöfnun söluskatts í greininni er þannig háttað að á árinu 1988 voru teknar frá í þetta verkefni 30 millj., þ.e. handa loðdýrarækt og fiskeldi til samans. Loðdýraræktin fékk mestan hluta af því vegna þess að þar voru menn tilbúnir að endurgreiða 25 millj. af 30 og þeir peningar voru sendir út um jólaleytið. Á árinu 1989, yfirstandandi ári, eru í fjárlögum ætlaðar í þetta verk 70 millj., til loðdýraræktar og fiskeldis samanlagt, og þá leiðir það af líkum að stærsti hluti þeirrar fjárhæðar fer væntanlega til fiskeldisins, en vonandi verður eitthvað hægt að halda áfram að endurgreiða þetta til loðdýraræktar. Þetta kemur sem sagt af fjárlögum. Fóðurniðurgreiðslan, sem gæti numið allt að 55 millj. Já, það er reiknað með að hún komi úr ríkissjóði beint, en lán Framleiðnisjóðs komi inn á lánsfjáráætlun.

Varðandi spurninguna um heildarúttekt er í sjálfu sér að mörgu leyti þörf á því að vinna enn betur að upplýsingasöfnun um þessi mál, sérstaklega held ég þá þætti sem tengjast skipulagi greinarinnar að uppbyggingu, svæðaskiptingu og annað slíkt, en ég tek þó undir að það er vandasamt að meta hvaða framtíðarmöguleika þessi grein hefur hér einfaldlega vegna þeirrar óvissu sem er á hinum alþjóðlegu mörkuðum og ræður auðvitað mestu um afkomuna hjá okkur eins og annars staðar eins og dæmin sanna. Það er ljóst að ýmislegt hefði mátt betur til takast við uppbygginguna hér, en ég held að menn megi þó ekki skella allt of mikið skuldinni á sjálfa sig vegna hluta sem eru utanaðkomandi og ekki á okkar valdi að hafa áhrif á, eins og skinnaverð á alþjóðlegum mörkuðum.

Það kann vel að vera að hér séu á ferðinni ónógar aðgerðir. Þær hefðu sjálfsagt mátt vera meiri þótt ýmsum þyki þær miklar, sérstaklega þegar búið er að margfalda þær með 10 eins og í Dagblaðinu. Ég vek þó athygli á því varðandi þær tölur sem ég nefndi um að hér væri á ferðinni bein inngreiðsla sem nemur um einum þriðja af verðfalli skinnanna að þá er miðað við algeran topp í skinnaverði, mjög hátt verð og það er enginn kominn til að segja að við hefðum þurft að fara alla leið þangað upp með stuðning, enda var greininni ætlað að skila arði og það eðlilegum afkastavöxtum miðað við þá afkomu. Þá er líka eftir að taka með inn í reikninginn aðstoð Framleiðnisjóðs og þá hluti aðra sem gripið hefur verið til.

Ég er alveg sammála því að þessi grein þarf ekki á meiri lánum að halda, heldur miklu fremur öðru, enda er hér einmitt um að ræða að verulegu leyti beina aðstoð í formi til lækkunar á framleiðslukostnaði og það er mjög mikilvægt. Jafnframt eru skuldbreytingaraðgerðir Framleiðnisjóðs hugsaðar að hluta til sem ákveðin nauðungasamningaaðgerð í því formi að reynt verði að ná samningum við helstu lánardrottna refabænda um niðurfellingu skulda að hluta til jafnframt því sem afgangnum verði komið í skil og þá að einhverju leyti með fjármagni sem tekið verður að láni á vegum Framleiðnisjóðs.

Ég er svo þeirrar skoðunar að það verði að athuga það í fullri alvöru hvort ekki þurfi hér að koma til verðmiðlunarsjóður eða verðsveiflusjóður sambærilegur við Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins eða annað slíkt, einfaldlega vegna þeirra miklu sveiflna sem þessi grein þarf að búa sig undir að mæta í framtíðinni eins og nú um stundir.

Og að lokum, virðulegi forseti, ég þakka þolinmæðina, er það mín skoðun að það eigi að gefa þessari grein ákveðinn viðbótarreynslutíma upp á

2–3 ár. Það væri skelfilegt slys ef þetta hryndi allt í höndunum á okkur núna og það sé lágmark að menn hafi þolinmæði og þrautseigju til að sjá til a.m.k. 2–3 ár í viðbót og lesa í þróunina á alþjóðlegum mörkuðum m.a.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Mín örstutta athugasemd er einungis í þá veru að taka undir þau orð hæstv. landbrh. sem hann viðhafði í sambandi við fréttaflutning af þeim aðgerðum sem hafa nú verið gerðar í sambandi við loðdýrabúskapinn í landinu. Það fjármagn sem fer inn í þessa búgrein á grundvelli þessara ákvarðana er 55 millj. Ég man ekki hvað DV sagði um þá hluti. Öðru fjármagni hefur verið ráðstafað til verkefna í landbúnaðinum og hefði farið hvort sem er til landbúnaðarins. Aðgerðirnar eru upp á 55 millj. Það er hér staðfest og það er raunar það mikilvægasta við þessa umræðu að það eru komnar réttar tölur á skjáinn í þeim efnum.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég get ekki komist hjá því að benda á eitt í sambandi við landbúnaðarmál eða loðdýrarækt sem er til umfjöllunar nú. Það er alltaf verið að gera einhverjar aðgerðir í þessu, aðgerðir í hinu, aðgerðir í landbúnaði, aðgerðir í iðnaði, aðgerðir í skipasmíðaiðnaði. Af hverju er alltaf verið að gera allar þessar aðgerðir? Hvaða aðgerðir eru þetta? Af hverju allar þessar aðgerðir? Það er vegna þess að hagstjórnin í landinu er svo kolvitlaus. Það er ekki rekstrargrundvöllur fyrir einu einasta hæti, hvorki landbúnaði eða öðru. Það er málið sem þarf að laga.

Af hverju eru vextir svo háir? Er það af allri þessari frjálshyggju? (**Gripið fram í:** Já.) Já? Er það loftvoginni að kenna þegar það er stormur úti? Það er sem sagt loftvoginni að kenna ef það er rok úti. (**Gripið fram í:** Nei.) Ja, ég kemst ekki hjá því að benda á þetta vegna þess að það er grundvallaratriði að menn fari að gera sér grein fyrir því að hagstjórn á Íslandi er að fara með þessa þjóð í hinar hræðilegustu ógöngur og það á jafnt við loðdýrarækt og annað.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Ég held, virðulegur forseti, sögunnar vegna að ég fari einu sinni enn með nokkrar tölur í þessu sambandi til að þetta sé nú allt saman eins skýrt og hugsast geti, bæði fyrir okkur hér inni og fjölmiðlana. Ég vona að ég taki ekki lengri tíma í það en sem nemur venjulegri örstuttri athugasemd eins og þær gerast nú hér á Alþingi.

Aðstoð ríkissjóðs á þessu ári til að lækka framleiðslukostnaðinn er 55 millj. kr. Það er bein aðstoð greidd úr ríkissjóði.

Síðan kemur til nýtt lán sem Framleiðnisjóður fær heimild samkvæmt lánsfjárlögum til að taka upp á 60 millj. Það er nýtt fé sem kemur inn, en verður varið til endurlána þannig að það er í raun ekki um viðbótaraðstoð að ræða heldur skuldbreytingaraðgerð sem allir skilja og eru vel kunnugir.

Þá er í þriðja lagi flýtt greiðslum vegna búháttabreytingar svo nemur um 20 millj. kr. Þar er um flýtingu á áður ákvarðaðri aðstoð að ræða.

Í fjórða lagi er frestun á afborgunum í Stofnlánadeild sem vonandi tekst að ganga þar frá. Þar hef ég ekki nákvæmar tölur um, en þar geta menn slegið á hverjar afborganir loðdýraræktarinnar ættu að vera á þessu ári og einhver hluti þeirra verði sem sagt færður aftur fyrir. Þetta eru þær fjórar aðgerðir sérstaklega sem varða beint fjármuni. Til viðbótar eru svo endurgreiðsla söluskatts sem menn geta lesið um í fjárlögunum og framkvæmd var líka á síðasta ári upp á 25 millj. kr. og nú hafa vonandi allir náð þessu.

SAMEINAÐ ÞING

40. fundur, fimmtudaginn 9. febr., að loknum 39. fundi.

Samgöngur á Austurlandi, fyrri umr.

Þáltill. JHall o.fl., 58. mál. — Þskj. 60.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um samgöngur á Austurlandi. 1. flm. tillögunnar var Jónas Hallgrímsson, sem sat hér á haustdögum sem varamaður á hv. Alþingi, en meðflm. eru hv. þm. Jón Kristjánsson, Kristinn Pétursson, Egill Jónsson og Hjörleifur Guttormsson.

Það er nú orðið nokkuð langt um liðið síðan þessi tillaga var flutt hér á hv. Alþingi, en af orsökum sem ég hirði ekki um að rekja hefur hún ekki komist að á dagskrá þingsins fyrr. En tillgr. hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram rannsóknir á möguleikum til að koma á vegasambandi milli byggða á Austurlandi og gera áætlun um framkvæmdir, einkum við þá fjallvegi um miðbik Austurlands sem erfiðastir eru yfirferðar á vetrum, m.a. með því að beita nútímatækni í jarðgangagerð. Við rannsóknina skal haft samstarf við Samband sveitarfélaga á Austurlandi, Byggðastofnun, Vegagerð ríkisins og aðra þá sem hafa þekkingu á þessum málum. Við mat framkvæmda verði tekið fullt tillit til ávinnings atvinnulífs og félagslegrar þjónustu af bættum samgöngum."

Í grg. tillögunnar segir m.a., með leyfi forseta:

„Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi en hlaut ekki afgreiðslu og er nú endurflutt. Hún er fram komin vegna ríkjandi aðstæðna í samgöngumálum Austurlands og þess mikilvægis sem þau hafa í hugum manna þar um slóðir. Er hér einkum átt við þá fjallvegi um miðbik Austurlands sem erfiðastir eru yfirferðar á vetrum, en ætla má að með nútímatækni í jarðgangagerð megi ryðja slíkum samgönguhindrunum úr vegi án þess að kostnaður fari fram úr hófi.

Miðhluti Austurlands ásamt Vopnafirði er, sem kunnugt er, mjög afskiptur með samgöngur á landi bæði milli fjarða og frá fjörðum til Fljótsdalshéraðs. Fjallvegir eru í um og yfir 600 metra hæð og því næsta erfitt og jafnvel ófært um lengri eða skemmri tíma að halda uppi eðlilegum samgöngum í miklum snjóavetrum svo sem dæmin sanna."

Þær raddir hafa orðið æ háværari meðal íbúa Austurlands, jafnt kjörinna fulltrúa sveitarstjórna og Samtaka sveitarfélaga á Austurlandi og ekki síður hjá hinum almenna borgara, að þennan vanda beri að leysa til frambúðar með þeim hætti sem tillagan gerir ráð fyrir, könnun á möguleikum jarðgangagerðar og í framhaldi af því samræmdri framkvæmdaáætlun.

Hér er um mjög mikil verkefni að ræða og það er mikil nauðsyn á að undirbúningur sé sem bestur og hann sé byggður á rannsóknum, bæði jarðfræðilegum og athugunum á hagkvæmni slíkrar vegagerðar, sem ekki eingöngu eru byggðar á talningu umferðar dagsins í dag heldur reyni menn að gera sér grein fyrir þeim breytingum og hagkvæmni sem öruggar samgöngur allan ársins hring hafa í för með sér.

Haustið 1986 skipaði Matthías Bjarnason þáv. samgrh. nefnd sem skyldi ræða jarðgangagerð og næstu verkefni í þeim efnum. Nefndin skilaði áliti í mars árið 1987. Hún komst að þeirri niðurstöðu að eðlileg röð framkvæmda í jarðgangagerð væri að hefja framkvæmdir í Ólafsfjarðarmúla. Síðan kæmi röðin að jarðgöngum á Vestfjörðum og þá Austurlandi. Framkvæmdir í Ólafsfjarðarmúla eru nú hafnar og mikið rannsóknar- og undirbúningsstarf hefur verið unnið á Vestfjörðum, m.a. fyrir frumkvæði heimamanna. Eðlilegt er að slíkt átak verði gert á Austurlandi þannig að tími og ráðrúm gefist til vandaðs undirbúnings framkvæmda sem getur skipt sköpum að vel takist til í þessum stóru verkefnum.

Eftir að þessi tillaga var flutt í haust skeði það að skipuð var nefnd til að fjalla um þetta mál svo segja má að undirbúningur sé þegar hafinn að framkvæmd á efni tillögunnar. Samgrh. skipaði fulltrúa í samstarfsnefnd heimaaðila og ráðuneytis sem vinna skal í þessum málum og eins og ég kom að var það gert skömmu eftir en þessi tillaga kom fram á Alþingi. Ber að þakka þetta og fagna því alveg sérstaklega að skilningur hefur aukist í þessum efnum. Eigi að síður á þessi tillaga fullan rétt á sér því að það er nauðsynlegt að Alþingi fylgist vel með framvindu þessara mála, ræði þessa tillögu, hún fái þinglega meðferð og jákvæða afgreiðslu, því ætíð er það að framkvæmdir og framkvæmdaáætlanir koma til meðferðar Alþingis að lokum.

Hér er gripið á stórmáli sem getur skipt sköpum um búsetu á Austurlandi og möguleika þessa landshluta í atvinnumálum og félagsmálum. Áhugi heimamanna í þessu efni er mjög mikill og vaxandi og lái þeim það hver sem vill. Íbúar fjölmennra byggðarlaga á landsbyggðarmælikvarða, eins og Vopnafjarðar, Seyðisfjarðar og Neskaupstaðar, sem njóta ekki vetrarsamgangna sem annars staðar þykja sjálfsagðar, velta því mjög fyrir sér hvernig hægt sé að brjótast út úr þeirri skel. Þar að auki mundu jarðgangaframkvæmdir breyta aðstæðum á miðhluta Austurlands gífurlega. Það hefur á seinni tímum verið rætt mikið um vaxandi verkaskiptingu og samstarf í atvinnulífinu og samruna fyrirtækja, ekki síst á þessum síðustu erfiðleikatímum. Bættar samgöngur milli byggðarlaga mundu auðvelda samskipti af nýju tagi sem óþekkt eru nú og samvinnu fyrirtækja. Þær mundu tengja saman bestu hafnir á landinu og væntanlegan flugvöll á Egilsstöðum sem nú er verið að byggja upp. Þarna eru gífurlegir möguleikar sem er í þágu landsins alls og allrar þjóðarinnar að nýta.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu fer ég fram á að málinu verði vísað til hv. allshn.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég lýsi ánægju minni yfir þessari þáltill., en ég vil koma því að í leiðinni í sambandi við jarðgangagerð að við erum nú að byrja í þeirri tækni hér á Íslandi svo að heitið geti í einhverjum mæli að grafa jarðgöng. Ég get ekki ímyndað mér að það eigi að vera mikið vandamál að grafa nokkra km af jarðgöngum ef það er rétt, sem hæstv. forsrh. sagði, að eiginfjárstaðan í sjávarútvegi hefði rýrnað um 13 milljarða á síðasta ári. Það eru ekki nema 17 Ólafsfjarðarjarðgöng. Það verður ekki mikið vandamál að bora þessar holur sem þarf að bora á Íslandi. Það eru tæpir 60 km í jarðgöngum sem eigið fé rýrnaði um á síðasta ári að sögn hæstv. forsrh. sjálfs. Hann hélt því fram hér á mánudaginn var.

En ég vil bara nota tækifærið og árétta að þessar framkvæmdir í samgöngum og jarðgangagerð eru nauðsynlegar. Í samskiptum fyrirtækja við markaði eru alltaf kröfur um meiri og meiri hraða á öllum sviðum, tæknina í vinnslunni og síðan að koma vörunni á markaði. Kröfurnar um hraða eru alltaf meiri og meiri. Þar af leiðandi er óhjákvæmilegt ef við ætlum að byggja allt landið að samgöngukerfið verði þannig að fyrirtækin geti sinnt sínu hlutverki.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Eins og þessi tillaga ber með sér er hún flutt af öllum þingmönnum Austurlands og það er kannski það mikilvægasta í sambandi við þennan tillöguflutning að hún áréttar hyggjur þingmanna kjördæmisins að því er varðar framgang vegamála í héraðinu og höfðu menn þá ekki fengið þau tíðindi, sem síðan spurðust, að fjármagn til vegaframkvæmda var stórlega skorið niður.

Það getur þó ekki haggað því að þingmenn kjördæmisins leiti eftir stuðningi Alþingis við framgang samgöngumála í kjördæminu, jafnþýðingarmikil og þau eru á Austurlandi eins og raunar alls staðar annars staðar í hinum dreifðu byggðum. Það hefur oft verið sagt úr þessum ræðustól, en kannski verður það aldrei of oft sagt, að enginn einn framkvæmdaþáttur er jafnmikilvægur og sá að koma á líðanlegum samgöngum um þetta land.

Hér er sérstaklega lögð áhersla á rannsóknir í sambandi við jarðgangagerð og það hlýtur að verða

mál sem á verður sérstaklega litið í sambandi við endurskoðun á vegáætlun sem fram fer á þessum vetri og ég legg áherslu á að um það verði fjallað í þingmannahópnum. Þar hafa menn möguleika á því að gera tillögur um einhverjar fjárveitingar til rannsókna á þeim grundvelli sem tillagan gerir ráð fyrir.

Mér þykir hins vegar vert að taka alveg sérstaklega fram í þessu sambandi að það eru mörg önnur brýn verkefni sem bíða á Austurlandi og þar er að sjálfsögðu langsamlega mikilvægast og nærtækast, sérstaklega vegna þess að það kostar ekki svo ýkja mikla fjármuni, að koma á bærilegu samgöngukerfi um Fljótsdalshérað.

Það hefur oft og einatt borið á góma hver vandi er í landbúnaði eða hverjir möguleikar og það liggur alveg fyrir að fólk vill halda búsetunni þrátt fyrir að það hafi ekki nægilegt framfæri af hefðbundnum búgreinum. Það er hægt að sjá það og sanna með mörgum hætti og þannig vill til að fólk leggur það m.a. á sig að drýgja tekjur sínar með því að aka í þéttbýlisstaðina og stunda þar vinnu að hluta til. Það er alveg augljóst mál að þar sem komið er bundið slitlag auðveldar það samgöngur og auðveldar fólki að nýta þessa möguleika. Fyrir því er fengin reynsla. Það eru vissulega fyrir hendi á Austurlandi eins og reyndar í öllum landshlutum mikil og brýn verkefni í þessum efnum.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta frekar. Ég veit að tillagan hefur verið vel skýrð í framsöguræðu og veit að þar hafa verið túlkuð sjónarmið okkar þingmanna Austurlandskjördæmis þannig að ég læt þessi orð nægja um mína afstöðu.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka þeim sem hafa tekið til máls um þessa tillögu, meðflm. mínum að henni, fyrir þeirra innlegg í umræðuna.

Ég vil aðeins vegna ræðu hv. 4. þm. Austurl., sem minntist á önnur samgöngumál í þessu sambandi og samgöngur á Fljótsdalshéraði sérstaklega, taka undir orð hans að því leyti að það hefur í rauninni alltaf verið mjög áríðandi að samgöngur innan sveitar séu góðar og greiðar. En ekki síst er það áríðandi nú við þá breyttu atvinnuhætti sem eru í sveitum. Sveitafólk þarf í vaxandi mæli á því að halda að drýgja tekjur sínar með þeirri atvinnu sem til fellur þó að um nokkuð langan veg sé að sækja. Það eru þegar dæmi þess að svo sé og hægt að tilfæra mörg dæmi sem ég hirði þó ekki um á þessu stigi.

Vegáætlun og endurskoðun hennar kemur nú til umræðu á hv. Alþingi innan tíðar og þá gefst e.t.v. tækifæri til að rekja þennan þátt málsins betur, en þessi jarðgangagerð er sérverkefni með sérstökum hætti og verkefni sem þarf mjög langan undirbúning og mjög langan aðlögunartíma og ekki síst þurfa menn að gera sér grein fyrir því, bæði hv. þm. og stjórnvöld önnur, með hverjum hætti þessar stórframkvæmdir verða fjármagnaðar til frambúðar.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegur forseti. Ég biðst velvirðingar á því að hafa ekki verið kominn í upphafi fundar þegar honum var fram haldið að nýju. Ég var á hlaupum á milli húsa í hálkunni, náði ekki til upphafs fundarins. (**JSS:** Það voru fleiri.) Mér virðist fleiri vera í sömu sporum ef marka má viðveruna hér, virðulegi forseti.

Ég geri ráð fyrir því að fram hafi komið í máli frsm. hver staða þessa máls er og þurfi ég því ekki að fjölyrða mikið um það, en það liggur við að megi segja að svo rösklega hafi verið hér að unnið að þegar hafi verið búið að hrinda málinu í framkvæmd áður en tillagan kom fram því að ég hygg að það hafi verið einhverjum dögum áður en tillagan var flutt hér á Alþingi sem ég skipaði nefnd til að fara í þetta verkefni samkvæmt óskum heimamanna og með fulltrúum þeirra. Þar koma að fulltrúar einmitt frá Vegagerð ríkisins, Byggðastofnun og sveitarfélögum á svæðinu og verkefni þeirrar nefndar, sem er að störfum og mér er kunnugt um að hefur unnið nokkurt starf, haldið nokkra fundi, er einmitt að láta rannsaka þá möguleika sem eru á vegasamgöngum á miðsvæði Austurlands og jafnvel víðar.

Ég tel líka rétt að minna á í þessu sambandi, eins og þegar hefur reyndar verið gert hér, að vegáætlun kemur til endurskoðunar núna í vetur og vonandi tekst að leggja fram innan fárra vikna tillögu að endurskoðun vegáætlunar næstu fjögur árin, fyrir næsta fjögurra ára tímabil. Enn fremur hef ég áhuga á því að koma fram endurskoðaðri langtímaáætlun sem að mínu mati er orðið mjög tímabært að færa að raunveruleikanum, rétta af miðað við framgang framkvæmda þann tíma sem langtímaáætlunin hefur verið í gildi, og setja sér ný markmið í framhaldinu og bæta þá aftan við núgildandi langtímaáætlun nýjum árafjölda samkvæmt þeirri verklagsreglu að á hverjum tíma sé fyrir hendi samþykkt vegáætlun fyrir hvert framkvæmdaár, fyrir fjögurra ára tímabil og enn fremur langtímaáætlun sem taki til enn lengri tíma. Það held ég að séu góð vinnubrögð og skynsamleg og auðvitað eiga hlutir af því tagi sem hér er fjallað um, úrlausn sérstakra samgönguerfiðleika á einhverjum tilteknum landsvæðum, að falla inn í og vera hluti af hinni samþykktu vegáætlun og langtímaáætlun hvers tíma. Þannig bind ég vonir við að verði með jarðgangagerð á Vestfjörðum og Austurlandi. Það komi hvort tveggja inn í endurskoðun vegáætlunar næsta fjögurra ára kjörtímabil, þá beinar framkvæmdir á Vestfjörðum í beinu framhaldi af Ólafsfjarðarmúla og undirbúningsrannsóknir og síðar framkvæmdir á Austurlandi. Þá er einmitt mjög gagnlegt að vinna af því tagi sem hér er vikið að og þegar hefur verið sett í gang liggi fyrir þannig að mönnum sé ekkert að vanbúnaði að velja endanlegan kost í þessum efnum, gera upp þær kostnaðaráætlanir sem síðan er hægt að hafa inni í langtímaáætlun.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég vil aðeins útskýra það vegna þess að hæstv. ráðherra var

ekki við upphaf umræðunnar að ég gat þess að hann hefði unnið að málinu og vil endurtaka þakkir fyrir að það hefur verið hrundið af stað framkvæmdum og nefndarskipan varðandi þetta mál. Ég mun reyndar hafa sagt í minni framsöguræðu að nefnd hafi verið skipuð í málið eftir að tillagan kom fram. Ef það er rangt biðst ég velvirðingar á því, en það skiptir ekki höfuðmáli. Aðalatriðið er að þetta mál er komið áleiðis. Ég gat þess einnig í minni ræðu að það væri eðlilegt og sjálfsagt að Alþingi fylgdist með og þessi tillaga fengi þinglega meðferð því að að sjálfsögðu koma þessi mál til kasta Alþingis að lokum.

Ég vildi aðeins endurtaka þetta og endurtaka þakkir til hæstv. samgrh. fyrir að hann hefur hrundið þessu máli af stað því að löng ferð byrjar með einu skrefi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Það hefur nú verið nokkuð á reiki til hvaða nefndar þessar tillögur um samgöngumál fara. Þess eru dæmi að þeim hefur verið vísað til allshn. Hins vegar hef ég sem einn af flm. þessarar till. í sjálfu sér ekkert við það að athuga að till. fari til fjvn., svo framarlega sem það er regla að tillögur um samgöngumál fari til þeirrar nefndar. Ég er ekki að biðja um neina sérstaka meðferð á þessari till. En ég hlýt þá að skoða það svo að það sé regla að allar tillögur um samgöngumál og áætlanir í þeim málum fari til fjvn. Ef svo er hef ég ekkert við það að athuga að fjvn. fái till. og legg það til.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Það er tillaga flm. að till. verði vísað til hv. fjvn. Forseti mun því bera upp hvort hv. þm. vilja samþykkja að málinu verði vísað til hv. fjvn.

Till. vísað til fjvn. með 32 shlj. atkv.

Vegaframkvæmdir á Vesturlandi, fyrri umr.

Þáltill. SkA og IBA, 84. mál. — Þskj. 86.

Flm. (Skúli Alexandersson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 86 höfum við, ég og hv. þm. Ingi Björn Albertsson, lagt fram svohljóðandi tillögu:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta Vegagerð ríkisins gera áætlun um vegaframkvæmdir á Vesturlandi umfram þá langtímaáætlun sem nú er í gildi.

Áætlunin skal unnin á árinu 1989 og miðast við uppbyggingu vega með bundnu slitlagi á næstu sex árum í Borgarfirði, á Mýrum, Snæfellsnesi og Dölum þar sem umferð er komin yfir 100 bíla meðaltalsdagsumferð á ári."

Eins og hv. þm. er kunnugt var tillaga um langtímaáætlun í vegagerð lögð fyrir hv. Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982–1983. Tillagan var ekki samþykkt á Alþingi, en hefur samt verið stefnumarkandi og hefur að mestu verið farið eftir henni við undirbúning og samþykkt vegáætlunar á Alþingi síðan. Síðast var það gert fyrir afgreiðslu vegáætlunar fyrir árin 1987–1990 sem samþykkt var á Alþingi 9. maí 1988.

Langtímaáætlunin er tillaga um skiptingu í verkefnaflokka, um fjárform og fjáröflun. Áætlunin er byggð á þingsályktun sem samþykkt var á Alþingi vorið 1981 og er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta Vegagerð ríkisins gera í samráði við fulltrúa þingflokkanna langtímaáætlun um framkvæmdir í nýbyggingu vega og brúa á stofnbrautum og þjóðbrautum.

Fjárhagslegar forsendur áætlunarinnar séu þær, að 2,2% af vergri þjóðarframleiðslu sé að meðaltali varið til vegagerðar samkvæmt vegáætlun. Hlutfall þetta ber að skoða sem lágmark, en það skal aukið í 2,4% innan þriggja ára og skal áætlunin þannig úr garði gerð að auka megi framkvæmdahraða ef meira fjármagn kemur til en hér er gert ráð fyrir. Skal það m.a. gert með því að taka fyrir langa og heillega vegarkafla.

Áætlunin skal vera tólf ár og skal framkvæmdum skipt niður í þrjú tímabil, fjögur ár hvert. Jafnframt skal gerð grein fyrir því í áætluninni hverjar framkvæmdir eru eftir til að koma vegakerfinu í viðunandi horf, eins og það er metið á hverjum tíma. Langtímaáætlun þessi skal endurskoðuð fjórða hvert ár og þá bætt við nýju fjögurra ára tímabili í stað þess er lauk.

Við gerð áætlunarinnar skal stefnt að eftirfarandi jafngildum markmiðum:

1. Vegir hafi fullt burðarþol, 10 tonn allt árið.
2. Vegir séu byggðir upp úr snjó eftir því sem unnt er.
3. Bundið slitlag sé lagt á vegi þar sem gera má ráð fyrir að umferð verði meiri en 100 bílar á dag allt árið þegar viðkomandi vegur hefur verið fullgerður. Enn fremur skal leggja slitlög á vegarkafla næst þéttbýliskjörnum, þó að umferð sé minni, og á vegarkafla sem yrðu óhóflega dýrir í viðhaldi sem malarvegir vegna skorts á hentugu malarefni. Stefnt skal að því að bundið slitlag verði lagt á a.m.k. einn fjórða hluta stofnbrauta í hverju kjördæmi og samfelldir kaflar í vegakerfinu verði lagðir bundnu slitlagi.
4. Tekið sé tillit til umferðaröryggis við uppbyggingu vega.

Áætlun þessi skal lögð fyrir Alþingi eigi síðar en vorið 1982."

Undanfari langtímaáætlunar var úttekt á þjóðvegakerfinu til þess að fá upplýsingar um ástand vegakerfisins og kostnað um það sem gera þyrfti til að ná markmiðum þeim sem tilgreind eru í ályktun Alþingis. Úttekt stofnbrauta og úrvinnslu þeirrar

úttektar var lokið veturinn 1983 en þá var ekki lokið við úttekt á þjóðbrautum.

Meginhluti framkvæmda samkvæmt langtímaáætlun var við stofnbrautir og þar var höfuðáherslan lögð á hringveginn. Sú stefna að leggja höfuðáherslu á hringveginn var rétt í upphafi langtímaáætlunar en strax að fyrstu árum liðnum komu í ljós vissir annmarkar þeirrar stefnu. Hringvegurinn kemur landshlutunum að mjög misjafnlega miklu gagni og kostnaðarhluti við uppbyggingu hans er breytilegur eftir landshlutum. Vestfirðir eru utan hringvegarins. Vesturland nýtur hringvegarins að takmörkuðu leyti en hefur þurft að leggja stóran hluta þess fjár, sem veitt hefur verið til nýbygginga vega á Vesturlandi, til framkvæmda við hringveginn. Á hinn bóginn eru nokkur svæði á landinu, sem tengjast hringveginum, komin með veg með bundnu slitlagi um aðalbyggðir og milli þéttbýlisstaða. Þar hefur fjármagn nýst jöfnum höndum til uppbyggingar á hringveginum og til að bæta vegakerfi héraðsins.

Flutningsmenn vefengja ekki þá úttekt sem gerð var á vegakerfinu og kostnaðartölur vegaframkvæmda eru byggðar á. Þó er í því sambandi rétt að benda á það að stórframkvæmdir í vegagerð á ýmsum stöðum á landinu höfðu verið fjármagnaðar stundum sérstaklega í tengslum við landshlutaáætlanir. Þar má nefna Vestfjarðaáætlun á árunum 1965–69, Norðurlandsáætlun 1972–76, Austfjarðaáætlun 1971–76, hafísveg á Norðausturlandi 1979 o.fl.

Fyrir Vesturland var aldrei gerð eða samþykkt byggðaáætlun né sérstakt átak gert varðandi vegagerð.

Greinilegt er að nú í upphafi annars tímabils langtímaáætlunar í vegagerð er nokkurs mismunar farið að gæta milli landshluta og innan héraða. Tillaga þessi er flutt til að benda á að á næstu árum er nauðsynlegt að jafna þann mismun með því að útvega sérstakt fjármagn til slíkra framkvæmda. Flutningsmenn telja ekki rétt að breyta þeirri skiptingu fjármagns milli kjördæma sem langtímaáætlun byggist á né skerða þau 2,14% (2,4% samkvæmt gömlum grunni) af vergri þjóðarframleiðslu sem ætluð eru til vegamála samkvæmt þeirri áætlun.

Það er ljóst að um allt land er beðið eftir bættum vegum. Um það er því ekki að ræða að skerða fjárveitingar samkvæmt veg- eða langtímaáætlun til að jafna stöðu milli landshluta. Fjármagn til þeirrar leiðréttingar verður að koma frá ríkissjóði af skatttekjum eða af lánsfé. Mismunun, sem hér hefur verið bent á, er til staðar á nokkrum stöðum á landinu. Líklegt er þó að Vesturland sé að þessu leyti í sérflokki. Til þess liggja ýmsar ástæður:

1. Á Vesturlandi eru langir og fjölfarnir vegir utan hringvegarins. Þar eru sum hver af þéttbýlustu svæðum landsins svo sem Snæfellsnes norðanvert og Borgarfjörður beggja vegna Hvítár.

2. Á Vesturlandi nýtist hringvegurinn tiltölulega lítið. Mikil umferð er um Borgarfjarðarbraut og Dali, Mýrar og Snæfellsnes. Langir vegarkaflar á þessum svæðum eru gamlir moldar- og malarvegir með lélegum ræsum og brúm.

3. Drjúgur hluti vegafjár til Vesturlands hefur farið til lagningar vegar á Holtavörðuheiði og um ofanverðan Norðurárdal. Sú vegagerð hefur af augljósum ástæðum nýst Vesturlandi að mjög takmörkuðu leyti.

4. Á Vesturlandi eru margir fjallvegir og gerir það vegagerð þar dýrari en sums staðar annars staðar auk þess sem sú vegagerð tekur fjármagn frá byggðavegum.

Enn er eftir að endurbyggja nokkra mjög kostnaðarsama vegarkafla á hringveginum á Vesturlandi við innanverðan Hvalfjörð, um Svignaskarð og í Norðurárdal. Auk þess hafa nokkrir kaflar á veginum verið lagðir bundnu slitlagi til bráðabirgða" — það er nú sérstaklega í Hvalfirði — „en ætlunin er að endurbyggja þá síðar.

Það er því ljóst að á næstu árum fer drjúgur hluti af því fjármagni, sem ætlað er til nýframkvæmda á Vesturlandi samkvæmt langtímaáætlun, í það að byggja upp hringveginn.

Á Vesturlandi er umferð á flestum vegum komin yfir það mark sem sett var í langtímaáætlun, að miða skyldi bundið slitlag við umferð a.m.k. 100 bíla á dag. Samkvæmt umferðartalningu 1986 var ársumferð um Borgarfjarðarbraut frá Seleyri að Haugum frá 120 upp í 200 bílar á dag og sumarumferðin 220 upp í 280 bílar. Á allri Borgarfjarðarbraut eru aðeins tveir smábútar með bundnu slitlagi, um Kleppjárnsreyki og við Norðurá.

Við Vegamót í Miklaholtshreppi á Snæfellsnesi var ársumferð 1986 210 bílar á dag og sumarumferð 340 bílar. Án efa er umferðin um Mýrar mun meiri. Meginhluti vegarins frá Borgarnesi um Mýrarnar að Hítará er gamall moldarvegur, krókóttur og sums staðar niðursokkinn. Endurbygging þessa vegar verður mjög kostnaðarsöm. Fullbyggður kafli er frá sunnanverðri Langá að Urriðaá.

Umferð á vegunum milli byggðanna á norðanverðu Snæfellsnesi og á sunnanverðu Snæfellsnesi frá Vegamótum um Staðarsveit yfir Fróðárheiði svo og vegurinn yfir Svínadal eru allir með yfir 100 bíla ársumferð á dag og hlutfallslega meiri sumarumferð.

Meginhluti þeirra vega, sem hér hafa verið taldir, eru nokkuð gamlir vegir og þola engan veginn svo mikla umferð og eru því oft á tíðum óakfærir. Við svo búið getur ekki staðið til langframa og því nauðsynlegt að til komi fé til viðbótar því sem gert er ráð fyrir í vegáætlun.

Aðalfjallvegir á Vesturlandi eru: Fróðárheiði, Kerlingarskarð, Brattabrekka og Holtavörðuheiði, auk þess eru Heydalur, Svínadalur, Laxárdalsheiði og Geldingadragi.

Ef vegagerð um þessa fjallvegi er sett inn í dæmið um sæmilega upp byggt vegakerfi á Vesturlandi — sem verður að gera — er augljóst að svipað fjármagn til Vesturlands og á undanförnum árum

dugir skammt til þess að byggja upp nauðsynlegustu vegina og þá sem nú þegar eru komnir með umferð sem ofbýður þeim og gerir þá hættulega og óökuhæfa.

Þrátt fyrir alla þessa upptalningu eru enn ótalmargir vegir og miklar vegalengdir ónefnt. Þar eru vegir um Borgarfjarðardali, í kringum Akrafjall, ýmsir hliðarvegir á Mýrum, ýmsir hliðarvegir á Snæfellsnesi, Útnesvegur frá Öxl að Gufuskálum, vegur um Eyrarsveit, Helgafellssveit, Skógarströnd um Suðurdali og Laxárdal um Fellsströnd fyrir Klofning í Saurbæ.

Nú stendur yfir könnun á brúar- og vegarstæði yfir Gilsfjörð. Þess er að vænta að ákvörðun verði tekin í ár. Vegagerð ríkisins telur þessa framkvæmd arðbæra. Verkefni þetta er það sérstakt að það fellur ekki að þeirri áætlun sem hér er lagt til að gerð verði. Vegagerð yfir Gilsfjörð þarf að fá sérstakar fjárveitingar án tengsla við önnur samgönguverkefni á Vesturlandi eða Vestfjörðum.

Hér er um mikilvægt byggðamál að ræða þar sem næstu byggðir bæði sunnan og norðan Gilsfjarðar njóta sérstaklega góðs af. Ný leið yfir Gilsfjörð mun stytta akstursleið frá Vestfjörðum til Vesturlands um u.þ.b. 20 km. Ef staðið hefði verið við ályktun Alþingis frá 1981 um langtímaáætlun í vegagerð væri margt á annan veg í vegamálum nú. Strax árið 1983 voru fjárframlög samkvæmt vegáætlun skert. Markmiði langtímaáætlunar 2,2%–2,4% af vergri þjóðarframleiðslu hefur aldrei verið náð. Samkvæmt skýrslu samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1986 kemur í ljós að frá 1964 hefur aldrei lægra hlutfalli af þjóðarframleiðslu verið varið til vegamála en 1986, þ.e. 1,4%, áður var það lægst 1966 1,5%. Það sem hefur aðallega bjargað því að hægt hefur verið að standa við vegáætlun að mestu leyti er að töluvert fé, 20% af nýbyggingafé, var óskipt í langtímaáætlun og hefur það farið allt til að mæta fjárvöntun. Þessi 20% af nýbyggingafé áttu að vera til ráðstöfunar til að mæta óvæntum verkefnum og til leiðréttingar á verkefnavali út frá reynslu af framkvæmd langtímaáætlunarinnar. Þessi skerðing á því fjármagni, sem áætlað var til vegagerðar í landinu, hefur valdið því að sú mismunum milli landshluta, sem alltaf mátti búast við að kæmi fram á einhvern hátt, hefur ekki verið leiðrétt, til þess hefur skort fé.

Úr því sem komið er er ekki líklegt að úr þessu verði bætt nema með sérstökum aðgerðum utan langtímaáætlunar.

Flm. þessarar þáltill. leggja því til að skerðing á fjárveitingum á undanförnum árum og í ár verði bætt með því að veita auknu fé til vegagerðar á næstu árum. Það þyrfti að vera umfram markmið þau sem tilgreind eru sem viðmiðun í langtímaáætlun. Það er meira er 2,14% af þjóðarframleiðslu. Jafna verður mismun milli landshluta. Það verður ekki gert nema með sérstökum framkvæmdaáætlunum fyrir hvert svæði eða landshluta.

Virðulegi forseti. Í gær var sett í pósthólf okkar alþingismanna fréttabréf Vegagerðar ríkisins, Vegamál. Í miðopnu fréttabréfsins er Íslandskort, vegakort sem sýnir hvar vegir eru með bundnu slitlagi. Þetta kort staðfestir það sem ég hef sagt hér, hversu mikil mismunun er að eiga sér stað í þessum málum. Það var sök sér fyrir Borgfirðinga, Snæfellinga, Dalamenn, líka Þingeyinga og Vestfirðinga, allt landsbyggðarfólk, að búa við lélega malarvegi meðan svo var um land allt. Það gengur ekki að stór landsvæði búi við það að aðalvegir, flutningaleiðir, lífæðar byggðanna séu í því ástandi tímum saman að þeir sem verða að aka þessa vegi liggi undir skakkaföllum en þeir sem undan geta komist sleppi því að fara um þessi svæði.

Umferð eykst ár frá ári. Malarvegir á aðalvegum, stofnbrautum og þjóðbrautum eru hreinlega tímaskekkja. Það er því leitt að sjá það á áðurnefndu korti í súluriti að á árinu 1988 voru minni framkvæmdir í bundnum slitlögum en á árunum 1986 og 1987. Á árinu 1987 voru lagðir 305 km af bundnum slitlögum, en á árinu 1988 voru þeir ekki nema 254. Getur það verið að sagan eigi eftir að endurtaka sig eins og var um rafvæðingu, eins og var um uppsetningu sjálfvirks síma, eins og var um uppbyggingu hitaveitna, framhaldsskóla og fleira og fleira, að þegar búið er að ná einhverju markmiði á þéttbýlisstöðum sé dregið úr framkvæmdum úti um landsbyggðina? Ég vona að svo verði ekki þótt nú um stundir hafi syrt í álinn í sambandi við framlög til vegamála.

Nú er mikið talað um erfiðleika af ýmsum toga á landsbyggðinni. Það er því mikils um vert að stjórnvaldsaðgerðir, stýring fjármagns úr sameiginlegum sjóðum auki ekki á þessa erfiðleika.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að till. þessari verði vísað til hv. fjvn.

Friðjón Þórðarson:

Virðulegi forseti. Á þskj. 86 er til umræðu till. til þál. um áætlun um vegaframkvæmdir á Vesturlandi. Flm. eru tveir hv. þm. Vesturlandskjördæmis, númer fjögur og fimm. Það er talað hér um að æskilegt sé að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að láta Vegagerð ríkisins gera áætlun um vegaframkvæmdir á Vesturlandi umfram þá langtímaáætlun sem nú er í gildi. Um þessa till. er ekki nema allt gott að segja. Þetta er góð tillaga. Í henni kemur fram mikið af upplýsingum, súluritum og öðru sem horfir til þess að fræða menn um þær miklu framkvæmdir sem þarna bíða.

Hv. flm., 4. þm. Vesturl., fylgdi þessari till. að sjálfsögðu myndarlega úr hlaði eins og hans er von og vísa. Hann minntist á tillögu um langtímaáætlun í vegagerð er lögð var fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982–1983. Þó að sú tillaga væri ekki samþykkt hefur hún verið stefnumarkandi eins og við vitum öll.

Það er hverju orði sannara að á Vesturlandi er mikill áhugi á þessum málum og þar þarf mikið að gera. Það er enn fremur rétt hjá málshefjanda að Vesturland hefur nokkra sérstöðu að þessu leyti eins og tíundað er í grg. neðarlega á bls. 2 í fjórum töluliðum, þ.e. að á Vesturlandi eru langir og fjölfarnir vegir utan hringvegarins, á Vesturlandi nýtist

hringvegurinn tiltölulega lítið, drjúgur hluti vegafjár til Vesturlands hefur farið til lagningar vegar á Holtavörðuheiði og í Norðurárdal þar sem er um mjög dýra vegagerð að ræða og á Vesturlandi eru margir fjallvegir. Allt er þetta rétt og satt. Satt að segja eru þar mjög brýn verkefni fyrir höndum einnig í lágsveitum, t.d. vegurinn um Mýrar sem þolir nú ekki lengri bið og er búinn að bíða nógu lengi. Þó verður að segjast eins og er að það hefur nokkuð vel unnist á síðustu árum í þessum efnum.

Við ræðum þessi mál auðvitað miklu nánar síðar í vetur og þrátt fyrir allt slær það mann við lestur þessarar till. að það sé e.t.v. nær, að það sé e.t.v. réttara að ræða frekar um fjárþörf og fjáröflun til þessara framkvæmda en óska sífellt eftir nýjum og nýjum áætlunum. Áætlanir eru að vísu góðar og þær eru nauðsynlegar. Þær þurfa að vera fyrir hendi áður en framkvæmdir eru hafnar, en það er heldur leiðinlegt að verja löngum tíma og allmiklum fjármunum í áætlanagerð en leggja síðan þessi hefti upp á hillu þar sem þau rykfalla oft og tíðum, jafnvel árum saman. Þess vegna held ég satt að segja, þó að þessi till. sé góðra gjalda verð og ég sé fylgismaður hennar, stuðningsmaður, að jafnvel við á Vesturlandi höfum nægar áætlanir til þess að vinna úr. Þó má segja að við þurfum að athuga þjóðbrautirnar betur. Mér hálfleiðast orðið þessar eilífu áætlanir, úttektir, heildarúttektir og annað slíkt og langt mas um þessa hluti.

En þar sem eru frekari umræður um þessi mál öll í vændum ætla ég að leyfa mér að nefna tvö atriði í lokin sem eru í vinnslu og væri ástæða til að spyrja hvernig miðar og við þekkjum vel, þingmenn Vesturlands. Það stendur yfir könnun á brúar- og vegagerð yfir Gilsfjörð. Hér er um mjög mikilvægt mál að ræða, stórt byggðamál. Við þurfum að spyrja hvernig þessari áætlun miði og halda þessu máli vel vakandi og minnast á það öðru hvoru við félaga okkar, þingmenn Vestfjarða. Við skulum spyrja um þetta mál og við skulum líka spyrja um hvernig gangi með málaferlin á Laxárdalsheiði. Er ekki hægt að fara að ljúka þeim svo að því raunhæfa verkefni verði þó haldið áfram áður en langir tímar líða? Það er búið að líða nógu langur tími á þeirri ágætu heiði þar sem lítið hefur verið gert að undanförnu, en verki ólokið.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Það sannast með þessum tillöguflutningi og þeirri umræðu sem hér fer fram eins og endranær hversu vegamálin eru hugleikin þingmönnum úr hinum dreifðu byggðum og hefur það ekki legið í láginni á Alþingi hver áhugi hv. fyrri flm. hefur verið í þeim efnum.

Þingmaðurinn talaði nokkuð mikið um framkvæmd langtímaáætlunar og talaði sérstaklega um svik í þeim efnum. Þar notaði hann sem mælikvarða þá viðmiðun sem lögð var til grundvallar þar sem gengið var út frá því að við ákveðið hlutfall af þjóðarframleiðslu yrði miðað þegar vegagerðarframkvæmdir yrðu ákvarðaðar. Það er að sjálfsögðu hárrétt hjá hv. þm. að þetta gekk ekki eftir eins og áætlað var í langtímaáætlun. Hins vegar hygg ég að markaðir tekjustofnar, sem ákvarðaðir höfðu verið til vegaframkvæmda, hafi skilað sér eins og til stóð. Það er svo annað mál að það hefði verið hægt að hugsa sér að hækka þá tekjustofna svo að þarna hefði meira fjármagn verið til ráðstöfunar. En eins og ákveðið var að skattar væru á umferðina komu þeir til skila. Á þessu varð hins vegar breyting á þessu ári og það kom fram hjá hv. ræðumanni að hann var ekki alls kostar ánægður með hvert útlitið væri um þessar mundir.

Þetta finnst mér vera rétt að komi hér fram því að ef það er verið að tala um fyrrv. ríkisstjórnir sem að þessum málum hafa staðið sem svikara eru þeir sem hafa tekið við í þeim efnum tvöfaldir í roðinu þar sem hvorki er miðað við hlutfallstölu né heldur markaða tekjustofna. En þetta haggar að sjálfsögðu ekki því sem er aðalatriði við þennan tillöguflutning og fjarri því að ég ætli sérstaklega að fara út í eldhúsdagsumræður í þessu efni að öðru leyti en framsöguræðan gaf sérstaklega tilefni til.

Það er líka út af fyrir sig eðlilegt að þingmenn Vesturlands hafi miklar áhyggjur því að þar held ég að sé þröngt fyrir dyrum með framkvæmdafé á þessu ári. Má reyndar öllu til skila halda ef sú fjárveiting sem ætla má að gangi til þess kjördæmis nægi til að greiða þann kostnað sem þegar er áfallinn. Þetta sýnir að menn hafa verið að leitast við að koma þessum málum í bærilegt horf meira af vilja en mætti og ætla ég ekki að lasta það. En áhyggjurnar eru vissulega eðlilegar.

Það sem ég vildi svo segja sérstaklega um þennan tillöguflutning er að mér finnst tillagan vera gott innlegg inn í umræðuna um vegamálin. Það er hárrétt sem kemur fram bæði í greinargerð með tillögunni og eins í framsöguræðu. Það hefur unnist svo mikið í vegaframkvæmdum á síðustu árum sem sérstaklega hefur þó verið bundið við framkvæmdir á varanlegu slitlagi að það er gífurlega mikil þörf á því að fara að horfa meira en gert hefur verið til þeirra verkefna sem þar hafa ekki verið sérstaklega á dagskrá. Að því leyti er þessi tillaga fullkomlega tímabær og eðlileg.

Það fór fram umræða á undan þeirri umræðu sem nú fer fram um vegaframkvæmdir á Austurlandi og þar gat ég þess hve mikilvægt væri í því kjördæmi að tengja hinar dreifðu byggðir þar við þéttbýliskjarnana. Þetta gildir að sjálfsögðu alveg eins um önnur kjördæmi nema að því leyti sem það er hárrétt, sem kom fram hjá flm., að kjördæmin liggja misjafnlega við hringveginum. Það er hárrétt sem hann hefur bent á í þeim efnum.

Hvort sem menn fallast á að gera áætlun í þá veru sem hér er gert ráð fyrir eða ekki, sem ég teldi af hinu góða, tek ég alveg sérstaklega undir þær grundvallaráherslur sem koma fram í þessari tillögu, þ.e. að það verði farið að setja upp sem ákveðið markmið að byggja upp alla vegi landsins.

Ég hef það helst við þessa tillögu að athuga að þar eru markmiðin bundin við umferð 100 bíla. Það teldi ég að ætti ekki að vera, m.a. vegna þess að það er

reynsla fengin fyrir því að um leið og búið er að bæta vegina eykst umferðin og er ekki nærri því eins mikið farið um þessa slæmu vegi og þörf væri fyrir vegna þess að þeir eru í svo misjöfnu ástandi. Ég held að það ætti ekki að vera með slíka viðmiðun og frekar að horfa á þarfir byggðanna í þessum efnum og þarfir fólksins án tillits til þess hve margir bílar fara þar hjá garði á hverjum degi.

Það er mikilvægt að taka upp umræðu um vegamál fyrir utan það sem til stendur í sambandi við endurskoðun á vegáætlun sem fram fer á þessum vetri og það er þýðingarmikið að það komi fram á Alþingi áherslur um það að vegakerfið í landinu verði allt tekið fyrir þegar fjallað er um vegamálin. Að því leyti er þessi tillaga gott innlegg inn í þá umræðu.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það er athyglisvert og segir sína sögu að hér raða sér í röð þáltill. um samgöngumál. Við Íslendingar búum í stóru landi miðað við fólksfjölda og sú alvara verður ljósari með hverjum deginum sem líður að alveg eins og byggð í víðlendum löndum, t.d. Ameríku á sínum tíma, lagaði sig að járnbrautunum blasir við að annað tveggja gerist í þessu landi að við klárum á fremur stuttum tíma að koma akvegakerfinu í viðunandi ástand eða við sitjum uppi með að það hefur mjög miklar og alvarlegar afleiðingar á byggðaþróun í þessu landi.

Ég tel að sú upptalning sem hér er sett fram á vegum á Vesturlandi sé ágætt sýnishorn af því sem þar brennur harðast á mönnum. En ég vil bæta því við að ef ætti að taka Vestfirði inn í svona umræðu þyddi ekki að setja fram kenninguna um 100 bíla meðaltalsumferð á ári einfaldlega vegna þess að þar eru stór vegasvæði þar sem ekki einn einasti bíll kemst áleiðis yfir vetrartímann. Og þó að umferðin sé mikil í sex mánuði yfir sumarið dygði það ekki til að halda uppi því meðaltali sem menn eru hér að setja fram.

Allar hugmyndir um notkun á vegum hafa reynst rangar. Umferðin hefur orðið miklu meiri og þess vegna held ég að það sé nær í markmiðum að menn miði við það þar sem ætla mætti að umferðin næði þessum eða hinum bílafjöldanum.

Það var minnst á Gilsfjörð áðan og sú rödd kom úr Dölum vestra að það þyrfti að tala við Vestfirðinga, brýna þá í því máli. Það er nú svo að ekki er nema eðlilegt að sú rödd komi frá Vestfjörðum og þær raddir að það þyrfti að fara yfir Gilsfjörð og ég hygg að ekki þurfi að brýna neinn mann á Vestfjörðum í sambandi við nauðsyn þess að þar komi vegur.

Það var einnig minnst á það í framsöguræðunni að eitt kjördæmi Íslands væri algerlega fyrir utan hinn margumtalaða hringveg. Og það hafa heyrst raddir á Vestfjörðum mjög harðar sem hafa farið fram á að það yrði viðurkennt að hringvegurinn væri að sjálfsögðu ekki hringvegur um landið nema hann næði þá jafnframt um Vestfirði og það yrði breytt númerakerfinu á vegum landsins. Mönnum finnst kannski ekki merkilegt að heyra þetta, en auðvitað er það sannleikurinn í þessum efnum að sama kjördæmi og enga viðurkenningu fékk á því að hringvegur um landið þyrfti að liggja um það einnig er sama kjördæmið þar sem byggðaþróunin á verri veg hefur verið hröðust í landinu. Þarna er beint samband á milli. Ef litið verður á ástand vega í þessu landi þegar tólf ára áætlunin hefur verið framkvæmd eru það fyrst og fremst tvö kjördæmi á Íslandi sem sitja eftir með óhemjumikið af lélegum vegum og það eru Vestfirðir og Austfirðir. Þannig standa málin.

En þó að menn setji fram upplýsingar eins og hv. 4. þm. Austurl. gat um, að menn hefðu ekki staðið nógu vel að fjármagni til vegagerðar og þeir sem styddu núv. ríkisstjórn stæðu sýnu verr en aðrir, þá held ég að það verði örlítið að horfa á þessi mál í einni heild. Það verður að segjast eins og er að sú ákvörðun að setja Ólafsfjarðarmúlann af stað án þess að ganga frá því að fjármagna hann var í sjálfu sér ávísun á framtíðina. Ég held að ef það verður tekið með inn í það dæmi sem þar er verið að gera og er eitt af því nauðsynlega sem verið er að gera í þessu landi geti þeir sem styðja þessa ríkisstjórn fullkomlega borið sig saman við aðra hvað þetta snertir, enda ætlast ég til þess að þingmenn smækki ekki svo í sniðum í umræðum um samgöngumál að þeir hoppi fram og til baka í afstöðu í þeim efnum eftir því hvort þeir eru stjórnarsinnar eða stjórnarandstæðingar hverju sinni. Ég hef í það minnsta haft í kringum mig marga þingmenn og ég hef aldrei getað markað að það hefði nein áhrif á þeirra skoðanir í vegamálum hvort þeir styddu ríkisstjórn eða ekki.

Það kom aftur á móti fram hjá 1. flm. þessarar tillögu ákveðinn ótti sem byggist á sögulegum staðreyndum. Það er að þegar ákveðin svæði hafa komið einhverjum málaflokki í viðunandi horf er eins og þau vilji leggjast gegn því að áfram sé haldið annars staðar á landinu með að koma viðkomandi málaflokkum í gott stand. Þá er leitað að nýjum verkefnum. Vissulega gætir þessa ótta einmitt í dreifbýlinu og ég held að af þeirri ástæðu sé rétt að það þurfi að leggja í það vinnu núna á næsta ári að marka nýtt tímabil í samgöngumálum og áætlanagerð, orð eru til alls fyrst, og þá þarf að leggja allt landið undir.

Flm. (Skúli Alexandersson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þeim hv. þm. sem hér hafa komið og tekið undir þessa tillögu mína sem flestir og allir held ég hafi gert af þeim sem hér hafa komið og fjallað um tillöguna. Aðeins vil ég þó nefna nokkur atriði sem ég tel rétt að svara eða vekja aukna athygli á af því sem hefur komið fram í umræðunni.

Hv. þm. Ólafur Þórðarson benti á að svo mundi vera um vegamálin og afstöðu manna til vegamála að þar mundu menn ekki skiptast mjög eftir því hvort þeir væru stjórnarsinnar eða stjórnarandstæðingar. Mér láðist að geta þess í framsöguræðu minni með þáltill. að þessi tillaga var flutt á síðasta þingi þegar við báðir flm. vorum stjórnarandstæðingar. Nú flytjum við enn þessa tillögu saman, annar stjórnarsinni, að sagt er a.m.k., og hinn stjórnarandstæðingur.

Ég tók það nokkurn veginn svo hjá hv. 2. þm.

Vesturl. að honum hefði fundist þessi tillöguflutningur okkar kannski svolítið sérstakur vegna þess að hann taldi ástæðu til að nefna að það væru þingmenn Vesturlands nr. 4 og 5. Ég hef reyndar ekki oft heyrt hv. þm. ávarpaða þannig, en vera má að það hafi verið vegna þess að hann hafi talið það svolítið sérstakt að 4. og 5. þingmaður væru að flytja mál sem snertu beinlínis kjördæmi eitt án þess að jafnvel hv. 1., 2. og 3. þingmenn kjördæmisins væru flm. með. Ég held að það sé rétt að upplýsa að þegar þessi tillaga var undirbúin á síðasta ári bauð ég þessum þingmönnum öllum að vera meðflm. að tillögunni, 1., 2. og 3. þm. Vesturl. Ég taldi því ekki ástæðu til þess í haust, þegar þessi tillaga var endurflutt, að breyta þar um og ég bauð þessum hv. þm. ekkert upp á að vera meðflm. núna. En þetta breytir vitaskuld ekkert málinu. Ég veit að þessir hv. þm. eru allir meira og minna sammála þeirri tillögu sem hér hefur verið til umræðu.

Ég get tekið undir það með hv. 2. þm. Vesturl. að nokkuð vel hefur unnist sums staðar á síðustu árum. Það væri ekki rétt að viðurkenna ekki það. En þó að nokkuð vel vinnist er það oft og tíðum þannig að það er ekki nógu mikið fyrir því og staðreyndin er sú einmitt í vegamálum að við erum komnir óralangt út úr þeim tíma, sem við erum að hrærast í, að vera með meginhluta af landsbyggðasvæðum, eins og um Borgarfjörð, um Snæfellsnes, um Þingeyjarsýslur, Austfirði og Vestfirði, í því ástandi sem ég var að lýsa áðan. Þess vegna hefur ekki unnist nógu vel á undanförnum árum í þessu þó að það sé hægt að viðurkenna að sums staðar hafi góðir hlutir átt sér stað. Það sæti síst á mér að tala um að það hefði ekki sums staðar unnist vel. Ég vil enn, sem ég hef gert áður hér úr ræðustól, minna á stórverkefnið undir Ólafsvíkurenni, stórkostlega merkilegt og gott verkefni sem leyst hefur verið einmitt á því tímabili sem við erum hér um að ræða.

Mér þykir miður að hv. þm. Friðjón Þórðarson er ekki í salnum, en ég vildi aðeins benda honum á að þó að honum leiðist heildaráætlanir og áætlanir er staðreyndin sú að ég held að vegamálin hefðu ekki þokast eins og þau hafa þokast á síðustu árum ef við hefðum ekki haft langtímaáætlun. Hún var ramminn sem hægt var að þrýsta á eftir og framkvæma eftir. Þess vegna er þessi tillaga flutt að nauðsynlegt sé að áætlanir um skipulagðar framkvæmdir eins og hér er verið um að ræða séu fyrir hendi. Annars verða hlutirnir meira og minna handahófskenndir.

Ég get tekið undir með hv. þm. Friðjóni Þórðarsyni, þó ég sé ekki að beina því nú til hæstv. samgrh. og ekkert að ætlast til þess að hann svari því endilega nú, að við Vestlendingar þurfum að spyrja um framtíðaráætlanir um veg yfir Gilsfjörð og brú yfir Gilsfjörð. Við þurfum líka að spyrja um hluti eins og þá hvernig hefur farið í sambandi við málaferlin um framkvæmdirnar á Laxárdalsheiði. Ég ítreka þetta og bendi hæstv. samgrh. á að þetta eru áhugaverð verkefni fyrir okkur Vestlendinga og sjálfsagt fleiri og bið hann um að huga að því að eiga svör fyrir okkur um þessi mál.

Hv. þm. Egill Jónsson sagði að ég hefði verið að tala um svik í sambandi við fjárveitingar til vegamála. Ég nefndi aldrei svik í minni ræðu og það er langt frá því að ég vilji orða það þannig að þarna hafi verið um svik að ræða. (**EgJ:** Þú hefur oft gert það.) Ekki í síðustu ræðu minni. Aftur á móti benti ég á að það hefði ekki verið staðið við framtíðarheitin í sambandi við langtímavegáætlun og það erum við hv. þm. Egill Jónsson vissulega sammála um. Við getum deilt og deilum sjálfsagt á öðrum tíma um af hverju það var ekki og af hverju nú er enn dregið að manni virðist úr fjármagni til vegagerðar og að nú er í fyrsta skipti, því miður, tekið af bensínfé, þungaskattsfé beinlínis í þann kassa sem heitir ríkissjóður. En við verðum að vona að það sé aðeins af sérstökum tímabundnum ástæðum vegna þess hvernig komið er með okkar þjóðarbú og vegna þess hvernig haldið hefur verið á málum á undanförnum árum og frá því verði horfið og að þessum fasta tekjustofni til vegagerðar, sem var á undanförnum árum bættur með beinu framlagi frá ríkinu, fáum við í framtíðinni að halda óskertum.

Ég endurtek að ég þakka hv. þm. fyrir undirtektir við tillögu mína.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég tók svo eftir að hér væri til umræðu tillaga hv. þm. Skúla Alexanderssonar og Inga Björns Albertssonar um áætlun um vegaframkvæmdir á Vesturlandi. Ég skil út af fyrir sig að stjórnarþingmenn hafi miklar áhyggjur af vegaframkvæmdum eins og þeir hafa verið leiknir af þeirri stjórn sem nú situr, stjórnarþingmenn utan af landi. Við máttum reyna það sjálfstæðismenn í síðustu tveim ríkisstjórnum að Framsfl. var mjög í nöp við það að reynt yrði að halda áfram uppbyggingu vega með sama hætti og verið hafði og hið sama er að segja um síðustu ríkisstjórn (**ÓÞÞ:** Er Ingi Björn farinn að styðja stjórnina?) og má raunar segja að áhöld hafi verið um hvorir voru andstyggilegri í garð samgöngumálanna, kratar eða framsóknarmenn, í þeirri ríkisstjórn. Það kemur þess vegna ekki á óvart nú þegar Alþb. hefur bæst í hópinn að hvort tveggja hafi verið skorið duglega niður, framlög til hafnaframkvæmda og framlög til vegaframkvæmda. — Ég bið hv. 5. þm. Vesturl. afsökunar hafi ég komist svo ógætilega að orði að skilja mætti sem svo að hann væri stuðningsmaður þessarar ríkisstjórnar. En það var alls ekki meiningin og tek ég allt slíkt aftur, enda fer því víðs fjarri að þessi hv. þm. sé stuðningsmaður þessarar ríkisstjórnar fremur en aðrir góðir menn og glöggir, enda er það svo að bestu bænda yfirsýn að þessari ríkisstjórn ber að segja hið fyrsta af sér og nauðsynlegt að þjóðin fái kosningar sem fyrst. (**Forseti:** Má ég benda þingmanninum á að hér eru á dagskrá vegaframkvæmdir á Vesturlandi.) Ég skil óróleika hæstv. forseta og geri ráð fyrir að hann hafi verið að hugsa um gatnagerðina hjá Davíð borgarstjóra sem er til fyrirmyndar og eigi sem þingmaður Reykvíkinga erfitt með að skilja áhyggjur okkar landsbyggðarmanna yfir því hvernig gengur með vegagerðina þar. En það get ég sagt hæstv. forseta að hæstv. samgrh., flokksbróðir hæstv. forseta, er mikill eftirbátur Davíðs Oddssonar í vega-

gerð. Væri mikill kostur þess vegna ef við gætum fengið kosningar sem allra fyrst þannig að sjálfstæðismenn gætu á ný tekið við þessum málaflokki og drifið áfram samgöngumálin, drifið áfram vegagerðina.

Hæstv. samgrh. var að reyna að grípa fram í fyrir mér. Hann ætlar kannski að útskýra hvernig á því stendur að það á að flytja brtt. nú við lánsfjáráætlun um að enn skuli dregið úr vegafénu. Ég veit ekki hvar það endar, en ástæðan fyrir því að ég stóð hér upp er vitaskuld sú að ég vil mjög taka undir með þeim hv. þm. Skúla Alexanderssyni og Inga Birni Albertssyni að nauðsynlegt er að þingið ýti við ríkisstjórninni. Það er líka nauðsynlegt að stjórnarþingmenn eins og Skúli Alexandersson og aðrir slíkir, sem kynnu að hafa áhyggjur af vegagerðinni, ýti duglega við sinni ríkisstjórn áður en vegáætlunin verður lögð fram á þinginu nú í vetur. Svona tillaga er auðvitað alger sýndarskapur, algerlega máttlaus nema henni verði fylgt eftir með vegalögum og vegáætlun nú í vetur og þykist ég mega skilja það á brosi hv. 4. þm. Vesturl. að hann muni standa með okkur sjálfstæðismönnum í þessu máli eins og svo mörgum öðrum a.m.k. móralskt þó vera kynni að hann láti undan þrýstingnum og rétti höndina upp á vitlausum stöðum eins og hann hefur lofað að gera og gerir stundum í Ed. þvert gegn hug sér. Þá veit ég að hann stendur með okkur hinum um að reyna að koma vegunum áfram.

En ég verð þó að segja að mér finnst að því leyti skammsýni í þeirri þáltill. sem hér liggur frammi að inn í hana skuli ekki tekið hvernig lokið verði við uppbyggingu og frágang vega norður í land sem ég veit að þeir á Vesturlandi bera líka mjög fyrir brjósti. Er það raunar til skammar fyrir Alþingi að hafa ekki komið því í verk að leggja og byggja upp veginn alla leið til Akureyrar og ganga frá því að bundnu slitlagi verði komið á hann helst ekki síðar en á næsta ári. Eyjafjarðarsvæðið er auðvitað þungamiðjan úti á landi. Það er eini þéttbýliskjarninn sem getur storkað Reykvíkingum og það er þess vegna mikið þjóðþrifamál, ég vil segja nauðsynlegt mál, að hægt sé að greiða sem mest fyrir samgöngum milli Eyjafjarðarsvæðisins og Faxaflóasvæðisins. Ég vil líka segja að nauðsynlegt er að hraða uppbyggingu vega til annarra þeirra byggðakjarna sem halda uppi heilum landsfjórðungum og nefni ég sérstaklega Ísafjörð í því sambandi.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Mér fannst vafamál að taka til máls um þá tillögu sem hér er á dagskrá vegna þess að hún er að mínum dómi tæplega þess virði. Nú liggur það fyrir að það á samkvæmt lögum að endurskoða reglulega vegáætlun á þessu Alþingi og þá verða vegamálin í heild tekin til endurskoðunar og afgreiðslu. Samtímis liggur fyrir að langtímaáætlun í vegagerð er í miðjum klíðum og lýkur ekki fyrr en 1994. Hitt er aftur annað mál að það getur verið rétt að hefja sem fyrst undirbúning að nýrri langtímaáætlun að loknu því langtímabili sem nú stendur yfir.

Hér er verið að fara fram á að gerð verði áætlun á árinu 1989 um vegaframkvæmdir á Vesturlandi umfram langtímaáætlun sem nú er í gildi og síðan verði verkin unnin á næstu sex árum. Þetta getur vitaskuld ekki gerst nema það komi þá einhvers staðar að nýtt fjármagn og það árar ekki með þeim hætti nú, enda sagði fyrri flm. að nú hefði syrt í álinn um skeið. Hann hefði getað rætt það nánar í sínum þingflokki þar sem hæstv. samgrh. og hæstv. fjmrh. eru í þeim flokki.

En það er rétt, sem kom fram hjá Ólafi Þ. Þórðarsyni, að það á að taka heildstætt á þessum málum og það er tilgangslaust að mínum dómi að flytja hér tillögu um að taka út úr til séráætlunar einstök kjördæmi landsins því að við verðum að líta á landið í heild.

Ég tel ekki ástæðu til að höggva í það ferð eftir ferð í þessari umræðu hvernig þessi mál eru leikin nú þar sem fjárlög kveða á um að ekki verði skilað til Vegasjóðs á þessu ári 870 millj. kr. af því sem inn kemur vegna sérmerktra tekjustofna Vegagerðarinnar. Ég sé ekki ástæðu til að höggva í það neitt frekar að þessu sinni. Það kemur til umræðu þegar vegamálin í heild koma fyrir síðar í vetur. En fjármagnið er auðvitað undirstaða þess að það sé hægt að vinna einhver verk í þessum efnum. Ég tek undir það með hv. síðasta ræðumanni, Halldóri Blöndal, að í síðustu tveimur ríkisstjórnum stóð Sjálfstfl. á verði gagnvart samstarfsflokkum sínum fyrir vegamálin og samgöngumálin í landinu. Ef þeirrar varðstöðu hefði ekki notið við hefðum við ekki verið komnir jafnlangt áleiðis í vegamálum og þó raun ber vitni. Þannig er þörf á varðstöðu í þessum efnum og ekki einungis varðstöðu heldur sókn. Þeir sem fara með forustu í þeim málaflokki innan ríkisstjórnar hafa það hlutverk með höndum að standa í þeirri varðstöðu og standa fyrir þeirri sókn. Það gildir alveg jafnt þó að nú hafi syrt í álinn um skeið eins og hv. fyrri flm. orðaði það sjálfur.

Ég ætla ekki að lengja þetta. Þetta er ekki þess efnis mál að það sé ástæða til að lengja. En hér sagði hv. 2. þm. Vestf. Ólafur Þ. Þórðarson að eitt kjördæmi landsins væri alveg fyrir utan hringveginn. Hann hefur eitthvað ryðgað í landafræðinni vegna þess að hringvegurinn liggur um Vestfjarðakjördæmi á talsverðum kafla. Þar hefur verið býsna vel séð fyrir uppbyggingu, en þó ekki nema hluta því að hluti af þeim kafla er enn þá óuppbyggður og hefur þar orðið hvert slysið á fætur öðru, niður brekkurnar fyrir ofan Grænumýrartungu í Hrútafirði. Þar hefur hvert slysið á fætur öðru orðið, bæði í vetur og þó ekki síst í fyrravetur. Þar er því úrbóta þörf, í Vestfjarðakjördæmi eins og annars staðar í vegamálum í landinu, en það er tilgangslaust að tala þannig um einstaka bletti landsins og einstök kjördæmi í umræðum eins og þessari. Við eigum að beita okkur að því að standa á verði um þennan málaflokk, leitast við að halda því fé sem inn kemur samkvæmt sérmerktum lögum til þessara verkefna en taka það ekki í stórum stíl í rekstur á ríkissjóði eins og nú er gert. Því miður brast sú stífla nú sem við höfum staðið vörð um til þessa.

Síðan munum við ræða þessi mál frekar þegar vegáætlun kemur til reglulegrar endurskoðunar eins og lög mæla fyrir um, væntanlega síðar í vetur.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):
Virðulegur forseti. Þetta verða fáein orð. Ég ætla ekki að hefja hér almenna stjórnmálaumræðu undir þessari till. um vegamál á Vesturlandi og þaðan af síður ætla ég nú í almennt hanaat við hv. þm. Halldór Blöndal sem er eins og þingheimi er kunnugt á miklu flugi þessa dagana og vikið er að á baksíðu Tímans, þ.e. þess tölublaðs sem kom út í morgun. **(HBl:** Forsíðu.) Forsíðu þess þá heldur. Mikill heiður er að þm. kveðinn.

Hv. þm. kom mest lítið inn á dagskrárefnið og þess vegna er ekki ástæða til svara af minni hálfu. Ég ætla að leiðrétta hér eina rangfærslu og hún er sú að þrátt fyrir það sem kann að hafa verið sagt hér um að syrti í álinn og kólgubakkar séu við sjóndeildarhring, þá vex framkvæmdafé til vegagerðar lítillega á þessu ári að raungildi, fer úr rúmum 2800 millj. í 3215 millj. og miðað við reiknitölu fjárlaga er þar um nokkra raungildisaukningu að ræða, sem betur fer, frá því smánarlega framlagi auðvitað sem þessum málaflokki hefur verið veitt undanfarin ár og þarf að gera mikið betur og mikið, mikið betur.

Vegna gríðarlegs halla á ríkissjóði og erfiðleika við að koma saman fjárlögum var farin sú leið að taka stærstan hluta af sérstakri hækkun bensíngjalds og þungaskatts í ríkissjóð á þessu ári, á þessu eina ári. Það er sérstök afgreiðsla bundin þessum vanda sem núv. ríkisstjórn kom að á haustdögum í miðri fjárlagagerðinni og gerð var sérstök bókun í ríkisstjórn um að þessi afgreiðsla sé bundin þessu eina ári. Framtíðarmarkmið stjórnvalda í þessu efni munu birtast þingheimi hér innan fárra vikna þar sem og þegar kynnt verður tillaga að endurskoðaðri vegáætlun. Þar munu menn sjá bæði þær fjárveitingar sem ætlunin er að verja til þessara mála á næstu árum sem og þá stefnumörkun sem þar verður lagður rammi um.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til fjvn. með 32 shlj. atkv.

Alþjóðaflugvöllur á Egilsstöðum, fyrri umr.

Þáltill. GHG og EgJ, 50. mál. — Þskj. 52.

Flm. (Guðmundur H. Garðarsson):
Virðulegi forseti. Ég tala hér fyrir till. til þál. um alþjóðaflugvöll á Egilsstöðum, en flm. eru Guðmundur H. Garðarsson og Egill Jónsson. Till. hljóðar sem hér segir:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja nú þegar undirbúning að stækkun og breytingum á Egilsstaðaflugvelli þannig að hann fullnægi þeim kröfum sem gerðar eru til alþjóðaflugvalla."

Mál þetta var lagt fram snemma á þessu þingi og er því miður núna fyrst að komast á dagskrá. Ég vil þó taka það fram að það mun ekki vera við forseta að sakast í þeim efnum, heldur hefur starf Alþingis verið með þeim hætti í vetur að þetta mál, eins og mörg önnur, hefur ekki komist á dagskrá í Sþ.

Hér er á ferðinni mjög veigamikið mál sem mikið hefur verið í umræðunni og m.a. hefur það haft í för með sér eftir að þessi þáltill. var lögð fram að hæstv. samgrh. hefur reynt að nýta þann tíma frá því að þáltill. var lögð fram í október til að huga að því hvernig hann gæti hugsanlega sem ráðherra lagt fram sínar tillögur og hugmyndir í þessum efnum. Það kom fram í fjölmiðlum í gær að hæstv. ráðherra hefði lagt fyrir hæstv. ríkisstjórn hugmyndir um það að umræddur flugvöllur yrði gerður að alþjóðaflugvelli. Það er náttúrlega mjög smekklegt og við hæfi að núv. ríkisstjórn skuli haga vinnubrögðum þannig að þegar þingmenn leggja fram tillögur um framkvæmd mála skuli dráttur vera hafður á því að fram fari eðlileg umræða þannig að þingheimur geti fjallað um það. Í stað þess nota hæstv. ráðherrar tímann til að skoða það hvort þeir geti lagt fram einhverjar hugmyndir sem eru í stórum dráttum hinar sömu og þingmenn eru með. Um það er auðvitað allt gott að segja. Það er auðvitað allt gott um það að segja ef hæstv. ríkisstjórn vill taka upp góð mál sem þingmenn leggja fram. Því miður er þetta mál hins vegar þess eðlis að þessi dráttur var ósæmilegur og mun ég víkja að því hér á eftir í minni ræðu.

Fáar þjóðir eiga jafnmikið undir góðum flugsamgöngum og Íslendingar. Á síðustu árum hefur mikið verið gert til að styrkja flugsamgöngur innan lands en það hefur einkum miðast við þarfir minni gerðar flugvéla. Í þeim efnum má að sjálfsögðu gera betur. En nú er brýnt að brotið verði blað í sögu flugmála á Íslandi með gerð flugvallar á Austurlandi sem fullnægi kröfum alþjóðaflugs hvað varðar flugvallarstæði, öryggisbúnað, þjónustu o.fl. þessu tengt.

Ástæður þessa eru einkum tvíþættar. Hin veigameiri, og sú sem ræður úrslitum um að á Íslandi verði hið minnsta að vera tveir flugvellir sem fullnægja kröfum alþjóðaflugs, er að á næstu árum mun millilandaflug yfir Norður-Atlantshaf byggjast æ meir á tveggja hreyfla farþegaþotum. Þótt öllu öryggi í flugi fleygi fram er það staðreynd að bilun í öðrum hreyfli af tveimur mun auka líkur á því að farþegaþotur þurfi að leita lendingar á næsta flugvelli. Á Íslandi er aðeins einn alþjóðaflugvöllur sem getur þjónað þessu hlutverki.

Annað veigamikið atriði er að innan tveggja ára verða allar millilandavélar Íslendinga sjálfra tveggja hreyfla farþegaþotur. Flugleiðir hafa þegar gert ráðstafanir til að kaupa fimm slíkar flugvélar sem munu verða afhentar á næstu árum. Tvær af þessum flugvélum munu taka hátt á þriðja hundrað farþega. Slíkar flugvélar flokkast undir hinar stærri í alþjóðaflugi og krefjast fullkominna flugvalla hvað varðar stærð,

öryggi og þjónustu eins og ég hef áður getið um. Þær aðstæður geta skapast, t.d. ef hreyfill bilar skömmu eftir flugtak, að nauðsynlegt sé að lenda á ný.

Alkunnugt er að flugvélar geta hafið flugtak við mjög erfið skilyrði, en hins vegar getur verið erfitt að lenda aftur á sama flugvelli vegna veðurs. Við slíkar aðstæður er nauðsynlegt að varaflugvöllur sé fyrir hendi. Erlendis er þetta yfirleitt svo en á Íslandi er enginn slíkur varaflugvöllur við hendina. Lega landsins og veðurfar er með þeim hætti að óumflýjanlegt er að koma upp alþjóðlegum flugvelli annars staðar en á Suðvesturlandi, en þar er að sjálfsögðu Keflavíkurflugvöllur.

Þessi mál hafa mjög verið til meðferðar hjá atvinnuflugmönnum á Íslandi og eftir að þessi þáltill. var lögð fram sl. haust var 1. flm. sent eftirfarandi bréf frá Félagi íslenskra atvinnuflugmanna sem mig langar til að lesa upp, með leyfi forseta. Bréfið er dagsett 17. nóv. 1988 og hljóðar sem hér segir:

„Undirritaður vill fyrir hönd öryggisnefndar Félags íslenskra atvinnuflugmanna lýsa yfir ánægju með þáltill. yðar varðandi stækkun Egilsstaðaflugvallar. Hjálögð er, yður til frekari upplýsinga um sjónarmið flugmanna, greinargerð sem samin var vegna umfjöllunar í flugráði á liðnu sumri um lengd flugbrauta á Akureyri og Egilsstöðum."

Undir bréfið ritar fyrir hönd öryggisnefndar FÍA Gunnar H. Guðjónsson.

Eftir að mér barst þetta bréf átti ég nokkrar viðræður við fulltrúa Félags íslenskra atvinnuflugmanna og höfðu þeir á orði að þessi mál hefðu dregist mjög og ekki fengið þá afgreiðslu hjá hinu opinbera sem æskilegt væri og nauðsynlegt vegna öryggis í flugi til og frá Íslandi.

Með leyfi forseta langar mig síðan að lesa greinargerð öryggisnefndar Félags íslenskra atvinnuflugmanna varðandi varaflugvelli á Íslandi. Er að þeirra áliti um tvo staði að ræða, Akureyri og Egilsstaði:

„Þegar fjallað er um varaflugvallamál okkar er óhjákvæmilegt að hafa í huga þær breytingar á flugvélum sem nú eru að verða eða eru þegar orðnar, þ.e. tveggja hreyfla flugvélar eru að leysa af hólmi þriggja og fjögurra hreyfla flugvélar í millilandaflugi. Við starfrækslu þriggja og fjögurra hreyfla flugvéla er ekki knýjandi nauðsyn að hafa varaflugvöll á Íslandi þó það sé að sjálfsögðu æskilegt frá öryggissjónarmiði. Í flugi á DC-8 flugvélum hefur ævinlega verið leitað til nágrannaflugvalla, þ.e. í Prestvík og Glasgow, ef út af hefur brugðið með Keflavíkurflugvöll og einnig á þetta við um B-727 þegar Reykjavíkur- og Akureyrarflugvellir hafa verið ónothæfir vegna veðurs og/eða brautarskilyrða að vetri til.

Ef Keflavíkurflugvöllur er lokaður fyrir lendingar vegna veðurs en opinn fyrir flugtak er skylt að hafa tiltækan varaflugvöll innan ákveðinna fjarlægðarmarka sem ákvarðast af hreyflafjölda flugvélar. Þegar um er að ræða tveggja hreyfla flugvélar verður slíkur varaflugvöllur að vera á Íslandi vegna of mikillar fjarlægðar til annarra nothæfra flugvalla.

Öryggisnefnd FÍA styður eindregið þá hugmynd að bæði Akureyrarflugvöllur og hinn nýi Egilsstaðaflugvöllur gegni varaflugvallarhlutverkinu og geti tekið við öllum tegundum farþegaflugvéla, nýjum og eldri, og leggur þunga áherslu á að þeir verði vel úr garði gerðir til að sinna því hlutverki á öllum árstímum. Kemur þar efst á blað frá sjónarmiði flugöryggis næg lengd flugbrauta, öryggissvæði við flugbrautir, tækjabúnaður til snjóhreinsunar, slökkvi- og björgunarbúnaður og að sjálfsögðu aðflutningstækjabúnaður eftir því sem við á.

Þegar spurt er um nauðsynlega lengd flugbrauta verður að mati öryggisnefndar að skoða fleiri þætti en lágmarkslengd við bestu skilyrði og koma þá eftirfarandi atriði til álita:

Hemlunarskilyrði. Gera má ráð fyrir því að verulegan hluta vetrar séu hemlunarskilyrði á brautum takmörkuð af völdum snjóa og/eða íss og hefur reynsla sýnt að bæði á Reykjavíkur- og Akureyrarflugvelli tekst í besta falli að halda hemlunarviðnámi í meðal- til góðflokknum, þ.e. 0,36–0,39, með þeim tækjakosti sem til staðar er. En oftar en ekki er hemlun aðeins í meðallagi, þ.e. 0,30–0,35, og jafnvel minni. Lágmarkshemlunarviðnám fyrir B-227 á þessum tveimur flugvöllum er meðal til góð, 0,36.

Á þeim flugvélum sem hafa hreyfla undir vængjum, svo sem B-737, er varasamt að beita svonefndu knývendi ef nokkur óhreinindi eru á braut, til að mynda ef braut hefur verið sandborin, vegna hættu á hreyfilskemmdum. Í þeim tilfellum verður að treysta nær alfarið á hjólahemlun.

Í sumum vindáttum er oft misvinda í aðflugi að þessum flugvöllum þó vindur sé lítill við jörðu. Það gefur flugmanni tilefni til að halda hærri aðflutningshraða en venjulega og við það getur lending, þ.e. snerting, færst lengra inn á brautina."

Um flugtak segir svo í greinargerð Félags ísl. atvinnuflugmanna:

„Aðalatriðið er þó e.t.v. flugtakið sjálft, en þá verður ætíð að gera ráð fyrir því að hætta verði við flugtak á versta tíma og ná samt að stöðva flugvélina á brautarenda á stuttum brautum. Allir grundvallarútreikningar á flugtaksþyngd miðað við brautarlengd miðast við þurrt og autt yfirborð og að braut sé notuð endanna á milli. Það er staðreynd að öll frávik frá hreinu yfirborði brautar, t.d. vatn, snjór eða ís, auka verulega kröfur um brautarlengd miðað við sömu þyngd flugvélar og eru reiknireglur þær sem þá eru notaðar oft og tíðum ónákvæmar þannig að það eina sem getur tryggt örugga starfrækslu flugvéla við þau skilyrði er rífleg viðbót við útreiknaða lágmarksbrautarlengd við bestu skilyrði."

Varðandi hindranir í brottflugi segir svo, með leyfi forseta:

„Hafa verður í huga að hindranir við brottflug, meðvindur í flugtaki eykur brautarþörf mjög mikið ef ekki á að koma til veruleg lækkun á flugtaksþunga."

Um loftþrýsting segir:

„Í þessari umfjöllun verður að hafa hugfast í hvaða veðurskilyrðum er líklegt að fljúga þurfi til varaflugvallar. Það er þegar lægð fer yfir landið með sunnan-

átt og dimmviðri suðvestanlands. Það er alkunna að lægðir hér geta orðið nokkuð djúpar, en lágur loftþrýstingur skerðir verulega afkastagetu flugvélar.

Þessi atriði sem upp hafa verið talin eru öll dæmigerð viðfangsefni flugmanna í daglegu starfi og er óhugsandi að líta fram hjá þeim að mati öryggisnefndar FÍA þegar ákvarða skal lengd flugbrauta á Akureyri og Egilsstöðum. Varaflugvöllur verður að vera annað og meira en nafnið eitt. Hann er sá staður sem leitað er til þegar önnur sund lokast og má því ekkert til spara að gera hann sem best úr garði til að sinna sínu hlutverki. Öryggisnefndin vill sérstaklega ítreka það sem áður er sagt um hálku á brautum og misvindi. Við búum í veðrasömu og hálendu landi og hin síbreytilegu veðurskilyrði, einkum að vetrarlagi, gera útreikninga flugvélaframleiðenda á lágmarksflugbrautarlengd illa nothæfa á köflum frá sjónarmiði flugöryggis. Það má einnig telja líklegt að í náinni framtíð muni einhver hluti reglubundins millilandaflugs okkar með stærri flugvélum fara um annan hvorn eða báða þessa flugvelli."

Að lokum segir í greinargerð FÍA, með leyfi forseta:

„Öryggisnefnd leggur þunga áherslu á að lengingarmöguleikar flugbrautanna verði nýttir til fullnustu og telur óverjandi að flugbrautirnar á Akureyri og Egilsstöðum verði styttri en 2400 metrar samkvæmt framansögðu."

Lýkur hér lestri úr greinargerð Félags íslenskra atvinnuflugmanna um varaflugvöll á Íslandi.

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að taka undir þau sjónarmið sem koma fram í bréfi frá Félagi íslenskra atvinnuflugmanna og legg áherslu á það að við framkvæmd og gerð varaflugvallar verði þessi sjónarmið höfð að leiðarljósi.

Þá hefur flugráð, svo sem fyrr hefur komið fram, haft þessi mál til meðferðar en ekki komist að þeirri æskilegu niðurstöðu að hér liggi fyrir hinu háa Alþingi tillögur um það hvernig eigi að koma upp varaflugvelli með þeim hætti sem kröfur eru gerðar til.

Að mati flm. þessarar þáltill. eru Egilsstaðir á Austurlandi sá staður sem helst kemur til greina í þessum efnum og sem fyrr er sagt eru litlar líkur fyrir því að bæði Keflavíkurflugvöllur og Egilsstaðaflugvöllur lokist samtímis. Það er mjög veigamikið öryggisatriði. Á Egilsstöðum er þegar fyrir öflug byggð og góður þjónustukjarni. Egilsstaðir eru miðsvæðis á Austurlandi. Með flugvelli, sem getur veitt stórum þotum þjónustu, er unnt að hefja útflutning á verðmætum vörum frá helstu framleiðslustöðum Austurlands. Alþjóðaflugvöllur á Austurlandi mun hafa mikil og góð áhrif á þróun byggðar á Íslandi og skapa óteljandi möguleika á sviði atvinnulífsins þar fyrir austan. Ég nefni m.a. í sambandi við ferðamannaiðnað og aðra uppbyggingu því tengt.

Flm. tóku fram þegar þáltill. var lögð fram í október að þeir legðu áherslu á það að þessi till. fengi skjóta og jákvæða afgreiðslu á Alþingi svo að ríkisstjórnin gæti þegar hafið það verk sem tillagan felur í sér. Eins og ég gat um í upphafi hefur samgrh. reynt að nota tímann vel, en þó ekki betur en svo að skýrt var frá því í fjölmiðlum í gær að hann hefði lagt fram hugmyndir fyrir hæstv. ríkisstjórn, en þær hugmyndir hafa ekki enn komið fram á hv. Alþingi né þannig sundurliðaðar að um sé vitað hvernig hæstv. ráðherra hugsar sér framkvæmd þessa máls.

Við flm. leggjum áherslu á það að ekkert verði til sparað í þessum efnum. Hér er um að ræða framkvæmd sem varðar öryggi landsmanna allra sem og allt alþjóðaflug yfir Norður-Atlantshaf.

Ég vil svo, virðulegi forseti, leggja til að að lokinni umræðu verði þessari tillögu vísað til síðari umræðu og fjvn.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi lýsa nokkurri undrun minni ef ekki furðu á því hvernig hv. frsm. hóf mál sitt hér. Ef hv. flm. má vera að því að taka þátt í umræðum um sína eigin tillögu, þá þætti mér vænt um það. — Já. Þá er okkur ekkert að vanbúnaði, hv. flm.

Ég verð að segja alveg eins og er, hv. 14. þm. Reykv., að ég held að tillaga af þessu tagi gefi hv. þm. ekki rétt til þess að fjalla um þessi mál eins og þau séu þeirra einkaeign, eins og mönnum hafi aldrei dottið svipaðar hugsanir í hug fyrr og eins og þar með sé allt sem aðrir eru að gera eða vinna að ómerkt og í raun og veru ömurlegar tilraunir til þess að nýta sér annarra manna verk. (Gripið fram í.) Ég ætla að upplýsa hv. þm. um það hvernig þessi mál standa og það er alveg greinilega nauðsynlegt, virðulegi forseti, að ég fái að taka hv. flutningsmenn tillögunnar í ofurlitla kennslustund vegna þess að sjálf tillagan, tillögugreinin og heiti hennar, ber með sér slíkan misskilning á því máli sem hér er á ferðinni að það er óhjákvæmilegt að reyna að eyða þeim misskilningi. (**GHG:** Ætlar þá ráðherrann að ... eins og öll önnur mál sem ríkisstjórnin er með?) Þegar hv. flm. sem hefur nýlokið máli sínu og hafði hér ágætan ræðutíma þagnar, þá ætla ég að reyna að upplýsa það hvernig þessi mál standa. (Gripið fram í.) Virðulegur forseti, það er ekki einleikið, þessi ókyrrð í sjálfstæðismönnum þessa daga. (**Forseti:** Má ég biðja þingmenn að virða að hæstv. samgrh. er í ræðustól.) Ég tel að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson ætti ekki að taka sér flokksbróður sinn, Halldór Blöndal, til fyrirmyndar í mannasiðum hér á þinginu þessa dagana, en það ber nú á því vegna ókyrrðar hans.

Tillagan á þskj. 52, 50. mál Sþ., hvað heitir hún? Hún heitir „Tillaga til þingsályktunar um alþjóðaflugvöll á Egilsstöðum." Og í tillgr. segir, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja nú þegar undirbúning að stækkun og breytingum á Egilsstaðaflugvelli þannig að hann fullnægi þeim kröfum sem gerðar eru til alþjóðaflugvalla." — „þannig að hann [þ.e. flugvöllurinn] fullnægi þeim kröfum sem gerðar eru til alþjóðaflugvalla."

M.ö.o.: Hv. flm. telja greinilega að hann geri það

ekki í dag og það þurfi að gera sérstakar ráðstafanir til þess að svo verði. Ekki satt? Jú, kinkar hv. flm. kolli. Þá ætla ég að fara hér í upplýsingar sem ég hef fengið í hendur frá Flugmálastjórn og eru nýjar og í skýrslu sem ég mun gera hér nánar grein fyrir á eftir. Og hvað stendur þar? Þar er vitnað í alþjóðlegar handbækur, m.a. handbækur af því tagi sem flugmenn hafa í flugvélum sínum þegar þeir eru að fljúga í alþjóðaflugi, og segir, með leyfi forseta, í þessu gagni frá Flugmálastjórn:

„Í skjali Alþjóðaflugmálastofnunarinnar merktu DOC 7383 AIS 503/72, útgefnu í júlí 1988, sem fjallar um upplýsingaþjónustu fyrir loftferðir, eru eftirtaldir flugvellir taldir alþjóðlegir flugvellir og eru þær upplýsingar úr handbók flugmanna fyrir Ísland, AIP/Ísland: Keflavíkurflugvöllur og Reykjavíkurflugvöllur fyrir áætlunarflug. Flugvellirnir á Akureyri, Egilsstöðum, Höfn í Hornafirði og Sauðárkróki fyrir óreglubundið flug."

M.ö.o.: Egilsstaðaflugvöllur er alþjóðlegur flugvöllur í dag og skráður þannig í handbókum flugmanna og flugvellirnir í Keflavík og í Reykjavík eru það fyrir allt alþjóðlegt flug. Síðan liggur það fyrir, hv. flm., að allir flugvellir, sem fjallað er um í samþykktri 10 ára flugmálaáætlun sem unnið hefur verið eftir nú á annað ár, eiga eftir þær framkvæmdir og breytingar sem flugmálaáætlunin fjallar um að verða alþjóðlegir flugvellir í þeim skilningi að þeir munu allir uppfylla kröfur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, hver fyrir sinn stærðarflokk.

Þá er þessi misskilningur vonandi leiðréttur í eitt skipti fyrir öll og satt best að segja, virðulegur forseti og hv. þingheimur, þá hefur mér leiðst það hversu lengi menn hafa röflað um þessa hluti án þess að afla sér einfaldlega upplýsinga um það sem hér er verið að tala um í þessari svokölluðu varaflugvallar- og flugvallarumræðu. Menn eiga að lesa sér til í gögnum hjá Flugmálastjórn, afla sér upplýsinga og vita hvað þeir eru að tala um. Það hjálpar ævinlega til þegar verið er að tala um hlutina.

Þannig er það líka, virðulegi forseti, að flugvöllurinn á Akureyri er núna nánast að öllu leyti kominn endanlega í það form sem hann þarf að vera til að uppfylla tilmæli Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um alþjóðlega flugvelli. Að vísu er þar frávik frá breidd öryggissvæða vegna þess að landfræðilegar aðstæður bjóða ekki upp á ýtrustu mörk, en það breytir ekki hinu að flugvöllurinn á Akureyri er þegar skráður í handbókum flugmanna úti um allan heim sem alþjóðlegur flugvöllur og hefur verið það um langt árabil sem og flugvöllurinn á Egilsstöðum.

Síðan, virðulegur forseti, ætla ég að víkja aðeins að því hvað gert hefur verið í þessum málum í tíð núv. ríkisstjórnar. Eitt af mínum fyrstu verkum í samgrn. var að fá til mín flugmálastjóra, gera honum grein fyrir minni afstöðu og mínum óskum í þessu sambandi. Það var löngu áður en nefnd þáltill. sá dagsins ljós þó það skipti í sjálfu sér ekki máli í þessu sambandi. Ég gerði flugmálastjóra grein fyrir því að af minni hálfu væru tekin af dagskrá öll áform um að byggja slíkan flugvöll í samvinnu við erlend hernaðaryfirvöld og ég mundi óska eftir því að Flugmálastjórn ynni sérstaklega tillögur sem lytu að því hvernig farsælast væri að við Íslendingar leystum þessi mál fyrir okkur sjálfa og sem mest innan ramma okkar eigin flugmálaáætlunar. Ég skrifaði síðan bréf til flugmálastjóra og Flugmálastjórnar og óskaði eftir slíkri vinnu, slíkum tillögum og hef nú nýlega fengið í hendur skýrslu sem er dagsett í janúar 1989. Hún er hér í rauðri bók og var sérstaklega til heiðurs ráðherranum geri ég ráð fyrir sett í þennan lit og heitir „Varaflugvellir fyrir millilandaflug, greinargerð frá Flugmálastjórn." Ég hef nú í morgun gert ráðstafanir til þess að hv. alþm. fái senda þessa skýrslu í sín pósthólf eins fljótt og hægt er.

Ég hef kynnt þessa skýrslu í ríkisstjórn og jafnframt mínar hugmyndir um stefnumörkun á hennar grundvelli og ef mér leyfist að víkja að því fáeinum orðum þá vil ég fá að gera það. Þær eru, þó ég ætli ekki á þessu stigi málsins að rekja þær í einstökum atriðum af eðlilegum ástæðum, þá lýtur það að því að ég tel rétt að fara í ákveðnar viðbótarúrbætur á Akureyrarflugvelli, þannig að hann geti betur þjónað núverandi hlutverki sem varaflugvöllur fyrir millilandaflug sem hann hefur þegar í dag, bæði fyrir Boeing-vélar Arnarflugs og Flugleiða.

Í öðru lagi að allar framkvæmdir á Egilsstaðaflugvelli sem þar standa yfir og verða á næstu missirum miði að því að sá flugvöllur verði fullbúinn sem alþjóðlegur flugvöllur fyrir ýtrustu afkastagetu tveggja hreyfla flugvéla og allt almennt farþegaflug. Þetta felur það í sér að reikna verður með að brautin á Egilsstöðum verði innan einhverra ára lengd og ég hef gert þar tillögu um í allt að 2700 metra. Kostnaðurinn varðandi viðbótarúrbætur á Akureyrarflugvelli hleypur samkvæmt sérstöku mati, sem ég hef einnig fengið frá Flugmálastjórn, á bilinu 50–60 millj. kr., en heildarframkvæmdir á Egilsstöðum, aukinn útbúnaður og lenging, eru tala sem nálgast 280 millj. kr.

Í þriðja lagi þarf að mínu mati í þessari stefnumörkun að ákveða hvaða flugvellir á Íslandi skulu teljast aðaltollhafnir og ég hef þegar gert tillögu um hvaða flugvellir það verði.

Í fjórða lagi þarf að taka þessar hugmyndir og aðrar inn í þá vinnu sem stendur yfir og lýtur að fyrstu endurskoðun samkvæmt samþykkt Alþingis á 10 ára flugmálaáætlun. En hana skal endurskoða á tveggja ára fresti og bæta þá tveggja ára tímabili við í hvert sinn. (Forseti hringir.)

Ég heyri að virðulegur forseti er farinn að berja nokkuð í bjölluna þannig að ég ætla þá að ljúka máli mínu. Ég tel það ánægjulegt að hv. flm. hafa áhuga á þessu máli og þakka stuðning við það, hvaðan sem hann kemur, ekki síst frá hv. þm. Sjálfstfl. að staðfesta þá stefnu og þá skoðun sem ég hef barist fyrir í mörg ár að við Íslendingar eigum sjálfir að leysa þessi mál, þar með talið hið svonefnda varaflugvallarmál og að því leyti er þessi tillaga tímamótaplagg.

Hún er flutt af tveimur hv. þm. Sjálfstfl. sem lýsa sig sammála þeirri stefnu að Íslendingar eigi sjálfir með eigin fé að leysa þetta svonefnda varaflugvallarspursmál.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég mun ekki blanda mér í deilur um eignarrétt á hugmyndum um úrbætur á Egilsstaðaflugvelli. Þetta er mál sem hefur verið í deiglunni um alllangt árabil og hafa margir komið þar að. En eigi að síður vil ég leggja örfá orð í belg í sambandi við þá tillögu sem hér er til umræðu.

Þó að óneitanlega sé orðalag tillögunnar dálítið óljóst, þá reikna ég með að flm. hafi með flutningi hennar viljað ýta á það að varaflugvöllur fyrir millilandaflug yrði staðsettur á Egilsstöðum eða Egilsstaðaflugvöllur yrði þannig úr garði gerður að hann gæti tekið á móti því flugi. Það að Egilsstaðaflugvöllur hefur komið til greina í þessu sambandi og þykir vænlegur stafar af því að þar er mikill umferðarvöllur, vel staðsettur og veðurskilyrði eru þar mjög ólík því sem er í Keflavík og yfirgnæfandi líkur til þess að hægt sé að lenda á þeim flugvelli ef ófært er í Keflavík. Þær framkvæmdir sem gerðar eru á Egilsstaðaflugvelli koma að góðum notum í innanlandsfluginu sem er aðalstarfsemin á þessum flugvelli og verður það um ókomna tíð, þó að verulegt millilandaflug hafi farið þar fram um margra ára bil eins og t.d. til Færeyja.

Ég fagna því að það virðist vera skriður á því að Egilsstaðaflugvöllur verði þannig úr garði gerður að hann geti tekið við millilandaflugi og farþegaflugi með ýtrustu kröfum. Ég tel að það sé rétt stefna að í beinu framhaldi af þeim framkvæmdum sem þar eiga sér stað núna að lengja þennan flugvöll í 2700 metra. Þá er hann mjög vel úr garði gerður til að taka á móti öllu millilandaflugi tveggja hreyfla þotna miðað við ýtrustu kröfur. Nauðsynlegt er að staðfesta það að Egilsstaðaflugvöllur verði tollhöfn eins og þörf er á við alla alþjóðlega flugvelli. Það er nauðsynlegt, ekki síður vegna innanlandsflugsins, að snjóhreinsibúnaður og brunavarnir á þessum velli verði í samræmi við alþjóðlegar kröfur.

Sem betur fer hefur mikið skeð í flugmálum síðustu árin síðan flugmálaáætlun var samþykkt. Það var vissulega brotið blað í þeim efnum með samþykkt þeirrar áætlunar. Það eru nú þegar í gangi miklar framkvæmdir á Egilsstaðaflugvelli, endurbygging flugbrautarinnar, endurbygging flugstöðvarinnar og endurnýjun aðflugstækja sem eru í samræmi við þær kröfur sem eru gerðar til varaflugvallar. Ég tek undir það að e.t.v. hefur þessi varaflugvallarumræða verið nokkuð á villigötum. Allir vellir sem fullnægja kröfum eru að sjálfsögðu varaflugvellir og það er ákvörðun flugstjóra í hvert sinn hvaða flugvöllur er notaður. Aðalatriðið er að þær framkvæmdir sem við gerum í þessu efni nýtist vel, bæði í innanlandsflugi og millilandaflugi.

Ég held að þessi tillaga sé góðra gjalda verð og ég vil taka undir hana þó að vissulega mætti hún kannski vera dálítið nákvæmar orðuð en raun er á, en ég er sammála efni hennar og vil taka undir vilja flm. Einnig vil ég fagna því og vona að það verði ekki látið standa við orðin tóm, og haldið áfram framkvæmdum á Egilsstaðaflugvelli. Sú flugbraut sem nú er í byggingu lengd og snjóruðningstæki og brunavarnir á vellinum verði í takt við þær kröfur sem gerðar eru í millilandaflugi.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Hér erum við enn og aftur komin að því að ræða um varaflugvöll. Ég er með hér fyrir framan mig till. til þál. sem flutt var á 109. löggjafarþingi um varaflugvöll fyrir millilandaflug á Akureyri, en 1. flm. var þá hæstv. núv. samgrh. ásamt öllum öðrum þingmönnum Norðurl. e. Ég fór þá nokkuð ítarlega yfir þessi mál, þessi varaflugvallarmál og mig langar aðeins til þess að rifja upp það sem stendur í fyrrnefndri þáltill., en í fskj. sem henni fylgir segir svo í grg. frá hinum virta flugstjóra og forstjóra Flugfélags Norðurlands, Sigurði Aðalsteinssyni:

„Mikið hefur verið rætt um hugsanlegan varaflugvöll fyrir millilandaflugið, en því miður hafa sjónarmið flestra verið lituð af eigin hagsmunum og héraðarígi." — Trúlega er nokkuð til í þessu enda hefur mönnum fundist að hér væri verið að takast á um nokkuð stórt mál. Síðar segir þessi ágæti flugstjóri:

„Á meðan enginn áþreifanlegur áhugi erlendra þjóða eða samtaka er á varaflugvelli á Íslandi verður að telja líklegt að íslenskir skattgreiðendur standi undir gerð og rekstri þess flugvallar eins og raunar öllum samgöngubótum hér á landi í seinni tíð. Af þessum sökum tel ég rétt að fara varlega í fjárfestingar og miða framkvæmdir við þarfir Íslendinga sjálfra nú og í næstu framtíð."

Síðar segir Sigurður Aðalsteinsson:

„Ef við lítum á þá fjóra flugvelli sem oft hafa verið nefndir í þessu sambandi og liggja utan veðursvæðis Reykjanesskagans, þá eru aðflugs- og veðurfarsskilyrði líklega best á Sauðárkróki. Síðan koma Egilsstaðir, Húsavík og Akureyri. Ef við ljáum máls á einhverri málamiðlun og látum arðsemi framkvæmda og rekstur ráða gæti röðin vissulega orðið önnur."

Þetta eru ummæli þess ágæta manns í fskj. með till. til þál. sem hæstv. núv. samgrh. flutti. Ég vitna til annarra umsagna úr fskj. með þessari þáltill. Það er viðtal sem Albert Jónsson fréttamaður átti við Hilmar Baldursson flugmann, sem þá var varaformaður flugráðs. Ég vitna til þess hvað hann segir um þessa tillögu, með leyfi hæstv. forseta:

„Hilmar Baldursson, varaformaður flugráðs og flugmaður á DC-8 hjá Flugleiðum, telur litlar líkur á að varaflugvöllur verði byggður við Sauðárkrók ef gera eigi það fyrir íslenskt fé. Því verða menn að beina sjónum að öðrum og ódýrari kostum. Og Hilmar heldur áfram: „Ég er sammála þeirri niðurstöðu sem komið hefur verið að varðandi samanburð á Akureyri og Sauðárkróki [og nú legg ég áherslu á] að flugtæknilega og veðurfarslega er Sauðárkrókur mun betri kostur, en ég sé ekki í sjónmáli að búinn

verði til flugvöllur á Sauðárkróki kostnaðarins vegna."

Hæstv. forseti, hér er líka frv. til laga um flugmálaáætlun sem hér var lögð fram. Ég vil leyfa mér í örstuttu máli, vegna þess að tíminn er ekki langur til þess að fjalla um þetta nú, að vitna til þess sem segir á bls. 125, nál. um till. um varaflugvöll fyrir millilandaflug. Þar er vitnað til nefndar sem var skipuð og skilaði af sér 9. okt. 1980 og var undir formennsku þess mæta flugstjóra, Jóhannesar Snorrasonar. Nefndin skilaði af sér störfum og sagði m.a.:

„Þar kemur fram að athugaðir hafa verið í þessu sambandi flugvellirnir á Akureyri, Egilsstöðum, Húsavík og Sauðárkróki. — Alltaf erum við með sömu flugvellina í athugun. — Niðurstaða nefndarinnar varð sú að Sauðárkrókur væri hagstæðasta valið og mætti völlurinn þeim kröfum sem gerðar yrðu til slíks flugvallar."

Þá kemur einnig fram í þessu frv. að menn leituðu álits Flugleiða á þessum orðum og hér stendur:

„Þá kemur fram að Flugleiðir eru sammála niðurstöðu nefndarinnar frá 1980 um að Sauðárkrókur sé hagstæðasti kosturinn." Og aðeins neðar á sömu blaðsíðu segir, því það var einnig leitað til Arnarflugs um hvaða álit þeir hefðu á niðurstöðum áætlunar og tillagna þessara mætu manna, þar stendur: „Arnarflug mælir því eindregið með því að Sauðárkróksflugvöllur verði byggður upp sem aðalvaraflugvöllur á Íslandi fyrir millilandaflug."

Síðan var sett nefnd á laggirnar undir formennsku Birgis Ísl. Gunnarssonar. Sú nefnd starfaði mikið og skilaði einnig áliti og niðurstöðum álits þeirrar nefndar voru einfaldlega þær að nefndin staðfesti í öllum meginefnum niðurstöður nefndar þeirrar sem Jóhannes Snorrason hafði veitt forstöðu.

Mér hefur hins vegar blöskrað sú umræða sem farið hefur fram um þetta varaflugvallarmál. Mér finnst hún vera komin út í miklar ógöngur. Mér finnst menn vera að tala um peningana í þessum efnum. Í mínum huga skiptir það ekki nokkru máli hvort þessi flugvöllur kostar okkur einhverjum tugum milljónanna meira eða minna. Ég hef litið svo á að við værum að tala um að byggja varaflugvöll öryggisins vegna, vegna flugfarþega og flugáhafna. Við höfum Keflavíkurflugvöll vitaskuld og ég hef alla tíð skilið umræðuna svo að við værum fyrst og fremst að byggja upp varaflugvöll sem mundi þjóna okkur Íslendingum þegar Keflavíkurflugvöllur væri lokaður.

Ég endurtek það að í mínum huga skiptir það langmestu máli hvar öryggið er mest og ég trúi því og beini því til hæstv. núv. samgrh. að hann láti ekki annarleg sjónarmið, ég segi það hér úr þessum ræðustól, að hann láti ekki annarleg sjónarmið ráða gerðum sínum í þessum efnum. Menn tala um kostnaðartölur og það má sjálfsagt reikna þær fram og aftur. En vita menn það hvar lengsta flugbraut á Íslandi utan Keflavíkur og Reykjavíkur er? Á Egilsstöðum? Húsavík? Akureyri? Nei. Lengsta flugbrautin er á Sauðárkróki þegar í dag. Þar er lengsta flugbrautin. Það má deila um það þegar menn setja upp kostnaðartölur hvort menn eru að tala um að þar eigi eftir að malbika flugvöllinn. En ætla menn ekki að malbika flugvöll á Sauðárkróki ef hann verður ekki gerður að varaflugvelli? Ég spyr, þegar menn eru að tala um stofnkostnað.

Ég endurtek það, og læt það vera mín lokaorð í þessu máli vegna þess að mér finnst þetta mál vera orðið heldur óskemmtilegt hér í umræðu. Varaflugvallarmálið er miklu alvarlegra en mér finnst að menn hér geri sér grein fyrir. Ég efast um að þeir sem um þessi mál hafa fjallað í seinni tíð hafi raunverulega það bak og þá burði til að axla þá ábyrgð sem þeir hafa tekið með þeim úrskurði sem þeir hafa nú lagt á borðið.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Það kom nú nokkuð úr öfugri átt þegar hæstv. samgrh. var að tala hér áðan um óróleika. Ég gat ekki betur séð en hæstv. samgrh. væri býsna órólegur hér í ræðupúltinu. (Gripið fram í.) Það kemur dagur eftir þennan dag, við skulum lofa mönnunum að tala saman. Það var m.a.s. töluvert mikil fyrirferð á hæstv. ráðherra, hann var að tala um að taka menn í kennslustund og annað þess háttar og síðan var hann að tala um og lýsa yfir ánægju sinni yfir því að sjálfstæðismenn væru komnir á einhverja sömu skoðun og hann í flugmálum. Þessi hæstv. ráðherra hefur nú farið með þau mál í fjóra mánuði og ég held að það sé heldur of stuttur tími fyrir hann til þess að ætla að fara að taka aðra í kennslustund í þeim efnum. Grundvöllurinn að árangri í flugmálum byggist á þeirri flugmálaáætlun sem unnið er eftir og gerð var í tíð Matthíasar Bjarnasonar og eru það ýmsir sem höfðu að þeim málum nokkuð komið.

En þessi aðvörunarorð til okkar flm. eru býsna sérkennileg því að þannig vill til að hæstv. samgrh., eins og hv. 3. þm. Norðurl. v. tók raunar fram, hefur sjálfur flutt till. til þál. um flugvallarmál. Það gerði hann á þinginu 1986. Hans tillaga er um varaflugvöll. En hvað skyldi nú annars vera varaflugvöllur? Skyldu ekki allir flugvellir vera varaflugvellir? Skyldi það ekki vera svo að það væri á valdi flugstjórans að velja sér varaflugvöll eftir því hvar hagkvæmast væri þegar til þess þyrfti að grípa? Það er ekki vandi að hártoga fyrirsögnina á tillögu hæstv. samgrh. Hins vegar skilgreinir hæstv. samgrh. í tillögunni við hvað sá varaflugvöllur á að miðast og það er við flug íslensku flugfélaganna. Tillagan sem við hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson höfum flutt er hins vegar um alþjóðaflugvöll, en hann er bara líka skilgreindur, bæði í grg. tillögunnar og líka í framsöguræðu flm. og m.a. ber hann þar fyrir sig álit frá sérfræðingum í þeim efnum, Félagi íslenskra flugmanna, þannig að það er alveg hrein hártogun að það liggi ekki skýrt fyrir um hvað verið er að tala í okkar tillögu. Ég hygg að þetta hafi nú allir hv. þm. skilið nema þá hæstv. samgrh. og vera má að þetta hafi eitthvað vafist fyrir hv. þm. Jóni Kristjánssyni miðað við það hvernig hann flutti mál sitt hér áðan, hafi hann þá á annað borð lesið tillöguna.

Það kemur alveg skýrlega fram í grg. með tillögunni að það er átt við flugvöll sem stendur að því leyti framar að öryggisbúnaði og tækjum, að hann geti verið varaflugvöllur fyrir Keflavíkurflugvöll. Það er beinlínis tekið fram í greinargerðinni og það er tekið fram í grg. að það yrði enginn flugvöllur, ef hún yrði samþykkt og eftir henni farið, sem væri búinn jafn vel nema Keflavíkurvöllur. Það var því alveg óþarfi fyrir hæstv. ráðherra að vera að setja sig á háan hest og vera að vanda um við okkur flm. í þessum efnum. Og þá sérstaklega er það mikilvægt að geta lagt hér fram sem sönnunargagn í þessum efnum tillögu sem ráðherrann hefur sjálfur flutt. (**Landbrh.:** Mjög góð tillaga.) Það var enginn að segja það. Það sem hér var verið að tala um var formið í þessum efnum.

Það hefur ekki vafist fyrir mönnum, m.a. með tillíti til þess sem sérfræðingar hafa sérstaklega lagt til í þessum efnum, að veðurfarslega er Egilsstaðaflugvöllur einkar vel til þess fallinn að vera varaflugvöllur. Það er svo annað mál, eins og hér hefur komið berlega fram í framsöguræðu fyrri flm. þessarar tillögu, að það er ekki nema að öðrum þræði það hlutverk sem við leggjum til að þessum flugvelli verði valið, heldur að þarna verði komið upp fullkomnum flugvelli sem mundi stórauðvelda samgöngur til Austurlands. Mönnum ætti að vera það fullkomlega ljóst að Egilsstaðaflugvöllur er sá flugvöllur sem liggur í mestri fjarlægð frá Reykjavík og það eru vissir möguleikar sem Austurland hefur með tilliti til alþjóðlegra flugsamgangna sem sérstaklega eru tengdir þeim landshluta. Þar af leiðandi er að sjálfsögðu lögð á það áhersla að sú flugvallarframkvæmd mundi stórlega efla Egilsstaði og Austurland umfram það sem sú framkvæmd sem nú stendur yfir mun gera, sem er að sjálfsögðu einn mikilvægasti árangur sem Austfirðingar hafa náð í samgöngumálum, að fá Egilsstaðaflugvöll byggðan í það horf sem nú er að stefnt. (Forseti hringir.) Já, virðulegi forseti, ég skal ljúka máli mínu.

Ég legg áherslu á það að þessi till. fái þinglega afgreiðslu. Hún er mikilvægt innlegg í þá umræðu sem fer nú fram, og hlýtur að fara fram, um bættar samgöngur við umheiminn. Ég hef ekki á þessu stigi málsins aðstæður til að meta þær upplýsingar sem hafa komið alveg nýlega fram í þessum efnum og samgrh. hefur skýrt að muni verða hér lagðar fram en auðvitað verða þessi mál öllsömul skoðuð í samhengi.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Mér finnst rétt að vekja athygli samgrh. á þeim upplýsingum sem ég hef um varaflugvallarmál, upplýsingum sem ég tel að skipti máli, og það er varðandi það flug sem er nýbyrjað til Keflavíkur á vegum flugfélagsins Flying Tigers. Mér er sagt að þær flugvélar geti lestað 20 tonnum meira frá brottfararstað ef það væri þriggja km langur varaflugvöllur á Íslandi. Þetta snýst um öryggismál og síðan snýst þetta líka um það að Ísland verði í samkeppni við aðrar þjóðir í heiminum um að taka við flugvélum og þjónusta þær með eldsneyti o.s.frv. því að flutningatækni er að fara í loftið í stórum stíl. Þegar verið er að ræða þessi mál væri ekki úr vegi að alþjóðlegt fyrirtæki í flugmálum yrði látið taka út svona málefni á faglegum grunni. Hnötturinn er ekki að verða ýkja stór í samskiptatækni nútímans. Ég á von á því að flutningar eigi eftir að fara í loftið í stórum stíl og Íslendingar eiga þar mikilla hagsmuna að gæta að koma sjávarafurðum sínum loftleiðis á markaði eins og nýlega hefur verið byrjað á. Hér er því um mjög mikið hagsmunamál að ræða. Það er ekki hægt að ræða um endilega tveggja hreyfla eða þriggja hreyfla þotur eða eitthvað svoleiðis. Þetta er málefni sem þarf að líta á frá víðum sjónarhól.

Ég veit að það er ekki samkomulag í ríkisstjórninni um það að þessi umræddi varaflugvöllur verði reistur af NATO, en ég tel nú að það væri æskilegast því að við erum samstarfsaðilar að NATO og ég tel fullkomlega eðlilegt að við sinnum því samstarfi og vona að utanrrh., þó hann sé ekki hér í salnum, standi í stykkinu í þeim málaflokki. En ég vildi koma þessu á framfæri.

Ég vona að þessi umræða geti farið fram án einhverrar tilfinningasemi um það hvort flugvélar eru tveggja hreyfla eða fjögurra hreyfla eða hvort þær eiga að fara á 2,4 km braut eða 3 km braut. Þetta er spurning um að við stöndumst alþjóðasamkeppni í þjónustu við flugvélar og ætlum að hasla okkur völl á þeim vettvangi.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegur forseti. Ég er sammála hv. síðasta ræðumanni um það að flugsamgöngur eru og verða okkur Íslendingum mjög mikilvægar og ég tel einmitt að við eigum að endurskoða flugmálaáætlunina núna út frá því að líklega felur þróunin það í sér að við Íslendingar þurfum að setja okkur stærri markmið í þeim efnum en við höfum hingað til gert. Ég hef sérstaklega lagt fyrir að flugmálaáætlunin verði endurskoðuð, m.a. með það í huga að í hverjum landshluta og öllum mikilvægustu héruðum verði flugvellir sem geti boðið upp á beina flutninga fragtflugvéla eða samsöfnun á fragt í tengslum við beint fragtflug til útlanda. Það held ég að verði mjög mikilvægt á næstu árum í sambandi við að koma okkar framleiðsluvörum á markað.

Ég vil leggja á það áherslu að í þessu sambandi eru flugráð og Flugmálastjórn hinn faglegi aðili. Og ég fullvissa hv. þm. Stefán Guðmundsson um það að ég hef ekki áhuga á því að vinna að þessu máli á grundvelli „annarlegra sjónarmiða“ eins og hv. þm. orðaði það. (**StG:** Ég var ekki að tala til þín.) Ég vona ekki. Ég hef fyrst og fremst áhuga á því að láta vinna upp í mínar hendur greinargóðar upplýsingar og tillögur af færustu mönnum sem byggja á faglegu mati, faglegri þekkingu, og taka ákvarðanir í samræmi við það. Ég mun að öllu leyti styðjast við tillögur og meðmæli Flugmálastjórnar og flugráðs við mína stefnumörkun og ákvarðanatekt. Þær stangast ekki á í sjálfu sér, hv. þm., vegna þess að það er ekki

sanngjarnt að bera saman eldri og nýrri upplýsingar. Það hefur þegar farið fram gríðarlega mikil vinna í þessu efni núna á síðustu missirum og ítarleg skýrsla kom út um þetta mál á síðasta ári, sú langítarlegasta og viðamesta sem hingað til hefur verið unnin. Þar kemst flugráð, og þeir höfundar skýrslunnar, að hluta til að nýrri niðurstöðu sem byggir m.a. á ítarlegri úttekt og ítarlegri gögnum en nokkurn tíma áður hafa verið unnin upp um þessi mál. (**StG:** En landakortið er það sama.) Ja, þau eru nú misgóð landakortin, hins vegar er landafræðin kannski svipuð.

Varðandi það sem hv. þm. Kristinn Pétursson sagði um flug flugfélagsins Flying Tigers hingað, þá vil ég segja að það er ekki rétt að það mundi spara þeim einhverjar ómældar fjárhæðir ef hér væri 3000 m flugbraut, einfaldlega vegna þess að 2700 m löng flugbraut, eins og ég tel skynsamlegt að reikna með að verði á Egilsstöðum, er meira en nógu löng fyrir slíkar flugvélar til að lenda. Hér er ekki um öryggissjónarmið að ræða. Það skiptir hins vegar máli varðandi arðsemi eða notagildi flugvallarins upp á það til að gera hvort flugvélarnar geti fulllestaðar hafið sig á loft. Það er allt annar handleggur. Aðalatriðið frá öryggissjónarmiðinu er að þær geti lent og það geta þær á mun styttri flugbraut en þetta.

Það sem skiptir mestu máli að menn hafi í huga er að samkvæmt núverandi flugmálaáætlun okkar Íslendinga, sem í gildi er og verið er að framkvæma, eru að verða til í landinu margir varaflugvellir, ekki fáir, margir alþjóðlegir flugvellir, tugir alþjóðlegra flugvalla. Og það getum við, með því að ákvarða að þeir séu tollhafnir, endanlega stimplað. (**FrS:** Hve margir tugir?) Í bréfi frá flugmálastjóra, sem ég hef fengið með þessari skýrslu sem þingmenn fá í sín pósthólf innan tíðar, segir — og ég vil leyfa mér að vitna orðrétt í bréf flugmálastjóra. (Gripið fram í.) Ég legg til, virðulegur forseti, að þessi frammíköll verði dregin frá ræðutíma mínum. Það kemur sér vel að menn kalli fram í á meðan ég er að leita að þessu sem ég ætlaði að lesa upp fyrir hv. þm. úr bréfi frá Flugmálastjórn. Þar segir, með leyfi forseta:

„Nú er ljóst að öryggiskröfur í flugi kalla ekki á gerð sérstaks flugvallar umfram það sem ákveðið er í flugmálaáætlun heldur ráða þjóðarhagsmunir."

M.ö.o.: Vegna öryggisins þarf engar frekari framkvæmdir í þessum málum heldur en núverandi flugmálaáætlun gerir ráð fyrir. Það hef ég hér uppáskrifað og stimplað frá flugmálastjóra og Flugmálastjórn eftir ítarlega athugun á þessum málum. Hins vegar er það að mörgu leyti mjög æskilegt að við eignumst enn betri flugvelli, enn öflugri. Það er þannig með flugmenn að þeir segja gjarnan: Þeim mun lengri braut, þeim mun betra. Þeir segja það gjarnan. Þess vegna er það svo að ég tel eftir sem áður, þó að þess sé ekki þörf frá öryggissjónarmiðum, að við eigum að reikna með frekari framkvæmdum á Egilsstaðaflugvelli.

Varðandi tillöguna um varaflugvöll á Akureyri þá er það nú í fyrsta lagi þannig að Akureyrarflugvöllur er varaflugvöllur í dag. Þess vegna ber okkur að reyna að búa hann sem best út. Í öðru lagi er hann sá flugvöllur sem er langlengst kominn af innlendum flugvöllum, öðrum en í Reykjavík og Keflavík. Í þriðja lagi er hann orðinn best búinn tækjum. Í fjórða lagi er mest notkun á Akureyrarflugvelli, þar eru lengstar vaktir, þar eru menntaðir flugmálastjórar á vakt o.s.frv. Það er því mjög skynsamlegt að við búum hann betur út og látum hann þjóna þessu hlutverki, a.m.k. á meðan við bíðum eftir öðrum völlum eins og Egilsstaðaflugvelli. En innan kannski 10–12 ára munu flugstjórar, sem eru að koma upp að landinu, eins og ég sagði nú reyndar við fréttamann í gærkvöldi og þjóðin hefur e.t.v. horft á í sjónvarpinu, væntanlega ekki hafa bara um einn flugvöll að velja ef þeirra áætlunarflugvöllur lokast heldur tvo, þrjá, fjóra, jafnvel sex, sjö flugvelli og það er vissulega æskilegt og gott. Þetta er a.m.k. mín framtíðarsýn og ég tel að við eigum ekki að setja okkur markið lægra.

Ég vil nefna eitt í viðbót sem er ánægjuleg framþróun sem átt hefur sér stað á Akureyrarflugvelli og sannast þar enn það sem ég flutti um tillögu hér fyrir mörgum árum síðan að þar væru verulegir möguleikar til framþróunar. Þar var settur upp á sl. hausti nýr aðflugsradar sem Flugmálastjórn hefur núna prófað. Ég vil leyfa mér að lesa fáein orð úr þeirri niðurstöðu því þau eru ánægjuleg tíðindi sem ég held að eigi erindi til manna. Með leyfi forseta segir um bætt aðflug fyrir Akureyrarflugvöll:

„Þann 12. janúar 1989 fór Hörður Sveinsson til Akureyrar og flugprófaði ný aðflug sem miðuðu að því að koma flugvélum nær flugbrautarendanum og í lægri hæðir með aðstoð radars. [Þ.e. þessa nýja aðflugsradars sem þar var settur upp sl. haust.] Útkoman var góð og eru þarna líklega að opnast möguleikar fyrir bættu aðflugi bæði úr norðri og suðri." Síðan er farið ofan í það hversu lágmarksflughæðir ættu að lækka í framhaldi af þessum nýja tæknibúnaði o.s.frv. Þannig að bæði tæknin og þekkingin, ef við höfum nennu til þess að afla okkur hennar, vinna með okkur í þessu máli.

Flm. (Guðmundur H. Garðarsson):

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir orð eins hv. þm. hér áðan að menn skyldu tala af alvöru um þau mál sem hér eru til umræðu. Ég vil segja það fyrst, virðulegi forseti, að mér fannst eiginlega ekki við hæfi að hæstv. samgrh., Steingrímur J. Sigfússon, færi að bregða sér í það gervi alþýðubandalagsmanna sem mér finnst ekki hæfa honum. Það er þessi hrokafulla framkoma ef einhverjir leyfa sér að hafa skoðanir eða taka til máls öðruvísi en þeim líkar þessum nútíma alþýðubandalagsmönnum, þá er stokkið á menn með yfirlæti og hroka og ég vil segja dónaskap. Mér finnst það einhvern veginn ekki hæfa þessum ágæta manni. Ég veit að það voru mistök hjá honum hvernig hann hóf sitt mál áðan þegar hann fór að tala um það að taka menn í kennslustund og að menn þyrftu að lesa sitt fag eða sínar tillögur áður en þeir færu hér í ræðustól.

En það sem mér finnst eiginlega standa upp úr af

hans svari eða hugmyndum í þessu máli er það að raunverulega kom það fram hjá hæstv. ráðherra að það er ekki búið að ákveða endanlega af hálfu ráðuneytisins eða hæstv. ríkisstjórnar að koma hér upp því sem við köllum alþjóðaflugvelli umfram það sem við höfum í Keflavík sem fullnægir þeim framtíðarkröfum sem þessi þáltill. snýst um. Það getur vel verið að það sé hægt að fullyrða það, og ég dreg það ekki í efa, að miðað við fortíðina, miðað við þann flugvélakost sem Íslendingar hafa átt hingað til, þá sé hægt að notast við Akureyrarflugvöll, nú og Sauðárkrók eins og kom fram í ræðu hv. þm. Stefáns Guðmundssonar, og jafnvel aðra flugvelli. En gagnvart kröfum framtíðarinnar, gagnvart þeirri þróun er það óhrekjanleg staðreynd, hvað sem líður áliti flugráðs og flugmálastjóra, sem var nú afskaplega loðið eins og það var lesið upp hér áðan, þá fullnægja þessir flugvellir ekki þeim kröfum sem verða og eru gerðar þegar um er að ræða tveggja hreyfla þotur. Það getur vel verið að þessar litlu tveggja hreyfla þotur, eins og Arnarflug hefur t.d. notast við og önnur flugfélög eru að nota að vissu marki í flugi hér yfir Atlantshafið, geti notað þessa flugvelli. En hinar stærri, þ.e. þessar tveggja hreyfla þotur sem eru með mikið burðarþol, geta ekki lent nema á Keflavíkurflugvelli. Það er óhrekjanlegt. Ég óska þá eftir því — hæstv. ráðherra hristir höfuðið — ég óska eftir því að hann lesi yfir hv. þm. þær tölur sem staðfesta það að þetta sé röng fullyrðing hjá mér. Og þá óska ég eftir því að gerð sé grein fyrir því hvernig flugvellirnir eru útbúnir, undirstöðum, lengd, tækjum o.s.frv., í smáatriðum og það sé borið saman við þær kröfur sem gerðar eru í nágrannalöndum okkar. Við skulum tala um þetta eins og hlutirnir eru.

Halda hv. þm. að íslenskir flugmenn, sem eru þekktir fyrir það að vera alveg afbragðs flugmenn — það er staðreynd, það er viðurkennt á alþjóða vísu, hve íslenskir flugmenn séu frábærir flugmenn. Þeim er það mjög meðvitandi hvað öryggið er mikils virði og er það alveg sérstakt hvað íslenskum flugmönnum hefur tekist vel að fljúga í gegnum árin og slysatíðni er afskaplega lítil hjá íslenskum flugmönnum. — Halda hv. þm. að Félag íslenskra atvinnuflugmanna sé að senda frá sér greinargerðir, m.a. til flugráðs og hv. þm., þ.e. flm. þessarar till., ef það væri að ástæðulausu? Nei, staðreyndin er sú að þessir menn — sem koma til með að bera ábyrgð á öryggi farþeganna, á örygginu í fluginu í reynd, ekki við skrifborð, heldur mennirnir sem bera ábyrgð á staðnum, þ.e. þeir sem fljúga flugvélunum og bera ábyrgð á farþegunum — þeir senda frá sér greinargerð sem staðfestir það sem felst í þáltill. sem við höfum lagt hér fyrir, að það verður að ganga betur frá þessu gagnvart framtíðinni og það verður að koma hér annar varaflugvöllur eða réttara sagt alþjóðaflugvöllur sem er jafngildi eða ígildi varaflugvallar í þeirri merkingu sem við ræðum um þessi mál.

Ég vil, með leyfi forseta, endurtaka það sem segir í greinargerð öryggisnefndar Félags íslenskra atvinnuflugmanna og ég las upp hér áðan, þar sem segir um varaflugvöll fyrir flugtak:

„Ef Keflavíkurflugvöllur er lokaður fyrir lendingar vegna veðurs en opinn fyrir flugtak, er skylt að hafa tiltækan varaflugvöll innan ákveðinna fjarlægðarmarka sem ákvarðast af hreyflafjölda flugvélar. Þegar um er að ræða tveggja hreyfla flugvélar verður slíkur varaflugvöllur að vera á Íslandi vegna of mikillar fjarlægðar til annarra nothæfra flugvalla.

Öryggisnefnd FÍA styður eindregið þá hugmynd að bæði Akureyrarflugvöllur og hinn nýi Egilsstaðaflugvöllur gegni varaflugvallarhlutverkinu og geti tekið við öllum tegundum farþegaflugvéla, nýjum og eldri" — ég endurtek: „öllum tegundum farþegaflugvéla, nýjum og eldri og leggur öryggisnefnd FÍA þunga áherslu á að þeir verði vel úr garði gerðir til þess að sinna því hlutverki á öllum árstímum. Þar er efst á blaði frá sjónarmiði flugöryggis næg lengd flugbrauta, öryggissvæði við flugbrautir, tækjabúnaður til snjóhreinsunar, slökkvi- og björgunarbúnaður og að sjálfsögðu aðflutningstækjabúnaður eftir því sem við á."

Nú sagði hæstv. samgrh. rétt áðan, og las upp úr bréfi frá einhverjum ágætum starfsmanni, ég náði því ekki nægilega vel til að skrifa það niður, að hann teldi líklegt að Akureyrarflugvöllur fullnægði þeim kröfum sem hér um ræðir. Það vill svo til að þeir flugmenn, sem ræddu við mig um þetta, bentu alveg sérstaklega á það að ef það ætti að nota Akureyrarflugvöll fyrir þotur almennt, líka eldri þoturnar, þá þyrfti skýjahæð að vera 1500 fet og skyggni hið minnsta 5 km. Á Sauðárkróki nægja 600 fet og 3,2 km. Ég tek það fram að ég er enginn sérfræðingur á sviði flugmála, en ég kann nú bara þessar einföldu staðreyndir, þessi einföldu atriði sem menn verða að hafa í huga þegar þeir fjalla um þessi mál. Egilsstaðir, eins og það er núna, þar er það 1000 feta skýjahæð og 4 km skyggni, en þar er hægt að koma því með réttum tækjabúnaði niður í 600 feta skýjahæð og þar með ákveðna styttingu á skyggninu úr 4 km niður í tölu sem ég hef ekki handbæra. Ég vil aðeins vekja athygli á því, hæstv. samgrh., að svona á að ræða þessa hluti, en ekki eins og hæstv. ráðherra hóf sína ræðu áðan. Það sæmir honum persónulega ekki og ég ætla ekki að endurtaka það sem ég sagði um það orð sem komið er á alþýðubandalagsmenn í því sambandi.

Ég styðst hér mjög við álit flugmanna vegna þess að íslenskir flugmenn eru þeir menn sem ég tek mest mark á í því mati sem hér er um að ræða, fyrir utan auðvitað þá sérfræðinga sem eru sérfróðir um tæki og annan útbúnað.

Mér kemur það dálítið spánskt fyrir sjónir að jafnvel ráðherra úr röðum alþýðubandalagsmanna skuli aldrei hafa minnst á flugmenn í þeirri umfjöllun sinni um þessi mál hér á Alþingi. Hann talar mest um flugráð og Flugmálastjórn. (**Landbrh.**: Það eru margir góðir flugmenn þar.) Það er auðvitað nauðsynlegt og gott, en við skulum ekki síður hafa það í

huga hvað þeir menn segja sem eru í starfinu sjálfir. Þetta á alveg eins við þegar við erum að ræða um útgerð og fiskiðnað, þá hlustum við auðvitað og tökum mikið mark á sjómönnum, skipstjórnarmönnum o.s.frv. Það eru mennirnir sem eru úti á vígvellinum, ef ég mætti orða það þannig.

Ég ætla, virðulegi forseti, ekki að lengja þessa umræðu. Ég vildi aðeins fá að koma þessum atriðum að. En ég mótmæli því að hæstv. samgrh. ræði þessi mál á grundvelli fortíðarinnar þegar hann talar um varaflugvelli. Hæstv. ráðherra getur búið til fullt af varaflugvöllum miðað við fortíðina, en það sem við flm. þessarar þáltill. erum að gera er að við erum að tala um framtíðina og við erum að krefjast þess að Íslendingar, sem og aðrir sem fljúga yfir Norður-Atlantshafið á þessum nýju þotum, fái það öryggi í samgöngumálum af hálfu Íslendinga í sambandi við lendingarskilyrðin. Það er lágmarkskrafa að Íslendingar mæti þessari þörf, bæði vegna sjálfra sín og annarra.

Svo er annað atriði sem menn vildu kannski gera tiltölulega lítið úr en sem auðvitað tengist þessu, því að við eigum að ræða þessi mál bæði út frá sjónarmiði öryggis, sem er númer eitt, og einnig notagildis. Það er skylda okkar ef þau tækifæri skapast sem geta aukið notagildi viðkomandi mannvirkja. Með því að koma upp góðum alþjóðaflugvelli á Egilsstöðum, þá mundi hann hafa alveg gífurlega mikið notagildi, ekki aðeins fyrir þá sem búa á Austfjörðum heldur fyrir íslensku þjóðina alla. Ég er ekki í nokkrum vafa um það að á Austfjörðum eru einhver mestu og bestu atvinnutækifæri sem til eru á Íslandi og það mesta og besta tækifæri sem við Íslendingar getum fengið til að byggja upp það sem ég vil nefna þriðja svæðið á Íslandi í uppbyggingu framtíðarinnar það er á Austurlandi. Við höfum þegar byggt upp mikið athafnasvæði hér á suðvesturhorninu. Ég kalla það fyrsta svæði. Annað svæðið er Norðurland, Eyjafjörður og þar í kring og Norðurland yfirleitt allt. En þriðja svæðið sem Íslendingar eiga eftir að byggja enn frekar upp eru Austfirðir og í því tilliti er alþjóðaflugvöllur mjög mikilvægur því það skapar ný og önnur tækifæri sem ég mun ekki víkja að nú í þessari ræðu heldur síðar á þessu þingi.

Varðandi það atriði að lokum, forseti, um lengd brautarinnar, þá hefur hæstv. samgrh. klifað á því að 2700 m braut væri nægileg. Ég vil segja að það það er að ýmsu leyti rétt. Hún er það sem ég mundi segja nothæf, en við verstu skilyrði er það á mörkunum þegar maður hefur í huga þessar stóru tveggja hreyfla breiðþotur sem munu fljúga yfir Atlantshaf í nánustu framtíð. Það hefði helst þurft að byggja upp 3000 m braut á Egilsstöðum. Við það hefði notagildi flugvallarins aukist gífurlega þessu landsvæði sérstaklega til góða.

Um það að Íslendingar eigi að gera þetta sjálfir, það þarf náttúrlega ekki að ræða það. Það er svo sjálfsagður hlutur að við Íslendingar gerum það sjálfir sem að okkur snýr. En við skulum ekki blekkja sjálfa okkur og aðra og halda því fram að komi til hernaðarátaka í Norður-Atlantshafi, þá breyti það miklu um það hvernig slík mannvirki tengjast slíkum átökum hvort brautirnar eru 2400 m, 2700 m eða 3000 m. Ég segi því miður er nútímahernaður með þeim hætti að þá er ekkert spurt um lengd flugbrauta eða hvort flugbrautin hafi verið byggð árið 1989 eða 1990.

Friðrik Sophusson:

Ég ætla ekki, virðulegur forseti, að flytja langa ræðu um það mál sem hér er á dagskrá, enda þekki ég það ekki nægilega vel til þess að fjalla um það eins og aðrir hv. þm. hafa gert í umræðunum hér í dag. Enn fremur veit ég að það liggur á að koma öðrum málum að, ekki síst því máli sem beðið er eftir, en það er tilkynning hæstv. ríkisstjórnar sem er á dagskrá sem síðasta mál.

Ég hjó hins vegar eftir því, virðulegur forseti, þegar hæstv. ráðherra var hér í ræðustól að hann sagði að í framtíðinni — og ég skil það svo að hann sé þá að tala um þá framtíð sem hann sér fyrir sem ráðamaður í þessum efnum — þá verði hér tugir — hann orðaði það svo — tugir varaflugvalla á landinu. Alþjóðlegir varaflugvellir.

Nú er það svo að eitt er að ræða um stofnkostnað þessara flugvalla og hitt er að ræða um rekstrarkostnað þeirra. Á viðurkenndum varaflugvöllum verður að halda uppi vöktum, það þarf að vera til staðar slökkvilið og ýmiss konar annar aðbúnaður. Mig langar til þess að spyrja hæstv. ráðherra að því hvort hann hafi, ef við tökum t.d. fæsta tugina svo að talað sé um tugi í fleirtölu, og gerum ráð fyrir að það verði ekki nema 20 varaflugvellir þannig að það séu aðeins tveir tugir sem hæstv. ráðherra sér fyrir, látið reikna út stofnkostnaðinn í fyrsta lagi og í öðru lagi rekstrarkostnað slíkra flugvalla og á hann skrá yfir þetta? Því að ég hygg að hæstv. ráðherra komi ekki hér í ræðustól og tali um að hann sjái fyrir sér í náinni framtíð a.m.k. 20 nothæfa varaflugvelli nema hann hafi gert sér grein fyrir því hver kostnaðurinn er — nema kostnaðurinn skipti ekki nokkru máli. En manni hefur nú skilist á félaga hans, hæstv. fjmrh., að það þurfi að fara sparlega með fé ríkisins á næstunni.

Þetta vildi ég, virðulegur forseti, fá frekari upplýsingar um. Það getur vel verið að hæstv. ráðherra hafi ekki tekið þessar upplýsingar með sér, þær liggi á borðum hans í samgrn., og ég ætla ekki að gera þá kröfu að hann segi nákvæmlega frá því hér hvaða 20 flugvellir þetta séu sem verði varaflugvellir á næstunni né heldur að hann geti rakið nákvæmlega í einstökum atriðum rekstrarkostnaðinn og stofnkostnaðinn. En við fyrsta hentuga tækifæri þætti mér vænt um að hæstv. ráðherra legði slíka skrá hér fram þannig að maður áttaði sig betur á kostnaðinum varðandi þetta mál.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegi forseti. Það hefur orðið einhver smávægilegur misskilningur á því sem ég sagði. Til þess að verða nú ekki sakaður eða vændur hér um áfram-

haldandi hroka skal ég reyna að útskýra það af eins miklu lítillæti og mér er framast kostur. Það sem ég var að segja var þetta:

Samkvæmt hinni nýju flugmálaáætlun okkar verða allir þeir flugvellir sem hún tekur til byggðir upp í samræmi við staðla eða tilmæli Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Í þeim skilningi getum við þegar uppbyggingu þeirra lýkur kallað þá alþjóðlega flugvelli. Þeir fullnægja þessum alþjóðlegu tilmælum og mega þess vegna flokkast, hver í sínum stærðarflokki, sem alþjóðlegir flugvellir af þessari stærð. Síðan getum við gefið þeim formlegan status til viðbótar með því að gera þá að tollhöfnum. Þar með öðlast þeir aukið mikilvægi sem millilandaflugvellir og svo fer það sem sagt eftir stærðarflokkun þeirra og útbúnaði hverjir þeirra verða teknir upp í alþjóðlegar handbækur til leiðbeiningar fyrir flug sem fer hér yfir landið. Eins og stendur eru það einir sex flugvellir, sem ég taldi hér upp áðan, sem eru þegar og hafa verið um árabil skráðir í alþjóðlegar bækur þó að þeir fullnægi því miður ekki enn þá að öllu leyti tilmælum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Þá er þetta vonandi skýrt.

Varaflugvöllur er svo í raun og veru íslenskt hugtak að mestu leyti sem ég veit ekki hvort við eigum að hætta okkur lengra út í að ræða hér við þennan takmarkaða tíma.

Ég vil líka leiðrétta það eða upplýsa það svo að hv. þm. og fyrrum verkalýðsleiðtogi, Guðmundur H. Garðarsson, viti af því að ég hef haft mikið samband við íslenska flugmenn út af þessum málum. Einhverjir þeir fyrstu sem komu á minn fund voru einmitt félagsmenn úr Félagi íslenskra atvinnuflugmanna. Síðar fékk ég til viðbótar öryggisnefnd Félags íslenskra atvinnuflugmanna og ég hef lagt sérstaklega til grundvallar í minni stefnumörkun álit og tillögur Félags íslenskra atvinnuflugmanna og öryggisnefndar þeirra samtaka vegna þess að það eru auðvitað þeir menn sem þekkja á sjálfum sér aðstæður í þessum efnum.

Ég vil svo líka benda á það að innan flugráðs eru margir flugmenn og flugráð og Flugmálastjórn eru hinir faglegu aðilar þessa máls sem ég ber fullt traust til og legg fram með glöðu geði og í fullu trausti þær tillögur og þær niðurstöður sem ég fæ frá þeim aðilum.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Mér þótti vænt um þessa síðustu ræðu hæstv. samgrh. því hann gerði nú ekki annað en tala um alþjóðaflugvelli og staðla í þeim efnum og ætti þá vonandi að vera öllum fullkomlega ljóst að sú tillaga sem við Guðmundur H. Garðarsson höfum hér flutt hefur að formi til allt það sem til þarf til þess að rísa undir nafni.

Út frá því sem fram kom í fyrri ræðu hæstv. samgrh. langar mig hins vegar aðeins að vekja athygli á orðum hans um nauðsyn þess að endurskoða núverandi flugmálaáætlun. Þetta er annað framkvæmdaárið og regluleg endurskoðun ætti að fara fram á næsta ári. (**Samgrh.:** Nei, á þessu ári. Í árslok þessa árs.) Það er hins vegar alveg hárrétt sem hann segir hér frá að hún er miðuð við að ná fullnægjandi árangri í byggingu þeirra flugvalla sem hún nær til sem eru allir helstu flugvellir landsins. Og það er alveg stórkostlegur árangur ef það næst fram eins og að er stefnt í þeim efnum. Það mikilvægasta kannski við þá áætlun er að hún byggir á mörkuðum tekjustofnum. Og guði sé lof fyrir það að peningarnir til þeirra verkefna ganga ekki nema rétt að forminu í gegnum ríkissjóð, þá væru þeir t.d. ekki til staðar nú í ár. Þar af leiðandi er staða þess máls — ef okkur ber gæfa til að fylgja þeirri áætlun, það verða eflaust margir samgönguráðherrar búnir að koma og fara á því 10 ára tímabili, að fylgja þeim ákvörðunum sem eru í þessari 10 ára áætlun. Ég minni á það alveg sérstaklega að við gerð þessarar áætlunar, sem var alveg sérstaklega vel unnin, ekki einungis tæknilega, heldur líka pólitískt og m.a.s. hafði þáv. samgrh. þann hátt á að velja alþýðubandalagsmann í þá nefnd sem það verk vann. Ég vil því hafa nokkur varnaðarorð í frammi þegar menn eru hér með stórar yfirlýsingar um endurskoðun á þeirri áætlun. Umfram allt ber að leggja áherslu á að standa við hana, en að öðru leyti er hún það vel unnin að hún er fullnægjandi sem slík miðað við þau áform sem þar eru lögð til grundvallar.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Það er óhjákvæmilegt við þessar umræður að vekja athygli á því að þau fádæmi gerðust í gærkvöldi í sjónvarpinu að hæstv. samgrh. lýsti því yfir að varaflugvöllur í Aðaldal væri ekki á borðinu í samgrn., væri ekki í myndinni. Ástæðan fyrir þessu er að sjálfsögðu sú að vegna fordóma Alþb. almennt og sérstaklega fordóma þessa hæstv. ráðherra, Steingríms J. Sigfússonar, er Alþb. nú með öllum ráðum að reyna að koma í veg fyrir það að hagkvæmniathugun geti farið fram á því á kostnað mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins hvar hagkvæmast sé að varaflugvöllur sé lagður hér á landi.

Ég tel, hæstv. forseti, óhjákvæmilegt vegna þeirra umræðna sem um þetta hafa fallið utan þingsins og vegna þess sérstaklega sem hæstv. utanrrh. hefur sagt um þessi mál að umræðunni sé frestað og hann sé kvaddur hingað til þess að hann geti gert grein fyrir sinni skoðun á málinu og vil óska eftir því að hæstv. utanrrh. sé kallaður til á fundinn og að hlé sé gert á umræðunni nú af þeim sökum. (**Forseti:** Það mun verða reynt að ná í utanrrh. Hann er á leiðinni hingað er mér kunnugt um. En ég vil mælast til þess að hv. þm. haldi máli sínu áfram þar til ráðherra kemur.) Það er guðvelkomið og er mér ljúft að verða við því.

Ég vil taka það fram að þessi ódæmi sem lýstu sér í ummælum hæstv. samgrh. í sjónvarpinu í gærkvöldi hafa að sjálfsögðu valdið því að ég hef tekið málið upp með sérstakri fsp. hér í þinginu sem er að sjálfsögðu óhjákvæmilegt og gerir ráð fyrir því að hæstv. samgrh. muni svara því sérstaklega hvaða mál hann hafi uppi á borðinu hjá sér og hver ekki og væri

kannski forvitnilegt að fá að vita svo um ýmsa aðra ráðherra, hvernig þeir haga sínum vinnubrögðum að þessu leyti. En kjarni málsins er að sjálfsögðu sá að okkur Íslendingum yrði mikill hagur að því ef hér gæti risið myndarlegur varaflugvöllur. Ég skal á þessari stundu ekkert um það fullyrða hvort hann yrði endilega í Aðaldalnum. Það eru ekki mín orð. Það sem verið er að tala um er eingöngu það að hagkvæmniathugun fari fram á því hvar slíkur varaflugvöllur skuli vera. Ég vil í því sambandi minna sérstaklega á að Danir leggja nú mikið kapp á það að ná þessum varaflugvelli til Grænlands. En það má vera að það sé kannski í léttu rúmi hjá þeim alþýðubandalagsmönnun hvernig okkar hagsmunum sé að þessu leyti sinnt, enda þekkjum við það og vitum að samúð þeirra alþýðubandalagsmanna eftir að þeir skiptu um nafn hefur ekki fremur verið með lýðræðisþjóðum í sambandi við öryggismálin. Samúð þeirra hefur ekki verið með þeim frjálsu þjóðum hér í Vestur-Evrópu sem við viljum standa með, fremur en þegar þeir hétu Sameiningarflokkur alþýðu, Sósíalistaflokkurinn eða þegar þeir hétu Kommúnistaflokkur Íslands. Það má segja að strengurinn sé sá sami og maður getur fikrað sig aftur í tímann eftir honum hvort sem maður lítur til hæstv. menntmrh. eða hæstv. forseta þessarar deildar. Þingmenn þekkja hinar óbilgjörnu skoðanir sem báðir þessir fulltrúar Alþb. hafa í utanríkis- og öryggismálum og þá fyrirlitningu sem oft hefur komið fram í þeirra orðræðum fyrir því að dyggilega sé staðinn vörður um öryggi hinna vestrænu þjóða. En einmitt styrkur Atlantshafsbandalagsins og samheldni hinna frjálsu þjóða hefur valdið því að e.t.v. getum við horft fram á það fyrr en við ætluðum að afvopnun takist og friðvænlegt geti kallast í heiminum. Má vera að við lifum það og auðvitað er það vegna samstöðu hinna frjálsu þjóða, þeirra þjóða sem virða almenn mannréttindi.

Þessi afstaða hæstv. samgrh., þ.e. sú að hann á erfitt með að sætta sig við varnarbandalag hinna lýðfrjálsu þjóða og getur ekki tileinkað sér þau grundvallarsjónarmið sem liggja að baki frelsisbaráttu vestrænna þjóða, veldur því að hann getur ekki sinnt þeirri sjálfsögðu embættisskyldu sinni sem ráðherra að bregðast vel við þegar mannvirkjasjóður Atlantshafsbandalagsins býðst til þess að kosta hagkvæmniathugun á því hvar varaflugvöllur skuli vera hér á landi, varaflugvöllur þar sem engir hermenn verða við vinnu eða standa á verði, varaflugvöllur þar sem eingöngu Íslendingar munu starfa, varaflugvöllur sem verður opinn allan sólarhringinn og mun að sjálfsögðu, ef svo skyldi fara að hann yrði staðsettur í Aðaldal, vera mikil lyftistöng fyrir þessar byggðir við Eyjafjörð og Skjálfanda þar sem ríflega tíundi hluti þjóðarinnar býr. Þarf auðvitað ekki að fara mörgum orðum um að ef þingmenn Norðurl. e. bera hagsmuni byggðarlaganna fyrir norðan fyrir brjósti og þess fólks sem þar býr hljóta þeir að standa saman um það sem einn maður að þessi byggðarlög geti færst nær umheiminum, ekki aðeins af þægindaástæðum heldur líka af markaðsástæðum nú þegar okkur dreymir t.d. um að efla fiskeldi í Öxarfirði. Þegar okkur dreymir um að nýta hinar gjöfulu auðlindir hafsins norðan- og norðaustanlands er auðvitað mjög þýðingarmikið að slíkur flugvöllur rísi í þessum héruðum og þjónustu verði haldið uppi allan sólarhringinn. Ég vænti þess að hæstv. samgrh. sjái að sér og muni taka þetta mál upp með öðrum hætti þegar hann hefur áttað sig.

Til allrar hamingju stendur nú svo á að hæstv. forsrh. er staddur hér í sameinuðu þingi og ég vil af þeim ástæðum beina þeirri fyrirspurn til hans hvort það sé með hans samþykki sem hæstv. samgrh. hefur hafnað því einhliða að hagkvæmniathugun á varaflugvelli hér á landi verði kostuð af mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins. Hefur slík samþykkt verið gerð í ríkisstjórn Íslands? Ef svo er, er það þá samhljóða álit hæstv. ríkisstjórnar? Hefur hæstv. utanrrh. samþykkt það sem kom fram í ummælum hæstv. samgrh. að því verði hafnað að mannvirkjasjóðurinn kosti slíka hagkvæmniathugun eða er samkomulag um það innan ríkisstjórnarinnar að hver ráðherra skuli tala um þetta rétt eins og honum sýnist eftir því hvar hann er staddur? Um þetta er auðvitað nauðsynlegt að fá skýrar upplýsingar.

Ég vil minna hæstv. forseta á að ég er að reyna að verða við hans beiðni um að tala þangað til hæstv. utanrrh. kemur hingað í salinn. Ef hæstv. forseti vill hins vegar losa mig undan þeirri kvöð er ég mjög þakklátur og skal rýma ræðustólinn.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Í dag hefur farið fram umræða um till. til þingsályktunar um flugvöll á Egilsstöðum. Undir þeirri umræðu hefur hv. 2. þm. Norðurl. e. verið í salnum mestallan tímann. Hann veit þess vegna að hæstv. samgrh. hefur þegar talað tvisvar og auk þess gert örstutta athugasemd og getur ekki talað oftar í þessari umræðu. Þá kemur hv. 2. þm. Norðurl. e. upp í ræðustól, veður að hæstv. samgrh. með svívirðingum, dylgjum og útúrsnúningi á ótrúlega ósmekklegan hátt þar sem hann ber m.a. fyrir sig heildarhagsmuni þess kjördæmis sem hæstv. samgrh. er auk þess kosinn til þings í.

Ég satt að segja hélt að þeir menn sem hafa verið á þingi um hríð hefðu a.m.k. lært að sýna mönnum þá tillitssemi að vaða ekki fram með þessum hætti. Þegar hv. 2. þm. Norðurl. e. veit það líka að hæstv. samgrh. er fullfær um að svara fyrir sig við eðlilegar aðstæður þegar kostur er á að ræða mál með venjulegum hætti. Ég tel þetta ósmekklegt og tel hv. 2. þm. Norðurl. e. mann að minni fyrir vinnubrögð af þessu tagi. Vænti ég þess að við þurfum ekki að kynnast slíku hér á komandi vikum og mánuðum.

Í annað stað, varðandi málið sjálft, vil ég segja þetta: Það var athyglisvert að heyra ræðuhöld hv. 2. þm. Norðurl. e. um þá áherslu sem hann leggur einhliða á Aðaldal í þessu sambandi. Hafnar hann því þá að Akureyrarflugvöllur verði útbúinn sem varaflugvöllur? Er hann á móti því? Er hann á móti

Egilsstöðum í þessu sambandi? Sér hann engan annan möguleika en Aðaldal í þessu efni? Og úr því að hann er að veitast að hæstv. samgrh. út af Aðaldalsflugvelli er kannski rétt að benda á að hæstv. forsrh. og fyrrv. utanrrh. lýsti því yfir fyrir ekki alllöngu að varaflugvöllur yrði ekki í Aðaldal. Hér er því auðvitað ekki um nein ný tíðindi að ræða í þessu efni. Hins vegar hafa hæstv. núv. og fyrrv. samgrh. lýst því yfir að um myndugan héraðsflugvöll eigi að vera að ræða. En hvað er hér á bak við hjá hv. 2. þm. Norðurl. e., hvað er hér á bak við? Það er það að reyna að fá þjóðina til að trúa því að ameríkaninn vilji gefa varaflugvöll og að Íslendingar séu ekki menn til þess að byggja og kosta varaflugvöll. Að þjóðin sé svo smá og efnahagslega illa á sig komin að hún geti ekki komið hér upp venjulegum varaflugvelli sem þó kostar ekki nema á bilinu 100 og 200 millj. kr. til viðbótar við það sem þegar er gert ráð fyrir. Sá varaflugvöllur fyrir hernað sem menn hafa verið að tala um er allt annað mannvirki og hafa menn verið að nefna 10–15 milljarða kr. í þeim efnum. Og ég spyr: Er hv. 2. þm. Norðurl. e. að kalla slíkar hremmingar yfir Aðaldal? Vill hann kalla slíkar hremmingar yfir Aðaldal og nánasta umhverfi Aðaldals og Suður-Þingeyjarsýslu? Vill hv. 2. þm. Norðurl. e. virkilega fórna þessu umhverfi fyrir herflugvöll upp á 10–15 milljarða kr.? Nei, ég er viss um að hann vill það ekki. Hann fer hins vegar hér offari og reynir á furðu ósmekklegan hátt að koma höggi á hæstv. samgrh. Ég mótmæli vinnubrögðum af þessu tagi, jafnvel þó þau komi frá þingmönnum stjórnarandstöðunnar.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Það er dæmigert fyrir málflutning alþýðubandalagsmanna að geta ekki sagt satt orð þegar kemur að þessum málaflokki. Ég hafði beðið um orðið áður en hv. 1. þm. Reykv. tók til máls en hæstv. samgrh. tróð sér inn fram fyrir þingmenn eins og ráðherrar hafa heimild til og tók til máls áður en kom að minni ræðu. Það er því ekki við mig að sakast þótt ráðherrar hafi þann háttinn á að leyfa þingmönnum ekki að komast að áður en þeir troða sér upp á milli þeirra. Við það getum við ekki ráðið en á hinn bóginn getur forseti þingsins, ef honum sýnist svo, auðvitað reynt að hafa áhrif á það. Ég vil af þessu gefna tilefni biðja hæstv. forseta að leyfa hæstv. samgrh. að bera af sér sakir, skárra væri það, mér finnst nauðsynlegt að hann megi koma hér upp og bera af sér sakir. Annars var það ekki ég sem hóf þennan leik. Hæstv. samgrh. hóf þennan leik í sjónvarpinu í gærkvöldi þar sem hann talaði með mikilli fyrirlitningu um það baráttumál margra manna í hans kjördæmi að varaflugvöllur kæmi í Aðaldal. Hitt kemur mér að sjálfsögðu ekki á óvart, hæstv. menntmrh., þótt hann reyni að mikla það fyrir þjóðinni og sjálfum sér. Hvenær sem kemur að því að við tölum um að hægt sé að halda öryggi landsins í heiðri og að hægt sé að vinna að því að Atlantshafsbandalagið sé hér með sínar stöðvar til eftirlits með hafinu í kringum okkur, þá reynir þessi hæstv. ráðherra með margvíslegum hætti að draga úr þessari miklu nauðsyn þótt fáum mönnum sé það jafnkunnugt og honum hvernig ástandið er þar fyrir austan eftir ítrekaðar ferðir hans austur fyrir járntjald á kostnað þeirra þrautpíndu þjóða sem þar eru. Skal ég ekki nota tækifærið nú til þess að þylja upp gistivini þeirra alþýðubandalagsmanna austur þar né heldur sérstaka gistivini Framsfl., ég man ekki hvort það er í Rúmeníu eða Búlgaríu, skiptir kannski ekki máli.

Hitt vil ég aðeins segja og legg áherslu á að þetta er ekki aðeins áhugamál Sjálfstfl. eða sjálfstæðismanna heldur hefur mér skilist að það sé líka áhugaefni hæstv. utanrrh. að þessi hagkvæmniathugun á varaflugvelli hér á landi fari fram á kostnað mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins. Nú hefur hæstv. menntmrh. svarað fyrir forsrh. Forsrh. er hér í hliðarsal og má vel heyra mín orð. Forsrh. sat við hlið hæstv. menntmrh. þegar hann svaraði fyrir hans hönd og svar menntmrh. var á þá lund að hæstv. forsrh. hefði snúist á sveif með samgrh. gegn utanrrh. og að það væri sameiginleg skoðun hæstv. forsrh. og hæstv. samgrh. að utanrrh. skyldi að engu hafður í þessu máli og að vilji hans, sem stendur til þess að hagkvæmniathugunin verði kostuð af mannvirkjasjóðnum, skuli að engu hafður. Það er líka athyglisvert að hæstv. viðskrh. gengur úr salnum þegar kemur að þessum þætti og stæði honum þó vissulega skylda til að taka upp hanskann fyrir hæstv. utanrrh til þess að við fengjum að heyra hans sjónarmið, hvernig hann túlkar ummæli utanrrh. í þessu máli. Ég sé á hinn bóginn að þingmaður Alþfl. í Norðurl. e. er í salnum og væri fróðlegt að heyra hvað hann hefur um það að segja að hagkvæmniathugun skuli fara fram á því hvar best sé að varaflugvöllur muni vera og að slík hagkvæmniathugun yrði kostuð af Atlantshafsbandalaginu. Hitt eru ekki annað en orðaleppar að tala um herflugvöll í þessu sambandi þegar eingöngu er rætt um varaflugvöll þar sem enginn hermaður verður staðsettur og enginn hermaður vinnur. Þarna munu eingöngu fara fram venjuleg störf flugumferðarstjóra og annars þess öryggisgæsluliðs sem hvarvetna er á varaflugvöllum. Það er öldungis misskilningur hjá hæstv. samgrh. og öðrum þeim sem tala um varaflugvelli að hægt sé að dreifa þeim hringinn í kringum landið eins og spilapeningum á kort. Auðvitað kostar rekstur varaflugvallar mikið, þar þarf að halda uppi sólarhringsgæslu og þar eru miklar kröfur til hvers eins, sem ég hef auðvitað ekki tæknilega þekkingu á.

Ég vil aðeins minna á að í þessu máli er kominn fram enn einn ágreiningurinn hjá þessari ríkisstjórn. Þessi ágreiningur leiðir til þess, eins og raunar allir þeir ágreiningar sem koma dag eftir dag, mörgum sinnum á dag, að íslenskir hagsmunir verða að víkja fyrir þessari ógæfusömu stjórn sem hæstv. forsrh. tókst að koma saman af því einu að hvorki Alþfl. né Alþb. þorðu að leggja til kosninga á sl. hausti. Af þeim sökum tókst hæstv. forsrh. að teyma þá á eftir sér inn í Stjórnarráðið þó að honum hafi ekki tekist á

þeim tíma sem síðan er liðinn að kalla þá til samstarfs um neitt það í efnahags- eða atvinnumálum sem horfa megi þjóðinni til heilla. Ég vil þess vegna segja að það var mikið ógæfuspor stigið þegar þessi ríkisstjórn var mynduð. Við erum ekki búnir að sjá fyrir endann á því enn hvað af því muni leiða en við munum samt eftir því að helmingurinn af eigin fé fyrirtækja í sjávarútvegi var étinn upp á næstliðnu ári. Við höfum tekið eftir því að þrátt fyrir verðstöðvun svo mánuðum skiptir, verðstöðvun að kalla því auðvitað hafa vörur hækkað í kjölfar nýju skattanna og í kjölfar gengislækkananna, þá er fjármagnskostnaður óhæfilega hár og ekki hefur tekist að ná raunvöxtunum niður þrátt fyrir það að lífskjörunum sé haldið niðri og almenningur í landinu megi ekki halda þeim kaupmætti sem hann hafði samið um og vonir stóðu til.

Hæstv. forseti. Ég vil ítreka ósk mína og skírskota til þess sem hæstv. forseti sagði hér áðan á þessum fundi þegar hann bað mig að tala þangað til utanrrh. gengi í salinn. Ég vil ítreka beiðni mína um að þessum fundi verði frestað þar til hæstv. utanrrh. hefur komið hingað og svarað þeim óbilgjörnu fullyrðingum hæstv. menntmrh. að skoðanir utanrrh. séu að engu hafðar í ríkisstjórninni. Ég óska eftir að þessi frestun á fundinum megi verða því að ég á satt að segja ekki von á að hæstv. forsrh. geri tilraun til þess að bera blak af sínum utanrrh. Ég geri heldur ekki ráð fyrir því að hæstv. viðskrh. sjái ástæðu til þess að skýra afstöðu flokksformanns síns né heldur að hv. 3. þm. Norðurl. e. sjái ástæðu til að taka til máls eins og allt er í pottinn búið.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 2. þm. Norðurl. e. fyrir þessa málefnalegu ræðu og það hversu víða hann kom við í henni varðandi samgöngumál, flugmál, öryggismál þjóðarinnar, efnahagsmál. Hann vék einnig m.a. á ótrúlega stuttum tíma að eiginfjárstöðu fyrirtækjanna í landinu og benti á það réttilega að í tíð ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar brann upp helmingur af eigin fé fyrirtækjanna. Það er því auðvitað ástæða til þess að þakka hv. þm. fyrir það lið sem hann veitir núv. ríkisstjórn ævinlega þegar honum tekst best upp í ræðustól.

Það kom hins vegar fram í hans ræðu, sem er raunar kjarni málsins af hálfu fáeinna talsmanna Sjálfstfl., að þeir telja í raun og veru að aðalatriðið sé að ná Atlantshafsbandalaginu inn í þessa mynd. Það sé aðalatriðið að tengja þetta hernaðarhugsuninni. Mikið minna mál sé í raun og veru það sem snýr að okkur sjálfum, aðalatriðið er ef það mætti takast að flækja okkur inn í hernaðarnetið um leið og tekin yrði ákvörðun um varaflugvöll. Þetta er náttúrlega mjög athyglisvert því að á sama tíma og þjóðir heimsins eru að afvopnast standa menn hér í ræðustól, að ég segi ekki gráir fyrir járnum, tæta hár sitt og skegg og segja: herflugvöll, herflugvöll, jafnvel þó að það kosti það að fórna þurfi einhverjum mestu náttúruperlum þessa lands í þágu hugsjónarinnar um aukinn vígbúnað. Ég hygg að jafnvel í Bandaríkjaþingi séu ekki til jafnharðir haukar og sumir þeir sem hér birtast í ræðustól af og til.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umræðu með 32 shlj. atkv. og til fjvn. með 32:1 atkv.

Um þingsköp.

Vísun mála til nefnda.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja að þannig stendur á með nefndir þingsins að ekki er samræmi milli nefnda í deildum og nefnda í Sþ. Af framangreindri ástæðu er starfandi nefnd í Sþ., allshn., sem hefur það hlutverk að taka við þeim málum sem vísað væri til ýmissa nefnda í deildum og í þessu tilfelli til samgn. Þær framkvæmdir sem nú standa yfir á Austfjörðum, á Egilsstaðaflugvelli, fóru á sínum tíma í gegnum allshn. Sþ. Þar voru þær ræddar og þar voru þær afgreiddar til þingsins. Ég tel ákaflega bagalegt ef málefni hoppa á milli nefnda á þann hátt, sem er að aukast mjög í þinginu, eftir tillögum flm. sem þá gjarnan ákveða að kjósa sér nefndir eftir geðþótta. Fjvn. sem slík hefur út af fyrir sig alveg ákveðin verkefni til að vinna að í þinginu. Auðvitað er hægt að taka sig til og leggja niður aðrar nefndir og vísa málum bara til fjvn. En ég tel að það sé nánast nauðsynlegt að forseti kynni sér nokkuð vel hvaða meginreglur hafa verið í gildi um vísun mála til nefnda, en láti ekki ávallt flm. komast upp með það að kjósa sér nefndir ef svo mætti komast að orði.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Í lögum um þingsköp, 15. gr., segir svo:

„Fjvn. fjallar um frv. til fjárlaga og fjáraukalaga og þingsályktunartillögur sem til hennar kann að vera vísað og fara fram á útgjöld úr ríkissjóði."

Hér var óskað eftir að till. sem hér var nú afgreidd yrði vísað til fjvn. og forseta er ógerningur að sjá að ekki hafi verið farið að samkvæmt lögum um þingsköp.

Launakostnaður við mötuneyti framhaldsskólanna, fyrri umr.

Þáltill. DS o.fl., 101. mál. — Þskj. 104.

Flm. (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. á þskj. 104 um launakostnað við mötuneyti framhaldsskólanna. Meðflutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Málmfríður Sigurðardóttir, Margrét Frímannsdóttir

og Ingi Björn Albertsson. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera nauðsynlegar ráðstafanir í því skyni að launakostnaður starfsfólks í mötuneytum framhaldsskólanna verði greiddur úr ríkissjóði."

Með stofnun fjölmargra nýrra framhaldsskóla um allt land á undanförnum árum hafa aðstæður til náms batnað til muna. Þó er það enn svo að nokkuð vantar á að möguleikar fólks til náms eftir búsetu og efnahag séu jafnir og almennur aðbúnaður nemenda á hinum ýmsu stöðum er afar mismunandi. Það er viðurkennt að hollir lifnaðarhættir eru ein af undirstöðum daglegrar vellíðunar, góðrar heilsu og þar með árangurs í starfi. Það er ekki síður mikilvægt fyrir nemendur en annað vinnandi fólk að geta neytt matar á vinnustað sínum og þeir sem sækja skóla langt að eiga ekki annarra kosta völ hvernig svo sem aðstæður kunna að vera í viðkomandi skólum. Það hefur færst mjög í vöxt á seinni tímum að starfandi fólk neyti hádegismatar á vinnustað. Mötuneyti fullorðinna og þar á meðal mötuneyti kennara beina einkanlega athygli að mismunun gagnvart skólabörnum að þessu leyti, þ.e. börn og unglingar geta ekki gengið að hádegismat í skólunum meðan fullorðnir geta það og innan skólanna ganga kennarar inn í mötuneyti þar sem þeir greiða einungis hráefniskostnað. Fram til þessa hefur hins vegar sá háttur verið hafður á þar sem mötuneyti eru fyrir hendi að nemendur sjálfir hafa borið launakostnað þeirra vegna.

Á þessu skólaári er ætlað að launakostnaðurinn einn nemi um 30–40% af fæðiskostnaði nemenda. Ef miðað er við verðlag nú fyrir jólin má ætla að hver nemandi þurfi að greiða a.m.k., það er lágmarksupphæð, 110 þús. kr. fyrir veturinn í fullu fæði. Allir hljóta að sjá hversu þungur baggi þetta er á þeim heimilum sem senda þurfa börn sín í heimavist og víst er að fyrir marga er hann svo þungur að unglingar eiga þess vart kost að afla sér framhaldsmenntunar, ekki síst þar sem fleiri börn eru á sama heimilinu. Hér er því um mikið hagsmunamál ungs fólks og foreldra að ræða, ekki síst þeirra sem búa í dreifbýlinu, en síbreytilegar og æ flóknari aðstæður í þjóðfélagi okkar krefjast þess að fólk verður í sífellt ríkara mæli að auka við menntun sína að grunnskólaprófi loknu.

Ég lít því á það sem eina af skyldum samfélagsins að gera fólki slíkt kleift án tillits til búsetu og efnahags. Till. er endurflutt, ég gleymdi reyndar að geta þess hér í upphafi máls míns, og var flutt hér á þinginu í fyrra, en hugmyndin með flutningi hennar var að stíga eitt örlítið skref í þá áttina að jafna aðstöðu fólks til náms. Ég vil láta þess getið nú að frá því að þessi till. okkar flm. sem ég nefndi áðan kom fram hefur verið lagt fram stjfrv. um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði. Það er 175. mál þingsins og er það nú til umfjöllunar í menntmn. Ed. Það nær reyndar til fleiri þátta, en samkvæmt 2. gr. þess mun ætlunin að greiða ferðastyrki, húsnæðisstyrki og sérstaka styrki til nemenda úr dreifbýli auk þess sem frv. gerir ráð fyrir að launakostnaður við mötuneyti verði einnig greiddur.

Það er von mín að frv. þetta nái fram að ganga hið allra fyrsta þannig að nemendur njóti þeirrar jöfnunar sem þar um ræðir strax í upphafi næsta skólaárs, eins og frv. reyndar gerir ráð fyrir.

Ég bendi hins vegar á að þrátt fyrir og þó að þetta verði að lögum er enn langt í land með að aðbúnaður nemenda á framhaldsskólastiginu sé viðunandi. Vil ég þá sérstaklega benda á skort á húsnæði og þau afarkjör sem fólk hér á landi má sæta á almennum húsnæðismarkaði. Við flesta nýju skólana sem stofnaðir hafa verið utan höfuðborgarsvæðisins hafa verið byggðar heimavistir. Engin þeirra annar eftirspurn nemenda eftir húsnæði og mötuneytisaðstaða er afar mismunandi.

Alvarlegast er ástandið í húsnæðismálunum á höfuðborgarsvæðinu. Þar voru utanbæjarnemendur um 3000 skólaárið 1986–1987 og hér er varla hægt að tala um að mötuneytisaðstaða sé fyrir hendi í skólunum. Það er reyndar í einum skóla a.m.k. til fyrirmyndar, í Iðnskólanum í Reykjavík, en við fæsta skólana er mötuneyti þannig að nemendur verða að grípa til annarra ráða og fara þar af leiðandi því miður í sjoppuna.

Í Reykjavík og í nágrenni borgarinnar eru allmargir sérskólar sem ekki er grundvöllur fyrir að hafa á fleiri stöðum og það er mikill munur á úrvali námsbrauta eftir því hvar fólk býr á landinu. Skólaárið 1985–1986 voru 105 mismunandi námsbrautir framhaldsskólastigsins í Reykjavíkurumdæmi. Í umdæmi Norðurl. e. voru námsbrautir næstflestar eða 70, en í Vestfjarðaumdæmi gátu nemendur aðeins valið sér nám á 15 námsbrautum. Sem dæmi um sérskóla hér á höfuðborgarsvæðinu sem ekki er grundvöllur fyrir að hafa á fámennari stöðum má nefna listaskóla af ýmsu tagi, og iðnnám af ýmsu tagi er ekki hægt að stunda nema í Reykjavík. Nefni ég þar sem dæmi hárgreiðslu og bifreiðasmíði. Þrátt fyrir fjölgun skóla og námsbrauta úti á landsbyggðinni er því augljóst að stór hópur skólafólks utan af landi, úr þorpum og bæjum landsins og úr dreifbýlinu, þarf á ári hverju að stunda nám utan sinnar heimabyggðar. Þessi ungmenni verða flest að yfirgefa fjölskyldur sínar og heimabyggð stærstan hluta ársins frá 16 ára aldri. Ég vil reyndar líka geta þess, af því að ég minntist á ástandið hér á höfuðborgarsvæðinu áðan, þ.e. að hér voru árið 1985–1986 um 3000 nemendur með lögheimili utan Reykjavíkurumdæmis, að hér er einungis pláss í heimavist fyrir 36 nemendur Sjómannaskólans í Reykjavík, þannig að það segir sína sögu um þann húsnæðisvanda sem hlýtur að vera fyrir hendi og allir vita að hvergi er húsaleigan svo himinhá sem hér á Reykjavíkursvæðinu. Það er ekki einungis það að nemendur þurfi á ári hverju að leita sér að nýju að húsnæði, örfáir eru svo heppnir að geta dvalist hjá ættingjum, en það getur reynst mörgum unglingnum erfitt að leigja einn úti í bæ og mikil hætta er á félagslegri einangrun. Einnig er algengt að fæði þessara nemenda sé algjörlega ófullnægjandi og því var till. upphaflega flutt til þess að reyna að bæta úr því. En eins og ég minntist á áðan í máli mínu hefur nú þegar verið lagt fram frv. til laga

um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði og fagna ég því að þessi hugmynd skyldi vera ein af þeim sem teknar voru upp í það frv. Þær koma fram í 3. gr. frv. og ég sé því ekki ástæðu til, að svo stöddu, að lengja mál mitt eða fjalla ítarlega um þetta en vil minna á till. til þál. sem hér var flutt í fyrra fyrir frumkvæði hv. þingkonu Kristínar Halldórsdóttur um könnun á launavinnu framhaldsskólanema því að það kom í ljós við skyndikannanir í nokkrum skólum í fyrra að allt upp í 70% nemenda unnu með náminu og það er vafalaust stór hópur þeirra sem einmitt verður að vinna með til þess að geta haft í sig og á. Ekki veit ég hins vegar hvað líður framkvæmd þeirrar tillögu. Það væri kannski forvitnilegt að heyra um það þar sem hæstv. menntmrh. er staddur hér nú.

Ég minni einnig á frv. til laga sem flutt hefur verið í Ed. um mál þessu skylt, þar sem við þingkonur Kvennalistans höfum flutt frv. í Ed. um samfelldan skóladag og skólamáltíðir barna á grunnskólastigi. Þessi till. er, eins og ég minntist á áðan, flutt hér öðru sinni og ég geri mér vonir um, þar sem hún er inni í umræddu frv. til laga um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði, að hún sé þar með í höfn, en að lokinni þessari umræðu vil ég mælast til þess, virðulegi forseti, að till. verði vísað til félmn. og síðari umræðu.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vildi aðeins í örfáum orðum lýsa stuðningi mínum við meginmarkmið till. sem hér er til umræðu og ég vil einnig taka undir þau sjónarmið sem koma fram í grg. með till. Ég hef svo oft lýst þeirri skoðun minni að ég hef aldrei getað skilið það að á sama tíma og það þykir sjálfsagt að kennurum sé tryggð aðstaða eða mötuneyti í skólum eru nemendur settir út í kuldann. Ég hef oft bent á að kannski væri sú leið fær, ef ekki er hægt að tryggja báðum aðilum, starfsmönnum skóla og nemendum, slíka aðstöðu, að hafa endaskipti á hlutunum og láta nemendurna fara í mötuneyti kennaranna.

Ég lýsi sem sagt stuðningi mínum við till. sem hér er flutt.

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegur forseti. Hv. 1. flm. till. minnti í máli sínu hér áðan á tillögu sem Alþingi samþykkti á sl. vori um könnun á vinnu nemenda í framhaldsskólum og spurði hvað liði framkvæmd þeirrar tillögu. Því miður var hæstv. menntmrh. upptekinn við samtöl hér úti í salnum og hefur væntanlega ekki heyrt spurninguna. Ég hafði hugsað mér að bera hana fram á þingskjali en úr því að tilefni gafst væri ágætt að fá svör menntmrh. við því hvað líði framkvæmd þessarar tillögu um könnun á launaðri vinnu framhaldsskólanema.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég biðst afsökunar á því að þessi ábending eða fsp. fór fram hjá mér, en svarið er þetta: Könnunin er í gangi. Hún er langt komin eða vel á veg komin og niðurstöður hennar liggja fyrir áður en mjög langur tími líður, trúi ég.

Ég vil þakka fyrir þær umræður sem fram hafa farið um þetta mál, segja það hins vegar þingmönnum til ábendingar að það er alvarlegt umhugsunarefni fyrir okkur hvernig það rímar annars vegar að vera þeirrar skoðunar að ríkið eigi að standa undir þessum kostnaði, sem er út af fyrir sig ekki óeðlilegt sjónarmið, og hins vegar það að hafa komist að þeirri niðurstöðu að þessi kostnaður eigi allur að greiðast af sveitarfélögunum, og spyrja sig svo kannski í framhaldinu þeirrar spurningar: Hvernig ætli þessum mötuneytismálum yrði háttað þegar sveitarfélögin væru komin með málið yfir á sínar herðar? Ég er satt að segja ekki viss um að það sé nægilega tryggt og ég held að við þurfum að sjá því máli farborða um leið og afgreitt yrði frv. til laga um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Þó að þetta atriði snerti grunnskólann, þá skiptir það líka miklu máli í sambandi við framhaldsskólann og þá almennu stefnumótun varðandi samfelldan skóladag sem við erum hér einnig að tala um.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til félmn. með 34 shlj. atkv.

Bætt samkeppnisstaða innlends skipaiðnaðar, frh. fyrri umr.

Þáltill. StG, 37. mál. — Þskj. 39.

Friðrik Sophusson:

Hér er til umræðu till. til þál. á þskj. 39 sem er 37. mál þingsins, sem flutt var á síðasta þingi og er nú endurflutt. Ég hygg að ástæða þess að þessi tillaga var flutt á sínum tíma hafi verið svar sem ég gaf þá sem iðnrh. en í því svari komu fram upplýsingar um innflutning og endurbætur á skipum.

Ástæðan fyrir því, virðulegur forseti, að ég kem hér í ræðustól nú er að í umræðum um þetta mál, sem hafa farið fram nokkrum sinnum með slitróttum hætti allt frá því snemma í haust, tók til máls hæstv. iðnrh. og svaraði fyrirspurnum sem til hans var beint. Ein þeirra var á þá leið hvort hv. alþm. yrði send skýrsla sú sem unnið hefur verið að á vegum breska ráðgjafarfyrirtækisins Appledore, en sú skýrsla átti að vera tilbúin í desember sl. Þá átti verkefnastjórn þessa verkefnis eftir að leysa sitt verk, en til stóð að það yrði unnið þá á næstu mánuðum og ef ég man rétt, a.m.k. punktaði ég það niður undir ræðu hæstv. ráðherra, var ætlunin að þeirri skýrslu yrði dreift hér á Alþingi í janúar. Nú langar mig til þess, virðulegur forseti, að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann telji að janúar sé kominn og farinn í fyrsta lagi og í öðru lagi þá, ef hann telur að svo sé, hvort þessari skýrslu hafi

verið dreift. Það hefur a.m.k. farið fram hjá mér. Ef henni hefur hins vegar ekki verið dreift, þá er mín spurning sú hvort það standi til og þá hvenær. Ég skal geta þess í leiðinni, virðulegur forseti, að ekki var minnst á neitt ártal þegar sagt var í janúar, en ég gerði ráð fyrir því að átt væri við árið 1989.

Hitt er svo annað mál að í ræðu hæstv. forsrh., sem kölluð var tilkynning um efnahagsmál ef ég man rétt, kom fram að þessi skýrsla og úrvinnsla úr henni væri helsta iðnaðarmál þessarar hæstv. ríkisstjórnar. Ég þarf ekki, virðulegur forseti, að endurtaka ræðu mína sem ég flutti um þetta mál fyrr í umræðunni. Þar gerði ég mjög ítarlega grein fyrir málinu eins og það kemur mér fyrir sjónir og benti á að þetta mál er öðru fremur málefni annars vegar sjútvrn. og hins vegar viðskrn. En nú vill svo vel til að sami maður gegnir bæði störfum iðnrh. og viðskrh.

Ég vil leyfa mér, virðulegur forseti, að óska eftir því á þessu stigi umræðunnar að hæstv. ráðherra svari þessari fyrirspurn sem ég hef beint til hans.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Það er hárrétt munað hjá hv. 1. þm. Reykv. að ég nefndi mánuðinn janúar þegar ég tímasetti það hvenær við því væri búist að skýrslan bærist frá fyrirtækinu Appledore sem hv. þm. meðan hann var iðnrh. fékk til þess að vinna ásamt öðrum að mati á stöðu íslensks skipaiðnaðar, verkefnum fram undan og hvaða leiðir væru best til þess fallnar að auka hagkvæmni í þessum rekstri og veita íslenskum fiskiskipaeigendum góða þjónustu hér á landi, ekki síst hvað varðar viðgerðir. Því miður, eins og verða vill með skýrslugerðir, hefur skýrslan enn ekki borist. Þess vegna hefur henni heldur ekki verið dreift hér í þinginu þótt mánuðurinn janúar sé liðinn eins og hið glögga tímaskyn þingmannsins leiddi hann til þess að trúa. Það er alveg hárrétt. Ég mun dreifa skýrslunni svo skjótt sem hún er aðgengileg og gera þá grein fyrir því í þinginu skriflega sem þar eru helstu atriðin.

Ég talaði hér í umræðunni fyrr, sem að vísu er nokkuð langt um liðið, um efni þeirrar þáltill. sem hér liggur fyrir hv. Alþingi og ætla ekki að orðlengja um það, en vildi eingöngu segja það að ég legg þar mesta áherslu á að veita innlendum skipasmíðaiðnaði jafna aðstöðu hvað varðar útvegun fjármagns vegna meiri háttar endurbóta á skipum. Nú sjást þó merki þess að hlutur innlendra skipasmiðja í viðgerðum sé að aukast að nýju. Það kemur mjög glöggt fram í athugun sem gerð hefur verið á því máli. Að vísu er það rétt að vegna breyttra aðstæðna í sjávarútvegi verða minni verkefni bæði til nýsmíða og meiri háttar endurbóta hjá íslenska fiskiskipaflotanum á árinu 1989 heldur en var á undanförnum árum, en það er mjög greinilegt að hlutur innlendu stöðvanna fer vaxandi í þessu og ég mun fyrir mitt leyti gera það sem ég get til þess að sú þróun haldi áfram og að íslensku stöðvarnar fái sem flest verkefni, enda hefur í ljós komið að sum þau verk sem unnin voru erlendis reyndust þurfa úrbóta við eftir að heim var komið.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Þegar rætt var um ráðstafanir í ríkisfjármálum og hið sérstaka lántökugjald sem lagt var á erlend lán sem tekin yrðu vegna meiri háttar viðgerða eða endurbóta á skipum og það var lögfest að 6% lántökugjald yrði lagt á slík lán lýstu þeir því yfir, bæði hæstv. viðskrh. og hæstv. fjmrh., að þeir mundu gera ráðstafanir til þess að þetta lántökugjald félli niður. Nú finnst mér fara vel á því undir þessum dagskrárlið að fá svar við því frá hæstv. iðnrh. hvort hann hyggist nú leggja fyrir þingið frv. til laga um breytingar á lögum til þess að hægt sé að fella niður lántökugjaldið, en það verður ekki gert með öðrum hætti. Eftir að Alþingi hefur fellt það með atkvæðagreiðslu að fella niður lántökugjald af lánum til slíkra verkefna er að sjálfsögðu óheimilt að fella það niður nema með því að atbeini Alþingis komi til. Ég veit um hinn ólýsanlega áhuga hæstv. iðnrh. á því að skipasmíðaiðnaðurinn megi ganga vel. Og eins og fram kom í ræðu hæstv. forsrh. þegar hann talaði fyrir hinni svokölluðu efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar lagði hann einmitt ríka áherslu á það að fyrrv. iðnrh. hefði beitt sér fyrir því að erlendur maður gerði úttekt á skipasmíðaiðnaðinum, sem hæstv. forsrh. var mjög stoltur af, þannig að ég veit að í ríkisstjórninni stendur allur vilji til þess að við þessu megi verða.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Örstutt athugasemd í tilefni af því sem fram kom hjá hv. 2. þm. Norðurl. e. Ég mun gera um það tillögu að af lánum, sem tekin eru til að endurlána innlendum skipasmíðastöðvum vegna meiri háttar endurbóta á fiskiskipum, sem ég tel vera í þágu sjávarútvegsins og til að tryggja samkeppnisstöðu innlendra skipasmíðastöðva, verði felldur niður lántökuskatturinn með tilvísun til 4. tölul. 3. mgr. 19. gr. laganna um ríkisfjármál og lánsfjármál eins og þeim var breytt á þinginu 22. des. sl.

Meira ætla ég ekki að segja um þetta að sinni, en mun undirbúa málið á þann hátt sem ég hef nú lýst.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Hæstv. iðnrh. hafði talað tvisvar, þegar hann tók nú til máls varðandi þessa þáltill., þori ég að ábyrgjast.

Ég vil aðeins taka það fram að hæstv. iðnrh. ætlar einungis að standa við hluta af því sem hann og hæstv. forsrh. lofuðu í Ed., og er auðvitað nauðsynlegt að orðtaka það til þess að athuga hvor man betur, en þar var fsp. mín til hæstv. fjmrh. og hæstv. iðnrh. skýr. Hún var um það hvort lán vegna meiri háttar viðgerða og endurbóta yrðu undanþegin lántökugjaldinu. Hæstv. iðnrh. tókst að fá ýmsa stjórnarþingmenn til þess að greiða atkvæði með frv. í Ed. einungis gegn því að gefa þetta loforð. Sömuleiðis var hæstv. fjmrh. knúinn til þess að gefa loforðið.

Nú væri auðvitað fróðlegt, og skal ég taka upp annars staðar en hér í ræðustól nú, ég skal taka það upp annars staðar, en það verður auðvitað fróðlegt að kynna sér það hvaða sjónarmið einstakir stjórnar-

þingmenn hafa til þessa máls, hvort þeir eru sammála hæstv. iðnrh. um að það sé nægjanlegt að miða þetta við meiri háttar endurbætur. Þar að auki væri náttúrlega fróðlegt að fá um það sérstaka álitsgerð, hæstv. ríkisstjórn er alltaf að fá álitsgerð frá lögfræðingum, hvort þeir telji heimilt eftir að Alþingi hefur fellt í atkvæðagreiðslu tillögu þess efnis að lántökugjald falli niður af lánum vegna þessara verkefna, hvort ráðherrarnir geta hagað sér þannig að þeir láti sína stuðningsmenn fella brtt. þess efnis í þinginu, kúski þá til þess í nafnakalli og svo koma þeir eins og fínir menn hingað í sameinað Alþingi og segja: Nú ætla ég að gera tillögu um það að fella þetta niður og vera fíni og góði maðurinn. Þó að Alþingi hafi ekki viljað samþykkja það að ekki skuli leggja lántökugjald á verkefni sem unnin eru í skipasmíðastöðvunum og Alþingi hafi fellt tillögu um það, þá ætla ég að vera fíni maðurinn og ég ætla að gera þetta sem Alþingi vildi ekki gera. Eru þetta einhverjir mannasiðir? Eru þetta rétt vinnubrögð? Telur hæstv. ráðherra sig hafa heimild til þess uppi í Stjórnarráði að framkvæma eftirgjöf á opinberum gjöldum, gjaldtöku til ríkisins sem meiri hluti Alþingis hefur fellt hér í atkvæðagreiðslu? (Forseti hringir.) Ef svo er, ef hæstv. ráðherra telur sig hafa heimild til að gera slíka hluti, hversu vítt og breitt telur ráðherrann sig þá geta farið? (Forseti hringir.) Hversu vítt og breitt og hvaða máli skiptir þá yfirleitt handauppréttting á Alþingi eða nafnakall ef ráðherrann getur valsað svona um að eigin geðþótta um lagasafnið eins og við hérna skiptum engu máli? (Forseti hringir.) Ég held að hæstv. forseti ætti að reyna að slá svolítið — ekki til, ekki vil ég segja það, en tuska svolítið til hæstv. ráðherra heldur en áminna þingmenn þegar þeir eru að reyna að halda uppi virðingu þingsins.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka að fá þetta tækifæri til að gera h[illegar] örstutta athugasemd. Hv. 2. þm. Norðurl. e. geisa[ði] mjög um það að ráðherrar færu fram úr vilja þing[sins] í þessu máli. Þetta er fráleit skoðun eins og glöggt má sjá af því að lesa tilvitnaðan 4. tölul. 3. mgr. 19. gr. laganna um ríkisfjármál og lánsfjármál, eins og þau voru samþykkt í þinginu, þá er heimilt að fella lántökuskattinn niður, hafi ríkisstjórnin samþykkt sérstakar ráðstafanir í þágu sjávarútvegsins. Það sem á skortir er einfaldlega ríkisstjórnarákvörðun í málinu og það er rétt hjá hv. þm. að það er alls ekki í mínu valdi að fella niður skatta sem þingið á leggur. Það þarf til atbeina þeirra sem um þetta fjalla í Stjórnarráðinu og fleiri, þ.e. fjmrh., og reyndar ríkisstjórnarinnar allrar eins og þetta mál er vaxið því að það varðar fleira en eitt ráðuneyti, en heimildin er á lögbókinni og það er fráleitt af hv. 2. þm. Norðurl. e. að halda því fram að þetta sé að koma aftan að ákvörðun þingsins því að þessi skilningur, þessi ásetningur lá hér fyrir áður en umrædd lög voru samþykkt og reyndar í fyrri hluta þessarar umræðu um skipaiðnaðinn sem sennilega hefur verið rofinn tvívegis en er nú vonandi loksins að ljúka.

Flm. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu, enda finnst mér málið náttúrlega mikilsvert en það er búið að vera langt. Það er búið að vera hér til umræðu, ef svo mætti segja, í þinginu ég man ekki hvað marga mánuði og því held ég að það sé orðið tímabært að ljúka því hér í sölum Alþingis og koma því til nefndar.

Ég verð að segja það að ég fagna yfirlýsingu hæstv. iðnrh. sem hann gaf hér áðan, þar sem hann hét því að jafna aðstöðu íslensks skipaiðnaðar gagnvart erlendum þannig að íslenskar skipaiðnaðarstöðvar búi við sambærilega stöðu og erlendar og að íslenskir útvegsmenn njóti sömu fyrirgreiðslu með skipaiðnaðarverk séu þau unnin hér heima sem erlendis væru. Það er megintilgangur minn með flutningi þessarar tillögu og undir það hefur hæstv. iðnrh. tekið.

Virðulegi forseti. Ég ætlaði satt að segja að gera það að tillögu minni án þess að spyrja forseta að því hvort það væri ekki rétt meðferð að vísa málinu til atvmn. Leyfist mér ekki að gera tillögu um það?

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til atvmn. með 36 shlj. atkv.

EFRI DEILD

53. fundur, föstudaginn 10. febr., kl. 1 miðdegis.

Verðlag, samkeppnishömlur og óréttmætir viðskiptahættir, 1. umr.

Stjfrv., 243. mál (verðlagsráð, skýrslur og verðlagning á orku). — Þskj. 448.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 56 frá 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti. Frv. er þáttur í þeim ráðstöfunum sem ríkisstjórnin hefur kunngjört um umþóttun í verðlagsmálum nú þegar tímabundinni verðstöðvun lýkur. Það er mikilvægt að beita árvökulu verðlagseftirliti á þessum umþóttunartíma til þess að styrkja markaðsstöðu neytenda, en það er einmitt tilgangur verðlagseftirlitsins við nútíma viðskiptaskilyrði að styrkja stöðu neytenda á markaðinum sé á þá hallað og bæta upplýsingar um verð og verðbreytingar.

Verðstöðvunin, sem sett var á á grundvelli ákvæða í verðlagslögum í lok ágúst á síðasta ári og framlengd í lok september til 28. þ.m., hefur tekist vonum framar eins og sjá má af því að síðustu þrjá mánuði ársins sem leið hækkaði verðlag á mælikvarða framfærsluvísitölu aðeins um 0,7% sem svarar til innan við 2½% árshraða

verðbólgunnar. Þennan árangur af verðstöðvuninni má án efa rekja til þess að því var lýst yfir strax í upphafi að um tímabundna ráðstöfun væri að ræða á grundvelli gildandi laga. Þetta er reyndar í fyrsta sinn sem verðstöðvunarákvæðum verðlagslaganna frá 1978 er beitt á þennan hátt og verður ekki annað séð en að það hafi tekist vel. En að mínu áliti er það forsenda árangurs að slík íhlutun sé einungis tímabundin og sé þáttur í víðtækum efnahagsráðstöfunum eins og reyndar segir í 7. gr. verðlagslaganna sem er lagagrundvöllur þessarar verðstöðvunar. Það er fyrir því löng reynsla að varanleg verðstöðvun skilar litlum sem engum árangri og getur reyndar snúist í andhverfu sína eins og mörg dæmi eru um í okkar verðlagssögu, að á tímum þar sem verðstöðvun og hart verðlagseftirlit var í gildi árum, jafnvel áratugum saman komst verðbólgan í himinhæðir svo óþolandi var.

Eins og nú stendur á er nauðsynlegt að nokkur umþóttun verði í kjölfar verðstöðvunar en um leið að komið verði í veg fyrir að sprengihækkun verði á verðlagi í greinum þar sem markaðsstaða neytenda er veik, þar sem markaðsráðandi fyrirtæki eða einokunarfyrirtæki geta ráðið lögum og lofum þegar litið er til skamms tíma. Þetta er tilgangur þessa frv. en í leiðinni er svo bætt við brtt. sem til eru komnar vegna þess að oft hefur reynst erfitt að ná saman löglegum fundum í Verðlagsráði með skömmum fyrirvara og ákvæðum sem ég tel mjög mikilvæg, að herða á upplýsingaskyldu þeirra sem verðlagseftirlitið tekur til.

Í 1. gr. frv., svo að ég snúi mér nú að einstökum atriðum þess, er lagt til að heimilt verði að skipa tvo varamenn fyrir hvern af þeim aðalmönnum sem skipaðir eru samkvæmt tilnefningu ýmissa samtaka ef þess er óskað. Taka þá varamenn sæti í ráðinu í þeirri röð. Hér er auðvitað ekki um veigamikla breytingu að ræða og tillagan er eingöngu gerð vegna ítrekaðra tilmæla forustumanna þessara tilnefningaraðila, einkum þó Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins en eins og kunnugt er hafa þessi samböndoft mikil umsvif, standa í langvinnum samningum og eiga einatt erfitt með að mæta á fundi Verðlagsráðs með skömmum fyrirvara, en oft kann að vera nauðsynlegt að kalla það saman án þess að mikill fyrirvari sé á slíku fundarboði.

Í 2. gr. frv. er nokkurt nýmæli en þar er hert á eftirrekstri með því að Verðlagsstofnun fái þær skýrslur og gögn sem hún óskar eftir og sem nauðsynlegt er að fá til þess að hún geti rækt sitt hlutverk. Það eru ákvæði um dagsektir sem nú eru í lögum. Þau hafa reynst heldur lítilvirk og ekki skilað þeim árangri sem Verðlagsstofnun leitar eftir. Hér er lagt til að dagsektaákvæði falli niður en vanræksla á skilum og upplýsingum varði sömu viðurlögum og önnur brot á verðlagslögunum sem gerir þar með vanefndir við upplýsingaskylduna jafnsetta brotum á sjálfum verðlagslögunum, efnislega.

Í 3. gr. frv. er svo lagt til, og það er kannski það sem helst er þörf á að ræða, að verðlagning orkuvinnslufyrirtækja og dreifiveitna falli undir ákvæði verðlagslaga tímabundið, um sex mánaða skeið, eftir að verðstöðvun lýkur. Orkufyrirtækin eru einokunarfyrirtæki í mjög ríkum mæli og mikilvægt að þau lúti hinum almennu verðlagsreglum sem settar eru nú á þessum umþóttunartíma í kjölfar verðstöðvunar. Það er rétt að fyrirtækin lúta pólitískum stjórnum sem eru valdar af sveitarstjórnum og í sumum tilfellum af ríkinu. Þótt þetta sé svo er við því hætt að hver og ein slík stjórn hafi ekki þá yfirsýn sem verðlagsyfirvöldum er ætlað að hafa. Vegna gengisbreytinga og hækkana á kostnaði þurfa orkufyrirtækin mörg hver að fá hækkun á sínum gjaldskrám, en það er mikilvægt að þeirri hækkun verði haldið við hóf eins og frekast er kostur, eins og nú stendur á, og í því sambandi er nauðsynlegt að huga að þeim forsendum sem liggja til grundvallar fjárhagsáætlunum þeirra fyrir þetta ár. Það má segja að hér sé um tilraun að ræða að fela Verðlagsráðinu og Verðlagsstofnun að fjalla um verðlagningu innlendra orkufyrirtækja í stað þess að fjalla um verðlagsmálin í iðnrn. Ég tel mikilvægt að þessi tilraun verði gerð því að tilsjón iðnrn. með orkuverði hjá dreifiveitum og öðrum orkufyrirtækjum er fyrst og fremst hugsuð til þess að tryggja að verðlagið sé nóg til að standa undir kostnaði til að tryggja þessa mikilvægu þjónustu. Hins vegar er það líka nauðsynlegt við þær aðstæður sem nú ríkja, með alla kjarasamninga lausa og margar verðákvarðanir óráðnar, að sjónarmið fulltrúa atvinnulífsins sem aðild eiga að Verðlagsráðinu og oft og einatt hafa kvartað undan því að opinber fyrirtæki eins og orkufyrirtæki hafi sjálftöku um sínar gjaldskrár fái þá að koma fram á þessum almenna verðlagsvettvangi, þ.e. að fulltrúar atvinnuvega og verkalýðssamtaka geti látið koma fram þau sjónarmið sem þeir vilja hafa í frammi þegar þessar verðákvarðanir eru teknar, en á undanförnum árum er það ekki síst gagnrýni frá þeim, þ.e. fulltrúum atvinnuveganna og verkalýðssamtakanna, á það sem þeir hafa viljað kalla sjálfteknar hækkanir hjá opinberum fyrirtækjum eins og orkufyrirtækjum sem oft hafa valdið vanda við gerð kjarasamninga, til þess að vekja traust með mönnum á því að sama gangi yfir alla, að eitt gangi yfir alla í verðlagsmálum. Þess vegna er þessi tilraun gerð með orkufyrirtækin og ég vona að þarna fái þá að mætast þessi sjónarmið sem ég hef lýst í mínu máli í örfáum orðum.

Um gjaldskrá fyrir aðra opinbera þjónustu er það að segja að hún er yfirleitt niðurgreidd af ríki eða sveitarsjóðum og er því erfitt fyrir verðlagsyfirvöldin að taka afstöðu til verðs á henni og varla á þeirra færi að gera það þannig að aukinn halli myndist hjá viðkomandi sveitarstjórn eða stjórnvaldi. Hins vegar hefur ríkisstjórnin ákveðið, með tilliti til þess hversu mikilvægt það er að vekja mönnum traust á því að verðlag æði nú ekki upp hér í kjölfar verðstöðvunar, að taka upp viðræður við sveitarstjórnirnar um að þær haldi hækkun þjónustugjalda við hóf eins og mögulegt er nú á þessum óvissutímum og að þetta samráð fari fram sem fyrst.

Í samþykkt ríkisstjórnarinnar frá því á mánudag sem fjallaði um umþóttun í kjölfar verðstöðvunar var Verðlagsráði og Verðlagsstofnun sérstaklega falið að fylgjast með verðákvörðunum einokunar- og markaðsráðandi fyrirtækja. Jafnframt var þeim falið að fylgjast náið með verðlagsþróun í einstökum greinum og beita tímabundið ýtrustu heimildum verðlagslaga ef verðlagshækkanir verða umfram það sem brýn kostnaðartilefni og afkoma fyrirtækjanna gefa tilefni til. Þetta er enn byggt á því meginsjónarmiði, sem ég lýsti í upphafi minnar ræðu, að það sé hlutverk Verðlagsstofnunar og Verðlagsráðs að styrkja stöðu neytenda á markaðnum, sérstaklega þar sem á þá er hallað og þar sem einokunarfyrirtæki eða markaðsráðandi fyrirtæki eru alls ráðandi og geta sett mönnum verð til skamms tíma án tillits til þess hvernig aðstæður eru að öðru leyti.

En í þeim ákvæðum sem ég hér vitna til felst það að verði verðlagsyfirvöld vör við hækkun sem ekki virðist unnt að rökstyðja með kostnaðarhækkun eða mjög erfiðri stöðu fyrirtækjanna og ekki tekst samkomulag um að stöðva slíka hækkun verður ákvæðum 8. gr. verðlagslaganna beitt eftir því sem við á, en í henni segir m.a. og ég vitna til hennar, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú er samkeppni takmörkuð að mati verðlagsráðs á sviði þar sem verðlagning er ekki undir verðlagsákvæðum, eða samkeppni er ekki nægileg til að tryggja sanngjarnt verðlag eða horfur eru á ósanngjarnri þróun verðlags og álagningar, og getur þá ráðið ákveðið" hámarksverð, hámarksálagningu, verðstöðvun o.s.frv. eins og greinir í þessari lagagrein og beinist þá að einstakri atvinnugrein eða fyrirtæki eftir því sem til stendur hverju sinni.

Eðli málsins samkvæmt mun eftirlitið beinast með mestum þunga að greinum þar sem samkeppni er takmörkuð af markaðsráðandi fyrirtækjum og — og það er mjög mikilvægt — þar sem gjaldskrár eru ákveðnar af samtökum heilla starfsgreina. Verðlagsyfirvöld munu á næstu dögum móta nánar framkvæmd þessa máls, en það er ljóst að fylgst verður náið með fyrirtækjum í samgöngum, byggingariðnaði, innlendum iðnaði og stærri verslunarfyrirtækjum. Þá falla undir þetta ýmsar þjónustugreinar, ekki síst taxtar tannlækna, arkitekta og annarra háskólamenntaðra sérfræðistétta sem að mörgu leyti má segja að séu hin sönnu einokunarfyrirtæki í nútímaþjóðfélagi og séu á sinn hátt eins og arftakar iðngilda miðaldanna hvað varðar gjaldskrárákvarðanir og einokun á markaði. Hér er sannarlega þörf fyrir íhlutun almannavaldsins til þess að styðja neytendur.

Virðulegi forseti. Ég legg á það áherslu að frv. hljóti skjóta en vandaða meðferð hér í deildinni og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. Það er mikilvægt að mínu áliti að ljúka þessu máli sem fyrst til þess að Verðlagsráð og Verðlagsstofnun geti lagt línur um framkvæmd verðlagsmála í kjölfar verðstöðvunar í tæka tíð.

Egill Jónsson:

Herra forseti. Þessi fundarboðun kemur sannast sagna nokkuð á óvart, þ.e. mér, og ég hygg að því hafi nú verið komið á framfæri að sumir af þingmönnum Sjálfstfl. höfðu ráðstafað sér til annarra starfa á þessum degi, en bót er að hér eru ekki teknar mikilvægar ákvarðanir um framgang mála.

Það vekur satt að segja líka nokkra eftirtekt að svo mikið skuli við liggja í sambandi við afgreiðslu þessa máls því að þótt hæstv. viðskrh. hafi talað hér í nokkrum slaufum í kringum þetta, þá er þetta nú ekki sá bógur að miklu valdi. Það má út af fyrir sig segja að þetta sé eitt af þeim leiftrum sem ríkisstjórnin er að skjóta upp í áróðursskyni til þess að leitast við að halda þeirri umræðu uppi í þjóðfélaginu að það séu einhverjar umtalsverðar eða marktækar aðgerðir í gangi til þess að halda verðlagi niðri. Hér er einungis fjallað um það eitt efnislega að orkuvinnslufyrirtæki muni eftir samþykkt þessa frv. verða að lúta verðlagsákvörðunum yfirvalda. Og hver skyldu nú þessi orkufyrirtæki vera og hvar skyldi helst vera að finna þau? Það eru að sjálfsögðu hitaveiturnar sem eru í eigu sveitarfélaganna og ég hygg að mönnum hér í þessari hv. deild sé fullkomlega ljóst hver rekstur þeirra er, a.m.k. mjög víða.

Ég nefni dæmi eins og Hitaveitu Akureyrar og Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar sem hafa átt og eiga enn í miklum erfiðleikum og engar gjaldskrár hafa getað borið uppi þeirra kostnað. Og þannig er með mörg fleiri orkufyrirtæki sem eru í eigu sveitarfélaganna, að þar hefur ekki verið unnt að haga rekstri þannig að endar næðu saman. Árlega hafa verið veittar heimildir á lánsfjárlögum til þess að skuldbreyta og færa aftur lán og gera aðrar slíkar ráðstafanir.

Allir vita hvernig rekstur Rafmagnsveitna ríkisins stendur. Til þess að hann geti verið með líðanlegum hætti að því er verðlagningu áhrærir þarf að greiða niður mjög mikilvæga rekstrarpósta eins og t.d. raforkusölu til húshitunar, raforkusölu til hraðfrystiiðnaðarins í landinu svo að dæmi séu tekin. Það er þá einkum eftir Landsvirkjun sem hægt væri að hugsa sér að mögulegt væri að halda aftur af án þess að til sérstakrar skuldasöfnunar komi.

Ég vek sérstaka athygli á því í þessu sambandi, herra forseti, hvað hér er um mikla sýndarmennsku að ræða. Raunar þarf ég ekki að hafa mörg orð um það því að hæstv. viðskrh. sagði með mjög skýrum hætti frá því sjálfur í sinni ræðu, hvort sem það hefur nú verið viljandi eða óviljandi, að agðerðir af þessu tagi hefðu lengst af reynst haldlausar eða haldlitlar. Og eins og ráðherrann tók líka fram, þá væri því aðeins möguleiki á því að verðstöðvun væri virt að hún væri tímabundin þannig að fyrirtækin tækju á sig tilskildar kostnaðarhækkanir vegna þess að þær væru ekki varanlegar.

Það var líka vissulega kátbroslegt að heyra hæstv. ráðherra lýsa því yfir að slíkar verðstöðvunarákvarðanir gætu því aðeins skilað árangri að þær væru hlutdeild í víðtækum efnahagsaðgerðum, eins og

ráðherrann orðaði það. Þær hafa nú ekki enn séð dagsins ljós, þær víðtæku efnahagsaðgerðir, þannig að í ræðu hæstv. viðskrh. rak sig eitt á annars horn.

Í umfjöllun í nefnd, sem væntanlega mun verða fjh.- og viðskn. þessarar virðulegu deildar, hlýtur það að sjálfsögðu að verða upplýst hvernig rekstri fyrirtækja í orkusölu og orkuframleiðslu er háttað og þá gefst að sjálfsögðu enn frekara ráðrúm til þess að meta til hvers þessi lagabreyting kann að leiða. Við þá umfjöllun mun afstaða Sjálfstfl. skýrast þannig að eðlilegt er að ekki fyrirferðarmeira mál en þetta fái greiða leið í gegnum þessa deild svo að frekari umfjöllun um það geti þá farið fram.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Ég ætla ekki að segja mörg orð um þetta mál hér við 1. umr., enda ber þennan fund brátt að. Hins vegar sýnist mér að þetta sé að ýmsu leyti hið ágætasta mál og gefst vonandi tækifæri til þess að kanna það nánar í meðferð fjh.- og viðskn. því ætlunin með þessum fundi er fyrst og fremst að koma þessu máli til nefndar.

Það hlýtur að þurfa að styrkja Verðlagsstofnun til þess að hún geti haldið uppi markvissu og árangursríku eftirliti og stutt við þá verðstöðvun sem á að ríkja. Það hefur sannarlega sýnt sig að hún hefur ekki tekist sem skyldi þann tíma sem hún hefur átt að gilda. Það má segja að það hafi að ýmsu leyti mistekist. Kannski þarf talsvert meira til lagfæringar en þessar veigalitlu breytingar sem hér er verið að gera, smálagfæringar. Mér þykir það þó sjálfsagt að fleiri varamenn taki sæti í Verðlagsráði þannig að tryggt sé að hægt verði að halda fundi þegar með þarf því að það er sjálfsagður liður í starfsemi stofnunarinnar. En vegna ókunnugleika vildi ég spyrja hæstv. ráðherra: Þegar verið er að bæta við starfsliði á þennan hátt, sem ég út af fyrir sig tel sjálfsagt að gert verði til að stofnunin geti starfað eðlilega og tek gildar þær skýringar sem gefnar voru, eru þá allir þessir menn á launum eða fá þeir greitt fyrir fundarsókn? Spurning mín er einfaldlega sú: Er meiru kostað til en stofnuninni tekst að spara almenningi?

Varðandi 3. gr. finnst mér eðlilegt að verðlagning á orku frá orkuvinnslufyrirtækjum sé undir verðlagseftirliti eins og margt annað sem almenningur þarf að kaupa. Og þó að það sé rétt sem kom fram í máli hv. 4. þm. Austurl. að margar hitaveitur eigi í erfiðleikum með rekstur sinn, þá er þó ansi stöndugt fyrirtæki þar sem Landsvirkjun er og eðlilegt að það hlíti ákvæðum þessara laga eins og mörg önnur þjónusta sem kaupa þarf.

Ég ætla þá ekki að hafa nein fleiri orð um þetta mál í 1. umr. Okkur fulltrúum Kvennalistans mun gefast tækifæri til að kynna okkur meðferð þess í hv. fjh.- og viðskn.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka þeim þingmönnum sem talað hafa í umræðunni fyrir undirtektirnar og hv. 4. þm. Austurl. fyrir að heita því að greiða málinu leið í gegnum deildina svo að það megi fá meðferð í nefnd. Sama máli gegndi um hv. 6. þm. Reykv. og ég vonast til þess að deildin geti afgreitt málið sem fyrst til nefndar.

Vegna þeirra athugasemda og spurninga sem fram komu í máli þeirra sem talað hafa ætla ég ekki að hafa mörg orð. Ég vildi benda hv. 4. þm. Austurl. á það að í raun og veru felst í þessu frv. það sem að mínu áliti þarf að gera til þess að hnykkja á því að það stranga aðhald að verðlagsmálum í samræmi við gildandi ákvæði um verðstöðvun og verðlagsmál samkvæmt lögum nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, megi framkvæma sem formaður Sjálfstfl. lagði til sjálfur í september að fylgt skyldi. Og mig langar, með leyfi forseta, að lesa upp þá tillögu sem hann gerði um ályktun ríkisstjórnarinnar í málinu. Tillagan var í formi yfirlýsingar frá ríkisstjórninni um aðgerðir í efnahagsmálum sem margir af þingmönnum Sjálfstfl. kölluðu þá „einu ábyrgu tillögurnar" og tilvitnunin er svona:

„Ríkisstjórnin hefur ákveðið að fela Verðalagsstofnun að beita ströngu verðlagsaðhaldi í samræmi við gildandi ákvæði um verðstöðvun samkvæmt lögum nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti. Við framkvæmdina skal Verðlagsstofnun veita nauðsynlegar undanþágur vegna breytinga á gengi og verði á erlendu hráefni og aðföngum og enn fremur vegna starfsemi innlendra uppboðsmarkaða og árstíðabundinna verðbreytinga.

Breytingar á gjaldskrám ríkisfyrirtækja verða óbreyttar til 10. apríl 1989. Þó verður heimilt að taka tillit til hækkana af erlendum toga og sérstakra heimilda í fjárlögum.

Fjárhæðir launaliða í gjaldskrám sjálfstætt starfandi sérfræðinga verða óbreyttar til 10. apríl 1989. Sama gildir um hvers kyns útselda vinnu og þjónustu."

Reyndar gengu þessar tillögur nokkru lengra að sumu leyti en þær sem hér eru gerðar, þ.e. í þeim var fólgin binding til 10. apríl. Hins vegar tel ég að strangt verðlagsaðhald geti átt rétt á sér við undantekningaraðstæður eins og nú gilda til þess að vekja mönnum traust á því að varanleg lækkun verðbólgunnar geti náðst og að kjarasamningar verði gerðir í því ljósi. Þetta er kjarni málsins. Þess vegna eru þessar tillögur fluttar, til þess að tákna það að nú skuli slík tilraun gerð. Þess vegna þakka ég hv. 4. þm. Austurl. fyrir að hafa bryddað upp á málinu og sama gildir um 6. þm. Reykv.

Ég vildi taka fram vegna fyrirspurnarinnar um það hvort þessir nýju varamenn mundu kosta meiri peninga, að þá er það mitt svar að það er ekki mín ætlan að þessu fylgi viðbótarkostnaður. Þetta eru óskir tilnefningaraðilanna, einkum Alþýðusambandsins, Vinnuveitendasambandsins og Verðlagsráðsins og ég geri ráð fyrir því að þetta verði fundaþóknun en ekki fast kaup.

Um orkufyrirtækin verður vafalaust margt fjallað í fjh.- og viðskn. Það er eðlilegt. Það er rétt sem kom fram hjá hv. 4. þm. Austurl. að ýmis orkufyrirtæki

berjast í bökkum og eiga í vandræðum. Til þess mun enda tillit tekið þegar þessum lagaákvæðum verður beitt. Ég vildi benda á í sambandi við Rafmagnsveitur ríkisins að þar standa nú yfir viðræður milli ríkisins með þátttöku fjvn. um yfirtöku skulda af ríkisins hálfu á skuldum þess fyrirtækis, sem lengi hefur til staðið, sem mun gjörbreyta aðstöðu þeirra í gjaldskrármálum. Þar verða líka í umræðu og samningum málefni Orkubús Vestfjarða sem að ýmsu leyti gildir hið sama um. En auðvitað eru í röðum orkufyrirtækjanna, bæði vinnslufyrirtækja og dreififyrirtækja, önnur sem búa betur og gætu þess vegna e.t.v. hagað gjaldskrárákvörðunum sínum með öðrum hætti.

Ég ætla ekki að orðlengja um þetta, hæstv. forseti, en ítreka þá ósk mína að málið fái skjóta en vandaða meðferð.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Hæstv. viðskrh. hefur óskað eftir því að þetta mál fái fljóta og greiða meðferð í fjh.- og viðskn. þingsins. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að svo geti orðið og sérstaklega fagna ég þeirri yfirlýsingu hv. 4. þm. Austurl. Egils Jónssonar að hér sé í rauninni um mjög lítið mál að ræða. Þetta sé eitt af þeim leiftrum sem ríkisstjórnin hafi í áróðursskyni skotið upp á himininn og sé í rauninni lítið mál og léttvægt. Ég hlýt að líta svo á að með þeim orðum gefi hann til kynna að þetta mál þurfi ekki langa né ítarlega umfjöllun í nefndinni. Raunar er þetta mál mjög einfalt og getur tekið mjög skamman tíma í nefndinni. Þetta mál er líka þess eðlis að það er eðlilegt að það fái greiða og fljóta afgreiðslu í nefndinni.

Vegna þess að hv. þm. minntist hér á hitaveitur, sérstaklega Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar og Hitaveitu Akureyrar, þá langar mig aðeins til þess að nefna það að annað þessara fyrirtækja, Hitaveita Akureyrar, hefur nú orðið fyrir fjárhagslegum skakkaföllum, ef marka má bréf það sem þeir skrifa mér í gær sem formanni fjh.- og viðskn., vegna þess hve mikill dráttur hefur orðið á því að afgreiða lánsfjárlög héðan í þinginu. Það var ætlun okkar í stjórnarmeirihlutanum að afgreiða lánsfjárlög snemma í desember. Það tókst ekki. Ég ætla ekkert að segja hvers vegna, hv. þm. En í þessu bréfi, sem mér barst frá Hitaveitu Akureyrar í gær, segir:

„Þar sem vextir fara nú hækkandi erlendis lítur út fyrir að sá dráttur sem orðinn er á afgreiðslu lánsfjárlaga kunni að kosta Hitaveitu Akureyrar nokkurt fé auk þess sem framlenging skammtímalána sem var neyðarlausn 31. jan. kostaði Hitaveitu Akureyrar útgjöld sem ekki hefðu komið til ef lánsfjárlög hefðu legið fyrir." — En það er hins vegar skylt að skýra frá því að samkomulag er nú um það seint og um síðir að lánsfjárlög verða afgreidd úr fjh.- og viðskn. á mánudagsmorgun. Ég vona svo sannarlega að við getum líka verið fljót, þó með allri eðlilegri athugun, að afgreiða það mál sem hér er nú til umræðu og þau mál önnur sem hraða ber í gegnum þingið, sérstaklega í ljósi ummæla hv. þm. Egils Jónssonar, að þetta séu í rauninni einföld mál og ekki torskilin eða flókin og geti þess vegna fengið greiða afgreiðslu.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Það er vissulega þakkarvert að í hvert skipti sem hæstv. viðskrh. kemur í ræðustól skýrist enn betur hvað þetta mál er léttvægt. Í hvert sinn er sá virðulegi ráðherra kemur í ræðustólinn talar hann í stórum orðum um að þetta þurfi að gera til þess að ná fram þessu eða hinu, tryggja framgang þessa eða hins. Það er athyglisvert og reyndar vert að undirstrika að þær heimildir sem hann vitnaði til um samþykkt fyrrv. ríkisstjórnar eru í lögum enn. Út af þessu vildi ég aðeins segja að það sem hér á að gera er að kjósa varamenn og það eru strangari ákvarðanir um að kalla inn skýrslu. Efnislega er það þetta tvennt og það þriðja sem kemur til viðbótar er að orkuvinnslufyrirtæki verða að sæta verðlagsákvörðunum.

Það er hárrétt, sem formaður fjh.- og viðskn. Ed. sagði áðan, að þetta er ekki flókið mál. Hér er því verið að gera mikið úr því hvað mikil örlög ráðist af því að þetta mál komist sem fyrst í gegnum Alþingi. Ég vildi hins vegar mega taka það skýrt fram, af því að formaður fjh.- og viðskn. þessarar virðulegu deildar var að fara hér yfir ummæli mín, og bið ég hann að taka vel eftir því ég geri ráð fyrir að hann ætli að bera þau fyrir sig í meðförum málsins í deildinni og við nefndarstörf, að ég sagði að sjálfsagt væri að greiða fyrir því að málið gengi til nefndar. Það var sú yfirlýsing sem ég gaf og ekki orð þar fram yfir. Ég tók það skýrlega fram að það hlyti að skýrast við meðferð málsins í nefnd hvernig þessar ákvarðanir mundu snerta orkuvinnslufyrirtækin og þá um leið hvers mætti vænta um áhrif til verðlækkunar eða stöðvunar á verðhækkunum á þeim vettvangi. Það er því að sjálfsögðu alveg augljóst að um þau efni hljóta menn að þurfa að fjalla við meðferð málsins. Málið er hins vegar ekki með þeim hætti að það ætti að vefjast sérstaklega fyrir mönnum, það er annað mál, en það hlýtur að verða upplýst með mjög skýrum hætti hvaða ávinningur er að þessu því að annað eru bara talslaufur í kringum þessi mál. Auðvitað er þetta gagnslaust að öðru leyti en því að hægt er að halda áfram af þessari núv. hæstv. ríkisstjórn í þykjustuleiknum við að stjórna þessu landi.

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins segja nokkur orð í tilefni frv. sem hér liggur fyrir. Þetta frv. byggir á samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 6. febr. 1989 um umþóttun í kjölfar verðstöðvunar. Þar segir í upphafi þeirrar samþykktar, með leyfi forseta: „Ríkisstjórnin samþykkir að í lok verðstöðvunar, sem í gildi hefur verið frá því í lok ágúst á síðasta ári og lýkur 28. febr. nk., taki við sex mánaða umþóttunartímabil í verðlagsmálum með sérstöku aðhaldi að verðhækkunum." Nú er það spurning hversu raunhæft þetta verðlagseftirlit er vegna þess að hingað til hefur það gengið vel þar sem heimilin í þessu landi, kaupmenn og aðrir sem það snertir hafa tekið þessu máli mjög

alvarlega og hafa fylgt eftir þeim reglum og aðhaldsaðgerðum sem ríkisstjórnin hefur boðað. Á meðan hefur ríkisstjórnin sjálf hins vegar gengið á undan með stórauknum skattahækkunum og ýmiss konar hækkanir hafa verið leyfðar hjá opinberum fyrirtækjum. Í þessari samþykkt kemur t.d. líka fram að ríkisstjórnin felur Verðlagsstofnun að fylgjast sérstaklega með verðákvörðun einokunar- og markaðsráðandi fyrirtækja, sbr. ákvæði verðlagslaga um slík fyrirtæki, hvort sem um er að ræða einkafyrirtæki eða opinber þjónustufyrirtæki. Þegar hafa einhver slík þjónustufyrirtæki fengið slíkar hækkanir í gegn þannig að þetta er ekki alveg sambærilegt miðað við einkaaðila. Síðan langar mig til þess að spyrja hæstv. ráðherra að því hver þessi einokunar- og markaðsráðandi fyrirtæki séu, en því er haldið fram að þau séu við lýði hér á landi.

Í samþykktinni segir enn fremur: „Komi í ljós að verðhækkanir verði umfram það sem brýn kostnaðartilefni og afkoma fyrirtækjanna gefa tilefni til skulu verðlagsyfirvöld beita tímabundið ýtrustu ákvæðum verðlagslaga eftir því sem efni standa til.“ Maður hlýtur að velta því fyrir sér hvernig brýn kostnaðartilefni og afkoma fyrirtækjanna séu metin. Þetta hlýtur að vera mjög erfitt mat og hægt er að velta því fyrir sér hvort viðkomandi aðilar muni þá fá einhverjar pólitískar ábendingar í því efni eða hvort eðlilega verði að þessu staðið.

Þessu máli á að hraða mjög í gegnum deildina á meðan önnur mál þurfa e.t.v. að bíða og því spyr ég eins og hv. þm. Egill Jónsson: Hvaða ávinningur er í raun og veru að þessu frv.?

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins segja örfá orð. Ég ætla ekki að lengja umræðuna. Ég vildi eingöngu fá að reyna að svara því sem fram kom í máli hv. 8. þm. Reykv.

Það er rétt, sem á er bent, að það hefur ekki alltaf verið samræmi milli verðákvarðana hjá einkafyrirtækjum og opinberum fyrirtækjum. Einmitt þess vegna er gerð tillaga um að taka orkufyrirtækin tímabundið undir sömu regluna til þess að þau sjónarmið, sem fram komu í máli hv. 8. þm. Reykv., fái að mætast þar.

Það er líka rétt, sem fram kom í máli hv. þm., að það er erfitt verk að meta hvað séu brýn kostnaðartilefni og hvað sé erfið afkoma. Eðlilega er Verðlagsstofnun og Verðlagsráði sem fagaðilum falið að útkljá þetta en ekki ákveðið fyrir fram í eitt skipti fyrir öll í miðjunni. Það er einfaldlega ekki hægt. Því er þetta sett upp svona.

Að endingu spurði hv. þm. um hvað við væri átt þegar nefnd væru markaðsráðandi fyrirtæki eða jafnvel einokunarfyrirtæki. Þá get ég nefnt fyrirtæki eins og Flugleiðir, Eimskip og steypustöðvarnar þar sem mjög fá fyrirtæki í heilli starfsgrein ráða mestu um það sem þar gerist. Að sjálfsögðu þarf að fylgjast sérstaklega með verðákvörðunum slíkra aðila við þær aðstæður sem nú ríkja.

Egill Jónsson:

Herra forseti. Það féll niður hjá mér að víkja að þeim orðum hv. 3. þm. Vesturl. þar sem hann var að tala um dráttinn sem orðið hefur á því að afgreiða lánsfjárlög. Hann lét í það skína að það væru fyrir því einhverjar sérstakar ástæður. Ég veit ekki hvort ég á að taka það svo að þar hafi stjórnarandstaðan verið völd að, þau orð viðhafði hann ekki. En vegna þess að þetta var ekki skýrt til fulls hjá honum, en honum þótti hins vegar ástæða til þess að koma þessu á framfæri, er það augljóst mál að ríkisstjórnin ákvað að tekið skyldi lengra jólafrí en áður hefur þekkst vegna þess að hún þyrfti að halda svo langa og stranga fundi um efnahagsmál. (**Menntmrh.:** Það var nú stutt jólafríið, Egill.) Það var framlengt, hæstv. menntmrh. Mér finnst alveg nauðsynlegt að þetta komi fram vegna þess að ef á að fara að finna einhvern sökudólg í þessum efnum, sem ég fæ nú ekki séð, þá er það ríkisstjórnin og hennar stuðningslið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Leiðrétting:

Í 9. hefti, 2756. dálki, hefur leiðrétt lína lent á röngum stað í fyrstu málsgrein ræðu Kjartans Jóhannssonar. Rétt er greinin svona:

Í gær kom hér til umfjöllunar og úrskurðar forseta hvort þingmanni, sem ekki væri flm. tillögu, væri heimilt að taka upp tillögu sem flm. hefði kallað aftur. Atvik voru þau að hv. 5. þm. Reykv. óskaði eftir að fá að gera að sínum þær tillögur sem hv. 11. þm. Reykn. kynni að kalla aftur við atkvæðagreiðslu í deildinni en hv. 11. þm. Reykn. hafði þá kallað aftur breytingartillögur við það frv. sem til afgreiðslu var. Lagði hv. 5. þm. Reykv. til við forseta að hann leitaði ráða hjá skrifstofustjóra þingsins ef forseti teldi vafa á um rétt hans til þess að gera að sínum tillögur sem kallaðar væru aftur.

SAMEINAÐ ÞING

41. fundur, mánudaginn 13. febr., kl. 2 miðdegis.

Tilhögun þingfundar.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti tilkynna að umræða utan dagskrár mun fara fram að loknu 1. dagskrármáli sem er rannsókn kjörbréfs. Umræðan fer fram að beiðni hv. 4. þm. Vesturl. og er um ástand raforkumála. Umræðan fer fram samkvæmt fyrri mgr. 32. gr. þingskapa og skal ekki standa lengur en í hálftíma.

Varamaður tekur þingsæti — rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Mér hefur borist svohljóðandi erindi:

„Danfríður Skarphéðinsdóttir, 6. þm. Vesturl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í persónulegum erindagjörðum get ég ekki sótt þingfundi á næstunni. Leyfi ég mér því með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að vegna forfalla 1. varamanns taki 2. varamaður Kvennalistans í Vesturlandskjördæmi, Birna K. Lárusdóttir, sæti á Alþingi í fjarveru minni.“

Þetta er yður hér með tilkynnt, hæstv. forseti, með ósk um að fram fari í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.“

Þetta bréf er undirritað af Jóni Helgasyni, forseta Ed. Bréfinu fylgir kjörbréf Birnu K. Lárusdóttur.

Annað bréf hefur einnig borist til hæstv. forseta Ed.:

„Þar eð ég dvel erlendis í febrúarmánuði get ég ekki tekið sæti Danfríðar Skarphéðinsdóttur á Alþingi.

Virðingarfyllst,
Ingibjörg Daníelsdóttir.“

Samkvæmt þessu bréfi og samkvæmt 4. gr. þingskapa ber nú kjörbréfanefnd að prófa kjörbréf Birnu K. Lárusdóttur, 2. varamanns Kvennalistans í Vesturlandskjördæmi. Gert verður hlé á fundinum í 5 mínútur á meðan kjörbréfanefnd starfar. — [Fundarhlé.]

Frsm. kjörbréfanefndar (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Kjörbréfanefnd hefur komið saman og yfirfarið kjörbréf Birnu Kristínar Lárusdóttur, andi. Mér sýnist, því miður, að þessir þættir hafi ekki skilað sér til þess að koma að gagni nú.

Ég lít svo á að þegar rafmagn fer af byggð, hvort 2. varamanns Samtaka um kvennalista í Vesturlandskjördæmi og leggur til að kjörbréfið verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Kjörbréf Birnu K. Lárusdóttur samþ. með 37 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Birna K. Lárusdóttir, 6. þm. Vesturl., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Birna K. Lárusdóttir hefur undirritað drengskaparheit um að halda stjórnarskrána samkvæmt 2. gr. þingskapa. Hún er boðin velkomin til starfa á Alþingi.

Umræður utan dagskrár.

Ástand í raforkumálum.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Ég þakka forseta fyrir að gefa mér tækifæri til þess að leggja nokkrar spurningar fyrir hæstv. iðnrh. og vekja athygli á því ófremdarástandi sem hefur verið hér á landi síðustu daga í dreifingu rafmagns, þ.e. rafmagnsleysi í meginhluta landsins, einnig að gefa mér tækifæri til að spyrja samgrh. um gildi símans sem neyðar- og hjálpartækis við þær aðstæður sem sköpuðust hér í gær og á undanförnum dögum.

Þá fyrst hæstv. iðnrh. — Það er greinilegt að rafmagnið er ekki komið í lag enn þá.

Ég vona þó að hvorki ráðherrar né almenningur í landinu geri sig ánægða með að hlutir gerist síendurtekið eins og þeir gerðust í gær hér í Reykjavík og hafa gerst endurtekið síðustu daga úti um land. Ekki var um það að ræða að truflun væri á aðflutningslínum frá virkjunum né að truflun ætti sér stað á framleiðslu virkjananna sjálfra. Það sem virtist hafa gerst og almenningur var upplýstur um var að aðveitukerfið hefði brugðist. Búnaður a.m.k. sumra aðveitustöðva hafði ekki staðist veðraganginn um helgina. Frammi fyrir slíkum vandræðum og ófremdarástandi eins og var í gær hljóta margar spurningar að vakna.

Okkur hefur verið sagt að alls konar hringtengingar séu fyrir hendi, ef einn þáttur bilar í þessa átt, þá eigi það ekki að koma að sök því að þá taki við tenging úr hinni áttinni. Við höfum líka trú á því að á þessum vettvangi sé jafnan haldið uppi miklu forvarnarstarfi og ekki síst þegar hætta er yfirvof-

sem það er einn sveitabær eða þéttbýli, skapist neyðarástand. Starfslið rafveitna á Íslandi úti um land er fámennt og ekki alltaf búið tækjum til að komast milli staða eða bilunarstaða. Ég var með það í huga, virðulegi forseti, í gær og í morgun að spyrja hæstv. iðnrh. nokkurra gagnrýnna spurninga um þessi mál. Þær komu margar upp í hugann. Ég hef þó horfið frá því og spyr hæstv. ráðherra fyrst og fremst hvernig við er brugðist þegar vandræði koma upp, það skiptir kannski höfuðmáli, og hvernig staðan er í sambandi við spenni- og aðveitustöðvar. Spurningar mínar til hæstv. iðnrh. eru þessar:

1. Telja ekki forsvarsmenn orkumála að bregðast þurfi við líkt og neyðarástand sé fyrir hendi þegar rafmagn fer af byggðum klukkutímum og dægrum saman?

2. Er skipulegt samstarf milli starfsliðs Landsvirkjunar og rafveitna og Almannavarna og er samstarf milli vinnuflokka Rafveitunnar innbyrðis og milli þeirra og hjálpar- og björgunarsveita?

3. Er Vegagerð ríkisins kölluð til aðstoðar við starfsmenn rafveitnanna þegar ófærð á vegum tefur ferð viðgerðarmanna á bilunarstað? Svo tel ég að í sumum tilfellum hafi ekki verið gert nú á síðustu dögum.

4. Víða um land eru spennistöðvar sem eru illa varðar og valda síendurteknum straumrofum. Er ekki von til að þar verði úr bætt?

5. Svo virðist sem ýmsar hringtengingar raforkuflutningslína hafi komið að litlu haldi vegna vandræða í aðveitustöðvum. Liggur fyrir hver orsökin er?

6. Eru ekki starfsmenn Landsvirkjunar og rafveitna þjálfaðir og búnir undir það með æfingum að bregðast við aðstæðum eins og gengu yfir síðustu dægrin?

Og í lokin spyr ég hæstv. iðnrh.: Eru ekki aðrar flutningaleiðir fyrir hendi fyrir raforku til Reykjavíkur og Reykjaness ef svipuð bilun og varð í gær endurtekur sig í Geithálsstöðinni?

Virðulegi forseti. Ég hef rétt lokið máli mínu og ætla nú að beina orðum mínum til hæstv. samgrh.

Ofan á það sem var að gerast í sambandi við raforkuna í gær fylgdi það að fólk var beðið að spara símanotkun, jafnframt að sum svæði væru algjörlega símalaus. Í sjónvarpsfréttum í gærkvöldi var okkur svo sagt að ein lítil dísilrafstöð hjá útvarpinu hafi myndað eina tengiliðinn sem hægt var að nota milli landshluta og hefur þó orðið að treysta því að þeir sem þurftu að nota þann tengilið sem öryggistæki hefðu undir höndum rafhlöðuútvarpstæki. Ég spyr því hæstv. samgrh. hvað hann segi um þessa stöðu hjá Landssíma Íslands.

Ég vil svo, virðulegi forseti, vekja athygli á því að það sem gerðist hér í gær á höfuðborgarsvæðinu er á sumum stöðum á landinu nokkuð algengur viðburður.

Ég hef lokið máli mínu.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég tek undir það með málshefjanda, hv. 4. þm. Vesturl., að rafmagnsleysi eins og hér varð á síðasta sólarhring er vissulega alvarlegt ástand og ber að taka á því, eins og hann lýsti því, sem neyðarástandi því langvarandi rafmagnsleysi á þessum tíma árs er auðvitað ákaflega alvarlegur hlutur. Það er rétt, áður en ég sný mér að því að svara hinum mörgu spurningum málshefjandans, að lýsa aðeins því sem þarna gerðist. Hvað var það sem olli þessum alvarlegu rafmagnstruflunum? Þær stöfuðu í langflestum tilfellum af sjávarseltu sem barst með óvenjulega hvössum vestanvindi yfir landið. Í mjög fáum tilfellum var um línusamslátt eða staurabrot að ræða. Langmest röskun varð vegna sjávarseltu á tengivirkjum Landsvirkjunar við Geitháls. Þau tengivirki eru ákaflega umfangsmikil og reyndar í hættu, útsett fyrir svona truflanir, en þegar þau voru byggð var varla um aðra tækni að ræða. Hins vegar er nú kominn á markaðinn tengibúnaður sem hægt er að koma fyrir innan húss og er gaseinangraður en ekki einangraður á þann hátt sem er í Geithálsstöðinni. Það er einmitt sú tækni sem verður notuð í nýrri aðveitustöð fyrir höfuðborgarsvæðið, Reykjavík og Reykjanes sem sett verður upp fyrir sunnan Hafnarfjörð í haust. Það heitir Hamranes. Ég tel að sú stöð muni auka afhendingaröryggi á raforku mjög mikið hér á þessu svæði og létta á Geithálsstöðinni sem vissulega er of ásetin í kerfinu. Um hana fer mikið af þeirri orku sem hér er dreift þannig að því fylgir meiri áhætta en verjandi er til langframa. Einmitt þess vegna er verið að byggja Hamranesstöðina og nú hefur líka komið í ljós að sú einangrun sem notuð er hér á landi, þótt hún þyki mikil í samanburði við það sem gerist í öðrum löndum, er ónóg þegar slíka vestanátt ber að landinu eins og nú varð raun á.

Á Suðurlandi, Vesturlandi og Vestfjörðum þar sem ástandið hefur verið erfiðast er sömu sögu að segja. Það eru tengivirki utan húss sem salthúð sest á. Rafstraumurinn hleypur yfir salthúðina frekar en um tenglana sem eiga að tengja saman. Þannig gerist þetta þrátt fyrir að allar virkjanir framleiði og meginlínur flytji straum um landið. Til þess að bæta úr þessu eru ekki aðrar leiðir en að taka strauminn af, þvo viðkvæma staði þar sem saltið hefur safnast upp, annaðhvort með vatni eða með terpentínu. Það segir sig sjálft að þetta er ekki viðfangsefni sem menn leysa auðveldlega í stormi eða stórhríð eins og nú hefur verið um nokkurt skeið sums staðar á landinu. Og svona truflanir koma fyrir, það er erfitt að verjast þeim með þeirri tækni og því fjármagni sem við höfum yfir að ráða. Við höfum einfaldlega ekki efni á 100% afhendingaröryggi fyrir orkuna. Við höfum á undanförnum árum stöðugt verið að auka þetta afhendingaröryggi, bæði með styrkari búnaði og með hringtengingu byggðalínunnar sem ég tel að hafi komið sér vel í þetta sinn og mun víkja að því nánar þegar ég svara einni af spurningum hv. málshefjanda.

Þá sný ég mér, virðulegi forseti, að hinum beinu spurningum málshefjanda. Sú fyrsta var hvort for-

svarsmenn orkumála telji ekki að bregðast þurfi við slíku ástandi sem neyðarástand væri. Svarið er já. Þeir telja það og þeir hafa líka gert það að mínu áliti.

Í öðru lagi var spurt hvort skipulegt samstarf væri milli starfsliðs Landsvirkjunar, rafveitnanna og Almannavarna. Svarið er já. Það er um sérstakt samstarf að ræða. Það eru sérstakar símalínur og sérstakt fjarskiptakerfi sem tengir Landsvirkjun við Almannavarnir. Rekstrarstjóri Landsvirkjunar hafði í gær samband við forstöðumann Almannavarna.

Í þriðja lagi er spurt hvort Vegagerð ríkisins sé kölluð til þegar starfsmenn rafveitnanna eiga erfitt með að komast á bilanastað. Svarið er líka já. Að sjálfsögðu er til þeirra leitað. Ég get því miður ekki svarað því hvernig þessu hafi verið háttað undanfarna sólarhringa í einstökum atriðum. Ég heyrði á máli málshefjanda að hann teldi þar misbrest á hafa orðið. Mér þætti gott að fá að vita nákvæmlega við hvað er átt til þess að úr því mætti þá bæta.

Í fjórða lagi var spurt hvort ekki væri von til að bætt yrði úr búnaði spennistöðva sem illa eru varðar og valda síendurteknu straumrofi. Ég hef nú þegar svarað þessu að nokkru almennum orðum og vil láta það koma fram að hvenær sem skipt er um einangrunarbúnað í tengivirkjunum, þá er bætt um betur og sett inn einangrunargildi sem hærri eru en fyrir voru. Ég get ekki svarað þessu á annan hátt. En ég hef einmitt núna fyrir þennan fund rætt við bæði forstjóra Rafmagnsveitna ríkisins og forstjóra Landsvirkjunar ásamt rekstrarstjóra hennar þar sem þessi mál voru rædd í þaula.

Síðan spurði hv. málshefjandi hvort það væri rétt að ýmsar hringtengingar raforkuflutningslína hafi nú að litlu haldi komið vegna vandræða í aðveitustöðvunum. Ég get svarað því á þann hátt að það er rétt að það kom ekki að nægilegu haldi að hringtenging er nú fengin um landsins hring með byggðalínu vegna þess að sums staðar var selta á línum og aðveitustöðvum. Hins vegar bendi ég á að það er einmitt vegna byggðalínunnar sem unnt var að halda öllu Norðurlandi með rafmagni vegna þess að þegar tengingin hingað brást, þá komu aðrar tengingar að haldi, m.a. að austan frá Kröflu. Á þennan hátt hefur byggðalínan í þetta sinn sannarlega sannað sitt gildi.

Loks var í sjötta lagi spurt: Eru ekki starfsmenn Landsvirkjunar og rafveitna þjálfaðir og búnir undir það með æfingum að bregðast við aðstæðum eins og þessum? Ég tel að þeir hafi slíka þjálfun og hafi sýnt í þetta sinn eins og endranær að þeir kunni líka að nýta sér hana.

Í lokin var svo spurt hvort ekki væru aðrar flutningsleiðir fyrir hendi fyrir raforku til Reykjavíkur og Reykjaness ef svipuð bilun endurtekur sig í Geithálsstöðinni og varð í gær. Svarið hefur að nokkru leyti þegar komið fram í mínu máli. Það er verið að byggja Hamranesstöðina sem er, eins og ég sagði áðan, undir þaki með gaseinangrun í stað hefðbundinnar einangrunar og alls ekki á sama hátt í hættu fyrir seltu eins og Geithálsstöðin. Með því að koma Hamranesstöðinni inn í kerfið verður létt af að nokkru því álagi sem hvílir á Geithálsi, þar með verður rekstraröryggi rafmagnsdreifingar hér um þetta þéttbýlasta svæði landsins aukið og bætt.

Ég ætla ekki að orðlengja um þetta frekar, tek undir með málshefjanda að þetta er okkur áminning um það hversu mikilvægt það er að bæta dreifikerfið fyrir raforkuna, en ég vil að endingu bara segja þetta: Þegar svona truflanir koma fyrir, þá reynir mikið á starfsmenn rafveitnanna og Landsvirkjunar og þeir hafa sýnt það núna að þar eigum við góðum liðsmönnum á að skipa sem ótrauðir leggja nótt við dag til þess að koma raforkukerfinu í lag á nýjan leik.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon): Virðulegi forseti. Vegna þeirrar fsp. sem málshefjandi beindi til mín varðandi ástand símakerfisins í þessum veðraham og rafmagnsbilunum undanfarna daga vil ég taka það fram að almennt hefur símakerfið staðið sig vel, bæði á meðan á rafmagnstruflunum stóð og einnig í þeim óveðrum sem geisað hafa á landinu undanfarið. Þannig hefur örbylgjukerfið, sem er burðarás símakerfisins milli staða, algjörlega staðið sig án bilana allan tímann. Allt fjarskiptakerfið í heild sinni gengur fyrir rafmagni frá rafmagnsveitum, en til öryggis í rafmagnstruflunum hefur verið komið upp nær alls staðar rafgeymum og á nokkrum stöðum dísilrafstöðvum til viðbótar. Því er þó þannig háttað að við mjög langt rafmagnsleysi geta rafgeymar tæmst og símasambandið rofnað.

Á símstöðinni í Gröf í Miklaholtshreppi tæmdust rafgeymar stöðvarinnar eftir um 19 klukkustunda rafmagnsrof. Rétt er að taka fram að á Gröf er auk símstöðvar farsímamóðurstöð og einnig fjölrásastöð eða línustöð fyrir sambönd milli staða. Allar þessar stöðvar ganga á sömu rafgeymum og skýrir það að hluta til að einungis 19 klukkustundir tók að tæma geymana en yfirleitt er miðað við að þeir hafi lágmarksendingartíma upp á sólarhring.

Á símstöðinni í Steinum fyrir Eyjafjallahreppa upplýstist bilun fyrir viku síðan sem athugun hefur sýnt að er í varaaflskerfi stöðvarinnar. Þetta leiddi til þess að þegar rafmagn fór af, þá datt stöðin þar út þar sem varaaflskerfið var ekki í lagi. En vegna ófærðar á þessu svæði hefur ekki tekist að koma sérfræðingum með sérhæfðan búnað til að gera við þessa truflun í varaaflskerfinu.

Þá má geta þess að á Vestfjörðum hefur í nokkra daga verið bilaður sæsími yfir Skutulsfjörð sem tengir Súðavík við Ísafjörð, en veður hefur þar einnig hamlað viðgerðum. Þessi bilun er í sjálfu sér algerlega óháð rafmagnstruflunum.

Í gær laust eldingu niður í fjarskiptastöðina á Háöxl í Öræfasveit og við það varð sambandslaust við Öræfasveit að undanskildum Kvískerjum sem hafa sér-radíósamband við Höfn í Hornafirði. Og þó að elding sé vissulega tengd rafmagni þá verður hún ekki beint rakin til bilana í raforkukerfinu sjálfu. En á öllum þessum stöðum er unnið að viðgerð nú í dag.

Þá má geta þess að í dag eru að tæmast rafgeymarnir á Tjaldanesi í Arnarfirði og við það rofnar sam-

bandið milli Patreksfjarðar og Ísafjarðar, en einnig radíósambandið við Ketildali í Arnarfirði. Þarna hefur verið rafmagnslaust lengi en þess ber þó að geta að báðir þessir staðir hafa áfram samband við Reykjavík.

Samband milli Íslands og annarra landa rofnaði þrisvar milli kl. 17 og 21 í gær, samtals í 78 mín., vegna rafmagnstruflana á jarðstöðinni Skyggni. Skyggnir er mannlaus um helgar en strax og rafmagnslaust varð fóru menn á staðinn. Fyrsta bilun tók 69 mín. eða rof varð í 1 klst. og 8 mín. Ef úthald Skyggnis er tekið á ársgrundvelli er þetta 0,1% rof. Bilunin var í stórum sendivörpurum sem slá út ef spenna breytist, hækkar eða lækkar. Í Skyggni er vararafstöð en unnið er að því að koma upp fjarstýrðri stjórnun frá Múlastöð. Þá verður hægt að keyra Skyggni inn sjálfvirkt ef hann slær út.

Sú spurning vaknar hvort ekki þurfi að hefja undirbúning að byggingu annarrar jarðstöðvar, e.t.v. á öðru landshorni, eftir að allir sæstrengir eru komnir úr notkun. Síðustu sæstrengirnir fóru út í janúar 1988. Það er ekki síst Flugmálastjórn sem er áhyggjufull í þessu sambandi.

Allt sæstrengjasamband er nú orðið ónýtt og jarðstöðin Skyggnir er nánast okkar einasti tengiliður við umheiminn hvað fjarskipti snertir. Þessi mál eru nú til athugunar hjá Pósti og síma og mér þykir líklegt að sú athugun leiði til þess að stefnt verði að því að byggja nýja jarðstöð.

Þá vil ég eingöngu ljúka þessu með því að segja að ég tel að að sínu leyti sé það alvarlegast þessara mála ef truflanir verða á talsímasambandi okkar við útlönd vegna rafmagnsleysis og ég vona að sú vinna sem í gangi er til þess annars vegar að útbúa betur tæknilega þá jarðstöð sem nú er notuð og hins vegar könnun á því hvort nauðsynlegt sé að reisa aðra stöð til öryggis í þessum efnum leiði sem fyrst til farsællar niðurstöðu.

Rekstraröryggi hefur aukist til muna og truflanir urðu í raun hverfandi miðað við það sem mátt hefði búast við til að mynda hér á Reykjavíkursvæðinu við sambærilegar aðstæður fyrir 10–15 árum síðan þegar rafgeymar símakerfisins hér dugðu tæplega til að halda símasambandi í eina klukkustund. Í heild má því segja að símakerfið hafi staðið sig vel, miklu betur en vænta mátti.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð í tilefni þessarar utandagskrárumræðu. Ég tel að rafmagnsleysið, þó að það hafi valdið ýmsum erfiðleikum, hafi samt sem áður verið holl áminning til okkar allra um það hversu lifnaðarhættir okkar allir og nútímaþægindi eru háð tækni sem við höfum lítil ráð yfir þegar náttúruöflin reisa sig. Hve mörg af þessum þægindum eru í raun rafknúin. Ég hygg að flestir hafi komist að því heima hjá sér í gær. Og ég er viss um að myrkrið og kertaljósin hafa þjappað fjölskyldunum saman. Það tengdi vissulega landshlutana saman í útvarpinu þar sem fólk fylgdist með fréttum frá öðrum landshlutum, t.d. unglingum í áætlunarbílum sem sátu fastir. Það hefur því að vissu leyti sína kosti að minna okkur á hversu ótrygg sú tækni er sem við reiðum okkur á á hverjum degi.

Vissulega hefur þetta vakið upp margar spurningar og það hafa fengist góð svör við þeim hér frá þeim ráðherrum sem hafa verið spurðir. Mörg þau svör vekja reyndar fleiri spurningar. Það er íhugunarvert að hér á eyju úti í Norður-Atlantshafi skuli einangrun eða tengivirki vera þannig búin að þau þoli illa sjávarseltu en gott að heyra að það stendur til bóta nú þegar í haust.

En það er ein spurning eða tvær reyndar sem ég vildi beina til ráðherra. Önnur er til hæstv. iðnrh. Ég vil spyrja hann hvort honum komi það ekki spánskt fyrir sjónir, því að öll komumst við að því í gær að heita vatnið þarf rafmagn til þess að dælurnar gangi og það komist inn í húsin okkar, hvort það komi honum ekki spánskt fyrir sjónir að á meðan Hitaveita Reykjavíkur hefur efni á því að byggja veitingahús sem snýst uppi á hitaveitutönkunum í Öskjuhlíð, þá hefur hún enn ekki séð sér fært að koma upp vararafstöð til þess að dælurnar gangi og heita vatninu sé miðlað til borgarbúa eða þeirra sem búa á höfuðborgarsvæðinu. Í öðru lagi vil ég beina spurningu, ég er ekki alveg viss hvert, vegna Almannavarna, heyrir það undir ... ? (**Gripið fram í:** Dóms- og kirkjumálaráðherra, sem er fjarverandi). Dóms- og kirkjumálaráðherra sem er fjarverandi, en ég vil þá alla vega velta vöngum yfir því hvernig almannavarnakerfið starfar í svo algjöru rafmagnsleysi sem var og kemur sínum boðum til íbúanna ef t.d. útvarp fellur einnig út. Og ég vil líka velta því fyrir mér hvort ekki beri að halda almannavarnaæfingar sérstaklega með tilliti til þess að rafmagnsleysi ríki eða jafnvel meðan rafmagnsleysi varir.

Friðjón Þórðarson:

Virðulegi forseti. Það er ekkert óeðlilegt að þessi mál beri á góma, enda ekki á hverjum degi sem slíkur veðrahamur gengur yfir landið. Mér finnst það hafa verið fullkomlega eðlilegt hjá hv. 4. þm. Vesturl. að vekja máls á þessu mikla öryggismáli undir þessum kringumstæðum og það hafa líka komið fram fróðlegar upplýsingar frá hæstv. ráðherrum.

En ég bendi á að það eru ýmsir staðir á landinu sem lenda í vandræðum þó að slík veður gangi ekki yfir eins og það sem nú hefur geisað. Vil ég í því sambandi leyfa mér að nefna Neshrepp utan Ennis, einmitt heimkynni hv. 4. þm. Vesturl. Það er mjög títt í vestanveðrum að þá kemur selta á línuna sem liggur frá Ólafsvík út á Hellissand og gerir það að verkum að íbúar Hellissands verða fyrir mjög miklum óþægindum oft og tíðum. Þeir voru rafmagnslausir klukkustundum saman á laugardaginn og allan daginn í gær frá morgni til kvölds. Það er þessi lína frá Bakka í Ólafsvík út í frystihúsin í Rifi, 6 km löng, sem veldur ófriði og öryggisleysi allt of oft. Ég sé í raun og veru ekki annað ráð en að koma þessari línu í jörð til þess að þarna skapist fullnægjandi öryggi. En þessar

umræður, hvort sem þær eru almennar eða um sérstaka þætti þessa máls, eru af hinu góða og harla nauðsynlegar.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. 4. þm. Vesturl. fyrir að hefja þessa umræðu hér utan dagskrár. Það er satt að segja mjög þarft að farið sé yfir þessi öryggismál hér á hv. Alþingi. Ég vil leyfa mér að nefna eitt atriði til viðbótar sem enn hefur ekki verið rætt en nauðsynlegt er að hafa í huga og það er ástand langbylgjustöðvar Ríkisútvarpsins.

Það hefur verið sagt í mörg ár, a.m.k. eins lengi og ég hef verið hér í þinginu og sennilega lengur, að langbylgjusendirinn væri mjög illa á sig kominn og gæti í raun og veru farið í óveðrum hvenær sem væri. Ég bið ykkur um að hugleiða hvar við værum stödd með möguleika á sambandi við þjóðina alla ef þessi stöð bilar eða bregst. Nú er það ekki vegna þess að menn hafi ekki vitað um málið að það hafi ekki verið efnt til viðgerða eða endurbóta á þessari stöð. Það hefur oft, aftur og aftur verið vakin athygli á þessu við forráðamenn ríkisstjórnar og Alþingis, en kostnaðurinn við endurbætur á langbylgjusendinum er 400 millj. kr. ef hann á að endurreisa með þeim hætti að brúklegt sé til lengri tíma. Hér er m.ö.o. um að ræða risavaxið verkefni. En það er alveg augljóst að ef við viljum tryggja að í óveðri getum við náð sambandi frá einhverjum stað við þjóðina alla, þá verður þessi stöð að endurbyggjast og endurbætast frá því sem nú er. Það er óhjákvæmilegt verkefni.

Ég hef reyndar, virðulegi forseti, áður við svipaðar kringumstæður hér á hv. Alþingi og áður en ég kom í menntmrn. vakið athygli á þessu atriði. Menn hafa allir tekið undir það á þeirri stundu sem utandagskrárumræðan fór fram á hverjum tíma. En hratt flýgur stund og óðara eru menn farnir að huga að einhverjum nýjum verkefnum.

Ég ítreka þetta hér vegna þess að ég tel að það sé svo brýnt að við verðum að hafa það í huga þegar við ræðum um öryggi þjóðarinnar við þær aðstæður sem hér sköpuðust í gær.

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Það er einkum tvennt sem mér finnst athygli vert við þær umræður sem orðið hafa í kjölfar þessara rafmagnstruflana. Það er annars vegar það að í fjölmiðlunum, sem eiga að ná til landsins alls, gerðist ekkert í þessum málum fyrr en seinni hluta dags á sunnudag þegar rafmagnið fór af Reykjavík. Fyrr má segja að landsmenn hafi ekki fengið af því nema fáar fréttir að rafmagnsbilanir hafi orðið á Íslandi. Þegar þetta gerðist voru sum byggðarlög búin að vera án rafmagns í tæpa tvo sólarhringa. Og ástandinu þar held ég að hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir mundi ekki líkja við sérstaka rómantík, þegar menn eru búnir að sitja ljóslausir og án upphitunar undir teppum í tvo sólarhringa, jafnvel þó að kertaljós væri. En það vill vera svo með fjölmiðlana okkar að það verður engin ófærð á Íslandi fyrr en fréttamennirnir komast ekki sjálfir á vinnustað. Það verður ekki rafmagnsleysi á Íslandi fyrr en rafmagnslaust er orðið í Reykjavík o.s.frv. Þetta er annað atriði sem ég vildi nefna, það að þegar Reykvíkingar urðu rafmagnslausir seinni partinn í gær, þá var ástandið orðið þannig víða úti á landi að menn voru búnir að sitja í kuldanum og myrkrinu í tvo sólarhringa.

Í annan stað vekur það að sjálfsögðu athygli mína einnig hvað það var mikið af grundvallaratriðum í samgöngum og öryggi þjóðarinnar sem fór úr sambandi við þessa bilun. Menn hafa nefnt hér sendingar Ríkisútvarpsins og annarra fjölmiðla. Menn gætu nefnt hér varaafl t.d. hjá spítölum og sjúkrahúsum. Menn skulu huga að því að sennilega hefur allt flugöryggiskerfi dottið út við þessa bilun o.fl. o.fl. Það væri þarft, virðulegi forseti, ef menn ætla sér að reyna að læra eitthvað af þessu, ef það er hægt, þá væri það mjög þarflegt ef t.d. Almannavörnum væri falið að gera úttekt á því hvað úrskeiðis fór við þessar rafmagnsbilanir hér svo að menn gætu séð það svart á hvítu hvar veiku blettirnir eru í sambandi við samgöngur og öryggisgæslu ef eitthvað fer úrskeiðis vegna þess að það þarf ekki endilega að vera að það verði eingöngu ill veður sem geta sett þjóðfélagið svona gjörsamlega úr sambandi. Skemmdarverk mundu einnig geta orsakað svipuð vandkvæði og þau skemmdarverk hafa verið unnin ekki víðs fjarri okkur Íslendingum þó að okkur kunni að koma það framandlega fyrir sjónir að slíkt geti gerst hér.

Að lokum, virðulegi forseti, held ég að ef marka má þau orð hv. 6. þm. Reykv. hve sælt væri að sitja í myrkri við kertaljós, þá hlytu íbúar heimabyggðar hv. alþm. Skúla Alexanderssonar að vera orðnir afskaplega rómantískt fólk því að eftir því sem einn þingbróðir hans annar hefur sagt hér, þá skera þeir sig úr um það við hve mikið kertaljós þeir hafa þurft að búa umfram aðra landsmenn.

Albert Guðmundsson:

Virðulegur forseti. Ég tel þær upplýsingar sem hæstv. ráðherra iðnaðarmála gaf fyrir ástæðunni fyrir þeim truflunum, sem undanfarna daga hafa verið á heimsendingu rafmagns víðs vegar um land og eins hvernig komið verði í veg fyrir sams konar truflanir með nýrri tækni í framtíðinni, fullkomlega fullnægjandi svör við þeim spurningum sem fyrir hann voru lagðar. Og það vekur að sjálfsögðu öryggiskennd hjá þjóðinni allri ef með nýrri tækni skapast meira öryggi.

En það sem mér fannst vanta í spurningarnar sem frummælandi bar hér fram eru ástæðurnar fyrir því að hinar ýmsu varaaflsstöðvar, sem eru víðs vegar á landinu og m.a. hér í Alþingishúsinu, sem eiga að fara í gang af sjálfu sér verði einhverjar truflanir, gera það ekki. Hæstv. samgrh. stóð hér undir truflunum áðan sem ekki eiga að geta komið fyrir vegna þeirrar tækni sem er hér í þessu húsi, en það kom nú fyrir samt. Ég tek undir spurningu hv. 6. þm. Reykv. að það er athugunarefni hvernig á því stendur að dælustöð Hitaveitu Reykjavíkur hefur ekki varaaflsstöð á

borð við spítalann t.d. Ég vissi það ekki, og er ég þó búinn að vera borgarfulltrúi í ein 15–16 ár, ég vissi það ekki. Ég hélt að dælustöðin á Reykjum væri þannig útbúin. (Forseti hringir.) Ég skal ljúka máli mínu á mjög skömmum tíma. Samkvæmt fréttum í útvarpinu í gær var Borgarspítalinn afllaus í 10 mínútur, varastöðvar fóru ekki í gang. Sem betur fer stóðu ekki yfir aðgerðir á skurðstofum. Það er spurning sem ég hefði viljað fá svar við. Hvernig stendur á því að þær aflstöðvar, sem eru fyrir hendi og eiga að fara sjálfkrafa í gang þegar í stað þegar rafveitan fer út eða rafmagn er ekki afgreitt á hefðbundinn hátt, fóru ekki í gang? Og við vitum það að á þeim stöðum er oft stutt milli lífs og dauða.

Ég skal ljúka máli mínu, ég tel þetta nægjanlega sagt. En ég hefði gjarnan viljað hvetja ráðamenn, sem þessi mál heyra undir, til að láta fara fram könnun á því hvers vegna þær neyðarstöðvar, sem eru fyrir hendi í stofnunum og þá sérstaklega í sjúkrahúsunum, voru ónothæfar í þetta langan tíma.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Ég þakka þær umræður og svör sem hér hafa verið flutt og þakka ráðherrum sérstaklega fyrir greinargóð svör í sambandi við spurningar mínar þó ég segi nú að sum svörin hafi verið á þann veg þegar svarað var nærri því ákveðið já og á hinn veginn að hlutirnir væru í þó nokkuð góðu lagi, þá vil ég nú bara segja: Ja, stundum er það nú kannski og sei, sei. Því er nú verr og miður. Ég hef ekki orðið var við og ég efast um að samband forustuaðila bæði hjá Síma, Landsvirkjun og Rafmagnsveitum séu í beinum tengslum við þá aðila sem þeir ættu að vera í, sem ég nefndi eins og Almannavarnir öðruvísi en kannski í síma, ekki með beinni tilætlun um að þeir taki þátt í þeim vörnum sem uppi þarf að hafa þegar ástand verður eins og var hér í gær og hefur verið áður.

Eins er með það sem verið er að gera í sambandi við endurnýjun á rafkerfi á Hellissandi, sem hefur verið hér til umræðu, þökk sé hv. 2. þm. Vesturl. Í Neshreppi utan Ennis var byggð spennistöð 1954. Hvernig skyldi hún vera frágengin? Hún er algjörlega lokuð. Við fórum ekki að verða fyrir vandræðum fyrr en staðurinn fór að stækka og nýjar spennistöðvar komu. Síðustu spennistöðvarnar sem boðið er upp á í endurnýjun eru stöðvar sem eru opnar. Það má varla gera neitt veður sem heitir öðruvísi en að slái út eins og hv. þm. benti á. Því miður hefur tæknin ekki heimsótt þennan þátt raforkunnar hjá okkur eins og í sambandi við hringtengingu og annað.

Geithálsstöðin er ekki margra ára gömul. Samt er hún þannig búin eins og raun ber vitni um. Geithálsstöðin mun hafa verið farin að senda frá sér geisla eða neistaflug nokkru áður en hún sló út. Þess vegna spurði ég: Hvert er forvarnarstarfið hjá því starfsliði sem vinnur við þessa stöð? Hver er aðstaða þess til þess að beita forvarnarstarfi? Ég þekki það m.a. að starfsmenn við rafveitu á Vesturlandi hafa byggt upp forvarnarstarf á þann veg að þegar þessar stöðvar eru byrjaðar að senda frá sér neistaflug þá er kallað til slökkviliðið á þessum stöðum til aðstoðar sem er nú ekki nálægt því eins vel útbúið og slökkviliðið hér í Reykjavík. Ég t.d. trúi því að það hefði verið hægt með öflugu forvarnarstarfi að koma í veg fyrir það í gær að þeir hlutir sem gerðust á Geithálsi hefðu þurft að eiga sér stað.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir að fá að svara hér spurningum sem fram hafa komið. Það er vissulega rétt að þessar rafmagnstruflanir minna okkur á hversu háð við erum náttúruöflunum — fremur en tækninni eins og hv. 6. þm. Reykv. orðaði það. Ég vil þakka fyrir þær ábendingar sem hér hafa komið fram um það sem úr þyrfti að bæta og það er þá sérstaklega að bæta þurfi samstarf milli starfsmanna þessara orkustofnana og veitustofnana, Vegagerðarinnar og Almannavarna, og sú þörf sem fram hefur komið að mínu áliti við þessa atburði að huga að varaaflsstöðvum fyrir lífsspursmálin í landinu, þ.e. Borgarspítalann, eins og hv. 5. þm. Reykv. nefndi, dælustöðvar fyrir Hitaveituna, eins og hv. 6. þm. Reykv. nefndi. Hér er ekki fjallað um forgangsröð í framkvæmdum Hitaveitu Reykjavíkur, en vissulega er það umhugsunarefni sem hér var á drepið.

Ég tel það líka mikilvægt að hér hefur greinilega komið fram hvaða landshlutar það eru sem eru sérstaklega í hættu þegar gerir svona vestanveður. Við þurfum svo sannarlega að huga að því, sérstaklega á Vesturlandi og á Snæfellsnesi, eins og hér hefur komið fram bæði í máli málshefjandans og hv. 2. þm. Vesturl.

Um Geithálsstöðina ætla ég ekki að fara fleiri orðum, segi aftur það sem ég sagði áðan að úr mikilvægi hennar verður dregið í haust þegar Hamranesstöðin kemur sem verður með gaseinangrun en ekki hefðbundinni einangrun, undir þaki, en ekki úti í veðri og vindum.

Um forvarnarstarfið ætla ég ekki að segja fleira. Ég þakka fyrir umræðuna.

Kynferðisleg misnotkun á börnum, fyrri umr.

Þáltill. IBA o.fl., 87. mál. — Þskj. 89.

Flm. (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. á þskj. 89 um rannsókn á tíðni og umfangi kynferðislegrar misnotkunar á börnum. Flm. ásamt mér eru hv. varaþm. Ásgeir Hannes Eiríksson og hv. þm. Guðmundur Ágústsson. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nú þegar starfshóp er kanni tíðni og umfang kynferðislegrar misnotkunar á börnum hér á landi og geri tillögur um samræmdar aðgerðir opinberra aðila til að sporna við slíku atferli. Jafnframt skal starfshópurinn gera tillögur um lagabreytingar á þessu sviði telji hann þörf á.

Starfshópurinn skal skipaður sérfræðingum á þeim sviðum sem mál þessi varða og skal hafa aðgang að þeim gögnum og upplýsingum hjá opinberum aðilum sem honum eru nauðsynleg við könnunina."

Í grg. segir eftirfarandi:

„Eins og öllum er vafalaust í fersku minni var nú nýverið sýnd hér á landi norsk heimildarmynd um kynferðislega misnotkun á börnum. Er ekki ofmælt að öllum almenningi hafi verið stórlega brugðið við þær upplýsingar sem fram komu í heimildarmyndinni og viðbrögð almennt einkennst af hryllingi.

Af umræddri heimildarmynd og umræðum, sem fylgt hafa í kjölfarið, hefur komið skýrt fram að ríkrar tilhneigingar gætir til að neita tilvist þessara brota hér á landi eins og raunar víða annars staðar. Má ef til vill segja að þessi sjónarmið séu eðlileg þar sem hér er um dulin afbrot að ræða sem eru af fjölskyldu- og tilfinningaástæðum sjálfsagt sjaldnast kærð. Því miður er hins vegar engin ástæða til að ætla að ástand þessara mála sé á annan veg hér á landi en annars staðar. Er því full ástæða til að fram fari heildstæð úttekt á þessum málum svo að móta megi heildarstefnu af hálfu opinberra aðila sem beinist ekki síst að fyrirbyggjandi aðgerðum, jafnframt því sem hugað verði að úrræðum til aðstoðar fórnarlömbum sem oftast geta ekki borið hönd fyrir höfuð sér. Þá er ekki síður ástæða til að leita leiða til að aðstoða brotamennina sjálfa sem oft á tíðum má ætla að séu haldnir annarlegum hvötum sem þeir ráða ekki við sjálfir án læknisaðstoðar í einhverju formi.

Framangreindum markmiðum verður ekki náð án þess að opinberir aðilar og almenningur viðurkenni vandann í reynd og nái að skilgreina hann. Markviss rannsókn af því tagi sem hér er lögð til færir okkur nær því marki og gerir okkur betur kleift að veita börnum okkar þá vernd sem þau þarfnast og eiga rétt á af hálfu samfélagsins."

Þannig hljóðar grg. með tillögunni.

Misnotkun á börnum kynferðislega virðist vera mun meiri og algengari en fólk hefur hingað til gert sér grein fyrir. Þannig segir t.d. Gestur Ingi Pálsson barnalæknir, sem kom fyrir dóm vegna eins slíks máls, að kynferðisafbrot gagnvart börnum á þessum aldri væru algengari en áður var talið. Hann kvað það algengt að komið sé seinna til læknis með börn sem fyrir slíku verða og þá engar skýringar fyrir hendi. Slasist börn hins vegar á kynfærum með öðrum hætti sé strax komið með þau til læknis og skýringar þá á reiðum höndum.

Geta menn yfirleitt sett sig í spor þess barns sem fyrir slíku verður? Ég held að það sé mjög erfitt en ekki útilokað. Hvernig skyldi slíku barni líða sem verður fyrir því að faðir þess misnotar það kynferðislega? — Ég segi faðir vegna þess að í langflestum tilfellum eru það feðurnir sem eru brotlegir en ekki mæðurnar þó það komi einnig fyrir. — Hvernig líður slíku barni sem oftast hefur engan til að leita til? Pabbi hótar og hræðslan ein veldur því að barnið þorir ekki að láta mömmu eða nokkurn vita. Bæði getur verið um hræðslu við pabbann að ræða og eins hræðsluna um að verða þess valdandi að pabbi verði sendur í burt, að fjölskyldan skiptist upp. Hvernig líður því barni sem ekki þorir að vera eitt heima með pabba? Hleypur sífellt út ef í það stefnir að þau verði ein heima saman. Þolandinn þjáist oft af hræðslu við að verða barinn, send að heiman eða þá að enginn trúi henni. Þar af leiðandi segir hún engum frá sifjaspellunum. Oft tryggir skömmin þögn hennar. Stundum er hún hrædd um að pabbi verði fangelsaður ef hún kemur upp um hann og þá sé enginn til að sjá fyrir fjölskyldunni. Hver sem ástæðan er lendir þolandinn í heimi leyndar, skammar, vonleysis og sektarkenndar. Í þeim heimi skynjar hún algjöra einangrun. Það er enginn sem hægt er að snúa sér til, ekki hægt að trúa neinum fyrir neinu, ekki hægt að biðja neinn um hjálp.

Ég ætla ekki að nefna nein dæmi máli mínu til stuðnings, en benda hins vegar þm. og öllum sem mál þetta bera fyrir brjósti á að fletta upp í nýútgefnum hæstaréttardómum merktum LIX.I. (59.1) á bls. 666 og lesa þar um mál nr. 339/1987, ákæruvaldið gegn X. Þar er um mál að ræða þar sem faðirinn hefur gerst brotlegur kynferðislega gagnvart tveim dætrum sínum og syni allt frá því að þau voru aðeins 5 og 6 ára og stundaði hann iðju sína í mörg ár áður en upp komst. Þessi faðir þarf á hjálp að halda engu síður en börnin. Sú hjálp er ekki fólgin í því að senda manninn inn á venjulega fangastofnun. Hann þarf á faglegri hjálp að halda, læknislegri.

Þá vil ég einnig benda áhugasömum þingheimi á að lesa bókina „Börnin svikin" eftir Susan Forward og Craig Buck í ágætri þýðingu Guðbjargar Einarsdóttur sálfræðings, en þar er fjallað um þetta málefni frá öllum hliðum.

Ég vil einnig benda á athyglisverða grein í tímaritinu Mannlíf, útgefið í nóvember 1988. Þar er grein undir fyrirsögninni „Ég bíð þess aldrei bætur" og fjallar hún um misnotkun stjúpföður á stjúpdóttur. Í lok þeirrar greinar segir viðmælandi eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Þegar þetta komst upp rétti hann mér 20 þús. kr. En peningar bæta ekki það sem stjúpi gerði mér. Hann eyðilagði líf mitt og ég fyrirgef honum það aldrei. Peningar bæta ekki líf sem hefur verið lagt í rúst."

Það er einmitt þetta m.a. sem við erum að reyna að fá fram, þ.e. að til verði einhvers konar stuðningshópar, athvörf þar sem endurhæfing fórnarlamba geti farið fram þannig að hægt sé að hjálpa fólki svo sem frekast er unnt, að laga líf þess fólks sem þá stundina er í rúst. Það er afar mikilvægt að fólk brenni ekki inni með reynslu sína og þjáist þar af leiðandi vegna hennar allt sitt líf, að allt þess líf mótist af þessari hörmulegu lífsreynslu.

Sem dæmi um það hvernig fórnarlamb lítur á sjálft sig var eitt slíkt spurt að því hvaða áhrif það héldi að sifjaspell hefði haft á sig. Svarið var á þessa leið: „Ímyndaðu þér ógeðslegasta kvikindi jarðar. Ég er enn þá ógeðslegri." Það er varla hægt að lýsa þessu betur.

Spurningin hlýtur að vera sú: Hvað höfum við gert til þess að reyna að spyrna við fótum, til þess að reyna að draga úr slíkum slysum? Því miður held ég að það sé næsta lítið. Ég álít að fyrirbyggjandi aðgerðum hafi ekki verið sinnt sem skyldi, en það eru náttúrlega þær aðgerðir sem eru mest aðkallandi. Má t.d. nefna að námsefni vantar algjörlega í grunnskólana. Það er þörf fyrir markvisst fræðsluefni til að fyrirbyggja ofbeldið. Eina fræðsluefnið sem ég veit um er bæklingur sem barnahópur Samtaka um kvennaathvarf gaf út og heitir „Þetta er líkami minn", þar sem reynt er að kenna börnum að segja já eða nei eftir því hvort um er að ræða atlot eða áreitni.

Nauðsynlegt er að meðferð slíkra mála sé hraðað sem mest, að þau fái forgang í kerfinu. Að sama skapi er nauðsynlegt að heimilt sé að vitnisburður barna sé tekinn upp á vídeó og notaður í rétti þannig að þau þurfi ekki að mæta fyrir rétti og rifja þar upp atburði sem þau hafa reynt að gleyma. Þar sem þessu verður viðkomið á hikstalaust að beita þessari aðferð.

Þá má alveg varpa fram þeirri hugmynd hvort ekki sé orðið tímabært að setja á stofn sérstakan barnadómstól, dómstól er aðeins sinni málefnum barna.

Börnin og unglingarnir þurfa á stuðningshópum að halda engu síður en t.d. fórnarlömb nauðgana. Slíkir stuðningshópar þurfa að skiptast eftir aldurshópum þar sem það gefur auga leið að það er ekki sambærilegt hvort fórnarlamb er 5 ára eða 15 ára. Það þarf einnig að verða hugarfarsbreyting hjá þjóðinni því að fordómar og skilningsleysi hjálpa fórnarlömbum ekkert. Neyðarsími fyrir fórnarlömb sifjaspella ætti að vera til staðar þangað sem þau geta hringt og leitað ráða. Inn á spítalana vantar neyðardeild fyrir börn, sem lenda í slíku, á meðan þau eru að átta sig. Það þarf að spyrja börn mjög varlega og óbeint.

Eftir því sem mér hefur skilist hafa Norðmenn náð langt á þessari braut og fer vel á því að viðkomandi starfshópur leitaði eftir upplýsingum um það hvernig þeir taka á þessum málum.

Hæstv. forseti. Ég tel að til þess að gera sér grein fyrir stöðu þessara mála hérlendis sé nauðsynlegt að fá ýmsar upplýsingar frá opinberum aðilum eins og t.d. RLR, Rannsóknarlögreglu ríkisins, upplýsingar eins og t.d. hversu margar kærur hafa borist vegna sifskaparbrota á ákveðnu tímabili, hversu mörgum þeirra hafi lokið með dómi, hversu margar hafi verið dregnar til baka á sama tímabili og hvers vegna, hversu margir einstaklingar hafi verið kærðir oftar en einu sinni eða tvisvar eða þrisvar o.s.frv., skipting afbrotanna milli þéttbýlis og dreifbýlis, skipting fórnarlamba milli kynja, fjöldi afbrota gagnvart samkyni. Hafa fórnarlömb leiðst áberandi meira út á braut ofneyslu áfengis eða lyfja en aðrir hópar? Hafa fórnarlömb beinlínis orðið geðveik, taugaveikluð, endað á hæli o.s.frv. umfram aðra hópa? Er sjálfsmorðstíðni hærri hjá þessum hópi ógæfufólks en öðrum hópum?

Hæstv. forseti. Svona er hægt að spyrja fjölmargra spurninga. En stærsta spurningin er samt þessi: Hvernig getum við komið í veg fyrir þessar hörmungar og hvernig er viðkomandi best komið til hjálpar, hvort heldur um er að ræða fórnarlambið eða afbrotamanninn, sjúklinginn?

Að lokinni umræðu mælist ég til að tillaga þessi verði send hv. félmn. til umfjöllunar.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vildi óska að ég hefði vitað að þessi tillaga mundi væntanleg á dagskrá þar sem hún verðskuldar svo sannarlega vel undirbúna umræðu og mjög þarfa. En eins og kom fram í máli 1. flm. er hér um afar viðkvæm mál að ræða sem erfitt er að taka á, ekki síst fyrir þá sem málið varðar mest, einnig fyrir þá sem um það fjalla sem stuðnings- eða meðferðaraðilar. Það má einmitt vekja athygli á því að það er ekki ýkja langt síðan ýmsar starfsstéttir, sem sérstaklega sinna geðheilsu og andlegri vellíðan fólks, og þær eru margar, tóku þetta mál til umfjöllunar hér á landi. Og eins og áður þegar um slíkt er að ræða, og má gjarnan minna á umræðuna um kvennaathvarfið á sínum tíma, þá trúði því enginn að slíkt tíðkaðist á Íslandi, þetta væri fyrst og fremst ógæfa sem henti fólk meðal erlendra þjóða, en það kom einmitt í ljós þegar kvennaathvarfið var opnað að því miður var það svo sannarlega tíðkað líka á Íslandi að konur væru beittar ofbeldi heima hjá sér af sínum nánustu. Svipuðu máli gegnir um kynferðislega misnotkun á börnum. Hún er svo sannarlega því miður tíðkuð á Íslandi þó að mjög lítið sé vitað enn um tíðni hennar.

Þó að þessi tillaga sé að mörgu leyti mjög þörf, einmitt til að vekja upp umræðu, þá vil ég jafnframt vekja athygli á því að það er mjög erfitt að kanna tíðni og umfang kynferðislegrar misnotkunar á börnum einmitt vegna þess hve þögnin og skömmin í kringum þessi mál er ríkjandi og hversu fjarskalega ólíklegt það er að það takist að gera marktæka könnun þess vegna. Flestar kannanir sem hafa verið gerðar eru kannanir þar sem litið er til baka, þar sem fullorðnar konur segja frá því sem kom fyrir þær meðan þær voru börn. Jafnvel slíkar kannanir eru vandgerðar. En það eru til aðferðir, eins og hv. 1. flm. vitnaði til, sem geta fengið börn til að tjá sig um eitthvað sem þau stundum skilja jafnvel ekki mjög vel og það er auðvitað meginatriði í allri umfjöllun þessara mála að sýna börnunum sem ríkasta tillitssemi. Einmitt það að taka myndband af vitnisburði barnanna, svo sem hv. 1. flm. minntist á, er mjög víða tíðkað erlendis þannig að barnið þarf einungis einu sinni e.t.v. að koma til yfirheyrslu og þá eru viðstaddir allir þeir aðilar sem þurfa að tala við barnið. Hvort sem þeir eru allir sýnilegir á staðnum eða ekki, þá geta þeir borið fram spurningar. Og myndbandið er síðan notað sem vitnisburður æ síðan þannig að barnið þarf aldrei aftur að ganga gegnum þá eldraun sem það er að segja frá slíku.

Ég lýsi sem sagt nokkurri efasemd um að það sé hægt að gera slíka könnun þó að það sé auðvitað sjálfsagt að gera allt sem hægt er til þess að grafast fyrir um slíkt. Vissulega má einnig benda á það að

Félagsmálastofnun Reykjavíkur og aðrar svipaðar stofnanir, læknar, félagsráðgjafar og ýmsir aðrir búa yfir vitneskju um slík tilvik.

Það sem ég hef komist að í viðræðum einmitt við þessa aðila er hversu afskaplega erfitt það er að finna lausnir á þessum vanda fyrir þau börn sem í því lenda. Oft ríkir mikil gremja og vanmáttur þeirra sem um málin þurfa að fjalla vegna þess hve kerfið, ef við getum sagt sem svo, er illa viðbúið að taka á þessum málum. Og það er ekki síst vegna þeirra viðhorfa sem menn hafa til þessara mála og þeirrar afneitunar sem gildir vegna þess að mjög fáir vilja trúa því að þetta tíðkist hér.

Í sambandi við fræðsluna held ég að það sé ekki ráðlegt að fara inn í grunnskólana með þessa fræðslu á þessu stigi málsins. Það væri miklu nær að fræða fyrst og fremst þær starfsstéttir sem koma til með að hitta slík börn eða þurfa að þekkja úr börn sem eiga við þennan vanda að glíma. Það eru fóstrur, það eru kennarar, það eru margar starfsstéttir innan heilbrigðisgeirans og það mætti telja upp fleiri, félagsráðgjafar, sálfræðingar og ýmsir aðrir. Þetta er fólkið sem þarf að mennta fyrst og fremst þannig að það viti og kunni að þekkja þau einkenni sem benda til þess að um slíkt geti verið að ræða. Síðan mundi ég fremur leggja til að koma með svona fræðslu inn í framhaldsskólana, þar sem eru verðandi foreldrar, fólk sem kannski hefur ekki mikla fordóma en er móttækilegt fyrir slíkum fróðleik. Ég held að það gæti verið mun þarfara, en auðvitað þyrfti að athuga allt slíkt mjög vel.

Varðandi lagabreytingar vil ég benda á þá skýrslu sem unnin hefur verið af nauðgunarmálanefnd sem nýlega lauk störfum og skilaði viðamikilli skýrslu sem enn hefur reyndar ekki verið prentuð, en er væntanleg úr prentun nú um mánaðamótin. Þar eru gerðar tillögur um lagabreytingar sem mig langar að vitna til, með leyfi hæstv. forseta, en þær varða einnig sifskaparbrot og vernd barna og ungmenna. Í tillögum nefndarinnar er getið um lagabreytingar og þeim má skipta í fjóra meginþætti:

Það eru breytingar á XXII. kafla almennra hegningarlaga sem varða skírlífisbrot, t.d. þannig að ákvæði um kynferðisbrot verða ókynbundin; samræming ákvæða um kynferðisbrot í anda ríkjandi viðhorfa nú á dögum og með hliðsjón af breytingum annars staðar á Norðurlöndum; að gleggri skil verða milli verknaðarlýsinga en í gildandi ákvæðum, sérstaklega varðandi mörkin milli nauðgunar og annarrar kynferðislegrar nauðungar, refsivernd er almennt aukin með því að leggja ýmsar kynferðisathafnir að jöfnu við samræði; og í síðasta lagi, refsivernd barna og ungmenna er styrkt frá því sem nú er. Lagabreytingar þessu viðvíkjandi eða jafnvel umritun á lögunum verður væntanlega lögð fram í kjölfar birtingar þessarar skýrslu eða mjög fljótlega, á þessu þingi vænti ég.

Síðan eru fleiri lagabreytingar, en ég ætla ekki að minnast á þær hér því að þær varða ekki beint börn og ungmenni. En það verður sannarlega tekið tillit til þeirra þar sem þessar lagabreytingar eru.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta mál. Ég tel að þessi umræða sé mjög þörf. Ég held að það sé mjög brýnt að taka á málunum, e.t.v. með því að skipa þá nefnd eins og hér er lagt til, en það þarf fyrst og fremst að fræða almenning, að fræða þá starfshópa sem málunum eiga að sinna og að fræða verðandi foreldra. Það held ég að sé meginatriði. Auðvitað þarf síðan að gera börnunum ljóst að þau ráði yfir sínum eigin líkama og að þau geti sagt nei. En mér óar við því að varpa þeirri ábyrgð á börnin nú meðan samfélagið veit ekki einu sinni hvernig það á að bregðast við. Hinir fullorðnu kunna ekki að bregðast við þessu. Mér finnst allt of snemmt að fara að höfða til barnanna þegar svo er í pottinn búið. En málið er vissulega brýnt og ég er fegin að það er hér komið fram.

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Sú ályktun sem hér er lögð fram fjallar um kynferðisbrot gagnvart börnum og er það virðingarverð viðleitni til þess að varpa enn frekara ljósi á umfang og tíðni þessara afbrota. Ég tel það mjög mikilvægt að þeir sem með löggjafarvaldið fara átti sig á því hversu mikilvægt það er að hugað sé að réttarstöðu barna á hinu háa Alþingi jafnt og annarra þjóðfélagsþegna, ekki síst þegar á það er litið að börn geta ekki myndað þrýstihópa til þess að hafa áhrif á framgöngu sinna mála líkt og fullorðnir geta gert.

Ég get þó ekki látið hjá líða að minna á það hér að á síðasta þingi fór fram allnokkur umræða um einmitt þessa tegund afbrota á sama tíma og umræðan í þjóðfélaginu var mjög mikil um þessi mál. Hv. 6. þm. Reykn. lagði þá fram frv. um forgang þessara mála í dómskerfinu og var það afgreitt sem lög á síðasta þingi. Enn fremur lagði hv. þm. fram fsp. til hæstv. dómsmrh. um fjölda þessara mála. Á síðasta þingi, nánar tiltekið í nóvember 1987, lagði ég fram frv. til breytinga á hegningarlögum um kynferðisbrot og þá ekki síst gagnvart börnum. Þessu máli var vísað til ríkisstjórnarinnar þar sem heildarendurskoðun stæði yfir á þessum hluta hegningarlaganna. Þetta reyndist ekki alls kostar rétt þar sem nefnd sú sem þáv. hæstv. dómsmrh. vísaði til, svokölluð nauðgunarmálanefnd, skilaði að vísu nýlega frá sér skýrslu um afmarkaðan hluta þessara lagaákvæða eða 194.–199. gr. hegningarlaga, en tók ekki til lagaákvæða svo sem eins og 203. gr. hegningarlaga, sem fjallar um kynferðismök persóna af sama kyni, en 2. gr. frv. sem vísað var til ríkisstjórnarinnar fjallaði einmitt um þetta lagaákvæði svo sem eins og sagði í greinargerð, með leyfi virðulegs forseta:

„2. gr. frv. fjallar um kynferðismök við persónu af sama kyni og hefur falið í sér miklu lakari vernd en ákvæði er snerta önnur kynferðisbrot þegar litið er til refsimarkanna. Refsihámarkið hefur verið bundið við 6 ára fangelsi sem er miklu minni refsing en er lögbundið t.d. í 194. gr. og 1. mgr. 200. gr. hegningarlaganna. Slíkt fær ekki samrýmst nútímaviðhorfum, hvorki efnislega né réttarfarslega. Hér er breytingar þörf og mótast sú þörf ekki síst af fjölda alvarlegra mála nú á síðustu árum þar sem brotaþolar eru einatt

ungir drengir og afbrotamaðurinn karlkyns. Læknisfræðilegar líkur benda til þess að einmitt þessi tegund afbrota geti haft mjög skaðlegar afleiðingar fyrir brotaþola og er þá m.a. átt við kynsjúkdóm eins og eyðni. Því þykir full ástæða til þess að lögum óbreyttum að í lagaákvæði þessu sé einnig vísað til 2. mgr. 202. gr. sem getið er í frv."

Á þessum lagaákvæðum hefur ekki verið tekið né heldur lagt fram frv. í samræmi við skýrslu nauðgunarmálanefndarinnar. Það er von mín að úr þessu verði bætt sem fyrst. Það er greinilega ekki nóg að hv. þm. sýni þessum málum áhuga ef framkvæmdarvaldið sinnir þeim ekki, í þessu tilviki hæstv. dómsmrh. Þó er unnið að ýmsum réttarbótum er snerta hagsmuni barna. T.d. er verið að endurskoða lög um vernd barna og ungmenna, en það er mjög mikilvægt að barnaverndarnefndir víðs vegar á landinu verði betur í stakk búnar til að sinna ýmsum lagalegum skyldum og þá ekki síst í kynferðisbrotamálum gagnvart börnum þar sem fórnarlömbin þurfa oft mikla aðstoð sérfræðinga sem og oft fjölskyldur í heild sinni. Og vissulega eru þetta mjög vandmeðfarin mál.

Í grg. með þessari till. sem hér liggur fyrir segir svo, með leyfi virðulegs forseta, og þar er vísað í mynd sem sýnd var í sjónvarpi:

„Af umræddri heimildarmynd og umræðum, sem fylgt hafa í kjölfarið, hefur komið skýrt fram að ríkrar tilhneigingar gætir til að neita tilvist þessara brota hér á landi eins og raunar víða annars staðar. Má ef til vill segja að þessi sjónarmið séu eðlileg þar sem hér er um dulin afbrot að ræða sem eru af fjölskyldu- og tilfinningaástæðum sjálfsagt sjaldnast kærð."

Ég held að það sé e.t.v. fullmikið sagt að ríkrar tilhneigingar gæti til að neita tilvist þessara brota. Þvert á móti hafa félagsráðgjafar og sálfræðingar lagt sig fram um að reyna að skilgreina þessi vandamál og leita úrbóta, þá ekki síst í sifjaspellsmálum.

Ég hef nýlega fengið í hendurnar skýrslu frá Félagsmálastofnun Reykjavíkur, þar sem fjallað er um fjölda og vinnslu kynferðisafbrotamála er bárust Félagsmálastofnun Reykjavíkur á árinu 1988. Þar kemur reyndar fram að þessum málum hefur fjölgað en sérfræðingar telja að það eigi e.t.v. ekki síst rætur að rekja til þess að þessi umræða hefur verið opnuð í þjóðfélaginu. Í þessari grg. er bæði lýst ástandi og bent á úrbætur. Og nú þegar er hafin mjög ítarleg samvinna við ýmsar stofnanir sem taka á þessum málum, ekki síst í heilsugæslunni.

Ég tel þar að auki að viðhorfsbreyting hafi átt sér stað hjá almenningi, en samt sem áður get ég tekið fyllilega undir það hjá hv. flm. þessarar tillögu að betur má ef duga skal og upplýsingar um tíðni og umfang kynferðislegrar misnotkunar á börnum eru nauðsynlegar. Ég lýsi því yfir stuðningi við þessa tillögu, en spyr jafnframt hvort það sé ekki réttur skilningur hjá mér að hér sé um að ræða öll kynferðisbrot gagnvart börnum en ekki einungis sifjaspellsmál. Og ég tek undir orð síðasta ræðumanns sem taldi þessa umræðu mjög þarfa.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu viðkvæmt mál. Eins og fram hefur komið hefur orðið hér mikil umræða um kynferðisafbrot gagnvart börnum undanfarin ár og það ekki að ástæðulausu. Mörg þessara afbrota eru svo gróf og eðli þeirra slíkt að þau hljóta að setja mark sitt óafmáanlega á þá sem fyrir þeim verða og aðstandendur þeirra.

Ef halda á uppi réttarríki hér á landi er nauðsynlegt að virðing ríki fyrir lögum og reglum en hætt er við að sú virðing þverri þegar í ljós kemur að t.d. sami maður kemst upp með að brjóta af sér gagnvart börnum áratugum saman eins og dæmin hafa sannað. Það verður að bregðast strax við afbrotum af þessu tagi, rannsaka þau til hlítar og ljúka allri meðferð þeirra á sem skemmstum tíma. Skjót málsmeðferð er sérstaklega nauðsynleg þegar börn eiga hlut að máli, en auðvitað á það við um öll mál sama eðlis. Börnin þurfa á öllu sínu að halda til að þroskast og komast til vits og ára. Eigi þau hins vegar um lengri tíma stöðugt yfir höfði sér upprifjun á þeim voðaatburði sem hratt þeim úr öruggri og áhyggjulausri barnæsku yfir í kvalafulla veröld er næsta víst að sá þroski verði ekki áfallalaus.

Eins og hér kom fram í máli hv. 8. þm. Reykv. flutti ég á síðasta þingi frv. sem varðaði breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, þ.e. um brot sem falla undir XXI. og XXII. kafla hegningarlaga um sifskaparbrot og skírlífisbrot, að þau fái sérstakan forgang fram yfir önnur hegningarlagabrot hvað varðar rannsókn og meðferð. Og góðu heilli þá varð þetta frv. að lögum. Hins vegar lagði ég fram fsp. þar sem óskað var skriflegs svars. Þessi fsp. var nokkuð ítarleg, hún var í fimm liðum og fjallaði um sams konar efni og hér er reyndar verið að fjalla um og vildi ég, með leyfi hæstv. forseta, leyfa mér að renna yfir þessa fsp. og þær skýringar sem komu fram í skriflegu svari hæstv. ráðherra þar sem það varpar nokkru ljósi á stöðu þessara mála eins og hún hefur verið fram að þessu. En fsp. hljóðaði svona:

„1. Hve margar kærur hafa verið lagðar fram í kynferðisafbrotamálum gagnvart börnum á tímabilinu 1. jan. 1950 til 1. nóv. 1987?

2. Hve margir einstaklingar hafa verið kærðir og hve oft hver þeirra?

3. Hve langur tími hefur liðið frá kæru þar til dómur hefur gengið?

4. Hve margar kærur bíða afgreiðslu nú og hvenær voru þær lagðar fram?

5. Hvaða dóm hafa sakborningar fengið í hverju einstöku máli?"

Í skriflegu svari hæstv. ráðherra kemur fram í greinargerð, með leyfi forseta:

„Skýrslur um fjölda kærðra brota í einstökum kæruflokkum eru ekki til hér á landi. Á árinu 1976 var tekin upp samræmd kæruskrá við embætti sýslumanna og bæjarfógeta og frá stofnun Rannsóknarlögreglu ríkisins hefur verið færð kæruskrá. Upp úr þessum gögnum hefur ekki verið unnið og þar sem skrár þessar eru ekki tölvuunnar verður það ekki gert

án þess að upplýsingar hvers árs fyrir sig verði handunnar en það er mjög mikil og tímafrek vinna. Auk þess eru kynferðisafbrot gegn börnum ekki flokkur í kæruskrám heldur falla þau undir safnheitið kynferðisafbrot. Af þessu leiðir að auk þess að skoða kæruskrár yrði að fletta upp á hverju einstöku máli til að kanna hvort afbrotið beindist gegn börnum.

Ráðuneytið hafði því eigi í höndum umbeðnar upplýsingar og eftirgrennslan hjá lögreglustjóraembættum leiddi í ljós að eigi væri unnt að afla þeirra án verulegrar fyrirhafnar. Því var gripið til þess ráðs að biðja um yfirlit fyrir skemmra tímabil og fylgir það hér á eftir. Jafnframt var ákveðið að koma gerð og úrvinnslu afbrotaskýrslna í betra horf í framtíðinni og nú er unnið að því verkefni. Upplýsingar fylgja um kærur fyrir tímabilið 1984–1987 frá flestum lögsagnarumdæmum, en frá Rannsóknarlögreglu ríkisins fylgir yfirlit yfir árið 1987. Í tilefni af þeim kærum sem bárust voru 11 mál send til ákvörðunar ríkissaksóknara."

Ég ætla síðan ekki að fara að lesa upp þessa lista sem komu fram. Ég vil leyfa mér að vísa, ef hv. alþm. hafa áhuga á, á þetta svar sem er 85. mál 110. löggjafarþings. En mér fannst ástæða til að koma með þetta innlegg inn í þessa umræðu því að hún varpar nokkuð skýru ljósi á hvaða meðferð þessi mál hafa fengið í dómskerfinu. Ég vil taka undir það sem hér hefur verið sagt að þetta er alvarlegt og viðkvæmt mál sem hér er um að ræða og það er brýn þörf á að þessi mál séu tekin til umfjöllunar ekki síst með forvarnarstarfið í huga.

Ég get svo bætt því við að ég hef nú þegar lagt fram fsp. þar sem ég óska eftir að hæstv. dómsmrh. upplýsi um hvað líður úrvinnslu þeirra skýrslna og gagna sem getið er um í þessu skriflega svari.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Hér er um viðkvæmt en jafnframt mikilvægt mál að ræða og ég get tekið undir flest það sem hér hefur komið fram. Þetta mál varðar forvarnir, fræðslu, meðferð og refsingar ásamt ýmsu fleiru sem ég skal ekki fara hér út í, enda hefur málið verið ítarlega rætt. Ég vildi aðeins upplýsa það að í framhaldi af starfi nefndarinnar um meðferð nauðgunarmála og frumvarpa og annarrar umræðu hér á Alþingi er verið að endurskoða hegningarlögin, þau ákvæði sem snerta kynferðisafbrot, ekki aðeins þau afbrot sem tekin voru til meðferðar hjá svokallaðri nauðgunarmálanefnd heldur einnig önnur afbrot jafnframt því sem þá að sjálfsögðu er tekið til kynferðisafbrota gagnvart börnum.

Ég vænti þess að þetta frv. verði tilbúið nægilega snemma þannig að það megi leggja fram á því Alþingi sem nú starfar, a.m.k. verður lögð á það öll áhersla af minni hálfu að slíkt frv. geti komið hér til meðferðar.

Flm. (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi fá að þakka fyrir þær jákvæðu undirtektir sem þessi till. hefur fengið. Ég get reyndar tekið undir flest ef ekki allt sem hv. þm. hafa sagt.

Hv. 6. þm. Reykv. efaðist um að það yrði einfalt mál að gera slíkar kannanir og undir það tek ég að sjálfsögðu heils hugar. Það er afskaplega erfitt en ég tel brýnt að það verði reynt með öllum tiltækum leiðum og ráðum. Hvort sem það er í því formi sem hér er lagt til eða ekki þá má það einu gilda fyrir mig, málið fyrir mig er að það komist hreyfing á það og það sé reynt að sporna við þessum hlutum eins og frekast er unnt. Hvort þessi fræðsla ætti að fara inn í grunnskólana eða ekki það er heldur ekki heilagt mál fyrir mig og sjálfsagt rétt að frekar eigi að stefna þessu að verðandi foreldrum og þar af leiðandi inn á framhaldsskólastigið. Engu að síður er sá eini bæklingur, ef það má kalla hann námsefni, sem gefinn hefur verið út og heitir „Líkami minn", notaður í leikskólum Reykjavíkurborgar þannig að þar er nú strax byrjað að reyna að fræða börnin þó lítillega sé. En það er sem sagt ekkert hitamál fyrir mig hvar þetta fer fram. Ég er að leita að árangri í þessu málefni.

Það hafa verið boðaðar hér lagabreytingar sem að einhverju leyti koma inn á þetta málefni. Ég fagna þeim að sjálfsögðu og vona að þær fái skjóta umfjöllun hér í þinginu og verði að lögum sem allra fyrst. En lagasetning sem slík kemur aldrei í veg fyrir þessi afbrot þannig að það sem við verðum að horfa á númer eitt, tvö og þrjú hlýtur að vera forvarnarstarf og hvernig við getum komið í veg fyrir að þessi afbrot eigi sér stað.

Ég fagna því að Sjálfstfl. hafi flutt bæði frv., till. og fsp. um þetta mál. Það sýnir að þingmenn eru vakandi fyrir þessu, hafa áhyggjur af þessum málaflokki og eru allir af vilja gerðir til þess að takast á við þann vanda.

Það er í sjálfu sér ekki mikið meira um þetta að segja. Það er nauðsynlegt að þessi umræða fái að fara fram og fái að fara fram fyrir opnum tjöldum. Það var að vísu ein spurning frá hv. 8. þm. Reykv. um það hvort tillagan ætti við um öll kynferðisafbrot gagnvart börnum, hvers eðlis sem þau væru. Að sjálfsögðu gerir hún það, enda er tillagan þannig orðuð að þó að ég hafi að vísu fjallað um það meira sem sifjaspell þá er að sjálfsögðu átt við öll kynferðisafbrot gagnvart börnum. Þannig að það staðfestist þá hér með.

Svarið við fsp. hv. 6. þm. Reykn. hef ég undir höndum og hef kynnt mér og er það að sjálfsögðu þarft og gott innlegg fyrir þann starfshóp sem vonandi kemur út úr þessu og ber að fagna þeirri fsp.

Ég held ég þurfi ekki að hafa fleiri orð um þetta mál.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Hv. flm. leitaði ráða hjá mér áðan til hvaða nefndar skyldi vísa þessu máli og ég sagði honum að hann skyldi vísa því til hv. félmn. Við nánari athugun hef ég komist að því að eðlilegra muni vera að vísa málinu til hv. allshn. og þannig mun málið verða borið upp með samþykki hv. flm.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til allshn. með 33 shlj. atkv.

Tilkynning frá ríkisstjórninni, frh. umr.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Við höldum nú áfram umræðunni um tilkynningu hæstv. forsrh. um efnahagsmál. Margs er að gæta í þessari umræðu og m.a. megum við ekki missa sjónar á góðærinu. Meiri sjávarafli barst á land á síðasta ári en nokkru sinni fyrr. Verðlag sjávarafurða var með allra besta móti. Olíuverðið var lágt. Viðskiptakjörin voru góð. Samt, já samt mótast umræða dagsins í dag ekki af þessum staðreyndum heldur af allt öðru. Umræðan mótast af gífurlegum erfiðleikum og vá sem er fyrir dyrum í efnahagsmálum þjóðarinnar. Og þessu er ekki um að kenna ytri ástæður sem okkur eru ósjálfráðar eða við höfum ekki vald á sjálfir. Þetta stafar af ástæðum sem við höfum í hendi okkar að ráða bót á. Við búum við vandræðaástand fyrir eigin aðgerðir. M.ö.o.: Þetta er sjálfskaparvíti og sjálfskaparvítin eru verst.

Hver er ástæðan fyrir því hvernig komið er nú fyrir okkur? Hverjar eru orsakir vandans? Við vitum að orsakirnar eru margslungnar, en við vitum líka að í hnotskurn er vandinn sá að við lifum um efni fram. Þjóðarútgjöldin eru meiri en þjóðartekjurnar. Neitar einhver þessu í dag? Ég held ekki. Það er erfitt að neita staðreyndum. En þá verða menn að draga réttar ályktanir af staðreyndum. Það verður að ráðast gegn orsökum vandans. Í dag stöndum við frammi fyrir þeim kalda veruleika að í bráð er ekki annað ráð til að komast út úr erfiðleikunum og forða vá en að draga saman þjóðarútgjöldin. Það er ekki annar vegur en niðurfærsluleið í einu eða öðru formi.

Til að tapa ekki áttum í moldviðri efnahagsmálanna í dag er ekki lítils um vert að missa ekki sjónar af þeirri vegferð sem skilað hefur okkur í það öngstræti þar sem við stöndum nú. Refilstígarnir eru margir en hinn breiði vegur til glötunar hefur legið um víðar lendur gengismálanna. Það hefur ekki farið fram hjá neinum. Allir tala um gengið. Það er orðið eins með gengið og veðrið, allir tala um það, en enginn gerir neitt í því. Annars eru gengismálin kapítuli út af fyrir sig. Í fáu hefur sú þjóðarárátta okkar Íslendinga betur lýst sér, að vaða ýmist í ökkla eða eyra.

Sú var tíðin að gengislækkanir voru gerðar nánast eftir pöntun. Óraunhæfir samningar um kjör og fiskverð voru gerðir og síðan kom gengislækkun til að kjarasamningarnir mættu verða raunhæfir og standast í bili. Þetta var olían á verðbólgubálið. Við svo búið mátti ekki standa. Þessu varð að linna.

Þá kom til hin svokallaða fastgengisstefna sem lofsungin hefur verið hin síðari ár. Var þá farið úr einum öfgunum í aðrar. Nú skyldi genginu haldið föstu hvað sem tautaði um verðlag innan lands og markaðsástand erlendis. En fastgengisstefnan er hjóm eitt og frómar óskir nema fylgt sé efnahagsstefnu sem skapar skilyrði fyrir stöðugu verðlagi, stöðugu gengi. Án þess eru flytjendur fagnaðarerindisins um fastgengisstefnuna miklir óþurftarmenn.

Og hverjar eru svo afleiðingarnar af fastgengisstefnunni eins og hún hefur verið í framkvæmd? Við þekkjum það allir þingmenn. Staðreyndirnar blasa við öllum: Sjávarútvegurinn á vonarvöl og samkeppnisiðnaðurinn líka og efnahagskerfið í heild í mestu erfiðleikum. Atvinnuöryggi brostið, atvinnuleysisvofan komin á kreik, samdráttur úti á landsbyggðinni, þensla á höfuðborgarsvæðinu, byggðajafnvægi raskað, gegndarlaus viðskiptahalli við útlönd og ógnvænleg erlend skuldasöfnun.

Og hvað nú um ríkisstjórnina? Þegar erfiðleika ber að höndum er jafnan mest um vert hvernig við er brugðist. Þróunin í þessa mánuði síðan ríkisstjórnin kom til valda ber þess glöggt merki. Í stað þess að draga úr ríkisútgjöldunum er þenslunni haldið áfram og hún gerð möguleg með stórauknum sköttum. Í stað þess að rétta af viðskiptahallann er hann aukinn. Í stað þess að koma rekstrargrundvelli undir útflutningsgreinarnar er rekstrarstaðan veikt. Í stað þess að bæta eiginfjárstöðu fyrirtækjanna er eigið fé urið upp. Í stað þess að lækka skuldir fyrirtækja með traustum rekstrargrundvelli er með opinberum sjóðum bjástrað við að skapa fyrirtækjum á barmi gjaldþrots möguleika á að þyngja skuldabyrðina.

Lengi má telja upp það sem ekki horfir til úrbóta, heldur er vottur um ranga stefnu. En auðvitað kennir margra grasa í umræðunni um hinn mikla vanda sem við stöndum frammi fyrir. Ýmsar nýtilegar hugdettur og tillögur geta að vísu komið frá ríkisstjórninni, en slíkar tillögur eiga það yfirleitt sammerkt að þær eru fremur um aukaatriði en aðalatriði. Þær eru líka oft og tíðum í engu samhengi eða samræmi við eitt eða annað. En þar er ríkisstjórninni vorkunn því að hún hefur enga raunhæfa heildarstefnu í efnahagsmálunum til að miða eitt eða annað við. Vottur þessa er einmitt ræða hæstv. forsrh. í þessum umræðum. Þar ægir öllu saman, nýtilegu og fánýtu, og enginn munur er gerður á aðalatriðum og aukaatriðum, skammtímaráðstöfunum og langtímaráðstöfunum, en upp úr stendur 2,5% gengislækkun. Framhaldi umræðunnar um gengislækkun er borgið. Þetta er hvorki fugl né fiskur.

Það er þráttað fram og aftur um gengislækkun, með eða á móti gengislækkun. Það er lóðið. Klippt eða skorið, sögðu kerlingarnar og allir vita hvernig fór fyrir þeim. Aðalatriði í gengismálunum er að skapa skilyrði með markvissri efnahagsstefnu fyrir stöðugu gengi, jákvæðum viðskiptajöfnuði og tryggja rekstrargrundvöll útflutningsatvinnuveganna og samkeppnisgreinanna. Ríkisstjórnin leggur ekki áherslu á þetta meginviðfangsefni, en ríkisstjórnin leggur áherslu á að hún sé á móti gengislækkun. Samt getur ríkisstjórnin ekki breytt þeim staðreyndum þegar gengið er fallið. Staðreyndir verður fyrr eða síðar að viðurkenna. Spurningin er aðeins með hverjum hætti við verður brugðist.

Ríkisstjórnin hefur valið þann kostinn að lagfæra gengið lítillega hverju sinni, eins og hæstv. forsrh. komst að orði í yfirlýsingu sinni. Ríkisstjórnin fylgir ekki efnahagsstefnu sem skapar skilyrði fyrir stöðugu gengi. Á sama tíma og hástemmdar yfirlýsingar

glymja við eyrum um fast gengi og andstöðu við gengislækkun leiðir efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar ekki til stöðugleika gengisins, heldur til stöðugleika í gengislækkunum án þess að tryggja viðunandi viðskiptajöfnuð, án þess að tryggja rekstrargrundvöll útflutningsatvinnuveganna og samkeppnisgreinanna.

Þetta er boðskapurinn sem er að finna í tilkynningu þeirri um efnahagsmál sem hæstv. forsrh. hefur flutt okkur og við nú ræðum.

Margt er harla kynlegt sem fram hefur komið í máli hæstv. forsrh. Stundum bregður hann á eins konar látbragðaleik. Af ýmsu er að taka. Hæstv. forsrh. segir: Ég vil ekki nýja kollsteypu með mikilli gengislækkun. Sér er nú hver yfirlýsingin. Hver vill nýja kollsteypu? Kemur nokkrum manni með óbrenglaða dómgreind slíkt í hug? Spurningin er ekki um gengislækkun sem gengur beint út í verðlagið og leiðir von bráðar til nýrrar gengislækkunar. Spurningin er um gengislækkun samhliða efnahagsstefnu sem leiðir til stöðugleika gengisins. Getum við hæstv. forsrh. ekki rætt málið á þessum grundvelli?

Hæstv. forsrh. segir: Ég vil ekki gengislækkun nema allir leggi sitt af mörkum til útflutningsgreinanna, ekki bara launþegar. Ég hef gott hjartalag. Spurningin er ekki um gengislækkun til þess að níðast á launþegum. Spurningin er um gengislækkun samhliða efnahagsstefnu þar sem allir leggja sitt af mörkum til að skapa atvinnulífinu rekstrargrundvöll og launþegum atvinnuöryggi. Getum við hæstv. forsrh. ekki rætt á þessum grundvelli?

Þannig má ýmislegt rekja frekar sem fram hefur komið í máli hæstv. forsrh.

Tilkynning hæstv. forsrh. um efnahagsmál sem við nú ræðum er mikil vonbrigði. Ég ætla að þau vonbrigði séu ekki bundin við stjórnarandstöðuna. Það eru vonbrigði hjá ábyrgum hugsandi mönnum hvar í flokki sem þeir standa, svo mikið er nú í húfi, svo miklu varðar að bægja frá þeirri miklu vá sem þjóðin stendur nú frammi fyrir.

Tilkynningin boðar ekki þau ráð sem nú þarf til að duga. Tilkynningin boðar þjóðinni vegferð um helslóðir. Það er boðað áframhald þeirrar röngu gengisstefnu sem er orsök fyrir hinum gífurlega viðskiptahalla og ógnvekjandi erlendri skuldasöfnun sem við stöndum frammi fyrir. Það á ekki að hverfa af rangri braut, heldur halda sem horfir og stefna þannig fjárhagslegu fullveldi þjóðarinnar í bráðan voða.

Það er boðað áframhald þeirrar röngu gengisstefnu sem er orsökin fyrir því að undirstöðuatvinnuvegur þjóðarinnar og samkeppnisgreinarnar hafa ekki rekstrargrundvöll. Það á ekki að leiðrétta gengi til þess að hægt sé að vinna sig út úr erfiðleikunum. Það á með rangri gengisstefnu að halda áfram að vinna sig inn í erfiðleikana.

Það er ekki boðað að ráðast skuli gegn undirrót vandans í efnahagsmálum þjóðarinnar. Þjóðarútgjöldin verða áfram meiri en þjóðartekjurnar. Hæstv. forsrh. er samt óspar á að lýsa yfir að hann vilji samdrátt í ríkisútgjöldum, hann hafi alla tíð verið með niðurfærsluleiðinni. Getur því hæstv. forsrh. með sanni sagt: Það góða sem ég vil gjöri ég ekki og það illa sem ég ekki vil gjöri ég.

Það skal ekki dregið í efa að góður vilji standi á bak við tilkynningu forsrh. um efnahagsmálin. En illt er það hlutskipti hæstv. ráðherra að vera í svo slæmum félagsskap að geta fremur komið því fram sem miður fer en því sem til heilla horfir og verður þá tilkynning forsrh. að skoðast í því ljósi.

Ég var á dögunum vestur á fjörðum í kjördæmi mínu. Það eru engin tíðindi út af fyrir sig. En um þessar mundir kemur maður alltaf hugsandi úr slíkum ferðum vegna ástandsins sem þar ríkir. Þar er almennur kvíði og ótti vegna ástandsins í atvinnulífinu og framtíðarhorfa. Frystihúsin eru rekin með tapi, útgerðin rekin með tapi og yfirþyrmandi erfiðleikar í rækjuvinnslunni. Áhrifin skila sér svo í rekstrarerfiðleikum í iðnaðar- og þjónustufyrirtækjum. Rekstrarstöðvanir og gjaldþrot eru þegar fyrir hendi hjá sumum og blasa við öðrum. Frystihúsin má greina í þrjá flokka. Í einum flokknum eru þau sem kastað hefur verið í glatkistuna, sem ekki eru hæf til meðferðar hjá Atvinnutryggingarsjóði. Í öðrum flokknum eru þau fyrirtæki sem eiga að hljóta náð hjá Atvinnutryggingarsjóðnum. Og í þriðja flokknum eru svo þau sem ekki hafa enn sótt um aðstoð frá Atvinnutryggingarsjóði. En öll eiga frystihúsin sammerkt í því að það er rekstrartap á þeim öllum, aðeins misjafnlega langt komið á vegferðinni til rekstrarstöðvunar og gjaldþrota.

Forsvarsmenn fyrirtækjanna horfa upp á eignir sínar brenna upp og lífsstarf sitt hrynja í rústir. Fólkið óttast framtíð einstakra byggðarlaga og að því verði allar bjargir bannaðar þegar atvinnuöryggið brestur. Efst er í huga margra að forða sér sem fyrst frá átthögum sínum og óðulum, leiðin liggur suður.

Þannig er ástandið í mínu kjördæmi um þessar mundir. En ég veit að það er ekki einsdæmi. Slíkt ástand er að meira eða minna leyti úti um landsbyggðina þar sem byggðin á allt undir sjávarútveginum. Og það fer ekki milli mála að orsök þessa er að undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar er ekki búinn rekstrargrundvöllur. Það er von að undrun, kvíði og ótti einkenni almenningsálitið um þessar mundir.

Hæstv. forsrh. sagði í ræðu sinni í umræðu þessari að á síðasta ári hafi eigið fé í sjávarútvegi lækkað um helming. Það minnkaði úr 26 milljörðum í 13 milljarða. Ég ætla að slík eignaupptaka sé með eindæmum. Það er ekki nema von að spurt sé um hvort þetta sé leiðin til þjóðnýtingar og vekur slíkt að vonum til umhugsunar um þjóðnýtingu sjávarútvegsins.

Mér kemur þá til hugar sagan um valdatöku kommúnista í Tékkóslóvakíu árið 1948. Þykir nú ýmsum kannski langt til jafnað. Má svo vera, en þó. Kommúnistar hafa ekki komist til valda nema með byltingu eða með hernaðarinnrás í viðkomandi ríki. Að vísu má segja að ein undantekning sé frá þessu. Það var í Tékkóslóvakíu. Það land hafði sérstöðu í hópi þeirra landa sem kommúnistar hafa komist til valda í. Það var háþróað lýðræðisríki. Í Tékkóslóvak-

íu var búið við þingræði eins og hér á landi og í öðrum lýðræðisríkjum. Kommúnistar komust þar til valda eftir lýðræðislegar þingkosningar. Þeir náðu að vísu ekki meiri hluta á þingi en þar var einnig til staðar jafnaðarmannaflokkur. Foringi jafnaðarmanna, Fierlinger, tók upp samvinnu við Gottwald, foringja kommúnista, sem var voldugasti ráðherra í ríkisstjórninni, líkt og hæstv. fjmrh. Ólafur Ragnar í okkar ríkisstjórn nú. Það er í annála fært að Fierlinger hafi alls ekki verið kommúnisti, hann hafi verið jafnaðarmaður. Í raun og sannleika var hann þeirra Jón Baldvin, hæstv. utanrrh. En saman stóðu þeir Fierlinger og Gottwald á rauðu ljósi og tryggðu þannig valdatöku kommúnista í Tékkóslóvakíu.

Ekki voru allir ánægðir með þetta þar í landi. Það voru bundnar vonir við ráðherrann Masaryk sem var hvorki jafnaðarmaður eða kommúnisti en vinsælasti stjórnmálamaður landsins. En honum var kastað út úr ríkisstjórninni, kastað með handafli út um glugga stjórnarráðsbyggingarinnar þar sem hann lét lífið samstundis. Ég geri raunar ekki ráð fyrir að slík ósköp eigi eftir að henda vinsælasta stjórnmálamanninn hér á landi, Steingrím Hermannsson, hæstv. forsrh. En fyrr má rota en dauðrota.

Það var spurningin um þjóðnýtingu sjávarútvegsins sem kom mér til að víkja að valdatöku kommúnista í Tékkóslóvakíu. Það hefur nefnilega lengi verið athyglisvert hvernig menn báru sig að þar í landi við að þjóðnýta atvinnuvegina. Það voru engar hástemmdar yfirlýsingar eða lagaboð um þjóðnýtingu. Það var boðað að einkareksturinn skyldi halda áfram eins og ekkert hefði í skorist. En böggull fylgdi skammrifi. Stjórnvöld sáu einfaldlega um að fyrirtækin hefðu ekki rekstrargrundvöll. Þegar kvartað var undan því voru stjórnvöld öll af vilja gerð til að veita lán úr opinberum sjóðum til að forða greiðsluerfiðleikum og rekstrarstöðvun. Þannig var hægt að lengja hengingarólina eftir þörfum þar til svo var komið að eigendur fyrirtækjanna voru þeirri stundu fegnastir þegar ríkið tók kaleikinn frá þeim, tók sjálft við rekstrinum, þjóðnýtti fyrirtækin.

Hæstv. forseti. Það er spurt nú: Er verið að þjóðnýta sjávarútveginn hér á landi? Er nema von að spurt sé?

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Stjórnmálin hér á landi hafa sannarlega skýrst á síðustu dögum. Það er vissulega fróðlegt að bera saman þau viðhorf sem íslenska þjóðin stendur frammi fyrir nú og það sem sagt var fyrir 4–5 mánuðum. Ég mætti kannski minna á orð hæstv. forsrh. sem ég hygg að hann hafi viðhaft við blaðamann í september sl. þegar hann var spurður hvort þolinmæði hans gagnvart aðgerðum þáv. ríkisstjórnar væri á þrotum. Hæstv. forsrh. svaraði og sagði að þolinmæði sín væri þrotin fyrir löngu.

Þegar þessi orð voru töluð var að sjálfsögðu þegar orðið ljóst að Alþfl. og Framsfl. höfðu náð samkomulagi um það að rjúfa fyrrv. ríkisstjórn og stefna að myndun ríkisstjórnar sem hefði þá samsetningu sem nú er. Þegar að því kom að ríkisstjórnin segði frá sínum fyrstu aðgerðum og viðfangsefnum og öll þjóðin var þar vitni að lýsti hæstv. forsrh. því yfir að það væri meginviðfangsefni ríkisstjórnarinnar að fá hjól atvinnulífsins til þess að snúast. Forustumenn Framsfl. höfðu legið undir mikilli gagnrýni frá framsóknarfólki vítt um land um aðgerðarleysi fyrrv. ríkisstjórnar einmitt í atvinnumálum og þá sérstaklega að því er varðaði afkomu sjávarútvegsins. Það hlaut því að verða hlustað á það hver yrðu fyrstu viðfangsefni nýrrar ríkisstjórnar, þeirrar sem formaður Framsfl. stýrði. Og það duldist engum að þar átti meginviðfangsefnið að verða það að koma hjólum atvinnulífsins í gang.

Jafnframt tilkynnti hæstv. forsrh. það að auðvitað yrði ekki náð þar skarplegum rekstrargrundvelli öðruvísi en að gengi íslensku krónunnar yrði breytt og er þar eins og stundum áður um það að ræða að forsrh. hefur ekki getað staðið við orð sín vegna þess að hann hefur ekki haft stuðning fyrir því hjá samstarfsflokkunum. Síðan þessi orð voru töluð eru liðnir rúmir fjórir mánuðir og núna upp á síðkastið, í löngu jólaleyfi þingmanna eins og það er kallað, hafði hæstv. forsrh. orð á því að ríkisstjórnin hefði ætlað sér að taka umþóttunartíma í fjóra til fimm mánuði, eins og hann orðaði það, til þess að gera málin upp og koma með þær ráðstafanir sem dygðu og skýra með þeim hætti stefnu ríkisstjórnarinnar. Og það er einmitt það sem hefur verið gert. Ríkisstjórnin hefur gefið út tilkynningu um stefnu sína og framtíðaráform og íslenska þjóðin, ekki einungis við hér á Alþingi heldur þjóðin öll, hefur orðið vitni að því að þar er nánast ekkert nýtt að finna. Stefna ríkisstjórnarinnar er aðgerðarleysi eins og reyndar hefur verið lýst hér með glöggum hætti af síðasta hv. ræðumanni.

Það hefur vakið nokkra eftirtekt við þessa umræðu — reyndar lá fyrir áður en hún hófst að það ætti fyrst og fremst að verða forsrh. sem talaði og þær fréttir bárust reyndar að það hefði orðið samkomulag um það innan stjórnarflokkanna að hann einn hefði orð fyrir ríkisstjórninni. Af einhverjum ástæðum hafa mál samt skipast þannig að hæstv. sjútvrh. fékk undanþágu og fékk að tala. Það kom reyndar þar fram með afar glöggum hætti hvað þessar svokölluðu efnahagsráðstafanir eru afar tilviljunarkenndar og haldlitlar. Það verður ekki komist hjá því, m.a. út frá þeim ummælum sem hæstv. sjútvrh. viðhafði hér þar sem hann talaði um það að menn hefðu verið sérstaklega bjartsýnir á árinu 1986 og árinu 1987, að minna alveg sérstaklega á boðskap Framsfl. þá. Ég var m.a. vitni að því á framboðsfundum á Austurlandi og raunar var sá boðskapur fluttur hringinn í kringum landið. Þá sögðu forustumenn Framsfl. að stjórn þeirra á fiskveiðimálum hefði leitt til þess að tekjur af sjávarútvegi hefðu aukist um 500 millj. dollara á fjórum árum. Og það er vissulega ekki ástæða til að undrast þótt við slíkan boðskap verði menn bjartsýnir eins og raunin varð og hæstv. sjútvrh. sagði hér frá.

Nú held ég hins vegar að ástæða væri til þess fyrir Framsfl. að fara að reikna upp aftur því að frá því að

þessi orð voru töluð hefur jafnt og þétt verið að ganga af sjávarútveginum. Aflaheimildir hafa verið minnkaðar ár frá ári og rekstrarskilyrði hans með öðrum hætti þrengd.

Það var líka athyglisvert að hæstv. sjútvrh. tók í raun undir það sem kom fram í ræðu formanns Sjálfstfl. þar sem hann impraði á því hvort ekki væri þörf og ástæða til að fara að líta nánar á hvernig fram gengi með stjórn fiskveiða. Það hlýtur að vera áhyggjuefni að núna ár frá ári þurfi að draga úr veiðiheimildum undir því kerfi sem átti að rækta upp miðin umhverfis landið og þannig að bæta í búi íslensks sjávarútvegs frá ári til árs í stað þess að þar dregst nú allt saman. Þetta er vissulega mikið áhyggjuefni. Það er þó ekki síður ástæða til að líta á það sérstaklega undir þeirri efnahagsstefnu sem nú er fylgt hvernig komið er fyrir bátaflotanum, alveg sérstaklega. Nú hygg ég að þar hafi þó verið tekið mið af þeirri stefnu sem fylgt hefur verið, þ.e. að frekar hafi dregið þar úr en að skipastóllinn hafi aukist. Nú liggur það fyrir að hvergi í sjávarútveginum er eins bágborið og hjá bátaflotanum þar sem tap er talið vera 13–14%. Og hver skyldi nú vera ástæðan? Auðvitað kemur þar að sjálfsögðu til, eins og ég hef þegar rætt, samdráttur í afla og þá sérstaklega hversu vertíðarfiskurinn er lakari en áður hefur verið. Auðvitað blandast inn í þetta það mikla og gegndarlausa smáfiskadráp sem átt hefur sér stað á síðustu árum. En það verður líka að horfa til þess að hagur bátaflotans hefur ekki batnað um eins og hálfs árs skeið, nema reyndar varð smávægileg fiskverðshækkun fyrir tæpu ári síðan, vegna þess að hann hefur ekki notið þeirra gengisbreytinga, ekki þeirra verðhækkana sem hafa orðið vegna gengisbreytinga á sl. ári. Það er m.a. af þeirri ástæðu sem menn keppast nú við að flytja fiskinn beint á erlendan markað, annaðhvort með því að sigla og selja eða með því að landa í gáma og flytja hann þannig úr landi. Vinnslan hefur ekki rekstrargrundvöll og veiðiskipin sem skipta við hana eru þess vegna að sjálfsögðu í sérflokki að því er varðar það hvað þau eru verr sett en þegar hægt er að koma framleiðslunni á markað erlendis. Þetta hefur skýrst afar mikið í þessari umræðu og m.a. vegna þeirrar ræðu sem hæstv. sjútvrh. flutti hér við upphaf þessarar umræðu.

Ég tek hér sérstaklega undir það sem kom hér fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns, hvernig þessi efnahagsstefna leikur landsbyggðina alveg sérstaklega. Þar er svo komið að nálega ekkert atvinnufyrirtæki getur borið sig eða starfað með eðlilegum hætti og það sem er kannski allra alvarlegast í þeim efnum að bátaflotinn sem nærir atvinnulífið þar er nú verr settur en nokkur önnur grein í sjávarútveginum. Þetta er það sem er hættulegast við stefnu þessarar ríkisstjórnar.

Í þessari svokölluðu tilkynningu ríkisstjórnarinnar er ofurlítið minnst á landbúnað. Ég er reyndar sannfærður um að á bak við þá punkta sem þar eru fram settir liggur ekki nokkur einasta hugsun. En þegar hæstv. forsrh. er að tala núna um að taka eigi upp samninga við landbúnaðinn um ný framleiðslumarkmið verður ekki komist hjá því að spyrjast fyrir um hvað ríkisstjórnin hafi þar sérstaklega að markmiði. Það er útilokað annað, fyrst á annað borð er þó minnst á landbúnaðinn, að spurt sé með skýrum hætti hvað sé miðað við í þeim efnum.

Ég hef áður lýst því hér úr þessum stól hvernig landbúnaðurinn er leikinn núna af hæstv. ríkisstjórn og fyrir því eru engin dæmi það ég veit til. Ég minni á sérstaklega í þeim efnum hvernig þarfasta löggjöf landbúnaðarins er leikin, bæði jarðræktarlögin og búfjárræktarlögin og raunar margt af sama toga spunnið. Það má vera að Framsfl. þykist geta gert sig nokkuð góðan þar sem hann er búinn að koma þar meginábyrgðinni yfir til Alþb.

Virðulegi forseti. Ég legg sérstaka áherslu á það við þessar umræður að það skýrist hér síðar hvað er átt við með þessum orðum. Nú var það svo, svo að ég vitni enn einu sinni í ummæli hæstv. forsrh. sem hann viðhafði á sl. sumri, að hann gat þess sérstaklega að framsóknarráðherrarnir mundu ekki sitja í ríkisstjórn með buxurnar niðrum sig, eins og hann orðaði það. Hafi þær einhvern tíma verið neðarlega á ráðherrum Framsfl. eru þær það um þessar mundir og ég held að ástæða væri til þess að þeir færu að hyggja að því að hysja eitthvað upp um sig. Víst er um það að sú tilkynning ríkisstjórnarinnar sem hér hefur verið fjallað um ber þessi ekki merki að svo muni verða.

Umræðu frestað.

Sparnaðarátak, fyrri umr.

Þáltill. FrS, 62. mál. — Þskj. 64.

Flm. (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Á þskj. 64 sem er 62. mál þessa löggjafarþings hef ég leyft mér að flytja till. til þál., svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera átak til eflingar frjálsum sparnaði í landinu með fræðslu um þá sparnaðarkosti sem fyrir hendi eru og með því að stuðla að nýjum leiðum til að draga úr eyðslu og hvetja til sparnaðar."

Orðin „frjáls sparnaður" hafa verið auðkennd í sjálfri tillgr. og fer vel á því, enda er fyrst og fremst átt við þann sparnað sem ekki er svokallaður þvingaður sparnaður með þátttöku í lífeyrissjóðum og skyldusparnaði. Þessari till. er beint fyrst og fremst að svokölluðum frjálsum sparnaði og henni er ætlað að fela ríkisstjórninni að gera átak til þess að efla slíkan sparnað.

Það er ljóst, virðulegur forseti, að halli á ríkissjóði og fjárfestingar hér á landi umfram innlendan sparnað hafa birst í mörg undanfarin ár í viðskiptahalla og auknum erlendum skuldum. Þess vegna er ljóst að mjög mikilvægt er að efla innlendan sparnað og

hamla þannig gegn erlendum lántökum og forðast aukna skattheimtu.

Peningalegur sparnaður hefur enn ekki náð sér eftir það hrun sem varð á áttunda áratugnum í kjölfar óðaverðbólgu og neikvæðra raunvaxta og peningalegur sparnaður hér á landi er minni en gerist í nálægum löndum.

Í lok þessa áratugar, nánar tiltekið árið 1979, voru sett lög sem kölluð hafa verið Ólafslög í höfuðið á þáv. forsrh., Ólafi Jóhannessyni. Í þessum lögum eru ákvæði sem enn eru í gildi og eru þess eðlis að heimilt er að verðtryggja fjármuni og hafa þau lagaákvæði haft gífurlega mikla þýðingu fyrir innlendan sparnað allt frá þeim tíma.

Að undanförnu hefur nokkuð borið á því og þó einkum og sér í lagi fyrir síðustu jól, en þessi till. var lögð fram í október á sl. ári, að ráðamenn þjóðarinnar og þó einkum hæstv. ráðherrar gáfu alls kyns yfirlýsingar sem skilja mátti á þá lund að draga ætti úr sparnaði hér á landi. Einkum og sér í lagi beindust þessi ummæli að lánskjaravísitölunni annars vegar og eins hinu að nú ætti að stýra vöxtum með handafli, ná þeim niður án þess að um jafnvægi væri að ræða á fjármagnsmarkaðnum. Þessi óvissa varð til þess að ýmsir þeir sem lagt hafa til hliðar urðu uggandi um sinn hag, ekki síst þegar til viðbótar við fyrri yfirlýsingar kom yfirlýsing frá hæstv. fjmrh. þess efnis að nú skyldi skattleggja fjármagnstekjur. Sú yfirlýsing var þó kölluð aftur, a.m.k. í bili, og nú liggur fyrir að taka á því máli um leið og skattareglur um eignarskatt verða endurskoðaðar.

Það sem skiptir mjög miklu máli, og er ástæðan fyrir því að þessi tillaga er flutt, er að koma í veg fyrir að slíkar yfirlýsingar leiði til þess að sparifé hverfi úr peningastofnunum eins og gerðist á áttunda áratugnum.

Ýmsir halda því fram að fjármagnseigendur hér á landi séu fáir og stórir. Það er út af fyrir sig rétt þegar litið er til lífeyrissjóðanna og þeirra sem varðveita fé með þvinguðum sparnaði, fjármuni sem þurfa að vera varðir gegn verðbólgunni og koma eiga að gagni til að mynda þeim sem lokið hafa sínum starfsdegi. En þeir sem leggja til hliðar og spara af fúsum og frjálsum vilja eru hins vegar ekki fáir og stórir heldur fjölmargir. Einkum og sér í lagi er það eldra fólkið í landinu en einnig ungt fólk sem leggur til hliðar, geymir að fjárfesta eða eyða peningunum en kýs heldur að hafa þá til geymslu, annaðhvort í bankakerfinu eða hjá öðrum stofnunum sem tekið hafa að sér að endurlána þessa fjármuni og ávaxta með þeim hætti. Það er þess vegna gífurlega mikilvægt að hagur þessa fólks verði ekki fyrir borð borinn í þeirri umræðu sem nú fer fram um að draga úr fjármagnskostnaði, enda hygg ég að þær umræður séu um margt á villigötum því að auðvitað er hár fjármagnskostnaður ekki eingöngu bundinn við vaxtastig heldur einnig við það magn sem tekið er að láni á hverjum tíma. Er þetta alkunna því að þau fyrirtæki sem ekki hafa þurft að taka fé að láni ganga vel, þau fyrirtæki hafa eigið fjármagn og nota það í rekstur sinn. Önnur fyrirtæki sem hafa verið rekin með tapi, ekki síst fyrirtæki sem stunda útflutningsframleiðsluna, þurfa að taka mikið fjármagn að láni og kaffærast smám saman í miklum fjármagnskostnaði og skiptir þá ekki öllu máli hvort vaxtastigið er prósentunni hærra eða lægra þar sem lausn á þeim vanda hlýtur að byggjast á því að rekstrarskilyrði séu fyrir hendi, en því miður eru þau það ekki um þessar mundir og verða ekki þrátt fyrir nýútgefna tilkynningu hæstv. ríkisstjórnar í efnahagsmálum.

Mig langar, virðulegur forseti, til þess að spyrja hæstv. ráðherra, sem væntanlega heyra mál mitt hér í hliðarsölum, hvernig ætlunin sé að breyta skattalögum eins og lesa má út úr yfirlýsingu hæstv. ríkisstjórnar í efnahagsmálum að gert verði. Það skiptir ákaflega miklu máli að sparifjáreigendur fái að vita það sem allra fyrst hvert ríkisstjórnin hyggst stefna í þeim málum.

Ég vil enn fremur, virðulegur forseti, vekja athygli á að í grg. með þessari till. er gert ráð fyrir því, ef till. verður samþykkt, að hæstv. ríkisstjórn og þó einkum þrír ráðherrar standi að framkvæmdinni. Einn þeirra er hæstv. menntmrh. sem sér um fræðslumálin í landinu. Ástæðan fyrir því að menntmrh. er nefndur til sögunnar er sú að sparnaður, ráðdeild, fyrirhyggja og reyndar virðing fyrir verðmætum almennt eru mikilvægir þættir í uppeldi æskunnar. Að undanförnu höfum við séð að ný kynslóð hefur vaxið úr grasi. Hún hefur lært að spara. Þessa viðleitni má alls ekki kæfa í fæðingu. Það er þess vegna mikilvægt að efla í skólakerfinu fræðslu um tilgang og kosti sparnaðar.

Þá er í grg. með till. bent á nauðsyn þess að tryggja að jafnræði sé á milli ýmissa tegunda sparnaðar og mig langar, virðulegur forseti, til þess að spyrja þá ráðherra sem mál mitt heyra hvernig skilja megi yfirlýsinguna um efnahagsmál sem snýr að því máli. Þá á ég einkum og sér í lagi við þau ummæli hæstv. forsrh. að nú standi til að breyta skattreglum með þeim hætti að hlutabréf og arður verði skattlögð með sama hætti og aðrar tegundir sparnaðar.

Hæstv. viðskrh., sem nú er nýgenginn í salinn, hefur allra ráðherra best skilið nauðsyn þess að efla sparnað hér á landi. Um það hefur hann skrifað lærðar greinar, þar á meðal grein um lækkun vaxta sem birtist fyrir rúmu ári síðan í Morgunblaðinu og er ein besta grein sem skrifuð hefur verið um þetta málefni á undanförnum árum og má þó ætla þegar þetta er sagt að stórt sé upp í sig tekið. En í þeirri grein koma fram öll grundvallaratriði sem snerta þetta mál, bæði vaxtamál og sparnað og málefni sem snúa að sparnaði almennt.

Ég veit því, virðulegur forseti, að innan hæstv. ríkisstjórnar ríkir mikill skilningur á þeim sjónarmiðum sem koma fram í þessari þáltill. og vænti ég þess að hún njóti stuðnings meiri hluta Alþingis eftir að hv. allshn. sameinaðs þings hefur um hana fjallað. Það væri þó ekki lakara að nú við fyrri umræðu till. fengjust svör við fyrirspurnum, annars vegar fyrirspurn er varðar skattareglur og þá kannski ekki síst

hvernig skattleggja eigi tekjur af peningalegri eign. Á að gera mun annars vegar á ríkisskuldabréfum, spariskírteinum ríkissjóðs, og hins vegar annars konar sparnaðarformi? Og hvernig hyggst hæstv. ríkisstjórn standa að því sem ég nefndi fyrr í framsöguræðu minni, að tryggja jafnræði milli tegunda sparnaðar?

Þetta vildi ég, virðulegur forseti, að fengist rætt við fyrri umræðu. Ég held hins vegar að það sé ástæðulaust að hafa þessi orð fleiri að sinni. Mér sýnist eftir þær umræður sem fram hafa farið um þessi mál á undanförnum vikum og mánuðum að öllum sé ljóst að einungis verður hægt að búast við að innlendur sparnaður aukist ef jafnvægi er á fjármagnsmarkaðnum og ekki er gripið til lausna sem leiða til þess að fjármagn hverfi úr peningastofnunum landsins, hvort sem það er innan bankakerfisins eða utan.

Að þessu sögðu legg ég til að þessari þáltill. verði vísað til hv. allshn. sameinaðs þings í trausti þess að hún verði þar rannsökuð, um hana fjallað og hún lögð hér inn til síðari umræðu og síðan samþykkt hér. Kjósi hins vegar hæstv. ráðherrar sem hlýða á mál mitt að koma hér og ræða efni till. eða gefa þær yfirlýsingar að gert verði átak til að efla frjálsan sparnað í landinu og gera það átak að hluta af þeirri heildarlausn sem við þurfum á að halda til þess að bæta efnahagsástand þjóðarinnar, tel ég að ég hafi haft erindi sem erfiði við flutning þessarar þáltill.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Sú þáltill. sem hér liggur fyrir í Sþ. er góðra gjalda verð. Hún fjallar að mínu áliti fyrst og fremst um þrennt. Það er í fyrsta lagi að nauðsynlegt sé að samræma skattareglur hvað varðar skattlagningu tekna af fjármagnseignum ýmiss konar þannig að sama skattlagning gildi eftir því sem við verður komið um allar tegundir eigna á fjármagnsmarkaðnum. Í öðru lagi fjallar hún um þörfina fyrir það að bjóða upp á hæfileg skilyrði fyrir almenning til þess að eignast hlutafé í fyrirtækjum sem eitt form sparnaðar sem er reyndar önnur hlið þess máls sem ég nefndi fyrst. Í þriðja lagi að innlendur sparnaður verði best örvaður með því að koma á jafnvægi á fjármagnsmarkaðnum og viðhlítandi skilyrði fyrir sparnað séu þá best að þar ríki stöðugleiki. Og í fjórða lagi er svo það sem ég vildi kalla fræðslustarfsemi um vaxtakerfið og um þá sparnaðarkosti sem í boði eru. Það er ekki vafi á því að það er mikil þörf á því að upplýsa allan almenning um það hvað felist í þeim margbreytilegu vaxtakjörum sem í boði eru á fjármagnsmarkaðnum. Ég tel reyndar rétt að leggja meiri skyldur á fyrirtækin sem þar starfa hvað varðar þetta síðasta atriði. Ég tel það gagnlegt að um þessa till. verði fjallað í nefnd og hún þar rædd.

Sannleikurinn er þó hins vegar sá að þetta er ekki mál sem er vel til þess fallið að taka á því sérstaklega heldur liggur lausnin í því að almennt sé tekist á við efnahagsmálin, sköpuð almenn skilyrði fyrir stöðugt verðlag og hæfilega ávöxtun fjár. Það er einmitt tilgangur þeirrar stefnu sem ríkisstjórnin hefur markað í peninga- og vaxtamálum sem miðar að því að lækka raunvexti þegar til lengdar er litið og draga þannig úr fjármagnskostnaði fjölskyldna og fyrirtækja. Í þessu felst hins vegar alls ekki að draga úr hvatanum fyrir sparifjáreigendur að varðveita sitt sparifé á hæfilegum vöxtum, því þegar til lengdar lætur fara hagsmunir sparifjáreigenda og lántakenda saman. Ósanngjarnar leikreglur á fjármagnsmarkaðnum leiða í sjálfu sér til mikillar óvissu um langtímaávöxtun sparifjár þótt ávöxtunin geti verið ríflег til skamms tíma litið. Þetta er e.t.v. það vaxtavandamál í hnotskurn sem við höfum glímt við á sviði stjórnmálanna undanfarin missiri. Þetta á bæði við hvað varðar fyrirkomulag vaxtaákvarðana og vísitöluviðmiðun í verðtryggðum lánssamningum. Hér er ekki eingöngu spurt um efnahagsmál, heldur líka um stjórnmál. Ef veilur eru í markaðnum, ef hann stuðlar ekki að eðlilegri vaxtamyndun, þá er það skylda stjórnvalda að rétta hlut þeirra sem halloka fara. Það er einmitt þetta sem stjórnin vill nú beita sér fyrir, að bæta virkni markaðarins — í bráð með íhlutun ef þörf krefur en í lengd með því að opna markaðinn fyrir aukinni samkeppni. Þetta er kjarni þeirrar stefnu sem ríkisstjórnin hefur myndað. Hún mun líka þegar litið er fram á við örva til þess sparnaðar sem er nauðsynlegur til þess að hér geti náðst viðunandi jafnvægi í viðskiptum við önnur lönd og viðunandi jafnvægi í efnahagsmálum yfirleitt.

Með þessum orðum, virðulegi forseti, vildi ég taka undir það með flm. að um tillöguna verði fjallað í nefnd og hún komi hér til atkvæða.

Flm. (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir undirtektir hans við þessa þáltill. og veit að þar er á vísan að róa í stuðningi við málefni á borð við þetta. Hæstv. ráðherra þekkir þessi mál öðrum hv. þm. og hæstv. ráðherrum betur og ég fagna því sem kom fram í hans máli að það skuli vera ætlan hæstv. ríkisstjórnar að auka virkni og samkeppni á fjármagnsmarkaðnum og það sé einn aðaltilgangurinn með þeim tillögum sem hæstv. ráðherra hefur gert, ekki síst á fjármagnsmarkaðnum utan bankastofnana.

Ég sé ástæðu til þess, virðulegur forseti, að nefna þetta sérstaklega hér vegna þess að sumir hæstv. ráðherrar, þar á meðal hæstv. forsrh., hafa látið að því liggja að vestrænar aðferðir, leikaðferðir, í efnahagsmálum eigi ekki við hér á landi. Ég hef leyft mér að skilja hæstv. forsrh. á þann veg að hann telji að hér á landi ríki of mikil samkeppni, of mikið frelsi á fjármagnsmarkaðnum. Sá skilningur sem ég hef lagt í þetta mál er sá skilningur sem ég held að flestir hafi lagt í ræðu hans, stefnuræðu sem hann flutti hér fyrr á þessu þingi, nánar tiltekið um mánaðamótin október–nóvember.

Hjá hæstv. viðskrh. ber þó meira á öðru. Hann bendir á að það eigi að auka samkeppnina og auka virknina. Það mundi sjálfsagt heita á máli sumra hv. þm. að auka frjálsræðið og frjálshyggjuna á þessu sviði og ég fagna því. Það er alveg ljóst að íslenski

fjármagnsmarkaðurinn utan bankakerfisins er að slíta barnsskónum. Hann er að sjálfsögðu gallaður um margt eins og ávallt vill verða þegar um ný atriði er að tefla í íslensku efnahagslífi. Það versta hins vegar sem gæti komið fyrir er að menn hyrfu frá þessu ráði og hyrfu til þeirra stjórnunaraðferða sem ríktu hér áður og fyrrum þegar stjórnmálamenn tóku að sér að skammta fjármuni til þeirra verka sem þeir töldu að væru þjóðinni hentugust. Ég held hins vegar að í þjóðmálaumræðunni að undanförnu og þeirri umræðu sem hefur átt sér stað um fjármagnsmarkaðinn hafi menn smám saman áttað sig á því að við getum lært heilmikið af öðrum þjóðum, þjóðum sem eru okkur skyldar að menningu og uppbyggingu á þessu sviði og vil ég þá sérstaklega nefna þær þjóðir sem næstar okkur eru eins og t.d. Norðurlandaþjóðirnar, Bretland og Þýskaland. Ég veit að hæstv. forsrh. hefur sérstaklega kynnt sér þessi mál, bæði í Svíþjóð og Þýskalandi, og ég veit að hann hefur ýmislegt lært á undanförnum vikum og mánuðum sem hefur orðið til þess að hann hefur nýja sýn á þessu máli. Ég tel að ræða hæstv. viðskrh. sýni það að hæstv. ríkisstjórn hefur nú betri skilning en áður á því að nauðsynlegt er fyrir okkur að auka virkni og auka samkeppni á fjármagnsmarkaðnum og markmiðið hlýtur að vera að ná því jafnvægi sem við keppum að, ekki síst jafnvægi í viðskiptum við aðrar þjóðir. Þetta tel ég að hafi komið fram í þessum umræðum. Ég hlustaði á hæstv. forsrh. tala á fundi um daginn hér í næsta húsi og mér fannst þá eins í hans máli koma fram skilningur á þessum viðhorfum þar sem hann einkum og sér í lagi nefndi gagnrýnisraddir sem fram höfðu komið í viðtölum við einstaka aðila og ekki síst í Þýskalandi, ef ég man rétt.

Þeir sem hafa verið að brydda upp á nýjungum, þeir sem hafa verið að velta því fyrir sér hvort við getum með einhverjum hætti þróað fjármagnsmarkaðinn á Íslandi áfram, hafa einmitt litið til þessara landa og ekki ætlast til þess að frelsi væri meira hér á landi en einmitt í þeim löndum sem til að mynda sósíaldemókratar stjórna í kringum okkar. Skal ég þar nefna Noreg og Svíþjóð svo að ég nefni dæmi sem menn þekkja talsvert. Vænti ég þess að þessi orð hæstv. ráðherra megi skilja á þann veg að hæstv. ríkisstjórn hafi nú áttað sig á því að það ber ekki að hverfa frá því sem gert hefur verið á þessu sviði, heldur koma málum þannig fyrir að við getum lært af okkar nágrannaþjóðum og nota þær vestrænu aðferðir sem eru notaðar í kringum okkur og hafa leitt til besta árangurs og bestu lífskjara í heiminum. Ef þetta er niðurstaðan, ef þessi ályktun sem ég dreg af þessum umræðum er rétt, þá tel ég að full ástæða hafi verið til þess að efna til þessara umræðna og tek undir með hæstv. viðskrh. að þetta mál þurfi að komast til nefndar og fá þar þá meðferð sem eðlilegt er og væntanlega leiðir til þess að menn hafi betri skilning á nauðsyn innlends frjáls sparnaðar en ella.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins leiðrétta það sem mér fannst koma fram í upphafi síðustu ræðu hv. þm., að ég vildi takmarka samkeppnina. Það er ekki rétt. Ég legg mikla áherslu á það að samkeppnin sé sem mest í raun en hins vegar gildi um hana ákveðnar leikreglur og ég hef gagnrýnt það að hér gildi ekki þær reglur um peningamarkaðinn sem tryggja að samkeppnin sé eðlileg. Og ég er sammála því sem kom fram hjá hv. ræðumanni síðar í hans máli að hér þurfi einmitt að vera reglur sem eru svipaðar því sem er í okkar nágrannalöndum. Þær skortir. T.d. eru miklu strangari reglur í þessum löndum, svo að ég nefni aðeins dæmi, um notkun greiðslukorta sem eru varla til hér. Það eru miklu strangari reglur um starfsemi kaupleigufyrirtækja, um verðbréfamarkaði, og ekkert af þessum löndum sem hv. ræðumaður nefndi er t.d. með verðtryggingu á fjármagn. Það er fullkomin samstaða innan ríkisstjórnarinnar um það að hér verði settar reglur sem eru í fullu samræmi við það sem er í þessum löndum í kringum okkur, m.a. til þess að við getum í framtíðinni starfað með opnari fjármagnsmarkaði og þá í samkeppni við slíka starfsemi í okkar nágrannalöndum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til allshn. með 33 shlj. atkv.

EFRI DEILD

54. fundur, þriðjudaginn 14. febr., kl. 2 miðdegis.

Seðlabanki Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 241. mál (vaxtaákvarðanir o.fl.). — Þskj. 446.

Guðmundur H. Garðarsson (frh.):

Virðulegur forseti. Því miður varð hlé á því að deildin gæti fjallað um frv. til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands þannig að þegar ég lauk ræðu minni og fundi var frestað, þá var ég farinn að fjalla um þann þátt þessa máls í sambandi við ráðstafanir ríkisstjórnarinnar, en þetta frv. er tengt þeim í sambandi við efnahagsmál, þá var þar komið sögu í ræðu minni að ég vakti athygli á því að í stefnumörkun ríkisstjórnarinnar væru miklar þversagnir sem m.a. felast í því og er þessu máli sérstaklega tengt að á sama tíma sem sumir hæstv. ráðherrar tala um það að auka þurfi samkeppni á sviði peningamála og bankamála á Íslandi er verið að gera ráðstafanir sem takmarka þessa samkeppni. Ég vakti m.a. athygli á því fyrr í ræðu minni að ráðstafanir ríkisstjórnarinnar í peninga- og bankamálum er sneru að innlendum aðilum væru þess eðlis að draga úr samkeppni, torvelda starfsemi einkabanka, torvelda

starfsemi einkafyrirtækja á sviði peninga- og fjármálaþjónustu á innlendum markaði sem er í eigu innlendra aðila, á sama tíma sem hæstv. viðskipta- og bankamálaráðherra talar um að það eigi að auka samkeppnina m.a. með því að fá hér erlenda aðila til starfa, þ.e. að hugsanlega komi erlendir aðilar inn á íslenskan peningamarkað til þess að auka samkeppnina.

Ég vil ítreka það að fyrir mitt leyti er ég sammála því meginviðhorfi hæstv. viðskipta- og bankamálaráðherra að á þessu sviði sem öðrum eigi að ríkja sem mest samkeppni. En ég hlýt að gera þær kröfur og hv. þm. að Íslendingar, íslensk fyrirtæki og innlendir aðilar fái þá að njóta þess frelsis að þau geti háð hér virka samkeppni bæði eins og bankamálum og peningamálum er háttað í dag og ekki síður ef hér eiga að koma erlendir aðilar inn í landið til að taka þátt í þessari starfsemi, þ.e. framkalla það sem hæstv. ráðherra kallaði svokallaðan virkan markað á þessu sviði.

Ég ætla ekki að orðlengja þessi atriði frekar en legg áherslu á það að á sama tíma sem með þeim lagafrumvörpum, og þar á meðal því frv. sem hér er til umræðu, er verið að þrengja stöðu íslenskra banka og fjármálafyrirtækja, þá á að hleypa erlendum aðilum inn í íslenskt bankakerfi. Ég undirstrika það atriði sem ég kom einnig inn á í minni ræðu að þeir erlendir bankar sem mun vera um að ræða eru bankar frá Vestur-Evrópu og þar með Skandinavíu, þ.e. vestrænir bankar en þeir búa við frelsi, þ.e. algjört frelsi miðað við þær ráðstafanir sem hæstv. ríkisstjórn er að gera hér í dag á Íslandi sem er að takmarka frelsið enn frekar frá því sem verið hefur.

Aðalréttlætingin fyrir því að auka samkeppnina með hugsanlegri þátttöku erlendra banka eða fjármálastofnana á íslenskum peningamarkaði er náttúrlega fólgin í því að það geti haft þau áhrif í för með sér að framkalla hér bæði betri þjónustu og lægri vexti og skapa það svigrúm á íslenskum peningamarkaði sem æskilegt er. En það er nauðsynlegt að gera sér fullkomlega grein fyrir því hvað felst í slíku. — Því miður er enginn hæstv. ráðherra Alþb. mættur hér í deildinni og ég vil ítreka þá skoðun mína og ósk eftir að einhver ráðherra úr þeim „ágæta flokki" sé hér viðstaddur þegar fjallað er um þetta atriði vegna þess að ég vil gjarnan fá það staðfest með fyrirspurnum í tengslum við mína ræðu hér á eftir hvort það sé ekki rétt skilið að ráðherrar Alþb. hafi tekið þátt í samþykkt ríkisstjórnarinnar varðandi þetta mál, þ.e. að þeir hafi samþykkt að á næstu missirum verði reglur um fjármagnshreyfingar og viðskipti með fjármálaþjónustu milli Íslands og annarra landa mótaðar á grundvelli tillagna ráðherranefndar Norðurlanda um efnahagsáætlun Norðurlanda 1989–1992. Enn fremur þar sem segir í samþykkt ríkisstjórnarinnar:

„Ríkisstjórnin leggur áherslu á að búa íslenska bankakerfið undir þær breytingar sem munu fylgja sameinuðum fjármagnsmarkaði Evrópu, m.a. með því að auka hagkvæmni þess þannig að það geti staðist samkeppni við erlenda banka hvað varðar vaxtamun, tryggingar o.fl. Í framhaldi af því verður kannað hvort heimila megi viðurkenndum erlendum bönkum starfsemi hér á landi."

Ég vil fá það staðfest hér, virðulegi forseti, m.a. með tilvist hæstv. ráðherra Alþb. hvort Alþb. og ráðherrar þess séu ekki örugglega búnir að samþykkja þetta í hæstv. ríkisstjórn. Þetta er grundvallaratriði vegna þess að ég mun víkja að því í ræðu minni hvað raunverulega felst í þessari stefnumörkun ef maður lítur á peningamarkað og fjármagnsmarkað í Vestur-Evrópu. Þetta er meginatriði. (**Forseti:** Ég hef óskað eftir því að reynt verði að hafa samband við ráðherra Alþb.) Já, ég þakka virðulegum forseta fyrir það. Sem betur fer var og er hæstv. bankamálaráðherra mættur hér, hann mætti hér stundvíslega og virði ég það mjög við hann sem er auðvitað sjálfsögð skylda hans. Hæstv. ráðherrum Alþb. var kunnugt um það að ég mundi sérstaklega víkja að þessu í minni ræðu. Þetta er mjög veigamikið atriði, sem e.t.v. hefur farið fram hjá hv. þm., að núv. ríkisstjórn er raunverulega búin að taka ákvörðun sem felur í sér grundvallarstefnubreytingu í afstöðu til þess hvernig á að reka banka- og peningamálastarfsemi á Íslandi í framtíðinni, ef þetta er rétt sem kemur fram í samþykkt ríkisstjórnarinnar um samþykkt ríkisstjórnarinnar um peninga- og vaxtamál. En þetta mun hafa verið samþykkt á ríkisstjórnarfundi. Ráðherra kinkar kolli. Ég skil það vel vegna þess að þetta hefur verið hugsjónamál hæstv. viðskipta- og bankamálaráðherra ekki aðeins sem ráðherra og þingmanns heldur í öllum hans athöfnum sem opinber embættismaður og í persónulegri tjáningu. Ég hef m.a. verið viðstaddur þar sem hann hefur flutt mjög margar ræður og merkilegar um efnahagssamstarf vestrænna þjóða og lýðræðisþjóðanna og það hvernig eigi að tryggja og standa vörð um það eðlilega frelsi sem við höfum svigrúm til þess að standa að á hverjum tíma. Hins vegar hef ég mínar efasemdir um það að hæstv. ráðherrar Alþb. séu jafntraustir í þessu og af er látið fyrr en ég fæ það staðfest hér í sal.

Ég vil ítreka það við virðulegan forseta að hér mæti ráðherrar Alþb. og standi fyrir sínu máli. (**SkA:** Það finnst mér líka.) Já, ég skil það vel að hv. þm. Skúli Alexandersson skuli óska eftir því vegna þess að ég veit það að hann gerir sér grein fyrir því hvað hér er um veigamikla ákvörðun að ræða. Ég gæti bara vel trúað því, án þess að fullyrða nokkuð um það, að þetta hafi ekki verið lagt fyrir þingflokksfund í Alþb. vegna þess að ég kannast ekki við það að Alþb. hafi þetta á stefnuskrá sinni. En það er nauðsynlegt að fá það fram í hv. þingi og ég vil fá það staðfest. Ég geri ráð fyrir því að alþýðubandalagsþingmenn vilji það líka. Að vísu er mættur hér hv. þm. Margrét Frímannsdóttir, sem er formaður þingflokks Alþb. Ég hef ekki óskað eftir því að hún standi hér upp og tjái sig um þetta. Ég krefst þess að þeir aðilar mæti, sem hafa staðið að þessari samþykkt um peninga- og vaxtamál, þ.e. fulltrúar Alþb. í ríkisstjórninni. Ég vil fá það staðfest hér og nú hvort þeir hafa samþykkt það að á sama tíma og þeir eru að takmarka sam-

keppni af hálfu innlendra aðila, þá eigi að hleypa hér inn erlendum aðilum og flokka það undir samkeppni. Því að það þarf að lýsa því fyrir hv. þm. Alþb. sem og öðrum þm. hvað raunverulega felst í þessari stefnumörkun og mun gera það í ítarlegu máli. (**Forseti:** Ef hv. ræðumaður óskar þess, þá mundi ég gefa honum kost á því að fresta sínu máli þangað til viðkomandi ráðherrar eru mættir og taka þá fyrir önnur mál á meðan.) (**Viðskrh.:** Mér er kunnugt um að menntmrh. er bundinn af öðrum skyldum til kl. hálffjögur.) Já, virðulegi forseti, ég met það. En það væri kannski nauðsynlegt að fá hérna líka hæstv. fjmrh. Ég heyrði það um daginn (Gripið fram í.) já, ég heyrði nefnilega hæstv. fjmrh. segja í sjónvarpi um daginn eitthvað á þá leið að hann tjáði sig þar sem nútíma evrópskan jafnaðarmann. (Gripið fram í.) Það er von að góðum alþýðuflokksmönnum sé brugðið hér í sal þegar maður skýrir frá þessu, en það mun hafa komið fram í sjónvarpi. (**KP:** Vill ekki hv. þm. endurtaka þetta?) Jú, ég skal gera það, ekki með ánægju að vísu vegna þess að ég ber svo mikla virðingu fyrir evrópskum jafnaðarmönnum, en hæstv. fjmrh. sagði í viðtali í sjónvarpi um daginn, þar sem verið var að ræða við hann um hans eigin persónu, og margt gott um það að segja, en þegar hann var spurður að því hvers konar stjórnmálamaður hann væri, þá sagði hann: „Ja, ég lít nú á mig sem evrópskan jafnaðarmann" og var þá ýmsum brugðið sem horfðu á sjónvarpið og hlýddu á þetta mál hans og viðhorf, (**Gripið fram í:** Var það ekki nútíma?) nútíma evrópskan jafnaðarmann, já. En það er kannski ekki við hæfi að maður sé að herma það upp á hæstv. ráðherra eða yfirleitt að stjórnarandstæðingar skuli leyfa sér að hafa skoðanir eða álit og tjá sig um viðhorf þeirra. Það færi kannski best á því að maður þegði um allt slíkt, en ég veit að virðulegur forseti kærir sig ekki um það. Hann vill að hér sé þingræði og lýðræðisvenjur séu í heiðri hafðar og munum við auðvitað gera það. (**Viðskrh.:** Og þingmenn velji sér viðfangsefni í samræmi við það.) Að sjálfsögðu. Ég veit það. Það er von að hæstv. bankamálaráðherra segi það. Það er náttúrlega ekki viðeigandi að hæstv. fjmrh. sem er í Alþb. skuli leyfa sér að halda því fram að hann sé nútíma evrópskur jafnaðarmaður. Ég skil vel að góðum íslenskum alþýðuflokksmönnum sé brugðið. En ekki ætla ég að biðja hæstv. bankamálaráðherra afsökunar á þessum ummælum. Það verða aðrir að gera.

En ég er reiðubúinn til þess, virðulegur forseti, ef það er öruggt að ég fái að ræða hér frekar í dag um þetta mál, að gera hlé á máli mínu og bíða þess að einhver hæstv. ráðherra Alþb. hafi tíma til að mæta hér.

Umræðu frestað.

Viðskiptabankar, 1. umr.

Stjfrv., 242. mál (bankaráð, hagsmunaárekstrar o.fl.). — Þskj. 447.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Frv. til laga um breytingu á lögum nr. 86 frá 4. júlí 1985, um viðskiptabanka, sem ég mæli nú fyrir felur það í sér að gerðar verði nokkrar breytingar á gildandi lögum um viðskiptabanka, m.a. með vísun til samþykktar ríkisstjórnarinnar um peninga- og vaxtamál, sem forsrh. kynnti í ræðu hér á þinginu á mánudag í liðinni viku.

Gerðar eru tillögur um breytingar á nokkrum ákvæðum í ljósi reynslu af framkvæmd laganna frá því að þau tóku gildi 1. jan. 1986. Breytingarnar miða m.a. að því að kveða skýrar á um hlutverk bankaráða við mótun stefnu bankanna við vaxtaákvarðanir og ákvarðanir á þjónustugjöldum viðskiptabanka. Þá eru í frv. nánari ákvæði um fyrirgreiðslu viðskiptabankanna við einstaka viðskiptavini sína, ákvæði um starfsábyrgð stjórnenda til að girða fyrir hagsmunaárekstra og loks ákvæði sem snerta hlutfall fasteigna og búnaðar af heildareignum banka, en þetta hlutfall skiptir ekki síst máli þegar ákvarðanir eru teknar um stofnun útibúa eða fasteignakaup á vegum bankanna. Ég sný mér þá að einstökum greinum frv.

Í 1. gr. frv. eru ákvæði sem skýra nánar hvað felist í þeirri takmörkun sem núgildandi viðskiptabankalög setja varðandi þátttöku bankastjóra í atvinnurekstri. Það álitamál hefur nýlega komið upp hvort hlutafjáreign teljist þátttaka í atvinnurekstri í skilningi þessara laga. Mér virðist ljóst að ráðandi hlutafjáreign í hlutafélagi falli undir ákvæði 13. gr. viðskiptabankalaganna. Hlutafjáreign, þótt ekki ráði meiri hluta, getur verið þess eðlis að í krafti hennar megi hafa veruleg áhrif á rekstur fyrirtækis, t.d. með hliðsjón af stærð eignarhlutarins og tengslum eigandans við aðra eigendur eða stjórnendur í fyrirtæki. Í öðrum tilfellum hins vegar getur eignarhald á smáhlut í hlutafélagi, t.d. í almenningshlutafélagi — tökum sem dæmi að maður hafi tekið að erfðum eitt eða tvö hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands eða Flugleiðum — varla talist annað en ávöxtun sparifjár eða varðveisla verðmæta en ekki þátttaka í atvinnurekstri í skilningi laganna. Hvert einstakt slíkt hlýtur að vera háð mati og í frv. er lagt til að bankaeftirlit Seðlabankans skeri úr um það hvort hlutafjáreign bankastjóra brjóti í bága við þessa grein laganna. Ég tel mikilvægt að þetta sé gert skýrt vegna þess að í gildandi lögum er þetta ekki nefnt. Í athugasemdum með frv. sem varð að þeim lögum var þetta heldur ekki nefnt og ekki kom heldur neitt fram um þetta mál við umræður í þinginu. Mér virðist þó liggja í eðli máls að hlutafjáreign sem úrslitum ræður um ákvarðanir eða stjórn fyrirtækja hljóti að teljast þátttaka í atvinnurekstri.

Þá er í 2. gr. frv. gerð tillaga um nýtt og nákvæmara orðalag á 4. mgr. 21. gr. viðskiptabankalaganna, um hlut bankaráðanna í mótun stefnu þeirra í vaxta- og gjaldskrármálum og varðandi reglur um hámark lán-

veitinga til einstakra lántakenda. Þannig er lagt til að í 4. mgr. 21. gr. verði mælt fyrir um það að bankaráð skuli fjalla um ákvarðanir um vexti og gjaldskrá fyrir veitta þjónustu á einstökum sviðum bankastarfseminnar að fengnum tillögum bankastjórnar. Þá er einnig lagt til að við umfjöllun um vexti og kaupgengi viðskiptavíxla og viðskiptaskuldabréfa skuli bankaráðin gæta þess að ávöxtunarkrafa bankans sé sambærileg við ávöxtun almennra útlána bankans í hliðstæðum áhættuflokkum.

Ég tel það mikilvægt að skylda bankaráðanna til þess að taka ákvarðanir eða móta stefnu um jafnmikilvæg atriði sem vexti og þjónustugjöld viðskiptabankanna sé alveg ótvíræð og einkum að mótun á vaxtastefnu bankans taki mið af öllum tekjum hans þótt bankaráðin feli bankastjórn að sjálfsögðu alla framkvæmd og daglegar ákvarðanir á grundvelli almennra starfsreglna. Hér hef ég ekki síst í huga að ávöxtunarkröfur viðskiptabankanna við kaup á viðskiptavíxlum, viðskiptaskuldabréfum og greiðslukortanótum hafa sætt mikilli gagnrýni að undanförnu. Það er því ástæða til þess að gera það ljóst að affallaviðskipti eru hluti af vaxtastefnu bankans og samræmis þarf að gæta að teknu tilliti til áhættu. Því hefur verið haldið fram að bankarnir hafi í raun og veru tvenns konar vaxtakjör í boði og ráði hending eða geðþótti því hvoru vaxtakerfinu fyrirtæki eða einstaklingar tilheyri. Ég tel þess vegna æskilegt að í lögunum sé það gert ljóst að allt sé þetta hluti af vaxtastefnu bankans og endanlega á stjórnarábyrgð bankaráðanna. Ég tel að á þessum grundvelli verði auðveldara að fylgja fram samræmdri stefnu í bankamálum og jafnframt gert ljóst að það eru bankaráðin sem bera ábyrgð á öllum þáttum í vaxtastefnu bankans.

Í lögum um viðskiptabanka er nú kveðið á um það í 4. mgr. 21. gr. að bankaráð viðskiptabanka setji að fenginni umsögn bankastjórnar almennar reglur um lánveitingar bankans sem sendar skulu bankaeftirlitinu. Í grg. með frv. til laga um viðskiptabanka var á sínum tíma vikið að því að unnt væri á grundvelli slíkra reglna að leggja bann við lánum til einstakra viðskiptaaðila umfram tiltekið hlutfall af eigin fé bankans. Um skyldu til að kveða á um hámark lána til slíkra aðila var hins vegar ekki að ræða. Ég tel að það sé hins vegar til bóta að kveða nú á um skyldu bankans til þess að hafa í slíkum reglum ákvæði um hámark lána til einstakra lántakenda og um tryggingar fyrir lánum. Jafnframt eru tekin af tvímæli um það að ábyrgðir séu settar á sama bekk og lánveitingar.

Þá er mælt fyrir um það að reglurnar séu endurskoðaðar ekki sjaldnar en árlega og að bankaeftirlitið skuli láta í té álit sitt á þeim hverju sinni. Stefnt er að því að reglur þessar veiti aukið aðhald varðandi lánveitingar, ábyrgðir og tryggingar, en með því er m.a. leitast við að draga úr líkunum á stóráföllum í rekstri bankanna og tryggja betur hag innlánseigenda.

Það á að vera meginstefna í bankarekstri að bankar bindi ekki um of fé sitt hjá einum eða fáum viðskiptavinum heldur dreifi áhættu vegna starfsemi sinnar. Þess vegna er líka nauðsynlegt að líta ekki eingöngu á efnahagsreikning bankans þegar slíkar ákvarðanir eru teknar heldur líka á efnahagsreikning skuldarans.

Með 3. gr. frv. er stefnt að lögfestingu reglna til að girða fyrir hagsmunaárekstur stjórnenda viðskiptabanka annars vegar og hins vegar aðila sem þeir tengjast fjárhagslega eða hagsmunalega. Mér þykir rétt að gera í lögum strangar kröfur um starfsábyrgð stjórnenda í svo mikilvægum stofnunum sem viðskiptabankarnir eru og tryggja sem best í lögum, eftir því sem það er unnt að gera með lögum, óháða ákvarðanatöku í bönkunum. Í þessari grein er lagt til að bankaráðsmenn skuli ekki taka þátt í meðferð máls er varðar viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja sem þeir eiga hlut í, sitja í stjórn hjá, eru fyrirsvarsmenn fyrir eða þeir eða aðilar þeim tengdir eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna þar að gæta. Ákvæði frumvarpsins er hliðstætt þeim ákvæðum sem er að finna í bankalöggjöf nágrannalandanna um þetta efni, en í okkar bankalöggjöf eru ekki slík ákvæði nú.

Í yfirlýsingu forsrh. á mánudaginn var var einmitt sérstaklega vikið að þörfinni fyrir aðlögun íslenska bankakerfisins að breyttum aðstæðum í umheiminum. Þessar tillögur eru skref í þá átt að hér gildi um þetta líkar reglur og gilda í nágrannalöndum okkar. Það er enginn vafi á því að mínu áliti að þegar til lengdar er litið er öruggasta leiðin til að lækka raunvexti hér á landi að auka samkeppni á lánamarkaðnum með nánari tengslum við erlenda fjármagnsmarkaði. Þetta er það meðal sem hrífur. Stefnumótun ríkisstjórnarinnar felur því ekki aðeins í sér tímabundnar ráðstafanir til þess að snúast gegn skammæjum hagsveiflum heldur er hér horft til lengri framtíðar og stefnt að bættu skipulagi í íslenska fjármálakerfinu yfirleitt.

Á næstunni verður sérstök athugun gerð á því með hvaða skilyrðum sé unnt að veita erlendum bankastofnunum heimild til að starfa hér á landi. Í gildandi bankalögum er nú einungis heimild til þess fyrir ráðherra að veita umboðsskrifstofum erlendra fjármálastofnana starfsleyfi hér á landi. Þessi athugun er í samræmi við þá áformuðu útvíkkun á fríverslun í Vestur-Evrópu sem gerir ráð fyrir því að fríverslun nái ekki einungis til varnings heldur einnig til þjónustu, þar á meðal til bankaþjónustu. Um þetta mál er nú fjallað í viðræðum milli EFTA og Evrópubandalagsins og einnig á vettvangi Norðurlandaráðs, m.a. í tillögum ráðherranefndar Norðurlanda um efnahagsáætlun Norðurlandanna fyrir árin 1989–1992. En það er ljóst að íslenska bankakerfið verður að búa sig undir samkeppni frá erlendum bönkum á næstu árum, samkeppni sem mun veita bönkunum verulegt aðhald og verður því að þjappa þeim saman í styrkari og hagkvæmari einingar. Ég mun á næstunni kynna ákveðnar tillögur um samruna bankastofnana sem einmitt hafa þetta að markmiði.

Þá kem ég að 4. gr. frv. en þar er gerð tillaga um þá breytingu að endurskoðun á reikningum ríkisviðskiptabankanna skuli framkvæmd af Ríkisendur-

skoðun eða þeim sem hún tilnefnir og af skoðunarmanni sem ráðherra skipar í stað þess að kjósa skoðunarmenn ríkisviðskiptabanka á Alþingi. Sú breyting sem grein þessi gerir ráð fyrir er í fullu samræmi við ákvæði laga nr. 12 frá 1986, um Ríkisendurskoðun, en samkvæmt þeim lögum heyrir nú Ríkisendurskoðunin stjórnarfarslega undir Alþingi. Þessi tillaga er líka flutt samkvæmt málaleitan og áskorun frá Ríkisendurskoðun og þar með frá forsetum þingsins. Mér þykir eðlilegt að endurskoðun ríkisviðskiptabankanna skuli framvegis skipað með þeim hætti sem hér er lagt til þannig að þar séu ekki óþarflega mörg endurskoðunarlög.

Ég kem svo að 5. gr. frv. Hún er efnislega samhljóða tillögu sem flutt var hér á þinginu í fyrra. Þar er leitast við að eyða ágreiningi um það hvernig skilja beri 1. mgr. 54. gr. laganna um viðskiptabanka. Það hefur nokkuð borið á því að viðskiptabankar, þar sem bókfært virði fasteigna og búnaðar sem bankarnir nota til starfsemi sinnar hefur verið hærra en svarar 65% af eigin fé bankanna, að þeir bankar telji sér það í sjálfsvald selt að láta þetta hlutfall hækka m.a. með því að bæta við sig útibúum á því aðlögunartímabili sem ákveðið var í lögunum um viðskiptabanka, en það voru árin fimm frá 1986 til 1990. Þeir bankar sem hafa þessa skoðun telja nóg að færa þessar eignir niður í 65% af eigin fé við lok þessa tíma. Í frv. eru tekin af tvímæli um það að lögin heimili ekki svo frjálslega túlkun. Í undantekningartilfellum er ráðherra þó gefin heimild til að víkja frá þessum skilyrðum 54. gr. viðskiptabankalaganna.

Í frv. til breytinga á lögum um sparisjóði, sem ég vænti að ég fái tækifæri til að mæla hér fyrir í deildinni í beinu framhaldi af þessu lagafrv., er gert ráð fyrir samsvarandi breytingum og ég hef nú lýst varðandi viðskiptabankalögin.

Virðulegi forseti. Ég hef nú gert grein fyrir meginatriðum þessa frv. og tel ekki ástæðu til eða þörf á að hafa þau orð öllu fleiri. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta frv., en mig langar að spyrja hæstv. viðskrh. hvernig hann telji 2. gr. þessa frv. koma út gagnvart, eigum við að segja „gráa" og „svarta markaðnum", en í 2. gr. segir: „Bankaráð fjallar einnig um vexti af skuldabréfum sem bankinn gefur út og þá vexti sem bankinn áskilur sér við kaup á viðskiptavíxlum og viðskiptaskuldabréfum. Við umfjöllun um vexti eða kaupgengi viðskiptavíxla og viðskiptaskuldabréfa skal bankaráð gæta þess að ávöxtunarkrafa bankans sé sambærileg við ávöxtun almennra útlána bankans í hliðstæðum áhættuflokkum."

Ástæða þess að ég stíg hérna upp og geri þessa sérstöku grein að umtalsefni er sá ótti minn, hafi ég skilið þetta rétt, að þarna eigi að vera sambærilegir vextir á viðskiptakröfum ef hagnaður bankans á að vera sambærilegur á viðskiptakröfum og svo almennum útlánum. Ef þetta er réttur skilningur, þá er ég hræddur um að mikið af viðskiptum fari yfir á aðra markaði og þá þennan svokallaða „gráa markað" og jafnvel þennan „svarta markað" sem er nú alltaf fyrir hendi en hefur að vísu minnkað töluvert. En ef þær breytingar sem ríkisstjórnin boðar nú ná fram, þá býst ég við að hann stækki þegar allt er komið í framkvæmd. Ég ætlaði einnig að spyrja hvaða áhrif hæstv. viðskrh. telji að þetta komi til með að hafa á peningastreymi til bankanna og til fjármagnsmarkaðanna o.s.frv.

Þetta er það eina sem ég vildi gera hér sérstaklega að umtalsefni.

Um aðrar greinar vil ég frekar ræða í nefnd þegar málið kemur þar fyrir, en ég get lýst því hér yfir að ég get tekið undir 1. gr. og 3. gr. frv. Varðandi 5. gr. er það rétt, eins og hæstv. viðskrh. lýsti, að það hefur verið spurning innan bankakerfisins hvernig eigi að túlka þessa 65% reglu og mér sýnist að þarna sé verið að taka viss tvímæli af.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Í 2. gr. frv. er komist svo að orði um umfjöllun bankaráðs um vexti eða kaupgengi viðskiptavíxla og viðskiptaskuldabréfa að bankaráðið skuli gæta þess „að ávöxtunarkrafa bankans sé sambærileg við ávöxtun almennra útlána hans í hliðstæðum áhættuflokkum".

Ég vil vekja sérstaklega athygli á orðunum „í hliðstæðum áhættuflokkum" vegna þess að það gefur auga leið að þær kröfur sem þarna er verið að kaupa eru oft og tíðum áhættusamari, ekki jafngóðir pappírar eins og aðrar skuldbindingar sem bankinn er með í sinni eignahlið. Þetta tel ég mikilvægt að menn athugi. Og þess vegna tel ég ekki nauðsynlegt að ályktа að þetta muni gjörbreyta viðskiptum bankanna. Þetta er fyrst og fremst til þess hugsað, en fer auðvitað eftir því hvernig bankaráðin halda á þessu, að það sé ekki hulduvaxtakerfi í bankakerfinu; að bankaráðin taki eingöngu afstöðu til stefnumótunar varðandi hina opinberlega birtu vexti en síðan séu einhvers konar allt aðrar kröfur gerðar til kannski jafngóðra pappíra og það er það mikilvæga í málinu að bankaráðið og bankastjórnin geti ekki skotið sér hjá því að leggja þessa hluti á sama borð.

Ég er sannfærður um að það getur oft og einatt verið ástæða til þess að hafa þarna önnur kjör og ríkari ávöxtunarkröfur vegna áhættu sem í því kann að vera fólgin að liggja með slíkar skuldaviðurkenningar. Þetta er matsatriði. Ég held hins vegar að það sé mjög óheilbrigt að það sé klofinn markaður í bönkunum og sé ekki neina sérstaka ástæðu til að ætla að þetta muni út af fyrir sig valda því að viðskipti færist yfir á „gráan" eða „svartan markað". Reyndar vil ég benda á að í meðförum fjh.- og viðskn. Nd. mun bætast í frv. til laga um verðbréfafyrirtæki og verðbréfasjóði og um eignarleigu ákvæði sem gefa Seðlabankanum vissan íhlutunarrétt um vaxtaákvarðanir á þeim markaði ef Seðlabankinn hlutast til um vexti í bankakerfinu, einmitt með sama sjónarmiði, að hlið-

stæðir áhættuflokkar sæti hliðstæðum vaxtakjörum. Ég veit að þetta er ekki auðvelt í framkvæmd en hef þá trú að það eitt að það vaki í veðri að eftir þessu skuli litið muni laga vaxtaákvarðanirnar að þessu leyti. Þarna eru engin einföld ráð til.

Ég minni á að bæði Félag ísl. iðnrekenda og Verslunarráðið, og er þó hvorugt félagið mikið fyrir það gefið að ríkið hlutist til um vaxtaákvarðanir, hafa skriflega oftar en einu sinni farið fram á það við viðskrh. að hann hlutist til um þessi vaxtakjör einmitt í þeim anda sem hér eru gerðar tillögur um, þ.e. að jafnræði gildi um þessar og aðrar vaxtakröfur bankanna.

Ég held reyndar að eftir að samræmdar voru dagsetningar á eindaga söluskatts og greiðsludegi greiðslukorta hafi létt nokkuð af þrýstingi á þessum affallamarkaði. Ég tel líka að þær heimildir sem ég veitti í byrjun ársins almennt til þess að taka erlendan greiðslufrest við innflutning til landsins hafi einnig orkað til þess að draga úr viðskiptum með miklum afföllum á svona skammtímakröfum. Allt verður þetta mál að skoðast í heilu lagi. Hér er fyrst og fremst áminning um það að við stefnumótun bankaráðanna sé litið á allt málið en ekki hluta af því og það sé enginn huldufólksmarkaður í bönkunum.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að ræða almennt um þetta frv., enda eru ekki í mínum huga nein sérstök atriði sem ég taldi þörf á að gera athugasemdir við á þessu stigi. En ég vil aðeins víkja að því sem segir í 2. gr. frv.: „Bankaráð ákvarðar vexti bankans."

Í umsögn um 2. gr. segir: „Hér er í fyrsta lagi gerð tillaga um ákveðnara orðalag varðandi hlutdeild bankaráða í vaxtaákvörðunum" o.s.frv. Það sem ég vildi spyrja hæstv. ráðherra um er hvort með þessu ákvæði verði í framkvæmd breyting á þeirri verktilhögun sem hefur verið í þessu efni. Er það svo að bankastjórnirnar hafi ákveðið vextina áður og án samráðs eða í samráði við bankaráðin. Mér sýnist alla vega að því er segir í umsögn um 2. gr. að eitthvað hafi verið óákveðið um framkvæmd þessara mála. Og vil ég þá spyrja hæstv. ráðherra að því hvort það sé beinlínis tilefni þessa ákvæðis að ef bankastjórnirnar hafa ákveðið vexti, þá hafi þær ekki farið tilhlýðilega með það vald og hvort gert sé ráð fyrir því að það fari betur af þeim ástæðum að bankaráðin hafi valdið til þess að ákvarða vextina.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir þau svör sem hann gaf mér hér áðan, en það sem ég vildi taka fram í þessu tilefni er að það hefur verið þannig í bankakerfinu að bankarnir hafa farið út á þá braut eins og fjármagnsmarkaðirnir að kaupa viðskiptakröfur með afföllum til þess að þurfa ekki að hækka raunvöxtun í bönkunum, og til þess að mæta því hækkunartilefni sem annars hefði verið hafa þeir farið inn á þessar brautir. Og þá kem ég að atriði sem ég vil gera örlítið að umtalsefni. Ef sú væri staðan að bönnuð væru eða þá minnkuð kaupin á viðskiptaskuldabréfunum, er þá ekki óhjákvæmilegt að bankarnir þurfi að mæta sínum kostnaði með því að hækka vexti?. Svo er annað frv. um Seðlabanka sem eiginlega bannar að hækka vexti og þá er spurningin, hvernig á bankakerfið að koma sínum kostnaði út ef á að vera tap á rekstri bankakerfisins? Þetta var nú kjarni þess sem ég sagði hér áðan.

Varðandi þessa fjármagnsmarkaði sem verður að tala um um leið og bankakerfið á ég erfitt með að sjá það í framkvæmd að þeim verði bannað að kaupa skuldabréf eða viðskiptavíxla eða kreditnótur eða reikninga án affalla. Á því byggist þessi markaður og á því byggist það að þessi markaður geti borið hærri ávöxtunarkjör en bankakerfið. Þetta er nú það sem ég vildi koma hér að í tengslum við þetta. Ég held að við verðum að vara okkur á því að setja svona reglur um mjög viðkvæman markað, bæði fjármagnsfyrirtækin eða verðbréfafyrirtækin og bankakerfið þar sem eftirspurn er mjög mikil eftir fjármagni og þeir sem spara eru mjög tortryggnir gagnvart öllum þeim breytingum sem á þessum markaði verða.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég vildi reyna að svara lítillega því sem kom fram hjá hv. 4. þm. Vestf. Ég tel ekki sjálfsagt að breyting verði á verkaskiptingunni. Hins vegar tel ég það alveg nauðsynlegt að bankaráðið beri ábyrgð á öllum vaxtaákvörðunum bankanna í almennum atriðum en ekki eingöngu einhverjum hluta þeirra. Hvernig þeir svo framselja þetta vald til sinna framkvæmdastjóra, bankastjórnarinnar, það er þeirra mál að ákveða, en það er einmitt það sem það á að vera: Þeirra mál að ákveða. Mér virðist að vaxtaákvarðanir og viðskiptakjaraákvarðanir sem eru almenns eðlis hafi stundum flotið fram hjá bankaráðunum, annaðhvort af því að bankaráðin hafi sýnt þeim tómlæti eða bankastjórarnir ekki lagt fyrir bankaráðin fleira en þeir þurftu. Ég ætla ekki að gefa þessu aðrar einkunnir eða þessar. Hins vegar finnst mér það ótækt að jafnvel formenn bankaráða geti sagt um svona mikilvæga þætti í viðskiptakjörum þeim sem bankarnir búa sínum viðskiptavinum: Þetta er okkur ekki kunnugt um, við höfum ekki um það fjallað. Það tel ég ekki sómsamlega afstöðu. Ég vil þess vegna að það sé alveg ljóst að stjórnarfarslega hafi þeir tekið ábyrgð á slíkum ákvörðunum. Það er engin íhlutun í það hvernig menn skipta með sér verkum eða hvaða ákvarðanir eru framseldar frá bankaráði til bankastjórnar frá degi til dags. Það liggur í hlutarins eðli að bankastjórar eru til þess valdir að taka viðskiptalegar ákvarðanir, en í bankalögunum eru ákvæði sem segja: Bankaráðið skal móta stefnu bankans í vaxtamálum. Það virðist hafa verið skilið mjög laust og mjög frítt. Ég tel ástæðu til þess að lista það svolítið út hvað það þýðir.

Varðandi athugasemdir hv. 11. þm. Reykv. um vandkvæðin á því að setja fastmótaðar reglur um vaxtakjör á svona skuldabréfa- og viðskiptavíxla-

markaði, þá var margt rétt í því sem hann sagði. Ég er alls ekki með þessum tillögum sem hér eru fluttar að reikna með því að það verði allt saman snyrtilega læst í þessi örfáu erindi sem hér eru flutt, heldur vildi ég gera það skýrt að þarna skuli fara fram samræmt mat og tilraun til þess gerð af hálfu hverrar bankastofnunar að móta þetta þannig að þær geti skýrt það fyrir sínum viðskiptavinum hvers vegna þær bjóða þeim fremur þessi kjör en önnur.

Um viðskiptamörkin við aðrar stofnanir á lánamarkaðinum ætla ég ekki að fjölyrða í þessari umræðu, en segi það eitt að margar þeirra stofnana eru reyndar í eigu bankanna eða stofnana sem eru nátengdar þeim. Ég tel einsýnt að þar muni af venjulegum sanngirnis- og jafnræðissjónarmiðum gilda hið sama.

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins örstutta athugasemd varðandi frv. þar sem um er að ræða atriði sem mér finnst ekki vera alveg ljóst. Það er um 3. gr. frv. Þar segir í athugasemd um 3. gr., og verð ég að fá að lesa það upp, með leyfi virðulegs forseta:

„Í íslenskum stjórnarfarsrétti hafa ekki almennt verið lögfestar reglur til að girða fyrir hagsmunaárekstra handhafa framkvæmdarvalds við töku ákvarðana, gagnstætt því sem er um handhafa dómsvalds hér á landi. Rétt þykir nú að gera í lögum strangari kröfur um svo mikilvægar stofnanir sem banka, þar sem hagsmunaárekstrar geta haft meiri afleiðingar en oft endranær og því mikilvægt að tryggja óháðar ákvarðanir. Þessi ákvæði eru hliðstæð þeim sem eru í bankalöggjöf nágrannalanda okkar."

Hagsmunaárekstrar geta að sjálfsögðu víða átt sér stað og það er auðvitað mjög oft sem farið er með þá fyrir dómstóla. Hér er verið að bera saman annars vegar dómara og hins vegar bankaráðsmenn og þess ber að geta að dómarar þurfa að sæta mjög ströngum hæfisskilyrðum og þar að auki dæma þeir um rétt manna í þessu þjóðfélagi og þar getur verið um verulega hagsmuni að ræða, en ekki bara peningalega. Hér er lögð rík áhersla á ábyrgð bankaráðsmanna í 3. gr. frv. og er ég ekki að mótmæla því í sjálfu sér. Á því getur verið full þörf. En mig langar til þess að spyrja hæstv. bankamálaráðherra: Hver metur það hvort bankaráðsmenn víki sæti og hvaða viðurlög liggja þar við?

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég vil svara stuttlega spurningu hv. 8. þm. Reykv. Í þessu efni eins og svo mörgum öðrum verða menn að treysta þeim mönnum sem valdir hafa verið í bankaráðin til þess að víkja sjálfviljugir sæti þegar augljóslega eru á borðum þeirra mál sem varða þá sjálfa eða fyrirtæki sem þeim eru tengd. Þetta er nú það fyrsta og það augljósasta sem segja þarf. Ef um þetta verður ágreiningur sýnist mér ljóst að honum yrði skotið til bankaeftirlitsins sem er úrskurðaraðili í þessu máli. Um viðurlög við brotum á þessu fer eftir almennum lagareglum, viðskiptabankalaganna og annarra laga. Ég ætla ekki að hafa um það önnur orð og segi það eitt að ég tel þetta mjög þarft ákvæði og reyndar bráðnauðsynlegt eftir að búið væri að samþykkja tillöguna sem er í 2. mgr. 2. gr. þessa frv., þ.e. að bankaráðið setji sjálft reglur um hámarkslán til einstakra lántakenda og fjalli um slíka lista reglulega á sínum fundum sem ekki er alveg ljóst að hafi verið gert í öllum bönkunum, en í mörgum þeirra. Um leið og þetta væri orðið að skyldu bankaráðsins tel ég alveg nauðsynlegt að setja ákvæði til varnar hagsmunaárekstri eins og gerð er tillaga um í 3. gr. Orðalag þessarar greinar og öll stjórnarfarsskipan í þessum lögum er mjög hliðstæð því sem gerist á Norðurlöndunum og reyndar í fleiri nágrannalöndum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Sparisjóðir, 1. umr.

Stjfrv., 244. mál (stjórn, hagsmunaárekstrar o.fl.). — Þskj. 452.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Frv. það til laga um breytingu á lögum nr. 87 frá 4. júlí 1985, um sparisjóði, sem er á þskj. 452 og ég mæli nú fyrir felur í sér að gerðar verði nokkrar breytingar á gildandi lögum um sparisjóði. Breytingar þessar eru að mestu hliðstæðar tillögum í frv. til breytinga á lögum um viðskiptabanka sem ég hef þegar mælt fyrir hér í deildinni, en auk þess er hér gerð tillaga um breytingu á skipan stjórnar sparisjóðanna með hliðsjón af þeim breytingum á sveitarstjórnarlögum sem tóku gildi í byrjun þessa árs.

Breytingarnar miða m.a. að því að kveða skýrar á um hlutdeild sparisjóðsstjórna og sparisjóðsstjóra við ákvörðun vaxta og ákvörðun á þjónustugjöldum. Þá hefur frv. að geyma nánari ákvæði um fyrirgreiðslu sparisjóðs við einstaka viðskiptavini sína og einnig ákvæði um starfsábyrgð stjórnenda til að girða fyrir hagsmunaárekstur.

Í 1. og 2. gr. frv. er að finna ákvæði sem leiða af gildistöku nýrra sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986. Í hinum nýju sveitarstjórnarlögum hafa sýslunefndirnar verið felldar niður, en í þeirra stað koma nú sveitarstjórnirnar beint eða eftir atvikum héraðsnefndir. Sú breyting sem hér er gerð tillaga um, varðandi 5. og 21. gr. sparisjóðslaga, er því að öllu leyti tilkomin vegna hinnar breyttu skipunar samkvæmt sveitarstjórnarlögunum sem nú hefur að fullu tekið gildi. Tillagan felur það í sér að héraðsnefndir eða sveitarstjórnir komi í stað sýslunefndanna við kjör stjórnarmanna í sparisjóði. Þetta mál hefur verið rætt við Samband ísl. sparisjóða og einnig við Samband ísl. sveitarfélaga.

Í 3. gr. frv. er að finna ákvæði sem ætlað er að skýra nánar hvað felist í þeirri takmörkun sem núgildandi sparisjóðalög gera varðandi þátttöku sparisjóðsstjóra í atvinnurekstri. Upp hefur komið álitamál innan bankakerfisins nýlega hvort telja skuli hlutafjáreign atvinnuþátttöku eða þátttöku í atvinnurekstri. Ákvæði þetta er alveg hliðstætt ákvæðinu í frv. til laga um breytingu á viðskiptabankalögum sem ég hef nýlega lýst hér í deildinni, og ég ætla ekki að gera nánari grein fyrir því að svo stöddu.

Í 4. gr. frv. er gerð tillaga um nýtt og nákvæmara orðalag á 3. mgr. 24. gr. núgildandi sparisjóðalaga varðandi þátt sparisjóðsstjórnar við mótun stefnu sparisjóðsins í vaxtamálum og einnig varðandi reglur um hámark lánveitinga til einstakra lántakenda. Þannig er lagt til að í 4. mgr. 21. gr. laganna verði tiltekið að sparisjóðsstjórn skuli fjalla um ákvarðanir varðandi vexti og gjaldskrá fyrir veitta þjónustu að fengnum tillögum sparisjóðsstjóra. Einnig er lagt til að við umfjöllun um vexti og kaupgengi viðskiptavíxla og viðskiptaskuldabréfa skuli sparisjóðsstjórn gæta þess að ávöxtunarkrafa sparisjóðsins sé sambærileg við ávöxtun almennra útlána sjóðsins í hliðstæðum áhættuflokkum. Og eins og fram kom í umræðum okkar um frv. um viðskiptabanka er það mikilvægt að gætt sé sömu vaxtakjara í sömu áhættuflokkum, en eins og fram kom í umræðunum er það auðvitað mikið matsatriði. Ég tel hins vegar mikilvægt að í sparisjóðum eins og viðskiptabönkum fjalli sparisjóðsstjórnirnar um meginreglur í slíkum viðskiptum.

Þá er í lögunum um sparisjóði kveðið á um það í 3. mgr. 24. gr. að sparisjóðsstjórnin setji að fenginni umsögn sparisjóðsstjóra almennar reglur um lánveitingar sparisjóðsins sem sendar skulu bankaeftirlitinu. Hliðstætt ákvæði er að finna í lögum um viðskiptabanka. Í frv. sem hér liggur fyrir deildinni er lagt til að kveðið verði skýrar á um þetta atriði og er tillaga um hliðstæða breytingu í frv. sem nú liggur fyrir um breytingu á viðskiptabankalögunum. Ég tel að það sé til bóta að kveða nú á um skyldu sparisjóðanna til að hafa í reglum þessum ákvæði um hámark lána til einstakra lántakenda og um tryggingar fyrir lánum. Jafnframt eru tekin af tvímæli um það að ábyrgðir séu jafnsettar lánveitingum í þessu tilliti.

Þá er mælt fyrir um það að reglurnar skuli sæta endurskoðun ekki sjaldnar en árlega og að bankaeftirlitið skuli láta í té álit sitt á þeim hverju sinni. Það er stefnt að því að reglur sem þessar veiti aukið aðhald varðandi lánveitingar, ábyrgðir og tryggingar, en með því er m.a. leitast við að draga úr líkum á stóráföllum í rekstri sparisjóðanna og tryggja betur hag innlánseiganda. Það er skemmst frá því að segja að þar sem sparisjóðir hafa lent í alvarlegum fjárhagsvandræðum hefur það næstum því án undantekningar stafað af því að sparisjóðirnir hafa lánað of mikið til eins eða fárra lántakenda. Það á að vera meginstefna í rekstri sparisjóðanna að þeir bindi ekki um of fé sitt hjá einum eða fáum viðskiptavinum heldur dreifi áhættunni af starfsemi sinni eins og þeim er frekast kostur.

Í 5. gr. frv. er stefnt að lögfestingu reglna til að girða fyrir hagsmunaárekstur stjórnenda sparisjóðs annars vegar og hins vegar aðila sem þeir tengjast fjárhagslega eða hagsmunalega. Það þykir rétt að gera í lögum strangar kröfur um starfsábyrgð stjórnenda í sparisjóðunum líkt og í viðskiptabönkunum og stuðla að því að þar verði tryggðar sem best óháðar ákvarðanir. Í greininni er þannig lagt til að stjórnarmenn sparisjóðs, með sama hætti og bankaráðsmenn, skuli ekki taka þátt í meðferð máls er varðar viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja sem þeir eiga hlut í, sitja í stjórn hjá, eru fyrirsvarsmenn fyrir eða þeir eða aðilar þeim tengdir eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna þar að gæta.

Loks er með 6. gr. frv. leitast við að eyða ágreiningi um það hvernig skilja beri 1. mgr. 71. gr. laganna um sparisjóði. Það hefur borið á því að þeir aðilar sem ákvæði þessu er ætlað að taka til, eins og reyndar um samsvarandi ákvæði í viðskiptabankalögunum og ég gerði hér að umtalsefni áðan, telji sér í sjálfsvald sett að hækka fasteignahlutfall og búnaðar af eigin fé, m.a. með því að bæta við útibúum á því fimm ára aðlögunartímabili sem ákveðið var í lögunum um viðskiptabanka og sparisjóði, en það var árabilið 1986–1990, og telji nægilegt að þeir nái niður í 65% *hlutfallið við lok þessa tímabils. Í frv. eru tekin af öll* tvímæli um það að lögin leyfi ekki svo frjálslega túlkun. Í undantekningartilfellum er þó ráðherra gefin heimild til að víkja frá umræddum skilyrðum um sparisjóði. Í þessu frv. til laga um sparisjóði er þannig í stórum dráttum, burtséð frá því sem ég nefndi áðan um breyttan hlut sýslunefnda við kjör í stjórnir sparisjóðanna, fjallað um sama málasvið og í frv. um viðskiptabanka sem var til umræðu fyrr á þessum fundi.

Ég hef nú gert grein fyrir meginatriðum þessa frv. Ég tel ekki þörf á að fylgja því úr hlaði með fleiri orðum og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Seðlabanki Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 241. mál (vaxtaákvarðanir o.fl.). — Þskj. 446.

Guðmundur H. Garðarsson (frh.):

Virðulegur forseti. Það virðist vera erfitt að halda hæstv. ráðherrum Alþb. hér inni í deildinni. Þeir virðast hafa öðrum hnöppum að hneppa. Kannski það sé komið bréf frá framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins í sambandi við varaflugvöllinn og þeir séu að skoða það bréf. Það væri fróðlegt að spyrja hæstv. fjmrh. að því hvort þeir séu svo upp-

teknir að þýða bréfið af þýsku yfir á íslensku að þeir megi ekki vera að því að — ja, ég er nú farinn að tala eins og bréfið sé komið.

En virðulegi forseti. Ég vildi fá það upplýst hvort hv. alþýðubandalagsráðherrar séu svo uppteknir í sambandi við varaflugvöllinn og einnig væri fróðlegt að vita hvort það væri komið bréf frá framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins í sambandi við framlög úr mannvirkjasjóði NATO til að byggja hér upp varaflugvöll. Eitthvað er það sem tefur hæstv. ráðherra Alþb. Það er greinilega mjög þýðingarmikið mál á ferðinni. Hv. þm. Skúli Alexandersson getur kannski upplýst mig um það. (**Forseti:** Hæstv. fjmrh. var í deildinni rétt áðan og ég hef beðið hann að koma inn.) Það virðist vera mjög erfitt að fá hæstv. ráðherra Alþb. til að mæta í deildinni og það hefur hvarflað að mér hvort það hefur kannski komið bréf frá framkvæmdastjóra NATO. (**StG:** Hann er mættur.) Ja, gott að hæstv. fjmrh. er kominn. Ég var með almennar vangaveltur um það hvort ástæðan fyrir því að hæstv. ráðherra Alþb. gætu ekki setið kyrrir í deildinni eða mætt gæti verið sú að það væri kannski komið bréf frá framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins, Manfred Wörner, um að Atlantshafsbandalagið væri reiðubúið að leggja fram fé úr mannvirkjasjóði NATO í varnarflugvöll án skuldbindingar. Það væri fróðlegt að heyra hvort ráðherra gæti upplýst okkur um það. Alla vega eru hv. þm. og ráðherrar Alþb. svo uppteknir að þeir mega ekki vera að því að tala um þau frumvörp sem þeir leggja fram. Eitthvað mikið hlýtur að vera að gerast. (**Fjmrh.:** Ég var að ná mér í grein eftir Þorstein Pálsson, leiðtoga Sjálfstfl.) Ég var að tala um hvort það væri komið bréf frá framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins varðandi afstöðu þess, hvort það gæti komið fé úr mannvirkjasjóði NATO til að byggja hér varaflugvöll án skuldbindingar. (**Fjmrh.:** Hefurðu áhuga á að vita það?) Ja, það er aðalatriði að fá það staðfest að þetta bréf skuli vera komið. Ég vona að fjölmiðlamenn átti sig á því og snúi sér að ráðherrum Alþb. og spyrji hvort bréfið sé komið og þá hvaða vextir séu á þessum framlögum Atlantshafsbandalagsins. (Gripið fram í.) Kom það eitthvað illa við hæstv. ráðherra að ég skyldi minnast á þetta? (**Fjmrh.:** Nei, nei.) Ráðherrann hlýtur að vera mjög upptekinn af öðru en því að sinna skyldum sínum hér. (Gripið fram í.) Ja, ef hæstv. ráðherra vill ræða hér um vestræna samvinnu er það velkomið. En það er ekki á dagskrá. Af tillitssemi við deildina og virðulegan forseta ætla ég ekki að ræða um það. En ég var að spyrja hæstv. ráðherra hvort það hefði komið bréf frá framkvæmdastjóra NATO um það hvort mannvirkjasjóður Atlantshafsbandalagsins sé reiðubúinn til þess að leggja fé í varaflugvöll á Íslandi. (Gripið fram í.) Auðvitað verða þessir flugvellir, ef þeir verða mannvirki á borð við það sem kröfur eru gerðar til, varnarflugvellir ef á þarf að halda. (**Fjmrh.:** Að sjálfsögðu.) Að sjálfsögðu, sagði hæstv. ráðherra. Hann skilur þýðingu varna. Auðvitað tekur hann undir það. (**Fjmrh.:** Eins og aðrir flugvellir.) Það er gott. Já, eins og aðrir flugvellir.

Ég vil nú, virðulegi forseti, fá að snúa mér að efni þess sem ég ætla að ræða hérna. En það er greinilega mjög erfitt fyrir hæstv. fjmrh. að einbeita sér að því sem ég ætla að fara að tala um. (**Fjmrh.:** Þú ert ekki byrjaður.) Ég var að víkja að fjármálum þjóðarinnar. Ég var að víkja að því hvernig menn ætluðu að reyna að byggja hér upp varaflugvöllinn og alþjóðaflugvöllinn. Það snertir það mál sem við erum að fjalla um hér, peninga- og bankakerfi, fjármál. (**Fjmrh.:** Já, auðvitað.) Já, auðvitað er það rétt.

Virðulegi forseti. Ég lýsi ánægju minni yfir því að hæstv. fjmrh. skuli vera mættur. Ég skil það vel að hann sé mjög upptekinn þegar svona stórmál eru á ferðinni. Ég ætla ekki að ítreka mínar spurningar sem ég var með áðan, en ég gat um það í upphafi minnar ræðu, sem ég varð að gera hlé á vegna þess að ráðherrarnir voru ekki mættir, að það væri mjög þýðingarmikið að gera sér grein fyrir því að í samþykkt ríkisstjórnarinnar um peninga- og vaxtamál væru miklar mótsagnir og þversagnir. Í upphafi þessarar samþykktar er gert ráð fyrir því, sem og kemur fram í þeim frumvörpum sem við erum að fjalla um, bæði þessu og öðrum í tengslum við efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar, að þrengja mjög að samkeppnisaðstöðu innlendra banka og fjármálastofnana með handafli og alls konar aðgerðum bæði á grundvelli laga og reglugerða á sama tíma og það segir í niðurlagi samþykktar ríkistjórnarinnar um peninga- og vaxtamál að það eigi að opna landið fyrir þeim ég vil segja straumum, sem nú eru í Vestur-Evrópu á sviði fjármála og peningamála, m.a. með þeim hætti að á sama tíma sem það á að binda hendur innlendra aðila, sérstaklega innlendra einkafyrirtækja, banka og fjármálafyrirtækja, á að hleypa hér inn erlendum aðilum sem eiga að keppa við hina innlendu aðila sem búa við þvinganir og skerðingu á sínu frelsi til samkeppni.

Það kemur fram í niðurlagi samþykktar ríkisstjórnarinnar um peninga- og vaxtamál, sem ég hef tíundað hér áður og þurft að gera, því miður, í fjarveru hæstv. fjmrh. en skal endurtaka, að á sama tíma sem verið er að takmarka samkeppni og frelsi innlendra aðila á að innleiða það sem þeir kalla aukna samkeppni með því að hleypa erlendum bönkum inn í landið. Ég legg áherslu á að ég er fylgjandi samkeppni, en auðvitað verða þá allir aðilar að hafa sama rétt og sömu stöðu, ekki hvað síst innlendir aðilar gagnvart erlendum, og þá er mjög þýðingarmikið að menn hafi í huga þegar fjallað er um þetta að hinir erlendu aðilar, sem hugsanlega kæmu inn í íslenska bankastarfsemi, búa við allt önnur skilyrði en íslenskir bankar munu gera ef þau frumvörp verða samþykkt sem ríkisstjórnin hefur lagt fram. Þess vegna er mjög þýðingarmikið að menn geri sér grein fyrir því og þekki bakgrunninn, á hvaða grundvelli hin erlendu fyrirtæki starfa, á sama tíma sem verið er að takmarka og skerða rekstrargrundvöll íslensku fyrirtækjanna. Staðreyndin er nefnilega sú að í niðurlagi þessarar samþykktar segir á þessa leið og í því felst raunverulega að það er verið að skapa erlendum aðilum allt aðrar aðstæður á Íslandi en hinum innlendu, með leyfi forseta:

„Á næstu missirum verði reglur um fjármagnshreyfingar og viðskipti með fjármálaþjónustu milli Íslands og annarra landa mótaðar á grundvelli tillagna ráðherranefndar Norðurlandanna um efnahagsáætlun Norðurlanda 1989–1992."

Síðan segir í umræddri samþykkt ríkisstjórnarinnar sem hæstv. ráðherrar Alþb. hafa tekið þátt í að samþykkja:

„Ríkisstjórnin leggur áherslu á að búa íslenska bankakerfið undir þær breytingar" – ég endurtek: „undir þær breytingar sem munu fylgja sameinuðum fjármagnsmarkaði Evrópu m.a. með því að auka hagkvæmni þess þannig að það geti staðist samkeppni við erlenda banka hvað varðar vaxtamun, tryggingar o.fl. Í framhaldi af því verður kannað hvort heimila megi viðurkenndum erlendum bönkum starfsemi hér á landi."

Í þessu felst ákveðin stefnuyfirlýsing, stefnumörkun alveg ótvíræð. Það er ótvíræð stefnuyfirlýsing um að það eigi að aðlaga íslenskt peninga- og bankakerfi þeim breytingum sem nú eru að eiga sér stað í Vestur-Evrópu og m.a. vísað til efnahagsáætlunar Norðurlanda. Ég er sannfærður um að hv. þm. og jafnvel sumir hæstv. ráðherrar hafa ekki hugmynd um hvað felst í efnahagsáætlun Norðurlandanna. En ég efast ekki um að hæstv. fjmrh. viti hvað hann var að gera.

En það er út af fyrir sig fróðlegt að Alþb. skuli hafa samþykkt þessa stefnumörkun því að í henni felst það sem við mundum hafa kallað, sjálfstæðismenn, hámark frjálshyggjunnar. En ég vil taka fram að þó að Sjálfstfl. sé flokkur samkeppninnar hefur hann farið mjög varlega í að marka svona ákveðna afstöðu um að hleypa erlendum fjármálafyrirtækjum inn í landið og ekki hvað síst þegar maður hefur í huga að það er verið að þrengja að þeim íslensku fyrirtækjum sem hafa stundað þessa starfsemi á undanförnum áratugum.

Einnig mætti bæta því við að það hefur verið háttur íslenskra stjórnmálamanna, því miður, að takmarka athafnafrelsi þeirra aðila, sem eiga kannski yfir hvað mestu fjármagni að ráða á íslenskum peningamarkaði, sem eru aðilar vinnumarkaðarins með sínum lífeyrissjóðum. Allt of margir íslenskir stjórnmálamenn hafa talið að þeir gætu gengið á skítugum skónum ofan í samninga verkalýðshreyfingarinnar og aðila vinnumarkaðarins bæði í þeim efnum sem öðrum. En það er orðið tímabært að rifja það upp að á sama tíma sem verið er að tala um að hleypa hér inn erlendum aðilum skuli Íslendingar ekki sjálfir mega ráða því hvernig þeir ráðstafa sínu eigin fé.

Forseti. Þar sem ég fullyrði að þetta mál hefur ekki verið nægilega kynnt, hvorki fyrir þingheimi í meðferð þessa máls né í fylgiskjölum, tel ég nauðsynlegt fyrir hv. alþm. sem og þjóðina að gera sér grein fyrir því hvað ríkisstjórnin var raunverulega að ákveða með þeirri stefnumörkun þar sem segir að það eigi að fara að samræma íslenska fjármálapólitík tillögum ráðherranefndar Norðurlandanna um efnahagsáætlun Norðurlanda og einnig að núverandi ríkisstjórn hyggst búa bankakerfið undir þær breytingar sem fylgja sameinuðum fjármagnsmarkaði Evrópu og er þá ekki lítið sagt.

Ég hef ekki orðið var við það á hinu háa Alþingi að menn hafi rætt mikið um þessi mál og enn minna kemur frá ríkisstjórninni um bakgrunn, forsögu og raunveruleikann í þessum efnum. Ætla ég því, með leyfi forseta, að fjalla nokkuð um það þingmönnum til fróðleiks og einnig til að gera hv. þm. grein fyrir því hvað er raunverulega á ferðinni.

Það er alkunnugt að Evrópubandalagslöndin tólf hafa það að markmiði að stofna til þess sem kallast frjálst flæði vöru, þjónustu, fjármagns og vinnuafls og hafa sett sér það sem meginmarkmið að þetta frelsi verði komið á árið 1992 á grundvelli svokallaðs innri markaðar. Áfangar að þessu markmiði innan Evrópubandalagsins hafa byggst í fyrsta lagi á Rómarsáttmálanum sjálfum, sem er frá 1957, en þar er fjallað mjög ítarlega um markmiðið í sambandi við fjármagn og fjármagnshreyfingar, útgáfu svonefndrar hvítbókar sem er bók um ákvarðanir og samþykktir Evrópubandalagslandanna árið 1985 og felur í sér hvernig framkvæma á svokallaðan innri markað, hvernig á að fella niður öll landamæri milli þessara ríkja m.a. á þeim sviðum sem ég gat um áðan, á sviði vöru, þjónustu, fjármagns og vinnuafls samhliða því sem allt eftirlit fellur niður á landamærum milli ríkja Evrópubandalagsins. Sem sagt: markmiðið í Evrópubandalaginu er að það ríki innan bandalagsins algert viðskiptafrelsi árið 1992.

Þau ríki sem standa utan Evrópubandalagsins, þar á meðal Norðurlöndin og EFTA-ríkin, hafa að sjálfsögðu fylgst náið með þessari þróun og hafa í gegnum árin þurft að gera samninga um það með hvaða hætti þessi lönd hafa getað nálgast sjónarmið Evrópubandalagsins án þess að ganga inn í bandalagið og einnig hvernig þau þurfa að haga sínum málum vegna breyttra viðhorfa í samkeppninni við Evrópubandalagslöndin og einnig vegna aðgerða Evrópubandalagslandanna.

Í stuttu máli sagt er það grundvallarstefna Evrópubandalagsins að það verði vaxandi samræming á efnahagsstefnu aðildarlandanna og reyndar í meira eða minna mæli að samræma peningamálakerfið og peningamálastjórn þannig að um eina stjórn og eina stefnu sé að ræða árið 1992.

Frjálsræði í fjármagnshreyfingum er einn af hornsteinum stefnu EB. Öll EFTA-löndin hafa lýst sig reiðubúin að fylgja þessari stefnu og einkum hefur mikil viðhorfsbreyting átt sér stað á Norðurlöndum í þessa veru á þessum síðustu missirum. Af umræddri samþykkt ríkisstjórnarinnar um peninga- og vaxtamál virðist benda til þess að núverandi ríkisstjórn hafi horfið frá þeirri stefnu sem fyrri ríkisstjórnir höfðu um að Íslendingar undirrituðu öll slík plögg, alla slíka stefnumörkun, hvort sem var í tengslum við aðild okkar að EFTA eða á Norðurlöndunum, með fyrirvara. Sem sagt: Núv. ríkisstjórn með alþýðubandalagsmenn innanborðs hefur fallist á að EFTA-löndin og þar á meðal Ísland séu reiðubúin að fylgja þeirri stefnu sem Evrópubandalagið er að móta og þar með Norðurlöndin og mun ég víkja að því á eftir.

Fjármagnsþjónusta á vegum erlendra aðila hefur verið margvíslegum takmörkum háð í EFTA-löndunum, ekki síst og reyndar einkanlega á Norðurlöndum. En nú verður ekki annað séð en að Norðurlöndin og þar með Ísland samkvæmt títtnefndri samþykkt ríkisstjórnarinnar séu reiðubúin að auka mjög frjálsræði á þessu sviði og um það snýst þessi umræða. Ég vil fá skýr svör við því frá hæstv. fjmrh. hvort Alþb. hafi tekið þátt í þessari stefnu með þeim hætti sem kemur fram í samþykkt ríkisstjórnarinnar og þeim forsendum sem hún byggist á.

Svo ég víki nokkrum orðum að viðhorfum EFTA-landanna til þessara mála, þá er gert ráð fyrir því í stofnsáttmála EFTA að efnahagsaðgerðir hvers aðildarríkis hafi áhrif á hag hinna og því beri EFTA-löndunum öllum að haga stjórn efnahagsmála sinna og fjármálum með þeim hætti sem stuðlar að því að markmið samtakanna náist. Þar af leiðandi og vegna þess að Norðurlöndin hafa verið mjög virkir þátttakendur í EFTA, þ.e. Noregur, Svíþjóð, Finnland og Ísland og hér áður fyrr Danmörk, hafa Norðurlöndin reynt að eiga með sér mjög náið samstarf á ýmsum sviðum efnahags- og peningamála.

Árið 1985 var samþykkt á þingi Norðurlandaráðs efnahagsáætlun fyrir Norðurlöndin fyrir tímabilið 1985–1988. Meginmarkmiðið áætlunarinnar var að styrkja efnahagslíf á Norðurlöndum og stuðla að því með því að ryðja úr vegi viðskiptahindrunum að löndin verði einn sameiginlegur markaður. Fjármálaráðherrar landanna, ég bið hv. þm. að taka eftir þessu, samþykktu í nóvember 1988 aðra áætlun fyrir tímabilið 1989–1992 og verður hún lögð fram á þingi Norðurlandaráðs í febrúar 1989, þ.e. í þessum mánuði. Meginmarkmið þessarar áætlunar eru svipuð og hinnar fyrri, þ.e. að styrkja efnahagslíf á Norðurlöndum og renna stoðum undir velferðarríkið, ryðja úr vegi viðskiptahindrunum á milli landanna og efla þannig sameiginlegan heimamarkað þeirra, jafnframt því, ég bið hv. þm. að taka eftir þessu, að undirbúa Norðurlöndin undir aukna samkeppni í kjölfar innri markaðar EB árið 1992, þar á meðal vegna breytinga á fjármagnsmarkaði. Það virðist samræmast vel samþykkt núv. ríkisstjórnar um að nú eigi að móta stefnu Íslands á sviði fjármálaþjónustu á grundvelli tillagna ráðherranefndar Norðurlanda um efnahagsáætlun Norðurlanda þannig að ríkisstjórnin virðist vera komin vel á veg með að þróa íslenskt peninga- og bankakerfi hvað stefnumörkun áhrærir því sem tíðkast í nágrannaríkjunum á sama tíma sem hún gerir allt sem unnt er til að gera íslenskum fyrirtækjum á þessu sviði erfitt fyrir. (**Viðskrh.:** Fjarstæða.) Það er ekki fjarstæða, virðulegi viðskiptaráðherra. Það er ekki fjarstæða. Það kemur greinilega fram í plöggum sem hafa fylgt þessum tillögum hæstv. ríkisstjórnar að það er ein grundvallarstefnuaðgerð ríkisstjórnarinnar að gera einkabönkum og íslenskum einkafyrirtækjum erfitt fyrir á sama tíma sem það á að styrkja stöðu ríkisbankanna. Þetta er viðurkennt í skjali sem ríkisstjórnin hefur látið frá sér fara. (**Viðskrh.:** Seðlabankinn.) Hæstv. ráðherra segir já, að Seðlabankinn eigi að gera það. (**Viðskrh.:** Nei, skjalið.) Skjalið er frá Seðlabankanum. En hvernig skyldi þetta verða til? Er það ekki yfirlýst stefna hæstv. fjmrh. að ef Seðlabankinn hlýði ekki efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar skuli Seðlabankinn fara að vara sig og þeir sem þar starfa, vægt til orða tekið? Það skýtur því skökku við að hæstv. bankamálaráðherra er að skjóta sér á bak við Seðlabankann vegna þess að það er staðreynd að núv. ríkisstjórn ætlast til þess, og það má segja út af fyrir sig að það sé ekki óeðlilegt, að Seðlabankinn taki tillit til efnahagsstefnu ríkisstjórnar. Hins vegar á auðvitað Seðlabankinn að vera sem sjálfstæðastur, ég tek undir það, en það er hann því miður ekki á meðan núverandi stjórnarsamstarf er og ég veit að hæstv. viðskrh. harmar það eins og ég að Seðlabankinn skuli ekki vera sjálfstæðari gagnvart þessari ríkisstjórn.

En snúum okkur, virðulegi forseti, að Evrópubandalaginu og því hvernig Norðurlöndin hyggjast aðlaga sig þeirri þróun sem er að eiga sér stað í sambandi við fjármagnshreyfingar og sameiginlegan markað Evrópubandalagsins. Í samþykkt ríkisstjórnarinnar er lögð alveg sérstök áhersla á að búa íslenska bankakerfið undir þær breytingar sem munu fylgja sameinuðum fjármagnsmarkaði Evrópu. Þetta er stóra málið. Þetta er það mál sem þessi umræða mun snúast um, ekki bara á Íslandi heldur líka í Vestur-Evrópu, á næstu árum því það eru fjármálin, það er fjármagnsmarkaður Evrópu sem kemur til með að ráða úrslitum um það hvort það markmið næst hjá Evrópubandalaginu að mynda þann innri markað 1992 sem að er stefnt. Við skulum þess vegna líta á um hvað við erum að tala og hvernig þetta tengist allt, Ísland, Norðurlöndin, EFTA, Evrópubandalagið og núv. hæstv. ríkisstjórn og stefnubreyting Alþb. gagnvart því umhverfi sem við Íslendingar lifum í. Ég tek það fram sem sjálfstæðismaður að ég fagna því að sjálfsögðu ef Alþb. vill nálgast Evrópu með þeim hætti sem kemur fram á þessu plaggi, en þá er líka nauðsynlegt að fá það skýrt og skorinort fram hér í orðum og framsögn hæstv. ráðherra Alþb.

Það er nefnilega ekki hægt að slíta þetta allt í sundur og segja: Nei, við ætlum svo, hvað sem öllu líður í því sem við segjum, að slíta Ísland úr tengslum. Við ætlum að haga þessu eins og okkur hentar í það og það skiptið. — Það er ekki framkvæmanlegt, hæstv. fjmrh. Það er nefnilega ákveðið samhengi í hlutunum og gerist þannig að það tekur langan tíma að ákveða og framkvæma og þegar maður er einu sinni búinn að taka ákvörðun og taka stefnu sem þessa verður að standa við hana. Það þýðir ekkert að hætta og segja: Nei, nú hentar mér ekki lengur að taka þátt í þessu.

Samhengið er: Ísland, Norðurlöndin, EFTA, Evrópubandalagið. Og ræðum svo um fjármálaþátt þessara mála. Það hefur ekki verið gert mikið á hinu háa Alþingi. Hér hafa menn verið að leika sér að því að tala um blýanta og ómerkilega hluti sem auðvitað á ekki að ræða á þingi. (Gripið fram í.) Ég talaði um blýanta. Ég talaði ekkert um hvernig þeir eru notað-

ir. (Gripið fram í.) Hér eru menn að tala um daginn og veginn. En þegar talað er um þetta mál er verið að tala um raunveruleikann. Þá erum við að tala um það hver verður staða Íslands í þeirri þróun sem fram undan er og ég vil taka fram að ég efast ekki um að bæði hæstv. ráðherra Alþb. sem og aðrir hæstv. ráðherrar og við öll viljum auðvitað gæta stöðu Íslands sem best.

En við skulum samt gera okkur grein fyrir því þegar við erum að fjalla um þetta og þegar við erum að gera samþykktir og taka afstöðu hér á þingi hvers við erum raunverulega að taka afstöðu til. Ríkisstjórnin er búin að taka afstöðu til þessa. Það á að takmarka samkeppnisaðstöðu innlendra aðila, styrkja stöðu ríkisbankanna, þrengja stöðu einkabankanna. Það er liður í því að glíma við hinn svokallaða gráa markað. Ég er ekki trúaður á þessa leið. Ég hefði frekar, hefði ég verið í hæstv. ríkisstjórn, látið lífeyrissjóðina fá frelsi til að fara með allt sitt fjármagn inn í bankakerfið. Þá hefðu vextirnir lækkað. Það munar um minna en það ef það sem sparað er, hvorki meira né minna en 10% af vinnulaunum sérhvers vinnandi manns í landinu, allt það fjármagn hefði komið inn á íslenskan peningamarkað í samkeppni við aðra peninga. Þá hefðu vextir lækkað. En með þeim lagaþvingunum og öðrum þeim aðgerðum sem nú er stefnt að gerist það því miður ekki. Lífeyrissjóðakerfið, sem er með ca. 70 milljarða af sparnaði Íslendinga á sama tíma sem allur sparnaður í bankakerfinu er 80–90 milljarðar, býr við lagaþvinganir hvað varðar ráðstöfun fjármuna sinna. Svo tala menn um samkeppni og frelsi. Þeir beita bara ekki réttum aðferðum til að framkalla samkeppnina. Fyrst á að gefa sínum eigin þegnum frelsi, síðan skulum við skoða hvort við hleypum erlendum aðilum að til að keppa við okkur. Þess vegna er mjög þýðingarmikið að þegar maður er að skoða samþykkt ríkisstjórnarinnar í peningavaxtamálum, sem felur í sér að ríkisstjórnin vill fara inn á þær brautir sem ráðherranefnd Norðurlanda hefur farið inn á og á sama tíma sem ríkisstjórnin markar þá stefnu að það eigi að fylgja stefnu um sameinaðan fjármagnsmarkað í Evrópu, að gera sér grein fyrir því hvernig þessi fjármagnsmarkaður er.

Í Evrópubandalaginu eru fjármagnshreyfingar óheftar. Þetta er einn af hornsteinunum í áformum bandalagsins um að skapa það sem þeir kalla óskiptan heimamarkað. En hinir eru óheft vöru- og þjónustuviðskipti og réttur til atvinnuþátttöku í hvaða landi bandalagsins sem er. Afnámi á höftum fyrir fjármagnshreyfingar er samkvæmt hvítbókinni frá framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins til ráðherraráðsins í júní 1985 ætlað að þjóna þrennu:

1. Stór sameiginlegur markaður fyrir vöru, þjónustu og vinnuafl kallar á sameiginlegan markað fyrir fjármagn svo einstaklingar og fyrirtæki hafi aðgang að eins hagkvæmri fjármálaþjónustu og kostur er, en takmarkanir á fjármagnshreyfingum koma í veg fyrir það. Þessu hefur hæstv. ríkisstjórn gert sér grein fyrir, alla vega hæstv. banka- og viðskrh. Þess vegna hefur honum greinilega tekist að koma þessu ákvæði inn í samþykkt ríkisstjórnarinnar.

2. Í sambandi við Evrópubandalagið krefst sameiginlegur markaður fyrir vöru- og þjónustuviðskipti stöðugleika í gengis- og vaxtamálum. Það er væntanlega líka stefna núv. ríkisstjórnar að koma á stöðugleika í vaxtamálum. Öll viljum við lækka vextina, það er grundvallaratriði, og við viljum auðvitað sem mestan stöðugleika í gengismálum. Með því skapast skilyrði til að draga úr takmörkun á fjármagnshreyfingum sem hvetur að sínu leyti til samræmdrar efnahagsstefnu hvort sem það er í Evrópubandalaginu eða innan EFTA sem Ísland er aðili að.

3. Í sambandi við grundvallarstefnu Evrópubandalagsins má nefna að um leið og skil á milli fjármagnsmarkaða í aðildarríkjunum eru afnumin skapast forsendur til að nýta „sparifé innan EB“ sem best.

Í Rómarsáttmálanum eru ákvæði um afnám á takmörkunum á fjármagnshreyfingum á milli landi og á sjöunda áratugnum var nokkur þróun í þá átt, m.a. á sviði beinna fjárfestinga og skammtíma- og langtímalána vegna vöruviðskipta. Hæstv. bankaráðherra hrósar sér af því að hafa náð nokkru fram í sambandi við erlend viðskipti hvað varðar skammtíma vöruviðskiptalán og taldi það í ræðu, er hann flutti nýlega, sem er rétt, vera skref í átt til að nálgast sjónarmið Evrópubandalagsins.

Í Rómarsáttmálanum eru ákvæði sem heimila aðildarríkjunum að setja hömlur á fjármagnshreyfingar við tilteknar aðstæður og mörg aðildarríkjanna beittu þessu ákvæði á áttunda áratugnum, en nú er að verða breyting á þessu. Í hvítbókinni svonefndu, sem er mjög þýðingarmikið plagg í sambandi við þessi mál, frá 1985 er m.a. gert ráð fyrir að koma á fullu frjálsræði í fjármagnshreyfingum jafnframt því sem *réttur til að veita fjármálaþjónustu verði rýmkaður* og peningakerfi Evrópu styrkt. Það er stefna núv. ríkisstjórnar að skapa viðurkenndum erlendum bönkum heimildir til að starfa hér á landi. Þetta virðist vera nokkuð í takt við það sem Evrópuríkin eru að gera.

Hjá Evrópubandalaginu er gert ráð fyrir því að til þess að algjört frelsi komist á verði þessum hömlum á fjármagnshreyfingum aflétt í tveimur skrefum til viðbótar við það sem þegar hefur verið gert.

Í ályktun ráðherraráðs, sem var samþykkt í nóvember 1986, er kveðið á um heimildir til lánveitinga í tengslum við öll venjuleg viðskipti, kaup á hluta- og verðbréfum og heimild til að bjóða verðbréf fyrirtækis í einu landi til sölu á markaði í öðru landi. Um helmingur af aðildarríkjum Evrópubandalagsins hafði þegar samþykkt reglur sem uppfylla þessi ákvæði, en hinum löndunum hefur verið gefinn mislangur frestur, þó ekki lengri en til ársins 1992, til að samþykkja þær.

Annað skrefið var stigið í júní 1988 þegar önnur ályktun á þessu sviði var samþykkt. Hún tekur gildi árið 1990. Með gildistöku hennar verður síðustu hindrunum fyrir fjármagnshreyfingar á milli aðildar-

ríkja EB rutt úr vegi. Þessar reglur snerta einkum lánveitingar ótengdra viðskipta með vöru og þjónustu, markað fyrir ýmiss konar skammtímaskuldbindingar svo og bankareikninga. Áform um breytingar í þessum efnum snerta aðildarríkin mismikið eins og ég gat um áðan, en Spánn og Írland fá frest til ársloka 1990 til að fullnægja ákvæðum tilskipunarinnar og Grikkland og Portúgal fá frest til ársloka 1992.

Í fyrrgreindri ályktun Evrópubandalagsins er lögð áhersla á að afnám hafta á fjármagnshreyfingum gildi ekki einungis fyrir aðildarríki EB. Ég bið hv. þm. að taka vel eftir að í ályktuninni er lögð áhersla á að afnám hafta á fjármagnshreyfingum gildi ekki einungis fyrir aðildarríki EB heldur einnig gagnvart ríkjum utan EB. Hins vegar eru ekki öll aðildarríki EB sammála þessu viðhorfi og benda á að ríki utan EB búa ekki við sömu lög, reglur og uppbyggingu efnahagsstarfsemi og aðildarríkin. Það geti því haft í för með sér óæskilegar efnahagsafleiðingar að afnema takmarkanir á fjármagnshreyfingum á milli ríkja þeirra og aðildarríkja EB. Þess vegna er aðildarríkjum Efnahagsbandalagsins heimilt samkvæmt þessari ályktun að krefjast gagnkvæmra heimilda frá ríkjum utan bandalagsins þegar kemur að reglum um stofnun fyrirtækja og heimildum til að veita fjármálaþjónusturétt til starfsemi og heimild til að bjóða verðbréf á fjármagnsmarkaði.

Þetta eru grundvallaratriðin í stefnu Efnahagsbandalagsins í sambandi við frjálsan fjármagnsmarkað. Eins og ég gat um áðan, virðulegur forseti, hefur þetta haft mikil áhrif á þau ríki sem standa utan Efnahagsbandalagsins og sérstaklega þau ríki sem eru innan EFTA og Norðurlöndin.

Þessi umræða hefur haft svo djúpstæð áhrif að jafnvel uppi á Íslandi hefur vinstri ríkisstjórn talið nauðsynlegt að taka þetta upp sem lið í stefnumörkun sinni og um það snýst þessi umræða. Ég vil m.a., virðulegi forseti, leggja áherslu á að fá skýr svör við því frá hæstv. fjmrh. hvort Alþb. standi að baki þessari samþykkt ríkisstjórnarinnar með eða án fyrirvara.

Ég vil þá víkja nokkrum orðum að EFTA-ríkjunum og þeim viðhorfum sem ríkja hjá EFTA í sambandi við þessi mál vegna þess að Ísland er aðili að EFTA. Ég vek athygli á því að innan EFTA eru nú þau ríki sem hafa lagt áherslu á að þurfa ekki að tengjast Evrópubandalaginu of nánum böndum og nefni ég þar sérstaklega Finnland, einnig Svíþjóð og að sjálfsögðu Noreg og Ísland. Þetta er mjög þýðingarmikið að hv. þm. hafi í huga vegna þess að við tökum þátt í þeirri umræðu sem fer fram innan EFTA og ég geri ráð fyrir að hæstv. ráðherrar búist við því að einstaka hv. þm. alla vega leggi á sig þá vinnu að kynna sér þessi mál til hlítar og að við getum rætt þetta faglega. Ég tel þess vegna rétt að inn í þessa umræðu komi hver séu viðhorf aðildarríkja EFTA eins og þau koma mér fyrir sjónir og eins og ég hef getað aflað mér upplýsinga um í sambandi við þessi mál.

Aðildarríki EFTA eiga mikil viðskipti við Evrópubandalagið og í sumum þeirra, þar á meðal Íslandi, er mjög stór hlutur innflutnings og útflutnings viðskipti við EB. Ef ég man rétt munu um 55% af öllum útflutningi Íslendinga fara til Evrópubandalagslandanna og 56% ef ég man rétt árið 1987 af innflutningi okkar komu frá Evrópubandalagsríkjunum. Það er því ljóst að það skiptir EFTA-löndin verulegu máli hvort það bætir samkeppnisskilyrði fyrirtækja sem er að gerast í sambandi við Evrópubandalagið og einnig hefur það mikil áhrif á stöðu þeirra fyrirtækja sem eru í EFTA hvaða áhrif aðgangur að stærri og hagkvæmari fjármagnsmarkaði hefur fyrir fyrirtæki innan EFTA sem og í Evrópubandalaginu. En jafnframt hljóta EFTA-löndin að hafa í huga þau áhrif sem afnám hafta á fjármagnshreyfingum hafa á möguleika stjórnvalda til að framfylgja sjálfstæðri stefnu í efnahagsmálum.

Á vegum EFTA hefur verið unnið mikið að þessum málum, m.a. á vegum ráðgjafarnefndar EFTA sem skipuð er fulltrúum úr atvinnulífinu í aðildarríkjum EFTA. Þar starfar sérstakur vinnuhópur um fjármagnshreyfingar. Athuganir þessa vinnuhóps beinast einkum að þeim áhrifum sem afnám á takmörkun á fjármagnshreyfingu gæti haft á starfsskilyrði fyrirtækja í aðildarríkjum EFTA og á hvern hátt hagsmunir neytenda í þessum löndum verða tryggðir sem best.

Efnahagsnefnd EFTA hefur einnig fjallað um fjármagnshreyfingar og vorið 1988 setti hún á laggirnar vinnuhóp sem á að kanna núverandi reglur í aðildarríkjum EFTA um fjármagnshreyfingar á milli landa og meta hagræn áhrif af afnámi takmarkana. Íslendingar taka þátt í starfsemi ráðgjafarnefndarinnar og efnahagsnefndarinnar og vinnuhópum á þeirra vegum.

Það er þess vegna að sumu leyti skiljanlegt að núv. ríkisstjórn skuli hafa tekið þessa afstöðu sem er mjög stefnumarkandi svo ekki sé meira sagt, mjög stefnumarkandi, en hlýtur að gera þær kröfur til hæstv. ríkisstjórnar að Íslendingar hafi sama rétt, sömu stöðu í þeirri samkeppni sem verið er að innleiða á sviði fjármagnsmarkaðar.

Ég vil þá víkja nokkrum orðum að því sem lýtur að Norðurlöndunum, en það er vettvangur þar sem við Íslendingar komum einnig töluvert mikið við sögu. Einnig hefur hæstv. ríkisstjórn lýst því yfir að á næstu missirum verði reglur um fjármagnshreyfingar og viðskipti með fjármálaþjónustu á milli Íslands og annarra landa mótaðar á grundvelli tillagna ráðherranefndar Norðurlanda um efnahagsáætlun Norðurlanda. Það er grundvallaratriði að skilja hvað í þessu felst. Það er grundvallaratriði að hv. þm. geri sér grein fyrir hvað felst í þessari efnahagsáætlun og það er ekki lítið atriði. Ég vona að hæstv. fjmrh. og banka- og viðskiptamálaráðherra, sem hér koma á eftir, staðfesti að það sem ég segi hér á eftir sé í stórum dráttum rétt varðandi þessi atriði.

Kem ég þá raunverulega að meginatriðum þessa máls og afstöðu ríkisstjórnarinnar.

Við gerð efnahagsáætlunar fyrir Norðurlöndin fyr-

ir árin 1989–1992 lagði vinnuhópur sem átti að kanna þessi mál til að dregið yrði úr takmörkunum á fjármagnshreyfingum til og frá Norðurlöndunum, þ.e. að það yrði opnað þarna meira fyrir frjálsum fjármagnshreyfingum, sérstaklega frá Evrópubandalagslöndunum. Þessi hópur komst að þeirri niðurstöðu að slíkt væri hagkvæmt fyrir löndin því að það opnaði fyrirtækjum leið að stærri fjármagnsmarkaði, auk þess sem þau losnuðu við ýmsan skriffinnskukostnað. Bent var á af hálfu vinnuhópsins að afnám hafta á fjármagnshreyfingum gæti auðveldað samstarf norrænna fyrirtækja og þar með greitt fyrir viðskiptum milli Norðurlandanna.

Hvar er nú hæstv. viðskrh. og bankamálaráðherra sem hefur setið í bankaráði Norræna fjárfestingarbankans sem hefur átt mikinn hlut að því að færa mikið fjármagn í íslenskt atvinnulíf, m.a. í samnorræn verkefni á sviði fiskeldis? Hvernig væri að hæstv. ráðherra væri hér líka? Við hv. þm. sitjum og hlýðum á mál ráðherranna þegar þeir flytja framsögur fyrir sínum frumvörpum og það er algert lágmark að þessir ráðherrar, ég segi þessir, ég segi ekki hæstvirtir, þeir eiga ekki þá virðingu skilið ef þeir geta ekki sýnt okkur þá virðingu að hlýða á mál okkar, séu viðstaddir þegar verið að tala um þessi mál. (**Forseti:** Eins og hv. ræðumanni er kunnugt eru búin að vera á dagskrá hjá báðum deildum frumvörp sem hæstv. viðskrh. flytur og þarf að mæla fyrir. Í samráði m.a. við hv. ræðumann gerði ég ráð fyrir því að umræðu í deildinni yrði lokið um kl. 4 og þá mundi hann geta mælt fyrir málum í Nd. Ég veit ekki hvort hann er þegar farinn til þess eða ekki.) Já, ég tek til greina athugasemd virðulegs forseta. Ég segi ekki að ég láti það nægja að hafa hæstv. fjmrh. Það er meira en láta sér nægja það. Það er ágætt. Við skulum þá lofa hæstv. viðskrh. og bankamálaráðherra að vera í hv. Nd. og tala fyrir frv. þar.

Það fer best á því að tala sérstaklega við hæstv. fjmrh. um þennan þátt vegna þess að eins og segir í þessari ályktun ætlar núv. hæstv. ríkisstjórn að leggja áherslu á að Íslendingar samræmist sjónarmiðum Norðurlandanna í sambandi við tillögur ráðherranefndar um efnahagsáætlun 1989–1992. Þetta er veigamikill þáttur í þeirri efnahagsáætlun sem ráðherrarnir ætla að leggja fyrir Norðurlandaráðsþing sem verður síðar í þessum mánuði. Þetta er sá hluti sem lýtur að fjármagnsmarkaðnum og mér finnst mjög athyglisvert að Alþb. skuli hafa samþykkt að það vilji nálgast þessi sjónarmið og taka þátt í að tengja Ísland með þessum hætti erlendu fjármagni svo sem kemur fram í þessum tillögum og hugmyndum um efnahagsáætlun Norðurlandanna fyrir 1989–1992.

Í þessu plaggi og hugmyndum vinnuhópsins fyrir tillögum um efnahagsáætlun Norðurlanda er bent á að þetta sé líklegt til að auðvelda fjárfestingu í hlutabréfum á milli Norðurlanda og víðar og það sé þýðingarmikið með tilliti til nálægðar og þeirrar þekkingar sem íbúar Norðurlanda hafa á aðstæðum hvors annars. Þessar niðurstöður vinnuhópsins — ég undirstrika: þessar niðurstöður vinnuhópsins urðu hluti af efnahagsáætlun fyrir Norðurlöndin 1989–1992 sem fjármálaráðherrar landanna samþykktu eftir því sem ég best veit í nóvember 1988. Í efnahagsáætluninni er lagt til að löndin skuli fyrir árslok 1992 aflétta hömlum á eftirfarandi fjármagnshreyfingum og les ég upp úr áætluninni, með leyfi forseta:

„1. Kaupum á skráðum jafnt sem óskráðum hlutabréfum í útlöndum, þar með talin kaup á hlutdeildarbréfum í hlutabréfasjóðum.

2. Sams konar fjárfestingu erlendra aðila í innlendum hlutabréfum.

3. Kaupum á fasteignum í útlöndum.

4. Erlendum lántökum innlendra fyrirtækja til lengri tíma en eins árs.

5. Lánveitingum til skemmri tíma en eins árs í gjaldmiðli heimalandsins eða einhverjum öðrum gjaldmiðli í tengslum við innflutning og útflutning.

6. Lánveitingum innlendra viðskiptabanka til útlendinga í erlendum gjaldmiðli.

7. Inneignum innlendra fyrirtækja á bankareikningum erlendis í takmarkaðan tíma eftir að kröfur þeirra á hendur erlendum viðskiptavinum hafa verið greiddar."

Ég segi nú ekkert annað en það, virðulegi forseti, að mér þykir Alþb. og hæstv. ráðherrar Alþb. aldeilis vera reiðubúnir til að opna Ísland fyrir erlendu fjármagni ef hæstv. fjmrh. hefur skrifað undir þetta sem tillögur fjmrh. sem verða lagðar fyrir Norðurlandaráðsþing í þessum mánuði. Ég hef ekki orðið var við það og kannast ekki við það að hæstv. fjmrh. Íslands hafi gert neinn fyrirvara við þessar tillögur, en vonandi mun hæstv. ráðherra koma upp á eftir og gera hér grein fyrir því hvort hann hefur samþykkt þessa áætlun eða ekki eða að hún skuli lögð fyrir Norðurlandaráð.

Á sínum tíma settu íslenskir fjármálaráðherrar fyrirvara við flest þau atriði í samstarfi og samvinnu Norðurlandanna er lutu að opnum fjármagnsmarkaði á Norðurlöndum. Þá munu fjármálaráðherrar Norðurlandanna einnig hafa samþykkt að fyrir 1990 verði ákveðið hvort fleiri fjármagnshreyfingum skuli bætt á áðurnefndan lista. Í efnahagsáætluninni er ekki tilgreint hverjar þær geti verið, en af skýrslu vinnuhópsins má ráða, ég endurtek: má ráða, að þar sé um að ræða fjármagnshreyfingar eins og í fyrsta lagi kaup útlendinga á innlendum skuldabréfum, í öðru lagi kaup landsmanna á erlendum skuldabréfum og inneign landsmanna í banka erlendis, í þriðja lagi skammtíma lántökur og lánveitingar innlendra fyrirtækja erlendis og í fjórða lagi lántökur einstaklinga og heimila erlendis.

Þetta, virðulegi forseti, felst í stórum dráttum í hugmyndum og tillögum fjmrh. Norðurlandanna sem vísað er til í samþykkt ríkisstjórnar Íslands um peninga- og vaxtalán sem gerð var í síðustu viku. Þetta er, virðulegi forseti, bakgrunnurinn á bak við þá setningu í samþykkt ríkisstjórnarinnar þar sem segir að á næstu missirum verði reglur um fjármagnshreyf-

ingar og viðskipti með fjármálaþjónustu milli Íslands og annarra landa mótaðar á grundvelli tillagna ráðherranefndar Norðurlanda um efnahagsáætlun Norðurlanda 1989–1992. Þetta eru efnisatriðin á bak við þessa einu setningu. Þessi setning lætur ekki mikið yfir sér í þessu plaggi, en hún opnar allt málið og það þýðir ekkert að standa hér upp og segja: Við munum haga okkur eftir því sem okkur hentar í það og það skiptið. — Hér hefur hæstv. ríkisstjórn samþykkt stefnumörkun sem byggist á ákveðnum forsendum og ég hef hér frá greint. Ég óska því eftir því, virðulegur forseti, að hæstv. fjmrh. lýsi því yfir fyrir hönd Alþb. að ráðherrar Alþb. í ríkisstjórninni hafi í umboði Alþb. tekið þessa stefnu, ákveðið þetta í samráði við sinn flokk, vegna þess að ef ég kann stefnu Alþb. rétt utan að er hvergi að finna í stefnuskrá Alþb. neitt í þessa veru. Ég hlýt því að álykta að annaðhvort er þetta plagg ríkisstjórnarinnar dautt og ómerkt eða að hæstv. ráðherrar Alþb. hafi tekið sér það vald að ákveða fyrir hönd síns flokks stefnumörkun sem þeir hafa ekki heimild til.

Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu mikið meira en komið er, en ég ítreka og vek athygli á því að á sama tíma sem núv. hæstv. ríkisstjórn er að þrengja hag íslenskra einkafyrirtækja á sviði banka- og fjármála á íslenskum markaði er þessi ríkisstjórn að samþykkja að opna leið fyrir erlenda aðila, banka og fjármálastofnanir, til að koma með fjármagn inn í landið. Það er sem sagt stefna ríkisstjórnarinnar að íslenskir aðilar skuli ekki fá að starfa á sama grundvelli og erlendar fjármálastofnanir sem ég vísa til, þ.e. á grundvelli frelsis og samkeppni, heldur skuli íslenskar fjármálastofnanir þvingaðar niður með lögum og reglugerðum á sama tíma sem erlendir bankar og fjármálastofnanir mega koma inn í landið með fjármagn til að keppa við innlenda aðila. Erlendir bankar og erlendar fjármálastofnanir búa við allt annað frelsi og allt önnur skilyrði en íslenskir bankar. Ég ætla ekki að ræða um stærð íslenskra banka eða fjármálastofnana samanborið við erlendar fjármálastofnanir. Það liggur svo í augum uppi að það er ekki um samkeppni að ræða ef menn vilja fara út í þá umræðu. Hinir erlendu aðilar eru svo miklu stærri, sterkari og voldugri og hafa svo miklu betri aðstöðu til undirboða í hverju sem er sem lýtur að peninga- og fjármálamarkaði að ég hlýt að gera þær kröfur til hæstv. ríkisstjórnar að íslenskir aðilar njóti sama réttar og hinir erlendu samkvæmt því sem ríkisstjórnin ætlast greinilega fyrir.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Ég kannast ekki við að við mig hafi verið samið um að viðskrh. mætti mæla fyrir öðrum frumvörpum í Nd., en ég mun ekki gera veður út af því. Við höfum hérna hjá okkur hæstv. fjmrh. og ég vona að hann hlýði á það sem ég mun segja hér á eftir.

Það frv. sem hér er til umræðu er frv. til l. um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands. Ég mun einkum í ræðu minni taka til umfjöllunar 2. gr. þessa frv. Í greinargerð er sagt að ríkisstjórnin ætli „að leggja fram frumvarp til breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands þar sem verði kveðið skarpar á um heimildir bankans til þess að binda vaxtaákvarðanir innlánsstofnana takmörkunum". Það er einmitt það sem felst í 2. gr. frv. sem hér er til umræðu.

Það er ákveðið orðalag í þessari grein sem ég vil byrja á að gera að umtalsefni eða réttara sagt fyrst eitt orð og síðan hluta úr setningu. Það er orðið „hóflegur" sem mér finnst mjög skrýtið orð og raunar finnst mér það orð svo teygjanlegt og erfitt og maður geti ekki markað neitt á því hvað þarna er átt við. Þess vegna verður maður að líta á þessa stefnuyfirlýsingu til að átta sig á því. Þetta er loðið og teygjanlegt.

Það er setningarhluti þarna einnig, en það er „og til að draga úr óhæfilegum vaxtamun milli inn- og útlána að teknu tilliti til annarra tekna innlánsstofnana". Þarna er í lagatexta beint ráðist á bankakerfið þar sem þarna er gefið að það sé óeðlilegur vaxtamunur sem ég vil að sjálfsögðu ekki draga úr. Raunar tel ég að vaxtamunurinn sé ekki aðeins óhóflegur heldur raunar miklu meira en það miðað við það sem maður veit um í öðrum löndum. En manni finnst það ekki vera góð lexía í lagatexta að ráðast að einum eða öðrum heldur eigi þetta að vera frekar þannig að það eigi að virða alla aðila sem lögin eiga að ná til og ekki gefa eitt eða annað í skyn.

Það eru allir sammála um að vextir á Íslandi eru allt of háir, sama hvort litið er til nafnvaxtanna eða þá raunvaxtanna og þá frekar raunvaxtanna þar sem verðbólga er eins og hún er. Það vakna ýmsar spurningar. Þá er sú fyrsta: Hvers vegna eru vextirnir svona háir og hver er ástæðan fyrir því að þeir eru eins háir og raun ber vitni um? Önnur spurningin er sú hvernig skynsamlegast er að lækka þessa vexti og þá án þess að það hafi í för með sér verulega röskun bæði á peningamarkaðnum og í þjóðfélaginu.

Með hliðsjón af þessum tveimur spurningum ber að líta á þá leið sem ríkisstjórnin ætlar að fara. Hún ætlar nánast að taka vexti niður með handafli eins og hæstv. ráðherrar hafa lýst. Ætla ég á eftir að fara yfir það hvort það sé hentug leið við þær aðstæður sem eru nú í þjóðfélaginu, hvort það sé sú leið sem eigi að nota til að færa vextina niður eða hvort það eigi að beita öðrum aðferðum. Áður en ég svara þeirri spurningu með því sem ég held að eigi að vera svarið langar mig að fara yfir grein sem birtist í blaði viðskiptafræðinema, mjög athyglisverða grein eftir Davíð Björnsson rekstrarhagfræðing þar sem hann fer yfir allan fjárhagsmarkaðinn og hvernig hann er á Íslandi í samanburði við önnur lönd og hvað er raunverulega að á fjármagnsmarkaðnum og hvað má bæta og þá jafnframt hvernig má lækka vexti. Ég ætla að taka upp ýmsa kafla úr þessari grein. Hún er nokkuð löng svo að ég ætla að reyna að stytta mitt mál. Hún heitir „Íslenskur fjármagnsmarkaður". Ég vona að Davíð Björnsson leyfi mér að vísa í þessa grein og forseti að lesa upp úr greininni. Þar segir:

„Fjármagnsmarkaðurinn hefur það hlutverk að miðla fjármagni sparifjáreigenda til þeirra aðila sem

fjár er vant til ýmissa verkefna. Hlutverki þessu er sinnt af fjölda mismunandi aðila með mismunandi hætti. Til að fjármagnsmarkaðurinn sinni þessu hlutverki með sem bestum hætti þarf hann að vera skilvirkur. Skilvirkur fjármagnsmarkaður leiðir í fyrsta lagi til þess að fjármagnið fer til þeirra verkefna þar sem arðsemi er mest og eins til þess að þessi fjármagnsflutningur fer fram á eins ódýran hátt og unnt er. Skilvirkur fjármagnsmarkaður metur einnig hvern skuldara fyrir sig þannig að traustir aðilar eiga að öðru óbreyttu aðgang að ódýrara fjármagni. Fjármagnsmarkaðurinn nær því trúlega hvergi í heiminum að starfa með þessum hætti."

Þarna er í upphafi tekið á því hvað er skilvirkur markaður. Síðan kemur hann inn á annað:

„Íslendingar hafa komið sér upp mjög fjölbreyttu og flóknu fjármálakerfi, kerfi sem gæti verið hjá hvaða milljónaþjóð sem væri. Íslenskur fjármálamarkaður er hins vegar það lítill og fjöldi aðila á fjármagnsmarkaðnum það mikill að skilvirkni á markaðnum verður lítill. Enginn þeirra aðila sem starfa á íslenska fjármagnsmarkaðnum nema e.t.v. Landsbankinn hafa náð umtalsverðri stærðarhagkvæmni. Starfsemi á fjármagnsmarkaði er þannig sinnt á óhagkvæman hátt og af allt of litlum og ótengdum aðilum þannig að það skilyrði skilvirks fjármagnsmarkaðar að koma fé á milli lántakenda og lánveitenda með ódýrum hætti er ekki uppfyllt.

Annað atriði sem gerir það að verkum að íslenskur fjármagnsmarkaður er ekki skilvirkur er það hve fé sem rennur um hann er eyrnamerkt í miklum mæli. Þessi hólfun íslenska fjármagnsmarkaðarins, sem svo hefur verið kölluð, er höfuðgalli sem kemur í veg fyrir að fé renni endilega til þeirra verkefna sem skila hvað mestum arði, en það er einmitt hitt skilyrðið sem fjármagnsmarkaðurinn verður að uppfylla til að geta talist skilvirkur."

Síðan kemur hann inn á það skilyrði um þá miðlara sem eru á markaðnum:

„Því verður ekki á móti mælt að fjöldi stofnana á íslenskum fjármagnsmarkaði er mikill. Viðskiptabankarnir eru 7, nálægt 40 sparisjóðir eru starfandi, fjárfestingarlánasjóðir eru 20 talsins og lífeyrissjóðir í landinu eru 85. — Það má bæta hér við um 15 verðbréfamörkuðum. — Þá er hólfaskiptingin á fjármagnsmarkaði þvílík að flestir höfuðatvinnuvegir þjóðarinnar hafa komið sér upp banka, einn eða fleiri fjárfestingarsjóðir eru tengdir hverri atvinnugrein og hverri starfsstétt fylgir a.m.k. einn lífeyrissjóður. Þessu fylgja miklir vankantar en hér á eftir verður þeirra helstu getið svo og með hvaða hætti væri hægt að færa starfsemi á fjármagnsmarkaði til betri vegar.

Bankar og sparisjóðir eru margir og smáir eins og fyrr er nefnt. Þetta leiðir til þess að rekstrareiningar eru smáar og óhagkvæmar þar sem æskilegri stærðarhagkvæmni er alls ekki náð. Fyrir atvinnufyrirtæki sem eru stærstir lántakendur hefur þetta þann galla í för með sér að fæstir bankar eru það stórir að þeir geti sinnt þörfum stærri fyrirtækja. Stærri fyrirtæki þurfa þannig að dreifa viðskiptum sínum á nokkra banka til þess að eðlilegri rekstrarfjármögnun sé náð. Við það tapast oft æskileg yfirsýn yfir skuldastöðu hvers fyrirtækis. Svarið við báðum þessum annmörkum er aukinn samruni í bankakerfinu þar sem bankar eru færri en stærri. Þannig ætti hvert og eitt fyrirtæki að geta haft öll sín bankaviðskipti hjá einum banka án þess að heildarútlán bankans til þess sé hættulega hátt hlutfall af annars vegar heildarútlánum bankans og hins vegar eigin fé hans. Margir höfðu talið að með þeirri auknu samkeppni, sem skapaðist innbyrðis milli banka og sparisjóða þegar vextir voru gefnir frjálsir, skapaðist grundvöllur fyrir sameiningu banka þar sem smærri bankarnir mundu reyna að tryggja markaðsstöðu sína með samruna, en slík þróun hefur enn ekki orðið. Enn er þó ekki fullreynt hvort hægt verði að reisa hér einn stóran hlutafélagabanka með samruna Útvegsbankans og einhverra einkabanka og hugsanlega sparisjóða."

Þá kemur inn á fjölda fjárfestingarlánasjóða:

„Í gegnum opinbera fjárfestingarlánasjóði rennur mikið fé á ári hverju. Bæði er um að ræða félagslega sjóði þar sem vextirnir eru niðurgreiddir af ríkinu og hins vegar er um að ræða atvinnuvegasjóði sem lána fé til fjárfestinga í atvinnuhúsnæði og til kaupa á vélum og tækjum. Mjög stórar fjárhæðir renna í gegnum félagslegu sjóðina en þeir eru Byggingarsjóður ríkisins, Byggingarsjóður verkamanna og Byggðasjóður og e.t.v. mætti telja Lánasjóð ísl. námsmanna til þessa hóps. Lán þessara sjóða eru niðurgreidd í miklum mæli og eftir því sem meira af fjármagni lánakerfisins er beint í þann farveg því meira skekkist fjármagnsmarkaðurinn sem heild. Ásókn verður í hið ódýra lán jafnvel þó umsækjandi þurfi ekki nauðsynlega á láni að halda og minna fé verður eftir til lána á almennum markaði. Slíkt ástand veldur því auðvitað að vextir á þessum markaði verða hærri en ella. Þeir fjárfestingarlánasjóðir, sem ekki lána fé með niðurgreiddum vöxtum, lána fé til ýmissa framkvæmda á vegum atvinnufyrirtækjanna, eru því oftast kallaðir fjárfestingarlánasjóðir atvinnuveganna.

Alls 17 fjárfestingarlánasjóðir lána fé til atvinnuveganna og flestir þeirra eru eyrnamerktir ákveðnum greinum eins og nöfn þeirra flestra bera með sér, nöfn eins og Verslunarlánasjóður, Iðnlánasjóður, Ferðamálasjóður o.s.frv. Sé þetta flókna kerfi atvinnuvegasjóða skoðað með tilliti til skilvirkni þess kemur í ljós að skilvirkni kerfisins mætti bæta umtalsvert. Í fyrsta lagi getur ekki verið um ódýrustu miðlun fjármagns að ræða þar sem fjöldi fjárfestingarlánasjóða er svo mikill. Ákveðið fyrirtæki gæti þannig leitað til tveggja til fjögurra sjóða til fjármögnunar einnar og sömu framkvæmdar. Kerfið mætti þannig gera ódýrara og um leið skilvirkara með umtalsverðri fækkun atvinnuvegasjóða, jafnvel þannig að aðeins einn atvinnuvegasjóður yrði starfandi. Þá leiðir eyrnamerking fjárins í kerfinu til þess að hugsanlega rennur fjármagn ekki til þeirra verkefna sem skila mestum arði. Stofnlánadeild landbúnaðarins og Fiskveiðasjóður, svo dæmi sé tekið, lána einungis til

landbúnaðar og til sjávarútvegs og til fiskvinnslu jafnvel þó að eins og nú er ástatt sé um mikla offjárfestingu að ræða í þessum greinum og fénu því betur varið annars staðar. Fjárfestingarlánasjóðir atvinnuveganna ná ekki skilvirkni fyrr en allar atvinnugreinar sitja við sama borð þegar lánsfé er ráðstafað og lánsumsóknum sé svarað í arðsemisröð þannig að fé renni til arðsömustu verkefnanna án tillits til hvaða atvinnugreinar þau heyra undir."

Það sem hér hefur verið lesið upp segir kannski að stórum hluta hvernig fjármagnsmarkaðurinn starfar. Kjarninn í þessu er sá að þeir sem miðla peningum á milli þeirra sem veita lán og þeirra sem taka lán eru allt of margir og þær stofnanir sem þar miðla allt of kostnaðarsamar. Og annað, að þarna er einnig um að ræða að það fé, sem til ráðstöfunar er, er allt of mikið eyrnamerkt og fer ekki í arðsömustu fjárfestingarnar. Niðurlagið á þessari, að ég tel, merkisgrein er þannig:

„Á undanförnum árum hefur orðið mikil endurskipulagning í fjármagnsmarkaði í nágrannaríkjum okkar. Reglur hafa verið rýmkaðar með þeim hætti að opinberir aðilar hafa hætt að skipta sér af einstökum smærri þáttum fjármagnsmarkaðarins heldur sett markaðinum í heild ramma til að starfa innan. Þessi þróun hefur verið kennd við „irregulation" en hún hefur einnig náð til annarra markaða en fjármagnsmarkaðarins. Bandaríkjamenn riðu á vaðið á þessu sviði í fyrra á kjörtímabili Reaganstjórnarinnar og stjórnvöld í Bretlandi endurskipulögðu fjármagnsmarkaðinn þar í landi með svipuðum hætti fyrir tæpum tveimur árum síðan og er sú endurskipulagning kennd við „Big Bang".

Endurskipulagning íslenska fjármagnsmarkaðarins er orðið krefjandi verkefni. Mikið fé fer um markaðinn á ári hverju, bæði innlent fé og erlent. Íslendingar eru dugmikil þjóð og með verðtryggingu sparifjár hefur innlendur sparnaður vaxið mjög á þessum áratug. Hins vegar hefur uppbygging fjármagnsmarkaðarins svo og það hve hluti hans er háður opinberum ákvörðunum valdið því að fjármagnið sem um markaðinn streymir fer ekki endilega til arðsömustu verkefnanna og er reyndar undir hælinn lagt hvort verkefni eru yfir höfuð arðsöm eða ekki. Endurskipulagning íslenska fjármagnsmarkaðarins hlýtur að felast í fækkun stofnana og stækkun, minni eyrnamerkingu lánsfjár og minni opinberum afskiptum af því hvernig markaðurinn vinnur í smáatriðum. Brjóta þarf niður þá múra sem umlykja einstök hólf í fjármagnsmarkaðnum þannig að úr hólfum hans verði dregið stórlega og fjármagnið geti runnið sem víðast og frjálsast um markaðinn. Þá þyrfti að minnka miðstýringu markaðarins og færa lánsfjárákvarðanir í smærri atriðum til fjármálastofnananna sjálfra.

Fjármálastofnanir hljóta sjálfar að þurfa að taka ábyrgð á eigin lánveitingum sem leiðir til þess að þær lána fé einkum til þeirra aðila sem helst geta staðið í skilum sem auðvitað eru þeir aðilar sem nota fé til arðsamra verkefna. Það er ekki nóg að tryggja að fjármagn sé til á markaðnum. Það er ekki síður mikilvægt að tryggja að fjármagnið sé notað til verkefna sem skila þjóðinni arði. Ekkert getur tryggt það annað en endurskipulagður skilvirkur fjármagnsmarkaður."

Ég held að ég vilji gera orð Davíðs Björnssonar að mínum. Ég held einmitt að ástæðan fyrir því hve raunvextir eru háir hér á landi sé sú að á undanförnum árum hefur fjármagni ekki verið stýrt í þá farvegi sem nauðsynlegt hefði verið að stýra þeim í. Þá á ég við í fyrirtæki sem bera arð og geta mætt dagsveiflum. Ástæðan fyrir því hve illa er nú komið er hallarekstur á ríkissjóði, hjá fyrirtækjum og hjá heimilunum. Allir þessir aðilar eru að leita inn á fjármagnsmarkaðinn núna og þrýsta vöxtunum upp. Ef það er skilningur stjórnvalda eða ríkisstjórnarinnar að pressa vextina niður með þeim hætti sem í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er kveðið á um þá á maður erfitt með að sjá hvaða afleiðingar það getur haft í för með sér.

Ég er sannfærður um það að til þess að ná vöxtum niður þurfi einmitt að endurskipuleggja allan fjármagnsmarkaðinn. Það mætti taka á eyrnamerkingunum, á því fé sem er fyrir fram skipulagt til ákveðinna atvinnugreina, beina því í aðra farvegi. Það mætti fækka stofnunum verulega. Það mætti sameina bæði bankastofnanir, lífeyrissjóði, það mætti sameina verðbréfamarkaði, sparisjóði og aðra sem á þessum markaði eru til þess að draga úr þeim óhóflega vaxtamun sem er á fjármagnsmarkaðnum.

Ég vil einnig taka það fram að þau atvinnufyrirtæki sem hafa orðið hvað verst úti þurfa svo sannarlega á vaxtalækkun að halda og spurningin er sú hvernig við getum komið til móts við þau. Það er spurning hvort, eins og oft er, það eigi að gera með þeim hætti að stjórnvöld stýri vöxtunum niður eða hvort það eigi að reyna að gera það með öðrum hætti. Ég er ekki nógu sannfærður um að það takist án þess að það hafi áhrif einhvers staðar annars staðar. Þegar verið er að slá niður blöðru þá kemur hún út einhvers staðar á öðrum stöðum. Markaðurinn er ekki tilbúinn, miðað við þau skilyrði sem fyrir hendi eru í dag, fyrir svona aðgerðir eins og mér sýnist ríkisstjórnin ætla að grípa til.

En ég vona svo sannarlega að ég verði sannfærður um það í fjh.- og viðskn. að þetta frv., ef að lögum verður, hafi ekki þau áhrif sem ég óttast og þá er aldrei að vita nema maður geri eitthvað annað en liggur fyrir í dag.

Fjármálaráðherra (Ólfafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni fyrir þá ræðu sem hann flutti hér áðan sem var mjög ítarleg og málefnaleg og gefur mér tækifæri til þess að fjalla um nokkur mjög veigamikil atriði í þeim höfuðmálum sem hér eru til umfjöllunar.

Ég get að vísu ekki stillt mig um það hér í upphafi, og vona að það verði nú ekki misskilið, að vekja á því athygli að lítið samræmi er í málflutningi fulltrúa Sjálfstfl. þar sem formaður flokksins dró þá ályktun

af tilkynningu ríkisstjórnarinnar um aðgerðir í efnahagsmálum að þar væri ekkert nema loft, ekkert sem neinu máli skipti og ekkert sem kæmi til með að hafa áhrif, en aftur á móti hefur í umræðunni í dag, og reyndar við önnur tækifæri af öðrum fulltrúum Sjálfstfl., komið fram að í þessum aðgerðum ríkisstjórnarinnar sé að finna svo veigamiklar tillögur og svo afdráttarlausa stefnumótun að annaðhvort er því líkt við hin hörðu miðstýringaröfl austan tjalds eða þá að það er talið boða innreið hinna ómenguðu frjálsu peningaafla á Vesturlöndum. Ég tel því skynsamlegt fyrir Sjálfstfl. að reyna að ræða um það á sínum heimavígstöðvum til að einfalda alla meðferð mála hér í þinginu hvaða afstöðu flokkurinn hefur í raun og veru til þessara merku tillagna sem ríkisstjórnin er núna að setja í lög hér á Alþingi með hjálp góðra manna í þinginu. En þetta var nú svona innan sviga í upphafi máls vegna þess að auðvitað var ræða hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar miklu nær veruleikanum en þeir leikrænu tilburðir sem formaður Sjálfstfl. hefur haft hér í þinginu og utan þings í umfjöllun um þessi mál.

Það eru einkum tveir þættir sem mig langar til að víkja að. Það er annars vegar eðli íslenska bankakerfisins og peningakerfisins og þær aðgerðir sem ríkisstjórnin hefur boðað í þessum frv. og svo hins vegar þær breytingar sem eru að verða á peningakerfi helstu nágrannalanda okkar og Evrópu og vinnuaðferðir ríkisstjórnarinnar í meðferð þeirra mála. Hvort tveggja eru algjör lykilatriði í stjórn íslenskra efnahagsmála á næstunni og um ókomin ár.

Þegar mótuð er stefna í stjórnmálum eiga menn auðvitað tvær meginleiðir. Annaðhvort að búa sér til hugarfóstur á grundvelli tilfinninga og draumóra, og oft gerist það í pólitískri stefnumótun, og hins vegar er að taka mið af veruleikanum og bestu fræðilegri greiningu á eðli þessa veruleika og laða síðan hin stefnulegu viðhorf að þessum þáttum og búa þannig til niðurstöðu. Ríkisstjórnin hefur kosið að fara eftir hinni seinni aðferð, að miða stefnumótun sína við veruleikann og skýra fræðilega greiningu á þeim veruleika. Þetta atriði er sérstaklega mikilvægt að hafa í huga vilji menn í rólegheitum og málefnalega átta sig á þeim tillögum sem hér eru gerðar um breytingar á íslenska bankakerfinu og lagasetningu um íslenska peningamarkaðinn.

Á undanförnum árum hefur æðimikið borið á því að ýmsir hafa sett fram kenningar um það að íslenski peningamarkaðurinn bæði ætti að vera, gæti orðið og jafnvel væri frjáls samkeppnismarkaður og þess vegna ætti að beita aðferðum slíks frjáls samkeppnismarkaðar við stefnumótun í vaxta- og peningamálum. Að hluta til hefur þessi kenning verið sett fram af hreinum hugmyndafræðilegum ástæðum eða áróðursástæðum vegna þess að tiltekin hagsmunaöfl hafa talið það þjóna gróðamyndun sinni að slík kenning væri ráðandi við stefnumótunina.

Á undanförnum mánuðum hefur hins vegar orðið almennt viðurkennt að þessi kenning, um að íslenski peningamarkaðurinn væri eða gæti orðið frjáls samkeppnismarkaður, sé algjörlega röng. Í okkar fámenna þjóðfélagi sem telur aðeins rúmlega eitt hundrað þúsund vinnandi manna eru bankastofnanirnar svo fáar, svo nálægt hver annarri, svo ríkulega stýrt af mönnum sem eru hver öðrum gjörkunnugir að útilokað er að einkenni frjáls samkeppnismarkaðar geti nokkru sinni orðið þar ráðandi. Á hinn bóginn er ljóst að íslenska peningakerfið sé, eins og íslensku olíufélögin, eins og íslensku tryggingafélögin, dæmigert fyrir þá tegund markaðar sem í hagfræðinni hefur verið kenndur við fákeppnismarkað eða á enskri tungu oligopólískur markaður. Og það er auðvitað höfuðatriði þegar menn eru að meta aðgerðir í efnahagsmálum og þróun mála að gera sér í upphafi grein fyrir þessu: Er verið að tala um einokunarmarkað, er verið að tala um fákeppnismarkað eða er verið að tala um frjálsan samkeppnismarkað, vegna þess að niðurstaða allrar fræðilegrar umfjöllunar í hagfræði á undanförnum áratugum er, og skiptir þá engu hvort menn eru hægri menn, vinstri menn eða miðjumenn, það er bara hreinræktuð fræðileg niðurstaða, að það eru allt önnur vinnubrögð og allt aðrar aðgerðir sem beita á á einokunarmarkaði eða á fákeppnismarkaði eða á frjálsum samkeppnismarkaði. Þegar þess vegna menn eru að dæma tillögur og aðgerðir um íslenska peningamarkaðinn verða menn að hafa það alveg skýrt að veruleikinn er fákeppnismarkaður og ég legg áherslu á að veruleikinn er slíkur.

Grundvallaratriði í þróun hagfræðinnar á síðustu áratugum er einmitt að gera þennan þríþætta greinarmun á einokunarmarkaði, fákeppnismarkaði og samkeppnismarkaði. Væri aðferðum samkeppnismarkaðar beitt á fákeppnismarkað sýna rannsóknir í hagfræði að þær snúast í andhverfu sína eða leiða til óskapnaðar. Á sama hátt má segja að sé aðferðum fákeppnismarkaðar beitt á samkeppnismarkaði skili þær þveröfugri eða mjög brenglaðri niðurstöðu.

Þetta grundvallaratriði um eðli íslenska peningamarkaðarins er þess vegna ekki pólitísk afstaða. Hún er fræðileg niðurstaða okkar fremstu sérfræðinga í þessum greinum og þessu eðli verður ekki breytt. Og hvers vegna verður því ekki breytt? Einfaldlega vegna þess að við búum í svo litlu samfélagi með svo fáar stofnanir af þessu tagi að nálægð þeirra hverrar við aðra og þekking stjórnenda þeirra hvers á öðrum mun ávallt, um alla framtíð, eins og nú þegar á undanförnum árum, leiða til þess að starfsumhverfi þeirra sem þeir skapa sjálfir er fákeppnismarkaður.

Hvað segir svo hin fræðilega greining hagfræðinnar um fákeppnismarkað? Hún segir í höfuðatriðum þetta: Fyrirtæki á fákeppnismarkaði, í þessu tilviki bankar — það gildir það sama um tryggingafélög, það sama um olíufélög hér á landi — hafa ríka tilhneigingu til þess að hækka verð á vöru sinni, í þessu tilfelli vexti, mjög fljótt og ört og hratt. Fyrirtæki á fákeppnismarkaði eru hins vegar lítt fær um það að lækka verð á vöru sinni við breyttar aðstæður, þ.e. vexti, nema með utanaðkomandi stýringu eða utanaðkomandi áhrifaafli eða m.ö.o., í marga ára-

tugi hefur það legið fyrir sem fræðilega sönnuð niðurstaða af eðli fákeppnismarkaðar að það verður að grípa inn í hann, t.d. af hálfu stjórnvalda, til þess að ná hagstæðri hagrænni niðurstöðu, í þessu tilviki lágum vöxtum. Ef aftur á móti íslenski peningamarkaðurinn væri háþróaður samkeppnismarkaður mundi þetta ekki gilda, en það er hann ekki.

Þetta er höfuðatriði sem fulltrúar Sjálfstfl. og aðrir hér á Alþingi verða auðvitað að gera sér skýra grein fyrir ef þeir vilja byggja stefnumótun sína á réttri fræðilegri greiningu og sönnuðum vísindalegum staðreyndum. Nema þeir séu svo heillum horfnir hugmyndafræðilega séð að þeir gefi bara dauðann og djöfulinn í veruleikann og alla niðurstöðu fræðilegra rannsókna og harkan í hugmyndafræði frjálshyggjunnar sé orðin slík í Sjálfstfl. að þeir berji bara höfðinu við stein veruleikans. Það er þess vegna sem stefnumótun þessarar ríkisstjórnar er í skýrara samræmi við fræðilega niðurstöðu hagfræðinnar á undanförnum áratugum en þessar draumórakenndu tilraunir Sjálfstfl. og samstarfsflokka hans á undanförnum árum til að búa hér til eitthvað sem héti frjáls samkeppnismarkaður í peningakerfinu.

Þau frumvörp sem ríkisstjórnin hefur lagt fram miða þess vegna að því að skapa þau nauðsynlegu tæki sem þarf til að stýra verðlagi þessa fákeppnismarkaðar, þ.e. vöxtunum, niður, ekki vegna þess að menn séu einhverjir dýrkendur miðstýringar, ekki vegna þess að menn séu að sækjast eftir pólitísku valdi, heldur eru menn einfaldlega að bregðast við veruleikanum og réttum fræðilegum niðurstöðum um eðli þessa markaðar til að ná sem bestum ávinningi á sem skemmstum tíma. Þegar verður búið að stýra þessu niður og jafnvægi hefur skapast geta auðvitað eiginleikar markaðarins á nýjan leik, án slíkrar stýringar, farið að njóta sín.

Mér finnst stundum eins og umræðan um efnahagsmál hér á Íslandi og í peningamálunum sérstaklega sé með því marki brennd að menn vilji bara alls ekki horfast í augu við þann mikla árangur sem rannsóknir í hagfræði á þessu sviði hafa skilað á undanförnum áratugum og séu svo miklir hugmyndafræðidýrkendur að þeir kjósi frekar að hafa það sem rangt er vegna þess að það samræmist hinum hugmyndafræðilegu forsendum, frekar en að spyrja sjálfan sig: Hver er veruleikinn? Hvers eðlis er hin fræðilega grein?

Breytingarnar sem ríkisstjórnin leggur til á lögunum um Seðlabanka, um viðskiptabanka, um verðbréfasjóðina og önnur slík fyrirtæki eru þess vegna óhjákvæmileg tæki til þess að sníða verstu annmarkana, náttúrlegu annmarkana, af fákeppniseinkenni íslenska peningamarkaðarins. Um þetta mætti hafa langt mál, en ég ætla ekki að gera það í dag. Vissulega væri þó mikil ástæða til þess að ræða þetta nánar. Við höfum að vísu vikið að þessu nokkrum sinnum áður á þessu þingi en það birtist núna alveg skýrt og greinilega í þessum frumvörpum. Og ég spyr t.d. fulltrúa Sjálfstfl.: Geta þeir nefnt einhvern íslenskan hagfræðing sem treystir sér til að halda því fram með rökum að íslenski peningamarkaðurinn sé eða geti orðið frjáls samkeppnismarkaður eða eru þeir sammála hinum fræðilegu niðurstöðum um að hér sé um fákeppnismarkað að ræða? Og ástæðan fyrir því að fulltrúar Seðlabankans hafa í greinargerðum sínum brugðist við með þeim hætti sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson vék að hér áðan er auðvitað ekki sú að um einhverjar beinar pólitískar hótanir af hálfu þessarar ríkisstjórnar sé að ræða, heldur þvert á móti það faglega mat Seðlabankans að hér sé um fákeppnis- eða oligopólískan markað að ræða og þess vegna þurfi Seðlabankinn að haga sér í samræmi við það.

Hitt meginatriðið sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson vék sérstaklega að og var meginefni hans ræðu var að leggja út af eftirfarandi orðum í samþykkt ríkisstjórnarinnar í vaxta- og peningamálum. Með leyfi hæstv. forseta: „Á næstu missirum verði reglur um fjármagnshreyfingar og viðskipti fjármálaþjónustu milli Íslands og annarra landa mótaðar á grundvelli tillagna ráðherranefndar Norðurlanda um efnahagsáætlun Norðurlanda 1989–1992."

Það er hárrétt hjá hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni að ég átti þátt í því ásamt fjármálaráðherrum Norðurlanda að ganga frá þessari efnahagsáætlun og klæða hana í þann búning sem þing Norðurlandaráðs mun fjalla um eftir fáeina daga. Hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni er þó væntanlega kunnugt um það, þó að hann hafi ekki vikið að því einu orði í sinni ræðu, að í þessari efnahagsáætlun kemur skýrt fram að fjmrh. Íslands hafði fyrirvara um þann kafla efnahagsáætlunarinnar sem snýr að peningamarkaðinum og þróun fjármálalegra samskipta.

Í efnahagsáætluninni er það sérstaklega rökstutt að þessi fyrirvari af hálfu Íslands sem samþykktur var af ríkisstjórn Íslands áður en gengið var frá efnahagsáætluninni byggðist á smæð íslenska hagkerfisins og því hve Íslendingar væru sérstaklega háðir sjávarútvegi og náttúruauðlindum í efnahagsstarfsemi sinni. Ég útskýrði síðan þennan fyrirvara á fundi með fjármálaráðherrum Norðurlanda í Kaupmannahöfn í nóvembermánuði og greindi svo frá honum sérstaklega á blaðamannafundi sem haldinn var daginn eftir og einnig á fundi með efnahagsmálanefnd Norðurlandaráðs. Það er þess vegna alveg ljóst að af hálfu Íslands hefur verið mótaður fyrirvari varðandi framkvæmd þeirra hugmynda og tillagna sem eru í þessum kafla efnahagsáætlunarinnar. Ég vek hins vegar athygli á því að einn af forustumönnum Sjálfstfl. hefur gagnrýnt mig í blaðagrein fyrir þennan fyrirvara og talið hann Íslandi til vansa og lítilsvirðingar. Fjmrh. Íslands hefði átt að samþykkja fyrirvaralaust allar þær tillögur og hugmyndir sem þarna eru og að þær kæmu til framkvæmda hvað Ísland snertir á næstu þremur árum.

Ég vil þess vegna spyrja hv. þm. Guðmund H. Garðarsson hvort hann telji það rétta ákvörðun hjá ríkisstjórninni og mér að hafa haft fyrirvara um þennan kafla eða hvort það er stefna hans og stefna Sjálfstfl. að Ísland hefði fyrirvaralaust átt að samþykkja öll þau ákvæði sem hann sjálfur rakti hér mjög rækilega í sinni ræðu áðan.

Þannig er hin formlega staða málsins og alveg nauðsynlegt að hún komi fram vegna þess að hún snertir ekki bara afstöðu mína sem fjmrh. eða afstöðu Alþb. Hún er hin formlega afstaða Íslands í þessari vinnu.

Síðan er einnig vikið að því í texta áætlunarinnar að Ísland muni síðan taka til sérstakrar athugunar þau atriði sem fram koma í þessari áætlun varðandi þróun peningamarkaðar og fjármagnssamskipta og móta sínar hugmyndir og viðbrögð á grundvelli þeirrar athugunar.

Það er alveg rétt sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson sagði að það eru að verða mjög afdrifamiklar breytingar í peningamálum, fjármagnshreyfingum, fjármagnsmarkaði, í Evrópu, bæði innan Efnahagsbandalagsins og í ýmsum ríkjum sem tilheyra EFTA. Þetta er hárrétt. Og sú lýsing sem hann fór með er í öllum höfuðatriðum ágæt greinargerð um flestar af þeim hugmyndum sem þar eru á borði eða komnar til framkvæmda. Þess vegna er það líka hluti af veruleikanum sem við þurfum að glíma við að í mikilvægustu viðskiptalöndum okkar, löndum sem við eigum líka menningarlega samstöðu með, sögulega samstöðu með, eru þessar breytingar að gerast, að vísu nokkuð mismunandi hratt eftir löndum, en straumur breytinganna er allur í þessa átt. Hins vegar, eins og vikið var að í hinum formlega fyrirvara Íslands, er íslenska hagkerfið að mörgu leyti sérstakt í evrópsku samhengi, bæði vegna smæðar sinnar og vegna þess að það er ekkert annað dæmi, nema ef vera skyldu Færeyingar og Grænlendingar, um evrópskt hagkerfi sem er að eins stórum hluta háð frumvinnslugreinum og hreinni vinnslu úr náttúruauðlindum og íslenska hagkerfið. Að því leyti má segja að við séum líkari ýmsum hagkerfum sem stundum eru kennd við hinn þriðja heim en hinum háþróuðu iðnríkjum Evrópu sem hafa mótað þessa meginstefnu sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson vék að. En veruleikinn er sá að þessar breytingar eru að gerast í okkar helstu viðskiptalöndum. Þess vegna er það óhjákvæmilegt að íslensk stjórnvöld, Alþingi Íslendinga, stjórnmálaflokkar, taki á næstu mánuðum og missirum til ítarlegrar umfjöllunar að hve miklu leyti samstaða næst um það hér hjá okkur að bregðast við þessari þróun með breytingum í takt við eða sömu ættar og þarna er kveðið á um.

Sú umræða er hins vegar ekki hafin. Ég hef hvatt til þess að þingflokkar og þingnefndir kynni sér þessa efnahagsáætlun sérstaklega. Ég sendi hana formlega öllum þingflokkum í lok nóvembermánaðar og hvatti formenn þingflokkanna sérstaklega til þess að hún yrði tekin til umfjöllunar á fundum þingflokkanna. Ég gerði mér hins vegar grein fyrir að það yrði ekkert skyndiverk, en ég taldi að þarna væri á ferðinni svo mikilvægt skjal að nauðsynlegt væri að fulltrúar þingflokkanna fengju það sérstaklega til meðferðar.

Í samþykkt ríkisstjórnarinnar felst ekkert annað en það að ríkisstjórnin hefur ákveðið á næstu missirum, eins og þar kemur fram, þ.e. á þessu ári og hinu næsta, að taka þessar reglur til ítarlegrar meðferðar og umfjöllunar og móta síðan afstöðu okkar á grundvelli þessara tillagna sem felast í efnahagsáætlun Norðurlanda. Merking þessara orða er sú að við munum í þessari vinnu ganga út frá þeim texta sem þar er að finna en ekki öðrum og viðtækari samþykktum t.d. Evrópubandalagsins eða ýmsum þeim ákvæðum sem þar hafa þróast á peningamarkaði og í fjármagnssamskiptum.

Í þessari setningu felst ekki nein ákvörðun um niðurstöðu þessarar vinnu. Það er vel hugsanlegt að menn komist að þeirri niðurstöðu að sumar af þessum reglum verði óhjákvæmilega að taka gildi hér á Íslandi. Menn geti komist að þeirri niðurstöðu að aðrar séu varhugaverðar, þær þriðju eigi alls ekki við af ýmsum ástæðum og þannig koll af kolli. Samþykkt ríkisstjórnarinnar er þess vegna yfirlýsing um verkefnaáherslur, um nauðsyn þess að á þessu máli sé tekið og um leið hvatning til Alþingis og þingflokka allra að taka þetta til meðferðar. Ég vil t.d. spyrja hv. þm. Guðmund H. Garðarsson: Hefur Sjálfstfl. fjallað ítarlega um þetta? Hafa öll þessi atriði sem hann rakti hér úr efnahagsáætluninni verið tekin til meðferðar á fundi í þingflokki Sjálfstfl.? Ég hef ekki séð neina yfirlýsingu af hálfu Sjálfstfl. um það að hann vilji að allar þessar reglur eða ákvarðanir gildi um Ísland nú þegar. Ef Sjálfstfl. hefur nú þegar mótað afstöðu sína í þessu máli væri æskilegt að fá það fram. Mér þykir þó líklegra að það sé eins um Sjálfstfl. og aðra flokka í þeim efnum, að hann eigi þá vinnu að mestu leyti eftir. Að þessu leyti tel ég ekki að í þessum texta felist þau dramatísku straumhvörf sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson lét að liggja. Innan ríkisstjórnarinnar er hins vegar full samstaða um það að vinna að þessu verki og taka það til rækilegrar skoðunar og ég mun sem fjmrh. ásamt viðskrh. beita mér sérstaklega fyrir því og mun á þingi Norðurlandaráðs gera Norðurlandaráði sérstaka grein fyrir þeim þætti málsins.

Ríkisstjórnin hefur einnig mótað þá afstöðu, eins og kemur fram í þessum texta, að búa íslenska bankakerfið undir breytingar sem munu fylgja sameinuðum fjármagnsmarkaði Evrópu. En í framhaldi er síðan vakin athygli á því að lykilatriði í því sé að auka hagkvæmni íslenska bankakerfisins þannig að það geti staðist samkeppni við erlenda banka, m.a. hvað varðar vaxtamun, tryggingar o.fl. Þessi orð fela m.a. það í sér, eins og hv. þm. Guðmundur Ágústsson réttilega rakti hér áðan í umfjöllun sinni um merka blaðagrein, að það verður að fækka íslenskum bönkum, það verður að sameina þá. Sá banki m.a. sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson veitir forstöðu hefur engan öruggan rekstrargrundvöll í framtíðinni nema með því að taka höndum saman við aðrar bankastofnanir, einfaldlega vegna þess að vilji menn ná árangri í hagkvæmni og viðskiptaþróun verða íslenskar bankaeiningar að taka breytingum. Það er yfirlýst stefna þessarar ríkisstjórnar að vinna að því. Núv. viðskrh. hefur varið miklum tíma til þess verks og ég vænti þess að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson sé þá reiðubúinn að taka

þátt í þeirri sameiningu banka sem óhjákvæmilega þarf að verða ef íslenska peningakerfið á að geta lagað sig að þessum óhjákvæmilegu breytingum.

Ég vona, virðulegi forseti, að þetta svari því sem um var spurt og skýri málið, ekki bara af hálfu okkar alþýðubandalagsmanna heldur einnig af hálfu ríkisstjórnarinnar. Alþb. er mjög ánægt með þá niðurstöðu sem varð í ríkisstjórninni í vaxta- og peningamálum. Við teljum að í þeirri niðurstöðu felist veigamikil viðurkenning á þeirri gagnrýni og þeim viðvörunum sem við höfum flutt hér á Alþingi á undanförnum árum og við teljum að sú stefna taki skýrara mið af raunveruleikanum, sé farsælli til árangurs og muni standa lengur en það fljótræðisverk sem ríkisstjórnin 1983–1987 sameinaðist um þegar hún af hugmyndafræðilegu ofurkappi vildi reyna að umturna íslenska bankakerfinu í andstöðu við veruleikann í eðli þess.

Virðulegi forseti. Til að draga þetta saman í fáeinar setningar þá er staðreyndin sú að íslenska bankakerfið starfar á fákeppnismarkaði. Stýritækin í vaxta- og peningamálum, starfshættir bankanna verða að taka mið af þeim fákeppnismarkaði. Í umheiminum eru að gerast miklar breytingar í peningamálum og á fjármagnsmörkuðum. Íslenska peningakerfið verður að laga sig að þeim breytingum með einum eða öðrum hætti á næstu árum. Það verður eitt af stórum verkefnum íslenskra stjórnvalda að móta þá aðlögun og velja úr hvaða reglur við viljum að gildi hjá okkur og hverjar ekki. Það er mikið alvöruverk. Það er ekkert fljótræðisverk. Og þess vegna vil ég þakka hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni fyrir að hafa í sinni ítarlegu ræðu hér vakið mjög rækilega athygli á hve margar og veigamiklar spurningar það eru sem ekki bara ríkisstjórnin heldur Alþingi allt þarf að svara á næstu árum þegar við förum að taka afstöðu til þess hvers konar reglur við mótum á grundvelli þeirra tillagna sem settar voru fram í efnahagsáætlun Norðurlandaráðs, áætlun þar sem Ísland hafði og hefur enn formlegan fyrirvara um þann kafla áætlunarinnar sem snertir þetta atriði.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Mig langar til þess að reyna að svara í einhverjum mæli þeim fjölmörgu spurningum og athugasemdum sem fram komu í ræðum þeirra hv. 2. þm. Norðurl. e. og hv. 14. þm. Reykv., Guðmundar H. Garðarssonar, sem hér hafa báðir flutt langt mál og efnismikið. Ég mun freista þess að drepa á meginatriðin í því sem fram kom í máli þessara tveggja hv. þm. Ég get að sjálfsögðu alls ekki gert því viðhlítandi skil á þeim tíma sem eðlilegt er að taka til 1. umr. um þetta mál og mun því stikla á stóru.

Mér finnst athyglisvert í málflutningi þessara tveggja hv. þm., og reyndar annarra þm. Sjálfstfl. sem talað hafa við umræður um efnahagsmál hér í þinginu á undanförnum dögum, að þeir virðast eiga erfitt með að gera það upp við sig hvort þetta mál í heild, stefnumótun ríkisstjórnarinnar í peninga- og vaxtamálum og efnahagsmálum yfirleitt, sé rýrt í roði eða mjög merkilegt og stórfellt straumhvarf í efnahagsmálum. (**GHG:** Það þarf ekki að vera til hins betra.) Bíddu nú við, hv. 14. þm. Reykv. Ég skildi eiginlega skoðun hv. 14. þm. Reykv. að hann teldi að það væru vatnaskil til hins betra og ég fagna því því að ég er sannarlega sammála honum um það. (**GHG:** Að hluta.) Ég vona þess vegna að þessi þversögn í málflutningi þessara ágætu þingmanna muni uppleyst í fyllingu tímans. Þannig mun reyndar einnig fara um þá þversögn sem báðir þessir þingmenn — og reyndar fetuðu þeir þar í slóð formanns síns, hv. 1. þm. Suðurl. sem hafði þetta nokkuð á orði þegar ræddar voru yfirlýsingar hæstv. forsrh. á mánudaginn í fyrri viku. Þeir héldu því fram báðir í senn, og allir í senn ætti ég líklega að segja, að þessar tillögur væru mótsagnakenndar því að annars vegar takmörkuðu þær samkeppni og hlutuðust til um markaðinn, hins vegar stefndu þær að því að opna hann og tengja hann nánar, þ.e. fjármagnsmarkaðinn, því sem er í öðrum löndum. Ég tel að þarna sé málum nokkuð blandið í málflutningnum vegna þess að í þessu máli eru ekki andstæður þegar að er gáð.

Það er almennt viðurkennt, og það veit ég að hv. 14. þm. Reykv. þekkir mætavel úr sínu námi og starfi, að þegar samkeppni er takmörkuð á markaði, þá eru úrræði hins opinbera til þess að ráða bót á því og tryggja sanngjarna verðlagningu tvenns konar: Til skamms tíma að hlutast til um verðákvarðanir þeirra sem eru markaðsráðandi og gæta þess að ekki halli á hina sem minna mega sín, þ.e. að halda í skottið á einokunar- og markaðsráðandi fyrirtækjum. Hin aðferðin er sú þegar til lengdar lætur að auka samkeppni á markaðnum, auka virkni samkeppninnar með því að opna hann. Þannig stuðlar almannavaldið að almannaheill og nýtir kosti samkeppninnar en eyðir markaðsbrestum með vel valinni íhlutun.

Nákvæmlega þannig mætti lýsa þeim ráðstöfunum sem stjórnin hefur nú til gripið í bráð: Að hlutast til um ákvarðanir á markaði þar sem samkeppni er ónóg og hallar á almenning. Að treysta markaðsstöðu neytenda og hinna mörgu lántakenda sem ekki eiga í önnur hús að venda en hjá innlendum lánastofnunum og þurfa þar stundum að sæta kjörum sem býsna þungbær geta reynst.

Hins vegar er þetta ekki varanleg lausn. Varanlega úrræðið er auðvitað að bæta eiginleikana á þessum lánamarkaði, stuðla að samkeppni bæði innan lands og í fjármálaþjónustu yfir landamærin. Þess vegna er það að mínu áliti sögulega merkileg samþykkt sem gerð var um það einmitt að íslenskar lánastofnanir búi sig undir það að tengjast nánar erlendum fjármagnsmarkaði. Til þess þarf að þjappa þeim saman, til þess þarf að gera úr þeim öflugri starfhæfar einingar. Þetta veit ég að við erum sammála um, hv. 14. þm. Reykv. og 2. þm. Norðurl. e., þegar að er gáð. Þannig er ekki í þessu fólgin nein þversögn heldur styður þetta þvert á móti hvað annað. Reyndar er það mín von að sú skerping á íhlutunarrétti Seðlabankans og stjórnvalda um lánamál, sem felst í þeim tillögum sem hér liggja á borðum í allmörgum frumvörpum, verði fyrst og fremst virk þannig að

þarna vaki í veðri það aðhald sem almenningur þarf og að það þurfi ekki að beita þessu með beinni íhlutun. Þannig þjóna slíkar reglur slíkum tilgangi best. Á þetta mun náttúrlega reyna á næstu vikum og m.a. mun það varða þá sem sitja í bankaráðum, hvort sem það er nú Verslunarbankinn eða Búnaðarbankinn eða einhverjir aðrir bankar, þá mun reyna á það hversu trúir menn eru samkeppnishugsjóninni og ekki síður, hv. 14. þm. Reykv., ef þú mátt vera að því að hlusta, sanngirnishugsjóninni sem ég hélt að þú hefðir líka að leiðarljósi í þínu lífi og starfi. Þetta verður hann nú bara að lesa í þingtíðindunum, blessaður drengurinn. (Gripið fram í.)

Þá hverf ég aftur að orðum hv. 2. þm. Norðurl. e. Hann sagðist vonast til þess að vinnubrögðin við meðferð þessara þingmála yrðu vönduð. Ég er sammála honum um það og ég tel að það sé alls enginn árekstur þar á milli að vinna skjótt og örugglega að málum og sinna þeim af nákvæmni. Ég treysti á að það verði gert, bæði hér í deildinni og í hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar.

Hv. 2. þm. Norðurl. e. taldi að í þeim tillögum, sem nú væru uppi í vaxta- og peningamálum, væru fólgin nokkur hamskipti hjá þeim sem hér stendur, og reyndar ýmsum öðrum sem að málinu standa, og sagðist telja að í þessu væru nú fólgnar tillögur um aukna miðstýringu í fjármálum og peningamálum, aukin íhlutun í vaxtaákvarðanir o.s.frv. Vegna þessara orða hv. 2. þm. Norðurl. e. langar mig að lesa fyrir hann úr þeim tillögum hv. 1. þm. Suðurl., sem þá var forsrh. og hann flutti í ríkisstjórninni um miðjan september, um vaxtamál og biðja hann síðan að útskýra fyrir mér hvers vegna þeir sjálfstæðismenn snúast svo öndverðir við þeim tillögum sem hér eru fluttar. Með leyfi hæstv. forseta ætla ég nú að hefja lesturinn og hann er svona:

Tillögur hv. 1. þm. Suðurl., þáv. forsrh., voru í formi draga að yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um aðgerðir í efnahagsmálum og tilvitnunin er svona:

„Ríkisstjórnin hefur falið Seðlabankanum í samráði við viðskrn. að halda áfram viðræðum við lánastofnanir um lækkun vaxta. Leiði þær viðræður ekki til samkomulags um vaxtaþróun ítrekar ríkisstjórnin samþykkt sína frá 26. ágúst sl. um beina íhlutun Seðlabankans um vaxtaákvarðanir innlánsstofnana til þess að viðunandi niðurstaða náist.

Samhliða lækkun nafnvaxta í samræmi við áframhaldandi hjöðnun verðbólgu mun ríkisstjórnin vinna að því að meiri stöðugleiki í efnahagsmálum leiði til lækkunar raunvaxta.

Fjármálaráðherra mun beita sér fyrir lækkun vaxta á spariskírteinum og öðrum skuldabréfum ríkissjóðs í samningum við innlánsstofnanir og lífeyrissjóði.

Ríkisstjórnin hefur falið Seðlabankanum að stuðla að hliðstæðum breytingum á öðrum sviðum lánamarkaðarins og vinna þannig að almennri lækkun raunvaxta.

Ríkisstjórnin hefur falið Seðlabankanum að breyta grundvelli lánskjaravísitölu þannig að vísitala launa hafi sama vægi og framfærsluvísitalan og vísitala byggingarkostnaðar. Með þessari breytingu er leitast við að draga úr misgengi launa og lánskjara samhliða því sem sparifé verður áfram varið fyrir verðlagsbreytingum."

Þannig lýkur tilvitnun og ég spyr enn: Hvers vegna eru nú sjálfstæðismenn hér í þinginu svo afhuga þeim tillögum sem núv. ríkisstjórn hefur lagt fram, sem í raun og veru byggja á sömu hugsun og þeir áður kölluðu, fyrir ekki mörgum vikum, einu raunhæfu tillögurnar? Munurinn sem er á orðinn síðan er einfaldlega sá að verkfærin hafa verið brýnd svolítið betur. Það er búið að huga að því að ýmislegt sem gera þurfti til þess að þetta gæti orðið sem þarna var lesið — og í öllum meginatriðum eru þessi atriði enn hér í tillögunum — að þetta gæti orðið að veruleika. Hvernig stendur á því, hv. 2. þm. Norðurl. e. og hv. 14. þm. Reykv., að það sem þið gátuð lýst sem hinum einu ábyrgu tillögum í september er allt í einu nú í febrúar orðið þannig að það sé óþolandi miðstýring og íhlutun um frjálsa markaðsstarfsemi? Ég fæ ekki séð innrímið í þessu og ég veit að hv. 2. þm. Norðurl. e. með sitt næma brageyra og þjálfaðan rímhaus getur það ekki heldur.

Ég ætla svo að víkja að einstökum atriðum í máli hv. 2. þm. Norðurl. e. Hann velti því fyrir sér hvort orðin — sem bætt er við 2. mgr. 9. gr. laganna um Seðlabanka Íslands, að teknu tilliti til annarra tekna innlánsstofnana, þegar fjallað er um óhæfilegan vaxtamun milli inn- og útlána — hvort í þeim fælist einhvers konar vantraust á Seðlabanka Íslands. Það er alveg fjarri lagi. Þetta er einfaldlega til þess að gefa Seðlabankanum færi á að meta með tilliti til allra aðstæðna og einmitt vegna þess sem þeir hafa einatt bent á sjálfir, bæði þeir og bankarnir, að tekjuskipting, tekjusamsetning einstakra lánastofnana væri svo breytileg. Þess vegna væri nokkuð gott að fá svona viðbót. Ég tel þetta reyndar einnig hentugt til þess að vaxtastefnan taki tillit til allra þátta í tekjumyndun bankanna og er ekki full þörf á að gera það í bankaráðunum að líta líka til viðskiptakjara sem bankarnir bjóða sínum viðskiptavinum á öðrum lánsformum en hinum hefðbundnu sem birt eru í auglýsingum og tilkynningum frá bönkunum, þ.e. að bankaráðin hafi yfirumsjón með affallaviðskiptum og viðskiptakjörum sem boðin eru á viðskiptaskuldabréfum og viðskiptavíxlum? Þetta tel ég mjög nauðsynlegt til þess að sanngirni sé gætt og ekki sé eitthvert huldufólkskerfi í vaxtaákvörðunum í bönkunum, að það sé ekki tvöfalt siðgæði í þeim ákvörðunum sem þar eru teknar. Þannig er nú það. (**Gripið fram í:** Hvar er Stefán?) Hann er því miður ekki hér.

Þá kem ég að því sem er í 3. og 4. gr. frv., um innheimt viðurlög vegna vanefnda á lausafjár- eða bindiskyldukvöðum. Hv. 2. þm. Norðurl. e. sagði að þetta væru nýir skattar á bankana, nýir skattar á atvinnuvegina. Þetta er fráleit fullyrðing. Í þessu er ekkert nýtt. Þetta eru þau viðurlög sem tíðkast hafa og áður hefðu runnið og renna nú til Seðlabankans. Það eina sem gerist er það að eigandi Seðlabankans, ríkissjóður, fær nú ¾ af þessum viðurlögum beint til

sín, fengi þau ella að hálfu á endanum í gegnum hagnaðarráðstöfun samkvæmt ákvæðum laganna. Ég tel það heppilegt að ráðstafa þessu fé, sem er ekki nýtt og ekki nýjar álögur, beint til ríkissjóðs þannig að Seðlabankinn liggi alls ekkert undir því að hann ákveði þessi viðurlög eða hagi framkvæmd sinni á bindiskyldu og lausafjárkvöðum út frá einhvers konar eigin hagsmunasjónarmiði, þ.e. að hann noti sér þetta til fjáröflunar. Ef það er sýnt að stærsti hluti viðurlaganna eins og önnur viðurlög sem tíðkast renni beint til ríkissjóðs, þá er þessari röksemd eytt. Þetta er tilgangurinn.

Hugleiðingum hv. 2. þm. Norðurl. e. um það að ríkisstjórnin liti á Seðlabankann eins og einhverja sjálfrennandi lind og þarna væri auðsuppsprettan fundin vísa ég til föðurhúsanna. Það er hins vegar ljóst að það verður verulegur afgangur af rekstri Seðlabankans á árinu 1988. Sá afgangur fer inn í þriggja ára meðaltal sem ákveður hvað mikið muni renna til ríkissjóðs á árinu 1989 af meðalhagnaði sl. þriggja ára. Ég giska á að það verði um 150 millj. kr. Við það munu svo bætast þær rúmlega 250 millj. kr. sem ríkissjóður fengi af viðurlögunum sem á voru lögð í fyrra en eins og fram kemur í athugasemdum frv. voru þau um 335 millj. Samanlagt er því hér um það að ræða að af rekstrarafgangi Seðlabankans renni um 400 millj. kr. til ríkisins. Rekstrarafgangurinn 1988 er áreiðanlega hátt í 2 milljarða.

Ég ætla ekki að segja neitt fleira um þetta. Ráðstöfun á rekstrarafgangi Seðlabanka til ríkissjóðs er með ýmsum hætti í löggjöf norðlægra landa, en ég bendi á lönd, sem hingað til eru talin hafa fylgt ábyrgri fjármálastefnu eins og t.d. Sambandslýðveldið Þýskaland, þar sem allur afgangur af seðlabankarekstrinum rennur í ríkissjóð. Sama máli gegnir um Noreg samkvæmt tiltölulega nýjum seðlabankalögum. En ég ítreka að hér er alls ekki um neina nýja skatta að ræða, það er fráleit fullyrðing. Hins vegar tel ég þetta heppilega breytingu til þess að eyða þeim áróðri á hendur Seðlabankanum að hann hafi þetta sér til framfæris og afli sér tekna með því að níðast á bönkunum. Það gerir hann ekki. (**EgJ:** Voru ekki tillögur uppi um að þetta færi í Atvinnutryggingarsjóð eða á einhvern slíkan stað?) Ég kannast ekki við þær tillögur.

Í orðum sínum vék hv. 2. þm. Norðurl. e. nokkuð að vaxtalögum og þeim breytingum sem þar eru uppi. Ég tel heppilegra að þær umræður fari fram á þeim tíma sem það frv. er til meðferðar í hv. deild, en ég bendi á að það sem hann gerði helst að umtalsefni var reyndar umbrotsgalli í 6. gr. vaxtalagafrumvarpsins sem vonandi verður búið að leiðrétta og prenta upp áður en frv. kemur til þessarar deildar eins og reyndar var á orði haft í umræðum um málið í Nd. sem var að ljúka núna rétt áðan.

Ég vildi svo víkja að því sem hv. þm. Halldór Blöndal talaði hvað mest um og það var orðið „hóflegur", hvernig það bæri að skilja þegar talað er um raunvexti. Ég vildi þá benda honum á að í þeim seðlabankalögum sem ég þykist viss um að hann muni hafa samþykkt með sínu atkvæði er einmitt í 9. gr. orðið „óhæfilegur" um vaxtamun á milli inn- og útlána þar sem Seðlabankanum er fengið það vald að hlutast til um vexti til að draga úr óhæfilegum vaxtamun milli inn- og útlána. Ég tel að úr því að þetta var hægt sé hitt líka hægt og það sé á margan hátt eðlilegt að Seðlabankinn hafi sömu stöðu og sömu möguleika til huglægs en sjálfstæðs mats á því hvað hann telji hæfilegt í þessu efni um vextina sjálfa eins og um vaxtamuninn því að munurinn verður nú ekki greindur á því þegar til stykkisins kemur. Þess vegna tel ég að þeir menn sem vilja vera sjálfum sér samkvæmir í þessu máli hljóti að geta fallist á þá tillögu, sem hér er gerð, að þetta mat verði Seðlabankanum heimilað innan þeirra marka sem þarna eru nefnd, þ.e. „og eigi hærri en algengast er í helstu viðskiptalöndum Íslendinga". Þetta er mjög mikilvægt og ég tel reyndar að það sé nauðsynlegt vegna þess hversu umdeilanlegt slíkt mat og samanburður á milli landa er þannig að það verður að gefa þeim aðila sem á að fara með þetta vald aðstöðu til þess, heimild til þess að meta sjálfur hvað hann telji hæfilegt innan þeirra marka, einkum vegna þess hve sundurleitt efnið er sem bera skal saman. Reyndar tel ég að þetta muni stuðla að því að auðveldara sé að skilja hvernig á að framkvæma þessa grein og reyndar, eins og ég kom inn á í minni framsöguræðu, var það meðal minna fyrstu verka sem viðskrh. að óska eftir reglulegum skýrslum frá Seðlabankanum um þessi tvö atriði sem eru í 9. gr. seðlabankalaganna, þ.e. samanburð raunvaxta á milli landa og hvað hann teldi hæfilegan vaxtamun. Satt best að segja hafa þær skýrslur verið nokkuð lausar í böndum. Þess vegna finnst mér eðlilegt þegar svona stendur á að gefa Seðlabankanum sjálfstæði til að meta það hvað hann telji hæfilegt.

Ég vísa því alveg á bug, sem hv. 2. þm. Norðurl. e. hélt hér fram, að ég hefði haft Seðlabankann að blóraböggli í umræðum um efnahagsmál. Það er fjarri öllu lagi. Það hef ég ekki gert og tel ekki skynsamlega vinnuaðferð. Seðlabankinn er starfstæki ríkisstjórnarinnar. Hann hefur visst sjálfstæði lögum samkvæmt, á að nota það með þeirri ábyrgð sem á honum hvílir sem helstu stjórnvaldsstofnun á sviði peningamála.

Hv. þm. las úr samþykktum ríkisstjórnarinnar um peninga- og vaxtamál og óskaði skýringa á því hvað við væri átt þar í meginatriðum. Ég tel mig í raun og veru hafa oft svarað þeim lestri með því sem ég las úr tillögum hv. 1. þm. Suðurl. þar sem einmitt þræðinum í þessu máli var lýst. Það sem nú er verið að gera er að gera þetta framkvæmanlegt, herða á því skrúfurnar, brýna vopnin svo þau bíti betur til þess að hægt sé að framkvæma þann góða ásetning sem hikað var við í haust. Svoleiðis er nú það.

Síðan spurði hv. þm.: Hvað er átt við þegar talað er um endurskoðun á skiptikjarareikningum? Ég skal skýra það nokkrum orðum.

Margir af bankastjórunum, ekki síst í Búnaðarbankanum þar sem ég veit að hv. þm. er málum kunnugur, hafa áhyggjur af því að skiptikjarareikn-

ingarnir með því lagi sem þeir eru nú setji bankana í óhæfilega áhættu með sínar tekjur. Það sé of erfitt að geta sér til um hver verði niðurstaðan með vaxtamuninn hjá bönkunum, með greidda vexti og endurheimta vexti. Ég tel ástæðu til að hlusta á þessar raddir og meta hvort breytingar á þessu fyrirkomulagi, sem samkomulag gæti tekist um milli stjórnvalda og viðskiptabankanna, eru heppilegar. Þetta mál er alls ekki sett upp þannig að menn telji sig fyrir fram geta sagt nákvæmlega hvaða breyting þarna yrði gerð, en ein er þó augljós og hún er sú að það er mjög útbreiddur vilji forsvarsmanna viðskiptabankanna að draga úr mikilvægi þessara reikninga vegna þeirrar áhættu sem þeir telja að þeir feli í sér.

Hér ætla ég ekki að gera frekar að umtalsefni þá yfirlýsingu stjórnarinnar að stefna að nánari tengslum íslenska fjármagnsmarkaðarins við fjármagnsmarkaði nálægra landa. Það er mikið framtíðarmál sem stjórnin hefur orðið sammála um að undirbúa með skipulegum hætti og móta þarf reglurnar á grundvelli m.a. efnahagsáætlunar Norðurlanda sem Guðmundur H. Garðarsson, 14. þm. Reykv., gerði hér að umtalsefni og hafði greinilega lagt í það mikla vinnu að kynna sér það sem í því felst. Ég ætla ekki að hafa um það mjög mörg orð. Ég tel þetta mikilvæga samþykkt og að því máli verður unnið með þeim hætti sem fram gengur af samþykktinni og þarfnast ekki frekari skýringa á næstu missirum.

Mér fannst eiginlega vaka í máli hv. 2. þm. Norðurl. e. andstæða þess sem kom fram í máli hv. 14. þm. Reykv. Hann virtist hafa áhyggjur af því að tengja íslenska fjármagnsmarkaðinn nánar erlendum lánamarkaði, taldi það dauflega þjóðerniskennd ef erlendir bankar væru helsta úrræðið eða hjálpræðið minnir mig að hann notaði. Síðan sagði hann margt fleira um þetta mál, taldi það ósýnt að slíkar breytingar mundu lækka vextina og varpaði fram þeirri spurningu hvort afurðalán án ríkisábyrgðar mundu þá ekki valda hærri vöxtum. Mér finnst þetta satt að segja ganga dálítið á skjön við málflutning annarra flokksbræðra hv. þm.

Ég held því alls ekki fram að nánari tengsl íslenska fjármagnsmarkaðarins við erlenda markaði muni alltaf og ævinlega þýða lægri vexti. Ég held því hins vegar fram að slík tenging mundi stuðla að meira jafnvægi á lánamarkaðnum og að lán til fyrirtækja án ríkisábyrgðar á eigin ábyrgð séu æskileg þróun í okkar landi og draga eigi úr ríkisábyrgðunum. Ég bendi á að því hefur oft verið haldið fram af samtökum útflytjenda að þeir geti sjálfir fjármagnað sína sölu og sínar afurðabirgðir án milligöngu bankanna og ég tel rétt að þeir séu frjálsir að því að gera það.

Þetta er í einföldu máli það sem um þetta er að segja, en auðvitað verður ekki að breytingum af þessu tagi hrapað. Auðvitað varpa menn ekki frá sér því sem hefur skapað Íslendingum gott orð sem lántakendum erlendis, auðvitað munum við ekki varpa fyrir róða því gildi sem eignarhald ríkisins á vel metnum lánastofnunum getur haft fyrir okkur. Það eru auðvitað búhyggindi sem ég er sammála hv. 2. þm. Norðurl. e. um að við eigum að hafa í heiðri og ekki rýra fyrir okkur sjálfum.

Ég ætla ekki að hafa um þetta mikið fleiri orð. Aðrar athugasemdir og spurningar hv. 2. þm. Norðurl. e. sneru að öðrum frv. en því sem hér er til umræðu. Eitt af því sem hann varpaði fram hér var um óbreytilega vexti á verðtryggðum lánum en það er gerð um það tillaga hér í öðru frv. að Seðlabankinn hafi heimild til þess að taka upp slíka tilhögun almennt ef og þegar aðstæður eru heppilegar á lánamarkaði til slíkra hluta. Hann varpaði því fram að þetta mundi hækka vexti. Það tel ég nú ekki einsýnt. Það fer eftir því við hvaða aðstæður þetta er gert. Ég minni hann á það að formaður Sjálfstfl., 1. þm. Suðurl., fagnaði þessu ákvæði alveg sérstaklega. Endurtók það oft í sinni ræðu á mánudaginn í fyrri viku.

Loks hafði hv. þm. orð um það að lánskjaravísitölubreytingin horfði ekki til framfara. Ég minni hann enn á það sem ég las áðan úr tillögum hv. 1. þm. Suðurl. sem hv. 2. þm. Norðurl. e. kallaði hinar einu sönnu tillögur eða einu ábyrgu tillögur. Þar var orðrétt lagt til það sem nú hefur verið gert í þessu máli.

Þá vík ég nokkuð að athugasemdum og ummælum hv. 14. þm. Reykv. Guðmundar H. Garðarssonar. Ég hef reyndar þegar fjallað um það sem hann kallaði hina stóru þversögn í málflutningi stjórnarinnar. Þegar að er gáð er þetta ekki þversögn eins og ég kom inn á í upphafi minnar ræðu. Þetta er einfaldlega dæmi um tvenns konar íhlutun stjórnvalda við ófullkomin markaðsskilyrði, annars vegar íhlutun í bráð, opnun markaðarins og aukin samkeppni í lengd sem er nákvæmlega það sem felst í tillögum stjórnarinnar. Og ég vísa því á bug að tillögurnar feli í sér að stefnt skuli að því að eyðileggja verðbréfasjóði og fleira af því tagi sem hv. þm. fór hér með í annars mjög málefnalegri og vandaðri ræðu. Því fer víðs fjarri. (Gripið fram í.) Þú sagðir eyðileggja verðbréfasjóði og slíkar stofnanir. (Gripið fram í.) Já, einmitt ég er að tala um fyrri ræðu þingmannsins. Ég er að því. Ég geri ráð fyrir því að hann geri ekki upp á milli sinna ræðna og það ætla ég heldur ekki að gera. — Ég vísa því alveg á bug. Sannleikurinn er sá að hér hefur þrifist fjármálastarfsemi bæði verðbréfasjóða og fyrirtækja og með greiðslukort án þess að um þetta væru í gildi almennar leikreglur. Og ég bið hv. þm., sem í ræðum sínum hefur sýnt að hann hefur kynnt sér hvað tíðkanlegt er í löndunum í kring, að kynna sér þær reglur sem gilda um starfsemi verðbréfasjóða og verðbréfafyrirtækja í nálægum löndum, hvort sem væri á Norðurlöndum eða á Bretlandi, og þá mundi það upp fyrir honum renna að þar gilda margar og mjög strangar reglur um slíka starfsemi. Sama máli gildir um verðbréfafyrirtæki.

Menn mega ekki blanda agaleysi og frelsi saman. Frelsið er gott en því frelsi sem ríkir á markaðnum þarf að fylgja ábyrgð og agi og almennar leikreglur sem tryggja það að samkeppnin fari vel og heiðarlega fram og að hlutur neytenda og hinna smáu sé ekki

fyrir borð borinn. Þar kem ég að því, sem ég nefndi hér áðan, að ég treysti því að hv. 14. þm. Reykv. hafi ekki eingöngu samkeppnina að leiðarljósi í sínu starfi heldur líka sanngirnina. Það er kjarni þessa máls að hér er verið að setja almennar leikreglur fyrir fjármálastarfsemina sem miðar að þessu í senn.

Hv. þm. nefndi ýmislegt um starfsemi lífeyrissjóðanna og þá skoðun, sem hann lét í ljós, að breytingar á lögbindingu eða lögþvingun á ráðstöfun fjár þeirra til húsnæðismála og hvort það að losa um þá fjárbindingu og hleypa því fé almennt inn á lánamarkaðinn, inn í bankakerfið gæti ekki stuðlað að betra jafnvægi á lánamarkaðnum. Ég tel þetta mjög réttmætar ábendingar og mál sem ræða þarf. En þar er náttúrlega líka til þess að líta að þessi svokallaða binding, sem ég að sumu leyti lít eiginlega á sem réttindi fremur en skyldur vegna þess að þarna er ríkið að ábyrgjast verðtryggingu og ríflega ávöxtun á mjög stórum hluta af sjóðunum, þessi tilhögun er til komin, á sett sem hluti af kjarasamningunum 1986. Auðvitað geta þeir ekki gilt til eilífðarnóns, en hins vegar veit ég það að hv. 14. þm. Reykv., svo reyndur sem hann er af þeim vettvangi, skilur líka að slík löggjöf hefur í sér fólgnar vissar skyldur, viss bönd úr fortíðinni sem ekki er svo auðvelt að leysa, hvað þá að höggva á. En ég tel að ábending hans sé réttmæt. Þarna mætti huga að því hvort einhvers konar breyting á þessu og að meira af fé lífeyrissjóðanna komi inn á hinn almenna markað gæti ekki stuðlað þar að betra jafnvægi.

Síðan vil ég víkja aðeins að því sem fram kom í máli hans og varðaði breytingar á ákvæðum 8. gr. seðlabankalaganna um bindiskyldu þar sem ég lýsti því að bankabréf og veðdeildastarfsemi kynnu að koma undir bindiskylduna samkvæmt þeim tillögum sem nú væru ræddar. Ég andmæli því að í þessu felist nokkur aðför að einkabönkunum. Þvert á móti tel ég að í þessu fælist jöfnun á skilyrðum vegna þess að það fer ekki mála á milli um þá banka sem hafa notfært sér það að færa meira og meira af lánastarfseminni yfir í veðdeildir og bankabréfaviðskipti, og það eru ekki eingöngu einkabankarnir því að ríkisbankarnir hafa líka gert þetta, að það var með öllu óeðlilegt. Þess vegna tel ég að þarna þurfi að leita að leið sem tryggir það að eins sé með alla farið og að menn geti ekki vikið sér undan þessum kvöðum hvort sem mönnum eru þær ljúfar eða leiðar einfaldlega með því að segja: Þetta er starfsemi sem ég rek í gegnum veðdeild bankans en ekki fyrir reikning hans sjálfs. Þetta er starfsemi sem ég rek yfir bankabréf. Ég vil ekkert lána þér peninga, segir bankinn við viðskiptavininn, en þú getur fengið hér bankabréf og þá er auðfengið lánsfé. Þessar reglur eru augljóslega ekki sanngjarnar eins og þær eru og ég tel þess vegna mjög athugunarvert hvort ekki eigi að færa þetta í þetta snið.

Hv. þm. kom inn á langtímastefnuna í samþykktum ríkisstjórnarinnar og spurði mjög um það. Það endurtók hann í sinni ræðu í dag og ég kann honum þakkir fyrir að hafa vakið athygli á því hversu stóru máli er þarna hreyft. Ég býst við að ræða hæstv. fjmrh. hafi líka leitt í ljós að þarna hefur tekist það sem ég vil kalla sögulegt samkomulag um að vinna að undirbúningi að breytingum á þessum reglum á grundvelli tillagna ráðherranefndarinnar um efnahagsáætlun Norðurlanda sem hefur sem eitt mikilvægasta innihald sitt breytingar á fjármagnsmarkaði og reglur um frjálsari hreyfingar á milli landa. Þessi þróun er hér þegar byrjuð. Í upphafi ársins voru gefnar almennar heimildir til þess að taka vörukaupalán allt að þremur mánuðum ef tekið var á eigin ábyrgð fyrirtækjanna án tillits til þess hvað inn var flutt, enda voru þær reglur sem áður giltu gjörsamlega úreltar. Þetta var fyrsta skrefið í átt til þess að heimila lántökur í auknum mæli á eigin ábyrgð, en í því felst líka að það verði haldið aftur af lántökum sem eru teknar fyrir ábyrgð banka eða ríkisins.

Þetta er í stuttu máli fyrsta skrefið, en við þurfum líka að huga að því hvort og með hvaða skilyrðum unnt sé að leyfa viðurkenndum fjármálastofnunum að starfa hér á landi. Við þurfum að búa innlendu lánastofnanirnar undir þetta, þjappa þeim saman, gera úr þeim starfhæfari einingar sem í fyllingu tímans geti leitað viðskipta utan lands ekki síður en innan um leið og einhverjir erlendir aðilar fengju viðskipti innan lands. Ég er sannfærður um það að næsti áratugur verður að sama skapi áratugur aukins frelsis í viðskiptum með þjónustu, bæði fjármálaþjónustu og aðra þjónustu, eins og sjöundi og áttundi áratugurinn eru einkenndir af auknu frelsi í viðskiptum með vörur. Hægt og hægt mun þessi breyting verða og ég er sannfærður um að hún verður okkur til góðs ef við kunnum fótum okkar forráð og högum okkar búskap þannig að við getum staðist þessi nýju skilyrði. Það er mál til komið að hér kæmi ríkisstjórn sem tæki á þessu máli með þá framtíðarsýn sem ég tel að lýsi sér í samþykkt ríkisstjórnarinnar og forsrh. kynnti hér á mánudaginn var.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð í þessu máli og mun að sjálfsögðu svara öðrum fyrirspurnum og athugasemdum sem berast kunna eftir því sem ástæða gefst til.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það var í rauninni sorglegt að hæstv. viðskrh. skyldi ekki hafa haft tækifæri til þess að draga framtíðarsýn sína upp fyrir samtökum fiskvinnslustöðvanna sem þinguðu sl. föstudag í Háskólabíói. Þeir voru mættir þar, þrír ráðherrar, og ég hygg að það sé samdóma álit allra sem á þá hlustuðu að þeir voru ekki stoltir af yfirlýsingu hæstv. forsrh., þeir voru ekki stoltir af þeim rekstrarskilyrðum sem sjávarútvegurinn hefur nú og ég hygg að það liggi alveg ljóst fyrir, eins og fram hefur komið hjá hæstv. sjútvrh., eins og fram hefur komið þrásinnis hjá hæstv. forsrh., að grundvöllur peningakerfisins er skakkur. Það eru brestir í grundvellinum. Þegar hæstv. viðskrh. er hér að hrósa sér af því að hann sé tímamótamaður í sæti viðskrh. og talar mjög um að honum hafi auðnast að auka frelsi í gjaldeyrisvið-

skiptum og öðru slíku, þá er rétt að rifja upp að okkur sjálfstæðismönnum hefur tekist, þrátt fyrir að vinstri menn eru í meiri hluta á þinginu, að koma fram margvíslegum umbótum í gjaldeyrismálum, í viðskiptamálum þar sem á hinn bóginn Alþfl. hefur verið í gegnum tíðina mikill talsmaður hafta og verðlagshafta og verðlagseftirlits og hefur það m.a. komið skýrt fram í ýmsum upphrópunum og ræðum margra þingmanna og ráðherra Alþfl. En ég verð líka að segja að það var skemmtilegt að heyra hæstv. viðskrh. áðan reyna að gefa það í skyn og reyna að færa rök fyrir því að hann væri í raun og veru jafnmikill frjálshyggjumaður og við sjálfstæðismenn. Mér þótti líka vænt um að heyra það sem hann sagði, að sá árangur sem náðst hefði í stjórn peningamála væri allur í anda þeirrar yfirlýsingar sem formaður Sjálfstfl. hefði gefið og mátti vel heyra á viðskrh. að hann taldi að þá mundi þjóðinni fremur geðjast að þeim boðskap sem hann flytur nú hér á Alþingi ef honum tækist með einhverjum hætti að tengja boðskapinn því sem sjálfstæðismenn hafa haldið fram og sjálfstæðismenn hafa sagt á liðnum árum.

Það er líka merkilegt að heyra hæstv. viðskrh. vera að gefa í skyn, ekki einu sinni í ræðunni heldur margsinnis, að sú stefna sem ríkisstjórnin er nú að beita sér fyrir sé í öllum aðalatriðum sú sama og sjálfstæðismenn vildu gera í september sem þó olli því að þessi hæstv. ráðherra beitti sér fyrir því ásamt með nafna sínum Jóni Baldvin og Steingrími Hermannssyni að rjúfa stjórnarsamstarfið við Sjálfstfl. vegna þess að hann taldi að Sjálfstfl. væri á þvílíkum nótum að ekki væri sæmandi þeim alþýðuflokksmönnum að vinna áfram með okkur og töluðu raunar um rýtingsstungu í því sambandi. Mig minnir að hæstv. forsrh. hafi meira að segja sagt í sjónvarpinu „og sárið er djúpt, ég verð að segja það" þannig að menn litu nú svona ýmsum augum á silfrið á þeim tíma, en hitt var auðvitað líka rétt hjá hæstv. viðskrh. að við sjálfstæðismenn höfðum miklar áhyggjur af vaxtaþróun hér á landi allan þann tíma sem Jón Sigurðsson var viðskrh. í ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar.

Það er auðvitað ekki leyndarmál og auðvitað stóðum við eins og aðrir stjórnarflokkar þá að þeirri samþykkt að ef nauðsyn krefði og ef raunvextir ekki lækkuðu yrði óhjákvæmilegt að Seðlabankinn gripi inn í. Ég vek athygli á því sérstaklega að í ræðu sinni áðan staðfesti hæstv. viðskrh. að í þeim frumvörpum sem nú er verið að leggja fram eru engar nýjar heimildir til handa Seðlabankanum til að grípa inn í vaxtaþróun. Ég vil líka minna á þau ummæli hæstv. ráðherra sem hann viðhafði í sinni fyrri ræðu um að orðið „hóflegur" væri til þess að skerpa lagagreinina um eftirlit Seðlabanka með vaxtamun og raunvöxtum. Í sinni síðari ræðu afsakaði hann orðið með því að í lagagreininni væri annað orð sem líka væri huglægt og erfitt að henda reiður á, nefnilega „óhæfilegur vaxtamunur". Ég get alveg unnt hæstv. viðskrh. þess. Ef hann vill hrúga saman svona orðum í þennan lagatexta, þá er mín vegna allt í lagi þó að þarna standi sanngjarn, hóflegur og ýmislegt af því tagi. Kannski enn þá betra að segja sanngjarn og hóflegur vaxtamunur. (Gripið fram í.) Jafnvel mín vegna mætti það standa. Það er auðvitað merkingarlaust. Það er að sjálfsögðu alveg merkingarlaust eins og orðið „hóflegur" í þessu samhengi. Einnig þótti mér undarlegt þegar hæstv. ráðherra var að reyna að gera því skóna að Seðlabankinn hefði ekki talið sig hafa lagaheimildir til að taka tillit til annarra tekna innlánsstofnana en vaxtatekna í sambandi við eftirlit sitt með því að ekki sé óhæfilegur vaxtamunur hér á landi. Mér fannst ræða ráðherrans líka varðandi það atriði slöpp.

Auðvitað vitum við að bankarnir hafa tekjur af mörgu öðru en vaxtamun og við vitum líka að á undanförnum árum hefur það oft komið fyrir að ríkisstjórnir hafa haft afskipti eða beitt þrýstingi við bankana til að fá þá til að halda niðri margvíslegum greiðslum fyrir þá þjónustu sem bankarnir veita vegna þeirra áhrifa sem slíkt hefur á vísitöluna þannig að hluti af þeim mikla vaxtamun sem er hér á landi er beinlínis vegna óheppilegra pólitískra afskipta einstakra ráðherra af bankaráðum og bankastjórnum, einkum ríkisbanka. Það er auðvitað líka alveg rétt, sem fram kom hjá hæstv. fjmrh. hér áðan og óbeinlínis eða beinlínis, ég man það ekki glögglega, hjá hæstv. viðskrh., að þeir vilja hafa miklu sterkari pólitísk tök á viðskiptabönkunum en áður. M.ö.o.: bein pólitísk afskipti ráðherra af bönkum eru að verða að hálfgerðum kæk og krystallaðist raunar í því þegar ríkisstjórnin kallaði sína menn í bankaráðum viðskiptabankanna til sín upp í Stjórnarráð til að segja þeim hvað þeir mættu samþykkja og hvað þeir mættu ekki samþykkja. Nú er hugmyndin hjá ríkisstjórninni eins og frv. liggur fyrir um viðskiptabankana nú að auka valdsvið bankaráðanna til þess að þeir geti betur haldið í spottann vegna þess að það hefur komið í ljós að fulltrúar stjórnarflokkanna í bankaráðum ríkisbankanna dansa alveg eins og þeim er sagt, minna í rauninni á sprellikarla eins og þeir voru í gamla daga. Svo var kippt í spottann og þá kipptust upp hendur og fætur. (**SkA:** Eins og með Kidda Finnboga.) Kiddi Finnboga er nú ekki bestur af þeim. — Hæstv. forseti. Ég biðst afsökunar að hafa ekki nefnt þennan einstakling fullu nafni sem byggist á því að það var gripið fram í fyrir mér og ég endurtók það sem viðkomandi þingmaður sagði. (Gripið fram í.) Það liggur alveg ljóst fyrir að lagaheimildir til handa Seðlabankanum til að hafa áhrif á hverjir raunvextir séu í landinu eru hinar sömu og áður og í rauninni ekkert sem breytist við þetta frv. í þeim efnum.

Hitt var svo pínulítið eftirtektarvert að viðskrh. hélt sig við það að hann hefði fundið peningalindina, (Gripið fram í.) vatnsleysuna, peningavatnsleysuna í nýja seðlabankahúsinu. Það skiptir ekki máli þótt viðskiptabankarnir séu látnir greiða sektir til Seðlabankans. Ef þeir eru að reyna að fjármagna útflutningsatvinnuvegina, sjávarútveginn sérstaklega, og ef lausafjárstaða þeirra af þeim sökum er ekki nógu góð ber þeim að greiða sérstakar sektir til Seðlabankans.

Nú ætlar ríkissjóður að klippa af skottinu pínulítið, taka til sín svolítið af þessum sektum. Auðvitað er það afsakað með fögrum orðum, afsakað með því að þetta sé mikil réttarbót og sanngirni og það sé verið að draga úr tortryggni í garð Seðlabankans og allt svoleiðis, en auðvitað kemur þetta ekki við neinn. Auðvitað kemur það ekki við neinn þótt þannig séu teknir peningar af útflutningsatvinnuvegunum í gegnum Seðlabankann. Ef fyrir hæstv. ríkisstjórn vekti að íþyngja hvorki atvinnuvegum né bankakerfi í heild með þessum sektargreiðslum væri hægt að nota peningana til þess t.d. að lækka vextina fyrir sjávarútveginn. Ég hef áður sagt það í deildinni að mér finnist rétt til þess að gengisfellingin síðasta og raunar áður nýttist undir eins fyrir útflutningsatvinnuvegina að þau gengistöp sem eru vegna afurðalána falli á Seðlabankann. Ef það væri gert mundi það ekki íþyngja neinum, ekki útflutningsatvinnuvegunum, og þá mundi ríkissjóður ekki fitna af þeirri ósvinnu þegar t.d. Landsbankinn er að reyna að halda uppi atvinnustarfsemi úti á landi með því að lána sjávarútvegsfyrirtækjunum mikið fé.

Ég heyrði áðan, og það var kannski kjarninn í því sem þeir sögðu, hæstv. fjmrh. og hæstv. viðskrh., og höfuðafsökunin fyrir því að þeir hefðu flutt þau frumvörp sem hér er fjallað um og samþykkt þá yfirlýsingu sem hæstv. forsrh. las að hér á landi væri fákeppnismarkaður í peningamálum, peningamarkaðurinn væri fákeppnismarkaður sem leiddi til þess að raunvextir hækkuðu smátt og smátt, það væri lögmál á slíkum peningamarkaði, og að ógerningur væri að ná raunvöxtum niður á nýjan leik öðruvísi en með handafli. Þetta var lýsing hæstv. fjmrh. á þeim peningamarkaði sem er hér á landi og ummæli hans féllu á þann veg að vegna fámennis okkar hlyti það jafnan að vera svo. Mér heyrðist raunar að hæstv. viðskrh. reyndi að taka undir þetta með öðru orðinu þó hann með hinu orðinu hafnaði þessari skilgreiningu fjmrh. þegar hann talaði um að það væri varanlegt úrræði í peningamálum að bæta eiginleikana á þessum lánamarkaði. Hann er m.ö.o. þeirrar skoðunar að eins og sakir standa nú sé óhjákvæmilegt að hlutast til á markaðnum, samkeppnin sé ónóg nú, en á hinn bóginn sé hægt að bæta eiginleikana framvegis. Þar komum við þá inn á það og í því felst í rauninni svarið við því sem hæstv. fjmrh. sagði, að það er síður en svo lögmál hér á landi að við getum ekki verið með frjálsan fjármagnsmarkað og þó hóflega vexti. Auðvitað, ef þannig er að markaðnum búið, eðlilega er að markaðnum búið, þýðir það að raunvextir hér á landi eru hóflegir, svo að ég noti það orð, eða sambærilegir við það sem er í kringum okkur. Ég vil í þessu sambandi hins vegar leyfa mér að halda því fram að fákeppnismarkaður eins og hann er hér geti fremur stuðlað að óhæfilegum vaxtamun.

En hvað er það sem hefur valdið þessari tilhneigingu hér á landi til þess að hækka vextina og hvað veldur tregðunni t.d. hjá bönkum og fjármagnsstofnunum til að lækka raunvexti? Skýringin er sú að við bjuggum í mörg ár við öfuga vexti. Skýringin er sú að áður en verðtryggingin kom til sögunnar brann sparifé upp og menn reyndu að geyma sparnaðinn, m.a. í steinsteypu, í málverkum, jafnvel í gömlum bókum, í ýmsu öðru en beinum peningum eða skuldabréfum. Það var meira að segja svo á þeim árum að fyrirtæki áttu í erfiðleikum með að halda nægilegu rekstrarfé í sínum rekstri þar sem skattalögin voru þannig upp byggð að lausafé hlaut að étast upp á tiltölulega fáum árum jafnvel þótt fyrirtækin væru rekin með góðum árangri og skiluðu hagnaði ár eftir ár. Slík fyrirtæki gátu ekki bætt eiginfjárstöðu sína til langframa nema með því einu að fjárfesta. Þannig var að þessu búið á þeim tíma. Síðan var lánskjaravísitalan tekin upp og ég vil alveg taka undir það með einstökum ráðherrum að það var síður en svo happaspor eins og það var gert. En ástæðan fyrir því að lánskjaravísitalan var tekin upp var auðvitað sú verðbólga sem hér hafði ætt yfir og er raunar enn að æða yfir landið. Þessi vísitala olli því að menn fengu aftur meiri trú á því að græddur væri geymdur eyrir og lengi var það svo að menn gátu treyst því að lánskjaravísitalan, góð eða vond, mundi standast allt það óðagot sem hefur einkennt einkum vinstri stjórnir hér á landi. Það er rétt hjá hæstv. viðskrh. að í þeirri málamiðlunartillögu, sem hann vitnaði til að formaður Sjálfstfl. hefði lagt fram í septembermánuði sl., var gert ráð fyrir því að ný lánskjaravísitala yrði til þar sem laun yrðu tekin inn sem jafngild bæði byggingarvísitölu og verðlagsvísitölu. Ég vil á hinn bóginn minna hæstv. viðskrh. á að hann var á þeim tíma þeirrar skoðunar, eins og raunar við sjálfstæðismenn einnig, að vísitalan gæfi betri mynd af þróun verðlagsmála ef gengið yrði jafnframt tekið inn í vísitöluna, ekki einungis launin heldur einnig gengið, enda er ég þeirrar skoðunar að áætlun ríkisstjórnarinnar sé að breyta lánskjaravísitölunni á nýjan leik nú í vor þannig að gengið komi inn sem viðmiðun eftir að ríkisstjórnin hefur fellt gengið svo sem einu sinni eða tvisvar til viðbótar eins og hæstv. forsrh. hefur lýst yfir að sé óhjákvæmilegt.

Ég hygg, og vil ítreka það sem ég sagði í fyrri ræðu minni, að eins og frv. um stjórn efnahagsmála er orðað er óhjákvæmilegt að fastir vextir á verðtryggð bréf hljóta að leiða til hækkunar vaxta þar sem þar er gert ráð fyrir því að lánskjaravísitölunni verði hreyft á nýjan leik og ljóst er að hún er ekki sami grunnur og áður fyrir fjárskuldbindingum. Óvissan hlýtur að valda því að vextir fari hækkandi. Vextir fóru hækkandi hér á landi vegna þess að hér var haldið uppi of háu gengi. Þrýstingurinn á lánsfjármarkaðinn hér á landi er aðallega til kominn vegna hins gífurlega hallarekstrar sem er í útflutningsatvinnugreinunum og eina leiðin til að ná vöxtum niður er að búa fyrirtækjunum sómasamlegt rekstrarumhverfi.

Ég vil svo að síðustu aðeins ítreka það sem ég sagði síðast þegar þetta mál var hér til umræðu. Auðvitað gefur auga leið að raunvextir hljóta að hækka við það ef ríkisábyrgð verður felld niður, t.d. af Landsbanka, Útvegsbanka, Fiskveiðasjóði, Iðnlánasjóði o.s.frv. Auðvitað hljótum við að búa við verri kjör ef ríkisábyrgðin verður felld niður. Þetta var síðast í morgun

staðfest í fjh.- og viðskn. af fulltrúa ríkisstjórnarinnar. Þetta er almennt viðurkennt með því að sérstakt gjald er lagt á ríkisbankana vegna þess að þeir njóta betri kjara en aðrir bankar. Við getum haldið því fram að það gefi meira aðhald á fjármagnsmarkaðinn, á fyrirtækin, ef ríkisábyrgðin er afnumin þannig að fyrirtækin taki síður lán en ella og reyni frekar að fjármagna sig með eigin fé ef lánsfé verður dýrara. Það má halda því fram. Ýmsir vilja meira að segja halda því fram að ríkisstjórnir freistist til þess að draga nauðsynlegar ráðstafanir í efnahagsmálum á langinn vegna þess hversu sterkir ríkisbankarnir eru í íslensku hagkerfi og er vafalaust að það er ein skýringin á því núna að ríkisstjórnin lætur undir höfuð leggjast að gera nauðsynlegar ráðstafanir fyrir sjávarútveginn. En um leið og viðskrh. talar um að hann vilji leggja niður ríkisábyrgð og draga úr ríkisábyrgð á erlendum lánum ætti hann að hætta að hugsa um að þjóðnýta fyrirtækin aftur eins og hann ætlar að gera með hlutabréfasjóðnum sem talað er um og eins og hæstv. viðskrh. er að gera með því að skipuleggja hallarekstur fyrirtækjanna og með því að reyna að hafa stjórn og hemil á efnahagsmálunum með því annars vegar að framkalla atvinnuleysi og hins vegar með því að draga úr því að menn fái yfirborganir. Ég vil í þessu sambandi bara vitna til eins dæmis sem við vorum að fjalla um í dag. Við getum talað t.d. um Ólafsfjörð. Það fæst ekki eitt einasta svar frá þessum Atvinnutryggingarsjóði nema nei og ef talað er við þá stjórnarþingmenn og ráðherra sem koma úr Norðurlandskjördæmi eystra um það hvort þess sé að vænta að þeir Ólafsfirðingar geti aftur farið að starfrækja sín frystihús sem þeir eiga, sem þeir í rauninni eiga því að skuldir eru minni en eigið fé, og ef þessir menn eru spurðir, þingmennirnir í Norðurlandskjördæmi eystra sem spyrja stjórnina: Hvenær lagast rekstrargrundvöllurinn? þá er bara bent á hlutabréfasjóð sem einhvern tíma komi. Það er sagt að þeir verði þá að þiggja slíka ölmusu en ekki neitt svar um hitt hvort þeir fái almennilegan rekstrargrundvöll.

Auðvitað þýðir ekki neitt að vera að guma af einhverri skynsamlegri stefnu í sambandi við bankamálin, að menn vilji gera bankastarfsemi frjálsa og menn vilji laga íslenskt bankakerfi að bönkum í Vestur-Evrópu, á sama tíma og hæstv. ráðherra sér ekki um það t.d. að skattalögin séu í einhverju samræmi við það sem þar er og þau starfsskilyrði sem bankarnir vinna við séu sæmandi. Auðvitað er þetta allt saman ekkert annað en orðaleppar.

Við beittum okkur fyrir því á síðasta þingi að laga skattalögin. Þau voru afvegaleidd á nýjan leik nú eins og ég hef áður rakið þannig að aldrei verður talið fram eftir þeirri skattalagabreytingu sem við komum í gegn á sl. vetri og við slík skilyrði er víðs fjarri að þess sé að vænta að sá stöðugleiki skapist í efnahagslífi sem nauðsynlegur er fyrir lága vexti.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður, en vegna ummæla hv. þm. Halldórs Blöndals um að ríkisbankarnir væru sterkir vaknar sú spurning í mínum huga: Hversu sterkir eru raunverulega ríkisbankarnir? Hvað vitum við hv. þm. um það hver er staða ríkisbankanna í dag? (**Fjmrh.:** Spurðu Halldór Blöndal. Hann er í bankaráði Búnaðarbankans.) Já, hæstv. fjmrh. Það er nú þannig að einstakir bankaráðsmenn eru ekki eins og starfandi bankastjórar. Þeir fylgjast ekki með rekstri bankanna frá degi til dags. Þeir hafa auðvitað sínar skyldur, en það sem ég var að segja núna er að það stendur kannski hæstv. ríkisstjórn nær að hugleiða hversu sterkir ríkisbankarnir eru raunverulega miðað við þær skyldur og kvaðir sem þeir hafa og miðað við stöðu þeirra fyrirtækja sem eru helstu viðskiptavinir þessara banka.

Hæstv. bankamálaráðherra talaði um það áðan að sá sem hér stendur væri bankaráðsmaður í litlum banka. Hæstv. ráðherra hafði orð á því að það ætti að leggja niður þessa litlu banka, þeir ættu ekki rétt á sér. En ég hugsa, hæstv. ráðherra, að það sé betra að hafa lítið fyrirtæki og lítinn banka sem stendur fyrir sínu en reka stórfyrirtæki sem hugsanlega stæði á brauðfótum. Menn skyldu ekki lítilsvirða það sem lítið er og ættu hv. þm. Alþfl. síst að gera það. Hér var einu sinni á þingi hv. þm. Vilmundur Gylfason. Hann hafði mikið á lofti kennisetningar austurrísks hagfræðings, sem að vísu flýði til Bretlands á sínum tíma, Erichs Schumachers. (Gripið fram í.) Hann talaði um það að smátt eða lítið væri fallegt, „small is beautiful". Ég held að fáir ráðamenn vilji lítilsvirða þau sjónarmið og síst skyldum við Íslendingar gera það, alla vega ekki í samfélagi þjóðanna þar sem við erum lítil þjóð. Við skulum ganga hægt um þær dyr að tala um að það sem er lítið sé ekki nægilega gott. — Ég sé að hæstv. fjmrh. tekur undir þetta með því að nikka lítillega.

Ég þakka hæstv. ráðherrum fyrir svör þeirra við fyrirspurnum mínum og því sem kom fram í minni ræðu og ég beindi til þeirra, en ég verð þó að segja það eftir ræðu hæstv. fjmrh. og formanns Alþb. að mér fannst hæstv. ráðherra víkja sér undan því að svara því beint að um afstöðubreytingu væri að ræða af hálfu Alþb. hvað varðar erlent fjármagn og þátttöku erlendra fyrirtækja í íslensku atvinnulífi. Í þessu tilviki vorum við að tala um bankastarfsemi. Það getur beðið síns tíma og 2. umr. að ræða það nánar við hæstv. ráðherra.

En hæstv. ráðherra Ólafur Ragnar Grímsson vildi meina að það væri ekki samræmi í málflutningi okkar sjálfstæðismanna, þ.e. að formaður flokksins, hv. þm. Þorsteinn Pálsson, hefði aðrar skoðanir en hv. þm. Halldór Blöndal og ég. (Gripið fram í.) Já, það er alveg rétt hv. þm. Egill Jónsson. Þetta er mikill misskilningur. Við erum að tala um afmarkað og tiltekið mál sem eru fjármál og peningamál sem eru í pakka ríkisstjórnarinnar um efnahagsaðgerðir. Það sem er aðalatriðið og það sem formaður flokksins átti við er auðvitað að efnahagsaðgerðirnar í heild eru gagnslausar, gagnslitlar, ef ekki til hins verra. Það er það sem formaður Sjálfstfl. átti við. Við erum að tala

um tiltekið þrengra svið sem eru fjármálin. Það stendur eftir sem áður óhaggað, og er samræmd skoðun okkar sjálfstæðismanna, að efnahagsaðgerðir þessarar ríkisstjórnar, alla vega gagnvart grundvallaratvinnuvegum þjóðarinnar, sjávarútvegi og fiskiðnaði, duga ekki.

Ég var á fundi eins og hv. þm. Halldór Blöndal sl. föstudag þar sem voru saman komnir forráðamenn íslensks sjávarútvegs og fiskiðnaðar. Þar voru einnig staddir hæstv. forsrh. Steingrímur Hermannsson, hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson og hæstv. sjútvrh. Halldór Ásgrímsson. Ég held að ég sé ekki að gera mönnum upp orð eða hugsanir þegar ég segi að það hafi verið afskaplega dapurt bæði að hlusta á ræður manna og gera sér grein fyrir því hve staða sjávarútvegs og fiskiðnaðar er erfið og vond þessa dagana. Þrátt fyrir þær tillögur um efnahagsaðgerðir sem eru í þessu frv. hjálpar það því miður ekki upp á stöðu þessara atvinnugreina. (Gripið fram í.) Það er það sem við erum að tala um í dag að efnahagsaðgerðir núv. ríkisstjórnar mæta þessu ekki. Fyrri tíð skulum við ekki fara út í, hv. þm. Karvel Pálmason. Því var lofað þegar þessi stjórn var mynduð sl. haust að gripið yrði til ráðstafana sem dygðu. Það hefur því miður ekki verið gert og ég veit að hv. þm. er sammála mér í því efni. Alla vega hefur hann látið þau orð falla, kannski ekki hér í þingsal en við önnur tækifæri.

Það sem mér fannst athyglisvert var það sem fram kom í ræðu hæstv. fjmrh. Ólafs Ragnars Grímssonar sérstaklega. Það er að sjálfsögðu þetta með þessa grundvallarafstöðubreytingu Alþb. til erlends fjármagns. Það er vissulega sögulegt atriði, eins og kom fram í ræðu hæstv. viðskrh., að það hefur orðið í vissum skilningi söguleg sátt í þessu. En sú sögulega sátt er afskaplega stefnumarkandi og mun hafa mjög afdrifaríkar afleiðingar fyrir stöðu Íslendinga sjálfra sem eignarhaldsaðila að íslenskum atvinnurekstri og íslenskum fyrirtækjum.

En það var annað atriði sem mér fannst athyglisvert í ræðu hæstv. fjmrh. þegar hann var að ræða um stefnumótun og hvernig stefnumótun yrði til. Hann sagði: Stefnumótun getur myndast vegna tilfinningalegra atriða, sem er auðvitað rétt og sem betur fer, segi ég. Sem betur fer er maðurinn tilfinningaskepna. En það sem mér fannst athyglisverðast var hvað hann lagði mikla áherslu á að raunverulega ætti það að víkja sem snýr að tilfinningunum. Það væri hinn harði raunveruleiki sem ætti að sitja í fyrirrúmi. Og hver var hinn harði raunveruleiki hjá hæstv. fjmrh.? Hann var sá í augum alþýðubandalagsmannsins að nú væri sá tími kominn að Alþb. yrði að horfast í augu við þann harða raunveruleika að Íslendingar yrðu að blanda blóði við erlent fjármagn í Vestur-Evrópu. (**EgJ:** Frjálshyggja.) Þetta var vel svarað hjá hv. þm. Agli Jónssyni. Ég skal láta þá athugasemd standa.

En svo er það umræðan um að íslenskur peningamarkaður sé ekki frjáls samkeppnismarkaður. Það er afskaplega fróðlegt fyrir okkur sjálfstæðismenn að hlusta á hvernig vinstri menn ætla að hjálpa upp á sakirnar til að skapa grundvöll fyrir frjálsa samkeppni. Ef það gerist ekki með innlendum aðilum skulum við bara fá erlenda aðila, erlenda banka, erlend fyrirtæki til að framkalla æskilega samkeppni. Þetta er alveg ný kenning fyrir mér úr herbúðum alþýðubandalagsmanna. En látum það standa og tökum þá hvernig þeir tala um þetta, þessir hv. þm. Þeir flokka samkeppni eða réttara sagt möguleika á markaðnum þannig: Það er verið að tala annaðhvort um einokun, fámennissamkeppni eða frjálsa samkeppni. Okkur sjálfstæðismönnum er fundið allt til foráttu fyrir að við viljum það sem við köllum frjálsa samkeppni, en okkur hefur samt ekki dottið í hug að það lægi svo mikið á að við þyrftum að fá erlenda aðila til að taka þátt í því með okkur. En það sem mér finnst athyglisverðast og sameina þessa hæstv. ráðherra tvo, viðskrh. og fjmrh., er afstaða þeirra til ... (**Fjmrh.:** Fákeppnismarkaðar.) Fákeppnismarkaðar, já. Þetta er nýyrði. (Gripið fram í.) Jú. Ég veit alveg hvað það er. Ég mundi nota annað orð yfir það. En hæstv. fjmrh. notar þetta nú í tíma og ótíma, fákeppnismarkaður. Og það er af hinu vonda að það skuli nokkrir íslenskir aðilar vera á þessum markaði. En á sama tíma sem þeir kvarta undan því að það sé ekki samkeppni, það sé fákeppnismarkaður, vilja þeir leggja niður fyrirtækin og fækka þeim, hafa helst tvo ríkisbanka og einn einkabanka en að vísu að viðbættum erlenda bankanum. Það er nú kórónan á sköpunarverki þessara vinstri flokka. Ég skil ekki almennilega hvað þessir menn eiga við nema að það sé grundvallaratriði og lífsspursmál fyrir þá að fá hér erlenda aðila inn í íslenskt bankakerfi og íslenskan peningamarkað.

Við sjálfstæðismenn höfum haft ákveðna stefnu í þessu sem hefur verið sú að vera afskaplega varkárir í því að taka erlend fjármálafyrirtæki inn í íslenskt atvinnulíf. Við höfum hins vegar ekki hafnað þeirri hugmynd að það komi til skoðunar og athugunar, en að vel athuguðu máli og þá þurfa allar forsendur að vera fyrir hendi sem gera að verkum að innlendir aðilar geti staðist þá samkeppni sem í því felst þegar erlendir aðilar koma til skjalanna. Það er okkar grundvallarkrafa.

Ég vil þá víkja að því enn einu sinni að það er fleira en bankarnir eða þeir sem þar starfa sem við er að sakast um hvernig komið er í sambandi við vaxtamálin. Fjárþörf hins opinbera hefur mjög alvarleg og mikil samkeppnisáhrif á hinum íslenska peningamarkaði sem er lítill. Samkeppnin um peningana í húsnæðismálin er geysilega hörð. Hún er svo hörð að íslenskir lífeyrissjóðir fá ekki að koma inn á þennan svokallaða frjálsa markað sem þið ætlið að mynda, ágætu herrar, með sama hætti og lífeyrissjóðir annarra landa gera það. En hæstv. viðskrh. tók undir það sjónarmið og var því meðmæltur að það yrði reynt að þróa það þannig sem er auðvitað hárrétt. Þessir aðilar koma inn á þennan markað, en á sama tíma verður að tryggja að húsnæðislánakerfið bíði ekki hnekk af og það er hægt að gera með ýmsum leiðum. Síðan eru það skattalög og fleira sem kom inn í.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta, virðulegi forseti, ég þakka fyrir að ég skyldi hafa tækifæri til að ræða þennan þátt, efnahagsaðgerðir sem lúta að fjármagni og Seðlabankanum, jafnítarlega og gert hefur verið hér, en ég undirstrika það enn einu sinni að því miður eru efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar í heild ekki þeirrar gerðar að þar sé að vænta mikils batnaðar eða bótar. Þess er ekki að vænta að mikið batni í íslensku atvinnulífi. Því miður.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Bara örfá orð við lok þessarar umræðu. Ég tek undir það með hv. 14. þm. Reykv. að við ræðum hér afmarkað málasvið, en að vísu mjög mikilvægt. En hv. 2. þm. Norðurl. e. vék nokkuð að þessu sviði og reyndar með aðdróttunum að þeim sem hér stendur um að hann stefndi að því að koma undirstöðuatvinnuvegunum á vonarvöl og þjóðnýtingu undirstöðufyrirtækja „aftan frá" eins og hann orðaði það svo smekklega og nefndi meint dæmi frá Ólafsfirði. Ég mótmæli þessu harðlega sem fjarstæðukenndu tali. Það er að vísu rétt — af því að hér var nefndur hlutafjársjóðurinn — að það gengur nokkuð erfiðlega að koma því máli heim og saman. En það var inn tekið og fram flutt af Kvennalistanum og forustu Sjálfstfl. Þess er skemmst að minnast að hérna fyrir áramótin flutti formaður Sjálfstfl. um það fjálglegar ræður, að sjálfstæðismenn hefðu að vísu verið sjálfir með sínar tillögur um hvernig styrkja mætti eiginfjárstöðu fyrirtækja í sjávarútvegi og öðrum útflutningsgreinum. Kvennalistinn hefði hins vegar flutt þessa tillögu sem væri bara svo mikið snjallari, þess vegna gerðu þeir hana að sinni. Það er sú tillaga um hlutafjársjóð sem við nú ræðum hvernig eigi að láta ganga upp, og það er vonandi að það takist. En að kalla það þjóðnýtingartæki til þess að taka undirstöðugreinarnar inn til ríkisins er fjarstæða tóm og ég vísa því til föðurhúsanna í orðsins fyllstu merkingu. Undir slíkum orðaleppum ætla ég ekki að sitja.

Ég vil líka beina því frá sem fjarstæðukenndu tali að þessi stjórn vinni ekki að því að koma á tryggum rekstrargrundvelli fyrir fiskvinnslu og sjávarútveg. Það er hennar höfuðviðfangsefni, að því vinnur hún af fullri ábyrgð en ekki með kollsteypuaðferðum. (Gripið fram í.) Það gengur nokkuð vel. Ég ætla að ég sé þeim málaflokki a.m.k. jafn vel kunnugur og hv. 2. þm. Norðurl. e., bæði í raun og af löngum störfum við þá grein á vegum opinberra aðila. Þess vegna tel ég þetta fjarstæðutal og vísa því á bug.

Út af því sem kom fram hjá hv. 14. þm. Reykv., að ég hefði talað um að hann væri bankaráðsmaður í litlum banka. Ég minnist þess alls ekki að ég hafi nefnt það mál með því lýsingarorði, enda fjarstæða að halda því fram að stofnanir sem ekki eru stórar að vöxtum geti ekki verið jafngóðar hinum. Það verður ekki allt mælt á mælikvarða vaxtanna, hvorki þjóðir né fyrirtæki og hafi mátt skilja orð mín svo leiðrétti ég það hér með. Það var alls ekki ætlun mín. En hitt er sannarlega rétt hjá hv. 14. þm. Reykv. að það er þörf fyrir skipulagsumbætur í íslenska bankakerfinu og ég veit að að því máli vill hann vinna eins og sá sem hér talar.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ekki ætla ég að fara að metast við hæstv. viðskrh. um að ég viti meira en hann um sjávarútveg. Það dettur mér ekki í hug. Hitt verð ég að segja að mér finnst hin mikla vitneskja viðskrh. nýtast illa. Hann ber höfuðábyrgð á því hvernig komið er fyrir sjávarútveginum. Og það er satt að segja meira en lítil ósvífni að gefa það hér í skyn, eins og yfirlýsingar hæstv. sjútvrh. hafa gengið, að það sé eitthvert sérstakt markmið að skapa sjávarútveginum þolanleg rekstrarskilyrði. Það liggur alveg ljóst fyrir að bæði forsrh. og sjútvrh. hafa lýst því yfir að gengi krónunnar sé of hátt fyrir sjávarútveginn og það liggur líka alveg ljóst fyrir að innan ríkisstjórnarinnar er ágreiningur um það atriði.

Nú getur vel verið að hæstv. viðskrh. sé sömu skoðunar og þeir og hann telji gengið vera of hátt. Það væri fróðlegt að fá svar hæstv. viðskrh. um það. Telur hæstv. viðskrh. gengi íslensku krónunnar of hátt eins og þeir hafa sagt hæstv. sjútvrh. og hæstv. forsrh.? Er það svo? Eða er það kannski hæstv. viðskrh. sem nú, eins og þegar ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar var við völd hér á landi, stendur á móti því að gengi krónunnar sé skráð þolanlega þannig að útflutningsatvinnuvegirnir standi undir sér, þannig að viðskiptahalli verði ekki óbærilegur í landinu?

Ég vil í öðru lagi segja að það er ósmekklegt af hæstv. viðskrh., nú þegar svo er liðið á fund og þingmenn Kvennalista hafa orðið að bregða sér frá, sem þó hafa verið hér við umræðurnar, að snúa svo út úr þeim hugmyndum, sem þær eru raunar höfundar að í sambandi við hlutafjársjóð, að segja að hugmyndir ríkisstjórnarinnar nú séu þær sömu og Kvennalistinn lagði til grundvallar sínum hugmyndum um hlutafjársjóðinn. Þetta er mjög ósvífin rangfærsla þegar fyrir liggur að þingmenn Kvennalistans hafa farið til fjölmiðla sérstaklega til að leiðrétta þennan misskilning. Hugmyndin á bak við hlutafjársjóð viðskrh. er sú að Byggðasjóður, að Fiskveiðasjóður, jafnvel Iðnlánasjóður, ég skal ekki segja, a.m.k. þessi svokallaði Atvinnutryggingarsjóður, eigi að breyta lánum til fiskvinnslufyrirtækja og útgerðar í hlutabréf þannig að þar á að koma fram þvinguð hlutafjáreign þessara opinberu sjóða í ýmsum fiskvinnslu- og útgerðarfyrirtækjum. Skýringin er sú að þannig hefur verið staðið að sjávarútveginum að eigið fé er að brenna upp í þessum fyrirtækjum. Hæstv. forsrh. hefur margsinnis lýst því yfir að á sl. ári hafi önnur hver króna í sjávarútvegsfyrirtækjum brunnið upp og hæstv. forsrh. hefur jafnframt lýst því yfir að hallinn á sjávarútveginum haldi áfram.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar, en það var óhjákvæmilegt fyrir mig að leiðrétta það sem hæstv. viðskrh. sagði um hlutabréfasjóðinn, það sem hann sagði gegn betri vitund og í krafti þess að fulltrúar

Kvennalistans voru ekki hér inni til að leiðrétta þessar rangfærslur.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Norrænn þróunarsjóður, 2. umr.

Stjfrv., 202. mál. — Þskj. 273, n. 451.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. 3. nóv. 1988 var undirritaður samningur á milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um stofnun norræns þróunarsjóðs. Frv. þessa efnis var lagt fram í hv. Ed. og vísað eftir umræður til hv. fjh.- og viðskn. Nefndin hefur fjallað um frv. og skilað nál. á þskj. 451 sem ég mæli fyrir í fjarveru formanns nefndarinnar.

Nefndin varð sammála um að leggja til að frv. yrði samþykkt. Undir nál. skrifa allir nefndarmenn, hv. þm. Júlíus Sólnes þó með fyrirvara. Hv. þm. Danfríður Skarphéðinsdóttir sat fund nefndarinnar og er samþykk áliti hennar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

52. fundur, þriðjudaginn 14. febr., kl. 2 miðdegis.

Ríkisreikningur 1979, 2. umr.

Stjfrv., 159. mál. — Þskj. 170, n. 455.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Árni Gunnarsson):

Herra forseti. Nefndin hefur fjallað um frv. og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess. Ragnar Arnalds og Ingi Björn Albertsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins, en undir nál. rita nöfn sín Páll Pétursson, Árni Gunnarsson, Jón Kristjánsson, Kristín Halldórsdóttir og Friðrik Sophusson.

Það þarf þó að koma hér fram að í nefndinni komu fram nokkrar athugasemdir við það að hér skyldi vera á ferðinni frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1979, þ.e. 10 ára gömlum ríkisreikningi og kem ég þeim munnlegu athugasemdum hér með á framfæri.

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Ég get ekki orða bundist við þessa afgreiðslu. Ekki svo að skilja að ég hafi neinar athugasemdir að gera við þá meðferð sem þetta mál hefur hlotið í hv. fjh.- og viðskn., en ég vil ítreka það sem kom raunar fram hjá hv. frsm. áðan að hér er verið að fjalla um ríkisreikning frá árinu 1979, 10 ára gamlan ríkisreikning.

Eitthvert mesta umfjöllunarmál á Alþingi á hverju ári sem tekur mestan tíma þingmanna og sennilega mestan tíma í ræðuhöldum er frv. til fjárlaga og afgreiðsla fjárlaga. Síðan gerist það að hér er dengt inn ríkisreikningum fyrir samtals sl. 10 ár þar sem fram kemur hvernig framkvæmdarvaldið hefur staðið að framkvæmd þeirra ákvarðana í ríkisfjármálum sem Alþingi hefur tekið. Og það má segja að þar sé endirinn í öfugu hlutfalli við upphafið því að svo mikið sem við alþingismenn á hinu háa Alþingi Íslendinga ræðum fjárlagafrv., þá opna menn varla munninn þegar afgreiða á árangurinn, sem er ríkisreikningur fyrir hvert ár. Það mál er í fyrsta lagi afgreitt af öðrum aðila í þinginu en þeim sem fjallar um fjárlagafrv. sjálft. Það eru m.ö.o. sameinað þing og fjvn. sem af þingsins hálfu fjallar um fjárlagafrv. og gerir tillögu til Alþingis um afgreiðslu þess og svo eru það hins vegar deildir og fjárhags- og viðskiptanefndir sem fjalla um afgreiðslu ríkisreiknings sem er raunar uppgjör framkvæmdarvaldsins og ríkisstjórnarinnar um hvernig staðið hafi verið við ákvarðanir Alþingis.

Ég held að menn hljóti að sjá það í hendi sér að þó svo að þetta sé gamalt form og hefðbundið, þá er það ekki gott. Það er ekki gott að sömu aðilar og fjallað hafa um fjárlagagerðina fyrir hönd Alþingis skuli ekki jafnframt fjalla um afgreiðslu ríkisreiknings. Og það er gersamlega út í hött miðað við hve mikla áherslu alþingismenn leggja á afgreiðslu fjárlaga á hverju ári að þá er varla nokkur hv. þm. hér inni sem opnar munninn þegar kemur að því að afgreiða ríkisreikning og aðeins örfáir hv. þm. sem gera sér grein fyrir því í hverju efni ríkisreikningar víkja frá samþykktum fjárlögum og hvaða grundvöll ríkisreikningur á að leggja undir fjárlagagerð hverju sinni.

Það er, herra forseti, raunar vanvirða við löggjafarvaldið og sýnir hversu framkvæmdarvaldið fótum treður Alþingi Íslendinga og virðir það lítils að framkvæmdarvaldið skuli leyfa sér það að vera að leggja fram ríkisreikning 10 árum eftir afgreiðslu Alþingis á fjárlögum íslenska ríkisins. Það er sjálfsagt besta og mesta dæmið um það hversu framkvæmdarvaldið, embættismannakerfið og ráðherrar Íslands, vanvirða löggjafarsamkomuna, Alþingi.

Ríkisreikningur, herra forseti, gegnir sama hlutverki fyrir áætlunarbúskap ríkisins og ársreikningur fyrirtækis gegnir varðandi rekstraráætlanir fyrirtækis fyrir komandi ár. Og hvað mundu menn segja um þann fjármálastjóra einkafyrirtækis eða opinbers fyrirtækis sem ekki legði fram ársreikning fyrir fyrirtæki sitt fyrr en 10 árum eftir að árið væri liðið? Ég er hræddur um að Ríkisendurskoðun mundi gera alvar-

legar athugasemdir við framferði hvers þess stjórnanda í ríkisstofnun sem væri að skila ársreikningi 10 árum síðar, 10 árum eftir að það fjárlagaár var liðið sem um var fjallað, og þætti ekki til neinnar fyrirmyndar hjá neinu fyrirtæki.

En það er þetta, herra forseti, sem framkvæmdarvaldið á Íslandi lætur sig hafa. Það á ekki við um einn eða annan fjármálaráðherra sérstaklega. Þarna er ég að tala um hið ópersónulega framkvæmdarvald, sem kemur fram í mynd eins ráðherra í dag en annars á morgun, að það skuli láta sig hafa það að leggja fram ríkisreikning 10 árum eftir að fjárlagaárið var útrunnið. Hvernig halda menn, herra forseti, að hægt sé að hafa til viðmiðunar reynslu í ríkisbúskap varðandi þá áætlunargerð sem fjárlög eru þegar það liggur ekki fyrir Alþingi Íslendinga og þeim sem eiga að áætla útgjöld íslenska ríkisins fyrr en 10 árum síðar hver reynslan af áætlunum hefur orðið? Hvernig halda menn, herra forseti, að það mundi ganga fyrir mann sem ætti að stjórna fyrirtæki sem ekki fengi slíkar upplýsingar um afkomu fyrirtækisins og útgjöld í einstökum liðum fyrr en 10 árum á eftir tímanum?

Ég ætla ekki að fara frekar út í þessa sálma nú en þetta er hneyksli. Þetta er algjört hneyksli og Alþingi til skammar að það skuli láta fótum troða sig af framkvæmdarvaldinu svona ár eftir ár. Það er löngu kominn tími til þess að krefjast þess að ríkisreikningar séu lagðir fram eigi síðar en á vormissiri eftir áramót hverju sinni þannig að mönnum geti gefist tækifæri á því að skoða með ekki meira en þriggja til fjögurra mánaða bið hver reynslan hefur orðið af áætlanagerðum í fjárlögum ársins áður. Að þessu á að stefna. Og það er líka löngu orðið tímabært að menn fari að skoða hvernig þeir ætla að standa að afgreiðslu fjárlaukalaga þannig að ekki sé verið að afgreiða heimildir til greiðslu úr ríkissjóði umfram heimildir fjárlaga 10 árum eftir að það hefur átt sér stað.

Herra forseti. Ég geri mér það fyllilega ljóst að ég tek stórt upp í mig þegar ég segi þetta, en það er engu að síður staðreynd að þetta framferði framkvæmdarvaldsins gagnvart fjárveitingavaldinu og löggjafarvaldinu er hneyksli.

Matthías Á. Mathiesen:

Herra forseti. Það vekur athygli þegar dagskrá er útbýtt hér í dag að hér er frv. til laga til samþykktar á ríkisreikningi 1979 og hér er frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árin 1981–1986. Það sýnist skorta á til þess að bókhaldið sé nú allt í lagi, ríkisreikninginn 1980. (**SighB:** Hann var afgreiddur einhvern tíma í millitíðinni en menn gleymdu 1979.) Hann var afgreiddur í millitíðinni en menn gleymdu 1979 upplýsir hv. formaður fjvn. og það var einmitt það sem ég ætlaði að koma hér fram með að þannig hafði nú til tekist.

Ég vil taka undir það sem hv. 5. þm. Vestf. sagði varðandi það hvernig unnið hefur verið að samþykkt og gerð ríkisreiknings og fjáraukalaga, en ég vil þó vekja athygli á því að á fyrirkomulaginu hefur orðið breyting með því að Ríkisendurskoðun heyrir nú undir Alþingi og nú er það Ríkisendurskoðunar að sjá um þá endurskoðun sem fram fór á vegum fjmrn. áður fyrr.

Eins og hv. 5. þm. Vestf., formaður fjvn., tel ég að þetta geti ekki gengið og mér sýnist að það sem hér er verið að gera sé það að verið sé að hreinsa til til þess að þessir hlutir geti verið í lagi eins og þeir voru. Ég vil gjarnan undirstrika það að þegar ég vék úr embætti fjmrh. 1978 hafði ríkisreikningur fyrir árið 1977 verið lagður fram óendurskoðaður, en ríkisreikningurinn fyrir árið 1976 hafði verið lagður fram endurskoðaður og samþykktur á næsta Alþingi á eftir.

Ég tel að þannig eigi að þessu að standa og mér skilst að Ríkisendurskoðun vinni að því að þannig verði það. Við komum því til með að sjá betri tíð og blóm í haga í sambandi við þessa hluti. En það er rétt, og aldrei nógu oft undirstrikað, hversu þýðingarmikið það er fyrir fjárveitingavaldið að geta fylgst með þessum hlutum, ekki bara frá ári til árs heldur frá mánuði til mánaðar til þess að hægt sé að gera sér grein fyrir því hvernig ríkisfjármálin standa og það er ekki bara fjmrn. sem það þarf að vita, og veit stundum alls ekki hvernig hlutirnir standa, það er líka fjárveitingavaldið sem þarf að vita það, þ.e. Alþingi.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Það er ekki að undra þótt þingmönnum blöskri sú afgreiðsla sem hér er til meðferðar. Þetta frv. sem nú er verið að afgreiða mun hafa verið lagt fram hér á Alþingi á þinginu 1982–1983 en ekki hlotið afgreiðslu vegna þess hve þinghaldið þá var stutt og síðan af einhverjum ástæðum gleymst í kerfinu. Auðvitað er þetta, alveg eins og frv. sem í kjölfarið fylgir, um meðferð ríkisreikninga fyrir árin 1981–1986, öllum viðkomandi til vansæmdar og auðvitað í engu samræmi við kröfur um nútímaleg vinnubrögð á sviði ríkisfjármála og meðferð þessara mála hvort heldur er í stjórnsýslunni eða hér á hv. Alþingi.

Það er nú þannig að vinnubrögð um ýmislegt í þessum efnum eru úrelt orðin og þeim þarf að breyta. Hv. 5. þm. Vestf. Sighvatur Björgvinsson vék að nokkrum atriðum í því efni sem ég er í aðalatriðum sammála. Hins vegar er spurning hvort breytingar á meðferð mála hér á Alþingi skipta þar mestu eða ekki. Ég er ekki alveg sannfærður um það. Hins vegar er það ljóst, eins og hv. 5. þm. Vestf. gat um, að til þess að eitthvert gagn sé að ríkisreikningi, þá verður hann að liggja frammi eins fljótt og auðið er.

Það er mín skoðun að það eigi að gera það að reglu hér á Alþingi, og binda hana þá í lög ef ekki vill betur, að fjárlög komandi árs verði ekki unnt að afgreiða og samþykkja hér á Alþingi fyrr en búið er að staðfesta ríkisreikning fyrir árið þar næst á undan. Þetta hefði t.d. þýtt það að fjárlög ársins 1989 hefði ekki mátt afgreiða hér fyrr en búið væri að staðfesta ríkisreikning ársins 1987. Þetta er ekki flókið mál eða sérstaklega erfitt í meðförum. Ég tel að það eigi að vera metnaðarmál allra sem að þessum málum vinna að koma þessu í þannig horf.

Yfirskoðunarmenn ríkisreiknings fyrir árið 1987, og ég er í hópi þeirra, tóku þá stefnu þegar eftir að þeir höfðu verið kjörnir að að þessu skyldi stefnt sem ég var hér að lýsa og einsettu sér að ljúka sínu verki þannig að unnt væri að leggja ríkisreikning 1987 fyrir Alþingi nú fyrir jólin. Skýrslu yfirskoðunarmanna ásamt skýrslu Ríkisendurskoðunar var dreift hér fyrir jólaleyfi þó svo að frv. um ríkisreikning fyrir árið 1987 hafi ekki enn komið fram né heldur frv. til fjáraukalaga. Ég hef hins vegar orð hæstv. fjmrh. fyrir því að hann hyggist beita sér fyrir því að bæði þessi þingmál verði lögð fram hér á Alþingi von bráðar og fagna ég því á sama hátt og ég fagna því að hann skyldi hafa tekið sig til og hreinsað upp þessi frumvörp frá löngu liðinni tíð. Mig langar til þess að lesa, með leyfi forseta, aðeins upp úr skýrslu yfirskoðunarmanna. Þar segir m.a.:

„Yfirskoðunarmenn telja eðlilegt að þeirri reglu verði komið á að fjáraukalög liðins árs verði afgreidd á Alþingi samhliða fjárlögum komandi árs. Slík regla auðveldar allan samanburð milli ára auk þess sem eldri ríkisreikningar og frumvörp til fjáraukalaga fyrir löngu liðin ár veita hvorki framkvæmdarvaldshöfum tilskilið aðhald né gera fjárveitingavaldinu nægilega vel kleift að fylgjast með afleiðingum ákvarðana sinna."

Þetta hygg ég að sé kjarni málsins. Ég hygg að Alþingi og framkvæmdarvaldið hafi nú ákveðið tækifæri til þess að byrja frá grunni að nýju, hrista af sér slyðruorðið í meðferð þessara mála og koma á þeirri reglu sem hér var, að meðferð þessara reikninga og fjáraukalaga sé þannig í fyrsta lagi að eitthvert gagn sé að því og í öðru lagi að það aðhald sem í þessu á að felast sé fyrir hendi.

Ég skil það mætavel að formaður fjvn. uni því afar illa hvernig að þessum málum hefur verið staðið að undanförnu. Ég tel að það sé mikið svigrúm fyrir umbætur og endurbætur á þessu sviði. Með tilfærslu Ríkisendurskoðunar undir Alþingi hefur verið stigið mjög mikilvægt skref í að efla og endurbæta endurskoðun með ríkisútgjöldum. Það er ljóst að það er hægt á öld þeirrar tækni sem við lifum í dag að flýta mjög öllum frágangi og meðferð þessara mála og það á vissulega að gera. Um það held ég að allir hljóti að vera sammála.

Ég held að við ættum að láta þessi tvö þskj., ríkisreikning fyrir 1979 og ríkisreikning fyrir 1981–1986 okkur öllum að kenningu verða þannig að menn taki sig á og geri það átak sem hér er nauðsynlegt til þess að útrýma úreltum vinnubrögðum og taka upp eðlilega og nútímalega starfshætti í þessu efni. Um það þurfa allir að sameinast í fjvn., og fjárveitingavaldið í heild, fjmrn., ríkisbókhald, Ríkisendurskoðun og yfirskoðunarmenn ríkisreiknings.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Árni Gunnarsson):

Herra forseti. Ekki undrar mig sú umræða sem hér hefur farið fram um ríkisreikning fyrir árið 1979. Það er fullkomlega eðlilegt að hv. þm. geri athugasemdir við það að hér skuli fara fram afgreiðsla á ríkisreikningi 10 ára gömlum. Fjh.- og viðskn. átti hins vegar engan annan kost en þann að leggja til að frv. yrði samþykkt, enda ekki fyrir hendi nein ráð hjá fjh.- og viðskn. til þess að reyna að koma á betri vinnubrögðum hjá framkvæmdarvaldinu.

Ég vil vegna þessarar umræðu, herra forseti, vekja athygli á því að á borðum þingmanna liggja núna ríkisreikningar fyrir árin 1987 og 1986, fylgirit, og eftir að hafa gluggað í þessi fylgirit, þá þykir mér sýnt að Alþingi hafi fulla ástæðu til þess að líta á ýmsar tölur sem þar birtast um launakostnað hjá ríkisstofnunum í hinum ýmsu ráðuneytum og yfirvinnu sem hlutfall af launakostnaði. Í ljós kemur að í einstaka ráðuneytum fer yfirvinnukostnaður upp í allt að 30–40% heildarlaunakostnaðar. Og hafi ekki verið tilefni fyrir Alþingi Íslendinga að ræða um launakostnað hjá opinberum stofnunum, þá er það tækifæri komið nú.

Í yfirlitinu, fylgiritinu fyrir árið 1987, er einnig reikningshald og yfirlit yfir bifreiðakostnað og risnukostnað hins opinbera árið 1987 og ef menn líta á tölur sem þar birtast, þá eru þær líka ærið tilefni til umræðna hér á hinu háa Alþingi. Það kemur nefnilega í ljós að bifreiða- og risnukostnaður ráðuneytanna hleypur á tugum milljóna króna. Ég vil leyfa mér, með leyfi forseta, að nefna t.d. samgrn. með 94,6 millj. kr. í bifreiða- og risnukostnað, menntmrn. með 54,8 millj. kr. og utanrrn. með 41 millj. kr. Þetta er nota bene árið 1987, þegar krónan var öllu dýrmætari en hún er núna. Heilbr.- og trmrn. er með 55,4 millj. kr. í þennan kostnaðarlið. Ég hefði álitið að áður en ríkisreikningur með slíkum tölum færi í gegn fengi hann umtalsverða umræðu og menn lærðu af því sem hér hefur verið að gerast, m.a. með tilliti til næstu fjárlagagerðar og eftirlits með þessum þáttum í ríkisrekstrinum sem er yfirvinnukostnaður í heildarlaunakostnaði og bifreiðakostnaður og risnukostnaður.

Ég vildi eingöngu vekja athygli á þessu, herra forseti, ef það mætti verða til þess að ríkisreikningar kæmu hv. þm. ekki mjög á óvart eins og þessi hefur gert. Og ég vek líka athygli á því að hér fer fram 2. umr. um þennan ríkisreikning 1979.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Mér finnst ástæða til að koma aðeins inn í þessar umræður sem eru vissulega þýðingarmiklar ef þær væru gerðar undir öðrum kringumstæðum en hér liggur fyrir. Ég get tekið undir það sem hér hefur komið fram hjá hv. 5. þm. Vestf., formanni fjvn., að þetta er ekki tilefni til að setja þessi mál svona upp eins og hér hefur verið gert. Ég hefði haldið að það hefði verið betra að ræða þessa ríkisreikninga saman. En það sem ég vildi fyrst og fremst vekja athygli á, sem ég vænti að hv. alþm. yfirleitt eigi að vita en hafa kannski ekki gert sér grein fyrir, er það hversu gífurleg breyting er að verða á þessum málum nú með tilkomu Ríkisendurskoðunar undir Alþingi. Ég ætla ekki að ræða þetta neikvæða í þessum málum, sem við þingmenn erum sjálfsagt allir

sammála um, en með síðustu fjárlagagerð hefur þó verið lögð alveg sérstök áhersla á það að Ríkisendurskoðun taki þetta mál föstum tökum jafnhliða því sem yfirskoðunarmenn ríkisreikninga eru að skila af sér þannig að það komi annað form á þessi mál en áður hefur verið venja.

Ég geri ráð fyrir því að flestir hv. þm. hafi fengið skýrslu Ríkisendurskoðunar um ríkisreikninginn 1987, sem liggur hér á borðum þingmanna, en þar eru þessi mál skýrð að nokkru. Ríkisendurskoðun er nú þegar búin að hafa með það að gera að koma þessum ríkisreikningum frá árinu 1979 til ársloka 1987 í það form sem þeir eiga að vera. Við eigum núna, eftir örfáa daga væntanlega, eftir að sjá frumvörp um lokaafgreiðslu á ríkisreikningnum 1987 sem ég geri ráð fyrir að fjmrh. hljóti að skila til þingsins áður en langt um líður. Jafnframt þessu þurfa auðvitað að koma fjáraukalög sem ættu að vera í því formi að fjáraukalög fylgdu hverju fjárlagafrv. þegar það er lagt fram fyrir árið áður. Það er alveg útilokað að halda þessu formi óbreyttu. Ég vil undirstrika það að núv. fjvn., sem starfaði á sl. ári, lagði á þetta gífurlega áherslu. Hún setti þau skilyrði í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna, og ég vænti þess að hv. þm. hafi undir höndum ræðu formanns fjvn. með fjárlögum fyrir árið 1989, þar sem hann gerði sérstaklega grein fyrir þessum málum ásamt öðrum fjárveitinganefndarmönnum sem um þessi mál fjölluðu, bæði í stjórn og stjórnarandstöðu. Það er því ástæðulaust annað en snúa sér að því verkefni að Alþingi hreinsi til í þessum málum þannig að þetta verði komið í það form sem lög og reglur raunverulega gera ráð fyrir því það er útilokað að það skuli ske ár eftir ár, það er sama hvaða ríkisstjórn hefur verið eða fjármálaráðherra hverju sinni, að það sé alltaf verið að veita aukafjárveitingar umfram fjárlög og ýmsar skuldbindingar sem Alþingi fær ekki að fjalla um fyrr en löngu, löngu seinna og jafnvel mörgum árum seinna eins og hér hefur komið fram.

Þetta vil ég sérstaklega taka fram og ég vil bæta því við að nú fyrir örfáum dögum var fjvn. á fundi með hæstv. fjmrh. þar sem þessi mál voru sérstaklega til umræðu og við fjárveitinganefndarmenn vorum fullvissaðir um að það væri aðeins dagaspursmál hvenær lokaafgreiðsla á þessum málum gæti komið fyrir Alþingi eins og allir hv. alþm. eru væntanlega sammála um. Mér finnst nauðsynlegt að þetta komi fram.

Ég tek undir allt það sem hér hefur verið sagt, en ég vil um leið undirstrika það að þingmenn geri sér grein fyrir því hvaða gildi það hefur að Ríkisendurskoðun starfar nú undir forsæti Alþingis.

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég verð að lýsa mikilli ánægju minni með þau ummæli sem hér hafa fallið frá öllum þeim þingmönnum sem tekið hafa til máls. Það sýnir að menn gera sér fulla grein fyrir því að pottur er brotinn og vilja bæta þar úr.

Ég vil aðeins benda mönnum á eitt, út af orðum hv. 17. þm. Reykv. hér áðan, að það væri e.t.v. meira mál að gera breytingar í meðferð framkvæmdarvaldsins en löggjafarvaldsins á fjárlögum og afgreiðslum þeim tengdum. Það er ekki alveg einhlítt að gera breytingu varðandi meðferð framkvæmdarvaldsins þar á, svo sem eins og marka má af því að hér ganga menn til afgreiðslu á ríkisreikningi, en engin afgreiðsla liggur enn fyrir á fjáraukalögum þannig að þó svo að samþykkt á ríkisreikningi sé raunar ekki annað en samþykkt Alþingis á að rétt sé bókfært, þá liggur engu að síður í þeirri afgreiðslu ákvörðun um að Alþingi muni samþykkja þau fjáraukalög sem til þarf til þess að dæmið gangi upp. Það er náttúrlega í hæsta máta óeðlilegt að það sé verið að afgreiða ríkisreikning þegar fjáraukalög hafa ekki verið afgreidd. Það er líka í hæsta máta óeðlilegt, eins og ég sagði áðan, að önnur nefnd í Alþingi skuli fjalla um ríkisreikning en sú sem fjallar um fjárlög og fjáraukalög. Og það er líka í hæsta máta óeðlilegt að ríkisreikningur sé afgreiddur í deildum Alþingis þegar fjárlög og fjáraukalög eru afgreidd í sameinuðu þingi. Það er því einnig hægt að gera betur í sambandi við afgreiðslu Alþingis á þessum málum og á að gera betur. Hv. alþm. eiga að gera þá kröfu til sjálfra sín að þeir standi sig ekkert síður í þeirri afgreiðslu en aðrir. Auðvitað hefði verið eðlilegast að bæði ríkisreikningur og fjáraukalög yrðu afgreidd á Alþingi á svipuðum tíma, en menn væru ekki að afgreiða ríkisreikning löngu áður en menn væru teknir til við að fjalla um þau fjáraukalög sem þeim eiga að fylgja.

Í annan stað vil ég nota þetta tækifæri til að taka undir með mönnum og hvetja alþm. til að gera sér grein fyrir þeirri miklu breytingu sem orðið hefur við tilkomu Ríkisendurskoðunar. Og eins og hv. 3. þm. Norðurl. e., sem talaði hér áðan, vil ég vekja athygli manna á þskj. sem dreift hefur verið hér á borð þingmanna: „Ríkisreikningur fyrir árið 1987, fylgirit", því þar eru veittar upplýsingar sem ekki hafa áður komið fram við sambærilegar afgreiðslur, þar sem m.a. koma fram upplýsingar sem eru mjög óvæntar um bifreiðakostnað, risnu og ferðakostnað. Af þessu má marka hve oft er lítill gaumur gefinn að þskj. að svo virðist sem fjölmiðlar og fréttastöðvar — sem yfirleitt eru á hlaupunum eftir hinu smæsta meðal þess smæsta sem hægt er að skýra frá í fréttum — svo virðist sem fáir eða engir meðal þeirra fréttamanna, sem eru þó margir, hafi sett sig í færi um að fletta aðeins þessari skýrslu. Í henni kemur m.a. fram að ferða- og risnukostnaður ríkisins á árinu 1987 nemur um það bil 1 milljarði kr. Þar kemur einnig fram t.d. að kostnaður við starfsmannabíla aðeins í A-hluta fjárlaga fyrir árið 1987, hjá ríkissjóði sjálfum, er upp á 185 millj. kr. Þessar upplýsingar eru veittar í fyrsta skipti fyrir tilkomu Ríkisendurskoðunar.

Ég vil einnig staðfesta það sem hv. 1. þm. Vesturl. sagði hér áðan að innan fárra daga munu koma fram frekari upplýsingar frá Ríkisendurskoðun og fjmrn. um ríkisreikninginn, þar sem m.a. kemur glögglega fram hvaða ríkisstofnanir og ráðuneyti það eru sem hafa staðið við fjárlagaramma þann sem Alþingi hefur sett þeim og hverjir ekki. Síðan er það auðvitað

Alþingis, löggjafarvaldsins og væntanlega fjmrn. að gera kröfu til þess að forstöðumenn stofnana standi við ákvarðanir Alþingis, en verðlauni þá ekki fyrir að gera það ekki.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frvgr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Ríkisreikningar 1981–1986, 2. umr.

Stjfrv., 142. mál. — Þskj. 149, n. 454.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Árni Gunnarsson):

Herra forseti. Það má nú segja að skörin færist enn upp í bekkinn í þessu máli varðandi ríkisreikninga. En fjh.- og viðskn. hefur fjallað um þetta frv. sem hér liggur fyrir um samþykkt á ríkisreikningi fyrir 6 ár, árin 1981, 1982, 1983, 1984, 1985 og 1986. Nefndin hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt þess enda engin efni til annarrar afgreiðslu á málinu.

Ragnar Arnalds og Ingi Björn Albertsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins en undir nál. rita nöfn sín: Páll Pétursson, Árni Gunnarsson, Jón Kristjánsson, Kristín Halldórsdóttir og Friðrik Sophusson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.–6. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Breytingar á dagskrá.

Kristín Halldórsdóttir:

Ég vildi aðeins, herra forseti, inna eftir því hvers vegna sjötta mál á dagskrá, frv. um búminjasafn, er skotið inn í áður boðaða dagskrá, hvers vegna það er tekið nú fyrir og þá á undan ýmsum öðrum dagskrármálum, m.a. fyrsta máli á dagskrá sem er 8. mál þingsins og hefur nú lengi beðið afgreiðslu.

Forseti (Óli Þ. Guðbjartsson):

Ástæðan fyrir þessu er ein, fyrst og fremst beiðni flm. og ég get enn fremur upplýst að ætlunin er að taka í framhaldi af þessu fyrir sjöunda dagskrármálið þannig að væntanlega gefst hér tækifæri á fundinum til að mæla fyrir báðum þessum frv. Hins vegar er gert ráð fyrir að umræðu um hvorugt málanna ljúki og að síðan verði í framhaldi af því tekið fyrir fyrsta dagskrármálið, frv. til laga um efnahagsaðgerðir, á þessum fundi.

Matthías Á. Mathiesen:

Herra forseti. Eins og forseti sameinaðs þings gerði athugasemdir við þá eru hér í dag á borðum þingmanna tvær dagskrár þar sem sú síðari hefur fengið viðbót, þar á meðal það mál sem nú skal taka til umræðu. Þess vegna þykir mér ástæða til þess að vekja athygli á því að það frv. sem hér verður nú til umræðu er 133. mál þingsins og eftir því sem ég hef kynnt mér þá var þetta frv. lagt fram hér á Alþingi 28. nóv. og hefur aldrei verið á dagskrá þessarar hv. deildar frá því að það var lagt fram. Nú hefur það a.m.k. verið venja svo langt sem ég man að ný frv., sem lögð eru fram á þingi, séu á dagskrá fyrsta fundar eftir að þau hafa verið lögð fram til þess að staðfesta að umræða muni fara fram um viðkomandi frv. Það verður svo að sjálfsögðu að vera háð tíma deildarinnar hvernig staðið er að umræðum en gjarnan hefur það verið svo að mál hafa fengið tíma til þess að 1. umr. væri lokið og þau komist til nefndar til þess að þar fengist tækifæri til þess að skoða þau og þingmenn tækifæri til þess að leita upplýsinga, fá greinargerðir, til þess að hægt sé að fjalla um málið.

Frv. sem hér er lagt fram 28. nóv. er fyrst til umræðu nú þegar komið er fram í miðjan febrúar, og það mun ekki eiga að ljúka umræðu hér í dag. Ég spyr: Hverjum dettur í hug að þessu máli verði lokið og það verði hægt að fá afgreiðslu á því áður en þessu þingi lýkur? Ekki með þessu háttalagi. Ekki með þessu fyrirkomulagi sem hér er.

Ég er ansi hræddur um það að eins og dagskránni var fyrst útbýtt á því dagskrárskjali sem liggur fyrir, þá sé ekkert mál annað en frumvörp ríkisstjórnarinnar eftir því sem þau hafa komið inn, jafnvel má búast við því að frv., sem verður flutt á morgun, af því það er ríkisstjórnarfrumvarp, sé sett á dagskrána í dag, svona til öryggis. Ég vil vekja athygli á því að Alþingi er ekki eingöngu einhver afgreiðslustofnun fyrir ríkisstjórn. Afgreiðsla alþingismanna er að sjálfsögðu á þeirri löggjöf sem setja skal og þeir sem hér hafa rétt til að koma með, annars vegar ríkisstjórn, hins vegar alþingismenn. Alþingi er nú einu sinni stofnun þingmanna þannig að mér sýnist að hér sé farið þannig að að frv. þingmanna, það sem þeir vilja koma hér fram með, sé ekki tekið hér á dagskrá. Mér er ljóst og mér er kunnugt um það að sjötta mál á dagskrá er hér vegna þess að 1. flm. fannst vera kominn tími til þess að hann fengi tækifæri til að tala fyrir þessu máli. Ég vil í góðri vinsemd vekja athygli á þessu við forseta deildarinnar, það er að vísu fyrri varaforseti sem situr í forsetastól nú, en þingmenn óska gjarnan eftir því að fá tækifæri til að koma sínum málum að. Það er enginn að tala um það að þau fái endanlega afgreiðslu og það er enginn sem talar um að það eigi að verða til þess að tefja eitthvað sem ríkisstjórnin telur að þurfi að ganga

fram, heldur verða þessir hlutir að gerast með þeim hætti að menn séu hér sem þingmenn til þess að gegna sínum störfum.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég skal vera mjög stuttorður. Mér finnst það ekki koma til greina að taka hér inn með þeim hætti sem gert hefur verið sjötta málið sem hér er á nýprentaðri dagskrá. Það kemur auðvitað öllum á óvart sem hafa undirbúið sig fyrir þennan fund. Það er ljóst að þetta mál hefur verið sett inn sjálfsagt vegna þess að það kemur sjöunda málinu við. Þessi mál tengjast að verulegu leyti. Ef hv. stjórnarþingmenn, sem eru fyrstu flm. þessara tveggja frv., geta ekki komið sér saman um að fresta umræðu um málið af því það er nauðsynlegt að tala um bæði málin á sama fundi — og m.a.s. hefur virðulegur forseti upplýst að það sé einungis ætlunin að flytja framsöguræður í málunum — þá fæ ég ekki orða bundist og óska eftir því að umræðum verði frestað, þó það verði ekki nema bara í örfáa daga, ellegar ef það er ekki hægt að þá verði a.m.k. farið að þeirri dagskrá sem þingmenn töldu sig geta treyst og lá fyrir þegar til þessa fundar var upphaflega boðað.

Þetta getur, ef ræða á um sjötta dagskrármálið á þessum fundi, orðið til þess að þingmenn geta ekki treyst dagskrá sem þeir fá í hendur og geta þar af leiðandi ekki undirbúið sig fyrir þingfundi eins og þeim ber að gera. Séu hins vegar, virðulegur forseti, einhverjar sérstakar skýringar á því hvers vegna þetta mál er sett á dagskrá og nauðsynlegt er að rjúfa dagskrána með þeim hætti sem stillt er upp, en fyrstu fimm málin eru stjórnarfrv., þá tel ég, virðulegur forseti, að alþingismenn eigi heimtingu á að fá haldbærar skýringar á því. Ég tek undir það sem kom fram hjá hv. síðustu ræðumönnum um þessi mál.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því að þetta frv., eins og hér hefur raunar komið fram, var lagt fram á hv. Alþingi í nóvember. Rétt fyrir jólahlé lagði ég áherslu á að þetta mál kæmi til umræðu hér inni á hv. Alþingi, en eftir tilmælum frá forseta Nd. um þau umsvif sem hér voru síðustu daga fyrir jól féllst ég á það að umræðu um þetta mál yrði frestað fram yfir áramót en í trausti þess að það yrði með fyrstu þingmálum þingmanna sem hér kæmu fram í hv. deild, enda var komið að því miðað við númeraskrá, þetta er 133. mál, og ég treysti á það að við það yrði staðið. Undanfarna daga hér á hv. Alþingi hafa ekki verið þingmannnafrv. á dagskrá heldur eingöngu stjórnarfrv., en þegar ég sá dagskrána í morgun sá ég að búið var að taka þingmannafrv. inn sem er 188. mál Nd. en þetta frv. skilið eftir, þá gerði ég athugasemd við forseta deildarinnar um það að ef taka ætti 188. mál á dagskrá, þá yrði þetta mál að koma inn. Ég gerði kröfu til þess. Og ég tel að það séu eðlileg viðbrögð frá okkur sem flytjum þetta frv., þar sem við féllumst á að bíða með að mæla fyrir því vegna anna í þinginu rétt fyrir jólin, að þá hefðum við sama rétt og aðrir þingmenn a.m.k., þó að við víkjum fyrir stjórnarfrv., og yrðum ekki settir aftur fyrir önnur þingmannafrv. Það er ástæðan fyrir því að ég lagði áherslu á það að þetta frv. kæmi í þessari röð hér. Hins vegar hef ég engar kröfur um það að það megi ekki víkja fyrir stjórnarfrv. eins og önnur þingmannafrv., eins og meðhöndlunin er, en ég tel að við eigum rétt á því, sama rétt og aðrir, að þau lagafrv. sem þingmenn flytja hafi sama rétt og önnur frv. og verði tekin í þeirri röð sem þau hafa verið lögð fram. Það hefur alltaf verið venja hér á Alþingi nema samkomulag sé um annað. Þess vegna er þetta hér inni á dagskrá.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég hlýt að verða að taka undir undrun hv. þm. á þessari dagskrárbreytingu. Ég vil aðeins upplýsa það að ég kom að máli við forseta í gær og benti á að frv. það sem ég hugðist mæla hér fyrir, og væntanlega fæ leyfi til eins og mér hafði verið lofað, er afrakstur stjórnskipaðrar nefndar, skipaðri fulltrúum allra flokka um svo mikilsvert mál sem er ný þjóðminjalög, frv. til nýrra þjóðminjalaga. Forseti taldi engin vandkvæði á því að þetta mál kæmi á dagskrá í dag þar sem mjög fá þingmannafrv. liggja nú fyrir hv. Nd. Það var hins vegar ekki fyrr en rétt fyrir hádegið í morgun að mér varð ljóst að búið var að breyta dagskránni. Nú er það svo að mér er það ekkert sáluhjálparatriði hvort ég mæli fyrir þessu frv. í dag eða á morgun ef hv. 1. þm. Vesturl. finnst óbærilegt að fyrir þessu verði talað í dag eins og dagskrá boðaði. Þess er hins vegar ekki nokkur þörf að tengja þessi frumvörp saman, þannig að það eru engin rök.

En ég vil ítreka það, hæstv. forseti, að mér er alveg ljóst að þarna hefur forseti vor lent í vanda en mér þykja þetta satt að segja ekki skemmtilegar aðferðir hv. þm. að þrengja sér inn í áður boðaða dagskrá með svo miklum þrýstingi á hæstv. forseta að hann hlaut undan að láta. Ég vil þá fremur fá að tala fyrir þessu máli á þingfundi á morgun heldur en að fara að kljúfa það niður í framsögu og síðari umræður á öðrum fundi ef hæstv. forseta væri það að meinalausu.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég vil að gefnu tilefni mótmæla því að verið sé að hringla með dagskrá þingsins fram og aftur eins og menn séu hálfdáleiddar hænur sem bara snúast í eintóma hringi. Það er ekki hægt að boða dagskrá þannig að menn undirbúi sig og skipuleggi sinn tíma — það er nógu léleg nýting á vinnutíma alþm. þó það sé ekki verið að hringla með dagskrána aftur á bak og áfram, bæði í gær og eins í dag og ég mótmæli því harðlega.

Forseti (Óli Þ. Guðbjartsson):

Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs um þingsköp og er því þingskapaumræðunni lokið, en miðað við þær umræður sem hér hafa farið fram og í þann farveg sem þær hafa fallið hefur forseti ákveðið að fresta

áðurgerðri ætlan sinni að taka fyrir sjötta og sjöunda mál á dagskrá og mun nú verða fyrir tekið fyrsta dagskrármálið, og ætti þá flest að falla í ljúfa löð.

Efnahagsaðgerðir, frh. 3. umr.

Stjfrv., 8. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 330, frhnál. 458 og 472, brtt. 301, 1–3, 336, 449.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Árni Gunnarsson):

Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur leyft sér að flytja frhnál., sem að vísu er nokkuð óvenjulegt en á sér fordæmi í þingsögunni og þau nokkur, um efnahagsaðgerðir. Ástæðan fyrir því að þetta frhnál. er flutt er sú að á síðustu stigum komu fram brtt. frá hæstv. forsrh. við frv. og segir hér í nál. frá meiri hl. fjh.- og viðskn.:

„Eftir afgreiðslu frv. við 2. umr. hefur nefndin komið saman á ný til að ræða brtt. forsrh. sem birtar eru á þskj. 449. Nefndin kallaði á sinn fund til viðræðna um brtt. eftirtalda menn: Kristínu Sigurðardóttur frá Kaupþingi hf., Svavar Ármannsson, aðstoðarforstjóra Fiskveiðasjóðs, Leif Kr. Jóhannesson, forstöðumann Stofnlánadeildar landbúnaðarins, Gísla Benediktsson, forstöðumann rekstrarsviðs Iðnlánasjóðs, og Benedikt Davíðsson, formann stjórnar Sambands almennra lífeyrissjóða.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að brtt. á þskj. 449 verði samþykktar óbreyttar.

Auður Eiríksdóttir, þingmaður Samtaka jafnréttis og félagshyggju, sat seinni fund nefndarinnar um málið."

Undir þetta nál. rita nöfn sín: Árni Gunnarsson, Jón Kristjánsson, Sigríður Hjartar og Ragnar Arnalds.

Herra forseti. Ég tel nauðsyn á því að nokkur grein sé gerð fyrir þeim brtt. sem hér eru fluttar og eru í fimm liðum.

Í 1. brtt. er gert ráð fyrir að við bætist setningin: „að kaupa hlutdeildarskírteini hjá hlutafjársjóði Byggðastofnunar". Þetta er viðbót við frv. eins og það liggur fyrir eftir 2. umr. í Nd., en hún fór fram 21. des. sl.

2. brtt. varðar 6. gr. frv. þar sem er geypilega mikilvægt atriði sem forstöðumenn lífeyrissjóða gerðu athugasemd við þegar stofnað var til Atvinnutryggingarsjóðs. Þeir töldu ekki vera nægar tryggingar fyrir því að ríkissjóður ábyrgðist greiðslur Atvinnutryggingarsjóðs, vildu fá hreinni málalok og klárari, og hér hefur komið inn í setning sem hljóðar svo:

„Í stað lokamálsl. 6. gr. komi nýr málsliður svohljóðandi: Ríkissjóður ábyrgist skuldbindingar Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina og greiðir þær ef eignir og tekjur hans hrökkva ekki til."

Þetta atriði með þessum breytingum hefur m.a. verið borið undir Benedikt Davíðsson, formann stjórnar Sambands almennra lífeyrissjóða, og hann sagði að lífeyrissjóðirnir felldu sig alfarið við þá breytingu sem hér hefur komið fram og teldu breytinguna fela í sér nægjanlega tryggingu til þess að lífeyrissjóðirnir gætu átt viðskipti við Atvinnutryggingarsjóð.

3. brtt. er við 8. gr. þar sem kveðið er nánar á um undanþágur á greiðslum gjalda sem Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina og hlutafjársjóður Byggðastofnunar skulu undanþegnir.

Þá er 4. brtt. við 9. gr. þar sem bætt er við nýrri setningu sem hljóðar svo: „Til sjóðsins skal einnig renna sérstaklega framlag ríkissjóðs ef Alþingi ákveður svo. Annars vegar til reksturs sjóðsins og hins vegar til kaupa á hlutabréfum."

Þá er gert ráð fyrir því í 5. brtt., sem fjallar um 10. gr., að síðasta setningin í 10. gr., sem hljóðar svo: „Hlutafjársjóðurinn skal gefa reglulega út gengi á hlutdeildarskírteinum", falli brott.

Þetta eru þær fimm brtt. sem nefndin leyfir sér að flytja og eru upprunnar frá forsrh. og meiri hl. nefndarinnar flytur.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Fulltrúar Kvennalistans, Borgfl. og Sjálfstfl. í fjh.- og viðskn. skiluðu sameiginlega nál. við það frv. sem hér er til umræðu þegar það var afgreitt frá nefndinni í desember sl. Það var reyndar afar stuttaralegt álit, enda buðu aðstæður ekki upp á annað þar sem meiri hlutinn skellti fram viðamiklum brtt. á síðustu stundu sem enginn tími gafst til að athuga. Það var þó augljóslega verið að reyna að koma til móts við sjónarmið stjórnarandstöðunnar eða kannski öllu heldur að nýta sér hugmyndir hennar og tillögur þótt hún sé reyndar í sífellu sökuð um að hafa ekki annað fram að færa en gagnrýni og skammir.

Nú hefur okkur gefist tími til að átta okkur á því hvernig meiri hlutinn hyggst nýta sér tillögur okkar. Þar sem meginbreytingin á frv. felst í ákvæðum um svonefndan hlutafjársjóð Byggðastofnunar, þá hef ég lagt fram frhnál. 1. minni hl. ásamt hv. 1. þm. Reykv. Friðriki Sophussyni sem sótti fund nefndarinnar, þar sem um þetta mál var fjallað, í forföllum fulltrúa Sjálfstfl., Matthíasar Bjarnasonar. Fulltrúi Borgfl., hv. 5. þm. Vesturl., skrifar ekki undir þetta nál. með okkur eins og hið fyrra af þeirri einföldu ástæðu að þeir borgaraflokksmenn voru ekki meðflm. að tillögunni um hlutafjársjóðinn á sínum tíma.

Nál. er á þskj. 472 og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við lausn þess vanda, sem við er að fást í atvinnulífinu, er hvað mikilvægast að gera fyrirtækjum kleift að bæta rekstrarstöðu sína með aukningu eigin fjár. Lán á lán ofan leysa engan vanda til frambúðar. Því lögðu fulltrúar Kvennalista og Sjálfstfl. fram brtt. við þetta frv. sem gerði ráð fyrir stofnun hlutafjársjóðs við Byggðastofnun sem kaupa skyldi hlutabréf í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja, sbr. þskj. 209 og 298. Með því skyldi opnuð

leið fyrir þá sem vildu efla eigið fé fyrirtækja með hlutafjárkaupum, án þess þó að taka mikla áhættu. Forsenda þess að sjóðurinn næði tilgangi sínum var að hann yrði rekinn á faglegum grunni, en ekki eftir pólitískum geðþótta.

Nú hefur meiri hlutinn gert þessa tillögu að sinni, en gjörbreytt formi hennar og tilgangi svo að alls ekki er um sömu tillögu að ræða þótt ráðamenn hafi ítrekað látið liggja að því. Af brtt. forsrh. á þskj. 449 og yfirlýsingum í umræðum á Alþingi er bersýnilegt að sjóðnum er ætlað að taka við þeim fyrirtækjum sem Atvinnutryggingarsjóður hefur úrskurðað óhæf til lánafyrirgreiðslu vegna vonlausra rekstrarskilyrða. Það er fjarri hinni upprunalegu hugmynd. Nauðsynlegt er að taka á vanda verst stöddu fyrirtækjanna með viðeigandi ráðstöfunum, en 1. minni hluti harmar að ríkisstjórnin skuli ætla að misnota hugmyndina um hlutafjársjóðinn í því skyni.

Í öðru lagi vekur athygli að ríkisstjórnin hefur viðurkennt sjónarmið forsvarsmanna lífeyrissjóðanna og látið undan kröfum þeirra um ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum Atvinnutryggingarsjóðs, sbr. 2. lið brtt. forsrh. á þskj. 449."

Undir þetta frhnál. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. rita Kristín Halldórsdóttir og Friðrik Sophusson.

Herra forseti. Er ekki hægt að kalla a.m.k. eins og einn ráðherra hér í salinn? Og þá óska ég nú sérstaklega eftir forsrh. sem hefur lagt fram brtt. við þetta þingmál og hlýtur að hafa áhuga á að hlýða á umræðu um þetta mál og svara spurningum. (**Forseti:** Það mun vera vandalaust að fá forsrh. í salinn og verður eftir því leitað. Hann mun vera hér á næsta leiti.) Ég mun þá halda ræðu minni áfram því að ég vildi bæta ögn við þetta.

Ég hef nú lesið þetta nál. sem undirritað er af mér og hv. þm. Friðriki Sophussyni og ég vænti að hæstv. forsrh. hafi kynnt sér. Umræður um þessar fyrstu efnahagsráðstafanir núv. ríkisstjórnar hafa nú staðið með litlum hléum allar götur síðan þær voru fram lagðar í bráðabirgðalögum á fyrsta degi stjórnarferilsins og enn erum við sem sagt við þá iðju. Það er þó ekki hægt að kvarta undan algeru tilbreytingaleysi þar sem ýmsar breytingar hafa orðið á sköpunarverkinu í daganna rás og eru nú enn að gerast.

Ekki veit ég hvort þess eru dæmi að bráðabirgðalög hafi tekið ámóta breytingum í meðförum þings og þessi hafa mátt sæta, en ég tel það harla ólíklegt. Þessar miklu breytingar bera þess órækan vott hversu lítt var til vandað í upphafi, svo og hins að ríkisstjórnin hefur ekki þann stuðning sem þarf til þess að koma málum í gegnum þingið af eigin ramleik og hefur því verið að reyna að teygja sig í áttina til stjórnarandstöðunnar. Heldur hafa þær aðfarir við klaufalegar og oft eins og hæstv. ráðherrar átti sig ekki á stöðu stjórnarinnar. En henni hefur reyndar lagst ýmislegt til eins og kunnugt er og sjálfstraustið virðist óbilandi þótt bössulega gangi að koma sér saman um langtímaaðgerðir eins og við höfum orðið vitni að síðustu daga. En það eru fyrstadagsverkin sem hér eru á dagskrá.

Svo margt hefur verið sagt um þetta þingmál sem hér er til umræðu að ekki er kannski miklu á bætandi. Þó hlýt ég að segja hér nokkur orð og þá fyrst og fremst um þann bónus sem stjórnarandstaðan ber óneitanlega nokkra ábyrgð á, þ.e. hlutafjársjóð Byggðastofnunar. Hugmyndin um sérstakan hlutafjársjóð kom upphaflega frá kvennalistakonum, en sjálfstæðismenn fluttu tillöguna um hann með okkur. Með þeirri tillögu vorum við, eins og kemur fram í nál. á þskj. 472, að benda á leið til þess að veita fjármagni til eflingar eigin fjár í fyrirtækjum og gefa fólki kost á því að fjárfesta í undirstöðuatvinnugreinum okkar án þess að taka of mikla áhættu sjálft. Það var og er okkar skoðun að við lausn þess vanda sem hrjáir nú atvinnulífið sé mikilvægast að búa svo í haginn að fyrirtækin geti aukið eigið fé og staðið áfram á eigin fótum. Skuldbreytingar og lán á lán ofan eru skammtímalausnir og leysa engan vanda til frambúðar, en fyrirtæki í erfiðleikum, sem hafa þó alla burði til rekstrar með bættum skilyrðum, geta vissulega bætt stöðu sína með skuldbreytingum og jafnvel auknum lánum, en bætt eiginfjárstaða er líklegri frambúðarlausn. Bætt eiginfjárstaða skilar sér margfalt betur en lán og eykur heildarstyrk fyrirtækisins. Þetta er meginmálið og þetta var markmiðið og tilgangurinn með tillögu okkar um sérstakan hlutafjársjóð við Byggðastofnun.

Þessari hugmynd okkar var vissulega mætt með nokkurri tortryggni fyrst í stað og það mun hafa þótt, og þykir sjálfsagt enn, mikil bjartsýni að halda að menn séu fúsir til að veita fé í formi hlutafjár til fyrirtækja í erfiðleikum, sérstaklega með tilliti til stöðu efnahags- og atvinnumála um þessar mundir. Þó er það nú einmitt það sem sífellt er verið að gera í atvinnulífinu. Og því skyldu menn ekki vilja styrkja þann grunn sem efnahagslíf okkar hvílir að miklu leyti á? Og þá er ég fyrst og fremst að tala um sjávarútveginn.

Okkur finnst eitthvað meira en lítið bogið við þann hugsunarhátt, ef við þorum ekki að treysta því að hagur undirstöðuatvinnuvega okkar batni svo að óhætt sé að fjárfesta í þeim. Kannski er það fyrst og fremst hugsunarhátturinn og viðhorfin sem við þurfum að bæta og lagfæra. E.t.v. er það skortur á þessu nauðsynlega trausti sem veldur því að þessi ágæta tillaga okkar hefur nú orðið fyrir nokkrum hremmingum í meðförum meiri hluta Alþingis. Það er satt að segja heldur óviðkunnanlegt hvernig fulltrúar meiri hlutans klifa á því sýknt og heilagt að þessi ákvæði um hlutafjársjóð Byggðastofnunar séu tilkomin að tillögu stjórnarandstöðunnar. Það er miklum ofsögum sagt þegar litið er til meðferðar meiri hlutans á henni og með tilliti til þess hlutverks sem sjóðnum virðist nú ætlað.

Svo virtist raunar við upphaf 2. umr. sem meiri hlutinn hefði fallist á hugmynd okkar nokkurn veginn ómengaða en með brtt. hæstv. forsrh. og yfirlýsingum út og suður um þetta mál er nú deginum ljósara hvað hér er að gerast þar sem opnað er fyrir bein fjárframlög frá ríkinu til reksturs sjóðsins og til

hlutafjárkaupa. Það er engin trygging sett fyrir faglegri stjórnun og það er felld niður skylda til reglulegrar útgáfu á gengi aðildarbréfanna.

Rekstur á faglegum grunni er algjör forsenda þess að þessi starfsemi nái tilgangi sínum, eins og segir í því nál. sem ég las hér í upphafi máls míns. Við töldum t.d. að sú sérfræðiþekking, sem fyrir hendi er í Byggðastofnun, ætti að geta nýst til þess að velja þau fyrirtæki sem hlutafjársjóðurinn fjárfesti í, þannig að tryggt yrði fullt verðgildi bréfanna. Meiri hlutinn vill hins vegar sérstaka pólitíska stjórnun þriggja manna sem forsrh. skipar, svo sem segir í 9. gr. frv. Engin trygging er sett fyrir því að þar verði um faglega stjórn að ræða. Kannski er bara ástæða til þess að fagna því að ekki er notað sama orðalag og í 4. gr. frv. þar sem forsrh. er gert að hafa samráð við formenn þingflokka, eins og þar segir, um skipan þriggja af átta mönnum í stjórn Atvinnutryggingarsjóðs. Það er reyndar merkilegt orðalag því það leggur ekki á herðar forsrh. neina skyldu um samráð við formenn allra þingflokka, heldur bara óskilgreindra þingflokka, enda er þetta ákvæði ekki sett í neinu samráði við fulltrúa stjórnarandstöðunnar né í þeirra þökk þótt það hafi greinilega átt að milda hug einhverra til þessarar lagasetningar, og hefur kannski gert það, hver veit.

Í þessu sambandi má minna á að núverandi stjórn Atvinnutryggingarsjóðs er sögð afar faglega skipuð og jafnvel hafa heyrst þær raddir að hún vinni of faglega, eins og það hefur verið orðað, og mun þá átt við að ákveðin sjónarmið eigi erfitt uppdráttar, svo sem hrein byggðasjónarmið. Spurningin er bara hvort þau rúmast nokkuð frekar innan ramma hlutafjársjóðs. Það er ekki mín meining. Með því er ég að sjálfsögðu ekki að segja að við viljum ekki gera byggðasjónarmiðum hátt undir höfði. Það höfum við kvennalistakonur alltaf viljað gera. Við gerum okkur mætavel grein fyrir þeim gífurlegu erfiðleikum sem eru í atvinnulífinu úti um allt land, þar sem brestur jafnvel í burðarásum heilla byggðarlaga. Á þeim vanda þarf að taka, eins og drepið er á í okkar nál., það þarf að taka á þessum vanda bæði með almennum aðgerðum og sértækum og á það vil ég leggja sérstaka áherslu.

En hæstv. ráðherrar eru að mínu mati komnir á alranga braut með hlutafjársjóðinn og eru að gera hann að einhvers konar ruslakistu sem fleygja megi í þeim málum sem Atvinnutryggingarsjóður vísar frá sér vegna þess að reglugerð um hann er svo ströng og umfjöllun svo fagleg að nú er m.a.s. útlit fyrir að ekki takist að úthluta öllu því fé sem sá sjóður fékk til umráða. Þá er gripið til þess að veita afgangskrónunum í hlutafjársjóðinn og vísa bágstöddustu fyrirtækjunum þangað. Og ekki nóg með það heldur er opnað fyrir beint framlag úr ríkissjóði og forráðamenn opinberra sjóða eins og Fiskveiðasjóðs og Iðnlánasjóðs og fleiri slíkra yppta öxlum yfir hugmyndum um að skuldum þessara fyrirtækja við þá verði breytt í hlutabréf í sjóðnum og segja að sennilega sé það betra en að fá alls ekki neitt upp í skuldirnar. Þeir hinir sömu tóku líka hressilega upp í sig á fundi í fjh.- og viðskn. varðandi almenn skilyrði fyrir atvinnurekstrinn í landinu og verður ekki sagt að þeir hafi sungið stjórnvöldum lof og dýrð. Gengisstefna stjórnvalda er miðuð við Kringlur en ekki frystihús og fiskiskip, sagði einn þeirra. Þar í liggur auðvitað stærsta meinsemdin, að hin almennu skilyrði eru svo slæm að sértæku aðgerðirnar verða ekki að gagni til frambúðar.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta þingmál sem gjarnan má fara að víkja fyrir öðrum hér í deildinni. Við kvennalistakonur lögðum mikla áherslu á að fá sem fyrst úr því skorið hvort ríkisstjórnin hefði í raun átt vísan stuðning í þinginu við þær efnahagsráðstafanir sem hún batt í bráðabirgðalög 12 dögum áður en þing kom saman til reglulegra funda á sl. hausti. Það er þegar komið í ljós að svo var ekki þótt henni bærist síðan liðsauki sem firrti hana falli. En það er ljótur svipur á stjórnvaldsaðgerðum af þessu tagi.

Ég vil svo að lokum benda á — og nú vildi ég gjarnan ná eyrum hæstv. forsrh. — að í 5. gr. frv., eins og það er nú orðið, er staðfestur sá einlægi vilji stjórnarflokkanna að ganga í fé Atvinnuleysistryggingasjóðs, en eins og hv. þm. væntanlega muna lögðust kvennalistakonur eindregið gegn því að svo yrði gert. Að vísu hefur sú barátta okkar og tillöguflutningur annarra leitt til þess að inn í 5. gr. er nú komið ákvæði sem á að tryggja endurgreiðslu þeirrar upphæðar sem tekin er frá Atvinnuleysistryggingasjóði. Það er hins vegar galopið í annan endann og verður alls ekki séð hvernig þetta kemur út að lokum. Það er engin leið að átta sig á því hvenær þetta framlag á að endurgreiðast að fullu, ég minnist þess reyndar ekki að hafa nokkurn tímann heyrt nokkuð sagt um verðbætur og vexti í sambandi við þessar endurgreiðslur.

Ég vil þess vegna óska eftir því við hæstv. forsrh. að hann upplýsi þingheim um þessi atriði, þ.e.: Á hve löngum tíma er ætlað að þessar endurgreiðslur til Atvinnuleysistryggingasjóðs vari eða m.ö.o. hvenær verður þeim lokið, hvenær hefur Atvinnuleysistryggingasjóður fengið að fullu endurgreitt það sem frá honum er tekið? Verða þessar endurgreiðslur verðbættar og verður endurgreiðslan með vöxtum? Við þessu vildi ég gjarnan fá svar í þessari umræðu.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Mig langar til þess að spyrja hæstv. forsrh. nokkurra spurninga í sambandi við mismunandi yfirlýsingar um eiginfjárstöðu sjávarútvegsfyrirtækja. Hæstv. forsrh. hélt því fram í yfirlýsingu sinni um efnahagsmál 6. febr. sl. að eiginfjárstaða fyrirtækja í sjávarútvegi hefði rýrnað um 13 milljarða á síðasta ári. Ég vil leyfa mér að spyrja: Hvaðan koma þessar upplýsingar? Er hægt að fá þær forsendur sem hæstv. forsrh. hefur fyrir þessum tölum eða er þetta eitthvert leyndarmál? Þetta eru upplýsingar út af fyrir sig og ekki ætla ég að gera lítið úr bágu ástandi sjávarútvegsfyrirtækja en það stangast á að sam-

kvæmt greinargerð Þjóðhagsstofnunar frá 15. des. sl. er taprekstur sjávarútvegsfyrirtækja á sama ári yfir 1,3 milljarðar eða bara 10% af því sem hæstv. forsrh. segir að eigið fé hafi rýrnað. Hvernig má vera að svona lagað gangi upp? Hvaðan koma upplýsingarnar um 13 milljarðana ef Þjóðhagsstofnun segir 1,3 milljarðar? (**Forsrh.:** Frá Seðlabankanum.)

Síðan er ég hérna með greinargerð frá Seðlabankanum frá 7. des. sl. þar sem kemur fram að eigið fé hafi rýrnað um 9,4 milljarða. Og til þess að útskýra þessar stærðargráður aðeins þá eru 13 milljarðar fjárhæð sem dugar til þess að gera 17 Ólafsfjarðarjarðgöng og 9,4 milljarðar, eins og skýrsla Seðlabankans hljóðar upp á, er ekki nema 12 Ólafsfjarðarjarðgöng. Það er því ekki verið að tala um neinar smátölur. Og hvernig stendur á því að það munar svona miklu á upplýsingum á milli hæða ef hæstv. forsrh. hefur þessar upplýsingar frá Seðlabankanum en Þjóðhagsstofnun, sem er í sama húsi, segir 1,3? Síðan gerir ríkisstjórnin efnahagsráðstafanir miðað við það sem Þjóðhagsstofnun segir. En af hverju ekki að gera efnahagsráðstafanir miðað við þessa 13? Ég skil ekki svona misvísun. Eru svona margir kompásar hjá ríkisstjórninni að það sé bara keyrt eftir því hvað er verið að tala um hverju sinni?

Hæstv. sjútvrh. sagði á fundi hjá Samtökum fiskvinnslustöðva sl. föstudag að eigið fé hefði rýrnað um 2–3 milljarða. Er svona mikið sambandsleysi í ríkisstjórninni að það sé ekki einhugur um hvað menn eru að tala um?

Ég krefst þess að við fáum skriflegar upplýsingar um hvernig þessum málum er varið. Það væri einnig gaman að fá svar við því hjá hæstv. forsrh. hvort ríkissjóður muni taka við skuldabréfum Atvinnutryggingarsjóðs sem greiðslu.

Í öllu talinu um vanda sjávarútvegs og að eigið fé sé lítið í undirstöðufyrirtækjum, þá skyldi maður halda að athafnir fylgdu orðum en hér fyrir áramót barðist stjórnarandstaðan á móti því að skattar yrðu hækkaðir á íslenska atvinnuvegi.

Í skýrslu Þjóðhagsstofnunar, sem ég minntist á áðan, frá 15. des. sl. er inngangurinn með eftirfarandi punktum, með leyfi hæstv. forseta:

„Afkoma sjávarútvegs hefur versnað verulega á þessu ári. [Þetta er frá 15. des. sl.] Afkoma útflutnings- og samkeppnisiðnaðar hefur versnað á þessu ári. Afkoma í verslun hefur einnig versnað frá því í fyrra. Afkoma í landbúnaði var slæm 1987 og hefur ekkert batnað. Markaðsverð sjávarafurða hefur lækkað um 6%."

Með svona upplýsingar í höndunum leggur hæstv. ríkisstjórn stórauknar álögur á atvinnulífið. Til hvers er verið að láta að vinna svona upplýsingar og fara svo ekkert eftir þeim? Ég skil það ekki.

Ég vil spyrja hæstv. forsrh. að því hvort hann geri sér ekki grein fyrir því að skattstofnar þjóðarinnar eru takmörkuð auðlind, alveg eins og fiskistofnarnir. Ofsköttun er ekkert annað en rányrkja á íslenskum atvinnuvegum. Og í sama orðinu og menn eru að tala um að eigið fé hafi rýrnað svo og svo mikið, þá er verið að rýra það enn meira með enn frekari sköttun. Þetta heitir nú bara á hreinni íslensku að hafa tungur tvær og tala sitt með hvorri. Menn verða að standa við það sem þeir segja. Það þýðir ekkert að ætla sér að leysa vanda atvinnuveganna og hella síðan álögur á atvinnulífið sem veltur út í verðlagið og bitnar svo á undirstöðufyrirtækjunum, því það á að leyfa milliliðunum að hækka verðið en svo á að halda genginu föstu.

Ég verð að segja að það er meiri háttar áfall að verða vitni að svona rugli eins og var hérna fyrir jólin. Með þessar upplýsingar í höndunum, með þetta tal um það að allt sé að fara norður og niður í atvinnulífi þjóðarinnar, að leggja þá stórauknar álögur á, sem gerir ekkert annað en að skerða lífskjörin í landinu og minnka getu fyrirtækjanna til að borga hærri laun og ráða samkeppnishæfni þeirra á erlendum vettvangi sem þau mega nú ekki við um þessar mundir.

Mönnum er tíðrætt um það að vextir séu háir. Auðvitað eru vextir háir, það vita það allir. En af hverju eru vextir háir? Það segir hæstv. forsrh. að sé vegna einhverrar frjálshyggju sem hann hefur ekkert skilgreint nánar hvað er. Ég held að það sé tími til kominn að krefja menn um rökstuðning fyrir svona málflutningi.

Mér er spurn: Hefði það eitthvað þýtt í rokinu núna um helgina að ráðast barómetið og fara með nálina með handafli upp á „smukt"? Hefði veðrið hefði eitthvað lagast við það? Frjálsræði á mörkuðum er ekkert annað en mælir á tiltekið ástand. Og ástandið er það að það er allt of mikil eftirspurn í lánsfé. Hvað á svo að gera við því? Á að ráðast á mælinn? Er hægt að lækna sjúkling með 41 stigs hita og óráð með því að dýfa honum í kalt þangað til 37 gráðum er náð? Er búið að lækna hann? Mér er spurn. Það er heldur ekkert hægt að keyra áfram á 100 km hraða með því að skipta um spjald í hraðamælinum og setja mílumæli. Það er ekki hægt að blekkja sjálfan sig með svona rugli.

Ég tel að það sé forsenda fyrir því að atvinnulífið hér komist á betra ról og bætt lífskjör geti orðið í landinu að viðurkennd vestræn hagstjórn fari fram í landinu en ekki þessi austantjaldsósómi sem maður er vitni að hér. Þessi sýndarmennska, sem maður verður vitni að hér í Alþingi, mun leiða íslensku þjóðina í hinar hræðilegustu ógöngur og til skertra lífskjara og það á félagslegum grundvelli. Áframhaldandi taprekstur atvinnuveganna þýðir stóraukin eftirspurn í allt of lítið fjármagn — það er allt of lítið fjármagn til í landinu til að sinna þörfum ríkisins og atvinnulífsins — og áframhaldandi taprekstur mun valda stóraukinni eftirspurn í lánsfé sem þýðir hækkaðir vextir, aukin verðbólga, skert lífskjör og atvinnuleysi. Ég vil mótmæla harðlega svona sýndarmennskusjónleik, að þykjast alltaf að vera að leysa einhvern vanda en leggja svo stórauknar álögur á atvinnulífið og þjóðina.

Sigrún Helgadóttir:

Virðulegi forseti. Ég hóf þingsetu mína fyrir nokkrum dögum með því að hlusta á hv. þm. skattyrðast um það hvort við hæfi væri að ráðherra segði að ákveðnir einstaklingar nöguðu blýanta. Að lokinni þeirri umræðu var gengið til atkvæða um kjörbréf mitt sem var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Þar sem ég er fjórða varaþingkona Kvennalistans taldi virðulegur forseti Sþ. sér skylt að geta þess að engin störf í þjóðfélaginu væru þess eðlis að annir við þau réttlættu leyfi frá þingstörfum. Þessi orð virðulegs forseta, sem í raun má túlka svo að engin störf í þjóðfélaginu séu merkilegri og mikilvægari en þingstörf, hafa verið mér mjög hugstæð þessa daga sem ég hef setið hér og hlustað og horft, sífellt meira og meira undrandi á vinnubrögðum og orðalagi og ekki síst verðmætamati sem endurspeglast mætavel í allri þessari endalausu efnahagsumræðu.

Ég minnist þess þegar ég rétt rúmlega tvítug stóð fyrir framan heilan bekk af börnum sem voru að koma í fyrsta sinn í skólann sinn. Þetta var í litlu þorpi vestur á fjörðum. Ég horfði framan í 20 lítil eftirvæntingarfull andlit og ég vissi að það var undir mér komið hvort eftirvæntingin yrði þarna áfram og kæmi fram í vinnugleði og árangri eða hvort glampinn í augunum dofnaði og eftirvæntingin breyttist í kæruleysi og leiðindi. Ég átti að kenna þessum börnum að lesa, leggja grunn að allri þeirra skólamenntun, móta afstöðu þeirra til skóla, menningar og ótal margs annars. Þá fann ég sannarlega til meiri ábyrgðar en ég fann undir orðum virðulegs forseta eftir að hafa hlustað á klukkutímaþras um blýantanag.

Ég vissi líka mætavel að þær þrjár konur, sem deilt var á vegna þess að þær óskuðu eftir að fá að halda áfram skyldustörfum sínum úti í þjóðfélaginu frekar en koma til starfa hér í þingsölum í tvær vikur, eru líka allar kennarar. Hver á sínu sviði kenna þær bæði ungu fólki og fullorðnu, ungu fólki sem e.t.v. veitir ekki af styrkri handleiðslu í ólgusjó unglingsáranna og fullorðnu fólki sem margt hvert hefur á einhverju stigi lífs síns dottið út úr skólakerfinu og er nú hikandi og fullt vantrausts á sjálft sig að reyna að fóta sig þar að nýju.

Allir vita hversu erfitt og illa borgað kennslustarfið er og það er hreint ekki auðvelt að fá forfallakennara til að hlaupa í kennslu í hálfan mánuð og þó svo að það hefði tekist hefði það án efa komið róti á nemendur og losi á kennsluna. Kannski hefði þingseta einhverra þessara kvenna orðið til þess að einstaklingur úti í þjóðfélaginu hefði fallið út úr námi. Hefði það ekki skipt máli? Getur verið að afstaðan hér sé sú að bara sumir einstaklingar skipti máli? Getur verið að börn, unglingar, fólk sem á að einhverju leyti erfitt, hefur dottið út úr námi, gamalmenni og e.t.v. stór hluti kvenna skipti ekki máli eða skipti alla vega miklu minna máli en stjórnmálamenn, hagspekingar, bankastjórar og útgerðarmenn? Hin ráðandi umræða hér á þingi bendir sannarlega til þess að svo sé. Hún er einhvern veginn ekki í neinum tengslum við lífið hér fyrir utan, hvorki fólk né umhverfi. Hún er jafnvel ekki á tungumáli sem fólk skilur. Hér er endalaust talað um hag fyrirtækjanna en minna um hag heimilanna. Það er þó á heimilunum sem mesta verðmætasköpunin fer fram. Þar vinna fyrst og fremst konur við að gera umhverfið vistlegt, annast um börn og aðra í fjölskyldunni, viðhalda máli, hefðum og siðum, íslenskri menningu, og mörg fleiri eru þeirra störf. En vegna þess að verðmætin eru annaðhvort ekki hlutbundin eða þau eru jafnóðum étin upp, slitin út eða skitin út eru þau ekki talin með. Samt er þessi vinna þess eðlis að ef enginn ynni hana væri lífið ekki þess virði að því væri lifað, jafnvel þótt alls staðar væru öflug fyrirtæki sem gæfu af sér mikinn arð í peningum talinn. Hvers virði væru fyrirtækin ef þeir sem þar ynnu ættu ekki góð heimili, heilbrigð börn, væru hamingjusamir einstaklingar? En samt er sú vinna sem að þessu miðar ekki talin til verðmæta í hagskýrslum. Hún hækkar hvorki þjóðartekjur né þjóðarframleiðslu. Það gera hins vegar þau störf sem hér eru unnin.

Hvað ætli þær kosti allar þessar ræður sem margar hverjar breyta engu og virðast fyrst og fremst vera fluttar til að tefja mál og koma höggi á pólitískan andstæðing? Hvað ætli blýantaumræðan í klukkutíma hafi kostað, t.d. eftir að líka var búið að sjónvarpa henni í Ríkissjónvarpinu um allt land? Hvernig væri að snúa hlutunum við? Byrja á því sem skiptir mestu máli og vinna út frá því, vinna út frá hagsæld heimilanna, fjölskyldnanna, barnanna.

Því má bæta við svona til að setja hlutina í samhengi sem menn skilja að í Danmörku hefur verið reiknað út hve miklum tíma er varið í heimilisstörf og hve mikið þyrfti að borga fyrir þau ef fólk á launum væri fengið til að vinna þau. Það er sannarlega fróðleg samantekt en niðurstaða hennar er að heimilisstörfin, það eru þá auðvitað þessi hlutbundnu sem hægt er að meta til fjár, séu jafnvirði 43% af þjóðarframleiðslu Dana og 50% þjóðartekna. Búast má við að tölurnar séu eitthvað svipaðar hér og spyrja má: Er eitthvert vit í umræðum um þjóðartekjur og þjóðarframleiðslu, umræðum um hagfræði almennt, ef horft er fram hjá svo stórum þáttum hennar? Þjónusta heimilanna sem er undirstaða lífshamingju þjóðarinnar er ekki talin með vegna þess að hún er ókeypis. Það tekur heldur enginn eftir þessum störfum fyrr en þau eru ekki innt af hendi. Ef svo væri almennt þyrfti að borga offjár fyrir þau, fyrir að þau væru unnin, sbr. dönsku tölurnar, og hætt er við að eitthvað vantaði á, t.d. í umönnunar- og uppeldisþáttinn.

Það sem hér hefur verið sagt um þjónustu heimilanna gildir líka um þá þjónustu sem náttúran veitir. Sú þjónusta er undirstaða alls lífs að meðtöldu mannlífi. En af því að hún kostar okkur heldur engin fjárútlát tökum við hana sem sjálfsagðan hlut. Regnið streymir úr himninum, hreint og tært, og kostar ekkert. Fiskur klekst út á hrygningarstöðvum og vex, gengur á fiskimið og kostar ekkert. Sólin skín, úthagi grær, fuglar syngja, allt ókeypis. En hve lengi? Ekki mjög lengi, segja margir, svo mjög hefur gengið á

þann höfuðstól sem náttúran er. Fiskstofnar ofnýttir og sumir jafnvel nær horfnir og gróðurlendi landsins ekki nema brot af því sem það gæti verið. Á stórum svæðum heimsins streymir regnið ekki lengur hreint og tært heldur blandað mengunarefnum sem gera það súrt og drepa gróður og þess vegna allt líf, bæði á landi og í vötnum og sjálfsagt líka í hafi þótt minna sé um það vitað. En hagfræðispekúlantar heimsins láta þessi sannindi sem vind um eyru þjóta. Þeir virðast alls ekki gera sér grein fyrir að öll hagkerfi heimsins hvíla á vistkerfunum, kerfum náttúrunnar og þeim lögmálum sem þar ríkja. Þeir virðast ekki gera sér grein fyrir því að hrynji vistkerfin hrynja líka hagkerfin. Þeir tala stöðugt um höfuðstól peninganna eða verðbréfanna en gera sér ekki grein fyrir að sá höfuðstóll sem skiptir mestu máli er Jörðin sjálf og það líf sem á henni hefur þróast. Sá höfuðstóll hefur takmarkaða stærð og þess vegna ríkir þar lögmálið um takmarkaðan vöxt. Að trúa endalaust á stöðugan vöxt, sífellt aukna þjóðarframleiðslu og hagvöxt, virðist beinlínis heimska. Alla vega bendir slíkt tal til skorts á þekkingu og framsýni, eða skyldi ástæðan vera kæruleysi, skortur á ábyrgðarkennd gagnvart komandi kynslóðum, gagnvart börnunum?

Þeirri veislu sem ríkt hefur í hinum vestræna heimi að undanförnu og mæld hefur verið í hagvexti verður að ljúka. Hún hefur byggst á aukinni tækni og iðnvæðingu, auk þess að gengið hefur verið á höfuðstólinn. Tæknin hefur gert mönnum kleift að sigrast á gömlum fjendum, veikindum, hungri og fátækt, en um leið og menn hafa iðnvæðst hafa þeir búið sér til nýja óvini, mengun og auðlindaþurrð. Lífsgæðakapphlaupið er að verða ógn við lífið sjálft.

Þannig má rökstyðja að þær ógöngur sem mannkynið er komið í séu afleiðingar vísinda og tækni en einnig er hægt að vona að einmitt með vísindum og tækni megi snúa þessari öfugþróun við. En forsendur þess að það verði hægt er þó að menn temji sér önnur gildi, hætti að líta á náttúruna sem eitthvert fyrirbæri sem endalaust muni veita sína ókeypis þjónustu, óháð því hvernig farið sé með hana. Það verða allir, og þá ekki síst stjórnmálamenn, að temja sér aðra lífssýn, annan lífsstíl sem byggist á þeim skilningi að við verðum að geta stjórnað, ekki náttúrunni, heldur okkur sjálfum í samræmi við lögmál vistfræðinnar.

Í dag er hér á þinginu enn og aftur umræða um efnahagsaðgerðir, umræða sem búin er að vera í gangi í allan vetur, ekki bara í þingsölum, heldur líka á nefndafundum, á ráðstefnum, fundum og í fjölmiðlum. Alls staðar endalaus umræða um peninga, verðbréf, vexti, lán, skuldir, sjóði o.s.frv. o.s.frv. Allt annað hefur meira eða minna orðið að víkja.

Það lagafrv. sem nú er til umræðu kom fyrst fram sem bráðabirgðalög og í raun er bráðabirgða- það forskeyti sem setja mætti framan við allar þær ráðstafanir sem ræddar hafa verið og þær ákvarðanir sem teknar hafa verið. Þetta eru því miður bráðabirgðalausnir á brauðfótum. Framtíðarlausnir byggjast á skilningi á undirstöðuatriðum. Þau undirstöðuatriði eru að við skiljum og virðum þau náttúrulögmál sem setja okkur takmörk og að við sjáum og viðurkennum þau störf sem ráða velferð þjóðarinnar.

Umræðu frestað.

Vaxtalög, 1. umr.

Stjfrv., 239. mál (fjárfestingarlánasjóðir, dráttarvextir, okur o.fl.). — Þskj. 444.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Frv. það sem hér liggur fyrir hv. Nd. um breytingar á vaxtalögum er þáttur í þeim efnahagsráðstöfunum sem ríkisstjórnin kynnti í liðinni viku. Með frv. eru gerðar tillögur um endurbætur á vaxtalögunum og þær eru settar fram í ljósi reynslunnar sem fengist hefur af framkvæmd þeirra.

Í 1. og 2. gr. frv. eru gerðar tillögur um breytingar á 5. og 7. gr. núgildandi vaxtalaga. Þessar tillögur miða að því að skýra ákvæðin betur þannig að þau verði ótvírætt í samræmi við þá ætlan löggjafans þegar vaxtalögin voru sett að vextir af samningsskuldum og skaðabótakröfum breytist í hátt við vegið meðaltal vaxta hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum, annars vegar á nýjum almennum útlánum og hins vegar á almennum óbundnum sparisjóðsreikningum.

Í 3. gr. frv. er lagt til að ákvæði vaxtalaga um tilkynningarskyldu innlánsstofnana til Seðlabankans um þau vaxtakjör sem hjá þeim stofnunum gilda skuli framvegis einnig taka til verðbréfafyrirtækja eftir því sem við getur átt. Þessi skylda er á þau lögð í því skyni að koma á jafnræði um upplýsingaskyldu á fjármagnsmarkaðinum.

Í 4. gr. frv. er gerð tillaga um orðalagsbreytingu á 1. mgr. 9. gr. núgildandi vaxtalaga en með því móti verður greinin að mínu áliti nákvæmar orðuð en nú er. Samkvæmt því er ljóst að dráttarvextir skulu greiðast frá og með gjalddaga fram að greiðsludegi. Fari greiðsla fram á gjalddaga skulu engir dráttarvextir greiddir.

Þá er lagt til að við 9. gr. vaxtalaganna bætist ný málsgrein sem verði 2. mgr. 9. gr., þess efnis að dráttarvextir skuli ætíð reiknast sem dagvextir. Þetta ákvæði er reyndar í bráðabirgðalögum nr. 83 frá 1988, dags. 28. sept. sl., en mér þykir rétt, úr því að hér er flutt frv. til breytinga á vaxtalögunum, að fella þá málsgrein inn í vaxtalögin.

Í 5. gr. frv. er lagt til að í 14. gr. vaxtalaganna komi ný málsgrein varðandi kröfugerð um dráttarvexti í málshöfðunum fyrir dómastóla. Tillaga þessi er flutt vegna ábendinga sem fram hafa komið frá fulltrúum við Borgardóm Reykjavíkur og frá Lögmannafélagi Íslands. Með þessari breytingu er veitt heimild til þess að gera dráttarvaxtakröfu í stefnum miklu einfaldari en ef um er að ræða peningakröfu sem gjaldfallið hefur eftir gildistöku vaxtalaganna. Vaxtalögin mæla fyrir um það að dráttarvexti skuli greiða af

peningakröfum, sbr. 9. og 10. gr. vaxtalaganna. Ef þetta er samþykkt er ekki lengur þörf á þeirri dráttarvaxtaþulu sem alllöng er og tíðkast hefur í stefnum vegna peningaskuldbindinga sem gjaldfallið hafa fyrir gildistöku vaxtalaga.

Í 6. gr. frv. er gerð tillaga um breytingu á ákvæði vaxtalaga um refsiábyrgð fyrir misneytingu aðstöðu við vaxtatöku, m.ö.o. fyrir okur. Breytingin tengist ráðgerðri breytingu á 9. gr. laga um Seðlabanka Íslands en þar er lagt til að Seðlabankanum verði framvegis heimilað að binda vaxtaákvarðanir innlánsstofnana takmörkunum til þess að vextir verði hóflegir og ekki hærri en þeir eru að jafnaði í helstu viðskiptalöndum Íslendinga. Svo og til að draga úr óhæfilegum vaxtamun milli inn- og útlána eins og nánar greinir í frv. til laga um breytingar á lögunum um Seðlabanka Íslands sem nú er til umræðu í hv. Ed.

Ég vek athygli á því að umbrotsgalli er á frv. því auðvitað áttu ekki að vera málsgreinaskil í 6. gr. frv. því hér er um eina málsgrein að ræða, þ.e. skilorðssetningin sem byrjar á orðunum „Hafi Seðlabanki Íslands“ átti að koma í beinu framhaldi af orðunum „allt að tveimur árum“. En til þess að gera málið skýrara ætti að prenta hér upp í frv. alla 1. mgr. laganna svo menn sjái í hvaða samhengi þessi viðbótartillaga er gerð en hins vegar hefur af mistökum í prentsmiðju verið skipt í tvær málsgreinar.

Þessi tillaga er gerð til þess að gera það alveg skýrt að viðmiðun við misneytingarmat skuli vera þeir vextir sem gilda eftir íhlutun Seðlabankans ef um hana er að ræða.

Í 6. gr. frv., sem ég er hér að ræða, er þannig lagt til að tekið verði mið af því hvort ákvörðun skv. 9. gr. seðlabankalaganna hafi verið tekin. Hafi Seðlabankinn hlutast til um vexti útlána hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum á grundvelli 9. gr. laga nr. 36/1986 skulu vaxtamörk útlána hvað varðar refsiábyrgð fyrir okur vera þau sem Seðlabankinn hafði ákveðið. Það er reyndar þörf á þessari breytingu að mínu áliti hvort sem 9. gr. seðlabankalaganna er breytt frá því sem hún er nú eður ei til þess að taka af öll tvímæli í þessu efni eins og sést þegar saman eru lesin ákvæði vaxtalaganna eins og þau nú standa.

Þá er í þessu frv. lagt til að í vaxtalögin komi nýr kafli sem beri heitið „Vaxtakjör opinberra fjárfestingarlánasjóða“. Almenn ákvæði um vaxtakjör fjárfestingarlánasjóðanna voru áður í lögum nr. 13 frá árinu 1975, en þau voru úr gildi felld í lok liðins árs um leið og veðdeildir bankanna urðu skattskyldar, enda var upphaflega ráðgert að gera sjóðina einnig skattskylda. Úr því varð þó ekki og því þykir rétt að opinberir fjárfestingarlánasjóðir búi við samræmdar reglur um vaxtakjör eins og ráð er gert fyrir í þessu frv. Reyndar er það svo að regla hliðstæð þeirri sem hér er gerð tillaga um er í gildi í einstökum lögum um fjárfestingarlánasjóði, t.d. í lögunum um Iðnlánasjóð sem gefin voru út að nýju í samfelldum texta sumarið 1987. Í samræmi við þetta er viðskrh. hér heimilað samkvæmt tillögunni að setja meginreglur um lánakjör opinberra fjárfestingarlánasjóða og jafnframt eru þar settar nánari verklagsreglur um útfærsluna.

Hæstv. forseti. Ég hef nú lokið við að lýsa í meginatriðum frv. því til breytinga á vaxtalögum sem hér er til umræðu. Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Ég geri ráð fyrir því að þeim sem hafa fylgst með umræðum á vegum ríkisstjórnarinnar og af hálfu stjórnarliða um vaxtamálin undanfarnar vikur og mánuði komi nokkuð á óvart hve þessi frumvörp eru efnislega rýr í roðinu. En ég fagna því, herra forseti, og ég tel að hæstv. viðskrh. hafi náð að hafa vit fyrir félögum sínum í þessum málum og komið í veg fyrir meiri háttar slys eins og vænta hefði mátt ef ýmsir talsmenn stjórnarliðsins og stjórnarliðar, ekki síst í Alþb., hefðu fengið það fram í þessum efnum sem þeir hafa talað um.

Í þessu frv. til l. um breytingar á hinum tveggja ára gömlu vaxtalögum er efnislega mjög lítið nýtt. Flestar þessar breytingar eru tæknilegs eðlis til þess ætlaðar að skýra hin eldri lög betur og eyða þar óvissu og vafaatriðum og slíkar breytingar eru að sjálfsögðu til bóta. Það á t.d. við um 1. og 2. gr., um 4. og 5. gr. svo að ég nefni þar nokkur dæmi.

Hins vegar varðandi 3. gr. frv., um upplýsingaskyldu verðbréfafyrirtækja, hjó ég eftir því að ráðherra lét þess getið að þar væri um að ræða upplýsingaskyldu „eftir því sem við gæti átt“ eins og hann orðaði það og það tel ég vera mjög mikilvægan fyrirvara að þar sé um að ræða upplýsingaskyldu að breyttu breytanda með tilliti til starfsemi og starfsumhverfis þessara fyrirtækja. Að öðru leyti er ekki hægt að amast við því að á þau sé lögð umrædd upplýsingaskylda.

En mig langar aðeins, virðulegi forseti, til að víkja að 6. gr. frv. vegna þess að á henni er alvarlegur galli, eins og hæstv. ráðherra vék að og segir vera umbrotsgalla sem það vissulega er. En staðreyndin er sú að 1. mgr. í þessari grein eins og hún er prentuð er nákvæmlega óbreytt upp úr gildandi lögum. Og það er ekki rétt, sem kom fram í máli ráðherra, að þarna sé verið að gera einhverjar breytingar. Eina breytingin sem gerð er samkvæmt þessari grein í frv. er að bæta við því sem er 2. mgr. 6. gr. frv. og á væntanlega að vera síðasti málsl. 1. mgr. Sú viðbót, að hafi Seðlabanki Íslands hlutast til um vexti skv. 9. gr. laga um Seðlabankann, er hins vegar engin efnisleg breyting á því sem þessi grein snýst um, þ.e. misneytingu, okur eða að færa sér í nyt bágindi annarra, þannig að ég tel að þessi viðbót sé eðlileg, en það er hins vegar ekki gerð rétt grein fyrir henni.

Það er látið í veðri vaka að þarna séu á ferðinni miklu meiri breytingar en raunin er á. Þetta tel ég, virðulegi forseti, vera ámælisvert og ég tel reyndar

að gallinn á þessari grein frv. og ýmsar aðrar gáleysislegar prentvillur sem í frv. eru hljóti að gera það að verkum að frv. verði prentað upp á nýtt áður en lengra er haldið öllum til glöggvunar og skýringar og vænti ég þess að forseti geti beitt sér fyrir því. Mín vegna mætti það hins vegar vera eftir að búið er að vísa því til nefndar þannig að það tefji ekki fyrir málinu.

Að því er síðan varðar síðustu greinar frv., 7., 8., 9. og 10, er um það að ræða að ríkisstjórnin er að bæta fyrir mistök sem henni urðu á í meðferð mála rétt fyrir jólin, þ.e. það féllu niður ákvæði um vaxtakjör opinberra fjárfestingarlánasjóða, sennilega fyrir mistök, í þeim önnum sem voru í þingstörfum fyrir jól. Þannig að eins og málum er komið í dag ríkir algert vaxtafrelsi hjá opinberum fjárfestingarlánasjóðum. En hvað sem því líður tel ég ekki ástæðu til þess að amast við því að þetta sé fært inn í vaxtalögin og látið tilheyra viðskrn. og viðskrh.

Hins vegar, virðulegi forseti, fyrst við vorum að ræða áðan 8. mál þingsins um efnahagsaðgerðir, bráðabirgðalögin frá því í haust, þá vakti ráðherra réttilega athygli á því að í frv. er sérstakt ákvæði um að dráttarvextir skuli ætíð reiknast sem dagvextir og þetta er 18. gr. þess frv. Síðan er í frv. sem nú er til umræðu einnig sams konar ákvæði um að dráttarvextir skuli ætíð reiknast sem dagvextir nema á annan veg sé sérstaklega mælt í lögum. Ég tel að það sé rétt mat hjá hæstv. viðskrh. að ákvæði sem þetta eigi heima í vaxtalögum en ekki í því frv. til l. sem var til umræðu fyrr í dag, bráðabirgðalögunum frá því í haust. En til þess að menn séu sjálfum sér samkvæmir á auðvitað að leggja til að það ákvæði í bráðabirgðalögunum falli brott og sé ekki á tveim stöðum í löggjöfinni. Það er tækifæri til þess enn þá úr því að bráðabirgðalögin eru ekki komin lengra á veg hér um þingið en raun ber vitni. Þetta vildi ég benda á og vænti þess að ráðherrann beiti sér fyrir þessu.

Að öðru leyti, virðulegi forseti, er ekki ástæða til að fjölyrða um þetta frv. Í því eru nokkur atriði sem horfa vissulega til bóta og sem til að mynda lögmenn og dómarar hafa bent á að því er varðar 5. gr. frv. um hina svokölluðu vaxtakröfuþulu sem ráðherra nefndi og um það þarf ekkert að fjölyrða að slíkar breytingar eru réttarbót.

Hins vegar vildi ég í lokin, virðulegi forseti, ítreka það, sem ég sagði hér áðan, að það er búið að gera mikið veður út af þessum málum af hálfu stjórnarliðanna og af hálfu ýmissa ráðherra í ríkisstjórninni, en sá veðrahamur birtist ekki í þessu frv. sem er efnislítið og látlaust eftir því þegar búið er að leiðrétta þær villur sem inn í það hafa slæðst. Ég fagna því sem sé að hér stendur ekki til að gera byltingarkenndar breytingar á vaxtalögunum og ég vænti þess að það sé vegna þess að hæstv. viðskrh. hefur lýst því yfir að hann vilji auka og efla samkeppni í bankamálum og fjármagnsmarkaðnum og hagnýta sér kosti hinnar frjálsu samkeppni á því sviði innan ramma eðlilegs samkeppnisumhverfis og eðlilegra reglna sem um þau mál eiga að gilda. Það er nefnilega mikilvægt ef menn hafa þessa skoðun, sem ég dreg ekki í efa að ráðherrann hefur og ég er honum sammála um, að binda ekki þannig um hnútana að það sé ómögulegt að eiga í samkeppni, ómögulegt að keppa í heilbrigðri samkeppni vegna þess að það sé búið að banna aðilum á markaðnum að bjóða eitthvað sem er frábrugðið því sem aðrir geta boðið upp á. Ég fagna því að það er ekki farið inn á slíkar brautir í þessu frv. og ég treysti því að sá skilningur sé réttur, enda kom ekki annað fram í máli ráðherra.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn efnahagsmála o.fl., 1. umr.

Stjfrv., 240. mál (lágmarkstími verðtryggingar og fastir vextir). — Þskj. 445.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka forseta fyrir að leyfa mér að mæla fyrir þessum tveimur vaxtalagafrumvörpum í samfellu. Ég mæli hér fyrir í fimmta dagskrármálinu frv. til l. um breytingu á lögum nr. 13 frá 10. apríl 1979, um stjórn efnahagsmála o.fl. Þar á ég við þau lög sem í daglegu tali eru oftast nefnd Ólafslög.

Þetta frv. er flutt til þess að bæta inn í ákvæði þeirra laga nauðsynlegum heimildum varðandi lágmarkstíma verðtryggðra innlána og útlána og varðandi vexti af verðtryggðum skuldbindingum. Breytingin er við 39. gr. laganna þar sem fjallað er um skilyrði verðtryggingar.

Í fyrsta lagi er lagt til að í stað 3. tölul., sem felldur hefur verið úr gildi, komi inn nýr 3. tölul. Þessi töluliður er efnislega samhljóða ákvæðum í bráðabirgðalögum nr. 44 frá 20. maí 1988, sbr. lög nr. 14 frá 1988, en í þeim lögum er kveðið á um að verðtrygging sparifjár og lánsfjár skuli eigi vera til skemmri tíma en tveggja ára hvað varðar aðrar skuldbindingar en sparifjárinnstæður sem því aðeins mega njóta verðtryggingar að bundnar séu í sex mánuði eða lengur. Hér er lagt til að þessi ákvæði um lágmarkstíma verðtryggðra skuldbindinga verði felld inn í 39. gr. laganna sem fjalla um skilyrði verðtryggingar. Þá er lagt til að bætt verði í lögin nýrri 3. mgr. sem veiti Seðlabankanum með staðfestingu ráðherra heimild til þess að ákveða lengri lágmarkstíma verðtryggðra sparireikninga og útlána og — og það er mjög mikilvæg tillaga — að Seðlabankanum verði heimilað að ákveða að vextir verðtryggðra útlána skuli vera óbreytilegir á lánstímanum. Til þess að taka slíka ákvörðun þarf Seðlabankinn heimild viðskrh.

Þá getur Seðlabankinn einnig á sama hátt veitt undanþágu til skemmri binditíma verðtryggðra fjárskuldbindinga þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi eins og greinir í tillögugreininni.

Hér er um mikilvægt þingmál að ræða þótt það láti

ekki mikið yfir sér. Ríkisstjórnin vill vinna að því þegar til langs tíma er litið að draga skipulega úr mikilvægi verðtryggingar á lánamarkaðnum, eftir því sem úr verðbólgu dregur, og þar er lenging lágmarkstímans mikilvægt atriði. Hér er þetta þannig hugsað að eftir því sem verðlag gerist stöðugra — og verðbólgan minni — sé óhætt að lengja þennan lágmarkstíma og stuðla þannig að því smám saman að vísitölutengingar á skammtímaskuldbindingum hverfi.

Þá þykir mér einnig vera sanngirnismál, og hefði reyndar átt að vera svo frá upphafi, að óbreytilegir vextir gildi á verðtryggðum lánum, enda má halda því fram með gildum rökum að verðtryggingin eyði stærstum hluta óvissunnar í lánssamningum. Ef vextirnir væru óbreytilegir er næsta víst að þeir yrðu virkara stjórntæki í efnahagslífinu. Menn kynnu þá fremur að fresta fjárfestingu þegar vextir eru háir en auka framkvæmdir þegar lækka, en þannig koma áhrif vaxta víða um lönd fram og ætti svo auðvitað einnig að vera hér. Breytilegir vextir jafnt á verðtryggðum sem óverðtryggðum skuldbindingum draga hins vegar úr áhrifamætti vaxtanna hvað þetta varðar. Ég tel að þetta sé breyting sem verði að ákveða í hentugan tíma. Hún mun þá bera ríkulegan ávöxt að mínu áliti ef hún er borin fram í hentugan tíma, og það verður vissulega að sæta færis með að gera slíka breytingu. Ég er sannfærður um að hún verður til góðs í okkar efnahagslífi, en ég tel rétt að gera þetta þannig að Seðlabankinn fá heimild til þess að ákveða þetta þegar heppilega stendur á á fjármagnsmarkaðnum. Sé það almennt álit manna að raunvextir séu í hærra lagi, eins og manni gæti virst af því að hlusta á ræður manna hér í þinginu m.a., þá er nú varla rétti tíminn til að binda þessa vexti. En hins vegar þegar betur stæði á kynni að vera rétt að sæta færis og festa vexti af verðtryggðum skuldbindingum, ekki þannig að það sé gert með miðstjórnarákvörðunum hverjir þeir skuli vera heldur að samningarnir skuli þannig gerðir, ef verðtryggðir eru, að í þeim séu ekki breytilegir heldur óbreytilegir vextir á lánstímanum eða a.m.k. einhver tiltekinn hluta hans.

Virðulegi forseti. Ég legg áherslu á að þau frumvörp bæði sem ég hef mælt hér fyrir hljóti skjóta en vandaða meðferð í deildinni og legg til að þessu frv. eins og hinu fyrr verði vísað til 2. umr og hv. fjh.- og viðskn.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður, enda er þetta frv. ekki stórt í sniðum né sérstaklega flókið og í raun og veru engin ástæða til þess að leggjast gegn því. Ég vil hins vegar í tilefni af ummælum hæstv. ráðherra áðan taka undir að vissulega er það ekki í anda upphaflegra hugmynda um verðtryggingu að ofan á verðtryggingu skuli einnig bætast breytilegir vextir, enda má gera ráð fyrir að verðtryggingin sem slík eyði þeirri óvissu sem hlýst af breytilegu verðlagi. Þetta er rétt hjá ráðherranum og ástæðulaust að amast við því að Seðlabankanum sé veitt heimild til að ákveða að vextir verðtryggðra útlána skuli vera óbreytilegir á lánstímanum.

Hins vegar er óhjákvæmilegt að nefna í þessari andrá vexti af ýmsum þeim skuldbindingum sem ríkissjóður býður upp á. Mér eru þá ofarlega í huga t.d. vextir á húsnæðislánum sem eru að vísu breytilegir samkvæmt skilmálum bréfanna þó að þeim hafi ekki verið breytt, a.m.k. ekki í seinni tíð, en eru hins vegar það lágir að fjárhagsafkomu og framtíðarhag byggingarsjóðanna er stefnt í voða innan ekkert mjög langs tíma eins og hefur verið rætt hér í hv. deild.

Ég held að ef menn fara inn á þær brautir að taka upp óbreytilega vexti á verðtryggðum lánum sé jafnframt óhjákvæmilegt að horfast í augu við fjárhagsafkomu t.d. byggingarsjóðanna og gera þá ráðstafanir til að tryggja að það endurgjald sem krafist er fyrir slík lán nægi til að standa undir sjóðunum til frambúðar. En þá verður að koma til móts við þá sem talin er ástæða til að leggja lið með öðrum hætti og dæmið þá reiknað í heild og lagt fram fé til að standa undir slíkum stuðningi þannig að það þurfi ekki að bitna á heildarafkomu sjóðanna eins og nú horfir.

Þetta vildi ég að kæmi fram við þessa umræðu. Ég vil að öðru leyti ekki hafa fleiri orð um þetta. Ég tel að það markmið sem felst í þeirri breytingu sem hér hefur verið kynnt sé góðra gjalda vert. En ég tel að hæstv. viðskrh. sé nokkuð bjartsýnn ef hann telur að verðbólga á næstunni verði svo lítil að það séu horfur á að unnt verði að hverfa frá verðtryggingunni með þeim hætti sem hann og aðrir stjórnarsinnar hafa gert sér vonir um. Það held ég að sé nú fullmikil bjartsýni og mér heyrðist ég heyra vott um að hann gerði sér sjálfur mætavel grein fyrir þessu þegar hann margundirstrikaði í framsöguræðu sinni fyrir frv. að nauðsynlegt væri að gera þessar breytingar í fyllingu tímans, þegar aðstæður allar á fjármagnsmarkaði og í efnahagsmálum í þjóðfélaginu almennt gera það kleift. Þetta held ég að sé hárrétt hjá ráðherranum og sjálfsagt ekki að ástæðulausu heldur að gefnu tilefni sem hann undirstrikaði þetta í sinni framsögu.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Ég vildi einungis þakka hv. 17. þm. Reykv. fyrir undirtektirnar við þessi tvö frv. Oft er nú mjór mikils vísir og ekki skyldi maður dæma allt eftir umfanginu. Reyndar vona ég að þessi umræða sýni það líka að skammar umræður geta verið betri en langar og að mikilvægi mála fari ekki eftir fjölda orðanna sem um þau falla.

Ég tek ábendingum hv. 17. þm. Reykv. um framsetningargalla, stafsetningu og umbrot þakksamlega. Ég tek undir það að beina því til forseta þessarar hv. deildar að sjá til þess að frv. verði prentað upp milli umræðna. Ég ítreka þó að ég tel að það vaki hvergi í veðri neitt meira eða minna en það sem hér er til lagt. Ekki er það í athugasemdunum og ekki var það í mínu máli hvað varðaði 6. gr. frv. til l. um breytingu á vaxtalögum. Ég fagna því að hv. 17. þm. Reykv. telur viðbótina við 1. mgr. 17. gr. núgildandi vaxtalaga eðlilega og fagna því jafnframt að hann skuli hafa séð að hennar er þörf hvernig sem 9. gr. seðlabankalag-

anna er vaxin. Miðað við það að þar sé inni heimild til íhlutunar hlýtur þetta að þurfa að vera þarna, eins og samlestur á vaxtalögunum mundi auðveldlega leiða í ljós, ef menn tækju til þess tíma.

Ég vil að lokum eingöngu segja að þau sjónarmið, sem hreyft var varðandi þau skilyrði sem uppfylla þarf til þess að unnt sé að setja það sem almenna reglu að vextir á verðtryggðum lánum skuli vera óbreytilegir á lánstímanum sem meginregla, eru margvísleg. Hv. þm. hreyfði einu slíku atriði, þ.e. þeim vöxtum sem ríkja á húsnæðislánum og víða eru nú mun lægri en algengustu vextir. Þetta er vissulega mál sem full þörf er á að taka til athugunar þegar slíkar ákvarðanir verða teknar og er einmitt eitt af þeim atriðum sem ég hafði í huga þegar ég sagði að Seðlabankinn og viðskrh. hlytu að meta allar markaðsaðstæður í heild áður en slík ákvörðun yrði tekin, en að þeim skilyrðum uppfylltum, þeim heppilegu aðstæðum, tel ég að það mundi horfa til heilla að taka upp það lag sem hér er gerð um tillaga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

55. fundur, miðvikudaginn 15. febr., kl. 2 miðdegis.

Lögbókandagerðir, 1. umr.

Stjfrv., 247. mál. — Þskj. 457.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um lögbókandagerðir, en það sem er átt við er það sem oftast er kallað notarialgerðir. Það orð mun vera komið úr lögum um verndun fornmenja frá 1907, en þar er átt við þann embættismann sem einnig hefur verið kallaður notarius publicus.

Frv. þetta er fylgifrv. með frv. til laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði þó að það sé ekki í sjálfu sér algjörlega bundið því. Það var lagt fram á síðasta þingi og er endurflutt hér. Frv. er nýsmíði að því leyti að það hefur vantað almennar reglur um lögbókandagerðir. Þetta kemur skýrt fram í grg. með frv., en lögbókandagerðanna er getið í ýmsum sérákvæðum laga.

Með frv. eru gerðar tillögur um almennar verklagsreglur um framkvæmd þessara athafna og að mati þeirra sem best þekkja til er um að ræða brýna þörf að bæta úr í þessu efni. Ákvæði frv. eru ítarlega skýrð í grg. og tel ég ekki ástæðu til þess að endurtaka það hér í framsögu en vil leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Norrænn þróunarsjóður, 3. umr.

Stjfrv., 202. mál. — Þskj. 273.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. SP o.fl., 263. mál (millifærður persónuafsláttur). — Þskj. 478.

Flm. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 75 frá 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Meðflm. mínir eru Salome Þorkelsdóttir, Egill Jónsson, Guðmundur Ágústsson, Guðmundur H. Garðarsson, Halldór Blöndal, Júlíus Sólnes og Þorv. Garðar Kristjánsson.

1. gr. frv. hljóðar svo, með leyfi virðulegs forseta:

„2. málsl. 2. mgr. A-liðar 68. gr. laganna, sbr. 8. gr. laga nr. 97/1988, orðist svo:

Sá persónuafsláttur, sem þá er enn óráðstafað, fellur niður nema um sé að ræða óráðstafaðan persónuafslátt annars hjóna, sem skattlagt er samkvæmt ákvæðum 63. gr., og skal þá óráðstafaður hluti persónuafsláttar annars makans bætast við persónuafslátt hins."

Og 2. gr. frv. hljóðar svo:

„Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við staðgreiðslu gjalda á árinu 1990 og við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1991 af tekjum ársins 1990 og eignum í lok þess árs."

1. gr. frv. er aðeins hluti af 2. mgr. A-liðar 68. gr., en hún hljóðar þannig óbreytt í heild sinni:

„Nemi persónuafsláttur skv. 1. mgr. hærri fjárhæð en reiknaður tekjuskattur af tekjuskattsstofni skv. 1. málsl. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun og skal því ráðstafað fyrir hvern mann til greiðslu útsvars hans á álagningarárinu og því sem þá kann að vera óráðstafað til greiðslu eignarskatts hans á álagningarárinu. Sá persónuafsláttur sem þá er enn óráðstafað fellur niður nema um sé að ræða óráðstafaðan persónuafslátt annars hjóna sem skattlagt er samkvæmt ákvæðum 63. gr. og skulu þá 80% af óráðstöfuðum hluta persónuafsláttar annars makans bætast við persónuafslátt hins. Nemi þannig ákvarðaður persónuafslátt-

ur síðarnefnda makans í heild hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni hans skv. 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun til að greiða útsvar hans á álagningarárinu og því sem þá kann að vera óráðstafað til greiðslu eignarskatts hans á álagningarárinu. Sá hluti persónuafsláttar sem þá verður enn óráðstafað fellur niður."

Í upphafi grg. með frv. segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Með frv. þessu er lögð til sú breyting á ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt að persónuafsláttur verði að fullu millifæranlegur milli hjóna. Samkvæmt gildandi lögum er millifærsla takmörkuð við 80% af þeim hluta afsláttarins sem annar maki nýtir ekki. Af þessari takmörkun leiðir að verulegur mismunur verður í skattlagningu heimila eftir því hvernig tekna er aflað, hvort einungis annað hjóna aflar allra teknanna eða þeirra er aflað með vinnu beggja. Getur munað verulegum fjárhæðum í álögðum gjöldum. Sem dæmi má nefna að samkvæmt núgildandi álagningarreglum eru skattleysismörk hjóna eða tveggja einstaklinga sem báðir afla tekna á árinu 1989 1.134.627 kr. en hjá hjónum þar sem einungis annað aflar teknanna 1.021.066 kr., eða 113.461 kr. lægri mörk í síðara dæminu. Í skattgreiðslum er munurinn 42.820 kr. þeim síðarnefndu í óhag.

Staða og réttindi heimavinnandi fólks hafa að undanförnu verið nokkuð í brennidepli. Í því sambandi hefur verið sýnt fram á ýmiss konar mismunun gagnvart þeim fjölskyldum sem háðar eru því að annað hjónanna afli tekna en hitt sé heimavinnandi. Hlýtur það að vera andstætt þeirri fullyrðingu sem oft heyrist í þjóðmálaumræðunnni að fjölskyldan sé hornsteinn þjóðfélagsins og standa beri vörð um hagsmuni hennar."

Þess má geta að sú fjárhæð sem hér er nefnd í grg., 42.820 kr., er 37,74% af 113.461 kr. sem er hinn skattalegi mismunur. Þetta er föst skattaprósenta og munurinn helst því óbreyttur allan skattstigann og sést m.a. glögglega á yfirliti frá Þjóðhagsstofnun sem ég fékk í hendur dags. 10. febr. 1989, en þar er borið saman núverandi kerfi og breytt kerfi sem þetta frv. hefur í för með sér. En meðalpersónuafsláttur er 18.200 kr. á mánuði hjá hjónum. Enn fremur vil ég taka það fram að þótt hér sé einungis rætt um hjón á þetta ákvæði einnig við um sambúð sem fullnægt hefur ákveðnum skilyrðum, svo sem að sambúð hafi staðið í tvö ár, parið eigi saman barn eða konan sé þunguð um áramót.

Það eru margir sem hafa áhyggjur af stöðu hjónabandsins í dag, þar á meðal kirkjunnar menn. Sem dæmi get ég nefnt að á kirkjuþingi 1986 var samþykkt að fela kirkjuráði að láta kanna hvort vegið sé að hjónabandinu í íslenskri skattalöggjöf. Ef svo væri, að finna þá leiðir til úrbóta í samráði við þau stjórnvöld sem unnið gætu að framgangi slíks réttlætismáls. Mál þetta var nr. 28 á þinginu og fylgdi því greinargerð með útreikningum á sköttum einhleypinga, hjóna og sambúðarfólks. Í þessari greinargerð sagði enn fremur:

„Á hátíðarstundum er talað um hjónabandið sem hornstein þjóðfélagsins, en með skammsýnni og óréttlátri skattalöggjöf er hægt að rífa þennan hornstein og þá hrynur húsið."

Í þessu sambandi má einnig nefna grein eftir Sigurð Snævarr hagfræðing sem birtist í tímaritinu Mannlífi í júní 1987 undir heitinu „Grafið undan hornsteininum". Í þessari grein rekur höfundur m.a. helstu réttindi sem einstæðir foreldrar njóta umfram hjón og telur að vegið sé að hornsteinunum. Enn fremur vitnar hann í grein eftir dr. Sigurð B. Stefánsson sem birtist í Vísbendingu í október 1986, en þar segir m.a. að álagning tekjuskatts þurfi að vera hlutlaus gagnvart því hvort einstaklingar eru í hjónabandi eða sambúð eða ekki og hún þurfi einnig að vera hlutlaus gagnvart því hvort annar eða báðir aðilar vinni utan heimilis eða ekki.

Það er einnig ítrekað í grg. með framlögðu frv. að það sé í rauninni skylda löggjafans að sjá til þess að skattar séu lagðir á eftir almennum efnislegum mælikvarða og vissri jafnræðisreglu þannig að skattþegnum sé ekki mismunað óeðlilega. Það virðist ljóst að mjög margir eru á þeirri skoðun og telja það mikið réttlætismál að skattaálagning á heimili eigi eingöngu að ráðast af tekjum og ekki eigi að skipta máli hvort annað eða bæði hjónin afla þeirra. Að öðrum kosti muni það vega að hagsmunum fjölskyldunnar.

Um þetta mál hefur einnig verið rætt á hinu háa Alþingi og hafa hv. þm. nokkuð látið sig mál þetta varða, enda þótt í mismunandi mæli sé. Ýmis frumvörp og þingsályktunartillögur hafa þó verið lögð fram. Sem dæmi má nefna tillögu til þingsályktunar um jöfnun á skattbyrði hjóna, 171. mál á 107. löggjafarþingi 1984, en 1. flm. var Magnús H. Magnússon, þáv. þm. Alþfl. Meðflm. voru hæstv. núv. ráðherrar Jóhanna Sigurðardóttir og Jón Baldvin Hannibalsson og hv. þm. Kjartan Jóhannsson og enn fremur hv. þm. Karvel Pálmason og Eiður Guðnason sem báðir eiga sæti hér í hv. Ed. Tillagan hlaut ekki afgreiðslu en hljóðaði svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að undirbúa breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt sem feli í sér að skattbyrði hjóna verði jöfn hvort sem annað þeirra eða þau bæði vinna fyrir tekjum. Taka skal sérstakt tillit til þess ef verulegur kostnaður hlýst af því að hjónin vinna bæði utan heimilis."

Í grg. með till. sagði enn fremur:

„Það er óverjandi að hjón þar sem annar makinn treystir sér ekki til að vinna utan heimilisins, t.d. vegna fjölda barna, vegna veikinda eða vegna umönnunar aldraðs fólks eða sjúks, skuli greiða mun hærri skatta af sömu tekjum en hjón sem bæði vinna utan heimilis. Í þessum tilvikum sparar heimavinnandi maki því opinbera oft mikið fé í

stofn- og rekstrarkostnað barnaheimila, heilbrigðisstofnana og dvalarheimila aldraðra. Í stað þess að meta þetta starf að verðleikum er fólkinu refsað með hækkun tekjuskatts."

Í grg. með frv. sem hér er fram lagt er einnig skýrt frá tillögu sem Jóhanna Sigurðardóttir flutti ásamt fleirum árið 1986 á 109. löggjafarþingi, 54. máli, um réttarstöðu heimavinnandi fólks. Þessi tillaga hljóðaði svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta meta þjóðhagslegt gildi heimilisstarfa og gera úttekt á hvernig félagslegum réttindum og mati á heimilisstörfum er háttað samanborið við önnur störf í þjóðfélaginu. Skulu niðurstöður og tillögur til úrbóta liggja fyrir Alþingi eigi síðar en við upphaf næsta þings."

Í grg. með tillögunni er bent sérstaklega á þennan skattalega mismun á hjónum, nánar tiltekið í 2. mgr. 4. tölul. svo sem tekið er fram í grg. með þessu frv. hér, en í þessari grein segir: „Heimavinnandi fólk situr ekki við sama borð og aðrir þegnar þjóðfélagsins hvað varðar skattlagningu og lýsir það sér m.a. í því misrétti að heimili með eina fyrirvinnu ber hærri skatta en þar sem tekjur heimilisins eru afrakstur vinnu tveggja."

Þessi tillaga var ekki afgreidd úr þingnefnd en hlaut hins vegar jákvæðar undirtektir frá mörgum aðilum utan þings, m.a. Bandalagi kvenna í Reykjavík og Jafnréttisráði. Eins og áður segir var 1. flm. þessarar tillögu núv. hæstv. félmrh., en hún hefur nú nýverið skipað nefnd sem ætlað er að kanna réttarstöðu heimavinnandi fólks. Ég tel það gott mál og vona að nefndin finni leiðir til úrbóta. Hér er þó um mjög víðtækt verkefni að ræða og gera má ráð fyrir að slík könnun taki nokkurn tíma. Hins vegar mun ekki þörf á könnun á því máli er þetta frv. tekur á því að hér er um sýnilega mismunun að ræða í ákvæðum skattalaga.

Það er þó rétt að geta þess hér að við umræður um þetta efni hafa komið fram mótbárur, m.a. á þeirri forsendu að makinn sem teknanna aflar fái afslátt á tekjuskatti sínum vegna þess að hann er með heimavinnandi á framfæri sínu í stað þess að skoða hvern einstakling í lögum, karl eða konu, sem fjárhagslega sjálfstæðan skattaðila. Þetta virðist m.a. skoðun fulltrúa Kvennalistans og kemur m.a. fram í umræðum hjá fyrrv. hv. þm. Kvennalistans Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur er frv. um staðgreiðslukerfi skatta var lagt fyrir 109. löggjafarþing. Hún segir m.a. við það tækifæri, með leyfi virðulegs forseta:

„Eins og ég hef hér til talið brýtur þessi samsköttunarregla í bága við sérsköttunarreglu skattalaganna og er í rauninni makalaus óvirðing við fjárhagslegt sjálfstæði tekjulægri eða tekjulausa makans, í flestum tilfellum heimavinnandi kvenna. Fjárhagslegt sjálfstæði allra einstaklinga án tillits til kynferðis og hjúskaparstöðu er grundvallaratriðið í þeirri viðleitni að tryggja jafnrétti karla og kvenna hér á landi og því ber að virða það í skattalögum sem og öðrum lögum."

E.t.v. má færa einhver rök fyrir þessu sjónarmiði. Þó get ég ekki séð, né heldur mínir meðflm., að þetta skattalagaákvæði breyti nokkru um jafnréttisbaráttu til eða frá. Það eru jafnréttislög í gildi í þessu þjóðfélagi og markviss framkvæmd þeirra hefur væntanlega miklu meiri áhrif á jafnstöðu kynjanna en skerðing á frelsi hjóna til þess að ráða því sjálf hvernig tekjuöflun til heimilisins er háttað. Það er auk þess ekki rétt að mínu mati að tala einungis um konur sem séu á framfæri eiginmannsins og finnst mér ákveðin lítilsvirðing í því fólgin, auk þess að nú virðast karlar vera orðnir heimavinnandi í einhverjum mæli og er það bæði sjálfsagt og eðlilegt að makar skipti þannig með sér verkum.

Sem betur fer virðast feður nú vera að gera sér enn betur grein fyrir ábyrgð sinni sem uppalendur enda hnígur öll réttarþróun í þá átt. Í þessu sambandi má benda á ákvæði síðustu barnalaga þar sem m.a. var lögfestur jafn réttur foreldra og óskilgetins barns til forsjár og umgengni. Þar að auki bera hjón gagnkvæma framfærsluskyldu samkvæmt lögum nr. 20 1923, um réttindi og skyldur hjóna, og þau eiga sameiginlegan og jafnan rétt yfir eignum heimilisins. Þessar eignir koma þannig til helmingaskipta ef skilnaður verður.

Það má því segja að löggjafarvaldið hafi mjög fljótlega séð nauðsyn þess að tryggja fjárhagslegt sjálfstæði maka en eins og hv. þm. er kunnugt um er slíku fyrirkomulagi ekki til að dreifa í mörgum löndum.

Þá hefur því einnig verið haldið fram, m.a. af hálfu fulltrúa Kvennalistans, að í stað þessa skattaákvæðis gæti heimavinnandi notið persónuafsláttarins í auknum greiðslum barnabóta. Þessi rök standast ekki að mínu mati vegna þess að þá yrði hér áfram um mismunun að ræða en bara með öfugum formerkjum. Skýringin felst í því að hjón og sambúðarfólk fá jafnháar barnabætur alveg án tillits til þess hvort bæði eru útivinnandi eða ekki. Ef þessu ætti að breyta á þann hátt að heimavinnandi fengi hærri barnabætur leiddi það fyrirkomulag ekki einungis til skattalegrar mismununar heldur yrði einnig um að ræða mismunun gagnvart hagsmunum barna eftir því hvernig heimilishögum þeirra væri háttað. Þess má reyndar geta að einstæðir foreldrar hafa fengið mun hærri barnabætur og enda þótt ýmsir hafi orðið til að gagnrýna það má leiða að því rök að ákveðin sanngirni búi þar að baki.

Hitt er svo annað mál að frv. er engan veginn ætlað að stuðla að því að konur séu aftur reknar inn á heimilin eins og einhverjir gætu hugsanlega tekið til orða. Engin rök hníga að því að slíkar afleiðingar megi sjá fyrir. Þvert á móti er það haft að leiðarljósi að einstaklingsfrelsi sé jafnrétti í reynd en hjónaband er m.a. fjárfélag tveggja sjálfstæðra einstaklinga.

Aftur á móti má leiða að því rök að þeim sem vilja vera heimavinnandi, t.d. við umönnun ungra barna, sé fremur ýtt út á vinnumarkaðinn með slíkri skattalegri mismunun. Það má enn fremur leiða að því rök að efnahagsaðgerðir hæstv. ríkisstjórnar hafi slíkt

enn frekar í för með sér þar sem nú þarf m.a. hærri tekjur til að borga hærri skatta en samt skal dregið úr yfirvinnu um leið og kaupmáttur rýrnar og vofa atvinnuleysis blasir við.

Samkvæmt könnun Félagsvísindastofnunar um kjör Íslendinga í árslok 1988 kemur berlega í ljós að mjög margar konur eru í hlutastarfi en karlar hins vegar fullvinnandi. Af þessari skýrslu má einnig ráða að um leið og vinnutími þeirra sem eru í fullu starfi hefur styst virðist vinnutími í hlutastörfum hafa aukist. Þetta er hægt að túlka á þann hátt að breytingarnar í þjóðfélaginu þýði aukna vinnu hjá konum sem þrengir þá meira að þeirra hag og barnanna sérstaklega þegar það er haft í huga að ekki fjölgar að sama skapi vistunarúrræðum fyrir börnin. Afleiðingin getur því orðið sú að börn fara að vera í meira og minna mæli ein og eftirlitslaus og því miður hafa stjórnvöld eða aðilar vinnumarkaðarins ekki komið nægjanlega til móts við þarfir útivinnandi kvenna þótt báðir foreldrar beri að sjálfsögðu þá ábyrgð.

Nú hafa skátar og Kiwanishreyfingin haft forgöngu að því hjá stórum hópi grunnskólabarna að kenna þeim að sjá um sig sjálf alveg á eigin spýtur. Það er vissulega lofsvert framtak og vafalaust er þörfin mikil. Sú spurning hlýtur þó að vakna hvort við séum nú að viðurkenna, bæði fyrir okkur sjálfum og sem opinbera stjórnvaldsstefnu, að börn fái kannski ekki lengur að vera börn. Ég vona ekki. Hvað sem því líður getur það ekki verið rétt að fólki sé refsað skattalega fyrir að vera heimavinnandi og ég beini þeim tilmælum til hv. þm. að þeir íhugi þetta mál vandlega.

Í athugasemdum um 2. gr. frv. segir: „Samkvæmt þessu ákvæði kemur hið nýja fyrirkomulag ekki til framkvæmda fyrr en á næsta tekjuári. Verður að ætla að slíkur frestur sé það ríflegur að hið opinbera geti aðlagast breyttum aðstæðum að þessu leyti.“ Það er því ekki ætlunin að þetta mál komi til framkvæmda strax heldur fái fjármálayfirvöld hér góðan aðlögunartíma.

Frv. er flutt af öllum sjálfstæðismönnum í þessari deild enda í fullu samræmi við stefnuskrá Sjálfstfl. þar sem segir: „Skattareglur verði þannig að skattbyrði heimilisins fari ekki eftir því hvernig fyrirvinnur þess skipta með sér verkum við öflun tekna.“

Báðir fulltrúar Borgfl. eru hér einnig meðflm., en þess ber að geta að fulltrúar allra hinna stjórnmálaflokkanna þáðu ekki boð um slíkt.

Hæstv. forseti, ég hef nú lokið máli mínu. Um frekari rök fyrir þessu frv. vísa ég til grg. Að umræðu lokinni legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Ég er einn af meðflm. að frv. Ég tel að efni þess sé mikið réttlætismál fyrir heimavinnandi fólk eða þann sem er á heimilinu hvort sem hann kallast karl eða kona og þær fjölskyldur sem hafa valið það form að annar makinn sé heima.

Í nýafstöðnum stjórnarmyndunarviðræðum lögðum við borgaraflokksmenn áherslu einmitt á þetta atriði að persónufrádráttur yrði 100% og samkvæmt útreikningi Þjóðhagsstofnunar og hagdeildar fjmrn. er þarna um 500 millj. að ræða sem ég taldi raunar að væri miklu hærri fjárhæð, en þetta er niðurstaða beggja þessara stofnana. Raunar áætlaði hagdeildin 300–500 millj. en Þjóðhagsstofnun 500 millj., þannig að ekki er þarna um þær fjárhæðir að ræða að réttlætt geti þennan mismun.

Þá vildi ég koma inn á að á árinu 1987 sat milliþinganefnd um endurskoðun á lögum um staðgreiðslu skatta. Þar voru allir nefndarmenn sammála um að persónufrádrátturinn ætti að vera millifæranlegur 100% á milli maka en þáv. fjmrh. taldi ekki stætt á þessu og breytti frv. sem kom frá nefndinni á þann veg að það yrðu ekki nema 80%.

Í mínum huga er þarna verið að lögfesta mismunun, að fólki er ekki gert jafnhátt undir höfði eftir því hvaða hátt fólk velur að hafa á í sinni sambúð, hvort báðir aðilarnir vinna úti eða hvort annar aðilinn vinnur úti og hinn er þá oftast að gæta barna fjölskyldunnar sem í mörgum tilvikum er ekki aðeins gott fyrir börnin sjálf, heldur sparar þjóðfélaginu og þá oft og tíðum sveitarfélögunum stórar fjárhæðir í formi dagvistunargjalda og fleira.

Þetta vildi ég að kæmi fram og ég er mjög ánægður með það að hv. 8. þm. Reykv. skyldi leggja fram þetta frv. Ég hafði raunar hugsað út í það að gera það sjálfur, en varð því mjög feginn þegar ég sá þetta frv. og þakka þm. fyrir að leyfa mér að vera á frv. En eins og ég sagði er þetta í mínum huga mikið réttlætismál og ég tel að Alþingi eigi virkilega að taka afstöðu til þess en ekki eins og verið hefur, óháð öllu fordæmi og óháð öllu sem áður hefur verið rætt um. Þetta er mikið hagsmunamál fyrir einmitt þær fjölskyldur sem hafa valið það að annar makinn skuli vera heima og það er ekki af fjárhagslegum forsendum sem þetta er oft að annar makinn sé heima heldur er þetta oft af neyð og því að dagvistarrými eru ekki fyrir hendi og fleira mætti telja til í því sambandi.

En ég sem sagt styð frv. enda er ég einn af meðflm.

Karvel Pálmason:

Virðulegi forseti. Ég dreg enga dul á það að hér er vissulega réttlætismál á ferðinni, og ég hef í sjálfu sér ekki breytt neinni skoðun frá því að ég stóð að flutningi slíkrar tillögu fyrir nokkru síðan. Ég er meira að segja þeirrar skoðunar að það eigi að gera ráðstafanir til þess að annar maki geti verið heima á sömu réttindum og hinn, nánast með lögbindingu. Ég tel að sú þjóðfélagsþróun sem hefur farið vaxandi, að stofna til dagheimila og slíkra hluta, að mínu viti um of, sé til þess fallin að breyta þjóðfélagsmynstrinu til hins verra. Það er vissulega svo og ég hef aldrei dregið dul á það að móðurhlutverkinu verður aldrei sinnt á dagvistunarstofnunum og það á að sjálfsögðu að gera ráðstafanir til þess að þjóðfélagið geti byggt á gömlum merg þess uppeldis sem það hefur þróað í gegnum árin og það eigi að verða til þess að hlúa að heimilishaldinu eins og best verður á kosið.

Nú skal ég ekkert um það segja hvað slíkir hlutir sem hér er gert ráð fyrir kosta. Ég heyrði að hv. þm. Guðmundur Ágústsson nefndi 500 millj. Mér sýnist á grg. að sagt sé 500–700 millj. af Þjóðhagsstofnun. Það skiptir út af fyrir sig ekki meginmáli, en auðvitað verða menn líka að horfa til þess með hvaða hætti á að taka þessa peninga sem hér er um að ræða. Ég er ekki að segja að það sé ekki hægt. Það má auðvitað gera með ýmsum hætti, en menn verða líka að horfa til þess hlutar að eins og auðvitað er nefnt hér, bæði í grg. og í framsögunni, segir aukin skattheimta til sín og hefur sagt til sín, bæði í tíð núv. ríkisstjórnar og gerði líka í tíð fyrrv. ríkisstjórnar, muni ég rétt, og ekkert síður að mínu viti.

Ég vildi sem sagt ítreka það að ég hef á engan hátt breytt skoðun minni í þessum efnum og tel að nauðsynlegt sé af þjóðfélagsins hálfu að tekið sé til hendinni í því að gera hvorum makanum sem er heimavinnandi kleift að sinna því hlutverki sem ég tel að sé skynsamlegast fyrir þjóðfélagið.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Eins og fram hefur komið er ég meðflm. að þessu frv. og þarf þar af leiðandi ekki að hafa hér langt mál eða bæta við þau ítarlegu rök sem fram komu í framsöguræðu 1. flm., hv. 8. þm. Reykv., hér áðan. Það má segja að það sé tiltölulega stutt síðan staða heimavinnandi húsmæðra fór að fá einhverja umfjöllun í opinberri umræðu. Kannski er skýringa að leita í því að húsmæður hafa verið hinn þöguli hópur í þjóðfélaginu sem gerir ekki kröfur fyrir sjálfan sig.

En nú eru breyttir tímar eins og svo oft heyrist þegar hagsmuni fjölskyldunnar ber á góma og þjóðfélagið þarf að aðlaga sig þessum breyttu högum fjölskyldunnar í þjóðfélaginu. Það mætti nefna ýmis dæmi um hvernig réttur heimavinnandi húsmóður er fyrir borð borinn. Ég nefni fyrst og fremst húsmóður vegna þess að til skamms tíma hafa það fyrst og fremst verið þær sem eru heimavinnandi þó að það sé nú að verða breyting á slíku og jafnvel mætti fara að tala um heimavinnandi maka því að það getur eins verið faðirinn sem velur það að vera heima.

En sú staðreynd blasir við að t.d. við skilnað hefur heimavinnandi húsmóðir engin lífeyrisréttindi. Lífeyrisréttur maka fylgir honum við skilnaðinn og nú er þetta orðið stórt vandamál og mikið hagsmunamál vegna þess hve skilnuðum hefur fjölgað.

Ég lít svo á að það breyti engu um jafnréttisbaráttu að leiðrétta það sem hér er á ferðinni samkvæmt þessu frv. Þetta er réttlætismál og ég hef litið svo á að 80% reglan hafi aðeins verið áfangi á réttri leið og skv. 2. gr. frv. er fyrirvarinn svo góður til að undirbúa þessa framkvæmd ef vilji er fyrir hendi hjá þeim sem nú ráða hér ferðinni að það ætti ekki að verða stórt vandamál með því að huga að því í tíma. Eins og ég sagði áðan er orðið réttlætismál vegna breyttra þjóðfélagshátta að refsa ekki þeim heimilum skattalega sem velja þá leið að annar aðilinn sé heimavinnandi.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég er ekki meðflm. að þessu frv. eins og fram hefur komið þó að mér hafi verið boðið upp á það. En það þýðir ekki að mér finnist þetta slæmt mál. Ég verð hins vegar að segja að það kemur mér svolítið á óvart að hv. 8. þm. Reykv. skuli ekki hafa nýtt sér það þegar hún var í stjórnaraðstöðu að koma með þetta mál fram frekar en núna þegar hún er aftur á móti í stjórnarandstöðu.

En það sem gerði það að verkum að ég ákvað að leggja hér nokkur orð í belg voru orð hv. 3. þm. Vestf. Mér fannst þau koma nánast aftan úr grárri forneskju því eins og ég skildi hann taldi hann vera það æskilegasta að konan væri bara heima og passaði börnin. (**KP:** Manninn.) Við þurfum ekkert að tala um það. Karlarnir fara ekkert inn á heimili til að passa börnin á meðan konan vinnur utan heimilis. Þetta varð til þess að ég varð að segja hér nokkur orð.

Nú er ég ekki að segja að það sé óæskilegt og það sé miður að konan sé tímabundið inni á heimilinu og gæti sérstaklega ungra barna, en mér finnst það ekki vera neitt til að stefna sérstaklega að. Það er nefnilega þannig að þegar karlmenn eru að tala um þessi mál hafa þeir allt of litla þekkingu á málinu til þess að geta tjáð sig. Þeir hafa nefnilega ekki prófað að vera húsmæður. (**KP:** Það geta þeir.) Ég nánast þori að fullyrða að hv. 3. þm. Vestf. hefur aldrei upplifað að vera húsmóðir í lengri tíma. (**KP:** Ég get ekki verið kona.) Það hef ég gert. Þú getur verið húsmóðir alveg eins og konur geta verið þingmenn. (**KP:** Ég veit það ekki.) Jæja, en ég get bara sagt að eftir að hafa prófað að vera „bara húsmóðir", eins og maður leyfir sér að segja, um tíma með ung börn þori ég að fullyrða að ég var verri móðir á þeim tíma en ég er þegar ég vinn við skulum segja hæfilega mikið utan heimilis. Ég get viðurkennt að það að vera þingmaður þýðir það að vinna er of mikil utan heimilis. Þess vegna er það ekkert til þess að sækjast sérstaklega eftir eða stefna að að konurnar séu eingöngu inni á heimilunum og gæti barna sinna, enda er það orðið svo nú á tímum að fólk á ekki það mörg börn að það sé full vinna nema þá rétt meðan þau eru kornabörn að annast þau eingöngu og þess vegna finnst mér að það sem við hljótum að stefna að sé að það sé nóg dagvistarrými fyrir börn þannig að bæði móðir og faðir geti unnið utan heimilis og það æskilegasta er að þau skipti störfunum á heimilinu jafnt á milli sín, en því miður er það ekki það sem við sjáum fyrir okkur í dag og kannski ekki í nánustu framtíð. Það er vegna þess að karlmenn hafa ekki áttað sig á þeirri þjóðfélagsbreytingu sem er að eiga sér stað og á að eiga sér stað.

Karl Steinar Guðnason:

Herra forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir fjallar um réttlætið eins og svo margt sem hér er borið fram á Alþingi og er ég vissulega þakklátur flm. að bera fram frv. En manni verður stundum hugsað til þess að mikið er hún skrýtin tík, þessi pólitík. Það liggur fyrir að svona frumvörp hafa verið flutt áður og verið felld, sérstaklega þá með atfylgi þingmanna Sjálfstfl.

sem hafa ráðið hér ríkjum meira og minna síðustu áratugi. En þá hefði verið tækifæri, eins og kom fram hérna áðan, til að breyta þessu, en röksemdirnar á móti því að breyta þessu hafa sjálfsagt verið þær að þetta kostaði mikið. Það er rétt. Þetta kostar mikið fé.

En þær röksemdir sem hér eru settar fram vega þungt. Fjölskyldur sem eiga fötluð börn eru yfirleitt þannig staddar að annað foreldrið verður að vera heima til að gæta barnsins sem er í raun miklu meiri vinna en nokkur gerir sér grein fyrir. Líka er þetta nauðsynlegt þegar ómegð er mikil og þess vegna er það rétt, sem kemur fram í frv., að það má túlka hlutina á þann hátt að um refsiskatt sé að ræða. Auðvitað er það ósanngjarnt og óréttlátt, en aftur eru tínd hér rök um að það sé hagkvæmara fyrir tvo einstaklinga að leggja saman en einstakling og það mun vera svo.

Það er alveg eins víst að þeir sem nú vilja samþykkja frv. og láta ríkið verða af 500–700 millj. vilji taka þá peninga af ákveðnum stöðum og sjálfsagt verður að tilnefna þá. Ef menn ætla að lækka skatta verða menn að gera grein fyrir því hvernig á að sinna þeim félagslegu verkefnum sem fyrir hendi eru. Nú minni ég á að það er sífelld barátta fyrir félmrh., veit ég, fjárlög eftir fjárlög að berjast fyrir því að halda þeim fjármunum sem eiga að fara í Framkvæmdasjóð fatlaðra og aldrei er nóg af gert, aldrei hefur fengist það fé sem þingmenn samþykktu á sínum tíma að setja í þann sjóð.

Ég er reyndar þeirrar skoðunar að tekjuskattur sé af hinu illa almennt og best væri að fella hann niður. Þetta er versti skattur sem er í landinu og ég tel óréttlátastur vegna þess að það eru svo margir sem geta dregið undan. Það eru svo margir sem hafa aðstöðu til að skammta sér sjálfir hvað þeir hafa í tekjuskatt. Það eru staðreyndir sem við þurfum varla að deila um og mig grunar að það hafi ekki minnkað með staðgreiðslukerfinu eða þá mjög óverulega. Um tekjuskattinn hefur verið deilt í áraraðir hér á landi og menn hafa haft uppi heitstrengingar um að fella hann niður. Alþýðuflokksmenn hafa verið með heitstrengingar um það og sjálfstæðismenn líka, en okkur hefur ekki tekist betur en þetta. Tekjuskattskerfið er sennilega fastara í sessi núna en oft áður. Ég tel að það beri að fella niður þennan tekjuskatt. Það væri í raun og veru forgangsatriði í stað þess að lappa upp á þetta kerfi með ýmsum breytingum. Tekjuskattar yrðu ekki nema þá af allra hæstu tekjum og þar sem tryggt væri að hægt væri að ná þeim skatti á réttlátan hátt, á þann hátt að mönnum verði ekki mismunað.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta annað en það að ég tel þarft að ræða þessi mál og það má ekki skilja orð mín svo þegar ég er að tala um að pólitíkin sé oft skrýtin að ég sé að vega að flm., öðru nær því að flm. hefur ekki setið á þingi nema sem varamaður og ber ekki ábyrgð á neinni fortíð í þessum málum og ég veit að þar fylgir hugur máli. Ég tel hugsunina þarfa og röksemdirnar réttar. Ég tel að mál þetta þurfi ítarlega athugun og hygg þó að eðlilegast væri að þingmenn einbeittu sér að því að finna leiðir til að útrýma tekjuskattinum, þeim rangláta skatti, hvernig sem það verður gert. Sjálfsagt verður það að gerast með því að finna aðra tekjulind, en takist það erum við nær réttlætinu en oft áður.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég gat ekki á mér setið að koma upp aftur. Það var kannski vegna orða hv. 5. þm. Norðurl. e., sem hún beindi að vísu til hv. 1. flm., sem mér fannst ekki alveg sanngjarnt þar sem vitað er að 1. flm. þessa frv. situr ekki hér á þingi nema sem varamaður og hefur þar af leiðandi ekki tækifæri til að flytja öll þau mál sem hún hefði áhuga á á hverjum tíma. En hv. 5. þm. Norðurl. e. fannst skrýtið að það væri verið að flytja svona mál og ekkert hefði verið gert meðan tækifæri var, þegar Sjálfstfl., væntanlega, var aðili að ríkisstjórn.

Það er kannski ekkert skrýtið að hv. 5. þm. Norðurl. e. hafi komið með þessa gagnrýni við þetta tækifæri. Það finnst mér í sjálfu sér mannlegt. En ég vil benda hv. 5. þm. Norðurl. e. á að ég veit ekki betur en 80% hlutfallið hafi einmitt orðið til við slíkar aðstæður þegar Sjálfstfl. var aðili að því að breyta skattalögunum. Eins og ég sagði hér áðan höfum við alltaf litið svo á að það væri áfangi á réttri leið.

Hún talaði um að henni fyndist það ekki til að sækjast eftir eða stefna að að konur eða mæður séu heima. Það er kannski ekki málið. Það er hins vegar meginmálið að foreldrum sé gert kleift að velja, að þeim sé ekki refsað skattalega séð fyrir að vilja fara þá leið að annað foreldri sé heima t.d. meðan börnin eru ung og vilji sjálfir hafa þá umönnun barnanna sem annars þarf að leita eftir utan heimilis.

Ég get svo tekið undir það með hv. 5. þm. Norðurl. e. að auðvitað er eðlilegt að ungar konur sem karlar vilji hafa þá möguleika að velja sér þau störf sem þau hafa t.d. menntað sig til og hafi aðstöðu til að sinna sínum áhugamálum utan heimilis. Það er líka nauðsynlegt.

En það voru kannski orð hv. 9. þm. Reykn. sem fengu mig líka til að koma aftur í ræðustólinn því að ég vildi gjarnan taka undir það með honum sem hann sagði um tekjuskattinn að hann er af hinu illa og best væri að fella hann niður, eins og hann orðaði það. Það hefur verið baráttumál okkar sjálfstæðismanna eins og hann nefndi og reyndar Alþfl. líka að fella niður tekjuskatt af almennum launatekjum.

Ég get líka tekið undir það með honum að það er þarft að ræða þessi mál. Ég sakna þess hins vegar að hæstv. fjmrh. skuli ekki vera við þessa umræðu. Ég hefði haldið að hann hefði kannski áhuga á því að heyra viðhorf og umfjöllun um þessi mál hér þegar verið er að flytja frv. um breytingu á einu af þeim meginverkefnum sem heyra undir hans ráðuneyti sem eru skattamálin.

En ég vildi sem sagt taka undir það með hv. 9. þm. Reykn. og þakka honum fyrir að hann tók jákvætt undir þetta frv. Hann viðurkenndi að þetta væri rökrétt og gott mál og það þyrfti að finna leiðir til að

útrýma tekjuskattinum. Ég held að Sjálfstfl. og þá með aðstoð Alþfl. gæti áorkað miklu í þeim efnum ef þeir fá einhvern tíma tækifæri til að vinna saman að slíkum góðum málum.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég kem hér til þess að fagna framlagningu þessa frv. og tel að hér sé vissulega hreyft mikilsverðu máli sem þörf er á að ræða. Ég kem þó kannski fyrst og fremst hér vegna þess skilnings sem ég legg í orð þeirra hv. þm. sem hér hafa talað um að í frv. felist tilraun til að ýta konum eða koma þeim inn á heimilið aftur. Ég lít ekki á frv. sem slíkt heldur að það er verið að gera þeim konum eða körlum sem það vilja mögulegt að vera starfandi inni á heimilinu. Það er nú einu sinni svo að þó það hafi orðið miklar breytingar í þessu þjóðfélagi eru enn til konur og karlar, og sá hópur er nú reyndar býsna stór, sem vilja gjarnan eyða sem mestum tíma með börnunum sínum á fyrstu æviárum þeirra. Við getum ekki horft fram hjá þessu. Þrátt fyrir það að við séum alltaf að tala um breyttar aðstæður í þjóðfélaginu, breytta þjóðfélagsgerð, breytist þetta eðli, þessi þörf, ekki svo glatt.

Mér fannst nauðsynlegt að koma hér upp til að segja þetta vegna þess að ég er kona og vegna þess að ég er móðir og ég þekki þessar tilfinningar og ég veit líka að það eru ýmsir feður sem eiga þær til og vildu gjarnan á sama hátt dvelja sem mest með börnum sínum. Ég vil svo segja það líka að ég sakna þess að fjmrh. skuli ekki vera hér og lít reyndar á það sem hlutverk hæstv. forseta deildanna að sjá til þess að ráðherrar séu til staðar þegar mál sem þá varða eru rædd. Þetta skiptir töluverðu um tekjur ríkissjóðs og er því mál hæstv. fjmrh. Því ætti hann að vera hér.

Karvel Pálmason:

Virðulegi forseti. Ekki var það mín ætlan að koma af stað skriðu umræðna um þetta mál þó að það sé vissulega þess virði að það sé rætt.

Ég vil í fyrsta lagi taka undir það sem hv. síðasti ræðumaður sagði. — Ég segi ekki þingkona eins og menn eru farnir að segja nú og vil helst ekki nota það orð. — Það er auðvitað mjög æskilegt að forsetar sjái til þess að ráðherrar sem viðkomandi mál heyra undir séu viðstaddir umræðurnar. Það er nánast óvirðing að mínu viti gagnvart hinum óbreyttu þingmönnum að ráðherrar skuli ekki líta svo lágt að vera viðstaddir þegar mál eru hér flutt sem skipta þeirra ráðuneyti máli. Þetta ætti að vera venja og þess vegna tek ég undir þessi ummæli hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur.

En auðvitað var aðalástæðan að ég kom upp að eiga nokkur orðaskipti við hv. 5. þm. Norðurl. e., ekki þingkonu eins og hún valdi sjálf að nota. (**VS:** Nei.) Ég hygg að það megi leita að því á spólu að slíkt orð finnist úr hennar ræðu áðan. En það skiptir ekki máli.

En ef ég tala aftan úr forneskju talandi því sjónarmiði að það eigi að vera jafnrétti milli foreldra vil ég vera í þeim hópi og þá er ég meiri jafnréttissinni en hv. 5. þm. Norðurl. e. og kannski er ég meiri jafnréttissinni en fleiri hv. þm. hér inni. Ég tel að það eigi að vera jafnrétti milli foreldra, hvort það velur að vera heima eða ekki. Það á ekki bara við um húsmóðurþó að ég hafi að vísu sagt áðan að ég tel að það geti enginn gegnt móðurhlutverkinu annar og það heyrði ég að hv. þm. Margrét Frímannsdóttir tók undir. En eigi að síður vil ég sem faðir líka hafa skoðun á því máli og vil líka segja til um það. Þess vegna vil ég hafa jafnræði í þessum hlutum og það taldi ég að kæmi skýrt fram hjá mér þó að ég gæti hugsað mér að ganga miklu lengra miðað við þær aðstæður sem við búum við núna og gera húsmóður það kleift sem er heimavinnandi að vera á heimilinu gegn ívilnunum í sköttum eða beinum greiðslum. Ef þetta er talað aftan úr forneskju vil ég vera í þeim hópi, alveg hiklaust. (**SalÞ:** Það eru að breytast viðhorfin í þessu.) Já, en þau hafa ekki breyst hjá sumum hv. þm. af yngri kynslóðinni heyrist mér. (**SalÞ:** Þau eru að breytast til hins betra aftur.) Ekki heyrist mér það á sumum hv. þm. hér í deild af yngri kynslóðinni.

Ég mótmæli því að það sé hægt að alhæfa það, sem hv. 5. þm. Norðurl. e. viðhafði hér, að karlmenn hafi allt of litla þekkingu á þessum hlutum. Ég a.m.k. tel mig í þeim hópi feðra að ég telji mig hafa þekkingu á því hvernig ég vil uppala börnin og vil segja þar jafnt til og móðirin, ekkert meira og ekkert minna. Mér finnst svona málflutningur vera nánast þekkingarleysi og ekki við hæfi hv. þm. sem telur sig móður. (**VS:** Ég er móðir. Það er ekki spurning.) Er móðir. Ekki er það vægara til orða tekið í samlíkingunni. — Ég frábið mér svona að því er a.m.k. mig varðar og ég hygg að svo sé um flesta feður að þeir vilji hafa sín áhrif á uppeldi barna til jafns við móðurina.

Ég gæti lokið þessu nema eitthvað sérstakt kæmi frekar upp. En þetta vildi ég þó sagt hafa vegna ummæla hér. Ég tel að það eigi að búa þannig að þessum málum að bæði móðirin og faðirinn eigi að geta valið um hvaða hlutskipti þau velja í uppeldinu og þar eigi ekki að grreina í milli. Það er óréttlætishugsjón að tala í þeim dúr að það sé móðurhlutverkið einvörðungu sem eigi að segja til um það. Það á að vera gagnkvæmt.

Að því er varðar það sem kom fram hjá hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni varðandi tekjuskattinn og raunar líka hjá hv. þm. Salome Þorkelsdóttur, ég segi þingmanni enn, þá er ég þeirrar skoðunar að tekjuskattur af launatekjum, og ég held að menn þurfi að hafa það aðgreint, er af hinu illa og ætti auðvitað löngu að vera búið að fella hann niður, en um það virðist ekki vera samkomulag milli stjórnmálaflokka eða á Alþingi að gera slíkt. Ég er handviss um að það má finna miklu réttlátari skattheimtu en tekjuskatt af launatekjum sem kæmi jafnar niður og þeir mundu ekki sleppa sem hafa sloppið í gegnum árin og áratugina vegna þessa kerfis. Ég er ekki í neinum vafa um að ef menn vildu horfa á það sem staðreynd að breyta hér til mætti ekki bara finna 500 eða 700 millj., það mætti finna miklu meiri og hærri fjárhæðir

til að gera bragarbætur í átt til meira réttlætis í þjóðfélaginu en við búum nú við.

Ég heyrði að hv. þm. Salome Þorkelsdóttir þakkaði sérstaklega Reykjanesþingmönnum og kannski dugar það. (Gripið fram í.) Já, að sjálfsögðu. En þetta er þarft mál að ræða hér alveg eins nú og það var þegar núv. hæstv. félmrh. flutti þáltill. á sínum tíma og *ég á von á því að hæstv. ráðherra sé sömu skoðunar nú og hún var þá.*

Ég vil hins vegar út af því sem hv. 5. þm. Norðurl. e. sagði um 1. flm. að þessu frv., að hún skyldi ekki flytja það meðan hennar flokkur var í ríkisstjórn, segja að mér sýnist þeir hv. þm. vera álíka settir í gagnrýninni núna. Nú er hv. 5. þm. Norðurl. e. líklega stjórnarsinni, vildi ekki vera með sem flm. en telur málið rétt, en gagnrýnir hinn fyrir að flytja málið núna en gera það ekki áður. Mér sýnist hv. 5. þm. Norðurl. e. *vera að setja sig í sömu spor og* hv. 1. flm. frv. Af því að menn eru aðilar að ríkisstjórn eiga þeir að falla frá hugsjónum. Ef þeir eru innan ríkisstjórnar, hvað eiga þeir þá að gera? Ja, svari hver fyrir sig. (**GHG:** Hlýða foringjunum.) Já, hlýða foringjunum, segir hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson. Kannski er það lífsbrauðið sem hann hefur nagað gegnum árin. (**GHG:** Sagt í gamni.) Sagt í gamni, já. Það er rétt að taka það fram, ég þóttist vita það. (**VS:** Af hverju er ekki Alþfl. með á frv.?) Nú get ég út af fyrir sig ekki talað í nafni Alþfl. þó að ég *vilji veg hans* meiri en hann hefur verið. En ég er að lýsa minni skoðun og ég hef sjálfur rétt til að hafa skoðun á hlutum í hvaða flokki sem ég er, burtséð frá því hvort ég er aðili að ríkisstjórn eða ekki. Það skiptir ekki meginmáli. Það eru málefnin sem ráða hjá mér, ekki flokkar.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Mér finnst að hv. þm. hafi gert óþarflega mikið úr mínum orðum í upphafi minnar ræðu, að ég hafi sérstaklega verið að gagnrýna hv. 8. þm. Reykv. fyrir að leyfa sér að flytja þetta frv. Það var ekki. Ég sagði að mér hefði verið boðið að vera meðflm. sem ég hefði ekki þegið og eins það, mig minnir að ég hafi tekið þannig til orða, að það vekti hjá mér spurningar eða ég velti því fyrir mér hvers vegna hv. flm. hefði ekki flutt frv. þegar hún var í stjórnaraðstöðu því við vitum að hún var þó nokkuð mikið inni á þingi og hefur verið þar sem hún er 1. varamaður í Reykjavík, enda sagði ég að það þýddi ekki að ég væri á móti málinu þó að ég væri ekki meðflm. og það er ég ekki. Ég fékk reyndar þær upplýsingar að þessi breyting kostaði 2 milljarða, ekki 500 millj. eins og kom fram hjá hv. 11. þm. Reykv. og eins og kemur fram í grg. — Ég er ekki að segja að ég hefði orðið með þó að ég hefði fengið réttar upplýsingar í upphafi, en þetta skiptir þó nokkuð miklu máli.

Um það hvort við erum með tekjuskatti eða á móti. Við vitum öll að tekjuskatturinn er ákaflega ósanngjarn og þegar hefur verið fundin upp önnur leið til að afla ríkissjóði tekna sem er réttlátari skal ég svo sannarlega vera til viðræðu um að leggja niður tekjuskattinn. En því miður hef ég ekki séð að sú leið hafi verið fundin upp enn þá. Við vitum að neysluskatturinn er að mörgu leyti réttlátari, en því miður skilar hann sér ekki allur í ríkiskassann. Honum er að einhverju leyti eins og stundum er sagt stolið undan.

Það væri hægt að halda langa ræðu um jafnréttismál yfirleitt. En mér finnst vera ákveðinn misskilningur í málflutningi hv. 3. þm. Vestf. Ég er ekki að tala um að karlmenn megi ekki hafa skoðun á uppeldismálum. Það er síður en svo. En ég er að tala um að þegar þeir tala eins og hv. 3. þm. Vestf. gerði í sinni fyrri ræðu um að konurnar eigi bara helst að vera á heimilunum og passa sín börn (**KP:** Ættu að gera það kleift.) viti þeir ekki alveg um hvað þeir eru að tala því þeir hafa ekki prófað það sjálfir.

Ég á víst að heita móðir, ég man ekki hvernig hv. 3. þm. Vestf. komst að orði, en ég ætla svo sannarlega ekki að gangast undan því að ég er móðir og hef þekkingu á móðurást og öllu sem að því máli lýtur og mér finnst mjög æskilegt að konur verði með börnum sínum meðan þau eru kornabörn eins og ég sagði reyndar áður, en mér finnst það ekki markmið út af fyrir sig að konur séu heimavinnandi þegar börnin eru komin eitthvað á kreik.

Að ég hafi verið að mæla með að orðið þingkona væri notað er alger misskilningur og engin ástæða til að skilja *ræðu mína* þannig. Þegar hv. 3. þm. Vestf. kallaði fram í og sagðist ekki geta verið húsmóðir sagði ég í því sambandi hvort hann gæti ekki alveg eins verið húsmóðir og að konur gætu verið þingmenn.

Flm. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. stuðning við þetta frv. Ég held að augu manna séu að opnast fyrir því að töluvert skortir á framkvæmd markvissrar *fjölskyldupólitíkur hér á landi og geti slíkt haft* ófyrirsjáanlegar afleiðingar í för með sér. Þó finnst mér að hluti af þessum umræðum hafi verið á heldur lágu plani, en kannski byggt á misskilningi.

Hv. þm. sumir hverjir fara hér um víðan völl, hafa bæði áhyggjur af kynferði sínu, starfsheitum og öðru. Ég tel reyndar að þingkona sé ekki til í þingskapalögum þannig að það getur ekki verið rétt að nota það orð og því óþarfi að deila um slíkt.

Hvort svikið sé undan tekjuskatti og hvort slíkir skattar eigi almennt rétt á sér. Vissulega *má segja* að tekjuskatturinn feli í sér launamannaskatt og ætti að vera óþarfur og mætti skoða það betur. Það er hins vegar ekki til umræðu við þetta tækifæri.

Það hafa orðið nokkrar deilur milli hv. 3. þm. Vestf. og 5. þm. Norðurl. e. Ég hef ekki í hyggju að blanda mér í þær deilur, en ég get hins vegar ekki fallist á það, sem kom fram í fyrri ræðu hv. 3. þm. Vestf., að maki sé skyldaður með lögum til að vera heima hjá sér. Þar hlýtur í fyrsta lagi ábyrgð beggja foreldra að koma til og í öðru lagi *má heldur* ekki ganga á rétt fólks til að ráða því sjálft hvort það vinnur úti eða er heima. Það er sjálfstæði fólks í þessu

landi. En ég held samt sem áður að ég hafi skilið orð hans rétt og það sé ekki verið að vega að stöðu kvenna í þessu máli, það sé verið að reka konur inn á heimilin, heldur að byggt sé á jafnrétti foreldra í þessu sambandi og því hljótum við öll að vera sammála. Við hljótum líka að vera sammála því að það eigi að taka tillit til hagsmuna barnanna því að þau geta ekki myndað einhvern þrýstihóp í þessu þjóðfélagi.

Varðandi orð hv. 9. þm. Reykn. veit hann sjálfsagt miklu betur en ég hversu skrýtin tík þessi pólitík er, enda hefur hann af henni mun meiri reynslu en ég og er þó áfram í þessu starfi þannig að hún hlýtur að vera svolítið skemmtileg líka. Það er kannski möguleiki í einstaka málum hér á hinu háa Alþingi að menn geti talað saman í fullri alvöru, ekki síst þar sem um hagsmuni fjölskyldunnar er að ræða, án þess að vera að rífast um pólitík og deila um hvort menn eru í stjórn eða stjórnarandstöðu. Það hlýtur að vera skylda þingmanna á hinu háa Alþingi að taka á slíkum málum og ég held að menn ættu að viðurkenna það, ekki bara fyrir sjálfum sér heldur líka fyrir öðrum. (**Gripið fram í:** Þeir gera það.) Já, það er rétt. Sumir gera það.

En ég sakna þess alveg sérstaklega að fulltrúar kvenna á hinu háa Alþingi og fulltrúar kvenna jafnframt í þessu landi, fulltrúar Kvennalistans, sjá sér ekki fært að taka þátt. (**GHG:** Sem kalla sig fulltrúa Kvennalistans.) Já, ég nota þetta orð vegna þess að þær nota það sjálfar, en að sjálfsögðu er það rétt að þær kalla sig fulltrúa kvenna í þessu landi. Þær tilheyra Kvennalistanum. Ég er ekki að setja út á það í sjálfu sér, en ég sakna þess að þær sjá sér ekki fært að taka þátt í umræðum um þetta mál vegna þess sérstaklega að þau sjónarmið hafa komið fram m.a. hjá þeim — og reyndar fleirum — að persónuafsláttur ætti að vera að fullu millifæranlegur, ekki bara á milli hjóna eða sambúðarfólks heldur við hvaða form sambúðar sem er þar sem aðilar halda saman heimili. Það má vissulega velta því fyrir sér hvort ekki sé rétt að líta á hvert heimili sem sjálfstæða rekstrareiningu og skattlagningu eftir því háttað, en þá erum við að vísu komin út í allt aðrar og miklu stærri fjárhæðir en þetta frv. mun kosta ríkissjóð. Hins vegar má með réttu benda á kosti þessa fyrirkomulags og sem þátt í markvissri fjölskyldupólitík. En við verðum að gera okkur grein fyrir því að slíkar skattalagabreytingar þarf að áætla með nokkrum fyrirvara.

Það frv. sem hér um ræðir hlýtur að teljast skref í rétta átt þegar litið er til hagsmuna fjölskyldunnar. Þess má einnig geta hér að heimavinnandi fólk er mjög ósátt við núgildandi fyrirkomulag og telur það fela í sér vanvirðu. Í þessu sambandi langar mig til að vitna hér í orð hv. fyrrv. þm. Kvennalistans Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur aftur er hún segir í umræðum um staðgreiðslufrumvarpið, með leyfi virðulegs forseta, og hygg ég að það sé nokkuð merkilegt:

„Það er enn annað atriði sem varðar þessa millifærslu milli maka eða samsköttun sem ég vil nefna hér og það er varðandi það að persónuafsláttur heimavinnandi eða tekjulægri makans nýtist aðeins að þrem fjórðu eða fjórum fimmtu hlutum til miðað við orð hæstv. ráðherra í ræðu hans þegar hann mælti fyrir þessu frv. Ég mun leggja til að persónuafsláttur heimavinnandi nýtist ekki aðeins að fjórum fimmtu hlutum heldur að fullu vegna þess að það er ekki með nokkru móti verjandi að tekjulægri eða heimavinnandi einstaklingar teljist aðeins persónuígildi að fjórum fimmtu hlutum eða hvaða hlutfalli sem er öðru en jöfnu á við alla aðra. Það er auðvitað ekkert annað en virðingarleysi, bæði við sjálfstæði og ígildi þeirra einstaklinga sem hér um ræðir, að leggja til það fyrirkomulag sem í þessu frv. er að finna. Margar eru þær konurnar sem hafa tekið eftir þessu og haft samband við mig og spurt: Jæja, á nú að meta okkur sem trekvart persónu?

Frv. var kynnt á þann hátt að það væru þrír fjórðu hlutar, þ.e. 75%, sem væru nýtanlegir á þennan hátt en síðan hefur fjmrh. látið þess getið að það munu vera 80% eða fjórir fimmtu. Það er töluverð ólga og reiði meðal kvenna yfir þessu sérstaka ákvæði."

Með þessum orðum sýnist mér að það frv. sem hér er til umræðu samrýmist fyllilega stefnu Kvennalistans og ég ítreka að ég sakna þess að fulltrúar hans skuli ekki taka þátt í þessari umræðu.

Þess má einnig geta og alveg sérstaklega vegna þess að nokkrir hv. þm. sem eru í þessari deild hafa verið mikið að berjast í verkalýðshreyfingunni að fulltrúar verkalýðs- og launþegahreyfinganna mótmæltu einmitt þessu ákvæði í staðgreiðslufrv. á sínum tíma. Þannig segir t.d. í athugasemdum frá stjórn BHMR að niðurfelling á giftingarfrádrætti og það að makaafsláttur skuli aðeins nýtast að þremur fjórðu hlutum feli í sér neikvæða afstöðu í sköttun fjölskyldna og tilfærslu frá fjölskyldum til einstaklinga ef heildarskattbyrði sé að öðru leyti óbreytt. Það er þannig ljóst að mjög margir töldu og telja þetta ákvæði skattalaga fela í sér mikla mismunun.

Á það hefur verið minnst áður og það má e.t.v. segja sem svo að sjálfstæðismenn hefðu átt að beita sér fyrir því fyrr að þessu ákvæði væri breytt, en það felst þó nokkur afsökun í því að staðgreiðslukerfið fól í sér byltingu í skattamálum og að mörgu var að huga. Engu að síður var það og er fullur vilji þeirra að á þessu máli verði tekið enda í samræmi við landsfundarályktanir. Þessi afstaða sjálfstæðismanna kom einnig skýrt fram í fyrirspurn frá Bandalagi kvenna í Reykjavík um þetta efni þegar staðgreiðslufrv. var afgreitt, en í svari frá þingflokknum segir orðrétt:

„Þingflokkur sjálfstæðismanna mun beita sér fyrir því að það hjóna sem er heimavinnandi geti að fullu nýtt sér persónuafslátt sinn."

Er mér ekki grunlaust um að viðlíka svör hafi borist frá þingflokki framsóknarmanna. Og varðandi orð hv. 5. þm. Norðurl. e. þar sem hann ræðir m.a. um kostnað, 2 milljarða, sem þetta frv. eigi að hafa í för með sér, má vel vera að forustumenn Framsfl. hafi notað þá fjárhæð á Borgfl. í stjórnarmyndunarviðræðum. Hins vegar hef ég undir höndum plagg frá Þjóðhagsstofnun þar sem er sagt: Við óbreyttan

persónuafslátt er kostnaður við hækkun millifærsluhlutfalls metin um 500–700 millj. kr. Það er nákvæmlega sú upphæð sem um er getið í grg. með þessu frv.

Ég tel mig ekki þurfa að afsaka að hafa ekki flutt þetta mál á síðasta þingi og bendi á að sem varaþingmaður er ég minna inni á þingi og þar að auki má kannski benda á að e.t.v. hafi ekki tími unnist til að vinna að öllum þeim málum sem síðasta ríkisstjórn hefði viljað beita sér fyrir. Við ættum kannski að hafa það í huga. Hins vegar hlýtur að vera betra seint en aldrei.

Það má einnig geta þess í þessu sambandi að þegar þessi regla var sett í staðgreiðslukerfið fól hún í sér verulega rýmkun frá eldri skattalögum, sbr. m.a. upplýsingar frá Þjóðhagsstofnun.

Hæstv. forseti. Ég ítreka enn þakkir mínar til hv. þm., sama hvaðan gott kemur, úr öllum kjördæmum. Ég treysti því að þeir fylgi sinni sannfæringu og láti málefnin ráða, en sumir þeirra hafa áður lýst yfir vilja sínum til að samþykkja þetta sanngirnismál. Vona ég að þeir muni því greiða götu þess á hinu háa Alþingi. Með ákvæði 2. gr. þessa frv. vil ég benda alveg sérstaklega á að hæstv. fjmrh., sem því miður er ekki hér staddur, gefst nægur tími til aðlögunar og ef með þarf til að draga úr útgjöldum ríkissjóðs á öðru sviði. Hér er um mjög mikilvæga hagsmuni að ræða.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Það var örstutt vegna þess að mér fannst óviðeigandi þau orð sem hv. 8. þm. Reykv. lét falla í garð Kvennalistans. Hv. 6. þm. Reykv. hefur fjarvistarleyfi og við vitum að hv. 6. þm. Vesturl. hefur ekki haldið sína jómfrúræðu enn þá og ég skil ákaflega vel að hún skuli ekki hafa treyst sér til að taka þátt í umræðunni. En ég vil líka geta þess að ég var vitni að því þegar þessu frv. var dreift hér í hv. deild að hv. 6. þm. Reykv. áleit sig ekki hafa svarað því hvort hún vildi vera meðflm. Það kom henni á óvart að það væri búið að dreifa frv. því að hún sagði: Ég var bara ekki búin að svara hvort ég ætlaði að vera með eða ekki.

Ég vildi bara að þetta kæmi fram.

Flm. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég bið forláts á því ef ég hef á nokkurn hátt vanvirt stöðu varaþingmanns Kvennalistans sem er stödd í salnum. Ég átti að sjálfsögðu við 6. þm. Reykv., hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur, þar sem við höfum átt saman viðræður um þetta mál. Hún tjáði mér að Kvennalistinn gæti ekki verið meðflm. á þessu máli og var mér fullkunnugt um það. Reyndar tjáði hún mér líka um sjöleytið í gærkvöld að hún mundi taka til máls í þessu sama máli. Vona ég að þessi misskilningur sé þar með leiðréttur.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

53. fundur, miðvikudaginn 15. febr., kl. 2 miðdegis.

Vaxtalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 239. mál (fjárfestingarlánasjóðir, dráttarvextir, okur o.fl.). — Þskj. 444.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Stjórn efnahagsmála o.fl., frh. 1. umr.

Stjfrv., 240. mál (lágmarkstími verðtryggingar og fastir vextir). — Þskj. 445.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Ríkisreikningar 1981–1986, 3. umr.

Stjfrv., 142. mál. — Þskj. 149.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Ríkisreikningur 1979, 3. umr.

Stjfrv., 159. mál. — Þskj. 170.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Skráning og meðferð persónuupplýsinga, 1. umr.

Stjfrv., 214. mál. — Þskj. 367.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga á þskj. 367, en það er lagt fram í samræmi við ákvæði 31. gr. laga um kerfisbundna skráningu á upplýsingum er varða einkamálefni, nr. 39/1985. Í samræmi við ákvæði þeirrar lagagreinar falla lög nr. 39/1985 úr gildi 31. des. nk. og ber dómsmrh. samkvæmt þeirri grein að leggja fram frv. til nýrra laga um þetta efni á þessu þingi.

Samkvæmt fyrrnefndu lagaákvæði fól þáv. dómsmrh. í janúar á síðasta ári þeim Þorgeiri Örlygssyni, formanni tölvunefndar, og Tryggva Gunnarssyni lögfræðingi að endurskoða lög nr. 39/1985 og semja frv. til nýrra laga og sömdu þeir frv. þetta.

Meginmarkmið löggjafar um skráningarmálefni er að tryggja einstaklingum vernd gegn misnotkun á upplýsingum um einkamálefni þeirra sem varðveittar eru eða skráðar hafa verið með kerfisbundnum hætti, hvort sem slík skráning fer fram í tölvum eða með öðrum hætti. Fyrstu lög um skráningarmálefni, sem sett voru hér á landi, voru lög nr. 63/1981 og giltu þau í fjögur ár. Voru þau endurnýjuð að mestu óbreytt árið 1985 og tóku gildi 1. jan. 1986 og hafa þau einnig fjögurra ára gildistíma eins og fyrstu lögin.

Frá því fyrsta löggjöfin um skráningarmálefni var sett hér á landi hafa menn öðlast aukna reynslu á þessu löggjafarsviði sem áður var mönnum ókunnugt. Miðar frv. þetta að því að bæta úr þeim vankönturn gildandi löggjafar sem í ljós hafa komið.

Þá hefur og við samningu frv. verið horft til réttarþróunar í grannríkjum okkar, en rétt er að leggja á það áherslu að hér er um að ræða lagasetningu á mjög alþjóðlegu sviði og því nauðsynlegt að þróun íslenskra réttarreglna um þetta efni sé samstiga þróun í grannríkjum okkar. Eins og áður segir hefur löggjöf um skráningarmálefni það að meginmarkmiði að vernda einstaklingana gegn því að misfarið sé með persónuupplýsingar sem skráðar hafa verið um þá með kerfisbundnum hætti. Í slíkri löggjöf og þar með frv. þessu er reynt að ná þessu markmiði með eftirfarandi úrræðum:

1. Settar eru reglur um það hvenær og í hvaða tilgangi heimilt er að skrá persónuupplýsingar. Er um það efni aðallega fjallað í II. kafla frv.

2. Strangar reglur gilda skv. III. kafla frv. um aðgang annarra en hins skráða að skráðum upplýsingum.

3. Hinum skráða er tryggður aðgangur að upplýsingum er hann sjálfan varða og er um það efni fjallað í IV. kafla frv. Er það gert í því skyni að veita einstaklingunum sjálfum færi á því að hafa að vissu marki sjálfir eftirlit með því að ekki séu skráðar um þá upplýsingar sem óheimilt er að skrá.

4. Þar sem upplýsingar um fjárhagsmálefni og lánstraust manna eru þeim viðkvæmar eru settar sérstakar reglur um skráningu og meðferð slíkra upplýsinga í V. kafla frv. Eru þær reglur til muna ítarlegri í frv. þessu en í gildandi lögum.

5. Gert er ráð fyrir skipan opinberrar eftirlitsnefndar, svokallaðrar tölvunefndar, sem hefur eftirlit með því að til skráningar sé stofnað og með upplýsingar farið svo sem í lögunum segir. Er það jafnframt hlutverk nefndarinnar að veita borgurunum liðsinni við að ná fram leiðréttingu sinna mála ef þeir telja rétt sinn brotinn.

Auk þessa hefur frv. að geyma ákvæði um notkun nafnaskráa til útsendingar á auglýsinga- og dreifiefni, svo og ákvæði um framkvæmd markaðs- og skoðanakannana um atriði er snerta gildissvið frv. Þá er og í frv. að finna ákvæði um starfsemi þeirra er annast tölvuþjónustu fyrir aðra og ákvæði um söfnun upplýsinga hér á landi til úrvinnslu erlendis.

Í III. kafla almennra athugasemda frv. eru raktar helstu breytingar á gildandi löggjöf sem frv. þetta gerir ráð fyrir og verða þær ekki raktar nánar hér. Þó er rétt að leggja á það áherslu að þótt breytingar frv. séu allmargar raska þær þó ekki í neinum verulegum atriðum þeirri umgjörð sem þegar hefur verið sett um þessa einkalífsvernd.

Ein veigamesta breytingin sem frv. gerir ráð fyrir kemur fram í 2. mgr. 30. gr. þar sem lagt er til að tölvunefnd og starfslið hennar hafi vegna eftirlitsstarfa sinna aðgang að húsnæði þar sem skráning fer fram eða þar sem skráningargögn eru varðveitt eða eru til vinnslu án þess að þurfa að afla til þess sérstaks dómsúrskurðar hverju sinni.

Skv. 66. gr. stjórnarskrárinnar verður húsleit eigi framkvæmd nema eftir dómsúrskurði eða eftir sérstakri lagaheimild. Nútímatækni gerir það kleift að eyða upplýsingum í tölvum á mjög skömmum tíma og án þess að slíks sjáist nokkur merki. Með hliðsjón af þessu og þeim hagsmunum sem lögum þessum er ætlað að vernda þykir rétt að leggja til að tölvunefnd hafi ótvíræða lagaheimild til þess að gera vettvangskönnun án sérstaks dómsúrskurðar. Er það reynsla frændþjóða okkar að slík heimild sé nauðsynleg til þess að gera eftirlitsstarfið virkara.

Rétt er að leggja á það áherslu að með frv. er, eins og í fyrri löggjöf, reynt að sníða eftirlitsstarfsemina að þjóðfélagsaðstæðum hér á landi og forðast að skapa umfangsmikið skrifstofubákn í kringum löggjöfina. Þess vegna er áfram gert ráð fyrir því að eftirlitsstarfið verði í höndum tölvunefndar og þótt gert sé ráð fyrir breyttum reglum um skipan nefndarinnar á slíkt ekki að hafa aukinn kostnað í för með sér eins og rækilega er tíundað í athugasemdum við 28. gr. frv.

Fyrri löggjöf á þessu sviði hafði fyrir fram afmarkaðan gildistíma eins og áður hefur komið fram. Var það gert til þess að tryggja að nauðsynleg endurskoðun löggjafarinnar færi fram með hæfilegu millibili. Verður að telja að sú reynsla hafi fengist á þessu löggjafarsviði að ekki sé þörf á því að hafa löggjöfina tímabundna. Er því ekki gert ráð fyrir því í þessu frv. að það hafi, ef að lögum verður, afmarkaðan gildistíma.

Að lokum er rétt að leggja á það áherslu að í setningu löggjafar um skráningarmálefni verður að þræða ákveðinn meðalveg. Annars vegar þarf að

tryggja einstaklingum nauðsynlega persónuvernd og hins vegar þarf að gæta þess að búa ekki svo um hnútana að staðið sé í vegi fyrir eðlilegri þróun. Er í frv. þessu reynt að hafa bæði sjónarmiðin í huga svo sem gert var við fyrstu lagasetningu á þessu sviði hér á landi. Má í því sambandi benda á að þrátt fyrir ýmsar strangar reglur frv. varðandi skráningarstarfsemina er gert ráð fyrir því að tölvunefnd geti veitt undanþágur frá slíkum reglum ef hún telur slíkt nauðsynlegt með hliðsjón af þeim hagsmunum sem í húfi eru.

Ég vil leyfa mér að leggja til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Búminjasafn, 1. umr.

Frv. AS og FÞ, 133. mál. — Þskj. 140.

Flm. (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um búminjasafn, sem er 133. mál þingsins og er á þskj. 140, sem við flytjum saman, ég og hv. 2. þm. Vesturl. Þetta frv. var lagt fram í nóvembermánuði sl. og eins og hér hefur komið fram áður lenti það á milli laga í sambandi við umræður í desember þannig að það varð að víkja fyrir stjórnarfrv. og fjárlögum á síðustu dögum þingsins fyrir jól og var gert ráð fyrir að það yrði tekið fyrir við fyrsta tækifæri eftir að þing kæmi saman eftir jólafrí, en það hefur því miður dregist óþarflega lengi.

Frv. þetta er um búminjasafn, að stofna skuli búminjasafn er hafi aðsetur á Hvanneyri í Borgarfirði.

Eins og segir í 2. gr. er hlutverk búminjasafns að safna munum, minjum og hvers konar heimildum er snerta íslenskan landbúnað, varðveita og hafa til sýnis almenningi. Kostað skal kapps um að varðveita hæfilegt sýnishorn véla, tækja og verkfæra og hvers konar annarra búminja sem eru að hverfa eða hætt er að nota vegna breyttra þjóðhátta.

Í 3. gr. er gert ráð fyrir að menntmrh. skipi stjórn safnsins eftir tilnefningu eftirtalinna aðila: Þjóðminjasafnsins, Búnaðarfélags Íslands, Bændaskólans á Hvanneyri og Bændaskólans á Hólum. Einn stjórnarmaður skal skipaður án tilnefningar. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Gert er ráð fyrir því í 4. gr. frv. að ráðherra skipi forstöðumann safnsins eftir tillögum stjórnar þess til sex ára í senn. Stjórn safnsins ræður safnverði og aðra starfsmenn eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum hverju sinni.

5. gr. gerir ráð fyrir að stjórn búminjasafns og forstöðumanni beri að hafa náið samráð við Þjóðminjasafnið um varðveislu minja og skipulag og starfshætti safnsins. Þjóðminjasafni sé heimilt að varðveita búminjar á búminjasafninu ef það telur varðveislu muna og minja nægilega trygga þar.

Í 6. gr. er gert ráð fyrir að forstöðumaður búminjasafns skuli annast kennslu í búnaðarsögu og véla- og verkfærafræði við Bændaskólann á Hvanneyri.

Í 7. gr. kemur fram að kostnaður við rekstur búminjasafns greiðist úr ríkissjóði, í 8. gr. að menntmrh. setji með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi búminjasafns og í 9. gr. að lög þessi öðlist gildi 1. ágúst 1989.

Ég vil geta þess að frv. þetta er samið með hliðsjón af lögum og reglugerð um Sjóminjasafn Íslands sem staðsett er í Hafnarfirði og hefur skipað sér sess sem viðurkennt safn að því er varðar sjóminjar hér á Íslandi.

Eins og hér hefur raunar áður komið fram í umræðum, þá er þetta frv. fyrst og fremst lagt hér fram vegna óska sem komu frá Bændaskólanum á Hvanneyri svo sem kemur fram í grg. og ég mun, með leyfi forseta, greina frá í þessari umræðu.

Svo sem fram kemur í fskj. með þessu frv. er það fyrst og fremst bréf frá Bændaskólanum, undirritað af skólastjóranum, þar sem kemur fram að Bændaskólinn og nú á síðustu árum bútæknideild RALA hafi haft í frammi ýmsar aðgerðir til að koma upp safni. Eins og fram kemur í grg., sem ég mun lesa hér á eftir, er tilbúinn grunnur að slíkum safnaskála. Skólinn leggur áherslu á að það væri mjög æskilegt að ýta þessu máli áfram og bendir á að heppilegast væri að setja lög um búminjasafn á Hvanneyri og jafnframt að fjárveiting fáist til að byggja skála yfir safnið.

Þá er einnig tekið fram í bréfi skólastjóra að búminjasafn á Hvanneyri hefur mikla þýðingu vegna kennslu í véla- og verkfærafræði auk þess sem það hefur almennt gildi sem safn og tengist starfsemi bútæknideildar RALA.

Ég mun því, með leyfi forseta, lesa efnisatriði úr þeirri grg. sem skólinn sendi sem rökstuðning fyrir þessu máli sem skýrir merka sögu þessarar starfsemi sem hefur verið við Bændaskólann á Hvanneyri. Þessi grg. er samin af dr. Bjarna Guðmundssyni sem er kennari á Hvanneyri.

„Á Hvanneyri hefur um árabil verið til nokkurt safn gamalla tækja og búvéla. Ýmsar tilraunir hafa verið gerðar til þess að koma fótum undir safnið en enn hefur engin þeirra heppnast að fullu. Ekki þarf að hafa mörg orð um notagildi verkfærasafns. Sú bylting, sem orðið hefur í búnaðarháttum á liðnum áratugum, á sér fyrst og fremst rót í breyttri verktækni. Vélar, verkfæri og áhöld í ýmsum myndum hafa komið fram. Hvert af öðru hafa þau rutt hinum eldri úr vegi svo að áður en varði urði til „gömul" tæki. Mikla sögu má lesa úr þróun landbúnaðarverkfæranna á þessari öld. Heilleg verður atvinnusaga þjóðarinnar ekki án hennar. Sú saga er enn aðeins að litlu leyti skráð.

Víða hefur bútæknisöfnum verið komið upp er-

lendis og virðist vaxandi áhugi vera á bútæknisögunni eins og öðru því er snertir rætur nútímans.

Hér á eftir verður fjallað um fáeina þætti er varða málefni verkfærasafnsins á Hvanneyri, m.a. í tilefni af því að á liðnum vetri hrundu nokkrir áhugamenn þar málinu lengra fram en áður hafði gerst í einum áfanga.

Í byrjun þessarar aldar fóru að berast til landsins verkfæri til landbúnaðar. Ekki síst var það á bændaskólunum sem verkfærin voru reynd. Skólastjórar og kennarar höfðu þar forgöngu, oft vegna tengsla sinna við nágrannalöndin og dvalar þar. Frá skólunum barst tæknin síðan út um sveitirnar. Þá má ekki gleyma því að allmikið var um innlenda verkfærasmíð á tímabili, einkum jarðyrkjuverkfæri. Þar fór Torfi í Ólafsdal fremstur. Með merku riti Árna G. Eylands um búvélar og ræktun var saga bútækni á Íslandi fram undir 1950 skráð í mikilvægum atriðum.

Í gegnum árin hafa ýmis verkfæri „orðið til" á Hvanneyri, verkfæri sem á sínum tíma hafa komið þangað til fyrstu reynslu. Flest hinna eldri eru frá tíma Halldórs Vilhjálmssonar skólastjóra, en Halldór var mikill áhugamaður um verktækni og hvers kyns nýjungar á því sviði. Raunar voru forverar hans, þeir Sveinn Sveinsson og Hjörtur Snorrason, einnig forgöngumenn á sviði heyskapartækni. Á skólastjóraárum sínum öndverðum (um 1896) reyndi Hjörtur til dæmis fyrstu heyvinnuvélarnar sem til landsins komu, sláttuvél og rakstrarvél. Þær eru nú löngu glataðar en verkfæri eru til frá tíð Halldórs, svo og frá Ólafsdal eins og nánar verður vikið að.

Árið 1940 tóku gildi ný lög um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins. 20. gr. laganna var þannig:

„Safni af landbúnaðarverkfærum skal komið upp við Bændaskólann á Hvanneyri undir umsjón verkfæranefndar. Reynt sé að fá sem flestar verkfæraverslanir og verksmiðjur til þess að leggja fram sýnishorn í safnið, en ella skulu keypt til reynslu verkfæri sem ekki fást á annan hátt."

Í grg. með frv. sagði svo um þessa grein:

„Breytingar á þeim vélum og áhöldum sem bændur þurfa að nota í starfi sínu eru á síðari tímum nokkuð örar og margvíslegar. Nýjar hugmyndir koma oft fram á því sviði, ný verkfæri eru flutt inn og smíðuð innan lands o.s.frv. Að fylgjast með öllu þessu er fróðlegt og nauðsynlegt, einkum fyrir alla þá sem leiðbeiningastörf hafa með höndum. Er því mjög æskilegt að koma upp verkfærasafni þar sem unnt er að fylgjast með öllum nýjungum og breytingum í verkfæragerð. Telur nefndin (er frumvarpið samdi) heppilegt að slíkt safn sé á þeim bændaskólanum sem er nær höfuðstaðnum. Líklegt telur nefndin að unnt sé að fá sýnishorn í safnið frá ýmsum þeim verksmiðjum og verslunum sem smíða eða selja verkfæri og má ætlast til þess að verkfæranefnd geri sitt til að svo verði, en annars þarf nokkra fjárupphæð til þess að kaupa í safnið þau áhöld sem ekki fást á annan hátt."

Með þessari ákvörðun Alþingis var verkfærasafnið á Hvanneyri lögfest sem nýmæli í byrjun hinnar raunverulegu vélaaldar til sveita, fyrst og fremst að því er skilið verður til þess að kynna nýjustu landbúnaðarverkfæri á hverjum tíma. Eðlilegur hluti safnsins hlaut hins vegar með tímanum að verða nokkurt safn eldri verkfæra. Safnið var tengt starfi verkfæranefndar er reyna skyldi „ný verkfæri eða breytingar á eldri verkfærum ..." með verkfæratilraunum við „ ... búnaðarskólann á Hvanneyri nema hentara þyki að reyna sérstök verkfæri annars staðar ..." eins og í lögunum sagði.

Ekki er nákvæmlega vitað í hvaða mæli verkfæranefnd sinnti verkfærasafninu. Hins vegar komst safnið inn á fjárlög ársins 1942 með 1000 kr. framlagi úr ríkissjóði. Hélst það óbreytt allt til fjárlagaársins 1957 að upphæðin var hækkuð í 2000 kr. Stóð svo til og með fjárlagaárinu 1967. Eftir það var ekki um sérgreinda upphæð til safnsins að ræða. Öll þessi ár var framlagið reiknað Hvanneyrarskóla í samræmi við ákvæði laganna frá 1940. Með nýjum lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965 (Rannsóknastofnun landbúnaðarins), voru hins vegar engin ákvæði um verkfærasafn. Þar með var það horfið úr tölu lögbundinna stofnana.

Ríkisframlagið árin 1942–1967 dró verkfærasafnið á Hvanneyri ekki langt og ekki er fullljóst hvernig framlaginu var ráðstafað. Víst er þó að ekki komst safnið á legg sem formleg og áþreifanleg stofnun við skólann með þeim hætti er áðurnefnd lög sögðu fyrir um. Guðmundur Jónsson skólastjóri var þó áhugasamur um málið og viðaði að sér nokkrum merkum verkfærum og áhöldum. Mörg þau verkfæri er skólinn eignaðist og nemendur kynntust og lærðu að handleika, varðveittust og urðu með öðru, er frá leið, vísir að verkfærasafni á skólastaðnum.

Vegna skólastjóraskipta á Hvanneyri 1. sept. 1972 fól landbrn. þeim Jóni Guðmundssyni, bónda á Hvítárbakka, og Bjarna Arasyni, héraðsráðunaut í Borgarnesi, að gera úttekt á eignum skólans. Fór hún fram þá um haustið. Í ítarlegri úttektarskýrslu þeirra félaga segir svo um verkfærasafnið:

„Á Hvanneyri er til mikið safn gamalla landbúnaðartækja. Hér er um að ræða vélar og áhöld sem eru orðin úreld og hafa fallið úr notkun vegna þess, svo sem ýmiss konar jarðvinnslu- og heyvinnutæki er hestum var beitt fyrir, svo og margs konar handverkfæri. Þá eru í þessu safni gamlar dráttarvélar og tæki við þær. Ekki verður dregið í efa að hér er saman komið stærsta safn sinnar tegundar á landinu og að þetta safn hefur mikið sögulegt gildi.

Safn þetta er að nokkru geymt í Verkfærahúsinu (gamla) og að nokkru í Skemmunni, en sum tækin standa úti undir beru lofti. Aðstaða til geymslu þessara gripa er engan veginn eins og þyrfti að vera þar sem þeir eru ekki varðir gegn skemmdum sem skyldi og engin aðstaða er til að skoða þá."

Skömmu síðar lét Bændaskólinn gera skrá yfir vélar og tæki í safninu. Var hún byggð á spjaldskrá sem Guðmundur Jónsson skólastjóri hafði tekið saman. Skráðir safnmunir árið 1973–1974 reyndust vera 47 að tölu.

Með endurskoðuðum jarðræktarlögum, sem lögfest voru 1972, voru felld niður ákvæði laganna um vélasjóð og vélanefnd ríkisins. Vélasjóður hafði þá um árabil annast rekstur á skurðgröfum auk annarra verkefna. Með breyttum tímum varð hans ekki lengur þörf. Vélasjóður átti verðmætar eignir. Skyldi andvirði helmings þeirra lagt í sérstakan sjóð er Búnaðarfélag Íslands varðveitti. Skyldi sjóðnum varið til þess að „styrkja tilraunir með álitlegar tækninýjungar í landbúnaði eftir tillögum búnaðarþings ..." eins og í lögunum segir.

Að frumkvæði Haralds Árnasonar vatnsvirkjaráðunautar, þá framkvæmdastjóra vélasjóðs, fékkst heimild landbrh. til þess að verja nokkru af eignum vélasjóðs til þess að kaupa gamlar búvélar og verkfæri og safna þeim saman. Til verksins réðst Karl Auðunsson sem þá var elsti starfsmaður vélasjóðs. Vélasjóður átti verkstæðisbragga í Garðaflóa við Akranes. Braggann keypti Karl og þangað safnaði hann hinum gömlu tækjum og bjó þau til varðveislu.

Árangurinn af starfi Karls Auðunssonar mátti svo fyrst sjá á þróunarsýningu atvinnuveganna í Laugardalshöll síðsumars þjóðhátíðarárið 1974, en þar voru m.a. sýnd gömul verkfæri sem hann hafði safnað og lagfært. Á sýninguna fóru einnig nokkrar gamlar búvélar frá Hvanneyri. Að sýningu lokinni voru verkfærin síðan flutt að Hvanneyri en þar var þá ekkert geymsluhús til, frekar en áður, er hæfði þessum verðmætum. En með þessu átaki vélasjóðs og þróunarsýningunni 1974 hafði verkfærasafnið vakið athygli margra.

Heimamönnum á Hvanneyri rann til rifja umkomuleysi verkfærasafnsins, sérstaklega eftir það framtak vélasjóðs sem að framan var rakið. Veturinn 1976 lögðu því nokkrir starfsmenn Bændaskólans og bútæknideildar RALA á Hvanneyri erindi fyrir búnaðarþing varðandi verkfærasafnið. Búnaðarþing tók vel í erindið og afgreiddi það með svofelldri ályktun:

„Búnaðarþing felur stjórn Búnaðarfélags Íslands að hlutast til um það við landbrn. að kannaðar verði leiðir til að efla og reka það safn landbúnaðartækja sem til var komið með lögum nr. 64 7. maí 1940, um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins.

Jafnframt felur þingið stjórninni að gangast fyrir söfnun frjálsra fjárframlaga til þess að unnt verði að reisa geymsluskála fyrir safnið á Hvanneyri þegar á þessu ári.

Gera verður ráð fyrir að nokkurn tíma taki að tryggja stöðu safnsins í lögum og óvíst hvenær opinber fjárframlög til uppbyggingar þess liggja á lausu. Á hinn bóginn þolir málið ekki langa bið þar eð tæki þau og vélar sem safnað hefur verið liggja nú undir skemmdum. Nauðsynlegt er því að hefjast þegar handa um byggingu geymsluhúss fyrir munina á Hvanneyri en bíða ekki eftir því að framtíðarskipan safnsins sé ráðin. Þar sem slíkt húsnæði á ekki að þurfa að verða mjög dýrt má telja líklegt að unnt sé að ná saman með frjálsum framlögum því fé sem til þarf. Eru búnaðarsamtök, svo og innflytjendur landbúnaðartækja, líklegir aðilar til að vilja leggja þessu menningarmáli lið með fjárframlögum, en fleiri koma vafalaust til greina."

Með ályktuninni lagði búnaðarþing fyrst og fremst áherslu á hið sögu- og menningarlega hlutverk safnsins, svo sem eðlilegt var í ljósi breyttra tíma og aðstæðna. Jafnframt benti þingið á að rétt væri að fleiri aðilar en ríki stæðu undir framtakinu, þar á meðal búnaðarsamtökin.

Fátt gerðist í málefnum safnsins eftir ályktun búnaðarþings 1976. Lengst af var þó munað eftir verkfærasafninu í fjárbeiðnum skólans til fjárveitingavaldsins. Liðu svo nokkur ár. Þeir Jónas Jónsson, þá ritstjóri tímaritsins Freys, og Haraldur Árnason vatnsvirkjaráðunautur lögðu mál verkfærasafnsins fyrir búnaðarþing 1979 sem afgreiddi það með svofelldri ályktun:

„Búnaðarþing felur stjórn Búnaðarfélags Íslands að leita eftir samvinnu við Stéttarsamband bænda um að hafa forgöngu um útvegun fjár til stofnunar búvélasafns á Hvanneyri.

Miðað verði við að safnið komist á fót á 90 ára afmæli Bændaskólans á Hvanneyri."

Í grg. var vísað til afgreiðslu búnaðarþings á málinu veturinn 1976, en þar segir:

„Þótt ekki hafi orðið af framkvæmdum þykir sjálfsagt að freista þess á nýjan leik að kannað verði til þrautar hvort ekki sé unnt að stofna búvélasafn á Hvanneyri og tengja stofnun þess merku afmæli Bændaskólans á Hvanneyri."

Stjórn Búnaðarfélagsins ákvað á fundi sínum 12. mars 1979 að senda ályktun þessa „.... til Stéttarsambands bænda og skólastjórans á Hvanneyri og mælast til þess að þeir tilnefni sinn manninn hvor til þess að ræða um frekari framkvæmdir í málinu við fulltrúa Búnaðarfélags Íslands, Harald Árnason".

Stéttarsamband bænda tók málið upp á stjórnarfundi 22. mars sem tilmæli um að sambandið tilnefndi einn mann í nefnd „.... sem skal hafa forgöngu um útvegun fjár til stofnunar búvéla- og verkfærasafns á Hvanneyri". Magnús Sigurðsson á Gilsbakka var tilnefndur en til vara Jón Kr. Magnússon á Melaleiti.

Um svipað leyti var Bjarni Guðmundsson tilnefndur í nefndina fyrir Bændaskólann á Hvanneyri. Var nefndin þá fullskipuð.

Nefndin, undir forsæti Haralds Árnasonar, hélt fyrsta fund sinn á Hvanneyri 11. apríl 1979. Þar var m.a. ákveðið að skrifa fjárbeiðnibréf til búvélainnflytjenda, búnaðarsambandanna og Stéttarsambands bænda.

Fyrstu svörin komu frá Stéttarsambandi bænda sem á aukafundi sínum á Hótel Sögu 25.–26. apríl um vorið samþykkti „.... að taka þátt í að koma upp húsi yfir véla- og verkfærasafn á Hvanneyri með framlagi að upphæð 1,5 millj. kr".

Fram kom hjá framsögumanni, Grími B. Jónssyni í Ærlækjarseli, og fleiri fundarmönnum að með fjárframlaginu væri jafnframt verið að minnast 90 ára afmælis Bændaskólans á Hvanneyri. Skömmu síðar var tilkynnt um 500.000 kr. framlag til húsbyggingarinnar frá Kaupfélagi Borgfirðinga. Í báðum þessum samtökum naut málið Magnúsar á Gilsbakka.

Nefndin lét í samvinnu við heimamenn á Hvanneyri kanna helstu kosti varðandi húsgerð og skipulag. Var staðnæmst við tvo þeirra: að byggja sérstaka skemmu og að byggja við verkfærahúsið nýja. Með hliðsjón af skipulagi á staðnum, samtengingu verkfærasafns og húsnæðis til bútæknikennslu skólans, svo og framkvæmdakostnaði, var sú ákvörðun tekin af báðum aðilum í október 1979 að byggja við verkfærahúsið svo að þar skapaðist rými fyrir verkfærasafn. Áætlað var að sú viðbót mundi kosta um 29 millj. gkr., en sérstök skemma, 320 fermetrar að stærð, var hins vegar talin kosta um 34 millj. gkr.

Jafnframt var gengið út frá því að skólinn ræki safnið áfram en viðbætur, safnauki og viðgerðir verkfæra yrðu kostaðar af sérstökum fjárveitingum.

Seinni hluta sumars 1980 var hafist handa og þá um haustið var lokið við sökkla að viðbyggingunni. Nam byggingarkostnaðurinn alls 7,6 millj. gkr.

Framlög bárust frá ýmsum aðilum, svo sem Stéttarsambandi bænda, Kaupfélagi Borgfirðinga, Búnaðarsambandi Kjalnesinga, Búnaðarsambandi Snæfellinga, Búnaðarsambandi Strandamanna, Búnaðarsambandi Norður-Þingeyinga, Búnaðarsambandi Austurlands, Búnaðarsambandi Borgarfjarðar, Þjóðhátíðarsjóði, Búnaðarsambandi Vestfjarða og Búnaðarsambandi Suðurlands. Þessi framlög komu því frá öllum samböndum í landinu sem tengdust landbúnaði.

Vorið 1987 var hafist handa um lagfæringar á nokkrum vélum safnsins í tilefni af landbúnaðarsýningu 1987, en þar átti að koma upp sérstakri sögudeild. Þangað fóru vélar og verkfæri úr safninu. Um haustið var ákveðið að verja enn frekari tíma til lagfæringa á safngripum. Forgöngu um það hafði Grétar Einarsson deildarstjóri með öðrum starfsmönnum bútæknideildar. Gamlar eldri dráttarvélar voru gerðar upp í frumgerð sína, sumar jafnvel gerðar gangfærar, auk þess sem fáein verkfæri voru pússuð upp.

Í verkfærahúsi Bændaskólans var útbúið horn á tveimur hæðum til þess að stilla gripum þessum upp þannig að gestir og gangandi gætu virt þá fyrir sér. Þessi vísir að eiginlegu safni varð tilbúinn í maímánuði 1988. Var þá hægt að segja að komið væri upp verkfærasafn á Hvanneyri.

Sumarið 1988 vakti safnhornið á Hvanneyri verulega athygli hinna mörgu gesta er þangað komu. Ýmsir hinna eldri hittu þar fyrir gamla kunningja og yngri kynslóðinni þótti forvitnilegt og spennandi að sjá hin fornu tól, ekki síst dráttarvélarnar.

Reynsla hins fyrsta sumars safnsins sýnir ótvírætt hver þörf er á að verkfærasafn sé til og opið almenningi á aðgengilegum stað. Segja má að aðeins eitt verkfæri úr safninu hefði áður verið til sýnis að jafnaði á skólastaðnum. Það var tveggja hesta plógur, smíðaður í Ólafsdal um aldamótin. Plógurinn var gerður upp árið 1986 í umsjá Hilmars Hálfdánarsonar og Trausta Eyjólfssonar, kennara á Hvanneyri. Plógurinn stendur nú í aðalanddyri skólahúss Bændaskólans. Að vísu hefur þúfnabaninn margfrægi einnig verið í alfaraleið staðargesta, skólanum til hóflegs vegsauka, en þeir sem hann hafa séð geta ímyndað sér hvers konar tæki hann var á sínum tíma.

Svo sem þegar hefur verið getið hafa vélar og verkfæri úr safninu á Hvanneyri verið lánuð á ýmsar sýningar. Þegar er nefnd þróunarsýningin í Laugardalshöll 1974, en árið 1968 munu fáein gömul verkfæri frá Hvanneyri hafa verið til sýnis á landbúnaðarsýningunni í Reykjavík. Nokkur verkfæri voru og sýnd á landbúnaðarsýningunni á Selfossi 1978.

Fjáröflunarnefndin frá 1979 birti grein um safnið í tímaritinu Frey og nauðsyn þess að halda til haga gömlum verkfærum. Nokkur viðbrögð urðu og ábendingar komu um verkfæri en ekki var unnt að taka við þeim sakir húsnæðisleysis. Sum þessara verkfæra fást á safnið þegar úr rætist með húsnæði þess. Vorið 1988 var birt grein um safnið í blaði Hvanneyringa, en blaði þessu var m.a. dreift á öll býli í landinu. Þá fékk safnið ágæta umfjöllun í útvarpi vorið 1988. Allt hefur þetta ýtt undir áhuga manna á safninu. Áþreifanlegt dæmi um þann áhuga er m.a. myndarleg peningagjöf 25 ára búfræðinga frá Hvanneyri til safnsins á liðnu sumri. Vonandi verður léttara að vinna málinu framgang á næstu árum.

Þótt í þessari grg. hafi einkum verið fjallað um vélar og verkfæri sem safngripi má geta þess að nokkuð hefur verið gert að því á Hvanneyri að halda til haga myndum, veggspjöldum, bæklingum og öðrum gögnum um búvélar frá ýmsum tímum. Þar átti Ólafur Guðmundsson mikinn hlut að máli er hann starfaði sem framkvæmdastjóri verkfæranefndar ríkisins og síðar deildarstjóri bútæknideildar RALA. Allt er þetta safn óskráð enn auk þess sem mikið verk er óunnið við að taka saman frekari gögn er snerta þróun verkfæra og verktækni í íslenskum landbúnaði."

Herra forseti. Mér þótti eðlilegt og sjálfsagt að lesa þessa grg. hún er merk saga í raun og veru um þróun á þessum málum.

Bændaskólinn á Hvanneyri verður 100 ára 3. maí á þessu ári, nánar tiltekið um krossmessu. Skólinn hefur alla tíð haft mikil áhrif á þróun landbúnaðar á Íslandi og haft forustu um nýjungar í landbúnaði sem nemendur frá skólanum hafa fylgt eftir til framfara í sveitum landsins. Skólinn hefur ávallt verið undir stjórn hæfustu manna sem af eldmóði hafa mótað uppbyggingu skólans. Hann hefur því hlotið viðurkenningu og virðingu landsmanna og einnig á erlendum vettvangi. Þar er nú starfandi búvísindadeild. Hún er kennslu- og rannsóknastofnun á háskólastigi og lokapróf frá þeirri deild er kandídatspróf í búvísindum, svokallað BS-próf, og enn fremur bútæknideild Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Það er stefnt að því að starfsemi á rannsóknasviði landbúnaðar verði öll flutt að Hvanneyri í vaxandi mæli og það er öruggt verkefni næstu ára í sambandi við þá stofnun. Þessi deild á Hvanneyri og skólinn raunar í heild hefur mikil umsvif á sviði rannsókna og nýjunga í íslenskum landbúnaði, tilraunastarfsemi í nýjum búgreinum. T.d. er merkur þáttur sem þar fer fram í

sambandi við matjurtatilraunir svo að eitthvað sé nefnt.

Ég tel ástæðulaust að hafa fleiri orð um þetta. Það er ákaflega mikilvægt að okkar mati sem erum flm. að þessu frv. og raunar þm. Vesturl. allra að þetta frv. verði að lögum helst á þessu þingi. Það væri verðugur áfangi á afmælisári, á 100 ára afmæli þessa merka skóla, og ég vil geta þess aðeins hér að eins og hv. þm. sjálfsagt vita þá er Hvanneyri sístækkandi staður. Þar er kominn vísir að þéttbýliskjarna sem fer ört vaxandi, þar er að verða í raun miðstöð fyrir framfarir í íslenskum landbúnaði. Það er þess vegna mjög verðugt verkefni, um leið og þangað eru fluttar rannsóknastofnanir landbúnaðarins, að búminjasafn fyrir íslenskan landbúnað verði þar staðsett þannig að það megi verða vísir öldnum og óbornum um þá miklu sögu um íslenskan landbúnað á Íslandi og þýðingu hans fyrir þjóðarbúið í heild.

Ég vil svo, herra forseti, að lokinni þessari umræðu leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Hér er til umræðu 133. mál 111. löggjafarþings á þskj. 140. Það fjallar um búminjasafn sem hafi aðsetur á Hvanneyri. Flm. eru 1. og 2. þm. Vesturl.

Ég hef í raun og veru sáralitlu við að bæta hina ítarlegu framsöguræðu hv. fyrra flm. Ég vil þó geta þess, sem hann raunar tók fram, að heimamönnum á Hvanneyri þykir ástæða til að halda upp á afmæli staðarins sem er ekkert venjulegt, þar sem skólinn fagnar aldarafmæli á krossmessu í vor. Ekki síst þess vegna kom það upp þegar þingmenn Vesturl. heimsóttu skólann á sl. hausti að eðlilegt væri að vinna að því að tryggja betur möguleika á að koma upp búminjasafni á Hvanneyri sem rekið væri í tengslum við skólann, þar á meðal við kennslu.

Ég hygg að samstaða heimamanna um þetta mál sé mjög eindregin eins og kemur fram í bréfi skólastjóra sem hann ritaði hv. 1. þm. Vesturl. 11. nóv. sl. Þar segir hann að eins og fram hafi komið hafi Bændaskólinn á síðustu árum, bæði bútæknideild RALA og skólinn, haft í frammi ýmsa tilburði til þess að koma upp safni á Hvanneyri. Og skólastjórinn lýsir ánægju sinni með þá athygli og þann áhuga sem alþm. Vesturl. allir hafi sýnt málefnum Bændaskólans á Hvanneyri.

Hv. fyrri flm. rakti greinargerð dr. Bjarna Guðmundssonar um verkfærasafnið á Hvanneyri. Þar kemur fram að þetta er í raun og veru ekki nýtt mál heldur mjög gamalt og það eru ýmsir áfangar sem þarna er vikið að, svo sem lagasetningin frá 1940 þegar lög tóku gildi um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins. Í 20. gr. þeirra laga var einmitt tekið fram að safni af landbúnaðarverkfærum ætti að koma upp við Bændaskólann á Hvanneyri undir umsjón verkfæranefndar. Það er minnst á úttektina á Hvanneyri 1972, þátt vélasjóðs í þessu máli og sérstaka tilraun sem gerð var til átaks í þessum málum árið 1976. Það kemur enn fremur fram í þessari greinargerð að tilraun var gerð til þess að ýta þessu máli áfram þegar skólinn átti 90 ára afmæli. En undanfarin ár hefur þetta mál því miður legið í dvala eins og kemur fram í greinargerðinni: „Sökklar húss verkfærasafnsins austan við verkfærahús Bændaskólans bíða frekari framkvæmda."

Það eru margir aðilar sem hafa áhuga á þessu máli og af greinargerðinni sést að þar hafa margir góðir menn lagt hönd á plóginn, bæði með peningagjöfum og á annan hátt. Ég vil aðeins lýsa fyllsta stuðningi mínum við þetta mál og taka undir það sem segir á bls. 8 í greinargerðinni að vonandi verður léttara að vinna að þessu máli á næstu árum en verið hefur.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Þjóðminjalög, 1. umr.

Frv. GHelg o.fl., 188. mál (heildarlög). — Þskj. 220.

Flm. (Guðrún Helgadóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til þjóðminjalaga sem lagt hefur verið fram á þskj. 220 og er 188. mál þingsins. Frv. þetta flytja auk mín þessir hv. þm.: Birgir Ísl. Gunnarsson, Guðmundur G. Þórarinsson, Kjartan Jóhannsson, Óli Þ. Guðbjartsson og Þórhildur Þorleifsdóttir.

Frv. þetta á sér alllanga sögu. Fyrrv. hæstv. menntmrh. Birgir Ísl. Gunnarsson skipaði 19. nóv. 1987 nefnd sem skila skyldi þremur verkefnum til viðreisnar Þjóðminjasafni Íslands. Nefndin skyldi semja ný þjóðminjalög, hún skyldi móta stefnu í málefnum safnsins til næstu aldamóta og hún skyldi gera áætlun um endurbætur á húsakosti safnsins. Nefndina skipuðu alþm. Guðmundur G. Þórarinsson, Guðrún Helgadóttir, Kjartan Jóhannsson og Sverrir Hermannsson, Þór Magnússon þjóðminjavörður, Bryndís Sverrisdóttir safnkennari, Lilja Árnadóttir safnvörður og Þórunn Hafstein lögfræðingur. Formaður nefndarinnar var Sverrir Hermannsson.

Frv. til þjóðminjalaga var lagt fram í apríl 1987 og vísað til hv. menntmn. Bárust fjölmargar umsagnir en lengra náði málið ekki á því þingi. Núv. hæstv. menntmrh. Svavar Gestsson endurskipaði nefndina þegar Sverrir Hermannsson óskaði eftir lausn frá formennsku í nefndinni eftir að hann hvarf af þingi. Tók þá Guðrún Helgadóttir við formennskunni en til liðs við nefndina komu tveir hv. þm., þau Danfríður Skarphéðinsdóttir og Óli Þ. Guðbjartsson. Hinni nýju nefnd var falið að endurskoða lagafrv. með tilliti til þeirra ábendinga sem borist höfðu og halda að öðru leyti áfram við þau verkefni sem hinni fyrri

nefnd voru falin. Nefndin skoðaði gaumgæfilega allar ábendingar og brtt. sem lagðar höfðu verið fram, m.a. frá biskupinum yfir Íslandi, herra Pétri Sigurgeirssyni, borgarráði Reykjavíkur og Ragnheiði H. Þórarinsdóttur borgarminjaverði, frá Guðmundi Ólafssyni, deildarstjóra fornleifadeildar Þjóðminjasafns, frá eftirfarandi aðilum við Háskóla Íslands: Sveinbirni Rafnssyni phil. dr., prófessor í sagnfræði, Inga Sigurðssyni, dósent í sagnfræði, og Margréti Hermannsdóttur, rannsóknastjóra í fornleifafræði.

Einnig bárust athugasemdir frá Félagi íslenskra safnamanna, frá Gunnlaugi Haraldssyni þjóðháttafræðingi og Hjörleifi Guttormssyni alþm., auk athugasemda frá nefndarmönnum. Frv. hefur einnig verið kynnt fyrir fjölda áhugamanna og sérfræðinga á ýmsum sviðum er málið varðar og auk þess mun nefndin leggja fram lista yfir þá sem farið verður fram á að hv. menntmn. Nd. sendi frv. til frekari umsagnar. Hér er um að ræða svo mikilvægt mál að nauðsynlegt er að um það sé eining, bæði meðal fræðimanna og þingmanna, svo að allir hv. þm. leggist á eitt um að það nái fram að ganga á þessu þingi.

Verður nú stiklað á helstu nýmælum í frv.

Gert er ráð fyrir að fimm manna þjóðminjaráð fari með yfirstjórn þjóðminjavörslu í landinu og er þá átt við alla þætti þjóðminjavörslunnar, svo sem fornleifarannsóknir, húsavernd, þjóðháttarannsóknir, sjóvinnuminjar, tækni- og atvinnuminjar og hvað eina er lýtur að vörslu þjóðminja. Þjóðminjaráð skal jafnframt vera stjórnarnefnd Þjóðminjasafnsins.

Við gerð frv. varð nokkur umræða um það hvort aðskilja skyldi þjóðminjavörslu og fornleifarannsóknir en sá háttur er hafður á í nokkrum nærliggjandi löndum. Nefndarmenn komust að þeirri niðurstöðu að svo fámenn þjóð þarfnaðist ekki fleiri stofnana til að sinna fornleifarannsóknum og þjóðminjavörslu, heldur þyrfti fyrst af öllu aukin fjárframlög og meiri mannafla. Menn urðu sammála um að því fé sem til þjóðminjavörslu og fornleifarannsókna fengist væri betur varið til vinnu sérfræðinga en til stjórnunarstarfa og skrifstofukostnaðar. Öll þekkjum við það af reynslu hvernig stjórnunarþátturinn þenst út því fleiri sem stofnanirnar eru sem málið varða.

Nefndin hafnaði því þeim hugmyndum sem fram komu um fornleifaráð sem aðskilið væri Þjóðminjasafni og taldi að innan safnsins rúmuðust allir þeir fagmenn sem fjárveitingavaldið leyfði að starfa á vegum þess. Nefndin leggur mikla áherslu á að safninu verði skipt í deildir þar sem starfi sérfræðingar á þeim sviðum sem hinar einstöku deildir eiga að sinna undir markvissri yfirstjórn í stað þess að orka og fjármunir dreifist á fleiri stofnanir. Slíkt skipulag kann að eiga við meðal fjölmennari þjóða en hæfir illa hér í okkar fámenna landi þar sem miklu skiptir að fjármunum og mannafla sé varið til þess sem árangur ber.

Þá skulu starfa minjaráð í öllum kjördæmum landsins og skulu þau skipuð fulltrúum úr stjórnum allra viðurkenndra safna á minjasvæðinu ásamt minjaverði sem skipaður skal á hverju minjasvæði og starfa skal á ábyrgð þjóðminjavarðar.

Þjóðminjavörður og minjaverðir skulu skipaðir til fimm ára í senn. Þjóðminjavörður er framkvæmdastjóri þjóðminjaráðs sem einnig er skipað til fimm ára í senn. Menntmrh. skipar ráðið, einn eftir tilnefningu deildarstjóra Þjóðminjasafns Íslands og minjavarða minjasvæðanna, Félag íslenskra safnmanna tilnefnir einn mann, Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands tilnefnir einn mann, Bandalag kennarafélaga einn manna og einn án tilnefningar. Ráðherra skipar síðan formann þjóðminjaráðs úr hópi nefndarmanna.

Sérstök athygli er vakin á því að í þessu frv. eru byggðasöfnin tengd Þjóðminjasafninu á allt annan hátt en áður hefur verið gert.

Annar kafli frv. ber nafnið Þjóðminjasafn Íslands og byggðasöfn og fjallar um söfnin í heild en áður fjallaði sérstakur kafli um byggðasöfn landsins.

Flm. vilja með þessu leggja mikla áherslu á að safnastarf og þjóðminjavarsla verði lifandi þáttur í menningarlífi landsbyggðarinnar ekki síður en hér á höfuðborgarsvæðinu og að samstarf safnanna verði stóraukið í framtíðinni. Þá vil ég vekja athygli á þeirri áherslu sem í frv. er að finna varðandi aukið samstarf skóla og safnanna og skyldu Þjóðminjasafns til almenningsfræðslu og samstarfs við fræðsluyfirvöld.

Í III. kafla sem fjallar um fornleifar eru þau nýmæli að skrá skal allar fornleifar sem menn vita um í landinu og jafnframt er bannað að skaða þær á nokkurn hátt. Leyfis þjóðminjavarðar og þjóðminjaráðs skal ævinlega leitað áður en hróflað er við fornleifum og skal það leyfi vera skriflegt.

IV. kafli frv. fjallar um kirkjugripi og minningarmörk. Skal þjóðminjavörður ákveða friðun kirkjugripa og legsteina og annarra minningarmarka er hann telur hafa ótvírætt sögulegt eða listrænt gildi. Skal gera skrá yfir friðlýsta gripi og minningarmörk í kirkjum landsins eða í umhverfi þeirra og skulu prófastar og söknarnefndir hafa þær undir höndum. Þá skal Þjóðminjasafn eiga forkaupsrétt að slíkum munum í einkaeign ef seldir eru.

V. kafli frv. fjallar um friðun húsa og annarra mannvirkja og er kveðið á um að öll hús sem reist voru fyrir 1850 skuli friðuð, svo og allar kirkjur er byggðar voru fyrir 1918. Fellt hefur verið niður að greina friðun í A- og B-flokk eins og áður var. Þess í stað skal húsfriðunarnefnd gera grein fyrir ástæðum til friðunar í hverju einstöku tilviki. Menntmrh. skipar húsfriðunarnefnd til fimm ára í senn sem í eiga sæti fimm menn. Tveir eru skipaðir samkvæmt tilnefningu þjóðminjaráðs, einn samkvæmt tilnefningu Arkitektafélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga og hinn fimmti er þjóðminjavörður. Formann skipar ráðherra úr hópi nefndarmanna.

Hér hefur þá verið stiklað á helstu nýjungum sem í frv. þessu er að finna þó fleiri séu. Verði þetta frv. að lögum falla úr gildi hin fyrri þjóðminjalög, nr. 53 1969, og lög nr. 42/1975, um breytingu á þeim lögum. Í frv. er gert ráð fyrir endurskoðun hinna nýju laga

eigi síðar en að þremur árum liðnum frá gildistöku þeirra.

Því er illt að neita að Þjóðminjasafn Íslands hefur um langt skeið verið allfjarri landsmönnum og allt of lítið frá því heyrst. Jafnvel Reykvíkingar hafa ekki gert komur sínar tíðar þangað og mun mikill fjöldi þeirra sem sótt hafa safnið á undanförnum árum vera erlendir ferðamenn. Fyrir þessu eru ýmsar ástæður og þá fyrst þær að fjárveitingavaldið hefur ekki sýnt safninu og starfsemi þess sérstakan áhuga og safnmenn e.t.v. verið of hæverskir í kröfum sínum. Húsakostur safnsins hefur verið þröngur og allt þar til á síðasta ári hýsti safnið einnig Listasafn Íslands. Þegar Listasafnið flutti í hið nýja og glæsilega húsnæði við Fríkirkjuveg losnaði verulegt rými í húsinu en það er með öllu ónothæft vegna húsleka og steypuskemmda. Þarfnast nú húsið viðgerða sem kosta munu hundruð milljóna króna.

Ég hlýt, virðulegi forseti, að lýsa undrun minni yfir því hvernig þetta hús, Þjóðminjasafn Íslands, sem þjóðin byggði í tilefni af stofnun lýðveldis á Íslandi, hefur verið látið grotna niður svo að það er nú nánast ónothæft. Í reglugerð um embætti húsameistara ríkisins, nr. 259 frá 16. ágúst 1973, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Verksvið embættis húsameistara ríkisins, sem heyrir undir forsrn. skv. 2. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands, er tvíþætt: Í fyrsta lagi umsjá (viðhald, breytingar) með þeim opinberu byggingum sem greindar eru í 2. gr. Í öðru lagi frumathugun og áætlunargerð (sbr. II. og III. kafla laga nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda) varðandi opinberar byggingar, eftir því sem um semst milli húsameistara ríkisins og eignaraðila."

Og í 2. gr. segir hver þessi hús eru sem embætti húsameistara ríkisins á að hafa í umsjá sinni. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Þær opinberu byggingar, sem falla undir umsjá embættis húsameistara ríkisins, sbr. 1. gr., eru þessar: Embættisbústaður forseta Íslands, gestahúsnæði ríkisins, Alþingishús og Hæstiréttur, skrifstofuhúsnæði Stjórnarráðsins, safnahús í Reykjavík, Þjóðleikhús."

Embættisbústaður forseta Íslands, Þjóðleikhúsið og eitt af safnahúsum í Reykjavík, Þjóðminjasafn Íslands, þarfnast nú viðgerða fyrir mörg hundruð millj. kr. ef ekki milljarða til þess að þessi húsakostur sé nothæfur og mikilsverðum menningarverðmætum verði borgið. Það getur ekki verið annað en eðlileg spurning hverju það sæti að svo illa hefur verið fylgst með ástandi þessara húsa að til svo umfangsmikilla viðgerða þurfi að koma á sama tíma. Ég vil hvetja hv. alþm. til að huga að þessu og gera sér ferð í þessar byggingar svo að þeir geri sér grein fyrir hvernig komið er fyrir þessum glæsilegu byggingum sem öll þjóðin var eitt sinn svo hreykin af. Væri ástæða til að hv. fjvn. færi fram á úttekt húsameistaraembættisins á þeim húsakosti sem embættið á samkvæmt reglugerð að annast um svo að tryggt sé að opinberar byggingar fái ekki að drabbast niður þar til þær eru nánast ónothæfar.

Vitanlega hefur þessi þröngi húsakostur dregið úr getu starfsmanna til að hafa sýningar í húsinu sem laðað geta almenning að safninu. Því er heldur ekki að neita að menn hafa nú allt aðrar hugmyndir um söfn en áður var þegar þau voru í hugum fólks fyrst og fremst geymslustaðir fyrir það sem geyma átti og tóku litlum breytingum ár eftir ár. Gilti þetta um öll söfn, einnig bókasöfn. Nú eru viðhorfin allt önnur. Nútímasafnamenn líta á söfn sem lifandi þátt í daglegu menningarstarfi þar sem fræðsla og lifandi starf í tengslum við aðra þætti menningarlífs í landinu er skylda safnanna. En þetta verður ekki gert nema fjármagn fáist til þess og á það hefur skort.

Nærtækt dæmi um hvernig laða má unga og aldna að safni eins og t.d. Þjóðminjasafni er sýning Þjóðminjasafnsins á gömlu íslensku jólasveinunum og þeirra háttum nú rétt fyrir síðustu jól. Þúsundir barna komu í fylgd með kennurum og foreldrum og áttu ánægjulega og fróðlega stund í Þjóðminjasafninu. Slíkar sýningar þyrftu að vera fleiri á tímum firringar og virðingarleysis fyrir menningararfi, landi, þjóð og tungu. Þjóðminjasafn Íslands þarf að verða útvörður varðveislu þjóðararfs okkar á tímum allrar þeirrar lágkúru sem yfir landsins börn er nú hellt.

En Þjóðminjasafn má heldur ekki hætta að safna. Tímans rás gerir smám saman hversdagslega hluti okkar daglega lífs að minjum um liðna tíð. Ný tækni breytir atvinnutækjum og áhöldum í leifar liðins tíma og sögu horfinna lífshátta. Því verður stöðugt að hyggja að því að slíkt fari ekki forgörðum og hverfi með öllu með þeim sem það þekktu. Þjóðminjasafn hefur að þessu leyti hliðstætt verkefni og skólar landsins, þ.e. að flytja þekkingu á menningu og sögu þjóðarinnar frá kynslóð til kynslóðar svo að sérhver kynslóð þekki uppruna sinn og finni sér stað í tilverunni en velkist ekki í vafa um á hverju menning okkar er byggð, á því af hverju við erum hér. Þekking á lífi horfinna kynslóða er grundvöllur allrar framvindu íslenskrar menningar, grundvöllur þess þjóðarmetnaðar sem er andhverfa heimskulegrar þjóðrembu illa menntaðra þjóða.

Hæstv. forseti. Eftir áratuga flæking reisti íslenska þjóðin hús það sem Þjóðminjasafn Íslands byggir nú. Þjóðarauðurinn hefur margfaldast síðan það átak var unnið. Flm. þessa frv. til nýrra þjóðminjalaga skora á alla hv. alþm. að taka höndum saman um veg og viðgang Þjóðminjasafns Íslands, endurreisn hússins sjálfs og eflingu starfs þess í framtíðinni. Um það getur ekki verið neinn pólitískur ágreiningur. Skilyrði þess að það verk megi takast er að setja Þjóðminjasafni Íslands ný lög. Flm. þess frv. til nýrra þjóðminjalaga, sem nú er mælt fyrir, eru fulltrúar allra þeirra stjórnmálaflokka er nú sitja Alþingi. Við treystum því að hið

háa Alþingi veiti frv. brautargengi á því þingi er nú situr, því að mikið liggur við að hægt sé að hefjast handa um endurskipulagningu safnsins.

Ég lýk máli mínu, hæstv. forseti, með því að fela hv. menntmn. þessarar deildar frv. til fyrirgreiðslu að umræðunni lokinni.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Aðeins nokkur orð. Ég fagna því að sjálfsögðu að frv. til þjóðminjalaga er lagt fram. Ég tel að það sé löngu tímabært að taka þá löggjöf til rækilegrar endurskoðunar og gera tilraun til að færa þessa löggjöf í það form að hún sé í takt við nútímann og framtíðina betur en eldri lög gerðu og það þurfi vissulega eins og reynsla tímans hefur sannað að taka þarna til hendi og gera þessi lög, sem eru svo mikilvæg fyrir íslenska þjóð, skilvirkari en eldri lög hafa verið.

Ég hefði kosið, án þess að ég ætli að fara efnislega út í það hér, að lögð hefði verið meiri áhersla á sérgreiningu í þessum lögum heldur en hér kemur fram. Þegar maður skoðar löggjöf og það sem er í gildi hjá öðrum þjóðum og ekki síst þeim þjóðum sem við viljum sækja mest til á þessu sviði, t.d. hjá okkar nágrannaþjóðum á Norðurlöndum, sem hafa vissulega skarað fram úr á þessu sviði meðal þjóða heims, að því er fornleifavernd og verndun minja varðar, og geta þess vegna verið okkur leiðarljós þegar við erum að fjalla um svona viðamikið mál eins og þjóðminjalög og verndun fornleifa, þá tel ég að við höfum reyndar vísi að þessu þar sem elstu lög sem við höfum um íslenskar fornleifar eru frá 1907 og voru einmitt sniðin að löggjöf Norðurlandaþjóða. Þar af leiðandi hefði ekki verið neitt óeðlilegt að fylgja þeirri þróun sem þar hefur verið þegar við semjum ný lög að þessu leyti til.

Ég ætla ekki að fara efnislega út í þetta hér og nú, en þar sem það er alveg ljóst að í framkvæmd þessara mála á undanförnum árum erum við náttúrlega á eftir nágrannaþjóðum hvað fornleifavernd varðar, það er alveg hægt að segja það eins og er, þá tel ég að það hefði vel komið til greina að skoða það betur en kemur fram í þessu frv. að veita meira sjálfstæði að því er varðar fornleifavörsluna sjálfa og fornleifameðferð heldur en kemur fram í þessu frv. og ég tel að það sé ástæða til að láta skoða það í menntmn. þegar farið verður að skoða þetta mál nánar.

Eins og hv. flm. kom inn á er ljóst að Þjóðminjasafn, og allt sem varðar geymslu á ýmsum minjum sem varða menningu þjóðarinnar fyrr og síðar, á auðvitað að vera lifandi stofnun sem þarf að vera sem næst fólkinu í landinu á öllum stigum. Með nútímaþekkingu stendur þetta miklu nær fólki, þörfin á þessu heldur en verið hefur áður og ég tek undir það með hv. frsm. að auðvitað hefur skort á þetta hjá okkur. Það má sjálfsagt mörgu um kenna, en það er viðurkennt að safnið okkar, Þjóðminjasafnið, hefur verið í allt of mikilli fjarlægð frá fólkinu. Auðvitað þarf þetta að breytast.

Ég er þess vegna inni á því að alla þætti þessa frv. til þjóðminjalaga, sem Alþingi hefur nú fengið til afgreiðslu, þurfi að skoða vandlega, hvernig við náum mestum árangri í sambandi við meðferð þessa máls þannig að þetta verði lifandi safn, þetta verði safn sem almenningur í landinu hafi mikinn áhuga á og sem flestir kynni sér og stuðli að framgangi þess á hverjum tíma.

Það sem ég vil einnig leggja áherslu á er það að mér finnst að fornleifaverndin, við skulum kalla það svo, hafi orðið út undan í meðferð þessara mála á undanförnum áratugum. Við eigum gífurlega merkilegar minjar alls staðar í okkar landi sem betur fer og það er fyrir löngu kominn tími til þess að við hefjum miklu meiri sókn að því að draga þessar minjar fram í dagsljósið og gera nútíma Íslendingum og raunar öllum þjóðum kunnugt hvaða verðmæti við eigum á þessu sviði. Til þess að þetta sé hægt þurfum við auðvitað að sérmennta fólk og ég er ansi hræddur um það að okkar hlutur í sérmenntuðu fólki á þessu sviði sé ákaflega rýr. Því miður. Auðvitað kostar þetta allt peninga og við Íslendingar í dag og ekki síst Alþingi þarf að gera sér grein fyrir því að fornminja- og þjóðminjavarsla á árinu 1989 — það ætti náttúrlega að vera löngu ljóst að þetta kostar óhemju fjármagn miðað við það sem er í gildi hjá öðrum þjóðum, og miðað við það sem við höfum verið að láta í þetta sem eru smáaurar á hverjum tíma.

En ég ætla ekki að tefja þessar umræður. Ég vil aðeins vekja athygli á því, og ég geri ráð fyrir að það séu fleiri sammála mér í því, að við meðferð þessa máls þarf að skoða það vandlega hvort það er virkilega rangt að gera meiri aðskilnað á milli fornleifavörslu og þjóðminjasöfnunar eða safnastarfsemi á því sviði. Þetta er atriði sem þarf a.m.k. að skoða miklu nánar heldur en að afgreiða þetta frv. hratt eins og mér fannst koma fram hjá frsm. fyrir þessu frv.

Frsm. nefndi hér fjárveitingar og annað slíkt. Auðvitað hafa þær verið eins og við vitum alltaf af skornum skammti, en ég verð að segja það hér og ég hef sagt það hér áður úr þessum ræðustól að ég varð fyrir miklum vonbrigðum á vissu árabili þegar fjárveitingavaldið tók frumkvæði í því að reyna að laga safnið þannig að t.d. fatlaðir hefðu þar aðgengi. Fjvn. lagði fram sérstakar fjárveitingar ár eftir ár sem áttu að nægja til þess að gera þessa sjálfsögðu aðgerð að veruleika, en slík verkefni eiga í sjálfu sér samkvæmt íslenskum lögum að hafa forgang til þess að veita fötluðu fólki á hvaða fötlunarstigi sem er aðgang að slíku menningarsafni eins og við eigum hér. En því miður fór framkvæmdin á þessu alltaf í handaskolum þannig að ár eftir ár varð fjvn., m.a.s. ný fjvn., að þola það að ákvörðun um sérstakar sérmerktar fjárveitingar til safnsins á þessu sviði hefðu aldrei verið framkvæmdar. Og þetta er náttúrlega ekki gott. Ég skal ekkert segja um það hverjum það er að kenna að þetta er svona. Það getur vel verið að það sé samspil við þann aðila sem á að sjá um þessar framkvæmdir, sem hv. frsm. nefndi, að húsameistaraembættið hafi brugðist þarna, en alla vega varð þetta bæði Alþingi og safninu og mörgum aðilum til háborinnar skamm-

ar að ekki var hægt að framkvæma það sem Alþingi var búið að samþykkja. Þannig eru ýmsar brotalamir í þessum málum, en auðvitað eigum við að stefna að því sameiginlega að vera sammála um það hér á Alþingi að við þurfum að efla þennan málaflokk, við þurfum að ná því marki að við eigum lifandi safn af þjóðminjum, fornminjum. Og ég vil bæta því við að ég tel að við þurfum að huga vel að því í sambandi við afgreiðslu þessa máls hvort við eigum ekki að skoða betur aðskilnað eða sérstöðu, það þarf ekki að búa til nýja stofnun, sérstöðu fornleifaþáttarins í þessari löggjöf okkar.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Það er ánægjuefni að nýtt frv. til þjóðminjalaga skuli nú liggja fyrir Alþingi að nýju í nýrri og vonandi bættri mynd. Það er ástæðulaust að rekja hér grein fyrir grein þær breytingar sem orðið hafa á frv. frá því í fyrra. Það gerði hv. þm. Guðrún Helgadóttir þannig að ekki verður um bætt. En ég verð þó að minnast aðeins á það hér að í nefndinni sem útbjó þetta frv. voru vissulega skiptar skoðanir um tilhögun mála og það voru líka skiptar skoðanir meðal fagfólks sem leitað var til. Eflaust má líta á þetta frv. eins og það liggur frammi hér núna sem málamiðlun. Ekki vil ég segja að það sé vont þess vegna, en vissulega teygðu margir sig býsna langt til þess að ná samkomulagi í þeim tilgangi að ný þjóðminjalög yrðu sett því að ég held að engum dyljist nauðsyn þess að svo verði gert sem fyrst eins og ástand er í þeim málum, bæði hvað varðar starfsemi safnsins og húsakost.

Reyndar verð ég að sumu leyti að taka undir orð síðasta ræðumanns, hv. þm. Alexanders Stefánssonar, um meiri aðskilnað fornleifarannsókna og annarrar þjóðminjavörslu, annað væri hræsni af minni hálfu því að við kvennalistakonur höfum nýverið lagt fram þáltill. um umhverfisráðuneyti þar sem við leggjum til að fornleifar, skráning og rannsóknir og flokkun, friðlýsing fastra fornleifa heyri undir umhverfisráðuneyti. Forsendan fyrir því að við leggjum það til er að sú vinna sem þarna þyrfti að fara fram er á margan hátt sambærileg við vinnu við skráningu á friðlýsingu náttúruminja og því kannski ekki óeðlilegt að þessi vinna tengist að meira marki en mundi gert ef þetta væri inni í þjóðminjalögum. En ég býst við að að svo komnu máli sé fullvel hægt að sætta sig við þetta frv. eins og það liggur frammi nú og ekkert sem segir að það standi að eilífu eða ekki megi gera breytingar þar á. Auk þess á þetta náttúrlega eftir að fara fyrir menntmn. þingsins og þar kunna að verða lagðar til breytingar og við áskiljum okkur auðvitað fullan rétt til þess að koma þar með brtt. ef við teljum þörf á. Þó styrkir þetta frv. stöðu fornminja- og fornleifarannsókna að miklum mun frá því sem áður var.

Það sem mestu máli skiptir þó varðandi lagasetningu sem þessa er ekki endilega alltaf það sem segir í lögunum heldur að síðan sé staðið þannig að fjárveitingum að hægt sé að vinna eftir lögunum og útfæra það sem þar er kveðið á um. Það þarf ekki að orðlengja það hvernig staðið hefur verið að — ekki bara þjóðminjasafni heldur í raun flestri annarri menningarstarfsemi landsins, bæði hvað varðar ytri aðbúnað og innri starfsemi. Nefndi hv. þm. Guðrún Helgadóttir ágætt dæmi um það hér áður og er það raunar óskiljanlegur og misskilinn sparnaður að sjá svo í aurinn til viðhalds bygginga sem reistar hafa verið fyrir þjóðina að seinna þurfi að kosta til hundruðum milljóna króna til að koma þeim í starfhæft ástand og jafnvel loka þeim um langa hríð eins og nú stendur fyrir dyrum með Þjóðleikhús Íslendinga. Og mér skilst að ástand Þjóðminjasafnsins hafi verið slíkt að þangað hafi varla verið hægt að bjóða fólki inn.

En það er líka önnur tilhneiging sem maður verður mikið var við í afstöðu opinberra aðila til menningarstarfsemi og það er það að þegar búið er að reisa hús, þá sé tryggð starfsemi sem á að fara fram innan þeirra veggja, en það er svo langt í frá. Sú skoðun hefur jafnvel ríkt að stofnanir eigi að vera einangraðar og standa fjarri lífsins glaumi í hljóðum virðuleik. Maður hefur það stundum á tilfinningunni að það sé ekkert allt of vel þegið að fólk sé of mikið að heimsækja þessar stofnanir eða skipta sér af því sem þar fer fram. Það er lítið gagn að þeim ef þær eru einungis geymslustofnanir um verðmæti, ef enginn kynnist þeim á lifandi nútímalegan hátt og þær þjóni þannig tilgangi sínum við að færa arfinn frá einni kynslóð til annarrar.

Það hefur kannski aldrei verið brýnna en nú að taka duglega á þessum málum því að ég held að í menningarmálum þjóðarinnar séum við komin á elleftu stund og það sé spurning hvort hægt sé að draga það öllu lengur að gera verulegt átak á öllum sviðum sem við verður komið til þess að vekja áhuga og auka þekkingu barna og unglinga í landinu á íslenskri menningu og íslenskri arfleifð. Þessi samkunda hér leiðir þessi mál allt of léttilega hjá sér hvað eftir annað. Hér kemst lítið annað að en efnahagsumræða efnahagsumræðunnar vegna og þar virðist allt bíta í skottið á sjálfu sér. Menn losna ekki út úr þeim vítahring og vantar markmið með þessari umræðu og er það kannski ástæðan fyrir því að svo er komið sem nú er að í rauninni er allt það sem getur flokkast undir verðmæti þessarar þjóðar látið liggja í láginni og er lítið sinnt. Það er til lítils að tala um efnilegt, heilbrigt og frjálsborið ungt fólk ef við stöndum þannig að uppeldi barna okkar og unglingauppfræðslu að þeir viti ekki hvaðan þeir eru komnir og hvað þeir geta tekið í arf ef þeim er veittur aðgangur að því með lifandi móti.

Ég vildi óska að þessi mál væru oftar hér til umræðu og það væru fleiri viðstaddir þegar þau eru til umræðu, en það er næstum því segin saga að það þynnist mjög hér á bekkjum þegar einhver ámóta mál koma til umræðu. Ég vil beina því til þeirra þingmanna sem hér sitja nú inni að koma þeim skilaboðum til félaga sinna sem ekki sitja hér inni nú að þeir ættu hugsanlega að vera viðstaddir næst þegar eitthvað slíkt kemur til umræðu og hvort það ætti ekki að fara að ræða það innan allra flokka að gera bragarbót á í menningarmálum á Íslandi.

Flm. (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þeim hv. þm. sem tekið hafa þátt í þessari umræðu og ég tek undir það með hv. 18. þm. Reykv., sem hér talaði síðast, að það er leitt til þess að vita hversu fáir þingmenn eru hér viðstaddir, þó fyrir komi nú að þeir séu færri, því að það er alveg rétt, sem hv. þm. sagði, að það er komið að Alþingi að gera bragarbót á ástandi menningarstofnana í landinu. Því miður er það verkefni næstum orðið óyfirstíganlega stórt ef tekið er inn í það dæmi ástand í skólamálum landsmanna.

En hvað um það, ekki skal ég tefja tíma hv. þm. með umræðum um þau málefni í heild. Ég vil aðeins leitast við að gera athugasemd eða taka þátt í þeirri umræðu sem hér var hafin, fyrst af hv. 1. þm. Vesturl., um efasemdir um hvort ekki beri að gera fornleifarannsóknir að sjálfstæðari einingu og aðskilja þær frá þjóðminjasafni. Ég held að það sé ónauðsynlegt og einungis til skaða. Ég vil vekja athygli á að í 2. málsl. 2. mgr. 2. gr. frv. til þjóðminjalaga, þegar búið er að telja upp sem ég gerði hér áðan hverjir skuli skipa þjóðminjaráð, þá segir svo, með leyfi forseta: „Að jafnaði skulu a.m.k. tveir framangreindra þjóðminjaráðsmanna hafa menntun á sviði fornleifarannsókna.“ Ég held að það sé með öllu ástæðulaust að aðskilja þennan þátt. Auðvitað er undirstaða þess að þjóðminjavarsla og fornleifarannsóknir fari hér gæfulega fram sú að sérfræðingar í *þessum greinum starfi með öðrum og menn taki* höndum saman um að vinna þessi mál í einni heild.

Varðandi það sem hv. 18. Reykv. sagði um tillögu Kvennalistans um umhverfismálaráðuneyti og afskipti þess af fornleifarannsóknum, þá hef ég um það miklar efasemdir. Við skulum ekki gleyma því að fornleifarannsóknir og þjóðminjavarsla í öðrum löndum en á Íslandi eru töluvert öðruvísi en hér. Inni á verksviði þjóðminjasafna á Norðurlöndum, ef við tökum næstu löndin hér í kringum okkur, er fjallað að verulegu leyti um verndun gamalla húsa, halla sem eru mörg hundruð ára gömul mannvirki sem auðvitað þarf að halda við. Hér er um allt annað að ræða. Sá þáttur hjá okkur hér á Íslandi er svo ótrúlega lítill, þannig að ég held og er næstum viss um að hér á ekki það sama við og þar.

Ég er þeirrar gerðar að ég tek meira mark á því sem gert er heldur en því sem talað er um og þess vegna sé ég ekki ástæðu til að fara að skipta þessu starfi niður í fleiri en eina stofnun, hverja með sinni yfirbyggingu sem óhjákvæmileg er, tölvukerfum og öðru slíku sem til þarf til að stjórna málum sem þessum. Ég held því að það hljóti að vera hagræðing og ég treysti hv. 1. þm. Vesturl., sem sæti á í hv. fjvn., til að vera samstiga mér í því að vinna gegn útþenslu báknsins. Við skulum heldur nota það fé sem fæst til verka sérfræðinga í þessum greinum og vitaskuld eiga allir sérfræðingar innan þessa starfssviðs rými innan Þjóðminjasafns þannig að ég held að það sé engin ástæða til að færa þá yfir í nýjar stofnanir. Það kann að vera íhaldssemi af minni hálfu en einhvern veginn finnst mér það órjúfanlegt frá menntamálum, og þar með menntamálaráðuneyti, að þjóðminjavarsla og fornleifarannsóknir heyri undir það ráðuneyti.

Aðeins vegna þeirra orða sem féllu hjá hv. 1. þm. Vesturl. um aðgengi fatlaðra að Þjóðminjasafni. Hafi ég skilið hann rétt þá fannst mér hann tala eins og það væri ekki enn fyrir hendi og vil þá leiðrétta það. Þar er nú lyfta sem á að gera fötluðu fólki kleift að fara milli hæða á safninu þannig að ég held að þau mál séu komin í lag. Það kann að vera að það hafi tekið lengri tíma en til stóð, en það á alla vega að vera í lagi núna. Ég held að mér sé áreiðanlega óhætt að fullyrða það.

Að öðru leyti skal ég taka undir flest það sem hv. ræðumenn sem hér hafa talað sögðu. Vitaskuld er þetta frv. að hluta málamiðlun eins og öll góð frv. og vel unnin. Ég taldi upp hér áðan allan þann fjölda fólks sem um þetta frv. hefur fjallað og vil reyndar nota þetta tækifæri til að þakka starfsmönnum Þjóðminjasafns fyrir mikla hjálp við samningu þess, svo og öllum þeim ótal mörgu sem leitað var til um ráð og leiðbeiningar og brugðust vel við því og lögðu í það verulega vinnu að frv. mætti vera sem best úr garði gert.

Ég treysti því að lokum, hæstv. forseti, að hv. menntmn. — og nú sýnist mér aðeins einn hv. þm. sem þar situr vera hér í salnum, en ég vil þá biðja hv. 18. þm. Reykv. að bera hv. menntmn. þau skilaboð að hér er um að ræða afrakstur vinnu stjórnskipaðrar nefndar sem tveir hæstv. ráðherrar hafa skipað. Og ég get ekki að því gert að ég lít á það sem mikla vanvirðingu við störf þingmanna ef þinginu er ekki alvara með það að nú þegar þetta frv. hefur hlotið meðferð í nefnd, þá standi menn saman um það að það nái fram að ganga á þessu þingi. Vitaskuld erum við tilbúin til að taka við öllum ráðum og leiðbeiningum enn á ný, en ég treysti því fyrir hönd flm. allra að þinginu sé alvara í því að við förum ekki héðan af þessu þingi án þess að hafa gefið landi voru ný þjóðminjalög.

Ég hef lokið máli mínu, hæstv. forseti.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessar umræður mikið lengur, en ég vil endilega láta koma hér fram skýringu á þeirri ábendingu sem ég vildi koma til skila í sambandi við að það væri heppilegra að aðskilja frekar en kemur fram í þessu frv., þ.e. fornleifavörsluna og það sem því tilheyrir og minjavörslu. Það er ekki endilega það að ég sé að meina að það eigi að fara að setja upp einhverja nýja sérstofnun í landinu. Þarna er hægt að koma þessu fyrir þó að þetta sé aðskilið sérstaklega sem verkefni sem verður að framkvæma undir e.t.v. öðrum formerkjum en minjasöfnun almennt er og minjavarsla. Ég held að það þurfi ekki að deila um það. Það er svo augljóst mál að ég held að það hljóti allir að skilja það. En ég vildi beina því til menntmn., sem fær þetta mál til meðferðar, að skoða það betur en kemur fram í frv. Það er einnig upplýst hér að þeir sem tóku þátt í þessu nefndarstarfi voru með skiptar skoðanir um þetta og þar af leiðandi er ekkert óeðlilegt að leggja áherslu á

það að þetta mál fái vandaða meðhöndlun í hv. menntmn. því að við erum hér að semja ný þjóðminjalög sem eiga að standa um langa tíð. Einhvers staðar stendur að fornminjar og annað hlaupi ekki frá okkur, en alla vega er ástæða til þess að Alþingi skoði vel þær athugasemdir sem fram hafa komið og fram koma í sambandi við þetta mál.

Í sambandi við síðustu athugasemd hv. frsm., þá fer það ekkert á milli mála, við getum rakið það, ef hv. þm. vill kynna sér, að það voru sérstakar fjárveitingar til þess að koma aðgengi fatlaðra í lag við Þjóðminjasafnið í þrjú ár samfleytt, sérmerkt til framkvæmda, en ekki hreyft við því á þessum árum þannig að það kæmist í lag. Það er aðeins núna á síðustu tímum sem þetta er orðið í lagi enda þótt ekki sé hægt að segja að það sé fullkomið. En það tók allan þennan tíma vegna þess að framkvæmdarvaldið framkvæmdi ekki það sem Alþingi hafði samþykkt.

Sigrún Helgadóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla heldur ekki að tefja hér lengi, vildi aðeins koma að smáathugasemdum vegna þessarar umræðu sem varð um fornleifar, hvar þær ættu heima í kerfinu. Ég held að megintakmark okkar hljóti að vera það að þessar minjar hljóti vernd. Þó þetta séu ekki einhverjar meiri háttar hallir með silfurstjökum og kristalkrónum eru þetta misvel varðveittar og merkilegar rústir út um allt land og þær þurfa t.d. að vera skráðar. Það er mjög mikilvægt að þeim sé ekki spillt og þess vegna þurfa þær að vera skráðar, flokkaðar og kortlagðar áður en allt skipulag fer fram. Á því hefur verið misbrestur um fornleifar almennt að þær hafi verið skráðar nægilega vel, svipað og gert er t.d. með náttúruminjar þar sem náttúruminjar eru skráðar og kortlagðar og gefnar út í handhægu formi sem er mjög auðvelt að dreifa til framkvæmdaaðila og landeigenda þannig að allir viti að um sé að ræða staði sem skipta miklu máli og megi ekki spillast.

Það er mikilvægt að þessi skráning fari fram og þess vegna þarf að vera gott samband við skipulagsyfirvöld þannig að þau viti hvar þessi svæði eru og geti tekið tillit til þeirra í skipulagi. Samkvæmt tillögu Kvennalistans gerum við ráð fyrir að skipulag fari undir umhverfisráðuneyti og var þetta ein ástæðan fyrir því að fornleifarnar voru settar þar líka.

Önnur ástæða var sú að rannsóknir á fornleifum eru oft gerðar í mjög miklum tengslum við náttúrufræðinga og þá sérstaklega jarðfræðinga. Aldursgreining og annað slíkt á fornleifum er oft gerð í tengslum við jarðfræðinga. Það eru oft svipuð vinnubrögð sem notuð eru til að mæla upp fornminjar og t.d. mæla upp náttúruminjar og þess vegna er þar annar snertiflötur við umhverfismál.

Ég held að það hafi því miður oft orðið slys bæði hvað varðar náttúruminjar og fornleifar. Fólk hefur spillt svona minjum, því miður, vegna þess kannski að þetta eru ekki hallir heldur eins og einhver segir: heldur ómerkilegar rústir. Það vil ég þó ekki gera að mínum orðum. Slíkum minjum hefur verið spillt. Þær hafa ekki verið nægilega vel flokkaðar. Þess vegna er það sem við viljum gjarnan að þarna sé unnið saman. Það er mjög eðlilegt t.d. að það væri gefið út í einni skrá bæði náttúruminjar og fornleifar þannig að það væri ekki verið að dreifa í tvær bækur fróðleik sem þarf að komast til allra sem vinna að einhvers konar umhverfisröskun. Þó það sé ekki nema einhver ýtustjóri, þá þurfa þeir allir að hafa þessa bók og hafa þessa skrá og það er eðlilegt að þarna sé höfð mjög náin samvinna.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til menntmn. með 24 shlj. atkv.

Útvarpslög, 1. umr.

Frv. IBA, 191. mál (ábyrgð á útvarpsefni). — Þskj. 224.

Flm. (Ingi Björn Albertsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. á þskj. 224 um breytingu á útvarpslögum nr. 68/1985. 1. gr. frv. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Á eftir 2. mgr. 35. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Eigi almenningur kost á að taka þátt í beinni útvarpssendingu, svo sem í gegnum síma eða á annan sambærilegan hátt, skal hver og einn segja til nafns og bera ábyrgð á því sem hann segir. Stjórnandi slíkrar útsendingar skal enn fremur tryggja sér fyllri upplýsingar um sérhvern þátttakanda en ber ella sjálfur ábyrgð á framlagi hans takist ekki að hafa upp á honum. Skylt er stjórnanda útvarpsþáttar með samtöl við hlustendur, sem útvarpað er samtímis, að nota þar til gerðan útbúnað sem tefur útsendingu í stutta stund svo að unnt sé að koma í veg fyrir að útvarpað sé ærumeiðingum um nafngreinda menn eða óviðurkvæmilegum ummælum að mati stjórnanda."

2. gr.: „Lög þessi öðlast þegar gildi."

Í greinargerð segir eftirfarandi:

„Það hefur mjög færst í vöxt að útvarpsstöðvar hafi í dagskrám sínum útvarpsþætti sem byggjast á símtölum við fólk úti í bæ í beinni útsendingu og hafa þessir þættir oft náð töluverðum vinsældum. Það er hins vegar áhyggjuefni að í slíkum þáttum er hætta á að viðmælendur, sem komnir eru í beina útsendingu og ná eyrum þúsunda manna, geri ekki grein fyrir sér og flytji ávirðingar og óviðurkvæmileg ummæli um nafngreint fólk án þess að nokkrum vörnum verði við komið.

Eitt það dýrmætasta, sem hver einstaklingur á, er gott mannorð. Og það getur tekið drjúgt skeið á ævi hans að ávinna sér þann orðstír. Hins vegar tekur það óvandaðan mann ekki nema sekúndubrot að skemma mannorð annars manns ef hann fær tækifæri til þess í útvarpi. Þess vegna á löggjafinn að gera það

sem í hans valdi stendur til þess að vernda menn fyrir slíku. Það virðist sem svo að virðing fyrir mannorði og tilfinningum annarra fari þverrandi eftir því sem þjóðfélagið verður opnara og frjálslegra, og er það miður.

Í þessu frumvarpi er lagt til að beinar útsendingar útvarps í gegnum síma eða á sambærilegan hátt séu háðar ákveðnum skilyrðum sem sett eru til þess að vernda mannorð og reyna að koma í veg fyrir að ærumeiðandi ummælum sé útvarpað yfir landslýð. Skilyrðin eru þau að stjórnanda útvarpsþáttar er skylt að fá uppgefið nafn viðmælanda og fyllri upplýsingar ef mögulegt er. Aðalatriðið er þó að skylda útvarpsstöðvar til þess að nota búnað er tefur útsendingar í örfáar sekúndur (delay system) þannig að hægt sé að koma í veg fyrir að mannskemmandi ummælum sé útvarpað. Það má geta þess að slíkur búnaður er víðast hvar notaður erlendis við útsendingar af þessu tagi. Fari hins vegar ærumeiðandi ummæli engu að síður „í loftið" er, eftir frumvarpinu, sá er ummælin viðhafði ábyrgur fyrir þeim, en náist ekki til hans einhverra hluta vegna þá er stjórnandi þáttarins ábyrgur.

Þó að nú standi yfir endurskoðun útvarpslaga telur flm. málið það brýnt að það þoli enga bið."

Hæstv. forseti. Það er ekki miklu við þetta að bæta. Ég hygg að það skynji allir hvað hér er verið að fara fram á. Engu að síður vil ég að það komi fram að frv. þetta er lagt fram vegna þess að flm. varð þess vafasama heiðurs aðnjótandi að hlusta á eina slíka útvarpssendingu þar sem viðhöfð voru ummæli sem að mínu mati vörðuðu við lög um ærumeiðingar. Það vill nú þannig til að þau ummæli voru viðhöfð við einn af kollegum okkar hér á þingi.

Það er óviðunandi að hver sem er geti hringt í útvarpsstöð og komist hindrunarlaust í beint samband við tugþúsundir Íslendinga án þess að nokkur sé í raun ábyrgur fyrir því sem viðkomandi segir. Það er ósköp einfalt að koma með eina safaríka kjaftasögu og enda hana síðan á því að söguhetjan sé nú reyndar hinn eða þessi, Ingi Björn Albertsson eða hver sem er. En skaðinn er skeður. Það er óviðunandi með öllu að slíkt geti skeð. Þess vegna er þetta frv. lagt fram til að reyna að koma í veg fyrir slík slys.

Hæstv. forseti. Ég hef ekki meiru við þetta að bæta, en ég legg til að frv. þessu verði vísað til hv. menntmn. og síðan til 2. umr.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Athugasemd mín skal vera stutt. Ég vil aðeins lýsa því yfir að ég tek undir þetta frv. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að komið verði í veg fyrir að hver sem er geti komið fram í beinni útvarpssendingu og ausið auri yfir hvern sem honum sýnist. Ég hlýt að segja það til gamans að það er nú kannski af því að stjórnmálamenn eru útsettari fyrir slíkt en flestir aðrir að ég hlustaði á einn slíkan þátt ekki alls fyrir löngu og var þar ýmislegt sagt um nafngreinda stjórnmálamenn, en síðan hóf viðmælandi þess sem þættinum stýrði að ræða um starfsmenn Flugleiða. Og þá sagði stjórnandi þáttarins að nú skyldi hann passa sig, nú yrði hann að gæta hlutleysis. En það virtist ekki vera hið minnsta vandamál þegar verið var að ræða um hv. alþm. En þetta var meira til gamans.

Vitaskuld eigum við ekki að falla í þá gryfju, sem ýmsar aðrar þjóðir hafa gert, að gera fjölmiðlana okkar að uppsprettu slúðurs og ómerkilegs fréttaflutnings sem getur ekki hugsanlega komið nokkurri hugsandi manneskju við. Hingað til hafa bæði dagblöð og fjölmiðlar hlíft okkur, sem búum svo fá í sama landinu, við því að opinbert slúður um náungann viðgangist í fjölmiðlum landsins og ég vil taka undir það með hv. flm. að við skulum vona að við getum áfram verið dálítið sérvitur að þessu leyti og hlíft hvert öðru við slíkum fréttaflutningi. Ég held að hann þjóni engum tilgangi og verði ekki til menningarauka landi voru.

Ég vil þess vegna eindregið lýsa yfir stuðningi við þetta frv. og tel að það hafi verið full ástæða til að flytja það og mun gera mitt til að veita því brautargengi.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég kem í ræðustólinn til að taka undir efni þessa frv. Ég held að hér sé þarft mál á ferðinni. Það er rétt, sem hér kemur fram, að tískuþættir líðandi stundar þar sem hinum almenna manni gefst kostur á að segja skoðun sína um bæði menn og málefni eru margir ágætir. Ég hlýði á þá stundum. En ég verð þessa var, að þar gefst mönnum kostur á að segja nánast hvað sem er um náungann úti í þjóðfélaginu og því miður gerist það ærið oft, eins og hv. flm. rakti hér, að menn hafa í frammi ærumeiðandi ummæli um náungann sem er algerlega ófært að hleypa í loftið. Ég tel að ábyrgðarleysi fréttamannanna og þeirra sem þessum fjölmiðlum stjórna sé mikið, að það skuli ekki vera klippt á slíkt því að það er rétt sem hér segir að eitt það dýrmætasta sem hver maður á er gott mannorð. Mannorð er hægt að eyðileggja og valda fjölskyldum þessara manna miklum skaða á nokkrum sekúndum. Ég er ekki að segja að stjórnmálamenn liggi þarna fremur við höggi en aðrir. Auðvitað eru þeir umdeildir og það er eðlilegt að þeir séu það. En það eru margir fleiri og það hefur hent fleiri en stjórnmálamenn að fara hraklega út úr þessum þáttum. Mér finnst kostulegt, hvort sem það eru þættir sem kenna sig við þjóðarsál eða þegar menn fá að koma í útvarp og ræða við jafnvel menn sem þar sitja fyrir svörum, að menn þurfi ekki að kynna sig. Þess vegna tel ég það mikilvægt að fjölmiðlum verði þarna settar reglur og ég þakka flm. fyrir það framtak að leggja þetta mál hér fram.

Ég játa að ég er sérlega hrifinn af þeirri tækni sem hér er minnst á um að sá möguleiki sé tekinn upp að seinka útsendingunni um örfáar sekúndur og þá að hún komist aldrei í loftið ef menn bregðast sínum skyldum. Ég held að það sé ekkert hollt að venja einstaklingana á það að slúðra og tala illa um fólk, hvort sem þeir gefa upp nafn eða ekki. Ég held að það

eigi hver að vera ábyrgur orða sinna og þess vegna styð ég þetta frv. og tel það lið í því að forða slysum og sársauka sem þegar hefur átt sér stað í því fjölmiðlaæði sem nú ríkir í þessu landi.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég þarf í rauninni ekki að hafa mörg orð um þetta mál. Ég kvaddi mér aðeins hljóðs til að taka eindregið undir þetta frv. og styð efni þess. Ég held að það sé nauðsynlegt að bregðast við nýrri tækni í útsendingum og nýjum háttum. Beinar útsendingar hafa færst mjög í vöxt með aukinni samkeppni útvarpsstöðva og alls konar símhringingar í þessar stöðvar sem verður til þess að það er ekki nein ritstjórn á því, ef svo má að orði komast, hvað er birt og hvað ekki. Menn geta í rauninni talað um hvað sem er á öldum ljósvakans. Þetta er ekki við hæfi og útvarpsstöðvar verða að taka upp, ef svo má að orði komast, ritstjórn á því efni sem birt er eins og gert er á blöðunum. Þó auðvitað megi alltaf deila um hvort sú ritstjórn er góð eða slæm hafa menn þó alltaf á *blöðunum tækifæri til þess að meta hvað menn birta* þar og hvað ekki.

Ég tek eindregið undir efni þessa frv. og mun styðja að það fái hér þinglega meðferð og verði samþykkt í hv. Alþingi.

Flm. (Ingi Björn Albertsson):

Herra forseti. Það er ekki neinu við þetta að bæta í raun og veru öðru en því að ég þakka þeim þingmönnum sem hér hafa komið upp og tekið undir þetta mál fyrir þeirra mjög svo jákvæða málflutning og segi í lokin að ég vona að hv. þingnefnd, sem þetta mál fær til umfjöllunar, hraði því sem frekast er unnt þannig að það geti orðið að lögum sem allra fyrst.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

SAMEINAÐ ÞING

42. fundur, fimmtudaginn 16. febr., kl. 10 árdegis.

Svæði á náttúruminjaskrá, ein umr.

Fsp. SigH og DS, 255. mál. — Þskj. 466.

Fyrirspyrjandi (Sigrún Helgadóttir):

Virðulegi forseti. Árið 1907 skrifaði Matthías Þórðarson, sem síðar varð þjóðminjavörður, stutta grein í tímaritið Skírni. Hann segir þar frá fyrirhuguðu frv. um verndun fornminja, þ.e. sögustaða, fornrústa og fleira slíks. Síðan segir hann, með leyfi forseta:

„Auk alls þessa er margt það á landi voru, sem er einkennilegt fyrir það, og merkilegt fyrir sakir fegurðar, sérkennilegs eðlis eða einhvers annars. Svo er um marga fagra staði og mörg fyrirbrigði af náttúrunnar völdum hér á landi, sem það löngum hefur verið frægt fyrir."

Hann nefnir marga staði svo sem Þingvelli, Geysi, Ásbyrgi o.fl. Síðan heldur hann áfram, með leyfi forseta:

„Mörgum þess háttar náttúrumenjum hefur verið fargað úr eign landsmanna eða spillt með ýmsu móti, t.d. Almannagjá með vegagerð — og það þeim hluta hennar sem jafnframt var sögustaður. — Geysir seldur Englendingi, Strokkur stíflaður og skógar höggnir niður. Þetta hefur raunar af ýmsum ástæðum mælst mjög illa fyrir sem betur fer, en vér getum þó jafnan átt á hættu að þessari ósvinnu haldi áfram. Einkum má búast við, að erlendir auðmenn og brallarar reyni að komast yfir fossana, en að selja þá útlendingum væri oss þjóðarskömm og gæti valdið oss stórtjóni bæði í hagsmunalegu og öðru tilliti. Þess vegna er nauðsynlegt að menn hafi vakandi áhuga á að vernda þessa merkisstaði og náttúrugersemar landsins frá eyðileggingu og viðsjárverðri afhendingu. En hvernig eigum við að fara að?"

Næstum hálfri öld eftir að Matthías skrifaði sína hugvekju voru samþykkt í fyrsta sinn á Íslandi almenn lög um náttúruvernd. Samkvæmt þeim og náttúruverndarlögum frá 1971 hafa nú verið friðlýst 69 svæði og 273 eru á náttúruminjaskrá sem þýðir að Náttúruverndarráð telur að huga beri að friðlýsingu þeirra á einn eða annan hátt. En getur verið að sú ósvinna og þjóðarskömm sem Matthías Þórðarson talaði um fyrir 82 árum sé enn við lýði? Hvernig er fylgst með þessum stöðum? Getur verið að einhverjir þeirra séu seldir jafnvel erlendum auðmönnum og bröllurum þótt með óbeinum hætti sé? Um þetta spyr ég hæstv. menntmrh. á þskj. 466.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Sigrún Helgadóttir og Danfríður Skarphéðinsdóttir hafa lagt fyrir mig fyrirspurnir. Sú fyrsta er á þessa leið:

„Hvernig er háttað eftirliti með þeim 69 svæðum sem friðlýst hafa verið samkvæmt náttúruverndarlögum og þeim 273 svæðum sem eru á náttúruminjaskrá?"

Varðandi þennan þátt fsp. vil ég segja þetta um eftirlitið. Þjóðgarðarnir í Skaftafelli og Jökulsárgljúfrum eru í umsjá Náttúruverndarráðs. Í Skaftafelli er eftirlit í höndum þjóðgarðsvarðar sem er búsettur á staðnum. Í Jökulsárgljúfrum er reglulegt eftirlit landvarða á tímabilinu frá 1. júní til 30. ágúst, en utan þess tíma er ekki um að ræða eftirlit með þessum svæðum nema með húsum Náttúruverndarráðs.

Fólkvangar eru undir stjórn sveitarfélaganna sem eiga land innan hvers fólkvangs. Þar sem um er að ræða eignarland fleiri sveitarfélaga hefur verið komið á fót samvinnunefndum skipuðum fulltrúum þeirra. Í nokkrum tilfellum hefur náttúruverndarnefndum

verið falin umsjá fólkvanga. Friðlönd eru flest í umsjá Náttúruverndarráðs, en einnig eru dæmi um samvinnunefndir heimaaðila. Þar sem veruleg umferð ferðamanna er á sumrin hafa verið ráðnir landverðir til eftirlits, í nokkrum tilvikum í samvinnu við Ferðafélag Íslands. Þessi svæði eru: Hornstrandir, Herðubreiðarlindir, Hvannalindir og Friðland að fjallabaki. Þá er takmarkað eftirlit í Gróttu, Vatnsfirði, Dyrhólaey og við Gullfoss. Á öðrum friðlöndum er eftirlit tilfallandi og þá í samráði við landeigendur þar sem því verður við komið. Náttúruvætti eru yfirleitt í umsjá Náttúruverndarráðs nema í kaupstöðum þar sem náttúruverndarnefndum eða umhverfismálaráðum hefur verið falin umsjón. Eftirlit ráðsins með náttúruvættum er í raun og veru mjög takmarkað og óreglulegt. Á sumrin hafa landverðir eftirlit með náttúruvættum á Hveravöllum, Skútustaðagígum og Öskju. Mývatn og Laxá eru vernduð með sérstökum lögum og er eftirlit þar í höndum Náttúruverndarráðs í samráði við stjórn náttúrurannsóknarstöðvarinnar við Mývatn og sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

Svæði á náttúruminjaskrá eru ekki undir sérstöku eftirliti. Náttúruminjaskrá 1988 var send landeigendum og ýmsum framkvæmdaaðilum, alls um 3500 aðilum, til þess að vekja athygli á tilvist þessara svæða og með óskum um samráð ef t.d. mannvirkjagerð sem hefði í för með sér röskun er fyrirhuguð. Þetta var varðandi stafl. 1 í fsp. hv. þm.

Stafl. 2 er á þessa leið: „Hefur verið gerð úttekt á náttúru þessara svæða?"

Svarið er: Skipuleg úttekt hefur verið gerð á náttúru þeirra svæða sem eru innan marka þjóðgarðanna í Jökulsárgljúfrum og í Skaftafelli. Þá hafa slíkar úttektir einnig verið gerðar að nokkru leyti á öðrum friðlýstum svæðum, en samt sem áður er mikið verk óunnið á þessu sviði. Það er mat Náttúruverndarráðs að það sé brýnt að gera slíkar úttektir og verður unnið að því af hálfu ráðsins, en það er ljóst að um mjög viðamikið og dýrt verkefni er að ræða og fjárveitingar hafa verið naumar í þessu skyni.

Stafl. 3 í fyrri tölul. fsp. er á þessa leið: „Hvernig er fylgst með breytingum sem orðið hafa á svæðunum, t.d. við landbúnað, ferðamennsku og mannvirkjagerð?"

Og svarið er: Svo að unnt sé að fylgjast með breytingum sem verða á friðlýstum svæðum og svæðum sem eru á náttúruminjaskrá vegna landbúnaðar, ferðamennsku og mannvirkjagerðar þurfa að liggja fyrir úttektir á náttúru þessara svæða. Svo sem áður er vikið að mun unnið að gerð slíkra úttekta eftir því sem fjárveitingar Alþingis leyfa. Þó er unnið að því ýmist með stökum athugunum eða skipulegri langtímaverkefnum að fylgjast með breytingum á náttúru eftirtalinna svæða, þ.e. í þjóðgörðunum þar sem landverðir skila skýrslum þar sem fjallað er um áhrif af völdum ferðamanna, og er þar einnig fylgst með gróðurfarsbreytingum og fleiru. Í Þjórsárverum eru í gangi athuganir vegna virkjanaframkvæmda og eru þær athuganir kostaðar af Landsvirkjun. Rannsóknir standa yfir á Mývatni vegna kísilgúrtöku úr vatninu og mætti margt og langt mál um það hafa en ekki gefst kostur á því hér. Þá hefur verið gerð úttekt á birkiskógi í Vatnsfirði vegna beitarálags.

Hv. þm. spyrja að lokum: „Hversu mörg svæði á náttúruminjaskrá hefur ríkið keypt samkvæmt forkaupsrétti 34. gr. laga um náttúruvernd, nr. 47 1971?"

Svarið er: Verulegur misbrestur hefur verið á því samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið frá Náttúruverndarráði að ríkissjóði hafi verið tilkynnt um sölu lands sem er á náttúruminjaskrá. Eftir því sem næst verður komist hefur ríkissjóður enn ekki neytt forkaupsréttar samkvæmt 34. gr. náttúruverndarlaga.

Að lokum þetta, virðulegi forseti. Hér er hreyft mjög stóru máli, svo og í annarri fsp. sem verður tekin fyrir síðar á þessum fundi. Hv. þm. vitnaði til orða Matthíasar Þórðarsonar frá árinu 1907 og benti með þeim hætti á að umræða um þessi mál hefur staðið yfir alllengi, en árangurinn á ýmsum sviðum hefur orðið minni en við vildum. Í þessu sambandi er kannski fróðlegt að íhuga að umræðan um þetta mál á hv. Alþingi er í raun og veru tiltölulega mjög ný. Það var fróðlegt að athuga fyrir nokkrum dögum í orðabók Háskólans hvenær fyrst finnst dæmi um orðið „umhverfismál" í íslensku máli. Hvenær skyldi það vera? Það var árið 1971 í ritgerð eftir Hjörleif Guttormsson. Ætli þetta sýni okkur ekki hvað við erum þrátt fyrir allt nýlega farin að tala um þessi mál í heild?

Fyrirspyrjandi (Sigrún Helgadóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svör hans og sérstaklega þessi síðustu orð hans.

Tilgangur með friðlýsingu náttúru getur verið margvíslegur eins og hann aðeins drap á. Í fyrsta lagi er land friðlýst til að auðvelda almenningi aðgang að því, uppfylla þá þörf sem margir hafa, kannski flestir, til að njóta útivistar í fjölbreyttu og tiltölulega óspilltu umhverfi. Oft eru þessi svæði ekki sérstök hvað náttúru snertir. Sérstaða þeirra er oft sú að margir eiga auðveldan aðgang að þeim. Dæmi um svona svæði eru t.d. Bláfjöllin sem friðlýst eru sem fólkvangur.

Annar megintilgangur friðlýsingar lands er að taka frá og friða náttúru sem er að einhverju leyti sérstök, t.d. vegna fegurðar, fjölbreytni eða að þar er eitthvert það náttúruundur, dautt eða lifandi, sem lítið er af annars staðar og því mikilvægt að varðveita það til vísindalegra rannsókna, menntunar eða kennslu eða, sem getur verið mjög mikilvægt, til að viðhalda vistkerfi þar sem lifa lífverur sem án friðunar væru í útrýmingarhættu.

Í þriðja lagi má svo nefna þann tilgang með friðun lands að hafa það til samanburðar við land sem er nytjað.

Hver sem tilgangurinn með friðun landsvæða er, þá er sú aðgerð marklaus ef ekki er fylgst með því að friðuninni sé framfylgt. Mjög margir friðlýstir staðir eiga í vök að verjast, svo sem margar hálendisvinjarn-

ar. vegna ferðamennsku. Gæsla á friðuðum stöðum sem jafnframt eru ferðamannastaðir er best unnin með fræðslu, en til þess að svo megi verða þarf vel uppfrætt fólk til að sinna þeim störfum og nóg af því. Ég óttast og reyndar veit að á þessu sviði er víða pottur brotinn og margt sem betur mætti fara og kom það ljóslega fram í máli ráðherra. Hér tel ég þó ekki við Náttúruverndarráð að sakast heldur miklu frekar skilningsleysi stjórnvalda sem ætla allt of fáu starfsfólki með allt of litlar fjárveitingar að gera kraftaverk.

Tilgangur minn með þessari fsp. var að reyna að vekja athygli á þessum málum með von um að það vekti til umhugsunar, umræðna og úrbóta.

Náttúruverndarlög, ein umr.

Fsp. SigH og DS, 256. mál. — Þskj. 467.

Fyrirspyrjandi (Sigrún Helgadóttir):

Virðulegi forseti. 1. gr. náttúruverndarlaga nr. 47 1971 hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Tilgangur þessara laga er að stuðla að samskiptum manns og náttúru þannig að ekki spillist að óþörfu líf eða land né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft. Lögin eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru eftir eigin lögmálum, en verndun þess sem þar er sérstakt eða sögulegt. Lögin eiga að auðvelda þjóðinni umgengni við náttúru landsins og auka kynni af henni."

Hér er ekki lítið hlutverk, en á þskj. 467 er hæstv. menntmrh. spurður um lítið brot þessa hlutverks Náttúruverndarráðs, þ.e. um eftirlit með mannvirkjagerð. Mjög mikilvægt er við alla mannvirkjagerð að aðgát sé höfð. Taka þarf tillit til útlits mannvirkja þannig að þau falli vel í landið og særi ekki augað.

Þeir eru margir gestirnir við Gullfoss á undanförnum árum sem hefur gramist háspennulína sem fer yfir ána nokkru ofan við fossinn á svipaðan hátt og okkur gremdist ef slett væri rauðri málningu á styttu Jóns forseta hérna fyrir utan eða eitthvert annað manngert listaverk. Ekki er síður nauðsynlegt að fylgjast með því að mannvirki eða sú starfsemi sem þar fer fram spilli ekki lífríki, t.d. mengi ár og vötn. Mikilvægt er að hægt sé að fylgjast með strax á skipulagsstigi til að koma í veg fyrir mistök sem geta verið dýr og valdið leiðindum. Víða erlendis er það lögbundið að áður en farið er í allar meiri háttar framkvæmdir sé gerð nákvæm úttekt á hugsanlegum áhrifum framkvæmdanna á umhverfið. Ljóst er að oft má með framkvæmdum valda óbætanlegum spjöllum á umhverfi sem verða ekki aftur tekin. Til þess að koma í veg fyrir það þarf að fylgjast vel með. Til þess þarf að vera góð aðstaða og gott samband við framkvæmdaaðila og skipulagsyfirvöld út um allt land og síðast en ekki síst starfsfólk með sérþekkingu.

Ég vona að í svari ráðherra komi fram að svo sé því land okkar og náttúra eru of dýrmæt til þess að svo sé ekki.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Sigrún Helgadóttir og Danfríður Skarphéðinsdóttir leggja í fyrsta lagi fram fsp. sem er á þessa leið:

„Hvernig er að Náttúruverndarráði búið, t.d. hvað snertir starfsfólk og fjárveitingar, til þess að það geti haft eftirlit með mannvirkjagerð og jarðraski eins og ráðinu er ætlað samkvæmt 29. gr. laga um náttúruvernd, nr. 47/1971?" Og í sama tölul.: „Hversu oft og í hvaða tilvikum hafa framkvæmdir verið stöðvaðar á grundvelli þessarar lagagreinar?"

Svarið er þetta: Heimilaðar stöður á skrifstofu Náttúruverndarráðs eru aðeins tvær, framkvæmdastjóri og fulltrúi. Lausráðnir eru tveir starfsmenn er ásamt framkvæmdastjóra sinna öllum málefnum sem skrifstofan sér um vegna framkvæmdar náttúruverndarlaga. Náttúruverndarráð hefur í hvert sinn sem fjárlagabeiðni er lögð fram lagt á það áherslu að starfsemi skrifstofunnar fengist viðurkennd, a.m.k. í óbreyttu formi. Fjárlög 1988 gerðu ráð fyrir að launaliður skrifstofunnar yrði um 4,5 millj. kr., en hann varð um 8 millj. kr. og varð að færa fé af fjárveitingum til annarra verkefna yfir á skrifstofu auk þess sem fengin var aukafjárveiting í lok ársins 1988.

Fjárlög ársins 1989 gera ráð fyrir að launaliður skrifstofunnar verði 4,7 millj. kr. og til annarra útgjalda hennar verði varið 4,8 millj. kr. Fjárhagsstaða skrifstofunnar er því mjög slæm miðað við fjárlög eins og þau liggja nú fyrir og það hlutverk sem Náttúruverndarráði er ætlað að sinna samkvæmt lögum.

Það er einn starfsmaður sem fer með meginhluta þeirra mála sem snúa að mannvirkjagerð á skrifstofu Náttúruverndarráðs. Það má segja að það sé útilokað að hann hafi frumkvæði að eftirliti og skoðunarferðum eða fari í slíkar ferðir þar sem innsend málefni sem verður að sinna eru fleiri en skrifstofan kemst yfir með góðu móti þannig að það er lítill tími eftir þá til frumkvæðis. Afgreiðsla mála er því oft ekki eins vel undirbúin og æskilegt væri t.d. hvað varðar gagnasöfnun og vettvangsskoðun. Þá hefur skrifstofan komið upp eftirlitsmannakerfi úti um landið þar sem tíu einstaklingar taka að sér verkefni samkvæmt nánara samkomulagi. Tilkoma þeirra byggðist á því að komið var á formlegu sambandi við ýmsar ríkisstofnanir sem standa fyrir meiri háttar mannvirkjagerð. Nauðsynlegt þótti að hafa sérstaka tengiliði við þessar stofnanir í stað þess að fela það náttúruverndarnefndum sem eiga að fylgjast með þessum málefnum skv. 3. gr. reglugerðar um náttúruvernd, nr. 205 1973. Erindisbréf eftirlitsmanna er þekkt og væri ástæða til að rekja það nánar en er ekki kostur á þeim knappa tíma sem við höfum hér til umráða.

Fjárhag ráðsins er þannig háttað að eftirlitsmennirnir sinna nær eingöngu verkefnum á vegum ríkis-

stofnana sem endurgreiða ráðinu kostnað samkvæmt heimild í reglugerð um breytingu á 39. gr. reglugerðar um náttúruvernd nr. 205/1973. Eftirlitsmennirnir eru allir í öðru starfi og hefur það að sjálfsögðu takmarkandi áhrif á hvernig þeir geta sinnt beiðnum Náttúruverndarráðs.

Náttúruverndarnefndir starfa í öllum sýslum og kaupstöðum en eru mjög misjafnlega virkar að ekki sé fastar að orði kveðið. Í kaupstöðum lítur Náttúruverndarráð svo á að nefndunum beri að fjalla um framkvæmdir sem unnar eru samkvæmt staðfestu aðalskipulagi og sjá um að út af því sé ekki brugðið t.d. hvað varðar friðlýst svæði, meðferð á fjörum og öðrum svæðum með útivistargildi. Í sýslum eru nefndirnar mun óvirkari og stafar það m.a. af því að nefndarmenn þurfa að ferðast langar leiðir á fundi eða til vettvangsskoðunar og í fjárhagsáætlunum sýslunefnda eða héraðsnefnda er sjaldnast gert ráð fyrir nokkrum kostnaði af störfum þessara nefnda.

Náttúruverndarráð hefur á undanförnum árum haft afskipti af tugum mála sem falla undir 29. gr. náttúruverndarlaganna. Í mörgum tilvikum er farið fram á að verk sé ekki hafið eða það stöðvað þar til vettvangsskoðun hefur farið fram. Ekki er framkvæmanlegt án mikillar fyrirhafnar að tína hér til öll tilvik í þessu sambandi, enda sé ég ekki að það þjóni út af fyrir sig tilgangi. Náttúruverndarráð hefur reynt að byggja upp gott samráð við framkvæmdaaðila til að koma í veg fyrir náttúruspjöll. Tekist hefur samkomulag í langflestum tilfellum sem ráðið hefur verið kallað til vegna hugsanlegra brota á umræddri lagagrein. Tilvik þar sem Náttúruverndarráð hefur óskað eftir atbeina lögreglustjóra samkvæmt heimild í 29. gr. náttúruverndarlaganna eru eftirfarandi:

1. Hinn 7. júlí 1982 fór Náttúruverndarráð fram á það við sýslumanninn í Norður-Ísafjarðarsýslu að hann stöðvaði efnistöku í Hestfirði.

2. Hinn 24. ágúst 1984 óskaði Náttúruverndarráð eftir því að sýslumaður Vestur-Skaftafellssýslu stöðvaði framkvæmdir vegna hafnargerðar í Dyrhólaey.

3. Hinn 31. júlí 1985 var óskað eftir því að sýslumaður Árnessýslu stöðvaði ólöglegar framkvæmdir við byggingu sumarbústaðar í Hrunamannahreppi.

Hv. fyrirspyrjendur óska eftir upplýsingum um hve tíð eru meint brot á náttúruverndarlögum. Því miður er ekki kostur á að skrá það sem talið er meint brot. Það væri mikið meira verk en nokkur kostur er á að ná utan um á þeim skamma tíma sem ætlaður er til að undirbúa svör við fsp. Í flestum þeirra tilfella sem Náttúruverndarráð hefur kært vegna brota á náttúruverndarlögum hefur verið um að ræða auk almennra brota meint brot vegna aksturs utan vega á friðlýstum svæðum.

Þá er að lokum spurt um hversu oft menn hafi verið sakfelldir vegna brota á náttúruvernd. Ekki er gerð grein fyrir því í fsp. eins og hún liggur fyrir hvort um sakfellingu vegna brota á núgildandi náttúruverndarlögum er að ræða og ekki er heldur óskað eftir því að sundurgreindar verði upplýsingar um sakfellingu í undirrétti eða Hæstarétti. Með vísan til þessa svo og þess að hér er um geysilega viðamikið verkefni að ræða, sem er tímafrekt að svara, eru mér ekki tæk ráð til að svara síðasta tölul. fsp. að svo stöddu, en ég vænti þess að öðru leyti að fsp. hafi verið svarað og ég þakka hv. þm. fyrir þann áhuga sem þær með flutningi fsp. hafa sýnt á málefnum Náttúruverndarráðs og umhverfismála.

Fyrirspyrjandi (Sigrún Helgadóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svör hans. Hann hafði gert mér viðvart að önnur spurning á þskj. 467 væri of yfirgripsmikil til að svara henni núna og þakka ég hæstv. ráðherra þær upplýsingar. Ég læt í ljós þá von að spurningunni verði svarað síðar. Reyndar komu mér þessar upplýsingar nokkuð á óvart. Ég veit reyndar að meint brot á náttúruverndarlögum eru nokkuð tíð. T.d. kvarta landverðir yfir slíku á hverju ári í skýrslum sínum. Sum slík brot hafa verið kærð, en örlög þeirra virðast vera að velkjast lengi í kerfinu og jafnvel gleymast og veit ég nokkur dæmi þess.

Hvað varðar fyrri spurninguna hlýt ég að láta í ljós vonbrigði um að ekki sé betur búið að Náttúruverndarráði en raun ber vitni og kom mjög ljóslega fram í svari hæstv. ráðherra. Þekking okkar á umhverfinu er alltaf að aukast og vitneskjan um það hve varlega við verðum að fara í allri umgengni. Samfara því aukast stöðugt þær kröfur sem gerðar eru til eftirlitsaðila, bæði hvað varðar magn og gæði eftirlitsins ef svo má að orði komast.

Þegar bylgja fiskeldisstöðva fór að flæða yfir landið fyrir nokkrum árum stórjók það þá vinnu sem Náttúruverndarráði var ætlað að leysa af hendi, en ráðið fékk ekki að sama skapi að fjölga starfsfólki eins og kom fram áðan. Þar eru enn aðeins tvær stöður eins og fram kom, staða framkvæmdastjóra og ritara, alveg eins og var ákveðið árið 1971 um það leyti sem orðið „umhverfismál" — eða var það ekki það orð — kom fyrst fram.

Nú er gerð sú krafa af forstöðumönnum opinberra stofnana að þeir megi ekki fara fram úr fjárveitingum fjárlaga og mikil orð höfð um það, bæði á fundum og í fjölmiðlum. Ekki sýnist ósanngjarnt að samfara því sé gerð sú krafa við stjórnvöld að fjárveitingar til stofnana séu í samræmi við það hlutverk sem þeim er ætlað núna og í framtíðinni en ekki í samræmi við það sem þeim var ætað fyrir 10 eða 20 árum.

Landnýtingaráætlun, ein umr.

Fsp. SHj, 246. mál. — Þskj. 456.

Fyrirspyrjandi (Sigríður Hjartar):

Hæstv. þingforseti. Þingsályktun sem samþykkt var á Alþingi 22. maí 1984 hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast

nú þegar til um að undirbúningi og vinnu við landnýtingaráætlun verði hraðað. Við gerð slíkrar áætlunar verði lögð áhersla á sem hagkvæmasta nýtingu og varðveislu landgæða. Gerð verði kostnaðaráætlun um landnýtingarskipulag sem taki til allra meginþátta landnýtingar. Áætlunin verði lögð fyrir Alþingi og á grundvelli hennar verði tekin ákvörðun um framkvæmdahraða."

Á undanförnum áratugum hefur fólksfjölgun á Íslandi verið mikil en búsetubreyting margfalt meiri. Um aldamótin bjuggu liðlega 20% landsmanna í þéttbýli en nú eru það um 90%. Þessi mikla búseta- og lífsháttabreyting hefur gerbreytt viðhorfi manna til landnýtingar. Hugtakið landnýtingu má nota á mjög víðtækan hátt sem spannar ráðstöfun lands til ýmiss konar nota, svo sem landbúnaðar, iðnaðar, þéttbýlis og útivistar. Búsetubreyting hefur dregið úr landnýtingarvandanum á sumum sviðum en aukið hann á öðrum.

Landnýtingarvandamál eru að verulegu leyti önnur hér en í nágrannalöndunum. Mengunarvandinn er hér hlutfallslega lítill miðað við Evrópulönd og landrými til landbúnaðar yfrið nóg. Mengun af völdum þéttbýlis er þó vaxandi, svo sem skólp- og sorpmengun. Nægir að nefna vanda Reykjavíkur og nágrannabyggða þar sem lausn sorpeyðingar er knýjandi. Áhyggjur manna vegna mengunar frá fiskeldisstöðvum fara vaxandi, en samkvæmt nýjum rannsóknum er áburðarnotkun landbúnaðarins ekki sá mengunarvaldur hér sem hún er í Evrópu. Landnýtingaráætlun hlýtur að fjalla um mengunarvanda.

Landeyðing hefur hins vegar verið mjög alvarlegt vandamál á Íslandi. Talið er að gróður- og jarðvegseyðingin hafi verið mest á síðari hluta 19. aldar og í byrjun þessarar. Forfeður vorir urðu að lifa af því sem landið gaf með góðu eða illu, en við eigum að hafa þá þekkingu og tækni sem þarf til að stöðva landeyðinguna og snúa vörn í sókn.

Eitt meginsvið landnýtingaráætlunar á að vera landgræðsla og jafnframt verndun og viðhald þess gróðurs sem fyrir er. Þar með hlýtur landnýtingaráætlun að snerta mjög framtíðarskipulag landbúnaðar. Minnkandi markaður fyrir hefðbundnar landbúnaðarafurðir leiddi til þess kvótakerfis sem þegar hefur valdið þriðjungs fækkun sauðfjár á tíu árum og því minnkandi beitarálagi. En beitarálag vegna hrossa fer vaxandi, einkum í byggð. Kvótakerfið hefur valdið svo mikilli bústofnsfækkun að mörgum bóndanum er ógerlegt að lifa af hefðbundnum landbúnaði einum sér. Því miður hefur loðdýrarækt jafnvel aukið á vanda þeirra bænda sem hana stunda og þarf fleira að koma til.

Á nokkrum svæðum á landinu eru taldir raunhæfir möguleikar á ræktun nytjaskóga. Áhugi bænda á ræktun bændaskóga er verulegur, en hér vantar enn frekari stefnumörkun og fjármagn af hálfu hins opinbera.

Þar sem 90% þjóðarinnar búa í þéttbýli eykst stöðugt þörfin á aðgengilegum útivistarsvæðum í næsta nágrenni þéttbýlissvæða. Vaxandi ferðalög bæði Íslendinga og erlendra manna um landið allt kallar á bætt skipulag ferðamála, bætta aðstöðu til gistingar, bæði í byggð og óbyggð og jafnframt á verndun viðkvæmra gróðursvæða. Landnýtingaráætlun verður að fjalla um þessi mál.

Virðulegi forseti. Ég hef drepið á örfá atriði sem landnýtingaráætlun ætti að fjalla um. Ég beini spurningu minni til hæstv. landbrh. Hvað líður gerð þessarar áætlunar?

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Í fjarveru landbrh. svara ég þessari fsp. frá hv. 10. þm. Reykv.

Það var 22. maí 1984 sem Alþingi samþykkti þáltill. um landnýtingaráætlun. Flm. voru úr fjórum stjórnmálaflokkum sem stundum eru kallaðir „gömlu flokkarnir" af sumum hér í þinginu, Davíð Aðalsteinsson, Þorv. Garðar Kristjánsson, Helgi Seljan, Ingvar Gíslason og Jóhanna Sigurðardóttir. Þessi þál. var send landbrn. til fyrirgreiðslu og þáv. landbrh. Jón Helgason setti á laggirnar nefnd með fulltrúum þeirra stofnana sem vinna að þeim verkefnum sem tengjast landnýtingu. Það voru fjölmargir aðilar kallaðir til samráðs í þessari nefnd. Hún hóf störf í janúarmánuði 1985 og hún lauk störfum og skilaði myndarlegu nál. í maímánuði 1986 í riti sem ber heitið „Landnýting á Íslandi og forsendur fyrir landnýtingaráætlun".

Þetta rit er eitt fyrsta heimildarritið um landnýtingu og áætlanagerð á Íslandi af þessu tagi. Það er mikið að vöxtum og geymir mjög mikinn fróðleik varðandi alhliða landnýtingu sem hafði ekki áður verið aðgengilegur almenningi auk þess sem þar eru margar greinar og skýringarmyndir sem voru sérstaklega unnar á vegum nefndarinnar.

Þegar fjallað er um landnýtingaráætlun er mjög nauðsynlegt að hafa víða yfirsýn og við jafnvíðtækt verkefni og alhliða landnýtingaráætlun þarf að vera fullt samkomulag og samvinna milli þeirra ráðuneyta, ríkisstofnana og annarra sem fjalla um þennan mikilvæga málaflokk. Eins þarf að vera ljóst hvort það er á valdi eins ráðuneytis að gera slíka áætlun og stjórna framkvæmd hennar eða hvort fleiri ráðuneyti og hver ættu að tengjast því starfi.

Eins og fram hefur komið er nauðsynlegt að taka tillit til margra þátta þegar unnið er að gerð þessarar áætlunar. Landbúnaðarframleiðslan vegur þar auðvitað mjög þungt, en raunhæf áætlunargerð þarf einnig að taka tillit til þéttbýlismyndunar, náttúruverndar, samgangna, þjónustu og byggðaþróunar í heild sinni.

Þrátt fyrir tilvist margra áætlana um landnýtingu og landnotkun er engum aðila einum í stjórnkerfinu enn falið með lögum að halda þessum þáttum og þráðum saman, fara yfir áætlanirnar, samræma þær með tilliti til hugsanlegra hagsmunaárekstra eða innbyrðis mótsagna. Þess vegna er nauðsynlegt að skapa skipulagsyfirvöldum grundvöll til að framfylgja lagaákvæðum um skipulagsskyldu landsins alls. Ég tel raunar að það sé höfuðforsenda alls þessa verks sem

hér þarf að vinna. Í slíku skipulagi eru vegnar saman kröfur um umhverfisvernd og ýmis afnot af landi og landgæðum. Vel heppnað landsskipulag getur skapað grundvöll fyrir heildarstjórn umhverfismála þar sem hagræn sjónarmið, heilsufarssjónarmið, verndarsjónarmið og friðlýsingarsjónarmið eru fléttuð saman í eina heild.

Á vettvangi Skipulagsstjórnar ríkisins og félmrn. hafa í mörg undanfarin ár verið unnar tillögur um að setja í skipulagslög ákvæði um landsskipulag sem þá væri áætlun sem tæki til landsins alls og fjallaði um aðalatriði í þróun byggðar, atvinnuvega og landnýtingar almennt. Á árinu 1982 fól ég sem félmrh. Stefáni Thors arkitekt að gera tillögur að fyrstu drögum að landsskipulagi svo að dæmi sé nefnt um að það hefur verið unnið að þessum verkefnum um alllangt skeið.

Hlutverk landsskipulags væri að marka stefnu vera til samræmingar fyrir áætlunargerð hinna ýmsu ráðuneyta og að samhæfa einstakar áætlanir sem kunna að verða gerðar fyrir landið allt. Slíkt skipulag væri í samræmi við núverandi ákvæði um skipulagsskyldu landsins alls. Markmið með landsskipulagi hlyti að vera að auðlindanýting verði í samræmi við heildarhagsmuni þjóðarinnar.

Sú nefnd sem fjallaði um þetta mál á sínum tíma og ég greindi frá áðan taldi rétt að Skipulagi ríkisins yrði falið að vinna að gerð landnýtingaráætlunar, að tvær nefndir yrðu skipaðar til að fylgjast með og vera til ráðgjafar við það verk, önnur skipuð fulltrúum Alþingis og hin fulltrúum þeirra ráðuneyta, ríkisstofnana og annarra aðila sem hagsmuna eiga að gæta við gerð slíkrar áætlunar, eins og segir í nál. Ég tel þess vegna að miðað við þá niðurstöðu sem varð í nefndinni hafi það verið tillaga hennar að félmrn. færi með næstu skref málsins, þau sem snúa að Skipulagi ríkisins.

Það rit sem ég benti á áðan var sent Alþingi og öllum alþm. og stofnunum sem koma að verkefnum sem varða landnýtingu. Af hálfu landbrn. hefur einnig verið fjallað frekar um þessi mál að undanförnu, m.a. með hliðsjón af því að í stefnuyfirlýsingu núv. ríkisstjórnar segir að gerð skuli landnýtingaráætlun sem taki til hvers konar notkunar landsins.

Hitt er ljóst hins vegar, virðulegi forseti, að það verður aldrei tekið á þessum málum svo burðugt sé né heldur þeim málum sem hv. 12. þm. Reykv. hreyfði áðan í tveimur fyrri dagskrárliðum öðruvísi en að hér verði til sjálfstætt umhverfismálaráðuneyti sem hefur með öll þessi mál að gera. Það er alveg ljóst af reynslu liðinna ára að þó að góður vilji sé til í einstökum ráðuneytum, hvort sem það er félmrn., landbrn., heilbrmrn., þá er alveg ljóst að það dugir ekki ef ekki er til ráðuneyti sem hefur sameinandi kraft fyrir þær áherslur sem menn vilja hafa í umhverfismálum.

Núv. ríkisstjórn hefur m.a. fjallað um þessi mál með tilliti til þess að umhverfismál verði færð í eitt ráðuneyti. Það er skoðun Alþb. að í raun og veru verði ekki vel að þessum hlutum staðið öðruvísi en þar verði um að ræða sjálfstætt ráðuneyti sem fari með umhverfismál eða sjálfstæða ráðuneytisskrifstofu.

Ég vænti þess, virðulegi forseti, að ég hafi svarað fsp. hv. 10. þm. Reykv.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Í framhaldi af svari hæstv. menntmrh. vildi ég aðeins undirstrika að þó að gert sé ráð fyrir því í skýrslu nefndarinnar, sem hann gat um að hefði unnið að framkvæmd þáltill., að Skipulag ríkisins taki við næsta skrefi, þá er þessi skýrsla og niðurstöður hennar tiltæk öllum ráðuneytunum og til afnota þær margvíslegu upplýsingar sem þar koma fram. Ég vildi sérstaklega geta þess að landbrn. fór þegar í stað að nýta sér þær upplýsingar og er þar af ýmsu að taka.

Ég get minnst á að við skerðingu á kvóta í sauðfjárrækt, sem ákveðinn var samkvæmt reglugerð haustið 1986, var tekið tillit til landkosta þannig að á þeim svæðum þar sem Landgræðsla ríkisins taldi mesta þörf á að hlífa gróðri fyrir beit var skerðingin mest. Þetta var síðan bætt upp með auknum kvóta við mjólkurframleiðslu í næstu reglugerð.

Í öðru lagi beitti ég mér fyrir því að Skógræktarfélagi Reykjavíkur voru boðnar tvær ríkisjarðir austur í Mýrdal til afnota til skógræktar og þar munu nokkur hundruð manns hafa óskað eftir því að fá reiti á vegum félagsins til þess að planta þar skógi. Ýmislegt fleira hefur verið gert til að undirstrika að land væri falt og aðgengilegt fyrir þá í þéttbýli sem vildu þess njóta og hlynna að gróðri.

Þannig væri sem sagt lengi hægt að telja, en ég vildi aðeins undirstrika þann árangur sem þegar hefur orðið af starfi nefndarinnar þó ekki sé lengra komið.

Fyrirspyrjandi (Sigríður Hjartar):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. umfjöllun hans um fsp. mína sem hann gerði fyrir hönd landbrh. Í svari menntmrh. kom margt gott fram og ég vil taka undir orð hans um starf landnýtingarnefndarinnar og ágæti þeirrar skýrslu sem hún skilaði í maí 1986.

Í þessari skýrslu er fjallað um fjölmörg atriði, en það eru tvö atriði sem ég freistast til að fjalla örlítið um því tíminn leyfir ekki meira. Annað þeirra atriða sem mig langar til að drepa örlítið á og getið var um í landnýtingarskýrslunni er virkjunarmálin. Það er verið að virkja og við vitum að fram undan eru enn frekari virkjunarframkvæmdir og hugmyndir manna um orkusölu til útlanda hafa fengið nokkurn byr. Við hönnun virkjana ber að hafa í huga að sem minnst gróðurlendi tapist.

Hitt atriðið sem mikil áhersla var lögð á í skýrslunni er kortagerðin. Það er ekki unnt að gera raunhæft skipulag fyrir landið í heild eins og hæstv. ráðherra vék reyndar að, það er ekki unnt að gera raunhæft skipulag eða raunhæfa landnýtingaráætlun án nákvæmra korta. Hinar ýmsu opinberu stofnanir sem á kortum þurfa að halda hafa sameinast um

stærðina 1:25000. Það hefur verið saminn nýr staðall um kortagerð, en útgáfa slíkra korta er mjög skammt á veg komin. Það má segja að miðað við nútímatækni og kröfur til kortagerðar og landfræðilegs gagnabanka stöndum við nú í sömu sporum og við gerðum um síðustu aldamót. Núna eru sértekjur Landmælinga ríkisins um 55% af heildarfjármagni stofnunarinnar, en á Norðurlöndum eru sértekjur Landmælinga 12–18%. Alþingi þarf að auka mjög fjárveitingar til Landmælinga ríkisins svo sú stofnun geti lokið útgáfu kortanna fyrir aldamót og þar með gert kleift að koma á landsskipulagi og góðri landnýtingaráætlun.

Virðulegu alþingismenn. Landvernd og landgræðsla á hug þjóðarinnar. Það þarf að nýta krafta okkar allra til þessara mála og gefa einstaklingum og félagasamtökum aukinn kost á að sinna landgræðslu með því að úthluta almenningi landgræðslusvæðum þar sem einstaklingar geta lagt sitt af mörkum, bæði með áburðargjöf og sáningu í einstök svæði og skógrækt í landgræðsluskyni. Eins og hv. 2. þm. Suðurl. drap réttilega á hefur Skógræktarfélag Reykjavíkur þegar gert nokkuð í þessa átt. En nýtum samtakamáttinn og einstaklingsframtakið sem best með ríkisvaldinu.

Kynferðisbrot, ein umr.

Fsp. SP, 258. mál. — Þskj. 469.

Fyrirspyrjandi (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Á þskj. 469 hef ég leyft mér að leggja fram fsp. til hæstv. dómsmrh. um kynferðisbrot. Mikil umræða hefur átt sér stað undanfarið um kynferðisbrot og þá ekki síst gagnvart börnum og ljóst er að allur almenningur lítur þau mál mjög alvarlegum augum. Túlka má þessa umræðu sem nokkurs konar ákall til íslenska réttarkerfisins um að bregðast ekki hlutverki sínu þegar slík afbrot eru annars vegar. Þess eru jafnvel dæmi að menn hafi haft tækifæri til að fremja fjölda kynferðisbrota á löngu tímabili og getur slíkt haft það í för með sér að almenn virðing fyrir lögum þverri.

Með hliðsjón af þessu lagði ég fram á síðasta þingi frv. til l. um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, um 202. og 203. grein. Þessu frv. var vísað til ríkisstjórnar þar sem þegar stæði yfir heildarendurskoðun á þeim ákvæðum hegningarlaganna sem snerta kynferðisbrot. Var vísað í þessu sambandi sérstaklega til svokallaðrar nauðgunarmálanefndar sem skipuð var af þáv. dómsmrh. 12. júlí 1984. Í október sl. skilaði þessi nefnd af sér störfum með ítarlegri greinargerð og frv. til breytinga á hegningarlögum en aðeins XXII. kafla þeirra, þ.e. ákvæði 194–199. Í þessu frv. eru lagðar til mjög mikilvægar réttarbætur, enda þótt frv. nái ekki í heild sinni yfir þau lagaákvæði sem ég vitnaði til áðan og gerð var tillaga um breytingu á í frv. því er ég lagði fram á síðasta þingi. Engu að síður eru þetta mjög mikilvægar breytingar á hegningarlögunum sem nefndin leggur til, en helstu markmið eru þessi:

1. Ákvæði um kynferðisbrot verða ókynbundin.
2. Samræming ákvæða um kynferðisbrot í anda ríkjandi viðhorfa nú á dögum og með hliðsjón af breytingum annars staðar á Norðurlöndum.
3. Gleggri skil verði milli verknaðarlýsinga en í gildandi ákvæðum, sérstaklega varðandi mörkin milli nauðgunar og annarrar kynferðislegrar nauðungar.
4. Refsivernd er almennt aukin með því að leggja ýmsar kynferðisathafnir að jöfnu við samræði.
5. Refsivernd barna og ungmenna er styrkt frá því sem nú er.

Hér er því um mjög mikilvægt mál að ræða. Því spyr ég hæstv. dómsmrh.:

„Hyggst ráðherra leggja fram frv. til l. um breytingu á XXII. kafla hegningarlaga nr. 19/1940, sem fjallar um kynferðisbrot, í samræmi við álit þeirrar nefndar sem skipuð var af dómsmrh. 12. júlí 1984 samkvæmt sérstakri þingsályktun og nýlega lauk störfum?“

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 469 er þeirri fsp. beint til mín, eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda, hvort ég hyggist leggja fram frv. til l. um breytingu á XXII. kafla hegningarlaga nr. 19/1940, sem fjallar um kynferðisbrot, í samræmi við álit þeirrar nefndar sem skipuð var af dómsmrh. 12. júlí 1984 samkvæmt sérstakri þál. og nýlega lauk störfum.

Nauðgunarmálanefnd skilaði frv. til l. um breytingu á hluta af XXII. kafla almennra hegningarlaga, þ.e. greinum 194–199, eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda. Með hliðsjón af þeirri stefnubreytingu sem fram kemur í tillögum nauðgunarmálanefndar um breytingu á hegningarlögum og því að á síðasta Alþingi var frv. um breytingu á 202. og 203. gr. almennra hegningarlaga vísað til ríkisstjórnarinnar hef ég talið rétt að leggja ekki fram frv. eins og það kom frá nauðgunarmálanefnd heldur láta það bíða þar til lokið er við að endurskoða framangreindan kafla hegningarlaganna í heild. Sú vinna stendur nú yfir og vænti ég þess að hægt verði að leggja það frv. fram á Alþingi innan fárra vikna.

Fyrirspyrjandi (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svör hans áðan. Það er ljóst af hans svari að viss vandkvæði hafa komið upp í sambandi við þessar breytingar á hegningarlögunum. Nauðgunarmálanefnd vann vissulega mjög gott starf, en ráðuneytismenn virðast álíta að hér hafi aðeins verið hálfu frv. skilað. Úr þessu þarf að fást skorið og ef það atriði verður til að draga afgreiðslu þessara mála á langinn hlýtur hæstv. dómsmrh. að verða að knýja á um það að hinn helmingur frv. líti dagsins ljós.

Reyndar gerði nauðgunarmálanefndin tillögur um ýmsar aðrar hliðar þessara mála, svo sem úrræði fyrir

kynferðisbrotamenn, bætur og fleira, en þar er vafalaust um brýn úrlausnarefni að ræða.

Ég treysti því að hæstv. dómsmrh. muni leggja fram frv. hið fyrsta sem breytir í heild ákvæðum hegningarlaganna um kynferðisbrot, ekki bara nauðgunarákvæðunum heldur líka ákvæðum t.d. 203. gr. sem fjallar um kynferðismök við persónu af sama kyni, en sú grein hefur falið í sér miklu lakari vernd en ákvæði sem snerta önnur kynferðisbrot þegar litið er til refsimarkanna. Slíkt fær ekki samrýmst nútímaviðhorfum og hér er breytinga þörf. Mótast sú þörf ekki síst af fjölda alvarlegra mála nú síðustu árin þar sem brotaþolar eru einatt ungir drengir og afbrotamaðurinn karlkyns.

Þessi misskilningur framkvæmdarvaldsins um endurskoðun á hegningarlögunum hefur með þessu svari hæstv. dómsmrh. nú verið leiðréttur. Vona ég að árangur verði eftir því og ég ítreka þakkir mínar til hæstv. dómsmrh.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð. Að gefnu tilefni og vegna setu minnar í áðurnefndri nauðgunarmálanefnd vil ég geta þess að þegar nefndin í upphafi skilgreindi verksvið sitt og viðfangsefni var ákveðið að endurskoða einungis þær lagagreinar sem minnst var á í máli ráðherra áðan. Síðan kom í ljós eftir því sem á leið vinnuna að það var í raun nauðsyn að endurskoða lagabálkinn og þá kafla laganna er fjalla um skírlífis- og sifskaparbrot í heild sinni. Þá var það ákveðið í samvinnu við ráðuneytið að það yrði gert af formanni nefndarinnar og fulltrúum frá ráðuneytinu. Þannig yrði sú endurskoðun framkvæmd. Þess vegna var ekki um að ræða að nefndin skilaði hálfunnu verki, síður en svo. Hún stóð við þau viðfangsefni og þær ætlanir sem hún setti sér og gerði jafnvel gott betur. Í þessu tilviki var þó álitið bæði hagkvæmast og skynsamlegast að vinna þetta mál þannig.

Endurunninn pappír, ein umr.

Fsp. GA, 236. mál. — Þskj. 441.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Neyslustefna undanfarinna ára, einkum á norðvesturhveli jarðar, hefur þegar gengið mjög freklega á auðlindir jarðar. Vaxandi skilningur og vitneskja manna um orsakir og ferli mengunar og annarrar spillingar á verðmætum og auðlindum jarðarinnar hafa knúið æ fleiri til þess að vinna samkvæmt lögmálum náttúrunnar og stilla lifnaðarhætti sína í samræmi við þau í stað þess að vinna gegn þeim og því jafnvægi sem þar ríkir og viðhaldið er af hringrás efnanna. Hluti af þessari viðleitni er endurvinnsla og fullnýting úrgangsefna, en Kvennalistinn flutti einmitt þáltill. um það efni á árinu 1987. Slík endurvinnsla er víða komin vel á veg erlendis og þekkja það margir af eigin raun sem búið hafa erlendis, bæði austan hafs og vestan, að þar er heimasorp flokkað til endurvinnslu, ekki síður en iðnaðarsorp, eftir efnisgerð, t.d. í gler, málma og pappír. Það sem ræður þessum gerðum manna er fyrst og fremst nýr hugsunarháttur og ný viðhorf þar sem orðið „hagkvæmur" er ekki einungis túlkað á hefðbundinn hátt með tilliti til efnahagslegra forsendna, heldur og ekki síður með virðingu fyrir náttúrunni og skilningi á mikilvægi þess að vistkerfi hennar og lífkerfi haldist óspillt.

Þegar rætt er um endurvinnslu hefur athyglin oft beinst að nýtingu pappírsúrgangs. Skógar eru undirstaða pappírsframleiðslu og þrátt fyrir stuttan endurnýjunartíma, miðað við mörg önnur hráefni, er stöðugt gengið á skóglendi jarðar. Við framleiðslu á einu tonni af pappír þarf um 5 tonn af viði. Hér á landi hefur lítið verið reynt til að endurvinna pappír. Árið 1986 voru flutt inn um 36 þús. tonn af pappír og pappírsvörum auk pappírsumbúða utan um innfluttar vörur. Þar af var dagblaðapappír 5,4 þús. tonn og sá pappír sem fer í símaskrána t.d. árlega er um 170 tonn. Má því áætla að árlega sé mörg þúsund tonnum af pappír fleygt á haugana. Nokkrar athuganir hafa verið gerðar á endurvinnslumöguleikum pappírs og tilraunir gerðar með slíkan iðnað hér á landi án þess að um jákvæða niðurstöðu hafi verið að ræða.

Sem dæmi má taka að sænska umhverfismálaráðuneytið gaf út bækling í maí 1987 með umræðum og ábendingum frá ríkisstjórnarfundi vegna skýrslu sem gerð var um úrgangsefni og ráðstöfun þeirra. Þar kemur m.a. fram að eftir að áhersla var lögð á endurnotkun, fullnýtingu og endurvinnslu þar í landi hefur magnúrgangur sem kemur til endurvinnslu margfaldast. Frá 1975 til 1986 jókst magn endurunnins dagblaða- og tímaritapappírs úr 90 þús. tonnum í 344 þús. tonn og frá heimilum úr 65 þús. í 260 þús. tonn.

Á sl. sumri hófu landgræðslu- og náttúruverndarsamtökin Landvernd innflutning og sölu á endurunnum pappír til ljósritunar og prentunar sem framleiddur er í Þýskalandi. Með þessu vildu samtökin gefa Íslendingum kost á að nota slíkan pappír sem hafði fram að því verið ófáanlegur hérlendis. Það er skoðun Landverndar að það sé mikið þjóðþrifamál að stuðla að endurnýtingu og styrkja endurvinnsluiðnað. En þessum málum hefur of lítill gaumur verið gefinn hér á landi til þessa og er sannarlega þörf á hugarfarsbreytingu með þjóðinni í þeim efnum. Mig langar að geta þess að þessi pappír sem þannig er seldur er hvað kostnað varðar mjög sambærilegur við pappír af miðlungsgæðum sem ekki er endurunninn. Stjórnvöld hafa sterkt fordæmishlutverk í þjóðfélaginu og finnst mér því full ástæða til að bera fram fsp. til hæstv. forsrh., í fyrsta lagi hvort Stjórnarráðið og Alþingi hafa tekið upp að einhverju leyti notkun endurunnins pappírs? Er hann notaður sem bréfsefni, ljósritunarblöð eða rissblöð? Og í öðru lagi: Hyggst ríkisstjórnin hvetja ríkisstofnanir almennt til að hefja notkun endurunnins pappírs?

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Um leið og ég tek heils hugar undir hin almennu orð hv. fyrirspyrjanda um mikilvægi þess að endurvinna sem flest og helst öll nýtanleg úrgangsefni, alveg sérstaklega til þess að draga úr notkun á ýmsum hráefnum jarðar sem eru vissulega af mjög skornum skammti, verður svar mitt við 1. lið fsp. *því miður nei. Ég hef látið kanna notkun á endurunnum* pappír og fæ þau svör að hann er ekki notaður í Stjórnarráðinu og að því er ég best veit ekki í ríkisstofnunum. Hann er ekki notaður hér á hinu háa Alþingi. Mér er einnig tjáð að eina endurvinnslan sem hér fer fram sé í sambandi við eggjabakka. Pappír mun vera endurunninn hér í því skyni.

Við seinni lið fsp. vil ég segja það að ég hef ákveðið að óska eftir því að könnuð verði notkun á endurunnum pappír, bæði með tilliti til þess hvernig spara megi í ríkisrekstri. Að vísu er það rétt sem hv. þm. sagði að kostnaðurinn við hinn endurunna pappír er töluvert mikill og reyndar er því haldið fram af þeim sem ég hef fengið upplýsingar frá að hann sé töluvert lakari að gæðum en mér fannst koma fram í orðum hv. fyrirspyrjanda. Hins vegar er í stjórnarráði og ríkisstofnunum notað óhemjumikið af pappír sem við gætum kallað risspappír eða þess háttar sem notaður er til að senda alls konar lauslegar handskrifaðar nótur á milli aðila og ég sé ekkert því til fyrirstöðu a.m.k. að slíkur pappír sé notaður í því skyni.

Ég vil hins vegar geta þess að nú er einmitt unnið mjög að því á vegum iðnrn. að kanna hvernig stuðla megi að endurvinnslu ýmiss konar úrgangsefna hér á landi og mun mjög fljótlega verða lagt fram frv. um *þátttöku stjórnvalda í slíkri endurvinnslu sem ég tel* vera afar stórt og mikilvægt mál. Ég vek einnig athygli á því að á vegum ýmissa sveitarfélaga er nú unnið að athugun á því hvernig nota megi úrgang til orkuframleiðslu sem vitanlega hefur verið skoðað hér fyrr en er nú komið á töluvert annað stig. Stjórnvöld vilja stuðla að því að slík notkun verði einnig hér á landi. Í mörgum tilfellum, t.d. á dreifðum svæðum, getur verið erfitt, er mér tjáð, og liggur í hlutarins eðli, að greina í sundur ýmiss konar úrgangsefni sem þarf að gera því að þau eru þar af skornum skammti. Endurvinnsla á pappír fellur að sjálfsögðu inn í þessar hugmyndir og mér er kunnugt um að einkaaðilar eru hér með hugmyndir um að endurvinna pappír í víðtækara mæli en gert hefur verið. Þó að sjálfsagt sé að nota erlendan endurunninn pappír af þeim ástæðum sem hv. fyrirspyrjandi nefndi hér áðan, sem sagt að draga úr gífurlegri ofnýtingu skóga jarðar, þá er það engu að síður markmið að við endurvinnum þann pappír sem hér fellur til í eigin þágu og ég tel að stjórnvöld eigi að stuðla að þessu.

Þetta eru svör mín við spurningunni. Ég endurtek þakkir til fyrirspyrjanda að vekja máls á þessu. Ég held að hér sé stórt mál sem er verið að vinna að á mörgum sviðum en má vissulega hraða og ég mun — ég endurtek það — *óska eftir því að athugað verði að nota* endurunninn pappír þar sem hentar í stjórnsýslunni.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. svör hans þó að það hafi valdið mér talsverðum vonbrigðum að ekki skuli vera vakandi viðhorfsbreytingar innan Stjórnarráðsins í ríkara mæli en kom fram í svari hans. En ég fagna því þó að hann hyggist láta kanna frekar hvernig þessum málum er varið og hvernig þessu megi breyta.

Hæstv. ráðherra minntist á að einhver hefði í hans eyru talað um að pappírinn væri lakari. Það væri gaman að fá nánari útskýringu á því hvernig orðið „lakari" væri skilgreint. Ég er hér með afskaplega falleg bréfsefni frá Skógræktarfélagi Íslands sem hefur tekið upp endurunninn pappír í sitt bréfsefni og lætur þess getið í vinstra horni blaðsins að neðanverðu að pappírinn sé endurunninn. Sama gerir Samband ísl. hitaveitna og lætur þess einnig getið í hægra horni neðan til að pappírinn sé endurunninn. Ég vil vekja athygli hæstv. ráðherra á því að þetta hefur uppeldisgildi, þetta hefur fordæmisgildi og það hefur fræðslugildi fyrir allan almenning sem fær slík bréf. Og það vekur virðingu þeirra fyrir náttúrunni sem fá slík bréf og það vekur umhugsun um siðferðilega skyldu okkar Íslendinga að ýta ekki mengunarvanda eða náttúruspjöllum yfir á aðrar þjóðir vegna efnahagslegrar hagkvæmni sem svo hefur verið orðuð.

Ég minnist þess að hafa heyrt í fréttum nú nýlega að einhverjir spekúlantar hyggist höggva skóga af svæði í Suður-Ameríku sem jafnast á við eitt eða tvö Íslönd, ef svo mætti segja, það er a.m.k. tvisvar sinnum stærð Íslands ef ég man rétt og e.t.v. er það aðeins stærra, vegna virkjunarframkvæmda en þarna liggja lungu *jarðarinnar. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn eða* Alþjóðabankinn kemur til með að hafa sitt að segja í þessum framkvæmdum og það skiptir auðvitað gríðarlega miklu máli hvernig fulltrúi Íslendinga t.d. bregst við á þeim vettvangi.

Varðandi möguleika á endurvinnslu pappírs hérlendis hefur það komið fram hingað til að þau fyrirtæki sem hafa reynt slíkt hafa ekki getað spjarað sig og hafa ekki talið hagkvæmt að standa í slíkri vinnslu. Það fyrirtæki sem reynt hefur að framleiða eggjabakka hefur sannarlega barist í bökkum vegna þess að á sama tíma eru fluttir inn eggjabakkar úr plasti sem eru í beinni og mjög harðri samkeppni við þetta virðingarverða framtak sem er að endurnýta pappír hérlendis.

Ég vil enn og aftur brýna hæstv. forsrh. á að taka þessi mál föstum tökum, að fá betur skilgreint í sín eyru hvað „lakari" þýðir. Kvennalistinn notar í fréttabréf sitt pappír sem er endurunninn. Hann fæst í ýmsum litum, mjög fallegum litum. Það er hægt að nota þessi blöð bæði sem rissblöð og ekki síður sem bréfsefni, í orðsendingar eða fréttabréf og reynsla okkar af þeim er góð. Reynsla annarra sem hafa notað þetta er góð og siðferðileg ábyrgð okkar allra er mikil.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Séð úr sæti *mínu* var þessi pappír sem hv. fyrirspyrjandi sýndi hér ólíkt fallegri en sá sem ég fékk á mitt skrifborð og er ágætt að taka við prufum. Það stuðlar eflaust að framgangi þessa ágæta máls.

Ég kvaddi mér hljóðs m.a. til að upplýsa að stjórnvöld hafa þegar beint þeim tilmælum til fulltrúa Norðurlandanna — ég verð að leggja áherslu á það — fulltrúa Norðurlandanna hjá Alþjóðabankanum að þeir beiti sér gegn lánveitingu í þessa — ég vil taka undir með hv. fyrirspyrjanda — afar óskynsamlegu framkvæmd og þarf ég ekki að fara fleiri orðum um það. Ég vil hins vegar að það komi fram að sá maður er fulltrúi Norðurlandanna allra þannig að hann hlýðir ekki fyrirmælum héðan að þessu leyti þó að hann taki eflaust tillit til þeirra.

Út af sofandahætti stjórnvalda, þá má það kannski til sanns vegar færa, en þó er það nú staðreynd, eins og ég gat um áðan, að það er núna verið að vinna mjög ötullega að endurvinnslumálum. Það er gert á vegum iðnrn. og hafa bæði nefndarálit og álit ráðuneytisins sjálfs þegar verið unnin og ég á von á því að þau komi til ríkisstjórnarinnar mjög fljótlega. Ég tel því að það sé að verða veruleg straumbreyting í þessum málum einmitt núna. Það er rétt sem hv. þm. sagði að þau fyrirtæki sem hafa ætlað í endurvinnslu á pappír hafa átt í erfiðleikum. Horfið hefur verið að því ráði að þjappa pappír saman og senda til annarra landa eða brenna sem er náttúrlega ekki góður kostur. Þó að orka fáist einhver, þá er hún lítil. En mér er þó tjáð að ef næst í gegn t.d. að aðgreina sorp hér á Reykjavíkursvæðinu, eins og um er talað, muni það stuðla mjög að því að endurvinnsla á pappír geti orðið hagkvæm, það sé mjög stórt mál. Það kostar hins vegar líklega þrefalda sorphreinsun, ef má kalla það svo. Það þarf að greina þetta í þrennt og það er meiri háttar mál, því miður.

En sem sagt, ég vil fullvissa hv. fyrirspyrjanda um að það er ekki sofandaháttur nú í þessum málum. Unnið er ötullega að þeim og ég efa ekki að fyrirspurn og ábendingar hv. fyrirspyrjanda stuðla að því að enn verði tekið fastar á þessum málum.

Hagvarnaráð, ein umr.

Fsp. GHH, 251. mál. — Þskj. 462.

Fyrirspyrjandi (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Á árinu 1985 voru samþykkt hér á Alþingi lög sem gerðu ráð fyrir nokkrum breytingum á starfsemi Almannavarna. Lagabreyting þessi var gerð eftir nokkra umfjöllun og störf sérstakrar nefndar sem vann í málinu um nokkurn tíma.

Eitt af því sem kom inn í þessi lög sem nýjung var sérstakur kafli, VI. kafli, um hagvarnir, en þar segir m.a. að forsrh. skuli skipa sérstakt hagvarnaráð er í eigi sæti ráðuneytisstjórar ráðuneytanna og einnig segir að verkefni hagvarnaráðs sé að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um hagvarnir. Síðan segir, með leyfi forseta, í 24. gr.:

„Hagvarnaráði ber að gera ráðstafanir til þess að í ráðuneytum og stofnunum ríkis og sveitarfélaga (**Forseti:** Ég verð aðeins að trufla hv. 17. þm. Reykv. Þeim forseta sem hér situr nú var ekki kunnugt um að hæstv. forsrh. sem á að svara fsp. hafði óskað eftir að þessu máli yrði frestað af sérstökum ástæðum, vegna veikinda embættismanns í ráðuneytinu, svo að ég held að það sé ekki um annað að ræða en falla frá því að flytja fsp. lengra en komið er og fresta henni.) Ég fellst á það, virðulegi forseti. (**Forseti:** Ég bið velvirðingar á þessu gagnvart hv. 17. þm. Reykv.)

Umræðu frestað.

Lokun sendiráða, ein umr.

Fsp. GHH, 254. mál. — Þskj. 465.

Fyrirspyrjandi (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Hæstv. utanrrh. lýsti því yfir í sjónvarpsviðtali í fyrrakvöld að í ráðuneyti hans væri unnið að margháttuðum sparnaði í útgjöldum og mig minnir að hann hafi nefnt töluna 10–12 millj. sem yrði reynt að spara á þessu ári. Það má því segja að fsp. þá sem ég hef lagt fram beri upp á ágætan tíma því að mér leikur hugur á að fá vitneskju um það, virðulegi forseti, hvort ráðherrann hyggist ná einhverju af þessum sparnaði með því að loka eða gera breytingar á starfsemi einhverra sendiráða erlendis. Fyrirspurnin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Hyggst utanríkisráðherra beita sér fyrir því að einhverjum sendiráðum Íslands erlendis verði lokað í sparnaðarskyni? Ef svo er, þá hverjum?

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Spurt er hvort utanrrh. hyggist beita sér fyrir því að einhverjum sendiráðum Íslendinga erlendis verði lokað í sparnaðarskyni og þá hverjum. Svarið er að þessari spurningu er ekki hægt að svara með einföldu jái eða neii að svo stöddu. Svarið er það að nú er unnið að endurskoðun á starfsemi, starfsháttum, hlutverki utanríkisþjónustunnar með hliðsjón af þeim breytingum sem orðið hafa á starfsháttum ráðuneytisins við það að það breyttist úr utanríkisráðuneyti í utanríkisviðskiptaráðuneyti við tilkomu seinustu ríkisstjórnar. Það sem ég get á þessu stigi máls upplýst um þetta mál er eftirfarandi:

Snemma í októbermánuði fól ég Útflutningsráði að vinna greinargerð fyrir ráðuneytið þar sem þessi samtök útflutningsaðila á Íslandi legðu mat á hvernig utanríkisþjónustan í núverandi mynd mundi nýtast útflutningsgreinum okkar Íslendinga, markaðsöflun og þjónustu við viðskiptaaðila á helstu markaðssvæðum. Og í annan stað var þess óskað að Útflutningsráð legði fram hugmyndir og tillögur, ábendingar, um breytingar sem þeir sæju ástæðu til að leggja fyrir ráðuneytið til skoðunar.

Útflutningsráð hefur skilað slíkri álitsgerð. Það

gerðist 16. nóv. sl. og síðan hefur sú álitsgerð verið til skoðunar ásamt með því að unnið hefur verið að málinu innan ráðuneytis án skipunar nokkurrar formlegrar nefndar.

Þess skal getið að íslenska ríkið heldur nú uppi 12 sendiráðum með erlendum þjóðum sem fyrst og fremst annast pólitísk samskipti við erlendar ríkisstjórnir og alþjóðastofnanir. Utanríkisþjónustan er að sjálfsögðu að mestu leyti byggð á erlendum fyrirmyndum um slíka starfsemi, en í álitsgerð Útflutningsráðs kemur m.a. fram að erlendar fyrirmyndir henti okkur að mörgu leyti ekki vegna sérstöðu íslensku þjóðarinnar.

Í viðræðum um málið hefur áhersla verið lögð á það að á sl. árum hafa orðið mjög verulegar breytingar á utanríkisviðskiptum okkar Íslendinga. Þær einkennast helst af því að viðskipti við Efnahagsbandalagið hafa farið stórvaxandi, þ.e. hlutdeild af heildarútflutningi sem fer til Efnahagsbandalagsríkja hefur vaxið mjög, einkum og sér í lagi við inngöngu Spánar og Portúgals í bandalagið. Ef saman eru tekin Efnahagsbandalagsríki og EFTA-ríki er sú hlutdeild orðin afar mikil. Á sama tíma er þess að geta að viðskipti við Japan og Asíulönd hafa einnig farið vaxandi og það eru að gerast breytingar sem gefa ástæðu til þess að ætla að þau viðskipti muni enn vaxa stórlega. Á sama tíma hefur útflutningur til Bandaríkjanna minnkað mjög verulega á undanförnum árum og enn fremur dregið talsvert úr Austur-Evrópuviðskiptum. Þetta allt saman ásamt með breytingum á starfsháttum ráðuneytisins sjálfs er ástæða til að endurskoða starfshættina, einkum og sér í lagi með þeim hætti að leggja mat á reynsluna af starfi viðskiptafulltrúa sem hafa starfað við sendiráð í samráði við samtök útflutningsatvinnuveganna á þremur stöðum, þ.e. í New York, Kaupmannahöfn og Frankfúrt eða á þýska markaðssvæðinu.

Af hálfu Útflutningsráðs hefur verið lögð á það áhersla að auka beri þjónustu utanríkisþjónustunnar við markaðsöflun og útflutningshvetjandi aðgerðir, auka eigi samstarf við einstök samtök útflytjenda og byggja á þeim grunni sem þegar hefur verið lagður með starfi útflutningsfulltrúa. Þeirra hugmyndir snúast um það að ástæður séu til þess að leggja mismikla áherslu á markaðssvæði. Þannig beri að leggja aukna áherslu á starf utanríkisþjónustunnar á Evrópumarkaðssvæðinu og í Japan og reyndar víðar í Austur-Asíu og breyta starfsháttum eða verksviði sumra sendiráða. Þannig er sem dæmi hægt að nefna að það er lagt til að lögð verði verulega aukin áhersla á markaðsöflun og viðskiptaþjónustu í Suður-Evrópu, á Spáni, Portúgal og Ítalíu, og nokkrar tillögur eru um það að auka samstarfið við einstakar þýðingarmiklar alþjóðastofnanir eins og t.d. Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna í Róm.

Þá hafa á grundvelli þessa skjals orðið miklar umræður um það hvort tímabært væri að opna sérstakt sendiráð í Japan fyrir Austur-Asíu. Þær umræður eru ekki til lykta leiddar, en eins og ég segi til þess að draga saman niðurstöður: Þessi mál eru í skoðun út frá þessum grundvallarsjónarmiðum, en niðurstöður liggja ekki fyrir enn. Jafnframt hefur þeirri skoðun verið hreyft, og er rétt að geta þess, í álitsgerð Útflutningsráðs að eðlilegt sé að draga saman seglin á þeim markaðssvæðum sem ekki er sérstök ástæða til þess að opinberir aðilar styrki sérstaklega.

Fyrirspyrjandi (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir hans svör þó þau hafi reyndar ekki verið mjög afgerandi og satt að segja afar varfærnisleg eins og kannski er eðlilegt um ábyrga ráðherra. Ég vil hins vegar vekja athygli á því að mér virðist komið nokkuð annað hljóð í strokkinn hjá hæstv. ráðherra frá því sem var fyrir nokkrum mánuðum þegar hann var fjmrh. Þá gerði hann m.a. tillögur og lagði fram blöð um ýmsar breytingar á starfsemi sendiráðanna. Ég veit ekki hvort honum hefur snúist hugur eða hvort hann hefur komist að þeirri niðurstöðu að slíkar hugmyndir hafi verið óraunhæfar, en hvað sem því líður langar mig til að vitna örlítið í skjal sem ég hef undir höndum sem hæstv. núv. utanrrh. lagði fram meðan hann var fjmrh. á sl. hausti þegar verið var að vinna að gerð fjárlaga. Skjalið heitir „Ábendingar og tillögur um lækkun útgjalda í fjárlögum 1989“ og þar segir, með leyfi forseta, um sendiráðin:

„Kostnaður við leiguhúsnæði fyrir útsenda starfsmenn verði endurskoðaður og komið á virku eftirliti, staðaruppbætur kannaðar með tilliti til hvort nettótekjur starfsmanna séu umfram það sem ella gerist hjá ríkinu. Kanna þarf með hvaða hætti gert er ráð fyrir lífeyris- og öðrum kjarabundnum greiðslum vegna staðarráðinna starfsmanna.“ Og síðan, virðulegi forseti: „Kanna ætti hvort ekki ætti að loka sendiráðum í Osló, Stokkhólmi og París, en efla starfsemi í Kaupmannahöfn fyrir Norðurlönd og í Brussel vegna efnahagsbandalaga í Evrópu.“

Þetta voru hugmyndir ráðherrans á sl. hausti. Það er nú gjarnan svo að hugmyndir um lækkun ríkisútgjalda og breytingar á starfsemi einstakra ráðuneyta eða stofnana stranda á mótstöðu svokallaðra fagráðherra. Þáv. fjmrh. er hins vegar kominn í nokkuð einstaka aðstöðu núna sem fagráðherra að geta framkvæmt þær tillögur sem hann lagði til sem fjmrh. Nú mun á það reyna hvort hann hyggst standa við það eða hvort honum hefur algjörlega snúist hugur. Ég geri ráð fyrir því að það sendiráð sem ég síðast nefndi sé ekki lengur inni í þeirri mynd sem ráðherrann var með hér í haust og ég hygg að ekki þurfi mikla glöggskyggni til þess að sjá hvers vegna.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það er misskilningur ef skilja mátti það af máli hv. fyrirspyrjanda að fallið sé frá þeim hugmyndum um sparnað í starfsemi utanríkisþjónustunnar sem hv. fyrirspyrjandi vitnaði til og hreyft var af fyrrv. fjmrh. Við undirbúning fjárlagafrv. voru af hálfu ráðuneytisins á sl. hausti lagðar fram margvíslegar tillögur um slíkan sparnað. Þar á

meðal var gerð á því úttekt hvaða sparnaði mætti ná, ýmist um lokun sendiráða eða samdrátt í starfsemi sendiráða, tveggja sendiráða á Norðurlöndum, og jafnframt hvernig það fé mundi nýtast betur með öðrum hætti við aukna starfsemi að því er varðar annars vegar Evrópubandalag og hins vegar Austur-Asíu. Jafnframt voru undirbúnar tillögur um annan umtalsverðan sparnað, t.d. í sambandi við lögreglu- og tollstjóraembætti á Keflavíkurflugvelli, starfrækslu víkingasveitar o.s.frv. Og í raun og veru fólst í afgreiðslu fjárlaga verulegur sparnaður, á sumum sviðum 30% að raungildi, t.d. að því er varðar starfsemi lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli.

Nú eru byrjaðir fundir með fjmrn. og hæstv. fjmrh. um það að framfylgja stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um frekari samdrátt, sérstaklega að því er varðar útgjöld vegna launa, yfirvinnu, risnu og ferðakostnaðar og utanrrn. hefur þegar lagt fram tillögur um sparnað á þeim sviðum einum saman, sem eru um 5,6% af útgjöldum þessa ráðuneytis og eru upp á 10,8 millj. fyrir utan þann sparnað sem verið er að útfæra að því er varðar rekstur lögreglustjóra- og tollstjóraembættisins.

Að því er varðar breytingar á starfsemi sendiráða liggja fyrir álitsgerðir og drög, áætlanir um þann sparnað sem ná mætti fram, sem eru að vísu ekki í aðalatriðum sparnaðartillögur. Þær eru tillögur um það að draga saman útgjöld á sumum svæðum, en verja þeim aftur til þess að auka starfsemi á öðrum sviðum. Þessar tillögur eru til vinnslu, en það var mat manna á sl. hausti miðað við hversu lítill tími var til stefnu við afgreiðslu fjárlaga að þær þyrftu nánari undirbúnings við, m.ö.o. að það þyrfti að endurskoða starfsemi utanríkisþjónustunnar í heild áður en þeim yrði hreyft með formlegum hætti. Og það er sú vinna sem nú fer fram, en það hefur engu verið gleymt í þessum tillögum, enda eru þær á góðum vegi.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu en mig langaði til vegna orða bæði fyrirspyrjanda og svo síðar vegna svara hæstv. utanrrh. að varpa þeirri spurningu fram við hæstv. ráðherra hvort það hafi verið rangt skilið að hann hafi að mig minnir á sl. hausti látið þau orð falla að það ætti að leggja niður, að hans mati, tvö sendiráð á Norðurlöndunum. Ég man ekki alveg nákvæmlega hvaða sendiráð hæstv. ráðherra tiltók. Er það hugsanlega liður í stefnumörkun núverandi ríkisstjórnar og samdráttaraðgerðum að leggja niður tvö sendiráð á Norðurlöndunum? Þá væri fróðlegt að vita hvort hæstv. ráðherra hafi einnig haft í hyggju þegar hann var fjmrh. að leggja niður sendiráðið í París. Ég varpa þessu svona fram og vildi gjarnan fá svar við þessu.

Svo er það önnur spurning sem væri fróðlegt að fá svar við. Það er ágætt að vera með hugrenningar og vísindalegar athuganir og rannsóknir og skýrslugerðir í ráðuneytunum, en hvað hefur hæstv. utanrrh. gert raunhæft í sambandi við vandamál í útflutningi saltfisks? Nú vitum við það, hv. þm., að Evrópubandalagið er að þrengja mjög að mörkuðum Íslendinga, m.a. með því að minnka svokallaða frjálsa kvóta fyrir innflutning á saltfiski frá þriðja ríki, þ.e. ríkjum utan bandalagsins. Það er verið að þrengja þessa kvóta mjög mikið á sama tíma og verið er að hækka tolla. Hvað hafa utanrrn. og hæstv. utanrrh. gert raunhæft í því að tryggja stöðu Íslendinga gagnvart þessari þróun?

Fyrirspyrjandi (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég vakti athygli á því í mínu innleggi hér áðan að það lá fyrir á blaði frá hæstv. þáv. fjmrh., núv. utanrrh., tillaga um að kanna hvort ekki ætti að loka sendiráðunum í Osló, Stokkhólmi og París, en efla starfsemi annars staðar. Ráðherrann hefur raunverulega engu svarað um, hvort það er enn þá hans stefna. Hann vefur þetta inn í almennar athugasemdir um þetta mál og auðvitað er kannski allt gott um það og ágætt að athuga hvort eigi að stofna sendiráð í Japan eða í Kína jafnvel og allt gott um þennan sparnað hjá lögreglustjóranum í Keflavík. Það er hins vegar ekki það sem ég er að spyrja um. Ég var að spyrja um það hvort ráðherrann ætlaði að halda fast við þær hugmyndir sem hann hafði í haust um þessi þrjú sendiráð. Því hefur hann ekki viljað svara eins og ég benti á. Að því er varðar sendiráðið í París er harla augljóst hvers vegna hann svarar því ekki.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég skil nú ekki þessi önugheit hv. fyrirspyrjanda og tel að þau svör sem hann hefur fengið séu fullnægjandi. Svarið er það að það er rétt sem hv. fyrirspyrjandi sagði. Þessum tillögum sem hann las af minnisblaði úr fjmrn. hafði verið hreyft. Þessar tillögur höfðu verið unnar frekar þegar undirritaður kom í utanrrn. Þannig liggja fyrir athuganir á því hverju mætti fá áorkað í sparnaði, annars vegar við það að loka tilteknum sendiráðum, hins vegar að draga saman segl í þeim. Þetta er hins vegar ekki sparnaðartillaga fyrst og fremst, heldur er þetta spurning um það að nýta þá fjármuni betur með öðrum hætti.

Niðurstaðan varð sú að því er varðar breytingar á utanríkisþjónustu, og það er meginkjarni míns svars, að það mál verður skoðað í heild sinni áður en lagðar verða fram einstakar tillögur um breytingar að því er varðar einstök sendiráð. M.ö.o.: framkvæmd á slíkum tillögum er ekki tímabær að svo stöddu. Það er unnið að heildarendurskoðun á hlutverki og starfsemi utanríkisþjónustunnar.

Að því er varðar svo óskylt mál, hvað gert hafi verið raunhæft af hálfu utanrrn. að því er varðar þau vandamál sem við stöndum frammi fyrir varðandi útflutning á saltfiski til Spánar og Portúgals eða Efnahagsbandalagsríkja, þá er ekki unnt að svara því af öðru tilefni nema í lengra máli. Ég vil þó taka fram að þessi mál hafa verið rædd af minni hálfu mjög rækilega við utanrrh. Spánar og Portúgals og reyndar

við utanrrh. Frakka mjög nýlega. Sjútvrh. á fund í byrjun næsta mánaðar með framkvæmdastjóra sjávarútvegsmála innan Evrópubandalagsráðsins, European Commission, núna í byrjun mars. Ég hef haft náið samstarf um þetta við framkvæmdastjóra og stjórnarformenn Sambands ísl. fiskframleiðenda og hafði m.a. með mér í för til viðræðna við utanríkisráðherra þessara landa Magnús Gunnarsson framkvæmdastjóra. Við höfum sent þeim álitsgerðir nákvæmlega um óskir okkar og vilja til breytinga í þessu efni og eftir að fréttir bárust af breytingum á kvótaskipan núna hafa bæði forsrh. og utanrrh. skrifað beint utanríkisráðuneytum þessara landa, komið á framfæri andmælum, tillögum okkar um breytingar og rökum okkar fyrir því. Árangur liggur ekki fyrir og getur ekki legið fyrir snemmendis, það liggur alveg ljóst fyrir, en það er mesti misskilningur ef menn halda að menn hafi sofið á verðinum í þessu máli.

Endurskoðun laga um Seðlabanka Íslands, ein umr.

Fsp. GHH, 226. mál. — Þskj. 413.

Fyrirspyrjandi (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég lagði fram fsp. í byrjun janúar um viðhorf viðskrh. til endurskoðunar á lögum um Seðlabankann í tilefni af því að hæstv. utanrrh. og formaður Alþfl. lét ákveðin ummæli falla í áramótagrein sinni um nauðsyn þess að endurskoða bankann. Auðvitað er það þannig þegar formaður í stjórnmálaflokki, einn af áhrifamestu mönnunum í ríkisstjórninni, lætur orð falla um stofnanir sem heyra undir annað ráðuneyti að eðlilegt er að það sé spurt um viðhorf viðkomandi fagráðherra á því máli og hvort hann hyggist taka mark á þeim ábendingum sem í þessu tilfelli formaður hans flokks hefur komið með.

Ég hafði reyndar hugsað mér að orða þessa fsp. eilítið öðruvísi, þ.e. hvort viðskrh. hygðist beita sér fyrir endurskoðun laganna í tilefni af þessum ummælum, en það varð að samkomulagi með okkur forseta að fsp. yrði eilítið breytt. Því er hún svo sem hér segir, með leyfi forseta:

„Er viðskrh. samþykkur þeirri yfirlýsingu formanns Alþýðuflokksins í áramótagrein hans að „ferill Seðlabankans í íslenskri peningamálastjórn sé orðinn slíkur að ekki verði lengur hjá því komist að taka starfsemi bankans til gagngerrar endurskoðunar; við þurfum nýja löggjöf um Seðlabankann þar sem hlutverk hans og valdsvið verði þrengt og honum fengin forusta á faglegum grundvelli"?

Hyggst viðskrh. beita sér fyrir endurskoðun laga um Seðlabanka Íslands af þessu tilefni?"

Nú er það að vísu svo, virðulegi forseti, að það er í raun búið að svara þessari fsp. Það var gert með frv. sem hér var lagt fram til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands sem hæstv. viðskrh. flutti. Þar eru ýmsar breytingar lagðar til á lögunum um bankann. Hins vegar ekkert af því sem hæstv. utanrrh. hefur verið að tala um og hefði mátt ætla að í fælist ákveðin pólitísk stefnumörkun a.m.k. af hálfu Alþfl. Það má því segja að viðskrh. hafi svarað með verkum sínum fsp. sem hér er til meðferðar, enda segir í tilvitnuðum ummælum utanrrh. að hlutverk Seðlabankans og valdsvið hans verði að þrengja. Hins vegar er ljóst að í nýjum efnahagsráðstöfunum ríkisstjórnarinnar segir beinlínis, með leyfi forseta, í ræðu forsrh.: „Seðlabankinn mun óhjákvæmilega gegna lykilhlutverki í framkvæmd stefnu ríkisstjórnarinnar í peninga- og vaxtamálum."

Þessir tveir ráðherrar, hæstv. forsrh. og hæstv. viðskrh., hafa raunverulega svarað í verki minni fsp., en ég tel engu að síður eðlilegt að viðskrh. fái tækifæri til að gera það hér úr ræðustól sömuleiðis.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Í raun og veru tók fyrirspyrjandinn af mér ómakið. Það væri betur að fleiri sem spurningar bera upp í þessum sal svöruðu þeim sjálfir því svar mitt við fsp. hv. 17. þm. Reykv. á þskj. 413 kemur auðvitað fram í frv. til breytinga á lögum um Seðlabanka Íslands sem nú er til meðferðar í Ed. Alþingis. Þar eru gerðar tillögur um þær breytingar sem ég tel að svo stöddu að gera þurfi á lögunum um Seðlabanka Íslands. En auðvitað er það rétt að engin stofnun er eilíf, ekkert stjórnarfyrirkomulag er tilgangur í sjálfu sér, þess vegna hollt að menn velti því jafnan fyrir sér hvort eitthvað megi þar betur fara. En til að gera langt mál stutt er svarið fengið í því frv. sem liggur fyrir þinginu.

Fyrirspyrjandi (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Það fór sem mig grunaði að ráðherrann telur að málinu sé svarað með þessu frv. og hvað stendur þá upp úr af þessu litla máli? Það stendur það upp úr að það var ekkert að marka það sem stóð í áramótagrein hæstv. formanns Alþfl. og utanrrh. Það var ekkert í henni sem viðskrh. flokksins gat fengið sig til þess að taka með í þá lagabreytingu á seðlabankalögunum sem hann hefur lagt hér fram. M.ö.o.: þetta var allt tóm markleysa og eintóm vitleysa væntanlega.

Ég hygg að það sé sjaldgæft, þó það hafi að vísu nokkrum sinnum komið fyrir á núverandi þingi, að ráðherrar geri aðra ráðherra svona ómerka orða sinna ef ég mætti orða það svo, taki jafnlítið mark á því sem aðrir ráðherrar segja um málefni viðkomandi ráðherra og hér er um að ræða. Ég tel hins vegar fulla ástæðu til að vekja athygli á því að viðskrh. hefur með þessu frv. sínu og með því sem hann hér sagði lýst því yfir óbeint að yfirlýsingar utanrrh. um Seðlabankann í áramótagrein hafi verið marklausar með sama hætti og hann lýsti því yfir að yfirlýsingar sama ráðherra um starfsmenn bankans sem voru til umræðu í síðustu viku hafi verið marklausar. Ég tel að það sé fengur að því fyrir þingmenn og fyrir þjóðina að fá þetta staðfest.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Bara örstutt athugasemd. Ég bendi hv. 17. þm. Reykv. á það í allri vinsemd að hann hefur dregið allt of víðtækar ályktanir af því svari sem hér var gefið við hans beinu fsp. Eins og kom glöggt fram í því sem ég sagði rétt áðan liggur að svo stöddu ekki annað fyrir um breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands en þær tillögur sem ég hef flutt hér í þinginu, en það breytir því ekki að það er nauðsynlegt að menn hugsi á hverjum tíma um grundvallaratriði í skipulagi stofnana eins og Seðlabankans og velti því fyrir sér hvað má þar betur fara. Ég skil orð hæstv. utanrrh. einmitt í þeim anda. Ég leyfi mér líka að minna hv. þm. á að sennilega er ekki líflegri umræða um hlutverk Seðlabankans innan annarra flokka en einmitt Sjálfstfl. Ég veit að hv. þm. kannast mjög vel við málið og harma að enn skuli nú fjarstaddur 8. þm. Reykv. hv. sem mjög hefur látið sér annt um málefni Seðlabankans þannig að þeir gætu skipst hér á skoðunum, hv. 17. og hv. 8. þm. Reykv.

Fyrirspyrjandi (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Hér er enn á ný verið að reyna að færa umræður um þessa stofnun inn á brautir sem ekki eru viðeigandi. Menn geta haft fullkomlega eðlileg og lögmæt rök fyrir þeirri skoðun að við eigum ekki að hafa neinn Seðlabanka. Sú skoðun jafngildir að vísu því að við eigum þá ekki að hafa neina íslenska krónu, en fyrir henni má færa rök. Það er auðvitað allt annað mál en það sem ég hef hér verið að spyrja um.

Ég hef verið að spyrja um hvort ætti að taka mark á því sem annar valdamesti ráðherrann í ríkisstjórninni hefur sagt um málefni þessarar stofnunar. Það vill þannig til að hinir flokksformennirnir sem sitja í ríkisstjórninni, formaður Framsfl. og Alþb., hafa margítrekað látið í ljós svipaðar skoðanir á starfsemi þessarar stofnunar og þessa banka. Þess vegna hefði maður ekki haldið að hann hefði neinni sérstakri andstöðu að mæta innan ríkisstjórnarinnar þegar hann fjallar um þessi mál nema þá hjá hæstv. viðskrh.

Ég tel að það sé búið að staðfesta að þegar utanrrh. fjallar um málefni þessarar stofnunar eigum við almennt ekki að taka mark á því og ég biðst undan því að slíkum ummælum ráðherra og ráðandi manna sé blandað við umræður á akademísku plani, hvort sem það er innan Sjálfstfl. eða annars staðar, um hvort það sé yfirleitt þörf fyrir þessa stofnun eða ekki. Meðan hún er starfandi verða menn að gera svo vel að tala um hana af nokkurri ábyrgð þannig að mark sé á takandi.

Meðlög, ein umr.

Fsp. GHH, 252. mál. — Þskj. 463.

Fyrirspyrjandi (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég leyfði mér að bera fram fsp. til félmrh. um málefni sem kannski strangt tekið heyrir undir heilbr.- og trmrh., en það var að vísu með vilja gert því mig langaði að fá fram viðhorf félmrh. Hér er um að ræða málefni sem er félagslegs eðlis að hluta til. En fsp. gengur út á það, virðulegi forseti, hvort félmrh. hafi í hyggju að beita sér fyrir breytingum á lögboðinni fjárhæð meðlaga þannig að þau endurspegli betur raunverulegan kostnað við framfærslu barna.

Hér er um að ræða málefni sem mjög margir eru kunnugir af ýmsum ástæðum. Félag einstæðra foreldra hefur tvívegis gert könnun á framfærslukostnaði barna, síðast árið 1987 og sömuleiðis fjórum árum áður ef ég man rétt. Í báðum þessum könnunum kom fram að hið lögboðna meðlag væri verulega lægra en helmingur framfærslukostnaður barns og var það eitthvað breytilegt eftir aldri barna og þeim forsendum sem gefnar voru í hverju tilfelli.

Nú er mér ljóst að hér er ekki um sérstaklega einfalt mál að ræða og mörg sjónarmið sem þarna koma við sögu, en ég held að það sé fróðlegt að fá vitneskju um viðbrögð félmrh. við þessu máli og hvort hæstv. ráðherra hyggst beita sér fyrir einhverjum breytingum þó svo að það yrði þá væntanlega að vera flutt af öðrum ráðherra.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Geir H. Haarde hefur beint til mín ákveðinni fsp. um hvort ég hafi í hyggju að beita mér fyrir breytingum á lögboðinni fjárhæð meðlaga þannig að þau endurspegli betur raunverulegan kostnað við framfærslu barna. Mér er ljúft að svara þessari fsp. þó, eins og fram kom í máli fyrirspyrjanda, að ákvörðun um meðlagsgreiðslur falli ekki undir mitt embætti sem félmrh. heldur fellur þetta mál undir verksvið heilbr.- og trmrh.

Í almannatryggingalögunum nr. 67/1971 er kveðið á um hver meðlög skuli vera. Skv. 73. gr. laganna skulu meðlög vera innan marka fjárhæðar sem ákveðin er í 14. gr. laganna, þ.e. þau miðast við upphæð barnalífeyris. Í 70. gr. almannatryggingalaganna er kveðið á um að verði breyting á vikukaupi í almennri verkamannavinnu skuli ráðherra, þ.e. heilbr.- og trmrh., þá innan sex mánaða breyta upphæðum bóta samkvæmt lögum og það eigi eins við um bætur skv. 73. gr., en eins og ég hef tekið fram heyrir fjárhæð meðlaga undir heilbr.- og trmrh.

Í stjórnarsáttmála er kveðið á um að endurskoðun laga um almannatryggingar verði lokið á árinu 1989. Meðlagið er nú 5865 kr. á mánuði með einu barni og hækkaði síðast í júlí úr 5332 kr. í þessar 5865 kr.

Ég vil segja það sem mína skoðun að hér er vissulega ekki um háar fjárhæðir að ræða og hlýtur þetta að koma til sérstakrar athugunar við endurskoðun almannatryggingalaganna. Á hinn bóginn tel ég þó rétt að taka fram, þannig að það sjónarmið komi einnig fram í þessari umræðu, að þó upphæðirnar séu ekki háar eru þær oft þungar fyrir þá meðlagsgreiðendur sem þurfa að inna þær af hendi, sérstaklega þegar um er að ræða meðlagsgreiðslur með fleiri en einu barni og meðlagsgreiðandinn hefur e.t.v. fyrir öðru heimili að sjá. Ég tel rétt, þó ég taki ekkert sérstaklega undir þessa skoðun, að þetta sjónarmið komi líka inn í þessa umræðu.

Eins og nú er fylgja hækkanirnar á meðlögunum breytingu á kaupi, en ég tel rétt að kanna sérstaklega hvort ekki væri réttara að miða meðlagsgreiðslurnar við framfærslukostnað og tengdust þær þá vísitölu framfærslukostnaðar. Þetta er mitt persónulega mat. Ekki hefur verið fjallað um þetta enn í ríkisstjórninni þar sem heildarendurskoðun almannatryggingalaganna fer nú fram á vegum heilbrmrn., en ég mun taka þetta mál sérstaklega upp við hæstv. heilbr.- og trmrh.

Fyrirspyrjandi (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir hennar greiðu svör í þessu máli, sem kannski strangt tekið heyrir ekki alveg undir hana nema óbeint þá, og ég fagna því að hún skuli taka því eins og raun ber vitni. Ég held að það sé ljóst og það þekkja auðvitað margir að sú fjárhæð sem nefnd var í svari ráðherra, 5865 kr., hrekkur ekki langt til framfærslu barna. Gagnsjónarmiðið er svo það, sem ráðherrann vakti athygli á, að greiðsla meðlaga, ekki síst ef um er að ræða fleiri en eitt eða tvö börn, getur verið greiðanda þeirra þung í skauti. Ég tel hins vegar að það sjónarmið sé víkjandi í þessu máli. Ég tel að það sjónarmið sem fyrst og fremst ber að hafa í huga sé hvað framfærandi barnsins þarf að leggja í mikinn kostnað við framfærslu þess og að báðir foreldrarnir, þó svo að þeir búi ekki saman, bera þar jafna ábyrgð.

Nú koma að vísu aðrir hlutir inn í þessa mynd eins og barnabætur til einstæðra foreldra, sem eru helmingi meiri en til annarra, og hugsanlega fleiri greiðslur úr almannatryggingakerfinu. Hins vegar vita flestir að framfærslubyrði einstæðra mæðra, eða einstæðra feðra eftir atvikum, er oft svo þung að jafnvel foreldrar viðkomandi verða að koma þar til skjalanna, jafnvel þó að um það séu mörg dæmi að greiðendur meðlaga greiði sjálfviljugir hærri fjárhæðir til framfærslu barna sinna en áskilið er í lögum og er það vitaskuld jákvætt.

Ég skal ekki lengja þetta frekar, virðulegi forseti. Ég vona að félmrh. taki þetta mál upp, eins og hún hefur gefið fyrirheit um, í tengslum við endurskoðun almannatryggingalaganna og það verði þá litið á þetta mál frá grunni en ekki eingöngu með hliðsjón af því hvernig kauplag í landinu hefur hækkað heldur verður að endurskoða þennan grunn sjálfstætt með tilliti til þeirra fjölmörgu sjónarmiða sem ég hef rétt gripið hér á.

SAMEINAÐ ÞING

43. fundur, fimmtudaginn 16. febr., að loknum 42. fundi.

Umhverfisráðuneyti, fyrri umr.

Þáltill. KH o.fl., 150. mál. — Þskj. 159.

Flm. (Kristín Halldórsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um umhverfisráðuneyti sem er á þskj. 159 og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að stofnað verði sérstakt ráðuneyti umhverfismála sem fari með:

a. rannsóknir og stjórn náttúruauðlinda,
b. náttúruvernd,
c. umhverfisfræðslu,
d. skipulagsmál,
e. mengunarvarnir og
f. alþjóðleg samskipti um umhverfismál.

Undir þetta ráðuneyti verði fluttar stofnanir eða deildir sem nú starfa á þessum sviðum undir stjórn ýmissa ráðuneyta. Stefnt skal að setningu löggjafar um yfirstjórn umhverfismála fyrir lok yfirstandandi þings."

Þessa tillögu flytja með mér hv. þingkonur Danfríður Skarphéðinsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir og Þórhildur Þorleifsdóttir.

Ég vil í upphafi máls míns fagna því að hæstv. menntmrh. er viðstaddur, einn af fáum, en sakna fleiri ráðherra og þá sérstaklega hæstv. forsrh. og vildi beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forseta hvort hann sé í húsinu og hvort hægt væri að gera honum viðvart um þessa umræðu því að það væri vissulega áhugavert að heyra hans álit á þessu máli. — Ég beindi þeirri spurningu til hæstv. forseta hvort hæstv. forsrh. væri í húsinu og hvort hægt væri að gera honum aðvart um þessa umræðu svo að hann gæti fylgst með henni og látið álit sitt í ljósi. (**Forseti:** Hæstv. forsrh. mun ekki vera í húsinu, en ég mun gera tilraun til þess að fá hann hingað.) Ég þakka fyrir það.

Ég las hérna upp þær sem eru meðflytjendur þessarar tillögu, en raunin er sú að mestan heiðurinn af mótun tillögunnar og meðfylgjandi greinargerðar á hins vegar varaþingkona Kvennalistans, Sigrún Helgadóttir, sem er sérfróð um umhverfismál og sennilega betur að sér um þau málefni en flestir aðrir Íslendingar. Það ber því sérstaklega vel í veiði að hún situr nú á þinginu í stað hv. 12. þm. Reykv. Kristínar Einarsdóttur og því hæg heimatök að leita til hennar um ýmsar útskýringar sem hún er að sjálfsögðu færari um að veita en sú sem hér stendur og hefur ekki mikið annað við að styðjast en brjóstvit og einlægan áhuga náttúruunnandans.

Ég hef lengi átt mér þann draum, sem ég tel fyllilega raunhæfan, að við Íslendingar getum verið

fyrirmynd annarra þjóða um verndun náttúrunnar og leiðandi í sókn til betra mannlífs í sátt við umhverfið. Mér finnst við hafa til þess alla burði og aðstæður, en skilningur og vilji verður auðvitað að vera fyrir hendi og slík sókn verður að vera markviss og skipulögð til að skila árangri.

Fyrir fimm árum eða nánar tiltekið 31. jan. 1984 svaraði hv. 1. þm. Vesturl. Alexander Stefánsson, sem þá var félmrh., fyrirspurn minni varðandi umhverfismál. Tilgangurinn með þeirri fyrirspurn var að ýta á eftir efndum fyrirheits þáv. ríkisstjórnar um flutning frv. um skipan umhverfismála í stjórnsýslunni. Um þetta efni spunnust góðar umræður með þátttöku fulltrúa allra þingflokka utan eins, held ég að ég megi segja, og allir lýstu sérstökum áhuga á þessum málum og hve brýna nauðsyn bæri til að koma þeim í gott horf. Allir virtust á einu máli um nauðsyn samræmingar þar sem tvístrun þessara mála í hin ýmsu ráðuneyti væri til mikillar óþurftar og stæði þessum málaflokki fyrir þrifum. Páv. hæstv. félmrh. lofaði stjfrv. á því þingi og ekki seinna en í mars, eins og hann orðaði það. Það leit þó aldrei dagsins ljós og sú bjartsýni sem fyllti hug minn við þessar ágætu umræður hér í Sþ. þennan dag fyrir rúmum fimm árum dofnaði smám saman og varð raunar að algerri svartsýni eftir því sem ég kynntist betur umfjöllun á þessu málefni. Það vantar reyndar ekki að um þau er töluvert fjallað og reyndar í vaxandi mæli hér á Alþingi og er skemmst að minnast umræðna á fyrri fundi hér í dag þar sem a.m.k. fjórar fyrirspurnir gáfu tilefni til mjög góðrar umræðu um umhverfismálefni. Það er vel, en væri nú óskandi að meiri athafnir fylgdu öllum þessum orðum.

Nokkrar tillögur hafa verið samþykktar hér á síðustu árum um einstaka þætti umhverfismála, þar af þrjár að frumkvæði Kvennalistans. Hin fyrsta var samþykkt vorið 1986 þar sem samgrh. var falið að láta gera úttekt á ferðaþjónustu í landinu og gera tillögur til úrbóta, en tilgangurinn, eins og fram kom í greinargerðinni og umræðum, var fyrst og fremst sá að auðvelda fólki að ferðast um landið og skoða það og njóta þess án þess að vinna á því spjöll. En það er því miður mála sannast að þess hefur ekki verið gætt sem skyldi og margar af okkar dýrmætustu náttúruperlum eru beinlínis í hættu vegna óhóflegs ágangs ferðamanna. Nægir að nefna staði eins og Dimmuborgir, Landmannalaugar, Þórsmörk og jafnvel fleiri sem dæmi um það. Því miður hefur þessi ályktun aðeins verið framkvæmd að hálfu þrátt fyrir eftirrekstur.

Á sl. ári var að frumkvæði Kvennalistans samþykkt ályktun sem fól ríkisstjórninni að undirbúa frv. til l. um framleiðslu, innflutning og notkun einnota umbúða hér á landi, en afar brýnt er að fá löggjöf um þessi efni og raunar hefði verið best ef við hefðum vaknað í tíma og haft manndóm í okkur til að banna slíkar umbúðir sem óprýða og menga óspart og e.t.v. ættum við eftir sem áður að gera það. Því miður hefur þessi tillaga heldur ekki verið framkvæmd þrátt fyrir einróma samþykkt Alþingis.

Loks er svo tillaga okkar um eflingu og samræmingu umhverfisfræðslu í skólum og á meðal almennings sem samþykkt var á Alþingi 20. des. sl. og því ekki tímabært að lofa eða lasta framkvæmd hennar, en ég vil sannarlega vænta þess að sú ályktun verði ekki látin rykfalla því fræðsla og þekking er vitanlega grunnurinn undir öllum framförum og úrbótum í umhverfismálum.

Ég hef aðeins nefnt þær ályktanir Kvennalistans sem samþykktar hafa verið, en auk þess höfum við oft fjallað um umhverfismál eða eitthvað þeim tengt í umræðum. Við höfum gert fyrirspurnir og tillögur og fleiri slíkar eiga eftir að líta dagsins ljós. Ýmsir þingmenn aðrir hafa sýnt þessum málaflokki verðugan áhuga þótt ég ætli ekki að nefna nein nöfn eða tíunda þeirra framlag, en það er umhugsunarefni að allur sá áhugi sem virðist fyrir hendi á þessum málum skuli ekki hafa nýst til meiri framfara á þessu sviði. Það skyldi þó aldrei vera að það hefði eitthvað með hin margræddu efnahagsmál að gera og það verðmætamat sem er ríkjandi í þjóðfélaginu.

Eitt af því sem stendur úrbótum í þessum málum fyrir þrifum er skortur á samræmdri löggjöf og samræmdri yfirstjórn umhverfismála og um það eru mjög margir sammála. Í meira en áratug hefur hver atrennan af annarri verið gerð í þá veru að samræma og skipuleggja stjórn umhverfismála, en allt komið fyrir ekki. Margir hv. þm. og margir sem hér eru inni þekkja þessa sögu. Hún er m.a. rakin í greinargerð á þskj. 431, en þar er að finna frv., eitt af mörgum sem samin hafa verið, um samræmda stjórn umhverfismála. Þetta frv. var samið fyrir síðustu ríkisstjórn en varð ekki flutt áður en upp úr því samstarfi sauð. Þetta frv. er nú flutt af sjö þingmönnum Sjálfstfl., örlítið breytt frá því sem unnið var fyrir ríkisstjórnina en þó í mjög litlu og sem sjá má ef menn bera saman þessi tvö þingmál, þ.e. þetta frv. og þáltill. sem kvennalistaþingkonur flytja, ber þar talsvert á milli. Við fáum vonandi tækifæri bráðlega til að ræða það frv. og ætla ég ekki að verja naumum tíma í það núna, en í greinargerð með þessu frv. kemur m.a. fram að alls hafa verið samin a.m.k. fjögur heildstæð frumvörp um yfirstjórn umhverfismála, en aðeins tvö þeirra verið lögð fram á Alþingi og annað þeirra reyndar oftar en einu sinni.

Auk þess hafa verið fluttar nokkrar þáltill. um stjórn umhverfismála, mismunandi rækilega útfærðar, og allan þennan tíma, þ.e. síðustu 10–15 árin, hafa stjórnmálaflokkar og ríkisstjórnir lofað öllu fögru um aðgerðir. Ástæðan fyrir því að hvorki gengur né rekur í þessu efni er sú að skoðanir eru skiptar um framkvæmd málsins og skrefin eru svo feikilega misstór sem menn eru tilbúnir að stíga. Reyndar er það okkar skoðun, sem flytjum þessa tillögu, að tregðan sé ekki fyrst og fremst hjá stjórnmálamönnum heldur í kerfinu sjálfu. Umhverfismál falla að einhverju leyti undir flestöll ráðuneytin og enda þótt flestir viðurkenni óhagræði þess er tregðulögmálið ótrúlega seigt og virkt. Sem dæmi má nefna mengunarmál.

Nú er unnið að mengunarvörnum hjá mengunarvarnadeild Hollustuverndar ríkisins, Geislavörnum ríkisins og eiturefnanefnd sem heyra undir heilbrmrn., hjá Siglingamálastofnun sem heyrir undir samgrn. og þau heyra einnig undir utanrrn. sem hefur með að gera mengun frá hernum. Þegar sett voru lög um varnir gegn mengun sjávar árið 1986, ég held að ég muni það rétt, reyndum við kvennalistakonur að sannfæra þingheim um gildi þess að nýta það tækifæri til að samræma stjórnun mengunarvarna og færa undir einn hatt, þ.e. mengunarvarnadeild Hollustuverndar, og bentum á það sem fyrsta skref í átt til þeirrar samræmingar í stjórn umhverfismála sem koma skyldi. Á það vildi þingheimur því miður ekki fallast svo að enn eru varnir gegn mengun sjávar hjá Siglingamálastofnun.

Það má benda á að ef herinn skyldi menga vatn á einhverri heiðinni okkar og mengunin bærist þaðan út í á og áfram út í sjó kynni það að koma til kasta a.m.k. þriggja ráðuneyta, þ.e. utanrrn., heilbrmrn. og samgrn. Það er eitthvert vit í þessu eða hitt þó heldur. En svona er þetta með íhaldssemina. Hún ríður ekki við einteyming.

Ég á örlítið mál eftir, en ég skal stytta það mjög og vera þá þeim mun gagnorðari síðar, ef forseti leyfir. (**Forseti:** Það er sjálfsagt og ég vil benda þingmanninum á að hann má tala tvisvar.) Það er nefnilega það. Ég var eiginlega ekki búin að átta mig á hvað ég var margorð og verð þá væntanlega að hlíta úrskurði forseta. (**Forseti:** Þingmaðurinn má ljúka máli sínu.) Takk fyrir. Ég skal reyna að vera mjög stuttorð.

En við kvennalistakonur höfum alveg frá upphafi verið þeirrar skoðunar að það sé nauðsynlegt að stofna sérstakt ráðuneyti umhverfismála og sú skoðun hefur margsinnis komið fram í umræðum á Alþingi og var m.a. einn af áherslupunktunum í þeim stjórnarmyndunarviðræðum sem við tókum þátt í eftir síðustu kosningar. Sú ríkisstjórn sem nú situr hefur sem hinar fyrri haft góð orð um nauðsyn þess að samræma yfirstjórn umhverfismála og e.t.v. er hún eitthvað ögn líklegri til að standa við þau orð en hinar fyrri ef henni endist líf og heilsa og þess vegna hefði ég einmitt svo gjarnan viljað hafa hér fleiri hæstv. ráðherra viðstadda til að heyra þeirra álit á þessu máli. Ég þekki nokkuð álit hæstv. menntmrh., sem sýnir þá virðingu að vera viðstaddur umræðuna, en það hefði verið mjög áhugavert að fá frekara innlegg frá ráðherrum annarra flokka sem standa að þessari ríkisstjórn.

En allt um það þótti okkur nú tímabært að birta á þingskjali útfærðar hugmyndir okkar um skipan umhverfismála og þær er að finna á þskj. 159. Tillagan sjálf er ekki ýkja orðmörg, en greinargerðin er ítarleg og upplýsandi um það hvernig við hugsum okkur framkvæmd þessara mála.

Ég vil aðeins að lokum, án þess að reyna um of á þolinmæði hæstv. forseta, nefna það að okkur til mikillar ánægju hefur þessi tillaga, sem reyndar hefur legið fyrir síðan í fyrri hluta desember, þegar vakið töluverð viðbrögð og yfirleitt mjög jákvæð. Við höfum fengið nokkrar ábendingar um breytingar sem við viljum gjarnan taka til greina, en þær varða fyrst og fremst það sem fram kemur í greinargerðinni og skipta sannarlega máli við setningu löggjafar sem við leggjum til að verði fyrir lok yfirstandandi þings. Það eru einkum tvö atriði. Í fyrsta lagi að Náttúrufræðistofnun heyri öll undir umhverfisráðuneyti, bæði rannsóknarstarfsemi og safnið en ekki aðeins rannsóknarstarfsemi eins og gert er ráð fyrir í greinargerðinni, og í öðru lagi viljum við skíra jarðefna- og orkudeild upp á nýtt og gera hana að jarð-, veður- og orkudeild og láta Veðurstofu Íslands með allri sinni starfsemi heyra undir þá deild. Við gerum okkur auðvitað ljóst að hér er um miklar breytingar á stjórnsýslunni að ræða sem kallar á enn frekari uppstokkun. T.d. eru hugmyndir um það í okkar röðum að sameina atvinnumálaráðuneytin þrjú í eitt atvinnumálaráðuneyti sem væri að mörgu leyti eðlileg skipan, en við teljum nauðsynlegt að stíga þetta skref í nýskipan umhverfismála af fullri dirfsku.

Um frekari skýringar vísa ég þá til hv. 12. þm. Reykv. Sigrúnar Helgadóttur, en að lokinni þessari umræðu legg ég til að till. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Sigrún Helgadóttir:

Virðulegi forseti. Ef horft er til aldurs móður jarðar, jafnvel þótt aðeins sé tekið mið af tíma þróunar mannsins á jörðinni, er örskotsstund síðan við áttuðum okkur á að jörðin hefur takmarkaða stærð og hver auðlind hennar er aðeins til í takmörkuðu magni. Jafnhliða því sem þessi sannleikur hefur verið að renna upp fyrir okkur hafa lög og reglur verið sett um umgengni fyrir hverja auðlind fyrir sig, gróður, dýr, land, haf, námur, loft, vatn, orku o.s.frv.

Nú hefur þekkingaröflunin borið okkur á þann stað að við gerum okkur grein fyrir að jörðinni er ekki þannig skipt niður í afmörkuð hólf heldur myndar hún eina samfellda heild, er eins og einn stór líkami. Líkamar eru m.a. höfuð, búkur og útlimir, lungu, lifur, hjarta og magi og öll verða þessi líffæri að vinna saman. Veikist eitt hefur það áhrif á allan líkamann. Og sé eitt hinna mikilvægu líffæra fjarlægt deyr líkaminn þótt öll önnur líffæri séu heil. Það er skemmtilegt og reyndar líka lærdómsríkt að viðurkenna að nú eru vísindamenn með rannsóknum sínum og vísindalegum aðferðum að uppgötva sannleikann í trú þeirra þjóða sem við höfum stundum kallað frumstæðar, m.a. vegna þess að þær trúðu ekki eins og við gerum á karl í líki anda heldur trúðu á konu í líki efnis, trúðu að jörðin væri lifandi, væri hin mikla móðir alls sem öllu réði og hana bæri að umgangast með lotningu og virðingu samkvæmt því. Um leið og vísindamenn eru þannig að átta sig á því að jörðin er ein heild þar sem allt er öðru háð sjá þeir líka að við mennirnir höfum leikið grátt móður okkar, jörð.

Það eru hátt í 500 ár síðan það var ótvírætt sannað að jörðin er hnöttur og hefur takmarkaða stærð og þó

svo við þekkjum og margsannað hafi verið lögmálið um takmarkaðan vöxt sem gildir um allar heilbrigðar lifandi verur og stofna lífvera, þá virðumst við alls ekki enn skilja þessi lögmál svo vel að við virðum þau heldur göngum við þvert á þau. Þetta virðingar- og skilningsleysi gagnvart náttúrulögmálunum kemur t.d. fram í því að við höldum að við getum endalaust aukið framleiðslu jarðar og að hamingja okkar sé háð auknum hagvexti. Þessi stefna þýðir hins vegar að við göngum stöðugt á þann höfuðstól sem okkur hefur verið úthlutað til ávöxtunar. Við sjáum nú þegar fyrir endann á þeim auðlindum jarðar sem eru óendurnýtanlegar. T.d. endast þær olíulindir sem nú er vitað um í heiminum aðeins í rúmlega 30 ár með sömu notkun og nú er. Um þær auðlindir sem endurnýjanlegar eru göngum við þannig að þær rýrna stöðugt.

Á undanförnum árum hefur á hverju ári svæði á stærð við Ísland breyst úr óendanlega verðmætum regnskógi í dauða eyðimörk. Síðan land byggðist á Íslandi hefur gróður- og jarðvegseyðing numið sem svarar einum fermetra á dag fyrir hvern Íslending sem búið hefur í landinu. Í náttúrunni ríkir lögmálið um hringrásir efna þar sem allt er endurunnið og endurnýtt í ákveðnu jafnvægi og ekkert fer til spillis. Úrgangur úr einum ferli verður hráefni í annan. Við mennirnir virðum ekki þetta lögmál heldur mergsjúgum næringarefni úr jörðinni á einum stað og skilum þeim svo í mengandi magni á öðrum þannig að röskun og eyðilegging hlýst af. Við tökum náttúrleg efni út úr hringrásum og breytum þeim í gerviefni þannig að enginn náttúrlegur ferill ræður við að koma efnum aftur inn í hinar eðlilegu hringrásir. Við sleppum menguninni, gerviefnunum og alls kyns eiturefnum út í umhverfið með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Þessi skaðlegu efni berast um allt, hátt upp í gufuhvolf jarðar sem umlykur og hlífir henni eins og feldurinn hlífir kettinum og þessi efni berast djúpt niður í stóru matarkistuna, hafið, og sytra um jarðveg og grunnvatn. Við eigum ekki lengur sumar af grunnforsendum líkamlegs heilbrigðis, hreint loft og vatn og matvæli án eiturefna.

Sú mynd sem hér er dregin er ekki fögur og margar kvenfrelsiskonur benda á að þetta sé heimur karlveldisins, konur hafi í raun ekki fengið að móta samfélagið um aldir, hvorki sem skipuleggjendur né stjórnendur. Þær hafi lengi vel ekki fengið að fara í skóla og stunda vísindi, þeirra staður var heimilið. Þær skyldu elda mat, halda umhverfinu vistlegu, ala upp börn og sinna öldruðum og sjúkum. Án þessara starfa hefði lífið fljótt orðið óbærilegt öllum þá sem nú. Nú þegar aðeins er að losna um fjötra kvenna flykkjast þær í félög og hópa sem leggja áherslu á frið, umhverfisvernd eða kvenfrelsi. Konur trúa því að fái þeirra gildi og þeirra menning að njóta sín og ráða verði frekar en nú er útlit fyrir hægt að bjarga mannkyni frá glötun. En hér þýðir ekki að skipta mannkyni í fylkingar. Allir verða að hjálpast að, konur og karlar. Því miður eru það enn hörðu gildin sem ráða ferðinni. Margir þeirra sem við stjórnvöl sitja í geimskipinu móður jörð virðast lifa án nokkurra tengsla við jörðina, eru eins og hringsólandi loftsteinar sem meta það mest að leiftra sem skærast eitt andartak í tímans rás um leið og þeir falla, átta sig ekki á því að birta þeirra getur verið feigðarljós og að loftsteinar hafa oft leikið jörðina og lífríki hennar mjög illa og gætu tortímt henni. Sem betur fer er þessi lýsing ekki algild. Karlímynd sagnanna, hinn kaldi grimmi karl er á undanhaldi og það þykir ekki lengur nein skömm að því fyrir nútímakarlmanninn að sinna heföbundnum kvennastörfum. Þótt okkur konum þyki hægt ganga verður ekki á móti því mælt að karlar eru í auknum mæli að taka á sig ábyrgð heimilisstarfa, svo sem barnauppeldis, og við það breytist afstaða þeirra til umhverfisins og lífsins í heild. Þær systur, vísindaiðkun og þekking, hafa líka opnað augu margra fyrir þeirri helför sem lífið er á. Þannig eru margir náttúruvísindamenn og aðrir fræðimenn öflugir talsmenn friðar og umhverfisverndar.

En það er ekki nóg að gert og allra síst hér á Íslandi. Fólk sem búið hefur erlendis sér og veit að við Íslendingar erum langt á eftir í umhverfisvernd. Mengunarvarnir, endurnýting, endurvinnsla, skolphreinsun, skipulagsmál, beitarstjórn, náttúrufarsrannsóknir, náttúrufriðun, umhverfisfræðsla. Bara nefna það. Við Íslendingar erum því miður á mjög mörgum sviðum áratugum á eftir öðrum þjóðum. En við þyrftum ekki að vera það. Við sem smá og heldur vel upplýst þjóð gætum haft forgöngu í umhverfisvernd og slíkt hlutverk ættum við að velja okkur í stað þess að berjast með heift og jafnvel lygum gegn þeim sem helga líf sitt og jafnvel hætta lífi sínu fyrir þá hugsjón að vernda lífríki jarðar. Það er mikilvægt að við hættum að trúa því að við getum hagað okkur eins og okkur sýnist og förum að skilja hlutverk okkar og ábyrgð í samfélagi þjóðanna.

Til þess að svo megi verða þarf þó aðallega tvennt til. Í fyrsta lagi þarf hugarfarsbyltingu, í öðru lagi þarf markvissa vinnu með góðu skipulagi. Hvað hugarfarsbyltinguna varðar verðum við að læra allt annan lífsstíl en þann sem nú gildir. Við verðum að hætta að umgangast land okkar og mið með hroka og frekju, en temja okkur virðingu og jafnvel lítillæti. Á öllu sviðum verðum við að stunda ræktun en ekki rányrkju, samhjálp en ekki samkeppni og við verðum að draga úr hraða nútímans, streitu og skeytingarleysi og temja okkur yfirvegun, ábyrgð og væntumþykju.

Það þýðir víst lítið að leggja fram þáltill. um breytt hugarfar. Þó svo Kvennalistinn hafi óbeint gert það æ ofan í æ með tillögu sinni um aukna umhverfisfræðslu sem loks var samþykkt nú fyrir jólin. Þá snúum við okkur að hinum liðnum og leggjum fram tillöguna um umhverfisráðuneyti sem gerir ráð fyrir því að öll umhverfismál fari undir eina samræmda stjórn. Að það komist í höfn er forsenda þess að hægt verði að vinna skipulega og markvisst að lífsnauðsynlegum umhverfisbótum. Og að gefnu tilefni, þ.e. orða hæstv. menntmrh. í morgun um brýna nauðsyn þess að sett verði á laggirnar ráðuneyti umhverfismála, vil ég gjarnan spyrja hann hvað líði framgangi þess máls.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Varðandi þá spurningu sem hv. 12. þm. Reykv. bar fram í lok sinnar ræðu er því til að svara að innan núv. ríkisstjórnar hefur verið fjallað um þessi mál, þ.e. stofnun umhverfisráðuneytis eða að umhverfismál verði færð undir eitt ráðuneyti, eins og það mun vera orðað í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar, og í raun og veru má segja að allri nauðsynlegri forvinnu sé lokið. Það liggur alveg fyrir og hefur reyndar legið mjög lengi fyrir hvaða málaflokkar það eru sem ættu að fara inn í umhverfisráðuneyti eða undir umhverfismálaskrifstofu innan ráðuneytis ef að því ráði yrði horfið sem er ekki mín tillaga út af fyrir sig.

Það er búið að kemba stjórnarráðið í heild aftur og aftur sl. tíu ár og búið að raða málum inn á hið hugsanlega umhverfismálaráðuneyti. Þar vantar í rauninni ekkert á sem skiptir máli. Það er að vísu nokkur ágreiningur uppi varðandi málaflokka sem heyra undir landbrn. og snerta gróðurverndarþáttinn alveg sérstaklega. Það er ekki að fullu útkljáð mál neins staðar, trúi ég. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að að því er varðar aðra þætti sem snúa að landbrn., að því er varðar þá þætti sem snúa t.d. að heilbr.- og trmrn., að því er varðar það sem snýr að menntmrn. og ég gæti nefnt fleiri, sé í raun og veru alveg ljóst orðið hvaða þættir ættu að fara inn í umhverfismálaráðuneyti þannig að nauðsynleg fagleg forvinna hefur verið unnin og hefur í raun og veru lengi legið fyrir. Á hverju strandar þá? Því sama og hefur strandað á allan tímann í þessu máli.

Ég hef mjög oft sagt það og sagt það úr þessum ræðustól aftur og aftur á síðustu árum, þann áratug sem ég hef verið hér, að vandinn í þessu liggur þannig að umhverfisráðuneyti eða stofnun sjálfstæðrar umhverfisskrifstofu við eitthvert ráðuneytið verður ekki ákveðið eða sett í framkvæmd nema t.d. í tengslum við stjórnarskipti. Svona liggur málið. Þegar ríkisstjórnir eru myndaðar eru þær myndaðar um tiltekin verkefni þar sem menn skipta með sér verkum með tilteknum hætti. Þar er búið til eitthvað sem heitir skiptiregla milli flokkanna um hvernig verkum er skipt í viðkomandi ríkisstjórn og reynslan er sú að það er óskaplega erfitt að fá menn til að fallast á að gefa eitthvað eftir af sínum verkum úr sínum ráðuneytum eftir að menn eru sestir þar inn. Þetta sýnir reynslan.

Nú getur auðvitað hv. 12. þm. Reykv. sagt að þetta mundi breytast í grundvallaratriðum ef Kvennalistinn færi inn í ríkisstjórn. Ég er ekki viss um að það sé þannig vegna þess að þetta hangir ekki eingöngu á ráðherrunum. Þetta hangir auðvitað líka á embættismannakerfinu eins og hv. þm. Kristín Halldórsdóttir kom réttilega inn á.

Þegar ég fjallaði um þessi mál sérstaklega á árunum 1980–1983 kallaði ég til verka þrjá menn sem höfðu reynslu af þessum málum og þekkingu hver á sínu sviði. Það var Árni Reynisson, sem hafði starfað sem framkvæmdastjóri Náttúruverndarráðs, það var Gunnar Schram prófessor, sem hafði einnig átt sæti á Alþingi, og það var Eysteinn Jónsson, sem var fyrsti formaður Náttúruverndarráðs, lengi ráðherra og forseti Sþ. Þessir menn sömdu fyrir mig frv. um þetta efni og við féllumst á það frv. í öllum atriðum. Það kom hins vegar á daginn að það var mjög erfitt annars vegar að fá einstaka ráðherra til að slaka á sínum málaflokkum og færa þá á milli og hins vegar að fá embættismennina til að gera það. Það gerist þannig að menn setja sig ekki í pressu með því að segja nei út af fyrir sig heldur með því að finna mér liggur við að segja upp margvíslega tæknilega vankanta sem sanngjarnir menn vilja skoða en taka svo tíma og er legið yfir lengi. Fyrir mér liggur þetta umhverfisráðuneytismál þannig og hefur legið mjög lengi, eiginlega alveg síðan ég vann þessa vinnu á árunum 1980–1983: Hér verður að höggva á þeim punkti að ríkisstjórn er mynduð. Auðvitað má hugsa sér að það verði tekin um það ákvörðun að umhverfisráðuneyti verði stofnað og að það taki gildi við myndum næstu ríkisstjórnar hvenær svo sem það yrði. En þetta eru þeir almennu erfiðleikar sem hafa fylgt því að reyna að koma þessum málum saman.

Mín reynsla er reyndar sú, hafandi verið ráðherra í bæði heilbrmrn. og menntmrn., að ef ráðherrann hefur tiltölulega mjög einbeittan vilja í þessu efni sé alveg ljóst að embættismenn og þeir sem starfa með ráðherranum mundu una þessari niðurstöðu. Það gerðu mínir samstarfsmenn t.d. í heilbrmrn. og það veit ég að mínir samstarfsmenn í menntmrn. mundu gera og munu gera. Það skiptir því talsverðu máli hver er hinn pólitíski ásetningur þess ráðherra sem fer með það ráðuneyti á hverjum tíma. Auðvitað skiptir það líka máli og auðvitað er það líka ódýrt fyrir ráðherra að bregða sér á bak við embættismenn. Það er ráðherra sem á að ráða úrslitum í málinu þegar allt kemur til alls en embættismennirnir geta haft áhrif á það hversu hratt er í hlutina gengið. Og ríkisstjórnir vilja verða skammlífar. Það er gott með þær sumar en slæmt með aðrar eins og kunnugt er og allir eru sammála um.

Í þessari till. til þál. um stofnun umhverfisráðuneytis, sem ég þakka fyrir, er hreyft athyglisverðum hugmyndum um skiptingu verkefna til umhverfisráðuneytis og ég hef í sjálfu sér ekki haft aðstöðu til að meta í einstökum atriðum hvað hér stendur. — Já, hvað er nú aftur, virðulegi forseti, langur ræðutími? (**Forseti:** Ráðherrann hefur átta mínútur og má tala tvisvar.) Er hann búinn? (**Forseti:** Hann er búinn, já.) Þá fer hann bara að hætta. Ég þakka hæstv. forseta.

Þær ábendingar sem hér koma um verkaskiptingu sýnist mér í stórum dráttum vera eðlilegar. Ég hef þó ekki metið það í einstökum atriðum. Ég held að ef það væri eitthvað sem væri t.d. ágreiningur um í þessu plaggi hér í einhverju ráðuneyti eða einhvers staðar, þá eigi að segja: Frestum þessu og tökum strax það sem er samstaða um, ekki að bíða eftir því að við náum málinu öllum heldur tökum strax það sem við náum. Tökum lágmarkssamnefnarann jafnvel þó að hann yrði tiltölulega mjög lítill til að byrja með. Leggjum af stað. Ég held að það sé í raun og

veru aðalatriðið að eignast umhverfismálaráðuneyti sem nær að verða myndugt faglega og ná inn í ákvarðanatöku allra ráðuneyta um alla skapaða hluti. Mér finnst að umhverfisráðuneyti eigi að hafa svipaða stöðu og fjmrn. hefur t.d. gagnvart fagráðuneytunum af eðlilegum ástæðum. Þegar fagráðuneyti er að taka ákvarðanir um málefni er auðvitað skoðað: Hvað kostar þessi hlutur? Hvernig snýr þetta gagnvart ríkissjóði? Á sama hátt þurfa fagráðuneytin að búa við þau skilyrði að þau setji sig í þær stellingar að þegar koma upp mál sé hugsað út í það í leiðinni: Hvernig stendur þetta gagnvart umhverfisráðuneytinu? Og það er mjög dýrmætt að hafa einhvern við ríkisstjórnarborð, ráðherra umhverfismála, sem segði: Heyrðu, þetta er svona gagnvart umhverfismálunum, og það yrði ævinlega að fara fram mat á umhverfisþættinum áður en á þessum hlutum er tekið.

Að lokum þetta, virðulegi forseti: Hér stendur: „Hér er ekki verið að gera ráð fyrir nýju bákni heldur fyrst og fremst tilflutningi og samræmingu." Mér er nú alveg sama hvort þetta yrði nýtt bákn eða ekki. Ég er ekkert hræddur við bákn og held að talið um ríkisbáknið hafi nú oft verið ákaflega neikvætt og í raun og veru vitlaust og holt að innan. Ég segi þetta vegna þess og segi það við hv. flm. og síðasta ræðumann: Það er útilokað að ná einhverjum árangri í sambandi við málefni t.d. náttúruverndarinnar öðruvísi en að verja til þess auknum peningum. Það er algjörlega útilokað. Við skulum ekkert vera að blekkja okkur með því að það sé hægt að taka á þessum hlutum mynduglega án þess að kosta til auknu fé. Ég spyr þá hv. þm. sem voru í umræðunum í morgun þegar ég svaraði hv. 12. þm. Reykv. varðandi vinnubrögð, aðstöðu og mannafla Náttúruverndarráðs. Það sjá það allir í hendi sér. Náttúruverndarráð eins og það er mannað ræður ekki við sín verkefni, það er ljóst, og það verður að ná í aukið fé og við skulum segja það og þora að segja það við þetta lið sem stundum er hér í ræðustólnum einlægt að agnúast út í eitthvað sem heitir ríkisbákn sem er í rauninni oft hin félagslega þjónusta og það sú nauðsynlega samstaða sem þessi þjóð þarf á að halda.

Ég get út af fyrir sig lokið máli mínu, virðulegi forseti, og endurtek þakkir mínar til hv. flm. fyrir þessa till. og fsp. í morgun líka. Það er dýrmætt að geta rætt þessi mál aðeins. Grundvallaratriðið á að vera að við göngum ekki á höfuðstól lífrænna auðlinda og að við leggjum hagvaxtartrúna til hliðar a.m.k. í bili.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Það eru aðeins örfá orð í sambandi við þessa umræðu um till. til þál. um umhverfisráðuneyti sem flutt er af þingmönnum Kvennalistans. Hér er hreyft hinu þarfasta máli og það er óhætt að segja að það er kannski einmitt á þessum síðustu tímum sem alþjóð hefur gert sér grein fyrir þýðingu þess að taka á umhverfismálum áður en það verður orðið of seint.

Það kom fram í máli hæstv. menntmrh. að þetta mál hafi verið flutt hér á þingi áður og ég gat ekki látið hjá líða að benda á að það liggur nú einmitt fyrir í Nd. frv. til laga um samræmda stjórn umhverfismála og gefst væntanlega gott tækifæri þegar það mál verður tekið til umfjöllunar að gera eitthvað raunhæft í þessum málum því það er einu sinni svo að frv. eru sterkari aðferð til að koma málum í framkvæmd en þáltill. þó þær séu auðvitað nauðsynlegar og vissulega af hinu góða til að vekja athygli á málum. En reynsla okkar er því miður oft sú að þó að hér séu jafnvel samþykktar mjög góðar þáltill. vill oft dragast að þau mál komist í framkvæmd.

Allar götur síðan 1975 var farið að undirbúa frv. til laga um samræmingu á umhverfismálum hér á hv. Alþingi og enn þá eru þessi mál ekki komin í höfn svo það er vissulega orðið tímabært að taka á þessum málum. Eins og kom fram í máli hæstv. menntmrh. er kannski einmitt ástæðan sú hvað erfitt er að fá menn til að gefa eftir sína málaflokka í hinum ýmsu ráðuneytum, en eins og raun ber vitni falla þessi mál undir sjö ráðuneyti. Ég minni á að sjálf var ég nýliði á Alþingi þegar ég flutti frv. um þessi mál og það fékk ekki aðra afgreiðslu en til nefndar og búinn heilagur. Það frv. var endurflutt, hafði áður verið flutt sem stjfrv. af þáverandi hæstv. félmrh. Gunnari Thoroddsen. Ætli það hafi ekki verið árið 1978? Eins og hér hefur komið fram hefur meira að segja núv. hæstv. menntmrh. látið semja frv. og ekkert hefur gengið.

Þetta var á dagskrá hjá síðustu ríkisstjórn og á þeim tíma skipaði þáv. forsrh. Þorsteinn Pálsson nefnd til að semja drög að frv. sem var og gert og var að ég held komist að nokkuð góðu samkomulagi á milli þeirra aðila sem áttu þar hlut að máli. Einmitt það frv. liggur nú fyrir Nd. og er að mestu leyti óbreytt en er nú flutt sem þmfrv. þingmanna Sjálfstfl. sem sæti eiga í Nd.

Ég vildi bara koma þessu hér að til þess að minna á að þessi mál eru á dagskrá kannski hjá öllum þingflokkum sem endurspeglar einmitt að það er áhugi á þessum málum og þess vegna mætti vænta þess að það yrði hægt að ná einhverjum árangri á því þingi sem nú situr.

Sigrún Helgadóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. góð svör hans sem ég er að mestu leyti mjög sammála, en ég vil líka gjarnan bæta nokkru við það sem ég sagði áðan og hverfa aftur til ársins 1951, en þáv. menntmrh. fól þeim Sigurði Þórarinssyni jarðfræðingi og Ármanni Snævarr prófessor að semja frv. til laga um náttúruvernd. Með þeim mun einnig hafa unnið Finnur Guðmundsson fuglafræðingur. Frv. var lagt fyrir 74. og síðan aftur fyrir 75. löggjafarþing árið 1955. Frv. fylgir löng og gagnmerk grg. Þar segir á einum stað, með leyfi forseta: „Hugtakið náttúruvernd er mjög víðtækt hugtak og tekur í rýmstu merkingu til verndar á öllum þáttum náttúrunnar, kvikum og dauðum."

Síðan er sagt frá hinum þrem megingerðum nátt-

úruverndar, þ.e. menningarlegri náttúruvernd, félagslegri náttúruvernd og fjármunalegri eða búskaparlegri náttúruvernd. Menningarleg náttúruvernd felst í því að taka frá og friða staði eða náttúruminjar í þágu vísinda og menningar. Félagsleg náttúruvernd felst í því að auðvelda almenningi aðgang að náttúru landsins og hin fjármunalega eða sem síðar hefur verið kölluð hagræna náttúruvernd felst í því að virða náttúrulögmál búsvæðis síns og fylgja ákveðnum umgengnisreglum í búskap og náttúrunýtingu vegna þess að slík hegðan borgar sig þegar til langs tíma er litið.

Í grg. segja höfundar það skoðun sína að ráðlegra sé að skipa ákvæðum um hagræna náttúruvernd í sérlög því virða þurfi hverja tegund náttúruauðæfa, hversu takmarka eigi nytjun þeirra eða stuðla að eðlilegri nýtingu þeirra.

Þessi umræða er mjög merkileg og þær skilgreiningar sem þar eru gerðar. Í raun hafa þessir menn verið að ræða umhverfismál þó að þeir hafi ekki kallað það svo og þeir hafa greinilega rætt þau sem heild þótt niðurstaðan hafi verið sú að setja sérlög um hverja tegund náttúruauðlinda. Sú afstaða er í fullu gildi enn, en hins vegar er eðlilegt að gera ráð fyrir að málaflokkurinn sem heild fari undir eitt ráðuneyti. Margívitnuð greinargerð er þeim mun merkilegri þegar aldur hennar er hafður í huga. Á þessum árum þekktist vart á Íslandi orðið „vistfræði" hvað þá að fólk skildi almennt hvað það þýddi en nútímaumhverfisfræði og umhverfisvernd byggir á lögmálum vistfræðinnar, t.d. að í náttúrunni er allt hvað öðru háð, efni og orka streyma úr einu kerfinu í annað, þar finnast engin lokuð hólf.

Skilin á milli hinna þriggja gerða náttúruverndar eru í rauninni líka horfin. Auðvelt er að rökstyðja að bæði félagsleg og menningarleg náttúruvernd borgar sig, er hagræn þegar til langs tíma er litið. Til að sýna fram á það mætti halda hér langa fræðilega tölu og koma með niðurstöður úr ýmsum rannsóknum og tilraunum, en til þess er ekki tími og skal sá tími sem gefst frekar notaður til að svara athugasemdum sem menn hafa haft í frammi við það að setja öll umhverfismál undir eitt ráðuneyti og skilja ekkert undan.

Umhverfisráðuneytinu er ætlað að hafa yfirsýn yfir allar náttúruauðlindir landsins. Það er mikilvægt að einhver aðili í stjórnkerfinu hafi það hlutverk. Svo er ekki nú. Skil á milli verksviða stofnana eru óljós, togstreita um suma þætti og aðrir hafðir út undan.

Hv. þm. Kristín Halldórsdóttir fjallaði um mengunina sem dæmi um slíkt hér áðan og annað dæmi mætti nefna sem eru rannsóknir og eftirlit með íslenskum landdýrum. Það er engum einum aðila í stjórnkerfinu ætlað að vita t.d. hvað eru margar heiðlóur á Íslandi eða rjúpur og þess vegna er í raun ekkert hægt að vita með vissu hvort þeim fjölgar eða fækkar. Reyndar má vera með ýmsa svona þætti að uppi í Háskóla séu menn sem hafa áhuga á ákveðnum dýrategundum, en það er tilviljunum háð og háskólamenn eiga auðvitað að vera frjálsir í sínum rannsóknum. Það er ekki hægt að leggja á þá þá skyldu að þeir eigi að rannsaka þetta eða hitt. Hins vegar eiga stjórnvöld að sjá til þess að ekki séu gloppur í þekkingu okkar á íslensku vistkerfi. Á því lifum við jú.

Það hefur komið hér fram að margir innan stjórnkerfisins séu á móti breytingunum. Þeir segja gjarnan: Við viljum umhverfisráðuneyti og við viljum að þangað fari allar aðrar stofnanir en mín. — Ein ástæðan fyrir þessari tregðu er ótti við að umhverfisráðuneyti verði veikt ráðuneyti með lítil fjárráð, enda hefur oft verið talað um að það verði ekki ráðuneyti heldur bara einhvers konar skrifstofa innan annars ráðuneytis. Þetta sýnir þörfina fyrir það að umhverfisráðuneyti verði gert sterkt. Það má engin stofnun sem sinnir umhverfismálum skorast undan því að fara í sitt ráðuneyti.

Þegar litið er yfir fjárlög og dregið saman nokkurn veginn það sem umhverfisstofnunum er ætlað sameiginlega kemur í ljós að það er rúmlega 1,1 milljarður sem sýnist vera svipað og iðnrn. hefur. Reyndar gefur þessi tala til kynna að þetta svið er mjög svo fjársvelt og að því leyti er ég mjög sammála hæstv. menntmrh. Það ætti að vera hverjum manni umhugsunarefni að allar stofnanir á Íslandi sem sinna umhverfismálum, hvort sem er á sjó eða landi, fá samanlagt álíka mikla fjárveitingu og útflutningsbætur eru á landbúnaðarvörum.

Enn hafa heyrst þær mótbárur að með því að taka rannsókna- og eftirlitsstofnanir frá atvinnuráðuneytunum tapist einhver nauðsynleg tengsl, en okkar tillaga gerir ráð fyrir því að bæði Hafrannsóknastofnun fari frá sjútvrn., Orkustofnun frá iðnrn. og Landgræðslan og Skógræktin frá landbrn. Það eru einmitt þau nánu tengsl sem við teljum að megi missa sín. Hugsum okkur að heiðarnar á ákveðnu landsvæði séu illa farnar af gróðurskemmdum. Bændurnir þrýsta á sinn ráðherra að gera eitthvað í málinu og hann gæti freistast til þess sem æðsti yfirmaður Landgræðslunnar að óska eftir við þá stofnun að leggja sérstaka áherslu á þessar umræddu heiðar t.d. með því að dreifa á þær áburði. Undan slíkri ósk frá æðsta yfirmanni sínum gæti Landgræðslan ekki vikið sér jafnvel þótt sérfræðingar þar teldu að meiri þörf væri á umönnun lands á einhverjum allt öðrum stað.

Á sama hátt býður það hættunni heim að sami maðurinn sé sá sem á að gæta hagsmuna sjómanna og er yfirmaður Hafrannsóknastofnunar. Hagsmunaaðilar í sjávarútveginum gætu jafnvel þrýst á það að fá að veiða áfram einhverjar dýrategundir sem æskilegt væri að stöðva veiðar á og ráðherra gæti þá fyrirskipað sínum undirmönnum að leggja áherslu á að rannsaka þessi dýr jafnvel þótt það kostaði óæskilegar veiðar á þeim. Umræðan um þetta yrði lokuð innan eins ráðuneytis og ráðherra sæti beggja megin borðs.

Ég er sammála ráðherra um að fyrirkomulag í umhverfismálum eigi að vera svipað og fyrirkomulag í fjármálum og umhverfisráðuneyti svipað og fjármálaráðuneyti, en við getum hugsað okkur hvernig ástandið væri ef hvert ráðuneyti og stofnanir innan þess hefðu frjálsar hendur um eyðslu úr sameiginleg-

um sjóði, hvert fræðslustjóraembætti væri sjálfrátt um eyðslu. Allir sjá að þetta endaði með ósköpum. En þetta er það fyrirkomulag sem ríkir í umhverfismálum og það hefur leitt til óskapa sem taka þurfa enda. Náttúruauðæfin eru sameiginlegur sjóður. Ef það er talið nauðsynlegt að eitt ráðuneyti haldi utan um ríkiskassann er ekki síður nauðsynlegt að haldið sé utan um þann höfuðstól sem landið og miðin eru þannig að ekki sé stöðugt gengið á hann með ofnýtingu eða honum spillt með mengun. Sú er skylda okkar.

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Mig langar til að gera örfáar athugasemdir út af því máli sem hér liggur fyrir. Ég tel að þessi umræða um umhverfismál sé mjög þörf á hinu háa Alþingi og þakka hv. fulltrúum Kvennalistans og hæstv. menntmrh. fyrir þeirra framlag áðan. Það var t.d. mjög athyglisvert að heyra að fjármagn til umhverfismála sé jafnmikið og útflutningsbætur á landbúnaðarafurðum. Hv. 12. þm. Reykv. flutti mjög málefnalega ræðu áðan.

En vegna þess að hv. 10. þm. Reykn. var hér með athugasemdir um frv. sjálfstæðismanna sem liggur fyrir deildinni langar mig til að geta þess nokkuð hver grundvöllur liggur að baki, en það kemur m.a. fram í grg., með leyfi virðulegs forseta, þar sem er vitnað í álit nefndar, að með hliðsjón af því hve umhverfismál eru víðtækur málaflokkur sé á þessu stigi ekki hægt að ganga lengra í átt til samræmingar og tilfærslu málaflokka milli ráðuneyta miðað við núverandi skipan mála í Stjórnarráði Íslands. Nefndin lítur svo á að með frv. því sem hér er lagt fram sé stigið fyrsta skrefið í þá átt að flytja málaflokkinn í heild sinni í eitt ráðuneyti. Slík tilfærsla tengist óhjákvæmilega endurskoðun laga um Stjórnarráð Íslands og nýrri verkaskiptingu ráðuneyta.

Það kom enn fremur skýrt fram í tali hæstv. menntmrh. áðan að það hefur verið nokkur tregða á hinu háa Alþingi og hjá ráðuneytum í sambandi við þessi mál. Þar sem hann nefndi sérstaklega sínar aðgerðir í þessu máli má geta þess hér að fyrir hartnær áratug var hafist handa um könnun á nýskipun og yfirstjórn umhverfismála í Stjórnarráði Íslands. Þar var stigið mjög stórt skref. Það var reyndar í mars 1975 sem Geir Hallgrímsson þáv. forsrh. skipaði níu manna nefnd undir formennsku Gunnars G. Schram til að vinna að heildarlöggjöf um stjórn umhverfismála. Sú nefnd samdi frv. til laga um umhverfismál sem þáv. félmrh. lagði fyrir Alþingi vorið 1978 og fleiri frv. hafa verið lögð fram.

Þess vegna skil ég ekki alveg þessar athugasemdir hjá hæstv. menntmrh. þegar hann var að tala um eitthvert lið hér í ræðustól sem væri alltaf að tala um ríkisbáknið og langar til að spyrja hann hvað hann eigi þar við.

Enn fremur langaði mig til að spyrja hv. 10. þm. Reykn. hvað hún átti við þegar hún sagði að sú ríkisstjórn sem nú væri hér við lýði væri ögn líklegri til að standa við fyrirheit í umhverfismálum en sú fyrri. Það má kannski hafa í huga að fyrri ríkisstjórn hafi ekki unnist tími til að vinna að öllum þeim góðu málum sem hún ætlaði sér þar sem upp úr samstarfi slitnaði mjög svo skyndilega.

Hæstv. menntmrh. sagði það beint út áðan að frv. sem þessu verði ekki komið í framkvæmd nema við stjórnarskipti. Við verðum þá að vona að stjórnarskipti verði fljótlega til þess að hægt verði að vinna betur að umhverfisvernd.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Þetta hefur verið málefnaleg umræða í öllum meginatriðum og ég þakka fyrir hana og þær ræður sem hv. 12. þm. Reykv. hefur hér flutt. En mér heyrðist að hv. 8. þm. Reykv. væri að inna mig eftir því hvað ég hefði átt við með umræðunni um „báknið" í tengslum við þessi mál. Er það ekki rétt?

Það er ágætt, virðulegi forseti, að fá tækifæri til að ræða smástund um báknið. (**Forseti:** Nú vil ég minna hæstv. ráðherra á að hann má aðeins gera örstutta athugasemd.) Ráðherrann hefur talað einu sinni. Má hann ekki tala tvisvar? (**Forseti:** Það er rétt hjá ráðherra. Ráðherra hefur aðeins talað einu sinni.) Ráðherrann skal þá bara tala eins og í hálft skipti núna, fjórar mínútur eða svo. (**FrS:** Er pottþétt að ráðherrann hafi málfrelsi fremur en fjmrh.?) Ég hygg að það sé ljóst, er það ekki hv. 1. þm. Reykv., að menntmrh. hafi málfrelsi og tillögurétt.

Varðandi það sem ég nefndi áðan um báknið, þá átti ég ósköp einfaldlega við það að í umræðum t.d. um umhverfismál hefur fólk kannski ekki sett það dæmi upp fyrir sér í leiðinni að það verður að kosta til þess auknum fjármunum að halda utan um þessa þætti hér. Það er alveg óhjákvæmilegt. Það er alveg útilokað í raun og veru að framkvæma náttúruverndarlögin eins og þau eru, því miður, öðruvísi en að það verði kallað þar til aukið fjármagn. Það er ekki sóun *af neinu tagi heldur er það einfaldlega að framkvæma* lögin eins og þau eru og eins og samstaða var um að þau urðu árið 1971 og síðar. Ég bið hv. þm. að hugleiða í þessum efnum þá staði og þau svæði á landinu sem viðkomandi þingmenn þekkja deili á að þurfi sérstakrar athugunar, eftirlits og rannsóknar við. Mér verður t.d. undir ágætum ræðum hv. 12. þm. Reykv. hugsað til miðhálendisins og þess hvernig staðið er að gæslu og vörslu, eftirliti, rannsóknum á því svæði sem er einn viðkvæmasti hluti landsins, miðhálendið. Ég hef í sambandi við það ekki séð neinar vitlegar tillögur t.d. um hvernig halda ætti á stjórn mála inni á miðhálendinu sjálfu vegna þess að þar er um að ræða allt aðrar m.a. eignarréttaraðstæður en eru í byggð og mjög flókið að taka á því máli.

Ég held sem sagt að um leið og við segjum umhverfisráðuneyti verðum við að segja að það kostar peninga og við verðum að átta okkur á því hvernig við ætlum að afla þeirra peninga. Ég er fyrir mitt leyti tilbúinn að taka þátt í því, en ég held að við eigum ekki að reyna að blekkja okkur sjálf eða landslýð með því að þetta verði gert fyrir 0 kr. eða ekki neitt. Það er ekki þannig. Það verður að kalla þar til viðbótarfjár-

muni, en til þess að það sé hægt verður aftur á móti að efla skilning þjóðar og þings á málaflokknum. Ég leyfi mér að vona það, virðulegi forseti, að sú umræða sem hefur farið fram í dag verði í minnum höfð þegar afgreidd verða fjárlög ársins 1990, að allir sem hér eru, jafnbrennandi í andanum í umhverfismálum og raun ber vitni um í dag og fagna ber, verði nákvæmlega jafnreiðubúnir þá að taka á þessu mikilvæga máli, sem umhverfismálin eru, og verja til þess fjármunum. Og ekki aðeins verja til þess fjármunum heldur að skattleggja í því skyni því að það er nóg af fólki og góðum hugmyndum, það eru nógar hugmyndir uppi til að verja í fjármunum, en það virðist stundum standa á því að menn séu tilbúnir að kalla þá fjármuni inn þaðan sem þá á að taka.

Það er svo umhugsunarefni, sem hv. 8. þm. Reykv. kom inn á og hv. 6. þm. Reykn., hvernig mál ber að á hverju þingi á hv. Alþingi. Hér erum við að ræða um till. til þál. sem er fín till. til þál., engin deila um það. Það liggur líka fyrir frv. til l. um sama mál og má mikið vera ef einhvern tíma í vetur hefur ekki verið tekin fyrir einhver fyrirspurn um þetta efni líka. Maður spyr: Hvernig er skilvirkni umræðunnar á Alþingi? — svo að ég vitni til orðs sem fyrrv. hæstv. fjmrh. notaði gjarnan þegar hann var að fá menn til að samþykkja skattana sína. Þetta er nokkuð kostulegt umhugsunarefni. Getur verið að á bak við þennan tillöguflutning hjá okkur oft og tíðum og það að þetta er tekið fyrir á mismunandi vettvangi felist það að hver flokkur vilji gjarnan koma sínum málum á framfæri og sínu fólki til þess að unnt sé að taka á málunum í nafni viðkomandi flokks eða hvað? Það er nokkuð sérkennilegt t.d. að Sjálfstfl. eða þingmenn hans í Nd. munu vera að flytja hér, er mér tjáð, frv. sem hafði verið undirbúið í Stjórnarráðinu. Það er reyndar ekkert nýtt að Sjálfstfl. geri það. Hann tekur iðulega úr Stjórnarráðinu frumvörp sem hann lætur undirbúa þar og flytur þau sem þmfrv. Það er spaugilegast þegar Sjálfstfl. á ekki einu sinni fulltrúa í viðkomandi stjórn eins og var á sínum tíma þegar hann tíndi frumvörpin út úr ráðuneytunum eins og skæðadrífu og flutti þau í þinginu í sínu nafni. Það er nokkuð merkilegt með íhaldið að það hefur yfirleitt langmestan áhuga á þessum málum þegar það er í stjórnarandstöðu, alveg brennandi áhuga, vaða eld og brennistein fyrir umhverfismál og guð veit hvað, en þegar það kemur í stjórn gengur verkið einhvern veginn miklu hægar. Það er öðruvísi á þeim bæ sem við ráðum á núna, ég og hæstv. forsrh. og fleiri góðir menn, eins og kunnugt er. (**FrS:** Er þetta dæmi um málefnalegar umræður?) Nú vil ég biðja hv. 1. þm. Reykv. að virða mér það til vorkunnar að ég hef lokið tíma mínum í fyrsta lagi, í öðru lagi get ég aðeins gert örstutta athugasemd og ég vil í þriðja lagi lýsa því yfir að mér er sérstök ánægja að því að fá tækifæri til að ræða við Sjálfstfl. á hvaða vettvangi sem er um umhverfismál, en ég get ekki talað mikið lengur núna þó að ég sjái það á hv. 1. þm. Suðurl. að honum finnst gaman að hlusta.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Hæstv. menntmrh. hefur efnt til nokkuð sérstakrar umræðu í tilefni af því máli sem hér hefur verið flutt og á sinn sérstaka hátt lagt framlag til málefnalegrar umræðu eins og hann gjarnan tekur fram í hvert skipti sem hann stendur upp og talar úr þessum ræðustól. Ég ætla aðeins að víkja að orðum hans vegna þess frv. sem nokkrir þingmenn Sjálfstfl. hafa flutt.

Aðdragandi þess máls var sá að í tíð fyrri ríkisstjórnar hafði ég sem forsrh. frumkvæði að því að þeir stjórnarflokkar sem áttu aðild að þeirri stjórn skipuðu þriggja manna nefnd til að vinna að tillögugerð um hvernig skipa ætti stjórn umhverfismála í landinu. Þeir sem sátu í þeirri nefnd á vegum þáv. ríkisstjórnar komust að sameiginlegri niðurstöðu. Þeirri stjórn vannst hins vegar ekki tími til að koma því máli fram og þar liggur að baki saga sem ástæðulaust er að lengja þessa umræðu með. Ég hef hins vegar ekki orðið var við neinn brennandi áhuga af hálfu núv. hæstv. ríkisstjórnar að koma skriði á þetta mál og þess vegna tók Sjálfstfl. af skarið í því efni að flytja á Alþingi frv. um þetta atriði. Ég hygg að mjög mikill meiri hluti þingmanna telji brýnt að með löggjöf verði yfirstjórn umhverfismálanna samræmd. Það hefur komið á daginn að áhugi virðist ekki vera mikill innan núv. hæstv. ríkisstjórnar. Því er þetta frv. flutt og það liggur fyrir Nd. Alþingis.

Ég vil taka það fram að sjónarmiðið að baki þessu frv. var m.a. það að tryggja eðlilega skilvirkni í yfirstjórn þessara mála þannig að unnt reyndist á stjórnskipulegan hátt að taka þau með nýjum og ákveðnari tökum en um leið að gæta þess eðlilega kostnaðaraðhalds sem sérhver ríkisstjórn þarf að hafa í huga vegna útþenslu ríkisbáknsins og þess að hverri ríkisstjórn eru nokkur takmörk sett um það hversu langt hún getur gengið í vasa borgaranna með því að auka skattheimtuna.

Ég hef hlustað á nokkrar ræður hæstv. fjmrh. um nauðsyn aðhalds í ríkisbúskapnum, yfirlýsingar um að ekki verði ráðið í stöður, ekki verði ráðið í stað þeirra starfsmanna sem hætta og nú eigi ekki einungis að stöðva fjölgun ríkisstarfsmanna heldur að fækka ríkisstarfsmönnum með miklu aðhaldi og mánaðarlegum fundum. Svo kemur hæstv. menntmrh. rétt ofan í þessa ræðu hæstv. fjmrh. og formanns Alþb. og talar um nauðsyn þess ef eitthvað eigi að gera af viti í umhverfismálum að stórauka báknið og stórhækka skattana, það verði ekkert gert með vitrænum hætti í þessum málum nema fjölga stofnunum, fjölga ríkisstarfsmönnum og stórhækka skatta. Mér sýnist að þær gangi á misvíxl yfirlýsingar fyrrv. formanns Alþb. og núv. formanns, hæstv. menntmrh. og hæstv. fjmrh., og það er málefnaleg ábending til hæstv. ráðherra að huga að innanbúðarvanda í eigin flokki að þessu leyti og þeirri ríkisstjórn sem hann situr í áður en hann fer að senda Sjálfstfl. skeyti vegna þess frumkvæðis sem hann hefur tekið í málatilbúnaði að því er varðar umhverfismálin á þessu þingi.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Það er aðeins út af nokkrum vinsamlegum ábendingum frá hv. 1. þm. Suðurl.

Ég fagna því að sjálfsögðu að Sjálfstfl. hefur öðlast brennandi áhuga á þeim málaflokki sem hér hefur verið ræddur í dag — (Gripið fram í.) Já, það er spánnýtt að hann sinni þessu af svona miklum krafti. — undir einum fimm dagskrárliðum því þetta er ekki sá fyrsti. Það er búinn að standa hér yfir fundur síðan kl. 10 í morgun. Ég fagna því og þakka fyrir þá yfirlýsingu sem áhugamaður um þennan málaflokk.

Ég vil einnig segja það í tilefni af orðum hv. 1. þm. Suðurl. áðan að það er auðvitað fullkomið samræmi í því sem við erum að gera, annars vegar menntmrh. og hins vegar fjmrh., í þessu efni. Til þess að unnt sé að sækja fram til nýrra verkefna, m.a. í stjórnkerfinu, m.a. í náttúruvernd, verður að gæta aðhaldssemi á öðrum sviðum. Það er augljóst mál. En ég endurtek það sem ég sagði áðan. Ef á að ráða við þau verkefni sem lögbundin eru samkvæmt náttúruverndarlögunum verður að leggja þarna fram aukið fé frá því sem nú er. Ef menn ekki vilja gera það skal Alþingi ákveða að breyta náttúruverndarlögunum og fækka þeim skyldum sem þar er kveðið á um eða setja sér þá gullvægu reglu að setja sér ekki önnur lög en þau sem peningar eru til fyrir.

Flm. (Kristín Halldórsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég skal ekki vera orðmörg því ég teygði eitthvað tímamörkin hérna í fyrstu ræðu minni, en ég get ekki látið hjá líða að þakka fyrir þessa umræðu sem hefur nú staðið yfir í rúman klukkutíma og verið að mestu leyti málefnaleg og góð.

Ég þakka t.d. hv. 6. þm. Reykn. fyrir hennar orð. Hún gerði að vísu ekki annað en að endurtaka nokkurn veginn það sem ég sagði í framsöguræðu minni um það frv. sem liggur hér fyrir og sjálfstæðismenn flytja og mínar athugasemdir þar að lútandi voru nánast eingöngu að minna á það frv. og þá sögu sem fram kemur í grg. þar sem sagt er frá því hvernig gengið hefur að koma þessum málum í viðunandi lag. En svo sannarlega er góð vísa ekki of oft kveðin og við fáum væntanlega tækifæri til að endurtaka þá vísu þegar þetta frv. verður til umræðu og þá fá einnig þeir tækifæri til að ræða frekar um hver á hvað og hver hefur verið duglegastur í þessum málum sem hafa verið að deila um það. Ekki ætla ég að blanda mér í það.

En ég bendi m.a. á það að þetta frv. hafði verið samið, alla vega að stærstum hluta, í Stjórnarráðinu og með því er ég m.a. að vísa til orða hv. 6. þm. Reykn. sem orðaði það svo að frv. væri sterkari aðferð til að koma málum í framkvæmd. Það minnir okkur e.t.v. á þann aðstöðumun sem er milli þingflokka sem aldrei hafa átt aðild að Stjórnarráðinu og hinna. Það er ekkert áhlaupaverk að semja heilan bálk, frv. til l. sem tekur á mjög víðum og stórum málaflokki. Það er töluverð búbót að því að hafa aðgang að stjórnarráði með tækifæri til nefndaskipana og því um líkt.

Ég held að við höfum gert eins vel og við gátum með þá aðstöðu sem við höfum, en vissulega er misjöfn aðstaða þingmanna eftir því hvort þeir eiga aðild að stjórn eða ekki.

Hv. 8. þm. Reykv. spurði mig að því hvað ég hefði meint með þeim orðum að sú ríkisstjórn sem nú situr væri e.t.v. líklegri til að standa við fögur fyrirheit um skipan þessara mála en hinar fyrri. Ég hafði reyndar heilmikla fyrirvara í mínu máli, m.a. þá ef henni endist líf og heilsa og jafnvel held ég að ég hafi sagt að hún væri e.t.v. ögn líklegri. Ástæða þess að ég tók svona til orða er kannski fyrst og fremst sú að það er eins og vaxandi áhugi á þessum málaflokki og aukinn skilningur á mikilvægi þess að taka hann föstum tökum og ég held raunar að hver ný ríkisstjórn sé líklegri þeirri sem hún tekur við af til að gera eitthvað í þessum málum einfaldlega vegna vaxandi skilnings og þunga á þessi mál. Ég held að á endanum hljóti þessi þrýstingur að leiða til þess að nauðsynlegar úrbætur verði gerðar.

Ég vil svo þakka hæstv. menntmrh. fyrir hans orð í þessari umræðu þar sem hann ræddi efni okkar tillögu. Ég er honum út af fyrir sig sammála um að það sé erfitt að ná miklum árangri nema kosta til meira fé, en það er þó ástæða til þess að minna á það og það gerum við í greinargerð með þessari tillögu að fyrst og fremst þurfum við að samræma þessi mál. Það er unnið að þeim á mörgum stöðum í stjórnkerfinu og brýnasta verkefnið er samræming. Síðan þarf að auka og bæta. En ég er honum sammála um að ef það er ágreiningur um ákveðna þætti verðum við vafalaust að sætta okkur við að fresta þeim og taka samnefnarann og leggja af stað. Það er mjög mikilvægt að fara að gera eitthvað í þessum málum og ég þakka honum hans jákvæðu viðbrögð og upplýsingar um það hvar þetta mál er á vegi statt nú í stjórnkerfinu. En okkar tillaga verður að skoðast sem innlegg í þessa umræðu og í þá vinnu sem sífellt er í gangi varðandi þessi mál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til allshn. með 33 shlj. atkv.

Nýting innlendra orkugjafa, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÓHJ, 125. mál. — Þskj. 131.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Það eru nokkrir mánuðir síðan þetta mál var síðast á dagskrá, en málið er flutt af hv. varamanni 4. þm. Vesturl. Í tillgr. segir að Alþingi feli ríkisstjórninni að láta kanna orkunotkun fyrirtækja og stofnana á vegum ríkis og sveitarfélaga þar sem fram komi hlutfall notkunar á a. olíu, b. raforku, c. jarðvarma. Að niðurstöðum loknum verði síðan

gerð áætlun um notkun innlendrar orku til upphitunar í byggingum á vegum ríkis og sveitarfélaga og jafnframt verði leitað leiða til að samræma verðlagningu innlendra orkugjafa.

Ég hef, virðulegur forseti, ekkert við það að athuga að þetta mál fari til nefndar og verði kannað betur þar, en vildi nefna örfá atriði sem koma umræðuefninu við.

Í fyrsta lagi held ég að það sé mjög mikilvægt að fram komi að það er gerður munur á annars vegar kostnaði við upphitun atvinnuhúsnæðis og íbúðarhúsnæðis hins vegar þegar um rafhitun er að ræða. Þessi munur kemur fram bæði í verði frá fyrirtækjunum sem framleiða og dreifa orkunni en eins vegna skattlagningar, en skattlagning er á orku til þess húsnæðis sem atvinnufyrirtæki og fyrirtæki sem eru í eigu ríkis og sveitarfélaga þurfa að nota. Það sem kannski er þó alvarlegast er að erlendi orkugjafinn, olían, er hvergi skattlögð á sama tíma og innlendi orkugjafinn er í mörgum tilvikum skattlagður, þ.e. raforkan. Þetta er gert ráð fyrir að breytist þegar virðisaukaskattur verður tekinn upp, en því hefur verið frestað til næstu áramóta. Þá hljóta að verða verðbreytingar eða verðhlutfallsbreytingar á milli orkugjafanna og skiptir þá ekki lengur máli hvort um innlenda orkugjafa er að ræða eða erlenda, skattlagningin ætti að vera með sama hætti.

Ég tek dæmi sem skýrir þetta kannski betur en ella. Dísilrafstöðvar framleiða orku. Ef hún er notuð til húshitunar er hvergi borgaður söluskattur af dísilorkunni og eins ef hún er notuð í t.d. atvinnu, en orka sem er framleidd úr okkar eigin orkuverum er aftur á móti skattlögð í yfirgnæfandi fjölda tilvika. Þetta er munur sem framkallast og sést kannski einna best á einu litlu dæmi, en það er þegar skip leggst að bryggju. Annars vegar er hægt að fá rafmagn úr landi. Það rafmagn er söluskattlagt. Framleiði hins vegar skipið t.d. með ljósavél sitt eigið rafmagn er það rafmagn skattlaust. Það framkallar auk lágs verðs á olíu mun á því hvort um er að ræða innlenda eða erlenda orkugjafa.

Varðandi búsetu skal það tekið fram að aldrei fyrr hefur verið minni munur á húshitunarkostnaði eftir búsetu en einmitt á síðasta hálfa árinu. Þar kemur auðvitað margt til, en þó fyrst og fremst aðgerðir ríkisvaldsins, þar á meðal Landsvirkjunar sem hefur greitt til orkudreifingarfyrirtækjanna í hlutfalli við notkun á rafmagninu til húshitunar íbúðarhúsnæðis.

Ég vil enn fremur að það komi fram að það hefur aldrei verið minni munur, aldrei verið greitt lægra verð miðað við laun en einmitt til rafhitunarkostnaðar um þessar mundir og breytir engu þótt laun hafi ekki hækkað neitt frá því í maí sl. því á sama tíma hefur raforkuverðið í langflestum tilvikum ef ekki öllum ekki hækkað þannig. Það er því ljóst að hlutfallið hefur aldrei verið hagstæðara fyrir þá sem greiða þurfa rafhitun en einmitt nú.

Þetta vildi ég, virðulegur forseti, að kæmi fram í þessari umræðu því það er ekki víst að allir geri sér ljóst að ríkisvaldið getur haft veruleg áhrif í gegnum skattlagningu til að jafna orkuverð eftir því hvort hún er erlend eða innlend.

Þá vil ég gera athugasemd við það sem kemur fram í næstsíðustu málsgr. í grg. með þessari ályktunartill. þótt það skipti ekki meginmáli, en þar segir að íslensk stjórnvöld hafi til þessa talið sér fært að skipa auðlindum landsins niður á þegna þjóðfélagsins og eru þar fiskistofnarnir nefndir til. Hins vegar segir: „Vekur það furðu að stór hluti orkuöflunar er afhentur einstaka sveitarfélögum og stofnunum án tillits til afkomumöguleika“ o.s.frv.

Hér er gefið í skyn að auðæfum eins og þeim sem búa í hafinu sé dreift á þegna landsins. Það vita allir hvernig það er gert. Það er gert með ákveðinni aðferð. Þeir sem áttu skip og fiskuðu ákveðið magn á tilteknum árafjölda fá þessa auðlind, skipt með ákveðnum hætti eins og Alþingi hefur ákveðið. Þetta var hægt vegna þess að ríkið taldi sig eiga, sjálfsagt með réttu, auðlindirnar í hafinu umhverfis landið. Þetta er að sjálfsögðu umdeilanlegt og um þetta hafa stjórnmálamenn og aðrir deilt og halda áfram að deila og ugglaust þurfa menn að finna aðra leið út úr þeim vanda sem þar er uppi og veit ég að margir þingmenn eru mér sammála um það. Hitt er svo annað mál að ríkið hefur ekki afhent sveitarfélögum eða einstaklingum eignarrétt á orkuöflun, það er mjög alvarlegur misskilningur, því að sem betur fer hefur séreignarréttur verið við lýði hér á landi í gegnum aldirnar.

Þetta segi ég vegna þess að það má skilja á grg. að ríkið hafi afhent til að mynda Reykjavíkurborg þær auðlindir sem Reykjavíkurborg á og nýtir til að hita upp íbúðarhúsnæði í Reykjavík. Það má skilja grg. með þeim hætti að ríkisvaldið hafi afhent Reykjavík þessi auðæfi, en það er auðvitað misskilningur því að Reykjavíkurborg hefur keypt þessar auðlindir með sama hætti og öllum öðrum er heimilt að kaupa það sem er í séreign hér á landi og má nefna mýmörg dæmi þar um því að sem betur fer er ekki öll eign í upphafi frá ríkinu komin. Það er það sem kannski hélt lífinu í okkur og kom í veg fyrir í gegnum aldirnar að erlendir aðilar gætu eignast allt hér á landi að séreignarréttinum og almenningur í eigu Íslendinga var virtur hér á landi. Þetta vildi ég að kæmi fram því mér sýnist vera misskilningur á ferðinni í grg., en tek það fram að það hefur enga meginþýðingu fyrir efni sjálfrar þáltill. því að hún er skýr og kemur fram í tillöguformi.

Með þessum athugasemdum, virðulegur forseti, sé ég enga ástæðu til annars en að nefndin skoði þetta mál, en þá þarf að skoða allar hliðar málsins en ekki einungis þær sem nefndar eru í sjálfri tillgr.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Hér er verið að fjalla um till. sem varamaður minn Ólöf Hildur Jónsdóttir flutti hér í nóvember í haust, og kemur mér nokkuð á óvart að þetta mál skyldi ekki hafa verið fullrætt fyrr, en bjóst sem sagt við að það mundi þegar vera komið til nefndar og væri þar til umfjöllunar.

Varðandi ábendingar hv. 1. þm. Reykv. í sambandi við þetta mál vil ég í fyrsta lagi mjög taka undir hans skoðun á því að mikill hluti raforkunotkunar til almennra nota er skattlagður og það er verið að mismuna aðilum, fyrst og fremst í atvinnurekstri, í sambandi við það. Hann benti á ljóst dæmi um það. Þegar raforka er tengd í skip er beinn innlendur orkugjafi skattlagður, en á hinn veginn ef raforkan er framleidd í skipinu sjálfu á sér ekki stað skattlagning.

Í annan stað vil ég benda á í sambandi við skattlagningu á innlendu orkuna, hitaorkuna til atvinnufyrirtækja, að þar hefur þessi skattlagning orðið mikið hvimleiðari á síðustu missirum vegna þess hvað erlendi orkugjafinn, olía, hefur verið að lækka í verði og þar af leiðandi orkugjafinn sem menn völdu sér þegar olían var dýr, innlendi orkugjafinn farinn að verða mikið óhagstæðari en áður var og er núna mjög óhagstæður fyrir atvinnufyrirtæki miðað við að nýta sér olíu til hitunar.

En hv. þm. benti á að fram kæmi í grg. og hann vildi ekki fallast á að ákveðnir hlutar orkuöflunar hefðu verið afhentir einstökum sveitarfélögum og stofnunum án tillits til afkomumöguleika annarra. Þar tel ég að sé um nokkurn misskilning að ræða hjá þingmanninum eða það er a.m.k. skoðun mín og ég geri ráð fyrir að það hafi verið skoðun flm. líka að við hljótum að líta svo á að þegar þjóðfélagið hefur fært ákveðnum aðilum, hann nefndi hér höfuðborgarsvæðið Reykjavík, þann möguleika að nýta sér orku eins og hitaorkuna í jörðunni eða raforkuna, veitt til þess þeim fjármunum sem þjóðfélagið á þeim tíma hafði möguleika til að ráðstafa til slíkra hluta, væri verið að veita ákveðinn forgang, að vissu leyti ákveðinn eignarrétt sem aðrir höfðu ekki möguleika til. Því miður hefur það átt sér stað í mörgum þáttum í okkar þjóðfélagi að þegar búið hefur verið að gera ákveðna hluti á þessu eða hinu þéttbýlissvæðinu, fá upp þar hagkvæman rekstur á orkufyrirtæki, hvort sem það hefur verið hitaveita eða raforkufyrirtæki, hafa möguleikarnir fyrir hina, sem hafa verið eftir, verið erfiðari. Þarna tel ég að flm. sé að benda á þátt og þörf á því að jafna þessa stöðu. Það er lengi hægt að deila um hvort þarna er um eignarrétt að ræða eða eitthvað annað, en frammi fyrir þessu stöndum við víða í þjóðfélaginu, ekki eingöngu í sambandi við orkunýtingu og dreifingu heldur líka í sambandi við uppbyggingu ýmissa annarra þátta. Ég benti á fyrir nokkrum dögum það sem blasir við í sambandi við uppbyggingu vegakerfis í landinu. Að þegar búið er að byggja upp vegakerfið í kringum aðalþéttbýlisstaði landsins hefur áhugi stjórnvalda minnkað á að ráðstafa fjármagni til slíkra hluta þegar þarf að fara að sinna þessum þáttum á öðrum svæðum. Ég tel að það sé þessi þáttur sem flm. er að fjalla um í grg. og þetta sé þáttur sem við þurfum að átta okkur á að má ekki vera mismunandi fyrir þegna þjóðfélagsins.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til atvmn. með 34 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Þáltill. um útboð opinberra rekstrarverkefna.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Það mál sem hér á að fara að tala um, útboð opinberra rekstrarverkefna, 61. mál, er mál sem lagt er fram á þingi í október á sl. ári og hefur af ýmsum ástæðum ekki komist að og er ég alls ekki að kenna hæstv. forseta um það. Það eru ýmis atvik sem liggja til þess og skal ég ekki fara að deila um af hvaða ástæðu það er. Ég hef hins vegar verið oftast tilbúinn til að flytja framsöguræðu.

Á síðasta fundi, þ.e. þegar fundur var í sameinuðu þingi á mánudaginn var, held ég að það hafi verið, var ætlunin að taka þetta mál fyrir og þá bað ég hæstv. forseta um að ná til fjmrh., sem þetta mál kemur mjög sérstaklega við, og það var gert þá og hann kom á staðinn, enda hefur hann sérstakan áhuga á því máli sem hér á að fara að ræða. Mér finnst satt að segja nánast óviðeigandi nú að taka málið fyrir fyrr en hæstv. ráðherra getur verið viðstaddur umræðuna og óska eftir því og skal fallast á það þar sem mörg önnur mál eru á dagskrá að þetta mál frestist um sinn í dag ef við gætum náð um það samkomulagi, ég og hæstv. forseti, þar sem ég tel mjög nauðsynlegt að fjmrh. verði við. Ef það á ekki að gerast neyðist ég til að flytja framsöguræðuna í málinu án viðveru virðulegs ráðherra. En í trausti þess að virðulegur forseti hugleiði þetta og kveði þá upp sinn úrskurð lýk ég máli mínu um þingsköp.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill upplýsa að sl. mánudag var þetta mál hér á dagskrá, fjmrh. var þá viðstaddur en hv. þm. veðurtepptur utan Reykjavíkur. Sú er ástæðan fyrir því að málið var ekki tekið fyrir þá, en annað mál af tveimur hv. þm. var þá flutt.

Ég skal verða við því að þessu sinni að doka við með að taka annan dagskrárlið fyrir. Hins vegar mætti það æra óstöðugan ef enginn hv. þm. gæti mælt fyrir máli nema viðkomandi ráðherra sé viðstaddur. Þá er ég hrædd um að þinghaldið gengi hægt.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Mig langar til að bera fram eina spurningu af fyllstu hógværð: Er það rétt hjá mér sem ég hef heyrt og lesið einhvers staðar að hæstv. ráðherrar hafi þær skyldur að mæta á þingi þegar þingfundir eru? Mig langar til að fá einfalt svar við þessu. Það er nóg að það sé í eins atkvæðis orði, annaðhvort jái eða neii.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Allir hæstv. ráðherrar og hv. þm. hafa þá skyldu að sitja á þingi þegar þingfundir eru. Hv. 1. þm. Reykv. getur svo svarað sér sjálfur um hvernig það er rækt. (**Gripið fram í:** En ráðherrar sem ekki eru þingmenn?) Ráðherra sem ekki er þingmaður hefur sömu skyldur.

Innflutningur á vörum á fölsuðum upprunaskírteinum, fyrri umr.

Þáltill. IBA, 85. mál. — Þskj. 87.

Flm. (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. á þskj. 87 um aðgerðir til að koma í veg fyrir innflutning á vörum á fölsuðum upprunaskírteinum. Till. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela fjmrh. að skipa nú þegar nefnd er hafi það hlutverk að leita leiða til þess að koma í veg fyrir innflutning á vörum á fölsuðum upprunaskírteinum. Nefndin skili fullmótuðum tillögum eigi síðar en 15. október 1989."

Í grg. með till. segir:

„Hinn 14. jan. 1988 svöruðu þáverandi fjármála- og viðskiptaráðherrar fyrirspurn á þskj. 489 frá flm. þessarar tillögu um innflutning á vörum á fölsuðum upprunaskírteinum. Í svörum ráðherranna kom fram að nokkurs úrræðaleysis gætir gagnvart slíkum innflutningi. Þess vegna var tillagan lögð fram, en hlaut ekki afgreiðslu á síðasta þingi og er því endurflutt."

Flm. gerir sér fyllilega grein fyrir því að erfitt er að koma í veg fyrir slíkan innflutning sem hér er til umræðu en telur engu að síður að brýnt mál sé að reynt sé að leita allra leiða til að koma í veg fyrir hann. Það er nauðsynlegt, ekki síst með tilliti til stöðu íslensks fataiðnaðar sem nú berst í bökkum og er við það að leggja upp laupana víðast hvar.

Það viðurkenna allir sem til þekkja að þessi innflutningur á sér stað, enda hafa margir aðilar sem málið snertir tjáð sig um það og staðfest að slíkt sé raunin. Þar á meðal innflytjendur, framleiðendur og ráðherrar.

Ég ætla að fá með leyfi forseta að vitna í framsöguræðu mína er ég mælti fyrir þessari till. á síðasta þingi en þar segir, með leyfi forseta:

„Hvernig eiga tollverðir að komast að því hvort vara er á fölsuðum upprunaskírteinum eða ekki? Það er nánast vonlaust. Því verður að leita leiða til að sporna gegn slíkum innflutningi. Fataiðnaður á Íslandi er við það að líða undir lok m.a. vegna síaukinnar samkeppni við innflutningsverslunina sem lítið er hægt að gera við ef hún er á heiðarlegum grunni. Það er hins vegar skylda okkar að halda henni þar og ef við vitum af óheiðarlegum viðskiptaháttum eigum við að grípa inn í og reyna með öllum tiltækum ráðum að stöðva slíkt."

Hæstv. þáv. viðsk.- og dómsmrh. hafði litlu við svör þáv. hæstv. fjmrh. að bæta, sagði aðeins að þessi mál væru undir smásjá hjá tollayfirvöldum og þar af leiðandi mundi þetta fljótlega komast í gott lag. — Nú væri náttúrlega, hæstv. forseti, mjög gott að hafa viðkomandi ráðherra við því að þarna voru settar fram staðhæfingar um að ákveðnum vandamálum yrði kippt í lag mjög fljótlega og væri mjög þarflegt fyrir þingið að vita hvort þessum málaflokki hafi í raun verið kippt í lag.

En enginn rökstuðningur fylgdi því hvernig hæstv. ráðherra fann það út að þetta kæmist fljótlega í gott lag. Hann taldi þó ástæðu til að geta þess sérstaklega að hér væri um refsivert athæfi að ræða og því hlýtur maður að spyrja: Hvað hefur ráðherrann gert gagnvart þeim sem staðnir hafa verið að slíkum innflutningi? Hvaða refsingu hafa þeir fengið? Hve margar ákærur hafa verið gefnar út vegna slíks?

Til að komast fyrir slíkan innflutning þarf að koma upp öflugu eftirlitskerfi og beita þá þungum refsingum sem staðnir eru að verki. Eftirlit verður að hefjast í því landi sem varan er keypt frá og má þá vel hugsa sér að sendiráðin okkar í viðkomandi landi sjái um slíkt í nánum tengslum við tollayfirvöld hérlendis. Það má ekki láta lögbrot viðgangast án þess að nokkuð sé að gert. Það er viðurkennt af ráðherrum, það er viðurkennt af tollayfirvöldum, það er viðurkennt af innflytjendum, það er viðurkennt af formanni Félags ísl. iðnrekenda að þessi fölsun á sér stað. Þess vegna verður að bregðast skjótt við.

Í tillögum hæstv. forsrh. nýverið, sem m.a. voru lagðar á borð okkar sem vorum í viðræðunefnd Borgfl. í stjórnarmyndunarviðræðum og fram kom seinna, var hugmynd hæstv. forsrh. að setja kvóta á innflutning frá láglauna- og lágkostnaðarlöndum og hefur þá væntanlega ráðherra í huga Taiwan, Hong Kong og önnur slík lönd.

Það mætti eins spyrja hvort hér sé átt við austantjaldslönd, Pólland t.d. sem fellur undir hvort tveggja, bæði láglauna og lágkostnaðarland. Þá má einnig spyrja ef til svona ráðstafana er gripið hvort það hreinlega auki ekki á þá fölsun sem hér er verið að reyna að koma í veg fyrir.

Hæstv. forseti. Ég tel mig ekki þurfa að hafa lengra mál um þetta, en vísa í framsöguræðu mína með þessari till. til þál. sem flutt var á síðasta þingi.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Hér er vakið máls á mjög athyglisverðu vandamáli sem hefur komið upp í milliríkjasamningum og milliríkjaviðskiptum, sem sé fölsun á upprunaskírteinum.

Ég er nýkominn úr ferðalagi til höfuðstöðva Fríverslunarbandalags Evrópuríkjanna í Genf svo og höfuðstöðva Evrópubandalagsins í Brussel. Þar áttum við kost á að ræða þetta vandamál og spyrja spjörunum úr ýmsa þá sérfræðinga sem þar starfa um hvernig eigi að taka á þessu og reyna að leysa þetta mikla vandamál sem á sinn uppruna, svo það orð sé nú notað í því skyni líka, í því að töluvert hefur verið

um að flytja inn ódýrar vörur frá lágkostnaðarsvæðum, einkum í Austur-Asíu og merkja þær síðan sem framleiddar í einhverju Evrópulandanna, annaðhvort innan Fríverslunarbandalagsins eða Evrópubandalagsins. Þar með er hægt að selja þær vörur hvar sem er innan þess viðskipta- og verslunarsvæðis sem þessar tvær verslunarheildir mynda.

Það hefur valdið miklum erfiðleikum að finna einhverja lausn sem getur tekið fyrir þessa misnotkun og var helst á þeim að skilja, þeim sérfræðingum sem við ræddum við, að það gæti orðið langt að bíða eftir því að það fyndist viðunandi lausn á þessu. Þó var bent á samning sem gekk í gildi 1. janúar 1988 á milli Fríverslunarbandalagsríkjanna sex og Evrópubandalagsins um einföldun formsatriða við tollmeðferð í viðskiptum með vörur. Í þessum samningi er gert ráð fyrir að taka í notkun samræmt tollskjal, sem þeir kalla á ensku „Single Administrative Document", skammstafað SAD, sem á að gilda í öllum viðskiptum á fríverslunarsvæðinu í Vestur-Evrópu. Þessi fjölþjóðlegi samningur er sá fyrsti sem gengur í gildi milli EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins á grundvelli Lúxemborgaryfirlýsingarinnar frá 1984. Hugmyndin með þessu samræmda tollskjali er að það verði gert tölvutækt og muni síðan gera öll pappírsgögn ónauðsynleg þannig að vörunni fylgi aðeins tölvutækar upplýsingar. Þannig verði hægt að skrá uppruna vörunnar og þær breytingar sem verða á vörunni. Vara sem á uppruna sinn t.d. í Austurlöndum fjær kemur þá flutt inn til annaðhvort EFTA-ríkis eða Efnahagsbandalagsríkis. Þar er uppruninn skráður inn í þetta tölvuskjal. Það má síðan vera að varan taki einhverjum breytingum í því landi sem flutti hana inn. Síðan er hún flutt út til næsta lands og þá fylgja þessar upplýsingar vörunni þannig að það er hægt að rekja upprunann og reyndar uppruna hinna ýmsu þátta sem mynda vöruna þegar hún er komin á lokastig og verður síðan seld í einhverju þriðja eða fjórða landi.

Þessu SAD-skjali er ætlað að leysa af hólmi að því er talið um 60 tegundir mismunandi tollskjala sem áður hafa verið í notkun og eru í notkun enn. Hér er því um geysilega merkilega breytingu að ræða og gæti verið að með þessu fyndist leið til að koma í veg fyrir fölsun á upprunaskírteinum þannig að það liggi alltaf fyrir í tölvuskjalinu sem fylgir vörunni allar þær upplýsingar sem varða uppruna hennar þó svo hún sé búin að fara í gegnum ýmsar breytingar á leið sinni frá upphaflegum framleiðanda og til neytenda.

Það er þannig verið að vinna að þessum málum þótt hægt gangi í þeirri miklu pappírsmyllu sem stjórn Evrópubandalagsins er, en engu að síður þokast þessi mál í rétta átt. Þetta vildi ég að kæmi fram.

Flm. (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Mér láðist í framsögu að óska þess að till. þessari verði vísað til hv. allshn. og síðari umr. En ég þakka síðasta ræðumanni fyrir hans innlegg og jákvæða umfjöllun um þetta mál og fagna því að verið er að vinna kröftuglega að lausn þessa vandamáls á erlendum vettvangi.

Ég vil hins vegar geta þess í lokin að eins og ég kom inn á áðan var þetta mál flutt á síðasta þingi og sent í nefnd eins og flest önnur mál. Hins vegar komst það aldrei út úr þeirri nefnd þrátt fyrir að allir viðurkenni nauðsyn þessa máls. Það er reyndar umhugsunarefni hvernig slíkt megi ske að þegar nánast allir eru sammála því að hér sé um mikið vandamál að ræða sé mál látið frjósa í nefnd í þinginu. Ég fer þess vinsamlegast á leit við þá nefnd sem fær þetta mál núna, hún er kannski skipuð jákvæðari mönnum í þessu máli, að hún dragi upp ermarnar og komi þessu máli áfram og út úr nefnd og til afgreiðslu í þinginu.

Albert Guðmundsson:

Forseti. Ég tek undir með þeim sem hafa réttilega sagt að við stöndum frammi fyrir nýjum tímum og það eru vandamál sem skapa þær breytingar sem fram undan eru, en ég held við gerum okkur ekki nokkra grein fyrir því að það þarfamál sem hér er talað um er bara lítið brot, það er minna en dropi í hafinu af því sem er á leiðinni, vegna þess að það sem verið er að vinna að er ekki bara samræming tollskjala, einföldun á tollskjölum eins og kom fram hér hjá hv. 7. þm. Reykn. Tollskjöl breytast ekkert út af fyrir sig þó uppsetningin sé einfölduð. Það eru sömu upplýsingar sem verða þar eftir sem áður en tollskjalameðferðin er einfölduð á þann hátt að það eru færri liðir sem koma inn á nýju tollskjölin þótt tollskjölin verði þau sömu fyrir Efnahagsbandalagsþjóðirnar allar. Það breytir ekkert um hvaðan varan kemur því hún er ekkert öðruvísi skráð í uppruna sínum en hún er í dag. Það vantar ekki dálk á tollskjölin í dag, hvorki hér né neins staðar annars staðar, til að skrá uppruna vörunnar. Það er farið á bak við þessa skráningu og hún er umskráð í móttökulandinu. Það eru ekki bara fyrirtæki í öðrum löndum í Evrópu en Íslandi. Það eru líka fyrirtæki á Íslandi sem láta framleiða fyrir sig í ódýrari löndunum og koma því svo heim í gegnum þriðja land. Þeir sem kvarta í iðnaði hafa tekið þátt í þessum leik.

En það sem er að ske er að það er verið að gera Evrópu að eins konar ríkjasambandi þar sem bæði peningarnir og allt annað í sambandi við daglega þörf almennings er samræmt. Það er talið að það verði ECU gjaldmiðill fyrir alla Evrópu. François Mitterand hélt tveggja tíma sjónvarpsþátt fyrir fjórum dögum í franska sjónvarpið sem hægt var að sjá hér og ég fylgdist með. Þar var hann að tala um þessi væntanlegu framtíðarmál, breytingarnar sem eru að verða á rekstri Evrópuþjóðanna. Að vísu kom það vel fram að Stóra-Bretland er á móti þessum breytingum eins og er. En þar er verið að tala um ein landamæri, eina lögreglu, eina tollgæslu við landamæri Evrópu, ekki bara hvers lands fyrir sig. Þegar allar þessar breytingar sem eru í vændum koma saman í eitt, þegar Evrópa verður orðin það ríkjasamband sem stefnt hefur verið að frá stríðslokum og tekið hefur miklum framförum í undirbúningi síðustu mánuðina og síðustu árin er ég hræddur um að við séum illa undir það búnir að taka þátt í þeirri gríðarlega miklu breytingu, því gríðarlega stóra skrefi sem við tökum frá ekki bara

fortíðinni heldur nútímanum yfir í þá tíma sem eiga að vera framtíðin. Það eru þessar breytingar, sem unnið er að í Evrópu, sem við verðum að fylgjast vel með. Það er ekki bara hver gerir hlutina rétt, hver gerir hlutina rangt. Það út af fyrir sig er stórt mál en er dropi í stóru breytingahafi sem er á leiðinni.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Hér hefur verið hreyft mjög þörfu máli og það kom fram í ræðu hv. flm. að reyndar hefði því verið hreyft á þinginu í fyrra en ekki fengist afgreitt úr nefnd á þeim tíma og mér þykir miður að heyra að þannig skyldi hafa farið með þetta mál á því þingi. Ég er þeirrar skoðunar að þetta sé mjög mikilvægt atriði og hafi býsna mikla þýðingu fyrir þróun frjálsra viðskipta í heiminum, en ég tek eftir því að við þessa umræðu er hæstv. fjmrh. ekki viðstaddur og reyndar sé ég að enginn hæstv. ráðherra í ríkisstjórn Íslands er viðstaddur umræðuna. Það er mjög brýnt að við þessa umræðu komi fram álit ríkisstjórnar Íslands á þessu viðfangsefni og afstaða hæstv. fjmrh. til þessarar tillögu. Ég óska þess vegna eftir því að hæstv. fjmrh. verði þegar í stað kallaður til fundarins þannig að við getum heyrt afstöðu hans til tillögunnar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það hefur komið fram fyrr á þessum fundi að hæstv. fjmrh. hafi ekki komið í þinghúsið í dag, en forseti mun samt sem áður láta athuga hvort hægt sé að ná til hans.

Þorsteinn Pálsson:

Þó að svo sé ástatt um þessa ríkisstjórn að hæstv. fjmrh. móti afstöðu hennar í öllum veigamestu atriðum efnahags-, fjármála- og atvinnumála kynni auðvitað svo að fara að aðrir hæstv. ráðherrar gætu svarað fyrir hæstv. ríkisstjórn í þessu falli þannig að athuga mætti hvort aðrir ráðherrar, sem þá kynnu að vera staddir í Alþingishúsinu, gætu svarað fyrir hæstv. ríkisstjórn.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eftir því sem forseti kemst næst mun enginn hæstv. ráðherra vera staddur í húsinu um þessar mundir. Hins vegar hefur forseti fengið þær upplýsingar að hæstv. fjmrh. sé væntanlegur um hálffjögurleytið.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir orð hv. 1. þm. Suðurl. um að það er gjörsamlega óviðeigandi að hæstv. ráðherrar mæta ekki í þingsal þegar verið er að ræða jafnveigamikil og þýðingarmikil mál og það mál sem hér er til umræðu.

Það er athyglisvert að ráðherrar í núv. ríkisstjórn virðast ekki sinna skyldu sinni sem alþingismenn samkvæmt þingsköpum og virða það ekki að mæta hér á fundum með hv. þm.

Virðulegi forseti. Ég vil gjarnan að forseti hlýði á mál manna þegar þeir eru að tala hér. (**Forseti:** Forseti reynir að hlýða á mál hv. þm. um þingsköp en jafnframt var verið að upplýsa hann um það sem hv. þm. er að tala um svo hann reyndi að nota bæði eyrun og hlusta í báðar áttir.) Gæti það kannski skýrt það þannig að ég þyrfti ekki að halda áfram hver sé staða hæstv. ráðherra og hvar þeir séu staddir í borginni ef þeir eru á annað borð í borginni? Hér er sagt við hv. þm. að þeir geti beðið eftir því að fjmrh., ég segi ekki hæstv. lengur, geti þóknast að mæta klukkan hálffjögur. Ég mótmæli því fyrir hönd alþingismanna að ráðherra geti gefið út það „diktat" að hann komi þegar honum þóknist. Við erum staddir á fundi, klukkuna vantar korter í þrjú og ég krefst þess að hæstv. ráðherrar gegni þingskyldum sínum og við fáum ekki svona skilaboð frá fjmrh. Ég mótmæli því.

Flm. (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins fá að taka undir þá ósk sem fram kom hjá hv. 1. þm. Suðurl. og get ekki annað en sagt að mér þykir leitt að ég skuli ekki hafa sjálfur komið með þá beiðni, en engu að síður er hún komin fram og ég tek heils hugar undir hana og þá gagnrýni sem hér er sett fram á þá aðila sem eiga að sitja í þessum fögru stólum hér, sérstaklega merktum þeim, en þeir eiga afskaplega erfitt með að mæta hér og sinna sínum þinglegu skyldum eins og fram hefur komið.

Ég óska þess að þessu máli verði ekki lokið fyrr en ráðherra mætir á svæðið og teldi hreinlega eðlilegt og sjálfsagt að fundi yrði frestað til hálffjögur þannig að við sætum þá við sama borð og hæstv. ráðherra sem þess vegna getur setið í kaffi einhvers staðar úti í bæ þessa stundina.

Umræðu frestað.

Iðgjöld vegna bifreiðatrygginga, fyrri umr.

Þáltill. SkA og MF, 112. mál. — Þskj. 115.

Flm. (Skúli Alexandersson):

Virðulegi forseti. Það var komið að mér að biðja um orðið um þingsköp og taka undir ósk hv. 5. þm. Vesturl. um að fundi yrði frestað í hv. Sþ. meðan beðið væri eftir einhverjum ráðherra hér í stólana, en ég lét það vera. Það er kannski erfitt fyrir mig að biðja um að einhver ráðherra sitji hér í stól á meðan ég flyt mína tölu um bifreiðatryggingarnar og ég ætla heldur ekki að gera það. En því miður hefur þetta átt sér stað núna að ráðherrar hafa ekki látið sjá sig á fundum Sþ. langtímum saman og því miður er ekki ný saga á hv. Alþingi að svo sé. Það er ekki endilega í sambandi við þessa ríkisstjórn. Það á líka við um ráðherra þeirrar ríkisstjórnar sem hv. 1. þm. Suðurl. veitti forustu að það var ansi oft sem þeir voru ekki hér þegar var verið að fjalla um hin breytilegustu mál í Sþ. En vitaskuld er þetta hlutur sem við almennir þingmenn eigum að mótmæla og óska eftir því og það er sjálfsögð skylda

ráðherra að þeir séu við umræðu þegar verið er að ræða mikilsverða þáltill. eins og þær sem hér eru jafnan til umræðu. Væri kannski ekki úr vegi að virðulegur forseti tæki mál fyrir eins og gert er í fyrirspurnatíma. Ráðherrar þyrftu þá ekki að eyða öllum deginum við það að bíða eftir því að þau mál sem þeir þurfa að fjalla um og vera viðstaddir kæmu til umræðu. En það hefur ekki verið gert og við höfum búið við og verðum enn að búa við það a.m.k. næsta hálftímann að enginn ráðherra verði hér í þinginu.

Till. sem ég mæli fyrir er flutt af okkur hv. þm. Margréti Frímannsdóttur og er till. sem er endurflutt frá fyrra þingi, en þá var meðflm. minn núv. menntmrh. Svavar Gestsson. Till. er svohljóðandi:

„Till. til þál. um iðgjöld vegna bifreiðatrygginga.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa ráðstafanir til þess að draga úr kostnaði við bifreiðatryggingar hér á landi þannig að tryggingariðgjöld bifreiða verða ekki hærri hér á landi en í grannlöndum okkar.

Í því skyni skal m.a. taka eftirfarandi til athugunar:

1. Samruna tryggingafélaga og sparnað við rekstur þeirra og alla starfsemi, en hér á landi eru nú" — það var reyndar sagt þegar var verið að semja og till. var flutti hér inn í þingið — „átta tryggingafyrirtæki með bílatryggingar.

2. Afnám tvísköttunar vegna bifreiðatrygginga, en nú fara 40 kr. af hverjum 100 iðgjaldakrónum í ríkissjóð.

3. Aukna umferðarfræðslu.

4. Markvissa eflingu almenningssamgangna, einkum á þéttbýlissvæðum.

5. Tryggingaflokka og hvort um getur verið að ræða tvöfalda eða margfalda tryggingu á sama tjóninu.

6. Kostnað tryggingafélaganna við viðgerðarþjónustu á bifreiðum.

7. Sameiginlega innheimtu á tekjum til þess að standa undir tjónakostnaði við bifreiðatryggingar þannig að tryggingaiðgjöld tengist að einhverju leyti akstri eða eldsneytisnotkun."

Fyrir þessari till. var mælt í hv. sameinuðu þingi í fyrra og umræða um þessa hluti, um bifreiðatryggingar, átti sér einnig stað á hv. Alþingi utan dagskrár. Ég tel ekki ástæðu til að fara að flytja aftur þá framsöguræðu sem ég flutti með málinu í fyrra, en ég bendi á að till. var send til umsagnar og það komu umsagnir frá nokkrum aðilum og þær voru allar á einn veg, allar á þann veg að það sem hér væri bent á og æskilegt væri að skoða væri á þann veg að það þyrfti að gera.

Það fór eins fyrir þessari till. og till. sem hv. 5. þm. Vesturl. var að ræða um áðan. Þrátt fyrir að umsagnir væru jákvæðar og lagt til að till. væri samþykkt og svo virtist sem þessi till. væri að fullu unnin og rædd í hv. allshn. var af einhverjum ástæðum ekki talin ástæða til að afgreiða till. út úr nefnd.

Ég vil fyrst og fremst taka undir þau orð sem hv. 5. þm. Vesturl. sagði áðan um till. um uppruna vöruskírteina, að eins er ástatt með þessa till. Ég vil eindregið hvetja hv. allshn., sem ég mun leggja til að till. verði vísað til, að um þessa till. verði fjallað og að till. sem og aðrar till. nefndarinnar sem hafa fengið eðlilega umsögn og eiga að geta fengið eðlilega umfjöllun í nefndinni verði afgreiddar frá nefndinni, en það verði ekki nefndarinnar að skera úr um hvort till. verði samþykkt á hv. Alþingi. Það á að vera þingsins sjálfs en ekki hverrar nefndar fyrir sig ef um er að ræða að till. njóti stuðnings umsagnaraðila og njóti að því er virðist stuðnings nefndarmanna, en af einhverjum sérstökum ástæðum sé ekki gengið frá því að till. sé send hingað aftur til þingsins til fullnaðarafgreiðslu.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjalla frekar um þetta. Ég ítreka að umsagnir um þessa till. voru jákvæðar og ég vissi ekki annað en að það væri meiri hluti í nefndinni að mæla með till. Enn legg ég svo til, sem ég gerði í fyrra, að þessari till. verði vísað til hv. allshn.

Albert Guðmundsson:

Frú forseti. Vegna upphafsorða frsm., sem hér talaði á undan mér, hv. 4. þm. Vesturl., og þeirra sem hafa deilt á ráðherra fyrir að vera fjarverandi vil ég taka fram að ég var ráðherra í tæplega fjögur ár og mig vantaði aldrei oftar þótt ég gegndi hlutverki ráðherra en án ráðherradóms. Ég var í þinginu alla þingdaga og svaraði hverri einustu fsp. sem kom, fyrirvaralaust ef óskað var eftir. Ég sé enga ástæðu til þess að nokkur ráðherranna sé í burtu nema í alveg sérstökum tilfellum. Svo vel ráða ráðherrarnir sínum tíma.

En þetta er fullyrðing sem hver þingmaður getur staðreynt með því að líta í þingtíðindin. Það er alveg ófyrirgefanlegt að ráðherra láti sig vanta. Það tefur störf Alþingis.

Það mál sem hér er á dagskrá, nr. 112, á þskj. 115, er þáltill. um iðgjald vegna bifreiðatrygginga. Ég tek undir þetta mál og tel það vera þarft og mun styðja það, en ég er ekki ánægður með þáltill. sem slíka eða réttara sagt orðalag hennar. Hún er allt of veik. Hún segir út af fyrir sig ekki nokkurn skapaðan hlut. Það segir í upphafi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa ráðstafanir". Hvað er það? Undirbúa ráðstafanir. Svo þegar búið er að undirbúa, gera þá ráðstafanir til hvers? Til þess að halda málinu áfram? Þetta finnst mér ekki segja nokkurn skapaðan hlut eða þá að það á að vera að vinna að þessu í langan tíma. Undirbúa hvað? Undirbúa að framkvæma eitthvað? Undirbúa undirbúning undir framkvæmdir?

Ég hefði viljað orða þetta á þá leið að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til að tryggingar eða tryggingariðgjöld bifreiða verði ekki hærri hér á landi en í nágrannalöndunum og sleppa öllu hinu.

Ég beini því til flm. að gera breytingar á orðalagi. Mér er miklu ljúfara að fylgja till. þannig orðaðri þó ég muni fylgja henni án breytinga því hugsunin er góð

en hún er ekki nógu markviss. Ég legg til að flm. komi sér saman um að orða þetta þannig ákveðnara að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir o.s.frv.

Meira hef ég ekki um þetta mál að segja.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Það er ýmislegt og sjálfsagt flest gott um þessa till., en hins vegar er nauðsynlegt að hér komi fram, sem frsm. vék nú raunar að, að fyrsti og meginliður tillögunnar er að nokkru leyti kominn eða að komast í framkvæmd og hefur þar orðið veruleg breyting á frá því að till. var upphaflega flutt þar sem fjögur langstærstu tryggingafélögin ýmist hafa sameinast eða eru að sameinast í tvö félög sem ráða þá meginhluta markaðarins. Ég held að þetta sé tvímælalaust til bóta og leiðir áreiðanlega til þess að kostnaður við bifreiðatryggingar lækkar eitthvað.

En vegna orða hv. 5. þm. Reykv. um að þessa tillögu ætti að orða með öðrum hætti kemur það til athugunar í nefnd með venjulegum hætti. En ég lýsi efasemdum um að þessi tillaga sé orðuð í þá veru að Alþingi feli ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til þess að iðgjöld bifreiðatrygginga verði ekki hærri hér á landi en í nágrannalöndunum. Það er eðli trygginga að iðgjöldin eiga að standa undir tjónakostnaðinum og þó að ríkisstjórnin sé máttug og til mikilla afreka líkleg hef ég efasemdir um að hún geti beinlínis gert ráðstafanir til þess að þetta megi verða eins og hv. þm. Albert Guðmundsson lagði til einfaldlega vegna þess að þetta er bara á valdi ökumanna. Meðan árekstratíðnin og tjónatíðnin í umferðinni hér er jafnhá og raun ber vitni og menn sýna jafnlitla aðgát við það ábyrgðarhlutverk sem það er að stýra bifreið verða þessi iðgjöld há. Þessu verður ekki breytt í einu vetfangi.

Við þurfum hins vegar alveg örugglega, eins og hér liggja raunar fyrir tillögur um, að taka ökukennslu til endurskoðunar. Það er leitt til þess að vita að atriði eins og ökuferilsskrá, sem búið er að ræða um lengi og er mjög brýnt að taka upp til aukins eftirlits og gæti áreiðanlega líka verið til leiðbeiningar um iðgjöld trygginga þannig að góðir ökumenn nytu þess í ríkara mæli en nú er að borga lág iðgjöld, skuli hafa steytt á einhverju skrifstofuskeri uppi í ráðuneyti og næst ekki fram. Það hefur verið reynt að ýta á það og koma því fram. Það hefur bara einfaldlega ekki gerst enn þá.

Það er sjálfsagt að athuga ýmis þessara mála, finnst mér, og mjög nauðsynlegt eins og þessa tvísköttun og auðvitað þarf að auka umferðarfræðslu eins og hér er gert ráð fyrir, en ef við ætlum að lækka iðgjöldin er bara ein leið til þess og það er að tjónunum fækki. Sjálfsagt má einhverju hagræða og betrumbæta í starfsemi tryggingarfélaganna, en ég held að það vegi ekki þungt í þessu máli. Meginatriðið er það hversu tjónin eru tíð og mikil. Það þarf t.d. nokkuð mörg iðgjöld til að borga nýjan bíl sem kostar 2 milljónir eða þar um bil.

Ég ætla ekki, virðulegur forseti, að hafa þessi orð öllu fleiri, en ég held að það eigi að nálgast þetta mál frá þeim sjónarhóli sem ég hef lýst, þ.e. að reyna að gera Íslendinga að svolítið betri, gætnari og árvakrari ökumönnum. Ég held að það sé leiðin til að lækka iðgjöld af bifreiðatryggingum.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég kem upp til að lýsa stuðningi mínum við þessa till., enda er ég reiðubúinn í flest sem getur orðið til þess að lækka iðgjöld á tryggingum yfirleitt, hvort sem það eru bifreiðatryggingar eða aðrar tryggingar, enda tel ég að tryggingaiðgjöld í landinu séu yfirleitt allt of há.

Ég vil segja það vegna orða hv. síðasta ræðumanns að mikil er bjartsýni hans ef hann álítur að iðgjöld komi til með að lækka eitthvað vegna samruna þeirra tryggingarfélaga sem nú hafa tekið höndum saman. Ég vona að rétt sé, en ég stórefast um það, og fordæmin fyrir því eru víðar, að þessar lækkanir komi fram. Það má hins vegar velta því fyrir sér hvernig tryggingaiðgjöldum er skipt upp í t.d. áhættuflokka og þá aðallega um bifreiðatryggingar. Ég þekki til þess erlendis að þar skiptir máli hvað ökumaður t.d. er gamall sem er að taka sér tryggingu, hvers kyns hann er, hvort hann er karlmaður eða kvenmaður, hvar hann býr, á hvaða svæði. Er það í höfuðborg, miðlungsstóru plássi eða litlu plássi? Ég hygg að hér á Íslandi sé þessu aðeins skipt í tvo flokka. Það er annaðhvort Reykjavíkursvæðið eða dreifbýlið. A.m.k. þekki ég ekki aðra skiptingu.

Það er ýmislegt sem má skoða í þessu máli, en eins og ég sagði í upphafi kem ég hér eingöngu til þess að lýsa stuðningi við þetta og er tilbúinn að samþykkja nánast allt sem leiðir til lækkunar á tryggingaiðgjöldum almennt.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Hér er hreyft mjög merkilegu máli og það rifjar upp í mínum huga umræðu sem við áttum utan dagskrár í Ed. í fyrra að frumkvæði 1. flm. þessarar till., hv. þm. Skúla Alexanderssonar. En það er alveg hárrétt, sem hefur komið fram í þeim umræðum sem hér hafa farið fram, að það hlýtur að vera eitthvað að í rekstri trygginga, bifreiðatrygginga sérstaklega. Það er ekki hægt að taka það sem gilda skýringu að við ökum svona illa, Íslendingar, að árekstrar og tjón á bílum sé miklu, miklu meira en nokkurs staðar annars staðar. Má vera að það sé eitthvað til í því að við keyrum meira á en t.d. frændur okkar og nágrannar á hinum Norðurlöndunum — kann að vera að það geti stafað af því að hér eru aksturskilyrði oft mun erfiðari á veturna en í þeim löndum — en ég held að það eitt sér geti ekki nægt til þess að skýra það af hverju bifreiðatryggingar eru margfalt dýrari á Íslandi en nánast nokkurs staðar annars staðar í allri Evrópu.

Ég leyfði mér áðan í umræðum að vitna örlítið til ferðar sem ég fór til höfuðstöðva Efnahagsbandalagsins í Brussel. Ég get ekki annað en rifjað upp að í þeim umræðum kom m.a. fram að sem liður í þeim

frjálsu fjármagnsflutningum sem nú er stefnt að innan ríkja Evrópubandalagsins er m.a. að tryggingastarfsemi verði gefin frjáls. Það þýðir nánast að íbúi í Kaupmannahöfn, sem ekki er ánægður með bifreiðatryggingar og þau iðgjöld sem tryggingafyrirtæki í Danmörku bjóða upp á, getur þá bara ákveðið að skipta við t.d. tryggingafyrirtæki í Róm ef það býður betri kjör. Kannski eigum við Íslendingar eftir að reyna þetta einnig. Ef okkur líkar ekki við Samvinnutryggingar, svo ég nefni fyrirtæki hér, eða Brunabótafélagið eða hvaða önnur tryggingafyrirtæki sem hér starfa, þá getum við einfaldlega samið við eitthvert tryggingafyrirtæki í Róm um að það selji okkur tryggingar á miklu hagstæðara verði. Kannski er þetta sú framtíð sem við eigum eftir að standa frammi fyrir, hver veit.

En ég held hins vegar að það sé orðið algjörlega nauðsynlegt og löngu tímabært að taka af fullri alvöru á þessum málum og rannsaka ofan í kjölinn hvernig stendur á því að iðgjöld bifreiðatrygginga eru svo gífurlega há eins og raun ber vitni og styð þessa tillögu heils hugar.

Flm. (Skúli Alexandersson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þær undirtektir sem till. þessi hefur fengið hér og bendi á að á sama hátt var umræðan hér á síðasta þingi, þingmenn tóku mjög undir þessa till., og þess vegna er það miður að till. skyldi ekki hafa fengið afgreiðslu á síðasta þingi og vænti ég þess, miðað við þær undirtektir sem hún hefur fengið hér, að nú muni hv. allshn. taka sig til og afgreiða till. fljótt úr nefndinni þannig að við getum *þá afgreitt málið hér.*

Í sambandi við það sem ég sagði um viðveru hæstv. ráðherra hér í þingi á undanförnum árum er mér ljúft að taka undir það, sem hv. þm. Albert Guðmundsson sagði, að við minnumst þess að hann var mjög oft í þinginu og ég veit að það sem hann sagði áðan var alveg rétt lýsing á hans starfi sem ráðherra og sem þingmanns. Þegar rætt er um ráðherra, viðveru þeirra hér, er erfitt að flokka menn. Þeir verða vanalega teknir í hóp. Og þó að einhver skari þar fram úr að ágæti gleymist það, því miður.

Um tillögu hans um að breyta orðalagi till. og segja „gera" í staðinn fyrir „undirbúa" held ég að í mörgu tilfelli sé betra að kveða ekki mjög stíft að orði þegar menn eru að leggja til að breyta í þá átt sem hér er lagt til. Hér er verið að leggja til með hógværu orðalagi að ríkisstjórnin beiti sér fyrir því að vinna að því að tryggingaiðgjöld bifreiða verði ekki hærri hér á landi en í grannlöndum okkar. Það er kannski ekki mikill meiningarmunur þarna á milli, en fyrirskipunartónninn gengur oft og tíðum verr en að beina til aðila að hlutir verði gerðir. Ég sé því ekki ástæðu til þess að við flm. förum að leggja til þarna neina breytingu á og felum nefndinni að fjalla um þessa till. og koma með hana aftur inn í hv. Alþingi.

Í sambandi við að nú hafa fjögur tryggingafélög orðið að tveimur skal ég viðurkenna að þar hefur orðið á nokkur breyting og ég nefndi það aðeins í framsöguræðu minni, en ég held að það sé full ástæða til þess einmitt þegar fjögur stærstu tryggingafélögin í landinu eru að sameinast að hafa fullan vara á og fylgjast með því. Það væri vel til fallið að þessi till. yrði samþykkt til þess að fylgjast með því sem gerðist í framhaldi af samruna þessara félaga, hvort það skilaði sér nokkuð til hagsbóta fyrir tryggjendur að félögin verði stærri eða hvort áfram væri haldið eins og haldið hefur verið hingað til.

Í sambandi við tjónatíðni og að við komumst ekki út úr þessum vítahring fyrr en við náum niður tjónafjölda er það vitaskuld alveg rétt og það er meining tillögunnar að að því verði unnið að tjónum fækki. Við vitum að einmitt með aðgerðum sem er bent á í till. tókst okkur á því ári þegar breytt var úr vinstri umferð í hægri umferð að minnka tjón stórlega. Það var ekki beint gert með neinni sérstakri fyrirskipun heldur með ákveðnum samræmdum aðgerðum. Þessi till. leggur einmitt til að þannig sé unnið að málum að með samræmdum aðgerðum verði leitast við að draga úr tjónum og úr ýmsum kostnaðarliðum bak við iðgjöld tryggginga.

Ég endurtek svo að ég þakka þingmönnum fyrir þann stuðning sem þeir hafa lýst við till.

Albert Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Vegna ummæla hv. 3. þm. Vesturl. vil ég segja að nefndir Alþingis eru vinnufyrirkomulag Alþingis. Nefndirnar vinna fyrir alla þingmenn og nefndirnar eru ekki öðruvísi en aðrir þingmenn. Nefndirnar geta komið með tillögur að breytingum, orðalagsbreytingum og öðru. En í 33. gr. þingskapa segir: „Ráðherra og hver þingmaður má koma fram með breytingartillögur við hverja umræðu sem er."

Það er byggt á þessum þingsköpum, sem við vinnum öll eftir, að ég beindi þeim tilmælum til flm. að þeir gerðu þá breytingu sem ég taldi til bóta. Þegar hv. 3. þm. Vesturl. vitnar í að það sé óþarfi að gera tillögur um breytingar sem eru svona ákveðnar orðaðar frekar en hafa orðalagið eins og það er og vitnar í sameiningu fjögurra vátryggingafélaga sem hlýtur að leiða til lækkunar á iðgjöldum, þá vil ég nú beina því til þingmanna um leið og þeir kynna sér þetta mál betur að það eru bara tvö félög sem eru að sameinast og tryggingaiðgjöld eru samþykkt af opinberum aðilum. Tryggingaiðgjöld eru svo samþykkt af opinberum aðilum og undir svo ströngu eftirliti að maður getur ekki tryggt nema hjá ákveðnum félögum í einstökum tilfellum. Ég á t.d. sumarbústað í Grafningnum. Ég má ekki tryggja annars staðar en hjá Samvinnutryggingum. Brunabótafélag Íslands starfar ... (Gripið fram í.) Ráðherra getur haft sínar hugmyndir um það. Ég met meira frelsi til athafna í mínum einkamálum, t.d. en að verða að fara að ákvörðunum ríkisstjórnarinnar í mínum einkamálum í þessu tilfelli.

En það er svo, hæstv. ráðherra, að bæði Brunabót og Samvinnutryggingar eru lögvernduð, eru með lögvernduð svæði í tryggingum, þannig að ríkisstjórn-

in hefur ákvörðunarrétt um tryggingar og tryggingaupphæðir þessara félaga sem hafa þó fengið einkarétt — á mismunandi hátt að vísu.

Þar fyrir utan, ef ég man rétt, birtist í blöðunum við sameiningu t.d. Brunabótafélagsins og Samvinnutrygginga að annað þeirra, mér er næst að halda að það sé Brunabót, hafi verið með eigið fé upp á 400 millj. kr. í sjóði og hitt 200 millj. kr. Það getur verið að það hafi verið öfugt. Þessar tölur standa í mínum huga án þess að ég hafi þær við höndina. Ekki eru þau vátryggingafélög á vonarvöl. Sjóvátryggingafélagið og Almennar tryggingar hljóta að vera mjög efnuð félög, félög sem hafa efnast mjög vel, vegna þess að vátryggingafélögin hafa verið að kaupa sig inn í alls konar önnur félög og eignast þetta og eignast hitt. Það gera þau ekki nema þau hafi verulegan tekjuafgang eða ágóða sem þau þurfa að fjárfesta í einhverju öðru. Tjónin eru ekki meiri en svo að félögin treysta sér til þess að gerast eignaraðilar að öðrum félögum. Ég get ekki séð annað en að það sé verulegt svigrúm til að lækka iðgjöld eins og þessi þáltill. gerir ráð fyrir og það verður ekki gert nema ríkisstjórnin, sem hefur fjarstýrt þessum markaði, komi þar inn í á jákvæðan hátt. Alþingi Íslendinga fer ekkert að leggjast á hné fyrir ríkisstjórninni og segja: Elsku ríkisstjórnin mín. Gerðu það nú fyrir mig að vinna svona eða vinna hinsegin.

Alþingi Íslendinga tekur ákvörðun og ríkisstjórn Íslands er undirvald, framkvæmdarvald. Það er það sem ég vil líka draga athygli að. Alþingi samþykkir hér og það sem Alþingi samþykkir að fela ríkisstjórninni að framkvæma verður ríkisstjórnin að gera. Alþingi er ofar ríkisstjórninni að þessu leytinu til. Þess vegna er það sem ég vil miklu heldur fara rétta leið og segja: Alþingi ákveður að ríkisstjórnin skuli gera þetta eða gera hitt en ekki að fara bónleiðina að ríkisstjórninni. Það þýðir ekkert og þar er rangt að staðið.

Þetta er það sem ég vil segja. Að breyta orðalaginu í nefnd er ekki nein lausn út af fyrir sig. Nefndin gerir ekkert annað en gera tillögur til Alþingis, til samverkamanna sem hafa sýnt þeim trúnað með því að kjósa þá í nefnd. Þess vegna hefði ég viljað að flm. sjálfir hefðu haft orðalagið þannig ákveðið að það færi ekkert á milli mála að það sem þeir vilja gera og þingmenn hafa tekið undir og verið jákvæðir með verði ákveðið af Alþingi að skuli svo verða. En ríkisstjórnin hefur verulega með það að segja hvaða iðgjöld eru samþykkt. Það er ekki svo sjaldan sem iðgjaldahækkanir eru samþykktar af opinberum aðilum. Það getur vel verið og kannski rétt að bifreiðatryggingar sýni ekki hagnað, en það er ekki alltaf hægt að fá hækkanir á álögum á fólk út á það að ein og ein deild í stórum starfshring sýni taprekstur þegar aðrar deildir sem hafa einkarétt á stórum markaði sýna mikinn ágóða eins og kemur fram í upplýsingum sem hafa komið fram nú við sameiningu félaganna.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv. og til allshn. með 39 shlj. atkv.

Útboð opinberra rekstrarverkefna, fyrri umr.

Þáltill. FrS, 61. mál. — Þskj. 63.

Flm. (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Ég leyfi mér að mæla fyrir till. til þál., sem er á þskj. 63, um athugun á útboðum opinberra rekstrarverkefna. Ég vil jafnframt í upphafi míns máls þakka hæstv. fjmrh. fyrir að vera viðstaddur þessa umræðu.

Þetta mál er endurflutt, hefur reyndar tvívegis verið flutt áður. Í fyrra skiptið var ekki hægt að mæla fyrir þáltill., en í síðara skiptið fór málið til nefndar en varð eigi útrætt. Till. er stutt og einföld. Hún er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela fjmrh. í samráði við aðra ráðherra að gera athugun á því á hvaða sviðum ríkisrekstrar sé hagkvæmt að efna til útboða. Skulu niðurstöðurnar lagðar fyrir Alþingi í formi skýrslu þegar að athugun lokinni."

Í grg., sem er örstutt líka, segir svo, með leyfi forseta:

„Um margra ára skeið hafa opinberar framkvæmdir verið boðnar út og hefur sá háttur verið hafður á í vaxandi mæli að undanförnu. Þetta hefur gefið góða raun og sparað umtalsvert fjármagn eins og dæmin sanna t.d. í vegagerð. Mun minna hefur verið gert af því að bjóða út einstök rekstrarverkefni til einkaaðila. Þvert á móti virðist á ýmsum sviðum sem opinberir aðilar fastráði starfsmenn til að annast þjónustu sem auðvelt væri að bjóða út. Í sumum tilvikum draga skattareglur úr áhuga opinberra aðila og stórfyrirtækja á útboðum þótt færa megi veigamikil rök að því að útboð á sérhæfðum verkefnum séu eðlilegri og hagkvæmari."

Á undanförnum árum hefur útboðum opinberra framkvæmda fjölgað og verk sem áður voru nær einungis unnin af viðkomandi ríkisstofnunum eru nú boðin út. Margvísleg rök eru fyrir því að bjóða opinberar framkvæmdir út. Útboðsverk eru venjulega betur undirbúin, eftirlit er með framkvæmd verktaka, en þegar ríkisstofnanir framkvæma verkin er hönnun, framkvæmd, eftirlit og úttekt í höndum sömu stofnunar. Útboð hafa sannanlega leitt til minni kostnaðar og meira magn framkvæmda á útboðsmarkaði hefur tryggt vel rekin verktakafyrirtæki í sessi og lengt lífaldur þeirra.

Þótt lögin um opinberar framkvæmdir, sem sett voru að frumkvæði Magnúsar Jónssonar, þá fjármálaráðherra, hafi reynst ákaflega góður grundvöll

ur útboðs verklegra ríkisframkvæmda vantar enn á að í öllu sé farið eftir ákvæðum þeirra laga. Má í því sambandi nefna t.d. svokallað skilamat sem er mat á því hvernig framkvæmd hefur tekist miðað við áætlun og samanburð við hliðstæð verk sem þegar hafa verið metin. Þrátt fyrir þetta er ljóst að útboðsstefnan hefur gjörbreytt opinberum framkvæmdum til góðs.

Ég vil segja frá því jafnframt að fyrir nokkrum árum spurðist ég fyrir um skilamat sem er bráðnauðsynlegt að verði tekið upp, einkum og sér í lagi fyrir hv. fjvn. Alþingis. Þá var sagt að það mundi senn verða gert, en enn bólar ekki á því að verk séu tekin út með þeim hætti sem lög gera ráð fyrir. Reyndar hafa verið gerðar lagabreytingar á Innkaupastofnun ríkisins og Ríkisendurskoðun hefur flust til Alþingis. Það breytir þó ekki lagaákvæðum í lögum um opinberar framkvæmdir, en í þeim lagaákvæðum er skýrt tekið fram að þessir tveir aðilar eigi að framkvæma skilamat sem auðvitað er sjálfsagt stjórntæki og eftirlitstæki fyrir sjálft fjárveitingavaldið. Gæti ég, virðulegur forseti, frá þeim árum sem ég átti sæti í fjvn. sagt sögur af því hvernig Alþingi í raun ákveður framlög til ýmissa framkvæmda. Oftast er það gert í slíkum smábitum að engin leið er fyrir fjárveitingavaldið að átta sig á heildarumfanginu hvað þá heildarkostnaðinum og hvort sá kostnaður fer út fyrir þau mörk sem í upphafi var ráð fyrir gert. Þaðan af verra er hins vegar að eftirlitið er með þeim hætti að við lok framkvæmda er ekki nokkur leið að átta sig á því hvort áætlun um kostnað hafi staðist þrátt fyrir að skýr lagafyrirmæli séu um það atriði að mig minnir í 20. eða 21. gr. laganna um opinberar framkvæmdir frá 1970.

Meðal nágrannaþjóða hefur verið unnið að því skipulega að auka útboð opinberra rekstrarverkefna til einkafyrirtækja. Sérstaklega hafa útboð átt sér stað þegar um ný verkefni er að ræða eða verið er að gera breytingar á opinberum rekstri. Þær greinar sem einkum hafa þótt heppilegar til útboðs eru m.a. þvottar, hreingerning, vaktþjónusta, útgáfa, mötuneyti, hönnun, áætlanagerð, eftirlit, viðhald og viðgerðir. Er þá fyrst og fremst verið að tala um þau rekstraratriði sem boðin eru út í nágrannalöndum. Í Bandaríkjunum og reyndar annars staðar þekkist hins vegar útboð á miklu fleiri sviðum. Þar þekkist til að mynda að fangelsisrekstur og sjúkrahússrekstur sé boðinn út til einkaaðila. Það á sjálfsagt ekki við hér á landi en er dæmi um það að einkaaðilum er treyst fyrir verkefnum og síðan er stjórnvöldum ætlað að sjá um eftirlit.

Ég vil taka fram að það mun þó hafa þekkst hér á landi að einkaaðilar hafi tekið að sér fangelsisrekstur. Á ég þá við kvennafangelsið sem rekið var austur í sveitum á sínum tíma. Ég veit ekki hvort svo er gert enn. Það er dæmi um að meira að segja á því óvenjulega sviði hefur einkaaðilum verið fenginn í hendur rekstur sem allir eru sammála um að heyri til ríkinu en aðrir aðilar en ríkisstarfsmenn geta séð um.

Þau rök sem hafa verið færð fyrir útboðum opinberra rekstrarverkefna eru m.a. eftirfarandi:

1. Launamunur starfsmanna við sömu störf mundi ekki grundvallast á því að sumir séu opinberir starfsmenn en aðrir starfi í einkarekstri. Þannig mundu tortryggni og samanburður hverfa.
2. Útboð stuðla yfirleitt að lægra verði og minni kostnaði.
3. Útboð opinberra verkefna stækka útboðsmarkaðinn, styrkja þannig einkareksturinn og efla samkeppni.
4. Útboð ýta undir að skattareglur verði samræmdar en mismuni ekki aðilum eins og nú er.

Hér er ég að vísa til söluskattsinnheimtunnar, en fyrir nokkrum þingum, þremur þingum ef ég man rétt, voru þau mál til umræðu og bent á að í sumum tilvikum njóta fyrirtæki skattfríðinda ef þau eiga sjálf tæki en þurfa ekki að kaupa þjónustu að. Nefnd voru þá tvö dæmi. Annars vegar var um að ræða niðurstöðu í svokölluðu Eimskipsmáli sem fjallaði um uppskipunarkrana Eimskipafélags Íslands og hins vegar það þegar ákveðið kvikmyndahús hér í bænum réð til sín bólstrara til að sleppa við söluskattsgreiðslur til bólstrara úti í bæ sem áður var verslað við til þess eingöngu, eins og ég sagði, að losa sig undan skattgreiðslum. En þetta þýðir að menn sitja ekki við sama borð.

Ég vil þó taka fram að löggjafinn hefur reynt að breyta þessu og talið að aðilar í rekstri, einnig opinberir aðilar, eigi að greiða söluskatt af þeirri þjónustu sem þeir gætu keypt að. En því miður, eins og allir hljóta að geta séð í hendi sér, er mjög örðugt að framkvæma slíkt. Ég get tekið dæmi til að mynda af ríkisspítulum. Mötuneyti á ríkisspítulum er ekki skattlagt. Þar er ekki borgaður söluskattur í sama stíl og annars staðar. Ef slíkt mötuneyti yrði hins vegar boðið út yrði að borga söluskatt í stærri stíl. Þetta gerir að verkum að í mörgum tilvikum er ekki hægt um vik að bjóða út slíka starfsemi. Hið rétta væri að gera ráð fyrir í rekstrarkostnaði slíkra fyrirtækja að borgaður sé söluskattur til að framkalla bókhaldslega hvað hver hlutur kostar og að einkaaðilar og opinberir aðilar sitji við sama borð.

Aðrar þjóðir hafa reynt að leysa slík mál með ýmsum hætti og til að mynda losað sig við opinber mötuneyti, en í staðinn hafa starfsmenn sem hafa haft rétt á lægra matvælaverði fengið miða sem þeir geta framvísað á stöðum sem einkaaðilar reka og fengið þannig afslátt af matarkaupum, til að mynda í hádeginu.

5. Útboð krefjast undirbúnings og áætlunar sem auðveldar opinberum aðilum að stjórna og setja sér markmið, örva leit að hagkvæmum leiðum með lausn verkefna og fjölga úrlausnarkostum.
6. Útboð stuðla að eðlilegri verkaskiptingu þar sem framkvæmd og eftirlit eru ekki hjá sama aðila ef það tryggir betri árangur. Í raun er þetta kannski stærsta ástæðan hjá sumum, einkum og sér í lagi hjá stjórnmálamönnum sem telja að það sé verkefni stjórnmálamanna að stjórna og taka ákvarðanir en síðan sé það annarra en ríkisvaldsins að sjá um hvernig einstök verkefni eru leyst á þeim grundvelli

sem lagður hefur verið af stjórnvöldum á hverjum tíma. Útboð opinberra framkvæmda hafa sannað gildi sitt og meðal annarra þjóða hafa útboð opinberra rekstrarverkefna leitt til skilvirkari reksturs. Engin ástæða er til að ætla að slíkt eigi ekki við hér á landi.

Fjölgun opinberra starfsmanna á undanförnum árum og áratugum á m.a. rætur að rekja til þess að ríkið ræður starfsfólk til að sinna þjónustu sem hægt væri að fela öðrum án þess að þjónustustigið minnkaði. Þunglamaleg stjórn í opinberum rekstri veldur oft seinagangi og dregur úr sveigjanleika. Launaákvarðanir eru miðstýrðar og valda oft óánægju starfsmanna sem flýja í önnur störf. Með auknum útboðum má gera ráð fyrir að margir þeirra sem nú starfa í margvíslegum þjónustustörfum fyrir ríki og sveitarfélög mundu stofna eigin fyrirtæki og bjóða í verkefni. Þannig gætu þeir með útsjónarsemi og á grundvelli eigin ákvarðana leitað hentugastra leiða við reksturinn og ráðið sjálfir meiru um framkvæmdina.

Á fskj. sem fylgir þáltill. er lausleg þýðing á leiðbeiningum sem danska hagsýsludeildin sendi ráðuneytunum sumarið 1984. Ég vek athygli á 3. tölul. í fskj. sem fjallar um útboð, en þar er bent á að hægt er að fara fleiri en eina leið til að bjóða út verkefni. Mér finnst vera ástæða til þess að hæstv. fjmrh. og ráðuneyti hans í samráði við aðra ráðherra kanni hvort ekki sé möguleiki á að taka upp útboð í stærri stíl en verið hefur og gera á því könnun hvort opinber þjónusta á Íslandi sé mikið óðruvísi en sams konar þjónusta í okkar nágrannalöndum og þoli þess vegna ekki útboð eins og þar tíðkast.

Það er af þessu tilefni, virðulegur forseti, sem þessi þáltill. er flutt í trausti þess að þingmenn kanni þetta mál og í framhaldi af því megi þingheimur og þjóð eiga von á að breytingar verði í opinberum rekstri að þessu leyti.

Þessu til viðbótar, virðulegur forseti, vil ég nefna að þegar virðisaukaskattskerfið verður tekið upp lagast ýmislegt sem gerir það að verkum að auðveldara verður að bjóða út rekstrarverkefni en nú er. En ég vil jafnframt benda á eitt, sem verður vandamál hér á landi og upp kemur í tengslum við umræður vegna hins sameiginlega markaðar Evrópubandalagsríkjanna, en þar hefur framkvæmdaráðið samþykkt að samræma óbeinu skattheimtuna og setja hana að mestu leyti í 18 prósentustig. Þó er heimilt að víkja frá því í vissum tilvikum eins og menn vita sem fylgst hafa með umræðum, ekki síst á milli forsætisráðherra Bretlands og annarra í bandalaginu. Þetta hefur þau áhrif til að mynda í Danmörku að ríkisstjórnin þar verður að lækka virðisaukaskattinn úr 22% niður í 18 í áföngum og er gert ráð fyrir að lækkunin úr 22 niður í 20 geri að verkum að danski ríkissjóðurinn muni tapa 40 millj. danskra kr. í tekjum við þá ákvörðun eina. Þess vegna hafa Danir, og af því getum við lært, reynt að beita öllum ráðum til að færa greiðsluna fyrir opinbera þjónustustarfsemi frá skattgreiðendum til neytenda þar sem hægt er og það er kjarnaatriði ef menn vilja draga úr opinberum útgjöldum til ýmissa þjónustuverkefna án þess að skerða þjónustustigið.

Ríkið á svo að verða eftirlitsaðili og setja kröfur um magn og gæði þjónustunnar, enda fer vel á því að það sé í höndum ríkisins en sjálf starfsemin verði boðin út til þeirra sem hafa sérhæft sig í slíkri þjónustu.

Virðulegur forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál. Þetta hefur verið reynt víðast hvar annars staðar, einna minnst hér á landi. Ég tel að allar líkur bendi til þess að þetta verði tiltölulega auðvelt þegar virðisaukaskattskerfið verður tekið upp. Ég hvet hæstv. fjmrh. til að segja skoðun sína á þessu efni. Ég veit að hann hefur á undanförnum dögum sýnt mikinn áhuga á því að aðhald sé viðhaft í opinberum rekstri og leitað sé nýrra leiða til að koma í veg fyrir útþenslu ríkisins.

Vænti ég þess að hann taki vel undir þessa þáltill., en vil að lokum leggja til að hv. fjvn. fái málið til skoðunar, enda eru hér á ferðinni atriði sem fyrst og fremst tengjast þeirri hv. nefnd þótt sjaldnast sé öðrum málum vísað til þeirrar nefndar en sjálfu fjárlagafrv.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Sú till. sem hv. þm. Friðrik Sophusson hefur hér mælt fyrir er á margan hátt athyglisverð. Það er alveg rétt, sem kom fram í hans framsögu, að útboð hafa á fjölmörgum sviðum bæði skilað betri árangri, hagstæðari kjörum, fljótvirkari framkvæmdum og auðveldað eftirlit með því að rétt sé staðið að verkum. Að þessu leyti get ég alveg verið sammála hv. flm. um að það er mjög nauðsynlegt að skoða rækilega í hve ríkum mæli hægt er að beita útboðsaðferðum í hinum fjölþætta rekstri sem íslenska ríkið er.

Ég gæti haft mörg fleiri orð um kosti útboða en ætla ekki að gera það hér vegna þess að hv. flm. gerði það mjög rækilega. Ég vil þó taka fram að þótt ég verji ekki miklum tíma í mínu máli til að rökstyðja kosti þeirrar aðferðar má ekki misskilja hlutfallið í ræðu minni á þann veg að ég sé þar með að draga úr þeim kostum. Mér finnst hins vegar nauðsynlegt til þess að málið geti fengið skynsamlega athugun hér í þinginu og til að auðvelda að fjmrh., verði tillaga þessi samþykkt, geti framkvæmt hana á árangursríkan hátt, að fá annaðhvort nú eða við meðferð málsins í þinginu nánari útskýringar á því hve langt flm. og/eða Alþingi vilja ganga á þessari braut. Staðreyndin er nefnilega sú að í okkar litla þjóðfélagi er vissulega hægt að ná fram mjög hagstæðum kjörum með útboðum, ef menn eru þá reiðubúnir að ganga á hagsmuni margra aðila sem þar með mundu þurfa að draga úr framleiðslu sinni, umsvifum eða verslun. Spurningin er sú að í litlu samfélagi, þar sem ríkið er stærsti viðskiptaaðilinn, hefur það eðlilega mjög sterka stöðu til að sækja hagstæðustu kjör. En sú sókn ríkisins að hagstæðustu kjörum getur auðvitað komið niður á fjölmörg-

um sem eiga þá ekki aðra möguleika í okkar litla hagkerfi til að finna framleiðslu sinni eða þjónustu farveg.

Þessa dagana t.d. standa fjmrn. og Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins frammi fyrir nokkru vandamáli vegna þess að sú stefna að bjóða út innflutning á bjór til landsins skilaði mjög hagstæðri niðurstöðu og að þessu leyti sannaði mjög vel það, sem hv. flm. lýsti hér áðan, að útboðsstefnan hefur mikla kosti. Á hinn bóginn halda hinir íslensku framleiðendur, sérstaklega ölgerðirnar tvær, önnur á Akureyri og hin í Reykjavík, því fram að þetta útboðsverð sé langt undir því sem eðlilegt sé að þær fái fyrir sína framleiðslu.

Það er alveg ljóst að íslenska ríkið mundi gera hagstæðustu viðskiptin með því að flytja eingöngu inn erlendan bjór til landsins en láta innlenda bjórframleiðslu um það að sækja þá á erlendan markað vegna þess að hún væri ekki samkeppnishæf við þessi góðu tilboð. Ég hugsa hins vegar að allir hv. alþm. væru sammála um að það væri ekki góð stefna og kannski hæpin. Þess vegna stöndum við nú í því vandamáli að vega og meta annars vegar hið hagstæða verð sem fengist við slíkt útboð og hins vegar hagsmuni hinna innlendu framleiðenda.

Ég nefni annað dæmi. Ég átti fund með mönnum í morgun sem eru miklir kunnáttumenn í rekstri sjúkrahúsa og heilsugæslu. Á þeim fundi kom fram t.d. að eitt fylki í Bandaríkjunum, sem er og ég þarf ekki að lýsa því hér margfalt stærri rekstrareining en íslenska samfélagið, hefði þá reglu að bjóða út öll lyfjakaup allra sjúkrahúsa í öllu fylkinu sem nema mörgum tugum ef ekki hundruðum og eru rekin á einn eða annan hátt á vegum eða með fjárstyrk viðkomandi sambandsríkis. Þar hafa lyfjafyrirtæki möguleika á því að gera tilboð í öll lyfin sem notuð eru og það fyrirtæki sem kemur með hagstæðasta tilboðið fær um tiltekinn árafjölda þar með einokun á öllum viðskiptum með lyf því ríki. Væri tillaga þessi samþykkt hér ætti þá t.d. að ganga svo langt að íslenska ríkisspítalakerfið byði út alla lyfjanotkun hins opinbera, sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva á þess vegum? Ég nefni þetta dæmi hér vegna þess að ég veit að hv. flm. hefur setið í stjórn ríkisspítalanna og þekkir vel það starfssvið og þess vegna er þetta gott dæmi til að vega og meta hve langt eigi að ganga í þessum efnum.

Ég gæti, virðulegi forseti, nefnt fjölmargt annað til að rökstyðja þá spurningu mína hvort ekki er nauðsynlegt þegar slík athugun færi fram, sem lögð er til í þessari tillögu, að marka nánar að hverju hún á að beinast svo að þetta væri ekki eitthvert allsherjar viðamikið verkefni sem tæki mjög langan tíma í stjórnkerfinu að fjalla um, en væri svo almennt orðað að það skilaði e.t.v. ekki nægilega markvissri niðurstöðu þegar kæmi til framkvæmdanna. Þess vegna vil ég ljúka máli mínu með því að beina þeirri spurningu til hv. flm. hvort ekki væri rétt að fela hv. fjvn., en ég er sammála honum um að það er mjög góð hugmynd að vísa málinu þangað, að skoða hvort ekki er hægt að gera tillöguna á einhvern hátt ítarlegri og nákvæmari svo að framkvæmd hennar gæti haft í för með sér raunverulegar úrbætur.

Flm. (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að hafa tekið þátt í þessari umræðu og sagt sitt álit á því máli sem við ræðum þessa stundina. Mér heyrðist á máli hans að hann sé jákvæður í garð þessarar hugmyndar og tek undir það með honum að ástæða er til þess að hv. fjvn. kanni þetta mál til hlítar og vinni úr þessu máli þannig að hæstv. ríkisstjórn fái betri og skýrari leiðbeiningar en lesa má út úr sjálfri tillögunni.

Mér er fullkunnugt um að auðvitað þurfa að finnast mörk þess hvenær á að bjóða út verkefni og hvenær ekki. Hæstv. ráðherra tók tvö nýleg dæmi, annað varðandi innflutning á bjór sem er kannski alveg úti á kantinum í þessari umræðu, hvort það tilheyrir rekstrarverkefnum að flytja inn bjór en gæti vissulega gert það. Ég hafði ekki haft það ímyndunarafl að láta mér detta það í hug þó að ég búist við því að ég njóti þessarar þjónustu ríkisins í ríkara mæli en hæstv. fjmrh. þegar til þess kemur, á ég von á. Hann hirðir af því hagnaðinn, en ég borga skattana mína sjálfsagt í gegnum það þegar ég fæ mér bjórglas ef af verður. Ég minni á það, sem ekki kom fram í ræðu hæstv. ráðherra, að málsvörn innlendu framleiðendanna er sú, og kom reyndar að hluta til fram í ræðu ráðherra, kannski ekki nægilega skýrt, að verð á bjórtegundum, sem ætlunin er að flytja til landsins, sem mig minnir að sé um það bil 12 kr. á hverja dós, sé lægra en þessar sömu verksmiðjur selja í öðrum löndum og jafnvel í heimalöndum sínum til þeirra sem síðan dreifa. Sé svo er hér um að ræða það sem kallað er undirboð eða „dumping" og heimilt er fyrir íslensk stjórnvöld samkvæmt lögum og milliríkjasamningum að svara með því að leggja á sérstaka undirboðstolla sem auðvitað skiptir ekki máli þegar um áfengi er að ræða því að það gilda sérstakar reglur um innflutning á áfengi. Þetta hefur verið málsvörn innlendu aðilanna, hversu haldgóð sem sú málsvörn hins vegar er.

Ef við hins vegar athugum þetta mál aðeins betur og hugleiðum hvernig á að fara með áfengisútsölur alveg burtséð frá þeirri siðfræði sem í því felst, þá mætti til að mynda hugsa sér að einkaaðilar sæju um dreifingu á þessum varningi, tækju það að sér, t.d. verslunareigendur með ákveðnum tilteknum skilyrðum sem gætu verið mjög ströng, til að mynda þeim að slíkar verslanir yrðu stúkaðar alveg sérstaklega af, aðgangur yrði bannaður öðrum en þeim sem hefðu leyfi til að versla í slíkum verslunum, úrval vörutegunda yrði með ákveðnum hætti o.s.frv. Það er lítill vandi að leigja slíka starfsemi út og ég held að það sé nærtækara ef rætt er um útboð á rekstrarverkefnum að líta til þess fremur en hins, hvaða tilboðum á að taka þegar flutt er inn áfengi, hvort heldur það er bjór eða annað áfengi, til landsins, en eins og allir vita hefur ríkið einkaleyfi á innflutningi áfengis.

Varðandi rekstur sjúkrahúsa get ég sagt að þessi spurning um lyfjakaupin hefur komið upp áður. Í tíð Matthíasar Bjarnasonar sem heilbrmrh. var þetta athugað og í ljós kom að ekki reyndist hagkvæmt að bjóða lyfjakaupin út í heilu lagi. Hins vegar hefur það tíðkast um margra ára skeið hjá ríkisspítulum, þ.e. þeim spítulum sem ríkið rekur, og geri ég þá auðvitað mun á því hvort ríkið rekur spítalana og hinu hvort ríkið í raun borgar allan kostnað spítala og aðrir reka, það þekkir auðvitað hæstv. fjmrh., að til að mynda á Landspítalanum eru lyfjakaupin boðin út í dag og hagstæðasta tilboði tekið og munar mjög miklu þegar um slíkt er að ræða. Af þessu hefur sá sem hér stendur nokkra reynslu. Eins og fram kom hjá hæstv. fjmrh. var ég formaður stjórnarnefndar ríkisspítalanna um fjögurra ára skeið þar sem einmitt var á hverjum degi verið að taka ákvarðanir á borð við þessar.

Það sem mér finnst skipta máli í þessari umræðu er þetta: Hæstv. fjmrh. hefur lýst því yfir að þessi tillaga sé góðra gjalda verð. Ég fæ skilið af hans máli að hann hafi áhuga á því að þessar leiðir séu kannaðar. Hann bendir á að tillagan er ekki mjög skýr. Engin mörk eru gefin upp í tillögunni um hvenær slík útboð eigi að eiga sér stað og hvenær ekki og hann stingur upp á því að hv. fjvn. kanni slíkt. Undir þetta allt vil ég taka og vænti þess að hæstv. ráðherra muni þá í samstarfi við aðra, og býð ég hér fram mína starfskrafta, ýta við hv. fjvn. og, sem ég held að skipti mjög miklu máli, fái starfsmenn ráðuneytisins og annarra ráðuneyta til að leggja hönd á plóginn því að ég held að hér geti verið um verkefni að ræða sem fjvn. getur unnið en þyrfti að fá liðsinni starfsmanna ráðuneytisins og jafnvel annarra ráðuneyta. Vænti ég þess að hæstv. ráðherra beiti sér fyrir því að slíkt verði gert. Skiptir það mig þá ekki öllu máli hvort þessi tillaga verður endanlega samþykkt á hinu háa Alþingi eða hvort það verður sjálfstæð ákvörðun hæstv. ríkisstjórnar að láta þessa athugun fara fram og að henni lokinni verði skýrsla lögð fyrir Alþingi, annaðhvort fyrir eða eftir að einhver tilraunastarfsemi hefur átt sér stað.

Að svo mæltu vil ég, virðulegur forseti, þakka hæstv. ráðherra fyrir undirtektirnar og vona að í kjölfar þeirra megum við fá að sjá árangur í þessum efnum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til fjvn. með 38 shlj. atkv.

Innflutningur á vörum á fölsuðum upprunaskírteinum, frh. fyrri umr.

Þáltill. IBA, 85. mál. – Þskj. 87.

Flm. (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi fá að þakka forseta fyrir þær örfáu mínútur sem forseti vill gefa þessu máli til þess að það megi fá afgreiðslu og komast til nefndar.

Að beiðni þriggja þingmanna var farið fram á að hæstv. fjmrh. kæmi og gæfi álit sitt á þessari tillögu þar sem farið er fram á að skipuð verði nefnd sem kanni innflutning á vörum á fölsuðum upprunaskírteinum. Það liggur fyrir, bæði frá innflytjendum sjálfum, frá Félagi iðnrekenda og frá ráðherrum í síðustu ríkisstjórn, að slíkur innflutningur er talsverður og m.a. þess vegna var þessi tillaga lögð fram.

Eins og ég lofaði hæstv. forseta eyði ég hálfri mínútu. Hún er komin. Ég vil þá biðja hæstv. ráðherra að gefa okkur sína skoðun á þessu máli.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Það mál sem vakin er athygli á með þessari þáltill. er eitt af þeim stóru málum sem íslensk iðnfyrirtæki sérstaklega hafa um nokkuð langa hríð vakið athygli á. Það er hins vegar á ýmsan hátt mjög flókið að búa til ákveðnar reglur eða festa í sessi vinnubrögð sem tryggja að komið sé í veg fyrir innflutning á vörum sem í reynd eru fluttar inn í landið á slíkum fölsuðum pappírum. Við höfum bundið okkur í ýmsar alþjóðlegar skuldbindingar í okkar samningum sem heimila framleiðendum í þeim bandalagsríkjum og aðildarríkjum slíkra samninga innflutning til landsins. Þarna kunna að stangast á annars vegar þær reglur um verslunarfrelsi sem við höfum skuldbundið okkur til að fylgja og svo hins vegar hagsmunir framleiðenda í landinu sérstaklega. Ég er hins vegar alveg reiðubúinn að láta skoða þetta mál mjög rækilega og verði það vilji þingsins að setja upp nefnd af því tagi sem hér er flutt tillaga um mun ég reyna að tryggja við skipun nefndarinnar og við störf hennar að hún geti skilað mjög ítarlegu og efnismiklu áliti um málið svo áð hægt sé að byggja á því einhverjar aðgerðir. Ég teldi hins vegar æskilegt að sú nefnd sem fær þessa tillögu til umfjöllunar kannaði með viðræðum bæði við fulltrúa ráðuneyta og fulltrúa hagsmunaaðila í verslun og framleiðslu með hvaða hætti sé hægt að tryggja að slík nefndarstörf skili raunverulegum árangri. Ég held að það mundi ekki þjóna þeim tilgangi sem liggur á bak við tillöguna að nefndarstarfið leiddi ekki til ákveðinnar og skýrrar niðurstöðu. Ég mælist þess vegna til þess að að því verði hugað í störfum nefndarinnar, en er reiðubúinn að leggja því gott lið, sé það vilji Alþingis að þessi athugun fari fram, að hún takist á eðlilegum tíma. Hvort það eru þau tímamörk sem flm. hefur í huga treysti ég mér ekki til að dæma um á þessu stigi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv. og til allshn. með 39 shlj. atkv.

EFRI DEILD

56. fundur, föstudaginn 17. febr., kl. 10 árdegis.

Lánsfjárlög 1989, 2. umr.

Stjfrv., 103. mál. — Þskj. 106, n. 485 og 505, brtt. 486, 507.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar hefur fjallað um 103. mál, frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1989. Nefndin hefur haldið marga fundi um málið. Ég hygg að fundir nefndarinnar séu orðnir 30 eða þar um bil, að vísu ekki allt um þetta mál, en ég hygg þó að á um það bil hemingi fundanna hafi verið fjallað um frv. til lánsfjárlaga. Einkanlega fór sú umfjöllun fram í nóvember og í desember og nú aftur eftir að þing kom saman í febrúar.

Til fundar við fjh.- og viðskn. komu rúmlega 50 einstaklingar frá 32 stofnunum, fyrirtækjum og samtökum. Ég hygg að sjaldan hafi jafnmargt fólk komið til fundar við nefndina út af lánsfjárlögum eins og nú. Það hefur verið orðið við öllum þeim óskum og tilmælum sem fram hafa komið um að fá fólk til fundar við nefndina og síðast í morgun kom formaður stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, Árni Kolbeinsson ráðuneytisstjóri. Enda þótt við værum búin í rauninni formlega að afgreiða málið úr nefndinni var óskað eftir því og auðvitað var orðið við því.

Ég vil geta þess hér í upphafi að með nefndinni störfuðu þeir Halldór Árnason, skrifstofustjóri Fjárlaga- og hagsýslustofnunar, og Sveinn Agnarsson, starfsmaður Ríkisendurskoðunar.

Ég mæli hér sem sagt fyrir áliti meiri hl. fjh.- og viðskn. Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins og meiri hl. skilar nál. á þskj. 485 og brtt. á þskj. 486.

Nú er það svo að frv. til lánsfjárlaga og lánsfjárlög eru býsna lík frá ári til árs þannig að margt og mikið af efni frv. er nánast óbreytt frá í fyrra og þetta hygg ég að sé rétt að hafa í huga. Auðvitað hafa tölur breyst og tölur hafa mjög breyst eftir að frv. var lagt fram, og kem ég að því síðar, en í meginatriðum er það eins og lánsfjárlögin í fyrra. Þar eru svo sem engin meiri háttar frávik.

Ég vil nefna hér og rekja hverjir komu til fundar við nefndina. Ég held að það sé nauðsynlegt. Nefndin fékk til fundar við sig eftirgreinda aðila: Þórð Friðjónsson, formann stjórnar Framkvæmdasjóðs, Guðmund Malmquist, forstjóra Byggðastofnunar, Gunnar Hilmarsson, formann stjórnar Atvinnutryggingarsjóðs — hann kom raunar oftar en einu sinni á fund nefndarinnar, bæði fyrir og eftir áramót — Bjarna Braga Jónsson, Ingva Örn Kristinsson og Jakob Gunnarsson frá Seðlabanka, Halldór Jónatansson, forstjóra Landsvirkjunar, Ingólf Aðalsteinsson og Júlíus Jónsson frá Hitaveitu Suðurnesja, Húnboga Þorsteinsson, skrifstofustjóra félmrn., Magnús E. Guðjónsson frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, Snæbjörn Jónasson vegamálastjóra og Helga Hallgrímsson aðstoðarvegamálastjóra, Jónas Bjarnason, Arinbjörn Kolbeinsson og Björn Pétursson frá Félagi ísl. bifreiðaeigenda, Leif Kr. Jóhannesson frá Stofnlánadeild landbúnaðarins, Benedikt Jónsson og Gunnar Guðbjartsson frá Lífeyrissjóði bænda, Hákon Sigurgrímsson frá Stéttarsambandi bænda, Hermann Guðjónsson vita- og hafnamálastjóra og Eyþór Elíasson frá Hafnabótasjóði, Gunnar H. Hálfdánarson og Kjartan Gunnarsson frá Féfangi, Kristján Óskarsson frá Glitni, Þórleif Jónsson frá Landssambandi dráttarbrauta og skipasmiðja, Björn Magnússon frá Félagsheimilasjóði, Guðbrand Gíslason frá Kvikmyndasjóði, Þorvald Alfonsson og Guðmund Tómasson frá Iðnþróunarsjóði, Braga Hannesson frá Iðnlanasjóði, Birgi Þorgilsson frá Ferðamálaráði, Hólmfríði Árnadóttur og Snorra Tómasson frá Ferðamálasjóði, Hrafn Magnússon og Þórarin V. Þórarinsson frá Sambandi almennra lífeyrissjóða, Gunnlaug Sigmundsson og Jón A. Kristjánsson frá Þróunarfélagi Íslands, Markús Örn Antonsson útvarpsstjóra, Hörð Vilhjálmsson, fjármálastjóra Ríkisútvarpsins, og Ingu Jónu Þórðardóttur, formann Útvarpsráðs, Má Elísson frá Fiskveiðasjóði, Pál Hersteinsson veiðistjóra, Guðmund Karlsson og Magnús Jónsson frá Herjólfi hf. í Vestmannaeyjum, Sigurð E. Guðmundsson, Hilmar Þórisson og Percy Stefánsson frá Húsnæðisstofnun ríkisins, Halldór S. Kristjánsson, skrifstofustjóra í samgrn., og Atla Frey Guðmundsson, deildarstjóra í viðskrn., og er þá ótalinn Árni Kolbeinsson sem kom til fundar við nefndina í morgun.

Ég mun nú, herra forseti, gera grein fyrir brtt. sem meiri hl. nefndarinnar flytur, en samkvæmt brtt. meiri hl. hækka lántökuheimildir frv. um 7940 millj. kr. og að baki þessari breytingu til hækkunar eru fjórar meginástæður.

Í fyrsta lagi er lagt til að lántökuheimild fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs hækki um rúmlega 5,7 milljarða og verði samtals 10,4 milljarðar. Í 35. gr. frv. til lánsfjárlaga var farið fram á heimild fyrir fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs að taka 3,4 milljarða kr. lán á árinu 1988 til að fjármagna greiðsluhalla ríkissjóðs á því ári og gera upp skammtímaskuld við Seðlabankann vegna greiðsluhalla ríkissjóðs á árinu 1987. Síðar kom í ljós að yfirdráttur í Seðlabanka Íslands yrði miklum mun meiri vegna þess að tekjur ríkissjóðs reyndust miklum mun minni en áætlanir höfðu gert ráð fyrir. Bráðabirgðauppgjör sýndi að yfirdráttarskuld við Seðlabankann stefndi í að verða 8,3 milljarðar í árslok 1988.

Með lögum nr. 94 frá 23. des. var aflað heimildar til 6,5 milljarða kr. lántöku í þessu skyni og með því að fullnýta heimildir ríkissjóðs til ádráttar á veltilánum erlendis reyndist unnt að greiða niður skuld ríkissjóðs við Seðlabanka um 3,3 milljarða. Þá stendur eftir skammtímaskuld ríkissjóðs við Seðlabanka að upphæð 5 milljarðar kr., en hana þarf að gera upp fyrir lok marsmánaðar á þessu ári.

Þessu til viðbótar hækkaði innlend lántaka ríkissjóðs í meðförum Alþingis á fjárlögum um 735 millj. kr. og verður 5,4 milljarðar rúmlega. Sú hækkun stafar af minni tekjuafgangi en fjárlagafrv. gerði ráð fyrir og áhrifum gengisbreytingar krónunnar á árinu 1989. Heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs á yfirstandandi ári verður því 10,4 milljarðar. Ráðgert er að afla rúmlega 5,1 milljarðs af þeirri fjárhæð á erlendum lánamarkaði og 5,3 milljarða innan lands.

Í öðru lagi er lagt til, og þá geri ég grein fyrir breytingum, að í lánsfjárlög komi heimildarákvæði fyrir 1750 millj. kr. lántöku fjárfestingarlánasjóða sem skiptist þannig að Fiskveiðasjóður verði með 1200 millj., Iðnþróunarsjóður 150, Iðnlánasjóður 350 og Útflutningslánasjóður 50 millj. kr.

Í lánsfjárlögum 1988 var sú stefna mörkuð að afnema ríkisábyrgð af lántökum opinberra fjárfestingarlánasjóða að undanskildum Framkvæmdasjóði, Byggðastofnun og byggingarsjóðum ríkisins. Af þeirri ástæðu voru engar lántökuheimildir þessum sjóðum til handa í lánsfjárlögum 1988, en þar sem ekkert varð úr lagasetningu um afnám ríkisábyrgða þá hafa sjóðirnir áfram ríkisábyrgðir á lántökum, og þó svo að núv. ríkisstjórn hafi ekki fallið frá þeirri stefnu að afnema ríkisábyrgðir á lántökum verða þær ekki afnumdar að sinni. Þess vegna er nauðsynlegt að taka inn í lánsfjárlögin heimildarákvæði fyrir erlendum lántökum þessara opinberu fjárfestingarlánasjóða.

Í þriðja lagi eru lagðar til breytingar að upphæð 105 millj. kr. vegna gengisfellingar krónunnar í janúar og febrúar 1989 og annarra breytinga sem orðið hafa á verðlagsforsendum. Af þeirri fjárhæð eru 60 millj. kr. til Landsvirkjunar, 15 millj. til ýmissa hitaveitna og 25 millj. kr. til flóabátsins Baldurs, en smíði hans á að ljúka á þessu ári.

Í fjórða lagi eru nokkur erindi sem nefndinni hafa borist og lagt er til að tekin verði upp í lánsfjárlög 1989. Lagt er til að Hitaveitu Suðureyrar verði veitt lántökuheimild að upphæð 60 millj. kr., fyrst og fremst vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar og er sú heimild í samræmi við samkomulag fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs og hreppsnefndar Suðureyrarhrepps frá 30. des. 1988. Það samkomulag var gert á grundvelli heimildarákvæðis í lánsfjárlögum 1988. Þá er lagt til að Hríseyjarhreppi verði heimiluð 35 millj. kr. lántaka til að kaupa nothæfa ferju til að annast fólks- og vöruflutninga milli Hríseyjar og lands og milli Grímseyjar og lands. Kaup þessi tengjast uppstokkun í rekstri Ríkisskipa og þeirri ákvörðun að hætta við að reyna að endurbæta hafnaraðstöðuna í Grímsey þannig að hin stóru flutningaskip frá Ríkisskipum geti athafnað sig þar. Þetta mál var töluvert rætt í nefndinni og ég held að þetta sé mjög skynsamleg ákvörðun og gangi þetta eftir, svo sem ætlunin er, held ég að þarna hafi fengist góð og skynsamleg lausn á samgöngum eyjarskeggja í Grímsey og Hrísey og verði hægt að sinna þessum málum með töluvert ódýrari hætti en unnt hefur verið fram að þessu.

Þá er lagt til að Byggðastofnun verði veitt viðbótarheimild til erlendrar lántöku að fjárhæð 200 millj. kr. vegna lánveitinga til viðgerða og endurbóta á skipum og ég vænti þess að hæstv. iðnrh. geri kannski nánari grein fyrir því máli síðar í þessari umræðu. Hér er ekki um að ræða nettóaukningu á erlendum lántökum, heldur er verið að veita þessum lánveitingum um annan farveg en áður var kannski um talað.

Loks er lagt til að Framleiðnisjóði verði heimiluð 60 millj. kr. lántaka sem varið verði til sérstakrar endurskipulagningar á fjárhag og rekstri loðdýrabúa. Er þetta í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til stuðnings loðdýrarækt á árinu 1989. Þær heimildir sem ég hef hér gert grein fyrir nema samtals 335 millj. kr.

Þá er fallist á beiðni Byggðastofnunar um að stofnunin fái 150 millj. af 500 millj. kr. lántöku sem Framkvæmdasjóði var ætlað að taka og endurlána fyrirtækjum í fiskeldi. Það er gert með hliðsjón af því að Byggðastofnun lánaði á árinu 1988 þriðjung af þeim 300 millj. sem þáv. ríkisstjórn heimilaði til að endurlána fyrirtækjum í fiskeldi. Að þessum breytingum gerðum eru heildarlántökur innan lands og erlendis á árinu 1989 áætlaðar 36 milljarðar 570 millj. Þar af eru innlendar lántökur 15 milljarðar 750 millj. og erlendar lántökur 20 milljarðar 820 millj.

Breytingar á II. kafla frv. til lánsfjárlaga sem lagðar eru til eru í samræmi við þær breytingar sem urðu á fjárlagafrv. 1989 í meðförum fjvn. og Alþingis.

Framlag í ríkissjóð af hækkun bensíngjalds og þungaskatts hækkar úr 600 millj. í 680 millj. og framlag til Félagsheimilasjóðs hækkar úr 15 millj. í 21 millj. Þá er ný grein sem gerir ráð fyrir að framlag til Listskreytingasjóðs ríkisins verði eigi hærra en 6 millj. kr. á árinu 1989 þrátt fyrir ákvæði laga um sjóðinn.

Loks er umorðun á frumvarpsgrein sem snertir greiðslu kostnaðar af forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum. Þar er gert ráð fyrir að Stofnlánadeild landbúnaðarins þurfi ekki að vera milligönguaðili um greiðslu þessa kostnaðar, en hann er greiddur af þeim hluta framleiðendagjalds sem svo er kallað sem tekið hefur verið inn í verðlag búvara. Þetta er bara til einföldunar og gert í góðu samráði við þá sem hlut eiga að máli að þetta hættir að millifærast í gegnum Stofnlánadeildina.

Breytingar á III. kafla frv. eru þær að 35. gr. verði felld niður, en í þeirri grein var að finna heimild til fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs til að taka lán á árinu 1988, en eins og ég hef áður um getið var þeirrar heimildar aflað með lögum frá 23. des. 1988, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði og heimildir til lántöku á árinu 1988.

Þá er í 36. gr. leiðrétt heimild fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs til lántöku innan lands á árinu 1988 umfram heimild í lánsfjárlögum og það er til samræmis við raunverulegar lántökur ríkissjóðs á síðasta ári.

Það er auðvitað ákaflega margt hér, herra forseti, sem væri ástæða til að víkja að. Í nefndinni hefur verið fjallað ítarlega um hverja einustu grein frv. og ég sé ekki ástæðu til þess að fara yfir það allt saman.

Ég get samt endurtekið það, sem ég hef áður sagt og sagði í stjórnarandstöðu við þáv. hæstv. fjmrh., núv. 1. þm. Suðurl., að það er vond lögfræði og það er ekki góður siður að ríkið setji lög um ákveðna tekjustofna og setji síðan önnur lög sem taki þau lög af. Þetta er ekki góður siður og þessu þurfum við að breyta, en þetta er svona í þessum lánsfjárlögum eins og verið hefur í mörg ár. Ég er jafnóánægður með þetta og ég hef áður verið, en því verður ekki breytt núna. Þetta er auðvitað hinn mesti ósiður.

Það eru kannski eitt eða tvö atriði sem ég vildi víkja sérstaklega að. Á fund nefndarinnar komu fulltrúar Herjólfs hf. í Vestmannaeyjum, en í 9. gr. er að finna heimild til þess fyrirtækis að taka lán á árinu 1989 að fjárhæð 100 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt vegna nýrrar ferju. Það kom fram af máli þeirra að það er orðið mjög brýnt mál að endurnýja þetta skip. Það er öryggisatriði og gerðar hafa verið tilraunir til að leita að notuðu skipi. Það hefur ekki tekist og það er sjálfsagt tímaspursmál hve lengi það er verjanlegt að nota núverandi skip. A.m.k. kom það mjög sterkt fram í þeirra máli.

Annað vildi ég nefna varðandi 37. gr. Þar er heimild til Framkvæmdasjóðs Íslands til að taka lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 429 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og endurlána fiskeldisfyrirtækjum allt að 300 millj. kr. og hluthöfum Arnarflugs hf. allt að 129 millj. kr. Þessi lántaka var heimiluð snemma á sl. ári og 18. mars 1988 skrifaði þáv. forsrh. Þorsteinn Pálsson Framkvæmdasjóði bréf og bað sjóðinn að hafa milligöngu um þessa lánsútvegun. Sjóðurinn hefur gert það. Hins vegar hefur ekki komið til þess að dregið væri á lánið eða það væri notað vegna þess að hluthafar Arnarflugs hafa ekki getað lagt fram þær tryggingar sem sjóðurinn tekur gildar.

Ég vil gjarnan víkja aðeins að þeirri umræðu sem hefur orðið um flugfélagið Arnarflug. Það hefur mikið verið talað um að ríkið kæmi þar til aðstoðar með einhverjum hætti. Skuldir eru miklar — einhver milljónahundruð, ég skal ekki fullyrða hér í þessum ræðustól hve mörg — og hefur verið leitað ýmissa leiða til þess að bjarga fyrirtækinu eins og kallað er, fyrirtæki sem er í rauninni löngu orðið gjaldþrota. Ég man þá tíð þegar hér störfuðu tvö flugfélög að samtímis fóru frá Keflavíkurflugvelli tvær hálftómar flugvélar á sama tíma til sama áfangastaðar, þegar Flugfélag Íslands og Loftleiðir störfuðu hér hlið við hlið. Þá þótti öllum brýnt að beita sér fyrir sameiningu þeirra félaga í eitt fyrirtæki, sem að vísu gekk ekki átaka- eða sársaukalaust fyrir sig en tókst, og hygg ég að allir séu í rauninni ánægðir með það að á þann veg skyldi til hafa tekist. Þá var það talið alveg nauðsynlegt að hér starfaði bara eitt flugfélag vegna þess að þessi þjóð hefði ekki ráð á því að reka hér tvö flugfélög. Síðar breyttust sjónarmið í þessu máli hjá ýmsum þeim sem höfðu kannski verið ákafastir talsmenn sameiningarinnar og þá var allt í einu talið nauðsynlegt að hafa hér tvö flugfélög til að tryggja eðlilega samkeppni eins og það var kallað.

Ég held að allt tal um nauðsyn þess að hafa hér tvö íslensk flugfélög sé út í hött og tóm vitleysa. Það er næg samkeppni um flug hingað. Erlend flugfélög fljúga hingað nú þegar, SAS-flugfélagið mun tvöfalda ferðafjölda sinn. Það er að vísu bara ein ferð í viku eins og er, en þeir tvöfalda ferðafjölda sinn áður en langt um líður. Breskt flugfélag ætlar að fljúga hingað, þýskt flugfélag ætlar að fljúga hingað þannig að það verður nóg samkeppni á þessum litla markaði. Hins vegar er það firra og fjarstæða að þessi þjóð eigi að reka tvö flugfélög sem annast millilandaflug og ég lýsi því hér og legg á það þunga áherslu að við megum þakka fyrir eftir fáein ár í þeirri samkeppni og þeim samruna þeirra fyrirtækja sem á eftir að verða í Evrópu ef okkur tekst að halda úti hér einu flugfélagi sem heldur uppi millilandaflugi og við getum haft þessar samgöngur í okkar eigin höndum. Þess vegna á bara að leyfa því fyrirtæki sem heitir Arnarflug, og stóð til að lána hluthöfum þess 129 millj. kr., það á bara að leyfa því að fara á hausinn vegna þess að það er fyrir löngu farið á hausinn. Það á ekki að senda skattgreiðendum reikninginn. Íslenskir skattborgarar eiga ekki að halda uppi rekstri Arnarflugs eða borga með þeim farþegum sem það félag flytur. Það væri fáránlegt.

Ég ætla ekki að hafa um þetta sérstaklega mikið fleiri orð, en af því að þetta mál hefur verið í umræðu og það er vikið að þessu hér í lánsfjárlögum, þá fannst mér nauðsynlegt að víkja að þessu og lýsa þeirri eindregnu skoðun minni að ég mun ekki taka þátt í því að velta skuldum Arnarflugs yfir á íslenska skattgreiðendur og ég vona að hæstv. fjmrh. sé mér sammála um það.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til, herra forseti, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem ég hef nú gert grein fyrir og er að finna á þskj. 486.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það vakti athygli mína að frsm. meiri hl. nefndarinnar skýrði frá því að hæstv. iðnrh. ætlaði að taka þátt í umræðum varðandi hluta lánsfjárlaganna. Það væri kannski hægt að óska eftir því að hæstv. viðskrh. yrði viðstaddur þá alla umræðuna því að með sama hætti og skipasmíðaiðnaðurinn varðar iðnrh. þá varða lánsfjárlögin í heild og framkvæmd þeirra auðvitað viðskrh. að verulegu leyti. Það væri kannski rétt að óska eftir því að viðskrh. væri hérna viðstaddur, ef það er þá hægt að aðskilja þá, þá væri mér sama um það að annar þeirra kæmi, að þeir yrðu ekki samtímis í deildinni. (**Forseti:** Það mun verða athugað.)

Herra forseti. Við skrifum undir nál. saman, fulltrúar Borgfl. og Sjálfstfl. í fjh.- og viðskn., sem vegna anna í þinginu hefur ekki gefist tími til þess að útbýta, en von er á því á hverri stundu, og mun ég af þeim sökum fara yfir nál. í framsöguræðu minni.

„Frv. til lánsfjárlaga ber stefnu ríkisstjórnarinnar glöggt vitni. Stefnt er að auknum lántökum erlendis og vaxandi umsvifum opinberra aðila á innlendum lánamarkaði. Á hinn bóginn er ekki að sjá að í

deiglunni séu neinar þær aðgerðir sem stöðvi hallarekstur fyrirtækja í útflutnings- og samkeppnisgreinum. Fyrirsjáanlegt er að lánsfjárþörfin er stórlega vanmetin í lánsfjáráætlun. Enginn vafi leikur á að efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar hefur sterka tilhneigingu til að ýta raunvöxtum upp á við.

Frv. til lánsfjárlaga er seint á ferðinni að þessu sinni sem er afleiðing af þeirri óvissu er verið hefur í efnahagsmálum og farið vaxandi eftir að ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar settist að völdum. Það er íhugunarefni nú við afgreiðslu þessa frv. hversu langt hefur verið farið fram úr lánsfjárlögum á sl. árum sem gefur vísbendingu um eðli þessarar umræðu.

Á árinu 1986 var gert ráð fyrir erlendum lántökum að fjárhæð 7,5 milljörðum kr. en þær reyndust tæplega 12 milljarðar kr. eða 55–60% umfram áætlun. Árið 1987 voru sambærilegar tölur rúmlega 8 milljarðar kr. en lántökur reyndust ríflega 12 milljarðar kr. eða 50% umfram áætlun. Bráðabirgðatölur um erlendar lántökur til langs tíma á síðasta ári nema rúmlega 16 milljörðum kr., en gert var ráð fyrir rúmlega 9 milljörðum kr. við afgreiðslu lánsfjárlaga fyrir árið 1988. Frávikið er um 80% umfram áætlun og skýrist að stórum hluta af erlendum lántökum til að fjármagna ríkissjóð. Þrátt fyrir þetta var vandi ríkissjóðs engan veginn leystur á sl. ári og hefði í reynd þurft að taka veruleg lán til viðbótar erlendis, en miðað við árslok nam yfirdráttarskuld ríkissjóðs í Seðlabanka um 5 milljörðum kr. Sú skuld verður ekki fjármögnuð nema með erlendri lántöku sem beðið er um heimild fyrir í því frv. sem hér er til umfjöllunar. Í reynd er því niðurstaða ársins 1988 sú að á sl. ári hefðu erlendar lántökur þurft að nema 21 milljarði kr. sem er ríflega 130% umfram það sem gert var ráð fyrir við afgreiðslu lánsfjárlaga hér á Alþingi fyrir ári.

Með hliðsjón af framansögðu er ljóst að lánsfjárlög og lánsfjáráætlun hafa engan veginn gefið rétta mynd af ástandinu á hverjum tíma. Það er því meira en vafasamt að ákvörðun ríkisstjórnarinnar nú, um að erlendar lántökur muni nema 21 milljarði kr. á þessu ári, standist. Reynslan sýnir að þrjú sl. ár hafa erlendar lántökur farið fram úr upphaflegum áætlunum sem nemur 50–130%. Engum ætti því að koma á óvart þótt í ljós komi að ári að erlendar lántökur á árinu 1989 hafi numið 30–40 milljörðum kr. Það er að vísu mikið frávik en engan veginn ólíklegt miðað við það ástand í efnahags- og atvinnumálum sem nú er í landinu. Þar kemur hvort tveggja til almenn tilhneiging ríkisstjórna til að fegra lánsfjáráætlun og þær sérstöku aðstæður nú þegar útflutningsatvinnuvegirnir eru látnir ganga fyrir erlendu lánsfé og gengið er á eigið fé fyrirtækjanna. Loks er vafalaust að ríkissjóður verður rekinn með verulegum halla þrátt fyrir nýju skattaálögurnar og viðskiptahallann sem Seðlabankinn telur að verði 11 milljarðar kr. Þetta gerist á sama tíma og fyrirsjáanlegt er að lífskjör muni halda áfram að versna en atvinnuleysi hefur verið meira sl. mánuði en um árabil eða jafnvel áratugi.

Ríkisstjórnin hefur verið stórtæk í lántökum á erlendum markaði og ekki sýnilegt að þar verði neitt lát á. Rétt er að rifja upp að við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1988 voru verulegar skattahækkanir samþykktar sem höfðu það m.a. að markmiði að raunvextir lækkuðu með því að dregið yrði úr lánsfjárþörf ríkissjóðs. En allt fór þetta á annan og verri veg. Fjármál ríkisins fóru úr böndunum í höndum tveggja fjármálaráðherra og niðurstaðan varð sú að ríkissjóður var rekinn með ríflega 7 milljarða halla sem fjármagnaður er með erlendum lántökum. Sé reiknað með 7% raunvöxtum verður vaxtakostnaðurinn um hálfur milljarður kr. á ári og er það lýsandi fyrir þá bagga sem nú er verið að binda þjóðinni, lýsandi fyrir afleiðingar þeirrar óstjórnar sem Íslendingar búa nú við og felst annars vegar í því að þjóðartekjurnar dragast saman vegna rangrar stefnu í atvinnu- og efnahagsmálum. Hins vegar er reynt að fylla upp í ginnungagap ríkissjóðs með síaukinni skattheimtu sem ekki skilar sér í auknum tekjum af því að skattþyngingin magnar niðursveifluna í atvinnulífinu og rýrir þannig tekjustofna ríkissjóðs.

Í lánsfjáráætlun er gert ráð fyrir að 15,5 milljarðar kr. verði teknir að láni innan lands af ríkissjóði og öðrum opinberum aðilum. Þar munar mest um skuldabréfakaup Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna sem samkvæmt lánsfjáráætlun munu nema ríflega 8,8 milljörðum kr. Um sl. áramót voru 10 þús. lánsumsóknir hjá sjóðunum og gert ráð fyrir að afgreiða 3500–4000 umsóknir en sjóðunum berast árlega 3600 umsóknir. Gert er ráð fyrir sölu á spariskírteinum ríkissjóðs fyrir allt að 5,3 milljörðum kr. Þessi lánsfjáröflun er háð mikilli óvissu. Aðeins hafa selst spariskírteini fyrir ríflega 300 millj. kr. frá áramótum á sama tíma og spariskírteini hafa verið innleyst fyrir 1200 millj. kr., sbr. frétt í Morgunblaðinu 16. þessa mánaðar. Þar kemur enn fremur fram að eftirspurn sé dræm hjá verðbréfasölum eftir spariskírteinum ríkissjóðs en hins vegar seljist banka- og sjóðabréf vel. Markaðurinn virðist ekki taka við verðtryggðum bréfum með minna en 8% vöxtum, en spariskírteini ríkissjóðs, sem gefin hafa verið út á þessu ári, bera 6,8% og 7% vexti. Nú stendur upp á ríkisstjórnina að skýra fyrir almenningi hvenær og hvernig hún ætli að efna með raunhæfum hætti fyrirheitið um lækkun raunvaxta um 3% þannig að vextir af spariskírteinum ríkissjóðs, sem mynda grundvöll annarra vaxta, verði 5%.

Ekki leynir sér að í frv. til lánsfjárlaga og í lánsfjáráætlun er vanáætlað fyrir verulegum fjárhæðum svo skiptir milljörðum króna og taka verður að láni erlendis. Þar ber fyrst að nefna Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, en það fé, sem frystideildin hefur til ráðstöfunar, mun ganga til þurrðar í apríl eða maí, en ekki sýnilegt að ríkisstjórnin hafi neina tilburði til að bæta rekstrarstöðu sjávarútvegsins með almennum aðgerðum. Þegar kemur fram á árið mun það valda vaxandi erfiðleikum í öðrum útflutningsgreinum og hjá fyrirtækjum í samkeppnisiðnaði. Sjútvrh. hefur skrifað Byggðastofnun bréf þar sem vakin er athygli á vanda smábátaútgerðar en talið er að það þurfi um 500 millj. kr. til að leysa vanda hennar sem ekki er

gert ráð fyrir í lánsfjáráætlun. Síðast en ekki síst má nefna að forsrh. hefur beint því til Byggðastofnunar að koma til aðstoðar í þeim byggðarlögum þar sem atvinnuleysi er skollið á eða vofir yfir af því að Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina telur fyrirtækin ekki á vetur setjandi, enda gengur ráðstöfunarfé hans mjög til þurrðar. Ekki þurfa menn að vera giska kunnugir með ströndinni til að vita að hér er ekki verið að tala um neinar smáupphæðir.

Eins og hér hefur komið fram stefnir í mikla spennu á innlenda lánamarkaðnum sem fyrst og fremst er tilkomin af óseðjandi fjárþörf ríkissjóðs og annarra opinberra aðila. Samtímis hafa útflutningsatvinnuvegirnir verið reknir með verulegum halla sem auðvitað kallar á aukna lánsfjárþörf. Ekki bætir svo úr skák að grundvelli verðtryggingar hefur verið breytt, eignarskattar hafa verið hækkaðir og einstakir ráðherrar og ríkisstjórnin í heild hafa lýst yfir að vaxtatekjur almennings verði skattlagðar. Allt þetta hefur valdið umróti og óvissu og stuðlar þannig að hækkun vaxta.

Minni hl. fjh.- og viðskn. leggur áherslu á mikilvægi þess að rétta við útflutningsatvinnuvegina og ná jöfnuði í viðskiptunum við útlönd sem hvort tveggja er forsenda þess að stöðugleiki náist á ný í íslensku efnahags- og atvinnulífi. Til þess að ná fram þessum sjálfsögðu markmiðum í efnahagsmálum er nauðsynlegt að raunvextir lækki, kippa verður til baka þeim breytingum sem gerðar voru á skattalögunum á jólaföstu og skrá gengi krónunnar í samræmi við raunveruleikann. Minni hl. minnir á að nú eru við völd sömu flokkar og lögfestu lánskjaravísitöluna á sínum tíma. Reynslan hefur sýnt að það hefði verið skynsamlegt í upphafi að ákveða að vextir skyldu vera óbreytanlegir á verðtryggðum lánum til langs tíma. Nú er hins vegar búið að raska grunni lánskjaravísitölunnar einu sinni sem virðist ætla að leiða til langvinnra málaferla. Ekki er við öðru að búast en að lánveitendur og kaupendur verðbréfa muni krefjast hærri vaxta í framhaldi af þessari aðgerð til að vega á móti þeirri óvissu sem ríkisstjórnin hefur skapað um grundvöll verðtryggingarinnar.

Meiri hl. nefndarinnar flytur brtt. um að lánsheimildir til Fiskveiðasjóðs, Iðnþróunarsjóðs, Iðnlánasjóðs og Útflutningslánasjóðs séu teknar inn í I. kaflann, en við afgreiðslu síðustu lánsfjárlaga markaði ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar þá stefnu að afnema bæri ríkisábyrgðir af skuldbindingum opinberra atvinnuvegasjóða. Markmiðið var að auka ábyrgð þeirra sem reka sjóðina og jafna samkeppnisstöðuna gagnvart öðrum lánastofnunum. Þannig átti m.a. að tryggja að sjóðirnir gættu aðhalds í útlánum og gerðu nægilegar arðsemiskröfur til þeirra framkvæmda sem lánað var til. Með því að meiri hl. leggur nú til að sjóðirnir verði aftur teknir inn í lánsfjárlögin vekur það spurninguna um hver sé afstaða ríkisstjórnarinnar til þess hvort ríkisábyrgð á fjárfestingarlánasjóðunum skuli haldast eða ekki.

Í frv. er gert ráð fyrir að skerða framlög til vegagerðar, sbr. ákvæði laga nr. 19/1986, um fjáröflun til vegagerðar, um 680 millj. kr. af tekjum af bensíngjaldi og þungaskatti og skal fé þessu renna í ríkissjóð. Ef meiri hluti Alþingis nær þessu fram er stigið óheillaskref þar sem samkomulagið um álagningu bensíngjalds og þungaskatts var á sínum tíma bundið því skilyrði að það rynni heilt og óskipt til vegagerðar. Það var m.a. rökstutt með því gagnvart dreifbýlinu að öruggar og greiðar samgöngur milli héraða og landsfjórðunga væru forsenda heilbrigðrar byggðastefnu. Á höfuðborgarsvæðinu eru ýmsar fjárfrekar framkvæmdir orðnar mjög aðkallandi vegna slysahættu og vaxandi umferðar.

Að öðru leyti verður fjallað um einstakar greinar frv. í framsögu," segir að lokum í nál. og undir það skrifa Halldór Blöndal, frsm., Sólveig Pétursdóttir og Júlíus Sólnes.

Ég ætla þá að víkja að einstökum greinum í frv. eftir því sem ástæða er til í framhaldi af því nál. sem ég hef hér gert grein fyrir. Ég vil fyrst víkja að því sem síðast var talað um í nál. og það eru vegamálin.

Það er auðvitað mjög hörmulegt að ríkisstjórnin skuli nú grípa til þess óyndisúrræðis að taka fé af umferðinni til þess að fylla upp í gatið hjá ríkissjóði og er það raunar í fyrsta skipti sem það hefur verið gert. Með þessu er brotið á bak aftur gamalt samkomulag milli þingmanna hér sem á sínum tíma voru sammála um að nauðsynlegt væri að afla aukins fjár til vegagerðar, aukins innlends fjár og það var bundið því skilyrði, sú lagasetning, sem fjallar um gjald af bensíni og þungaskatt, að ríkissjóður færi ekki að hrifsa afraksturinn, peningana til sín. Það var auðvitað aukin skattheimta sem fólst í lagasetningunni á sínum tíma en þeir þingmenn sem að henni stóðu voru sammála um að menn mundu sætta sig við þetta, almenningur mundi sætta sig við þá auknu skattheimtu gegn því að hún rynni til þess að lagfæra vegina og var sannarlega ekki vanþörf á. Það hefur hins vegar komið í ljós að þeir flokkar sem standa að hæstv. ríkisstjórn hafa lítinn skilning á nauðsyn þess að góðum samgöngum sé haldið uppi í landinu og skiptir þá ekki máli hvort við tölum um samgöngur á landi, sjó eða í lofti. Þetta kom fram í sambandi við hafnalögin með því að framlög til hafnamála voru mjög skorin niður á þessu ári og væri ekki vanþörf á að teyma ríkisstjórnina á milli hafnanna í landinu þegar norðangarrinn geisar og leyfa henni að sjá hvernig þær eru útleiknar vegna þess sinnuleysis sem þeim hefur verið sýnt.

Við höfum fréttir af því núna að það sökk bátur í Borgarfirði eystra en tjónið af völdum þess er meira en kosta mundi ríkissjóð að lagfæra höfnina þannig að þar myndaðist öruggt skjól. Sömu sögu getum við sagt af höfnum á ýmsum stöðum öðrum og ef menn mundu þar að auki kynna sér vátryggingariðgjöldin yrðu menn fljótir að sjá þá miklu sóun sem felst í hinum háu vátryggingariðgjöldum víðs vegar um landið og þeim miklu skemmdum sem oft verða á skipastólnum.

Í öðru lagi er óhjákvæmilegt að rifja upp að bæði Alþfl. og Framsfl. stóðu á móti því í ríkisstjórn

Þorsteins Pálssonar að myndarlega yrði staðið að vegamálunum. Þá náðist málamiðlun á þá lund að hluti af vegafénu yrði settur á biðreikning sem að hluta er endurgreiddur með fjárlögunum í ár. Eftir að ráðherrar úr Alþb. komu inn í ríkisstjórnina hefur síður en svo rofað til í vegamálunum og er það ömurlegt hlutskipti fyrir þingmann úr Norður-Þingeyjarsýslu að láta það verða sitt fyrsta verk í fyrsta lagi að skera niður vegamálin og í öðru lagi að skera niður hafnamálin. Og að þingmaður úr svo afskekktu byggðarlagi skuli taka það að sér að standa að þeirri skerðingu á vegafénu sem gerð er tillaga um hér af stjórnarmeirihlutanum á því þskj. sem hér er til umræðu. Með þessu er auðvitað verið að gera mjög lítið úr þessum hv. þm. og raunar furðulegt að hann skuli taka að sér embætti samgrh. við þessi skilyrði.

Ég tel nauðsynlegt, herra forseti, að rekja í nokkrum orðum þær upplýsingar sem nefndinni bárust þegar sérstaklega var fjallað um samgöngumálin, vegamálin og tel rétt að lesa hér upp nokkra kafla úr fundargerð, með leyfi hæstv. forseta. Hér er fyrst stuttlega rakið hvað fram fór þegar á fund nefndarinnar komu Snæbjörn Jónasson vegamálastjóri og Helgi Hallgrímsson, yfirverkfræðingur í Vegagerð ríkisins. Í fundargerð segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í 26. gr. frv. er ákveði um að 600 millj. kr. af hækkun bensíngjalds og þungaskatts skuli renna í ríkissjóð. Fyrir vikið mun Vegagerð ríkisins ekki geta staðið fyrir öllum þeim framkvæmdum á næsta ári sem henni var ætlað í vegáætlun frá 1987. Að sögn Snæbjarnar Jónassonar mun þar vanta upp á um 600 millj. kr. Þar af eru 300–350 millj. kr. vegna vegaganga í gegnum Ólafsfjarðarmúla. Í vegáætlun 1987 var ekki gert ráð fyrir göngunum.

Snæbjörn Jónasson vakti einnig athygli á að bensíngjald og þungaskattur hefðu ekki hækkað í takt við verðlag á þessu ári.

Gert er ráð fyrir að tekjur af þungaskatti og bensíngjaldi verði um 3,7 milljarðar kr. næsta ár og þar af muni 600 millj. kr. renna í ríkissjóð. Framlagið í ríkissjóð er óháð því hverjar raunverulegar tekjur af þessum álögum verða. Verði þær minni skerðist framlag í Vegasjóð sem því nemur og eykst ef þær verða hærri. Til þess að ná inn þeim 600 millj. kr. sem upp á vantar til að Vegagerðin geti staðið við vegáætlun er nauðsynlegt að hækka bensíngjaldið. Gjaldið er nú 12,60 en yrði að hækka í 15,50 um áramótin til að endar næðu saman. Vegna verðstöðvunarinnar eru litlar líkur á að samþykki mundi fást fyrir slíkri hækkun og henni yrði því að fresta til 1. mars. Hækkunin yrði þá að vera meiri eða 16 kr. Samkvæmt núgildandi lögum má bensíngjald vera allt að 16,60 kr. á lítra.

Ekki er hægt að fresta framkvæmdum við Ólafsfjarðarmúla því að verksamningar hafa allir verið undirritaðir. Gert er ráð fyrir að göngin verði opnuð fyrir umferð í árslok 1990.

Í fyrra voru 285 millj. kr. af tekjum Vegasjóðs settar inn á sérstakan reikning og sagði Snæbjörn Jónasson að sér sýndist að í fjárlögum fyrir 1989 væri gert ráð fyrir að endurgreiða Vegagerð ríkisins um 180 millj. kr.

Vikið var að jarðgangagerð á Íslandi og kom fram að samkvæmt því arðsemismati sem Vegagerð ríkisins leggur til grundvallar við athuganir sínar eru göng undir Hvalfjörð einu framkvæmdirnar sem mundu skila arði. Hér er ekki tekið tillit til félagslegra þátta og minni slysahættu."

Þetta er útdrátturinn af fundi Vegagerðarinnar með fjh.- og viðskn. Eins og sést er þessi fundargerð frá því í desembermánuði, 6. des., og eru tölur í samræmi við það. En auðvitað vekur það í fyrsta lagi athygli að ríkisstjórnin hefur séð ástæðu til þess að skera vegaféð enn meira niður en þarna er þó gert ráð fyrir. Í öðru lagi vekur athygli að ríkisstjórnin er búin að hækka bensíngjaldið þrátt fyrir verðstöðvun. Og í þriðja lagi er nauðsynlegt að minna á hér við þessar umræður að formaður Alþb. hefur á fundi á Ísafirði komist mjög kæruleysislega eða strákslega að orði um göngin í gegnum Ólafsfjarðarmúla og greinilegt að þaðan andar mjög köldu til Múlans, mjög köldu og er það náttúrlega fáránlegt með hliðsjón af því að samgrh. úr þessum sama flokki lét ljósmynda sig við Múlann fyrir norðan þegar sprenging fór fram inni í Múlanum og enn fáránlegra að fyrrv. bæjarfulltrúi Alþb. á Ólafsfirði hefur í Ríkisútvarpinu verið að hrósa Steingrími J. Sigfússyni sérstaklega fyrir það að Múlagöngin séu eingöngu og einvörðungu honum að þakka. En á hinn bóginn upplýstist það á fundinum á Ísafirði að það er mat formanns Alþb. (**Fjmrh.:** Þetta er bara rugl.) Matthías Mathiesen og Matthías Bjarnason báru ábyrgð á því og þeirra er líka um leið sóminn af því að ráðist var í það að fara í Ólafsfjarðarmúlann. (Gripið fram í.) Hvað gleymdist, hæstv. fjmrh.? (**Fjmrh.:** Hann gleymdi að útvega peningana.) Gleymdi að útvega peningana. (**Fjmrh.:** Já.) Þessi fullyrðing hæstv. fjmrh., að gleymst hafi að útvega peningana, er í réttu samhengi vegna þess að þessi hæstv. ráðherra er ekki alþingismaður. Og vegna þess að hann er ekki alþingismaður, þá varðar hann auðvitað ekki um það samkomulag sem þingið hefur gert og einstakir þingmenn. En ef hæstv. ráðherra hefði haft það traust af kjósendum í Reykjaneskjördæmi að vera kosinn á þing, þá hefði hann getað fylgst með því að á fundi fjvn. skrifuðu allir fjárveitinganefndarmenn undir yfirlýsingu þess efnis að nefndin mundi hlutast til um það að fé til Ólafsfjarðarganganna yrði útvegað öðrum þræði með lánum og hins vegar með ríkisframlagi til þess að tryggt yrði að framkvæmdin við göngin gæti gengið fyrir sig með eðlilegum hætti. (Gripið fram í.) Það er nú ekki siður, lánsfjárlög eru nú venjulega ekki samþykkt mörg ár fram í tímann. Þetta veit hæstv. fjmrh. einnig þannig að allt er nú þetta í skötulíki sem ráðherrann segir. Og eins og hér kemur fram er niðurskurðurinn á ríkisfénu svo mikill, að það er ekki einu sinni hægt að standa við að framkvæma það sem Alþingi þó skuldbatt sig til síðast þegar lánsfjárlögin voru hér til afgreiðslu.

Mér þykir hins vegar vænt um það að hæstv. fjmrh. skuli líka hér í deildinni hafa amast við göngunum í gegnum Ólafsfjarðarmúla, (**Fjmrh.:** Það er rangt.) amast við því að ráðist var í þau á sínum tíma, (**Fjmrh.:** Það er bara alrangt.) sem sýnir auðvitað betur en allt annað að ef við sjálfstæðismenn hefðum ekki tekið af skarið og ef við hefðum ekki þvingað þá alþýðuflokksmenn til þess að samþykkja það að byrjað yrði á göngunum á síðasta ári, þá hefði ekki orðið af þeim núna. Fjmrh. hefur þyngt skattana meir en nokkur annar forveri hans. Enginn forveri hans hefur gengið jafn vel fram í nýrri skattheimtu. Það er þessi hæstv. fjmrh. sem nú ætlar að skerða vegaféð um 680 millj. kr. Og samt sér hann eftir því að þurfa að verja fjármagni í göngin fyrir Ólafsfjarðarmúla.

Annar hæstv. ráðherra sem hefur talað um Ólafsfjarðarmúlann þannig að ekki misskilst að hann og flokkur hans voru andsnúnir því að byrjað var að sprengja göngin á sl. sumri er formaður Alþfl. sem hefur bæði leynt og ljóst gert lítið úr nauðsyn þess að ráðist yrði í göngin og talað um að það væri mjög vafasöm framkvæmd.

Hæstv. fjmrh. og hæstv. utanrrh. væri báðum hollt að kynna sér þær skýrslur sem fyrir liggja um snjóflóð í Ólafsfjarðarmúla, þeim væri hollt að kynna sér hversu oft hefur legið við slysi á þessum slóðum. Ef þeir hefðu gert það, þá efast ég um að þeir hefðu smekk eða geð í sér til að tala um þessa framkvæmd með þeirri léttúð sem þeim er eiginlegt. (**Fjmrh.:** Þingmanninum væri hollt að kynna sér ráðherraferil Matthíasar Á. Mathiesen í þessum málum.) Ég hef kynnt mér hann og það var fyrir forgöngu hans og Matthíasar Bjarnasonar sem hafist var handa um að sprengja göng í gegnum Múlann á sl. sumri. Ef hæstv. fjmrh. er að gera lítið úr því sem hæstv. fyrrv. samgrh. náði fram, þá væri honum hollt að bera þær fjárveitingar sem voru til hafnaframkvæmda á sl. ári saman við þær fjárveitingar sem eru til hafnaframkvæmda nú. Honum væri hollt að bera saman hvernig staðið er að vegalögum nú og vegalögum á sl. ári og honum væri líka hollt að minnast þess að það samkomulag sem almennir þingmenn gerðu í fjvn. á sínum tíma varðandi göngin í gegnum Ólafsfjarðarmúla eru heilagur pappír hér í þinginu. Ef fjvn. kemur sér saman og skuldbindur þingið fram í tímann, öll fjvn., er ekkert fordæmi fyrir því að einhverjir gaurar ofan úr fjmrn. geti hrundið slíku samkomulagi og allra síst menn sem ekki eiga sæti á Alþingi, allra síst menn sem ekki hafa haft nægilegan trúnað í sínu kjördæmi til að ná kjöri. Ég held að þeir ættu umfram aðra menn að virða það sem kjörnir fulltrúar á löggjafarsamkundunni koma sér saman um. (Gripið fram í.) Hæstv. forseti. Það er nú skemmtilegur undirtónn og skemmtileg músik að heyra nöldrið í fjmrh. svona við hliðina á sér og ég vil biðja hæstv. forseta endilega að leyfa hæstv. fjmrh. að halda þessu áfram því að það hefur góð áhrif á alla, (**Gripið fram í:** Á ræðumann.) þetta suð. (**Forseti:** Má forseti vinsamlega biðja menn um að hætta samtali í deildinni og benda þeim á að það er auðvelt að biðja um orðið og fá að koma í röð á mælendaskrá hér á fundi.) Ég ítreka beiðni mína til hæstv. forseta að hvetja fjmrh. fremur en hitt til að halda þessu suði áfram. (**Forseti:** Þessi forseti vill gjarnan halda reglu á fundinum og finnst betra að einn tali í einu.)

Fulltrúar frá Félagi ísl. bifreiðaeigenda, Jónas Bjarnason, Arinbjörn Kolbeinsson og Björn Pétursson, komu á fund fjh.- og viðskn. og ég tel nauðsynlegt að lesa upp það sem stendur í fundargerð um þeirra sjónarmið, með leyfi hæstv. forseta:

„Samkvæmt athugunum Félags ísl. bifreiðaeigenda kostar akstur á malarvegum 17% meira en akstur á vegum með bundnu slitlagi og rekstrarkostnaður er 35–38% hærri. Bundið slitlag er nú á um 17,5% af vegum landsins, en þremenningarnir sögðu að líklega mundi þetta hlutfall lækka nokkuð í ár vegna þess að skerðingin á framlögum til Vegagerðar ríkisins mundi fyrst og fremst bitna á nýframkvæmdum og lagningu bundins slitlags. Þeir töldu þetta hlutfall vera hið lægsta í Evrópu og að fara þyrfti allt suður til Afríku til að finna sambærileg dæmi. Nefndarmenn bentu hins vegar á að samanburður sem þessi væri ákaflega villandi. Hægur vandi væri að fá mun hagstæðari samanburð með því t.d. að bera saman lengd vega með bundnu slitlagi á hvern íbúa.

Arinbjörn Kolbeinsson benti á að með því að seinka því að leggja bundið slitlag á vegi landsins væri verið að mismuna íbúum þess. Auk þessu væru góðir vegir forsenda þess að almenningur ferðaðist um sitt eigið land og því grundvöllur fyrir frekari uppbyggingu ferðamannaiðnaðar í landinu.

Þremenningarnir töldu sýnt að ríkisfé væri hvergi betur varið en til vegaframkvæmda. Arðsemi þeirra væri mikil og auk þess væri knýjandi nauðsyn að ljúka sem allra fyrst gerð vega með bundnu slitlagi um allt land. Þeir sögðu það skoðun Félags ísl. bifreiðaeigenda að réttlætanlegt væri að hækka bensíngjald og þungaskatt ef tryggt væri að því fjármagni væri öllu varið til vegagerðar. Að sama skapi væri það fráleit ráðstöfun að hækka þessar álögur en nýta þær til annars en vegaframkvæmda. Fram kom ótti við að tekjur Vegasjóðs mundu verða minni en gert væri ráð fyrir. Vegna fyrirsjáanlegs samdráttar í þjóðfélaginu mætti gera ráð fyrir að notkun bifreiða drægist eitthvað saman og þá um leið bensínnotkun.

Spurt var um afstöðu Félags ísl. bifreiðaeigenda til þess að breyta innheimtu þungaskatts af dísilbifreiðum og færa hann í átt að staðgreiðslu. Jónas Bjarnason sagði Félag ísl. bifreiðaeigenda vera hlynnt þessari breytingu. Hún mundi væntanlega leiða til hlutfallslegrar fjölgunar dísilbíla auk þess sem eigendur dísilbifreiða mundu væntanlega kaupa bíla með hentugri vélarstærð en nú tíðkast. Notkun dísilolíu hefur marga kosti í för með sér. Mengun af henni er minni en af bensíni og hún er ódýrari í innkaupum. Auk þess endast vélar dísilbifreiða lengur."

Eins og hér kemur fram segja fulltrúar Félags ísl. bifreiðaeigenda að þeir sjái ekkert athugavert við það að bensíngjald og þungaskattur hækki að því tilskildu að fjármagninu sé öllu varið til vegagerðar. Og þetta

var sú stefna sem Alþingi hafði markað. Það er þess vegna mikill trúnaðarbrestur milli almennra þingmanna, kjörinna þingmanna, og ríkisstjórnarinnar nú þegar fjmrh. og samgrh. skirrast ekki við að ganga á samkomulagið sem ég hef áður gert grein fyrir.

Ég vil að lokum aðeins ítreka þá vaxandi slysahættu sem er hér á höfuðborgarsvæðinu vegna hinnar miklu umferðar sem fer mjög vaxandi einnig, og ég vil enn ítreka að eitthvert mesta byggðamálið nú er að treysta samgöngur á milli héraða. Þeir sem fylgdust með fréttum nú í óveðrinu vita að það lá við stórslysum, t.d. á Öxnadalsheiðinni, bæði uppi á heiðinni og líka í brekkunni sjálfri sem engir fjármunir eru til að sinna í lánsfjárlögum nú, en einmitt í þeim rútum sem hvolfdi eða fóru út af voru unglingar héðan frá Reykjavík, skólabörn sem voru að fara norður til þess að fara á skíði og það hefði auðvitað verið hörmulegt ef þar hefði orðið stórslys sem lá við, þannig að við erum ekki að tala um einhvern lúxus. Við erum að tala um einhver brýnustu mál sem uppi eru í þjóðfélaginu núna, að samgöngumálunum sé sómasamlega sinnt, og eiga þessar athugasemdir auðvitað með sambærilegum hætti við um hafnalögin.

Í I. kafla þessa frv. er fjallað um þær lántökur sem ríkissjóður mun beita sér fyrir á árinu. Vil ég þá fyrst aðeins skýra frá því að í verulegum atriðum hefur ekki verið farið eftir tillögum eða þeim umsóknum sem bárust til Fjárlaga- og hagsýslustofnunar, og er ég síður en svo á móti því að nokkurs aðhalds gæti í sambandi við veitingu ríkisábyrgðar fyrir lánum til margvíslegra nota, en ég hygg þó að í sumum greinum sé afstaða meiri hl. vafasöm, svo að ekki sé meira sagt, og vil ég þá sérstaklega taka til tregðu meiri hl. til að fallast á nauðsyn þriggja hitaveitna til lántökuheimilda og um leið minna á að í öðru frv. sem liggur hér fyrir deildinni eru uppi tillögur um það að ganga nærri fjárhag hitaveitna og samveitna með því að setja ákvæði um hækkanir undir Verðlagsstofnun og verður komið nánar að því síðar á þessum fundi ef tími vinnst til.

Ég vil láta í ljós sérstaka ánægju yfir því að ríkisstjórnin hefur fallist á að skipasmíðapeningarnir skuli áfram verða hýstir í Byggðastofnun og staðið að þeirri fyrirgreiðslu með sama hætti og verið hefur. Það er auðvitað þungu fargi létt af þeim aðilum sem standa fyrir og bera ábyrgð á rekstri skipasmíðastöðva að þessi skyldi hafa orðið niðurstaðan, en ég hygg að það sé óhætt að fullyrða að sú uppsveifla sem varð í nýbyggingum fiskiskipa nú síðast á sl. ári kom hvergi nærri íslensku skipasmíðastöðvunum. Og sumar þeirra eru svo hart keyrðar nú í þessari viku að þar eru nánast engin verkefni. Þessi iðnaður á auðvitað mjög undir högg að sækja af þeim sökum að gengi krónunnar er rangt skráð, sem mjög torveldar skipasmíðastöðvunum samkeppnina við sambærilegar stöðvar erlendis um leið og lántökuskatturinn, 6%, er mjög ranglátur og kemur illa við þessar stöðvar. Hæstv. fjmrh. hafði lýst því yfir hér í deildinni að lántökuskatturinn yrði felldur niður og hafði ég búist við því að hann mundi sjá svo til að brtt. yrði flutt hér við lánsfjárlögin sem fæli það í sér að þessi skattur vegna skipasmíðaverkefna yrði felldur niður. En auðvitað hefur ríkisstjórnin ekki heimild til þess að fella skattinn niður með stjórnvaldsákvörðun þar sem brtt. um það hefur verið felld hér í deildinni. Ég hafði því vænst þess að hæstv. fjmrh. hefði séð sóma sinn í því að sjá um að brtt. þess efnis fylgdi hér með. Eins hygg ég að sanngjarnt og rétt sé að þau fyrirtæki sem nú standa höllum fæti, og Byggðasjóður hefur verið beðinn sérstaklega um að aðstoða þau fyrirtæki sem Atvinnutryggingarsjóðurinn ekki treystir sér til að lána, verði undanþegin lántökugjaldinu, en ríkisstjórnin vill heldur ekki á það fallast og væri fróðlegt að fá frá hæstv. fjmrh. rökstuðning fyrir því.

Ég vil láta í ljós sérstaka ánægju yfir því að það tókst að ná inn í lánsfjárlögin heimild fyrir því að hægt verði að kaupa ferju fyrir Hrísey og Grímsey á árinu. Þetta hefur verið mikið áhugamál okkar þm. í Norðurl. e. og um það hafði verið gert samkomulag í síðustu ríkisstjórn að á lánsfjárlögum nú yrði þess gætt að þessum þörfum eyjarskeggjanna í og fyrir utan Eyjafjörð yrði sinnt. Ég hefði að vísu kosið að orðalag væri víðara þannig að opið stæði að um nýsmíði á ferju gæti orðið að ræða en skal ekki gera ágreining þó að hér sé heimildin bundin við það að notuð ferja sé keypt til þess arna og vil þá treysta því að þær tilraunir sem samgrh. nú gerir til þess að festa kaup á slíkri ferju megi bera árangur.

Í II. kafla þessa frv. eru ýmis skerðingarákvæði og það er rétt sem frsm. meiri hl. sagði hér áðan að margt af þessu er gamlir kunningjar og auðvitað eru þessi skerðingarákvæði til komin sakir þess að við setningu einstakra laga hafa þingmenn ekki gætt þess að ætla sér hóf og ekki viljað gera sér grein fyrir hvaða afleiðingar lögin hefðu ef þeim yrði framfylgt til fullnustu.

Ég sé ekki ástæðu til að fjalla hér um alla liði, en vil aðeins geta um það að mjög hæpið er að láta 20. gr. frv. standa þar sem gert er ráð fyrir því að heildarframlag ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs megi eigi fara fram úr 277 millj. kr. á árinu. Framlagið var 500 millj. kr. á sl. ári. Ég vildi spyrja hæstv. fjmrh. ef hann vildi vera hér viðstaddur — mér væri alveg sama þótt náð yrði í félmrh. Það er kannski best að ná í félmrh. því að þetta heyrir kannski frekar undir hann. Er ekki rétt að biðja um að fá félmrh. inn í salinn, það er kannski betra? (**Forseti:** Hér er nú hæstv. fjmrh. mættur.) Ætli ég biðji ekki heldur um félmrh., að fá hann í salinn. (**Forseti:** Við skulum athuga hvort hæstv. ráðherra er í húsinu.)

Á meðan ég bíð þess að hæstv. félmrh. komi hér vil ég aðeins gera grein fyrir athugasemdum frá Stéttarsambandi bænda þar sem þeir gera svofellda athugasemd við 11. gr. frv. — en hæstv. landbrh., ætli hann sé í húsinu? (**Forseti:** Nei.) En hæstv. forsrh. til að svara nú fyrir alla þessa hjörð sína sem er út um hvippinn og hvappinn? (**Forseti:** Já, hæstv. forsrh. sýnist mér vera í húsinu samkvæmt tölvukerfinu hér, en landbrh. og félmrh. eru ekki stödd í húsinu.)

Hæstv. forseti. Það eru náttúrlega vandræði þegar verið er að ræða lánsfjárlögin og gripið er inn á ýmsum þáttum að einstakir ráðherrar skuli ekki vera vistaddir til þess að svara fyrir sína málaflokka. (**Forseti:** Óskar hv. þm. að forsrh. sé gert viðvart?) Ég óska eftir að fá hæstv. forsrh. hér úr því að hinir eru ekki viðlátnir. (**Forseti**: Já, það skal reynt.) (**ÁrnG:** Mér þykir nú líklegt að flokksbræður ræðumanns muni bera fram sömu óskir í Nd. þar sem forsrh. situr.) Það sýnir svo sem hversu smátt er skammtað að hæstv. fjmrh. ver hér tveim línum í lánsfjárlögum til þess að skera niður framlag ríkissjóðs vegna bóta fyrir eyðingu refa og minka. Það er talað um að þessar bætur á sl. ári nemi um 12 millj. kr., en ríkissjóður sér ástæðu til að skera þetta niður um litlar 4 millj. Þó er hér um útlagðan kostnað að ræða og má segja að þetta sé kannski lýsandi fyrir smámunasemi hæstv. ríkisstjórnar. Já, hann er hér ekki húsnæðisráðherrann og ráðherra félagsmála og hélt ég þó að framlög til byggingarsjóðanna væru ríkur þáttur í lánsfjáráætlun. (**Forseti:** Ég vil tilkynna hv. þm. að hæstv. forsrh. er upptekinn í umræðum í Nd. en kemur vonandi eins fljótt og unnt er.)

Eins og fram kom í greinargerð var vikið þar nokkuð að útflutningsatvinnuvegunum. Ég vil aðeins til viðbótar því sem þar stendur taka fram að stjórn Atvinnutryggingarsjóðs metur það svo að eitt af hverjum þremur fyrirtækjum sem hún hefur fjallað um sé svo illa statt að nauðsynlegt sé að nýtt fé komi til og stjórn Atvinnutryggingarsjóðs telur jafnframt að eins og grundvelli útflutningsframleiðslunnar er háttað nú sé ekki von til þess að einstaklingar eða fyrirtæki vilji hætta miklu fé í sjávarútveginn. Á hinn bóginn kemur fram hjá stjórn Atvinnutryggingarsjóðs að þeir fjármunir sem hún hefur til ráðstöfunar muni rétt ríflega hrökkva fyrir þeirri fyrirgreiðslu sem hún sér fram á að veita verði þeim fyrirtækjum sem stjórn Atvinnutryggingarsjóðsins telur lánshæf. En á hinn bóginn hefur hæstv. forsrh., það er náttúrlega ekki hægt að tala um þetta heldur, falið Byggðasjóði að hlutast til um það að fyrirtækjum sem nú hafa stöðvast þar sem nú ríkir atvinnuleysi komist í gang á nýjan leik og gerir hæstv. forsrh. ráð fyrir að þar verði jöfnum höndum um það að ræða að Byggðasjóður leggi fram óafturkræft fé eða festi kaup á hlutabréfum og að Byggðasjóður láni til viðkomandi fyrirtækja til þess að fyrirtæki verði opnuð og fólkið fái atvinnuna. Nú er það spurning mín til hæstv. fjmrh. hvort hann hafi átt viðtal við hæstv. forsrh. um þessi mál. (**Gripið fram í:** Hann heyrir þetta ekki. Hann liggur í felum, maðurinn.) Hæstv. forseti, ég óska eftir að hlé verði gert á fundinum til kl. 2 til þess að hægt sé að gera grein fyrir nál. minni hl. Það er auðvitað algjörlega út í bláinn að halda umræðunni áfram þegar ráðherrar sýna henni ekki meiri athygli en þetta og ekki er hægt að fjalla um eitt einasta atriði í frv. Þess vegna fer ég fram á að fá að gera hlé á ræðu minni og að tíminn til kl. 2 verði notaður til að smala ráðherrum saman. Ég hafði fallist á það við hæstv. forseta að greiða fyrir þessari umræðu, að hún gæti farið fram fyrir hádegi, auðvitað í krafti þess að ráðherrarnir mundu sjá um að þeir gætu losnað engu síður en þingmenn. En úr því að ekki er áhugi fyrir umræðunni hjá ríkisstjórninni ítreka ég þessa beiðni og vænti þess að við henni verði orðið. (**Forseti:** Forseti mun láta kanna hvort hæstv. forsrh. getur ekki hreyft sig úr Nd. en hann var þar upptekinn í umræðum rétt áðan. Ég mun gera ítrekaða könnun á því hvort hann geti ekki komið hingað á fundinn. Ég bið hv. þm. að hinkra aðeins við á meðan.) Ég hlýt að ítreka mína beiðni. Það vantar hér félmrh., það vantar hér forsrh. og landbrh. Það er umræða í báðum deildum þannig að maður hafði ástæðu til þess að ætla að ekki þyrfti að gera sérstakar ráðstafanir til þess að þessir hæstv. ráðherrar sætu þingfundi eins og þeim bar skylda til. Nú skal ég ekki segja hvort einhver þeirra er erlendis. Það á vel vera þó svo að það hafi farið fram hjá mér og eru það auðvitað löggild forföll því að ekki ætlast ég til þess að skotið verði undir þá sérstakri þotu sem fer hraðar en hljóðið til að fá þá hingað á fundinn. Ég ítreka hins vegar beiðni mína um það að fundi verði frestað til kl. 2. (**Forseti:** Sættir hv. þm. sig ekki við það ef reynt verður að ná í hæstv. forsrh.?) Mér finnst, hæstv. forseti, að þetta sé orðin langavitleysa hér og það sé ekki nema sanngjarnt að orðið sé við þessari beiðni. (**Fjmrh.:** Man hv. þm. ekki samtal okkar hér fyrir nokkrum dögum síðan?) (**KP:** Hæstv. forsrh. situr fast undir ræðu varaformanns Sjálfstfl. í Nd.) (**Forseti:** Forseti hefur gert ráðstafanir til þess að ítreka beiðni við hæstv. forsrh. og biður hv. þm. að sýna biðlund enn um stund þar til skilaboð berast.)

Hæstv. forseti. Ég var að reyna að koma þeirri fyrirspurn áðan til hæstv. fjmrh. hvort hann hefði rætt við hæstv. forsrh. um það hvernig hann hugsaði sér að Byggðasjóður stæði að því að koma aftur af stað þeim fyrirtækjum víðs vegar um landið, sem nú hafa stöðvast, til þess að bæta úr atvinnuástandi á stöðunum. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann geri ráð fyrir því að ríkissjóður muni hlaupa undir bagga með sérstökum framlögum, aukafjárveitingum eða lánveitingum, sem síðan verði látin falla á ríkissjóð vegna þess að eiginfjárstaða Byggðasjóðs er orðin þannig núna að það er með öllu óhugsandi að hann geti hlaupið undir bagga eins og ástandið er í sjávarútveginum og eins og ástandið er í loðdýraræktinni og eins og ástandið er í ullariðnaðinum og eins og ástandið er hjá skipasmíðaiðnaðinum og eins og ástandið er yfirleitt í þeim fyrirtækjum sem þurfa að sæta almennri samkeppni. Mig langar líka til að spyrja hæstv. fjmrh. hvort það hafi komið fram í viðtölum hans við forsrh. hversu mikill þessi vandi er, hvað hann gerir ráð fyrir að Byggðasjóður þurfi að fá mikið fé til þess að geta innt þetta starf af hendi, en minni á um leið að gert er ráð fyrir því að sú aðstoð sem hæstv. sjútvrh. beindi til Byggðastofnunar að meta vegna smábátanna er talin munu kosta um 500 millj. kr.

Ég vil í sambandi við bændur lesa upp erindi eða athugasemdir sem borist hafa frá Stéttarsambandi bænda. Við 11. gr. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ekki er gerð athugasemd við þá fjárhæð sem tilfærð er í greininni. Hins vegar er vakin athygli á því að í árslok 1989 fellur niður skylda ríkissjóðs og Stofnlánadeildar landbúnaðarins til þess að standa undir lífeyrisgreiðslum þeirra sem fá lífeyri samkvæmt II. kafla laganna um Lífeyrissjóð bænda. Þar er um að ræða þá bændur sem fæddir eru 1914 eða fyrr og ekki áttu þess kost að ávinna sér réttindi með greiðslum til sjóðsins. Greiðslur þessar eru áætlaðar 114 millj. kr. á árinu 1989 og útilokað að sjóðurinn geti staðið undir þeim af eigin aflafé þegar greiðsluskyldu ríkisins og Stofnlánadeildar lýkur."

Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hvort þetta mál hafi sérstaklega verið rætt í ríkisstjórninni eða milli hans og hæstv. landbrh. og hvort von sé á því að hæstv. landbrh. muni flytja frv. um þessi mál nú á þinginu.

Ég þarf náttúrlega ekki að segja frá mínu brjósti þó ég geti vel gert það að hér er auðvitað um mikið sanngirnismál að ræða sem ég tel óhjákvæmilegt að brugðist verði við.

Ég vil í sambandi við 12. gr. kynna þau sjónarmið Stéttarsambands bænda að í tillögu aðalfundar þess 1988 var gert ráð fyrir breytingum á tryggingakerfi landbúnaðarins og að Bjargráðasjóður yrði lagður niður. Tillagan er svohljóðandi:

„Aðalfundur Stéttarsambands bænda 1988 felur stjórn Stéttarsambands bænda að hlutast til um það við ríkisstjórn og Alþingi að greidd verði að fullu á eðlilegum tíma lögboðin framlög samkvæmt jarðræktarlögum og búfjárræktarlögum. Fundurinn telur óviðunandi þann drátt sem hefur orðið á þessum greiðslum tvö sl. ár." — Þetta á nú að vísu við 23. og 24. gr. og ég vil sem sagt taka undir þessi mótmæli bænda og minna á að þarna er um það að ræða framlög úr ríkissjóði vegna framkvæmda sem fóru fram á sl. ári og hefði verið hægt að standa betur og öðruvísi að í landbrn. — „Enn fremur vekja samtök bænda athygli á að mjög misráðið sé að fella öll framlög niður með þeim hætti sem frv. gerir ráð fyrir. Hér er um að ræða fjármuni til kynbótastarfsemi í landinu, þar á meðal sæðingarstöðva, einangrunarstöðvarinnar í Hrísey og stóðhestastöðvarinnar í Gunnarsholti. Þessi starfsemi hefur skilað gífurlegum árangri í auknum og bættum afurðum á undanförnum áratugum og fram undan eru e.t.v. enn stórstígari framfarir. Það væru alvarleg mistök ef þessi starfsemi yrði lögð niður vegna fjárskorts og mundi það ekki síður bitna á neytendum en bændum þegar til lengri tíma er litið."

Ég vil koma þessum athugasemdum hér á framfæri og að síðustu lesa ályktun Stéttarsambands bænda varðandi Bjargráðasjóð eins og ég hafði áður boðað:

„Aðalfundur Stéttarsambands bænda 1988 leggur til að lögum um Bjargráðasjóð verði breytt þannig að einstakar búgreinar geti verið undanþegnar gjaldskyldu til sjóðsins samþykki viðkomandi búgreinasamband og stjórn Stéttarsambands bænda það.

Fundurinn felur stjórn Stéttarsambands bænda að vinna að því að fá breytt lögum um Viðlagatryggingu Íslands þannig að hún taki yfir tjón af völdum grasbrests og óþurrka og uppskerubrests í garðrækt.

Áfram verði unnið að samningu tryggingaskilmála fyrir kúa- og sauðfjárbú og miðað við að þau geti keypt sér frjálsa búfjártryggingu um áramótin 1989–1990, enda liggi þá fyrir að þær séu hagkvæmari en núverandi tryggingar Bjargráðasjóðs. Þá liggi einnig fyrir hvort lögum um Viðlagatryggingu Íslands hafi verið breytt. Enn fremur komi þá til samþykki viðkomandi búgreinasambanda og Stéttarsambands bænda.

Lokatakmarkið er að bændur geti keypt sér allar tryggingar búsins í einum pakka, misstórum eftir þörf manna, á sem hagstæðustum kjörum. Forsenda þess er að lögboðin brunatrygging húsa í sveitum sé gefin frjáls."

Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann hafi eitthvað um þessi mál að segja, hafi rætt þau sérstaklega innan ríkisstjórnarinnar eða við landbrh. Enn fremur vil ég spyrja hæstv. fjmrh. um það hvað sé nýtt að frétta af fjárhag Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, en í fjölmiðlum hefur komið fram að hæstv. landbrh. hefur verið önnum kafinn við að binda Framleiðnisjóðnum nýja bagga. Í þessum lánsfjárlögum er gert ráð fyrir því að 60 millj. kr. lánveiting verði heimiluð vegna Framleiðnisjóðsins. Mjög æskilegt væri að fá frekari upplýsingar um hvernig fjárhag sjóðsins er háttað, en þær upplýsingar sem ég hef hér handbærar eru allar úreltar eða frá sl. ári og taka ekki til þeirra ráðstafana sem landbrh. hefur boðað.

Ég vil að gefnu tilefni frá formanni fjh.- og viðskn. spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann hafi nýlega átt viðræður við hæstv. samgrh. um málefni Arnarflugs, en formaður fjh.- og viðskn. virtist hafa af því þungar áhyggjur að til stæði að styrkja Arnarflug með opinberu fé. En samkvæmt því frv. til lánsfjárlaga sem hér liggur fyrir er einungis gert ráð fyrir því að hluthöfum verði lánaðar allt að 129 millj. kr. og hef ég litið svo á að þá yrði auðvitað séð um að viðunandi trygging fengist fyrir þessu fé. Hins vegar gaf formaður fjh.- og viðskn. tilefni til að spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann eða samgrh. hafi í hyggju að veita þessa fyrirgreiðslu án þess að krefjast fullnægjandi tryggingar sem ekki hefur komið fram í fjh.- og viðskn. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. enn fremur vegna fjarveru hæstv. landbrh. hvað sé að frétta af því að reglugerð verði sett í sambandi við Fiskeldissjóðinn, en því hafði verið lofað af hæstv. landbrh. þegar þing kom saman í þrjá, fjóra daga eftir áramótin að stjórnarandstaðan og menn úr landbn. og fjh.- og viðskn. beggja deilda fengju að fylgjast með gerð reglugerðar. Ég hef ekkert frétt af þessu máli. Mér er ekki kunnugt um að reglugerðin hafi verið gefin út og er fróðlegt að fá að vita hvernig það mál stendur.

Ég skal svo ekki, herra forseti, hafa um þetta fleiri orð, aðeins ítreka að þessi lánsfjárlög bera með sér að í þeim er ekki sagður nema hálfur sannleikurinn. Í þessum lánsfjárlögum eru stór göt sem vita bæði að rekstri ríkissjóðs og þó einkum að þörfum atvinnu-

veganna. Vil ég ítreka það, sem ég sagði fyrr, að á þessari stundu er ófyrirsjáanlegt um hversu miklar fjárhæðir verður þar að tefla, en þó er sýnilegt í sambandi við Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins að þær fjárhæðir sem þar er talað um leika naumast á lægri tölum en 400–500 millj. kr. í sambandi við smábátaútgerðina. Ef fara á að óskum hæstv. sjútvrh. og svara hans erindi jákvætt, þá erum við þar einnig að tala um fjárhæðir sem nema um 500 millj. kr. Og ef við gerum svo ráð fyrir því að hlaupið verði undir bagga með þeim fyrirtækjum sem hafa stöðvast víðs vegar um landið, með þeim fyrirtækjum sem hæstv. forsrh. hefur vísað til Byggðastofnunar, þá erum við að tala um fjárhæðir sem skipta milljörðum. Bara á þessum þrem póstum er greinilegt að vanáætlunin verður kannski 3, 4, 5 milljarðar kr. Síðan er allt annað vantalið.

Ég vil einnig minna á að lánsfjáráætlunin í sambandi við byggingarsjóðina er byggð á brauðfótum. Það kemur skýrt fram í því að sú áætlun sem Seðlabankinn gerði í febrúarmánuði hefur verið skorin niður um nokkur hundruð millj. kr. sem auðvitað byggir á því að Seðlabankinn gerir sér grein fyrir því að atvinnustigið á þessu ári verður miklu lakara og verra en áður hafði verið ætlað. Það er þess vegna algjörlega ljóst að sú áætlun er í rúmasta lagi. En á hinn bóginn veldur sú afstaða ríkisstjórnarinnar að draga verulega úr fjárveitingum til húsnæðismálanna, þar andar líka köldu frá ríkisstjórninni til þess sem áður hafði verið byggt upp, sú afstaða ríkisstjórnarinnar veldur því að það er alveg í járnum að Húsnæðisstofnun geti staðið við þau lánsloforð sem gefin hafa verið á árinu 1989. Og síðast þegar ég vissi af, fyrir einni viku, þá hafði Húsnæðisstofnun ríkisins ekki gert neina útlánaáætlun fyrir þetta ár. Þá var enn ekki farið að svara því fólki sem samkvæmt eldri áætlun átti að fá sín húsnæðislán greidd í febrúarmánuði eða janúarmánuði á þessu ári og er þó sú starfsvenja hjá stjórn Byggingarsjóðs ríkisins að senda lánsloforð með árs fyrirvara.

Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann hafi átt viðtal við hæstv. félmrh. um það hvenær þess væri að vænta að útlánaáætlun Byggingarsjóðs ríkisins, sem drög voru gerð að í desembermánuði, verði endurskoðuð með hliðsjón af nýjum aðstæðum. Og ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hvort eitthvað sé af því að frétta að hægt verði að veita framkvæmdalán til þeirra verktaka, ekki síst úti á landi, sem eru að byggja íbúðir samkvæmt almennum reglum Byggingarsjóðs ríkisins. En það hefur nú legið niðri um skeið, um einhver missiri, að hægt hafi verið að veita slíka fyrirgreiðslu sem hefur auðvitað valdið miklum vandræðum víðs vegar um landið. Ég vil af þessu tilefni einnig spyrja hæstv. fjmrh. hvað til sé í því sem stendur í yfirlýsingu hæstv. ríkisstjórnar að nú standi til að afnema vörugjald af byggingarefni. En í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar hefur komið fram að það muni verða gert á árinu. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hvenær þess sé að vænta að lagt verði fyrir þingið frv. um niðurfellingu vörugjalds á ýmsum vörum vegna þess að það sé nú komið í ljós og ríkisstjórnin sé orðin sannfærð um að rangt hafi verið staðið að breytingum skattalaga nú á jólaföstu.

Ég vil jafnframt vekja athygli á því í þessu sambandi að skerðingin á Atvinnuleysistryggingasjóðnum er aukin. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. vegna þess að hæstv. félmrh. er ekki hér í salnum: Er eitthvert lát á því að tilkynningar um atvinnuleysi berist félmrn.? Eða hækkar staflinn um atvinnulausa jafnt og þétt? Er það rétt sem fram hefur komið að þetta atvinnuleysi nái til æ fleiri starfsstétta? Og er það rétt að verulegur fjöldi þess fólks sem nú er orðið atvinnulaust sé búinn að vera það í hálft ár og að atvinnuleysisbætur muni því falla niður frá og með næstu mánaðamótum?

Spurningin er líka þessi: Hvernig hyggst ríkisstjórnin tryggja Atvinnuleysistryggingasjóði nægilegt fé á þessu ári til þess að geta staðið í skilum með atvinnuleysisbætur? úr því að ríkisstjórnin er ákveðin í því að reyna að stjórna landinu þannig að atvinnuleysi sé sem víðast og þannig að launatekjur fólks fari jafnt og þétt lækkandi. Hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að tryggja Atvinnuleysistryggingasjóði nægilegt lausafé til að geta staðið í skilum við það fólk sem er atvinnulaust?

Ég tel nauðsynlegt í tengslum við þetta frv. að fá svör sérstaklega varðandi atvinnulífið vegna þeirra gildu og breiðu yfirlýsinga sem hæstv. forsrh. hefur gefið um þau mál, ekki aðeins hér í þinginu heldur einnig utan þingsins.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Ég skrifa undir nál. minni hl. með fyrirvara. Það er ekki mikið sem ég hef við það að athuga og ætla ég ekki að skýra frá þeim atriðum sem ég er kannski ósáttur við sérstaklega því að þau eru minni háttar. Í raun er nál. þannig orðað og þannig byggt upp að það mætti þess vegna endurprenta það ár eftir ár, svo lengi sem frv. til lánsfjárlaga er með sama sniðinu og verið hefur mörg, mörg undanfarin ár. Þetta nál. og það sem þar kemur fram gæti þar með átt við næstu árin og þetta nál. hefði allt að einu getað verið nál. minni hl. fjh.- og viðskn. í fyrra þegar reyndar frsm. fyrir hönd minni hl. sat sem formaður fjh.- og viðskn. og mælti þá fyrir áliti meiri hl. í þeirri hv. nefnd. Það svona sýnir kannski betur en annað í hvers konar ógöngur við erum komnir með efnahagsstjórn landsins og fjármálastjórn.

Það var einn ágætur þm. úr stjórnarliðinu sem sagði við mig á dögunum að lánsfjárlög ætti að afgreiða eins seint og hægt væri á þinginu. Því síðar sem þau væru afgreidd, þeim mun meiri líkur væru á að þau nálguðust eitthvað raunveruleikann. Í raun og veru væri kannski best að afgreiða ekki lánsfjárlögin fyrr en á haustþingi sama ár og þau eiga að gilda. Þá mundu lánsfjárlögin kannski eitthvað nálgast þann veruleika sem er í efnahagsmálunum og þeim er ætlað að sýna.

Í raun má segja að lánsfjárlög hverju sinni séu einhvers konar óskhyggja ríkisstjórna um hvernig

þær vilji haga lántökum, bæði á vegum ríkisins og á vegum sjóðakerfisins. Síðan er yfirleitt í þeim kafli um ýmsar heimildir sem eru taldar nauðsynlegar til þess að bjarga ýmsum vandamálum og leiðrétta mistök fyrri ára. *Í stuttu máli má skipta lánsfjárlögum* í þrjá kafla eins og reyndar er gert í frv. Það eru heimildir til ríkissjóðs og ýmissa ríkisstofnana og orkufyrirtækja til lántöku. Síðan er sérkennilegur kafli, II. kafli í lánsfjárlögum, þar sem lögboðin framlög til ýmissa sjóða eru skert. Eins og kom fram í máli hv. 2. þm. Norðurl. e. Halldórs Blöndals, þá get *ég hjartanlega tekið undir það með hv. þm. að það er* orðið allundarlegt að sjá þennan kafla í lánsfjárlögunum, og reyndar fer hann mjög í taugarnar á almenningi. Fyrst eru sett alls konar lög um hina og þessa sjóði sem hafa ákveðin hlutverk með höndum og síðan þarf svo í lánsfjárlögum ár hvert að skerða lögboðin framlög til þessara sjóða þar sem í upphafi var byggt á óskhyggjunni einni, *í raun voru aldrei til* þeir peningar sem þessum sjóðum voru ætlaðir.

Það má því segja að lánsfjárlög eru gamalkunn. Þau eru eins frá ári til árs, tölurnar breytast aðeins lítillega. Örfáir nýir liðir koma inn, aðrir detta út. Einn ágætur frammámaður hjá iðnrekendum sagði einu sinni, hann hafði verið formaður Félags ísl. iðnrekenda um langan aldur, að hann gæti *í raun flutt* sömu ræðuna ár eftir ár á ársþingi Félags ísl. iðnrekenda. Þannig mætti í reynd flytja hér sömu ræðuna frá ári til árs um lánsfjárlög því að þau breytast ekki það mikið. Lánsfjárlögin byggja einfaldlega á þeim efnahagsgrunni sem gömlu flokkarnir hafa sett, en ég hef margoft bent á að það eru gömlu flokkarnir, Sjálfstfl., Framsfl., Alþfl., Alþb., sem hafa lagt grundvöllinn að þeirri efnahagsstefnu og þeirri fjármálastjórn sem við búum við, íslenska þjóðin, og allt atvinnulífið og þjóðfélagið byggir á. Því er oft kátbroslegt að hlýða á fulltrúa gömlu flokkanna. Þeir eru ýmist í stjórn eða stjórnarandstöðu, hamast út af lánsfjárlögum og ýmist lýsa þeir vandlætingu sinni á gerðum sitjandi ríkisstjórnar eða ekki, þó í raun sé málið þannig að þeir eru allir samsekir og hafa allir átt jafnmikinn þátt í að hér ríkir óstjórn og ofstjórn í efnahags- og fjármálum þjóðarinnar. Við búum við miðstýrt efnahagskerfi, sjóðakerfi sem er ætlað að reka atvinnulífið, í stað þess að hafa hér heilbrigt fjármálakerfi eins og aðrar þjóðir, sérstaklega nágrannaþjóðir okkar, hafa getað byggt upp. Hér er við lýði miðstýrt fjármálakerfi sem byggir á því að atvinnulífið reynir að sækja í hina ýmsu sjóði sem ríkisvaldið hefur myndað og stýrir til þess að reyna að sigla gegnum brotsjói efnahagslífsins. Síðan má öðru hverju beita einhvers konar vísitölukrukki til þess að reyna að leiðrétta verstu agnúana á kerfinu, en gengur þó illa.

Ég veit ekki með hvaða hætti við gætum reynt að koma á hér heilbrigðum banka- og peningaviðskiptum meðan við búum við þetta kerfi. Það er kannski aðeins glæta þó því að við gætum neyðst til þess að fara út í slíkt kerfi, einfaldlega vegna þess sem er að gerast í nágrenninu við okkur, en þar á ég við þær breytingar sem eru að verða á fjármála- og bankakerfi Evrópulandanna, einkum og sér í lagi innan Evrópubandalagsins. EFTA-ríkin munu ekki síður þurfa að breyta fjármála- og peningakerfi sínu til þess að geta staðið í stykkinu, veitt samkeppni þeim fyrirtækjum sem eru innan Evrópubandalagsins. Langar mig til að koma betur að þessu síðar í ræðu minni.

En hvað er til bragðs að taka í sambandi við lánsfjárlög og þá miklu erlendu skuldasöfnun sem ríkið hefur forustu um og leiðir má segja ásamt *öðrum atvinnusjóðum sem ríkið* að sjálfstöðu stýrir og beinir í þennan farveg? Í flestum alvöruþjóðfélögum þar sem efnahags- og viðskiptamál eru í sæmilegu lagi er reynt að koma því til leiðar að opinberir aðilar, ríki og sveitarfélög, láti eyðslu og tekjur standast á. Ef ríkisvaldið, þ.e. opinberir aðilar, þarf að eyða meiru en aflað er með skatttekjum, að fjármagna þá *a.m.k. slíka umframeyðslu með innlendum* lántökum. En því miður erum við gjörsamlega búnir að missa stjórn á þessu. Við fjármögnum eyðsluna aðallega með erlendum lántökum eða með mjög óskynsamlegum hætti og látum ríkið sjá um allar erlendar lántökur fyrir hönd alls þjóðfélagsins. Eitt það besta sem við gætum gert til þess að koma okkur út úr *þessari vitleysu væri einfaldlega að breyta peninga-* og bankakerfi okkar þannig að ríkið hætti að hafa forustu um erlendar lántökur en léti fyrirtækjunum, atvinnulífinu og jafnvel einstaklingunum það eftir, að ríkið léti sér nægja innlenda lánsfjáröflun og ef ekki dygði til til þess að fjármagna eyðsluna yrði einfaldlega að takast á við það og skera niður eyðsluna, þ.e. *draga úr framkvæmdagleðinni.*

Það er hægt að lýsa mikilli ábyrgð á hendur þeirra sem fóru með fjármálastjórn landins árin 1986 og 1987 í einhverju mesta góðæri sem þjóðin hefur upplifað, sennilega í allri sögu sinni, því þrátt fyrir þetta mikla góðæri hlóðust upp miklar skuldir ríkissjóðs. Hefði verið einhver glóra í fjármálastjórn landsins hefði verið reynt að draga saman seglin og safna í einhverja sjóði, a.m.k. reynt að greiða eitthvað hraðar niður erlendar skuldir, og innlendar skuldir með, á þessum árum. En það var nú öðru nær. Sú meginstefna sem hlýtur að eiga að vera í ríkisfjármálum, að ríkissjóður eigi að skila afgangi í góðæri en það megi hugsanlega verja það að ríkissjóður sé *rekinn með halla þegar illa árar*, hefur aldrei fengið að njóta sín á þessu landi.

Ég er þá kominn að þeim kafla í ræðu minni, virðulegi forseti, að ég ætla að fara að spyrja ýmsa ráðherra spjörunum úr en ég sé að þeir eru óðum að yfirgefa samkunduna. Ég sé þó að hæstv. fjmrh. er kominn í salinn aftur. (**Fjmrh.:** Bara hálf mínúta.) Gott er að heyra það. *Mig langar til að heyra álit* hæstv. fjmrh. á hinum nýju stefnum sem eru í vændum í fjármálum og peningamálum Evrópulandanna, þar á ég að sjálfsögðu við það sem kallað hefur verið frjáls fjármagnsmarkaður, hvaða viðhorf íslensk stjórnvöld hafa í þeim efnum.

Mig langar til að glugga í plagg sem ég hef undir

höndum sem er ekki að svo stöddu á ábyrgð eins eða neins, en þar er á mjög athyglisverðan hátt fjallað um viðhorf m.a. EFTA-landanna til þeirrar stefnu sem nú er uppi meðal Evrópuþjóðanna, innan Evrópubandalagsins sérstaklega, um það með hvaða hætti megi koma á frjálsum fjármagns- og peningaviðskiptum innan Evrópu. Með leyfi hæstv. forseta langar mig til að lesa upp örstuttan kafla úr þessari greinargerð:

„Viðhorf aðildarríkja EFTA. Aðildarríki EFTA eiga mikil viðskipti við aðildarríki Evrópubandalagsins og í sumum þeirra t.d. er hlutur innflutnings frá aðildarríkjum Evrópubandalagsins hærri en samsvarandi hlutfall margra aðildarríkja bandalagsins. Því er ljóst að það skiptir þessi lönd verulegu máli hvort það bætir samkeppnisskilyrði fyrirtækja í aðildarríkjum Evrópubandalagsins að þau hafi aðgang að stærri og hagkvæmari fjármagnsmarkaði en fyrirtæki í EFTA-löndunum. En jafnframt hljóta EFTA-löndin að hafa í huga þau áhrif sem afnám hafta á fjármagnshreyfingum hefur á möguleika stjórnvalda til að framfylgja sjálfstæðri stefnu í efnahagsmálum. Nokkrar nefndir og vinnuhópar á vegum EFTA eru að kanna fyrirætlanir Evrópubandalagsins um afnám hafta á fjármagnshreyfingum og hvernig aðildarríki EFTA geti brugðist við þeirri þróun.

Á vegum ráðgjafarnefndar EFTA sem skipuð er fulltrúum úr atvinnulífinu í aðildarríkjum EFTA starfar vinnuhópur um þetta mál. Athuganir vinnuhópsins beinast einkum að þeim áhrifum sem afnám á takmörkun á fjármagnshreyfingum gæti haft á starfsskilyrði fyrirtækja í aðildarríkjum EFTA og á hvern hátt hagsmunir neytenda í þessum löndum verða tryggðir sem best. Efnahagsnefnd EFTA hefur einnig fjallað um fjármagnshreyfingar og vorið 1988 setti hún á laggir vinnuhóp sem á að kanna núverandi reglur í aðildarríkjum EFTA um fjármagnshreyfingar á milli landa og meta hagræn áhrif af afnámi takmarkana. Íslendingar taka þátt í starfi ráðgjafarnefndarinnar og efnahagsnefndarinnar og vinnuhópa á þeirra vegum.

Fjármagnshreyfingar hafa oft verið til umfjöllunar á hinum sameiginlega vettvangi Norðurlandanna. Árið 1987 skilaði t.d. vinnuhópur, sem skipaður var af tveimur embættismannanefndum, tveimur skýrslum um hugsanleg áhrif af reglum á Norðurlöndunum um rétt til að stofna fyrirtæki og gjaldeyrisreglum um fjárfestingar í iðnaði utan heimalands. Vinnuhópurinn lagði m.a. til að heimildir til kaupa á erlendum hlutabréfum yrðu rýmkaðar hvort sem bréfin væru skráð í kauphöll eða ekki.

Við gerð efnahagsáætlunar fyrir Norðurlöndin 1989–1992 lagði vinnuhópurinn til að dregið yrði úr takmörkunum á fjármagnshreyfingum til og frá Norðurlöndunum. Hópurinn komst að þeirri niðurstöðu að slíkt væri hagkvæmt fyrir löndin því að það opnaði fyrirtækjum leið að stærri fjármagnsmarkaði auk þess sem þau losnuðu við ýmsan skriffinnskukostnað. Bent var á að afnám hafta á fjármagnshreyfingum gæti auðveldað samstarf norrænna fyrirtækja og þar með greitt fyrir viðskiptum á milli Norðurlandanna. Þá er bent á að telja megi líklegt að fjárfesting í hlutabréfum á milli landanna verði tiltölulega mikil vegna nálægðar þeirra og þekkingar íbúanna á aðstæðum grannlandanna. Þessar niðurstöður vinnuhópsins urðu hluti af efnahagsáætlun fyrir Norðurlönd 1989–1992 sem fjármálaráðherrar landanna samþykktu í nóvember 1988. Í efnahagsáætluninni er lagt til að löndin skuli fyrir árslok 1992 aflétta hömlum á eftirfarandi fjármagnshreyfingum: Kaupum á skráðum jafnt sem óskráðum hlutabréfum í útlöndum, þar með talin kaup á hlutdeildarbréfum í hlutabréfasjóðum.“ Þetta mundi væntanlega þýða það að íbúar hinna Norðurlandanna gætu keypt m.a. hlutdeildarbréf í hinum fyrirhugaða hlutabréfasjóði Byggðastofnunar þegar hann kemst á laggirnar og það væri nú ekki ónýtt að fá erlent fjármagn inn með þeim hætti. — (Gripið fram í.) Í hlutabréfasjóðinn. (Gripið fram í.) Í hlutabréfasjóðinn, sagði ég. — „Sams konar fjárfestingu erlendra aðila í innlendum hlutabréfum, kaupum á fasteignum í útlöndum, erlendum lántökum innlendra fyrirtækja til lengri tíma en eins árs, lánveitingu til skemmri tíma en eins árs í gjaldmiðli heimalandsins eða einhverjum öðrum gjaldmiðli í tengslum við innflutning og útflutning, lánveitingum innlendra viðskiptabanka til útlendinga í erlendum gjaldmiðli, inneignum erlendra fyrirtækja á bankareikningum erlendis í takmarkaðan tíma eftir að kröfur þeirra á hendur erlendum viðskiptavinum hafa verið greiddar.

Reglur um fjármagnshreyfingar eru nokkuð mismunandi á Norðurlöndunum. Danir búa við litlar sem engar hömlur á þessu sviði vegna veru sinnar í Evrópubandalaginu, en hin löndin búa við mismiklar takmarkanir. Tillögur fjármálaráðherranna í efnahagsáætlun fyrir Norðurlöndin sýna hins vegar að pólitískur vilji er til að stíga frekari skref á þessu sviði og afnema takmarkanir á ofangreindum fjármagnshreyfingum. Slíkt þýddi nokkra aðlögunarstefnu Evrópubandalagsins í þessum málum án þess að slakað væri á takmörkunum sem stjórnvöld á Norðurlöndum hafa talið mikilvægar fyrir hagstjórn.

Ísland setti fyrirvara við öll atriði áætlunarinnar sem lúta að fjármagnsmarkaði á Norðurlöndunum, þar með taldar ofangreindar tillögur um aukið svigrúm fyrir fjármagnshreyfingar á milli landa af sömu ástæðu og fyrirvari var settur við reglur OECD á sínum tíma, þ.e. vegna sérstöðu landsins í samanburði við hin Norðurlöndin sem felst einkum í smáu hagkerfi og tiltölulega einhæfri útflutningsframleiðslu.

Fjármálaráðherrarnir samþykktu einnig að fyrir 1990 væri ákveðið hvort fleiri fjármagnshreyfingum skuli bætt á áðurnefndan lista. Í efnahagsáætluninni er ekki tilgreint hverjar þær gætu verið, en af skýrslu vinnuhópsins má ráða að þar sé um að ræða fjármagnshreyfingar eins og kaup útlendinga á innlendum skuldabréfum og innlegg útlendinga í innlenda banka í innlendum gjaldmiðli, kaup landsmanna á erlendum skuldabréfum og innlegg landsmanna í

banka erlendis, skammtímalántökur og lánveitingar innlendra fyrirtækja erlendis, lántökur einstaklinga og heimila erlendis."

Hér er verið að brydda á mjög athyglisverðum og mikilvægum atriðum sem varða okkur og framtíð þessa lands mjög miklu. Því er nauðsynlegt að við ræðum þetta af mikilli hreinskilni og ég mundi vilja biðja hæstv. fjmrh. að gera nánari grein fyrir þeim fyrirvörum sem Ísland hefur gert við þessar hugmyndir og þessar tillögur sem samþykktar voru af fjármálaráðherrum hinna Norðurlandanna á umræddum fundi þeirra.

Það er annars hætta á því að Ísland muni daga uppi sem nokkurs konar nátttröll hér í Norður-Atlantshafinu þegar komin er á víðtæk samvinna allra hinna Evrópulandanna sem byggir á frjálsum fjármagnshreyfingum, frjálsum bankaviðskiptum og mjög víðtæku og umfangsmiklu samstarfi fyrirtækja almennt í öllum atvinnugreinum. Það er rétt, sem kom hér fram áðan í frammíkalli, að við þurfum að gæta okkar vel, einkum hvað varðar íslenskan sjávarútveg og fiskvinnslufyrirtæki okkar. Við þurfum að tryggja það að eignarhald á þeim komist ekki í hendur erlendra aðila eða erlendra fyrirtækja. Ég tel að með skynsamlegri löggjöf sé auðvelt að koma í veg fyrir slíkt, en hins vegar er jafnmikilvægt að gefa iðnaðinum á Íslandi kost á því að fara í alhliða samstarf við erlend iðnfyrirtæki jafnvel á þeim grundvelli að meirihlutaeign í íslenskum iðnfyrirtækjum geti hugsanlega komist í hendur erlendra fyrirtækja eða erlendra aðila. Ég er ekki viss um að það þurfi að gera svo mikið til. Menn hafa oft og tíðum misskilið hvað mundi gerast ef svo færi að erlendir aðilar mundu eignast hér meiri hluta í einhverjum íslenskum fyrirtækjum. Sumir virðast halda að hinir erlendu aðilar muni nánast rífa niður verksmiðjurnar og húsin og flytja þau með sér til útlanda. Þetta er náttúrlega hin mesta fjarstæða því að ef eitthvert erlent fyrirtæki hefði hug á því að fjárfesta í atvinnustarfsemi á Íslandi getur tilgangurinn varla verið annar en sá að reka hér þá atvinnustarfsemi sem fyrirtækið var að fjárfesta í.

Eins og ég gat um áðan, þá er mjög nauðsynlegt að við fáum skýr svör um hver stefna ríkisstjórnarinnar er í þessum málum. Ætlum við að halda áfram að einangra okkur af og verða einir Norðurlandanna, sér á báti, til þess að hafna allri samvinnu og öllu samstarfi við Evrópuríkin, daga hér uppi í Norður-Atlantshafinu sem einhvers konar nátttröll er fram líða stundir? Eitt af því sem töluvert hefur verið rætt um á seinni mánuðum og missirum er frjáls bankastarfsemi, þ.e. að við gefum erlendum bönkum í einhverjum mæli kost á að hafa hér einhverja starfsemi, og væri einnig fróðlegt að velta fyrir sér hver eru viðbrögð og hverjar eru hugmyndir ríkisstjórnarinnar til þeirra atriða. Það er mjög fróðlegt að fyrsta tilraun okkar til þess að eiga samstarf við erlenda banka hefur birst í svokölluðum kaupleigufyrirtækjum eða fjármögnunarfyrirtækjum. Það er afar fróðlegt að lenda í því á leiðinni heim frá útlöndum að sitja fyrir einhverja slysni við hliðina á fulltrúum þeirra erlendu banka sem hafa tekið þátt í kaupleigufyrirtækjum með íslenskum aðilum á Íslandi. Þessir menn núa saman höndunum af ánægju og segja að þeir hafi aldrei nokkurn tíma á sínum ferli komist í annan eins ofsagróða eins og að taka þátt í þessari starfsemi með Íslendingum á Íslandi, þ.e. að spila hér á svokölluðum lánskjaravísitölumarkaði. Þeir segja að það séu engar þær fjárfestingar í víðri veröld sem geti gefið eins rosalegan gróða og það að fá að setja hér inn erlenda fjármuni og taka inn þann hagnað sem hlýst í gegnum lánskjaravísitölukerfið, þ.e. þá verðtryggingu sem er gulltryggð og miklu meira í raun og þá háu raunvexti þar ofan á og fá síðan að taka gróðann heim umbúðalaust. Hvergi í víðri veröld er boðið upp á slíkan ofsagróða, segja þessir ágætu menn. Það væri því afar fróðlegt að fá nánari skýringar á því hvernig við hugsum okkur að haga þessum málum til frambúðar. Ætlum við að hafa bankastarfsemina með þeim hætti að samvinna okkar við erlenda banka byggist á því að við gefum erlendum bönkum kost á því að koma hér inn á lánskjaravísitölumarkaðinn, spila með erlent fjármagn og taka allan þann hagnað, sem hlýst af því að lána Íslendingum með lánskjaravísitölu og háum raunvöxtum meðan raungengi íslensku krónunnar fer ört vaxandi í samanburði við erlenda gjaldmiðla, heim aftur þegar þeim sýnist?

Nei, hér verður að eiga sér stað veruleg stefnubreyting ef við ætlum ekki endanlega að leggja allt atvinnulíf landsmanna í rúst. Því miður eru mjög margir, og jafnvel innan ríkisstjórnarinnar finnast slíkir menn, sem halda að við þurfum ekkert atvinnulíf á Íslandi, við getum að vísu veitt einhvern fisk og selt hann svo lengi sem við nennum því, en betra væri ef við værum eingöngu í því að selja hvert öðru pappíra og flytja peninga á milli bóka í bönkum eftir því hvort vextirnir væru hærri eða lægri í þessum bankanum eða hinum þennan daginn. Það er eins og sumir haldi að þannig eigi atvinnulífið að verða á Íslandi. Það að vilja standa í einhverju bröltí að framleiða eitthvað, vera að reka iðnað, sé bara gersamlega úrelt, það eigi ekkert heima hér á landinu. Heyrst hafa skýringar sumra aðila í ríkisstjórn, og þar á ég m.a. við hæstv. núv. iðnrh., sem halda því fram að allur iðnaður eigi að færast eitthvað til suðurs, til Afríku jafnvel, til einhverra láglaunasvæða þar og til einhverra láglaunasvæða í Austurlöndum fjær. Ísland eigi ekki að vera iðnaðarsvæði. Hér eru greidd allt of há laun og þar af leiðandi eigum við ekki að vera að standa í slíku bröltí. Þetta kann vel að vera sú stefna sem íslensk stjórnvöld hafa ákveðið að fylgja og þar með getum við búið okkur undir það að smám saman á næstu árum, í tíð þessarar ríkisstjórnar, muni allur iðnaður leggjast niður hér á landi. Eftir standi e.t.v. einhver fáein sjávarútvegsfyrirtæki sem framleiði fiskafurðir til útflutnings og svo að sjálfsögðu útgerðarfyrirtæki meðan við nennum að veiða fiskinn sjálfir. Það endar kannski með því að lokum að við hættum því einnig og seljum Evrópubandalag-

inu allar fiskveiðiheimildir. Við verðum síðan bara í því að höndla með pappíra og flytja peninga á milli bóka í bönkum. Það væri gæfuleg framtíð eða hitt þó heldur.

Hér var vikið lítillega að Arnarflugi áðan og langar mig til að beina sams konar fyrirspurn til hæstv. fjmrh., og reyndar til ríkisstjórnarinnar allrar, þ.e. hvað er fyrirhugað að gera í sambandi við Arnarflug. Hér hafa heyrst ýmsar hugmyndir og m.a. sú að ekki sé pláss nema fyrir eitt flugfélag á landinu. Við stöndum ekki undir nema einu flugfélagi og það sé óðs manns æði að ætla að halda uppi samkeppni innan lands með tveimur millilandaflugfélögum. Það er margt sem bendir til þess að dálítið geti verið til í þessu, en hins vegar óar mig við þeirri hugmynd ef afhenda á Arnarflug Flugleiðum nánast á silfurfati fyrir ekki neitt því að ég hef sett spurningarmerki við hvernig eignarhaldi Flugleiða er háttað. Ef farið er út í þá sálma frekar er í raun verið að afhenda örfáum mönnum, sem í reynd má segja að eigi orðið Flugleiðir, hagnaðinn af því að fá að yfirtaka Arnarflug á silfurfati. Mig langar til þess að spyrja hæstv. fjmrh.: Er það hugmyndin? Eða á að takast á við vandamál Arnarflugs með öðrum hætti? Það kann vel að vera að það sé nóg samkeppni fyrir okkur að hingað fljúgi ótal erlend flugfélög. Síst skal ég amast við því vegna þess að ég held að við fáum ekki ráðið við það í þeirri nýju Evrópu sem við sjáum fram undan þar sem gert er ráð fyrir að flugsamgöngur verði gerðar algerlega frjálsar og flugfélög fái að fljúga nánast eins og þeim sýnist. Það má vera að það geti orðið erfitt fyrir okkur að mæta þeirri samkeppni. En við erum að tala um daginn í dag og í því samhengi væri fróðlegt að fá að heyra hvernig leysa á vandamál Arnarflugs.

Ég gæti fjallað lengi dags um skipasmíðar. Ég hef komið aðeins inn á iðnaðinn almennt. Í lánsfjárlögunum er gert ráð fyrir því að Byggðastofnun haldi því hlutverki sínu að veita lán til viðgerða og viðhaldsverkefna í skipasmíðum innan lands og er það vel. Eftir því sem mér skilst hafa forsvarsmenn skipasmíðaiðnaðarins í landinu lýst því yfir að þeir séu tiltölulega ánægðir með þá ráðstöfun að Byggðastofnun hafi þetta verkefni með höndum. Hins vegar hlýtur spurningin að vera, og ég vildi heyra svör hæstv. iðnrh. við því: Er fyrirhugað að leggja skipasmíðar algerlega niður á þessu ári eða er hugmyndin að reyna að gera eitthvað þannig að við getum áfram haldið að smíða fiskiskip á Íslandi? Ég held að þetta sé spurning sem ekki verður lengur vikið til hliðar. Við verðum að fá svör við þessu. Á að smíða fiskiskip á Íslandi eða á ekki að smíða fiskiskip á Íslandi? Það verða að fást svör við þessari spurningu.

Ef við ætlum að halda áfram að smíða fiskiskip á Íslandi vakna ýmsar spurningar. Hve lengi ætlum við að líða þá óheiðarlegu samkeppni Norðmanna sem byggir á því að þeir undirbjóða smíðar á fiskiskipum með ríkisstyrkjum sem brýtur algerlega í bága við reglur þær sem EFTA-ríkin hafa sett sér um samkeppni iðnfyrirtækja? Á fundi sem ég sat í Genf í höfuðstöðvum EFTA á dögunum var spurt dálítið um þetta atriði og forsvarsmenn aðalskrifstofu EFTA-landanna greindu frá því að þetta væri vandamál sem væri erfitt að eiga við vegna þess að EFTA-löndin hafa ekki yfir neinni sérstakri stofnun að ráða sem getur tekið við slíkum klögumálum og fellt úrskurð í þeim. Þeir voru sammála því að þarna væri um óheiðarlega samkeppni að ræða sem bryti í bága við EFTA-reglurnar. En spurningin er hvernig á að mæta henni. Þeir sögðu að sú leið væri fyrir hendi að setja jöfnunargjald á norskar iðnaðarvörur sem yrðu fluttar til Íslands meðan slík ólögleg samkeppni væri við lýði eða að það væri hreinlega hægt að stefna norskum stjórnvöldum með því að flytja mál fyrir norskum dómstólum, en það er að sjálfsögðu mjög erfið og flókin leið og lítt vænleg til þess að skila árangri. Ég mundi vilja spyrja hæstv. iðnrh. að því: Hyggst hæstv. ráðherra gera eitthvað í því að kæra þessa ólöglegu samkeppni eða mun hann beita sér fyrir því að henni verði hætt?

Hér hefur töluvert verið fjallað um húsnæðismál. Sá málaflokkur er kominn í slíkt öngþveiti að með ólíkindum er. Það væri fróðlegt að heyra álit hæstv. félmrh. á þeirri þróun mála sem við horfum fram á, en ráðherrann er því miður ekki í húsinu og skal ég ekki gera sérstakt veður út af því eða leggja á það áherslu að hann taki þátt í þessum umræðum. Ef ráðherrann kemur hingað síðar í dag má þó vera að við getum tekið málið upp að nýju. En ég spyr, og vildi gjarnan heyra álit hæstv. fjmrh. á því: Hvernig ætlar þjóðin að verja það að ⅓ hlutar allra íbúa á höfuðborgarsvæðinu ætla að byggja yfir sig á nýjan leik á næstu fimm árum í því efnahagsumhverfi sem við búum við þessa stundina þar sem atvinnulíf landsmanna er í mikilli hættu og við horfum fram á að fjöldi atvinnufyrirtækja er að leggja upp laupana, sér í lagi og einkum þó útflutningsfyrirtækin? Jafnvel þó að menn búi hér í dýrum og fínum einbýlishúsum er það talið eðlilegt og sjálfsagt að menn notfæri sér þessi niðurgreiddu lán sem þeim standa til boða. Hér er verið að tala um allt að 14 milljarða, eða þar um bil, á einu ári sem ætlað er að verja til slíkra framkvæmda. Er einhver glóra í þessu? Væri ekki nær að fara að líta betur á þær hugmyndir sem við þingmenn Borgfl. settum fram í hv. deild fyrir einu ári þar sem við lögðum til að ríkissjóður og ríkisvaldið einbeittu sér að því að leysa húsnæðismál þeirra sem minna mega sín, þeirra sem þurfa á félagslegri aðstoð að halda og hjálpaði þeim sem væru að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð? Því þarf ríkisvaldið að vera að útvega fólki sem á dýrar og miklar eignir niðurgreitt húsnæðislán? Ég spyr: Er einhver glóra í þessu? Er ekki kominn tími til að fara að taka almennilega á þessum málaflokki og fara að koma hér með einhverjar raunhæfar lausnir sem þjóðfélagið hefur efni á og ræður við? Ég efast ekki um það að við fáum tækifæri til þess að ræða þennan málaflokk sérstaklega í ljósi þess að boðað hefur verið að lögð verði fram hér á næstu dögum mjög umfangsmikil frv. um húsnæðismál og vænti ég þess að þar getum við tekið þessa umræðu upp aftur.

Virðulegi forseti. Ég held að ég láti þetta nægja að sinni. Ég hef því miður verið fjarverandi alla síðustu viku og gat þar með ekki setið fundi hv. fjh.- og viðskn., þar sem farið var yfir lánsfjárlögin og ýmsar brtt. sem hafa verið gerðar á lánsfjárlögunum, og mun því ekki í neinum smáatriðum fjalla um einstakar greinar frv. eða þær brtt. sem hafa komið fram, en mun að sjálfsögðu taka til máls aftur í umræðunum ef þörf krefur.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég stend hér eiginlega í stað hv. þm. Danfríðar Skarphéðinsdóttur sem er áheyrnarfulltrúi Kvennalistans í hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar. Örlögin haga því þannig að hún hefur setið flesta fundi nefndarinnar þegar fjallað var um þetta mál en dvelst nú fjarri mikilvægum önnum þingsins og ætla ég að segja nokkur orð af því tilefni í hennar stað. Ég er því að sumu leyti vanbúin þar sem ég hef ekki haft tök á að fylgjast með umfjöllun málsins í nefndinni.

Hér fer fram að vanda hefðbundin afgreiðsla þessara mála að mestu leyti en hún er þó með nokkru sérsniði þar sem lánsfjárlög eru nú óvanalega seint á ferð. Eins og oft áður er þetta reiknidæmi augljóslega löngu sprungið og væntanlega í engu samræmi við lánsfjárþörfina sem ætla má að sé stórlega vanmetin í lánsfjáráætlun. Ég get vel tekið undir það sem sagt er í nál. minni hl. þar sem minnst er á að það sé íhugunarefni við afgreiðslu frv. hversu langt hefur verið farið fram úr lánsfjárlögum á sl. árum. Það kemur einnig fram í þessu nál. minni hl. að reynslan hafi sýnt að sl. þrjú ár hafi erlendar lántökur farið fram úr upphaflegri áætlun sem nemur 50–130%. Einnig er minnst á að mjög líklegt sé að ríkissjóður verði rekinn með verulegum halla þrátt fyrir nýju skattaálögurnar og viðskiptahallann sem Seðlabankinn telur að verði um 11 milljarðar kr. Þetta er sýnu alvarlegra þar sem sjá má fram á það á sama tíma að lífskjör manna munu halda áfram að versna, enda hefur það verið boðað af ríkisstjórninni, og atvinnuleysi hefur verið meira sl. mánuði en um árabil eða jafnvel áratugi.

Það sýnir virðinguna fyrir þessu máli og áhuga á því í þinginu hversu fáir eru í salnum nú og voru í morgun og hversu fáir ráðherrar telja ástæðu til að vera viðstaddir umfjöllun málsins. Þetta er e.t.v. gleggsta dæmið um það hvernig menn líta mikilvægi þessa sýndarreikningsdæmis sem hér er lagt fram. Allir sem hér hafa verið að störfum, þó ekki sé nema stuttan tíma, vita að hér er fjallað um breytanlegar stærðir sem hlaupa út úr höndum manna. Og við minnumst þess öll hvernig fór fyrir jólin; í hvert skipti sem hæstv. fjmrh. opnaði munninn versnaði ástand ríkissjóðs. Ég tel að ekki hafi þó verið neitt beint samband þar á milli, ráðherrann talaði oft og hann talaði mikið í þessu máli. En á þeim tiltölulega stutta tíma sem málið var í umfjöllun breyttust allar stærðirnar mjög mikið. Greinilega voru margar þeirra óþekktar og upplýsingastreymið var lélegt, annaðhvort innan ráðuneytisins eða milli þess og þeirra þátta sem það stýrir í þjóðlífinu eða vegna þess að skil á milli ráðherra voru ekki nógu skýr. Ég veit ekki nákvæmlega hvar vandinn liggur, en þetta er náttúrlega á engan hátt verjanlegt og það mundu fleiri en hæstv. núv. forsrh. telja að þarna hefðu einhverjir meiri háttar kjánar látið plata sig til þess að reisa sér hurðarása um öxl og fleiri en einn og fleiri en tvo. Vísa ég þá til frægra ummæla hæstv. forsrh. um venjulega húsbyggjendur sem máttu líða talsvert mikið í kjölfar vanhugsaðra ráðstafana stjórnvalda fyrir nokkrum árum þegar laun voru fryst en lánskjör látin leika lausum hala.

Þetta leiðir huga okkar að því hvernig spilast hefur úr góðærum undanfarinna ára. Við vitum það öll að vinnudagur hér á landi er lengri en meðal flestra nágrannaþjóða okkar og fólk vinnur sér nærri til sálarháska og vantar tíma fyrir sig og fjölskyldur sínar, einkum börnin. Þrátt fyrir þessa miklu vinnu bæði fyrir nauðsynjum og munaði, og þrátt fyrir hvert metaflaárið af öðru, jafnvel nú í ár því við höfum bara ekki frið fyrir metaflaárum, höfum við samt eytt um efni fram og skuldir þjóðarbúsins stafa ekki síst af vanmati á aðstæðum og misviturlegum fjárfestingum hverrar ríkisstjórnarinnar á fætur annarri, trúlega með dyggri aðstoð og sérfræðilegri ráðgjöf ýmissa lærðra manna án þess að ég sé að reyna að skella skuldinni á þá. En þetta gefur kannski til kynna hversu óviðráðanlegt og erfitt dæmið er í raun og veru og hversu miklu varðar að menn vandi sig við að vinna það, verji tíma sínum vel. E.t.v. þyrftu þeir tilsögn og fræðslu áður en þeir fara að fjalla um það. Ég hef oft verið að velta því fyrir mér að hér koma menn inn á Alþingi án þess að þurfa til þess önnur skilyrði en að vera kosnir af þjóðinni, og það má kannski segja að það sé mikil krafa, ég veit það ekki. Engin krafa er þó gerð um sérstaka kunnáttu. Hér koma menn inn á Alþingi úr ýmsum áttum þjóðlífsins, úr ýmsum störfum þjóðlífsins og með misjafnlega mikla þekkingu og reynslu á þeim málum sem hér er fjallað um á nokkuð hefðbundinn og ósveigjanlegan hátt. Hér í þessari gömlu stofnun er næsta lítil og engin tilsögn, fræðsla eða upplýsingamiðlun um það hvert sé eðli málanna eða hvernig sé skynsamlegast að taka á þeim. Það er t.d. aldrei tíðkað að sýna glærur eða myndir, hvorki á nefndarfundum né heldur í þingsölum. Að ég veit eru engin tæki til hér sem nota má til að miðla upplýsingum sérstaklega til þingmanna. Síðan kemur hver á fætur öðrum og gegnir ýmist þingmannshlutverki eða jafnvel ráðherrahlutverki án þess að nokkur trygging sé fyrir því að menn hafi vit á þeim málum eða málaflokki sem þeir fást við. Auðvitað læra menn af reynslunni og ég reikna með að mennirnir reyni allir sitt besta og leggi sig fram en þeir þurfa þó fyrst og fremst að reiða sig á ráðgjöf sérfræðinga nema svo vilji til að þeir séu sérfræðingar sjálfir og það er sjaldnast. Það er kannski ekki undravert að misjafnlega takist til þegar margir koma og grauta af mismikilli þekkingu í málum sem eru afar flókin, sem eru svo flókin og

samhangandi að þau eru eins og net. Maður togar í einn möskva og ætlar aðeins að hagræða honum og áður en maður veit af hreyfist allt netið og dirrar út um þjóðfélagið og farið er að hreyfa við stærðum sem maður ætlaði ekki að snerta, grunaði ekki að mundu verða fyrir áhrifum. Svona dæmi höfum við horft upp á þrásinnis í þinginu.

Gjaldþrotið, sem hér hefur oft verið minnst á og talað um sérstaklega af hæstv. forsrh., býr fyrst og fremst að mínu viti í stefnu og ráðstöfunum þeirra sem ráðin hafa. Við erum stödd í öldudal og horfumst með nokkrum kvíða í augu við það að eftir hinum feitu árum fylgi e.t.v. hin mögru. Nú blasa við erfiðir tímar og ótryggir í efnahagsmálum. En mín trú er sú að við munum þó brátt færast upp úr þessum öldudal og ég trúi því að hér sé um tímabundna örðugleika að ræða.

Hitt er þó öllu mikilvægara hvort okkur tekst, og þá vísa ég máli mínu ekki síst til þeirra ráðherra sem hér eru staddir, að draga nokkurn lærdóm af þeirri kreppu sem við höfum ratað í. Hvort hún verður okkur nauðsynleg og holl áminning, hvort hún hvetur okkur til endurskoðunar á því hvað okkur sé í raun nauðsynlegt, hverjar þarfir okkar séu, hvernig við skilgreinum okkur sjálf og það þjóðfélag sem við byggjum, hvort hún hvetur okkur til að hyggja að því verðmætamati sem ræður ákvörðunum okkar og gerðum, hvort hún hvetur okkur til réttlátari breytni og jafnari tekjuskiptingar, og ég vil sérstaklega endurtaka til jafnari tekjuskiptingar vegna þess að nú eru kjarasamningar lausir og þessi ríkisstjórn sem atvinnuveitandi mun ganga til samninga fljótlega. Þess vegna minnist ég alveg sérstaklega á þetta. Hvort kreppan vekur okkur af vímu hinnar nýríku þjóðar sem hefur lagt óhóf og bruðl í vana sinn en gleymir um of að sinna því sem hana varðar mestu og er henni kærast þegar öllu er á botninn hvolft. Það er sameiginlegur ávinningur þessarar þjóðar að hér búi fólk sem getur séð sér farborða. Hins vegar verða þeir sem búa í samfélaginu að vera sammála um að þeir sem betur mega sín verði að færa ákveðnar fórnir vegna þess að við þurfum að kenna hvert öðru og læra að sækja ríkari sjálfsvirðingu í þær aðgerðir sem efla heildarhagsmuni, efla samhjálp frekar en samkeppni, samábyrgð fremur en sérhyggju. Ég vil víkja þessum orðum alveg sérstaklega að þeirri ríkisstjórn sem ætlar von bráðar að fara að standa í samningum við launþega sína.

Svo að ég víki máli mínu að frv. sem er til umræðu finn ég mig vanbúna, eins og ég sagði áðan, til að ræða sérstaklega greinar þess af því að ég hef ekki haft tækifæri til að fylgjast með umfjöllun málsins. Ég vil þó taka undir þær áhyggjur sem komu fram í umræðum hér á undan um skerðingu Atvinnuleysistryggingasjóðs. Við kvennalistakonur höfum lýst okkur andvígar því alveg frá því að taka átti fé úr þeim sjóði og láta það renna til Atvinnutryggingarsjóðs. Það er þeim mun alvarlegra þegar atvinnuleysi eykst og ekki er séð fyrir endann á því hversu mikið, víðtækt eða langvarandi það verður. Ég lýsi þess vegna yfir andstöðu og mótmælum við þessa grein.

Ég sé að 22. gr. frv. hefur verið felld niður, en af því að hæstv. menntmrh. var hér fyrir stundarkorni og að ég held genginn í hliðarherbergi get ég ekki annað en spurt hann, því að ég veit og man orð hans hér við síðustu lánsfjárlagaumræðu varðandi Ríkisútvarpið. — Hæstv. forseti, væri e.t.v. hægt að biðja hæstv. menntmrh. að koma aðeins í salinn meðan ég spyr hann örstuttra spurninga? Hann er hérna í næsta herbergi. (**Forseti:** Það verður athugað.) — Ég fagna því að 22. gr. frv., sem varðar Ríkisútvarpið og skerðingu á framlögum til þess, skuli hafa verið felld niður. En ég minnist orða hæstv. ráðherra við umræðu um síðustu lánsfjárlög þar sem við stóðum hér saman, þ.e. sömu megin girðingar ef svo má kalla, og þótti báðum miður að aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum skyldu ekki renna beint til Ríkisútvarpsins. Nú veit ég að hæstv. ráðherra hefur af mikilli röggsemi tekið frumkvæði að því að sinna sérstaklega málefnum Ríkisútvarpsins og ég virði það og met. En mig langar samt til að spyrja hann: Hvers vegna tókst ekki að halda þessi ákvæði sem eru Ríkisútvarpinu í raun mjög nauðsynleg sem fjármögnun? Mig langar að biðja um skýringu á því.

Vegna þess sem ég sagði um Atvinnutryggingarsjóðinn vil ég enn ítreka óánægju okkar kvennalistakvenna með það hvernig þeirri hugmynd, sem við áttum að hlutabréfasjóði, hefur verið breytt og nánast rifin algerlega úr samhengi við þær ætlanir sem við höfðum um þann sjóð. Þetta átti að verða sjóður atvinnulýðræðis, þetta átti að verða sjóður sem gæfi fólkinu í landinu tækifæri til þess að styrkja vænleg og bjargálna fyrirtæki. Nú er þessi sjóður því miður orðinn að óhrjálegri ruslakistu þar sem þeim er ætluð dvöl sem enginn annar vill sinna. Þetta er nánast sorglegt og við frábiðjum okkur að eiga nokkurn hlut í því þó að það nafn hafi verið notað sem við fyrst ætluðum.

Ég tek undir með hv. frsm. meiri hl. að það er óviðunandi að standa hér ár eftir ár og tala um þessi skerðingarákvæði á lögum þar sem verið er að skera niður framlög til ýmissa þjóðþrifamála.

Varðandi frv. í heild sinni vil ég segja að ýmislegt í því er ágætt og vel hægt að styðja. Það er annað sem er það ekki og ég hef minnst á þessa tvo þætti þess. En í heild sinni liggur mér við að segja að þetta sé úrelt og löngu sprungið reikningsdæmi sem er á vissan hátt ekkert annað en sýndarmennska. Þetta óreiðudæmi hlýtur því fyrst og fremst að vera á ábyrgð þeirrar ríkisstjórnar sem leggur það fram og við munum því sitja hjá við afgreiðslu þessa máls. — [Fundarhlé.]

Egill Jónsson:

Herra forseti. Ég hafði orð á því við hæstv. forseta í gær að ég óskaði þess að hæstv. landbrh. yrði við þessa umræðu þegar ég mundi flytja mál mitt og ítreka ég nú þá beiðni. (**Forseti:** Ég hef komið þeim skilaboðum til hæstv. landbrh. að hann kæmi á fundinn, en ég skal reyna að ítreka það einu sinni enn.) Það er nærri því sólarhringur frá því að ég lagði fram þessa ósk og ég tel mig því vera í góðri stöðu til að fresta minni ræðu þar til landbrh. hefur möguleika á því að mæta hér til fundar.

(**Forseti:** Ég mun verða við því, en eins og ég sagði þá hef ég óskað eftir því að hæstv. landbrh. komi hér.)

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Við höfðum gert samkomulag um það að umræðan gæti orðið í dag og þá hafði maður reiknað með því að fundurinn gæti gengið fyrir sig með eðlilegum hætti. Af þeim sökum að ég hafði staðið að því samkomulagi féllst ég á að ljúka ræðu minni í dag án þess að þeir ráðherrar væru við sem mér þótti eðlilegt að væru við þessa umræðu. En nú er komið í ljós að hv. 4. þm. Austurl. kom að máli við hæstv. forseta í gær og lét í ljós óskir um að hæstv. landbrh. yrði viðstaddur umræðuna í dag varðandi þá þætti sem snerta embætti hans. Ef einstökum ráðherrum þykir ekki meira liggja við en svo að þeir geti verið fjarverandi þessa umræðu þó að óskir komi fram um hið gagnstæða get ég ekki séð annað en ríkisstjórnin hafi af sinni hálfu rofið það samkomulag sem gert var við stjórnarandstöðuna um að þetta mál yrði afgreitt frá Ed. í dag. Ég vil því óska eftir að þessari umræðu verði slegið á frest til þess að hv. 4. þm. Austurl. geti flutt sína ræðu. Við getum tekið verðlagsmálin fyrir nú og séð til hvort landbrh. sýnir sig, en það var samkomulag um að ljúka þeirri umræðu í dag.

Forseti (Jón Helgason):

Ég þakka hv. þingmanni fyrir þessa ábendingu og ef hæstv. landbrh. kemur ekki nú þegar mun ég taka það til athugunar.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Ég verð að segja að þessi beiðni hv. 2. þm. Norðurl. e. kom mér svolítið á óvart. Ég hygg raunar að eitthvað í þessu máli hafi komið honum á óvart líka vegna þess að við áttum samtal í morgun um framgang mála hér í deildinni í dag og raunar einnig í gær og þá hygg ég að hv. 2. þm. Norðurl. e. hafi verið allsendis ókunnugt um þessa bón og ég mælist til þess að við fáum að ljúka þessu eins og um var samið. Mér býður í grun að hæstv. landbrh. sé ekki staddur á landinu. (Gripið fram í.) Jæja, er hann það. Þá vonandi fæst hann hingað hið allra fyrsta. Ég vona bara að það verði reynt að standa við það samkomulag sem hér er búið að gera og búið að ítreka tvo daga í röð og mér finnst það afar slæmt og í rauninni mjög alvarlegur hlutur ef það getur ekki staðið. Það var síðast ítrekað í morgun og ég veit að hv. 2. þm. Norðurl. e. — ég treysti því fullkomlega sem hann sagði og frá var gengið þannig að ég held að honum hafi verið komið í opna skjöldu. Ég mælist eindregið til þess að við getum látið orð standa og látið þessi mál ganga fram eins og um hefur verið talað.

Egill Jónsson:

Herra forseti. Það er hárrétt, sem hefur komið fram hjá hv. 3. þm. Vesturl., að ég auglýsti það ekkert að leitað yrði eftir því við forseta þessarar deildar að hæstv. landbrh. yrði viðstaddur við umræðuna. Ástæðan fyrir því að ég orðaði þetta í gærdag var einfaldlega sú að mér var kunnugt um þetta samkomulag og ég vildi að það lægi þá þegar fyrir að ég mundi ekki flytja mál mitt öðruvísi en að hæstv. landbrh. yrði viðstaddur. Frá okkar hendi hefur þetta samkomulag þess vegna algjörlega gengið fram. Það er nærri því sólarhringur frá því að það lá fyrir að ég hafði orð á þessu við virðulegan forseta þessarar deildar og ef einhver brigð verður á samkomulagi verður að sjálfsögðu að rekja það til annarra en okkar sjálfstæðismanna.

Það liggur svo að sjálfsögðu alveg ljóst fyrir að þó að hér yrði gert eitthvert hlé og menn mundu bíða eftir að hæstv. landbrh. kæmi til fundar er ekki þar með sagt að málið gangi ekki fram eins og um var talað. Ég get líka fúslega fallist á að tala síðar í umræðunni ef aðrir eru á mælendaskrá. Ég bara undirstrika að ekki er hér um neina brigð að ræða. Ríkisstjórnin og stjórn þingsins hafa haft fulla möguleika á því að mæta þannig til fundar að við getum flutt okkar mál og meira að segja hef ég ekki í hyggju að tala lengi. En ég ítreka mína ósk og frábið mér það að hér sé af okkar hálfu verið að tefja störf þessarar virðulegu deildar né heldur að ganga á gerða samninga um framgang mála hér á þessum degi.

Forseti (Jón Helgason):

Ég mun að sjálfsögðu, hv. 4. þm. Austurl., fá hæstv. landbrh. til þess að hlýða á þitt mál. Ræðunni hefur þegar verið frestað. Ef á þarf að halda verður þessari umræðu frestað.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég vil nota tímann sem hér er til reiðu þar til hæstv. landbrh. kemur til þess að víkja nokkuð að einstökum atriðum sem hér hafa komið til umræðu. Ég vil þá aðeins geta þess að það er nú ekki af skorti á virðingu hæstv. landbrh. gagnvart þessari umræðu sem hann er fjarstaddur, heldur er hann, eins og hv. þm. er kunnugt, einnig samgrh. og eins og þegar hefur verið vikið að í þessari umræðu eru málefni eins af stærri fyrirtækjum þessa lands, Arnarflugs, mjög til umfjöllunar þessa sólarhringa. M.a. hefur hæstv. samgrh. nú þegar átt fund með fulltrúum stjórnarandstöðuflokka um það mál og er að undirbúa annan slíkan ásamt umfjöllun ríkisstjórnarinnar um helgina um það mál. Ég vona því að hv. þm., sem hér hafa talað og eðlilega óskað eftir nærveru hæstv. landbrh., sýni því skilning að það vill svo til að mjög brýnt mál er á miklu vinnslustigi þessa sólarhringana og getur auðvitað haft áhrif á vinnuáætlanir hæstv. landbrh.

Ég vil hins vegar nota þennan tíma meðan við bíðum eftir að hann komi til umræðunnar til að þakka hv. fjh.- og viðskn. fyrir mjög mikla og ítarlega vinnu sem hún hefur lagt í frv. Eins og frsm. meiri hl. nefndarinnar gerði grein fyrir hefur nefndin kallað til sín mikinn fjölda fulltrúa, sérfræðinga og embættismanna til þess að geta áttað sig vel á efni málsins. Frv.

hefur tekið nokkrum breytingum, eins og hér hefur verið gerð grein fyrir, af eðlilegum ástæðum, m.a. vegna þess að nú liggur skýrar fyrir hver útkoma síðasta árs varð og einnig að nauðsynlegt hefur verið af tæknilegum ástæðum að flytja inn í þetta frv. lántökuáform ýmissa annarra aðila.

Það var nokkuð vikið að því af hv. þm. Júlíusi Sólnes að nauðsynlegt væri að fjalla einnig um það hér í tengslum við þetta frv. hvaða áform og áætlanir ríkisstjórnin hefði varðandi flutning á fjármagni til landa og frá og þær breytingar sem eru að verða í Evrópu í þeim efnum og tengsl Íslands við þá þróun.

Hv. þm. Júlíus Sólnes var, eins og hann vék að sjálfur, fjarverandi fyrr í þessari viku, en þá var allítarlega fjallað um þetta efni. Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson hafði þá frumkvæði að því að taka til ítarlegrar umfjöllunar þróun markaðsmála á peningamarkaði í Evrópu og á Norðurlöndum í sérstökum tengslum við efnahagsáætlun ráðherra Norðurlanda, en eins og hv. þingmönnum er kunnugt hafði ég sem fulltrúi Íslands fyrirvara við þá vinnu varðandi þann kafla í áætluninni sem snýr að þróun fjármagns- og peningamarkaðarins. Hins vegar hefur orðið samkomulag um það að á vegum ríkisstjórnarinnar verði á næstu missirum unnið rækilega að því að ræða og móta reglur sem m.a. munu taka hliðsjón af þeim atriðum sem greint er frá í þessari áætlun og ég lýsti því yfir við umræður fyrr í þessari viku að nauðsynlegt væri að allir þingflokkar tækju þessi málefni til ítarlegrar meðferðar þannig að hér innan þingsins sem og á vettvangi ríkisstjórnarinnar gæti myndast í senn nægileg þekking og síðan afstaða til þeirra mikilvægu atriða sem þarf að taka ákvarðanir um.

Ég vil í þessu sambandi rifja það upp að þegar hv. þm. Júlíus Sólnes varð formaður þingflokks Borgaraflokksins lét ég hann fá formlega, eins og formenn annarra þingflokka, efnahagsáætlun Norðurlanda skömmu eftir að ráðherrarnir höfðu gengið frá henni í nóvember og það var gert af minni hálfu gagngert til þess að hvetja þingflokkana til þess að taka þau mikilvægu efni til umfjöllunar, ekki vegna þess að ég væri bara að póstsenda skýrslur sem væru á mínu starfssviði, heldur sérstaklega til þess að vekja athygli þingflokkanna á því að þarna væru á ferðinni málefni sem nauðsynlegt væri að þingflokkarnir, þrátt fyrir miklar annir, gæfu sér ítarlegan tíma til að fjalla um á næstu mánuðum. Þess vegna vildi ég aftur víkja nokkrum orðum að þessu því að þetta er auðvitað eitt af stóru málunum á sviði peningamála og fjármagnshreyfinga í okkar þjóðfélagi og þeim heimshluta sem næst okkur stendur á komandi árum og hárrétt hjá hv. þm. Júlíusi Sólnes að vekja jafnrækilega athygli á því eins og hann gerði.

Ég vænti þess að tími gefist til þess að víkja e.t.v. aftur að þeim málum þegar þau frv. um peningamál sem mælt var fyrir fyrr í þessari viku, þegar þessi umræða fór fram sem ég er hér að rekja lauslega, koma til umfjöllunar hér í hv. deild eftir að fjh.- og viðskn. hefur haft tækifæri til að skoða þau.

Þá hefur einnig, virðulegi forseti, verið vikið nokkuð að því í umræðunum hvort innheimtur yrði svokallaður lántökuskattur af ýmsum þeim erlendu lánum sem tekin verða í þágu mikilvægra útflutningsgreina, byggðavandamála og annarra verkefna. Eins og hv. þingmönnum er kunnugt var gerð sú breyting á lögunum við meðferð þeirra hér á Alþingi skömmu fyrir jól að fjmrh. var falin sú heimild að gera undanþágu á þessum skatti varðandi lántökur sem sérstaklega væru ætlaðar verkefnum á sviði mikilvægrar atvinnustarfsemi útflutningsþróunar og annarra þeirra sviða sem að dómi ríkisstjórnarinnar væru nauðsynleg og mikilvæg verkefni. Ég hef kosið, áður en veitt eru endanleg svör um einstaka lántökur, að móta þau almennu sjónarmið sem farið verður eftir við slíkar ákvarðanir vegna þess að ég tel óheppilegt að tína úr eitt og eitt atriði og taka afstöðu til þeirra hvers fyrir sig. Hins vegar get ég sagt það að það er alveg augljóst að þau verkefni sem hér hafa verið gerð að umtalsefni, sérstaklega varðandi skipasmíðar og almenna byggðaþróun, eru auðvitað einna efst á blaði varðandi þetta atriði.

Síðan spurði hv. þm. Halldór Blöndal um nokkur atriði sem hann vildi inna eftir hvort væru til umfjöllunar á vettvangi ríkisstjórnarinnar og milli ráðherra og það er nú þannig með öll þau atriði sem hann vék þarna að eru til umfjöllunar á einn eða annan hátt milli ráðherra. Það á t.d. við ýmis þau málefni sem snerta landsbyggðina og atvinnuvegina sem hv. þm. spurði um. Þau eru nánast daglega og vikulega til umfjöllunar milli ráðherra og niðurstöður þeirra hafa verið að birtast að undanförnu og munu birtast á næstunni. Sama gildir einnig um málefni flugfélagsins Arnarflugs sem einnig var spurt um hér og ég hef nú þegar í upphafi míns máls greint frá því að er ein af ástæðum þess að hæstv. samgrh. hefur hingað til verið fjarverandi þessa umræðu.

Við gerum okkur fyllilega grein fyrir því að vandamál margra byggðarlaga eru mjög erfið af margvíslegum orsökum. Hins vegar er það ljóst, og ég ætla ekki að gera það að ítarlegu umræðuefni hér, að hæstv. ríkisstjórn hefur tekið þá afstöðu eftir ítarlega athugun á vandamálum þessara fyrirtækja að gengisfelling af stórri gráðu sé ekki það lausnartæki sem þessum atvinnufyrirtækjum kemur til bjargar. Sú afstaða er mótuð af því að hafa skoðað rækilega reikninga og fjárhagsstöðu þessara fyrirtækja, skuldastöðu þeirra og annað.

Ég hef í grófum dráttum viljað skipta fyrirtækjum í útflutningsgreinum í fjóra flokka eins og ástandið er nú.

Í fyrsta flokknum eru fyrirtæki sem nú ganga vel sem betur fer. Það heyrist e.t.v. ekki mikið frá þeim í okkar þjóðfélagi, en þau eru sem betur fer mörg.

Í öðru lagi eru fyrirtæki sem nú þegar hafa fengið skuldbreytingar lána og telja að þær skuldbreytingar dugi þeim vel miðað við þær breytingar sem orðið hafa m.a. á raungengi og í vaxtamálum og er rétt að ítreka það að það hefur orðið allveruleg breyting á raungengi síðustu mánuði.

Í þriðja lagi eru fyrirtæki sem þurfa nokkuð aukið

eigið fé inn í reksturinn og sá hlutabréfasjóður sem stjórnarandstaðan flutti upphaflega tillögu um og ríkisstjórnin gerði síðan að sinni á að gegna mikilvægu hlutverki í þeim efnum, m.a. sem tæki til þess að auðvelda fjárfestingarlánasjóðum og bankastofnunum að breyta lánum í aukið eigið fé viðkomandi fyrirtækja.

Í fjórða lagi eru fyrirtæki sem því miður hafa fjárfest á þann veg eða búa af öðrum ástæðum við slíka hlutfallsstöðu eigna og skulda að skynsamlegasta leiðin er uppgjör fyrirtækisins með einhvers konar gjaldþrotameðferð. Þegar fyrirtækin hins vegar gegna lykilhlutverki í atvinnugrein í viðkomandi byggðarlagi og atvinnulífi þess mun ríkisstjórnin beita sér fyrir því að atvinnulífið í byggðarlaginu verði tryggt með nýju fyrirtæki og nýrri starfsemi.

Ég get hins vegar fullvissað hv. þm. um það að almenn sjónarmið munu fyrst og fremst ríkja í þessum aðgerðum eins og hingað til. Ég vil rifja það upp í því sambandi að þegar Atvinnutryggingarsjóður var settur á laggirnar töldu ýmsir að hann mundi vinna pólitískt, hann mundi þjóna einhverri pólitískri fyrirgreiðslustarfsemi, hann var jafnvel kenndur við bjargráðasjóðsskussana. Nú er það samdóma álit allra sem til þekkja, m.a. forsvarsmanna í atvinnulífinu og bankastofnunum, að á vegum Atvinnutryggingarsjóðs hafi verið unnið betur og með faglegri vinnubrögðum að þessari ákvarðanatöku en jafnvel hafi þekkst áður í íslensku bankakerfi og lánasjóðum. Hingað til er mér ekki kunnugt um að nokkur maður hafi getað bent á eitt einasta tilvik í meðferð Atvinnutryggingarsjóðs sem ber eitthvert pólitískt fyrirgreiðslusvipmót nema síður sé. Og það er auðvitað mjög mikilvægt að það sé viðurkennt nú þegar sjóðurinn hefur starfað um allmarga mánuði og reynsla er fengin af því, svo að þær spásagnir um pólitíska fyrirgreiðslu eða annarleg sjónarmið sem settar voru fram í upphafi reynast núna dauðar og ómerkar í ljósi reynslunnar. Sömu faglegu vinnubrögð munu auðvitað verða viðhöfð varðandi hlutafjársjóðinn sem lagt er til að stofna og það almenna mat ríkisstjórnarinnar á því að tryggja atvinnuhagsmuni byggðarlaga alveg óháð því hvers konar pólitískur meiri hluti kann að ríkja í viðkomandi byggðarlögum. Þessi ríkisstjórn ætlar sér ekki að fara að mismuna mönnum eftir pólitík eða greiða sérstaklega fyrir fyrirtækjum á pólitískum forsendum, heldur viðhafa fyrst og fremst almenn atvinnuleg, byggðarleg og rekstrarleg sjónarmið þegar þessar aðgerðir eru framkvæmdir.

Þetta taldi ég nauðsynlegt að segja hér vegna þess að sumar af þeim spurningum sem hér voru bornar fram voru e.t.v. sprottnar af ótta, kannski eðlilegum ótta við það að einhvers konar annarleg sjónarmið kynnu að ríkja við ákvarðanatökur af þessu tagi, en ég get fullvissað hv. þingdeild um það eins og ég gerði hér í upphafi þings þegar málefni Atvinnutryggingarsjóðs voru til umræðu að svo verður ekki. Þá fullyrti ég að Atvinnutryggingarsjóður mundi starfa með strangari og faglegri kröfur heldur en bankar og fjárfestingarlánasjóðir hafa gert hingað til og það hefur reynst rétt. Á sama hátt fullyrði ég að hlutabréfasjóður Byggðastofnunar, sem gerð hefur verið tillaga um við meðferð bráðabirgðalaganna hér á Alþingi, muni starfa í sama anda. Það er auðvitað mjög mikilvægt að bæði fulltrúar hér á Alþingi og fólkið í landinu geti treyst því að fagleg, atvinnuleg og rekstrarleg sjónarmið ásamt hagsmunum fólksins sjálfs í byggðarlögunum verði það sem verður látið ráða þegar ákvarðanir verða teknar um þróun fyrirtækjanna.

Það er svo alveg rétt ... (**HBl:** Hæstv. fjmrh., ber að skilja ummælin svo að enginn pólitískur þrýstingur sé inni í stjórn Atvinnutryggingarsjóðs? Þorir hæstv. ráðherra að fullyrða það að engir einstakir ráðherrar hafi beitt pólitískum þrýstingi á stjórn Atvinnutryggingarsjóðs?) Mér er ekki kunnugt um það, hv. þm. Halldór Blöndal, að slíkum pólitískum þrýstingi hafi verið beitt og vil þess vegna ekki dæma neitt um það. Það eina sem ég sagði var það að niðurstöður Atvinnutryggingarsjóðs lægju fyrir, faglegar greinargerðir þess mats lægju fyrir og mér væri ekki kunnugt um nokkurn mann sem gæti bent á nokkra jákvæða afgreiðslu Atvinnutryggingarsjóðs á þann veg að hún væri ekki byggð á faglegu mati heldur einhverjum pólitískum sjónarmiðum. (**HBl:** En ráðherrann getur ekki dæmt um hvort pólitískum þrýstingi hafi verið beitt.) (Forseti hringir.) Það er nú ekki rétt hjá hv. þm. vegna þess að það er alltaf erfitt að meta slíkan þrýsting, hann er nú ekki þannig eining að hægt sé að setja á hann tommustokk. (**Gripið fram í:** Það eru til þrýstimælar.) Já, þeir eru að vísu til en þeir mæla nú ekki þetta. Það sem er hins vegar hægt að mæla eru niðurstöðurnar. Þær tala sínu máli og það eru þær sem eru höfuðatriðið. Þær eru á þann veg sem ég hef hér lýst.

Það er hins vegar rétt sem hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir sagði að reynslan af meðferð lánsfjárlaga á undanförnum árum er oft á þann veg að hér er í eðli sínu meira e.t.v. um áætlun að ræða heldur en endanlegar ákvarðanir. Ég hef þó lýst því yfir, bæði við meðferð fjárlaga og eins hér, að það er full ætlun mín að reyna að framfylgja þeim ákvörðunum eftir bestu getu. Ég geri mér hins vegar alveg ljóst að það er ekki í mínu valdi að tryggja það fullkomlega hér og nú að svo verði. Ég hef þess vegna kosið að orða þetta á þann veg að þetta sé alvarleg tilraun til þess að haga málum á þann veg að þær ákvarðanir sem hér er um fjallað og í fjárlagafrv. standist. Ég hef verið að skoða ýmsa starfshætti fjmrn. og stjórnvalda á þessu sviði. Ég vænti þess að hv. alþm. hafi tekið eftir því að ég hef lagt hér fram á Alþingi ríkisreikninga margra undanfarinna ára sem vanrækt hefur verið að leggja fram, nánast í áratug, og hef einnig tekið til athugunar að flytja hér inn á þingið á viðkomandi fjárlagaári og framkvæmdaári lánsfjárlaga þær breytingar sem hugsanlega kann að þurfa að gera til þess að þingið geti þá sjálft staðið frammi fyrir þeim ákvörðunum.

Ég er alveg sammála því að þau vinnubrögð sem tíðkast hafa í þessum efnum um langt árabil eru hvorki holl fyrir ríkisstjórn, fyrir fjmrn., fyrir þingið

né fyrir þjóðina og að mikil nauðsyn sé á að koma meiri festu og meiri reglu á þessi vinnubrögð. Það verður auðvitað mikill áfangi ef þinginu tekst núna fyrir vorið að hreinsa borð ríkisreikninga og fjáraukalaga fyrir undanfarin ár og þar með fyrir sl. ár vegna þess að þá er búið að vinna upp verk sem vanrækt hefur verið um langa hríð.

Ég hef einnig á haustmánuðum og fyrir áramót jafnóðum gert þinginu grein fyrir nýjustu vitneskju um afkomu ríkissjóðs. Ég hef tekið eftir því að þingmenn hafa stundum haft þau orð í flimtingum og gert að þeim góðlátlegt grín eða haft af því gaman, eins og skein nú í hjá hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur. Ég kaus hins vegar að láta þingið vita jafnóðum um þá vitneskju sem fyrir lá á mínum borðum vegna þess að ég taldi nauðsynlegt að þingið og þjóðin vissi það, jafnvel þótt það stangaðist á við þær yfirlýsingar sem ég hafði áður gefið. Ég mun einnig leitast við það á þessu ári að sinna þeim upplýsingum mjög rækilega og koma þeim á framfæri. Ég hef óskað eftir ítarlegri samvinnu við fjvn. um það atriði, hef þegar átt mjög fróðlega og góða fundi með fjvn. og mun halda því áfram á næstu dögum, um útkomu ársins 1988 og um framkvæmd aðhalds og eftirlits í fjárlögum fyrir þetta ár. Og vegna þess hvernig störfum þingsins er háttað hvað lánsfjárlögin snertir finnst mér fyllilega koma til greina að sams konar vinnubrögð verði tekin upp varðandi fjh.- og viðskn., að reglubundnir fundir fjmrn. og fjh.- og viðskn. beggja deilda verði um framkvæmd lánsfjárlaganna svo að viðkomandi þingnefndir fái tækifæri til þess að skoða þau mál jafnóðum.

Það er að mínum dómi hins vegar galli á stjórnskipan þingsins að fjvn. kemur ekki að þessum þætti málsins og e.t.v. gæti verið nauðsynlegt að efna til einhverra sameiginlegra funda fjvn. og fjh.- og viðskn. um þennan þátt. En ég tel að þetta samráð og þessi umræða okkar í fjmrn. og fjvn. á undanförnum vikum hafi verið til góðs og mun hugleiða mjög alvarlega að leita eftir sams konar fundum með fjh.- og viðskn. um framgang og framkvæmd lánsfjárlaga.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Til mín var beint fyrirspurn varðandi 21. gr. þessa frv. um að þrátt fyrir ákvæði 22. og 23. gr. útvarpslaga frá 1985 þá skuli tekjur á árinu 1989 vegna aðflutningsgjalda af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum renna í ríkissjóð.

Um þetta mál og næstu grein þar á eftir er það að segja að yfir stendur endurskoðun útvarpslaga. Þar er m.a. gert ráð fyrir því í fyrsta lagi að nefndin skili áliti til ríkisstjórnarinnar 10. mars. Þar er líka gert ráð fyrir því, í þeim gögnum sem nefndin vinnur út frá, að hún taki sérstaklega á þeim vandamálum sem lúta að dreifikerfi útvarps og sjónvarps. Það hefur verið hreyft í nefndinni ákveðnum hugmyndum um tekjuöflun sem gæti þá komið í staðinn fyrir aðflutningsgjöldin af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum sem hér eru nefnd og gert er ráð fyrir í núgildandi lögum. Hvernig það verður í einstökum atriðum get ég að sjálfsögðu ekki sagt frá hér enda veit ég það ekki, málið er í vinnslu í nefndinni, en nefndin man eftir þessu verki varðandi dreifikerfið.

Sú spurning hefur auðvitað komið upp: Er það eðlilegt og sjálfsagt á sama hátt og það var áður að Ríkisútvarpið eigi þetta dreifinet? Er það hugsanlegt að Póstur og sími eigi að eiga það vegna þess að stöðvarnar eru orðnar margar? Hljóðvarpsstöðvarnar eru margar og sjónvarpsstöðvarnar eru tvær. Er hugsanlega eðlilegt að Póstur og sími eigi þetta net og þessar stöðvar kaupi sig inn á net Pósts og síma? Þetta er málefni eða úrlausnarefni sem er til sérstakrar skoðunar. Vandinn er satt að segja risavaxinn, sérstaklega er það þannig að langbylgjusendirinn er orðinn afar lélegur. Það hefur verið um það talað núna í 10 ár a.m.k. að hann væri u.þ.b. að hrynja. Það kostar 400–500 millj. kr. að endurnýja langbylgjusendikerfið. Það er sem sagt gríðarlegt átak sem þarf í þeim efnum og það er satt að segja býsna skuggaleg tilhugsun ef það gerðist einhvern tíma í óveðri, veðraham, að langbylgjusendirinn gæfi sig. Þar með getum við ekki náð út á ystu annes og inn í víkur á sama hátt og við getum þrátt fyrir allt í dag af því að stuttbylgjukerfið dregur ekki á sama hátt og langbylgjusendirinn þó gerir.

Þetta er alvarlegt umhugsunarefni og stórkostlega alvarlegt vandamál og sérstaklega slæmt að menn skuli aldrei fást til þess að staldra við það nema rétt daginn eftir að óveður gengur yfir þjóðina, og sumir segja sérstaklega ef það gengur yfir suðvesturhorn landsins, að þá séu menn einkar vakandi fyrir öryggisímálum daginn þar á eftir hér í þessu húsi.

Málið sem sagt stendur svona að þetta er til meðferðar í þessari nefnd. Hún hefur auga á þessari tekjuþörf sérstaklega og veltir því fyrir sér hvort það er rétt að Póstur og sími yfirtaki þetta verkefni.

Samkvæmt niðurstöðu þeirrar nefndar sem fjallaði um Ríkisútvarpið og skilaði áliti fyrir hátíðarnar var gert ráð fyrir því að um yrði að ræða mjög verulega hækkun á afnotagjöldum útvarps og sjónvarps og gert ráð fyrir því að þau gjöld hækki í 1500 kr. núna um næstu mánaðamót. Það eru þau gjöld sem fólk greiðir fyrir alla þjónustu Ríkisútvarpsins, tvær rásir og eina sjónvarpsstöð en til samanburðar má geta þess að mánaðargjald af myndlykli er núna 1465 kr. Allt um það þá er ljóst að talsvert átak hefur verið gert til þess að rétta við fjárhag Ríkisútvarpsins sem slíks, það átak fer á þessu ári fyrst og fremst til að greiða upp skuldir liðinna ára þannig að mikið minna af þeirri hækkun fer í endurbætur á dagskrá, mikið minna en t.d. ég hafði ímyndað mér þegar hækkunin var ákveðin. Hins vegar er ljóst að þær ákvarðanir sem teknar hafa verið í útvarpsráði nýlega munu hafa í för með sér nokkuð aukið svigrúm til að endurbæta dagskrána en þar verður ekki unnt að ganga eins langt og menn gætu haldið af hækkuninni af því að svo stór hluti hennar fer í það að borga upp vanda Ríkisútvarpsins frá liðnum árum.

Ég vænti þess að ég hafi svarað þeirri fyrirspurn sem hv. 6. þm. Reykv. beindi til mín áðan.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Í þessari umræðu hefur verið drepið á margt. Margt af því snertir reyndar almenn peninga- og vaxtamál og efnahagsmál sem þegar hafa verið nokkuð rædd hér í þinginu, bæði í hv. Ed. og í Sþ., reyndar í Nd. einnig en þó mest í Ed. og Sþ. Ég vil ekki lengja þá umræðu með því að hefja hér almenna umræðu um vaxtastefnuna en vildi vísa á þær umræður og svo hugsanlegt framhald þeirra. En mig langar til þess að segja hér nokkur orð um þrennt:

Það er í fyrsta lagi þær athugasemdir sem fallið hafa hjá öllum sem talað hafa, hv. 2. þm. Norðurl. e., hv. 6. þm. Reykv., hv. 7. þm. Reykn. og fjmrh. og það fjallar eiginlega um gerð og framkvæmd lánsfjárlaga og lánsfjáráætlunar. Það er alveg rétt að það er engin tilviljun að umræða um þessi mál vill fara út um víðan völl. Það er einfaldlega af því að viðfangsefni og vettvangur þessa lagafrv. er ekki nógu skýrt mótaður. Það er í honum viss tvíhyggja, það er annars vegar nauðsynlegar heimildir vegna lántöku sem ríkið sjálft þarf að taka og tengist beinlínis fjárlögunum og framkvæmd þeirra eins og fyrstu tvær greinar þessa frv. Svo eru þetta margvíslegar heimildir til annarra opinberra aðila, sveitarfélaga, sameignarfélaga ríkis og sveitarfélaga og svo loks fjárfestingarlánasjóða sem enn starfa ýmsir á ábyrgð ríkisins. Þetta tel ég tvímælalaust nauðsynlegt að taka til endurskoðunar því margt af því sem hér er á borðum eru ekki raunverulegar ákvarðanir eða fyrirætlanir ríkisins heldur áætlanir lausar í reipum sem ekki eru hentugar til lagasetningar. Þetta hefur komið fram hvað eftir annað og ég tel þess vegna fulla ástæðu til þess að bæði ráðuneytin sem undirbúa þetta, og þá fyrst og fremst Fjárlaga- og hagsýslustofnun en í samráði við önnur ráðuneyti, og þingið velti því fyrir sér hver á að vera vettvangur þessa frv. og þessara laga og tengsl lánsfjárlaga og lánsfjárætlunar við fjárlagagerðina sjálfa.

Það var athyglisvert sem kom hér fram hjá fjmrh. um samráð við þingið um framkvæmd þessa þáttar í fjárhagsmálefnum ríkisins. Ég held að þarna sé líka nauðsynlegt og reyndar löngu tímabært að losna við hinn þráláta „þráttar"-kafla í þessum lögum þar sem eru þessi mörgu ákvæði um að „þrátt fyrir" ákvæði annarra laga skuli svo og svo haga fjárveitingum til málaflokka sem þar eru. Þetta er auðvitað verkefni sem þarf að taka fyrir á vettvangi löggjafans og að reyna að víkja frá þessum málum á einhvern annan hátt en þann sem við gerum hér árlega og ég tek undir það sem hér hefur verið sagt í því máli.

Þetta eru nú þessi almennu mál sem hér hafa verið rædd og ég held að þau séu á margan hátt mjög þörf. Það er þarft að þingmenn skuli vekja máls á því að endurskipuleggja þetta starf. Og vegna þess sem hv. 7. þm. Reykn. sagði, að menn gætu alltaf haldið sömu ræðuna um málið, þá held ég að það megi eiginlega ekki láta þau sannast miklu oftar. Það þarf að taka þetta tæki þingsins til vandlegrar athugunar að nýju.

Hv. 6. þm. Reykv. gekk svo langt að kalla þetta sýndarreikningsdæmi. Það fannst mér nú nokkuð fast að orði kveðið um þann þátt málsins sem lýtur að ákvörðunum um lántökur vegna alveg fast ákveðinna verkefna ríkisins sjálfs og stofnana á vegum þess. En ýmislegt annað í þessu eru áætlanir og þar er dreifð ákvarðanataka sem er ekki vel fallin til löggjafar af því tagi sem stundum er reynt að hafa hér uppi. Þetta er mál sem bæði framkvæmdarvaldið og löggjafarvaldið þarf að draga lærdóm af, eins og hv. 6. þm. Reykv. drap hér á, og búa betur um málið.

Næsta mál sem ég vildi víkja að eru málefni skipasmíðanna sem bæði hv. frsm. fjh.- og viðskn., hv. 2. þm. Norðurl. e., og hv. 7. þm. Reykn. viku að. Til mín var beint þeirri spurningu hvernig ætlunin væri að standa að lánveitingum til innlendrar skipasmíði á þessu ári. Ég vil lýsa hér yfir stuðningi við þá brtt. hv. fjh.- og viðskn. sem hér er gerð við 6. gr., að Byggðastofnun fái heimild til erlendrar lántöku að fjárhæð allt að 200 millj. kr. á þessum lánsfjárlögum vegna skipaviðgerða hér á landi. Andvirði þessa láns verður auðvitað notað til að endurlána þeim aðilum sem láta gera endurbætur á skipum sínum hér á landi. Hér er líka gert ráð fyrir því að Byggðastofnun ákveði endurlánin á grundvelli almennra reglna, líkt og gert hefur verið undanfarin ár. Ég vil þó taka það fram að ég tel að með þessari heimild, 200 millj., ætti að vera unnt að hækka hámark þessara lána úr 80% af endurbótunum í allt að 85%. Það teldi ég hyggilegt og miðað við allar aðstæður má ætla að stundum sé þetta nauðsynlegt til þess að jafna metin við framboð á fjármagni þegar viðgerðirnar fara fram erlendis.

Um lánskjör og vexti og lánstíma fer auðvitað eftir almennum reglum Byggðastofnunar sem hún setur með staðfestingu ríkisstjórnarinnar.

Þetta mál hefur verið rætt á vettvangi ríkisstjórnar eins og kom fram hér hjá hæstv. fjmrh. Hann var eðlilega nokkuð varkár í tali en ég tel það alveg einsýnt að þessi lán verði undanþegin lántökuskatti á grundvelli laganna um breytingu á lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum og vitna enn til 4. tölul. 3. mgr. 19. gr. þeirra laga. Þessi lagaákvæði segja að heimilt sé að undanþiggja lán sem tekin eru vegna sérstakra aðgerða stjórnvalda í þágu útflutningsgreina og ég tel einmitt að þessi sérstaka lánafyrirgreiðsla við útveginn og skipasmiðjurnar falli undir þetta ákvæði. Þeirri skoðun hef ég lýst og almenn ákvörðun hefur verið tekin á vettvangi ríkisstjórnarinnar um þetta mál sem er falið Byggðastofnun til framkvæmdar eins og verið hefur undanfarin ár.

Þriðja málið sem ég vildi víkja nokkuð að er það sem kom fram hjá hv. 7. þm. Reykn. og laut að áformum um breytingar á fjármagnshreyfingum milli Íslands og annarra landa, þeim reglum sem um það hafa gilt. Hv. þm. var ekki viðstaddur þegar fram fóru hér umræður um peninga- og vaxtamál, þar sem hv. 14. þm. Reykv. gerði einmitt þetta að sérstöku umtalsefni, en ég vildi leyfa mér, virðulegur forseti, að fara um þetta örfáum orðum.

Það er auðvitað deginum ljósara, eins og kom fram í máli hv. 7. þm. Reykn., að tilkoma innri markaðar Evrópubandalagsins, sem verður að veruleika í áföngum fram að árinu 1992, hlýtur að hafa það í för með sér að mikilvægar reglur varðandi fjármagnshreyfingar verða mjög breyttar. Margar þeirra verða niður felldar, skilveggir milli landa innan Evrópubandalagsins falla niður að þessu leyti. Það er því mikilvægt verkefni fyrir öll lönd sem standa utan við þetta bandalag og sérstaklega í norrænu samstarfi að opna fjármagnsmarkaðinn, annars vegar milli þeirra Norðurlandanna sem ekki eiga aðild að Evrópubandalaginu og hins vegar að tengja Norðurlöndin hinum alþjóðlega fjármagnsmarkaði. Þetta er ekki mikilvægt í sjálfu sér heldur einmitt, eins og kom fram í máli hv. þingmanns, mikilvægt fyrir norrænt atvinnulíf þannig að það geti búið við sömu samkeppnisskilyrði og atvinnuvegirnir innan Evrópubandalagsins.

Ég geri ráð fyrir því að ef okkur auðnast að koma á frjálsari hreyfingu fjármagns milli Norðurlanda muni það líka örva annað samstarf á milli þeirra, sérstaklega á sviði atvinnumála. Það er rétt að við meðferð þessarar áætlunar á vettvangi norrænu fjármálaráðherranefndarinnar í haust gerði hæstv. fjmrh. nokkurn fyrirvara vegna efnahagslegrar sérstöðu Íslands sem gerði það að verkum að nauðsynlegt væri að taka þessi mál til sérstakrar athugunar frá íslenskum sjónarhóli, ákveðnari var þessi fyrirvari nú ekki. Þetta hefur síðan mótast eins og eðlilegt er í svo stóru máli og eins og kom fram í máli hæstv. fjmrh. hefur ríkisstjórnin ákveðið og samþykkt að vinna að því að móta reglur á grundvelli þessarar samþykktar ráðherranna. Það er mikilvægt að áður en sameiginlegur fjármagnsmarkaður Norðurlanda næst þarf að byrja á því að einfalda og fella niður ýmsar reglur sem nú gilda um fjármagnshreyfingar milli landa.

Til þess að gera það skiljanlegra hvað við er átt langar mig, virðulegur forseti, til að telja upp nokkur þau atriði sem ráðherrarnir á Norðurlöndum hafa komið sér saman um að stefna að því að ljúka á þessu og næsta ári. Það er í fyrsta lagi að setja miklu rýmri reglur um viðskipti með hlutabréf milli landa, þ.e. innlendum aðilum verði heimilt að kaupa erlend hlutabréf sem örugg geta talist og skráð eru í kauphöllum.

Í öðru lagi að leyfa erlendum aðilum að kaupa hlutabréf í íslenskum fyrirtækjum eftir ákveðnum reglum, svo ég tali nú út frá sjónarmiði Íslands, að leyfa viðskipti með verðbréf yfir landamæri, fyrst og fremst markaðsverðbréf, örugg verðbréf eftir ákveðnum reglum. Nágrannalönd okkar hafa sett rýmri reglur um þetta efni en áður hafa gilt, þó alls ekki þannig að fullt frelsi ríki.

Ég hef látið undirbúa drög að reglum sem leyfa viðskipti af því tagi sem ég hef hér lýst í tveimur liðum. Þær reglur tel ég óráð að staðfesta fyrr en settar hafa verið almennar lagareglur um starfsemi verðbréfamiðlara og verðbréfaviðskipti yfirleitt, en eins og kunnugt er er slíkt frv. til meðferðar hjá hv. Nd.

Í þriðja lagi lúta tillögur Norðurlandaráðherranna að heimildum fyrir innlenda aðila til að eignast fasteignir erlendis.

Í fjórða lagi eru tillögurnar um heimildir til þess að taka fjárfestingarlán án ábyrgðar opinberra aðila erlendis. Slíkar reglur eru nú þegar orðnar mun rýmri hér á landi en áður var.

Í fimmta lagi eru margvíslegar reglur um heimildir til þess að taka vörukaupalán við innflutning eða útflutning með greiðslufresti innan eins árs. Ég vil taka það fram að fyrsta skrefið í þessa átt hefur þegar verið stigið með því að heimila alveg almennt, án ríkisábyrgðar, að taka vörukaupalán til allt að þremur mánuðum og var það sett í reglur í byrjun þessa árs.

Í sjötta lagi vil ég nefna útlán gjaldeyrisbanka í erlendum gjaldeyri til erlendra aðila, þ.e. að þeir geti starfað að nokkru leyti utan landamæra Íslands því auðvitað hljótum við að líta á þetta þannig að um leið og okkar fjármagnsmarkaður tengist nánar erlendum fjármagnsmarkaði felist líka í því að innlendar lánastofnanir geti að einhverju leyti starfað erlendis.

Í sjöunda lagi er fjallað um heimildir fyrir atvinnufyrirtæki að eiga erlenda reikninga í takmarkaðan tíma vegna inneigna erlendis.

Eins og hv. þingdeild heyrir af þessari upptalningu um þær reglur sem ráðherranefnd Norðurlanda, fjármálaráðherrarnir, hefur sett sér að hafa lokið við að rýmka fyrir árslok 1990, þá er mjög margt af þessu þegar í deiglu hér á landi en þarfnast frekari athugunar og umræðu, ekki síst út frá því að okkar tengsl við erlenda fjármagnsmarkaði helgast fyrst og fremst af því að skapa íslenskum atvinnuvegum jöfn starfsskilyrði við erlenda atvinnustarfsemi en alltaf með það í huga að varðveita yfirráðarétt okkar og sjálfsákvörðunarrétt um íslenskar auðlindir, fyrst og fremst þær sameiginlegu auðlindir sem allt hvílir á í þessu landi.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið mínu máli og þakka fyrir hljóðið.

Umræðu frestað.

EFRI DEILD

57. fundur, föstudaginn 17. febr., að loknum 56. fundi.

Um þingsköp.

Gögn um aðgerðir í þágu útflutningsgreina.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Hæstv. iðnrh. hefur skýrt frá því í ræðu að ríkisstjórnin hafi beitt sér fyrir sérstökum aðgerðum stjórnvalda í þágu útflutningsgreina sem m.a. lýsa sér í því að gefin hefur verið út almenn tilkynning um breytta framkvæmd á lögum um ráðstafanir ríkisfjármála og lánsfjármála. Vil ég óska eftir því að áður en umræðum um lánsfjárlög verður haldið áfram fái deildarmenn þau plögg, yfirlýsingar, reglu-

gerðarbreytingar eða annað það úr viðkomandi ráðuneyti sem varðar yfirlýsingu hæstv. viðskrh. Það er auðvitað með öllu óþolandi að ráðherrar séu með einhvern feluleik í þessum málum, komi hingað upp í þingdeildir og þykist vera að gera eitthvað þegar þeir hafa sjálfir staðið fyrir því að fella þingmál um sama efni fyrr á þessu þingi. Ég held þess vegna að það sé nauðsynlegt fyrir þingdeildina að fá þau gögn sem þetta sérstaka mál varðar til þess að einstakir þingmenn geti glöggvað sig á því hvernig málið er vaxið og hvernig lögformlega að því er staðið. Ég veit að hæstv. forseti mun verða við þessari beiðni. Ég vek athygli á því að það var ráðherra ríkisstjórnarinnar sem dró þessar sérstöku aðgerðir ríkisstjórnarinnar inn í umræðurnar, sérstakar aðgerðir sem ég hef ekki fyrr heyrt um en nauðsynlegt er að fá frekari upplýsingar um.

Forseti (Jón Helgason):

Hæstv. viðskrh. hefur heyrt þessa beiðni hv. 2. þm. Norðurl. e. og ég vænti þess að hann verði við henni eftir því sem kostur er. En þetta mál verður ekki tekið strax fyrir, þannig að væntanlega gefst tóm til þess, því að ætlunin er taka nú fyrir annað mál.

Verðlag, samkeppnishömlur og óréttmætir viðskiptahættir, 2. umr.

Stjfrv., 243. mál (Verðlagsráð, skýrslur og verðlagning á orku). — Þskj. 448, n. 504.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar deildar hefur fjallað um 243. mál sem er frv. til laga um breytingu á lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti. Hér er um tiltölulega einfalt mál að ræða, þ.e. í fyrsta lagi heimild til að fjölga varamönnum í Verðlagsráði og í öðru lagi er lagt til að fellt verði niður dagsektaákvæði sem hefur sýnt sig að ekki nær tilgangi sínum. Í stað dagsektaákvæðis um skýrsluskil komi almenn refsiákvæði vegna brota á lögum. Í þriðja lagi ákvæði til bráðabirgða um að verðlagning á orku frá orkuvinnslufyrirtækjum og dreifiveitum skuli falla undir ákvæði þessara laga á tímabilinu frá 1. mars 1989 til 1. sept. 1989, þ.e. um sex mánaða skeið.

Á fund nefndarinnar komu Georg Ólafsson verðlagsstjóri, Ásmundur Stefánsson og Lára V. Júlíusdóttir frá ASÍ, Vilhjálmur Egilsson frá Verslunarráði, Eggert Ásgeirsson, Jóhann Már Maríusson og Kristján Jónsson frá Sambandi ísl. rafveitna og María J. Gunnarsdóttir frá Sambandi ísl. hitaveitna.

Skylt er að geta þess að bæði frá Sambandi ísl. rafveitna og Sambandi ísl. hitaveitna komu fram andmæli gegn 3. gr. þessa frv. um að verðlagning frá orkufyrirtækjum heyrði undir þessi lög um sex mánaða skeið.

Nefndin var ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það liggur fyrir á þskj. 448. Undir nál. rita, auk þess er þetta mælir: Margrét Frímannsdóttir, Valgerður Sverrisdóttir og Jóhann Einvarðsson. Ég legg því til, herra forseti, fyrir hönd meiri hl. nefndarinnar að frv. verði samþykkt.

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Þingmenn Sjálfstfl. í hv. fjh.- og viðskn. Ed. standa ekki að nál. með meiri hl. nefndarinnar en sjá samt ekki ástæðu til að skila minnihlutaáliti sérstaklega, einkum vegna þess hversu veigalítið frv. er. Frv. er byggt á samþykkt ríkisstjórnarinnar þann 6. febrúar 1989 um umþóttun í kjölfar verðstöðvunar, sbr. fskj. með frv. Þetta frv. á að vera liður í efnahagsaðgerðum hæstv. ríkisstjórnar en eins og flestum er kunnugt þá felast þær aðgerðir að mestu í efnisrýrum yfirlýsingum sem því miður munu lítil áhrif hafa á þann vanda í efnahagsmálum sem þjóðin býr nú við. Það verður heldur ekki séð að þetta frv. breyti nokkru, hvorki til eða frá, um þá staðreynd.

En lítum nánar á fylgiskjalið með frv. Hér er talað um umþóttun í kjölfar verðstöðvunar. Hvað felst nú í þessu orði? Það er engan veginn ljóst. Ef það þýðir umhugsunartími þá ætti verðstöðvun að standa áfram þessa sex mánuði, en ef umþóttun felur í sér aðlögunartíma, sem mér finnst að sé mun líklegri skýring, ætti verðlagseftirlitinu að linna smátt og smátt. Það er væntanlega hinum háu stjórnarherrum í hag að hér sé um vafaatriði að ræða. Þeir geta því vafalaust haft puttana í því eins og þeir reyna á öllum öðrum sviðum og stjórnað því hverju sinni hvaða fyrirtæki fái allra náðarsamlegast hækkun, en hætta er á því að þar verði einkafyrirtæki ekki mikið inni í myndinni. Það hefur enda sýnt sig að á meðan heimili og launþegar þessa lands þurfa að búa við launafrystingu og rýrnandi kaupmátt og fyrirtæki búa við verðstöðvun hefur hæstv. ríkisstjórn haft forgöngu að því að stórhækka skatta jafnt á einstaklinga og fyrirtæki og þar að auki veitt ýmsum opinberum fyrirtækjum heimild til verðhækkana. Ríkisstjórnin hefur þannig þverbrotið eigin verðstöðvun, en það er kannski í takt við þá lítilsvirðingu sem hæstv. ráðherrum, sumum þeirra a.m.k., hefur þóknast að sýna almenningi þessa lands m.a. með margháttuðum yfirlýsingum formanna A-flokkanna í frægri fundaherferð þeirra á rauðu ljósi. En það væri að æra óstöðugan að elta ólar við orð þeirra á þessum fundum og mun ég því ekki gera það. Það hlýtur enda að sýna sig í næstu kosningum hvernig kjósendur taka því þegar talað er niður til þeirra á þennan hátt, en nóg um það.

Í fylgiskjalinu með frv. segir m.a.: „Komi í ljós að verðhækkanir verði umfram það sem brýn kostnaðartilefni og afkoma fyrirtækjanna gefa tilefni til skulu verðlagsyfirvöld beita tímabundið ýtrustu ákvæðum

verðlagslaga eftir því sem efni standa til." Að sögn verðlagsstjóra mun Verðlagsráð bráðum setja verklagsreglur um þetta mat sem mun að sjálfsögðu, að hans sögn, verða mjög erfitt. Það ætti ekki að þvælast fyrir mönnum við hvað hér er átt, þetta er nánast miðstýring á því hver hagur fyrirtækja verður. Fleiri verkefni eru lögð fyrir verðlagsyfirvöld í þessu merka plaggi, m.a. að Verðlagsstofnun sinni verðkönnunum af árvekni og kynni niðurstöður þeirra rækilega. Þetta er nú gott og blessað en engin breyting því að þetta er einfaldlega lagaleg skylda Verðlagsstofnunar. Hæstv. ríkisstjórn ætlast samt greinilega til þess að starfsemin verði stóraukin. En það er bara einn galli á því fyrirkomulagi. Þessi stofnun á nú þegar við mikla fjárhagserfiðleika að stríða en mun ekki fá fjárveitingu til þess að bæta stöðu sína né heldur til þess að efla starfsemina. Það er því óljóst með öllu hvernig til tekst með þetta verðlagseftirlit. Ekki verður aukning í mannahaldi og ekki verða þessi störf unnin í eftirvinnu nema hæstv. fjmrh. ætli sér að gera sérstaka undantekningu þar á.

Í lok fylgiskjalsins segir enn fremur, með leyfi virðulegs forseta: „Loks leggur ríkisstjórnin það fyrir Verðlagsstofnun að hún taki upp samstarf við verkalýðs- og neytendafélög um aðhald að verðlagi. Þetta er mikilvægt vegna þess að opinbert verðlagseftirlit hversu gott sem það er getur aldrei komið í staðinn fyrir árvekni neytenda." Hér er væntanlega m.a. átt við verðlagskannanir líkar þeim sem gerðar voru í samráði við verkalýðshreyfinguna úti á landsbyggðinni 1986, en stór hluti kostnaðarins lenti hins vegar á verkalýðshreyfingunni og því var þessum könnunum ekki fylgt eftir þar sem verkalýðshreyfingin stóð í þeirri trú að ríkisstjórnin mundi standa undir kostnaðinum. Svo var hins vegar ekki. Þessi yfirlýsing í fylgiskjalinu er því í rauninni marklaus og virðist helst til þess fallin að blekkja neytendur. Nú hefur hæstv. ríkisstjórn lagt fram þetta merkilega frv. sem öllu á að breyta og þá helst til hagsbóta fyrir neytandann.

En athugum nánar hvað hér er um að ræða. 1. gr. frv. hljóðar svo: „3. mgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og um getur í 2. mgr. greinar þessarar. Heimilt er ráðherra að skipa 1. og 2. varamann í ráðið samkvæmt ósk þeirra aðila sem tilnefna menn í ráðið skv. 1. mgr. Taka varamenn þá sæti í ráðinu í þeirri röð. Ráðið er skipað til fjögurra ára í senn."

Þetta er í rauninni ósköp saklaust ákvæði sem varla er ástæða til að hreyfa andmælum við nema þá helst af þeirri ástæðu að fulltrúar ASÍ sem komu á fund nefndarinnar töldu þetta til hinnar mestu óþurftar. Það væri verkalýðshreyfingunni í hag að hafa frjálsa varamenn. Þetta ákvæði þyrfti því að hafa opnara og sama mun álit fulltrúa VSÍ í Verðlagsráði hafa verið. Af þessum sökum munu sjálfstæðismenn sitja hjá við afgreiðslu á þessu ákvæði.

Í 2. gr. segir: „1. mgr. 49. gr. laganna orðist svo:

Hver sá, sem vanrækir að láta Verðlagsstofnun í té umbeðnar og nauðsynlegar skýrslur og gögn í sambandi við framkvæmd laga þessara, skal sæta viðurlögum skv. 52. gr.

2. mgr. 49. gr. laganna falli niður."

Í athugasemdum um þessa grein segir m.a.: „Dagsektaákvæðið hefur reynst ónothæft til þess að knýja á um skil umbeðinna upplýsinga."

Það er að sjálfsögðu ekkert skrýtið ef á það hefur ekki reynt. Raunar skilst manni að vandamálið felist helst í því að þessum málum hafi ekki verið fylgt nógu vel eftir. Var á einum fundi nefndarinnar tekið til dæmi um það þegar farið var í mál gegn bökurum, en þessi mál hafa öll fyrnst meðan þau voru enn þá í höndum lögreglunnar. Fyrningartíminn mun vera tvö ár. Staðreyndin er vafalaust sú að ríkissaksóknari hefur neitað að taka mál fyrir nema dagsektum sé beitt fyrst. Þetta hefur því vafalaust verið nokkuð erfitt í framkvæmd. En að hér sé um stórhertar aðgerðir að ræða til þess að herða verðlagseftirlit er náttúrlega út í hött að tala um. Sjálfstæðismenn munu því sitja hjá við afgreiðslu þessa ákvæðis.

Þá er komið að 3. gr. þessa frv. en hún hljóðar svo:

„Við lögin bætist svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 2. gr. skal verðlagning á orku frá orkuvinnslufyrirtækjum og dreifiveitum falla undir ákvæði laga þessara á tímabilinu frá 1. mars 1989 til 1. sept. 1989."

Það er skemmst frá því að segja að sambönd íslenskra hitaveitna og rafveitna lögðust alfarið gegn þessu ákvæði, sbr. umsagnir þeirra sem hér er rétt að gera grein fyrir. Ég vil gera nokkra grein fyrir áliti frá Sambandi ísl. rafveitna sem dagsett er 15. febr. 1989, með leyfi virðulegs forseta:

„Nýlega voru birtar tölur sem sýna að raforkuverð er hér hvað lægst í veröldinni þrátt fyrir erfiða landshætti og fámenni. Athuganir sýna að raforkukostnaður mikilvægra atvinnugreina landsins er innan við 2% af útgjöldum að meðtöldum sköttum. Raforka til almennra nota er 1,3% framfærsluvísitölunnar. Þá má enn minna á að á tímabilinu 1984–1988 lækkaði rafmagnsverð í samanburði við ýmsa aðra þætti. Orkuverð Rafmagnsveitna ríkisins, Rafmagnsveitu Reykjavíkur, Landsvirkjunar og fleiri raforkuveitna hækkaði þá um 64,5–75,5% á sama tíma og framfærsluvísitala, vísitala byggingarkostnaðar og lánskjaravísitala hækkuðu um 157–177%. Raunverð raforku frá fyrirtækjunum lækkaði um 30–39% á þessu skeiði.

Raforkuveitur eru undir stjórn kjörinna fulltrúa eigenda og raforkunotenda. Veitustjórnir eru eins og málum er nú fyrir komið aðhaldssamar og tregar til hækkunar nema skýr rök mæli með.

Samkvæmt því sem hér hefur verið greint frá verður að telja að núverandi eftirlit kjörinna fulltrúa með raforkuverði sé fullnægjandi og hafi reynst vel. Því eru ekki efni til að taka upp frekara verðlagseftirlit eins og stefnt er að með ofannefndu frv."

Enn fremur segir hér í umsögn frá Sambandi ísl.

hitaveitna sem dagsett er 15. febr. 1989 og ég vil gera grein fyrir, með leyfi virðulegs forseta:

„Hitaveitur eru reknar sem þjónustufyrirtæki með lágmarkstilkostnaði. Þær eru almenningsfyrirtæki í eigu viðkomandi sveitarfélaga og þeim er stjórnað af kjörnum fulltrúum. Þessar stjórnir ákvarða nauðsynlegar hækkanir á gjaldskrám og tilkynna iðnrn. þær og má fyllilega treysta þeim til að gæta hagsmuna notenda. Margar hitaveitur eiga í verulegum fjárhagserfiðleikum og hafa fengið fjárhagsaðstoð frá ríkinu. Aðstoðin hefur verið veitt með því skilyrði að veiturnar létu gjaldskrár í framtíðinni fylgja verðlagi. Nú hefur verðstöðvun verið í rúmlega fimm mánuði og á sama tíma hefur byggingarvísitala hækkað um 4,18%, dollarinn um 8,77% og SDR um 11,96%. Þær hitaveitur sem eiga í fjárhagserfiðleikum hafa flestar stóra hluta af sínum skuldum í erlendum lánum og hefur skuldabyrði því hækkað verulega á þessum tíma á meðan gjaldskrár hafa staðið í stað. Því má búast við að áður en langt um líður þurfi þessar sömu veitur að leita aftur á náðir ríkisins. Hitaveitur leggja ríka áherslu á að gjaldskrárákvarðanir verði ekki fluttar frá stjórnum fyrirtækjanna til Verðlagsráðs. Ákvarðanataka og fjárhagsleg ábyrgð verða að fara saman. Því leggst stjórn Sambands ísl. hitaveitna eindregið gegn samþykkt frv."

Þess má geta að sveitarfélögin og fyrirtæki þeirra hafa að jafnaði staðið sig vel í þessum rekstri.

Þessu til viðbótar er e.t.v. rétt að geta þess hvernig Verðlagsráð er skipað. Þar eru tveir fulltrúar frá ASÍ, einn frá VSÍ, einn frá Verslunarráði, einn frá BSRB, einn frá SÍS, tveir skipaðir af Hæstarétti og einn formaður sem skipaður er af ráðherra, þ.e. formaðurinn er skipaður af hæstv. viðskrh. sem hefur þannig ákveðin pólitísk völd yfir ráðinu. Hins vegar mun hv. þingmönnum kunnugt um að orkuvinnslufyrirtækin og dreifiveitur eru nátengdar ákvörðunum iðnrh. Hér er því bara verið að skipta um nafn á undirskrift því að hér er um einn og sama mann að ræða.

Þar fyrir utan getur þetta ákvæði ekki orðið neytendum til góðs því að sum þessara fyrirtækja eru þegar rekin með tapi og reyndar fyrir erlent fjármagn eins og komið hefur fram í umsögnum hér áður. Þannig má áætla að u.þ.b. 20% hækkunarþörf sé hjá RARIK og Orkubúi Vestfjarða ef reksturinn á að vera hallalaus og Landsvirkjun fær sína hækkun.

Hér má einnig vitna í bréf frá Landsvirkjun til iðnrn. dags. 13. jan. 1988 en þar segir: „Bendir allt til þess að án verðbreytingafærslu verði um verulegan rekstrarhalla að ræða hjá Landsvirkjun á árinu 1989 miðað við óbreytta gjaldskrá og fast gengi eins og það var skráð 3. jan. 1989 og 9% verðbólgu frá upphafi árs til ársloka."

Með þessu ákvæði er því verið að safna upp skuldum fyrirtækja svo að verðhækkanir geta orðið gífurlegar þegar þessu umþóttunartímabili lýkur og það getur ekki talist neytendum í hag. Það mætti reyndar beina þeirri spurningu til hæstv. iðnrh., hver fjárhagsleg staða þessara fyrirtækja sé í dag. Sjálfstæðismenn í hv. fjh.- og viðskn. sjá því ekki ástæðu til annars að þessum rökum upptöldum en að greiða atkvæði gegn þessu ákvæði.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Fulltrúi Borgfl. í fjh.- og viðskn. skilar ekki séráliti varðandi frv. og er ekki heldur á því nál. sem meiri hl. leggur fram. Ástæða þess er sú að við teljum okkur ekki geta samþykkt frv. óbreytt. Við teljum raunar að hér sé ekki um þær breytingar að ræða sem komi að gagni. Samt sem áður er hægt að taka undir ýmislegt sem tekið er fram í frv. og þá sérstaklega 1. gr. Þar er verið að fjölga varamönnum í Verðlagsráði og kom það fram m.a. í samræðum við forseta ASÍ að það hefur verið mikið vandamál að skipa varamenn í ráðið. En þeir vildu ganga miklu lengra en þarna er gert ráð fyrir. Þeir vildu ganga það langt að þeim væri heimilt að kveðja til hvern sem væri sem þeim líkaði en ekki tiltaka ákveðinn fjölda fyrir fram þar sem þeir telja oft á tíðum erfiðleikum bundið að þessir tilteknu menn séu til taks til þess að sitja í ráðinu. Það ætti frekar að vera frjálst val þeirra aðila sem eiga fulltrúa í ráðinu að skipa sína fulltrúa.

Varðandi 2. gr. frv. liggur það ljóst fyrir að dagsektir eru mjög óvirkt úrræði og það hefur sýnt sig þegar Verðlagsstofnun ætlar að knýja fram ákveðnar breytingar eða koma í veg fyrir hækkanir að dagsektir hafa ekki komið að því gagni sem Verðlagsstofnun telur virkt til þess að halda uppi sínu eftirliti. Fulltrúar ASÍ töldu vera til bóta að breyta þessu á þennan hátt en samt sem áður ekki nógu langt gengið til þess að geta gripið inn í með fljótari hætti og eins og þeir mundu helst vilja. Undir það tók verðlagsstjóri, að hann vildi koma á miklu virkari og strangari ákvæðum til handa Verðlagsstofnun.

Ég er alveg sammála því að Verðlagsstofnun eigi að hafa virkar heimildir til þess að koma í veg fyrir ótímabærar verðhækkanir og þess vegna mundi ég kjósa að í lögunum væri ákvæði sem heimilaði slíkt. Það má samt líta þannig á að þarna sé alla vega verið að gera tilraun til að koma þessu eftirliti á. Gæti ég svona undir venjulegum kringumstæðum fallist á það.

Varðandi þriðja ákvæðið sem er kannski kjarninn í frv. kom fram hjá aðilum sem þetta varðar og komu fyrir nefndina að þeir töldu þetta mjög óhentugt og töldu sér sjálfum treystandi til að ákvarða hækkanir á sínum gjaldskrám. Þeir upplýstu nefndina um það að á síðustu árum hefur orðið 30–40% raunlækkun á raforku í landinu og að þeir aðilar sem selja þessa orku beittu sér virkilega fyrir því að draga úr hækkunum.

Ég verð samt að segja það að mér finnst allt í lagi að þessi heimild sé fyrir hendi að teknu tilliti til þess að ég trúi því að Verðlagsstofnun meti þau gögn sem fyrir hana eru lögð á faglegum grunni og taki ákvarðanir í samræmi við það en ekki á grundvelli pólitískra fyrirmæla.

Á heildina litið get ég fyrir hönd Borgfl. lýst því yfir að við munum sitja hjá við atkvæðagreiðslu um allar greinar frv. og svo frv. í heild.

Ég held að 3. gr. sé ekki það veigamikil að hún eigi að vera til það mikils trafala að nauðsynlegar gjaldskrárhækkanir komist ekki til framkvæmda og ég trúi því ekki að Verðlagsstofnun starfi með þeim hætti hún neiti sjálfkrafa hækkunum ef þær eru nauðsynlegar. Alla vega hefur sú reynsla sem ég hef haft af þeirri stofnun ekki verið með þeim hætti.

Þetta er sú skoðun sem ég hef á þessu máli og tel rétt að hún verði upplýst hér þar sem ekkert nál. liggur fyrir frá okkur í Borgfl. varðandi frv. Ég hef engar sérstakar spurningar til ráðherra. Þetta er ekki það veigamikið frv. að ég telji ástæðu til þess að hafa langt mál um það.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Bara örfá orð. Það er auðvitað rétt hjá hv. 8. þm. Reykv. að veigamesta efnisatriðið í frv. er 3. gr. sem fjallar um það að um sex mánaða skeið verði orkufyrirtæki seld undir sama verðlagsaðhald og önnur fyrirtæki í landinu.

Tilgangur þess ákvæðis er náttúrlega fyrst og fremst sá að vekja almenningi traust á því að þar komi ekki til sérstakrar hækkunar við lok verðstöðvunar á þeim óvissutíma sem ríkir þegar ósamið er um kjör við flesta í landinu og fólkið lítur mjög til þess hvað muni gerast með þessar verðlagsbreytingar á orkunni. Í þessu felst alls ekki að verið sé að taka verðákvarðanirnar frá veitustofnununum frekar en verið er að taka verðákvarðanirnar frá fyrirtækjunum í verslun, þjónustu og framleiðslu með þeim verðlagslögum sem í gildi eru og hafa verið í gildi frá árinu 1978. Það er eingöngu verið að setja þarna að um þetta sex mánaða umþóttunarskeið gangi eitt yfir alla í þessu máli og það er ekki síst vegna þess að það hefur oft verið sameiginlegt mál atvinnurekenda og verkalýðsfélaga við gerð kjarasamninga að orkufyrirtæki og önnur opinber fyrirtæki hafi sjálfsákvörðun um sínar verðskrár og skeyti þar lítt um það hvað öðrum sýnist eða líður. Ég tel þá samsetningu sem er á Verðlagsráðinu og hv. 8. þm. Reykv. lýsti reyndar vera til þess fallna að tryggja það að þarna ríki sanngjörn og sams konar meðferð á einkafyrirtækjum og þessum opinberu orkufyrirtækjum. Það er vissulega rétt að afkoma þeirra er mjög misjöfn, eignastaða þeirra afar misjöfn og eins og kom fram í máli hv. 11. þm. Reykv. er Verðlagsstofnun ekki þekkt að því að níðast á því sem henni er fyrir trúað. Þess vegna er ég viss um það að þar muni gætt sanngirni og raunsætt mat lagt á allar aðstæður í hverju máli, enda þarf að vekja traust hjá almenningi á því að það verði ekki sprengihækkun á orkutöxtum þegar verðstöðvunartímabilinu lýkur. Ég minni á að þegar bráðabirgðalög og verðstöðvun voru ákveðin í ríkisstjórnartíð Þorsteins Pálssonar í vor og endurtekið í haust var gert ráð fyrir að stöðvunartímabilið stæði allan tímann til 10. apríl.

Þetta er mjög mikilvægt frv. þótt ekki sé það kannski endilega ákaflega stórt í sniðum. Þetta er samræmingaratriði og sanngirnismál. Ég vil líka benda á það að þær gjaldskrár hitaveitna og rafveitna sem koma til iðnrn. hækkuðu á árinu sem leið um 16–18% að meðaltali frá ársbyrjun til ágústloka, en það er nokkurn veginn sú almenna verðhækkun sem varð á árinu öllu þannig að kaupmáttur þessara gjaldskráa er nokkurn veginn sá sami gagnvart almennu verðlagi og hann var um þetta leyti árs í fyrra. Þær hafa hækkað heldur meira en kaupið á þessum sömu 12 mánuðum. Þannig tel ég að þegar á heildina er litið sé þarna ekki um neinn sérstakan eftirdrátt að ræða, en auðvitað er það rétt sem kom fram í máli þm. beggja sem töluðu, að það stendur misjafnlega á hjá fyrirtækjunum og það verður til þess litið við þessar ákvarðanir. Þarna er fyrst og fremst um það að ræða að það sama gangi yfir þessi opinberu fyrirtæki og einkafyrirtækin.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið við þessa umræðu lögðu þeir áherslu á það, bæði fulltrúar Alþýðusambands Íslands og aðrir þeir sem töluðu við fjh.- og viðskn., að síðasti kaflinn sem fjallað er um í samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 6. febr. 1989, um umþóttun í kjölfar verðstöðvunar, sýndist við fyrstu sýn hafa efnislega þýðingu en hann er svo, með leyfi hæst. forseta:

„Loks leggur ríkisstjórnin það fyrir Verðlagsstofnun að hún taki upp samstarf við verkalýðs- og neytendafélög um aðhald að verðlagi. Þetta er mikilvægt vegna þess að opinbert verðlagseftirlit, hversu gott sem það er, getur aldrei komið í staðinn fyrir árvekni neytenda."

Svo mörg voru þau orð. Þegar ég sá að hæstv. viðskrh. hafði kvatt sér hljóðs hélt ég kannski að hann mundi skýra þingdeildinni frá því að ríkisstjórnin hefði beitt sér fyrir því eða ákveðið að sérstök fjárveiting yrði veitt til verðlagsskrifstofunnar til þess að hún gæti sinnt þessu verkefni og kostað þetta samstarf, en eins og fram kom hjá þeim mönnum sem komu til fundar við nefndina féll þetta samstarf niður vegna þess að ekki hafði verið séð fyrir því að ríkishlutinn væri til staðar. Þó er það svo á Akureyri að þar er einn maður kostaður af verkalýðshreyfingunni í hlutastarfi til þess að halda uppi þessu samstarfi sem ríkisstjórnin virðist leggja svo mikla áherslu á.

Á hinn bóginn kom það fram að hæstv. fjmrh. hefur sent Verðlagsstofnun um það strangt erindi eins og öðrum stofnunum að nauðsynlegt sé að spara í rekstri verðlagsskrifstofunnar og að verðlagsskrifstofan sé ekki undanþegin í þeim sérstöku sparnaðarráðstöfunum sem ríkisstjórnin hefur ákveðið.

Nú hefur ríkisstjórnin tilkynnt að þessar sérstöku sparnaðarráðstafanir eigi að koma við einstakar stofnanir eftir mánuðum, í tröppugangi, og er þá fyrir deildina fróðlegt að fá upplýsingar um það frá viðskrh. hvort hann hafi séð til þess að Verðlagsstofnun fái aukna fjárveitingu til að geta staðið undir því aukna starfi sem því fylgir að ná þessari samþykkt ríkisstjórnarinnar fram um leið og það væri fróðlegt, herra forseti, að fá um það upplýsingar samtímis frá hæstv. fjmrh. hvort það sé ákvörðun hans að sá

sparnaður sem hvarvetna er tilkynntur í opinberum rekstri nái einnig til Verðlagsskrifstofunnar og að verðlagsstjóra verði vikið frá störfum ef hann ekki sjái um að koma þeim sérstaka sparnaði áleiðis. Það væri m.ö.o. fróðlegt að fá upplýsingar um þetta hvort tveggja í senn.

Í öðru lagi vil ég aðeins segja að það er andkannalegt að hlusta á þá hæstv. ráðherra sem bera ábyrgð á þeim miklu hækkunum sem urðu um sl. áramót vegna hækkunar á opinberum sköttum, veltusköttum og öðrum, hlusta á þá hæstv. ráðherra sem bera ábyrgð á þeirri verðbólgu sem nú er í landinu þegar þeir eru að tala um að það sé nauðsynlegt að þeir taki völdin af sveitarstjórnunum af því að einhver sérstök ástæða sé til að ætla að sveitarstjórnirnar verði ósanngjarnar eða ósæmilegar í mati sínu á því hvaða hækkanir séu nauðsynlegar í sambandi við dreifiveitur eða rafveitur einstakra sveitarfélaga og orkuvinnslufyrirtæki einstakra sveitarfélaga. Þessu vil ég algjörlega vísa á bug. Það þarf ekki að skoða lengi né velta lengi fyrir sér hvað það er sem hefur valdið hækkunum innan lands, bæði á vörum og þjónustu. Það eru ekki sérstakar álögur frá sveitarfélögunum og það hefur meira að segja verið viðurkennt af Alþýðusambandi Íslands og öllum sem um verðlagsmál hafa fjallað að kaupmenn og aðrir hafi verið mjög hófsamlegir í sinni álagningu þannig að hækkanir hafi orðið minni en auknar álögur ríkisins gefi tilefni til. Ef það ætti að setja verðlagseftirlit á einhvern og það strangt verðlagseftirlit væri það á ríkisstjórnina sjálfa en ekki á aðra þegna í þessu þjóðfélagi sem auðvitað skilja það betur en ríkisstjórnin hvaða nauðsyn er á því að þess aðhalds sem nú verður hvarvetna að viðhafa í landinu vegna þess að útflutningsatvinnuvegunum er látið blæða út gæti hvarvetna.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjalla neitt um 1. eða 2. gr. Þetta er auðvitað hvort tveggja hálfbroslegt. 1. gr. er hálfvandræðaleg vegna þess að þeir menn sem sæti hafa átt í Verðlagsráði og hafa komið til fundar við fjh.- og viðskn., og skiptir engu máli hvort þar er talað við embættismenn eða fulltrúa frá hagsmunasamtökum, eru allir sammála um að miklu heppilegra væri að hafa almenna heimild þannig að þeir sem tilnefna í Verðlagsráðið geti eftir efnum og ástæðum kvatt til funda í nefndinni þann sem við á en að þetta sé ekki svo rígbundið eins og hér er verið að tala um. Og að því var almennt fundið við nefndina en brosað samt góðlátlega og sagt að þetta væri kannski skárra en ekki. Þó væri undarlegt að vera að amast við þessu því í stórum dráttum hefðu vinnubrögð verið á þann veg að þó að aðalmaður hefði verið upptekinn hafi hann kallað fyrir sig þann sem næstur var og bar skynbragð á störf Verðlagsráðs eða þau sérstöku efni sem til umræðu voru. 1. gr. er algjörlega óþörf. Úr því verið er að hrófla við 3. málsgr. laganna væri betra að hafa orðalagið öðruvísi, en ef meiri hlutanum og viðskrh. er mjög í mun að hafa þetta einmitt svona er sjálfsagt að láta það afskiptalaust með öllu.

2. gr. er líka leikaraskapur vegna þess að engar horfur eru á því að Verðlagsráð muni ákæra fyrir vanrækslu þótt brot samkvæmt greininni skuli sæta viðurlögum skv. 52. gr. fremur en Verðlagsstofnun hefur farið refsileiðina þegar talað er um dagsektirnar þannig að það er heldur ekki ástæða til að ætla að þetta skipti neinu máli.

1. og 2. gr. eru í stuttu máli sýndarmennska sem engu skiptir. 3. gr. er hálfkák vegna þess að sveitarfélögin hafa sýnt miklu meiri aðgæslu síðustu mánuði, verðstöðvunarmánuðina, en ríkisstjórnin sjálf og sveitarstjórnirnar hafa ekki gefið þau tilefni til hækkunar verðbólgu sem ríkisstjórnin hefur gefið. Það er þess vegna hálfbroslegt þegar ríkisstjórnin kemur hér upp og segir: Það er nauðsynlegt að við í ríkisstjórninni, við í Stjórnarráðinu, pössum sérstaklega upp á sveitarstjórnirnar af því að almenningur verður að hafa traust á því að verðstöðvunartímabilið geti haldist svo sem sex mánuði í viðbót, að á umþóttunartímanum verði ekki of miklar verðhækkanir. Hverjir hafa verið að hækka og hvað hefur verið að hækka? Það væri fróðlegt, hæstv. forseti, ef einstakir þingmenn fengju sundurliðaðar allar þær hækkanir á margvíslegum vörum og þjónustu sem eru bein afleiðing af stjórnarathöfnum ríkisstjórnarinnar og þeim stjfrv. sem hafa verið knúin í gegnum þingið, hækkanir sem vita ekki aðeins að almennu verðlagi heldur vita einnig að því að skerða ráðstöfunartekjur almennings með beinum og óbeinum hætti. En á hinn bóginn tala einstakir ráðherrar um það með sérstökum fyrirmyndarsvip að þeir séu nú að beita sér sérstaklega fyrir því að fólkið úti á landsbyggðinni skuli ekki hafa það bágt eða eiga illt.

Auðvitað er þetta frv. hálfkák, sjálfgert að láta 1. og 2. gr. rúlla í gegnum deildina, meinlausar greinar, en hitt er allsendis útilokað að láta afskiptalaust þegar ríkisstjórnin ætlar að fara að kenna sveitarfélögunum að haga sér eins og ríkisstjórnin hefur hagað sér í verðlagsmálum það sem af er síðan hún settist að völdum.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég vildi fyrst segja alveg skýrt að það er alls ekki gert ráð fyrir því að Verðlagsstofnun frekar en aðrar stofnanir ríkisins verði undanþegin þeim sérstöku sparnaðarráðstöfunum sem fjmrn. hefur ákveðið í framhaldi af samþykktum fjárlögum. Það gefur auga leið að þar verður eitt yfir alla að ganga. En hitt er annað mál að það er samkomulag milli mín og fjmrh. að það verði sérstaklega veitt fé til þessa samstarfs við verkalýðs- og neytendafélögin. Ég tek undir það, sem hér kom fram, að það er ákaflega mikilvægt að það verði vel rækt. Það er sannarlega mitt áhugamál að úr því verði. (**EgJ:** Hvaðan á að taka þá peninga?) Úr ríkissjóði, hv. þm. Þarna verða menn að halda því aðgreindu að það er óhjákvæmilegt að ráðstafanir eins og lýst hefur verið um sérstakar sparnaðaraðgerðir og umræða hefur farið fram um allmikil þurfa að eiga við um allar stofnanir. Eins þær þar sem verið er að bæta við fé. Þær eru ekki undan því þegnar heldur eiga þær að nota það fé sem þannig er við bætt til þeirra sérstöku verkefna sem það er ætlað.

Að öðru leyti tel ég ekki ástæðu til að hafa mörg orð um það sem kom fram í ræðu hv. 2. þm. Norðurl. e. Það er kannski ástæða til að rifja upp að á verðstöðvunartímanum hefur verðlag hækkað um nálægt 4% þessa fimm mánuði. Einungis fjórðunginn af því er hægt að rekja beint til skattbreytinga. Annað kemur eftir öðrum leiðum. Þetta hefur nýlega komið fram í sundurgreiningu á þessum verðbreytingum. En það er sjálfsagt að verða við þeirri ósk þingmannsins að útvega sundurliðun Hagstofunnar á þeim verðbreytingum sem orðið hafa á þessu tímabili.

Sannleikurinn er sá að verðstöðvunin hefur tekist vonum framar. Það er að vísu rétt að það reyndist óhjákvæmilegt og að nokkru leyti ófyrirséð hversu mikið þurfti þar að gera til að útvega fé til ríkisins. Hjá því varð ekki komist og stjórnin er að því meiri að hafa horfst í augu við það og lagt á skatta eins og þurfti til að rísa undir útgjöldunum. Það má deila um allar skattbreytingar og verður jafnan gert, var gert í þetta sinn og auðvitað eru missmíðir einhverjar á þeim eins og gengur. En kjarninn í málinu er samt sá að verðstöðvunin tókst vonum framar og einmitt þess vegna er mikilvægt að umþóttunin að henni lokinni verði þannig að ekki sé vakinn upp verðbólgudraugurinn á ný.

Júlíus Sólnes:

Hæstv. forseti. Mig langar til að gera að umtalsefni 3. gr. frv. þar sem segir að þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 2. gr. skuli verðlagning á orku frá orkuvinnslufyrirtækjum og dreifiveitum falla undir ákvæði laga þessara fram til 1. sept. 1989. Það er svo að skilja að þessi umþóttunartími, sem ríkisstjórnin telur að eigi að verða að lokinni verðstöðvun, eigi að ná til verðlagningar orkuvinnslufyrirtækja og dreifiveitna. Nú hefur það verið svo að eftir langan tíma þar sem verðlagning á orku var undir stjórn ríkisstjórnarinnar, þ.e. hún gat nánast skammtað þessum fyrirtækjum gjaldskrárhækkanir eftir vild eða skammtað þeim engar slíkar hækkanir, að þetta olli því að sérstaklega undir lok síðasta áratugar var mjög illa komið fyrir mörgum orkuvinnslufyrirtækjum sem í þeirri gífurlegu verðbólgu sem var hér á áttunda áratugnum höfðu farið mjög illa út úr viðskiptum sínum við ríkisvaldið sem stjórnaði gjaldskrárákvörðunum þessara fyrirtækja með þeim hætti sem ég hef lýst.

Þó svo að hér sé mun mildilegar tekið á ákvörðunum þessara fyrirtækja um gjaldskrárhækkanir af hálfu ríkisvaldsins er engu að síður mjög varhugavert að binda þessi fyrirtæki í gjaldskárákvörðunum sínum. Þessi fyrirtæki hafa yfirleitt hagað sér mjög skynsamlega og reynt að halda verðlagningu á orku eins í lágmarki og framast hefur verið unnt. Þó er ekki allt með felldu í þessum efnum sem væri rétt að vekja athygli á hér. Það mun vera svo með gjaldskrár ýmissa dreifiveitna víða úti um land sérstaklega að þær eru ákaflega ranglega upp byggðar og stafar það af því að margar dreifiveitur, sérstaklega hinar smærri, hafa ekki haft möguleika á að búa sér til gjaldskrár sem endurspegla þann markað sem þær sinna. Því hefur sú venja skapast um margra ára bil að dreifiveitur hafa fengið gjaldskrár stærstu rafmagnsveitu landsins, þ.e. Rafmagnsveitu Reykjavíkur, og byggt sínar gjaldskrár upp mikið til að þeirri fyrirmynd sem felst í gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Það er hins vegar svo að Rafmagnsveita Reykjavíkur sinnir allt öðrum markaði en hægt er að segja um margar hinar smærri rafveitur og þess vegna væri hægt eflaust að ná miklum sparnaði með því að endurskoða gjaldskrár margra smærri rafveitna út um allt land. Með þeim hætti, ef lögð væri einhver vinna í það, og það getur vel verið að ríkisvaldið gæti þar haft eitthvert frumkvæði, væri eflaust hægt að lækka verulega raforkukostnað, sérstaklega þó raforkukostnað iðnaðarfyrirtækja og annarra atvinnufyrirtækja sem búa við mikinn raforkukostnað, með því að lagfæra gjaldskrár margra dreifiveitna sem eru ranglega upp byggðar með þeim hætti sem ég hef lýst.

Ég hef ekkert frekar um þetta frv. að segja. Það kom fram í máli hv. 11. þm. Reykv. Guðmundar Ágústssonar að við þingmenn Borgfl. í hv. Ed. höfum ekki séð ástæðu til að skila sérstöku áliti um frv. Við teljum í sjálfu sér að það sé frekar veigalítið sem kemur hér fram og höfum svo sem ekki ætlanir uppi um að halda uppi mikilli andstöðu við þetta, teljum það varla bjóða til slíks.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég vil láta í ljós ánægju mína yfir því að hæstv. viðskrh. hefur séð til þess að fjár verði aflað til þess að hefja á nýjan leik samstarf milli verkalýðshreyfingar og Verðlagsstofnunar og Neytendasamtaka um eftirlit með verðlagi og tel það af hinu góða. En ég verð á hinn bóginn að átelja að við athugun málsins í fjh.- og viðskn. var þess ekki getið og engar upplýsingar lágu fyrir um að sérstök aukafjárveiting hefði verið veitt í þessu skyni og er æskilegt að þegar um slíkar ákvarðanir er að ræða í ríkisstjórn fái þær þingnefndir sem um viðkomandi mál fjalla upplýsingar um svo mikilvæg atriði.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 10:1 atkv.
2. gr. samþ. með 10:1 atkv.
3. gr. samþ. með 10:6 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Lánsfjárlög 1989, frh. 2. umr.

Stjfrv., 103. mál. — Þskj. 106, n. 485 og 505, brtt. 486, 507.

Egill Jónsson:

Herra forseti. Ég kem ekki auga á hæstv. landbrh. enn þá. (**Forseti:** Hann var í deildinni áðan og mun væntanlega hafa farið í Nd. En ég hef óskað eftir því

að hann komi.) Já, herra forseti. Ég veit að hæstv. landbrh. telur það ekki eftir sér að sitja hér nokkra stund meðan ég skýri þær brtt. sem ég hef lagt fram og lýsi aðeins viðhorfum mínum til þeirra mála. Það kemur af sjálfu sér að hæstv. fjmrh. er í deildinni svo ég þarf ekki sérstaklega að óska eftir hans nærveru.

Eins og deildarþingmönnum er væntanlega ljóst var æðimikill ágreiningur milli manna við fjárlagagerð um greiðslur til bænda vegna jarðræktar og búfjárræktarmálanna. Það er raunar ekki í fyrsta skiptið. Fjarri er mér að dylja að sams konar ágreiningur var uppi fyrir einu ári síðan og þá í fleiri efnum og þá vannst að vissu leyti varnarsigur í þessum efnum þó að á ógæfuhliðina hafi sigið síðan.

Það sem er hins vegar nokkurt undrunarefni eru þær þrætur sem eru út af jarðræktarlögunum og þeim fjárveitingum sem ganga eða hafa gengið til landbúnaðarins þeirra vegna. Það vill svo til að þær greiðslur hafa farið lækkandi ár frá ári og án þess að ég hafi kannað það alveg nákvæmlega núna hygg ég að þær séu helmingi lægri en þær voru fyrir fjórum árum. Ég vildi gjarnan auglýsa eftir einhverjum fjárlagalið sem hefur gengið saman með svipuðum hætti. Samt hafa menn alltaf hér á Alþingi í umræðunni verið að tala um sjálfvirkni og eyðslu í þessum efnum.

Það gagnstæða liggur fyrir og er reyndar sönnun þess hvernig bændur landsins hafa samið sig að breyttum háttum í landbúnaði. Þetta vildi ég undirstrika m.a. vegna þess að hversu miklu hitamáli er búið að gera þetta mál og blása það á þann veg út.

Ég geri ekki ráð fyrir að ég hafi sömu skoðanir og hæstv. landbrh. og ýmsir aðrir um gildi þessara lagaheimilda, en það er hins vegar létt verk að sanna að þær hafa leitt til mikilla umbóta í þessum efnum og lækkaðs vöruverðs. Í því sambandi er kannski vert sérstaklega að minna á að fyrir liggur úttekt á því hversu mikið opinbert fjármagn, lán úr Stofnlánadeild landbúnaðarins og framlög samkvæmt sérlögum landbúnaðarins hefur farið til uppbyggingar í hefðbundnum landbúnaði. Þær niðurstöður sýna með ótvíræðum hætti að aðeins einn þriðji hluti af því fjármagni sem hefur farið til að byggja upp landbúnaðinn hefur komið annars staðar frá en frá bændunum sjálfum.

Þetta er að sjálfsögðu grundvallaratriði og gerir m.a. að verkum núna hvað staða landbúnaðarins er að mörgu leyti sterk sem byggir einmitt á góðri eiginfjárstöðu þessarar greinar. Ef svo litið er aftur á hvað mikið af fjármagnskostnaði gengur inn í verðlagningu á landbúnaðarvörum sjá menn að það er að sjálfsögðu ekki í nokkru einasta samræmi við þau verðmæti sem í þeirri grein liggja þannig að hér er um stórkostlega þjóðhagslega mikilvæga niðurstöðu að ræða.

Hins vegar er svo það, sem skiptir máli í sambandi við þá umræðu sem fram fer um þessi mál og eftir á að fara fram, hvort menn telja ekki lengur þörf fyrir umbætur í landbúnaði. Það er gífurlega mikil spurning.

Ég ætla ekki að þreyta hæstv. landbrh. á því að tala um þau efni núna, það verða kannski tök á að fjalla um þá þætti málefnalega síðar á þessum vetri, en það er hins vegar allt of víðtæk skoðun að það sé ekki orðin lengur þörf fyrir umbætur í landbúnaði. Það er einmitt af þessari ástæðu sem jarðræktarlögin og búfjárræktarlögin þurfa að sæta svo harðri meðferð sem raun ber vitni um.

Ég minntist á það áðan að jarðræktarlögin, sú löggjöf, hefðu verið bændum landsins mikilvæg. Hún var sett árið 1923 af einhverjum allra fremstu búnaðarfrömuðum sem uppi hafa verið og hún hefur verið virt þar til á þessu ári. Það var í fyrsta sinn í fyrra sem voru settar inn heimildir fyrir því að virða ekki þessa löggjöf og nú hefur verið gengið fetinu lengra í þeim efnum því að svo vill til að á fjárlögum fyrir yfirstandandi ár er einungis fjárveiting svo að segja nákvæmlega, ég held að það verði kannski 2 millj. eftir, til að greiða fyrir framkvæmdir sem voru unnar á árinu 1987.

Nú er þetta á margan hátt afar bagalegt og m.a. vegna þess að ýmsar ákvarðanir eru lögbundnar. T.d. er á grundvelli jarðræktarlaganna gengið frá verksamningum, sem auðvitað eru tímasettir, og við þessa verksamninga er ekki hægt að standa. Ég held að það séu afar fá dæmi þess að þannig sé gengið frá fjárlögum og lánsfjárlögum að það séu beinlínis teknar ákvarðanir um að virða ekki samningsrétt. Menn geta eðlilega haft og hafa ýmsar meiningar um jarðræktarlögin og ég ætlast ekki til þess að menn séu þar allir á sama máli og ég, fjarri því, og ég veit að svo er ekki. En menn ættu þó að vera nokkurn veginn sammála um siðferðisþáttinn í þessum málum, að menn virði landslög og að menn virði heiðir í mannlegum viðskiptum. Sá þáttur þessa máls á ekki að fara og getur ekki farið eftir því hvað mikinn áhuga menn hafa fyrir landbúnaðarmálum nema þá því aðeins að menn telji að það sé hægt að hafa aðra framkomu gagnvart bændum og bændastéttinni almennt en almennt gerist í þjóðfélaginu, að það þurfi ekki eins trúverðuga framkomu gagnvart því fólki og öðru fólki í landinu. Í þeim efnum held ég að nokkuð sé óhætt að fullyrða að bændur landsins óska ekki eftir neinum forréttindum en a.m.k. svipaðri framkomu siðferðislega séð og gildir í almennum mannlegum viðskiptum í landinu.

Eins og ég gat um áðan var þetta mál ágreiningsefni við fjárlagagerð og m.a. í meiri hlutanum. Svo vill til að sú umræða sem fram fór við fjárlagagerðina staðfestir þessi orð mín. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta, í ræðu formanns fjvn. og frsm. þar sem hann fjallar um afgreiðslu þessa máls og yfirlýsingu landbrh.: „Í tengslum við endurskoðun og afgreiðslu nefndra lagabreytinga er ætlunin að ganga frá uppgjöri á skuldum vegna þegar tilkominna framkvæmda samkvæmt gildandi jarðræktar- og búfjárræktarlögum og leita samkomulags um greiðslu þeirra á tilteknu tímabili."

Það fer að sjálfsögðu ekki á milli mála hver ætlun ríkisstjórnarinnar var í þessum efnum. — Ég get, virðulegi forseti, dokað við á meðan hér fer fram

ríkisstjórnarfundur. (Gripið fram í.) Ekki er hægt að sjá á verkum þeirra að það fari sérstaklega fyrir því. — Það kemur vel fram í ræðu Alexanders Stefánssonar að Framsfl. hefur verið nokkuð mikið niðri fyrir í þessum efnum. Hann segir að þar hafi landbrh. gefið yfirlýsingu að hans kröfu um greiðslur vegna jarðræktar- og búfjárræktarlaga. Hér segir, með leyfi forseta:

„Formaður fjvn. las í sinni ræðu yfirlýsingu sem núv. landbrh. gaf að kröfu meiri hl. fjvn. um meðferð á þessum mikilvægu málum, þ.e. jarðræktarstyrkjunum og búfjárræktarlögunum, þar sem fram kemur að hæstv. ráðherra lýsir því yfir og þá um leið í umboði ríkisstjórnarinnar að hann muni leggja fram ný lagafrv. um þessi mál á þessu þingi og jafnhliða þeim muni verða gerðar ráðstafanir til þess að staðið verði við þær greiðslur sem bændur eiga rétt á samkvæmt gildandi jarðræktarlögum og verði gengið frá þeim málum á þessu ári."

Þetta eru orð þessara tveggja forustumanna ríkisstjórnarinnar í fjvn., formanns og varaformanns. Nú er það mál út af fyrir sig hvað það þjónar miklum tilgangi eða til hvers það er sérstaklega tilgreint að þetta uppgjör eigi að fara fram samhliða breytingum á búfjárræktarlögunum vegna þess að þau lög eru í gildi og þau hafa verið lögð til grundvallar við framkvæmd verka og þar af leiðandi er það allt annað mál en hitt, hvort menn kunna að gera breytingar á slíkum lögum. Það stendur í valdi hverrar ríkisstjórnar og það er vitanlega ekkert um það að segja. Meiri hlutinn ræður í þeim efnum eins og öðrum. En það er jafnóeðlilegt að skilyrða þessar breytingar eða skilyrða áfallnar greiðslur við breytingar á lögunum. En jafnvel þó þessu sé hvoru tveggja sleppt skiptir hitt enn meiru máli, og það er raunar aðalatriði málsins eins og það snýr við núna, að með þeirri afgreiðslu sem hér er að stefnt í lánsfjárlögum eru þessar heimildir dregnar til baka.

Í 23. gr. frv. til lánsfjárlaga segir, með leyfi forseta: „Þrátt fyrir ákvæði 10. gr. laga nr. 56/1987, jarðræktarlaga, skal framlag ríkissjóðs til jarðabóta eigi fara fram úr 100 millj. kr. á árinu 1989."

Heimildin er sem sagt einungis bundin við að greiða upp það sem út af stóð vegna framkvæmda ársins 1987 og yfirlýsingarnar sem formaður og varaformaður fjvn. voru þannig að hafa eftir hæstv. landbrh. eru að engu gerðar. 23. gr. segir með alveg skýrum hætti að það eigi alls ekki að greiða meira, heimildirnar ná ekki lengra en að greiða þær 100 millj. sem eru á fjárlögum — og vona ég að hæstv. fjmrh. heyri líka mitt mál. 24. gr. felur sams konar ákvörðun í sér. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 31/1973 um framlög til búfjárræktar skal framlag ríkissjóðs vegna búfjárræktarstyrkja falla niður á árinu 1989."

Það er sem sagt með ákaflega skýrum hætti tekið aftur sem var verið að hafa eftir hæstv. landbrh. við fjárlagagerðina. Orð hans eru að þessu leyti gerð marklaus.

Svo er rétt til viðbótar við þetta að hæstv. fjmrh. hefur efnt til nokkurs samráðs við fjvn. Alþingis sem ég held að öllum þeim sem þar hafa komið nærri hafi þótt til fyrirmyndar. Þar hefur m.a. verið fjallað um ýmsan tvískinnung sem hefur komið fram við afgreiðslu fjárlaga og aukafjárveitingar og annað slíkt — og hefur það verið málefnaleg umræða — sem mér hefur virst að hæstv. fjmrh. hafi sérstakan áhuga að leggja af og fjárveitinganefndarmenn. Þess vegna sætir það mikilli furðu að á sama tíma og menn eru að ræða saman á þeim nótum skuli vera efnt til jafnmikils tvískinnungs og hér er staðfestur.

Þetta vildi ég leggja áherslu á og það er af þessari ástæðu sem ég legg fram tillögur um að fella þessar tvær greinar niður. Þeir sem hafa treyst á orð og yfirlýsingar hæstv. landbrh. við fjárlagagerð hafa þar með eignast aftur vonina um að það næðist einhver árangur á grundvelli þeirra markmiða sem landbrh. hefur þannig sett fram. Það getur ekki gerst með því að hafa þessar tvær greinar, 23. og 24. gr., í þessu frv. og þess vegna legg ég til að þær verði felldar niður.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Virðulegur síðasti ræðumaður flytur tvær brtt. um að brott falli úr frv. til lánsfjárlaga tvær greinar, 23. og 24. gr. Þetta eru sambærilegar greinar og voru í síðast gildandi lánsfjárlögum og takmarka eða fella niður framlög til annars vegar jarðræktar og hins vegar búfjárræktar.

Það er verið að vinna að lagabreytingum í landbrn. hvað varðar þessi mál, sérstaklega jarðræktarlögin, og þær breytingar miða, eins og hefur reyndar komið fram í umræðunni, að því að breyta nokkuð hlutföllum og þar með útgjöldum til jarðræktarframlaga. Ætlunin er að draga úr eða fella jafnvel alveg niður styrki til ýmissa liða sem kallast mega framleiðsluhvetjandi eða afkastaaukandi í hinum hefðbundnu búgreinum þar sem þannig háttar til að ekki er þörf á meiri framleiðslu og ef eitthvað er jafnvel að draga hana saman. Það þykir því ekki vera að öllu leyti í takt við aðstæður dagsins í dag að halda inni í þessum lögum styrkjum og framlögum sem voru á sinni tíð hugsaðir til að auðvelda mönnum að auka framleiðslu og stækka bú sín, auka ræktun o.s.frv., voru eðlileg og þörf mjög á þeim tíma en eru í öllu falli miklum mun umdeilanlegri eins og aðstæður eru í dag.

Það er ætlunin að kynna í ríkisstjórninni alveg á næstunni drög að frv. um breytingar á jarðræktarlögunum og það er von mín að hægt verði að leggja slíkt frv. fyrir búnaðarþing sem kemur saman í byrjun annarrar viku héðan frá. Vinna að búfjárræktarlögum er nokkuð styttra komin, enda er þar um viðameiri breytingar að ræða að ýmsu leyti þó að þær séu minni í útgjöldum og ég get á þessu stigi ekki sagt mikið um hvenær hægt verður að kynna þar nýtt frv. eða frv. til breytinga á þeim lögum, en vonandi verður það einnig fljótlega.

Það var gefin um það yfirlýsing, eins og síðasti ræðumaður vitnaði hér til, að í tengslum við væntanlegar lagabreytingar, þegar jarðræktarlögunum yrði

breytt og útgjöldum þar breytt, yrði tekið á því hvernig fara skyldi með skuldir vegna framkvæmda á grundvelli gildandi laga og ég get ekki miklu við þá yfirlýsingu bætt annað en vitnað til hennar og að hún stendur og er gefin í umboði ríkisstjórnarinnar og með samþykkt meiri hl. fjvn. Eins og kunnugt er eru ýmsar leiðir færar þegar þannig háttar til að taka á sérstaklega á einstökum útgjaldamálum innan fjárlagaárs. Þá er það ýmist gert með því að afla útgjaldaheimilda sérstaklega í viðkomandi lögum eða semja með einhverjum hætti um greiðslur og von mín væri sú að unnt væri að ná sæmilegu samkomulagi um hvernig standa mætti að því að gera upp þessar útistandandi kröfur vegna gildandi laga e.t.v. á einhverjum tíma. Ég tek það fram að af minni hálfu hefur því uppgjöri ekki verið lofað innan þessa árs og að sjálfsögðu gæti það gerst að menn þyrftu, eins og hefur gerst á þessu ári og hinu síðasta, að færa að einhverju leyti til þessar greiðslur fram yfir áramót.

Ég held að öllum sé ljóst að það er tímabært að fara aftur yfir þessi ákvæði og breyta þeim og ég hef ekki orðið var við annað en að forsvarsmenn bænda séu því sammála. Að sjálfsögðu er ekki ætlunin að þarna verði eingöngu um breytingar að ræða sem takmarka útgjöld og skera á slíka styrki heldur einnig um endurskoðun að ræða sem taki tillit til breyttra aðstæðna, nútímaaðstæðna. Þannig gætu til að mynda komið inn nýir liðir sem þættu þá vera meira í takt við aðstæður og þörfina á framlögum af þessu tagi. Ég nefni þar sem dæmi kornyrkju, skjólbeltaræktun og því um líkt.

Herra forseti. Ég held að ég þurfi í sjálfu sér ekki miklu við þetta að bæta. Ég get tekið undir margt af því sem hv. flm. og síðasti ræðumaður sagði um þýðingu jarðræktarlaganna á sinni tíð og nauðsyn umbóta og breytinga í þessari atvinnugrein sem að sjálfsögðu er fyrir hendi nú eins og hefur ætíð verið. Einmitt þess vegna held ég að það sé tímabært eins og það er alltaf í raun að endurskoða löggjöf og láta hana vera sem best í samræmi við aðstæður líðandi stundar.

Tillaga flm. um að fella niður skerðingarákvæði 23. og 24. gr. frv. er því af góðum hug, það veit ég, en aðstæður hljóta að ráða úrslitum. Því miður var allri fjárlagagerð mjög þröngur stakkur sniðinn og þess vegna urðu menn að sætta sig við það í annað skiptið í röð að þessi útgjöld væru takmörkuð umfram fyrirmæli sérlaga eins og reyndar er gert í fjölmörgum tilvikum öðrum með skerðingarákvæðum í lánsfjárlagafrv., lögum ef af verður. Þannig er það að við sitjum uppi með þá niðurstöðu að þó að kóngur vilji sigla, þá hlýtur byrinn að ráða. Og þannig er það í þessu máli, því miður.

Egill Jónsson:

Herra forseti. Ég fagna því að hæstv. landbrh. skyldi taka þátt í þessari umræðu og það er mjög mikilvægt að hann skuli hafa staðfest skilning minn í þessum efnum. Það er þó tvennt alveg sérstaklega sem ég vildi taka fram og reyndar vakti nokkra undrun mína að hæstv. landbrh. talar um að hann vonist til þess að það sé hægt að komast að samkomulagi við bændur um afhendingu þessa fjár. Við hverja ætlar hann að semja um það? Það eru eitthvað milli 4 og 5 þús. manns í bændastéttinni og það er hverjum og einum þessara manna ákveðinn réttur í jarðræktarlögunum. Það eru engin samtök, hvorki Búnaðarfélagið né Stéttarsambandið, sem geta sett sig í einhverja samningsstöðu við bændur landsins um þá greiðslu sem nú er áfallin. Það er annað hvað verður sett inn í næstu jarðræktarlög. Það er bara annað mál. Auðvitað er ekki hægt að fara að öðru en því sem gildir hverju sinni og hér hefur verið ákveðið að það eigi ekki að inna þessa greiðslu af hendi. Allt samningstal um þessi efni eru þess vegna slaufur einar saman, hreinar slaufur.

Hitt atriðið sem ég undirstrika alveg sérstaklega í þessum efnum er að landbrh. segir að yfirlýsingar hans standi enn þá. Það er að því leyti rétt að þær standa meðan ekki er búið að samþykkja lánsfjárlögin, það er hárrétt, en þegar búið er að samþykkja lánsfjárlög standa þær ekki lengur. Hér er, með leyfi forseta, sagt með alveg skýrum hætti gagnvart jarðræktarlögunum: „Skal framlag ríkissjóðs til jarðabóta eigi fara fram úr 100 millj. kr. á árinu 1989." Það er hvergi nokkurs staðar minnst á að það eigi að taka mið af yfirlýsingum landbrh. í þessum efnum. Það er kveðið skýrt á um að þær eigi ekki að hafa að nokkrum sköpuðum hlut. Í 24. gr. segir um framlög til búfjárræktar: „Skal framlag ríkissjóðs vegna búfjárræktarstyrkja falla niður á árinu 1989." Menn geta hver og einn borið þessar lagagreinar saman við yfirlýsingar sem voru gefnar áður en þessi afgreiðsla fer fram.

Það sem kom hins vegar fram, og ég skal ekkert draga það undan, í máli hæstv. landbrh., þó að það væri sett fram af gætni, var að það væri hægt að setja inn ákvæði, setja lög sem kvæðu á um annað á árinu. Auðvitað er það hægt. En til hvers er þá verið að setja þetta? Því í ósköpunum er þá verið að setja inn þessar greinar ef menn ætla sér að ganga frá þessum málum með löggjöf? Liggur það kannski ekki alveg ljóst fyrir hvort sú löggjöf næst fram á Alþingi? Ef svo er ekki, þ.e. ef hæstv. landbrh. hefur það ekki í hendinni að koma þeirri löggjöf fram, sjá allir að hverju er stefnt hér og hver er niðurstaðan og hvað mikið hald er í þeim yfirlýsingum sem hann hefur gefið. Það liggur alveg ljóst fyrir.

Efnislega ætla ég ekki að tala um jarðræktarlögin hér, en ég vil hins vegar minna hæstv. landbrh. á að þau eru ekki orðin gömul. Þau eru frá árinu 1987. Þá var farið mjög vandlega yfir jarðræktarlögin og þeim var einmitt breytt með tilliti til breyttra aðstæðna. Ég man ekki betur en t.d. það ákvæði sem hann talaði hér sérstaklega um, skjólbeltaræktun, sé í jarðræktarlögunum, stuðningur við skjólbeltaræktun, a.m.k. í skógræktarlögunum. Þar er ekki nein nýjung á ferð. Auk þess sem í þeim efnum hafa verið á síðustu árum, m.a. á síðustu fjárlögum, gerðar ráðstafanir til að efla ræktun skóga í hefðbundnum landbúnaði.

Ég dreg ekki í efa vilja hæstv. landbrh. og það var því víðs fjarri að ég væri að óska eftir því að hann tæki þátt í þessari umræðu vegna þess að ég hefði einhverja sérstaka þörf fyrir að koma á hann höggi, það er víðs fjarri því, en það er mikilvægt að hann hefur staðfest það sem ég sagði áðan í fyrri ræðu minni. Hann ræddi að vísu ekki um siðferðisþáttinn í þessum málum. Ég mótmæli því að skerðingar á jarðræktarlögum og búfjárræktarlögum séu sama eðlis og aðrar hliðstæðar ákvarðanir vegna þess að það er búið að stofna til útgjaldanna áður en tekin er ákvörðun um að skerða. Það er grundvallaratriði að menn átti sig á því. Ákvörðun um að greiða ekki jarðabótastyrk er ákvörðun um að afhenda ekki það fjármagn sem menn voru í góðri trú um að eiga rétt á þegar þeir unnu framkvæmdina og þegar þeir stofnuðu til hennar. Það er alveg grundvallarmunur á því hvort ríkisstjórnin breytir lögunum eða hvort hún gengur á þann rétt sem hefur gilt og ákvarðanir manna byggðust á á sl. ári.

En hér höfum við sem sagt fengið staðfestingu á því hvernig þessi mál standa og nú ættu menn, ef mönnum er alvara með að það eigi að nást fram endurskoðun á þessum lögum á þessu ári og ef menn í einlægni ætla að vinna að lausn þessa máls í bærilegri sátt, að manna sig upp og kippa þessum tveimur greinum í burtu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ríkisreikningar 1981–1986, 1. umr.

Stjfrv., 142. mál. — Þskj. 149.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég vék að því fyrr í dag í umræðum um frv. til lánsfjárlaga að ég hefði beitt mér fyrir því að fyrir Alþingi yrðu lögð frumvörp um ríkisreikninga fyrir allmörg undanfarin ár. Ég vék jafnframt að því að það hefði verið eitt af einkennum losaralegra vinnubragða á þessu sviði bæði af hálfu þings og ríkisstjórna á undanförnum áratug að ekki hefði nægilega vel verið fylgt þeim nauðsynlegu formum og efnislegri meðferð um fjármál ríkisins sem felst í því að leggja fram ríkisreikninga og samþykkja samsvarandi fjáraukalög gagnvart liðnum árum. Ég ákvað þess vegna fljótlega eftir að ég kom í fjmrn. að leggja fram á Alþingi þau frv. sem ég mæli hér fyrir og reyndar önnur sem tengjast þessu hreingerningarstarfi.

Ég fagna því að þessi frumvörp hafa fengið greiðan aðgang í gegnum Nd. þingsins og vænti þess einnig að svo verði í þessari hv. deild. Þau gætu að ýmsu leyti skapað tækifæri til að ræða um meðferð ríkisfjármála á þeim áratug sem nú er senn á enda. Í sjálfu sér getur það einnig gerst þegar mælt verður fyrir uppgjöri ársins 1987 sem ég ætla mér að reyna að gera einnig á þessu hv. Alþingi.

Reyndin er sú að það má margvíslegan lærdóm draga af þeim gögnum sem hér eru fram lögð og það eina sem kemur kannski í veg fyrir að þingið verji nauðsynlegum tíma til þess er að þetta heyrir meira sögunni til en þeim brýnu viðfangsefnum sem þingið er alla jafnan að fást við á hverjum tíma.

Það er í sjálfu sér slæmt að frv. af þessu tagi séu lögð fram mörgum, mörgum árum eftir að atburðirnir hafa átt sér stað vegna þess að þá er hvorki áhugi hjá þingi né þjóð að taka þau til ítarlegrar meðferðar. Ég vona hins vegar að á næstu árum muni þeir sem í stóli fjmrh. sitja tryggja að þingið fái samsvarandi frumvörp til umfjöllunar svo snemma að áhugi þings og þjóðar á að ræða ítarlega niðurstöðu áranna sé nægilega vakandi til að tryggja að menn dragi nauðsynlega lærdóma af þessari reynslu og breyti hegðun sinni í nútíðinni í samræmi við það.

Samkvæmt samráði við lögfróða menn var talið rétt að flytja þetta til hagræðis í þeim búningi sem það er hér lagt fram og vonast ég til þess að að lokinni umræðu í þessari hv. deild verði frv. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 16 shlj. atkv.

Ríkisreikningur 1979, 1. umr.

Stjfrv., 159. mál. — Þskj. 170.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Þótt það hafi verið ærið verk út af fyrir sig að leggja fyrir ríkisreikninga frá þessum áratug kom hins vegar í ljós við nánari athugun að í meðferð þingsins hafði á sínum tíma ekki verið lokið samþykkt ríkisreiknings fyrir árið 1979. Það er satt að segja dálítið lærdómsríkt fyrir þingið og störf þess á undanförnum árum, á þeim áratug sem nú er senn á enda að ekki skuli hafa vaknað upp óskir um að málið væri afgreitt og þingheimur unað við að þessi formskylda væri ekki uppfyllt. Ég ákvað þess vegna einnig að leggja fyrir þingið ríkisreikninginn fyrir árið 1979 þótt ærið langur tími sé liðinn síðan þeir atburðir gerðust sem hann skráir og, ef ég man rétt, 5–6 fjármálaráðherrar setið síðan og allnokkrar ríkisstjórnir.

Ég mælist þess vegna til þess að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. fjh.- og viðskn. svo að það megi fá samsvarandi meðferð í nefndinni og þau frumvörp sem ég mælti fyrir áðan.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Um þingsköp.
Frestun þingfundar.

Egill Jónsson:
Herra forseti. Ég vek alveg sérstaka athygli á því að nú er fundi frestað og ástæðan fyrir þessari frestun er sú að stjórnarliðið er ekki tiltækt til þess að ganga til atkvæða. Ég óskaði eftir því fyrr á þessum fundi að landbrh. yrði viðstaddur umræðuna og ég hafði sérstaklega leitað eftir því fyrir einum degi að svo yrði. Þetta var tekið heldur óstinnt upp og sérstaklega var það forustumaður stjórnarliðsins í þessari deild, hv. 3. þm. Vesturl., sem hafði mörg orð um þetta, bæði í hliðarherbergjum og eins úr þessum stóli.

Ég hlýt að mótmæla þessari frestun, herra forseti, og ekki síst með tilliti til þeirra aðdróttana sem hafa komið fram fyrr á þessum fundi í garð stjórnarandstöðunnar um vinnubrögð í þessari þingdeild á þessum degi.

Halldór Blöndal:
Herra forseti. Við sömdum um að hér skyldu umræður hefjast kl. 10 árdegis vegna þess að ég og ýmsir aðrir þingmenn höfðum ráðgert fundahöld í okkar kjördæmum og ég var þess vegna mjög ánægður yfir því að um það skyldi hafa náðst samkomulag.

Hins vegar vil ég vekja athygli á því að um leið var frá því gengið að ekki yrði efnt vísvitandi til óþarfa tafa. Nú hefur það í fyrsta lagi gerst að hæstv. landbrh. var ekki viðstaddur umræðuna og átti honum þó að vera kunnugt að einn af þingmönnum stjórnarandstöðunnar hafði sérstaklega beðið um að hann yrði viðstaddur. Í öðru lagi hafði ég beðið þrásinnis um í morgun að hæstv. forsrh. yrði viðstaddur umræðuna að einhverju leyti. Hann er víðs fjarri.

Ég vil enn fremur benda á að hæstv. fjmrh. hefur ekki svarað þeim spurningum sem til hans var beint við 2. umr. frv. um lánsfjárlög þannig að nauðsynlegt er að taka málið upp að nýju við 3. umr. og dráttur nú er þess vegna fullkomlega óþolandi og óskiljanlegur. Ég mælist til þess við hæstv. forseta að þingstörf megi ganga eðlilega fyrir sig, að atkvæðagreiðsla geti orðið nú þegar. Það er ætlast til þess af stjórnarandstöðunni að hún sé hér ævinlega viðstödd. Það er meira að segja með önuglyndi af einstökum ráðherrum og einstökum þingmönnum stjórnarmeirihlutans ef stjórnarandstaðan vill halda fram sínum rétti, dylgjur um að við höfum ekki staðið við það sem við sömdum um þegar sjálf verkstjórnin við umræðurnar er öll í ólagi. Ég er ekki að kenna hæstv. forseta um það, en það hefur verið svo allan daginn í dag að fundahöld hafa verið uppi í Ed. og Nd. samtímis um mál þau sem hafa í rauninni kallað á nálægð forsrh. á báðum stöðum og ég heyrði í dag m.a. að um skeið var í sjálfu sér ekki hægt að halda þar umræðum áfram vegna þess að tveir þeirra ráðherra sem mjög snertu það mál sem var á dagskrá voru víðs fjarri.

Ég vil þess vegna enn beina því til hæstv. forseta að störf deildarinnar gangi eðlilega fyrir sig.

Forseti (Jón Helgason):
Ég vil taka það fram að ég tel mig hafa reynt að koma til móts við óskir stjórnarandstöðunnar um fyrirkomulag vinnubragða eins og frekast er kostur og ég tel ekki óeðlilegt þó að það sé gefið kaffihlé í 10 mínútur.

Halldór Blöndal:
Herra forseti. Ég er alveg sammála því að ekki er óeðlilegt að það sé gefið kaffihlé. Það komu hér menn sem þurftu að fá hjá mér upplýsingar varðandi frv. til lánsfjárlaga áðan og hefði ég vitað um að hugmyndin var að gefa kaffihlé hefði ég að sjálfsögðu beðið þá að bíða þangað til. En vegna þess að ég hélt að hér yrði haldið sleitulaust áfram talaði ég við þá þegar þeir voru hér og missti af þeim sökum af lokum umræðunnar um lánsfjárlögin við 2. umr.

En ég vil mælast til þess eftirleiðis að stjórnarandstaðan fái þá að vita um það eins og stjórnarmeirihlutinn ef hugmyndin er sú að það séu veitt sérstök kaffihlé. — [Fundarhlé.]

Lánsfjárlög 1989, frh. 2. umr.

Stjfrv., 103. mál. — Þskj. 106, n. 485 og 505, brtt. 486, 507.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 486,1 (ný 1. gr.) samþ. með 10:1 atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 486,2 samþ. með 11 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 486,3 samþ. með 13 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 486,4 (ný gr., verður 6. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 486,5 samþ. með 14 shlj. atkv.
6. gr. (verður 7. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 486,6 samþ. með 11 shlj. atkv.
7. gr. (verður 8. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 486,7 (nýjar gr., verða 9.–13. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 486,8 samþ. með 13 shlj. atkv.
8. gr. (verður 14. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
9. gr. (verður 15. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 486,9 samþ. með 11 shlj. atkv.
10. gr. (verður 16. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
11.–18. gr. (verða 17.–24. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 486,10 (ný 19. gr., verður 25. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
20. gr. (verður 26. gr.) samþ. með 11:8 atkv.
21. gr. (verður 27. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 486,11 (22. gr., verður 28. gr., falli brott) samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 507 kölluð aftur til 3. umr.

23.–24. gr. (verða 28.–29. gr.) samþ. með 11:8 atkv.

25. gr. (verður 30. gr.) samþ. með 11:4 atkv.

Brtt. 486,12 samþ. með 11:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EG, HÁ, JE, KSG, KP, MF, SkA, StG, SvG, VS, JHelg.

nei: EgJ, SP, GuðmÁ, GHG, GA, HBl, JúlS, SalÞ, ÞK, BKL.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Það er mjög erfitt fyrir mig að segja já við þessari tillögu, en vegna þess hvernig fyrrv. ríkisstjórn skilaði af sér neyðast menn til að gera ýmsa hluti og þess vegna segi ég já.

26. gr. (verður 31. gr.), svo breytt, samþ. með 11:8 atkv.

27. gr. (verður 32. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 486,13 (ný gr., verður 33. gr.) samþ. með 11:1 atkv.

Brtt. 486,14 samþ. með 11 shlj. atkv.

28. gr. (verður 34. gr.), svo breytt, samþ. með 11:1 atkv.

29. gr. (verður 35. gr.) samþ. með 11:8 atkv.

30.–34. gr. (verða 36.–40. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 486,15 (35. gr., verður 41. gr., falli brott) samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 486,16 samþ. með 11 shlj. atkv.

36. gr. (verður 41. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

37.–40. gr. (verða 42.–45. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

EFRI DEILD

58. fundur, föstudaginn 17. febr., að loknum 57. fundi.

Verðlag, samkeppnishömlur og óréttmætir viðskiptahættir, 3. umr.

Stjfrv., 243. mál (Verðlagsráð, skýrslur og verðlagning á orku). — Þskj. 448.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Lánsfjárlög 1989, 3. umr.

Stjfrv., 103. mál. — Þskj. 512, brtt. 507.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það er ánægjuefni að ríkisstjórnin skuli þegar hafa samþykkt að lántökugjald af erlendum lánum sem tekin eru vegna verkefna innlendra skipasmíðastöðva skuli ekki innheimt og geri ég ráð fyrir að ríkisstjórnin muni láta athuga sérstaklega hvort nauðsynlegt sé að beita sérstakri lagaheimild til að þetta megi koma fram, en þetta var upplýst í umræðunum fyrr í dag af hæstv. viðskrh. og er auðvitað mikið ánægjuefni fyrir okkur sem höfum verið sérstakir talsmenn skipasmíðastöðvanna.

Ég vil líka lýsa yfir ánægju minni yfir því að það skuli hafa náðst samkomulag um að eftir atvikum geti lánsfjárhæðin farið upp í 85% vegna þess að við vitum að skipasmíðaiðnaður hér á landi stendur höllum fæti gagnvart erlendri samkeppni, ekki síst vegna þess að skipasmíðastöðvar í okkar helstu samkeppnislöndum njóta ekki þess einungis að þar í landi eru ríkisstjórnir sem hafa skilning á atvinnurekstrinum heldur njóta skipasmíðastöðvarnar þar margvíslegra hlunninda og niðurgreiðslu, ekki síst á lánsfjárkostnaði. Hér aftur á móti búa skipasmíðastöðvarnar við að gengið er rangt skráð og auðvitað mjög undarlegt í ljósi þeirra ummæla sem hæstv. fjmrh. hafði fyrr í dag að upplýsingar hafa borist um það frá Seðlabanka Íslands að ríkisstjórnin stefnir að því að gengi krónunnar fari hækkandi á þessu ári gagnstætt því sem lýst hefur verið yfir hér við umræðurnar. Ég vil, herra forseti, láta í ljós ánægju mína yfir því að það skyldi hafa tekist að fá ríkisstjórnina til þess að fallast á að ekki sé réttmætt að lántökugjaldið sé lagt á lán vegna verkefna í skipasmíðastöðvum, lýsi yfir sérstakri ánægju minni yfir því.

Í öðru lagi vil ég víkja að því að ég tel óhjákvæmilegt að lántökugjaldið verði jafnframt fellt niður af lánum sem veitt eru til skuldbreytingar hjá útflutningsfyrirtækjum eða samkeppnisfyrirtækjum, en þegar frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum var samþykkt í þinginu var sérstaklega gert ráð fyrir því að ríkisstjórnin hefði heimildir til að fella lántökugjaldið niður þegar um samræmdar aðgerðir væri að tefla til uppbyggingar eða endurreisnar á fyrirtækjum í vissum atvinnugreinum. Auðvitað dettur manni í hug að lán sem t.d. eru tekin vegna skuldbreytingar hjá loðdýraræktinni, til þess að styrkja fjárhagslegan grundvöll t.d. fyrirtækja í ullariðnaði, þegar við erum að tala um hvernig hægt sé að koma til móts við

fyrirtæki og byggðarlög þar sem atvinnuástand er mjög bágborið, ég tala ekki um þar sem atvinnuleysi hefur staðið svo mánuðum skiptir, einmitt í slíkum byggðarlögum er nauðsyn á því að þetta sérstaka 6% lántökugjald verði ekki á lagt.

Nú hefur hæstv. iðnrh. lýst því yfir að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir því að atvinnulífið verði — ég man ekki hvernig hann komst að orði — tryggt með nýjum fyrirtækjum og nýrri starfsemi þar sem óhjákvæmilegt væri að hin eldri fyrirtæki færu á höfuðið. Það ætti m.ö.o. að blása nýju lífi í atvinnulífið á þessum stöðum.

Nú hefur hins vegar hæstv. fjmrh. verið algerlega ófáanlegur til að skýra frá því hvaða viðræður hafa farið fram milli hans og hæstv. forsrh. um hvers eðlis þær ráðstafanir eru sem ríkisstjórnin hefur í hyggju í þessu sambandi. En ég bað einmitt um það, hæstv. forseti, fyrr í dag að hæstv. forsrh. kæmi vegna þeirra yfirlýsinga sem hann hefur verið að gefa um landsbyggðina. Ég hefði að vísu sætt mig við það ef ég fengi endursögn hæstv. fjmrh. af skoðunum hæstv. forsrh., en nú hefur hæstv. fjmrh. alls ekki fengist til þess að skýra þingdeildinni frá því hvað forsrh. hefur í hyggju þannig að ég verð að láta í ljós sérstaka óánægju yfir því að virðingin fyrir rétti þingmanna til að krefja ráðherra svara skuli ekki vera meiri hjá stjórnarmeirihlutanum en raun ber vitni. Við verðum vör við á hverjum degi að ráðherrar reyna að þegja og þegja og þegja, sérstaklega hæstv. sjútvrh., honum þykir gott að þegja, og skil ég það í þeim félagsskap sem hann er uppi í Stjórnarráði að hann telji það best vegna sjálfs sín og annarra að segja sem minnst frá því sem gerist í þeim hóp. En hæstv. fjmrh. segir að stundum daglega, hvern einasta dag og aldrei sjaldnar en vikulega sé ríkisstjórnin og ráðherrarnir að tala saman um hvernig þeir geti bjargað einstökum fyrirtækjum úti á landsbyggðinni. Hæstv. fjmrh. talaði um þegar hann var nýsestur í stólinn að það væri nauðsynlegt að þeir gætu kippt í spottana, ráðherrarnir, á stjórnarmönnum fjölskyldusjóðs Stefáns Valgeirssonar til þess að það væri hægt að skipuleggja það ofan frá hvernig hægt væri að breyta eignaraðild fyrirtækjanna. Hann sagði að það væri nauðsynlegt að koma tilteknum fyrirtækjum á höfuðið og hefur nú orðið vel ágengt í því satt að segja. Nú talar hann um að það eigi að blása lífinu í ný fyrirtæki á þessum stöðum og ríkisstjórnin ætli að koma til skjalanna. Hvernig hugsar hæstv. fjmrh. sér að gera það?

Hann sagði áðan að í stjórn Atvinnutryggingarsjóðsins væru ginnheilagir menn. Hann sagði í september að þeir ættu að hlíta fyrirmælum og pólitískri stjórn meiri hlutans, ríkisstjórnarinnar, og sagði að það væri ógerningur að hafa bankalega stjórn á þessu fyrirbæri, Atvinnutryggingarsjóðnum, vegna þess að það þyrfti að stjórna þessum lánveitingum og þessari fyrirgreiðslu pólitískt eftir þeim viðhorfum sem væru ráðandi í ríkisstjórninni. Nú segir hæstv. fjmrh. að þessi nýja stofnun sé svo vel undirbyggð að þar séu vinnubrögð vandaðri en í einstökum bankastofnunum og hjá einstökum fjárfestingarlánasjóðum og þykist geta lagt mat á það.

Ég leyfi mér að lýsa því yfir að ég hef af því sannar spurnir að í fleiri en einu tilviki og fleiri en tveimur hefur verið beitt pólitískum þrýstingi í sambandi við afgreiðslu mála í stjórn Atvinnutryggingarsjóðs, enda er þar einvörðungu um pólitíska fulltrúa að ræða. Það gefur líka tilefni til að skilja betur en ella hvers eðlis þessi starfsemi er að ríkisstjórnin bauð það fram í stjórnarmyndunarviðræðum við Borgfl. að sá flokkur mundi einnig fá pólitískan fulltrúa inn í stjórn Atvinnutryggingarsjóðsins ef ríkisstjórnin segði af sér og ný yrði mynduð með Borgfl., ef til samkomulags kæmi með Borgfl. Þetta er ekki rangt. Það er deginum ljósara að þarna hefur verið um pólitískt makk að ræða í samræmi við þær yfirlýsingar sem fjmrh. gaf fyrr í haust.

Ég skal ekki, herra forseti, hafa um þetta fleiri orð. Í fyrsta lagi fagna ég því að lántökugjaldið skuli nú verða fellt niður af verkefnum til skipasmíðaiðnaðar, að fá algjörlega úr því skorið, svart á hvítu, og í öðru lagi ítreka ég fyrirspurn mína til hæstv. fjmrh.: Hversu verður háttað ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar til að byggja upp á ný atvinnustarfsemi í þeim byggðarlögum þar sem atvinnuleysi hefur verið verulegt eða vofir yfir?

Ég tel, herra forseti, að deildin eigi skýlausan rétt á því í tengslum við lánsfjárlögin að fá svör við þessari spurningu vegna þess að við erum hér að fjalla um fjárhag þeirra sjóða sem þurfa ríkisábyrgð til að geta gegnt því hlutverki sem ríkisstjórnin hefur falið þeim.

Egill Jónsson:

Herra forseti. Það kom skýrt fram við atkvæðagreiðslu um lánsfjárlögin hver hugur þingdeildarinnar stæði til 23.–24. gr. frv., einmitt þeirra greina sem ég hef gert tillögur um að yrðu felldar niður, og ég er þakklátur fyrir þann mikla stuðning sem þar kom fram. En með því að afstaða deildarinnar liggur fyrir sé ég ekki ástæðu til þess að brtt. mínar gangi til atkvæða.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Þegar hv. þm. Halldór Blöndal fagnar einhverju talar hann yfirleitt gegn betri vitund og svo var einnig í dag. Hv. þm. Halldór Blöndal veit ósköp vel, vegna þess að ég greindi honum frá því utan umræðna í þessari hv. deild fyrir skömmu, að ríkisstjórnin hefur ekki tekið formlega ákvörðun um hvaða einstakar atvinnugreinar eða fyrirtæki eða tegundir lána verða undanþegin erlenda lántökuskattinum samkvæmt sérstakri heimild sem sett var inn í lögin um þennan skatt fyrir jólin.

Ástæðan er einfaldlega sú að ég hef sem fjmrh. kosið að hafa við þá formlegu ákvörðun ákveðnar almennar reglur sem hægt sé að vísa til en vera ekki að tína út eina og eina grein eða eina og eina tegund lána eftir geðþóttaákvörðunum, þrýstingi eða ákveðnu mati. Þetta veit hv. þm. ósköp vel vegna

þess að ég greindi honum frá því áðan. Það breytir því ekki, eins og ég sagði við 2. umr. þessa máls, að lánveitingar til skipasmíðaiðnaðar og til sérstakra byggðamála og atvinnumála þeirra byggðarlaga sem eru sérstaklega illa á vegi stödd eru að mínum dómi efst á blaði í þessum efnum. Það segir auðvitað efnislega mikið um málið. En ákvörðun hefur ekki verið tekin, hv. þm., og ég vænti þess að hv. þm. kunni greinarmun á afstöðu og viðhorfum og ákvörðunum.

Ástæðan fyrir því að ákvörðunin hefur ekki verið tekin er einfaldlega sú meginregla, sem við höfum fylgt í þessu máli, að móta almennar reglur um vinnubrögð í atvinnumálum en tíðka ekki þær pólitísku geðþóttaákvarðanir sem hv. þm. Halldór Blöndal og flokkur hans hefur verið frægur fyrir um langan tíma vegna þess að hv. þm. Halldór Blöndal situr sem sérstakur pólitískur kommissar Sjálfstfl. í bankaráðum og sjóðakerfi til að gæta þar pólitískra hagsmuna Sjálfstfl., hefur setið lengi og ætlar sér að sitja lengi enn.

Við höfum aftur á móti í þessari ríkisstjórn reynt að tryggja fagleg og eðlileg vinnubrögð í þessum málum og það verður einnig gert í þessu máli og varðandi atvinnumál þeirra byggðarlaga sem hann einnig vék að í seinni hluta sinnar ræðu. Í þeim efnum er algjör samstaða innan ríkisstjórnarinnar, fullkomin og eindregin. Þar gilda þau sömu vinnubrögð og hafa gilt við starfsemi Atvinnutryggingarsjóðs að þar séu málin faglega metin og ítarlega og skoðuð út frá þeim sjónarmiðum sem tryggja rekstrarlega sterka stöðu og almennt faglegt mat.

Enn þá einu sinni í þessari ræðu vogaði hv. þm. Halldór Blöndal sér að tala um Atvinnutryggingarsjóðinn sem fjölskyldusjóð Stefáns Valgeirssonar í niðrandi merkingu. Það átti að þjóna þeim tilgangi að reyna að koma pólitískum misnotkunarstimpli á þennan sjóð þó að ég beri meiri virðingu fyrir Stefáni Valgeirssyni en mörgum öðrum sem nálægt málum hafa komið í þessu landi á undanförnum áratugum.

Þegar Atvinnutryggingarsjóðurinn var settur á laggirnar flutti hv. þm. Halldór Blöndal hér margar ræður um að þarna yrði á ferðinni pólitísk misnotkun, pólitískar gæðaúthlutanir, einhver sérstök skussastarfsemi, vegna þess að hann bjóst við því að þessi sjóður mundi starfa eins og þeir sjóðir og stofnanir sem Sjálfstfl. hefur byggt upp í gegnum tíðina og alltaf hafa þjónað þeim fjölskylduhagsmunum Sjálfstfl. í atvinnumálum sem þessi sérstakur þingmaður Engeyjarættarinnar og fjölskyldufyrirtækjanna í Sjálfstfl. hefur tekið að sér að gæta hér á undanförnum árum af því að hann er bara gamaldags pólitíkus í ætt við gömlu fyrirgreiðslupólitíkusa Sjálfstfl. sem fara inn í bankaráðin og sjóðakerfið til að tryggja pólitíska fyrirgreiðslu. Hann hélt auðvitað að þessi starfsemi yrði á þennan veg, en svo var auðvitað ekki. Nú hafa menn marga mánuði þar sem menn geta litið yfir reynsluna. Og hver er hún? Hún er á þann veg að hv. þm. Halldór Blöndal getur ekki nefnt eitt einasta dæmi um afgreiðslu Atvinnutryggingarsjóðs þar sem ekki hefur verið gætt faglegra, rekstrarlegra og efnahagslegra sjónarmiða, ekki eitt einasta dæmi. Eins og forustumenn í atvinnulífi og peningakerfi þessa lands vita fullvel hafa þarna verið faglegri og efnislegri vinnubrögð en á velflestum öðrum sviðum. Það eru nákvæmlega sömu vinnubrögð sem einnig verða viðhöfð varðandi björgunarstarfsemi atvinnulífs þeirra byggðarlaga sem sérstaklega þarf að styrkja. Þar verður ekki um það að ræða að það verði tínt úr eftir einhverjum pólitískum sérhagsmunum eins og Sjálfstfl. hefur gert í gegnum tíðina þegar hann beitti sér fyrir pólitískum fjárfestingum í sjávarútvegi og annars staðar allt í kringum landið af því að hann þurfti að vega upp á móti frystihúsum og atvinnufyrirtækjum Sambandsins, sem tengd voru Framsfl., sérstök íhaldsfyrirtæki einnig. Það þekki ég t.d. frá Þingeyri við Dýrafjörð ef hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson vill fara yfir sögu þessara byggðarlaga (**GHG:** Ég sagði ekki neitt.) þar sem pólitísk fjárfesting Sjálfstfl. réði ríkjum. Ein af meginástæðum fyrir því hvernig er komið fyrir atvinnulífi þessa lands er að pólitískir kommissarar Sjálfstfl., hvort sem það er í Byggðastofnun, Búnaðarbankanum eða annars staðar, hafa misnotað aðstöðu sína til að láta pólitísk sjónarmið vega meira í fyrirgreiðslu en rekstrarlegt og efnahagslegt mat. Það er í þeim anda að hv. þm. Halldór Blöndal skuli enn á ný hér vera talsmaður þessara viðhorfa og skuli ekki geta skilið að nú er runnin upp sú tíð í þessari stjórn að það verða fagleg, rekstrarleg og almenn sjónarmið sem þarna ráða.

Það hefur komið fram hvað eftir annað, og er hægt að endurtaka hér enn á ný fyrir hv. þm. Halldór Blöndal ef hann hefur ekki skilið það, að þessi ríkisstjórn tók fagnandi þeirri tillögu Sjálfstfl. og Kvennalistans, sem Kvennalistinn var höfundur að, að setja upp sérstakan hlutabréfasjóð við Byggðastofnun til að styrkja eiginfjárstöðu þeirra fyrirtækja sem sérstaklega þurfa þess stuðnings með, ekki út frá pólitískum sérhagsmunasjónarmiðum heldur út frá almennum rekstrarlegum og byggðalegum sjónarmiðum. Eins og hvað eftir annað hefur komið fram og er hægt að segja enn á ný svo þingmaðurinn loksins skilji það munu þau fyrirtæki sem ekki hafa staðist þær faglegu og rekstrarlegu kröfur sem Atvinnutryggingarsjóður hefur sett en eru talin meginburðarásar í atvinnulífi byggðarlaganna sérstaklega verða skoðuð út frá því sjónarmiði, faglega og rekstrarlega og almennt séð en ekki út frá einhverri sérstakri pólitískri fyrirgreiðslu, hvort hægt sé að tryggja atvinnulífið í þessum byggðarlögum með því að veita auknu eigin fé inn í þessi fyrirtæki, m.a. frá bönkunum og fjárfestingarlánasjóðunum sem lánað hafa þessum fyrirtækjum.

Við væntum þess að stór hluti þessara fyrirtækja geti fengið trausta rekstrarstöðu með þessari aðferð. En það er hins vegar ljóst, því miður, að það er ákveðinn hluti fyrirtækja sem eru svo illa á sig komin að það verður að gera þau upp á gjaldþrotagrundvelli. Ríkisstjórnin hefur hins vegar mótað þá stefnu

að ef þau fyrirtæki hafa verið burðarásar í atvinnulífi heilla byggðarlaga verði reynt að tryggja það með almennum hætti en ekki sérstakri pólitískri fyrirgreiðslu að ný fyrirtæki geti tekið þar til starfa með sterkari rekstrarstöðu, trausta eiginfjárstöðu og möguleika til að starfa áfram með eðlilegum hætti.

Ég sé það á hv. deildarmönnum að þeim finnst kannski að eðlilegra hefði verið að ég hefði svarað hv. þm. Halldóri Blöndal á tveimur þremur mínútum einhverjum innantómum kurteisisorðum. En ég verð að segja að mér er farið að ofbjóða að sitja undir þessum málflutningi dag eftir dag og viku eftir viku, endalausu kjaftæði sem ekki á nein tengsl við raunveruleikann þar sem mistúlkað, rangtúlkað og ranghermt er það sem menn hafa sagt eins og þegar hann var að fara með fullyrðingar sem hann sagði að ég hefði sagt fyrir mörgum vikum eða mánuðum og hvergi er hægt að finna stað í mínum ummælum.

Auðvitað er hægt að þróa málflutning á Alþingi með þessum hætti, en þjónar það þeim tilgangi að taka alvarlega á málefnum þessarar þjóðar? Þjónar það þeim tilgangi að treysta í raun og veru atvinnulíf landsbyggðarinnar? Þjónar það þeim tilgangi að þróa íslenskt þjóðfélag úr gamla fyrirgreiðsluþjóðfélaginu þar sem flokkspólitískir hagsmunir réðu mestu um fjárfestingar í atvinnulífinu yfir í eðlilegt, faglegt og rekstrarlegt þjóðfélag þar sem almennir hagsmunir fólksins sitja í fyrirrúmi og almenn rekstrarleg sjónarmið ráða því hvaða rekstur fyrirtækjanna lifir og hver ekki. Ég hélt satt að segja að Sjálfstfl. vildi nútímavinnubrögð í þessum efnum. Ég hélt satt að segja að Sjálfstfl. mundi taka undir það þegar menn vilja flytja þetta þjóðfélag úr gamla pólitíska fyrirgreiðsluþjóðfélaginu yfir á hið almenna siðgæðisstig sem tíðkast í flestum nágrannalöndum okkar. En mér finnst margt í málflutningi Halldórs Blöndals hér og áður benda til þess að hann vilji áfram viðhalda hinu gamla fyrirgreiðslukerfi.

Við stöndum þess vegna frammi fyrir því þegar reynslan af Atvinnutryggingarsjóði sýnir okkur hvernig hægt er að vinna að þessum málum og reglugerðin um hlutabréfasjóðinn sem hæstv. ríkisstjórn hefur kynnt stjórnarandstöðu sýnir hvernig á í framhaldi að halda áfram að vinna að málunum með þessum hætti og tekið var undir tillögur Sjálfstfl. og Kvennalistans í þessum efnum. Þá stóð ég í þeirri trú að menn ætluðu kannski að sameinast um það að taka upp faglegri og nútímalegri vinnubrögð í þessum efnum. Ég vona að svo verði enn vegna þess að það er allt of dýrt fyrir þetta þjóðfélag að halda uppi fjárfestingarkapphlaupi sem stafar fyrst og fremst af varðveislu pólitískra sérhagsmuna eða einhvers annarlegs samtryggingarkerfis sem hefur orðið þessu þjóðfélagi allt of dýrt.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Vegna þeirra orða sem hér hafa fallið um skipasmíðaiðnaðinn og fyrirgreiðslu til hans vildi ég að eftirfarandi kæmi fram: að iðnrh. gerði tillögu til ríkisstjórnarinnar 10. febr. um að Byggðastofnun fái heimild til erlendrar lántöku, allt að 200 millj. kr. á lánsfjárlögum 1989, vegna skipaviðgerða hér á landi. Andvirði þessa láns verði notað til að endurlána þeim aðilum sem láta gera endurbætur á skipum sínum innan lands. Stjórn Byggðastofnunar ákveði endurlánin samkvæmt sérstökum reglum og meginefni þeirra verði nánar tilgreint í fylgiskjali með þessari tillögu, með þeirri breytingu þó að hámark þessara lána verði hækkað í 85% af kostnaði við endurbæturnar úr 80%. Lánskjör, vextir og lánstími verði ákveðinn af stjórn Byggðastofnunar á grundvelli reglna sem ríkisstjórnin hefur staðfest lögum samkvæmt. Ríkisstjórnin gerir þessa samþykkt til að tryggja samkeppnisstöðu innlendra skipasmíðastöðva og í þágu sjávarútvegsins. Með vísan til laga um breytingu á lögum nr. 10/1988, um ráðstafanir í ríkisfjármálum o.s.frv., ákveður ríkisstjórnin að fella niður lántökuskatta af erlendri lántöku vegna þessara samkeppnislána til innlendra skipasmíðastöðva.

Síðan hefur það gerst í þessu máli að iðnrh., fjmrh. og sjútvrh. hefur verið falið að ganga endanlega frá málinu að því að ég best veit þannig að ég sé ekki betur en að þetta mál sé allt saman á hreinu og réttu róli og menn þurfi ekki að gera sér miklar áhyggjur af því og ætti málið að geta verið útrætt þess vegna. (**HBl:** Hvor hefur þá rétt fyrir sér, iðnrh. eða fjmrh.?) Hv. þm. Halldór Blöndal hlýtur að hafa heyrt hvað ég sagði og vonandi skilið.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. vék orðum sínum að mér rétt áðan án þess að ég hefði sagt eitt einasta orð. (**Fjmrh.:** Þú hefur misheyrt bara.) Það hefur greinilega verið misheyrn hjá hæstv. ráðherra. (Gripið fram í.) Já. Ef menn mega ekki segja eitthvað án þess að því sé beint til þess sem er í ræðustól er orðið vandratað hvernig menn eiga að haga sér í deildinni. (**EG:** Það er mjög vandlifað núna.) Já og vandlifað. Ég ætla ekki að ræða það. Hins vegar gaf það mér tilefni til að koma upp í pontuna og segja nokkur orð.

Hv. 3. þm. Vesturl. Eiður Guðnason. — Er hann að víkja úr sal? Þetta er við hæfi. Ég ætla að vitna í orð hv. 3. þm. Vesturl. Eiðs Guðnasonar. Hann sagði: „Hér er allt á hreinu. Hjá okkur er allt á hreinu. Það er allt á hreinu hjá stjórnarsinnum.“ Ég fagna því að allt skuli vera á hreinu hjá stjórnarsinnum og mun víkja að því á eftir í tengslum við þessi mál, sérstaklega þeim orðum hæstv. fjmrh. þar sem hann talaði um að nú væru pólitískir sérhagsmunir látnir víkja. Ja, öðruvísi mér áður brá. Ekki ætla ég að tala óvirðulega um Framsfl. En ég sé að hv. þm. Stefán Guðmundssn kippist við.

En það kemur nokkuð spánskt fyrir sjónir ef Framsfl. hefur látið alla sérhagsmuni víkja við það eitt að hæstv. fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson skuli vera kominn í ríkisstjórn með þeim. Ég veit ekki betur en það sé á stefnuskrá flokksins og yfirleitt þeirra ær og kýr að reyna að tryggja stöðu ákveðinna tegunda fyrirtækja, ákveðinna rekstrarforma og sú réttlæting er ætíð höfð á lofti að það sé gert í þágu

þeirra byggðarlaga sem þeir bera sérstaklega fyrir brjósti. (**StG:** Við níðumst ekkert á öðrum.) Nei, við níðumst ekki á öðrum, sagði hv. þm. Stefán Guðmundsson. Ef það eru ekki ákveðnir sérhagsmunir að ákveða að það þjóni einu byggðarlagi öðru fremur að gera ákveðnar ráðstafanir, hvað eru þá hagsmunir? Um hvað er hæstv. ráðherra að tala? Ég held að það fari ekki fram hjá neinum sem þekkir og hefur kynnt sér uppbyggingu íslenskra atvinnuvega í strjálbýlinu og það var alveg rétt hjá hæstv. fjmrh. þótt hann orðaði það ekki rétt, að á sínum tíma, þ.e. um og eftir 1978, hófst sú mesta sérfyrirgreiðsla sem þekkst hefur í íslenskri útgerð og í uppbyggingu íslensks fiskiðnaðar, ekki einkaframtakinu í hag heldur einkaframtakinu í óhag. Þá hófst nefnilega öld þeirrar pólitíkur að það var ákveðið við skrifborð og í þingsölum Alþingis eða á fundum í ríkisstjórn á árunum 1978–1983 hverjir skyldu fá að kaupa togara, hverjir skyldu fá að endurreisa og enduruppbyggja frystihús. Það voru ekki sjálfstæðismenn, það voru ekki einkaframtaksmenn sem ákváðu það. Það voru ekki þeir sem ákváðu að togarafloti landsmanna fór upp í 104 skip úr rúmlega 70 á örfáum árum. Sú umframaukning íslenska fiskiskipaflotans fór ekki til einkaframtaksins. Hún fór einkum í samvinnuútgerð. Þetta veit hæstv. fjmrh. eins vel og ég.

Að Sjálfstfl. hafi stundað sérstaklega pólitíska fyrirgreiðslu kannast ég ekki við. Hins vegar hefur Sjálfstfl. í gegnum árin og áratugi tekið pólitíska afstöðu og borið ábyrgð á samþykkt laga og gerð reglugerða um hvernig ætti að útfæra íslenskt efnahagslíf, en að í því felist einhver sérstök pólitísk fyrirgreiðsla kannast ég ekki við og ég óska eftir því að hæstv. fjmrh. segi þá hér og nú hvað hann eigi sérstaklega við, í hverju þessu pólitíska fyrirgreiðsla sé fólgin og þá til hverra.

Dæmi duga ekki, hv. þm. Það þarf að segja það í smáatriðum og tína allt til. Hv. þm. Eiður Guðnason brosir að þessu. Honum finnst hlægilegt þegar talað er um það að Sjálfstfl. og Framsfl. ástundi sérstaklega pólitíska fyrirgreiðslu. Þeir kannast nú ekki við það í Alþfl. að slíkt sé gert, enda heilagir af öllum heilögustum í þeim efnum. Ég er fæddur Hafnfirðingur og kannast við hvernig Alþfl. hagar sér þar sem hann hefur vald að meiri hluta til.

En það var þetta hjá hæstv. ráðherra þegar hann ítrekaði og margsagði: Það eiga fagleg eða rekstrarleg og almenn sjónarmið að ráða. (Gripið fram í.) Almenn, er það ekki rétt? (Gripið fram í.) Þetta er afskaplega almennt orðað svo að ekki sé meira sagt. Það væri nauðsynlegt að fá skilgreint hvað fælist í því að vera faglegur. Einnig er nauðsynlegt að rekstrarlegar forsendur séu lagðar á borðið í þingsal þannig að við þingmennirnir sem hér erum staddir getum lagt á það mat út frá rekstrarlegum forsendum sem geta ekki verið neitt leyndarmál í þessari stöðu. En svo vildi ég fá skilgreiningu á því og nánari skýringu hvað átt er við með „almennum sjónarmiðum". Ég held að það sé ekki hægt að tala almennar um það sem almennt er en gera það með þessum hætti. Ég óska eftir því að fá að vita hvað er átt við með almennum sjónarmiðum. Hvaða almenn sjónarmið eiga að ráða? Það er ekki nóg að segja: Við ætlum að standa að því með almennum ráðstöfunum þar sem um er að ræða burðarása heilla byggðarlaga. Þetta er afskaplega teygjanlegt. Það eru kannski tvö fyrirtæki í sama þorpi og bæði jafnilla stödd. Hver á að ákveða hvort er burðarás og hvort er ekki burðarás? Við skulum tala hérna tæpitungulaust. Það þarf ekki að fara lengra en austur á firði til að gera sér grein fyrir því hverjir eiga Ísland á Austfjörðum. Þegar hæstv. utanrrh. er hann var hæstv. fjmrh. var að reyna að klifra upp á valdapýramídann í íslenskum stjórnmálum, hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson fór sína frægu fundaherferð undir þessu fræga kjörorði „Hverjir eiga Ísland", þá fann hann sérstaklega út að það væri Framsfl. Það var ekki íhaldið, ekki Sjálfstfl. Hvar sem blessaður maðurinn kom blasti við honum SÍS-merkið. Það var kaupfélagið, sláturhúsið, bifreiðaverkstæðið, útgerðin, fiskverkunin og bátarnir og jafnvel svo komið að í sumum byggðarlögum gátu börnin ekki fengið neins staðar vinnu nema hjá blessuðu SÍS-inu eða KEA eða kaupfélaginu. Frá vöggu til grafar skyldu menn starfa í þessu. Er það þetta sem hæstv. fjmrh. á við? Er það þetta? Er það stuðningur við þessi almennu rekstrarform, þessa almennu stefnu í því hverjir eiga að hafa eignarhald, ekki bara í byggðunum heldur á landinu utan Reykjavíkursvæðisins, sem flokkast undir fagleg eða almenn sjónarmið?

Ég skal leysa þetta í eitt skipti fyrir öll fyrir hæstv. fjmrh. þannig að hann þurfi ekki að svara þessu. Það er nefnilega hægt að gera það með mjög auðveldum hætti og það ýtti undir að ég stóð upp núna því að ég ætla að óska eftir því við hæstv. fjmrh. að hann standi við þau orð, sem hann sagði áðan, að nú skyldi rétt vera rétt og heilbrigði gilda í íslenskum atvinnurekstri og að gamla fyrirgreiðslupólitíkin væri horfin. Ég get tekið undir það sjonarmið að hún þarf að hverfa og heilbrigð rekstrarviðhorf eða rekstrarsjónarmið að ráða. Ég ætla þess vegna að leggja til og óska eftir því við hæstv. fjmrh. að hann veiti frv. brautargengi, sem ég mun þá leggja fram á þessu þingi, um það að Samband ísl. samvinnufélaga færi upp í reikningum sínum eignarhlut eignaraðilanna. Það er aðalatriðið ef hreint á að vera hreint og rétt á að vera rétt að það komi þá í ljós hver eigi hvað og það sé hreint borð í þessum efnum. Ég hlýt að óska eftir því eindregið og styð þar með þau sjónarmið hæstv. fjmrh. að allt skuli vera fyrir opnum tjöldum, faglegt, rekstrarlegt, ég segi ekki almennt því að það er óskilgreint, og ég legg til að hæstv. fjmrh. lýsi því yfir hér og nú að hann muni í sínum flokki, hann er formaður fyrir Alþb., styðja að frv. til l. um að Sambandið færi upp reikninga sína fyrir sínum eignarhlut eignaraðila, þ.e. kaupfélagana, verði samþykkt og gert að lögum. Þetta er grundvallaratriði. Ef hæstv. ráðherra meinar eitthvað með því að hann vilji stöðva pólitíska fyrirgreiðslu á Íslandi skal ég sjá um Sjálfstfl. ef hann vill sjá um Framsfl. með þeim hætti

að samþykkja slíkt frv. og setja þau lög. Þá liggur ljóst fyrir hver á hvað og þá liggur ljóst fyrir hverjir hafa fengið ótæpilega fyrirgreiðslu á síðasta áratug miðað við árið 1978.

Ég mun leggja þetta frv. fram í næstu viku. Hæstv. ráðherra gaf mér tilefni til þess og ýtti undir það að ég hlyti að gera það. Ég hafði ekkert hugsað mér að gera það sérstaklega í þessari umferð, en þetta er nauðsynlegt, og ég treysti á hans góða stuðning í þessu máli.

Að lokum vil ég, forseti, víkja nokkrum orðum að hlutabréfasjóðnum. Heitir það ekki hlutabréfasjóður? Það er þessi sjóður sem á að koma til skjalanna til að bjarga illa stöddum fyrirtækjum í strjálbýlinu, en það hlýtur að gilda líka fyrir Stór-Reyjkavíkursvæðið. Ég vildi gjarnan fá nánari skilgreiningu á því hjá hæstv. fjmrh. hvernig menn eiginlega hugsa sér að útfæra þetta. Mér er það ekki alveg ljóst. Ég vildi óska eftir því við hæstv. fjmrh. að hann legði fyrir hv. deild nokkur sýnishorn af því hvernig þetta yrði í framkvæmd. Mér er ekki alveg ljóst hvernig á að framkvæma þetta. Mér er ekki alveg ljóst eiginlega og ég vil gjarnan fá dæmi um það frá ráðherra hvernig á að framkvæma þetta. Kannski hv. þm. Eiður Guðnason viti hvernig á að gera það. Mér er það ekki alveg ljóst. (**Fjmrh.:** Það verður kynnt þegar bráðabirgðalögin koma hérna aftur.) Það verður kynnt þá. En ég vildi gjarnan fá upplýst, það hefur kannski farið fram hjá mér, þetta með upphæðirnar og styrk sjóðsins. (**Fjmrh.:** Það er enginn styrkur.) Styrkinn, hvað hann er sterkur til þess að mæta þessu. Mér er ekki alveg ljóst hvernig þessi sjóður er. Mér sýnist hann ekki vera þeirrar stærðar að hann ráði raunverulega við það hrikalega dæmi sem mér virðist að sé í íslenskum atvinnurekstri í dag.

Þá vík ég aftur að því sem er kannski ekki svo þýðingarmikið fyrir hv. stjórnarsinna, framsóknarmenn sem alþýðubandalagsmenn. Ég held að alþýðuflokksmenn séu mjög inni á því að fá upplýst hvernig eignarhlutdeild kaupfélaganna sé háttað í Sambandinu. Getur þessi sjóður raunverulega komið til skjalanna t.d. í rekstrarvanda samvinnufélaganna sem eru eignaraðilar Sambandsins úti á landi án þess að eignauppgjör eigi sér stað í Sambandinu? Er það forsvaranlegt að opinber sjóður komi til skjalanna með kaupum á hlutabréfum eða óski eftir því við lánardrottna að þeir breyti skuldum í hlutaskírteini eða hlutabréf án þess að sjálft móðurfyrirtækið sé með hreina reikninga gagnvart rekstrareiningum innan samvinnuhreyfingarinnar? Ég mundi álykta þótt ég sé ekki lögfræðingur að þetta sé lagalega rangt og siðferðilega rangt þannig að ég mun knýja mjög á um það í sambandi við þennan hlutabréfasjóð að það frv. sem ég legg fram um Sambandið verði afgreitt með skjótum hætti í þinginu og það verði framkvæmt þegar eignauppgjör innan samvinnuhreyfingarinnar sem nauðsynlegt er. Það er ekki hægt að ætlast til þess að opinber sjóður, að opinberir aðilar komi til skjalanna eða þriðji aðili á sama tíma sem samvinnuhreyfingin sjálf er einn aðaleigandi og lánardrottinn líka gagnvart sumum þessara eignarfélaga Sambandsins. Jafnframt hlýtur sú krafa að koma upp hjá okkur hv. þm., ef við viljum láta taka mark á okkur, það er þessi: Hvernig er staða þessara fyrirtækja gagnvart helstu viðskiptabönkum? Hvernig er lánum og ábyrgðum háttað? Ég óska eftir því að það verði líka lagt fram og engum hlíft. Þetta er mjög nauðsynlegt.

Ég vil einnig fá upplýst, hæstv. fjmrh. og við treystum honum best til þess að láta hv. deild þær upplýsingar í té, hvernig staða samvinnuhreyfingarinnar er gagnvart helstu ríkisbönkunum. Hver er staðan? Hæstv. fjmrh. sagði í ræðu í nóvember að Sambandið yrði gjaldþrota innan ég held 14 mánaða ef ekkert yrði að gert. Maður hefði átt að spyrja hæstv. fjmrh. á grundvelli hvaða upplýsinga hann lét þessi orð falla því að þetta eru mjög alvarleg orð. Það er kannski full ástæða til að óska eftir því að hæstv. ráðherra leggi fram öll gögn sem fengu hann til að láta þessi ummæli falla hér því að mér er ekki grunlaust um að þetta hafi haft mjög alvarleg áhrif á stöðu t.d. ríkisbankanna, þeirra banka sem eru helstu viðskiptabankar samvinnuhreyfingarinnar.

Eru ráðherrarnir að víkja af fundi? (**Gripið fram í:** Nei, nei, nei, nei.) Ég hef nógan tíma, virðulegi forseti, ég hef nógan tíma til að tala við þessa herra. (Gripið fram í.) Já, hv. þm. Eiður Guðnason. Það gæti verið að hér gætu oltið upp á borðið í þessari umræðu hlutir sem væru ríkisstjórninni ekki sérstaklega hagstæðir þannig að ég skal ráðleggja hv. stjórnarþingmönnum að fara dálítið varlega í því hvernig þeir nálgast þessa umræðu gagnvart þeim þingmönnum sem leyfa sér að fjalla um þetta alvarlega mál.

Það var hæstv. fjmrh. sem kastaði upp boltanum í þessari umræðu. Hann réðist með offorsi á Sjálfstfl. Hann réðist með offorsi á flokkinn og sagði að hann væri einhver sérstakur fyrirgreiðsluflokkur. Ég kannast ekki við það. Þetta er kannski gamanmál hjá hv. þm. Eiði Guðnasyni. (**EG:** En Albert?) Albert hvaða? (**EG:** Guðmundsson.) Ég ætla ekki að efna til tvítals. Ég vildi óska eftir því við hv. þm. Eið Guðnason að hann bæði um orðið á eftir og flytti ræðu um hvað hann ætti við með því þegar hann talar um hv. þm. Albert Guðmundsson. Ég kann ekki við svona aðdróttanir, sérstaklega ekki þegar það hefur nýgerst að hæstv. utanrrh. er búinn að skipa hann sendiherra Íslands í París. Hvaða aðdróttanir eru þetta í garð virðulegra fulltrúa Íslands erlendis? Hvað var hv. þm. að fara?

Ég fagna því alveg sérstaklega að hæstv. fjmrh. ætlar að vera svo skeleggur að hann ætlar að hafa allt á hreinu og við óskum eindregið eftir því sjálfstæðismenn að svo sé. Við erum vanir því að ef ekki er allt á hreinu í einkafyrirtækjum eru þau yfirleitt gerð upp, látin fara á hausinn og það hefur enginn samúð með einkarekstursmanni eða einkareksturs fyrirtæki þegar það fer á hausinn. Það hefur enginn samúð með einhverjum einstaklingum úti í bæ, en þegar komið er við pólitíska kviku sem er kjarninn í sérhagsmunum ákveðinna flokka sitja þingmenn hér og ráðum sínum í sumum flokkum um hvernig halda skuli á málum og hvernig mál skuli afvega flutt.

Það er gott að eiga í vændum eftir helgina að það

verður lagt á borðið hvernig þessi hlutabréfasjóður á að starfa og hvernig hann á að virka, en ég treysti því að hæstv. fjmrh. muni styðja þetta frv. mitt alveg eindregið þegar ég legg það fram eftir helgina og ég vek athygli á því að ég efast um að þessi hlutabréfasjóður, þótt ýmislegt sé hægt að gera í skjóli valda, geti orðið þeim byggðarlögum það skjól sem hæstv. fjmrh. mundi flokka undir almenna fyrirgreiðslu, þ.e. að almenn sjónarmið réðu, á meðan þetta eignauppgjör hefur ekki farið fram. Ég ítreka það þess vegna við hæstv. fjmrh. að hann hafi það á bak við eyrað og styðji það frv. sem hér um ræðir.

Svo væri það mjög áhugavert ef hæstv. fjmrh. vildi bæta einhverju við um samvinnuhreyfinguna því ég veit að hann mætir vel á aðalfundum hreyfingarinnar, hefur verið virkur þátttakandi í Kaupfélagi Reykjavíkur og nágrennis og þekkir þessa innviði miklu betur en ég því að við sem stöndum utan samvinnuhreyfingarinnar fáum ekki að vita mikið um hvað þar gerist. En það er táknrænt í allri þessari stöðu að á sama tíma sem líklegast blasir gjaldþrot við samvinnuhreyfingunni og Sambandinu skuli fyrrv. formaður stjórnar Sambandsins vera gerður að aðalbankastjóra Landsbankans. Ég held að það mundi ekki gerast á öðru byggðu bóli. (**Fjmrh.:** Með atkvæðum Sjálfstfl.) Það var ekki gert með mínu atkvæði, hæstv. fjmrh. Það var ekki gert með mínu atkvæði. En yfirlýsing ráðherra um það atriði lá ekki fyrir þegar sú atkvæðagreiðsla fór fram. Ég held að hæstv. fjmrh. hafi lýst þessu yfir í ræðu, og ég vona að hann sé marktækur, síðast í nóvember, en atkvæðagreiðslan um þennan bankastjóra held ég að hafi farið fram í ágúst eða september.

Ég skal ekki orðlengja það frekar sem ég hef sagt, en það er rétt að koma vel undir það búinn í næstu viku að ræða hlutabréfasjóð. Einnig mun ég leggja fram þetta frv. og þá mun hefjast umræða, mun ítarlegri. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir það að hafa vakið máls á þessu með þeim hætti sem hann gerði áðan og ég mun að sjálfsögðu leggja fram þetta frv. Ég treysti því að sjálfsögðu að alþýðubandalagsmenn sérstaklega hljóti að styðja þetta réttlætismál því þetta er sjálfsagt réttlætismál fyrir utan að líklegast er það lagalega rétt og þá dómstólamál fyrir eignaraðila ef þetta verður ekki staðfest í lögum þannig að þeir sem stjórna samvinnuhreyfingunni verða að færa upp eignarhlutann. Hér er talað um að stofna hlutabréfasjóð og hann á að gefa út hlutaskírteini. Er það ekki rétt? Í frv. *mínu* um þetta var ekki krafist meira en að það væru gefin út hluteignarskírteini í samvinnuhreyfingunni. Það var engin krafa um að það ætti að breyta í neinu rekstrarformi samvinnuhreyfingarinnar. En þessi skylda var sett fram í frv. sem ég var með á síðasta þingi þannig að þetta hlýtur að koma mjög vel saman við hugmyndir ríkisstjórnarinnar um hlutabréfasjóðinn.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég get ekki orða bundist eftir ræðu hæstv. fjmrh. áðan. Hér er verið að afgreiða lánsfjárlög sem ég hefði talið að væri mikilsvert fyrir ríkisstjórn og hæstv. fjmrh. ekki síst að fá afgreidd í þessari hv. deild í dag. Það ætti hvorki honum né öðrum stjórnarliðum að koma á óvart þó stjórnarandstöðuþingmenn hafi eitthvað að segja um frv. ríkisstjórnarinnar um lánsfjárlög og það hefur verið venjan að hæstv. ráðherrar í hverjum málaflokki fyrir sig reyni að hafa það í huga þegar þeim liggur á að koma sínum málum í gegnum deildir. Ég verð að segja að mér fannst hv. 3. þm. Vesturl. gefa hæstv. fjmrh. svolitið kennslubókardæmi í því hvernig mætti svara þingmönnum málefnalega og er hann þó ekki að því er ég best veit doktor í stjórnmálafræðum eins og hæstv. fjmrh.

Að koma hér í ræðustól með slíkar árásir á einn stjórnmálaflokk eins og hæstv. fjmrh. gerði áðan og réðist á Sjálfstfl. er með eindæmum við slíkar aðstæður. Hér er ekki fundur á rauðu ljósi. Hér er fundur í hv. Ed. Alþingis og það ætti hæstv. fjmrh. að hafa hugfast. Hér er ekki venjan að tala niður til fólks. Hann mætti kannski taka af því einhvern lærdóm.

Það hefur að vísu endurspeglast í öllum málflutningi ráðherra Alþb. eftir að þeir komu inn í þessa ríkisstjórn að þeir hafa eitt markmið, númer eitt, númer tvö og númer þrjú, og það er að reyna að gera Sjálfstfl. áhrifalausan í íslenskum stjórnmálum. Þetta hafa þeir margsinnis sagt og lýst yfir svo að e.t.v. er þetta einhver lærdómur, eitthvað sem doktorarnir í stjórnmálafræðum kunna, að þetta sé aðferðin, sem m.a. kom fram í málflutningi hæstv. ráðherra hér áðan.

Ég lýsi furðu minni á slíkum málflutningi og ég vísa á bug slíkum fullyrðingum sem hæstv. fjmrh. hefur hér viðhaft um Sjálfstfl.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég komst ekki hjá því að rifja upp fyrir sjálfum mér að höfðingjarnir í ríkisstjórninni, þeir þremenningarnir, kölluðu til sín þá menn sem flokkar þeirra höfðu kosið í bankaráðin til að segja þeim fyrir um hvernig þeir ættu að haga sér. Raunar er það svo að ég hef fundið það oftar en einu sinni að Alþb. vill fjarstýra fulltrúum sínum í hinum ýmsu stjórnum og nefndum. Þó er það svo samt sem áður um þá alþýðubandalagsmenn sem eiga sæti í bankastjórn Landsbankans, Lúðvík Jósepsson, og þá tvo alþýðubandalagsmenn sem ég hef unnið með í Byggðasjóði, Ragnar Arnalds og Geir Gunnarsson, að ég hygg að nokkuð þurfi að koma ef hæstv. fjmrh. ætlar sér að geta fjarstýrt þeim algjörlega úr stólnum uppi í Stjórnarráðinu. Það má að vísu vera að Lúðvík Jósepsson, sú gamla kempa, geri það fyrir strákana, ríkisstjórnina, að leyfa þeim í orði kveðnu að hafa ráðin, en þó held ég að hitt liggi algjörlega ljóst fyrir að núv. ríkisstjórn fær ekki mann á borð við Lúðvík Jósepsson til að beita sér gegn hagsmunum Landsbankans hversu mjög sem ráðherrar Alþb. æsa sig og hversu margar samþykktir sem þeir kynnu að gera í þingflokki Alþb. Hið sama hygg ég að eigi við Ragnar Arnalds. Ég hygg að hann sé alveg maður fyrir sínum

skoðunum. Þessir tveir fyrrv. formenn Alþb. eru í þeim stöðum sem hæstv. fjmrh. taldi að bæru vott um sérstakt eðli spillingarmannsins, sá pólitíski maður, sá stjórnmálamaður sem á sæti í bankaráði eða í Byggðasjóði er að mati fjmrh. eðli málsins samkvæmt með vafasamt pólitískt siðgæðisvottorð.

Ég fer ekki dult með að þeir menn sem eru skipaðir af stjórnmálaflokkum hér á Alþingi eða af ríkisstjórnum bera fyrst og fremst ábyrgð sjálfir, en þeir hljóta einnig að bera pólitíska ábyrgð gagnvart þeim mönnum sem völdu þá í viðkomandi trúnaðarsæti. Eitt er a.m.k. víst, að hæstv. fjmrh. og þeir sem eiga sæti í núv. ríkisstjórn ættu að tala sem minnst um að þeir vilji ekki sjá pólitískan þrýsting í viðskiptabönkunum, í Byggðasjóði, í Atvinnutryggingarsjóði vegna þess að það er opinbert, það hefur komið fram, ekki aðeins í fréttaskýringum heldur hefur forsrh. sérstaklega hrósað sér af því að hafa kallað til pólitísks samráðs og síðan eftir á kvartað undan því ef ekki hefur verið hlýtt. Pólitískur þrýstingur einstakra ráðherra í lánastofnunum hefur átt sér stað í tíð þessarar ríkisstjórnar, þar sem þeir hafa reynt að hafa áhrif og það er það sem hæstv. fjmrh. vill kalla faglegt rekstrarlegt eða almennt mat. Allt sem hann segir um þessi efni er úr lausu lofti gripið.

Hitt er hálmstráið að spyrja mig hér í opinni almennri umræðu hvort ég vilji nefna eitthvert sérstakt fyrirtæki sem ég hafi fullvissu um að hafi notið eða ekki notið fjárhagslegrar fyrirgreiðslu úr Atvinnutryggingarsjóði. Það vill svo til að þeir menn sem meðhöndla slíkar rekstrarlegar upplýsingar gera það sem trúnaðarmál og af þeim sökum er útilokað að hægt sé í opinberri almennri umræðu að nefna tiltekin dæmi um að stjórn Atvinnutryggingarsjóðs hafi verið með pólitíska tilburði í sínu mati. Hitt veit ég, og ég endurtek það, að það hefur verið beitt pólitískum þrýstingi við stjórn Atvinnutryggingarsjóðs. Ég veit að fyrir a.m.k. hæstv. fjmrh. vakir að hafa pólitísk áhrif á hvernig staðið verði að endurreisn atvinnulífs á ýmsum stöðum úti um land sem nú standa höllum fæti þar sem komið hefur til atvinnuleysis og fyrirtækin hafa lokað. Af hverju veit ég þetta? Vegna þess að ég hef orð þessa hæstv. fjmrh. sjálfs fyrir því. Hann sagði það í útvarpsþætti í septembermánuði. Ég skora á hæstv. fjmrh. að svara því hér úr stólnum ef hann heldur því fram að hér sé rangt farið með, hann gaf það í skyn áðan í sinni ræðu að ég hefði hallað orði þannig að ég hefði gefið í skyn að hæstv. fjmrh. hefði aðrar skoðanir varðandi fjárhagsleg afskipti, peningaleg afskipti ríkisvaldsins en ástæða var til. Ummæli hæstv. fjmrh. voru svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Það þarf að sameina fyrirtæki. Það þarf að stokka upp eignarhaldið á sumum. Það þarf að tengja þau saman með ákveðnum aðferðum og fara þannig yfir þetta lið fyrir lið, byggðarlag fyrir byggðarlag, fyrirtæki fyrir fyrirtæki, til þess að breyta skipulaginu, rekstrargrundvelli samvinnufyrirtækja og jafnvel eignarhaldinu. Og þegar búið er að stokka þennan „strúktúr" upp og laga hann, þá geta menn farið að skoða hvort einhverjar almennar aðgerðir þurfi þá til viðbótar. En ef þessi uppstokkun verður ekki framkvæmd byggðarlag fyrir byggðarlag, fyrirtæki fyrir fyrirtæki, þá er alveg sama hvað menn fella gengið mikið, 10, 20, 30, 40, 50%. Það mun ekki duga."

Svo mörg voru þau orð.

Og hvað er það sem þetta segir? Þetta segir í mæltu máli að áður en kemur til almennra aðgerða vill hæstv. fjmrh. beita sínum mönnum í stjórn Atvinnutryggingarsjóðs til að framkvæma þá athugun sem hann er hér að tala um, til þess að framkvæma það sem hann kallar „að stokka þennan strúktúr upp".

Skýringin á því að ekki var hægt að hafa stjórn Atvinnutryggingarsjóðs faglega. Hann var spurður að því í þessum þætti. Af hverju má ekki stjórn Atvinnutryggingarsjóðs vera fagleg stjórn? Af hverju má ekki sjónarmið stjórnarandstöðunnar koma til í stjórn Atvinnutryggingarsjóðsins? Af hverju mega ekki vera almenn bankasjónarmið, fagleg sjónarmið, rekstrarleg sjónarmið, nútímaleg sjónarmið? Og svarið var hjá fjmrh. að hann mundi ekki treysta stjórn Atvinnutryggingarsjóðsins ef hún væri þinglega kjörin og ef þau almennu sjónarmið sem Sjálfstfl. hefur barist fyrir fengju að ráða, að eitt skuli yfir alla ganga, að við skulum hafa jafnrétti milli rekstrarforma, hvort sem einstaklingurinn á fyrirtækin eða einhver annar skuli jafnt yfir þau öll ganga. Það er þetta sem hæstv. fjmrh. var að segja að ekki mætti gerast og það er út af þessu sem hans langloka var. Hér er ég ekki að snúa út úr. Ummælin eru alveg svört á hvítu og ummælin eru svar við því af hverju stjórnarandstaðan mátti ekki koma inn í stjórnina, svar við því hvers vegna stjórn Atvinnutryggingarsjóðsins mátti ekki vera fagleg.

Hitt þarf ekki að koma mönnum á óvart þótt þessi fulltrúi sósíalismans á Íslandi, formaður Alþb., skuli vera helsti talsmaður þess að þjóðnýta sjávarútvegsinn. Það kemur auðvitað ekkert á óvart. Það kemur ekki á óvart að þessi hæstv. ráðherra skuli vilja beita sínum áhrifum innan ríkisstjórnarinnar til að ekki megi skapa sjávarútveginum almennan rekstrargrundvöll fyrr en búið er að brjóta niður eiginfjárstöðu fyrirtækjanna, fyrr en búið er að senda þangað inn eftirlitsmenn þessa pólitíska lúxussjóðs, eftirlitssjóðs hæstv. ráðherra, og fyrr en búið er að búa til einhvern hlutafjársjóð sem síðan eigi að koma á eftir og þannig aftan frá koma inn fulltrúum þessa ráðherra og pólitískra gæðinga hans á stöðunum inn í stjórn fyrirtækjanna. (**Fjmrh.:** Þetta er algjört rugl.) Þetta er ekki algjört rugl. Þetta er sannleikanum samkvæmt.

Síðan má velta fyrir sér hvers konar hugsjón það sé að setja öll fyrirtækin á höfuðið í viðkomandi byggðarlagi, litlu karlana og þá stóru. Allir búa þeir við sama rekstrargrundvöllinn, allir búa þeir við sama falska gengið, allir búa þeir við það að þeir menn sem sitja í ríkisstjórn á Íslandi hafa ekki fengist til þess að tala af alvöru eitt einasta augnablik um vandamál fólksins úti á landi. Margir af þessum mönnum eru að tapa eigum sínum og þeir eiga erfitt uppdráttar. Þeir

eru að leita til Atvinnutryggingarsjóðsins og það eru að berast núna bréf til Byggðasjóðs frá þessum mönnum sem ekki hafa fengið fyrirgreiðslu í Atvinnutryggingarsjóði og þeir eru að spyrja hvers þeir megi vænta. Og þá er hið kaldranalega svar ráðherra áðan: Ef fyrirtæki er burðarás á einhverjum stað á að hjálpa til, þá á að hressa upp á eiginfjárstöðuna. Hvað þýðir þetta? Þetta þýðir að það á að taka atvinnureksturinn úr höndum hinna mörgu smáu atvinnurekenda, atvinnureksturinn úr höndum bátasjómannsins sem hefur unnið sig upp í að verða útgerðarmaður og stýra sínum eigin bát, mannsins í saltfiskverkuninni sem stendur nú frammi fyrir því að rekstrargrundvöllur saltfiskvinnslunar er að bresta. Slíkir menn eru ekki í skilningi hæstv. fjmrh. neinn burðarás í byggðarlagi, auðvitað ekki. Nei, burðarás í byggðarlagi er frystihúsið og kannski það félag sem hefur togarann í tengslum við frystihúsið. Þeir segja ráðherrarnir: Við ætlum að hjálpa þeim, einhverju einu fyrirtæki, í mesta lagi tveimur á hverjum stað. Það á að klippa eins og í gamanmyndinni eftir Storm P. þegar klippt var aftan af skottinu á hundinum og síðan troðið upp í hann endanum. Það á að brjóta niður fyrirtækin, sjálfsvirðingu mannanna. Síðan ætlar ríkið að koma til og hjálpa viðkomandi fyrirtækjum að hefja starfsemi á nýjan leik og hjálpa viðkomandi fyrirtækjum til að halda togurunum á viðkomandi stöðum. Það á að hjálpa þeim til þess. Síðan á að halda rekstrargrundvellinum skökkum áfram. Það á ekki eftir fyrstu lotuna að bæta rekstrargrundvöll útflutningsatvinnuveganna, sjávarútvegsins. Það á að halda hallarekstrinum áfram þannig að þeir sem geta staðið af sér hrinuna núna, þeir menn í hraðfrystiiðnaði og útgerð sem geta staðið af sér hrinuna núna verða auðvitað næstir. Þeir munu tapa sínum fjármunum, sem þeir hafa byggt upp á mörgum árum, á næsta missiri. Þannig mun þetta ganga koll af kolli eins og fjmrh. sagði: byggðarlag fyrir byggðarlag, fyrirtæki fyrir fyrirtæki til þess að breyta skipulaginu, rekstrargrundvelli samvinnufyrirtækja og jafnvel eignarhaldinu. Og þegar búið er að stokka þennan „strúktúr" upp og laga hann, segir hæstv. fjmrh. og meinar auðvitað að hann ætli með opinberum aðgerðum að svipta þá, sem hafa byggt upp atvinnureksturinn úti á landi, fyrirtækjunum og koma þeim í opinbera eigu. Þetta heitir þjóðnýting aftan frá sem þeir í samtökum fiskvinnslustöðva boðuðu til sérstaks fundar út af. Ég tók eftir því að þingmaður Snæfellinga hér í deildinni skemmti sér sérstaklega yfir þessu og hæddist að þessu með sínum hlátri, erfiðleikum manna í hans kjördæmi þó að ég gæti að vísu sagt við hann að Skúla Alexanderssyni, 4. þm. Vesturl., var ekki hlátur í hug þegar við urðum samferða á fund samtaka fiskvinnslustöðva og hlýddum á það sem menn þar sögðu. Honum var ekki hlátur í hug. Hann gerði sér grein fyrir því hvernig ástandið er fyrir vestan.

Í Morgunblaðinu segir í dag í frétt, hæstv. forseti: „Atvinnuástand er alvarlegt í nokkrum sjávarplássanna. Morgunblaðið hafði samband við atvinnuleysisskráningu á nokkrum þeirra staða þar sem ástandið er einna verst og reyndust alls um 700 manns vera atvinnulausir. Á Stöðvarfirði eru t.d. 70 atvinnulausir og er það tæplega 50% atvinnuleysi. Á Akranesi eru 180 atvinnulausir og 140 í Keflavík. 70 eru án vinnu á Stokkseyri, Hvammstanga og Ólafsfirði, 65 í Siglufirði, 50 í Ölfushreppi, 40 á Fáskrúðsfirði og Breiðdalsvík og 32 á Patreksfirði. Öllu starfsfólki hraðfrystihúss Stöðvarfjarðar var sagt upp störfum 1. desember og í janúar bættust 20 starfsmenn saltfiskverkunarinnar Færabaks á atvinnuleysisskrána að sögn Björns Hafþórs Guðmundssonar sveitarstjóra. Atvinnuleysið á Akranesi er aðallega vegna lokunar þriggja fyrirtækja, Akraprjóns, Hensons og Hafarnarins. „Við munum leggja töluvert í sölurnar til að koma Haferninum í gang aftur," sagði Gísli Gíslason bæjarstjóri.

Í Keflavík unnu flestir þeirra sem nú eru atvinnulausir í fiski og hjá Ragnarsbakarí, en Guðfinnur Sigurvinsson bæjarstjóri sagði að 100 fengju vinnu við loðnufrystingu næsta mánuðinn. Á Stokkseyri lagar loðnufrystingin einnig ástandið því að þar voru flestir þeirra 70 atvinnulausu að fá vinnu við loðnufrystingu. Á Hvammstanga er búið að segja upp öllu starfsfólki rækjuvinnslunnar, 20–25 manns, vegna hráefnisskorts, en fyrir voru 70 á atvinnuleysisskrá."

Eins og ég hef áður sagt eru sumir staðir þannig að fólkið á þeim stöðum hefur verið án atvinnu í nær hálft ár.

Það er ekki aðeins að þessar illu fréttir komi við fólkið sjálft og heimilin heldur brýtur þetta líka niður efnahag byggðarlaganna því að eins og ég hef áður rakið hér þýðir það að fólk fer á atvinnuleysisskráningu sjálfkrafa að engar útsvarstekjur koma af þeim sökum inn frá þeim heimilum sem í hlut eiga. Atvinnuleysisbætur skattleggjast ekki fyrr en eftir á þannig að við sjáum að þetta er mjög alvarlegt ástand og brýtur algerlega í bága við þinghefð að í Nd. skuli vera talað um sérstakan hlutafjársjóð og síðan skuli vera frammíköll í Ed. frá formanni fjh.- og viðskn. og frá fjmrh. um að hlutafjársjóðurinn verði ræddur síðar hér í deildinni þegar bráðabirgðalögin koma til umræðu. Á sama tíma er upplýst að það er gert ráð fyrir því að ýmsir sjóðir og bankar eigi að standa fyrir kaupum á aðildarbréfum í hlutabréfasjóðnum.

Nú erum við að fjalla um lánsfjáráætlun, um lánsfjárlög, herra forseti. Það vill að vísu svo til að hæstv. fjmrh. er í símanum rétt um þessar mundir, en ég ætla að spyrja hæstv. fjmrh.: Úr því að þessar hugmyndir liggja eins ljóst fyrir og hann vildi vera láta hvernig stendur þá á því að þessar hugmyndir voru ekki reifaðar í fjh.- og viðskn. þegar lánsfjárlögin voru þar til umræðu? Hvernig stendur á því að það eru uppi hugmyndir um það í ríkisstjórninni að ýmsir sjóðir eigi að leggja fram eigið fé í hlutabréfasjóðnum, eigi að kaupa þar aðildarbréf án þess að það mál hafi sérstaklega verið rætt í tengslum við lánsfjárlög og lánsfjáráætlun? Það er mjög flott fyrir einstaka ráðherra að koma hingað upp í stólinn og tala um að nauðsynlegt sé að gera þessa umræðu markvissari,

umræðuna um lánsfjárlögin, þannig að inn í myndina komi það sem er í raun og veru að gerast, en standa svo sjálfir að því að ekki fæst upp úr þeim eitt einasta orð af viti um þessi efni. Það eina efnislega sem hefur komið fram frá þessum ráðherrum, upplýsingarnar um lántökugjaldið af skipasmíðaverkefnunum, er þannig að hæstv. fjmrh. lýsir því yfir að það sem hæstv. viðskrh. sagði fyrr í dag sé úr lausu lofti gripið, ríkisstjórnin hafi enga samþykkt gert í sambandi við lántökugjaldið. Það sé síður en svo ákveðið hvernig og hvort lántökugjaldið skuli numið brott af þeim peningum sem fara til verkefna í skipasmíðastöðvunum. Það var svarið sem maður fékk áðan hjá hæstv. fjmrh. (**Fjmrh.:** Þetta nú rangt með farið.) Er það rangt með farið? Er þá búið að samþykkja í ríkisstjórninni að lántökugjaldið verði afnumið? Er búið að samþykkja það í ríkisstjórninni? (**Fjmrh.:** Þú heyrðir fullkomlega hvað ég sagði fyrr í dag.) Annaðhvort er búið að samþykkja það eða ekki búið að samþykkja það? Er hægt að fá forsetaúrskurð um þetta? Þetta er ógreinilegt eitthvað fyrir ráðherrannum, en er ekki hægt að fá forsetaúrskurð um að þriðji möguleikinn sé ekki fyrir hendi? Hæstv. forseti hefur setið í ríkisstjórn. Er það til í dæminu að það sé ríkisstjórnarsamþykkt sem felur hvort tveggja í sér að lántökugjald skuli afnumið og ekki afnumið af sama láninu? Og á þá að fara meðalveginn? Á þá að innheimta 3%? Auðvitað segir annar hvor hæstv. ráðherra satt, annaðhvort fjmrh. eða viðskrh. Ef viðskrh. segir satt hefur ríkisstjórnin samþykkt að afnema lántökugjald af lánum vegna verkefna skipasmíðastöðva hér á landi og yfir því vil ég ítreka að ég lýsi ánægju minni. Ég lýsi ánægju minni yfir að sú ákvörðun skuli hafa verið tekin, legg á það sérstaka áherslu og vona að ég þurfi ekki að klökkna síðar meir út af því að ánægjan hafi verið látin of snemma í ljós.

Ég vil hins vegar minna ríkisstjórnina á, ef hún vill fylgja þessu eftir og ganga frá málinu, að ýmsir aðilar hafa orðið að bíða svo mánuðum skiptir, kannski þrem mánuðum skiptir eða svo, eftir því að fá afgreiðslu í Byggðasjóði vegna endurbóta eða viðhaldsverkefna mikilla sem unnin hafa verið og ýmsar skipasmíðastöðvanna eru nú að lenda í alvarlegum rekstrarfjárskorti vegna þess að skipasmíðaeningarnir hafa ekki legið á lausu. Nú höfðu stjórnarmenn í Byggðasjóði gert sér vonir um að lánsfjárlög yrðu afgreidd í næsta mánuði og að hægt yrði þá þegar að taka þær umsóknir til afgreiðslu sem lúta að verkefnum í skipasmíðastöðvunum. Það mundi valda erfiðleikum í Byggðasjóði ef við bættist ný óvissa um það hvort lántökugjaldið félli á þessi lán eða ekki. Ég beini því til ríkisstjórnarinnar að afgreiða nú þetta mál þannig að hver ráðherra skilji annan þannig að reglurnar geti legið fyrir nokkurn veginn samhliða því sem lánsfjárlögin liggja fyrir og þessi ótaktur ríkisstjórnarinnar og misskilningur muni ekki valda því að útgerðirnar þurfi lengur að bíða eftir fyrirgreiðslu.

Ég hef, herra forseti, sýnt fram á að í huga hæstv. fjmrh. var hvorki faglegt né rekstrarlegt mat á þeim fyrirtækjum sem leituðu til Atvinnutryggingarsjóðs í septembermánuði. Það liggur alveg ljóst fyrir. Ef hæstv. fjmrh. vill vefengja það sem ég segi um það er auðgert, herra forseti, eftir að þingmenn hafa fengið þá miklu aðstoð sem forseti þingsins, Guðrún Helgadóttir, hefur verið að segja frá í fjölmiðlum, að einhver hér í Alþingi mundi kannski aðstoða ráðherrann og þingmanninn við að fá upptöku af því viðtali sem ég vísa hér til, þá er hægt að fara yfir það orð fyrir orð, alveg ganga úr skugga um hvor segir satt, ég eða ráðherrann, ganga úr skugga um það, fletta því upp, skoða það. Enginn vandi að gera það. Þá mun koma í ljós það sem ég sagði, að hæstv. fjmrh. hafnaði því að stjórn Atvinnutryggingarsjóðs yrði þingkjörin eða fagleg vegna þess að hann sagði að fagleg sjónarmið ættu ekki við. Þetta er kjarni málsins. (**Fjmrh.:** Bara rugl.) Þetta er ekki rugl. Ég hef lesið upp orðrétt það sem ráðherrann sagði og ég mun gera ráðstafanir til þess áður en umræða verður um bráðabirgðalögin í deildinni að biðja þá þingið um að hlutast til um það að við getum fengið afrit af þeim viðtölum sem hæstv. ráðherra hefur átt í útvarpsstöðvum, sjónvarpsstöðvum og hljóðvarpsstöðvum, um Atvinnutryggingarsjóðinn. Við skulum fá þetta allt saman upp á borðið og við skulum rekja okkur eftir orðaskiptum og sjá hvað út úr því kemur. Það stendur ekki á mér að gera það. Og ég ítreka að það kemur ekki á óvart okkur sem höfum verið pólitískir andstæðingar Alþb. þótt formaður Alþb. vilji vera sósíalisti og vilji reyna að stuðla að því að þjóðnýta sjávarútveginn. Það er sú gamla stefna Alþb. Auðvitað vitum við líka að þessi hæstv. ráðherra hefur verið mjög áhugasamur innan samvinnuhreyfingarinnar, bæði innan KRON og á fundum Sambands ísl. samvinnufélaga, og ekki efast ég um það, ef rakið væri það sem hann hefur sagt í því samhengi, að hann gæti tekið undir það, sem formaður stjórnar Kaupfélags Eyfirðinga sagði á sérstökum afmælisfundi þess í íþróttahöllinni, að markmið Kaupfélags Eyfirðinga hlyti að vera að leggja undir sig þau fiskvinnslufyrirtæki við Eyjafjörð sem enn væru í eigu annarra aðila en samvinnuhreyfingarinnar. Það er opinber stefna margra forustumanna Framsfl. og kaupfélaganna að beita öllum brögðum til þess að þessi hreyfing geti lagt undir sig þau fyrirtæki sem enn eru í einkaeigu og það er deginum ljósara að frá hæstv. fjmrh. hefur ævinlega andað köldu til þess fólks sem hefur staðið í baráttunni gegn Alþb., Sameiningarflokki sósíalista og kommúnistaflokki, en fyrir því að réttur einstaklingsins í landinu megi vera sem mestur, fyrir almennu frelsi hér í landinu, fyrir því að skattgreiðslur séu með þeim hætti að fyrirtækin geti staðist samkeppnina við önnur lönd. Auðvitað kemur mér ekki á óvart um formann Alþb., sem jafnframt er prófessor uppi í Háskóla og hefur mjög kynnt sér pólitíska sögu Íslands, þó Engeyjarættin komi upp í hans huga og er ég stoltur af því að vera af þeim meiði, stoltur af því að mega taka þátt í þeirri miklu baráttu sem sú ætt hefur jafnan aldrei hikað við að taka þátt í þegar um

það hefur verið að ræða að berjast fyrir íslenskum hagsmunum, þegar um það hefur verið að ræða að gæta öryggis Íslendinga inn á við og út á við, hvort sem við tölum um varnarhagsmuni okkar gagnvart ásælni einræðisþjóða og sósíalískra þjóða eða við tölum um hitt að halda uppi efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar og efnahagslegu sjálfstæði byggðarlaganna úti um landið. Þá er þýðingarmikið og raunar skilyrði að einstaklingarnir og fyrirtækin á landsbyggðinni séu fjárhagslega sjálfstæð og að þannig sé að þeim búið að þau geti dafnað, ekki dafnað vegna þess að einhverjir menn að sunnan ætli að koma og hjálpa þeim í gegnum hlutabréfasjóðinn, ekki dafnað vegna þess að trúnaðarmenn fjmrh. í fjölskyldusjóðnum hafa farið byggðarlag eftir byggðarlag, fyrirtæki eftir fyrirtæki til að vega það og meta hvað sé á vetur setjandi. Ég fullyrði að í þeim efnum er ekki eingöngu farið eftir eiginfjárstöðu fyrirtækja og veit ég raunar dæmi um það. Ég veit dæmi um að það er ekki. En hitt hefur valdið þeim erfiðleikum sem þar eru, fyrir utan þá miklu erfiðleika sem þeir hafa að vera pólitískir fulltrúar þessarar ríkisstjórnar, að þeim er uppálagt að þeir megi ekki lána til fyrirtækja nema þau hafi rekstrarlegar forsendur á sama tíma og fyrirtæki í sjávarútvegi almennt hafa ekki rekstrarlegar forsendur.

Og að síðustu, herra forseti. Hann sagði það í sjónvarpinu á sínum tíma, þessi hæstv. fjmrh., eins og hann sagði áðan í ræðu, að það hjálpaði ekki fyrirtækjum í útflutningsatvinnuvegunum að gengið félli. Þetta er álíka vitlaust og að segja að hagur ríkissjóðs batni ekki við það ef hægt er að ná einhverjum krónum inn í ríkiskassann. Ef þetta væri sannleikur, sem hæstv. fjmrh. segir, að gengið skipti ekki máli í sambandi við útflutningsatvinnuvegina, af hverju beitir þá ríkisstjórnin sér ekki fyrir því að hækka gengið? Ef hún mundi hækka gengið verulega mundi innfluttur varningur verða ódýrari. Þá mundi verðbólgan detta niður. Þá mundi kaupgetan vaxa og þá mundi öllum líða vel. Af hverju ekki bara hækka gengið og hjálpa útflutningsatvinnuvegunum með því úr því að gengið skiptir ekki máli? Auðvitað sjá allir þegar málið er tekið þannig upp, þegar maður fer að tala um að hækka gengið til að bjarga útflutningsframleiðslunni, að það gengur ekki. Auðvitað sjá allir að það er hringavitleysa. Þegar hallar undan fæti hjá útflutningsframleiðslunni og þegar Seðlabankinn spáir því að það verði 11 milljarða halli á viðskiptajöfnuðinum við útlönd á þessu ári er álíka vitlaust að halda því fram að gengið skipti ekki máli. Þvert á móti er skýrt tekið fram í lögum um Seðlabanka að gengisskráninguna eigi á hverjum tíma að miða við að útflutningsatvinnuvegirnir séu reknir með sómasamlegum hætti og að ekki myndist halli á viðskiptunum við útlönd. En hvað segir viðskrh. um það? Telur hann það sína pólitísku skyldu að gæta þess að staðið sé við það pólitíska markmið sem kveðið er á um í lögum um Seðlabanka Íslands? Nei. Hann telur það algeran óþarfa. (**Viðskrh.:** Eins og hv. þm. veit eru markmiðin þar fleiri.) Hann sinnir ekki þessari höfuðskyldu sinni (**Viðskrh.:** Lestu greinina betur.) en tekur á hinn bóginn undir með fjmrh. þegar hann er að reyna að brjóta niður. (**Viðskrh.:** Auk þess eru miklu fleiri markmið í greininni.) Ég hef ekki farið úr ræðustólnum, en á borð til okkar í fjh.- og viðskn. fengum við gögn um þann viðskiptahalla sem ég var að gera grein fyrir. En það má vel vera að í þessu eins og ýmsu öðru séu gögnin mismunandi.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé rétt að fara nánar ofan í það sem hæstv. fjmrh. sagði um að hér skyldu menn ræða þessi mál á grundvelli faglegra og rekstrarlegra sjónarmiða. Ég tek undir það. Það er meginmál. Þess vegna tel ég nauðsynlegt að þegar við erum að fjalla um þetta ræðum við í samhengi hvernig á að framkvæma hin faglegu og rekstrarlegu sjónarmið þegar kemur að því að sérhagsmunir verði ekki látnir ráða. Það þýðir að allir sem til greina koma sitji við sama borð burtséð frá því hvaða rekstrarform er um að ræða hjá þeim fyrirtækjum sem þurfa væntanlega einhverrar hjálpar við í þeim erfiðleikum sem þau standa í.

Ég vil þess vegna, virðulegi forseti, ítreka það sjónarmið mitt áðan að ef þessum forsendum er ekki fullnægt lagalega sérstaklega er verið að framkvæma þarna ákveðna sérhagsmuni í þágu ég vil segja sérstaklega einnar tegundar félagsforms á Íslandi sem eru þau fyrirtæki sem eru starfrækt hérlendis undir því formi að vera samvinnufélög. Það á alveg sérstaklega við Samband ísl. samvinnufélaga. Ég vil þess vegna endilega, til þess að hæstv. fjmrh. fái það alveg á hreint hvað er að þjóna ekki sérhagsmunum, gera honum grein fyrir því í hverju það er fólgið.

Þegar verið er að gera úttekt á fyrirtækjum úti á landi, sem starfa við mismunandi rekstrarform, stöldrum við við að ýmist er um að ræða einkafyrirtæki eða samvinnufyrirtæki. Í þeim erfiðleikum sem þessi fyrirtæki eiga við að búa og eru gefin út á það að eiginfjárstaðan sé ekki nein samkvæmt reikningum viðkomandi fyrirtækja í þeim byggðarlögum sem þau starfa, þá er ekki um jafnstöðu að ræða, að meðan einkafyrirtækið, hlutafélagið, hefur tapað öllu sínu og er gert upp og þar með allar eignir sem það félag hefur yfir að ráða í öðrum fyrirtækjum skuli samvinnufyrirtækið vera eftir sem áður á staðnum sem á raunverulega stóran eignarhlut í Sambandi ísl. samvinnufélaga. Við slíkar aðstæður er enginn vandi að réttlæta fyrir sjálfum sér og öðrum að hin faglegu rök mæli með því að samvinnufyrirtækið, kaupfélagið eða samvinnuútgerðin, skuli halda áfram vegna þess að eignarhlutur hennar, þó að hann sé ekki skráður og uppfærður, hlýtur að vera meiri og betri með þann bakhjarl sem Sambandið er með þeirri eignarstöðu sem Sambandið væntanlega hefur. Þannig er hægt að afgreiða hvert einasta fyrirtæki úti á landi sem hefur verið í eigu einkaaðila í sambærilega vondri rekstrarstöðu. Það er þetta markmið sem ýmsir hæstv. ráðherrar hafa og ýmsir hv. stjórnarstuðningsmenn en ekki allir. Ég vil ekki gefa mér að hæstv. ráðherrar úr

röðum Alþfl. séu búnir að gera þetta upp við sig með þeim hætti sem ég lagði það fyrir. Ég trúi því ekki á hæstv. ráðherra Alþfl. að þegar þeir skoða þetta í kjölinn séu þeir búnir að gera upp við sig að þeir vilji ekki framkvæma þá réttstöðu sem á að vera fyrir hendi. Þeir vilja hafa tvo möguleika. Annar er að neita að styðja hugmyndir núv. ríkisstjórnar sem fela í sér þjónustu við sérhagsmuni sem hægt er að réttlæta með fögrum sjónarmiðum eða hv. alþýðuflokksmenn taka þátt í með mér þegar ég legg fram frv. til l. að Sambandið færi upp eignarhluta eignaraðila í reikningum sínum þannig að það komi fram í reikningum eignaraðila Sambandsins sem eru kaupfélögin og samvinnuútgerðirnar. Þetta er lágmarkskrafa. Ef þessu verður ekki fullnægt er hæstv. fjmrh. vísvitandi að þjóna sérhagsmunum rekstrarforms sem heitir samvinnuhreyfing. Þá er það rétt, sem hv. þm. Halldór Blöndal segir, að það sé markmið og stefna ríkisstjórnarinnar að koma einkafyrirtækjunum fyrir kattarnef, láta flæða undan þeim. Ég vil ekki taka svo sterkt til orða. En þannig væri hægt að framkvæma þetta.

Hvort hér sé um að ræða þjóðnýtingu eða ekki er orðaleikur. Ja, SÍS. Ég skal koma nánar að SÍS. Ég skal koma með nokkrar tölur á eftir, virðulegi hæstv. viðskrh. (Gripið fram í.) Ég er reiðubúinn að ganga svo nærri hæstv. ráðherrum í upplýsingum ef þeir vilja, sem verða þá upplýsingar til þjóðarinnar í heild, sem eru kannski geymdar í skúffum í Stjórnarráðinu eða í bönkunum sem hæstv. fjmrh. gaf í skyn að væru svo rotnir og spilltir og væru á kafi í sérhagsmunum íhaldsins og Framsfl. Það er kannski hægt að koma með þetta allt upp á borðið. Við skulum þá gera það. Þess vegna, eins og ég sagði áðan, skyldu menn tala varlega vegna þess að það eru kannski hér menn inni sem gætu rætt þetta með þeim hætti, án þess að fullyrða nokkuð, að það kæmi við einhverja í hæstv. ríkisstjórn. En það gerir það hvort sem er. Það er óumflýjanlegt.

Ég vil leggja áherslu á það sjónarmið hæstv. fjmrh. að það verði framkvæmt faglegt og rekstrarlegt mat á stöðu allra aðila og þeir verði allir gerðir jafnréttstæðir, öllu réttlæti verði fullnægt þannig að Atvinnutryggingarsjóður og hlutafjársjóður í þeirri endurreisn sem ríkisstjórnin ætlast til þess að þeir taki þátt í verði þannig í stakk búnir að þeir sem bera ábyrgð á stjórn og framkvæmd þessara sjóða geri sér grein fyrir því hver er raunverulegur eignarhluti fyrirtækja innan samvinnuhreyfingarinnar sem koma til greina í heildareignum Sambands ísl. samvinnufélaga sem ég gef mér, ég undirstrika það, virðulegi forseti, af tillitssemi við Sambandið að sé fyrir hendi.

Í dæminu gæti það litið svona út: Það er ekki óvarlegt að álykta að nettóeign Sambandsins sé á bilinu 2–3 milljarðar. Þá kemur hin spurningin: Mundi það ekki styrkja stöðu þessara fyrirtækja, eignarfyrirtækja Sambandsins, samvinnu- og útgerðarfélaga og kaupfélaga sem eiga mörg vinnslufyrirtæki úti á landi, og auðvelda Atvinnutryggingarsjóði og hlutabréfasjóði úrlausn þessara vandamála ef inn í eignarstöðu þessara fyrirtækja kæmu kannski 1–2 milljarðar? Ég spyr hæstv. fjmrh. Ég kann þá ekki að reikna út, ég kann þá ekki að meta rekstrarlega stöðu fyrirtækja ef það mundi ekki laga stöðu eignarfyrirtækja Sambandsins að fá þessa eign staðfesta.

Hvaða eignir erum við að tala um, hæstv. fjmrh.? Ég nefni fyrst hlutdeild í fyrirtæki Sambandsins í Bandaríkjunum, fyrirtækinu Iceland Seafood Corporation. Ég gæti áætlað að lauslega væri höfuðstóll þess fyrirtækis 500–700 millj. nema því aðeins að það hafi tapað svo miklu á síðasta ári, orðið að afskrifa svo margar milljónir dollara sem enginn hefur kannski hugað að í þessari stöðu. (**Fjmrh.:** Það kynni ekki að vera.) Það skyldi þó ekki vera. En nú ætla ég að biðja hæstv. fjmrh. að vara sig vegna þess að niðurstaðan getur orðið enn þá verri þegar upp er staðið fyrir samvinnuhreyfinguna borið saman við einkafyrirtækin ef það skyldi reynast að Sambandið væri búið að tapa þessum hluta í nettóeign sinni. Hvað um eignir Sambandsins í Reginn hf., Íslenskum aðalverktökum? Hvað um eignir Sambandsins í Olíufélaginu? Hvað um eignir Sambandsins í Samvinnutryggingum? Ég efast um að stjórn Samvinnutrygginga og þeir aðilar sem stóðu að samruna Brunabótafélagsins og Samvinnutrygginga hafi unnið fullkomlega löglegt verk þar, hvernig að því er staðið. Ég leyfi mér að efast um það. Ég leyfi mér að efast um að þeir geti ráðstafað nettóeignum kaupfélaganna með þessum hætti í nýtt fyrirtæki. Hvað um eignir Sambandsins í Miklagarði eða kaupfélaganna?

Ég mundi áætla að nettóeignir Sambandsins væru á bilinu 2–3 milljarðar. Eignarfélög, eignarfyrirtæki Sambandsins úti á landi eiga rétt á því, eiga kröfu á því að fá sinn eignarhluta í sitt erfiða rekstrardæmi til að styrkja eiginfjárstöðuna. Það á ekki að koma fyrst til Alþingis og krefjast þess að hér sé verið að ráðstafa fleiri milljörðum þegar fleiri milljarðar eru fyrir hendi hjá þessum fyrirtækjum.

Einkafyrirtækin verða gerð upp vegna þess að í einkafyrirtækjum á sambærilegu rekstrarsviði úti á landi eru eignir fyrirtækjanna í sameiginlegum fyrirtækjum þessara aðila færðar upp í eignarreikningum þessara fyrirtækja. Þar er munurinn á einkafyrirtækjunum og samvinnufyrirtækjunum. Eiginfjárstaðan flæðir undan einkafyrirtækjunum úti á landi, en það er komið í veg fyrir það í gegnum siðferðilega ranglát lög, samvinnulögin, að eignir fyrirtækjanna úti á landi í Sambandinu komi fram í reikningum þess.

Hæstv. ráðherra eiginlegaýjaði að því, auðvitað fullyrti hann ekkert um það, að kannski væri þetta allt saman tapað í Bandaríkjunum hjá Iceland Seafood. Það skyldi þó ekki vera að allt væri tapað víða annars staðar í samvinnuhreyfingunni í sameiginlegum fyrirtækjum. Ég ætla ekki að nefna nein fyrirtæki, en það gefur mér ástæðu til að varpa fram þeirri spurningu: Getur það verið að rekstrarstaða þeirra fyrirtækja sem ég taldi upp sé svo léleg og svo Sambandsins í heild að það væri ekkert eftir nema kannski KEA? Þar munu líklegast vera eftir 400–500 millj. Þetta er mjög alvarlegt mál. Og það er enn þá

alvarlegra fyrir það að hér skuli standa ábyrgur alþingismaður og ræða það opinberlega með tilliti til þess að Sambandið hefur tekið lán og gengið í ábyrgðir fyrir hundruð milljóna gagnvart bæði innlendum og erlendum aðilum.

Við sjálfstæðismenn gerum okkur grein fyrir því og þeir sem styðja okkur að einkafyrirtæki sem ekki standast að vera rekin með þeim hætti, hvort sem það er af völdum stjórnmálamanna, opinberra aðila eða af öðrum ástæðum, eru yfirleitt gerð upp. Hin svokallaða fyrirgreiðsla sem hæstv. fjmrh. var að tala um að þau nytu sérstaklega í skjóli Sjálfstfl. er ekki fyrir hendi. Hún nær afskaplega skammt hafi hún verið fyrir hendi. Yfirleitt eru einkafyrirtæki og einstaklingar gerðir upp. Það vitum við. Þeim er yfirleitt engin miskunn sýnd og nægir að lesa Lögbirtingablað til að sjá það og ætla ég ekki að hafa fleiri orð um það.

Þá ætla ég að víkja nokkuð að hlutaskírteinunum og því frv. til l. sem ég er búinn að boða um breytingu á lögum um samvinnufélög, þ.e. hlutaskírteinin í þessum hlutafjársjóði sem gert er ráð fyrir að menn eignist ef þeir taka þátt í endurreisninni. Þessi hlutaskírteini eru ekkert ólík þeim eignaskírteinum sem ég geri ráð fyrir í þessu frv. l. um breytingu á lögum um samvinnufélög, en þau eru bara þess eðlis að í stað þess að tala um hlutaskírteini er talað um eignarskírteini í því frv. sem ég er búinn að semja sem sýnir eignarhlutfall hvers félagsaðila við hver áramót og færist inn í reikninga viðkomandi fyrirtækis. Þetta er svo sjálfsagður hlutur, ég tala ekki um í ljósi þeirra vandamála sem þessi fyrirtæki eiga nú við að stríða, að ég efast ekki um stuðning hæstv. fjmrh. og hv. þm. Alþb. við þetta frv. mitt. Ég trúi ekki öðru en að hugsjónamenn innan þess flokks, sem eru enn þá fyrir hendi þó ég sé ekki sammála þeim hugsjónum út af fyrir sig öllum en ég get tekið undir ýmislegt, taki undir það með mér og styðji þetta frv. þegar það kemur fyrir þingdeild. Ég efast ekki um að hv. þm. Alþfl. muni veita þessu frv. brautargengi og þetta verði samþykkt á þinginu og auðveldi þar með núverandi ríkisstjórn verk sín í gegnum Atvinnutryggingarsjóð og hlutabréfasjóðinn. Þetta er svo upplagt mál.

Virðulegi forseti. Ég hef nú talað tvisvar í þessari umræðu og skal ekki orðlengja þetta frekar. En ég þakka hæstv. fjmrh. og hæstv. viðskrh. fyrir það að þeir skuli hafa setið hér og tekið þátt í þessu með okkur þó að hæstv. viðskrh. hafi ekki lagt mikið til málanna. (**Viðskrh.:** Ég hef haldið langa ræðu fyrir hv. þm.) Já, en ekki það atriði sem ég er að fjalla um núna. Ég átti við það sérstaklega. Ég átti við þetta atriði sérstaklega þar sem ég er að hjálpa hæstv. ríkisstjórn að auðvelda lausn þeirra vandamála sem blasa við með því að styrkja eiginfjárstöðu þeirra fyrirtækja sem eiga nú í mestum erfiðleikum. (**Fjmrh.:** Það er rétt.) Já, það er rétt, sagði hæstv. fjmrh., og læt ég það nægja og lýk máli mínu með því.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

NEÐRI DEILD

54. fundur, föstudaginn 17. febr., kl. 10 árdegis.

Norrænn þróunarsjóður, 1. umr.

Stjfrv., 202. mál. — Þskj. 273.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um norrænan þróunarsjóð sem er á þskj. 273. Þetta frv. er komið frá Ed. og var þar mælt fyrir því 4. jan. sl. Þetta frv. er flutt í framhaldi af þáltill. sem samþykkt var í Sþ. fyrir síðustu jól um heimild fyrir ríkisstjórnina að fullgilda Norðurlandasamning frá 3. nóv. 1988 um stofnun norræns þróunarsjóðs. Markmiðið með stofnun þessa sjóðs er að örva félagslegar og efnahagslegar framfarir í þróunarlöndum. Sjóðurinn skal einbeita sér að fátækustu löndunum og veita lán sem eru með líkum kjörum og Alþjóðaframfarastofnunin IDA, sem er systurstofnun Alþjóðabankans í Washington, veitir fátækum ríkjum.

Þessi lán IDA eru til langs tíma og vaxtalaus að kalla. Þau voru lengst af frá árinu 1961, þegar IDA hóf sína starfsemi, til 50 ára og vaxtalaus en þó með allt að 0,5% lántökugjaldi. Nú eru þess lán yfirleitt til 35 eða 40 ára, veitt eingöngu tekjulægstu löndunum og án vaxta, yfirleitt afborgunarlaus fyrstu 10 árin.

Það er fyrst og fremst verkefni Norræna þróunarsjóðsins að lána til þessara landa og verkefna í þeim þar sem norrænir hagsmunir eru í húfi af hálfu verktaka og annarra verkseljenda og þar sem aðrar lánastofnanir, eins og t.d. Norræni fjárfestingarbankinn, lána síðan viðbótarlán á venjulegum kjörum og svo að sjálfsögðu þróunarstofnanir aðildarlandanna og aðrar lánastofnanir þeirra, útflutningslánakerfi o.s.frv. Með þessum hætti verður unnt að hleypa af stokkunum verðugum og nauðsynlegum verkefnum sem e.t.v. mundu annars ekki standast ávöxtunarkröfur sem venjulegar lánastofnanir gera. Auk þess opnast Norðurlöndunum með þessu leið til að keppa við aðrar iðnaðarþjóðir sem margar hafa við hliðina á sínum venjulegu útflutnings- og framkvæmdalánastofnunum fyrirkomulag mjúkra lána eins og þetta er oft kallað. Með stofnun sjóðsins geta Norðurlöndin í sameiningu einnig boðið upp á slík lán við hliðina á venjulegum framkvæmda- og útflutningslánum. Þetta hlýtur að auka möguleika norrænna fyrirtækja í samkeppni um verkefni í þróunarlöndunum þar sem þekking og framleiðslugeta norrænna fyrirtækja getur komið viðkomandi þjóðum að góðu gagni.

Það mun styrkja þennan nýja sjóð að hann starfar með norræna fjárfestingarbankanum og norræna verkefnaútflutningssjóðnum og þannig er hægt að beita samstilltum aðgerðum til að fjármagna nytsamar framkvæmdir í þróunarlöndum. Sjóðnum er auðvitað fyrst og fremst ætlað að styrkja þjóðir þriðja heimsins í framþróun þeirra, en að svo miklu leyti

sem slík þróun byggist á aðkeyptri þjónustu og búnaði styrkir hann líka aðstöðu norrænna fyrirtækja og þar með talin íslensk ráðgjafar- og verkfræðifyrirtæki og framleiðendur á sérhæfðum búnaði, t.d. á sviði fiskveiða og fiskvinnslu. Stofnfé þessa nýja sjóðs eru 100 millj. sérstakra dráttarréttinda sem skal greiða á fimm árum, en það svarar um 6,73 milljörðum kr. á núverandi gengi. Hluti Íslands er 67,5 millj. kr. eða 13,5 millj. kr. á ári og það er gert ráð fyrir fjárframlagi til þessarar sjóðsstofnunar í fjárlögum þessa árs.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir þinginu, er flutt til þess að tryggja sjóðnum fullnægjandi heimildir vegna hugsanlegrar starfsemi hans hér á landi, en hann mun hins vegar hafa aðalskrifstofu í Helsinki. Í raun og veru hefur þingið þegar tekið afstöðu til efnisatriðisins, sem er stofnun sjóðsins, með þeirri þáltill. sem var samþykkt hér í Sþ. fyrir jól. En ég vík þá að einstökum atriðum í frv.

Þar er í fyrsta lagi í 2. gr. ákvæði um að sjóðurinn skuli vera undanþeginn greiðsluhöftum og efnahagsaðgerðum á sviði lánamála sem gætu komið í veg fyrir eða torveldað starfsemi hans eða girt fyrir að hann gæti staðið við sínar skuldbindingar. Með einföldum orðum talað er hann undanþeginn ákvæðum laganna um skipun gjaldeyris- og viðskiptamála hér á landi að svo miklu leyti sem það kynni að hamla starfsemi hans ef sjóðsstjórnin kynni að ákveða að reka hér einhvern tíma einhverja starfsemi.

Þá er í öðru lagi í 3. og 4. gr. ákvæði þess efnis að sjóðurinn sé undanþeginn opinberum gjöldum hér á landi. Tilgangurinn sá sami og með 2. gr., þ.e. ef svo færi að sjóðurinn vildi reka hér einhverja starfsemi njóti hann sömu réttinda hér og hann nýtur í Helsingfors þar sem hann hefur aðalskrifstofu.

Í þriðja lagi eru svo ákvæði um gildistöku laganna í 5. gr. Hún er tengd gildistöku Norðurlandasamningsins um sjóðinn, en hann hefur þegar verið samþykktur eins og ég sagði áðan með þáltill. sem samþykkt var hér fyrir sl. jól.

Virðulegi forseti. Ég legg áherslu á að þetta frv. nái sem fyrst fram að ganga og ég legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

NEÐRI DEILD

55. fundur, föstudaginn 17. febr.,
að loknum 54. fundi.

Efnahagsaðgerðir, frh. 3. umr.

Stjfrv., 8. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 330, frhnál. 458 og 472, brtt. 301,1-3, 336, 449.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Við umræður um þetta mál nýlega kom fram ósk um að ég kynnti reglugerðardrög fyrir hlutafjársjóð Byggðastofnunar sem 10. gr. frv. gerir ráð fyrir að settur verði á fót í tengslum eins og þar segir við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja. Ég sagði þá að því skyldi ég lofa í síðasta lagi áður en málið væri afgreitt frá Ed. Síðan kom fram ósk um að þetta yrði kynnt áður en málið fer frá hv. Nd. og ég vil verða við því. Að þessum reglugerðardrögum hefur verið unnið mikið núna upp á síðkastið og margir til kvaddir. Ég óskaði eftir því við aðstoðarmann minn að hann kynnti þetta fyrir talsmönnum stjórnarandstöðunnar í gær og ég hygg að það hafi verið gert.

Þetta er alls ekki auðvelt mál. Þarna er um mikla hagsmuni að ræða og margir sem þurfa að koma að því að koma í veg fyrir skulum við segja mikla byggðaröskun og vandræði í ýmsum byggðarlögum í kringum landið. Eins og nú standa mál mun Atvinnutryggingarsjóður hafa afgreitt um það bil 90 umsóknir af um 190–200. Ég held að það megi segja að það sé óvenjuhröð aðgerð þegar um skuldbreytingu er að ræða. Ástæðan fyrir því að ekki er komið lengra er fyrst og fremst sú að það vantar reikninga frá mörgum fyrirtækjum. Þá reikninga er nú verið að vinna og er eðlilegt að eftir þeim sé beðið. Af þessum umsóknum hygg ég að um það bil 55 hafi verið afgreiddar jákvætt, þ.e. skuldbreyting hefur fengist, og er það að sjálfsögðu byggt á þeirri niðurstöðu samstarfsnefndar að þessi fyrirtæki hafi eftir skuldbreytinguna rekstrargrundvöll og sömuleiðis að eiginfjárstaða sé í lagi. Ég hygg að það megi segja að mjög hafi greiðst úr sölu skuldabréfa og þó að það séu enn þá á einstaka stöðum einhver vandkvæði er það ekki stórt. Ég held að það megi örugglega segja að þessi aðgerð hafi sannað nauðsyn sína. Það hafa fjölmargir sem fengið hafa skuldbreytingu borið.

Hins vegar eru rúmlega 30, líklega orðin um 33–34 fyrirtækin sem hafa fengið neitun á þeirri forsendu að þau hafi ekki rekstrargrundvöll að mati samstarfsnefndarinnar. Þessum fyrirtækjum mun fjölga. Það er álit starfsmanna Byggðastofnunar að þetta muni vera hátt í 40% þeirra fyrirtækja sem þarna sækja um. Nú er að vísu mjög mismunandi ástatt með þessi fyrirtæki. Sum eru með jákvæða eiginfjárstöðu en ekki með rekstrargrundvöll, allt of litla framlegð o.s.frv. Önnur eru með afar neikvæða eiginfjárstöðu og alls ekki séð hvernig þeim verður komið til aðstoðar án þess að málið sé gengið í gegnum gjaldþrot eða nauðasamninga eða hvað sem menn geta hugsað sér í því sambandi eða hvort eigendur geta þá aukið sjálfir verulega við eigið fé. Sum þessara fyrirtækja eru meginstoð atvinnulífs í byggðarlögum allt í kringum landið og hefur athygli Byggðastofnunar ekki síst beinst að þeim fyrirtækjum. Ég hef óskað eftir því við Byggðastofnun að hún skoði slík fyrirtæki mjög vandlega og sömuleiðis hef ég beint þeirri ósk til viðskiptabanka og Fiskveiðasjóðs að þeir geri það. Ríkisstjórnin hefur ekki sjálf haft afskipti af þeim málum. Að mati forstjóra Byggðastofnunar eru

fyrirtækin 15–20 sem eru máttarstoð atvinnulífs í byggðarlögum.

Nú hefur verið dálítið um það rætt hér hvort hugmyndin hafi verið að hlutafjársjóður Byggðastofnunar kæmi að þessum fyrirtækjum. Ég skal ekki segja hver upphaflega hugmyndin í því sambandi var, en ég held að tvímælalaust beri þeim stofnunum sem að þessum málum starfa og ríkisvaldinu skylda til að skoða það atvinnuástand sem skapast á ýmsum stöðum ef fyrirtækin stöðvast og kanna allar leiðir til að koma í veg fyrir slíkt og þá miklu byggðaröskun sem þessu getur fylgt. Ég tel fyrir mitt leyti að hlutafjársjóður Byggðastofnunar geti orðið mjög mikilvægur í þessu sambandi. Ég er hins vegar alls ekki að draga úr því að hlutafjársjóðurinn geti komið að öðrum málum þegar fram í sækir og víða um lönd eru starfandi stofnanir sem annast hlutafjáreign stjórnvalda eða ríkis í hlutafélögum í viðkomandi landi. Svo er t.d. í Svíþjóð og víða annars staðar og ég get séð fyrir mér að þessi sjóður geti orðið vísir að slíkri stofnun. En það sem að okkur snýr núna er hvort þessi sjóður geti orðið að liði við að bæta eiginfjárstöðu fyrirtækja og ég vek athygli á því að m.a. í síðustu ríkisstjórn var mjög talað um hvernig væri hægt að bæta eiginfjárstöðu fyrirtækja. Ég hef því látið semja drög að reglugerð sem ég ætla að lýsa í megindráttum, en verð að taka fram að hún er enn þá til meðferðar hjá ýmsum aðilum og þó að athugasemdum hafi fækkað eru þó ýmsar sem enn eiga eflaust eftir að koma fram og ýmsar sem komið hafa fram sem er eftir að taka afstöðu til.

Í 1. gr. þessarar reglugerðar er gert ráð fyrir því að hér verði um hlutafjársjóð útflutningsgreina að ræða. Sumir hafa gert athugasemd við það og telja það of vítt og að þetta ætti frekar að tengjast sjávarútveginum einum. Aðrir telja það of þröngt og telja að þarna þurfi að koma til ýmis önnur fyrirtæki. Hér er farin millileið og þetta verður reyndar að lesa með 12. gr. í þessari reglugerð þar sem eru sett ákveðin skilyrði fyrir því að sjóðurinn megi koma inn í fyrirtæki. Meginskilyrðið er að þarna sé um að ræða meginstoð atvinnulífs í viðkomandi byggðarlagi og það út af fyrir sig þrengir þetta á hinn mátann mjög.

Það er gert ráð fyrir því að sjóðurinn taki þátt í fjárhagslegri endurskipulagningu útflutningsgreina með kaupum á hlutabréfum í starfandi fyrirtækjum og þátttöku í stofnun nýrra fyrirtækja er taki við starfsemi eldri útflutningsfyrirtækja. Þetta verður líka að lesa með grein síðar í þessum drögum, 12. gr. sem ég kem að síðar.

Eitt mjög stórt atriði er hvernig stjórn svona sjóðs skuli skipuð. Gert er ráð fyrir því í frv. að um sé að ræða þriggja manna stjórn. Nú er að sjálfsögðu afar mikilvægt að í þessa stjórn veljist annars vegar ekki menn sem hafa fjárhagslegra hagsmuna að gæta persónulega og ekki þeir sem tengjast fyrirtækjum sem hafa fjárhagslegra hagsmuna að gæta. Hins vegar þurfa það að vera menn sem hafa góða yfirsýn yfir ástand og horfur í þessum atvinnugreinum. Ég vil bara nefna sem dæmi að sjálfur teldi ég mjög æskilegt að þarna væri maður frá Byggðastofnun. Byggðastofnun kemur eflaust til með að hafa stórra hagsmuna að gæta í starfsemi þessa sjóðs því að það er margt sem bendir til þess að Byggðastofnun kunni að þurfa að breyta verulegum skuldum í hlutafé í gegnum sjóðinn. Í þessum drögum eins og stendur núna er ekki gert ráð fyrir neinum tilnefningum. Það var í fyrri drögum og komu fram mjög ákveðnar athugasemdir við það, en vitanlega verður stjórnin ekki skipuð án víðtæks samráðs við aðila sem að þessu koma.

Í 6. gr. eins og hún stendur núna segir: „Stjórnarmaður skal ekki taka þátt í meðferð máls er varðar fyrirtæki ef hann situr í stjórn eða er starfsmaður þess.“ Þetta þrengir vitanlega afar mikið að þessar tvær málsgreinar verða að skoðast saman. Ég tek það skýrt fram að ég hef ekkert á móti því að tilnefningar komi ef menn geta verið sammála um að þær nái þessum víðtæku skilyrðum sem verður að setja. Þess vegna hafa menn heldur í síðari drögum horfið frá því.

Hér er gert ráð fyrir að þessi sjóður tengist Byggðastofnun en hafi þó sjálfstæðan fjárhag. Um það hefur m.a. verið rætt hvort hann eigi að vera alger hluti af Byggðastofnun. Menn hafa sagt í því sambandi að þarna þurfi langtum fleira að koma að, sjóðir eins og Fiskveiðasjóður, kannski Iðnlánasjóður í einhverjum tilfellum, bankar, og þess vegna ekki eðlilegt að hann sé hluti af einum af þeim sjóðum sem muni þurfa að aðstoða í þessu sambandi.

Ég hef þegar lýst þeim skilyrðum sem standa í 6. gr., sem sagt að hann megi ekki vera tengdur fyrirtæki sem á hagsmuna að gæta. Hann skuli þá víkja ef um slíka hagsmuni er að ræða.

Þá er gert ráð fyrir því í 7. gr. að hlutafjársjóður Byggðastofnunar afli fjár með sölu hlutdeildarskírteina til lánastofnana og annarra kröfuhafa fyrirtækja sem sækja um aðstoð sjóðsins, enda verði andvirði þeirra notað til skuldbreytinga samkvæmt reglum sjóðsins. Einnig er stjórn sjóðsins heimilt að gefa sveitarfélögum, sjóðum, fyrirtækjum og einstaklingum kost á að kaupa hlutdeildarskírteini. Það er opið hverjir geta komið þarna inn í. Ástæðan fyrir því að hið fyrra er talið fyrst er að við teljum að þarna sé tæki fyrir viðskiptabanka og sjóði að koma að endurskipulagningu fyrirtækis án þess að gerast beinir hluthafar sjálfir sem þeir hafa mjög takmarkaða heimild til. Við teljum að frá slíkum stofnunum eigi að koma meginhluti þess fjármagns sem fer í hlutafjáraukningu hjá fyrirtækjum sem eru þá í viðskiptum við viðkomandi stofnun. Raunar teldi ég þetta hvað mikilvægast í þessu sambandi. Ég sé ekki að takist að útvega nauðsynlegt fjármagn, sem getur orðið æðimikið, án þess að viðskiptabankar, fjárfestingarsjóðir og alveg sérstaklega Byggðastofnun komi að því máli.

Í frv. er gert ráð fyrir því að 600 millj. séu með ríkisábyrgð og það stendur óbreytt. Það vekur upp ýmsar spurningar. Nú er alveg ljóst að 600 millj. eru hvergi nærri nóg og hugmyndin hefur því verið sú að hafa tvenns konar skírteini, A og B, A með ríkis-

ábyrgð og B án ríkisábyrgðar. Ríkisábyrgðin nær til greiðslu andvirðis hlutafjárskírteina með verðtryggingu sem er gert ráð fyrir að sé í SDR eða gjaldeyristrygging í þessari reglugerð. Þá er spurningin hverjir ættu að hafa forkaupsrétt að ríkistryggðum hlutdeildarskírteinum. Eiga t.d. viðskiptabankar og sjóðir sem eru fyrir með trygg veð að hafa aðgang að slíkum skírteinum? Þannig stendur það nú. Við þetta hafa komið ýmsar athugasemdir. Þá er í raun og veru verið að bjóða þessum aðilum að breyta veðum í frystihúsum og ýmsu slíku, sem eru sögð trygg en eru ekki trygg t.d. ef afli fæst ekki til húsanna, í enn betri veð, þ.e. með ríkisábyrgð. Mér finnst, ég vil lýsa því hér, að þetta þurfi að skoðast mjög vandlega og er spurning hvort á slíkum skírteinum, A-skírteinum á að vera full ríkisábyrgð, á allri upphæðinni, eða hvort ekki má hafa hana að hluta þó að B-skírteini verði ekki með ríkisábyrgð.

Eins og ég sagði áðan er gert ráð fyrir að um gengistryggingu verði að ræða. Það er gert ráð fyrir að öll hlutdeildarskírteini verði skráð á nafn og geti gengið kaupum og sölum. Ég var búinn að nefna áður að miðað væri við SDR í gengistryggingunni. Það er gert ráð fyrir að greiða að fullu og öllu upp hlutdeildarskírteini innan tíu ára frá kaupdegi hlutdeildarskírteina. Það er vitanlega álitamál hvort á að vera að binda í reglugerð að þau skuli greiðast upp innan ákveðins tíma. Ef þeir finnast sem vilja eiga skírteini áfram geta þeir vitanlega notað það fjármagn til að kaupa ný skírteini.

Síðan er grein sem er afar mikilvæg. Hún greinir frá þeim skilyrðum sem setja yrði við þátttöku hlutafjársjóðsins.

Í fyrsta lagi stendur svo í reglugerðinni enn að viðkomandi fyrirtæki teljist vera meginuppistaða í útflutningi og atvinnurekstri á viðkomandi starfssvæði samkvæmt reglum sjóðsstjórnar. Það þarf vitanlega að skilgreina hvað telst vera meginuppistaða. Er það t.d. að fyrirtæki í sjávarútvegsplássum taki við meira en helmingi af afla eða eitthvað þess háttar? Þetta hefur verið rætt töluvert við forstjóra Byggðastofnunar sem hefur sett fram vissar hugmyndir í þessu sambandi. Er rétt að segja meginuppistaða eða mikilvægt fyrirtæki í útflutnings- og atvinnurekstri á viðkomandi starfssvæði? Hér stendur enn þá „megin". Það er gert til að takmarka þetta meira en annars yrði.

Í öðru lagi að sýnt þyki að fyrirtæki búi við jákvæða rekstrarafkomu og viðunandi greiðslustöðu að lokinni endurfjármögnun og fjárhagslegri endurskipulagningu. Að sjálfsögðu þýðir ekkert að fara inn í fyrirtæki nema það sé tryggt, eiginfjárstaðan komin upp í eitthvað sem telst viðunandi, 20–30% jákvæð vil ég leyfa mér að segja o.s.frv. Þetta held ég að sé ljóst atriði.

Inn í þetta getur vitanlega fleira komið eins og t.d. Atvinnutryggingarsjóðurinn með skuldbreytingu og því segir í 3. lið að samhliða hafi tekist með frjálsum samningum, nauðasamningum eða öðrum aðgerðum að gera eiginfjárstöðu viðkomandi fyrirtækis jákvæða miðað við matsverð fasteigna, véla, tækja og áætlaðs endursöluverðs skipa. Sem sagt: sjóðnum er ekki ætlað sem slíkum að koma inn í fyrirtæki sem eru gjaldþrota. Honum er ekki ætlað að yfirtaka skuldir umfram eignir. Þar verða aðrir aðilar að koma að eins og talið er í þessari grein.

Ég vil nefna að í þessu sambandi hefur verið vakin athygli á því að kannski eigi að setja að skilyrði að gera upp vissar mjög viðkvæmar skuldir hjá fyrirtækjum eins og við lífeyrissjóði. Starfsmenn glata sínum réttindum ef ekki er gert upp við lífeyrissjóði. Það eru kannski ekki afgerandi upphæðir en mjög viðkvæm mál og vitanlega þarf að gæta í þessu sambandi hagsmuna starfsfólks. Launin, ef til gjaldþrots kemur, eru að sjálfsögðu forgangskrafa, en það þarf að gæta slíkra hluta. Það er ekki í þessu eins og stendur nú, en athygli skal vakin á þessu atriði. Það er þá gert ráð fyrir að í kjölfar árangurslausra nauðasamninga eða gjaldþrots fyrirtækja sé hlutafjársjóðnum skylt að taka þátt í stofnun nýrra fyrirtækja með hlutafjárkaupum og þá að sjálfsögðu haft í huga að slík fyrirtæki keyptu hið gjaldþrota fyrirtæki á uppboði og héldu rekstrinum áfram. Ríkissjóði er heimilt að selja hlutafjársjóðnum sína hlutafjáreign og virðist vera sjálfsagt.

Þá er gert ráð fyrir því að hlutabréf skuli boðin til sölu með opinberri auglýsingu eigi síðar en fjórum árum eftir að þau eru keypt. Það er ekki ástæða til þess að hlutafjársjóðurinn sitji með hlutabréf til lengri tíma en nauðsyn krefur og reyndar eðlilegt að hann dragi sig út úr slíkum fyrirtækjum. Því er þetta skilyrði sett.

Þá er gert ráð fyrir að starfsfólki og hluthöfum skuli veittur viss forkaupsréttur eða þeim skuli tilkynnt með hæfilegum fyrirvara að bréfin séu til sölu.

Þá eru greinar sem eru kannski ekki svo umræðu verðar. Það er gert ráð fyrir að stjórn hlutafjársjóðs Byggðastofnunar auglýsi eftir umsóknum um aðstoð til fjárhagslegrar endurskipulagningar útflutningsfyrirtækja, hún aðstoði umsækjendur eftir föngum við upplýsingaöflun o.s.frv. Svo er gert ráð fyrir að hlutafjársjóðurinn sé undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum.

Ég hef, herra forseti, rakið öll meginatriði þessara draga að reglugerð um hlutafjársjóð Byggðastofnunar. Eins og ég sagði áðan hafa talsmenn stjórnarandstöðunnar fengið þetta og ég skal með ánægju svara þeim spurningum sem fram koma, en vil að lokum taka fram að að sjálfsögðu þarf slík reglugerð enn mjög að skoðast t.d. af væntanlegri stjórn. Þó að hún hafi verið skoðuð allítarlega bæði af forstjóra Byggðastofnunar og formanni Atvinnutryggingarsjóðs og a.m.k. einum viðskiptabanka eru eflaust fleiri sem þurfa að koma að þessu máli.

En ég skal ekki lengja mál mitt um önnur atriði frv. Þau hafa verið ítarlega rædd og lít ég svo á að það hafi verið fyrst og fremst þetta atriði sem menn vildu ræða nú.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Sú umræða sem nú fer fram um 8. mál þingsins hefur fyrst og fremst beinst að svokölluðum hlutafjársjóði, en ákvæði um hann voru samþykkt við 2. umr. í þessari hv. deild á grundvelli hugmynda sem Kvennalistinn og Sjálfstfl. opinberuðu í brtt. þegar í Ed. og síðan aftur í þessari hv. deild. Þessum tillögum hefur nú verið breytt. Hæstv. ríkisstjórn tók þær upp á sína arma, en lagaði þær til í hendi sér til þess að þær gætu þjónað stefnumiðum og hagsmunum hæstv. ríkisstjórnar.

Í tilkynningu sinni um efnahagsmál sagði hæstv. forsrh. að a.m.k. 60–70 fyrirtæki fengju ekki afgreiðslu hjá Atvinnutryggingarsjóði útflutningsgreina. Hæstv. ráðherra sagði jafnframt að gengisfelling kæmi ekki að gagni gagnvart þessum fyrirtækjum. Hér væri á ferðinni, eins og hann orðaði það, „djúpstæður skipulagsvandi". Ekki hefur hæstv. forsrh. sagt nákvæmlega í hverju þessi djúpstæði skipulagsvandi sé fólginn, en hæstv. fjmrh. hefur hins vegar fyrir nokkrum dögum í Þjóðviljanum sagt lesendum þess blaðs og þar með þjóðinni hvernig Alþb. lítur á þessi mál. Það er mjög athyglisvert fyrir okkur alþingismenn að kynnast því hvernig formaður Alþb. setur þessi mál upp í því viðtali sem við hann er í Þjóðviljanum. Mér finnst vera full ástæða til að ræða sjónarmið hæstv. fjmrh. og spyrja í framhaldi af því hvort þau sjónarmið séu jafnframt sjónarmið hæstv. forsrh.

Í viðtali við Þjóðviljann segir hæstv. fjmrh. m.a. að hæstv. ríkisstjórn hafi hafnað hugmyndum Sjálfstfl. og Kvennalistans um að það þurfi að framkvæma gengisfellingu til að skapa hér rekstrarskilyrði fyrir útflutningsgreinarnar og segir síðan, með leyfi forseta:

„Vandamál íslensks atvinnulífs, sérstaklega útflutningsgreinanna, eru langvarandi skipulagsvandi. Hann verður ekki leystur nema með margþættum breytingum á rekstri fyrirtækjanna, samsetningu þeirra, fjölda þeirra og verkefni stjórnvalda er að skapa skilyrði fyrir því að þessi endurskipulagning eigi sér stað og knýja á um að hún verði framkvæmd á sem skemmstum tíma og greiða fyrir henni." Lýk ég þessum kafla úr viðtali Þjóðviljans við hæstv. fjmrh.

Það sem hér er sagt er ósköp einfaldlega að íslensk stjórnvöld ætla sér að knýja á um verulegar skipulagsbreytingar í atvinnulífi landsmanna. Hæstv. ríkisstjórn ætlar sjálf að ákveða hve mörg fyrirtæki eigi að lifa. Hún ætlar að ákveða sjálf með aðferðum sem hún hyggst beita, m.a. hlutafjársjóðnum, hvaða fyrirtæki eiga að sameinast og vinna þannig sjálf að slíkri endurskipulagningu. Aðferðin sem notuð er er sú að knýja þetta fram með því að skrá gengi íslensku krónunnar rangt.

Hæstv. forsrh. hefur öllum öðrum Íslendingum oftar sagt hátt og snjallt opinberlega, bæði við fjölmiðla og hér á hinu háa Alþingi, að gengi íslensku krónunnar sé rangt skráð. Maður hlýtur að spyrja að því, ef gengi íslensku krónunnar er rangt skráð, hvernig á því standi að það er ekki leiðrétt. Hvernig stendur á því að hæstv. forsrh. getur aftur og aftur sagt að gengið sé rangt skráð, en síðan á ekkert að leiðrétta gengið heldur á að nýta sér ranga gengisskráningu til að þjóna hagsmunum Alþb. og endurskipuleggja fyrirtækin í landinu með þeim hætti að opinberir aðilar, einkum og sér í lagi þriggja manna kommissarakerfi sem á að koma á laggirnar sem stjórn í hlutafjársjóðnum, eigi nú að fá öll völd um hvaða menn séu settir í stjórn fyrirtækja á grundvelli fjármagns sem á að koma úr opinberum sjóðum og bönkum? Ég spyr hæstv. forsrh. að því: Hefur hann hugleitt hvað kemur út úr slíku kerfi? Hefur hann hugsað út í að hér er verið að koma á mestu ríkisafskiptum af atvinnulífinu sem hafa verið í gildi á Íslandi líklega um margra, margra áratuga skeið? Hefur hæstv. forsrh. velt því fyrir sér hvernig íslenska þjóðin á síðan að losna úr þessum viðjum, hvernig fyrirtækin í framtíðinni eiga sjálf að losna úr þessum opinberu viðjum og hvort hann telji þegar hann hugsar málið gjörla, ekki síst eftir að hafa kynnt sér mál erlendis, að þetta sé leiðin til að kalla fram fyrirtæki sem eru starfi sínu vaxin og geta starfað með þeim eðlilega hætti í samkeppni hér á landi sem veita okkur jafngóð lífskjör og fyrirtæki hjá öðrum þjóðum þar sem allt aðrar hugmyndir eru uppi um hvernig stjórnvöld eigi að haga sér gagnvart atvinnulífinu? Ég spyr hæstv. forsrh. að þessu vegna þess að það er augljóst af því viðtali sem ég hef hér fyrir framan mig við hæstv. fjmrh. að það er fjmrh. og Alþb. sem virðast algerlega ráða ferðinni í þessum efnum. Þetta er alvarlegt, ekki síst í ljósi þess að í síðustu kosningum hafnaði almenningur hér á landi og íslenskir kjósendur Alþb. og stefnu þess. Það var mynduð hér ríkisstjórn um allt önnur sjónarmið og allt aðra stefnu en nú er verið að framkvæma. Og það hlýtur að vera gagnrýnisvert að Framsfl., sem stundum telur sig vera flokk atvinnulífsins, og Alþfl. skuli nú hafa nánast fórnað hgsmunum atvinnulífsins fyrir þá náð að mega starfa með Alþb.

Það er athyglisvert, virðulegur forseti, að lesa örstuttan kafla til viðbótar úr viðtali við hæstv. fjmrh. Hann segir, með leyfi forseta:

„Ég hef stundum í þessari umræðu bent mönnum á það að í Sovétríkjunum séu menn núna að framkvæma perestrojku m.a. vegna þess að þar hafi verið gífurlega óhagkvæm fjárfesting í atvinnulífinu sem að mörgu leyti eigi sér pólitískar orsakir og þótt margt sé ólíkt með íslenska hagkerfinu og hinu sovéska, þá vitum við þó að í okkar kerfi hafa tíðkast bullandi pólitískar fjárfestingar og hagsmunafjárfestingar af ýmsu tagi sem ekki taka mið af hinum rekstrarlegu skilyrðum og eðlilega skipulagi atvinnufyrirtækja."

Þó held ég að sé ástæða til að lesa kannski eina setningu til viðbótar. Hún er svona: „Þess vegna tel ég að lykilorðið í því sem við erum að gera sé endurskipulagning íslensks atvinnulífs, markviss endurskipulagning á öllum sviðum."

Ég held að ég hafi aldrei fyrr né síðar séð jafnskýrlega koma fram hvað a.m.k. Alþb. er að gera. Alþb. er að benda á með því sem kemur fram í viðtali við

formann þess að ákvarðanir fyrirtækjanna sjálfra, ákvarðanir þeirra sem hafa starfað við sjávarútveg og fiskvinnslu um landið séu í raun og veru pólitískar ákvarðanir, ákvarðanir sem þeir hafi tekið með sjálfstæðum hætti. Nú sé kominn tími til að koma í veg fyrir slíkt með því að endurskipuleggja atvinnulífið með þeim hætti að opinberir aðilar komi til skjalanna. Fulltrúar hæstv. ríkisstjórnar eiga að koma og taka í taumana og segja atvinnurekendunum og þeim sem eiga fyrirtækin, þeim sem hafa þjónað byggðarlögunum áratugum saman: Það sem þið hafið verið að gera er tóm vitleysa. Það er pólitík. Það eru hagsmunafjárfestingar og pólitískar fjárfestingar. Hérna komum við í ríkisstjórninni, ég, Ólafur Ragnar Grímsson fjármálaráherra, og aðrir slíkir, og ætlum að segja ykkur hvernig þið eigið að fara að þessu.

Ég spyr hæstv. forsrh.: Er hann sammála þessu sem kemur fram í viðtali við hæstv. fjmrh. sem virðist tala fyrir hönd ríkisstjórnarinnar allrar? Er virkilega svo komið fyrir Framsfl. og Alþfl. að þeir telji að þeir geti frekar stýrt ákvörðunum fyrirtækjanna í byggðarlögunum úti á landi en þeir sem hafa starfað við þessi fyrirtæki áratugum saman? Af orðum hæstv. fjmrh. verður ekki annað skilið en hér sé um stórkostlega stefnubreytingu í átt til ríkisafskipta að ræða.

Það er athyglisvert, virðulegur forseti, í þessu viðtali að hæstv. fjmrh. gengur allra ráðherra lengst í því að flokka fyrirtæki. Hann býr til fjóra flokka yfir fyrirtækin og segir á þessa leið:

„Í raun má segja að þessar aðgerðir síðustu fjóra mánuði hafi skipt sjávarútvegsfyrirtækjum í landinu í fjóra flokka. Í fyrsta flokki eru fyrirtæki sem ganga vel. Þau hafa ekki fengið neina sérstaka fyrirgreiðslu nema almennar breytingar á vaxtamálum og þau standa sig vel. Það er hins vegar ekki fjallað mikið um stöðu þessara fyrirtækja því þau þjóna ekki aðgerðakórnum." Hér geri ég hlé á þessum lestri. „Aðgerðakórinn", til skýringar, er sá hópur manna sem hefur lýst því yfir að það þurfi að leiðrétta rekstrargrundvöll atvinnuveganna með gengisfellingu. M.ö.o.: Aðgerðakórinn er kórinn sem tekur undir það þegar einsöngvarinn, forsrh. sjálfur, hæstv. forsrh., segir að gengið sé rangt skráð. Það er aðgerðakórinn.

Er það nú rétt, sem hér stendur, að það hafi ekkert verið gert fyrir þessi fyrirtæki? Gleymir ekki hæstv. fjmrh. því að í raun og veru hafa með millifærslum verið sköpuð skilyrði um tímabundið skeið til þess að halda genginu rangt skráðu fyrir þau fyrirtæki? Að vísu hefur hæstv. sjútvrh. lýst því yfir að ríkisstjórnin hyggist taka lán fyrir Verðjöfnunarsjóðinn þegar það fjármagn þrýtur sem var ákveðið á síðasta ári, en það kemur ekkert fram um það í lánsfjárlagaumræðunni í Ed. Hvað gerist þá? Jú, þá hverfa fyrirtækin úr þessum flokki vegna þess að þá hætta að vera til rekstrarskilyrði jafnvel fyrir best reknu fyrirtækin.

Ég veit að hæstv. forsrh. þekkir til nokkurra vel rekinna fyrirtækja. Ég get bent á tvö fyrirtæki sem hafa verið rekin allt fram að þessum tíma fyrir ofan strik en eru núna farin undir, tvö fyrirtæki sem eru ákaflega misjöfn að stærð, annað mjög lítið í litlu byggðarlagi, hitt afar stórt í stóru byggðarlagi. Þetta eru Útgerðarfélag Akureyringa og Hraðfrystihúsið í Hnífsdal, fyrirtæki sem ég veit að hæstv. forsrh. þekkir mjög vel sjálfur.

Hvað er gert við svona fyrirtæki? Það er annars vegar þetta sem ég hef rætt en hins vegar hitt sem ekki er nefnt. Þau eru skattpínd núna meira en nokkurn tíma fyrr. Þessum fyrirtækjum er núna gert ókleift að leggja til hliðar fjármuni, geyma skattlausa fjármuni þar til þau vilja fjárfesta, með breytingu sem hæstv. ríkisstjórn ákvað. Nú á að skattpína þessi fyrirtæki eða reka þau út í ótímabærar fjárfestingar eins og hæstv. forsrh. veit að gerist þegar skattalöggjöfin verður röng og vitlaus. Þessu gleymir að sjálfsögðu hæstv. fjmrh.

En hæstv. fjmrh. kemur með næsta flokk og hann er svona. Orðrétt segir hann, með leyfi forseta:

„Í öðrum flokknum eru fyrirtæki sem hafa fengið skuldbreytingu hjá Atvinnutryggingarsjóðnum og það dugir þeim. Þau hafa fengið lánin lengd, dregið úr fjármagnskostnaði og mörg hver gert skipulagsbreytingar á rekstrinum.

Í þriðja flokknum eru fyrirtæki sem þurfa að gera ákveðnar skipulagsbreytingar, hugsanlega að taka upp samstarf við önnur fyrirtæki, þurfa aukið eigið fé. Með hlutafjársjóðnum sem við ætlum að setja á laggirnar er ætlunin að skapa tæki til þess að hluta af lánum þessara fyrirtækja verði hægt að breyta í eigið fé og tryggja áframhaldandi rekstur þeirra."

Þetta er sá flokkur sem hæstv. forsrh. ræddi hér um í sinni ræðu áðan þegar hann fjallaði um reglugerðina sem fylgja á lögum um hlutafjársjóðinn.

„Síðan", segir hæstv. fjmrh. í viðtalinu, „er fjórði flokkurinn af fyrirtækjum og þau eru því miður nokkur þar sem offjárfestingin og skorturinn á eðlilegu rekstrarskipulagi hefur verið með þeim hætti að það er óhjákvæmilegt að þau verði gerð gjaldþrota. Eignir þeirra eru langtum minni en skuldirnar og í sumum tilfellum er þessi munur upp á hundruð milljóna. Það er því ekkert annað sem liggur fyrir, því miður, en að gera þessi fyrirtæki upp."

Síðar í viðtalinu segir reyndar: „Ef um er að ræða lykilfyrirtæki í byggðarlaginu, þá mun það hljóta sérstaka aðstoð til að tryggja, þó að um gjaldþrot verði að ræða, að nýtt fyrirtæki taki til starfa á rústum þess sem fyrir var þannig að fólkið haldi áfram atvinnunni og atvinnutækin verði áfram á sínum stað."

Nú er það svo að flest íslensk sjávarútvegsfyrirtæki hafa haldið áfram starfsemi sinni þrátt fyrir örðug rekstrarskilyrði í trausti þess að hæstv. ríkisstjórn ætli eitthvað að láta gerast í þeim málum þannig að þau geti haldið áfram að starfa með eðlilegum hætti. Þessi yfirlýsing og í raun sá texti sem kemur fram í reglugerð um hlutafjársjóð Byggðastofnunar segir okkur að það sé þegar búið að stilla íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum upp í ákveðna flokka. Og ég spyr hæstv. forsrh. að því: Liggur á borði niðri í forsrn. listi yfir þessi fyrirtæki? Er búið að krossa við þau fyrirtæki

sem eiga að verða gjaldþrota? Ef svo er, er þá ekki kominn tími til þess að ganga hreint til verks og segja fólkinu, eigendunum og starfsfólkinu, frá því hvaða fyrirtæki þetta eru? Mér finnst að við þurfum að átta okkur á því að mörg þessara fyrirtækja hafa verið að tapa sínu eiginfjármagni á undanförnum mánuðum, ekki aðeins á fyrstu níu mánuðum síðasta árs heldur ekkert síður á þeim mánuðum sem síðan eru liðnir, sem liðnir eru frá því að þessi hæstv. ríkisstjórn settist að völdum. Það lá svo gífurlega mikið á að mynda ríkisstjórn með Alþb. að það varð helst að gerast á einni helgi til að bjarga íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum. Finnst hæstv. forsrh. að hann hafi náð miklum árangri? Það sem kannski er kjarnaspurningin: Er hæstv. forsrh. sammála því, sem kemur fram í viðtali við hæstv. fjmrh., að það eigi að stilla fyrirtækjum upp í fjóra flokka, að hæstv. ríkisstjórn hafi meira vit á því hvernig þessi fyrirtæki eigi að fjárfesta og haga sinni stefnu en eigendur þeirra og þeir sem hafa starfað við þetta? Er hæstv. forsrh. sammála því, sem kemur fram í viðtali við Ólaf Ragnar Grímsson, formann Alþb. og hæstv. fjmrh., að á undanförnum árum hafi verið um bullandi pólitískar fjárfestingar að ræða hjá atvinnulífinu? Og ef hæstv. forsrh. er sammála þessu, hvaða fyrirtæki voru það sem fóru í bullandi pólitískar fjárfestingar? Var það Samband ísl. samvinnufélaga og fyrirtæki á vegum þess? Manni dettur það helst í hug því að við vitum báðir að hæstv. fjmrh. var á sínum tíma þátttakandi í slíku félagi og fulltrúi á fundum hjá Sambandi ísl. samvinnufélaga. Ef það er ekki hjá SÍS, hjá hvaða fyrirtækjum þá? Þetta eru stór orð sem hér eru sögð og þetta eru orð sem eru notuð sem grundvöllur beinna aðgerða af hálfu ríkisins til að hefja stórkostlegustu afskiptasemi af íslensku atvinnulífi sem um hefur getið um áratuga skeið. Það verður líklega að hverfa aftur til millistríðsáranna til að finna annað eins.

Mér finnst, hæstv. forsrh., ef þessi orð fjmrh. lýsa ekki skoðunum hæstv. ríkisstjórnar, vera kominn tími til þess að hæstv. forsrh. segi það klárlega við þessa umræðu. Ég segi það vegna þess að í samstarfi okkar, bæði í ríkisstjórn og enn fremur þegar hæstv. forsrh. var forsrh. í samstjórn Sjálfstfl. og Framsfl., fylgdi hann allt annarri stefnu, þeirri stefnu að ríkisvaldið ætti að sjá um að umgjörðin og skilyrðin væru í lagi, eftir það ættu aðrir að taka við, þeir sem stjórnuðu fyrirtækjunum, en það ætti ekki að hefja þá „perestrokju" sem hæstv. fjmrh. er að boða með tilvísun til þess lands sem hann virðist þekkja best og ber íslenska þjóðfélagið saman við. Ég er nýkominn frá Sovétríkjunum og ég held að það sé dálítið langt til jafnað að fara að nefna þau í sambandi við íslenska atvinnuvegi og get ég komið að því síðar ef tækifæri gefst til.

Við viðurkennum það að sjálfsögðu að hæstv. ríkisstjórn og reyndar Alþingi og öll þjóðin stendur frammi fyrir ákveðnu vandamáli sem þarf að sjálfsögðu að leysa. Spurningin er: Er þessi hlutafjársjóður eins og hann er settur upp rétta tækið til að leysa úr þessum vandamálum? Er rétt að fara að með þessum hætti, að skapa þannig millilið á milli sjóðakerfisins og bankakerfisins og fyrirtækjanna, pólitískan millilið þar sem á að þreifa á þessum málum, eða er hyggilegra að ríkisstjórnin beiti almennum efnahagsaðgerðum eins og réttri gengisskráningu og að sjóðirnir og bankarnir sem hafa lánað fyrirtækjunum standi ábyrgir gerða sinna og gefi annaðhvort eftir þegar allt er komið í þrot eða liði til fyrir fyrirtækin þannig að þau geti starfað áfram eða ný fyrirtæki verið reist á rústum hinna sem verða gjaldþrota, en allir virðast vera sammála um að það sé ekki hægt að bjarga alveg öllum fyrirtækjum sem starfa í dag? Ég segi, hæstv. forsrh.: Sú aðferð sem hér er búin til er stórhættuleg vegna þess að hún eykur pólitíska afskiptasemi og setur stjórnmálamenn í þann vanda að þeir bera í raun og veru ábyrgð á öllum einstökum aðgerðum sem þarna eiga sér stað.

Það getur vel verið að stjórnmálamenn álíti að þeir séu allra manna skynsamastir og í raun og veru viti þeir miklu betur en allir aðrir hvernig eigi að reka fyrirtæki og hvernig eigi að byggja fyrirtæki upp. Ég er ekki þeirrar skoðunar. Ég held og hélt satt að segja að hæstv. forsrh. vissi að það getur verið heppilegra að við sinnum stjórnmálum, að við semjum leikreglurnar en aðrir sem hafa reynslu af atvinnurekstri ættu að stunda atvinnurekstur og þeir sem hefðu reynslu af bankafyrirgreiðslu, sjóðafyrirgreiðslu ættu að vera í því og við ættum ekki að ræna þetta fólk ábyrgð af eigin verkum. Ég óttast það, hæstv. forsrh., að hér séu stjórnmálamenn, sumir af því að þeir vita nákvæmlega hvað þeir eru að gera, og á ég þar við hæstv. fjmrh., að skapa skilyrði fyrir stórkostlegum pólitískum afskiptum. Ég efast ekki um að hæstv. forsrh. ætlar ekki að misnota sína aðstöðu í þessum sjóði. En ég spyr hann og bið hann ekki um að svara upphátt heldur skoða svarið í sínum huga: Mundi hann treysta þessu kerfi í höndum Alþb. ef Alþb. færi eitt með stjórn landsins? Mundi hann treysta þessu kerfi, sem hann er að koma á, í höndum slíkra manna, vitandi hvert þeir stefna og hvað þeir vilja gera í íslensku atvinnu- og efnahagslífi? Telur forsrh. enga hættu á því að slíkir aðilar vildu kannski notfæra sér slíkt kerfi í pólitískum tilgangi? Ég bið ekki forsrh. um að svara þessu hér úr ræðustól. Ég bið hann um að skoða þetta í sínu eigin hugskoti. Ég hef áhyggjur af þessu og ég tel, og kannski er það grundvallarágreiningurinn sem er að skýrast betur og betur frá einum degi til annars, að annars vegar sé hópur stjórnmálamanna sem vilja beita almennum aðgerðum, sem telja að stjórnmálamenn eigi að standa við stýrið en ekki vera alltaf að „vesenast" niðri í lest á skipinu, standandi þar og segjandi mönnum fyrir verkum. Það er hlutur stjórnmálamanna að átta sig á því hvert þjóðarskútan á að fara, en síðan eiga aðrir í þjóðfélaginu að vinna við þau mál sem þeir eru miklu betur færir til en stjórnmálamennirnir. Vona ég að ég hafi í grundvallaratriðum sagt hver sé stefna Sjálfstfl. í þessum atriðum og hver ég held að sé stefna ríkisstjórnarinnar ef marka má þau ummæli sem hæstv. fjmrh. hefur látið eftir sér hafa í viðtali í Þjóðviljanum.

Þá langar mig til að víkja örfáum orðum að reglu-

gerð um hlutafjársjóð Byggðastofnunar sem hæstv. forsrh. kynnti, þ.e. drög að reglugerð sem ekki hefur endanlega verið frá gengið og hæstv. forsrh. fjallaði um í sinni ræðu áðan. Þessi drög lýsa því betur en flest annað í hvaða vanda hæstv. ríkisstjórn er. Ég skil vel að stjórnarflokkarnir skuli eiga erfitt með að koma sér saman um reglugerð á borð við þessa því að í henni er ákveðnum aðilum gefið gífurlega mikið vald. Hæstv. forsrh. sagði frá því, sem reyndar er lögmælt eða verður lögmælt ef samþykkt verður frv. á þskj. 330, sem er 8. mál þingsins, að forsrh. skipi til fjögurra almanaksára í senn þrjá menn í stjórn hlutafjársjóðs Byggðastofnunar og þrjá til vara. Eins og réttilega kom fram hjá hæstv. forsrh. er hér um mikið vandamál að ræða vegna þess að þessir þrír menn fá gífurlega mikið vald. Samt sem áður mega þeir ekki fjalla um mál þar sem þeir eru í einhverjum tengslum við viðkomandi fyrirtæki eða lánastofnanir sem eiga að breyta skuldum í hlutdeildareign í þessum hlutafjársjóði. Ég spyr þess vegna forsrh.: Getur ekki verið að það hefði verið skynsamlegra að fara að ráðum stjórnarandstöðunnar, þó ekki væri nema í þessu efni, og láta hlutafjársjóðinn falla undir stjórn Byggðastofnunar jafnvel þótt hann hefði sjálfstæðan fjárhag? Þar hefði a.m.k. hæstv. forsrh. getað skýlt sér á bak við að í stjórn Byggðastofnunar sitja menn sem kjörnir eru af Alþingi en ekki einungis skipaðir af einum tilteknum aðila, þ.e. hæstv. forsrh. Það stendur enn þá opið og hægt að gera það í þessari umræðu að breyta lagafrv. og taka upp þennan þátt.

Mig langar enn fremur til að spyrja, að vísu ýjaði hæstv. forsrh. að því í sínu máli, hvort sett verður upp sams konar samstarfsnefnd og starfar með Atvinnutryggingarsjóði útflutningsgreina. Það er ekkert sem segir það í raun í reglugerðardrögum sem ég hef undir höndum, en hæstv. forsrh. ýjaði að því og mig langar til að spyrja: Er ætlunin að sams konar nefnd starfi? Og kannski í beinu framhaldi af því: Hvernig er hægt að koma því við ef enginn má í raun taka á þessu máli nema þeir sem ekki eru í neinum viðskiptalegum tengslum við þá aðila sem annaðhvort eiga kröfur eða er verið að aðstoða samkvæmt reglugerðardrögunum?

Í 4. gr. draganna er sagt frá því að til rekturs sjóðsins renni sérstakt framlag ríkissjóðs ef Alþingi ákveði svo. Ég hef reyndar spurt hæstv. forsrh. að því áður, því að þetta verður líka lögmælt atriði, hvort ætlunin sé nú á þessu ári að leggja sjóðnum til fjármuni og þá hve mikla fjármuni. Og er ætlunin að binda það við rekstur sjóðsins, mannahald, skrifstofukostnað og þess háttar eða er ætlunin að leggja fram fjármuni til viðbótar og til viðbótar þeim 600 millj. kr. sem verður ekki framlag heldur ábyrgð sem ríkisstjórnin og ríkissjóður tekur á sig að hluta af þeim kröfum sem þarna myndast?

Í 5. gr. er fjallað um verkefni stjórnar sjóðsins. Það er athygli vert að stjórn sjóðsins, þessi þriggja manna stjórn sem hæstv. forsrh. á að velja einn, á að ákveða laun þeirra stjórnarmanna í hlutafélögum sem stjórnin skipar og setja þeim erindisbréf. Ég veit ekki hvort þetta er á misskilningi byggt, en sé þetta réttur texti og verði honum ekki breytt er að fæðast hér það kerfi að opinber milligönguaðili skipaður af hæstv. forsrh. sendir menn inn í stjórnir þeirra fyrirtækja sem hafa átt í erfiðleikum vegna stefnu ríkisstjórnarinnar m.a. Þeir menn eiga ekki að taka laun eins og aðrir sem starfa í þeim hlutafélögum, eigendur þeirra sem eru smám saman að missa allt sitt, heldur á til viðbótar að ákveða laun þeirra af stjórnarmönnum hlutafjársjóðsins, textinn verður ekki skilinn öðruvísi. Þeir eiga að mæta með sín kommissaraerindisbréf og segja: Hér erum við komnir, einn, tveir, einn, tveir, fulltrúar forsrh. Við erum komnir til að segja ykkur hvernig þið eigið að reka fyrirtækin. Við höfum önnur kjör en þið. Við erum bæði með laun sem stjórnarmenn í hlutafélaginu en svo erum við líka með laun sem kommissarar hjá hlutafjársjóðnum syðra. Er þetta það kerfi sem koma skal? Og á hvaða leið er þá hin íslenska „perestrojka"?

Í 6. gr. er fjallað um mjög viðkvæmt atriði, þ.e. að stjórnarmaður geti ekki tekið þátt í meðferð máls er varðar fyrirtæki ef hann situr í stjórn eða er starfsmaður þess. Ég hygg að þetta sé atriði sem stendur í stjórnarflokkunum og ég hirði ekki um að ræða það frekar, en þetta þrengir talsvert þann hóp manna sem kannski er best fær til að fjalla um þessi mál. Hæstv. forsrh. hefur sjálfur bent á þetta vandamál og ætla ég ekki að ræða það frekar, enda ekki mitt hlutverk að hjálpa hæstv. forsrh. við að koma þessu kerfi á heldur benda honum á það hve gífurlega vitlaust þetta kerfi er.

Í 7. gr. er sagt frá því að hlutafjársjóðurinn afli fjár með sölu hlutdeildarskírteina og þar birtist megintilgangurinn. Lánastofnanir og kröfuhafar hjá fyrirtækjum sem ekki geta gengið vegna rangrar gengisskráningar og vegna þess að það er skortur á rekstrarskilyrðum fyrir þessi fyrirtæki eiga nú að gefa upp þær kröfur og í staðinn að kaupa hlutdeildarbréf í hlutafjársjóði sem síðan kaupir hlut í viðkomandi fyrirtækjum. Og af hverju er þetta gert svona? Jú, ástæðan er sú að mörgum sjóðum og bankastofnunum er óheimilt að eiga hlut í fyrirtækjum. Þetta er grundvallarspurning. Hvers vegna er þessum fyrirtækjum, opinberum fyrirtækjum kannski eins og ríkisbönkunum og ríkisfjárfestingarlánasjóðunum, sem ríkið á flesta hverja ef ekki alla, suma hverja samkvæmt lagabókstaf og aðra sjóði á líklega ríkið samkvæmt eðli máls, við skulum ekki deila um það hér, en hvers vegna heldur hæstv. forsrh. að það hafi verið sett í lög að þessum sjóðum væri bannað að eignast hlut í fyrirtækjum? Hvers vegna? Ég ætla ekki að svara þeirri spurningu. Mér dettur helst í hug að það sé vegna þess að það sé hætta á því að stjórnir sjóðanna og stjórnir bankanna gætu þá valið þá sem ættu að fá hlutafé í fyrirtækjum og hina sem eingöngu ættu að fá lán á háum vöxtum og borga til baka. Ef þetta er rétt, hvers vegna er þessu þá ekki breytt? Af hverju gengur ekki ríkisstjórnin þá þannig til verka að hún leggur til að breyta þessum lögum þannig að sjóðirnir og bankarnir geti þá eignast hlut í þessum fyrirtækj-

um beint og selt síðan þau hlutabréf í tímans rás? Nei, það er búið til nýtt kerfi þar sem á að fara í gegnum hlutafjársjóð undir stjórn þriggja manna sem hæstv. forsrh. velur sjálfur til að fara þar höndum um þessi málefni. Ég spyr hæstv. forsrh.: Hefur hann velt því fyrir sér hvort hægt hefði verið að fara öðruvísi að og hvers vegna var það ekki gert?

Síðan segir reyndar í drögum að reglugerðinni að öðrum en kröfuhöfum sé heimilt að kaupa hlutdeildarskírteini og á þeim texta sést best hve langt þessi hugmynd er komin frá þeirri hugmynd sem Kvennalistinn stóð fyrir að sett var í brtt. á sínum tíma. En þar var um að ræða opið félag og frjálst öllum þar sem gengi hlutdeildarskírteina var skráð og menn vissu hver staða sjóðsins var á hverjum tíma. Nú má það ekki lengur. Nú þarf að líða langur tími áður en skírteinin eru endurgreidd og enginn veit í raun eða getur vitað hver staða sjóðsins er og fyrirtækjanna sem sjóðurinn ætlar að kaupa hlut í.

Þá kem ég að 8. gr. sem, eins og hæstv. forsrh. lýsti, fjallar um það að hlutdeildarskírteinunum er skipt í tvo flokka. Annars vegar eru A-bréf sem bera ríkisábyrgð og hins vegar eru B-bréf sem gera það ekki. Sé textinn í 8. gr. skoðaður kemur hins vegar í ljós að stjórnin getur algerlega upp á sitt eindæmi raðað í flokkana því að það er stjórnin sjálf sem metur hvort fullnægjandi veð eru til í fyrirtækjunum. M.ö.o.: það er ekkert „absolutt" sem er á milli A og B. Það getur stjórnin metið með fingrunum einum saman. Og ég spyr jafnframt: Er hægt að setja svona texta í reglugerð án þess að lagaheimild sé til? Ég spyr ekki af því að ég viti um svarið heldur vegna hins að mér þykir forvitnilegt að vita hvort hæstv. forsrh. hafi borið það undir lögfræðinga hvort hægt sé að gefa út tvenns konar bréf í slíkum sjóði án þess að lagaheimild sé til þess, annaðhvort almenn eða þá í þessum sérstöku lögum sem ríkisstjórnin ætlar að láta samþykkja á hinu háa Alþingi.

Í 9. gr. er fjallað um ríkisábyrgðina, 600 millj., sem dregur ekki langt býst ég við. Þegar síðan á að endurgreiða hlutdeildarskírteinin hljóta A-kröfuhafarnir að ganga fyrir. En ef þessar 600 millj. duga ekki til og eignir sjóðsins ekki heldur, hverjir eiga þá að fá fulla tryggingu og hverjir ekki? Eru það þeir sem eru fyrstir eða fær þá stjórn sjóðsins líka að ákveða það? Það sést ekki á textanum sem er í þessum drögum.

Í 12. gr. eru sett upp skilyrði þess að fyrirtæki geti farið í gegnum hlutafjársjóðinn sem er orðinn eins konar framlenging af Atvinnutryggingarsjóðnum fyrir þau fyrirtæki sem ekki fengju fyrirgreiðslu þar. Út af fyrir sig er þetta eðlileg grein í slíkri hallærisreglugerð. Er þar verið að reyna að leita leiða til að setja einhver almenn skilyrði og sést best kannski á þessari grein út í hvaða fen hæstv. ríkisstjórn er komin í sértækum lausnum sínum. En í 2. mgr. í þessari grein segir, með leyfi forseta:

„Í kjölfar árangurslausra nauðasamninga eða gjaldþrots fyrirtækja er hlutafjársjóðnum heimilt að taka þátt í stofnun nýrra fyrirtækja með hlutabréfakaupum." Hvað þýðir þetta? Er þetta opin almenn grein eða þýðir þetta einungis það, sem ekki sést á textanum, að þetta eigi við um þau fyrirtæki á ákveðnum stað sem eru burðarásarnir í hverju byggðarlagi fyrir sig eins og gefið er til kynna að sé í fyrri málsgr. eða er hér átt við að í hvert skipti sem árangurslausir nauðasamningar eða gjaldþrot hafi komið til hjá fyrirtækjum geti þessum hlutafjársjóði í hvaða tilviki sem er verið heimilt að stofna eða standa að stofnun nýs fyrirtækis með hlutabréfakaupum? Textinn gefur ekki tilefni til annars en skilja þetta mjög opið, en ég hygg að hæstv. ríkisstjórn hafi hugsað sér að þrengja þetta ofan í þau fyrirtæki sem hæstv. ríkisstjórn telur sig vera umkomin til að velja úr að eigi að lifa, enda virðist hún ætla að ráða lífi og dauða fyrirtækjanna í landinu.

Í þessari grein segir jafnframt eins og segir reyndar í lagafrv.: „Ríkissjóður getur selt hlutafjársjóðnum hlutafjáreign sína í fyrirtækjum ef ástæða þykir til." Og nú spyr ég: Hvað hefur hæstv. ríkisstjórn í huga? — Ja, tökum dæmi því að það dæmi er valið úr yfirlýsingu hæstv. ríksstjórnar frá því í haust og fylgdi með stefnuræðu forsrh. að það ætti að breyta Sementsverksmiðju ríkisins í hlutafélag. Er þá ætlunin að selja hluti í gegnum þennan hlutafjársjóð eða hver er tilgangurinn? Ég kannast við slíkar hugmyndir frá því fyrr á árum þegar uppi voru hugmyndir um að stofna „holding company" eða eignarhaldsfélag ríkisins til að koma hlutafé ríkisins á eina hönd og reyna þá að losa sig við þessa hluti. Hér er hins vegar gert ráð fyrir að ríkissjóður geti selt hlutafjársjóðnum hlutafjáreign sína í fyrirtækjum ef ástæða þyki til. Hvað hefur hæstv. ríkisstjórn í huga? Er það eitthvað sérstakt? Á t.d. að breyta Síldarverksmiðjum ríkisins í hlutafélög eða -félag og selja eða hvað er verið að hugsa í þessu sambandi? Það væri fróðlegt að fá að vita það því að einhver hugsun verður maður að álíta að sé á bak við þessa málsgr. (**Forsrh.:** Hver samdi þessa grein?) Þessi grein er samin af stjórnarandstöðunni, en hæstv. ríkisstjórn hefur leyft sér að taka slíkar hugmyndir, breyta þeim sér í vil og ef þetta er sett inn í þessa reglugerð hlýtur það að vera gert af annarri hugsun en þeirri einni að þjóna málstað stjórnarandstöðunnar. (Gripið fram í.) Þýðir þetta svar að ríkisstjórnin hefur ekkert í huga í þessu sambandi eða sækist hæstv. ríkisstjórn eftir því að stjórnarandstaðan segi hæstv. ríkisstjórn til um hvaða fyrirtæki eigi að selja þarna? Eða telur hæstv. forsrh. yfirleitt að eftir að búið er að fara þannig með hugmyndir Kvennalistans og Sjálfstfl. að það sé virkilega svo að ríkissjóður eða aðrir hafi áhuga á því að fara í gegnum þennan hlutafjársjóð? Trúir hæstv. forsrh. því? Ég held ekki. Ég held að þetta sé bara eins og ýmislegt annað. Þetta er étið hrátt til þess að geta farið síðan í ræðustól og sagt: Ég gerði þetta af því að stjórnarandstaðan bað mig um að gera þetta. Ég er svo góður. Ég geri allt fyrir alla.

Virðulegur forseti. Það er ástæðulaust að fara mörgum fleiri orðum um þessi drög að reglugerð. Auðvitað geta þau breyst. Ég er þakklátur hæstv. forsrh. fyrir að hafa leyft mér að sjá þessi drög og

síðan að koma og taka þátt í umræðunum. Við skulum huga að því að það er mjög óvenjulegt að við 5. umr. í máli, þ.e. 2. umr. í síðari deild, séu gerðar verulegar breytingar á frumvörpum og síðan sé enn verið að laga frumvörp til í síðustu umræðu. Þess vegna er mjög mikilvægt að stjórnarandstaðan fái sem gleggstar upplýsingar. Kannski hefði verið eðlilegast að flytja nýtt frv. þegar að þessu samþykktu og ræða þetta mál í þremur umræðum í hvorri deild, en ég virði það við hæstv. forsrh. að hann hefur leyft okkur að skoða drög að reglugerð sem reyndar eru sjöttu drög sem kannski segja mest um hvað gengið hefur á í hæstv. ríkisstjórn þegar reynt var að koma þessum króga í einhvern búning.

Það sem skiptir þó öllu máli, virðulegi forseti, er þetta: Hér er á ferðinni afleiðing af stefnu ríkisstjórnar sem ætlar sér með sértækum lausnum að hafa meiri afskipti af atvinnulífinu en nokkur önnur ríkisstjórn hefur gert á undanförnum áratugum. Með þessum reglugerðardrögum og með þessu frv. sem hér liggur fyrir er verið að innleiða kannski mestu ríkisforsjá í atvinnulífinu sem þekkst hefur hér á landi. Það sem er kannski enn alvarlegra, a.m.k. fyrir okkur sem erum í Sjálfstfl., er það að Framsfl. og Alþfl. virðast í einu og öllu gegna Alþb. og formanni þess sem hefur þó haft kjark til að segja í viðtali við Þjóðviljann að hverju stefnt sé. En ég veit að hæstv. forsrh. mun segja álit sitt á því viðtali og þeim viðhorfum sem þar koma fram síðar í þessari umræðu.

Það sem skiptir enn fremur máli er að í þessari umræðu allri kemur í ljós að það er meginágreiningur um leiðir. Sjálfstfl. telur að það eigi að beita almennum aðgerðum. Ríkisstjórnin vill beita sértækum úrlausnum. Hún vill káfa á öllu fjármagni sem rennur til atvinnulífsins og þetta er þess vegna mikil ríkisafskiptastefna.

Á undanförnum árum og missirum hafa verið talsverðar umræður um gengismál. Sumir hafa sagt: Við eigum að hafa frjálsa gengisskráningu. Aðrir hafa sagt: Við eigum að fylgja stöðugu gengi, fastgengisstefnu. Þeir sem fylgja frjálsgengisstefnunni hafa sagt: Eina leiðin til að ná efnahagslegu jafnvægi er að þeir sem afla gjaldeyrisins geti selt hann á markaði og skapað þannig það jafnvægi sem þarf. Þetta kerfi mundi að sjálfsögðu þjóna útflutningsgreinunum sem best, en á því er auðvitað mikill galli, sérstaklega sá galli að jafnvægið mundi verða heldur rykkjótt vegna þess að sjávarútvegurinn er sveiflukennd atvinnugrein. Ugglaust mætti samt margt gera til þess að eyða þeim sveiflum og því miður hefur hæstv. ríkisstjórn ekkert hugsað um hvernig á að fara því, ekki neitt nema síður sé því að skattalagabreytingarnar fyrir jólin gera að verkum að það er hálfu verra að tempra þessar sveiflur en áður.

Hitt kerfið, sem er fastgengiskerfi, er hægt að framkvæma með ýmsum hætti, til að mynda þeim að binda sig við gjaldeyri annarra þjóða eins og gerist víða í Evrópu, t.d. á Ítalíu og hefur gefist vel, eða að gera eins og ríkisstjórnin hér að fylgja hálfgildings fastgengisstefnu sem gefur eftir til málamiðlunar 1, 2 og 3% í senn, reynir að halda genginu sem stöðugustu eða með orðum hæstv. forsrh. skráir gengi krónunnar rangt. Það er það sem hann hefur ætíð verið að segja. En til þess síðan að halda fyrirtækjum á lífi eru teknir peningar að láni erlendis. Það eru tekin erlend lán til að borga með aðalútflutningsgrein þjóðarinnar sem er sjávarútvegurinn. Ég held, hæstv. forsrh., að þetta sé allra vitlausasta kerfi sem hefur nokkurn tíma verið fundið upp. Það væri í lagi að fylgja annaðhvort frjálsgengisstefnu eða fastgengisstefnu og gera það eins og menn. En að fylgja hálfgildings fastgengisstefnu og taka síðan fjármuni og færa þá til sumra á kostnað annarra er allra vitlausasta stefna sem fundin hefur verið upp. Þetta kann að vera harður dómur, virðulegi forseti, um það sem hæstv. ríkisstjórn er að gera.

Ég sé að ég hef kannski talað fulllengi í þessari umræðu — og tekst nú að rífa upp nafnalistann þegar ég ætlaði að losa pappírana af púltinu — en ég vona að til skila hafi komist þau sjónarmið sem ég vildi láta koma fram í þessari umræðu. Jafnframt hef ég óskað eftir því að hæstv. forsrh. svaraði ýmsum fyrirspurnum. Ég veit jafnframt að hann telur ástæðu til að þakka fyrir ýmsar góðar ábendingar eins og hann hefur kallað fram í. Annað hefur hann víst nóterað niður og ég segi að batnandi manni er auðvitað best að lifa.

Ég vil þó að allra síðustu vegna gengismálanna segja það, af því að hæstv. forsrh. hefur viðurkennt að auðvitað hafi gengisstefnan farið verst með útflutningsiðnaðinn, að nýlega var haldinn fundur hjá fataiðnaðinum og þar kom mjög sterklega fram að það sem skiptir mestu máli er að gengið sé skráð rétt. Og vona ég nú, þegar maður er búinn að segja þetta nokkur hundruð sinnum í ræðum, að þetta fari að hafa einhver áhrif og menn fari að skilja að það er hægt að fara aðrar leiðir en þær sem hæstv. ríkisstjórn hefur valið að fara. — [Fundarhlé.]

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég get verið stuttorð í þetta sinn. Ég er þegar búin að tala töluvert um það þingmál sem hér er til umræðu og öll helstu sjónarmið Kvennalistans hafa þegar komið fram. Við höfum þegar séð reglugerð þá eða drög að reglugerð um hlutafjársjóð Byggðastofnunar sem var búið að heita okkur að við fengjum að sjá áður en málið hefði endanlega verið afgreitt og ég er út af fyrir sig búin að þakka fyrir það. Það er oft og mikið rætt um samskipti stjórnvalda eða framkvæmdarvaldsins og löggjafarvaldsins og þörf fyrir að bæta þau samskipti og fyrir það að tryggja sambærilegan aðgang stjórnarandstöðunnar að ýmsum upplýsingum og atriðum í sambandi við undirbúning mála. Það væri vissulega þörf á breytingum í slíkum samskiptum. Ég tel t.d. að það væri eðlilegt og sjálfsagt að sem oftast þegar þess er nokkur kostur liggi fyrir um leið og lagasetning er að komast á lokastig reglugerð eða a.m.k. ákveðnar hugmyndir um reglugerð við slíka löggjöf.

Hvað varðar þessa reglugerð eða drög að reglugerð sem hér hefur verið töluvert til umræðu staðfestir hún aðeins það, sem við höfum áður sagt í umræðum hér og annars staðar, að hér er staðfest sú algera breyting sem við höfum bent á á þessari hugmynd sem upphaflega kom frá Kvennalista og Sjálfstfl. í tillöguformi þegar við 2. umr. málsins í Ed. Það er hér staðfest að þarna verður um pólitíska stjórn á þessum sjóði að ræða. Það er opnað fyrir eignaraðild ríkisbanka og opinberra sjóða og það er ekki gert ráð fyrir að sjóðurinn standi undir sér. Þetta allt saman gengur þvert á hina upphaflegu hugmynd.

Hæstv. forsrh. sagði í ræðu sinni áðan, ég held að ég hafi náð því orðrétt: Ég skal ekki segja hver upphaflega hugmyndin var. Þetta voru hans orð og þau vöktu undrun mína vegna þess að svo sannarlega var það kynnt og hefur verið margkynnt í umræðum hér, sem hæstv. forsrh. hefur verið viðstaddur, hver upphafleg hugmynd með þessari tillögu var og sakar kannski ekki að rifja það enn einu sinni upp að með henni var verið að benda á leið fyrir fólk eða fyrirtæki til að fjárfesta í undirstöðuatvinnugreinum okkar og leggja sitt af mörkum til að styrkja eiginfjárstöðu fyrirtækja án þess að hætta of miklu til sjálft. En það var alger forsenda þess að sjóðurinn næði tilgangi sínum að hann væri rekinn á faglegum grunni en ekki að pólitískum geðþótta. En með þessu erum við vitanlega ekki að leggjast gegn því að fyrirtækjum sem nú er ætlunin að vísa í þennan sjóð sé veitt aðstoð. Það er fjarri því. En við teljum þetta ekki réttu leiðina.

Ég ætla alls ekki að óska þessum hlutafjársjóði neins ills eða spá honum illu í framtíðinni. Ég hef ekki trú á því að hann komi að gagni, en ég vona svo sannarlega að ég hafi rangt fyrir mér.

Ég held ég hafi ekki frekari orð um þetta núna. Ég kom hér fyrst og fremst til að minna hæstv. ráðherra á spurningar sem ég bar fram þegar ég kom síðast hingað í ræðustól út af þessu þingmáli. Ég spurði hann varðandi Atvinnuleysistryggingasjóð hvernig háttað yrði endurgreiðslum sem lofað er í frvgr. eins og hún er orðin núna. Það er sem sagt lofað að þetta framlag, sem fæst er frá Atvinnuleysistryggingasjóði í Atvinnutryggingarsjóð, verði endurgreitt, en það ákvæði er skilið eftir algerlega opið í annan endann. Það er ekki hægt að sjá hvernig þetta verði framkvæmt. Ég spurði hæstv. ráðherra að því hver tímamörk yrðu á því, hvort ákvörðun væri fyrir hendi um hvenær slíkum endurgreiðslum ætti að vera lokið og hvernig þeim yrði háttað, hvort þær væru verðtryggðar og með vöxtum. Þetta er mjög mikilvægt að komi fram við þessa umræðu. Við vitum hvernig atvinnuástandið er orðið og á því miður sennilega eftir að versna og það skiptir mjög miklu máli að eigendur þessa sjóðs, sem er sjálft launafólk, viti hvernig ríkið ætlar að standa að því að endurgreiða það framlag sem það hefur ákveðið að flytja þannig á milli sjóða.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég skal reyna að lengja ekki þessa umræðu. Hins vegar komu fram margar spurningar frá hv. þm. Friðrik Sophussyni sem ég kemst ekki hjá að ræða.

Í fyrsta lagi vil ég fara nokkrum orðum um þær breytingar sem hafa verið gerðar á upphaflegum tillögum. Ég tek fram að þá er ég ekkert að deila um að tilgangurinn hafi verið nokkuð annar en hér er lögð áhersla á. Ég get ekki fallist á að þessar breytingar séu svo mikilvægar að þær sem slíkar breyti grundvelli málsins.

Fyrsta brtt. er sú að sjóðurinn sé undanþeginn greiðslu á ýmsum gjöldum eins og Atvinnutryggingarsjóður. Um þessa tvo sjóði er fjallað í sama frv., þ.e. frv. um aðgerðir í erfiðleikum atvinnulífsins, og eðlilegt að þar séu svipaðar aðstæður.

Þá er gert ráð fyrir að Alþingi geti ákveðið framlag til sjóðsins. Út af fyrir sig má sleppa þessu. Alþingi getur hvenær sem er gert það ef þetta er einhver ásteytingarsteinn.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að fella niður þann málslið í 10. gr. þar sem segir að „hlutabréfasjóðurinn skal gefa reglulega út gengi á hlutafjárskírteinum.“ Þetta var að ráði lögfræðinga sem töldu afar erfitt að skuldbinda þetta í lögum. Ég skal endurskoða það ef það er eitthvert mál á milli funda áður en kemur til atkvæða. Ég teldi þá a.m.k. skynsamlegra að hafa þetta í reglugerð ef rétt er, sem þeir aðilar sem þetta hefur verið borið undir segja, að það kunni að vera afar erfitt að framfylgja slíku. Þetta eru einu breytingarnar. Efnisatriðin standa öll saman eins og t.d. í 9. gr. þar sem reyndar segir að í stjórn skuli vera þrír menn sem forsrh. skipar. Ég hef ekki séð ástæðu til að breyta þessari tillögu eins og hún var orðuð og þykir undarlegt ef nú er gerð athugasemd við það. Þetta er ekki sérlega eftirsóknarvert hlutverk, en mér hefur sýnst þetta eðlilegt með tilliti til þess hve margra sjónarmiða þarna þarf að gæta og eflaust hafa þeir sem upphaflega fluttu tillögu um þennan sjóð, þó þeir hafi haft eins og hér hefur komið fram einhverjar aðrar hugmyndir, einmitt haft slíkt í huga. Efnisbreytingarnar eru engar. Það stendur skýrt í 10. gr. að hlutafjársjóði Byggðastofnunar er ætlað að starfa í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækis sem einmitt þessi kafli allur fjallar um. Hann fjallar allur um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækis. Það er a.m.k. ekkert sem kemur í veg fyrir að þessi sjóður geti starfað eins og upphaflegir flm. gerðu ráð fyrir þó að við ætlum honum víðtækara hlutverk og þátt í þeim mikla vanda sem nú er.

Hv. þm. ræddi mjög viðtal við hæstv. fjmrh. og formann Alþb. Ég skal út af fyrir sig ekki segja mikið um það nema það að ég gat ekki lesið úr þessu viðtali að þarna sé um að ræða stefnu ríkisstjórnarinnar. Ég lít það svo að hæstv. fjmrh. sé að lýsa þeirri stöðu sem hann telur að upp sé komin í sambandi við þessi erfiðu mál, m.a. í þeirri flokkun sem hann gerir þar grein fyrir. Ég vildi gjarnan að hv. þm. mætti vera að

því að hlusta því að ég tel mikilvægt að fullvissa hv. þm. um að þessi ríkisstjórn fylgir í grundvallaratriðum sömu stefnu og fyrri ríkisstjórnir að skapa nauðsynlega umgerð utan um atvinnulífið þannig að það geti starfað á heilbrigðan hátt. Það er alls ekki ætlun þessarar ríkisstjórnar að knýja á um, eins og hv. þm. orðaði það, að eitt fyrirtæki eða annað fari í gegnum þennan hlutafjársjóð. Ég tók það mjög skýrt fram þegar ég talaði áðan að ríkisstjórnin hefur engin afskipti haft af því sem verið er að gera í þessum málum nú önnur en að biðja Byggðastofnun, Landsbankann eða Fiskveiðasjóð að skoða málið án aðildar ríkisstjórnarinnar. Ég er algerlega sammála hv. þm. að ríkisstjórn á ekki að vera með puttana í slíkum hlutum. Ég vil taka það skýrt fram að vitanlega verður hvert einasta fyrirtæki að ákveða sjálft hvort það óskar eftir því að leita aðildar hlutafjársjóðsins. Það verður ekkert fyrirtæki knúið til þess. Ég hljóp að vísu aðeins lauslega yfir þessa grein, en ég gat alls ekki séð að formaður Alþb. væri að lýsa því að þannig ætti að starfa sem hv. þm. hefur augsjáanlega skilið svo að mér sýnist satt að segja að að þessu leyti sé enginn ágreiningur á milli þeirra sjónarmiða og þeirrar stefnu sem hv. þm. lýsir sem stefnu Sjálfstfl. og þeirrar sem þessi ríkisstjórn fylgir að þessu leyti.

Gengið hefur enn þá orðið mikið umræðuefni. Ég hef hvað eftir annað sagt að raungengið væri of hátt. Raungengi má lækka með ýmsum leiðum. Gengisfelling er að sjálfsögðu ein. En afar mikilvægt er í því sambandi að halda aftur af ýmsum öðrum kostnaðarliðum. Það er það sem þessi ríkisstjórn leggur afar mikla áherslu á, bæði að halda aftur af fjármagnskostnaði og fleiru sem inn í þetta spilar. En þegar menn tala um gengið þykir mér satt að segja ótrúlegt að aldrei er minnst á að búið er að fella gengið um 30% á einu ári. Það hefur þótt nokkuð rösklega að gengið satt að segja. Frá því um áramótin er búið að fella gengið um 8%. Þessi ríkisstjórn fylgir þeirri stefnu að vinna sig jafnt og þétt út úr þessum vanda, ekki með kollsteypum, og án þess að stofna til átaka við launþega eða a.m.k. eins lítið og frekast er unnt, og gera þetta jafnframt með því að skapa aðhald á fjölmörgum öðrum sviðum eins og ég er svo oft áður búinn að rekja. Ég hef oft spurt að því hvað t.d. þeir sem hér boða gengisfellingu telji að gengisfelling þurfi að vera mikil. Og eru hv. þm. sannfærðir um að fyrirtæki sem eru í þessum erfiðleikum fái rekstrargrundvöll þótt gengið yrði fellt tvöfalt, þrefalt það sem gert hefur verið? Ég lét skoða það og mér er sagt að svo sé ekki. Ég lét athuga hvaða áhrif 20% gengisfelling hefði. Vitanlega mundu ýmis fyrirtæki hagnast af því, en þau fyrirtæki sem hér er um að ræða fá ekki rekstrargrundvöll jafnvel þótt gengið yrði fellt um 20%. Greiðslustaða þessara fyrirtækja er svo óskaplega erfið. Greiðslufjárskortur er svo mikill. (Gripið fram í.) Jú, jú, það getur lagast til að byrja með, en þau eru með skuldir í mörgum tilfellum langt umfram það sem veltan er. Þjóðhagsstofnun hefur athugað þetta. Ég hef á mörgum stöðum sýnt þá útreikninga. Þeir hafa ekki verið vefengdir af einum einasta manni sem ég hef rætt við um þessi mál. Þess vegna spyr ég: Hvað þarf gengisfellingin að vera mikil til þess að þessi rekstrargrundvöllur sé fenginn sem mér skilst að eigi einnig að bjarga þeim fyrirtækjum sem hér er um að ræða? (**FrS:** Má ég spyrja forsrh.: Hvað er gengið mikið rangt skráð?) Ég held að það sé farið að nálgast það að raungengið sé að verða viðunandi. Raungengið er komið niður fyrir það sem það hefur verið að meðaltali á þessum áratug. Það er líklega um 98% þess meðaltals sem er frá 1980. Það er mjög að nálgast það.

Ef ég má halda áfram. Hv. þm. nefndi nokkur fyrirtæki. Það er rétt hjá hv. þm. að ég hef líka rætt við ýmis fyrirtæki. Af því að hv. þm. nefndi Útgerðarfélag Akureyringa legg ég til að hv. þm. spyrji Útgerðarfélag Akureyringa um framlegðina í janúar. Ég held að það væri mjög fróðlegt fyrir hv. þm. að spyrja að því. Hjá mér voru menn úr frysti- og sjávarútveginum í gær sem sögðu mér að framlegðin hefði gerbreyst á síðustu mánuðum síðasta árs og sérstaklega eftir áramótin. Þeir segja mér að það sem skortir nú sé fyrst og fremst fiskurinn af því að það hafi verið svo miklar ógæftir. En þegar þeir hafa fisk að vinna segja þeir að framlegðin sé allt önnur. Ég met það svo að þessi fyrirtæki, sem á annað borð hafa rekstrargrundvöll, séu að komast yfir þessa erfiðleika sem betur fer og það tel ég afar jákvætt.

Fleira mætti vitanlega um þetta segja, en ég vil ekki lengja þetta mál um of. Ég trúi varla öðru en menn séu út af fyrir sig sammála um að þeim fyrirtækjum í byggðarlögum þar sem þessi fyrirtæki eru meginstoð atvinnurekstursins sé gefið tækifæri ef þau óska að leita aðstoðar í þessum hlutafjársjóði. Um það er að ræða, ekki nokkurn skapaðan hlut annan. Ef fyrirtækin vilja heldur fara gjaldþrotaleiðina og freista þess að heimamenn kaupi á einhvern máta fyrirtækin aftur segi ég: Fínt. Ég hef ekkert við það að athuga, ekki nokkurn skapaðan hlut, ef menn hafa bolmagn til þess. Því miður óttumst við að á æðimörgum stöðum sé orðið svo lítið um fjármagn að það sé ekki bolmagn og þess vegna kunni slík aðgerð að vera nauðsynleg. Ég tek undir það með hv. þm. að mörg fyrirtæki hljóta að verða gjaldþrota. Það getur enginn komið í veg fyrir það og þau hljóta að ráða því sjálf.

Hæstv. fjmrh. segir í þessu umræddu viðtali að það hafi verið bullandi pólitísk fjárfesting. Ég verð að viðurkenna það og taka undir það með hv. þm. að ég veit ekki við hvað er átt þar. Ég gæti tekið undir „bullandi fjárfesting", en „pólitísk" ekki. Staðreyndin er sú að bæði í þeirri ríkisstjórn sem við sátum saman í og ríkisstjórninni þar á undan var með pólitískum þrýstingi reynt að fá menn ofan af mikilli fjárfestingu. Reynt var að beita áhrifum í Fiskveiðasjóði til að þar yrðu samþykktar sem minnst lán til nýsmíða í fiskiskipum. Engu að síður voru þar samþykktar tólf, ef ég man rétt, slíkar lánveitingar á síðasta ári. Staðreyndin er sú að vinnslu- og frystitogurum hefur fjölgað úr þremur í 21 á örskömmum tíma. Það kalla ég bullandi fjárfestingu, en ekki pólitíska fjárfestingu. Ég tek undir það.

Ég skal ekki segja hvað ég á að fara ítarlega út í þessa hluti. Spurt var: Af hverju er sjóðurinn ekki settur undir stjórn Byggðastofnunar? Ég tel satt að segja, eins og ég sagði reyndar í mínum orðum hér áðan, að miklu skynsamlegra sé að hafa þetta ekki undir stjórn einnar annarrar stofnunar því að margar stofnanir þurfa að koma að þessu. Hv. þm. spurði: Hvers vegna ekki að veita viðskiptabönkum og sjóðum heimild til að eiga hlutafé? Þetta hafa menn hugleitt. Þetta hefur verið rætt við forustumenn í sumum þessara stofnana og þeir hafa lagst heldur gegn því. Spurningin er alltaf: Hvar yrðu takmörkin sett í þessu sambandi? Sú leið sem hér er lögð til hefur fengið heldur góðar undirtektir hjá þeim sem náðst hefur í. Ég viðurkenni að hitt kæmi til greina ef menn vilja breyta þeim lögum sem um það gilda, en ég held að ansi strangar takmarkanir þyrftu að vera og skorður á settar.

Hv. þm. talar mikið um að hér ætti að setja upp eitthvert „kommissaraveldi". Ég segi bara: Guð hjálpi okkur frá því. Við stóðum einu sinni saman, ýmsir flokkar á þingi, að slíku og ég held að menn hafi komist að þeirri niðurstöðu að það væri ekki skynsamlegt. Í þessa stjórn þurfi að veljast menn sem ekki eru í stjórnmálum t.d., ekki hafa heldur þannig óbeinna hagsmuna að gæta.

Hvort um það hefur verið rætt að koma á fót samstarfsnefnd sem meti við skulum segja þau fyrirtæki sem kemur til greina að hlutafjársjóðurinn fari í. Þetta var aðeins rætt, en var ákveðið að gera ekki ráð fyrir því. Hins vegar er í 5. gr. talað um verkefni stjórnarinnar. Þar segir í 6. lið að stjórninni sé heimilt að ráða sérfræðinga o.s.frv. til að meta stöðu fyrirtækja og það var talið fullnægja þessu. Stjórnin kveðji til sérfróða menn á hinum ýmsu sviðum þegar hún þarf að fá slíkt mat.

Um 9. lið 5. gr. vil ég segja að ég tel að sá liður verði felldur brott. Ég er sammála hv. þm. Ég tel óeðlilegt að stjórn sjóðsins ákveði viðbótarlaun handa mönnum sem sitja í stjórnum.

Hv. þm. spurði hvort ekki væri nauðsynlegt að hafa lagaheimild fyrir ákvæðum 8. gr. reglugerðarinnar um tvískipt hlutdeildarskírteini. Þessi reglugerð er samin m.a. af lögfræðingum og ég skal vissulega koma þeirri spurningu á framfæri. Það var þó ekki talið nauðsynlegt. Hins vegar tek ég undir það, sem einnig kom fram í orðum hv. þm. og einnig kom fram í mínum orðum í upphafi, að vandmeðfarið er hvernig á að skipta þessari ríkisábyrgð eða hvernig á að nota hana. Mig grunar að ýmsir muni gera athugasemdir við það ef t.d. bankar og sjóðir, sem eru með nokkuð örugg veð í viðkomandi eignum viðkomandi fyrirtækis, eiga að ganga fyrir og geta breytt þessum veðum í ríkisábyrgð. Ég tek skýrt fram að það er alls ekki ætlunin, eins og lesa má í þessari grein og kom fram í orðum hv. þm., að aðrir sem vilja kaupa hlutdeildarskírteini séu einhvers konar annars flokks kaupendur þeirra skírteina. Það er alls ekki ætlunin og sjálfsagt að umorða þessa grein þannig að þeir sitji þar við sama borð. Hins vegar er spurningin: Hverjir fá forgangsrétt að þessum ríkistryggðu bréfum? Mér sýnist að það liggi í hlutarins eðli að þeir sem hafa þessi ríkistryggðu bréf hljóti að ganga fyrir greiðslum. Þeir eru a.m.k. með öruggar endurgreiðslur skulum við vona. Hins vegar kann svo illa að fara að þessi sjóður lendi í miklum fjárhagserfiðleikum eftir að búið er að greiða út ýmis hlutafjárskírteini þannig að margir sem hafa lagt þar inn á ríkisábyrgð geti verið búnir að fá sitt. Þetta, sem hv. þm. er að tala um, sýnist mér eingöngu vera umhugsunarefni ef sjóðurinn kemst í þrot.

Hv. þm. ræddi nokkuð um liði a, b og c í 12. gr. Þá liði ber að sjálfsögðu að lesa saman, ekki er nægilegt að uppfylla kvaðir í einum lið. Þá ber að lesa saman. Þetta verður að vera fyrirtæki sem er meginstoð í viðkomandi byggðarlagi og það verður að hafa fullnægt einnig liðunum b og c. Sérstaklega ræddi hv. þm. um lið c. (**FrS:** Og 2. mgr.) Og 2. mgr., já. Það verður að lesa þetta saman.

Hv. þm. spurði hvort ríkisstjórnin hefði einhverjar hugmyndir um hvaða hlutabréf ríkissjóðs ætti að afhenda þessum sjóði. Engin afstaða hefur verið tekin til þess. Þetta er tekið beint upp úr 10. gr. eins og frv. stendur. Þar segir: „Ríkissjóður getur einnig selt" o.s.frv. Ég gæti eins snúið spurningunni við og spurt: Hvað voru hv. flm. með í huga í þessu sambandi? (Gripið fram í.) Þið megið koma með hugmyndir. Það er velkomið og kannski ráðið þið þessu einhvern tíma. En það er langt þangað til.

Hv. þm. spurði einhvern tíma í sinni ræðu hvort ég treysti Alþb. fyrir því að fara með þennan sjóð. Hann vildi að vísu að ég svaraði því ekki af einhverjum ástæðum. En ég svara því þannig að ég treysti hvaða ríkisstjórn sem verður mynduð á Íslandi til að fara með málefni þessa sjóðs. Ég skal ekki segja um hvort ég treysti einum flokki betur en öðrum. En eins og ríkisstjórnir geta orðið á næstunni treysti ég hvaða ríkisstjórn sem er til að fara með málefni þessa sjóðs.

Ég held að ég hafi svarað flestum spurningum, að vísu farið nokkuð hratt yfir. Það væri þó unnt að flytja um þetta miklu lengra mál.

Ég kem þá að spurningu síðari ræðumanns, hv. 10. þm. Reykn. Mér þótti leitt að heyra að hv. þm. lýsir þessu máli sem einhverju pólitísku geðþóttamáli. Ég vil alls ekki sitja undir því. Þessi ríkisstjórn á í því afar erfiða verkefni að koma í veg fyrir stöðvun og meiri háttar byggðaröskun í fjölmörgum byggðarlögum þessa lands. Eftir mjög ítarlega yfirferð hefur niðurstaða orðið sú hjá öllum sem hafa unnið að þessu máli að fjölmörgum þessara staða verði ekki bjargað með t.d. gengisfellingu, verði ekki bjargað án þess að gerbreyta eiginfjárstöðu þessara fyrirtækja. Því má ekki ráða pólitískur geðþótti og er ekki ætlun þessarar ríkisstjórnar. Það er fyrst og fremst ætlun þessarar ríkisstjórnar að eigendur fyrirtækjanna, byggðarlögin og aðrir sem eiga þarna hagsmuna að gæta hafi sem mest áhrif á það hvernig þessu verður bjargað. Á þetta vil ég leggja mikla áherslu.

Hv. þm. spurði um hvernig háttað yrði endurgreiðslum til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Í frv. er

gert ráð fyrir að 10. hluti verði greiddur árlega þannig að það tekur tíu ár að endurgreiða það fjármagn sem er svona ráðstafað samkvæmt lögunum. Hv. þm. spurði einnig hvort það verði greitt með verðtryggingu og vöxtum. Ég viðurkenni að eins og greinin er orðuð er þetta óljóst, en ég lít svo á að þetta fjármagn beri að endurgreiða með þeim kjörum sem það er útlánað af Atvinnutryggingarsjóðnum. Ég hef borið þetta undir lögfræðing sem segist ekki sjá neitt því til fyrirstöðu að endurgreiðslan verði þannig ákveðin.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Hér er enn einu sinni verið að ræða aðgerðir ríkisstjórnarinnar í efnahags- og atvinnumálum og reyndar má segja að það frv. sem hér liggur fyrir sé burðarás í stefnu ríkisstjórnarinnar og það sem hún hefur helst haft fram að færa í málefnum sjávarútvegsins. Það vekur þess vegna alveg sérstaka athygli að hæstv. sjútvrh. hefur ekki séð ástæðu til að vera við þessa umræðu og lýsir það að mínu mati mjög svo áhuga hans á því verkefni sem hann hefur tekist á herðar, að gæta hagsmuna sjávarútvegsins og bera ábyrgð á rekstrarskilyrðum hans. Það er kveðjan sem hann sendir fólkinu í sjávarútvegi enn einu sinni, ekki einungis að það eigi að reka sjávarútvegginn með halla heldur hafi hann ekki meiri áhuga á hagsmunamálum sjávarútvegsins en svo að þegar verið er að ræða þau mál hér á hinu háa Alþingi sér hann ekki ástæðu til þess að vera við.

Og það vantar fleiri sem að þessu máli koma. Sá sem mótar efnahags- og atvinnustefnu núv. hæstv. ríkisstjórnar er hæstv. fjmrh. Hann sér ekki ástæðu til að vera við þessa umræðu. Þetta frv. beinlínis snýr að fjmrn. og ákvörðunum sem ekki verða teknar nema fjmrh. komi þar að. Það er þess vegna, herra forseti, alveg nauðsynlegt að bæði hæstv. sjútvrh. og hæstv. fjmrh. séu viðstaddir þessa umræðu nema það sé alveg eindregin pólitísk yfirlýsing þeirra að þeir ætli að virða umræðuna að vettugi og lýsa á þann hátt afstöðu sinni til þeirra hagsmuna sem hér er verið að ræða um. Þess vegna vil ég inna eftir því, herra forseti, hvort ekki megi gera ráðstafanir til þess að þessir tveir hæstv. ráðherrar sem málið snertir verði viðstaddir þessa umræðu. (**Forsrh.:** Sjútvrh. stendur hérna í dyrunum. Hann situr í Ed.) (**Forseti:** Ég skal inna eftir því.) Ég vil, herra forseti, minna á að hæstv. sjútvrh., þó að hann eigi sæti sem þm. í Ed., hefur þingskyldum að gegna þegar mál eru til umræðu sem snerta hans ráðuneyti í hv. Nd. (**Forseti:** Þar sem eftir því hefur verið óskað að ráðherrar væru látnir vita af því að þessi umræða væri í gangi hefur það þegar borið þann árangur að sjútvrh. hefur gengið í salinn, en hæstv. fjmrh. verður gerð grein fyrir því að nærveru hans hér sé óskað. Hitt hljóta menn að skilja að ráðherrar eiga stundum erfitt um vik að vera á tveim stöðum í senn.)

Þegar hæstv. ríkisstjórn skipuleggur meðferð mála á hinu háa Alþingi er eðlilegt að haga þeirri skipulagningu á þann veg að þeir ráðherrar sem hlut eiga að máli geti verið viðstaddir umræðu hverju sinni. Við aðra er þá ekki að sakast en hæstv. ríkisstjórn sjálfa sem á að skipuleggja í samvinnu við forseta þingsins umræður að því er varðar þau mál sem hún hefur flutt.

Það sem einkum hefur komið til umræðu hér og nú varðandi þetta frv. eru þær breytingar sem hæstv. ríkisstjórn hefur gert varðandi hlutafjársjóðinn og þá grundvallarbreytingu á þeirri hugmynd sem fram kemur í drögum að reglugerð sem fyrir liggur og er ekki endanlega frágengin eða útgefin en hæstv. forsrh. hefur kynnt efni hennar hér í umræðunni og fulltrúum stjórnarandstöðunnar. Sannleikurinn er sá að þessi reglugerð dregur fram þann grundvallarágreining sem hér er uppi um stjórn efnahagsmála og hvernig eigi að tryggja rekstur atvinnuveganna.

Hæstv. forsrh. bað héðan úr þessum ræðustól guð að hjálpa sér að ríkisstjórn hans lenti ekki inni í nýju kommissarakerfi eins og hæstv. ráðherra gerði sér enga grein fyrir því hvert hans eigin ríkisstjórn er að stefna sjálfri sér, íslenskri þjóð og íslensku atvinnulífi. Mér fannst fara vel á því að hæstv. ráðherra skyldi biðja guð að hjálpa sér að hann lenti ekki í því sem öllum er augljóst að verða mun ef engin breyting verður á. En það er ekki nóg fyrir hæstv. forsrh. að biðja guð að hjálpa sér og það er ekki nóg fyrir hæstv. sjútvrh. að segja að aðgerðirnar séu ekki nóg, en sitja svo uppi með það að hæstv. forsrh. segir á fundi daginn eftir að sjútvrh. styðji í einu og öllu það sem gert er og hafi engar athugasemdir fram að færa. Það er ekki hægt að biðjast afsökunar á því sem verið er að gera með því að biðja guð að hjálpa sér í annarri ræðunni og segja svo í hinni ræðunni að það sé ekki nóg að gert. Það er engin afsökun. Og það eru ekki skilaboð sem tekin eru gild í búð reynslunnar í sjávarplássunum úti um landið. Það er þetta sem hæstv. ríkisstjórn verður að gera sér grein fyrir.

Það hefur með mjög skýrum rökum verið sýnt fram á í umræðunni hvert hæstv. ríkisstjórn er að stefna með þeim hlutafjársjóði sem hún ætlar að setja á fót og á ekkert skylt við þær upphaflegu tillögur sem fram voru bornar af Kvennalista og Sjálfstfl. við fyrri meðferð þessa máls.

Það kemur fram af reglugerðardrögunum að það á að hefja hér umfangsmikil ríkisafskipti af atvinnurekstrinum. Hæstv. ríkisstjórn byrjar á að neita frekari aðgerðum til að tryggja almennan rekstrargrundvöll atvinnuveganna. Svo á að taka ákveðin fyrirtæki gegnum svonefndan Stefánssjóð og annan hóp í gegnum þennan nýja hlutafjársjóð og alls staðar eru það kommissarar ríkisstjórnarflokkana sem eiga að hafa puttana á, eins og þeir orðuðu það, hverjir lifa og hverjir lifa ekki.

Í DV í dag segir formaður Atvinnutryggingarsjóðs að það séu um 2 milljarðar sem flytja þurfi yfir um 15 fyrirtæki ef ég man rétt í gegnum þennan Atvinnutryggingarsjóð. Í reynd er verið að stofna hér til ríkisreksturs. Í reynd er verið að reyna að koma hér á kommissarakerfi, miðstýrðu kerfi yfir atvinnufyrirtækjunum úti á landsbyggðinni. Það er verið að vantreysta því fólki sem þar hefur með hörðum

höndum byggt upp öflug atvinnufyrirtæki og skapað verðmæti. Það er verið að vantreysta þessu fólki og segja sem svo: Við viljum ekki að hér sé almennur rekstrargrundvöllur fyrir útflutningsframleiðsluna. Við ætlum að hafa hana á brauðfótum, en dæla peningum úr opinberum sjóðum til þess að við getum haft puttana á í gegnum kommissarakerfið og stjórnað atvinnulífinu í byggðum landsins. Það er þetta sem er afstaða hæstv. ríkisstjórnar til atvinnulífsins, til fólksins sem vinnur hörðum höndum úti á landsbyggðinni, að treysta því ekki til að byggja upp sín fyrirtæki, að treysta því ekki fyrir rekstri atvinnufyrirtækjanna. Þetta er hugmyndin þarna á bak við. Þeir sjóðir og bankastofnanir sem eiga samkvæmt reglugerðardrögunum að leggja fram fjármuni af því að þeir eiga kröfur á viðkomandi fyrirtæki eru í eigu ríkisins og með ríkisábyrgð. Í raun réttri er því verið að leggja á skattborgarana að setja fjármuni inn í atvinnufyrirtækin. Fyrr en síðar leggst kostnaðurinn á skattborgarana. Ég skil mætavel Alþfl. eftir þá kollsteypu sem hann hefur tekið að hann skuli styðja þjóðnýtingaráform af þessu tagi. Það er sjálfsagt aðgöngumiði að því að ganga inn í Alþb. sem þeir þrá svo heitt um þessar mundir. En þetta er varhugavert fyrir íslenskt atvinnulíf. Þetta stuðlar ekki að því að treysta rekstur best reknu fyrirtækjanna sem skila mestum verðmætum og mestum arði. Þetta stuðlar ekki að því að bæta lífskjör launafólksins í landinu því að þau eru komin undir því að best reknu fyrirtækin hafi rekstrargrundvöll. Og það er sárt til þess að vita að hæstv. fjmrh. skuli ekki sjá sér fært að vera við þessa umræðu þegar hæstv. forsrh. hefur lýst því yfir hér úr þessum ræðustól að ummæli hans í Þjóðviljanum eigi ekkert skylt við stjórnarstefnuna og vandséð hvernig halda á umræðunni áfram ef mál eiga að ganga á þennan veg.

Það hefur heldur ekki komið fram í þessari umræðu að þeir opinberu sjóðir sem hér eiga hlut að máli eiga að leggja fram fjármuni með ríkisábyrgð sem að öllum líkindum lendir endanlega á skattgreiðendunum eðlilega, en það eru miklu fleiri kröfuhafar í sjávarplássum úti á landi. Það eru fyrirtæki einstaklinga sem þjónusta fiskvinnslufyrirtækin. Ríkisstjórnin segir sem svo: Það er allt í lagi þótt þessi fyrirtæki tapi. Það er allt í lagi þó heimili eigenda þeirra og starfsmanna fari á höfuðið. Það skiptir okkur engu máli. Við ætlum ekki að hafa neinar áhyggjur af því. Þetta eru önnur skilaboð til þess fólks sem að þessum atvinnuvegi starfar því auðvitað er það svo að umhverfis hvert fiskvinnslufyrirtæki og útgerðarfyrirtæki starfar fjöldinn allur af þjónustufyrirtækjum, smáfyrirtækjum. Það eru að vísu ekki stór fyrirtæki en það eru smá fyrirtæki og það er fólk sem vinnur þar og það er fólk sem á þau fyrirtæki. Það er líka rétt að gera kröfu til þess þegar mótuð er stefna í efnahagsmálum að þessir aðilar sitji við sama borð og njóti sama réttar og aðrir og það verður ekki gert með þeirri efnahagsstefnu sem hér er verið að fara á flot með. Hér er verið að búa til ranglæti, búa til mismunun.

Ég ætla ekki að draga úr því að það kann að vera þörf á að taka á vanda ákveðinna byggða með sérstökum aðgerðum út frá byggðasjónarmiðum. En að reka efnahagsstefnu einnar þjóðar með þessum hætti er forkastanlegt. Það liggur ljóst fyrir að nýtt hlutafé í þessum fyrirtækjum mun brenna upp á örfáum vikum vegna þess að ríkisstjórnin neitar að gera þær ráðstafanir sem tryggja eðlilegan rekstrargrundvöll og rekstrarafgang í fiskvinnslunni. Þessi fyrirtæki eru vegna almennrar efnahagsstefnu dæmd til að tapa. Þó að það komi nýtt hlutafé inn í atvinnufyrirtækin mun það brenna upp á örfáum vikum og hvað á þá að gera? Vill ekki hæstv. sjútvrh. svara því? Hvað á þá að gera? Á þá að stofna nýjan hlutafjársjóð? Það er óhjákvæmilegt að fá svör við þessu í umræðunni.

Í þeim bráðabirgðalögum sem ríkisstjórnin setti og eru hér til staðfestingar er ráð fyrir því gert að stjórn deildar fyrir frystar afurðir í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins sé heimilt að taka lán hjá Seðlabanka Íslands fyrir milligöngu hans að fjárhæð allt að 800 millj. kr. Þetta lán er búið að taka og það er farið að greiða úr sjóðnum samkvæmt þessu. En það segir í lagagreininni að þetta lán skuli endurgreitt af tekjum Verðjöfnunarsjóðs af viðkomandi afurðum á næstu þremur árum eftir að það hefur verið tekið. Það sem þá kann að vera ógreitt fellur á ríkissjóð. M.ö.o.: hér segir alveg skýrum stöfum að atvinnugreinin sjálf á að endurgreiða þetta lán. Hæstv. sjútvrh. lýsti því hins vegar yfir á fundi með sjómönnumn að til þessa kæmi aldrei. Ríkið mundi standa undir þessu láni. Hæstv. ráðherra fékk hins vegar tækifæri til þess við afgreiðslu málsins í Ed. að standa við þessi orð sín, en hann kaus að greiða atkvæði gegn eigin orðum. Vegna hvers? Vegna þess að hæstv. fjmrh. fyrirskipaði að svo skyldi vera. Hæstv. fjmrh. fyrirskipaði að þetta kæmi ekki inn í bókhald ríkissjóðs og þetta skyldi standa áfram með þeim hætti að atvinnugreinin sjálf skyldi endurgreiða lánið. Og hæstv. sjútvrh. hlýddi því þvert ofan í það sem hann sagði á fundi með sjómönnum.

En hvernig stendur þá á því að Þjóðhagsstofnun gefur út útreikninga um afkomu fiskvinnslunnar og þar á meðal frystingarinnar þar sem gert er ráð fyrir því að farið verði með þetta lán eins og hæstv. sjútvrh. sagði á fundinum með sjómönnum? M.ö.o.: Þjóðhagsstofnun gerir ráð fyrir því í sínum útreikningum að ríkissjóður beri þetta lán í samræmi við orð hæstv. sjútvrh. á fundi sjómanna. En stjórnarmeirihlutinn undir forustu hæstv. fjmrh. hefur hér á Alþingi harðneitað því að fara á þennan veg með málið og krefst þess að það standi enn óbreytt að atvinnugreinin sjálf standi undir þessu. Verði þetta mál afgreitt héðan úr deildinni með þessum hætti er augljóst að útreikningar Þjóðhagsstofnunar eru rangir um afkomu fiskvinnslunnar. Afkoma frystingarinnar er 4% verri en þar segir, verði þetta frv. afgreitt með þessum hætti, vegna þess að þeir útreikningar byggjast augljóslega á orðum hæstv. sjútvrh. á fundinum fræga hjá sjómönnum. Það er ekki hægt að ljúka

þessari umræðu fyrr en botn fæst í þetta mál. Það verður ekki við það unað að fjmrh. segi að þetta komi ekki á ríkissjóð og frumvörpin verði keyrð þannig í gegn, en hæstv. sjútvrh. haldi allt öðru fram og Þjóðhagsstofnun sé látin byggja útreikninga sína á þeim orðum en ekki því sem hæstv. ríkisstjórn setur í lög. Þá er verið að neyða Þjóðhagsstofnun til að birta falskar niðurstöður um afkomu fiskvinnslunnar.

Nú kann vel að vera að hæstv. sjútvrh. segi sem svo: Það stendur hér í lagatextanum að verði eitthvað ógreitt eftir þrjú ár falli það á ríkissjóð. Þess vegna hafði ég rétt fyrir mér að ríkissjóður mun bera þetta allt saman. En hvað felst þá í þeim orðum ef þetta á að vera afsökun hæstv. sjútvrh.? Þá felst það í hans orðum að það er stefna hans að sjávarútvegurinn og frystingin verði rekin með halla næstu þrjú árin þannig að atvinnufyrirtækin geti ekki samkvæmt lögunum endurgreitt þetta til sjóðsins. Öðruvísi verður slík afsökun ekki skilin.

Nú liggur ljóst fyrir að verðbólga fer vaxandi á nýjan leik og í yfirliti frá Seðlabanka Íslands frá 10. febr. kemur fram að verðbólga á ársgrundvelli verður um 22% fram til maímánaðar, en lengra nær spá Seðlabankans ekki miðað við lánskjaravísitölu. Það er jafnan svo að Seðlabankinn ásamt með Þjóðhagsstofnun hefur gefið út mjög varlegar verðbólguspár. Þessar stofnanir byggja á því einu sem liggur ljóst fyrir og á stefnu ríkisstjórnar hverju sinni. Hér er því ekki reiknað með ýmsum væntum þáttum sem augljóslega eiga eftir að koma inn í þessa þróun þannig að allt bendir til þess að hækkun vísitölunnar verði meiri en hér er gert ráð fyrir. En augljóst er að stefnan er í þessa átt og í samræmi við þetta gerir Seðlabankinn ráð fyrir að raungengi krónunnar á þessu ári fari hækkandi á nýjan leik og hæstv. forsrh. hefur talað um það sem meginatriði að lækka raungengi krónunnar. Hann hefur hins vegar haldið því fram að það ætti að gera með einhverjum öðrum aðferðum en að breyta genginu. Þær aðferðir hafa fram að þessu ekki skilað miklum árangri, enda hafa aðgerðir ríkisstjórnarinnar leitt til þess að verðbólga fer nú vaxandi aftur eftir að ríkisstjórnin sjálf sprengdi í loft upp þá verðstöðvun sem fyrrv. ríkisstjórn hóf í lok ágústmánaðar.

Í áætlunum Seðlabankans um þróun raungengis á þessu ári kemur fram að áætlað er að það hækki úr um 107 í febrúarmánuði upp í um 113 á haustmánuðum. Það stefnir því samkvæmt spá Seðlabankans sjálfs, sem byggir á þeim ákvörðunum sem hæstv. ríkisstjórn hefur tekið, í hækkandi raungengi. Hvað sem hæstv. forsrh. segir hér liggja þessar spár fyrir úr aðeins nokkurra daga gömlum plöggum frá Seðlabankanum. Samt sem áður heldur hæstv. ríkisstjórn því fram að ekkert frekar þurfi að gera fyrir sjávarútveginn í landinu og útflutningsgreinarnar annað en kannski að taka aukin lán og stofna nýja sjóði. Ætli þetta sýni ekki betur en flest annað að það munu ekki líða margar vikur þangað til fyrirtækin í hlutabréfasjóðnum þurfa að koma aftur og biðja um nýtt hlutafé frá ríkinu, frá skattborgurunum? Menn ættu að fara að átta sig á því að það er útflutningsframleiðslan sem skapar verðmætin í þessu þjóðfélagi. Það verður ekki endalaust hægt að leggja skatta á afleiddar þjónustugreinar í þessu þjóðfélagi til að halda sjávarútveginum uppi því að það eru þessar greinar sem lifa á verðmætasköpun sjávarútvegsins. Hér stefnir því augljóslega í mikinn vanda.

Hæstv. sjútvrh. hefur lýst því yfir, gerði það í umræðu um svokallaða tilkynningu ríkisstjórnarinnar fyrir nokkrum dögum, þeirri umræðu er að vísu ekki lokið, að allt benti til þess að ríkisstjórnin mundi halda áfram lántökum í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins á vori komanda þegar 800 millj. kr. lántökunni lýkur. Engar tillögur hafa þó komið fram um það enn við meðferð þessa máls í samræmi við þessa yfirlýsingu að afla heimilda til slíks og mér er ekki kunnugt um að við meðferð lánsfjárlaga í hv. Ed. hafi af hálfu hæstv. ríkisstjórnar verið aflað heimilda til þessarar lántöku sem hæstv. sjútvrh. gaf til kynna að efnt yrði til.

Freðfiskdeild Verðjöfnunarsjóðsins átti um 10,2 millj. kr. um sl. áramót. Svo er verið að tala um það að samþykkja hér lög frá Alþingi þess efnis að hún geti tekið lán upp á 800 millj. kr. og, ef svo fer sem hæstv. sjútvrh. gaf til kynna, a.m.k. 500 millj. kr. lán til viðbótar með þeim skýra lagabókstaf að það sé deildin sjálf sem taki þetta að láni. Hvernig á deild sem á 10,2 millj. kr. að taka lán upp á 1,5 milljarða kr.? Hér er allt á afturfótunum.

En aðalatriðið er það að þessari umræðu er ekki unnt að ljúka fyrr en þessi mál komast á hreint. Það er fráleitt að afgreiða þessi lög með þeim hætti að dæma með þessum lögum sjávarútveginn til að endurgreiða þetta lán. Það mun aldrei ganga upp. Tölur Þjóðhagsstofnunar, eins og þessi lagatexti stendur, eru þá falskar, byggja á yfirlýsingu hæstv. sjútvrh. en hann ætlar með atkvæði sínu að standa hér að lagasetningu sem gengur í þveröfuga átt. Það er siðlaust, ef hæstv. ríkisstjórn ætlar að afgreiða málið hér frá þinginu með þessum hætti.

Ég vil ítreka það, herra forseti, hvort hæstv. fjmrh. ætlar ekki að vera viðstaddur þessa umræðu sem snýst svo mjög um afkomu ríkissjóðs, um lántökur ríkissjóðs, skuldbindingar ríkissjóðs og það sem lagt verður á skattgreiðendur vegna þessa. Er það svo, herra forseti, að hæstv. fjmrh. ætli ekki að vera viðstaddur umræðuna? (**Forseti:** Það er verið að kynna hæstv. fjmrh. þá ósk að hann komi hér og verði viðstaddur eftir því sem hann getur við komið. Þeim boðum hefur nú verið komið að nýju á framfæri.)

Það er líka athyglisvert að hæstv. ráðherrar Alþfl. taka á engan hátt þátt í þessum umræðum, þegar verið er að stefna að meiri miðstýringu í atvinnulífinu en dæmi eru til um í áratugi, þegar verið er að stefna að meiri millifærslum úr ríkissjóði en dæmi eru um í áratugi, þegar halda á atvinnulífinu gangandi með ríkisstyrkjum, þegar fara á bakdyramegin að þjóðnýtingu fyrirtækjanna, eins og hér er verið að leggja til, þá hlaupast hæstv. ráðherrar Alþfl. á brott og geta ekki tekið þátt í umræðunni. Auðvitað er það rétt að

kollsteypan sem Alþfl. hefur tekið í efnahagsmálum miðar að því að fá aðgöngumiða að Alþb. Þingmenn flokksins verða að kyngja þessari kollsteypu, en það er eftir því tekið að ráðherrar flokksins og forustumenn geta ekki eða treysta sér ekki til þess að taka þátt í umræðunni og rökstyðja þau miklu umskipti sem hér hafa átt sér stað.

Herra forseti. Ég sé að hæstv. fjmrh. hefur nú gengið í salinn. Í fyrsta lagi er rétt að geta þess af þeim sökum að hæstv. forsrh. lýsti því hér yfir í umræðunni að viðtal sem dagblaðið Þjóðviljinn átti við hæstv. ráðherra lýsti í engu stefnu núv. ríkisstjórnar. Þó hygg ég að öllum sem þátt taka í umræðum um þessi efni sé það ljóst að hlutafjársjóðurinn og aðrir þeir sjóðir, sem hæstv. ríkisstjórn er að byggja upp, eru í fullu samræmi við þá stefnuyfirlýsingu sem hæstv. fjmrh. gefur í þessu viðtali sem birt er í Þjóðviljanum 14. febr. sl. þar sem hæstv. ráðherra flokkar atvinnufyrirtækin niður í nokkra flokka og skipar þeim þannig í mismunandi aðstöðu eftir því hver afskipti ríkisstjórnarinnar og kommissara hennar eiga að vera. Nú hefur hæstv. forsrh. lýst því yfir að þetta sé ekki stefna hæstv. ríkisstjórnar sem fram kemur í viðtalinu og ég óska eftir því að hæstv. fjmrh. geri þá grein fyrir þessum ágreiningi milli hæstv. forsrh. og fjmrh.

Í annan stað hefur það verið dregið fram enn á ný að frv., eins og það liggur hér fyrir til umræðu, gerir ráð fyrir að sjávarútvegurinn, þ.e. fiskvinnslan, endurgreiði það 800 millj. kr. lán sem Verðjöfnunarsjóði er heimilað að taka samkvæmt þessum lögum. Hæstv. sjútvrh. hefur lýst því yfir að ríkissjóður eigi að endurgreiða lánið að fullu og á þeirri yfirlýsingu eru útreikningar Þjóðhagsstofnunar byggðir. Verði frv. ekki breytt, þá liggur ljóst fyrir að útreikningar Þjóðhagsstofnunar eru ekki á rökum reistir og eru falskir og afkoma frystingarinnar er að sama skapi 4% lakari en þar greinir.

Nú vil ég inna hæstv. fjmrh. eftir því hvort hann ætlar að standa fast við þá ákvörðun sína, sem fram kemur í þessu frv., að láta fiskvinnslufyrirtæki endurgreiða þetta lán. Eða ætlar hann að fallast á stefnu hæstv. sjútvrh. um það að ríkissjóður beri þetta lán? Lánið var tekið í október og það segir í lögunum að það eigi að byrja að greiða af því á þessu ári þannig að fyrstu afborganir af láninu falla á þessu ári og því er alveg óhjákvæmilegt að taka af skarið um það hér og nú við þessa umræðu hvor háttur verður á hafður, ella koma þessar greiðslur niður á sjávarútveginum strax á þessu ári. Spurning mín til hæstv. ráðherra er sem sagt þessi: Ætlar hann að standa við efni frv. eins og það er prentað fyrir þessa umræðu eða fellst hann á breytingar? Og ætlar hann að gera útreikninga Þjóðhagsstofnunar ómerka ef svo fer að hann vill ekki gera breytingar á frv.?

Herra forseti. Hér hafa verið bornar fram fyrirspurnir til hæstv. ráðherra, til hæstv. sjútvrh. og hæstv. fjmrh. Ég óska eindregið eftir því að hæstv. ráðherrum verði gefinn kostur á að svara þeim spurningum sem fram hafa verið bornar. Þær skipta efnislega máli og hafa mikla þýðingu fyrir niðurstöðu þeirra mála sem hér er verið að fjalla um og ég hygg að svör þeirra skipti fólkið sem vinnur við sjávarútveg býsna miklu máli. Þess vegna óska ég eindregið eftir því að báðir þessir hæstv. ráðherrar svari þeim fyrirspurnum sem hér hafa verið bornar fram.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Spurningum hv. þm. Þorsteins Pálssonar er fljótsvarað. Það er enginn ágreiningur innan ríkisstjórnarinnar um stefnu stjórnarinnar í atvinnu- og efnahagsmálum eins og henni hefur verið lýst af forsrh., mér og öðrum ráðherrum ríkisstjórnarinnar.

Spurning nr. 2 var um það hvort ég styddi það frv. í þeim búningi sem það er hér til afgreiðslu. Svarið við þeirri spurningu er já.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Svar hæstv. fjmrh. var athygli vert. Hann lýsir því m.ö.o. yfir að hér eigi að samþykkja þetta frv. óbreytt með þeim skýru ákvæðum að fiskvinnslufyrirtækin eigi að endurgreiða þetta lán og að ríkissjóður taki það í engu á sig nema þá eftir þriggja ára taprekstur. Ég fullyrði: Ef hér á að stefna í þriggja ára áframhaldandi taprekstur fiskvinnslunnar í landinu, þá verður ekkert fiskvinnslufyrirtæki gangandi. Þetta er yfirlýsing hæstv. fjmrh. Það var eftir því tekið að bæði hæstv. forsrh. og hæstv. sjútvrh. gengu úr þingsalnum meðan sú yfirlýsing var gefin. Þetta er yfirlýsing um það að útreikningar Þjóðhagsstofnunar um afkomu frystihúsanna eru rangir og afkoma vinnslunnar er 4% lakari en þar greinir af því að hæstv. ráðherra neitar um þessa breytingu á lögunum sem er óhjákvæmileg ef ríkisstjórnin ætlar að standa á þeim útreikningum sem liggja fyrir af hálfu Þjóðhagsstofnunar. Þetta eru skilaboðin sem nú eru send út um landið, út til fólksins í sjávarútveginum þegar þessari umræðu lýkur hér í hv. Nd. Og þau skilaboð fylgja með að þegar hæstv. fjmrh. gaf þetta endanlega svar, þá hurfu hæstv. sjútvrh. og hæstv. forsrh. úr þingsalnum.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég hjó eftir því að um leið og hv. 1. þm. Suðurl. hafði lokið sinni frumræðu hér áðan, þá var óvenjumikill hraði á forseta að slíta umræðunni, en lokaorð hv. 1. þm. Suðurl. voru þau að ráðherrar svöruðu fyrirspurnum sem til þeirra var beint. Og ég get ekki látið hjá líða að gera athugasemd við það því að mér fannst eins og samspil á milli ráðherra og forseta, en ég vona að það sé rangt. Ef það er, þá bið ég forseta afsökunar, en þetta er óvenjulegur hraði að gefa þingmönnum ekki svigrúm til að átta sig á því hvort þeir fái orðið eða hvort þeir ætli að kveðja sér hljóðs. (**Forseti:** Ég vil svara því til, hv. þm., að ég tel að þar hafi verið sami hraði og venjulega hjá þessum forseta, en hins vegar ívið minni hraði en stundum í atkvæðagreiðslum.) Ég bið afsökunar, forseti, ég er nú búinn að sitja hérna síðan 1974 og ég hef aldrei séð

mál tekið af þingheimi eins snögglega og í þetta sinn, þannig að þetta er ekki sá hraði sem ég á að venjast hér á þeim tíma sem ég hef setið. En það er ekki það sem ég ætlaði að gera að umræðuefni, heldur það, að hæstv. forsrh. sagði mjög seint í sinni ræðu hér áðan, orðrétt, ég skrifaði það niður:

„Ríkisstjórnin stendur frammi fyrir því að þurfa að bjarga mörgum fyrirtækjum víðs vegar um land, sem eru burðarásar byggðarlaganna á viðkomandi stöðum."

Við erum nú búin að heyra þetta sagt á mismunandi hátt núna undanfarið og undanfarnar vikur eða jafnvel mánuði. En ég vil að það komi fram að þessi fyrirtæki víðs vegar um landið, sem nú eru á fallandi fæti og standa ekki lengur undir velmegun byggðarlaganna, eru í þessum rekstrarvanda vegna ráðstafana í efnahagsmálum sem ríkisstjórnin ein er ábyrg fyrir. Og efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar — ég hef sagt það hér áður úr þessum ræðustól — eru þjóðfélaginu hættulegar, fyrirtækjum hættulegar, fólkinu og ég endurtek, þjóðfélaginu í heild.

Síðast þegar ég stóð hér upp taldi ég þær ráðstafanir í efnahagsmálum sem nú liggja fyrir til afgreiðslu vera svo mikinn hringlanda að ég efast um að nokkur geti starfað eftir þeim og ég efast um að nokkur í ríkisstjórninni, hvað þá utan hennar, skilji hvernig ríkisstjórnin ætlar að leiða vandamál til lausnar með þeim ráðum sem þeir leggja til nú.

Atvinnuleysistryggingasjóður er skertur til að stofna Atvinnutryggingarsjóð. Stefnan var sú að taka ekki frekari erlend lán og helst ekki innlend lán heldur. Það eru tekin lán til þess að styrkja Atvinnutryggingarsjóð. Og við höfum nú talað um þennan Stefánssjóð það mikið að það er ekki orðum eyðandi á hann lengur né tíma frá Alþingi. Við vitum að hann gengur aldrei upp eins og hann er lagður til.

Síðan kemur hlutafjársjóður. Hvar á að skapa fé í hlutafjársjóð? Hvaðan kemur fjármagnið? Á að skapa hlutafjársjóð með því að selja hlutabréf í öðrum sjóði? Það er ekki eins og það sé verið að selja hlut í fyrirtæki sem er gangandi eða fyrirtæki sem hugsanlega er hægt að reisa við til þess að standa undir hlutafénu sem á að búa til. Það er verið að búa til nýjan sjóð með því að selja hluti í sjóði. Er hægt að standa vitlausar að endurreisn fyrirtækja en akkúrat svona? Er verið að skapa fé úr verðmætum, úr hráefnum eða einhverju slíku? Nei, það er verið að skapa fé með því að prenta á blað að maður sem leggur fram peninga eigi önnur bréf sem eru ekkert annað verðmæti en pappírinn sem prentað er á, viðurkenning á þeirri skuld. Það er verið að búa til sjóð sem á að líta út á blaðinu eins og eins konar fyrirtæki, en er þó ekki fyrirtæki að neinu leyti, til þess að skapa annan sjóð til að kaupa hlutabréf í fyrirtækjum sem ekki hafa gengið og hafa alltaf tapað. Þessi hlutafjárframlög eiga ekki að bera neina vexti. Þau eru að vísu verðtryggð með ríkistryggingu í fjarlægð, en það er það eina sem þau eiga að bera. Þau eiga að halda verðgildi sínu, þau eru verðtryggð, bera enga vexti og engan arð því fyrirtækin hafa tapað hingað til. Ég sé ekki neina von til þess að fyrirtækin fari að bera sig bara af því að þetta nýja fé kemur inn í taprekstur. Og þetta kalla viðkomandi aðstandendur þessara hugmynda efnahagsráðstafanir! Þetta er svo vitlaust að ég er alveg steinhissa á að þeir skuli halda áfram með þessa hugmynd.

Af hverju segið þið ekki hreint út: Við þurfum að skaffa peninga. Ríkissjóður ætlar að tryggja lán og við verðum að taka lán. Það er miklu ódýrara en að fara að hringla með fólk sem ég er alveg sannfærður um að finnst ekki til að kaupa þessi hlutabréf vegna þess að þau gefa ekki einu sinni von um að peningarnir fáist til baka verðtryggðir, hvað þá að þeir gefi eitthvað af sér. Og að einhverjir fari að leggja sitt fé í svona ævintýri þegar þeir geta í fullri tryggingu lagt það inn í hvaða banka og peningastofnun sem er upp á venjulega vexti? Þetta er alveg það sama og að segja við fólkið í landinu: Nú getum við ekki meira, við kunnum engin ráð. Hjálpið okkur, látið okkur hafa peningana ykkar fyrir ekki neitt. Við skilum þeim kannski aftur, kannski einhvern tíma seinna — ef við getum. Þetta eru efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar.

Og á að reyna að blinda svo fyrir Alþingi að Alþingi samþykki þetta í von um að eitthvað geti gengið rétt í þá átt sem sagt er nú? Það er miklu hreinlegra að strika þennan hlutafjársjóð út og jafnvel Atvinnutryggingarsjóðinn líka, láta Atvinnuleysistryggingasjóð hafa sitt framlag frá ríkissjóði eins og á að vera þannig að hann geti borið sína ábyrgð ef á þarf að halda, og segja svo bara: Við erum í strandi með hugmyndir. Við sjáum nú að hlutafjársjóðurinn okkar er röng hugsun, enda er hann endanlega tryggður með ríkissjóðstryggingu og við skulum bara sleppa öllum millistigum og segja við ríkissjóð: Við skulum taka lán til að standa undir því sem við viljum gera.

Ég held að eins vitlaus og sú hugmynd kann að vera í hugum margra, sem ég kom með á sínum tíma sem fjmrh., að strika út, hreinlega strika út skuldir undirstöðuatvinnuvega þjóðarinnar sem eru til orðnar vegna lánskjaravísitölu af lánum sem fyrirtækin hafa fengið, en halda að fullu í gildi höfuðstól skuldarinnar og þá með lágum vöxtum. Ég held að það sé miklu heilbrigðari hugmynd en þessi þvæla sem hér er lögð til í nafni efnahagsráðstafana. Gangið einhvern tíma einhvers staðar á einhverju sviði hreint til verks og segjum sameiginlega: Við erum í vanda sem þjóðfélag, það þarf að leysa málin, en ekki vera með einhverjar blekkingalausnir sem eru blekkingar líka fyrir þá sem leggja fram hugmyndirnar.

Virðulegi forseti. Ég sagði á sínum tíma að þessar efnahagsráðstafanir væru ekki þess virði að ræða þær og þess vegna ætla ég ekki að hafa þessa ræðu lengri.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Hv. 1. þm. Suðurl. beindi til mín nokkrum spurningum. Í fyrsta lagi spurði hann um það hvað mundi gerast eftir að hlutafé það sem lagt er fram af svonefndum hlutafjársjóði hefur brunnið upp

og spáði því að það hlutafé mundi brenna upp. Það er að sjálfsögðu alveg rétt hjá hv. 1. þm. Suðurl. að ef slík staða kemur upp, þá er betra að fara ekki af stað með þetta mál. Og það má segja um sjávarútveginn almennt að ef hann stendur frammi fyrir því að missa allt sitt eigið fé á næstu árum, þá erum við hér komin í mjög alvarlega stöðu og þar af leiðandi er það alveg rétt hjá honum að það sem skiptir öllu máli er að almenn skilyrði sjávarútvegsins verði það góð að hann fái staðið undir því á nýjan leik að standa undir skuldum sínum. Til þess að svo megi verða þurfa tekjur sjávarútvegsins að hækka, annaðhvort í gegnum hækkað afurðaverð eða með meiri lækkun á raungengi. Þetta er sú sama staða sem menn hafa staðið frammi fyrir lengi og hv. 1. þm. Suðurl. þekkir mætavel og jafn vel og ég.

Það er alveg ljóst að á árinu 1988 og seinni hluta árs 1987 voru rekstrarskilyrði sjávarútvegsins þannig að hann tapaði verulega miklu af sínu eigin fé. Eins og staðan er í dag lítur út fyrir að fiskvinnslan sé í járnum samkvæmt útreikningum Þjóðhagsstofnunar, en hins vegar er mikið tap sérstaklega á bátaflotanum. Þetta er ekki í fyrsta skiptið sem við stöndum frammi fyrir alvarlegri stöðu sem þessari, en það skiptir sköpum hvort raungengið lækkar eitthvað meira á næstunni eða hækkar. Ég fer ekkert leynt með þá skoðun mína að ég tel að það þurfi að lækka eitthvað meira og þess vegna sagði ég að þessar ráðstafanir væru ekki nægilegar. En það er ekki þar með sagt að það sé einfalt mál að lækka raungengið hér á landi. Það sem skiptir sköpum í þeim efnum er að launahækkanir á næstunni verði hófsamlegar og menn geri sér ekki upp þær vonir að hér geti kaupmáttur aukist á næstunni. Á þetta hefur verið lögð áhersla í ríkisstjórninni, að ekki sé ráðlegt að ætla sér að fara í kollsteypu í gengismálum vegna þess að það sé ekki líklegt að með því lækki raungengið það mikið, þá yrði gengisbreyting fyrst og fremst til þess að auka hér víxlverkanir og auka verðbólguna. En það kom mjög skýrt fram í máli hv. 1. þm. Suðurl. að slíkt vildi hann ekki heldur sjá.

Þetta er þess vegna hið venjulega tekjuskiptingarvandamál í þjóðfélaginu og það skiptir meginmáli að tekjuskiptingarúrlausnin á næstunni gangi ekki á hag sjávarútvegsins eins og hún hefur gert að undanförnu. Það liggur alveg fyrir að þegar kjarasamningar voru gerðir hér á sl. vetri þá gekk sú niðurstaða á hag sjávarútvegsins. Það þarf að koma í veg fyrir að það gerist aftur. Auðvitað þarf sjávarútvegurinn að hagnast til þess að geta greitt skuldir sínar til baka.

En þá kemur þessi spurning: Hvað skal gera í þeim tilvikum þar sem um er að ræða mjög lítið eigið fé í fyrirtækjum og þau fá ekki staðið undir skuldum sínum um sinn nema með því að fá meira eigið fé?

Ég hafði skilið það svo þegar farið var að tala um þennan hlutafjársjóð að hann væri einmitt hugsaður til þess að hjálpa til í þeim tilvikum þar sem vantaði eigið fé um sinn og það hlutafé yrði síðan selt þegar betur gengi. Ég botna ekkert í því hvað menn voru eiginlega að fara ef menn áttu ekki við þetta. Voru Kvennalistinn og Sjálfstfl. að leggja það til að keypt yrði hlutafé í sterkustu fiskvinnsluútgerðarfélögum landsins? Reiknuðu þessir flokkar með því að hlutafé þar væri falt? Með þeirri afstöðu að vilja ekki leggja hlutafé í þessi fyrirtæki sem eiga fyrir skuldum en vantar eigið fé nú á næstunni til þess að koma sér yfir mestu erfiðleikana, með því að hafa þá afstöðu að vilja ekki setja hlutafé inn í þessi fyrirtæki, þá hafa menn þá afstöðu að þessi fyrirtæki skuli fara á hausinn og það skuli þá koma upp viðeigandi vandamál í þeim byggðarlögum því að gengisbreyting mun ekki hjálpa til í þessum tilvikum vegna þess hversu illa fyrirtækin eru komin. Þeir aðilar, sem vilja ekki setja þennan hlutafjársjóð á stofn, ættu því að tala skýrt hér og segja sem svo að það eigi ekki að aðstoða þau fyrirtæki sem verst eru sett víða á landinu — og ég gæti talið upp allmarga staði í því sambandi — heldur en vera að tala í kringum þetta mál með þeim hætti sem hér er gert. Ég fæ ekki skilið við hvað er átt. Það er þá betra að tala hreint út um það.

Í öðru lagi spurði hv. 1. þm. Suðurl. um það hvort ég ætlaði að greiða atkvæði eða hefði greitt atkvæði gegn eigin orðum. Það er út af fyrir sig ágæt spurning. Það hef ég ekki gert. Það sem ég sagði á sínum tíma, ég hef það nú ekki orðrétt en ég held að ég muni það nokkuð vel að ég sagði að það væru engar líkur til þess að atvinnugreinin gæti greitt þetta lán og þess vegna augljóst að það mundi að öllum líkindum falla á ríkissjóð. Nú sem stendur er greitt út úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins og fyrsta skrefið hlýtur að vera að þær greiðslur falli niður. Til þess þarf verulegan bata í sjávarútveginum. Sjávarútvegurinn er með miklar skuldir á bakinu og þarf því á öllum sínum tekjum að halda á næstu árum til að endurgreiða þessar skuldir og eru engar líkur til þess að hann geti lagt í Verðjöfnunarsjóðinn. Ég hef ekki nokkra trú á því að stjórn Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins samþykki það að hefja greiðslur inn í Verðjöfnunarsjóð frystingarinnar. Það hefur ekki verið gert á undanförnum árum þrátt fyrir bærilega afkomu. Til þess hefur ekki verið meiri hluti í stjórn sjóðsins. Þótt ríkisfulltrúarnir legðu það til á árinu 1987, þá lögðust fulltrúar vinnslu og veiða gegn þeirri tillögu og þeir hafa meiri hluta í stjórn sjóðsins. Þess vegna ætti það að vera alveg augljóst að til þess mun ekki koma að á þessum tíma muni þessir aðilar samþykkja að hefja greiðslu í sjóðinn og lánið mun því falla á ríksisjóð nema eitthvað mjög óvænt komi til. Þetta veit ég að hv. 1. þm. Suðurl. er vel ljóst, enda var rætt um þetta mál með sama hætti í hans ríkisstjórn, ef ég man rétt.

Í þriðja lagi spurði hv. þm. um það hvort ég væri að leggja það til að lántöku yrði haldið áfram, ég hefði lýst því yfir. Ég vildi gjarnan fá að lesa það sem ég sagði því að ég hef það þó hér skrifað, þessa svokölluðu yfirlýsingu, en ég sagði í umræðum hér á hv. Alþingi eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Hitt er svo annað mál að menn sjá ekki framan í þessa þróun á þessum degi [þ.e. að því er varðar verðhækkanir] en vonandi breytist staðan með vorinu þannig að t.d. verðhækkanir geti leyst útgreiðsl-

una úr Verðjöfnunarsjóði af hólmi. Ef svo verður ekki hlýtur það að koma til athugunar hvort ekki sé rétt að framlengja þá greiðslu í einhvern tíma þótt menn hjóti samt að vona að þess þurfi ekki því að það getur ekki verið ráðlegt til langframa að greiða til atvinnugreinarinnar með slíkum hætti og á enginn að stefna að því og núv. ríkisstjórn gerir það ekki."

Ég vænti þess að þessi orð svari því sem hv. þm. spurði um því að þessi orð verða ekki skilin með þeim hætti sem hann túlkaði hér.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Kristín Halldórsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég er víst raunar búin með ræðutíma minn hér þar sem ég hef tvisvar talað í þessari umræðu, en ég get ekki setið undir (**Forseti:** Hv. þm. hefur að vísu talað tvisvar, en í annað skipti fyrir nál. og hefur því rétt á því að tala í þriðja sinn.) Ég þakka fyrir það. En ég þarf ekki að hafa mörg orð um það sem hér hefur verið sagt að öðru leyti en því að ég vil ekki sitja undir mjög ákveðnum ásökunum frá hæstv. ráðherra í máli hans hér áðan hvað það varðar að kvennalistakonur séu andvígar því að fyrirtækjum í einstökum byggðarlögum, sem jafnvel eru burðarásar í þeim byggðarlögum, sé komið til aðstoðar. Hæstv. ráðherra hefur haft öll tækifæri til þess að kynna sér hugmyndir okkar og þær skýringar sem við höfum gefið í sambandi við tillöguflutning í þessum málum og er ekki vorkunn að hafa kynnt sér það. Hann hefði einnig, ef hann hefði verið viðstaddur þessa umræðu, heyrt það að kvennalistakonur hafa margítrekað það að þær telja nauðsynlegt að beita aðgerðum til aðstoðar fyrirtækjum sem eru svo illa á vegi stödd að þau þurfa á því að halda.

Það sem við höfum hins vegar sagt er að þessi hugmynd með hlutafjársjóðnum var ekki ætluð í þessu skyni heldur til þess að skapa sjóð sem gæti staðið undir sér og það held ég að geti ekki gerst ef honum er beitt á þennan hátt.

Ég tók það hins vegar fram í máli mínu áðan að ég óska ekki þessum sjóði neins ills þó að hann hafi breyst í meðförum meiri hl. og ætla ekki að spá illu um framtíðina. Hann kann að geta komið að haldi. Og það hafa forráðamenn t.d. Fiskveiðasjóðs, Iðnlánasjóðs og fleiri sagt, að þeir gætu hugsanlega nýtt sér hann að þessu leyti og það ætla ég að vona að verði. Ég vildi aðeins bera af okkur þær sakir að við værum ekki þeirrar skoðunar að það ætti að koma til aðstoðar fyrirtækjum úti á landi sem ættu í sérstökum erfiðleikum.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Ég vildi fyrst og fremst ítreka það hér sem fram hefur komið hjá hv. 10. þm. Reykv. um þann tilgang sem lá að baki tillöguflutningi Kvennalistans og Sjálfstfl. um hlutafjársjóð. Það hefur komið skýrt fram að á þeim hugmyndum og því sem ríkisstjórnin er að gera er reginmunur, svo sem öllum má vera ljóst sem lesa ríkisafskiptareglugerð þá sem A-flokkarnir hafa greinilega þröngvað upp á Framsfl., enda biður hann guð að hjálpa sér í þessari umræðu ef hún verður að veruleika.

Hæstv. ráðherra getur heldur ekki haldið því fram að afstaðan gagnvart þessari röngu efnahagsstefnu feli það í sér að menn vilji ekki á grundvelli byggðastefnu koma til aðstoðar einstökum fyrirtækjum. Það er alveg sitt hvað að mæla hér fyrir efnahagsstefnu sem hefur þessar afleiðingar og hefur augljóslega þær afleiðingar og miðar að því að koma best reknu fyrirtækjunum niður á það stig sem hlutafjársjóðsfyrirtækin eru á í dag.

Síðan segir hæstv. ráðherra og það lýsir kannski best stöðu málsins: „Ef hlutaféð brennur upp í þessum nýju fyrirtækjum, þá er betra að fara ekki af stað." Ef það liggur ljóst fyrir að hlutaféð brennur upp, þá væri betra að fara ekki af stað. Þetta voru ummæli hæstv. sjútvrh.

Hvaða staðreyndir liggja svo fyrir í þessu máli? Það liggur fyrir að tap fiskvinnslunnar fer vaxandi. Það liggur fyrir eftir yfirlýsingu hæstv. fjmrh. að fiskvinnslan á að bera framlagið í Verðjöfnunarsjóðinn nema stefnt sé að þriggja ára viðbótartaprekstri í sjávarútveginum. Í annan stað liggur það fyrir í áætlunum Seðlabankans á grundvelli þeirrar efnahagsstefnu sem ríkisstjórnin hefur markað að raungengi krónunnar mun fara hækkandi á þessu ári og það mjög verulega. Það er beinlínis stefna hæstv. ríkisstjórnar, samkvæmt þeim tölum sem Seðlabankinn hefur birt fyrir aðeins örfáum dögum, að raungengi krónunnar hækki á árinu. Það liggur þannig fyrir samkvæmt þessari stefnu og þeim gögnum sem þær stofnanir sem heyra undir hæstv. ríkisstjórn hafa birt að stefnt er að hærra raungengi og þar af leiðandi verri afkomu sjávarútvegsins. Þetta þýðir því að þetta fé mun brenna upp. Það er von að hæstv. ráðherrar iðrist og aðrir biðji guð að hjálpa sér.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég trúi því að þetta hlutafé muni ekki brenna upp. Ef sjávarútvegurinn heldur áfram að tapa lenda slíkar skuldbindingar á ríkissjóð þannig að hann fær vart staðið undir því, bæði vegna Atvinnutryggingarsjóðsins og hlutafjársjóðsins. Það eru því vissulega hagsmunir allra að sjávarútvegurinn fái staðið undir þessum skuldbindingum, ekki síst hagsmunir ríkisins.

Það er misskilningur hjá hv. 1. þm. Suðurl. að sjávarútvegurinn þurfi að halda áfram að tapa. Það er ekki beint samband á milli Verðjöfnunarsjóðs og taprekstur í sjávarútvegi. Það hefur oft komið fyrir að sjávarútvegurinn hefur haft verulegan hagnað án þess að leggja í Verðjöfnunarsjóð. En að því er raungengi varðar er ég þeirrar skoðunar að allt of lengi hafi verið hlustað á Seðlabankann í gengismálum. Ég gef ekki mikið fyrir það þótt Seðlabankinn spái hækkandi raungengi því að íslenskt atvinnulíf þolir það ekki. (**ÞP:** Á grundvelli stefnu ríkisstjórnarinnar?) Ég veit ekkert um hvernig Seðlabankinn fer í þessa útreikninga. Það hefur ekki verið talað um það í ríkisstjórninni að hægt sé að reikna með því að

raungengið hækki. Það hefur þvert á móti verið talað um að raungengið verði að lækka eitthvað meira. Ef Seðlabankinn er að spá hækkandi raungengi er það óraunsæ spá sem fær ekki staðist.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verðbréfaviðskipti, 2. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1, n. 501 og 509, brtt. 35, 502, 506, 510.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti meiri hl. fjh.- og viðskn. sem prentað er á þskj. 501.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um frv. á þrettán fundum en varð ekki einhuga í afstöðu sinni til málsins og minni hl. skilar sérstöku áliti.

Við leituðum umsagnar hjá bankaeftirliti Seðlabanka Íslands, Fjárfestingarfélaginu, Kaupþingi hf. og Árna Vilhjálmssyni prófessor. Auk þess fengum við í hendur sameiginlega álitsgerð frá Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands. Þá komu á fund nefndarinnar Þórður Ólafsson, forstöðumaður bankaeftirlits Seðlabankans, Eiríkur Guðnason, aðstoðarbankastjóri við Seðlabankann, Björn Friðfinnsson, ráðuneytisstjóri viðskrn., Tryggvi Axelsson, deildarstjóri í viðskrn., Björn Líndal, aðstoðarbankastjóri við Landsbanka Íslands, og frá Sambandi verðbréfasjóða komu Gunnar H. Hálfdanarson, Pétur Blöndal, Gunnar Óskarsson, Dagný Leifsdóttir og Sigurður B. Stefánsson.

Á þskj. 502 flytur meiri hl. nefndarinnar 18 brtt. við frv. og þó að nefndin standi ekki sem heild að þessum brtt. þá ríkir einhugur í nefndinni um margar þeirra. Langflestar brtt. byggjast á athugasemdum sem bankaeftirlit Seðlabankans gerði við frv. og miða þær að verulegu leyti að því að gera frv. skýrara og eyða hugsanlegum vafaatriðum. Nokkrar brtt. byggjast á ábendingum og tillögum frá Kaupþingi hf., Fjárfestingarfélaginu. Hv. þm. Stefán Valgeirsson flutti tvær brtt. á þskj. 35 sem teknar voru til greina að mestu leyti, að vísu ofurlítið umorðaðar og Landsbanki Íslands og Búnaðarbanki Íslands gerðu tillögur að breytingum sem sumar hverjar voru teknar upp.

Í áliti minni hl. nefndarinnar, þ.e. hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar og Inga Björns Albertssonar, er fundið að því að nefndin sem upphaflega undirbjó þetta frv. hafi ekki fengið nægileg tækifæri til þess að fullmóta frv. Það má segja að það sé rétt. Það var rekið á eftir þessari nefnd og hún hafði skamman tíma til stefnu. Á hinn bóginn tel ég að vegna þeirrar miklu vinnu sem fjh.- og viðskn. hefur lagt í þetta mál hafi náðst sá árangur að gera allgott frv. og ég treysti okkur í fjh.- og viðskn. ekki síður en þeirri nefnd, sem samdi upphaflegu drögin að frv., til þess að ganga frá því í viðhlítandi búningi.

Meginatriði þeirra brtt. sem meiri hl. nefndarinnar flytur á þskj. 502 eru eftirfarandi:

1. Í fyrstu brtt., sem er við 2. gr. frv., er kveðið skýrar á um skráningarskyldu verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða varðandi gögn tengd verðbréfaviðskiptum. Þetta er gert að tillögu hv. þm. Stefáns Valgeirssonar sem fylgdist með störfum nefndarinnar að hluta.

2. Í fimmtu brtt., sem er við 11. gr. frv., eru hert nokkuð skilyrði fyrir leyfi til rekstrar verðbréfafyrirtækis. Breytingin er við a-lið 3. mgr. þar sem innborgað hlutafé er hækkað auk þess sem kveðið er á um upphæð eigin fjár fyrirtækisins.

3. Í sjöttu brtt., sem er við 12. gr. frv., er gert ráð fyrir að hækka úr 1% í 2% upphæð eigin fjár verðbréfafyrirtækis af höfuðstól verðbréfasjóðs eða verðbréfasjóða sem fyrirtækið rekur. Breytingin er gerð í tengslum við tölulegar breytingar við 11. gr.

4. Í tólftu brtt., sem er við 29. gr., er gert ráð fyrir að ráðherra sé heimilt að gera auknar kröfur um laust fé verðbréfafyrirtækja. Í frv. er miðað við 2% af innlausnarverðmæti, en í brtt. er gert ráð fyrir að þetta geti farið upp í allt að 5%. Hækkun þessi er gerð til að tryggja að sjóðirnir séu betur í stakk búnir til að mæta skyndilegri aukningu innlausna.

5. Í þrettándu brtt., sem er við 30. gr., er kveðið á um bindiskyldu verðbréfasjóða og heimild til að setja hámark á vexti verðbréfasjóða. Þetta var upphaflega tillaga hv. þm. Stefáns Valgeirssonar á þskj. 35.

Undir meirihlutaálitið rita auk mín Kristín Halldórsdóttir, með fyrirvara, Sigríður Hjartar, Árni Gunnarsson og Ragnar Arnalds, með fyrirvara.

Ég tel að þetta mál hafi hlotið vandaða meðferð. Það hefur tekið verulegum breytingum og ég held að þetta sé nauðsynleg lagasetning og verulegt skref til bættrar löggjafar. Flest af þessu eru samkomulagsatriði. Ég hefði getað hugsað mér nokkur atriði í frv. með öðrum hætti, en það gengur nú svo að samkomulags verður að leita.

Ég vil þakka meðnefndarmönnum mínum fyrir gott samstarf í nefndinni. Að þessu starfi hafa staðið fleiri fulltrúar frá Sjálfstfl. en hv. nefndarmaður Matthías Bjarnason. Hv. þm. Geir H. Haarde hefur einnig setið á fundum fjh.- og viðskn. svo og Friðrik Sophusson í veikindaforföllum hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar. Ég vil þakka öllum þeim sem að þessu hafa starfað fyrir ágæta samvinnu. Ég verð að lýsa vonbrigðum mínum með það að einn af fulltrúum Alþb. í nefndinni skyldi skrifa upp á brtt. stjórnarandstöðunnar, þ.e. tillögur stjórnarandstæðinganna Matthíasar Bjarnasonar og Inga Björns Albertssonar. Það undraði mig nokkuð þegar ég sá að búið var að prenta upp þingskjalið og bæta nafni hans á. Ég vona samt að það komi ekki að sök og frv. hljóti afgreiðslu í þeirri mynd sem við leggjum til.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. minni hl. fjh.- og viðskn. sem auk mín er Ingi Björn Albertsson. Eins og fram kom í máli formanns nefndarinnar og frsm. meiri hl. hefur verið fjallað um frv. á þrettán fundum og æðimargir menn hafa verið kallaðir til og mikið komið fram af athugasemdum.

Það vakti fljótlega undrun mína í sambandi við meðferð þessa máls að úr hópi þeirra manna sem stóðu að samningu frv. komu fram gífurlega umfangsmiklar athugasemdir við frv. Frv. var samið af níu manna nefnd og fram komu verulegar athugasemdir einkum frá forstöðumanni bankaeftirlits Seðlabankans og enn fremur athugasemdir frá fjölmörgum öðrum aðilum. Við í minni hl. sjáum ástæðu til að geta þess að við teljum að allt of skammur tími hafi verið úthlutaður til þess að vinna að frv. í nefndinni og hefði það getað sparað þingnefnd afar mikinn tíma ef menn hefðu haft biðlund til þess að leyfa nefndinni að ganga skilmerkilega frá frv.

Þegar hæstv. viðskrh. fylgdi frv. úr hlaði í októbermánuði, eða skömmu eftir að þing kom saman, gerði hann 30. gr. frv. m.a. að umræðuefni. Þessi grein var hins vegar ekki inni í frv. þegar nefndin skilaði áliti því að í nefndinni náðist ekki samstaða um ákvæði um bindiskyldu verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða. En viðskrh. bætti þessu inn í frv. og lagði það fram. Hann sagði við 1. umr. málsins að í 30. gr. væru ákvæði um að ráðherra geti heimilað Seðlabankanum að láta sömu reglur gilda um bindiskyldu verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða og gilda um bindiskyldu innlánsstofnana. Hann vakti sérstaklega athygli á þessari grein þar sem um hana var ágreiningur í nefndinni og sagðist hafa tekið þá ákvörðun um að hafa þessi ákvæði í frv. og taldi fyrir því gildar ástæður. Hann sagði orðrétt: „Ég bendi á að í nokkrum aðildarríkjum Efnahagssamvinnu- og framfarastofnunarinnar OECD eru lagaheimildir til að setja bindiskyldu á aðrar fjármálastofnanir en banka og sparisjóði og ég tel eðlilegt að slík heimild sé einnig fyrir hendi hér á landi.“ Hann sagðist fyrst og fremst líta á þessi ákvæði í 30. gr. „... sem öryggisákvæði, eins konar stíflugarð til að koma í veg fyrir að verðbréfafyrirtækin feti sig inn á starfsvettvang innlánsstofnana án þess að á þeim hvíli sömu kvaðir hvað varðar bundið fé. Ef hins vegar er eingöngu um hreina skuldabréfasjóði að ræða, þar sem langtímamarkaðsverðbréf stendur á móti langtímabréfi í formi hlutdeildarskírteinis, eiga kvaðir um bundið fé miklu síður við.“

Þetta voru orð hæstv. ráðherra við 1. umr. þessa máls. Þá hljóðaði 30. gr. frv. þannig: „Ráðherra getur heimilað Seðlabanka Íslands að láta sömu reglur gilda um verðbréfafyrirtæki og verðbréfasjóði að því er varðar bundið fé og settar eru innlánsstofnunum skv. 1.–3. mgr. 8. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands.“

Í öllu því umróti og umsögnum sem hafa verið síðan frv. kom til nefndarinnar hefur tiltölulega lítill tími farið í þessa grein eða breytingar á henni, en fyrir utan verksvið nefndarinnar urðu nokkrir góðir sjálfboðaliðar til þess að umorða þessa heimildargrein viðskrh. Í þeirri sjálfboðavinnu munu hafa tekið mjög virkan þátt hæstv. forsrh. landsins, viðskrh. og fjmrh. Og það er ekki fyrr en nú alveg undir lokin að þeim tekst að sjóða saman þá brtt., sem er núna orðin barn Páls Pétursonar og þeirra félaga, um það að 30. gr. orðist svo:

„Seðlabanki Íslands skal láta sömu reglur, eftir því sem við getur átt, gilda um verðbréfasjóði að því er varðar bundið fé og settar eru innlánsstofnunum skv. 1.–3. mgr. 8. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, eða jafngildi þeirra með kaupskyldu á öruggum verðbréfum.

Hafi Seðlabankinn hlutast til um vexti útlána hjá innlánsstofnunum á grundvelli 9. gr. laga nr. 36/1986, getur bankinn, meðan sú íhlutun varir, að fengnu samþykki ráðherra bundið ávöxtunarkröfur og annað endurgjald fyrir fjármagn í viðskiptum verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða takmörkunum sem miðast við hliðstæða áhættuflokka. Setur Seðlabankinn um það nánari reglur.“

Þetta er orðin verulega mikil breyting frá því sem var, þar sem ætlast var til að ráðherra gæti heimilað Seðlabanka Íslands, eins og þar sagði, en í staðinn fyrir það fær nú Seðlabankinn fyrirskipun um að hann taki á sig alla forustu, fortakslausa forustu í þessum efnum. Mér sýnist eins og hæstv. viðskrh. hafi látið hina tvo sjálfboðaliðana eiginlega ýta sér til hliðar, en hann hafði orð á því hér í haust að það væri gott að hafa slíka heimild ef tilteknar breytingar yrðu á rekstri verðbréfasjóðanna en lét alveg tvímælalaust að því liggja að það væri ólíklegt að sú heimild yrði notuð, a.m.k. af honum. Mér er því farið að þykja þetta allveruleg breyting. Ég segi það fyrir mitt leyti að bindiskylda sem bankarnir búa við er ekki eingöngu skyldur á bankanum, hún er líka um leið réttindi sem bankarnir öðlast hjá Seðlabanka. Vitaskuld hlýtur það sama að eiga að gilda fyrir verðbréfasjóðina og bankana, þeir eiga bæði að hafa réttindi og skyldur ef út í það er farið.

Mér finnst alltaf verið að stefna að því að hafa eins mikla stýringu á öllu og mögulegt er. Það er eiginlega ekki hægt að fóta sig lengur fyrir öllum þessum stýringum. Að vísu veit ég að hæstv. viðskrh. telur að hann geti haft töluverð áhrif, og í fyrstu setningunni stendur „Seðlabanki Íslands skal láta sömu reglur, eftir því sem við getur átt,“ o.s.frv. En þá er nú ekki samstaða í stjórnarliðinu. Leiðtogi fjórða flokksins vill alls ekki hafa þessi orð „eftir því sem við getur átt“ og varaþingmaður leiðtoga fjórða stjórnarflokksins flytur nú tillögu um að niður falli „eftir því sem við getur átt“. Og þá er bara ekki nokkur undankomuleið. Þá er Seðlabankinn orðinn alls ráðandi og hefur þarna skýlaus fyrirmæli. Mér finnst þetta vera mikil uppreisn fyrir Seðlabankann. Hann hefur fengið heldur lága einkunn á undanförnum vikum hjá hæstv. ríkisstjórn og einstaka ráðherrum, en er nú heldur betur að fá góða einkunn og mikið

traust. Þeir hljóta því að vera glaðir þar í „Svörtuloftum“ eins og kallað var hér um daginn í þessari hv. deild.

Við sem erum í minni hl. í nefndinni getum ekki fellt okkur við þessa grein í þessum búningi. Alls ekki. Við munum greiða atkvæði gegn greininni eins og hún liggur fyrir. Ég get alveg tekið undir það sem hv. frsm. meiri hl. nefndarinnar sagði að við greiðum atkvæði með mörgum af þessum brtt. því að þær eru til þess að laga frv. og hefði jafnvel mátt gera enn betur. En það er mikið atriði að mál séu vel unnin áður en þau koma inn í þingið. Þess minna þarf þá að lagfæra. Við í minni hl. nefndarinnar og sömuleiðis hv. 4. þm. Norðurl. v. leyfum okkur að flytja brtt., um það mál urðu allmiklar deilur í nefndinni og skoðanamunur, við það að skylda bankana til að stofna verðbréfafyrirtæki. Við sem flytjum þessar tvær brtt. teljum þetta vera óþarfa, algjöran óþarfa. Það er verið að tala um það að bankarnir eigi að draga úr sínum kostnaði og það er alveg sjálfsagður hlutur að þeir eigi að gera það. En þá á ekki Alþingi í sömu andránni að ganga frá löggjöf sem hvetur bankana til þess að fara í stóraukinn kostnað og aukna starfsemi. Ég fyrir mitt leyti tel að bankarnir eigi að hafa þessi réttindi. Það er auðvitað örugg þjónusta fyrir landsmenn alla, sérstaklega þá hjá þeim bönkum sem hafa víða útibú um landið og á ég ekki síst við Landsbanka Íslands. Mér finnst að með því ákvæði eins og það er frá hendi meiri hl. nefndarinnar sé verið að draga úr þjónustu við landsbyggðina. Það er eins og verðbréfaviðskipti geti þá hvergi farið fram nema hér á höfuðborgarsvæðinu. Hvers á fólk annars staðar á landinu að gjalda?

Ég tel líka brtt. um sparðatíning um skjalavörslu og þess háttar vera algjörlega óþarfa. Það er alveg nóg að segja um geymsluskyldu skjala að geymsluskylda skuli fara fram eftir almennum bókhaldsreglum. En þarna er það tekið upp að einnig beri öllum sem atvinnu hafa af viðskiptum með verðbréf að geyma afrit eða ljósrit af öllum skjölum sérgerðum vegna viðskiptanna. Því nægir ekki að segja í þessari löggjöf að um geymsluskyldu fari eftir almennum bókhaldsreglum? Hvers vegna er Alþingi að samþykkja lög þar sem eitt gildir í þessu tilfelli og annað í öðru? Auðvitað á hér að vera um samræmingu að ræða. Það gekk nú svo langt í tillögunni sem lögð var fram af hv. 6. þm. Norðurl. e. að það átti að ljósrita allar bankaávísanir verðbréfafyrirtækja, en auðvitað vita allir að tékkarnir enda hver í sínum banka sem innleysir þá að lokum og þar eru þeir geymdir. Það áttu að vera nokkrar ljósritunarvélar í gangi til þess að ljósrita tékkana. Mér finnst hálfskammarlegt fyrir Alþingi að vera að taka upp svona ómarkvissar reglur eins og þarna er gert með þessu þó að það hafi verið örlítið bætt og þakka ég nú formanni nefndarinnar fyrir það að hann dró heldur úr pappírsflóðinu. Það er nú kominn tími til. Það er ekki nóg að vera alltaf talandi um umhverfismál og að það þurfi að vernda óspillta náttúru en flækja sig svo í pappírseyðslunni að það verður að fella til viðbótar mörg tré á ári bara til þess að sinna svona vitleysu. Það ættu menn að fara að hafa í huga þegar þeir tala um umhverfismál.

Mér fannst dálítið kyndugt hjá hv. formanni nefndarinnar þegar hann setti upp töluverðan sorgarsvip yfir því að hv. 4. þm. Norðurl. v. Ragnar Arnalds skyldi vera á tillögu með svona mönnum eins og Matthíasi Bjarnasyni og Inga Birni Albertssyni og harmaði það. Ég sé ekki að það sé nein ástæða til þess að harma það því að Ragnar Arnalds lýsti því yfir í nefndinni að hann vildi þessa breytingu þar og var kominn af stað með tillögu nákvæmlega sama eðlis og þessi tillaga er, en ég mun hafa verið á undan að fara með hana inn á skrifstofuna svo að hann kom til mín og fannst fráleitt að vera að flytja tillögu sem væri svo að segja alveg eins orðuð og spurði hvort við hefðum nokkuð á móti því að hann væri meðflm. að þeirri tillögu sem ég taldi sjálfsagt. Mér finnst óeðlilegt að þingmenn landsbyggðarinnar harmi það ef slík tillaga sem þessi er flutt og þá alveg sérstaklega, ef hún næði nú fram að ganga, að landsbyggðin fengi að sitja við sama borð hvað þjónustu snertir í verðbréfaviðskiptum og fólk hér á höfuðborgarsvæðinu. Mér finnst verðbréfin ekki vera þannig að það eigi að halda þeim frá landsbyggðinni. Þau eru þó þáttur í viðskiptalífinu og landsbyggðin má vissulega fjalla um verðbréfaviðskipti og hafa þau í sinni bankastarfsemi úti á landi alveg eins og það ágæta fólk sem býr hér á höfuðborgarsvæðinu.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð miklu fleiri en lýsi því yfir að ég mun, eins og ég hef tekið fram í nefndinni, styðja flestar brtt. sem eru fluttar af meiri hl. nefndarinnar. En eins og ég tók fram áðan greiði ég atkvæði gegn 30. gr. frv. eins og hún liggur fyrir, en að sjálfsögðu á hæstv. viðskrh. eftir að skýra hringsnúning sinn varðandi 30. gr. Það getur vel verið að hann hafi orðið að láta undan til þess að halda friðinn á stjórnarheimilinu og þá spyr maður hvort það eigi þá að láta undan líka með þessa litlu tillögu sem liggur fyrir frá fjórða afli hæstv. ríkisstjórnar.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. fjh.- og viðskn. mikið starf við þetta frv. Það er rétt sem fram hefur komið að það hafa orðið á því óvenjulega margar breytingar í nefndinni. Ég tel það til marks um vönduð vinnubrögð og tel að það sé enginn minni af því að fá leiðréttingar á sínum verkum í nefndarstarfi í þinginu, það sé reyndar aðal þess starfs.

Það er sjálfsagt rétt að auðvitað hefði mátt vinna þetta betur í upphafi, en ég verð nú að játa að ég, eins og hv. 1. þm. Vestf. Matthías Bjarnason, hef þá skoðun að viðskrh. þurfi helst að ráða einhverju og þess vegna vildi ég bara ekkert bíða lengur eftir þessari nefnd. Hún er búin að vera allt of lengi að búa til þetta frv. og það var nú reyndar meðan við hv. 1. þm. Vestf. vorum samherjar í ríkisstjórnarsamstarfi — þótt við séum náttúrlega samstarfsmenn enn hér að mörgum góðum málum — að þetta frv. var tekið frá nefndinni eða nefndin afhenti stjórninni það og það var þá fram lagt. Ég skildi nú reyndar að um það

væri mjög breið og almenn samstaða eins og þarf að vera um svona mál af því að hér er verið að setja grundvallarreglur um starfsemi sem er þegar býsna mikilvæg og getur orðið enn mikilvægari.

Ég ætla hér eingöngu að segja nokkur orð um 30. gr. og brtt. sem hv. þm. Matthías Bjarnason, Ingi Björn Albertsson og Ragnar Arnalds hafa flutt við 11. og 15. gr. þessa frv.

Varðandi 30. gr. vil ég benda á það að þar er tvennt mikilvægt. Í fyrsta lagi er þarna tilvísun til 1.–3. mgr. 8. gr. l. nr. 36/1986, um Seðlabankann. Þar eru heimildir fyrir bankann að setja reglur um bindiskyldu og lausafjárkvaðir, en þær eru að sjálfsögðu háðar samþykki ráðherra. Um þetta er ekkert sérstakt að segja, þetta er svona. Hér er eingöngu um það að ræða að jafnræðisregla gildi um sams konar viðskipti. Ég tel líka síðustu orð 1. mgr. 30. gr. „eða jafngildi þeirra með kaupskyldu á öruggum verðbréfum", eins og lagt er til að hún orðist, afar mikilvæg einmitt vegna þess sem kom fram hér við framsögu mína fyrir þessu frv. að þar sem langtímaverðbréf stendur á móti langtímaverðbréfi kann að eiga miklu betur við að hafa kaupskyldu á markaðsverðbréfum fremur en bindingu með nákvæmlega sama hætti og tíðkast um skammtímalánastofnanir viðskiptabanka. Þetta er sanngirnismál og skynsemismál í senn. Þess vegna er þetta svona orðað. En það gefur auðvitað auga leið að ef t.d. bindiskyldan verður lögð á bankabréf og veðdeildarstarfsemi, eins og mörgum finnst nú koma til greina, þá hlýtur hið sama að gilda um verðbréfaútgáfu á vegum annarra aðila sem er að jöfnu leggjandi. Þetta eru sjónarmið sem ég veit að hv. 1. þm. Vestf. er mér alveg sammála um. Ég get vel unnt honum þess að leika sér svolítið að þessum orðum, en ég veit að þegar hann skoðar þetta í alvöru, þá sér hann að þetta er vandlega athugað og hefur reyndar hlotið meðmæli meiri hl. í þessari nefnd sem hann skipar svo vel ásamt öðrum.

Um síðari mgr. 30. gr. eins og tillaga er hér um gerð, þar er náttúrlega alveg um sams konar mál að ræða, að jafnræðisregla gildi, þ.e. að það sé ekki auðveldara að reka bankastarfsemi undir einhverju öðru flaggi en undir bankalögum og sparisjóðalögum.

Um þetta mál þarf ekki að segja fleira. Eins og um flesta hluti, þá fer þetta náttúrlega eftir framkvæmdinni. Ég bendi á það að í Evrópuríkjum sem mynda Evrópubandalagið, sem títt er nú til vitnað, fer nú einmitt fram mjög víðtæk samræming á reglum um starfsemi verðbréfasjóða, einingarsjóða. Þar verður kaupskylda slíkra sjóða á markaðsverðbréfum mjög mikil, einmitt til að koma í veg fyrir afföll af því tagi sem geta velt litlum og miður tryggilega samsettum ávöxtunarsjóðum eins og við höfum um nýleg dæmi hér á landi. Við þurfum að velja þarna verkfærin eftir efniviðnum. Og það hefur meiri hl. hv. fjh.- og viðskn. Nd. að mínu áliti gert.

Þá kem ég að brtt. þeirra þremenninganna sem Matthías kynnti undir landsbyggðarfána. Ég hefði frekar haldið að auðkenna mætti flokk flutningsmanna sem bestu vini bankanna því það sem þeir eru að leggja til er að bankarnir fái sérréttindi. Ég tel það ekki samrýmast jafnræðisreglu laganna. Það er meginsjónarmið nefndarinnar sem samdi frv. að ein lög skuli gilda um verðbréfamiðlun, ein lög skuli gilda um rekstur verðbréfasjóða, hver sem að honum stendur. Sé tillagan tekin bókstaflega sem þessir þremenningar flytja eru þeir að gera ráð fyrir því að bankarnir séu undanþegnir þessu almenna regluverki sem öllum ber saman um að nauðsyn sé að festa í lög. Ég get ekki samþykkt að það sé rétt skoðun. Þess vegna er tillagan flutt eins og hún liggur hér. Þetta á ekki síst við um það að koma í veg fyrir það sem kallað er á ensku máli „insider trading" og á íslensku hefur verið kallað innherjaviðskipti, sem kannski er venjulegra að orða svo að menn eigi ekki að selja sjálfs hendi, og menn eigi ekki að selja öðrum verðmæti og leyna þá vitneskju um það sem á bak við býr sjálfum sér í hag.

Sama á við um kröfur til faglegrar þekkingar, tryggingа o.s.frv. Þetta er sérhæfð þjónusta sem verður að lúta sömu reglum þó aldrei það standi banki yfir dyrunum. Þetta er kjarni málsins.

Það hefur á sama hátt verið sjónarmið nefndarinnar frá hinni hliðinni að það eigi að halda fyrirtækjum eins og Fjárfestingarfélaginu og Kaupþingi frá viðskiptabankastarfsemi, en þar er stundum mjótt á mununum. Það er hitt sjónarmiðið að það þarf að tryggja bönkunum að ekki komi aðrir inn í bankastarfsemina undir auðveldari skilmálum en bankarnir starfa. Það er nákvæmlega efnið sem hér liggur fyrir, en það gildir ekki í hina áttina að bankarnir eigi að fá þarna einhver forréttindi. Þetta er sjónarmið sem ég veit að hv. þm. bæði hefur og virðir ef hann vill. Þessi aðskilnaður milli banka og verðbréfastarfsemi er reyndar mikið umræðuefni í nálægum ríkjum og er nú ofarlega á baugi í mörgum ríkjum í kringum okkur einmitt vegna mikillar umræðu um innherjaviðskipti um óvandaða sölu sjálfs hendi og reyndar víðtæk svika- og afbrotamál af því tagi sem hafa komið upp.

Ef við lítum svolítið yfir nálæg lönd, hvernig þau haga þessum reglum, þá er bönkum í Noregi heimilt að reka verðbréfamiðlunarsjóði, en í aðskildum deildum sem sérstakar kröfur eru gerðar til. Þetta er í raun og veru sama leið og lögð er til í frv. Það er alls engin hindrun lögð í veginn fyrir banka að stunda svona starfsemi. Þeir mega eiga svona félög að fullu og gera það nú reyndar sumir, eiga stóra hluti í svona félögum, en ég sé ekki betur en að ef það yrði gert sem tillagan frá þeim þremenningunum felur í sér, þá þyrfti að gera miklu fleiri breytingar á frv. Í raun og veru gæti það stappað nærri að það væri þá verið að hefta þennan nýja gróður á verðbréfa- og fjármagnsmarkaðnum sem ég veit að sumum er miður þekkilegur, en ég tel að þegar á heildina er litið sé af hinu góða. Sannarlega má og á landsbyggðarfólk að skipta við slík fyrirtæki eins og önnur, ef bankarnir eiga og reka svona fyrirtæki, þá geta þeir veitt þá þjónustu sem þarf í sínum útibúum ekki síður en þótt hún væri rekin fyrir reikning bankans án aðgreiningar.

Þá kem ég að næsta landi sem er Danmörk. Það er rétt að þar er ekki gerð sama krafa til aðskilnaðar en reyndin er sú, og það er m.a. vegna bankaeftirlitsstarfseminnar, að verðbréfastarfsemin er þar í höndum sjálfstæðra fyrirtækja í eigu banka að því leyti sem þeir standa í slíkum viðskiptum. Í Bandaríkjunum er kannski aðskilnaðarstefnan að þessu leyti, að halda aðskilinni bankastarfsemi og verðbréfastarfsemi, einna ströngust. Sama er að segja um Japan og það er athyglisvert, eins og ég kom aðeins inn á hér áðan, að í mörgum Evrópuríkjum er núna mikið unnið að því að gera skilgreiningarnar á viðskiptabankastarfsemi annars vegar og starfsemi verðbréfafyrirtækja hins vegar nákvæmari. Þar er að vísu enn ekki fullkomin samstaða um stefnuna, m.a. er bankahugtakið sums staðar víðara en hér tíðkast. Það er t.d. á Bretlandi þar sem eru mjög víðfeðmar fjármálastofnanir en sumar þeirra fást við það sem við mundum nú kalla spákaupmennsku hér og dálítið ævintýraleg viðskipti að sumu leyti. Ég held að það sé ekki hyggilegt að stefna inn á þá braut að það sé nóg að heita banki og þá geti menn stundað verðbréfaviðskipti án þess að lúta því sérstaka eftirliti með þessum viðskiptum — sem sérstöku starfssviði en ekki sem stofnunum — og tillögur eru gerðar um í þessu frv. sem ég veit að hefur mjög víðtækan stuðning hér í þinginu. Reyndar er mikil þörf á að setja slíkar reglur vegna atburða á þessu sviði þjóðlífsins sem ég ætla ekki að rifja hér upp.

En umræðan um innherjaviðskipti í Evrópu hefur einmitt mjög snúist um nauðsynina á að skilja að þessi hlutverk. Ég held að það sé óhætt að fullyrða að þar hafi aðskilnaðarsinnum vaxið fiskur um hrygg að undanförnu.

Í fylgifrv. um breytingu á viðskiptabankalögunum er lagt til að verðbréfamiðlun, rekstur verðbréfasjóða, ráðgjöf um kaup og sölu skuldabréfa skuli vera skilin frá starfsemi venjulegra viðskiptabanka. Hins vegar er viðurkenndur að fullu réttur viðskiptabankanna til að taka þátt í þessari starfsemi á fjármagnsmarkaðinum, enda, og það er það mikilvæga, séu þeir háðir sömu lagareglum og aðrir sem hafa til þess leyfi. Reyndar er líka með breytingunni á viðskiptabankalögum sem fylgir þessu frv. tillaga gerð um það að bönkunum sé auðveldað þetta með undanþágu varðandi kröfur um mat á eigin fé og þar vitna ég til 28. gr. laga nr. 86/1985, um viðskiptabanka.

Að endingu, virðulegi forseti, vil ég eingöngu segja það að ég tel það nauðsynlegt og reyndar mikilvægt að menn geti skipst á skoðunum um grundvallaratriði eins og hér eru til umræðu, ekki þannig að þau séu í venjulegum skilningi flokkspólitísk deilumál því að þau eru það ekki eins og kemur best fram í þremenningahópnum sem flytur hér brtt. við 11. og 15. gr., þar eru ekki flokkslínur. Ég er sannfærður um það að það er mikill meiri hluti í þinginu fyrir meginsjónarmiðunum sem þetta frv. er byggt á eins og það birtist í áliti meiri hl. hv. fjh.- og viðskn. Ég þakka þeim sem hafa hreyft hér öðrum skoðunum af því að þær hafa einmitt vakið upp það sem vekja þarf upp, umhugsun um undirstöðuatriði málsins. — [Fundarhlé.]

Kristín Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Umfjöllun um þetta mál hefur nú tekið langan tíma eins og þegar er fram komið og til þess voru eðlilegar ástæður. Þetta er nokkuð viðamikil löggjöf og mjög aðkallandi og undir það skal tekið að höfundum frv. er nokkur vorkunn þótt við umfjöllun í nefnd fyndist ýmislegt athugavert við verk þeirra.

Ég er hins vegar ekki sammála því sem kemur fram í áliti minni hl. nefndarinnar að það beri að ætlja sérstaklega ríkisstjórnina fyrir að leggja málið fram í þessum búningi vegna tímaskorts höfundanna við undirbúninginn. Ég tel að sumu leyti ágætt að þingnefndir þurfi að hafa dálítið fyrir því að yfirfara stjórnarfrv. að því tilskildu auðvitað að þær fái til þess hæfilegan tíma og ráðrúm. Ég held að svona augljósir hnökrar hvetji kannski heldur til rækilegrar athugunar á því hvort ekki leynist ýmislegt fleira úrbótavert. Án þess að ég sé nú með þessu að segja að svona eigi endilega að standa að hlutunum, þá held ég að það hafi verið mjög þarft og gott að við gátum varið svo mikilli vinnu og tíma í þetta þingmál. En nú er líka tími kominn til þess að afgreiða það.

Eins og fram kemur stend ég sem fulltrúi Kvennalistans að nál. meiri hl. nefndarinnar, þó með fyrirvara, og vil ég nú skýra það með örfáum orðum. Meiri hl. gerir nokkrar tillögur til breytinga á frv. sem flestar eru til bóta og gerðar í góðu samkomulagi allra nefndarmanna. Það eru einkum þrjú atriði sem ágreiningur er um.

Hið fyrsta er kannski ekki svo alvarlegt, og raunar ekki fullljóst hvaða áhrif það hefur, en hér á ég við það sem fram kemur í 1. brtt. á þskj. 502, en sú brtt. hljóðar svo:

„Framan við greinina bætist ný mgr. er orðist svo: Þeir, sem lög þessi taka til og hafa atvinnu af viðskiptum með verðbréf, skulu afla glöggra upplýsinga um hverjir viðskiptamenn þeirra eru og skrá nöfn þeirra, kennitölur og heimili á reikninga eða uppgjör vegna viðskiptanna. Einnig ber öllum, sem atvinnu hafa af viðskiptum með verðbréf, að geyma afrit eða ljósrit af öllum skjölum, sérgerðum vegna viðskiptanna. Um geymsluskyldu skal fara eftir almennum bókhaldsreglum.“

Mín skoðun er sú að þetta ákvæði sé óþarft og það er mjög vafasamt að ég ekki segi hálfhjákátlegt. Með þessu er að mínu mati verið að stuðla að algjörlega óþarfri aukavinnu og pappírsflóði og ég hlýt að taka undir orð hv. 1. þm. Vestf. sem hann lét falla varðandi umhverfismál. Við styðjum það eindregið að dregið sé úr pappírsflóði, ekki síst með tilliti til umhverfissjónarmiða. En það er nú kannski ekki aðalatriðið. Þetta er hins vegar óþarft ákvæði. Það er hér borið fram undir yfirskini neytendaverndar svona að því er mér virðist og sem öryggisatriði, en þetta er að mínu viti einfaldlega ítrekun á nafnskráningu og þessi trygging er fyrir hendi í frv. Hún er margendurtekin í þessu frv. og því er þetta óþörf viðbót og óþörf tillaga að mínu mati. Auk þess er hún kjánalega orðuð. Hvað er t.d. átt við með því að þeir, sem lög þessi taka til og hafa atvinnu af viðskiptum með verðbréf, skuli afla glöggra

upplýsinga um hverjir viðskiptamenn þeirra eru? Ég átta mig ekki á hvað hér er átt við. Við konur þekkjum það þegar við eigum viðskipti við banka eða komum til athugunar á sjúkrahúsum að þá erum við gjarnan spurðar að því hverjum við séum giftar og hvaða atvinnu þeir stunda. Er eitthvað svona hér á ferðinni? Ég skil ekki hvaða glöggra upplýsinga þarf sérstaklega að afla eða hvað er meint með þessu og það kom ekki fram í umfjöllun í nefndinni. Ég hygg að þessi brtt. sé hér tekin upp til að þóknast hv. 6. þm. Norðurl. e. án þess að aðrir nefndarmenn hafi sannfæringu fyrir því að hún sé nauðsynleg. Hún hefur að vísu nokkuð skánað við það að fella út skyldu til þess að ljósrita tékka, og það er einnig til bóta að setja einhver tímamörk á þessa — ég vil segja vitleysu. En ég get sem sagt ekki samþykkt þessa tillögu með þeim skýringum sem ég hef flutt hérna.

Í öðru lagi er ágreiningur um það hvort skylda eigi banka og sparisjóði til að stofna sérstök verðbréfafyrirtæki og um það vitna brtt. minni hl. Ég er þeirrar skoðunar að þessi varnagli skuli vera, þ.e. að bankar og sparisjóðir verði að stofna sérstök fyrirtæki um þessa starfsemi. Ég tel að það sé hreinlegri rammi um þessa starfsemi og það sé leið til þess að hamla gegn hagsmunatengslum og koma í veg fyrir svokölluð innherjaviðskipti eins og hæstv. viðskrh. ræddi um hér áðan. Ég er ekki þeirrar skoðunar að þetta ákvæði verði til þess að mismuna mönnum eftir búsetu eins og fulltrúar minni hl. vilja meina. Ég tel að útibú og sparisjóðir geti eftir sem áður veitt fyllilega næga þjónustu á þessu sviði.

Loks er það svo 30. gr. sem fjallar um bindiskyldu verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða á sama hátt og lögð er á innlánsstofnanir. Þetta atriði kom nokkuð til umfjöllunar strax í 1. umr. sem vænta mátti og var þegar ljóst að það væri mikill ágreiningur um þetta atriði. Það er vissulega mála sannast að starfsemi innlánsstofnana annars vegar og verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða hins vegar er ekki að öllu leyti sambærileg og því eru margir þeirrar skoðunar að þessi grein vinni í raun gegn því markmiði þessarar lagasetningar að hin ýmsu fyrirtæki á fjármagnsmarkaði sitji við sama borð. Sannleikurinn er auðvitað sá að Seðlabankinn er bakhjarl innlánsstofnananna. Þær eiga aðgang að Seðlabankanum um fyrirgreiðslu, geta fengið þar aðstoð og hafa þar yfirdráttarheimildir og þannig er í rauninni ríkisábyrgð á þeirra starfsemi.

Verðbréfafyrirtæki og verðbréfasjóðir njóta ekki þessa og í rauninni væri eðlilegt að setja um það ákvæði að ef þessi fyrirtæki eru látin sæta bindiskyldu, þá njóti þau einnig sambærilegra réttinda. Ég tel brtt. meiri hl. að þessu leyti ekki til batnaðar, raunar eru margir þeirrar skoðunar að seinni hluti hennar sé óframkvæmanlegur. Ég er ekki nægilega kunnug þessari starfsemi til þess að fullyrða um það sjálf en þetta hefur verið fullyrt í mín eyru, enda er það mála sannast að þetta er málamiðlunartillaga. Það er verið að reyna að sætta sjónarmið sem hefur þó ekki tekist.

30. gr. eins og hún var í frv. upphaflega var ásættanleg og með útskýringum hæstv. viðskrh. tel ég að hún hafi betur staðið svo úr því að ekki tókst betur til með að göndla saman þessari málamiðlun. Það er sem sagt mín skoðun að 30. gr. hefði átt að standa eins og hún var og er í frv., hún mundi gegna þannig því hlutverki að vera nokkurs konar stíflugarður eins og henni var ætlað eins og hæstv. ráðherra orðaði það, ef ég man rétt, hér í 1. umr. um málið.

Ég hef enga sérstaka samúð með verðbréfafyrirtækjum og verðbréfasjóðum og ég veit það að margir meta öryggi bankanna fram yfir hugsanlega hagnaðarvon hjá verðbréfasjóðunum. En þessi starfsemi býður upp á ákveðna kosti og hún er hér orðin til og er að ýmsu leyti gagnleg og ég sé enga ástæðu til að gera þeim miklu erfiðara fyrir sem þjónustufyrirtæki á þessu sviði.

En að þessu slepptu fagna ég því að það er nú komið að afgreiðslu þessa máls. Umsvif verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða hafa vaxið með ævintýralegum hraða og það var mál til komið að lögbinda þessa starfsemi. Löggjöf um þessi fyrirbæri á að tryggja öryggi og hag fyrirtækjanna og þeirra sem þjónustu þeirra njóta. Hún á að hafa í för með sér bæði neytendavernd og öryggi fyrirtækjanna og stuðla að jafnræði og jafnstöðu á þessum markaði. Og við verðum að vona að sæmilega hafi hér tekist til.

Auður Eiríksdóttir:

Virðulegi forseti. Það er ekki ætlun mín að flytja hér langa ræðu en ég tel nauðsynlegt að fylgja brtt. á þskj. 506 úr hlaði með örfáum orðum.

Það er ástæðulaust að mínu mati að gera verðbréfasjóðunum hærra undir höfði á nokkurn hátt en bönkum og sparisjóðum. Sé orðalagið, með leyfi forseta, „eftir því sem við getur átt" haft með, þá opnar það Seðlabanka og stjórnendum fjármála hverju sinni möguleika á að mismuna bönkum og sparisjóðum annars vegar og verðbréfasjóðunum hins vegar hvað bindiskylduna varðar. Á sínum tíma var búið að ræða um það við samtök okkar að verðbréfasjóðirnir yrðu látnir hlíta sömu reglum og bankar og sparisjóðir sem mér finnst ekki nást fram á meðan áðurnefnd setning er í greininni. Að öðru leyti get ég um flest fellt mig við frv. eins og það er orðið með áorðnum brtt.

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að óska eftir nafnakalli við afgreiðslu þessarar brtt.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Mig langar að gera að umtalsefni einkum þrjú atriði varðandi þetta frv. sem hér liggur fyrir og það er kannski eðlilegast í beinu framhaldi af síðustu ræðu að víkja að 30. gr. um bindiskylduna svokölluðu.

Það er nefnilega alveg laukrétt hjá hæstv. viðskrh., eins og hann sagði við 1. umr. þessa máls hinn 1. nóv. sl., með leyfi forseta, og er þá að fjalla um þá brtt. sem hv. þm. Stefán Valgeirsson flutti við 1. umr.:

„Ég er hins vegar ekki samþykkur brtt. hv. 6. þm.

Norðurl. e. Stefáns Valgeirssonar en hann vill að bindiskyldan gildi undantekningarlaust um verðbréfafyrirtæki og verðbréfasjóði og að sömu reglur gildi um bundið fé eins og gilda um þær stofnanir. Þetta tel ég of langt gengið og það tekur ekki tillit til þess að starfsemi verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða er ólík hefðbundinni starfsemi innlánsstofnana, sérstaklega að því leyti að yfirleitt er fjármagn verðbréfasjóðanna langtímasparnaður en ekki veltufé eins og víðast er um innstæður í bönkum og sparisjóðum."

Þetta sagði hæstv. viðskrh. við 1. umr. og þetta vil ég leggja áherslu á að er vitaskuld laukrétt. Verðbréfasjóðirnir eru ekki innlánsstofnanir og innlánsbinding, öðru nafni bindiskylda, á ekki við um þessar stofnanir nema að því marki sem þær hugsanlega færu inn á svið innlánsstofnana. Í slíkum tilfellum er auðvitað eðlilegt og sjálfsagt að sams konar reglur gildi um bindiskyldu en annars ekki, enda er það svo að innlánsstofnanirnar, bankarnir, njóta ýmissa réttinda á móti sinni bindiskyldu sem er þá ekki gert ráð fyrir í frv. eða samkvæmt tillögu hv. 6. þm. Norðurl. e. að verðbréfasjóðirnir mundu njóta ef á þá yrði lögð þessi bindiskylda. Ég skal nefna þrennt sem innlánsstofnanir njóta í dag en verðbréfasjóðirnir ekki og sem mundi þá gera bönkunum hærra undir höfði ef bindiskyldan yrði lögð á verðbréfasjóðina. Þessi atriði eru:

1. Stimpilskylda.
2. Möguleikar á yfirdrætti í Seðlabankanum.
3. Réttur til að taka við innlánum.

Það er hætt við því að ef þetta ákvæði nær fram að ganga, þá verði það í raun til þess að sjóðirnir fikri sig inn á svið innlánsstofnana. M.ö.o., að með þessu sé verið að hvetja til þess að nokkrir fleiri bankar bætist við hér í landinu og það efa ég að sé hugmyndin og ætlunin með þessari tillögu.

Ég get tekið undir það almenna sjónarmið, alveg eins og hæstv. viðskrh. hefur gert, að eðlisskyld starfsemi á auðvitað að hlíta sömu skyldum hverju nafni sem hún nefnist. En hún á jafnframt að njóta sömu réttinda og það hefur láðst að taka það með í reikninginn í meðferð þessa máls að því er virðist eingöngu til þess að koma til móts við hv. 6. þm. Norðurl. e. Hann hins vegar virðist ekki una því sem komið hefur verið til móts við hann og hans samtök heldur vill ganga lengra, jafnvel svo langt að það sé ekki gerður nokkur einasti greinarmunur á starfsemi þessara aðila þó svo að hún sé að mörgu leyti ólík. Slíka tillögu er auðvitað ekki hægt að styðja að mínum dómi.

En almennt séð, og eins og kom fram í máli hv. 1. þm. Vestf., hefur þessari grein verið breytt til hins verra. Hún var óþörf í upphafi að mínum dómi en hún er orðin ómöguleg eins og hún er núna og þarf ekki að hafa fleiri orð um það.

Mig langar næst, virðulegi forseti, að koma að 1. brtt. meiri hl. fjh.- og viðskn. sem, eins og hv. 10. þm. Reykv. gat um, er gjörsamlega óþörf breyting. Það er sjálfsagt og eðlilegt að kveða á um nafnskyldu verðbréfa og að slíkar upplýsingar liggi fyrir, en það er gjörsamlega óskiljanlegt að biðja um til viðbótar upplýsingum um nöfn, kennitölur og heimili einhverjar ótilteknar aðrar glöggar upplýsingar um viðskiptamenn þeirra sem versla með verðbréf. Hvað er átt við? Ég leyfi mér að endurtaka spurningar hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur. Hér stendur, með leyfi forseta:

„Þeir, sem lög þessi taka til og hafa atvinnu af viðskiptum með verðbréf, skulu afla glöggra upplýsinga um hverjir viðskiptamenn þeirra eru og skrá nöfn þeirra, kennitölur og heimili á reikninga" o.s.frv. — Sem sagt: Bæði þessar venjulegu upplýsingar um nöfn, kennitölur og heimili en svo eitthvað til viðbótar, einhverjar glöggar upplýsingar til viðbótar um viðkomandi aðila. Og hvaða upplýsingar skyldu það nú vera? Er það ætt og uppruni? Er það lánstraust eða persónulegir hagir að öðru leyti? Á að fara að afla upplýsinga eins og gert er fyrir þingnefndum Bandaríkjaþings þegar verið er að veita mönnum embætti um hvernig menn haga sínu einkalífi? Þetta er auðvitað fráleitt ákvæði, gjörsamlega óþarft og gengur miklu lengra í hnýsnisátt, ef ég má kalla það svo, heldur en menn kannski hafa gert sér grein fyrir. Eða er þetta kannski bara marklaust? Er þetta bara sett þarna inn til þess að koma til móts við óskilgreindar óskir hv. 6. þm. Norðurl. e.? Þetta ákvæði er fráleitt en það getur haft það í för með sér að það fæli fólk frá viðskiptum á þessum markaði. Ef þarna verður farið fram á eitthvað meira en nafn, kennitölur og heimili, einhverjar aðrar upplýsingar í átt við það sem ég nefndi, þá getur það orðið til þess að fæla fólk frá því að eiga þarna viðskipti og kannski var það tilgangurinn. Ég skal ekki um það segja. En á því hafa ekki komið fram neinar skýringar hvað þarna er verið að tala um.

Hitt er svo annað mál eins og komið hefur fram að það er búið að strika þarna út nokkur atriði eins og ljósritun á ávísunum og tékkum sem fara á milli manna í viðskiptum sem þessum þannig að það sem mætti segja að hafi verið allra fráleitast er horfið, en eftir stendur þetta furðulega ákvæði um einhverjar glöggar upplýsingar til viðbótar því sem venjubundið er og sjálfsagt. Æskilegt væri nú að hv. 1. þm. Norðurl. v. og frsm. nefndarinnar skýrði frá því hvað þarna væri verið að tala um, en ég mun láta mér nægja hans skýringar við 3. umr. Hann getur notað helgina til að velta þessu fyrir sér.

Loks, virðulegi forseti, eitt atriði enn sem ég vil koma að og varðar 15. gr. þessa frv. Fram hefur komið að ég tel mjög lögmæt athugasemd frá prófessor Árna Vilhjálmssyni varðandi 1. málsl. 1. gr. þessa frv. Þar segir svo í frv., með leyfi forseta:

„Almennt útboð markaðsverðbréfa annarra en ríkisskuldabréfa, skuldabréfa með ríkisábyrgð og ríkisvíxla skal ætíð fara fram með milligöngu verðbréfafyrirtækja."

Þetta má auðveldlega túlka svo, og það er auðvitað sú túlkun sem liggur beinast við samkvæmt orðanna hljóðan, að engir megi bjóða út neins konar markaðs-

verðbréf, þar með talin hlutabréf nema verðbréfafyrirtæki sem falla undir ramma þessara laga. Nú er það þannig að þau hafa mörg hver og sjálfsagt flest hver litla reynslu af útgáfu hlutabréfa. Hins vegar hafa fyrirtækin sjálf, hlutafélögin í landinu, mörg hver víðtæka reynslu af því að bjóða almenningi til kaups hlutabréf sem þau hafa ákveðið að gefa út og selja á almennum markaði. En samkvæmt þessu ákvæði er slíkum hlutafélögum bannað að bjóða sín bréf sjálf, óheimilt að annast kynningu á slíkum bréfum og sjá um gerð útboðsins að öðru leyti. Þetta er náttúrlega algjörlega óeðlilegt ákvæði.

Ég tel að það sé fullkomlega óeðlilegt að banna hlutafélögum í landinu að standa sjálf fyrir starfsemi af þessum toga og það eigi þá að heimila þeim það, en ef þau kjósa að gera þetta ekki sjálf, þá sé skylt að leita til verðbréfafyrirtækja eða viðurkenndra bankastofnana t.d.

Ég ætla ekki að rökstyðja þetta nánar, virðulegi forseti. Ég vil benda á það að þetta hefur farið fram hjá eða fallið niður í meðferð fjh.- og viðskn. Ég tel samt að það sé nokkuð augljóst mál að þarna eigi að gera breytingu á og ég efast um að þetta hafi verið ætlan þeirra sem þetta frv. sömdu. Hins vegar hefur fjh.- og viðskn. ekki tekið þetta mál upp á sína arma þannig að ég hlýt að áskilja mér rétt til þess, virðulegi forseti, að flytja brtt. við frv. í þessa átt við 3. umr.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Ég get tekið undir þau orð sem hv. 17. þm. Reykv. sagði hér áðan varðandi það að hlutafélög gætu ekki sjálf annast útboð og það er auðvitað hægt að gera með styttri brtt. þá við 3. umr. Ég sé nú ekki að nefnd, hvorki meiri hl. né minni hl., geti staðið gegn því. Það þyrfti að fella niður tvö orð „skal ætíð". Ef þau falla niður þá getur það verið val fyrirtækjanna sem vildu annast þetta sjálf, en ef þau ekki gera það, þá verður að leita til verðbréfafyrirtækja, banka eða sparisjóða.

Hæstv. viðskrh. taldi að hér væri um mjög veigamikla breytingu að ræða á frv. ef ekki væri haldið við það að bankar þyrftu að stofna sérstök fyrirtæki til þess að annast verðbréfaviðskipti. Hann nefndi verðbréfaviðskipti stórþjóða eins og í Bandaríkjunum og Japan. Ég held að menn þurfi ekkert að vera að sækja samanburð til þeirra stóru og miklu viðskiptaumsvifa við þetta litla land og þessi takmörkuðu verðbréfaviðskipti sem hér eiga sér stað. Ég sé ekki annað en gott eitt við það að bankarnir annist þessi verðbréfaviðskipti án þess að leggja á þá kvaðir að þurfa að stofna ný fyrirtæki til þess, með sérstakt starfslið í útibúum bankanna vítt og breitt um landið. Þess vegna held ég að sú röksemdafærsla hæstv. ráðherra eigi eiginlega ekki við rök að styðjast.

Út af 30. gr. vil ég enn einu sinni taka undir athugasemdir Seðlabankans sem sendar voru nefndinni áður en tillaga var send frá ráðherrum í ríkisstjórninni um orðalag 30. gr. eins og það er núna. Seðlabankinn segir eitthvað á þessa leið: Hér á landi hefur bindiskyldu aðeins verið beitt gagnvart innlánsstofnunum, þ.e. viðskiptabönkum, sparisjóðum og innlánsdeildum samvinnufélaga. Víða erlendis er slíku stjórntæki aðeins beitt gagnvart viðskiptabönkum, en margar undantekningar eru þó frá því.

Seðlabankinn taldi eðlilegt að hafa heimildarákvæði í 30. gr. frv. til staðar: ef telja má starfsemi verðbréfasjóða á einhverjum tíma náskylda starfsemi innlánsstofnana. Ef þetta hefði verið gert þá hefði ég getað samþykkt 30. gr., ef þessu hefði verið bætt við og niður hefði fallið orðið „sömu". Þá hefði enginn ágreiningur verið um þessa 30. gr. En mér finnst að á seinni stigum hafi greinin versnað stórkostlega og ég tek alveg undir orð hv. 17. þm. Reykv. að það er verið að vekja viðleitni þessara verðbréfasjóða að fara inn í innlánsstarfsemi, fara inn á svið innlánsstofnana og með því erum við þá í raun og veru að fjölga þeim enn þá — og það var nú helst að okkur Íslendinga vantaði fleiri banka ofan á allar aðrar þrengingar. En það er beinlínis verið að gera það með því að fara inn á þessa braut með þessum hætti eins og hér er lagt til.

Út af orðum hv. 10. þm. Reykn. vildi ég segja að ég var ekki að gagnrýna það að leitað væri til sem flestra og rætt við þá. Það sem ég gagnrýndi í sambandi við meðferð málsins var það að höfundar frv., þeir sem skila frv. í hendur ríkisstjórninni eða viðskrh., standi svo í alls konar stappi við þingnefnd út af þeirri vinnu sem þeir eru búnir að skila af sér án athugasemda. Það er það sem ég er að gagnrýna en ekki hitt.

Ég ætla ekki að tefja hér tímann en vil segja það að við, alveg jafnt í minni hl. nefndarinnar sem meiri hl., erum alveg sammála um það að leggja áherslu á það að mikilvægt er að setja löggjöf um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði. Það eru þarna tiltekin atriði sem ágreiningur er um og hefði verið hægt að leysa og afgreiða þetta frv. nokkurn veginn samhljóða ef til þess hefði verið tekið tillit.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

59. fundur, mánudaginn 20. febr., kl. 2 miðdegis.

Lánsfjárlög 1989, frh. 3. umr.

Stjfrv., 103. mál. — Þskj. 512, brtt. 507.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 507 kölluð aftur.
Frv. samþ. með 10:3 atkv. og afgr. til Nd.

NEÐRI DEILD

56. fundur, mánudaginn 20. febr., kl. 2 miðdegis.

Efnahagsaðgerðir, frh. 3. umr.

Stjfrv., 8. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 330, frhnál. 458 og 472, brtt. 301,1-3, 336, 449, 508.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 301,1 felld með 20:4 atkv.
Brtt. 449,1 samþ. með 21:1 atkv.
Brtt. 301,2 felld með 21:19 atkv.
Brtt. 449,2 samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 301,3 felld með 21:5 atkv.
Brtt. 449,3 samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 449,4 (fyrri hluti) samþ. með 21:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JSS, ÓÞÞ, PP, RA, SighB, AuE, StH, SJS, AS, ÁrnG, GeirG, GB, SHj, GuðnÁ, GHelg, BGS, JóhS, JBH, JK, JónS, KJóh.

nei: HJ.

KrP, SigH, KH, MB, MÁM, JÞ, ÓE, ÓÞG, PJ, RH, ÞP, ÞÞ, AðB, AG, EH, FÞ, FrS, GHH, IBA greiddu ekki atkvæði.

1 þm. (BÍG) fjarstaddur.

Brtt. 449,4 (síðari hluti) samþ. með 21:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓÞÞ, PP, RA, SighB, AuE, StH, SJS, AS, ÁrnG, GeirG, GB, SHj, GuðnÁ, GHelg, BGS, JóhS, JBH, JK, JónS, JSS, KJóh.

nei: SigH, KH, MB, MÁM, JÞ, ÓE, PJ, RH, ÞP, ÞÞ, EH, FÞ, FrS, GHH, HJ, IBA, KrP.

ÓÞG, AðB, AG greiddu ekki atkvæði.

1 þm. (BÍG) fjarstaddur.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það hefur komið í ljós að þrátt fyrir yfirlýsingar um að það eigi að fara að þjóðnýta atvinnuvegi Íslands hefur stjórnarandstaðan ekki talið rétt að greiða atkvæði gegn því heldur setið hjá. Hér eru aftur á móti greidd atkvæði um hvort upprunaleg tillaga stjórnarandstöðunnar um skipun stjórnar eigi að vera í höndum framkvæmdarvaldsins eða ekki. Mér sýnist að þessu sé á margan hátt skynsamlega fyrir komið og segi já.

Albert Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Það er ekki rétt, sem kom fram hjá hv. 2. þm. Vestf., að stjórnarandstaðan eða a.m.k. ég sitji hjá vegna þess að við séum að hálfu með og að hálfu móti þessu frv. heldur geri ég grein fyrir minni hjásetu við þetta frv. með því að segja það, sem ég hef þegar sagt í þessari umræðu um frv., að hér er um slíka blekkingastarfsemi að ræða, það er verið að selja hlutdeild í engu, mynda sjóð til að kaupa hlutafé, sjóð sem ekki á að borga vexti heldur að kaupa hlutafé af fyrirtækjum sem aldrei hafa gefið arð og borgar ekki vexti af þessu fé, þannig að það er ekki hægt að greiða atkvæði um neitt. Hér er um blekkingartillögu að ræða og þess vegna sit ég hjá og ég mun áfram sitja hjá við afgreiðslu á þessu máli.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Það var ekki rétt, sem 2. þm. Vestf. sagði, að allir hefðu setið hjá við atkvæðagreiðsluna. Ég sagði nei við fyrri atkvæðagreiðslu um fyrri lið og ég get ekki tekið þátt í því að greiða atkvæði með þessum lið né þeim fyrri vegna þess að hér er um blekkingar að ræða, hér er verið að staðfesta þjóðnýtingarstefnu ríkisstjórnarinnar. Og ég segi nei.

Brtt. 449,5 samþ. með 21:2 atkv.

Brtt. 336 felld með 21:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞP, ÞÞ, AðB, AG, EH, FÞ, FrS, GHH, HJ, IBA, KrP, SigH, KH, MB, MÁM, JÞ, ÓE, ÓÞG, PJ, RH.

nei: SJS, AS, ÁrnG, GeirG, GB, SHj, GuðnÁ, GHelg, BGS, JóhS, JBH, JK, JónS, JSS, ÓÞÞ, PP, RA, SighB, AuE, StH, KJóh.

1 þm. (BÍG) fjarstaddur.

Brtt. 508 samþ. með 23:1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 21:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓÞÞ, PP, RA, SighB, AuE, StH, SJS, AS, ÁrnG, GeirG, GB, SHj, GuðnÁ, GHelg, BGS, JóhS, JBH, JK, JónS, JSS, KJóh.

nei: HJ.

SigH, KH, MB, MÁM, JÞ, ÓE, ÓÞG, PJ, RH, ÞP, ÞÞ, AðB, AG, EH, FÞ, FrS, GHH, IBA, KrP greiddu ekki atkvæði.

1 þm. (BÍG) fjarstaddur.

Frv. afgr. til Ed.

Aðgerðir í efnahagsmálum, frh. 3. umr.

Stjfrv., 20. mál (staðfesting bráðabirgðalaga frá 31. maí 1988). — Þskj. 243, brtt. 331.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég tel ástæðu til að spyrja hæstv. forsrh. einnar spurningar er varðar atkvæðagreiðslu um frv. sem nú er til lokameðferðar á hinu háa Alþingi. Það snertir gildistökuákvæðið, en í 12. gr. frv. segir að lög þessi öðlist þegar gildi og gildi til 10. apríl 1989. Það vekur hins vegar athygli eftir að frv. hefur verið breytt að nánast í öllum atriðum hafa dagsetningar breyst og má segja að nánast allar greinar ljúki sínu ætlunarverki í síðasta lagi 1. mars nema ef vera skyldi 5. gr. frv. 8. og 9. gr. eru teknar upp í öðrum frv. sem nú eru til umfjöllunar og klárast fyrir 1. mars á ég von á en það er ekki víst að það sé svo. En ef þetta er rétt sýnist mér að eina efnisatriðið sem eftir standi frá 1. mars til 10. apríl sé að atvinnurekendum sé óheimilt að hækka laun, þóknanir og hvers konar hlunnindagreiðslur umfram það sem samið hefur verið um í kjarasamningum eða kveðið er á um í lögum þessum. Mig langar áður en atkvæðagreiðslan fer fram að spyrja hæstv. forsrh. hvort þetta sé rétt skilið og það virðist þá vera ástæðan fyrir því að ekki er hreyft við gildistökuákvæðinu.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Það er raunar rétt sem hv. fyrirspyrjandi sjálfur sagði þegar hann skýrði þetta ákvæði. Hér er um að ræða staðfestingu á bráðabirgðalögum sem fyrri ríkisstjórn setti 20. maí ef ég man rétt og það er rétt að í meðferð þeirra hefur gildisákvæðum verið breytt og ákveðnir gildistökudagar settir, en hins vegar þó ekki í sambandi við 5., 8. og 9. gr. Sérstaklega eru það 8. og 9. gr. 8. gr. gerir óheimilt að verðtryggja fjárskuldbindingar sem eru til skemmri tíma en tveggja ára og 9. gr. heimilar Seðlabankanum að setja kaupskyldu á verðbréfasjóði. Það er rétt að fyrir þinginu liggur frv. þar sem þessi ákvæði eru tekin inn í viðkomandi lög, en ég lít ekki svo á að öruggt sé að það frv. verði að lögum fyrir 1. mars og því hefur ríkisstjórnin talið eðlilegt að halda þessu ákvæði með 10. apríl.

Brtt. 331 kölluð aftur.

Frv. samþ. með 20:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 515).

Verðbréfaviðskipti, frh. 2. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1, n. 501 og 509, brtt. 35, 502, 506, 510.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 35,1 felld með 33:2 atkv.
Brtt. 502,1 samþ. með 20:12 atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 21:1 atkv.
Brtt. 502,2 samþ. með 32 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
4.–7. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 502,3 samþ. með 35 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 502,4 samþ. með 33 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
10. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 510,1 felld með 22:15 atkv.
Brtt. 502,5 samþ. með 27 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 502,6 samþ. með 27 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 502,7 samþ. með 30 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
14. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 510,2 felld með 22:12 atkv.
15. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
16. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 502,8 (ný 17. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 502,9 samþ. með 31 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
19. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 502,10 samþ. með 30 shlj. atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
21.–24. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 502,11 (ný 25. gr.) samþ. með 33 shlj. atkv.
26.–28. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 502,12 samþ. með 25:3 atkv.
29. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 35,2 felld með 29:2 atkv.
Brtt. 506 felld með 30:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AuE, AðB, AG, AS.

nei: GHelg, BGS, JóhS, JBH, JK, JónS, JSS, SigH, KH, MB, MÁM, JÞ, ÓE, ÞP, PJ, RA, RH, SighB, StH, SJS, ÞP, ÞÞ, ÁrnG, FrS, GeirG, GHH, GB, SHj, GuðnÁ, KJóh.

HJ, IBA, KrP, ÓÞÞ, ÓÞG, EH, FÞ greiddu ekki atkvæði.

1 þm. (BÍG) fjarstaddur.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Páll Pétursson:

Herra forseti. Ég vek athygli á því að í brtt. meiri hl. segir svo:

„Seðlabanki Íslands skal" — og ég undirstrika orðið skal — „láta sömu reglur, eftir því sem við getur átt, gilda um verðbréfasjóði að því er varðar bundið fé og settar eru innlánsstofnunum" o.s.frv.

Ég tel að þetta sé fullnægjandi orðalag. Ég tel að það beri ekki mikið á milli við flm., en tel að það orðalag sem er á grein eins og meiri hl. leggur til sé fullnægjandi. (**FrS:** Hvað ber nú á milli?) Það ber

þarna á milli að hv. þm. Auður Eiríksdóttir óskar eftir því að út falli orðin „eftir því sem við getur átt". Ég tel að það sé óþarfi að fella þau út og segi nei.

Albert Guðmundsson:

Virðulegur forseti. Ég tel að þessi brtt. sé til bóta. Greinin eins og hún er orðuð í brtt. meiri hl. fjh.- og viðskn. er allt of handahófskennd. „Eftir því sem við getur átt" þýðir að menn geta að geðþótta ákveðið hvað á við hverju sinni. Ég segi því já.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Þessi brtt., ef samþykkt yrði, mundi koma í veg fyrir að Seðlabankinn gæti látið sömu reglur gilda „eftir því sem við getur átt". Vegna umræðna sem farið hafa farið um þessi mál og sérstaklega yfirlýstar skoðanir hæstv. ráðherra er augljóst að ekki á að beita þessu ákvæði nema verðbréfasjóðir gerist eins konar innlánsstofnanir. Þar sem samþykkt þessarar tillögu gæti breytt því og orðið til þess að skylda Seðlabankann til að láta sömu reglur gilda fortakslaust segi ég nei.

Brtt. 502,13 (fyrri mgr.) (ný 30. gr.) samþ. með 26:9 atkv.

Brtt. 502,13 (síðari mgr.) (ný 30. gr.) samþ. með 21:12 atkv.

31.–32. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.

Brtt. 502,14 samþ. með 31 shlj. atkv.

33. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.

Brtt. 502,15–16 (ný gr., verður 34. gr.; ný 34. gr., verður 35. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.

Brtt. 502,17 (35. gr., verður 36. gr., flytjist í VI. kafla) samþ. með 30 shlj. atkv.

Brtt. 502,18 (ný gr., verður 37. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.

36.–39. gr. (verða 38.–41. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv.

Ákvæði til brb. 1–4 samþ. með 28 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Norrænn þróunarsjóður, frh. 1. umr.

Stjfrv., 202. mál. — Þskj. 273.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 37 shlj. atkv.

SAMEINAÐ ÞING

44. fundur, mánudaginn 20. febr., að loknum deildafundum.

Tilhögun þingfundar.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill upplýsa að að loknum þrem fyrstu dagskrármálum fer fram umræða utan dagskrár að beiðni hv. 1. þm. Reykn. um varaflugvöll. Sú umræða er leyfð skv. síðari mgr. 32. gr. þingskapa og verður því umræðan án tímamarka.

Framkvæmd ályktana Alþingis.

Beiðni KH o.fl. um skýrslu, 282. mál. — Þskj. 500.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Beiðnin leyfð með 35 shlj. atkv.

Fjáraukalög 1981–1986, 1. umr.

Stjfrv., 143. mál. — Þskj. 150.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1981–1986. Frv. þetta átti að haldast í hendur við frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir sömu ár, enda var því dreift á Alþingi um leið og því frv. og þá gerði ég grein fyrir ástæðum þess að dregist hefur að leggja þessi frumvörp fram á Alþingi á undanförnum árum. Ég lýsti því þá einnig að það hefði verið ákvörðun mín fljótlega eftir að ég kom í fjmrn. að gera hreint borð í þessum efnum og leggja þessi mál öll fram á þinginu til afgreiðslu.

Ég vil enn fremur geta þess að innan fárra daga verða einnig lögð fram hér á Alþingi hliðstæð frumvörp fyrir árið 1987. Þar með á Alþingi að geta verið komið í þau spor, sem það á að öllu jöfnu að vera í, að fylgja eðlilegum vinnubrögðum og tímasetningum í þessum efnum.

Yfirskoðunarmenn ríkisreikninga hafa afhent fjmrn. tillögur sínar til fjárveitingar á fjáraukalögum fyrir hvert áranna 1981–1986 og leggja þeir til að heimiluð séu viðbótarútgjöld við 2. gr. fjárlaga hvert tiltekið ár í samræmi við niðurstöðu ríkisreikninga, sbr. 1.–6. gr. þessa frv.

Ég sé ekki ástæðu til þess að þessu sinni að fjalla nánar um þetta mál. Ég á þó kannski von á því að þegar málið kemur til síðari umræðu kunni einstakir þingmenn að vilja fjalla um efni þess og skipan þessara mála í framtíðinni og áskil mér þá rétt til að taka þátt í umræðunni við það tækifæri.

Að svo mæltu legg ég til, virðulegi forseti, að frv. verði vísað til hv. fjvn. að lokinni þessari umræðu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv. og til fjvn. með 33 shlj. atkv.

Fjáraukalög 1979, 1. umr.

Stjfrv., 160. mál. — Þskj. 171.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Það er mér sérstök ánægja að fá að mæla fyrir þessu frv. í dag, frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1979. Ég vona hins vegar að þetta verði í fyrsta og síðasta sinn í þingsögunni sem fjmrh. þarf að standa í slíkum sporum.

Ég vék að því fyrir nokkrum mínútum að þegar ég ákvað að leggja hliðstæð frumvörp fyrir árin á þessum áratug fyrir þingið kom í ljós að hliðstætt frv. fyrir árið 1979, sem hafði verið lagt fyrir 105. löggjafarþingið 1982–1983, hafði ekki orðið útrætt. Frv. hafði ekki síðan verið tekið upp og ég taldi þess vegna nauðsynlegt í samræmi við þau sjónarmið sem ég greindi frá áðan að leggja einnig að nýju fyrir Alþingi frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1979.

Um þetta efni gilda hin sömu sjónarmið og ég rakti í fyrri framsöguræðu minni, ég tel einnig rétt að um þetta ár verði fjallað ásamt hinum og áskil mér þá rétt til að fjalla um málið og framtíðarskipan þessara atriða þegar hv. fjvn. hefur haft tækifæri til að greina þinginu frá sínu áliti.

Ég mælist svo til þess, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til hv. fjvn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og til fjvn. með 36 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Varaflugvöllur.

Matthías Á. Mathiesen:

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að þakka fyrir að fá að opna umræðu utan dagskrár. Ég hafði óskað eftir því á miðvikudaginn var að fá tækifæri til þess vegna blaðamannafundar sem hæstv. utanrrh. þá boðaði til og birti bréf sem hann hafði þá fengið varðandi það mál sem nefnt hefur verið „varaflugvallarmálið". Forseti tjáði mér þá að ástæður væru fyrir því að óskað væri eftir því að samkomulag næðist um frestun til mánudags og hafði ég ekki neinar athugasemdir við það og þess vegna er þessi umræða í dag.

Eins og öllum er kunnugt hefur flugumferð um hið íslenska flugumsjónarsvæði stóraukist á undanförnum árum. Með tilliti til öryggissjónarmiða er þörf fyrir varaflugvöll því brýnni og þá flugvöll sem þjónað gæti þeirri flugumferð sem Keflavíkurflugvöllur gerir þegar flugvöllurinn lokast vegna veðurs eða veðurskilyrða.

Af þessum sökum var 1980 skipuð nefnd undir forustu Jóhannesar Snorrasonar yfirflugstjóra, það var flugráð sem skipaði þessa nefnd, sem ætlað var að gera tillögur um staðsetningu slíks varamillilandaflugvallar. Á árunum 1984–1985 starfaði nefnd um flugmál sem sérstaklega undirbjó flugmálaáætlun og tillögur um fjármögnun í þeim efnum, nefnd sem páv. samgrh. Matthías Bjarnason skipaði og var undir forustu Birgis Ísl. Gunnarssonar alþm.

Það var svo síðla árs 1985 að flotastjórn Atlantshafsbandalagsins, SACLANT, ásamt fulltrúum varnarliðsins hér á landi lýsti áhuga á því að kannaðir yrðu möguleikar á lagningu alþjóðlegs varaflugvallar sem gæti þjónað sem varaflugvöllur fyrir Keflavíkurflugvöll jafnframt því sem möguleikar á aðild mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins yrðu kannaðir. Að tillögu páv. utanrrh. Geirs Hallgrímssonar og að höfðu samráði við páv. samgrh. Matthías Bjarnason samþykkti ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar í janúar 1986 að taka upp viðræður varnarmálaskrifstofu utanrrn. og samgrn. undir forræði samgrn. við flotastjórn Atlantshafsbandalagsins og fulltrúa varnarliðsins.

Viðræðurnar fóru síðan fram og þeim lauk í janúar 1987 með þeirri niðurstöðu að samstaða var um að varaflugvöllur sem byggður yrði yrði að nýtast fyrir allt flug sem um Keflavíkurflugvöll annars gæti farið. Í öðru lagi að notkun varnarliðs yrði aðeins undir þeim kringumstæðum að Keflavíkurflugvöllur væri lokaður. Í þriðja lagi að varaflugvöllurinn yrði ávallt undir umsjón Íslendinga og kæmi til hættuástands eða átaka yrði varaflugvöllurinn afhentur varnarliðinu og Atlantshafsbandalaginu með sama hætti og hin nýja flugstöð á Keflavíkurflugvelli.

Eftir nokkrar umræður ákvað samgrh. Matthías Bjarnason að athugun yrði gerð af Flugmálastjórn og sú athugun greidd af Íslendingum. Flugmálastjórn fól sérstakri nefnd undir formennsku Jóhanns H. Jónssonar að gera skýrslu sem hún gerði og var hún lögð fram og rædd í flugráði. Þessi skýrsla var síðan afhent samgrn. 19. júlí sl. og lögð fram í ríkisstjórn og afhent alþingismönnum og kynnt í fjölmiðlum. Stjórnarskipti fóru fram eins og kunnugt er í september. Skömmu eftir að ríkisstjórnin tók við völdum lagði núv. samgrh. þá nefnd niður sem hafði óskað eftir í þessari greinargerð, nánar tiltekið 12. okt. á sl. ári.

Núv. hæstv. utanrrh. fór til Brussel á fund utanríkisráðherra Atlantshafsbandalagsins síðla sl. ár og átti þar viðræður við nýjan framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins, Manfred Wörner, og fóru þær umræður fram 7. og 8. des. Merkilegt er að þann sama dag, 7. des., skipaði núv. samgrh. nýja nefnd. Fól hann Flugmálastjórn það verkefni að gera tillögu

um millilandaflugvöll sem þjónaði innanlandsflugi og íslensku farþegaflugi.

Eins og ég gat um áðan var þetta sama daginn og hæstv. utanrrh. átti viðræður við Manfred Wörner, framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins, um möguleika á byggingu alþjóðlegs varaflugvallar eins og fram kom á blaðamannafundi utanrrh. sl. miðvikudag og vísað er til í því bréfi sem utanrrh. birti, svarbréfi frá framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins. Þar er að finna svör framkvæmdastjórans við upplýsingum sem óskað hafði verið eftir af hæstv. utanrrh. varðandi hernaðarlegt hlutverk slíks flugvallar á friðartímum. Ég vil, með leyfi virðulegs forseta, lesa upp hluta úr þessu bréfi, en þar segir:

„Að höfðu samráði við hlutaðeigandi stjórnunaraðila innan Atlantshafsbandalagsins get ég staðfest að flugvöllur sá sem tillaga liggur fyrir um mun á engan hátt gegna hernaðarhlutverki á friðartímum. Flugvöllurinn yrði mannaður og starfræktur af óbreyttum borgurum og ekki talinn herflugvöllur nema á stríðstímum. Þannig yrði í öllu tilliti litið á þennan flugvöll sem borgaralegan flugvöll. Að sjálfsögðu yrði að gera ráð fyrir að herflugvélum jafnt sem borgaralegum flugvélum yrði beint til þessa varaflugvallar þegar veður eða neyðarástand gerði slíkt óhjákvæmilegt."

Að þessum formála höfðum og með vísan til þessa bréfs sem ég las hér úr og vísar til viðræðna hæstv. utanrrh. og framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins leyfi ég mér að spyrja hæstv. utanrrh. fjögurra spurninga varðandi þetta mál:

1. Er á því nokkur vafi að mati utanrrh. að utanrrn. fari með ákvörðunarvald varðandi heimild til handa mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins til þess að gera umbeðna forkönnun á alþjóðlegum millilandaflugvelli?

2. Telur hæstv. utanrrh. slíka forkönnun, ef leyfð verður, meiri háttar hernaðarframkvæmd samkvæmt því sem fram kemur í stjórnarsáttmála núv. ríkisstjórnar?

3. Hyggst hæstv. utanrrh. veita umbeðna heimild til forkönnunar og sé svo, þá hvenær?

4. Telur hæstv. utanrrh. að sú flugvallarbygging sem fjallað hefur verið um og kostuð yrði af mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins, sbr. bréf framkvæmdastjóra þess, sé „meiri háttar hernaðarframkvæmd" samkvæmt áður tilvitnuðum orðum í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar?

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Mér er bæði ljúft og skylt að reyna að svara fsp. hv. 1. þm. Reykn. um þetta mál. Áður en ég geri það í einstökum atriðum þykir mér rétt að koma á framfæri nokkrum almennum athugasemdum.

Það er í fyrsta lagi að þetta varaflugvallarmál sem hér er á dagskrá er að mínu mati fyrst og fremst meiri háttar öryggismál. Það varðar skyldur okkar til þess að tryggja sem allra mest öryggi, það sem við á annað borð getum tryggt, fyrir flugumferð á okkar flugumsjónarsvæði, þ.e. því alþjóðlega flugumsjónarsvæði sem okkur hefur verið falið að stjórna. Ég vek athygli á því að Íslandi hefur með formlegum samningi verið falin flugumferðarstjórn á svæði sem afmarkast af norðurpól á 61. breiddargráðu og að Greenwichbaug í austur og vestur fyrir Grænland, 76. gráðu vesturlengdar.

Árið 1987 námu greiðslur til Flugmálastjórnar frá Alþjóðaflugmálastofnuninni ICAO og notendum þessarar þjónustu um 60 millj. dollara eða u.þ.b. 300 millj. ísl. króna. Að þessum störfum unnu íslenskir starfsmenn, tæplega 100 talsins, mjög sérhæfðir starfsmenn á vegum þessarar alþjóðaflugþjónustu.

Ábyrgð okkar af þeim sökum er meiri en ella og hún tekur ekki aðeins til, þótt mikilvægt sé, innanlandsflugs og innlends flugflota, heldur þarf hún að sinna skyldum og þjónustu við allan þann flugvélakost sem um þetta flugumferðarsvæði fer og þarf á öryggisþjónustu að halda. Varaflugvöllur er m.ö.o. nauðsynjamál, okkur öllum. Hann þarf að vera á öðru veðursvæði en Keflavíkurflugvöllur. Ef hann á að þjóna þessu alþjóðlega flugumsjónarsvæði og þeim flugvélakosti sem um það fer þurfum við að hafa yfir að ráða varaflugvelli sem hefur a.m.k. 3000 m langar flugbrautir, en reyndar, samkvæmt nýjum upplýsingum um flugvélakost sem þegar er í notkun, helst meira, þ.e. 3200 langa flugbraut ásamt öllum tilheyrandi mannvirkjum. Að sjálfsögðu þarf einnig að vera fyrir hendi nægilegt landrými vegna aukinnar starfsemi í framtíðinni. Þetta kallar m.ö.o. á mjög vandlega skoðun á tæknilegum atriðum svo sem hvað varðar brautarlengd, flughlöð, allan tæknilegan búnað flugleiðsögutækja og öryggistækja, eldvarnarþjónustu o.s.frv.

Ég tek þetta fram vegna þess að oft er uppi sá misskilningur að hér sé um að ræða eitt og sama málið, þ.e. annars vegar hugmyndir sem uppi eru um að lengja brautir nokkurra flugvalla sem nefndir hafa verið í t.d. 2400 eða að hámarki 2700 m og að það sé fullnægjandi að því er varðar þörfina á varaflugvelli. Mín niðurstaða er sú við nánari skoðun málsins, og það er stutt ótal gögnum, að sú niðurstaða sé ekki fullnægjandi. Við þurfum á að halda lengri brautum en þar er ráð fyrir gert og það er einfaldlega svo að engar þær áætlanir sem nú eru uppi um lengingu annarra flugbrauta geta komið í staðinn fyrir þetta, þ.e. geta orðið lengri en 2700 m. Við erum þess vegna að tala um tvö óskyld mál.

Nú er það alveg ljóst að vegna þegar þekktra áforma Flugleiða, íslenskra flugfélaga, um nýjan flugvélakost, þ.e. tveggja hreyfla þotur til millilandaflugs, þá er það rétt að það er mjög aðkallandi að tryggja þeim varaflugvallaraðstöðu hið allra fyrsta. Það eru áætlanir um að taka þessar vélar í notkun á miðju næsta ári og þess vegna er út af fyrir sig brýn nauðsyn að gera þegar í stað það sem unnt er til þess að tryggja þá lágmarksbrautarlengd sem þær þurfa á að halda, 2400–2700 m, en það er hins vegar ekki fullnægjandi sem varaflugvallarþjónusta fyrir það umsjónarsvæði sem okkur hefur verið falið að stýra.

Hv. fyrirspyrjandi vék nokkuð að forsögu málsins. Um það ætla ég að vera stuttorður, aðeins láta þess getið að eftir því sem best er vitað samkvæmt heimildum varnarmáladeildar í utanrrn. er upphaf þessa máls það að því er varðar hugmyndina um varaflugvöll sem væri að verulegu leyti fjármagnaður af mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins að það mun hafa verið 1. nóv. 1985 sem flotastjórn Atlantshafsbandalagsins á Atlantshafi, sem situr í Norfolk, Virginíu í Bandaríkjunum, og fulltrúar varnarliðsins lýstu fyrst áhuga sínum í samtölum við fulltrúa varnarmáladeildar og utanrrn., þ.e. um byggingu slíks varaflugvallar á okkar flugumsjónarsvæði, þó fyrst og fremst út frá spurningunni um það hvort líklegt væri að íslensk stjórnvöld vildu fallast á að forkönnun færi fram um það. Eina ríkisstjórnarsamþykktin sem ég þekki að hafi verið gerð um málið er frá 2. jan. 1986 þar sem ríkisstjórn samþykkir að teknar verði upp viðræður varnarmálaskrifstofu og samgrn. undir forræði þess síðarnefnda við flotamálayfirvöld Atlantshafsbandalagsins og varnarliðið. Þann 3. nóv. 1986 ákveður því næst samgönguráðherra skipan íslensku viðræðunefndarinnar og setur henni það markmið að velja heppilegasta staðinn fyrir varaflugvöll. Þann 4. des. 1986 hefjast þær viðræður.

Nú er þess að geta að það sem gerst hefur frá þessum tíma og til dagsins í dag er alla vega með þeim hætti að þessari spurningu um heimild íslenskra yfirvalda til þess að heimila að forkönnun fari fram hefur ekki verið svarað með formlegum hætti. Ég vil ekki leggja dóm á það sem gerst hefur í millitíðinni annað en að vekja athygli á þeirri staðreynd að þetta erindi hefur verið borið upp og því hefur enn ekki verið svarað þrátt fyrir áður tilvitnaða samþykkt ríkisstjórnar, um að taka upp viðræður.

Eftir að núv. ríkisstjórn var mynduð er frá því að segja að í tengslum við ferðalag utanrrh. og þátttöku í allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna á sl. hausti átti hann viðræður við yfirvöld flota Atlantshafsbandalagsins í Norfolk og þá var þetta mál rifjað upp og þeirri spurningu enn beint til utanrrh. hver væri afstaða núv. hæstv. ríkisstjórnar til beiðni sem fyrir lægi um að forkönnun færi fram á vegum mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins um staðarval og kostnað við byggingu varaflugvallar á hinu íslenska flugumsjónarsvæði.

Þegar framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins sótti Ísland heim 2. og 3. nóv. sl. var málið enn fremur rætt. Það var þar á dagskrá og var rætt og skýrt frekar. Þar á meðal hafði utanrrh. í millitíðinni kynnt sér málið og lagt niður fyrir sér hvaða kröfur eða skilyrði við Íslendingar teldum að hans mati rétt að gera um undirbúning og framkvæmd slíkrar könnunar.

Loks er þess að geta að málið var rætt við yfirflotaforingja Atlantshafsbandalagsins sem kom til Íslands í byrjun desember 1988, þá mjög stuttlega, en loks tekið upp við framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins þann 7. des. í tengslum við fund utanríkisráðherra Atlantshafsbandalagsins. Það var á þeim fundi sem utanrrh. beindi alveg ákveðnum spurningum til framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins og óskaði eftir því að fá úr því skorið með óyggjandi hætti, skriflega, þar með staðfest af stjórn mannvirkjasjóðsins, hvort þeir skilmálar sem áður hafði verið lýst munnlega í viðtölum milli aðila yrðu uppfylltir, þ.e. um það að hér yrði ekki um að ræða nýtingu á þessu mannvirki á friðartímum í neina sérstaka hernaðarþágu. Svar framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins barst síðan þann 10. febr. og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í viðræðum okkar 7. des. 1988 um möguleika á að byggja varaflugvöll fyrir Atlantshafsbandalagið á Íslandi óskuðuð þér eftir að ég léti yður í té upplýsingar um hugsanlegt hernaðarlegt hlutverk slíks flugvallar á friðartímum. Að höfðu samráði við hlutaðeigandi stjórnunaraðila innan Atlantshafsbandalagsins get ég staðfest að flugvöllur sá sem tillaga liggur fyrir um muni á engan hátt gegna hernaðarhlutverki á friðartímum. Flugvöllurinn yrði mannaður og starfræktur af óbreyttum borgurum og ekki talinn herflugvöllur nema á stríðstímum. Þannig yrði í öllu tilliti litið á þennan flugvöll sem borgaralegan flugvöll. Að sjálfsögðu yrði að gera ráð fyrir að herflugvélum jafnt sem borgaralegum flugvélum yrði beint til þessa varaflugvallar þegar veður eða neyðarástand gerði slíkt óhjákvæmilegt. Til þess að tryggja öryggi í flugrekstri og að flugmenn kynnist staðháttum við flugvöllinn mundu herflugvélar stöku sinnum og í takmörkuðum mæli æfa þar aðflug og lendingu."

Frá erindi þessa bréfs hef ég að sjálfsögðu skýrt samstarfsaðilum mínum í ríkisstjórn, kynnt það á ríkisstjórnarfundi og lagði þá jafnframt fram minnisblað um málið sem ég tel nauðsynlegt að gefnu tilefni þessarar fyrirspurnar að flytja hér úr ræðustól á Alþingi. Það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Í framhaldi af viðræðum sem ég hef átt við yfirflotaforingja Atlantshafsbandalagsins og aðalframkvæmdastjóra þess, Manfred Wörner, um óskir bandalagsins um að forkönnun fari fram á Íslandi um hugsanlega byggingu varaflugvallar sem þjónað geti jafnt öllu alþjóðlegu flugi á íslenska flugumsjónarsvæðinu hef ég nú fengið formlega staðfestingu á þeim upplýsingum um eðli slíks varaflugvallar sem ég hef á grundvelli greindra samtala minna áður skýrt frá.

Í hjálögðu bréfi Manfreds Wörners, aðalframkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins, dags. 10. þ.m. er staðfest að varaflugvöllur, byggður á kostnað mannvirkjasjóðs bandalagsins, mundi ekki gegna neinu hernaðarhlutverki á friðartímum. Yfirstjórn og rekstur yrði alfarið í höndum íslenskra starfsmanna og „þannig yrði í öllu tilliti litið á þennan flugvöll sem borgaralegan flugvöll", eins og segir orðrétt í bréfinu. Við slíkan flugvöll yrðu aldrei staðsettir neinir hermenn. Þar yrðu engin þau tæki, vopn, vopnabúnaður eða annað sem einkennir hernaðarflugvelli sérstaklega, hvorki til varna né árása. Þýðing slíks flugvallar fyrir varnarliðið og þar með réttlæting fyrir fjárframlögum úr mannvirkjasjóði Atlantshafs-

bandalagsins er fyrst og fremst flugöryggismál, þ.e. að tryggja að flugvélar varnarliðsins geti við slæm veðurskilyrði eða í neyðartilvikum treyst á lendingu á flugvelli sem ekki er á sama veðursvæði og Keflavíkurflugvöllur. Þessir öryggishagsmunir eru að sjálfsögðu þeir sömu hvort sem um borgaralegt flug eða herflug er að ræða. Afnot varnarliðs af flugvellinum yrðu ekki önnur en æfingalendingar flugmanna.

Nokkur umræða hefur verið um að reglur mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins útiloki greiðslu kostnaðar við flugvöll sem ekki eigi að gegna samfelldu hernaðarhlutverki. Rétt er að almennar reglur sjóðsins miðast við kostnað við framkvæmdir sem þjóna sameiginlegum varnarbúnaði. Hins vegar er í samþykktum mannvirkjasjóðsins gert ráð fyrir að víkja megi frá þessum almennu reglum, sbr. gr. 1.3.9 í hinum almennu starfsreglum mannvirkjasjóðs bandalagsins. Það hefur verið gert í þessu tilviki og fyrir liggur samþykkt réttra aðila á þeim skilyrðum sem Atlatnshafsbandalagið muni setja fyrir greiðslu kostnaðar við gerð varaflugvallar ef reistur yrði hér á landi eins og aðalframkvæmdastjóri bandalagsins hefur nú skriflega staðfest. Skilyrðin eru þessi:

1. Að flugbraut verði 3000 metra löng hið minnsta og samhliða akstursbraut.

2. Að flughlöð verði nægilega rúm til að leggja megi flugvélum og að aðstaða verði til viðgerða, þ.e. flugskýli.

3. Að eldsneytisgeymsla verði til staðar með mögulegri tengingu við olíuhöfn og skýli fyrir tankbifreiðar.

4. Að á flugvellinum verði fullkominn flugturn, fullkomin flugleiðsögutæki, fullkomin slökkvistöð, bygging fyrir þjónustu við áhafnir og farþega og aðstaða til veðurþjónustu. Mannvirkjasjóður Atlantshafsbandslagsins hefur á þessu stigi aðeins samþykkt fjárveitingu til forkönnunar, „feasibility study" á mögulegri staðsetningu og gerð varaflugvallar. Leitað hefur verið samþykkis íslenskra og danskra stjórnvalda og heimastjórnarinnar á Grænlandi fyrir könnun mögulegrar staðsetningar á Grænlandi og á Íslandi. Samþykkt grænlenskra og danskra stjórnvalda liggur nú fyrir og hefst forkönnun í Grænlandi í lok þessa mánaðar samkvæmt upplýsingum frá danska utanríkisráðuneytinu.

Engin nákvæm kostnaðaráætlun liggur fyrir um byggingu varaflugvallar. Það er ekki fyrr en að forkönnun lokinni að forsendur kostnaðaráætlunar liggja fyrir. Hæstu tölur sem nefndar hafa verið, og þá sem alger ágiskun miðað við að byrjað verði að brjóta nýtt land á Grænlandi eða Íslandi og byggja frá grunni nýjan fullkominn flugvöll með öllum nauðsynlegum búnaði, sbr. ofangreind skilyrði, eru allt að 200 millj. bandaríkjadala eða um það bil 10 milljarðar íslenskra króna. Ég tek það skýrt fram að hér er ekki verið að vitna í neina kostnaðaráætlun, hún hefur ekki verið framkvæmd. Það er verið að óska eftir því að fá heimild til að framkvæma hana. Þetta eru hreinar ágiskunartölur.

Hins vegar sýnist samanburður annars vegar á þessum kostnaði við byggingu á fullkomnum varaflugvelli af þessu tagi og hins vegar lengingu nokkurra flugbrauta hér innan lands vera óraunhæfur. Nauðsynlegt er að horfa til framtíðar þegar rætt er um varaflugvöll og varhugavert að líta einungis til lágmarksþarfa þeirra farþegaflugvéla sem íslensk flugfélög nota á allra næstu árum. Einnig verður að hafa í huga framtíðarþarfir fyrir vöruflutninga með flugi. Þróun slíkra flutninga er nú þegar hafin þar sem stærstu gerðir breiðþota eru nú notaðar til reglulegra vöruflutninga beint frá Keflavíkurflugvelli. Varaflugvöllur þarf að geta fullnægt framtíðarþörfum íslensks útflutnings á ferskum sjávarafurðum og er þar nærtækt að líta á þarfir nýrrar útflutningsgreinar sem fiskeldi er. Minna má á að okkur Íslendingum hefur verið treyst fyrir flugumferðarstjórn á stórum hluta Norður-Atlantshafsins. Varaflugvöllur af fullri stærð mundi stórauka flugöryggi á því svæði. Einnig er nauðsynlegt að landrýmið við varaflugvöll sé nægilega rúmt til að eðlileg þróun og aukning athafnasvæðis sé fyrir hendi til framtíðar. Ljóst er að fullkominn flugvöllur sem þjónað getur millilandaflugi, bæði farþega- og vöruflutningaflugi, getur gerbreytt efnahagsþróun heils landsfjórðungs og orðið hvati að nýskipan atvinnumála.

Ég hef kynnt mér ítarlega greinargerð Flugmálastjórnar, dags. í jan. sl., en þar eru starfshópnum, sem að henni vann, settar ákveðnar gefnar forsendur um starfið, þ.e. ekki var gert ráð fyrir því að varaflugvöllurinn leysti þær þarfir sem hið alþjóðlega flug á okkar flugumsjónarsvæði gerir kröfur um. Miðað við greinargerðina er t.d. ljóst að fullhlaðnar breiðþotur í langflugi gætu ekki notað neinn af þeim flugvöllum sem gert er ráð fyrir að yrðu endurbættir. Með tilliti til þess að skilyrði til fiskeldis eru óvíða betri en á Norðausturlandi er hins vegar verulega óskynsamlegt að útiloka þann möguleika. Augljóst er að niðurstöður ítarlegrar úttektar á mögulegri staðsetningu fullkomins alþjóðlegs flugvallar eru íslenskum stjórnvöldum mikils virði án tillits til þess hvort bygging slíks flugvallar yrði leyfð. Því þarf ríkisstjórnin að taka leyfisveitingu til slíkrar könnunar til málefnalegrar umfjöllunar og ákvörðunar."

Virðulegi forseti. Í framhaldi af þessari greinargerð sem kynnt var á ríkisstjórnarfundi er síðan rétt að láta þess getið að efnt var til sérstaks blaðamannafundar þar sem helstu staðreyndir málsins voru reifaðar og gefin var út fréttatilkynning um þetta mál þar sem öll þau efnisatriði, sem ég nú þegar hef flutt, komu fram, þar á meðal um þau skilyrði fyrir hugsanlegri ákvörðun sem rétt kjörin yfirvöld Atlantshafsbandalagsins hafa undirgengist á þessu stigi málsins.

Virðulegi forseti. Það er rétt að taka það fram að einnig hefur verið dreift niðurstöðum af athugun á öðrum atriðum sem þetta mál varðar og ástæða er til þess að vekja athygli hv. alþingismanna á. Það eru fyrst og fremst spurningar um eignarhald, forræði og rekstur. Það er ljóst með samanburði við reynslu Norðmanna þar sem verulegar framkvæmdir hafa átt sér stað og fjármagnaðar að mestu leyti af mann-

virkjasjóðnum að Atlantshafsbandalagið gerir ekki tilkall til eignarhalds á landi þar sem slík mannvirki eru reist, enda er það yfirlýst afstaða norskra stjórnvalda að þau mannvirki sem þar hafa verið reist fyrir tugi milljarða kr. á undanförnum árum, allt frá árinu 1950, eru eign norska ríkisins. Jafnframt liggja fyrir staðfestingar um forræði og mönnun af hálfu íslenskra aðila og stjórn íslenskra aðila. Spurningin um rekstur slíks mannvirkis er þá spurning um samninga af hálfu viðkomandi lands og mannvirkjasjóðsins um með hvaða hætti því yrði fyrir komið. Það er þá fyrst og fremst spurning um hvaða kröfur við viljum gera og í samráði við þær þjóðir sem eiga mest undir öryggi á okkar flugumsjónarsvæði til flugöryggis og að því er varðar rekstur mannvirkisins.

Það er kannski rétt að láta þess getið að það sjónarmið hefur komið fram af hálfu sérfróðra manna að þeim kröfum sem gerðar eru af hálfu íslensku flugfélaganna að því er varðar flugöryggi, svo sem eins og varðandi brautarlengd og þjónustu á slíkum varaflugvelli, hefur verið mjög í hóf stillt. Það er opinbert leyndarmál að ætlast er til þess að kostnaður við mannvirkið standi raunverulega undir þeim gjöldum sem lögð eru á þjónustuna, þ.e. á notendur þjónustunnar og þar á meðal íslensku flugfélögin. Það hefur því verið farið mjög hóflega í sakirnar af þeirra hálfu að því er varðar slíka kröfugerð þótt auðvitað komi það fram af viðtölum við tæknimenn þeirra að þeim mun lengri brautarlending og þeim mun fullkomnari þjónusta, þótt dýr sé, sé auðvitað æskileg.

Þá er þess að geta varðandi rými á flugvöllum til þess að geyma flugflota að það er einkenni varaflugvallar og sérstaklega með niðurstöðum af könnunum að því er varðar veðurfar og lokun Keflavíkurflugvallar, þótt Keflavíkurflugvöllur lokist raunverulega ekki oftar en sem svarar 5% þess tíma sem hann er starfræktur, að mjög algengt er að allur flugflotinn, ekki bara sá íslenski heldur reyndar ýmsar aðrar flugvélar sem um svæðið fara, þurfi að leita varaflugvallar einmitt á sama tíma, enda er það nú kunnugt að íslenski flugflotinn leitar mjög til Keflavíkurflugvallar á sömu tímum sólarhrings. Af þeim sökum er ástæða til að minna á að á getu varaflugvallar til þess að hýsa allan flugvélakostinn sem á þessari þjónustu þarf að halda getur reynt á sama tíma.

Virðulegi forseti. Ég held að ég hafi með því sem ég þegar hef sagt komið á framfæri við hv. alþingismenn því sem mestu máli skiptir að því er varðar stöðu þessa máls. Ég legg á það höfuðáherslu að það liggur ekki fyrir ríkisstjórn Íslands að taka ákvörðun um það hvort heimila skuli þessa framkvæmd. Sú spurning sem við þurfum að svara og til okkar hefur verið beint er einfaldlega þessi: Munum við fallast á það, eins og t.d. ríkisstjórn Danmerkur hefur þegar gert og heimastjórnin grænlenska, að heimila að þessi forkönnun fari fram sem lýtur að kostnaðaráætlun og staðarvali? Það er ekki fyrr en slík forkönnun hefur farið fram og niðurstöður liggja fyrir sem íslensk stjórnvöld standa frammi fyrir þeirri spurningu hvort þau geti fallist á að framkvæmdirnar fari fram samkvæmt þeim skilmálum og þeim samningum sem við kynnum að gera við mannvirkjasjóð Atlantshafsbandalagsins.

Virðulegi forseti. Ég dreg ekki dul á það að þeir skilmálar sem nú hafa verið birtir af hálfu Atlantshafsbandalagsins, og þar með mannvirkjasjóðsins, um nýtingu þessa mannvirkis á friðartímum taka í mínum huga öll tvímæli af um að hér er um að ræða nauðsynlegt öryggis- og samgöngutæki sem ekki er í þágu varna landsins eða hernaðarstarfsemi á Íslandi á friðartímum. Ef ég er hins vegar spurður hvað gerist á hernaðartímum er ýmislegt um það að segja, fyrir nú utan það að guð forði oss frá því að til þess komi. Í fyrsta lagi má við því búast að ef til slíkra tíðinda dregur þá gerist það í einhverjum áföngum, stigmögnunaráföngum. En ef lýst er yfir slíku hættuástandi gerist það því aðeins, að því er varðar Atlantshafsbandalagið, með samþykki í Atlantshafsráðinu af hálfu allra aðildarríkja þannig að það verður engu neyðar-, hættu- eða stríðsástandi lýst yfir af hálfu Atlantshafsbandalagsins nema um það séu allar aðildarþjóðirnar sammála hvað svo sem öðru líður.

Því næst er sjálfsagt að geta þess í annan stað að ef af slíkum hlutum verður þá liggja fyrir samningar milli íslenskra stjórnvalda annars vegar og svo hins vegar varnaraðila landsins um það með hvaða hætti við kynnum að láta í té ýmis mannvirki í þágu varnarráðstafana. T.d. hefur þannig verið vitnað til samkomulags sem áformað er að gera en hefur að vísu enn ekki verið staðfest að því er varðar Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Ég geri ráð fyrir því að ef af byggingu slíks mannvirkis yrði, sem ég hef hér lýst, þá yrðu gerðir samningar sem kveða nákvæmlega á um við hvaða skilyrði slíkt mannvirki yrði látið í té ef til átaka kæmi. Þá er jafnframt þess að geta að í stríði eru menn nú ekki alltaf spurðir og færi þá eftir aðstæðum hvað um yrði. Ég vek aðeins athygli á því að ef ég er spurður hvað sé hernaðarmannvirki á stríðstímum gæti það allt eins átt við höfnina í Þorlákshöfn, þotur Flugleiða, flugvelli víðast hvar á landinu, flest hafnarmannvirki og reyndar hvaða annað mannvirki í byggingu eða fjarskiptatæki sem um væri að ræða. Allt eru þetta hernaðarmannvirki í þeim skilningi að ekki er hægt að útiloka að aðili sem kæmi óboðinn í hernaðarhugleiðingum inn í landið tæki slík mannvirki til hernaðarþarfa.

Virðulegi forseti. Þá sný ég mér að því að svara með formlegum hætti fyrirspurnum hv. þm. sem hann beindi til mín, en þær spurningar voru fjórar.

Í fyrsta lagi var spurt um forræði ráðherra að því er varðar málsmeðferðina. Svar mitt er þetta: Það er óumdeilt að utanrrh. fer með málefni sem snerta Atlantshafsbandalagið og stofnanir þess, þar með talinn mannvirkjasjóð. Því var eðlilegt að talsmenn Atlantshafsbandalagsins, bæði aðalframkvæmdastjóri þess og flotamálayfirvöld, ræddu ósk um heimild til forkönnunar við utanrrh. Slíkar viðræður hef ég, eins og áður sagði, átt við þessa aðila og reyndar forverar mínir þar á undan. Þá er þess að geta að því

er varðar þessa spurningu um forræði að í okt. sl. þrábað samstarfsmaður minn, hæstv. samgrh., samgrn. að fjalla frekar um úrvinnslu varaflugvallarmáls í samvinnu við Atlantshafsbandalagið eða bandaríska varnarliðið. Þar með brast grundvöll að sinni fyrir eðlilegri samvinnu milli okkar ráðuneyta til að fjalla um málið sem æskilegast hefði þó verið að héldi áfram að mínu mati. Það breytir ekki þeirri staðreynd að mér ber sem utanrrh. að fjalla um, vega og meta hverjar skyldur okkar Íslendinga eru í samstarfi okkar við bandalagsþjóðir okkar í Atlantshafsbandalaginu og standa í málsvari gagnvart bandalaginu. Ég tel ekki aðeins að mér sé heimilt að taka afstöðu til óska bandalagsins um að framkvæma forkönnun á hugsanlegum möguleikum á staðsetningu varaflugvallar hér á landi um leið og sama könnun fer fram á öðrum stöðum, þ.e. Grænlandi eða Færeyjum hugsanlega. Mér er skylt að taka afstöðu til þessa máls og tilkynna Atlantshafsbandalaginu svar mitt. Ég mun að sjálfsögðu kynna málið áfram og ræða það málefnalega og rækilega innan ríkisstjórnar við samstarfsaðila svo sem eðlileg vinnubrögð bjóða í stjórnarsamstarfi. En forræði málsins er í mínum höndum að því er þetta varðar, á því tel ég engan vafa leika. Hitt væri svo annað mál ef þetta mannvirki væri risið, þá teldi ég samkvæmt þeim skilmálum sem hér liggja fyrir að stjórn þess væri á forræði samgrh. því að þetta mannvirki mundi ekki rísa á formlega yfirlýstu varnarsvæði.

Í annan stað er ég spurður: Telst forkönnun af þessu tagi sem fram á er farið meiri háttar hernaðarframkvæmd? Svar mitt við því er ósköp einfaldlega nei. Forkönnun sú sem óskað hefur verið að fá að framkvæma hér á landi er minni háttar framkvæmd hvernig sem á hana er litið. Að hluta til mun hún byggjast á upplýsingum sem þegar eru aðgengilegar og liggja fyrir í skýrslum sem unnar hafa verið á vegum íslenskra flugmálayfirvalda. Ég ítreka því hér enn að spurningin sem fyrir liggur er ekki um heimild til byggingar flugvallar, sem reyndar verður algerlega borgaralegur flugvöllur á friðartímum. Spurningin er aðeins um hvort leyfa eigi forkönnun og þessi forkönnun er engan veginn meiri háttar hernaðarframkvæmd.

Þriðja spurningin sem til mín var beint var efnislega á þá leið hvort utanrrh. hyggist leyfa þessa könnun og þá hvenær. Svarið við því er að ég mun kynna málið rækilega í ríkisstjórn og utan hennar. Að því loknu mun ég taka um það ákvörðun, en það liggur ekki á að taka þessa ákvörðun því við höfum til þess allgóðan tíma. En ef ég að lokinni mjög rækilegri umræðu um málið hef ekki sannfærst um hið gagnstæða hyggst ég heimila að könnunin fari fram.

Þá er loks fjórða spurningin: Ef af framkvæmdum yrði væri þá um meiri háttar hernaðarframkvæmd að ræða? Það var svona kjarni spurningarinnar. Svarið er það að ég hef birt opinberlega bréf aðalframkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins þar sem formlega er staðfest það sem ég hafði áður skýrt frá í framhaldi af viðræðum mínum við aðalframkvæmdastjórann og yfirflotastjórnina að varaflugvöllur, þótt byggður yrði á kostnað mannvirkjasjóðs bandalagsins, mundi ekki gegna neinu hernaðarhlutverki eða hafa neinn búnað til þess að gegna slíku hlutverki á friðartímum. Því er það svo að ef þessi framkvæmd yrði leyfð væri hún ekki meiri háttar hernaðarmannvirki að mínu mati. Völlurinn mundi ekki gegna öðru hlutverki en að auka flugöryggi fyrir alla alþjóðlega flugumferð sem nú fer fram á Keflavíkurflugvelli og líkur eru á að fari þar um í framtíðinni á íslenska flugumsjónarsvæðinu.

Ef hins vegar er spurt hvort unnt sé að gera slíkan samning með tilliti til ákvæða stjórnarsáttmálans, þá hefur nú nóg komið fram í mínu svari til þess að ráða í mitt svar við því. En ég vil taka það skýrt fram að algerlega ótímabært er að svara þeirri spurningu hér og nú á þessari stundu vegna þess að málið er einfaldlega ekki lengra komið en svo að það liggja ekki fyrir nein tilmæli um framkvæmdir. Það er alls ekki fyrr en að forkönnun hefur farið fram, bæði á Grænlandi og á Íslandi og hugsanlega Færeyjum, að þess er að vænta að Atlantshafsbandalagið móti niðurstöður um staðarval. Það má vel vera að til þess komi ekki að við verðum spurðir og þess vegna óþarfi með öllu að flækja málið eða gera það erfiðara með því að svara slíkum spurningum fyrir fram.

Loks, virðulegi forseti, vil ég aðeins víkja að einu litlu máli. Það hefur komið fram í fjölmiðlum gagnrýni á utanrrn. um ónákvæmni í þýðingu texta. Nú skal það tekið fram að texti úr bréfi framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins var að sjálfsögðu birtur á því máli sem það var skrifað á svo að sjálfsögðu var ekki því til að dreifa af okkar hálfu að dreifa villandi upplýsingum. Hins vegar geta verið slík álitamál. Álitamálið var það að orðalagið „no military capability" var þýtt sem: gegna á engan hátt hernaðarhlutverki á friðartímum. Af þessu tilefni vil ég aðeins láta þess getið að hér þarf ekki að deila um keisarans skegg. Á íslensku fer betur að tala um hernaðarlegt hlutverk en hernaðargetu flugvallar. Fordæmi eru þó fyrir því að orðið geta sé notað um mannvirki, sbr. afkastageta eða burðargeta en það hljómar ankannalega í mínum eyrum að flugvöllur hafi getu til hernaðar. Ég tel því að þetta hugtak sé rétt þýtt sem hernaðarhlutverk og fari betur í íslensku máli og eigi ekki að villa um fyrir neinum hver merkingin er. Ef menn vilja fara út í orðsifjafræði má benda á að enska orðið „capability" er dregið af latneskri sögn, „capere", sem þýðir bókstaflega „að taka". Í ensku þýðir því capability upphaflega hæfileikann til að rúma eitthvað eða taka við einhverju. I þessum skilningi þýðir capability því nánast sama og hlutverk.

Virðulegi forseti. Ég vona að þessi svör séu fullnægjandi að því er varðar spurningar hv. þm.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Með örfáum orðum vil ég koma inn í þessa umræðu á þessu stigi og fyrst og fremst fjalla um stjórnarsáttmálann og þau ákvæði sem þar eru um hernaðarmannvirki.

Eins og hér hefur komið fram er um það samkomu-

lag á milli stjórnarflokkanna, eins og segir í stjórnarsáttmála, að ekki skuli ráðist í ný meiri háttar hernaðarmannvirki og er þar vísað til þess að ekki skuli ákveðin mannvirki umfram þau sem ákveðin voru áður en þessi ríkisstjórn tók við í september sl. Í meiri háttar hernaðarmannvirki verður því ekki ráðist nema allir þeir sem að ríkisstjórninni standa séu sammála um að það skuli gert þrátt fyrir ákvæði þessa sáttmála eða allir sem að ríkisstjórninni standa eru sammála um að umrætt mannvirki sé ekki meiri háttar hernaðarmannvirki. Svo er ekki nú. Um það eru skiptar skoðanir innan ríkisstjórnarinnar og það eitt út af fyrir sig kemur í veg fyrir að í þetta mannvirki verði ráðist nema þessi skoðun breytist við nánari umfjöllun.

Ég lít svo á að bréf frá aðalframkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins sé sannarlega mjög mikilvægt í þessu máli, en það lætur þó að margra mati ýmsum spurningum ósvarað. Í þessu bréfi er m.a. sagt að þetta mannvirki geti ekki talist hernaðarmannvirki á friðartímum. Við hvað er átt með friðartímum og ófriðartímum? Í varnarsáttmálanum frá 1949 segir að hér á landi skuli ekki vera erlendur her á friðartímum. Árið 1951 þegar Kóreustyrjöldin var var hún talin næg ástæða til þess að hingað kom erlendur her sem hefur setið síðan. Því er ekki óeðlilegt að menn spyrji og vilji fá nánari skilgreiningu á þessu: Hvað eru friðartímar og hvað eru ófriðartímar?

Það er rétt sem hæstv. utanrrh. sagði hér áðan, að það mun vera ákvörðun ráðherranefndar Atlantshafsbandalagsins hvort um er að ræða friðartíma eða ófriðartíma. Þetta er engu að síður atriði sem þeir sem vilja ekki ráðast í meiri háttar hernaðarmannvirki vilja skiljanlega fá nánar skilgreint og vísa ég enn til þeirrar reynslu sem við höfum haft af slíku.

Hitt er svo nokkuð annað mál hvort hæstv. utanrrh. getur leyft þá forkönnun sem hér er um að ræða. Ég lýsi þeirri skoðun minni að það geti hæstv. utanrrh. leyft ef um engar framkvæmdir er að ræða í þessu sambandi. Hitt er svo annað mál að eðlilegt virðist að mannvirkjasjóður Atlantshafsbandalagsins vilji þá um leið fá ákveðið hvort í framkvæmdina megi ráðast ef niðurstaðan verður sú að rétt sé að byggja slíkt mannvirki hér á landi. Ég á bágt með að trúa því að mannvirkjasjóðurinn krefjist þess ekki að hafa nokkra fullvissu fyrir því áður en í kostnaðarsamar framkvæmdir er ráðist.

Hér hefur stefnuna í flugmálum sem hæstv. samgrh. hefur lagt fram einnig borið á góma. Hæstv. samgrh. gerir ráð fyrir lengingu þriggja flugbrauta á Norðurlandi, í 2400 til 2700 metra. Ég tek það fram, eins og hefur reyndar einnig komið fram hjá hæstv. utanrrh., að íslensku flugfélögin hafa staðfest að þessar brautarlengdir séu fullnægjandi fyrir þær vélar sem Flugleiðir hyggjast vera með á næstu árum. Þetta er vitanlega afar mikilvægt og skapar mjög, ef ég má orða það svo, fjölbreytt öryggi fyrir hinar íslensku flugvélar og skapar vitanlega ýmsa möguleika á þeim landsvæðum þar sem slíkar brautir eru gerðar. Hinu finnst mér þó að verði ekki neitað að það er annmarki á þessari hugmynd að engin þessara brauta yrði 3000 metrar eða lengri því að um svæðið fara flugvélar sem þurfa á lengri flugbraut að halda. Ég vek athygli á því að nú lenda reglulega í Keflavík flugvélar sem flytja vörur til Japans sem þurfa á lengri braut að halda. Því tel ég afar mikilvægt að í þessu sambandi, í tengslum við þá stefnu sem hæstv. samgrh. fjallar um og mun verða rædd vandlega í ríkisstjórninni á næstunni, verði einnig kannað hvort ekki má byggja hér flugbraut sem nær þessari lágmarkslengd. Ég tel að hárrétt sé, sem kom fram hjá hæstv. utanrrh., að það er mjög mikilvægt út af fyrir sig í þessu máli. Og mér finnst eðlilegt að íslensk flugmálayfirstjórn kanni það mál og gerði satt að segja ráð fyrir að það hefði verið með í þessari umræðu því að íslensk flugmálayfirstjórn fjallar vitanlega um allt það svæði og allar þær vélar sem hér fara um. Stjórn þessa svæðis er hjá íslenskum flugmálayfirvöldum.

Ég skal, virðulegi forseti, ekki lengja þessa umræðu umfram þetta. Ég vildi fyrst og fremst leggja áherslu á þetta ákvæði í stjórnarsáttmálanum. Því verður ekki breytt nema allir sem að ríkisstjórninni standa séu sammála um það og mannvirki verður ekki reist hér nema allir sem að ríkisstjórninni standa séu sammála um að ekki sé um meiri háttar hernaðarmannvirki að ræða. Um það er ekki samstaða innan ríkisstjórnarinnar a.m.k. enn.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon): Virðulegi forseti. Sú stefnumörkun í flugmálum sem hér var nefnd af hæstv. forsrh. og unnið er að verðskuldar það held ég að gerð sé stuttlega grein fyrir henni hér við þessar umræður og ætla ég að halda mig aðallega við það í mínu máli að gera grein fyrir því hvernig unnið er að þessum málum í því ráðuneyti sem samkvæmt mínum skilningi fer með samgöngumál á Íslandi. Geri ég það samkvæmt lögunum um Stjórnarráð Íslands, almennum réttarvenjum og stjórnskipunarvenjum í landinu.

Ég vil þó fyrst hafa nokkur almenn orð sem lúta að þeim efnisþáttum sem hér hafa sérstaklega verið nefndir af hæstv. utanrrh., einkum, og snúa að öryggi í flugmálum okkar Íslendinga og öryggi fyrir flug hér á hinu íslenska flugstjórnarsvæði. Ég held að það sé mjög mikilvægt að við höldum ekki áfram í þessari umræðu þannig að menn velkist eitthvað í vafa um það hvort öryggi sé fyrir borð borið í flugmálum eins og þeim er háttað á Íslandi í dag, bæði hjá hinum íslensku flugfélögum og vegna flugs um hið íslenska flugstjórnarsvæði. Eru menn á þeirri skoðun, eru einhverjir hér inni sem trúa því að íslensku flugfélögin og erlend flugfélög sem fljúga hér yfir hið íslenska loftrými beri öryggi farþega sinna fyrir borð þannig að það brjóti í bága við þær reglur sem aðilar eins og Alþjóðaflugmálastjórnin setja? Sé svo skal ég gleðja þá hina sömu með því að segja: Svarið er nei. Ég fullyrði og tel mig hafa fyrir því alveg fullnægjandi rök: Öryggi farþega er ekki borið fyrir borð, hvorki hjá íslenskum flugfélögum né öðrum. Hvorki íslenskar né alþjóðlegar reglur eru brotnar í þessum efnum.

Fyrir það fyrsta er það svo varðandi varaflugvelli og

hlutverk þeirra að fyrir allt almennt flug yfir hið íslenska flugstjórnarsvæði er Keflavíkurflugvöllur varaflugvöllur og reyndar Reykjavíkurflugvöllur og Akureyrarflugvöllur gjarnan skráðir til viðbótar hjá mörgum erlendum flugfélögum. Það hefur aldrei í allri sögu umræðunnar um varaflugvöll á Íslandi komið fram ósk um annan flugvöll til vara á hinu íslenska flugstjórnarsvæði. Þetta atriði er sérstaklega undirstrikað í skýrslu Flugmálastjórnar og flugráðs og þar segir ef ég má vitna í þá skýrslu sem hefur verið unnin og dreift. Ég veit ekki betur, virðulegi forseti, en að henni hafi verið dreift til hv. þm. Sé svo ekki er hún a.m.k. á leiðinni. (**Gripið fram í:** Hún er komin.) Hún er komin. Hér er það upplýst og því fagna ég og þá hafa menn þetta fyrir sér. Ég vil biðja menn að fletta þar upp á bls. 7, staflið 5. Þar segir:

„Varaflugvöllur þjóni alþjóðlegu flugi um loftrými Íslands." Hér er átt við hvort þörf er á flugvelli hérlendis vegna flugs um okkar flugstjórnarrými auk Keflavíkurflugvallar og er þá einkum haft í huga flug tveggja hreyfla þotna. Samkvæmt heimildum Flugmálastjórnar er ekki þörf á varaflugvelli fyrir Keflavíkurflugvöll í þessu skyni. Frá öryggissjónarmiði má þó segja að það væri til hagsbóta, sbr. það sem áður segir um að 2700 metra flugbraut mundi vera fullnægjandi." M.ö.o., sérfræðingar Flugmálastjórnar sem semja þessa skýrslu segja: Engar upplýsingar liggja fyrir um það. Aldrei hefur komið erlendis frá ein einasta ósk um að byggður yrði varavaraflugvöllur á Íslandi, aldrei. Þetta vona ég að sé rækilega skýrt.

Ég get þessu til frekari stuðnings vitnað í bréf flugráðs með skýrslu flugráðs frá sl. vori sem mun hafa komið út í apríl 1988. Þar segir enn fremur um þetta mál á bls. 2 í því bréfi sem er fskj. II með skýrslunni sem þið hafið nú fengið, með leyfi forseta:

„Ekki er kunnugt um að fyrir liggi neinar beiðnir um gerð varaflugvallar sem þjónað gæti öllum hugsanlegum flugvélagerðum sem leið eiga um hið íslenska flugstjórnarsvæði." Sama niðurstaða, staðfest sem sagt í tvennum mismunandi gögnum af sérfræðingum Flugmálastjórnar og undirritað af Flugráði Íslands. Ég vona því að það sé alveg skýrt að Keflavíkurflugvöllur fullnægir að öllu leyti, samkvæmt öllum alþjóðlegum kröfum varaflugvallarhlutverkinu fyrir hið íslenska flugstjórnarsvæði, enda er það svo, eins og menn vita, að víða um heiminn liggja flugleiðir flugvéla miklu, miklu lengra frá flugvöllum en gerist hér við norðanvert Atlantshafið. Þar má sem dæmi taka ýmsar flugleiðir yfir Kyrrahaf þar sem stórar þotur verða að leggja leið sína í margra klukkustunda fjarlægð frá næstu flugvöllum. Þetta hefur ræðumaður sjálfur upplifað á flugi, til að mynda yfir Kyrrahafið þvers og kruss. Þar eru að vísu, vel að merkja, notaðar stærri vélar, margra hreyfla flugvélar, og ég hygg að flugi tveggja hreyfla þotna yrðu sett og séu sett þar meiri takmörk en þörf er á hér.

Það er annað í þessu sambandi sem ég vil þá nefna í beinu framhaldi og það er þetta með flug tveggja hreyfla flugvéla. Það er rétt. Mörg flugfélög, einkum og sér í lagi, setja sjálf sínum flugmönnum ákveðnar reglur um flug á tveggja hreyfla flugvélum. Það eru fremur takmarkanir af því tagi sem um er að ræða en að alþjóðlegar reglur eða tilmæli Alþjóðaflugmálastofnunarinnar setji svo miklar kvaðir á flug af þessu tagi. Það er þó ljóst að vaxandi notkun tveggja hreyfla flugvéla gerir það æskilegt að fleiri flugvellir á Íslandi en þeir sem nú geta þjónað sem varaflugvellir fyrir slíka, þ.e. Keflavíkurflugvöllur, Reykjavíkurflugvöllur og Akureyrarflugvöllur, verði fyrir hendi. Og mjög æskilegt væri, það er niðurstaða Flugmálastjórnar, að sem fyrst kæmist í gagnið á Íslandi flugvöllur sem byði upp á að nýta að fullu afkastagetu slíkra flugvéla.

Upplýsingar Flugleiða og tæknilegar upplýsingar flugvélaframleiðenda lúta að því að flugbrautarlengd á bilinu 2000–2400 metrar sé í því sambandi fullnægjandi. Æskilegast, til þess að hafa nú vaðið vel fyrir neðan sig, væri þó að hún væri um 2700 metrar, þannig að með þeirri niðurstöðu að utan suðvesturhorns landsins yrði einn flugvöllur lengdur í um 2700 metra og fullnægði að öllu öðru leyti lögum um varaflugvöll væri eins vel séð og í raun og veru nokkur ástæða er að gera kröfur um fyrir varaflugvallar- og vara-varaflugvallarhlutverkum hér á Íslandi. Það eina sem þá er eftir og rétt er að taka þá í beinu framhaldi er að einstöku tegundir flugvéla gætu ekki nýtt sér, þ.e. hafið sig á loft fullhlaðnar bæði af fragt og eldsneyti, þá flugbraut. Dæmi: Nokkrar týpur af Boeing-747 og DC-10 breiðþotum og Concorde-þota. Concorde-þota gæti ekki hafið sig á loft frá Egilsstaðaflugvelli, 2700 metra löngum, fullhlaðin bæði farþegum og eldsneyti. Ef menn hafa af því miklar áhyggjur að það muni verða mönnum fótakefli í stórum stíl að flugvélar af þessu tagi gætu þurft að fara á loft með minna eldsneyti og koma við á öðrum flugvelli til að fylla á tankana er sjálfsagt að ræða það. Ef menn hafa af því miklar áhyggjur að Austfirðingar geti ekki á allra næstu árum, ef þessi verður niðurstaðan, leigt sér Concorde-þotu til sólarlandaflugs t.d. skulum við ræða það. En við skulum ræða það undir réttum formerkjum. Við skulum ekki blanda öryggishagsmunum í flugi inn í þau mál og ég bið menn að gæta orða sinna í því sambandi þannig að sá misskilningur verði ekki uppi í umræðunni að öryggi í flugi, hvorki hinna íslensku flugfélaga né alþjóðlegs flugs á okkar flugstjórnarsvæði, sé fyrir borð borið. Það er það ekki og það er ekki ætlunin að það verði það. Um það veit ég að við getum orðið sammála.

Varðandi skýrslu flugráðs frá því í apríl í fyrra vil ég leiðrétta misskilning sem mér fannst koma fram í máli hv. málshefjanda, reyndar þáv. hæstv. samgrh., um að sú skýrsla hefði verið birt og send þingmönnum. Það var hún ekki fyrr en ræðumaður sem hér stendur kom í samgrn. og gaf um það heimild að skýrslunni, sem hafði verið haldið leyndri þangað til, mætti dreifa til fjölmiðla og annarra aðila sem áhuga hefðu á. (**MÁM:** Flugráð sjálft birti skýrsluna og hélt blaðamannafund.) Hér hafa mál eitthvað skolast til

því að fyrstu vikur í tíð minni í ráðuneytinu gekk á með hringingum um það hvort unnt væri að fá þetta leyndarplagg þangað til ég þreyttist svo að ég gaf um það sérstaka tilskipun að fréttamenn mættu fá þessa skýrslu. En við skulum þá snúa okkur meira að dagskrárefninu.

Eitt af mínum fyrstu verkum í samgrn. var að hefja vinnu að stefnumörkun í flugmálum á grundvelli stjórnarsáttmálans. Ég hef talið og tel mér skylt að vinna í þessu efni eins og öðrum á grundvelli stjórnarsáttmálans. Ég leysti því upp viðræðunefnd við hernaðarbandalagið NATO, þar sem ég taldi það augljóslega ekki samrýmast ákvæðum stjórnarsáttmálans, um að hér yrðu ekki byggð í tíð ríkisstjórnarinnar ný hernaðarmannvirki, að halda áfram viðræðum um þetta mannvirki við þá aðila og sneri mér að því sem þá var nærtækast og reyndar mjög brýnt að leysa þessi mál á okkar forsendum, með sama hætti og við leysum önnur mál í okkar samgöngukerfi, byggjum brýr, leggjum vegi, hafnir o.s.frv. Sem sagt að láta marka um það stefnu, gera á því úttekt hvernig við Íslendingar gætum best leyst þessi mál. Og ég lagði á það áherslu við Flugmálastjórn að ég vildi að þessari vinnu yrði hraðað af þeim ástæðum, sem ég hef þegar rakið, að það er mjög brýnt, ef íslensku flugfélögin eiga að geta fullnýtt sínar vélar, tveggja hreyfla flugvélar sem teknar verða í notkun m.a. núna strax eftir tvo mánuði, að hugað verði að þessum málum.

Niðurstaða Flugmálastjórnar kom til mín í þessari rauðu skýrslu sem þegar hefur verið dreift til þingmanna og er í raun nánast að öllu leyti samhljóða niðurstöðu flugráðs í skýrslunni frá því í apríl 1988, þ.e. að vænlegast sé fyrir okkur Íslendinga að leysa þessi mál þannig að grípa þegar í stað til ákveðinna ráðstafana gagnvart rekstri Akureyrarflugvallar til að hann geti betur en hann gerir í dag sinnt sínu varaflugvallarhlutverki. Og má ég leyfa mér, virðulegi forseti, að reyna að koma þeirri staðreynd enn og aftur í dagsljósið, sem virðist gleymast, að Akureyrarflugvöllur er varaflugvöllur og hefur um langt árabil verið varaflugvöllur fyrir millilandaflug íslensku flugfélaganna, þ.e. þann hluta flugflotans sem getur nýtt Akureyrarflugvöll. Þessar ráðstafanir eru í raun þegar í gangi. Til að mynda kemur á Akureyrarflugvöll núna þessa mánuðina stórbættur búnaður, bæði til snjóruðnings og slökkvistarfa.

Í öðru lagi er það niðurstaða Flugmálastjórnar og flugráðs að tvímælalaust sé rétt og skynsamlegt að miða að því að hinn nýi flugvöllur á Egilsstöðum geti leyst þetta hlutverk af hendi. Spurningin um það hversu myndarlega menn vilja gera við sig í sambandi við brautarlengd er fyrst og fremst spurning um það hversu mikil afnot menn vilja að flugfélögin geti haft af vellinum, þ.e. hvort unnt á að vera að fullnýta afkastagetu flugvélanna frá þeim velli eða ekki nema að einhverjum hluta til. Þannig til að mynda getur það skipt máli, ef verið væri að flytja vörur til útlanda frá Austfirðingafjórðungi, hvort vélarnar gætu fullhlaðnar bæði af eldsneyti og fragt hafið sig til flugs frá Egilsstaðaflugvelli og farið niður til meginlands Evrópu eða hvort þær þyrftu að hafa minna eldsneyti í tönkunum, fljúga til Keflavíkur og fylla þar á. Þetta ætti öllum að vera auðskilið. Rökræður um brautarlengd, hvort hún eigi að vera 2000, 2400 eða 2700 metrar snúa fyrst og fremst að þessu hagnýtingaratriði, fyrst og fremst, þó að það sé auðvitað rétt sem kom hér fram hjá hæstv. forsrh. að flugmenn vilja auðvitað gjarnan hafa brautarlengdina meiri en minni vegna þess að það er að öðru jöfnu öruggara og betra. Við getum sagt að það sé æskilegra þó að það sé ekki nauðsynlegt út frá þeim reglum sem settar eru um þessi mál. Þannig er það líka með varaflugvelli og vara-varaflugvelli og vara-vara-varaflugvelli. Sjálfsagt er hægt að segja: þeim mun fleiri, þeim mun betra, og varðandi brautarlengdina: þeim mun meiri, þeim mun betra. Rétt eins og t.d. slökkvilið verður seint svo vel búið að ekki sé í raun hægt að segja þeim mun meira, þeim mun betra. Þeim mun fleiri slökkviliðsbílar, þeim mun betra. Þeim mun fleiri slökkviliðsmenn, þeim mun betra. En samt endar það nú yfirleitt þannig að menn koma sér niður á það hvað sé viðráðanlegt og skynsamlegt og staðnæmast þar. Eins er það með þessi mál.

Að þessu leyti til, virðulegi forseti og hv. áheyrendur, tel ég niðurstöðu Flugmálastjórnar og flugráðs fagnaðarefni. Ég tel það fagnaðarefni að helstu sérfræðingar okkar Íslendinga — og skyldu þeir nú ekki vera hjá Flugmálastjórn, loftferðaeftirlitið, og á vegum flugráðs? Eigum við ekki að ætla það? Ég bið þá um upplýsingar um það ef þá er annars staðar að finna að mati manna — þeir komast að þeirri niðurstöðu að við Íslendingar getum sjálfir með mjög viðráðanlegum hætti og á tiltölulega stuttum tíma leyst þessi mál þannig að það sé að öllu leyti fullnægjandi fyrir okkar þarfir og fyrir flugöryggi á hinu íslenska flugstjórnarsvæði. Og það sem meira er og ánægjulegra: Sú lausn kemur sér líka mjög vel og nýtist í okkar innanlandsflugi og í okkar flugmálum að öðru leyti. Þannig mun það til að mynda nýtast mjög vel ef þjónusta verður aukin á Akureyrarflugvelli sem er langmikilvægasti flugvöllur innanlandsflugsins utan Reykjavíkur, ef þar verður komið á bakvöktum, ef þar verður aukinn snjóhreinsibúnaður og slökkvitæki þá eru það allt hlutir sem nýtast okkur mjög vel hvort sem er í okkar flugrekstri. Sama má segja um Egilsstaði. Sama má segja um malbikun á Sauðárkróki sem sjálfsagt er að flýta frekar en hitt. Og vonandi verður það svo, eins og ég hef reyndar áður sagt, að þegar íslenskir flugstjórar koma upp að landinu, t.d. í veðri eins og gerði hér fyrir ekkert löngu síðan, og þurfa kannski í nágrenni við Ingólfshöfða að taka um það ákvörðun hvort þeirra aðalflugvöllur er lokaður eða ekki, þá muni þeir eiga úr að velja ekki bara einum og ekki bara tveimur heldur þremur eða jafnvel fjórum flugvöllum sem þeir velja um á hvern þeir fara. Þannig er nú það.

Þessa stefnumörkun, sem ég tel rétt að fara að leggja niður fyrir sér, hef ég kynnt ríkisstjórninni og vegna þess að hlutir hafa nú verið lesnir hér upp, þá ætla ég að leyfa mér að gera grein fyrir því helsta sem í

henni felst og ég tek það fram að þetta er stefnumörkun sem ég er að kynna í ríkisstjórninni vegna þess að ég fer auðvitað með samgöngumál og er að leggja niður stefnu á sviði samgöngumála. Og þannig er að því staðið að í desemberbyrjun, eins og reyndar hefur komið fram, skrifaði ég flugmálastjóra bréf og ég ætla að lesa upphaf þess bréfs vegna þess að hv. málshefjandi fór ekki alveg rétt með og hæstv. utanrrh. taldi að sérfræðingum Flugmálastjórnar hefðu verið settar óeðlilegar og þröngar forsendur. Ég ætla þess vegna að lesa upphaf bréfsins þar sem óskað var eftir áliti Flugmálastjórnar hvað hér birtist í rauðri bók. Þetta bréf frá 7. des. er til flugmálastjóra, Péturs Einarssonar, Flugmálastjórn, 150 Reykjavík, ef einhver skyldi vilja skrifa honum, og byrjar svona:

„Í framhaldi af samtali okkar fyrir nokkrum dögum ítreka ég ósk mína um að unnar verði tillögur um uppbyggingu flugvallar eða flugvalla sem þjónað geti sem varaflugvöllur/flugvellir fyrir millilandaflug okkar Íslendinga og almennt farþegaflug á okkar slóðum." — Með því vísa ég til flugs um hið íslenska flugstjórnarsvæði, enda bera svörin það með sér að það var líka skoðað í þessu sambandi, þannig að ég mótmæli hér fullyrðingum um það að Flugmálastjórn og sérfræðingum þar hafi verið settar óeðlilegar og þröngar forsendur í þessu starfi. Ég vona að í þeim felist ekki tilraunir til þess að tortryggja þær niðurstöður sem þessir helstu sérfræðingar okkar Íslendinga hafa komist að. Það þætti mér harla ómaklegt því að ég vil leyfa mér að fullyrða að við eigum á að skipa á þessu sviði mjög hæfum sérfræðingum og öflugri og góðri stofnun sem sinnir þessum málum vel fyrir okkar hönd.

Í framhaldi af þessu bréfi komu svo þær niðurstöður sem ég hef hér kynnt í þessari rauðu bók. Til að fylla enn inn í þá mynd óskaði ég eftir sérstakri kostnaðaráætlun vegna aukins útbúnaðar á Akureyrar- og/eða Egilsstaðaflugvelli til þess að þeir gætu þjónað sem varaflugvellir og fékk þær kostnaðaráætlanir nokkrum dögum seinna. Og ég veit ekki betur en þeim hafi jafnframt verið dreift til þingmanna með rauðu bókinni. Þar kemur fram hvaða viðbótarrekstrarkostnaður og stofnkostnaður fylgir því að þessir tveir flugvellir taki að sér þetta hlutverk umfram það sem uppbyggingaráætlun flugmálaáætlunar gerir ráð fyrir. Það er fróðlegt fyrir hæstv. utanrrh. og sérfræðinga hans að kynna sér þetta blað vandlega vegna þeirra útreikninga sem utanrrh. kynnti um áætlaðan rekstrarkostnað varaflugvallar.

Í beinu framhaldi af þessu, virðulegi forseti, lagði ég fram í ríkisstjórninni og kynnti þar hugmynd að stefnumörkun í flugmálum og ég ætla að leyfa mér að lesa hana frá orði til orðs þannig að hv. þingheimur hafi það hvaða hlutir þar eru á ferðinni:

„1. Á þessu ári og því næsta verði búnaður aukinn á Akureyrarflugvelli og gerðar ráðstafanir til að völlurinn geti betur þjónað sem varaflugvöllur fyrir millilandaflug. Kostnaður vegna þessara aðgerða verði tekinn af tekjum flugmálaáætlunar eins og kostur er, en auk þess kæmi til sérstök fjárveiting á fjárlögum ársins 1990." Og þessi kostnaður er samkvæmt þessu blaði sem ég áðan lyfti um 60 millj. kr.

„2. Við allar áframhaldandi framkvæmdir á Egilsstaðaflugvelli verði við það miðað að sá flugvöllur geti í framtíðinni þjónað sem flugvöllur í millilandaflugi miðað við ýtrustu afkastagetu tveggja hreyfla flugvéla og allt almennt farþegaflug. Viðbótarkostnaður vegna þessa greiðist af tekjum flugmálaáætlunar, enda er hann óverulegur.

3. Stefnt verði að lengingu Egilsstaðaflugvallar og þá frá 2000 metrum í allt að 2700 metra á árunum 1992–1994. Kostnaður vegna þessa, sem ætla má að verði um 240–250 millj. kr. til viðbótar fyrri uppbyggingu, verði greiddur með sérstakri fjárveitingu á fjárlögum á þessum þremur árum.

4. Eftirtaldir flugvellir skulu vera aðaltollhafnir: Keflavík, Reykjavík, Rif, Ísafjörður, Sauðárkrókur, Akureyri, Húsavík, Egilsstaðir, Hornafjörður og Vestmannaeyjar.

5. Ofangreind atriði verði lögð til grundvallar endurskoðun flugmálaáætlunar á þessu ári. Einnig verði þá sérstaklega athugað hvort stefna beri að því að færa nokkra mikilvæga héraðs- eða landshlutaflugvelli, svo sem Húsavíkurflugvöll, Vestmannaeyjaflugvöll, flugvöll á Vesturlandi, á Vestfjörðum og í Hornafirði upp í flokk eitt, sbr. flokkun flugmálaáætlunar. Við það verði miðað að slíkar framkvæmdir kæmu í beinu framhaldi af núgildandi flugmálaáætlun. Þá verði einnig athugað hvort stefna beri að frekari framkvæmdum eða lengingu á Akureyrarflugvelli."

Þetta, virðulegi forseti, er það sem ég kalla stefnumörkun í íslenskum flugmálum. Þetta er að mínu mati stefnumörkun sem þjónar okkur Íslendingum sjálfum vel, skýtur traustum stoðum undir framtíðarþróun, ekki bara í flugmálum hér á Íslandi heldur líka í okkar atvinnulífi og kemur öllum landshlutum til góða, fellur eðlilega að núverandi flugmálaáætlun og er í raun og veru í beinu samræmi við og beinu framhaldi af henni.

Nú hef ég, frú forseti, í eins stuttu máli og mér er kostur kynnt helstu drættina í þessari stefnumörkun sem ég hef kynnt í ríkisstjórninni og vona að menn séu mér sammála um að þetta geti átt erindi inn í þessa umræðu úr því að hún er hafin á annað borð og svo vel vill til að við höfum ótakmarkaðan ræðutíma sem gerist nú orðið sjaldan hér á hinu háa Alþingi og er þá eins gott að nýta það.

Ég tel að þessar tillögur, virðulegi forseti, sem ég hef kynnt, séu einmitt í þágu framtíðarinnar og möguleikanna, þær opni til að mynda margfalda möguleika fyrir beinan útflutning á ferskum matvælum frá öllum landshlutum frekar en sú hugmynd, sem ýmsir aðrir hafa mest verið teknir af, að reisa einhvers staðar og einhvers staðar einn stóran herflugvöll sem ekki endilega er staðsettur þar sem best hentar fyrir íslenskt flug, innanlandsflug, möguleika til atvinnustarfsemi eða annarra slíkra hluta. Og af því að við nefnum framtíðina, virðulegi forseti, þá er enn þá einu sinni rétt að vekja athygli manna á þeirri

staðreynd að tækniþróun í flugi er dásamleg eins og víðar. Og hvað felur hún nú í sér? Hún felur alveg sérstaklega það í sér að hinar nýju flugvélagerðir hafa meira öryggi. Einn liður í því að auka öryggi í flugi er að minnka lendingarhraða og flugtakshraða flugvélanna vegna þess að hinar eldri gerðir voru vegna tæknilegra takmarkana þannig að þær þurftu að koma inn til lendingar og hefja sig á loft á mjög miklum hraða og öryggið minnkar eftir því sem hraðinn verður meiri. Til að auka öryggið í lendingu og flugtaki er þess vegna reynt af öllum flugvélasmiðum og hönnuðum í heiminum að minnka þennan hraða og það hefur tekist ágætlega. Þannig er það til að mynda að nýju flugvélarnar sem Flugleiðir hafa fest kaup á, tökum sem dæmi 757-200 Boeing-vélarnar, stærri gerðin sem á að fljúga á Norður-Atlantshafinu, sambærilegar að stærð og DC-8 vélarnar, þær þurfa 1800 metra flugbraut á sama tíma og forveri þeirra, sem nú er að hverfa af hólmi, þarf 2300. Þetta er eitt lítið dæmi um tækniþróunina og framfarirnar á þessu sviði þannig að hæstv. utanrrh. og aðrir ágætir áheyrendur, tækniþróunin vinnur með okkur og styttri flugbrautum í þessu efni. Þess vegna er það misskilningur að framtíðin feli í sér lengri og lengri flugvelli þangað til þeir verði endanna á milli landsins. Þvert á móti geta þeir styst einmitt vegna þessara tækniframfara.

Virðulegi forseti. Ég held að ég þurfi nú ekki að hafa mikið fleiri orð um þetta. Ég hef rækilega gert grein fyrir þeirri stefnumörkun sem verið er að vinna að í samgrn. Ég hef jafnframt talið mér skylt vegna þeirrar umræðu sem hér hefur orðið um öryggismál í flugi að hafa um það nokkur orð og ætla aðallega að láta það tala mínu máli hér í dag. Ég kemst þó ekki hjá því að segja það sem mína skoðun að í því máli sem nokkuð hefur verið til umræðu undanfarið, hvort útlendingar eigi að borga hér fyrir flugvöll eða ekki, þá eru að mínu mati ákaflega einfaldar og auðskildar línur. Þær eru svona:

Annaðhvort er þetta hernaðarmannvirki og þá þarf ekki meira að ræða um það. Það verður ekki byggt meðan þessi ríkisstjórn situr að völdum. Ef þetta er ekki hernaðarmannvirki og mönnum tekst með bréfaskriftum eða einhverjum öðrum hætti að sanna það að þetta sé alls ekki hernaðarmannvirki, hvað er þá að gerast á Íslandi? Þá verður það væntanlega framhaldið, hv. áheyrendur, að næst verður skrifað bréf og spurt um það hvort brúin yfir Kúðafljót verði nokkurt hernaðarmannvirki. Og e.t.v. fæst bréf frá Wörner sem segir: Það er alveg öruggt mál að á friðartímum verður brúin yfir Kúðafljót ekki hernaðarmannvirki. Er þá ekki allt í lagi að Wörner borgi hana líka og höfnina í Þorlákshöfn þegar hinn nýi Herjólfur kemur? Eigum við að skrifa Wörner bréf og spyrja hvort höfnin í Þorlákshöfn verði ekki örugglega ekki hernaðarmannvirki á friðartímum? o.s.frv. Er það brautin sem við ætlum að halda inn á?

Ég tel mér skylt að spyrja hér vegna þess að menn eiga ekki að komast upp með annað en að svara því hvað hér er á ferðinni. Það skrifaði einn heiðarlegur Íslendingur grein í blöðin fyrir nokkrum dögum síðan og hann sagði: Ég vona að ef útlendingar eiga að borga þetta mannvirki, NATO eða Bandaríkjaher, þá kalli menn það hernaðarmannvirki. Ég vona það. Hann bað um það, þessi Íslendingur, að ef við ætluðum að þiggja í þessa framkvæmd peninga frá erlendum aðilum, hernaðaryfirvöldum, þá skyldum við bara kalla það hernaðarmannvirki. Það er hreinlegast að gangast við hlutunum eins og þeir eru. (**HBl:** Er nauðsynlegt að varaflugvöllur í Aðaldal sé hernaðarmannvirki?) Nei. (**Gripið fram í:** Spurðu Vigfús Jónsson, varaþm. Sjálfstfl.)

Virðulegi forseti. Mig langar til þess að reyna að gera hérna einu sinni tilraun til þess að halda þessari umræðu á efnislegu plani og málefnalegu, og ég tel mig hafa reynt að gera það, að reyna að reiða hér fram upplýsingar og vitna í gögn og ég vona að okkur takist nú í eitt skipti að ljúka umræðum um þessa hluti, svo viðkvæmir sem þeir virðast vera fyrir ýmsum, án þess að víkja frá þeirri góðu reglu að ræðast við með rökum og af mannlegu viti og sanngirni og skynsemi.

Svona einfalt finnst mér þetta nú í raun vera og þá verða menn bara að gera upp við sig þessa kosti. Ætla menn að byggja hér hernaðarmannvirki og láta hernaðaryfirvöld borga það eða ætla menn að byggja hér borgaralegt mannvirki, hvort sem það er þessi flugvöllur eða þá brúin yfir Kúðafljót eða eitthvað annað, og á grundvelli einhverra konungsins bréfa sanna það að þetta sé allt í lagi? Við skulum bara ræða um hlutina eins og þeir eru. Það er langeinfaldast.

Hvorugt er á stefnuskrá þessarar ríkisstjórnar. Hvorugt er samkvæmt málefnasamningi þessarar ríkisstjórnar. Það stendur hvergi í þessari grænu bók að þessi ríkisstjórn hafi innleitt „aronsku", eins og við höfum sumir kallað það, þannig að á hvorugum forsendunum gengur þessi framkvæmd upp. Það er alveg ljóst.

Virðulegi forseti. Svo er það nú þannig að komi upp ágreiningur um verkaskiptingu ráðherra á verksviði í stjórn, þá sker forsrh. úr. Ég tel að hæstv. forsrh. hafi gert það hér áðan, eins og hann reyndar gerði í þessu máli, með svo myndugum hætti að ekki þurfi frekar um að deila. Og samkvæmt því fer ræðumaður með samgöngumál í ráðuneyti Steingríms Hermannssonar, öðru í röðinni, ég ætla ekki að segja síðara, heldur öðru í röðinni af öryggisástæðum. Og meðan svo er, þá vinn ég að stefnumörkun í flugmálum á grundvelli stjórnarsáttmálans og geri það þangað til hann verður úr gildi felldur. — [Fundarhlé.]

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég skal úr því sem komið er ekki hafa á móti því að hér sé rætt áfram um það mál sem til umræðu er utan dagskrár, um varaflugvöll, en á hinn bóginn hlýt ég að ítreka það, sem hafði áður komið fram hjá mér með óformlegum hætti, að ég sætti mig ekki við að fundahöld verði fram á nótt nú

og tel eðlilegt að fundi verði slitið þegar umræðu utan dagskrár lýkur. Við þingmenn eigum að mæta kl. 8.30 í fyrramálið á fund í fjh.- og viðskn. Ég var að fá í hendur fyrir skömmu þau drög sem fyrir liggja að reglugerð um hlutafjársjóð og á eftir að kynna mér þær breytingar sem hafa verið gerðar á þeim frv. sem þá verða til umræðu og við vitum um að samtök fiskvinnslustöðvanna hafa verið á fundum í dag og það eru ýmsar hliðar uppi bæði í sambandi við verðlagningarsjóð sjávarútvegsins, hlutafjársjóðinn, Atvinnutryggingarsjóðinn og ýmislegt annað sem verður til umræðu í fyrramálið þannig að óhjákvæmilegt er fyrir þá þingmenn sem eiga sæti í fjh.- og viðskn. að gefa sér góðan tíma til að undirbúa sig. Ég veit að af þessum sökum muni forseti fallast á að rétt sé að halda umræðum um stefnu ríkisstjórnarinnar áfram á fundi sameinaðs þings á fimmtudag. Ég vildi að þessar athugasemdir kæmu fram.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill upplýsa að hér verður fundað eins lengi og þurfa þykir, utandagskrárumræðu lokið og lokið umræðu um tilkynningu frá ríkisstjórninni. Forseti getur ekki tekið það mál á dagskrá á fimmtudaginn. Þar við situr. Þingmenn geta sjálfir ráðið nokkru um það hversu lengi þessir fundir standa og svo verður að fara fram sem ég hef nú þegar lýst.

Halldór Blöndal:

Ég þarf ekki að taka fram, hæstv. forseti, að verkstjórn hér í þinginu hefur verið mjög undarleg í dag. Fundir hófust með því að það voru atkvæðagreiðslur í deildum og fyrir lá að atkvæðagreiðslan í Nd. mundi taka mun lengri tíma en í Ed. þannig að þingmenn Ed. voru látnir sitja aðgerðarlausir og hefði verið eðlilegt úr því að þannig var byrjað á vinnudeginum að halda þá fundum áfram í deildum. Síðan var klukkan farin að ganga fjögur loksins þegar kom að Sþ. og síðan eru þingflokksfundir milli 5 og 7. Nú talar hæstv. forseti með miklum þjósti við þingmenn stjórnarandstöðu sem hafa greitt fyrir því að mál megi ganga vel fyrir sig. Stjórnarandstaðan hefur fallist á að fundir í fjh.- og viðskn. Ed. verði í fyrramálið þó svo að fyrir þeim málum sem þá á að taka fyrir verði ekki gerð grein fyrr en eftir hádegi á morgun. Við höfum komið til móts við ríkisstjórnina og stjórnarflokkana og reynt eftir mætti að greiða fyrir þingstörfum. En við fáum hins vegar mikið tómlæti frá stjórninni í þessu.

Ég vek athygli á því að hér fyrir kvöldmat gáfu þrír hæstv. ráðherrar yfirlýsingu. Hæstv. forsrh. talaði eins og honum er lagið þannig að maður veltir því fyrir sér hvort hann skilji sjálfur inntakið í því sem hann er að segja. Hæstv. samgrh. flutti einnig langa ræðu. Þeir töluðu þrír, hæstv. utanrrh., hæstv. samgrh. og hæstv. forsrh., og væri synd að segja að þeir hafi reynt að stytta sitt mál.

Það er eðlilegt nú, þegar umræður halda áfram um það mál sem hæstv. samgrh. segir að heyri undir hann en ekki hæstv. utanrrh., að hann sé viðstaddur áður en umræðan getur haldið áfram. Ég hygg að það sé líka eðlilegt að hæstv. forsrh. sé viðstaddur, en eins og forseti þingsins heyrði hafði hæstv. samgrh. mörg orð um að það væri forsrh. að kveða upp úr um það undir hvaða ráðuneyti fyrirspurnin heyrði. Hæstv. samgrh. hélt því fram að þessi þáttur heyrði undir samgrn. þvert ofan í það sem hæstv. utanrrh. hafði sagt áður, en hæstv. forsrh. sagði að það væru ýmsar skoðanir uppi um það undir hvaða ráðuneyti þetta heyrði. (**Forseti:** Má ég minna hv. þm. á að þetta er um þingsköp.) Þess vegna vil ég, af því að ég er að tala um þingsköp, beina því til hæstv. forseta að hann geri ráðstafanir til þess að hæstv. forsrh. verði við umræðuna og sömuleiðis hæstv. samgrh.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ég geri ráð fyrir að þingmanninum sé þegar kunnugt um að ráðherrar eru uppteknir núna í nokkrar mínútur en koma von bráðar. Umræðu um þingsköp er lokið og næstur á mælendaskrá var hv. 11. þm. Reykn. og ég treysti því síðan að þinghald geti farið hér fram án frekari truflana.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég hefði haldið að það væri rétt að hafa hæstv. ráðherra viðstadda, sem fóru þannig að í fyrri hluta þessarar umræðu að þeir héldu uppi miklu málþófi með þeim hætti að þingmenn komust ekki að á þeim hluta fundarins. Það hefði auðvitað verið rétt að þeir væru þá hér áfram bæði hæstv. forsrh. og hæstv. samgrh. sem töluðu svo mikið að það komst enginn þingmaður að fyrir utan frummælanda. (**Utanrrh.:** Hér er sá sem málið heyrir undir.) Það má vel vera, hæstv. utanrrh., að málið heyri undir þig, en mér heyrðist á máli forsrh. og á máli hæstv. samgrh. að málið heyrði ekkert undir þig. Ég gat ekki heyrt betur. Það er alveg auðséð að þetta mál er með þeim hætti að það er klofningur í ríkisstjórninni. Það er ekki eining um þetta mál. Það er þannig að hér liggur fyrir að byggja varaflugvöll upp á 11 milljarða úr mannvirkjasjóði NATO og síðan kemur hver ráðherrann á fætur öðrum og þó sérstaklega samgrh. og tala um að 40 millj. kr. verk, sem er 275 sinnum minna verk að upphæð, geti komið að sömu notum. Haldið þið að fólkið í landinu trúi að það sé hægt að nota 40 millj. kr. framkvæmd sem á að koma að sama gagni og 11 milljarðar? Ég spyr hæstv. utanrrh.: Telur hann að það sé hægt að leysa sama verkefni fyrir 40 millj. á sama hátt og fyrir 11 milljarða? (**Utanrrh.:** Nei, nei. Það er ekki hægt.) Utanrrh. segir að það sé ekki hægt og ég trúi því líka. Þetta er nokkuð stórt mál og ég held að það verði að taka afstöðu á Alþingi um þetta mál. Ég tel að Alþingi verði að álykta um þetta mál. Ég tel að Alþingi verði að taka upp þetta mál með þeim hætti að það verði að marka stefnuna og setja ríkisstjórninni fyrir hvað hún á að gera. Ég er sannfærður um að hér á Alþingi er meiri hluti fyrir því að byggja varaflugvöll úr mannvirkjasjóði NATO þar sem okkar bestu bandamenn, vinir í gegnum tíðina, eru aðilar að og við höfum haft

náið og gott samband við. Við höfum átt samvinnu þar með þeim hætti að okkur hefur orðið bæði sómi að og gagn. Við eigum að taka þessu boði. Við eigum að byggja varaflugvöll fyrir 11 milljarða en ekki fara út í þetta einkennilega boð samgrh. fyrir 40 millj.

Þetta mál er mun stærra en við höldum. Ég er með í höndunum annars vegar samþykkt Evrópuráðsins um öryggismál Evrópu. Hins vegar var mér að berast önnur samþykkt frá Evrópuþinginu um öryggismál Evrópu þar sem er fjallað um að Evrópa hlýtur að standa saman að varnar- og öryggismálum, Vestur-Evrópa, því að það er mikilvægt í þessum heimi eins og hann er núna að við stöndum saman, Evrópuþjóðirnar, og látum ekki vaða yfir okkur. Það er alveg á skjön við það sem hefur verið rætt um í Evrópu að fara að með þeim hætti sem Alþb. hefur gert og heldur núna hæstv. ríkisstjórn í spennitreyju, fangabúðum þannig að þeir geti ekki farið til þess að byggja varaflugvöll vegna þess að Alþb. beitir ofbeldi. Það hefði verið betra að hæstv. ráðherrar Alþb. væru viðstaddir núna en ekki uppteknir á einhverjum fundum úti í bæ þegar þeir eru í umræðum um þetta mál.

Það var farið yfir þetta mál af hv. 1. þm. Reykn. og það var mjög fróðlegt að heyra hvernig þessi mál hafa þróast, en ég held að það verði að krefjast þess að ríkisstjórnin fari að vilja Alþingis ef það verður ofan á að bera fram tillögu um að við byggjum varaflugvöll og tökum þannig forræðið af ríkisstjórninni sem ekki getur tekið ákvörðun um þetta.

Forsrh. sagði í ræðu sinni fyrr í dag að stjórnarsáttmálinn réði í þessu efni, þ.e. það þyrftu allir aðilar ríkisstjórnarinnar að samþykkja hvað hér væri á ferðinni. Það þýðir að ríkisstjórnin er í spennitreyju hjá Alþb. Alþb. ræður ferðinni og það hefur ákveðið að það eigi ekki að byggja varaflugvöll fyrir 11 milljarða, en er að bjóða upp á og ætlar að telja fólki trú um að þetta 40 millj. kr. verkefni, sem er 1:275 í framkvæmd, eigi að þjóna sama hlutverki. Hvaða mönnum dettur þetta í hug? Hverjum dettur svona vitleysa í hug? Að það skuli verið að bjóða Alþingi Íslendinga upp á svona málflutning er alveg fráleitt. Og það kemur í ljós í þessum umræðum, þar sem ráðherrarnir, sérstaklega samgrh., beittu málþófi til að hleypa ekki hv. þm. að í fyrri hluta þessarar umræðu, að ríkisstjórnin er klofin og meiri hluti hennar virðist vera sammála því að byggja varaflugvöll, a.m.k. hæstv. utanrrh. og ég fagna því út af fyrir sig. Það er ekki ljóst með afstöðu Framsfl., en væri gaman að heyra frá einhverjum öðrum en hæstv. forsrh. um álit þeirra á þessu nema það hafi enginn álit á þessu máli annar.

Ég tel að við hljótum hér á hinu háa Alþingi að taka afstöðu til þessa máls og segja ríkisstjórninni fyrir verkum og láta hana framkvæma vilja þjóðarinnar. Það er ekki hægt að nokkrir flokksmenn Alþb. haldi ríkisstjórninni í klemmu hvað þetta varðar og ætli að telja okkur trú um að þetta sé smáverkefni. Við hljótum sem sjálfstæð þjóð að vinna með okkar bestu bandamönnum í gegnum tíðina. Við erum hér, eins og ég sagði áðan, með samþykktir frá bæði Evrópuþinginu og Evrópuráðsþinginu sem eru í þá veru að stuðla að samvinnu Vestur-Evrópuþjóðanna til að tryggja öryggi sem hefur varað síðan síðustu heimsstyrjöld lauk. Það er mjög mikilvægt að við stöndum saman um þetta og byggjum varaflugvöll í samvinnu við Atlantshafsbandalagið þannig að okkar öryggi verði tryggara en nokkru sinni áður. Það er hlægilegt að hugsa til þess að hér skuli koma upp menn og telja að það sé alveg út í bláinn að gera slíkt og við eigum bara að byggja okkur 40 millj. kr. flugvöll þegar Norðmenn, sem eru ein ríkasta þjóð heimsins, hafa byggt a.m.k. einn, tvo eða þrjá flugvelli með þessum hætti (**Utanrrh.:** Miklu fleiri.) eða miklu fleiri. Tugi, upplýsir utanrrh. Ég held að það sé rétt. Það hefur verið borgað úr mannvirkjasjóði NATO og Norðmönnum finnst það bara allt í lagi og hafa þeir þó verið miklu þekktari en við fyrir að vera nákvæmir í þessum málum. Ég tel að það sé enginn annar kostur en ganga að þessu, byggja þennan varaflugvöll, standa myndarlega að þessu, finna stað sem hentar fyrir okkur Íslendinga og byggja hann. Það á ekki vera með þá lágkúru sem hefur verið í frammi höfð af þeim ráðherrum sem hér hafa talað um þetta.

Ég undirstrika að lokum: Ég hefði óskað þess að hæstv. forsrh. hefði verið hér viðstaddur því að ég ætlaði ekki að hafa þetta sérstaklega langt mál. Og hvað snertir hæstv. samgrh., sem hér talaði og talaði um ekki neitt, hefði verið betra að hann hefði spurt mömmu áður en hann hóf máls á þessu eins og um gatið í Ólafsfjarðarmúlanum. Hann hefði kannski fengið þá smáleiðbeiningu um að 1 væri minna en 275.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér fer fram mikilvæg umræða og ráðherrar fengu tækifæri til að tjá sig í þessari umræðu fyrr í dag. Nú sé ég að hér sitja einungis tveir ráðherrar þennan fund. Flestir þingmenn sem hingað hafa sótt fund í kvöld hafa e.t.v. verið bundnir annars staðar, þurft að afboða sig á aðra fundi. Ég vildi gjarnan spyrja hæstv. forseta hvað dvelur ráðherrana og hvort vænta megi komu þeirra á þennan fund í kvöld.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ég upplýsti það í upphafi fundar að þeir eru væntanlegir á hverri stundu.

Karl Steinar Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég er sammála því, sem kom fram í máli utanrrh., að hér er verið að ræða um meiri háttar öryggismál. Ég minni á að Íslendingar eru aðilar að Atlantshafsbandalaginu. Það er mikill meiri hluti Íslendinga sem styður þá aðild og ég tel sjálfsagt að sú forkönnun sem óskað er eftir að fari fram verði leyfð. Við getum rifist um það seinna hvort byggja eigi flugvöll eða ekki. Menn hafa farið fram úr sér í þessari umræðu. Menn eru að tala um byggingu flugvallar. Það stendur ekki til að gera það nú, en það

hefur verið farið fram á að athuga hvort svokölluð forkönnun verði leyfð.

Annað er það sem ég vildi spyrja um, ekki utanrrh. heldur hv. 1. þm. Reykn. sem ekki er reyndar kominn enn þá en væntanlega berst það til hans. Það er staðreynd að Atlantshafsbandalagið fór að hafa áhuga á þessu máli árið 1985. Hv. 1. þm. Reykn. hefur verið bæði samgrh. og utanrrh. á því tímabili og ekki leyfði hann þessa forkönnun þrátt fyrir að leitað væri eftir því. Það er ástæða til að spyrja hvers vegna. Var það af áhugaleysi eða hvers vegna dreif maðurinn ekki í þessu? Hvernig stendur á þessum skyndilega áhuga allt í einu núna?

Ég leyfi mér að halda að hann hafi hopað vegna samstarfsflokks síns, framsóknarmanna, sem hafa gert samþykktir á flokksþingum um það að ekki verði leyfðar frekari flugvallabyggingar. (Gripið fram í.) Það stendur á bls. 17 í Handbók vegna alþingiskosninga 1987 með stefnuskrárútdrætti úr ályktunum 19. flokksþings Framsfl., í kafla um utanríkis- og öryggismál: „Hernaðarframkvæmdir í landinu verði í engu auknar frá því sem leyft hefur verið, hvort sem um er að ræða ratsjárstöðvar, birgðageymslur eða flugvelli."

Reyndar er búið að byggja þessar ratsjárstöðvar að frumkvæði formanns Framsfl. og er það ágætt. en ég hygg að hann hafi viljað og fleiri framsóknarmenn standa á sínum samþykktum varðandi aðra þætti. Það er ályktun mín að fyrrv. utanrrh., 1. þm. Reykn., hafi bognað undan svona samþykktum því að auðvitað hefði hann leyft þetta ef hann hefði talið það mjög brýnt mál, en greinilegt er að svo hefur ekki verið. Ég tel að alveg frá 1985 hefði mátt leyfa þetta, en ekki var það gert og það er því mjög fróðlegt og mjög athyglisvert og mjög ánægjulegt að hv. 1. þm. Reykn. skuli hafa fengið svo sérstakan áhuga á þessu máli.

Allir hér í hv. Alþingi vita um afstöðu Alþb. Þeir eru andvígir veru okkar í Atlantshafsbandalaginu og þeir eru andvígir frekari hernaðarframkvæmdum og öðrum framkvæmdum sem tengjast varnarliðinu. Auðvitað er það heiðarleg afstaða sem ástæða er til að meta sem slíka. Ég er andvígur þeirri afstöðu. En þeir koma hreint til skjalanna og berjast gegn þessu og því er ekki að neita að auðvitað eru tormerki á því að ná þessu fram í augnablikinu. Það er alveg ljóst alveg eins og það var ljóst að fyrrv. utanrrh., sem var málshefjandi hér, hefur ekki komist upp með neinn moðreyk þegar hann sjálfur var utanrrh.

Ég ætla ekki að fara frekari orðum um þetta. Ég ítreka að ég tel sjálfsagt að þessi forkönnun verði leyfð og ég tel að það sé alveg á færi utanrrh. að leyfa það. En ég vil líka taka fram að við í Alþfl. erum mjög óvanir því að koma aftan að mönnum. Aðrir eru því vanari. Þess vegna hlýtur að taka einhvern tíma að leysa þetta mál.

En eftir sitja þessar hugsanir: Hvers vegna verður þessi áhugi allt í einu til núna hjá málshefjanda? Hvers vegna leyfði hann þetta ekki meðan hans var mátturinn og dýrðin?

Birna K. Lárusdóttir:

Virðulegi forseti. Umræðan um varaflugvöll er ekki ný af nálinni. Mikilvægi varaflugvalla er ótvírætt, en þá á ég við varaflugvöll fyrir íslenskar samgöngur en ekki erlend hernaðarmannvirki. Það er miður að við skyldum ekki í góðærum undanfarinna ára hafa borið gæfu til að leggja fram fé til nauðsynlegra öryggismála eins og slíkur flugvöllur mundi vera. Skiptar skoðanir hafa verið um hvar fyrirhugaður flugvöllur ætti að vera og hefur það sjálfsagt átt sinn þátt í hvað dregist hefur að byggja hann upp. Það er ljóst að bygging nýs flugvallar af þeirri stærð sem þyrfti er mjög dýr framkvæmd. Hagkvæmara virðist því að nýta þá sem fyrir eru og þegar í fullum rekstri.

Flugvellir landsins eru mjög mismunandi, bæði að stærð og búnaði. Besti kosturinn væri að lagfæra og lengja flugbrautir og bæta við tækjakosti á þeim flugvelli sem helst kæmi til greina að yrði varaflugvöllur fyrir millilandaflug okkar. Það er verið að læða inn í allar umræður um þessi mál að þjóðin hafi ekki efni á að byggja upp sinn eigin varaflugvöll fyrir millilandaflug því hér sé um dýra framkvæmd að ræða og þær verði að bíða betri tíma.

Þessi umræða hér utan dagskrár á hv. Alþingi snýst ekki bara um íslenskan varaflugvöll fyrir íslenskt millilandaflug. Hér er verið að fjalla um hernaðarmannvirki, alþjóðlegan flugvöll sem kostaður yrði af mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins. Það er blekking ein að telja þjóðinni trú um að mannvirkjasjóðurinn sé góðgerðarstofnun sem ætli að gefa okkur þennan flugvöll án nokkurra skuldbindinga. Flugvöllur er gjöf. Jú, það hljómar vel. En æ sér gjöf til gjalda.

Hvernig dettur okkur, smáþjóð í strjálbýlu landi, í hug að þiggja slíka gjöf af voldugu hernaðarbandalagi sem leggur allt sitt fé í hernaðarmannvirki og stríðsundirbúning, enda stofnað til þess? Allt fé sem Atlantshafsbandalagið hefur til umráða eru framlög aðildarríkjanna og hver trúir því að það fé sé ætlað til góðgerða? Ef svo væri hefðu þjóðirnar fyrir löngu sent þetta fé sem gjafir til þriðja heimsins þar sem tugir milljóna deyja árlega úr hungri og drepsóttum.

Allar yfirlýsingar um að flugvöllurinn verði ekki notaður af NATO á friðartímum eru lítils virði. Benda má á að í samningum um inngöngu Íslands í NATO á sínum tíma var ákveði um að hér yrði ekki her á friðartímum. Þetta vekur mann óhjákvæmilega til umhugsunar um skilgreiningu á hugtakinu „friðartímar". Hugtakið friðartímar er mjög teygjanlegt, breytilegt, loðið og sleipt þegar hernaðarsinnar skilgreina það.

Til er það fólk sem vill að Atlantshafsbandalagið borgi fyrir hernaðaraðstöðu sína hérlendis. En ef meiningin er að það kosti hér flugvöll sem ætlaður er til farþegaflugs og telst ekki til hernaðarmannvirkja á friðartímum er verið að fara inn á þær brautir að Ísland sem fullvalda þjóð þiggi óbeinar greiðslur fyrir aðild sína að NATO og hvers vegna ekki að taka þá fé til sjúkrahúsa og skóla? Ef út í það er farið gætu flestir opinberir útgjaldaliðir talist hernaðarnauðsyn.

Hæstv. samgrh. hefur lýst því yfir að flugvöllur sem

kostaður yrði af mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins verði ekki byggður hér og fagna ég þeim yfirlýsingum hans, enda væri það skýlaust brot á málefnasamningi ríkisstjórnarinnar. Hvernig unir hann þessu einkabrölti hæstv. utanrrh. sem virðist svo sannarlega vera utan við málefnasamning ríkisstjórnarinnar þegar hann upp á sitt einsdæmi virðist vera kominn hálfa leið í að semja um forvinnu málsins?

Íslendingar eru friðsöm þjóð og ég tel að við óskum þess öll að öll hernaðarbandalög verði óþörf og herbúnaður og eyðingaröfl verði jafnóþörf og þau eru óhugnanleg í heimi friðsamlegra samskipta allra þjóða því að það hlýtur að vera ósk hvers heilvita manns. Minnumst þess að Íslendingar hafa aldrei farið með ófriði á hendur annarrar þjóðar. Þess vegna ætti trúin á frið að vera okkur öllum í blóð borin.

Afkoma okkar hefur ætíð byggst á matvælaframleiðslu. Því hljótum við að leggja megináherslu á ómengað umhverfi og þá einkum að hafsvæðin umhverfis landið séu ómenguð alls kyns úrgangi. Skammt er síðan íslensk stjórnvöld mótmæltu endurvinnslu kjarnorkuúrgangsins í Dounreay á Skotlandi þar sem ljóst var að hafstraumar gætu borið slíkan úrgang að ströndum landsins. Það er því fráleitt að við aukum við hernaðarframkvæmdir í eigin landi, t.d. með byggingu flugvallar sem yrði hernaðarflugvélum til afnota því að við höfum engin tök á því að ganga úr skugga um að þær beri ekki kjarnorkuvopn.

Virðulegi forseti. Það er okkur til vansæmdar sem fullvalda þjóð að ganga með betlistafinn og biðja um að landið verði í auknum mæli herstöð erlends stórveldis. Mér finnst það hneisa.

Virðulegi forseti. Ég óttast getuleysi íslensku þjóðarinnar við að vinna úr vandamálum sínum. Ég er hrædd um sjálfstraust þessarar þjóðar sem talar um menningararfinn og íslenska tungu annan daginn en betlar eftir peningum hinn daginn og er sama hvaðan þeir koma og til hvers þeir fara. Ég efast um framtíð þjóðar minnar því að hún þiggur í síauknum mæli aðstoð við framkvæmd bráðnauðsynlegra mála, því að hún reiðir sig meira og meira á aðrar þjóðir, stærri þjóðir við framkvæmd mála sem hún ætti að vera sjálfbjarga um. Og sökina eiga skammsýnir ráðamenn sem treysta ekki fólkinu í landinu til þess að gera hlutina sjálft. Þeir bera smæð þjóðarinnar og peningaleysi við. Þeir staðhæfa getuleysið.

En fólkið í landinu hefur samt alist upp við að leysa sín vandamál. Sjálfsbjargarviðleitnin er því í blóð borin og enn eru margir sem trúa því að þjóðin sjálf eigi að byggja sína eigin framtíð fyrir eigin fé. Byrgja skal brunninn áður en barnið er dottið ofan í hann. Erlendir peningar í flugvöll er bara einn hlekkur í því að minnka sjálfstraust þjóðarinnar. Hvað kemur á eftir?

Peningar í flugvöll eru ekki glötun á sjálfstrausti fyrir fullt og allt heldur stórt skref í þá átt. Lítum á fortíð, nútíð og framtíð í samhengi. Skoðum getu okkar til að standa á eigin fótum og gerum okkur grein fyrir þeirri hættu sem felst í því að láta aðra gera hlutina fyrir okkur því að hvaða tryggingu höfum við fyrir því að ekki verði framhald á þeirri skuldasöfnun þjóðarinnar sem nú hefur viðgengist um nokkurn tíma.

Efnahagslegt sjálfstæði er hverjum einstaklingi nauðsyn til þess að byggja upp umhverfi sitt að eigin vild. Sá sem skuldar er háður lánardrottni sínum um hluta framleiðslu sinnar. Sá sem flýr af hólmi er hann stendur augliti til auglitis við vandamál hefur ekki mikið sjálfstraust og það vex ekki nema hann takist á við vandann. Þeim sem þiggur gjafir og greiða finnst hann vera knúinn til að endurgjalda góðvildina í einhverju formi. Sama lögmál gildir um alla, hvort sem um er að ræða einstakling eða heila þjóð. Verum sjálfum okkur trú. Látum reyna á getu okkar. Byggjum okkar eigin flugvöll fyrir eigin peninga. Það gerir okkur öllum gott.

Albert Guðmundsson:

Virðulegur forseti. Ég er sammála hv. 6. þm. Vesturl., sem var að ljúka máli sínu, ekki bara um varaflugvöll þann sem hér er á dagskrá heldur um allt samstarf vestrænna þjóða, að það er engin góðgerðastarfsemi, heldur má segja að það sé forvarnarstarfsemi, og hefur haldið stríðandi aðilum í veröldinni til baka frá 1945 eða í rúm 40 ár. Ef samstarf vestrænna þjóða helst eins sterkt og það hefur verið frá síðustu styrjöld gerum við okkur vonir um að það samstarf sem ég tala um geti forðað okkur frá heimsstyrjöld og slíkum vágestum um langa framtíð enn. Það er ekki þar með sagt að það geti verið um aldur og ævi.

Ég tek það fram í upphafi máls míns að ég er að mörgu leyti sammála hæstv. utanrrh. þegar hann svaraði fyrirspyrjanda. Hann er jákvæður í undirtektum sínum um að hér verði byggður varaflugvöllur. Hann telur að hann hafi forræði í málinu á því stigi sem það er nú, þ.e. hann geti tekið ákvarðanir einn og óstuddur af Alþingi um að sú könnun, sem talað er um að fari fram, verði leyfð. Ég er sammála því. En ég dreg í efa að nokkur ráðherra eða nokkur ríkisstjórn hafi heimild til að taka lokaákvörðun um framkvæmdir, það verði að koma fyrir Alþingi og Alþingi að taka þar ákvarðanir hvernig sem málefnasamningur ríkisstjórnar er annars. Hér er um miklu stærra mál að ræða en það að ríkisstjórnin geti með einföldu samkomulagi sín á milli komið í veg fyrir þær framkvæmdir sem tíminn krefst hverju sinni.

En það er ýmislegt sem ég hefði gjarnan viljað ræða nánar og biðja hæstv. utanrrh. að svara. Er það ekki rétt að þessi ósk er komin á það stig að segja má að það sé tímasett? Mér skilst að það sé búið að taka ákvörðun um það í aðalframkvæmdastjórn Atlantshafsbandalagsins að láta fara hér fram forkönnun og fé hafi verið ætlað í það verkefni og á þessu fjárhagstímabili verði sú forkönnun að fara fram. Að öðru leyti mun Atlantshafsbandalagið snúa sér að könnun á öðrum möguleikum, þ.e. Grænlandi og ég heyrði ekki alveg hvaða annað land kom til greina þegar hæstv. utanrrh. svaraði, en það voru einhverjir tveir

staðir sem komu til greina. Mér heyrðist hann segja Færeyjar. Mér fannst það ótrúlegt. Ég get ekki ímyndað mér að þar sé undirlendi fyrir slíka starfsemi eins og varaflugvöll sem að sjálfsögðu er hernaðarmannvirki og við skulum ekkert vera að láta blekkja okkur eins og hv. 6. þm. Vesturl. sagði. Við skulum ganga í þetta samstarf hér eftir sem hingað til við Atlantshafsbandalagið með galopnum augum. Hvort sem við framkvæmum meira eða framkvæmum ekki er Ísland orðið að einhvers konar Gíbraltar norðursins, orðið virki sem engum dettur í hug að reyna að hertaka. Það gæti orðið um árás að ræða úr lofti, kannski af sjó, en ég held að það detti engum í hug að hertaka Ísland eins og það er staðsett á hernaðarsvæði vesturríkjanna.

Þessi orð mín vil ég að hæstv. utanrrh. skilji sem svo að ég styð hann í því sem mér skildist á honum, að hann væri búinn að ákveða að veita leyfi til þess að þessi forkönnun fari fram. Ég styð hann í því.

En það er ýmislegt annað sem við megum ekki loka augunum fyrir og kemur fram í upplýsingum um varaflugvöll á Íslandi og ég hef fengið afrit af. Ég vildi gjarnan fá betri skýringu á því sem kemur fram hjá aðalframkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins, Manfred Wörner, en hann staðfestir í bréfi til utanrrh. að varaflugvöllur sem byggður yrði hér á landi yrði mannaður og starfræktur af óbreyttum borgurum. Mér finnst þetta of loðið orðalag. Óbreyttir borgarar geta komið hvaðan sem er. Það geta komið hermenn í „sívil" klæðum og þeir eru álitnir óbreyttir borgarar þar sem þeir eru gestir hverju sinni. Ég hefði gjarnan viljað hafa það betur orðað þannig að það færi ekkert á milli mála að það væri mannað af íslenskum ríkisborgurum. Að vísu kemur fram seinna í þessum upplýsingum að forræði, yfirstjórn og rekstur flugvallarins yrði í höndum Íslendinga, en það segir ekki nóg. Mér finnst eins og það orðalag gefi til kynna að það gæti hugsanlega verið eins konar leppar sem rækju flugvöllinn að nafninu til. Þetta þyrfti ég fyrir mína parta að fá dálítið öðruvísi og sterkara orðað.

Síðan er talað um varaflugvöllinn margumrædda, en það hefur ekkert komið fram um þau fylgimannvirki sem eru orðuð samtímis. Þar eru sett skilyrði frá hálfu Atlantshafsbandalagsins.

Það er það fyrsta að brautin verði 3000 m löng og samhliða akstursbraut. Það eru sem sagt tvær brautir. Það þýðir að það er gert ráð fyrir mjög miklum afgreiðsluhraða á umferðinni. Hún verður að beygja út af aðalbrautinni strax og lending eða flugtak hefur farið fram hvort sem það fer í loftið eða er að lenda.

Í öðru lagi er talað um að flughlað verði nægilega rúmt til að leggja við flugvélum og aðstaða verði til viðgerða, þ.e. flugskýli. Varaflugvöllur með þeim útbúnaði hlýtur þá að standa reiðubúinn að taka við hvaða tegund flugvéla sem lenda til viðgerðar og þar eru þá mikil verkfæri og mikil og dýr tæki og líklega þá lítið notuð nema um styrjöld sé að ræða.

Eldsneytisgeymsla, þriðja atriðið, verði til staðar með mögulegri tengingu við olíuhöfn og skýli fyrir tankbíla. Þetta gefur til kynna að flugvöllurinn verður að vera staðsettur þar sem hægt er að byggja olíuhöfn og hafa geymslur og flutningatæki fyrir eldsneyti fyrir þessar flugvélar.

Í fjórða lagi er lýst hvað þurfi að vera á vellinum til öryggis. Það er fullkominn flugturn, fullkomin flugleiðsögutæki, fullkomin slökkvistöð, bygging fyrir þjónustu við áhafnir og farþega og aðstaða til veðurþjónustu.

Þetta er gríðarlega mikið mannvirki þannig að við skulum ekkert vera að ganga að því blindir að hér er verið að byggja upp aðstöðu sem á að nota meira og minna allan tímann. Ég endurtek að ég tala svona en er sammála þeirri forkönnun sem ætlað er að fara fram og ég er að sjálfsögðu að gefa í skyn að ég gæti vel hugsað mér að þessi flugvöllur og öll aðstaðan verði byggð þegar að forkönnuninni lokinni.

Þetta segir mér allt annað en það bréf sem barst utanrrh. frá Manfred Wörner, aðalframkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins. Ég les þýðinguna. Ég sé ekki ástæðu til að lesa af frumritinu, en þar segir: „Til að tryggja öryggi í flugrekstri og að flugmenn kynnist staðháttum við flugvöllinn mundu herflugvélar stöku sinnum og í takmörkuðum mæli æfa þar aðflug og lendingu."

Þar með er þetta orðinn æfingavöllur og þar með hernaðarmannvirki og ég er því sammála. Við skulum ekkert vera að blekkja hvert annað um það. Auðvitað stendur til að vestræn ríki noti þetta mannvirki allan tímann. Mér þætti það einkennilegt ef þau ekki gerðu það. Hér er um sameinað bæði hernaðar- og, ef ég má orða það þannig, „sívil"mannvirki að ræða sem er til bóta meðan við þurfum að hafa þær varnir sem við höfum sameiginlega sem þjóð talið okkur nauðsynlegt öryggis okkar vegna en ekki í einhverri góðmennsku við erlenda aðila, hvorki Bandaríkin né aðra. Ég tek undir það, sem hefur komið hér fram, að það er hörmulegt til þess að vita að afbrigðilegt ástand í innanlandsmálum, eins og við eigum við að búa núna, þá á ég við samsetningu ríkisstjórnarinnar, skuli vera og verða til þess að flækja málin og gera þau erfiðari en ella þannig að varaflugvöllur, sem á að vera varaflugvöllur fyrir íslenska aðila, þ.e. Keflavík, skuli fara til annarra landa vegna þess að fámennur hópur, ég hef alltaf kallað þá kommúnista, Alþb., í ríkisstjórn og íslenskum stjórnmálum skuli hafa neitunarvald um þjóðmál, velferð og framtíð þjóðarinnar. Ég tel það af og frá. Það er afbrigðilegt ástand að svo fámennur hópur skuli geta komið í veg fyrir eðlilega þróun mála. Hvað sem samgrh. segir og hvernig sem hann reynir að dreifa huganum frá umræðuefninu, frá varaflugvelli kostuðum af mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins, að tali um byggingu brúa eða vega víðs vegar um land og smástækkun á þeim flugvöllum sem fyrir eru, þá verður hann ekki síður sem ráðherra en almenningur á Íslandi að gera sér grein fyrir því að Ísland er allt öðruvísi staðsett í þeirri umferð sem er um heiminn, bæði herumferð og farþegaumferð, en það var fyrir nokkrum áratugum. Ísland er í þjóð-

braut og íslenskt fólk verður að skilja að við verðum að starfa sem hlekkur í fjölskyldu þjóðanna og taka fullan þátt og fulla ábyrgð á tilveru ekki bara lands og þjóðar heldur fólksins í veröldinni.

Það er leitt til þess að vita að enn þá einu sinni vantar hæstv. forsrh., en mér fannst hann tala á móti sínum huga. Mér fannst hann enn þá einu sinni tala á móti því sem hann er í raun og veru með. Ég er alveg sannfærður um að hæstv. forsrh. með sína löngu reynslu í mismunandi ráðuneytum gerir sér fulla grein fyrir þörfinni á samstarfi við vestrænar þjóðir í þessum efnum eins og flestum öðrum. En hann segir, og ég skil hann vel, að varaflugvöllur verði ekki reistur nema allir sem að ríkisstjórn standi séu sammála. Þá kem ég aftur að því að það er hörmulegt að mjög fámennur hópur í íslenskum stjórnmálum skuli hafa neitunarvald í svo stóru og áríðandi framtíðarmáli fyrir íslenska þjóð.

Virðulegur forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri, en ég hvet hæstv. utanrrh. til að halda áfram á þeirri braut sem hann virðist hafa markað ef ég hef skilið hann rétt. Hann hefur minn stuðning þar.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég hef mál mitt með því að vitna í ræðu hv. þm. Karls Steinars Guðnasonar, 9. þm. Reykn. Hann upplýsti þingheim um að það væri raunverulega framsókn að kenna að ekki skuli hafa verið byggður annar fullnægjandi alþjóðaflugvöllur á Íslandi og að íhaldið hafi alltaf verið að skamma kommúnistana, ég ætlaði að segja alþýðubandalagsmennina. Þetta hefur greinilega verið mikill misskilningur, eins og kom fram í því sem hv. þm. Karl Steinar las upp þegar hann vitnaði í samþykktir landsfundar Framsfl. frá 1983. Ég á dálítið bágt með að trúa þessu þó að hv. þm. hafi lesið upp úr þessu plaggi. En ég ætlaði að koma að því að ég er eiginlega sömu skoðunar og hv. 5. þm. Reykv. Albert Guðmundsson varðandi afstöðu forsrh. Mér fannst hún allundarleg eins og hún kom mér fyrir sjónir í dag og ég verð að segja, virðulegi forseti, að það ber að harma það að hæstv. forsrh. skuli ekki vera viðstaddur þar sem þessi maður virðist hafa svo afgerandi völd að hann getur kveðið upp úrskurð um að hér skuli ekki vera byggðir nauðsynlegir flugvellir fyrir bæði íslenskt flug og alþjóðaflug, fyrir stærri þotur, ég tala ekki um flugvöll sem hugsanlega kæmi inn í varnarkerfi Atlantshafsbandalagsins. Ég spyr virðulegan forseta, sem sagði í upphafi fundar að þeir mundu koma, hæstv. ráðherrar, mjög bráðlega, hví hann er ekki enn mættur í salinn, hæstv. forsrh. Ég sé ekki að hæstv. forsrh. sé undanþeginn því frekar en við aðrir að gegna þinglegum skyldum sínum og svara fyrir sig og sína ríkisstjórn þegar við þingmenn komum hér og leggjum það á okkur að ræða þetta mál. **(Forseti:** Ég vil svara því til að ég veit ekki annað en það, sem mér var sagt, að þeir mundu reyna að koma svo fljótt sem nokkur kostur væri. Þeir eru báðir uppteknir við skyldustörf. En skyldu hafa þeir ekki fremur en sá sem um umræðuna bað, sem ekki hefur setið þennan fund síðan máli hans lauk snemma í dag, þannig að þessari umræðu verður haldið áfram án eða með ráðherra og fyrirspyrjanda.)

Virðulegi forseti. Ég verð að gera athugasemd við athugasemd forseta varðandi hv. frummælanda hér í dag. Ég var ekki að spyrja um hvort hann væri staddur í salnum. Það er mál sem forseti getur talað við hv. þm. um. Ég var að spyrja hvort hæstv. forsrh. kæmi ekki í salinn og hæstv. samgrh. Það eru þeir menn sem ég á erindi við. Það eru þeir menn sem hafa tekið sér það vald að ákveða hvort hér verður byggður varaflugvöllur eða ekki. Ég óska eftir því að hæstv. forseti geri ráðstafanir til þess að þessir tveir ráðherrar verði kvaddir á fund nú þegar. **(Forseti:** Þeim er fullljóst að þeirra er beðið með óþreyju. En ég skal ítreka það öllu frekar að þeir komi hér.) Virðulegur forseti. Ég bíð ekki eftir þeim með óþreyju. Ég bíð eftir að þeir mæti hér. En það er annað mál.

Virðulegi forseti. Ég skal virða mínar þingskyldur þótt aðrir geri það ekki og sýna forseta þá tilhlýðilegu virðingu að halda áfram með ræðu mína þannig að fundurinn geti gengið með eðlilegum hætti. Ég verð að endurtaka það, sem ég sagði áðan, að ég er ekki sannfærður um heilindi hæstv. forsrh. í þessu máli eins og fram kom í ræðu hv. þm. Alberts Guðmundssonar. Mér fannst eins og hann talaði á móti sinni sannfæringu og hann væri raunverulega annarrar skoðunar en kom fram hér. Að vísu var erfitt að henda reiður á skoðunum hans í dag því að hann talar bæði með og móti málinu, en samt virðist það einhvern veginn vera aðalatriðið í ræðu forsrh. að hann ætlaði sér ekki að vera með þessu máli á þessu augnabliki vegna þess að hann ætlaði að halda ríkisstjórninni saman. Það virtist vera aðalatriðið þótt málstaðurinn væri góður að hans mati.

Ég ætla, með leyfi forseta, að vitna hér í heimildir sem hljóta að staðfesta hver er stefna Framsfl. í þessu máli. Það vill svo til að Framsfl. og framsóknarfélögin í Reykjavík eiga sér málgagn sem er málsvari frjálslyndis, samvinnu og félagshyggju. Sl. laugardag er mjög ítarleg grein, helgargrein, í Tímanum einmitt um það mál sem hér er til umræðu og ég ætla, virðulegi forseti, að leyfa mér að lesa upp hvað þar stendur vegna þess að hér er á ferðinni mjög ég vil segja athyglisverð grein í blaði hæstv. forsrh., þ.e. í blaði Framsfl. Ég harma að hæstv. forsrh. skuli ekki vera mættur hér til að svara, en hann hlýtur nú að vera töluvert mikill ábyrgðarmaður á blaði Framsfl., þannig að hann geti svarað fyrir það sem stendur í þessu blaði hans. Það er ekki nafn undir greininni þannig að ég hlýt að álykta að þetta Tímabréf sé raunverulega boðskapur Framsfl. um þessa helgi varðandi þetta mál sérstaklega. Ég ætla, með leyfi forseta, að lesa upp úr þessari Tímagrein. Í greininni segir svo:

„Öðru hvoru ber á fjörur stjórnarsamstarfs mál sem geta valdið ágreiningi. Nú sitja tveir flokkar í ríkisstjórn sem líta á sig sem flokka sósíalisma. Það

hefði mátt halda að friðvænlegt væri á milli þeirra, einkum þegar haft er í huga að foringjar þeirra hafa ferðast um landið þegar veður leyfir og hafa jafnvel farið í vafasama flugferð til að ræða enn nánara samstarf flokkanna og nefna fundaherferðina „Á rauðu ljósi“.“ — Nú er hæstv. utanrrh. hlaupinn út. (**Utanrrh.:** Nei, ég er hér og hlusta með athygli.) Gott. Ég held áfram lestri mínum úr málgagni Framsfl., Tímanum, blaði hæstv. forsrh.:

„Engu að síður virðist ágreiningur á milli þeirra í uppsiglingu út af varaflugvelli sem lengi hefur verið rætt um að nauðsynlegt væri að koma upp vegna stöðugt vaxandi flugumferðar um Norður-Atlantshaf. Steingrímur J. Sigfússon samgrh. og Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh. eru síður en svo á einu máli um þennan varaflugvöll þótt báðir vilji þeir að hér sé slíkur völlur af augljósum ástæðum.“ Síðan segir í umræddri grein, með leyfi forseta:

„Þessi ágreiningur ráðherranna tveggja á sér langa sögu sem heimspólitískir atburðir síðari ára benda til að sé næstum liðin tíð. Atlantshafsbandalagið hefur eins og kunnugt er lengi verið mikill þyrnir í augum Alþb. en aftur á móti hefur Alþfl. verið fylgjandi þessu bandalagi Vestur-Evrópuþjóða og Bandaríkjanna til jafnlengdar. Með mildari viðhorfum Sovétríkjanna til athafna vesturveldanna á allra síðustu árum hefur kommúnisminn þar nálgast sósíalista í Vestur-Evrópu hröðum skrefum og alkunna er sú viðkvæmni sem ríkir í Alþb. sé á það minnst að upphafs flokksins sé að leita í Kommúnistaflokki Íslands 1930.“

Enn fremur segir í Tímabréfi um sl. helgi: „Þá bendir ljósagangur formanna A-flokkanna til þess að mikil breyting hafi orðið hér á viðhorfum flokkanna tveggja hvors til annars, en það er stutt í skotgrafirnar og þótt ljóst sé að æðsti maður Sovétríkjanna um þessar mundir standi að stórfelldum stjórnarfarsbreytingum í Sovétríkjunum lifir harkan víða enn hjá skyldum aðilum Vestur-Evrópu. Það sanna dæmin, mismunandi viðhorf A-flokkanna til athugunar á byggingu varaflugvallar þar sem hugsanlegt væri að mannvirkjasjóður NATO kæmi við sögu.“

Síðan segir í sömu grein Tímans: „Meiningarmunur þeirra ráðherra er kannski í besta falli akademískur. Hann sýnir að enn er verið að takast á um austur og vestur og að línan er enn dregin á milli Varsjárbandalags og NATO þótt allt eigi nú að vera með friði og spekt í heiminum og afvopnun hafin og komin í stað kalda stríðsins sem var.“

Um alþjóðlegan flugvöll segir svo í umræddri Tímagrein: „Alþjóðlegur varaflugvöllur á Íslandi er mikið fyrirtæki og fullnaðargerð hans kostar mikið fé. Kvaðalaus fjárveiting til hans úr mannvirkjasjóði NATO er hvorki verri né betri en önnur kvaðalaus aðstoð sem við höfum fengið í áranna rás.“

Þetta segir í umræddu blaði, Tímanum, laugardaginn 18. febr., þ.e. málgagni Framsfl.: „Kvaðalaus fjárveiting til hans úr mannvirkjasjóði NATO er hvorki verri né betri en önnur kvaðalaus aðstoð sem við höfum fengið í áranna rás. Má í því efni minna á Marshall-aðstoðina á sínum tíma. Engu töpuðum við á henni og ekki töpuðu aðrar þjóðir Vestur-Evrópu þótt þær þægju aðstoðina. Metnaður okkur býður að sjálfsögðu að við séum engum háðir um framkvæmdir í landinu og þess vegna eigi að byggja alþjóðlegan varaflugvöll hér á eigin spýtur. Um þetta eru allir sammála. Til að gera slíkan flugvöll þarf mikið fjármagn sem eflaust þarf að taka að láni erlendis. Meiri kvaðir um vexti og afborganir fylgja slíkum lánum en fylgja kvaðalausum fjárframlögum úr mannvirkjasjóði samtaka þjóða Vestur-Evrópu, en í þeirra hópi erum við“, segir orðrétt í Tímabréfi um síðustu helgi.

Síðan segir: „Vilji aðili eins og mannvirkjasjóður veita fé til byggingar slíks vallar án allra kvaða er um aðstoð“ — ég undirstrika — „er um aðstoð að ræða sem ástæða er til að skoða eins og boð um hverja aðra aðstoð. Það breytir ekki þeirri staðreynd að við eigum sjálf val í þessum efnum. Á bak við andstöðu samgrh. við afskipti mannvirkjasjóðs NATO af varaflugvelli norðan lands eða austan grillir í eins konar ótta um að Bandaríkjamenn séu að sækjast eftir auknum umsvifum í landinu þótt augljóst sé að þeir muni hvergi nærri koma þessum flugvelli, enda er nokkur munur á kvaðalausu framlagi mannvirkjasjóðs og hugsanlegum afskiptum Bandaríkjamanna af flugvellinum“, segir í Tímanum.

Og enn fremur segir: „Vel mætti spyrja hvort umræðan sé ekki háð í ljósi meira samstarfs stórveldanna, afvopnunar og vinsamlegra samskipta. Það mætti líka spyrja hvort NATO hafi ekki orðið Vestur-Evrópu að gagni frá stofnun við að tryggja jafnvægi Evrópu. Við eigum ekkert sökótt við NATO sem talið hefur verið að eigi sinn þátt í að friður hefur haldist í 40 ár.“

Og að lokum segir í Tímabréfi laugardaginn 18. febr., málgagni forsrh., með leyfi forseta: „Af þessum sökum er undarlegt löngu eftir að Bandaríkjamenn og Sovétmenn eru byrjaðir að reykja friðarpípur sínar að hér á landi skuli gamlar röksemdir gegn NATO og gegn Marshall-aðstoðinni vera í fullu gildi alveg eins og á dögum kalda stríðsins“, segir í sjálfu málgagni forsrh.

„Það hefur ekki verið hlustað nóg á Moskvu eftir að röddin þaðan mildaðist og varð manneskjulegri og jafnvel svolítið kapítalísk. Þess vegna hefur þeim hjá Alþb. ekki tekist enn“ — og nú ætti hæstv. utanrrh. að hlusta — „að skilja rödd bræðraflokksins undir stjórn Jóns Baldvins þegar hann talar um kvaðalausa NATO-peninga til byggingar varaflugvallar. Mildin og þíðan í samskiptum stórveldanna skiptir engu máli. Þannig verða menn með tímanum rökheldir í lausu lofti eftir að undirstaðan er farin eitthvað annað. Engum dettur annað í hug en það sé fyrst og fremst andúðin á NATO sem ræður afstöðu samgrh. til byggingar varaflugvallar fyrir kvaðalaust fé úr mannvirkjasjóði.“ Og hér lýkur tilvitnun í Tímabréf laugardaginn 18. febrúar.

Ég verð að segja að það er margt sem vekur mann til umhugsunar eftir að hafa setið hér í dag og hlustað

á ræður ráðherra og er ég ekki að vitna í ræðu utanrrh. heldur í ræðu hæstv. forsrh. Það þarf enginn að segja hv. þm. það eða alþjóð að hæstv. forsrh. hafi ekki vitað um efni þessa Tímabréfs. Það fer ekki milli mála í hvers þágu Tíminn er skrifaður og hvaða tilgangi dagblaðið Tíminn þjónar í íslenskum stjórnmálum. Það er augljóst mál. En það sem vekur athygli við lestur greinarinnar er það þegar er margendurtekið „kvaðalaus fjárveiting", hæstv. samgrh. Steingrímur Sigfússon, og svo er einnig komið að því, sem er auðvitað laukrétt, að þeir menn sem tala gegn því að þessi mál séu skoðuð eru menn sem eru rökheldir í lausu lofti eftir að undirstaðan er farin eitthvað annað. En þá er spursmálið: Hefur ekki undirstaðan líka hrapað undan hæstv. ríkisstjórn? Um hvað eru hæstv. ráðherrar raunverulega að ræða í dag?

Svo er önnur hlið á málinu sem ég vil vekja athygli hv. þm. á. Ég hef ekki lesið meiri „aronsku" í nokkru dagblaði á Íslandi en kemur fram í þessu Tímabréfi. Einhvern tíma hefði þetta verið kallað „aronska". En þessi grein segir meira. Hún segir raunverulega að af hálfu Framsfl., af hálfu málgagns Framsfl., dagblaðsins Tímans, er eindreginn stuðningur við byggingu varaflugvallar á Íslandi með fé úr mannvirkjasjóði NATO. Stuðningurinn er alveg eindreginn af hálfu þessa blaðs, af hálfu málgagns Framsfl. Það fer ekki milli mála. Ábyrgðaraðili blaðsins er Framsfl. og hæstv. forsrh. sem er formaður Framsfl. En það skyldi þó ekki vera vegna þess hvernig ræður voru fluttar í dag af hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. að það væri dulið samband á milli þessarar greinar annars vegar og tveggja ráðherra hins vegar, umræddra ráðherra, Steingríms Hermannssonar og Jóns Baldvins Hannibalssonar. Ég segi nú ekki meira. Ég hugsaði kannski annað. Það gæti orðið hugsanlegt að formaður Alþb. væri ekki svo langt frá því hvernig ætti að nálgast þetta mál. Og hverjum er þá verið að fórna? Hvert er saklausa lambið í þessum blekkingum öllum? Það er hæstv. samgrh. Steingrímur Sigfússon og skal ég víkja að því nánar á eftir. Það skyldi þó ekki vera að þessir herrar hefðu komið sér saman um það, og ég mun víkja nánar að því beint úr ræðu forsrh. í dag, að láta forkönnunina fara fram með sínu lagi í krafti sinna valda í þeim ráðuneytum sem þeir ráða yfir. Hér sagði hæstv. utanrrh. í dag: Ég ræð í mínu ráðuneyti og varnarmálin heyra undir utanrrn. Er það ekki rétt, hæstv. utanrrh.? **(Utanrrh.:** Jú, jú.) Hæstv. utanrrh. tók undir það.

Þá mætti hugsa áfram. Við erum stödd, hv. þm., í miðju kjörtímabili. Forkönnun eins og þessi getur gengið svona rólega í tæpt ár. Þá gæti verið tímabært að standa upp og þá hefðu allir sín skálkaskjól. Hæstv. utanrrh. getur sagt: Ég stóð alltaf með NATO og ég framkvæmdi nauðsynlegar forkannanir í krafti míns embættis. Formaður Alþb., sem er ekki mættur hér, gæti sagt þegar hann stæði upp: Það var ekki gert á meðan ég sat í ríkisstjórn. Þessi forkönnun var gerð án þess að ég hefði hugmynd um það. Þá hafa allir sína stöðu fyrir næstu kosningar af þeim herrum sem núna eru í ríkisstjórn. En einn er sá maður sem hefur hreint borð og það er hæstv. forsrh. vegna þess að blaðið hans, málgagnið, hefur alveg eindregna skoðun á þessu máli 18. febr. 1989 og ég hef vitnað í þá stefnu sem birtist í Tímanum sl. laugardag.

Ég ætla ekki að fjalla meira um þennan þátt þessa máls. En það eru fleiri atriði sem ég vil víkja að, sem eru aðallega tæknilegs eðlis, í sambandi við bæði ræðu hæstv. samgrh. fyrr og einnig vil ég víkja nokkrum orðum að ræðum forsrh. og utanrrh.

Forsrh. sagði eitthvað á þá leið m.a.: „Í stjórnarsáttmálanum segir að ekki skuli ráðist í meiri háttar hernaðarmannvirki." Hann sagði aldrei að það skyldi ekki ráðist í forkönnun því að síðar í sömu ræðu segir hann eitthvað á þessa leið: „Mér finnst eðlilegt að það verði kannað hvað þurfi að gera til að fullnægja t.d. þörfum risaþotna, tveggja, jafnvel fjögurra þotna varðandi varaflugvöll." Því miður er hæstv. forsrh. ekki hérna til þess að ég gæti fengið það staðfest að ég hafi heyrt rétt hvað hann sagði. En það verður þá að hafa það.

Ég get ekki skilið þetta öðruvísi og með Tímagreinina sem bakgrunn en á þá leið að hæstv. forsrh. ætli sér að leyfa þessa forkönnun með því lagi sem ég var að lýsa áðan og leyfi mér að álykta að hlyti að vera gert í samráði við alþýðubandalagsmenn, þ.e. þá sem ráða ferðinni í ríkisstjórninni. Alþýðubandalagsmenn segjast vera á móti NATO og þeir segjast vera á móti varnarliðinu, en samt setjast þeir í hverja ríkisstjórn á fætur annarri og taka þátt í hernaðarframkvæmdum sem þeir fordæma. Við sem erum fylgjandi aðild að Atlantshafsbandalaginu viðurkennum illa nauðsyn þess að þurfa að hafa hér varnarlið. Við færum rök fyrir því hvers vegna við teljum það nauðsynlegt og þau rök hafa staðist. Þetta hefur tryggt frið og öryggi í þeim hluta heims sem við búum í frá því að Ísland gerðist aðili að NATO 1949.

Hæstv. samgrh. Steingrímur Sigfússon hefur verið mjög málefnalegur í þessum umræðum og eins og hans er von og vísa hefur hans málflutningur verið mjög heiðarlegur. Hann hefur dregið fram sín rök fyrir því hvers vegna hann telji ekki nauðsyn á að ráðast í það mannvirki sem okkur hinum hefur verið títt rætt um í þessari umræðu sem er meiri háttar alþjóðaflugvöllur, meiri háttar varaflugvöllur sem krefst milljarða ef á að byggja slíkan flugvöll. En því miður gat hann ekki sannfært mig um það að þær tæknilegu upplýsingar sem hann kom með væru fullnægjandi til þess að ég gæti verið sömu skoðunar og hann um það að þeir varaflugvellir sem hann vill mæla með að verði byggðir fullnægðu þeim kröfum sem ég alla vega geri kröfur til og margir aðrir, ýmsir flugmenn, íslenskir sem erlendir. Hæstv. ráðherra talar um að það sé nóg að þessir varaflugvellir séu 2700 m og það eigi að fullnægja þotum sem Íslendingar eru að kaupa. Ég leyfi mér að draga í efa að 2700 m flugbraut muni nægja þeim tveim stóru þotum sem Flugleiðir munu fá á árunum 1991–1993. Þær flokkast undir risaþotur fullhlaðnar. Þá vil ég vekja athygli hæstv. ráðherra á því að þegar hann talaði um þetta í

dag ræddi hann um flugbrautarlengd út frá því sjónarmiði að flugvél væri að lenda eftir lengri tíma flug. Þá eru flugvélar mun léttari. Það gefur auga leið. Þær eru búnar að brenna upp svo miklu eldsneyti. En það sem verður að hafa sérstaklega í huga er nauðsynleg lengd flugbrautar með tilliti til neyðartilfella, eftir flugtak. Það getur nefnilega komið fyrir eftir flugtak að vél geti ekki lent aftur á sama flugvelli. Ef það gerist með þessar þungu, stóru þotur, eins og stærri gerðin verður af þeim tveggja hreyfla vélum sem Flugleiðir fá, gefur það auga leið að það verður að vera til flugbraut sem þessar flugvélar geta lent á. Hlaðin vél þessarar gerðar þarf minnst 3000 m braut fullhlaðin. (**PP:** Hvaðan hefurðu þær upplýsingar?) (**Samgrh.:** Þetta er tóm vitleysa, hv. þm.) Augnablik. Þá ættirðu að lesa það sem stendur á ensku í umræddu plaggi. Það verður að taka „Take-off Runway" með í reikninginn. Hæstv. ráðherra talaði alltaf um „Landing Runway" á ensku. Það eru 1850 m og 1950, en „Take-off" eru 2500–2700 m. En það eru frávik sem þarf að reikna með líka sem ekki eru í þessum tölum og frávikin geta verið 10–12%. Þá erum við komnir í 3000 m brautir. Ja, ég segi ekkert annað en það að ég hef mínar upplýsingar m.a. frá flugmönnum. Ég held að hv. þm. ættu þá að kynna sér þetta betur. En ef þeir eru svo miklir bókstafstrúarmenn að þeir trúi öllu sem stendur á þessum töflum er það verst fyrir þá.

Að þessu slepptu skulum við skoða töflu sem er í skýrslu frá Flugmálastjórn frá því í janúar 1989 þar sem m.a. er vísað til þess hvaða brautarlengd stærri þotur þyrftu. Við ættum líka að reyna að fullnægja skyldum okkar hvað varðar alþjóðaflug á Norður-Atlantshafi. Tökum þær þotur sem hafa verið að lenda hér undanfarið og taka fisk frá Íslandi til Japans eða Vestur-Evrópu, Boeing-747. Hvaða brautarlengdir þurfa þessar flugvélar? 3060–3150 m. Ætlar hæstv. ráðherra að hrekja þessar tölur eða hv. þm. Páll Pétursson sem mun vera í flugráði?

Þær kröfur sem við gerum til þessa varaflugvallar eru auðvitað kröfur gagnvart framtíðinni, að þessir flugvellir fullnægi þeim kröfum sem gerðar eru til að geta þjónað öllum flugvélum sem fljúga um Íslandssvæðið og ekki hvað síst þeim flugvélum sem lenda hér og þurfa að taka farm.

Þá er það atriði sem snýr að tveggja hreyfla þotum. Ef annar hreyfill bilar eftir flugtak er samkvæmt sömu skýrslu álitið að þessar flugvélar megi ekki leita til varaflugvallar sem er í lengri fjarlægð en sem nemur 60 mínútum. Það þýðir að þessi varaflugvöllur verður annaðhvort að vera á austurströnd Grænlands eða hér á Íslandi og á öðru veðursvæði en Keflavíkurflugvöllur. Það þýðir ekkert að vísa til Akureyrar í þessum efnum. Það vita hv. þm. og hæstv. samgrh. líka. Ég vildi leiðrétta það sem fram kom hjá hæstv. samgrh. í dag um það hvaða kröfur væru gerðar til brautarlengdar.

Að lokum, virðulegi forseti, ætla ég að víkja nokkuð að þeim atriðum sem snúa að varnar- og öryggismálum Íslands. Það hefur blandast inn í þessa umræðu og það er rétt, sem fram hefur komið í ræðum sumra þingmanna, að flugbrautir sem eru orðnar 2700 m og þar yfir eru yfirleitt þeirrar gerðar og allur útbúnaður í kringum þær að þær geta þjónað hernaðarlegum tilgangi. Það er blekking að halda öðru fram. Þó að við Íslendingar byggðum þetta sjálfir fyrir okkar eigið fé geta hernaðarveldin hvenær sem er notfært sér slíkar brautir, hvort sem það eru Bandaríkjamenn eða Sovétríkin, ef ófriður brýst út. Að halda öðru fram er blekking sem er alveg ástæðulaust að bera á borð fyrir hv. þm. eða þjóðina almennt. Við skulum ræða um þetta út frá sjónarmiði öryggis- og varnarmála og velta því fyrir okkur hvort nýr flugvöllur þessarar gerðar mundi auka líkur fyrir því að Atlantshafsbandalagið gæti betur tryggt frið og öryggi í Norður-Atlantshafi. Þess vegna hefði ég viljað beina þeirri spurningu til forsrh., sem er því miður ekki mættur hér, en ég vil þá spyrja hæstv. utanrrh. að því, hvert er mat hans á því hvort varaflugvöllur þeirrar gerðar sem hér hefur verið til umræðu mundi bæta varnir og öryggi landsins og þar með tryggja betur frið og öryggi í Norður-Atlantshafi. Styrkir svona flugvöllur eða aðstaða Atlantshafsbandalagið í því hlutverki að geta rekið hér öflugra eftirlitsstarf, gegnt betur eftirlitshlutverki NATO en nú er með þar af leiðandi auknum líkum fyrir því að hægt sé að framfylgja betur þeim samningum um afvopnun og eyðingu kjarnorkuvopna sem allar þjóðir stefna að? Ég er þeirrar skoðunar að einmitt svona flugvöllur, sem gerir okkur kleift að auka allt eftirlit af hálfu Atlantshafsbandalagsins, hljóti að styrkja mjög viðleitni þjóðanna til að tryggja að afvopnun eigi sér raunverulega stað og eyðing kjarnorkuvopna þar af leiðandi.

Þess vegna tel ég að það eigi tvímælalaust að láta þegar fara fram forkönnun á því hvort ekki eigi að byggja fullkominn varaflugvöll með stuðningi mannvirkjasjóðs NATO vegna þess að ég trúi því að slíkur flugvöllur muni tryggja friðinn, muni styrkja eftirlit með afvopnun og muni styrkja eftirlit með eyðingu kjarnorkuvopna. Því miður er forsrh. ekki mættur til að svara þessu, en ég treysti hæstv. utanrrh. til að svara þessari spurningu. Mér finnst þetta grundvallaratriði í allri umræðunni. Ef við erum sannfærð um að þetta tryggi betur frið og öryggi og tryggi betur framkvæmd þeirra samninga sem vestrænar þjóðir eru að reyna að koma sér saman um og framkvæma í sambandi við afvopnun eigi Íslendingar tvímælalaust að þiggja að mannvirkjasjóður NATO komi til skjalanna við byggingu þessa flugvallar.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Við erum að ræða mikið nauðsynjamál, varaflugvöll á Íslandi, og mér finnst að sú forkönnun sem hér er verið að tala um eigi að fara fram sem fyrst. Það er í sjálfu sér engin ákvörðun um hvort flugvöllurinn verður byggður eða ekki að forkönnun fari fram þó svo að ég voni að niðurstaðan geti orðið sú.

Ég ætla að rifja upp að við erum aðilar að NATO

og Atlantshafsbandalaginu og það hefur margkomið fram að það er vilji íslensku þjóðarinnar og vilji meiri hluta Alþingis að við séum aðilar að þessu varnarbandalagi lýðræðisþjóðanna. Ég tel því að það sé ekkert sem geti leyft ráðherrum annað en fara að vilja meiri hluta þjóðarinnar og Alþingis. Það er mín skilgreining á svona umræðu. Hvort sem við erum að tala um aukið öryggi í vörnum landsins eða aukið öryggi fyrir lýðræðisskipulagið í heild eigum við að standa að þeim samningum og þeirri samvinnu sem við höfum verið aðilar að meðal vestrænna þjóða hér eftir sem hingað til.

Í þessum lýðræðisríkjum búa menn við mestu mannréttindi og einhver bestu lífskjör í heiminum sem eru þekkt og ég sé ekki að við þurfum að hopa neitt með þau mannréttindi eða þurfum ekki að fara á flótta með það og höfum ekki neitt að skammast okkar fyrir eða ég skil það ekki þannig. Ég hef ekki heyrt að menn hafi boðið upp á betra þjóðskipulag en vestrænar þjóðir búa við. Ég dreg því í efa að einn stjórnmálaflokkur á Íslandi geti sett einhver skilyrði um að ekki skuli gert eitthvað sem er vilji meiri hluta Alþingis að verði gert. Það er alveg fráleitt. Skilgreining á lýðræðisskipulaginu er að meiri hlutinn ráði en ekki minni hlutinn. Það er allt annað þjóðskipulag þar sem minni hluti ræður yfir meiri hlutanum. Það er ekki það þjóðskipulag sem við búum við.

Svo er líka annað mál í þessu sem eru okkar hagsmunir varðandi alþjóðlegar flugsamgöngur og samkeppni um að koma vörum á markað. Ég rifjaði það upp um daginn að það er mjög nýlega hafið flug með flugfélaginu Flying Tigers og þær flugvélar þurfa hámarksbrautir upp á 3150 m eins og kom fram áðan. Það datt engum í hug fyrir nokkrum mánuðum að þetta mundi verða að veruleika, en þó það sé ekki varaflugvöllur á Íslandi ákváðu þeir samt sjálfir að óska eftir því að fá að nota íslenskan flugvöll sem bendir til þess að við höfum mjög hagstæða legu í alþjóðasamkeppni um þjónustu við flugvélar. Eftir þeim upplýsingum sem ég hef gæti Flying Tigers lestað 20 tonnum meira á brottfararstað í Evrópu ef það væri varaflugvöllur á Íslandi. Það er út af öryggishagsmunum vegna þess að eins og gefur að skilja verður flugvélin að komast á annan völl ef ekki er fært hér. Það mundi því gefa enn þá sterkari markaðsstöðu ef við hefðum varaflugvöll á Íslandi. 20 tonn eru miklir peningar í frakt. Ef fraktin er 150 kr. eru það 3 millj. Það er jafngildi 100 farþega á 30 þús. kr. farmiða til samanburðar.

Ég lít þannig á að þetta mál sé í höndum hæstv. utanrrh. og ég hvet hann til að gera skyldu sína fyrir meiri hluta þjóðarinnar og lýðræðisskipulagið. Ég veit að ég þarf ekki að hvetja hann til þess. Hann væntanlega gerir það. En ef það er ágreiningur um þetta í ríkisstjórninni, er þá ekki hægt að afgreiða þetta á lýðræðislegum grundvelli, þá ráði meiri hlutinn? Það þarf ekkert að vera með neinar hótanir sitt á hvað í dulbúnum skeytum. Opin atkvæðagreiðsla, er það ekki langbest, og hreinskilin umræða? Það getur enginn tekið sér neitt neitunarvald í neinu máli af eintómri tilfinningasemi. Það er alveg fráleitur málflutningur.

Ég vil svo ítreka að ég lýsi mig eindreginn stuðningsmann þess að þessi forkönnun um varaflugvöll á Íslandi fari fram og ég hvet hæstv. utanrrh. til að vera ekkert að tala allt of mikið um þetta, en láta verkin tala. Það er alltaf farsælast.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Það liggja nú þegar fyrir áætlanir um varavelli fyrir millilandaflug Íslendinga þar sem gert er ráð fyrir að það verði þrír flugvellir byggðir upp sem svara kröfum í því flugi. Þar er um að ræða Egilsstaðavöll, Akureyri og síðan Sauðárkrók. Í þeim áætlunum er gert ráð fyrir því að 2700 m braut t.d. á Egilsstöðum fullnægi kröfum í millilandaflugi Íslendinga sem gerðar munu verða í næstu framtíð með þeim þotum sem notaðar eru. Ég lýsi fullum stuðningi við þessi áform.

Hins vegar er nokkuð annað mál sem hér er um að ræða og hér er verið að ræða í dag. Það er ástæða til þess að gera sér fulla grein fyrir því og gera fullan greinarmun þar á. Það hefur einnig komið fram að það er þörf á 3000 m braut til þess að B-747 þotur geti notað viðkomandi völl sem varavöll t.d. í yfirflugi um íslenska flugstjórnarsvæðið eða í flugi með millilendingu hérlendis. Menn geta spurt sem svo hvort það sé kleift fyrir okkur Íslendinga að byggja 3000 m flugbrautir sjálfir með tilheyrandi búnaði eða hvort þessi mál eigi að leysa með milligöngu mannvirkjasjóðs NATO. Hvort það eigi að kosta þessar framkvæmdir með framlögum úr mannvirkjasjóðnum.

Það hefur komið fram við þessa umræðu að í rauninni er náttúrlega um miklu meira mannvirki að ræða en eingöngu flugbrautina. Hér er um gríðarlega miklar framkvæmdir að ræða. Hér er, eins og var rakið hér áðan, um að ræða olíubirgðastöð að einhverju marki í nálægð við höfn, flugskýli og fullkominn flugturn svo að eitthvað sé nefnt.

Það er svo að hagnaður flugfélaga sem hafa áætlun hingað til lands af því að hafa varaflugvöll er einkum fólginn í að vélar þeirra þurfa að bera minna eldsneyti ef hann er fyrir hendi á landinu. Sá hagnaður er vart fyrir hendi í yfirflugi yfir íslenska flugstjórnarsvæðið. Hins vegar ber að geta þess að nú á þessu ári hefur flugfélagið Flying Tigers, sem er vöruflutningafélag, millilent á Keflavíkurflugvelli á leið sinni til Japans og það má ætla að það félag hefði sparnað af varavelli og slíkur varavöllur gæti e.t.v. opnað fyrir einhverja meiri umferð svo stórra véla í framtíðinni þó að allt sé óljóst um þá hlið málsins að sinni.

Hins vegar finnst mér margt mjög óljóst í þessari umræðu um varavöll svo að ekki sé meira sagt. Það hefur mjög lítið komið fram um hver not varnarliðsins eiga að vera af þessum varavelli. Það er sagt: Þetta verður borgaralegt mannvirki á friðartímum. Þetta mannvirki verður ekki notað til hernaðar eða hernaðarumsvifa. En það hefur eiginlega mjög lítið komið fram um hvað rekur NATO eða varnarliðið nú til að þrýsta á þetta mál. Það má ætla að varnarliðið hafi

svipuð not og íslensku flugfélögin af varavelli, það kunni að vera einhver eldsneytissparnaður fyrir æfingaflug þess og eftirlitsflug því að það þurfi sjálfsagt að hafa sínar reglur um eldsneyti eins og flugfélögin, en um önnur not ríkir mikil óvissa. Það væri fróðlegt að fá upplýst hver er raunveruleg ástæða fyrir því að þessum framkvæmdum er sýndur slíkur áhugi nú af NATO og mannvirkjasjóðnum.

Það væri líka gott að fá upplýst hvort hinar hógværu kröfur um not af vellinum, að þetta eigi að vera borgaralegt mannvirki og stjórnað af óbreyttum borgurum á friðartímum, standi lengi, hvort þær standi út byggingartímann, hvort það verða kröfur síðar meir og innan tíðar um meiri not af vellinum. Manni býður reyndar í grun að svo verði. Ég er ekki haldinn þeim barnaskap að ætla að hér sé ekki um hernaðarmannvirki að ræða. Ég er þeirrar skoðunar að þarna sé um hernaðarmannvirki að ræða og menn eigi að ræða málið í því ljósi. Þarna er, eins og ég kom inn á áðan, um miklu meira mannvirki að ræða en flugbrautina eina saman. Þarna eru hin margvíslegustu mannvirki önnur og meira að segja, eins og hv. 5. þm. Reykv. kom inn á áðan í ræðu sinni, er nálægðar við olíuhöfn krafist.

Það er svo að ef samið er við mannvirkjasjóð NATO um að greiða mannvirki af þessu tagi, sem ekki er notað til neinna hernaðarumsvifa, er eingöngu stjórnað af óbreyttum borgurum á friðartímum, þangað koma engar hervélar eins og þetta mál er lagt upp núna, þá er gengið feti framar en áður hefur verið gert í þátttöku mannvirkjasjóðs NATO í samgöngumannvirkjum hér á landi. Ég held að við eigum að ræða um þetta mannvirki sem hernaðarmannvirki. Þó jafnvel komi ekki til þess að það sé notað á friðartímum er þetta mannvirki í eðli sínu þannig að það getur ekki verið annað. Þess vegna leita þessar spurningar á. Hvers vegna kemur þetta mál upp núna og hvaða tilgangi á varaflugvöllur að þjóna? Með hverjum hætti á hann að styrkja varnir landsins?

Ég er fylgjandi aðild okkar að NATO og ég er fylgjandi því að við eigum að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru um eftirlitsflug á norðurslóðum. Með hvaða hætti kemur þessi varavöllur inn í þá mynd? Með hvaða hætti kemur hann inn í þá mynd núna þegar það er sem betur fer svo að stórveldin eru að semja um afvopnun frekar en vígvæðingu? Og hvaða skilyrði eru varðandi not af slíkum völlum? Hvaða skilyrði koma í kjölfarið? Er hugsanlegt að þau skilyrði feli í sér frekari kröfur um afnot af vellinum á friðartímum?

Ég er ekki ýkja trúaður á að þessi forkönnun verði gerð án nokkurra skilyrða um framkvæmdir, en ef svo er er kannski ekki ástæða til að hafa á móti henni. Hins vegar verður að vera alveg skýrt hvað afstöðu mína snertir og ég hygg okkar framsóknarmanna flestra að við höfum ekki tekið þá ákvörðun að þessi flugvöllur skuli verða byggður. Stefnan er skýr og kemur fram í stjórnarsáttmála um framkvæmdir í þessum efnum. Það er þannig í samsteypustjórnum að þar gildir ekki einfaldur meiri hluti atkvæða. Þar gildir stjórnarsáttmálinn sem gerður er þegar ríkisstjórnin er mynduð og í honum stendur: Ríkisstjórnin mun ekki gera nýja samninga um meiri háttar hernaðarframkvæmdir. Þetta er alveg ljóst og ég hef út af fyrir sig ekki trú á að mannvirkjasjóður NATO fari að gera forkönnun eða a.m.k. kosta miklu til forkönnunar á þessum forsendum.

Það hefur verið rætt hér nokkuð af hv. 14. þm. Reykv. um skrif Tímans í þessum efnum og talið að þar komi afstaða Framsfl. fram í málinu. Afstaða Framsfl. kemur ekki þar fram. Það er svo að það eru skoðanaskipti í Tímanum og afstaða þess blaðs fer ekki saman í öllum greinum við þá afstöðu sem mörkuð hefur verið af flokknum. Afstaða Framsfl. kemur m.a. þar fram og var samþykkt þegar þessi stjórnarsáttmáli var gerður að ekki verði gerðir nýir samningar um meiri háttar hernaðarframkvæmdir. Þeirri afstöðu fylgjum við þingmenn Framsfl. og það verður að koma í ljós hvort mannvirkjasjóður NATO eða forráðamenn NATO hyggjast verja stórfé í forkönnun á svo óljósum forsendum um framkvæmdir því auðvitað verður ekki samið um slíkar framkvæmdir meðan þessi stjórnarsáttmáli er í gildi. Auðvitað geta í framtíðinni komið þeir menn að stjórnvölnum sem hafa talað mest í kvöld í þessari umræðu og getur vel verið að þessar hógværu kröfur séu gerðar í þeirri von að síðar verði hægt að bæta um betur og gera kröfur um not af þessu mannvirki fyrir æfingaflug og önnur umsvif sem fylgja varnarliðinu á friðartímum. Ég held að menn verði að ræða þetta mál með tilliti til þess og gera sér alveg grein fyrir því hvað er um að ræða. Hér er um hernaðarmannvirki að ræða og menn eiga ekki að vera blekkja sig á því. Jafnvel þó að menn fylgi aðild að NATO og samstarfi vestrænna þjóða eiga menn ekki að vera að blekkja sig á því að hér sé um einhvern völl að ræða sem aldrei verður notaður, stendur bara og bíður eftir að til ófriðar komi sem vonandi verður aldrei og sem betur fer þokast heldur í hina áttina.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Mér skilst að ég sé næstur á mælendaskrá núna um bæði þau mál sem liggja fyrir deildinni og fyrir þinginu og kannski ekki í fyrsta skipti. En svo hittist á að framsögumaður fyrir öðru málinu er hæstv. forsrh. og hann er víðs fjarri húsinu þannig að þó svo að hlé yrði gert á umræðum utan dagskrár um varaflugvöll (**Forseti:** Það verður ekki gert.) er heldur ekki hægt að tala um stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum fremur en um varaflugvöll. Hæstv. forsrh. gaf yfirlýsingar í dag sem nauðsynlegt er að fá svör við og þó svo að hæstv. forseti hafi undarlegar skoðanir í sambandi við samskipti okkar Íslendinga við Atlantshafsbandalagið hygg ég að hæstv. forseti verði að sætta sig við að við þingmenn eigum kröfu til þess að hæstv. forsrh. svari eðlilegum spurningum sem beinast að þeirri ræðu sem hann flutti á þinginu í dag. Ég vil mælast til þess við hæstv. forseta að hann geri annað tveggja að fresta umræðunni til morguns eða reyna þá að fresta

umræðunni í svo sem hálftíma meðan verið er að hafa upp á hæstv. forsrh.

Ég minni á, og ég veit að hæstv. forseti þekkir þá sögu betur en ég frá þeim tímum hér áður þegar Framsfl. hafði forsrh., að hringt var í lögregluna og hún beðin um að leita að einum þingmanni sem ekki var í deildinni vegna þess að flokksbræður þess þingmanns þóttust þurfa að hafa þingmanninn við við atkvæðagreiðslu. Nú hittist svo á að við þurfum að spyrja hæstv. forsrh. út úr. Þess vegna vil ég fara fram á að umræðunni verði frestað annaðhvort til morguns, fimmtudags, að öðrum kosti verði gert hlé á fundinum meðan forsrh. er leitaður uppi.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forsrh. er á leiðinni. Fundinum verður ekki frestað. Hyggst hv. 2. þm. Norðurl. e. taka til máls? Hv. 11. þm. Reykn. talar um þingsköp. Hins vegar munu frekari umræður um þingsköp ekki leyfðar. Hér er verið að halda fund síðla kvölds og forseti krefst þess að fundurinn haldi áfram án tafar.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir með hv. 2. þm. Norðurl. e. það sem hann sagði um þingsköp. Það er náttúrlega vansi að því að hæstv. forsrh. skuli vera í veisluglaumi úti í bæ í staðinn fyrir að vera á þingfundi og ekki mæta til þingfundar þegar svo mikilvægt mál er til umræðu. Það er alveg lágmarkskrafa að hann mæti. Við erum búin að bíða alllengi eftir honum. M.a. hélt ég mína ræðu án þess að hann væri staddur hér í trausti þess að hann mundi mæta síðar. Ég óska eftir því að fundi verði frestað þar til hann er mættur.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Fundinum verður ekki frestað eins og áður hefur komið fram. Umræðu um þingsköp er lokið. (**HBl:** Þingsköp.) Má ég vekja athygli hv. þm. á því að það er forseti sem úrskurðar um fundahald hér.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Nú man ég ekki eftir því að þessi háttur hafi áður verið hafður á hér þegar ríkisstjórn er spurð um stefnumörkun eins og er í þessu máli, þegar fram hefur komið við umræðurnar að annar þeirra fagráðherra sem hefur tekið til máls, hæstv. samgrh., hefur í ræðu sinni fyrr í dag vísað því til úrskurðar forsrh. hvor hafi lögsögu í því máli sem hér er fjallað um og hver hafi úrskurðarvald um hvernig beri að túlka varaflugvallarmálið. Hæstv. forsrh. komst á hinn bóginn þannig að orði í sinni ræðu að það er erfitt að skilja það fyrir þá sem ekki eru framsóknarmenn hvað hann átti nákvæmlega við og af þeim sökum er nauðsynlegt fyrir okkur hina að spyrja hann pínulítið út úr um hvað fyrir honum hafi vakað. Nú hef ég fundið að hæstv. forseti er svolítið óþolinmóður og ekki alveg ánægður hvernig þetta hefur gengið, en ég bið hæstv. forseta að láta það ekki bitna á okkur í stjórnarandstöðunni þó honum hafi runnið í skap við ráðherra að hafa ekki mætt í þinginu og fer fram á sem ég sagði áðan og ítreka að ég tel að það sé nauðsynlegt fyrir framhaldið til þess að við verðum ekki fyrir óþægilegum töfum að forseti geri nú allt sem í hans valdi stendur til að hæstv. forsrh. sýni sig.

Ég veit að hæstv. forsrh. hefur líka gaman af því að láta leita að sér og vekja pínulitla athygli þannig að við gerum líka hæstv. forsrh. greiða með því að huga svolítið að honum núna um skeið.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forsrh. er á leiðinni. Forseti þingsins vill bjóða hv. 2. þm. Norðurl. e. að fresta máli sínu þar til forsrh. kemur en mun gefa öðrum hv. þm. orðið. (**PP:** Ég fell frá orðinu úr því að þessi var niðurstaðan.) Þá tekur til máls sá þingmaður sem þar er næstur í röð. (**HBl:** Ég er næstur á mælendaskrá.) Óskar hv. 2. þm. Norðurl. e. að halda ræðu sína? (**HBl:** Já.) Hann tekur þá til máls.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Það er að verða pínulítið leiðinlegur svipur yfir þinghaldinu í vetur (**Forseti:** Það segir þingmaðurinn alveg satt.) af þeim sökum að stjórnarandstaðan hefur hvað eftir annað, bæði í þessu máli og ýmsum málum öðrum, orðið að sýna bæði mikla þolinmæði og verið með mikla eftirgangsmuni til þess að einstakir ráðherrar fáist til þess að vera viðstaddir umræður sem varða mjög miklu. Nú vill svo til, hæstv. forseti, að ég er að gagnrýna þinghaldið í minni ræðu og mér finnst nauðsynlegt að hæstv. forseti sé inni í deildinni. Ég er að gagnrýna hvernig stofnað er til þessarar umræðu. Ég er að biðja um að forseti þingsins, 13. þm. Reykv., verði viðstaddur þessa ræðu. Það gengur auðvitað ekki að það sé ekki hægt að tala við ráðherra né forseta þingsins og þeir umgangast þessa stofnun eins og hún sé einhver annars flokks stofnun og að þeir menn sem bera ábyrgð á stjórn landsins og þinghaldi þurfi ekki að vera við. Þetta er algjörlega óþolandi. (**Forseti:** Forseti hefur gert ráðstafanir til að athuga hvort hæstv. forseti Sþ., sem nú hefur brugðið sér frá og fyrri varaforseti hefur tekið hans sæti, getur komið í salinn, en það skal tekið fram að venjan er sú að varaforseti hleypur í skarðið þegar aðalforseti þarf að bregða sér frá. En það hafa verið gerðar ráðstafanir til að athuga hvort hún getur komið í salinn.)

Já, ég sé að forseti er kominn í þingið. Ég var að gagnrýna að málatilbúnaður skuli vera með þeim hætti í dag að boðaður er fundur eftir kvöldmat klukkan hálfníu. Það stóð þannig á síðdegis að þingmönnum gafst ekki kostur á að varpa fyrirspurnum til einstakra ráðherra vegna þess að þingfundir byrjuðu klukkan fimm. Það stendur þannig á hjá mér og öðrum þeim þingmönnum í Ed. sem eiga sæti í fjh.- og viðskn. að við höfum fallist á að hefja vinnu í fjh.- og viðskn. Ed. strax klukkan hálfníu í fyrramálið og við höfum fallist á að koma mjög til móts við ríkisstjórnina og stjórnarflokkana um hversu vinnubrögð skulu vera í þeirri nefnd. Þannig höfum við

með öllum hætti reynt að greiða fyrir því að eðlileg vinnubrögð og raunar mjög góð vinnubrögð geti verið hér í þinginu sem eiga rætur sínar til þess að nú í vikulokin munu ýmsir þingmenn hverfa af landi og af þeim sökum er nauðsynlegt að mati þeirra sem þinginu stjórna að þinghald falli niður í næstu viku.

Hæstv. forseti hefur sagt bæði í ræðustól og eins í viðræðum við þingmenn að það verði látið á það reyna og verði haldið uppi næturfundi þangað til lokið verði umræðum bæði um það mál sem nú er til umræðu utan dagskrár og einnig um stefnumörkun ríkisstjórnarinnar. Það er á hinn bóginn morgunljóst að ýmsir þingmenn geta ekki tekið þátt í þessum umræðum öðruvísi en svo að hæstv. forsrh. sé viðstaddur. Það hefur þess vegna engin áhrif til flýtisauka að halda uppi einhverjum gerviumræðum á meðan hæstv. forsrh. er fjarverandi. Það eina sem stjórnarsinnar geta gert og þeir hljóta að gera ef þeir vilja á annað borð halda uppi eðlilegum vinnubrögðum í þinginu er að ná í hæstv. forsrh. til þess að umræður geti verið með eðlilegum hætti.

Ég sé ekki ástæðu til að vera að öðru leyti að tala frekar um þetta mál, vinnubrögðin og verkstjórnina. Ég hef tækifæri til að kveðja mér aftur hljóðs síðar við þessar umræður og þá er hægt að spyrja hæstv. forsrh. út úr þegar hann verður kominn, en það verður fróðlegt að fylgjast með því hvort öðrum þingmönnum þyki við hæfi að þessum hæstv. ráðherra, sem talaði út og suður, sló úr og í í dag, haldist uppi að gefa ekki skýr og greið svör þegar stjórnarandstaðan sér ástæðu til að spyrja sérstaklega um varaflugvallarmálið. Það er komið nóg af loðnum svörum hjá þessari hæstv. ríkisstjórn. Og það sem er alvarlegast í þessu máli er að ýmsir hæstv. ráðherrar, eins og hæstv. samgrh., hafa talað um þetta sérstaka mál í styttingi í fjölmiðlum utan þingsins og eins í þinginu sjálfu.

Ég tók eftir því að það var mat þingmanns Framsfl. sem hér talaði á undan mér, hv. 3. þm. Austurl., að meðan þessi ríkisstjórn sæti væri tómt mál að tala um að hagkvæmniathugun á varaflugvelli gæti orðið hér á landi sem kostuð yrði af mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins. Hann vitnaði beinlínis til stjórnarsáttmálans þegar hann viðhafði þau ummæli. Þetta m.a. er óhjákvæmilegt að fá úrskurð um frá hæstv. forsrh. Ég ítreka það, sem ég sagði hér áðan, að það er tilgangslaust að halda þessum umræðum áfram. Það er óhjákvæmilegt fyrir forseta þingsins að fresta umræðunni og reyna þannig að halda uppi einhverjum skikk á vinnubrögðum í þinginu.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Það má undrun sæta hvern skikk forseti þó þrátt fyrir allt hefur á þessu þinghaldi. Þingmaðurinn skal upplýstur um að forsrh. er væntanlegur eftir örfáar mínútur. (**HBl:** Er hann alltaf á leiðinni?) Hann mun vera rétt að koma. En ég vil leggja á það áherslu að hér hafa ekki farið fram í kvöld neinar gerviumræður. Hér hafa hv. þm. flutt góðar og málefnalegar ræður og hefði þingmaðurinn verið í þingsal mundi hann samþykkja það og fallast á það.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég lýsi furðu á ummælum hv. 2. þm. Norðurl. e. og aðfinnslum sem hann hefur haft hér í frammi við forseta um stjórn þessa fundar. Mér finnast þessi ummæli furðuleg og ég skil satt að segja ekki þegar flokksbróðir þessa hv. þm. hefur hafið umræður utan dagskrár í dag og síðan kemur hv. 2. þm. Norðurl. e. og mælir gegn því að hér sé haldinn kvöldfundur til þess að halda þessari umræðu áfram og þykist ekki getað talað öðruvísi en hæstv. forsrh. sé við. Hér var beint spurningu til utanrrh. Hann hefur setið undir þessari umræðu allri. Samgrh., sem margir telja að málið snerti með nokkrum hætti líka, hefur verið hér líka. Mér finnst satt að segja mjög langt gengið hjá hv. þm. stjórnarandstöðunnar að þeir telja sig ekki getað talað nema hinn og þessi sé við þó svo að ráðherra sá sem málið heyrir undir sé viðstaddur. Ég satt að segja hef oft undrast langlundargeð forseta þegar er verið að fara eftir þessu vegna þess að það er ekkert í þingsköpum sem segir að beri að gera þetta eða beri að sækja ákveðna þingmenn. Stundum er gengið svo langt að kalla ákveðna þingmenn í salinn. Auðvitað eiga menn að gæta þingskyldu sinnar og sitja hér, en ég sé ekkert því til fyrirstöðu og auðvitað verður þessari umræðu haldið áfram enda þótt forsrh. hafi orðið síðbúinn á fundinn. Þeir ráðherrar sem þetta mál varðar eru hér. Mér finnst þetta óréttmætt og afar ósanngjörn gagnrýni sem þessi hv. þm. hefur borið fram í garð forseta Sþ. Mér finnst hún mjög ósanngjörn.

Það hefði vissulega mátt gera athugasemd við það hér í kvöld að sá sem hóf þessar umræður var ekki viðstaddur fyrr en töluvert var liðið á þennan kvöldfund. Ég minnist þess að forseti Sþ., Þorvaldur Garðar Kristjánsson, sem þá var, 1985 eða 1986, vítti hv. þáv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson sem hafði byrjað umræðu utan dagskrár og var svo sjálfur ekki við. En þetta var ekki gert hér í kvöld þannig að það er ýmislegt sem mætti segja hér. Ég vil biðja hv. 2. þm. Norðurl. e. að stilla orðum sínum í hóf gagnvart forseta þingsins þegar ekki er ástæða til gagnrýni og fundarstjórnin er fyllilega eðlileg og sanngjörn. Mér finnst þetta einum of langt gengið og get ekki á mér setið að láta þetta koma fram.

Hins vegar má þessi umræða kannski vekja okkur til umhugsunar um að það væri þinginu og okkur fyrir bestu ef við fyndum umræðum utan dagskrár svolítið fastara form þar sem flokkarnir kæmu sér saman um það fyrir fram hversu lengi umræðan skyldi standa og hverjir tækju þátt í henni frá hverjum flokki og hefðu meiri skikk á þeim hlutum. Ég held að sé orðið mjög brýnt að gera það.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. Halldóri Blöndal að ef þessi umræða stendur mjög lengi kvölds eða nætur er ekki auðvelt að byrja fund í fjh.- og viðskn. Ed. kl. hálfníu í fyrramálið þar sem okkar bíða brýn verkefni sem ekki mega bíða.

Matthías Á. Mathiesen:

Virðulegi forseti. Mér finnst hlutirnir með þeim hætti að eðlilegt sé að halda þessari umræðu áfram, enda þótt einhverjir séu ekki á mínútunni til staðar. Hér var í upphafi beint fyrirspurn til hæstv. utanrrh. sem hefur setið fundinn. Hér hefur auk þess hæstv. samgrh., sem hafði afskipti af þessu máli, verið til staðar. Það hefur verið beðið um að hæstv. forsrh. kæmi hér og hann er kominn að vörmu spori. Við skulum gera okkur grein fyrir því að þegar fundir eru boðaðir með stuttum fyrirvara að kvöldi hafa menn e.t.v. verið búnir að skipuleggja sinn tíma örlítið öðruvísi. En eins og hv. þm. Eiður Guðnason sagði: Þetta kannski bendir okkur á að við þurfum að skipuleggja örlítið betur umræður sem slíkar, að við getum fengið utandagskrárumræður meira en í hálftíma þar sem fulltrúar flokkanna fá tækifæri til að koma fram sínum skoðunum án þess að það verði um það almennar umræður. Hér er beint fyrirspurn til utanrrh. Það er eðlilegt að samstarfsaðilar hans í ríkisstjórn komi með sín sjónarmið. Það er eðlilegt að stjórnarandstaðan og hennar fulltrúar komi með sín sjónarmið og að þeir skipuleggi það eftir því sem hægt er. En mér sýnist að við höfum þó nokkurn tíma til miðnættis til að ljúka þessu og þar sem hæstv. forsrh. er til staðar og þar sem sá sem hóf þessar utandagskrárumræður er líka til staðar ætti allt saman að vera fallið í ljúfa löð þannig að menn gætu lokið þessu og haldið áfram.

En ég vil ekki gagnrýna hæstv. forseta Sþ. í sambandi við hvernig skipulagið á þessum málum hefur verið.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég biðst afsökunar að hafa yfirgefið salinn, en til þess liggja gildar ástæður. Ég treysti því að hv. 2. þm. Norðurl. e. mundi tala a.m.k. klukkustund eða svo og ætlaði að hlífa sjálfum mér við að hlusta á hann og vék mér þess vegna frá.

Ég ætlaði reyndar ekki að taka þátt í þessum umræðum, en ef hæstv. utanrrh. mætti vera að því að hlusta á mig langar mig til að beina til hans orðum.

Ég mótmæli þeim ummælum sem komu fram hjá honum um íslensku flugfélögin þar sem hann gerði því skóna að af sparnaðarástæðum gættu þau ekki fyllsta öryggis með kröfur til flugbrautarlengdar, þ.e. að af sparnaðarástæðum væru þau ekki að krefjast þeirrar flugbrautarlengdar að fyllsta öryggis væri gætt. Þessu vil ég mótmæla og ég held að þau gæti bæði tvö fyllsta öryggis.

Flugfélag Íslands hefur lagt fyrir flugráð umsögn um hve langar brautir vélar félagsins þurfi. (**Samgrh.:** Það heita Flugleiðir.) Það heita Flugleiðir, já. Þakka leiðbeiningar hæstv. samgrh. Vélar Flugleiða — þær vélar sem Flugleiðir koma til með að eiga eftir 1990, þ.e. þær vélar sem búið er að panta og eru væntanlegar í flota félagsins og verða komnar til notkunar upp úr 1990 — þurfa ekki lengri brautir til varaflugvallar en um 2000 m.

Öryggisnefnd Félags ísl. atvinnuflugmanna telur hins vegar að 2400 m braut sé ákjósanlegri og við það miðaði flugráð í niðurstöðu sinni um varaflugvöll á Egilsstöðum. Íslenskar flugvélar, flugvélar í eigu Íslendinga þurfa sem sagt ekki lengri braut en í mesta lagi 2400 og kæmust af með 2000. Að vísu er afstætt hugtak hversu hlaðin vélin þarf að vera og hversu langt er til áfangastaðar, en það er sem sagt hægt að komast af með 2000 m braut með því fororði t.d. að fljúga til Keflavíkur áður en farið er í langflug vestur um haf.

Guðmundur H. Garðarsson las upp úr grein í Tímanum. Þessi grein, sem hann las að mestu úr Tímanum, er ekki stefna Framsfl. Það hefur einhver blaðamaður á Tímanum fengið þarna nokkra dálka til að skrifa sér til hugarhægðar og hann er ekki að lýsa stefnu Framsfl. og það af síður að hæstv. forsrh. hafi lesið þessa grein yfir í handriti. Ég leyfi mér að fullyrða að það eru ekki fingraför hæstv. forsrh. á þessari grein. (**MÁM:** Les hann ekki allar greinar þar yfir?) Það held ég ekki. Ég efast um meira að segja að formaður blaðsstjórnar, hv. 3. þm. Austurl. Jón Kristjánsson, lesi yfir allar greinar í Tímanum fyrr en þær eru komnar á prent. Að sjálfsögðu gerir hann það þá. (Gripið fram í.) Ég nærri skil forsrh. Ég sýkna sem sagt forsrh. bæði af því að hafa skrifað þessa grein og af því að hafa lesið hana og þessi grein lýsir með engum hætti stefnu Framsfl.

Á síðasta flokksþingi framsóknarmanna var ályktað að flokkurinn skyldi standa gegn uppbyggingu frekari hernaðarmannvirkja. Það er stefna Framsfl. og verður það þangað til annað flokksþing, hugsanlega einhvern tíma í framtíðinni, breytir þeirri stefnu, en sem stendur er þetta sú stefna sem við höfum heimild til að standa að og þeirri stefnu getur ekkert annað apparat í flokknum breytt en flokksþingið. Stefnan er í gildi og verður það um fyrirsjáanlega framtíð. Frekari uppbygging hernaðarmannvirkja samrýmist sem sagt ekki stefnu Framsfl. Hún samrýmist heldur ekki stefnu ríkisstjórnarinnar því þar er mælt skilmerkilega fyrir um að ekki skuli samið um meiri háttar hernaðarmannvirki og læt ég það duga.

Eins og glögglega kom fram í ágætri ræðu hjá hv. 3. þm. Austurl. er umræddur 3000 m varaflugvöllur sem byggður er af NATO auðvitað hernaðarmannvirki. Við skulum ekki heimska okkur á því að halda öðru fram. Það er hárrétt athugað m.a.s. hjá hv. 5. þm. Reykv. Albert Guðmundssyni að þetta er hernaðarmannvirki. 11 milljarðar úr mannvirkjasjóði NATO eru ekki falir til byggingar einhvers annars en hernaðarmannvirkja. Hæstv. utanrrh. veit vel að um hernaðarmannvirki er að ræða og það má sanna með óbeinni sönnun þar sem hann telur þennan völl heyra undir sig. Ef þarna væri um borgaralegt mannvirki að ræða mundi það vitaskuld heyra undir hæstv. samgrh. Það liggur ljóst fyrir að þennan 11 milljarða völl er ekki hægt að flokka annars staðar en sem hernaðarmannvirki.

Ef við veltum því fyrir okkur hvort þessi forathug-

un eða hvað það er kallað samræmist stjórnarsáttmálanum verð ég að leyfa mér að draga það í efa. Mér finnst mjög vafasamt að NATO færi í forkönnun nema eiga það víst að ef könnunin leiddi til jákvæðrar niðurstöðu yrði heimiluð bygging vallar. Annars væri þetta verk unnið fyrir gýg því að væntanlega færu þeir ekki að eyða peningunum ef ekki væri unnt að byggja þess háttar völl. Það er heldur ekki samræmanlegt við stefnu ríkisstjórnarinnar og það leiðir mig að þeirri niðurstöðu að þessi forkönnun sé andstæð stjórnarsáttmálanum.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Það er mjög gagnlegt að fram fari umræður um varaflugvöllinn og þær hugmyndir sem uppi eru um hann og utanríkismál líka almennt, sömuleiðis öryggis- og samgöngumál. Reynslan er sú að umræður eru gjarnan afar góðar svona á kvöldin þegar menn halda ró sinni og fara yfir hlutina málefnalega eins og ég tel að þeir hafi t.d. gert, kollegar mínir sem töluðu fyrr í dag. Ég held að það sé ástæða til að hugleiða ýmis grundvallaratriði í þessari umræðu ef það mætti verða til þess að menn veltu hlutunum síðan áfram fyrir sér inn í nóttina og næstu daga eftir atvikum og í þeim umræðum sem fram munu fara vafalaust á næstu vikum og mánuðum um þessi mál og önnur því tengd.

Eitt það atriði sem oft hefur verið sagt úr þessum ræðustól í kvöld er að þessi flugvöllur verði byggður af NATO. Það er orðalag sem hefur mjög oft verið notað m.a. af mörgum hv. þm. Staðreyndin er hins vegar sú að bandaríkjaher á frumkvæði að gerð þessa flugvallar og miðað við þær reglur sem gilda innan Atlantshafsbandalagsins mun bandaríkjaher kosta gerð mannvirkisins algerlega í fyrstu. Þó að bandaríkjaher síðan sæki um fjárveitingu úr mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins yrði hún ekki veitt fyrr en eftir að framkvæmdum yrði lokið. Ég held að það sé nauðsynlegt að átta sig á þessari röð hlutanna. Í samantektum sem liggja fyrir í þykkum bókum um mannvirkjasjóð Atlantshafsbandalagsins er ljóst að það tekur iðulega mjög langan tíma þangað til farið er af stað og þar til niðurstöður liggja fyrir á vegum mannvirkjasjóðsins. Þar er talað um að meðaltali 30 mánaða tímabil. Það mannvirki sem hér er því talað um og vitnað er til Wörners um er því aðallega bandarískt hernaðarmannvirki, jafnvel þó að íslenskir menn yrðu ráðnir til að annast daglegan svokallaðan rekstur þess og jafnvel þótt aðildarríki mannvirkjasjóðsins ættu hluta í fyrirtækinu og ættu þar af leiðandi fullan rétt á að notfæra sér þá aðstöðu sem komið yrði fyrir á varaflugvellinum. Flugvöllurinn yrði undir yfirstjórn Bandaríkjahers á friðartímum nema um það yrðu teknar sérstakar ákvarðanir og mér er ekki kunnugt um að hæstv. utanrrh. hafi í höndum neitt annað frá bandaríkjastjórn í þessu efni.

Þess eru engin dæmi að mannvirkjasjóður Atlantshafsbandalagsins hafi boðist til að leggja fram fé í framkvæmdir að fyrra bragði eins og reyndar hefur verið látið í veðri vaka. Reynslan er sú og reglan er sú að herstjórnir aðildarríkja mannvirkjasjóðsins sækja um fjárveitingu úr þessum sjóði sem þessi sömu ríki eru aðilar að. Þegar vitnað er til Noregs í þessu sambandi og borið saman við Ísland er það ekki sambærilegt vegna þess að Norðmenn eiga aðild að mannvirkjasjóðnum og greiða fé til mannvirkjasjóðsins og sækja um fjármagn úr mannvirkjasjóðnum til að standa undir þessum tilteknu framkvæmdum. Öll NATO-ríkin eiga aðild að mannvirkjasjóðnum nema Ísland og Spánn og aðild Frakklands að þessum sjóði takmarkast algerlega við loftvarnakerfi Atlantshafsbandalagsins. Það er þess vegna ekki rétt mynd af hlutunum að mínu mati að setja þetta þannig upp að málið sé á núverandi stigi málefni Atlantshafsbandalagsins. Hér er í raun og veru fyrst og fremst um að ræða ákvörðun og stefnu sem kann að hafa verið tekin ákvörðun um og hefur væntanlega verið tekin ákvörðun um á vegum Bandaríkjastjórnar. Þetta held ég að sé mjög nauðsynlegt fyrir menn að hafa í huga þegar þeir eru að tala um almennt gildi þessa mannvirkis fyrir Atlantshafsbandalagið sérstaklega. Sumir hv. þm. hafa í dag talað sig upp í nokkurn hefðbundinn hita varðandi varnir hinna vestrænu lýðræðisþjóða og allt það og segja: Það er Atlantshafsbandalagið sem er að tryggja þær með þessum hætti. Málið liggur ekki alveg þannig ef það er farið nákvæmlega í hlutina eins og þeir liggja samkvæmt þeim reglum sem eru í gildi innan Atlantshafsbandalagsins og þeir þekkja sem hafa lesið sér til um þessi mál eitthvað á undanförnum árum.

Þessu vildi ég koma á framfæri hér, virðulegi forseti. Þessi mál hafa raunar oft verið rædd áður en ekki endilega í samhengi við varaflugvöllinn heldur t.d. í samhengi við flugstöð Leifs Eiríkssonar. Það var rætt sérstaklega í bandarísku þinginu hvort það kæmi ekki til greina að mannvirkjasjóður Atlantshafsbandalagsins kostaði ákveðinn hluta af flugstöð Leifs Eiríkssonar. Því var algerlega vísað á bug í bandarísku þinginu, í yfirheyrslum sem þar fóru fram að það þýddi nokkuð að sækja um slíkt til mannvirkjasjóðsins vegna þess að mannvirkjasjóðinn mætti ekki nota í flugstöðina þar sem hún er ekki til ráðstöfunar fyrir herþjálfun á friðartímum í fyrsta lagi og í öðru lagi þar sem hún væri ekki eingöngu byggð í hernaðarlegum tilgangi. Af þessum ástæðum sögðu menn svo svo: Það er fráleitt, það samrýmist ekki reglum mannvirkjasjóðsins að sækja um fjármuni til flugstöðvarinnar. Á sama hátt er það auðvitað þannig að það samrýmist ekki reglum mannvirkjasjóðsins, þeim sem í gildi hafa verið til þessa, að kalla eftir fjármunum í þann varaflugvöll sem hér hefur nokkuð verið rætt um.

Um þetta atriði liggja fyrir fleiri gögn. M.a. hef ég undir höndum útskrift úr umræðum í breska þinginu þar sem spurt er um þessi atriði sérstaklega og þetta sama kemur fram. Mannvirkjasjóðinn á alls ekki að nota fyrir almenn mannvirki eins og t.d. almenn samgöngumannvirki.

Þetta finnst mér rétt að draga fram líka vegna þess að það hefur verið dregið inn í umræðuna að bréf frá

Wörner sé síðasta orðið í þessu efni. Í rauninni er það ekki svo formlega séð. Bréfið vekur auk þess upp mjög margar spurningar að ekki sé fastar að orði kveðið. Það er sagt að það sé litið svo á að þetta sé svona og svona, að það sé talið að þetta sé svona og svona, en í rauninni er Atlantshafsbandalagið ekki sá beini aðili að þessu máli sem menn hafa viljað vera láta. Og ég spyr: Skyldi þetta mál hafa verið tekið upp af framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins við fulltrúa allra aðildarríkja NATO? Hafa Danir fallist á þetta? Hafa Norðmenn fallist á þetta? Eru þessar bréðraþjóðir okkar í Norðurlandaráði að þrýsta á okkur með þeim hætti sem birtist í þessu bréfi framkvæmdastjórans og er bersýnilega ætlað að hafa áhrif á íslenska innanlandspólitík? Ég spyr. Og það er umhugsunarefni fyrir okkur sem nú erum senn að ganga til þings Norðurlandaráðs.

Norðmenn hafa eins og ég sagði áðan aftur og aftur sótt um fé úr þessum mannvirkjasjóði, en þeir eiga líka aðild að sjóðnum með beinum framlögum þannig að staða þeirra gagnvart þessum sjóði er allt önnur en staða okkar. Þessu vildi ég koma hér að, virðulegi forseti.

Og ég vildi líka spyrja nokkurra frekari spurninga. Fyrst þessarar: Hvað um heildarsamhengið við afvopnunarmál í kringum okkur? Hvernig lítur það út? Ég vil ræða það mál líka. Er það þannig að það sé uppi um það krafa að lagðir séu auknir fjármunir í vígbúnað hér á landi þrátt fyrir þær aðstæður sem uppi eru í heiminum þar sem greinilega er tilhneiging til þess víða að skera niður og draga úr framlögum til vígbúnaðar og hernaðarmannvirkja? Það er skothent að ekki sé meira sagt að kalla inn fjármuni af þessu tagi við þær aðstæður sem nú eru.

Í annan stað geta menn spurt: Hver er nauðsynin fyrir Íslendinga út frá íslenskum hagsmunum? Það hefur verið rakið hér. Hæstv. samgrh. hefur gert grein fyrir tillögum sínum varðandi varaflugvöll og öryggismál í þessum efnum. Ég hef satt að segja ekki séð hvaða nauðsyn það er hér á Íslandi sem kallar á að fylkingar skipi sér heitar til orustu út af máli af þessu tagi einmitt nú. Ég vildi gjarnan sjá það, ég vildi gjarnan heyra rökin vegna þess að ég held að við séum hér til að tala saman og prófa rök og gagnrök hvert á öðru.

Ég vil líka spyrja eins og hæstv. samgrh. í dag: Hvernig er með afstöðu flokkanna til þess að ameríkanar kosti hér borgaraleg mannvirki? Ég man eftir mörgum ágætum forustugreinum í Morgunblaðinu fyrr á árum, kannski skrifuðum af hv. 8. þm. Reykv., ég man það ekki svo glöggt, enda allar ómerktar, þar sem var lögð á það áhersla að við ættum ekki að rugla saman svonefndum varnarhagsmunum annars vegar og efnahagslegum hagsmunum hins vegar. En hvað erum við að gera með því að kalla fé frá ameríkanar inn í verkefni af því tagi sem við þekkjum suður í flugstöð Leifs Eiríkssonar? Ég spyr. Það hef ég spurt um áður. En ég spyr líka: Hvaða skref erum við að stíga með því að kalla fjármuni til þess að byggja varaflugvöll hér á landi, fjármuni frá útlendum aðilum í verkefni sem að sögn á að afhendast íslenskum samgönguyfirvöldum daginn sem framkvæmdinni lyki? Það má kannski ekki tala um þetta lengur. Kannski er samviskan slæm. (Gripið fram í.) Já, þetta líkar mér. Við höfum oft haft ágætar umræður um þessi mál og önnur, einkum þó efnahagsmál, ég og hv. 8. þm. Reykv. — Ég held að það sé ekkert óeðlilegt a.m.k. að menn spyrji þessara spurninga því að það er yfirlýst að þetta verði almennt samgöngumannvirki þó það yrði byggt fyrir þessa fjármuni. Það er yfirlýst. Hvernig rímar það við þá afstöðu sem menn hafa haft í sambandi við herinn annars vegar og efnahagsleg áhrif hans hins vegar? Ég get sagt það fyrir mig þó það sé kannski leiðinlegt fyrir þingmenn Sjálfstfl. að heyra það að ég hef borið virðingu fyrir þessari afstöðu Sjálfstfl. Mér hefur fundist hún mjög rökrétt og eðlileg og ég hygg að ég geri engum rangt til þó að ég muni fáa hafa gert grein fyrir þessari afstöðu með gleggri rökum en hv. fyrrv. formann Sjálfstfl., Geir Hallgrímsson. Mér er mjög í minni hvernig hann flutti þessi mál. Kannski er Sjálfstfl. búinn að ganga í gegnum einhverja nýja stefnumótunarumræðu í þessum málum og kominn að þeirri niðurstöðu að þetta sé allt í fínu standi. En það er fróðlegt að velta þessu fyrir sér. (**Samgrh.:** Hvað þá sumir aðrir flokkar.) Ég var að horfa beint út undan mér, hæstv. samgrh., en lítt mér á hægri hönd ef það er það sem hæstv. ráðherra átti við. (Gripið fram í.) Ég get spurt alla flokka ef vill.

En það er í sjálfu sér ekki það sem fyrir mér vakir. Það sem fyrir mér vakir er að ná þessu viðhorfi upp á borðið þannig að það sé rætt líka vegna þess að þetta er pólitískt grundvallaratriði upp á samskipti okkar við bandaríska herinn svo lengi sem hann verður hér sem við viljum reyndar öll að fari héðan hið fyrsta þó að mat okkar á því hvaða aðstæður þarf til sé örugglega mjög mismunandi.

Svo er það að lokum þetta, virðulegi forseti, sem er mér nokkurt umhugsunarefni í þessu sambandi. Hér norður í höfum eru þrjár heldur fámennar þjóðir, Grænlendingar, Færeyingar og Íslendingar, og nú er veifað yfir þeim dollurum og sagt: Það getur vel verið að þetta verði bara byggt hjá ykkur og viljið þið ekki leyfa okkur að láta fara fram forkönnun — sem er dálítið vafasöm þýðing kannski eða ekki mjög nákvæm á því orði sem liggur þar á bak við sem heitir „feasibility study“ og er venjulega kallað hagkvæmnisathugun. Þetta er náttúrlega ekki nein forkönnun eins og fyrir einhverja venjulega grunnskólabyggingu á Íslandi svo að ég nefni það sem ég sýsla við daglega um þessar mundir. Þetta er ekkert svoleiðis. Þetta er ekki hagkvæmniathugun heldur vegna þess að hernaðaryfirvöld eru kannski ekki fyrst og fremst að spyrja um útreikning og hönnunarkostnað í smáatriðum alveg eins og við gerum í okkar framkvæmdumn. En þetta stórveldi, í þessu tilviki Bandaríkjamenn, telur sig þess umkomið að veifa framan í þessar fámennu þjóðir norður við ysta haf 11 milljörðum kr. og segja: Komið þið, leyfið þið þessa könnun hjá ykkur og ég boða yður mikinn fögnuð og allt þetta

mun hlotnast þér. Það er ekki skrýtið þótt menn hugsi til freistarans forðum, þeir sem eru lesnir í helgri bók sæmilega vel. En þetta er rosaleg mynd satt að segja og hlýtur að vera nokkurt umhugsunarefni fyrir Bandaríkjamenn ef þeir gerðu sér grein fyrir því hvernig þessi mynd blasir við. Ég er alveg sannfærður um að þeir eru mjög opnir fyrir þeim hættum sem í svona löguðu eru fólgnar fyrir þá ímynd sem Bandaríkjamenn gefa af sér gagnvart litlum þjóðum og fámennum þjóðum eins og t.d. Íslendingum.

Þetta held ég, virðulegi forseti, að sé nauðsynlegt að hafa með í þeirri umræðu sem hér hefur farið fram vegna þess að hún snertir mikilsverð atriði. Hún snertir grundvallaratriði. Hún er ekki einasta deila augnabliks heldur snertir hún almenn grundvallaratriði í okkar pólitísku ákvarðanatöku.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er engin spurning um það í mínum huga að við Íslendingar hljótum að standa sjálf að byggingu þeirra samgöngumannvirkja sem við teljum nauðsynleg eins og kom skýrt fram í máli Birnu K. Lárusdóttur sem talaði áðan fyrir hönd Kvennalistans. Það er fráleitt að tengja byggingu slíkra mannvirkja hernaðarframkvæmdum. Þessu hefur hæstv. samgrh. lýst sem sinni skoðun skörulega fyrr í kvöld. Það hefur þó einnig komið fram að fyrir liggur að taka ákvörðun um að forkönnun fari fram á hagkvæmni þess að varaflugvöllur verði reistur hér á landi á vegum mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins. Það hefur einnig komið fram að sú ákvarðanataka muni vera í höndum hæstv. utanrrh. Jafnframt kom fram í máli hæstv. forsrh. að hann teldi vafasamt að mannvirkjasjóðurinn legði út í slíkan kostnað nema hann hefði nokkra fullvissu um að framkvæmdir yrðu leyfðar ef niðurstöður reyndust hagstæðar. Það kom líka fram að verði slíkur flugvöllur byggður muni hann heyra undir hæstv. samgrh. Sá hefur þó lýst sig andvígan honum og má nú segja að heldur betur sé verið að þröngva upp á manninn því sem hann hefur ekki beðið um.

Það þarf ekki mjög fjörugt ímyndunarafl til að láta sér detta í hug að verði litlifingurinn réttur muni höndin öll brátt fylgja eftir. Það er lykilatriði í þessari umræðu að fá skýra afstöðu ráðherra ríkisstjórnarinnar til þeirrar forkönnunar sem hér hefur verið rædd og ég vil sérstaklega leita eftir henni. Hvaða afstöðu hafa hæstv. forsrh. og hæstv. samgrh. til þess að gerð verði slík forkönnun og hverjum álíta þeir að beri að taka ákvörðun um að hún verði eða verði ekki gerð. Það er mjög brýnt að fá svar við þessari spurningu.

Ég mun ekki lengja þessa umræðu með því að ræða nánar skilgreiningu orðsins „friðartímar" né heldur mögulega staðsetningu varaflugvallar eða tæknileg atriði sem hann varða, hvað þá sívaxandi og ógnvekjandi vígbúnaðaraukningu í Norðurhöfum sem þó væri rík ástæða til og er sannarlega grundvallaratriði í þessu máli. Því má hæstv. utanrrh. aldrei gleyma hversu lengi eða stutt sem hann verður í þessu embætti.

Hins vegar vil ég aðeins víkja nokkrum orðum að málatilbúnaði og vinnubrögðum í þessu máli sem mér finnst bera óheilindum vitni. Það vekur furðu að þetta mál skuli komið upp nú jafnrækilega og það stingur í stúf við málefnasamning ríkisstjórnarinnar. Það vekur ekki síður spurningar um samheldni og samstöðu þeirra flokka sem standa að núverandi ríkisstjórn. Mesta furðu vekur þó að samtímis því sem hæstv. utanrrh. hefur gert sér dælt við og rekið áróður fyrir hugmyndum um sameiningu Alþfl. og Alþb. á hann frumkvæði að því að beita sér fyrir aðgerðum sem virðast til þess fallnar að kæfa slíkar hugmyndir í fæðingu. Þetta vekur umhugsun um hvað formönnum þessara flokka hafi gengið til er þeir fleygðust um landið með málfundi sína og boðuðu mönnum nýja sameinaða hreyfingu A-flokkanna. Var þetta kannski bara persónuleg auglýsingaherferð fyrir formennina eins og suma gárungana grunaði? Meinti þá hæstv. utanrrh. ekkert með sameiningartali sínu á þeim fundum? Voru þetta kannski einungis einhverjar blýantsnagarafullyrðingar? Getur verið að þessir fyrrum förunautar á landshornaflakki hafi gleymt að minnast á varaflugvöll kostaðan úr mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins sín á milli? Eða er þessi ráðagerð að yfirlögðu ráði hæstv. utanrrh. á bak við förunaut sinn? Hvers vegna velur hann þennan tíma til að rugga ríkisstjórnarbátnum? Er hann einn um að rugga honum? Hjálpar honum einhver til þess? Ætla menn þessum gamalreynda stjórnmálamanni flaustur, hugsunarleysi?

Ætla menn að hann sé ekki nógu reyndur riddari í hringstiga flabeinsturns utanríkismálanna og hafi því ekki áttað sig á blæbrigðunum eins og velviljaður stuðningsmaður ríkisstjórnarinnar orðaði í mín eyru? Hvern er hæstv. utanrrh. að reyna að blekkja? Sjálfan sig? Það er augljóst mál að mannvirkjasjóður Atlantshafsbandalagsins kostar aðeins hernaðarlega mikilvægar framkvæmdir. Meira að segja fékkst ekki einu sinni fé úr honum til að byggja skrifstofubyggingarnar yfir Atlantshafsbandalagið í Brussel. Það fé þurfti að útvega annars staðar frá. Er hann að reyna að blekkja samráðherra sína? Tæplega. Er hann að reyna að blekkja fólkið í landinu? Vonandi ekki. Hvað gengur hæstv. utanrrh. til? Við hvern bindur hann trúnað sinn?

Það er nauðsynlegt að ítarleg umræða fari fram um þessi mál hér á Alþingi og er þeim tíma vel varið sem til hennar fer. Það má ekki verða að læðupokast sé með mál sem varðar samgönguöryggi og efnahagslegt sjálfstæði þessarar þjóðar. Umræða og ákvarðanataka um slík mál þarf að fara fram fyrir opnum tjöldum og ég vænti svara frá hæstv. ráðherrum við þeim spurningum sem ég bar fram.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Hæstv. menntmrh. ávarpaði mig hér eins og hv. þm. heyrðu og óskaði eftir því að ég skýrði hvort af hálfu sjálfstæðismanna væri eitthvað

breytt afstaða varðandi „aronsku" svo að við notum það orð. Það er líklega rétt að ég hafi búið það orð til eða skrifað það fyrst í leiðara og mín afstaða er óbreytt og ég held mikils meiri hluta Sjálfstfl. Það hafa verið til raddir í Sjálfstfl. og eru til enn sem telja verjandi að við tökum gjald fyrir að láta verja okkur. Það er ekki mín afstaða og ekki mikils meiri hluta Sjálfstfl. og ég held einskis þingmanna flokksins, það sé alveg á hreinu. Þessari spurningu er því mjög fljótsvarað. Afstaðan er óbreytt.

Það sem núna er um að ræða er spurning um hvort mannvirkjasjóður NATO fái leyfi til þess, skulum við segja, að athuga með forkönnun, er það kallað hér, jafnvel kannski forhönnun, ég veit það ekki. Ég held að við höfum verið sammála um það í æðilangan tíma og við hæstv. núv. forsrh., sem var utanrrh. í allmörg ár á sama tíma og ég var formaður utanrmn., ræddum oft um þau mál hvort ekki væri eðlilegt að Íslendingar tækju virkari þátt í störfum á hernaðarsviði innan NATO en við áður höfum gert, þ.e. kynntum okkur hvað þar væri á döfinni, við gætum séð með eigin augum eitthvað af þeim gífurlegu vandamálum sem mannkynið hefur staðið frammi fyrir og við auðvitað sem aðilar að Atlantshafsbandalaginu. Um þetta held ég að við hæstv. forsrh. höfum verið sammála alla tíð, að þetta bæri að gera. Það var byrjað á þessu í tíð Geirs Hallgrímssonar sem utanrrh. og hæstv. núv. forsrh. hélt þessu góðu heilli áfram.

Við höfum betri yfirsýn yfir þessi mál nú en nokkru sinni áður. Áður urðum við að sjá allt með annarra augum. Þetta erum við líklega öll sammála um. Svo gæfusamlega tókst til að vorið 1985, nánar tiltekið hinn 5. maí, sameinaðist allt Alþingi Íslendinga um ályktun í öryggis-, varnar-, kjarnorku- og afvopnunarmálum í einni ályktun. Það var mikið gæfuspor. Ég er þess vegna sammála hæstv. menntmrh. um að við eigum ekki að óþörfu að efna til nýrra átaka eins og voru hér á tímum kalda stríðsins og ég ætla ekki að gera það. Ég held að það sé mikils um vert að við reynum að sameinast sem mest í þessum málum, ekki síst með þeirri von sem nú hefur kviknað um að stórveldin séu að nálgast og að einhver von sé til að draga úr vígbúnaði og hættu á hernaðarátökum.

Þessi ályktun Alþingis hefur staðið óbreytt alla tíð og allir utanríkisráðherrar hafa fylgt henni, túlkað hana á erlendri grund. Utanrmn. og undirbúningsnefnd eða starfsnefnd hennar sameinaðist um að skýra hugsanlegt kjarnorkulaust svæði í norðrinu þannig að það næði til eyjanna í nyrstu höfum, það næði frá, eins og orðrétt segir í skýringum með ályktuninni sem mér var falið að flytja sem formanni nefndarinnar af öllum nefndarmönnum, „allt frá Grænlandsströndum til Úralfjalla, Norður-Þýskalands og eyjanna á Atlantshafi". Það einkennilega hefur gerst að þetta orðalag, frá Atlantshafi til Úralfjalla, er núna tekið upp í ályktanir bæði Varsjárbandalags og Atlantshafsbandalags. Það fæddist í þessum þingsölum. Ég veit ekki hver bjó það til. Einhvern veginn varð það til í miklum umræðum sem stóðu vikum og mánuðum saman að kjarnorkuvopnalaust svæði væri tilgangslaust öðruvísi en það næði yfir meira en Norðurlöndin ein og einkum og sér í lagi að það næði yfir höfin. Það er alveg rétt, sem hefur komið hér fram hjá mörgum ræðumönnum, að hættan sem að okkur steðjar núna er kannski fyrst og fremst vígbúnaður í höfunum og einmitt að flota þessara stórvelda verði beitt þar.

Við vitum að Bandaríkjamenn hafa styrkt sinn flota. Við vitum líka að Ráðstjórnarríkin hafa styrkt og eru að styrkja sinn flota miklu meira. Og hvar eru þau að styrkja hann nema á Kola-skaga fyrst og fremst til að beita honum í norðurhöfum væntanlega, sér til varnar segja þeir auðvitað? Og viljum við hafa allan þennan flota eftirlitslausan í okkar höfum? Ég er ekki að segja að ég sé reiðubúinn að samþykkja að þessi flugvöllur verði byggður, en ég styð mjög eindregið að þessi könnun fari fram þannig að sjálfsögðu að við Íslendingar með okkar fámenna starfsliði fáum allar upplýsingar um allt sem að því snýr, hvað slíkur flugvöllur gæti gert til að létta á hugsanlegum flotaátökum á hinum nyrstu höfum og hvort þessi varnarbúnaður, og þá er þetta orðinn herflugvöllur að einhverju leyti ef stríð vofir yfir eða spenna vex í heiminum nákvæmlega eins og samið var um með flugstöðina, gæti hugsanlega létt á þessari spennu. Ég er ekki dómbær á það og enginn hérna inni sjálfsagt að segja til um nú á þessari stundu hvort svo sé, en ég held að við séum öll manneskjur til þess að vilja skoða þetta mál og skoða það niður í kjölinn.

Það er alveg rétt, sem kom fram í ágætri ræðu varaþingmanns áðan, að Atlantshafsbandalagið er engin góðgerðarstofnun. Við erum í Atlantshafsbandalaginu okkar vegna sjálfra væntanlega. Allir sem greiða atkvæði með því og hafa barist fyrir því, m.a. staðið hér undir þingveggnum 30. mars 1949 til að tryggja að hér gæti farið fram ótrufluð atkvæðagreiðsla um það hvort við ættum að gerast aðilar að Atlantshafsbandalaginu eða ekki, ég held að við hljótum öll, hvort sem okkur greinir á skoðanir um þetta málefni, sem styðjum veru okkar í bandalaginu, að gera það sjálfra okkar vegna. Við erum ekkert góðgerðarfólk heldur, Íslendingar. Við erum hvorki neitt betri né verri en aðrir menn. Það reyndum við á hafréttarráðstefnu að enginn er annars bróðir í leik. Menn sameinuðust um sameiginleg sjónarmið. Það tók ellefu ár að koma þeim sáttmála í gegn, kannski merkasta áfanga í sögu mannkyns, þar sem lögsaga yfir yfirborði hnattarins, tveim þriðju hlutum heimsins, var ákveðinn án þess að nokkurn tíma kæmi til atkvæðagreiðslu fyrr en á síðasta degi, allt gert með samkomulagi og einmitt með því að menn ræddust við og sáu að eitt áttu menn þó sameiginlegt og það var að ná einhvers konar réttarreglum á hafinu. Þess vegna náðist þessi samningur og þess vegna erum við í Atlantshafsbandalaginu að við trúum því, mikill meiri hluti íslensku þjóðarinnar fullyrði ég, að þannig sé okkar hag best komið í samfélagi lýðræðisþjóðanna og við skulum ekkert búast við að þeir séu neitt gjafmildari en við.

Ég hygg að þjóðirnar við nyrstu slóðir, þar á meðal

Norðurlandaþjóðir af því að þær voru hér nefndar, leggi mikla áherslu á að hugað sé að vörnum norðursins. Við erum öll sammála um að reyna að vernda höfin. Við getum náð yfirráðum með nágrönnum okkar og erum að gera það yfir öllu hafinu frá Noregs- og Skotlandsströndum til Kanada, nýtt það, ræktað og átt það, átt allan hafsbotninn og meginhluta þessa hafs. Það er hægt að semja um þetta á nokkrum vikum. Það geta þessir tveir heiðursmenn hér, ráðherrarnir, gert. Ég veit það. Þeir geta það. Það er meiri árangur þegar að því kemur, og það er ekki í dag og það er ekki á morgun og þessi ríkisstjórn þarf ekki að vera hrædd um líf sitt þess vegna þó að hæstv. ráðherra sem hefur þetta vald tæki þá ákvörðun núna í kvöld að samþykkja að þessi skoðun yrði gerð. Ég veit svo ekkert um það og ekkert okkar hvað mikið að þessari skoðun hefur verið unnið. Það herlið sem búið er að vera hér áratugum saman veit auðvitað um landið nokkurn veginn eins og okkar verkfræðingar, hvað það býður upp á, hvað veðurfar býður upp á o.s.frv. Og það veit auðvitað miklu meira um hernaðarmátt, sinn eigin og annarra.

Ég held þess vegna af því að nú er liðið að miðnætti og annað mál á víst að taka fyrir á eftir að ég fari ekkert lengra út í þessa sálma. Það er hægt að tala um þetta klukkutímunum saman. En ég var ekki spurður að öðru en þessu. Ýmsar spurningar aðrar hafa komið hér fram eins og um hvort hæstv. utanrrh. hafi vald til að samþykkja þetta. Hann hlýtur að hafa það. En þegar að því kemur að við tökum ákvörðun um hvort við eigum að gera þetta sjálfra okkar vegna af því að við teljum öryggi í því og ekki bara öryggi fyrir almennt flug heldur líka hernaðaröryggi ef til styrjaldar dregur eða átaka, að þetta sé fráhrindandi fyrir hugsanlegan árásaraðila og kannski meira og hættuminna kannski en hafa einhvern gífurlegan flota kjarnorkuskipa í höfunum í kringum okkur. Þetta verðum við öll að meta kalt og fast þegar þar að kemur. Þá kemur þetta mál auðvitað fyrir Alþingi. Það á enginn að taka slíka ákvörðun nema Alþingi.

En við skulum ekkert vera að dylja okkur þess að auðvitað hefur t.d. fyrirrennari núv. hæstv. forsrh., fyrrv. formaður Framsfl. tekið örlagaríkar ákvarðanir þó ekki kannski jafnmiklar og þær að það yrði byggður hér nýr völlur. Það gerði hann auðvitað þó að kommúnistar eins og þeir eru kallaðir hér í kvöld eða alþýðubandalagsmenn væru heldur betur að derra sig. Og hvað sagði sá ágæti maður í sjónvarpi? Þeir éta það. — Þeir átu það. Auðvitað éta þeir það. Þeir vita að staða þeirra er ekki með þeim hætti að þeir geti stoppað meiri hluta íslensku þjóðarinnar í þeim vörnum sem Íslendingar sjálfir telja vera nauðsynlegar. Þess vegna voru byggð flugskýli og höfn í Helguvík og þess vegna getur Alþingi tekið ákvörðun um að það verði byggður slíkur flugvöllur. Hann er auðvitað ekki eingöngu vegna varnarstöðunnar. Auðvitað er gífurlegt öryggi að því fyrir þann geysilega flota flugvéla sem við eigum að stjórna að hafa tvo velli hérna. Það er gífurlegur sparnaður í því fyrir öll flugfélög og Ísland kemst meira í miðpunkt heimsins fyrir friðsamleg samskipti og viðskipti. Það hljótum við þó öll að vilja. Ég veit að yngri kynslóðin í þessu landi þorir alveg að hafa samskipti við erlenda menn. En ef kjör hennar eru lakari en aðrir bjóða og framfarir eru minni er hætta á ferðum. Við vonum öll að þó að þessi flugvöllur yrði byggður, kannski eitthvað minni en nú er verið að tala um, verði hann aldrei notaður í styrjöld. En það eru slíkir flugvellir í tugavís, ekki bara í Noregi, þeir eru miklu fleiri á Kola-skaga og verið að byggja þá upp hraðar en nokkru sinni áður. Það liggur fyrir.

En stefna beggja bandalaganna, Atlantshafsbandalags og Varsjárbandalags, er sú sama og okkar varðandi afvopnun nú, þessi hefðbundnu vopn sem svo eru kölluð, sem eru þó allt önnur drápstæki en þau voru í síðustu styrjöld. Það þarf engin atómvopn lengur til að útrýma mannkyninu og heldur ekki eiturvopn. Við vitum að framfarir eru svo gífurlegar á hernaðarsviði. Þessar þjóðir hafa samþykkt það allar og þar með við að afvopnunin nú í Evrópu verði að ná frá Atlantshafi til Úralfjalla. Það er stefna okkar og við skulum skoða þetta mál alveg rólega og yfirvegað. Það ætla ég að gera.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Það hafa verið svo áhugaverðar umræður sem hér hafa farið fram í kvöld að ég hef ekki einu sinni gefið mér tíma til að fara í kaffi. Það hafa nokkrir hv. þm. haft sérstaklega áhuga á og lýst sérstaklega eftir afstöðu framsóknarmanna í því máli sem hér er á dagskrá og einn hv. þm. sýnt okkur þá virðingu að lesa upp úr okkar samþykktum og annar hv. þm. gerði sér lítið fyrir og las upp nærri því heilt Tímabréf sem hann taldi ritskoðað af forsrh. sem mun ekki vera rétt.

Ég verð að segja að mér finnst þessar umræður nokkuð sérkennilegar. Það er nefnilega svo að þeir hv. þm. sem endilega vilja heimila framkvæmdir fjármagnaðar af mannvirkjasjóðnum eru finnst mér fyrst og fremst að vilja einhverjar hernaðarframkvæmdir, einhverja hernaðarpeninga eða einhverja bandaríkjagreiðasemi. Það kom fram í ræðu hæstv. samgrh. að það hefur aldrei komið ósk um varaflugvöll frá íslenskum né erlendum flugyfirvöldum — var það ekki rétt tekið eftir? — og að öryggi farþega er alls ekki fyrir borð borið. Þrýstingurinn er því ekki kominn frá flugyfirvöldum eða flugfarþegum. Þrýstingurinn er kominn frá Atlantshafsbandalaginu eða kannski fyrst og fremst Bandaríkjamönnum sem eiginlega hafa þó ekkert með flugvöllinn að gera nema þá ef vera skyldi að stunda æfingar í takmörkuðum mæli ef marka má fréttir. Ætli staðreyndirnar séu ekki þær að Atlantshafsbandalagið vantar æfingaflugvöll þar sem það er orðið frekar þröngt á þeim suður í Keflavík og sjálfsagt víðar í heiminum?

Margir hv. ræðumenn hafa sagt eða a.m.k. einhverjir hv. þm. hafa sagt að meiri hluti þjóðarinnar styðji aðild að NATO og þar með styðji meiri hluti landsmanna þessa framkvæmd fjármagnaða af mannvirkjasjóði NATO. Ég tel að þetta þurfi ekki endilega

að fara saman. Nú er nóg komið, gætu nefnilega einhverjir sagt og þar sem friðvænlegar horfir nú í heiminum en um langt skeið er hernaðarframkvæmd á Íslandi upp á 11 milljarða ekki í takt við tímann, ekki í takt við þann friðartón sem nú heyrist í henni veröld.

Nú er það svo að á Íslandi eru samdráttartímar og þá sérstaklega á landsbyggðinni. Það getur því verið freistandi að slá til og skapa aukna atvinnu í landinu og þá sérstaklega á því landsvæði sem fyrir valinu yrði. Við Íslendingar getum ekki byggt okkar atvinnulíf upp á þann hátt. Freistingarnar fyrir auðfengnum gróða tengdum hernaði eru til þess að standast þær og það álít ég að við munum gera í þessu tilfelli, enda er það svo að það er allt að því undantekningarlaus regla að þar sem herstöðvar eru staðsettar líður ekki langur tími þar til annar atvinnuvegur hættir að þrífast í nágrenninu.

Þá tel ég rétt að fram komi að landeigendur á því landsvæði og í þeim fagra dal, Aðaldal, sem nefndur hefur verið sem hugsanlegur staður fyrir umræddan völl, hafa margir hverjir tjáð sig opinberlega algerlega andstæða þessum hugmyndum. Grænland hefur verið nefnt sem hugsanlegt ákvörðunarland fyrir umræddan völl. Varaflugvöll fyrir hvað getur flugvöllur á Grænlandi verið? Er það varaflugvöllur fyrir Keflavík? Þangað er þó einhverra klukkutíma flug. Hvað ef veður breytist á flugtíma til Grænlands? Hefur þá flugvélin eldsneyti á annan flugvöll? Spyr sá sem ekki veit. Mér finnst einhvern veginn að þessi Grænlandsumræða sé nokkurs konar gryla á okkur Íslendinga eða m.ö.o. til að þrýsta á.

Mín skoðun er sem sagt sú að best væri að sleppa títtnefndri forkönnun þar sem umræddur flugvöllur verði ekki byggður.

Það hefur komið fram hjá tveimur hv. þm. að það sé Framsfl. að kenna að hér hefur ekki verið byggður þessi völlur. Ef þetta hefur verið sagt til að niðra Framsfl. er ég sannfærð um að þegar upp verður staðið verður þetta okkur til framdráttar og álitsauka.

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Í máli hv. 6. þm. Vesturl. Birnu K. Lárusdóttur og 6. þm. Reykv. Guðrúnar Agnarsdóttur kom mætavel fram hver afstaða kvennalistakvenna er til þessa máls og veit ég ekki til þess að um hana sé ágreiningur í okkar röðum. Það er vafalaust óþarft að ítreka það, en við erum algerlega andvígar auknum hernaðarlegum umsvifum hér á landi hverju nafni sem þau nefnast og má þá vitaskuld einu gilda þótt reynt sé að klæða slík umsvif í grímubúning.

Það er nánast hlálegt og nær væri þó að segja grátlegt þegar reynt er að halda því fram að varaflugvöllur byggður af mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins yrði ekki hernaðarmannvirki. Hvers vegna ættu ráðamenn slíks sjóðs að bjóðast til að opna sínar hirslur ef þeir litu ekki á framkvæmdina sem lið í hernaðaruppbyggingu? Einhvern tíma hefði verið talað um nytsama sakleysingja í þessu samhengi.

Ég kann því betur að kalla hlutina réttum nöfnum. Það er verið að reyna að tosa áfram brennandi áhugamáli bandaríska hersins og hershöfðingjanna í Atlantshafsbandalaginu að hér verði hægt að reka hernað, ekki aðeins frá suðvesturhorni landsins heldur einnig frá norðausturhorninu ef á þarf að halda.

Hæstv. núv. utanrrh. er augljóslega áhugamaður um málið og ekki virðist áhuginn hafa dofnað eftir fundinn með hr. Baker hinum bandaríska í flugstöðinni nýlega. Þangað snaraðist hæstv. utanrrh. svo að hr. Baker þyrfti ekki að eyða allt of löngum tíma í spjall við ráðamenn á Íslandi og af fréttum má ráða að vel fór á með þeim svo og ýmsum úr fylgdarliði þeirra. Og nú vill hæstv. utanrrh. láta gera svokallaða forkönnun, áhugasamur sem aldrei fyrr eftir þennan fund vafalaust, og segist ekki þurfa að spyrja annan en sjálfan sig um heimild til þess. Og hingað hefur komið hver af öðrum, sem betur fer ekki allir þó sem hér hafa talað, og tekið undir og hvatt hæstv. utanrrh. til dáða og gert sér jafnvel upp undrun. Er ekki allt í lagi með svona forkönnun? spyrja menn. Hvers lags einstrengingsháttur er þetta eiginlega? En hæstv. ráðherra og aðrir sem svo tala. Það er fyrsta skrefið. Forkönnun er fyrsta skrefið og við sem erum andvíg auknum hernaðarumsvifum hér segjum: Nei takk. Ekki þetta skref. Svo einfalt er það og óþarft að fjölyrða um það sem áður er margsagt og miklu betur.

Hv. 8. þm. Reykv. talaði um að slíkur völlur, sem af slíkri könnun leiddi hugsanlega og yrði e.t.v. byggður, yrði fráhrindandi, ef ég skildi hann rétt, á stríðstímum. Þar er ég nú algerlega ósammála. Ég held að réttara væri að tala um orðið „aðlaðandi" í slíku samhengi.

Þá kem ég að því sem er aðalerindi mitt hingað í þennan ræðustól. Sá staður sem málið snýst sennilega fyrst og fremst um er Aðaldalsflugvöllur. Það er svo að e.t.v. rísa tilfinningarnar hærra þegar málið varðar stað sem maður þekkir vel og þennan stað þekki ég vel og hann þekkja margir hér inni. Ég verð að segja að tilhugsunin um herflugvöll í þessu umhverfi er ekki aðeins ógeðfelld, hún er skelfileg. Og það væri óbætanlegt umhverfisslys ef hernaðarbrölti yrði beint á þessar slóðir. Slík fullyrðing er ekki út í bláinn, enda studd fréttum af samþykktum þar norður frá. T.d. ályktaði stjórn Félags landeigenda við Laxá í Aðaldal og Mývatn á fundi nýlega þar sem fyrirætlunum um varaflugvöll í Aðaldal á vegum Atlantshafsbandalagsins var mótmælt harðlega. Í ályktun fundarins var mótmælt þeim hugmyndum sem fram hafa komið varðandi byggingu flugvallar á vegum NATO í Aðaldal. Í ályktuninni var minnt á að þessi flugvöllur yrði mjög nærri bökkum Laxár og mundi ógna tvímælalaust lífríki árinnar og umhverfi hennar, t.d. Skjálfandaflóa, og í ályktuninni segir:

„Olíubirgðastöð er ein sér nægileg ástæða auk slysahættu og margvíslegra náttúruspjalla. Laxá og bakkar hennar eru verndað svæði samkvæmt lögum frá 1974. Landeigendafélag Laxár og Mývatns mun hér eftir sem hingað til standa vörð um þetta svæði.

Því skorum við á ráðamenn þjóðarinnar að taka þegar af allan vafa um að hér verði flugvöllur sem þessi ekki byggður."

Þennan fund munu hafa setið Vigfús B. Jónsson formaður, Eysteinn Sigurðsson, Arnarvatni, Mývatnssveit, Jón Jónasson, Þverá, Laxárdal, Árni Halldórsson, Garði, Mývatnssveit og Þorgrímur Starri Björgvinsson, Garði, Mývatnssveit. Flestir þessara manna eru vel kunnir ýmsum hér inni. Einn þeirra er t.d. varaþingmaður Sjálfstfl. í Norðurlandi eystra og mig undrar að hv. 2. þm. Norðurl. e. skyldi ekki minnast á þessa samþykkt sem honum hlýtur að hafa verið kunnugt um og honum hefði þá átt að renna blóðið til skyldunnar.

Hugsanlegt er og um það hafa heyrst raddir að flugvöllur af því tagi sem hér er til umræðu gæti að einhverju leyti leyst þann vanda sem við er að fást í atvinnumálum í nálægum byggðarlögum. Ég vara menn eindregið við að trúa á slíkar lausnir. Í því efni nægir að vísa til reynslunnar á Suðurnesjum þar sem nálægðin við „Völlinn" hefur haft mjög svo óæskileg áhrif á atvinnulífið og vinnumarkaðinn. Það er staðreynd sem ekki verður á móti mælt og heilög forsjónin forði Þingeyingum frá slíkum hremmingum og ég hlýt að fagna orðum síðasta ræðumanns, hv. 5. þm. Norðurl. e.

Virðulegi forseti. Ég taldi mér skylt að koma þessari samþykkt með þessum sjónarmiðum þeirra norðanmanna á framfæri í þessari umræðu. Ég fullyrði að sú umræða sem nú ber svo hátt í þjóðfélaginu og hefur orðið tilefni þessarar umræðu hér hljómar ekki sem nein þjóðvísa í eyrum þeirra sem búa á þessum slóðum heldur sem argasta gaddavírsrokk.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ég vek athygli hv. þm. á að nú vantar klukkuna 21 mínútu í tólf og bið menn að hafa nokkurn hemil á lengd þess sem þeir ætla að segja hér því að að lokinni þessari umræðu verður tekið til við að ljúka umræðu um tilkynningu frá ríkisstjórninni.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti gefur mér tilefni til að tala um fundarsköp, en ég kann ekki við það á meðan formaður fjh.- og viðskn. er fjarverandi og þykir ósmekklegt af hæstv. forseta að taka þetta mál upp á meðan þar sem hann hafði orð á því fyrr í kvöld að til þess yrði að taka tillit við nefndarstörf ef óhæfilega lengi yrði haldið áfram í þinginu. (**Forseti:** Ég vil upplýsa hv. þm. að það er fundur hjá tíu nefndum í fyrramálið og enginn annar en hv. þm. hefur talið eftir sér að mæta á þá fundi þrátt fyrir kvöld- eða næturfund.) Ég sé að hæstv. forseti ræður sér ekki og langar til að fara að þrátta um þingsköp og má vel láta það eftir honum þegar þessari umræðu er lokið ef hæstv. forseti óskar eftir því.

Hins vegar vil ég þakka hæstv. forsrh. fyrir að koma hingað til umræðunnar. Ég hafði vænst þess að úr því að hæstv. forseti hafði ákveðið að halda áfram bæði umræðum um þetta mál og eins um stefnumörkun ríkisstjórnarinnar að hæstv. forsrh. mundi verða við og var raunar ekki eini þingmaðurinn sem gerði athugasemdir við að halda umræðu áfram án þess að ráðherrar væru hér og það voru ekki aðeins þingmenn Sjálfstfl. sem gerðu athugasemdir við það ef nauðsynlegt er aðeins að byrja á því að tala um fundarsköp.

Ég vil taka undir með 10. þm. Reykn. Kristínu Halldórsdóttur að það er fallegt á bökkum Laxár og í Aðaldal, í Reykjadal og víðar í Norðurlandi eystra og vil sannarlega mega óska þess og vænta þess að hv. þm. geri ferð sína oftar norður þangað en hún hefur haft tækifæri til, kannski ekki fyrst og fremst vegna þessa landsfjórðungs heldur vegna sjálfrar sín til þess að hv. þm. fái að njóta náttúrugæðanna norður þar. Mér yrði mikil ánægja að því að hitta hv. þm. á hennar æskuslóðum.

En ég stóð ekki upp til að velta fyrir mér náttúrufegurð Aðaldals né þeim fallegu bókmenntum sem þar hafa verið skrifaðar heldur til að spyrja hæstv. forsrh. hvort það sé rétt skilið hjá mér að hann hafi ekki enn gert það upp við sig hvort varaflugvöllur sem kostaður yrði af Mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins sé meiri háttar hernaðarmannvirki. Hæstv. forsrh. hafði óljós orð um þetta, talaði um að menn vildu fá nákvæmari skilgreiningu á því hvað væru friðartímar og hvað ekki og talaði um að slíkur varaflugvöllur, sem reistur yrði af Atlantshafsbandalaginu, yrði ekki meiri háttar hernaðarmannvirki á friðartímum o.s.frv.

Hins vegar hafa aðrir þingmenn Framsfl. lýst því yfir hér við umræðurnar að þeirra skilningur sé sá að hér sé um meiri háttar hernaðarmannvirki að ræða og vísað í þeim efnum til stjórnarsáttmálans. Hv. 3. þm. Austurl. Jón Kristjánsson taldi að málsgreinin „Ríkisstjórnin mun ekki gera nýja samninga um meiri háttar hernaðarframkvæmdir" ætti beinlínis við um þann varaflugvöll sem við erum nú að tala um og var eftirtektarvert að hæstv. forsrh. sagði í dag að hann ætti bágt með að trúa öðru en mannvirkjasjóðurinn vildi fá fullvissu fyrir því að í varaflugvöllinn yrði ráðist áður en mannvirkjasjóðurinn mundi kosta hagkvæmniathugun fyrir slíkan völl. Af þessu tilefni er óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. forsrh. hvort hann hafi eitthvað fyrir sér í því sambandi, hvort hann hafi þegar upplýsingar um að tilgangslaust sé að ræða um hagkvæmniathugun fyrir varaflugvöll hér á landi þar sem Atlantshafsbandaslagið sé þegar ráðið í því að byggja slíkan flugvöll erlendis vegna þeirrar afstöðu sem ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar hefur í þessu máli. Ég trúi því ekki að hæstv. forsrh. hafi komist svo ógætilega að orði án tilefnis og tel þess vegna nauðsynlegt að fá um þetta skýrari svör.

Annað, sem raunar var í mótsögn við þennan kafla í ræðu hæstv. forsrh., var að honum varð tíðrætt um að hér á landi væri enginn flugvöllur sem væri meira en 3 km og talaði sérstaklega um flugsamgöngur til Japans í því sambandi. En líka vakti athygli að hæstv. samgrh. vék sérstaklega að því á eftir og reyndi að gera grín að mönnum sem töluðu um svo fullkominn

flugvöll, talaði um flugvelli sem voru 2400 og 2800 m ef ég man rétt. (Gripið fram í.) 2700. Það munaði þarna litlum 300 m á hæstv. samgrh. og forsrh. Í þessu samhengi tók hæstv. samgrh. þá líkingu að menn vildu alltaf bæta við sig svo sem einni slökkvistöð og einni slökkvibifreið eða einum slökkviliðsmanni eða einni slökkvidælu og tók þannig samlíkingu alveg út í hött til þess að gera lítið úr þeirri skoðun hæstv. forsrh. að það væri æskilegt að fá hingað flugvöll sem væri 3000 m eða stærri.

Nú er það kannski ekki aðalatriðið þó samgrh. hafi þannig tekið krók á sig til að gera lítið úr málflutningi hæstv. forsrh. Það er aukaatriði í þessu máli. Aðalatriðið er að málatilbúningur ráðherranna er með þeim hætti að óhjákvæmilegt er annað en ætla að þetta mál sé þegar dautt, fyrir liggi innan ríkisstjórnarinnar sá skilningur að utanrrh. hafi ekkert forræði yfir þessu máli. Það var að vísu líka ógreinilegt sem formaður þingflokks Alþfl. sagði um það atriði því að hann sagði einu sinni í sinni ræðu: Sá ráðherra sem mál þetta varðar, en síðar í ræðu sinni hafði hann ráðherra í fleirtölu og sagði: Þeir ráðherrar sem málið heyrir undir. Hann gerði ýmist að tala um varaflugvöllinn og spurninguna um hvort við mundum heimila mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins að gera slíka hagkvæmniathugun þannig að segja að það mál heyrði undir einn eða tvo ráðherra. Allt er þetta þannig mjög óljóst og ég vil taka undir með hæstv. samgrh. fyrr í dag að það er hæstv. forsrh. sem sker úr um undir hvorn ráðherrann, utanrrh. eða samgrh., þetta mál heyrir. Hæstv. samgrh. segir að um það sé fullt samkomulag í ríkisstjórninni og enginn ágreiningur að það sé á forræði forsrh. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. forsrh. um það beint: Heyrir þetta mál undir hæstv. utanrrh. eða heyrir þetta mál undir hæstv. samgrh. eða er þetta kannski eitt af þessum málum þar sem slá á úr og í?

Það er líka annað í þessu atriði sem vekur athygli og það eru þau ummæli hæstv. samgrh. að fyrir *dyrum standi að verja stórkostlega auknu fé* til flugvallargerðar hér á landi. Nú hefur samgrh. að vísu beitt sér fyrir því að skera vegaframkvæmdir niður við trog og hæstv. samgrh. hefur staðið sig heldur ég vil segja dauflega í hafnarmálum þannig að hafnarframkvæmdir *eru mun minni en verið hefur*. Þá er spurningin: Er hann kannski að velta því fyrir sér að auka verulega framkvæmdir til flugvallamála frá því sem áður hafði verið lýst yfir eða var það allt saman yfirklór? Það væri líka fróðlegt að fá um það nánari upplýsingar.

Ég skal svo ekki að öðru leyti, hæstv. forseti, gera þessi mál að frekara umræðuefni. Mér þykir nauðsynlegt að fá skýrari svör um það frá forsrh. hvað hann var að fara. Ég ætla ekki að taka þátt í hinum klassísku umræðum við Alþb. og þá sem eru á svipaðri línu og hafa lært af þeim fræðin, hvort okkur sé nauðsynlegt eða ekki að halda uppi öryggisgæslu hér á landi og vil þó minna á það, sem hv. 8. þm. Reykv., hv. 14. þm. Reykv. og fleiri sögðu áðan, að það er auðvitað mikilsvert að eftirlitið frá flugvöllum hér á landi sé sómasamlegt og sé sem best vegna þess að einungis með þeim hætti að hinar lýðfrjálsu þjóðir geti staðið saman um varnir landsins, varnir sinna landa og haldið uppi nauðsynlegu eftirliti á norðurhöfum eru möguleikar fyrir því og von til þess að draumur okkar um afvopnun á þessu svæði geti ræst.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir að fá að koma á undan hæstv. forsrh., en því miður gat hann ekki verið hér í kvöld. Ég lýsi ánægju minni yfir því að hann skuli vera mættur. Það var ein spurning sem ég hefði gjarnan viljað fá að leggja fyrir hæstv. forsrh. að gefnu tilefni vegna ræðu hans fyrr í umræðunni.

Ég vildi fá það annaðhvort staðfest eða leiðrétt hvort sé rétt eftir honum haft þegar hann segir m.a. í ræðu sinni í dag að í stjórnarsáttmálanum segi að ekki skuli ráðist í meiri háttar hernaðarmannvirki en skömmu síðar í sömu ræðu segir hann eitthvað á þessa leið og það er aðalatriðið að fá það skýrt: Annað mál er hvort hæstv. utanrrh. getur leyft forkönnun. — Ég vildi spyrja hæstv. forsrh. hvort hér var um spurningu að ræða í hans ræðu eða óbeina fullyrðingu.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Mér þótti leitt að ég gat ekki verið hér í allt kvöld, en ég hafði því miður bundið mig af öðrum skyldum. Ég skal með ánægju koma að þeim málum sem ég hef heyrt hér nefnd. Hér er fyrst og fremst verið að ræða um forræði einstakra ráðherra yfir ákveðnum málaflokkum. Það fer ekkert á milli mála að hæstv. utanrrh. fer með forræði utanríkismála og m.a. tengslanna við Atlantshafsbandalagið og varnir þessa lands í því sambandi. Samgrh. fer að sjálfsögðu með forræði samgöngumála. Í þessu sambandi vísa ég til þess, sem oft hefur verið sagt úr þessum ræðustól, að íslenskt stjórnvald er fjölskipað stjórnvald. Í þessu tilliti er þó þess að gæta að forræði utanrrh. er að því leyti takmarkað að í samkomulagi á milli flokkanna er sérstaklega tekið fram að utanrrh. er ekki heimilt að ákveða ný meiri háttar varnarmannvirki. Í raun og veru er hér um það að ræða.

Þess vegna hefur umræða í ríkisstjórninni, umræða *sem alls ekki er lokið*, m.a. fjallað um þetta: Er hér um meiri háttar hernaðarmannvirki að ræða? Einn aðili að þessari ríkisstjórn hefur lýst mjög ákveðnum efasemdum um að þær upplýsingar sem fengist hafa frá aðalforstjóra Atlantshafsbandalagsins sýni að hér sé ekki um hernaðarmannvirki að ræða og hefur fært fyrir því rök. Ég sagði hér áðan að það verði ekki ráðist í svona mannvirki, sem augljóslega er meiri háttar, mannvirki upp á 11 milljarða er meiri háttar, nema allir sem að ríkisstjórninni standa séu sammála um, annaðhvort að hér sé ekki um hernaðarmannvirki að ræða eða menn vilja þá víkja frá þessu samkomulagi og þrátt fyrir það samþykkja að í slíkt hernaðarmannvirki verði ráðist. A.m.k. einn flokkur í ríkisstjórninni hefur afdráttarlaust lýst því yfir að hann sé ekki tilbúinn til slíkra ákvarðana. Málið er

því afar einfalt. Í tíð þessarar ríkisstjórnar verður ekki ráðist í þetta mannvirki hvort sem mönnum líkar það betur eða verr. (Gripið fram í.) Já, ég kem að því.

Ég sagði áðan að utanrrh. hefur að sjálfsögðu forráð okkar varnarmála og tengsla við Atlantshafsbandalagið og honum er vitanlega frjálst að láta fara fram könnun á öllum hugsanlegum framkvæmdum sem hann og Atlantshafsbandalagið telja að mundi styrkja t.d. varnir þessa lands eða þátttöku okkar í vestrænu samstarfi. Honum er það frjálst. Honum er frjálst að samþykkja forkönnun á byggingu nýrrar flugbrautar í Keflavík o.s.frv. En stjórnarsáttmálinn segir hins vegar að í það verði ekki ráðist, það verði engar framkvæmdir ef um meiri háttar hernaðarframkvæmdir er að ræða. Menntmrh. getur látið fara fram könnun á því að byggja nýjan háskóla á Austfjörðum, en hann gerir það ekki nema fjárveiting fáist til málsins. (**Menntmrh.:** En á varnarsvæðunum?) Kannski gæti hann það líka. Ég er ekki að segja það. Að vísu heyrir allt á varnarsvæðunum undir utanrrh. svo það skiptir öðru máli, en ég ætla líka að koma að því.

Hins vegar er þetta mál ekki að öllu leyti svo einfalt. Mér sýnist að ef utanrrh. ræðst í slíka könnun hljóti það að vera byggt á því að hann telji vörnum landsins betur borgið með þessu móti. Hann getur ekki ráðist í forkönnun á byggingu samgöngumannvirkis sem samgrh. á síðan að reka. Ég held að það sé alveg ljóst að samgrh. hlýtur að ákveða og marka þá stefnu sem við ætlum að hafa í samgöngum og þá líka við flugið. Þetta mál er vitanlega að þessu leyti töluvert flóknara og þess vegna sagði ég áðan að ég ætti bágt með að trúa því að skynsamlegt verði talið að ráðast í slíka forkönnun, sem yrði eflaust mest á skrifborðinu gerð, ef ekki liggur fyrir að samkomulag sé um að byggja slíkan flugvöll. Um það er ekki samkomulag, a.m.k. ekki í dag, alls ekki. Ef ætti að byggja slíkan flugvöll sem lið í íslensku samgöngukerfi er alveg ljóst að samgrh., sem fer með forræði þessara mála, yrði a.m.k. að vera tilbúinn að taka við slíkum flugvelli og reka sem lið í hinu íslenska samgöngukerfi.

Ég verð að segja það, virðulegi forseti, að mér sýnist við vera að deila um keisarans skegg í þessu sambandi. Það er sérstaklega fjallað um þessi mál í stjórnarsáttmálanum. Það er tekið undan forræði utanrrh. í varnarmálum að byggja meiri háttar hernaðarmannvirki og það verður ekki byggt nema full samstaða sé með þeim aðilum sem að ríkisstjórninni standa.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Þessar umræður hafa verið málefnalegar og fróðlegar, málefnalegar kannski með einni undantekningu. Það var þegar hv. 6. þm. Reykv. var með í ræðustól getsakir um óheilindi, undirhyggju, ef ekki fjörráð þess sem hér stendur. Að öðru leyti hafa þetta verið málefnalegar umræður.

Ég hef þegar svarað þeim fjórum spurningum sem hv. 1. þm. Reykn. sem málshefjandi beindi til mín og vonast til þess að þau svör hafi verið fullnægjandi.

Í þessum umræðum hefur fleiri spurningum verið beint til mín og reyndar hafa vakað í máli manna fleiri spurningar. Sumum hefur þegar verið svarað. Um aðrar á það við að það mætti kannski kveða skýrar að orði um svör eða upplýsingar sem þær varðar. Hér hefur verið spurt: Er mannvirkjasjóður Atlantshafsbandalagsins góðgerðastofnun? Er það óyggjandi ef mannvirkjasjóður ver fjármunum til framkvæmda að þá sé um að ræða hernaðarframkvæmdir? M.ö.o.: hverjar eru þær reglur sem gilda um fjárframlög úr þessum sameiginlega framkvæmdasjóði Atlantshafsbandalagsríkjanna? Hvað vakir fyrir þeim, þ.e. annars vegar forsvarsmönnum varnarliðsins á Íslandi og svo hins vegar Atlantshafsbandalaginu, þegar þeir óska eftir því að hér verði byggður slíkur varaflugvöllur með fjárveitingu úr mannvirkjasjóði? Hverra hagsmuna er þar verið að gæta? Sannar það að hér sé um að ræða hernaðarmannvirki? Hver eiga að vera not varnarliðsins af slíku samgöngumannvirki? Hvað er að segja um fordæmi um fjárveitingar úr þessum mannvirkjasjóði, við skulum segja eins og t.d. í Noregi? Er það ekki sambærilegt?

Ég spurði og það var spurt: Hver eiga að vera not varnarliðsins af þessu mannvirki á friðartímum, á ófriðartímum? Er það hugsanlegt að þær kröfur sem nú hefur þegar verið skilmerkilega lýst séu til málamynda, partur af blekkingarleik? Verða þær kröfur hertar síðar meir? Er þetta meiri háttar hernaðarmannvirki og þar af leiðandi með þeim hætti að það samrýmist ekki þeim orðum sem finna má í málefnasamningi núverandi ríkisstjórnar? Er það svo að einhverjar aðrar þjóðir séu að þrýsta á íslensk stjórnvöld í þessu tilefni? eins og t.d. hæstv. menntmrh. spurði. Danir eða Norðmenn, eru þeir að reyna að þröngva okkur af illum hug til þess að játast undir þetta ok?

Og lokaspurningin að sjálfsögðu: Hver er nauðsyn Íslendinga sjálfra á því að þetta mannvirki rísi?

Loks er að sjálfsögðu spurt um hluti eins og þessa: Hver hefur forræði á þessu máli? Er það utanrrh. eða er það hæstv. samgrh. Þarf að kveða upp einhvern úrskurð af hálfu forsrh. um það? Svar við því er nei. Það þarf engan úrskurð um það. Það liggur alveg ljóst fyrir. Þetta mál, að svo miklu leyti sem það varðar spurninguna um samskiptin við Atlantshafsbandalagið og skyldu utanrrh. til þess að svara þessari málaleitan, er alveg skýrt. Það er á forræði utanrrh. Hitt er svo annað mál að ef það liggur fyrir staðfest og samningsbundið að það mannvirki, ef það endanlega rísi, yrði utan varnarsvæða, þá er það venjulegt samgöngumannvirki og væri á forræði samgrh.

Það var spurt um margt fleira og þá sérstaklega spurningar sem hv. þm. Albert Guðmundsson beindi til mín sem ég vík að seinna, en þetta gefur mér tilefni til að víkja svolítið nánar að tveimur þáttum.

Í fyrsta lagi mannvirkjasjóðnum. Hvaða reglur gilda um hann? Er þetta með óyggjandi hætti meiri háttar hernaðarmannvirki og þar af leiðandi ósam-

rýmanlegt við ákvæði málefnasamnings ríkisstjórnarinnar?

Í annan stað finnst mér hafa gætt nokkurs misskilnings í umræðunni að því er varðar tvennt sem er í eðli sínu nokkuð ólíkt. Það er annars vegar hvaða kröfur ber að gera varðandi öryggi og nauðsyn á varaflugvelli og varaflugvallarþjónustu að því er varðar innanlandsflug eða millilandaflug Íslendinga sjálfra með þeirra eigin flugvélum og hins vegar hvaða kröfur eru gerðar um fullkominn varaflugvöll sem á að þjónusta millilandaflug og alla þá flugumferð sem rúmast á okkar flugumsjónarsvæði.

Að þessu hef ég reyndar vikið fyrr í máli mínu þannig að ég ætla að láta mér nægja að því er það varðar að vitna til blaðagreinar sem birtist fyrir skömmu í því títt ívitnaða blaði, dagblaðinu Tímanum, eftir flugmálastjóra Íslendinga.

En fyrst fáein orð um þennan mannvirkjasjóð.

Ég vil leyfa mér að víkja að upplýsingum sem fram koma í grein eftir eftirlitsmann með mannvirkjasjóði NATO, Thompson að nafni, sem hann skrifar í tímarit Atlantshafsbandalagsins og segir svo, með leyfi forseta:

„Fyrirmyndina að mannvirkjasjóði NATO er að finna hjá Vestur-Evrópusambandinu sem stóð fyrir gerð nokkurra flugvalla og fjarskiptastöðva seint á fimmta áratugnum. Fyrir fé úr sjóði NATO hefur til þessa verið unnið að margvíslegum framkvæmdum í öllum bandalagslöndunum" — þar á meðal Íslandi vegna þess að samgöngumannvirki sem hér er að rísa og heitir Helguvík og olíustöð þar er m.a. fjármögnuð úr þessum títtnefnda sjóði. „Þessar sameiginlegu framkvæmdir hafa kostað meira en 3800 millj. reiknieininga sjóðsins." Það heitir „infrastructure accounting units". Reiknieiningin var upphaflega miðuð við sterlingspund og er nú jafnvirði 2624 bandaríkjadala eða meira en 10 milljarða dollara á núverandi gengi. Það mun svara til 500 milljarða ísl. kr. sem þessi sjóður hefur þá varið til margvíslegra sameiginlegra framkvæmda í öllum ríkjum Atlantshafsbandalagsins sextán að tölu á tímabilinu frá því að hann tók til starfa um 1950 til þessa dags.

Þetta segir sína sögu um að það er mesti misskilningur að hér sé um einsdæmi að ræða. Hér er um að ræða framkvæmdasjóð sem hefur staðið undir framkvæmdum í öllum bandalagsríkjum Atlantshafsbandalagsins mjög lengi. Hér er ekki um að ræða neitt einsdæmi þannig að hafi það vakað í umræðunni að hér sé um að ræða einsdæmi, stórveldi að bera fé á smáþjóð sem á í erfiðleikum, er það mikill misskilningur.

Það er ósköp eðlilegt að spurt sé hvað vaki fyrir þeim forsvarsmönnum Atlantshafsbandalagsins þegar þeir óska eftir því að fá svör frá íslenskum stjórnvöldum um það hvort við erum tilbúin að heimila byggingu slíks varaflugvallar sem kostaður væri með þessum hætti. Að því er þetta varðar er fróðlegt að heyra úr þessari sömu grein rökstuðning sem þessi eftirlitsmaður með mannvirkjasjóði NATO hefur uppi fyrir því hvaða rök eru yfirleitt færð fyrir byggingu slíkra mannvirkja og nú vitna ég, með leyfi forseta, beint í þessa grein:

„Rökin fyrir sameiginlegum fjárframlögum til þessara framkvæmda eru þau að mannvirkin séu til afnota fyrir fleiri en eitt aðildarríki og þjóni hagsmunum þeirra allra svo að landið þar sem mannvirkin eru, gistilandið, eigi ekki eitt að bera kostnað af þeim, ekki síst vegna þess að sum aðildarlönd verða vegna landfræðilegra aðstæðna að taka að sér að hýsa mun fleiri mannvirki en önnur. Þannig er staðið að fjármögnuninni að öll ríki sem þátt taka í framkvæmdum koma sér saman um það" m.ö.o. semja um það „hve mikinn hlut kostnaðarins þau beri hvert um sig og er þá höfð hliðsjón af þremur meginatriðum: getu aðildarríkja til að leggja fram fé, hvaða hag ríkin sem mannvirkin nota hafa af nýtingunni og fjárhagslegum hagnaði gistiríkisins."

Að því er varðar það síðastnefnda, fjárhagslegan hagnað gistiríkisins, er verið að vísa til margvíslegra samgöngumannvirkja sem eru auðvitað í rekstri og skila hagnaði. Þannig t.d. skilar Keflavíkurflugvöllur að því er varðar rekstur verulegum hagnaði og það er að sjálfsögðu tekið tillit til þess því að hér er oft og tíðum um að ræða venjuleg samgöngumannvirki en ekki hernaðarmannvirki á friðartímum.

T.d. er rétt að geta þess að að því er varðar flugvelli sem þessi sjóður hefur byggt upp í Noregi gilda strangar takmarkanir um yfirleitt nokkurn aðgang norska hersins eða hernaðaraðila Atlantshafsbandalagsins að þeim flugvöllum. Af því að það kom fram í ræðu eins hv. þm. og hann taldi að þessi mannvirkjasjóður hefði staðið að byggingu tveggja eða þriggja flugvalla í Noregi, þá er rétt að taka fram að ég hef hér í höndum upplýsingar frá sendiherra Noregs hjá Atlantshafsbandalaginu. Ég lét beina til hans nokkrum spurningum um samskipti Noregs og mannvirkjasjóðsins og af þeim upplýsingum er m.a. ljóst að mannvirkjasjóðurinn hefur staðið að hluta til að uppbyggingu allra flugvalla í Noregi, allra, hvers eins og einasta, nema þriggja, og þessir þrír eru Fornebu í Osló, Langsnes við Tromsö og Sola við Stavangur. Að öðru leyti hefur mannvirkjasjóður Atlantshafsbandalagsins tekið þátt í að kosta alla — segi og skrifa alla — flugvelli sem byggðir hafa verið í Noregi á þeim tíma frá því að mannvirkjasjóðurinn var stofnsettur. Og ef menn skyldu halda að þetta séu einhver einsdæmi er rétt að geta þess að mannvirkjasjóðurinn hefur á starfstíma sínum fjármagnað byggingu 227 flugvalla — ég endurtek: 227 flugvalla í hinum ýmsu ríkjum Atlantshafsbandalagsins.

Að því er varðar t.d. framlög til uppbyggingar slíkra mannvirkja í Noregi samkvæmt áætlun fyrir árið 1989, þá hljóðar sú áætlun upp á 1,35 milljarða n. kr., þ.e. upp á 10 milljarða ísl. kr. á árinu 1989.

Þetta eru upplýsingar, virðulegi forseti, sem svara að nokkru leyti því sem vakað hefur í máli manna, þ.e. spurningunni um hvort hér er um að ræða einhverja „aronsku" sem verið er að opna fyrir. Ég vitnaði til þess að rökin fyrir byggingu slíkra mannvirkja og fjármögnun þeirra úr sameiginlegum fram-

kvæmdasjóði Atlantshafsbandalagsins eru margvísleg og þau eru oft og tíðum þau að það er að mati Atlantshafsráðsins og stjórnar mannvirkjasjóðsins um að ræða sameiginlega hagsmuni ríkjanna allra.

Þá er rétt að taka fram líka eftir sömu upplýsingum frá sendiherra Noregs hjá Atlantshafsbandalaginu að öll þau mannvirki sem reist hafa verið með þessum hætti og skipta mörgum tugum í flugvöllum, samgöngumannvirkjum, vegum, höfnum o.s.frv. eru öll eign norska ríkisins og á algeru forræði norska ríkisins. Þau eru öll algerlega mönnuð af norsku starfsfólki, að öllu leyti á norsku forræði og ef um er að ræða „bruksrett" sem hér er kallað eða nýtingarrétt annarra, þá verður að semja sérstaklega um það. En öll þessi mannvirki eru undir ótvíræðu og öruggu norsku forræði, þ.e. „sikker norsk jurisdiksjon". Enn fremur kemur hér fram að að því er varðar afnot annarra en norskra yfirvalda af þessum mannvirkjum eru þau mjög takmörkuð á friðartímum og þá t.d. sérstaklega flugvellir.

Þetta held ég að séu gagnlegar upplýsingar í þessari umræðu. Þær svara t.d. spurningunni um að mannvirkjasjóður Atlantshafsbandalagsins er að vísu ekki góðgerðastofnun. Hann er hins vegar þetta: Hann er sameiginlegur framkvæmdasjóður Atlantshafsbandalagsríkjanna og um framlög til slíkra sameiginlegra mannvirkja gilda ákveðnar grundvallarreglur. Þær eru afar viðamiklar í a.m.k. tveimur þverhandarþykkum doðröntum. En ef spurt er: Eru fjárframlög úr mannvirkjasjóðnum undir öllum kringumstæðum og ótvírætt til hernaðarmannvirkja? þá er svarið nei. Samkvæmt reglum þessa sjóðs er hægt að veita fé til mannvirkjagerðar í einhverju bandalagsríkjanna þótt ekki sé um hernaðarmannvirki að ræða. Þetta kemur t.d. fram í grein 1.3.9 í hinum almennu reglum bandalagsins þar sem segir svo, með leyfi forseta, og ég tek það fram að þýðingin er mín og flutt hér úr ræðustól á þessum texta:

„Heimilt er að fjármagna úr sameiginlegum framkvæmdasjóði Atlantshafsbandalagsins mannvirki sem talin eru í hag einstöku aðildarríki svo fremi að NATO-ráðið með einróma samþykki telji að framkvæmdin þjóni sameiginlegum hagsmunum Atlantshafsbandalagsríkjanna."

Samkvæmt þessari grein er ljóst að það hefur verið veitt fé til mannvirkja sem undir engum kringumstæðum eru til hernaðarþarfa á friðartímum. En hið sama gildir að sjálfsögðu að það er þá gerður samningur um það með hvaða hætti afnot eru heimil varnarkerfi Atlantshafsbandalagsins á stríðstímum. Og þá er spurningin orðin þessi: Er alveg ótvírætt að samgöngumannvirki sem fjármagnað er að hluta til, því það verður nú aldrei nema að hluta til, það er alltaf krafist einhvers mótframlags, úr þessum sjóði séu undir öllum kringumstæðum og óhjákvæmilega meiri háttar hernaðarmannvirki? Svar mitt er nei. Hafandi kynnt mér málið er ég þeirrar skoðunar, ég hef komist að þeirri niðurstöðu að svo sé ekki. Ég er þess vegna þeirrar skoðunar að þetta mannvirki þurfi ekki af þessum ástæðum að brjóta í bága við þau orð sem standa í málefnasamningi hæstv. núv. ríkisstjórnar sem kveða á um að í stjórnartíð hennar verði ekki efnt til meiri háttar nýrra hernaðarmannvirkja.

Starf mitt að þessu máli hefur beinst að því að fá með ótvíræðum og öruggum hætti úr því skorið að þessi skilningur geti verið réttur og það er þess vegna sem ég hef tekið upp viðræður um málið, leitað eftir skjalfestum yfirlýsingum um málið og hef fengið þær skjalfestu yfirlýsingar í formi bréfs frá framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins þar sem hann tekur skilmerkilega fram að engar slíkar kröfur séu gerðar af hálfu mannvirkjasjóðs eða Atlantshafsbandalagsins um notkun á þessu mannvirki á friðartímum að réttlætti að kalla það hernaðarmannvirki. Og jafnframt þær skýringar að þessi afstaða, sem hefur verið borin undir og samþykkt af stjórn mannvirkjasjóðsins, sé einkum rökstudd með vísan til þessarar undanþágugreinar sem ég var að vitna til og kveður á um heimild sjóðsins til að leggja fram fé til mannvirkis sem er hagsmunamál eins aðildarríkis en jafnframt með einróma samþykki stjórnar mannvirkjasjóðsins talið sameiginlegt hagsmunamál allra Atlantshafsbandalagsríkjanna.

Á grundvelli þessara gagna sem og ítarlegri gagna, sem ég hef einnig kynnt áður, þar sem talið er upp nákvæmlega hvaða kröfur um er að ræða, þ.e. að því er varðar tæknilegan útbúnað, er niðurstaða mín sú að hér sé ekki um að ræða meiri háttar hernaðarmannvirki á friðartímum og það er ekkert sem fram hefur komið í þessum umræðum sem hefur breytt þeirri afstöðu minni.

Ég vék að því að það virtist vera nokkur misskilningur í tali manna um þetta tvennt, sem er að vísu ósambærilegt, hvaða kröfur við reynum að gera til varaflugvallar sem á að þjóna flugflota íslensku flugfélaganna á næstu árum, sbr. skýrslu sem hæstv. samgrh. hefur kynnt í ríkisstjórn, og svo hins vegar hvaða kröfur hér er verið að gera til fullkomins varaflugvallar sem á að þjóna ströngustu kröfum um allt millilanda- og alþjóðlegt flug á hinu íslenska flugumsjónarsvæði. Þar er um að ræða tvennt sem er ósambærilegt bæði að því er varðar kröfur og kostnað. Þetta kemur ákaflega skýrt fram í blaðagrein flugmálastjóra sem hann birti í því ágæta dagblaði Tímanum mjög nýlega og ég ætla, með leyfi forseta, að vitna til ef ég fyndi þessa grein. Hún er hér. (Gripið fram í.) Nei, nei. Það eru fjörsprettir stundum í því ágæta blaði.

Umrædd grein birtist í þessu ágæta blaði og það er upplýst að hæstv. forsrh. les ekki allt sem í blaðið er látið, ekki fyrir fram. Þetta birtist laugardaginn 13. ágúst 1988 og er í formi viðtals við Pétur Einarsson flugmálastjóra sem er bjartsýnn á að Ísland geti orðið að stórri skiptistöð fyrir Norður-Atlantshafsflug milli Norður-Ameríku og Norður-Evrópu og birtist undir fyrirsögninni „Meira flugfrelsi". Þar segir svo, með leyfi forseta:

Blaðamaður spyr: „En fyrir utan þetta vildi ég

spyrja þig frekar út í öryggismál, ekki síst með tilliti til allra þeirra slysa sem hafa orðið við strendur Íslands og í hafinu í kring."

Síðan kemur svar í tilvitnunarmerkjum: „Það sem snýr helst að okkur hérna innanlands er ný flugmálaáætlun sem við nú höfum. Hún er mesta framtak Íslendinga í flugmálum fyrr og síðar. Við erum að vinna eftir henni í fyrsta skipti í ár, 1988. Í henni felst a.m.k. fjórföldun á framkvæmdafé miðað við árið í fyrra. Við sjáum fram á það að geta lokið uppbyggingu á íslenska flugvallakerfinu innan tíu ára eða jafnvel fyrr, þ.e. 1998. Flugvallagerð okkar hefur verið í miklum ólestri. Við vorum frumstæðir og langt á eftir öllum nágrannaþjóðum okkar í flugvallarmálum.

Svo er þetta eilífa varaflugvallarmál sem ég er alveg hættur að botna í eða þeirri umræðu sem hefur verið í kringum þetta. Mér finnst ég líka hafa rekist á það að almenningur áttar sig ekki heldur alveg.

Það má greina þetta dæmi í tvennt: Annars vegar er varaflugvöllur fyrir íslenskt flug og það verða nokkrir vellir samkvæmt flugmálaáætlun sem fullnægja íslenskum skammtímaþörfum. Það verða Keflavík, Reykjavík, Sauðárkrókur, Akureyri, Húsavík og Egilsstaðir. Öll umræða um íslenskan varaflugvöll er því einskis nýt þar sem búið er að afgreiða þetta fyrir löngu með því að fyrrgreindir vellir hafa verið, eru og munu vera varaflugvellir."

Hér lýkur tilvitnun að sinni, en það er smáskýring. Hér á flugmálastjóri að sjálfsögðu við flugmálaáætlun sem gerði ráð fyrir uppbyggingu þessara valla með 2000 m braut sem við endurskoðun hefur nú verið gerð miðað við forsendurnar allt að 2400 m braut og jafnvel von í einu tilviki, ef samningar takast og aðstæður reynast vera fyrir hendi, um 2700 m braut. En þetta, eins og fram kemur í grein flugmálastjóra, æðsta yfirmanns flugöryggismála á Íslandi, er búið mál og afgreitt og varðar einn þátt þess máls sem við höfum verið með hér til umræðu og á ekki að rugla saman við eitt meginmálið sem var nú reyndar verið að spyrja mig um og er annað mál og að því víkur svo flugmálastjóri, með leyfi forseta, undir millifyrirsögninni „Leyfum NATO að byggja." Nú er letrið orðið svo dauft að ég veit ekki hvort mér endist sjónin til þess að lesa þetta, reyni þó, með leyfi forseta:

„Hins vegar hafa íslenskir flugmenn lagt til að svona völlur verði a.m.k. 2400 m. Ég styð það og vil að ef einhver flugvöllur verður sérútbúinn, þá verði hann a.m.k. 3000 m. Eftir því sem brautin er lengri, þá má segja að það sé betra. Hins vegar er raunverulega spurningin einfaldlega sú hvort við eigum að leyfa NATO að byggja 3000 m flugbraut á Íslandi. Menn eru hræddir við að svara þeirri spurningu. Mér finnst að íslenskir stjórnmálamenn eigi að svara henni og segja annaðhvort af eða á með það.

Skýrsla sem gerð var um varaflugvallarstæði á Íslandi og nú er nýkomin út er hluti af viðræðum við Atlantshafsbandalagið hér á landi og því fyrsta skrefið. Í þeirri skýrslu er lagt til að það verði horft á Aðaldalshraun, en hún útilokar alls ekki aðra staði eins og t.d. Sauðárkrók. Á báðum þessum stöðum er sá einstaki möguleiki fyrir hendi að hægt er að hita upp flugbraut. Þá losnum við við ísingu sem er okkar mesta vandamál. Mér finnst sjálfsagt að gera þetta vegna þess að þarna verða engir hermenn og hertæki. Þetta verður aðeins neyðarflugvöllur fyrir herflug eins og allt annað flug.

Ég er nú enginn talsmaður hernaðarbrölts. En mér finnst skynsamlegra að við sinnum skyldum okkar við Atlantshafsbandalagið með því að lána land og leyfa gerð mannvirkis frekar en að selja þjónustu. Með því að selja þjónustu gerum við þjóðina háðari hersetunni sem er slæmt. Mannvirki, sem verður ekki fært til, er allt annars eðlis."

Þetta voru orð flugmálastjóra sem að vísu hefur verið falið að fjalla um endurskoðun á innlendri flugáætlun, en á gefnum forsendum sem leiða til annarrar niðurstöðu. Hér lýsir hann hins vegar hispurslaust sinni skoðun og það vill svo til að hún er sama skoðun og t.d. sá utanrrh. sem hér stendur hefur.

Virðulegi forseti. Kjarnaspurningin að því er varðar núv. ríkisstjórn er þessi sem fram hefur komið í máli margra manna: Liggur það fyrir með óyggjandi hætti að hér sé um að ræða meiri háttar hernaðarmannvirki þrátt fyrir að það verði eign Íslendinga, þrátt fyrir að það verði á algeru forræði Íslendinga og íslenskra yfirvalda, undir íslenskri flugumsjón, mannað að öllu leyti af Íslendingum, þar verði engir fulltrúar varnarliðs og engir erlendir aðilar af neinu tagi, þrátt fyrir að það verði utan varnarsvæðis, þrátt fyrir að það verði á forræði hæstv. samgrh., þrátt fyrir að það liggur fyrir að því er varðar t.d. Norðmenn og þá fjármuni sem þar hefur verið varið úr þessum sjóði til mannvirkjagerðar að þeir lýsa því yfir að þau mannvirki eru eign norska ríkisins, að þau eru að öllu leyti á forræði norska ríkisins, undir lögsögu norska ríkisins, mönnuð af norskum þegnum, undir stjórn norskra yfirvalda? Hvað eru menn að tala um?

Þetta liggur allt saman fyrir. Ég sé ekki nauðsyn á því að rannsaka þetta mikið frekar. Hér er auðvitað um að ræða neyðarflugvöll og það gildir það sama að sjálfsögðu um flugvélar varnarliðsins, að þær eiga að hafa heimild til þess að njóta neyðarathvarfs á þessum flugvelli eins og allar aðrar flugvélar á íslensku flugumsjónarsvæði, allar. Væntanlega förum við ekki að gera mun á mannslífum eftir þjóðernum eða einkennisbúningi? Meira að segja ekki einu sinni hv. þm. Kvennalistans — eða hvað? – ganga svo langt.

Ég get ekki að því gert, virðulegi forseti, að þetta er mín niðurstaða og frekari rökstuðningur við þeim svörum sem ég hér gaf.

Að því er varðar spurninguna um nauðsyn á úrskurði um forræði, þá er engin nauðsyn á því. Það er enginn ágreiningur um það. Málið er á forræði utanrrh. að því er varðar samskiptin við Atlantshafsbandalagið og spurningin sem beint er til hans um hvort hann sé reiðubúinn að heimila þessa forkönnun eða ekki er auðvitað á hans valdi. Það eru sjálfsagðir mannasiðir og sjálfsagt í samstarfi við stjórnarflokka að leggja þetta mál fyrir, kanna það, ræða það í þaula

eins og við höfum verið að gera, en ég hef sagt að komist ég ekki að öðrum niðurstöðum, takist mönnum ekki að sannfæra mig um að ég fari hér villur vegar er mín niðurstaða sú að það brjóti ekki í bága við skyldur mínar við samstarfsaðila að heimila þessa forkönnun.

Virðulegi forseti. Að öðru leyti var beint til mín örfáum spurningum. Í fyrsta lagi var spurt: Stendur fjárveitingin sem varið er til þessarar forkönnunar út árið 1989 og verður henni þá lokið? Svarið er já. Verði þessari spurningu ekki svarað á yfirstandandi ári fellur þessi fjárheimild niður og væntanlega leiðir það til þess að þessi forkönnun fer þá fram annars staðar hvort sem það leiðir til þeirrar niðurstöðu að umrætt mannvirki verður byggt þar, en það er mat allra tæknimanna sem ég hef rætt við að það þyki miklum annmörkum háð, það komi ekki að sömu notum á íslenska flugumsjónarsvæðinu.

Í annan stað. Að því er varðar orðalagið „óbreyttir borgarar" í bréfi Manfreds Wörners eru þar tekin af öll tvímæli annars staðar að þar er ekki aðeins um að ræða óbreytta borgara heldur að þessi umræddi flugvöllur verði að öllu leyti mannaður Íslendingum svo fremi sem þeir kjósi það því hann er að öllu leyti á íslensku forræði.

Spurt var um fylgimannvirki, þ.e. þau mannvirki önnur sem upp eru talin, og hvaða hlutverki þau gegni, hvort þau séu ekki jafnnauðsynleg út af innlendum öryggisástæðum og erlendum. Svarið er að þarna er um að ræða mat mannvirkjasjóðsins sjálfs á því hvað lágmarkið þurfi að vera á þessum flugvelli til þess að fullnægt sé ýtrustu kröfum varðandi öryggi í alþjóðaflugi.

Þá var spurt um hvort eitthvað meira væri að segja um rétt varnarliðsins eða flugvéla á vegum þess til aðflugsæfinga. Því er til að svara að þarna yrði um það samið sérstaklega þannig að það er ekki hægt að fullyrða um fjölda slíkra aðflugsæfinga, en það mundi gilda um allar flugvélar sem eiga að nota flugvöllinn að flugmenn þurfa auðvitað að fá einhvern rétt til að kanna aðstæður, að reyna aðflugsæfingar, en þær eru mjög takmarkaðar. Þá vitna ég sérstaklega til sambærilegra reglna sem samið hefur verið um í Noregi.

Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson spurði hvort bygging slíks varaflugvallar mundi ekki bæta eftirlitsaðstöðu og öryggi. Jú, ég geri ráð fyrir því að hún mundi bæta það, en tek þó jafnframt skýrt fram að það eru engar kröfur uppi um neina bækistöð fyrir varnarliðið á þessum flugvelli.

Loks er auðvitað ein mjög áhugaverð spurning um tengsl þessarar umræðu við þá umræðu sem fram fer í heiminum innan Atlantshafsbandalagsins, milli Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins, milli stórveldanna, umræðu sem við eigum fulla aðild að um afvopnun. Hvað gerist þegar sú stund rennur upp að við höfum náð svo langt á vegi afvopnunar, bæði að því er varðar hefðbundin vopn eða að því er varðar kjarnavopn á höfum og í höfum, að það hafa tekist samningar um slíka afvopnun og samningar um nákvæmt, traust og öruggt eftirlit með því að slíkir samningar verði haldnir? Hvar verður þá þeirri eftirlitsstöð fyrir komið að því er varðar Norður-Atlantshafið? Ég kann ekki svar við því. Það svar liggur ekki fyrir. En mér þætti mjög líklegt og leiða aðeins af líkum að sú eftirlitsstöð hlyti að verða t.d. að því er varðar Norður-Atlantshafssvæðið hér á Íslandi. Spurningin er hins vegar sú með hvaða hætti yrði samið um eignaraðild að slíkri eftirlitsstöð, hverjir rækju hana og mönnuðu, hvort það gæti verið á forræði Íslendinga sjálfra eða með hvaða hætti því yrði fyrir komið. En mannvirkin sem við þurfum á að halda til þess fara ekki.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. utanrrh. fyrir mjög fróðlega og góða ræðu sem hann flutti og jafnframt vil ég óska honum til hamingju með fimmtugsafmælið sem mér skilst að sé runnið upp.

En það var mjög fróðleg ræða sem hæstv. utanrrh. hafði í frammi áðan og ég tek undir margt af því sem hann sagði í þessari ræðu. Hann kom mjög inn á hvernig hefur verið farið með þessi mál í Noregi og ég held að við getum lært töluvert af því hvernig Norðmenn hafa farið að þessu. Þeir hafa ekki verið hræddir við að byggja upp sín samgöngumál með aðstoð frá þessum mannvirkjasjóði og ég held að við ættum að gera það líka.

Það hefur oft komið til tals í sölum Alþingis einnig hvað menn hafa verið hrifnir af vegakerfi Færeyja. En hvernig væri ef það vegakerfi hefði ekki verið byggt upp að hluta til af mannvirkjasjóði NATO? Það væri ekki upp á marga fiska. Við skulum einmitt huga að því að þessir sjóðir eru sérstaklega til að styrkja samgöngur á þeim stöðum þar sem ekki er mikið fjármagn fyrir hendi og þar sem samgöngur eru ekki nógu tryggar.

Ef við lítum til þess að það eru nær 650 millj. manna í þeim löndum sem eiga aðild að Atlantshafsbandalaginu sjáum við að framlög í þennan sjóð mundu ekki vera ýkja há þótt við værum aðilar að honum og borguðum í hann, en ég gat ekki skilið orð hæstv. menntmrh. áðan öðruvísi en svo að hann væri að gefa í skyn að ef við værum nú aðilar að mannvirkjasjóði NATO og borguðum í hann væri allt í lagi að þiggja úr honum. Ég fagna þeirri tillögu hans og óska eftir því að hæstv. utanrrh. kanni hvort við getum ekki orðið fullir aðilar að þessum mannvirkjasjóði og borgað í hann miðað við okkar styrkleika í fjármálum og stærð. Ég held að við mundum ekki þurfa að borga býsna mikið í hann þannig að við réðum vel við það. Það er mjög mikilvægt að við fáum framlag til að efla okkar samgöngur úr slíkum sameiginlegum sjóði vegna þess að þjóðir Vestur-Evrópu, Bandaríkin og Kanada, eru þjóðir sem standa sameiginlega og með styrkum stoðum að frelsi og mannréttindum hér í heimi og án þeirra væri lífið öðruvísi í Vestur-Evrópu. Við skulum gera okkur grein fyrir því að sú samstaða og sameiginleg niður-

staða á mörgum sviðum, þar á meðal uppbygging á samgöngumannvirkjum, hefur breytt töluvert miklu hjá mörgum þjóðum.

Staðreyndin er sú að sum mannvirki hefðu annars aldrei risið. Það var rétt sem utanrrh. sagði áðan um flugvellina í Noregi. Norðmenn voru lengi vel töluvert á eftir í flugmálum þangað til þeir hófu mikla uppbyggingu og til þess nutu þeir hárra framlaga úr mannvirkjasjóði NATO og hefðu sennilega aldrei náð að byggja upp í svo stóru landi með svo fátt fólk sem er þó miðað við það stóra land svo öfluga flugvelli á mörgum stöðum. Við sem höfum flogið um Noreg og alveg norður í nyrstu byggðir gerum okkur grein fyrir því að það er töluvert sem kostar að byggja upp slíkt.

Sama er að segja um okkur hér á Íslandi. Við verðum að gera okkur grein fyrir því að við erum ekki nema 250 þús. manns. Við höfum takmarkaða fjármuni til að byggja upp landið og þegar vinir okkar og samstarfsaðilar úr Evrópu og Bandaríkjunum eru tilbúnir að standa með okkur að varanlegri uppbyggingu á mannvirkjum eigum við auðvitað að gera það því að það er ekki nokkur efi á að það er ekki neinn skaði að því. Það er til framfara og það er til bóta og það er ekki svo að við sköðumst neitt á því.

Við höfum séð að sameiginlegt átak ekki síður á þessum sviðum en á öðrum er auðvitað það sem við þurfum að standa að og ég fagna því sem utanrrh. hefur sagt um að hann muni meta sjálfur hvort forkönnun fari fram og ef honum sýnist svo muni hann láta hana fara fram.

Að öðru leyti vil ég þakka fyrir þessa umræðu og vonast til að hún verði að miklu gagni í framtíðinni.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara mikið ítarlegar út í þessa umræðu. Ég tel að hún hafi verið gagnleg. Það eru þó þrjú atriði sem ég vil nefna að lokum og það er fyrst þetta með mannvirkjasjóð Atlantshafsbandalagsins og að hann borgi þessar framkvæmdir í Noregi og að Norðmenn greiði í sjóðinn og sæki um fé úr honum sem fullgildir aðilar að sjóðnum. Og lái mér það hver sem vill, en ég tel að á því sé nokkur munur eða því að taka við ölmusum eða fjárframlögum til að geta haldið uppi almennum samgöngumannvirkjum eins og hv. síðasti ræðumaður var að tala um.

Norðmenn hafa á undanförnum áratugum frá því að mannvirkjasjóðurinn var stofnaður greitt um það bil 3,1% af framlögum til sjóðsins í heild sem hafa numið um 12 milljörðum dollara frá upphafi. Hér er þess vegna um að ræða upphæð, sem er líklega 360–370 millj. dollara, sem Norðmenn hafa greitt í sjóðinn. Það liggur ekki fyrir í þeim gögnum sem ég hef undir höndum né heldur í þeim upplýsingum sem fram komu áðan hjá hæstv. utanrrh. hversu mikla fjármuni Norðmenn hafa sótt í þennan sjóð, en það væri nokkuð fróðlegt og gæti verið til umhugsunar.

Í öðru lagi vil ég nefna það, sem hér hefur komið fram í þessari umræðu í kvöld og hefur verið mér lengi nokkurt umhugsunarefni, og það eru óljósar reglur um það í íslenskum lögum og lagavenjum hvernig land verður varnarsvæði. Það voru teknar um það ákvarðanir með svokölluðum varnarsamningi á sínum tíma og viðauka við hann að tiltekin svæði skyldu vera varnarsvæði. Síðan hefur eitt og annað gerst í þessum efnum án þess að það liggi fyrir hver hafi tekið ákvörðun um hvaða svæði og hvernig það skyldi verða fyrir valinu. Það liggur ekki fyrir. Það getur ekki verið að utanrrh. einn, vegna þess að það væri óeðlilegt stjórnskipulag, geti ákveðið í samkomulagi við Bandaríkjastjórn að nýtt svæði af okkar landi verði svokallað varnarsvæði. Það hlýtur að vera málefni Alþingis og á að vera málefni Alþingis. Um þetta mál og þetta ferli hefur hins vegar mjög lítið og undarlega lítið verið fjallað.

Ég lagði fyrirspurnir um þetta efni fyrir fyrrv. hæstv. utanrrh. Matthías Mathiesen á sínum tíma sem var ítarlega svarað með skriflegum hætti á Alþingi. Þar kom fram að venjur í þessum efnum eru óljósar og of óskýrar til þess að það sé boðlegt vegna þess hvað hér er um stórar ákvarðanir að ræða. M.a. er ljóst að Helguvík er ekki á landi sem lýst hafði verið varnarsvæði. Helguvík er ekki á slíku landi. Þess vegna ættu framkvæmdirnar í Helguvík samkvæmt þeim skilningi sem lagður hefur verið í þessi mál hér fyrr í kvöld af hæstv. utanrrh. samkvæmt orðanna hljóðan, samkvæmt lögum að heyra undir samgrh. af því að það liggur ekki fyrir að hér sé um varnarsvæði að ræða. Þetta svæði hefur ekki verið tekið undir varnarsvæði með þeim hætti sem fyrri svæðin voru ákveðin á sínum tíma. Ég tel að þetta sé stóralvarlegt mál og hættulegt að venjur verði til í þessum efnum án þess að Alþingi taki á því.

Ég er ekkert að gera því skóna að núv. hæstv. utanrrh. muni ganga fram í þessu efni með ósæmilegum hætti, en ég tel að það hljóti að vera skylt Alþingi að íhuga mjög vandlega að utanrrh. séu settar skýrar reglur í þessu efni og skýr fyrirmæli ef til þess kemur að viðbót verður á því svæði sem kallað er varnarsvæði.

Í þriðja lagi vildi ég segja að það var athyglisvert, sem kom hér fram í þessari umræðu í kvöld og rétt eins og ég hefði heyrt það áður, að heimild til fjárveitingar falli niður á árinu ef hún verður ekki notuð. Það er rétt eins og ég hafi heyrt það áður að beitu af þessu tagi hafi verið veifað fyrir framan menn, ráðherra, ríkisstjórnir og þingmenn á undanförnum áratugum, og sagt: Ef þið notið þetta ekki núna fer þetta í Grænland eða Færeyjar og þið tapið því. Þetta er hlutur sem við kynntumst t.d. í ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens ákaflega vel, hvernig því var lýst yfir að ef tiltekin fjárveiting yrði ekki notuð félli hún niður á því ári og væri óvissa um hana. Það er hrikalegt þegar stórveldi beita sér þannig með þessum hætti gagnvart smáþjóð og þegar þing smáþjóðarinnar eða ríkisstjórn ákveður að bíta á þessa beitu. (Gripið fram í.) Það er auðvitað eins og venjulega þegar kemur að hv. 2. þm. Norðurl. e. Halldóri Blöndal að það tjáir ekki að eiga við hann

málefnaleg orðaskipti í seinni tíð yfirleitt um eitt eða neitt og læt ég því frammíköll hans mér sem vind um eyrun þjóta.

Að lokum, hæstv. forseti, vil ég nota þetta tækifæri til að óska hæstv. utanrrh. til hamingju með afmælið, óska honum aukinnar víðsýni og mannvits á síðari hluta þeirrar aldar sem hann er nú að ganga inn í.

Matthías Á. Mathiesen:

Virðulegi forseti. Ég skal síst af öllum vera óþinglegur í sambandi við þær umræður sem hér hafa farið fram. Ég á von á því að ég ljúki þeim með því að þakka hæstv. utanrrh. fyrir svör hans í dag. Ég varpaði fram fjórum spurningum til hans skömmu eftir kl. 3 og ég held að ég hafi ekki notað meira en tæpar tíu mínútur til að gera grein fyrir þeim, en við erum nú komin fram á nýjan dag tæpa klukkustund og því ekki ástæða til að lengja þessar umræður.

Ég endurtek þakkir mínar til ráðherrans og tel að hann hafi svarað spurningunum og kannski meir í síðari ræðu sinni, gert ítarlegri grein fyrir því á hvaða forsendum hann byggði þau svör sem hann kom með í sinni frumræðu. Ég átti von á því að aðrir hæstv. ráðherrar í ríkisstjórninni létu til sín heyra og líka að þeir væru ekki sammála öllu því sem fram kæmi hjá hæstv. utanrrh. Ég átti von á að hér kæmi hæstv. samgrh. og hæstv. menntmrh. og voru kannski kunn þau sjónarmið sem hjá þeim voru og hæstv. forsrh. líka sem kvað upp úr um það hver væri dómarinn þegar kæmi að því að túlka stjórnarsáttmálann sem hæstv. utanrrh. hafði gerst aðili að. Að vísu sagði hæstv. forsrh. að við værum að deila um keisarans skegg, hver hefði forræði og hver hefði ekki forræði. Ég er ekki á sömu skoðun einfaldlega vegna þess að það eru til nokkuð sem heita stjórnlög í þessu landi og þar er skýrt á kveðið um hver hefur forræði. Hitt liggur svo ljóst fyrir að það er hægt að semja sig undan hlutum og það hafa menn stundum gert, en ég gat ekki heyrt að þannig liti hæstv. utanrrh. á í þessum umræðum að hann hefði samið sig undan neinu sem honum bæri skylda til að sinna.

Ég get ekki annað sagt en að af því sem hæstv. utanrrh. svaraði hér og kom fram hjá honum, bæði í fyrri og síðari ræðu, sýnist mér að hann megi hafa sig allan við til þess að það sem hann þar lét koma fram sem svar í sinni ræðu verði að raunveruleika hjá honum.

Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð mín fleiri, en þakka virðulegum forseta fyrir að þessar umræður gátu farið fram og tek undir með öðrum ræðumönnum um árnaðaróskir til utanrrh. í sambandi við afmælið. Og það er að sjálfsögðu ósk til hvers og eins sem á afmæli að hann verði enn víðsýnni en hann hefur verið, hafi hann þá verið það nokkurn tíma.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Nú stendur þannig á að nauðsynlegt er að ljúka í kvöld umræðu um 4. dagskrármálið. Ég vil leita samstarfs við hv. þm. Einungis tveir þingmenn eru á mælendaskrá. Umræða þessi hefur dregist úr hömlu og nær ekki nokkurri átt að skilja við hana án þess að henni sé lokið í kvöld. Ég vil fara þess á leit við hv. þingheim að hann takmarki ræðutíma sinn sem kostur er og ekki síst af tillitssemi við hæstv. utanrrh. sem ætti löngu að vera farinn heim til að taka þátt í undirbúningi hátíðahalda á morgun.

Tilkynning frá ríkisstjórninni, frh. umr.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það með virðulegum forseta að það er full ástæða til að hafa gott samstarf um þinghaldið, ekki síst um það mál sem hefur dregist úr hömlu og á að taka til við að ræða nú. En áður en umræða hefst vil ég minna á það, af því að það virðist vera full ástæða til þess þar sem nú er nokkuð langt um liðið síðan síðast var verið að ræða um þetta mál, að fjöldi fyrirspurna hafði komið fram til ýmissa ráðherra, þar á meðal hæstv. fjmrh., og þess er nú sérstaklega óskað að hann verði við umræðuna og hann svari þeim fyrirspurnum sem til hans hefur verið beint og mun verða beint til hans.

Það er svo, virðulegur forseti, að það bar auðvitað ekki brýna nauðsyn til fyrir ríkisstjórnina að tilkynna sérstaklega innan dagskrár efnahagsaðgerðir, en því ber þó að fagna og er gott út af fyrir sig. Það er hins vegar algerlega út í bláinn að hefja slíkar umræður nú þegar klukkan er að verða eitt að nóttu nema þeir sem bera mestu ábyrgðina á því sem við köllum efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar séu hér. Ég veit að hæstv. forsrh. er viðstaddur, en hæstv. fjmrh. hafði ekki fyrr tekið þátt í umræðunni, til hans hafði verið beint ýmsum fyrirspurnum og ég mælist til þess að hann verði viðstaddur umræðuna. Ég veit að virðulegur forseti á afar hægt með að biðja sinn ágæta flokksmann, formann Alþb., um að koma og vera viðstaddan þessa umræðu, enda trúi ég því ekki að hann þurfi lengri svefn en aðrir hv. þm. eða þingmannsígildi.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Þar sem hæstv. forsrh., hæstv. menntmrh. og hæstv. samgrh. eru allir í salnum nú þegar klukkan er að verða eitt að nóttu svo og hæstv. utanrrh. sé ég ekki ástæðu til þess að fara að ónáða hæstv. fjmrh. um miðja nótt. Ég geri ráð fyrir að hæstv. forsrh. sé fullfær um að svara fyrir ríkisstjórnina alla, svo og aðrir hæstv. ráðherrar.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Það er þakkarvert að hæstv. forsrh. skuli vilja vera viðstaddur umræður um skýrslu sem hann sjálfur er að gefa þinginu. Skárra væri það! Það er nú ekki til þess að hafa orð á. En þannig stendur á að þar sem ég var kominn minni ræðu þegar þetta mál var næstsíðast til umræðu var ég að ræða sérstaklega

við sjútvrh. og síðan hefur komið í ljós á fundi sem samtök fiskvinnslustöðvanna héldu fyrir tíu dögum eða svo, föstudaginn 10. febr., að þá varði hæstv. sjútvrh. löngum kafla í sinni ræðu til að hnekkja ummælum sem eru í yfirlýsingu hæstv. forsrh. í efnahagsmálum og varða sjávarútveginn. Ég tel af þeim sökum nauðsynlegt að hæstv. sjútvrh. sé hér við til þess að þingið geti fengið að heyra af hans munni skoðun hans á þeim blekkingum sem hafðar eru uppi í þessari skýrslu og yfirlýsingu og ég veit að hæstv. forseti kann að meta það.

Þannig stóð á síðast þegar þetta mál var til umræðu að hæstv. forseti kaus sjálfur að taka málið af dagskrá en halda fundinum áfram um önnur málefni. Þó stóð svo á þá að ég var kominn í fundarsal, en auðvitað er það rétt að vegna þess að ekki var flugveður til Akureyrar var ég ekki viðstaddur þegar fundur var settur en hafði á hinn bóginn beðið starfsfólk þingsins um að koma þeim fréttum áleiðis til forseta að um óviðráðanlegar fjarvistir væri að ræða og lét síðan forseta auðvitað vita þegar ég var kominn. Þá kaus hæstv. forseti að fresta umræðunni.

Nú vil ég á hinn bóginn óska eftir því að umræðunni verði frestað til þess að hæstv. sjútvrh. geti komið að nauðsynlegum leiðréttingum við það sem missagt er í ræðum um mjög þýðingarmikil efnisleg atriði.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forsrh. mælti fyrir tilkynningu frá ríkisstjórninni. Hann er ábyrgðarmaður fyrir stefnu ríkisstjórnarinnar, skulum við vona. Mér finnst satt að segja fáránleg krafa að hér eigi að fara að kalla út um hánótt alla ríkisstjórnina. Ég held að hæstv. forsrh. hljóti að vera fullfær um að svara fyrir tilkynningu ríkisstjórnar sinnar.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Virðulegur forseti hefur sagt úr forsetastól að það komi ekki til greina að „ónáða" ríkisstjórnina um hánótt. Má ég nú spyrja þingheim og virðulega ráðherra hvort það sé mikið ónæði fyrir ríkisstjórnina að vera við þær umræður sem hér fara fram og fjalla um tilkynningu um efnahagsaðgerðir sem hæstv. ríkisstjórn hefur staðið fyrir og ljóst er að mjög mikilvægir kaflar í þessari yfirlýsingu eru kaflar er snerta til að mynda sjávarútveginn eins og hér hefur réttilega komið fram og hins vegar ríkisfjármálin. Það er enn fremur ljóst að þegar þessari umræðu var frestað fyrir nokkrum — ja, ég segi vikum, nokkrum dögum a.m.k., lágu fyrir ákveðnar fyrirspurnir til viðkomandi ráðherra.

Nú segir virðulegur forseti að það sé fáránlegt að „ónáða" hæstv. ríkisstjórn og einstaka ráðherra. Ég spyr í fyllstu einlægni virðulegan forseta: Hvað segir virðulegi forseti um það ónæði að halda hinum og þessum óbreyttum þingmönnum hér í alla nótt, þingmönnum sem hafa margt annað að gera en sitja hér og tala um þessi mál og vilja gjarnan fá að kynnast einstökum atriðum í þessari tilkynningu, atriðum sem við vitum að hafa verið samin af hinum og þessum ráðherrum, ekki síst hæstv. fjmrh.? Hvað merkir hugtakið „ónæði"? Á það eingöngu við um hæstv. ríkisstjórn? Á það ekki við um okkur sem erum bara óbreyttir þingmenn? Finnst hæstv. forseta viðeigandi að tala um að það sé ónæði þegar beðið er um það að hæstv. ríkisstjórn sinni skyldu sinni, þeirri skyldu að vera hérna við umræður og kannski enn þá meiri skyldu vegna þess að hér er verið að ræða tilkynningu frá sjálfri ríkisstjórninni? Og ég spyr virðulegan forseta sem byrjar þessa umræðu á því að biðja um gott samstarf milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Við erum fúsir að sjálfsögðu til að eiga gott samstarf við forseta ef virðulegur forseti sýnir okkur þann lágmarksskilning að kalla eftir einum eða tveimur ráðherrum sem við þurfum að tala við, hafa fengið fyrirspurnir. Ég satt að segja skil það ekki ef hæstv. forseti telur ekki að hér sé um samstarfsvilja að ræða. Við erum tilbúnir til þess að halda þessari umræðu áfram fram eftir nóttu og ég tel ekkert eftir mér að vera hérna. En ég verð að segja alveg eins og er: Finnst hæstv. forseta viðeigandi að hæstv. fjmrh. sofi einhvers staðar úti í bæ, sjálfsagt í sínu eigin rúmi, á meðan við eigum að ræða hérna um ræðu sem hann hefur samið að hluta og varðar hans ráðuneyti? Finnst hæstv. forseta viðeigandi að tala um að það sé verið að sýna honum ónæði með því að kalla hann til fundar sem honum ber skylda til að sækja eins og öðrum þingmönnum og þingmannsígildum?

Ef virðulegur forseti meinar það virkilega að vilja eiga gott samstarf við stjórnarandstöðuna, þá er tvennt til:

Að fresta þessari umræðu þar til hæstv. forseta þóknast að fá hæstv. fjmrh. til að koma til fundar ef hann getur ekki sótt fundi á öðrum tíma en þeim sem venjulegt fólk þarf að vaka og vera í vinnu eða að gera svo vel og láta hæstv. fjmrh. vita að hér fara fram umræður um mál sem kemur honum allverulega mikið við, enda hefur hann þegar fengið fyrirspurnir úr ræðustól sem ég átti von á því að hann mundi svara.

Virðulegi forseti. Þetta er í einlægni mælt. Þetta er sagt í þeirri trú að orð virðulegs forseta um samstarf og samstarfsvilja hafi haft einhverja þýðingu og ég vænti þess og ég skora á virðulegan forseta að hugleiða það þó það séu ekki nema nokkur sekúndubrot hvort virðulegum forseta þykir viðeigandi að halda þessari umræðu áfram án þess að hæstv. fjmrh. gefist kostur á að koma hingað og svara fyrirspurnum sem til hans er beint.

Ég veit, virðulegur forseti, að hæstv. forseti vill láta þingstörf ganga greitt. Ef ég má ráða virðulegum forseta heilt, þá segi ég: Er ekki rétt að fresta umræðunni? Ef virðulegur forseti fellst ekki á það mælist ég til þess að hæstv. fjmrh. verði sóttur og hann beðinn um að koma hingað og taka þátt í þessari umræðu og það mun ekki standa á okkur í stjórnarandstöðunni að eyða svo sem eins og einni skemmtilegri nótt, bæði með virðulegum forseta og hæstv. fjmrh., til að ræða um það merkilega málefni sem nú er hér á dagskrá og nú til umræðu.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Það skal upplýst að það er við stjórnarandstöðuna eina að sakast að þessi umræða fer nú fram. Þetta mál hefur verið á dagskrá á hverjum einasta fundi síðan hæstv. forsrh. flutti tilkynningu frá ríkisstjórninni. Stjórnarandstaðan, einkum Sjálfstfl., hefur gert allt sem í hennar valdi hefur staðið til að koma í veg fyrir að umræðunni yrði lokið. Samstarf hefur ekkert verið milli þingforseta og hv. þm. Sjálfstfl. Þess samstarfs var leitað með fundi með þingflokksformönnum. Því samstarfi var hafnað og hv. þm. Sjálfstfl. hafa satt að segja gert forseta allt til erfiðis við að láta þinghaldið ganga fram með eðlilegum hætti.

Þessari umræðu verður haldið áfram. Hæstv. fjmrh. verður ekki sóttur. (Gripið fram í.) Má ég ljúka máli mínu. — Skýringin á því er sú að þetta mál getur ekki verið á dagskrá á fimmtudaginn. Næsta vika er ekki starfsvika á hinu háa Alþingi þannig að þetta mál yrði þá enn á dagskrá í næsta mánuði. Slíkt tel ég ekki koma til greina og því verður þessari umræðu að ljúka nú og það er mitt síðasta orð um þetta mál.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst að það eru nokkrir þingmenn Sjálfstfl. sem gangast upp í því að tefja þingstörf og ganga mjög langt í þeim efnum auk þess sem það er upplýst að þeir neita öllu eðlilegu samkomulagi um þinghald sem er mjög óvenjulegt að stjórnarandstæðingar geri yfirleitt. Ég veit að hv. 2. þm. Norðurl. e. er mjög framarlega í þeim flokki sem gerir allt sem hann getur til að tefja fyrir þinghaldinu og hefur tekið alveg furðuleg köst og með miklum gusum og rassaköstum í þessum ræðustól og sömuleiðis hv. 1. þm. Reykv. Auðvitað er það augljóst mál að við þessar aðstæður getur hæstv. forseti ekki undir neinum kringumstæðum orðið við þeirri beiðni þeirra að málinu verði frestað þegar þeir neita öllu samkomulagi. Ég spyr í þessu sambandi: Eru þeir að tala fyrir hönd Sjálfstfl.? Það er nauðsynlegt að það liggi fyrir vegna þess að hann er mjög margbreytileg skepna eins og kunnugt er, Sjálfstfl. Eru þeir að tala fyrir hönd Sjálfstfl.? Eru þeir að tala fyrir hönd stjórnarandstöðunnar? Eru þeir að tala fyrir hönd Kvennalistans hér líka þegar þeir heimta að þetta mál verði tekið út núna? Er verið að tala fyrir hönd Borgfl.? Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að það upplýsist þannig að þeir séu ekki einlægt ávarpaðir stjórnarandstaðan, þessir málglöðu þingmenn Sjálfstfl. sem verma ræðustólinn daginn út og daginn inn.

Ég held að það væri einlægast í þessu máli að við kæmumst að niðurstöðu sem gæti í fyrsta lagi verið sú að við látum á það reyna hvort forsrh. svarar ekki þeim spurningum sem bornar eru fram með þeim hætti að þingmenn geti við unað þannig að ekki þurfi að kalla fleiri ráðherra út. Ég treysti hæstv. forsrh. vel til þess, en er ekki hugsanlegt að hv. þm. stjórnarandstöðunnar vilji láta á það reyna og kanna hvort ekki er hægt að tæma málið og ljúka því hér á dagskránni með þeim hætti?

Annar möguleiki er sá að þessir hv. þm. láti það koma fram með einhverjum hætti, ekki hér í ræðustól heldur annars staðar í húsinu, að þeir séu tilbúnir að ganga frá því að málinu verði lokið með skikkanlegum hætti á einhverjum tilteknum tíma. En það er algerlega útilokað fyrir hæstv. forseta að fallast á að málið hangi í lausu lofti á miðri nóttu og liggi á dagskránni án þess að það hafi verið um það samið hvernig það verður tekið fyrir og með hvaða hætti frá því verður gengið.

Ég vil satt að segja leyfa mér að mótmæla að lokum þeim dónaskap sem ég tel að hæstv. forseta Sþ. hafi verið sýndur mjög oft af þessum þingmönnum. Ég get ekki kallað það öðru nafni. Það er mjög algengt að þingmenn stjórnarandstöðunnar gangi mjög hart fram andspænis forsetum og er ég ekki undanskilinn í þeim efnum um mörg undanfarin ár. Ég tel hins vegar að framkoma þessara þingmanna við hæstv. núv. forseta Sþ. sé fyrir neðan allar hellur og ég bið þá í fullri vinsemd að íhuga hvort það er þeim og þeirra málstað til framdráttar að ganga fram með þeim hætti sem gert hefur verið eða hvort þeir eru reiðubúnir að taka á þeim tveimur kostum sem hér voru nefndir. Annar er sá að hæstv. forsrh. svari þeim spurningum sem fram verða bornar, hinn er sá að það verði samið um málið og gengið frá því. Það er það eðlilegasta í málinu.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Hæstv. menntmrh. gengur hér fram með miklum hroka og reynir að láta líta út sem svo að hann hafi á sl. ári verið einhver sérstök fyrirmynd í sambandi við þingstörf og lætur sem svo að hann hafi ekki gengið þá fram með þvílíkri óskammfeilni að þeir menn sem nú eru í stjórnarandstöðu taki honum langt fram í þeim efnum. Það væri fróðlegt fyrir þingheim og þjóðina alla raunar að ljósprenta og gefa út sérstaklega sem sýnishorn um málflutning þessa ágæta ráðherra þegar hann er þingmaður og sem sýnishorn af málþófi Alþb. nóttina sælu þegar hann og hv. 4. þm. Vesturl. héldu mönnum á 30 klukkustunda fundi fyrir jólin í fyrra. Ég hygg það væri verðugt vegna þeirra ummæla sem þessi ágæti maður annars hafði áðan að rifja upp ýmislegt af því sem hann sagði þá nótt. Það liggur alveg ljóst fyrir að þessi umræða um stefnumörkun ríkisstjórnarinnar, Yfirlýsing ríkisstjórnar í efnahagsmálum er yfirskriftin, hefur ekki verið löng. Það liggur jafnframt ljóst fyrir að hæstv. sjútvrh. lýsti því yfir í sjónvarpi fyrir skömmu að hæstv. forsrh. hefði sett bann á að einstakir ráðherrar töluðu um efnahagsmál um þessar mundir og var greinilegt þegar þessi umræða var lögð upp að einstakir ráðherrar úr samstarfsflokkum ríkisstjórnarinnar höfðu ekki hugsað sér að taka til máls. Það var jafnljóst á hinn bóginn að við þingmenn ýmsir sættum okkur ekki við að formenn stjórnarflokkanna, Ólafur Ragnar Grímsson hæstv. fjmrh. og Jón Baldvin Hannibalsson hæstv. utanrrh., yrðu utan

við umræðuna. Við höfum reynt að taka þessa umræðu upp þegar fjallað hefur verið um einstök frv. í Ed. og í Nd., en þá hefur verkstjórn þingsins verið með þeim hætti að ráðherrar hafa ekki getað verið viðstaddir umræður sem vörðuðu sérstaklega þá kafla úr yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem heyrir undir þeirra ráðuneyti. Það er auðvitað mjög mikil ósvífni af hv. 7. þm. Reykv., hæstv. menntmrh., þegar hann er að tala um að við í stjórnarandstöðunni höfum staðið fyrir því að tefja mál. Hitt held ég að sé nær sanni að skapvonska hans á þessari nóttu sé af því til komin að hæstv. forsrh. lýsti því yfir að þeir ráðherrar Alþb. hefðu ekkert um það að segja þótt utanrrh. mundi semja um það við mannvirkjasjóð NATO að hann gerði hagkvæmniathugun á því hvar hagkvæmt þætti og hvort hagkvæmt þætti að varaflugvöllur kæmi hér á landi.

Það er af þessum sökum sem skapvonskan er í hæstv. menntmrh. Hann heyrði það af munni forsrh. eins og aðrir að þeir alþýðubandalagsmenn hafa ekkert, hreint ekkert um það að segja hvort hagkvæmniathugunin verði gerð. Það er sá skilningur sem forsrh. hefur á því máli og það er ekki undarlegt að hæstv. forseti og hæstv. menntmrh. skuli af þessum sökum vera í þeim ham sem þeir eru núna að ætla sér að krefjast þess að einstakir þingmenn verði hér fram eftir nóttu, þingmenn sem hafa fallist á það við formenn fjh.- og viðskn. Ed. að greiða með sérstökum hætti fyrir því að frv. til staðfestingar á bráðabirgðalögum verði afgreitt úr fjh.- og viðskn. á morgun, þingmenn sem hafa lagt sig fram um að greiða fyrir því að frv. um lánsfjárlög yrði afgreitt frá Ed. í síðustu viku og hafa með margvíslegum öðrum hætti reynt að koma til móts við forseta þingsins, einmitt vegna þess að þinghald fellur niður í eina viku um næstu helgi.

Hitt getur vel verið að sú kurteisi sem við höfum sýnt og sá samstarfsvilji sem við höfum sýnt þessari ríkisstjórn og þessum meiri hluta hafi verið á misskilningi reistur og það sé kannski nauðsynlegt til þess að eðlileg vinnubrögð séu í þinginu að maður sé stífari en maður hefur verið í sambandi við rétt þingmanna til að fara sér hægt vil ég segja, fara sér rólega við athugun mála. Við höfum á hinn bóginn reynt að leggja nótt við dag. Það er að engu metið af hæstv. forseta né af hæstv. menntmrh. sem er auðvitað lýsandi fyrir þennan flokk, Alþb., að mörgu leyti.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ég vil spyrja þá tvo þingmenn sem kvatt hafa sér hljóðs um þingsköp hvort það megi bíða. Ég hef ákveðið að gera tíu mínútna hlé og óska eftir að einn fulltrúi hvers flokks komi til viðtals við mig niður í skrifstofu mína. Við þetta verður ekki unað. — [Fundarhlé.]

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Af tilefni orða sem féllu hér áðan, þ.e. hæstv. menntmrh. spurði hvort þingmenn Sjálfstfl. töluðu fyrir munn stjórnarandstöðunnar. Það gerðu þeir ekki úr stóli áðan, en ég vil nefna að ég kannast ekki við að Kvennalistinn hafi hafnað samvinnu við forseta, hvorki við hæstv. forseta Sþ. né aðra forseta, og uni því heldur ekki að sitja undir þeim ummælum að við höfum tafið umræðu og þar af leiðandi framgang þessa máls. Málið hefur aftur og aftur verið á dagskrá og tekið út af dagskrá, en ég get ekki látið hjá líða að nefna að þegar málið var í annað skipti tekið á dagskrá og reyndar til umræðu var það tekið af dagskrá vegna þess að hæstv. forsrh. þurfti að mæta á fundi á Hótel Borg. Af öðru tilefni hafði hæstv. forseti látið þau orð falla að engar annir og engin störf væru meira áríðandi en þingstörf. Þó ég geti ekki fallist á þann skilning hæstv. forseta gilti úrskurður hæstv. forseta um þetta ekki að þessu tilefni.

Ég vil auk þess láta þess getið varðandi þetta mál að ég hef sjálf verið þar á mælendaskrá síðan það var fyrst tekið á dagskrá í upphafi þings eftir hlé. Ég lét taka mig af mælendaskrá seint í kvöld vegna þess að mér fannst vera orðið hálf andkannalegt að ætla að taka málið á dagskrá um miðja nótt, en nú hefur þeirri umræðu verið frestað og ég mun þá að sjálfsögðu íhuga hvort ég fer aftur á mælendaskrá. Ég lít raunar svo á að margt það sem kom fram í tilkynningu ríkisstjórnarinnar hafi þegar verið rætt undir öðrum málum þó eflaust sé ýmsu ósvarað.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég vildi aðeins koma fram leiðréttingu vegna ummæla hæstv. menntmrh. Það er ekki rétt að Sjálfstfl. hafi talað hér fyrir munn Borgfl. í þessum umræðum né heldur að það hafi verið hafnað samkomulagi við forseta um störf í deildum. Það er ekki heldur rétt, enda hefur ekki farið hér fram af hálfu Borgfl. nein umræða um þessi mál. Ég vil aðeins ítreka að það mál sem núna er til umræðu hefur verið slitið mjög í sundur þannig að umræðan hefur teygst á langinn. Það hefði verið betra að taka það til umfjöllunar í einum áfanga. Ég ítreka að við í Borgfl. erum að sjálfsögðu tilbúnir til viðræðu um þingstörf hverju sinni, auðvitað með því fororði að það sé gefinn nægur tími til mála sem eru rædd og þau fái þinglega meðferð.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna þeirra orða sem hér hafa fallið vil ég taka fram að ég hef aldrei sagt að stjórnarandstaðan í heild hafi tafið þingstörf. Það kom skýrt fram í máli mínu hverja ég tel hafa tafið þingstörfin. Ég vil jafnframt taka fram að það hefur aldrei verið sök forseta að þessu máli var frestað. Það hefur ævinlega verið af utanaðkomandi ástæðum sem ekki varð ráðið við og ekki síst frá þeim sem harðast hafa ráðist að forseta fyrir að þetta mál hefur ekki enn þá orðið útrætt.

Ég vil geta þess jafnframt að á fundi sem haldinn var fyrir nokkrum mínútum varð samkomulag um það, og það var samkomulag sem forseti ætlast til þess að haldi, að til lokaumræðu um þetta mál verði gefinn tíminn frá klukkan tólf á fimmtudaginn til

klukkan hálftvö. Mótmæli því samkomulagi enginn mun það verða svo og þessari umræðu þá frestað nú, en ef menn hafa eitthvað við það að athuga verður fundinum að sjálfsögðu haldið áfram.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Mér láðist áðan að skýra frá því að mér er ekki kunnugt um að Sjálfstfl. hafi ekki viljað standa með forsetum að því að skipuleggja þingstörf. Þetta eru ómakleg ummæli svo langt ég veit til.

Í öðru lagi væri fróðlegt ef forseti mundi taka tímann á þeim ræðum sem haldnar hafa verið í dag um þá umræðu utan dagskrár sem var og athuga hvorir hafa talað lengur, þingmenn Sjálfstfl. eða ráðherrar, og mun þá fljótt komast að raun um að ef einhverjir hafa tafið þingstörf hér í dag eru það ekki sjálfstæðismenn.

Umræðu frestað.

EFRI DEILD

60. fundur, þriðjudaginn 21. febr., kl. 2 miðdegis.

Efnahagsaðgerðir, ein umr.

Stjfrv., 8. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 514.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Mál þetta er komið aftur í þessa hv. deild eftir nokkrar breytingar sem hafa verið gerðar í hv. Nd. á máli þessu. Málið er þaulrætt og skal ég takmarka ræðu mína við að greina frá þeim breytingum sem helstar hafa verið gerðar á málinu.

Þá er í fyrsta lagi að í 4. gr. frv. er ákveðin fjölgun í stjórn Atvinnutryggingarsjóðs frá því sem áður var. Gert var ráð fyrir að í stjórn Atvinnutryggingarsjóðs sætu fimm menn sem tilnefndir væru samkvæmt því sem sagði í frv. og enn segir í þessari grein, en við þann fjölda hefur verið bætt þremur mönnum í stjórn sjóðsins og er gert ráð fyrir því að þeir verði skipaðir af forsrh. í samráði við formenn þingflokka. Þessa breytingu gerði fjh.- og viðskn. Nd. tillögu um til að mæta gagnrýni sem fram hafði komið á skipun sjóðsstjórnarinnar.

Önnur mikilvæg breyting varðar hlutafjársjóð Byggðastofnunar. Tillaga hafði komið fram frá stjórnarandstöðunni um hlutafjársjóð. Þessi mál voru rædd í fjh.- og viðskn. og ákveðið að flytja brtt. við frv. um stofnun slíks sjóðs í tengslum við þá fjárhagslegu endurskipulagningu sem fram fer með Atvinnutryggingarsjóði útflutningsgreina. Um hlutafjársjóð þennan er fjallað í 8., 9. og 10. gr. frv.

Í 9. gr. frv. segir að við Byggðastofnun skuli starfa hlutafjársjóður. Fjh.- og viðskn. Nd. taldi eðlilegt að þessi sjóður væri þó greindur frá Byggðastofnun með sjálfstæðri stjórn og lagði til að hann leiddi stjórn þriggja manna sem skipaðir væru af forsrh. Er það meginbreytingin á upphaflegri tillögu um þennan sjóð.

Í meðferð málsins í Nd. flutti ég auk þess þrjár brtt. sem allar vörðuðu sjóð þennan og var það gert eftir að farið hafði verið ítarlega yfir þessa starfsemi. Í fyrsta lagi gerði ég tillögu um þá breytingu, sem var samþykkt, að hlutafjársjóðurinn verði undanþeginn öllum opinberum gjöldum, eins og segir í 8. gr. frv. Í öðru lagi gerði ég tillögu um að um sérstakt framlag ríkissjóðs gæti orðið að ræða ef Alþingi ákveður svo. Það þótti rétt að hafa þetta í lögum þótt að sjálfsögðu sé Alþingi ætíð heimilt að ákveða slíkt framlag. Þetta undirstrikar að þarna kann að þurfa sérstakt framlag til þess að standa undir rekstri sjóðsins sérstaklega. Í þriðja lagi var í 10. gr. ákvæði sem gerði ráð fyrir að sjóðurinn skyldi birta kaupgengi hlutdeildarskírteina. Að höfðu samráði við bæði lögfræðinga, banka og fleiri var talið að slík skylda gæti orðið afar erfið. Það er út af fyrir sig ekkert á móti því að það sé gert og að mörgu leyti æskilegt, en þeir menn sem um þetta hafa fjallað lögðu eindregið til að slík skylda yrði a.m.k. ekki í lögum.

Telja verður að slíkur hlutafjársjóður sé afar mikilvægur í tengslum við þá fjárhagslegu endurskipulagningu sem fram fer. Ég vil geta þess að nú hafa verið afgreiddar hjá Atvinnutryggingarsjóði útflutningsgreina u.þ.b. 90 umsóknir af nálægt 200 sem þangað hafa komið. Af þessum 90 hafa u.þ.b., ég hef ekki alveg nákvæmar tölur, 55 verið afgreiddar jákvætt og hafa þau fyrirtæki fengið skuldbreytingu og sömuleiðis hafa nokkur fengið lán til hlutafjáraukningar. Hins vegar hafa u.þ.b. 34 eða 35 fengið neitun að tillögu samstarfsnefndar sem við Atvinnutryggingarsjóðinn starfar og er það að sjálfsögðu byggt á þeirri niðurstöðu samstarfsnefndarinnar að þessi fyrirtæki fullnægi ekki ákvæðum reglugerðar um rekstrargrundvöll þegar til lengri tíma er litið. Flest þessara fyrirtækja eru með neikvæða eiginfjárstöðu. Þó er ekki ætíð svo. Í sumum tilfellum er framlegðin of lítil þótt eiginfjárstaðan kynni að vera nálægt núllinu.

Hér eru því um u.þ.b. 40% þeirra fyrirtækja sem hafa fengið afgreiðslu að ræða sem fá neitun og það er mat sjóðsstjórnarinnar að það hlutfall kunni að haldast. Hér gæti því orðið um að ræða í sjávarútveginum einum u.þ.b. 70 fyrirtæki sem ekki eru talin hafa rekstrargrundvöll við eðlilegar aðstæður og til lengri tíma litið. Þetta er að sjálfsögðu hið alvarlegasta mál. Mörg þessara fyrirtækja eru meginstoð atvinnulífs og þar með byggðar í þorpum í kringum landið. Ég lít svo á og ríkisstjórnin öll að það hljóti að verða meginverkefni í framhaldi af starfsemi Atvinnutryggingarsjóðs að koma í veg fyrir það atvinnuleysi og þá byggðaröskun sem því mun fylgja ef slíkar meginstoðir byggðar stöðvast og beri ríkisvaldi skylda til að skoða allar leiðir í því sambandi. Hér er þó í mörgum tilfellum um afar viðkvæm mál að ræða. Að sjálfsögðu verða þeir aðilar sem eiga slík fyrirtæki að

ákveða fyrst og fremst framtíð þeirra. Sveitarfélög koma því mjög að þessum málum einnig. Því óskaði ríkisstjórnin eftir því við Landsbanka Íslands, Fiskveiðasjóð og Byggðastofnun að þessar stofnanir tækju fyrirtæki sem eru mjög skuldsett hjá þeim til sérstakrar athugunar og gerðu það án afskipta ríkisvaldsins og hefur það síðan verið gert. Að mati framkvæmdastjóra Byggðastofnunar virðast um 15–20 fyrirtæki vera slíkar meginstoðir byggða víða um landið.

Við erum þeirrar skoðunar að hlutafjársjóðurinn geti orðið mikilvægur til að bæta eiginfjárstöðu þessara fyrirtækja. Ég vil hins vegar taka það mjög skýrt fram að það er alls ekki ætlun stjórnvalda að hafa afskipti af því hvernig eða hvaða fyrirtæki hljóta aðstoð frá hlutafjársjóðnum. Það verða fyrst og fremst sjálfir eigendur fyrirtækjanna, viðkomandi sveitarfélög og slíkir aðilar að ákveða. Þeir verða að óska eftir því. Þetta mál er raunar að mörgu leyti nokkuð erfitt í meðferð og alls ekki einfalt, t.d. að ákveða hvaða fyrirtæki hljóti aðstoð hlutafjársjóðsins.

Í Nd. var eftir því óskað að hugmyndir að reglugerð yrðu sýndar og ég varð við því og bað jafnframt minn aðstoðarmann að ræða það við fulltrúa stjórnarandstöðunnar. Ég veit að það hefur verið gert. Ég ætla því ekki að eyða mörgum orðum í að gera grein fyrir þessari reglugerð en nefna þó fáein atriði sem sérstaklega hafa verið til umræðu.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að hlutafjársjóðurinn þjóni útflutningsgreinum. Þetta er að sjálfsögðu umhugsunarefni og spurning hvort á að takmarka starfsemi hlutafjársjóðsins við útflutningsgreinar. Sumir telja að takmarka eigi starfsemi sjóðsins enn meira og binda t.d. starfsemina við sjávarútveginn. Hins vegar er nauðsynlegt að lesa þessa 1. gr. með 12. gr. í drögum að reglugerð því að þar eru ýmsar takmarkanir, t.d. þær að viðkomandi fyrirtæki teljist vera meginuppistaða í útflutningi og atvinnurekstri á viðkomandi starfssvæði, í öðru lagi að sýnt sé að fyrirtækið búi við jákvæða rekstrarafkomu og viðunandi greiðslustöðu að lokinni endurfjármögnun og í þriðja lagi að samhliða hafi tekist með frjálsum samningum, nauðasamningum eða öðrum aðgerðum að gera eiginfjárstöðu viðkomandi fyrirtækis jákvæða miðað við matsverð fasteigna, véla, tækja og áætlað endursöluverð skipa. Ég kem nánar að þessari grein síðar.

Þegar þetta er lesið saman hygg ég að niðurstaðan verði sú að þau fyrirtæki verði ekki mörg sem fá fyrirgreiðslu hjá þessum sjóði eða þátttöku hans í atvinnurekstri nema fyrirtæki í sjávarútvegi. Fá önnur fyrirtæki munu geta talist meginuppistaða atvinnu í einstökum byggðarlögum.

Í reglugerðinni er gert ráð fyrir, eða eins og segir í lögunum, að forsrh. skipi til fjögurra almanaksára í senn þrjá menn í stjórn hlutafjársjóðs Byggðastofnunar og þrjá til vara. Þetta ákvæði hefur einnig verið mjög til meðferðar og verður að skoðast með 6. gr. reglugerðarinnar þar sem sett eru ströng skilyrði um þátttöku stjórnarmanna í meðferð mála hjá sjóðnum og þar segir að hann megi ekki taka þátt í meðferð mála er varða fyrirtæki ef hann situr í stjórn eða er starfsmaður þess. Að sjálfsögðu þarf að velja þessa menn að höfðu samráði við ýmsa aðila sem hér hafa hagsmuna að gæta, en hins vegar, ef gæta á þessara skilyrða sem ætlað er í 6. lið, er ekki einfalt að ákveða, t.d., svo að ég nefni einn aðila, að Byggðastofnun tilnefni mann í sjóðsstjórnina þótt ég telji afar æskilegt að maður tengdur Byggðastofnun komi í þessa stjórn því að ég hygg að það sé alveg ljóst að Byggðastofnun mun taka mikinn þátt í þeirri fjárhagslegu endurskipulagningu og aukningu eigin fjár sem hlutafjársjóðurinn ákveður.

Í 5. gr. reglugerðar eru ýmis ákvæði um skyldur verkefnisstjórnar og ég vil aðeins geta þar um einn lið sem ég tel að eigi að strikast út og hef reyndar ákveðið að svo skuli gert. Það er 9. liður. Þar segir að verkefnisstjórnar sé m.a. að ákveða laun til þeirra stjórnarmanna í hlutafélögum sem stjórnin skipar og setja þeim erindisbréf.

Við þetta kom athugasemd í Nd. og ég tel hana réttmæta og tel ekki eðlilegt að stjórn sjóðsins ákveði slíkt. Það er í verkahring stjórnar viðkomandi fyrirtækja.

Ég vil einnig geta þess að um það var spurt í Nd. hvort við hlutabréfasjóðinn ætti að starfa einhvers konar matsnefnd eins og er við Atvinnutryggingarsjóð. Mér þykir það ekki nauðsynlegt en hins vegar er í 5. gr. ákvæði sem segir að sjóðsstjórnin geti leitað sérfræðiaðstoðar við mat á hlutabréfum, skipulagsbreytingum og aðgerðum til hagræðingar sé þess talin þörf.

Í frv. er gert ráð fyrir að 600 millj. af hlutdeildarskírteinum njóti ríkisábyrgðar. Þetta setur nokkurn vanda á herðar sjóðsstjórnar því að það er spurningin hverjir eiga að njóta slíkrar ríkisábyrgðar. Í reglugerðardrögum er gert ráð fyrir að hlutdeildarskírteini verði tvenns konar, a- og b-hlutdeildarskírteini, og yrðu a-hlutdeildarskírteini með ríkisábyrgð og þau fái þeir sem eru með trygg veð fyrir þeim skuldum sem til greina kæmi að breyta í hlutafé. Ég tel þetta alls ekki sjálfgefið og ég tel að þetta verði væntanleg stjórn að skoða betur.

Ég gat áðan um 12. gr. Þar hafa komið fram ábendingar sem þarf að athuga eins og t.d. um að gera það hugsanlega að skilyrði að skuldir við lífeyrissjóði séu gerðar upp áður en hlutafjársjóðurinn kemur inn í fyrirtækið. Þar er um mikilvæg réttindi starfsmanna að ræða sem að öðrum kosti kynnu að glatast og er afar mikilvægt að réttinda þeirra sé gætt.

Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að endurgreiða að fullu og öllu hlutdeildarskírteini innan 10 ára. Gert er ráð fyrir að starfsmenn og eigendur hafi þar vissan forgang að slíkum bréfum og fleira sem ég ætla ekki að rekja hér, en ég held að ég hafi nefnt atriði sem helst voru í umræðunni í hv. Nd. og í umræðu á milli manna sem þetta hafa skoðað.

Ég vil segja það að lokum, herra forseti, að um starfsemi hlutafjársjóðsins hefur virst ríkja nokkur tortryggni. Mér þykir það leitt því ég held að menn

séu allir sammála um að leita verði leiða til að aðstoða þessi fyrirtæki sem eru meginstoð atvinnu og byggðar á fjölmörgum stöðum í kringum landið. Ríkisstjórnin er tilbúin til að hlusta á allar hugmyndir í því sambandi. Margir hafa talið að rétta leiðin væri meiri gengisfelling en ég hef látið skoða það mjög vandlega og það kom afar greinilega fram, jafnvel þegar margfaldar gengisfellingar eru skoðaðar í tengslum við þessi fyrirtæki sem eru með mjög neikvæða eiginfjárstöðu o.s.frv., að hún dugar ekki til að skapa þeim rekstrargrundvöll nema í mjög skamman tíma. Þannig að það er vafalaust að skuldbreyting og aðgerðir til að auka eigið fé eru mjög mikilvægar í þessu sambandi. Það hefur vitanlega verið séð fyrr, t.d. voru þær hugmyndir uppi í fyrri ríkisstjórn að grípa til aðgerða til að auka eigið fé fyrirtækja í sjávarútvegi og að sjálfsögðu með þetta sama markmið í huga að styrkja rekstrargrundvöll þeirra fyrir almennar aðgerðir.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Svo sem fyrir er mælt í þingsköpum þá hefur fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar fjallað um frv. þegar það kemur til okkar til einnar umræðu að lokinni umfjöllun Nd. þar sem málinu var breytt frá því það var samþykkt í Ed. á sínum tíma. Það höfðu komið fram óskir um að fá ýmsa fulltrúa til fundar við nefndina á þessum morgni og við því var að sjálfsögðu orðið. Skylt er að geta þess að ýmsir þeirra, hverra nærveru var óskað, komu með mjög stuttum fyrirvara og raunar án nokkurs undirbúnings. Þar nefni ég sérstaklega Þórð Ólafsson, forstöðumann bankaeftirlitsins, Gunnar Hilmarsson, formann stjórnar Atvinnutryggingarsjóðs, og Jón Sveinsson, aðstoðarmann forsrh., en allir þessir aðilar komu nánast fyrirvaralaust á fund nefndarinnar til að svara þeim spurningum sem nefndarmenn báru fram.

Hæstv. forsrh. hefur gert allítarlega grein fyrir þeim brtt. sem hér er um fjallað og mun ég ekki hefja þá umræðu að nýju. Ég vil aðeins bæta því við að á fund nefndarinnar í morgun komu einnig fulltrúar ýmissa verðbréfa- og fjárfestingarsjóða, svo sem Gunnar Helgi Hálfdánarson og Pétur Blöndal, og á fundinn komu einnig fulltrúar LÍÚ, fulltrúar Sambands fiskvinnslustöðva og framkvæmdastjóri þess og Árni Benediktsson, fulltrúi fiskvinnslufyrirtækja sem starfa á vegum Sambands ísl. samvinnufélaga.

Nefndin hélt u.þ.b. þriggja klukkutíma fund um þetta í morgun þar sem umræður fóru allvíða og óskað var ýmissa upplýsinga og reynt að verða við því eftir bestu getu. Mér skilst að stjórnarandstaðan telji sig hafa þær upplýsingar sem þurfi og á þótti skorta að fyrir hendi væru í morgun þannig að málið verður þá væntanlega afgreitt héðan frá deildinni í dag.

Rétt er að geta þess að Samtök fiskvinnslustöðva komu sérstakri ályktun á framfæri við nefndina, ályktun stjórnar Samtaka fiskvinnslustöðva frá 20. febr. Rétt er að sú ályktun komi hér inn í umræðuna, en hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Meðal ráðstafana núverandi ríkisstjórnar við upphaf starfstíma síns var ákvörðun um að verðbætur skyldu greiddar á frystar sjávarafurðir til skamms tíma og Verðjöfnunarsjóði heimiluð lántaka að upphæð 800 millj. kr. með ríkisábyrgð til að standa undir þessum greiðslum. Þessi bráðabirgðaleið var farin í stað þess að taka á vandanum með almennum efnahagsaðgerðum sem tryggt hefðu rekstrarafkomu fiskvinnslunnar. Engar líkur eru á að Verðjöfnunarsjóður eða fiskvinnslan muni geta greitt þetta lán af tekjum sínum og í umfjöllun ráðamanna, m.a. sjútvrh., hefur ætíð verið gert ráð fyrir að það félli á ríkissjóð.

Stjórn Samtaka fiskvinnslustöðva mótmælir því að stjórnvöld skuli ekki breyta texta bráðabirgðalaganna nú þegar verið er að afgreiða þau á Alþingi. Gera þarf ráð fyrir endurgreiðslu ríkissjóðs á láninu og þar séu tekin af öll tvímæli."

Hér geri ég hlé á lestrinum og get þess að á fundinum í morgun kom fram af hálfu stjórnarandstöðunnar ósk þess efnis að texta bráðabirgðalaganna yrði breytt þannig að skýrt væri tekið fram að ríkissjóður ætti að greiða þetta lán. Það mál hefur verið athugað og eðlilegast þykir að texti bráðabirgðalaganna sé óbreyttur þar sem fram hefur komið að þessi lántaka Verðjöfnunarsjóðs er með ríkisábyrgð. Því þarf enginn að velkjast í vafa um á hverjum lendir að greiða þetta lán að lokum ef til þess kemur að lántakandinn getur ekki undir því staðið, eins og á hefur verið bent. Lánið er með ríkisábyrgð þannig að það kemur ekki tillaga um það frá meiri hl. um að þessu verði breytt, enda sjáum við ekki að það breyti efnislega neinu í rauninni að því er málið varðar. Þá segir enn fremur, með leyfi forseta: „Í þessari ályktun þá mótmælir stjórn Samtaka fiskvinnslustöðva harðlega stofnun hlutabréfasjóðs Byggðastofnunar. Þessi sjóðstofnun getur leitt til mismununar fyrirtækja og byggðarlaga og virðist einungis eiga að tryggja kröfur skuldareigenda í fyrirtækjum sem komin eru í þrot. Stjórn Samtaka fiskvinnslustöðva ítrekar að almennar aðgerðir sem breyti langvarandi taprekstri fiskvinnslunnar í hagnað er eina leiðin út úr vandanum."

Ég vík aftur að þessari setningu „... þá mótmælir stjórn Samtaka fiskvinnslustöðva harðlega stofnun hlutabréfasjóðs Byggðastofnunar". Ég tel rétt að það komi fram að formaður Samtaka fiskvinnslustöðva sagði á fundinum að hann teldi alveg sjálfsagt og eðlilegt að fjármagn frá Byggðastofnun væri notað til þess að styrkja þau fyrirtæki sem væru burðarásar atvinnulífsins á einstökum stöðum úti um land. Fengum við ekki alveg séð, sumir nefndarmenn, hvernig þetta kæmi heim og saman því auðvitað hlyti þar að vera um sértækar en ekki almennar aðgerðir að ræða.

Meiri hl. nefndarinnar skilar ekki sérstöku nál. við þessa umræðu málsins í deildinni en leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það kom frá Nd.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu formanns fjh.- og viðskn. þá var unnið vel í morgun að athugun

þessa máls. Ég vil þakka fyrir það samstarf en taka fram að ég er ekki sammála því sem formaður nefndarinnar sagði hér áðan í lok sinnar ræðu. Formaður Sambands fiskvinnslustöðva var ekki mættur á fund í morgun heldur hygg ég að formaður nefndarinnar muni eiga við Ágúst Einarsson. (Gripið fram í.) Nei, hann sagði formaður. Ég veit ekki við hvorn hann átti en formaðurinn var ekki þar mættur heldur tveir fulltrúar frá Samtökum fiskvinnslustöðva, svo því sé til skila haldið.

Herra forseti, maður byrjar auðvitað á því eins og vant er að tala um að þeir ráðherrar sem mál heyra undir séu áhugalitlir um sína málaflokka. Það kom fram hjá hæstv. forsrh. að hlutabréfasjóðurinn mundi nær eingöngu koma til aðstoðar fyrirtækjum í sjávarútvegi. Jafnframt liggur það fyrir að stjórn Samtaka fiskvinnslustöðva átti fund í gær og sendi frá sér ályktun, bæði varðandi Verðjöfnunarsjóðinn sem fjallað er um í frv. og eins varðandi hlutafjársjóðinn. Eigi að síður sér hæstv. sjútvrh. ekki ástæðu til þess að mæta á þennan fund. Það er auðvitað svolítið þreytandi og leiðigjarnt ef hver einasti fundur sem boðaður er í þinginu, sama hvort hann er í Ed., Nd. eða Sþ., er með þeim ósköpum að þeir ráðherrar sem málið heyrir beint undir sjá ekki ástæðu til að mæta. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að sjútvrh. mæti hér, þetta gengur auðvitað ekki. (**Forseti:** Vegna þessara orða þá mun ég óska eftir því að reynt verði að hafa samband við sjútvrh. Hins vegar mun honum hafa verið kunnugt um að beiðni hafi komið fram frá fulltrúum í fjh.- og viðskn. að þessu máli yrði frestað í dag þannig að lítið mundi verða úr umræðu. Nú hefur það breyst og ég mun koma þessu á framfæri.) Út af þessum ummælum hæstv. forseta vil ég aðeins segja að það var talað um það milli mín og forseta í morgun að forsrh. mundi kynna málið og þá var auðvitað við því að búast að einstakir nefndarmenn mundu í leiðinni þurfa að spyrja hæstv. sjútvrh. út úr. Það er auðvitað algjör útúrsnúningur að menn úr þingnefndum eða þingmenn yfirleitt þurfi með löngum fyrirvara, jafnvel með sólarhrings fyrirvara, að taka fram ef þeir ætla að spyrja einstaka ráðherra um eitthvað sem varðar málefni sem á dagskrá eru. Það gengur ekki. Ég skal samt sem áður gera grein fyrir þessu máli og haga mér eins og hæstv. sjútvrh. sé hér í deildinni en vænti þess að hæstv. forsrh. svari þeim fyrirspurnum sem fram koma.

Ég vil fyrst aðeins víkja að því að við í stjórnarandstöðunni fórum fram á það við formann nefndarinnar að hann athugaði hvort ekki væri grundvöllur fyrir því að koma til móts við Samtök fiskvinnslustöðva vegna þess að sjútvrh. hafði lýst því yfir að ríkissjóður mundi greiða þær 800 millj. kr. sem Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins tók að láni vegna verðuppbóta á síðasta ári og þessu og talið er að dugi fram í maímánuð. Ég hygg að ég fari rétt með að um áramót hafi Verðjöfnunarsjóður átt 10 millj. kr. þannig að ekki var hann nú borgunarmaður fyrir þessari 800 millj. kr. lántöku nema síður sé.

Ég vil einnig að það komi alveg skýrt fram að það voru ekki aðeins fulltrúar Samtaka fiskvinnslustöðva sem lýstu því afdráttarlaust yfir að hæstv. sjútvrh. hefði gefið yfirlýsingu um að það kæmi í hlut ríkissjóðs að greiða þessar 800 millj. kr. heldur tók Árni Benediktsson, fulltrúi Sambands ísl. samvinnufélaga, undir þetta og talaði um að sjútvrh. hefði sagt opinberlega að 800 millj. féllu á ríkissjóð. Þetta var mat Árna Benediktssonar og aðrir fulltrúar fiskvinnslunnar sögðu að það yrði trúnaðarbrestur milli greinarinnar og stjórnvalda ef ekki yrði við þetta staðið.

Ég vil í framhaldi af þeirri ályktun, sem formaður nefndarinnar las upp hér áðan, lesa upp fundargerð frá 268. fundi Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins frá 30. sept. sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Föstudaginn 30. sept. 1988 klukkan 10.25 kom stjórn Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, frystideild, til fundar í húsakynnum Seðlabanka Íslands. Til fundarstarfa voru mættir þeir Árni Kolbeinsson, Bjarni Bragi Jónsson, Kristján Ragnarsson, Hólmgeir Jónsson, Benedikt Valsson, Árni Benediktsson og Friðrik Pálsson.

Árni Kolbeinsson formaður setti fund og skýrði síðan frá nýsettum bráðabirgðalögum um aðgerðir í efnahagsmálum. Formaður ræddi nokkuð um væntanlega lántöku Verðjöfnunarsjóðs samkvæmt bráðabirgðalögunum og taldi það ákaflega líklegt að ríkið mundi greiða að verulegu leyti þetta lán sem Verðjöfnunarsjóður tekur enda hafi sjútvrh. lýst slíku yfir. Sagðist formaður leggja til að lánið verði tekið hjá Seðlabankanum, á það verði dregið eftir þörfum og lánskjör verði þau sömu og sjóðurinn nýtur nú hjá Seðlabankanum. Spurðist formaður fyrir um hug fundarmanna til þessarar lántöku.

Hólmgeir Jónsson sagðist mótfallinn því að taka lánið. Verðjöfnunarsjóður væri sameign þeirra sem að honum stæðu og hingað til hefðu ákvarðanir um viðmiðunarverð verið teknar í sambandi við fiskverðsákvarðanir en nú væri fiskverð fast til 15. febr. á næsta ári.

Kristján Ragnarsson tók mjög í sama streng og sagði þessa lántökuútgreiðslu misnotkun á sjóðnum."

Ég vil rétt skjóta því inn, herra forseti, vegna þessarar afstöðu Kristjáns Ragnarssonar, að hann lýsti því yfir við afgreiðslu bráðabirgðalaganna í fjh.- og viðskn. á jólaföstu að eftir þá meðferð sem sjóðurinn hefði fengið hjá hæstv. ríkisstjórn væri auðvitað útilokað annað en að reglum sjóðsins yrði breytt í grundvallaratriðum þar sem sjómenn og útgerðarmenn gætu undir engum kringumstæðum fellt sig við að framkvæmdin á reglum Verðjöfnunarsjóðs yrði svo mjög í ósamræmi við upphaflegan tilgang sjóðsins eins og aðgerðir ríkisstjórnarinnar nú lýstu. Síðan segir í fundargerðinni, með leyfi hæstv. forseta:

„Friðrik Pálsson upplýsti að sínir umbjóðendur hjá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna teldu þessa lántöku ófæra leið en í ljósi yfirlýsingar sjútvrh. um að engar líkur væru á að lánið greiddist til baka með peningum

í gegnum Verðjöfnunarsjóð hefðu þeir Friðrik og Árni Benediktsson ákveðið að leggja fram sameiginlega tillögu um að ríkisstjórnin heimilaði að reikna upp viðmiðurnarverðið allt frá 1. jan. sl. Formaður taldi á því öll tormerki að sjóðsstjórn í heild gerðist einhver milligönguaðili á milli sölusamtakanna og ríkisstjórnar en sagði hins vegar sjálfsagt að koma efni tillögunnar á framfæri við ríkisstjórn. Formaður lagði því til að till. þeirra Friðriks Pálssonar og Árna Benediktssonar yrði bókuð og mundi hann koma henni á framfæri í því formi. Sættust menn á þessa málsmeðferð.

Bókun Friðriks Pálssonar og Árna Benediktssonar: Ríkisstjórnin hefur heimilað frystideild Verðjöfnunarsjóðs að taka lán að upphæð 800 millj. kr. til að greiða verðbætur á freðfisk. Mikill og almennur taprekstur hefur verið á frystihúsum á landinu sl. missiri og er þessi lántaka liður í að reyna að bæta þar úr. Til þess að ná þeim bata sem ná á með þessu viðbótarfjármagni munu vinnslufulltrúarnir óska eftir því við ríkisstjórnina að heimilað verði að breyta ákvörðunum um viðmiðunarverð og verðjöfnun frá 1. jan. 1988. Bar þá formaður undir atkvæði heimild til handa sjóðsstjórn að taka lán hjá Seðlabanka Íslands á þeim kjörum sem sjóðurinn nýtur nú hjá bankanum og muni dregið á lán þetta eftir þörfum.

Tillagan var samþykkt með atkvæðum Árna Kolbeinssonar, Þórðar Friðjónssonar og Árna Benediktssonar og með meðfylgjandi bókun frá Friðriki Pálssyni og með hjásetu Bjarna Braga Jónssonar um lánskjör. Kristján Ragnarsson og Hólmgeir Jónsson greiddu atkvæði gegn tillögunni.

Bókun Friðriks Pálssonar: Ríkisstjórnin hefur valið millifærsluleið til að reyna að bæta kjör fiskvinnslunnar, þar á meðal hefur hún heimilað frystideild Verðjöfnunarsjóðs að taka lán að upphæð 800 millj. kr. til að greiða verðbætur á freðfisk. Við þau alvarlegu rekstrarskilyrði sem frystingin býr nú við eru frekari lántökur henni til handa ekki til bóta. Fordæmi eru fyrir því að lán til annarra deilda Verðjöfnunarsjóðs hafi ekki verið endurgreidd. Með vísan til þess og þeirra ummæla sjútvrh. að ólíklegt sé að lánið verði endurgreitt, enda hafi ríkisstjórnin þegar gert ráðstafanir til þess að leggja til hliðar fjármagn til að taka það á sig, greiði ég atkvæði með því að það verði tekið. Fleira ekki gert, fundi slitið."

Svo mörg eru þau orð.

Það kom jafnframt fram á fundi fjh.- og viðskn. á jólaföstu, ef ég man rétt, að samsvarandi yfirlýsing hefði verið gerð á fundi Sjómannasambandsins. Ég vil af þessu tilefni minna á að á sínum tíma, þegar rétt ein vinstri stjórnin var hér í landinu eins og nú, var tekin ákvörðun um að sérstakt lán yrði tekið. Ég hygg að það sé rétt munað hjá mér að það hafi verið vegna loðnunnar, þegar loðnubresturinn var, og ég hygg að það sé líka rétt að í kröfum vegna vanskila á lánum með ríkisábyrgð og lánum ríkissjóðs hafi staðið nú um síðustu áramót skuld upp á 230 millj. 455 þús. kr., sem ríkisstjórnin á sínum tíma lýsti yfir að mundi falla á ríkissjóð. Nú hygg ég að hæstv. forsrh. — nú man ég ekki hvort hann var sjútvrh. á þeim tíma sem þetta lán var tekið en hitt veit ég með vissu að um það komu yfirlýsingar hér á Alþingi að lán þetta yrði ekki greitt af loðnunni, heldur skyldi lánið greitt úr ríkissjóði. Sá kostur hefur nú verið valinn að lánið er hvorki fært upp í samræmi við verðtryggingu né gert ráð fyrir vöxtum af þessu láni, heldur virðist ríkisstjórnin stefna að því að halda áfram að greiða lánið niður án þess að það sé uppfært þannig að það hverfi á endanum og mönnum finnist það þá kannski ekki svo mikið. Auðvitað er þetta leið. Auðvitað er hægt að hugsa sér það að fara í einhvern feluleik með þær 800 millj. kr. sem greiddar hafa verið úr Verðjöfnunarsjóðnum til frystingarinnar núna. Og auðvitað er hægt að skella skollaeyrum við því þó svo að fulltrúar frystingarinnar og fulltrúar fiskverkenda hafi litið svo á að það stæði að ríkissjóður ætti að greiða þetta lán. Ég vil þó leggja áherslu á að eins og sakir standa nú eru engar horfur á því. Hitt hygg ég að slík aðgerð, að láta lánið drengilega og hiklaust falla á ríkissjóð, eins og lýst hefur verið yfir, sé almenn aðgerð sem komi þeim fyrirtækjum vel sem standa í rekstri. Þessi aðgerð er þannig vaxin að þau fyrirtæki sem nú eru í rekstri njóta lántökunnar. Þó svo að eitthvað batnaði í ári þá mundu greiðslurnar auðvitað falla á allt, allt önnur fyrirtæki við aðrar aðstæður að sumu leyti. Sjálfur taldi forsrh. það í tugum hér áðan hversu mörg fyrirtæki í sjávarútvegi séu í raun og veru gjaldþrota núna að mati Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina, að mati þeirra sem stjórna og stýra „Stefánssjóði".

Af þessum sökum höfum við þrír þingmenn, ég ásamt Eyjólfi Konráði Jónssyni og Birnu K. Lárusdóttur, lagt fram brtt. þess efnis að 3. mgr. 1. gr. frv. hljóði svo:

„Lán skv. 1. mgr. þessarar greinar skal undanþegið stimpilgjaldi og endurgreiðist úr ríkissjóði."

Þetta er auðvitað flutt vegna þess að við teljum nauðsynlegt að staðið verði við þau fyrirheit sem ríkisstjórnin hefur gefið fiskvinnslunni, og vörum jafnframt við því að sami háttur verði hafður á og við loðnuna, að lánið verði látið standa í Ríkisábyrgðasjóði lon og don í skrá yfir vanskilalán, löngu eftir að lánið á lögum samkvæmt að vera greitt úr ríkissjóði.

Ég vil í framhaldi af þessu og áður en ég kem að öðrum brtt. við frv. aðeins minna á það að hæstv. forsrh. segir svo í yfirlýsingu sinni í efnahagsmálum, með leyfi hæstv. forseta, — og er auðvitað mjög bagalegt svo ekki sé meira sagt, að sjútvrh. skuli ekki geta verið viðstaddur þegar við ræðum hér um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, stöðu sjávarútvegsins, Atvinnutryggingarsjóðinn, hlutabréfasjóðinn og þau mál önnur sem varða það mál sem nú er til umræðu. Það er auðvitað afskaplega bagalegt, svo ekki sé meira sagt. (**Forseti:** Ég hef komið boðum um beiðni hv. þm. til sjútvrh. og ég vonast til þess að hann komi fljótlega.) Það er eina tilbreytingin í þessum eilífu fjarvistum ráðherra að forsetar komast þó svo misjafnlega að orði. Forseti Sþ. segir: „Hann er á leiðinni." Það er náttúrlega vegna þess að forseti Sþ.

er mjög listrænn og man eftir þessu gamla fallega, þjóðlega lagi „Alltaf á leiðinni". — En í þessari skýrslu segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á sl. ári er talið að eigið fé í sjávarútvegi hafi rýrnað um u.þ.b. helming eða fallið úr u.þ.b. 26 milljörðum í 13 milljarða kr."

Fulltrúar Samtaka fiskvinnslustöðvanna afhentu okkur nefndarmönnum í morgun línurit og súlurit yfir þessa miklu rýrnun á eiginfjárstöðu sem hefði orðið í sjávarútveginum og fulltrúi Sambands íslenskra samvinnufélaga, Árni Benediktsson, gekk mun lengra en þarna er gengið vegna þess að hann sagði að ef verðbreytingafærslur í sjávarútvegi yrðu teknar út en eignir sjávarútvegsins færðar upp með SDR í staðinn, þá væri eigið fé í sjávarútveginum upp urið ef talað væri um eignir og skuldir sjávarútvegsins í heild.

Þetta var lýsing Árna Benediktssonar, fulltrúa Sambands íslenskra samvinnufélaga, á fundi fjh.- og viðskn. í morgun. Og það var samdóma álit hans og annarra þeirra sem mættu í morgun að það væri síður en svo að það væri komin einhver rekstrarfjárstaða fyrir sjávarútveginn, og mun ég víkja nánar að því síðar, en auðvitað taldi enginn þeirra að um neitt slíkt væri að ræða. En því vek ég athygli á þessu, og sakna þess að hæstv. sjútvrh. skuli ekki vera við, að ég heyrði ekki betur en að hann hefði einmitt talað um það á fundi Sambands fiskvinnslustöðvanna á Hótel Sögu 10. febr. sl. að þessi rýrnun á eiginfjárstöðunni í sjávarútveginum, sem getið væri um í yfirlýsingu forsrh. í efnahagsmálum, væri langt, langt umfram það sem rétt væri. Og af þessum ástæðum er nauðsynlegt að fá um það upplýsingar hjá hæstv. forsrh. hvort hann standi enn þá við það að rýrnunin í sjávarútveginum á sl. ári sé 13 milljarðar kr. eða helmingurinn af því sem sjávarútvegurinn var talinn eiga í ársbyrjun. Telur hæstv. forsrh. e.t.v. að það sé sannari mynd sem Árni Benediktsson gaf, að eigið fé í sjávarútvegi væri í rauninni upp urið ef undan væru skildir nokkrir gamlir bátar og einstaka fyrirtæki? Eða telur hæstv. forsrh. að eigið fé í sjávarútvegi hafi kannski rýrnað um tíunda hluta þess sem hann sjálfur gerði ráð fyrir í sinni skýrslu? Það yrði mjög fróðlegt að fá um þetta upplýsingar.

Ég vil líka að það komi fram, vegna þess að hæstv. forsrh. vitnaði enn í það í sambandi við afgreiðslur á lánsumsóknum í Atvinnutryggingarsjóði útflutningsgreina, að þar hefði fyrirtækjum verið hafnað á þeim forsendum að þau gætu ekki haft rekstrarforsendur, þó svo að þau fengju skuldbreytingu. Í sömu andrá sagði hæstv. forsrh. að reynslan hefði sýnt það að allar þessar gengisfellingar á liðnum árum hefðu ekkert komið sjávarútveginum né einstökum fyrirtækjum hans til góða, þeim sem skulduðu mikið, og talaði um það í því samhengi að til þess að koma til móts við þau fyrirtæki væri nauðsynlegt einmitt að skuldbreyta og um leið auka eigið fé fyrirtækjanna.

Nú veit ég um það að fyrirtækjum hjá Atvinnutryggingarsjóði útflutningsgreina hefur verið hafnað þó svo að þau hafi verið innan þeirra marka sem talað er um í sambandi við tryggingar sem auðvitað vekur til umhugsunar um það hvort þau vinnubrögð sem stjórn þess sjóðs viðhefur séu í rauninni forsvaranleg. Er það hugsanlegt að það gæti pólitískra áhrifa í þeirri stjórn? Og er hugsanlegt að það sé m.a. ástæðan fyrir því, eða er kannski hugsanlegt að ástæðan fyrir því að hæstv. forsrh. er fallinn frá undirnefndinni, sem átti að tryggja hin faglegu vinnubrögð þegar hann talaði um Atvinnutryggingarsjóðinn, þegar hann hefur nú komist að þeirri niðurstöðu að þessi fína undirnefnd, sem þá var sett upp, skuli ekki gilda í sambandi við hlutafjársjóðinn? Fína undirnefndin á ekki að vera þar. Og hvernig í ósköpunum stendur á því? Hér kom fjmrh. um daginn, hann talaði alltaf um þessa fínu undirnefnd. Og þegar við í Sjálfstfl. vorum að tala við fulltrúa stjórnarflokkanna hér fyrir jólin — það var að vísu ekki langur fundur — þá voru þeir alltaf að tala um það, þrír ráðherrar, hvað þetta væri allt saman fínt og flott og fágað. Hins vegar værum við, sem ættum sæti í stjórn Byggðastofnunar, pólitískt spilltir og okkur væri gjarnt að meta hlutina út frá óheilbrigðum forsendum.

Þess vegna held ég að það sé alveg nauðsynlegt að forsrh. geri miklu gleggri grein fyrir því en hann gerði hér áðan af hverju trúin á þessa fínu nefnd er dottin niður. Það má líka vel vera að hæstv. forsrh. sé ekki alveg nákvæmlega sama hvaða fyrirtæki koma til greina í sambandi við hlutafjársjóðinn. Forsrh. talar um að það séu 15–20 fyrirtæki sem séu burðarásar í byggðarlögum. Ég hef heyrt aðrar tölur nefndar í fjh.- og viðskn. En ég spyr: Hvaða rök eru fyrir því að ef fyrirtæki er burðarás í sveitarfélagi, í byggðarlagi þá eigi að hjálpa því en kannski ekki algjörlega sambærilegu fyrirtæki á öðrum stað sem nákvæmlega eins stendur á fyrir að því leyti að eignir og skuldir eru svipaðar, afkomumöguleikar svipaðir og jafnmargt fólk sem er hjá báðum fyrirtækjunum þannig að fjöldi atvinnulausra hjá báðum þessum fyrirtækjum verður svipaður? Hvers vegna á að gera upp á milli þessara fyrirtækja? Og hvernig stendur á því að forsrh. talar um það að við því sé að búast að þessi fyrirtæki verði í stórum dráttum úr sjávarútvegi þegar við vitum það að fyrirtæki, sem kannski eru ekki einu burðarásarnir, eins og ullariðnaðurinn á Akureyri, standa mjög höllum fæti? Hvernig stendur á því að forsrh. gefur sér það fyrir fram að ullariðnaðurinn skuli ekki koma til greina í sambandi við hlutafjársjóðinn? Ég veit þó ekki um mörg fyrirtæki, og kannski ekkert, sem meiri ástæða væri einmitt til að hjálpa með því að auka eigið fé en einmitt Álafoss–Gefjun, en einmitt ýmis önnur fyrirtæki í ullariðnaði og saumaskap víðs vegar um landið þar sem kannski bróðurparturinn af vinnandi konum sækir lífsviðurværi sitt.

Í sambandi við 4. gr. þessa frv. vil ég taka það fram að það er mjög mikil sýndarmennska þegar hæstv. forsrh. orðar brtt. sína svo:

„Forsrh. skipar átta menn í stjórn Atvinnutryggingarsjóðs, þar af þrjá að höfðu samráði við formenn þingflokka." Þetta er ekki skuldbindandi. Hæstv.

forsrh. gat alveg sleppt þessari viðbót. Ef hann vildi gat hann haft samráð við hvaða mann sem var, og hefur ugglaust gert það, um það hvaða menn hann skipi í stjórn Atvinnutryggingarsjóðs ef hann á annað borð hefur skipunarvald sitt með þeim hætti að hann er sjálfráður um það hverja hann skipar. Hitt lýsir aftur geðleysi meiri hluta þessa þings, þeirra sem fylgja ríkisstjórninni, að þeir skuli láta forsrh. komast upp með það að haga sér með þessum hætti sem kallar á grunsemdir um að það sé haft rangt við, að það sé pólitísk spilling sem eigi sér stað í sjóðnum og að það sem þar gerist þoli það ekki að fulltrúar frá öllum stjórnmálaflokkum komi að málinu. Það er líka af þeim sökum sem hæstv. forsrh. hefur kosið um hlutabréfasjóðinn að honum skuli pólitískt stýrt, að hann sjálfur, að hans gæðingar geti ákveðið það hvaða menn fari þarna inn, og að þeir skuli þurfa að spyrja forsrh. hvað þeir megi gera, að þeir skuli fá að spyrja fjmrh. hvað þeir megi gera og að þeir skuli fá að spyrja utanrrh. hvað þeir megi gera. Svo get ég vel bætt því við, úr því að hann segir að það sé gott að hafa tengingu við Byggðasjóð, að þessi tenging er komin fram og það er ákveðið að það verði varaþingmaður Borgfl., staðgengill Alberts Guðmundssonar, sem hafi með að gera umsjón hlutafjársjóðsins eftir að búið er að setja lögin, Benedikt Bogason. (**Gripið fram í:** Hann verður formaður.) Það er því alveg greinilegt að þarna er haldið áfram þeim pólitísku hrossakaupum sem áttu sér stað í sambandi við Atvinnutryggingarsjóðinn á sínum tíma þegar keyptur var flokkur Jafnréttis og félagshyggju, og nú á að fara að vera í gruggugu vatni Borgfl. (Gripið fram í.) gruggugu vatni Borgfl. (Gripið fram í.) En auðvitað kemur þetta ekki neinum á óvart. Það verð ég að segja að þá er heiðríkjan mest yfir forsrh. þegar hann er að veiða í gruggugu vatni.

Við hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson og Birna K. Lárusdóttir leggjum það til að upphaf 8. gr. verði svo:

„Byggðastofnun, Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina og hlutafjársjóður Byggðastofnunar skulu undanþegnir öllum opinberum gjöldum og sköttum hverju nafni sem nefnast, þar með töldum lántökuskatti."

Það þarf auðvitað ekkert að fara mörgum orðum um það að sum fyrirtæki hafa fengið fyrirgreiðslu úr Byggðasjóði. Ég get nefnt sem dæmi t.d. frystihúsið við Suðureyri í Súgandafirði. Lán Byggðasjóðs eru opinber lán og eru prentuð með ársskýrslum þannig að ég lít ekkert á þetta sem neitt leyndarmál. Það fyrirtæki hefur nú fengið fyrirgreiðslu úr Byggðasjóði. Auðvitað ber því fyrirtæki að borga 6% lántökugjald. Það eru 60 þús. kr. af milljón. Það eru 600 þús. kr. af 10 milljónum. Það er 1,2 millj. af 20 millj. En ef t.d. þetta sama frystihús hefði fengið lán úr Atvinnutryggingarsjóði útflutningsgreina, þá þurfti ekki að borga neitt lántökugjald. Þó er þetta hvort tveggja angi af því sama, m.ö.o. þeirri almennu og sértæku skuldbreytingu sem nú á sér stað innan sjávarútvegsins, og af þeim sökum eru engin efnisleg rök fyrir því að hið sama eigi ekki að gilda um lán úr Byggðasjóði og lán úr Atvinnutryggingarsjóði að þessu leyti.

Við 9. gr. gerum við sömu þingmenn þá brtt. að við Byggðastofnun skuli starfa hlutafjársjóður sem lúti stjórn hennar og er í samræmi við það felldur niður síðari helmingur 2. mgr. þannig að hún hljóði svo: Hlutafjársjóður Byggðastofnunar skal hafa sjálfstæðan fjárhag.

Ég legg þetta hér með formlega fram. Ég þarf auðvitað ekki að hafa mörg orð um þetta. Sú var tíðin að menn vildu stjórna eins og ríkisstjórnin stjórnar núna, koma sínum eigin gæðingum í allar stjórnir, geta hyglað. Ég man eftir því að Magnús Jónsson, sá ágæti maður sem var án efa mesti skörungur í þessari þingdeild á sjöunda áratugnum, hafði oft orð á því þegar hann var að tala fyrir norðan að framsóknarmenn væru þannig gerðir að þeir gætu ekki hugsað sér að hlutirnir gengju almennt fyrir sig, væru almennar ráðstafanir. Þeim liði best ef fyrirtækin væru í basli og svo yrðu menn að koma til Reykjavíkur og þá væru framsóknarmenn að gera forstjóranum og fólkinu greiða, alltaf að vera að gera þeim greiða. Það er þessi hugsunarháttur sem er svo ríkur hjá þessari ríkisstjórn, að passa upp á það að hin almennu skilyrði í sjávarútveginum séu ekki fyrir hendi en á hinn bóginn skapist grundvöllur fyrir því að nú sé hægt að segja á Súgandafirði, nú sé hægt að segja á Ólafsfirði, nú sé hægt að segja í kjördæmi Halldórs Ásgrímssonar: Við erum búnir að koma fyrirtækjunum á hausinn — það er að vísu alveg rétt — en við ætlum ekki að fara með þau í burtu, við ætlum að hjálpa ykkur til þess að eignast þau aftur með því að við ætlum að láta okkar menn í Reykjavík skipa menn í stjórn fyrir ykkur. Þið fáið engu að ráða um það hverjir þeir eru sem hlutabréfasjóðurinn skipar í stjórnina og ekki heldur Byggðasjóður eða Fiskveiðasjóður eða Landsbankinn sem eiga að leggja til peningana í hlutabréfasjóðinn, þeir eiga ekki að fá að ráða neinu um það, þeir sem kaupa þessi svokölluðu aðildarbréf, hverjir verði í skjóli þeirra hlutabréfa sem hlutabréfasjóðurinn eignast kjörnir í stjórn hlutafélaganna. Það var yfirlýst af Jóni Sveinssyni, fulltrúa forsrh., á fundi í morgun að heimamenn fengju ekkert um það að segja og ekki þeir sjóðir sem legðu til peningana.

En það er líka alveg rétt að það er gott að hafa einhvern fulltrúa fyrir sig til þess að minna á gjafirnar. Það getur verið ágætt. Einhvern tímann var sagt: „Drottinn gaf og drottinn tók". En þetta er öfugt hjá þessari ríkisstjórn — drottinn tók og drottinn gaf — og tekur svo aftur því að auðvitað er grundvöllurinn ekki fyrir hendi og auðvitað er hálfbroslegt þegar hæstv. forsrh. er að telja núna. Við erum búnir að telja eitt, tvö, þrjú, fjögur, fimm, sex, sjö, eru það 37 eða 79 fyrirtæki sem er búið að bjarga og leysa málin hjá?

En hallareksturinn heldur bara áfram, hæstv. forsrh., og hvað segja fulltrúar fiskvinnslunnar um það? Þeir segja að það sé lágmark að fella gengið um 12–13% eða svo, 10–13% og þeir segja að það þýði

ekki annað en horfast í augu við það að þessu verður að fylgja sú kalda kjaraskerðing sem slíkri gengisfellingu fylgir. Þeir segja meira að segja sumir og ég heyrði ekki betur en fulltrúi Sambandsins tæki jafnvel enn dýpra í árinni þegar hann sagði að eiginfjárstaða fyrirtækja í sjávarútvegi væri orðin svo hörmuleg að gengisfellingin sem nú þyrfti til að koma yrði að vera mjög mikil. (Gripið fram í.) Það var Árni Benediktsson. Þannig er nú ástandið. Og auðvitað eru þetta rökin fyrir því hvers vegna Samtök fiskvinnslustöðvanna geta ekki fallist á hugmyndina um hlutafjársjóð. Þeir gera sér grein fyrir því að þó svo að nú takist að koma á lappirnar einhverjum af þessum fyrirtækjum sem hafa stöðvast með þessu fé að sunnan. (**Gripið fram í:** Að sunnan?) Að sunnan, með fénu að sunnan. Þó að hægt sé að koma þeim á lappirnar með fénu úr hlutabréfasjóðnum og búa þannig til eitthvað nýtt eigið fé inni í þessum fyrirtækjum, þá kemur auðvitað að því að önnur fyrirtæki standa verr í staðinn, og þegar afkoma sjávarútvegsins er alltaf reiknuð út frá meðaltalinu og alltaf þannig að helst verði að tapa einhverju er það auðvitað fyrirsjáanlegt að þau fyrirtæki sem á hverjum tíma standa tæpast í samkeppninni muni tapa og þar muni féð næst ganga til þurrðar. Þau fyrirtæki sem nú fá skuldbreytinguna í Atvinnutryggingarsjóðnum munu því, ef verulegt fé kemur inn í hin fyrirtækin með þessum hlutafélagasjóði, standa verst og þá mun eignaupptakan verða hjá þeim fyrirtækjum næst. Það er auðvitað alveg laukrétt. Og það var þess vegna sem einn af þessum mönnum sagði: Við viljum ekki láta taka þannig frá okkur peningana, eignirnar í okkar fyrirtækjum sem mörg hver eru búin að starfa í áratugi og hafa skilað góðum árangri.

Það er auðvitað alveg hárrétt, sem ég heyrði að var sagt hér við hliðina á mér, að eitt af þessum fyrirtækjum sem hafa átt í erfiðleikum er á Ólafsfirði. Ástæðurnar fyrir því eru margvíslegar. Kannski fyrst og fremst sú að Ólafur bekkur var á árunum 1986–1987 erlendis í klössun mjög lengi, ég man ekki hversu marga mánuði. Það stóð yfir mjög lengi og skipið var afhent miklu síðar en samið hafði verið um og skipti mánuðum. Þetta voru þau ár sem sjávarútvegurinn stóð sig hvað best og af þessum sérstöku ástæðum stendur hraðfrystihús Ólafsfjarðar verr en ella mundi vegna hráefnisskortsins í uppsveifluárinu. En eins og sjávarútvegurinn er rekinn mega auðvitað fyrirtækin ekkert við því. Þannig að auðvitað gera menn sér það ljóst þar norður frá, eins og menn gera sér það ljóst t.d., svo að ég taki annað byggðarlag við Eyjafjörð, á Grenivík. Þeir tóku þann kostinn þar að selja Núpinn og reyna með þeim hætti að koma fótunum undir sína eiginfjárstöðu. Nú sjá þeir fram á það að hlutafjársjóðurinn mun stöðva alla hreyfingu í fiskiskipastólnum, þannig að þeim kemur í koll, Grenvíkingum, að þeir reyndu að treysta undirstöður síns fyrirtækis með því að selja Núpinn á sl. hausti, vegna þesa að það er ekki hlaupið í að fá annað skip núna þegar hlutabréfasjóðurinn beinlínis hefur það fyrir tilgang að passa upp á það að skipin fari ekki á milli staða og leggur inn meiri og meiri peninga eftir því sem fyrirtækið stendur verr. Þetta sjá auðvitað allir menn og auðvitað þýðir ekkert að vera að ræða það að við séum að tala um eitthvað sem sé eina fyrirtækið á staðnum eða eitthvað svoleiðis. Það eru auðvitað mörg fyrirtæki í sjávarútvegi og þau eru á mörgum stöðum og auðvitað hefur verið samkeppni milli einstakra staða um þessi fyrirtæki.

Þeir komu til okkar í morgun, fulltrúar frá Kaupþingi og Fjárfestingarfélaginu, Pétur Blöndal, Gunnar Helgi Hálfdánarson, Gunnar Baldvinsson og það voru mjög skemmtilegar umræður sem menn áttu þar einmitt um stöðuna í atvinnulífinu og þeir fór ekkert dult með það að hlutafjársjóður, eins og hann er hér skilgreindur, er alveg andstæða þess sem er líklegt til að gefa góðan árangur. Hlutabréfasjóðurinn sem rekinn er í tengslum í Iðnaðarbankann gefur hærri ávöxtun en kannski nokkur önnur verðbréfaviðskipti. Hann nýtur skattfríðinda og það er m.a. skýringin á því. Sá hlutabréfasjóður er til þess fallinn að hjálpa einstaklingum að eignast hlutabréf í arðsömum fyrirtækjum og auðvitað geta menn hugsað sér að kaupa aðildarbréf í slíkum sjóði. Sá sjóður sem hér er um að ræða er alveg öfugs eðlis. Hlutverk hans er að leggja fram fé í fyrirtækjum sem að mati fulltrúa ríkisstjórnarinnar í Atvinnutryggingarsjóði hafa ekki rekstrargrundvöll. Það er hið yfirlýsta markmið. Síðan segir að ef viðkomandi fyrirtæki eigi samkvæmt nánari skilgreiningu fyrir skuldum skuli hlutabréfasjóður koma til kastanna með það sem þeir kalla verðtryggð — og þá má leggja fram fé sem þeir segja að sé ríkistryggt en án vaxta, en að öðrum kosti verða aðildarbréfin óríkistryggð.

Auðvitað sjá menn að hlutabréfasjóður af þessu tagi er skyndiráðstöfun og í grundvallaratriðum gagnstæður þeim hugmyndum sem við sjálfstæðismenn fluttum með Kvennalista og þær gerðu grein fyrir á sínum tíma og vísa ég til þeirra en vil hins vegar taka það fram, herra forseti, að það er svolítið undarlegt, þegar fulltrúar ríkisstjórnarinnar gera grein fyrir hugmyndum sínum um hlutafjársjóðinn, að þeir, hvort sem um er að ræða formann fjh.- og viðskn. eða einstaka ráðherra, skuli ævinlega vera að gera því skóna að þeir séu að framkvæma hugmyndir sem á sínum tíma voru settar fram af Kvennalistanum. Það er auðvitað hálfundarlegt að maður skuli þurfa að útskýra það fyrir nánast hverjum einasta manni sem kemur á nefndarfund að það sé grundvallar- og eðlismunur á þessum hugmyndum. Meira þrek væri í því fólgið að reyna að standa á sínum hugmyndum og sínum málstað eins og hann er en ekki að vera að flækja aðra í þetta.

Það kom fram nokkur misvísun hjá einstökum mönnum um það hvernig mál stæðu hjá Atvinnutryggingarsjóði og ég tel nauðsynlegt að þær upplýsingar komi hér fram. Eins og sakir standa er Atvinnutryggingarsjóður búinn að afgreiða um 80 fyrirtæki af 200 og hann gerir ráð fyrir að hafa alls til hagræðingar á þessu ári um 500 millj. kr. en til skuldbreytinga um einn milljarð og 50 millj. kr. Af þessu fé hefur þegar

verið eytt 135 millj. í hagræðingu en um 535 millj. vegna skuldbreytinga, þannig að sjóðurinn á eftir vegna skuldbreytinga til ráðstöfunar á þessu ári um 515 millj. kr. Sjóðurinn á von á því að sum þeirra fyrirtækja sem hann hefur þegar synjað muni aftur koma til meðferðar hjá sjóðsstjórninni. Hann talar um 10–12 fyrirtæki í því samhengi og gerir þá ráð fyrir að það séu í kringum 130 fyrirtæki sem sjóðurinn eigi eftir að afgreiða, en þeir segjast ekki hafa gert sér grein fyrir því hvort meira fjármagn þurfi fyrir þau fyrirtæki en þau hin sem búið er að afgreiða. Þetta segir okkur á mæltu máli að verulegt fé skortir á þessu ári til þess að geta annast þá skuldbreytingu sem hæstv. forsrh. er svo mjög að guma af. Það er m.ö.o. búið að afgreiða um 80 fyrirtæki, eyða í skuldbreytingu þeirra vegna um 535 millj. kr. Það er eftir að afgreiða um 120–130 fyrirtæki, en hins vegar eru ekki eftir nema 515 millj. kr. til þeirra þarfa. Það er því algjörlega fyrirsjáanlegt að þeir peningar, sem hér er gert ráð fyrir í Atvinnutryggingarsjóði útflutningsgreina, nægja hvergi nærri til þess að mæta þeim fyrirheitum sem ríkisstjórnin hefur gefið einstökum byggðarlögum og stöðum í sambandi við þessa skuldbreytingu og í sambandi við þessi mál yfir höfuð að tala. Fyrir svo utan þessa fjárhæð hér stendur svo eftir hinn sérstaki vandi trilluútgerðarinnar, smábátaútgerðarinnar, en það er metið að um 500 millj. kr. þurfi til þess að leysa þar úr brýnasta vandanum og væri fróðlegt að heyra hvað hæstv. forsrh. segir í fyrsta lagi um það hvernig eigi að mæta vanda smábátaútgerðarinnar og í öðru lagi hvort ríkisstjórnin hafi í hyggju að afla lánsheimildar fyrir hálfum milljarði til viðbótar, sem er algjört lágmark eins og málið liggur fyrir nú varðandi Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina.

Ég vek athygli á því að í grg. frv. er talað um að aðildarbréf hlutafjársjóða eigi að vera gengistryggð en hins vegar er talað um það í 9. gr. í lögunum að ríkissjóður eigi að tryggja verðbætt nafnvirði hlutdeildarskírteina. Nú hygg ég að þetta sé ekki það sama, gengistrygging og verðtrygging, og auðvitað getur gengistryggingin horft misjafnlega við. Ef við mundum t.d. hugsa okkur Englending á árinu 1987, í árslok, sem hefði fengið spurnir af því að íslenska krónan væri næststerkasti gjaldmiðill veraldar, má vera að slíkum Englendingi dytti í hug að verðtryggja pundið kannski með íslenskri krónu, ekki skal ég um það segja, en hitt er víst að gengi gengur upp og niður en verðtryggingin ekki. Þannig að ég hygg að það sé vafasamt, svo að ekki sé meira sagt, að hægt sé í reglugerð að breyta þessu ákvæði eins og reglugerðin gerir ráð fyrir.

Þá vil ég í annan stað vekja athygli á því að hlutdeildarskírteini er í rauninni ekki annað en skuldabréf. Það kom skýrt fram hjá Jóni Sveinssyni að forsrn. liti þannig á og að það væri mat þeirra lögfræðinga sem um þetta mál hefðu fjallað og hefðu staðið að samningu þessa frv. Og eftir að hafa skoðað reglugerðina, íhugað reglugerðina, einstök atriði hennar, og hversu með hlutdeildarskírteinin verður farið, er auðvitað alveg ljóst að þetta eru skuldabréf, enda ekki tilgangurinn að þessum hlutdeildarbréfum fylgi neinn réttur annar en sá að mega e.t.v. einhvern tíma síðar kaupa hlutabréf í þeim fyrirtækjum sem hlutafjársjóðurinn hefur fengið fé hjá og vil ég aðeins um það segja: Það er ævinlega vafasamt að vera með takmarkanir á því hversu farið skuli með hlutabréf. En einmitt vegna þess að hlutdeildarskírteinin eru skuldabréf, hæstv. forsrh., þá væri gaman að fá einhvern fróðleik um það hvernig stendur á því að hlutdeildarskírteinin eru ekki inni í lánsfjáráætlun sem lögð var fyrir deildina og kom hér til umræðu sl. föstudag. Það sem er eiginlega enn þá verra í þessu er að ég varpaði þeirri fyrirspurn til formanns fjh.- og viðskn., til fulltrúa Hagsýslustofnunar og til fulltrúa ríkisstjórnarinnar sem fylgdust með störfum okkar í nefndinni hvort ekki væri nauðsynlegt að koma inn lánsfjárheimild vegna hlutafjársjóðsins og hvernig það mætti vera að hlutafjársjóðurinn kæmi hvergi inn í lánsfjáráætlun. Mér var svarað því til að það þyrfti ekki. Svo kemur það upp úr dúrnum nú að litið er á málið sem um skuldabréf væri að ræða.

Ég veit ekki, herra forseti, hvort efni standa til að hafa um þetta fleiri orð. Það er auðvitað rétt að skuldbreytingin í útgerðinni 1984 sem staðið var allt öðruvísi að en nú er staðið að skuldbreytingunni hefur reynst vel með þeim efnahagsaðgerðum sem þá voru gerðar. Ég hygg að hæstv. sjútvrh. sé sammála mér um það og auðvitað hefði verið gæfulegra að standa að þessu með sama hætti nú. Þessi eilífa endurtekning hæstv. forsrh. um að gengið skipti ekki máli í sambandi við sjávarútveginn er náttúrlega til skammar. Ef forsrh. trúir því að gengisfellingar hafi ekki gagnað sjávarútveginum, þá spyr ég hæstv. forsrh.: Af hverju hækkar hann ekki gengið meira? Ef það skiptir engu máli fyrir útflutningsatvinnuvegina hvort gengið er hátt eða lágt, af hverju má þá ekki bara hækka gengið? Auðvitað veit hæstv. forsrh. að þegar málið snýr þannig væri það það alvitlausasta sem hægt er að gera. Auðvitað veit hann það því að hann fylgist vel með. Hann segir það gegn betri vitund þegar hann heldur því fram að gengisfellingar hafi í gegnum sölu okkar ekki komið að haldi fyrir útgerðina eða sjávarútveginn.

Vegna þess að það munar um það, m.a. í mínu kjördæmi fyrir norðan og líka fyrir austan, vil ég spyrja hæstv. sjútvrh. hvað hann vilji segja um fiskverðið. Ætli það hafi ekki staðið nær því óbreytt í 18 mánuði? Ég man ekki hvort það hækkaði um 5% 1. júní og 1,25% einhvern tíma á þessum vikum. En síðustu 18 mánuði hefur það að öðru leyti verið óbreytt. Ég veit að fiskverðið skiptir minna máli en áður, en eigi að síður skiptir það máli á sumum stöðum og útgerðarmenn í sumum sjávarplássum hafa verið að spyrja hvenig á því standi að við fiskverðinu hafi ekki verið hreyft svo mjög sem útgerðarkostnaður hefur vaxið á þessum tíma.

Samtök fiskvinnslunnar létu nefndarmönnum í té ljósrit sem báru það með sér að yfirlýsing forsrh. um að eigið fé í sjávarútvegi hefði rýrnað um u.þ.b.

helming, eða fallið úr um það bil 26 milljörðum í 13 milljarða á sl. ári, væri rétt. Því vil ég spyrja hæstv. sjútvrh. hvort hann sé sammála þessari fullyrðingu, hvort hann hafi farið yfir textann í yfirlýsingu forsrh. um efnahagsmál og hafi samþykkt hann. Eða hvort hæstv. sjútvrh. sé e.t.v. sammála Árna Benediktssyni, fulltrúa Sambands ísl. samvinnufélaga, þegar hann segir að eigið fé í sjávarútvegi sé í raun og veru upp urið.

Ég vil einnig spyrja hæstv. sjútvrh. að því hvort það sé rétt skilið að hann hafi gefið fyrirheit um það í septembermánuði sl. að þær 800 millj. kr. sem teknar voru að láni í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, frystideild, skyldu greiddar úr ríkissjóði. Þessi yfirlýsing hefur verið gefin og það var talað um það á fundi nefndarinnar í morgun að orðið hefði trúnaðarbrestur milli fiskvinnslunnar og ríkisstjórnarinnar á meðan þetta væri ekki leiðrétt og frv. breytt á þann veg að því yrði slegið föstu að endurgreiðslan yrði úr ríkissjóði. Við höfðum satt að segja vonast til þess í stjórnarandstöðunni að formaður fjh.- og viðskn. mundi ná því fram að frv. yrði breytt á þennan veg og ríkisstjórnin mundi fallast á það, m.a. til þess að koma til móts við sjónarmið fiskvinnslunnar. Það urðu mér því mikil vonbrigði að frá því skyldi horfið af meiri hl. og að hann skyldi ekki fallast á þessa breytingu. Ég vil biðja hæstv. sjútvrh. að beita sér fyrir því að meiri hl. geti fallist á að ríkissjóður taki yfir lánið eins og um var talað. Ég veit að hæstv. sjútvrh. getur ekki verið því mótfallinn.

Herra forseti. Eins og ég hef sýnt hér fram á þá linnir ekki hallarekstri í sjávarútvegi. Það er auðvitað mjög hæpin lausn, svo að ekki sé meira sagt, að reyna að skýla sér á bak við það að setja á stofn sérstakan hlutabréfasjóð þegar búið er að leika fyrirtækin svo grátt að þau eru ekki rekstrarhæf. Auðvitað er ekki hægt að auka eigið fé í sjávarútvegi nema með því eina móti að rekstrarskilyrðin séu góð og ef rekstrarskilyrði í sjávarútvegi eru viðunandi hefur reynslan sýnt að sjávarútvegurinn þarf ekki á neinni aðstoð að halda til að greiða skuldir sínar og vexti af þeim því þá getur sjávarútvegurinn bjargað sér með eðlilegri umlíðan í sambandi við skuldbreytingu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. 530, sem var of seint fram komin, samþ. með 13 shlj. atkv.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Frá því þing hófst í haust höfum við lítið gert annað en að tala um efnahagsmál og efnahagsaðgerðir. Það er dæmigert fyrir það ástand sem þessi þjóð hér norður í hafi býr við að það þarf sífellt að vera að grípa til einhverra efnahagsaðgerða og finna lausnir á vanda atvinnulífsins. Þannig hefur þetta verið allar götur síðan ég man eftir mér og væri nú kannski kominn tími til að staldra við og hugsa. Er ekki meira en lítið að í okkar stjórnkerfi? Hvers vegna eru okkar mál þannig að ríkisstjórnir hvers tíma þurfa að eyða nánast öllum sínum tíma í að leysa efnahagsvandamál og vanda atvinnulífsins. Það var því mjög kærkomið að dveljast nokkra daga í Sviss fyrir viku síðan eða svo þar sem yfir 90% þjóðarinnar hefur ekki hugmynd um það hverjir séu ráðherrar í ríkisstjórninni og varðar ekkert um það því að sú ríkisstjórn hefur ekkert með efnahagsmál og atvinnulíf landsmanna að gera. Það gengur ágætlega af sjálfu sér og því minna sem stjórnvöld þar skipta sér af því, þeim mun betur gengur það. Kannski er hér einhver lærdómur sem við gætum notfært okkur til að fá ríkisvaldið til að skipta sér minna af atvinnulífinu en beita sér þess heldur fyrir því að sjá atvinnulífinu fyrir sæmilegum rekstrarskilyrðum, þeim ramma sem atvinnulífið þarf að starfa innan.

Það er næsta hlálegt að þurfa að eyða öllum tíma okkar þingmanna í það að karpa um misgóðar aðgerðir og tillögur til lausnar á vandamálum atvinnulífsins þing eftir þing, ár eftir ár og áratug eftir áratug. Ég get svo sem minnst á það einu sinni enn að þar er að sjálfsögðu um að kenna gömlu flokkunum fjórum. Þeir hafa ekki glóruhugmynd um það hvernig á orðið að stjórna þessu þjóðfélagi og það má rekja öll þau vandamál sem við eigum við að glíma til langvarandi óstjórnar undir mismunandi ríkisstjórnum þessara gömlu fjögurra flokka sem hér hafa farið með völdin svo lengi sem elstu menn muna.

Frumskilyrðið hlýtur að sjálfsögðu að vera það að gengið sé rétt skráð hverju sinni þannig að útflutningsatvinnuvegirnir gangi nánast af sjálfu sér. Að vísu verður að taka tillit til þess að fyrirtækin standa misjafnlega vel og þau eru misjafnlega vel rekin. Við hljótum að verða að viðurkenna þá einföldu staðreynd að það hljóta ævinlega að verða til fyrirtæki sem ekki standa sig í samkeppninni og væntanlega leggja þau þá upp laupana og fara á hausinn, svo að það hugtak sé notað, en önnur gera betur, þau græða. En að það sé hægt að tala um eitthvert meðaltalsfyrirtæki sem eigi að vera rekið á núlli og síðan sé allt þjóðfélagið stillt inn á það er hugtak sem gengur einfaldlega ekki upp.

Til þeirrar fastgengisstefnu sem hefur verið hér við lýði allt frá því að ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar kom til valda um mitt sumar 1987 má eflaust rekja margt sem illa hefur farið í þessu þjóðfélagi. Eins til þeirrar efnahagsstefnu sem var mörkuð við stjórnarmyndunina sem fór fram að loknum kosningum í apríl 1987 og núv. stjórn hefur að mestu fylgt óbreyttri áfram. Ég sé í grundvallaratriðum engan mun á þeirri efnahags- og peningastefnu sem fráfarandi ríkisstjórn undir forsæti Þorsteins Pálssonar fylgdi og þeirri stefnu sem núv. ríkisstjórn undir forsæti hæstv. forsrh. Steingríms Hermannssonar fylgir. Það er í megindráttum enginn stór munur á þeirri efnahags- og peningastefnu sem þessar tvær ríkisstjórnir hafa fylgt fram til þessa.

Hér var í ræðustóli áðan minnst á frétt í Morgunblaðinu á sunnudaginn var, þar sem þess var getið að íslenska krónan væri að mati OECD talinn annar sterkasti gjaldmiðill heims. Það gerist hjá þjóð þar

sem atvinnulífið er með allt niður um sig og þá fyrst og fremst stjórnvöld að sjálfsögðu. Auðvitað væri þá hægt að benda á eina leið sem er sú að ef við opnum fyrir frjálsa fjármagnsflutninga til landsins hljóta bókstaflega allir fjármagnseigendur hvar sem er í veröldinni að vilja fara með peningana sína til þessa furðulega lands þar sem aðeins svissneski frankinn stendur betur. Það gæti verið að þar væri komin ein allsherjarlausn á atvinnulífsvanda okkar og væri rétt af stjórnvöldum að skoða það mál betur ef þau endilega vilja halda því til frambúðar að íslenska krónan verði annar sterkasti gjaldmiðill heims þó að atvinnulífið hér sé allt í ólestri og standi engan veginn undir þessum sterka gjaldmiðli. Það er svo önnur saga.

Eitt af því sem líka mætti fara ofan í og tala heilmikið um er hið furðulega bankakerfi sem við búum við. Eins og þar hefur verið háttað undanfarin ár þá lifir bankakerfið á því að ná sem mestum vöxtum inn frá atvinnulífinu. Það má í raun og veru segja sem svo að eigið fé sjávarútvegsfyrirtækjanna, sem hefur brunnið upp á þessu skeiði fastgengisstefnunnar, hafi í raun og veru verið flutt yfir til banka og verðbréfafyrirtækjanna í formi vaxtatöku. Vaxtatakan sem hefur verið í þjóðfélaginu undanfarin missiri er aldeilis með ólíkindum. Það hefur verið fundið upp eitthvert furðulegt hugtak sem heitir raunvextir ofan á lánskjaravísitölu sem er raunverulega algerlega út úr kortinu. Síðan eru þeir bornir saman við raunvexti sem eru miðaðir við affallaviðskipti á skuldabréfum í nágrannalöndunum sem er aldeilis óskylt hugtak. Seðlabankinn leyfir sér að blekkja fólk hér með því að bera raunvexti ofan á lánskjaravísitölu saman við venjulega raunvexti eins og þeir eru túlkaðir í nágrannalöndunum þegar um venjuleg affallaviðskipti er að ræða. Þetta eru aldeilis óskyld hugtök. Með þessu hefur almenningur og fyrirtækin í landinu verið blekkt til þess að trúa að hér sé raunvaxtastigið að vísu hátt en ekkert mikið hærra en í nágrannalöndunum. Þetta er gersamlega fráleitt.

Þá er ekki sjaldan um það talað á tyllidögum að það þurfi að renna fleiri stoðum undir atvinnulífið á Íslandi. Er nú verið að því? Nei, ekki aldeilis. Það er að vísu verið að reyna að rétta við hag útflutningsfyrirtækja í sjávarútvegi en öll önnur fyrirtæki mega fara lönd og leið á meðan. Sérstaklega er nú gaman að velta því fyrir sér að þegar loksins gefst tækifæri til þess að renna styrkari stoðum undir atvinnulífið nennir enginn að sinna því. Þar á ég við þegar litlu fyrirtæki, sem að vísu stendur illa fjárhagslega, tekst að gera það kraftaverk að ná samningi um að smíða 14 skuttogara að smíðaverðmæti upp á 4½ milljarð kr., sem gæti gerbreytt atvinnuástandi á Íslandi mörg ár fram í framtíðina. Það nennir enginn að sinna því. Ríkisstjórnin gutlaði eitthvað í málinu og gafst svo bara upp. Bankakerfið blés á þetta og vildi ekki sjá þetta. Þessu litla fyrirtæki hefur nú tekist að ná þessum samningi með því að láta smíða öll skipin erlendis. Það verður ekki skrúfa hreyfð hér á Íslandi. Svona er nú farið að þegar loksins gefst tækifæri til þess að renna styrkari stoðum undir atvinnulífið, þá er blásið á það. Er það nema von að ungt fólk nenni ekki að búa á þessu landi lengur? Mér er sagt að það séu langar biðraðir ungs fólks í öllum sendiráðum Norðurlandanna sem er að leita fyrir sér um atvinnu erlendis, vill komast burt frá þessu vitlausa landi þar sem stjórnvöld eru búin að gera þannig í buxurnar að það er ekki orðið búandi hér fyrir ungt fólk. Það getur ekki náð sér í húsnæði á viðunandi kjörum og atvinnuskilyrði þess eru nánast að verða engin. Það kemst ekki inn í sjávarútveginn, þessa einu grein sem hefur hlotið náð fyrir augum stjórnvalda og talið er rétt að hjálpa. Hún er alveg lokuð af fyrir ungu fólki, það kemst ekkert þangað inn því þar ríkir fyrir kvótakerfi sem er með þeim hætti að annaðhvort verða menn að fá kvótann í arf eða þá að það verður með öðrum hætti að komast inn til fóta konunganna sem hafa umráð yfir auðæfum hafsins.

Kannski það væri rétt að fjalla örlítið um sjálft frv. Ég ætla ekki að tala hér langt mál því að eins og ég segi þá höfum við gert lítið annað á þingi í vetur en að tala um þetta blessaða frv. til laga um efnahagsaðgerðir.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara ofan í einstakar greinar, við erum búnir að eyða það miklum tíma í þær. Hlutafjársjóðurinn, sem nú er kominn inn, er upphaflega orðinn til með þeim hætti að fulltrúar Kvennalistans komu með þessa hugmynd og lögðu hana fram sem brtt. við lögin við umræðuna í des. Á þeim tíma treystum við fulltrúar Borgfl. okkur ekki til þess að styðja tillöguna á þeim forsendum að við sáum ekki með nokkrum hætti hvernig hægt væri að fjármagna kaup á aðildarskírteinum í hlutafjársjóðnum. Þá var gert ráð fyrir því að almenningur mundi kaupa þessi hlutafjárskírteini þó svo það væri ekki um neinar vaxtagreiðslur að ræða heldur aðeins von um arðgreiðslur sem áttu að koma frá fyrirtækjum sem allir vissu að væru á hausnum.

Nú hefur þessi hugmynd verið tekin upp af hálfu ríkisstjórnarflokkanna og henni breytt þannig að orðið er ljóst að einhverjir verða til þess að kaupa þessi aðildarskírteini. Það er náttúrlega alveg ljóst að almenningur gat aldrei farið og keypt þessi skírteini, það var gersamlega fráleit hugmynd. Við gerum í sjálfu sér ekki athugasemdir við það hvernig stjórn þessa sjóðs verður háttað. Við sjáum ekki ástæðu til þess. Hins vegar munum við styðja brtt. sem eru fluttar af hv. þm. Halldóri Blöndal, Eyjólfi Konráð Jónssyni og Birnu K. Lárusdóttur sem varðar 1. gr. laganna, þ.e. að það verði alveg tvímælalaust að 800 millj. kr. lánið til Verðjöfnunarsjóðs verði greitt af ríkissjóði eins og lofað hefur verið.

Varðandi brtt. sem er við 8. gr., þ.e. að Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina og hlutafjársjóður skuli undanþegnir opinberum gjöldum og sköttum, þar hefur verið bætt við Byggðasjóði. Mér er þetta ekki alveg ljóst. Er Byggðasjóður ekki kominn inn til Byggðastofnunar? Ég verð nú að játa vankunnáttu mína hér. Ég hélt að Byggðasjóður væri ekki lengur til sem hugtak, en það má vel vera. (Gripið fram í.)

Byggðastofnun er til að sjálfsögðu, en það var eins og mig minnti að Byggðasjóður hefði verið til hjá gömlu Framkvæmdastofnuninni en síðan hefði orðið til Byggðastofnun. Ég verð þá leiðréttur ef þetta er rangt hjá mér. Að sjálfsögðu tökum við undir það að þessir opinberu sjóðir skuli undanþegnir opinberum gjöldum og sköttum því að annars er ríkið að taka peninga úr hægri vasa og flytja í vinstri vasann og við sjáum ekki ástæðu til þess.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð lengri að sinni en að sjálfsögðu munum við taka hér frekari þátt í umræðunni eftir því sem efni og aðstæður gefa þar tilefni til.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Það var nú svo að ég hafði ekki hugsað mér að taka þátt í þessari umræðu sem hér fer fram í dag, en þegar hv. 2. þm. Norðurl. e. fór að býsnast yfir ástandinu og þeim vandræðum sem íslenskur sjávarútvegur stæði frammi fyrir núna, eins og þetta væri fyrst og fremst þeim að kenna sem sitja hérna vinstra megin við mig, það væru engir aðrir sem ættu sök á því, þá fannst mér alveg nóg komið. Mér fannst dálítið merkilegt að heyra ræðu hv. þm. hér, eingöngu kvörtun um það hvernig þau bjargráð sem núv. ríkisstjórn er að reyna að beita, er að reyna að gera til þess að bæta stöðu sjávarútvegsins, hvernig þau væru útfærð. Hlutirnir eru nefnilega þeir að ástandið í sjávarútveginum er ekki sök þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr. Það er fyrst og fremst sök þeirrar ríkisstjórnar sem var hér á undan og sat þar til í september í haust. Það sem verið er að reyna að gera núna eru fyrst og fremst leiðréttingar á þeirri stöðu sem þá var komin upp. (**Gripið fram í:** Hefur hún batnað?) Hún hefur ekki batnað. Það er alveg rétt. Það er hægt að deila um það en það er ekki hægt að deila um hitt hvernig staðan var þegar núv. ríkisstjórn tók við völdum. Og það sem verið er að gera núna með þeim efnahagsaðgerðum og þeim bráðabirgðalögum sem hér er verið að staðfesta er fyrst og fremst það að verið er að reyna að bæta um þá stöðu sem við var tekið.

Það er vitaskuld hægt að ræða um þann tíma sem síðan er liðinn. Ekki ætla ég að segja það, og get engan veginn haldið því fram, að hlutirnir hafi lagast mikið á þeim tíma. Því miður. Það virðist vera flest á þann veg haldið sem áður var og lítil breyting þó að átt hafi sér stað breyting á flokkum í ríkisstjórninni.

Þær upplýsingar komu frá hæstv. forsrh. í upphafi umræðunnar að af 90 fyrirtækjum sem hefðu sótt um lán til Atvinnutryggingarsjóðs hefðu aðeins 55 fengið afgreiðslu í þeirri stofnun, 35 fyrirtæki af 90 eru þannig á sig komin að það er ekki talið mögulegt að skuldbreyta þeirra lánum. Það sem verið er að gera með hlutafjársjóði, sem hér er lagt til að stofnaður verði, er að það er verið að reyna að bjarga þessum fyrirtækjum. Og hv. 2. þm. Norðurl. e. hefur lítið annað til málanna að leggja en að býsnast yfir því hvaða aðferðir eru notaðar til þess að reyna að bjarga þeim og, sem mér fannst nú dálítið merkilegt, að sú aðferðin sem ég hélt að hv. þm. mundi ekki sérstaklega óska eftir, þ.e. auknar og auknar ríkisábyrgðir, hann gerði sérstakar kröfur til þess að staðið yrði við það að þær 800 millj. kr. sem lagðar voru til Verðjöfnunarsjóðs — að það yrði að vera öruggt að ríkið stæði að því að borga það lán sem þangað var veitt.

Ég hélt að hlutirnir væru nú þannig hjá tveim flokkum í landinu, Sjálfstfl. og Alþb., að menn vildu forðast sem mest ríkisábyrgðir, og ekki að láta hlutina ganga á ríkinu. Ég man m.a. eftir því að stuttu eftir að hæstv. fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson hafði sest í fjármálaráðherrastólinn þá lýsti hann því yfir með mikilli pomp og prakt að nú væri tími ríkisábyrgða búinn. Og ég hef heyrt sjálfstæðismenn lýsa því yfir sýknt og heilagt að þetta væri eitt af því sem við ættum að forðast og með ýmsum ráðum að komast hjá því. En því miður eru öll bjargráðin sem núv. ríkisstjórn hefur lagt til einmitt á þessa bókina lærð, ríkisábyrgð ofan á ríkisábyrgð. Ég hélt að það hefði verið verðugra verkefni hjá hv. þm. Halldóri Blöndal að benda á þessa staðreynd, heldur en það að vera að kvarta undan ýmsum smáhlutum í sambandi við framkvæmd þessara laga sem mér fannst nú í flestum tilfellum að væru algjör aukaatriði. Miðað við þennan stóra þátt, það sem verið hefði gert og verið er að gera hér eftir að Sjálfstfl. hrökklaðist út úr ríkisstjórninni og skildi við sjávarútveginn í því ástandi sem hann er, þá eru bjargarleiðir núv. ríkisstjórnar fyrst og fremst á þeim grunni að koma með ríkisábyrgð til þess að sjávarútvegurinn geti haldið áfram hallarekstri. Sem sagt: Sjávarútvegurinn á Íslandi í dag er við svipaða stöðu og þegar Sjálfstfl. fór út úr ríkisstjórninni. Hallarekstrinn áfram. Núna er búið að ganga á eiginfjárstöðu sjávarútvegsins á þann veg sem lýst hefur verið hér bæði af hv. 2. þm. Norðurl. e. og forsrh., af forsrh. reyndar í öðrum umræðum hér fyrr í vetur, að 13 milljarðar úr eiginfjárstöðu sjávarútvegsins, eða helmningur eiginfjárstöðu sjávarútvegsins, hefur brunnið upp á síðustu missirum undir stjórn Sjálfstfl. og Framsfl. Það er ekki búið að gera neitt, því miður, til þess að breyta þessari rekstrarstöðu sem heldur áfram. Eiginfjárstaða sjávarútvegsins heldur áfram að brenna upp. Og þeir koma hér upp, forsrh. og hv. 2. þm. Norðurl. e. og tala hér um aukaatriði, um stjórnarmenn í þessum sjóðum og annað eftir því.

Eins og ég hef sagt hér áður tel ég að því miður sé verið að halda áfram sömu hlutunum. Það er kannski gert á svolítið ábyrgari hátt en áður. Á meðan Sjálfstfl. var í ríkisstjórn var gengið beint á eiginfjárstöðu sjávarútvegsfyrirtækjanna. En núna er þessu breytt yfir á þann veg að nú skal öll þjóðin standa á bak við það. Það er svolítið heiðarlegra og kannski neyðarráðstöfun. Það verður að viðurkenna að það sé neyðarráðstöfun á meðan annað er ekki gert raunhæfara í málunum.

Mitt erindi hér upp í þennan ræðustól var fyrst og fremst að benda á þessa ríkisþróun í sambandi við sjávarútveginn. Og á hinn veginn það ... (**Gripið fram í:** Ríkisábyrgð.) já, það er vitaskuld verið að ríkistryggja hallarekstur sjávarútvegsins. Það er verið

að ríkistryggja hann. Það mætti segja ýmislegt fleira um það af hverju þetta er að gerast. Það mætti náttúrlega nefna það að það er búið að ganga þannig á fiskistofnana, t.d. þorskstofninn, að við getum ekki sótt núna nema — ja, við gerum ráð fyrir kannski 300 þús. tonn á þessu ári og næsta í staðinn fyrir það að ef þar hefði verið stjórnað á eðlilegan og réttan máta, þá hefðum við átt að eiga þar 400 þús. tonna veiðistofn. Ég ætla ekki að fara að rifja ýmislegt svoleiðis upp, sem er margt úr samstjórn Sjálfstfl. og framsóknar. En Sjálfstfl. þurfti endilega að koma hér með smábrtt. og ég ætla aðeins að nefna þær. Og Kvennalistinn taldi það sjálfsagt að standa að því að styðja Sjálfstfl., eða gagnkvæmt, við flutning á brtt. við þær tillögur sem hér eru. Flm. á brtt. á þskj. 530 eru Halldór Blöndal, Eyjólfur Konráð Jónsson og Birna K. Lárusdóttir:

„1. Lán skv. 1. mgr. þessarar greinar skal undanþegið stimpilgjaldi og endurgreiðist úr ríkissjóði.

2. Byggðastofnun, Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina og hlutafjársjóður Byggðastofnunar skulu undanþegnir opinberum gjöldum, sköttum o.s. frv."

Sjálfsagt er hægt að segja það í þessum tilfellum báðum að verið sé að gera visst réttlætismál gagnvart sjávarútvegi. Og eins og síðasti ræðumaður sagði: Með því móti að láta Byggðasjóð bera lántökugjöld og aðra skatta þá er verið að færa á milli vasa. En hvað er verið að gera gagnvart almenningi í sambandi við húsnæðislán og annað eftir því? Þá er ekki verið að undanþiggja skatta. Ég sé það ekki að þegar verið er að sækja lengra og lengra inn á þessi fríðindi fyrir þennan og þennan að það verði þá ekki að fella þessa skatta algjörlega niður. Sumir eru að biðja um sérstaklega fyrir Byggðasjóð og fyrir þetta, því ekki að leggja þessa lántökuskatta alla niður? (**EKJ:** Það er sjálfsagt að gera það.) Það er sjálfsagt að gera það. En að vera að undanþiggja þetta og undanþiggja hitt, það held ég að sé ekki mikil og raunhæf pólitík. Og það að fara að togast á um hvernig þessum sjóðum skuli stjórnað það finnst mér, eins og ég sagði hér áður, þó nokkuð mikið aukaatriði. (**HBl:** Talaði þingmaðurinn ekki um það í haust? Mig minnir það.) Ég nefndi það í haust að það væri svolítið sérstakt stjórnarmynstur sem væri á Atvinnutryggingarsjóði. Ég gerði það. En vitaskuld eftir fjögurra mánaða setu ríkisstjórnarinnar og það að ekkert raunhæft hefur verið gert í sambandi við rekstur sjávarútvegsins þá eru þetta algjör aukaatriði. Algjör aukaatriði.

Það er nú svo að hlutirnir eru á þann veg, eins og ég sagði hér áðan, að við stöndum frammi fyrir því að sjá til þess að sjávarútvegurinn stöðvist ekki og þær tillögur sem hér liggja frammi eru til þess að láta hlutina ganga. Það hafa ekki komið neinar sérstakar tillögur frá stjórnarandstöðunni aðrar en þær sem liggja hér, a.m.k. ekki í þessa deild, til þess að breyta þar neinu um. Og vitaskuld er málflutningur Sjálfstfl. hér ekkert annað en til þess að reyna að láta fólk gleyma því hversu illa var stjórnað á undanfarandi missirum og hvernig fyrrv. ríkisstjórn skilaði hlutunum frá sér. Þetta öfluga lið sem stóð bak við síðustu ríkisstjórn hafði ekki tök á því að sjá til þess að sjávarútvegurinn hefði almennilegan rekstrargrundvöll.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins nokkur orð um það frv. sem hér er til umræðu og er nú sent aftur til efri deildar eftir breytingar sem gerðar voru á því í neðri deild.

Í raun hafa engar þær breytingar verið gerðar sem gera það að verkum að Kvennalistinn geti breytt afstöðu sinni til málsins og munum við því sitja hjá við afgreiðslu þess og e.t.v. greiða atkvæði gegn ákveðnum greinum þess ef út í það fer. Eins og fram kom flytjum við brtt. við frv.

Vegna orða síðasta ræðumanns, hv. 4. þm. Vesturl., vil ég leggja áherslu á það að þessar breytingar eru í þeim anda sem þær brtt. voru sem lagðar voru fram við 2. umr. málsins í efri deild. Þar voru m.a. hugmyndir Kvennalistans um hlutafjársjóð. Á þessar hugmyndir féllst Sjálfstfl. og studdi á sínum tíma og er það eðlilegt þegar um gott mál er að ræða að margir vilji vera með í að flytja það. Þetta er lokatilraun okkar til þess að breyta málinu í betra horf og ég vona að hún takist. Hins vegar hlýt ég að ítreka og undirstrika það að við erum vonsviknar að þessi breyting hafi verið gert á hlutafjársjóðnum. Hann var hugsaður fyrst og fremst sem tilraun til þess að auka atvinnulýðræði. Þetta átti að verða sjóður sem gæfi fólkinu í landinu tækifæri til þess að styðja og styrkja vænleg og bjargálna fyrirtæki, tækifæri til þess að fjárfesta í undirstöðuatvinnugreinum okkar og leggja sitt af mörkum til þess að styrkja eiginfjárstöðu fyrirtækja án þess að hætta of miklu til sjálft. Nú er þessi sjóður, því miður, miklu fremur orðinn að ruslakistu þar sem þeim er ætluð dvöl sem enginn annar vill sinna. Þetta er nánast sorglegt og við frábiðjum okkur að eiga nokkurn hlut að máli annað en nafnið eitt.

Það var algjör forsenda þess að sjóðurinn næði tilgangi sínum að hann væri rekinn á faglegum grunni en ekki eftir pólitískum geðþótta. Við erum auðvitað ekki að leggjast gegn því að fyrirtækjum sem nú er ætlunin að vísa í þennan sjóð sé veitt aðstoð. Fjarri því. En við teljum þetta ekki réttu leiðina.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta mál við þessa umræðu. Ég vona að þessi brtt., sem hér hefur verið lögð fram, nái fram að ganga því hún er sannarlega til bóta.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Það voru aðallega orð hv. 4. þm. Vesturl. Skúla Alexanderssonar sem fengu mig til að koma hér. Að vísu ætlaði ég einnig að taka til máls um ákveðin efnisatriði. Það er náttúrlega mjög alvarleg fullyrðing fyrir stjórnarstuðningsmann að lýsa því yfir hér og nú, á sama tíma sem hann væntanlega ætlar að greiða atkvæði með þessu frv. til laga um efnahagsaðgerðir, það er náttúrlega mjög alvarlegt mál þegar stjórnarþingmaður lýsir því yfir að það sem

hann ætlar að fara að samþykkja muni í engu breyta rekstrarstöðu sjávarútvegsins til hins betra. Sagði hv. þm. ekki þetta? Þetta eru náttúrlega mjög alvarleg orð, svo ekki sé meira sagt, því að hér talaði líklega sá hv. þm. sem kann einna best skil á sjávarútvegi á hv. Alþingi. Þannig að þegar maður þessarar gerðar stendur upp og lætur þessi orð falla þá verð ég að segja að þá ætti hæstv. ríkisstjórn að skoða betur hvað hún er að reyna að gera í þessum efnum.

Það var annað sem hv. þm. sagði einnig sem staðfestir það sem ég álít og mun víkja að betur hér á eftir. Hann sagði að með þessum aðgerðum væri verið að ríkistryggja hallarekstur sjávarútvegsins. Á sama tíma og hann segir þetta er hann nýbúinn að segja hitt, að hér sé ekki verið að breyta neinu um rekstrarstöðu sjávarútvegsins til hins betra. Hvað þýðir þetta nú á einföldu máli? Það er raunverulega verið að breyta tapstöðu sjávarútvegs án þess að bæta stöðuna með þeim hætti að það er verið að ríkistryggja hallarekstur sem þýðir náttúrlega ekkert annað á mæltu máli en að það er verið að yfirtaka þetta af hálfu hins opinbera. Það er raunverulega sú niðurstaða sem ég hefði viljað láta koma fram í mínu máli að því miður er þetta rétt, og því miður veltur það á atkvæði hv. þm. hvort þessi vonda staða heldur áfram og hvort þessi beina og óbeina yfirtaka opinberra aðila og opinberra sjóða á sér stað í sjávarútvegi eða ekki.

Allar þessar aðgerðir svonefndar eru gjörsamlega ófullnægjandi og verri en ófullnægjandi, eins og komið hefur fram í ræðum manna hér á undan mér og þær munu því miður ekki leysa vandamál þeirra byggðarlaga né þeirra fyrirtækja sem hlut eiga að máli eins og hæstv. forsrh. vildi halda fram í ræðu sinni áðan. En þessar aðgerðir fela í sér alveg skýlaust, enda staðfest af stjórnarstuðningsmanni, hv. þm. Skúla Alexanderssyni, beina og óbeina yfirtöku hins opinbera á fyrirtækjum sem hafa lent í greiðslu- og rekstrarörðugleikum, og eins og hv. þm. lýsti svo vel hér áðan, fyrst og fremst vegna rangrar stefnu stjórnvalda í atvinnu- og efnahagsmálum. Sem sagt: Frv. sem við erum að ræða hér er röng stefna við lausn þessara vandamála.

Ég er þeirrar skoðunar að það sé óeðlilegt að Alþingi skuli eiga að samþykkja frv. til l. um efnahagsaðgerðir sem fela í sér þessa grundvallarbreytingu og einnig þá grundvallarbreytingu á eignarhaldi fyrirtækja í útflutningsatvinnugreinunum án þess að fyrir liggi nánari upplýsingar um rekstrarstöðu umræddra fyrirtækja, eigna- og skuldastöðu o.s.frv.

Hv. þm. Skúli Alexandersson kann glögg skil á þessu enda rekur hann sjálfur útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki. En ég vil taka annað dæmi sem ekki hefur verið dregið fram og það er þess vegna sem ég tel nauðsynlegt að hv. þm. séu upplýstir betur um rekstrarstöðu, eigna- og skuldastöðu þeirra fyrirtækja, sem á nú að aðstoða, eða á að breyta um eignarhald á með þessum óbeina og beina hætti í gegnum opinbera sjóði. Ég vil taka dæmi sem staðfestir að það liggja ekki skýrar fyrir allar upplýsingar um raunverulega stöðu fjölda þeirra fyrirtækja sem hér eiga aðild að. Ég spyr, og vil leyfa mér að beina þeim orðum jafnvel til hæstv. forsrh. þó ég geri varla ráð fyrir að hann geti svarað því hér og nú: Hver skyldi vera raunveruleg eignarstaða kaupfélags eða samvinnuútgerðar sem rekur útgerð og fiskvinnslu með tapi og hefur sótt um aðstoð frá Atvinnutryggingarsjóði? Hver skyldi hún raunverulega vera þegar allt er gert upp? Þetta er nefnilega mjög skýrt dæmi sem hægt er að taka.

Það er vitað og það er staðfest að t.d. eignarhluti Sambands ísl. samvinnufélaga, svo sem kaupfélaganna og samvinnuútgerðarfyrirtækja, er ekki færður upp í reikningum viðkomandi fyrirtækja sem eign. Þetta er óeðlilegt, bæði frá rekstrarlegu sjónarmiði séð og einnig frá því sjónarmiði séð að eignaraðili skuli ekki vita hvað hann á raunverulega í sameign í þeim fyrirtækjum sem hann er þátttakandi í. Þetta gefur nefnilega ranga mynd um raunverulega eignastöðu viðkomandi fyrirtækis í sameignarfyrirtæki eða samvinnufyrirtæki eins og Sambandið er. Eignarstaðan í viðkomandi samvinnuútgerðarfyrirtæki eða kaupfélagi verður lægri og lakari en hún raunverulega er. Hvers vegna segi ég að hún sé hugsanlega lakari? Það er vegna þess að ég geri ráð fyrir því og gef mér það, og vil gjarnan standa á því þar til annað sannast, að eignir Sambands ísl. samvinnufélaga séu verulegar. Ég mundi áætla að nettóeignir Sambandsins gætu verið 3–4 milljarðar eða jafnvel eitthvað meira. Auðvitað á Sambandið sjálft af sjálfsdáðum að gefa út árlega eignarhlutaskírteinin í eignum Sambandsins sem eignaraðilar fengju og þar með mundi höfuðstóll viðkomandi fyrirtækja styrkjast mjög, svo að ekki sé meira sagt.

Það mundi einnig styrkja þessi fyrirtæki gagnvart bönkum og lánastofnunum og alveg sérstaklega, ég undirstrika þetta, alveg sérstaklega mundi það væntanlega auðvelda störf Atvinnutryggingarsjóðs og hugsanlega þyrfti hlutafjársjóður ekki að koma jafnsterkt til skjalanna og menn hafa haldið og óttast. Þar með væri þessu rekstrarformi, samvinnuforminu, samvinnufélögunum úti á landi, litlu eignarfélögunum í Sambandinu forðað frá því að lenda undir — ja, ég segi óbeinni eða beinni stjórn opinberra sjóða eða fyrirtækja eins og margir hv. þm. óttast og ég þar með. Ég hef alltaf litið á kaupfélögin og samvinnuútgerðarfyrirtækin sem sjálfstæðar rekstrareiningar í nokkurs konar almenningseign þar sem fólkið kæmi til skjalanna og tæki þátt í rekstri fyrirtækjanna með stjórnunaraðild. Þess vegna er ég frekar hlynntur því í samkeppni við einkareksturinn. Ég óttast mjög ef hið opinbera fer inn í þessi fyrirtæki sem og inn í einkafyrirtækin.

Það var eitt atriði sem hv. 2. þm. Norðurl. e. Halldór Blöndal kom inn á sem ég vildi einnig víkja nokkrum orðum að, virðulegi forseti. Hv. þm. hafði miklar áhyggjur út af hugsanlegri valdníðslu af hálfu núv. ríkisstjórnar í sambandi við þær ráðstafanir sem hún hyggst gera í gegnum þetta frv. til laga um efnahagsaðgerðir. En það er ráð til við því, til að

koma í veg fyrir það að hæstv. ríkisstjórn grípi til slíkrar valdníðslu sem hv. þm. óttast. Ég er ekki mjög hræddur um að hæstv. ríkisstjórn geri það. Hins vegar liggur það í augum uppi að nái þetta frv. fram að ganga mundi það náttúrlega hrista upp í núverandi valdakerfi og það mundu alveg örugglega koma til skjalanna einhverjir nýir aðilar inn í þá endurskipulagningu sem framkvæmd yrði á grundvelli þeirra laga ef frv. verður samþykkt. En látum það vera. Allir erum við Íslendingar og við verðum að treysta því að þeir menn sem hæstv. ríkisstjórn setur í þessi embætti séu heiðvirðir og heiðarlegir menn.

En það er til annað ráð miklu betra, alveg óbrigðult. Það er að krefjast birtingar á þeim útreikningum, þ.e. forsendunum fyrir fyrirgreiðslu og aðstoð sem þeim fyrirtækjum verður veitt sem Atvinnutryggingarsjóður og hlutafjársjóður munu koma sérstaklega við sögu hjá. Það er nefnilega hægt að gera þetta allt að opinberu máli sem þjóðin á raunverulega öll rétt á að fylgjast með. Við erum ekki að tala hér um neina smámuni. Við erum að tala hér um frv. sem að mínu mati framkallar grundvallarbreytingu í eignarhaldi á sviði útgerðar og fiskvinnslu í framtíðinni. Því miður. Þess vegna á þetta að vera opinbert mál því hér er um meiri háttar ráðstafanir að ræða á opinberu fé með stjórnvaldsgerð. Það er verið að færa til milljarða kr., það er verið að ganga í ábyrgðir fyrir fleiri milljarða kr. og það er verið að verðbæta fisk fyrir tæplega einn milljarð kr. Auðvitað á að framkvæma þetta allt fyrir opnum tjöldum. Það á ekki að vera neitt leyndarmál hvernig þessir hlutir gerast. Ég lít nefnilega þannig á að hér sé um mjög óvenjulegar aðgerðir að ræða sem muni raska fyrri hugmyndum um hvernig eigi að standa að atvinnurekstri á Íslandi í framtíðinni. Því miður. Þess vegna finnst mér þetta vond stefna.

Staðreyndin er sú að þessi leið þýðir að það skiptir litlu máli lengur fyrir aðila úti í atvinnulífinu, sérstaklega í útflutningsframleiðslunni að leggja áherslu á heilbrigðan atvinnurekstur, þ.e. sparnað og dyggð í öllum rekstri. Þeir sem þannig hafa staðið að málum uppskera ekki sem skyldi þegar það gerist að hið opinbera hirðir upp tapfyrirtækin og réttir þeim styrktarfé eða ríkistryggingu til þess að halda þessum fyrirtækjum gangandi svona almennt séð. Með þessum aðgerðum er raunverulega verið að dæma stóran hluta einkafyrirtækja úr leik og jafnvel einnig stóran hluta samvinnufyrirtækja. Það er verið að taka afstöðu til breyttra rekstrarforma hvað þetta áhrærir vegna þess að það er ekki reynt að laga grundvöllinn, forsendurnar fyrir rekstri fyrirtækjanna með almennum aðgerðum, eins og hv. þm. Skúli Alexandersson kom réttilega inn á í sinni ræðu. Þess vegna er þetta frv. ekki rétt aðferð til þess að styrkja stöðu íslenskra atvinnuvega og íslenskra fyrirtækja.

Ég óska þess vegna eftir því að heyra álit hæstv. forsrh. á því hvort það sé ekki eðlilegt að hv. þm. fái enn nánari upplýsingar um ástæður fyrir þeirri erfiðu stöðu sem þessi fyrirtæki eru komin í sem leita núna á náðir Atvinnutryggingarsjóðs. Og svo vildi ég gjarnan heyra álit hans á því hvort ekki kæmi til mála þá að birta þjóðinni allar þær forsendur og stöðu þeirra fyrirtækja, jafnvel nafn fyrirtækjanna sem um er að ræða í því starfi að ríkistryggja hallarekstur.

Hv. þm. Skúli Alexandersson kom hér með mjög alvarlega athugasemd eða réttara sagt fullyrðingu sem raunverulega breytir allri umræðu um þetta mál. Hann fullyrti að það væri verið að ríkistryggja hallarekstur og það mundi ekkert laga rekstrarstöðuna.

Að lokum, forseti, vil ég gjarnan fá því svarað hjá hæstv. sjútvrh. hvernig beri að skilja 1. gr. þess frv. sem hér er til umræðu. Varðandi það atriði hvort fyrirtækin ættu að endurgreiða umræddar upphæðir sem hafa farið til greiðslu verðbóta sagði hv. þm. Eiður Guðnason eitthvað á þá leið að fyrirtækin mundu að sjálfsögðu endurgreiða þetta ef þau gætu. Ég vildi spyrja annaðhvort hæstv. forsrh. eða hæstv. sjútvrh. að því hvort þeir hafi sama skilning á því og hv. þm. því hann er stuðningsmaður úr þriðja flokknum sem styður þessa ríkisstjórn. Ég hef verið þeirrar skoðunar og skilið það þannig á orðum hæstv. sjútvrh. á öðrum vettvangi að ríkissjóður mundi yfirtaka umrædd lán og þau kæmu ekki til greiðslu af hálfu þeirra fyrirtækja sem hafa notið þessara verðbóta.

Ég tek líka undir það, sem hv. þm. Skúli Alexandersson sagði, að auðvitað er það ekkert aðalatriði út af fyrir sig hverjir skipa stjórnir sjóða eins og þessa hlutafjársjóðs sem 9. gr. gerir ráð fyrir. Samt verð ég að segja það að þar sem hér er um opinberan sjóð að ræða sem kemur til skjalanna í mörgum og alveg örugglega erfiðum verkefnum þá finnst mér það ekki eðlilegt að hann skuli lúta stjórn þriggja manna sem eru skipaðir af forsrh. Það hefði verið eðlilegt að stjórn sjóðs sem þessa hefði verið kjörin af hinu háa Alþingi.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Í morgun var haldinn fundur í hv. fjh.- og viðskn. svo sem raunar hefur verið getið um hér áður en þó ekki greint mjög náið frá því sem þar fór fram og þá var hæstv. sjútvrh. raunar ekki kominn hér í deildina. Því held ég að það sé ekkert úr vegi að rifja aðeins upp hvað á þessum fundi gerðist þó að hæstv. ráðherra sé vafalaust um það kunnugt meira og minna hvernig staða sjávarútvegsins er, hvernig þeir sem þar eru að berjast líta á málin og hvaða álit þeir hafa á þeirri stefnu sem fylgt er. Er þá skemmst frá því að segja að þar var lagt fram bréf sem er ályktun stjórnar Samtaka fiskvinnslustöðva frá því í gær, 20. febr. 1989. Um þetta bréf er raunar getið í a.m.k. einu dagblaðanna í morgun. En þeir sem þarna mættu, Ágúst Einarsson, Árni Benediktsson og raunar fleiri, fóru mjög hörðum orðum um ástandið eins og það er núna. Einna daprast fannst mér að hlusta á eftirfarandi ummæli Árna Benediktssonar sem ég hygg að ég hafi skrifað orðrétt niður. Hann segir: „Ég dreg í efa að nokkurt eigið fé sé eftir í sjávarútvegi í heild sinni."

Sem sagt, sjávarútvegur, meginatvinnuvegur Ís-

lendinga er gjaldþrota. Það er ekki þjóðargjaldþrot en það er gjaldþrot meginatvinnuvegarins að dómi þessa manns og undir þetta tóku aðrir fundarmenn. Raunar voru sýndar einhverjar kúrvur sem byggðar voru á upplýsingum Seðlabanka sem sýna hvernig raungengi annars vegar og verðlag frystra afurða hefur breyst. Það sýnir að vísu verulega hagstæðar aðstæður á árinu 1986 en síðan á árinu 1987 hvolfist þetta gjörsamlega yfir og verður verulega mikill halli á atvinnugreininni og það sem ávannst árið 1986 er horfið og vel það.

Ég veit ekki hvort ég á að hlaupa aðeins á þessari ályktun stjórnar Samtaka fiskvinnslustöðva. Ég hygg að það sé kannski rétt þó að það hafi verið gert af öðrum ræðumanni áður. Þetta er örstutt. Með leyfi forseta hljóðar þetta á þennan veg:

„Meðal ráðstafana núv. ríkisstjórnar við upphaf starfstíma síns var ákvörðun um að verðbætur skyldu greiddar á frystar sjávarafurðir til skamms tíma en Verðjöfnunarsjóði heimiluð lántaka að upphæð 800 millj. kr. með ríkisábyrgð til að standa undir þessum greiðslum. Þessi bráðabirgðaleið var farin í stað þess að taka á vandanum með almennum efnahagsaðgerðum sem tryggt hefðu rekstrarafkomu fiskvinnslunnar. Engar líkur eru á að Verðjöfnunarsjóður eða fiskvinnslan muni geta greitt þetta lán af tekjum sínum og í umfjöllun ráðamanna, m.a. sjútvrh., hefur ætíð verið gert ráð fyrir að það félli á ríkissjóð.

Stjórn Samtaka fiskvinnslustöðva mótmælir því að stjórnvöld skuli ekki breyta texta bráðabirgðalaganna nú þegar verið er að afgreiða þau á Alþingi. Gera þarf ráð fyrir endurgreiðslu ríkissjóðs á láninu og að þar verði tekin af öll tvímæli. Þá mótmælir stjórn Samtaka fiskvinnslustöðva harðlega stofnun hlutabréfasjóðs Byggðastofnunar. Þessi sjóðsstofnun getur leitt til mismununar fyrirtækja og byggðarlaga og virðist einungis eiga að tryggja kröfu skuldareigenda í fyrirtækjum sem eru komin í þrot.

Stjórn Samtaka fiskvinnslustöðva ítrekar að almennar aðgerðir sem breyta langvarandi rekstri fiskvinnslustöðva í hagnað er eina leiðin út úr vandanum."

Aðspurðir svöruðu viðmælendur okkar því að þessi ályktun væri samþykkt samhljóða og virtust vera á einu máli í þessu efni.

Ég skal ekki rekja öll rök þeirra fyrir því að þeir mótmæli eindregið stofnun hlutabréfasjóðs Byggðastofnunar með þeim hætti sem nú er gert ráð fyrir en þeir töldu að menn gengju á bak orða sinna ef ekki yrði breyttur lagatexti þannig að ótvírætt væri að þessar 800 millj. kr. í Verðtryggingarsjóð yrðu greiddar af ríkisvaldinu. Við buðum þá upp á það í stjórnarandstöðu að við mundum reyna að greiða sem mest við mættum fyrir framgangi þessa frv., hvort sem við værum nú samþykk því eða ekki, ef formaður nefndarinnar vildi hlutast til um það að reynt yrði að ná um það samstöðu að með einhverjum hætti yrði fellt inn í frv., ef það yrði lögfest með þessu frv., að þessar 800 millj. kr. kæmu örugglega frá ríkissjóði. Því hefði verið lofað og ég hygg að það sé rétt fullyrðing hjá þeim. Ég held ég muni það rétt að hafa heyrt hæstv. sjútvrh. segja það að auðvitað yrðu þessir peningar greiddir úr ríkissjóði. Hann leiðréttir mig þá ef ég hef eitthvað misskilið hann annaðhvort í ræðu hans eða í sjónvarps- eða útvarpsviðtali.

En þeir sem best þekkja til í sjávarútvegi fullyrða að þessu hafi verið lofað og þeir hafi margítrekað farið fram á að það yrði þá lögfest þannig að menn vissu hvar þeir stæðu. Af því að hv. formaður fjh.- og viðskn. gekk nú einmitt í salinn endurtek ég að það var stungið upp á því af okkur í stjórnarandstöðunni, eða mér, að reynt yrði að ná um það samkomulagi að í gegnum báðar deildir gæti í dag gengið þetta frv. með örlitlum breytingum, þ.e. að lögfest yrði að greiddar yrðu 800 millj. kr. í Verðjöfnunarsjóð úr ríkissjóði. Hv. formaður nefndarinnar tjáði mér í upphafi fundar að hann hefði orðað þetta en ekki væri um þetta samstaða, en ef hún hefði orðið hefði ekki verið þörf á miklum ræðuhöldum hér. Vonandi verður það ekki heldur. Ekki ætla ég að halda uppi neinu málþófi.

Vonandi getum við komið málum áfram. En það hefði verið mjög hyggilegt, og ég beini því nú til hæstvirtra ráðherra af því að það er enn hægt, að gera þetta, ná um það allsherjar samstöðu í þinginu að fella þessa fyrstu brtt. sem við flytjum hér úr stjórnarandstöðunni inn í þetta frv., rúlla því hér í gegn og jafnvel þá í gegnum Nd. líka strax á eftir. Það mundi áreiðanlega mjög milda hug þeirra sem nú berjast í bökkum og vita ekki hvernig þeir eiga að gera út skip sín eða reka frystihúsin frá degi til dags. Það eru menn sem ekki eru öfundsverðir margir hverjir sem eytt hafa allri lífsorku sinni í þennan meginatvinnuveg þjóðarinnar og horfa nú á það allt hrynja í rúst. Þeim finnst við hér á hinu háa Alþingi ekki taka allt of alvarlega aðvörunarorð þeirra. Ég skal ekkert vera að rífast um það við hv. þm. Skúla Alexandersson eða neinn annan hvers sökin sé. Þetta hefur grafið um sig á löngum tíma og vafalaust er það rétt að í þessa svokölluðu fastgengisstefnu hafi verið haldið of lengi. Ég get raunar persónulega trútt um talað því að það hefur margupplýst verið, var strax í maímánuði í fyrra — þá flutti ég í þingflokknum tillögu um að fella gengið um 12–15% og lækka jafnframt söluskatt um 5% ef það hefði nægt til þess að engar almennar verðhækkanir hefðu orðið í þjóðfélaginu þrátt fyrir þessa lækkun. Ég flutti þessa tillögu raunar fyrst í febrúar, síðan aftur í maí og loks í september, alltaf sömu tillöguna. Það fór ekki gegnum fyrrv. ríkisstjórn. Það væri öðruvísi ástatt hér á þessu landi nú ef það hefði verið hægt að koma í veg fyrir almennar verðhækkanir með því að lækka söluskattinn um 5%. Allir þeir sem ég hef borið það mál undir eru sammála um að 5% lækkun söluskatts mundi hafa vegið algjörlega upp 13% gengisfellingu því að auðvitað er söluskatturinn á svo miklu víðtækara sviði en innflutta varan. Það er öll þjónusta og öll innlend framleiðsla sem verður að greiða söluskattinn af en hækkunina á erlendum peningum einungis af gjaldeyrisnotkuninni.

Þetta var sem sagt ekki gert og það er ekkert um það að fást úr þessu, en hitt er ljóst, og nú ætla ég að biðja hæstvirta ráðherra að hlusta, að nú segja þessir menn sem voru hjá okkur í morgun að þrátt fyrir þær gengisfellingar sem nú hafa orðið sé alveg ljóst að það sé ekki unnt annað en fella gengið um 10–12%, einn sagði 13%, alltaf þessar sömu tölur, að enn þurfi þessa við, öðruvísi verði sjávarútveginum ekki borgið. Og það er auðvitað alveg rétt þegar eiginfjárstaða fyrirtækjanna er skoðuð, ég tala nú ekki um ef hún er jafnbágborin og Árni Benediktsson sagði, að hún væri horfin, að verið er að þjóðnýta meginatvinnuveg Íslands, gera hann gjaldþrota, og síðan eiga einhverjir og einhverjir að taka við þrotabúinu.

Þetta er auðvitað of alvarlegt til þess að ég geti gantast með það. Mér finnst ástandið vera svo raunverulegt að við þetta sé ekki hægt að búa, það geti engin ríkisstjórn búið við þetta, það geti engin stjórnarandstaða búið við þetta, það geti engir í atvinnuvegunum búið við þetta, fólkið í landinu, launþegarnir, geti ekki búið við þetta. Þá fer auðvitað að nálgast þjóðargjaldþrot ef meginatvinnuvegurinn hrynur og síðan hinir atvinnuvegirnir á eftir, ef kaupmáttur fer niður úr öllu valdi og skattar jafnvel hækkaðir og atvinnuleysi sívaxandi. Þetta er sú mynd sem við okkur öllum blasir og við hljótum auðvitað að ræða þetta alvarlega. Ég veit það fyrir fram úr því að ekki náðist málamiðlun um þessa litlu breytingu sem við fórum fram á. Kannski næst hún enn þá ef hæstv. ráðherrar vilja koma þessari samstöðu á á næstu mínútum eða næsta klukkutímanum, en þá veit ég auðvitað að þetta fer hér í gegnum þingið. Ég held að ekki sé hægt að segja að þetta eitt sér geti úr því sem komið er skaðað mikið, eins og hv. þm. Skúli Alexandersson raunar vék að. Skaðinn er skeður og hann hefur skeð auðvitað ekki bara á þeim fjórum mánuðum sem þessi hæstv. ríkisstjórn hefur verið við völd. Hann var að búa um sig og það var ekki nægilega góð samstaða um raunhæfar aðgerðir í fyrrv. ríkisstjórn. Það er alveg ljóst. Þetta er ekki til nokkurra minnstu bóta. Þetta dugir kannski í nokkrar vikur eða mánuði. En það er líka rétt sem Árni Benediktsson vék að í morgun. Hann sagði að þegar eiginfjárstaða væri orðin með þeim hætti sem hann raunar sagði að væri núll eða verri, þá yrði slíkur þrýstingur að fá lánsfé til þess að halda fyrirtækjum gangandi að vextir færu upp úr öllu valdi. Það væri barist um hverja krónu hvað sem hún kostaði. Það væri kannski meginskýringin á því hve raunvextir eru háir hér á landi, það væri slegist um krónurnar. Fyrst eru þær skammtaðar, þær eru frystar eins og menn vita, 23% af öllu sparifé eru fryst inni í Seðlabanka og það eitt náttúrlega hækkar vexti um nokkur prósent. Síðan þegar þrýstingurinn kemur svona gífurlegur frá atvinnuvegum sem eru að reyna að halda sér fljótandi, bæði af hugsjónum og eins auðvitað af einhverri eigingirni, þeir vilja ekki láta lífsstarf sitt hrynja í rúst, þeir vilja reyna að bjargast í von um batnandi tíma, hærra verðlag, kannski gengisfellingu o.s.frv., þá auðvitað berjast menn. Þeir borga okurvexti fyrir þessa litlu peninga sem skammtaðir eru í þessu þjóðfélagi.

Það kom hér fram hjá hv. þm. Júlíusi Sólnes, sem við auðvitað höfum rætt í þessari Evrópustefnunefnd t.d., að líklegasta leiðin kynni að vera — það eru kannski ekki allir í nefndinni sammála um það en við höfum rætt þann möguleika að opna algjörlega fyrir gjaldeyrisviðskiptin eins og önnur ríki eru öll að gera núna meira og minna. Núna er talað um alheimsopnuð gjaldeyrisviðskipti. Þá getur enginn skammtað peninginn. Það getur enginn haldið uppi þeim okurvöxtum sem eru hér á landi. Þá yrðu vextir eins og í öðrum löndum og menn gætu fengið lán með nákvæmlega sömu kjörum og annars staðar. Auðvitað gætu menn tapað einhverju á því að taka lán í þessari mynt en ekki hinni, en sumir spá því nú að þetta sé kannski að renna saman meira og minna í eina mynt. Evrópumyntin svokallaða er raunar engin mynt. Það eru bara viðmiðunarreglur og síðan er þetta allt saman reiknað út í tölvum, það eru engir peningar gefnir út og þeir eru kannski að hverfa úr umferð. Það eru gífurlegar breytingar að gerast á fjármagnsmarkaði og án þess að ég búist við því kannski að núv. hæstv. ríkisstjórn muni taka þá tillögu upp gef ég henni þau ráð að athuga það hvort ekki væri rétt að gera þetta, að hafa eitt allsherjar glaldeyrisviðskiptakerfi.

Það kom fram einmitt á þessum fundi í morgun að menn teldu að 70% af lánum sjávarútvegsins væru erlend lán nú þegar, viðbótin að einhverju leyti verðtryggð. Það er ekki bara sjávarútvegurinn sem fær erlend lán, afurðalán. Öll útflutningsframleiðslan býr við erlend lán og þau eru kannski hagstæðari en verðtryggðu lánin. Ég efast um að það séu meira en 30% af íslenskum peningum í umferð yfirleitt, að 70% séu erlend. Það eru ekki bara öll afurðalánin, það er líka svo að fyrirtæki, ekki síst í sjávarútvegi, hafa um langt skeið aldrei fengið nein önnur lán en erlend. Þó að svo væri látið heita í bönkunum og sjóðunum að þetta væru innlend lán hafa þau öll verið gengistryggð, meira og minna. Og hvað notum við núna þegar við verslum? 60–70% af peningunum í smásöluversluninni eru erlend greiðslukort, og sum þeirra eru komin upp í 6 mánuði, bjóða 6 mánaða greiðslufrest, eðlilega með okurvöxtum. Auðvitað vilja þessir kortaeigendur og fjármögnunarfyrirtæki erlendis græða á vitleysunni hér á Íslandi. Það erum við ein sem töpum, þjóðin, á þessari ofstjórn og ofstýringu á öllum sviðum. Og það sem er auðvitað verst við þetta frv., sem hér verður væntanlega afgreitt endanlega nú á eftir, er að það er aukið á ofstjórnina en ekki úr henni dregið. Þetta kann að slampast næstu vikur og mánuði en þetta bjargar engu. Það eykur skuldabyrðina og gerir erfiðleikana enn þá meiri í sjávarútveginum, því miður.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Vitanlega mætti hafa mörg orð um margan fróðleik sem hér hefur komið fram, en ég skal takmarka ræðu mína mjög, enda mun vera

samkomulag um að afgreiða frv. hér í hinni hv. deild og fagna ég því. Ég vil þó svara þeim spurningum sem sérstaklega var til mín beint.

Hæstv. sjútvrh. er staddur hér og hefur verið seinni hluta umræðnanna og mun svara þeim spurningum sem sérstaklega var til hans beint, t.d. um Verðjöfnunarsjóðinn. Ég vil taka það fram að yfirlýsingar hæstv. sjútvrh. í því sambandi njóta fulls stuðnings í ríkisstjórninni og fer þar ekkert á milli mála. Ég tel samt ekki rétt að breyta textanum í frv. Ég lít svo á að yfirlýsing sjútvrh. í því sambandi eigi að nægja.

Spurt er um eigið fé og rýrnun þess. Þar mun einnig sjútvrh. fjalla um málið, en þær tölur sem ég nota í þessu sambandi eru beint úr skýrslu Seðlabanka Íslands um þróun peningamála með þeirri einu breytingu að sú upphæð sem Seðlabankinn gaf fyrir árið 1987 og hins vegar 1988, eða í lok þeirra ára, var uppfærð með tilliti til verðlags. Ef ég man það rétt, og reyndar hef ég það hér á línuritinu, þá gaf Seðlabankinn upp að eigið fé í sjávarútvegi í lok ársins 1987 miðað við þjóðarauðsmat hefði verið 22,9 milljarðar kr. en í lok ársins 1988 13,6 milljarðar kr. Og þegar þetta var fært til verðlags var það helmingsrýrnun. Þessar sömu tölur nota samtök fiskvinnslustöðva í þeim línuritum sem ég veit að margir þingmenn hafa fengið.

Hæstv. sjútvrh. óskaði eftir því að þetta eigið fé yrði endurmetið og hefur þá fengið töluvert skárri tölu, sem betur fer, út úr þessu endurmati. Ég hugsa að allir fagni því þó að þarna hafi verið um verulega rýrnun að ræða. Hins vegar var því lýst hér að einn maður, sem afar kunnugur er þessari þróun í sjávarútvegi, hafi reyndar talið að rýrnunin hafi orðið enn þá meiri og kann ég ekki að dæma um það. Ég hef óskað eftir því við Þjóðhagsstofnun að þetta verði vandlega skoðað. Þetta staðfestir fyrst og fremst að afkoman hefur verið erfið, eigið fé hefur rýrnað.

Hv. þm. Halldór Blöndal endurtók a.m.k. tvisvar í ræðu sinni að ég hefði sagt að gengið skipti ekki máli, orðrétt skrifað niður, og sömuleiðis að gengisfellingar hafi ekki komið að gagni. Þetta er einhver mjög mikill misskilningur og ég vek athygli á því að hv. formaður Sjálfstfl. tók fram hvað eftir annað í Nd. að ég hefði sagt að gengið væri of hátt skráð og þyrfti að lækka. Vitanlega skiptir gengi gífurlega miklu máli í þessu sambandi, en ég hef sagt að fyrir þessi mjög skuldsettu fyrirtæki hefur það sýnt sig aftur og aftur að þau hafa verið komin í sömu stöðuna eftir örfáar vikur eða mánuði. Fyrir þessi mjög skuldsettu fyrirtæki, ég verð að undirstrika það. Ég lét einmitt reikna það sem ég kalla stílfært dæmi fyrir svona meðalfyrirtæki í sjávarútvegi sem ég hef greint ítarlega frá hér á hinu háa Alþingi. Þetta hefur verið afhent öllum þingmönnum og mun ég því ekki lengja umræðu með því að fara yfir það. Þar kom hins vegar mjög greinilega í ljós að jafnvel með 20% gengisfellingu var þetta stílfærða meðalfyrirtæki í sjávarútvegi samt í greiðsluvandræðum, þurfti aukið fjármagn upp á um það bil, ef ég man rétt, 4–5% fyrstu árin til að komast ekki í greiðsluvandræði vegna þess hvað skuldirnar eru miklar. Ég vakti athygli á því að í flestum tilfellum er það svo fyrir gengisfellingar að veðsetningar eru komnar langt upp fyrir 75% og þá er það venja hjá viðskiptabönkunum að krefja greiðslu og lækka veðsetningarnar. M.ö.o., þetta sýndi að miðað við þessa miklu skuldabyrði varð að halda áfram að veita ný lán til þess að fyrirtækið kæmist ekki í greiðsluvandræði. Sömuleiðis sýndi það sig að ef svokölluð löng lán — sem eru það ekki í öllum tilfellum, eru oft þriggja til fjögurra ára lán og reyndar er það fremur regla en undantekning í viðskiptabönkunum — voru lengd í 12–14 ára lán gjörbreyttist greiðslustaða þessara fyrirtækja sem vitanlega sýndi að til þess að gengisfelling komi þessum skuldsettu fyrirtækjum að góðum notum er nauðsynlegt að gera fleiri aðgerðir.

Vitanlega kemur gengisfelling sterkum fyrirtækjum og skuldlitlum þegar að mjög miklum notum og ég ráðlegg hv. þm., af því að ég veit að hann hefur aðgang að því, að líta við hjá Útgerðarfélagi Akureyringa og spyrjast fyrir um hver framleiðnin sé nú hjá því mjög góða fyrirtæki. Ég hef fengið upplýsingar um það og ég veit að hv. þm. getur eflaust fengið þær. Reyndar hef ég spurt fleiri fyrirtæki, sem eru að vísu ekki eins vel stödd og Útgerðarfélag Akureyringa, um framleiðni í þessum mánuði og þau staðfesta við mig að hún hafi gjörbreyst. Stóri erfiðleikinn núna er vitanlega hjá þessum skuldmiklu fyrirtækjum og svo þar sem afli hefur brugðist sem er því miður mjög víða og er vitanlega mjög alvarlegt mál.

Hv. þm. spurði af hverju samstarfsnefndarinnar væri ekki lengur þörf hjá hlutafjársjóðnum. Flest þau fyrirtæki sem koma til hlutafjársjóðsins, ef ekki öll, hafa farið í gegnum athugun samstarfsnefndar Atvinnutryggingarsjóðs og því var ekki talið nauðsynlegt að hafa slíka nefnd þar starfandi fasta, enda er gert ráð fyrir að hlutafjársjóðurinn starfi til margra ára en Atvinnutryggingarsjóðurinn sé skammtímalausn.

Hv. þm. spurði hvers vegna þetta væri bundið við burðarása, eins og hann orðaði það, í einstökum byggðarlögum. Ég tel þá spurningu mjög eðlilega og þarf hún að athugast vel sem ég mun óska eftir af stjórn hlutafjársjóðsins áður en endanleg reglugerð verður gefin út og er tilbúinn að hafa um það samráð við hverja sem er. Þarna er vandrataður hinn gullni meðalvegur eins og svo oft áður, að opna ekki fyrir allt, við ráðum bara hreinlega ekki við það, en engu að síður að hlutafjársjóðurinn geti náð til þeirra fyrirtækja sem mikilvægust eru.

Hér er enn rætt mjög um hlutafjársjóðinn og honum fundið flest til foráttu. Ég vek athygli á því að Sjálfstfl. lagði til í hugmyndum að efnahagsaðgerðum í september að setja á fót sjóð með 1 milljarði kr. til að bæta eiginfjárstöðu fyrirtækja. Þetta var alveg augljóslega skynsamleg tillaga. Mér var ekki ljóst þá hvernig þetta átti að gerast. Hér er leið sem menn eru að fara til að reyna að ná bönkum og sjóðum inn í þessa eiginfjáraukningu svo að þetta þurfi nú ekki allt að koma af fé ríkissjóðs. Þessi drög að reglugerð hafa

verið sýnd t.d. bæði Byggðastofnun og Landsbanka sem hafa talið hana geta þjónað þessu markmiði.

Ég vona að ég sé ekki að upplýsa um neitt þó að ég segi að hjá Byggðastofnun er talið að 400 millj. kr. þurfi að breytast í hlutafé, í fljótu bragði skoðað. Og hvernig á stofnunin að gera það? Við vonum að Landsbankinn, sem er langstærsti aðilinn í þessum skuldamálum sjávarútvegsins, taki virkan þátt í þessu, og því hefur verið haft samráð við Landsbankann um málið. Hér er því á ferðinni hugmynd sem er ekki mjög frábrugðin því sem af öðrum hefur verið nefnd og byggir fyrst og fremst á þeirri sannfæringu að bæta þurfi eiginfjárstöðu fyrirtækjanna.

Ég tek svo sannarlega undir það sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, að aukin miðstýring er ekki af hinu góða og við skulum vona að hér sé um bráðabirgðaaðgerð að ræða sem við getum smám saman losnað út úr og fyrirtækin komist yfir á eðlilegar hendur.

Í öðru lagi vil ég vona að hlutafjársjóðurinn verði aldrei nema að litlum hluta eða minni hluta, skulum við segja, eigandi hlutafjár í einstökum fyrirtækjum, aðrir komi þar inn einnig.

En stóra spurningin er náttúrlega þessi: Hvernig á að bjarga þessum fyrirtækjum? Þar heyri ég þrenns konar hugmyndir. Á fundi Samtaka fiskvinnslustöðva stóð upp einn maður með mjög góða eiginfjárstöðu í sínu fyrirtæki og sagði: Það á ekkert að gera. Það á bara að láta þau fara á hausinn o.s.frv.

Hvað gerist þá í mörgum byggðarlögum? Skipin fara í burtu og byggðarlagið er í rúst, algjörlega í rúst. Ég er ekki tilbúinn að taka þátt í slíkri aðgerð, það ætti að koma skýrt fram. Ég tel að það eigi af opinberri hálfu með beinum og óbeinum aðgerðum að beita sér fyrir því að t.d. skipin haldist sem mest í byggðarlögunum. Ef menn vilja selja skip eiga menn að gera það af frjálsum vilja en ekki í gjaldþrotaskiptum þar sem enginn ræður við neitt.

Það er ótrúlegt að hlusta á þessa samþykkt Samtaka fiskvinnslustöðva. Við mig hafa talað fjölmargir meðlimir í þeim samtökum og sagt: Þetta má ekki gerast að skipin fari burt úr byggðarlögunum. Það bara má ekki gerast. Og þeir koma í hópum og segja: Þið verðið að tryggja það af opinberri hálfu að þetta gerist ekki — svo samþykkja þeir svona endaleysu, ef ég má orða það svo, sem mér finnst fullkomlega óábyrg.

Benedikt Bogason var nefndur hér af því að ég hafði farið fram á að hann hefði forustu um þessa athugun. Það gerði ég hreinlega vegna þess að ég kynntist Benedikt Bogasyni þegar ég var sjútvrh. Þá starfaði hann fyrir mig að skuldbreytingu og gerði það af miklum ágætum. Hann er þaulkunnugur þessum málum og að höfðu fullu samráði, að sjálfsögðu, við framkvæmdastjóra Byggðastofnunar vorum við sammála um að nauðsynlegt væri að fela einum ákveðnum manni með þekkingu og reynslu á þessum sviðum að hafa yfirumsjón með þeirri athugun sem hér fer fram. Annað lá ekki þarna að baki.

Af því að Ólafsfjörður hefur verið svo oft sérstaklega nefndur og ég veit að hv. þm. Halldór Blöndal ber hann mjög fyrir brjósti, sem ég get vel skilið, væri út af fyrir sig mjög áhugavert að skoða hvað þar hefur gerst og það er eflaust hárrétt sem hv. þm. sagði um þá aflastöðvun sem var þar um lengri tíma. En þar hefur líka gerst það að þangað hafa komið tveir frysti- og fiskvinnslutogarar og ef ég man rétt hefur ísfisktogurum fækkað í tvo og afleiðingin hefur orðið sú að það hefur ekki verið nægur fiskur fyrir fiskvinnslustöðvarnar í landi. Þar hafa verið miklar eignir sem hafa ekki verið arðbærar. Getur ekki verið, þó ég sé alls ekkert að vefengja það að æskilegt hefði verið að fá þangað frysti- og fiskvinnsluskip, að þess hafi ekki verið gætt að hagræða og aðlaga hlutina í landi þessari breytingu sem varð á staðnum? Þetta er umhugsunarefni. Ég held að benda megi á mjög marga staði á landinu þar sem þessa var ekki gætt.

Hæstv. sjútvrh. mun tala um smábátaútgerðina. Hann hefur verið með þau mál í athugun. Ég get ekki annað en sagt það sama og sagt var við nefndarmenn að það var ekki talið, þegar ég kynnti mér þau mál, nauðsynlegt að setja hlutdeildarskírteinin inn í lánsfjárlög.

Hv. þm. Júlíus Sólnes talaði um íslensku krónuna. Ég vil taka undir það sem hann sagði. Það er alveg stórkostlegt að eiga svona sterka krónu en dálítið furðulegt að atvinnuvegurinn sem skapar hana skuli vera á hvínandi hausnum. Ég verð enn að benda á mjög góða grein eftir hinn hálærða hagfræðing Gunnar Tómasson sem birtist í Morgunblaðinu 28. jan. sl. þar sem hann sagði nákvæmlega þetta: Það er ekki hægt að tryggja peningana fyrir öllum skakkaföllum en þetta er það sem menn eru að streitast á móti að verði breytt. Menn eru að streitast á móti og menn halda því fram í verðbréfasjóðum, kaupleigufyrirtækjum og ég veit ekki hvað á að kalla þessi gráamarkaðsfyrirtæki að þetta eigi allt að fá að fljóta ofan á eins og korktappi hvað sem gerist í þjóðfélaginu. Ég held satt að segja að þetta sé miklu alvarlegra mál heldur en við þingmenn höfum gert okkur grein fyrir og kannski miklu hættulegra, þessi frjálshyggjuvitleysa sem hér hefur viðgengist, en við höfum hingað til skilið.

Það er t.d. fróðlegt með smábátaútgerðina. Hvað hefur gerst þar? Það er eitthvert gleggsta dæmið um stjórnlausa frjálshyggju sem hér hefur átt sér stað. Flestir þessir bátar eru keyptir í gegnum kaupleigur. Flestir þessara báta eru keyptir með þeim tveimur milljörðum sem hér var svindlað inn í landið, ef ég má orða það svo, 1987 umfram lánsfjáráætlun, og það er nú enn þá alvarlegra að kaupleigurnar leyfa sér að taka bakvið í eignum þessara manna. Af hverju er ekki nóg að hafa veðin í bátunum? Þarna eru fjöldamargar fjölskyldur sem stefna beint á götuna ef svona heldur áfram. Ég fagna því þess vegna að Byggðastofnun tók þetta mál til athugunar en það er ekkert lítið mál. Mér heyrist hv. þm. vera að tala um 400 millj. kr. mál. (**Gripið fram í:** 500.) 500 millj. kr. mál. Þetta er vitanlega stóralvarlegt mál og tek ég undir það með hv. þm. og við skulum láta þessa vitleysu okkur að lærdómi verða.

Ég get líka tekið undir það sem hv. þm. sagði um

bankakerfið. Það er allt of veikt. Að það skuli ekki ráða við mál eins og þetta Stálvíkurmál er hreint og beint ótrúlegt. Ég verð hins vegar að mótmæla því að ríkisstjórnin hafi ekki viljað sinna þessu máli. Þetta mál kom um miðjan janúar eða svo og ríkisstjórnin afgreiddi það jákvætt. Ríkisstjórnin tilkynnti bæði Iðnlánasjóði og Landsbankanum að hún væri reiðubúin að auka bakábyrgð þá sem lög gera ráð fyrir að ríkissjóður veiti í þessu sambandi. Ráðherrar í ríkisstjórninni lögðu meira að segja áherslu á að þetta yrði afgreitt jákvætt, og sagt var sem svo: Þessi trygging verður veitt enda komi fyrirtækið með nauðsynlega hluti. Og þannig afgreiddi Iðnlánasjóður málið en ekki Landsbankinn. Ég tek því undir það með hv. þm. að það er hroðalegt að þetta verkefni skuli, að því mér skilst, fara til Danmerkur að stærstu leyti og vitanlega vekur það upp spurningar um það hvort ekki verði að hleypa hér inn sterkum, öflugum erlendum banka. Mér þykir leitt að þurfa að segja það því að ég hræðist það. Ef þessir bankar eru hins vegar svona fara að vakna efasemdir um getu þeirra í íslensku þjóðfélagi.

Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson talaði um það að birta útreikningana. Það er náttúrlega mjög alvarlegt mál. Þetta er trúnaðarmál og ég veit ekki hvort fyrirtækin vilja fallast á að leggja alla slíka útreikninga á borðið. Þess vegna var sú leið farin að biðja Ríkisendurskoðun að skoða hvert einstakt mál, en ef fyrirtækin heimila það er það vitanlega sjálfsagt mál. Það er ekkert því til fyrirstöðu. Hv. þm. sagði að við þyrftum að ræða um ástæður erfiðrar stöðu. Það mætti halda langa ræðu um það því að þetta hefur m.a. verið viðfangsefnið að skoða. Ég ætla aðeins að nefna það hér að hv. þm. hafa sumir fyrir framan sig þetta línurit sem hv. síðasti ræðumaður nefndi. Frá upphafi ársins 1986 til þriðja ársfjórðungs 1987 hækkaði verðlag frystra afurða mikið meira en raungengi. Og það er kannski von að menn spyrji hvað varð um þennan hagnað. Þrátt fyrir það kemur fram hér á tölum hjá Seðlabankanum að eigið fé hafi rýrnað. Hvernig stendur á þessu? Það eru einmitt svona spurningar sem ég hefði viljað fá svör við. Ég hef rætt þetta hvað eftir annað og afhent öllum þingflokkum þessar miklu tölulegu upplýsingar og skal ég ekki eyða tíma í það. Eitt er þó athyglisvert, að fjárfesting í fiskiskipum á þessu tímabili þrefaldast næstum því svo að augljóslega hefur þetta verið notað að verulegu leyti í slíka fjárfestingu, en það er ekki öll skýringin. Það er margt fleira. Og nú hefur raungengið lækkað um 10–12 af hundraði og þarf væntanlega að lækka eitthvað meira, en það verður að gerast með samræmdum aðgerðum.

Ég get einnig upplýst hér, af því að spurt er um afkomuna, að samkvæmt nýjustu tölum frá Þjóðhagsstofnun um afkomu botnfiskvinnslunnar — miðað við 6% ávöxtun stofnfjár er hreinn hagnaður, eftir að búið er að ráðstafa þessum 6%, 2,4% í plús. Saltfiskurinn er talinn með 6,8% í plús, frystingin rétt um núllið, hér skráð í mínus 0,3. Þetta er náttúrlega mikil breyting frá því sem var. Ég held að ekki þýði að neita því þó við getum svo deilt um hitt, og reyndar er ég sammála því að hér er ekki tekið nægilegt tillit til fjármagnskostnaðar, en að heimta til viðbótar 10–13% gengisfellingu — um hvað eru mennirnir að tala? Ætla þeir að taka að sér að ráða við þann óróleika sem þá yrði á launamarkaðinum? Ætla þeir virkilega að taka að sér að flytja þetta fjármagn frá launþegum yfir til útflutningsgreinanna? (Gripið fram í.) Ég vil ekki vefengja Þjóðhagsstofnun í þessu sambandi. (Gripið fram í.) Fyrirgefðu, er þetta ekki 7,8 fyrir tolla? Það er dálítið óljóst þarna. (Gripið fram í.) Nei, 6,8% segir Þjóðhagsstofnun. Nei, ég held að hann sé ekki rekinn með svo miklum hagnaði af því að fjármagnskostnaður er meiri.

Ég vil biðja menn að athuga það að 10–13% gengisfelling þýðir tilfærslu til botnfiskvinnslunnar upp á um 3 milljarða kr. Við erum að tala um það að bæta þurfi eiginfjárstöðu. Hv. sjálfstæðismenn töluðu í september um 1 milljarð kr. Ég get vel trúað því að til að bæta eiginfjárstöðu þurfi um 2 milljarða kr. Það er um 8% tilfærsla til þessara greina.

Ég bað Þjóðhagsstofnun að skoða fyrir mig hvernig afkoman breyttist ef einn þriðji af lökustu fyrirtækjunum er ekki tekinn með og mér var sagt að hún mundi lagast um 2–3%. Mér sýnist því að áður en menn fara að hlaupa til og fella gengið um 13% og ætla sér að færa þannig frá launþegum yfir til útflutningsgreinanna sé vissara að skoða ýmsa aðra anga í þessu máli.

Ég hef ekki tíma til að ræða þetta meira. Það er vitanlega alveg hárrétt sem hér hefur verið sagt. Við ræðum stöðugt um efnahagsmálin og ég tek undir það sem kom fram hjá hinum hv. ræðumönnum að það væri óskandi að við gætum komið þeirri stjórn á okkar efnahagsmál að þetta geti gengið slysalaust a.m.k. út árið og helst næstu 2–3 árin.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Hér hefur verið nokkuð til umræðu hvers vegna staða sjávarútvegsins er með þeim hætti sem raun ber vitni og auðvitað eru á því margar skýringar. Aðalskýringin er sú að hagur sjávarútvegsins efldist mjög á ákveðnu tímabili, á árinu 1986 og fyrri hluta ársins 1987, en á þeim tíma fór kaupmáttur í landinu mjög vaxandi þannig að sjávarútvegurinn fékk ekki haldið eftir þeim bætta hag heldur fór hann út til samfélagsins. Jafnframt þurfti sjávarútvegurinn á því að halda á þeim tíma að fá verulegt fé til að greiða upp fyrri skuldir auk þess sem mikil nauðsyn var á því að bæta fiskiskipaflotann þótt í nokkrum tilvikum hafi það gengið út í nokkrar öfgar, m.a. réðust aðilar sem ekki höfðu nægilegt eigið fé til þess í slíkar fjárfestingar sem ég tel út af fyrir sig vera mistök. Eftir sem áður stendur sú staðreynd að fiskiskipaflotinn þurfti verulegra endurbóta við vegna þess að mörg skipanna höfðu drabbast niður í gegnum tíðina.

Hér hafa verið lagðar fram nokkrar spurningar sem ég skal svara. Í fyrsta lagi að því er varðar Verðjöfnunarsjóðinn þá kemur það skýrt fram í frv.

að lán þetta fellur á ríkissjóð verði það ekki endurgreitt innan þriggja ára. Það sem ég hef sagt um þetta mál er að ég tel engar líkur til þess að sjávarútvegurinn geti endurgreitt þetta lán og það séu allar líkur til þess að það falli á ríkissjóð. Fyrir því skal ég færa nokkur rök.

Í fyrsta lagi þarf staðan að lagast það mikið að sjávarútveginum sé unnt að missa greiðslur úr Verðjöfnunarsjóði. Við skulum vona að það verði einhverjar verðhækkanir á erlendum mörkuðum en þær þurfa að vera verulegar til þess að sjávarútvegurinn þoli að missa þessar greiðslur.

Í öðru lagi þarf sjávarútvegurinn á því að halda að bæta sína stöðu, byggja upp sitt eigið fé eftir þau áföll sem hann hefur orðið fyrir. Það eru því engar líkur til þess og nánast augljóst að ekki mun verða lagt í Verðjöfnunarsjóð frystingarinnar á næstu árum. Það kom m.a. til umfjöllunar vorið 1987 hvort lagt skyldi í Verðjöfnunarsjóð. Fulltrúar ríkisins í stjórn Verðjöfnunarsjóðsins lögðu til að lagt yrði í sjóðinn en fulltrúar veiða og vinnslu stóðu gegn því og þeir hafa meiri hluta í stjórn sjóðsins. Því ætti það að vera augljóst að fulltrúar veiða og vinnslu, m.a. þessara aðila sem lögðu svo mikla áherslu á að breyta þessari lagagrein, munu ekki standa að því að taka upp greiðslur í Verðjöfnunarsjóð nema eitthvað mjög sérstakt komi upp í þjóðfélaginu, t.d. einhverjar þær verðhækkanir á afurðum okkar sem við sjáum ekki fyrir. Ef slíkur happdrættisvinningur mundi koma upp, sem ég hef enga trú á, er ekki rétt að útiloka að eitthvað geti komið inn í sjóðinn.

Þetta eru staðreyndir málsins og að mínu mati er óþarft að breyta þessari lagagrein. Ég stend við þá fullyrðingu mína að ég tel allar líkur benda til þess að þetta muni falla á ríkissjóð. Menn geta svo túlkað það með þeim hætti sem þeir vilja þ.e. hvort hér sé um loforð að ræða o.s.frv. Þetta ber hins vegar ekki að skilja sem loforð heldur mat mitt á þeirri stöðu sem uppi er og mér finnst með ólíkindum ef aðilar í sjávarútvegi og þeir sem mynda meiri hluta í stjórn sjóðsins eru ekki sömu skoðunar.

Það hefur jafnframt verið spurt um fiskverð af hv. 2. þm. Norðurl. e. Það fara nú fram samningar um fiskverð og þeir samningar eru á viðkvæmu stigi. Það liggur alveg ljóst fyrir að vinnslan hefur enga möguleika á að greiða hærra fiskverð við þær aðstæður sem hún býr nú við. Hins vegar er mikil þörf á því hjá útvegsmönnum og þeim sem gera út skip, sérstaklega bátaflotans, að fá nokkra fiskverðshækkun. Einnig er það rétt sem hv. þm. sagði að fiskverð hefur aðeins hækkað um 5% á 18 mánaða tímabili og nú um 1,25% 15. febrúar. Það eru minni hækkanir en aðrir hafa fengið og þar af leiðandi hafa sjómenn dregist mjög aftur úr í tekjuþróuninni, auk þess sem á þá fellur með harðari hætti sá aflasamdráttur sem menn standa nú frammi fyrir.

Ég er þeirrar skoðunar að það þurfi að eiga sér stað hófleg fiskverðshækkun, hún þurfi að vera einhver en ekki svo mikil að hún kalli á launahækkanir til annarra hópa þjóðfélagsins því ef slíkt ætti að eiga sér stað þá mundi það aðeins auka hér verðbólgu og verða sjávarútveginum til bölvunar. Ég er því enn þeirrar skoðunar að það þurfi að eiga sér stað enn nokkur raungengislækkun til þess að laga stöðu sjávarútvegsins en tel slíka gengisbreytingu eins og hér hefur verið minnst á ekki þjóna hagsmunum hans því að það er alveg ljóst að í kjölfar slíkrar breytingar mundu kostnaðarhækkanir eyðileggja þann árangur á stundinni miðað við þann tekjuskiptingarvanda sem menn standa nú frammi fyrir í þjóðfélaginu. Það væri því aðeins hægt að lögfesta kaup og kjör í landinu um alllangt skeið og vera þá fullviss um það að slíkt mundi halda því það þýðir lítið að auka tekjur sjávarútvegsins ef strax í kjölfarið koma verulegar kostnaðarhækkanir.

Hér hefur verið nokkuð talað um eigið fé og eiginfjárstöðu sjávarútvegsins. Mér er ljóst að hún er slæm og hefur rýrnað. Ef miðað er við tryggingarmat flotans þá er eiginfjárstaða sjávarútvegsins í árslok 1986 samkvæmt þessum tölum Seðlabankans 18 milljarðar 260 millj., í árslok 1987 22 milljarðar 810 millj. og nú í febrúar 1989 20 milljarðar 860 millj., eða 22,4%, og hefur þá rýrnað frá 32% á árinu 1987. Þetta stafar í fyrsta lagi af taprekstri í sjávarútveginum sem er verulegur. Eiginfjárstaðan hefur áreiðanlega rýrnað um eina 3 milljarða vegna taprekstrs og það er mikið fé. Hins vegar hefur líka verið um verulegar fjárfestingar að ræða í sjávarútveginum, m.a. í endurbótum á fiskiskipum — og það fjármagnað að verulegu leyti með skuldum en ekki með eigin fé. Það verður því að viðurkennast að fjárfestingin hefur farið nokkuð úr hömlu og bjartsýni hefur verið fullmikil. M.a. hefur verið mikil fjárfesting í fiskiskipum til rækjuveiða en nú er ástandið því miður þannig að það er engin rækjuveiði. Það er til lítils að vera alltaf að flagga þessum tryggingarmötum og margvíslegum mötum um eignir sjávarútvegsins því eignir sjávarútvegsins eru lítils virði ef afrakstur fiskimiðanna stendur ekki undir þeim. Þau voru lítils virði síldarplönin á Siglufirði þegar síldin fór og þau verða lítils virði rækjuskipin ef ekki verður rækjuveiði, þannig að öll þessi möt eru nú afar afstæð og menn mega ekki leggja svona mikið upp úr þeim. Það er ábyrgðarhluti af Seðlabankanum, finnst mér, að vera að birta þessi möt, þjóðarauðsmöt og tryggingarmöt án rækilegra skýringa. Ég gef ekkert allt of mikið fyrir þau. En aðalatriðið er það að eiginfjárstaða sjávarútvegsins er of veik og þarf að batna og til þess að svo geti orðið þarf sjávarútvegurinn að hafa hagnað og græða. Og til þess að þau fyrirtæki, sem fá væntanlega hlutafé úr hlutafjársjóði, geti staðið undir því þurfa þau líka að græða og hafa hagnað. En ef það er ekki gert munu þau væntanlega leggjast niður og þá væntanlega byggð smátt og smátt í viðkomandi byggðarlögum. Ég fæ því ekki séð af hverju menn eru svo andvígir því. Menn ættu hins vegar að leggjast á eitt um það að greinin fái möguleika á hagnaði þannig að þessar skuldbindingar, bæði sjóðsins og Atvinnutryggingarsjóðs, lendi ekki á ríkinu því ef greinin tapar á næstu árum munu allar þessar skuldbindingar

að meira eða minna leyti leggjast á ríkið og ríkissjóð. Og það sér náttúrlega hver heilvita maður að ríkissjóður fær ekki staðið undir því. Það verður sjávarútvegurinn sjálfur að gera og til þess þarf hann þau rekstrarskilyrði sem nauðsynleg eru í því sambandi.

Hér var einnig vikið að vanda smábátaútgerðar, en þeir aðilar leituðu til sjútvrn. í september sl. og við höfðum samband við Byggðastofnun sem fór rækilega ofan í málefni þeirra. Síðan var 16. des. óskað eftir því við stjórn Byggðastofnunar að hún tæki þetta mál upp og athugaði með hvaða hætti væri hægt að létta greiðslubyrði þeirra smábátaeigenda sem hafa útgerð slíkra báta að aðalstarfi. Byggðastofnun vann þetta mál og skilaði síðan áliti á þá leið að til þess að hægt væri að leysa málið með viðunandi hætti þyrfti 400–500 millj. kr. Það var mun hærri fjárhæð en ráðuneytið hafði gert sér í hugarlund og telur ráðuneytið ekki vera hægt að mæla með því að svo miklum fjármunum verði varið vegna þessa málaflokks.

Við höfðum samband við Landssamband smábátaeigenda, sem hefur stundum verið talið kröfugerðarfélag hið mesta, en þeir töldu að það mætti leysa bráðasta vandann í þessu sambandi með 150 millj. kr. Eftir nokkra yfirlegu í þessu máli telur sjútvrn. að það megi verulega bæta úr í þessum greiðsluvandræðum með því að Byggðastofnun fái heimild til að taka 100 millj. kr. að láni og höfum við lagt það til við ríkisstjórnina, en teljum ekki nauðsynlegt að það komi inn á lánsfjáráætlun því að þetta megi gera í gegnum heimildir einkaaðila til lántöku sem fara í gegnum viðskrn. því að hér er að langmestu leyti um skuldbreytingu að ræða, ekki nýja erlenda lántöku heldur fyrst og fremst að létta á óhagkvæmari lánum. En það er alveg ljóst að það er ekki hægt að bjarga öllum þeim málum sem þarna hafa komið upp. Til þess hefur fjárfestingargleði margra verið allt of mikil og það hefur m.a. verið gert með aðstoð kaupleigufyrirtækja sem virðast lítið hugsa um hvað eigi næst að gerast og hvernig eigi að greiða þessar skuldir. Auðvitað bera þeir sem fjárfest hafa aðalábyrgðina, en ég tel það ekki verjanlegt að verja svo miklu fé til þessa máls eins og Byggðastofnun — ekki beint lagði til en taldi að þyrfti að gera. Hins vegar má vel vera að eftir að farið er að vinna málið betur komi í ljós að það þurfi meira fé en 100 millj. en það verður að koma í ljós eftir að auglýst hefur verið eftir slíkum lánum.

Ég vænti, herra forseti, að ég hafi svarað þeim fyrirspurnum sem til mín var beint.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég vil segja það fyrst að ég hef kannski af óaðgætni hér áðan — og biðst afsökunar á því ef svo hefur verið — sagt ógætileg orð varðandi varaþm. Borgfl., en skýringin á því er auðvitað ekki sú að ég treysti honum ekki til góðra verka heldur hitt að hæstv. ríkisstjórn bindur sig svo mjög við flokksbræður sína í sambandi við þá sem vinna að útfærslu á skuldbreytingum og öðru slíku, hverjir séu í fyrirsvari fyrir sjóðum, að maður getur ekki látið vera að velta því fyrir sér hvar fiskur liggi undir steini.

Ég vil út af því sem hæstv. sjútvrh. sagði hér síðast taka fram að ég var jafnhissa ugglaust og hann á því hversu mikið fé þurfti vegna smábátaútgerðarinnar. Nú er það eigi að síður svo að erfiðleikar sumra stafa eflaust af því að þeir eru í vanskilum hjá innlendum lánastofnunum en ekki erlendum, hafa ekki fengið heimild fyrir erlendum lántökum, þannig að það kann að vera önugt að leysa þeirra mál á þann hátt að almennt sé yfirtekið, eins og gert er í sambandi við meiri háttar endurbætur og viðgerðir á fiskiskipum t.d. úr Fiskveiðasjóði. Ég tel einlægast að veita heimild fyrir Byggðasjóð til þess að hann geti tekið fé með eðlilegum hætti og skuldbreytingin verði þannig framkvæmd fyrir smábátana ef hugmyndin er á annað borð að koma til móts við þá.

Ég tek undir það sem hæstv. sjútvrh. sagði áðan um það að nauðsynlegt er að sjávarútvegurinn sé rekinn með hagnaði. Þetta er auðvitað kjarni málsins og það var einmitt á þeim forsendum sem samstarfið slitnaði milli okkar og fyrri samstarfsflokka. Einkum var það þó Alþfl. sem átti erfitt með að hugsa sér það að sjávarútvegurinn væri rekinn með hagnaði, en síðan kom Alþb. inn í ríkisstjórnina og ég fæ ekki séð, með fullri virðingu fyrir hv. 4. þm. Vesturl., að það andi neitt mildar til sjávarútvegsins nú en gerði frá samstarfsflokkum Sjálfstfl. í septembermánuði. Það er svo sem enginn munur á því.

Það er auðvitað rétt, sem hæstv. sjútvrh. sagði að sjávarútvegurinn er illa staddur. Þar hefur orðið rýrnun á eigin fé. Það er auðvitað rétt sem sjútvrh. segir. Það er ekki kjarni málsins endilega hvernig það er nákvæmlega mælt. Það er laukrétt að erfitt er að gera sér grein fyrir því hvers virði fjárfesting í sjávarútvegi er. Það vitum við öll. Hvers virði er rækjuskip ef ekki veiðist rækja? Hvers virði er frystihús ef ekki berst fiskur á land? og þar fram eftir götunum. Eigi að síður verð að ég að segja að mér finnst muna mjög miklu á þeim tölum sem hæstv. forsrh. var með og vitnaði til í sinni skýrslu. Þá talaði hann um að eigið fé hefði fallið úr um það bil 26 milljörðum í 13 milljarða kr., en samkvæmt upplýsingum sjútvrh. frá Seðlabankanum einnig, þá var flotinn rúmir 18 milljarðar árið 1986, 22 árið 1987 og 20 árið 1989. Heildar eigið fé, já, þannig að það munar ótrúlega miklu á þessum tölum og væri fróðlegt að fá um það nánari upplýsingar hjá Seðlabanka hvernig á því megi standa og athugunarleysi þegar málið var til athugunar í fjh.- og viðskn. að kanna það ekki. En auðvitað geta einstakir þingmenn sett sig í samband við Seðlabankann og fengið nánari skýringar á þessum tölum.

Hitt vil ég hins vegar segja í sambandi við þá stöðu sem hæstv. forsrh. sagði að Þjóðhagsstofnun væri búin að finna út á rekstri sjávarútvegsins. Hún kom mjög á óvart og það er algjörlega gagnstætt því sem ég hef heyrt um afkomu saltfisksins. Að halda því fram að hann sé rekinn með 6,8% hagnaði nú er einhver meiri háttar misskilningur. Það er fallinn á hann 13% tollur. Og eftir þeim hugmyndum sem ég hef er nettólækkun á saltfiski í erlendri mynt um 9% þegar búið er að taka tillit til 6% greiðslu úr Verðjöfnunarsjóði sjávarút-

vegsins. Ef ég fer með rangar tölur — ég skal ekki fullyrða það, þetta eru þær tölur sem ég hef heyrt nýjastar og þetta eru þær upplýsingar sem ég hef haft, þannig að ef það er rétt hjá hæstv. forsrh. að saltfiskurinn sé svona vel staddur núna, þá eru það sannarlega góðar fréttir. En því miður óttast ég að þetta sé ekki rétt. Því miður óttast ég að það sé verið að reyna að fegra hlutina eins og búið er að gera allt of lengi.

Ég tek undir með forsrh. þegar hann tók sig á áðan og sagði að gengið skipti máli og að raungengi krónunnar væri of hátt. Það er raunar sameiginlegt mat þeirra sjútvrh. og forsrh., en á hinn bóginn er því ekki að neita að oft og tíðum kemst forsrh. þannig að orði að maður finnur að hann er a.m.k. að gefa í skyn að gengið skipti ekki svo miklu máli. Þannig segir hann, svo maður vitni bara í yfirlýsingu um efnahagsmál þar sem hvert orð er skrifað og reynt að fara gætilega og sigla milli skers og báru, þar segir hæstv. forsrh. í einum kafla, með leyfi hæstv. forseta:

„Umhugsunarvert er að staða sjávarútvegsins skuli vera svo erfið þrátt fyrir afar góð aflaár 1985–1987. Aflaverðmæti var þá um 12% meira en meðaltal áratugarins og þrátt fyrir að gengi hinnar íslensku krónu hafi á einu ári verið fellt um yfir 26%." — Það var nú ekki þetta sem ég ætlaði að vitna í. (Gripið fram í.) Nei, það skiptir nú ekki máli kannski. — Jú, þegar þetta er rétt lesið þá kemur einmitt það fram sem ég var að minnast á að það er umhugsunarvert að staða sjávarútvegsins skuli vera svo erfið þrátt fyrir að gengið hafi verið fellt.

Auðvitað er það rétt, sem síðar segir, að fjárfesting hafði verið mjög mikil o.s.frv. En svo kemur enn fremur, með leyfi forseta:

„Af þessari stuttu lýsingu og þeim miklu upplýsingum sem liggja fyrir má ljóst vera að þær miklu gengisfellingar sem orðið hafa á einu ári hafa komið stórum hluta sjávarútvegsins að litlum notum og aðeins í skamman tíma." — Stórum hluta sjávarútvegsins að litlum notum og aðeins í skamman tíma.

Áðan sagði hæstv. forsrh. að gengisfelling kæmi best þeim fyrirtækjum sem væru verst rekin. Hann sagði þriðjudaginn 18. okt., þetta er bara ræða sem var á borðinu hjá mér:

„Eins og fyrr reyndist umrædd gengisfelling og aðrar aðgerðir endast skammt og blöstu við enn meiri erfiðleikar en áður höfðu verið í útflutningsatvinnuvegunum um mitt sumar."

Það er ekki hægt að lesa þetta öðruvísi en svo að gengisfellingin hafi verið hluti af því. Hæstv. forsrh. talar oft þannig um gengið að maður hefur það ekki alveg á hreinu hvað hann meinar. (**EgJ:** Hann hefur það ekki sjálfur heldur.) Auðvitað er það vegna þess að honum er sjálfum ljóst, eða a.m.k. skyldi maður ætla það ef maður ber saman ummæli hans fyrir einu ári, þá er honum ljóst að sú stefna sem þessi ríkisstjórn fylgir í gengismálum er röng. Ég get tekið undir það með hæstv. sjútvrh. þegar hann segir að það geti skapað margvíslega erfiðleika hér innan lands ef þegar í stað er gripið til þess að fella gengi krónunnar um 10–13% ofan á það að gengi krónunnar var fellt af þessari ríkisstjórn í september, um áramótin og aftur nú fyrir skömmu og þegar við vitum að ríkisstjórnin stefnir á gengisfellingu innan nokkurra vikna og þegar við vitum enn fremur að ríkisstjórnin gerir ráð fyrir því í sínum áætlunum að efna ekki til nýrrar lántöku í vor til þess að hressa upp á Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Og skal ég ekki víkja nánar að því.

Að lokum, herra forseti, vil ég láta í ljósi vonbrigði yfir því að hæstv. sjútvrh. skyldi ekki fallast á nauðsyn þess, til þess að halda góðu andrúmslofti milli fiskvinnslunnar og ríkisstjórnarinnar, að ríkið yfirtæki þær fjárskuldbindingar sem við erum að tala um í sambandi við Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Raunar þóttu mér ummæli hans athyglisverð að öðru leyti. Hann hafði orð á því að þó að verulega áraði betur, á meðan ekki væri hægt að kalla það happdrættisvinning, einhvern veginn hljómaði það þannig, væri ekki við því að búast að meiri hluti stjórnar Verðjöfnunarsjóðsins mundi fallast á að greitt yrði til hans — er það ekki rétt skilið? — sem sýnir að það ástand sem við búum nú við veldur því að síður verði lagt til hliðar en ella. Jafnvel þó að vel mundi ára, þá sýna orð sjútvrh. að hann er í rauninni sannfærður um að ekki kæmi til þess að lagt yrði til hliðar í Verðjöfnunarsjóðinn á þessum árum sem staðfestir það sem fulltrúar útgerðarmanna og sjómanna sögðu svo skýrlega í haust að þau lög og þær reglur sem nú gilda um Verðjöfnunarsjóðinn eru fullkomlega og algjörlega úreltar og nauðsynlegt að gera þar breytingar á m.a. þannig að fyrirtækin geti lagt til hliðar á eigin reikninga.

Ég er algjörlega sammála því að það er mjög ánægjulegt ef fyrirtæki eru rekin með hagnaði. Og ég vona að rétt sé hjá hæstv. forsrh. að Útgerðarfélag Akureyringa sé rekið með hagnaði um þessar mundir. Ég hef ekki hitt forstjóra þess nú síðustu vikur, en það væri auðvitað mjög ánægjulegt ef svo væri. Ég er algjörlega sammála því að það er hörmulegt ef skip fara frá byggðarlögum þannig að þau standi eftir svo að atvinnulífið er í rúst. Það eru dæmi um það í öllum landsfjórðungum að svo er komið fyrir einstökum byggðarlögum. En ég get alls ekki verið sammála hæstv. forsrh. um hitt að það sé undrunar- eða hneykslunarefni fyrir stjórnmálamann sem hefur setið hér við völd svo lengi sem hann að fulltrúar Sambands fiskvinnslustöðva skuli vísa á bug því bjargráði sem forsrh. kemur nú með, fyrst eftir að segja það í sinni stefnuræðu að eigið fé í sjávarútvegi hafi þorrið um 50% á síðasta ári. Og við skulum segja að þó svo að það sé rétt hjá hæstv. sjútvrh. að þarna sé krítað liðugt, það sé ekki önnur hver króna sem hafi gufað upp, það sé bara þriðja eða fjórða hver króna eða fimmta hver, þá trúði forsrh. því að það væri önnur hver króna og það er kjarni málsins. Hann trúði því. Honum fannst ekkert athugavert við þessar tölur. Síðan kemur hann og stofnar til þess að hlutabréfasjóður eigi að koma til þess að hjálpa upp á þau byggðarlög sem hafa staðið sig þokkalega, kannski svo áratugum skiptir, en vegna sérstakra

aðstæðna eru þau komin núna í þröng og þurfa af þeim sökum að hlaupa til þessa sérstaka hlutabréfasjóðs forsrh. sem er þar að auki svo ósmekklega saman settur að það er ekki einu sinni að Alþingi eigi að skipa stjórnina, ekki einu sinni að það eigi að standa að stjórninni eftir almennum siðalögmálum þannig að menn geti fellt sig við það sem verið er að gera, líka pólitískir andstæðingar forsrh., heldur er verið að læða því inn að það séu sendisveinar eða dindlar forsrh. sem séu að hjálpa byggðarlögunum úti á landi. Það er í anda þessa tóns sem talað hefur verið um það af ýmsum þeim mönnum sem sitja í ríkisstjórn, bæði í göngum og opinberlega, og af þingmönnum sem styðja þessa ríkisstjórn að það sé undarlegt að menn sem gagnrýndu löggjöfina um Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina skuli hafa fengið fé að láni úr sjóðnum. M.ö.o.: Ef menn ekki segja já og amen við öllu þá eru þeir menn sem standa að þessari ríkisstjórn að telja eftir fé, sem er ekki þeirra fé heldur ríkisins, þjóðarinnar, og telja að þeir séu að gera einhvern sérstakan persónulegan greiða þeim mönnum sem hafa verið að byggja upp sjávarútveginn og atvinnulífið. Þetta er auðvitað hinn argasti þvættingur og algjörlega út í hött að ráðherra tíu síðustu árin — sjútvrh. stundum, forsrh. stundum, utanrrh. stundum, og hafði þá með að gera, ef ég man rétt, útflutning sjávarafurða — að slíkur maður skuli hneykslast þegar mennirnir sem sjá grunninn raskast undir fyrirtækjum sínum af því að þeir vita að sjávarútvegurinn stendur verr en áður, hneykslast á því að þeir skuli frábiðja sér að taka sér betlistaf í hendur og ganga á fund þessarar þrenningar sem forsrh. ætlar að láta sitja yfir hlut þeirra manna sem nú eru svo ógæfusamlegir að bera ábyrgð á útgerðarfyrirtækjum og fiskvinnslufyrirtækjum í byggðarlögum sem eiga allt sitt undir þessum rekstri.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 530,1 felld með 9:9 atkv.
Brtt. 530,2 felld með 9:9 atkv.
Brtt. 530,3 felld með 9:7 atkv.
Frv. samþ. með 9:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 534).

NEÐRI DEILD

57. fundur, þriðjudaginn 21. febr., kl. 2 miðdegis.

Verðbréfaviðskipti, 3. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 516, brtt. 526.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Ég hef vanist því að menn geri grein fyrir sínum brtt. hér í deildinni. Mér sýnist að þessi brtt. á þskj. 526 sé til komin vegna þeirra ábendinga sem ég setti fram við 2. umr. um þetta atriði, þ.e. það sem snýr að útboðum hlutafélaga á hlutabréfum í sjálfum sér.

Ég gerði mínar athugasemdir vegna tilskrifs sem hv. fjh.- og viðskn. hafði borist frá Árna Vilhjálmssyni prófessor þar sem hann færði mjög sterk rök fyrir því að eins og frv. var úr garði gert væri þarna um að ræða mjög alvarlega frelsisskerðingu og gjörsamlega óþarfan hlut þegar kæmi að útboðum hlutabréfa. Þar var gert ráð fyrir að aðrir mættu ekki hafa slík bréf til kaups en verðbréfafyrirtæki.

Nú hefur náðst einhvers konar samkomulag í hv. fjh.- og viðskn., að mér skilst, um að taka tillit til þessarar athugasemdar, og ég fagna því. Mér sýnist hins vegar, á meðan ekki eru komnar fram aðrar skýringar frá frsm. nefndarinnar, að sú breyting sem hér er verið að gera sé fullþröng. Hér segir, með leyfi forseta: „Þó er hlutafélögum, er hafa til þess heimild Verðbréfaþings Íslands, heimilt að annast sjálf útboð markaðsverðbréfa sinna.“ Það liggur ekki alveg ljóst fyrir hvers vegna þörf er á að blanda Verðbréfaþingi Íslands inn í þessi mál. Það má vera að á því séu eðlilegar skýringar, en þær hafa ekki komið fram. Ég vænti þess að hv. 1. þm. Norðurl. v. muni útskýra þetta.

Í öðru lagi vildi ég nota tækifærið fyrst hann er hér á leiðinni í pontuna og ítreka þá fyrirspurn mína sem ég beindi til hans við 2. umr., og gaf honum reyndar frest til að svara því við 3. umr., um það hvernig bæri að skilja 2. gr. frv. Því eins og ég vakti athygli á, virðulegi forseti, við 2. umr., þá segir hér eftir að búið er að samþykkja brtt. frá hv. þm. Stefáni Valgeirssyni, eða þá till. sem upprunalega er frá honum komin, að þeir sem lög þessi skuli taka til og hafa atvinnu af viðskiptum með verðbréf skuli afla glöggra upplýsinga um hverjir viðskiptamenn þeirra eru og skrá nöfn þeirra, kennitölur o.fl. á sérstaka reikninga. Og ég beindi þeirri fyrirspurn til frsm. nefndarinnar, hv. 1. þm. Norðurl. v. Páls Péturssonar, hvernig bæri að skilja þetta orðalag: glöggar upplýsingar um hverjir viðskiptamenn fyrirtækjanna eru. Ég held að öllum sé ljóst að það er sjálfsagður hlutur að nafnskrá þessi bréf og fá eðlilegar upplýsingar um nafn, kennitölu og heimili og fleira þess háttar. En hvaða „glöggu upplýsingar“ eru það til viðbótar sem þessi fyrirtæki eiga að afla um sína viðskiptamenn?

Ég held að nauðsynlegt sé vegna túlkunar þessarar greinar í framtíðinni að það liggi fyrir hér í þingtíðindum hver skilningur nefndarinnar er og formanns hennar á þessu orðalagi. Það voru hér uppi ýmsar kenningar og tilgátur við 2. umr. um hvað þetta gæti þýtt, hvort þarna væri um að ræða upplýsingar um ætt og uppruna, lánstraust eða alls kyns persónulega hagi, eins og menn spyrjast fyrir um í þingnefndum vestan hafs þegar verið er að veita mönnum embætti. Þessu hefur ekki verið svarað. Nú vildi ég sem sé

ítreka fyrirspurn mína til hv. formanns fjh.- og viðskn. og óska eftir því að hann veiti glöggar upplýsingar um það hvað þetta orðalag þýðir, þannig að það megi verða þeim til upplýsingar og leiðbeiningar sem þessi lög þurfa að túlka í framtíðinni.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Fyrst varðandi brtt. þá sýndist mér að hún væri svo skýr að ekki væri ástæða til að gera sérstaklega grein fyrir henni, en að gefnu tilefni mun ég reyna að gera það.

Eins og hv. 17. þm. Reykv. gat um er hvatinn að þessari brtt. umsögn eða athugasemd frá Árna Vilhjálmssyni prófessor þar sem hann benti réttilega á að samkvæmt óbreyttu frv. yrði hlutafélagi ekki heimilt að bjóða út eigin verðbréf. Við veltum þessu fyrir okkur og kynntum okkur viðhorf — ef hv. 17. þm. Reykv. mætti vera að því að hlusta á mig — viðskrn. til þessa máls og viðskrn. benti á að möguleiki væri á að misfara með þessa heimild og nefndu dæmi úr fortíðinni þar sem hægt hefði verið að misfara með þetta. Og þannig er þetta verðbréfaþing, þessi eftirlitsþáttur, komið inn í tillöguna. Ég held að þetta sé ágæt lausn og að þarna sé ekki verið að níðast á neinum eða leggja óþarfa hindranir á eðlileg viðskipti. Samkvæmt þessu þarf að sækja um það til Verðbréfaþings Íslands að selja þessi verðbréf en að því samþykki fengnu getur fyrirtækið gert það. Ég tel að þarna sé komið með fullnægjandi hætti til móts við hugmynd Árna og tek það fram að nefndin var einhuga um þessa breytingu.

Varðandi frv. um verðbréfaviðskipti, þ.e. þessar „glöggu upplýsingar", þá er þar átt við að þarna sé um nafnskráningu að ræða, að það liggi ljóst fyrir hver þarna sé á ferðinni, ekki verið að hnýsast í fjölskylduhagi manna að bandarískri fyrirmynd eða skrásetja um þeirra einkalíf. Og tel ég að þeirri fyrirspurn sé svarað. Ég var búinn að gleyma því að hv. 17. þm. Reykv. óskaði eftir svari um þetta atriði frá því við 2. umr. Ég bið hann afsökunar á því að ég var búinn að gleyma því en vona að ég hafi svarað þessu hér með.

Friðrik Sophusson:

Herra forseti. Hér er komin fram brtt. við 3. umr. Það er eðlilegt, ekki síst með tilliti til þess að afbrigði þurfti til að hægt væri að ræða till., að þingmenn fái örstuttan tíma til þess að kanna till. Mér er það ljóst að hugsunin sem kemur fram í þessari brtt. er til mikilla bóta, en spurningin er hvort breytingin sé of þröng þegar stendur í breytingartillögugreininni að miða skuli við þau hlutafélög sem hafa til þess heimild Verðbréfaþings Íslands, að þeim sé heimilt að annast sjálf útboð markaðsbréfa sinna.

Mér er ljóst að sjálfsagt er erfitt að finna skilgreiningu en mig langar til að spyrja nefndina, einhvern úr hv. fjh.- og viðskn. og þá væntanlega formann nefndarinnar eða einhvern annan sem tekur hér til máls í umræðunum, hvort það hafi verið kannað hvort beita megi fremur skilgreiningu sem kemur fram í 11. gr. laga nr. 9 frá 1984. En þau lög fjalla um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestinga manna í atvinnurekstri. Í 11. gr. laganna er þeim hlutafélögum lýst og þau skilgreind sem eru þannig í gerð sinni og starfsemi að ákveðnar skattfríðindareglur gilda um þau félög. Til þess að lýsa því nánar út á hvað þetta gengur segir í 11. gr. að frádrátturinn, þetta er frádráttur til tekjuskatts, sé bundinn því skilyrði að um hlutafélög sé að ræða sem hafi minnst 5 millj. kr. hlutafé og fjöldi hluthafa sé a.m.k. 50. Ég geri mér ekki fulla grein fyrir því sjálfur hvort þetta eru eðlileg skilgreiningarmörk en mælist til þess að einhver hv. nefndarmanna gefi álit sitt á því og ef tilganginum virðist ekki vera náð með núverandi orðalagi brtt. tel ég að það sé þess virði að hv. nefnd gefist tækifæri til þess á örfáum mínútum að kanna hvort ný skilgreiningarmörk komi til greina.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Ég tek það fram að ég er meðflutningsmaður að þessari brtt. sem leitað var afbrigða um að mætti koma til umræðu og afgreiðslu með frv. Ég tók það fram í nefndinni að ég hefði talið að það væri óþarfi að þrengja það með þessum hætti: „Þó er hlutafélögum, er hafa til þess heimild Verðbréfaþings Íslands, heimilt að annast" o.s.frv. Ég taldi það meira virði að ná samkomulagi í nefndinni um breytingu í þessa átt og því gerðist ég meðflutningsmaður að frv. þannig að nefndin flytur frv. í heild.

Varðandi það sem hv. 1. þm. Reykv. sagði hér áðan eru auðvitað skattafríðindi með öðrum hætti, en það má auðvitað deila um það hvort það sé hin rétta viðmiðun að miða við 5 millj. kr. hlutafé og að fjöldi hluthafa sé 50. Á þeim tíma var þetta ákvæði tekið inn í skattalög ef ég man rétt, til þess að hreyfa og sjá hvernig þessari hugmynd yrði tekið og hvernig hún þróaðist. Ég er aftur þeirrar skoðunar að hér sé um allt of marga hluthafa að ræða þó að maður geti e.t.v. fallist á þessa upphæð, sérstaklega núna, sem var í mörgum tilfellum of há því þessi fríðindi náðu svo lítið til hlutafélaga í hinum minni byggðarlögum landsins. Og það getur verið mikið álitamál hvort eigi ekki að lækka þennan hluthafafjölda, sérstaklega með tilliti til þess að fólk sem vill leggja fram litla upphæð til þess að treysta atvinnu í sínum byggðarlögum hafi hinn sama rétt og fólkið sem leggur fram hlutafé í hin stærstu hlutafélög landsins. Um þetta held ég að menn geti almennt verið sammála. Ég held að það sé eiginlega ekki hægt að skilgreina þessa sameiginlegu reglu hvað snertir útboð á markaðsverðbréfum og þessi ákvæði skattalaga. En fyrst hv. 1. þm. Reykv. hreyfði þessu vil ég mjög taka undir það og lýsa þeirri skoðun minni að ég tel nauðsynlegt að breyta þessu ákvæði hvað snertir fjölda hluthafa til þess að það komi jafnar niður, að þetta sé ekki aðeins fyrir stórfyrirtæki í landinu heldur líka minni fyrirtækin og hin minni byggðarlög.

Árni Gunnarsson:

Herra forseti. Frv. sem er hér til umræðu er að mörgu leyti samkomulagsmál í hv. fjh.- og viðskn. og samstarf um vinnu við þetta frv. var með miklum ágætum.

Hér hefur verið gerð athugasemd, og hún að mörgu leyti réttmæt, við 2. gr. frv. eins og hún liggur nú fyrir. Þessi grein er að verulegu leyti byggð á brtt. frá hv. þm. Stefáni Valgeirssyni, að vísu var með hans heimild felld út skráningarskylda á tékkum sem var gert ráð fyrir í upphaflegu greininni. Og nú til þess að sú samstaða sem hefur haldið mjög vel í nefndinni geti orðið áfram um afgreiðslu á frv. vildi ég leyfa mér að leggja til að hér yrði tekin inn brtt. með afbrigðum við 2. gr. og felld út setning þar sem stendur: „afla glöggra upplýsinga um hverjir viðskiptamenn þeirra eru og", þannig að greinin hljóði svo: „Þeir sem lög þessi taka til og hafa atvinnu af viðskiptum með verðbréf skulu skrá nöfn þeirra, kennitölur o.s.frv." Þetta þarf ekki að tefja afgreiðslu málsins og ég legg því eindregið til að brtt. af þessu tagi verði samin, hún verði tekin inn með afbrigðum og ef unnt reynist að afgreiða þá málið í lok fundarins með þeirri brtt.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Varðandi vinnubrögð í nefndinni er því til að svara hv. 1. þm. Reykv. að við litum ekki sérstaklega á þessa skilgreiningu í lögunum en við lítum hins vegar svo á að eðlilegt sé að eftirlit sé haft með þessum viðskiptum og þetta var aðferð sem starfsmenn viðskrn. gátu fellt sig við og þeir töldu í þessu vera eðlilega neytendavernd. Að því leyti til féllst nefndin á þetta og varð sammála.

Varðandi hugmynd hv. 3. þm. Norðurl. e. Árna Gunnarssonar um það að fella þarna ákveðin orð úr, geri ég það ekki að miklu máli. Mér finnst persónulega að það sé óþarfi og flæki ofurlítið afgreiðslu málsins. Ég er búinn að skýra hvað fyrir nefndinni vakti og sé ekki ástæðu til þess að við förum að tefja afgreiðslu málsins með því að flytja skriflega brtt. og fá afbrigði fyrir henni en hef svo sem ekki strangar skoðanir þar á móti. Þó er eitt sem ég vil láta í ljósi: flm. sá sem er faðir að þessu orðalagi, „glöggra upplýsinga", er ekki viðstaddur hér í dag og er á sjúkrahúsi og mér er heldur verr við að gera miklar breytingar á þessu án samráðs við hann.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Hér hafa orðið nokkrar umræður um brtt. við 15. gr. frv. Ég vil taka það fram að tillagan um það að útboð á markaðsverðbréfum, þar með eru talin hlutabréf, skuli fara fram með milligöngu verðbréfafyrirtækis er fyrst og fremst hugsuð til þess að vernda hagsmuni hugsanlegra kaupenda slíkra bréfa, þ.e. neytenda, að upplýsingar sem gefnar eru í sambandi við útgáfuna og önnur tilhögun útboðsins tryggi það að þar sé sanngjarnlega að málum staðið og réttar upplýsingar gefnar. Þess vegna tel ég eðlilegt að þótt hlutafélög fái sjálf að annast útgáfu á sínum markaðsverðbréfum þurfi þau til þess heimild verðbréfaþingsins. Ég hlustaði með athygli á það sem kom fram í máli hv. 1. þm. Reykv. þar sem hann vitnaði til ákveðinnar skilgreiningar á hlutafélögum sem njóta skattfríðinda. Ég tel eðlilegt að verðbréfaþingið líti á það mál þegar það mótar sínar starfsreglur í sambandi við framkvæmd á þessum ákvæðum, þ.e. þegar verðbréfaþingið veitir heimildir til félaga að annast sjálf útgáfu sinna bréfa. En ég tek það fram að það verður nú eðli málsins samkvæmt erfitt að setja um þetta fastmótaða reglu eins og t.d. þá að þau félög sem þannig væru gætu gefið þetta út sjálf því að það er einmitt frágangurinn á útboðinu sem menn þurfa að líta á í hvert skipti. Eru útboðsgögnin réttvísandi? Gefa þau hugsanlegum kaupanda bréfanna sannferðugar upplýsingar?

Að öðru leyti vildi ég ítreka þakkir mínar til hv. fjh.- og viðskn. fyrir hennar mikla og góða starf að frágangi þessa frv. og vildi að endingu segja það um hugmynd hv. 3. þm. Norðurl. e., um breytingu á orðalagi í 2. gr., að ég treysti á að um þetta náist samkomulag í nefndinni, jafngott og um önnur atriði málsins.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Ég vildi láta það koma fram, að að fengnum þessum skýringum hæstv. viðskrh. á orðalagi í þessari brtt. og merkingu þeirra setninga sem skotið hefur verið þarna inn í, drögum við athugasemdir okkar til baka, við hv. 1. þm. Reykv., og föllumst á þetta eins og það er úr garði gert með þeim skýringum sem fram eru komnar.

Ég vil til viðbótar, herra forseti, aðeins fagna því að hv. 3. þm. Norðurl. e. kom hér og bauð upp á breytingar á 2. gr. Mér er kunnugt að hann hefur í samráði við varamann þess þm. sem upphaflega flutti þessa brtt. unnið að því að útbúa orðalag sem við öll, a.m.k. þrjú, gætum sætt okkur við og ég veit ekki annað en að hann sé að ganga frá því. Þannig að ég held að það væri kannski ágætt að fresta málinu stutta stund á meðan beðið er eftir þeirri tillögu ef forseti gæti sætt sig við það. Ef það næðist fram sýnist mér að allur ágreiningur, smár og stór, í þessu máli sé til lykta leiddur mjög farsællega.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Forseti getur að sjálfsögðu fallist á það að fresta þessu máli um sinn, en vekur reyndar athygli á því að Ed. hafði gert ráð fyrir að fá þetta mál til umfjöllunar í dag vegna þess að talið var að það væri ágreiningslítið. Mér er því kappsmál að sú frestun verði ekki löng og jafnframt þá að jafnskjótt verði tekið til við málið að nýju og enginn frestur hér á fundum, heldur að meðan þessu máli er frestað í korter eða svo nýtum við tímann með því að fara yfir í annað dagskrármálið.

Umræðu frestað.

Lánsfjárlög 1989, 1. umr.

Stjfrv., 103. mál. — Þskj. 512.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1989 sem lagt var fyrir Alþingi í nóvembermánuði hefur nú verið afgreitt frá hv. Ed. Í meðförum Ed. voru gerðar nokkrar breytingar frá upphaflegu frv. Heildarlánsfjárráðstöfun hækkar um 7 milljarða 940 millj. kr., þar af hækka lántökur ríkissjóðs um 5,7 milljarða kr., mestmegnis vegna halla ríkissjóðs sem varð á árinu 1988. Einnig hafa heimildir opinberra fjárfestingarlánasjóða í lánsfjáráætlun að fjárhæð 1 milljarður 750 millj. kr. verið teknar inn í lánsfjárlögin af ástæðum sem ég mun skýra innan stundar. Það sem eftir stendur af hækkuninni eða um 450 millj. kr. er vegna nýrra verkefna eða breytinga á gengi frá því að frv. var fyrst lagt fram.

Samkvæmt þessu verða heildarlántökur innan lands og erlendis á árinu 1989 áætlaðar 36 milljarðar 570 millj. kr. Þar af eru innlendar lántökur 15 milljarðar 750 millj. kr. og erlendar lántökur 20 milljarðar 820 millj. kr. Af þeirri fjárhæð eru 5 millj. kr. til að gera upp skuld við Seðlabankann vegna yfirdráttar ríkissjóðs á árinu 1988. Bráðabirgðatölur gefa til kynna að heildarlánsfjárráðstöfun á árinu 1988 hafi numið tæpum 30 milljörðum kr. Þar af voru innlendar lántökur 13,4 milljarðar og erlendar lántökur 16,4 milljarðar.

Erlendar lántökur skiptast þannig að 6 milljarðar 860 millj. kr. renna til opinberra aðila, 4 milljarðar 860 millj. kr. til opinberra lánastofnana og 9 milljarðar 100 millj. kr. til atvinnufyrirtækja og fjármögnunarleiga.

Rétt þykir, þó að ég reyni að stytta mál mitt sérstaklega samkvæmt óskum forseta, að fara fáeinum orðum um helstu breytingar sem gerðar voru í Ed. Lántökuheimild fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs hækkar, eins og áður segir, um 5,7 milljarða kr. og verður samtals 10,4 milljarðar. Eins og ég hef áður greint frá liggja fyrir bráðabirgðatölur um afkomu ríkissjóðs á árinu 1988. Samkvæmt þeim varð tekjujöfnuður neikvæður um 7,2 milljarða kr. Á fjárlögum fyrir það ár hafði hins vegar verið gert ráð fyrir hallalausum rekstri. Hinn mikli munur sem er á útkomu ársins og upphaflegri fjárlagaáætlun á sér ýmsar orsakir sem ég ætla ekki að fara nánar út í að þessu sinni en tími gefst til að ræða síðar á þessu þingi. Þrátt fyrir 3,3 milljarða kr. lántöku í árslok 1988 stendur eftir skammtímaskuld við Seðlabankann að fjárhæð 5 milljarðar kr. sem þarf að gera upp fyrir lok marsmánaðar 1989. Af þeirri fjárhæð eru 800 millj. kr. vegna skuldar frá árinu 1987. Þessu til viðbótar hækkaði lántökuþörf ríkissjóðs vegna ársins 1989 í meðförum Alþingis á fjárlögum um 735 millj. kr. og verður 5,4 milljarðar. Stafar sú hækkun af minni tekjuafgangi en frv. til fjárlaga gerði ráð fyrir og áhrifum gengisbreytingar á krónu árið 1989. Engu að síður gera fjárlög 1989 ráð fyrir því að snúa 7,2 milljarða kr. tekjuhalla á árinu 1988 yfir í rúmlega 600 millj. kr. tekjuafgang á árinu 1989. Hef ég áður vikið að því að það mun reynast erið verkefni að tryggja framkvæmd þeirra áforma.

Þá voru í Ed. tekin inn í lánsfjárlögin heimildarákvæði fyrir 1,7 milljarða kr. lántöku fjárfestingarlánasjóða sem skiptast þannig: Fiskveiðasjóður 1,2 milljarðar, Iðnþróunarsjóður 150 millj. kr., Iðnlánasjóður 350 millj. og Útflutningslánasjóður 50 millj.

Í lánsfjárlögum 1988 var sú stefna mörkuð að afnema ríkisábyrgð á lántökum opinberra fjárfestingarlánasjóða að undanskildum Framkvæmdasjóði Byggðastofnunar og byggingarsjóðum ríkisins. Af þeirri ástæðu voru engar lántökuheimildir þeim til handa í lánsfjárlögum 1988. Ekki hefur þó orðið úr lagasetningu um afnám ríkisábyrgða að sinni og sjóðirnir hafa áfram ríkisábyrgðir á lántöku. Þó svo að núv. ríkisstjórn hafi ekki fallið frá þeirri stefnu að afnema ríkisábyrgð á lántökum verða þær ekki afnumdar að sinni. Það er einkum tvennt sem gerir nauðsynlegt að taka inn í lánsfjárlög heimildarákvæði fyrir erlendum lántökum opinberra fjárfestingarlánasjóða: Annars vegar að lögfesta ákveðið hámark á erlendri lántöku og hins vegar að lánardrottnar erlendis hafa ekki látið sér nægja ákvæði sérlaga viðkomandi sjóða um ríkisábyrgð. Samfara sterkri eiginfjárstöðu þessara sjóða hefur síðarnefnda atriðið fengið minna vægi. Ákvæði í sérlögum þessara sjóða um að ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar þeirra gefur þeim möguleika til erlendrar lántöku með lægri vöxtum og til lengri tíma en ella væri án þess að nokkurt gjald komi í ríkissjóð fyrir þá ábyrgð. Það er því ekki óeðlilegt að stjórnvöld vilji hafa eitthvað um það að segja hversu mikið fé sjóðirnir taka að láni erlendis á meðan lögin gera ráð fyrir ríkisábyrgð. Þannig hefur það verið og fram til þessa.

Ed. tók einnig inn í nokkur erindi sem bárust fjh.- og viðskn. eftir að frv. var lagt fram. Við það hækkuðu lántökuheimildir um samtals 355 millj. kr. Samþykkt var að veita Hitaveitu Suðureyrar lántökuheimild að fjárhæð 60 millj. kr. vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar og er sú heimild í samræmi við samkomulag fjmrh. og hreppsnefndar Suðureyrarhrepps frá 30. des. sl. Það samkomulag var gert á grundvelli heimildarákvæða í lánsfjárlögum 1988. Einnig var samþykkt að heimila Hríseyjarhreppi 35 millj. kr. lántöku til að kaupa notaða ferju sem á að annast fólks- og fraktflutninga á milli Hríseyjar, Grímseyjar og lands. Kaupin tengjast uppstokkun á rekstri Ríkisskipa og þeirri ákvörðun að hætta við að reyna að endurbæta hafnaraðstöðu fyrir hafskip í Grímsey. Jafnframt hafa Hríseyingar sótt um að fá stærri ferju.

Þá voru í Ed. tekin inn í lánsfjárlögin heimildarákvæði fyrir 1,7 milljarða kr. lántöku fjárfestingarlánveitinga til viðgerða og endurbóta á skipum. Hér er þó ekki um nettóaukningu á erlendum lántökum að ræða, heldur er verið að veita þessum lánveitingum um annan farveg en áður var ætlað. Loks var Framleiðnisjóði heimiluð 60 millj. kr. lántaka sem

varið verður til sérstakrar endurskipulagningar á fjárhag og rekstri loðdýrabænda. Er þetta í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til stuðnings loðdýraræktinni á árinu 1989.

Að lokum voru gerðar breytingar að fjárhæð 105 millj. kr. vegna gengisfellingar krónunnar í janúar og febrúar 1989 og annarra breytinga á verðlagsforsendum. Af þeirri fjárhæð eru um 60 millj. kr. til Landsvirkjunar og 15 millj. kr. til ýmissa hitaveitna og 25 millj. kr. til flóabátsins Baldurs en gert er ráð fyrir að smíði hans ljúki á þessu ári. Þá var fallist á beiðni Byggðastofnunar um að stofnunin fái 150 millj. kr. af 500 millj. kr. lántöku sem Framkvæmdasjóði var ætlað að taka og endurlána fyrirtækjum í fiskeldi. Er það gert með hliðsjón af því að Byggðastofnun lánaði á árinu 1988 þriðjung af þeim 300 millj. kr. sem þáv. ríkisstjórn heimilaði til að endurlána fyrirtækjum í fiskeldi.

Í II. kafla frv. til lánsfjárlaga 1988 voru gerðar breytingar í samræmi við breytingar á fjárlagafrv. 1989 í meðförum fjvn. og Alþingis. Framlag í ríkissjóð af hækkun bensíngjalds og þungaskatts var hækkað úr 600 millj. kr. í 680 millj. kr. og framlag til Félagsheimilasjóðs var hækkað úr 15 millj. kr. í 21 millj. kr. Þá var tekin inn ný grein sem gerir ráð fyrir að framlag til Listskreytingasjóðs ríkisins verði eigi hærra en 6 millj. kr. á árinu 1989 þrátt fyrir ákvæði laga um sjóðinn.

Loks var samþykkt umorðun á frumvarpsgrein sem snertir greiðslu kostnaðar af forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum. Þar er gert ráð fyrir að Stofnlánadeild landbúnaðarins þurfi ekki að vera milligönguaðili um greiðslu þessa kostnaðar sem er kostnaður af þeim hluta framleiðendagjalds sem tekinn hefur verið inn í verðlag búvara.

Tvær breytingar voru gerðar á III. kafla frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1989. Felld var niður 35. gr., en hún fól í sér heimild til fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs til lántöku á árinu 1988. Eins og nefnt var að framan var þeirrar heimildar aflað með lögum nr. 94 frá 23. des. 1988, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði og heimildir til lántöku á árinu 1988. Þá var í 36. gr. leiðrétt heimild fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs ti lántöku innan lands á árinu 1988, úr 600 millj. kr. í 900 millj. umfram heimild í lánsfjárlögum 1988.

Nýframkomin þjóðhagsspá fyrir árið 1989 gerir ráð fyrir að halli á viðskiptum við útlönd verði 9,6 milljarðar sem er um 3,3% af áætlaðri landsframleiðslu 1989. Er rétt að taka fram að inni í þeirri tölu er m.a. þriggja milljarða greiðsla vegna flugvélakaupa Flugleiða sem er ekki árlegur viðburður, og ber að líta á tölur fyrir árið 1989 hvað viðskiptahalla snertir sérstaklega í ljósi þess að þar er inni þessi þriggja milljarða tala vegna flugvélakaupa Flugleiða.

Þessi 9,6 milljarða kr. halli er verulega minni en spár frá í haust gerðu ráð fyrir. Til samanburðar má nefna að viðskiptahallinn á árinu 1988 er talinn vera 4,1% af landsframleiðslu. Forsenda þessarar lækkunar viðskiptahallans er samdráttur þjóðarútgjalda um 3,5% á móti tæplega 2% lækkun þjóðarframleiðslu, svo og lækkun raungengis krónunnar um 4% á árinu 1988.

Við þetta má bæta að spá Þjóðhagsstofnunar gerir ráð fyrir tæplega 1 milljarðs kr. afgangs á vöruskiptajöfnuði og einnig á þjónustujöfnuði að vöxtum frátöldum. Vaxtajöfnuðurinn verður hins vegar neikvæður um rúmlega 11 milljarða kr.

Greiðslur þjóðarbúsins á löngum erlendum lántökum eru áætlaðar 18,8 milljarðar kr. á árinu 1989. Þar af eru afborganir 8,5 milljarðar og vextir 10,3 milljarðar. Greiðslubyrði af erlendum lánum í hlutfalli við útflutningstekjur af vörum og þjónustu er talin verða um 18,8% á árinu 1989, en á árinu 1988 var hlutfallið 16,8%. Greiðslubyrði erlendra lána í hlutfalli við útflutningstekjur fer því vaxandi sem skýrist af samdrætti í útflutningi, hækkun vaxta á erlendum markaði auk skuldaaukningar.

Að öðru óbreyttu mun aukin erlend lántaka á þessu ári auka enn á greiðslubyrðina. Það er því rík ástæða til að staldra við þegar fimmta hver króna af útflutningsverðmæti okkar fer til að greiða afborganir og vexti af erlendum lánum. Með því að stefna í jafnvægi í fjármálum ríkissjóðs vill ríkisstjórnin fyrir sitt leyti reyna að stuðla að því að blaðinu verði snúið við. Það verður ekki auðvelt að ná því markmiði eins og ég sagði áðan, sérstaklega þegar litið er til afkomu ríkissjóðs á síðasta ári. En staða þjóðarbúsins gagnvart útlöndum setur auknar kröfur á hendur stjórnvalda að það sé staðið við þetta markmið.

Það hefur dregist nokkuð, virðulegi forseti, að afgreiða lánsfjárlög og á því eru skýringar sem hv. alþm. eru kunnar. Á meðan lánsfjárlög hafa ekki verið samþykkt og heimildir til erlendrar lántöku skortir kunna einhverjir aðilar að verða fyrir óþægindum og fjárhagstjóni af þeim sökum, þar á meðal ríkissjóður sem þarf að gera upp skammtímaskuld sína við Seðlabankann fyrir lok marsmánaðar. Ég vil því í fullri vinsemd mælast til þess við þessa virðulegu deild og hv. fjh.- og viðskn. sérstaklega að reynt verði eftir föngum að flýta afgreiðslu lánsfjárlaga frá hinu hv. Alþingi.

Ég mælist svo til þess, virðulegi forseti, að þessu máli verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Umræðu frestað.

Verðbréfaviðskipti, frh. 3. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 516, brtt. 526, 529.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 529. – Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 529 samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 526 samþ. með 24 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Lánsfjárlög 1989, frh. 1. umr.

Stjfrv., 103. mál. — Þskj. 512.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. lauk máli sínu með því að hvetja hv. deild til þess að afgreiða frv. til lánsfjárlaga, sem hér liggur fyrir, hið allra fyrsta. Hæstv. ráðherra sagði að meðferð málsins hefði dregist af ýmsum sökum sem hv. alþm. væru kunnar. Ég segi það fyrir mína parta að mér eru þessar orsakir ekki sérlega kunnar. Hitt veit ég að lög kveða á um það að afgreiðsla lánsfjárlaga skuli fara fram samtímis fjárlögum þannig að samhengi sé í afgreiðslu mála í fjárlögum og lánsfjárlögum. Þetta hefur tekist nú á undanförnum að ég ætla 4–5 árum og var það mikilsverður áfangi í meðferð fjármála ríkisins og afgreiðslu mála er þau varða hér á hinu háa Alþingi.

Það er sannarlega mikil afturför og alvarlegt gagnrýnisefni að hverfa frá þessari skyldu og hverfa frá þessari sjálfsögðu vinnureglu hér á hinu háa Alþingi í meðferð mála er varða fjármál ríkisins, bæði fjárlög og lánsfjárlög. Þetta hefur það í för með sér, eins og margoft hefur áður gerst, að fram eftir vetri er verið að þæfa um mál sem ekki hafa hlotið afgreiðslu þegar fjárlög eru afgreidd, það er verið að leitast við að hefna þess í lánsfjárlögum sem tapaðist í fjárlögum. Og sú er einnig raunin nú. Þegar þetta frv. til lánsfjárlaga er komið til seinni deildar, þá hafa komið hér inn ýmis þau mál sem hafnað var að taka inn við afgreiðslu fjárlaga.

Það er svo enn gagnrýnisefni varðandi þessa meðferð mála að þegar fjárlög eru afgreidd og lánsfjárlagafrv. kannski komið fram og engin vissa hvernig það frv. verður afgreitt — ef hæstv. fjmrh. hefur lokið fundi sínum þarna í öðrum enda salarins, þá get ég haldið áfram máli mínu — ef afgreiðsla fjárlaga fer fram undir þeim kringumstæðum eins og nú er, lánsfjárlagafrv. er að vísu komið fram en engin vissa liggur fyrir um hvernig það verður afgreitt, þá skortir þá heildarsýn um meðferð mála er varðar fjármál ríkisins, bæði bein framlög, skattheimtu og lánsfjáröflun, sem nauðsynleg er þegar fjárlög eru afgreidd. Á mörgum sviðum er því þetta gagnrýnisefni og það er í raun hótfyndni af hæstv. fjmrh. að koma hér og biðja hv. deild að hraða afgreiðslu málsins þegar hann hefur brugðist þeirri skyldu sinni að leggja þetta mál fram á eðlilegum tíma og hlutast til um að þeirri skyldu sé sinnt að afgreiða frv. samtímis fjárlögum. Var þó afgreiðsla fjárlaga seinna á ferðinni nú en oftast hefur áður verið.

Ég mun ekki rekja í mörgum atriðum þær breytingar sem orðið hafa á þessu frv. frá því sem var þegar það var lagt fram og frá því sem gert var ráð fyrir þegar fjárlög voru afgreidd. Hæstv. fjmrh. gat þess að vísu að nokkru og skýrði það sumt, en það mun verða tekið fyrir og athugað nánar í meðferð þessa máls í hv. fjh.- og viðskn. Ég vil þó byrja á því að minna á að það var annar tónn í hæstv. fjmrh. nú en var á haustdögum þegar hann lagði fram og mælti fyrir frv. til fjárlaga. Þá sagði hæstv. fjmrh. með nokkru stærilæti að nú væru breyttir tímar, nú yrðu teknir upp nýir siðir í meðferð fjármála ríkisins, nú ætti ekki að taka eina einustu krónu að láni erlendis til A-hluta ríkissjóðs. Þetta þóttu að vonum góð tíðindi, bæði mér og öðrum. Við afgreiðslu fjárlaga er þetta hins vegar breytt á þann máta að þá er gert ráð fyrir því að taka í erlendum lánum til A-hluta ríkissjóðs 4 milljarða 635 millj. kr. Það hafði breyst sem því nam á fáum vikum. Og enn er þetta breytt. Þegar þetta frv. til lánsfjárlaga kemur til seinni deildar er gert ráð fyrir að erlendar lántökur ríkisins á þessu ári til A-hluta ríkissjóðs verði 5 milljarðar 135 millj. kr. Heildarlántökur A-hluta ríkissjóðs samkvæmt þessu frv. eins og það liggur fyrir í dag, og enginn veit hvað það verður þegar það verður afgreitt, verða um 10,4 milljarðar kr. eins og hæstv. ráðherra sagði hér áðan.

Auðvitað á þetta sínar skýringar. En hér er eitt dæmið um það hversu það er rangt, hversu það er röng málsmeðferð að afgreiða lánsfjárlög á allt öðrum tíma en fjárlög eru afgreidd og sýnir nauðsyn þess að láta þetta fylgjast að eins og skylt er, eins og gert hefur verið síðustu 4–5 árin þannig að samhengi sé í afgreiðslu þessara mála. Aðrar erlendar og innlendar lántökur samkvæmt þessu frv. eins og það stendur í dag eru eftir því sem hæstv. ráðherra hefur hér skýrt um 36,5 milljarðar kr., þar af yfir 20 milljarðar af erlendum lánum. Auk þessa eru í frv. opnar heimildir til lántöku innan lands og erlendis bæði fyrir hæstv. fjmrh. og fyrir einstakar stofnanir, m.a. til eins konar skuldbreytinga á afborgunum af erlendum lánum yfir í ný lán þannig að þessir 36,5 milljarðar kr., sem hér eru taldir sem heildarlántökur samkvæmt þessu frv., er óviss tala í hæsta máta og getur orðið miklu hærri ef hinar opnu heimildir frv. verða notaðar sem væntanlega má reikna með miðað við hvílíkt hald hefur verið í orðum hæstv. ráðherra fram til þessa varðandi þessi mál.

Nú er því ekki að leyna að þessar miklu lántökur, bæði innlendar og erlendar, hafa mikil efnahagsleg áhrif. Í fyrsta lagi hafa innlendar lántökur mikil áhrif á lánamarkaðinn innan lands. Þær miklu innlendu lántökur, sem gert er ráð fyrir samkvæmt þessu frv., þrengja vitaskuld að á innlendum lánamarkaði og þar er þó ærið þröngt fyrir. Orsakir þeirra þrenginga þarf ekki að fjölyrða um hér. Þær eru m.a. til komnar vegna þess mikla hallareksturs sem nú er í atvinnuvegum landsmanna sem hafa orðið að sæta því að taka lán í lánastofnunum svo sem mögulegt hefur verið til þess að fleyta sér áfram frá einum mánuði til annars. Sú staða er alvarleg. Svo alvarleg að það sætir

furðu að hæstv. ríkisstjórn skuli ekki hafa séð ástæðu til þess að grípa til markvissari aðgerða en gert hefur verið til þessa til að koma atvinnuvegunum á réttan kjöl og skapa þannig grundvöll til þess að þeir í fyrsta lagi geti farið að vinna sig upp frá þeim mikla hallarekstri sem þeir standa nú í til sæmilegrar afkomu og geta þá um leið haft áhrif á það að atvinnuvegirnir þurfi ekki í jafnríkum mæli að leita á innlendan sem erlendan lánamarkað eins og nú er og valda þeim miklu þrengingum og þeirri miklu spennu sem er á lánamarkaði í landinu. Því er nú ekki að heilsa hjá hæstv. ríkisstjórn. Hæstv. ríkisstjórn virðist láta sér það nokkuð í léttu rúmi liggja þó að svo gangi áfram hjá atvinnuvegunum og, eins og hæstv. forsrh. hefur sjálfur sagt, að ýmis þeirra fyrirtækja muni verða gjaldþrota og ekki neinir tilburðir til þess að rétta við stöðu þeirra þannig að hjá því verði komist.

En ofan á þessa stöðu atvinnuveganna og ofan á þær miklu þrengingar sem eru á lánamarkaði landsmanna, þá boðar þetta frv. stórauknar þrengingar. Það boðar eins og ég áður sagði 36,5 milljarða í nýjar lántökur, þar af yfir 16 milljarða á innlendum lánamarkaði. Einhvers staðar verður nú þröngt fyrir dyrum hjá einkaaðilum sem þurfa að fá lán til smávægilegra hluta, t.d. til að koma sér áfram í sínum húsnæðismálum þó ekki séu nefnd önnur atriði. Þessi mikla spenna á lánamarkaði mun auðvitað fjarri því styðja þau yfirlýstu markmið hæstv. ríkisstjórnar að lækka fjármagnskostnað í landinu eða reyna að ná því fram að lækka vexti. Þessi mikla spenna á lánamarkaði mun á hinn bóginn þrýsta á að vextirnir hækki og er mikil óvissa um það hvort nokkuð getur orðið úr þeim málamyndamarkmiðum hæstv. ríkisstjórnar að ná niður vaxtakostnaði í landinu. Í þessum miklu lántökum felst sem sé mikil tilhneiging til spennu, ekki einungis á lánamarkaði heldur hefur það einnig áhrif í verðlagsmálum.

Hæstv. ráðherra sagði hér að samkvæmt nýrri þjóðhagsspá væri gert ráð fyrir því að halli á utanríkisviðskiptum yrði 9,6 milljarðar kr. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir einum og hálfum mánuði síðan var gert ráð fyrir því að halli á utanríkisviðskiptum yrði 14 milljarðar og hefði þá hækkað um 2,5 milljarða frá því sem varð á síðasta ári, en þá var gert ráð fyrir að halli á utanríkisviðskiptum þjóðarbúsins yrði um 11,5 milljarðar. Nú eru mér ekki að fullu ljósar þær skýringar sem hæstv. ráðherra vék afar lauslega að, í hverju það væri fólgið að gert sé nú ráð fyrir því að afkoma þjóðarbúsins verði þó þetta skárri en talið var þegar fjárlög voru afgreidd. En þær miklu erlendu lántökur sem hér er gert ráð fyrir munu sannarlega hafa áhrif á þessa niðurstöðu, ekki áhrif í þá átt að draga úr viðskiptahallanum heldur hið gagnstæða. Og þó að hæstv. ráðherra segi að nú standi spár til þess að viðskiptahallinn verði einungis 9,6 milljarðar, sem er þó hrikaleg tala, þá uggir mig að mikil hætta sé á því a.m.k. að þessi halli verði miklu meiri miðað við þær gífurlegu lántökur sem hér er verið að gera ráð fyrir.

Hæstv. ráðherra sagði að á þessu ári væri gert ráð fyrir að greiðslubyrði af erlendum lánum yrði 18,8% af útflutningstekjum. Í töflu með lánsfjárlagafrv. er gert ráð fyrir að greiðslubyrði af erlendum lánum verði 18,9% af útflutningstekjum og skakkar þarna litlu, en hann gat þess jafnframt að með þeim auknu lántökum sem þetta frv. gerir ráð fyrir þá sé hætt við að þessi greiðslubyrði fari enn vaxandi. Ég tek undir það með hæstv. ráðherra að það er sannarlega alvarlegt ef við þurfum að verja fimmtu hverri krónu og kannski meira til af útflutningstekjum okkar til þess að borga vexti og afborganir af erlendum lánum. Það kann ekki góðri lukku að stýra.

Á síðustu árum hefur verið keppt að því að ná niður greiðslubyrði af erlendum lánum. Og þó að það hafi ekki gengið eins og skyldi og viðskiptahallinn verið allt of mikill þá hefur þó greiðslubyrði af erlendum lánum farið lækkandi frá því sem var t.d. á árunum 1983 og einkanlega á árinu 1984. Það er því enn eitt dæmið um að nú horfir í öfuga átt, alvarlegar horfir en fyrr, að erlendar lántökur eru það miklar og vaxandi að greiðslubyrði af erlendum lánum hækkar enn, að sögn hæstv. fjmrh. um 2% frá því á árinu 1988. Þetta frv. eins og það liggur fyrir sannar það að þessi greiðslubyrði muni fara vaxandi frá því sem hér er gert ráð fyrir. Þetta eru alvarleg atriði í meðferð fjármála ríkisbúsins sem er ástæða til að vekja athygli á.

Ég held að ég fari ekki að ræða mörg einstök atriði þessa frv. Þó að það hafi komið fram fyrr í umræðum hér á hinu háa Alþingi, þá vil ég enn spyrjast fyrir um það hvar sé ætlast til að taka fé til þess að standa straum af 800 millj. kr. framlagi til frystideildar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins sem notað er til verðuppbóta á sjávarafurðir. Ekki er gert ráð fyrir því í fjárlögum og ég fæ ekki séð að það sé gert ráð fyrir því í þessu frv. Ég veit að ef grannt er skoðað þá kunna að vera ýmis atriði sem vantar inn í það dæmi sem hér liggur fyrir, sem sýnir að það er ekki allt talið sem þarf að koma fram í framlögðum málum hjá hæstv. ráðherra, og staðan því enn verri en þetta frv. og þessi gögn bera með sér.

Ég vil því ítreka þá spurningu, sem raunar hefur hvað eftir annað komið fram áður, hvar ætlunin sé að taka fé til að standa straum af þessum greiðslum. Hæstv. sjútvrh. hefur gefið það í skyn að einnig það fé sem varið er til Atvinnutryggingarsjóðs verði ekki greitt af lántakendum heldur verði það greitt af opinberri hálfu og þá er einnig ástæða til að spyrja: Hvar á að taka fé til þess?

Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, og eru þar nokkur kaflaskipti eins og vakin var athygli á við afgreiðslu fjárlaga, að tekið sé fé af sérmerktum tekjustofnum Vegagerðar ríkisins sem lögum samkvæmt eiga að renna til vegamála. Það er skert og tekið til ríkissjóðs. Í frv. er gert ráð fyrir því að skerða þessa tekjustofna um 680 millj. kr. Nú voru fjárlög afgreidd með þeim hætti að gert var ráð fyrir því að þessi fjárhæð væri hærri sem ekki yrði skilað til vegasjóðs eða vegaframkvæmda á þessu ári, eða í fyrsta lagi 600 millj. kr. samkvæmt fjárlagafrv., 90 millj. kr. samkvæmt sér-

stakri sparnaðaráætlun ríkisstjórnarinnar, sem er 690 millj. kr., en auk þess var ekki gert ráð fyrir því að skila af innheimtum tekjum síðasta árs 180 millj. kr. og halda því eftir í ríkissjóðsreksturinn. Þarna var sem sagt gert ráð fyrir því að ekki skyldi skilað til þeirra verkefna sem lög kveða á um 870 millj. kr. til vegaframkvæmda í landinu og þetta fé notað til þess að standa straum af rekstri ríkissjóðs og verkefna á hans vegum.

Þetta er í fyrsta sinn sem lánsfjárlög fela í sér ákvæði um skerðingu á þessum lögum um fjáröflun til vegagerðar. Það eru nokkur tímamót í því fólgin sem eru í fyrsta lagi býsna alvarleg fyrir alla þá sem hafa áhuga fyrir því að samgöngur verði greiðar á Íslandi og að framkvæmdir í vegamálum gangi fyrir sig með sambærilegum hætti og gerst hefur að undanförnu og það er líka býsna alvarlegt áfall þegar sú stífla brestur sem staðið hefur verið vörð um á undanförnum árum, því það hefur oft verið að því sótt að taka vegafé til þarfa ríkissjóðs í stað þess að láta það ganga til þeirra verkefna sem lög kveða á um.

Ýmis fleiri ákvæði í II. kafla frv. eru með sama hætti býsna alvarleg. Það má nefna þar t.d. stórkostlega skerðingu á framlögum til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Atvinnuleysi er nú meira en verið hefur í mörg ár og því er spáð að atvinnuleysi fari vaxandi nú á útmánuðum er mikil þörf á því að Atvinnuleysistryggingasjóður geti sinnt þeirri skyldu sinni að standa straum af atvinnuleysisbótum til launafólks sem missir vinnu sína.

Mér er spurn: Ef svo fer, sem allar horfur eru á og spár standa til um, að atvinnuleysi verði svo mikið á þessum vetri og þörf fyrir atvinnuleysisbætur það miklar að það verði Atvinnuleysistryggingasjóði ofviða að sinna sínu hlutverki, hvar hyggst þá hæstv. ríkisstjórn taka fé til þess að greiða verkafólki atvinnuleysisbætur?

Þetta er býsna alvarlegt mál vegna þess að hér er um að ræða fé sem er samningsbundið og lögbundið fé Atvinnuleysistryggingasjóðs og fé sem samið hefur verið um í kjarasamningum og síðan staðfest með löggjöf að skuli vera til reiðu ef atvinnubrestur verður fyrir fólkið í landinu. Ég hlýt að líta svo á að það sé býsna alvarlegt, ekki síst þegar svo horfir sem nú, að þetta fé skuli skert með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir.

Ég ætla að geyma mér önnur atriði þessa frv. til síðari umræðna, t.d. skerðingu á framlögum til landbúnaðarins og ýmis önnur ákvæði sem það hefur inni að halda og ekki fara frekar ofan í einstök atriði þess en lýk máli mínu með því að endurtaka að þær gífurlegu lántökur sem hér er gert ráð fyrir eru vitaskuld alvarlegar. Í fyrsta lagi vegna þess að þær fela í sér að stefnt er að nýju þensluástandi, stefnt er að þensluástandi á lánamarkaði sem kemur í veg fyrir yfirlýsta stefnu ríkisstjórnarinnar um lækkun vaxta. Þær hafa í för með sér að halli á utanríkisviðskiptum verður meiri en ella og greiðslubyrði af erlendum lánum fer á ný stórum vaxandi. Og þær hafa væntanlega í för með sér, a.m.k. mikla hættu á því, að nýtt þensluskeið, ný spenna myndist í þjónustugreinum landsmanna á meðan undirstöðugreinar alls þjóðarbúsins, undirstöðuatvinnuvegirnir eru látnir svelta. Ef svo gengur fram að undirstöður þjóðarbúsins, undirstöðuatvinnuvegirnir fá ekki að bera sig, fá ekki að búa við þau kjör að þeir geti skilað sæmilegri afkomu þá hrynur þessi þjóðfélagsbygging fyrr eða síðar og það mun hún gera ef þessi hæstv. ríkisstjórn heldur áfram með sama hætti og hún hefur gert til þessa. Þá verður ekki hjá því komist að fyrirtækin í undirstöðugreinum landsmanna fara á höfuðið, verða gjaldþrota eins og hæstv. forsrh. segir, og þá er okkur öllum hætt, í hvaða stöðu sem við stöndum annars í þessu þjóðfélagi. Ef undirstöðurnar bresta þá er yfirbyggingunni hætt og það ætti þessi hæstv. ríkisstjórn að hafa í huga þegar hún leggur fram sín mál hér á hinu háa Alþingi.

Kristín Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég ætla mér ekki að halda langa ræðu við þessa umræðu og til þess liggja tvær ástæður. Önnur er sú að bókstaflega enginn tími hefur gefist til þess að kynna sér efni frv. eða þær breytingar að ráði sem hafa verið gerðar í meðförum Ed. vegna mikilla anna í fjh.- og viðskn. þessa dagana sem reyndar oft endranær. Fjh.- og viðskn. hefur mörg mál til meðferðar, þar er nánast aldrei málaþurrð og þótt við afgreiðum út úr nefnd þessi mál, eitt af öðru, þá bætast sífellt við ný og flestum fylgja ákveðin fyrirmæli eða óskir um skjóta afgreiðslu. Við þeim óskum er þó harla erfitt að verða, sérstaklega þar sem mörg þessara mála eru ótrúlega illa undirbúin og illa unnin þótt þau eigi nú að heita samin af sérfræðingum. Við höfum t.d. nýlokið afgreiðslu frv. um verðbréfafyrirtæki og verðbréfasjóði sem kostaði mjög mikla vinnu, við höfum nýlokið umfjöllun um bráðabirgðalögin frægu. Við erum með eignarleigustarfsemi í umfjöllun, frv. um launavísitölu, breytingu á vaxtalögum, breytingu varðandi verðtryggingarákvæði, og fleira mætti telja. Nefndarmenn hafa svo vitanlega ýmsum öðrum þingskyldum að gegna og eiga sæti í öðrum nefndum og sækja þingfundi, jafnvel öllu betur en hæstv. ráðherrar t.d. sem demba yfir okkur öllum þessum málum. Loks má svo minna á fund sem stóð hér fram eftir nóttu sl. nótt. A.m.k. mér hefur ekki einu sinni gefist tóm til þess að kynna mér þau gögn sem hv. fjh.- og viðskn. Ed. hefur óneitanlega sankað að sér í sinni umfjöllun og ekki reyndist auðvelt að fræðast af hraðlestri hæstv. fjmrh. hér áðan. Slíkur hraðlestur á tölum og upplýsingum hlýtur að fara inn um annað eyrað og út um hitt þannig að þær upplýsingar þarf að fá í nefndarumfjöllun.

Hin ástæðan er sú að mér sýnist nánast hægt að vísa að miklu leyti í gamlar ræður um lánsfjáráætlun með tilheyrandi efasemdum um áreiðanleika og framkvæmd. Hér er ekki nýjungunum fyrir að fara þrátt fyrir nýja húsbændur í fjmrn. og hafi hæstv. fjmrh. lagt upp með þeim ásetningi, sem ég efast ekki um, að stíga harkalega á lánabremsuna þá hefur hann orðið að kippa þeim fæti upp á við eftir umfjöllun í Ed.

Auðvitað vakna fjölmargar spurningar við fljótlegt

yfirlit yfir þetta frv., gamalkunnar spurningar sem við hljótum að leita svara við á nefndarfundum. Sú fyrsta er að sjálfsögðu hvaða áhrif hin mikla lántaka ríkissjóðs, sem boðuð er í 1. gr. frv., muni hafa. Hún hefur heldur betur aukist í meðförum Ed., meira en tvöfaldast. Ætlunin var að veita engar heimildir til erlendrar lántöku í 1. gr. eins og frv. var fyrst lagt fram en nú eru þar heimildir til lántöku upp á 5 milljarða og 135 millj. og innlenda lántökuheimildin er hækkuð um 600 millj. og munar nú um minna.

Við hljótum að spyrja hvaða áhrif þessi ákvæði hafi á lánamarkaðinn og þá fyrst og fremst á vaxtastigið sem sífellt er verið að reyna að hemja. Þetta er auðvitað fyrsta og stærsta spurningin sem við verðum að reyna að leita svara við og á þeim svörum hvílir framkvæmd þessa máls.

Ég gerði miklar athugasemdir varðandi þessi atriði í umfjöllun um lánsfjáráætlun í fyrra og þær reyndust ekki út í bláinn gerðar. Um ráðstöfun þess fjár, sem ætlunin er að taka að láni, má svo auðvitað margt segja. Ég get nú ekki sleppt því að minnast á þá gamalkunnu hít, flugstöðina á Keflavíkurflugvelli, sem samkvæmt grg. eru ætlaðar 350 millj. kr. en um það fræðumst við vonandi betur í nefndinni.

Af athugasemdum með frv. má ráða að eitthvað telja menn sig nú vera að reyna að halda í hemilinn á Landsvirkjun en jafnframt er þar boðað að hún muni þurfa sitt á næstu árum. Þróunarfélagið fær sínar heföbundnu 100 millj. kr. og fer nú skrautfjöðrin mikla frá tíð fyrri ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar — sem sumir vilja nú eflaust nefna „hina fyrstu" en ég held mig við þá fyrri — þessi skrautfjöður fer að verða býsna litlaus. Eða naumast hefur slík upphæð nein úrslitaáhrif á eflingu nýjunga í atvinnulífi, upphæð sem nær ekki einu sinni þriðjungi þeirrar upphæðar sem verja á til eftirmála flugstöðvarbyggingarinnar á Keflavíkurflugvelli.

Ég sé við fljótlegt yfirlit að svo sem vænta mátti hefur Byggðastofnun fengið hækkun lántökuheimildar. Ég efa ekki að fyrir það fé er full þörf eins og ástandið er í atvinnumálum landsmanna, ekki síst á landsbyggðinni. Framkvæmdasjóður hins vegar sætir lækkun og væri fróðlegt að heyra hvers vegna það er. Ég heyrði ekki hæstv. ráðherra víkja að því í hraðlestri sínum hér áðan. Ýmsum sjóðum, sem ekki voru í upphaflegu frv., hefur verið bætt við og er það vafalaust með tilliti til atvinnuástandsins. Sömuleiðis hljótum við í nefndinni að leita upplýsinga varðandi smíði ferjanna tveggja, Baldurs og Herjólfs. Baldur er nú á lokastigi, mig minnir reyndar að hann væri líka á lokastigi í fyrra en þetta er þá kannski loka-lokastig. En enn er eitthvað ófrágengið með áætlun um nýjan Herjólf. Eins og hv. þm. e.t.v. muna voru mjög stórtækar áætlanir uppi um mjög svo kostum búinn nýjan Herjólf sem átti að kosta býsna mikið fé og hefði raunar einnig haft í för með sér kostnaðarsamar breytingar í viðkomuhöfnum þeirrar ferju sem áætluð var. Það var fyrir tilverknað hv. fjh.- og viðskn. Nd., eins og hún var skipuð í fyrra, en reyndar að frumkvæði mínu að reynt var að fara ofan í það mál og verður fróðlegt að heyra um gang þess sem ég vona að fái farsælan endi.

Þá vil ég einnig nefna hinn sígilda „þrátt fyrir" kafla sem við köllum svo, þ.e. II. kafla frv. sem er hér í allmörgum greinum er allar hefjast á „þrátt fyrir ákvæði þessara og þessara laga skal framlag ríkissjóðs ekki nema hærri fjárhæð en svo og svo". Og er ekki fegurri svipur á þeim kafla en venjulega. Þó er ástæða til þess að fagna hér einu ljósi í myrkrinu og það er náttúrlega sú staðreynd að nú eru aðflutningsgjöldn af útvarpstækjum ekki tekin í ríkissjóð eins og var og var reynt að vinna gegn með öllum ráðum á síðasta ári og þar áður. Vafalaust getur hæstv. núv. menntmrh. hrósað sér af þeim sigri og hefði nú varla verið stætt á öðru, held ég.

En ég hef þegar óskað eftir því á fundi í fjh.- og viðskn. í morgun að fá um það upplýsingar um hvaða upphæðir er að ræða í þessum II. kafla frv., þ.e. samanburð á því hvert framlag ríkisins hefði átt að vera samkvæmt lögum og því sem áætlað er í frv. Við könnumst við flesta þessa liði. Hér er Ferðamálasjóður og Menningarsjóður, Kvikmyndasjóður, Hafnabótasjóður o.s.frv., og svo náttúrlega hneykslið stóra: Atvinnuleysistryggingasjóður. Sá tilflutningur fjárframlags sem ríkisstjórnin hefur ákveðið í svokallaðan Atvinnutryggingarsjóð á áreiðanlega eftir að koma ríkisstjórninni í koll. Hún verður með einhverjum hætti að mæta þeirri fjárvöntun sem fyrirsjáanleg er í Atvinnuleysistryggingasjóði svo niðurstaðan verður ekki að neinu betri. Þessi ráðstöfun hlýtur að koma þeim í koll. Hef ég ekki meiru við það að bæta. Ég hef margsinnis rætt um þessa ráðstöfun ríkisstjórnarinnar sem mér finnst forkastanleg og ekki aðeins siðlaus, heldur er hún heimskuleg.

Það bíður svo 2. umr. að fjalla nánar um einstaka liði. Ég hlýt að lokum aðeins að láta í ljós efasemdir um það að samkvæmt venju má segja að þessi áætlun standi eitthvað fastari fótum en þær hinar fyrri. Og ekki er sú tortryggni að ástæðulausu. Ég minni á reynsluna í þessu efni. Það kemur fram á þskj. 505 sem er álit frá minni hl. fjh.- og viðskn. Ed. Þar eru þessar upplýsingar skjalfestar, hvernig þessar áætlanir hafa staðist. Ég les hér örfá orð, með leyfi hæstv. forseta:

„Á árinu 1986 var gert ráð fyrir erlendum lántökum að fjárhæð 7,5 milljörðum kr., en þær reyndust tæplega 12 milljarðar eða 55–60% umfram áætlun. Árið 1987 voru sambærilegar tölur rúmlega 8 milljarðar kr. en lántökur reyndust ríflega 12 milljarðar kr. eða 50% umfram áætlun. Bráðabirgðatölur um erlendar lántökur til langs tíma á síðasta ári nema rúmlega 16 milljörðum kr. en gert var ráð fyrir rúmlega 9 milljörðum kr. við afgreiðslu lánsfjárlaga fyrir árið 1988. Frávikið er um 80% umfram áætlun og skýrist að stórum hluta af erlendum lántökum til að fjármagna ríkissjóð." — Þannig segir reynslan okkur að fara varlega í því að trúa á áreiðanleik þessarar áætlunar og það geta verið mín lokaorð að ég hef fremur litla trú á því að við munum geta hælt núverandi stjórnvöldum fyrir betri árangur þegar þetta ár verður skoðað í ljósi reynslunnar.

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Það er út af fyrir sig rétt að það er gert ráð fyrir því í lögum og einnig samkvæmt almennri og heilbrigðri skynsemi að afgreiða skuli lánsfjárlög jafnhliða afgreiðslu fjárlaga. Það er einnig í ljósi reynslunnar sem ég mæli það að sennilega hefur það oftar verið en ekki að afgreiðsla lánsfjárlaga hefur ekki fallið á sama tíma og afgreiðsla fjárlaga og hefur stundum borið við að lánsfjárlög hafi ekki verið afgreidd fyrr en að vori jafnvel þó svo að afgreiðsla fjárlaga hafi farið fram á tilsettum tíma. Eins og öllum hv. þm. er hins vegar kunnugt réðu aðstæður því að ekki var hægt að leggja fram frv. til fjárlaga á eðlilegum tíma á Alþingi og þess vegna dróst afgreiðsla fjárlaga fram á þetta ár. Og ég gæti trúað að það heyrði frekar til undantekninga heldur en hitt að svo skammur tími eins og nú líði á milli afgreiðslu fjárlaga og afgreiðslu lánsfjárlaga. Ég get hins vegar tekið undir það með þeim sem hér hafa talað að það er eðlilegt að afgreiðsla lánsfjárlaga og afgreiðsla fjárlaga fylgist að.

Eins og kom fram í máli hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur sem talaði hér áðan þá er það svo að þeir sem um eiga að fjalla hér í hinu háa Alþingi, fjh.- og viðskn., koma að þessu máli nánast eins og hv. þm. sagði án þess að hafa haft tíma eða tækifæri til þess að kynna sér þau viðamiklu mál sem lánsfjárlög fjalla um. Það er ósköp eðlilegt og skiljanlegt vegna þess að lánsfjárlög fjalla m.a. um ýmsa þá málaflokka sem fjvn. hefur verið að vinna að allt haustið og lungann úr þeim vetri, a.m.k. sem af er. Það er auðvitað mjög óeðlilegt ef menn ætla að tengja afgreiðslu lánsfjárlaga afgreiðslu fjárlaga, og með afgreiðslu lánsfjárlaga eru menn að afgreiða stóran hluta úr ríkisbúskapnum, að þá sé það annar aðili í þinginu, fjh.- og viðskn. í deildum, sem fjallar um lánsfjárlög heldur en sá aðili í þinginu, fjvn. og sameinað þing, sem fjallar um afgreiðslu fjárlaga. Þá gerist það, eins og hv. þm. sagði hér áðan, að þeir aðilar í fjh.- og viðskn. sem koma að þessu máli, hvort sem það er seint eða snemma, eru að mestu leyti ókunnugir þeim forsendum sem eru fyrir þeim tillögum sem gerðar eru um lánsfjáröflum í þessu frv. frá ríkisstjórninni. Þessir hv. þm. í fjh.- og viðskn. þurfa sem sé að tvívinna verk sem þegar hefur verið unnið áður. Þeir þurfa að fara ofan í saumana á verki sem fjvn. hefur unnið að í marga mánuði og hafa mjög takmarkaðan tíma til þess að vinna að eigin frumkvæði eitthvert umtalsvert starf í þeim efnum, eins og kom fram hjá hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur. Það er með öllu óeðlilegt að fjármál íslenska ríkisins og afgreiðsla Alþingis á þeim séu með þessum hætti skilin að. Að það sé í fjh.- viðskn. og í þingdeildum unnið að afgreiðslu lánsfjárlaga en í fjvn. og sameinuðu þingi unnið að afgreiðslu fjárlaga. Það verður að sjálfsögðu til þess að vinna fjh.- og viðskn. að afgreiðslu lánsfjárlaga getur aldrei orðið jafnmikil og umfangsmikil og vinna fjvn. við afgreiðslu fjárlaga. Og þarna er um tvíverknað að ræða vegna þess að í fjh.- og viðskn., sem eru að afgreiða lánsfjárlög, er verið að fjalla um sömu mál sem menn eru búnir að sitja vikum og mánuðum saman yfir í fjvn. og kynna sér.

Eitt af því sem þyrfti að gera til þess að tryggja það að afgreiðsla fjárlaga og lánsfjárlaga færi fram á sama tíma væri að sjálfsögðu að gera þá breytingu á þingsköpum að það væru sömu aðilar á Alþingi, þ.e. sameinað þing og fjvn., sem fjalla um lánsfjárlög og þeir sem fjalla um fjárlög, en ekki tvær ólíkar nefndir og raunar ólíkar stofnanir þar sem eru sameinað þing annars vegar og deildir þingsins hins vegar. Á meðan þessi mál, þ.e. fjárlög annars vegar og lánsfjárlög hins vegar, eru þannig til meðferðar í Alþingi að það eru ólíkir aðilar sem um þau fjalla, þá er og verður alltaf hætta á að lánsfjárlög dragist úr hömlu, að þau bíði, m.a. vegna þess að það getur verið frá sjónarhóli framkvæmdarvaldsins ástæða fyrir því að bíða eilítið með afgreiðslu lánsfjárlaga til þess að menn geti kannski betur séð hvernig fjárlög ætli að gera sig, ef ég má taka þannig til orða.

Ég vil einnig leiðrétta það sem hv. 10. þm. Reykn. sagði hér áðan. Það er talsverður munur á lánsfjárlögum og lánsfjáráætlun. Hv. þm. margtók það fram að lánsfjáráætlanir hefðu ekki staðist, en það er ekki lánsfjáráætlun sem við erum að afgreiða hér, það eru lánsfjárlög. Lánsfjáráætlun eru allt aðrir hlutir. Lánsfjárlög eru ákvarðanir sem heimila, eins og stendur í 1. gr. I. kafla, fjmrh. tilteknar afgreiðslur og ekki umfram það. Þannig að fari hæstv. fjmrh. fram úr því sem lánsfjárlög heimila þá er hann ekki að fara fram úr áætlun heldur er hann að fara fram úr heimildum sem Alþingi hefur honum veitt og yrði þá að afgreiða það með nákvæmlega sama hætti eins og ef hann fer yfir heimildir sem Alþingi veitir honum til útgreiðslu fjármuna í fjárlögum. Þannig að þegar farið er fram úr lánsfjárlögum þá eru menn ekki bara að fara fram úr einhverjum áætlunum sem gerðar hafa verið heldur eru menn að fara fram úr heimildum sem Alþingi Íslendinga hefur veitt viðkomandi aðilum í formlegum lögum.

Það er aftur á móti allt önnur spurning, m.a. í ljósi reynslunnar, hvort ástæða er til þess á annað borð að vera að afgreiða lög eins og lánsfjárlög vegna þess, eins og hv. þm. Kristín Halldórsdóttir tók réttilega fram hér áðan, að reynslan sýnir okkur það að lánsfjárlögin standast ekki og það er langt í frá. Það er ekki staðið við þann ramma sem lánsfjárlög reyna að marka. Og ef menn skoða það mál nokkuð nánar þá er full ástæða til þess að menn spyrji hvort það sé e.t.v. ekki rétt að hverfa frá afgreiðslu lánsfjárlaga með hefðbundnum hætti og láta sér nægja að afgreiða það er varðar lánsfjárheimildir til A-hluta ríkissjóðs og vegna ríkisstofnana í B-hluta í fjárlögunum sjálfum, en leyfa síðan þeim aðilum sem hafa til þess lánstraust að taka lánin þar sem þeir telja sig komast að bestum kjörum og hagkvæmustum fyrir sjálfa sig og þjóðarbúið í reynd, hvort sem það er á erlendum eða innlendum lánsfjármarkaði, og vera ekki að reyna að setja við því skorður eins og í lánsfjárlögum sem reynslan sýnir okkur hvort eð er að ekki standast.

Menn hafa mikið talað um það hér að það sé nauðsynlegt að vextir á Íslandi komist á sambærilegt stig og í helstu viðskipta- og nágrannalöndum okkar Íslendinga. Auðveldasta og fljótvirkasta leiðin til þess að það takmark nái fram að ganga, sem allir segjast hafa, að vextir hér á Íslandi séu ekki hærri en í nálægum löndum, fljótvirkasta aðferðin til að koma því fram er að sjálfsögðu sú að íslenskir lántakendur geti ráðið því sjálfir hvort þeir taka lán á innlendum eða erlendum lánsfjármarkaði. Það er fljótvirkasta aðferðin og raunar sú eina sem tryggir það að lánveitendur á Íslandi, þeir sem geta boðið hvort heldur er fólki eða fyrirtækjum fé að láni, leiki ekki þann leik sem hefur verið alsiða hér undanfarin ár að raunverulega ætla sér sjálftökuréttindi í vaxtaákvörðunum sem eru langt umfram það sem gerist á lánsfjármörkuðum í kringum okkur. Þá fyrst þegar íslenskur lántakandi getur valið um það, sé hann á annað borð traustsins verður, þess trausts sem felst í því að veita honum lán, þá fyrst þegar lántakandinn getur valið um það hvort hann tekur lán sitt á innlendum eða erlendum lánsfjármarkaði er hægt að treysta því að *þeir sem eiga peninga á Íslandi og vilja lána þá geri* ekki hærri kröfur um ávöxtun en gerðar eru í nálægum löndum. Því að ef þeir gera það þá sitja þeir einfaldlega eftir í þeirri súpu að lántakendurnir ganga þá fram hjá þeim og taka lán hjá öðrum sem betur bjóða. Og þegar til lengdar er litið hlýtur það að vera hagkvæmt fyrir alla, bæði þá sem lánin þurfa að taka og eins þjóðarbúið í heild, ef lánin eru tekin á lágum vöxtum, á lágum ávöxtunarkjörum, á sambærilegum ávöxtunarkjörum og tíðkast í nálægum löndum sem eru mun lægri en hér á Íslandi. Þannig að það er spurning, bæði frá þessu sjónarmiði og í ljósi reynslunnar, hvort á annað borð á að vera að afgreiða lánsfjárlög eins og verið er að gera hér á Alþingi Íslendinga ár eftir ár, þegar reynslan segir okkur að þau standast aldrei og skynsemin segir okkur líka að það sé auðvitað hagfelldast fyrir þjóðarbúið og einstaklingana og fyrirtækin að taka þau lán sem þessir aðilar þurfa á þeim kjörum sem hagstæðust eru, hvort heldur sem þau eru hér á Íslandi eða annars staðar.

Ég sé t.d. ekki hvernig hæstv. ríkisstjórn ætlar að komast fram með það stefnumið sitt að taka ekki lán til húsnæðiskerfisins frá lífeyrissjóðum landsmanna með hærri vöxtum en 5% nema því aðeins að hæstv. ríkisstjórn sé þá reiðubúin til þess að segja við þessa lántakendur: Ef þið eruð ekki reiðubúnir til þess að veita húsbyggjendum á Íslandi fyrir milligöngu ríkissjóðs *lán á sambærilegum kjörum og bjóðast í nálægum löndum*, gott og vel, þá tökum við okkar lán þar. Þið verðið síðan sjálfir, herrar mínir og frúr, að ráða fram úr því hvernig þið ætlið að ávaxta ykkar fé. Staðreyndin er nefnilega sú að það húsnæðiskerfi sem byggt var upp hérna fyrir nokkrum árum á grundvelli samninga við verkalýðshreyfinguna gekk ekki fyrst og fremst út frá hagsmunum húsbyggjenda, heldur jafnvel fremur út frá hagsmunum lífeyrissjóðanna.

Lífeyrissjóðirnir höfðu nefnilega staðið frammi fyrir því alvarlega vandamáli að eins og horfði með þeirra starfsemi lá nokkuð ljóst fyrir að þeir mundu verða komnir í þrot upp úr aldamótum vegna þess að ávöxtunarkröfur þeirra, sem stjórnendur þeirra gerðu, nægðu ekki til þess að tryggja þau lífeyrisréttindi sem lífeyrissjóðirnir áttu að veita. Forstöðumenn lífeyrissjóðanna stóðu frammi fyrir því vandamáli að félagsmenn þeirra sem vildu taka lán úr lífeyrissjóðunum vildu ekki borga nema lágmarksvexti á sama tíma og lífeyrissjóðirnir þurftu hámarksvexti til þess að tryggja það að geta staðið að einhverju leyti a.m.k. við skuldbindingar sínar. Þá fundu menn upp það kerfi, sem nú er notað til fjármögnunar á hinu opinbera húsnæðislánakerfi, sem byggðist á því að lífeyrissjóðirnir lánuðu ríkissjóði fé sitt til endurlána í húsnæðiskerfinu á háum vöxtum og kröfðust þess síðan á móti að þetta sama fé yrði lánað í gegnum byggingarsjóði hins opinbera til þessara sömu lánþega eða lífeyrisþega, eins og þeir áður áttu í baráttu við, á lágum vöxtum.

Þannig eru sömu forráðamenn einstakra verkalýðsfélaga og lífeyrissjóða nú í senn að krefjast þess *að ríkið taki fé lífeyrissjóðanna að láni í húsnæðiskerfið* á mjög háum vöxtum, miklu hærri vöxtum en greiddir yrðu ef það sama fé yrði tekið til láns á erlendum lánsfjármarkaði. Í hinu orðinu eru þessir sömu menn að krefjast þess að húsnæðislánakerfið veiti síðan félagsmönnum lífeyrissjóðanna lán af þessu sama fé á mun lægri vöxtum en almennt eru gerðar kröfur til á þessum sama lánamarkaði í nálægum löndum. Þannig geta þeir raunverulega sagt hluti sem gjörsamlega stangast á og verið uppi með kröfugerðir, þar sem ein krafan gengur í aðra áttina og önnur þvert á hana. Lánakerfið, eins og það hefur verið byggt upp, hefur þannig fyrst og fremst verið byggt upp með hagsmuni lífeyrissjóðanna fyrir augum og var gert af hálfu forráðamanna verkalýðshreyfingar og atvinnurekenda í tengslum við þessa samninga, svo sem gleggst má sjá af því, herra forseti, að nú er staðan þannig hjá mörgum fyrirtækjum, t.d. í sjávarútvegi, að þau ramba á barmi gjaldþrots. Þessi fyrirtæki hafa e.t.v. ekki staðið í skilum við lífeyrissjóði um greiðslur iðgjalda á annað ár. Á annað ár hefur ekki komið ein króna frá þessum fyrirtækjum í lífeyrissjóði starfsfólks. Verði um gjaldþrot að ræða, þá tapast af lífeyrisgreiðslunum allt iðgjald atvinnurekenda. Það er aðeins 4% iðgjaldshlutur verkafólksins sem er forgangskrafa sem örugglega tapast ekki. En með tapinu á 6% iðgjaldi atvinnurekandans, *kannski í heilt ár, tapar viðkomandi verkafólk heils árs lífeyrisrétt*. Og ekki aðeins það, heldur tapar þetta sama fólk lánsréttindum sínum í byggingarsjóðum ríkisins vegna þess að lánsrétturinn er tengdur við lífeyrisiðgjöld síðustu missira, þannig að þarna er um það að ræða að gjaldþrot eins fyrirtækis getur svipt íslenskan almenning ekki bara lífeyrisrétti heldur jafnframt rétti til *lána í hinu opinbera húsnæðislánakerfi*. Og ef menn hugsa þetta mál til enda, þá sjá menn að sjálfsögðu að það sem gert var á sínum tíma í sambandi við tilbúning þessa kerfis var fyrst og

fremst að reyna að tryggja hagsmuni lífeyrissjóðanna og í minna mæli lífeyrisþega, svo sem sjá má af því að réttur lífeyrisþega til láns úr opinberu lánakerfi er skuldbundinn því að atvinnurekandinn hafi staðið í skilum með þau iðgjöld sem hann hefur átt að greiða ásamt launamanninum til lífeyrissjóðs sem viðurkenndur er af stéttarfélögunum. Þetta kerfi gengur auðvitað ekki upp og því miður hafa margir, bæði ungir og eldri, orðið að upplifa það að hafa, án þess að gera sér fyllilega grein fyrir því, misst af lánsréttindum í opinberum byggingarlánasjóðum út af þessu atriði. T.d. þeir aðilar sem á uppgangstímunum hér á suðvesturhorninu féllust á það samkomulag við atvinnuveitanda sinn að láta skrá sig sem undirverktaka eða eitthvað slíkt eins og var t.d. algengt í ýmissi þjónustustarfsemi og byggingariðnaði gegn því að bera úr býtum nokkurra króna hærra kaup á klukkustundina en losa atvinnuveitandann á móti undan því að þurfa að greiða launatengd gjöld.

Þetta unga fólk hefur margt starfað á þessum kjörum í tvö eða þrjú ár, jafnvel lengur. Síðan þegar til á að taka og þetta unga fólk, sem er búið að starfa með þessum hætti, ætlar að sækja um lán hjá byggingarsjóðum ríkisins, þá kemur í ljós að það á engan lánsrétt vegna þess að það láðist að taka fram við það að ef það ekki greiddi í lífeyrissjóð, ekki bara launþegaiðgjaldið heldur atvinnurekendaiðgjaldið líka, þá mundi það missa af lánsréttindum í hinu opinbera byggingarsjóðslánakerfi. Þar ofan á bætist að það fólk sem óttast nú um atvinnu sína í hugsanlegum gjaldþrotum fyrirtækja í sjávarútvegi t.d. eða í öðrum starfsgreinum, og vitað er að mörg af þessum fyrirtækjum hafa ekki greitt lífeyrisiðgjöld í allt að 18 mánuði, sér þá blasa við að í gjaldþrotum slíkra fyrirtækja mundi í fyrsta lagi tapast samsvarandi lífeyrisiðgjaldaréttur, lífeyrisgreiðsluréttur kannski sem nemur 18 mánuðum, og í öðru lagi rétturinn til þess að fá lán í húsbyggingar úr opinberu húsnæðislánakerfi. Auðvitað gengur þetta ekki ef menn hugsa þá hugsun til botns.

Þetta var útúrdúr, herra forseti, sem ég vildi þó gjarnan koma hér að. Meginatriðið var, eins og ég sagði hér áðan, hvort ekki sé ástæðulaust að afgreiða lánsfjárlög með þeim hætti sem hér er verið að gera og gert hefur verið á undanförnum árum, hvort ekki sé réttara að tengja þá afgreiðslu afgreiðslu fjárlaga þar sem fjmrh. væri veitt heimild til þeirrar lántöku sem fjárlög gera ráð fyrir, bæði til A-hluta ríkissjóðs og eins á vegum B-hluta ríkisstofnana, en síðan yrði fyrirtækjum og fólki sem hefur lánstraust á annað borð gefinn réttur til þess að taka sín lán án afskipta ríkisvaldsins á þeim lánsfjármarkaði, innlendum eða erlendum, sem tryggði lántakendum og þjóðinni í heild bestu ávöxtunarkjörin og minnstar vaxtagreiðslur. Það væri skynsamlegra en að standa hér ár og síð í því að afgreiða lánsfjárlög sem reynslan sýnir okkur að ekki standast nema að litlu leyti.

Virðulegi forseti. Að lokum örfá orð um II. kafla þessa frv., þessi margfrægu „þrátt fyrir“ ákvæði. Þau eru búin að vera í lögum árlega um nokkuð mörg ár og ég held að það væri kominn tími til að hv. alþm. mönnuðu sig í það að afnema þessa sjálfvirkni í eitt skipti fyrir öll í útgreiðslum á vegum ríkissjóðs í staðinn fyrir það að standa hér árlega í því að afgreiða undanþágur frá sömu lögum á annan áratug án þess að breyta lögunum sjálfum að öðru leyti. Ég veit það, herra forseti, að það þarf töluverðan kjark til þess að breyta því sem lengi hefur staðið, en eftir 10 ára tilhlaup hlýtur nú kjarkurinn að vera farinn að vaxa eitthvað.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Ég sé ástæðu til að segja örfá orð um þetta mál, lánsfjárlög. Ég vil byrja á því að taka undir með hv. 5. þm. Vestf. í sambandi við meðferð málsins. Það hefur oft komið fram í umræðum á undanförnum árum hvað þetta er í raun og veru óraunhæft að vera að fjalla um lánsfjárlög löngu eftir að hin raunverulegu fjárlög eru afgreidd. Það er alveg augjóst mál öllum sem eitthvað vilja kynna sér þessa málsmeðferð hvað það er í raun og veru óljóst að fjalla um málin á þennan hátt. Þess vegna vil ég taka undir það sem kom fram hjá hv. 5. þm. Vestf. að það er löngu orðið tímabært að taka um það ákvörðun hvort ekki sé réttara að samræma þetta þannig að vinnan að lánsfjárlögum fari fram samhliða fjárlögum og sé unnin af sömu nefnd, fjvn., og afgreidd í Sþ. Eða þá hins vegar að fara þá leið, sem hann einnig kom inn á, að veita heimildir samhliða fjárlögum til fjmrh. til að taka og annast um erlend lán. Mér finnst eiginlega útilokað annað en að Alþingi taki á sig rögg og geri þarna veigamiklar breytingar, jafnhliða því sem ég vil benda á að það eru líklega liðin svona 5–6 ár síðan hér var alvarleg umræða á hv. Alþingi um það að breyta lögum og þurfa ekki sí og æ að vera að setja heimildarákvæði um að þrátt fyrir þessi lög o.s.frv. skuli þetta vera gert, heldur að ganga hreinlega í það að breyta viðkomandi lögum. Það var lögð hér fram fyrir nokkrum árum mjög ítarleg skýrsla, sem er til í þingskjölum, um þessi mál, hvernig að skyldi standa, og það væri fullkomlega ástæða til að ganga þar að verki.

Ég verð að segja það eins og er í sambandi við meðferð málsins hér á hv. Alþingi að því er varðar Ed. að það kemur mér á óvart hversu hv. deild hefur farið inn á þá braut sem er í raun og veru í andstöðu við það sem var búið að ákveða á sínum tíma. Það var búið að ákveða það að draga úr því að ríkisábyrgð væri sífellt tekin hjá hinum ýmsu aðilum á erlendum lántökum. Þetta fannst mér og finnst vera meginmál til þess að draga úr erlendri lántöku hinna ýmsu stofnana og sjóða, að ríkisábyrgðin væri afnumin. Ég held að hv. Ed. hafi gengið þarna feti lengra í öfuga átt en æskilegt er. Þetta þarf ekki að rökstyðja. Þetta er svo augljóst mál að það ætti að vera öllum ljóst, ekki síst núna í því efnahagsástandi sem við búum við í okkar landi, að það væri miklu eðlilegra að nota tækifærið núna til þess að takmarka á allan hátt erlendar lántökur umfram brýnustu þörf. Og ég sé enga ástæðu til þess að auka lántökuheimild hjá

hinum ýmsu sjóðum sem kemur fram í lánsfjárlögunum eins og Ed. hefur breytt þeim.

En það sem ég vildi koma hér aðeins inn á og var eiginlega aðalástæða þess að ég kvaddi mér hljóðs eru nokkur atriði í þessu frv. sem eru áhyggjuefni margra. Þar á ég við í fyrsta lagi framlag til vegamála. Við landsbyggðarþingmenn höfum á undanförnum árum flestir barist fyrir því að efla Vegasjóð og efla þannig framkvæmdir í vegamálum, sem að okkar mati — og því hefur ekki verið mótmælt — er eitt þýðingarmesta byggðamál sem til er, gott vegakerfi í landinu er það sem gerir það mögulegt að byggja landið allt. Og allir landsmenn eiga rétt á því að hafa samgöngur sem geta verið í viðunandi ástandi. Þess vegna harma ég að það skuli þurfa að grípa til þess æ oftar að skerða þær raunverulegu tekjur Vegasjóðs eða fjármagn til vegamála eins og hér er gert í stærri stíl nú en nokkurn tíma áður. Hins vegar höfum við sem styðjum þessa ríkisstjórn fallist á það tímabundið að þetta væri gert eins og kom fram í afgreiðslu fjárlaga.

En það er eitt atriði sem ég vil sérstaklega undirstrika og það er að eins og vegáætlun var afgreidd á síðasta ári, var ljóst að tekjur Vegasjóðs hefðu farið fram úr áætlun sem svaraði til 285 millj. kr. Við meðferð vegáætlunar 1988 gekk fjvn. þannig frá málinu að þessu fjármagni var skipt milli landshlutanna og inn á ákveðið stofnverkefni þannig að það fjármagn sem þannig flyttist til yfir á árið 1989 yrði til ráðstöfunar á því ári í sambandi við viðkomandi framkvæmdir. Nú var hins vegar ljóst að ríkissjóður taldi sig ekki hafa vissu fyrir því að geta greitt þessa fjárhæð upp á árinu 1989 og við endurskoðun á þessum umframtekjum kom í ljós að þessi fjárhæð var um 180 millj. En það sem gengið var frá við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1989 var það að þetta væri inneign Vegasjóðs hjá ríkissjóði, þessar 180 millj. Og það var margtekið fram við afgreiðslu fjárlaga nú að svo yrði. Því tel ég ástæðu til þess núna sérstaklega, ég heyrði að vísu ekki svar hæstv. samgrh. við meðferð málsins í hv. Ed. en ég vil undirstrika það og óska eftir því að það komi fram og mun beita mér fyrir því áður en lánsfjárlög verða samþykkt að það verði alveg ljóst að þessi skilningur sé fyrir hendi hjá hæstv. fjmrh. þannig að ef úr rætist með fjármagn ríkisins á þessu ári, þá verði þessi fjárhæð, 180 millj. sem er innstæða Vegasjóðs hjá ríkissjóði, til útgreiðslu á árinu ef með þarf, en alla vega gulltryggð sem sérstakt fjármagn sem Vegasjóður á.

Þá vil ég einnig undirstrika nauðsyn þess að fram komi við afgreiðslu lánsfjárlaga hver niðurstaðan verður varðandi framlög til landbúnaðarins. Þar á ég við í sambandi við 28. gr. um jarðræktarframlög og einnig í sambandi við 29. gr. hvað snertir framlög til búfjárræktarlaga að undirstrika yfirlýsingu sem hæstv. landbrh. gaf í sambandi við afgreiðslu fjárlaga og lesin var upp af formanni fjvn. þar sem gert var ráð fyrir því, eftir hans umsögn, að hann mundi leggja fram á þessum vetri lagabreytingar í sambandi við jarðræktarlög og búfjárræktarlög og jafnframt að tryggja það að við þá samninga, sem bændur eiga lögum samkvæmt rétt á, yrði staðið á árinu. Þetta tel ég að þurfi að koma hér fram og ég vil undirstrika þetta hér vegna mikilvægis málsins.

Ég vil svo aðeins að lokum koma inn á það sem hv. 5. þm. Vestf. minntist hér á, það er í sambandi við lífeyrissjóðina. Ég tel að samningarnir við aðila vinnumarkaðarins 1986 hafi verið mjög merkilegir og þýðingarmiklir fyrir lífeyrissjóði launþega í landinu því að með þeim samningum var gengið út frá því að fjármagn lífeyrissjóðanna yrði í fyrsta lagi stóraukið þar sem jafnframt var samið um það að iðgjöld til lífeyrissjóðanna yrðu tekin af öllum greiddum launum en áður var það annaðhvort af áætluðum launum eða aðeins dagvinnulaunum sem þýddi það að á vissu árabili margfaldaðist fjármagn lífeyrissjóðanna og um leið margfaldaðist það öryggi sem launþegar fá í gegnum lífeyrissjóði launþegahreyfingarinnar. Þetta var eitt af mikilvægustu málunum í sambandi við þessa samninga, jafnframt því að aðilar vinnumarkaðarins gengust inn á það og gerðu meira, þeir gerðu það að sinni tillögu að fjármagn lífeyrissjóðanna, allt að 55% af ráðstöfunarfé, gengi beint í húsnæðiskerfið sem hefur gert það að verkum að nú er svo komið að á þessu ári og næsta ári kemur frá lífeyrissjóðunum ekki minna fjármagn en 10–11 milljarðar á ári í húsnæðiskerfið.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að ræða þetta öllu nánar. Ég vil aðeins undirstrika það sem kom hér fram í upphafi að meðferð afgreiðslu lánsfjárlaga hér á hv. Alþingi er löngu orðin úrelt og það er fullkomin ástæða til þess að það sé tekið til raunverulegrar athugunar að breyta þessu ákvæði þannig að lánsfjárlög verði afgreidd jafnhliða fjárlögum og af sömu nefnd og fjallar um fjárlögin til þess að hægt séað sjá og fjalla um hið raunverulega ástand fjármála ríkisins í einum pakka.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég verð mjög stuttorð enda er ég búin að tala fyrr í þessari umræðu. Ég vil byrja á því að taka undir það sem kom fram í máli hv. tveggja síðustu ræðumanna um nauðsyn þess að tekin verði upp önnur skipan mála og annars konar umfjöllun þannig að það sé fjvn. sem fjallar um báða þessa hluta fjárlagadæmisins. Þeirri skoðun hef ég lýst áður og get tekið undir orð þeirra hvað það varðar. Hingað kem ég hins vegar nánast eingöngu til þess að leiðrétta sjálfa mig og skil nú ekki hvað yfir mig hefur komið, en skýringin er auðvitað sú sem ég orðaði reyndar í upphafi máls míns hér áðan, nefnilega að yfirferð mín yfir þetta frv. var á algjörum handahlaupum og jafnvel stuðst við brigðult minni, líklega er þó allra réttast að tala um óskhyggju.

Þannig var búið að fullyrða það einhvern tíma í mín eyru að nú loksins væri Ríkisútvarpinu aftur skilað þeim tekjustofni sem því er ætlaður með lögum af aðflutningsgjöldum af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og þar með væri nú hagur Ríkisútvarpsins bættur verulega. Þessu fagnaði ég að sjálfsögðu. Við höfðum

gagnrýnt þetta mjög harðlega á síðustu þingum og ég fagnaði þessu í máli mínu hér áðan og hrósaði hæstv. menntmrh. alveg sérstaklega fyrir dugnað hans í þessu efni. En það var sem sé oflof sem hann á engan veginn skilið og ég tek það hér með aftur því eins og ég komst að raun um þegar ég hélt áfram lestri í sæti mínu, og reyndar eftir ábendingu sessunautar míns, hv. 17. þm. Reykv., vat hér heldur betur um misskilning að ræða og núv. stjórnvöld eru engu betri hinum fyrri. 27. gr. frv., eins og það er nú komið frá hv. Ed., hljóðar svo: „Þrátt fyrir ákvæði 22. og 23. gr. laga nr. 68/1985, útvarpslaga, skulu tekjur á árinu 1989 vegna aðflutningsgjalda af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum renna í ríkissjóð."

Ég hlýt, um leið og ég tek fyrri lofsyrði til baka, að lýsa yfir undrun minni að einmitt hæstv. menntmrh. sem hástöfum gagnrýndi einmitt þetta atriði á síðustu þingum skuli nú sætta sig við þessa niðurstöðu. Að óreyndu hefði maður ekki trúað því að hann léti sér nægja að skipa nefnd í málið en það virðist þó vera raunin, og um þetta verður sjálfsagt fjallað meira. En ég gat ekki látið hjá líða að leiðrétta þetta strax í þessari umræðu.

Albert Guðmundsson:

Herra forseti. Ég vil aðeins láta það koma fram í upphafi máls míns að gefnu tilefni frá hv. 1. þm. Vesturl. — ég veit ekki hvort hv. 1. þm. Vesturl. tók eftir því að ég var að beina orðum mínum til hans — að það var tillaga fjmrh. í þeirri ríkisstjórn sem hann sat sjálfur í á sínum tíma að breyta fyrirkomulagi meðferðar fjárlaganna á Alþingi Íslendinga og ég veit ekki annað en að það hafi verið samþykkt og því hafi ekki verið breytt síðan að fjárlög, lánsfjárlög, lánsfjáráætlanir, aukafjárveitingar og áætlanir fram í tímann á öllum þessum sviðum skyldu tekin fyrir á Alþingi á sama tíma. Hv. 10. þm. Reykn., sem talaði um sama mál og í sama dúr og hv. 1. þm. Vesturl., samþykkti þessa tillögu hér. Ég skil því ekki hvað minnið er stutt. Það er talað um það núna, nokkrum árum síðar, að það þurfi að gera það sem Alþingi er búið að samþykkja að skuli gert. Þrátt fyrir það að hæstv. fjmrh. hafi ekki farið eftir því í þetta sinn hefur verið farið eftir því hingað til.

Ég vil hins vegar taka það fram að ég hefði ekki treyst mér sjálfur sem fjmrh. til þess að fara eftir þessari samþykkt í þetta sinn vegna þess afbrigðilega ástands sem ríkir og hefur ríkt í ríkisstjórnarmálum undanfarið. Ríkisstjórnir hafa komið og farið örar undanfarið en vant er, örar en hefðbundið er. Núv. fjmrh. hafði því afskaplega lítið svigrúm, þannig að það er skiljanlegt og tæplega hægt að gera þær kröfur sem venjulega er eðlilegt að gera til framlagningar fjárlagadæmisins í heild. Ég tek hins vegar undir það að það þarf að stokka upp meðferð fjármálanna. Það er eitt af því sem fór fram hjá mér, og þó ekki, vegna þess að ég álít að það þurfi að breyta þannig að fjvn. hafi meira með fjármálin í heild að gera en hún hefur haft til þessa.

Ég dró t.d. til baka fulltrúa fjmrn. í langlánanefnd þegar ég var fjmrh. vegna þess að sem fjmrh. var ég ábyrgur fyrir eyðslu og lántöku, erlendum lántökum fyrirtækja á vegum viðskrn. Ég var ábyrgur fyrir því sem fjmrh. en hafði ekkert með það að gera hvað var lánað eða hvernig þau mál voru meðhöndluð.

Að þessum athugasemdum gerðum tek ég fram að ég tala hér ekki fyrir minn flokk. Ég tala hér sem einstaklingur. Talsmaður flokksins hlýtur að taka til máls á eftir ef hann er viðstaddur. Það sem ég vil leiðrétta er — ég tel það svona frekar óviðkunnanlegt að tala í kapp við menntmrh., ég þarf að koma boðum til fjmrh. (**Forseti:** Kannski hæstv. menntmrh. hafi lokið erindi sínu í bili.) Hv. 2. þm. Norðurl. v. Pálmi Jónsson talaði hér um lánsfjárheimild fjmrh. og fjmrh. sjálfur gat um það að hér væri um rúma 36 milljarða að ræða, ég vona að ég fari rétt með, en það er ekki alveg rétt vegna þess að til viðbótar við þessa lánsfjárlagaheimild sem fjmrh. fær í fyrsta kafla, frá 1. gr. til 16. gr., bætist að sjálfsögðu annar kafli sem er skerðingarákvæðakafli, frá 17. gr. til 35. gr., og síðan er þriðji kafli sem eru líka lánsfjárheimildir. Ég lagði saman þarna bara 41.–43. gr. og þar bætist við 1,6 milljarðar, þannig að þarna eru komnir um 12 milljarðar en ekki rúmlega 10 eða 10,5 eins og 1. gr. segir til um. Fyrir þá sem lesa þetta frv. er það alvarlegt umhugsunarefni að niðurstaða fjárlaga — það er voðalega erfitt að tala í kapp við aðra hæstv. ráðherra, það er bókstaflega ekki hægt. Herra forseti, ég er reiðubúinn til þess að gera hlé á ræðu minni ef þetta er eitthvað áríðandi sem ráðherrarnir þurfa að ræða. (**Menntmrh.:** Þetta er að sjálfsögðu áríðandi en við gerum auðvitað hlé á máli okkar.) Hæstv. menntmrh. verður að gera sér grein fyrir því að hann er staddur í málstofu þar sem menn fá orðið. Það er forseti sem gefur þeim orðið. (**Forseti:** Ég vænti þess að hv. þingdeildarmenn virði það að ræðumenn hafa orðið. Gjörðu svo vel, hv. 5. þm. Reykv.) Við skulum ætla það. Ég er þakklátur forseta, en forseti gefur mér orðið í annað sinn.

Ég er að benda á að það er ekki rétt sem kemur fram í fyrsta kafla að heimildin fyrir lántöku til fjmrh. sé eingöngu tvisvar sinnum 5 milljarðar, rúmlega 10 milljarðar, heldur eru hérna skv. 41. gr. 1,6 milljarðar, þannig að þarna eru komnir um 12 milljarðar, sem sagt 1,5 milljarðar á þessum þremur liðum en til viðbótar við 36 milljarða sem hæstv. fjmrh. gat um. Og miðandi við niðurstöður fjárlaga sem eru um 77–80 milljarðar, þá er lánsfjárupphæðin samtals um 50% af niðurstöðum fjárlaga, sem þýðir að allar framkvæmdir og allir sjóðir eru reknir af lánsfé. Ekki er ég að segja að það sé endilega hæstv. núv. fjmrh. að einu eða öðru leyti að kenna en til þess minnist ég á þetta að draga athyglina að því að tekjur íslenska ríkisins, til ráðstöfunar, sem eru orðnar um þriðjungur af heildarþjóðartekjunum, nægja ekki til þess að reka íslenskt þjóðfélag, bara í reksturinn. Allar framkvæmdir, sjóðirnir, eru reknar á lánsfé. Er ekki tímabært að hugsa svolítið hvað við erum að gera? Það eru aðrar ráðstafanir sem þarf að gera en þær sem við erum að gera, og það er rétt sem kom fram

hjá hæstv. fjmrh. og fleiri fjmrh., það þarf að draga úr lántökum. En hérna, í þessum heimildagreinum, í þriðja kafla, er fjmrh., frá 36. gr. og aftur úr til 44. gr., heimilt að taka lán eftir lán ofan á lán til þess að borga lán eftir lán eftir lán erlendis frá, og allt gert í skjóli þess að fjmrh. geti fengið nýtt lán sem er hagkvæmara en það gamla og það er alltaf verið að taka pínulítið meira að láni til þess að standa undir kostnaði við að borga upp gömul lán og í því skjóli að nýja lánið sé alltaf ódýrara en það sem fékkst síðast. Þetta er náttúrlega ein keðjuverkandi blekking, ein keðjuverkandi blekking. Þetta er það sem þetta plagg segir. Þetta er saga íslensku þjóðarinnar í fjármálum 1989. Það er þessi sorglega staðreynd sem mér finnst vera litið fram hjá. Og allt þetta, öll þessi lán og heimildir sem hér koma fram til fjmrh., bæði í fyrsta kafla og í þriðja kafla, eru þrátt fyrir það að annar kafli er allur um það að ekki skuli standa við samþykktir Alþingis til hinna ýmsu framkvæmda og verkefna í þjóðfélaginu. Ég sé enga ástæðu til þess að lesa það upp en það er út af fyrir sig fróðlegur lestur, og ég ráðlegg fólki almennt að kynna sér þetta vegna þess að þjóðfélagið gengur að verulegu leyti á samþykktum Alþingis, fjárframlögum ákveðnum af Alþingi, og reiknar með að það fái svona nokkurn veginn það sem það á að fá samkvæmt lögum, en þetta er meira og minna skert eða fellt niður. Og þar með er ég að taka undir þá athugasemd sem hér kom fram frá hv. 10. þm. Reykn. Kristínu Halldórsdóttur í sambandi við Ríkisútvarpið. Það er hins vegar bara einn liður sem hún hefur mikinn áhuga á en þjóðfélagið gengur á þessum framlögum að miklu leyti.

Það alvarlegasta er að Alþingi er að samþykkja útgjöld sem ekki eru tekjur fyrir og langt umfram þá getu sem þjóðfélagið hefur. Ég tek undir það hjá fjmrh. að það er löngu tímabært að stokka þetta upp. Ég hef sagt það áður að ég er reiðubúinn að taka undir með honum og mun hjálpa til eftir því sem ég get. En það verður ekki gert með því að tala bara um hlutina en koma svo alltaf fram með hefðbundnar ráðstafanir á örlagastundum eins og þegar fjárlög eða lánsfjárlög eru afgreidd. Það þarf meira en að tala um þessa hluti og það er ekkert víst að okkur takist það þrátt fyrir það að við tökum öll undir sem erum ábyrg fyrir þessum gerðum. Það er áhyggjuefni að tekjur standa ekki undir rekstri þjóðfélagsins, hvað þá undir framkvæmdum og öðrum nauðsynjum.

Það vakti athygli mína að þegar hv. formaður fjvn. talaði áðan þá sagði hann að hann skildi ekki hvernig ríkisstjórnin ætlaði að komast fram úr stefnu sinni í peninga- og efnahagsmálum. Ég lái honum það ekki, það er enginn sem skilur þetta. Ég held að fjármála- og efnahagsdæmi þjóðarinnar, sem liggur hér, skýri það sem ég er að segja. Það er þannig að enginn sem hefur einhvern tíma að peningamálum eða efnahagsmálum unnið skilur hvernig þessi flækja er orðin. Það má hæstv. fjmrh. alls ekki skilja sem ádeilu á sig persónulega því að ég held að hann hafi gert margt rétt en kannski ekki farið alveg rétt að. Ég er t.d. ekki sammála því sem er að ske núna í niðurskurði á kostnaði við sjúkrahús og annað.

Þegar ég var fjmrh. setti ég á laggirnar nefnd sem hafði sama hlutverki að gegna undir forustu ríkisendurskoðanda, Halldórs Sigurðssonar. Þetta var nefnd embættismanna og stjórnmálamanna sem átti að fylgjast með útgjöldum ríkissjóðs og stofnana frá mánuði til mánaðar. Þessi nefnd starfaði mjög vel og hennar hlutverk var að skera niður 10% af heildarkostnaði. Það náðist nú ekki en þó náðist verulegur niðurskurður sem var í samræmi við endurskoðuð fjárlög. En nú er gefin út fyrirskipun um að skera niður kostnað um 4%, bæði af launum og öðrum almennum kostnaði skilst mér, aðallega þó launakostnaði. En Alþingi hefur ekkert með það að gera. Alþingi hefur fengið ósk um að ákveðið vinnuframlag sé lagt fram af starfsfólki og fyrir það vinnuframlag eigi það að fá ákveðna þóknun. Þá gengur ekki að loka stofnunum til þess að ná fram þessum sparnaði. Það gengur ekki. Ef sparnaður næst ekki með því að sama vinnumagn, sömu afköst, náist fyrir fólkið í landinu, fyrir sjúklinga og aðra, þá hefur ríkisstjórnin, hvort sem það er fjmrh. eða einhver annar, ekki nokkra heimild Alþingis til að loka þessum stofnunum sem Alþingi hefur ákveðið að halda gangandi. Ef aftur á móti er hægt að ná sparnaði með samkomulagi við starfsfólkið þannig að afköst stofnananna verði ekki minni en kostnaðurinn lækki, þá er vel að staðið. Náist það ekki með samkomulagi og í samvinnu við fólkið hefur ríkisstjórnin enga heimild til þess að minnka þjónustuna, það verður Alþingi að taka ákvörðun um. Alþingi verður að taka ákvörðun um það hvort stofnanir sem það hefur sett af stað með fjárfestingum, bæði fjárfestingum og rekstri, eru lokaðar að einhverju eða öllu leyti. Það er ákvörðun Alþingis en ekki framkvæmdarvaldsins. Framkvæmdarvaldið hefur hins vegar fengið fé til að halda þessum stofnunum gangandi og halda starfsfólkinu við vinnu en ekki til að spara með því að loka stofnunum og segja fólki upp og skapa atvinnuleysi sem við ráðum síður við en að reka stofnanirnar áfram. En að sjálfsögðu þarf að gæta aðhalds og ég sem fjmrh. var sannfærður um að aðhald væri verulegt, þó að á sumum stöðum mætti kannski bæta eitthvað úr.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þetta mikið lengra. Þetta er hefðbundin vinna sem hér er lögð fram. Það er auðséð að stefna ríkisstjórnarinnar um að minnka lántökur bæði innan lands og erlendis hefur mistekist þótt viljinn sé góður. Enginn ráðherra sem ég þekki til hefur ekki farið með góðum ásetningi í starf, en það er ekki alltaf sem ráðherrar geta eða ráða við að ná þeim árangri sem þeir stefna að. Og þó að sú stefna komi ekki fram í þessu frv. til lánsfjárlaga, sem er hefðbundið frv. eins og gefur að skilja, þá hefur komið fram sterkur vilji hjá fjmrh. til þess að veita aðhald. Ég vona að hann nái árangri á því sviði án þess að það bitni á fólkinu sem vinnur við stofnanir, eða svokallað kerfi, því að það hefur

áhrif á okkur öll ef við sköpum atvinnuleysi af einhverjum ástæðum, hvort sem það er með vilja gert eða óviljandi.

Virðulegur forseti. Ég ætla að ljúka orðum mínum með því að gera orð formanns fjvn. að mínum og endurtek það sem hann sagði um að hann, sem er þó trúnaðarmaður ríkisstjórnarinnar í fjárveitingagerðinni, skildi ekki hvernig ríkisstjórnin ætlaði að komast fram úr stefnu sinni í peninga- og efnahagsmálum. Ég vil segja það frá mínu brjósti að ég þekki engan sem skilur þessa stefnu í peninga- og efnahagsmálum ríkisstjórnarinnar neitt betur en formaður fjvn.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Mig langar aðeins til þess að leggja orð í belg og vildi helst að fjmrh. færi ekki langt. Mig langar til að spyrja hvaða forsendur séu fyrir þessari lánsfjáráætlun að teknu tilliti til þeirrar stöðu sem atvinnulífið er í um þessar mundir. Hvaða athugun hefur farið fram með tilliti til veikrar stöðu atvinnulífsins? Eru einhver slík plögg til og þá hvaða plögg? Eða er bara látið vaða og ekkert spekúlerað í því hver staðan er á íslenskum vinnumarkaði?

Það er stutt síðan hæstv. forsrh. gaf yfirlit yfir stöðu efnahagsmála þar sem hann sagði að rýrnun eigin fjár í sjávarútvegi síðasta ár hefði verið 13 milljarðar eða samsvarandi 17 Ólafsfjarðarjarðgöngum. Er í lagi í þeirri stöðu að láta vaða og sópa meiru í kassann, bæði í formi hækkandi skatta og meira lánsfjár? Er það rökrétt? Eru til einhver gögn um þetta, hæstv. fjmrh.? Til sjós nota menn dýptarmæla og radar. Hvað notið þið í fjmrn. þegar þið eruð að gá í kringum ykkur? Það sem við höfum á borðinu er að kvóti fiskiskipaflotans var skertur á síðasta ári um 10%. Í ljósi þess hver eiginfjárrýrnunin varð og tapreksturinn varð mikill voru skattar síðan hækkaðir. Það er alltaf hækkað og hækkað, lánsfé og skattar.

Ég hef reynslu af því að hæstv. fjmrh. er ekkert voðalega hrifinn af því að svara spurningum en vildi hann kannski vera svo vænn að svara mér einni hógværri spurningu. Svo maður tali við hann á máli sem hann kynni kannski að skilja, fiskistofnar eru til, svo eru til peningastofnar. Skilurðu það? Það er ekki til nema takmarkað magn af peningum, nema ef þú gætir náttúrlega bara prentað takmarkalaust. Það er kannski líka hægt? Eru skattstofnar takmörkuð auðlind eða ekki? Er hægt að fá svar við því? Eru einhvers staðar mörk og hvar eru þau þá? Hefur farið fram einhver athugun á því, kannski í Háskólanum því þar er nú ýmislegt stúderað? Hvenær er hámarksafrakstur? Það er hámarksafrakstur í fiskifræði þegar stofnarnir eru svo og svo stórir. En er alveg sama hvað er ruplað og rænt af íslenskum fyrirtækjum?

Ég vil meina að þessi skattastefna og þessi efnahagsstefna sem birtist í þessari lánsfjáráætlun sé á hreinni íslensku ekkert annað en rányrkja. Það er verið að skerða möguleikana til bættra lífskjara í landinu. Þetta þýðir ekkert annað en skert lífskjör því það minnkar getu fyrirtækjanna í landinu til að borga sæmileg laun þegar það er ruplað og rænt af þeim vegna þeirrar staðreyndar að skattstofnar eru takmörkuð auðlind að mínu áliti. Síðan er þetta læknað fyrir horn með því að moka erlendu lánsfé inn í landið og íslenskir peningar eru prentaðir í staðinn. Það er náttúrlega reynt að deyfa áhrifin af þessari fíflastefnu með því að moka erlendum gjaldeyri inn í landið og veðsetja þegnana. Telur fjmrh. að hann hafi veðleyfi í íslenskum þegnum? Hefur þú fengið veðleyfi? Ekki hjá mér.

Ég ætla að leyfa mér að spá því, það kemur svo í ljós hver niðurstaðan verður, að þessi stefna sem er rekin núna í ríkisfjármálum leiði til þess að gatið hjá hæstv. fjmrh. í árslok verður svona 10–15 milljarðar þrátt fyrir allt sóknarmarkið sem hann leyfir sér. Það er ekki víst að allir fiskarnir eða seðlarnir komi. Svona fjárlög og lánsfjáráætlun gera ekkert annað en að auka spennuna í þjóðfélaginu. Rýrnandi höfuðstólar í íslenskum atvinnuvegum leiða til skertra lífskjara og það er þangað sem þú ert að stefna, hæstv. fjmrh. Þú ert að leiða þjóðina til skertra lífskjara. Samkeppnishæfni og greiðslugeta fyrirtækjanna rýrnar, eftir því sem meira er ruplað af þeim, til þess að borga fólkinu sæmileg laun í landinu. Þvílík stefna þýðir minnkandi afrakstur, það hægist á öllu og þú færð minna í kassann. Þetta er ekki flókið, en það er alltaf verið að flækja þetta í einhverjum pappírum sem standa í stöflum og enginn skilur í.

Ef hæstv. fjmrh. vildi vera svo hógvær að svara því hvort hann telji að íslenskir peningastofnar séu ótakmörkuð auðlind, að það séu engin takmörk fyrir því hvað menn láta vaða. Það á bara að ryksuga í kassann og senda fógetann á fyrirtækin og skapa atvinnuleysi.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Fyrr í dag höfðu fallið orð sem lutu að fjárhag Ríkisútvarpsins, en í þeim efnum höfðu nú verið teknar ákvarðanir sem breyta stöðu útvarpsins dálítið frá því sem var. Meginhluti þeirra ákvarðana beinist reyndar að því að borga upp gamlar skuldir og rétta við fjárhag útvarpsins en í allt of litlum mæli til nýrrar og aukinnar dagskrárgerðar frá því sem verið hefur.

Varðandi þau framlög sem verið hafa til framkvæmda á vegum Ríkisútvarpsins og aðflutningsgjalda- og tollatekjur, sem nú renna í ríkissjóð, er það að segja að gert var ráð fyrir því að þessar tekjur færu fyrst og fremst til þess að byggja upp dreifikerfið. Nú er í þeim efnum hins vegar um að ræða alveg ný viðhorf sem stafa af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi þeirri að um er að ræða margar útvarpsstöðvar og sjónvarpsstöðvar sem eru ekki eingöngu á vegum ríkisins eins og áður var. Því tel ég að það komi til greina að kanna rækilega hvort ekki er skynsamlegra að Póstur og sími eigi þessi dreifikerfi og stöðvarnar fái aðgang að þeim. Hef ég beðið Ríkisútvarpið og Póst og síma um að kanna þetta mál sérstaklega.

Ég vil líka benda á það í þessu sambandi að það er gert ráð fyrir því í skipunarbréfi þeirrar nefndar sem fjallar um málefni Ríkisútvarpsins og endurskoðun útvarpslaga að á þessum málum verði sérstaklega

tekið og það er gert ráð fyrir því að þessi nefnd skili áliti varðandi endurskoðun útvarpslaganna 10. mars nk. Ég vænti þess því að það þing sem nú situr fái tækifæri til þess að afgreiða ný útvarpslög og þar með að taka á þessum málum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Verðlag, samkeppnishömlur og óréttmætir viðskiptahættir, 1. umr.

Stjfrv., 243. mál (Verðlagsráð, skýrslur og verðlagning á orku). — Þskj. 448.

Viðskiptaráðherrra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 56 frá 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, eins og það kemur frá hv. Ed.

Frv. er flutt sem þáttur í þeirri stefnu sem ríkisstjórnin hefur ákveðið í verðlagsmálum þegar tímabundinni verðstöðvun lýkur í lok þessa mánaðar. Þá er hér einnig flutt brtt. um skipan varamanna í verðlagsráð sem til er komin vegna þess hversu oft hefur reynst erfitt að ná saman löglegum fundum í þessari mikilvægu stofnun með skömmum fyrirvara.

Í 1. gr. frv. er því lagt til að heimilt verði að skipa tvo varamenn fyrir hvern af þeim aðalmönnum sem skipaðir eru samkvæmt tilnefningu ýmissa samtaka í verðlagsráðið ef samtökin óska þess. Skulu þá varamenn taka sæti í ráðinu í þeirri röð sem þeir eru skipaðir. Hér er vitaskuld ekki um stórvægilega breytingu að ræða en tillagan er þó flutt vegna ítrekaðra tilmæla forstöðumanna þessara tilnefningaraðila sem mest umsvif hafa, einkum Alþýðusambandsins, Vinnuveitendasambandsins og verslunarráðsins, og virðast oft eiga erfitt með að mæta á fundum verðlagsráðsins með skömmum fyrirvara, en oft getur verið nauðsynlegt að kalla ráðið saman skyndilega. Hér veldur að sjálfsögðu margt, ekki síst þeirra samningastarf.

Í 2. gr. frv. er hert á eftirrekstri með því að Verðlagsstofnun fái þær skýrslur og gögn sem hún óskar eftir og sem nauðsynlegt er að hún fái til að geta rækt sitt hlutverk. Ákvæði um dagsektir, sem nú eru í lögunum ef ekki er brugðist rétt við upplýsingaskyldu, hefur reynst lítils megnugt og ekki skilað árangri. Hér er lagt til að það falli niður, en að vanræksla á upplýsingum varði sömu refsingum og brot á verðlagsákvæðum laganna.

Í 3. gr. frv., sem er kannski veigamest af þeim tillögum sem hér eru fluttar, er lagt til að verðlagning orkuvinnslufyrirtækja og dreifiveitna falli tímabundið undir ákvæði verðlagslaga, hin almennu verðlagslög, um sex mánaða skeið eftir að verðstöðvun lýkur, á þeim tíma sem ríkisstjórnin hefur nefnt umþóttunartíma í kjölfar verðstöðvunar. Þessi tillaga miðar að því að sams konar ákvæði gildi um opinbera aðila og einkafyrirtæki á þessu tímabili. Orkufyrirtækin eru í eðli sínu einokunarfyrirtæki og mikilvægt að þau lúti hinum almennu verðlagsreglum sem settar kunna að verða á umþóttunartíma í kjölfar verðstöðvunar. Þótt þessi fyrirtæki lúti pólitískum stjórnum, völdum af sveitarstjórnum og stundum með aðild ríkisfulltrúa, þá er við því hætt að hver og ein slík stjórn hafi ekki þá yfirsýn yfir verðlagsþróun sem verðlagsyfirvöld eiga að hafa. Vegna gengisbreytinga og hækkana á kostnaði innan lands þurfa orkufyrirtækin fyrirsjáanlega mörg hver að fá hækkun á gjaldskrá, en það er mikilvægt að þeirri hækkun verði haldið í hófi eins og frekast er kostur og í því sambandi er nauðsynlegt að huga að þeim forsendum sem lagðar eru til grundvallar fjárhagsáætlunum sveitarfélaga og fjárlögum á þessu ári.

Það má segja að hér sé um það að ræða að gera þá tilraun að fela verðlagsráði og Verðlagsstofnun að fjalla um verðlagningu innlendra orkufyrirtækja í stað þess að fjalla um staðfestingu á verðskrám þessara fyrirtækja eingöngu í iðnrn. Ég tel mikilvægt að þessi tilraun verði gerð, ekki síst vegna þess að mjög oft hefur þess gætt þegar kjarasamningar hafa verið á döfinni að báðar hliðar þeirra mála, vinnuveitendur og verkalýðshreyfing, hafa gagnrýnt það að fyrirtæki, sem lúta opinberri stjórn, hafi tekið sér sjálf hækkun á gjaldskrám og lítt skeytt um það hvað öðrum sýnist eða líður þess vegna. Ég tel mikilvægt að eyða þeirri tortryggni sem þarna hefur ríkt og að það sé alveg ljóst að eitt gangi þarna yfir alla, jafnt einkafyrirtæki sem opinber fyrirtæki. Í þessu felst alls ekki að með þessu sé verið að taka verðákvörðunarréttinn af orkufyrirtækjunum. Ekki frekar en það er verið að taka verðákvörðunarréttinn af einkafyrirtækjunum með þeim lögum sem í gildi hafa verið sl. tíu ár eða rúmlega það, þ.e. verðlagslögunum hinum almennu frá árinu 1978, því í tillögum frv. felst það eitt að um sex mánaða skeið skuli opinber orkufyrirtæki, bæði orkuvinnslu og dreifingar, falla undir sömu ákvæði.

Ég ítreka að ég tel það mjög mikilvægt að þessi tilraun verði gerð til að freista þess að draga úr þeirri óvissu, koma í veg fyrir að mikil skyndihækkun verði á þessum mikilvæga kostnaðarlið heimilanna og fyrirtækjanna í landinu nú þegar verðstöðvuninni lýkur.

Um gjaldskrá fyrir aðra opinbera þjónustu en orku er það að segja að hún er yfirleitt ólíkt orkunni í miklum mæli niðurgreidd úr ríkissjóði eða sveitarsjóðum og því erfitt fyrir verðlagsyfirvöld, sem venjulega meta tilefni til verðlagsbreytinga á grundvelli kostnaðarþróunar, að taka afstöðu til þeirra mála þar sem fólkvaldir fulltrúar ákveða hversu mikið skuli styrkja tiltekna þjónustu. Svo ég taki dæmi: dagvistunarstofnanir eða strætisvagnar sem hvort tveggja er í mjög miklum mæli ekki háð venjulegri kostnaðarverðmyndun heldur miklu fremur því hvað sveitar-

stjórnir og í sumum tilfellum ríkissjóður og fjárveitingavaldið ákveða að leggja til slíkrar þjónustu. Það er því erfitt fyrir verðlagsyfirvöld að taka að sér að veita aðhald að slíku verði ef afleiðingarnar eru halli hjá viðkomandi stjórnvaldi sem það hefur ekki sjálft ákveðið. Ríkisstjórnin hefur hins vegar þegar tekið upp viðræður við Samband ísl. sveitarfélaga um aðhald að hækkun þjónustugjalda eins og frekast er kostur á næstu mánuðum og missirum.

Í samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 6. febr. sl., sem fjallar um umþóttun í kjölfar verðstöðvunar, var verðlagsráði og Verðlagsstofnun sérstaklega falið að fylgjast með verðákvörðunum einokunar- og markaðsráðandi fyrirtækja. Jafnframt er þeim falið að fylgjast náið með verðlagsþróun í einstökum greinum og beita tímabundið ýtrustu heimildum verðlagslaga ef verðhækkun virðist umfram það sem brýn kostnaðartilefni og afkoma fyrirtækjanna gefa tilefni til. Það er eðlilegt að um það sé spurt hvað í þessu felist. En í því felst að verði verðlagsyfirvöld vör við hækkun sem ekki er hægt að rökstyðja með kostnaðarhækkun eða mjög slæmri stöðu fyrirtækjanna og ekki tekst samkomulag um að girða fyrir hana verður ákvæðum 8. gr. verðlagslaganna beitt eftir því sem við á. En í þessari grein segir m.a., og með leyfi forseta vitna ég til lagagreinarinnar: „Nú er samkeppni takmörkuð að mati verðlagsráðs á sviði þar sem verðlagning er ekki undir verðlagsákvæðum eða samkeppni er ekki nægileg til að tryggja sanngjarnt verðlag eða horfur eru á ósanngjarnri þróun verðlags og álagningar og getur verðlagsráð þá ákveðið hámarksverð, hámarksálagningu, verðstöðvun ...“ Ég ætla ekki að lesa meira en þarna er greinilega heimild fyrir verðlagsráðið að grípa til verðstöðvunar í slíkum tilfellum eða að neita um verðhækkun ef þannig stendur á.

Eðli málsins samkvæmt mun þetta eftirlit með einokunar- og markaðsráðandi fyrirtækjum fyrst og fremst beinast að þeim greinum þar sem þessa gætir. Ég nefni þar líka gjaldskrár sem ákveðnar eru af samtökum heilla starfsgreina sem oft geta haft fullkomna einokunaraðstöðu. Verðlagsyfirvöld munu að sjálfsögðu móta framkvæmd þessa máls, en það er ljóst t.d. að á þessum grundvelli verður fylgst náið með fyrirtækjum í samgöngum, byggingariðnaði, nokkrum iðngreinum og stærri verslunarfyrirtækjum. Þá falla líka undir það sem ég vil kalla einokun og markaðsráðandi aðstöðu ýmsar þjónustugreinar, þar á meðal taxtar tannlækna, arkitekta og ýmissa annarra sérfræðistétta sem segja má að hafi svipaða stöðu og iðngildin höfðu á miðöldum, þau setja sínar eigin gjaldskrár.

Að lokum, virðulegur forseti, langar mig að benda á að svo virðist eins og frv. er prentað í dagskrárskjali að þar sé ekki prentuð nein gildistökugrein. Hér hlýtur að vera um prentvillu að ræða. Í frv. ætti að vera 4. gr. sem í segði: Lög þessi öðlast þegar gildi, eins og venja er. Ég bið hv. fjh.- og viðskn. að athuga þetta mál. En við lok þessarar umræðu legg ég til að þetta mál fari til hv. fjh.- og viðskn. (**Forseti:** Það vekur athygli mína í tilefni af þessum ummælum viðskrh. að ég sé ekki að þetta sé heldur í frv.)

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Mig langar til að fara nokkrum orðum um það frv. sem hér er til umræðu og fjalla um nokkur atriði frv., en alls ekki að ræða það í heild sinni. Fyrst vil ég þó segja að ef það er rétt að það vanti gildistökugreinina í frv. verður frv. auðvitað að fara aftur til Ed. ef svo kynni að fara að flutt yrði brtt. við frv. í Nd. og gildistökuákvæðinu bætt við. Hitt er svo annað mál að líklega er hægt að samþykkja lögin án gildistökuákvæðanna og mundu þau þá ekki taka gildi en væntanlega verða prentuð sem lög frá Alþingi sem taka ekki gildi. Það væri svo sem kannski best við hæfi þegar fjallað er um ýmsar ráðstafanir ríkisstjórnarinnar. Ég hygg að það sé ljóst að ef frv. hefur ekki verið breytt í Ed. verði það að fara aftur breytt til Ed. því að frv. er nákvæmlega eins prentað í dagskrá og það var lagt fram í upphafi.

Þetta frv. er hluti af ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar og kom fram í svokallaðri tilkynningu um efnahagsmál sem forsrh. hefur lýst og nokkurn tíma hefur tekið að ræða á Alþingi. Sem fylgiskjal með frv. er samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 6. febr. 1989 um umþóttun í kjölfar verðstöðvunar. Hæstv. ráðherra hefur gert nokkra grein fyrir því sem þar stendur. Ég vil láta koma fram að mér finnst það til fyrirmyndar, sem hefur gerst á undanförnum árum, að Verðlagsstofnun hefur í meira mæli en áður látið fara fram verðkannanir. Ég er sannfærður um að slíkar almennar verðkannanir hafa haft góð áhrif fyrir neytendur í landinu, bæði er varðar verð og gæði á vörum og þjónustu. Að öðru leyti held ég að flest í þessu frv. sé spor aftur á bak og í raun og veru yfirklór til að láta líta svo út að nú ætli ríkisstjórnin að halda verðlagi í skefjum.

Ég ætla ekki að gera athugasemd við 1. gr. frv., sem mér sýnist vera sjálfsögð breyting og er til leiðréttingar á lögum, en sú tillaga fjallar eingöngu um að heimilt sé að tilnefna varamenn í ráðið. Í 2. gr. er enn fremur ákvæði sem líta má á sem eins konar leiðréttingu á lögunum og varðar viðurlög. En 3. gr., sem er nánast eina greinin sem er þess virði að rædd sé, fjallar um orkuvinnslufyrirtæki og dreifiveitur.

Ég hlustaði með athygli á hæstv. ráðherra og ég verð að segja honum til hróss að ræða hans bar keim af því að hann væri að afsaka flutning þessa frv. Ég skil það svo að hæstv. viðskrh. hafi ekki sjálfur haft frumkvæði að því að setja þessi höft í lögin heldur hafi hugmyndin komið annars staðar að. Hæstv. viðskrh. hefur verið í hlutverki varnarmannsins sem reynir að gera hugmyndir annarra hæstv. ráðherra sem veigaminnstar þegar komnar væru í lagalegan búning.

Í 3. gr. frv. er sem sé sagt að á svokölluðu umþóttunartímabili, frá 1. mars til 1. september, skuli Verðlagsráð fjalla um verðbreytingar á raforku og annarri orku frá fyrirtækjum, bæði orkuvinnslufyrirtækjum og dreifiveitum. Síðan segir hæstv. ráð-

herra meginrökin fyrir því að þessi mál séu færð undir Verðlagsstofnun að sjaldnast sé um niðurgreiðslur að ræða á raforku og orku. Við skulum aðeins kanna þetta betur. Lítum t.a.m. á þá orkunotkun sem er hvað viðkvæmust í landinu, það er raforkunotkun til húshitunar. Sú orka er niðurgreidd með tvennum hætti. Í fyrsta lagi hefur fjárveitingavaldið ákveðið að greiða niður sem samsvarar 63 aurum á kwst. og síðan hefur landsvirkjunarstjórn samþykkt að gefa afslátt, bæði til Rafmagnsveitna ríkisins og eins til Orkubús Vestfjarða, sem samsvarar 31 eyri. Samtals gerir þetta í niðurgreiðslur 94 aurar á kwst. Þessu til viðbótar skal það tekið fram að þessi tegund raforku er ekki skattlögð eins og raforka til annarra nota nema raforka sem framleidd er með dísilstöðvum í eigu ýmissa aðila.

Það er jafnframt ljóst að verðlagning á orku frá Landsvirkjun er bundin í lögum og í þeim lögum, lögum um Landsvirkjun, er gert ráð fyrir að Þjóðhagsstofnun gefi álit sitt á verðhækkunartilefnum og síðan er því lýst hvernig með skuli fara eftir því hvort umsögn Þjóðhagsstofnunar er jákvæð til hugmynda Landsvirkjunar um verðbreytingu. Ég tel að með þessu frv. sé hæstv. ráðherra, sem sjálfur er fyrrverandi forstjóri Þjóðhagsstofnunar, að gera nokkuð lítið úr gildi þeirrar stofnunar. Ég er satt að segja hissa á hæstv. ráðherra að hafa fallist á að flytja tillögu þessa efnis.

Rafmagnsveitur ríkisins hafa hingað til þurft á samþykkt iðnrn. að halda til að hækka sinn taxta og ég veit ekki betur en hæstv. viðskrh., sem flytur þetta frv., sé sjálfur æðsti yfirmaður orkumála, sé sjálfur iðnrh. og geti sem slíkur komið í veg fyrir hækkanir á taxta Rafmagnsveitna ríkisins án þess að þetta frv. sé samþykkt. Ég vek sérstaka athygli á því. Þumalputtareglan er að þegar Landsvirkjun þarf að hækka raforkuverð til Rafmagnsveitna ríkisins þurfa þær með sjálfvirkum hætti u.þ.b. 65% af þeirri hækkun. Þetta er sú þumalputtaregla sem við hefur verið stuðst. Ég staðhæfi það sem fyrrum ráðherra þessara mála að sveitarfélagaveiturnar hafa fylgt þessu verðlagi nokkurn veginn og bendi ég á að Orkubú Vestfjarða hefur sömu verðlagningu og Rafmagnsveitur ríkisins og svo er um flestar aðrar rafveitur í landinu.

Þá kemur kannski að meginspurningunni og hún er sú: Er eitthvað sem gefur tilefni til þess að ætla að þessi fyrirtæki hækki sína þjónustu eða hækki orkuna umfram það sem eðlilegt getur talist? Eru einhver dæmi um það? Er eitthvað í bígerð sem bendir til þess? Ég verð að segja að ég hef ekkert heyrt sem lýtur að því að það sé nauðsynlegt að binda þessar stofnanir, þessi fyrirtæki, í verðlagslöggjöfina með þeim hætti sem hér er ráð fyrir gert. Ég veit satt að segja, get tekið svo djúpt í árinni, að hér er verið að láta undan, ég ætla ekki að nafngreina neinn, einum af hæstv. ráðherrum sem reyndar starfaði með okkur í fyrrv. ríkisstjórn, mér og hæstv. viðskrh., og ég lýsi undrun minni á því að það skuli gert með þessum hætti að tilefnislausu. Ég vil þó leyfa mér í þessu sambandi að spyrjast fyrir um hvort Landsvirkjun hafi beðið um hækkun og hve sú hækkun er mikil. Ég hef grun um að hækkunarþörf Landsvirkjunar sé um það bið 10% eða þar um bil, liggur á bilinu 9–11%, sem er mjög auðvelt að finna út því að verð á orku frá Landsvirkjun hefur staðið í stað langtímum saman. Á sama tíma hafa orðið gengisbreytingar, en milli 80 og 90% af útgjöldum Landsvirkjunar eru afborganir og vextir erlendra skulda fyrirtækisins.

Hvað þýðir þetta? Þetta þýðir að ef ríkisstjórnin ætlar ekki að hækka raforkuna frá Landsvirkjun í takt við breytingu á genginu er verið að safna erlendum skuldum. Það gerist þannig að Landsvirkjun getur ekki greitt skuldir sínar eins og til var ætlast. Erlendar skuldir safnast upp og verða meiri en ráð var fyrir gert. Þetta hefur síðan það í för með sér að það verður meira af erlendu fjármagni hér í umferð en ætla mátti. Slíkt, eins og allir vita, verður til þess að fjármagnskostnaður fyrirtækja og almennings í landinu hækkar. Þetta er samkvæmt hagfræðikenningum sem hæstv. ráðherra þekkir mun betur en ég.

Hitaveiturnar í landinu hafa á undanförnum árum þurft á því að halda að leita til ríkisvaldsins um fyrirgreiðslu og í því máli sem við ræddum fyrr á þessum fundi, þ.e. þegar við ræddum um frv. til lánsfjárlaga, er í 5. gr. þess frv. rætt um að það sé heimilt að skuldbreyta fyrir sveitarfélög og fyrirtæki þeirra og síðan eru taldar upp einar sex hitaveitur og opin heimild til fleiri hitaveitna. Nú spyr ég hæstv. ráðherra: Getur það verið rétt að þegar skuldbreytingar eru leyfðar og þegar breytingar voru gerðar á hitaveitufyrirtækjum fyrir nokkrum mánuðum hafi það verið gert með því skilyrði að verðlagning á heitu vatni frá þessum fyrirtækjum yrði þannig að fyrirtækin söfnuðu ekki upp óhóflegum skuldum? Ég get svarað þessari spurningu því að á þeim tíma er ég starfaði í ráðuneytinu var þetta gert og þetta var gert að skilyrði og hafði verið gert þá nokkur ár á undan. Ég held að þetta sé enn gert að svo miklu leyti sem slík starfsemi fer fram enn þá, en nú hefur svokölluð hitaveitunefnd verið lögð niður.

Hvað þýðir þetta? Þetta þýðir að ef Verðlagsstofnun, vegna afskipta stjórnvalda, ætlar að halda verði niðri á þessum fyrirtækjum er ríkisstjórnin að gera þessum fyrirtækjum ókleift að standa við þá samninga sem gerðir voru við sjálft ríkisvaldið. M.ö.o.: Hægri hönd ríkisvaldsins veit ekki hvað sú vinstri gerir. Þetta er afar alvarlegt mál af því að þetta þýðir að ríkisvaldið tekur ekki mark á eigin samningum við þau fyrirtæki sem það hefur sjálft verið að gera samninga við. Ég ætla ekki að lesa bréf frá Sambandi ísl. hitaveitna, en þar kemur mjög sterklega fram að engin ástæða er til að binda þetta í lögum. Þar er bent á að hækkanir hitaveitna og reyndar annarra orkuveitna hafa á undanförnum árum verið mun minni en hækkun á verðlagi almennt í landinu. Ég vil geta þess hér að á árunum 1984–1988, þegar lánskjaravísitalan hækkaði um 157–177%, hækkaði raforkuverð hér á landi um 75,5% eða um helminginn af lánskjaravísitöluhækkuninni. Og ég spyr: Hvaða tilefni er til þess að taka þessi fyrirtæki fyrir sérstaklega núna?

Hv. iðnn. Nd. bað Orkustofnun um að reikna út hvert sé verð á raforku og hvert hafi verið verð á raforku á undanförnum árum. Ég er með þessa skýrslu hérna fyrir framan mig. Þar er skýrt sýnt með dæmum frá hlutlausri stofnun að orkuverð hér á landi hefur ekki á þessum áratug verið lægra og til húshitunar aldrei verið lægra, þ.e. raforka til húshitunar. Og ég spyr: Hvaða tilefni er til að setja þessi fyrirtæki sérstaklega í þessi bönd þegar ljóst er, og taki nú hæstv. ráðherra vel eftir, að einmitt þegar sveitarfélögin sjálf tóku ákvörðun um gjaldskrár og þegar þessi fyrirtæki voru látin sjálf sjá um sig lækkaði raforkan og þá lækkaði yfirleitt hitaveitutextinn meira en áður. Þá undanskil ég Hitaveitu Reykjavíkur sem var rekin með dúndrandi tapi á árum áður vegna þess að það var eina hitaveitan sem mældist í vísitölunni og það þekkir hæstv. ráðherra.

Þetta vildi ég, virðulegur forseti, að kæmi fram. Ég vil enn fremur bæta því við að nú er verið að undirbúa að greiða niður orku til sumra fyrirtækja en ekki annarra. 100 millj. kr. eða þar um bil eiga að ganga úr *ríkissjóði til þess arna. Það á enn að skekkja orkuverð* á milli fyrirtækjanna í landinu. Ég spyr hæstv. ráðherra: Telur hann að það að skekkja verð á milli fyrirtækja geti með þessum hætti án þess að um venjulegar gjaldskrárbreytingar sé að ræða komið lagi á þessa hluti? Og að allra síðustu ætla ég að spyrja ráðherrann: Man hæstv. ráðherra eftir því 1983 þegar stíflan brast, þegar búið var að halda niðri verði á orkunni í landinu og stíflan brast með þeim ósköpum að verð á orku varð að hækka verulega sem varð til þess að íþyngja verulega bæði einstaklingum og fyrirtækjum í landinu? Man hæstv. ráðherra hvers vegna þetta gerðist? Það gerðist vegna þess að stjórnvöld voru að reyna að hemja verðhækkanir, en bjuggu til stíflugarð sem var dæmdur til þess að bresta í tímans rás. Síðan hafa stjórnvöld haft vit á því að skipta sér ekki af þessum málum heldur láta þá sem eru kjörnir til þess, annaðhvort sveitarstjórnarmenn eða aðra kjörna, þar á meðal kjörna af Alþingi eins og stjórnendur Landsvirkjunar, sjá um þessi mál með þeim árangri að aldrei hefur verið betur haldið á þessum málum. Það getur vel verið að það sé frekt og ósvífið að spyrja með þessum hætti, sérstaklega hæstv. viðskrh. sem ég veit að skilur þetta öðrum ráðherrum betur, en samt sem áður er þetta hans málaflokkur jafnvel þótt hann hafi ekki fundið upp á þessum ósköpum. Ég tel að um leið og ríkisvaldið ætlar að taka að sér að hafa svona strangt eftirlit með verðlagningu á þessum hlutum leiði það einungis til þess að hætta verður á að það verði farið að spila póker við ríkisvaldið um verðlagninguna eða að öðrum kosti að verðhækkunartilefnin hlaðast upp. Síðan brestur stíflan með þeim afleiðingum sem við þekkjum.

Virðulegur forseti. Ég ætlaði að ræða fyrst og fremst þetta atriði sem ég skil illa hvers vegna er verið að setja í lög þó að ég hafi hlustað mjög vel á afsökunarræðu hæstv. ráðherra.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Sjúkraliðar, 1. umr.

Stjfrv., 229. mál (verkstjórn og starfsábyrgð). — Þskj. 427.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 58 frá 1984, um sjúkraliða, sem er 229. mál Nd. og flutt á þskj. 427. Í lögum nr. 58 frá 1984, um sjúkraliða, þar sem m.a. er fjallað um starfsheiti sjúkraliða og réttindi þeirra og skyldur, segir það eitt í 5. gr. laganna að sjúkraliðar skuli aðeins starfa undir stjórn og á ábyrgð hjúkrunarfræðings. Á þennan hátt er sjúkraliðum ætlað að starfa sem aðstoðarmenn hjúkrunarfræðinga og að fullu á þeirra ábyrgð. Mikillar óánægju hefur gætt hjá sjúkraliðum vegna þessa og hafa sjúkraliðar talið að fyllsta ástæða sé til þess að sjúkraliðar geti starfað sem aðstoðarmenn annarra sérfræðinga en hjúkrunarfræðinga, t.d. lækna, þroskaþjálfa, iðjuþjálfa og sjúkraþjálfara, og enn fremur að þeir eigi að starfa á eigin ábyrgð þótt störfin séu unnin undir stjórn sérfræðings.

Við gerð kjarasamninga vorið 1987 komu fram kröfur af hálfu Starfsmannafélags ríkisstofnana fyrir hönd Sjúkraliðafélags Íslands um endurskoðun laga nr. 58/1984, um sjúkraliða, með hliðsjón af því sem hér hefur verið drepið á. Þá gaf páv. heilbr.- og trmrh., Ragnhildur Helgadóttir, vilyrði fyrir því að þessi þáttur laganna um sjúkraliðana yrði skoðaður sérstaklega í samráði við félagið. Í bókun með samningnum frá apríl 1987 kom eftirfarandi fram, með leyfi forseta: „Við undirbúning samningsins kom fram að heilbrmrn. mundi fyrir lok október 1987 í samvinnu við samningsaðila vinna að breytingum á lögum og reglugerðum er snerta störf sjúkraliða."

Ekki tókst að standa við bókun þessa á tilskildum tíma og var hún því endurnýjuð við gerð kjarasamninga á sl. ári. Á undanförnum mánuðum hefur ráðuneytið unnið að þessu ákvæði í samráði við Sjúkraliðafélag Íslands. Að tilhlutan ráðuneytisins hefur verið útbúið frv. til l. um breytingu á lögum um sjúkraliða sem tekur mið af því að sjúkraliðar starfi undir stjórn tiltekins hjúkrunarfræðings, þ.e. þess hjúkrunarfræðings sem fer með yfirstjórn viðkomandi stofnunar, deildar eða sviðs, og beri ábyrgð á störfum sínum gagnvart honum en ekki gagnvart einhverjum ótilteknum hjúkrunarfræðingum. Þetta kemur fram í 1. mgr. 1. gr. frv. sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Sjúkraliði starfar á hjúkrunarsviði og vinnur undir stjórn þess hjúkrunarfræðings sem fer með yfirstjórn viðkomandi stofnunar, deildar eða sviðs og ber ábyrgð á störfum sínum gagnvart honum."

Hér er kveðið skýrt á um starfssvið sjúkraliða, það skuli vera á hjúkrunarsviði, svo og á um stjórnun og ábyrgð, hvernig henni skuli háttað.

Í 2. mgr. 1. gr. þess frv. sem hér er mælt fyrir er gert ráð fyrir ákveðinni undanþágu, en þar segir, með leyfi forseta:

„Sé ekki starfandi hjúkrunarfræðingur á viðkomandi stofnun, deild eða sviði getur ráðuneytið heimilað að sjúkraliði beri ábyrgð á störfum sínum gagnvart þeim sérfræðingi sem fer með yfirstjórn viðkomandi stofnunar, deildar eða sviðs. Þó er þessi heimild bundin því að ráðuneytið hafi heimilað slíkt. Þar kann að verða um tiltölulega opna heimild að ræða ef þetta form er viðvarandi á viðkomandi vinnustað. Það mun ráðuneytið athuga nánar.

Með þessu verður sjúkraliðum gert kleift að starfa við heilbrigðisstofnanir án þess að þar starfi hjúkrunarfræðingur. En samkvæmt gildandi lögum er sjúkraliðum óheimilt að starfa sem slíkum öðruvísi en á staðnum sé hjúkrunarfræðingur sem ekki eingöngu hefur með stjórn þeirra að gera heldur ber og fulla ábyrgð á störfum þeirra.

Í samráði við stjórn Sjúkraliðafélags Íslands var um síðustu áramót skipuð nefnd sem hefur það hlutverk að endurskoða grunnnám sjúkraliða með það að markmiði að bæta námið og einnig að koma á framhaldsnámi fyrir sjúkraliða sem sérmennti þá til aukinna starfa á hjúkrunarstofnunum. Þetta tel ég afar mikilvægt verkefni og bind vonir við að það hafi áhrif á þróun þessa starfs í framtíðinni. Er þetta hluti af því samkomulagi sem reynt var að ná um málsmeðferð.

Í athugasemdum við lagafrv. það sem hér er mælt fyrir kemur fram í lokamálsgrein að samstaða hafi náðst um frv. þetta við stjórn Sjúkraliðafélags Íslands. Ráðuneytið var þeirrar skoðunar að samstaða hefði náðst um frv., þ.e. að stjórn Sjúkraliðafélags Íslands sætti sig við efni þess eins og það liggur hér frammi þar sem með frv. væri stefnt að því að skilgreina betur starfssvið og ábyrgð sjúkraliða og opna fyrir möguleika til starfa þeirra án þess að hjúkrunarfræðingur sé til staðar. Nú hefur hins vegar komið á daginn að félagið telur sig ekki hafa fallist á frv. eins og það liggur hér frammi og hefur sent ráðuneytinu athugasemdir sínar hvað þetta varðar. Ég veit að sjúkraliðar hafa einnig sent fulltrúum í heilbr.- og trn. þingsins þessar athugasemdir. Eðlilegt er að hv. heilbr.- og trn. taki þær til umfjöllunar þegar hún ræðir efnisatriði frv. og málið fái þannig þinglega og eðlilega meðferð.

Ég tel einnig rétt að það komi hér fram að frv. þetta hefur verið kynnt fyrir stjórnum hjúkrunarfélaganna, þ.e. Hjúkrunarfélags Íslands og Félags háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga, og hafa stjórnirnar ásamt hjúkrunarforstjórum stærri sjúkrahúsa í Reykjavík komið sínum athugasemdum á framfæri við ráðuneytið. Ég tel einnig líklegt að þær athugasemdir verði sendar fulltrúum í heilbrigðis- og tryggingarnefndum þingsins til skoðunar.

Hæstv. forseti. Að svo stöddu sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða mikið um frv. þetta. Það er ekki margar lagagreinar og það lætur lítið yfir sér, en það skiptir hins vegar ákaflega miklu máli fyrir þessa starfsstétt og hvernig málum þeirrar stéttar verður skipað í framtíðinni og ég ítreka að frv. er lagt fram til að standa við gefin fyrirheit við gerð kjarasamninga.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Jóhanna Þorsteinsdóttir:

Virðulegur forseti. Það mál sem hér er til umræðu er frv. til l. um breytingu á lögum nr. 58/1984, um sjúkraliða. Mig langar til að gera örstutta grein fyrir störfum sjúkraliða.

Það eru rúm 20 ár síðan þetta starfsheiti kemur inn í heilbrigðisstéttirnar og var upphaflega gert til að mæta mjög aðkallandi þörf innan heilbrigðisstéttanna þar sem skortur á hjúkrunarkonum var og er víst enn þar innan dyra. Þetta námskeið var upphaflega þrír mánuðir, þá níu mánuðir, síðan eitt ár og nú er það komið í þriggja ára nám í fjölbrautaskólunum. Endurmenntun sjúkraliða hefur verið fyrir hendi síðan 1979 og síðustu ár hafa námskeið verið haldin bæði til geðfræðslunáms, barnahjúkrunar, hjúkrunar aldraðra og heimahjúkrunar. Það sem verið er að tala um í sambandi við þetta frv. er að það er kannski ekki verið að gera lítið úr sjúkraliðum eða hjúkrunarfræðingum en það er verið að halda niðri ákveðinni kvennastétt. Það vill svo til að það er kannski ekki eina starfið sem verður fyrir þessu, en það er mjög oft í sambandi við umönnunar- og hjúkrunarstörf sem eru illa launuð. Mér þykir rétt að það komi skýrt fram að ef sjúkraliði starfar á hjúkrunarsviði og vinnur undir stjórn þess hjúkrunarfræðings sem fer með yfirstjórn viðkomandi stofnunar, þá takmarkar þetta dálítið starfssvið sjúkraliða þar sem hjúkrunarkona eða hjúkrunarfræðingur á hverri deild á að bera ábyrgð á störfum sjúkraliða sem er út af fyrir sig engan veginn sæmandi því það ber hver og einn ábyrgð á sínum störfum hvar og hvenær sem er.

Þá vil ég líka nefna á að sjúkraliðar eru farnir að vinna á miklu fleiri stofnunum en upphaflega var gert ráð fyrir. Ég er hérna með reglugerð fyrir Sjúkraliðaskóla Íslands. II. kaflinn er um starfsréttindi og starfssvið. Þar er ýmislegt tekið til sem sjúkraliðum er ætlað að starfa. Þetta er ósköp venjuleg aðhlynning sem er í sjálfu sér sjálfsagt grunnur að þeirri vinnu sem sjúkraliðar framkvæma en auðvitað hafa breyttir tímar kallað á breytta reglugerð eða breytta starfshætti.

Mér finnst líka að það hafi svolítið að segja í sambandi við 2. mgr. frv. þar sem talað er um að ráðuneytið geti heimilað að sjúkraliði beri ábyrgð á störfum sínum. Mér finnst þetta líka vafasamt því

þessi heimild getur verið með ýmsu móti. Ef við setjum okkur hreinlega í spor sjúkraliðanna er það fyrsta hugsun hjá öllu því fólki sem fæst við uppeldis- og umönnunarstörf: Hvað gera sjúkraliðar meðan þeir bíða eftir þessari heimild? Það hefur verið svo í þau 20 ár sem sjúkraliðar hafa verið starfandi innan heilbrigðisstéttanna að án þess að ég leggi nokkrum illt til er ég ansi hrædd um að heilbrigðisstofnanir hafi hreinlega gengið á því að sjúkraliðar hafa verið til staðar til að vinna verk sem hjúkrunarkonur hafa hreinlega ekki verið til til að vinna. Ekkert nema ágætt um það að segja. Einhver verður að vinna þessi störf. En mér finnst að það þurfi að koma sérstaklega fram hér að svona lagað, eins og heimild um að sjúkraliði megi vinna og bera ábyrgð á sínum störfum, kemur fyrst og fremst niður á skjólstæðingum okkar sem eru þeir sem við erum að vinna við, þ.e. sjúklingar. Það eru þeir sem yrðu þá að gjalda fyrir það. Svo verður líka að segjast eins og er að hjúkrunarfræðingar eru alls ekki á öllum þeim stöðum þar sem sjúkraliðar hafa starfað og eru í starfi. Þetta á við t.d. um hina ýmsu staði innan heilbrigðiskerfisins. Þá á ég t.d. við tannlækna, ég er að tala um heimahjúkrun, ég get verið að tala um öldrunarheimili og annað sem er stór punktur, fjölfötluð börn. Það vill nefnilega þannig til að þar eru yfirmenn þroskaþjálfar. Það segir okkur beinlínis að sjúkraliðar geti þá alls ekki unnið á þeim stofnunum því þar er ekki um hjúkrunarfræðing að ræða sem sjúkraliðar gætu unnið hjá eða ekki hjúkrunarfræðingar sem gætu borið ábyrgð á störfum sjúkraliða þar.

Það er líka erfitt að sætta sig við þessa heimild því að hún takmarkar í rauninni endurnýjun á reglugerð og starfsréttindum og starfssviði sem eftir því sem ég les þessa reglugerð þarf örugglega að taka til rækilegrar endurskoðunar.

Ef ég mætti orða 1. mgr. svona: „Sjúkraliðar sem starfa á hjúkrunarsviði vinna undir stjórn þess hjúkrunarfræðings sem fer með yfirstjórn viðkomandi stofnunar, deildar eða sviðs og bera ábyrgð á störfum sínum gagnvart honum", þ.e. bætt væri þarna inn í þessu litla orði „sem", breytti það afskaplega miklu. Það breytir t.d. því fyrir sjúkraliða sem starfa á hjúkrunarsviði að þar með opnast svið sem ekki er bara innan sjúkrahúsanna heldur eins og ég gat um áðan opnast atvinna t.d. í sambandi við fjölfötluð börn, leið fyrir sjúkraliða til að vinna þar að heilbrigðismálum. Að vinna undir stjórn þess hjúkrunarfræðings sem fer með yfirstjórn viðkomandi stofnunar er í rauninni hægt að sætta sig við ef það er einungis þessi eini hjúkrunarfræðingur, en það hefur ábyggilega verið mjög erfitt fyrir hjúkrunarfræðinga, sem eru kannski tíu og tólf á hverri vakt, að vita undir hvers stjórn hver á að vinna.

Svo vil ég líka taka annað fram, sem er alveg dæmigert líka fyrir þessar stéttir og sjúkraliðar hafa mjög fundið fyrir, en það er að þetta er vaktavinna sem er yfirleitt mjög erfið og er mjög slæmt hve ör og mikil skipti eru innan þessara stétta. Þá á ég bæði við hjúkrunarfræðinga og eins sjúkraliða. Það gefst sjaldan tóm til að skapa eitthvert samband á milli sjúklingsins annars vegar og þess hjúkrunarfólks sem hann þarf að vera hjá tímabundið og það þykir mér mjög miður. Ég held að það væri vert að athuga að þessi tengsl eru mjög mikils virði.

Ég ætla svo sem ekkert að fjalla meira um þetta, en ég vona að það komi til umræðu aftur og þá getum við rætt fleiri möguleika á þessu sviði. En ég vildi vekja athygli á því að það sem felst í frv. núna er það sem t.d. sjúkraliðar geta ekki sætt sig við. Það hefur komið í ljós að þeir vilja fella þarna inn eitt orð sem skiptir mjög miklu, finnst mér, og taka út önnur, þ.e. „getur ráðuneytið heimilað". Það væri gaman að heyra frá t.d. heilbrmrh. hvernig hann hugsi sér þessa heimild í framkvæmd.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Sem formaður í heilbr.- og trn. hv. deildar mun ég koma til með að leiða vinnu varðandi frv. sem hér hefur verið mælt fyrir.

Ég hlýt að lýsa þeirri skoðun minni að mér finnst, úr því farið var að breyta lögunum um sjúkraliða, heldur hafa verið lítið í það lagt ef ég má segja svo. Mér finnst margt óljóst í brtt. svo sem eins og fyrir allt venjulegt fólk orðalag eins og þetta: „Sjúkraliði starfar á hjúkrunarsviði." Ég held að það vefjist fyrir æðimörgum að skilja hvað hér er átt við. Hv. 7. þm. Norðurl. e. gerði nokkra grein fyrir því hér þar sem hún er gjörkunnug þessari starfsstétt, en ég held að það mundi vefjast fyrir öllu venjulegu fólki að skilja þetta.

Ég tek alveg undir það sem síðasti hv. ræðumaður sagði. Þessi umrædda heimild í hverju einstöku tilviki hlýtur að verða afskaplega þung í vöfum svo ekki sé meira sagt því að auðvitað eru fjölmargir sjúkraliðar sem vinna á stað þar sem ekki er starfandi hjúkrunarfræðingur. Nú þekkjum við öll af afspurn ef ekki öðruvísi lagskiptingu heilbrigðisstéttanna sem er dálítið sérstæð í nútímaþjóðfélagi þar sem mjög ákveðin skipting er milli stétta. Nú hygg ég að það sé svo á mörgum sjúkrahúsdeildum t.d. að þar er hjúkrunardeildarstjóri og síðan einhverjir hjúkrunarfræðingar og síðan sjúkraliðarnir. Þá hlýt ég að spyrja ef ég les þetta frv.: Eiga sjúkraliðar að vinna undir stjórn og á ábyrgð allra hjúkrunarfræðinganna á deildinni eða bara hjúkrunardeildarstjóra sem eins og hér segir fer með yfirstjórn viðkomandi stofnunar?

Mér finnst ýmislegt óljóst í þessu og hefði kosið að sjá frekar lög um Sjúkraliðaskóla Íslands sem ekki eru til. Það er að vísu gerð hér nokkur bragarbót þar sem skólinn er tekinn út úr hjúkrunarlögum. Ég held að það sé löngu kominn tími til að afmarka skýrar hlutverk sjúkraliða og hlutverk hjúkrunarfræðinga. Ég átti þess kost að sitja norræna ráðstefnu hjúkrunarfræðinga fyrir nokkrum árum austur í Finnlandi. Þar var greinilegt að hjúkrunarfræðingar halda því fram að þeir vinni ekki undir stjórn eða á ábyrgð lækna og öll meginhersla þess fundar sem ég sat var einmitt um að stéttin sem slík bæri fulla og algjöra ábyrgð á sjálfri sér en ynni ekki á ábyrgð lækna.

Þó að ég sé svo langt frá því gjörkunnug þessum málum eins og hv. 7. þm. Norðurl. e. er hef ég grun um að það séu dálítið óljós verkaskipti milli sjúkraliða og hjúkrunarfræðinga. Nú veit ég að hjúkrunarfræðingar mundu mótmæla þessu harðlega, en ég held að það sé alveg rétt, sem hv. þm. sagði, að allur þungi umönnunar og hjúkrunar á sjúkrahúsum hvílir einmitt á sjúkraliðunum. Ég held að það fari ekki fram hjá nokkrum manni sem á leið inn á sjúkrahús. Ég hefði því kosið að við hefðum séð hér frv. til laga um Sjúkraliðaskóla Íslands, hvert hlutverk hans sé. Eiga sjúkraliðar ekki nokkurn rétt á að nám þeirra sé metið ef þeim dytti í hug að fullmennta sig sem hjúkrunarfræðinga o.s.frv.? Það eru ákaflega mörg atriði sem ég hefði talið að þyrftu að vera skýrari í þessum efnum. Ég hygg að þeir muni hafa nóg að gera í heilbrmrn. ef heimildar þarf að leita í hvert einasta skipti til að sjúkraliðar geti unnið undir stjórn einhvers annars en hjúkrunarfræðings þegar hann ekki er finnanlegur á þeirri stofnun sem sjúkraliðar vinna á.

Ég vildi aðeins láta þetta koma fram en mun að sjálfsögðu kalla til kunnáttufólk þegar við förum að fjalla um þetta mál í hv. heilbr.- og trn. því að ég held að það sé affarasælast að þarna verði sem allra mest komið í veg fyrir árekstra sem ég hef grun um að séu fyrir hendi í mörgum tilvikum.

Jón Sæmundur Sigurjónsson:

Hæstv. forseti. Aðeins nokkur orð til að þakka hv. 7. þm. Norðurl. e. fyrir mjög skýra og greinargóða ræðu um málefni sem hún greinilega gjörþekkir.

Sjúkraliðar eru ung stétt sem tekið hefur að miklu leyti við hefðbundnu hlutverki hjúkrunarfræðinga. Það má segja að á sama tíma hafa hjúkrunarfræðingar vaxið frá sínu hefðbundna hlutverki og tekið við öðrum störfum sem eru nýtilkomin eða þá að þær hafa vaxið a.m.k. frá því sem við mundum kalla að hefði verið hið hefðbundna starf hjúkrunarfræðingsins áður fyrr og þar hefur sjúkraliðinn að miklu leyti komið inn. Eftir mínum skilningi er ekki nema rétt að sjúkraliðinn njóti þeirra réttinda og þeirrar ábyrgðar sem sjúkraliðinn hlýtur að finna til í sínu starfi.

Hvað varðar frv. sem hér hefur verið lagt fram skilst mér að samkomulag hafi tekist um frumvarpstextann við stéttarfélag sjúkraliða, en það er greinilegt að smávægilega hefur út af brugðið og það er ekki nema rétt að heilbr.- og trn., þar sem ég starfa m.a., leggi í það vinnu að rannsaka þann mismun sem orðið hefur á í frumvarpstextanum.

Ég lýsi því yfir að ég hef sterka tilhneigingu til að fylgja þeirri röksemdafærslu sem hv. 7. þm. Norðurl. e. hefur flutt í þessu máli.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Það er greinilegt að málið verður í góðum höndum þar sem tveir af þeim hv. þm. sem hafa tekið til máls hafa nú upplýst að þeir eigi jafnframt sæti í heilbr.- og trn. sem fær málið til umfjöllunar og ég treysti þeim fullkomlega til þess að skoða alla málsþætti.

Varðandi það, sem fram hefur komið hér í umræðum, að það sé lítið í málið lagt og að það hefði mátt vinna þetta betur eða öðruvísi vil ég undirstrika það og benda hv. þm. á hvað stendur í lögunum eins og þau eru í dag af því að menn eru að velta fyrir sér stjórn og ábyrgð. Þar segir nú í lögum um sjúkraliða, margnefndum gildandi lögum, 5. gr.: „Sjúkraliðar skulu aðeins starfa undir stjórn og á ábyrgð hjúkrunarfræðings.“ Þetta eru gildandi lög. Frv. sem hérna er til meðhöndlunar hljóðar allt öðruvísi. Það tekur alveg skýrt fram að sjúkraliðar skuli starfa á hjúkrunarsviði og að þeir beri ábyrgð á störfum sínum eins og hv. 7. þm. Norðurl. e. var að velta fyrir sér. Mér reyndar fannst — ég hef kannski misskilið hv. þm. — en mér fannst hálfpartinn að hann teldi að í frv. þessu væri lítil breyting frá því sem er í gildandi lögum og að eftir sem áður væri það svo að þeir einstaklingar sem hér er verið að fjalla um, sjúkraliðarnir, ættu ekki að bera ábyrgð á störfum sínum en taldi að það þyrftu allir að gera. Ég er að sjálfsögðu sammála því og það er kannski meginatriðið í því sem hérna er verið að fjalla um. Það var undirstaðan að því og grunnurinn að því sem við vorum að vinna þegar við lögðum af stað í þessa vinnu á breytingu á gildandi lögum, að kveða skýrt á um ábyrgðarhlutverkið.

Svo er það hvað varðar hitt atriðið, um þessa heimild sem ég veit að nokkur ágreiningur stendur um, að ráðuneytið veiti heimild í hverju tilviki ef svo stendur á að ekki sé starfandi hjúkrunarfræðingur á viðkomandi stofnun. Það kann að vera að þetta reynist örðugt, en þó er það svo, og ég nefndi það í framsögu minni áðan líka, að ef um það væri að ræða að slíkt ástand væri viðvarandi á viðkomandi vinnustað eða viðkomandi stofnun að þar störfuðu ekki hjúkrunarfræðingar, þá væri þessi heimild að sjálfsögðu opin og almenn og það gilti þá þannig að þar gætu og ættu eða mættu sjúkraliðar vinna undir stjórn þess sérfræðings sem þar er tilgreindur stjórnandi og á eigin ábyrgð að sjálfsögðu eða eins og hér segir: bæri ábyrgð á störfum sínum gagnvart þeim sérfræðingi sem þar stjórnar. Um þetta ætti að geta orðið samkomulag.

Hitt kann svo að vera erfiðara þar sem um er að ræða tímabundið að þær aðstæður skapast að hjúkrunarfræðingur er ekki til staðar á stofnun þar sem þeir eiga þó almennt að vinna. Þá höfum við litið svo á í heilbrmrn. að það væri ekki óeðlilegt að ráðuneytið skoðaði það hverju sinni, en ég ítreka að það sem ég sagði strax í minni framsöguræðu tel ég að sé mjög eðlilegt að heilbr.- og trn. skoði sérstaklega og þá að sjálfsögðu velti fyrir sér þeim rökum sem liggja fyrir í málinu.

Síðan kom einnig fram hjá hv. 13. þm. Reykv. að það væri ekki nógu ljóst í þessu undir stjórn hvers sjúkraliðarnir ættu að vinna, hvort það væri einhver ótiltekinn hópur hjúkrunarfræðinga. Það er einmitt líka það sem verið er að reyna að ráða nokkra bót á í frv. eins og það liggur hér fyrir að það sé verið að

tiltaka ákveðinn stjórnanda á stofnuninni, deildinni eða því starfssviði sem um er að ræða en ekki einhvern ótiltekinn hóp hjúkrunarfræðinga eins og ég reyndar tók skýrt fram í framsöguræðu minni. Ég vona því að þegar menn skoða þetta, bæði lögin og frv. eins og það liggur fyrir og þær breytingar sem í raun er verið að gera á gildandi skipulagi, telji menn að nokkuð sé áunnið og nokkur skref séu stigin í rétta átt og ég veit það reyndar eða þykist vita og ég vona að ég megi segja það hér að um það sé þó samkomulag við sjúkraliðana eða stjórn Sjúkraliðafélags Íslands, en nokkur ágreiningur var um áherslur sem ég veit að heilbr.- og trn. mun taka til sérstakrar skoðunar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Orlof, 1. umr.

Frv. BGS og AðB, 281. mál (varsla orlofslauna). — Þskj. 499.

Flm. (Björn Grétar Sveinsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 30 frá 1987, um orlof, þskj. 499. Flm. auk mín er hv. þm. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

Sú meginbreyting sem frv. þetta felur í sér er á þann veg að í þessu frv. er gert ráð fyrir því að varsla orlofslauna í bönkum eða sparisjóðum verði meginregla og skylda. Í núgildandi lögum er meginreglan sú að orlofslaun séu í vörslu atvinnurekenda sem greiðir þau kauptryggð þegar launþegi fer í orlof. Aftur á móti er heimildarákvæði í núgildandi lögum um vörslu orlofslauna í bönkum og sparisjóðum. Það heimildarákvæði tryggir ekki að stéttarfélögin eða einstakir launþegar hafi með það að gera hvor leiðin er valin.

Reyndin hefur orðið sú að varsla orlofslauna í öruggum peningastofnunum hefur orðið sú leið sem aðilar hafa talið æskilega og betri fyrir launamanninn, enda hlýtur það að vera grundvallaratriði og hugsun orlofslaga á hverjum tíma að gæta hagsmuna hans því þetta er hluti af launum, að lágmarki 10,17%, sem er ætlað til að taka sér eðlilega hvíld frá brauðstriti og hversdagsleika.

Ástæðan fyrir þessari lagabreytingu er fyrst og fremst sú að þannig eru orlofslaunin varðveitt með tryggasta hætti og eru ávallt til reiðu þegar að orlofstöku kemur. Það er komin reynsla á þessa aðferð og hún hefur gefist vel.

Einnig er í þessu frv. gert ráð fyrir að stéttarfélögin verði ávallt beinn aðili að ákvörðunum um varðveislu orlofslauna sem er nauðsynlegt til þess að þau geti sinnt þeirri skyldu, sem þeim ber, að fylgjast með og ganga úr skugga um að sem best sé tryggður réttur launafólks, en í núgildandi orlofslögum skortir mjög á að svo sé.

Þá er í þessu lagafrv. gerð sú breyting að því aðeins séu launamanni greidd áunnin orlofslaun við ráðningarslit að samið hafi verið um vörslu þeirra hjá launagreiðanda.

Virðulegur forseti. Með frv. þessu telja flm. að varðveislu orlofslauna sé best fyrir komið eins og það kveður á um. Þetta er byggt á þeirri reynslu sem nú þegar er komin á núgildandi orlofslög og ekki síður á vilja launafólks að sá hluti launa sem ætlaður sé til orlofs sé ætíð til reiðu þegar að orlofstöku kemur, en við óttumst að þar geti orðið mikill misbrestur á ef farið er eftir aðalreglu núgildandi orlofslaga.

Virðulegi forseti. Ég hef nú skýrt í nokkrum orðum tilgang þessa lagafrv. Ég vænti þess að málið fái góða umfjöllun og afgreiðslu og verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Kristín Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég fagna þessu frv. og tek undir efni þess. Hér leggja tveir reyndir verkalýðsforingjar til breytingar á lögum um orlof sem virðist vera réttlætismál sem ástæða er til að athuga og styðja og það er eina erindi mitt í þennan ræðustól. Eins og lögin eru núna er viss hætta á því að misfarið verði með orlofslaun, þ.e. að atvinnurekendur haldi þeim eftir, og þá er hættan vitanlega mest þar sem um ótryggan rekstur er að ræða. Við þekkjum mörg dæmi um það að atvinnurekendur freistist til þess að nota í reksturinn fé sem starfsfólkið á með fullum rétti, þ.e. launatengd gjöld, og það hefur oft kostað launafólk ómælda fyrirhöfn að ná rétti sínum hafi hann verið fyrir borð borinn. Það er því full ástæða til að tryggja að svo verði ekki hvað þetta mál varðar. Þetta er ekki flókið heldur einfalt og auðskilið réttlætismál og ég vil aðeins taka undir efni þess með þessum orðum og láta í ljós ósk um framgang málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

61. fundur, miðvikudaginn 22. febr., kl. 2 miðdegis.

Lyfjadreifing, 1. umr.

Stjfrv., 287. mál (sala bóluefnis til ónæmisaðgerða). — Þskj. 519.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 76/1982, um lyfjadreifingu, með síðari breytingum, en þetta er 287. mál Ed. á þskj. 519. Frv. sem liggur hér frammi og er til umræðu er samið í ráðuneytinu að höfðu samráði við landlæknisembættið og Lyfjaeftirlit ríkisins. Með frv.

er lagt til að Lyfjaverslun ríkisins verði heimilt að selja bóluefni til ónæmisaðgerða samkvæmt lögum um ónæmisaðgerðir, nr. 38 frá 1978, með síðari breytingum, til lækna, heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa, enn fremur að selja flúortöflur og flúorupplausnir til tannverndar til lækna, tannlækna og heilsugæslustöðva.

Þetta hefði í för með sér að Lyfjaverslun ríkisins gæti annast milliliðalaust sölu bóluefnis til ónæmisaðgerða og sölu á flúortöflum og flúorupplausnum til tannverndar til áðurgreindra aðila án þess að afskipti lyfjaverslana komi til. Almenna reglan er sú að öll sala lyfja fari fram á vegum lyfsala, þ.e. apótekara og annarra aðila sem hafa leyfi til lyfjasölu, en það eru fyrst og fremst nokkur sveitarfélög.

Það er skoðun ráðuneytisins, landlæknis og Lyfjaeftirlits ríkisins að nauðsynlegt sé að hafa hér annan hátt á varðandi bóluefni vegna þess að Lyfjaverslun ríkisins ber að annast útvegun bóluefnis samkvæmt lögum nr. 38/1978, um ónæmisaðgerðir, og nauðsynlegt er að afgreiðsla geti gengið fljótt fyrir sig.

Á undanförnum árum hefur flúortöflum og flúorupplausn verið dreift til barna og ungmenna á skólaskyldualdri. Hér er um að ræða svokallað forvarnarstarf sem skipulagt hefur verið af hálfu ráðuneytisins á vegum sérstakrar tannheilsudeildar í náinni samvinnu við heilsugæslustöðvar, héraðslækna og skóla og hefur skilað nokkrum árangri á undanförnum missirum. Ráðuneytið telur að hlúa þurfi betur að þessari starfsemi og að það verði m.a. gert með því að heimila Lyfjaverslun ríkisins að selja flúor á þennan hátt til lækna, tannlækna og heilsugæslustöðva án milliliða lyfjaverslana. Slíkt fyrirkomulag ætti að spara tíma og fyrirhöfn og leiða til lægri kostnaðar fyrir hið opinbera.

Þeirri skipan sem lýst er hér að framan hefur verið framfylgt á undanförnum árum, þótt lög standi ekki til þess, án þess að við henni hafi verið amast. Ráðuneytið telur hins vegar nauðsynlegt að lögum um lyfjadreifingu verði breytt og sú venja sem hér hefur myndast verði lögfest.

Hæstv. forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara um þetta litla frv. fleiri orðum en legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn. til frekari fyrirgreiðslu með von um að frv. nái fram að ganga á þessu þingi, enda er hér um að ræða mál sem ekki ætti að valda deilum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 13 shlj. atkv.

Verðbréfaviðskipti, 1. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 531 (sbr. 516).

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Á síðustu árum hafa verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóðir vaxið ört. Til marks um þann mikla vöxt sem verið hefur í þessum viðskiptum má nefna að í árslok árið 1985 voru heildareignir verðbréfasjóða nálægt 380 millj. kr. Í árslok 1987 voru þær orðnar 3660 millj. og samkvæmt bráðabirgðatölum fyrir árið 1988 voru eignir sjóðanna í árslok það ár 5800 millj. kr. og er þá ekki tekið tillit til verðbréfaeignar á vegum fyrirtækisins Ávöxtunar hf.

Vöxtur verðbréfasjóðanna hefur því verið mikill og stöðugur undanfarin ár og svara útgefin hlutdeildarskírteini í þeim þess vegna sífellt til hærra og hærra hlutfalls af heildarinnlánum bankakerfisins. Það er því orðin brýn þörf á að tryggja öryggi og eftirlit með þessum viðskiptum. Þörfin fyrir slíkt eftirlit sannaðist rækilega á sl. sumri og hausti þegar í ljós kom að eitt fyrirtæki sem rak verðbréfasjóði gat ekki staðið við skuldbindingar gagnvart sínum viðskiptavinum. Það er nauðsynlegt að setja sanngjarnar og öruggar reglur um þetta svið viðskiptalífsins sem einnig hafi í heiðri þá meginreglu að sams konar lagareglur gildi um sams konar starfsemi.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um aðgerðir í efnahagsmálum og í stefnuyfirlýsingu hennar frá sl. hausti sagði að sett yrðu lög um fjármagnsmarkaðinn á grundvelli fyrirliggjandi frv. Þessi frv. fjalla annars vegar um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði og hins vegar um eignarleigu. Auk þess fylgir þeim frv. um minni háttar breytingu á lögunum um viðskiptabanka og á lögunum um sparisjóði til þess að gefa þeim stofnunum jafnan rétt á að stunda verðbréfaviðskipti.

Ég mæli hér fyrir frv. til laga um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði sem prentað er á þskj. 531 en grg. fyrir frv. í upphaflegri mynd er prentuð á þskj. 1.

Frv. eins og ég mæli hér fyrir því er með breytingum sem gerðar voru á grundvelli tillagna frá meiri hl. fjh.- og viðskn. Nd. Það tókst góð samstaða um nær öll meginatriði málsins í fjh.- og viðskn. Nd. og kann ég nefndinni miklar þakkir fyrir það mikla starf sem hún lagði í málið og ég vona að sú samstaða sem náðist í Nd. greiði málinu leið hér í hv. Ed.

Frv. er allmikill bálkur og sameinar endurskoðuð ákvæði um verðbréfamiðlun og ný og ítarleg ákvæði um rekstur verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða.

Með þessu frv. er réttarstaða verðbréfamiðlara, verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða skilgreind og stefnt er að því að setja þessum aðilum heillegri starfsramma en áður hefur gilt um þessi viðskipti. Það er ljóst fyrir alllöngu að lögin um verðbréfamiðlun, nr. 27/1986, eru þegar orðin úrelt vegna örra breytinga á íslenskum fjármagnsmarkaði. Það var því fyrsta verkefni þeirrar nefndar sem ég skipaði til þess að semja frv. að taka þau lög til endurskoðunar. Nefndin samdi síðan ákvæði um verðbréfafyrirtæki og þar næst ákvæði um verðbréfasjóði. Loks samdi hún ákvæði um endurskoðun og eftirlit með þessum fyrirtækjum og þeirra umsvifum. Nefndin kynnti sér eftir föngum löggjöf nágrannalandanna um þessi efni

og er frv. í stórum dráttum í samræmi við hana, en þess er að geta að víðast hvar er nú unnið að endurskoðun og samræmingu á löggjöf um fjármagnsmarkaði, m.a. vegna ákvörðunar um sameiginlegan innri markað Evrópubandalagsríkja árið 1992. Innan fárra ára kann því að verða tilefni til að endurskoða þau lagaákvæði sem hér er gerð tillaga um, en í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kom m.a. fram að unnið yrði að samræmingu reglna er varða umhverfi atvinnurekstrar á Íslandi, að samræma þær reglum Evrópubandalagsins án þess þó að stefnt sé að inngöngu í það bandalag og hefur nýlega verið áréttað að sérstaklega verði hugað að reglum sem gilda um fjármagnsmarkaði.

Ég mun þá víkja að efni frv. ásamt þeim breytingum sem gerðar hafa verið á því í meðförum Nd. eftir því sem ástæða þykir til.

Í I. kafla frv. er fjallað um tvö mikilvæg atriði. Í fyrsta lagi er þar að finna skilgreiningar á helstu hugtökum sem notuð eru í lögunum. Þrjú þessara hugtaka er að finna í lögunum um verðbréfamiðlun en fjögur í viðbót eru nýmæli í íslenskri löggjöf. Í öðru lagi er í 2. gr. fjallað um svokölluð innherjaviðskipti, en þar er átt við það sem á ensku er nefnt „insider trading". Ákvæði 2. gr. um meðferð trúnaðarupplýsinga skýra sig sjálf, en það er vert að vekja athygli á því að sökum umfangsmikilla afbrotamála í verðbréfaviðskiptum í Bandaríkjunum og Vestur-Evrópu hafa innherjaviðskipti mjög verið í sviðsljósinu í fréttum og jafnframt hafa lagaákvæði um þetta mál víða verið tekin til endurskoðunar.

Ég hef þegar nefnt mál sem upp hafa komið hér landi vegna erfiðleika eins verðbréfafyrirtækis. Það er því óhætt að segja að þessar tillögur séu í tímans straumi hvað þetta viðfangsefni varðar.

Í II. kafla frv. er fjallað um verðbréfamiðlun og koma ákvæðin þar í stað núgildandi laga nr. 27/1986. Þar er fjallað um þær kröfur sem gerðar eru til einstaklinga sem taka að sér verðbréfamiðlun og um verksvið þeirra og ábyrgð. Skilyrðum fyrir leyfi til verðbréfamiðlunar er breytt á þann hátt að krafist yrði sérkunnáttu á þessu sviði, þ.e. að viðkomandi sæki námskeið og taki sérstakt próf til að stunda þessa starfsemi. Áður var miðað við almenna háskólamenntun en hins vegar er alls ekki víst að slík menntun feli í sér neina sérstaka kunnáttu í meðferð og miðlun verðbréfa sem er mjög sérhæft viðfangsefni. Þá er krafist tryggingar fyrir tjóni sem verðbréfamiðlari kann að baka viðskiptavinum sínum og er þar um sams konar eða skyldar reglur að ræða og nýlega hafa verið settar um ábyrgð fasteignasala. Lagt er til að fjárhæð og skilmálar tryggingar verði ákveðin með reglugerð en samkvæmt núgildandi lögum skal leggja fram bankatryggingu að fjárhæð 2 millj. kr. miðað við lánskjaravísitölu maímánaðar 1986. Með því að leggja til að tryggingaskilmálar verði nánar ákveðnir með reglugerð er auðveldara að bregðast með skjótum hætti við mismunandi tilvikum og aðstæðum sem upp kynnu að koma.

Ákvæði II. kafla frv. eru að öðru leyti byggð á núgildandi lögum um verðbréfamiðlun, en ákvæðin eru gerð skýrari að fenginni reynslu af starfseminni þessi ár. Jafnframt hafa verið gerðar fáeinar breytingar á þessum kafla frv. í samræmi við tillögur meiri hl. fjh.- og viðskn. Nd. Þær breytingar miða að því í heild að gera ákvæði kaflans skýrari og betur úr garði gerð en var í upphaflegri gerð frv.

III. kafli þessa frv. fjallar svo um verðbréfafyrirtæki. Sterk verðbréfafyrirtæki eru máttarstólpar í verðbréfaviðskiptum í öðrum ríkjum og hér er í fyrsta sinn fjallað um þau í íslenskum lögum. Gert er ráð fyrir því að verðbréfafyrirtæki sem stofnað er í samræmi við ákvæði laganna, eins og frv. leggur til, geti fengið rekstrarleyfi ráðherra. Auk þess sem það rekur verðbréfamiðlun getur verðbréfafyrirtæki einnig tekið við fjármunum viðskiptavina til ávöxtunar í verðbréfum, rekið verðbréfasjóði og því er líka heimilt að veita sölutryggingu á verðbréfum eins og t.d. á spariskírteinum ríkissjóðs, en einmitt var á síðasta ári gerður slíkur sölusamningur milli söluaðila spariskírteina og ríkissjóðs.

Í 11. gr. frv. er m.a. fjallað um skilyrði sem uppfylla þarf til að stofna verðbréfafyrirtæki. Verðbréfafyrirtæki skal, samkvæmt ákvæðum frv., vera rekið af hlutafélagi með innborguðu hlutafé að fjárhæð a.m.k. 20 millj. kr. Þessi fjárhæð er samkvæmt brtt. sem samþykkt var í Nd. en upphaflega, eins og frv. var lagt fyrir á Alþingi í byrjun þings, var miðað við það að þessi fjárhæð væri 10 millj. kr.

Þá hefur enn fremur verið lagt til í Nd. að bæta við skilyrði er lýtur fremur að rekstri verðbréfafyrirtækja með því að leggja til að eigið fé verðbréfafyrirtækis skuli aldrei nema lægri fjárhæð en 20 millj. kr. Þessar fjárhæðir eiga, eins og fyrr var gerð um tillaga, að taka breytingum sem kunna að verða á lánskjaravísitölu frá útgáfudegi laganna.

Í frv. sem fylgir þessu frv. er gerð tillaga um að viðskiptabankar og sparisjóðir hafi heimild til að starfrækja verðbréfafyrirtæki og það felur í sér undanþágu frá því almenna banni sem er í banka- og sparisjóðalögum við því að innlánsstofnanir taki þátt í öðrum rekstri en bankarekstri.

Í 12. gr. eru kröfur um eigið fé verðbréfafyrirtækis. Þær eru nokkuð hertar í meðförum Nd., þannig að samkvæmt frv. í núverandi mynd skal eigið fé nema a.m.k. tveimur af hundraði af höfuðstól verðbréfasjóðsins eða sjóðanna sem það rekur í stað eins af hundraði eins og tillagan var í upphafi.

Í III. kafla frv. er enn fremur að finna ákvæði um ábyrgðir, tryggingar og fleira sem hvílir á verðbréfafyrirtækjum auk ákvæða um upplýsingagjöf til viðskiptavina þeirra. Nauðsynlegt er að samræma upplýsingagjöf um ávöxtun í verðbréfaviðskiptum og í verðbréfasjóðum til að koma í veg fyrir að þar sé farið með rangt mál og viðskiptavinir blekktir. Um þetta atriði, sem rétt nefnt væri neytendaverndarákvæði, er nánar fjallað í athugasemdum við frv. Ég tel þetta mjög mikilvægt því þarna er kannski komið að kjarnanum í því sem lýtur að þeim sem kaupa hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum eða eiga viðskipti við

verðbréfafyrirtækin, að þar sé um samræmdar, traustar upplýsingar að ræða.

Í IV. kafla frv. er fjallað um verðbréfasjóðina sérstaklega, en um þá er afar fá ákvæði að finna í núgildandi löggjöf. Undantekningin er eiginlega bara 5. gr. í lögum um verðbréfamiðlun, nr. 27/1986, en hún fjallar eingöngu um forstöðu fyrir og endurskoðun á reikningum verðbréfasjóðs. Ákvæði IV. kafla frv. eru fyrst og fremst miðuð við það að tryggja réttarstöðu þeirra sem ávaxta fjármuni sína í verðbréfasjóði gagnvart verðbréfafyrirtækinu sem sjóðinn rekur. Gerðar eru kröfur til þess að eignum verðbréfasjóða og eignum verðbréfafyrirtækja sé haldið skýrt aðgreindum.

Þá er hér að finna ákvæði um stofnun verðbréfasjóðs, útgáfu hlutdeildarskírteina og upplýsingaskyldu þeirra sem sjóðinn reka.

Í 18.–23. gr. frv. eru ítarleg ákvæði um stofnun og skráningu verðbréfasjóðs. Þar eru líka ákvæði um lágmarksgreinar eða ákvæði í samþykktum fyrir slíka sjóði. Þá er gerð þar krafa til formlegs samnings milli verðbréfasjóðs og verðbréfafyrirtækis og fjallað er um það hvernig fara skuli með breytingar á samþykktum verðbréfasjóða. Öll eru þessi ákvæði til þess að tryggja eftirlitsgrundvöll fyrir bankaeftirlit Seðlabankans með þessari starfsemi.

Í 23.–24. gr. eru almenn ákvæði um útreikning á innlausnarverði hlutdeildarskírteina. Þar eru líka sett skýr ákvæði um aðgreiningu eigna verðbréfasjóðsins. Eignir verðbréfasjóðs verða ekki kyrrsettar eða teknar fjárnámi vegna skulda verðbréfafyrirtækis og eigendur hlutdeildarskírteina verða ekki gerðir persónulega ábyrgir vegna skuldbindinga verðbréfasjóðsins umfram verðmæti eignar þeirra í sjóðnum. Hér er um mjög mikilvægt ákvæði að ræða því að auðvitað er verðbréfasjóður þess eðlis að hann er eign þeirra sem hlutdeildarskírteinin hafa keypt en ekki þeirra manna eða þeirra félaga sem hafa umsýsluna með höndum.

Í 26. gr. eru ákvæði sem eiga að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í sambandi við verðbréfaviðskipti verðbréfasjóðs annars vegar og verðbréfafyrirtækis eða starfsmanna þess hins vegar.

Í 27. gr. eru ákvæði sem takmarka lántökur og lánveitingar verðbréfasjóða.

Í 28. gr. eru ákvæði sem eiga að tryggja hæfilega tryggingu áhættu í verðbréfasjóðum.

Í 29. gr. eru ákvæði um lausafjárskyldu verðbréfasjóða. Þar er lagt til að laust fé verðbréfasjóðs skuli aldrei nema lægri fjárhæð en 2% af innlausnarverði verðbréfasjóðsins. Í meðförum Nd. hefur verið bætt inn heimild til handa ráðherra að hækka þetta hlutfall að fengnum tillögum Seðlabanka Íslands ef þörf krefur, þó aldrei hærra en í 5%. Í greininni er nánar kveðið á um hvernig skilgreina skuli laust fé í þessu sambandi. Þar er þá einkum átt við peninga í sjóði og óbundnar innstæður en einnig verðbréf sem öruggur kaupandi telst að innan eins mánaðar.

Ég legg áherslu á það að lausafjárhlutfallið sem hér er gerð tillaga um, 2%, er lágmarksákvæði. Það miðast við það að verðbréfafyrirtæki eða verðbréfasjóðir hafi ævinlega tiltækt fé til að mæta því sem kalla mætti eðlilega innlausn hlutdeildarskírteina. Þetta lágmark tekur m.a. mið af reynslu og reglum hjá öðrum þjóðum í þessu efni. Litlar líkur eru á því að verðbréfafyrirtæki eða verðbréfasjóðir muni eiga í erfiðleikum með að uppfylla þetta skilyrði á næstunni, m.a. vegna þess að verulegur hluti eigna þeirra eru ýmist stuttar viðskiptakröfur eða ríkisvíxlar og spariskírteini. Hins vegar er full ástæða til þess að fylgjast vandlega með því hvernig laust fé verðbréfasjóðanna þróast á næstunni og hugsanlegt er að ástæða reyndist til þess áður en langt um líður að endurskoða þessa grein, bæði hvað varðar lausafjárhlutfallið sjálft og ekki síður skilgreininguna á því hvað telja skuli laust fé í þessu sambandi.

Í 30. gr. eru ákvæði um það að látnar verði gilda sömu reglur um bindiskyldu verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða og gilda um bindiskyldu innlánsstofnana. Ég vil vekja sérstaka athygli á þessari grein því um hana var ágreiningur í nefndinni sem samdi frv. Í upphaflegri tillögu fjallaði 30. gr. í frv. eingöngu um það sem nú er í 1. mgr. hennar. Það var mín ákvörðun að hafa ákvæði um samræmdar reglur hvað varðar bindiskyldu í frv. og reyndar hefur ákvæðið verið hert nokkuð og skýrt í meðförum Nd. eins og það liggur nú fyrir.

Til stuðnings þeirri ákvörðun að hafa inni í lögunum um verðbréfasjóðina heimildir til þess að leggja á þá sömu eða sambærilegar kvaðir og innlánsstofnanir vil ég benda á það að í nokkrum aðildarríkjum OECD eru lagaheimildir til að setja bindiskyldu á aðrar fjármálastofnanir en banka og sparisjóði. Ég tel eðlilegt, og það er líka álit Seðlabanka Íslands, að slík heimild þurfi einnig að vera fyrir hendi hér á landi. Þá tel ég að með þessu ákvæði sé í raun verið að koma á jafnræði milli banka og sparisjóða annars vegar og verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða hins vegar.

Ég lít hins vegar fyrst og fremst á þetta ákvæði sem eins konar öryggisákvæði, eins konar stíflugarð til þess að girða fyrir það að verðbréfafyrirtækin feti sig inn á starfsvettvang innlánsstofnananna án þess að þau beri sömu skyldur, á þeim hvíli sömu kvaðir hvað varðar bundið fé. Ef hins vegar er eingöngu um hreina skuldabréfasjóði að ræða þar sem langtímaverðbréf stendur á móti langtímaverðbréfi þá eiga kvaðir um bundið fé miklu síður við. Hins vegar kann að vera ástæða til þess að leggja á slíka sjóði kaupskyldu á öruggum verðbréfum, öruggum markaðsverðbréfum, enda eru slíkar reglur algengar í löndum Evrópu og eru nú á gangi tillögur á vegum Evrópubandalagsins um að samræma þær kröfur.

Í síðari mgr. 30. gr. er svo stofnuð almenn heimild til þess fyrir Seðlabankann að hann geti á þessum grundvelli og með samþykki ráðherra látið sömu reglur gilda um allar peningastofnanir hvað varðar íhlutun í vaxtaákvarðanir og þannig gætt jafnræðis á fjármagnsmarkaðnum. Um þetta ákvæði gildir líkt og um bindiskylduna fyrr að þarna verður að sjálfsögðu að taka tillit til eðlis viðskiptanna og umfram allt að

ávöxtunarkjör séu borin saman á milli sömu eða sambærilegra áhættuflokka.

Í V. kafla frv. eru svo ítarleg ákvæði um ársreikninga og um endurskoðun verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða, en ítarleg reikningsgerð og áreiðanleg endurskoðun reikninganna er auðvitað grundvöllurinn fyrir viðskiptatrausti þeirra og vörn viðskiptavinanna gegn misferli í rekstrinum.

Í VI. kafla frv. eru svo ákvæði um eftirlit bankaeftirlits Seðlabanka Íslands með rekstri verðbréfasjóða. Bankaeftirlitið hefur haft slíkt eftirlit með höndum, annars vegar með stoð í 15. gr. laga um verðbréfamiðlun, nr. 27 frá 1986, og hins vegar hefur bankaeftirlitið haft eftirlit með þessari starfsemi með stoð í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði, en reyndar einnig í lögum og reglum um Seðlabanka Íslands.

Í 34. gr. frv. eru bankaeftirlitinu veittar víðtækar heimildir til að fylgjast með rekstri verðbréfasjóðanna og þar er einnig að finna ákvæði um það hvernig bregðast skuli við reynist fjárhagur verðbréfafyrirtækis ótraustur. Hér er um mun ítarlegri og ákveðnari ákvæði að ræða en hafa verið í lögum.

Í VII. kafla frv. eru ýmis sameiginleg ákvæði um þá starfsemi sem fjallað er sérstaklega um í II.–IV. kafla. Þar er líka að finna viðurlög við brotum á ákvæðum laganna um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði. Þar eru einnig gildistökuákvæði og ákvæði til bráðabirgða sem sett yrðu til þess að laga fyrri skipan mála á þessu sviði að því fyrirkomulagi sem frv. gerir tillögur um.

Hæstv. forseti. Ég hef hér gert grein fyrir meginefni þessa frv. um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði. Málefni verðbréfasjóðanna hafa verið í sviðsljósi undanfarna mánuði, ekki síst vegna svokallaðs Ávöxtunarmáls. Þar er um að ræða fyrirtæki sem var með blandaðan rekstur á fjármagnsmarkaði sem með frv. þessu og frv. um eignarleigu, sem einnig liggur fyrir hinu háa Alþingi, yrði ekki lengur leyfður. Slíkur rekstur, slíkt samkrull yrði ekki löglegt.

Þá eru í frv. settar mun strangari reglur varðandi viðskipti verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða sem þau kunna að reka, svo og um upplýsingagjöf slíkra fyrirtækja til bankaeftirlitsins.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum taka það fram að ég tel að sá vöxtur sem orðið hefur í rekstri fjármálafyrirtækja og verðbréfasjóða að undanförnu sé að ýmsu leyti til góðs fyrir okkar efnahagslíf og það er ljóst að mínu áliti að þessi starfsemi hafi aukið peningalegan sparnað í landinu. Ég á hins vegar ekki von á því að vöxtur þessara sjóða verði jafnör á næstunni og hann hefur verið undanfarin ár. Þar virðist vissri mettun náð um sinn. En ég er hins vegar um það sannfærður að sú löggjöf sem hér er gerð tillaga um geti aukið traust almennings á verðbréfafyrirtækjum og verðbréfasjóðum og yrði þannig rekstri þeirra til góðs um leið og slík lög yrðu vörn fyrir almenning sem á viðskipti við þessi fyrirtæki.

Við þurfum að þróa okkar fjármagnsmarkað á þann hátt að hann fullnægi betur þörfum atvinnulífsins og almennings og setning almennra öryggisreglna sem virtar eru á markaðnum eru einmitt mikilvægasta skrefið í þá átt. Ég legg áherslu á að frv. hljóti vandaða en skjóta meðferð í þessari hv. þingdeild og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð um þetta mál. Það hefur reyndar lengi verið beðið eftir því að fram kæmu tillögur frá ríkisstjórn að reglum um starfsemi verðbréfasjóða, eða verðbréfafyrirtækja og fjármagnsleiga og annarra þeirra sem starfa á fjármagnsmarkaði. Umsvif slíkra fyrirtækja hafa vaxið hröðum skrefum á undanförnum árum og velta nú stórum fjárhæðum eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra. Mörgum hefur þótt frelsi þessara fyrirtækja og hlutdeild þeirra í veltu fjár með endemum og hafa mörg orð verið höfð um hinn svonefnda „gráa markað“ og reyndar löngu tímabært að beisla „þann gráa“. Það ber því að fagna því að þetta frv. hefur verið lagt fram nú og hljóta allir að fagna því að tryggar og réttlátar reglur verði settar um þessa starfsemi og hún lögbundin. Það er hagur neytenda og hlýtur einnig að vera hagur þeirra fyrirtækja sem hér um ræðir, svo og annarra aðila sem fara með fé landsmanna, svo sem banka og sparisjóða.

Eins og kom fram við afgreiðslu málsins í Nd. studdu fulltrúar Kvennalistans frv. þar og skrifaði fulltrúi Kvennalistans, hv. þm. Kristín Halldórsdóttir, undir meirihlutaálit fjh.- og viðskn. þó að hún hefði fyrirvara um þennan stuðning. Við vorum að vísu ekki á allt sáttar um efni frv. en töldum þó að meginefni þess væri til bóta og því studdum við það. Fram komu ýmsar brtt. við umfjöllunina í Nd. og vera kann að fleiri brtt. komi fram við umfjöllun þessarar hv. deildar og fjh.- og viðskn. hennar um málið og mun áheyrnarfulltrúi okkar þar fá aðild að þeirri umfjöllun.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta nú og ekki reifa efnisatriði frv. en vildi aðeins að þetta álit kæmi í ljós við 1. umr. málsins.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi fagna því að þetta frv. er komið hingað til Ed. Ég tel að það sé að meginuppistöðu mjög gott og ætti að verða til þess að beisla þennan markað sem hefur verið kallaður „grái markaðurinn“.

Miðað við það sem ég þekki til þá hafa átt sér stað á þessum markaði það sem sumir mundu telja ólögleg viðskipti. Aðrir mundu telja markaðinn vera að koma fram með það sem vantað hefur á peningamarkaði og sá skortur sem er á peningum komi þarna fram. Maður veit um það eða hefur haft um það grun að þarna eigi sér stað mjög mikil affallaviðskipti. Það eru lögmál markaðarins sem gilda á þessum „gráa markaði“, og það er svo sem ekkert óeðlilegt að svo sé þegar mjög mikill skortur er á peningum. Hér er alla vega verið að reyna að setja lög um þetta.

Í 30. gr., sem ég held að sé mjög góð, er verið að

mæla fyrir um ákveðna bindiskyldu, jafnframt því sem verið er að gefa Seðlabankanum ákveðnar heimildir til þess að grípa inn í og ákveða hver vaxtamunur megi vera. Ég tel þetta af hinu góða. Hins vegar hef ég þá trú að þetta geti leitt af sér að annar markaður verði stofnaður við hliðina, svokallaður „svartur markaður". Ef við tökum sem dæmi að Seðlabankinn ákvarði að ekki megi vera meira en 15% afföll af ákveðnum skuldabréfum, ákveðnum áhættuflokki, eins og þarna er talað um, hvað á þá að gera með þau skuldabréf sem aðilar vilja koma þarna inn á og eru tilbúnir að selja með 25–30% afföllum? Hvað á að gera við svoleiðis viðskipti? Á að senda þau eitthvað annað, út á hinn svokallaða „svarta markað"?

Ég vil í stuttu máli skýra það hvernig verðbréfamarkaðir urðu til og hvernig þetta hefur þróast á síðustu 4–5 árum, eins og ég þekki til. Ætli það hafi ekki verið fyrir svona 4–5 árum að Fjárfestingarfélagið byrjaði, síðan Kaupþing og Ávöxtun, að bjóða fólki upp á það að leggja inn til sín peninga sem þau ætluðu að ávaxta og þá aðallega með kaupum á svokölluðum þriðjamarspappírum, en það eru viðskiptavíxlar og viðskiptaskuldabréf, og gátu náð upp með þessum kaupum góðri ávöxtun fyrir þessa aðila sem lögðu peningana inn. Bankarnir sáu að þarna var mikinn vaxtamun að fá og sáu að þarna var gróðavænlegur atvinnuvegur. Tóku þeir upp á því að kaupa svona skuldabréf með afföllum og reyndu að fá ákveðinn hluta af þessum viðskiptum með þriðjamarspappíra. Og þannig hefur það orðið að bankarnir hafa breytt sinni starfsemi svolítið þar sem þetta tíðkaðist ekki fyrir 4–5 árum síðan að bankar keyptu svona pappíra með afföllum. Hins vegar eru þeir farnir að gera það nú í dag.

Með því að bankarnir fóru að gera þetta skapaðist visst jafnvægi á markaðnum. Það var ekki þessi sami stimpill á verðbréfaviðskiptum og var áður, að þarna væri svona „grár markaður" og verðbréfaviðskiptin fengu á sig heilbrigðari stimpil þar sem bankarnir tóku upp sömu viðskipti. Mér finnst því eðlilegt, þegar svona er komið að bæði bankar og verðbréfafyrirtæki eru komin í visst jafnvægi, að settar séu mjög líkar reglur um þessi viðskipti. Ég tel að frv. sem hér er fjallað um geri það. Og mér finnst eðlilegt að það sé bæði lausafjárskylda og bindiskylda á verðbréfafyrirtækjunum þar sem þessi fyrirtæki hafa engar skyldur aðrar en þær að ávaxta peninga þeirra aðila sem leggja þarna inn. Bankarnir hafa hins vegar ýmsar skyldur og þá sérstaklega gagnvart atvinnulífinu, og ef við gerum verðbréfafyrirtækjunum hærra undir höfði er líklegt að peningar fari frá bönkunum og yfir á verðbréfafyrirtækin. Eftir því sem ég best veit hefur þessi áskókn í að leggja peninga inn í verðbréfafyrirtækin aðeins minnkað. Samt vil ég nú að þau séu til út af því að, eins og fram kom hjá hæstv. viðskrh., þau hafa aukið sparnað í landinu. Ég held að enginn vafi sé á því, að þarna gafst annar kostur. Hins vegar tel ég að sé ekki af hinu góða ef vöxturinn er of mikill hjá þessum verðbréfafyrirtækjum, þá á kostnað bankanna. Það getur komið til þess að fjari undan þeim. Þess vegna held ég að þessi ákvæði í 29. og 30. gr. séu einmitt mjög góð til að Seðlabankinn geti gripið inn í til að skapa þarna ákveðið jafnvægi á milli verðbréfafyrirtækja og bankastofnana.

Ég vil samt hafa ýmsa fyrirvara varðandi seinni málsliðinn um það hvernig Seðlabankinn geti ákveðið þessa áhættuflokka þar sem verðbréf eru mjög mismunandi og það er mjög erfitt nema fyrir kunnáttumenn að setja sig inn í það í hvaða flokk á að setja svona verðbréf. Sum verðbréf eru eins og margir vita léleg og önnur eru góð. Það fer eftir því, sé um veðskuldabréf að ræða, hversu mikið hvílir á viðkomandi eign o.s.frv. Og ég held að markaðurinn eigi nú að ráða því sem slíkur.

Ég held að frv., ef það verður að lögum, verði mikil vörn sérstaklega fyrir þá aðila sem leggja þarna inn fjármuni og geti skapað jafnvægi á milli verðbréfafyrirtækja og bankakerfisins. Eftir fljótlegan yfirlestur á frv. sé ég ekkert sérstakt ákvæði sem ég mundi setja fyrir mig. Ég vona svo sannarlega að frv. verði að lögum á þessu þingi.

Fleira hef ég ekki um þetta að segja að sinni, en ég tek undir það sem hæstv. viðskrh. sagði, að fyrri lög, nr. 27/1986, eru nokkuð ófullkomin og þessi ákvæði sem hér er bætt við skýra og setja miklu ákveðnari reglur um það hvernig og með hvaða hætti verðbréfamiðlun geti farið fram.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

58. fundur, miðvikudaginn 22. febr., kl. 2 miðdegis.

Tilhögun þingfunda.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Áður en gengið er til dagskrár vil ég taka fram að ef þess reynist kostur er ætlunin að setja annan fund síðar í dag til þess að taka fyrir þau mál sem kunna að vera tilbúin frá deildarnefndum, þ.e. frá fjh.- og viðskn. Ég bið þingmenn því að vera við því búna að setja þurfi annan fund og leita afbrigða. Ósk forseta er hins vegar sú að fundahöld í dag þurfi ekki að dragast á langinn og að tækifæri gefist á morgun til þess að klára þau mál sem komast áleiðis í dag og ég vil óska samvinnu deildarinnar um það. Þá er heldur ekki ætlun forseta að hafa kvöldfund vegna þess að búist er við að það geti orðið nokkuð ströng fundahöld á föstudeginum og ætlun forseta er ekki að ofþreyta menn fyrir þann tíma. Það eru ýmis mál

sem þarf endilega að afgreiða frá deildinni og ættu vonandi að geta komið til afgreiðslu á föstudeginum. Þetta vildi ég taka fram áður en gengið er til dagskrár.

Sjúkraliðar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 229. mál (verkstjórn og starfsábyrgð). — Þskj. 427.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 27 shlj. atkv.

Orlof, frh. 1. umr.

Frv. BGS og AðB, 281. mál (varsla orlofslauna). — Þskj. 499.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til félmn. með 26 shlj. atkv.

Norrænn þróunarsjóður, 2. umr.

Stjfrv., 202. mál. — Þskj. 273, n. 528.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti fjh.- og viðskn., sem prentað er á þskj. 528, um frv. til laga um norrænan þróunarsjóð.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt. Auður Eiríksdóttir, þm. Samtaka jafnréttis og félagshyggju, sat fund nefndarinnar og er samþykk áliti þessu. Undir þetta rita nefndarmenn, þ.e. Páll Pétursson, Árni Gunnarsson, Ragnar Arnalds, Kristín Halldórsdóttir, Hreggviður Jónsson, sem mætir í forföllum Inga Björns Albertssonar, fulltrúa Borgfl. í nefndinni, Matthías Bjarnason og Sigríður Hjartar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Stjórn efnahagsmála o.fl., 2. umr.

Stjfrv., 240. mál (lágmarkstími verðtryggingar og fastir vextir). — Þskj. 445, n. 527.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti fjh.- og viðskn. um frv. til laga um breyt. á lögum nr. 13 frá 10. apríl 1979, um stjórn efnahagsmála. Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt.

Þeir tveir nefndarmenn sem undirrita nál. með fyrirvara áskilja sér rétt til að flytja eða styðja brtt. sem fram kunna að koma. Á fund nefndarinnar komu Eiríkur Guðnason og Sveinbjörn Hafliðason frá Seðlabanka Íslands og Stefán Pálsson frá Sambandi viðskiptabanka.

Auður Eiríksdóttir, þm. Samtaka jafnréttis og félagshyggju, sat fundi nefndarinnar og er samþykk áliti þessu. Undir þetta rita Páll Pétursson, Ragnar Arnalds, Kristín Halldórsdóttir, Sigríður Hjartar, Árni Gunnarsson og Matthías Bjarnason og Hreggviður Jónsson rita undir nál. með fyrirvara.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

59. fundur, miðvikudaginn 22. febr., að loknum 58. fundi.

Norrænn þróunarsjóður, 3. umr.

Stjfrv., 202. mál. — Þskj. 273.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 543).

Stjórn efnahagsmála o.fl., 3. umr.

Stjfrv., 240. mál (lágmarkstími verðtryggingar og fastir vextir). — Þskj. 445.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GGÞ, GuðnÁ, GHelg, JóhS, JK, JSS, KE, KH, MB, ÓE, PP, PJ, AuE, StH, SJS, ÞP, ÞÞ, AS, ÁrnG, FÞ, GeirG, GHH, GB, KJóh.
HJ, ÓÞG, AðB, AG, EH greiddu ekki atkvæði.
13 þm. (BGS, IBA, JBH, JónS, KrP, MÁM, JÞ, ÓÞÞ, RA, RH, SighB, BÍG, FrS) fjarstaddir.
Frv. afgr. til Ed.

NEÐRI DEILD

60. fundur, miðvikudaginn 22. febr., að loknum 59. fundi.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. AG, 218. mál (íbúðarhúsnæði ellilífeyrisþega). — Þskj. 392.

Flm. (Albert Guðmundsson):

Virðulegur forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér á þskj. 392 frv. til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75 frá 1981, með síðari breytingum.

1. gr. hljóðar svo:

„Við 83. gr. laganna, sbr. 16. gr. l. nr. 97/1988, bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Eignarskattur ellilífeyrisþega af íbúðarhúsnæði, sem þeir sjálfir nýta, reiknast þannig: Af fyrstu 2.500.000 kr. af eignarskattsstofni greiðist enginn skattur. Af þeim hluta eignarskattsstofns, sem umfram er, greiðist 0,95%."

2. gr. hljóðar svo:

„Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu eignarskatts á árinu 1989 á eignir í lok ársins 1988."

Í grg. sem fylgir frv. segir m.a.:

„Margir ellilífeyrisþegar óska að búa áfram í íbúðum sínum eða einbýlishúsum sem þeir hafa á langri starfsævi byggt upp.

Nýsett lög um viðbótareignarskattsálag þyngja skattbyrði þessa fólks mjög og í mörgum tilfellum langt umfram greiðslugetu þess. Nú á fólk að greiða 1,2% af hreinni eign umfram 2,5 millj. kr. og að auki 1,5% af hreinni eign umfram 7 millj. kr., auk svo sérstaks eignarskattsauka til þjóðarbókhlöðu (0,25%) og fasteignagjalda til sveitarsjóða. Með þessu frv. er lagt til að auknar skattaálögur á ellilífeyrisþega verði teknar aftur og það fólk greiði nú sama eignarskatt og það gerði áður af því húsnæði sem það notar sjálft til íbúðar, þ.e. 0,95% af hreinni eign umfram 2,5 millj. kr.

Margt af þessu fólki hefur litlar eða engar tekjur umfram eftirlaun eða ellilífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins og má ekki við auknum skattaálögum, svo sem þeim eignarskatti sem því er ætlað að greiða samkvæmt lögum þeim sem samþykkt voru í byrjun jólahelgarinnar síðustu.

Ef svo fer sem horfir samkvæmt nýju eignarskattslögunum má gera ráð fyrir að fjöldi ellilífeyrisþega neyðist til að leysa upp heimili sín og selja íbúðir eða einbýlishús sín. Stóraukið framboð á slíku húsnæði mundi þýða verðfall á eignum þessa fólks og gera þeim sem peningaráð hafa kleift að komast yfir fasteignir á ódýran máta. Líklega mun uppboðum fjölga á eignum ellilífeyrisþega í greiðsluþroti.

Frv. þetta er flutt til að forða fjölda fólks frá greiðsluþroti og eignamissi á framangreindan hátt, enda er í flestum tilfellum um að ræða aldrað fólk sem greitt hefur að fullu til þjóðfélagsins skatta á langri ævi og á annað og betra skilið en að vera hrakið á götuna eftir starfslok. Því má heldur ekki gleyma að það er þjóðarhagur að því að aldraðir búi svo lengi sem kraftar og heilsa leyfir í eigin húsnæði.

Oft má mæla menningarstig þjóða, sem og einstakra byggðarlaga, á því hvernig aðbúnaði aldraðra og sjúkra er hagað."

Hæstv. forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa þetta lengri ræðu með frv. svo ljóst sem það er. Síðan er það að sjálfsögðu hvers einstaks þingmanns að gera upp við sig hvort hér er um réttlætismál að ræða eða ekki.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til, virðulegur forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég þarf ekki að ítreka það að ég fagna þessu frv. Alberts Guðmundssonar vegna þess að þau ólög sem voru afgreidd fyrr á þessu þingi eru með því versta sem hér hefur verið afgreitt. Frv. grípur á einum þætti þess, þ.e. því sem snýr að þeim þjóðfélagsþegnum sem njóta ellilífeyris og hafa ekki tekjur til að standa undir þeim sköttum sem nú verða lagðir á íbúðarhúsnæði og eru mikil undur að gerast þegar þeir flokkar sem nú sitja í stjórn, sem hafa lagt á matarskattinn, hafa nú lagt á annan skatt, íbúðaskattinn. Það er einhver sú mesta eignaupptaka sem um getur á eignum sem þarna er um að ræða og með þeim hætti að við það verður ekki unað. Það er hvergi, ekki einu sinni á Norðurlöndunum þar sem þó margir þingmanna hér sækja sínar hugmyndir, lagður slíkur skattur á íbúðarhúsnæði. Skattur á íbúðarhúsnæði er ekki sá skattur sem þarf að leggja á. Það eru ekki þeir menn sem eru stóreignamenn. Og eigið húsnæði, sem oft verður stórt með árunum, á ekki að nota sem tekjustofn með þeim hætti sem hér er um að ræða. Ég fullyrði að það er hvergi í heiminum lagður slíkur skattur á íbúðarhúsnæði sem hér hefur verið ákveðið að leggja á nema í Tékkóslóvakíu, í Búlgaríu og fleiri ríkjum. Þegar kommúnistar komust þar til valda, var lagður á svona skattur sem endaði með því að fólkið missti íbúðarhúsnæðið. Það er alveg ljóst að þessi eignarskattur er einhver versti skattur sem hér hefur verið lagður á. Og ég vil styðja frv. hjá Albert Guðmundssyni um að lækka þessar álögur á ellilífeyrisþegum sem þegar hafa lagt sitt af mörkum í þessu þjóðfélagi, hafa borgað sína skatta,

bæði af launum og af sínu húsnæði áður, og ég tel að ef nokkurt mál er réttlætismál, þá sé það þetta.

Þá er annað. Það hefur verið talað um eignaupptöku í sambandi við lánskjaravísitölu. En þetta er verri eignarupptaka og það einhver sú versta sem um getur og ég fagna því að hæstv. fjmrh. gengur í salinn því að hann gæti e.t.v. upplýst okkur um það hvort hann muni ekki beita sér fyrir því að þessir eignarskattar lækki og styðji þetta frv. frá Albert Guðmundssyni. Það væri ekki ófróðlegt að fá að vita það því að flokkur hans, sem hefur nú sungið á þessu þingi í fjölda ára um hjálp til þeirra sem minna mega sín, ætti kannski að taka það upp núna og breyta þeim sköttum sem þeir hafa þegar lagt á fólkið með þeim hætti að lina álögur á fólkið. Ég held að það sé alveg ljóst að eignarskattana á ellilífeyrisþega verði að lækka eins og gert er ráð fyrir með þessu frv. og ég er alveg viss um að ef það verður gert mun mörgum létta. Ég er líka viss um að það er ábyggilega þingmeirihluti fyrir því að samþykkja frv. og þykist vita að hér muni koma upp fleiri ræðumenn til að tjá sig um það að þeir séu samþykkir því.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. AG, 219. mál (starfslok launþega). — Þskj. 394.

Flm. (Albert Guðmundsson):

Virðulegur forseti. Til viðbótar við frv. sem ég mælti fyrir nú fyrir nokkrum augnablikum hef ég leyft mér að flytja annað frv. í líka veru á þskj. 394, þ.e. frv. til laga um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum.

1. gr. hljóðar svo:

„Við A-lið 1. mgr. 30. gr. laganna, sbr. 3. gr. l. nr. 14/1987 og 2. gr. l. nr. 92/1987, bætist nýr töluliður svohljóðandi:

4. Tekjur skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr., þegar frá þeim hafa verið dregnar þær fjárhæðir sem um ræðir í 1.–2. tölul. þessa stafliðar, sem maður hefur aflað á síðustu tólf starfsmánuðum sínum áður en hann lætur af störfum fyrir aldurs sakir. Frádráttur þessi skal þó aldrei vera hærri en 2.500.000 kr. enda hafi viðkomandi náð 55 ára aldri eða öðlast rétt til eftirlauna eða ellilífeyris úr lífeyrissjóði.

Réttur til frádráttar skv. 1. mgr. kemur ekki til greina nema einu sinni fyrir hvern mann.

Frádrátt skv. 1. mgr. skal einnig veita framteljanda sem fellur frá og hafði fyrir heimili að sjá og hafði ekki nýtt þessa frádráttarheimild áður."

2. gr. hljóðar svo:

„Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við endanlega álagningu tekjuskatts á árinu 1989 af tekjum ársins 1988."

Í grg. með frv. segir m.a.:

„Þegar staðgreiðsla skatta var tekin upp í ársbyrjun 1988 var afnuminn sérstakur frádráttur fyrir þá launþega sem voru að ljúka starfsdegi sínum. Fyrir þessum frádrætti hafði verið barist lengi en hann komst fyrst í lög vorið 1983 (lög nr. 21/1983) er samþykkt var frv. frá flutningsmanni þessa máls ásamt ellefu öðrum þingmönnum úr öllum flokkum. Síðar, þegar flutningsmaður var fjmrh., voru gerðar nokkrar breytingar á lagaákvæðum um þennan frádrátt til rýmkunar, sbr. lög nr. 119/1984, en ákvæðin síðan afnumin við upphaf staðgreiðslukerfis skatta, eins og áður segir, með lögum nr. 14/1987.

Þegar lagafrumvörp um staðgreiðsluna voru til meðferðar á Alþingi var því mótmælt að þessi réttur launafólks til skattfrelsis síðasta starfsárið yrði af því tekinn. Þá var því borið við að frádrátturinn ætti ekki lengur við þegar staðgreiðslukerfið væri komið á og að frádrátturinn ylli óviðráðanlegum flækjum í hinu nýja kerfi. Hvort tveggja er rangt. Staðgreiðslukerfið er engin grundvallarbreyting á skattkerfinu heldur aðeins nýtt fyrirkomulag greiðslu skatta, eins konar fyrirframgreiðsla. Eftir sem áður verður launamönnum gert að skila skattskýrslu og hefðbundin álagning fer fram um mitt ár.

Með því að taka aftur upp í skattalögin óbreytt ákvæðið um skattfrádrátt þeirra sem eru að ljúka starfsævi sinni mundi við endanlega álagningu tekjuskatts myndast inneign hjá þeim gjaldendum sem ættu rétt á þessum frádrætti og hún koma til endurgreiðslu eftir almennum reglum í 2. mgr. 112. gr. laganna (sbr. 17. gr. l. nr. 14/1987)."

Forseti. Ég verð að segja að það truflar mig þegar ráðherrarnir eru að tala saman hérna eiginlega í hvert skipti sem maður stendur upp. Það er allt í lagi með frammíköll o.s.frv., það er gaman að þeim, en ekki svona truflanir og hlátur inni í ræðu nema málið sem slíkt sé ekki þess virði að ráðherrarnir gefi hljóð í málstofunni meðan það er flutt. (**Forseti:** Ég áminni þingmenn, ráðherra jafnt sem óbreytta, um að hafa hljóð í salnum og hvíslast þá á ef þeir þurfa að tala.) Ég held þá áfram með grg. með þessu máli sem ég álít vera stórt mál:

„Jafnframt er í frv. þessu lagt til að skattfrádrátturinn komi til framkvæmda þegar í sumar við endanlega ákvörðun skatta fyrir tekjuárið 1988. Þar með væri bættur skaðinn sem skeði við upphaf staðgreiðslunnar 1988 og enginn launamaður, sem lokið hefur starfsævi sinni á því ári, fyrsta ári staðgreiðslunnar, yrði hlunnfarinn.

Loks er lagt til að hámark frádráttarins, eins og það var ákveðið í lögum nr. 72/1986, hækki til samræmis við aðrar tölur frá þeim tíma."

Ég held að það fari ekkert á milli mála og það viti hver maður að þegar þessi skattur á ellilífeyrisþega, skattur á þá sem eru að ljúka sinni löngu starfsævi og hafa skilað til hins opinbera því sem opinberir aðilar hafa farið fram á á þeirri starfsævi sem er að ljúka —

að það hafi verið fagnaðarefni fyrir margan sem ekki réði við að hætta störfum vegna þess að þeir gátu ekki staðið í skilum með opinber gjöld sem á þeim hvíldu eftir starfsævina og í mörgum tilfellum þurftu aldraðir að veðsetja eignir fyrir bankalánum til þess að standa í skilum við opinbera aðila, bankalánum sem féllu svo kannski í gjalddaga því að tekjulaus gamalmenni gátu ekki staðið í skilum með skuldir sem höfðu safnast í bönkum til þess að standa í skilum við opinbera aðila. Síðan er þetta fellt niður eftir að hluti af þeim öldruðu sem hættu starfsævi eftir þann tíma sem skatturinn var felldur niður höfðu fengið þessa fyrirgreiðslu og skatturinn tekinn aftur upp á aðra þannig að þarna skapaðist mjög mikið misrétti í meðhöndlunin á þessu fólki eftir því hvenær það hætti störfum eða hafði lokið sinni starfsævi. Það er nú verið að reyna að leiðrétta. Ég harma það að frv., sem er svo stórt og þýðingarmikið fyrir aldraða, skuli ekki fá meiri athygli en það að ráðherrar leyfa sér að vera að tala og hlæja og flissa undir flutningi þess.

Ég legg til að að loknum þessum umræðum verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég vil lýsa stuðningi mínum við frv. sem er breyting til batnaðar fyrir þá menn og það fólk sem er komið að starfslokum og hefur hugsað sér að hætta síðan þeirri vinnu sem það hefur helgað sig heilt líf og er að huga að sínu ævikvöldi. Þetta hjálpar því til að safna í sarpinn og eiga þá eitthvað aðeins rýmri fjárráð, a.m.k. fyrst eftir að það lýkur störfum og það mun nú ekki veita af fyrir marga að eiga eitthvað aðeins í handraðanum svo að ævikvöldið geti verið heldur betra en annars yrði.

Frv. sem hv. 5. þm. Reykv. flytur hér er í rauninni ekki annað en framhald af því sem hann áður hafði komið fram með hér á þinginu fyrir nokkrum árum um að menn væru skattlausir síðasta árið, sem var síðan breytt, og það sýnir það að hugur hans til þessa fólks hefur alltaf verið sá sami og hann styður einmitt þessa hugsjón hér í dag eins og ávallt.

Það er alveg ljóst að eftir að staðgreiðslan var tekin upp hefur skattbyrðin vaxið á fólki töluvert mikið og þó að verkalýðshreyfingin hafi nú þagað þunnu hljóði eins og oft áður þegar lagðir hafa verið á auknir skattar, þá er nú tími til kominn að það verði a.m.k. aðeins reynt að lækna einhverja liði af því sem núna er verið að leggja á fólk sem er að hætta störfum og það er ekki nokkur vafi á að þetta mundi hjálpa því til að eiga smávarasjóð.

Ég veit nú ekki nema hæstv. ríkisstjórn líti þannig á að fólkið í landinu sé einhvers konar eiturlyfjasalar eða a.m.k. eru hugmyndir þeirra í skattamálum með þeim hætti að þeir vilja helst hafa eignaupptöku og upptöku fjármuna og eru það sömu hugmyndir og eru hafðar um eiturlyfjasala, og hefur verið reynt að taka fé frá þeim. Ég veit ekki hvort þessi stefna er til langframa. Ég vona ekki því að þessi ríkisstjórn mun ekki lifa með þessum hætti a.m.k. mjög lengi, en þetta frv. mun vera eins og eitt ár í lífi hvers og eins, mun verða nokkurs konar bónusár. Það er ekki mikið þó að menn fái eitt bónusár í skóttum allt sitt líf, það er ekki mikið. Þetta er sá stuðningur sem þjóðfélagið á auðvitað að veita þessu fólki. Ég tel nauðsynlegt að frv. verði samþykkt og ég held líka að það væri til mikilla bóta að gera það og gera þetta að raunveruleika því að þetta er stórmál hjá mörgum sem eru að hætta störfum.

Ég vil svo að lokum þakka flm. fyrir að flytja frv. og vona að það hljóti hér góðar undirtektir í þinginu.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Ég vil í tilefni af þeim frv. sem hv. 5. þm. Reykv. hefur lagt hér fram koma með þá athugasemd í sambandi við þetta mál að hv. fjh.- og viðskn. taki þessi frv. til meðferðar og afli sér upplýsinga um það hvaða tölulegar breytingar þau hafa í sambandi við tekjur ríkissjóðs og annarra þeirra upplýsinga sem þarf til frekari rökstuðnings þessu máli. Það er alveg ljóst að hér er um mjög eðlilega málsmeðferð að ræða af hendi hv. þm. sem var baráttumaður fyrir þessu máli hér á hv. Alþingi á sinni tíð og fékk samþykkt lög um það og fylgdi því eftir sem fjmrh. á þeim árum sem hann gegndi því embætti. Þess vegna tel ég eðlilegt að þetta mál fái vandaða meðferð í hv. fjh.- og viðskn. og legg til að svo verði.

Flm. (Albert Guðmundsson):

Virðulegur forseti. Ég tek undir það með hv. 1. þm. Vesturl. að þessi tvö frv. sem ég hef mælt fyrir í dag fái vandaða meðferð, að sjálfsögðu. Við skulum nú reikna með að mál fái yfirleitt vandaða meðferð í nefndum og síst af öllu er ég að mæla á móti því að þessi frv. fái sérstaka vandaða meðferð. Þetta eru frv. sem eru endurflutt vegna þess að eftir að hafa hlotið samþykkt og verið í gildi sem lög í tiltölulega stuttan tíma voru þau felld niður, en það sem slær mig varðandi það að það skuli þurfa alveg sérstaklega vandaða meðferð er það að í dag og í gær berast fréttir um það að ríkisstjórnin er að gerast fjárveitingavald í stórum stíl ef upplýsingarnar eru réttar. Fyrst og fremst skilst mér að ríkisstjórnin hafi á sínum fundi í gær sýnt að það er ekki peningaleysi á einn eða annan hátt með því að hæstv. samgrh., með samþykkt ríkisstjórnarinnar, hefur ákveðið að fyrirskipa að framkvæmdir skuli hefjast við gríðarlega mikla mannvirkjagerð á flugvöllum og það án þess að spyrja Alþingi eða kóng eða prest heldur tekur sér heimild til þess að vinna sem fjárveitingavald sem hann hefur ekki. Þetta er mál sem hefði átt að fá vandaða meðferð á Alþingi, ekki aðeins utandagskrárumræður um flugvöll eða almennt um varaflugvelli, heldur er hlaupið til og tekin ákvörðun sem er Alþingis að ákvarða. Ég vona því að sem stjórnarþingmaður beiti hv. 1. þm. Vesturl. sér fyrir því að slík vinnubrögð ríkisstjórnarinnar fái vandlega athugun á Alþingi og með þjóðinni.

Þar fyrir utan er á baksíðu Morgunblaðsins önnur frétt frá ríkisstjórninni þar sem á að taka upp aftur 2500 kr. nefskatt, það á að endurvekja hann eins og

segir í fyrirsögninni. Það væri gott að fá að vita hvort þetta er rétt, hvort þessi frétt er virkilega rétt eða ekki. Það segir hér í lok greinarinnar að þetta eigi að gefa 230 millj. kr. til heilbrigðismála, geri ég ráð fyrir. Í lok greinarinnar segir, með leyfi forseta, orðrétt:

„Slíkur skattur var innheimtur áður en staðgreiðslukerfi skatta var tekið upp en þá felldur niður", vegna þess að þetta var sett inn í staðgreiðsluna. Og ég vildi gjarnan fá að vita hvort þetta er rétt, hæstv. heilbr.- og trmrh. Er þetta rétt? (**Heilbr.- og trmrh.:** Ég skal svara því.) Já, mér þætti vænt um að fá svar við því. En þarna þarf allt öðruvísi og vandaðri vinnubrögð við skattheimtu ef þetta er rétt. Ég vil ekki trúa því að þetta sé rétt vegna þess að það er verkefni Alþingis að setja á skatta en ekki framkvæmdarvaldsins. Mér þykir vænt um það að hæstv. heilbr.- og trmrh., sem ég þekki að allt, allt öðrum vinnubrögðum en þessum, komi hér upp og skýri þetta.

En ég er hér fyrst og fremst kominn upp aftur til þess að taka undir það sem hv. 1. þm. Vesturl. sagði um vönduð vinnubrögð í sambandi við þau frv. sem ég hef flutt hér og snerta aldraða, að þau séu ekki tafin, séu afgreidd með öðru hugarfari og á annan hátt en hliðstæð skattheimta sem virðist vera boðuð og ég vil bara ekki trúa því að þetta sé rétt frétt í blaðinu. Hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur góðfúslega gefið mér merki um það að hann muni svara þessu hér í ræðustól svo að ég ætla að láta máli mínu lokið.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Það er aðeins örstutt út af þessum síðustu athugasemdum hv. 5. þm. Reykv. Það er að sjálfsögðu rétt að það hlýtur að vera löggjafinn og Alþingi sem setur lög um skattheimtu og það hefur ekki staðið annað til.

Það sem hér er verið að segja frá er það að heilbrmrh. hafi á fundi ríkisstjórnarinnar í gær kynnt drög að frv. um málefni aldraðra sem er lagabálkur sem hefur verið í endurskoðun í heilbrmrn. um nokkurn tíma. Í þessu frv. eru hugmyndir um það að taka upp þennan skatt að nýju, ef má orða það svo, því að staðreyndin er nú sú að það hefur aldrei verið gerð nein breyting á því að þessi nefskattur styðst við ákvæði í lögum um málefni aldraðra sem eru enn í gildi, en hins vegar, eins og hér kemur fram í þessari blaðafrétt, hefur hann ekki verið innheimtur sérstaklega, heldur með staðgreiðslusköttunum. Það eru uppi hugmyndir í þessu frv. um það að þessi skattur verði tekinn upp að nýju og komi þá sem eftirágreiddur skattur, en það er út af fyrir sig of snemmt að vera að fjalla um þetta hér á þingi nú vegna þess að málið á auðvitað eftir að fá alla eðlilega málsmeðferð. Það á eftir að fara fyrir þingflokka ríkisstjórnarinnar sem það mun vonandi gera næstu daga og fá þar eðlilega afgreiðslu og síðan, verði það samþykkt þar, koma þá hér fyrir hæstv. Alþingi til meðhöndlunar og þá er það auðvitað Alþingis að ákveða það hvort þessi skattheimta verður tekin upp að nýju eða ekki.

Aðeins, ef ég má, út af því sem kom einnig fram hjá hv. þm. í sambandi við afgreiðslu ríkisstjórnarinnar á málum um flugvallaáætlun eða flugmálaáætlun: þar var ekki tekin ákvörðun um neina nýja útgjaldaþætti, heldur sérstaklega tekið fram að það sem gert yrði í þeim málum á þessu ári rúmaðist innan flugmálaáætlunar og fjárlaga.

Flm. (Albert Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég verð nú að lýsa furðu minni á þessum vinnubrögðum. Það er nýbúið að ganga frá því að sameina nefskatta á aldraða og staðgreiðsluna og eins og hæstv. ráðherra sagði er þetta ekki innheimt sem nefskattur sérstaklega, heldur er það inni í staðgreiðslunni. Á ég að trúa því að ríkisstjórnin sé svona skömmu eftir afgreiðslu fjárlaga og afgreiðslu skattalaga að tala um að taka upp nefskattinn aftur sérstaklega til viðbótar við upphæðina sem var sett inn í staðgreiðsluna? Hvar eru takmörkin fyrir því sem ríkisstjórnin getur lagt á fólk? Það er heildarupphæðin sem fólkið greiðir sem skiptir það máli, ekki hvort það er inni í þessari upphæð eða inni í annarri upphæð, að það sé ekki alltaf sett á ný vegna þess að lögin hafa ekki verið felld úr gildi eins og þau voru áður en staðgreiðslan kom. Þetta bara gengur ekki. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir upplýsingarnar en þessi vinnubrögð ganga ekki. Það eru takmörk fyrir því hvað fólk þolir af viðbótarsköttum og ég veit, af því að ég hef unnið með og unnið nokkuð lengi núna með hæstv. heilbr.- og trmrh., eða tel mig vita að þetta er ekki að hans skapi. Það getur ekki verið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Ríkisreikningur 1987, 1. umr.

Stjfrv., 292. mál. — Þskj. 524.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1987. Frv. er samið eftir ríkisreikningi fyrir það ár sem lagður var fyrir Alþingi í október 1988. Í kjölfar þess var í desember sl. lögð var endurskoðunarskýrsla Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreikningsins. Með þessu móti er fullbúinn ríkisreikningur lagður fyrir Alþingi á næsta ári eftir reikningsárið.

Eins og alþingismönnum er sjálfsagt kunnugt hefur til þessa tíðkast að leggja ríkisreikning fram tvisvar, þ.e. fyrst eins og hann kemur fyrir að loknu uppgjöri ríkisbókhalds og síðan aftur þegar yfirskoðunarmenn ríkisreiknings, sem eru trúnaðarmenn Alþingis, hafa lokið yfirferð sinni, en það hefur oft reynst hið tafsamasta verk að útbúa fyrirspurnir til ráðuneyta og stofnana, afla svara við þeim og ganga frá tillögum

um úrbætur og ábendingum um það sem betur mætti fara. Þegar því starfi öllu var lokið var ríkisreikningi enn dreift á Alþingi og í kjölfar þess lagt fram frv. til staðfestingar á honum.

Frv. til laga um staðfestingu á ríkisreikningi hafa til þessa einungis lotið að rekstrarhlið reikningsins, samanborið við 2. og 3. gr. fjárlaga, og öll endurskoðun á meðferð hans af hálfu yfirskoðunarmanna verið í samræmi við það. Nú bregður hins vegar svo við að birtur er efnahagsreikningur ríkisreiknings og má líta á það sem boðbera þess að framvegis verði endurskoðunin mun víðtækari en tíðkast hefur og nái til ríkisreikningsins í heild sinni eins og eðlilegt verður að teljast.

Um sjálfa framsetninguna á ríkisreikningnum í frv. er ástæða til að geta þess að gjöldin eru sýnd með tvennum hætti. Annars vegar er það gert eins og hefðbundið er í almennu bókhaldi með flokkun í höfuðþætti og síðan eru þau sýnd aftur í eins konar skýringarlið, sundurliðuð eftir ráðuneytum, og dregur það dám af framsetningu þessa efnis í frumvörpum fyrri ára.

Ég hef hér ekki fleiri orð að sinni, virðulegur forseti, en legg til að frv. verði vísað til hv. fjh.- og viðskn. að lokinni þessari umræðu og væri þá tækifæri til þess að fjalla ítarlegar um málið þegar hv. fjh.- og viðskn. hefur lokið umfjöllun sinni og málið kemur hér aftur til 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

NEÐRI DEILD

61. fundur, miðvikudaginn 22. febr., að loknum 60. fundi.

Viðskiptabankar og sparisjóðir, 2. umr.

Stjfrv., 3. mál (verðbréfafyrirtæki). — Þskj. 3, n. 538.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á þskj. 538 liggur fyrir álit fjh.- og viðskn. í þessu máli.

Nefndin hefur athugað frv., en það er flutt í tengslum við frv. um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði, og leggur nefndin til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Undir þetta rita Páll Pétursson, Árni Gunnarsson, Guðmundur G. Þórarinsson, Kristín Halldórsdóttir og með fyrirvara Ragnar Arnalds, Matthías Bjarnason og Hreggviður Jónsson. Þessir þrír síðast töldu sem sagt allir með fyrirvara.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Launavísitala, 2. umr.

Stjfrv., 213. mál. — Þskj. 361, n. 535 og 537.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á þskj. 535 liggur fyrir álit meiri hl. fjh.- og viðskn. um frv. til laga um launavísitölu.

„Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur meiri hl. nefndarinnar til að frv. verði samþykkt. Til viðræðna um frv. komu á fund nefndarinnar eftirtaldir aðilar: Ari Skúlason og Lilja Mósesdóttir frá ASÍ, Þórarinn V. Þórarinsson og Hannes Sigurðsson frá VSÍ, Birgir Björn Sigurjónsson frá BHMR, Þórir Daníelsson frá Verkamannasambandi Íslands, Hjörtur Eiríksson frá Vinnumálasambandi samvinnufélaga og Hallgrímur Snorrason og Gunnar Hall frá Hagstofu Íslands."

Undir þetta rita Páll Pétursson og Guðmundur G. Þórarinsson og Árni Gunnarsson með fyrirvara og einnig með fyrirvara Ragnar Arnalds.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Vinnubrögðin hérna eru orðin forkastanleg. Hér eru daglega fundir í fjh.- og viðskn., alla morgna, og í dag var hann til klukkan að verða tvö. Við rétt komumst hingað út í þinghúsið til þess að ná í fundarsetningu. Maður er að hamast við að koma nefndarálitum frá og það hefst ekki undan. Ég tel að svona óðagot og læti séu alveg fyrir neðan allar hellur og bið nú virðulegan hæstv. forseta að fara að hægja heldur á þannig að menn geti með skaplegum hætti komið nefndaráliti sínu fram. Það væri sitt hvað eða hvort menn væru að leika sér að því að draga framlagningu nefndarálita. Ég spyr hæstv. forseta: Telur hann að sömu menn geti bæði setið alveg lon og don fundi og þingfundi og eigi líka jafnframt að ganga frá 4–5 nefndarálitum á sama tíma? Það er ekki á mínu meðfæri, ég verð að segja það, og ég held að það sé ekki á meðfæri flestra manna ef þeir vilja vinna af einhverri vandvirkni að þeim málum sem lögð eru hér fyrir þessa hv. þingdeild.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Af þessu tilefni skal tekið fram að það er ekki ætlun forseta að taka fjórða dagskrármálið til umfjöllunar í dag. Ósk hans er sú ein að um annað dagskrármálið megi fjalla og að það sé það verkefni sem fyrir þessum fundi liggi núna.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Nál. var lagt inn fyrir u.þ.b. þremur stundarfjórðungum og átti að fylgja því fylgiskjal í þeim tilgangi að þingmenn gætu lesið. Úr þessu nál. sem hér er komið fram í öllum þessum önnum og bunugangi hefur fallið hér niður og ég vil alvarlega fara þess á leit að ekki sé keyrt svo hratt hér að ekki sé hægt að lesa yfir nál. og þau komi rétt fram. Ég vil ekki ræða nál. fyrr en það liggur fyrir.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Ég skil þetta svo að það sé ósk frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. að umræðu um þetta mál verði ekki fram haldið núna. (**MB:** Ekki fyrr en nál. hefur komið fram leiðrétt.) Já. Ég held að það sé ráð við þessar aðstæður að við gerum hlé á fundi í 5 mínútur svo að við getum aðeins borið saman bækurnar. Það er alls ekki ætlun forseta að keyra svo hratt að það sé til vandræða eins og gefur að skilja og forseta var ekki ljóst að þessu ætti að fylgja fylgiskjal. Ég fresta þessum fundi í 5 mínútur. — [Fundarhlé.]

Umræðu frestað.

EFRI DEILD

62. fundur, miðvikudaginn 22. febr., kl. 2.55 síðdegis.

Stjórn efnahagsmála o.fl., 1. umr.

Stjfrv., 240. mál (lágmarkstími verðtryggingar og fastir vextir). — Þskj. 445.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um stjórn efnahagsmála o.fl., nr. 13 frá 1979, svonefndum Ólafslögum.

Þetta frv. er flutt til þess að bæta inn í ákvæði þeirra laga nauðsynlegum heimildum varðandi lágmarkstíma verðtryggðra innlána og útlána og varðandi vexti af verðtryggðum skuldbindingum. Breytingin sem tillagan er gerð um er við 39. gr. laganna þar sem fjallað er um skilyrði verðtryggingar.

Í fyrsta lagi er lagt til að í stað 3. tölul. sem reyndar hefur verið felldur úr gildi í þessari grein laganna komi inn nýr 3. tölul. Þessi tölul. er efnislega samhljóða ákvæðum í bráðabirgðalögum nr. 44 frá 20. maí 1988, sbr. bráðabirgðalög nr. 14/1988, en í þeim lögum er kveðið á um að verðtrygging sparifjár og lánsfjár skuli eigi vera til skemmri tíma en tveggja ára hvað varðar aðrar skuldbindingar en sparifjárinnstæður sem því aðeins mega njóta verðtryggingar að bundnar séu í sex mánuði eða lengur. Hér er lagt til að þessi ákvæði um lágmarkstíma verðtryggðra skuldbindinga verði felld inn í 39. gr. laganna sem fjallar einmitt um skilyrði verðtryggingar. Það er með einföldum orðum talað gert að skilyrði fyrir verðtryggingu, hvort sem er á innlánum eða útlánum, að þar sé um ákveðinn lágmarksbinditíma að ræða, tvö ár á útlánahlið en hálft ár á innlánshlið.

Þá er lagt til að bætt verði í lögin nýrri 3. mgr. sem gefur Seðlabankanum heimild, með staðfestingu ráðherra, að ákveða lengri lágmarkstíma verðtryggðra sparireikninga og útlána en ákveðið er með 3. tölul. greinarinnar og það er mjög mikilvæg tillaga að mínu áliti að Seðlabankanum verði líka heimilað að ákveða að vextir á verðtryggðum útlánum skuli vera óbreytilegir á lánstímanum. Til þess að taka slíka ákvörðun þarf Seðlabankinn heimild ráðherra samkvæmt tillögu frv. Þá getur Seðlabankinn einnig á sama hátt veitt undanþágu til skemmri binditíma verðtryggðra fjárskuldbindinga þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi eins og skýrt er fram sett í tillögugreininni.

Hér er um býsna mikilvægt þingmál að ræða þótt það láti e.t.v. ekki mikið yfir sér. Ríkisstjórnin vill vinna að því að draga úr því skipulega — þegar til langs tíma er litið — að verðtryggingar séu á skammtímaskuldbindingum á lánamarkaði. Þessi breyting þarf að verða eftir því sem verðbólgan hjaðnar og þar er lenging lágmarkstíma á verðtryggðum fjárskuldbindingum mjög mikilvægur þáttur. Ég nefni t.d. svonefnda skiptikjarareikninga í innlánsstofnunum. Þetta er þannig hugsað að eftir því sem verðlag gerist stöðugra og verðbólgan minni, þá sé óhætt að lengja þennan lágmarkstíma og stuðla þannig að því smám saman að vísitölutengingar á skammtímaskuldbindingum hverfi. Þá þykir mér það einnig vera sanngirnismál og hefði reyndar átt að vera svo frá upphafi að óbreytilegir vextir gildi á verðtryggðum lánum, enda má halda því fram með gildum rökum að verðtryggingin eyði stærstum hluta óvissunnar í þessu máli. Ef vextirnir væru óbreytilegir er næsta víst að þeir yrðu virkara áhrifatæki í efnahagslífinu. Menn kynnu þá fremur að fresta fjárfestingu þegar vextirnir eru háir en auka framkvæmdir þegar þeir lækka. Þannig koma einmitt áhrif vaxtanna víða um lönd fram og ætti svo auðvitað einnig að vera hér, en ég tel að hin almenna útbreiðsla breytilegra vaxtakjara, hvort sem um verðtryggðar eða óverðtryggðar skuldbindingar er að ræða, hafi einmitt gert það að verkum að vextirnir virka ekki eins og vera skyldi. Ég tel að þessa breytingu verði þó að ákveða í hentugan tíma. Hún mun þá að mínu áliti geta borið ríkulegan ávöxt, ef hún er fram borin í hentugan tíma, og það verður vissulega að sæta færi með að gera slíkar breytingar. Ef sá tími er rétt valinn er ég sannfærður um að breytingin verður til góðs í okkar efnahagslífi, en hér er tillaga um það gerð að Seðlabankinn fái heimild til að ákveða þetta þegar heppilega þykir standa á á fjármagnsmarkaðinum.

Það er nokkuð almenn skoðun að raunvextir séu nú í hærra lagi svo að vægt sé að orði komist. A.m.k. gæti manni virst það af því að hlýða á ræður manna hér í þinginu. Ef þetta er rétt skoðun er varla rétti tíminn að binda raunvextina nú á verðtryggðum skuldbindingum. Hins vegar, þegar betur stæði á, kynni að vera rétt að sæta færi og festa vextina af verðtryggðum skuldbindingum, ekki þannig að þetta sé gert með miðstjórnarákvörðun, nákvæmlega hverjir þeir skuli vera, heldur með því að setja þá almennu reglu að samningarnir skuli vera þannig gerðir, ef þeir eru verðtryggðir, að í þeim séu ekki

breytilegir heldur óbreytilegir vextir á lánstímanum eða a.m.k. einhvern verulegan hluta hans.

Virðulegi forseti. Ég legg áherslu á að frv. sem ég mæli hér fyrir hljóti skjóta en vandaða meðferð hér í deildinni og legg til að því verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

SAMEINAÐ ÞING

45. fundur, fimmtudaginn 23. febr., kl. 10 árdegis.

Gjaldþrotameðferð fyrirtækja, ein umr.

Fsp. HG, 250. mál. — Þskj. 461.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég ber fram á þskj. 461 fsp. til hæstv. dómsmrh. um endurskoðun á lögum og reglum um gjaldþrotameðferð fyrirtækja. Fsp. er svohljóðandi: „Mun dómsmrh. hlutast til um að endurskoðuð verði lög og settar skýrari reglur en nú gilda um gjaldþrot fyrirtækja í því skyni að betur verði tryggt en nú er að menn komi sér ekki undan ábyrgð og baki öðrum tjón?“

Fsp. þessi er borin fram af því tilefni að gjaldþrot hjá fyrirtækjum hafa aukist mjög mikið hin síðustu ár og eru sannarlega af mörgu tagi og misjafnar ástæður sem að baki liggja, en það er jafnframt ljóst að fjölmargir, bæði opinberir aðilar og einkaaðilar, verða fyrir miklu tjóni af þessum sökum oft og tíðum. Spurningin um ábyrgð þeirra sem fyrir rekstri standa hlýtur að koma upp í því sambandi.

Hér er um að ræða bæði stór mál og smá að því er varðar upphæðir. Mér eru í huga m.a. ítrekuð gjaldþrot þjónustufyrirtækja hér á höfuðborgarsvæðinu, þar á meðal í ferðamannaiðnaði, hótelbyggingar og fleira, sem mjög hefur verið á dagskrá hin síðustu ár svo að nefnd séu dæmi, og ég tel að vegna þessarar þróunar sé eðlilegt að farið sé yfir lög sem varða þessi efni, þar á meðal gjaldþrotalög nr. 6 frá 1978 og ef til vill fleiri lög eins og lög um hlutafélög.

Spurningin er m.a. sú hvort hægt sé að auka ábyrgð aðila sem fyrir rekstri standa til að draga úr þessum áföllum sem varða ekki aðeins viðkomandi fyrirtæki og félög heldur einnig þjóðarbúið allt og þó að gjaldþrot geti í vissum tilvikum verið ofur eðlileg og ekkert við því að segja er mikil aukning á þeim svo sem nú hefur orðið. Ber það vott um frekar fúnar stoðir í atvinnurekstri í landinu og hlýtur að vera þjóðhagslega óheppilegt að slík þróun fari vaxandi og menn taki þannig áhættu í rekstri án þess að full ábyrgð sé til staðar.

Ég vænti þess að hæstv. ráðherra varpi ljósi á hvort fyrirhugað sé að fara ofan í saumana á þessum málum.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Á þskj. 461 er þeirri fsp. beint til mín hvort ég muni hlutast til um að endurskoðuð verði lög og settar skýrari reglur en nú gilda um gjaldþrot fyrirtækja í því skyni að betur verði tryggt en nú að menn komi sér ekki undan ábyrgð og baki öðrum tjón. Á vegum dómsmrn. var um sl. áramót hafinn undirbúningur að því að semja frv. til l. um bann við atvinnustarfsemi sem m.a. á að tryggja betur en nú er að menn komi sér undan ábyrgð og baki öðrum tjón við gjaldþrot. Ég hef lagt á það áherslu að verkinu verði hraðað sem mest og með það að markmiði að hægt verði að leggja fram frv. um það efni á þessu þingi þótt það sé að sjálfsögðu ekki hægt að fullyrða um það á þessu stigi hvort það muni takast.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra þær upplýsingar sem hann hefur veitt. Mér var ekki kunnugt um að hafið væri á vegum ráðuneytis hans starf að þessu máli, en lýsi yfir ánægju minni með að svo skuli vera og sé að hæstv. ráðherra hefur gefið þessum málum gaum og ætlar sér að bera fram fyrir þingið frv. um sérstaka löggjöf á þessu sviði og er það vissulega ánægjuefni.

Ég vænti þess að frv. berist yfirstandandi þingi og við getum um það fjallað og hugsanlega afgreitt fyrir þinglok.

Umferðarfræðsla í skólum, ein umr.

Fsp. JÞ, 269. mál. — Þskj. 484.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Þorsteinsdóttir):

Hæstv. forseti. Á síðustu árum og áratugum hefur fátt tekið jafnörum breytingum hér á landi og umferð og ferðahættir fólks. Fyrstu frásagnir af umferðarfræðslu í skólaskýrslum varða heimsókn lögreglu í Miðbæjarskólann í Reykjavík árið 1930.

Í grunnskólum er allvel búið að nemendum í yngstu bekkjunum hvað umferðarfræðslu varðar, en í efri bekkjum grunnskóla þarf að efla vettvangsfræðslu um umhverfið og umferðina.

Gert er ráð fyrir að umferðarfræðslu sé sinnt af kennurum viðkomandi skóla í samráði við foreldra, löggæslumenn, Umferðarráð og fleiri aðila. Þar sem fræðslan er ætluð svo mörgum aðilum er hætt við að sumir hlekkir bresti og erfitt verði að hafa heildarsýn yfir umferðarfræðsluna. Hérlendis er lítið um trúnaðarkennara sem hafa umsjón með þessari kennslu.

Það er því nauðsynlegt að hver einstakur skóli skipuleggi umferðarfræðsluna í samvinnu við þá aðila

sem hafa til þess þekkingu, auk þess að sinna grundvallaratriðum. Þó mættu fullorðnir sýna betra fordæmi í umferðinni til þess að brjóta ekki niður það sem verið er að byggja upp meðal ungra vegfarenda og frásagnir fjölmiðla eru oft ekki til þess fallnar að byggja upp ábyrgðartilfinningu í umferð.

Ég leyfi mér að bera fram fyrirspurn til hæstv. menntmrh. á þskj. 484 um þetta efni:

„1. Hvernig er háttað umferðarfræðslu í efri bekkjum grunnskólans?

2. Hversu miklum tíma er varið til hennar?

3. Hve miklu fé er varið til námsefnisgerðar í umferðarfræðslu?

4. Er að dómi ráðherra ástæða til að efla þennan þátt skólastarfsins?"

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Í málefnasamningi ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar er að finna þessi orð: „Fræðsla um umferðarmál verður aukin í grunnskólum og framhaldsskólum."

Í tilefni af þeirri yfirlýsingu lét ég taka saman yfirlit um umferðarfræðslu í skólum í októbermánuði sl. og dreifði í ríkisstjórninni og mun afhenda hv. fyrirspyrjanda það plagg í tilefni af þessari fsp.

Varðandi einstök atriði fyrirspurnarinnar er þetta að segja:

Fyrst er spurt: Hvernig er háttað umferðarfræðslu í efri bekkjum grunnskólans? Svarið er: Í 6. bekk grunnskólans sem og hjá yngri nemendum virðast aðstæður til umferðarfræðslu vera allgóðar að því er varðar verkefni, námsefni og aðgerðir. Árlega fer fram getraun meðal allra 12 ára skólanemenda um umferðarmál. Umferðarfræðsla í efri bekkjum grunnskólans hefur hins vegar verið lakari. Erfiðara er að því er virðist að nálgast 13 og 14 ára unglinga í þessu efni. Þeir eru mikið til hættir að nota reiðhjól, en ökunám á ýmis farartæki er þeim hins vegar nokkuð fjarlægt markmið.

Reynsla annarra Norðurlandaþjóða gagnvart nýtingu námsefnis í umferðarfræðslu 7.–9. bekkjar hefur í raun og veru verið sú að mjög erfitt sé að ná til þessa fólks. Samt sem áður er eitt og annað reynt til að koma á framfæri umferðarfræðslu við þessa aldurshópa, bæði almennt og eins með sértækum aðgerðum. Árlega eru haldin námskeið í dráttarvélaakstri á Hvanneyri fyrir nemendur í grunnskólum á Vesturlandi og í Reykjavík fyrir nemendur á Suðvesturlandi. Alls hafa milli 200 og 250 nemendur sótt þessi námskeið, en þau eru annars vegar fornámskeið fyrir 13–15 ára nemendur og hins vegar réttindanámskeið fyrir 16 ára og eldri.

Undanfarinn áratug hafa verið haldnir fræðslufundir tveggja tíma í 9. bekk margra grunnskóla um umferðarmál þar sem m.a. eru veittar upplýsingar um ökunám, ungt fólk í umferð og slys nýliða í akstri. Þeir sem standa að þessum fundum eru auk námsstjóra umferðarfræðslu lögreglan og í sumum tilvikum ökukennarar. Þessi fræðsla nær til 60–70% nemenda í 9. bekk árlega samkvæmt upplýsingum sem ég hef undir höndum.

Í nokkrum grunnskólum er umferðarfræðsla boðin sem valgrein, 16–20 tíma námskeið. Stuðningur við fræðslu vegna undirbúnings vélhjólaprófs er fyrir hendi en víðast munu lögregla og ökukennarar annast þennan þátt í sameiningu. Enn fremur hefur verið nokkur þátttaka í starfsvikum eða umferðardögum skólanna og hafa umferðaröryggismál fengið þar allgóða umfjöllun.

Í öðru lagi er spurt: Hversu miklum tíma er varið til umferðarfræðslunnar? Svarið er þetta: Óhætt er að fullyrða að marka þarf betur ákveðinn tíma í efri bekkjum grunnskóla vegna þessa þáttar en með bættu námsefni og betra skipulagi samkvæmt nýrri væntanlegri viðmiðunarstundaskrá sem nú er unnið að og verður gefin út í vetur og nýrri skólanámsskrá sem einnig verður gefin út í vetur skapast bætt skilyrði til að sinna umferðarfræðslu. Ekki er hægt að gefa upp nákvæman meðaltíma í umferðarfræðslunni í 7.–9. bekk, en flestir eru sammála um að auka beri þessa fræðslu m.a. í ljósi aukinnar umferðar, vaxandi hraða og fjölbreyttari ferðahátta ungs fólks.

Í þriðja lagi er spurt: Hversu miklu fé er varið til námsefnisgerðar í umferðarfræðslu? og ég geri ráð fyrir að hv. fyrirspyrjandi eigi hér við grunnskóla. Svarið er þetta: Í ár er varið alls um 2,4 millj. kr. til námsefnisgerðar af ýmsu tagi vegna grunnskólanemenda, hjá Námsgagnastofnun 1,3 millj. kr., hjá Umferðarráði 880 þús. kr. og auk þess veitir menntmrn. styrki til þýðinga og fleiri þátta, 220 þús. kr. Um er að ræða bæði nýtt námsefni og endurprentun á eldra námsefni fyrir umferðarfræðslu.

Loks er spurt: Er að dómi ráðherra ástæða til að efla þennan þátt skólastarfs? Og svarið er: Full ástæða er auðvitað til þess að efla umferðarfræðslu á sem flestum sviðum. Í þessu sambandi hefur því verið beint til Námsgagnastofnunar að gerð verði kennslubók fyrir 8.–9. bekk í umferðarfræðslu þar sem m.a. verði lögð áhersla á hinn mannlega þátt í umferðinni.

Ég vil að lokum geta þess, virðulegi forseti, í tilefni af þessari fsp. að ég tel í rauninni að það langbrýnasta í þessu efni sé að efla stórlega umferðarfræðslu á framhaldsskólastigi, sérstaklega hjá því fólki sem er um það bil að komast á þann aldur að geta tekið ökupróf. Í þessu sambandi vil ég minna á að fljótlega eftir að núv. ríkisstjórn var skipuð skipaði hæstv. dóms- og kirkjumálaráðherra nefnd þar sem m.a. var gert ráð fyrir að fyrirkomulag ökuprófa yrði tekið til endurskoðunar og fyrirkomulag ökukennslu, þar á meðal hugsanlega þáttur framhaldsskólans í hinum bóklega hluta námsins, þannig að sá þáttur mála er í endurskoðun. Ég tel í rauninni að það sé það albrýnasta að það unga fólk sem fljótlega getur fengið réttindi til að fara út í umferðina verði brýnt á

þeim reglum sem þar þurfa að gilda og þar þarf að hafa í heiðri.

Ég bendi að lokum á í þessu sambandi að í grannlöndum okkar hafa verið sett í umferðarlög ákvæði sem hvetja til aðhalds með þeim sem nýlega hafa lokið ökuprófi sem stendur allt að einu ári upp í reyndar eitt og hálft ár eftir að ökuprófinu er lokið þannig að þetta fólk hafi sérstakar skyldur og geti búist við því að með því sé fylgst með sérstökum hætti í umferðinni. Þessi mál og önnur tel ég brýnast að taka fyrir í þessu efni.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Þorsteinsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka svar hæstv. menntmrh. og vonast til þess að þessir nauðsynlegu þættir, sem hann talar um, í umferðarmálum komist sem fyrst af umræðustigi á framkvæmdastig.

Sjúkradagpeningar, ein umr.

Fsp. GHelg, 245. mál. — Þskj. 453.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Á 109. löggjafarþingi flutti ég frv. til l. um breytingu á almannatryggingalögunum og gerði frv. ráð fyrir að sjúkradagpeningar næðu sömu upphæð og atvinnuleysisbætur. Frv. varð ekki útrætt.

Á 110. löggjafarþingi flutti ég frv. að nýju með þeirri viðbót að mæðralaun eða feðralaun skertu ekki sjúkradagpeningagreiðslur hafi sjúklingurinn verið heimavinnandi. Þetta frv. hlaut þá afgreiðslu að heilbr.- og trn. flutti nýtt frv. um að skerðingunni skyldi hætt og varð það atriði að lögum, en vísaði dagpeningaþættinum til ríkisstjórnarinnar með svofelldu áliti, með leyfi forseta:

„Nefndin er sammála um að grunnupphæð sjúkradagpeninga sé allt of lág. Í trausti þess að ráðrúm gefist til þess að stíga skref til hækkunar og markmið frv. náist í áföngum leggur nefndin til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Við umræður um fyrra frv. tók hæstv. heilbr.- og trmrh. undir efni þess og sagði m.a., með leyfi forseta:

„Einnig geta allir tekið undir að ef ekki koma aðrar greiðslur til að lifa fyrir en 10.400 kr. á mánuði eru það að sjálfsögðu ekki lífvænleg laun eins og kemur réttilega fram í greinargerð frv."

Þessi orð voru töluð í október 1987. Upphæðin sem sá fær nú er missir vinnutekjur vegna veikinda er 12.671 kr. á mánuði. Atvinnuleysisbætur eru hins vegar 36.320 kr. eða upphæð sem talin er lágmarksframfærslueyrir á mánuði og er illskiljanlegt á hverju þessi mikli munur byggist. Ég hef því leyft mér að beina eftirfarandi fsp. til hæstv. heilbr.- og trmrh. á þskj. 453:

„1. Telur ráðherrann eðlilegt að upphæð sjúkradagpeninga sé 12.671 kr. á mánuði eins og nú er?

2. Ef ekki, hvenær er að vænta hækkunar á þessum framfærslueyri þeirra sem misst hafa tekjur vegna veikinda?"

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Hv. 13. þm. Reykv. hefur borið fram fsp. á þskj. 453 til mín um sjúkradagpeninga og sem svar við fyrri spurningu á þessu þskj., sem hljóðar svo: „Telur ráðherra eðlilegt að upphæð sjúkradagpeninga sé 12.671 kr. á mánuði eins og nú er?", gæti ég auðvitað svarað með eins atkvæðis orði og sagt nei. En það er kannski fulllítil ábyrgð í því að svara aðeins á þennan hátt. Ég hlýt þó að segja að ég verð að taka undir með fyrirspyrjanda og segja: Ég er honum fyllilega sammála um að sjúkradagpeningar eins og þeir eru nú eru allt of lágir og útilokað fyrir nokkurn mann að lifa af þeim einum saman. Þetta hefur komið fram áður og einnig í tilvitnun hjá fyrirspyrjanda í umræður á seinasta þingi.

Þá er seinni spurningin: „Ef ekki, hvenær er að vænta hækkunar á þessum framfærslueyri þeirra sem misst hafa tekjur vegna veikinda?"

Það er svo að eins og þingheimur veit eru lög um almannatryggingar nú í endurskoðun. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir að þeirri endurskoðun verði lokið fyrir mitt þetta ár. Stefnt er að því að leggja fram fyrir næsta Alþingi frv. til l. um almannatryggingar. Þessi vinna er í fullum gangi og ég veit að nefndin vinnur þetta verk af mikilli einurð þó að hér sé um stórt og viðamikið mál að ræða og ég hef áður tekið það fram í þessum ræðustól að það sé nauðsynlegt að reyna að koma þessari heildarendurskoðun fram m.a. til að samræma ýmiss konar misræmi sem skapast hefur í lögunum á undanförnum árum og þetta sem hér er til umræðu er einmitt gott dæmi um.

Eitt af þeim fjölmörgu verkefnum þeirrar nefndar sem er að endurskoða löggjöfina er að leita leiða til að hækka sjúkradagpeninga. Nú veit ég að hv. fyrirspyrjanda er vel kunnugt um þá hörðu aðhaldsstefnu ríkisstjórnarinnar undir forustu hæstv. fjmrh. sem nú er rekin í ríkisfjármálum. Þó ekki væri nema af þeirri ástæðu er mjög erfitt að setja nú fram kröfur um hækkun á sjúkradagpeningunum.

Þess má einnig geta að mikið misræmi er nú milli slysatrygginga og sjúkratrygginga. Sjúkradagpeningarnir eru eins og fram hefur komið 12.671 kr. á mánuði, en slysadagpeningarnir 16.071 kr. Þótt ekki sé um háa tölu að ræða, þá samt allverulega hærri. Bara mismunurinn á þessu, þó ekki væri annað gert en hækka sjúkradagpeningana til samræmis við slysadagpeningana, er 70 millj. kr. á ársgrundvelli.

Sem dæmi um þetta misræmi langar mig að segja hér frá að tvær ungar konur komu nýlega á minn fund. Báðar höfðu misst maka sinn. Önnur missti maka sinn af slysförum en hin úr sjúkdómi. Sú sem missti mann sinn úr sjúkdómi fær sex mánaða bætur greiddar á grundvelli 17. gr. almannatryggingalaganna þar sem segir: „Hver sem á lögheimili hér á

landi og verður ekkja eða ekkill innan 67 ára aldurs á rétt á bótum í sex mánuði eftir lát maka. Hafi bótaþegi barn eða börn yngri en 18 ára á framfæri sínu á hann rétt á bótum í tólf mánuði til viðbótar."

Hin, sem missti maka sinn af slysförum, fær hins vegar átta ára dánarbætur greiddar á grundvelli 35. gr. almannatryggingalaganna, en þar segir, með leyfi forseta: „Ekkja eða ekkill sem var samvistum við hinn látna eða á framfæri hans hljóta bætur í átta ár frá dánardægri hins látna."

Hér er gríðarlegur munur á aðstæðum eða möguleikum þessara tveggja ungu kvenna til að framfleyta sér og sínum og er gott dæmi um einmitt misræmið í löggjöfinni allri og nauðsyn þess að endurskoða hana í heild sinni. Þetta ósamræmi tel ég að sé með öllu óviðunandi. Hér þarf að samræma hluti og það veit ég að sú nefnd sem er að endurskoða löggjöfina hefur verið að kanna hvaða leiðir séu færar í þeim efnum.

Eins og ég sagði áðan er ég fyrirspyrjanda sammála um að sjúkradagpeningar eru allt of lágir, en sem betur fer hlaupa sjúkra- og orlofssjóðir verkalýðsfélaganna einnig undir með hinum sjúku eða slösuðu, en það er að sjálfsögðu ekki nóg. Sjúkradagpeningarnir verða að hækka og á það hef ég lagt áherslu við þessa endurskoðun laganna. En okkur er þröngur stakkur sniðinn í þessum efnum og eins og ég nefndi áðan: bara það að hækka sjúkradagpeninga til jafns við slysadagpeninga mundi auka útgjöld um 70 millj. á ársgrundvelli. Hækkun sjúkradagpeninganna verður að vera í tengslum við aðrar breytingar á almannatryggingalöggjöfinni. Hækkunar er því ekki að vænta fyrr en almannatryggingnefndin hefur lokið störfum sínum og lagt fram sínar tillögur og þær hafa fengið þinglega meðferð. Ég treysti því að þessari endurskoðun ljúki í vetur og það verði hægt að standa við ákvæði stjórnarsáttmálans um að henni sé lokið fyrir mitt þetta ár og að nýtt frv. geti litið dagsins ljós á næsta þingi.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Ég þakka hæstv. ráðherra svarið þó að mér þyki slæmt að heyra að engrar hækkunar sé von fyrr en samningu heildarlöggjafar um almannatryggingar er lokið. Það eru orðin æðimörg ár síðan sú vinna hófst og margar nefndir hafa setið og skilað löngum tillögum sem síðan aldrei urðu að neinum lögum. En ég vona að það verði nú veruleiki að fyrir okkur liggi á þessu þingi eða alla vega þessu ári ný löggjöf um almannatryggingar. Það er svo sannarlega mál til komið að hún verði samin. En eftir stendur að sjúkradagpeningar hafa algera sérstöðu í almannatryggingakerfinu vegna þess að þó að bætur séu almennt ekki sérlega háar eru sjúkradagpeningar langsamlega lægstir. Ég tek undir það með hæstv. ráðherra að ég hygg að þeir sem verða að draga fram lífið á þessum peningum kynnu að meta þó að ekki væri annað en að þeir hækkuðu til samræmis við slysadagpeninga. Fólk sem á að lifa af 12 þús. kr. munar töluvert um að sú upphæð fari upp í 16 þús. En það liggur ljóst fyrir hvað snertir fólk sem verður fyrir veikindum og missir allar tekjur, með allar þær skuldbindingar sem venjulegir borgarar eru með á Íslandi, að þetta þýðir auðvitað að fjárhagur heimilanna fellur gersamlega í rúst og um það höfum við séð mörg dæmi.

Sjúkra- og orlofssjóðir verkalýðsfélaganna bæta fólki þetta ástand mjög misjafnlega þannig að á það er ekkert að treysta. Sumir sjóðirnir geta ekki neitt, aðrir koma nokkuð til hjálpar. En það hlýtur að vera borgaraleg skylda okkar að sjá til þess að fólk sem missir tekjur vegna veikinda eða slysa hafi einhverja möguleika á því að draga fram lífið meðan það ástand varir.

Að öðru leyti hygg ég að við þurfum ekki að fjölyrða um þetta. Ég hygg að það hljóti allir að vera sammála því að við þetta verði hreinlega ekki unað og ég treysti þá hæstv. ráðherra til að reyna að lyfta þessu þó ekki væri nema þannig að samræmi væri milli sjúkra- og slysadagpeninga.

Kynferðisafbrot gagnvart börnum, ein umr.

Fsp. SalÞ, 261. mál. — Þskj. 476.

Fyrirspyrjandi (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. forseti. Á síðasta þingi lagði ég fram fsp. um kynferðisafbrot gagnvart börnum. Í þessari fsp. var óskað ítarlegra upplýsinga t.d. um fjölda kæra á ákveðnu tímabili eða allar götur frá 1950 og má segja að þessi fsp. hafi verið tilkomin af gefnu tilefni vegna þeirrar umræðu sem fram hafði farið um þessi mál, aðallega í hv. Ed. vegna frumvarpa sem þar voru flutt um kynferðisafbrot gagnvart börnum.

Þá var einnig óskað upplýsinga um fjölda einstaklinga sem kærðir hefðu verið og hve oft hver þeirra og einnig um framgang slíkra kæra þar til dómur hafði fallið svo dæmi séu tekin. Það var óskað skriflegs svars við þessari fsp. Þá brá svo við að í skriflegu svari frá hæstv. páv. dómsmrh. kom fram að ráðuneytið hafði ekki umbeðnar upplýsingar og ekki var unnt að afla þeirra án verulegrar fyrirhafnar hjá lögreglustjóraembættum þar sem skýrslur um fjölda kærðra brota í einstökum kæruflokkum eru ekki til hér á landi. En það kom jafnframt fram í svari hæstv. ráðherra að ákveðið væri að ráða bót á þessu með því að koma gerð og úrvinnslu afbrotaskýrslna í betra horf í framtíðinni.

Nú þótti mér vera tímabært að leita eftir því hvernig gengi að koma þessum málum í betra horf í ráðuneytinu og þess vegna er þessi fsp. nú fram komin, en hún er á þskj. 476 og orðast svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvað líður gerð og úrvinnslu afbrotaskýrslna um kynferðisafbrot gagnvart börnum?"

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 476 er þeirri fsp. beint til mín hvað líði gerð og úrvinnslu afbrotaskýrslna um kynferðisbrot gagnvart börnum.

Á síðasta ári á þskj. 89 var fsp. beint til þáv. dómsmrh. um fjölda mála þar sem kæruefni var kynferðisbrot gegn börnum. Í svari þáv. dómsmrh. á þskj. 535 kom fram að erfitt væri að veita umbeðnar upplýsingar bæði vegna þess að skráningarkerfi væri ekki nógu fullkomið og að skráning væri ekki tölvuunnin en unnið væri að úrbótum.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur látið útbúa nýjar tillögur um skráningu á brotum sem eru mun fullkomnari en eldra kerfi og einnig miðað við að skráning verði tölvuunnin. Dómsmrn. heimilaði rannsóknarlögreglunni með bréfi dags. 1. febr. sl. að taka þetta nýja kerfi í notkun og verður það gert á allra næstu dögum. Verða öll mál sem berast rannsóknarlögreglunni á þessu ári skráð samkvæmt nýja kerfinu.

Jafnframt var rannsóknarlögreglunni falið að útfæra kerfið þannig að hægt væri að nota það á öllu landinu og einnig að semja leiðbeiningar um notkun á því. Miðað er við að þetta nýja kerfi verði reynt hjá rannsóknarlögreglunni á þessu ári og endurbætt ef þarf, en síðan verði það tekið í notkun í öðrum lögsagnarumdæmum frá og með næstu áramótum. Jafnframt er unnið að tölvuvæðingu á sakaskrá og er miðað við að hægt verði að nota skráningu þar til gerðra skýrslna um dæmd mál. Tekið skal fram að hér er ekki eingöngu um að ræða kerfi sem miðast við kynferðisafbrot gegn börnum heldur heildarskráningu og mun því í framtíðinni verða hægt að veita á einfaldari hátt en nú upplýsingar um einstaka brotaflokka.

Fyrirspyrjandi (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svar hans og ég fagna því að það hefur verið staðið við þau fyrirheit sem gefin voru í því skriflega svari sem ég vitnaði til áðan og ég tek undir að þess er þá að vænta að upplýsingar sem leitað verður eftir í framtíðinni, m.a. varðandi kynferðisafbrot gagnvart börnum, verði þá aðgengilegri og tiltækar þegar á þarf að halda.

Flugfargjöld, ein umr.

Fsp. HG, 249. mál. — Þskj. 460.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég hef á þskj. 460 leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. samgrh. um athugun á flugfargjöldum. Fyrirspurnin er svohljóðandi:

„Hvað hafa stjórnvöld aðhafst í framhaldi af ályktun Alþingis frá 11. maí 1988 um athugun á ástæðum fyrir háum fargjöldum í innanlandsflugi og samanburð á fargjöldum á flugleiðum innan lands og til útlanda?"

Eins og vísað er til í fsp. samþykkti Alþingi þál. um þetta efni sl. vor og hér er verið að inna hæstv. ráðherra eftir aðgerðum í framhaldi af þál. þessari. Mál þetta er að mínu mati áfram brýnt. Há flugfargjöld hér innan lands a.m.k. miðað við kaupgetu fjölda fólks eru verulegur baggi. Ég nefni sem dæmi það sem einna hæst er á flugleiðum hér, þ.e. þar sem vegalengdir eru mestar, flugfar til Vopnafjarðar á Norðausturlandi, en þar mega menn greiða, sem fara fram og til baka þá flugleið, 11.696 kr., innifalinn er 240 kr. flugvallarskattur. Vissulega eru afsláttarfargjöld af ýmsu tagi á innanlandsleiðum, en ég hygg að nýting þeirra sé nú minni en oft er látið í veðri vaka og kemur þar ýmislegt til.

Varðandi flugfargjöldin til útlanda er það mikill frumskógur og margt afar sérstætt fyrir a.m.k. leikmenn þegar litið er til þess. Samkvæmt gjaldskrá frá 13. janúar sl. er t.d. venjulegt flugfar til Kaupmannahafnar samkvæmt yfirliti sem ég hef frá Flugleiðum fram og til baka 57.580 kr. Vissulega eru mörg fargjöld lægri á þessari flugleið sem og annars staðar, niður í 20 þús. kr. og jafnvel lægri, en engu að síður eru það þessi venjulegu fargjöld sem skera mjög í auga og eru geysilega þungur baggi fyrir þá sem þurfa að fara erinda og eins fyrir ferðafólk sem kann að þurfa að nýta sér þau og ekki hefur tök á að nýta hagstæðustu fargjöld.

Tengslin Evrópa/Ameríka um Ísland, flugfargjöld á þeim leiðum, eru líka kafli út af fyrir sig. Ég ætla ekki, virðulegur forseti, að rekja það nánar hér, en vænti þess að hæstv. ráðherra geti sagt okkur á hvaða leið þessi athugun er stödd sem væntanlega er unnið að.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegur forseti. Hv. fyrirspyrjandi spyr hvað líði aðgerðum í framhaldi af samþykkt Alþingis á þáltill. um ástæður fyrir háum fargjöldum í innanlandsflugi og samanburði á fargjöldum á flugleiðum innan lands og til útlanda.

Þessu máli hefur verið þannig sinnt af hálfu samgrn. að á sl. sumri, stuttu eftir að umrædd þáltill. var samþykkt, var Flugmálastjórn skrifað og óskað eftir ítarlegri greinargerð um þetta efni og ítarlegri athugun á flugfargjöldum til og frá landinu og innan lands og samanburði við það sem annars staðar gerist. Síðan hefur á undanförnum tveimur mánuðum verið ýtt á eftir því að þessari vinnu yrði skilað og þannig hefur verið að þessu staðið að samin hefur verið á vegum Flugmálastjórnar sérstök greinargerð sem send var Flugleiðum og óskað eftir skýringum á ýmsum atriðum sem þar koma fram. Á vegum Flugleiða hefur verið samin sjálfstæð greinargerð og hvort tveggja hefur borist samgrn., greinargerð Flugmálastjórnar þó ekki fyrr en 13. febr. sl. og hefur því ekki mikill tími gefist til að athuga þau plögg. Þó er ljóst að niðurstöður þessara tveggja greinargerða stangast allverulega á þar sem í niðurstöðum Flugmálastjórn-

ar kemur fram eða er fullyrt að fargjöld séu allverulega hærri frá Íslandi, sérstaklega til Evrópulanda, en á sambærilegum flugleiðum að lengd til í Evrópu.

Í greinargerð Flugleiða er hins vegar hinu gagnstæða haldið fram, þ.e. að meðalfargjöld séu lægri á þessum flugleiðum okkar Íslendinga en á sambærilegum leiðum í Evrópu. Hér stendur því í raun fullyrðing á móti fullyrðingu og af lauslegri athugun á þessum gögnum kemur skýrt fram að samanburður af þessu tagi er vandasamur og nauðsynlegt er að allar forsendur liggi ljósar fyrir. Ég hef því ekki hugsað mér að láta staðar numið að svo stöddu og láta við það sitja að senda þessar tvær greinargerðir eins og þær líta nú út athugasemdalaust af hálfu ráðuneytisins sem svar eða viðbrögð við þessari þál. Ég tel ljóst að hér þarf að fara fram frekari og vandaðri vinna til þess að um raunhæfan og traustan samanburð að þessu leyti sé að ræða. Það er nú í athugun í samgrn. hvernig verði best að því staðið og hvort e.t.v. sé nauðsynlegt að fá enn til nýjan óháðan aðila til að gera á þessu sérstaka úttekt, m.a. bera saman þær mismunandi niðurstöður sem flugrekstraraðilarnir sjálfir annars vegar komast að og hins vegar sá sérfræðingur sem vann þessa vinnu á vegum Flugmálastjórnar.

Þessu verki hyggst ég láta hraða mjög og tel eðlilegast að gera Alþingi að nýju grein fyrir niðurstöðu málsins þegar hún liggur fyrir í skýrara formi, væntanlega með því að láta taka saman ítarlega skýrslu um málið í heild sinni þar sem birtar verði álitsgerðir Flugmálastjórnar og Flugleiða sem og þær athugasemdir eða sú athugun sem ég hyggst láta gera á þessu tvennu sérstaklega. Hversu langan tíma það kann að taka þori ég ekki að fullyrða á þessu stigi málsins, en hér er um vandasaman samanburð að ræða sem öllum er fyrir bestu að byggi á traustum grunni og sé á óvefengjanlegum forsendum gerður.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Hér er enn á ný hreyft máli sem hefur kannski aldrei fengið eðlilega útskýringu, aldrei verið lögð fram rök vegna breytilegra fargjalda. Nú þegar mál standa þannig að það er verið að segja okkur að það eigi að fara að sameina íslensku flugfélögin enn á ný eða eigi að gera stórkostlega hluti í sambandi við það hlýtur þessi spurning um breytileg fargjöld að verða enn þá ákveðnari og meiri krafa um að það sé fylgst með þessari starfsemi en gert hefur verið.

Ég er aðeins að koma upp til að ítreka hvað er að gerast í sambandi við sameiningu flugfélaganna og hverju við megum við eiga von á í sambandi við fargjaldaeftirlit ef af því verður að flugfélögin verða sameinuð. Ég teldi eðlilegt og mundi óska eftir því að samgöngunefndir beggja hv. deilda fengju að fjalla svolítið um hvað er að gerast í þeim málum, einmitt í tengslum við það sem hér er verið að ræða um.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra hans frásögn og heyri að unnið hefur verið að þessu máli innan hans ráðuneytis. Þingsályktun Alþingis gerði ráð fyrir að greinargerð um þessi efni lægi fyrir þinginu á sl. hausti. Sá tími er nú liðinn og ljóst er að við megum enn nokkuð bíða eftir því að mál þessi verði lögð fyrir þingið.

Ég vil hins vegar ekki gagnrýna vinnubrögð hæstv. ráðherra. Ég tel það skynsamlegt, sem hann bar hér fram, að það yrði farið ofan í saumana á þeim tveimur greinargerðum sem fyrir liggja, ekki síst þar sem þær eru ólíkar að innihaldi og mati á þessum málum. Það kemur vissulega ekki á óvart að það sé ólíkt mat, annars vegar hjá Flugmálastjórn og aðalaðilanum í íslenskum flugrekstri, Flugleiðum, varðandi þessi mál. En þeim mun brýnna er að ofan í saumana á þessu verði farið af traustum óháðum aðilum og því verki verði hraðað.

Ég tek undir með hv. 4. þm. Vesturl. að í ljósi þess sem er að gerast í íslenskum flugmálum, hugsanlegri sameiningu flugfélaga eða enn ríkari aðstöðu Flugleiða á íslenskum flugmarkaði heima og í flugi til útlanda er mikil þörf á því að ofan í þessi mál sé farið og tryggt eðlilegt aðhald og eftirlit í þessum málum. Ég hef fyrr á þingum vakið athygli á óeðlilegri stöðu flugfélaga hér varðandi þessi mál, einnig að því er snýr að þjónustu við farþega almennt fyrir utan fargjöldin, og bent á það að í flugrekstrarleyfum er ekki að finna stafkrók varðandi það sem getur varðað neytendamálefni, þ.e. aðhald að þessum aðilum varðandi þeirra rekstur og eðlilega þjónustu við farþega þar sem margur pottur hefur verið brotinn um langan tíma. Ég treysti því að hæstv. ráðherra og ráðuneyti hans sinni þessum málum af einurð þannig að hagur Íslendinga, íslenskra viðskiptaaðila við flugfélög, hver sem þau eru, verði með eðlilegum hætti og auðvitað þarf að hafa það einnig í huga með þá aðila sem hingað fljúga og fá leyfi til þess þó að ég sé ekki að biðja um sérstaka vinnu hér og nú í því sambandi. En það skiptir marga miklu máli að vel sé tekið á þeim málum sem hér er um að ræða. Ég vil ekki vera með neinar getsakir fyrir fram um þessi efni um það sem felst í samþykkt Alþingis, matið að flugfargjöld séu há á innanlandsleiðum og að það þurfi að fara ofan í saumana varðandi ferðir og fargjöld til útlanda.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Mín athugasemd er stutt. Ég tek undir að það er gagnrýni vert að þingmenn skuli ekki hafa fengið ítarlegri upplýsingar um svokallað Arnarflugsmál. Ég hef spurt eftir því oftar en einu sinni í mínum þingflokki og fengið um það svör, að vísu frá ráðherrum míns flokks, munnleg, en frá samgrn. hafa þingmenn ekki fengið upplýsingar. Ég tel að hér sé um mjög stórt mál og alvarlegt mál að ræða og ég held að það geri ekki neitt minni samkeppni þó að eitt íslenskt flugfélag fljúgi á erlendum leiðum því að hingað fljúga nú þegar erlend flugfélög og þeim mun

fyrirsjáanlega fjölga. Það verður nóg samkeppni. En Arnarflugsmálið er stórt mál, það er flókið mál, það nær langt aftur í tímann og ég held að það sé enginn meiri hluti á Alþingi fyrir því að velta skuldum þessa fyrirtækis yfir á skattgreiðendur ef það er það sem nú er á döfinni. Ég mun a.m.k. ekki taka þátt í því. Þess vegna held ég að það sé mjög brýnt að þingmenn fái glöggar og ítarlegar upplýsingar um þetta mál áður en ríkisstjórnin tekur einhverja þá ákvörðun í því sem alls ekki er víst að eigi sér meirihlutastuðning á hinu háa Alþingi.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegi forseti. Ég held að það sé ekki í knöppum fyrirspurnatíma tóm til að ræða almennt um stöðu flugrekstrarins, sameiningu flugfélaga, sundrungu eða annað þó að það væri vissulega mjög þarft og ég lýsi mig mjög reiðubúinn til þess við betra tækifæri að ræða um samgöngustefnuna og flugstefnuna yfirleitt og held reyndar að það væri mjög þarft. Ég hef þegar gert grein fyrir hér í umræðum öðrum hluta af þessari samgöngustefnu og vildi gjarnan fá tækifæri til að ræða hana í heild sinni við hv. Alþingi.

Varðandi svonefnt Arnarflugsmál vil ég segja það eitt að ég hef beitt mér fyrir tveimur fundum með fulltrúum eða formönnum þingflokka stjórnarandstöðunnar einmitt til að gefa henni kost á að fylgjast með málinu. Ég hef svo treyst á að þeir af þingmönnum stjórnarliðsins sem sérstaklega hefðu áhuga bæru sig eftir upplýsingum í gegnum sína fulltrúa í ríkisstjórn. Þar hafa allar upplýsingar verið reiddar fram og það stendur svo sannarlega ekki á mér að eiga fundi með þingmönnum hvort sem heldur er úr stjórnarliði eða stjórnarandstöðu, samgöngunefndum þingsins eða annars staðar og greina þar frá þeim upplýsingum sem hægt er að veita á þessu stigi málsins.

Ég tek undir það, sem kom fram hjá hv. 4. þm. Vesturl., að það er mikil nauðsyn að fara ofan í þann hluta þessa máls sem snýr að neytendahliðinni og ég hef þegar rætt m.a. við flugmálastjóra og við stærstu aðila í flugrekstri hér á Íslandi um nauðsyn þess að taka þau mál fastari tökum en gert hefur verið, koma á fót einhvers konar neytendaeftirliti eða jafnvel neytenda- og þjónustustofnun sem fái það sérstaka hlutverk að fylgjast með verðlagningu og þjónustu í þessum einkaleyfabundnu flutningum. Það samræmist í raun mjög illa þeirri tilhögun að binda þessa starfsemi við einkaleyfi á tilteknum leiðum að þá skuli ekki fylgja meira eftirlit með bæði þjónustunni og verðlagningunni og öllu sem því við kemur. Þessi mál hef ég sem sagt í athugun og burtséð frá því hvernig tilhögun flugrekstrarins verður hér, hvort hún verður á höndum fleiri eða færri aðila, er mikil nauðsyn á því að mínu mati að taka upp miklu virkara eftirlit með þeim aðilum sem fá úthlutað einkaleyfum til margra ára í senn til að þjónusta ákveðnar flugleiðir og flutningaleiðir yfirleitt því að víðar en í fluginu einu eru veitt einkaleyfi af þessu tagi svo sem eins og hjá sérleyfishöfum til fólksflutninga.

Varðandi vinnu að þessu máli vil ég segja við hv. fyrirspyrjanda að það er rétt að það var ætlunin að greinargerð um þetta lægi fyrir þegar á þessu hausti, enda lét ég ítrekað reka á eftir því að þessi vinna yrði unnin og yrði komið í það form að hægt væri að greina Alþingi frá niðurstöðunum. Því miður tel ég svo ekki vera enn þó að þessar greinargerðir hafi borist, jafnmisvísandi og þær eru. Það er þó kannski ekki eingöngu að sakast við þá sem verkin áttu að vinna vegna þess að hér er um mjög vandasamt verk að ræða. Það er mjög vandasamt að bera með sanngjörnum hætti saman kostnað í þessum efnum. Eins og menn þekkja er allur samanburður landa í milli vandasamur, nánast á hvaða sviði sem það er, en ekki er það síst í svona tilvikum þar sem að mjög mörgu þarf að hyggja. Í greinargerð Flugmálastjórnar er farin sú leið að bera eingöngu saman kostnað á floginn km pr. sæti, en þá vakna spurningar eins og sú hvort það sé sanngjarnt að bera saman kostnað á flugkílómetra á flugleiðinni Keflavík–Amsterdam og flugleiðinni London–Sevilla. Þar er kannski tífalt eða hundraðfalt magn flutninga sem gerir flugfélögunum kleift að koma við stærri vélum, betri sætanýtingu og þar fram eftir götunum, svo eitt lítið dæmi sé tekið til að skýra að auðvitað er þessi samanburður mjög vandasamur og til þess að hann sé sanngjarn þarf að hyggja mjög vel að öllu því sem að baki liggur. Sama á við um tilkostnað í okkar innanlandsflugi og kostnaði í flugi á sambærilegum flugleiðum á milli landa eða innan landa í Evrópu. Eitt sem nauðsynlegt er að hafa í huga í því sambandi er t.d. það bága ástand íslenskra flugvalla sem við búum því miður enn við þó það standi nú til bóta og auðvitað er enginn vafi að hleypir verulega upp tilkostnaðinum við flugreksturinn hér innan lands, bæði eykur viðhaldskostnað á vélum og svo sú staðreynd að talsverður hluti innanlandsflugvallanna er ólýstur sem styttir mjög möguleika flugfélaganna til flugrekstrar og eykur á allan tilkostnað.

Ég get þó huggað menn með því að svo mikið er víst að við eigum ekki nein met í þessum efnum hvað okkar heimshluta snertir. Ég mundi benda mönnum á að fara og kynna sér flugfargjöld í innanlandsfluginu á Grænlandi til þess að hugga sig við að við erum þó ekki verst settir allra í þessum efnum.

Björgunarþyrla, ein umr.

Fsp. IBA, 232. mál. — Þskj. 437.

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Á síðasta þingi lagði ég fram till. til þál. ásamt hv. þm. Borgfl., þeim Guðmundi Ágústssyni og Aðalheiði Bjarnfreðsdóttur, er gerði ráð fyrir að ríkisstjórninni yrði falið að festa kaup á fullkominni björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna. Eftir meðferð í tilheyrandi þingnefnd var tillagan samþykkt svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera

athugun á kostnaði við kaup og rekstur á björgunarþyrlu af bestu fáanlegri gerð fyrir Landhelgisgæsluna.

Samþykkt á Alþingi 11. maí 1988."

Hæstv. forseti. Nú þykir mér fyllilega tímabært að inna hæstv. ráðherra eftir því hvað þessi athugun, sem ríkisstjórninni var falið að gera, leiddi í ljós. Því hef ég leyft mér að leggja fram fsp. til hæstv. dómsmrh. á þskj. 437 sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Hvað líður framkvæmd ályktunar Alþingis frá 11. maí 1988 um athugun á kostnaði við kaup og rekstur á björgunarþyrlu?"

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegi forseti. Með bréfi dómsmrn. dags. 5. júlí 1988 til Fjárlaga- og hagsýslustofnunar óskaði ráðuneytið eftir því við stofnunina að stofnunin framkvæmdi þá athugun sem þál. kvað á um, þ.e. athugun á kostnaði við kaup og rekstur á björgunarþyrlu af bestu fáanlegri gerð fyrir Landhelgisgæsluna í samráði við ráðuneytið og forstjóra Landhelgisgæslunnar.

Samkvæmt upplýsingum frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun hefur ekki unnist tími til að ljúka þessari athugun m.a. vegna umfangsmikilla verkefna þar við fjárlagagerð. Ráðuneytið mun ítreka og hefur ítrekað við Fjárlaga- og hagsýslustofnun að reynt verði að ljúka við þessa athugun sem fyrst, en eins og fram kemur í gögnum málsins að því er varðar þessa þáltill. er hér um þýðingarmikið mál að ræða, en hins vegar mjög kostnaðarsamt og því þótti nauðsynlegt að gera ítarlega úttekt á því áður en ákvarðanir verða teknar. En ég ítreka það að við munum leggja á það áherslu að þessari athugun verði hraðað.

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka ráðherra svör hans sem ég verð að harma. Að ekki skuli hafa unnist tími til að fara í þessa könnun eða athugun vegna fjárlagagerðar hlýtur að segja manni að það verður þá aldrei tími því að fjárlagagerðin er árlegur viðburður og ef þetta hefur ekki náðst á þessu eina ári, sem er núna allt að því liðið, sé ég hreinlega ekki fram á að þeir hafi nokkurn tíma tíma til þess. Ég gagnrýni harðlega að ekki hafi verið farið í þetta verkefni af fullum krafti.

Það hlýtur að vekja upp spurningar þess eðlis hvort það sé yfir höfuð gerandi að vera að leggja á sig vinnu í kringum þingsályktanir þar sem þær virðast ekki vera virtar af hinu opinbera, af ríkisstjórninni. Þær fá að liggja í ráðuneytunum og er nánast alls ekki sinnt nema til komi þá fyrirspurnir sem ýti eitthvað við kerfinu. Ég hef orðið var við þetta varðandi aðrar þingsályktanir sem hafa verið samþykktar og gagnrýni harðlega að svo skuli vera.

Það hefur heyrst að það þurfi jafnvel að leigja þyrlu vegna komu páfans í júní. Nú veit ég ekki hvort það er rétt, en ráðherra getur væntanlega staðfest það. Ég verð að segja að það hlýtur að vera tilvalið, ef það er rétt, og þá reyni ríkisstjórnin að stýra því í þann farveg að slík þyrla sem tillagan gerir ráð fyrir verði leigð. Nú veit ég ekki hver mundi greiða slíkt, hvort það væri Vatíkanið eða íslenska ríkið, það kannski skiptir ekki máli, en ég tel að það væri tilvalið að sækjast eftir að leigja sams konar þyrlu. Við fengjum þá strax nasasjón og einhverja reynslu af því tæki sem við hefðum áhuga á að kaupa. Hitt er svo annað mál að væntanlega væri framleiðandinn sennilega tilbúinn að lána hana endurgjaldslaust þó ekki væri nema í auglýsingaskyni. En það eru alls konar möguleikar til að kaupa slíka þyrlu og veit ég fyrir víst að framleiðendum er það mikið í mun þar sem hér er um mjög dýr tæki að ræða að fá hvern einasta sölusamning sem hægt er og eru því alls konar greiðslumöguleikar uppi á borðinu. Þó að hér sé talað um verulega stórar upphæðir hlýtur það að vera umhugsunarefni ef íslenska þjóðin á að þurfa að missa eina áhöfn og kannski eitt stykki togara með til að það veki ráðamenn til umhugsunar til þess að fara í það að kaupa almennileg björgunartæki fyrir íslensku þjóðina.

Ég vil segja það, hæstv. forseti, að ég er hræddur um að svo verði og við verðum að færa allmiklar fórnir til þess að íslenska ríkið, íslenska ríkisstjórnin vakni af sínum djúpa draumi. Ég vil segja að ef svo heldur sem horfir fljótum við að feigðarósi.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegi forseti. Ég mótmæli því að fyrirspurnum og þingsályktunartillögum sé ekki sinnt í ráðuneytunum. Það er mikil vinna fyrir ráðuneytin að svara ýmsum spurningum sem koma frá þinginu og ekkert nema eðlilegt við það. Hitt er svo annað mál að ráðuneytin eru í mörgum efnum vanbúin til að sinna margvíslegum erindum sem þeim berast.

En ég vil sérstaklega mótmæla því að það sé verið að ræða þetta mál með jafnósmekklegum hætti og hv. þm. gerði. Hann var að gefa í skyn að mönnum standi á sama um öryggi okkar sjómanna, að ríkisstjórn Íslands hafi engan áhuga á því máli. Ég mótmæli slíkum orðum.

Það er hins vegar alveg ljóst eins og hann sagði að hér er um mjög kostnaðarsama aðgerð að ræða. Það er verið að tala um kaup á þyrlu sem kostar sennilega í kringum 700–800 millj. ef vel á að vera og er jafnframt mjög dýr í rekstri. Það er jafnframt rekin björgunarsveit á Keflavíkurflugvelli sem er ekki eingöngu fyrir þá aðila sem þar dvelja, þ.e. ameríska herinn, heldur er sú björgunarsveit jafnframt alþjóðleg.

En ég mótmæli því að það sé verið að gefa í skyn að íslenska ríkisstjórnin og íslenska þjóðin yfirleitt sé áhugalaus um þessi mál. Það væri merkilegt ef satt væri, en sem betur fer er það ekki satt. Hv. þm. á ekki að tala um þessi mál eins og hann sé eini maðurinn í landinu sem hefur áhuga á þessum málum. Sem betur fer er fjöldi fólks í hverju einasta byggðarlagi hringinn í kringum landið sem sinnir þessum björgunarmálum af miklum áhuga, eljusemi og dugnaði og þar hafa verið unnin mikil afrek.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Þetta er furðulegt hjá hæstv. ráðherra. Hann talar eins og það sé verið að gagnrýna þá sem hafa staðið að björgunarmálum. Það er talað um það líka að þáltill. sem er orðin ársgömul í ráðuneytinu hafi ekki komist í athugun vegna þess að ráðuneytið hefði svo mikið að gera. Hann talar og gefur í skyn eins og einn og sami maðurinn í ráðuneytinu taki við öllum þingsályktunartillögum og því sem Alþingi samþykkir til að vinna úr. Það er Landhelgisgæslan sem tekur þetta mál sérstaklega til athugunar. Ég held að ráðherra ætti að gæta tungu sinnar og hugsunar þegar hann kemur hér upp og talar eins og hann talaði sem svar til ungs þingmanns sem hefur áhuga fyrir framförum í landinu. (**Gripið fram í:** Getur hann ekki svarað fyrir sig sjálfur?) (**IBA:** Og ætlar að gera það.) Hann getur svarað fyrir sig sjálfur jú, en það hefur hver þingmaður leyfi til að taka til máls í hvaða máli sem er og ráðherra takmarkar það ekki neitt. Þetta er hin almenna málstofa og þau mál sem eru á dagskrá eru hér til umræðu. (**Forseti:** Ég vek athygli á að hv. 5. þm. Vesturl. hefur talað tvisvar svo að hann getur ekki tekið til máls aftur.)

Kristín Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins taka undir þá gagnrýni sem hér hefur komið fram varðandi afgreiðslu framkvæmdarvaldsins á þeim ályktunum sem samþykktar eru á Alþingi. Það hefur lengi verið mér undrunar- og áhyggjuefni hvað samþykktum er illa sinnt og ég tel fulla ástæðu til að ræða það á Alþingi. Af því tilefni höfum við níu hv. þm. lagt fram beiðni um skýrslu frá forsrh. um þessi atriði. Ég tel sem sagt fulla þörf á að ræða það svo að allir geti komið fram með sjónarmið sín í þeim málum.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Það mál sem núna er verið að ræða er auðvitað mjög mikilvægt. Ég furða mig því á viðbrögðum ráðherra sem stendur uppi í ræðustól eins og guð almáttugur eins og það megi bara ekki minnast á þessi mál af öðrum en honum. Hann er að reyna að koma því þannig fyrir að þingmaður sem hér tekur til máls og hefur áhuga á þessum málum sé að ráðast á björgunarsveitir. Það er furða að ráðherra skuli leyfa sér slíkt.

Ég verð að segja að það getur vel verið að það hafi verið tekið rösklega til orða, en það gera menn oft þegar menn hafa áhuga á málum. Ég lýsi undrun minni yfir ræðu ráðherra. Honum væri meiri sómi í því að taka undir þetta mál hressilega en láta þau orð falla hér sem hann hefur látið sér um munn fara.

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég vil nú upplýsa hæstv. ráðherra strax um að hann þarf ekki að hafa áhyggjur af því í framtíðinni að ég geti ekki svarað fyrir mig og hann skal fá að verða vitni að því hvenær sem hann telur þörf á að rifja það upp.

Það getur vel verið að ég hafi tekið nokkuð djúpt í árinni, en það þarf stundum að taka djúpt í árinni og koma við kaunin á mönnum svo að þeir vakni upp. Það var gert og greinilega yfði ég eitthvað upp hjá ráðherranum. Hann vitnar eins og margir hafa gert í þyrlurnar og til þeirrar aðstöðu sem er á Keflavíkurflugvelli hjá varnarliðinu. Það er ekki það sem við eigum að búa við og þær eru alls ekki útbúnar eins og við erum að leitast eftir með tillögunni sem hér var lögð fram fyrir ári.

Ráðherrann talar um áhuga og spyr hvort ég sé sá eini sem haldi að ég hafi áhuga á slíkum málum. Ég hef ekki orðið var við nokkurn einasta áhuga hjá ríkisstjórninni. Hún hefur alls ekki fylgt þessari tillögu eftir. Hún hefur haft heilt ár til að gera litla, auðvelda könnun en ekki fundið tíma til þess. Það er engin furða að hér þurfi að leggja fram sérstaka þáltill. til að láta kanna hvað verði um þær ályktanir sem Alþingi samþykkir. Það er ekki að ástæðulausu, hæstv. ráðherra.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég tel rétt að minna á í sambandi við björgunarstörf á Íslandi að það er ekki mikið að láta fara fram könnun á því hvort hér sé hægt að taka í notkun stærri þyrlu en við höfum. Það er ekki kostnaðarsamt eða ýkja flókið fyrirbæri. Ég er ekki í neinum vafa um að allur þingheimur hefur á því áhuga að búnaður til björgunar á Íslandi, miðað við staðsetningu landsins, sé sem bestur, svo að maður tali ekki um með vísan til þeirrar veðráttu sem hefur verið í landinu að undanförnu og minnt okkur öll hressilega á hvar við erum stödd á hnettinum. Það er fyllsta ástæða til að við skoðum svona mál gaumgæfilega því að tíminn líður hratt og það eru örar framfarir í heiminum og við verðum að sjálfsögðu að fylgjast vel með og hafa íslenskan björgunarútbúnað eins góðan og kostur er hverju sinni.

Endurskoðun útvarpslaga, ein umr.

Fsp. BÍG, 228. mál. — Þskj. 421.

Fyrirspyrjandi (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Vorið 1985 voru samþykkt hér á Alþingi svokölluð útvarpslög og í þeim lögum var ákveði til bráðabirgða þess efnis að lög þessi skuli endurskoða innan þriggja ára frá setningu þeirra. Lögin voru undirrituð 27. júní 1985, en öðluðust gildi 1. jan. 1986. Ég hygg að ekki hafi verið ágreiningur um þá skoðun að þriggja ára tímabilið ætti að miðast við það hvenær lögin tóku gildi, þ.e. 1. jan. 1986, m.ö.o. að endurskoðun þessara laga átti að vera lokið fyrir 1. jan. 1989.

Nú er það svo að ekki bólar á neinu frv. um þetta efni frá hæstv. menntmrh. þó að þessi frestur sé reyndar liðinn og þó að ítarleg vinna hafi farið fram á vegum reyndar tveggja síðustu ríkisstjórna um endur-

skoðun útvarpslaga með sérstakri nefnd sem vann að því og skilaði nýju frumvarpi í hendur núv. hæstv. menntmrh. nokkrum dögum eftir að hann tók við embætti. Þess vegna þykir mér ástæða til að spyrja stutt og laggott: „Hvað líður endurskoðun útvarpslaga?“

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Þetta var ágæt fyrirspurn, en aðdragandinn var skrýtinn að því hver bar fsp. fram, sá sem bar ábyrgð á því að endurskoðun útvarpslaga hefði átt að sinna í menntmrn. á undanförnum árum og lá ekkert fyrir í þeim efnum þegar ég kom í ráðuneytið, ekki neitt. Hins vegar rak ég strax á eftir ákveðinni nefnd sem hv. fyrirspyrjandi hafði skipað. Hún skilaði drögum að frv. en ekki fullbúnu nál. nokkrum vikum eftir að ég kom í ráðuneytið en ekki dögum. Ég lét það hins vegar verða mitt fyrsta verk þegar ég kom í menntmrn. að skipa nefnd til að fara yfir fjárhag Ríkisútvarpsins sem var á hausnum. Þannig var skilið við það. Sú nefnd skilaði tillögum í desembermánuði. Þær tillögur voru teknar inn í fjárlög ársins 1989 og forsendur þeirra liggja þar fyrir.

Nefndin hefur fengið það hlutverk að auki að gera tillögur um endurskoðun útvarpslaganna. Hún mun skila sínum tillögum að frv., eins og fram hefur komið opinberlega að undanförnu aftur og aftur og sérkennilegt að þingmaðurinn skuli ekki vita það, og mun skila áliti 10. mars, fullbúnu nál., bæði grg. um stöðu Ríkisútvarpsins, þróun þess á undanförnum árum og um útvarpslögin í heild, árangurinn af þeim og hvað það er sem þarf að breyta í útvarpslögunum þegar þau verða endurskoðuð. Það er Alþingi sem endurskoðar að lokum og ræður úrslitum í þessu máli.

Ég tel að það geti orðið mjög góð samstaða um endurskoðun útvarpslaganna í þeirri nefnd sem vinnur að málinu. Þar eru fulltrúar flestra sjónarmiða í þessu máli. Ég hef kallað í nefndina, auk fólks sem starfað hefur við Ríkisútvarpið, fólk sem starfar við Stöð 2 og við Stjörnuna svo að ég nefndi dæmi um tvær stöðvar sem koma þarna við sögu.

Ég mun leggja á það áherslu að um þetta mál verði sem víðtækust samstaða og þarna verði tekið á þeim málum sem mestu skipta. Það er fjárhagur þessara stofnana á komandi árum sem er mesti vandinn í raun og veru. Í þeim efnum tel ég að eigi að fjalla um hvort og hvernig verður farið með söluskatt af þessum stofnunum á komandi árum. Ég tel að það sé óeðlilegt að þær búi við allt annað söluskattskerfi en aðrir fjölmiðlar. Ég teldi rétt að breyta því, líka vegna þess að það er nauðsynlegt að taka tillit til þess að þessar stöðvar, sjónvarpsstöðvarnar, munu á komandi árum þurfa að keppa við tugi erlendra sjónvarpsrása sem verður mjög erfitt að keppa við þegar þar að kemur.

Sem sagt: Málið er í fullum gangi, virðulegi forseti.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Hæstv. menntmrh. ræddi um söluskattskerfi á komandi árum. Nú er það yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar að virðisaukaskattur verði tekinn upp hinn 1. janúar 1990 og var samþykkt frv. þess efnis fyrir áramótin og liggja fyrir um það yfirlýsingar m.a. forsrh. að virðisaukaskattur verði tekinn upp hinn 1. janúar 1990. Ber að skilja ummæli hæstv. menntmrh. á þá lund að ákvörðun hafi verið tekin um það í ríkisstjórnarflokkunum að falla frá þeirri ákvörðun og viðhalda söluskattinum á meðan þessi ríkisstjórn er við völd? Hér sé ég að hæstv. sjútvrh. er í salnum og vil jafnframt spyrja hann hvort hann viti um það, sem hæstv. menntmrh. sagði hér, að ákvörðun liggi fyrir um að virðisaukaskattur taki ekki gildi 1. janúar nk. Hæstv. menntmrh. talaði um að söluskattur yrði hér á næstu árum.

Fyrirspyrjandi (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Ég þakka ráðherra svörin, en þau voru frekar í rýrara lagi. Ég sé ástæðu til vegna ummæla hans að vitna í grein sem birtist í Morgunblaðinu þann 11. febr. sl. sem Haraldur Ólafsson skrifaði. Hann segir í upphafi þessarar greinar, með leyfi hæstv. forseta:

„Vegna frétta um að menntamálaráðherra hafi skipað nefnd til að endurskoða útvarpslögin nr. 86 1985 og ummæla ráðherra sem skilja mætti sem svo að ekkert hafi verið unnið að endurskoðun laganna vil ég taka fram eftirfarandi:

Nokkru áður en Sverrir Hermannsson lét af embætti menntmrh. vorið 1987 skipaði hann nefnd þriggja manna til að endurskoða téð lög. Í nefndinni voru Haraldur Ólafsson dósent, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson lögfræðingur og Knútur Hallsson ráðuneytisstjóri og var hann formaður nefndarinnar. Nefndin hélt allmarga fundi og ræddi við marga aðila, bæði þá sem standa í útvarpsrekstri og sérfræðinga í útvarps- og fjarskiptatækni. Að loknum ítarlegum umræðum um hvert einasta atriði laganna varð nefndin sammála um að leggja til ýmsar breytingar á gildandi útvarpslögum. Voru brtt. þessar afhentar núv. menntmrh. fáeinum dögum eftir að hann tók við embætti.“

Það var hugmynd mín að strax á haustþingi yrði lagt fram frv. á grundvelli álits þessarar nefndar. Síðan rekur Haraldur Ólafsson í sinni grein í tíu töluliðum hverjar voru þessar brtt. sem er ekki ástæða til að fara út í nánar hér.

Ráðherra skipaði nýja nefnd og segir nú að hún muni skila niðurstöðum 10. mars. Hann gat hins vegar ekkert um hvenær hann mundi leggja sínar tillögur fyrir þingið. Honum bar samkvæmt embættisskyldu sinni að leggja frv. um þetta fyrir á haustþingi. Endurskoðun laganna átti að vera lokið fyrir 1. janúar 1989. Það er nauðsynlegt, ef ráðherrann ætlar að bregðast þessum embættisskyldum sínum, að Alþingi sjálft taki í taumana. Ég beini því til formanna menntamálanefnda, bæði Ed. og Nd., að þeir taki þetta mál upp í nefndunum þannig að kannað verði hvort ekki sé nauðsynlegt að Alþingi taki það frumkvæði sem hæstv. ráðherra virðist ekki ætla að hafa í þessu mikilsverða máli.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fyrrv. menntmrh. fyrir leiðbeiningarnar í minn garð. Hann hefði getað búið betur um hlutina meðan hann var þarna í ráðuneytinu en raun bar vitni um. Það var nauðarýr pappír sem kom frá þeirri nefnd sem hann hafði skipað eða hæstv. fyrrv. ráðherra Sverrir Hermannsson. Það sem var brýnast í þessu efni var að taka á málefnum Ríkisútvarpsins sem fráfarandi ríkisstjórn skildi eftir á hausnum eins og kunnugt er. Það hefur verið gert. Samkvæmt útvarpslögunum átti að fara fram endurskoðun. Þegar málið var til meðferðar í Ed. flutti hv. 3. þm. Vesturl. brtt. við frumvarp til nýrra útvarpslaga sem gerði ráð fyrir að sú endurskoðun yrði lögð fyrir Alþingi áður en þrjú ár yrðu liðin. Þá beitti stjórnarmeirihlutinn, þar á meðal hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson, sér fyrir því að þessi tillaga hv. 3. þm. Vesturl. yrði felld. Þeir töldu m.ö.o. ekki ástæðu til að knýja málið með þeim hætti fram að þetta yrði skilyrðislaust lagt fram fyrir lok ársins 1988. Þannig er ljóst að þegar hann talar nú um að það hefði átt að leggja þetta fram á haustþinginu er það fyrst og fremst vegna þess að hann er nú í stjórnarandstöðu og er að reyna að koma höggi á andstæðinga sína.

Varðandi svo það sem hv. þm. Halldór Blöndal sagði, þá sýnir það málefnafátækt Sjálfstfl. Hafi ég sagt „söluskattur á komandi árum" get ég alveg leiðrétt það og sagt að það hafi verið mismæli. Ég sagði: Það á að taka tillit til þessa í nýjum útvarpslögum. Þau verða vonandi sett á þessu þingi og gætu hugsanlega gilt einnig á árinu 1989. Það er kostulegt þegar mál eru orðuð með þeim hætti sem hér gerðist áðan að sálarástand þingmanna Sjálfstfl. skuli vera þannig að þeir komi hér upp eins og blótneyti út af minnstu mismælum ráðherra.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Mér þykir vænt um að heyra að hæstv. menntmrh. skuli nú loksins hafa skilið að nauðsynlegt sé að koma hér á virðisaukaskatti. Hann sagði það, menntmrh., að það væri til athugunar í ráðuneytinu að samræma reglur milli útvarpsfjölmiðla og annarra fjölmiðla, dagblaða og annars slíks. Ég skildi það svo þegar hann talaði um söluskatt á næstu árum að þá meinti hann söluskatt á næstu árum og fannst það ekki óeðlilegt vegna þess að hæstv. ráðherra var á móti frumvarpinu um virðisaukaskatt þegar það var lagt á. En það sáum við síðast þegar þessi hæstv. ráðherra var í stjórn með Steingrími Hermannssyni að formaður Framsfl. hafði á honum gott taumhald og nú er ekki annað að heyra en að hann sé búinn að koma múlnum á hann og að menntmrh. sé búinn að sætta sig við virðisaukaskattinn þrátt fyrir allt.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Halldóri Blöndal fyrir hans athugasemdir. Það kemur í ljós í hans máli nú eins og áðan að honum tekst að misskilja allt. Það hefur engin ákvörðun verið tekin um þessi efni með þeim hætti sem hann rakti áðan.

Um þingsköp.

Fyrirspurn um varaflugvöll.

Halldór Blöndal:

Hæstvirtur forseti. Samkvæmt þeirri röð sem er á dagskrá á ég þá fyrirspurn sem næst ætti að koma, nr. 9, sem varðar varaflugvöll, til samgrh. Hann er hér í húsinu og hann spurði mig að því áðan hvort ég væri reiðubúinn að mæla fyrir fyrirspurninni. Ég vil fara fram á að sú fyrirspurn sitji fyrir. Það er enn svo að mér hefur ekki unnist tími til þess á venjulegum fundatíma að ljúka ræðu sem ég er með í miðjum klíðum um skýrslu forsrh. og stendur þó gömul þinghefð til þess að menn sem eru í miðjum klíðum í ræðum sínum fái hið fyrsta tækifæri til að ljúka máli sínu og séu ekki skildir eftir til hins síðasta. Nú sagði sá forseti mér áðan sem hér sat í sæti hæstv. forseta fyrir stundu að sú fyrirspurn sem ég er að tala um verði tekin fyrir á réttum tíma. Ég fer því fram á að fyrirspurn mín til samgrh. verði tekin fyrir áður en 14. mál á dagskránni verður tekið fyrir.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseta er ljúft og skylt að taka fyrir 9. mál á dagskrá. Það gerist hins vegar stundum að forseti reynir að taka mál ákveðinna ráðherra í röð þannig að þeir geti komist til annarra starfa þegar þeirra fyrirspurnum er lokið. En hvort tveggja skal gert að beiðni hv. 2. þm. Norðurl. e. Mál hans verður tekið fyrir og hann mun halda áfram ræðu sinni kl. 12 sem hann gat um áðan.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegur forseti. Það er að verða nokkuð vandlifað hér í sameinuðu þingi og það er ekki sök forseta. Þannig var að um það var talað að fyrirspurnir yrðu teknar fyrir í kippum þannig að ráðherrar gætu svarað þeim fyrirspurnum sem til þeirra er beint. Það er verklag sem hefur verið talið nokkuð gott í þessu efni. Vandinn hefur hins vegar verið sá að þingmenn Sjálfstfl. hafa ekki vaknað á morgnana til þess að taka hluti fyrir með eðlilegum hætti. Þannig var ekki hægt að taka fyrir 1. mál á dagskrá vegna þess að fyrirspyrjandinn var ekki kominn til þingstarfa. Það er auðvitað mjög slæmt og truflar störf Alþingis. Vil ég beina því til hv. þm. Sjálfstfl. að þeir skipuleggi fótaferð sína betur framvegis en gerðist í dag.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ég vildi nú mega fara fram á það við hv. 2. þm. Norðurl. e. að eyða ekki miklu meiri tíma í þessa umræðu, hún er útrædd og þingmaðurinn getur komist að með fyrirspurn sína.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Þegar ég bar fram fyrirspurn mína til þess forseta sem sat í stólnum fyrr í dag, hvenær mín fyrirspurn kæmi á dagskrá, var hæstv. samgrh. að svara fyrirspurn þannig að ef farið hefði verið eftir þessu með kippurnar hefði verið eðlilegt að halda áfram með fyrirspurnir hæstv. samgrh. Það má vera að hæstv. forseta misminni, en varla hæstv. menntmrh. svo glöggur sem hann er.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil beina orðum mínum til þeirra ráðherra og þingmanna sem nú eru komnir á fætur að þeir stilli skap sitt og elski friðinn, reyni að halda réttri röð á þessari dagskrá eins og frekast er unnt. Mér er ljúft að hv. 2. þm. Norðurl. e. taki sína fyrirspurn nr. 9 á undan minni sem er númer 14. Mér finnst það bæði eðlilegt og sjálfsagt. Ég held að við ættum öll að reyna að sameinast um að greiða fyrir þingstörfum í stað þess að kýta og rífast í hvaða flokki sem við svo erum.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill upplýsa að gefnu tilefni að ástæður eru fyrir því að dagskrármál voru ekki tekin fyrir í réttri röð. Ein af ástæðunum, sem ég vænti að hv. þm. skilji, er að hv. 2. þm. Austurl. óskaði eftir að komast að fyrir kl. 11 vegna þess að þá átti hann að vera á blaðamannafundi vegna komandi Norðurlandaráðsþings. Þannig hefur forseti reynt að greiða fyrir því að menn geti komist til þeirra skyldustarfa sem þeir þurfa að sinna þannig að oft getur verið afar erfitt að ganga á dagskrána í nákvæmlega réttri röð.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég tek undir þá stefnu að málin verði tekin í kippum ráðherrum til hagræðis og bendi þá á það að ég var fyrir örfáum mínútum að mæla fyrir fyrirspurn til hæstv. dómsmrh. og er með aðra fyrirspurn, nr. 13, til sama ráðherra sem er tölulega á undan fyrirspurn nr. 14 þannig að ég hlýt að álykta sem svo að ég komi á undan fyrirspurn nr. 14.

Varaflugvöllur, ein umr.

Fsp. HBl. 262. mál. — Þskj. 477.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir að þessi fyrirspurn fékk að koma fyrir í dag eins og 1. varaforseti þingsins hafði sagt mér að mundi gerast. Ég hafði af þeim sökum verið viðbúinn því að taka til máls um fyrirspurnina.

Ástæðan fyrir fyrirspurninni er sú að í sjónvarpi fyrir skömmu var hæstv. samgrh. spurður þessarar spurningar af fréttamanni ríkissjónvarpsins: „Nú hefur verið rætt um Aðaldalsflugvöll að hann muni fullnægja skilyrðum NATO til varaflugvalla af þessu tagi og þar gæti mannvirkjasjóður komið inn í. Hvernig er viðhorf þitt gagnvart þeim flugvelli?"

Hæstv. samgrh. svarar: „Ja, ég hef tekið það mál af dagskrá hér. Það er ekki á dagskrá í samgrn. og kemur ekkert inn í þessar hugmyndir. Hér er verið að leysa mál og marka stefnu í íslenskum flugmálum og það er mitt verkefni."

Það er eðlilegt að þingmaður Norðurlandskjördæmis eystra velti fyrir sér hvað í þessum ummælum felst og af þeirri ástæðu hef ég flutt svohljóðandi fyrirspurn til hæstv. samgrh.:

„Hvers vegna er varaflugvöllur í Aðaldal ekki á dagskrá í samgrn., sbr. ummæli samgrh. í ríkissjónvarpinu 8. febr. sl.?

Er svo um fleiri samgöngumannvirki í Norðurlandskjördæmi eystra að þau séu ekki á dagskrá í samgrn.?"

Til skýringar þessari síðari fyrirspurn get ég rifjað upp að nauðsynlegt er að byggja upp veginn úr Þistilfirði yfir í Bakkafjörð, Brekknaheiði, en radarstöð Atlantshafsbandalagsins stendur uppi á Gunnólfsvíkurfjalli og er þá náttúrlega beint að álykta hvort hæstv. samgrh. vilji e.t.v. ekki leggja veg þennan kafla fremur en hann geti hugsað sér að varaflugvöllur komi í Aðaldal.

Ég vil, hæstv. forseti, jafnframt minna á að í málefnasamningi ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar segir svo: „Ríkisstjórnin áréttar áður yfirlýsta stefnu Alþingis að hér á landi skuli ekki vera kjarnorkuvopn. Ríkisstjórnin mun ekki gera nýja samninga um meiri háttar hernaðarframkvæmdir og skipti Íslendinga við varnarliðið verða endurskipulögð."

Ég vil í framhaldi af mínum fyrirspurnum báðum rétt vekja athygli á því að í þessum orðum felst að hæstv. ríkisstjórn er ekki andsnúin því að gera samninga um hernaðarframkvæmdir en bindur það eingöngu við þessi tvö orð „meiri háttar", að ekki verði gerðir samningar um „meiri háttar" hernaðarframkvæmdir.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegur forseti. Það var ánægjulegt að heyra að hv. fyrirspyrjandi hafði orðið sér úti um orðrétt ummæli mín í Sjónvarpinu. Hann hefði betur gert það áður en hann samdi fyrirspurnina því að hún er ekki í samræmi við það sem ég sagði í Sjónvarpinu. Það sem ég sagði og kom skýrt fram í því sem hv. 2. þm. Norðurl. e. las var að herflugvöllur, flugvöllur byggður með þátttöku NATO eða bandaríkjahers, væri ekki á dagskrá í samgrn. Það er rétt og er svo enn og stendur.

Varaflugvöllur í Aðaldal er hins vegar sérstaklega á dagskrá og var einn af fjórum flugvöllum sem ég skrifaði flugmálastjóra og bað um að gerð yrði sérstök úttekt á hvort flugvöllur í Aðaldal ásamt með stöðunum Sauðárkróki, Akureyri og Egilsstöðum væri vænlegur kostur fyrir okkur Íslendinga til að leysa okkar mál í þessu sambandi. Niðurstaða þeirrar

úttektar varð sú að það er nokkuð dýrara að byggja flugvöllinn í Aðaldal, enda er hann stystur þeirra valla sem þarna eiga hlut að máli, og af því leiðir að menn horfa frekar til annarra staða í þessu sambandi. Svona liggur þetta mál, er skýrt og einfalt og ef hv. fyrirspyrjandi hefði haft fyrir því að kynna sér málið betur hefði hann áttað sig á því hvernig þetta liggur. Sem sagt, herflugvöllur í Aðaldal er ekki á dagskrá í samgrn., en að sjálfsögðu er Aðaldalsflugvöllur eins og aðrir álitlegir staðir inni í myndinni og til athugunar hvað varðar varaflugvöll fyrir okkar þarfir og fyrir þarfir almenns farþegaflugs.

Það er þó rétt að geta þess og minna á það í þessu sambandi, skyldi það hafa gleymst hv. fyrirspyrjanda, að nokkuð þarf að hyggja að umhverfinu hvað snertir Aðaldal. Bæði er þar um að ræða sérstök lög um verndun Laxár og Mývatns og viðkvæma náttúru að öðru leyti. Þess vegna er það svo að það skiptir máli hvaða stærðargráðu menn eru þarna að tala um.

Ég hef ástæðu til að ætla að lenging núverandi flugbrautar í viðunandi horf rúmist með ágætum innan þeirra takmarkana sem þarna er eðlilegt að setja. En mannvirki af þeirri stærðargráðu sem verið er að tala um í sambandi við herflugvöll er nokkuð annar handleggur, enda hafa landeigendur á þessu svæði þegar lýst sig andvíga því eins og ég veit að hv. fyrirspyrjanda er kunnugt um.

Önnur samgöngumannvirki eru almennt talað á dagskrá í samgrn. eins og samgöngumálin yfirleitt. Þessi spurning er útúrsnúningur, virðulegur forseti, sem sæmir auðvitað engum, ekki einu sinni hv. fyrirspyrjanda. Varðandi veginn yfir Brekknaheiði er hann líka á dagskrá. Það er einmitt ætlunin að reyna að koma honum inn á vegáætlun, a.m.k. endurskoðaða langtímaáætlun. Þar vona ég að sjáist í það að þær framkvæmdir komist á dagskrá. En það er ekki ætlunin að láta bandaríkjaher borga þann veg á meðan ég verð í samgrn. Hafi það verið það sem hv. fyrirspyrjandi var að óska sérstaklega eftir að fá hér upplýst er svarið nei. Það verður ekki gert með mínum stuðningi að þeir aðilar sem eiga og reka þessa radarstöð á Gunnólfsvíkurfjalli leggi veginn yfir Brekknaheiði. Það getur vel verið að það sé komið á stefnuskrá hv. fyrirspyrjanda og e.t.v. upplýsir hann það hér á eftir og er þá komið nýtt stig í stefnu fyrirspyrjanda og e.t.v. flokks hans í viðskiptum við herinn.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Hæstv. samgrh. vildi sem minnst tala um hvaða minni háttar hernaðarframkvæmdir það væru sem ríkisstjórnin getur hugsað sér hér á landi. Ítreka ég þá fyrirspurn til hans, vegna þess að honum verður svo tíðrætt um herflugvöll í Aðaldal, ef sá varaflugvöllur sem þar er verður myndarlegur. Hins vegar ítreka ég það, sem ég hef áður sagt um þessi mál, að það er ekki í huga sjálfstæðismanna og það er ekki í huga þeirra þjóða sem standa á bak við mannvirkjasjóð Atlantshafsbandalagsins að byggja herflugvelli sem víðast í löndum Vestur-Evrópu. Það er síður en svo að allir flugvellir nema tveir í Noregi séu herflugvellir. Allt er þetta hinn argasti útúrsnúningur þessa hæstv. samgrh. sem við vitum að hefur borið fyrir brjósti hag ýmissa annarra þjóða en þeirrar þar sem mannréttindi eru mest í veröldinni, en hjarta hans á hinn bóginn slegið með þeim mönnum sem standa fyrir kúgun Pólverja, fangelsun mannréttindamanna í Tékkóslóvakíu eða hafa barist í Afganistan.

Það sem við erum að fara fram á hér er mjög einfalt. Við teljum nauðsynlegt, sjálfstæðismenn, að vera í Atlantshafsbandalaginu vegna þess varnarviðbúnaðar sem það stendur fyrir og eru samtök frjálsra þjóða, frjálsra þegna sem virða mannréttindi. Það eru þessar frjálsu þjóðir sem hafa komið sér saman um að standa á bak við nauðsynlegar framkvæmdir í þessum frjálsu löndum til að verjast ásókn frá öðrum löndum. Við vitum og þarf ekki að fara í neinar grafgötur um það að Sovétríkin hafa verið með ásælni til þeirra ríkja sem eru við landamærin. Það þarf ekki um það að ræða. Sagan sannar það. Þessi mannvirkjasjóður hefur komið við sögu í öllum löndunum í kringum okkur. Það er síður en svo hægt að skjóta sér svo undan sem hæstv. samgrh. gerir. Flugvöllur sem gegnir því eina hlutverki að vera varaflugvöllur þeirra flugvéla sem halda uppi öryggisgæslu á hafsvæðunum umhverfis landið er ekki hernaðarmannvirki. Flugvöllur sem gegnir því hlutverki að auðvelda okkur Íslendingum vöruflutninga með flugvélum til annarra landa er ekki hernaðarmannvirki. En um leið og styrjöld er brostin á og um leið og her fer að nota mannvirki til árásar eða í þvílíkum tilgangi er það mannvirki orðið hernaðarmannvirki hvað svo sem olli því að mannvirkið var upphaflega reist eða smíðað. Öll ummæli hæstv. samgrh. um þessi efni bera þess keim að hann er andstæðingur þess varnarbandalags sem frjálsar þjóðir hafa staðið að, stofnað og rekið en ekki keim af hinu að hann sé að gæta öryggishagsmuna Íslendinga.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegi forseti. Það er löngu orðið ljóst að það er ekki hægt að ræða þetta mál málefnalega við hv. fyrirspyrjanda og er kannski ástæðulaust að reyna það. Mér þykir reyndar leitt að hann skyldi ekki svara spurningu minni um veginn yfir Brekknaheiði, þessari einföldu spurningu um hvort það sé komið á stefnuskrá Sjálfstfl., a.m.k. þingmanns flokksins í Norðurlandi eystra, að bandaríkjaher leggi veginn yfir Brekknaheiði. Ég hefði haft mjög gaman af því að fá þessari spurningu svarað. Ég tel ástæðu til að bera hana fram eftir fyrri ræðu hv. fyrirspyrjanda í dag.

Ég ætla ekki að víkja einu einasta orði að ræðuhöldum fyrirspyrjanda um afstöðu mína til ófrelsis og mannréttindaskerðingar í heiminum. Slík ummæli hitta sig sjálf fyrir og skjóta sig sjálf niður, eru þeim til skammar sem hafa þau uppi fyrst og fremst.

Ég tel síður en svo ástæðu af minni hálfu að agnúast við því þó hv. þm. jarðsyngi sjálfan sig með þeim hætti hér í ræðustólnum og geri hann það sem oftast.

Hitt var svo ánægjulegt að heyra fyrir sagnfræðinga að enn er þó uppi á meðal vor einn maður, hv. 2. þm. Norðurl. e., í hvers brjósti kalda stríðið lifir jafngóðu lífi og raun bar vitni í ræðu hans.

Fræðsluherferð um áfengismál meðal skólafólks, ein umr.

Fsp. IBA, 270. mál. — Þskj. 487.

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Þann 10. maí 1988 skeði að margra áliti merkilegur hlutur því þá voru samþykkt lög frá Alþingi um breytingu á áfengislögum nr. 82/1969 sem gerðu það að verkum að bjór verður nú loksins fáanlegur á Íslandi á löglegan hátt, þann 1. mars nk. Í ákvæði til bráðabirgða með þessum lögum segir m.a., með leyfi forseta: „Ráðherra skal skipa fimm manna nefnd til að gera tillögur er stuðlað gætu að því að draga úr heildarneyslu áfengis.“ Og aðeins neðar: „Einnig skal nefndin gera tillögu um sérstaka fræðsluherferð um áfengismál, einkum meðal skólafólks, er hefjist eigi síðar en mánuði áður en lög þessi koma til framkvæmda. — Samþykkt á Alþingi 10. maí 1988.“

Ég hef ekki orðið var við sérstaka fræðsluherferð um áfengismál meðal skólafólks sem þó átti að hefjast eigi síðar en mánuði áður en lögin kæmu til framkvæmda. Því er það að ég leyfi mér að spyrja hæstv. dómsmrh. á þskj. 487 svohljóðandi spurningar:

„Hvernig er staðið að þeirri fræðsluherferð meðal skólafólks sem kveðið er á um í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 38/1988, um breytingu á áfengislögum?“

Það er rétt að taka fram í lokin, hæstv. forseti, að mér hefur verið bent á að hugsanlega eigi þessi fsp. ekki rétt á sér til þessa sérstaka ráðherra. Ég tel þó að svo sé þar sem í lögum er heyra undir hann er sagt að ráðherra skuli skipa fimm manna nefnd þannig að ég hlýt að túlka það svo að þessi nefnd heyri undir ráðherrann sem með þessi lög fer.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegi forseti. Sú fsp. sem hér er beint til dómsmrh. byggir á ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 38/1988, um breytingu á áfengislögum, sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðherra skal skipa fimm manna nefnd til að gera tillögur er stuðlað gætu að því að draga úr heildarneyslu áfengis. M.a. ber nefndinni að fjalla um verðlagningu áfengis og leiðir til að vara við hættum sem fylgja neyslu þess, t.d. með áprentuðum upplýsingum um áfengishlutfall og ákvæði umferðarlaga. Einnig skal nefndin gera tillögu um sérstaka fræðsluherferð um áfengismál, einkum meðal skólafólks, er hefjist eigi síðar en mánuði áður en lög þessi koma til framkvæmda.“

Nefndin sem vitnað er til var skipuð af heilbr.- og trmrh. Hún hefur m.a. fjallað um fræðslu um áfengismál meðal skólafólks, en sá þáttur hefur þó verið í umsjá menntmrn. Dómsmrn. er því ekki í stakk búið til að gefa svar við fsp. hv. 5. þm. Vesturl. og á efni hennar erindi við ráðherra heilbrigðismála og menntamála. Vakin er athygli á því að á dagskrá þingsins eru tvær fyrirspurnir, þskj. 488 og 489, frá hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur er varða sama efni og er beint til ráðherra heilbrigðismála og menntamála. Vænti ég þess að hægt sé að hafa þá skipan mála að hv. fyrirspyrjandi geti tekið þátt í umræðu um þetta mál sem full ástæða er til að ræða er þær fyrirspurnir verða teknar hér fyrir.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Það er aðeins örstutt í beinu framhaldi af lokaorðum hæstv. dómsmrh. Eins og kom fram í máli hans er samkomulag um það að þó svo að áfengislöggjöfin heyri undir dómsmrn. var samkomulag um það milli fyrrv. dómsmrh. og heilbrmrh. að nefnd sú sem um getur í bráðabirgðaákvæðinu yrði skipuð af heilbrmrh. í samráði við dómsmrh., menntmrh. og fjmrh. Það er ekki um það deilt að áfengisvarnir og þau ákvæði í áfengislöggjöfinni sem fjalla um áfengisvarnir heyri undir heilbrmrh. Eins og fram kom í lokaorðum hæstv. dómsmrh. er hér önnur fsp. sem fjallar um málið almennt og ég kýs þá að svara því sem fyrir liggur um störf þessarar nefndar og aðra þætti þeim tengda undir þeim dagskrárlið.

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég tek undir að það lítur einkennilega út, alla vega á blaði, að hér sé varpað fram fyrirspurnum á þremur þingskjölum til þriggja mismunandi ráðherra um nákvæmlega sama málefnið ef svo má að orði komast. Ég tek undir með hæstv. dómsmrh. að það er rétt að ræða þetta í einni heild undir þá fsp. hv. þm. Guðrúnar Agnarsdóttur og geymi mér þá að ræða málið frekar.

Fræðsluátak um áfengismál, ein umr.

Fsp. GA, 271. mál. — Þskj. 488.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Á síðasta þingi var rætt um breytingar á áfengislögum, nánar tiltekið innflutning og sölu á áfengu öli. Þá var hæstv. núv. menntmrh. skeleggur andmælandi þessara breytinga og beitti sér gegn málinu. Hann vék að því í umræðum að hann hefði sem þáv. heilbrmrh. lagt fyrir ríkisstjórn í

desember 1982 svohljóðandi tillögu, ef ég má vitna með leyfi hæstv. forseta:

„Skipuð verði á vegum ríkisstjórnarinnar nefnd sem vinni að undirbúningi tillagna um opinbera stefnu í áfengismálum, sbr. efni þáltill. sem samþykkt var á Alþingi 7. maí 1981. Með starfi þessarar nefndar á að stefna að því að ná fram þeim grunni er byggja mætti á heildstæða og markvissa stefnu og löggjöf um stjórnun áfengismála, þ.e. um tilbúning og dreifingu áfengis, áfengisvarnir, meðferð áfengissjúkra, rekstur meðferðarstofnana og um upplýsinga-, rannsókna- og fræðslustarfsemi."

Við umfjöllun áfengislaganna í fyrra flutti hv. þm. Svavar Gestsson brtt. ásamt hv. þm. Jóni Helgasyni og fyrirspyrjanda þess efnis að reglugerð um áfengismál yrði breytt þannig að bætt yrði við hana þessu ákvæði, með leyfi forseta:

„Skulu ákvæði reglugerðarinnar stuðla að því að draga úr ofneyslu áfengis og styðja við forvarnarstarf, einkum fyrir ungt fólk."

Nú er hv. þm. orðinn menntmrh. og undir hann heyra því fræðslumálin. Hann er nú einnig orðinn samstarfsmaður hæstv. heilbrmrh. sem hann gagnrýndi mjög í umræðum á sl. ári og hefur nú aðstöðu til að hafa áhrif á þessi mál og á hæstv. heilbrmrh. og láta gott af sér leiða.

Nú verður hafin sala áfengs öls þann 1. mars nk. Það er því rík ástæða til þess að spyrja hæstv. ráðherra um leið og ég vil vitna alveg sérstaklega í fyrirspurn hv. þm. Inga Björns Albertssonar sem kom fram áðan um ákvæði til bráðabirgða í áfengislögum: Hefur menntmrh. beitt sér fyrir sérstöku fræðsluátaki um áfengismál vegna sölu áfengs öls á Íslandi 1. mars nk.?

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Varðandi þá fsp. sem hv. 6. þm. Reykv. hefur beint til mín er það að segja að það hefur eitt og annað verið unnið í þessum efnum á vegum ráðuneytisins í tengslum við þá nefnd sem hv. þm. vitnaði til og var skipuð samkvæmt lögum nr. 38 1988, sem munu vera þessi björlög, með þeim hætti að ráðuneytið hefur tekið þátt í starfi þessarar nefndar, það hefur beitt sér fyrir ýmiss konar fræðsluátaki, m.a. í grunnskólum og framhaldsskólum, ráðuneytið hefur t.d. eða skólaþróunardeild og námsstjórinn í þessum efnum staðið fyrir samkeppni meðal nemenda í 6.–9. bekk grunnskóla um einkunnarorð og handrit á myndbandi til notkunar í fíknivörnum meðal ungs fólks svo að ég nefni dæmi. Sama verkefni hefur verið í gangi í framhaldsskólum. Það hefur einnig verið gefinn út bæklingur sem sendur hefur verið í alla grunnskóla þar sem er hvatt til þess að á þessum málum verði sérstaklega tekið og brýnt fyrir kennurum alveg sérstaklega að þar sé til margvíslegt námsefni á þessum sviðum, bæði fyrirliggjandi í Námsgagnastofnun og víðar, sem sagt kennurum vísað á þetta efni, þeir beðnir um að taka það til notkunar í tilefni af þessu átaki og hér er um að ræða bækling sem gefinn er út af ráðuneytinu og nefndinni um átak í áfengisvörnum í sameiningu. Þarna hefur bæði verið um að ræða almenn tök á þessu máli, sömuleiðis bjórinn sérstaklega og enn fremur að ýta af stað umræðum um stefnumörkun á sviði fíknivarna. Þá hefur ráðuneytið lagt sérstaka áherslu á það í minni tíð að það verði til námsefni sem er brúklegt í þessum efnum.

Ég verð hins vegar að segja það alveg eins og er og mér dettur ekki í hug að draga neina fjöður yfir það að ég tel að við höfum staðið okkur mjög illa í þessu efni. Af hverju skýrist það? Skýrist það bara af peningaleysi? Ekki bara af peningaleysi að mínu mati. Það skýrist af því að maður finnur sig mjög varnarlausan í þessari stöðu. Það var tekin um það ákvörðun af meiri hluta Alþingis í fyrra með þessum björlögum nr. 33/1988 að hella þessum ósköpum yfir þjóðina núna frá 1. mars 1989. Síðan hefur þjóðin verið upptekin af því eða fjölmiðlarnir að nú eru að koma jól o.s.frv. Þar stendur: 30 dagar eftir, 15 dagar eftir, 3 dagar eftir og nú eru herlegheitin að koma. Allir fjölmiðlar eru stútfullir af þessu máli og það er alveg bersýnilegt að menn eru mjög uppteknir við þessi gleðilegu tíðindi. Við höfum reynt það sem við getum eða okkur hefur dottið í hug af viti í þessu efni í sambandi við fræðslu, að ræða þetta í skólunum, ræða þetta við kennarana, ræða þetta við nemendur og það er auðvitað allt of lítið. Staðreyndin er sú að við höfum ekki að mínu mati haft í höndunum aðferðir sem duga til að andæfa sem skyldi að mér finnst. Ég hef ekki fundið þær a.m.k. að undanförnu og ég hef ekki séð neinar ábendingar um hvaða aðferðir duga til að andæfa andspænis því ofboðslega flóði sem nú er að skella hér yfir. Áhuginn á því að andæfa í þjóðfélaginu virðist ekki vera mjög mikill. Svo að ég nefni dæmi: Heilbrmrh. hélt fyrir nokkru blaðamannafund þar sem var greint frá þeim verkefnum sem nefnd um átak í áfengisvörnum hefur unnið að. Því miður varð niðurstaðan sú að mjög lítið af því efni sem þarna var kynnt komst á framfæri við þjóðina af því að menn hafa verið uppteknari af þessum stóru tíðindum að það eru að koma — ég ætlaði að segja það eru að koma jól — það er að koma bjór. Menn eru alveg uppteknir af þessu.

Ég sá einu sinni fyrir mörgum árum ljósmynd sem mér hefur oft dottið í hug í sambandi við þessi mál. Það var mynd af smáu dýri undir skriðjökulsrönd og myndin skýrði mjög vel varnarleysi þessarar lifandi veru andspænis þessum náttúrukröftum. Af einhverjum ástæðum, sem þingmenn geta velt fyrir sér, hefur mér oft dottið þessi mynd í hug undanfarna daga vegna þess að ég finn fyrir varnarleysi þeirra sem vilja andæfa í þessu efni. Ég finn ekki leiðir né heldur hefur mér verið bent á þær sem duga til að verja æskuna í landinu andspænis þessum ósköpum. Við munum halda áfram meðan ég er í menntmrn. að leita að þessum leiðum og vinna í málinu af þeim krafti sem okkur er gefinn, en ég tel að sú ákvörðun sem tekin var í fyrra um að hvolfa sterku öli yfir þjóðina hafi verið svo erfið og svo afdrifarík að það muni taka okkur langan tíma að finna leiðir til að

rétta kúrsinn andspænis þessum ósköpum. Þannig er staðan, virðulegi forseti.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að þakka hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur fyrir tvær fyrirspurnir sem hún hefur lagt fram um má segja svipað ef ekki sama málefni og ég var sjálfur með rétt áðan. Það hljómar og virðist kannski einkennilegt að ég sem flm. að bjórfrv. og stuðningsmaður þess að sjálfsögðu skuli vera að flytja slíka fsp., en við því er einfaldlega það að segja að ég studdi allan tímann fræðslu- og forvarnarstarf og gerði ekki lítið úr því og þess vegna var það sem ég lagði fram fsp. um hvernig þeim málum væri hagað.

Ég veit fyrir víst þrátt fyrir ágæta upptalningu ráðherra áðan að í allmörgum skólum hefur nákvæmlega engin fræðsla farið fram, ekkert forvarnarstarf farið fram. Ég get nefnt skóla eins og Verslunarskóla Íslands. Ég talaði við yfirkennara skólans og hann hafði ekki heyrt minnst á neitt slíkt. Sama er að segja úr Hafnarfirði. Sama er að segja í Árbæ þar sem ég á nú krakka. Hvergi þarna hefur neitt forvarnar- eða fræðslustarf farið fram þannig að það virðist vera víða pottur brotinn í þessu efni, enda viðurkennir hæstv. ráðherra að ríkisstjórnin eða hans ráðuneyti hafi staðið sig illa í þessum málaflokki og var nokkuð athyglisvert að heyra þá yfirlýsingu og ekki síður athyglisvert að heyra að ráðherra og ráðuneyti eru gersamlega ráðþrota. Það er mjög sorglegt til þess að vita.

Hæstv. forseti. Ég skal ekki tefja þetta lengur. Ég ítreka bara þakkir mínar til hv. þm. Guðrúnar Agnarsdóttur.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrirspyrjendum, hv. 5. þm. Vesturl. Inga Birni Albertssyni og hv. 6. þm. Reykv. Guðrúnu Agnarsdóttur, fyrir þessar fyrirspurnir sem eru mjög mikilvægar þegar við erum að halda inn í öld bjórsins sem mun vafalaust hafa mjög alvarlegar afleiðingar og miklu alvarlegri afleiðingar en við höfum gert okkur grein fyrir. Það er nokkuð ljóst að fræðsla er eitt af því sem er mikilvægt. En það er annað sem vekur spurningar hjá manni. Það er stuðningur við frjáls félög, þ.e. bindindisfélög. Ég tel að það mætti huga að því að stórauka stuðning til þeirra. Þegar við lítum á þennan málaflokk er ekkert sem kemur í staðinn fyrir frjáls félög og þeirra kraft.

En ég þakka fyrirspyrjendum fyrir þeirra fsp. og ef ég skildi orð hæstv. menntmrh. rétt geri ég mér vonir um að hann muni beita sér fyrir átaki í þessum málum og ég þakka honum fyrir það.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Nú er klukkan tólf og samkvæmt samningi milli þingflokkanna stóð til að þessum fundi yrði nú slitið og umræður hæfust á nýjum fundi um tilkynningu frá ríkisstjórninni. Verði því ekki mótmælt vil ég gjarnan, vegna þess hversu skyldar þær spurningar eru sem hér hafa verið til umræðu, fá leyfi hv. þm. til þess að ljúka 15. máli á dagskrá áður en þessum fundi verður slitið.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svör hans, en ég hlýt að lýsa yfir miklum vonbrigðum, bæði vegna þess hve síðbúin sú fræðsla er sem þó hefur verið undirbúin og hve lítið áberandi hún hefur verið, en ekki síst vegna þess hve mikill uppgjafartónn er í máli ráðherra. Ég skil vel þann vanda sem hann horfist í augu við og viðurkenni að hann hlýtur að vera talsverður. En ég get ekki samþykkt eða fallist á að baráttan sé vonlaus og ég hreinlega trúi því ekki og ég lýsi yfir vanþóknun minni á því að hér skuli engir fjölmiðlar vera sýnilegir utan einn blaðamaður í stúkunni þarna uppi til að hlusta á þessa umræðu því að það er ekki bara á ábyrgð þingmanna þó að þeir hafi sumir látið hafa sig út í að samþykkja þetta frv. og það er ekki á ábyrgð stjórnvalda einungis. Það er líka á ábyrgð fjölmiðla og ég trúi því ekki að óreyndu að það sé ekki hægt að fá þá til samvinnu og fylgilags um að ýta á eftir þessu máli.

Sem almennur borgari hef ég einungis orðið vör við að það eru einhverjar nefndir að störfum. Ég hef séð myndir af nefndum að störfum í sjónvarpinu og ég hef lesið eitthvað örlítið um störf þeirra í blöðunum. Ég hef ekki orðið vör við neina almenna fræðslu í fjölmiðlum og þó að það sé allra góðra gjalda vert og mjög nauðsynlegt að beina sérstakri fræðslu að ungmennum þarf fræðslu til alls þorra fólks. Það þarf líka fræðslu til uppalenda þessara ungmenna og þess vegna er brýnt að nota fjölmiðla, sterka fjölmiðla eins og sjónvarpið.

Ég vek athygli á því að í dag eru á dagskrá tvær fsp. sem varða umferð, um umferðarfræðslu í skólum og um ökuferilsskrá, og það er ekki að ófyrirsynju. Við erum búin að horfa upp á hvert hörmulega slysið á fætur öðru sem stafar af ölvunarakstri og enn er verið að taka fólk sem ekur bíl undir áhrifum áfengis. Það er verulega brýn ástæða til að taka nú á, bæði fyrir hæstv. menntmrh. og fyrir hæstv. heilbrmrh., og beina nú afli sínu að fjölmiðlunum og fá þá til lags við sig. Ég mun gera sérstaka fyrirspurn til Sjónvarpsins og Stöðvar 2 um það hvort þeir ætli virkilega að skerast úr leik og svíkja þetta ábyrgðarhlutverk sitt.

Fræðsla og forvarnir í áfengismálum, ein umr.

Fsp. GA, 272. mál. — Þskj. 489.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Enn vitna ég til umræðna um áfengislög á sl. ári þegar lagt var fram frv. um innflutning og sölu á áfengu öli, en þá kom afstaða páv. og núv. hæstv. heilbrmrh. mörgum á óvart, ekki vegna þess að hv. þm. Guðmundur Bjarnason væri

þar sjálfum sér ósamkvæmur, það var hann ekki, heldur miklu fremur vegna stöðu sinnar sem heilbrmrh. og þá vegna þess heilbrigðis- og félagslega vanda sem ofneysla áfengis hefur í för með sér. Í umræðum sagði hæstv. ráðherra, með leyfi forseta:

„Hlutverk heilbrigðisyfirvalda er að halda uppi öflugu fræðslu- og forvarnarstarfi um hvers konar heilsusamlegt líferni sem dregið getur úr sjúkdómum og slysum. Það eiga yfirvöld m.a. að gera með því að efla ábyrgð einstaklingsins á eigin heilsu með markvissu upplýsinga- og fræðslustarfi. Ég tel markvisst forvarnarstarf ekki felast í því að banna einstakar neysluvörur sem þó kunna að vera minna skaðlegar en aðrar sem neysla er leyfð á. Í slíkri afstöðu finnst mér felast tvískinnungur. Ég mun leggja þunga áherslu á aukið fræðslu- og upplýsingastarf um hættuleg og skaðleg áhrif áfengis og tóbaks á heilsufar fólks og styðjast í því sambandi við markmið Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og íslenskrar heilbrigðisáætlunar. Ég tel frv. það sem hér er til meðferðar ekki brjóta í bága við þá stefnu og segi því já."

Ég vitna alveg sérstaklega til orða hæstv. ráðherra varðandi forvarnar- og fræðslustarf og hef því leyft mér með tilliti til þess að nú verður hafinn innflutningur og sala á áfengu öli þann 1. mars nk. að spyrja:

„Hefur heilbrmrh. gert sérstakar ráðstafanir til þess að efla fræðslu um áfengismál vegna sölu áfengs öls á Íslandi 1. mars nk.? Hefur ráðherrann beitt sér fyrir öðrum forvörnum af þessu tilefni? Ef svo er, hverjar eru þær?"

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Eins og fram hefur komið í umræðum hér á undan um þau dagskrármál sem fjallað hafa um þetta skylda málefni var við breytingar á áfengislöggjöfinni á síðasta ári samþykkt svofellt ákvæði til bráðabirgða, með leyfi forseta:

„Ráðherra skal skipa fimm manna nefnd til að gera tillögur er stuðlað gætu að því að draga úr heildarneyslu áfengis. M.a. ber nefndinni að fjalla um verðlagningu áfengis og leiðir til að vara við hættum sem fylgja neyslu þess, t.d. með áprentuðum upplýsingum um áfengishlutfall og ákvæði umferðarlaga.

Einnig skal nefndin gera tillögu um sérstaka fræðsluherferð um áfengismál, einkum meðal skólafólks, er hefjist eigi síðar en mánuði áður en þessi lög koma til framkvæmda."

Það varð síðan, eins og ég hef áður greint frá, að samkomulagi vegna þess að áfengisvarnir eru taldar heyra undir heilbrmrh. að hann skipaði þessa umræddu nefnd í samráði við dómsmrh., menntmrh. og fjmrh. því að óneitanlega heyra þessi mál undir þessi viðkomandi ráðuneyti í einu eða öðru formi og hefði reyndar félmrn. mátt vera með í þessari upptalningu.

Nefndin var síðan skipuð 23. ágúst 1988, en í henni eiga sæti Hafsteinn Þorvaldsson framkvæmdastjóri, formaður, Aldís Ingvadóttir námsstjóri, Höskuldur Jónsson forstjóri, Ólafur Walther Stefánsson skrifstofustjóri og Óttar Guðmundsson yfirlæknir. Ritari og starfsmaður nefndar þessarar var síðan skipaður og ráðinn Árni Einarsson erindreki sem áður hafði starfað í áfengisvarnaráði og að áfengisvarnamálum um langa tíð.

Starfsmaðurinn hefur síðan haft starfsaðstöðu í heilbrmrn. og þessi nefnd starfað á þeim vettvangi, haldið marga fundi og lagt grunn að margvíslegu fræðslu- og forvarnarstarfi sem ég mun reyna að gera í stuttu máli grein fyrir. Hitt er ljóst, eins og fram hefur einnig komið hér áður, að þetta verkefni er nokkuð þungt fyrir fæti og m.a. vegna áhuga eða áhugaleysis eða afstöðu bæði almennings og auðvitað fjölmiðla til þessa verkefnis. Þó ætla ég ekki sérstaklega að kvarta undan því eða gera t.d. fjölmiðla að einhverjum sökudólgi í þessu, en auðvitað hefði verið gott og nauðsynlegt að eiga við þá enn þá betra samstarf.

24. jan. sl. hélt þessi ágæta nefnd blaðamannafund sem hæstv. menntmrh. nefndi aðeins áðan og því miður fór lítið fyrir fréttum af þessum fundi, a.m.k. í sumum fjölmiðlunum. Það kann að hafa verið eitthvað misjafnt. Ég hafði ekki tök á því að fylgjast með **því öllu saman. Einnig er ljóst að sérstök auglýsingaherferð er gífurlega kostnaðarsöm.** Við höfum til ráðstöfunar í þennan málaflokk, áfengisvarnirnar, um það bil 15–20 millj. kr., en nefndin fékk skömmu eftir að hún hóf störf á sl. hausti tilboð frá auglýsingaskrifstofu sem var tilbúin að taka að sér ákveðið auglýsingaprógramm fyrir 30 millj. kr. 30 millj. kr. hljóðaði það tilboð upp á eða sú hugmynd, það var kannski ekki hægt að kalla það tilboð, og hefði þó sjálfsagt einhverjum fundist að það hefði mátt gera miklu meira en þar var þó lagt til. En þetta sýnir aðeins hvaða peningar kunna að vera í meðferð og auðvitað líka það stríð sem áfengisvarnirnar hljóta að heyja gagnvart þeim aðilum sem hafa miklu meiri fjármuni til að auglýsa sinn varning á einn eða annan hátt, beinan eða óbeinan, og kem ég aðeins nánar að því síðar.

Í fréttatilkynningu sem nefndin dreifði á þessum umræddu fjölmiðlafundi segir m.a. svo, með leyfi forseta: „Nefndin hefur þegar skilað áliti um verðlagningu bjórs, styrkleika og sölufyrirkomulag. Enn fremur um áfengisauglýsingar og viðvaranir á bjórumbúðir. Nefndin hefur takmarkaða trú á varanlegum áhrifum skammtímaátaks í áfengismálum ef því er ekki fylgt eftir. Með tilliti til hins skamma starfstíma nefndarinnar telur hún mikilvægast að styrkja starf þeirra aðila sem þegar sinna áfengisvörnum með einhverjum hætti og byggja upp í samvinnu við þá verkefni sem ná til lengri tíma en hefjist með átaki í byrjun árs 1989. Með þessu nýtist einnig betur það fjármagn sem þegar er varið til áfengisvarna.

Í verkefnavali nefndarinnar er leitast við að ná til afmarkaðra markhópa og tengja upplýsingar og áróður umhverfi þeirra, áhugamálum og sérstöðu. Með þessu er tekið tillit til þess að miklu skiptir að viðtakendur upplýsinganna hafi áhuga á þeim, finnist þær koma sér við og telji sig hafa hag af því að færa sér þær í nyt. Þessi leið er talin árangursríkari en almenn

umfjöllun þó e.t.v. kunni að bera meira á henni um stundarsakir."

Aðeins verð ég, hæstv. forseti, að fá að gera nánar grein fyrir þeim verkefnum sem nefndin er með á sinni könnu í augnablikinu þó að ég syndgi svolítið upp á náðina því að hér er um stórt mál að ræða. Í upplýsingum frá nefndinni segir m.a.:

„Unnið er að kynningu á fíknivörnum í grunnskólum og í samvinnu við skólaþróunardeild menntmrn. Öllum grunnskólum hefur verið sendur bæklingurinn Fíknivarnir í grunnskólum" — og þykir mér miður að heyra það síðan hér í umræðunni að þessi bæklingur hafi ekki borist í grunnskóla eins og hér er sagt eða þá a.m.k. ekki verið tekinn þar til umfjöllunar og verið kynntur. „Þar er m.a. að finna kynningu á nýju námsefni í fíknivörnum ásamt skrá yfir önnur gögn sem nota má í fíknivörnum. Útgáfa á Lions Quest-námsefninu verður styrkt til að hraða því að það komist í gagnið.

Mikilvægt er að tryggja stöðugleika í fíkniefnavörnum skóla, að fíkniefnavarnir verði fastur þáttur í skólastarfinu í umsjón kennara. Efla þarf þátttöku og samstarf við foreldrana. Reynslan sýnir að herferð eða afmörkuð tímabundin upphlaup í skólanum skila litlum árangri sem engum. Nemendur koma og fara, skóli er hluti samfélagsins og nemendur endurspegla ríkjandi viðhorf og venjur þess. Þeim viðhorfum verður ekki breytt í skyndi.

Til að vekja athygli barna og unglinga á gildi þess að neyta hvorki áfengis eða annarra fíkniefna er efnt til samkeppni um einkunnarorð og handrit að myndbandi í grunn- og framhaldsskólum" — og það veldur vonbrigðum ef þetta hefur ekki heldur verið kynnt í framhaldsskólunum eins og einnig kom fram í umræðunum áður. „Skal bent á kosti og ávinning vímulauss lífernis og leggja áherslu á það jákvæða við að hafna notkun fíkniefna almennt.

Í mars kemur út tímarit um áfengismál sem dreift verður til allra nema í framhaldsskólum að háskólastigi. Foreldrasamtökin Vímulaus æska eru styrkt vegna fundahalda um allt land. Tilgangurinn með þeim er að auka áhuga foreldra á þátttöku í fíkniefnavörnum og ræða sérstaklega hugsanleg áhrif bjórs á börn og unglinga. Fundahöld þessi eru þegar hafin og standa fram eftir vori. Í samvinnu við Ríkisútvarpið og Sjónvarpið og félagsmiðstöðvar í landinu er verið að vinna stutta þætti í félagsmiðstöðvum. Þeir verða seinna í vor birtir í útvarpi og sjónvarpi."

Síðan eru teknir nokkrir aðrir markhópar sérstakir. Þar á meðal má nefna umferð, barnshafandi konur, óáfenga drykki. Mig langar, með leyfi forseta, að fá að lesa þessar fáu línur líka þó að ég viti að tíminn sé liðinn. En um umferðina er sagt:

„Fræðslu- og áróðursherferð er að hefjast í samvinnu við Umferðarráð. Þar verður m.a. lögð aukin áhersla á að allir leggist á eitt við að hindra ölvunarakstur, en ekki eingöngu lögð áhersla á bílstjórana eina. Gefið hefur verið út lag í þessu skyni sem m.a. er sent veitingahúsunum til flutnings. Veggspjöld verða sett upp í veitingahúsum í samvinnu við Samband veitinga- og gistihúsaeigenda og þessu fylgt eftir í fjölmiðlum."

Hvað varðar barnshafandi konur er hér sagt: „Bandarískur fyrirlesari heldur fræðslufundi fyrir heilbrigðisstéttir um áhrif áfengisneyslu á meðgöngu á fóstur. Að þessum fundum standa einnig landlæknisembættið og áfengisvarnaráð. Í vor er fyrirhuguð útgáfa bæklings sem dreift verður til barnshafandi kvenna við mæðraskoðun."

Síðan var styrkt útgáfa bæklings um óáfenga drykki. Auk þess sem hér hefur verið greint frá verður hrundið af stað í fjölmiðlum áróðursverkefni sem tengist bjórkomunni 1. mars. Verkefnið hefst um næstu mánaðamót. Þar verður lögð áhersla á að bjór er áfengi. Viðfangsefnin eru ölvunarakstur, áfengisneysla á meðgöngu, áhrif bjórdrykkju á holdafar, áfengisneysla á vinnustað og áfengisneysla ungmenna.

Varðandi áfengisneyslu á vinnustað verð ég þá að nefna að þar er sérstakt samstarf við aðila vinnumarkaðarins og launþegasamtökin hafa tekið að sér að fjalla um það mál sérstaklega og reyndar einnig lofast til að kosta það átak eða þá herferð.

Auk þess má síðan nefna að við höfum nú sett reglugerð um bann við áfengisauglýsingum og af því að óbeint var hnýtt að fjölmiðlum vil ég taka það fram að ég átti ágætan fund með fjölmiðlum í gær um þessa reglugerðarútgáfu, þ.e. fulltrúum þeirra fjölmiðla sem sendu sína fulltrúa, sýndu málinu áhuga. Í þeirri reglugerð er leitast við að skilgreina hvað átt sé við með auglýsingu og í veigamiklum atriðum er tekið mið af sömu reglum og gilda um auglýsingar á tóbaki. Þar höfum við þó sérstaka tóbaksvarnarlöggjöf við að styðjast. Auglýsingahugtakið tekur samkvæmt reglugerð bæði til beinna og óbeinna auglýsinga.

Að lokum, hæstv. forseti, má geta þess að verið er að setja af stað vinnu við að semja sérstaka áfengisvarnalöggjöf hliðstætt þeirri löggjöf sem til er um tóbaksvarnir.

Þessi umræða og það að þrjár fyrirspurnir um málið skuli vera á dagskrá og beint til þriggja ráðherra sýnir nauðsyn þess að kveða skýrt á um málið í sérstakri áfengisvarnalöggjöf þó að sjálfsögðu verði það áfram viðfangsefni stjórnvalda á fleiri sviðum en aðeins heilbrigðismálunum, menntamálunum, dómsmálunum, félagsmálunum svo að eitthvað sé nefnt. Hefði sjálfsagt mátt margt fleira um þetta segja, en ég bið hæstv. forseta forláts á því hvað ég hef syndgað upp á náðina. (**Forseti:** Það hefur hæstv. ráðherra svo sannarlega gert.)

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. ráðherra fyrir allítarleg og greinargóð svör þar sem greinilega er ýmislegt á döfinni og ég vona að það fari allt vel fram. Ég vil aðeins geta þess, vegna þess að komið hefur verið inn á þær fullyrðingar sem ég var með áðan um fræðsluherferð í skólum, að ég hafði samband við má segja alla aðila sem málið varðar, þ.e. bæði yfirkennara, nemendur og kennara, og allir

staðfestu þetta í mín eyru. (**Menntmrh.:** Í þremur skólum.) Í þremur skólum eins og ég sagði áðan. Í einu tilfelli, í Verslunarskólanum, talaði ég við yfirkennara skólans. Í Hafnarfirði talaði ég við tvo kennara og svo hef ég mínar upplýsingar innan fjölskyldu úr Árbæjarskóla. Ég vona að þessar upplýsingar séu rangar þó að ég hafi ekki tilefni til að ætla að svo sé.

Ég vil taka undir þá gagnrýni sem hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir kom með áðan á fjölmiðla, hvernig þeirra þáttur er í þessu máli. Ég viðurkenni að hann hefur allur verið á einn veg. Það hefur verið alger einstefna og uppbygging á mikilli eftirvæntingu eftir jólabjórnum eins og hæstv. menntmrh. vildi kalla hann. Reyndar staðfesti hæstv. heilbrmrh. það með tilvitnun í blaðamannafund sem hann hélt 24. jan. sl.

En ég verð að segja að það er sorglegt ef ekki er hægt að fylgja eftir lögum þar sem gert er ráð fyrir herferð vegna þess að við teljum okkur ekki hafa efni á því, hún sé of dýr, þegar á sama tíma er verið að tala um að hala inn í tekjur eitthvað í kringum 1 milljarð af þessari nýju sölu.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla að byrja á að þakka hæstv. heilbrmrh. fyrir hans góðu og fróðlegu ræðu. Ég tel að það sé alveg ljóst að þessi mál verða betur í stakk búin en fyrr miðað við það sem hér hefur verið sagt. En það liggur líka ljóst fyrir að það þarf meira að gera og það þarf aukna peninga. Ég vonast til þess að hæstv. ráðherrar beiti sér fyrir því að veitt verði auknu fjármagni til þessa málaflokks og þykist þá vita að það verði hægt að standa betur að þessum málum í framtíðinni. En ég þakka hæstv. ráðherra og hv. flm. fyrir þeirra mál.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins segja þetta: Ég held að það sé nauðsynlegt fyrir hv. þm. að horfast í augu við veruleikann. Það er ekki uppgjöf að skilja veruleikann jafnvel þótt hann sé óþægilegur. Það sem ég sagði áðan var ósköp einfaldlega það að ég teldi að það sem við hefðum þó verið að reyna að gera, og er margt eins og hæstv. heilbr.- og trmrh. gerði grein fyrir, væri ekki nægilega mikið miðað við það ofboðslega flóð sem er að hellast yfir. Ég satt að segja hef ekki enn þá séð leiðir til að sporna við því flóði — eða hvað? Ég hef ekki séð þær leiðir. Það var þetta sem ég var að segja áðan og fara fram á það við hv. þm. að við gerðum okkur grein fyrir þessum veruleika. Það er ekki uppgjöf.

Hins vegar heyri ég hér að ýmsir hv. þm. telja sig eiga ráð undir rifi hverju í þessu efni eða alla vega að þeir geti gefið ráð sem ekki hafa verið notuð. Þá skal því lýst yfir hér fyrir hönd menntmrn. að ráð til þessara þingmanna verða sótt hið allra fyrsta.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. heilbrmrh. fyrir svör hans og öðrum þingmönnum fyrir orð þeirra í þessum umræðum um þrjár fyrirspurnir sem hér hafa verið fluttar. Ég fagna því að þessi nefnd hefur komið fram með margar góðar tillögur og vil alls ekki gagnrýna störf hennar á nokkurn hátt. Ég vil bæta því við að ég tel afar mikilvægt líka og beini því sérstaklega til hæstv. heilbrmrh. að fylgja eftir könnunum á neysluvenjum og breytingum er verða á þeim og öðrum hegðunarvenjum í kjölfar bjórneyslunnar. Ég held að það sé afar mikilvægt að fá tækifæri til að fylgjast með því.

Sérstaklega varðandi orð hæstv. heilbrmrh., þá er það ekki í raun spurning um að finna ný ráð því að það koma mörg mjög góð ráð fram í þeim tillögum nefndar sem hefur starfað að þessum málum sem hæstv. heilbrmrh. gat um. Það er kannski miklu fremur að samræma átak allra ráðherra sem þetta mál varðar og það eru líklega langflestir ráðherrar ef ekki allir í þessari ríkisstjórn en þó einkum heilbrmrh., menntmrh., dómsmrh. og félmrh. Þeir þurfa að starfa saman og þeir þurfa að fylgja eftir þessum góðu tillögum. Það er kannski fyrst og fremst að fylgja þeim eftir og sleppa ekki tökum á málinu fremur en það að beita einhverjum töfrabrögðum. Ég tek undir það með hæstv. menntmrh. að það eru engin töfrabrögð, það eru engar töfralausnir sem standa okkur í raun til boða og það verður e.t.v. ekki barátta til sigurs heldur fyrst og fremst að veita viðnám. Ég held að það sé meginefni. Ég skora á alla þingmenn og ekki síst þá sem samþykktu þessi lög og töluðu mikið um það hversu forvarnir væru brýnar að beita sér út í þjóðfélagið og beita sér hér á þingi þannig að það verði um raunverulegar forvarnir að ræða en ekki bara fagurgala. Þeim ber skylda til þess eins og okkur öllum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Það skal verða örstutt. Ég ætla aðeins að segja það við hv. 5. þm. Vesturl. að ég mun að sjálfsögðu láta nefndina athuga hvernig þessi dreifing á kynningarefni í skólum hefur farið fram. Við munum af fremsta megni og eftir því sem fjármunir og tök leyfa reyna að halda áfram því starfi sem er í gangi, reyndar er í fullum gangi og ítreka að það er samstarf við ýmsa aðila sem hafa unnið að þessum forvarnarmálum og áróðurskynningu að undanförnu og við munum reyna að styrkja það þannig að það geti síðan haldið áfram þó að störfum þessarar nefndar ljúki.

Í þriðja lagi vil ég segja það út af því að aðeins hefur verið hnýtt að fjölmiðlum að ég vil þó taka það skýrt fram, nefndi það reyndar áðan, að fundur sem ég átti með fjölmiðlafólki í gær um reglugerð um bann við áfengisauglýsingum var góður fundur og þar sýndu fréttamenn mikinn áhuga á efninu. Ég hafði hins vegar ekki mikil tök á að fylgjast með fréttum í gærkvöld né að líta svo yfir blöð í morgun að ég viti hversu góð skil þeir hafa síðan gert því. En við verðum að treysta á gott samstarf við þessa aðila, svo og auðvitað almenning í landinu.

Að lokum vil ég segja við hv. fyrirspyrjanda að það verður auðvitað reynt að fylgjast með framhaldinu og þróuninni og bregðast við í samræmi við það. Við héldum nýlega sérstakan fund um áfengismálarannsóknir þar sem til voru kvaddir sérfræðingar á því sviði og þeir aðilar sem hafa unnið að því verkefni. Og þeim fundi sýndu reyndar fjölmiðlar líka áhuga.

SAMEINAÐ ÞING

46. fundur, fimmtudaginn 23. febr., að loknum 45. fundi.

Tilkynning frá ríkisstjórninni, frh. umr.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég óska eftir að það verði athugað hvernig það er skráð í þingtíðindum hvort ég hafi verið í miðri ræðu eða ekki. (**Forseti:** Það mun ég gera.)

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hér er sá forseti sem nú hefur tekið við af hæstv. forseta með mælendaskrá sem liggur hér á borðinu og forseti getur ekki betur séð en það sé hv. 5. þm. Austurl. sem næstur er á mælendaskrá.

Halldór Blöndal:

Úr því að ógerningur er að fá rétt sinn sem þingmaður hér hygg ég að það sé ekki um annað að gera en falla frá orðinu.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Það er dálítið merkilegt þetta málefni sem hér er til umræðu því það fer að slá í það bráðum, það fer að verða svo gamalt. En varðandi þessa yfirlýsingu í efnahagsmálum frá forsrh. langar mig til að ítreka hérna nokkkrar spurningar til hæstv. ríkisstjórnar.

Fyrsti punktur í þessari yfirlýsingu er að afgreiða hallalaus fjárlög. Ég spyr hæstv. forsrh. að því: Var það einhvern tíma rætt í ríkisstjórninni að auðlindir í fjármunum landsmanna séu takmarkaðar? Halda þeir í Stjórnarráðinu að það sé bara hægt að rányrkja atvinnuvegi og launþega landsins endalaust, það séu engin takmörk fyrir því hvað þar séu stórir stofnar? Þessi setning um þessi hallalausu fjárlög tekur mið af því að menn hafi ekki hugmynd um hvernig heimurinn er eða hvað gerist við að láta greipar sópa um atvinnulífið eins og núna stendur í bólið.

Ég vil líka minna á að það var minnkaður þorskkvótinn fyrir þetta ár um 10% og það eru margir fastir kostnaðarliðir í t.d. útgerð og fiskvinnslu sem ekki breytast þannig að tekjurnar hrapa verulega umfram þessi 10%. Undir þessum kringumstæðum eru auknar álögur lagðar á atvinnulífið. Þetta þýðir ekkert annað en skert lífskjör því að þetta rýrir getu fyrirtækjanna til að greiða almennileg laun fyrir utan að fógeti verður sendur til að loka fyrirtækjum þegar ekkert gengur að rupla í kassann og þá framkallar það atvinnuleysi.

Ég get ekki gefið svona efnahagsstefnu neitt annað nafn en hreina rányrkju og mér er spurn hvort þeir hafi einhvern tíma spekúlerað í því í Stjórnarráðinu hvort þeir séu með löglegar leiðir.

Í annan stað er yfirlýsing um að draga úr verðbólgu. Hvernig má það vera að menn geti lagt auknar álögur á þjónustuliði sem velta út í verðlagið og lenda síðan á undirstöðuframleiðslunni og láti sér detta í hug að þetta sé til að draga úr verðbólgu? Þetta er ekkert annað en að hella olíu á eldinn. Ef menn skilja að tvisvar sinnum tveir eru fjórir, þá er þetta jafnaugljóst. Það er varla að maður geti ætlað mönnum svo illt að þeir hafi hugmynd um hvað þeir eru að gera.

Svo tala menn um að lækka vexti ofan í þetta allt saman. Hvernig geta vextir lækkað þegar allt annað hækkar og eftirspurnin eftir fjármagni vex með hverjum degi vegna taprekstur í atvinnulífinu? Þetta gengur ekki upp. Og allt tal um frjálshyggju í þessu sambandi, að það sé frjálsræði að kenna hvernig komið er í efnahagsmálum Íslendinga, er álíka og maður fari að lesa bækur frá miðöldum þar sem var pumpað vatni í menn vegna þess að þeir héldu því fram að jörðin væri hnöttótt. Ég veit ekki betur en Svíar hafi nýlega verið að innleiða frjálsræði með því að láta seðlabankann hafa frjálsræði og ætla að fara að auka frjálsræði. Þeir hafa aldrei þótt mjög hægri sinnaðir í Svíþjóð. Það væri gaman að heyra vinstri sinna á Íslandi ræða þetta, spekúlera aðeins í þessu.

Það væri ekki úr vegi af því að Norðurlandaráðsþing er fram undan að þeir í hæstv. ríkisstjórn kæmu við í kauphöllinni í Gautaborg eða Stokkhólmi og skoðuðu umhverfið, frjálshyggjuna í ríki sósíalista.

Það er ósköp fallegt að tala um að lækka vexti en vera á sama tíma að setja mikið fé í húsnæðismál. Auðvitað þurfa allir þak yfir höfuðið, en ég veit ekki til þess að neinn sé í þann veginn að verða úti. Er ekki nær að tala um staðreyndirnar eins og þær eru, að við verðum að hægja á ferðinni alls staðar, líka í þeim málaflokkum, ef við ætlum að ná jafnvægi. Það er ekki á einu sviði heldur öllum sem það er þveröfugt við það sem menn ætla sér. Svo er talað um að lagfæra raungengi íslensku krónunnar. Með hinni hendinni hafa menn hækkað álögur á milliliði, þjónustuliði, og launþega sem veldur þenslu í landinu, verðhækkun, verðbólgu, kom síðast fram í gær, hækkanir á vöxtum, þveröfugt við markmiðin sem þeir hafa sett sér.

Þessi ríkisstjórn var mynduð til að bjarga atvinnulífinu. Hún eykur álögur á atvinnulífið, þjónustuliði, sem síðar fara beint yfir á framleiðsluna og þá má ekki laga gengið. Og svo er sagt: Markmiðið er að lagfæra raungengið. Ég held að það fyrirkomulag

sem hér ríkir um gengisskráningu þyrfti að fara í rækilega endurskoðun. Mér finnst satt að segja fráleitt að ríkisstjórn sé að dæma í hagstjórninni hjá sjálfri sér með því að ákveða gengisskráningu. Það væri ekki úr vegi að skoða hvort við getum ekki farið svipaða leið og Svíar.

Síðan er talað um að kanna vandlega stöðu atvinnuveganna. Það þarf alltaf að vera að kanna það betur og betur og eftir því sem meiri tíma er eytt í að kanna það versnar ástandið. Það er til mikið af skýrslum um þessa stöðu.

Það kemur fram á bls. 3 í þessari yfirlýsingu að eigið fé hafi fallið úr 26 milljörðum í 13 milljarða. Ég verð að leyfa mér að spyrja hæstv. forsrh. að því: Hvaðan eru þessar upplýsingar fengnar og getum við fengið að sjá þessar staðreyndir? Geta þingmenn fengið að sjá þetta svart á hvítu? En á næstu hæð við það sem þessar yfirlýsingar koma frá, eftir því sem forsrh. segir, þessar upplýsingar koma frá Seðlabankanum, er Þjóðhagsstofnun. Hér er greinargerð frá 15. des. um hag atvinnuveganna á síðasta ári. Þar kemur fram að hallarekstur í sjávarútvegi verði 1,3 milljarðar, en hæstv. forsrh. segir 13. Hvernig stendur á því að það er svona mismunur milli hæða? Þarf orðið að fá löggiltan endurskoðanda til að endurskoða það sem hæstv. forsrh. er að segja? Á hverju á maður að taka mark?

Svo segir hæstv. sjútvrh. að eiginfjárrýrnun hafi verið 2–3 milljarðar, sagði það í þinginu í fyrradag. Hvernig stendur á því að menn eru að tala um svona gífurlegar fjárhæðir í mismun? Það gengur ekki að það sé verið að upplýsa menn um hluti út og suður. Það er þá ástæða til að fá löggilta endurskoðendur, sem hafa starfsreynslu og víðtæka þekkingu á rekstri sjávarútvegsfyrirtækja, til að gefa skýrslu um þetta mál.

Síðan er punktur um að lagfæra skuldastöðu atvinnuveganna. Það er gott og blessað. Það er búið að gera það nokkrum sinnum undanfarin ár. En ég vil spyrja að því: Var ekki Byggðastofnun og Byggðasjóði heimilt að gera allt það sem Atvinnutryggingarsjóður og hlutafjársjóður eiga að gera ef þeir hefðu fengið peninga? Ég vil gjarnan fá svar við þeirri spurningu. Ég hef ekkert á móti því að það sé reynt að greiða götu íslenskra atvinnuvega, en þarf alltaf að vera að fjölga sjóðum og stofnunum og auka ríkisútgjöld svoleiðis? Er ekki nóg af þessum sjóðum til, nóg til af bönkum? Hvað með Fiskveiðasjóð og Byggðasjóð og viðskiptabankana? Þeir hafa getað skuldbreytt hingað til með góðum árangri. Þarf alltaf að vera að stofna nýjan sjóð? Ég næ ekki upp í svona röksemdafærslu.

Svo þarf að fara að hyggja að því eftir allar þessar skuldbreytingar hver greiðslubyrðin skyldi vera orðin af öllum þessum lánum. Það er tímabært að fá kannski eina skýrslu í svo sem hálfa stresstösku með svoleiðis upplýsingum.

Síðan er síðasti punkturinn hér að undirbúa varanlegri aðgerðir í atvinnu- og efnahagsmálum. Hverjar eiga þær að vera? Er það varanlegri aðgerð í atvinnu- og efnahagsmálum að láta ríkissjóð kaupa upp fyrirtæki landsmanna í gegnum hlutafjársjóð? Ætlar forsrh. að fara að gera út? Hann ætlar að skipa þrjá menn í stjórn hlutafjársjóðs. Er öllu starfsfólki og stjórn Byggðastofnunar vantreyst? Af hverju var það fólk ekki nógu hæft til þess að annast þessi málefni? Af hverju þarf sérstaklega nýja menn? Það eru ný ríkisútgjöld, meiri útgjöld. Hvers vegna? Er þetta vantraust á fólk í Byggðastofnun?

Ég held ég verði að segja eina ferðina enn að það er meiri háttar áfall að verða vitni að svona vitleysisgangi. Menn mynda ríkisstjórn og segja að Róm sé að brenna, allt sé að fara norður og niður, eiginfjárrýrnun svo rosalega mikil, blóðvöllur og ýmislegt fleira og síðan eru hækkaðar álögur á atvinnulífið. Á sama tíma er samdráttur í kvóta. Það er verið að lifa á kostnað framtíðarinnar í stórum stíl. Hvernig eigum við svo að halda uppi sómasamlegum lífskjörum og kaupmætti í framtíðinni þegar búið er að rýra stórkostlega höfuðstól atvinnuveganna? Þetta er nákvæmlega sama og að rányrkja fiskistofnana. Það er bara verið að lifa á kostnað framtíðarinnar.

Samkeppnishæfni fyrirtækjanna minnkar bæði til að greiða betri laun og eins til að taka þátt í alþjóðlegri samkeppni, sem alltaf er að harðna, við svona álögur. Það er farið alveg þveröfugt að við það sem hefði þurft að gera. Það hefði þurft að draga úr álögum á atvinnulífið til að halda sömu lífskjörum og leyfa fyrirtækjunum að byggja sig upp sjálf en ekki að miðstýra þeim og kúga út úr þeim fé, senda fógetann á liðið, hæstv. fjmrh. notaður í það, og rupla í kassann og skeyta hvorki um skömm né heiður.

Ég er alveg meiri háttar hneykslaður á svona stefnu.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég mun freista þess að stytta mjög mál mitt vegna þess að samið hefur verið um að þessi umræða taki tiltekinn tíma á dagskrá dagsins í dag. Ég vil í upphafi þakka hæstv. fjmrh. fyrir að vera viðstaddur þessa umræðu sem mér finnst vera stórt atriði þar sem ég þarf að beina til hans fyrirspurnum er varða efni tilkynningarinnar sem hér er til umræðu.

Fyrst langar mig til að benda á og undirstrika það sem kom fram hjá síðasta hv. ræðumanni um rýrnun eiginfjár í sjávarútvegsfyrirtækjum. Ég tel að hæstv. forsrh. verði að svara mjög skýrt þar sem í tilkynningu ríkisstjórnarinnar er sagt beinum orðum að eigið fé hafi rýrnað í 13 milljarða úr 22 milljörðum eða svo, ef ég man það rétt, eða úr 26 milljörðum jafnvel og gert ráð fyrir að þar sé um 13 milljarða eiginfjártap, en síðan er öðru haldið fram. Það verður að koma fram hér hverjir eru heimildarmenn hæstv. ráðherra og hvernig þetta er fundið út og fengin skýring á þeim gífurlega mismun sem kemur fram í tölum.

Þá langar mig til að spyrja og ég mun fyrst og fremst varpa fram fyrirspurnum til þeirra tveggja ráðherra sem eru viðstaddir, hefði jafnvel kosið að hæstv. viðskrh. væri hér jafnframt. Mig langar til að spyrja út

frá þeirri forsendu að í þjóðhagsspá fyrir þetta ár er gert ráð fyrir að viðskiptahalli af vergri landsframleiðslu verði 3,3% eða líklega 9,5–10 milljarðar. Það er jafnframt ljóst að það er talsvert í pípunum umfram þetta ef gera má ráð fyrir að gangi eftir allt sem hér hefur verið sagt í þessari umræðu og öðrum. Telur hæstv. forsrh. að gengi íslensku krónunnar sé rétt skráð þegar ljóst er að viðskiptajöfnuður verður óhagstæður um 10 milljarða a.m.k.? Telur hæstv. forsrh. að gengisskráningin eigi að vera afgangsstærð? Ég spyr sérstaklega að þessu vegna þess að hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson hefur nýlega í blaðagrein sérstaklega undirstrikað að gengi geti aldrei orðið afgangsstærð.

Hv. þm. Guðmundur Þórarinsson segir, með leyfi forseta: „Gengisstefnan er aðalatriði. Það er röng fullyrðing að gengið sé afgangsstærð. Gengið er grunnatriði í efnahagsstefnunni, eina raunhæfa gengisstefnan er sú gengisskráning sem gefur útflutningsatvinnuvegunum stöðug starfsskilyrði."

Ég spyr forsrh.: Er hann sammála því sem Guðmundur G. Þórarinsson segir eða er hann ósammála því og telur hæstv. forsrh. að gengið sé rétt skráð ef viðskiptahallinn er 10 milljarðar?

Í öðru lagi vil ég enn á ný reyna að fá betri upplýsingar um hver sá djúpstæði skipulagsvandi í sjávarútveginum er sem lýst er í tilkynningu hæstv. ríkisstjórnar. Ég spyr m.a. vegna þess að hv. 10. þm. Reykv. Guðmundur G. Þórarinsson segir orðrétt í sömu blaðagrein, nýlegri blaðagrein, með leyfi forseta, þetta er grein úr DV frá 10. febr.: „Skipulagsvandi er ekki meiri í útflutningsgreinunum en öðrum greinum og ekki meiri en verið hefur undanfarin ár."

Hver er þessi djúpstæði skipulagsvandi? Er hæstv. forsrh. ósammála hv. þm. Guðmundi G. Þórarinssyni? Við hvað er átt?

Þá langar mig til að víkja næst að ríkisskuldabréfum. Í tilkynningunni er gert ráð fyrir að vextir ríkisskuldabréfa færist niður í 5%, raunvexti. Mig langar til þess að spyrja hæstv. fjmrh.: Hver er staða þessara mála í dag, hvernig hefur gengið að selja spariskírteini ríkissjóðs, hver er munurinn á því sem hefur verið innleyst og hinu sem hefur selst og hvenær má búast við því að raunvextirnir fari í 5%? Jafnframt vil ég spyrja hæstv. fjmrh. að því hvernig gangi að semja við lífeyrissjóðina, en í tilkynningu frá ríkisstjórninni er sagt að lífeyrissjóðunum verði boðin sérstök bréf. Má vera að þetta gangi fram á næstu dögum og hver er staða þessa máls?

Enn langar mig af þessu tilefni til að spyrja hæstv. fjmrh. hvernig það verður með ríkisvíxla sem gert er ráð fyrir að seljist til þess að taka af skuldakúf ríkissjóðs sem myndast frá einu tímabili til annars innan ársins. Hvernig ætlar hæstv. ráðherra að komast hjá því að slík bréf verði seld með afföllum sem má meta til meiri raunvaxta en stefnt er að í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar eða ætlar hæstv. ráðherra að bjóða upp ríkisvíxlana með einhverjum allt öðrum hætti en gert hefur verið? Þessu þarf að fást svarað því að auðvitað eru afföll nokkurs konar ávöxtunarkjör.

Mig langar til að spyrja hæstv. forsrh. að því hvað hann segi um nafnvaxtahækkanir bankanna að undanförnu. Því hefur verið haldið fram og ef ég man rétt af hæstv. fjmrh. að nafnvaxtahækkanir að undanförnu séu árás sjálfstæðismanna og stjórnarandstöðunnar á stefnu ríkisstjórnarinnar og ég hlýt að spyrja: Á Sjálfstfl. meiri hluta í bankaráðum ríkisbankanna, t.d. Búnaðarbankans sem hækkaði nafnvexti mest núna síðast þegar þeir hækkuðu? Hvað um Samvinnubankann og Alþýðubankann? Hvaða sjálfstæðismenn eru það sem hafa þar gert aðsúg að ríkisstjórninni? Það væri gott ef þessari spurningu væri svarað því þessu hefur verið haldið fram, að Sjálfstfl. beitti sér fyrir því í bankaráðum að hækka nafnvexti. Ég sé ekki að sjálfstæðismenn séu í meiri hluta bankaráða Alþýðubankans, Samvinnubankans, Búnaðarbankans né heldur Landsbankans.

Ég hefði viljað spyrja hæstv. viðskrh. Það má kannski gera það síðar og ég held að það sé best að ég sleppi þeirri fyrirspurn því tíminn er skammur. Ég er ekki að biðja um að hæstv. ráðherra sé sóttur. (**Forseti:** Forseti vill taka fram að hæstv. viðskrh. er ekki í húsinu.) Nei, allt í lagi.

Það er gert ráð fyrir því og um þetta hefur verið spurt áður að viðurlögin sem Seðlabankinn fær frá einstökum viðskiptabönkum renni til ríkissjóðs. Menn spyrja auðvitað: Er siðferðilega rétt að bankar sem lenda í vandræðum vegna lánastarfsemi við fyrirtæki sem ganga illa, og þurfa því að draga yfir í Seðlabankanum, verði skattlagðir af ríkissjóði? Þetta þýðir að ríkissjóður nærist á því að atvinnuvegirnir ganga illa og tekur þannig skatta bakdyramegin með því að refsa bönkunum fyrir að liðka til fyrir fyrirtækjunum í landinu. Finnst hæstv. fjmrh. þetta vera siðferðilega rétt? Er það svo ljótt að lána fyrirtækjunum sem eru í vandræðum með yfirdrætti frá Seðlabankanum að ríkissjóður telji siðferðilega rétt að taka viðurlög í ríkissjóð? Þetta er svo yfirgengilegt að maður hlýtur að spyrja um á hvaða siðferðisgrunni slíkt geti gerst.

Í tilkynningu ríkisstjórnarinnar segir að eftirlit með launakostnaði verði hert og stefnt að 4% niðurskurði launaútgjalda. Ég starfaði á sínum tíma í stjórn ríkisspítala og mér er kunnugt um hvaða erfiðleikum er bundið að skera niður með þessum hætti. Það hefur verið sagt að það sé hægt að loka deildum, en að stórum hluta til eru launaútgjöld bundin í samningum og kannski þau sem erfiðast er að hreyfa, bundin í kjarasamningum við lækna sem hv. þm. Ragnar Arnalds gerði á sínum tíma þegar hann var fjmrh.

Hvernig í ósköpunum ætlar hæstv. fjmrh. að leysa þetta mál og verður það gert m.a. með því að skera niður þjónustuna á spítölunum? Ljóst er að ekki verður hægt að skera niður launaútgjöldin með öðrum hætti því að um vaktavinnu er að ræða og margoft hefur verið farið í gegnum þau mál þótt skera megi niður launaskyldan kostnað eins og t.d. námsferðir. Ég sé í Þjóðviljanum í dag að þar er verið að benda á að nú sé verið að ráðast á námsferðir starfsmanna,

hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða og annarra en lækna á sjúkrahúsunum. Er það gert í samræmi við þessa stefnu fjmrn.? Mér finnst skipta máli að hæstv. ráðherra geri grein fyrir því betur en hann hefur gert hingað til hvernig hann ætlar að ná þessum 4% niðurskurði.

Ýmislegs væri hægt að spyrja frekar, en það er ein spurning sem ég tel þó að þurfi að fá svarað við þessa umræðu. Það er sagt í tilkynningunni, með leyfi forseta: „Athugað verður hvort fjárfestingarskattur gæti e.t.v. leyst af hólmi sérstakan skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði og vörugjald á byggingarvörur.“ Ég spyr: Á að leggja þennan fjárfestingarskatt á fleira húsnæði en skrifstofu- og verslunarhúsnæði? Hefur hæstv. fjmrh. kannað það eða veit hann ekki að fjárfesting atvinnuveganna í byggingu húsnæðis hefur verið minni á undanförnum árum en oftast áður?

Loks langar mig til þess að spyrja hæstv. ráðherra að því hvað hann eigi við þegar hann á sínum tíma í viðtali við Þjóðviljann heldur því fram að á undanförnum árum hafi fjárfestingar hér á landi í atvinnulífinu verið pólitískar. Ég les, virðulegur forseti, örstuttan kafla úr viðtali við hæstv. ráðherra frá 14. febrúar sl. í Þjóðviljanum. Hann segir orðrétt:

„Þó vitum við að í okkar kerfi hafa tíðkast bullandi pólitískar fjárfestingar og hagsmunafjárfestingar af ýmsu tagi sem ekki taka mið af hinum rekstrarlegu skilyrðum og eðlilegu skipulagi atvinnufyrirtækja.“

Hvaða „bullandi pólitískar fjárfestingar“ hafa átt sér stað í fyrirtækjunum? Ég vil fá það út því það liggja margir undir grun. Hæstv. forsrh. vísaði svari við þessari fyrirspurn til hæstv. fjmrh., sagðist ekki geta gert þetta að sínum orðum. Það er afar nauðsynlegt þegar hæstv. ráðherra tekur til máls og talar um að atvinnurekendur hafi fjárfest bullandi pólitískt að undanförnu að fá að vita nákvæmlega við hvað er átt.

Allir þeir sem hafa fjárfest, flestir hverjir til þess að auka atvinnuna, til að bæta lífskjörin í landinu, liggja undir grun. Hvaða pólitísku fjárfestingar er verið að tala um?

Mig langar, virðulegi forseti, til þess að spyrja hæstv. forsrh. að því hvað gerist ef afurðaverð hækkar ekki á ný til mótvægis við núverandi greiðslur úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Hve mikla fjármuni þarf Verðjöfnunarsjóðurinn þá til þess að ekki versni rekstrarskilyrði sjávarútvegsins? Mig langar til að snúa spurningunni við og spyrja líka: Hvað þarf afurðaverðið að hækka að meðaltali miðað við heildarútflutninginn í greinum sem taka fé úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins þannig að hægt sé að hætta þessum greiðslum? Að þessu er spurt vegna þess að texti tilkynningarinnar gefur fullt tilefni til, en þar segir, með leyfi forseta: „Vonir eru bundnar við að afurðaverð hækki á ný til mótvægis við núverandi greiðslur úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins.“

Mig langar til að spyrja hæstv. forsrh. að því hvenær byrjað verði að greiða niður raforkuverð til fyrirtækja sem nýta raforku tiltölulega jafnt á dags- og ársgrundvelli og hvernig á því standi að slíkar niðurgreiðslur, sem ég ætla ekki að fara að hæla, fari ekki jafnframt til útflutningsiðnaðargreinanna sem þurfa á slíku að halda og vinna með sama hætti og fiskvinnslugreinarnar. Hæstv. forsrh. hefur sjálfur sagt mjög skýrt úr þessum ræðustól að í raun og veru hafi rangt skráð gengi komið útflutningsiðnaðinum miklu verr en sjávarútveginum þótt það sé minna hlutfall af heildarhagsmunum þjóðarinnar.

Þá langar mig enn fremur til að spyrja annan hvorn ráðherra að því hvort 10–15 millj. kr. sem það kostar að gera gæðaátak í sjávarútvegi og þær 20–25 millj. kr. sem á að nota til vinnu og tilrauna til fullnýtingar á afla séu á fjárlögum eða sé nýtt fé sem komi inn með sérstakri aukafjárveitingu.

Í landbúnaðarkaflanum segir, með leyfi forseta: „Í undirbúningi er athugun á samkeppnisstöðu innlendrar grænmetisframleiðslu og ný reglugerð er væntanleg um innflutningsmálefni sömu greinar.“

„Í undirbúningi er athugun“, ég endurtek. Þýðir þetta að starfi hv. þm. og fyrrv. landbrh. Jóns Helgasonar hefur verið ýtt til hliðar? Er það önnur athugun sem nú er verið að undirbúa en sú sem hann gekkst fyrir? Hver er munurinn og hver var gallinn við það starf sem hv. þm. Jón Helgason lét vinna í tíð fyrrv. ríkisstjórnar? Hvers vegna ætlar núv. ríkisstjórn að fleygja þeirri könnun sem manni skilst af þessum texta og byrja upp á nýtt? Hvað veldur?

Mig langar til að spyrja annan hvorn hæstv. ráðherra að því hvort þeir vilji vera svo góðir að segja okkur frá því hvernig eigi að endurskoða vörugjaldið þannig að álagning og innheimta þess geri ekki stöðu íslensks iðnaðar lakari í samkeppni við innfluttan iðnvarning. Það er afar mikilvægt að það komi skýrar fram þannig að þau fyrirtæki sem nú hafa orðið að búa við búsifjar ríkisstjórnarinnar frá því um áramótin fái að vita út á hvað þessi breyting á að ganga. Ég tek það fram að tilkynning ríkisstjórnarinnar er nú orðin nokkurra vikna gömul þannig að menn hafa haft nokkurt ráðrúm til að átta sig á því.

Þá langar mig til að spyrja að því hvort það sé eitthvað nýtt sem eigi að gerast varðandi undirboð á innfluttum iðnvarningi. Talsvert er lagt upp úr því í tilkynningu ríkisstjórnarinnar að nú muni vandlega verða fylgst með undirboðum á innfluttum iðnvarningi og jöfnunargjaldi beitt. Er eitthvað nýtt sem á að gerast eða verður fylgt þeirri stefnu sem fylgt hefur verið á undanförnum árum og miðast við núgildandi lög?

Ég spyr hæstv. forsrh. að því hvort vænta megi að hæstv. ríkisstjórn muni flytja hér frumvarp, sem búið var að undirbúa í tíð fyrrv. ríkisstjórnar, um úrgangsmálma og skilagjald á bifreiðum. Þetta er boðað í skrá sem birtist með stefnuræðu forsrh., en ekkert bólar á þessu frv. sem á að koma frá hæstv. iðnrh. en hann er því miður ekki viðstaddur nú. Það væri fróðlegt að vita hvenær von sé á þessum frumvörpum því að hér stendur: „Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir lagasetningum sem leggi skilagjöld“ o.s.frv. Mér er kunnugt um að þessu starfi er lokið fyrir löngu að hluta til, en ekki bólar á frv. í þessum efnum fremur

en öðrum boðuðum frumvörpum eins og frv. um að gera Sementsverksmiðjuna og Gutenberg að hlutafélögum svo að ég taki dæmi um frumvörp sem boðuð voru.

Varðandi launamálin segir að hæstv. ríkisstjórn sé reiðubúin að gera það sem í hennar valdi stendur til að verja kaupmáttinn, m.a. með lækkun á verði helstu nauðsynja, t.d. innlendra matvæla. Er hér verið að tala um lækkun á skatti eða auknar niðurgreiðslur og hvernig á að standa straum af þeim kostnaði?

Mig langar síðan til að segja frá því að í tilkynningu hæstv. ríkisstjórnar segir að á næstu dögum, þ.e. næstu dögum eftir að tilkynningin var birt sem var 6. febr., muni verða lögð fram lagafrumvörp. „Um það vill ríkisstjórnin hafa góða samvinnu við stjórnarandstöðuna." Telur hæstv. forsrh. að það sé góð samvinna við stjórnarandstöðuna þegar frumvörpum er mokað inn í þingið, ekki kynnt í þingflokkum stjórnarandstöðunnar til að flýta fyrir málum, en síðan er reynt að berja þessi mál út úr nefndum jafnvel á sama fundi, fyrsta fundi sem nefndin fær málið til meðferðar?

Ég held, virðulegur forseti, að það sé ástæðulaust að hafa þessi orð fleiri. Ég hef ekki flutt ræðu eða sagt álit mitt á því sem fram hefur komið í þessum umræðum, en hef fyrst og fremst byggt málflutning minn hér á einföldum fyrirspurnum til viðkomandi viðstaddra hæstv. ráðherra.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Ég skal leitast við að svara eftir bestu getu í stuttu máli þeim spurningum sem hv. þm. Friðrik Sophusson beindi hér til mín vegna þess að áformað er að setja þessari umræðu ákveðin tímamörk og þannig stendur á mínum högum að mér hafði upphaflega skilist að þessi umræða mundi standa milli kl. 12 og 13.30 og ég hafði ákveðið ákveðin skyldustörf milli 13.30 og 14 og ég þarf að víkja brott smástund en mun síðan koma aftur til þessarar umræðu verði henni haldið áfram.

Það er alveg rétt, sem hv. þm. Friðrik Sophusson vék að, að ríkisstjórnin stefnir að því að ná raunvöxtum niður í 5%. Ríkisstjórnin er þeirrar skoðunar að þessum árangri verði ekki náð nema með samræmdum aðgerðum í vaxtamálum þar sem tengdar eru saman ákvarðanir um vaxtastig spariskírteina, samningar við lífeyrissjóðina og vaxtaákvarðanir viðskiptabanka og annarra fyrirtækja á peningamarkaðnum. Ríkisstjórnin hefur þegar lagt fram á Alþingi ýmis frumvörp sem munu greiða götu þess að vaxtaákvarðanir viðskiptabankanna munu á næstu vikum og mánuðum verða í stíl við þessa stefnumörkun og við munum síðan eiga viðræður við lífeyrissjóðina um samninga sem ná sama árangri. Það er rétt hjá hv. þm. að það er vikið að því að í athugun sé að gefa út sérstök skuldabréf sem einkum væru ætluð lífeyrissjóðunum vegna þess að þarfir þeirra á peningamarkaðnum eru að mörgu leyti aðrar en ýmissa annarra sparenda í landinu. Við höfum rætt það mál, fulltrúar fjmrn., m.a. við Seðlabankann og lítillega við fulltrúa lífeyrissjóðanna. Það mál mun þó þurfa nokkurn lengri aðdraganda, en okkur fannst hins vegar rétt að boða það á þessu stigi.

Ég vil í þessu sambandi geta þess að fyrir nokkru fór fram umræðufundur sem ýmsir sérfræðingar í hagfræði og peningamálum sóttu og eftir þeim heimildum sem ég hef varð það niðurstaða fundarins og allra þeirra sérfræðinga sem þar voru og þeir komu úr ýmsum áttum, þeir komu úr bankakerfinu, þeir komu frá verðbréfafyrirtækjunum, þeir komu frá ráðuneytunum og Seðlabankanum, að í raun og veru væru engin rök fyrir því að raunvaxtastigið í íslenska hagkerfinu væri 10%, 15% eða 7%. Það væru engin frekari rök fyrir því að færa það úr 10% í t.d. 15% eða úr 10% niður í 5% eða jafnvel enn neðar svo framarlega sem raunvaxtastigið væri nokkur prósent. Skoðun þessara sérfræðinga var sú að í raun og veru væri hægt að ná jafnvægi í íslenska peningakerfinu með nánast hvaða raunvaxtastigi sem væri ef samræmdur vilji stærstu aðilanna á þessum markaði fæli í sér að allir stefndu að sama markmiði. Þess vegna væru engin hagræn eða markaðsleg rök fyrir því að raunvextirnir væru 9%, 12% eða einhver önnur tala. Það væri bara spurning um ákvörðun eða vilja hinna stærstu aðila á þessum markaði.

Nú vill svo til að viðskiptabankarnir, lífeyrissjóðirnir og ríkissjóður eru stærstu aðilarnir á þessum markaði. Þess vegna væru full hagfræðileg og bankaleg rök fyrir því að með meðvitaðri samtengdri ákvörðun þessara aðila væri hægt að færa raunvaxtastigið niður í t.d. 5% sem er það mark sem ríkisstjórnin hefur sett sér. Ef aftur á móti einn af þessum stóru aðilum, segjum t.d. ríkissjóður, væri að bjóða sín spariskírteini á t.d. allt öðrum vaxtakjörum, 9, 11 eða 13%, næðist þetta markmið ekki. Ef lífeyrissjóðirnir væru að knýja fram samninga með allt aðra tölu næðist markmiðið ekki. Ef viðskiptabankarnir væru á allt öðrum brautum í sínum ákvörðunum næðist markmiðið ekki. En þótt einhver mjög lítill hluti markaðarins, segjum 2, 3, 4 eða 5% af öllum peningamarkaðnum, væri með annað vaxtastig mundi það ekki breyta niðurstöðunni.

Ég held að það væri mjög fróðlegt fyrir okkur öll sem erum á Alþingi og í umræðum um þessi mál að kynna okkur þessi viðhorf færustu sérfræðinga á þessu sviði sem starfa í mjög ólíkum stofnunum á þessum markaði. Niðurstaða þeirra er, eins og ég hef hér vikið að, að það séu ekki efnahagsleg, markaðsleg eða peningaleg rök í sjálfu sér sem ákveði raunvaxtastigið í landinu heldur sé það samtengdur ákvarðanavilji hinna stærstu aðila sem á þessum markaði eru. Ég hef stundum kallað þetta til einföldunar vaxtalækkunarlestina þar sem hver vagn væri tengdur inn í annan, en þó tryggt að allir væru í sömu lestinni, á sömu ferð og stefndu í sömu átt. (**KrP:** Ertu ekki til í að spyrja seðlabankastjórann í Svíþjóð?) Það er alveg sjálfsagt að ræða við seðlabankann í Svíþjóð og hvar annars staðar sem þá ágætu menn er að finna og skal ég ekkert skorast undan því

að ræða við seðlabankastjóra hvar sem er í veröldinni. Ég hef átt ágætar viðræður við þá sem hér eru m.a. á landinu, hafa verið og voru.

En ég mæli þetta af mikilli alvöru vegna þess að menn ná engum árangri í vaxtamálum ef hin fræðilega greining á eðli viðfangsefnisins væri röng. Þá er nánast alveg sama hvaða markmið menn setja sér. Menn ná aldrei árangri.

Ríkisstjórnin hefur þess vegna í samræmi við þessa fræðilegu greiningu lýst þessu markmiði um 5% raunvexti og mun eftir þeim þremur leiðum sem ég rakti hér, spariskírteinaútgáfa ríkissjóðs, samningar við lífeyrissjóði og samtengdar aðgerðir viðskiptabanka og Seðlabanka, tryggja að á næstu vikum og mánuðum náist þetta markmið.

Ríkissjóður kaus að sýna alvöru sína í þessum efnum með því að lækka vextina á spariskírteinum ríkissjóðs fyrir nokkru. Ein af ástæðum þessarar lækkunar var m.a. fólgin í því að forsvarsmenn lífeyrissjóðanna hafa gagnrýnt það mjög, bæði á undanförnum vikum og jafnvel síðustu daga, að frá árinu 1986 til ársins 1988 hafi páv. stjórnvöld brugðist þeim fyrirheitum sem lífeyrissjóðunum voru gefin og hafi haft vextina á spariskírteinum ríkissjóðs hærri en vextina í samningum við lífeyrissjóðina. Ef lífeyrissjóðirnir ættu í góðri trú að geta gert samninga við ríkið um vaxtastigið væri nauðsynlegt að þeirra dómi að samfylgd væri með vöxtunum á spariskírteinum ríkisins og vöxtunum í samningum við lífeyrissjóðina. Ég heyri að hv. þm. Þorsteinn Pálsson, fyrrv. forsrh. og fyrrv. fjmrh., hefur kvatt sér hljóðs. Ég ætla ekkert að kveða upp neinn dóm hér um hvort þessi sögutúlkun lífeyrissjóðanna er rétt. Ég tel það vera aukaatriði í málinu, enda er hægt að kveða upp úr með það einfaldlega með því að skoða talnarunur vaxtasamninga við lífeyrissjóðina og spariskírteinanna á síðustu árum. En hitt er hins vegar alveg ljóst að í viðræðum við stjórnvöld og í opinberum yfirlýsingum hafa talsmenn lífeyrissjóðanna lagt á það höfuðáherslu að ríkissjóður sýndi að hann væri reiðubúinn að tryggja þessa samfylgd vaxtastigs spariskírteina og samninganna við lífeyrissjóðina. Ég vek athygli t.d. á því að það vaxtastig sem er í þriggja mánaða samningnum við lífeyrissjóðina og vaxtastigið sem nú er boðað á spariskírteinum ríkissjóðs er mjög svipað.

Hitt er hins vegar ljóst að það sem eftir liggur í þessum þríhyrningi eru vextirnir sem boðnir eru m.a. í viðskiptabönkunum og annars staðar. Mér hefur þótt mjög fróðlegt að heyra mikla kunnáttumenn í bankamálum, menn sem gegnt hafa miklum ábyrgðarstöðum í bankamálum á undanförnum áratugum, lýsa þeirri skoðun sinni að þeir telji útgáfu viðskiptabankanna á bankabréfum vera í hæsta máta óeðlilega frá bankalegu öryggissjónarmiði. Sumir þessara manna ganga jafnvel svo langt að segja að það væri eðlilegast að banna útgáfu þessara bankabréfa vegna þess að frá bankalegu sjónarmiði séð geti þau stofnað rekstraröryggi viðkomandi viðskiptabanka í hættu. Flestir þeir sérfræðingar sem ég hef síðan rætt við um þetta efni, þó þeir vilji ekki ganga alveg svona langt eins og sumir þessara kunnáttumanna í bankamálum gera, eru hins vegar sammála um að það sé nauðsynlegt að setja margvíslegar skorður við útgáfu bankabréfa. Ein af þeim gæti t.d. verið sú að leggja ríkisábyrgðargjald á bankabréfin, m.a. vegna þess að þau eru í reynd af ríkisbönkunum ríkistryggð og þeir nýta sér það við söluna á þeim þótt þeir greiði ekki ríkisábyrgðargjald eins og gert er við aðra hliðstæða pappíra. Önnur er sú að meta bankabréfin með öðrum hætti í samskiptum Seðlabanka og viðskiptabankanna. Vegna þess að þessi þriðji þáttur hefur ekki verið tryggður með nægilega öruggum hætti er það alveg rétt hjá hv. þm. Friðrik Sophussyni, sem lá að baki hans spurningu, að á fyrstu vikum þessa árs hefur sala spariskírteina ríkissjóðs ekki verið svo mikil að hún hafi vegið innlausnina uppi. Við teljum þó, sem að þessum málum standa, að það sé í sjálfu sér ekki höfuðatriðið í upphafi þessa árs m.a. vegna þess að það sölukerfi sem áður hafði verið í spariskírteinum var lagt niður þegar samningur var gerður við viðskiptabankana og af margvíslegum öðrum ástæðum einnig hafði ekki verið lögð rækt við að þróa upp sölukerfi spariskírteina ríkissjóðs og nýjar söluaðferðir á þessum markaði frá öðrum aðilum höfðu breytt mjög vinnubrögðum á markaðnum. Þess vegna hefur verið ákveðið í viðræðum milli fjmrn. og Seðlabankans að setja upp sérstakt sölukerfi á spariskírteinum ríkissjóðs, ráða til þess sérhæft kunnáttufólk á þessum markaði og vinna þannig að langtímauppbyggingu þessa sölukerfis.

Á sama hátt hefur verið ákveðið í viðræðum Seðlabankans og fjmrn. að þróa ríkisvíxlaútgáfuna með nokkuð öðrum hætti til að reyna að tryggja að ríkisvíxlarnir geti, eins og hv. þm. spurði um, tekið þann kúf sem oft þarf að taka í árstíðabundnum sveiflum í stöðu ríkissjóðs. Það er eins með ríkisvíxlana og spariskírteinin að að okkar dómi hefur á undanförnum árum ekki, og kannski sérstaklega síðustu missirum, verið lögð nægileg rækt við það að þróa og kynna ríkisvíxlaformið sem æskilegt sparnaðarform fyrir ýmsa þá sem eru að varðveita fjármuni til skemmri tíma.

Ég vænti þess að ég hafi með þessu svarað allnokkru þeim spurningum sem sneru að þessum þáttum og reynt að skýra þá hugsun, sem ég tel kannski höfuðatriði, sem liggur að baki þeirri stefnumörkun sem kynnt var af hæstv. forsrh. hér á sínum tíma.

Ástæða þess að ákveðið hefur verið að viðurlögin renni til ríkissjóðs og hv. þm. Friðrik Sophusson spurði einnig um felst í því m.a. að margir forsvarsmenn viðskiptabankanna hafa kvartað undan því að Seðlabankinn hefði beina hagsmuni af því að viðurlögin væru mikil og hafa jafnvel látið að því liggja að hluti af rekstrarkostnaði Seðlabankans væri fjármagnaður í gegnum þetta viðurlagafé. (Gripið fram í.) Nei. Það er alveg ljóst að þessi viðurlög verða svo lítil samanborið við heildarrekstrarkostnað ríkisins að það mun ekki sjá högg á vatni í þeim efnum en ef þau eru aftur á móti skoðuð í samanburði við rekstr-

arkostnað Seðlabankans eru stærðarhlutföllin allt önnur.

Það var þess vegna ein af ástæðunum fyrir því að rétt þótti að aftengja beina hagsmuni Seðlabankans sjálfs og ákvarðanirnar um viðurlögin og láta það sama gilda um þetta og á fjölmörgum öðrum sviðum að þau renni í ríkissjóð.

Hvað snertir 4% niðurskurð á launakostnaði var hann ákveðinn í fjárlögum sem samþykkt voru hér í upphafi ársins. Á undanförnum vikum hefur fjmrn. efnt til viðræðufunda við fagráðuneytin um framkvæmd þessa markmiðs. Meginreglan er sú að hvert fagráðuneyti annast framkvæmd þessa markmiðs á sínum vettvangi og á þeim stofnunum sem undir þau heyra, en fjmrn. áskilur sér rétt til þess að fylgjast með og tryggja að markmiðinu verði náð.

Það hefur einnig komið til umræðu að kynna framgang þessarar vinnu fyrir þingflokkunum sérstaklega. Ég hafði hins vegar ekki haft tækifæri til að ræða það mál við formenn þingflokkanna en vil nota þetta tækifæri til að koma því sjónarmiði á framfæri. Við höfum einnig lagt drög að því að kynna fjvn. það sérstaklega og óska eftir náinni samvinnu við fjvn. um framkvæmd þessa verks. Ég held að sú framkvæmd geti orðið öllum mjög lærdómsrík vegna þess að við erum sammála um að þarna er nauðsynlegt að tryggja betur aðhald með ýmsum hætti og reynt verður að gera ítarlega grein fyrir því hvernig til hefur tekist á öllum sviðum ríkisrekstursins og hjá einstökum stofnunum.

Ég vil hins vegar vegna þess sérstaka dæmis sem hv. þm. Friðrik Sophusson nefndi geta þess að á fundi með heilbrmrn. og fjmrn. var sérstaklega ákveðið að niðurskurður á ferðakostnaði, risnu, launakostnaði og öðrum þáttum ætti einnig að taka til hins mikla kostnaðar vegna ferðalaga lækna til útlanda. Menn hafa séð tölur um það sem sýna að það er langstærsta upphæðin að þessu leyti og þótt hún hafi í upphafi verið bundið samningum við læknana var það sameiginleg niðurstaða okkar og heilbrmrn. að kalla fulltrúa læknafélaganna til fundar, kynna þeim þessa niðurstöðu Alþingis og þessi verk ráðuneytanna og óska eftir þátttöku læknanna í þessum niðurskurði einnig hvað snertir ferðakostnað þeirra.

Það verður svo að koma í ljós í framhaldinu hvort þeir verða reiðubúnir til þess eða ekki. Þess vegna tel ég að sá fréttaflutningur sem hv. þm. vísaði til gefi ekki nægilega ítarlega mynd af því hvað þarna er á ferðinni og hef ákveðið í tilefni af þessari frétt að skrifa heilbrmrh. og framkvæmdastjóra ríkisspítalanna sérstakt bréf til að ítreka þessa sameiginlegu niðurstöðu heilbrmrn. og fjmrn. Við munum síðan í fjmrn. eftir helgina, vegna þess að við erum samningsaðilar við læknana um þetta atriði, kveðja fulltrúa læknafélaganna sérstaklega til fundar til að greina þeim frá því að það er bæði efnislega og siðferðilega rétt að læknarnir taki eins og aðrir þjóðfélagshópar og aðrir starfsmenn ríkisins þátt í þessu sameiginlega sparnaðarátaki, en þeir sitji ekki nánast einir til hliðar með mestu forréttindin, stærstu fjármunina hjá sér.

Ég ætla ekki á þessu stigi að segja neitt um hver niðurstaðan af þessum viðræðum verður, en taldi nauðsynlegt að greina þinginu frá því að gefnu tilefni frá hv. þm. Friðrik Sophussyni að það verður efnt til slíkra sérstakra viðræðna við forustumenn lækna um þátttöku þeirra í þessu atriði.

Hvað fjárfestingarskattinn snertir, þá er þar um að ræða vinnu sem á þessu stigi er fyrst og fremst almenn könnunarvinna, fræðileg vinna í skattamálum, sem miðast að því að athuga hvort almennur fjárfestingarskattur geti orðið gagnlegt stjórntæki til að draga úr eða auka fjárfestingu í þjóðfélaginu eftir ástandi í hagkerfinu hverju sinni og eftir almennum markmiðum og hann geti þá komið í staðinn fyrir ýmsa sérstaka og afmarkaða skatta sem byggðir eru kannski á fjárfestingu eins og skatturinn á skrifstofu- og verslunarhúsnæði eða vörugjald á byggingarvörur sem með vissum hætti og allir hafa viðurkennt fela í sér ákveðna mismunun.

Hv. þm. spurði einnig að því hvort fjármögnun gæðaátaks í sjávarútvegi fæli í sér nýtt fé. Það mun það gera að einhverju leyti, jafnvel verulegu leyti ef og þegar sú ákvörðun verður endanlega tekin.

Hvað vörugjaldið snertir hefur verið gefin út reglugerð þar sem leyst hefur verið úr mestu erfiðleikunum sem forsvarsmenn innlends iðnaðar töldu vera í framkvæmd vörugjaldsins þó að það sé út af fyrir sig alveg ljóst að þeir eru ekki fyllilega ánægðir með alla þá niðurstöðu. Við munum hins vegar halda áfram viðræðum við fulltrúa iðnaðarins um þetta atriði. Þeir hafa komið fram með ýmsar hugmyndir í þessum efnum, tillögur um breytingar á vörugjaldi og ýmsum öðrum þáttum sem ég hef falið embættismönnum fjmrn. að skoða sérstaklega og ræða við fulltrúa samtaka iðnaðarins. Ef niðurstaða fæst í þeim efnum fljótlega munum við kynna hana, en ýmsar þær hugmyndir sem fulltrúar iðnaðarins hafa sett fram eru mjög víðtækar, róttækar en athyglisverðar og við munum vissulega leggja mikla vinnu í að skoða þær mjög ítarlega.

Að lokum, virðulegi forseti, og ég hef kannski orðið langorðari en ég ætlaði mér en ég vildi þó víkja að öllum þessum atriðum sem hv. þm. spurði um, á ég eftir þá spurningu hans sem snertir ummæli mín í viðtali við Þjóðviljann um pólitíska fjárfestingu í atvinnulífi á Íslandi.

Það væri vissulega tilefni til að ræða það mál lengi hér í þinginu og fara yfir sögu síðustu áratuga í þeim efnum. Ég vænti þess þó að öllum hv. þm. sé kunnugt um að pólitískra áhrifa hefur gætt mjög víða varðandi uppbyggingu fyrirtækja bæði í sjávarútvegi, landbúnaði og á öðrum sviðum. Við þekkjum m.a. af ágætum málflutningi og framgöngu hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar hvernig fjárfesting í sláturhúsum, í ullarvöruiðnaði hefur að hans dómi og margra tengst ákveðnum pólitískum og viðskiptalegum hagsmunum. Við þekkjum dæmi úr fjölmörgum byggðarlögum. (**FrS:** Er þá átt við SÍS og

Framsfl.?) Af því tilviki annars vegar SÍS og Framsfl. og hins vegar aðra aðila, hv. þm. Friðrik Sophusson, sem hafa ekki verið í þeim pólitísku tengslum en hafa viljað koma sér upp hliðstæðri atvinnustarfsemi. Ég gæti líka nefnt byggðarlag sem ég ólst upp í í nokkuð mörg ár sem ungur maður, Dýrafjörð, þar sem lengi hafði starfað kaupfélag sem stundaði fiskverkun og þar sem forustumenn í Sjálfstfl. í byggðarlaginu töldu einnig nauðsynlegt að koma sér upp sinni fiskverkun og sínu verslunarfyrirtæki til þess að sjálfstæðismennirnir og aðrir pólitískir andstæðingar kaupfélagsins þyrftu ekki að sækja sína vinnu eða sín verslunarviðskipti eingöngu þangað.

Við getum rakið sögu Patreksfjarðar og glímu fyrirtækjanna þar. Ég hugsa að hina erfiðu stöðu Patreksfjarðar í dag megi að hluta til skýra með ákvörðunum sem hafa að einhverju leyti tekið mið af pólitískum sjónarmiðum og ætla ég þá ekki að dæma um hvort þau eru góð eða ill.

Þannig getum við farið allt í kringum landið og skoðað sögu þingsins, sögu ríkisstjórna og sögu forustumanna í atvinnulífinu þar sem við vitum öll að saman hafa tvinnast hagsmunagæsla og pólitískur erindrekstur, það sem sumir kalla fyrirgreiðslupólitík, og baráttan í byggðarlögunum um atvinnuna, fyrirtækin og pólitíska forsjárhagsmuni.

Við höfum haft ákvarðanir ríkisstjórna í þessum efnum bæði um skipakaup, um stofnun fyrirtækja. Við höfum haft Byggðastofnun og stjórn hennar í gegnum tíðina. Ég nefni t.d., hv. þm. Friðrik Sophusson, harða baráttu hv. þm. og annarra forustumanna Sjálfstfl. gegn Framkvæmdastofnun á sínum tíma vegna þess að þeir töldu hana hafa rutt brautina fyrir verulega pólitíska fjárfestingu. Þannig gæti ég rakið lengi hér.

Ég hélt satt að segja og þess vegna kom þessi fyrirspurn mér dálítið á óvart að það væri almennt viðurkennt af öllum hv. þm. að í okkar litla þjóðfélagi hefði á undanförnum árum og áratugum orðið töluverð fjárfesting í atvinnulífi sem ætti sér ekki bara rekstrarlegar og viðskiptalegar forsendur heldur líka pólitískar.

Ég tel þó að á vegum þessarar ríkisstjórnar hafi verið reynt að tryggja með faglegum vinnubrögðum að það endurmat og sú uppstokkun sem fram fer í atvinnulífinu sé fyrst og fremst byggð á rekstrarlegum og faglegum sjónarmiðum en þar gæti ekki sérstakrar pólitískrar hagsmunagæslu. Mér finnst t.d. ánægjulegt hvað vel hefur tekist til í stjórn Atvinnutryggingarsjóðs að gæta faglegra og rekstrarlegra sjónarmiða og hve lítil gagnrýni er nú á ákvarðanir sjóðsstjórnar þótt í upphafi hafi margir talið að hún yrði fyrst og fremst vettvangur fyrir útdeilingar pólitískra styrkja. Það hefur hún ekki orðið heldur fyrst og fremst faglegur vettvangur þar sem viðskiptaleg og rekstrarleg sjónarmið hafa ráðið.

Virðulegi forseti. Ég gat þess í upphafi að þegar skipulag þessarar umræðu var mér kynnt var mér gefin til kynna ákveðin tímasetning sem ég tók alvarlega. Ég verð því miður, þó ég viti að það er ekki góður siður, að bregða mér burtu í 15–20 mínútur, vona að það verði ekki til þess að trufla umræðuna, en mun koma þegar að vörmu spori aftur til að hlýða á athugasemdir manna við mín svör eða reiða þá fram nánari skýringar ef óskað er.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Mér er nokkur vandi á höndum því ég er með fleiri blöð útskrifuð af spurningum. Þó eru margar þær hinar sömu hjá ýmsum ræðumönnum og sömuleiðis er búið að ræða þessi efnahagsmál, eins og hér hefur margsinnis verið sagt, nánast í þaula undir fjölmörgum liðum eins og efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar og fleira og ég mun reyna að taka tillit til þess sem hér hefur áður komið fram.

Ég vil í fyrsta lagi taka undir það með hv. þm. Þorsteini Pálssyni að vissulega er viðskiptahallinn áhyggjuefni og hann er í fáum orðum sá mælikvarði sem við höfum á heildarútkomuna í þjóðarbúinu. Hins vegar verða menn að varast að taka þær tölur algjörlega bókstaflega. Það er ýmislegt sem hefur áhrif á þær annað en gengi, t.d. sú mikla þensla sem hefur verið í þjóðfélaginu upp á síðkastið og hefur vitanlega stórlega aukið kaupmáttinn, en nú bendir allt til þess að mjög muni úr henni draga. Viðskiptahalli á þessu ári samkvæmt síðustu tölum sem eru komnar út er talinn vera um 4,1% þjóðartekna eða rúmlega 10 milljarðar kr. Það er allt of hátt. En það er vert að hafa í huga að í þessari tölu er t.d. sala á flugvélum sem hefur bætt viðskiptahallann og lækkað hann. Þarna eru líka kaup á skipum sem eru afar mikil enn þá á síðasta ári.

Nú er spáð að draga muni úr viðskiptahalla á næsta ári og hann verði þá um 3,3% eða um 9,6 milljarðar kr. Í því er t.d. ein flugvél Flugleiða sem er upp á 3 milljarða kr. og eykur þennan viðskiptahalla mjög. Nýlegar tölur um vöruskipti, sem eru komnar út á vegum Hagstofunnar og ég hygg að menn hafi heyrt í fréttum, benda til þess að mjög dragi úr vöruskiptahallanum. Það nálgast að hann sé í jafnvægi um síðustu áramót. Hallinn þar, ef ég man rétt, er upp á 800 millj. kr. Því er spáð að vöruskiptajöfnuðurinn muni lagast á þessu ári þrátt fyrir að samdráttur verði í þjóðarframleiðslunni og alveg sérstaklega muni hann lagast þegar tekið er tillit til kaupa á þeirri flugvél sem ég talaði um áður.

Ég vil geta þess að flugvélakaup Flugleiða eru talin munu vega á árinu 1990 um 6 milljarðar kr. og það er mikil spurning hvernig á að taka slíkt inn í viðskiptahallann því þetta er að öllu leyti fjármagnað með erlendum lánum og með engum innlendum veðum í flugvélinni. En engu að síður tek ég undir að viðskiptahallinn er mikið alvörumál.

Ég get getið þess að Vilhjálmur Egilsson hagfræðingur hjá verslunarráði telur að meira muni draga úr viðskiptahalla á þessu ári vegna þess að hann telur að meira muni draga úr þenslunni en ríkisstjórnin hefur talið rétt að gera ráð fyrir og þess vegna muni kaupmátturinn lækka meira. Hann telur að vísu að

það muni leiða til meira atvinnuleysis en ríkisstjórnin telur viðunandi.

Mikið hefur verið talað um rekstrarstöðuna í sjávarútvegi og ég fór yfir síðustu tölur í því sambandi, eða við skulum segja næstsíðustu tölur í því sambandi frá Þjóðhagsstofnun í umræðu í Ed. fyrir tveimur dögum. Í þeirri niðurstöðu fyrir botnfiskvinnsluna var talið að frystingin væri með halla upp á u.þ.b. 0,3% en saltfiskurinn með jákvæða afkomu upp á 6,8% og því heildarafkoman ef ég man rétt eitthvað um 3% í plús.

Það er rétt að taka fram að þegar þetta var gert var ekki tekið inn mat á áhrifum tolla sem hugsanlega verða hærri í Evrópubandalaginu en verið hefur vegna þess að af einhverjum ástæðum virðumst við ekki hafa náð að flytja nema mjög lítið út af fiski inn á þennan tollfrjálsa GATT-kvóta sem er um 24.000 tonn, 24–25.000 tonn. Það er að vísu fundur í dag hjá stjórn Evrópubandalagsins sem ákveður tolla á viðbótarinnflutningi og þótt menn hafi óttast að hann kynni að verða 13% þá eru þó uppi raddir um að hann kunni að verða töluvert lægri.

Ef þessi tollur allur fellur á saltfiskinn versnar afkoman þar mjög og yrði þá líklega 2% í plús og það munar mjög miklu. Þarna eru óvissuþættir sem ekki liggja ljósir fyrir.

Dollarinn hefur lækkað smávegis aftur. Ég kynnti mér þetta í morgun til að hafa síðustu upplýsingar. Þá versnar aftur hjá frystingunni. Það leikur þarna rétt fyrir ofan núllið eða rétt fyrir neðan núllið. Hinu má svo alls ekki gleyma að í þessu er reiknað með 6% arðsemi stofnfjár og það er of lágt til að standa undir fjármagnskostnaði. Það sýna allar þær tölur sem nú liggja fyrir um þessi atriði. Ég vil því alls ekki draga úr því að rekstrarafkoman er erfið. Hitt má svo gjarnan koma fram að ég fékk þær upplýsingar frá Þjóðhagsstofnun að ef t.d. einn þriðji af lökustu frystihúsum er ekki tekinn með bætir það afkomuna um 2–3%. Við höfum talað um það í sambandi við hlutafjársjóðinn að þar þurfi að koma til mikil tilfærsla fjármagns til að auka eigið fé í frystingunni sérstaklega, líklega um 2 milljarða. 2 milljarðar eru um 8% af heildarsöluverðmæti í botnfiskvinnslunni svo að þar er verið að tala um heljarmikla tilfærslu.

Ég svara því strax að það er rangt, sem kom fram áðan hjá hv. 5. þm. Austurl., að þarna væri um að ræða að ríkið ætlaði að leggja undir sig þessi fyrirtæki. Þarna er um það að ræða að sjóðir, Byggðastofnun, bankar og fleiri verði reiðubúnir, það hefur ekki reynt á það til fullnustu enn, að breyta einhverju af skuldum þessara stofnana við ýmis fyrirtæki í hlutafé. Ég skýrði frá því í hv. Ed. að í Byggðastofnun liggur þegar fyrir áætlun um að breyta þurfi um 400 millj. kr. í hlutafé. Vitanlega er von allra að þetta hlutafé endurheimtist og unnt verði að selja það heimaaðilum og einkaaðilum sem fyrst og þá geti hlutafjársjóðurinn greitt þau hlutdeildarskírteini sem viðkomandi stofnanir hafa keypt í hlutafjársjóðnum. Þarna yrði um að ræða verulega tilfærslu fjármagns sem ekki er inni í þessum reikningum.

Ég endurtek að ég er ekki með þessu að segja að afkoman sé of góð. Því fer víðs fjarri. Þessi ríkisstjórn fylgir hins vegar þeirri stefnu að fara ekki í kollsteypum út úr þessum vanda. Við höfum ekki trú á að það mundi takast og teljum að það beri að vinna sig jafnt og þétt úr vandanum.

Hv. þm. Þorsteinn Pálsson ræddi um lækkun á verði á matvælum og það gerði hv. þm. Friðrik Sophusson ef ég man rétt. Það er rétt að í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er beinlínis gert ráð fyrir þessu og að því er unnið nú með athugun í fjmrn. hvort unnt er að afla tekna á móti eftir öðrum leiðum. Ég get ekki sagt nú hver niðurstaðan af því verður, en að þessu er unnið og bæði skoðað hvort kemur til greina að hafa annað söluskattsstig á nauðsynlegustu matvælum og þá sérstaklega innlendum matvælum, matvælum sem auðvelt er að rekja t.d. til seljenda og greina í sundur í verslunum, eða hvort komi til greina að auka niðurgreiðslur.

Hv. þm. spurði um gjaldskrá orkufyrirtækja ef ég hef skrifað hjá mér rétt og vísar til þeirrar viðleitni ríkisstjórnarinnar að halda aftur af miklum hækkunum. Fyrir liggur frv. til l. um tímabundið samþykki verðlagsyfirvalda á hækkunarhugmyndum orkufyrirtækja. Ég get greint frá því að stjórn Landsvirkjunar mun hafa samþykkt í morgun að gera ráð fyrir 8% hækkun orku Landsvirkjunar. Ég fagna því að þarna hefur orðið mikil breyting á frá fyrstu hugmyndum sem sú stofnun sendi frá sér. Fyrstu hugmyndir voru um 31% hækkun. (**Gripið fram í:** Ekki stjórnarinnar.) Nei, en forstjóri stofnunarinnar bað um athugun á þeirri hugmynd. Síðan var í stjórn stofnunarinnar rætt um 17% hækkun og nú er þar rætt um 8% hækkun. Þetta tel ég mikla framför. Vitanlega er það gert í skjóli þess að það var gert ráð fyrir minni arði af eigin fé. Eigið fé Landsvirkjunar eru 17 milljarðar og það þætti gott í sjávarútveginum. Það hefur ætíð verið gert ráð fyrir því að arðsemi eigin fjár þyrfti að vera á bilinu 3–5% og stjórnin hefur ákveðið núna að reikna með heldur lægra lagi arðsemi eins og nú er ástatt. Þessu ber því að fagna. (**FrS:** Til hvers þá að vera að setja lögin?) Ja, getur ekki vel verið að lagasetningin hafi valdið einhverju hér um? Ég gæti vel trúað því. Og ég gæti vel trúað því að stjórn Landsvirkjunar hafi valið þann kostinn að óska eftir hækkun sem hún teldi meiri líkur á að yrði síðan samþykkt.

Það er mikið búið að ræða um fjármagnsmarkaðinn við mörg tækifæri og menn segja eins og hv. 5. þm. Austurl.: Af hverju ekki að gera eins og Svíar? Ja, af hverju ekki að gera eins og Svíar? Ég tek undir það. Af hverju afnemum við ekki lánskjaravísitölu sem Svíar hafa ekki leyft t.d.? Svíum er ljóst að það er ekki hægt að tryggja fjármagn umfram það sem þjóðarbúið gefur af sér. Meira að segja gerðist það fyrir skömmu í Svíþjóð að nokkur byggingarfyrirtæki tóku upp á því að verðtryggja sína samninga. Sænska ríkisstjórnin setti á fót nefnd til að athuga hvaða hættur þessu fylgja. Sú nefnd skrifaði ítarlega skýrslu og varaði við slíkri verðtryggingu, en komst reyndar

að þeirri niðurstöðu að þetta væri svo takmarkað að það væri ekki ástæða til að óttast að þetta hefði áhrif nú. Af hverju ekki að skoða hvaða reglur Svíar setja um notkun greiðslukorta eða um verðbréfamarkaðinn eða um eignarleigufyrirtækin? Mér er t.d. tjáð að Svíar séu með mjög strangar reglur um eignarleigufyrirtæki, miklu strangari en hér tíðkast. Hér eru þær í raun engar. Þá getum við farið að bera saman þessa hluti. Staðreyndin er jafnframt sú að Svíar búa við miklu, miklu meira jafnvægi í sínum efnahagsmálum en við höfum náð og þar er skuldsetning fyrirtækja í atvinnulífinu ekki nema brot af því sem er hér. Þannig gæti ég haldið áfram að tala um samanburðinn. Já, tökum Svía okkur til fyrirmyndar. Ég er sannarlega til í það.

Ég ætla að hlaupa nokkuð hratt yfir. Hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson ræddi mikið um gengið eins og margir hafa gert hér og lýsti undrun sinni á því að svo skuli ástatt sem raun ber vitni þrátt fyrir góðærið. Ég hef rætt þetta margsinnis. Þetta er alveg hárrétt. Menn í atvinnugreininni segja að það sé vegna þess að gengi var haldið föstu í allmarga mánuði, reyndar í 15 mánuði. Eflaust hefur þar verið of langt gengið að þessu leyti og menn hafa þess vegna ekki notið þessa góðæris eins mikið og æskilegt hefði verið. Hins vegar er það afar athyglisvert, sem kemur fram á línuriti sem samtök fiskvinnslustöðva dreifðu fyrir nokkrum dögum og ég veit að hv. þm. var þar, en það sýnir að verð á afurðum hækkar miklu meira en raungengið á þessum tímum svo að þrátt fyrir það að gengi var haldið föstu á að hafa myndast verulegt fjármagn. En hvað varð um það? Það var líka spurning. Getur verið að þreföldun fjárfestingar í fiskiskipum hafi tekið góðan hluta af þessu o.s.frv.? Nú er búið að fella gengið á einu ári um 31%, nálægt því. Ég tala nú ekki um blessaðan dollarann sem hefur fallið um 36–37%. Þetta er virkilega athugunarefni.

Gengið hefur verið fellt mikið. Hvað þarf að fella það mikið meira? Fiskvinnslumenn segja núna 10–13%. Ég spyr: *Ætla menn þá að ráða við þær* kollsteypur sem því fylgja? Ætla menn að standa frammi fyrir launþegum og segja: Þið fáið engar hækkanir. Hv. þm. sagði: Gengisfelling með aðgerðum til að koma í veg fyrir að gengið fari út í verðlagið. Hárrétt. Það má þá ekki verða svo, eins og það varð 1986, að samningsaðilar komi til ríkisstjórnarinnar og segi: Ja, því miður náum við þessu ekki saman. Það vantar heilmikið fjármagn upp á og við verðum að lækka verð á bílum o.s.frv. til þess að ná saman samningum. Ég held að langtum betra í þessu öllu sé að fara að vinna sig út úr vandanum eins og ég hef margsinnis lagt áherslu á.

Ég held að staðreyndin sé sú að það er ekki rekstrartap hjá öllum. Því fer víðs fjarri. Ég þekki þess nokkur dæmi a.m.k., sem ég hef kynnt mér persónulega, að þetta hefur mjög breyst á seinni hluta síðasta árs og nú og framlegðin er allt önnur í janúar en hún var t.d. um mitt síðasta ár. Hins vegar veldur það mjög miklum vandræðum að afli hefur brugðist, gæftir hafa verið ákaflega erfiðar. Það eru hundruð milljóna sem þar hafa a.m.k. tímabundið glatast, en vonandi endurheimtast þær í meiri afla það sem eftir er vertíðar og árs.

Hv. þm. Friðrik Sophusson hefur, ef ég man rétt, flutt tvær ræður og komið víða við. Ég vil aðeins fyrst koma að því sem hv. 5. þm. Austurl. sagði áðan. Hann endurtók hvað eftir annað að hann næði ekki upp í eitthvað. Ég verð að segja það sama. Ég næ ekki upp í allt sem hann sagði í sinni ræðu og ekki víst að ég nái þess vegna að svara því. Er verið að ránýrkja atvinnuvegina o.s.frv.? Ég hélt að það væri nokkuð mikilvægt markmið að halda ríkissjóði hallalausum. Það er staðreynd sem ekki verður hrakin að skattheimta hér á landi er langt fyrir neðan það sem hún er hjá öðrum sambærilegum velferðarríkjum. Ég er ekki að mæla með því að hækka skatta eins og þar er, langt frá því, en ég þarf ekki að tala um það enn þá einu sinni hér að markmiðið var hallalaus ríkisbúskapur og vonandi tekst að halda honum þannig. En um leið og menn segja: Skattheimtan er of mikil, þá verða menn að svara hinni spurningunni. Á að draga úr velferðarkerfinu, á að draga úr heilbrigðiskerfinu, á að draga úr menntakerfinu? Þetta eru stóru liðirnir sem við erum að kljást við, um 60% útgjalda ríkissjóðs. Ég tek undir allt sem menn segja um aðhald og sparnað og sjálfsagt er að leita ráða.

Hv. þm. spurði: Af hverju var ekki stjórn Byggðastofnunar falið þetta verk? Vissulega hefði það komið til greina. Hins vegar er hér um mjög snöggt átak að ræða sem krefst gífurlega mikillar vinnu í þessari skuldbreytingu Atvinnutryggingarsjóðs. Ég vek athygli á að þetta verður allt fært undir Byggðastofnun 1. jan. 1991, ef ég man rétt.

Hv. þm. talaði um lán á lán ofan o.s.frv. Ég vek athygli á því að með Atvinnutryggingarsjóði er ekki verið að veita lán á lán ofan heldur á að skuldbreyta styttri lánum í lengri lán. Mér er það ánægjuefni hve margir sem hafa náð þessari skuldbreytingu hafa gert sér far um að ræða um það við mig hvað þetta hefur breytt greiðslustöðunni. (**KrP:** Hvað er svona vont við stjórn Byggðastofnunar?) Ekkert er vont við stjórn Byggðastofnunar. Þar sitja menn uppteknir á þingi m.a. Ég get ekki ætlað þeim að sitja yfir slíku daginn út og daginn inn eins og hefur verið nauðsynlegt.

Ég var að tala um greiðslubyrðina, en það er annað sem hefur komið mjög fram hjá þessum fyrirtækjum. Þau eru enn með stóran hluta af sínum lánum, einkum frá bankakerfinu, sem 2–3 ára lán. Það er afar nauðsynlegt að þau lán verði einnig lengd.

Hv. þm. Friðrik Sophusson kom víða við eins og ég sagði. Hann talaði í fyrri ræðu sinni um vestrænar aðgerðir í fjármálum. Ég tek út af fyrir sig undir það. Ég hef þegar rætt það. Ég ræddi um lánskjaravísitöluna. Hann vildi fá skýringu á hinum djúpstæða skipulagsvanda. Ég held satt best að segja að skuldastaða fyrirtækjanna sé mjög djúpstæður fjárhagslegur skipulagsvandi. Auk þess eru mörg fyrirtæki núna sjálf að ganga í gegnum verulega skipulagsbreytingu. T.d. hafa tvö fyrirtæki í Ólafsfirði sameinast sem er

áreiðanlega af hinu góða. Tvö fyrirtæki í Þorlákshöfn eru að tala um sameiningu. Þrjú fyrirtæki á Vestfjörðum eru að ræða um að sameinast um útgerð. Það er víðar sem svona hlutir eru í undirbúningi. En ég held að sérstaklega fjárhagsstaða fyrirtækjanna sé mjög djúpstætt vandamál sem nauðsynlegt er að taka á.

Hve mikið þarf raungengið að lækka? Raungengið er þegar líklega komið rétt niður fyrir meðaltal þessa áratugs og kann að vera að það þurfi að lækka eitthvað meira, en það þarf að gerast með aðgerðum á ýmsum sviðum.

Viðskiptajöfnun hef ég rætt um og Landsvirkjun. Hv. þm. spurði um þær nafnvaxtahækkanir sem nú hafa orðið. Ég tel þær mjög slæmar og tel að þær séu á miklum misskilningi byggðar. Ég er margbúinn að segja að ég tek undir með þeim lærðu mönnum sem hafa vakið athygli á að það er ekki hægt að tryggja fjármagnið umfram getu atvinnulífsins og menn verða að sætta sig við það þegar verið er að fara í gegnum þessa erfiðleika að vextirnir séu lágir.

Það er hárrétt sem hv. þm. hafði eftir mér. Ég tel að útflutningsiðnaðurinn hafi farið miklu verr út úr fastgengistímabilinu en sjávarútvegurinn. Hann hafði ekki þá aflaaukningu sem sjávarútvegurinn fékk og það er áhyggjuefni. Af þessari ástæðu ákvað ríkisstjórnin að veita þeim útflutningsiðnaði sem stærstur er, þ.e. ullariðnaðinum, sambærilega aðstoð og frystingin fær í gegnum Verðjöfnunarsjóð. (**FrS:** En raforkan til útflutningsiðnaðarins?) Já, raforkan til útflutningsiðnaðarins. Sú lækkun raforku sem hér er um að ræða er bundin við jafna nýtingu og það er afar lítið, hygg ég, af útflutningsiðnaði sem getur það. Þó má vera að ullariðnaðurinn geti það ef unnið er þar dag og nót, en það er ekki. (**FrS:** Hampiðjan.) Hampiðjan. Það kann að vera og það er sjálfsagt að athuga það. Ég er þeirrar skoðunar að þau fyrirtæki sem geta boðið upp á jafna nýtingu sem er hagkvæm fyrir raforkuiðnaðinn eigi að njóta sérstakra kjara og mér finnst sjálfsagt að skoða það. Ég get engu lofað um það núna.

Hv. þm. ræddi mikið um gengið og það sem hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson hefur um það skrifað. Ég hef þegar svarað þessu að verulegu leyti. Ég er þeirrar skoðunar að gengið sé afar mikilvægt og dreg ekkert úr því, en ég hygg hins vegar að það verði að vera afgangsstærð vegna þess að það hefur svo víðtæk áhrif í þjóðfélaginu á fjölmörgum sviðum sem m.a., eins og kom fram hjá hv. þm. hér, er nauðsynlegt að skoða um leið, m.a. með alls konar hliðarráðstöfunum og koma í veg fyrir að það gangi í gegnum allt efnahagslífið.

Hv. þm. spurði um skilagjald t.d. Frv. um slíkt liggur nú fyrir hjá stjórnarflokkunum og verður væntanlega lagt fram á Alþingi mjög fljótlega.

Ég vona, virðulegi forseti, að mér hafi tekist að svara flestu. Þó er hætt við því í þessari fljótu yfirferð að eitthvað hafi orðið út undan af mörgum og löngum ræðum, en ég læt lokið mínu máli.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Nú er forseti tilneyddur að gera hlé á þessari umræðu vegna þess að hv. 2. þm. Norðurl. v. hefur farið þess á leit að fá að ræða um gjöf menntamálaráðherra til Kennarasambands Íslands og hefur verið heimiluð hálftíma umræða skv. fyrri mgr. 32. gr. þingskapa.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Gjöf menntmrh. til Kennarasambands Íslands.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Tilefni þess að ég kem upp utan dagskrár er að spyrja hæstv. menntmrh. hvort réttar séu fregnir, sem mér bárust um hádegisbil í dag eða kl. að ganga eitt, um að hæstv. ráðherra hygðist í dag gefa eina af húseignum ríkisins félagasamtökum úti í bæ.

Hér er um að ræða, eins og hæstv. forseti hefur þegar frá greint, afmælisgjöf til kennarasamtaka Íslands og afmælisgjöfin á að vera hús gamla Kennaraskólans við Laufásveg. Sé þetta rétt er býsna frjálslega með eignir ríkisins farið. Hús þetta tilheyrir húseignum Kennaraháskóla Íslands og a.m.k. allt fram undir þetta hefur þar farið fram starfsemi á vegum Kennaraháskólans. Þar er einnig til húsa ein af stofnunum ríkisins, en það er Rannsóknastofnun uppeldismála.

Um þetta mál hefur ekki verið fjallað í fjvn. Ég leyfi mér að spyrja, vegna þess að formaður fjvn. er viðstaddur, hvort honum hafi borist um þetta fregnir. Og engar heimildir eru fyrir því á fjárlögum að ráðstafa þessari eign ríkisins með þessum hætti.

Ef þetta mál hefði borið að höndum fjvn. hefði vafalaust verið á því tekið með þeim hætti að aðilar sem málið varðar koma hefðu verið kallaðir fyrir þannig að þeim gæfist kostur á að gera sínar athugasemdir eða segja skoðun sína á málinu. Það eru fyrst og fremst forstöðumenn Kennaraháskólans og forstöðumaður Rannsóknastofnunar uppeldismála.

Nú vil ég láta þess getið að kennarasamtökin og kennarastéttin í landinu eiga vitaskuld margt gott skilið og þegar kennarasamtökin eiga 100 ára afmæli, sem mér skilst að sé í dag, er eðlilegt að þess sé minnst með einhverjum hætti. Það er svo þýðingarmikið starf sem þessir aðilar gegna í þjóðfélaginu. En ég lýsi jafnframt þeim skoðunum mínum að hér sé í hæsta máta óeðlilega að verki staðið af hæstv. menntmrh. og honum hefði verið í lófa lagið að bera þetta mál undir fjvn. eða leita sérstakrar lagaheimildar á Alþingi til þess að þetta mál geti gengið fram með formlegum hætti ef það hefði þá verið vilji Alþingis að ráðstafa húsinu á þennan hátt.

Þess vegna leyfi ég mér að ítreka fyrirspurn mína hvort þessar fregnir séu réttar og lýsi því að séu þær réttar sé hér farið fram hjá eðlilegum reglum.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að þakka hv. þm. Pálma Jónssyni fyrir að nefna mál þetta hér og fyrir að bera það upp við mig í dag í þinginu vegna þess að það var ekki ætlan mín að fara á neinn hátt á bak við þingið með mál af þessu tagi. Það vill þannig til sem betur fer fyrir þjóðina að einstakir ráðherrar geta ekki gefið hús né heldur aðrar eignir ríkisins. Það verður ekki gert nema með lögum. Þegar þessi hugmynd kom upp í síðustu viku ræddi ég við formenn samstarfsflokka Alþb. í ríkisstjórninni, sömuleiðis við rektor Kennaraháskóla Íslands og ég taldi undirtektir svo góðar að það væri ástæða til að skoða málið enn frekar. Málið var síðan rætt í ríkisstjórninni og hún samþykkti fyrir sitt leyti að beita sér fyrir því að kennarasamtökunum, þ.e. Hinu íslenska kennarafélagi og Kennarasambandi Íslands, yrði afhent þetta hús, Kennaraskólinn við Laufásveg, með áskilnaði m.a. um að þar fengi Rannsóknastofnun uppeldismála að vera áfram eftir nánari samningum sem fram færu á milli aðila. Það er þess vegna ljóst að af afhendingu og endanlegri niðurstöðu í þessu máli getur ekki orðið fyrr en Alþingi hefur samþykkt sín fjárlög fyrir árið 1990, það segir sig sjálft. En eftir stendur þessi afstaða þeirra sem að ríkisstjórninni standa, að beita sér fyrir þessu.

Ég satt að segja hélt að hv. 2. þm. Norðurl. v. þekkti mig svo vel að hann léti sér ekki detta í hug að ég væri það illa að mér í stjórnskipun landsins að ég kynni ekki þetta ferli. Mér þykir leitt að honum skuli hafa dottið það í hug, en ég vænti að ég hafi leiðrétt þann misskilning.

Ég tek það fram að hér er um að ræða bæði Hið íslenska kennarafélag og Kennarasamband Íslands, en það eru nákvæmlega 100 ár liðin í dag síðan 20 kennarar frá ýmsum menntastofnunum í landinu, eins og það heitir í fundargerð, komu saman til þess að stofna Hið íslenska kennarafélag. Það starfaði síðan um nokkuð skeið. Svo var endurvakið félag með þessu nafni. Ég tel satt að segja að það sé einkar vel við hæfi að kennarasamtökin fái þetta hús til afnota fyrir starfsemi sína og að þannig verði tryggt að það tengist um aldur og ævi starfi kennarastéttarinnar á Íslandi.

Ég vænti þess, virðulegi forseti, að ég hafi svarað þeirri fyrirspurn sem til mín var beint.

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Hv. 2. þm. Norðurl. v. spurði að því í ræðu sinni áðan hvort mér hefði verið sagt frá þessu sem formanni fjvn. Sem svar við þeirri spurningu get ég upplýst að ég heyrði fyrst af þessu máli fyrir u.þ.b. þremur stundarfjórðungum þegar hv. 2. þm. Norðurl. v. tjáði mér að honum hefði verið sagt þetta og hann var fyrstur mér til að segja.

Það fer ekkert á milli mála að ef það hefði verið leitað til mín sem formanns fjvn. með upplýsingar af þessu tagi hefði ég lagt þær upplýsingar fyrir fjvn. og óskað eftir afstöðu hennar. Það eru aðeins þrjár vikur síðan Alþingi afgreiddi fjárlög þar sem m.a. eru afgreiddar heimildir til ríkisstjórnarinnar um ráðstöfun á ríkiseignum. Það er alveg ljóst, svo sem hæstv. menntmrh. sagði hér áðan, að hér er ekki um það að ræða að þessari eign sé ráðstafað því að til þess hefur ríkisstjórnin ekki heimild.

Ég ítreka hins vegar það sem hæstv. ráðherra sagði, að meginefni í samþykkt ríkisstjórnarinnar er að hún muni leggja það fyrir Alþingi að þessi heimild verði veitt til ráðstöfunar á húsnæðinu og það er því að sjálfsögðu Alþingi sjálft sem endanlega tekur ákvörðunina. Ríkisstjórnin er aðeins að kynna þarna fyrir fram þá tillögu sem hún mun gera, annaðhvort síðar á árinu eða við afgreiðslu fjárlaga.

Það vill svo til að þegar stóratburði ber snöggt að verða menn kannski að hafa hraðar hendur.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans sem voru kannski nokkuð sérkennileg en þó báru þau með sér að hæstv. ráðherra hyggst breyta þeirri áætlun ríkisstjórnarinnar og þeirri áætlun sinni að gefa þetta hús í dag. Hæstv. ráðherra hyggst hins vegar tilkynna að það muni verða gerð tillaga um það í næsta fjárlagafrv. að þessi ráðstöfun eigna verði gerð með næstu fjárlögum. Þarna er sérkennilega að verki staðið. Ég man ekki eftir því í annan tíma að þannig tilkynningar hafi borist á afmælishátíð einstakra aðila í landinu frá starfandi ríkisstjórn eða einstökum hæstv. ráðherra.

En ég hef út af fyrir sig ekkert við það að athuga að hæstv. ríkisstjórn tilkynni í dag og á morgun og alla næstu daga hvaða tillögur hún ætlar að gera í næsta fjárlagaafrv. Það er auðvitað forvitnilegt fyrir okkur að heyra í sem flestum greinum hvaða tillögur hún muni þá leggja fyrir Alþingi, en ég skil það svo að sú athugasemd sem ég hef hér gert hafi ráðið því að hæstv. ríkisstjórn hafi ekki árætt að fara að með þeim óeðlilega hætti sem mér bárust fregnir um að til stæði í dag.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það má segja sem svo að stundum fréttir maður hina ólíklegustu hluti úti í bæ og það setur að manni efa hvort það sé satt eða hvort það sé bara lygi. Ég heyrði á skotspónum að hæstv. forseti hefði hugsað sér að gefa þinghúsið að kórónunni undanskilinni. En auðvitað treysti ég því að þetta sé ekki satt. Nú hefur hæstv. menntmrh. lýst því yfir að það sé ekki satt að hann ætli að gefa gamla Kennaraskólann af þeirri ástæðu að hann sé ekki eigandi að skólanum en beri mikinn og góðan hug til kennarasamtakanna. Mér þykja þetta góðar fréttir og vona að það fari ekki milli mála í framtíðinni að menn virði hinn eðlilega samskiptavettvang ráðherra og þingmanna þegar um eignir ríkisins er að ræða og að valdið til að ráðstafa eignum ríkisins er hjá Alþingi og hvergi annars staðar þó auðvitað hafi ráðherrar tillögu- og málfrelsi í þeim efnum og jafnframt atkvæðisrétt sem þingmenn.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þær góðu undirtektir sem þessi áform ríkisstjórnarinnar hafa fengið í dag, bæði í máli hv. 2. þm. Vestf. og hv. 2. þm. Norðurl. v., svo og þakka ég þau ummæli sem fram komu frá hv. 5. þm. Vestf., formanni fjvn. Ég vænti þess að þessar undirtektir og ummæli séu öll til marks um að þingið muni að sjálfsögðu sameinast um þá skynsamlegu niðurstöðu að tengja Kennaraskólahúsið með þessum hætti til langframa kennarasamtökunum á Íslandi.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er við hæfi að byrja á því að óska þessum tveimur merku félögum til hamingju með daginn og vel við hæfi að þessari merku stétt skuli ætluð gjöf á þessum degi. Vissulega mætti sá hugur birtast oftar til þessarar stéttar og skólamála almennt. Afmælið hefur eflaust borið brátt að og því lítill tími gefist til undirbúnings og því verða einhver lögformleg mistök, en vonandi verða þau ekki til þess að varpa þeim skugga á þetta mál að það leysist ekki farsællega og allir geti orðið sáttir við málalok því það er sannarlega leitt til þess að vita að sá skuggi skuli falla á þennan dag bæði dagsins vegna og gjafarinnar vegna og um það skuli vera orðaskak.

Umrætt hús á sér að sönnu merka sögu. Þar hafa aðaluppalendur barna hér á landi kynslóð fram af kynslóð hlotið sína menntun. Því er kannski ekki óeðlilegt að Kennaraháskóla Íslands, sem nú hefur að vísu bæði hlotið nýtt nafn og annað húsnæði, finnist hann eiga nokkurt tilkall til hússins. Mér er kunnugt um að þeir höfðu uppi ákveðin áform um notkun þessa húss þó að vonbrigði þeirra hafi að vísu verið einhver í sambandi við fjárveitingar t.d. sl. árs sem voru notaðar til annars en þess að gera þetta hús upp. Þó segir mér hugur um að óánægja þeirra núna stafi ekki endilega af því að gefa skuli húsið heldur að það hafi, eins og ég sagði áðan, borið fullbrátt að og hefðu viljað að haft hefði verið aðeins meira samráð við þá.

En ég efast ekki um að hæstv. menntmrh. mun bæta þar um og málið er ábyggilega ekki þyngra í vöfum en svo að allir geti setið á sátts höfði þegar upp er staðið.

Ég ítreka aftur hamingjuóskir til handa þessum félögum og bið hæstv. menntmrh. að bera þeim árnaðaróskir og kveðjur.

Tilkynning frá ríkisstjórninni, frh. umr.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Það eru bráðum þrjár vikur síðan þessi umræða hófst um tilkynningu ríkisstjórnarinnar um aðgerðir í efnahagsmálum, hinar endanlegu og varanlegu efnahagsaðgerðir sem taka áttu við af svonefndum biðleik. Það er svo til marks um hvernig að stjórn efnahagsmálanna og þingsins er staðið að framhald þessarar umræðu verður fyrst þegar hátt í þrjár vikur eru liðnar frá því að málið var fyrst borið hér inn á Alþingi. Menn hljóta þá að spyrja hvort mikið hafi verið um að vera í mikilvægri lagasetningu eða mikilvægum stjórnarathöfnum hæstv. ríkisstjórnar, en ekkert slíkt hefur tafið áframhaldandi umræður hér í þinginu. Það var svo kannski enn fremur táknrænt um ástandið almennt að framhaldsumræðan hófst svo með hefðbundinni uppákomu í stjórn þingsins sem er farin að einkenna þingstjórnina með alveg sérstökum hætti og dregur væntanlega dám af stjórn landsins að öðru leyti en er sérstakt íhugunarefni ekki síst með tilliti til virðingar og sóma löggjafarsamkomunnar. (**Forseti:** Má forseti biðja hv. þm. að útskýra nákvæmlega á hvern hátt var öðruvísi að farið með upphaf þessa fundar. Annað er beinlínis vítavert.) Ég veit að ég þarf ekki að rekja það hér aftur, frú forseti, með hvaða hætti fundurinn hófst og þær deilur sem upp risu þá milli hæstv. forseta og 2. þm. Norðurl. e., en atburðir af því tagi eru ekki alveg óalgengir í þinginu um þessar mundir.

En ef ég vík svo að efni málsins má kannski segja að þó að þessi ríkisstjórn hafi verið gagnrýnd, einkanlega fyrir að hafa ekki viljað horfast í augu við þá staðreynd að raungengi krónunnar er rangt skráð, og enginn viðurkennt það oftar en hæstv. forsrh., hefur þessi hæstv. ríkisstjórn staðið fyrir meira gengisfalli en nokkrar aðrar ríkisstjórnir. Hún hefur staðið fyrir gengisfalli stóryrðanna með áhrifameiri hætti en nokkur önnur ríkisstjórn eða nokkrir aðrir stjórnmálaleiðtogar í þessu landi.

Það voru ekki svo smá orð sem höfð voru þegar hæstv. ríkisstjórn tók við um það hvernig nú ætti að breyta um í íslenskum þjóðarbúskap. En það er ákaflega smátt sem eftir stendur þegar raunveruleikinn er borinn saman við stóru orðin. Það má því með nokkrum sanni segja að þessi umræða lýsi gengisfalli stóryrðanna hjá hæstv. ríkisstjórn.

Um þau markmið sem hæstv. ríkisstjórn hefur sett sér má segja þetta: Áfram í kjölfar biðleiksins eru gerðar varanlegar efnahagsráðstafanir sem eiga að leiða áframhaldandi varanlegan taprekstur ekki bara yfir sjávarútveginn í landinu heldur líka iðnaðinn í landinu eins og hæstv. forsrh. tók sérstaklega fram að ástæða væri til að hafa jafnvel enn meiri áhyggjur af.

Niðurstaðan af aðgerðunum er þessi: Sjávarútvegurinn í heild er rekinn með verulegu tapi. Það hefur komið fram í máli hæstv. forsrh. að botnfiskvinnsla sé nú rekin með nokkrum rekstrarafgangi. Það eru þó býsna kynlegar tölur þar sem ekki er tekið tillit til nýjustu breytinga sem átt hafa sér stað í rekstri fiskvinnslunnar eins og hæstv. forsrh. þó minntist á að átt hefðu sér stað bæði varðandi saltfiskvinnslu og nýjar breytingar á gengi bandaríkjadollars.

Það hafa nýlega komið fram af hálfu Samtaka fiskvinnslustöðvanna mjög alvarlegar gagnrýnisraddir og formlegar samþykktir sem lúta að því hvernig farið er með það lán sem Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins var falið að taka á sl. ári og á lögum sam-

kvæmt að endurgreiða og hefja endurgreiðslur á á þessu ári. Það hefur verið margsinnis á það minnt hér í umræðum að hæstv. sjútvrh. hafði gefið um það skýrar yfirlýsingar að þetta lán mundi ekki lenda á fiskvinnslunni heldur ríkissjóði, enda gæti fiskvinnslan við þessar aðstæður ekki risið undir því. Samt sem áður eru samþykkt lög frá hinu háa Alþingi um þessa lántöku þar sem skýrt og skilmerkilega er tekið fram að sjávarútvegurinn eigi að endurgreiða lánið og a.m.k. geti það fyrst gerst eftir þrjú ár að ríkissjóður yfirtaki það. Samkvæmt því er því stefnt að þriggja ára viðvarandi taprekstri í sjávarútveginum. Þessi mótmæli Samtaka fiskvinnslustöðvanna hefur hæstv. ríkisstjórn haft að engu þó að þau byggist á yfirlýsingum hæstv. sjútvrh. og séu gerð með beinni skírskotun til þeirra yfirlýsinga sem gefnar voru á fundi sjómanna.

Það liggja líka fyrir upplýsingar um að Seðlabanki Íslands metur það svo eftir að ríkisstjórnin hefur tekið ákvarðanir um hinar varanlegu efnahagsaðerðir að raungengi krónunnar muni hækka þegar líður á árið. Hæstv. forsrh. hefur lýst því hér að það þyrfti að lækka meira. En það er niðurstaða Seðlabankans eftir að efnahagsráðstafanirnar hafa verið gerðar að raungengið muni hækka þegar líður á árið. M.ö.o.: hér er verið að stefna að viðvarandi rekstrarhalla, engar ráðstafanir hafa verið gerðar til að bæta raunverulega úr vanda atvinnuveganna.

Að því er varðar markmiðið um lækkun verðbólgu hefur það líka mistekist. Eftir að ríkisstjórnin hafði forgöngu um það sjálf að brjóta verðstöðvunina á bak aftur fyrst ríkisstjórna á Íslandi til þess að bregðast þannig við tímabundinni aðgerð sem verðstöðvun er, að byrja á því að brjóta hana sjálf, þá hefur verðbólga farið upp á við á nýjan leik og ljóst er að hún mun samkvæmt fyrirliggjandi spám verða einhvers staðar á bilinu 20–30% á fyrri hluta þessa árs og flestum hlýtur að vera ljóst að þeir atburðir sem ekki er reiknað með eða ekki eru teknir inn í þessi reiknilíkön muni fremur ýta þessum tölum upp en niður. Þetta markmið hefur þess vegna ekki náðst, hvorki með biðleik né hinum varanlegu ráðstöfunum.

Þriðja stóra markmiðið var að lækka vexti. Það hefur enn ekki tekist og við heyrum daglega fréttir um að nafnvextir fari hækkandi á nýjan leik hversu mjög sem hæstv. ríkisstjórn ber sér á brjóst um að hin nýja handaflsleið hafi gerbreytt öllum aðstæðum á fjármagnsmarkaðnum. Hún hefur sannarlega gerbreytt ýmsu, en hún hefur ekki leitt til þess að vextir hafi lækkað, hvorki raunvextir né nafnvextir sem eru nú á hraðri uppleið. Hún hefur hins vegar leitt til þess að hér er nú meiri óvissa á fjármagnsmarkaði en um langan tíma svo að ekki sé dýpra í árinni tekið og aðgerðir hæstv. ríkisstjórnar í lánskjaravísitölumálinu hafa leitt til slíkrar óvissu að hæstv. ríkisstjórn á yfir höfði sér langvarandi málaferli með þar af leiðandi óvissu um lánskjaravísitöluna og sparnaðinn í landinu. Þar að auki liggur fyrir að ríkisstjórnin með aðgerðum sínum er að kalla yfir þjóðarbúskapinn stórauknar erlendar lántökur og frá því að hæstv. ríkisstjórn lagði fram fyrstu áætlun sína um erlendar lántökur á þessu ári fyrir aðeins um þremur mánuðum hafa áformin hækkað um 30 eða 50% um erlendar lántökur og eru sjálfsagt hvergi öll kurl komin til grafar enn í þeim efnum. Það er einmitt þetta sem gerir að verkum að vextirnir þrýstast upp á nýjan leik, að hæstv. ríkisstjórn neitar að gera þær ráðstafanir sem tryggja hallalausan rekstur atvinnuveganna, dæmir þá til þess að fjármagna reksturinn með auknum erlendum lántökum og stefnir að öðru leyti að því að auka erlendar lántökur. Það er þetta sem gerir að verkum að vextirnir þrýstast upp hvað sem góðum áformum hæstv. ríkisstjórnar líður. Þetta eru þær staðreyndir sem liggja fyrir.

Þá var svo fróðlegt að hlýða á mál hæstv. fjmrh. Auðvitað er það hans hlutverk í viðskiptum sínum við þá sem kaupa skuldabréf af ríkissjóði að ná sem hagkvæmustum kjörum. Það hygg ég að allir forverar hans í starfi hafi þurft að glíma við. Ég minnist þess a.m.k. frá sumrinu 1986 að þá fóru fram býsna mikil átök við lífeyrissjóðina. Þá stóð hins vegar svo vel á að ríkissjóður hafði þegar á miðju ári aflað þess lánsfjár með spariskírteinum sem fjárlög gerðu ráð fyrir og það var hægt að taka spariskírteinin tímabundið út af markaðnum til að ná settum markmiðum um lækkun vaxta með því að minnka eftirspurnina eftir lánsfjármagni.

Hvað svo sem hæstv. fjmrh. segir í þessu efni eru allar aðgerðir ríkisstjórnarinnar í því fólgnar að auka eftirspurn eftir lánsfjármagni og munu þess vegna óumflýjanlega og því miður hafa þau áhrif að vextirnir þrýstast upp á við aftur svo sem við lesum nú um í blöðum og heyrum í fréttum ljósvakafjölmiðla á hverjum degi.

Það er svo fróðlegt að hlýða hér á umræður hæstv. ráðherra um nauðsyn uppstokkunar og skipulagsbreytingar í sjávarútveginum. Sú skipulagsbreyting á að fara fram að mati hæstv. ráðherra með því að dæma höfuðatvinnuveg þjóðarinnar og iðnaðinn til viðvarandi hallareksturs. Er það ekki svolítið kyndug leið til að kalla á skipulagsbreytingar? Er ekki svolítið verið að fara aftan að hlutunum til að knýja á um skipulagsbreytingar að dæma höfuðatvinnuvegi þjóðarinnar til hallareksturs, koma svo upp hverjum sjóðinum á fætur öðrum til að veita lánsfjármagninu í gegn? Auðvitað þarf við slíkar aðstæður að byrja á því að hjálpa verst stöddu fyrirtækjunum í gegnum hið nýja sjóðakerfi sem verið er að byggja upp og ná þannig smám saman kommissaraáhrifum ríkisvaldsins og miðstjórnarvaldsins yfir atvinnulífinu úti á landsbyggðinni. Svo felst skipulagsbreytingin í því að bíða eftir því að best stöddu atvinnufyrirtækin komist í sömu stöðu og sjóðafyrirtækin eru í í dag. Ég sé ekki, hæstv. forsrh., að í þessari efnahagsstefnu felist líkur á vænlegri skipulagsbreytingu. Vafalaust verður úr þessu mikil skipulagsbreyting. En það verður ekki skipulagsbreyting sem ýtir undir best reknu atvinnufyrirtækin í landinu, leiði til þess að þau styrkist, skapi hér meiri verðmæti og tryggi bætt lífskjör. Nei, þvert á móti. Þessi skipulagsbreyting mun leiða til

þess að verðmætasköpunin verður minni í atvinnulífinu, afraksturinn minni og lífskjörin munu versna þegar til lengdar lætur.

Það er athyglisvert hvaða dóma stefna hæstv. ríkisstjórnar fær um þessar mundir. Það er ekki einasta að talsmenn Sjálfstfl. eða annarra stjórnarandstæðinga gagnrýni stjórnarstefnuna og sýni fram á í hvert óefni hún muni leiða íslenskt þjóðfélag heldur er það að gerast á síðustu vikum að ýmsir þeir úr stjórnarherbúðunum sem gerst þekkja, ýmist vegna afskipta sinna af atvinnulífinu sjálfu eða vegna fræðilegrar þekkingar á efnahagsmálum, koma fram á ritvöllinn og kveða upp þyngri dóma um efnahagsstefnuna en jafnvel þeir úr liði stjórnarandstöðunnar sem hvað harðast hafa kveðið að orði. Ég veit að ég þarf ekki enn á ný að minna á fræg ummæli Guðjóns B. Ólafssonar, forstjóra Sambandsins, sem sagði í lok janúar að tími væri til kominn að ríkisstjórnin sneri sér að alvörumálum. Með leyfi forseta sagði svo í frásögn DV af ræðu hans á spástefnu Stjórnunarfélagsins:

„Mál málanna er að í eitt skipti fyrir öll þarf að gera þær ráðstafanir í þjóðfélaginu sem duga. Það þarf að ná niður verðbólgunni og síðan þarf að skrá gengið rétt. Samspil okkar við önnur lönd er að verða nánara með hverjum mánuði sem líður og við höfum ekkert efni á því að halda að efnahagslögmál gildi ekki á okkar kletti. Þetta er alger blekking."

Hér er einmitt verið að vísa til þeirra yfirlýsinga hæstv. forsrh. að það sé meginatriðið í efnahagsstefnu núv. hæstv. ríkisstjórnar að hverfa frá viðurkenndum vestrænum aðferðum við stjórn efnahagsmála.

Hv. þm. Skúli Alexandersson ritar svo athyglisverða grein í dagblaðið Þjóðviljann í dag og ræðir þar einmitt um vaxtastefnuna. Í grein hv. þm. segir þetta, með leyfi forseta: „Óskir um vaxtalækkun eru óraunhæfar nema á tímum lögbundinnar kaup- og verðstöðvunar í þjóðfélagi þar sem undirstöðuatvinnuvegirnir eru reknir með tapi og framleiðslufyrirtæki þurfa stöðugt að leita eftir meira fjármagni til útlánsstofnana en framleiðslan gefur af sér."

Hér er með mjög skýrum hætti verið að benda á þá staðreynd að áframhaldandi taprekstur kallar á meiri lán og þrýstir upp vöxtum og hæstv. ríkisstjórn gengur í öllum efnum gegn þeim markmiðum sem hún hefur lýst.

Sá fræðimaður sem skrifað hefur hvað mest um íslensk efnahagsmál og hefur a.m.k. ekki verið sakaður um að ganga gegn Alþfl. á undanförnum missirum kveður sér hljóðs í nýlegri grein í Vísbendingu. Þar kveður dr. Þorvaldur Gylfason upp býsna harða dóma yfir efnahagsstefnunni og segir m.a., með leyfi forseta: „Þannig ber allt að einum brunni. Ríkisstjórnin leggur höfuðáherslu á efnahagsaðgerðir sem kynda undir áframhaldandi verðbólgu og skuldasöfnun í útlöndum eftir allt sem á undan er gengið." Og síðan spyr hann: „Er þetta það sem þjóðin vill?"

Og hv. 10. þm. Reykv. hefur líka kvatt sér hljóðs í þessum mánuði og segir í grein, með leyfi forseta: „Gengisstefnan er aðalatriði. Það er röng fullyrðing að gengið sé afgangsstærð. Gengið er grunnatriði í efnahagsstefnunni. Eina raunhæfa gengisstefnan er sú gengisskráning sem gefur útflutningsatvinnuvegunum stöðug starfsskilyrði." Einmitt þessari fullyrðingu var hæstv. forsrh. að hafna.

Og hv. þm. segir á öðrum stað í grein sinni: „Skipulagsvandi er ekki meiri í útflutningsgreinunum en öðrum greinum og ekki meiri en verið hefur undanfarin ár. Það breytir ekki því að sjálfsagt má nokkuð vinna með hagræðingu."

Þetta eru fá dæmi um dóma sem kveðnir eru upp af talsmönnum og stuðningsmönnum þeirra flokka sem standa að núv. hæstv. ríkisstjórn og í raun þarf ekki frekari vitnanna við um að sú efnahagsstefna sem hæstv. ríkisstjórn boðaði með komu sinni og endurnýjaði með þeirri dæmalausu tilkynningu sem umræða var hafin um hér fyrir tæpu þremur vikum hefur beðið algert skipbrot. Þessi umræða er því og ætti því að verða aflvaki á Alþingi einmitt til að knýja á um breytta stjórnarstefnu og ýta þeim öflum til hliðar sem hafa náð slíkum undirtökum í núv. hæstv. ríkisstjórn að hún getur með engu móti öðru komist að verki en hún hefur tilkynnt í þessari umræðu. Þessi dapurlega staðreynd um afleiðingar efnahagsstefnunnar, sem ekki er aðeins borin hér fram af talsmönnum stjórnarandstöðu heldur af virtustu talsmönnum ríkisstjórnarflokkanna sjálfra innan þings og utan, ætti að vera hvati og aflvaki fyrir hv. alþm. til að nota þessa umræðu í þeim tilgangi að knýja á um breytta stjórnarstefnu.

Ég vildi svo að lokum, frú forseti, ítreka spurningu sem ég bar fram við upphaf þessarar umræðu en hvorki hæstv. forsrh. né hæstv. fjmrh. hafa svarað. Þessi hæstv. ríkisstjórn gerði í samræmi við stefnuyfirlýsingu hæstv. forsrh. fyrirvara við þá efnahagsáætlun sem nú er unnið að á vegum Norðurlandaráðs og kemur væntanlega til umfjöllunar á þingi Norðurlandaráðs í næstu viku. Það hefur vakið býsna mikla athygli að ríkisstjórn Íslands skyldi hafa gert slíkan fyrirvara því að fyrirvarinn er ábending um að ríkisstjórn Íslands fylgi einangrunarstefnu, sé ekki tilbúin að taka þátt í þeirri alþjóðlegu þróun sem nú á sér stað, ekki einu sinni þeirri þróun um stjórn efnahagsmála sem nú á sér stað innan Norðurlandanna.

Nú var gefið til kynna þegar hæstv. forsrh. las tilkynningu ríkisstjórnarinnar í upphafi þessarar umræðu að það kynni að vera að hæstv. ríkisstjórn hefði á þessu aðra skoðun. Mér er þó ekki kunnugt um að hæstv. ríkisstjórn hafi með formlegum hætti fallið frá þeim fyrirvara sem þarna var gerður. Með skírskotun til þess sem hæstv. forsrh. sagði um þetta efni í yfirlýsingunni er nauðsynlegt að það liggi fyrir í þessari umræðu og áður en þingmenn fara á þing Norðurlandaráðs hvort hæstv. ríkisstjórn stendur enn að fyrirvaranum sem hæstv. fjmrh. gerði eða hvort hún muni með formlegum hætti fyrir þing Norðurlandaráðs tilkynna að hún sé fallin frá þessum fyrirvara. Um þetta var spurt í upphafi umræðunnar.

Við því hafa ekki enn fengist svör. Ég ítreka að lokum, frú forseti, að ég óska eftir að fá skýr svör við þessari spurningu.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég lýsi ánægju minni með að forsrh. er að fjarlægjast þá stefnu í efnahagsmálum sem hann hefur leitt og nálgast þá efnahagsstefnu sem Svíar hafa boðað, enda, eins og hann sagði, er lánskjaravísitala ekki í gangi í Svíþjóð. Sú stefna sem forsrh. er nú að nálgast er alveg þveröfug við þá stefnu sem er rekin hér á landi og við þá stefnu sem Svíar hafa sjálfir rekið fram að þessu, en það er einhver sú mesta skattastefna sem nokkurt land hefur rekið. Sú stefna, eins og ég hef margtekið fram í þessum ræðustól og kannski að forsrh. fari að hlusta á þau orð vegna þess að þau koma annars staðar frá, en hæstv. fjmrh. Svíþjóðar, Fälldin, breytir frá skattastefnu Svía, að vísu á það að vera breyting sem nær yfir u.þ.b. fimm ár, í það að fólkið og fyrirtæki fá að halda eins miklu eftir af sjálfsaflafé og mögulegt er sem þýðir að draga á verulega úr þörfum ríkisins til að seilast í vasa einstaklinga og fyrirtækja. Ef ég má leyfa mér að túlka orð forsrh. þannig að hér sé um hugarfars- og stefnubreytingu að ræða hjá honum í þessa átt frá skattpíningarstefnunni yfir í það að fólkið fái að halda eins miklu eftir af sínu sjálfsaflafé og mögulegt er lýsi ég fyllsta stuðningi mínum við þá stefnu forsrh.

En hann sagði líka að það væru tiltölulega litlir skattar á Íslandi, þeir væru meiri og hærri víða annars staðar. Það getur vel verið að skattar séu víða hærri en þeir eru á Íslandi, en þeir eru tiltölulega miklir á Íslandi. Ég er ansi hræddur um að hæstv. forsrh. sé að bera ráðstöfunarfé fólks, ráðstöfunarfé sem það hefur eftir langan vinnudag, eftirvinnu, næturvinnu, helgarvinnu og akkorðsvinnu, við það ráðstöfunarfé sem þegnar þeirra landa sem ég þekki til hafa eftir dagvinnu eina saman.

Ég veit ekki til þess að það sé neins staðar unninn eins langur vinnudagur og á Íslandi til að hafa ekki meira en kannski hliðstætt ráðstöfunarfé og fólk hefur venjulega í öðrum löndum eftir dagvinnuna eina. Ég er ansi hræddur um að hér sé ráðherra að reyna að sleppa út úr umræðu með því að fara til hliðar við raunveruleikann. A.m.k. er þetta mín reynsla og hef ég búið í nokkrum löndum.

En það sem ég hjó eftir hjá hæstv. fjmrh. var að hann talaði nokkuð um pólitíska hagsmunaárekstra. En ég tel að stjórnkerfið og þau lög sem við höfum búið til og það kerfi sem núv. ríkisstjórn er að endurbæta á sinn hátt, þó að í mínum huga sé það að skemma þjóðfélagið, sé furðulegt. Það er svo furðulegt að þeir sem hafa verið kjörnir til að gæta hagsmuna fólksins geta það ekki. Það er alveg útilokað. Ég ætla að nefna eitt dæmi um hvernig það virkar.

Nú er það vilji og stefna forsrh. að lánskjaravísitala sé lækkuð eða felld niður. Það er stefna og vilji forsrh., sem er hæstv. efnahagsráðherra, að vextir séu lækkaðir og það eru hagsmunir fólksins í landinu að vextir og kostnaður við peninga og fjármögnun t.d. á húsbyggingum eða annarri uppbyggingu sé sem ódýrastur, að peningarnir séu ekki okurpeningar. En það eru þeir í dag. Maður skyldi ætla að verkalýðsforustan vinni ötullega að því með forsrh. að lækka kostnaðinn við peningana, lækka fjármagnskostnað. En hvað skeður? Fjármagnseigendur ráða ferðinni og segja: Það er jafnvel bannað að breyta lögum og við verðum að halda áfram að hafa háa vexti og háa lánskjaravísitölu til þess að peningarnir gefi sem allra mest af sér. — Og verkalýðsforustan verður að taka undir þetta þrátt fyrir að það er gagnstætt hagsmunum fólksins, einstaklinganna í samtökunum. Af hverju? Það er vegna þess að lífeyrissjóðakerfið er orðið svo sterkt í verkalýðshreyfingunni að hún þolir ekki að missa aukatekjur af háum vöxtum og af hárri lánskjaravísitölu. Þá verður hún að vega og meta: Eigum við að láta fólkið halda áfram að borga háa vexti og borga lánskjaravísitölu eða eigum við að láta sjóðina njóta þess? Þetta eru ekki neinar smáupphæðir því mér skilst samkvæmt upplýsingum sem ég fékk í dag að það séu um 70 milljarðar í lífeyrissjóðum og öðrum sjóðum. Þar fyrir utan er sparnaður í þjóðfélaginu um 86 milljarðar sem eru þá meira og minna í veltunni. Sem sagt: Kerfið sem búið er að koma á er þannig að þó þú viljir gera þitt besta fyrir umbjóðendur ertu að gera þeim illt hvorum megin sem þú vinnur, hvort sem þú vinnur fyrir fólkið sem einstaklinga í samtökunum eða fyrir sjóðina sem eru eign heildarinnar.

Svona er stjórnkerfið orðið flókið. Hagsmunir og hagsmunaárekstrar eru ekki bara á því pólitíska sviði, þeir eru úti um allt þjóðfélagið sem ástæða, sem afleiðing af því kerfi sem búið er að koma á. Ef hæstv. forsrh. er með leið út úr þessu kerfi vildi ég gjarnan fá að vera þátttakandi í að breyta því sem dáti einhvers staðar í fylkingunum. Ég er ekki að biðja um sæti í ríkisstjórn. En það þarf fjöldann til að ná árangri á þessu sviði. Ég fagna því að forsrh. hefur dæmt það kerfi sem hann nú stjórnar og ræður yfir, byggt upp að verulegu leyti á löngum tíma, og hefur hugsað sér að fara inn á nýjar brautir.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Af því ég spurði hæstv. forsrh. spurningar áðan og fékk ekki svar við henni verð ég að leyfa mér að spyrja aftur. Hann talaði um að eiginfjárrýrnun í sjávarútvegi hafi verið 13 milljarðar á síðasta ári. Hvaðan eru þessar upplýsingar? Hérna er grg. frá Þjóðhagsstofnun frá 15. desember og það er verið að nota þessar upplýsingar alltaf í sambandi við ákvarðanatöku, hvað eigi að gera fyrir íslenska atvinnuvegi. Samkvæmt þessu á útkoman 1988 að vera 1,3 milljarðar í halla og ákvarðanir eru alltaf teknar eftir upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun. Síðan kemur forsrh. hér og segir að hallinn á síðasta ári hafi verið 13 milljarðar, tíu sinnum meiri. Og hæstv. sjútvrh. sagði á fundi fyrir nokkrum dögum að hallinn væri 2–3 milljarðar. Hver segir rétt frá? Þarf að fá löggiltan endurskoðanda til að fara yfir mismunandi upplýsingar frá ráðherrum? Hæstv. forseti. Það

skiptir máli hvort menn eru með mismunandi útgáfur í upplýsingum upp á marga milljarða. Það er ekki hægt að ætlast til þess að maður gleypi svona tölur sitt á hvað hrátt.

Ég verð að segja í leiðinni að sú rányrkja sem fer fram á höfuðstólum íslenskra atvinnuvega er bara ávísun á rýrnandi kaupmátt á Íslandi. Svo segja menn að það verði að reka ríkissjóð hallalausan og það er aðalinntakið í stefnu ríkisstjórnarinnar. Það er allt í lagi þótt allt atvinnulífið sé rekið með bullandi halla. Það verður að reka ríkissjóð hallalausan. Ríkissjóður á að vera og ríkissjóður á að vera og ríkissjóður á að vera. Hvað með atvinnuvegina og fólkið sem vinnur í þessum atvinnuvegum? Hvað heldur það lengi vinnunni ef það verður haldið svona áfram?

Þessi umræða getur ekki bara verið út og suður. Við erum að ræða framtíð íslenskra atvinnuvega. Hvað á að vera lengi að klára þessa höfuðstóla miðað við þær skattahækkanir sem voru gerðar fyrir jól og velta út í verðlagið og valda aukinni verðbólgu og neita svo að viðurkenna það í formi gengis? Hvað er lengi verið að ryksuga það sem eftir er? Það tekur ekki nema nokkra mánuði.

Þessi stjórn efnahagsmála er álíka gáfuleg og maður gæti ímyndað sér ef Eiríkur Fjalar mundi stjórna Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Vegna spurningar hv. 5. þm. Austurl. um eigið fé atvinnuveganna vil ég segja að ég leit satt að segja svo á að hv. þm. hefði svarað henni sjálfur áðan þegar hann sagði að þessar upplýsingar mundu vera frá Seðlabanka Íslands komnar. Það er hárrétt. Seðlabanki Íslands lét ríkisstjórninni í té skýrslu um peningamál í kringum 20. janúar sl. og þar kom þetta mjög greinilega fram. Ég skal útvega hv. þm. þá skýrslu. (**KrP:** Hvað er rétt af þessu?) Ég féll í þá gryfju að trúa Seðlabanka Íslands. Nú hefur verið óskað eftir því að þetta verði endurskoðað. M.a. hefur hæstv. sjútvrh. gert það. Í nýlegu blaði sem kom frá Seðlabankanum staðfestir hann að miðað við nýtt mat sem sett hefur verið á eignir sjávarútvegsins megi draga verulega úr rýrnun eiginfjár og hún sé kannski um fjórðungur af því eða þriðjungur af því sem Seðlabankinn hafði talið áður, sú virðulega stofnun. Það er mjög alvarlegt mál að fá svona upplýsingar frá æðstu stofnun landsins í peningamálum, mjög alvarlegt mál. Ég hef því óskað eftir því að þetta verði vandlega kannað og dregið fram hvað veldur svona vitleysu. Ég tek undir með hv. þm. að þetta þarf að liggja á hreinu og ég hef lagt drög að því að svo verði.

Ég þakka hv. þm. Albert Guðmundssyni fyrir stuðninginn. Við höfum lengi verið sammála um að við þurfum að ná okkur út úr þeirri peningahyggju sem hér hefur ríkt. Ég tek undir það sem hann sagði um tvískinnungsháttinn sem að ýmsu leyti leikur lausum hala.

Hv. 1. þm. Suðurl. spurði um þann lið í tilkynningu ríkisstjórnarinnar sem fjallar um mótun hins íslenska fjármálakerfis á grundvelli efnahagsyfirlýsinga ráðherra Norðurlandanna. Það er rétt að í tilkynningunni segir að ríkisstjórnin muni á næstu missirum leggja áherslu á að móta hið íslenska peningakerfi á grundvelli þessa samkomulags. Í næstu setningu er jafnframt tekið fram að ríkisstjórnin muni því leggja áherslu á að hið íslenska bankakerfi þróist og þroskist þannig að það verði samkeppnisfært og sambærilegt við það sem fram undan er á sameinuðum fjármálamarkaði í Evrópu, m.a. með tilliti til vaxta og trygginga. Þetta verður vitanlega að lesa saman. Sá fyrirvari sem hefur komið fram hjá fjmrh. á fundum ráðherra Norðurlandanna vísar nákvæmlega til þess sem þessi síðari setning, sem ég nokkurn veginn orðrétt fór með, vona ég, segir. Við teljum að áður en hið íslenska banka- og peningakerfi geti tekið þátt í þeirri samkeppni sem þarna verður um að ræða þurfi það að eflast mjög og samkeppnisstaða þess, vaxtamunur og margt fleira verða miklu betri en er. Þetta kann að taka nokkur missiri eins og kemur fram í fyrri setningunni.

Guðmundur H. Garðarsson:

Aðeins örstutt, virðulegi forseti. Ég vil í fyrsta lagi vekja athygli hv. þm. á því að sá flokkur og þeir forustumenn sem bera helst ábyrgð á því hvernig komið er í íslensku peningakerfi er Framsfl. og formenn hans. Ég minni á að forveri núv. forsrh., formaður Framsfl. Ólafur Jóhannesson, lagði grundvöllinn að verðtryggingarkerfinu í íslensku peningakerfi. Það voru ekki aðrir flokkar, a.m.k. ekki Sjálfstfl. Það sem fór úr böndum hjá hv. þáverandi forsrh. og öðrum var það að þeir réðu ekki við verðbólguna. Hér talar hæstv. forsrh. eins og hann hafi hvergi komið við sögu í sambandi við atvinnu- og efnahagsmál. (Gripið fram í.) Ég skal víkja nánar að því. Hæstv. forsrh. hefur setið í ríkisstjórn á þessum áratug þar sem þetta hefur allt farið úr böndum á grundvelli þeirra laga sem forveri hans, formaður Framsfl., lagði með svokölluðum Ólafslögum á sínum tíma. Þetta er óhrekjanleg staðreynd.

En hitt atriðið sem hann ræddi um, sem kom mér til þess að koma einnig upp, er þegar hann talar um að gera íslenskt bankakerfi samkeppnisfært við erlend bankakerfi með því að hleypa erlendum bönkum og peningastofnunum inn í landið. Ég skildi hæstv. ráðherra þannig. Það er a.m.k. sú stefna sem er í efnahagsáætlun Norðurlandanna sem á að leggja fyrir þing Norðurlandaráðs í næstu viku og ráðherrar hafa undirritað, fjármálaráðherrar Norðurlandanna, og þar með væntanlega fjármálaráðherra Íslands. Hverju á að trúa af því sem sagt er hér? Það er búið að spyrja um það hér í ræðustól hvort fyrirvarinn sem var í þessu sé fallinn eða ekki. Ég vil fá skýr svör við þessu. En þá óska ég líka eftir því, hæstv. forsrh., að Íslendingar fái frelsi til að keppa á íslenskum peninga- og fjármálamarkaði. Ég minni á að sá aðili sem hv. þm. Albert Guðmundsson minntist á, lífeyrissjóðakerfið, er bundinn með lögum að afhenda árlegt ráðstöfunarfé sitt að 55% í húsnæðismálakerfið. Ef

allir þessir fjármunir fengju að fara í samkeppnina á íslenskum peningamarkaði mundu vextir lækka af sjálfu sér. Þá þyrfti ekki erlenda banka til að lækka raunvexti á Íslandi. Ég óska eftir því að hæstv. forsrh. skoði þetta í þeim aðgerðum sem hann hyggst viðhafa í sambandi við peninga- og bankakerfið, veita okkur sambærilegt frelsi á við það sem erlendir bankar munu væntanlega hafa ef þessi ríkisstjórn ætlar að fylgja því eftir að veita erlendu fjármagni og erlendum bönkum inn í íslenskt banka- og peningakerfi.

Hv. þm. Albert Guðmundsson sagði að þeir sem eiga að gæta hagsmuna fólksins, hann átti þar við forustu verkalýðshreyfingarinnar, gætu það ekki. Það er því miður allt of mikið til í þessum orðum. Stjórnmálamenn hafa gengið of hart fram í því að takmarka frelsi þeirra sem eru í verkalýðshreyfingunni til að fjalla um sín eigin mál. Það var það sem hv. þm. átti við.

Síðan vil ég mótmæla þeirri skoðun að það sé sérstök stefna hæstv. forsrh. að vilja koma niður vöxtum eða afnema áhrif lánskjaravísitölunnar. Það er alrangt að eigna það hæstv. forsrh. einum. Þetta hefur verið stefna allra flokka sem hafa verið með fulltrúa á hinu háa Alþingi. Það sem ekki hefur tekist er að koma verðbólgunni niður. Lánskjaravísitalan er ekkert vandamál þegar búið er að koma verðbólgunni niður. Það er ekki nein sérstök stefna forsrh. Það er stefna okkar allra að vilja lækka vexti. Við sjálfstæðismenn höfum gert það sem við höfum getað til þess að það geti orðið að veruleika.

Að lokum, virðulegi forseti, vil ég taka undir það sjónarmið, sem kom fram hjá hv. þm. Albert Guðmundssyni, að það þarf að tryggja að lífeyrissjóðirnir geti staðið við sínar skuldbindingar. Menn verða að hafa í huga að það er ekki verið að gera það fyrir lífeyrissjóðina út af fyrir sig að tryggja ávöxtun þeirra. Það er verið að tryggja að fólk geti stuðst við lífeyrissjóðina í ellinni á grundvelli þeirra reikninga og iðgjalda sem borgað er eftir í lífeyrissjóðakerfið. Ég segi fyrir mitt leyti að ég mundi ekki vilja eiga allt mitt undir stjórnmálamönnum með hver yrði minn ellilífeyrir þegar þar að kæmi. Þess vegna hefur fólkið, verkalýðurinn og vinnuveitendur, myndað þessa lífeyrissjóði til að geta tryggt sína eigin framtíð. Það sem um er að ræða í sambandi við vaxtastefnu sjóðanna er ekkert annað en að þeir menn sem hafa verið valdir í forustu í stjórnir lífeyrissjóðanna af hálfu fólksins sem vinnur úti í atvinnulífinu eru að reyna að tryggja hagsmuni þess, tryggja að þeir fjármunir skili sér aftur sem þetta fólk er búið að leggja í þessa sameiginlegu sjóði.

Við skulum muna það hér, hv. þm., að við eigum eitt verk óunnið sem er mjög þýðingarmikið. Það er að fara yfir stöðu mála í sambandi við lífeyrissjóðamál þjóðarinnar í heild þannig að það ranglæti verði afnumið að fólkið í atvinnulífinu búi við önnur og lakari kjör en þeir sem eru starfsmenn hins opinbera. Þetta er stóra málið. Á meðan við höfum ekki leyst það ber forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar, þá ber fólkinu í verkalýðshreyfingunni að standa dyggan vörð um að þessar eignir fólksins verða ekki rýrðar í þeirri verðbólguþróun sem hefur verið á Íslandi og er því miður enn. Þetta er grundvallaratriði að hafa í huga þegar verið er að ræða um það sem snýr að lífeyrissjóðunum og þeim tryggingarlegu skuldbindingum sem þeir hafa.

EFRI DEILD

63. fundur, fimmtudaginn 23. febr., að loknum fundi í Sþ.

Ríkisreikningar 1981–1986, 2. umr.

Stjfrv., 142. mál. — Þskj. 149, n. 544.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Eiður Guðnason):

Virðulegur forseti. Á þskj. 544 liggur fyrir nál. frá fjh.- og viðskn. sem hefur rætt þetta mál og mælir með því að frv. um samþykkt ríkisreikninga fyrir árin 1981, 1982, 1984, 1985 og 1986 verði samþykkt. Það er svo hins vegar annað mál sem ég ætla ekki að gera að umræðuefni hér að auðvitað er ástæða til að þessi mál beri að með öðrum hætti hér á hinu háa Alþingi og það á nú kannski ekki síður við um hið síðara málið sem hér er á dagskrá.

Undir þetta nál. rita auk frsm.: Valgerður Sverrisdóttir, Eyjólfur Konráð Jónsson, Jón Helgason og Margrét Frímannsdóttir.

Fjarstaddir voru Halldór Blöndal og Júlíus Sólnes.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.–6. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Ríkisreikningur 1979, 2. umr.

Stjfrv., 159. mál. — Þskj. 170, n. 545.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Nál. liggur fyrir á þskj. 545. Um þetta mál er allt hið sama að segja og hið fyrra og raunar er það þó kannski enn hlálegra að við skulum nú, á því herrans ári 1989, vera að samþykkja lög um samþykkt ríkisreiknings fyrir árið 1979. En um það

ætla ég ekki að hafa fleiri orð og kannski best um það að hafa sem fæst orð að þessu sinni.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frvgr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

62. fundur, fimmtudaginn 23. febr., kl. 3 miðdegis.

Verðlag, samkeppnishömlur og óréttmætir viðskiptahættir, 2. umr.

Stjfrv., 243. mál (Verðlagsráð, skýrslur og verðlagning á orku). — Þskj. 448, n. 539 og 542, brtt. 540.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á þskj. 539 liggur fyrir álit meiri hl. fjh.- og viðskn. sem hefur athugað þetta frv. og rætt það við Jóhann Má Maríusson og Örn Marinósson frá Landsvirkjun.

Meiri hl. nefndarinnar mælir með því að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 448, með breytingu sem flutt er á sérstöku þskj.

Að þessu nál. standa auk mín: Árni Gunnarsson, Ragnar Arnalds, Kristín Halldórsdóttir og Guðmundur G. Þórarinsson.

Á þskj. 540 liggur fyrir brtt. frá meiri hl. fjh.- og viðskn. Hún er flutt í framhaldi af mjög réttmætri athugasemd hæstv. viðskrh. en við 1. umr. málsins hér í deildinni kom hann auga á þann ágalla á frv. þessu að það vantaði gildistökuákvæði. En brtt. okkar bætir úr því.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Að sjálfsögðu tel ég eðlilega brtt. þá sem hv. frsm. meiri hl. nefndarinnar lýsti, um það að verði frv. þetta að lögum þá öðlist lögin þegar gildi. Því sennilega er nú til lítils barist við framlagningu og afgreiðslu mála ef gildistakan gleymist. Það fer ekki á milli mála.

Ég vil fyrir hönd okkar sem skipum minni hl., ég ásamt hv. 11. þm. Reykn., segja það að við gerum hvorki athugasemdir við 1. eða 2. gr. frv. Það má segja að úr því sé bætt með því að bæta varamönnum inn í Verðlagsráðið. En við erum andvígir 3. gr. frv. Við teljum að það sé skref aftur á bak að fela verðlagsyfirvöldum að fjalla um gjaldskrár orkuvinnslufyrirtækja og dreifiveitna. Við höfum því látið fylgja okkar nál. fylgiskjöl sem eru umsögn Sambands ísl. hitaveitna og umsögn Sambands ísl. rafveitna ásamt þremur öðrum fylgiskjölum sem sýna meðalverð Landsvirkjunar á rafmagnssölu til almenningsveitna á tímabilinu 1980–1988 miðað við verðlag í desember á sl. ári og leiðrétt miðað við vísitölu framfærslukostnaðar. Enn fremur er hér yfirlit yfir raforkuverð til almennra heimilisnota 1980–1981 sem er einnig miðað við sama verðlag og fyrra myndritið. Í þriðja lagi er orkukostnaður við hitun íbúðarhúsnæðis 1980–1988, bæði olía án ríkisstyrks, frá RARIK, frá Hitaveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar og Hitaveitu Seyðisfjarðar. Ef við lítum á verðlag samkvæmt þessum myndritum sem hér fylgja sjáum við það að hér hafa ekki orðið óeðlilegar hækkanir á gjaldskrám þessara fyrirtækja og því má segja að breytingin sé sú að það er verið að flytja þessa ákvörðun frá iðnrn. í viðskrn. Ef þessi ríkisstjórn á sér eitthvað lengri lífdaga þá held ég að breytingin hafi ekki mjög mikið að segja, ef ekki verða breytingar á ríkisstjórninni, því að það er sennilega ákaflega létt fyrir hæstv. viðskrh. að ná tali af iðnrh. í þessu sambandi. Þeir gætu þess vegna náð samkomulagi um það hvað þeir telja rétt að fara í þessum efnum þar sem hér er um einn og sama manninn að ræða.

Það má því segja að það sé svipað fyrirkomulag og hefur verið fram til þessa að öðru leyti en því að það má búast við að þetta fyrirkomulag verði þyngra og gæti því tafið afgreiðslu beiðna um gjaldskrárbreytingar. Það hefur einnig komið mjög til umræðu að litlar dreifiveitur geta lent í vanda vegna 3. gr. Einkanlega hefur verið bent á þau tilvik þegar nauðsynlegt kann að reynast að hækka gjaldskrá töluvert mikið til að standa straum af fjárfestingum sem nauðsynlegar eru. Þá held ég að þetta form sé þyngra heldur en verið hefur í gildi.

Mér finnst líka ástæða til að benda á að það ber ekki vott um að margar hitaveitur hafi rúman fjárhag um þessar mundir. Það sjáum við á frv. til lánsfjárlaga sem nú liggur fyrir fjh.- og viðskn. í þessari deild. Og það sýnir það betur en allt annað að þau fyrirtæki mörg hver vantar peninga til þess að standa undir skuldbindingum sínum. Ég hygg að það sé ekki rétt leið í gjaldskrármálum orkuveitna í landinu að halda gjaldskránni það niðri að þessi orkufyrirtæki séu rekin með umtalsverðum halla og mæta svo þeim halla með því að gefa leyfi til erlendrar lántöku eins og lánsfjárlagafrv. gefur ótvírætt til kynna. Það kemur þá að því innan nokkurs tíma að gjaldskrár verða að hækka verulega mikið til þess að standa undir skuldbindingum sem leiða af langvarandi hallarekstri.

Við getum alveg viðurkennt að það átti sér stað hér fyrir allmörgum árum, sérstaklega á tímabilinu 1970–1980, að gjaldskrám var haldið óeðlilega mikið niðri sem leiddi af sér að gífurlegar hækkanir urðu á gjaldskrám þessara orkufyrirtækja árið 1980. Þetta er ekki skynsamleg leið að fara. Því sé ég ekki ástæðu til þess að fara að breyta því fyrirkomulagi sem er. Það fyrirkomulag hefur reynst ekkert síður, að hafa það með þessum hætti sem nú hefur verið. En ef það á að

fara að stefna að því að stórauka halla orkufyrirtækja, þá kemur að því að holskeflan rennur yfir og að verulegar hækkanir verða að koma innan ekki langs tíma.

Því held ég að þessi 3. gr. frv. sé fremur skaðleg en gagnleg og því leggjum við til í minni hl. nefndarinnar að hún verði felld.

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegur forseti. Það er nú með þetta frv. eins og flest önnur sem fjh.- og viðskn. fjallar um þessa dagana og afgreiðir nánast á færibandi að harla lítill tími hefur gefist til athugunar. Þetta er þó einfaldara en mörg önnur og því hægt að taka til þess afstöðu án mikillar umþóttunar. Það er hins vegar til marks um ósæmilegt óðagot og forkastanleg vinnubrögð af hálfu framkvæmdarvaldsins og meiri hlutans hér í þinginu að frumvarpshöfundar og aðrir sem bera ábyrgð á framlagningu málsins skyldu gleyma svo sjálfsögðu og nauðsynlegu atriði sem ákvæði um gildistöku.

Eins og sjá má á þskj. 539 skrifaði ég undir álit meiri hl. og styð þar með frv. þetta þótt mér væri nú raunar skapi næst að gera það ekki vegna þeirra vinnubragða sem okkur er nú boðið upp á. En málefnaleg afstaða hlýtur að ráða í þessu efni sem öðru. Og sem fyrr segir er hér um tiltölulega einfalt mál að ræða.

Um 1. og 2. gr. frv. mun enginn ágreiningur vera hér í þinginu, heldur breytingar til bóta og þarf ekki að bæta við það sem áður er sagt um þau efni. Um 3. gr. gegnir hins vegar öðru máli en þar er, eins og fram hefur komið, verðlagning á orku frá orkuvinnslufyrirtækjum og dreifiveitum felld undir ákvæði laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

Eins og fram kemur í nál. fengum við fulltrúa frá Landsvirkjun á fund okkar til að heyra þeirra viðhorf. Það er hins vegar ekki látið uppi að þeir mæltu, svo sem vænta mátti, mjög gegn þessu ákvæði. Andstaða þeirra er að mörgu leyti skiljanleg. Ég get alveg tekið undir þau sjónarmið, sem m.a. komu fram í máli hv. síðasta ræðumanns og í því nál. sem hann mælti fyrir, að í aðhaldi af þessu tagi felst viss hætta sem er sú að fyrirtækjunum verði skorinn of þröngur stakkur þannig að þau neyðist til þess að taka lán með tilheyrandi kostnaði sem getur að lokum leitt til jafnvel meiri og þungbærari hækkana á verði fyrir þeirra þjónustu en ella hefði orðið. Við þekkjum dæmi þessa frá fyrri tíð eins og hér var minnst á áðan.

En til þess eru vítin að varast þau og víst er um það að a.m.k. Landsvirkjun er ekki á flæðiskeri stödd. Hún er rekin með umtalsverðum hagnaði og hefur grynnkað verulega á skuldum sínum síðustu árin, sem er auðvitað mjög gott. Ekki veitir af því. Skuldir Landsvirkjunar nema nú um 29 milljörðum kr. og þar af eru um 26 milljarðar erlendar skuldir.

Ég held að Landsvirkjun og önnur orkufyrirtæki hafi ekkert verra af því að sæta því aðhaldi sem felst í þessu ákvæði 3. gr. og vil mega vænta þess að tekið verði til þess atriðis sem ég nefndi hér áðan, þ.e. að þeim verði ekki undir neinum kringumstæðum þröngvað út í dýrar lántökur sem bitna þá bara á notendum morgundagsins.

Í trausti þess að verðlagseftirlitið fari vel með sitt hlutverk þá styð ég þetta frv. og vona að það veiti neytendum einhverja vernd gegn þurftarfrekum þjónustufyrirtækjum.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Eins og kom fram í máli hv. 1. þm. Vestf. Matthíasar Bjarnasonar stöndum við saman að nál. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 56 frá 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti. Það þarf út af fyrir sig ekki að rekja þær staðreyndir sem hér hafa komið fram um að í fjh.- og viðskn. hefur þetta frv. og önnur frv. fengið lítinn tíma nú síðustu dagana og þar hefur verið óverjandi óðagot á ferðinni sem m.a. kemur fram í því að í frv. vantar ákvæði um gildistöku.

Þetta frv. er að vísu ekki stórt í sniðum en það liggur nokkuð ljóst fyrir að afleiðingin af þessu frv. mundi verða mjög slæm. Við höfum áður gengið í gegnum það í þessu landi að það hafa verið stöðvaðar verðhækkanir til orkuvinnslufyrirtækja með þeim afleiðingum að það þurfti að hækka gjaldskrá þessara fyrirtækja mjög mikið að verðstöðvunartímabili loknu. Ég held að það séu nægileg rök fyrir því að það eigi ekki að leggja þetta undir Verðlagsráð. Ég tel að næg trygging fyrir því að orkuverð sé ekki óhæfilega hátt sé það að eignaraðild að orkufyrirtækjunum er auðvitað fólkið í landinu sem hefur kosið sér fulltrúa til að fara með það vald. Það á að tryggja það að þeir fulltrúar hafi ekki orkuverðið óhæfilega hátt og muni gera eins og best er fyrir þjóðina.

Í umsögnum sem komu varðandi þetta mál, t.d. í umsögn Sambands ísl. hitaveitna, þá er það svo að þeir leggjast eindregið gegn samþykkt þessa frv. og færa fyrir því rök að hitaveitur séu reknar sem þjónustufyrirtæki með lágmarkstilkostnaði. Ég held að þetta sé rétt. Öll sveitarfélög sem hafa komið sér upp hitaveitum reyna auðvitað að reka þessi fyrirtæki eins hagstætt fyrir íbúana og hægt er. Ég tel því að það sé full ástæða til þess að þeir aðilar, sem bera hitann og þungann af rekstri þessara orkufyrirtækja, fái að ráða sjálfir verðlagningu. Ég þykist vita það að þeir muni ekki fara það hátt að það valdi verulegum vandræðum. Ég held að þessi nýja klásúla um að flytja þetta frá iðnrn. til Verðlagsstofnunar sé ekki til bóta.

Þá kom umsögn frá Sambandi ísl. rafveitna og þeir mæla einnig gegn þessu frv. Það er því ljóst að allir þeir aðilar, sem bera hitann og þungann af þessum málum, eru á móti því að gera þetta með þessum hætti. Er þá greinilegt að það er ekki stuðningur við þetta frv. frá gífurlega mörgum aðilum.

Við í fjh.- og viðskn. fengum til viðræðu við okkur fulltrúa Landsvirkjunar. Þar kom m.a. fram að erlend lán Landsvirkjunar eru um 26 milljarðar og 3 milljarðar eru í skuldum í innlendu fé. Eins og hv. 10.

þm. Reykn. sagði hér áðan hefur á undanförnum árum tekist að grynnka á þessum skuldum. Ég tel að það eigi raunverulega að reyna að gera það áfram og lofa Landsvirkjun að ráða verðlagningunni því að þeir hafa farið mjög vel með hana undanfarin ár. Ef við skoðum fylgirit með nál. okkar Matthíasar Bjarnasonar, 1. þm. Vestf., þá sjáum við töflur um hvernig orkuverð hefur verið á undanförnum árum. Og við sjáum einnig hvernig varð að hækka það mjög verulega umfram það sem hafði verið eftir að því hafði verið haldið óbreyttu um alllangan tíma.

Það er því ástæða til þess að vara við því að samþykkja þetta frv. sem mun vafalaust verða til þess að reynt verður að halda niðri orkuverði langt umfram það sem er eðlilegt. Og þar með mun það bitna á framkvæmdum, uppbyggingu bæði á hitaveitum og raforkufyrirtækjum um allt land. Ef við lítum á það að nú nýlega varð mjög alvarlegt ástand í rafmagnsmálum þá getur það bitnað á framkvæmdum til að bæta úr um það á næstu árum. Ég held að við eigum að treysta þeim mönnum sem fara með stjórn þessara mála. Mér sýnist full ástæða til þess. Og mér sýnist einnig að við eigum ekki að vera með of mikil opinber afskipti af verðlagi á þessu frekar en öðru því það er aðeins verið að stuðla að því að við söfnum erlendum skuldum þegar til lengri tíma er litið og það mun skaða okkar þjóðarbúskap í heild. Þessi sífellda árátta að hið opinbera, ríkið sé með puttana í æ ríkari mæli í þessum hlutum er ekki til bóta. Það er nóg að ríkið eigi Landsvirkjun að stórum hluta og bæjarfélög og sveitarfélög um allt land eigi hitaveiturnar, það á að vera næg trygging fyrir því að þessi þáttur sé ekki hækkaður úr hömlu.

Þegar við höfum farið yfir þau atriði sem eru í fskj. með nál. á þskj. 542, þá hljótum við að gera okkur grein fyrir því að það er eðlilegt að þessir aðilar fái áfram að ráða sinni verðlagningu þannig að við lendum ekki í svipuðu ástandi, eins og ég kom áðan inn á, að það verði sprenging í hækkunum einhvern daginn vegna þess að við höfum haldið verðinu of lágu. Það er til hagsbóta fyrir alla neytendur, fyrir allt fólkið í landinu, að þetta sé gert með þeim hætti að fela þeim mönnum sem stjórna þessu að ákveða verðið í samræmi við það sem þeir telja eðlilegt og rétt.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Það er tilgangur þessa frv. að styrkja stöðu neytenda, einkum þar sem hætt er við að þeir hreppi skarðan hlut í skiptum við markaðsráðandi fyrirtæki. Í raun og veru þarf ekki að segja margt fleira því að þrátt fyrir þær ræður sem hér hafa verið haldnar út frá því sjónarmiði að hér sé verið að setja verðlagshöft á orkufyrirtækin, þá er það ekki rétt lýsing á þessu frv. Frumvarpið felur það í sér að sömu lög gildi um verðákvarðanir orkufyrirtækja og gilda um verðákvarðanir annarra fyrirtækja í landinu. Það vill svo til að orkufyrirtækin hafa flest samkvæmt eðli máls markaðsráðandi stöðu og það skiptir máli að það sjáist vera beitt sama aðhaldi gagnvart þessum opinberu aðilum, sem hv. 10. þm. Reykn. kallaði þurftarfrek þjónustufyrirtæki, að sama aðhaldi sé beitt gegn þeim og öðrum fyrirtækjum sem líka stöðu hafa á markaði. Þá gildir einu að þessi fyrirtæki hafi opinberar stjórnir. Og einmitt á þessum umþóttunartíma sem nú fer í hönd að lokinni verðstöðvun er það mjög mikilvægt að réttlætinu sé ekki einungis fullnægt heldur að því sjáist vera fullnægt vegna þess að nú þarf að vekja fólki traust á því að það verði ekki sprengihækkun á verðlagi þegar verðstöðvun og launabindingu er aflétt. Ég þarf ekki að segja það í fleiri orðum í þessum þingsal að það er mjög mikilvægt að fólk, sem er nú með lausa samninga og er að fara að semja um sín kjör, geti á það treyst að það sama gangi yfir alla í þessu efni. Það er tilgangur málsins en ekki að taka verðákvörðunarvaldið af fyrirtækjunum.

Eins og ég ræddi nokkuð í framsöguræðu minni hefur það mjög oft verið gagnrýnisefni hjá samningsaðilum á vinnumarkaðnum að þjónustufyrirtæki hins opinbera skömmtuðu sér sjálf ríflegri hlut en hinum væri ætlað sem starfa á öðrum sviðum þjóðlífsins. Það er tilgangurinn með þessum ákvæðum, en alls ekki miðstýring þessara verðákvarðana. Ég tek undir með þeim sem hér hafa talað og sagt að best sé að þessar verðákvarðanir séu hjá þeim sem fjárhagslegu ábyrgðina bera. Þannig er það reyndar samkvæmt þeirri tillögu sem hér er flutt.

En ég vil gjarnan víkja nokkuð að athugasemdum og spurningum sem fram komu hjá hv. 1. þm. Reykv. við 1. umr. um frv. hér í hv. Nd. Hann gerði í upphafi sinnar ræðu að umtalsefni að það vantaði gildistökuákvæði í frv. Það hafði ég reyndar nefnt í minni framsöguræðu og ég segi ekkert um það annað en að ég er þakklátur hv. fjh.- og viðskn. Nd. að hafa leiðrétt þessa prentvillu, en tel ástæðulaust bæði af þeim 10. og 11. þm. Reykn. að gera því skóna að þetta lýsi óðagoti eða skorti á vandvirkni í vinnubrögðum því að það er fjarri öllu lagi. Frv. er einfalt í sniðum og ekki á því neinir hnökrar aðrir en þessi prentglöp.

Síðan kem ég að því sem hv. 1. þm. Reykv. nefndi. Hann taldi að með því að setja þetta ákvæði til bráðabirgða um orkufyrirtækin í lög væri verið að lýsa vantrausti á afskipti stjórnar Landsvirkjunar og Þjóðhagsstofnunar af verðákvörðunum þess fyrirtækis. Það er, eins og ég hef þegar lýst almennum orðum, alls ekki rétt lýsing á þessu máli. Ég er alveg sannfærður um það að Verðlagsstofnun og Verðlagsráð munu leita til Þjóðhagsstofnunar um hennar álit á því sem Landsvirkjun kann að leggja til á þessum sex mánaða tíma. Og eins og mun hafa komið fram hér við umræður um annað mál í Sþ. fyrr á þessu síðdegi þá liggur nú fyrir tillaga frá stjórn Landsvirkjunar um breytingu á gjaldskránni sem a.m.k. við fyrstu sýn virðist eðlileg og ekki ástæða til að ætla annað en að hún gangi fram. En ég vil um þetta mál eingöngu segja það að það er þá líka jákvætt og gott ef þetta verður niðurstaðan að það hafi fengið sömu meðferð og t.d. steypustöðvar eða byggingarvörur eða verð á

bensíni eða á flugfargjöldum eða á farmgjöldum skipafélaganna.

Hv. 1. þm. Reykv. vék að því að raunverð á orku hefði lækkað á undanförnum árum og reyndar kom hv. 11. þm. Reykn. og hv. 1. þm. Vestf., frsm. minni hl. nefndarinnar, inn á það mál. Ég vildi beina því til þessara hv. þm. að það er einmitt við slíkar aðstæður sem hætta getur verið á skyndilegri hækkun. Þess vegna er það kannski sérstaklega mikilvægt nú að þarna sé farið fram með fyllstu gát.

Það er líka rétt, sem kom fram hjá hv. 1. þm. Vestf. og hv. 1. þm. Reykv., að fjárhagsstaða veitufyrirtækjanna er ákaflega misjöfn. En þar þarf að huga að fleiru en gjaldskránum einum. Ég minni t.d. á að nú standa yfir samningaviðræður milli ríkissjóðs, iðnrn., fjvn. og Orkubús Vestfjarða og Rafmagnsveitna ríkisins um yfirtöku skulda hjá þessum fyrirtækjum, en í því felst einmitt viðurkenning á því að þar sé vandinn ekki gjaldskráin, því gjaldskrá þessara fyrirtækja er reyndar hærri en flestra annarra, heldur miklu fremur veik fjárhagsstaða og nauðsyn á skuldbreytingum og afléttingu skulda hjá þessum fyrirtækjum. Það er mikilvægt að það verði vel unnið.

Ég veit að hv. 1. þm. Reykv. er mér sammála um þetta því að hann stóð sjálfur að stefnumörkun í þessu máli sem byggist á því sem ég hef nú lýst. Og ég treysti á það að hann muni þá styðja það þegar að því kemur. Þetta segi ég til þess að sýna hversu valt það er að ætla sér að fella dóma um verðákvarðanir þessara fyrirtækja eingöngu út frá verðþróun undanfarinna mánaða eða missira. Það er líka mjög misjafnt hversu langt þessi fyrirtæki hafa seilst til verðhækkana á undanförnum mánuðum. Ég bendi t.d. á að meðalhækkun þeirra veitufyrirtækja hjá rafveitum, sem staðfestingu hafa fengið hjá iðnrn. á árinu 1988 fram að verðstöðvun, var um 18% sem er mjög nálægt meðalverðhækkun á árinu öllu þegar litið er á almenna verðlagsmælikvarða. Líku máli gegnir um hitaveitur. Þar er um 16% að ræða í hækkun að meðaltali. Þetta veit ég að hv. þm. Friðrik Sophusson þekkir.

Og það sýnir líka að á því ári, þrátt fyrir verðstöðvun, fylgdu breytingar á þessum gjaldskrám nokkurn veginn almennu verðlagi. Gjaldskrá Landsvirkjunar hækkaði hins vegar minna á því ári eða um 12%, ef ég man rétt. Ég er nú að vísu ekki með alveg nákvæmar tölur á hraðbergi, en ég hygg að ég fari ekki fjarri þegar ég segi þetta. Þetta eru mál sem þarf að athuga og það verður líka gert. Og eins og hv. 10. þm. Reykv. komst að orði þá mun enginn hafa verra af því að fá sömu meðferð og önnur fyrirtæki í landinu, sem byggja sína verðákvörðun á kostnaði við framleiðsluna og aðstæður á markaði, hjá Verðlagsráði og Verðlagsstofnun eins og tillagan gerir ráð fyrir. Hins vegar kem ég aftur að því að það er líka gagnlegt að þarna sé tryggilega um hnútana búið og ekki verði sprengihækkun ef til vill einmitt vegna þess að orkuverðið hefur farið fallandi að raungildi. Þó vil ég að lokum benda á hvað það mál varðar að auðvitað hefur það orkuverð sem skiptir einna mestu máli í heiminum, olíuverðið, lækkað meira að raungildi en innlent orkuverð á því árabili sem hér er til umræðu.

Ég veit ekki hvort það er ástæða til þess að hafa um þetta miklu fleiri orð. Út af því sem hér var sagt, að verið væri einfaldlega að flytja ákvarðanir frá iðnrh. til viðskrh., vildi ég benda hv. þm., einkum 1. þm. Vestf. og 1. þm. Reykv., sem líka vék að þessu í sinni ræðu við 1. umr., að það er rétt að iðnrh. fer með orkugjaldskrár og staðfestingu þeirra samkvæmt sérlögum um veitustofnanir. En það er auðvitað fyrst og fremst hlutverk iðnrh. í því efni að tryggja að nægilega vel sé séð fyrir kostnaðinum, að verðlagningin sé eðlileg svo fyrirtækin geti staðið undir sér og tryggt örugga afhendingu á orku. Þetta er eðlilegt sjónarmið. Verðlagsráð og Verðlagsstofnun starfa hins vegar samkvæmt sérstökum lögum og það er nákvæmlega það sem þeim er ætlað að gera nú til þess að vekja almenningi traust á því að þarna verði verði stillt í hóf eftir því sem frekast er kostur á umþóttunartíma í kjölfar verðstöðvunar.

Virðulegi forseti. Ég vona að ég hafi með þessu svarað þeim spurningum og athugasemdum sem fram hafa komið eftir því sem tilefni hefur gefist til og óska eftir því að frv. þetta fái skjóta afgreiðslu.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Það sem hér er um að ræða er það hvort færa eigi þessi mál til Verðlagsráðs, sérstakrar nefndar sem staðsett er hér í höfuðborginni, eða hvort þessi mál eigi að fá sína umfjöllun og afgreiðslu hjá hitaveitum og rafmagnsveitum almennt. Hitaveiturnar sem og rafmagnsveiturnar eru reknar sem þjónustufyrirtæki. Þær eru almenningsfyrirtæki eða í eigu viðkomandi sveitarfélaga og stjórnað af fulltrúum þeirra sem kjörnir eru af fólkinu og síðar af sveitarfélögunum. Þessar stjórnir hafa fram til þessa ákvarðað nauðsynlegar hækkanir á gjaldskrám hverju sinni og tilkynna þær viðkomandi ráðuneyti sem er iðnrn.

Ég get ekki annað séð en að hagsmunir notenda séu nægilega tryggir hvað snertir ákvarðanatöku þessara orkufyrirtækja. Við vitum það að margar hitaveitur eru í verulegum fjárhagslegum erfiðleikum og hafa fengið fjárhagsaðstoð frá ríkinu. Ég held að það sé rétt munað hjá mér að í frv. til lánsfjárlaga séu núna um 330 millj. kr. sem er ætluð heimild til að taka lán fyrir allmargar hitaveitur, fyrir utan það fjármagn sem Landsvirkjun er leyft að taka að láni erlendis. Aðstoð hefur verið veitt með því skilyrði að veiturnar létu gjaldskrár í framtíðinni fylgja verðlagi.

Verðstöðvun hefur núna verið í fimm mánuði. Á sama tíma hefur byggingarvísitalan hækkað um 4,18%, dollarinn um 8,77% og SDR enn meira eða um 11,96%. Nú vita það allir menn að stærsti hlutinn af skuldum þessara orkufyrirtækja er í erlendum lánum og því hafa þær hækkað á verðstöðvunartímanum á meðan gjaldskrár hafa staðið í stað. Því held ég að engum sé betur treystandi til þess að meta og vega hvað orkuverðið á að vera heldur en fyrirtækj-

unum sjálfum. Og ef ríkisvaldið — og það getum við sagt þó að það fari í hendur Verðlagsráðs — að þá er Verðlagsráðið styrkt að mörgu leyti af ríkisvaldinu sem á oddamann og stjórnar þar aðgerðum. Ef það á að fara að stýra með þeim hætti að halda niðri orkuverði þannig að taprekstur þessara fyrirtækja verði aukinn mjög verulega, þá er illa farið að mínum dómi.

Með allri virðingu fyrir öllum þeim sem eiga sæti í Verðlagsráði treysti ég miklu betur sveitarstjórnarmönnum og kjörnum fulltrúum víðs vegar úti um land að ákveða hvað er hófleg gjaldskrá fyrir þessi fyrirtæki. Eða er þetta allt það sama sem er að ske, að það má ekkert lengur vera í friði sem er úti um landið? Það verður að koma því undir sérstaka miðstýringu þar sem stutt er á milli ráðuneytis og Verðlagsstofnunar. Ég fyrir mitt leyti tel þetta algjöra öfugþróun og skil eiginlega ekki í þessu. Ef ríkisstjórnin vænir þessi orkufyrirtæki í landinu um það að þau ætli að okra á notendum get ég skilið það. En hvaða ástæðu hefur hún til þess miðað við þær gjaldskrárbreytingar sem orðið hafa áður en verðstöðvun tók gildi? Ég held að hóflega hafi verið farið með þessi mál, bæði hvað snertir hitaveiturnar sem ég gerði að umræðuefni áðan. Og þá má einnig minna á raforkuverðið, að á tímabilinu frá 1984 til 1988 lækkaði rafmagnsverð í samanburði við ýmsa aðra þætti. Orkuverð Rafmagnsveitna ríkisins, Rafmagnsveitu Reykjavíkur, Landsvirkjunar og fleiri raforkuveitna hækkaði þá um 64,5–75,5% á sama tíma og framfærsluvísitala, vísitala byggingarkostnaðar og lánskjaravísitalan hækkaði um 157–177%. Raunverð raforku frá fyrirtækjum lækkaði því um 30–39% á þessu tímabili. Ef við berum svo þessa þróun í orkuverði, bæði hjá hitaveitum og rafmagnsveitum, saman t.d. við það sem ríkisstjórnin hefur lagt til hér við þessa hv. stofnun, Alþingi, frá desember og fram til þessa, á verðstöðvunartíma, er það slæmur samanburður fyrir ríkisstjórnina. Þá var ekki verið að hafa miklar áhyggjur af því að verið væri að bæta nýjum þungum böggum á heimilin í landinu, því það stóð ekkert á — áður en snjókoman byrjaði fyrir alvöru byrjaði hún frá ríkisstjórninni, þá snjóaði hér skattafrumvörpum á allan almenning í landinu. Og þá sá maður ekki þessa umhyggju hæstvirtra ráðherra fyrir því að það þurfi að koma í veg fyrir hækkanir. Nei, þá stóð ekki á því, þingmenn stjórnarliðsins voru píndir áfram sárnauðugir, veslingarnir, og ríkisstjórnin náði þessum skemmtilega árangri sem þá var markaður hér fyrir jólahátíðina.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég þakka svör hæstv. ráðherra sem mér fannst reyndar ekki ákaflega skýr eða sannfærandi.

Ég tek að sjálfsögðu undir það sem kemur fram í nál. á þskj. 542, frá þeim hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni og Hreggviði Jónssyni, og þau sjónarmið sem birtast þar í fylgiskjölum með því.

Hæstv. ráðherra segir í sinni ræðu: Meginástæðan fyrir því að þetta frv. er flutt, og 3. gr. í þessu frv., er neytendavernd. Það er verið að vernda neytendur og þess vegna er verið að færa hluta valdsins frá þeim sem hingað til hafa haft það og borið ábyrgð á sínum gjörðum yfir til Verðlagsstofnunar sem á að fylgjast með orkufyrirtækjunum og dreififyrirtækjunum. Ég tek undir það með síðasta hv. ræðumanni að ef hæstv. ráðherra er svona umhugað um neytendavernd og að lífskjör skerðist ekki af þeim ástæðum að orka hækki, hvar var þá hæstv. ráðherra þegar ríkisstjórnin hækkaði alla skattana um síðustu jól? Af hverju setti hæstv. ráðherra þá ekki upp neytendavernd til þess að vernda skattgreiðendur fyrir ofsóknum skattayfirvalda, þ.e. hæstv. ríkisstjórnar?

Ég tek undir það sem hér hefur verið sagt að það er furðulegt að beita þessari röksemd þegar litið er á það að ákvarðanir um verðlagningu á orku eru teknar í dag af kjörnum fulltrúum, af sveitarfélögum, hjá iðnrn. varðandi Rafmagnsveitur ríkisins og hjá kjörnum fulltrúum, þar á meðal kjörnum alþingismönnum eða kjörnum af Alþingi hjá Landsvirkjun, og fulltrúum neytenda sem um leið eru eigendur þess fyrirtækis. Og ekki nóg með það heldur þarf Þjóðhagsstofnun, sérstök stofnun sem tilheyrir forsrn. og ríkisstjórninni og ég veit að hæstv. ráðherra þekkir mjög vel frá fyrri árum, að fara yfir reikningana og samþykkja þá til þess að hækkun eða breyting á gjaldskrá geti átt sér stað. Auðvitað eru röksemdir hæstv. ráðherra algjörlega út í bláinn og furðulegt að hann sem þekkir þessi mál jafn vel og hann gerir, frá fyrri tíð og frá sinni ráðherratíð, skuli bera á borð röksemdir eins og þær sem hann hefur lýst í sínum ræðum. Það kórónar þó vitleysuna þegar hæstv. ráðherra leyfir sér að koma hér í ræðustól og segja: Verðið hefur lækkað reyndar frá orkuveitunum á undanförnum árum, sérstaklega frá Landsvirkjun — sem er auðvitað stofnverðið gagnvart rafveitunum — og staðið í stað frá hitaveitum og öðrum veitum, miðað við verðbólguna, en vegna þess að verðið hefur ekki hækkað jafnmikið og verðbólgan — m.ö.o. að raunverðið hefur lækkað — á að taka hluta af ákvörðunarvaldinu af þeim sem hafa lækkað verðið. — Blygðunarlaust, héðan úr þessum ræðustól.

Nú skulum við hugsa okkur að einhver stæði hér í ræðustóli og vildi koma á verðlagshöftum, vildi nýta sér verðlagsyfirvöld, og notaði þessar röksemdir hæstv. ráðherra. Hugsum okkur það t.d. að einhverjum aðilum í þjóðfélaginu hefði tekist að lækka verð með góðum rekstri, með skynsamlegum ákvörðunum. Þá væri hægt að koma hér upp í þennan ræðustól og segja: Verðið hefur lækkað hjá þessum aðilum og dálítil hætta er á því að það geti hækkað í framtíðinni. Þess vegna á að koma böndum á þessi fyrirtæki. Þetta er röksemdin. Og ég segi við hæstv. ráðherra: Hann getur ekki verið þekktur fyrir að nota röksemd af þessu tagi. Maður eins og hæstv. ráðherra, sem hefur skilning og þekkingu á verðlagsmálum, veit auðvitað að það má nota röksemd á borð við þessa til þess að drepa í dróma og binda í viðjar verðlagsákvarðanir, sérstaklega þeirra sem hafa sýnt það í verki að þeir

geta rekið fyrirtæki það vel að þeir þurfa ekki á hækkunum að halda til jafns við almennar verðlagshækkanir í landinu. Ef við gagnályktum frá því sem hæstv. ráðherra var að segja þýðir þetta það að ef fyrirtæki hafa hækkað umfram verðbólguna, tökum t.d. eitthvað af opinberu fyrirtækjunum, er hægt að gefa verðákvörðunarvaldið laust, ekki satt? Þá má gefa það laust. Þá á að heiðra slíka aðila með því.

Ég skil vel að hæstv. ráðherra er í vandræðum með að verja þennan ranga málstað, en mér finnst dálítið langt til seilst þegar þetta er notað sem röksemd. Mjög hæpið, svo ekki sé fastar að orði kveðið. Það er nefnilega þannig, og það veit auðvitað hæstv. viðskrh. sem jafnframt er iðnrh., að 85% eða u.þ.b., kannski skakkar það 5% til eða frá, eru erlendur kostnaður hjá t.d. Landsvirkjun. Og skuldir, efnahagsstaða þess fyrirtækis markast fyrst og fremst af breytingum á milli gjaldmiðla. Þetta veit auðvitað hæstv. ráðherra. Og hann veit að það er þetta sem skiptir langsamlega mestu máli.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra, ef hann má vera að því að hlusta: Ef það er hyggileg stefna að ríkisvaldið nái inn sköttum til þess að jafna milli tekna og gjalda í ríkisreikningnum og ef það er hyggileg stefna að reynt sé að reka ríkissjóð án halla og án þess að þurfa að taka erlend lán, er það þá hyggileg stefna á sama tíma að leyfa ekki fyrirtækjum, opinberum fyrirtækjum eins og t.d. Landsvirkjun, að greiða eðlilega niður sínar skuldir? Hver er munurinn á því að draga úr því að greiða erlend lán frá fyrirtæki eins og Landsvirkjun með eðlilegum hætti og hinu að taka erlend lán hjá ríkinu eða öðrum stofnunum sem þurfa á slíku að halda vegna þess að þeim er ekki séð fyrir tekjum? Þjóðhagslega er munurinn enginn. Og það hlýtur að vera jafnskynsamlegt að láta neytendur og kaupendur að orkunni kaupa hana á réttu verði eins og að láta skattgreiðendur greiða hallann á ríkissjóði, og kannski skynsamlegra frá hagfræðilegu sjónarmiði. Þetta veit auðvitað hæstv. ráðherra. Og það er hryggilegt og það hryggir mig sérstaklega að þurfa að hlusta á hæstv. viðsk.- og iðnrh. koma hér og flytja okkur þennan framsóknarboðskap. Ég verð að segja það og ég samhryggist honum innilega þess vegna.

Staðreynd málsins er sú að stjórn Landsvirkjunar kom saman í morgun og ákvað að sækja um 8% hækkun. Sú hækkun nægir ekki einu sinni fyrir því tapi sem Landsvirkjun hefur orðið fyrir frá því að síðasta hækkun átti sér stað og nægir ekki til þess að greiða eðlilega niður af skuldum eða til þess að fylgja lagaákvæðum um afkomu fyrirtækisins. Ég þykist vita að hæstv. ríkisstjórn hafi átt von á öðru frá Landsvirkjunarstjórninni. Nú er þetta staðreynd og það er einmitt þessi ákvörðun sem er stefnumarkandi ákvörðun fyrir önnur fyrirtæki sem kaupa af Landsvirkjun, fyrir fyrirtæki eins og Rafmagnsveitur ríkisins, Orkubú Vestfjarða og aðrar rafveitur í landinu. Það er ljóst að langsamlega stærsti kaupandinn er rafmagnsveiturnar. Og hver sér um gjaldskrár rafmagnsveitnanna? Enginn annar en hæstv. iðnrh. sjálfur. Það er hann sem verður að samþykkja þær. Og það er vitað mál og yfirlýst stefna Orkubús Vestfjarða að fylgja í einu og öllu verðákvörðunum sem koma frá Rafmagnsveitum ríkisins og iðnrn. M.ö.o., það ákvæði sem er í 3. gr. frv. er gjörsamlega til óþurftar. Það þarf ekkert að vera og það veit auðvitað hæstv. ráðherra. Þess vegna skora ég á ráðherra að fella í burtu — og gera það sjálfur, leggja það til sjálfur — 3. gr. því að ef einhver ástæða hefur verið fyrir því að setja ákvæði 3. gr. inn í frv. hefur hún verið sú að koma í veg fyrir að Landsvirkjun færi með sínar verðákvarðanir upp úr öllu valdi. Það er ljóst að það gerist ekki. Þess vegna er 3. gr. ekki nema til óþurftar.

Ég er viss um það, og það má segja hæstv. ríksstjórn Steingríms Hermannssonar, sem sat 1983–1987, til hróss að hún afnam gjaldskrárnefndina og setti gjaldskrárákvarðanir sveitarfélaganna í hendur sveitarfélaganna sjálfra. Ég hef engan hitt, og allra síst þá sem hafa einhvern tíma þekkt til starfsemi sveitarfélaga, sem hefur haldið því fram að þetta hafi ekki verið til bóta, til hagsbóta fyrir alla aðila, vegna þess að þá fylgdi völdunum ábyrgðin á ákvörðunartektinni. Þess vegna eru öll slík skref, eins og þau sem koma fram í 3. gr., skref aftur í tímann til fyrri stjórnarhátta sem reyndust illa. Og ef á að gera það í þessu tilviki, hvenær fáum við að sjá framhald af slíkum hugmyndum frá hæstv. ráðherrum? Aðrir sem hér hafa talað gegn 3. gr. hafa bent á röksemdir og þær koma fram auðvitað í nál. og fylgiskjölunum og ég ætla ekki að endurtaka þær hér. Ég vil hins vegar enn á ný segja að í grg. með 3. gr. frv. er ranglega farið með. Þar segir, ef ég man rétt, eitthvað á þá leið að það þurfi að fylgjast með verðlagningu á þessu sviði enda sé þar ekki um niðurgreiðslur að ræða. Er þetta satt og rétt? Við skulum skoða þetta aðeins. (**Viðskrh.:** Þú ert búinn að halda þá ræðu áður.) Ég fékk engin svör við þeirri ræðu. Og nú ætla ég að biðja ráðherra um að skýra þetta út ef hann er ekki sammála og ætla að spyrja ráðherra: Er hann sammála mér þegar ég segi að það séu niðurgreiðslur á orkuverði, sérstaklega til húshitunar, að sjálfsögðu? Og ég ætla að lýsa hverjar þær eru. (**Viðskrh.:** Bið hv. þm. að lesa betur grg. þar sem segir: „yfirleitt ekki niðurgreitt“.) Til hvers er verið að segja „yfirleitt ekki“? (Gripið fram í.) Ég var bara að benda á það að það er verið að gera tilraun, og það veit auðvitað hæstv. ráðherra, í grg. til þess að komast hjá því að segja sannleikann. Sannleikurinn er sá að húshitunarrafmagnið er niðurgreitt. Í fyrsta lagi er á því enginn söluskattur. Í öðru lagi eru niðurgreiðslur samkvæmt fjárlögum upp á 230 millj., ef ég man rétt, sem eru 63 aurar á hverja kwst. Í þriðja lagi gefur Landsvirkjun afslátt upp á 21 eyri á kwst. Og í fjórða lagi bætist það nú við að hæstv. ríkisstjórn hefur ákveðið að greiða niður rafmagn til fiskvinnslufyrirtækja sem nota orkuna jafnt og þétt á öllum árstímum og jafnt og þétt allan sólarhringinn. Og í fimmta lagi var hæstv. ráðherra að lýsa því hér áðan, og ég er honum fyllilega sammála, að það þurfi að taka á fjárhagsvanda og skuldavanda bæði Rafmagnsveitna

ríkisins og Orkubús Vestfjarða með sama hætti og ráð var fyrir gert hjá síðustu ríkisstjórn og reyndar stóð eftir þegar verðlagningunni var á sínum tíma breytt og verðjöfnunargjaldið sem var á raforkunni var fellt niður.

Hvað er þetta annað en niðurgreiðslur? Hvað er þetta annað en opinber afskipti af verði? Og ég segi: Það er ekki boðlegt að birta í grg. röksemdir af þessu tagi af því að þær eru ekki réttar. Og að allra síðustu skora ég, því enn er hægt að breyta þessu, á ráðherra að kalla aftur 3. gr. frv. Það stendur ekki á okkur í Sjálfstfl. að styðja hinar tvær greinarnar sem eru til bóta. En vegna þeirrar ákvörðunar, sem tekin var í morgun í Landsvirkjunarstjórninni, tel ég að hafi einhvern tíma verið hægt að seilast svo langt að segja að það hafi verið röksemd fyrir slíkri grein, sé sú röksemd fallin, þá sé sú framsóknarröksemd fallin.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Það var raunar ekki ætlunin að tala hér aftur en vegna orða hæstv. ráðherra gat ég ekki setið á mér.

Þegar hæstv. ráðherra talaði um forsendurnar fyrir því að hafa þetta með þessum hætti sem hér er lagt til í 3. gr. frv. varð ég hissa. Forsendan var sú að orkuverð hafi lækkað svo undanfarið að það sé stórhætta á að það hækki allt of mikið og hef ég aldrei heyrt þvílík rök áður, og í öðru lagi að sprengihætta yrði af þeim hækkunum sem kæmu frá Landsvirkjun og orkufyrirtækjum þegar verðstöðvun væri lokið. Í þessu sambandi ræddi hæstv. ráðherra um réttlæti. Og ég verð að segja alveg eins og er að mér datt í hug þegar ráðherrar Alþfl. stóðu hér á þessum stað og predikuðu réttlæti, einföldun og skilvirkni, með nánast hverju einasta frv. sem þeir fluttu. Í hverju er einföldunin fólgin í þessu frv.? Skyldi það vera einföldun að setja þessa ákvörðun undir Verðlagsráð? (Gripið fram í.) Nei, það er ekki það, það gengur í öfuga veru. Ekki er það einföldun. Og er það eitthvert réttlæti að taka ákvörðun frá réttmætum kjörnum fulltrúum sveitarfélaga og kjörnum fulltrúum þings í Landsvirkjun? Er það eitthvert réttlæti? Og skyldi þetta verða skilvirkara? Ekki held ég það heldur. Þó kastaði nú fyrst tólfunum þegar hæstv. ráðherra fór að ræða um það að það mætti ekki hækka verðskrána á meðan á verðstöðvun stæði, en hann minntist ekki á það að skattarnir voru hækkaðir hér allverulega í vetur á heimilin í landinu og má þá minna á matarskattinn sem hæstv. ráðherra barði hér í gegn og íbúðaskattinn sem hann lagði til í vetur sem hefur hækkað hjá sumum um 320% við þær tillögur sem voru hér samþykktar. Skyldi það nú vera réttlæti í verðstöðvun, eða ætlar ráðherrann að segja að það sé tvöfalt siðferði hjá ríkisstjórninni, annað sem snýr að hækkunum til ríkisins, eða ríkisstjórnarinnar, og hitt sem snýr að öðrum aðilum í þjóðfélaginu? Og það að orkuverð skuli hafa lækkað á undanförnum árum skuli vera tilefni til þess að ráðherrann vill nú setja það undir Verðlagsráð því hann er svo hræddur við að það hækki aftur eru hin undarlegustu rök. Ég verð að segja alveg eins og er að ég hef oft heyrt rök flutt fyrir máli en þetta eru hin undarlegustu rök og er erfitt að skilja.

Ég held að 3. gr. frv., ef að lögum verður, sé hin alversta og afturför og gengi til baka til fyrri ára þegar kerfið var enn þá verra en nú er og ég held að það sé til óþurftar. Eins og kemur fram í frv. til lánsfjárlaga eru þar heimildir til að taka lán vegna skuldbreytinga sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra, sem eru hitaveitur og fjarhitun, og það er upp á 332 millj. Ég held að ef sú niðurstaða yrði, að þessi fyrirtæki fái ekki að hækka sín gjöld í samræmi við sínar skuldir, liggi það í augum uppi að þessar upphæðir þurfi auðvitað að vera hærri, enn þá hærri. Er þá hæstv. ráðherra að óska eftir því að við aukum okkar erlendu skuldir sem hafa þó aukist fram yfir allt sem eðlilegt er á undanförnum tveimur árum?

Ég tek eftir því í málflutningi ráðherrans að hann vill helst verðlauna allt sem illa er rekið en hamla á móti vel reknum fyrirtækjum. Enn einu sinni er hér verið að reyna að færa til fjármagn með óeðlilegum hætti frá vel reknum fyrirtækjum yfir í illa rekin fyrirtæki. Þar að auki hefur hér áður á þinginu, eins og í vetur og hv. 1. þm. Vestf. nefndi með réttu, snjóað yfir okkur skattaálögum og þeim var auðvitað velt yfir á heimilin í landinu þótt verðstöðvun væri og hæstv. ráðherra hafði engar athugasemdir við það. Þó að allt upp í 320% hækkun á sköttum væri á fólki hér í landinu í ýmsum tilfellum hafði hann engar athugasemdir að gera. Þá var ekki verðstöðvun því þá þurfti ríkisstjórnin að hækka sína skatta en það var allt í lagi með heimilin í landinu á þeim tíma. Þetta er nú tvöfalt siðgæði svo að ekki sé meira sagt.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég verð nú að segja það að málflutningur þeirra hv. 1. þm. Vestf. og hv. 1. þm. Reykv. í þessu máli gerist mjög sérkennilegur. Hv. 1. þm. Reykv. tók réttilega fram að vissulega væri þetta neytendaverndarfrumvarp. Það er alveg rétt hjá honum. Honum yfirsást hins vegar hin meginástæðan fyrir flutningi frv. þótt ég lýsti henni bæði í framsöguræðu minni og nú í svörum við fyrirspurnum hans. Hin ástæðan er að það sé nauðsynlegt að það sé sýnilegt jafnræði í verðlagsmálum milli opinberra fyrirtækja og fyrirtækja í einkarekstri á þeim tíma sem nú fer í hönd, tíma kjarasamninga og umþóttunar í verðlagsmálum og kjaramálum. Ég hélt reyndar að hv. þm. hefði skilning á þessu, jafnoft og því hefur verið við borið í þessum kjarasamningum að sjálftökufyrirtæki hins opinbera færu fram á vettvang og hrifsuðu til sín meira en hóf væri á. Þetta er kannski sterkasta röksemdin fyrir tillögu frv. um bráðabirgðaákvæði í verðlagslögum, að setja orkuverðsákvarðanir undir sömu lög og gilda um verðákvarðanir einkafyrirtækja um sex mánaða skeið. Að lýsa þessu með þeim orðum, sem hv. 1. þm. Reykv. gerði áðan, að drepa í dróma og hefta í viðjar og hverfa aftur í tímann með þessar verðákvarðanir er stórkostleg misnotkun á tungunni og verðbólga í

orðafari þannig að varla verður látið athugasemdalaust.

Síðan var hér mikið um það rætt af þeim báðum, hv. 1. þm. Vestf. og hv. 1. þm. Reykv., að raunverð á raforku hefði lækkað og virtust leggja mjög út af því sem ég nefndi, að einmitt við þær aðstæður gæti sums staðar verið hætta á að menn snögghækkuðu verð ef tækifæri gæfist til þess. Þetta þarfnast nú ekki flókinna skýringa. Þetta bara er svona. (**FrS:** Það hefur lækkað á síðustu fimm árum.) Já, við skulum ræða um það aftur. Má ég þá spyrja þessa ágætu þm.: Eru þeir að leggja til — og ég beini því sérstaklega til hv. 1. þm. Vestf. — að fólkið úti á landi, á köldu svæðunum, fái 30% hærri raforkureikning núna 1. mars? Reyndar þyrfti hann að hækka um 40% til þess að ná því raunverði orkunnar sem hv. 1. þm. Vestf. lagði hér út af áðan. Er þetta hans tillaga? Ég vildi gjarnan fá svar við því. (**MB:** Fulltrúar þess fólks eiga að fá að ráða því.) Já, ég vildi bara fá þitt svar við því hvort þetta væri þín tillaga. Ég tel að þar væri ekki vel að staðið.

Þegar svona er teflt fram rökum verða menn líka að fá skýr svör. (Gripið fram í.) Nú skulum við ræða það, hv. þm. Þú komst hér inn á og studdir reyndar þá hugmynd sem hreyft var í tíð fyrri ríkisstjórnar að endurskipuleggja fjárhag, breyta skuldum, létta skuldum af skuldugustu orkufyrirtækjum landsins, Orkubúi Vestfjarða og Rafmagnsveitum ríkisins. Það er verk sem vinna þarf og má ekki og á ekki að leysa með skyndihækkunum á gjaldskrám þessara fyrirtækja. Þetta veit ég að hv. þm. eru mér sammála um, þeir eru hér bara í eins konar málfundaæfingum sem ég á erfitt með að skilja, en reyndar veit ég að þeir eru slyngir við það stundum, sérstaklega hv. 1. þm. Vestf. Matthías Bjarnason sem ég hef hlustað á halda skemmtilegar ræður í 40 ár. (**FrS:** Og ekki lært meira en þetta?) Mikið lært af hv. 1. þm. Vestf. (**Gripið fram í:** Ekki nóg.) Enn gefst tækifæri til þess að læra nokkuð af honum, en hér í dag skjöplaðist honum mjög.

Þá kem ég að því sem var hin talan sem nefnd var í þessum umræðum. Það voru ekki 30%, nei, það voru 300%, sem nefnd voru hér af hv. 11. þm. Reykn., sem átti að vera einhvers konar lýsing á skattahækkunum hér að undanförnu. Mig langar því til að nefna nokkrar tölur. Að vísu verð ég að játa það að þær eru dálítið lægri en 300%. Það er nefnilega þannig að á þessum tíma sem liðinn er frá því að verðstöðvun var hér á sett í lok ágúst, fimm mánuðina frá september til febrúar, hækkaði verðlag í landinu um u.þ.b. fjóra af hundraði. Fjórðunginn, 1%, af þeirri hækkun má rekja til breytinga á óbeinum sköttum. Þetta eru nú staðreyndir málsins og ég bið menn að gæta þess þegar þeir varpa fram tölum í umræðum um það sem hér hefur verið að gerast í verðlags- og skattamálum að velja þær nokkuð meira við hóf en hér var gert.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Sú umræða sem hér hefur farið fram virðist nokkuð hafa farið út um víðan völl. Vissulega er efnislegur ágreiningur en sum af þeim rökum sem menn hafa notað hér vekja undrun mína. Það vakti þó mesta undrun mína þegar hv. 1. þm. Reykv. fullyrti að rafmagn til húshitunar væri niðurgreitt og tók sem dæmi í rökstuðningi með þeirri fullyrðingu að það væri ekki greiddur söluskattur af þessu rafmagni. (**FrS:** Til íbúðarhúsa.) Til íbúðarhúsa. Ef þessi fullyrðing er tekin alvarlega en ekki bara sem eitthvert gaspur hér verður þetta ekki skilið á annan veg en þann að hann líti svo á að upphitunarkostnaður Reykvíkinga sé niðurgreiddur því það er ekki greiddur söluskattur af upphitunarkostnaði hér þegar heitt vatn er keypt til húshitunar. Ef enn má taka hann alvarlega og trúa því að öll hugsun um niðurgreiðslur sé framsóknarmennska, hrein og klár, er hann að lýsa því hér með yfir eða játast undir þá stefnu, sem framsóknarmenn hafa stundum haldið fram, að niðurgreiðsla eigi rétt á sér, að hann leggi til að þessu verði breytt og það verði settur söluskattur á heitt vatn hér á landi. (Gripið fram í.) Ég sé að hv. 1. þm Reykv. er þegar farið að líða illa og skyldi engan undra því að hann var í sínum málflutningi kominn út á svo hættulegan ís að hann nær ekki landi. Og þegar hann lýsir því svo yfir að hæstv. iðnrh. sé orðinn framsóknarmaður spyr maður náttúrlega sjálfan sig: Hvað er eftir af heilbrigðri rökhyggju í höfðinu á slíkum mönnum sem halda slíku fram? Ef nokkur er fullkomlega löggiltur krati af þeim sem sitja í ráðherrastól fyrir Alþfl., þá er það Jón Sigurðsson af guðs náð eins og sagt er, sögulega séð og hvernig sem á málið er litið.

Ég held þess vegna að hv. 1. þm. Reykv. hafi alls ekki áttað sig á samhengi hlutanna þegar hann hóf þessa umræðu um niðurgreiðslurnar. Ég vil bæta því við að ef ætti að selja rafmagn til húshitunar á því verði sem Landsvirkjun hefði áhuga á að selja það á blasir við að það er miklu hagkvæmara að nota olíu til upphitunar og sala á rafmagninu mundi einfaldlega falla niður. Það er nefnilega dálítið til í þessu sem heitir markaðslögmál og þannig standa nú þessi mál í dag að olía er mun ódýrari valkostur til upphitunar en rafmagn ef á að selja það á því verði sem menn eru að tala um.

Einnig má bæta því við að margar fjarvarmaveitur hefðu af því hreinan hag að nota kol þrátt fyrir þá niðurgreiðslu sem á sér stað á rafmagninu. Við búum nefnilega svo vel í raforkumálum í dag að það er offramleiðsla á rafmagni í landinu. Það er söguleg staðreynd og með því er ég ekki að ásaka einn eða neinn.

Ég vænti þess að hv. 1. þm. Reykv. gái að sér í sínum vopnaburði þegar hann ræðst gegn þessu frv. og gangi ekki svo harkalega fram að mál hans verði ekki skilið á annan veg en þann að nú sé þjóðarnauðsyn að stöðva niðurgreiðslur á orku til upphitunar og það verði ekki gert með öðru móti en að leggja söluskatt á heitt vatn í landinu.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í deilur stjórnarflokkanna um það hverjir séu af guðs náð kratar og hverjir réttbornir framsóknarmenn. Það hafa orðið allsnarpar deilur hér í þessari umræðu og hæstv. ráðherra hefur sætt allharkalegri gagnrýni. Hann kom hér upp til varnar sjálfum sér og þótti mér það heldur bera keim af kattarþvotti. Ég verð þó að segja það eins og er að ég er ekki sammála því efnisatriði sem hér hefur helst komið til umræðu, þ.e. verðlagshöftum á orkufyrirtækin. Þvert á móti hefur verið sýnt fram á það með skýrum rökum að einmitt þau hafa verið að lækka raunvirði á sölu sinnar þjónustu á undanförnum árum og hér hefur með skýrum rökum verið sýnt fram á að ef einhvers staðar á að treysta aðilum til frjálsrar verðmyndunar þá er það einmitt á þessu sviði.

En hæstv. ráðherra kom hér upp og það fór ekki á milli mála að hann átti í vök að verjast. Og þó að ég telji það ekki skyldu mína að grípa til varna fyrir hans hönd, þá held ég að það sé alveg nauðsynlegt vegna þeirrar miklu gagnrýni sem hann hefur sætt út af þessu afmarkaða máli að skýra afstöðu hans í víðara samhengi því að með því einu móti fæst haldbær skýring á þeirri afstöðu sem hann kynnir og þeirri stefnu sem hann mælir hér fyrir.

Sannleikurinn er sá að hæstv. ráðherra var til skamms tíma einn helsti málsvari fyrir frjálst hagkerfi á Íslandi, en hann hefur á síðustu mánuðum tekið stakkaskiptum í þessum efnum og er nú ásamt hæstv. fjmrh. helsti málsvari og forustumaður um allsherjarstefnubreytingu í íslenskum efnahagsmálum sem miðar að því að færa efnahagskerfi Íslendinga frá frjálsræði sem hér hefur ríkt til meiri miðstýringar. Hæstv. ráðherra er þannig ásamt hæstv. fjmrh. helsti forustumaður um auknar niðurgreiðslur, helsti forustumaður um auknar uppbætur og millifærslur til atvinnuveganna með þeim skattahækkunum sem af því leiða. Hæstv. ráðherra er helsti forustumaður nú um stundir um handstýringu vaxta og fjármagnsmarkaðar. Hæstv. ráðherra er helsti forustumaður um það að breyta hlutverki bankaráða í þá veru að þau verði að eins konar kommissarastjórnum í þágu ráðherranna.

Þannig verður að horfa á þetta mál að hæstv. ráðherra hefur á öllum sviðum tekið að sér forustu um aukna miðstýringu og fráhvarf frá frelsi. Og hann væri ósamkvæmur sjálfum sér ef hann á þessu afmarkaða sviði væri ekki þeirrar skoðunar að hér ætti að fella mál undir aukna miðstýringu og aukið eftirlit. Ég held að það sé einmitt þetta sem er meginskýringin á afstöðu hæstv. ráðherra í þessu máli. Það verður til nokkurrar málsbótar fyrir hæstv. ráðherra að draga þessa heildarmynd fram. Síðan gætum við auðvitað sett á langar umræður um gildi þeirrar stefnu og afleiðingar en til þess gefst ekki tími. En mér fannst alveg nauðsynlegt, vegna þess hversu máttvana vörn ráðherrans var, að draga þessa heildarmynd fram í dagsljósið.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Vegna ummæla hæstv. ráðherra hér áðan um hækkun á sköttum þá get ég ekki gert að því þó að hann hafi ekki vitað hvað hann var að samþykkja þegar hann samþykkti og hækkaði íbúðarskattinn núna um áramótin. Staðreyndin er hins vegar sú að hjá einstaklingum sem eiga skuldlaust íbúðarhúsnæði var hækkunin eitthvað í kringum 320% fyrir 14 millj. kr. eign. Ráðherrann hefur auðvitað ekki vitað það að þetta eru verulegar hækkanir. Það er alveg ljóst að ráðherrann verður að fara í gegnum þau skattalög sem hann hefur samþykkt vegna þess að hann hefur ekki gert sér grein fyrir því að íbúðarskatturinn hefur hækkað svona mikið. Ég vil taka hér sem dæmi að þessi skattur hefur hækkað allverulega frá síðustu árum og er sennilega sá hæsti sem um getur í heiminum. Ráðherrann veit náttúrlega ekkert um það því að hann greiddi bara atkvæði með þessum skatti. Væri nú fróðlegt að rifja upp svolítið af þeim skatti fyrir ráðherrann við þessa umræðu.

Það er alveg ljóst að þessi skattur, fyrst ráðherrann veit það ekki, hefur hækkað gífurlega mikið og ég ætla að leyfa ráðherranum, ef hann hefur tíma til, að heyra hvernig þessi skattur hefur hækkað af því að hann veit það ekki. Við atkvæðagreiðslu um íbúðarskattinn benti ég á að þessi skattur hefði með nýju lögunum hækkað um 320% hjá ákveðnum einstaklingum. Þetta eru staðreyndir sem hæstv. ráðherra hefði átt að kynna sér áður en hann samþykkti þennan skatt. Og ég ætla að minna ráðherrann á það einnig, fyrst hann vissi þetta ekki, að íbúðarskatturinn leggst fyrst og fremst á íbúa á svæðinu hér í kring, Reykjavík og Reykjanes, með miklum þunga. Íbúðarskatturinn er mikil hækkun og langt fram yfir það sem eðlilegt er. Og í verðstöðvun er þetta langt frá því að vera eðlilegt. Ég ætla að minna ráðherrann á það, fyrst hann veit það ekki, að einstaklingur kemur til með að greiða gífurlega háa skatta af þessu. Einstaklingur sem á síðasta ári greiddi 72 þús. í eignarskatt af íbúðarhúsnæði greiðir núna 231 þús. sem eru 320% hækkun. Ef ráðherrann veit ekki meira um þetta, þá ætti hann að kynna sér málið. Ég bendi honum á grein sem ég reit í Morgunblaðið 4. jan. sl. þar sem eru töflur um þessa hækkun og einnig um það hvernig þessi skattur mun sérstaklega bitna á kjósendum hæstv. ráðherra hér í Reykjavík og á kjósendum af Reykjanesi fram yfir aðra á landinu. Ég held að ráðherranum væri hollt að kynna sér mál þetta áður en hann fer að halda því fram að það sé ekki farið rétt með tölur. Í þessu sambandi gæti ég líka reiknað út fleiri hækkanir sem hafa orðið langt umfram eðlilegar verðhækkanir.

Þetta eru staðreyndir málsins. Ráðherrann verður að kynna sér þetta mál betur og þá getur hann séð að þetta er rétt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 24:12 atkv.
Brtt. 540 (ný grein, verður 4. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 36 shlj. atkv.

Viðskiptabankar og sparisjóðir, frh. 2. umr.

Stjfrv., 3. mál (verðbréfafyrirtæki). — Þskj. 3, n. 538.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Ríkisreikningur 1987, frh. 1. umr.

Stjfrv., 292. mál. — Þskj. 524.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 35 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

63. fundur, fimmtudaginn 23. febr., að loknum 62. fundi.

Viðskiptabankar og sparisjóðir, 3. umr.

Stjfrv., 3. mál (verðbréfafyrirtæki). — Þskj. 3.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Verðlag, samkeppnishömlur og óréttmætir viðskiptahættir, 3. umr.

Stjfrv., 243. mál (Verðlagsráð, skýrslur og verðlagning á orku). — Þskj. 563.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Launavísitala, frh. 2. umr.

Stjfrv., 213. mál. — Þskj. 361, n. 535 og 537.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Þetta frv. um launavísitölu hefur verið til meðferðar í hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar og til nefndarinnar hafa komið til viðræðna fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands og frá Vinnuveitendasambandi Íslands, frá BHMR og frá Verkamannasambandi Íslands og frá Vinnumálasambandi samvinnufélaga og Hallgrímur Snorrason og Gunnar Hall frá Hagstofu Íslands.

Það er sameiginlegt með öllum viðmælendum nefndarinnar að allir höfðu miklar athugasemdir fram að færa við þetta frv. Það má segja líka að þó að fjórir nefndarmenn skrifi undir nál. og leggi til að frv. verði samþykkt, þá skrifa tveir nefndarmanna undir þetta nál. með fyrirvara þannig að í sjö manna nefnd eru aðeins tveir þingmenn sem mæla með samþykkt frv. án þess að hafa fyrirvara. Það má því segja að það sé hvorki nein ánægja eða gleði hjá þeim sem til hefur verið leitað um samþykkt þessa frv. eða hjá stjórnarliðinu sjálfu.

Þeir sem skipa minni hl. nefndarinnar eru auk mín: 10. þm. Reykn. Kristín Halldórsdóttir og 11. þm. Reykn. Hreggviður Jónsson. Við leggjum til að þessu frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Í athugasemdum með frv. kemur fram að því er ætlað að skapa lagalegan grundvöll fyrir útreikningi á mánaðarlegum breytingum á greiddum launum í landinu svo að unnt sé að nota þá vísitölu sem þannig fæst sem þriðjungsþátt í nýrri lánskjaravísitölu samkvæmt reglugerð sem gefin var út 23. jan. sl.

Frá því að þessi reglugerð var gefin út hafa verið uppi efasemdir um lögmæti þessarar breytingar. Samtök lífeyrissjóða hafa fengið tvo hæstaréttarlögmenn til þess að kanna lagalegar hliðar málsins og þeir hafa nú nýlega skilað sameiginlegu áliti þar sem fram kemur að þeir telja breytinguna ekki hafa stoð í lögum um stjórn efnahagsmála, nr. 13 frá 1979. Af þessu tilefni töldum við rétt að birta í heild sem fskj. með nál. okkar lögfræðilegt álit þessara tveggja hæstaréttarlögmanna sem eru Jón Steinar Gunnlaugsson og Ragnar Aðalsteinsson.

Í þessu áliti rekja þeir gang þessara mála og lánskjaravísitölunnar sem ég ætla ekki að fara að lesa

upp eða ræða ítarlega en ég taldi nauðsyn vera á því að þetta fskj. fylgdi með þessu frv. Frá því að lánskjaravísitala var tekin upp á árinu 1979 hefur hún samkvæmt ákvörðunum Seðlabanka verið samansett af vísitölu framfærslukostnaðar að ⅔ og vísitölu byggingarkostnaðar að ⅓. Þetta fyrirkomulag hefur haldið sér allan tímann. En 26. ágúst 1983 birti Seðlabankinn auglýsingu um grundvöll lánskjaravísitölu og þá var ekki gerð nein breyting á samsetningu vísitölunnar en efni auglýsingarinnar var aðeins að ákveða að lánskjaravísitalan skyldi fylgja mánaðarlegum útreikningi sem þá hafði verið tekinn upp nokkru áður um vísitölur framfærslukostnaðar og byggingarkostnaðar. Fram til þess tíma höfðu þær vísitölur einnig verið reiknaðar á þriggja mánaða fresti en síðan verið byggt á spá Þjóðhagsstofnunar um gildi þeirra þá mánuði sem þær voru ekki reiknaðar út.

Hæstaréttarlögmennirnir tveir sem senda þetta álit komast að þeirri meginniðurstöðu að ákvæði VII. kafla laga frá 1979 leyfi ekki að tekin sé upp bein viðmiðun við launabreytingar á grundvelli lánskjaravísitölu sem gert var í þeirri reglugerð sem ég vitnaði til og gefin var út í síðasta mánuði. Í öðru lagi að jafnvel þó að gengið væri út frá því að ofangreind niðurstaða sé röng og lögin heimili í sjálfu sér hina beinu viðmiðun við launabreytingar þá verður ekki talið að aðili lánssamnings sé gerður ef gildistíð eldri lánskjaravísitölu þurfi gegn vilja sínum að sæta breytingum á samningi sínum til samræmis við reglugerðina, sem ég vitnaði til áðan og gefin var út í síðasta mánuði, nema slíkt leiði ótvírætt af texta lánssamningsins og er þar vitnað til VIII. kafla þessarar álitsgerðar.

Fulltrúi BHMR sem mætti á fundi nefndarinnar vakti athygli á grein sem hann hafði skrifað í félagsblað, og fékk nefndarmönnum ljósrit af þeirri grein. Þar kemst hann að þeirri niðurstöðu að hin nýja lánskjaravísitala er keimlík þeirri sem áður gilti, en á henni eru flestir gallar eldri verðtryggingarinnar og að auki tveir nýir ágallar sem ekki verður horft fram hjá. Í fyrsta lagi er frá sjónarhóli stéttarfélaga óréttlætanlegt að einungis spari- og lánsfé sé verðtryggt. Í öðru lagi felur hin nýja lánskjaravísitala einnig í sér sjálfvirkni til verðhækkana sem er óæskileg en kerfislæg. Í þriðja lagi er erfitt að mæla með viðunandi hætti launaþátt hinnar nýju vísitölu. Og í fjórða lagi er frá sjónarhóli stéttarfélaga óréttlætanlegt að binda afkomu spari- og lánsfjáreigenda við afkomu launamanna þegar afkoma launamanna er í algjörum botni. Þetta kom fram hjá fleiri fulltrúum launþega sem um málið hafa rætt.

Ég tel að eins og málum er háttað sé afar hæpið hjá hæstv. ríkisstjórn að halda áfram með gang þessa frv. Við sem skipum minni hl. nefndarinnar teljum því óhjákvæmilegt að Alþingi afli þegar lögfræðilegrar álitsgerðar, t.d. hjá Lagastofnun Háskóla Íslands, á því hvort margnefndar breytingar á grundvelli lánskjaravísitölu séu í samræmi við gildandi lög. Fyrr en það álit liggur fyrir eru tæpast efni til viðamikillar umfjöllunar um einstök efnisákvæði frv. Þó verður ekki hjá því komist að benda á að það er varhugavert að ganga til mánaðarlegra mælinga á launakjörum því að árstíðabundnar sveiflur í atvinnulífinu leiða til misvísandi upplýsinga um launaþróun frá einum mánuði til annars. Nær væri í þessu sambandi að miða við ársfjórðungslegar upplýsingar svo sem gert er í Fréttabréfi kjararannsóknarnefndar. Það er auk þess skoðun minni hl. nefndarinnar að tímasetning þessarar breytingar, sem felur í sér stórlega aukið vægi launa í lánskjaravísitölunni, sé alröng eins og nú er ástatt. Einnig gæti birting opinberrar, lögformlegrar launavísitölu haft ýmis hliðaráhrif, t.d. svo kölluð spíraláhrif, sem og að vísitalan gæti kynt undir óraunhæfum væntingum og kröfugerð utan kjarasamninga.

Með tilliti til þessa sem segir í nál. og þess sem ég hef nú þegar sagt, þá er það tillaga minni hl. fjh.- og viðskn. að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Ég endurtek að enginn hefur lýst yfir neinni ánægju með frv. en allir viðmælendur og yfirgnæfandi meiri hl. fjh.- og viðskn. eru óánægðir með frv. Þess vegna held ég að það væri skynsamlegast hjá ríkisstjórninni að samþykkja tillögu minni hl. nefndarinnar um að hún fái það aftur til meðhöndlunar því að ekki veitir af.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Við 1. umr. um þetta mál kom fram stuðningur, einnig frá stjórnarandstöðunni, við setningu laga um launavísitölu. Það var að vísu óháð því að hún yrði notuð eins og nú er gert ráð fyrir í sambandi við lánskjaravísitölu. Ég er þessu sammála. Launavísitala er reiknuð í dag og er notuð og því eðlilegt að setja um hana lög. Ef þetta frv., sem samið var af hagstofustjóra, er að einhverju leyti gallað, þá treysti ég nefndinni fullkomlega vel til þess að lagfæra það.

Nú hefur stjórnarandstaðan hins vegar lagt til að máli þessu verði vísað til ríkisstjórnarinnar og vísar þá til þeirrar deilu sem er á milli ríkisstjórnarinnar og fyrst og fremst lífeyrissjóða um hina nýju lánskjaravísitölu. Viðræður fara nú fram á milli ríkisstjórnar og lífeyrissjóða og hafa lögfræðiálit verið lögð fram. En mér finnst sjálfsagt að verða við því sem felst í tillögu minni hl., að mál þetta verði ekki afgreitt fyrr en úr þessari deilu fæst skorið og ég vil leyfa mér að leggja hér til að mál þetta verði látið bíða.

Umræðu frestað.

EFRI DEILD

64. fundur, fimmtudaginn 23. febr., kl. 5 síðdegis.

Ríkisreikningar 1981–1986, 3. umr.

Stjfrv., 142. mál. — Þskj. 149.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 565).

Ríkisreikningur 1979, 3. umr.

Stjfrv., 159. mál. — Þskj. 170.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 566).

Verðlag, samkeppnishömlur og óréttmætir viðskiptahættir, ein umr.

Stjfrv., 243. mál (Verðlagsráð, skýrslur og verðlagning á orku). — Þskj. 563.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 567).

Efnisskrá.

Aðgerðir í efnahagsmálum (20. mál, staðfesting bráðabirgðalaga frá 31. maí 1988) 3643.
Björgunarþyrla (232. mál) 3864.
Efnahagsaðgerðir (8. mál, staðfesting bráðabirgðalaga) 3641, 3733.
Endurskoðun útvarpslaga (228. mál) 3868.
Fjáraukalög 1979 (160. mál) 3647.
Fjáraukalög 1981–1986 (143. mál) 3646.
Flugfargjöld (249. mál) 3859.
Framkvæmd ályktana Alþingis (282. mál) 3646.
Fræðsla og forvarnir í áfengismálum (272. mál) 3882.
Fræðsluátak um áfengismál (271. mál) 3878.
Fræðsluherferð um áfengismál meðal skólafólks (270. mál) 3877.
Gjaldþrotameðferð fyrirtækja (250. mál) 3851.
Kynferðisafbrot gagnvart börnum (261. mál) 3858.
Launavísitala (213. mál) 3848, 3944.
Lánsfjárlög 1989 (103. mál) 3641, 3785, 3789.
Lyfjadreifing (287. mál, sala á bóluefni til ónæmisaðgerða) 3826.
Norrænn þróunarsjóður (202. mál) 3645, 3837, 3838.
Orlof (281. mál, varsla orlofslauna) 3825, 3837.
Ríkisreikningar 1981–1986 (142. mál) 3924, 3947.
Ríkisreikningur 1979 (159. mál) 3924, 3947.
Ríkisreikningur 1987 (292. mál) 3846, 3943.
Sjúkradagpeningar (245. mál) 3855.
Sjúkraliðar (229. mál, verkstjórn og starfsábyrgð) 3818, 3837, 3943.
Stjórn efnahagsmála o.fl. (240. mál, lágmarkstími verðtryggingar og fastir vextir) 3837, 3838, 3849.
Tekjuskattur og eignarskattur (218. mál, íbúðarhúsnæði ellilífeyrisþega) 3839.
Tekjuskattur og eignarskattur (219. mál, starfslok launþega) 3841.
Tilhögun þingfunda 3646, 3836.
Tilkynning frá ríkisstjórninni 3726, 3889, 3913.
Um þingsköp 3872 (fyrirspurn um varaflugvöll).
Umferðarfræðsla í skólum (269. mál) 3852.
Umræður utan dagskrár 3747 (varaflugvöllur); 3910 (gjöf menntmrh. til Kennarasambands Íslands).
Varaflugvöllur (262. mál) 3873.
Verðbréfaviðskipti (1. mál) 3643, 3779, 3788, 3827.
Verðlag, samkeppnishömlur og óréttmætir viðskiptahættir (243. mál, Verðlagsráð, skýrslur og verðlagning á orku) 3811, 3925, 3948.
Viðskiptabankar og sparisjóðir (3. mál, verðbréfafyrirtæki) 3847, 3943.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Guðrún Helgadóttir 3646, 3669, 3670, 3672, 3691, 3692, 3693, 3709, 3725, 3726, 3727, 3729, 3731, 3732, 3872, 3873, 3881, 3910.
Forseti Sþ. Salome Þorkelsdóttir 3889.
Forseti Nd. Kjartan Jóhannsson 3784, 3836, 3848, 3849.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 3643, 3658, 3712, 3733, 3766, 3904, 3921, 3946.
Fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson 3646, 3647, 3785, 3846, 3897.
Heilbr.- og trmrh. Guðmundur Bjarnason 3818, 3823, 3826, 3845, 3856, 3878, 3883, 3888.
Landbrh. Steingrímur J. Sigfússon 3660, 3860, 3863, 3874, 3876.
Menntmrh. Svavar Gestsson 3697, 3723, 3729, 3810, 3853, 3869, 3871, 3872, 3879. 3887, 3911, 3913.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 3772, 3852, 3859, 3865, 3866, 3877.
Utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson 3649, 3713.
Viðskrh. Jón Sigurðsson 3783, 3811, 3828, 3849, 3929, 3938.
Albert Guðmundsson 3642, 3645, 3676, 3805, 3839, 3841, 3844, 3846, 3867, 3919.
Alexander Stefánsson 3802, 3844.
Árni Gunnarsson 3783.
Birgir Ísl. Gunnarsson 3868, 3870.
Birna K. Lárusdóttir 3674.
Björn Grétar Sveinsson 3825.
Eiður Guðnason 3694, 3737, 3862, 3924.
Eyjólfur Konráð Jónsson 3702, 3762.
Friðrik Sophusson 3642, 3645, 3726, 3727, 3781, 3814, 3892, 3933.
Geir H. Haarde 3780, 3784.
Guðmundur Ágústsson 3834.
Guðmundur H. Garðarsson 3679, 3712, 3758, 3922.
Guðrún Agnarsdóttir 3172, 3701, 3758, 3834, 3873, 3878, 3882, 3887.
Guðrún Helgadóttir 3822, 3855, 3857.
Halldór Blöndal 3668, 3669, 3690, 3691, 3692, 3709, 3726, 3730, 3733, 3738, 3775, 3869, 3871, 3872, 3873, 3875, 3889.
Hjörleifur Guttormsson 3851, 3852, 3859, 3862.
Hreggviður Jónsson 3642, 3670, 3691, 3722, 3732, 3840, 3843, 3867, 3881, 3887, 3928, 3937, 3942.
Ingi Björn Albertsson 3864, 3865, 3867, 3873, 3877, 3878, 3881, 3886.
Jóhanna Þorsteinsdóttir 3820, 3852, 3855.
Jón Kristjánsson 3688.
Jón Sæmundur Sigurjónsson 3823.
Júlíus Sólnes 3751.
Karl Steinar Guðnason 3672.
Kristín Halldórsdóttir 3707, 3794, 3804, 3826, 3867, 3927.
Kristinn Pétursson 3686, 3809, 3868, 3889, 3920
Matthías Bjarnason 3782, 3848, 3925, 3932, 3944.
Matthías Á. Mathiesen 3647, 3695, 3725.
Ólafur Þ. Þórðarson 3641, 3912, 3939.
Páll Pétursson 3644, 3695, 3781, 3783, 3837, 3838, 3847, 3848, 3925.
Pálmi Jónsson 3789, 3910, 3912.
Salome Þorkelsdóttir 3858, 3859.
Sighvatur Björgvinsson 3797, 3911.
Skúli Alexandersson 3755, 3861.
Valgerður Sverrisdóttir 3706.
Þorsteinn Pálsson 3941, 3913.
Þórhildur Þorleifsdóttir 3731, 3913.

Leiðrétting:
Í 12. hefti: Þrjár síðustu línur í 3249. dálki færist neðst í 3250. dálk.
Neðsta línan í 3289. dálki falli brott.

SAMEINAÐ ÞING

47. fundur, mánudaginn 6. mars, kl. 2 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Ólafur G. Einarsson, formaður þingflokks Sjálfstfl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem Ragnhildur Helgadóttir, 3. þm. Reykv., er erlendis og getur því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér að hennar beiðni með vísan í 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavík, Sólveig Pétursdóttir lögfræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru hennar."

Þetta er yður hér með tilkynnt, hæstv. forseti.

Óli Þ. Guðbjartsson,
forseti Nd."

Sólveig Pétursdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og er hún boðin velkomin til starfa.

Þá hefur einnig borist eftirfarandi bréf:

„Margrét Frímannsdóttir, 4. þm. Suðurl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna veikinda get ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Alþb. í Suðurlandskjördæmi, Ragnar Óskarsson kennari, taki sæti á Alþingi í forföllum mínum."

Þetta er yður hér með tilkynnt, hæstv. forseti.

Jón Helgason,
forseti Ed."

Ragnar Óskarsson hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og er hann boðinn velkominn til starfa.

Kynbótastöð fyrir eldislax, fyrri umr.

Þáltill. GGÞ, 36. mál. — Þskj. 38.

Flm. (Guðmundur G. Þórarinsson):

Hæstv. forseti. Ég hef lagt fram till. til þál. um kynbótastöð fyrir eldislax. Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta reisa og reka kynbótastöð fyrir eldislax."

Þessi tillaga er afar brýn fyrir allt laxeldi á Íslandi, en laxeldi er þegar orðin afar mikilvæg grein hér á landi. Til þess að skýra það vil ég gjarnan nefna nokkrar tölur:

Árið 1987 var framleiðsla á sláturlaxi á Íslandi um 530 tonn. Árið 1988, eða á síðasta ári, var framleiðsla á sláturlaxi um 1230 tonn á Íslandi, en heildarframleiðsla í laxeldi var álitin vera um þúsund milljónir kr. Á þessu ári er áætlað að framleiðsla á sláturlaxi geti numið um 4 þús. tonnum og þegar á árinu 1990 áætla menn að framleiðsla á sláturlaxi hér á landi verði um 9–10 þús. tonn. Það þýðir framleiðsluverðmæti upp á um 5 milljarða kr., eða sem svarar um 10% af útflutningsverðmætum sjávarafurða.

Á árinu 1987 unnu 240 manns við fiskeldi. Á síðasta ári, árinu 1988, unnu 318 manns við fiskeldi á Íslandi og þessi tala fer vaxandi.

Laxeldi er sú grein fiskeldis sem hraðast hefur vaxið á Íslandi.

Það er enginn vafi á því að ef rétt er á málum haldið þá getur fiskeldi orðið mjög mikilvæg atvinnugrein hér á landi í framtíðinni. Það er erfitt að benda á atvinnugrein sem býr yfir jafnmiklum vaxtarmöguleikum og fiskeldið. Í því sambandi benda menn gjarnan til Norðmanna sem þegar hafa meiri tekjur af laxeldi en af þorskveiðum. Áætlanir Norðmanna benda til að laxeldi þeirra muni framleiða á þessu ári um 120 þús. tonn af eldislaxi, eða sem svarar til um 840 þús. tonna af þorski upp úr sjó, eða um tvisvar og hálfu sinnum meiri þorskveiðar en Íslendingar stunda að jafnaði. Þessi mikla fiskveiðiþjóð, Norðmenn, er því í þeirri stöðu að eldislax er mikilvægasta fiskitegund þeirra og áætlanir sýna að innan tiltölulega skamms tíma verða tekjur Norðmanna af fiskeldi þrisvar sinnum meiri en af öllum fiskveiðum þeirra samanlagt, þó að Norðmenn séu meðal mestu fiskveiðiþjóða heims.

Þegar horft er á þessa þróun þurfa menn jafnframt að horfa til þess að á Íslandi eru einstæðir möguleikar til fiskeldis, bæði landfræðilegar aðstæður og annað sem þar kemur til, hráefni og aðföng. Möguleikarnir eru því gífurlegir ef rétt er á haldið. En Norðmenn, sem lengst eru komnir í fiskeldi, hafa stundað kynbætur á eldislaxi um 20 ára skeið. Sá eldislax sem Íslendingar nota að mestu eru villtir stofnar þar sem litlar sem engar kynbætur hafa átt sér stað.

Norðmenn hafa lagt megináherslu á þrjú atriði í sínum kynbótum, þ.e. aukinn vaxtarhraða, síðbúinn kynþroska og aukna mótstöðu gegn sjúkdómum. Árangur þeirra á þessu tímabili í kynbótum virðist benda til að vaxtarhraða megi auka um 3–5% á ári. En 3% vaxtarhraðaaukning á ári þýðir vaxtarhraðaaukningu sem svarar til tvöföldunar á 24 árum. Það er alveg ljóst að með þessum aukna vaxtarhraða eykst samkeppnishæfni Norðmanna mjög en jafnframt vegna þess að þeim hefur tekist að fá fram laxastofna sem hafa síðbúinn kynþroska.

Íslensku laxastofnarnir verða í stórum mæli kynþroska eftir eitt ár í sjó, eða allt að 70%. Það vita allir sem til þekkja lítillega að kynþroski hefur veruleg áhrif í eldinu. Fóðrið fer að mestu í að þroska hrogn og svil og gæði fisksins minnka. Þess vegna þarf að slátra fiskinum áður en hann kemst á kynþroskaskeið. Það hefur þess vegna gífurleg áhrif að geta náð fram stofnum sem verða seint kynþroska, vegna þess

að vöxturinn verður meiri á tímaeiningu eftir því sem fiskurinn er stærri og verð á mörkuðum er háð þyngd laxins. Þ.e. þeim mun þyngri sem fiskurinn er þeim mun hærra verð fæst fyrir hvert kíló. Það er þess vegna afar brýnt ef Íslendingar eiga að ná að fóta sig í þessari grein að hér hefjist kynbætur á eldislaxi hið fyrsta þannig að unnt sé að kynbæta stofna til undaneldis.

Þingmenn höggva vafalaust eftir því að hér er lagt til að íslenska ríkið reisi og reki kynbótastöð fyrir eldislax. Fyrir þeirri tillögu liggja nokkrar orsakir og skýringar. Í fyrsta lagi eru íslensku fiskeldisstöðvarnar allar mjög ungar að árum. Menn vita það hér að það tekur 3–3½ ár frá því að hrogni er klakið þar til unnt er að slátra eldislaxi. Tíminn er þess vegna mjög langur í byrjun án tekna og fjárfestingar miklar. Stöðvarnar eru ungar og eru þess vegna með fullar hendur við þær fjárfestingar sem þær eru nú með. Hins vegar er tíminn mjög mikilvægur. Hvert ár sem líður tapast í þessum kynbótum. Það er því eðlilegast að ríkið komi inn sem hvati á þessu stigi, reisi og reki slíka kynbótastöð sem jafnframt væri hlutafélag þar sem eldisstöðvunum og öðrum aðilum væri heimilt og kleift að kaupa hlutabréfin og yfirtaka þennan rekstur á einhverjum tíma.

Kynbætur eru þegar hafnar í Kollafirði á hafbeitarlaxi. Líffræðingar telja að þar sé um öðruvísi kynbætur að ræða vegna þess að þar er leitað að öðrum eiginleikum, þ.e. fyrst og fremst ratvísi, en auðvitað auknum vaxtarhraða líka. Kynbætur sem þar eru eiga þess vegna ekki samleið með beinum kynbótum á eldislaxi þó að um margt séu skyldar. Þeir sem að þessum kynbótum á hafbeitarlaxinum standa telja sig geta aukið arðsemi í hafbeit um 3–6% á ári með hærri endurheimtum og meiri meðalþunga á sláturlaxi.

Kynbótastöð fyrir eldislax þarf að vera stödd nálægt sjó. Hún þarf að vera strandeldisstöð. Ég hef slegið því hér fram að strandlengjan við Þorlákshöfn kæmi mjög vel til greina í því sambandi. Slík stöð þarf að vera einangruð vegna sjúkdómahættu. Stofnfiskar yrðu þó fyrst og fremst fluttir til hennar í byrjun og stöðin þarf að vera í einangrun. Aðstaða í þessari stöð þarf að vera til klaks og til seiðaeldis. Þar þarf að vera unnt að geyma stofnfiska og þar þarf að vera hægt að sjá um eitthvert áframeldi, en mjög er unnt að draga úr fjárfestingu í slíkri stöð með því að gera ráð fyrir að seiðin séu síðan alin í nokkrum matfiskastöðvum áfram til sláturstærðar. Rými til eldis þyrfti því að vera takmarkað í sjálfri kynbótastöðinni. Kynbótastöðin gerði svo samning við eldisstöðvarnar um eldi á slíkum seiðum og þar færi síðan fram mæling á þroska fisksins og sláturþunga, athuganir á kynþroska hans og öðru slíku, og val væri framkvæmt í sjálfri stofnfiskastöðinni eftir þær athuganir sem þannig hefðu verið gerðar. Kynbótastöðin gæti síðan selt hrogn í framtíðinni. Reynsla Norðmanna er að þær kynbótastöðvar sem þeir hafa reist séu afar arðbær fyrirtæki.

Sjálf skipulagningin á kynbótunum þarf helst að vera í höndum sérfræðinga hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins eins og til háttar á okkar landi nú. Sérfræðingar landbúnaðarins hafa þegar mikla reynslu í kynbótum og undirbúningurinn vegna kynbóta á hafbeitarlaxi mun koma að miklum notum við kynbótastöð fyrir eldislax.

Eins og ég sagði áður tel ég að hér sé um mjög brýnt mál að ræða. Tíminn er að renna frá okkur. Við höfum þegar dregist nokkuð aftur úr í fiskeldi. Það er geysilega mikilvægt að þeir stofnar sem við erum með séu arðbærir og góðir. Það er þess vegna brýnt að reisa og reka kynbótastöð. En stöðvarnar eru sjálfar í bóndabeygju eftir sínar fjárfestingar og eru ekki færar um að ráðast í slíka fjárfestingu eins og er. Þess vegna er mælt með því hér að ríkið reisi og reki slíka stöð sem hlutafélag, sem fiskeldisstöðvarnar og samtök þeirra, tryggingafélög, fjárfestingarsjóðir og aðrir aðilar gætu síðan keypt. Framtíð fiskeldis á Íslandi veltur á því að vel sé að tilraunum og rannsóknum staðið.

Hæstv. forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði till. vísað til hv. atvmn.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég tek aðeins til máls til að fagna því að þessi till. til þál. skuli fram komin. Ég efast að vísu um það að heppilegt sé að ríkið reki slíka tilraunastöð. Ég hef sagt það áður og segi enn að fiskirækt má aldrei styrkja. Þá held ég að illa mundi fyrir henni fara. Menn verða að ná saman eigin fé og taka áhættu ef vel á að farnast í þeim atvinnuvegi, eins og raunar öðrum. Þar með er auðvitað ekki sagt að ríkið eigi ekki að búa í haginn fyrir þessa atvinnugrein, þvert á móti. Eitt af því sem ríkið verður auðvitað að sinna eru sjúkdómavarnir, eftirlit með stöðvum o.s.frv. Það er ljóst að það getur ekki verið á annarra höndum en einhverra opinberra aðila. Raunar nefndi flm. það að um hlutafélag gæti orðið að ræða en það yrði rekið af ríkinu. Það held ég að sé rangt. Ég held að heppilegast væri að fiskeldismenn, og sjálfur er flm. einmitt formaður samtaka þeirra og veit manna best um þeirra erfiðleika og líka þann árangur sem þeir eru að ná, fiskeldismenn hefðu yfirstjórn slíkrar stöðvar. Ríkið mundi geta stundað þar einhverjar takmarkaðar tilraunir að sjálfsögðu eins og það raunar gerir nú þegar að því er lúðueldi varðar, úti á Reykjanesi í samstarfi við stöð í einkaeigu. Ég held hins vegar að þetta ætti ekki að vera ríkisrekið fyrirtæki heldur einmitt hlutafélag þar sem einstaklingar, bæði þeir sem nú stunda fiskeldi og aðrir sem hygðu gott til glóðarinnar, gætu orðið hluthafar.

Till. fer væntanlega til nefndar og verður þar athuguð. Ég endurtek að ég fagna því að hún skuli fram komin. Í nefnd verður rætt um það fyrirkomulag sem á slíkum rekstri yrði. Þess er raunar að gæta að einkaaðilar hafa nú þegar, a.m.k. í einn áratug, stundað víðtækar kynbætur, en það tekur langan tíma að þær beri verulegan árangur. Ég sagði í áratug, það eru áratugir síðan áhugamenn byrjuðu að stunda kynbætur, í litlum mæli að vísu vegna van-

efna. Ef menn bindast samtökum má ríkið gjarnan vera einhver aðili að þessu fyrirtæki, en ég endurtek að ég held að ríkið eigi ekki að reka það.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til atvmn. með 33 shlj. atkv.

Lengd skólaárs og samfelldur skóladagur, fyrri umr.

Þáltill. BÍG o.fl., 89. mál. — Þskj. 91.

Flm. (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um lengd skólaárs og samfelldan skóladag sem flutt er af þremur þingmönnum Sjálfstfl., þeim hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur, 3. þm. Reykv., Þorsteini Pálssyni, 1. þm. Suðurl., auk mín.

Till. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma til framkvæmda eftirfarandi atriðum varðandi skólastarf í landinu.

1. Að gera sérstaka athugun á því hvers vegna skólaár sé styttra en 9 mánuðir á sumum stöðum á landinu og gera ráðstafanir til úrbóta þar sem ekki eru full rök fyrir styttra skólaári.

2. Að setja á fót starfshóp við hverja fræðsluskrifstofu landsins sem hafi það verkefni að vinna að því að koma á samfelldum skóladegi í öllum skólum fræðsluumdæmisins."

Mér þykir rétt áður en ég vík efnislega að tillögunni að greina nokkuð frá aðdraganda hennar. Í stefnuyfirlýsingu og starfsáætlun ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar var ítarlega fjallað um fjölskyldu- og jafnréttismál. Þar segir m.a. að unnið verði að því að treysta stöðu fjölskyldunnar með markvissri fjölskyldustefnu, fyrst og fremst með velferð barna fyrir augum.

Í ágúst 1987 skipaði Þorsteinn Pálsson, þáv. hæstv. forsrh., samstarfsnefnd ráðuneyta um fjölskyldumál, en í þeirri nefnd áttu sæti fulltrúar þeirra ráðuneyta sem þessi mál varða. Formaður var skipaður án tilnefningar Inga Jóna Þórðardóttir. Þessi nefnd skilaði í ágúst árið 1988 áfangaskýrslu þar sem fjallað var um skóla- og dagvistarmál. Helstu tillögur nefndarinnar um skólamál eru eftirfarandi:

1. Nefndin telur æskilegt markmið að allir grunnskólanemar njóti skólavistar a.m.k. 6 klukkustundir á dag. Þessu markmiði verði náð í fjórum áföngum þannig að skóladagur verði lengdur úr 22–35 stundum á viku í 30–36 stundir á viku.

2. Með skipulögðum aðgerðum innan fræðsluumdæmanna verði komið á skólaathvörfum þar til tillögur um lengingu skóladags verða komnar til framkvæmda.

3. Lokið verði við að koma á samfelldum skóladegi miðað við núverandi húsakost skólanna skólaárið 1989–1990.

4. Forskóladeildum við grunnskóla verði breytt þannig að allir njóti sama kennslustundafjölda óháð fjölda barna.

5. Skólaráð, sem í eigi sæti fulltrúi foreldra, starfi við hvern grunnskóla.

6. Fræðsluskrifstofur hafi yfirlit um starfsemi foreldra- og kennarafélaga.

7. Staða umsjónarkennara við 7.–9. bekk verði styrkt.

8. Kannað verði rækilega hvað valdi því að skólaár er enn víða styttra en 9 mánuðir.

Þetta nál. var rætt í þingflokki Sjálfstfl. og niðurstaða varð sú að þingmenn flokksins hafa flutt þrjú þingmál þar sem fjallað er um og teknar upp tillögur nefndarinnar.

Hv. 6. þm. Reykn. Salome Þorkelsdóttir hefur flutt frv. um þann þátt í nál. sem snertir samskipti foreldra og skóla, en það er reyndar byggt á eldra nál., þ.e. áliti nefndar sem Ragnhildur Helgadóttir, þáv. hæstv. menntmrh., skipaði árið 1983 um það efni sem þessi nefnd gerði síðan að sínum tillögum.

Þá hafa nokkrir þingmenn Sjálfstfl. í Nd. flutt frv. sem snertir skóla og fræðsluskyldu 6 ára barna og lengingu skóladags. Það frv. er flutt á þskj. 90 og sem fylgiskjal með því frv. er þetta nál. birt í heild sem ég hef verið að vitna hér til, þ.e. um skóla- og dagvistarmál.

Í þessari þáltill. er fjallað um atriði sem eru fyrst og fremst framkvæmdaatriði en krefjast ekki lagabreytinga Fjallar annað atriðið um lengd skólaárs en hitt um skipulegar aðgerðir til að koma á samfelldum skóladegi. Fyrri tölul. till. fjallar um lengd skólaársins. Um það er fjallað í nál. og þar segir að í 41. gr. grunnskólalaganna sé kveðið á um starfstíma grunnskóla, að reglulegur starfstími grunnskóla skuli vera 7–10 mánuðir. Nánar sé kveðið á um skipan þessara mála í reglugerð nr. 79/1976. Þá er í nál. gerð grein fyrir mismunandi starfstíma grunnskóla í hinum einstöku fræðsluumdæmum landsins. Ég sé ekki ástæðu til að rekja það hér en vitna til grg. með þáltill. En niðurstaðan er sú að samtals eru 9 mánaða skólar 81 með 32.135 nemendur, eða 75,7% nemenda. Átta og hálfs mánaðar skólar eru 35 með 5621 nemanda, eða 13,2%. Átta mánaða skólar eru 91, með 4603 nemendur, eða 10,8%. Sjö og hálfs mánaðar skólar eru 2 með 27 nemendum, 0,1%, og sjö mánaða skólar eru 7 með 63 nemendum, 0,2%.

Ákvarðanir um starfstíma grunnskóla er í höndum skólanefnda á hverjum stað. Margvísleg rök hníga eflaust að því að skólaárið sé mismunandi langt eftir stöðum. T.d. má nefna fámenna skóla og ýmsar staðbundnar ástæður. Hins vegar hljóta spurningar að vakna um hvort ástæða sé til að þrengja heimildir til styttri skólatíma. Má í því sambandi minna á umræður um að nemendur landsbyggðarinnar standi höllum fæti gagnvart nemendum á höfuðborgarsvæðinu. Það kann að vera að styttri skólatími hafi einhver áhrif á þetta án þess að ég leggi á það sérstakan dóm.

Það er hins vegar erfitt að sjá réttmæt rök fyrir því að t.d. grunnskólanemendur á Selfossi og Egilsstöðum fái ekki jafnlangan skólatíma og jafnaldrar þeirra á Sauðárkróki og Ísafirði eins og nú er. Það er rétt að vekja athygli á því að fastur kennslukostnaður er sá sami hvort sem um er að ræða átta mánaða eða níu mánaða skóla. Það er einungis við sjö og sjö og hálfs mánaðar skóla sem fastur kennslukostnaður lækkar. Þess vegna er lagt til í till. að gerð sé sérstök athugun á því hvers vegna skólaárið sé styttra en níu mánuðir á sumum stöðum á landinu og gerðar ráðstafanir til úrbóta þar sem ekki eru full rök fyrir styttra skólaári.

Síðari tölul. í till. fjallar um samfelldan skóladag. Ég ætla ekki að ræða ítarlega um þau rök sem liggja að baki nauðsyninni á samfelldum skóladegi, en till. fjallar um það að miðað við núverandi húsnæði skólanna, sem er auðvitað mismunandi eins og við vitum en á hverju ári eru þó miklar framkvæmdir í skólabyggingum, er sem sagt gert ráð fyrir því að fræðsluskrifstofurnar fari rækilega ofan í það verkefni með skipulagsbundnum hætti að koma á samfelldum skóladegi í öllum skólum fræðsluumdæmisins, miðað við þær aðstæður sem nú eru á hverjum stað.

Hæstv. forseti. Ég skal ekki fjalla frekar um þessa till. Ég vitna að öðru leyti til grg. með henni. En ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði till. vísað til félmn. Sþ.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegur forseti. Ég tel ástæðu til þess að leggja hér orð í belg í tilefni af þeirri till. sem hér var mælt fyrir af hv. 2. þm. Reykv.

Hér er komið að mjög stóru og þýðingarmiklu máli sem flokkarnir sem hér eiga fulltrúa hafa fjallað um allir með einum eða öðrum hætti á undanförnum árum. Ég hygg að segja megi að að því er varðar lengri skóladag sé á því skilningur og rík samstaða um nauðsyn þess að lengja skóladaginn, aðallega fyrir yngstu börnin. Það sem hefur hins vegar strandað á í þessum efnum eins og mörgum öðrum er skortur á fjármunum, en kostnaður við að ná því markmiði sem hér var m.a. gerð grein fyrir er 500–600 millj. kr. á ári. En heildarkostnaður við grunnskólann á þessu ári, 1989, er liðlega 3000 millj. kr. Menn sjá því að hér er auðvitað hreyft gríðarlega stóru verkefni, erfiðu verkefni, sem örugglega tekur tíma að ná utan um þannig að skaplegt sé.

Þegar ég í þessu sambandi ræddi um kostnað var ég einungis að tala um rekstur og laun. Ég er ekki að tala um byggingar á nýjum stofum. Það er hins vegar augljóst mál að til að ná því marki sem gert er ráð fyrir í sambandi við einsetinn skóla verður að gera verulegt átak í þeim efnum. Þó er það þannig að ef það fé sem nú er varið til skólabygginga, grunnskóla á þessu ári, 1989, færi allt í að byggja nýjar stofur til þess að ná þessu marki, þetta væri gagngert partur af þessu átaki, tæki það í raun og veru 7–8 ár eins og fjárlögin eru núna fyrir árið 1989, og þá hef ég dregið frá þann hluta sem merktur er grunnskólanum en er notaður til þess að byggja upp íþróttamannvirki við grunnskólana. Ég held að það sé nauðsynlegt og við höfum unnið þannig í ráðuneytinu að við höfum reynt að átta okkur á kostnaðinum við þetta verkefni og viljum síðan raða verkefnunum í forgangsröð og átta okkur á því hvað það er sem menn vilja gera, hvað viljum við taka fyrst og hvað svo o.s.frv., vegna þess að við verðum auðvitað að átta okkur á því í þessu máli eins og mörgum öðrum að við höfum engin tök á að gera allt í einu. Við verðum að raða þessu upp í forgangsröð. Og þá er auðvitað skynsamlegt að reyna að kanna, bæði meðal þjóðarinnar og auðvitað þingsins, um hvað getur orðið samstaða við að mynda þessa forgangsröð. Hvaða mál vilja þingmenn og þjóðin hafa fyrst? Í því skyni hefur menntmrn. beitt sér fyrir því að það stendur yfir könnum á viðhorfum skólamanna, foreldra, stéttarsamtaka og fleiri aðila um allt land um þessar mundir —- en við sendum eyðublaðið til um 450 aðila víðs vegar í þjóðfélaginu — þar sem við biðjum þetta fólk að gera grein fyrir því hver mikilvægustu verkefnin séu í skólamálum á næstu árum, næstu 10 árum. Og við biðjum fólk um að nefna 4–10 verkefni sem er brýnast að fara í. Þegar þessi könnun er búin, og hún er langt komin því að svörum átti að skila í kringum 20. febr., munum við senda þær úrlausnir til Félagsvísindastofnunar Háskólans, biðja hana að fara vandlega yfir þetta, kanna hvaða verkefni eru oftast nefnd, raða þessu upp með eðlilegum hætti og síðan fara aftur til skólanna og fólksins í foreldrafélögunum og segja: Hvaða röð viljið þið hafa á þessu? Við gerum ráð fyrir að niðurstaða úr þessum könnunum liggi fyrir á miðju þessu ári. Þar með er forgangsröðin ljós að því er þessa aðila varðar. Og ég tel að það sé afar mikilvægt í sambandi við skólamál að á þeim sé haldið þannig að um þau geti verið sem allra víðtækust samstaða. Ég hef talað um nauðsyn þess að ná samstöðu um íslenska skólann, forsendur hans og framtíðarmarkmið. Ég held að við eigum að vinna þannig. Og mér finnst að sú umræða sem oft hefur farið fram hér á hv. Alþingi um skólamál sýni það að það sé vilji til þess að stilla þarna saman strengina og þannig viljum við vinna að þessum málum í menntmrn.

Það er auðvitað alveg augljóst mál að fyrir utan þau atriði sem nefnd eru hér í þáltill. eru óskaverkefni okkar varðandi þróun íslenska skólans mörg og mjög stór. Ég nefni í því sambandi verkefni sem verður að taka á sérstaklega á næstu árum. Það er menntun kennara, efling Kennaraháskóla Íslands á grundvelli þeirra laga m.a. sem samþykkt voru hér á síðasta þingi. Það er spurningin um dreifða kennaramenntun, þannig að kennaramenntun geti farið fram víðs vegar í landinu og inni í skólunum sjálfum jafnhliða því starfi sem þar er unnið. Það eru námsráðgjafar. Það er óhjákvæmilegur hlutur að gera ráð fyrir námsráðgjöfum inni í skólunum, bæði grunnskólunum og framhaldsskólunum, í stórauknum mæli á komandi árum til þess að geta hjálpað fólki áleiðis í sambandi við val á framhaldsáföngum og starfi og þess háttar þáttum. Ég nefni Námsgagnastofnunina

sem er auðvitað þannig stödd að henni eru ætluð risavaxin verkefni sem hún er mjög vanbúin til að takast á við af því að við höfum ekki haft nema takmarkaða fjármuni til að veita til hennar. Hér hef ég þó aðeins nefnt mál sem sérstaklega snerta grunnskólann og ætla ekki að fara út í að ræða hér undir þessum dagskrárlið málefni forskólans og framhaldsskólans og endurmenntunina og tengsl framhaldsskólans við atvinnulífið sem er geysilega mikilvægt að við tökum á með myndarlegum og heildstæðum hætti.

Ég vil skýra frá því að lokum, virðulegur forseti, að í dag voru mér afhent drög að nýrri aðalnámsskrá grunnskóla. Þegar ég kom í ráðaneytið hafði talsvert verið unnið í því verki. Ég ákvað þá að kalla til fulltrúa kennarasamtaka og foreldrafélaga, Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands og fleiri aðila í samstarfsnefnd til að skrifa drög að nýrri aðalnámsskrá grunnskóla og mér voru afhent þessi drög núna í morgun. Ég geri ráð fyrir því að það verði unnt að gefa út nýja aðalnámsskrá grunnskólans fyrir árið 1989–1990, þannig að unnt verði að taka tillit til þess við skipulagningu skólastarfsins á næsta skólaári. Þetta þýðir það að gefa verður út námsskrána í síðasta lagi um miðjan næsta mánuð.

Ég taldi rétt, virðulegi forseti, í tilefni af þessari tillögu að láta þessar upplýsingar koma fram.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð í sambandi við þær umræður sem hér hafa orðið um þáltill. um lengd skólaárs og samfelldan skóladag. Það er enginn vafi á því að bæði meðal stjórnmálamanna og ekki síður meðal skólamanna og foreldra í samfélaginu er orðin mikil samstaða og mikill hugur á að verulegt átak verði gert í skólamálum. Það er ekki að undra að hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson viti þetta því að hann hefur nýlega gegnt embætti menntmrh. og því eðlilegt að hann sinni málum eins og þessu. En vegna þess að hann gleymdi að minnast á frv. til laga sem og einnig varðar þetta mál og liggur fyrir þessu þingi, er reyndar endurflutt, þá vildi ég aðeins minna á það. Það er 126. mál þessa þings, flutt af þingkonum Kvennalistans í Ed., Guðrúnu Agnarsdóttur og Danfríði Skarphéðinsdóttur, og fjallar um breytingu á lögum um grunnskóla. Sérstaklega lengingu skólatímans, einsetningu skóla, fækkun í bekkjardeildum og ekki síður það að börn geti fengið að matast í skólunum á sínum vinnudegi eins og aðrir sem vinna í þessu þjóðfélagi.

Þetta eru atriði sem mér fannst rétt að kæmu inn í umræðuna auk þeirra sem hæstv. menntmrh. gat um og eru á döfinni í menntmrn. Ég held að það sé brýnt að við tökum öll höndum saman, finnum til þess fé þar sem fé þarf því sumar þessara framkvæmda eru dýrar. Aðrar varða í raun skipulagsbreytingar og viðhorfsbreytingar og til þeirra þarf ekki mikið fé. Það er ánægjulegt að heyra að hér eru þingmenn úr öllum flokkum sem eru sammála um þetta mál og virðist ekki liggja annað fyrir en að taka höndum saman og ýta kröftuglega og myndarlega á eftir þessum málum eins og okkur öllum ber sem fulltrúum á löggjafarsamkundu þjóðarinnar og foreldrum.

Flm. (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu og þær undirtektir sem þessi tillaga hefur fengið við þessa umræðu. Það er hvorki staður né stund til þess hér að taka upp almennar umræður um skólamál, en hæstv. menntmrh. greip á ýmsum þáttum skólamálanna sem æskilegt væri auðvitað að ræða betur en til þess gefst vafalaust tækifæri síðar. Ég minni t.d. á að ósvarað er af hans hálfu og mér heyrist að nú sé tilefni til þess að svara þeirri beiðni um skýrslu sem liggur fyrir til hæstv. menntmrh. þar sem óskað er eftir að hann geri grein fyrir þeim störfum sem unnin hafa verið varðandi aðalnámsskrá grunnskóla og hverjir eru þeir efnisþættir sem þar er helst um að ræða. Það gefst þá væntanlega tækifæri til þess að ræða það nánar.

Það sem ég vildi hins vegar vekja sérstaka athygli á nú varðandi þessa tillögu er í fyrsta lagi að undirstrika að hún er ein tillaga af þremur þingmálum sem þingmenn Sjálfstfl. hafa flutt þar sem reynt er að grípa í heild á niðurstöðum þeirrar nefndar um fjölskyldumál sem fyrrv. hæstv. forsrh. skipaði. Í öðru lagi fjallar þessi þáltill. um atriði sem eru tiltölulega einföld í framkvæmd og eiga ekki að þurfa að kosta mikið fé. Ég geri mér auðvitað grein fyrir því að það að koma á einsetnum samfelldum skóla um allt land er afar kostnaðarsamt verkefni og með þeirri lengingu skóladags sem því mundi fylgja. En hér er fjallað um atriði sem má segja að horfi til hagræðingar í skólastarfi, þ.e. að koma á samfelldum skóla sem víðast með þeirri aðstöðu sem nú þegar er fyrir hendi í skólunum.

Nú er svo komið í Reykjavík að tæplega 75% nemenda á grunnskólaaldri njóta samfellds skóladags og 21% nemenda til viðbótar þarf ekki að fara nema eina aukaferð á viku í skólana. Það er t.d. verðugt verkefni að kanna hvað þarf að gera til þess að þessi 21% nemenda geti fellt niður þessa einu aukaferð á viku í skólana. Þá værum við hér í Reykjavík komnir með 96% nemenda í samfelldum skóladegi. Í Reykjaneskjördæmi er ástandið ekki eins gott. 60% nemenda þar njóta samfellds skóladags, rúmlega 12% þurfa að fara eina aukaferð á viku í skólann og tæplega 28% nemenda tvær aukaferðir á viku í skólann.

Það eru ekki eins nákvæmar upplýsingar tiltækar um ástandið í skólum á landsbyggðinni, en þetta tel ég vera verkefni sem auðvitað er hægt að fara í án þess að kosta mjög miklu til og enginn vafi er á því að með hagræðingu í skólastarfi víða um land væri hægt að ná betri árangri í þessu efni heldur en við höfum náð í dag. Þessu vildi ég vekja sérstaka athygli á, en þakka að öðru leyti fyrir þá umræðu sem þessi tillaga hefur fengið.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu svo mjög. Við höfum oft rætt þessi mál, sem hér eru til umfjöllunar, bæði í hv. Sþ. og í hv. Ed., en ég gat þó ekki staðist það að lýsa ánægju minni með þau viðhorf sem hafa komið fram hjá hæstv. menntmrh. til þessara mála og ekki síst með tilliti til þess að um er að ræða framhald af vinnu sem unnin hefur verið á undanförnum árum í menntmrn. undir forustu forvera hans í ráðherrastóli, tveggja síðustu hæstv. menntmrh. eins og komið hefur fram.

Það sem mig langaði aðeins að ítreka og benda hæstv. menntmrh. á, af því að það hefur komið fram bæði í hans máli hér áðan og eins í fréttum, að hann hefur tekið upp samstarf við foreldra og skóla út um land allt. Þetta hefur verið gert áður, að vísu með nokkuð öðrum hætti, en ég vildi benda honum á, ef hann hefur ekki gert það nú þegar, að kynna sér vel þessar tvær skýrslur sem hv. 2. þm. Reykv. hefur vitnað til og fjalla um þessi mál og var haft samráð við foreldra og nemendur skóla. Í þessum skýrslum sem vitnað er til og voru gefnar út í okt. 1984 og í jan. 1986, önnur varðandi þéttbýli og hin dreifbýli, koma fram niðurstöður, spurningar og svör þeirra foreldra, nemenda og skólamanna sem tóku þátt í þessum könnunum. Ég vildi aðeins árétta að sá vinnuhópur sem vann að þessum skýrslum hafði samráð bæði með því að boða aðila á fundi nefndarinnar og eins með því að senda fyrirspurnir til allra þeirra aðila sem hafa með skólamál að gera. Þess vegna fagna ég því sérstaklega að hæstv. ráðherra hefur tekið upp þráðinn og heldur þessu starfi áfram, en ég vildi líka árétta það við hann að kynna sér vel það sem er í þessum skýrslum sem tiltækar eru í ráðuneytinu.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Frá því í október hefur verið starfandi í menntmrn. hópur þriggja einstaklinga sem hafa farið yfir þessi mál, lesið allar þær tillögur sem hafa verið lagðar fyrir Alþingi í þessum efnum á undanförnum árum og sömuleiðis allar þær skýrslur sem fyrir liggja. Í hópnum eru Guðrún Ágústsdóttir, Gerður Óskarsdóttir og Jón Torfi Jónasson. Þetta er gert til undirbúnings átaki í þessu efni sem við erum greinilega að komast niður á og verðum þá sjálfsagt líka sammála um nauðsyn þess að afla fjármuna í þessu skyni þegar þar að kemur.

Varðandi það sem hv. 2. þm. Reykv. sagði um fyrirspurn sem hér liggur þá er málið þannig: Ég hafði hugsað mér að svara henni skriflega í formi skýrslu sem ég legði fyrir þingið þegar drögin að nýrri aðalnámsskrá grunnskóla lægju fyrir. Þau liggja nú fyrir og ég ákvað í morgun að óska eftir því við skólaþróunardeild menntmrn. að hún sendi Alþingi þessi gögn til þess að drögin yrðu prentuð sem fylgiskjal með skýrslunni þannig að þingmenn og þjóðin gætu fengið að sjá hvernig þessu verki miðar og hvernig drögin að aðalnámsskrá grunnskóla líta nákvæmlega út.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til félmn. með 34 shlj. atkv.

Bann við innflutningi á fóstureyðingarpillum, fyrri umr.

Þáltill. ÁHE, 90. mál. — Þskj. 92.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til félmn. með 35 shlj. atkv.

Deilur Ísraels og Palestínumanna, fyrri umr.

Þáltill. HG o.fl., 102. mál. — Þskj. 105.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir þáltill. um deilur Ísraels og Palestínumanna, en tillagan er 102. mál Sþ. og er að finna á þskj. 105 ásamt greinargerð og 10 fylgiskjölum sem málið varða. Tillögu þessari var dreift í Sþ. 15. nóv. 1988 og því nokkur tími liðinn síðan hún var lögð fram en efni hennar heldur fyllilega gildi sínu og vel það í raun í ljósi þeirrar þróunar sem orðið hefur í Miðausturlöndum og á alþjóðavettvangi varðandi þessi mál á þeim tíma sem liðinn er síðan tillagan var fram lögð.

Flutningsmenn að þessari tillögu eru, ásamt þeim sem hér mælir, hv. 12. þm. Reykv. Kristín Einarsdóttir og hv. 1. þm. Norðurl. v. Páll Pétursson. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að lýsa áhyggjum sínum yfir því ástandi sem ríkir fyrir botni Miðjarðarhafs og telur það stöðuga ógnun við heimsfriðinn.

Alþingi fordæmir síendurtekin mannréttindabrot Ísraelsstjórnar gagnvart Palestínumönnum að undanförnu og leggur áherslu á að ísraelsk stjórnvöld virði Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og 4. Genfarsáttmálann um vernd óbreyttra borgara á stríðstímum.

Alþingi styður kröfuna um að tafarlaust verði haldin alþjóðleg friðarráðstefna á vegum Sameinuðu þjóðanna með þátttöku allra deiluaðila og telur að Ísland eigi að bjóðast til að vera gestgjafi slíkrar ráðstefnu.

Alþingi leggur sérstaka áherslu á að viðurkenna beri sjálfsákvörðunarrétt palestínsku þjóðarinnar og rétt hennar til að stofna eigin ríki í samræmi við ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna nr. 181 frá 29. nóv. 1947 um leið og viðurkenndur er tilveru-

réttur Ísraelsríkis innan öruggra landamæra. Jafnframt ber að viðurkenna rétt palestínskra flóttamanna til að snúa aftur til fyrri heimkynna sinna í samræmi við margítrekaðar ályktanir allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna.

Alþingi felur ríkisstjórninni að framfylgja ofangreindri stefnu og viðurkenna Frelsissamtök Palestínu, PLO, sem málsvara palestínsku þjóðarinnar."

Í greinargerð með þessari tillögu sem ég hef hér lesið er að finna rökstuðning við þau sjónarmið sem þar eru fram sett og þau eru enn frekar studd rökum með vísun til fylgiskjala þar sem m.a. er nefndur hluti ályktana Sameinuðu þjóðanna varðandi stofnun tveggja ríkja fyrir botni Miðjarðarhafs, stuðningur við PLO í ýmsu formi og afstaða alþjóðlegra samtaka til málefna PLO og Ísraels eða varðandi málefnin fyrir botni Miðjarðarhafs, þar á meðal ályktun frá ráðstefnu Alþjóðasambands jafnaðarmanna í Madrid 12. nóv. 1988 og fjölmargt fleira sem fram er dregið í þessum fylgiskjölum. Þar er einnig listi yfir þau mörg hundruð manns sem drepin hafa verið, þar á meðal börn og unglingar, eftir að uppreisn almennings hófst á herteknu svæðunum í Palestínu í desember 1987 og sá listi hefur lengst frá því að þetta fylgiskjal var prentað.

Ástandið í þessum heimshluta og áframhaldandi hernám Ísraelsmanna er storkun við almenningsálit og ógnun við heimsfriðinn. Um leið og framferði Ísraelsstjórnar er fordæmt ber að leggja áherslu á að hið fyrsta verði kvödd saman alþjóðleg friðarráðstefna um Austurlönd nær á vegum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna með þátttöku allra deiluaðila, þar á meðal Frelsissamtaka Palestínu og Ísraels á jafnréttisgrundvelli.

Palestínuþjóðin er til og verður að geta ráðið sjálf málum sínum samkvæmt viðteknum alþjóðalögum. Liður í friðsamlegri lausn mála þarf að felast í því að Palestínumenn viðurkenni tilverurétt Ísraelsríkis og á sama hátt viðurkenni Ísraelsmenn rétt Palestínumanna til að stofna eigin ríki á hernumdum svæðum í Palestínu. Slík gagnkvæm viðurkenning væri í samræmi við ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna nr. 181 frá 29. nóv. 1947, en með henni var tilveruréttur Ísraelsríkis staðfestur og einnig að stofnað skyldi ríki Palestínumanna og aðrar ályktanir á vettvangi Sameinuðu þjóðanna eru í samræmi við það. Ég legg alveg sérstaka áherslu á það og dreg það fram sem stundum vill gleymast að í rauninni er það þessi ályktun sem vottar tilverurétt Ísraelsríkis sem slíks og hún er jafnframt bundin því að stofnað verði ríki Palestínumanna fyrir botni Miðjarðarhafs.

Þá ber að viðurkenna rétt palestínskra flóttamanna til að snúa aftur til fyrri heimkynna sinna í samræmi við Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og árlegar ályktanir allsherjarþingsins.

Virðulegur forseti. Eftir að tillaga þessi var fullbúin, eða rétt um það leyti, gerðist það að þjóðarráð Palestínu kom saman til fundar að frumkvæði PLO í Alsír 12.–15. nóv. og lýsti þar yfir stofnun Palestínuríkis með vísan í samþykktir Sameinuðu þjóðanna frá 1947, m.a. í umræddа ályktun nr. 181. Þar var því einnig lýst yfir að stofnuð yrði bráðabirgðastjórn við fyrsta mögulegt tækifæri, en þjóðarráðið fól framkvæmdastjórn PLO að fara með stjórnarmálefni Palestínuríkis uns bráðabirgðastjórn hefði verið sett á laggirnar. Þessi sögulegi fundur kallaði fram mikla hreyfingu á alþjóðavettvangi og góðar undirtektir. Þá gerðist það fáum vikum seinna, eða 6. des., að fyrir milligöngu sænskra stjórnvalda var komið á fundi í Svíþjóð með fulltrúum frá samtökum sem kallast á ensku International Center for Peace in the Middle East, samtök gyðinga, og það voru fulltrúar gyðinga í Bandaríkjunum, málsmetandi menn, sem komu þar til fundar við Jassir Arafat og fleiri fulltrúa PLO fyrir milligöngu Ingvar Carlsson forsætisráðherra Svía. Á þessum fundi lýsti Jassir Arafat því m.a. yfir fyrir hönd PLO að samtök hans hefðu fallist á Ísraelsríki sem annað tveggja ríkja á svæði hinnar fornu Palestínu og jafnframt að PLO hafnaði hermdarverkum.

Þá gerðist það skömmu síðar eða um svipað leyti að ákveðið var að Jassir Arafat ávarpaði allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna. Stjórn Bandaríkjanna neitaði honum hins vegar um vegabréfsáritun og var sú ákvörðun Bandaríkjastjórnar ekki aðeins umdeild heldur fordæmd af flestum þjóðum. Þessari útilokun fulltrúa þessara samtaka, sem átt hafa fulltrúa á vettvangi Sameinuðu þjóðanna lengi, var svarað með harðri fordæmingu allsherjarþingsins sem samþykkti með 154 atkvæðum að flytja fundi þingsins til Genfar. Þar í hinni fornu höll Þjóðabandalagsins í Genf ávarpaði Jassir Arafat allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna, fulltrúa 159 landa, þann 13. des. í ræðu sem flaug um allan heim samstundis. Þar rakti hann gang Palestínumálsins og greindi frá stofnun Palestínuríkis og stefnu stjórnar þess, þ.e. framkvæmdastjórnar PLO sem fer með stjórnarmálefnin.

Ég vil sérstaklega nefna þrjú atriði úr hans máli. Í fyrsta lagi að hið fyrsta verði haldin alþjóðleg ráðstefna um málefni Mið-Austurlanda. Í öðru lagi að hertekin svæði af Ísraelsmönnum í Palestínu verði sett tímabundið undir eftirlit Sameinuðu þjóðanna og sérstakt gæslulið verði sett þar til verndar íbúum þessara svæða til þess að fylgjast með brottför ísraelskra hersveita. Í þriðja lagi að PLO muni leita eftir heildarsamkomulagi í deilum Araba og Ísraels með þátttöku Palestínuríkis og Ísraelsríkis innan ramma alþjóðlegrar ráðstefnu á grundvelli samþykkta öryggisráðsins nr. 242 og 338.

Á blaðamannafundi daginn eftir að Jassir Arafat flutti þessa ræðu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna ítrekaði hann að Palestínumenn mundu viðurkenna Ísrael sem ríki og að PLO fordæmdi hermdarverkastarfsemi.

Bandaríkin, sem höfðu tekið mjög harða afstöðu í þessu máli sem fyrr og bakkað upp stefnu haukanna innan Ísraelsríkis, tóku þessu öllu með semingi en þegar hér var komið skapaðist slíkur þrýstingur á alþjóðavettvangi að Bandaríkjastjórn ákvað að taka upp tvíhliða samband við PLO. Sá veiki þráður helst enn þá þrátt fyrir ýmsar yfirlýsingar af hálfu banda-

ríkra stjórnvalda sem benda til þess að áhugi þeirra megin sé býsna blandinn og hafa látið að því liggja að sambandið kynni að rofna af þeirra hálfu.

Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna hefur staða PLO styrkst að undanförnu, þar er ekki lengur talað um fulltrúa frá PLO, þar er talað um fulltrúa Palestínu og 87 ríki hafa nú þegar viðurkennt Palestínuríki formlega. Sendiráð hafa verið opnuð í nokkrum ríkjum og skrifstofur PLO sem fyrir voru hafa fengið hækkaðan diplómatískan status, m.a. í Frakklandi, á Spáni, í Austurríki og í fjölmörgum fleiri löndum. Sendinefnd frá Evrópubandalaginu hefur átt fund með Jassir Arafat á Spáni. Ísland er því miður ekki í hópi þeirra ríkja að mér sé kunnugt sem gripið hafi til sérstakra aðgerða til þess að styrkja þá þróun sem þarna hefur átt sér stað og taka undir jákvæðan málflutning af hálfu Palestínumanna á alþjóðavettvangi og þær góðu undirtektir sem hann hefur fengið. Ég vona að á því verði hið fyrsta breyting af hálfu Íslands og það er lagt til með þessari tillögu sem hér er flutt á Alþingi.

Ég vil minna á það, virðulegur forseti, að því fer víðs fjarri að staðan sé þannig í Ísrael að þar sé tekið undir þá hörðu stefnu sem stjórnvöld þar í landi hafa fylgt í þessum málum. Þar er fjöldi málsmetandi manna sem tekur jákvætt undir tillögur og málflutning PLO til þess að reyna að leysa þau mál sem blasa við og draga úr þeim miklu hættum sem því eru samfara. Þar má minna á málflutning Abba Eban, fyrrverandi utanríkisráðherra Ísraels að mig minnir, sem er í hópi ýmissa málsmetandi manna sem þar hafa gengið fram fyrir skjöldu til þess að taka undir málflutning Frelsissamtaka Palestínu.

Allt er þetta ánægjuleg þróun að því er varðar þátt Palestínumanna og frelsissamtaka þeirra til þessara mála og þær undirtektir sem málflutningur þeirra hefur fengið á alþjóðavettvangi. En til þess að vonirnar geti ræst þarf aðgerðir og hér er undir þær tekið í þessari tillögu og þar á meðal, virðulegur forseti, er leitað eftir afstöðu Alþingis í þessu mikilvæga máli. Vegna aðildar Íslands á sínum tíma að ákvörðunum um stofnun Ísraelsríkis berum við Íslendingar hluta af ábyrgðinni á því sem þar hefur síðan gerst. Þróun mála fyrir botni Miðjarðarhafs hefur leitt til mikilla erfiðleika, styrjaldarátaka og gífurlegra hörmunga fyrir það fólk sem áður byggði Palestínu. Nú er það skylda Íslendinga að eiga þátt í að rétta hlut palestínsku þjóðarinnar um leið og tryggð er framtíð Ísraelsríkis.

Ég legg til, virðulegur forseti, að málinu verði vísað til hv. utanrmn. að umræðu þessari lokinni.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Frá því að þessi tillaga var lögð fram í nóvember sl. hefur ýmislegt átt sér stað varðandi þau mál sem tillagan tekur til. Því miður hefur ekkert lát orðið á síendurteknum mannréttindabrotum Ísraelsstjórnar gagnvart Palestínumönnum og er því fyllsta ástæða til að fordæma þau brot eins og tillagan gerir ráð fyrir.

Um miðjan nóvember 1988 lýstu Palestínumenn yfir stofnun sjálfstæðs ríkis og samþykktu jafnframt ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 242 um alþjóðlega friðarráðstefnu um málefni Mið-Austurlanda. Með því að samþykkja ályktun Sameinuðu þjóðanna viðurkenndi þjóðarráð Palestínumanna tilverurétt Ísraelsríkis, en skortur á slíkri viðurkenningu hefur m.a. staðið í vegi fyrir að Ísraelsmenn hafi talið sig geta tekið þátt í viðræðum við Palestínumenn um frið í Mið-Austurlöndum.

Ég bjóst því við að allir, þar með taldir Ísraelsmenn, mundu fagna þessum samþykktum sérstaklega. Sú var þó ekki raunin. Auðvitað fögnuðu flestir þessu skrefi sem þeir töldu mikilvægt í átt til lausnar á deilunum fyrir botni Miðjarðarhafs. Viðbrögð ríkisstjórnar Ísraels urðu því miður neikvæð og taldi hún að hér væri um pólitískt áróðursbragð að ræða og vildi lítið gera með viðurkenningu þjóðarráðs Palestínumanna á tilverurétti Ísraelsríkis.

Ísraelsríki var stofnað á sínum tíma sem griðastaður fyrir gyðinga sem höfðu verið ofsóttir og kúgaðir í aldaraðir. Í ljósi þeirra staðreynda er ákaflega erfitt að skilja af hverju Ísraelsmenn skuli nú kúga og ofsækja Palestínumenn, viðurkenna ekki tilverurétt ríkis þeirra og vilja svo ekki viðurkenna það skref sem Palestínumenn hafa tekið í átt til lausnar á deilunum og þar með í átt til friðar.

Með samþykkt þessarar tillögu getum við stuðlað að því að varanleg lausn fáist á málefnum Mið-Austurlanda.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég tek undir þau sjónarmið sem fram komu hér í máli hv. 12. þm. Reykv. sem er meðflutningsmaður að tillögunni. Ég hafði vænst þess að hæstv. utanrrh., sem er viðstaddur þessa umræðu, hefði eitthvað um málið að segja. Ég held að það skipti verulegu máli að utanrrh. Íslands greiði fyrir því innan þings og á vettvangi ríkisstjórnar að jákvæð afstaða mótist af Íslands hálfu til þessara mála og að Ísland leggist á sveif með þeim aðilum sem hafa tekið undir þá jákvæðu þróun sem að frumkvæði Palestínumanna hefur orðið fyrir botni Miðjarðarhafs, reyndar með tilstyrk fjölmargra annarra aðila, þar á meðal, held ég megi segja, með hlutdeild Alþjóðasambands jafnaðarmanna. Ég minnti á í ræðu minni að forsætisráðherra Svíþjóðar, Ingvar Carlsson, hefði átt mikilvægan þátt í því að leiða saman áhrifamikla aðila, gyðinga úr Bandaríkjunum og fulltrúa alþjóðlegra samtaka sem vinna að friði fyrir botni Miðjarðarhafs með forustu PLO. Hlutur jafnaðarmanna á alþjóðavettvangi til að bera klæði á vopnin og ýta undir farsæla þróun hefur því verið verulegur á undanförnum mánuðum.

Ég vænti þess fastlega að hæstv. utanrrh. láti ekki sinn hlut og Íslands eftir liggja að því er varðar að jákvæð þróun og aðgerðir verði á alþjóðavettvangi í framhaldi af þeim samþykktum sem þegar liggja fyrir og í tillögunni er raunar gert ráð fyrir sérstöku frumkvæði af Íslands hálfu til þess að stuðla að slíkri

þróun. Því hefði ég vænst þess að heyra rödd utanrrh. Íslands á vettvangi Alþingis þegar þetta mál er rætt.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í máli hv. frsm., 2. þm. Austurl., þá hefur margt gerst og margt af því mjög jákvætt frá því að umræður fóru fram utan dagskrár í sameinuðu þingi um málefni Ísraels og Palestínumanna þann 11. nóv. sl. Það sem einkum hefur gerst jákvætt er að þjóðarráð Palestínumanna hefur samþykkt þau grundvallaratriði sem fram komu í ályktunum Sameinuðu þjóðanna nr. 242 og 338 frá árunum 1967 og 1973 þar sem kveðið er á um grundvallaratriði, þ.e. um að falla frá andstöðu við tilverurétt Ísraelsríkis, um nauðsyn þess að tryggja öryggi landamæra Ísraels og jafnframt um nauðsyn þess að viðurkenna sjálfsákvörðunarrétt Palestínumanna. Á því hafði staðið lengi vel í viðleitni þeirra aðila sem komið hafa að þessum viðkvæmu deilumálum og reynt að efna til viðræðna milli deiluaðila að frumkvæði og á forræði Sameinuðu þjóðanna og fyrir tilverknað þeirra stórvelda sem einkum hafa látið málið til sín taka. Þar með voru opnaðar leiðir til þess fyrir ýmsa aðila, þar á meðal ýmsa meðal forustumanna Alþjóðasambands jafnaðarmanna, til þess að reyna að beita sér með virkum hætti fyrir beinum viðræðum fulltrúa Palestínumanna annars vegar og hins vegar samtaka gyðinga í Bandaríkjunum, eins og hv. frsm. vék að að utanríkisráðherra Svía hefði gert að lokinni þessari samþykkt.

Á hitt er svo að líta að stjórnmálaþróun innan Ísraelsríkis hefur orðið á þann veg að þau öfl sem lengst ganga eða harðdrægust eru í þessum deilum hafa styrkt pólitíska stöðu sína og óljóst er um afstöðu núverandi stjórnvalda til þess hver gætu orðið næstu skref. Það telst einnig til mjög merkra nýmæla að Bandaríkjastjórn hefur efnt til beinna viðræðna við fulltrúa Palestínumanna, en þær viðræður voru í fyrsta lagi teknar upp vegna yfirlýsingar þjóðarráðsins um viðurkenningu á tilverurétti Ísraels og snúast að sjálfsögðu um það að reyna að fylgja fram tillögum sem utanríkisráðherrar Bandaríkjanna, fleiri en einn, hafa reynt að fá stuðning við, þ.e. tillögum um alþjóðlega ráðstefnu um þessi deilumál byggða á þessum grundvallarreglum um land fyrir frið, öryggi landamæra og sjálfsákvörðunarrétt. Þær viðræður eru yfirstandandi og þeim er ekki lokið og kannski nokkuð óljóst hvernig þeim lyktar.

Að vísu er það rétt að ýmsir talsmenn Frelsissamtaka Palestínumanna hafa tekið skýrt fram að viðurkenning á tilverurétti Ísraels og samþykki við þá grundvallarstefnu, sem fram kemur í þessum ályktunum Sameinuðu þjóðanna, bindi ekki hendur PLO sem slíkra til þess að efna til aðgerða gegn Ísrael og þess vegna fer kannski nokkuð tvennum sögum af því hversu óyggjandi skuldbindandi yfirlýsing þjóðarráðsins er en á það hefur a.m.k. enn ekki reynt. Þetta er jákvæð þróun og umtalsverð breyting í grundvallaratriðum frá því sem var þegar við ræddum þessi mál á sl. hausti.

Ég tel í alla staði eðlilegt, eins og mig minnir reyndar að ég hafi skýrt frá í þessum umræðum, að Alþingi Íslendinga álykti um þessi mál og lýsi vilja sínum til þess að stuðla að friði og sáttum í þessum heimshluta. Á sínum tíma voru nokkrar deilur um það að á seinasta allsherjarþingi sátu fulltrúar Íslendinga hjá við tillögu um einhliða fordæmingu á Ísraelsríki. Í þeim umræðum lýsti ég þeirri skoðun minni að að væri til lítils gagns að hafa uppi einhliða fordæmingu á öðrum deiluaðilanum og vitnaði í því efni til ýmissa annarra ályktana á alþjóðlegum vettvangi, t.d. Evrópuráðsins og ályktana Alþjóðasambands jafnaðarmanna um málið sem hefði verið með talsvert öðrum hætti. Með leyfi forseta vil ég rifja það upp — og þá er ég að vitna til samþykktar Alþjóðasambandsins sem gerð var í Madrid um mitt ár 1988, en þar sagði m.a.:

„Við áréttum stuðning okkar við alþjóðlega friðarráðstefnu sem verði haldin á vegum Sameinuðu þjóðanna og á grundvelli Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna og á grundvelli tillagna öryggisráðsins nr. 242 og 338, þ.e. frá árunum 1967 og 1973, um það að fá lausn sem tryggði öryggi Ísraels og sjálfsákvörðunarrétt Palestínumanna."

Síðan segir í grg. tillögunnar:

„Á þessari ráðstefnu skyldu allir aðilar málsins, þar með talið Palestínumenn sem ættu að hafa rétt til þess að velja sér eigin fulltrúa, taka þátt."

Síðan kom fram í þessari ályktun bein áskorun sem ég, með leyfi forseta, vitna til og er á þessa leið:

„Alþjóðasamband jafnaðarmanna beinir því til allra deiluaðila og til gyðinga og til fólksins í Arabalöndunum að foraðst ofbeldi og allar athafnir sem brjóta í bága við alþjóðalög og mannréttindi. Meðan yfir stendur hernám Ísraels á þessum svæðum hvílir sérstök skylda á herðum hernaðaryfirvalda Ísraels. Við fordæmum harðlega það ofbeldi sem Ísrael hefur sýnt á hernumdu svæðunum. Á sama tíma fordæmum við harðlega skæruliðaárásir Palestínuhópa eða annarra samtaka gegn borgaralegum fórnarlömbum innan Ísraelsríkis."

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði, þá ber tillagan þess kannski nokkur merki að hún er fram sett áður en þær breytingar hafa orðið sem hv. frsm. reifaði í sínu máli og ég hef vikið að nokkrum orðum. Ef spurt er um mína afstöðu til þessarar till., þá er hún á þá leið að ég tel í alla staði eðlilegt að Alþingi marki stefnu eða lýsi afstöðu, lýsi friðarvilja og lýsi því eftir hvaða leiðum við teljum helst árangurs að vænta í að leiða deiluaðila að samningaborði og fá fram varanlegar lausnir. Í því efni mundi ég fyrst og fremst benda á að það bæri að skoða texta ályktunartillögunnar á þann veg að hún væri ekki einhliða fordæming heldur meira í anda þeirrar ályktunar, sem ég vitnaði til áðan og kennd er við Alþjóðasamband jafnaðarmanna sem er áskorun til deiluaðila um það að forðast ofbeldisverk á báða bóga en einbeita sér að því að finna pólitíska lausn á þessum erfiða pólitíska vanda. Aðrar athugasemdir er ýmsar hægt að gera sem ég sé ekki ástæðu til að gera nú en væri eðlilegt að

yrði komið á framfæri og fengi umfjöllun þegar málið væri komið í nefnd.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég notaði rétt minn til annarrar ræðu til þess að bera fram ósk um að hæstv. ráðherra kæmi hér inn í umræðuna. Nú hefur það gerst og ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að hann skuli taka þátt í umræðunni. Ég tel að hans viðbrögð við þessum tillöguflutningi séu með öðrum og skapfelldari hætti en fram kom þegar við áttum orðastað um þessi mál fyrr á þessu þingi og ég er ánægður með það. Mat okkar hæstv. utanrrh. á stöðu mála og eðli þeirra hörðu deilna sem fram fara fyrir botni Miðjarðarhafs á landsvæði Palestínu er ólíkt eftir sem áður, heyri ég, í vissum greinum. Það verður ekki jafnað hér með ræðuhöldum.

Ég vil um það eitt segja þegar menn eru að líta til deiluaðila að það er ólík aðstaða barnanna sem grípa til þess að kasta grjóti á móti vígtólum af fullkomnustu gerð og hinna sem þar halda um gikkinn í skjóli laga þess ríkis sem heldur stórum landsvæðum herteknum síðan 1967 og hefur virt að vettugi samþykktir gerðar með yfirgnæfandi meiri hluta þjóða heims sem aðild eiga að Sameinuðu þjóðunum.

En það eru aðgerðir til lausnar sem öllu máli skipta en ekki deilur um það sem liðið er og hér á Íslandi tækifæri sem ég vona að hv. Alþingi beri gæfu til að nýta og ekki síður ríkisstjórn Íslands með því að leggja sitt af mörkum til að taka jákvætt á máli, taka í framrétta hönd Frelsissamtaka Palestínu og eiga frumkvæði eða bjóðast til þess að hér verði haldin sú alþjóðlega ráðstefna sem samþykktir lúta að til lausnar deilumálunum fyrir botni Miðjarðarhafs.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til utanrmn. með 33 shlj. atkv.

Ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1988, fyrri umr.

Þáltill. FÞ o.fl., 169. mál. — Þskj. 182.

Flm. (Friðjón Þórðarson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til ál. um ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1988. Tillagan er þess efnis að Alþingi álykti að beina þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar að hún hrindi í framkvæmd ályktunum Vestnorræna þingmannaráðsins sem samþykktar voru á fundi þess í Ilulissat í júlí 1988 og prentaðar eru með ályktun þessari sem fylgiskjal. Flm. eru þeir þm. sem skipuðu Vestnorræna þingmannaráðið á sl. ári, nema hv. 4. þm. Suðurl. Margrét Frímannsdóttir, kemur í stað hv. 4. þm. Norðurl. e., Steingríms J. Sigfússonar sem sagði af sér störfum í ráðinu þegar hann tók við ráðherraembætti.

Vestnorræna þingmannaráðið er grein af norrænu samstarfi og á sér nokkurn aðdraganda. Að frumkvæði norrænu embættismannanefndarinnar um byggðastefnu, NERP, var á árinu 1980 stofnað til sérstaks svæðissamstarfs Færeyinga og Íslendinga. Svæðinu var gefið norræna nafnið Vestnorden, Hin vestlægu Norðurlönd. Slíkt norrænt svæðissamstarf á sér margar fyrirmyndir og hliðstæður. Benda má á t.d. Nord-Kalotten, nyrstu héruð Noregs, Svíþjóðar og Finnlands, og samstarf Borgundarhólms og Suður-Skáns, Midt-Norden-samstarfið sem tekur til héraða um miðbik Noregs, Svíþjóðar og Finnlands o.s.frv. En aðalmarkmið starfseminnar er að stuðla að jákvæðari byggðaþróun á Norðurlöndum með samnorrænum aðgerðum sem komi til viðbótar aðgerðum ríkisstjórnanna.

Ráðið var stofnsett í september 1985 í Nuuk á Grænlandi. Undirbúning að stofnun þess önnuðust þingmannanefndir kjörnar af Alþingi Íslendinga, Lögþingi Færeyinga og Landsþingi Grænlendinga.

Hlutverk þingmannaráðsins er að annast samstarf þjóðþinga Færeyinga, Grænlendinga og Íslendinga og vinna að auknu samstarfi um sameiginleg hagsmunamál þjóðanna.

Stofnskrá fyrir Vestnorræna þingmannaráðið var samþykkt á Alþingi 19. des. 1985. Ráðið hefur einungis tillögurétt til landanna þriggja, eins eða fleiri.

Fulltrúar í íslensku þingmannanefndinni eru kjörnir af Alþingi til eins árs í senn. Einn fulltrúi frá hverjum þingflokki á sæti í þeirri nefnd.

Hinir árlegu fundir eru haldnir í löndunum þrem til skiptis: Grænlandi, Íslandi og Færeyjum. Júlífundurinn var fjórði fundur ráðsins, en annar fundur þess á Grænlandi. Þennan fund sátu af hálfu Alþingis þingmennirnir Friðjón Þórðarson, sem er formaður Íslandsdeildar ráðsins, Alexander Stefánsson, Árni Gunnarsson, Óli Þ. Guðbjartsson, Danfríður Skarphéðinsdóttir og Steingrímur J. Sigfússon, eins og áður er vikið að.

Á fundinum var fjallað um sameiginleg hagsmunamál Íslands, Færeyja og Grænlands, m.a. á sviði menningarmála, samgöngumála, hafréttar- og umhverfismála o.fl., og nokkrar samþykktir gerðar, eins og segir nánar í fskj.

Fundurinn í Ilulissat (Jakobshavn) fór fram með hefðbundnum hætti. Það er venja að formaður er valinn frá því landi þar sem fundurinn er haldinn hverju sinni.

Formaður stjórnarinnar er nú Preben Lange, Grænlandi, en meðstjórnendur Friðjón Þórðarson, Íslandi, og Hans Jacob Debes, Færeyjum.

Í almennum umræðum var lögð áhersla á að efla þetta samstarf þar sem svo miklir sameiginlegir hagsmunir eru í húfi, t.d. hvað varðar nýtingu auðlinda hafsins og umhverfismál. Enn fremur voru fundarmenn einhuga um að leitast við að efla samgöngur og viðskipti milli landanna.

Á hinn bóginn kom það greinilega fram að tilgangslítið væri að koma saman einu sinni á ári og samþykkja margar ályktanir sem lítt væru kynntar og enn minna farið eftir.

Á fundinum í Ilulissat voru samþykktar þær ályktanir sem prentaðar eru á fskj. I og ákveðið að þær yrðu lagðar fyrir þing og stjórn í hverju landi fyrir sig og kynntar. Sendinefndir hvers lands skuldbundu sig til þess að sjá um að svo yrði gert, sbr. tilmæli ráðsins sem ég vík að síðar.

Nú hefur nýkjörið ráð komið saman og skipt með sér verkum. Það er gert ráð fyrir að næsti fundur verði haldinn á Íslandi í júnímánuði og verður hann væntanlega haldinn í Stykkishólmi.

Ég vík þá að ályktunum Vestnorræna þingmannaráðsins. Þær skiptast aðallega í tvo flokka, nr. 1–4 þar sem fjallað er um umhverfismál og mengunarvarnir, nr. 5–6 um æskulýðsmál og síðan er 7. tillagan um markaðssamstarf.

Fyrsta tillagan fjallar um geislavirkan úrgang undir hafsbotni. Ráðið beinir þeim tilmælum til ríkisstjórnar Íslands og landsstjórna Færeyja og Grænlands að þær beiti sér kröftuglega gegn því að geislavirkum úrgangi verði komið fyrir undir hafsbotni eins og áformað hefur verið.

Í öðru lagi er ályktun um notkun freons. Þar er tilmælum beint til stjórnvalda að innflutningur og notkun úðabrúsa með freoni sem þrýstiefni verði bönnuð og unnið verði áfram að frekari aðgerðum til þess að takmarka notkun freons og annarra efna sem eyða ósonlaginu.

Þá er þriðja tillagan varðandi loftflutninga með plúton. Þeim tilmælum er beint til stjórnvalda að loftflutningar með plúton yfir vestnorræn land- og hafsvæði verði bannaðir sem og millilendingar með efnið á því svæði.

Þá er ályktun um eftirlit með mengun hafsins sem hljóðar svo:

„Vestnorræna þingmannaráðið hefur þungar áhyggjur af vaxandi mengun sjávar frá iðnvæddum löndum og þeirri ógn við umhverfið sem stafar af aukinni slysahættu vegna hernaðarumsvifa á höfunum.

Ráðið beinir þeim tilmælum til ríkisstjórnar Íslands og landsstjórna Færeyja og Grænlands að þær komi sameiginlega á fót skrifstofu er samræmi það starf sem þegar er verið að vinna að við mælingar á mengun á vestnorrænum hafsvæðum og eigi jafnframt frumkvæði að öflugra starfi á þessu sviði. Skrifstofan komi upplýsingum beint til stjórnvalda í hverju landi um sig.

Vestur-Norðurlönd setja þessa samstarfsskrifstofu á stofn í þeim tilgangi að viðhalda og vernda umhverfi í vestnorrænum löndum.

Ráðið beinir þeim tilmælum til landanna hvers um sig að ræða nánar skipulag, þátttakendur og verk- og valdsvið slíkrar samstarfsskrifstofu."

Þá er hér tillaga nr. 5, um skiptiferðir fyrir ungt fólk, þar sem ráðið hvetur landsstjórn Færeyja, landsstjórn Grænlands og ríkisstjórn Íslands til að ræða hvernig auðvelda megi ungu fólki er ferðast um vesturhluta Norðurlanda, hugsanlega með hinn svokallaða „norræna farseðil" sem fyrirmynd og enn fremur að kanna hvort samræma megi þessa tvenns konar ferðamáta.

Sjötta tillagan fjallar um námsdvöl, þar sem ráðið víkur að því að greitt sé fyrir því að á hverju ári verði á fjárlögum landanna gert ráð fyrir styrk handa námsmanni eða vísindamanni til að dveljast um eins árs skeið í öðru hvoru hinna landanna.

Þá er loks tillaga nr. 7, um markaðssamstarf, þar sem rætt er um að vegna þeirra miklu breytinga sem væntanlegar eru á markaðsaðstæðum í Vestur-Evrópu sé æskilegt að löndin þrjú, Ísland, Grænland og Færeyjar, hefji nánara samstarf í útflutningsmálum.

Tillaga svipaðs eðlis var flutt á síðasta Alþingi, þ.e. tillaga um samvinnu Íslands, Færeyja og Grænlands á sviði markaðsmála og viðskipta. Þá var 1. flm. hv. 4. þm. Norðurl. e. Steingrímur J. Sigfússon, núv. hæstv. landbrh., og meðflm. aðrir þingmenn í Vestnorræna þingmannaráðinu. Þessi tillaga var samþykkt sem þál. frá Alþingi 11. maí 1988.

Ég skal ekki segja hvort allir eru sammála um þessa tillögu. Ég hef orðið var við það að frá viðskrn. hefur komið athugasemd. Þeir líta á málið frá nokkuð annarri hlið, en þeir munu þá að sjálfsögðu gera grein fyrir sínu áliti því að eins og ég hef bent á hefur Vestnorræna þingmannaráðið aðeins efni á að beina tilmælum til ríkisstjórnanna en ekki knýja þær til framkvæmda. Hins vegar er það svo að sendinefndir á fundi þessa ráðs bera hver um sig ábyrgð á því að ályktanir ráðsins séu teknar á dagskrá í hverju þjóðþingi fyrir sig, þ.e. séu rækilega kynntar fyrir Alþingi og ríkisstjórn í hverju landi.

Ráðið sá ástæðu til þess að þrýsta einmitt á þetta atriði með því að kveða svo að orði:

„Í ljósi þess að framkvæmd ályktana ráðsins hefur ekki verið vandkvæðalaus, bæði meðferð þeirra og kostnaður við þær og með hliðsjón af þeim slæmu áhrifum sem þetta hefur á framtíð ráðsins og starfsemi þess, hvetur ráðið ríkisstjórn Íslands, landsstjórn Grænlands og landsstjórn Færeyja til að gera átak í að hrinda ályktunum í framkvæmd og veita nauðsynlegt fjármagn í því skyni. Vakin er athygli á slæmum afleiðingum þess að löggjafar- og framkvæmdarvald í hverju landi um sig fylgi ekki eftir ítrekuðum ályktunum ráðsins. Verði það ekki gert nær starfsemi ráðsins ekki þeim tilgangi sem henni var ætlaður við stofnun þess."

Hygg ég að þetta liggi ljóst fyrir öllum hv. alþm.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta mál nánar, en legg til að málinu verði að þessari umræðu lokinni vísað til síðari umr. og hv. utanrmn.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Vestnorræna þingmannaráðið hefur nú starfað í nokkur ár og sent ályktanir frá fundum sínum. Það er góður siður að kynna þessar ályktanir hér á hv. Alþingi og eðlilegt sem fram kemur í lokatilmælum þingmanna ráðsins til þinga

aðildarlandanna að þau láti sig þessi mál varða sem ályktað er um og leitist við að tryggja framkvæmd þeirra. Þetta tel ég vera mjög eðlilega áherslu og ég vænti þess að eftir meðferð í hv. utanrmn. á þessum málum sjáist þess merki hér á Alþingi með viðeigandi hætti að tekið verði á þessum málum og gefnar leiðbeiningar til framkvæmdarvaldsins eftir því sem við á.

Við hljótum að taka eftir því að mörg þeirra mála, sem þarna er ályktað um í þessum sjö ályktunum, varða umhverfismál, varða áhyggjur út af mengun umhverfisins og það er mjög vel að á þessum vettvangi skuli staðinn vörður með þeim hætti sem hér er gert varðandi hreint umhverfi, sú viðleitni sem endurspeglast í þessum ályktunum.

Ég vil geta þess hér að sum þessara mála sem hér er ályktað um voru til umræðu og ályktunar á nýafstöðnu þingi Norðurlandaráðs. Þar voru umhverfismálin raunar annar af tveimur meginþáttum í almennum umræðum á þinginu. Það voru annars vegar umhverfismálin og hins vegar hin svokölluðu Evrópumál sem þar fór mest fyrir. Og nú er af sem áður var. Nú eru umhverfismálin orðin nánast tískumál í umræðum en sem betur fer ekki bara tískumál heldur eru teknar ákvarðanir a.m.k. í orði og vonandi verður þeim fylgt eftir á borði, sumum hverjum, því að ástandið í þessum efnum heldur sem kunnugt er áfram að versna, t.d. varðandi mengun andrúmslofts og mengun hafsins, þrátt fyrir þær samþykktir sem þegar hafa verið gerðar. Og jafnvel þrátt fyrir að staðið verði við þær ályktanir með ákvörðunum, eins og t.d. varðandi eyðingu ósonlagsins, varðandi mengun andrúmsloftsins af öðrum efnum en ósoneyðandi efnum, er gert ráð fyrir því að ástandið haldi samt áfram að versna á næstu árum. Menn mega því sannarlega taka sig á í þessum efnum.

Ég vil geta þess sérstaklega að þriðja málið sem ályktað var um og komið hefur til umræðu hér á hv. Alþingi, bæði því síðasta og því sem nú situr, um loftflutninga með plúton, var, vegna íslensks frumkvæðis, tekið upp í ábendingar og ályktun efnahagsnefndar Norðurlandaráðs sem Norðurlandaráðsþing samþykkti, að í tengslum við áætlun tengda kjarnorkumálum yrði tekið sérstaklega á flutningi og frágangi á geislavirkum efnum og sérstaklega vísað til hættunnar sem heimskautasvæðum getur stafað af slíkum flutningi. Þetta mál er því komið inn í samþykktir Norðurlandaráðsþings með viðeigandi tilmælum til ráðherranefndar, í þessu tilviki orkumála, til þess að taka á.

Menn minnast þess að haldið var sérstakt aukaþing Norðurlandaráðs í nóvember sl. varðandi mengun hafsins eða varðandi umhverfismál sérstaklega þar sem samþykkt var sérstök áætlun um aðgerðir til varnar mengun hafsins og nú á nýafstöðnu þingi Norðurlandaráðs var samþykkt sérstök áætlun um samstarf í fiskimálefnum, sem ég kalla svo, þ.e. varðandi rannsóknir á fiskstofnum en einnig á ástandi sjávar, og ekki bara fiskstofnum í þröngum skilningi þess orðs heldur ekki síður á sjávarspendýrum sem gert er ráð fyrir að efldar verði rannsóknir á eins og við Íslendingar erum nú að leitast við að gera einnig af okkar hálfu. Þessi fiskimálasamþykkt Norðurlandaráðs og efni hennar tengist einnig mengunarmálunum því að eðlilega er lögð rík áhersla á það í þessari samstarfsáætlun um fiskimál að undirstaðan, umhverfið, sjórinn sjálfur, haldist þannig að líf dafni með eðlilegum hætti og að takast megi að draga úr mengun.

Þetta vildi ég hér nefna, virðulegur forseti. Ég get einnig látið fylgja að í umræðum sem tengdust áliti samgöngunefndar Norðurlandaráðs nefndi ég sérstaklega þau efni sem varða ferðalög og möguleika ungs fólks á Norðurlöndum til þess að ná saman á vettvangi Norðurlandaráðs æskulýðsins sem svo er kallað í lauslegri þýðingu. Og í ályktunum og ábendingum samgöngunefndarinnar kom fram stuðningur við þessi efni sem hér er að vikið en þau varða ekki síst þau lönd sem fjærst eru þungamiðju Norðurlanda landfræðilega séð og hvað íbúafjölda snertir, þ.e. vesturhluta Norðurlanda, Grænland, Ísland og Færeyjar. Við skulum vona að þessar áherslur af hálfu Vestnorræna þingmannaráðsins fái þannig stuðning, ekki aðeins í orði heldur einnig á borði á samnorrænum vettvangi eftir því sem við á.

Árni Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Nokkur orð um þessa till. til þál. sem hér hefur verið gerð grein fyrir. Vestnorræna þingmannaráðið er tiltölulega ung stofnun en hefur í starfi sínu gert ýmsar ályktanir um málefni sem snerta einkum og sér í lagi þau svæði sem kölluð hafa verið jaðarsvæði hins norræna samstarfs, þ.e. Grænland, Færeyjar og Ísland.

Um það var mikið kvartað á sínum tíma innan Norðurlandaráðs að málefni þessara landa fengju tiltölulega litla umfjöllun innan Norðurlandaráðs og stofnun Vestnorræna þingmannaráðsins var m.a. svar við þeirri gagnrýni þannig að þar mættu menn fjalla um þau mál sem einkum og sér í lagi snertu þessi þrjú lönd. Og þar kemur í ljós að sameiginlegir hagsmunir eru gríðarlega miklir, einkum og sér í lagi hvað varðar lífsafkomu þessara þjóða sem allar byggja hana á hafsvæðunum sem í kringum löndin eru.

Því er ekki að leyna að innan Vestnorræna þingmannaráðsins hefur komið fram mikið vonleysi um það að ráðið eigi sér lífsvon. Ástæðan er mjög einföld. Frá upphafi ráðsins hafa ríkisstjórnir, heimastjórnir og landsstjórnir þessara þriggja landa ekkert, ég endurtek, ekkert gert með tillögur ráðsins. Þær *hafa aldrei farið inn á þing þessara landa í því formi* að þær yrðu samþykktar af ríkisstjórnum sem viljayfirlýsing þessa þingmannaráðs. Sjálfur var ég þeirrar skoðunar á fundi, og lét það koma skýrt fram, sem haldinn var á Grænlandi sl. sumar að ef fram héldi sem horfði væri það ekkert annað en peningasóun að halda starfi þessa ráðs áfram.

Ég leyfi mér að vona að sú ákvörðun Vestnorræna þingmannaráðsins að færa mál sín og ályktanir inn á

þing viðkomandi landa í trausti þess að framkvæmdarvaldið taki málin upp og ýti þeim úr vör, hrindi þeim í framkvæmd, mín von er sú að sú ákvörðun geti orðið til þess að einhver ávinningur verði af þessu samstarfi. En ég tel þetta samstarf með því merkasta sem gerist á norrænum vettvangi um þessar mundir. Ástæðan er m.a. sú að að þessum þremur löndum steðjar nú meiri vandi en oft áður, vandi í formi mengunar, í formi aukinna hernaðarumsvifa á hafsvæðum þangað sem þessar þrjár þjóðir sækja lífsbjörg sína og vandi sem felst í ónógum samgöngum á milli þessara þriggja landa, ónógu menningarlegu samstarfi og svo mætti lengi telja.

Ég hef stundum leyft mér að segja það að við Íslendingar værum sú stórþjóð í þessu samstarfi að við töluðum ekki um það í annan tíma en þann sem við vildum skreyta okkur með því að eiga samstarf við þessar vinaþjóðir hér í Norður-Atlantshafi.

Á fundi sem haldinn var 1987 í Vestnorræna þingmannaráðinu flutti ég tillögu um það að Norðurlandaþjóðirnar kæmu á fót stofnun sem fylgdist með mengun og ynni gegn mengun Norður-Atlantshafsins. Þessi tillaga var samþykkt lítið breytt, en hún hefur aldrei komist inn á vettvang þjóðþinga þessara landa. Ég held að þarna sé á ferðinni eitt stærsta hagsmunamál þessara þriggja þjóða, þ.e. að verja uppsprettu lífsbjargarinnar í Norður-Atlantshafinu og koma í veg fyrir að sú ógn sem mengunarmálin eru orðin eigi eftir að eyðileggja og tortíma þeim fiskistofnum sem við lifum á.

Persónulega hef ég mestar áhyggjur af því að þau hernaðarumsvif, sem einkum og sér í lagi hafa verið á svæðinu milli Grænlands og Íslands, Íslands og Skotlands og upp með Noregsströndum í átt að Kolaskaga, fari mjög vaxandi um þessar mundir, einkum og sér í lagi eftir að afvopnun á meginlandi Evrópu fór að verða veruleiki. Ég hef vissan ótta af því að varnar- og sóknarsvæði stórveldanna færist út á Norður-Atlantshafið. Ég hef oft minnst á það að mér þyki menn taka því með nokkurri léttúð þegar við vitum, eins og nú t.d. á sér stað við Ísland, að fram fara heræfingar kjarnorkuknúinna skipa, bæði ofansjávar- og neðansjávarskipa, án þess að við gerum við það nokkra athugasemd. En það hlýtur að verða eitt meginmarkmið okkar varðandi þau hernaðarumsvif sem eiga sér stað á höfunum að gera kröfur til stórveldanna um að hraða afvopnun á höfunum.

Virðulegi forseti. Ég gat ekki á mér setið að koma þessu á framfæri. Ég vil benda hv. þm. á það að þriðjungurinn af öllum kjarnorkuvopnum stórveldanna tveggja er í höfunum. Ég vil benda mönnum á það að yfirgnæfandi meiri hluti allra kjarnorkuofna eða kjarnakljúfa sem stórveldin eiga eru á höfunum. Ég vil vekja athygli á því að eitt minni háttar slys í Norður-Atlantshafi þar sem geislavirkt kælivatn rynni frá kafbát eða herskipi, sem knúið er kjarnorku, getur eyðilagt hrygningarstöðvar þorsks eða annars nytjafisks um 100 ára skeið. Þá þyrftu Íslendingar ekki að binda um sárin í efnahagslegu tilliti.

Það eru þessar umræður sem hafa einkennt störf Vestnorræna þingmannaráðsins. Á þessum þjóðum brennur þessi vandi heitar en á þeim meginlandsþjóðum sem eiga aðild að Norðurlandaráði. Ég legg þess vegna mikla áherslu á það að þessi tillaga, sem hér er fram komin, fái framgang hjá framkvæmdarvaldinu. Og ég skora á hv. þm. sem hafa áhuga á því að þessum málum verði framfylgt að þrýsta á. Ef svo verður ekki þá sé ég í raun engan tilgang með því að Vestnorræna þingmannaráðið haldi áfram að starfa.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins taka undir það sem hér hefur komið fram í sambandi við þessa þáltill. Það er mín skoðun að Íslendingar eigi að leggja miklu meiri áherslu heldur en hingað til hefur verið gert á að hafa náið samstarf við þær þjóðir sem hér er um að ræða, þ.e. Færeyinga og Grænlendinga. Það er enginn vafi á því að hagsmunir eru þarna miklu augljósari með okkur og þessum þjóðum heldur en hinu stóra samstarfi á Norðurlandaráðsþingum og annars staðar. Það verður miklu raunhæfara. Hérna eru vandamálin sett saman í hnotskurn miðað við það sem augljóst er einmitt á þessum svæðum sem hér um ræðir.

Ég vil sérstaklega benda á 4. tillöguna, þ.e. um eftirlit með mengun hafsins. Ég held að það væri ástæða til a.m.k. í meðferð utanrmn. sem fær þetta mál að leggja alveg sérstaka áherslu á að það verði skoðað hvort ekki sé mögulegt að stíga það skref sem í þessari tillögu felst, að koma sameiginlega á fót skrifstofu sem hafi það verkefni að vinna að og fylgjast með mælingum á mengun hafsins á þessum vestnorrænu hafsvæðum. Þetta er náttúrlega ekkert smámál eins og hér hefur komið fram. Ég tel að það væri stórt skref stigið ef hægt væri að þvinga fram fyrir frumkvæði Íslands a.m.k. þennan þátt í þessari sameiginlegu tillögu.

Einnig vil ég benda á 7. tillöguna um markaðssamstarfið. Það er heldur ekkert lítið mál ef þessar þjóðir gætu haft áhrif á það hvernig staðið verður að þessum málum í sambandi við Vestur-Evrópu. Ég held að það væri ekki lítið atriði fyrir okkur Íslendinga að hafa náið samstarf á þessum vettvangi við þessa tvo nágranna í sambandi við það hvernig staðið verður að þeim samningum sem fram undan eru við Evrópubandalagið og allar þær viðræður sem þar koma fram um okkar stærsta hagsmunamál. Þarna er sameiginlegur vettvangur og sameiginlegir hagsmunir miklu, miklu nær okkur heldur en í hinu stóra samstarfi með öllum Norðurlandaþjóðunum.

Ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram að ég tel að þetta samstarf sé mikilvægt en, eins og síðasti hv. ræðumaður kom hér inn á, það er dauðadæmt ef um það verður algjör þögn frá þeim þjóðum sem að því standa, ef aðeins verður komið saman einu sinni á ári og síðan ekkert meira gert. Það kom greinilega fram hjá öllum fulltrúunum sem sátu fundinn á Grænlandi að þetta verður að breytast. Það verður að vera meira en bara að koma saman og ræða málin ef ekkert fylgir á eftir frá viðkomandi þjóðlöndum.

Þess vegna legg ég áherslu á að það verði a.m.k.

einhver slík afstaða tekin hér á Alþingi Íslendinga að það verði eftir því tekið, a.m.k. þannig að það verði hægt að knýja hin þjóðþingin sem að þessu standa til að taka ákvörðun um þessi mál.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta er nokkuð sérkennilegt mál eins og það ber að hér, ekki málefnin sem eru hér í ályktunum, heldur hlýtur sérstaklega að vekja athygli manns sá viðauki sem er þarna síðast í ályktuninni í fskj. II. Það er jú svo að allir flokkar, sem eiga fulltrúa á Alþingi, eiga fulltrúa í Vestnorræna þingmannaráðinu. Og það er ótrúlegt að fulltrúar þessara flokka séu að standa að ályktunum eða samþykktum í þessu ráði sem brjóta í bága við stefnu þeirra eigin flokka hér heima. Því hlýtur það að vekja nokkra furðu að þeir skuli sjá ástæðu til þess að kvarta undan viðbrögðum Alþingis og/eða ríkisstjórnar við þessum málum.

Það er að vísu svo að við Íslendingar eigum aðild að fjölmörgum alþjóðasáttmálum sem við skrifum undir en gerum svo harla lítið með framkvæmd hér heima. Stundum er það jafnvel svo að þeir samningar stangast á við lög hér heima og nánast eins og að menn geti sveiflað penna í útlöndum án þess að bera svo ábyrgð á því þegar heim kemur. En það er mjög mikilvægt að íhuga það að Vestnorræna þingmannaráðið er stofnað til þess að gæta hagsmuna svokallaðra jaðarsvæða og það stendur því upp á Alþingi að gæta þess að þessi jaðarsvæði verði ekki eins konar jaðarmálefni í norrænu samstarfi og að Vestnorræna þingmannaráðið sé ekki einhvers konar ventill þar sem jaðarsvæðin koma saman til þess að blása, til þess að aðalsvæðin geti svo haldið áfram að vinna í friði að því sem þeim þykir mestu máli skipta hverju sinni.

Fjögur þeirra málefna sem hér er ályktað um fjalla um mengun af ýmsu tagi, hvort sem er af hernaðarlegum eða öðrum umhverfislegum ástæðum, og það þarf ekki að fjölyrða um mikilvægi þess fyrir okkur Íslendinga að meðal annars þær ráðstafanir sem nefndar eru í tillögunni séu gerðar. Mætti auðvitað telja ótal fleiri og vil ég sérstaklega taka undir orð hv. síðasta ræðumanns um þann aukna hernað sem nú er hér í norðurhöfum. Þar verða Íslendingar að láta til sín taka fyrr en seinna.

Við hljótum að spyrja hvers vegna þessar tillögur komi ekki til framkvæmda hér á Alþingi, þar sem Alþingi ber ábyrgð á för og erindi þingmanna í Vestnorræna þingmannaráðinu og ber síðan ábyrgð á að þær tillögur sem þar eru samþykktar nái fram að ganga á Íslandi og þaðan nái þær aftur inn í norrænt samstarf svo að þetta verði ekki einungis orðin tóm. Því að ef svo er, þá er jafngott að eyða ekki peningum í þetta samstarf heldur nýta þá í eitthvað skynsamlegra hér heima fyrir.

Flm. (Friðjón Þórðarson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þeim hv. þm. sem hér hafa tekið til máls um þetta mál. Hv. 18. þm. Reykv. taldi hér vera um mjög sérkennilegt mál að ræða. Mér finnst ekki mega minna gera, þegar þingmenn taka þátt í alls konar undirbúningsráðstefnum og öðrum fundum af slíku tagi kostuðum af ríkinu, en að mál séu kynnt rækilega fyrir þingi og stjórn viðkomandi lands. Að því leyti tel ég mál þetta sjálfsagt.

Ég þakka hv. 1. þm. Vesturl., sem er varaformaður þessa ráðs, fyrir hans orð og einnig hv. 3. þm. Norðurl. e. sem sæti á í ráðinu og hefur lengi haft hug á þessum málum og sinnt þeim jafnvel lengst manna hér á hv. Alþingi. Ég þakka enn fremur hv. 2. þm. Austurl. fyrir vinsamleg ummæli og tíðindi af þingi Norðurlandaráðs sem nú er nýafstaðið. En einhvern veginn hef ég það á tilfinningunni, þó að ég hafi ekki kynnt mér þau mál sem afgreidd voru á því þingi, að umhverfismálin hafi þar nokkuð horfið í skugga fyrir „sameinaðri Evrópu" sem allir eru svo afskaplega hrifnir af nú á tímum og ætla svo að segja að lögleiða árið 1992. Þó skal ég ekki fullyrða um þetta.

En um umhverfismálin vil ég segja það að þau eru mjög ofarlega á dagskrá eða efst mála hjá Vestnorræna þingmannaráðinu og þau eru það einnig í norrænni samvinnu. Þó að við höfum haldið sérstakt norrænt þing um þau málefni nú fyrir skömmu í Danmörku, þá höfum við aðeins stigið fyrstu skrefin á því sviði. Það er löng leið enn ófarin áður en umhverfismálin verða komin í það horf sem við getum við unað.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Mér þykir leitt af hv. þm. Friðjón Þórðarson hefur skilið orð mín á þann veg að mér þætti málið eða innihald þessarar þáltill. sérkennilegt. Ég átti ekki við það heldur átti ég við niðurlag í fskj. II, þ.e. að þeir sem aðild eiga að Vestnorræna þingmannaráðinu skuli í rauninni þurfa að kvarta yfir viðtökum þeirra mála sem þeir samþykkja á erlendri grund hér heima fyrir. Hafi það ekki komið fram fyrr í máli mínu, þá hef ég sjálfsagt ekki talað nógu skýrt, en innihald þáltill. og þær tillögur sem hér eru nefndar þykja mér allar einmitt af þeim toga að þeim eigi að sýna fulla athygli hér á Alþingi Íslendinga og fylgja þeim eftir í norrænu samstarfi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til utanrmn. með 33 shlj. atkv.

Ökunám og ökukennsla, fyrri umr.

Þáltill. KH o.fl., 127. mál. — Þskj. 134.

Flm. (Kristín Halldórsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að nefna það að mér þykir afleitt að sjá hvað virðulegu stólarnir í fremstu röð eru fáliðaðir nú á þessum þingfundi og sakna sérstaklega hæstv. dómsmrh. þar sem hér á að ræða mál sem ég tel skipta miklu varðandi bætta

umnferðarmenningu sem sannarlega er nauðsyn á að ræða og vildi mega óska þess að honum yrði a.m.k. gert viðvart um þessa umræðu ef hann kynni að vilja tjá sig eitthvað um þetta efni. (**Forseti:** Dómsmrh. er ekki í húsinu, hann mun vera erlendis og er því ekki hægt að koma þeim skilaboðum svo að gagni komi.) Sennilega ekki, nei. Ég þakka fyrir það, ég hafði ekki frétt af því að hann væri ekki á landinu.

Ég mæli hér fyrir till. til þál. á þskj. 134 um ökunám og ökukennslu og meðflytjendur mínir eru hv. þingkonur Málmfríður Sigurðardóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir og Kristín Einarsdóttir. Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að láta endurskoða reglugerð um ökukennslu, próf ökumanna o.fl., nr. 787 13. des. 1983, sbr. reglugerð nr. 448 31. okt. 1983 og nr. 116 29. febr. 1988, með það að markmiði að settar verði reglur um starfsemi ökuskóla, gerðar strangari kröfur til ökukennara og prófdómenda og að kunnátta nýliða í akstri verði aukin og bætt."

Þessi tillaga kom fram hér á Alþingi í nóvemberlok og þykir mér auðvitað miður að ekki skyldi nást að mæla fyrir henni fyrr en nú. Í grg. með henni er skýrt frá því að á árinu 1988, fram til þess dags sem tillagan var lögð fram, hefðu alls 25 manns dáið í umferðarslysum, þar af 13 30 ára og yngri og 7 af þeim undir tvítugu. Þar er þess einnig getið til samanburðar að allt árið 1987 urðu 22 dauðaslys í umferðinni. Hins vegar kemur það ekki fram að tala látinna í þessum 22 dauðaslysum munu vera 24 og skal því hér bætt við þessar upplýsingar. — Nú er eins og fram kom nokkuð um liðið síðan þessi tillaga kom fram og tölulegar upplýsingar nú fyrir hendi um allt síðasta ár, en samkvæmt þeim létust alls 29 manns í umferðarslysum á árinu 1988.

Umferðarráð kynnti nýlega skýrslu um umferðarslys á árinu 1987 og tölulegar staðreyndir um slys á síðasta ári. Samkvæmt þeirri skýrslu slösuðust 939 í umferðarslysum á síðasta ári eða 40 færri en árið á undan. Látnum fjölgaði hins vegar úr 24 í 29 eins og fram er komið og það er athyglisvert að á síðasta ári er tala slasaðra á aldrinum 7–14 ára 80, en var 108 árið 1987. Það er fyllsta ástæða til þess að reyna að gera sér grein fyrir orsökum þessarar fækkunar sem er að sjálfsögðu gleðileg og er vonandi ekki bara um tilviljun að ræða. Þeir sem urðu fyrir mjög miklum meiðslum urðu 299 á síðasta ári samanborið við 380 manns árið 1987 og er slík fækkun sömuleiðis ljós punktur í þeirri hörmulegu lesningu sem slíkar skýrslur sem þessi annars er. Að sjálfsögðu á aukin notkun bílbelta þar stóran hlut að máli. Því miður hefur svo það sem af er þessu ári ekki liðið áfallalaust eins og mönnum er kunnugt. Það höfðu ekki margir dagar liðið af árinu þegar fyrsta banaslysið varð í umferðinni og nú munu þau vera orðin þrjú. Það er því deginum ljósara að leita þarf stöðugt leiða til úrbóta gegn þeim voða sem sífellt sækir að okkur í umferðinni.

Það er svo enn einn óhugnaðurinn sem birtist í því að samkvæmt líkindareikningi eiga 20–25 piltar af hverjum 500 á aldrinum 17–18 ára það á hættu að slasast lífshættulega í umferðinni, þ.e. á fyrsta ári með ökuréttindi. Sem sagt: 20–25 piltar af hverjum 500 á aldrinum 17–18 ára eiga það á hættu að slasast lífshættulega, örkumlast eða jafnvel deyja. En á þessum aldri eiga 10–12 stúlkur af hverjum 500 hið sama á hættu. Fleiri tölur þarf ekki að nefna. Við hljótum að leita orsaka og úrræða.

Það er skoðun okkar sem flytjum þessa tillögu að ökukennslan hljóti að ráða miklu um aksturslag unga fólksins og að góð ökukennsla sé það veganesti í orðsins fyllstu merkingu sem stjórnvöldum beri að tryggja. Almenningur hefur alls ekki verið nægilega kröfuharður í þeim efnum og stjórnvöld hafa sofið á verðinum og því er þessi tillaga borin fram til þess að ýta við þeim. Þeir sem hafa knúið á um úrbætur eru fyrst og fremst ökukennarar sjálfir sem hafa ítrekað krafist endurskoðunar og endurskipulagningar bæði ökukennslu og ökukennaranáms.

Það er einnig rétt að minna á nál. allshn. Nd. við afgreiðslu umferðarlaganna í apríl 1987, en þar standa m.a. þessi orð, með leyfi forseta:

„Nefndin telur nauðsyn á að setja nýjar reglur um ökukennslu og ökunám, annaðhvort í sérstökum lögum eða reglugerð þar sem ítarlega verði fjallað um menntun ökukennara og námsefni og lágmarksfjölda kennslustunda til ökuprófs, en mun strangari ákvæði gilda annars staðar á Norðurlöndum í þessum efnum en hér á landi."

Ekki er mér kunnugt um að neitt hafi gerst í þessu efni þannig að eftir standa aðeins þessi orð í nál. allshn. Nd.

Í grg. með þáltill. okkar er gerður nokkur samanburður á þessum kröfum sem eru varðandi ökukennaranám á Norðurlöndunum og það upplýst að þar sem fæstra námsstunda er krafist undir ökukennarapróf er þó um fjórfalt fleiri stundir að ræða en hjá íslenskum ökukennurum. Það er fremur ótrúlegt að það sé svona margfalt flóknara og erfiðara að kenna akstur í grannlöndunum. Nú er kennslustundafjöldinn vitanlega ekki fyrir öllu, en ég held að þessar tölur sem nefndar eru hér í grg. sýni að það er nauðsynlegt að endurskoða alla tilhögun og áherslur í ökukennaranámi hér á landi, ekki síst með tilliti til breyttra aðstæðna í umferðinni. Hygg ég að fáir muni fagna þeirri endurskoðun meira en ökukennarar sjálfir sem hafa ýmsar tillögur fram að færa í þessum efnum.

Enn mikilvægara er þó að taka ökunámið sjálft fastari tökum en þar er augljóslega pottur brotinn. Í því sambandi má minna á að ökunám og ökupróf koma vissulega við pyngjuna og umhugsunarvert er hvort það á ekki sinn stóra þátt í því hvað nýliðar í akstri eru oft illa undirbúnir. Heildarkostnaðurinn getur verið á bilinu frá 15 þús. til 40 þús. kr., allt eftir fjölda ökutíma, og mun algengast að kostnaðurinn nemi 27–30 þús. kr. og má nærri geta að það munar um minna hjá lágtekjufólki. Það er mikill þrýstingur á ökukennara að hafa ökutímana sem fæsta og yfirvöld

eru þeim því miður lítill bakhjarl. Afleiðingin sú að við sendum unga fólkið okkar út í umferðina með heldur merglítið veganesti. Þetta ástand er engan veginn sæmandi og kallar á tafarlausar úrbætur.

Ökunám á ekki að vera fólgið í biturri reynslu. Setja þarf reglur um lágmarksfjölda ökutíma og búa svo um hnútana að nemendur fái þjálfun í akstri við fjölbreytilegar aðstæður, t.d. á sérhönnuðum akbrautum. Það er vissulega athugandi að færa hluta ökukennslunnar inn í framhaldsskólana. Þá þarf að taka til gaumgæfilegrar athugunar hvort ástæða er til að hækka bílprófsaldur eða veita bráðabirgðaskírteini og setja skilyrði um akstur undir eftirliti reynds ökumanns fyrsta kastið eftir ökupróf. Fjölmargt fleira mætti að sjálfsögðu gera til þess að stuðla að bættri umferðarmenningu, t.d. er nauðsynlegt að efla rannsóknir á umferðarslysum svo að auðveldara verði að greina orsakir og bæta úr vandanum. Þá þarf að auka og samræma kennslu í umferðarmálum, bæði í grunnskólum og í framhaldsskólum. Og hér er við að bæta að við nánari athugun þótti okkur rétt að benda á þann möguleika að koma á fót aðfaranámi til ökuprófs í 9. bekk grunnskóla þar sem unnt er að ná til allra skólanemenda og um það flytjum við sérstaka þáltill. á þskj. 494 undir forustu hv. þingkonu Jóhönnu Þorsteinsdóttur.

Það þarf að auka og bæta fræðslu í fjölmiðlum sem oft hafa reynst drjúgir í áróðri gegn umferðarslysum en því miður einnig haft áhrif á hinn veginn þar sem iðulega er ýtt undir hraðadýrkun í margvíslegu fjölmiðlaefni. Þá gætu tryggingafélög stuðlað að meiri aðgát nýliða í akstri, t.d. með því að verðlauna þá sem aka fyrstu tvö árin án þess að valda tjóni. Einnig er nauðsynlegt að hafa öfluga umferðargæslu.

Fjölmargar ábendingar varðandi þessi mál hafa komið fram bæði í ræðu og riti sem er sjálfsagt að hafa til hliðsjónar við framkvæmd þessarar till. til þál. Skal þar sérstaklega bent á samantekt ráðstefnu um ökukennslu og umferðarmenningu sem haldin var 18. nóv. 1987, en setning á bls. 78 í því riti getur verið lokaorð þessa ræðustúfs, þar sem svo segir:

„Það er afleitt að fá lélega kennslu í mannkynssögu en það getur verið lífshættulegt að fá lélega ökukennslu.“ Geta það verið einkunnarorð þessarar tillögu okkar.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að till. verði vísað til síðari umr. og hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til allshn. með 36 shlj. atkv.

Efling hafbeitar á Íslandi, fyrri umr.

Þáltill. GHG o.fl., 144. mál. — Þskj. 151.

Flm. (Guðmundur H. Garðarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um eflingu hafbeitar á Íslandi. Flm. eru auk frummælanda Eyjólfur Konráð Jónsson og Halldór Blöndal. Till. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að efla beri laxahafbeit á Íslandi og felur ríkisstjórninni að vinna að því að þessi atvinnuvegur sitji við sama borð og aðrar útflutningsgreinar. Í því sambandi er sérstaklega áréttað:

1. Að starfsskilyrði hafbeitar hérlendis verði í samræmi við það sem gerist almennt í fiskeldi, enda verði staða atvinnuvegarins í heild stórbætt.

2. Að hagnýtar rannsóknir á sviði kynbóta verði stórefldar. Enn fremur verði rannsakað eftir því sem unnt er gönguferill og uppeldisskilyrði lax.

3. Komið verði á afurðalánakerfi, sniðnu fyrir hafbeit, sem geri fyrirtækjunum kleift að fjármagna reksturinn fram að sölu afurðanna.

4. Söluskattur og aðflutningsgjöld af stofn- og rekstrarkostnaði hafbeitarstöðva verði endurgreiddur eins og í öðrum útflutningsgreinum.“

Virðulegi forseti. Ég vil nú gera nánari grein fyrir þessu máli og vísa m.a. til þess sem segir í meðfylgjandi grg.

Það er staðreynd að hvergi í heiminum eru aðstæður eins góðar og á Íslandi til að stunda hafbeit í atvinnuskyni. Byggist það fyrst og fremst á þeirri staðreynd að bannað er að veiða lax í sjó við Ísland. Að auki eru aðstæður til seiðaeldis hérlendis hinar ákjósanlegustu þar sem nóg er til af fersku vatni, svo ekki sé minnst á jarðhita. Hafbeitarlax er að mati flm. hágæðavara sem getur skapað Íslendingum mikla og góða möguleika til sérstöðu á erlendum mörkuðum í sölu þessara afurða sem eru laxaafurðir.

Samanborið við önnur lönd, sem stunda hafbeit, bendir allt til þess að Ísland geti haft sérstöðu í þessari atvinnugrein. Í Bandaríkjunum þar sem hafbeit er stunduð í stórum stíl þykir gott að ná 3% í endurheimtur af slepptum seiðum. Hafbeit hefur fram á síðustu ár verið stunduð í smáum stíl hér á landi frá því árið 1961. En rannsóknir og tilraunir með sleppingu seiða benda til þess að endurheimtur hér á laxi geti verið 8–15% og má álíta það raunhæfa viðmiðun að það geti verið á bilinu 10–12%.

Við Íslendingar stöndum á tímamótum á þessu sviði. Í dag hafa nokkur fyrirtæki uppi áform um stórfellda hafbeitarstarfsemi og hafa sum þeirra stundað rannsóknir um árabil og hafa þess vegna orðið mikla reynslu í sambandi við hafbeit. En þessi fyrirtæki eiga því miður við ákveðna fjárhagserfiðleika að stríða svo sem vegna stofnkostnaðar. Stafar það fyrst og fremst af því að af hálfu hins opinbera hafa ekki verið fyrir hendi möguleikar til lántöku eða möguleikar til þess að fá rekstrarfé.

Sem dæmi um það hvaða möguleikar eru hér fyrir hendi mætti nefna að suður í Vogum starfar fyrirtæki sem heitir Vogalax hf., en það byrjaði starfsemi sína árið 1980 með því að sleppa seiðum á haf út til þess að ganga úr skugga um það hvort þau mundu koma aftur á þennan stað. Svo segja má að allt frá 1981 hafi þar

átt sér stað sleppingar á seiðum. Fyrstu árin var farið varlega af stað og var sleppt nokkur þúsund seiðum. Til baka komu nokkur þegar fyrstu árin. Á sl. ári sleppti þetta fyrirtæki 1,1 millj. seiða og árið 1989 er áætlað að sleppa 2,2 millj. og árið 1990 2,5 millj. En framtíðaráform eru um það að sleppa allt að 10 millj. seiða árlega.

Ef það er skoðað hvað þetta þýðir í afurðum eða möguleikum þá má taka sem dæmi að 10% endurheimtur eru ekki óeðlilegar. Það þýddi þegar sleppt væri 10 millj. seiðum að búast mætti við 1 millj. fiskum til baka að ári. Meðalþyngd þeirra laxa sem hafa komið til þessarar stöðvar hefur verið tæplega 3 kg og má gera ráð fyrir að hún verði svo í framtíðinni. Slepping 10 millj. seiða með 10% endurheimtum mundi þess vegna skila um 1 millj. fiskum og það jafngildir um 3000 smálestum.

Nú er ekki hægt að segja fyrir um það hvert skilaverð verður, það er auðvitað háð markaðsaðstæðum, en það má gera ráð fyrir því miðað við það sem þekkt er að skilaverð geti verið á bilinu 250–400 kr. á kg, og jafnvel meira eftir því sem fram líða stundir, en sé miðað við 250 kr. á kg, þá er hér um að ræða 750 millj. kr. árstekjur af þessari sleppingarstærð. En miðað við hærra verðið, þ.e. 400 kr. á kg sem ekki er óeðlilegt að gera ráð fyrir, þá er um að ræða 1200 millj. kr.

Nú getur verið að ýmsum hv. þm., sem ekki hafa kynnst þessu, þyki þetta stórar tölur og úr lausu lofti gripnar. En svo er ekki því sú reynsla sem fengist hefur hjá þessari stærstu hafbeitarstöð á Íslandi og í Norður-Atlantshafi bendir til þess að búast megi við endurheimtum allt að 10%. Þannig að aðeins þessi eina stöð gæti skilað árlega aflaverðmæti u.þ.b. 4–5 frystitogara og þá vek ég athygli á því að stofnkostnaður einnar slíkrar hafbeitarstöðvar eins og Vogalax hf. er með er álíka mikill og kostnaður við smíði eins frystitogara. Af þessu má nokkuð marka hvað miklir möguleikar eru hér á ferðinni og hversu hagnýtt þetta er fyrir Íslendinga að fara út í.

Þá er rétt að rifja það upp og minna á að því miður hafa Íslendingar ekki stundað hafbeit né fiskeldi sem skyldi samanborið við Norðmenn. En árið 1988 er talið að framleiðsla Norðmanna á laxi hafi verið um 80 þús. tonn, á sama tíma og okkar framleiðsla var aðeins 800 tonn. Fyrir fimm árum var ársframleiðsla Norðmanna innan við 20 þús. smálestir. Það má því segja að það sé til skammar fyrir okkur Íslendinga hversu slælega hefur verið staðið að þessum málum af hálfu hins opinbera. Hins vegar hafa ýmsir einkaaðilar af veikum mætti reynt að byggja upp þær stöðvar sem þegar eru fyrir hendi.

Á hinu háa Alþingi hefur á síðustu árum allt of mikil umræða farið í það sem ég vil kalla tiltölulega ómerkileg mál í stað þess að ræða um nýja atvinnumöguleika og ný tækifæri fyrir íslenska þjóð m.a. á því sviði sem hér er til umræðu.

Ég vil, virðulegi forseti, víkja nokkrum orðum að því hvað er hafbeit. Ég er ekki viss um að allir geri sér nægilega grein fyrir því og geri nægilega glögg skil á hafbeit annars vegar og öðru fiskeldi hins vegar. Má segja að þessu hugtaki sé gjarnan ruglað saman við hefðbundið sjókvíaeldi eða fiskeldi almennt. Meginmunurinn á hafbeit og sjókvíaeldi eða fiskeldi almennt er sá að fiskurinn vex upp frjáls í hafinu en ekki í sjókvíum, þ.e. hann er ekki fóðraður nema í seiðastærð. Lax er anadróm-fiskur sem fer úr söltum sjó í ferskt vatn til að hrygna. Í hafbeit nota menn þetta náttúrulögmál á þann hátt að þeir sleppa sjógönguseiðunum frjálst í hafið að vori eftir að hafa alið þau upp í sjógöngustærð á landi. Eftir 1–2 ár koma seiðin aftur á æskuslóðirnar sem fullvaxta fiskur. Þetta þekkja Íslendingar vel úr laxveiðiám. En frá því að seiðum er sleppt úr hafbeitarstöð að vori, þá eru seiðin 40 grömm að þyngd, og þar til þau eru veidd í gildrur árið eftir, hafa þau vaxið í u.þ.b. 2900 gramma þyngd, eða tæplega 3 kg, eins og ég gat um í upphafi míns máls. Að tveim árum liðnum getur fiskur sem ekki kom að ári en kemur eftir tvö ár hafa náð 6–7 kg þyngd og jafnvel meira.

Fiskeldi hefur mikið verið til umræðu á Íslandi undanfarnar vikur og mánuði og undanfarin ár. Þær umræður hafa mjög einkennst af því að menn hafa verið að ræða um að stórefla matfiskaeldi í formi strandeldis eða sjókvíaeldis. Allir vita að erlendir markaðir fyrir seiði lokuðust á sl. ári sem hafði mjög alvarlegar afleiðingar í sambandi við sölu eldisseiða. Þeim varð annaðhvort að farga eða bjarga með þeim hætti að byggðar voru nýjar stöðvar eða þær stækkaðar sem fyrir voru til þess að geta nýtt þessi seiði. Þetta þýðir auðvitað stórfelldan stofnfjárkostnað svo ekki sé minnst á væntanlegan rekstrarkostnað næstu tvö árin vegna þessara breytinga á rekstrarforsendum. Ég ætla ekki að gera lítið úr því markmiði að nýta seiðin með þeim hætti sem hér um ræðir. En kapp er best með forsjá í þessum efnum. Þá er og rétt að hafa það í huga að hafbeitarlax er önnur afurð en eldislax eða fóðraður lax.

Ég vil endurtaka það, virðulegi forseti, að hafbeit á Íslandi býður upp á mikla möguleika í þeirri óvæntu stöðu sem atvinnugreinin komst í á sl. ári vegna þess að ekki var hægt að selja eða flytja út seiði. Í stað þess að byggja upp strandeldi hratt með þeim tilkostnaði sem það hefur haft í för með sér þá mætti auka þörf á eldisrými fyrir matfisk með auknum sleppingum hafbeitarseiða. Nota má núverandi framleiðslugetu seiðaeldisstöðva, sem er um 20 milljónir seiða, til þess m.a. að framleiða hafbeitarseiði í stað eldisseiða sem ekki er ótakmarkaður markaður fyrir. En það er ekki hægt að sleppa eldisseiðum í hafbeit, heldur verður að nota aðeins úrvalshafbeitarseiði sem alin eru upp úr villtum hafbeitarlaxi. Það er þess vegna skoðun mín að það beri að efla Laxeldisstöðina í Kollafirði sem þjónustuaðila fyrir ný hafbeitarfyrirtæki en þar hefur safnast fyrir mikil reynsla sem ber að nýta enn betur.

Ég vil svo, virðulegi forseti, víkja nokkrum orðum að framleiðslukostnaði í sambandi við hafbeitarfisk. Það er augljóst að framleiðslukostnaður á hvert kg í hafbeit er mun lægri en t.d. í strandeldi. Arðsemi í

hafbeit er því mun hærri samanborið við strandeldi þegar stöðvarnar eru komnar í ákveðna stærð. Framleiðslukostnaður á hvert kg í hafbeit getur verið og er undir 100 kr., ef endurheimtur eru góðar, samanborið við 250 kr. áætlaðan kostnað á sl. sumri í sambandi við strandeldi. En þetta er náttúrlega við það miðað að sleppingar frá viðkomandi hafbeitarstöð skipti milljónum seiða.

Eitt af grundvallaratriðunum fyrir því að unnt sé að starfrækja og reka hafbeitarstöðvar á Íslandi er að þessar stöðvar hafi aðgang að afurðalánakerfi með sambærilegum hætti og önnur útflutningsfyrirtæki. Fiskeldisfyrirtæki á Íslandi sem lagt hafa megináherslu á hafbeit eiga ekki kost á því að fá afurðalán. Hefðbundin fiskeldisfyrirtæki geta hins vegar fengið 37,5% af tryggingaverðmæti framleiðslu sinnar, sem engan veginn er talið nóg, en hafbeit hefur enn sem komið er ekki fengið viðurkenningu á starfsemi sinni og þar með ekki fengið lán. Orsökin er að öllum líkindum sú að stöðvarnar sleppa veðhæfum seiðum í hafið í stað þess að selja þau og þurfa að bíða í 1–2 ár þar til þau koma aftur og skila tekjum. Vandamálið er því m.a. fólgið í því að veðin eru þar með ekki áþreifanleg eða í vörslu t.d. lántakanda heldur óskilgreind í hafinu. Leysa þarf þetta vandamál sérstaklega fyrir hafbeitarfyrirtækin vegna sérstöðu sinnar en að öðru leyti mun ég vísa til þess sem fram hefur komið í svokallaðri starfsskilyrðanefnd fyrir fiskeldi um sama efni fyrir hefðbundin fiskeldisfyrirtæki.

Virðulegi forseti. Það eru ótalmörg atriði sem vert væri að koma inn á í sambandi við hafbeitarstöðvar og fiskeldismál almennt. En ég skal nú láta máli mínu lokið. Ég vil aðeins að lokum ítreka þá skoðun mína og fleiri að á sviði hafbeitar liggja mikil og ónotuð tækifæri fyrir íslenska þjóð. Ég vil því leggja áherslu á það að hið háa Alþingi styðji þessa till. eindregið þannig að þessi starfsemi fái notið sín með þeim hætti sem æskilegt og nauðsynlegt er.

Ég vil svo að lokum, virðulegur forseti, leggja til að að lokinni þessari umræðu verði till. vísað til atvmn.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég er meðflm. að þessari till. til þál. og fagna frumkvæði hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar að flytja þetta mál hér. Hv. þm. hefur rakið í megindráttum hver gæti verið rekstrarstaða og væri líkleg rekstrarstaða fyrirtækis sem væri með mjög mikið magn af seiðum sem það sleppti til hafs og svipaðar endurheimtur og við höfum kynnst hér víða á undangengnum árum. Ég get staðfest þær tölur. Hitt er að vísu kannski ekki rétt að það þurfi að kosta 250 kr. að framleiða 1 kg af laxi í strandeldisstöðvum — ég tala nú ekki um í kvíum. Þar er hægt að framleiða þau og þau eru framleidd fyrir miklu lægra verð þar sem aðstæður eru góðar og nokkur reynsla komin á. Engu síður er ævintýrið enn þá meira í sambandi við hafbeit í stórum stíl heldur en nokkurn tíma þá starfsemi sem núna er aðallega rekin hér á landi þar sem væntanlega verða framleidd um 4000 tonn af laxi í strandstöðvum eða í kvíum þegar á þessu ári og síðan vaxandi á svipaðan hátt og Norðmenn hafa gert og það ævintýri sem þar hefur gerst.

Norðmenn hafa svo til enga hafbeit og það er ofur skiljanlegt að þeir hafi hana ekki því að þeir hafa leyft að veiða lax í sjó. Og það má segja að öll ströndin meðfram Noregi hafi verið girt af á göngutíma laxins og hann þar af leiðandi verið þar strádrepinn. Og árnar í Noregi eru eins og menn vita meira og minna dauðar, þessar glæsilegu laxveiðiár sem þær voru áður. En nú hafa Norðmenn bannað laxveiðar í sjó, góðu heilli, og það höfum við auðvitað bannað fyrir lifandi löngu, og aðrar þjóðir gera þetta og ég kem að því svolítið síðar að þessi stefna á að ríkja.

Ef við höldum hins vegar áfram ævintýrinu sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson var að draga hér upp fyrir okkur, að ein lítil stöð í Vogum sem nú hefur verið starfrækt í einn áratug gæti með góðu móti sleppt 10 milljón seiðum og fengið 1 milljón til baka, 3 kg hver fiskur að meðaltali, eða eina milljón fiska og menn geta þá reiknað dæmið áfram eins og hv. þm. gerði. Og 10 slíkar stöðvar væri náttúrlega mjög auðvelt að hafa á Íslandi og líka meira að segja 100 slíkar stöðvar því að það er ekki einu sinni svo að í Vogum sé nein á til þess að fiskurinn geti gengið í hana, heldur er þar gerviá. Kalda vatninu er dælt upp af að ég hygg um 10 m dýpi og síðan blandað sjó. Það er búin til þar á. Þetta er hægt að gera um landið allt nærri því, a.m.k. í hverju héraði, að nota þær sprænur sem þar eru, sameina nokkrar litlar ár. Það þarf tiltölulega lítið vatn til þess að laxinn rati sína leið.

Þetta er því mikið ævintýri sem getur gerst. Það er hins vegar alveg rétt sem hv. þm. sagði að fiskeldi hefur ekki búið við nein þau skilyrði sem allir aðrir atvinnuvegir búa við. Menn vita það væntanlega allir hér að sjávarútvegur fær alveg sjálfkrafa 75% rekstrarlán og landbúnaður það sama, iðnaður það sama, hygg ég. Alls staðar er einhvers staðar opið fyrir eitthvað í þessu bankakerfi sem er nú raunar verið að brjóta allt saman niður og mörg frv. í gangi núna sem á að keyra í gegnum þingið til þess endanlega að drepa íslensku krónuna og frjálst bankakerfi. Fiskeldið eitt hefur búið við algjör sérskilyrði, þ.e. að hafa hvergi aðgang að fjármagni eins og alls staðar er þó erlendis. Þetta þarf auðvitað að breytast.

En hv. þm. gat um það að erfitt væri um veðsetningar þegar seiðunum er sleppt til hafs og enginn til að gæta þeirra. Áföll geta líka orðið þar sem seiði eru í eldi upp í matfisk og hafa orðið og munu verða, bæði hér og erlendis, en tryggingakerfið er auðvitað flókið á fyrstu árum hafbeitar því að menn vita með engri vissu a.m.k. hve mikið magn muni skila sér til baka. En jafnvel þótt það væri ekki neitt nærri 10% sem er mjög algengt t.d. í þeirri stöð sem hér var nefnd — við vitum um Lárós, við vitum um Kollafjörð og við vitum um fleiri tilraunir sem gerðar hafa verið í stórum stíl og þetta hefur jafnað sig upp með kannski um 10% endurheimtum — jafnvel þótt þær væru ekki nema fimm, sex, sjö, þá er þetta ævintýri líkast.

En ég vil nota þetta tækifæri til að koma að því að nágrannar okkar Færeyingar, sem ég hef ekkert

nema gott um að segja nema það eina kannski sem ég ætla nú að segja, og hef viljað stuðla að mjög auknum samskiptum við, og Grænlendinga að sjálfsögðu, stráðrepa íslenskan lax. Það hefur loksins verið sannað. Það var fyrir u.þ.b. 20 árum síðan að sleppt var eitthvað 20 löxum í Skaftá, merktum löxum. Einasta merkið sem skilaði sér var frá Færeyjum. Samt hafa bæði íslensk og færeysk yfirvöld haldið því fram að engar líkur væru á því að okkar lax gengi á þau mið. Nú hefur komið á daginn að eftirlitsmenn, sem auðvitað skoða ekki nema örlítið brot af þeim laxi sem Færeyingar eru að veiða, hafa fundið tólf merkt seiði, öll frá Íslandi. Það er þar með sannað að stórfiskurinn, sérstaklega norðanlands og norðaustanlands, er stráðrepinn við Færeyjar. Þeir hvorki mega né geta drepið minni fiskinn. Hann er það smár í marsmánuði og apríl þegar þeir eru að veiðum. Hann á eftir að taka út aðalvöxtinn þar til hann gengur aftur sem sex, átta punda fiskur hingað, hann mega þeir ekki koma með að landi. Þeir drepa þess vegna fiskinn sem er á göngu eða er u.þ.b. að fara að ganga tveggja ára í árnar. Það eru náttúruspjöll ef sá fiskurinn sem lengur er í hafi er stráðrepinn með þeim hætti sem Færeyingar gera. En það versta við allt þetta er að þetta er algjörlega ólöglegt athæfi.

Samkvæmt hafréttarsáttmálanum eru laxveiðar í sjó bannaðar öllum öðrum en upprunaríkjum. Því ber mönnum skylda til að gæta þess að stofnar séu ekki skertir og líka á náttúrlega að gæta þess að þeim sé ekki útrýmt. Okkur Íslendingum ber skylda til þess eftir hafréttarsáttmálanum að stöðva þessar veiðar Færeyinga. Það eru aðeins undantekningar frá þessu í 66. gr. hafréttarsáttmálans sem um þetta fjallar, þær að muni stöðvun hefðbundinna laxveiða um langa tíð leiða til efnahagslegs áfalls viðkomandi ríkis verði annaðhvort að bæta því ríki þann skaða eða heimila því veiðar áfram. Færeyingar byrjuðu þessar veiðar lítillega að ég hygg árið 1979 og 1980 þegar hafréttarsáttmálinn var fyrir lifandi löngu orðinn að alþjóðalögum í raun, de facto, og við byggðum allan okkar rétt á einmitt hafréttarsáttmálanum þegar við tókum okkar 200 mílur 1976.

Því miður voru stofnuð hér í Reykjavík samtök sem enginn vissi nánast af fyrr en seint og um síðir sem héldu síðan fundi einhvers staðar í Bretlandi og gerðu einhverja samþykkt um að Færeyingar mættu veiða eitthvert magn af laxi sem var algjörlega ólöglegt og ekki hefðbundið. Annað gildir um Grænlendinga. Þeir hafa veitt lax miklu lengur og þeir þurfa kannski á því að halda.

Það er hins vegar rétt að vekja á því athygli hér og nú að þetta er samnorrænt mál og Færeyingar hafa kannski jafngóða aðstöðu eins og við til hafbeitar og við getum gjarnan framleitt fyrir þá seiði og þeir gætu hagnast miklu meira á því að virða hafréttarsáttmálann og hætta laxveiðum. Og Finnar verða knúðir til að gera það líka, að hætta laxveiðum í Eystrasalti og viðurkenna fríverslun í EFTA, það er verið að knýja þá til þess, þannig að lax verði alfriðaður í Norður-Atlantshafi og verði auðsuppspretta allra þjóðanna og ekki síst hafbeitarlaxinn.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil lýsa yfir stuðningi við þessa þáltill. sem hér hefur komið fram og reyndar þakka fyrir þá vinnu sem lögð hefur verið í að undirbúa hana og leggja hana hér fram. Þessi tillaga er flutt af þremur hv. þm. og sérstaklega vil ég geta þess að tveir fyrstu flm. eru þegar þjóðkunnir fyrir störf sín að fiskeldismálum og mér er vel kunnugt um það að fiskeldismenn vænta sér mjög mikils af þeirra störfum. Ég held að till. sem hér kemur fram sé afar þörf. Ég þakka hv. 1. flm., Guðmundi H. Garðarssyni, fyrir mjög fróðlega ræðu sem hann flutti hér með till. og óneitanlega hygg ég að flestir þm. hafi höggvið eftir því þegar hann lýsti því að fyrirtækið Vogalax mundi verða með fjárfestingarkostnað sem svaraði einum frystitogara en útflutningstekjur e.t.v. sem svaraði fjórum. Það segir okkur nokkuð um þá möguleika sem þarna eru.

Hafbeit mun hafa hafist á Íslandi árið 1963 þegar 300 seiðum var sleppt frá Laxeldisstöð ríkisins í Kollafirði en 1987 var þetta komið upp í 950 þús. seiði frá 20 stöðvum og í fyrra var sleppt líklega um 2 millj. og 200 þús. seiðum og ef ég man rétt eru endurheimtur í fyrra einhvers staðar í kringum 60 þús. laxar eða um 10 þús. löxum meira en veiðar á villtum laxi, bæði á stöng og í net, samanlagt. Þannig að þarna er orðið um talsvert laxamagn að ræða.

Eins og fram kom í ræðu 1. flm. búa Íslendingar við nokkra sérstöðu til hafbeitar einmitt vegna þess að hér ríkir bann við laxveiðum í sjó.

Ég held að það sé mjög brýnt að um það sé fjallað hér, og þá í fullri alvöru og af fullri samviskusemi, á hvern hátt megi bæta starfsskilyrði þessarar merku greinar sem er nú í mjög miklum vexti hér á landi. Hún þarf auðvitað að sitja við sama borð og aðrar útflutningsgreinar. En mér dettur í hug að ég fékk af því fréttir ekki alls fyrir löngu, sem er út af fyrir sig dálítið merkilegt, að Vogalax er á hafnarsvæði. Ein af aðaltekjulindum hafnarsvæða er aflagjald sem líklega er 0,75% af verðmæti þess afla sem landað er í höfnum. Samkvæmt þeim fréttum sem ég hef hefur Vatnsleysustrandarhreppur óskað eftir því að Vogalax greiði aflagjald af þeim laxi sem gengur upp í lónin hjá þeim á þeirri forsendu að þar komi fiskur inn sem sé landað.

Ég verð að játa það að mér fannst þetta alveg fráleit hugmynd og sýnir það kannski að vissu leyti hversu langt hið opinbera teygir sig í skattheimtu á aðila sem jafnvel eru að brjótast af stað með mikla fjárfestingu og eru í byrjunarerfiðleikum.

Ég held að það sé lágmarkskrafa að starfsskilyrði hafbeitar hérlendis séu svipuð og reyndar almennt í fiskeldi eins og flm. segja en bæta þó við „enda verði staða atvinnuvegarins í heild stórbætt".

Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson gerði vel grein fyrir þeim starfsskilyrðum sem ríkja nú í fiskeldi og ég þarf ekki að fara mörgum orðum um það. Þar er margt óleyst. Þar er margt sem þarf að bæta.

Við gerum okkur vonir um að með þeirri reglugerð sem á að fara að koma út um Tryggingasjóð fiskeldislána verði staða hafbeitar stórbætt til afurðalána. Reyndar væri það tilefni til umræðna hér á þinginu að sú reglugerð skuli enn ekki vera komin út, tveimur mánuðum eftir að lögin voru sett hér á Alþingi, reyndar með nokkrum flýti, og fyrirtækin bíða öll í ofvæni eftir að fá reglugerðina. Tveir mánuðir eru of langur tími og hefði verið æskilegt að hæstv. landbrh. gerði grein fyrir því hvað dvalið hefur orminn langa. En vonandi tekst að koma því á koppinn innan tíðar þannig að afurðalánakerfi komi fyrir fiskeldið og þar með hafbeitina þó að slík reglugerð dugi reyndar ekki ein til.

Ég tek undir það að hafbeitarfiskur sé hágæðafiskur. Hér er um gæðavöru að ræða og hér er um að ræða grein sem getur stóraukið okkar útflutningstekjur. Að þessari grein þurfum við að hlúa. Ég þakka því flm. fyrir þessa tillögu. Hún er tímabær. Hér er um gott mál að ræða sem ég vona að Alþingi taki vel á móti.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins nokkur orð um þetta ágæta mál. Ég þakka hv. flm. fyrir flutning þess. Ég tel að hér sé um mjög áhugavert og merkt mál að ræða, grein af fiskeldi sem tilraunir hafa þegar verið gerðar með hér á landi og nauðsyn er að styðja við, sérstaklega meðan þetta er á tilraunastigi ef svo má segja. Er miður að hér skuli enginn ráðherra vera viðstaddur þegar þetta mál er rætt og þá einkum hæstv. landbrh. En vegna þess sem kom fram í máli hv. 10. þm. Reykv. rétt áðan vil ég geta þess að fulltrúar flokkanna voru kallaðir á fund hæstv. samgrh. til þess að sýna þeim drög að þeirri reglugerð sem nú hefur verið samin fyrir Tryggingasjóð fiskeldis. Þar kemur fram að einhver stuðningur er væntanlegur fyrir hafbeitina ásamt öðrum greinum fiskeldis. Ég vona að þessi reglugerð fái brátt að líta dagsins ljós en vísa hv. þm. á fulltrúa sína sem sóttu þennan fund.

Ég vildi aðeins koma hér upp til þess að lýsa yfir þakklæti til þeirra sem hafa flutt till. því ég held að hér sé um mjög mikilvægt og merkt mál að ræða.

Umræðu frestað.

Um þingsköp.

Afgreiðsla þingmála.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég er ekki viss um að ég fari rétt að þessu enda er ég ekki gömul hér á þingi en mér finnst það með ólíkindum, ef maður ætlar að tala um einhver félagsleg málefni, málefni þessara gleymdu hópa, hvað það er erfitt að koma þeim á dagskrá deilda enda taka nú flestir til fóta þegar á að fara að ræða þau. Hins vegar mala menn hérna hver af öðrum þegar verið er að tala um stórgróðafyrirtæki eins og fiskeldisstöðvar og þess háttar.

Ég átti að vera hérna á mælendaskrá og ég sé að fundartíma er lokið, en ég get ekki á mér setið að segja þetta. Manneskjan er ekki fiskur og fiskur er ekki merkilegri en manneskja.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill benda hv. 16. þm. Reykv. á að þetta umrædda mál, þ.e. seinasta dagskrármálið, aðstoð við leigjendur, er einnig með hæstu tölu þingmála og venjan er sú að fara eftir þeirri röð þegar mál eru sett á dagskrá nema einhverjar sérstakar ástæður gefi tilefni til, þannig að það mætti þá kannski vænta þess að á næsta fundi verði þetta mál ofarlega á dagskránni miðað við það að tekist hefur að ljúka málum þessa fundar að undanskildu þessu eina máli.

Efling hafbeitar á Íslandi, frh. fyrri umr.

Þáltill. GHG o.fl., 144. mál. — Þskj. 151.

Flm. (Guðmundur H. Garðarsson):

Virðulegi forseti. Ég harma það að hv. þm. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir skuli hafa vikið af fundi vegna þeirra ummæla sem hún viðhafði undir dagskrárlið um þingsköp. Ég átti mikið og gott samstarf við virðulegan þm. á sínum tíma í verkalýðshreyfingunni og fannst mér þetta mjög ólíkt henni að nálgast mál eins og það sem hér var til umræðu með þeim hætti sem hún gerði. Ég held það stafi af einhverjum misskilningi hjá henni, þessari ágætu konu. Við vorum ekki og erum ekki að fjalla um fiskeldismál, hvorki hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson né hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson né sá sem hér stendur, út frá sjónarmiði stórgróða. Við höfum haft þetta sem hugsjónamál ásamt mörgum fleiri Íslendingum að reyna að vekja athygli Íslendinga á þessum möguleikum. Sumir þessara hv. þm., m.a. hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, byrjaði á þessu um og eftir 1970 ef ég man rétt og þetta er eitt af þeim málum sem eru bæði hugsjónir og raunveruleiki. Ég held því að það sem við erum að fjalla um sé raunverulega forsendan fyrir því að unnt sé að gera það sem hv. þm. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir og við öll viljum auðvitað stefna að, þ.e. að tryggja stöðu þeirra sem verr eru settir í þjóðfélaginu sem ég held að hv. þm. hafi átt við.

Ég skal ekki, virðulegi forseti, tala hér langt mál. Ég þakka þeim hv. þm. sem stóðu upp og lýstu yfir stuðningi við till. og vænti þess að hún nái fram að ganga en eins og ég sagði er hér um bæði hugsjónamál og mál í raunveruleikanum sem skiptir íslensku þjóðina afskaplega miklu máli. Við skulum hafa það í huga að hinir hefðbundnu fiskstofnar fara rýrnandi á sama tíma sem það verður stöðugt dýrara að veiða þessa fiska eins og þorsk, ýsu o.s.frv. Það er orðið dýrara, fiskurinn er lengra úti og tækin dýrari, en á sama tíma erum við að reyna að þróa hér upp nýja atvinnugrein á sviði fiskeldis sem er laxinn sem býður upp á óhemjumikla möguleika og er raunverulega grundvallarfor-

sendan fyrir framtíð Íslendinga sem sjálfstæðrar þjóðar. Ég ítreka það því enn á ný að þetta er eitt af stóru málunum, en hins vegar vil ég segja að lokum að það er e.t.v. táknrænt fyrir þessa umræðu að á dagskrá fundarins í dag eru þessi tvö mál, annars vegar fyrsta mál á dagskrá sem er um kynbótastöð fyrir eldislax og síðan þetta um hafbeit, og að ekki einn einasti ráðherra skuli vera hér viðstaddur, en ég er sannfærður um það að eftir 5 eða 10 ár, ef einhverjir þeirra háu herra verða hér á þingi, munu þeir örugglega koma og segja eins og oft er sagt: Nú get ég, þ.e. þegar aðrir eru búnir að ryðja brautina og byggja upp það sem máli skiptir. Ég sakna þeirra ekki, þessara manna, ráðherranna í ríkisstjórn Íslands í dag. Ég veit það að hv. alþm. munu geta veitt þessu máli brautargengi og ekki síður fyrir það að þessir hæstv. ráðherrar skuli ekki vera viðstaddir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv. og til atvmn. með 37 shlj. atkv.

EFRI DEILD

65. fundur, þriðjudaginn 7. mars, kl. 2 miðdegis.

Viðskiptabankar og sparisjóðir, 1. umr.

Stjfrv., 3. mál (verðbréfafyrirtæki). — Þskj. 3.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Frv. það sem ég mæli hér fyrir og er á þskj. 3, um breytingu á lögum nr. 86/1985, um viðskiptabanka, og um breytingu á lögum nr. 87 1985, um sparisjóði, er flutt í tengslum við frv. til laga um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði sem er nú til meðferðar hjá hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar. Bæði frv. eru komin frá Nd.

Í frv. um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði er sú meginregla mótuð að sömu lög gildi um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði hver sem að þeirri starfsemi stendur. Er þetta hugsað til þess að koma á jafnræði milli þeirra sem verðbréfaviðskipti og vörslu verðbréfasjóða annast í atvinnuskyni og til þess að draga úr líkum á svokölluðum innherjaviðskiptum eða „insider trading" eins og þau eru kölluð á enskri tungu, en vegna ýmissa sakamála sem upp hafa komið í nágrannalöndum okkar er nú víða unnið að því að herða mjög reglur sem koma eiga í veg fyrir slík brot, þ.e. að tryggja skýran aðskilnað verðbréfasjóða, verðbréfafyrirtækja annars vegar og annarra lánastofnana eða atvinnufyrirtækja hins vegar. Það er hins vegar síður en svo ástæða til þess að hafa á móti því að bankar og sparisjóðir séu aðilar að verðbréfafyrirtækjum á jafnréttisgrundvelli. Þótt verðbréfafyrirtæki séu að hluta eða öllu leyti í eigu banka og sparisjóða, þá er sjálfstæði þeirra og aðskilið starfslið nokkur trygging fyrir því að trúnaðarupplýsingar um fyrirtæki sem í viðskiptum eru hjá viðkomandi banka eða sparisjóði verði ekki notaðar til þess að hafa áhrif á viðskipti verðbréfafyrirtækjanna viðskiptavinum þeirra í óhag. Í þessu frv. er sett ótvíræð heimild fyrir viðskiptabanka annars vegar og sparisjóði hins vegar að starfrækja verðbréfafyrirtæki sem starfar samkvæmt væntanlegum lögum um verðbréfafyrirtæki og verðbréfasjóði.

Hæstv. forseti. Ég tel það mikilvægt framfaraskref að sett verði löggjöf á þessu þingi um verðbréfafyrirtæki og verðbréfasjóði í samræmi við það frv. sem liggur nú fyrir þessari hv. þingdeild og þetta fylgifrv. þess.

Ég legg til að þessu frv. verði að lokinni þessari 1. umr. vísað til hv. fjh.- og viðskn. og 2. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Afnám ýmissa laga um iðnaðar- og orkumál, 1. umr.

Stjfrv., 298. mál. — Þskj. 546.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga á þskj. 546 um afnám ýmissa laga um iðnaðar- og orkumál. Þetta frv. er samið í iðnrn. og er flutt í því skyni að felld verði úr gildi ýmis lagaákvæði sem ekki eiga lengur við sökum breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu eða hafa skilað tilætluðum árangri.

Í frv. er lagt til að 11 lög sem sett hafa verið á árabilinu 1917–1981 verði felld úr gildi. Hér er um löggjöf að ræða sem ýmist er hætt að framkvæma eða hefur aldrei komið til framkvæmda. Löggjafinn á auðvitað bæði að gefa lög og taka af þegar þeirra er ekki lengur þörf. Þetta er þrifnaðarmál.

Lögin sem hér er gerð tillaga um að niður verði felld eru þessi:

1. Lög nr. 23 frá 12. sept. 1917, um heimild handa bæjar- og sveitarstjórnum til að taka eignarnámi eða á leigu brauðgerðarhús o.fl., sem sett voru vegna styrjaldarástandsins 1917 og hafa enga þýðingu lengur.

2. Lög nr. 22 frá 13. jan. 1938, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fyrirskipa blöndun á þurrmjólk í brauð í brauðgerðarhúsum og til þess að ákveða hámarksverð á brauði og þurrmjólk, en lögum þessum hefur ekki verið beitt í áratugi og eru löngu úrelt orðin. Landbrn. hefur ekkert að athuga við brottfall þessara laga sem undanfarna áratugi hafa verið flokkuð með lögum um iðnaðarmál.

3. Lög nr. 21 frá 5. apríl 1971 eru þriðju lögin.

Þau fjalla um olíuhreinsunarstöð á Íslandi, en þegar þetta mál var athugað á sínum tíma kom í ljós að bygging olíuhreinsunarstöðvar hér á landi reyndist ekki hagkvæm. Ef upp koma á ný hugmyndir um byggingu olíuhreinsunarstöðvar hér á landi er eðlilegt að málið komi á ný til kasta Alþingis og því er lagt til að lögin verði úr gildi numin.

4. Lög nr. 49 frá 29. maí 1957, um Tunnuverksmiðju ríkisins, en ríkissjóður hefur þegar hætt rekstri þeirra tunnuverksmiðja sem nefndar eru í lögunum.

5. Lög nr. 46 frá 14. maí 1974, um stofnun undirbúningsfélags fyrir fiskkassaverksmiðju. Ekki er lengur þörf ríkisaðildar að stofnun fiskkassaverksmiðju hér á landi og er því eðlilegt að fella lögin úr gildi.

6. Lög nr. 107 frá 1. des. 1971, um undirbúning þörungavinnslu að Reykhólum.

7. Lög nr. 107 frá 27. des. 1973, um þörungavinnslu við Breiðafjörð, með breytingu gerðri á lögum nr. 14 frá 23. maí 1975.

Svo sem kunnugt er varð Þörungavinnslan hf. gjaldþrota og ríkissjóður ekki lengur aðili að þurrkun þörunga að Reykhólum. Því er eðlilegt að lögin um þetta efni verði úr gildi felld.

8. Lög nr. 59 frá 4. júní 1981, um stálbræðslu. Hætt er við þær framkvæmdir sem lögin fjölluðu um. Einkaaðilar hafa nýlega stofnað hlutafélag um bræðslu á brotajárni og því ekki lengur þörf á sérlögum um stálbræðslu.

9. Lög nr. 45 frá 30. júní 1942, um leyfi til þess að veita raforku frá Sogsvirkjun til Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyrar, sem virðast með öllu úrelt og því rétt að fella þau formlega úr gildi.

10. Lög nr. 28 16. apríl 1971, um virkjun Svartár í Skagafirði, sem aldrei hafa komið til framkvæmda og virðast nú úrelt. Að áliti Orkustofnunar mundi virkjun Svartár, ef til kæmi, gerð með allt öðrum hætti en lögin gera ráð fyrir og yrði því að setja ný lög um hana ef í hana yrði ráðist.

11. Lög nr. 105 31. des. 1974, um virkjun Bessastaðaár í Fljótsdal, en lögin eru úrelt vegna breyttra aðstæðna frá þeim tíma sem þau voru sett. Sem stendur er ráðgert að virkja Bessastaðaá með Jökulsá í Fljótsdal en heimild til virkjunar hennar er að finna í lögum nr. 60/1981, um raforkuver. Þótt að því yrði horfið að virkja Bessastaðaá sérstaklega, t.d. sem fyrsta áfanga samvirkjunar með Jökulsá í Fljótsdal, yrði sú virkjun að áliti Orkustofnunar með allt öðrum hætti en lögin frá 1974 gera ráð fyrir.

Með tilliti til réttaröryggis og einföldunar á íslenskum lögum tel ég mikilvægt að felld séu úr gildi lög sem eru úrelt orðin eða ekki verða framkvæmd. Ég beitti mér sem viðskrh. fyrir lagahreinsun á sviði viðskiptamála á síðasta þingi með líkum hætti og hér er gerð tillaga um varðandi iðnaðar- og orkumál. Góð samstaða tókst um afgreiðslu þess þingmáls. Ég treysti því að svo verði einnig um það frv. sem ég mæli nú fyrir.

Í grg. með frv. þessu er vikið að allmörgum lögum á sviði iðnaðar- og orkumála sem eru heimildarlög vegna sölu eigna, lántöku og nýrra framkvæmda. Slík lög þarf ekki að fella úr gildi með lögum, en óþarft virðist að birta slík lög í lagasafni eftir að þau hafa verið framkvæmd. Ég vísa til grg. um það mál og tel sjálfsagt að ritstjórar lagasafns taki þau sjónarmið til nánari umfjöllunar.

Að lokinni 1. umr. í þessari hv. deild legg ég til að frv. verði vísað til hv. iðnn. og 2. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til iðnn. með 14 shlj. atkv.

Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, 1. umr.

Stjfrv., 312. mál. — Þskj. 573.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða undan drykkjarvörum. Þetta frv. er á þskj. 573. Frv. er samið í iðnrn. og byggir m.a. á tillögum svonefndrar endurvinnslunefndar sem Friðrik Sophusson, þáv. iðnrh., skipaði 18. nóv. 1987 til að huga að endurvinnslu úrgangs á Íslandi.

Nefndinni var jafnframt falið að gera skýrslu um það með hvaða hætti nýtanlegum úrgangi yrði safnað og hann endurunninn. Endurvinnslunefndin hefur á starfstíma sínum hugað að þessu máli í heild. Það sem einkum hefur verið til athugunar eru úrgangsmálmar og þá ekki síst bílflök, margs konar ónothæfar vélar og einnota umbúðir úr málmi og úrgangspappír, þar með einnota umbúðir. Enn fremur úrgangsplast og gúmmíhjólbarðar sem hætt er að nota, svo og alls konar gler-, vefnaðar- og timburúrgangur.

Nefndin tók ákvörðun um að taka fyrst til athugunar meðferð á brotamálmum og skilagjald af ökutækjum sem eru nátengd viðfangsefni. Þessum fyrsta þætti í starfi nefndarinnar lauk með tillögum að frv. til laga um meðferð brotamálma og skilagjald af ökutækjum ásamt greinargerð sem endurvinnslunefndin sendi frá sér 24. okt. 1988. Tillaga þessi hefur verið til nánari athugunar í iðnrn., en þar virðast mér vera sérstök vandamál varðandi skilagjald á ökutækjum, m.a. varðandi veðbönd og skráningar á gömlum bílum.

Ég tel þó mest aðkallandi að taka fyrst fyrir tillögur um söfnun og endurvinnslu einnota umbúða um drykkjarvörur. Samhliða því að endurvinnslunefnd hugaði að þessu máli þótti rétt að mál, sem tengjast söfnun og endurvinnslu einnota drykkjarvöruumbúða úr áli og plasti, yrðu könnuð sérstaklega. Þetta er sérstaklega brýnt vegna þeirrar miklu aukningar sem orðið hefur á notkun einnota umbúða úr áli og

þeirri viðbót sem nú má búast við vegna bjórsölunnar sem hófst 1. mars sl.

Það er rétt að geta þess að Áfengis- og tóbaksverslunin hefur þegar hafið að innheimta 5 kr. skilagjald af hverri öldós sem Áfengis- og tóbaksverslunin selur samkvæmt sérstakri ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

Iðnrn. fékk Ágúst Þór Jónsson verkfræðing til þess að kanna þetta mál sérstaklega og gera tillögu um einfalt söfnunarkerfi sem í fyrstu skyldi eingöngu taka til einnota drykkjarvöruumbúða úr áli og plasti. Ágúst skilaði ráðuneytinu greinargerð um þetta málefni 23. jan. sl. Hinn 10. febr. sl. boðaði ég til fundar og kynnti hugmyndir þessar fyrir fulltrúum öl- og gosdrykkjaframleiðenda, kaupmanna, iðnrekenda og fulltrúa samtaka sem láta sig varða náttúruvernd. Á þeim fundi var samþykkt að skipa undirbúningsnefnd vegna stofnunar hlutafélags er tæki að sér að safna einnota drykkjarvöruumbúðum og endurvinna eða koma til endurvinnslu eða eyðingar. Hinn 15. febr. sl. skilaði svo endurvinnslunefndin áliti í formi tillögu að frv. til laga um notkun og endurvinnslu einnota umbúða fyrir drykkjarvörur ásamt greinargerð. Tillaga nefndarinnar er sú að lagt verði skilagjald á einnota drykkjarvöruumbúðir úr áli og plasti. Enn fremur lagði nefndin til að lagt yrði svokallað umhverfisgjald á allar aðrar einnota umbúðir úr plasti, gleri, málmum, pappa eða sambærilegum efnum. Í tillögu endurvinnslunefndar var lagt til að iðnrh. geti samið við ýmsa aðila um framkvæmd einstakra þátta þessa máls.

Í því frv. sem nú liggur fyrir hv. Ed. og ég mæli nú fyrir er sú leið valin að leggja til almennt heimildarákvæði um álagningu skilagjalds á einnota umbúðir. Jafnframt er lagt til að í reglugerð verði síðar kveðið á um að í upphafi að gjaldið verði aðeins lagt á einnota drykkjarvöruumbúðir úr áli og plastefnum. Til að tryggja skilvirka framkvæmd þessara laga og þeirra verkefna á sviði umhverfisverndar og endurvinnslu sem að er stefnt er í frv. lögð sú skylda á iðnrh. að hann hafi frumkvæði að stofnun hlutafélags er annist söfnun og endurvinnslu einnota umbúða sem skilagjald er lagt á og annast umsýslu þessa skilagjalds. Frv. sem hér er mælt fyrir er því að nokkru leyti frábrugðið tillögum endurvinnslunefndar. Hér er skýrar kveðið á um framkvæmd málsins og að skilagjaldið verði lagt á í áföngum. Þetta er mín tillaga til þess að hrinda því þegar í framkvæmd sem brýnast er og snúast við sívaxandi straumi af áldósum utan um drykkjarvörur, ekki síst öl.

Eftir því sem gengur á auðlindir jarðar verður endurvinnsla á ýmsu því sem hent er frá neysluþjóðfélögum nútímans stöðugt mikilvægara. Hér er því ekki aðeins um brýnt verkefni að ræða vegna umhverfisverndar, heldur er ekki síður um að ræða nýja iðngrein, mikilvæga grein iðnþróunar þegar horft er langt fram á veginn. Margar þjóðir hafa látið sig þessi mál varða. Evrópubandalagið staðfesti t.d. 27. júní 1985 samþykkt um umbúðir fyrir „fljótandi matvæli" eins og það er kallað. Tilgangurinn með samþykktinni var að draga úr magni umbúða í sorpi með því að auka notkun á margnota eða endurvinnanlegum umbúðum fyrir fljótandi mat. Samþykktinni var einnig ætlað að draga úr orkunotkun og notkun hráefna við framleiðslu umbúðanna. Í samræmi við þessa stefnu var samþykkt að aðildarríkin settu fram áætlun um að draga úr magni umbúða fyrir fljótandi mat í heimilissorpi. Að teknu tilliti til samninga um frjálsa viðskiptahætti áttu aðildarríkin að setja reglur eða beita sér fyrir stjórnvaldsaðgerðum þar sem tekið væri tillit til eftirtalinna atriða:

1. Að fræða neytendur um kostina við það að nota margnota eða endurvinnanlegar umbúðir og draga úr magni umbúða í heimilisúrgangi.
2. Í öðru lagi að auðvelda notkun endurnýtanlegra umbúða fyrir fljótandi matvæli.
3. Að hvetja til söfnunar einnota umbúða og setja upp skilvirkt kerfi til þess að safna umbúðum úr úrgangi.
4. Að draga úr notkun hráefna, minnka sorp og draga úr orkunotkun með tækniþróun og nýjum umbúðum.
5. Að tryggja að endurnýtanlegar umbúðir sem nú eru í notkun hverfi ekki og ef hægt er að auka hlutfall slíkra umbúða jafnframt því sem dregið yrði úr notkun einnota umbúða sem ekki er hægt að endurnýta eða endurvinna.

Í Danmörku hefur sú leið verið farin að banna notkun áldósa, fyrst og fremst vegna þess umhverfisvanda sem stafar af þeim. Danir hafa lagt gjald á allar aðrar einnota umbúðir, en frá og með síðustu áramótum er t.d. lagt 10 danskra aura gjald á hvert flát utan um mjólk. Í Noregi er lagt gjald á allar einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur aðrar en mjólkurvörur og hreina ávaxtasafa. Þetta var gert áður en áldósir fóru að streyma inn á markaðinn og samkvæmt upplýsingum frá Noregi finnast þar varla áldósir.

Í Svíþjóð var farin önnur leið. Áldósir voru þar algengar á markaði og því var sett í gang tilraun til þess að safna þeim saman og koma í endurvinnslu. Þetta kerfi hefur nú verið starfrækt í nokkur ár og hefur þótt ganga vel.

Á einnota umbúðir sem ekki eru endurvinnanlegar hefur líka verið lagt sérstakt gjald en lægra en skilagjaldið. Það söfnunarkerfi sem gengið er út frá í þessu frv. byggir fyrst og fremst á reynslu Svía, en er þó einfaldara í sniðum. Í fskj. I með frv. er gerð ítarleg grein fyrir þessu fyrirkomulagi. Í stuttu máli má lýsa því þannig að lagt verði 5 kr. skilagjald á hverja dós. Reyndar vek ég athygli á því að í 1. gr. frv. er heimild til þess að gjaldið nemi allt að 10 kr. Skilagjaldið ásamt umsýsluþóknun, sem á að nema 1% af skilagjaldinu eða í dæminu sem sýnt er í fskj. I, 5 aurum af hverri dós, á að leggja á innfluttar drykkjarvörur í einnota umbúðum við tollafgreiðslu þeirra en samhliða vörugjaldi á innlenda drykkjarvöruframleiðslu. Innheimt skilagjald verður síðan afhent því hlutafélagi sem stofnað verður á grundvelli 2. gr. frv. sem síðan á að skipuleggja söfnun umbúðanna um allt land, koma þeim til endurvinnslu. Skilagjald af umbúðunum verður endurgreitt neytendum við mót-

töku þeirra. Þannig á álagning skilagjaldsins ekki að hafa í för með sér verðhækkun því að neytandinn fær gjaldið til baka þegar hann skilar umbúðunum. Tekjur félagsins eru umsýslugjaldið ásamt skilagjaldi af þeim dósum sem ekki skila sér, en útgjöldin eru auðvitað auk umsýslukostnaðarins endurgreiðslan á skilagjaldinu, þóknun til móttökuaðila og kostnaður við átak til hreinsunar. Í samningi við félagið verða sett tiltekin mörk um lágmarksskil á dósum, en eftir því sem skilin verða betri er hægt að hækka umsýslugjaldið.

Það er gert ráð fyrir því að reglubundin söfnun umbúða verði fyrst og fremst í höndum söluaðila. Í sambandi við skipulag umbúðasöfnunarinnar er einnig vonast eftir samstarfi við félagasamtök sem sum hafa sýnt þessu máli mikinn áhuga, ég nefni þar t.d. skátahreyfinguna. Með þátttöku í hreinsunar- og söfnunarstarfi geta slík samtök stuðlað að því að halda landinu hreinu og fögru, en jafnframt haft af því nokkurn fjárhagslegan ávinning.

Til þess að hægt sé að koma við fullkominni tækni og talningu og flokkun umbúða þarf auðvitað að staðla þær, bæði hvað snertir efnisval og stærðir. Einnig er nauðsynlegt að settar verði reglur um gerð umbúðanna, t.d. varðandi flipa á áldósum, þannig að sem minnst umhverfismengun fylgi umbúðunum. Þannig hefur t.d. Áfengis- og tóbaksverslunin ekki tekið við áldósum með lausum flipum sem hent er þegar dósirnar eru opnaðar. Í framtíðinni er reiknað með því að allar leyfðar og skilagjaldsskyldar umbúðir verði sérstaklega merktar á þann hátt að ljóst sé að skilagjald fylgi þeim. Til að byrja með verður þó að taka við þeim umbúðum sem gerðar voru áður og eru fyrir í landinu og hafa lokið sínu hlutverki. Þetta á að vera hægt vegna þess að við því er að búast að í upphafi verði skilahlutfallið tiltölulega lágt. Undirbúningsnefnd sú sem unnið hefur að því að stofna hlutafélag skv. 2. gr. frv. hefur á þessu stigi máls náð samkomulagi um nokkur atriði sem ég ætla hér að lýsa.

1. Að tilgangur félagsins verði að safna og endurvinna eða eyða einnota umbúðum sem skilagjald er lagt á samkvæmt þessu frv. og að hafa með höndum umsýslu skilagjalds og skyldan atvinnurekstur. Þá verði félaginu heimilt að taka að sér söfnun og endurvinnslu annarra einnota hluta sem skilagjald kann að verða lagt á síðar.

2. Að hlutafé verði 30 millj. kr. en stjórn félagsins verði heimilt að hækka hlutaféð í 45 millj. kr. ef byggt yrði yfir starfsemina eða breyting verður á henni sem gerði þetta nauðsynlegt.

3. Samkomulag er um það til bráðabirgða að skipting hlutafjárins verði við upphaf félagsins á þessa leið: Iðnrekendur, þ.e. framleiðendur gosdrykkja og öls, málmbræðslufyrirtæki og fleiri eigi 40% af hlutafénu, innflytjendur á gosi og öli og kaupmenn og samtök þeirra, þar með talin samvinnuhreyfingin, eigi samanlagt 20%, ríkissjóður, þar með talin Áfengis- og tóbaksverslunin, sveitarfélög og almannasamtök eigi allt að 40%.

Fyrsta verkefni þessa félags verður að skipuleggja og kosta söfnun á gosdrykkja- og bjórdósum úr áli og plasti, en það eru fleiri verkefni fram undan. Söfnun á einnota plastflöskum og glerflöskum af ýmsu tagi og endurvinnsla þeirra er mikið verkefni og sama gildir um sumar gerðir af pappírsumbúðunum. Síðar má hugsa sér að félagið færi inn á önnur svið söfnunar og endurvinnslu sem ekki snerta umbúðir um drykkjarvörur. Það fyrirtæki sem hér er um rætt er ekki mannfrekt, a.m.k. ekki í byrjun. Það er gert ráð fyrir því að auk forstöðumanns starfi þar sex aðrir starfsmenn í fullu starfi. Fyrirtækið mun byggja sitt starf á samstarfi við fjölda aðila um allt land sem taka að sér að safna umbúðum gegn skilagjaldi eða taka við þeim fyrir hönd fyrirtækisins og greiði þá út skilagjaldið.

Iðnrn. hefur tekið frumkvæði í þessu máli, en eins og kunnugt er eru nú uppi ráðagerðir um að sameina flesta þætti umhverfismála og umhverfisverndar í einu ráðuneyti og mun það ráðuneyti einnig taka við þessu verkefni.

Ég tel ekki nauðsynlegt að fara fleiri orðum um það frv. sem hér er nú til umræðu en ítreka nauðsyn þess að frv. fái skjóta meðferð í þinginu, ekki síst vegna þess að þegar eru hafin umfangsmikil viðskipti með einnota áldósir og einnota plastdósir, ekki síst eftir að áfengt öl er komið hér í almenna sölu.

Að þessu mæltu legg ég til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. iðnn. og 2. umr.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að þetta mál er hér komið fram að frumkvæði hæstv. iðnrh. en málefnið heyrir í raun e.t.v. ekki undir hann beinlínis heldur undir hæstv. heilbrrh. en ég hygg að samvinna hafi verið á milli ráðuneytanna. Er það vel að hæstv. iðnrh. skuli hafa haft frumkvæði að þessu máli, enda forvinna í málinu þó nokkur þegar hann kemur í ráðuneytið. Þó að ég fagni því mjög að þetta mál skuli nú vera komið fram og leggi megináherslu á það og taki undir með hæstv. iðnrh. að það liggur á að samþykkja þetta mál og taka það nokkuð hratt og vel í gegnum þingið vil ég samt lýsa yfir nokkrum vonbrigðum með seinaganginn í málinu. Kvennalistakonur lögðu fram tvær till. til þál. fyrir um það bil ári, á síðasta þingi. Önnur þeirra varðaði einnota umbúðir og var reyndar flutt af þingmönnum úr nær öllum flokkum. Þessi till. var samþykkt. Hin var flutt af kvennalistakonum eingöngu og varðaði endurvinnslu og fullnýtingu úrgangsefna. Þessar tillögur voru þó eiginlega saltaðar báðar með loforðum um það að þessum málum yrði sinnt á næstu vikum. Það varð þó ekki, en málið er nú að hluta komið fram og ber að fagna því.

Almennt séð finnst mér þetta hið ágætasta mál. Það hefur kannski ekki gefist mjög mikill tími til að gaumgæfa það. Það er stutt síðan það var lagt fram, en í fljótu bragði séð virðist þetta fyrirkomulag vera hið ágætasta. Það eru samt nokkrar athugasemdir sem ég vildi gera á þessu stigi málsins um leið og ég bið um leyfi til að fá áheyrnaraðild fyrir hönd

Kvennalistans í hv. iðnn. þegar umfjöllun málsins fer fram, en við eigum ekki fulltrúa í þeirri nefnd.

Það er þá í fyrsta lagi að ég fagna því að frv. heitir frv. til laga um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur. Ég álít að það sé afar mikilvægt vegna þess að hér er fyrst og fremst um að ræða umhverfisverndarmál og mér finnst gott að það komi skýrt og vel fram í heiti frv.

Varðandi skilagjaldið sem er eitt af meginefnum þessa frv., þá stendur í 1. gr. að það megi nema allt að 10 kr. en síðar er tekið fram að það muni verða byrjað á því, og stendur í athugasemdum, að lagt verði á skilagjald t.d. 5 kr. á dós. Jafnvel þó að hér sé talað um að skilagjald víða erlendis sé lægra hefur það samt komið fram hjá umhverfisverndarmönnum hérlendis að þetta gjald muni reynast of lágt, að í raun séu 10 kr. algjört lágmark til þess að tryggja skil á dósunum. Þetta er kannski uppeldisatriði. Það kann að vera að aðrar þjóðir séu betur upp aldar, almenningur sé sneggri til að hlýða slíkum tilmælum eða beiðnum eða jafnvel fyrirskipunum. Það eru margir sem efast um að fólki þyki það ómaksins vert að skila dósum og fá einungis 5 kr. fyrir.

Svo er annað sem ber að athuga líka og það er að þetta skilagjald sé verðtryggt. Það kemur hvergi fram í frv. að þessi upphæð eigi að vera verðtryggð. Ég held að það sé mjög mikilvægt. Að vísu stendur í 3. gr. að félagið eigi að sjá til þess að koma upp skilvirku fyrirkomulagi á söfnun skilagjaldsskyldra umbúða. Það stendur einnig að félagið eigi að kappkosta að ná sem bestum skilum á skilagjaldsskyldum umbúðum og hafa samstarf við einstaklinga, fyrirtæki og félagasamtök um sérstakar hreinsunarherferðir. En þó er þessi þversögn sem kemur fram í athugasemdunum að fyrirtækið hefur samt raunverulega hag af því sjálft að sem minnst safnist af dósum. Þetta er varhugavert og menn hafa gert sér grein fyrir því að þarna er þversögn og ég held að það sé mjög mikilvægt að taka á því strax í byrjun þegar verður farið af stað með kynningarherferð meðal almennings.

Síðan kemur fram í 3. gr. að félagið eigi að greiða 5% af árlegum tekjuafgangi til Náttúruverndarráðs. Ég tel að e.t.v. hefði þurft að tengja beinna þetta skilagjald, ef við getum kallað það svo, til Náttúruverndarráðs við veltu eða skilagjaldið sjálft. Nú er um að ræða, eins og kemur fram í athugasemdunum, mjög mikinn stofnkostnað þessa félags og það veldur eiginlega undrun minni hversu dýrt það er að setja svona fyrirtæki á laggirnar. Stofnkostnaður er áætlaður 93 millj. ef gert er ráð fyrir að byggt verði yfir starfsemina en 60 millj. ef leigt verður húsnæði og hlutafé gæti orðið á bilinu 30–45 millj. kr. Þetta er mikið fé og það má kannski vænta þess að það verði ekki mikill tekjuafgangur fyrstu árin því að þarna er um að ræða áfangaþróun og uppeldislegt atriði, hversu fljótt fólki lærist að skila dósunum aftur. Ég vildi því beina þeim athugasemdum til hæstv. iðnrh. að e.t.v. megi tengja þetta öðru en tekjuafgangi til þess að tryggja það að Náttúruverndarráð og þá umhverfisvernd fái sinn skerf.

Síðan kemur reyndar fram í frv. að þó að það sé fyrst og fremst verið að hugsa um áldósirnar núna muni verða hugað að öðrum tegundum umbúða í framtíðinni eftir því sem fyrirtækinu vex fiskur um hrygg og ég tel að það sé mjög gott því að þarna er náttúrlega um að ræða mikla möguleika bæði á endurvinnslu glers og pappaumbúða af ýmsu tagi. En hér á landi er auðvitað eins og víða annars staðar mikil notkun á pappír sem þyrfti að endurnýta.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta mál í 1. umr. nema að endurtaka stuðning minn við þetta góða málefni, vona að vinnsla þess í nefnd gangi sem hraðast fyrir sig, en jafnframt að fullt tillit verði tekið til þeirra athugasemda sem ég hef komið fram með og gerðar breytingar í þá veru í vinnslu málsins í nefndinni.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það að það er ágætt út af fyrir sig að lagt skuli hafa verið fram frv. til laga um ráðstafanir gegn umhverfismengun. Hér er um að ræða frv. sem snýr að ákveðnum tegundum umbúða sem eru umbúðir fyrir drykkjarvörur. Ég verð þó að segja það að þrátt fyrir það að það út af fyrir sig sé gott er það fjarri því að vera fullnægjandi í sambandi við það markmið sem við höfum sett okkur, að vinna betur að umhverfismálum.

Mér finnst þess vegna eðlilegt líka, með tilliti til þess að þetta er nú nokkuð seint fram komið eftir alla þá umræðu sem hefur verið um umhverfismál á þessu þingi og fyrri þingum, að taka undir það að það veldur mér sem öðrum miklum vonbrigðum hvað þetta hefur gengið hægt fyrir sig, sérstaklega þegar maður hefur það í huga að búið var að vinna töluvert mikið starf á þessu sviði áður en núv. hæstv. ríkisstjórn var sett á laggirnar sl. haust. En ég vil með leyfi forseta rifja nokkuð upp aðdraganda og upphaf þessa máls.

Það mun hafa verið í byrjun árs 1988 að nefnd tók til starfa samkvæmt skipun með bréfi Friðriks Sophussonar, hæstv. þáv. iðnrh., en það bréf var gefið út 18. nóv. 1987. Í skipunarbréfinu fyrir nefndina segir m.a. á þessa leið, með leyfi forseta:

„Í samræmi við stefnuyfirlýsingu og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar [þ.e. ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar] hefur iðnrh. ákveðið í samvinnu við heilbrmrh. að skipa nefnd til að huga að endurvinnslu úrgangs á Íslandi og gera skýrslu um það með hverjum hætti nýtanlegum úrgangi verður safnað og hann endurunninn eða ráðstafað þannig að komist verði svo sem kostur er hjá umhverfisspjöllum. Skal nefndin kanna fjárhagshlið þessa máls, hvort nauðsyn er á sérstakri lagasetningu."

Í samræmi við þetta var skipuð nefnd sem í áttu sæti Páll Líndal deildarstjóri, sem var skipaður formaður, Ragnar Birgisson forstjóri, Ásgeir Einarsson framkvæmdastjóri, Katrín Fjeldsted borgarfulltrúi, Hermann Sveinbjörnsson, aðstoðarmaður sjútvrh., Ingimar Sigurðsson yfirlögfræðingur — ég veit ekki hvað það er, að vera yfirlögfræðingur — Ólafur Pétursson forstöðumaður.

Á fundi þessarar nefndar 18. jan. 1988 samþykkti hún starfsáætlun og sendi ráðherra sem féllst á hana. Meðal þess sem nefndin lagði til var að ráðinn yrði sérstakur starfsmaður og einnig setti hún sér ákveðna starfsáætlun og samkvæmt því sem segir í greinargerð um starfsáætlun nefndarinnar var hún á þessa leið:

„Í starfsáætlun var gerð grein fyrir því hvað teldist nýtanlegur úrgangur svo sem um er að ræða í erindisbréfi, en þar segir: „Hér munu einkum koma til úrgangsmálmar og þá ekki síst bílflök, margs konar ónotaðar vélar og einnota umbúðir úr málmi, úrgangspappír margs konar, þar á meðal einnota umbúðir, ýmiss konar úrgangsplast, ekki síst ýmislegar umbúðir og þá gúmmíhjólbarðar sem hægt er að nota, svo og alls konar gler, textílúrgangur, timburúrgangur sem stöðugt fellur til.“

Nefndin tók ákvörðun um að taka fyrst til athugunar meðferð á brotamálmum og skilagjald af ökutækjum sem eru nátengd þessu viðfangsefni. Þessum fyrsta þætti í starfi nefndarinnar lauk með tillögum að frv. til laga um meðferð brotamálma og skilagjald af **ökutækjum ásamt greinargerð sem endurvinnslunefndin sendi frá sér 24. okt. 1988.**“

Ég vil þess vegna, virðulegi forseti, fá að varpa fram þessari spurningu: Hvernig stendur á því að þetta frv. hefur ekki verið lagt fyrir hið háa Alþingi? Hvað hefur orðið til þess að það hefur verið lagt til hliðar eða hvar er það núna til meðferðar? Hér er um að ræða mjög takmarkað svið þess máls sem þessari nefnd var sett að fjalla um, þ.e. aðeins einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur sem í sjálfu sér er auðvitað mjög þýðingarmikið að fjalla um og vinna að, en það var ekki meginmál þess sem um var að ræða þegar verið var að tala um endurvinnsluiðnað á Íslandi og hvernig skyldi taka á málum í sambandi við þetta. Ég vil þess vegna biðja hæstv. iðnrh. að skýra það fyrir deildinni hvers vegna þetta frv. hafi verið lagt til hliðar og ekki verið haldið áfram í þeim anda sem væntanlega kemur fram í því frv.

Varðandi önnur atriði vildi ég segja þetta: Í frv. er skv. 4. gr. gert ráð fyrir að stofnað verði fyrirtæki, Endurvinnslan hf., sem yrði sameignarfyrirtæki gosdrykkjaframleiðenda, sænskra endurvinnsluaðila, ríkissjóðs og verslunareigenda. Í fskj. I segir varðandi hlutafé: „Gert er ráð fyrir að hlutafé sé um 2 millj. sænskra króna. Eigendur fyrirtækis geta verið: gosdrykkjaframleiðendur hér á landi, PLM Svíþjóð, ríki og verslunareigendur.“ Síðan er nánar greint frá skiptingu hlutafjár.

Mér er spurn, hvers vegna þeir aðilar sem bera ábyrgð á þessu frv. hafa eingöngu snúið sér að sænskum aðilum. Mér er kunnugt um það að víða annars staðar í Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku eru fyrirtæki sem hafa náð mjög langt á þessu sviði og þess vegna hlýtur sú spurning að vakna hvers vegna eingöngu var rætt við sænska aðila og þeim ekki aðeins boðið upp á að verða hluthafar í þessu fyrirtæki heldur var þeim einnig falið að gera tillögur og frumdrög að því hvernig ætti að standa að þessum málum. Er verið að leiða sænska aðila inn í íslenskan endurvinnsluiðnað? Sú spurning hlýtur að koma upp í huga manns. Hæstv. ráðherra sagði einmitt í sinni ræðu áðan: „Síðar má hugsa sér að fyrirtækið fari inn á víðtækari endurvinnslu.“ Það hlýtur auðvitað að leiða hugann að því að þarna sé verið að hefja undirbúning að því að byggja upp sterkt endurvinnslufyrirtæki á Íslandi og Svíar eigi að vera þeir erlendir aðilar sem eigi að sjá um þessa uppbyggingu og endurvinnslu alfarið. (**Viðskrh.:** Ég mætti kannski vekja athygli ræðumanns á að ég geri ekki þá tillögu sem nefndin flutti að þessu leyti eins og kom fram í minni ræðu. Hins vegar vildi ég að þingmenn fengju að sjá tillögurnar. Ég get skýrt það betur seinna, en allur þessi kafli í ræðu hv. þm. er óþarfur.) Ég þakka ráðherranum fyrir að hafa tekið svona skýlaust af tvímæli um það . . . (**Viðskrh.:** Það kom fram í minni ræðu.) Já, ég tók ekki eftir því, hæstv. ráðherra, og ég þarf ekki að biðjast afsökunar á því, en ég fagna því að hæstv. ráðherra skuli hafa tekið af skarið í þessum efnum því ég tel einmitt eðlilegt að leitað sé til fleiri aðila með tilliti sérstaklega til framtíðarinnar og þeirra stóru verkefna sem bíða á þessu sviði án þess að ég sé að gera lítið úr því sem kemur fram í þessu frv.

Samt finnst mér rétt að lokum, virðulegi forseti, að láta það koma fram að ekki virðist hafa verið algjört samkomulag í sambandi við framlagt frv. því að í fskj. II kemur fram af hálfu tveggja aðila í það minnsta innan nefndarinnar, skjalfest, að þeir höfðu hugsað sér þetta dálítið öðruvísi án þess að í því felist bein gagnrýni, en það er sérálit, og ég tel rétt, virðulegi forseti, að það komi fram hér í þessari umræðu hverjar þessar sérskoðanir viðkomandi aðila eru. Ég vil því með leyfi forseta lesa það sem segir í fskj. II með frv. Það er bréf til Hollustuverndar ríkisins, hr. lögfræðings Páls Líndals í iðnaðarráðuneytinu, dags. 9. febr. 1989, og efni bréfsins er á þessa leið:

„Efni: Frv. til laga um notkun og endurvinnslu einnota umbúða fyrir drykkjarvörur.

Það er skoðun undirritaðs að ofangreint frv. eins og það var lagt fram á fundi endurvinnslunefndar þann 8. febr. sl. beri þess vitni að vera unnið í flýti og hafi ekki verið rætt við nefndina sem skyldi.

Ýmislegt er óljóst í frv. Sem dæmi má nefna að í 2. gr. er talað um gjald á drykkjarvörur og ekki verður annað séð en gjaldið eigi einnig að ná til umbúða mjólkur og mjólkurvara. Ljóst virðist hins vegar að umhverfismál eru í fyrirliggjandi frv. algjörlega fyrir borð borin.

Undirritaður vill á þessu stigi koma eftirfarandi brtt. á framfæri.

Síðasta mgr. 3. gr. orðist svo:

Priggja manna nefnd, skipuð einum frá þeim aðilum sem fengið hafa leyfi til endurvinnslu skv. 4. gr., einum frá Náttúruverndarráði og einum frá Hollustuvernd ríkisins, gerir tillögur um ráðstöfun gjalds skv. 3. mgr. 2. gr.

Tillögur skulu annars vegar gerðar til iðnrh. vegna lána og/eða styrkja til aðila sem vinna að endurvinnslu, hins vegar til heilbrmrh. vegna rannsókna-

og þróunarverkefna sem tengjast endurvinnslu, auglýsinga og fræðslu sem miða að bættri umgengni og vegna annarra umhverfismála."

Undir bréfið skrifar Ólafur Pétursson.

Í fylgiskjali III með frv. segir svo í athugasemdum frá Ásgeiri Einarssyni, með leyfi forseta:

„Varðandi 4. gr. frv. til laga um notkun og endurvinnslu einnota umbúða fyrir drykkjarvörur.

Í athugasemdum með frumvarpsdrögum þessum eru lagðar fram tillögur um ... „að stofnað verði fyrirtæki, Endurvinnslan hf., sem yrði sameignarfyrirtæki gosdrykkjaframleiðenda, sænskra endurvinnsluaðila, ríkissjóðs og verslunareigenda."

Virðulegi forseti, ég vil gjarnan fá að hafa þögn í salnum þegar verið er að ræða þetta mál og æski þess að formaður þingflokks Alþfl. leyfi mönnum að tala án þess að vera með sérstakan fund úti í sal. Ég vona að hv. þm. fallist á það.

Ég vil þá enn byrja aftur að lesa athugasemd frá Ásgeiri Einarssyni við þetta frv. sem hæstv. iðnrh. hefur lagt fram, en það er sem hér segir:

„Varðandi 4. gr. frv. til laga um notkun og endurvinnslu einnota umbúða fyrir drykkjarvörur.

Í athugasemdum með frumvarpsdrögum þessum eru lagðar fram tillögur um ... „að stofnað verði fyrirtæki, Endurvinnslan hf., sem yrði sameignarfyrirtæki gosdrykkjaframleiðenda, sænskra endurvinnsluaðila, ríkissjóðs og verslunareigenda."

Þar sem sýnt er að verkefni þessa fyrirtækis mun verða mun víðtækara er fram líða stundir en eingöngu endurvinnsla einnota umbúða fyrir drykkjarvörur snertir málið fleiri aðila en nefndir eru hér að ofan og ráð er fyrir gert að aðild eigi að málinu.

Mjög óeðlilegt hlýtur að teljast að gera ráð fyrir þátttöku sænskra endurvinnsluaðila en ekki íslenskra endurvinnslufyrirtækja."

Hæstv. ráðherra leiðrétti það áðan að hugsunin hefði verið að Svíar væru hér sérstakir aðilar að þessu máli, en hins vegar er þessi aðvörun fullkomlega gild hjá Ásgeiri Einarssyni varðandi þetta atriði.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að ræða þetta frekar. Það hlýtur að verða gert síðar við meðferð málsins í deildinni, en ég vil undirstrika það að af hálfu þessara tveggja nefndarmanna er talið að þurft hefði að vinna betur að þessu máli og hefði átt að ná víðar og vera víðtækara en bara um einnota umbúðir.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Mig langar til að koma á framfæri örfáum athugasemdum varðandi þetta frv. Í sjálfu sér hljótum við að fagna því að tekið sé á þessu máli, þ.e. komið í veg fyrir umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur. Það vakti nokkra undrun mína þegar það var ákveðið að eingöngu skyldi seldur bjór á áldósum í Ríkinu og reyndar óttast ég mjög þá þróun sem á sér stað hér á landi að drykkjarvörur almennt eru nú nær eingöngu seldar í ýmist áldósum eða í plastdósum, en glerflöskur virðast vera alveg að hverfa hér af markaðinum.

Í mörgum öðrum löndum er þróunin í þveröfuga átt, þ.e. það er reynt að draga úr notkun áldósa og fara frekar yfir í einnota glerflöskur. Nú kann það að vera að ekki sé hægt að stefna að því hér á landi vegna þess að við brjótum meira gler en aðrar þjóðir að því er virðist. Það er mjög slæmt ástand oft hér í miðbænum eftir helgar t.d. þar sem búið er að brjóta mikið af gosdrykkjaflöskum og má vera að þetta sé ein leið til þess að koma í veg fyrir það. Engu að síður finnst mér það einkennileg stefna að innleiða dósir sem þrátt fyrir skilagjald og ýmsa viðleitni til þess að ná þeim inn og safna þeim saman má búast við að muni menga hér umhverfið á næstunni.

Úr því að við förum þessa leið engu að síður er sjálfsagt og rétt að búa með einhverjum hætti þannig um hnútana að tryggt sé að þessum dósum verði safnað saman og komið í veg fyrir umhverfisspjöll eins og reyndar kemur fram í frv. Það sem ég staldraði nú aðallega við var 2. gr. þar sem kemur fram að stofna eigi sérstakt hlutafélag, Endurvinnsluna hf., til að taka þetta verkefni að sér. Ég óttast að þarna sé á ferðinni eitt palisander-fyrirtæki ríkisins. Við þekkjum hliðstæðuna frá því að Bifreiðaskoðun Íslands hf. var stofnuð, mikið fyrirtæki og dýrt, og hér er verið að tala um hvorki meira né minna en 100 millj. kr. stofnkostnað til að koma þessu af stað. Einhvern veginn datt mér nú sjálfum í hug að það hefði verið hægt að leysa þetta á miklu einfaldari hátt og vildi kannski spyrja hæstv. ráðherra að því hvort það hefði t.d. verið athugað hvort gera mætti samninga, við skulum segja bara við íþróttahreyfinguna, björgunarsveitirnar, skátahreyfinguna, um það að taka að sér þetta verkefni og vaknar þá upp í mínum huga sú spurning hvort þessir aðilar hefðu ekki fengist til þess að gera þetta fyrir miklu minna verð en þessi stofnkostnaður ber með sér.

Að öðru leyti hef ég ekki mikið við frv. að athuga, þvert á móti. Ég tel að þetta sé mjög nauðsynleg aðgerð til þess að koma í veg fyrir, eins og ég gat um áður, umhverfismengun af völdum einnota umbúða og vænti þess að þetta fái skjótan framgang.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka þeim hv. þm. sem hér hafa tekið til máls um þetta frv. fyrir þeirra jákvæðu undirtektir við meginstefnu frv. Ég á auðvelt með að skilja vonbrigði þeirra hv. 6. og 14. þm. Reykv. með það hversu seint hefur gengið að koma fram nauðsynlegum umhverfisvörnum í landinu. Á því er m.a. sú skýring sem hv. 6. þm. Reykv. kom inn á í sínu máli, að það er enn ekki búið að finna þessu mikilvæga verkefni stað í stjórnkerfinu. Þess vegna er það m.a. að ég sem iðnrh., sem auðvitað fer ekki sérstaklega með umhverfisverndarmál, hef talið það skyldu mína að láta slík mál ekki detta á milli stóla heldur vinna að þeim þótt ekki sé alveg ljóst hvar þau eiga heima. Ef allir hugsa þannig gerist aldrei neitt. Þess vegna er frv. hér flutt, en mér finnst skiljanlegt að fólki finnist það hafa gengið nokkuð hægt fram.

Vegna þess sem hv. 6. þm. Reykv. vék að í einstökum atriðum langar mig til að segja að ég er að

sjálfsögðu sammála hv. þm. um það að í heiti frv. á að vera aðaltilgangur þess, þ.e. umhverfisvernd, þótt ég telji reyndar, eins og ég vék að í mínu máli, að endurvinnsla og hirða á úrgangsefnum sé líka undirstaða atvinnu og iðnaðar og það sjónarmið megi heldur ekki vanrækja.

Um athugasemdir hv. þm. um skilagjaldið, þá bendi ég á að pantur fyrir glerflöskur sem skilað er aftur er núna 5 kr. Við það er auðvitað nokkur samanburður í hugum þeirra sem skila þessum dósum. Í Svíþjóð þar sem er nærtækust fyrirmynd er skilagjald 50 aurar af hverri áldós eða rétt um 4 kr. íslenskar. Ég geri ekki ágreining við það fólk sem hefur þá skoðun að gjaldið þurfi að vera hærra hér til þess að hvetja til hirðusemi. Það má vera enda heimilar frv. það, ef að lögum yrði, að ákveða hærra gjald með reglugerð. Ég vil hins vegar ekki taka dæmi af öðru í skýringum við frv. einfaldlega vegna þess að Áfengis- og tóbaksverslunin hefur ákveðið að byrja sín viðskipti með áfengt öl með 5 kr. skilagjaldi á hverri dós. Það er lágmark. Það er rétt hjá hv. 6. þm. Reykv.

Um það hvort ástæða sé til að verðtryggja þetta með formlegum hætti í lögunum vil ég segja: Ég tel ástæðu til þess að hv. iðnn. þessarar deildar hugleiði það hvort þarna eigi að stofna rýmri heimild til gjaldtökunnar, en ég tel það hins vegar ekki alls kostar ábyrga lagasetningaraðferð að veita opnar heimildir til gjaldtöku af þessu tagi. Þess vegna er þarna sett ein föst tala, 10 kr. á hverja dós.

Það er rétt hjá hv. 6. þm. Reykv. að í þessu söfnunarkerfi felst ákveðin þversögn, þ.e. félagið hefur hag af því að ekki heimtist allar dósirnar sem seldar eru og félagið hefur fengið skilagjald fyrir. Ég bendi hins vegar á, eins og kemur fram í 1. gr. frv., að umsýslugjaldið sem í upphafi er ákveðið 1% af skilagjaldinu má hækka í 5%. Ætlun mín er að í samningi við félagið yrði ákveðin hækkun á umsýslugjaldinu í hlutfalli við heimturnar, þ.e. það hækki eftir því sem betur heimtist, og það er þá hvatning fyrir félagið að stofna til hreinsunarherferða, fær það hærra hlutfall af því sem inn kemur.

Ég ætla ekki að segja annað um 3. gr. og 5% af tekjuafgangi til Náttúruverndarráðs en það að talsmenn Náttúruverndarráðs sem hafa tekið þátt í undirbúningi þessa máls, og það hafa þeir gert á öllum stigum málsins, hafa lýst því að þeir séu sáttir við þessa tillögu. Ég tel erfitt að opna þann farveg að ákveða að skilagjaldið sé ekki eingöngu skilagjald, heldur líka einhvers konar eyrnamerktur skattur sem fari til ákveðinna tiltekinna annarra þjóðþrifamála en að þrífa landið, og er þess vegna með tillöguna í þeirri mynd sem hún er þarna, að þetta sé tengt söfnunarárangri félagsins.

Það er sannarlega rétt hjá hv. 6. þm. Reykv. að hér er allmiklu fé til kostað í upphafi, en ég er þeirrar skoðunar að það sé erfitt að fara af stað með fyrirtæki eins og þetta af vanbúnaði. Það má einfaldlega ekki mistakast. En það má heldur ekki dragast að koma því þannig af stað að það sé okkur til sóma því að það er víða mikill ljóður á ráði landsmanna að skilja umbúðir eftir á víðavangi, þar er margt sem betur þarf að fara.

Þá sný ég mér að því sem fram kom hjá hv. 14. þm. Reykv. Ég vil endurtaka það sem ég sagði vegna athugasemda hv. 6. þm. Reykv. að það er náttúrlega ekki sanngjarnt að sakast við þann sem hér stendur um það að þetta mál komi seint fram. Ég hef komið því fram jafnskjótt og mér var kostur í minni ráðherratíð. Það er rétt að það var skipuð nefnd í nóvember 1987 af fyrrv. iðnrh. sem hóf störf í ársbyrjun 1988. Starf þeirrar nefndar gekk að mínu áliti allt of hægt. Þess vegna var það að ég ákvað í byrjun þessa árs að bíða ekki lengur eftir því sem ég tel, og ég ítreka það, sem ég tel sjálfur vera brýnasta verkefnið á þessu sviði og það eru einmitt einnota umbúðirnar. Ég er áhugasamur um skilagjald af ökutækjum og hirðu brotamálma. Það er öðruvísi mál. Ég get skýrt það fyrir hv. 14. þm. Reykv. hvers vegna ég hef ekki lagt það frv. óbreytt fram sem nefndin samdi. Þau frumvarpsdrög eru tillaga til ráðherrans en ekkert sem ráðherrann er skyldugur að leggja fram óbreytt í þinginu. Ég er ekki alveg sammála stefnunni í drögum nefndarinnar. Ég tel að nefndin hafi lagt til of hátt gjald á gamla bíla, að það sé ekki gerlegt að leggja enn á bílaeigendur sérstakt allhátt gjald vegna skilanna, vil halda mig við að leggja slíkt gjald á nýja bíla þegar þar að kemur til þess að þyngja ekki enn umferðinni, ökumönnum og bíleigendum. Ég tel líka að nefndin hafi þar ætlað sér að setja á fót fyrirtæki sem ekki hentar þessu verkefni þótt það henti varðandi umbúðirnar. Ég tel að sveitarfélögin eigi eðli máls samkvæmt mikilla hagsmuna að gæta við söfnun málmúrgangs og ég vil leggja miklu meira af þeim verkum sem í frv. felast á sveitarfélögin. Þeirra er ábyrgðin, þeirra er líka heiðurinn ef vel tekst til. Ég ætla mér að leggja fram í þinginu frv. sem reist er á vinnu endurvinnslunefndar sem, eins og það frv. sem við ræðum hér í dag, er ekki tillaga nefndarinnar heldur tillaga ráðherrans. Það frv. verður öðruvísi en nefndin samdi það, en það tekur að mínu áliti á þeim vanda sem við er að fást. Ég er innilega sammála hv. 14. þm. Reykv. að það þarf að fara að koma fram að brotajárnsúrgangur er óþrifnaður sem þarf að taka myndarlega á. Ég geri alls ekki lítið úr fyrra starfi að þessum málum, en segi það ósköp blátt áfram að sá ráðherra sem gerir tillögur í þinginu verður að hafa sannfæringu fyrir því að það séu hans eigin tillögur en ekki eitthvað sem hann afgreiðir á færibandi inn í þingdeildirnar eftir því sem nefndir utan þings skila þeim.

Að öðru leyti vildi ég aðeins víkja aftur að því sem kom reyndar fram í minni framsögu, að það hefur tekist gott samkomulag innan þeirrar undirbúningsnefndar sem vinnur að undirbúningi að stofnun félags eins og gert er ráð fyrir í 2. gr. um megindrættina í skiptingu hlutafjárins. Þar er gert ráð fyrir því að iðnrekendur — bæði málmbræðslufyrirtæki, þar á meðal fyrirtæki Ásgeirs Einarssonar sem hér var lesið upp. Það fyrirtæki á reyndar mann í undirbúnings-

nefndinni og virðist hann sáttur við málið eins og það liggur núna fyrir — eigi 40% ásamt gos- og bjórframleiðendum, innflytjendur, kaupmenn og samtök þeirra, þar með talin samvinnuhreyfingin, eigi fimmtung, opinberir aðilar, ríkið, Áfengis- og tóbaksverslunin, ríkið, sveitarfélög og almannasamtök, og ég tek það fram að skátahreyfingin hefur átt fulltrúa í undirbúningsnefndinni, eigi önnur 40%. Það er ekki kappsmál mitt að ríkið eigi þarna stóran hlut, en ríkið ber ábyrgð á málinu og verður að vera undir það búið að taka þarna stóran hlut því mér segir svo hugur um að það kunni að verða erfiðara að útvega fé þegar á hólminn er komið eins og oft vill verða þegar menn eru að stofna félög.

Ég vildi líka vekja athygli hv. 14. þm. Reykv. á því varðandi þátttöku sænskra aðila í þessu máli að þá er hún nefnd í nál. og tilheyrandi frv. sem nefndin hafði samið sem er annað en það frv. sem ég legg hér fram. Eins og kemur fram í greinargerð minni fyrir frv. var þetta verkefni einmitt tekið úr verksviði nefndarinnar til að koma brýnu máli fram. Eins og kemur fram af dagsetningunum í greinargerðinni, þá var nefndin einfaldlega ekki búin að skila í janúarlok. Ég hafði sett henni slíka fresti. Ég vildi ekki bíða lengur, vildi koma fram með málið, en að sjálfsögðu vil ég að þingmenn geti séð hvað það var sem þessi nefnd lagði til. Hún hefur enn ekki lokið sínu starfi. Hún hefur reyndar viðtækt verkefni.

Ég skil þau áhyggjuefni, sem fram koma í sérálitum og greinargerðum fulltrúa Hollustuverndarinnar og Ásgeirs Einarssonar, forstjóra Sindra, og hv. 14. þm. Reykv. las upp. Fyrir þeim málum er öðruvísi séð í því frv. sem ég mæli nú fyrir en í tillögu endurvinslunefndar þannig að ég tel að þau mál séu í meginatriðum leyst. Um það þarf ég þess vegna ekki að hafa fleiri orð, en sný mér að því sem hv. 7. þm. Reykn. kom hér inn á.

Ég tek undir með þingmanninum að það er vissulega áhyggjusamlegt hvernig þróun í umbúðanotkun hér á landi er og hefur verið að undanförnu. Þetta frv. verður þó fremur að skoðast sem þrándur í götu þeirrar þróunar, þ.e. vaxandi notkunar á einnota umbúðum vegna skilagjaldsins sem á er lagt. Hér er beinlínis gert ráð fyrir því að koma þessu í skikkanlegan farveg. Hvort heppilegt hefði verið að fara aðrar leiðir og byggja meira á áhugasamtökum og einfaldari lausnum, eins og þetta er stundum orðað, þá var það kannað mjög vandlega. Ég átti m.a. samtöl við fulltrúa skátahreyfingarinnar sem höfðu sýnt þessu máli mikinn áhuga. Þeir eru nú aðilar að undirbúningsnefndinni. Ég vona að þeir verði aðilar að þessu félagi. Ég held að þeir og við sem við þá ræddum hafi sannfærst um að það er nauðsynlegt að gefa söfnun umbúða og endurvinnslu fast rekstrarform því það vill oft fara þannig þegar áhugafélög taka að sér verkefni að þá eru þau vel og myndarlega leyst af hendi meðan áhugans nýtur í upphafi hjá þeim sem komu því af stað. En til þess að tryggja varanlega og örugga hirðu á þessu sviði tel ég óhjákvæmilegt að hafa rekstur með fyrirtækjasniði og þannig um hnúta búið að það detti ekki niður vegna mannabreytinga. Í þessu felst engin gagnrýni eða efasemdir um einlægan vilja þeirra samtaka sem hafa látið að sér kveða í málinu heldur hitt miklu fremur að það er ábyrgðarhluti almannavaldsins að finna öruggan farveg fyrir þetta þjóðþrifamál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til iðnn. með 13 shlj. atkv.

Húsnæðislánastofnanir, 1. umr.

Frv. JúlS og GuðmÁ, 155. mál. — Þskj. 166.

Flm. (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Þetta frv. er nú endurflutt. Það var áður lagt fram á þinginu í fyrra en fékk enga afgreiðslu þar frekar en svo mörg önnur þmfrv. Það var þó sérlega athyglisvert hvað frv. virtist koma við kaunin á mörgum þingmönnum gömlu flokkanna sem greinilega voru sakbitnir út af því hvernig þeim hefur tekist að gjöreyðileggja húsnæðislánakerfi landsmanna gegnum tíðina. Þess vegna þvældist þetta frv. mánuðum saman í hv. félmn. Ed. Það var ekki fyrr en komið var undir þinglausnir vorið 1988 að mig minnir að það tókst loksins að fá samþykkt fyrir því í hv. félmn. Ed. að vísa frv. til umsagnaraðila utan Alþingis. Þá var komið fram á sumar og að sjálfsögðu komu þar með engar umsagnir. Það væri því synd að segja að þetta frv., sem þó var lögð mikil vinna í, hafi fengið eðlilega málsmeðferð hér á hinu háa Alþingi. Þess vegna gerum við nú aðra tilraun. Við endurflytjum þetta mál og trúum því að það fái kannski eilítið betri meðferð í meðförum þingsins nú, sérstaklega þó hjá hv. félmn. Ed. þannig að það verði a.m.k. mögulegt að koma frv. út til umsagnaraðila strax að þessari umræðu lokinni.

Þó vil ég ekki segja að þetta frv. hafi ekki haft einhver áhrif því að sá flokkur sem nú fer með stjórn húsnæðismála í ríkisstjórn virðist hafa lesið frv. spjaldanna á milli og reynt að sjá með hvaða hætti hann gæti nýtt sér ýmsar hugmyndir úr þessu frv. og gert þær að sínum. Því miður hefur svo illa til tekist að þeir góðu menn, sem hafa lesið þetta frv. okkar fyrir hönd Alþfl. sem fer með þennan málaflokk innan ríkisstjórnarinnar, hafa hreinlega ekki skilið hvað málið snýst um. Það er afar sérkennilegt.

Það var að vísu stofnuð milliþinganefnd, sem allir þingflokkar áttu fulltrúa í, sem fjallaði um endurskipan húsnæðislánamála. Sú nefnd starfaði frá því í mars á sl. ári og lauk störfum einhvern tíma í nóvembermánuði sl. Þar voru þessi mál nokkuð til umræðu, en fengust aldrei rædd á neinum skynsamlegum grunni, heldur lá þá strax fyrir ákveðin tillaga og var ekki frá henni hvikað. En við eigum áreiðanlega eftir að fá tækifæri til þess að ræða það frekar þegar hæstv.

félmrh. kemur með frv. sitt um húsnæðismál hér til meðferðar í þinginu — ef það þá kemst nokkurn tíma í gegnum þingflokka stjórnarflokkanna, ef ríkisstjórnin springur þá einfaldlega ekki á málinu eins og hefur verið látið að liggja í sumum blaðanna, a.m.k. hér upp á síðkastið.

Það sem við vildum fyrst og fremst með þessu frv. okkar er að benda á nýjar lausnir, nýjar leiðir í húsnæðislánamálum. Það er alveg augljóst öllum sem vilja skoða þessi mál að ríkið ræður ekki við húsnæðiskerfið eins og því hefur verið stillt upp, þ.e. að ríkið eitt ætli að standa undir og sjá um öll húsnæðislán landsmanna. Ég held að þetta tíðkist nánast hvergi í víðri veröld að ríkisvaldið í einu landi hafi öll þessi mál á sinni könnu nema þá væntanlega í löndum Austur-Evrópu og í Sovétríkjunum þar sem ráðstjórn er við völd, (**Gripið fram í:** Tíbet.) Tíbet kannski, ég skal ekki segja, það er ekki gott að segja, enda kannski eðlilegt vegna þess að þar er nú væntanlega minna um það að menn eigi sínar íbúðir og hús eins og hér tíðkast. En aðalatriðið í þessu er þetta tvöfalda húsnæðislánakerfi sem við leggjum til og með því ætlum við okkur að styrkja félagslega kerfið, þ.e. að gera ríkisvaldinu auðveldara að sinna aðalverkefnum sínum sem er að tryggja það að þeir þjóðfélagsþegnar sem minna mega sín eigi auðveldara með að komast í eigið húsnæði og fá mannsæmandi íbúðir til afnota.

Mig langar til að lesa kafla úr grg. frv., með leyfi virðulegs forseta, *þar sem einmitt er skýrt út með* hvaða hætti við hugsum okkur hlutverk ríkisins:

„Flm. leggja því til að tekið verði upp tvöfalt húsnæðislánakerfi. Í fyrsta lagi sjái ríkið aðeins um lánveitingar til bygginga með félagsleg markmið og til þeirra sem eru að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð. Í þessu skyni verði Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna sameinaðir. Eru flm. að undirbúa frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins í þessu skyni. Þar segir um hlutverk hins sameinaða byggingarsjóðs ríkisins:

„Úr Byggingarsjóði ríkisins er heimilt að veita lán til byggingar eða kaupa á íbúðarhúsnæði, til meiri háttar viðbygginga, endurbóta og endurnýjunar á notuðu húsnæði, til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði og til orkusparandi breytinga á húsnæði sem hér segir:

1. Íbúðir fyrir lágtekjufólk (verkamannabústaðir).
2. Íbúðir fyrir þá sem eru að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð.
3. Verndaðar íbúðir fyrir öryrkja.
4. Verndaðar íbúðir fyrir aldraða.
5. Leiguíbúðir á vegum sveitarfélaga og félagasamtaka.

Úr Byggingarsjóði ríkisins er enn fremur heimilt að veita lán til byggingar eða kaupa á húsnæði fyrir félagslegar stofnanir á vegum opinberra aðila og félagasamtaka svo sem dagvistarstofnanir fyrir börn og aldraða, hjúkrunarheimili og dvalarheimili."

Þetta leiðir af sér að hlutverk Húsnæðisstofnunar ríkisins verður aðallega að annast lánveitingar, hugsanlega með niðurgreiddum vöxtum eða sérstökum skattaívilnunum, til 1) íbúða fyrir lágtekjufólk (verkamannabústaða), 2) þeirra sem eru að kaupa eða byggja sína fyrstu íbúð, 3) til byggingar leiguíbúða í samvinnu við sveitarfélög, félagasamtök og hagsmunasamtök launþega, 4) til byggingar verndaðra íbúða fyrir aldraða og öryrkja, 5) til að takast á við sérstök verkefni félagslegs, tæknilegs og fjárhagslegs eðlis.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem flm. hafa fengið, munu þeir sem þannig ættu rétt á húsnæðislánum hjá Húsnæðisstofnun ríkisins vera tæplega 40% af þeim sem sækjast eftir lánum til byggingar eða kaupa á íbúðarhúsnæði hverju sinni. Ljóst er að mun auðveldara verður fyrir Húsnæðisstofnun að sinna þörfum þessa takmarkaða hóps."

Þetta er kannski aðalkjarninn í þessum tillögum okkar, að gera ríkinu auðveldara að sinna þessu meginhlutverki sínu sem er að sjá um hinn félagslega þátt íbúðakerfisins en að láta almenna kerfið öðrum eftir. Það má rifja það upp að fyrir allmörgum árum sáu lífeyrissjóðirnir um lán til þeirra sem voru að byggja eða kaupa sér íbúðir og þá var um það að ræða að menn gátu bæði sótt til Húsnæðisstofnunar um húsnæðismálalán, sem þá voru svo kölluð, og síðan fengu menn yfirleitt lífeyrissjóðslán þar til viðbótar. En við teljum að með því að samþykkja þetta frv. sé skapaður lagarammi til þess að hægt sé að koma á fót *sérstökum húsnæðislánastofnunum, en við hugsum* okkur þær þannig að fyrst og fremst lífeyrissjóðirnir, tryggingafélög og bankar geti sameinast um það að koma upp slíkum stofnunum sem taki að sér að sjá um og veita húsnæðislán til allra þeirra sem standa traustum fótum í kerfinu, þ.e. þeir sem þurfa ekki á félagslegri aðstoð að halda og eiga auðvelt með að standa undir lánum með markaðsvöxtum t.d.

Eins og húsnæðiskerfið er nú rekið þá eiga allir sem greiða í lífeyrissjóði rétt á húsnæðislánum og það hefur auðvitað orðið til þess að þrýstingur á kerfið er geysilegur, það hafa myndast langar biðraðir og þjóðin er komin á algert fjárfestingarfylleri í húsnæðismálum. Þannig er fyrirhugað að verja 14 milljörðum kr. í húsnæðislán á árinu 1989. Samkvæmt könnun Félagsvísindastofnunar hyggjast aðspurðir, ⅔ hlutar allra íbúa höfuðborgarsvæðisins, byggja yfir sig á næstu árum. Það sér hver heilvita maður að það er ekki heil brú í þessu kerfi. Þetta er hrein endaleysa.

Ég bý í tiltölulega góðu einbýlishúsi vestur á Seltjarnarnesi. Nágranni minn og góðvinur hefur bent mér á þann möguleika að við gætum gert kaupsamning hvor við annan. Við getum ákveðið að kaupa hús hvors annars. Síðan getum við sótt um lán, við greiðum báðir í lífeyrissjóði, til Húsnæðisstofnunar ríkisins. Við förum inn í biðröðina. Þegar við fáum síðan okkar lánsloforð, þá förum við að sjálfsögðu og seljum þau hjá einhverju fjárfestingarfélagi eða því um líku og við skiptum aldrei um hús. Síðan bara hættum við við að kaupa hús hvors annars en höfum fengið umtalsverða fjármuni með því að selja lánslof-

orðin. Þannig er farið að spila á þetta kerfi sem er gersamlega út úr þeirri mynd sem hlýtur að vera með öllum ráðum að tryggja það að allir landsmenn geti á sem hagkvæmastan hátt fengið þak yfir höfuðið.

Þá kem ég lítillega að húsbréfunum. Þetta frv. um húsnæðislánastofnanir, sem við endurflytjum nú, er samið að fyrirmynd húsnæðislánastofnana sem tíðkast í Danmörku, Þýskalandi og víðar og hefur verið aðlagað íslenskum aðstæðum. Eins og þessar stofnanir hafa verið reknar í þeim tveimur löndum sem ég nefndi þá hafa þær um áratuga, jafnvel um alda skeið fjármagnað útlán sín með húsbréfum. En það er ekki sama hvernig þetta er gert. Það er a.m.k. alveg ljóst að það verður ekki gert svo nein skynsemi sé í með þeim hætti sem nú stefnir að að verði gert á vegum þeirra sem nú fara með húsnæðismálin, þ.e. á vegum Alþfl., svo mikið er víst. Því að því miður hafa þeir gjörsamlega misskilið grunnhugmyndina á bak við fjármögnun húsnæðislána með húsbréfum.

Húsbréfin eru þannig hugsuð af hálfu þeirra sem hafa skipulagt á sínum tíma húsnæðislánastofnanir að fyrir það fyrsta verði að ríkja mikið gagnkvæmt traust milli þeirra sem gefa út húsbréf og þeirra sem kaupa þau. Og það verður ekki gert með öðrum hætti en þeim að húsnæðislánastofnanir, sem fá heimild til þess að gefa út húsbréf til sölu á almennum markaði, verða að vera settar undir mjög ströng lagaákvæði þannig að það verði mjög strangt eftirlit og aðhald með starfsemi þeirra. Þær verða að fá nánast svipaða stöðu og bankar í peningakerfinu þannig að almenningur geti treyst þessum stofnunum á sama hátt og almenningur treystir sterkustu bönkum landsins. Þarna gegnir eftirlitshlutverk félmrh. miklu hlutverki og vegur þungt í lagasetningunni til þess einmitt að treysta þetta öryggi sem verður að vera á bak við útgáfu húsbréfanna.

Annað meginatriði sem gildir um útgáfu húsbréfanna er það að stofnunin sem gefur út húsbréfin verður alla tíð að hafa örugg veð á bak við húsbréfin og það gerist með þeim hætti einum saman að stofnunin verður sjálf að rannsaka veðhæfni þeirra íbúða og þeirra fasteigna sem hún ætlar að veita lán út á og það verður ávallt að ríkja jöfnuður á milli þeirra húsbréfa sem eru í umferð hverju sinni og þeirra veðskuldabréfa sem stofnunin hefur með höndum og undirrituð eru af lántakendum sem hafa fengið lán hjá stofnuninni. Þetta virðast nú blessaðir kratarnir ekki hafa skilið almennilega því að fyrstu hugmyndir þeirra voru þær að Húsnæðisstofnun ríkisins ætti að stofna húsbréfadeild. Síðan ætti að prenta einhver stöðluð eyðublöð, moka þeim í fasteignasala landsins, síðan ætti að ganga frá kaupum á íbúðum eins og kaupin gerast þar á eyrinni og síðan færi seljandinn með kaupsamninginn á einhverju stöðluðu formi upp í Húsnæðisstofnun og fengi einhvern bunka af húsbréfum á móti. Þetta er gjörsamlega fráleitt. Að vísu hefur við þá gagnrýni sem ég kom með á þetta fyrirkomulag í seinni tíð verið sett inn það ákvæði að Húsnæðisstofnun hafi hönd í bagga með að meta veðhæfni viðkomandi íbúðar og er það vel.

Á sínum tíma þegar ég var að kynna mér hvernig húsbréf eru notuð til þess að fjármagna húsnæðislán, þá gerði ég mér ferð til Danmerkur og fékk þar fund með skrifstofustjóra stærstu húsnæðislánastofnunar Danmerkur og sat þar í heilan dag og þessi ágæti maður skýrði út fyrir mér hvernig húsbréfafyrirkomulagið virkar. Ég verð að segja það að eftir að hafa lesið marga doðranta og mikla lagabálka um húsbréfin og húsnæðislánastofnanir þá tel ég að ég sé kominn sæmilega vel inn í þetta kerfi en ekki þó þannig að ég geti af fullu öryggi rætt um það, a.m.k. ekki til jafns við þá sérfræðinga sem hafa kannski sinnt þessu árum saman.

Mér þótti hins vegar mjög fróðlegt að þegar við störfuðum í milliþinganefndinni og kratarnir voru að tileinka sér þessar hugmyndir, þá kom boð frá danska sendiherranum hér á Íslandi um það að hann gæti hlutast til um að færustu sérfræðingar Dana á þessu sviði mundu koma hingað til lands til að eiga fundi með okkur og ræða þessi mál við okkur. En kratarnir höfðu nú ekki þörf fyrir það. Þeir sögðust nokk geta fundið út úr þessum hlutum. Þeir þurftu enga aðstoð við það að búa til eitthvert húsbréfakerfi. Það væri nú bara gert á einum eftirmiðdegi, enda er afurðin eftir því.

Ég tel mig ekki þurfa að fara mjög nákvæmlega ofan í efnisatriði frv. vegna þess að við ræddum það mjög ítarlega í fyrra þegar það var lagt fram og eigum sömuleiðis eftir að ræða hér ítarlega húsnæðislánamál þegar væntanleg frv. hæstv. félmrh. sjá dagsins ljós, ef ríkisstjórnin verður þá ekki sprungin á málinu áður, en mig langar undir lokin að fjalla lítillega um sjálft lánakerfið.

Við flm. bendum á það í grg. með þessu frv. að það er mikil þörf fyrir að endurskipuleggja sjálft lánsformið og líta betur á lánskjörin. Frá því að lánskjaravísitölulánin voru tekin upp hafa menn lokast inni í þeim farvegi og einblínt á hann og ekki séð neitt annað. Það er hins vegar hægt að hugsa sér húsnæðislánamál með allt öðru formi og á allt öðrum grundvelli og það a.m.k. er mjög einkennilegt að sjá hvert lagafrv. á fætur öðru sett fram hér af hálfu stjórnarflokkanna þar sem í nánast hverju einasta frv. er gert ráð fyrir lánskjaravísitölubindingu á ýmsum fjárhæðum sem koma fram í frv. þegar í stefnuskrá ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir því að afnema lánskjaravísitölu strax og efnahagsástandið í þjóðfélaginu sé orðið svona viðunandi. En með þessum lagafrv. er hins vegar verið að binda lánskjaravísitöluna um aldur og ævi vegna þess að lagahreinsunin sem þyrfti að fara fram ef lánskjaravísitala yrði nokkurn tíma afnumin er svo viðamikil að ég sé ekki annað en það þyrfti heilt þing til þess eins að hreinsa lánskjaravísitölu út úr öllum mögulegum lögum sem hér hafa verið sett upp á síðkastið.

Ég tel að það sé alveg ljóst að í félagslega kerfinu eigi að vera með niðurgreidda vexti. Í þeim hugmyndum sem komu fram í milliþinganefndinni sem ég gerði miklar athugasemdir við er hins vegar lagt til að það verði farið upp í markaðsvexti með öll hús-

næðislán, hvort sem um er að ræða húsnæðislán á vegum Húsnæðisstofnunar ríkisins eða annarra, og síðan verði farið út í vaxtabætur. Þá á að fara eina ferðina enn að rannsaka hagi fólks, telja börnin og kanna tekjurnar og húsnæðið og síðan á að senda tékk einhvern tíma um mitt ár, einhverjar vaxtabætur vegna þeirra vaxta sem fólkið hafði greitt af húsnæðislánum. Fyrir höfum við barnabætur og við höfðum reyndar húsnæðisbætur og örorkubætur, síðan finna kratarnir væntanlega næst upp að borga út menningarbætur, þeir sem ekki geta farið í leikhús eins og aðrir, og við getum hugsað okkur að það verði matarbætur handa þeim sem hafa ekki efni á því að borga matvæli með söluskatti og skóbætur, það hlýtur að koma líka, ég á alveg eins von á því. Það er því náttúrlega alveg með ólíkindum þetta kerfi sem verið er að búa til hér þessi árin þar sem kratarnir eru í fararbroddi. Miklu nær væri að þegar þetta tvöfalda húsnæðiskerfi væri komið á legg þannig að félagslegi þátturinn væri hjá ríkinu þá væri hreinlega um að ræða niðurgreidda vexti. Það er langeðlilegast, þannig að fólk viti bara fyrir fram að hverju það gengur. En hjá hinum sem taka lán hjá almennum húsnæðislánastofnunum með fullum markaðsvöxtum verði heimilaður vaxtafrádráttur frá skattskýrslu sem þannig komi ekki til skattlagningar.

Það er aðeins eitt dæmi enn sem má nefna um húsbréfin, en það er í sambandi við hvernig í ósköpunum ætla menn að reikna vaxtabætur af húsbréfum þegar þau verða seld með afföllum t.d.? Hvernig á að meta afföllin sem verða á húsbréfunum og hvernig á að reikna það inn í vaxtabæturnar Það er nú enginn ráðherra hér mættur og ég átti svo sem ekki von á því. Ég sé ekki ástæðu til að kalla á hæstv. félmrh. Ég geri ráð fyrir því að hún muni sýna sig hér þegar farið verður að ræða hennar frv. í deildinni og þá má kannski spyrja þessara spurninga. En mig langar svona rétt til að nefna þær hér í framhjáhlaupi.

Að lokum langar mig rétt til að koma inn á það sem vikið er að í grg. með frv. en það eru hugmyndir um lán með afkomutryggingu. Við komum þar inn á mjög athyglisverðar og nýstárlegar hugmyndir um það með hvaða hætti er hægt að koma í veg fyrir að lántakendur komist í greiðsluþrot vegna skyndilegrar rýrnunar tekna, t.d. vegna makamissis þegar um er að ræða að tveir afla teknanna, vegna langvarandi atvinnuleysis, vegna veikinda og svo margs annars sem getur komið fyrir þannig að tekjur heimilisins lækki. Lán með afkomutryggingum hafa tíðkast sérstaklega í Bandaríkjunum, en þá er í samvinnu við tryggingafélög sett afkomutrygging á lánið þannig að ef tekjur heimilisins lækka vegna sérstakra aðstæðna eins og ég var að nefna, veikinda eða af einhverjum öðrum orsökum, þá greiðir tryggingafélagið mismuninn á greiðslubyrðinni og greiðslugetu viðkomandi. Það var ekki fyrr en núna bara nýlega, fyrir einum tveimur mánuðum síðan að einhver vakti máls á þessu í húsnæðismálastjórn ríkisins. Fulltrúar kratanna þar voru nú fljótir að tala um að þetta væri nú ein vitleysan sem Borgfl. hefði komið með og Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, hv. þm. Borgfl. í Nd., hefði flutt í Sþ. tillögu um slíkar afkomutryggingabætur sem þeir kölluðu launabætur. Það sýndi sig þannig að þeir höfðu ekki einu sinni gert sér far um að reyna að setja sig inn í hvað málið snýst um heldur rugluðu þeir saman launabótum og afkomutryggingunni. En það voru til allrar guðs lukku aðrir í húsnæðismálastjórninni sem höfðu þó haft rænu á því að reyna að setja sig örlítið inn í það hvað afkomutryggingin snýst um og ég get því glaðst yfir því að það er þó komið svo langt að húsnæðismálastjórn hefur ákveðið að láta athuga og rannsaka með hvaða hætti megi setja upp lán með afkomutryggingu og er það vel.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar um þetta frv. nú við 1. umr. Megintilgangur okkar flm. var að endurflytja þetta mál til þess að reyna að þoka því áleiðis því að við erum alveg með það á hreinu, og margir þeir aðilar sem við höfum rætt við í húsnæðiskerfinu og víðar eru sammála okkur um það, að hér sé mjög raunhæf lausn á húsnæðisvanda þjóðarinnar. En að sjálfsögðu meðan við sitjum hér í stjórnarandstöðu eru litlar líkur á því að þessi lausn nái fram að ganga nema að stjórnarflokkarnir reyna auðvitað að tína úr henni eitthvað sem þeir telja sig geta yfirfært á sínar eigin hugmyndir og koma síðan fram með þær sem hugmyndir sem þeir hafi sjálfir fundið upp.

Ég leyfi mér svo að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. félmn. og 2. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til félmn. með 12 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

64. fundur, þriðjudaginn 7. mars, kl. 2 miðdegis.

Framkvæmdasjóður á sviði menningarmála, 1. umr.

Frv. BÍG o.fl., 177. mál. — Þskj. 195.

Flm. (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um framkvæmdasjóð á sviði menningarmála sem er að finna á þskj. 195.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að á sviði menningarmála blasa nú við stór og fjárfrek verkefni sem a.m.k. sum hafa verið vanrækt of lengi. Reynslan sýnir að það er erfitt eftir venjulegum leiðum að fá fjármagn á fjárlögum og því nauðsynlegt að leita annarra leiða til að fjármagna þau miklu verkefni sem við blasa.

Vorið 1986 voru samþykkt á Alþingi lög um

þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu, en þau lög voru nr. 49/1986. Samkvæmt þeim lögum var ákveðið að á gjaldaárunum 1987, 1988 og 1989 skyldi leggja á sérstakan eignarskatt er rynni óskiptur til byggingarsjóðs þjóðarbókhlöðunnar. Með samþykkt þessara laga átti að vera tryggt að unnt yrði að ljúka þessu mannvirki á þessum þremur árum samkvæmt þeim áætlunum sem þá lágu fyrir.

Því miður hefur reynslan orðið sú að fjmrn. hefur reynt að seilast í þessa peninga til almennra útgjalda ríkissjóðs og mun ég aðeins nánar drepa á það á eftir. Engu að síður er ljóst að með samþykkt þessara laga komst á ný verulegur skriður á byggingu þjóðarbókhlöðunnar þótt framkvæmdum muni ekki ljúka á árinu 1989 eins og að var stefnt með samþykkt þeirra laga.

Lögin um þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu munu falla úr gildi í árslok 1989. Þau fjárlög sem við samþykktum á Alþingi um síðustu áramót voru síðustu fjárlög á gildistíma þeirra laga.

Frv. það sem hér er flutt gerir ráð fyrir að hinn sérstaki eignarskattur verði áfram innheimtur og að tekjur af þessum skatti renni í sérstakan sjóð sem hafi víðtækara hlutverk en byggingarsjóður þjóðarbókhlöðunnar. Er gert ráð fyrir að stofnaður verði sérstakur framkvæmdasjóður menningarmála sem fái tekjur af þessum skatti og að sjóðurinn fjármagni síðan ýmis brýn verkefni á sviði menningarmála. Þar koma að sjálfsögðu mörg verkefni til greina, en ég vil nefna nokkur sem nú blasa sérstaklega við.

Þar er fyrst til að taka að ljúka þarf byggingu þjóðarbókhlöðunnar sem allra fyrst. Þjóðarbókhlaðan var samþykkt í tilefni 1100 ára afmælis Íslandsbyggðar, var eins konar gjöf þjóðarinnar til sjálfrar sín og því ekki vansalaust að þessi framkvæmd skuli ekki hafa gengið betur. Ráðgert er að hún hafi forgang við fjárveitingu úr sjóðnum þar til byggingu hennar er lokið.

Við vitum að mjög hefur skort á að viðhaldi Þjóðleikhússins hafi verið nægilega vel sinnt. Er nú svo komið að húsið þarfnast gagngerðra endurbóta og hefur reyndar verið svo um hríð. Það hafa verið gerðar um það áætlanir hvað slíkt muni kosta og er ljóst að kostnaður er mjög mikill.

Þjóðminjasafnsbyggingin liggur undir skemmdum vegna skorts á viðhaldi. Sérstök nefnd hefur unnið að áætlun um viðgerðir á húsinu og uppbyggingu safnsins að öðru leyti til aldamóta. Núverandi bygging þarfnast gagngerðrar viðgerðar og áætlanir eru uppi um viðbyggingu til að bæta aðstöðu safnsins.

Nýtt hús var keypt fyrir Þjóðskjalasafnið fyrir fáum árum, þ.e. hús gömlu mjólkurstöðvarinnar við Laugaveg. Aðbúnaður Þjóðskjalasafnsins hefur verið afar bágborinn og voru þessi húsakaup hugsuð til þess að bæta úr því og til að auðvelda safninu að gegna því hlutverki sem því er ætlað samkvæmt nýlegum lögum. Ríkisendurskoðun hefur gert skýrslu um þessi húsakaup. Þar kemur fram að hér hefur verið um hagstæð kaup að ræða og að húsið geti hentað vel starfsemi Þjóðskjalasafns. Hins vegar skortir fjármagn til innréttinga og er nauðsynlegt að gera áætlun um það verk.

Bygging tónlistarhúss hefur verið á döfinni um allnokkurt skeið. Þörfin á sérstöku tónlistarhúsi hefur verið ljós alllengi. Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur búið við mjög ófullkomnar aðstæður í Háskólabíói og ýmiss konar annað tónleikahald hefur verið á hrakhólum. Stofnuð hafa verið samtök áhugamanna um byggingu tónlistarhúss og þau hafa unnið gott starf til undirbúnings byggingunni og lagt fram allverulegt fé til að standa undir kostnaði við hönnun hússins, en ljóst er að ríkisvaldið verður að koma myndarlega við sögu með fjárframlögum ef tónlistarhús á að verða að veruleika. Þess vegna er gert ráð fyrir því að veitt verði fjármagn úr framkvæmdasjóði menningarmála til þessa verkefnis.

Hér hafa verið tilgreind nokkur stór verkefni sem nú blasa við á þessu sviði. Vafalaust mætti nefna hér fleira, en ljóst er að mikil þörf er á sjóði sem þessum sem hafi fastan og öflugan tekjustofn. Talið er að hinn sérstaki eignarskattur muni á árinu 1989 gefa í tekjur 240 millj. kr. samkvæmt frv. til fjárlaga fyrir árið 1989. Af þessum sökum höfum við fjórir þingmenn Sjálfstfl., þ.e. auk mín þau Ragnhildur Helgadóttir, 3. þm. Reykv., Geir H. Haarde, 17. þm. Reykv., og Ólafur G. Einarsson, 2. þm. Reykn., flutt það frv. sem hér liggur nú fyrir um sérstakan framkvæmdasjóð á sviði menningarmála og skal ég nokkuð rekja efni einstakra greina þess.

Í 1. gr. er kveðið á um að stofna skuli framkvæmdasjóð menningarmála og til að forðast ásælni fjmrn. í tekjustofn þennan er skýrt fram tekið í lögunum að tekjur af hinum sérstaka eignarskatti skuli lagðar í sjóðinn jafnóðum og þær innheimtast. Enn fremur að sjóðurinn skuli varðveittur í Seðlabanka Íslands og að menntmrh. fari með yfirstjórn hans. Á það skorti verulega í lögunum um þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu að ákvæði um þetta væru nægilega skýr í lögunum. Hins vegar voru allnokkuð skýr ákvæði í reglugerð eins og ég mun nánar víkja að á eftir en fjmrn. gekk á lagið til þess að seilast í sjóðinn þar sem ekki voru nægilega skýr lagaákvæði um þetta efni.

Í 2. gr. eru tilgreind helstu verkefni sem nú blasa við þessum sjóði og ég hef gert grein fyrir þeim á undan og jafnframt að Alþingi skuli við afgreiðslu fjárlaga ákveða hvernig fé úr sjóðnum skuli ráðstafað til einstakra verkefna.

Í 3. gr. er fjallað um tekjuöflun til sjóðsins og þar með að frá árinu 1990 skuli leggja á sérstakan eignarskatt er renna skuli óskiptur til framkvæmda á sviði menningarmála samkvæmt því sem nánar greinir frá í lögunum.

Í 4. gr. er síðan nánari tæknileg útfærsla á þessari skattálagningu. Hún er efnislega samhljóða 2. gr. núgildandi laga nr. 49/1986, um þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu. Eina undantekningin er þó sú að í ákvæðið um að ellilífeyrisþegar skuli ekki greiða þennan skatt er bætt örorkulífeyrisþegum. Frv. um það efni liggur nú fyrir Alþingi á þskj. 85 varðandi

breytingu á lögunum nr. 49/1986 og eru flm. hv. 2. þm. Norðurl. e. Halldór Blöndal og fleiri. Þá er viðmiðunartölu varðandi eignarskattsstofninn breytt í samræmi við breytingar á skattvísitölu.

Greinar 5–7 eru síðan nánari tæknileg útfærsla á þessari skattálagningu og þarf ekki að fara fleiri orðum um það. Að lokum er gert ráð fyrir því að menntmrh. setji nánari reglugerð samkvæmt lögum þessum og þar á meðal nánari skilgreiningu á þeim verkefnum sem skuli njóta framlaga úr þessum sjóði.

Í 9. gr. er gert ráð fyrir að lögin taki gildi 1. jan. 1990, en þá renna úr gildi þau lög sem nú eru í gildi, þ.e. lögin um þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu.

Það fór ekkert á milli mála að í síðustu ríkisstjórn voru vil ég segja stöðugar deilur milli menntmrn. og fjmrn. um túlkun á lögunum um þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu og voru ráðuneytin ekki sammála um hvernig túlka bæri þau lög. Ég hafði sem menntmrh. mjög ákveðna skoðun í þeim efnum sem mér finnst rétt að greina hv. þm. nánar frá. Mér finnst nauðsynlegt að Alþingi geri sér grein fyrir hvað fólst í þessari deilu, ekki síst þegar frv. af þessu tagi er nú hér til umræðu. Ég hygg að það verði best skýrt með því að ég lesi upp bréf sem ég ritaði fjmrn. þann 9. maí 1988 þar sem gert var nokkuð yfirlit um stöðu mála þá og hvern skilning menntmrn. hefði á þessu máli. Bréfið er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Að undanförnu hafa farið fram nokkur bréfaskipti milli menntmrn. og fjmrn. eða Fjárlaga- og hagsýslustofnunar um byggingu þjóðarbókhlöðu og fjárveitingar til hennar. Síðast barst bréf frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun dags. 29. apríl sl. Í því bréfi kemur fram skilningur á málefnum þjóðarbókhlöðu sem menntmrn. getur á engan hátt sætt sig við og hlýtur að mótmæla. Af því tilefni er nauðsynlegt að rifja eftirfarandi upp.

1. Í lögum nr. 49/1986, um þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu, segir í 1. gr. að á fjárlögum 1987, 1988 og 1989 skuli lagður á sérstakur eignarskattur er renna skuli óskiptur til byggingarsjóðs þjóðarbókhlöðu. Í greinargerð með frv. segir:

„Frumvarp það sem hér liggur fyrir gerir ráð fyrir því að byggingu þjóðarbókhlöðu muni ljúka á þremur árum með tekjum af sérstökum eignarskatti sem rennur óskiptur til byggingarsjóðs þjóðarbókhlöðu.“

Lög þessi voru samþykkt á Alþingi 22. apríl 1986.

2. Þann 6. ágúst 1986 var gert samkomulag milli fjmrn., menntmrn. og Seðlabanka Íslands sem ber yfirskriftina: Byggingarsjóður þjóðarbókhlöðu samkvæmt lögum nr. 49 6. maí 1986. Í þeim samningi er fjallað um hvernig fara skuli með fé það sem innheimtist samkvæmt hinum sérstaka tekjustofni. Í 4. tölul. þess samkomulags segir: „Fjmrn. sér um að allar skatttekjur samkvæmt greindum lögum gangi jafnóðum inn á reikninginn.“

3. Þann 23. september 1986 gaf menntmrh. út reglur um byggingarsjóð þjóðarbókhlöðu. Birtust þær í Stjórnartíðindum B nr. 409/1986. Í 4. gr. þeirra reglna segir: „Tekjur sjóðsins verða jafnharðan og þær innheimtast færðar honum til tekna.“ Reglur þessar voru settar í samræmi við lög nr. 49/1986, um þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu.

4. Það hefur ávallt verið skoðun menntmrn. að hinn innheimti eignarskattsauki eigi jafnóðum að færast á reikning byggingarsjóðs þjóðarbókhlöðu og styðst sú skoðun ótvírætt við framangreind gögn. Tilgreind tala í fjárlögum skiptir að þessu leyti ekki máli, enda ganga almenn lög fyrir fjárlögum. Hin tilgreinda tala í fjárlögum hefur verið skilin þannig að þar væri fjallað um hvað verja ætti miklu til byggingarinnar af innheimtum skatti fjárlaga ársins, en mismunurinn legðist í byggingarsjóðinn. Þannig áttu að vera til reiðu til framkvæmda á árinu 1988 50 millj. kr. auk þess sem innheimtist á árinu 1987 og ekki var notað til framkvæmda. Það fé átti að leggjast í byggingarsjóð þjóðarbókhlöðu og ávaxtast þar. Í ljósi þess ber auðvitað að skoða sameiginlegt minnisblað fjmrh. og menntmrh. frá 21. des. 1987, enda var það samkomulag gert til að tryggja eðlilegan byggingarhraða á árinu 1988 í samræmi við áætlanir byggingarnefndar þjóðarbókhlöðu.

Með vísan til þess sem að framan greinir er það eindregin krafa þessa ráðuneytis að staðið verði að fullu við ákvæði laga nr. 49/1986, um þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu, ákvæði samkomulags ráðuneytanna og Seðlabanka Íslands frá 6. ágúst 1987 og reglna um byggingarsjóð þjóðarbókhlöðu nr. 409/1986. Menntmrn. ber stjórnskipulega ábyrgð á því að ofangreindum ákvæðum sé hlítt og getur ekki sætt sig við annað en eftir þeim sé farið að fullu.“

Þetta er það bréf sem fjmrn. var ritað þann 9. maí 1988 og ég taldi rétt að gera þingmönnum grein fyrir því. Mér finnst það í raun og veru nokkuð alvarlegt mál að lög sem samþykkt eru á Alþingi skuli sniðgengin á þennan hátt. Nú er það að vísu svo að Alþingi samþykkir lög sem fela í sér ýmiss konar fjárútgjöld, meira að segja ákveðin útgjöld jafnvel í krónutölu eða sem hlutfall af einhverju öðru, en Alþingi sjálft breytir þeim lögum iðulega og það gerist þá venjulega við afgreiðslu lánsfjárlaga. Það hefur ekki verið gert í þessu tilviki heldur standa þessi lög alveg óbreytt ásamt þeim reglugerðum og þeim samningum sem þeim hafa fylgt þannig að mín skoðun er tvímælalaust sú að fjmrn. hafi brotið þau lög sem hér um ræðir með framkvæmd sinni á þeim. Raunar er nauðsynlegt að Alþingi átti sig á því og mér finnst að þingmenn eigi að ræða það betur og oftar í sínum hópi hvað framkvæmdarvaldið gengur oft á svig við þær ákvarðanir sem Alþingi hefur tekið.

Ég vek sérstaka athygli á því að það er ein af grundvallarreglum í lögfræði að fjárlög víki ekki almennum lögum til hliðar. Almenn lög gilda fram yfir fjárlög.

Þessu þótti mér rétt að gera grein fyrir. Í þessu frv. er reynt að setja undir þennan leka að svo miklu leyti sem hægt er, en auðvitað er það Alþingis sjálfs að fylgjast með hvernig lög af þessu tagi eru framkvæmd. Ég taldi sérstaka ástæðu til að gera nokkra

grein fyrir þessu atriði málsins í tengslum við þetta frv.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til menntmn. — það er reyndar spurningin hvort þetta eigi frekar að leggjast til fjh.- og viðskn. deildarinnar — og til 2. umr. Við skulum huga örlítið að nefndartillögunni.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Ég vil aðeins koma hér í sambandi við ræðu hv. flm. með þessu frv. Mig langar til að gera smáathugasemd eða benda á eitt atriði. Hins vegar vil ég taka fram að mér finnst þessi hugmynd um framkvæmdasjóð á sviði menningarmála vera athyglisvert mál og ef hægt væri að ná því formi upp væri e.t.v. hægt að segja að málið væri komið í nýjan og betri farveg en hefur þekkst til þessa í sambandi við hinar ýmsu opinberu byggingar og ekki síst á sviði menningarmála sem við höfum vissulega sorgarsögu að segja af í mörgum tilfellum.

En það sem mig langaði til að vekja athygli á var að hv. flm. talaði sérstaklega um þjóðarbókhlöðuna og þann tekjustofn sem henni var ætlaður í lögum, þ.e. í sambandi við eignarskattsauka. Ég rifja það upp að við 1. umr. fjárlaga á sl. hausti vakti ég athygli á skorti á upplýsingum um ýmis stór verkefni og lagði fram þá athugasemd að ég teldi að það væri nauðsynlegt að vita hvernig staðan væri í þessum stóru verkefnum sem var nokkurs konar þjóðarsátt um að framkvæma, en upplýsingar skorti um raunverulega stöðu málsins. Ég vakti sérstaklega athygli á tveimur slíkum opinberum framkvæmdum, þ.e. þjóðarbókhlöðunni og eins byggingunni við Ármúla sem var keypt á sínum tíma ekki síst til að mæta eyðivágestinum. Það var keypt hús fyrir ákveðið fjármagn, en það hefur ekki legið á lausu hver kostnaðurinn er orðinn við þessa byggingu umfram það sem var sagt í upphafi þegar hún var keypt.

En svo er einnig með þjóðarbókhlöðuna. Það kom í ljós á sl. hausti að það hafði aldrei verið endurskoðuð frumáætlunin um byggingu þjóðarbókhlöðunnar miðað við hvað hún kæmi til með að kosta fullbúin. Í samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir á sl. ári var lögð áhersla á að fá þetta upplýst og var viðurkennt af hönnuðum hússins að það hefði aldrei verið lagt í það að umhanna eða leggja fram ákveðnar kostnaðarupplýsingar um þörfina á byggingarfé miðað við þær breytingar og þann langa byggingartíma og þær breyttu kröfur sem fram voru komnar. Það var farið í þetta verk. Því miður var það ekki tilbúið þegar fjárlög voru afgreidd, en það liggur ljóst fyrir að þrátt fyrir þann tekjuauka sem Alþingi ætlaði þessari framkvæmd miðað við að honum væri skilað að fullu til verksins mun vanta um 400–500 millj. upp á til að ljúka þessu verki miðað við þær endurskoðuðu áætlanir sem nú liggja fyrir. Þar af leiðandi er alveg ljóst að þegar lögin um tekjustofnsaukann falla úr gildi vantar fjármagn til að ljúka þessu mikla mannvirki sem er einhvers staðar um 400–500 millj. miðað við þær upplýsingar sem hönnuðir hússins hafa nú lagt fram og liggja fyrir í sérstakri úttekt á þessu verki og þingmenn hafa væntanlega flestir fengið í hendur.

Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu. Ekki það að ég sé á móti því að við gerum allt sem hægt er til að ljúka þessu mannvirki sem beðið hefur verið eftir lengi og hefur það hlutverk sem þarf ekki að tíunda og allir viðurkenna að verður að komast í gagnið. Ég vek athygli á því í umræðunni um nýjar fjáröflunarleiðir til að koma upp mannvirkjum á sviði menningarmála ekki síst að það verður að snúa þessu dæmi við þannig að menn geri sér grein fyrir því og það sé lögð sú skylda á herðar þeirra sem standa fyrir hönnun og framkvæmd á þessu sviði að raunhæfar áætlanir um verkið liggi fyrir svo að hægt sé að takast á við fjáröflunina á eðlilegum grundvelli.

Ég verð að viðurkenna að ég varð dálítið undrandi þegar ég varð var við það í fyrra hvað allt var óljóst í sambandi við þjóðarbókhlöðuna og hvað það vantaði mikið upp á raunhæfar upplýsingar um stöðu málsins. En sem betur fer var í framhaldi af því og vegna kröfu okkar fulltrúa í samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir var ráðist í það á fundum með arkitektum og öðrum slíkum að afla raunhæfra upplýsinga um hvað þyrfti til. Þess vegna er alveg ljóst að það þarf að finna nýja möguleika til að fjármagna verkið við þjóðarbókhlöðuna eitt sér til þess að því verki verði lokið sem öll þjóðin er sammála um. Ég tel að við þurfum einmitt að skoða það mál sérstaklega.

Mér fannst nauðsynlegt að gera þessa athugasemd vegna þess sem fram kom í máli frummælanda. Nú er ég ekki að vefengja það, sem hann sagði, að auðvitað hafa stjórnvöld ekki farið rétt með þessi mál að því er varðar tekjustofninn sem ætlaður var. En hitt atriðið var enn þá stærra, sem ekki var gengið frá, að upplýsa hvað þyrfti mikið fjármagn til þessa verks. Um leið og ég segi að mér finnst þessi tillaga vera athyglisverð og get hugsað mér að þetta sé rétt aðferð til að tryggja þessi mál er hitt í mínum huga jafnvel enn þá mikilvægara, að það sé gerð sú krafa í upphafi að upplýsingar liggi fyrir um raunverulegan kostnað við slík mannvirki og jafnóðum ef um breytingar eða annað verður að ræða, það liggi þá alltaf ljóst fyrir þannig að menn séu ekki að villast í þoku um hvað hlutirnir kosta.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Ekki efa ég að það liggur góður hugur að baki þessu frv., en þó hlýtur maður að varpa fram þeirri spurningu hvers vegna þurfi að stofna sérstakan sjóð til að standa að annaðhvort endurbótum, viðhaldi eða nýbyggingu menningarstofnana á Íslandi. Hver verður endir á því máli? Verður ábyrgðin endanlega tekin frá ríkisvaldinu og ríkissjóði að standa straum af slíkum byggingum og ef svo er, verða þá ekki menningarbyggingar og stofnanir einhvers konar olnbogabörn sem þarf að afla sérstaks fjár til ef þær eiga að rísa í stað þess að vera eðlilegur hluti af þeim framkvæmdum sem ráðist er í. Eða

sjáum við kannski fyrir okkur að öllum framkvæmdum verði síðan hagað á þennan hátt, ekki bara í menningarmálum heldur yfirleitt, að sífellt þurfi að stofna nýja sjóði til að standa straum af því sem þjóðfélagið hefur ákveðið að skuli vera til og skuli blómstra í landinu og jafnvel er talið nauðsynlegt?

Það er líka erfitt að finna því nokkurn eðlilegan ramma hvað teljist vera menningarstofnanir. Verða t.d. ekki byggð nein byggðasöfn, verða ekki byggðir tónlistarskólar o.s.frv.? Hvar eru mörkin sem draga á? Og ef það á einungis að koma í hlut þeirra sem eiga einhvern ákveðinn hluta eigna að standa straum af menningarbyggingum, erum við þá ekki um leið að vissu leyti að fría almenning því að þetta sé eitthvað sem eðlilegt sé að fé skattborgara renni í?

Það er þegar talsverð reynsla af svona sjóðum og jafnvel sjóði sem átti að standa straum af byggingu þjóðarbókhlöðu og allir vita hvernig staðið hefur verið við að veita fé til þessa sjóðs. Það má taka mörg fleiri dæmi eins og t.d. Framkvæmdasjóð fatlaðra og Erfðafjársjóð, aðflutningsgjöld sem Ríkisútvarpið á að njóta og er svipt á hverju ári, annaðhvort að fullu eða hluta til, í fjárlögum eða lánsfjárlögum. Trygging umræddra sjóðs á að vísu að vera eitthvað traustari. Það er lagt til að þær tekjur sem sjóðnum eru markaðar renni beint í sjóðinn og hann sé í varðveislu Seðlabanka Íslands. En ég hlýt að spyrja: Er meiri trygging fyrir því að sú framkvæmd haldi en sú sem ákveðin var með lögum 1986 um hvernig standa skyldi straum af kostnaði við þjóðarbókhlöðu? Ef ekki, hverjar eru þá aðferðir og leiðir Alþingis til að knýja framkvæmdarvaldið til að standa við slíka samninga eða ákvarðanir? Og ef Alþingi, sem ekki hefur fundið leiðir til þess hingað til, finnur þær ekki og framkvæmdarvaldið heldur áfram að nota umrætt fé í annað verður þá ekki niðurstaðan sú að búið er að fría ríkisvald ábyrgð og eftir situr tómur sjóður og allir geta þvegið hendur sínar af því hvernig málum er komið?

Það kann vel að vera að eins og nú er komið málum þurfi sérstakt átak til að reyna að koma meiri hraða á framkvæmdir í menningarstofnunum. Allir vita hvernig ástand Þjóðleikhússins er, hvernig ástand Þjóðminjasafnsins er og hvað þjóðarbókhlaða er skammt á veg komin miðað við það sem hún átti að vera, þessi gjöf til þjóðarinnar. En ef, vegna fyrirhyggjuleysis stjórnvalda um langa hríð, það reynist nauðsynlegt að gera sérstakt átak og finna til þess sérstakan tekjustofn vil ég samt vara við því að það sé tilgreint í lögum hvaða byggingar eigi að njóta framlags úr slíkum sjóði. Það er enginn sem getur sagt fyrir um hver forgangsröð verður eftir nokkur ár. Það geta verið breyttar áherslur, það geta komið upp mál sem enginn hefur séð fyrir og að vera búinn að nefna nokkur hús í lagagrein finnst mér mjög varhugavert og sérstaklega eitt hús sem Alþingi hefur alls ekki tekið ákvörðun um að byggja, þ.e. tónlistarhús. Nú er ég ekki að segja að það eigi ekki að taka þá ákvörðun á þingi, en sú ákvörðun hefur ekki verið tekin. En húsið hefur þegar verið teiknað og því valinn staður og í rauninni markaður rammi fyrir starfsemi án þess að það kæmi nokkurn tíma til kasta þingsins að fjalla um tilhögun tónlistarmála í því húsi.

Ef til þess kemur að stofna svona sjóð finnst mér frekar að það ætti jafnóðum að ákveða verkefni þegar einu er lokið, hvaða annað verkefni taki þá við, frekar en festa í lögum langa upptalningu á húsum. Það er alveg fyrir séð, a.m.k. ef ekki verður staðið betur að málum en hingað til, að þessar framkvæmdir taki, ég held mér sé óhætt að segja, áratugi og því ómögulegt að segja fyrir um hvað við þurfum þegar svo langur tími er liðinn.

Ég vil að vísu ekki, þó ég sé ekki við fyrstu sýn hrifin af að standa svona að framkvæmdum á sviði menningarmála, útiloka þennan möguleika. Vil gjarnan fá að skoða hann betur og fá sjónarmið ýmissa og heyra t.d. hvort ríkisstjórnin ætlar að taka á menningarmálum með myndarlegu móti. Það má líka hugsa sér, og ekkert sem kemur í veg fyrir það að hægt sé að eyrnamerkja fé á fjárlögum með sama hætti og hér er lagt til að sé gert með sérstökum sjóði. Í fljótu bragði sýnist mér að það sé affarasælla að standa þannig að málum en taka út úr þeirri púlíu og setja í sérsjóð sem lagt er til að fjármagnaður sé með þessu móti.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Hæstv. forseti. Ég stend upp til að lýsa stuðningi við þá hugmynd að stofnaður verði sérstakur framkvæmdasjóður á sviði menningarmála. Þessi hugmynd hefur oft komið fram áður og reyndar verið rædd í ýmsum myndum og það má segja að hinn sérstaki eignarskattur sem lagður var á til að ljúka byggingu þjóðarbókhlöðunnar sé á vissan hátt vísir að slíkum sjóði.

Þessi hugmynd kemur ekki fram að tilefnislausu, öllu heldur vegna þeirrar erfiðu og bitru reynslu sem menn hafa búið við á undanförnum árum við að viðhalda menningarbyggingum og að koma nýbyggingum upp. Sjálfur þekki ég þetta mál nokkuð vel af því að hafa setið nærfellt 15 ár í byggingarnefnd Listasafns Íslands og glímt við að koma þeirri byggingu áfram og geri mér reyndar ljóst að þeirri byggingu eða þeim áfanga þeirrar byggingar sem þegar hefur verið lokið nú væri engan veginn lokið og yrði ekki lokið einu sinni á næstu árum ef ekki hefðu komið til stórfelldar gjafir einstaklinga. Það er þess vegna alveg ljóst að sú bygging, sem staðið hefur yfir líklega í ein 17 ár frá því að undirbúningur hófst, ætti enn eftir að mínu viti 5–10 ára byggingartíma ef ekki hefðu komið til þær gríðarlegu gjafir sem raun ber vitni. En jafnframt því sjá menn líka hvernig þessar menningarbyggingar okkar hafa grotnað niður. Hér hafa ræðumenn hver á fætur öðrum minnst á Þjóðminjasafn og Þjóðleikhús og fleira mætti reyndar til telja.

Ég held að þörfin sé alveg ótvíræð. Ég held því miður að reynslan sýni okkur að við munum ekki í þeirri glímu sem háð er við gerð fjárlaga hverju sinni koma þessu máli eða þessum málaflokki í viðunandi

horf. Ég segi það sem mína skoðun byggða á minni reynslu og sem mína sannfæringu. Ég held að þar þurfi eitthvað annað og meira að koma til. Hvort það skal nákvæmlega vera sú tekjuöflun sem hér er um að ræða skal ég ekki segja.

Eins og fram hefur komið í ræðum þeirra sem talað hafa hefur gengið illa að ná þessum sérstaka eignarskatti til þjóðarbókhlöðunnar. Ég skal ekki leggja dóm á, þó að hér sé þess freistað í þessu frumvarpi að tryggja það öllu frekar, hvort það tekst. Það er auðvitað forsenda þess ef menn ætla að setja lög sem þessi að það takist að tryggja að fjármagnið renni þá til sjóðsins og til þeirra framkvæmda sem um er að ræða. Hitt er annað mál að þegar menn á sínum tíma féllust á hinn sérstaka eignarskatt til að koma þessari þjóðargjöf áfram, sem þjóðarbókhlaðan átti að vera, var hann auðvitað hugsaður tímabundið. Með þessu erum við að festa þennan sérstaka eingnarskatt í sessi um ókomin ár. Á slíkum tímamótum hlýtur að vakna sú spurning hvort það sé það rétta tekjuform eða hvort einhver óbeinn skattur kæmi til greina, sambland af skattaleiðum. Á það skal ég ekki leggja dóm á þessu stigi mála. Hins vegar hygg ég að málið sé svo brýnt að menn megi ekki koðna niður í vöflum og lögum má breyta síðar ef menn finna betri tekjuöflunarleið.

Ég vil taka undir með síðasta ræðumanni, hv. þm. Þórhildi Þorleifsdóttur, að menningarstofnun er hugtak sem ekki hefur verið skilgreint nægilega vel. Það vaknar sú spurning hvað átt er við. Með reglugerð mætti skýra e.t.v. betur hvað um er að ræða. En ég hegg sérstaklega eftir þeirri forgangsröð sem talin er upp í 2. gr. frv. Það hlýtur að vera eðlilegt ef lög eru sett á þennan hátt með þessari tekjuöflun að þjóðarbókhlaðan gangi þar fyrir. Hún nýtur þessa tekjustofns eins og er og ég er sammála flm. í því að ef þetta er stofnað ætti hún að njóta hans áfram þannig að sú framkvæmd hafi forgang.

Ég verð hins vegar að segja að mér finnst síðari upptalningin orka meira tvímælis. Sjálfsagt er mjög brýnt að endurbygging Þjóðleikhússins fari fram og endurbygging Þjóðminjasafnsins. Þar liggja hús undir skemmdum og í Þjóðminjasafninu jafnvel merkir safngripir. En ég hygg að flestir mundu túlka þessi lög þannig að þarna væri allt að því um forgangsröð að ræða og a.m.k. skyldu þessar framkvæmdir ganga fyrir áður en að öðrum kemur. Í því sambandi koma margar aðrar framkvæmdir í hugann, t.a.m. Náttúrufræðasafn sem lengi hefur verið rætt hér, oft verið fluttar um tillögur í þinginu og er ákaflega ofarlega í huga margra Íslendinga. Ég hygg að margir hefðu tilhneigingu til að skilja þessi lög þannig að slíkt safn ætti að koma á eftir þeim framkvæmdum sem hér eru taldar upp og þyrfti að taka af öll tvímæli í því efni um að um forgangsröð sé ekki að ræða.

Ég vil líka benda á að þó að mörgum finnist að vel hafi tekist til með Listasafn Íslands er því á engan hátt lokið. Það býr að mörgu leyti enn við afar erfiða stöðu. Safnið á lóð á Laufásveginum og skrifstofur safnsins verða að rísa þar. Fyrr er safnið ekki komið í sæmilega stöðu.

Annað er það að ef slíkur menningarsjóður eða framkvæmdasjóður menningarmála er stofnaður þurfa menn líka að gera sér grein fyrir því að þær litlu fjárveitingar sem þó hafa verið til þessara bygginga mega ekki falla niður. Þessi sjóðsstofnun mætti ekki verða til þess að slíkt félli niður á fjárlögum og menn segðu: Nú höfum við þennan sjóð. Hann skal sjá um þessar byggingar. Þá hygg ég að biðin verði glettilega löng hjá þeim sem um aðrar byggingar fjalla. Framan af fengi þessi sjóður, að því er mér virðist, fullar hendur við að ljúka þjóðarbókhlöðunni og þá mætti ekki draga úr fjárveitingum til annarra bygginga.

Að öllu þessu samanlögðu, sem ég hygg að verði skoðað sérstaklega í þeirri nefnd sem þetta frv. fær til umfjöllunar, lýsi ég enn á ný yfir að ég styð þessa hugmynd, ég tel hana tímabæra og ég tel hana nauðsynlega. En vel má vera að einstök atriði í frumvarpinu þyrftu endurskoðunar við, ekki bara röðin og forgangsröðin sem þarna er nefnd og skilgreiningar eða skilgreiningaratriði, heldur einnig tekjuöflunin sem líklega orkar tvímælis að festa um aldur og ævi í þessu formi.

Albert Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég er að mörgu leyti sammála hv. síðasta ræðumanni og þá að sjálfsögðu öllum þeim flm. sem flytja þetta frumvarp. Það er gott frumvarp og hefði mátt sjá dagsins ljós fyrr. En á sama tíma er ég afskaplega óánægður með hvernig fjármál menningarstofnana á að leysa. Með þessu frumvarpi tel ég að Sjálfstfl. fari út fyrir þá stefnu sem hann hefur gagnvart einstaklingnum og get satt að segja ekki sætt mig við frumvarpið eins og það er.

Nú er hér talað um að mynda stóran framkvæmdasjóð sem ætlað er mikið og merkilegt hlutverk. Það er til að byrja með að klára þjóðarbókhlöðuna eins og það er talið upp í greinargerð, síðan er talað um Þjóðleikhúsið, alla þá miklu fjárfestingu sem þarf til að gera það úr garði eins og þjóðinni sæmir, og svo kemur Þjóðminjasafn, Þjóðskjalasafn og tónlistarhús. Nú er það svo að hér er gert ráð fyrir að það verði lagður á sérstakur eignarskattur til að mynda þennan framkvæmdasjóð menningarstofnana. Við skulum athuga hvað er að ske þar. Er það rétt að láta aðeins þann hluta þjóðarinnar sem borgar eignarskatt sjá fyrir byggingu og kostnaði menningarmála á Íslandi? Það er ekki þjóðarátak. Það er verið að íþyngja þeim sem hafa með sparsemi og gætni í peningamálum orðið eigendur að einhverju. Af hverju að leggja á sérstakan skatt á sama tíma sem þessir sömu aðilar hafa þurft að þola a.m.k. 25% ef ekki 30% hækkun á eignarskattsstofninum? Ofan á hækkandi eignarskattsstofn hefur eignarskatturinn hækkað úr 0,95% í það sem hann var áður 1,1% og síðan tvöfaldaður og ofan á það bætist síðan sérstakur eignarskattur vegna þjóðarbókhlöðunnar. Hvað á þessi eignaupptaka að þýða? Hvers vegna er Sjálfstfl. kominn út í að íþyngja þeim sem hafa treyst honum hingað til hvað best? Þess vegna er það sem ég er með hugmyndinni um sjóðsmyndunina í þessum tilgangi, en algerlega á móti og

vara við aðferðinni sem notuð er og er ekkert ný. Hún er alltaf sama kjölfarið. Ef einhver hefur einhverja hugmynd á að sækja það í skatta. Svokölluð þjóðargjöf — ég var hér á þingi 1974 — var aldrei ætluð að kæmi bara frá þeim hluta þjóðarinnar sem á eignir. Það er ekki lengur þjóðargjöf. Það er búið að koma því af ríkinu. Alþingi var gjafmilt. Það vildi gefa þjóðinni sinni, sjálfu sér bæði í nútíð og framtíð, en leggur sérstakan skatt á þá þjóðfélagsþegna sem borga eignarskatt. Þetta gengur ekki upp og ég vara við þessu.

Við skulum byggja á hverjum tíma það sem er okkur til framdráttar sem menningarþjóð og gera það með þeim hraða sem við ráðum við, vera alltaf að gera eitthvað eins og maurarnir þannig að við séum alltaf að skila pínulitlu til framtíðarinnar. En við getum ekki gert allt í einu og við getum ekki lagt allt sem er í þessu frumvarpi á herðar þeirra sem hafa af sparsemi og gætni eignast eitthvað. Þetta er það sem ég sé að þessu frumvarpi. Ég vara við þessu. Þessu þarf að breyta þegar það fer í nefnd. Það gengur ekki að hlaða þannig á eignaaðila að þeir kikni eða að það verði eignaupptaka eins og er nú þegar með þeim sköttum sem núverandi ríkisstjórn hefur beitt sér fyrir og hafa verið samþykktir á Alþingi nýlega.

Þeir sem búa í einbýlishúsum eins og ég eru að kikna undan þessum sköttum frekar en nokkrum öðrum. Þingfararkaup, sem er hærra en almennt gerist í landinu, nægir ekki til. Það nægir ekki til. Ég veit um fleiri þingmenn sem ekki geta staðið undir þessum gjöldum. Á svo að bæta við sköttum? Það er ekki svo lítið sem á að bæta við eignaraðila í þjóðfélaginu. Það er þjóðarbókhlaða, Þjóðleikhús, Þjóðminjasafn, Þjóðskjalasafn, tónlistarhús og ýmislegt annað, eflaust miklu meira og fleira en þetta. Þegar sjóðurinn er myndaður þá fyrst byrjar rifrildið um hvernig á að nýta hann. Ég vara við þessu.

Fyrir mér er ekkert spursmál um hvað er menningarstofnun á Íslandi eða annars staðar. Það eru heimilin í landinu. Þau hafa verið það í gegnum aldirnar, allt frá gömlu og elstu baðstofum fram til þessa dags. Allt sem við erum að gera núna, setja undir hugtakið „menningarstofnun", er til viðbótar starfsemi heimilanna. Það er hrein viðbót sem ekki var til fyrir nokkrum áratugum á mörgum sviðum. Við erum að vísu með þjóðleikhús sem þarf að gera við, en við erum að fá annað eins leikhús núna í borgarleikhúsinu. Ég held að við ættum að fara svolítið hægar, en vera alltaf að þannig að við eignumst endanlega það sem við erum að öfunda aðrar þjóðir af að hafa gert fyrr á öldum. Við erum nefnilega ungt þjóðfélag. Ef við hugsum svolítið til baka þau 40 ár rúm sem við höfum verið sjálfstæð þjóð að öllu leyti, skulum við segja, hefur allt byggst upp frá þeim tíma og á þeim áratugum. Það var hér ekkert fyrir. Það var bókstaflega ekkert fyrir. Danir skildu ekki eftir menningarverðmæti að neinu verulegu leyti þegar þeir fóru — í byggingum á ég við. Við erum að byggja upp þjóðfélag. Við getum ekki gert allt í einu. Það eru ekki peningar í landinu og þess vegna er það sem við höfum þurft að fá peninga annars staðar frá.

En ég ætla að ljúka máli mínu með því að segja: Ég er samþykkur þessari hugmynd, hún á rétt á sér og þó fyrr hefði verið, en ég er algerlega að lífsskoðun á móti fjármögnunaraðferðinni. Ef við eigum að byggja yfir menningarverðmæti fyrir þjóðfélagið í heild þýðir ekki að leggja kostnaðinn á þá eina sem eru eignarskattsgreiðendur.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér liggur fyrir frv. um framkvæmdasjóð á sviði menningarmála sem er ágæt tillaga eins langt og hún nær.

Það er ágætt að hafa framkvæmdasjóð fyrir menningarmál. En það er svo komið að eignarskattsstofn er að verða með þeim hætti að það líkist einna helst þeim löndum, Tékkóslóvakíu, Búlgaríu og öðrum löndum, þar sem eignir manna voru gerðar upptækar með þessum hætti. Nú þegar er eignarskattsstofninn orðinn 3,45%. Með þessu til viðbótar yrði hann 3,7% og miðað við fasteignagjöld og önnur gjöld sem leggjast á er skatturinn um 4,5% sem leggst á fasteignir í hæstu þrepum. Þetta er svo há skattprósenta að það verður að teljast undur að þingmenn Sjálfstfl. skuli leggja fram tillögu um að auka þetta. Það verður að teljast undur.

Það er nóg komið af þessum sérstöku sköttum á húseigendur og á þá sem hafa sparað til að reyna að eignast smáeignir og það er óþarft að leggja enn frekari skatta á þá. Það að höggva í sama knérunn enn einu sinni sýnir að hér á Alþingi er alls ekki skilningur á því hvað hér er um að vera. Ríkisstjórnin hefur þegar hækkað eignarskatta gífurlega mikið og núna vilja sjálfstæðismenn ráðast á fólk sem á eignir og leggja á það enn þá meiri skatta en nokkru sinni áður, eignarskatta. Þetta, verð ég að segja sem fyrrverandi sjálfstæðismaður, gengur algerlega í berhögg við alla stefnu þess flokks, a.m.k. á meðan ég var þar. En það er sennilega orðin stefnubreyting þar síðan þannig að nú á að leggja nógu mikið á þá sem hafa sparað og eiga einhverjar eignir. Þetta er eitt það versta sem ég hef séð frá þeim flokki lengi. Ég minni á að ég er með frumvarp, sem verður tekið til umræðu hér fljótlega, um tekju- og eignarskatt, að fella niður eignarskatt á íbúðarhúsnæði sem er það eina rétta í þessari stöðu. Það er sú stefna sem ætti að vera því hvergi í heiminum, hvergi, menn geta leitað m.a.s. til skattalandanna eins og Noregs, Svíþjóðar, Danmerkur, eru lagðir á svona háir eignarskattar.

Sérstaklega ber að hafa í huga að menn hafa þegar greitt þrisvar sinnum skatta af þeim eignum sem þeir eiga, húseignum. Það er í fyrsta lagi þegar þeir greiða af sínum tekjum, í öðru lagi þegar þeir greiða skatta af því efni sem þeir kaupa til húsbygginga og í þriðja lagi borga þeir skatta sem vinna við húsbyggingar þannig að hér er raunverulega orðin margsköttun á þessum skattstofni.

Það er sorglegt að vita til þess að Sjálfstfl. skuli hafa tekið upp þetta frv. til að leggja sérstakan eignarskatt á húseigendur í viðbót við það sem fyrir er og er alger stefnubreyting hjá þeim flokki þannig að hann verður að teljast núna til vinstri flokks í skattlagningu. Hann er ekki lengur hægri flokkur. Ég verð að segja eins og er að þessi vinstri stefna sjálfstæðismanna kemur mér alveg á óvart og gengur svo langt að hún gengur lengra en ríkisstjórnin gerir í sínum skattafrumvörpum og er þá mikið sagt.

Flm. (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem hefur átt sér stað í dag um þetta frv. Það hafa komið fram ýmsar athugasemdir sem rétt er að víkja nokkuð að, en ég ætla fyrst að gera að umtalsefni það sem tveir síðustu ræðumenn ræddu sérstaklega, þ.e. hv. 5. þm. Reykv. Albert Guðmundsson og hv. 11. þm. Reykn. Hreggviður Jónsson.

Það er misskilningur, sem fram kemur í máli t.d. hv. þm. Hreggviðs Jónssonar, að hér sé verið að hækka enn eignarskatta í viðbót við þá sem fyrir eru eins og hann orðaði það í sinni ræðu. Sjálfstfl. tók mjög ákveðna afstöðu gegn hækkun eignarskatta hér á Alþingi í vetur og okkar afstaða til þess er alveg óbreytt. Við teljum að sú mikla hækkun sem varð á eignarskatti með því frv. sem samþykkt var fyrir tilstuðlan hæstv. ríkisstjórnar fyrr í vetur hafi verið óverjandi og erum jafnsannfærðir um það nú og þá að það hafi verið röng ákvörðun. Það sem þetta frv. fjallar um er að beina skatti sem þegar er innheimtur í dag í ákveðinn farveg. Hér er ekki verið að gera ráð fyrir að leggja á nýjan skatt sem ekki er innheimtur í dag heldur framlengja þann eignarskattsauka sem Alþingi samþykkti nokkurn veginn samhljóða. Þegar hv. þm. Albert Guðmundsson sat í ríkisstjórn var samþykkt að taka sérstakan eignarskattsauka og beina honum í þjóðarbókhlöðu. Það er það sem er verið að gera með þessu frv. að halda áfram þeirri skattheimtu og beina henni reyndar áfram til þjóðarbókhlöðu og til fleiri menningarstofnana eins og frv. sjálft ber með sér. Það er sem sagt ekki um að ræða viðbót við það sem fyrir er og ekki nýjan skatt, ekki hækkun á eignarskatti heldur áframhaldandi skattheimtu sem Alþingi var mjög sammála um að taka upp á sínum tíma af þessu sérstaka tilefni.

Ég geri mér fulla grein fyrir því að í frv. eins og þessu eru mörg álitamál og ýmis af þeim álitamálum hafa verið tekin til umræðu í dag. Það er t.d. spurningin hvernig eigi að skilgreina menningarstofnanir. Í 2. gr. þessa frv. eru taldar upp nokkrar stofnanir sem okkur flm. fannst liggja í augum uppi að væru brýn verkefni. Ég tek fram að að undanskilinni þjóðarbókhlöðu, sem talin er að hafa skuli forgang, ber ekki að skilja þessa upptalningu í síðari hluta 2. gr. þannig að þar sé verið að festa niður einhvern forgang. Þetta er fyrst og fremst upptalning og lagt í hendur Alþingis að ákveða forgangsröð við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

Spurningin er sú sem hv. 18. þm. Reykv. varpaði fram: Hvers vegna þarf sérstakan sjóð? Auðvitað er það spurning sem vert er að huga dálítið betur að. Auðvitað væri æskilegt að við þyrftum ekki sérsjóð af þessu tagi. Reynslan hefur bara sýnt að þessi málaflokkur og reyndar ýmsir kannski skyldir málaflokkar eiga mjög undir högg að sækja á Alþingi. Það er staðreynd sem við verðum að horfast í augu við og í ljósi þeirrar reynslu er gert ráð fyrir að sérstakur sjóður verði stofnaður. Það eru til aðrir sjóðir, eins og sjóðir fyrir aldraða, sjóðir fyrir stofnanir í þágu fatlaðra og þar fram eftir götunum sem hafa verið stofnaðir og reynslan af þeim hefur verið sú að a.m.k. fyrst í stað hafa þeir skilað þeim árangri að setja verulegan kraft í uppbyggingu viðkomandi verkefna. Eftir því sem tíminn líður hefur stundum verið gengið í að skerða þessa sjóði og þá hefur Alþingi gert það sjálft með nýjum lögum, oft frá ári til árs í sambandi við afgreiðslu lánsfjárlaga, en sá er þó munur á varðandi byggingarsjóð þjóðarbókhlöðu að Alþingi hefur aldrei samþykkt með sérstakri lagabreytingu að skerða framlög til hans í sambandi við afgreiðslu lánsfjárlaga.

Það er líka spurning hverjar eigi að vera tekjur sjóðs af þessu tagi. Ég hef heyrt öðrum hugmyndum fleygt, eins og t.d. að leggja ákveðið gjald á sölu hverrar bjórdósar eða hverrar bjórflösku og setja í sjóð af þessu tagi. Mér finnst allar slíkar hugmyndir vera vel þess virði að þær séu skoðaðar og því fer fjarri að ég sé eitthvað fastur í því að nákvæmlega þessi tekjuaðferð eigi að vera við lýði varðandi þennan sjóð. Ég get alveg sagt þeim það, báðum þingmönnum Borgfl. sem hér hafa talað, að ég er fyllilega til viðræðu um góðar hugmyndir frá þeirra hálfu um aðra tekjustofna í sjóð af þessu tagi. Mér finnst hins vegar mikilvægt að slíkur sjóður sé stofnaður og það er mér alls ekki neitt sáluhjálparatriði eða mér er það ekki fast í hendi að nákvæmlega þessi tekjuaðferð verði viðhöfð ef aðrar tekjuaðferðir eða aðrir tekjustofnar sem skila sambærilegum tekjum finnast eða hugmyndir koma upp um slíkt.

Hv. 1. þm. Vesturl. gerði nokkuð að umtalsefni kostnaðaráætlanir þjóðarbókhlöðunnar og taldi að þær kostnaðaráætlanir hefðu ekki verið nægilega öruggar og hefði ekki verið fyrr en á síðasta hausti að endurskoðaðar áætlanir voru lagðar fram. Ég skal vissulega taka undir með honum um það atriði að það er allt of oft að kostnaðaráætlanir opinberra bygginga eru ekki nægilega raunhæfar og síðan eru þær ekki endurskoðaðar nægilega ört þannig að menn átta sig ekki alltaf nákvæmlega á því hvar þeir eru staddir. Ég lagði hins vegar mikla áherslu á það þann tíma sem ég var í menntmrn. að einmitt áætlanir um byggingu þjóðarbókhlöðu væru sem nákvæmastar á hverjum tíma og óskaði sérstaklega eftir því á sl. vori, þ.e. vorið 1988, að lögð yrði fram endurskoðuð framkvæmda- og kostnaðaráætlun. Ég var af tilviljun með í töskunni bréf sem ég fékk frá byggingarnefndinni, dagsett 2. júní 1988, þar sem hún leggur fram endurskoðaða framkvæmda- og kostnaðaráætlun hönnuða miðað við byggingarvísitölu í maí 1988. Samkvæmt

þeirri áætlun kemur fram að heildarkostnaður frá næstu áramótum, þ.e. áramótunum 1988–1989 miðað við verðlag í maí 1988, verður samkvæmt hinni endurskoðuðu áætlun að viðbættum 717 millj. kr.

Nú kann vel að vera að það hafi verið gerð enn ný áætlun í haust sem hafi verið allmiklu hærri, en samkvæmt þeirri áætlun sem lá fyrir í júní var gert ráð fyrir því að ef allur eignarskattsaukinn sem innheimtur var á árunum 1987–1989 færi í þetta verkefni, sem menntmrh. telur eða taldi a.m.k. að ætti að gera, mundu þessar tekjur ekki, jafnvel þó þær kæmu allar, hrökkva til þess að ljúka þessu verki og yrðu u.þ.b. 535 millj. kr. eftir sem þyrfti þá að afla sérstaklega fjár til.

Ég vildi aðeins geta um þetta vegna þess að ég vildi a.m.k. ekki liggja undir því að meðan ég var í menntmrn. hefði ekki verið reynt að hafa kostnaðaráætlun um þessa byggingu á hverjum tíma eins nákvæma og hægt var.

Herra forseti. Ég hef aflað mér upplýsinga um það frá því ég flutti mína framsöguræðu um þetta mál að frv. um byggingarsjóð þjóðarbókhlöðu fór til fjh.- og viðskn. á sínum tíma og tel eðlilegt að þetta fari sömu leið og vil því leggja til að fjh.- og viðskn. fái þetta einnig.

Albert Guðmundsson:

Virðulegur forseti. Vegna ummæla frummælanda, hv. þm. Birgis Ísl. Gunnarssonar 2. þm. Reykv., að hér væri ekki um nýjan skatt að ræða og hér væri framhald á þeim eignarskatti sem lagður var á í ríkisstjórnartíð minni sem fjmrh., vil ég upplýsa hv. þm. að á þeim tíma ... (**BÍG:** Ég sagði það ekki. Ég sagði að þú hefðir setið í ríkisstjórn.) Setið í ríkisstjórninni. Það er nákvæmlega það sama. Það er tíminn sem ég var fjmrh. (**BÍG:** Nei, þú varst iðnrh.) Nei, ég var fjmrh. þegar þetta var rætt svo það er ekki rétt. En hvort sem um fjármálaráðherrasetu mína eða iðnaðarráðherra er að ræða skiptir það ekki máli. Ég var í ríkisstjórn þegar þetta mál var rætt og mjög mikið á móti þessum skatti og tafði málið í nokkra fundi, nokkrar vikur í ríkisstjórninni vegna þess að ég var á móti þessum eignarskattsálögum. Ég er enn þá á móti þeim og tel það nýjan skatt að honum skuli haldið áfram, og í hliðstæðu hlutverki, eftir að hann á að vera fallinn úr gildi. En það er gömul hugmynd sem er endurvakin þegar hún á að falla úr gildi. Það er nýr skattur fyrir því og heitir sama nafninu áfram þó hann fái víðtækara hlutverk.

En ég tók ekki til máls og ég hugsa að þingmenn geri það ekki yfirleitt til að fá áskorun um að koma með nýrri og betri tekjuhugmynd en flm. Það má segja að ég sé að biðja flm. um að færa sig frá þessari hugmynd, sem er afskaplega andstæð hugsjónum Sjálfstfl. í gegnum tíðina, yfir í einhverja aðra sem er þá nær hugsjónum Sjálfstfl. Ég get tekið að mér það hlutverk. Það er enginn vandi. Ég er svo mikill sjálfstæðismaður að ég hugsa að hugmyndir mínar og flokksins gætu enn þá farið saman.

En hann vitnaði í lög um þennan sérstaka eignarskatt sem sett voru í minni ráðherratíð. Nú vill svo til að þau lög sem leggja til þennan nýja skatt eru skv. 4. gr. frv., sem nú er á dagskrá, svohljóðandi: „Sérstakur eignarskattur skv. 3. gr. skal lagður á eignarskattsstofn, sbr. lög nr. 75/1981." — Þá sat ég ekki í ríkisstjórn. Aftur á móti er í öðru frv. ákveði til bráðabirgða svohljóðandi, með leyfi forseta: „Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 2. gr. laga nr. 49/1986, um þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu" o.s.frv. Hér erum við ekki að tala um sömu lögin því þjóðarbókhlöðulögin eru frá 1986 og eiga að falla úr gildi 1989, en sá skattur sem lagt er til að verði innheimtur í þeim tilgangi sem frv. sem er á dagskrá segir til um er samkvæmt lögum nr. 75/1981. Þau segja að það skuli vera sérstakur eignarskattur 0,25% o.s.frv. Ég sé ekki ástæðu til að lesa það upp. Ég get ekki betur séð en þau lög haldi áfram að vera í gildi. Samkvæmt því frv. sem hefur verið lagt fram hér og nú um þennan byggingarsjóð til menningarmála er þetta viðbót. Það er ekki lagt til að þessi 0,25%, sem lögð eru á samkvæmt lögunum nr. 75/1981, séu felld niður árið 1989. Það eru allt önnur lög. Það eru lög um þjóðarbókhlöðuna frá 1986. Ég get ekki séð annað en að þetta sé hrein viðbót við lögin frá 1981. Við erum ekki að tala um sömu lögin. Ég var ekki í ríkisstjórn þegar lög frá 1981 sem vitnað er til í 4. gr. í frv. sem er á dagskrá voru sett þannig að við erum ekki að tala um sama hlutinn. Ég vona að það sé alveg ljóst, enda er hér annars vegar frv. á þskj. 571 frá Hreggviði Jónssyni og Inga Birni Albertssyni sem vitna í lög um þjóðarbókhlöðuna og svo hins vegar það frv. sem er á dagskrá á þskj. 195.

Virðulegur forseti. Ég vona að það sé skýrt í framhaldi af ummælum hv. 2. þm. Reykv. að ég var ekki þátttakandi í mótun þeirrar stefnu sem kemur fram í lögunum 1981 sem ráðherra í ríkisstjórn Íslands.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Það er aðeins í sambandi við þjóðarbókhlöðuna. Ég get staðfest að hv. 1. flm. þessarar tillögu og fyrrv. menntmrh. gerði tilraun á árinu 1988 til að láta setja upp kostnaðaráætlun fyrir þjóðarbókhlöðuverkið, en því miður var sú áætlun ekki í því formi sem hægt er að kalla endanlega áætlun. Sú áætlun liggur núna fyrir og samkvæmt því er gert ráð fyrir að til þess að ljúka þjóðarbókhlöðunni verði heildarverð hennar komið upp í 1,4 milljarða tæplega. Miðað við uppreiknaðan kostnað frá fyrri áætlun hefði það verið um 900 millj. og miðað við uppreiknaðan tekjustofninn, að honum væri öllum skilað, þ.e. eignarskattsaukann í þjóðarbókhlöðuna, vantar milli 400 og 500 millj. núna til að ljúka verkinu miðað við nýjustu kostnaðaráætlun. Ég held að það sé rétt að það komist alveg skýrt inn að það er vandamálið sem er fram undan í sambandi við þetta mikla verkefni þar sem lögin um þennan eignarskattsauka falla úr gildi í lok þessa árs. Ég tel rétt að undirstrika þetta um leið og ég endurtek að mér finnst ástæða til að stjórnvöld og auðvitað Alþingi

leggi meiri áherslu á það en verið hefur við svona dýr mannvirki að kostnaðaráætlun sé alltaf í endurskoðun og raunveruleikinn liggi alltaf fyrir um fjárvöntun til að ljúka slíkum mannvirkjum til fullnustu.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er í rauninni hálfdapurlegt að heyra hvern þingmanninn á fætur öðrum lýsa því yfir úr ræðustóli að stofnun þessa sjóðs sé eins konar nauðvörn vegna þess að það sé staðreynd að ekki sé áhugi fyrir menningarmálum á hinu háa Alþingi. Ef finnast menn í öllum flokkum sem enn þá hafa þennan áhuga má e.t.v. spyrja hvort þeir geti ekki reynt að vekja hann aðeins innan sinna flokka frekar en að gefast upp fyrir þessari bitru staðreynd. Ef þetta er rétt, sem ég reyndar dreg ekki mjög í efa, verður enn þá brýnni spurningin sem ég spurði áðan: Hvernig á að tryggja að þessi sjóður njóti þeirra tekna sem honum eru ákveðnar? Í öðru lagi vil ég í því sambandi spyrja Guðmund G. Þórarinsson, hv. 10. þm. Reykv., þegar hann segir um leið og hann lýsir stuðningi við svona sjóð að jafnframt verði að tryggja að það dragi ekki úr öðrum fjárveitingum Alþingis til menningarmála: Hvernig ætlar hann að tryggja það og hvernig ætla hv. flm. þessa frv. að reyna að tryggja framkvæmd þess ef þeir eru, eins og þeir marglýsa hér yfir, sannfærðir um þá bitru staðreynd að það sé ekki nægur áhugi á menningarmálum á hinu háa Alþingi?

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lánskjör og ávöxtun sparifjár, 1. umr.

Frv. EH, 210. mál. — Þskj. 343.

Flm. (Eggert Haukdal):

Herra forseti. Fyrir rúmu ári síðan eða í desember 1987 lagði ég fram hér á Alþingi frv. til laga um lánskjör og ávöxtun sparifjár. Megininntak þess frv. var afnám lánskjaravísitölu. Í staðinn skyldi tekin upp gengistrygging á langtímainnstæðum. Jafnframt skyldu vextir færðir niður í áföngum þannig að þeir yrðu að ári liðnu svipaðir og í helstu viðskiptalöndum okkar.

Um frv. urðu miklar umræður þegar það var til meðferðar á Alþingi í febrúarmánuði á sl. vetri. Frv. átti mikinn hljómgrunn úti í þjóðlífinu en takmarkaðan hjá ráðandi mönnum. Í stað þess að samþykkja frv. var því vísað til ríkisstjórnarinnar.

Ég hef leyft mér að endurflytja þetta frv. og mæli hér fyrir því. Meginatriði þess er sem fyrr afnám lánskjaravísitölu.

En hvernig hafa þessi mál þróast frá því að frv. var lagt fram fyrir liðlega ári síðan? Segja má að unnið hafi verið eftir frv. að hluta þó að það hafi ekki verið samþykkt, þ.e. vextirnir hafa verið færðir niður í áföngum og gengistenging tekin upp. Beitt hefur verið handafli bæði af fyrrv. stjórn og núverandi með verðstöðvun, kaupstöðvun og vaxtalækkun. Farið hefur verið fram með valdboði eins og frv. sagði fyrir um. Vegna þessara valdboðsaðgerða hækkaði lánskjaravísitalan lítið um nokkurra mánaða skeið. Það sést best í dag að vaxtafrelsið sem var innleitt í tíð fyrri ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar var ekki rétt aðgerð.

Þjóðfélag okkar er lítið og lögmál viðskiptalífs stórþjóða eiga hér ekki við nema að vissu marki. Að sjálfsögðu þurfa sparifjáreigendur að fá eðlilegt eftirgjald fyrir peninga sína, en það verðtryggingarkerfi sem við notum þekkist hvergi í nálægum löndum, enda eru verðbólga og vextir þar hóflegir. Við notum hins vegar kerfi eins og vanþróuð lönd í Suður-Ameríku þar sem verðbólga er mörg hundruð prósent á ári.

Afnám vitlausra vísitalna er grundvallaratriði til að halda verðbólgunni í skefjum. Því á ekki að hafa það ráð sem tekið var upp í fyrri ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, að afnema kaupgjaldsvísitöluna en láta lánskjaravísitöluna mala. Báðar áttu og eiga að fara.

Í desember sl. var opinber verðbólga komin niður undir núll með handaflsaðgerðum. Þá var lag að afnema lánskjaravísitöluna. En þá tók ríkisstjórnin það ráð í miðri verðstöðvun að fara að fóðra verðbólguna á nýjan leik svo um munaði með stórfelldum skattahækkunum og gengislækkun sem hækkaði vöruverð í landinu þannig að verðbólgan fór á ferð á nýjan leik. Vegna þessara aðgerða einna hækkaði allt í einu venjulegt húsnæðislán um á annað hundrað þús. kr. Og nú við lok verðstöðvunar er heldur betur kynt undir verðbólgunni með verðhækkanaskriðu sem að óbreyttu verður mögnuð upp með lánskjaravísitölunni. Greiðslubyrði heimila og fyrirtækja vex af völdum hennar og það knýr til verð- og kaupgjaldshækkana og svo koll af kolli.

Menn halda ræður hér á Alþingi, á flokksþingum, á fundum og í fjölmiðlum og raunar hvarvetna og tala mikið um vaxtamál, en vart nokkur maður þorir að nefna hlutina réttu nafni. Það á að skuldbreyta, segja menn, en það hjálpar að sjálfsögðu aðeins skamma hríð. Ef nýju lánin eru á sömu okjörum og hin eldri er einungis verið að íþyngja fyrirtækjunum þegar til lengri tíma er litið. Það á að hagræða, segja aðrir. Það á að fækka fyrirtækjum, segja enn aðrir. En hvorugt kemur að haldi nema rekstursgrundvöllur fyrirtækjanna sé tryggður um leið með viðunandi vaxtastefnu. Vextir eru rót meinsins, en slík er þrælslundin gagnvart peninga- og bankavaldinu að menn veigra sér við að nefna vexti. Í hæsta lagi er talað um fjármagnskostnað sem er eitthvað mildara orð yfir sama hugtakið.

En vaxtaskrúfan hefur verið helsti verðbólguvaldurinn sl. 7–8 ár. Henni hefur verið framfylgt af bankakerfinu undir forustu og með fulltingi Seðlabankans. Engin markaðsöfl voru þar að verki. Vissulega væri á sama hátt unnt að skrúfa upp kaupgjald

fyrir tilstilli ASÍ og verkalýðsfélaganna uns stöðvun atvinnuveganna blasti við. Slíkt væri þvingun en ekki afleiðing markaðsafla sem sumir nota til að réttlæta allt.

Í grg. með frv. eru sýnd á töflu áhrif húsnæðisstjórnarláns sem er að hámarki í dag 3,3 millj. Miðað við sömu vísitöluhækkun og verið hefur undangengin ár gleypir lánið öll laun verkamanns upp í vexti og afborganir á fáum árum nema launin hækki jafnmikið. Hins vegar kostar íbúð meira en þetta. Hún kostar upp í 4–6 millj. fyrir meðalfjölskyldu svo að meiri lán þarf fyrir flesta. Lánskjörin knýja launþega til að krefjast stórfelldra grunnkaupshækkana eins og gerðist á 6 ára tímabilinu 1982–1987 er áunnið kaup verkamanna jókst að meðaltali um 101% á ári meðan lánskjaravísitalan jókst að meðaltali um 35,5% á ári. Að taka laun inn í lánskjaravísitöluna mundi ekki lækka hana og skuldabyrðina heldur hið gagnstæða. Það mun flýta fyrir nýju hruni.

Ég vil þessu næst, með leyfi hæstv. forseta, vitna til tveggja kunnra hagfræðinga, fyrst dr. Magna Guðmundssonar sem segir eftirfarandi í grein í Morgunblaðinu á s.l. ári:

„Þáttaskil voru mörkuð þegar kaupgjaldsvísitalan var afnumin 1983. Ef við hefðum borið gæfu til að afnema lánskjaravísitöluna jafnframt hefði opnast möguleiki á því að ná endanlegum tökum á verðbólgunni. Í verðbólgu gildir annað tveggja: Að lifa við hana og verðtryggja allt eða lifa án hennar og verðtryggja ekkert. Að taka einn þátt út úr og verðtryggja hann skapar hagskekkjur sem fá ekki staðist til lengdar. Vert er að gera sér grein fyrir því að kaupgjaldsvísitalan og lánskjaravísitalan eru sama eðlis."

Síðar í sömu grein segir dr. Magni:

„Á hinu leikur enginn vafi að í landi með langvinnan óstöðugleika og þunga skuldabyrði er lánskjaravísitalan stórvirkari verðbólguhvati en kaupgjaldsvísitalan. Við hækkun kaupgjaldsvísitölu hækkar launaliður í reksturskostnaði fyrirtækja. Tilsvarandi hækkun lánskjaravísitölu eykur fjármagnskostnað með tvennum hætti. Í fyrsta lagi, lánsfé sem notað er í reksturinn verður dýrara, og í öðru lagi, um leið hækka allar verðtryggðar skuldir fyrirtækisins og vextir koma svo á upphækkaðan höfuðstól. Það er þessi seinni þáttur sem mæðir mest á framleiðslunni og valdið hefur sívaxandi fjölda gjaldþrota, þeirra á meðal stórfyrirtækja. Má nærri geta hvernig árleg hækkun lánskjaravísitölu á bilinu 20–60% leikur fyrirtæki eða stofnanir sem skulda e.t.v. hundruð millj. kr.

Gagnvart launþeganum horfir málið þannig við: Hækkun kaupgjaldsvísitölu veitir honum kjarabót, en hækkun lánskjaravísitölu um sömu prósentustig getur aukið húsnæðiskostnað hans mun meira en kjarabótinni nemur, enda er húsnæðiskostnaður langstærsti útgjaldaliður í fjölskyldunni."

Þá vil ég leyfa mér, með leyfi forseta, að vitna til greinar eftir Gunnar Tómasson, hagfræðing Alþjóðabankans, en hún birtist í Morgunblaðinu laugardaginn 28. jan. sl. Greinarhöfundur segir:

„Lánskjaravísitala sem verðtryggir höfuðstól lánsfjármagns í verðmætasköpun án tillits til þeirrar ávöxtunar sem þar býðst við þær aðstæður sem atvinnulífi eru búnar eyðir eigin fé fyrirtækja samhliða því sem höfuðstóll fjármagnseigenda vex í skjóli lagaverndar."

Og í lok greinarinnar segir Gunnar Tómasson:

„Fram undan eru lok verðstöðvunar og almennir kjarasamningar á vinnumarkaði. Eðli málsins samkvæmt, þá hlýtur ein forsenda þess að vel takist til að vera sú að eigendur þess fjármagns sem fest er í íslenskri verðmætasköpun sætti sig við þá arðgjöf sem þar er að fá.

Launþegar máttu sætta sig við verulega skerðingu hlutdeildar sinnar í þjóðartekjum Íslendinga vorið 1983. Nú eins og þá hljóta íslensk stjórnvöld að horfast í augu við þá einföldu staðreynd að ekki verður meira skipt með aðilum vinnu- og fjármagnsmarkaðar en í bú er dregið. Vorið 1983 var sú sjálfsagða krafa gerð til hins almenna launþega að hann léti þjóðarhag ráða kröfugerð sinni á hendur íslensku atvinnulífi. Ef eigendur fjármagns og aðilar innlends fjármagnsmarkaðar eru ekki til viðtals um hliðstæðar kröfur á þeirra hendur við ríkjandi aðstæður, þá hlýtur ábyrgð þeirra að vera mikil. Til stjórnvalda hlýtur hinn almenni launþegi hins vegar að gera þá kröfu að þau láti af öflugum stuðningi við „pilsfaldaauðhyggju" þá sem einkennt hefur stjórn peninga- og vaxtamála síðustu 5 árin."

Orð þessara tveggja merku hagfræðinga tala vissulega skýru máli.

Herra forseti. Að lokum þetta: Burt með lánskjaravísitöluna. Burt með allar vísitölur ef við viljum á annað borð stöðugt verðlag og traustan grundvöll atvinnuveganna. Ég minni á að stöðugt verðlag er mesta hagsmunamál allra, þar á meðal raunverulegra sparifjáreigenda sem allir þykjast vilja vernda. Þeim er enginn greiði gerður frekar en öðrum með vaxta- og verðlagsskrúfunni.

Að lokum vil ég leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sala notaðra bifreiða, 1. umr.

Frv. IBA o.fl., 187. mál. — Þskj. 218.

Flm. (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga á þskj. 218, um sölu notaðra bifreiða og annarra skráningarskyldra ökutækja. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Geir Gunnarsson, Guðmundur G. Þórarinsson, Jón Sæmundur Sigurjónsson, Kristín Halldórsdóttir og Stefán Valgeirsson.

Frv. er endurflutt frá síðasta þingi þar sem það náði ekki fullnaðarafgreiðslu í nefnd og er því gerð hér

önnur tilraun til að koma þessu að okkar mati þurftarmáli áfram. Í grg. segir:

„Á undanförnum árum hefur alloft orðið nokkur umræða um nauðsyn þess að setja löggjöf um starfsemi þeirra sem stunda verslun og umboðssölu með notaðar bifreiðar. Hefur umræðan oftar en ekki einkennst af neikvæðum viðhorfum í garð þeirra er þessa starfsemi stunda, oftast óverðskuldað. Því þykir full ástæða til að setja löggjöf um þessa starfsemi sem gæti orðið bæði bifreiðasölum og viðskiptamönnum þeirra til hagsbóta. Að vísu voru sett lög um sölu notaðra lausafjármuna, lög nr. 61/1979, en ákvæði þeirra um sölu notaðra bifreiða eru afar ófullkomin svo að ekki sé fastar að orði kveðið. Frv. þessu er ætlað að bæta hér úr auk þess sem ætla má að löggjöf um þessi efni sé bæði bifreiðasölum og viðskiptamönnum þeirra til hagsbóta og geti dregið úr ágreiningi og deilum og létt af bílasölum óréttmætri gagnrýni vegna starfa þeirra."

Á síðasta þingi var frv. sent til umsagnar fjölmargra aðila. Því miður hafa mér ekki borist þær umsagnir í hendur. Ég átti von á þeim á hverri stundu en það sem sagt náðist ekki áður en ég var kallaður hér í ræðustól til að mæla fyrir þessu máli. Engu að síður liggur það fyrir að þær umsagnir voru allar, eftir því sem ég best veit, mjög jákvæðar og mæltu með samþykkt málsins.

Að vísu var eftirtektarvert að Félag ísl. bifreiðaeigenda svaraði ekki beiðni nefndarinnar um umsögn. Vonast ég til að þeir geri það þá í þetta sinn. Þá láðist nefndinni að senda Félagi bifreiðasala frv. til umsagnar og vænti ég þess að þau mistök verði ekki aftur og þeir fái að gefa sitt álit á málinu.

Í frv. er talað um Bifreiðaeftirlit ríkisins sem vitaskuld á ekki við lengur og ber að leiðrétta það og breyta því þá í Bifreiðaskoðun Íslands. Það er rétt að það komi fram að söluaðilar notaðra bifreiða gagnrýndu þetta frv. nokkuð þegar það var lagt fram á síðasta þingi og þá sérstaklega það að hafa ekki fengið að vera með í ráðum. Því er til að svara núna að frv. var sent þeim til umsagnar áður en ég lagði það fram aftur til þess að þeir gætu þá komið með sínar athugasemdir og ég þá sett þær inn í ef ég hefði metið þær þess virði. Hins vegar svöruðu þeir aldrei bréfinu, þannig að það var ekki hægt að breyta þessu neitt í þá veru sem þeir hugsanlega hefðu viljað.

Ég tel að ekki þurfi að fjalla mikið meira um þetta. Ég fór mjög ítarlega yfir þetta frv. í framsögu minni á síðasta þingi og bendi áhugasömum þingmönnum á að fletta þar upp og kynna sér málið betur.

Ég vil þá að lokinni þessari umræðu mælast til að frv. verði sent hv. allshn. til skoðunar og síðan til 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn umhverfismála, 1. umr.

Frv. MÁM o.fl., 230. mál. — Þskj. 431.

Flm. (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Á þskj. 431 hef ég leyft mér ásamt sex hv. þm. úr Sjálfstfl. að flytja frv. til laga um samræmda stjórn umhverfismála. Umhverfismál, umhverfisvernd, eru málefni sem mjög brennur á víða og hafa m.a. verið til umræðu hér á Alþingi á þessu þingi. Má þar víkja að till. til þál. um umhverfisráðuneyti sem mælt hefur verið fyrir hér, en flm. eru þingmenn Kvennalistans, 1. flm. Kristín Halldórsdóttir. Auk þess var nýlega mælt fyrir ályktun Vestnorræna þingmannaráðsins, þar sem sérstaklega var fjallað um eftirlit með mengun hafsins þannig að þessi mál hafa þó nokkuð verið rædd hér á þessu þingi. Engu að síður töldum við flm. þessa frv. ástæðu til að flytja þetta frv. og koma þar fram með hugmyndir um með hvaða hætti skynsamlegast væri að okkar dómi að skipa umhverfismálum.

Markmið umhverfisverndar er að tryggja íbúum jarðar þau gæði láðs og lagar sem gefa þeim möguleika á sem bestum lífsskilyrðum. Er þá átt við ástand mála eins og þau eru á hverjum tíma og ekki síður þegar til framtíðarinnar er litið. Er hér um að ræða alla þætti lífríkisins.

Umhverfismálalöggjöf er forsenda allrar stjórnar á þessu sviði. Hlutverk hennar er fyrst og fremst að skipa fyrir um hvernig taka beri tillit til eiginleika umhverfisins með hliðsjón af lífríkinu. Þótt umhverfisvandamál séu fyrst og fremst leyst á tæknilegan hátt er umhverfismálaréttur löngu viðurkenndur innan fræðikerfis lögfræðinnar. Rétt er t.d. að benda á að umhverfismálaréttur viðurkennir því aðeins mengun og aðra röskun að fjárhagslegir hagsmunir liggi að baki, þ.e. að efnahagslegur ábati vegi þyngra en sú röskun sem starfseminni fylgir.

Rétturinn til heilbrigði í tengslum við óspillt umhverfi er viðurkenndur sem grundvallarréttur og telst því til sjálfsagðra mannréttinda og er meginmarkmið umhverfismálalöggjafar.

Fræðilega er hugtakið umhverfi skýrt mjög rúmt og tekur þannig yfir öll líffræðileg, efnafræðileg og félagsleg atriði sem geta haft áhrif á heilsu manna, bæði beint og óbeint. Skiptir þar ekki máli hvort áreitið beinist gegn einstaklingum eða hópum.

Til að ná fram þeim þáttum sem áður eru nefndir hefur reynst nauðsynlegt að setja reglur á sviði umhverfismála. Er það ekki síst vegna þess að iðnaðurinn sjálfur hefur reynst ófær um eftirlitið vegna eigin hagsmuna, en slík er ótvíræð reynsla allra þjóða og má þá sérstaklega skírskota til reynslu landa Evrópubandalagsins. Þessar reglur verða að taka tillit til langtímanota af gæðum umhverfisins, þ.e. gæðin þrjóti aldrei, og kveða á um verndun lofts, láðs og lagar. Því er nauðsynlegt að ná fram réttarreglum um hráefnisöflun, vinnslu hráefnis, um varðveislu náttúru- og menningarverðmæta, og ekki síst reglum er stuðla að því að bæta ríkjandi ástand. Rannsóknir

á gæðum og þoli umhverfis og náttúrunnar eru nauðsynleg forsenda þessa alls. Þessir þættir hafa leitt til alþjóðlegrar samvinnu, alþjóðlegrar áætlanagerðar og alþjóðaverndarstarfs.

Hér á landi hefur það ekki náðst enn fram að fá samþykkta samræmda stjórn umhverfismála og hefur þó verið unnið að þessum málum í meira en hálfan annan áratug og allar ríkisstjórnir frá árinu 1974 hafa fjallað um þessi mál, haft þau á sinni stefnuskrá án þess að enn hafi tekist að ná fram því markmiði sem reynt er að gera með því frv. sem hér er talað fyrir.

Það var 4. mars 1975 að þáv. ríkisstjórn undir forsæti Geirs Hallgrímssonar skipaði níu manna nefnd til þess að vinna að heildarlöggjöf um stjórn umhverfismála undir formennsku Gunnars G. Schram prófessors. Það frv. sem þá var samið var flutt og lagt fyrir Alþingi vorið 1978.

Í aprílmánuði sama vor var ákveðið að félmrh. skyldi sinna málefnum umhverfis, umhverfismálum, án þess þó að þess væri getið sérstaklega í stjórnlögum að öðru leyti en því sem málefni heyrðu undir félmrn.

Það var næst í ráðherratíð Svavars Gestssonar 1980–1983 að samin voru frv. en þau voru hins vegar ekki lögð fyrir Alþingi. Það var svo síðan í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar 1983 að áfram var unnið að þessum málum af þáv. félmrh. undir formennsku Hermanns Sveinbjörnssonar. Enn fremur voru þá á þingi alþingismenn sem unnu að þessu frv. í þessa veru. Og það er svo í tíð ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar að frv. var samið af nefnd sem skipuð var undir forustu Sigurðar Magnússonar. Hún skilaði frv. til ríkisstjórnarinnar sem þetta frv., sem hér er mælt fyrir, byggir að meginefni á.

Núverandi skipan umhverfismála er með þeim hætti að þar fara mörg ráðuneyti með stjórnun: Heilbr.- og trmrn. fer með hollustuhætti og mengunarvarnir, menntmrn. með náttúruvernd, landbrn. með gróðurvernd, samgrn. með mengunarvarnir á sjó, vegamál, ferðamál, flugmál, þ.e. skipulag þessara mála, félmrn. fer með skipulagsmál að öðru leyti, sjútvrn. með friðun fiskimiða, iðnrn. með ýmis sérlög um verksmiðjur og svo síðan utanrrn. sem fer með öll umhverfismál á umráðasvæði varnarliðsins.

Það eru fjölmargar stofnanir sem sinna þessum málum, Hollustuvernd ríkisins, Náttúruverndarráð, Siglingamálastofnun ríkisins, Skógrækt ríkisins, Landgræðsla ríkisins, Geislavarnir ríkisins, eiturefnanefnd og fleiri mætti telja.

Þegar ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar var mynduð var á stefnuskrá hennar að fjalla sérstaklega um umhverfismálin og stefna að því að sett verði almenn lög um umhverfismál og samræming þeirra falin einu ráðuneyti. Ég gat þess áðan að þáv. forsrh. hafi skipað nefnd. Þeirri nefnd veitti forstöðu Sigurður M. Magnússon, forstöðumaður Geislavarna ríkisins. Auk þess sátu í nefndinni Alda Möller matvælafræðingur og Hermann Sveinbjörnsson, aðstoðarmaður sjútvrh. Ritari nefndarinnar var Ingimar Sigurðsson yfirlögfræðingur. Þessari nefnd var sérstaklega falið að hafa samráð við þau ráðuneyti og samtök sem fara með verkefni á sviði umhverfismála.

Það frv. sem ég mæli hér fyrir er ávöxtur þessa starfs. Grundvöllur þess er að ná samræmingu um samræmda stjórn umhverfismála án þess að myndað skyldi nýtt ráðuneyti. Niðurstaða þeirrar nefndar sem vann að þessu var sú að þar sem svo stórir málaflokkar væru stjórnlögum samkvæmt í samgrn. sýndist ekki óeðlilegt að það ráðuneyti tæki að sér til viðbótar þau atriði sem nauðsynlegt væri, þar væri um að ræða yfirstjórn þessara mála og sá ráðherra sem færi með það ráðuneyti sem yrði samgöngu- og umhverfisráðuneyti yrði sá ráðherra sem bæri ábyrgð á þessu máli út á við, þ.e. færi með umhverfismál á erlendum vettvangi. En málefni einstakra ráðuneyta, sem um hefur verið getið, yrðu í þeim ráðuneytum með samræmingu hjá samgöngu- og umhverfisráðuneytinu og samkvæmt því skipulagi sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Í grg. með frv. er vikið að helstu nýmælum þessa lagafrv. og ég vil, með leyfi forseta, víkja að þeim:

1. Í 1. gr. er hugtakið umhverfismál skilgreint og er þar átt við ytra umhverfi. Umhverfismál eru samkvæmt lögunum mengunarmál, náttúruvernd, þar með talin friðun lands og dýra, landvernd og verndun náttúrulegra skóga, svo og skipulagsmál.

2. Í 3. gr. kemur fram skýr tilgangur laganna sem er að samræma stjórn umhverfismála í landinu öllu og lögsögu þess með skipulegu samstarfi þeirra aðila sem starfa að þessum málum. Lögunum er ætlað að efla varnir gegn hvers konar mengun og öðrum skaðlegum umhverfisáhrifum og vinna að vernd náttúrugæða landsins.

3. Lagt er til að umhverfismál, þ.e. mengunarmál, náttúruvernd og skipulagsmál, falli hér eftir undir þrjú ráðuneyti, þ.e. félmrn., heilbr.- og trmrn. og samgrn. Enn fremur er það nýmæli að lagt er til að eitt ákveðið ráðuneyti fari með ábyrgð á samræmingu umhverfismála er undir lögin falla og kemur það í hlut samgönguráðuneytis að breytast í samgöngu- og umhverfisráðuneyti.

4. Lagt er til að umhverfismálaskrifstofa verði starfrækt innan samgöngu- og umhverfisráðuneytis sem hafi það hlutverk að samræma yfirstjórn umhverfismála og að skipaður verði sérstakur skrifstofustjóri til að veita henni forstöðu.

5. Í 6. gr. er lagt til að stofnuð verði sérstök stjórnarnefnd umhverfismála þar sem í eiga sæti fulltrúar ráðherranna þriggja, sem getið var um áður, auk tilnefndra fulltrúa landbrh., sjútvrh., iðnrh., Sambands íslenskra sveitarfélaga og náttúruverndarþings.

6. Lagt er til að stjórnarnefnd umhverfismála fjalli um ágreiningsmál og úrskurði í slíkum málum. Enn fremur er lagt til að vísa megi þeim úrskurði til samgöngu- og umhverfisráðherra sem fari með endanlegt úrskurðarvald í stjórnkerfinu.

7. Lagt er til að stjórnarnefnd umhverfismála fylgist með framkvæmd einstakra þátta umhverfismála og fjalli m.a. um öll lagafrv. og reglugerðardrög

á sviði umhverfismála og veiti umsögn um starfsleyfi fyrir stórframkvæmdir og starfsemi sem getur valdið verulegri mengun.

8. Í stað Náttúruverndarráðs er lagt til að skipað verði umhverfismálaráð, er hafi það hlutverk að vera ráðgjafar- og umsagnaraðili, bæði fyrir ríkisstjórn og stjórnarnefnd umhverfismála. Yrði umhverfismálaráð skipað sjö mönnum og er gerð krafa um sérþekkingu þeirra allra.

9. Í 10. gr. frv. er lagt til að tekið verði á eftirlitsþáttum þeirra umhverfismála er undir frv. falla. Er skýrt tekið fram hvað skuli vera í höndum heilbrigðisfulltrúa sveitarfélaganna, samgöngu- og umhverfisráðuneytis, Siglingamálastofnunar og Skipulagsstjórnar ríkisins. Enn fremur er það nýmæli lagt til að annað eftirlit, sem fellur undir lögin og ekki er tiltekið, falli undir samræmingarráðuneytið, þ.e. samgöngu- og umhverfisráðuneyti.

10. Í 10. gr. er lagt til að veita heimild til þess að fela heilbrigðisfulltrúum sveitarfélaganna að annast aðra þætti eftirlitsins en þeim er beinlínis falið samkvæmt sérlögum verði aðilar ásáttir um nauðsyn slíks eftirlits. Samgöngu- og umhverfisráðherra setur reglur um þetta eftirlit, að fengnum tillögum stjórnarnefndar og að höfðu samráði við sveitarfélögin.

11. Í 11. gr. er lagt til að samgöngu- og umhverfisráðuneyti geti veitt heimild til þess að setja gjaldskrá fyrir notkun á ýmiss konar einnota umbúðum, vélum og tækjum, pappír o.s.frv. í þeim tilgangi að stuðla að viðurkenndri förgun þeirra og endurvinnslu í eins ríkum mæli og við verður komið. Heimilt er að setja í slíka gjaldskrá ákvæði um svonefnt skilagjald einnota umbúða undir matvörur, eiturefni og hættuleg efni o.fl.

12. Í 12. gr. er lagt til að stofnaður verði svonefndur umhverfisverndarsjóður og að stjórnarnefnd umhverfismála fari með stjórn sjóðsins. Tekjur sjóðsins verða gjöld sem innheimt verða skv. 11. gr. frv. af ýmiss konar einnota umbúðum o.s.frv. Hlutverk sjóðsins er að styrkja þau sveitarfélög og þá aðila sem þurfa á sérstöku átaki að halda til að leysa umhverfisvandamál og að standa fyrir rannsóknum á skaðlegum þáttum umhverfisins. Enn fremur er lagt til að verja skuli allt að einum tíunda hluta sjóðsins til fræðslu- og upplýsingastarfa á sviði umhverfismála.

13. Í 13. gr. frv. er gengið út frá því að við förgun úrgangs skuli ávallt gætt að umhverfinu. Enn fremur er gengið út frá því að urðun úrgangs sé neyðarúrræði. Lögð er sú skylda á hlutaðeigandi aðila að þeir standi sjálfir undir kostnaði. Enn fremur skal unnið að því að finna ráð til þess að farga úrgangi á viðunandi hátt.

14. Í ákvæðum til bráðabirgða, 6. tölul., er lagt til að fyrir 1. júní 1990 skuli ríkisstjórnin í samvinnu við sveitarfélög gera áætlun um frágang skólp- og frárennslislagna í þeim tilgangi að draga eins og mögulegt er úr mengun láðs og lagar af þeim sökum. Þar skal koma fram á hvern hátt stjórnvöld hyggjast leysa þessi mál á næstu tíu árum og hvernig kostnaði skuli skipt. Einnig skulu koma fram tillögur um á hvern hátt sveitarfélögum verði gert kleift að standa undir kostnaði.

15. Í ákvæðum til bráðabirgða, 7. tölul., er lagt til að notkun svokallaðs blýbensíns verði óheimil eftir 1995 og að bifreiðar, vélar og tæki, sem flutt verða til landsins eftir 1991, skuli geta nýtt blýlaust eldsneyti. Enn fremur er lagt til í 8. tölul. að dregið verði úr notkun efnasambanda sem valdið geta eyðingu á ósonlaginu þannig að hún minnki um a.m.k. 25% fyrir 1991 miðað við notkunina 1986 og um a.m.k. 50% fyrir 1994.

16. Lagt er til að stöðuheimildir Náttúruverndarráðs skuli flytjast yfir í umhverfismálaskrifstofu samgöngu- og umhverfisráðuneytisins frá og með gildistöku laganna.

Herra forseti. Ég hef vikið að meginþáttum þess frv. sem ég mæli hér fyrir. Ég hef gert grein fyrir helstu nýmælum þessa frv. og ég vakti athygli á því hvernig staðið hefur verið að þessum málum, hvernig í hálfan annan áratug hefur ekki tekist að ná fram heildstæðu frv. til laga um samræmda stjórn umhverfismála.

Hér í kringum okkur hafa verið stofnsett sérstök umhverfisráðuneyti og þeim sem fylgst hafa með þykir nóg um hvernig þær stofnanir hafa þanist út. Það er þess vegna hér reynt að koma í veg fyrir slíka hluti með því að ná fram samræmingu og samstarfi þeirra aðila sem fjallað hafa um þessa hluti, gera tilfærslur, endurskoða löggjöf sem lýtur að þessum málum og gera hlutina þannig að það byggist á samræmdri stjórn og falið einu því ráðuneyti sem fer með veigamikla þætti í þessum málum þegar í dag.

Verði þetta frv. að lögum kallar það á breytingu á stjórnlögum. Þar sem í lögunum um Stjórnarráð Íslands er gert ráð fyrir samgrn. yrði að sjálfsögðu að flytja tillögu til breytingar um það að þar stæði samgöngu- og umhverfisráðuneyti. Auk þess yrði að sjálfsögðu að gera breytingar á þingsköpum með tilliti til nefndastarfa þannig að nefnd sú sem í dag heitir samgöngunefnd mundi að sjálfsögðu þá fjalla um þennan málaflokk og nefnast samgöngu- og umhverfismálanefnd þingsins.

Í samræmi við þetta leyfi ég mér að leggja til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði þessu frv. vísað til 2. umr. og hv. samgn. um leið og ég vík að því og undirstrika að hér er í fyrsta skipti um að ræða löggjöf þar sem tekist er á við þessi mál og tekist hefur að koma fram frv. um samræmda stjórn umhverfismála.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Við erum að ræða frv. til laga um samræmda stjórn umhverfismála og er kannski ástæða til að fagna umræðum um umhverfismál á þinginu þó að vissulega sé rétt að við höfum aðeins rætt um þessi mál á þessu þingi en að sjálfsögðu allt of lítið miðað við það sem þyrfti að gera.

Eins og fram kom í máli hv. 1. flm. falla umhverfismál á Íslandi að einhverju leyti undir flestöll ráðuneytin og afleiðingin af því er óstjórn og skörun. Eins

og hann taldi upp áðan eru það a.m.k. átta ráðuneyti ef ekki fleiri sem að einhverju leyti fjalla um þessi mál. Þetta er algjörlega óviðunandi.

Í athugasemdum í frv. kemur fram að það er byggt fyrst og fremst á tillögum nefndar sem skipuð var til að gera drög að frv. í september 1987, en í athugasemdum sem komu frá þeirri nefnd og eru birt sem fylgiskjal kemur fram m.a. á bls. 7 og 8, þar sem talað er um tilraun til lagasetningar hérlendis, að margar og ítarlegar tilraunir hafi verið gerðar til þess að reyna að koma á heildarlöggjöf yfir stjórn umhverfismála en án árangurs.

Það sem er helst tekið til sem ástæða hér, og kemur fram á bls. 8, er að það hafi fyrst og fremst ekki verið raunverulegur vilji á Alþingi fyrir því að stofnað verði sérstakt umhverfisráðuneyti. Ekki skal ég um það segja hvort þetta sé rétt, ég efast um það, en síðan segir, og mig langar til að lesa það, með leyfi forseta: „Mikillar tregðu hefur gætt hjá viðkomandi ráðuneytum og stofnunum varðandi sérstakt umhverfisráðuneyti", þ.e. að þessi viðfeðmi málaflokkur sem snertir fjölmörg ráðuneyti yrði fluttur undir eina stjórn í einu ráðuneyti.

Þetta kemur fram í grg. Það er oftast þannig að enginn vill missa sinn málaflokk undan sínu ráðuneyti. Það er þessi tregða að þegar búið er að mynda stjórn er eins og allt sé blýfast og ekki megi gera nokkurn skapaðan hlut. Ég held því að það sé nú ekki endilega vegna þess að Alþingi hafi verið á móti því að stofnað væri umhverfisráðuneyti heldur hafi þetta fyrst og fremst verið tregða ráðherra eftir að þeir eru orðnir ráðherrar og embættismanna innan kerfisins. Ég held að ástæðan sé fyrst og fremst sú.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir því í 4. gr. að í staðinn fyrir að þetta falli undir átta ráðuneyti, sem hér kemur fram og er sjálfsagt ekki of há tala, ég hugsa að það mætti jafnvel telja öll ráðuneytin, muni þessi mál heyra undir þrjú ráðuneyti, auk þess sem á að setja á stofn umhverfismálaskrifstofu, umhverfismálaráð og stjórnarnefnd og ýmislegt fleira. Ég er ekki alveg viss um að þetta verði mikið einfaldara. Mér finnst þetta vera ákaflega flókið og held að það sé í raun ekki hægt að hugsa sér aðra skipan mála í þessu en eins og Kvennalistinn hefur gert ráð fyrir og margir hafa reyndar tekið undir og hv. 1. flm. minntist á áðan, en það er tillaga sem Kvennalistinn hefur lagt fram sem þingmál hér og er á þskj. 159. Þar er gert ráð fyrir að stofnað verði sérstakt umhverfismálaráðuneyti sem fari með þennan málaflokk. Ég held að það sé það eina raunhæfa sem hægt er að gera í þessum málum og eina raunhæfa lausnin. Það er einmitt sama lausn sem hefur verið beitt á hinum Norðurlöndunum og mörgum öðrum nágrannalöndum okkar að það séu sérstök umhverfisráðuneyti. Ég vil ekki hafa um þau ráðuneyti svo neikvætt orð eins og hv. 1. flm. Matthías Á. Mathiesen sagði áðan, að þetta væru stofnanir sem hefðu þanist út. Þær hafa ekki þanist út af öðru en þörf. Það er mjög mikil þörf á að taka þessi mál föstum tökum og er ekki nærri nógu mikið að gert. Ég held að reynsla þeirra sem hafa haft sérstök ráðuneyti sé ótvírætt sú að þau hafi leitt til góðs svo langt sem það nær og það þurfi frekar að efla þau en hitt. Þó svo að það hafi verið notað á neikvæðan hátt að þenjast út held ég að ég vilji nota það á jákvæðan hátt og segja: þau þenjast út vegna þess að það er mjög nauðsynlegt.

Ég vil einnig nefna það að þegar nefnd Alþingis um stefnu Íslands gagnvart Evrópubandalaginu var á ferð í Brussel fyrir nokkrum vikum töluðum við við fulltrúa framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins um umhverfismál. Hann sagði m.a. við okkur að þeir hefðu komist að því að eina leiðin til að eitthvað raunhæft væri gert í þessum málum og til þess að þau yrðu tekin raunhæfum tökum væri að með þau færi sérstakt umhverfisráðuneyti í löndunum. Hann sagði jafnframt, sem margoft hefur verið bent á af mörgum og ég tek fyllilega undir, að þegar umhverfisráðuneyti er með öðrum ráðuneytum eða þeim blandað saman eins og hér er gert ráð fyrir, þ.e. samgöngu- og umhverfisráðuneyti, sé miklu meiri hætta á að hagsmunir skarist. Sami aðilinn með tvö höfuð sem ekki geta talað saman. Umhverfismálin verða að vera algjörlega óháð og hafa forgang. Í raun lýst mér ekki á að samgöngumál séu með umhverfismálum vegna þess að það er mjög algengt að einmitt í þeim málum skarist hagsmunir. Ég get ekki stutt það atriði.

En það er þó mjög margt jákvætt sem kemur fram í frv. og ég má til að minnast á það. Í lok kaflans um tilraunir til lagasetningar hérlendis stendur að það sé álit nefndarinnar að með hliðsjón af því hve umhverfismál eru víðtækur málaflokkur sé á þessu stigi ekki hægt að ganga lengra í átt til samræmingar og tilfærslu málaflokka á milli ráðuneyta miðað við núverandi skipan mála um Stjórnarráð Íslands. Ég er að vísu ekki sammála þessu, en ég vil þá líta á að flm. taki undir það sem stendur hér: „Nefndin lítur svo á með frv. því, sem hér er lagt fram, sé stigið fyrsta skrefið í þá átt að flytja málaflokkinn í heild sinni í eitt ráðuneyti", og ég vil skilja þessa setningu líka þannig að flm. telji að það sé ekki einungis stefnt að því að flytja umhverfismál í eitt ráðuneyti heldur sérstakt ráðuneyti. Ég vona að það þýði ekki að þeir telji ekki þessum málum betur fyrir komið í sérstöku umhverfisráðuneyti, þó að þeir leggi þetta fram til umræðu og skoðunar. Ég vonast til þess að þessir hv. þm. muni styðja tillögu Kvennalistans um sérstakt umhverfisráðuneyti og það yrði samið frv. um það vegna þess að það er greinilegt að þeir hafa áhuga á þessum málum.

Mig langar að minnast á nokkur atriði sem mér finnast mjög jákvæð. Það er 11. gr. um einnota umbúðir, en það er verið að mæla fyrir frv. um einnota umbúðir í Ed., sjálfsagt á sama tíma og við erum að ræða þetta núna. Ég vona að það náist samstaða um að koma einhverjum skikk á þau mál og við getum afgreitt það frv. sem fyrst.

Síðan eru mörg ákvæði í IX. kafla, ákvæði til bráðabirgða, sem ég get fyllilega tekið undir og eru mál sem þarf að taka alvarlega á. Við getum tekið sem dæmi 6. lið þar sem talað er um að fyrir 1. júní

1990 skuli ríkisstjórnin í samvinnu við sveitarfélög gera tíu ára áætlun um frágang skólp- og frárennslislagna í þeim tilgangi að draga eins og mögulegt er úr mengun láðs og lagar af þeim sökum. Ég er svo sannarleg samþykk þessu nema þarna væri spurning hvort það hefði ekki verið ágætt að við hefðum sérstakt umhverfisráðuneyti sem gæti tekið á þessu máli og unnið þetta í samráði við sveitarfélögin. Þannig eru fleiri atriði sem eru svo sannarlega jákvæð og væri mjög ánægjulegt ef þau gætu komist áfram.

En eins og ég sagði í upphafi og segi aftur: Ef við viljum skipan umhverfismála sem besta og gera það á skynsamlegastan hátt tel ég að við eigum að sameinast um að hér verði sett á stofn sérstakt umhverfisráðuneyti.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Enn stöndum vér hér á Alþingi Íslendinga 7. mars 1989 og ræðum frv. til l. um samræmda stjórn umhverfismála, spurninguna um það hvernig umhverfismálum verði komið fyrir hér á landi eftir að ríkt hefur stöðnun í meðferð þessara mála um mjög langt árabil, raunar marga áratugi.

Það er sannarlega raunalegt að það skuli vera þörf á því að ræða þessi mál á þeim grundvelli sem liggur fyrir í nefndu frv. og ég hefði vissulega vænst þess að hv. ríkisstjórn eða eigum við að segja hæstv. hefði tekið ómakið af hv. þm. Sjálfstfl. að leggja fram þetta frv. í þinginu með því að hafa náð saman og tekið ákvarðanir um meðferð umhverfismála í stjórnkerfinu á þann eina hátt sem er í takt við tímann, þ.e. að stofna hér loksins sjálfstætt óháð umhverfisráðuneyti, ráðuneyti óháð afskiptum annarra ráðuneyta og sjálfstætt innan stjórnarráðsins.

Ég leyfi mér, virðulegur forseti, að minna á að ég stóð í þeim sporum vorið 1972 á fyrsta náttúruverndarþingi að mæla fyrir tillögu þar sem náttúruverndarsamtök Austurlands höfðu efnt í, en ég var fulltrúi þeirra samtaka, um stofnun umhverfisráðuneytis. Síðan eru liðin nær 17 ár og enn erum við í þeim sporum að meðferð þessara mála er nánast óbreytt í stjórnarráðinu, í stjórnkerfinu, þrátt fyrir atrennur af hálfu margra ríkisstjórna, loforð og fyrirheit í stjórnarsáttmálum um það að reynt verði að færa þessi mál eitthvað í takt við tímann.

Ég hef í mörg skipti, sem ég hef ekki tölu á, staðið í þessum stól og mælt fyrir breytingum á þessu máli í sömu veru og ég gerði á náttúruverndarþingi 1972 og ég hef flutt þingmál eftir þingmál og fyrirspurn eftir fyrirspurn til að reyna að þoka þessum málum til betri vegar. En árangurinn hefur ekki orðið meiri en raun ber vitni og enn eru menn hér á þinginu að tefla fram tillögum í þessum málum nokkuð í andstæðar áttir þó að hugurinn sem að baki tillöguflutningnum býr sé ugglaust ágætur, það sé góður hugur til þessa málaflokks og skilningur á því að það verða að nást fram breytingar fyrr en seinna. En því miður eru skoðanirnar skiptar hér í þinginu og hafa ekki síður verið skiptar innan þeirra ríkisstjórna sem hafa þó ætlað sér á undanförnum 10–11 árum a.m.k. að taka á þessum málum og breyta þeim mjög róttækt, líklega væri nær að segja undanförnum 15 árum eða frá 1974 að telja.

Ég get í rauninni tekið undir með hv. 12. þm. Reykv. Kristínu Einarsdóttur þegar hún vísaði til þess sem er kannski einn meginþröskuldurinn í vegi þess að við höfumn náð árangri og mun koma fram einhvers staðar í grg. með þessu frv. að ég hygg. Það er tregða innan stjórnkerfisins sjálfs, hjá ráðherrum í ríkisstjórn eftir ríkisstjórn og ekki síður og kannski alveg sérstaklega innan embættismannakerfisins þar sem nokkrir embættismenn hafa tekið sér það fyrir hendur að heilaþvo ráðherra eins skjótt og kostur væri á eftir að þeir eru sestir á stóla og ætlað að taka eitthvað á þessum málum. Ég gæti sagt ýmsar sögur um þau efni og leitt fram ýmis skjöl til staðfestingar á því að hér er ekki um neinar aðdróttanir að ræða gripnar úr lausu lofti heldur liggur þetta fyrir í plöggum sem embættismenn hafa matreitt ofan í ráðherra til að koma í veg fyrir að einstakir þættir umhverfismála væru frá þeim teknir eða viðkomandi ráðuneyti og færðir inn í eitthvert skynsamlegt samhengi. Það er hins vegar engin ástæða til þess að skamma embættismenn hér á Alþingi. Það eru stjórnmálamennirnir sem bera ábyrgðina og bera sökina, leyfi ég mér að segja, á því að við búum við það fornaldarkerfi sem nú ríkir sem einstætt er í Evrópu og þótt víðar væri leitað um heimsbyggðina.

Hv. 1. flm. þessa máls, áður hæstv. ráðherra, á auðvitað sinn þátt í þessu eins og margir sem í ríkisstjórnum hafa setið og ekki ætla ég að undantaka sjálfan mig sem hef átt sæti í ríkisstjórn. Sjálfsagt hefði maður átt að gera betur og getað gert betur þótt ég hafi leitast við, og geti skjalfært það, að þoka þessum málum fram þegar ég átti þar sæti. Síðan hef ég flutt, eins og ég gat um, þingmál um það að umhverfismálin færu færð undir sjálfstætt umhverfisráðuneyti fyrir nokkrum árum og hér hafa komið fram tillögur, m.a. frá Kvennalista, ágætt þingmál í tillöguformi, um stofnun sérstaks umhverfisráðuneytis. Það ber sannarlega að fagna því þegar tillögur koma í þá átt og það bætist liðsauki við að reyna að ná þessum mikilsverðu málum í skikkanlega höfn.

Ég hlýt að nefna hér, og það er ekki til þess að draga úr því sem ég sagði áðan að hugur sé góður að baki flutningi þessa máls hjá hv. 1. flm. og meðflutningsmönnum hans, en það vekur auðvitað athygli að Sjálfstfl. hefur þann hátt á og hefur haft það um skeið að þegar hann hefur setið í ríkisstjórnum hefur hann verið dragbítur á þá stefnu að stofnað væri sjálfstætt umhverfisráðuneyti. Hann hefur lagst gegn því og fært fram ýmislegt, brugðið þar fæti fyrir með ýmsum hætti að það mál næði fram að ganga, sú endurskipulagning stjórnarráðsins. En síðan hefur Sjálfstfl., þegar hann hefur lent í stjórnarandstöðu, verið nokkuð fljótur að koma með einhverja uppskeru úr nefndum þeirra ríkisstjórna sem hann áður sat í og jafnvel veitti forstöðu til þess að þvo af sér blettina — svo ekki sé nú sterkara til orða tekið — varðandi atburðaleysið, tregðuna og fyrirstöðuna þegar þessi flokkur var í stjórnarráðinu og veitti jafnvel ríkisstjórnum

forustu, eins og síðasti hv. flm. þessa máls gerði fyrir skemmstu, hv. þm. Þorsteinn Pálsson, sem er í hópi flutningsmanna og bar fram þann stjórnarsáttmála sem kvað á um að eitthvað skyldi nú að gert í þessum málum.

En það er ekki þar með sagt að Sjálfstfl. sé einn um þetta. Það er ég ekki að segja með þessum orðum. En ég get nefnt það, og hlýt að gera það, að í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar, hinni fyrri sem hæstv. núv. forsrh. veitti forstöðu, ætluðu menn að taka á og það var hæstv. félmrh. páv., Alexander Stefánsson, sem hafði málið með höndum og ætlað var að vera frumkvæðisaðili þessara mála. Þá rembdist Sjálfstfl. við og þæfðist við lon og don og ár eftir ár og gerði hæstv. félmrh. ríkisstjórnarinnar páverandi að hálfgerðu athlægi hér á Alþingi því hann var alltaf að lýsa því yfir að nú væri málið að koma, nú væri þetta alveg að fæðast og hann svaraði fsp. og sagði: Þetta kemur bara um mánaðamótin. Þá kemur frumvarp inn í þingið. En Sjálfstfl. tryggði að ekki gekk rófan. Hins vegar flutti þá hv. páv. þm. Reykn. Gunnar G. Schram inn í þingið plagg sem hann hafði átt þátt í að semja sem aðili í nefnd ríkisstjórnarinnar sem sat þar á undan, eitt af þessum flækjumálum sem búin voru til til að koma í veg fyrir eðlilega skipan og úrlausn þessara mála, og þar lá hann ekkert á liði sínu. Síðan flutti hann, fram hjá og án að því er mér skildist vitundar páv. ráðherra, a.m.k. sem átti að fara með málið, páv. hæstv. félmrh., frumvarp inn í þingið sem var uppskeran úr nefndarstarfi úr tíð fyrri ríkisstjórnar þar sem hann hafði tekið þátt í og verið tilkvaddur. Það ólgaði og sauð og logaði allt á stjórnarheimilinu yfir þessum vinnubrögðum Sjálfstfl. Og núna endurtekur sagan sig með þeim hætti sem hér liggur fyrir.

Auðvitað er sitthvað gott í þessum pakka, góðar hugsanir, góðar tillögur innan um þó meginstefnan sé röng, ófullnægjandi og langt á eftir tímanum. En hér er Sjálfstfl. að skreyta sig með uppskeru úr nefndarstarfi úr tíð ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar, skreyta sig með uppskeru úr nefndarstarfi sem þrír ágætir valinkunnir menn unnu sem hafa haft afskipti af þessum málum í tíð fleiri en einnar ríkisstjórnar sumir hverjir, eins og Hermann Sveinbjörnsson, núv. aðstoðarmaður sjútvrh., og flytja þetta frv. inn í þingið sem sitt mál. Því var skilað inn til ríkisstjórnarinnar fyrir sl. vor og þar var gerð einhver samþykkt í þá veru sem a.m.k. hv. 1. flm. þessa máls nú taldi vera ríkisstjórnarsamþykkt og hann var orðinn umhverfisráðherra. Hann var bara orðinn umhverfisráðherra. Gott ef hann komst ekki á fund á Norðurlöndum sem slíkur út á það að það hafði verið lagt inn frv. í ríkisstjórninna sem ekkert var svo gert með í tíð þeirrar stjórnar. Svo kemur hv. þm. með þetta frumvarp hér, uppskeru nefndar sem skipuð var fulltrúum páv. stjórnarflokka og Sjálfstfl. leggur nú inn í þingið, nákvæm endurtekning á því sem gert var í ríkisstjórninni ári á undan. Ja, þetta eru nú vinnubrögð. Það er ekki hjá því komist, virðulegur forseti, að vekja athygli á þessari sérkennilegu málafylgju Sjálfstfl. á Alþingi í sambandi við umhverfismálin. Og ég fullyrði að ef það væri ekki þessi flokkur, sem því miður hefur haldið því að vera stærsti flokkurinn á Alþingi býsna lengi og allt of lengi, ef hann hefði ekki verið sá dragbítur í þessum málum sem raun ber vitni. Og það kom fram í máli hv. 1. flm. hvernig þetta kerfi er hugsað.

Til þess, virðulegur forseti, að reyna að þjappa saman áliti mínu á þessu, því ég hafði ekki tök á því fyrir þessa umræðu að semja sérstaklega álitsgerð um málið, en ég skrifaði um þessa uppskeru í dagblað í Reykjavík, DV, 24. maí 1988 og dró þar saman álit mitt á þeirri tillögu sem ríkisstjórnin hafði þá fengið og kemur hér að mestu leyti óbreytt fram. Ég leyfi mér að vitna til þess:

„Hér er ekkert lagt til að stofnað verði umhverfisráðuneyti sem einhvers verði megnugt og rísi undir nafni. Þess í stað er málum skákað milli ráðuneyta og búið til stjórnunarapparat sem lítil von er til að skili árangri. Í „frumvarpi" nefndarinnar er tekið fram að umhverfismál samkvæmt lögunum skuli heyra undir þrjú ráðuneyti, félmrn., heilbr.- og trmrn. og samgrn. Það síðasttalda á að taka við þeim þáttum umhverfismála sem nú heyra undir menntmrn. og heita síðan samgöngu- og umhverfisráðuneyti. Í stað þess að stofna heilstætt umhverfisráðuneyti sem m.a. tæki við náttúruvernd, mengunarvörnum og skipulagsmálum, er búin til svokölluð „stjórnarnefnd umhverfismála". Þrír ráðherrar eiga hver um sig að tilnefna í hana fulltrúa," — og mun nú hafa verið aukið við í þessu frumvarpi einum þremur í viðbót — „þ.e. félmrh., heilbrmrh. og samgrh. Auk þess er gert ráð fyrir að Samband ísl. sveitarfélaga tilnefni einn og náttúruverndarþing einn fulltrúa í nefndina. Þessi stjórnarnefnd skal skipuð til fjögurra ára í senn og hún á að glíma við að stilla ráðherrana og ráðuneytin þrjú saman í aðgerðum á sviði umhverfismála. Meðal margra hlutverka stjórnarnefndarinnar á að vera að ákveða aðgerðir í skörunartilvikum og vinna að samnýtingu starfskrafta og úrskurði í ágreiningsmálum um aðgerðir. Náist ekki samkomulag á þessu friðsemdarheimili virðist sem samgrh. eigi að höggva á hnútinn."

Menn sjái fyrir sér Matthías Á. Mathiesen kveða upp úrskurð í málaflokkum sem heyra undir þau Jóhönnu Sigurðardóttur og Guðmund Bjarnason. Og það vill svo til, virðulegur forseti, að það þarf engu að breyta að því er skipun þessara ráðuneyta snertir þó að skipt hafi verið um ríkisstjórn, þ.e. núv. hæstv. félmrh. og heilbrmrh. eru í sömu sætum og í síðustu ríkisstjórn og mundu taka við því hlutverki sem hér er lagt til.

„Samkvæmt frumvarpinu á að leggja Náttúruverndarráð niður og flytja stöðuheimildir þess yfir í umhverfismálaskrifstofu samgöngu- og umhverfismálaráðuneytisins eins og það er kallað. Samkvæmt gildandi lögum kýs fjölmennt náttúruverndarþing sem haldið er þriðja hvert ár sex menn í Náttúruverndarráð. Ráðið ræður síðan framkvæmdastjóra og annað starfsfólk. Þetta félagslega tæki á nú að

leggja niður og embættismenn taka við. En ekki nóg með það. Samgöngu- og umhverfisráðherrann á að skipa sjö manna umhverfismálaráð sérfræðinga til fjögurra ára og skal það vera til ráðgjafar og umsagnar fyrir ríkisstjórn og stjórnarnefnd umhverfismála." — Og hér nefni ég nú, virðulegur forseti, að það eru nokkrar silkihúfurnar sem er að finna í þessum umbúðum, innan þessara umbúða.

„Samkvæmt frumvarpinu virðist ráðherrann velja viðkomandi sérfræðinga millilíðalaust nema formann ráðsins sem [eins og sagt er í frumvarpinu] skal skipaður að fengnum tillögum Háskóla Íslands og skal hann hafa alhliða þekkingu á umhverfismálum. Það er best að menn fari strax að skyggnast um innan háskólans eftir hinum alvitra formanni og hver veit nema búið sé að hengja á hann bjölluna." Þetta er nú skrifað í fyrravor.

„Þrátt fyrir 23 fundi nefndar forsrh., sem undirbjó þetta frumvarp, og að nefndin hefði á sínum snærum ritara og sérstakan starfsmann er fjölmargt óljóst og hálfkarað í þessari kostulegu smíði. Þannig er vísað til nauðsynlegra breytinga á stórum lagabálkum, svo sem lögum um náttúruvernd, lögum um landgræðslu og lögum um skógrækt, án þess að nánar sé um þá endurskoðun fjallað. Þarna segir: „Frá 1. janúar 1990 skulu liggja fyrir endurskoðuð lög um starfsemi þessara stofnana er taki mið af breyttum rekstri." Það var í nefndarálitinu. Hvernig halda menn að samkomulagið verði í ríkisstjórn og á Alþingi ef þannig á að binda hendur löggjafans fyrir fram? Hefði ekki verið nær að unnið væri jafnhliða að slíkum lagabreytingum og mörgu fleira sem snertir þessa svokölluðu samræmingu?"

Og niðurstaða mín, eftir að hafa farið í gegnum þær tillögur sem þá lágu á borði ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar, voru þessar, virðulegur forseti, undir millifyrirsögninni „Andvana fætt plagg."

„Því miður hafa andstæðingar nauðsynlegra breytinga á stjórn umhverfismála enn einu sinni farið hér með sigur af hólmi. Nær alger skilningsskortur ríkir á þessum málum í forustu Sjálfstfl. Alþfl. hefur hingað til enga skoðun haft á skipan umhverfismála og Framsfl. slær úr og í. Það var því ekki við miklu að búast. Mér kæmi heldur ekki á óvart þótt þetta frumvarp dagaði uppi í þingflokksherbergjum stjórnarliðsins og enn muni nokkur tími líða uns menn nái áttum í þessum málaflokki."

Virðulegi forseti. Þetta var tilvitnun í blaðagrein frá því í maí í fyrra. En það væri ástæða til þess að ræða hér sérstaklega hvernig á því stendur að núv. hæstv. ríkisstjórn hefur ekki komist lengra með þessi mál en raun ber vitni. Ég fjallaði um það nýlega í dagblaði. 9. febrúar 1989 birtist grein um þetta efni í DV undir fyrirsögninni „Sjálfstætt umhverfisráðuneyti." Þar leitaðist ég við að draga fram hvernig á þessum málum hefur verið tekið á þeim tíma sem þá var liðinn frá stofnun núv. ríkisstjórnar og hvernig ég leyfi mér að segja hálfgerður skollaleikur er hafinn á nýjan leik innan núv. hæstv. ríkisstjórnar varðandi þennan málaflokk, því miður. Ég sé enga ástæðu til að draga fjöður yfir þá gagnrýni af minni hálfu að það skuli ekki vera búið að taka á þessum málaflokki með þeim eina hætti sem samsvarar kröfum tímans, eðli þessa málaflokks og þeim afdrifaríku málum sem honum tengjast, umhverfismálunum, með stofnun sjálfstæðs umhverfismálaráðuneytis.

Nú hafa menn verið um nokkurra mánaða skeið innan hæstv. ríkisstjórnar að takast á um hvar eigi að vista umhverfismálin, hvort eigi að stíga skrefið til fulls, eins og Alþb. hefur lagt ríka áherslu á, og stofna sjálfstætt umhverfisráðuneyti hið fyrsta, rista fram úr þessum málum og reyna að koma þessu húsi umhverfismálanna í sæmilega skikkanlegt horf, gera það að minnsta kosti fokhelt og reyna að bæta úr með nauðsynlegum aðgerðum í framhaldi þess, lagabótum og nauðsynlegum fjárveitingum til þessara mála og eftirliti með framkvæmd laga. Ég hlýt enn að vona að sá tími renni upp fyrr en seinna að ríkisstjórnin núverandi nái áttum í þessum málum og taki ákvarðanir svo sem hún hefur látið að liggja í málefnasáttmála þó að þar fengist ekki fram sú krafa, sem ég tel mig hafa lagt nokkra áherslu á á stuttum meðgöngutíma núverandi ríkisstjórnar, að þar yrði tekið inn ákvæði um sérstakt sjálfstætt umhverfisráðuneyti, en það er því miður ekki það ótvírætt og af þeim sökum eru menn nú að leika sér að þessum eldi og húsið brennur áfram með vanstjórn, óstjórn og reiðuleysi í einum stærsta ef ekki allra stærsta og þýðingarmesta málaflokki okkar daga.

Ég leit við í umhverfismálaráðuneytum nágrannalandanna í nóvembermánuði sl. til þess að kanna þar fyrir hönd míns flokks og ég vona einnig fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, sem fékk uppskeruna í hendur, stöðu þessara mála og þróun í stjórnsýslu umhverfismálanna í Noregi og Danmörku, en þar hafði ég heimsótt umhverfisráðuneyti fyrir 14 árum, 1975, þá á vegum Náttúruverndarráðs, fullur vonar um að við næðum því þá skjótlega að endurmóta okkar stjórnkerfi í þá veru sem þessar nágrannaþjóðir höfðu þá gert fyrir fáum árum, 1972 og 1973, með stofnun sérstaks sjálfstæðs umhverfisráðuneytis og til að átta mig á hvernig mál hefðu skipast síðan, m.a. til að fá vitneskju um þær sögusagnir, sem embættismenn hér í stjórnkerfinu höfðu verið að hvísla í eyru ráðherra í ríkisstjórn eða ríkisstjórnum, að það væri nú kominn upp annar flötur í þessum málum. Það væri nefnilega svoleiðis að menn væru bara að skipta um skoðun. Það hefði verið mesta vitleysa hér á árum áður að setja þetta allt undir einn hatt. Nú væru menn komnir að því að dreifa þessu á nýjan leik. Þetta voru sjónarmið sem varðmenn óbreytts kerfis innan Stjórnarráðs Íslands leyfðu sér að flytja og hvísla í eyru ráðherra, ég vona ekki gegn betri vitund þó að það sé ástæða til að láta sér detta í hug að það sé af ráðnum hug að afflytja mál með þeim hætti. Það sem þarna er um að ræða er afflutningur á þeim tillögum og samþykktum sem gerðar voru á vettvangi Sameinuðu þjóðanna fyrir einu ári eða svo og kölluð hefur verið skýrsla Brundtland-nefndarinnar, kennd við formann nefndar á vegum Sameinuðu þjóðanna sem

Gro Harlem Brundtland, forsætisráðherra Noregs, veitti forstöðu og vann mikið og gott starf sem leiddi til samhljóða samþykktar, að ég hygg, á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, alla vega með yfirgnæfandi meiri hluta ríkja þar, um áherslur í umhverfismálum, þar á meðal varðandi stjórnun og meðferð þessa málaflokks í löndunum.

Það er þessi uppskera og þessi samþykkt á vettvangi Sameinuðu þjóðanna sem hefur verið leiðbeinandi nú og til umræðu víða í löndum, uppskera Brundtland-nefndarinnar þar sem hefur verið unnið að því m.a. í Noregi og Danmörku á vegum sérstakra starfshópa og nefnda, þar á meðal á vegum nefnda sem í eiga sæti, að ég hygg, ekki færri en átta af ráðherrum norsku ríkisstjórnarinnar til þess að átta sig á hvernig þessum tillögum verður framfylgt innan Noregs og í alþjóðlegu samstarfi sem Noregur á hlut að.

Hér á Íslandi hef ég bara varla heyrt nokkurn mann bera sér nafn þessarar skýrslu í munn. Tíðindin af henni hafa farið mjög lágt og sá boðskapur sem hún hefur að flytja nema afflutningur á kjarna þessa máls af hálfu þeirra sem eru að leitast við að hækka þröskuldana til þess að rista fram úr fyrirstöðunum og vilpunni sem hlaðist hefur upp í umhverfismálunum nú um langt skeið. Það stendur nefnilega í skýrslu Brundtland-nefndarinnar og samþykkt Sameinuðu þjóðanna, m.a., að það sé ekki aðeins að þetta sé einn mikilvægasti málaflokkurinn sem þurfi að fá samræmda meðferð í stjórnsýslunni undir forustu umhverfisráðuneytis, heldur þurfi jafnframt að gera alla aðila sem ábyrgasta, hvern á sínum vettvangi, til þess að tryggja framkvæmd þeirrar samræmdu stefnu sem fylgja ber í umhverfismálunum undir skilvirkri forustu. Þannig þurfi t.d. landbrn. eða það ráðuneyti sem fer með þann málaflokk og önnur atvinnumálaráðuneyti að fylgja kalli og vera ábyrg á sínu sviði, í sínum málaflokki, til þess að tryggja að hin samræmda umhverfismálastefna nái fram að ganga, t.d. að því er varðar mengun vegna tilbúins áburðar, svo að dæmi sé tekið af landbúnaðarsviðinu, sem hefur átt þátt í að auka mengunina við strendur Noregs og Danmerkur og fleiri Norðurlanda og víða í vötnum og ám. Það á ekkert hins vegar skylt við það að verið sé að leggja til eða hverfa frá þeirri stefnu að það þurfi eitt ábyrgt ráðuneyti að halda utan um þennan málaflokk, síður en svo. Ég hefði haldið að alþingismenn gerðu margt gagnsminna, ef þeir eiga leið út fyrir pollinn til nágrannalandanna, en að líta við í umhverfisráðuneytunum þar, átta sig á því hvernig haldið er á málum og hvað lagt er til þessa málaflokks í grannlöndum okkar. Það er t.d. auðvelt að glöggva sig á stöðu þessara mála í Noregi með því að líta á skipuritið yfir umhverfisráðuneytið þar, „miljöverndepartementet", og í Danmörku. Og það er fróðlegt að líta t.d. í þessa grænu bók, 1989, frá norska umhverfisráðuneytinu, þar sem dregið er fram hvernig á þessum málum er tekið í norska stjórnkerfinu og hvað einstök ráðuneyti hafa tekið á sig á því herrans ári 1989 að ná fram til þess að bæta stöðu umhverfismála, hvert á sínu sviði. Í fjárlögum norska ríkisins, samþykktum af Stórþinginu, eru tugir blaðsíðna með sérstakri greinargerð fjármálaráðherrans sem leggur frv. fram um hvernig á umhverfismálum sé tekið, hvaða stefnu sé þar framfylgt, hvaða fjárveitingar séu veittar til þessa málaflokks. Þessi málstök eru að mínu mati til eftirbreytni og til að læra af þeim, en samt er það svo að grannar okkar í Noregi telja síður en svo að þessi mál séu komin á einhvern leiðarenda eða í skikkanlegt horf því að átta ráðherra nefnd er um þessar mundir að skila af sér sérstakri skýrslu til Norska stórþingsins um hvernig fylgt verði eftir áliti Sameinuðu þjóðanna, skýrslu Brundtland-nefndarinnar. Þessi „stortingsmelding", eins og það heitir á máli norskra, er að koma inn í Stórþingið um þessar mundir og það er áreiðanlega vitlegt fyrir okkur sem erum að fjalla um þessi mál hér að kynna okkur það þegar hún kemur út hvernig við er brugðist í þessu grannlandi okkar sem hefur á margan hátt við ekki ósvipað vandamál að glíma í sambandi við umhverfismál, þó að hinum gífurlega uppblæstri, og landeyðingu, gróðurfarseyðingu, frátöldum sem er eitt stærsta umhverfismálið á okkar landi.

Virðulegur forseti. Það væri ástæða til þess að fjalla miklu ítarlegar um þetta mál af minni hálfu en ég geri mér ljóst að þessi mál verða ekki leyst með ræðuhöldum hér á Alþingi einum saman né tillöguflutningi svo ágætur sem hann er, ekki með honum einum saman. Það þarf vilja nógu margra þm. til þess að ná hér árangri og það sem ég vildi ekki síður sjá, aðgerðir af hálfu framkvæmdarvaldsins til þess að stíga þau skref sem hefði þurft að taka fyrir 15–20 árum síðan ef við hefðum ætlað að vera í einhverjum takt við það sem hefur verið að gerast í grannlöndum okkar.

Menn spyrja kannski: Er þetta ekki allt saman málað heldur dökkum litum af þeim sem hér talar? Er þetta ekki yfirdrifið? Er þetta ekki eitthvert bölvað ofstæki? Það verður auðvitað hver og einn sem á hlýðir að dæma um. Það hafa hins vegar þegar hent mörg óhöpp og það hefur dregist úr hömlu að grípa til aðgerða á sviði umhverfismála hér á landi vegna þeirrar tregðu sem hefur ríkt hér á löggjafarsamkomunni og innan ríkisstjórna að tryggja eðlileg tök þessara mála, eðlilega nýbreytni þessara mála. Það sem hér er verið að leggja til hefði verið góður ávinningur fyrir 10 árum síðan. Ég hefði fagnað þeirri viðleitni sem hérna kemur fram 1989 með einhverjum breytingum ef þetta hefði legið fyrir 1978. En síðan eru liðin 11 ár. Þetta er fornaldarplagg sem hér er reitt fram, algert fornaldarplagg, sem er náttúrlega svo víðs fjarri að hægt sé að mæla með að samþykkt verði hér á hv. Alþingi, því miður. (**AG:** Fyrsta skrefið er alltaf upphaf.) Virðulegur þm. Albert Guðmundsson. Það er hægt að misstíga sig með sporum af þessu tagi. Þetta væri að misstíga sig. Það er betra að doka við í einhverja mánuði, missiri, jafnvel í eitt ár — en ég vona sannarlega að sá tími líði ekki áður en menn ná áttum í þessu máli — en að fara að leggja blessun yfir tillögur af þessu tagi.

Ég hef átt þess kost að fylgjast svolítið með með-

ferð þessara mála á alþjóðavettvangi nú að undanförnu og hv. síðasti ræðumaður, hv. þm. Kristín Einarsdóttir, gat um einn þátt sem varðar tök mála á þessu sviði í Evrópu, á vegum Evrópubandalagsins, og það mætti margt ræða einmitt um þátttöku okkar í alþjóðlegu samstarfi eða þátttökuleysi, vanrækslu á því sviði sem orðið hefur vegna þess að við erum með hlutina í því horfi sem raun ber vitni hér heima.

Það var haldinn fundur umhverfismálaráðherra í Vestur-Evrópu í Hollandi í apríl sl., um það leyti sem hv. 1. flm. þessa máls var að fá í hendur tillögurnar, eða ríkisstjórn hans, sem hér eru komnar fram í frumvarpsformi. Þar voru öll sæti skipuð, að mér hefur verið tjáð, af ábyrgum ráðherrum þessara mála nema eitt. Það var sæti Íslands. Það stóð autt. Þar sem verið var að fjalla um samstarf á sviði umhverfismála í Vestur-Evrópu, nauðsynlegar alþjóðlegar aðgerðir á þessu sviði, hafði ríkisstjórn Íslands ekki fyrir því að senda einu sinni einn sendiherra til þess að vera viðstaddur á þessari alþjóðlegu samkomu og hafði þó íslenska utanrrn. hnippt í ráðherra eftir ráðherra, embættismenn þar, til að vekja athygli á þessum fundi, með góðum fyrirvara. Þetta er að gerast. Þetta gæti gerst enn í dag, óhöpp af þessu tagi, slík auglýsing á stöðu mála á Íslandi eins og birtist á þessum fundi. Og þetta er ekki eini fundurinn núna síðustu tvö árin eða svo þar sem sæti Íslands hefur staðið autt a.m.k. að meginhluta vegna þess að stjórnvöld hafa ekki hugsað fyrir því eða ekki komið sér saman um það hvaða ráðuneyti ætti að senda fulltrúa á viðkomandi samkomu.

Nei, það er mál til komið, virðulegur forseti, að óhöppum af því tagi fari fækkandi. Það eru hér mikil alvörumál á ferðinni og það er þörf á því að ræða þessi mál hér á Alþingi, ræða þann ágreining sem hér er á milli manna í þessum málum og reyna að ná saman um þessi efni, um nauðsynlegar breytingar og ég trúi ekki öðru en að hér megi takast, ef ríkisstjórnin núverandi ekki sér sóma sinn í því fyrr en seinna að koma skipan þessara mála í sæmilegt horf með stofnun sjálfstæðs umhverfisráðuneytis, að þá verði hér til meiri hluti innan veggja þingsins til þess að tryggja þá stefnu. En til þess þarf annað þingmál, annars konar frv. en það sem hér er til umræðu sem er langt frá því að vera í takt við tímann og vísa á þá leið til úrbóta í þessum málum sem við hefðum þurft að vera lagðir inn á fyrir löngu síðan.

Flm. (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Það hafa talað í þessu máli tveir hv. þm. auk flm. Hv. 12. þm. Reykv. Kristín Einarsdóttir, sem er aðili að tillögu þeirri sem ég vék að í minni ræðu hér áðan, gerði ítrekað grein fyrir sjónarmiðum þeirra flm. í þessu máli og vék að því frv. sem hér er til umræðu. Síðan talaði hv. 2. þm. Austurl. Hjörleifur Guttormsson, fyrrv. hæstv. iðnrh., og hann orðaði það svo í sinni ræðu að mönnum fyndist kannski það sem hann væri að tala um yfirdrifið eða ofstæki.

Það verður að meta það sem hv. þm. sagði hér með tvennum hætti, annars vegar það sem hann talaði um umhverfismálin sem slík og svo hins vegar þegar hann vék að sögu málsins hér á Alþingi og í ríkisstjórn. Ég er ekkert viss um að það sem hann segir í sambandi við umhverfismálin sem slík sé mjög yfirdrifið. Mér er fullkomlega ljóst að hann hefur mikinn áhuga á þessum málum, en ég get tekið undir það með hv. þm. sjálfum að það sem hann sagði hér um framgang þessa máls, um afstöðu einstakra flokka, um það hvernig að þessu hefur verið staðið, fannst mér jaðra við ofstæki að sumu leyti. Hann sagði að hefði þetta frv. legið fyrir fyrir 10 árum síðan hefði það verið mjög gott. (**HG:** Ávinningur.) Ávinningur. En ég spyr: Hver sat í ríkisstjórn Íslands fyrir 10 árum, og hver hafði þess vegna aðstöðu til að flytja slíkt frv. fyrir 10 árum, 1979? Að vísu sat á þeim tíma sem við erum nú á, í marsmánuði, einmitt hæstv. iðnrh., Hjörleifur Guttormsson, og mér sýnist að þá hefði hann gjarnan hafa viljað standa að slíkum hlut, slíku frv., slíku fyrirkomulagi, en einhverra hluta vegna tókst það ekki. Ég er ekki með svo gott minni að ég muni nákvæmlega hvernig stóð á því, en ég er alveg sannfærður um að það hefur verið eitthvert ósamkomulag innan ríkisstjórnarinnar, innan stjórnarflokkanna, því að ég trúi því ekki að hv. þm. hafi ekki reynt, en ég man ekki eftir því að hann viki sérstaklega að þessum málum á Alþingi þá.

Hv. þm. sat aftur í ríkisstjórn á árunum 1980–1983 og ég gat um það hér í minni framsöguræðu að þá hefði þáv. hæstv. félmrh., núv. hæstv. menntmrh., þáv. formaður Alþb., Svavar Gestsson, fengið tvær nefndir til þess að semja frv., en hvorugt þessara frv. sá dagsins ljós á Alþingi. Þingmanninum fannst það sæma sér að ræða sérstaklega stöðu Sjálfstfl. og forustumanna hans í þessum málum í þeirri tóntegund sem hann gerði. Hann var þó tilbúinn að fallast á að það er fyrst í tíð ríkisstjórnar Geirs Hallgrímssonar sem farið er að ræða þessa hluti, farið að ræða það að við þurfum að setja löggjöf um samræmda stjórn umhverfismála. Ég átti sæti í þeirri ríkisstjórn og ég fylgdist mjög vel með þegar að því var unnið og það frv. var lagt fram á Alþingi vorið 1978, það var frv. um umhverfismál og var 291. mál þess þings en varð ekki útrætt. Það er það fyrsta og það var undir forustu þáv. forsrh. og það var hann sem skipaði þessa nefnd en ekki neinn af fagráðherrunum. Þegar ljóst var að þetta frv. næði ekki fram að ganga hvað gerði þáv. forsrh.? Til þess að koma málinu af stað fól hann þáv. félmrh. að fara með umhverfismálin fyrir hönd ríkisstjórnarinnar formsins vegna og þannig hefur það verið allar götur síðan.

Hv. þm. vék svo að því að sá sem í ræðustól stendur hafi allt í einu eftir að þetta frv., sem hér er flutt, var lagt fram í ríkisstjórninni vorið 1988 talið sig vera orðinn umhverfisráðherra og því farið að vinna samkvæmt því. Þetta var reginmisskilningur hjá hv. þm. Þau málefni sem þá voru á dagskrá í sambandi við mengun hafsins heyra undir samgrn. og það var einmitt þess vegna sem samgrh. var erlendis til þess að fara á fundi, til þess að sinna sínum málum. Þetta tilvik sem hv. þm. vék að áðan varðandi þá ráðstefnu

veit ég nákvæmlega að utanrrn. var beðið um að sjá til þess að ákveðinn sendiherra yrði þar viðstaddur en ekki gat orðið svo og það vissu menn um seinan. Það var ekki vegna þess að félmrh., sem formlega fór með þessi mál frá því 1978, eða að samgrh., sem fór með mengunarmál í hafinu, væru ekki reiðubúnir og ekki búnir að biðja um það. Þetta var vegna þess að þannig hagaði til hjá þeim aðila sem óskað hafði verið eftir að tæki sæti á þessum fundi.

Frv. um umhverfismál sem lagt var fram á þingi 1978 — var fjallað um það eða var farið að ræða um þau mál í ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar 1978–1979? Lagði sú ríkisstjórn fram það frv. eða eitthvert annað frv.? Nei. Ég ætlast ekki til þess að minnihlutastjórn Alþfl., sem sat frá því haustið 1979 þar til í febrúar 1980, væri svo rösk að það lægi fyrir frv. af hennar hálfu, enda ríkisstjórn sem vitað var að sæti skamman tíma. Þá máttu menn sjálfsagt reikna með því að málið yrði aftur tekið upp af ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens í febrúar 1980 þar sem hv. þm. gegndi embætti iðnrh. en það var ekki gert.

Það er svo árið 1983 að formaður þeirrar nefndar sem semur frv. er kominn á þing. Hann, áhugamaður um málefnið, flytur málið inn á þing til þess að vekja á því athygli, til þess að reyna að ýta málinu áfram, en niðurstaðan varð engin á því kjörtímabili því miður, og ég segi aftur því miður.

Hvað gerist svo í ríkisstjórnartíð Þorsteins Pálssonar? Í XII. kafla stefnuyfirlýsingarinnar stendur: „Sett verði almenn lög um umhverfismál og samræming þeirra falin einu ráðuneyti.“ Sú nefnd sem hann svo skipar semur frv., það er lagt fram í ríkisstjórninni vorið 1988 og er þá kynnt í þingflokkunum. Það er hins vegar ekki lagt fram hér á Alþingi vegna þess að það náðist ekki samstaða um það án þess að menn hefðu sagt til um hvort þeir væru almennt tilbúnir til þess að fella sig við frv. En ég vek athygli á því að nefndarskipunin varð með þeim hætti að í þeirri nefnd sátu fulltrúar allra stjórnarflokkanna svo að reikna mátti með því að náðst gæti breið samstaða um það mál. Ég vek enn fremur athygli á því að sá sem var ritari nefndarinnar, Ingimar Sigurðsson, hafði sem embættismaður í ráðuneytinu starfað með í nefndunum sem hæstv. ráðherra Svavar Gestsson skipaði á sínum tíma og þar af leiðandi kunnugur málinu og að sjálfsögðu gagnlegur fyrir þá aðila sem unnu að þessu. Ég er ekki þeirrar skoðunar og verð aldrei að það sé frambærilegt að segja að hvísl embættismanna eigi að hafa áhrif á mótun lagasetningar eða mótun frumvarpa ráðherra. Það var auðvitað rétt sem hv. þm. sagði, hvað svo sem hægt er að segja um embættismenn sem slíka, að það eru ráðherrarnir sem bera ábyrgðina.

Hvað gerist svo þegar ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar fer frá? Nú erum við komnir fram í marsmánuð og erum að ræða það frv. sem lagt hafði verið fram í hans ríkisstjórn, frv. sem samið hafði verið samkvæmt, eins og ég las áðan, því sem stjórnarmyndunaryfirlýsingin sagði til um. Það hafði ekkert heyrst frá ríkisstjórninni sem tekið hafði við. Þingmenn Kvennalistans höfðu lagt fram á Alþingi þáltill. í þá veru sem þeir óskuðu eftir að unnið yrði að málinu. Hvað var eðlilegra og sjálfsagðara fyrir sjálfstæðismenn en að leggja fram það frv. sem unnið hafði verið að í ríkisstjórnartíð Þorsteins Pálssonar, formanns flokksins? Til þess að koma málinu hér inn, til að leggja fram þær hugmyndir og tillögur sem þar höfðu verið fram lagðar. Síðan árið 1978 er það frv. nánast það frv. um stjórn umhverfismála sem helst sýnist geta náð þeim meginsjónarmiðum sem fram hafa komið, m.a. í þeirri skýrslu sem hv. þm. nefndi og kennd er við forsrh. Noregs, þ.e. um samræmda meðferð og um einn ráðherra til ábyrgðar.

Hv. þm. kom hins vegar inn á það sem hefur verið mergurinn málsins í þessu og vikið er að í greinargerðinni þar sem sagt er að í ljósi þessa — í ljósi hvers? — í ljósi þess að á Alþingi væri ekki fyrir hendi vilji til að stofna sérstakt umhverfisráðuneyti leitaðist nefndin við að finna raunhæfa lausn á málinu. Og það gerðist og meira að segja svo vel að hv. þm. lyfti skjalinu og sagði: „Ég hefði gjarnan viljað flytja þetta fyrir tíu árum síðan“, hvað hann ekki gerði. Frá þeim tíma, fyrir tíu árum, gæti hann sagt: fyrir átta árum síðan, fyrir sjö árum síðan, en aldrei flutti hann frv.

Ég efast ekkert um að hv. þm. talar af heilum hug þegar hann gagnrýnir núv. hæstv. ríkisstjórn. Ég efast ekkert um það. En mér finnst einhvern veginn að jafnvel þó að við séum ekki sammála um það sem hér stendur megi hann ekki láta það verk, sem hér er og er skref í rétta átt með tilliti til þess sem hann vill, fara svo í sínar fínu taugar að frv. er flutt af fulltrúum stjórnarandstöðunnar og því sé málið og hugmyndirnar með öllu óalandi og óferjandi.

Það er vissulega rétt að þörf er á að ræða þetta mál og við verðum fyrr eða síðar að koma okkur niður á með hvaða hætti við náum saman til þess að við höfum í þessu landi samræmda stjórn um umhverfismál. Að mínum dómi gerum við það ekki með þeim fullyrðingum sem hv. þm. var með til þeirra sem reyna að leggja fram sinn hlut, sinn skerf. Það er þá miklu frekar að menn segi: Við skulum drífa þetta frv. til nefndar og sjá hvort Alþingi getur leyst þann ágreining sem er milli manna hér því þá er lausnin fundin. En okkur er ljóst og það vitum við að ágreiningur er innan ríkisstjórnarinnar um þessi mál og þar leysast þau ekki, eða eins og hv. þm. endaði ræðu sína, ef ríkisstjórnin sér ekki sóma sinn í því að koma fram með sínar tillögur í þessu máli verður þingið að komast að niðurstöðu. Þetta er að sjálfsögðu mergurinn málsins. Þess vegna er frv. flutt af hálfu okkar sjálfstæðismanna. Hér eru hugmyndir um samræmingu, hér eru hugmyndir sem byggja á samræmdri meðferð umhverfismála undir forustu eins ráðherra og eins ráðuneytis. Ég trúi ekki öðru heldur en þingmenn átti sig á því að jafnvel þó það hefði verið miklu betra að samþykkja þetta fyrir tíu árum síðan er það ekki of seint í dag.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er auðvitað afar eðlilegt að hv. þm. Matthías Á. Mathiesen leitist við að skýra það og verja að hann ásamt fleiri þm. Sjálfstfl., þar á meðal formanni flokksins, leggi fram þingmál af þessu tagi um samræmda stjórn umhverfismála og ég hef ekkert við það að athuga.

Ég hef heldur ekki ásakað hann fyrir það að bera fram mál á þingi um þetta, en ég harma það að þetta þingmál skuli ekki vera í takt við tímann og að Sjálfstfl. virðist ekki hafa lært neitt á þessu sviði frá því vorið 1978. Það er auðvitað mjög hörmulegt. Það stendur eftir óhaggað og er líklega óhætt að segja að Sjálfstfl. beri meginábyrgð á því að ekki hefur náðst hér saman um stofnun eins umhverfisráðuneytis á þessum tíma, þó að ég vilji ekki vera að hengja Sjálfstfl. fyrir það sem gerst hefur þegar hann hefur ekki haldið um stjórnartaumana eða átt sæti í ríkisstjórn. Það ætla ég ekki að gera.

Ég held líka að ekki sé rétt að gera það að meginmáli í umræðu um þessi efni hvernig þetta hefur gengið í fortíðinni og er ég þó fullkomlega til reiðu að ræða þau mál bæði hér úr ræðustól og annars staðar því að ég þekki nokkuð vel þessa raunasögu. Ég held að það væri raunar annað sem við ættum að beina sjónum okkar að öðru frekar og það er, og þess saknaði ég úr síðustu ræðu, að hv. þm. skýrði það fyrir okkur sem á hann hlýðum hvers vegna nú á árinu 1989 skuli hann ásamt öðrum forustumönnum í hans flokki leggja til það sérkennilega stjórnkerfi á sviði umhverfismála sem hér er gerð tillaga um.

Þm. kaus að misskilja og afflytja orð mín í sambandi við efnislegt innihald þessa máls hér. Ég sagði að frv. um samræmda stjórn umhverfismála í þá átt sem hér er gerð tillaga um hefði verið ávinningur 1978 og ég sný ekkert frá með það. En ég hafði þá og hef enn fjölmargar ábendingar að gefa og til rökstuðnings á þeirri skoðun að þetta er því miður ekki það kerfi sem við eigum upp að taka. Við eigum fremur að sýna biðlund þangað til hér skapast meiri hluti fyrir eðlilegri skipan mála á þessu sviði.

Vegna fortíðarinnar vil ég aðeins ítreka að það hafa margir komið þar við sögu, þar á meðal ágætir embættismenn. Hv. þm. vék nokkuð að því og nefndi þar einstaklinga og það væri fróðlegt að fara í gegnum þau málsskjöl sem þar liggja fyrir og sýna fram á það sem fyrir liggur ef skyggnst er um með hvaða hætti sjónarmið embættismanna hafa orðið yfirsterkari almennri sýn stjórnmálamanna til þessara mála. Hvernig þeim hefur tekist að flækja málsmeðferð þannig að ekki hefur tekist að afgreiða það sem hefur kannski verið pólitískur vilji manna. Ætla ég ekki að rekja þá sögu frekar hér og nú.

Við hv. flm. vil ég segja hér að lokum að ég vona að hann og aðrir flm. þessa máls séu reiðubúnir til þess að horfa gagnrýnum augum á þetta verk sem er niðurstaða nefndarstarfs þar sem ekki náðist saman um aðra skipan. Ég trúi ekki öðru en að Sjálfstfl. sé reiðubúinn til þess að læra af alþjóðlegri reynslu, reynslu grannþjóða, reynslu okkar á þessu sviði á undanförnum árum og mistökum ríkisstjórna einnar af annarri til þess að leysa þessi mál.

Þetta mál fer til þeirrar þingnefndar sem lagt hefur verið til að tæki við því, þ.e. hv. samgn. þar sem svo vill til að ég er í þeirri nefnd og veiti henni formennsku um skeið. Ég er að sjálfsögðu einnig reiðubúinn til þess að taka á þessu máli þar með þinglegum hætti og mun nota það tækifæri til að fara yfir þennan málaflokk á vettvangi nefndarinnar. Það gefur e.t.v. einnig kærkomið tækifæri til að kanna það hvar eða hvort framkvæmdarvaldið, núv. ríkisstjórn, hefur eitthvað fram að færa eða ætlar sér einhvern hlut á þessu ári á yfirstandandi þingi. Enn el ég þá von í brjósti að þar nái menn áttum fyrr en seinna en ítreka að umræða um þessi mál og skoðanaskipti eru af hinu góða og því ber ekki að vanvirða það að hv. þm. hefur drifið þetta mál fram í þinginu og gefið þannig tilefni til umræðu um þennan afar þýðingarmikla málaflokk.

Flm. (Matthías Á. Mathiesen):

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins segja það sem svar við þessari ræðu hv. þm. að það er ævinlega svo að Sjálfstfl. er reiðubúinn að læra af alþjóðlegri reynslu. Ég er miklu meira í vafa um að aðrir hér séu tilbúnir til þess og þess vegna miklu meiri ástæða fyrir hv. þm. að beina því til annarra. En við munum sjálfsagt eiga ánægjulegar viðræður um þessi mál í þeirri nefnd sem ég hef lagt til að frv. verði vísað til.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

66. fundur, miðvikudaginn 8. mars, kl. 2 miðdegis.

Jöfnun á námskostnaði, 2. umr.

Stjfrv., 175. mál. — Þskj. 192, n. 585, brtt. 586.

Frsm. menntmn. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 585 frá hv. menntmn. um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt með þeirri breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þskj., en brtt. er á þskj. 586. Brtt. er á þá leið að lagt er til að lögin taki gildi frá og með næsta skólaári þar sem úthlutun fyrir yfirstandandi skólaár hefur þegar farið fram.

Þá er rétt að komi fram að samkvæmt umsögn Fjárlaga- og hagsýslustofnunar felur frumvarpið ekki í sér auknar fjárskuldbindingar fyrir ríkissjóð heldur einungis rýmri heimild námsstyrkjanefndar til úthlutunar styrkja. Styrkfjárhæðir munu eftir sem áður fara eftir heildarfjárhæð sem veitt er til jöfnunar á námskostnaði á fjárlögum ár hvert, sbr. reglugerð nr. 528 1973.

Mér er mikil ánægja að greina frá því að það var samstaða í nefndinni um afgreiðslu málsins. Að vísu skrifar hv. 6. þm. Vesturl. undir með fyrirvara.

Undir nefndarálitið rita, auk þeirrar sem hér stendur, Eiður Guðnason, formaður, Skúli Alexandersson, Jón Helgason, Guðmundur Ágústsson, Halldór Blöndal og Danfríður Skarphéðinsdóttir með fyrirvara.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og fram kemur í því nefndaráliti sem mælt var fyrir rétt í þessu undirrita ég það með fyrirvara. Ég ítreka það sem ég sagði við 1. umr. þessa máls. Ég fagna því að þetta frumvarp skuli komið fram og vona að það verði að lögum hið allra fyrsta.

Ég tel mjög mikilvægt að ríkissjóði skuli samkvæmt frumvarpinu ætlað að greiða launakostnað við mötuneyti framhaldsskóla því sá kostnaður er umtalsverður og nemur nú á milli 30 og 40% af fæðiskostnaði nemenda.

Það eru hins vegar tvö atriði sem ég vildi benda á og eru þau ástæðan fyrir þeim fyrirvara sem ég hef á við afgreiðslu málsins. Í kostnaðarmati Fjárlaga- og hagsýslustofnunar vegna þessa frumvarps er áætlaður húsnæðiskostnaður nemenda byggður á viðmiðun Lánasjóðs ísl. námsmanna sem er 5397 kr. á mánuði á verðlagi nú í janúar. Frumvarpið gerir ráð fyrir að greiða helming áætlaðs húsnæðiskostnaðar eða 2698,50 kr. á mánuði fyrir nemendur sem ekki eiga þess kost að búa á heimavist sé viðmiðun Lánasjóðs ísl. námsmanna lögð til grundvallar. Ég bendi á að þá viðmiðun tel ég óraunhæfa með öllu. Núna eru greiddar 8800 kr. á mánuði fyrir eins manns herbergi á stúdentagörðum hér í Reykjavík sem er örugglega ódýrasta húsnæði sem háskólanemum stendur til boða, en þar kemst þó aðeins brot stúdentahópsins fyrir. Um þessar mundir býr tæplega þriðjungur framhaldsskólanema á heimavistum en engin heimavist við framhaldsskólana annar eftirspurn nemenda eftir húsnæði. Á höfuðborgarsvæðinu stendur nemendum ekki til boða að leigja herbergi á heimavist og verða því að sæta þeim afarkjörum sem tíðkast á húsnæðismarkaðnum hér. Vil ég því benda á nauðsyn þess að endurmeta raunverulegan húsnæðiskostnað nemenda, hvort sem er á framhalds- eða háskólastigi, eða þá að stórauka framboð á heimavistarrými sem ég teldi æskilegra fyrir nemendur framhaldsskólastigsins.

Hitt atriðið sem ég vildi benda á er að enn er það svo að lítill hópur fólks sem náð hefur 16 ára aldri hefur ekki átt þess kost að ljúka grunnskólaprófi. Margir framhaldsskólar bjóða upp á svokallað fornám eða núlláfanga sem ætlað er að rifja upp námsefni 9. bekkjar og gefa nemendum þar með tækifæri til að ljúka grunnskólaprófi. Sá hópur sem ég er með í huga er fámennur og þeim fer sem betur fer fækkandi sem þurfa á enn frekari upprifjun að halda og jafnvel kennslu í námsefni 7. og 8. bekkjar þó þeir hafi náð 16 ára aldri eða séu komnir á framhaldsskólaaldur. En þeir eru þó til og tel ég eðlilegt að þeir sem svo er ástatt um, þ.e. eru orðnir 16 ára en stunda nám á grunnskólastigi, ættu rétt á styrkjum með sömu skilyrðum og þeir sem stunda reglubundið framhaldsnám.

Ég vildi aðeins að þessi sjónarmið kæmu fram.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Ég leyfi mér að þakka hv. þingnefnd fyrir afgreiðsluna á þessu máli. Ég tel að það skipti mjög miklu máli að fá lendingu í þetta mál áður en farið verður að undirbúa fjárlög fyrir árið 1990. Þau mál sem þetta frv. snertir hafa að því er varðar árið 1989 þegar verið afgreidd eða eru í afgreiðslu og þar var í meginatriðum farið eftir svipuðum grundvallarsjónarmiðum og þeim sem fram koma í þessu lagafrumvarpi vegna þess að þar eru tekin upp hliðstæð ákvæði og nú eru og hafa um skeið verið í reglugerðum um jöfnun námskostnaðar.

Stefán Guðmundsson:

Herra forseti. Ég kem hér til að lýsa yfir ánægju minni með þetta frumvarp og að það skuli eiga greiðan aðgang hér í gegn. Það er sérstakt fagnaðarefni ekki síst fyrir okkur fulltrúa landsbyggðarinnar að þetta nái fram.

Það er engin spurning að sjálfsagt er hægt að reikna á marga vegu hvort hér er um kostnaðarauka að ræða eða ekki. Ég er sannfærður um að ef allt væri reiknað og það gert rétt er hér ekki um kostnaðarauka að ræða heldur hið gagnstæða.

Það er öllum ljóst sem fylgjast með þessum málum í dag að nemendur eyða því miður miklu lengri tíma í skólum landsins vegna þess hversu altítt er orðið að nemendur vinni með námi vegna þess að kostnaður þeirra við að búa langdvölum fjarri heimilum er svo ótrúlega hár. Ef það væri metið með er ég ekki í neinum vafa um að hér er ekki um kostnaðarauka ríkisins að ræða.

En það var eitt atriði sem ég hnaut um og ég vildi minnast á. Í 5. gr. þessa frumvarps segir: „Einnig er námsstyrkjanefnd heimilt að skerða eða fella niður styrki til einstakra nemenda ef þeir njóta umtalsverðra tekna samhliða námi sínu.“

Hér er gamall kunningi á ferð. Ég kannast við þetta sjálfur. Ég þekki það frá því að ég fékkst við að reka atvinnufyrirtæki að þá var það títt að ungir og vaskir menn sem höfðu ekki mikil efni leituðu mjög stíft á að komast á sjó um jól og um páska þegar frí var í skólum til þess að auka tekjurnar svo endar næðu saman við námið. Þá vantaði sárlega tekjur. Skólafélagar þessara ungu manna voru gjarnan betur í stakk búnir, hjá mörgum gátu heimilin hlaupið þar undir bagga og hjálpað þeim. Þeir þurftu ekki þess vegna að vinna í fríum sínum. En vegna þess að þessir aðilar eyddu þá tímanum vestur á Hala á meðan hinir skruppu til útlanda á kostnað efnameiri foreldra og sagt var að þeir væru að læra málið, þá voru námslán þeirra er atvinnu sóttu skert. Hér hefur því miður ekki fengist leiðrétting á og það harma ég. Ég er sannfærður um

að hæstv. menntmrh. hefur fullan skilning á þessu máli. Ég held hins vegar að þeir sem að þessu hafa unnið hafi einfaldlega ekki áttað sig á þessari stöðu. En þetta er miklu, miklu algengara en við ímyndum okkur. Þess vegna mundi ég vilja leggja áherslu á þetta færi hreinlega út.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég er sammála þeirri athugasemd sem fram kom hjá hv. 3. þm. Norðurl. v. og hinum almennu forsendum hennar. Þær þekki ég líka. Ég tel hins vegar að í þessari grein sé ekki átt við tekjuöflun af því tagi sem hann var að tala um heldur tekjuöflun sem menn hafa á hendi samhliða námi. Hér er m.a. átt við það ef menn stunda nám að takmörkuðu leyti en eru í störfum, kannski fullu starfi eða svo til fullu starfi. Ég hygg að þessi skerðingargrein eins og hún er sett hér eigi ekki að koma fram með þeim hætti sem hv. þm. lýsti áðan. Ég er fyrir mitt leyti tilbúinn að láta athuga málið á milli umræðna, en þetta er sennilega alveg samhljóða grein og var í gildandi lögum.

Ég tel að það sé óhjákvæmilegt hins vegar að hafa í lögunum ákvæði sem heimilar nefndinni að fella niður styrki til þeirra sem eru með mikla peninga handa á milli, jafnvel þó að þeir gætu fengið styrki samkvæmt lögunum að öðru leyti. Slík heimild verður að vera til. Spurningin er aðeins um það með hvaða hætti hún yrði orðuð, sú heimild. Ég er tilbúinn að beita mér fyrir því hér á milli 2. og 3. umr., ef mönnum sýnist svo, að skoða málið aðeins nánar og vita hvort við getum fundið ásættanlegt orðalag sem rær fyrir þá vík sem hv. þingmaður nefndi og ástæða er til að taka tillit til.

Stefán Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna orðum ráðherrans og legg áherslu á að þetta verði skoðað á milli umræðna. Ég er ekki alls kostar sammála þeirri túlkun sem ráðherrann setur hér fram. Ég er ekki alveg sammála hans skoðun. En ég legg áherslu á að þetta verði athugað á milli umræðna.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.–6. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 586 samþ. með 15 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Erfðalög, 2. umr.

Stjfrv., 208. mál (önnur erfð, óskipt bú o.fl.). — Þskj. 332, n. 587.

Frsm. allshn. (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um frv. til laga um breytingar á erfðalögum nr. 8 14. mars 1962, með síðari breytingum.

Hæstv. dómsmrh. gerði glögga grein fyrir efni þessa frv. í framsöguræðu sinni við 1. umr. málsins. Allshn. hefur farið ítarlega yfir frv. og á fund hennar kom Skúli Guðmundsson, fyrrv. deildarstjóri í dómsmrn. En hann var einn þeira sem ráðuneytið hafði falið að semja frv.

Í 1. gr. frv. er kveðið á um þá breytingu að ef arfleifandi á enga niðja á lífi taki maki allan arf. Í greinargerðinni kemur fram að þar er verið að taka til fulls skref sem aðrar Norðurlandaþjóðir höfðu þegar tekið fyrir breytinguna á erfðalögunum hér 1962, en þá þótti slík breyting of stórt stökk frá þeirri reglu sem gilti hér fram að þeim tíma.

Í næstu greinum eru ákvæði sem eiga að tryggja aukinn rétt eftirlifandi maka til setu í óskiptu búi þó að ekki hafi verið gengið frá því með erfðaskrá. Dregur það úr hættu á að eftirlifandi maki þurfi að sundra heimili sínu og selja íbúð sem allt of mörg dæmi eru um að gerst hafi.

Stjúpniðjar eftirlifandi maka eiga þó áfram rétt til að krefjast skipta, en heimildir þeirra til þess eru gerðar þrengri. Er þar að nokkru leyti sótt fyrirmynd til reglna danskra erfðalaga um sama efni.

Í 16. gr. frv. eru ákvæði um að meðan lög um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn o.fl. nr. 74 1972 eru í gildi skuli ákvæði þessa frv. sem gera ráð fyrir breyttri skipan dómsvalds í héraði ekki koma til framkvæmda. Frv. um aðskilnað dómsvalds og framkvæmdarvalds er enn til meðferðar hjá allshn. Ed., en stefnt er að því að afgreiða það frv. á næstunni.

Eins og fram kemur í nál. allshn., leggur nefndin til að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það liggur fyrir á þskj. 332.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.–16. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

65. fundur, miðvikudaginn 8. mars, kl. 2 miðdegis.

Tilhögun þingfunda.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Áður en gengið verður til dagskrár vil ég gera grein fyrir hugmyndum um starf og vinnubrögð í deildinni. Forseti þessarar deildar hefur haft í huga um nokkurn tíma að til hagræðis gæti verið að koma á nokkuð

ákveðnara verklagi í starfi deildarinnar þegar og eftir því sem við verður komið. Á ég þá við að frá slíku verklagi gæti þurft að bregða í einhverjum tilvikum og einhverjum greinum við sérstakar aðstæður og þá einkanlega þegar annir eru miklar í deildinni. Engu að síður er það skoðun mín að öllu ákveðnara verklag sem fylgt væri að öllu jöfnu mundi vera til bóta. Þess vegna hef ég í hyggju að kynna deildinni hugmyndir um verklag eða eins konar verklagsreglur sem leitast væri við að fylgja í sem flestum greinum. Tilgangurinn er vitaskuld að auðvelda störf deildarinnar og þá af mínum sjónarhóli ekki síður störf þingmanna og starfsfólks en forsetanna.

Þessar verklagsreglur varða fundartíma, tímasetningu atkvæðagreiðslna, nærveru ráðherra, skipulag dagskrár og fleira. Um þær verður að segja að varðandi fundartíma og atkvæðagreiðslur eiga þær aðeins við þegar annir eru ekki mjög miklar en að öðru leyti eru þær þessar:

Að fundartími sé eftirfarandi nema nauðsyn beri til annars: Á þriðjudögum ljúki fundi um það bil kl. 17 eftir því sem við verður komið, en annars ekki seinna en undir kl. 19. Á miðvikudögum ljúki fundi kl. 16 og reynt verði að komast hjá fundum eftir þann tíma. Fyrirhuguð eða hugsanleg frávik frá þessum tíma verði kynnt úr forsetastóli við upphaf hvers fundar þannig að það megi þá liggja fyrir.

Um atkvæðagreiðslur gildi eftirfarandi nema nauðsyn beri til annars, nefnilega að fastir atkvæðagreiðslutímar, ef ég má orða það svo, verði þessir:

1. Í upphafi funda.
2. Um það bil kl. 17 á þriðjudögum.
3. Skömmu fyrir kl. 16 á miðvikudögum.

Það fylgir þá að fyrirhuguð eða líkleg frávik, þannig að fleiri atkvæðagreiðslur muni eiga sér stað, verði tilkynnt eftir því sem við verður komið úr forsetastóli við upphaf hvers fundar.

Í þriðja lagi varðandi óskir um nærveru ráðherra: Um það vill forseti að gildi að þingmenn tilkynni forseta við upphaf hvers fundar vegna þeirra mála sem á dagskrá eru, þ.e. innan 15 mínútna frá fundarsetningu, ef þm. óska nærveru annarra ráðherra eða annars ráðherra en þess sem er framsögumaður viðkomandi þingmáls. Jafnframt er þá ætlast til að síðar fram komnar óskir um nærveru viðkomandi ráðherra verði ekki til þess að tefja eða fresta umræðu þótt leitast verði við að verða við slíkum óskum.

Það sem hér hefur verið talið þýðir þá um leið að forseti vill leggja áherslu á að þingmenn kappkosti alveg sérstaklega að vera nærstaddir setningu funda, enda er þá tilkynnt um fundarhald og á atkvæðagreiðslutímum eins og þeir hafa hér verið kynntir.

Í fjórða lagi er þá það sem ég nefni skipulag dagskrár, en varðandi skipulag dagskrár og fundahalda er ósk forseta að hafa samráð við aðila úr öllum þingflokkum, og hlutverk þessara samráðsaðila sé að meta með forseta hvað ætla megi að taka megi á dagskrá hverju sinni þannig að dagskráin sé í samræmi við áætlaðan fundartíma, og í annan stað að stuðla að því að þingmenn aðlagi starf sitt að þessum verklagsreglum og í þriðja lagi að vera reiðubúnir til þess að mæta á fundum með forseta sem hann boðar til um skipulag starfsins í deildinni.

Um nefndastörf áskilur forseti sér að höfðu samráði við viðkomandi nefndarformann og samráðshóp þann sem áður er nefndur að áætla eða tiltaka eftir eðli máls og umfangi og öðrum þeim aðstæðum sem forseti metur gildar hver sé hæfilegur umfjöllunartími nefndar um einstök mál. Jafnframt er nefndarmönnum og sérstaklega nefndarformönnum ætlað að kappkosta að fylgja slíkri ákvörðun. Það er ósk mín að með þessum verklagsreglum megi starf í deildinni verða auðveldara.

Þessar verklagsreglur gilda þar til annað verður ákveðið og jafnframt er það í valdi þingmanna hvort þær fái staðist. Í öðru lagi verður að hafa þann fyrirvara að þær verði endurskoðaðar í ljósi reynslunnar. Loks verður að áskilja að frávik frá þeim séu í valdi forseta þegar hann telur nauðsyn til bera hvernig sem hann metur þá nauðsyn, svo sem til að tryggja afgreiðslu mála sem að hans dómi er nauðsynlegt að fái afgreiðslu sem fyrst.

Það er rétt, að því er varðar samráð forseta við aðila úr öllum flokkum um skipulag dagskrár og fleira, að fram komi að allt frá því að þetta löggjafarþing hófst og ég tók hér við forsetastarfi hef ég notið slíks samráðs með óformlegum hætti við aðila úr öllum þingflokkum. Mér finnst að þetta samráð hafi tekist vel og ég er þakklátur fyrir það og ég hef ekki í hyggju að breyta því og kýs að halda því áfram með sama hætti og verið hefur.

Framkvæmdasjóður á sviði menningarmála, frh. 1. umr.

Frv. BÍG o.fl., 177. mál. — Þskj. 195.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 32 shlj. atkv.

Sala notaðra bifreiða, frh. 1. umr.

Frv. IBA o.fl., 187. mál. — Þskj. 218.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til allshn. með 30 shlj. atkv.

Lánskjör og ávöxtun sparifjár, frh. 1. umr.

Frv. EH, 210. mál. — Þskj. 343.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 29 shlj. atkv.

Stjórn umhverfismála, frh. 1. umr.

Frv. MÁM o.fl., 230. mál. — Þskj. 431.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til samgn. með 28 shlj. atkv.

Vaxtalög, 2. umr.

Stjfrv., 239. mál (fjárfestingarlánasjóðir, dráttarvextir, okur o.fl.). — Þskj. 444, n. 550, 552 og 554, brtt. 547, 551, 553.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. sem prentað er á þskj. 550 og er frá meiri hl. fjh.- og viðskn. sem hefur fjallað um frv. Meiri hl. leggur til að það verði samþykkt með brtt. sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Til viðræðna við nefndina komu Eiríkur Guðnason og Sveinbjörn Hafliðason frá Seðlabankanum og Stefán Pálsson frá Sambandi viðskiptabanka.

Meiri hl. nefndarinnar telur að frágangur frv. hefði mátt vera betri af hálfu viðskrn.

Undir nál. rita auk mín Ragnar Arnalds, Sigríður Hjartar og Árni Gunnarsson.

Brtt. þær sem við flytjum eru prentaðar á þskj. 551. Þar leggjum við til að 1. mgr. 17. gr. laganna, er verði 20. gr. þeirra, orðist svo sem þar segir:

„Hver sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi hagnýtir sér fjárþröng viðsemjanda síns eða aðstöðumun þeirra að öðru leyti til þess að áskilja sér vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar umfram gildandi vaxtamörk sambærilegra útlánsvaxta hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum á þeim tíma sem til skuldar er stofnað, sbr. 8 gr., skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að einu ári. Sé brot ítrekað eða sakir miklar varðar brotið varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum. Hafi Seðlabanki Íslands hlutast til um vexti útlána hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum á grundvelli 9. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingum, skulu gildandi vaxtamörk útlána þau sömu og Seðlabankinn ákveður."

Varðandi aðra brtt. leggjum við til að ákvæði þess kafla gildi um lánskjör, þ.e. vaxtakjör opinberra fjárfestingarlánasjóða, og 17. gr. hljóði svo:

„Ákvæði þessa kafla gilda um lánskjör opinberra fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna sem starfa samkvæmt sérstökum lögum."

Síðan er lagt til að 18. gr. hljóði svo:

„Fjárfestingarlánasjóðir atvinnuveganna endurlána það fé sem þeir fá til ráðstöfunar með sambærilegum lánskjörum og þeir sæta sjálfir að viðbættum hæfilegum vaxtamun og að teknu tilliti til annarra tekna sjóðanna."

Ég vil taka það fram að „að teknu tilliti til annarra tekna sjóðanna" veit m.a. að Stofnlánadeild landbúnaðarins þar sem bændur greiða sjálfir með afurðaverði sínu gjald til Stofnlánadeildar og þá er hún undanskilin því að þurfa að endurlána það fé sem hún tekur að láni á jafnháum vöxtum og hún tekur þar sem bændur greiða niður með óbeinum hætti vexti Stofnlánadeildarinnar.

19. gr. heimilar viðskrh. að undangenginni athugun að fengnum tillögum Seðlabanka Íslands að setja meginreglur um lánskjör þeirra fjárfestingarlánasjóða sem ákvæði þessa kafla ná til. Stjórnir þeirra sjóða, sem hlut eiga að máli, skulu síðan gera tillögur til Seðlabanka Íslands um lánskjör innan ramma slíkra meginreglna. Seðlabanki Íslands staðfestir ákvörðun stjórnar fjárfestingarlánasjóðs um lánskjör, enda leiði undanfarandi athugun í ljós að hún samræmist meginreglu 1. mgr.

Herra forseti. Meiri hl. nefndarinnar leggur sem sagt til að frv. um breytingu á vaxtalögum verði samþykkt með þeim breytingum sem ég hef hér gert grein fyrir.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Tilgangurinn með þessu frv. um breytingu á vaxtalögum er yfirlýstur að verið sé að koma í veg fyrir ósanngjarna vaxtatöku og misneytingu í lánsviðskiptum. Við sem skipum 1. minni hl. þessarar nefndar, ég ásamt hv. 11. þm. Reykn., erum sammála þeim megintilgangi frv. og sömuleiðis erum við hlynntir þeim ákvæðum sem eru í 5. gr. frv. sem gera mögulegt að ekki þurfi lengur að sundurliða dráttarvaxtakröfur í langri þulu. Þetta ákvæði er mikilvægt að okkar dómi og það eitt sér hefði réttlætt framlagningu þessa frv. Við ýmis önnur atriði frv. gerum við hins vegar athugasemdir og flytjum tvær brtt. sem eru prentaðar á sérstöku þskj.

1. gr. þessa frv. er um skýrara orðalag en er í 5. gr. vaxtalaganna. Í 2. gr. kemur einnig fram skýrara orðalag. Eina grundvallarathugasemd má þó gera bæði hvað varðar þetta frv. og vaxtalögin sjálf, en það er viðmiðun við vexti af almennum óbundnum sparisjóðsreikningum. Sú breyting, sem orðið hefur á síðustu árum á vöxtum almennra sparisjóðsbóka, er í stuttu máli sú að ýmiss konar skiptikjarareikningar eða sérkjarareikningar hafa tekið yfir hlutverk almennu sparisjóðsbókarinnar. Það er staðreynd að vextir af almennum sparisjóðsbókum eru lægri en

þeir þurfa að vera til þess að viðhalda verðgildi þess fjár sem inni á þeim liggur. Afleiðing þess er að sparifé í bönkum er ekki lengur geymt inni í bókum heldur hefur verið flutt yfir á margs konar aðra reikninga og bækur. Enn er þó verið að miða vexti og kröfur um skaðabætur við kjör á almennum bókum með þeim afleiðingum að það er hagur þess sem skaðanum veldur að halda uppi vörnum sem lengst. Með því móti rýrnar stöðugt andvirði skaðabóta. Það væri mun eðlilegra að miða við verðtryggingu, og þá jafnvel e.t.v. án nokkurra vaxta eða a.m.k. mjög lágra vaxta, að skaðabæturnar væru verðbættar en ekki vaxtareiknaðar og héldu þannig verðgildi sínu, en engin ávöxtun eða lítil ávöxtun fengist. Annar kostur væri sá að miða vexti skaðabótakrafna við meðaltal skuldabréfavaxta hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum.

3. gr. er um tilkynningaskyldu verðbréfafyrirtækja og eignarleigufyrirtækja. Þetta er að sjálfsögðu viðbót við upplýsingasöfnun um fjármagnsmarkaðinn. Í framkvæmdinni verður að gera ráð fyrir því að miðað sé við almennar upplýsingar en ekki sé krafist upplýsinga um einstök viðskipti.

Varðandi 4. og 5. gr. frv. þá er verið að taka upp skýrara orðalag og eins og ég sagði hér áðan réttlætir 5. gr. framlagningu frv. Hún er nauðsynleg til þess að minnka vinnu við langar upptalningar á dráttarvaxtakröfum.

Í brtt. við 6. gr. frv. sem við flytjum á sérstöku þskj. leggjum við til að við 1. mgr. 17. gr. laganna bætist að hafi Seðlabanki Íslands hlutast til um vexti útlána hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum á grundvelli 9. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingum, þá skuli gildandi vaxtamörk útlána þau sömu og Seðlabankinn ákveður.

Í öðru lagi leggjum við til að 7.–10. gr. frv. falli brott.

Með breytingu á lögunum um skattskyldu innlánsstofnana, sem tóku gildi 31. des. sl., voru ákvæði laga nr. 13/1975, um launajöfnunarbætur, verðlag o.fl., felld úr gildi. Þau ákvæði voru að verulegu leyti samhljóða 7.–10. gr. þessa frv. og gerðu ráð fyrir að ríkisstjórnin færi með endanlegt ákvörðunarvald um lánskjör, þar á meðal vaxtakjör, hjá fjárfestingarlánasjóðum. Svo virðist að niðurfelling þessa ákvæðis í desember hafi verið hluti af samkomulagi fjmrh. við stærstu fjárfestingarlánasjóðina, en frv. um breytingu á lögum um skattskyldu innlánsstofnana gerði í sinni upphaflegu mynd ráð fyrir að sjóðirnir yrðu skattlagðir. Í meðförum þingsins tók frv. hins vegar miklum breytingum því notkun hugtaksins „opinberir fjárfestingarsjóðir" þótti ómarkviss — og vitna ég þá í þær umræður sem fóru fram um þessi mál 20.–22. des. sl. — og var fallið frá því að skattleggja sjóðina. Fjmrh. gleymdi hins vegar að draga til baka umrætt ákvæði sem veitti sjóðunum fullt vaxtafrelsi.

Af þessari ástæðu má gera nokkrar athugasemdir við 7.–10. gr. vaxtalagafrv.:

Í fyrsta lagi er notað orðalagið „opinberir fjárfestingarsjóðir", sem þingið taldi ónothæft í lok desember sl. Í öðru lagi má spyrja hvers vegna skrefið til baka sé ekki stigið til fulls og vaxtaákvarðanir færðar undir endanlegt ákvörðunarvald ríkisstjórnarinnar eins og lögin frá 1975 kváðu á um. Í þriðja lagi má gagnrýna það óðagot sem mistök af þessu tagi bera vott um. Og í fjórða lagi má spyrja hvers vegna fjárfestingarlánasjóðum séu ekki settar sams konar reglur um endurlánajöfnuð og innlánsstofnunum, sbr. 1. gr. frv. til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands.

Mér fannst rétt að þetta kæmi fram til skýringa á þeirri tillögu okkar að fella niður 7.–10. gr. þessa frv.

Eins og ég hef þegar sagt erum við að öðru leyti sammála því sem er í þessu frv. nema því sem ég hef nú gert athugasemdir við.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Kristín Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 554 sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Meginmarkmið þessa frv. er að koma í veg fyrir ósanngjarna vaxtatöku og misneytingu í lánsviðskiptum, sbr. 6. gr. frv. Í frv. felast auk þess eftirfarandi atriði:

1. Tekin eru af tvímæli um nokkur óljós atriði í vaxtalögum nr. 25/1987, sbr. 1., 2., 4. og 5. gr. frv.

2. Lögð er sama tilkynningarskylda um vaxtakjör á verðbréfa- og eignarleigufyrirtæki og nú hvílir á viðskiptabönkum og sparisjóðum, sbr. 3. gr. frv.

3. Sett er í vaxtalögin ákvæði um lánskjör opinberra fjárfestingarlánasjóða þar sem öll ábyrgð og stefnumörkun er færð í hendur ráðherra, sbr. 8.–10. gr. frv.

Annar minni hl. er samþykkur meginmarkmiði þessa frv. en dregur í efa að ákvæði þess séu fullnægjandi til að tryggja framgang þessa markmiðs. Það er t.d. afar ólíklegt að frv. dragi á nokkurn hátt úr svokölluðum affallaviðskiptum sem stundum eru mjög mikil og virðast algjörlega háð aðstæðum á fjármagnsmarkaðnum.

Annar minni hl. styður þær greinar, sem nefndar eru í 1. og 2. lið hér að ofan, svo og 6. gr. með þeirri breytingu sem lögð er til í brtt. meiri hl. nefndarinnar. Um 3. liðinn gegnir öðru máli, enda kom í ljós við umfjöllun nefndarinnar að málið var ekki hugsað né undirbúið til hlítar. Með þetta í huga þarf að athuga og vinna betur þessar greinar frv. Þá telur 2. minni hl. einnig ámælisvert að ekki hefur verið vandað nægilega til frágangs frv. eins og sést á því að flestar þær breytingar, sem meiri hl. hefur gert á frv., miða að því að lagfæra uppsetningu þess.

Þó að 2. minni hl. styðji meginefni frv. þá telur hann að vankantar frv. séu þess eðlis að vísa beri frv. til ríkisstjórnarinnar til nánari athugunar. Verði ekki fallist á þá málsmeðferð mun 2. minni hl. sitja hjá við afgreiðslu um þær greinar frv. sem hann hefur gert athugasemdir við."

Undir þetta ritar Kristín Halldórsdóttir.

Herra forseti. Það sem segir í þessu áliti um vinnubrögð og frágang þessa frv. er afar mildilega

orðað og hefði með réttu mátt taka dýpra í árinni. Það er að mínu mati ekki vansalaust að framkvæmdarvaldið skuli leggja fyrir þingið hrákasmíð af þessu tagi. Það er nú ekki eins og hér sé um neinn lagabálk að ræða, þetta er frv. í 11 greinum sem fæstar eru ýkja flóknar. Samt kom þetta frv. til þingmanna úandi og grúandi af prentvillum, formgöllum og efnisvillum eins og brtt. og athugasemdir nefndarmanna sanna. Svona vinnubrögð eru auðvitað stórlega vítaverð og engin trygging er fyrir því að á þeim stutta tíma — en málið var tekið út úr nefndinni 21. febr. sl. þótt það sé nú fyrst verið að ræða það í 2. umr. — að mínu mati er engin trygging fyrir því að á þessum tíma sem við höfðum málið til meðferðar í nefndinni ásamt með svo mörgum öðrum málum í fjh.- viðskn. hafi okkur tekist að bæta svo um að dugi. Það var t.d. strax ljóst að flestir höfðu einhverjar athugasemdir varðandi ákvæðin um fjárfestingarlánasjóðina, en af þeim virðist mér sem verið sé að flytja alla ábyrgð og ákvarðanir til ráðherra eins og rík tilhneiging er til í svo mörgum málum.

Það er nú svo að um þessa sjóði gilda sérstök lög og það getur aldrei samrýmst hlutverki þeirra að níðast á viðskiptavinum sínum. Það er mín skoðun að ábyrgðin þurfi að vera hjá þessum sjóðum, hjá forráðamönnum þessara sjóða um leið og rétt er og sjálfsagt að þeir sæti eftirliti og aðhaldi. En þetta er ekki beinlínis það sem mér finnst koma út úr þessum frumvarpsgreinum og heldur ekki þeim brtt. sem meiri hl. flytur. Auðvitað hefði verið æskilegt að gera meira en gagnrýna og ætlast til betrumbóta af hálfu framkvæmdarvaldsins en til þess gafst nú ekki ráðrúm í annríki þessara daga og því er svo afstaða tekin sem kemur fram í þessu nál. sem ég hef nú þegar lesið.

Hvað varðar 6. gr. frv. þá hefur hún valdið mér töluverðum heilabrotum. Ekki svo að skilja að hér sé um stórfelld nýmæli að ræða heldur er þar eingöngu um að ræða viðbót sem felst í síðustu setningum 1. mgr. og ekkert slæmt um hana að segja. Annað er það nú að ég er fegin að sjá að í endanlegu þskj. með brtt. meiri hl. er þó ekki lengur „viðsemjendi" svo ég noti það orð yfir viðsemjanda, en það var svo í frv. Það er auðvitað algjör óþarfi að flýta sér svo við framlagningu þingmála að slík prentvilla fylgi með.

Ég styð þá breytingu á orðalagi greinarinnar sem kemur fram á þskj. 551, að felld verði út orðin „með óréttmætum hætti". Þetta mun reyndar vera eitthvert lögfræðilegt orðalag en öðrum illskiljanlegt. A.m.k. vafðist öllum tunga um tönn þegar við fórum að ræða það og spurt var eftir því í hv. fjh.- og viðskn. hvernig hagnýta mætti sér fjárþröng og neyð annarra með réttmætum hætti. Samkvæmt mínum málskilningi og réttlætiskennd er slíkt alltaf með óréttmætum hætti og ætti ekki að þurfa að taka það fram.

Hitt er svo annað mál að eins og kemur fram í nál. mínu, þá dreg ég stórlega í efa að þessi ákvæði dugi til að koma í veg fyrir ósanngjarna vaxtatöku og misneytingu, eins og það er orðað, sem ég hélt að væri nú ekkert annað en misnotkun, en þetta mun vera einhvers konar lögfræðilegt orðafar, á aðstöðu í lánsviðskiptum, eins og þetta er orðað í athugasemdum með frv. Það er skilningur þeirra sem þessi ákvæði varða að svokölluð afföll flokkist undir skilgreiningu á orðunum „vexti eða annað endurgjald" í þessari grein. Dettur nú einhverjum í hug í alvöru að takist að koma böndum á slíka starfsemi? Ég er hrædd um ekki. Til þess þyrftu aðstæður á hérlendum fjármagnsmarkaði að vera allt aðrar. Í því lánahungri sem hér ríkir oftar en ekki er ólíklegt að nokkur reyni að leita réttar síns þótt honum þyki á sér brotið hvað þetta varðar. Við þekkjum sennilega æðimörg hér inni dæmi þess að fólki hafi blöskrað þau skilyrði sem það hefur mátt sæta í slíkum viðskiptum, en það treystir sér ekki til að gera neitt í málinu vegna þess að þar með væri það að loka dyrum lánveitandans fyrir sjálfum sér, yrði sem sagt óæskilegur lántakandi. Þannig er því miður í rauninni afar erfitt að tryggja rétt neytandans í þessu efni. En við hljótum að taka viljann fyrir verkið og vona hið besta um framkvæmdina sem er í raun og veru háð siðferði og hugarfari þeirra sem ráð hafa á fjármagni.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu en vildi aðeins víkja nokkrum orðum að þeim brtt. sem fram hafa komið frá hv. fjh.- og viðskn. Ég get á vissan hátt tekið undir það að frv. hefði mátt vera betur úr garði gert þegar það var lagt fram í þinginu. Þó tel ég að þingmenn hafi hér gert allt of mikið úr því. Reyndar hefur umræðan að langmestu leyti snúist um það að í frv. varð sú umbrotsvilla að það sem prenta skyldi sem síðasta málslið 1. mgr. 17. gr. laganna í 6. gr. frv. var prentað sem sérstök málsgrein. Þetta hefur nú verið rækilega leiðrétt og auðvitað á rétt að vera rétt.

Að öðru leyti tel ég að brtt. sem meiri hl. fjh.- og viðskn. gerir um uppsetningu og framsetningu í frv. varði fyrst og fremst álitamál um hvernig heppilegast sé að skipta köflum þegar nýjum kafla er aukið inn í lög sem í gildi eru og þar með að breyta greinaröð. Ég get vel fellt mig við tillögur meiri hl. fjh.- og viðskn. hvað þetta varðar og tel það þakkarvert að hafa fengið þær betrumbætur á frv.

Að öðru leyti vildi ég segja það um brtt. meiri hl. að ég tel breytinguna á 1. mgr. 17. gr. laganna, eins og gerð er tillaga um í 1. tölul. brtt. þar sem orðunum „á óréttmætan hátt" er vikið úr málsgreininni eins og hún var upphaflega, í raun og veru ekki breyta efni máls. Eins og hv. 10. þm. Reykn. tel ég að það liggi í augum uppi að þegar aðstöðumunur eða vandræði annars manns verða tilefni til þess að á honum er níðst sé það í sjálfu sér óréttmæt hegðan. Með þeim skilningi er ekki ástæða til að gera athugasemd við þá breytingu.

Ég kem þá að þeirri brtt. sem varðar IV. kaflann í lögunum, hinn nýja, um vaxtakjör opinberra fjárfestingarlánasjóða. Ég tel það ótvírætt til bóta að skjóta inn orðinu „atvinnuveganna". Ég vildi eingöngu benda á að þessi kafli var, eins og kom fram í máli hv.

1. þm. Vestf., settur hér inn í vaxtalagafrv. vegna þess að niður féllu ákvæði laga nr. 13 frá árinu 1975 þar sem fjallað var um vaxtaákvarðanir fjárfestingarlánasjóða og þá með yfirskriftinni „opinberir fjárfestingarlánasjóðir". Menn vildu ekki breyta gildissviði þeirra laga vísvitandi enda engin ætlun önnur en sú að láta það gilda sem fyrr hefði gilt þar til ný lög yrðu sett um fjárfestingarlánasjóðina.

Ég vildi líka benda á að þau ákvæði sem hér eru almennt í lög leidd, ef frv. verður samþykkt, eru mjög lík þeim sem nú gilda samkvæmt sérlögum um suma sjóðina. Sérstaklega vildi ég nefna Iðnlánasjóð. Þar eru ákvæði sem eru afar lík þeim sem hér er gerð tillaga um. Til þess að það sé nú víst að sömu reglur gildi um alla sjóðina tel ég heppilegt að það sé í gildi almennur rammi. Ég get ekki verið sammála þeim skilningi sem hv. 10. þm. Reykn. lagði í 10. gr. frv., að þarna væri ráðherranum fengið allt vald í málinu. Það er ekki rétt athugað. Honum er fengið það vald að setja um þetta almennar reglur. Hins vegar gengur það skýrt fram að það er einmitt ákvörðun stjórnar hvers sjóðs hvaða vaxtakjör hann settur innan ramma þessara reglna og hún á að leita eftir staðfestingu Seðlabankans. Þetta er að sjálfsögðu kjarni málsins, og ég vildi líka benda á það að upphaflega voru nú reyndar lögin nr. 13/1975 sett til þess að tryggja að fé sjóðanna rýrnaði ekki því þá voru brögð að því að sjóðirnir lánuðu út á kjörum sem ekki dugðu til þess að endurgreiða lánin sem þeir voru að taka. Nú er hins vegar mikilvægt að tryggja þetta í báðar áttir og vegna athugasemda hv. 1. þm. Vestf. um endurlánajöfnuð tel ég að í 9. gr. frv. sé það alveg tryggt með þeim orðum sem þarna eru: „Jafnframt skulu þeir gæta þess að gengistryggðar, verðtryggðar og óverðtryggðar eignir og skuldbindingar standist í meginatriðum á." Það er endurlánajafnaðarkrafan sem þarna er sett upp.

Ég get, úr því að ég nefni 9. gr., tekið undir brtt. meiri hl. fjh.- og viðskn. við þá grein að bæta þar við orðunum „og að teknu tilliti til annarra tekna sjóðanna".

Með þessum orðum, hæstv. forseti, vildi ég óska þess að frv. fengi hér skjóta afgreiðslu.

Auður Eiríksdóttir:

Virðulegi forseti. Brtt. þær sem liggja fyrir á þskj. 547 eru tvær og ég ætla að lesa þær hér yfir, með leyfi forseta. Þær eru svohljóðandi:

„Á eftir 1. gr. komi ný grein er orðist svo:

Við 6. gr. laganna bætist eftirfarandi málsgrein:

Óheimilt er fram til 1. maí 1991 að áskilja eða taka hærri vexti af peningakröfum en 5% ársvexti af verðtryggðum kröfum. Hámarksvextir af óverðtryggðum kröfum skulu ákveðnir af Seðlabanka Íslands og skulu þeir ákveðnir þannig að raunávöxtun óverðtryggðra peningakrafna verði ekki hærri en raunávöxtun verðtryggðra krafna."

Fyrri brtt. miðar að því að lögfesta 5% ársvexti sem hámarksvexti af verðtryggðum lánum fram til 1. maí 1991, jafnframt því sem lagt er til að Seðlabankanum beri að haga þannig ákvörðunum hámarksvaxta af óverðtryggðum lánum að þau beri ekki hærri raunvexti en verðtryggð lán. Tillagan byggir á því að flestir séu sammála um að æskilegt sé að vextir af lánum séu fremur lágir raunvextir. Tilraun á síðustu missirum til að ná þessum markmiðum með frjálsum aðgerðum peningastofnana og fleiri hefur ekki tekist, síður en svo. Fjárhagur margra fyrirtækja og einstaklinga hefur versnað stórlega við þessa tilraun. Gjaldþrotum hefur fjölgað og þau hafa orðið stórfelldari.

Ýmsar aðgerðir stjórnvalda til að vinna gegn þessu hafa ekki dugað nema að litlu leyti. Í kjölfar gjaldþrotanna kemur aukið atvinnuleysi í landinu. Við þessar aðstæður er óskynsamlegt og óforsvaranlegt að láta vexti vera nánast eina liðinn í hagkerfinu sem ekki eru settar ákveðnar reglur um enda er áratuga hefð fyrir því í íslenskri hagstjórn að hafa stjórn á vöxtum. Áframhaldandi stjórnleysi við þær aðstæður sem nú ríkja er líklegt til að valda enn frekara og stórfelldara hruni atvinnufyrirtækja en þegar er orðið. Er þó víst að ástand þessara mála hefur reynst mörgum þungbært. Þessi tillaga um hámarksvexti á sér einnig ríka stoð í meginmarkmiðum stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá sl. hausti, bæði þeim markmiðum sem miða að því að styðja við atvinnurekstur og húsbyggjendur og fleiri, svo og þeim sérstöku markmiðum að lækka vexti.

Loks er þess að geta að stjfrv. hefur verið lagt fram hér á Alþingi án nokkurs samráðs við Samtök jafnréttis og félagshyggju og telja samtökin sig ekki hafa skyldur til að vinna að samþykkt þess.

Önnur brtt. á þessu þingskjali hljóðar svo:

„Niður falli 7.–10. gr."

Nú var svo komið málum að búið var að hafa samband við Stefán Valgeirsson, en ég er hér aðeins í forföllum hans, og hann hafði fallist á það að fella þetta niður. Aftur á móti var ég fyrir norðan hjá þessu sem ætti kannski að heita minn þingflokkur í síðustu viku og þar ræddum við þessi mál. Okkur kom saman um að standa fast við þessa niðurfellingu á 7.–10. gr. Sú brtt. miðar að því að taka ekki upp þá miðstýringu opinberra fjárfestingarsjóða, þ.e. fjárfestingarsjóða atvinnuveganna, sem frv. gerir ráð fyrir.

Í frv. er gert ráð fyrir að völd til ákvarðana um vaxtakjör sjóðanna verði í miklum mæli tekin af þeim sem hafa þau nú. Alþingi ákveði grunnreglur en viðskrh. hafi með yfirstjórn vaxtamála og opinberra sjóða að gera. Hér er um mikilsvert mál að ræða sem ógerlegt er að samþykkja nema alþingismenn viti hvaða vaxtakjör þessir sjóðir hafa boðið og hvaða áhrif tillaga stjfrv. er líkleg til að hafa. Ekkert kemur fram um þetta í grg. með frv. Þessi þáttur þess er því ekki afgreiðsluhæfur á þessu stigi.

Sjálfsagt er margt í þessu fjárfestingarsjóðakerfi atvinnuveganna, sem og annarra opinberra fjárfestingarsjóða, sem betur má fara, en að leggja til að eitt mikilvægasta stjórntæki þeirra, valdið til að ákveða vaxtakjörin, sé að mestu af þeim tekið sem hafa ráðið þeim málum er sannarlega djarft.

Fjárfestingarsjóðir atvinnuveganna hafa haldið

vöxtum mjög lágum með gjaldtöku af framleiðslu eins og t.d. hjá Stofnlánadeild og hv. þm. Páll Pétursson ræddi um áðan. Hér virðist vera á ferðinni tillaga sem felur í sér algjör umskipti í afskiptum opinberra aðila af atvinnumálum Íslendinga. Vissulega þarf að athuga og endurskoða sjóðakerfið vel en það verður ekki unnið nema með því að athuga sérstaklega og rækilega hvern sjóð fyrir sig.

Seinni brtt. við stjfrv. miðar að því að ekki verði gerðar stórfelldar breytingar á fjárfestingarsjóðum atvinnuveganna nema alþingismenn hafi tækifæri til að kynna sér mál rækilega og samstaða sé um það meðal þeirra sem aðild eiga að ríkisstjórninni.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Það var aðeins vegna þess að ég gleymdi að koma inn á þessar brtt. sem hv. síðasti ræðumaður var að mæla fyrir og við kvennalistakonur höfum ákveðið að styðja þá brtt. sem varðar vextina. Enda þótt við höfum vissar efasemdir um að þetta ákvæði stuðli að einhverju kraftaverki í þeirri viðleitni að keyra niður vextina þá er markmiðið gott og sakar sannarlega ekki, og við höfum ákveðið að styðja það.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Bara ein athugasemd vegna þess sem fram kom í máli hv. 6. þm. Norðurl. e. Ég tel það fjarri lagi að segja að í tillögum þeim sem felast í 7.–10. gr. frv. og fjalla um vaxtakjör opinberra fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna felist breyting á því sem gilt hefur í þessu efni sl. 14 ár vegna þess að það eina sem var eftir af lögum nr. 13 frá árinu 1975 — sem heita að vísu fjarskyldu heiti, þau eru um launajöfnunarbætur, verðlag og fleira — fram til áramóta voru ákvæði um það að ríkisstjórnin ákvæði vaxtakjör allra opinberra fjárfestingarlánasjóða. Með þeim reglum sem hér eru gerðar tillögur um er í raun og veru skýrar ákveðið að það séu stjórnir sjóðanna sem geri tillögur um þetta og taki ákvarðanir um þetta innan ramma almennra reglna. Ég tel að ef eitthvað er þá sé hér verið að færa vald til stjórna sjóðanna en ekki að taka það af þeim. Það er alveg fráleitt að með þessu sé verið að breyta því sem gilt hefur fram til áramóta, en þá, eins og kom fram hjá hv. 1. þm. Vestf., féll þetta úr gildi vegna tengsla við annað mál og það voru réttnefnd mistök að svo fór sem fór, en með þeirri brtt. sem hér er gerð er alls ekki verið að auka miðstýringu eða afskipti ríkisvaldsins af vaxtaákvörðunum fjárfestingarlánasjóðanna, síður en svo.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, 1. umr.

Frv. MB o.fl., 283. mál (sérreikningar framleiðenda). — Þskj. 503.

Flm. (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins með síðari breytingum en flm. þess eru auk mín Pálmi Jónsson, Ólafur G. Einarsson, Friðjón Þórðarson og Geir H. Haarde.

Frv. var flutt á síðasta þingi af okkur Pálma Jónssyni og náði þá ekki fram að ganga. Við flytjum það nú aftur og ég ætla að fara um það nokkrum orðum.

Frv. gerir ráð fyrir grundvallarbreytingu á lögunum um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins á þann veg að í staðinn fyrir að leggja inn á ákveðnar deildir er gert ráð fyrir með frv., ef að lögum verður, að hvert fyrirtæki fyrir sig eigi það sem það leggur til Verðjöfnunarsjóðsins og fái það svo aftur út. Þegar stjórn sjóðsins ákveður að greiða úr Verðjöfnunarsjóði fái hver og einn úr sínu eigin framlagi en ekki eins og nú er, að nú er þetta í einni púlíu hvað snertir hverja deild fyrir sig.

Þegar lögin um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins voru samþykkt 1969 var almennur áhugi fyrir því í sjávarútvegi að koma á slíkum sjóði sem þessum til þess að jafna sveiflur, til þess að greiða inn þegar vel áraði og aftur að eiga eitthvað upp á að hlaupa þegar illa gengi í atvinnugreinum. Þessum sjóði var skipt í allmargar deildir, freðfiskdeild, humar-, rækju-, saltfiskdeild, saltsíld, skreið, fiskimjöl, loðnulýsi, loðnumjöl og fleira. Síðan hefur þetta form verið óbreytt og alltaf hafa orðið allmiklar umræður um Verðjöfnunarsjóðinn og þá hefur það farið eftir hagsmunum hvers hóps fyrir sig hverju sinni hvort menn hafa viljað efla Verðjöfnunarsjóð eða fella hann niður. Sumir hafa komist að þeirri niðurstöðu að það beri að afnema hann með öllu, aðrir hafa talið að hann hafi ekki að fullu og öllu sýnt þann tilgang sem honum var ætlað í byrjun eða þegar lögin urðu að veruleika 1969, og um þetta má eðlilega deila.

Freðfiskdeildin sem er langstærsta deildin hefur verið að meira eða minna leyti óvirk í mörg ár af þeirri ástæðu að hagur þeirrar deildar hefur verið með þeim hætti. Hins vegar hefur verið greitt af ýmsum öðrum afurðum reglulega til sjóðsins og út eftir því sem á hefur þurft að halda og þær greiðslur hafa margar hverjar jafnað miklar sveiflur sem hafa orðið á verðlagningu sjávarafurða. Af þeim sökum tel ég að þessi sjóður eigi fullan rétt á sér og meira en það, hann er bráðnauðsynlegur til þess að jafna sveiflur, til þess að hleypa ekki út í verðlagið þegar miklar uppsveiflur verða og eiga þá til fjármuni til að bæta þegar illa árar.

Það sem okkur, flm. frv., finnst mikilvægast að breyta er það sem ég nefndi hér í upphafi, að hverfa frá því að leggja inn í sjóðinn í ákveðnar deildir, en færa það yfir á fyrirtækin þannig að hvert fyrirtæki

fyrir sig eigi sínar inngreiðslur og njóti sinna útgreiðslna. Að öðru leyti leggjum við ekki til breytingar á stjórn sjóðsins. Það verður að vera ein sameiginleg stjórn sem ákvarðar hverju sinni hvað eðlilegt er að láta hvern og einn greiða til Verðjöfnunarsjóðs og síðan hvað eðlilegt er að greiða úr sjóðnum í bætur. Það er líka til styrktar fyrirtækjunum að hafa heimild til þess að hafa þær inngreiðslur á bundnum reikningum í þeim lánastofnunum sem fyrirtækin skipta við, þeim lánastofnunum sem er eðlilegt að ávaxta þessa fjármuni í ef eigendur fjárins vilja hafa sína peninga í sínum eigin lánastofnunum, en kæri þeir sig ekki um það er eftir sem áður heimilt að varðveita þá fjármuni í Seðlabanka eins og verið hefur.

Ef við lítum á yfirlit um rekstrarstöðu Verðjöfnunarsjóðsins er innstæðan ekki nema 1,2 milljarðar í íslenskum krónum um síðustu áramót, en það er rétt að benda á að allt fé Verðjöfnunarsjóðsins er í SDR, sem hækkaði um 8,4% um áramót, og þar af leiðandi hefði inneignin hækkað svolítið miðað við það sem gefið er upp í töflu í greinargerðinni, en þar er talið að sé um 1,2 milljarðar í þessum deildum öllum. Segja má að það séu aðallega tvær deildir sem eitthvað eiga, þ.e. saltfiskdeildin sem átti þá 515 millj. kr. og rækjudeildin sem átti 436 millj. kr. og þar á eftir er humardeildin með 181 millj. kr. Aðrar deildir eiga sáralítið fé í Verðjöfnunarsjóði, sú sem á mest þeirra sem ég hef ekki talið upp á innan við 20 millj. kr. Freðfiskdeildin átti t.d. ekki nema 10,2 millj. kr. um síðustu áramót sem er auðvitað sama og ekki neitt.

Í tíð þeirrar ríkisstjórnar sem var á undan núv. stjórn var skipuð nefnd undir forustu sjútvrh. sem átti að endurskoða lögin um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og gera tillögur um breytingar. Ég held að það sé rétt munað hjá mér að sú nefnd lagði til að Verðjöfnunarsjóðurinn yrði lagður niður en páv. ríkisstjórn féllst ekki á þá tillögu, þó að einhverjar raddir hafi verið uppi um það utan þessarar nefndar sem betur fer. Það er sjáanlegt að sú ríkisstjórn sem nú situr hefur ekki í hyggju að leggja Verðjöfnunarsjóð niður. Hún tók þá veigamiklu ákvörðun er hún var mynduð að láta eina deild þessa sjóðs taka 800 millj. kr. að láni og það ber nú ekki vott um að ætlunin hafi verið að leggja Verðjöfnunarsjóðinn niður. Hins vegar harma ég að yfirlýsingar hæstv. sjútvrh. um endurskoðun á lögunum um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins hafa ekki séð dagsins ljós. Einn þm. spurði um það fyrir 14–15 mánuðum hvað liði þessari endurskoðun og þá lýsti sjútvrh. því yfir í munnlegu svari hér í fyrirspurnatíma að hann teldi að niðurstöður þeirrar endurskoðunar mundu liggja fyrir í apríl á sl. ári. M.ö.o. það er að verða liðið ár frá því að hann taldi að slík endurskoðun gæti legið fyrir en það bólar ekki á henni enn þá.

Við flm. frv. teljum því brýna nauðsyn á að flytja það aftur og leggjum áherslu á að sjútvn., sem örugglega fær þetta mál til meðferðar, fari þegar að vinna að málinu. Ég hygg að í flestum tilfellum muni menn, sérstaklega þeir sem hafa verið óánægðir með Verðjöfnunarsjóðinn eins og hann er, verða ánægðari ef þessi grundvallarbreyting sem við leggjum til yrði gerð. Hún er líka eðlileg því þá er ekki verið að taka peninga af neinum og færa yfir til annarra. Þá á hver það sem hann hefur lagt sjóðnum til. Þetta er eðlileg og heilbrigð skoðun sem menn hafa haft á þessu og því viljum við stíga þetta ákveðna, stóra og myndarlega skref í þessari breytingu á Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins.

Hins vegar er mér það ljóst að ákvæði til bráðabirgða, sem fjalla um skiptingu á þeim eignum Verðjöfnunarsjóðsins sem hann á nú, kunna að valda töluverðri gagnrýni, enda er, eins og þar kemur fram, erfitt að koma þeim peningum til skila svo að öllu réttlæti sé fullnægt. Við flm. þessa máls eru mjög opnir fyrir því að hugleiða frekari breytingar á þessum ákvæðum til bráðabirgða ef það mætti verða til þess að sætta hin ólíku sjónarmið. Við teljum ekki óeðlilegt að sjómannasamtök og samtök útvegsins fái þá einhverja hlutdeild í þessari eign sem eftir er. En þetta finnst mér að eigi ekki að verða til þess að tefja fyrir framgangi málsins því þetta er ekki svo ýkja há upphæð að við eigum að deila um það. Höfuðatriðið er að breyta lögunum og færa þau í það horf að það verði meira samstarf og menn verði ánægðari með Verðjöfnunarsjóðinn í hinu nýja formi sem við flm. leggjum til.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um frv. Því fylgir ítarleg greinargerð og ég vitna í fyrri framsöguræðu mína á sl. ári og legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Það frv. sem hér er lagt fram um breyt. á lögum nr. 72/1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, með síðari breytingum, og flutt er af *Matthíasi Bjarnasyni* o.fl. er mjög í anda þeirrar stefnu sem við í Borgaraflokknum höfum markað. Ég vil því lýsa ánægju minni yfir frv. því að meginstefnan er nánast sú sama og við höfum markað okkur í þessum málum.

Það er mjög jákvætt að hver aðili njóti þess sem hann aflar og það fyrirkomulag að Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins verði þannig að hver aðili safni upp verðmætum í sinn eigin sjóð er einmitt í rétta átt.

Þá er það ekki síður jákvætt að gert er ráð fyrir því að hægt verði að ávaxta sjóðinn fyrir hvern aðila í þeim banka eða sparisjóði sem viðkomandi óskar eftir sem þýðir jafnframt að aðilar geta ávaxtað fé úr Verðjöfnunarsjóði í heimahéraði og tel ég það til mikilla bóta. Það er ekki nokkur vafi á því að það er mjög brýnt að Verðjöfnunarsjóður verði til áfram. Við höfum margoft orðið fyrir því að það eru sveiflur í sjávarútvegi, verðlagi og útflutningi þannig að slíkur sjóður mundi að sjálfsögðu styrkja fyrirtæki í sjávarútvegi. Ég held að þau ákvæði í frv. séu til mikilla bóta og vil styðja að framgangi þessa máls eins og hægt er.

Þá vil ég sérstaklega lýsa ánægju minni með 4. gr. frv. þar sem segir að greiðslur inn á sérreikninga hjá

Verðjöfnunarsjóði og gengis- og verðbóta- og vaxtatekjur af innistæðum á slíkum reikningum skuli undanþegnar tekjuskatti og eignarskatti. Ég held að þetta sé einnig til mikilla bóta og muni stuðla að sparnaði hjá fyrirtækjum og menn hafi vilja til að koma sér upp aukasjóðum sem renna stoðum undir góðan rekstur fyrirtækja. Þetta frv. er miklu betra en það frv. sem flutt var í gær af hv. sjálfstæðismönnum þar sem þeir vildu leggja á sérstakan eignarskatt. Ég tel að þetta sé meira í anda þess að gera hvern einstakling og hvert fyrirtæki sem sjálfstæðast og sem best í rekstri.

Það er einnig ljóst, eins og hv. 1. flm. kom inn á áðan, að ákvæði til bráðabirgða getur auðvitað vafist fyrir mönnum því það er erfitt að skipta upp þeim eignum sem eru fyrir hendi og getur að sjálfsögðu orðið álitamál en frá því verður ekki vikist ef menn vilja koma slíku á. Ég ætla að vona það að við sem erum í sjútvn. getum staðið að því að koma þessu máli áfram og ég lýsi því yfir að ég mun gera allt sem í mínu valdi stendur til þess að stuðla að því að frv. fáist samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

SAMEINAÐ ÞING

48. fundur, fimmtudaginn 9. mars, kl. 10 árdegis.

Hagvarnaráð, frh. einnar umr.

Fsp. GHH, 251. mál. — Þskj. 462.

Fyrirspyrjandi (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég hef á þskj. 462 borið fram fsp. til hæstv. forsrh. um störf hins svokallaða hagvarnaráðs sem starfar á grundvelli laga nr. 85/1985, um almannavarnir. Þau lög voru sett að lokinni nokkuð ítarlegri endurskoðun og í kjölfar þeirrar endurskoðunar var bætt inn í lögin sérstökum kafla, VI. kafla, um hagvarnir, sem var nýjung frá því sem áður hafði verið. Í þessum kafla segir m.a. að forsrh. skuli skipa sérstakt hagvarnaráð er í eigi sæti ráðuneytisstjórar ráðuneytanna og einnig segir að verkefni ráðsins sé að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um hagvarnir. Síðan segir í 24. gr., með leyfi forseta:

„Hagvarnaráði ber að gera ráðstafanir til þess að í ráðuneytum og stofnunum ríkis og sveitarfélaga sé eftir því sem við á gerð áætlun um verkefni og viðbrögð á hættutímum. Jafnframt skal hagvarnaráð gera ráðstafanir til þess að á einn stað verði safnað saman skýrslum um þörf fyrir birgðir nauðsynja til að tryggja lífsafkomu þjóðarinnar á hættutímum og gera áætlun um öflun viðbótarbirgða og dreifingu þeirra eða skömmtun eftir atvikum. Öllum er skylt að gefa hagvarnaráði upplýsingar af þessu tagi, enda skal hagvarnaráð fara með þær sem trúnaðarmál."

Síðan eru hér fleiri og nánari ákvæði um hvað hér gæti verið á ferðinni eins og t.d. matvæli, eldsneyti, varahlutir, lyf og aðrar nauðsynjar sem hætta gæti verið á að gangi til þurrðar á hættutímum.

Nú eru liðin u.þ.b. fjögur ár frá því að þessu ráði var komið á laggirnar með lögum. Það hefur lítið farið fyrir því á opinberum vettvangi í það minnsta og kannski er það út af fyrir sig ágætt að starfsemi sem þessi sé ekki allt of mikið í sviðsljósinu. Mig langaði hins vegar til að grennslast fyrir um það hjá ráðherra hvort skipulag þessarar starfsemi sé eitthvað á veg komið eða hvort raunveruleg starfsemi sé hafin og því er þessi fsp. flutt.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda starfar hagvarnaráð á grundvelli laga nr. 85/1985, um almannavarnir, og reyndar kom það í minn hlut að skipa hagvarnaráð í september 1986 samkvæmt þeim lögum. Með þeim lögum voru lög um hagvarnir felld inn í heildarlöggjöf um almannavarnir og að tillögu þingkjörinnar nefndar sem Alþingi skipaði 1982 var það reyndar gert.

Ástæða þeirrar tilhögunar að sameina lög um almannavarnir og hagvarnir er að ekki er unnt að gera skýran greinarmun á almannavörnum og hagvörnum á mörgum sviðum vegna mikillar skörunar á verkefnum. Verkefni hagvarnaráðs er að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um hagvarnir, en eins og ég hygg að hafi einnig komið fram hjá hv. fyrirspyrjanda sitja í hagvarnaráði ráðuneytisstjórar allra ráðuneyta og skal ráðuneytisstjóri forsrn. eða staðgengill hans vera formaður hagvarnaráðs.

Með þessari skipan var stefnt að því að það hefði á hendi samræmingu og heildaryfirsýn yfir hagvarnaverkefni, en hins vegar var gert ráð fyrir því að þau yrðu leyst frá degi til dags, getum við sagt, með því að koma á fót sérstakri skrifstofu eða með því að fela Almannavörnum ríkisins að annast það verkefni. Strax eftir að hagvarnaráð hafði verið skipað fóru fram viðræður við Almannavarnir ríkisins og var niðurstaðan sú að skynsamlegast væri að fela Almannavörnum ríkisins að annast þetta verkefni og var það gert.

Um Almannavarnir mætti hafa allmörg orð. Almannavarnir voru settar á fót 1972 og hafa því starfað í 16 ár. Hjá Almannavörnum voru fjórir starfsmenn í upphafi og enn eru aðeins fjórir starfsmenn. Ég held að það megi hins vegar segja að Almannavarnir hafi þrátt fyrir þetta litla starfslið unnið hið ágætasta verk og hefur reyndar sums staðar þótt vera til fyrirmyndar. M.a. hafa Almannavarnir gert neyðaráætlanir fyrir 59 almannavarnanefndir og almannavarnasvæði um landið og hefur verið eftir því skipulagi tekið, m.a. erlendis. Hitt er svo annað mál að Almannavarnir hafa farið fram á fjárveitingu til þess að mega ráða starfsmann sem annist það verkefni sem hag-

varnaráði er falið, þ.e. gera úttekt og fylgjast með því að til séu sem víðast á landinu þær birgðir sem þurfa að vera í því tilfelli að hér verði neyðarástand og þeirri fjárveitingu hefur alltaf verið hafnað af fjárveitingavaldinu. Engu að síður hafa Almannavarnir gert skyndiúttekt á slíku, t.d. þegar hafís hefur nálgast landið, en það er skoðun formanns hagvarnaráðs og framkvæmdastjóra Almannavarna að þarna þurfi að koma heimild til þess að ráða einn starfsmann sem hafi það verkefni að fylgjast með að birgðir séu ætíð til staðar á nauðsynlegum stöðum. Og reyndar held ég að staðreyndin sé sú að Almannavarnir þyrftu að hafa fleiri starfsmenn en þær hafa nú. Einn starfsmaður til viðbótar gæti því bæði sinnt þessu verkefni hagvarnaráðs og fyllt upp í ýmislegt sem Almannavarnir hafa haft áhuga á að gera.

Í reynd er ekki meira um þetta að segja, virðulegi forseti. Þó vil ég segja það að lokum að ég tel að þessi fsp. hafi verið þörf og ég hef aðeins skoðað þetta mál og ég hef komist að þeirri niðurstöðu að ástæða sé til að endurskoða þetta. Ég hef ekki trú á svona fjölmennum nefndum eins og hagvarnaráð er og ég hygg að skynsamlegra væri að fela Almannavörnum ríkisins þetta verkefni og það væri ákaflega vel komið þar og spurning hvort á að halda þessari skipan með fjölmennu hagvarnaráði.

Fyrirspyrjandi (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir hans svör. Þau leiða í ljós að þetta ráð hefur ekki verið mjög starfsamt. Það hefur að vísu verið skipað og komið saman en síðan falið Almannavörnum raunverulega að annast þau verkefni sem því eru ætluð með lögum.

Ég vil út af fyrir sig fagna því að Almannavörnum er treyst fyrir þessu verkefni og tek undir hvert einasta orð sem hæstv. ráðherra sagði um starfsemi þeirra og það starfsfólk sem þar hefur unnið mjög gott starf. En ég vil líka gera þær spurningar að mínum sem hæstv. ráðherra varpaði hér fram í lok síns svars um það hvort skynsamlegt sé að hafa í lögum ákvæði eins og þessi um hagvarnaráð sem ekki virðast hafa verið framkvæmd til fullnustu og hugsanlega spurning um hvort starfseminni sé betur fyrir komið hjá þeirri stofnun sem fæst við almannavarnir í heild sinni, þ.e. Almannavörnum ríkisins. Ég hef engar tillögur um það á þessu stigi en ég tel að þetta svar ráðherrans styðji það sjónarmið að þarna eigi hugsanlega að breyta lögum.

Starfsheiti og starfsréttindi matvælafræðinga, ein umr.

Fsp. DS og GA, 253. mál. — Þskj. 464.

Fyrirspyrjandi (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegi forseti. 5. jan. sl. gaf heilbr.- og trmrn. út reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 432/1987, um starfsheiti og starfsréttindi matvælafræðinga. Við 1. gr. kemur ákvæði til bráðabirgða um starfsleyfi til handa einstaklingum sem gegndu störfum matarfræðinga við gildistöku reglugerðarinnar frá 1987. Í þeirri reglugerð er hins vegar tekið skýrt fram hverjir hafa rétt til að kalla sig matvæiafræðinga og starfa sem slíkir, en í 2. gr. reglugerðarinnar frá 1987 segir, með leyfi forseta:

„Starfsleyfi skv. 1. gr. skal veita þeim sem lokið hafa BS-prófi í matvælafræðum frá Háskóla Íslands. Ráðherra getur að fenginni umsögn Matvæla- og næringarfræðingafélags Íslands og þeirrar deildar Háskólans þar sem matvælafræði er kennd veitt þeim starfsleyfi ótakmarkað eða tímabundið sem lokið hafa sambærilegu háskólaprófi erlendis. Í þeim tilvikum skal umsækjandi sanna þekkingu sína í íslenskri matvælalöggjöf og mæltu og rituðu íslensku máli sé um erlenda ríkisborgara að ræða."

Þessi grein reglugerðarinnar kveður skýrt á um að matvælafræðingar skuli hafa lokið viðurkenndu háskólaprófi. Matvælafræði var fyrst kennd við Háskóla Íslands 1977 og útskrifuðust fyrstu matvælafræðingarnir 1979. Stéttin er því ný og tók ekki við af neinni annarri stétt. Þeir vinna við hlið annarra stétta sem þegar voru komnir til starfa í matvælaiðnaði, en matvælafræðingar hafa skapað sér sinn eigin starfsvettvang með sinni sérþekkingu sem gerir þeim kleift að stunda rannsóknir, t.d. í efnafræði og næringarfræði. Menntun matartækna er hins vegar af öðrum toga. Þeir ljúka sínum prófum af matvælatæknibrautum fjölbrautaskóla eða sambærilegum viðurkenndum prófum. Er því engan veginn hægt að ætla þeim að ganga inn á starfssvið matvælafræðinga sem hlotið hafa minnst þriggja ára sérhæfða háskólamenntun í matvælafræði. Vegna útgáfu þessarar reglugerðar hef ég leyft mér að bera fram eftirfarandi fsp. sem er á þskj. 464 til hæstv. heilbrrh.:

„1. Hver er ástæðan fyrir þeirri breytingu sem heilbrrh. gerði á reglugerð nr. 432/1987, um starfsheiti og starfsréttindi matvælafræðinga 5. jan. sl.?

2. Á hvaða forsendum telur heilbrrh. unnt að leggja nám matarfræðinga og matvælafræðinga að jöfnu og veita þeim sömu starfsréttindi?

3. Hefur heilbrrh. í hyggju að nýta sér þessa heimild? Ef svo er, um hve marga aðila gæti verið að ræða og hvaða menntun hafa þeir?"

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Danfríður Skarphéðinsdóttir og Guðrún Agnarsdóttir hafa beint til mín fsp. á þskj. 464, um starfsheiti og starfsréttindi matvælafræðinga. Það er fyrst spurt hver sé ástæðan fyrir þeirri breytingu sem heilbrrh. gerði á reglugerð nr. 432/1987, um starfsheiti og starfsréttindi matvælafræðinga, 5. jan. sl.

Við setningu reglugerða um starfsheiti, starfsrétt-

indi og skyldur hinna ýmsu heilbrigðisstétta hefur verið fylgt þeirri meginreglu að kveða á um réttindi þeirra aðila sem eru í starfi við gildistöku reglugerðanna án þess þó að þeir hafi fullnægjandi menntun til starfans í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í reglugerðinni. Við gerð reglugerðar nr. 432/1987, um starfsheiti og starfsréttindi matvælafræðinga, láðist að gera ráð fyrir slíku ákvæði, enda var ráðuneytinu og landlækni, sem gerði tillögu að reglugerðinni eins og lög gera ráð fyrir, ókunnugt um að slíkir aðilar væru hér við störf. Síðan hefur komið á daginn að í störfum matvælafræðinga, eins og þau eru skilgreind í reglugerðinni, voru nokkrir einstaklingar við gildistöku reglugerðarinnar án þess að þeir uppfylltu þau skilyrði til menntunar sem sett eru í reglugerð. Ráðuneytið átti því ekki annars úrkosti en að setja í reglugerðina tímabundin ákvæði til bráðabirgða á sama hátt og gert hefur verið þegar í hlut hafa átt aðrar nýjar starfsstéttir innan heilbrigðiskerfisins þegar þær hafa hlotið svokallaða lögverndun. Tillaga hér að lútandi kom frá landlækni eins og gert er ráð fyrir í lögum nr. 24/1985, um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta.

Í öðru lagi er spurt: „Á hvaða forsendum telur heilbrrh. unnt að leggja nám matarfræðinga og matvælafræðinga að jöfnu og veita þeim sömu starfsréttindi?"

Í 1. gr. reglugerðar nr. 10/1989, þ.e. þessari sem gefin var út nú í janúar sl. um breytingu á reglugerð nr. 432/1987, misritaðist orðið „matvælafræðingur" og varð að „matarfræðingi". Þegar hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að bæta úr þessari misritun. Þannig var hvorki ætlunin að leggja nám matarfræðinga og matvælafræðinga að jöfnu né veita þeim sömu starfsréttindi. Hér var einfaldlega um misritun að ræða sem þegar hefur verið leiðrétt.

Í þriðja lagi er spurt: „Hefur heilbrrh. í hyggju að nýta sér þessa heimild? Ef svo er, um hve marga aðila gæti verið að ræða og hvaða menntun hafa þeir?"

Enn sem komið er hefur ekki reynt á það ákvæði sem hér er til umræðu. Að sjálfsögðu verður ráðuneytið að beita þeirri heimild sem hér um ræðir eins og þegar aðrir starfshópar eiga hlut að máli mæli rök með því. Áður en ráðuneytið tekur afstöðu til slíkra umsókna skulu landlæknir og Matvæla- og næringarfræðingafélag Íslands fjalla um umsóknirnar. Veiting starfsleyfa í slíkum tilvikum á því að vera vel grundvölluð í ráðuneytinu. Til ráðuneytisins hafa sótt fjórir aðilar sem ekki uppfylla þau menntunarskilyrði sem sett eru í reglugerðinni, en sem telja sig hafa verið í starfi við gildistöku reglugerðarinnar. Ráðuneytið sér ekki ástæðu til að upplýsa um menntun þessara einstaklinga á þessu stigi þar sem umsóknir voru þegar í stað sendar til landlæknis og þaðan áfram til Matvæla- og næringarfræðingafélagsins til umsagnar eins og gerist í öllum slíkum tilvikum. Ráðuneytið kannaði ekki sérstaklega grundvöll umsóknanna heldur sendi þær beint til umsagnaraðila. Málið er þess vegna í meðferð eins og stendur.

Fyrirspyrjandi (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. svar hans og reyndar fagna því að þarna skuli prentvillupúkinn hafa verið að verki hvað matarfræðingana snertir. Ég vil benda á að það er alveg ljóst að áður en matvælafræðingar komu til sögunnar sem sérstök stétt starfaði enginn algjörlega á því sviði sem þeim er ætlað að starfa á. Áður gegndi enginn störfum matvælafræðings nema sá sem hafði til þess fullgilda menntun. Matvælafræðingar vinna við hlið þeirra stétta sem fyrir voru í matvælaiðnaðinum, t.d. kjötiðnaðarmanna.

Í 2. gr. reglugerðar um starfsheiti og starfsréttindi matvælafræðinga er að finna heimild til að veita þeim starfsleyfi sem lokið hafa erlendu háskólaprófi sem er sambærilegt við BS-próf í matvælafræði við Háskóla Íslands, en það mun eiga við um marga sem áður sóttu sér slíka menntun til Danmerkur.

En í 4. gr. reglugerðarinnar segir orðrétt, með leyfi forseta: „Óheimilt er að ráða sem matvælafræðinga aðra en þá sem hafa starfsleyfi samkvæmt reglugerð þessari." Sú grein tekur af öll tvímæli um þær kröfur sem gerðar eru um starfsleyfi til handa matvælafræðingum. Ég vil benda á varðandi lögverndun starfsheita að í skólum landsins starfa hlið við hlið leiðbeinendur og kennarar og engum dettur lengur í hug að veita leiðbeinendum kennararéttindi án þess að þeir sæki sér þá menntun sem til kennarastarfsins þarf.

Að lokum vil ég benda á að við erum fyrst og fremst matvælaframleiðendur og á því sviði eru miklir möguleikar fyrir okkur Íslendinga sem þjóð, okkur sem státum af lítilli mengun, hreinu lofti og tæru vatni. En til þess að vel megi til takast þurfum við á menntun og rannsóknum á þessu sviði að halda og við verðum að gæta þess að við rannsóknirnar starfi fólk sem hlotið hefur til þess tilskilda menntun, sem hin sérhæfða menntun matvælafræðinga á háskólastigi býður upp á.

Efnahagsáætlun Norðurlanda 1989–1992, ein umr.

Fsp. MÁM, 295. mál. — Þskj. 533.

Fyrirspyrjandi (Matthías Á. Mathiesen):

Virðulegi forseti. Á þingi Norðurlandaráðs sem haldið var í Stokkhólmi nú fyrir skömmu var fjallað um tillögu ráðherranefndar Norðurlanda um efnahagsáætlun Norðurlanda 1989–1992. Í skjali því sem lá fyrir var að finna kafla um fjármagnshreyfingar og í því sérstakan fyrirvara af Íslands hálfu varðandi markmið og tillögur um fjármagnshreyfingar og fjármálaþjónustu.

Á hinn bóginn sagði í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um efnahagsmál, sem hæstv. forsrh. flutti á Alþingi 6. febr., að á næstu árum verði reglur um fjármagnshreyfingar og viðskipti með fjármálaþjónustu milli

Íslands og annarra landa mótaðar á grundvelli tillagna ráðherranefndar Norðurlanda um efnahagsáætlun Norðurlanda 1989–1992. Áðurnefndur fyrirvari er hvergi nefndur í yfirlýsingunni og því er spurt *hvort ríkisstjórnin hafi fallið frá hinum sérstaka* fyrirvara við efnahagsáætlunina sem hér var getið um.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Fyrirvari sá sem hér er vísað til og tengist efnahagsáætlun fyrir Norðurlöndin er þannig í íslenskri þýðingu, með leyfi forseta: „Íslenska hagkerfið er að ýmsu leyti frábrugðið hagkerfum hinna Norðurlandanna. Því þurfa markmið og tillögur í þessum kafla um fjármagnshreyfingar og fjármálaþjónustu nánari athugunar við af Íslands hálfu.“ Þessi fyrirvari stendur óbreyttur og hefur verið ítrekaður nýlega af hæstv. fjmrh.

Í stjórnarsáttmála er ákvæði sem ég vil lesa, með leyfi forseta: „Sérstaklega verður unnið að því að laga íslenskt efnahagslíf að hinum nýju aðstæðum og tryggja viðskiptastöðu íslenskrar atvinnustarfsemi án aðildar að bandalaginu.“ — Þetta er í kafla sem fjallar um viðskipti okkar við Evrópubandalagið og starf innan Fríverslunarbandalags Evrópu.

Í yfirlýsingu þeirri sem ég flutti hér fyrir hönd ríkisstjórnarinnar 6. febr. sl. segir m.a., með leyfi forseta: „Ríkisstjórnin mun á næstunni kynna ákveðnar tillögur um samruna lánastofnana hér á landi og áætlun um aðlögun íslenska lánamarkaðarins að breyttum aðstæðum í umheiminum. Í þessu felst m.a. að íslensku atvinnulífi verði tryggð sambærileg aðstaða á fjármagnsmarkaði og er í helstu viðskiptalöndum.“ Einnig segir í þessum sama kafla yfirlýsingarinnar: „Heimildir íslenskra fyrirtækja til þess að taka lán erlendis með ríkisábyrgð, eða ábyrgð banka eða sjóða í eigu ríkisins, verða takmarkaðar en hins vegar verða heimildir fyrirtækja til að taka erlend lán á eigin ábyrgð rýmkaðar. Á næstu missirum verða reglur um fjármagnshreyfingar og viðskipti með fjármálaþjónustu milli Íslands og annarra landa mótaðar á grundvelli tillagna ráðherranefndar Norðurlanda um efnahagsáætlun Norðurlanda 1989–1992.“ Síðan segir: „Ríkisstjórnin leggur áherslu á að búa íslenska bankakerfið undir breytingar sem munu fylgja sameinuðum fjármagnsmarkaði Evrópu, m.a. með því að auka hagkvæmni þess þannig að það geti staðist samkeppni við erlenda banka hvað varðar vaxtamun, tryggingar o.fl. Í framhaldi af því verður m.a. kannað hvort heimila megi viðurkenndum erlendum bönkum starfsemi hér á landi.“

Hér er að sjálfsögðu um sama málið að ræða og eins og segir í fyrirvara okkar í tengslum við efnahagsáætlun Norðurlanda þá eru aðstæður hér að ýmsu leyti frábrugðnar því sem er í okkar helstu viðskiptalöndum. Hins vegar, eins og fram kemur í tilkynningu ríkisstjórnarinnar, er unnið að því að draga úr þessum aðstöðumun eins og frekast verður unnt þannig að við getum a.m.k. orðið aðilar að vissu marki að þeim hugmyndum sem Norðurlöndin hafa í þessu sambandi.

Ég vil taka skýrt fram að vegna smæðar hins íslenska fjármálakerfis verður ætíð að hafa þarna sterka varnagla eða við skulum segja sterkar varnir gegn því að hið litla íslenska peningakerfi sogist og hverfi inn í hið langtum stærra peningakerfi Evrópulandanna. Ég held hins vegar að það verði ekki komist hjá því vegna samkeppni íslenskra fyrirtækja að þessum markaði og aðstöðu þeirra, sem þarf að vera sambærileg, að íslensk stjórnvöld geri allt sem hægt er til þess að samræma þessa aðstöðu og styrkja íslenska peningakerfið eins og frekast er kostur. Ég tel það vera eitt af stærri verkefnum í efnahagsmálum hér að styrkja íslenska peningakerfið. Það er vægast sagt ákaflega veikt í dag og vanburða.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég vil taka undir þau sjónarmið hæstv. forsrh. um varnagla varðandi þá efnahagsáætlun Norðurlanda sem var til meðferðar á þingi Norðurlandaráðs og fjmrh. hæstv. gerði sérstakan fyrirvara við þegar málið var til meðferðar í ráðherranefnd á vegum Norðurlanda.

Ég tel að mál þetta þurfi allt mikillar gaumgæfingar við og bendi á að á vegum þingsins starfar nú sérstök þingkjörin nefnd að því að athuga stöðu mála, sérstaklega með tilliti til þróunar í Evrópu, í Evrópubandalaginu og þá auðvitað einnig í EFTA-ríkjunum og á Norðurlöndum.

Ég tel í raun óeðlilegt að verið sé að taka á þessum málum í sambandi við almennar efnahagsaðgerðir *hér heima fyrir eins* og viðleitni var til af hálfu ríkisstjórnarinnar í byrjun febrúar og það á sama tíma og verið er að fara yfir þessi mál í ljósi þess fyrirvara sem gerður hafði verið á vegum þingkjörinnar nefndar. Ég vona að menn uni þeim vinnubrögðum að unnið verði að þessum málum af vandvirkni þannig að menn stígi hér engin víxlspor sem gætu orðið til óheilla fyrir okkar efnahagslíf og okkar sérstæðu aðstæður. Jafnnauðsynlegt er auðvitað að vandlega verði unnið og hratt í þessum málum því þróunin er býsna ör á alþjóðavettvangi.

Fyrirspyrjandi (Matthías Á. Mathiesen):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. svör hans. Af því sem hann og hv. 2. þm. Austurl. sögðu liggur ljóst fyrir að innan ríkisstjórnar Íslands er ágreiningur um þessi mál, það fer ekkert á milli mála.

Ef ég man rétt þá vék hæstv. viðskrh., samstarfsráðherra, að þessum málum á þingi Norðurlandaráðs og lét þau orð falla að reglur um fjármagnshreyfingar og viðskipti með fjármálaþjónustu milli Íslands og annarra landa yrðu mótaðar á grundvelli tillögu ráðherranefndarinnar um efnahagsáætlun Norðurlanda 1989–1992, án þess að þar væri þá settur fram neinn fyrirvari í sambandi við þá hluti. Það liggur ljóst fyrir að það er hæstv. fjmrh. sem hér ræður ferðinni og gott að það kemur hér fram. Það er því ljóst að innan ríkisstjórnarinnar er ekki samstaða um

þessi mál og jafnframt staðfestir þetta það sem hér hefur oft verið sagt um það hver stjórnar ferðinni í efnahagsmálunum hjá núv. hæstv. ríkisstjórn, þ.e. hæstv. fjmrh.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Bara örstutt athugasemd. Mig langar til að benda hv. 1. þm. Reykn. og reyndar einnig hv. 2. þm. Austurl. á mjög einfalda staðreynd sem er þessi: Fyrirvari Íslands við efnahagsáætlun Norðurlandaráðherranna til næstu fjögurra ára er hluti af áætluninni. Hann er afar almenns eðlis. Hann vitnar fyrst og fremst til þess að hvað varðar fjármagnshreyfingar milli landa og rýmri reglur um þær þurfi vegna sérstöðu Íslands, hvað varðar efnahagsskipulag og alla efnahagsgerð, að skoða málið sérstaklega. Um þetta er enginn ágreiningur, hvorki innan ríkisstjórnarinnar né annars staðar í íslenskum stjórnmálum að ég hygg. Hitt er svo vafalaust rétt að menn leggja misjafnar áherslur í málinu og ég, sem ráðherra viðskipta- og bankamála og þar með gjaldeyrismála og greiðsluhreyfinga milli landa, legg á það mikla áherslu að íslenskir atvinnuvegir njóti sömu starfsskilyrða á fjármagnsmarkaði og á öðrum mörkuðum og keppinautar þeirra í Evrópu.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Mér er spurn hvað hæstv. forsrh. átti við hér áðan með því að það þyrfti að styrkja íslenska peningakerfið áður en auka mætti frjálsræðið í samskiptum Norðurlanda. Hvað á hæstv. forsrh. við með því að það þurfi að styrkja það? Á hann við að það þurfi styrkja gráa markaðinn eða hvað er það sem hann á við? Það skyldi nú aldrei vera að þessir menn vildu ekki sjá sannleikann með því að opna kerfið því þá kæmi nefnilega sannleikurinn í ljós um gæði íslenskrar hagstjórnar. Það er ekki víst að allir vilji fá að sjá hvernig þau eru um þessar mundir. Úr því að menn eru nýkomnir frá Stokkhólmi, komu þeir þá ekki við í kauphöllinni og skoðuðu frjálshyggjuna í Svíaríki? Ég tel að það hefði verið mjög heppilegt að hæstv. ráðherrar hefðu komið þar við og kíkt á frjálshyggjuna í ríki þessara sem eru kallaðir til vinstri í pólitíkinni. Eða erum við einhverjir eftirbátar annarra Norðurlanda í sambandi við eignir eða eru Íslendingar svona illa settir? Ég veit ekki betur en að íslensk þjóð sé stórkostlega auðug þjóð. Eru menn svona hræddir við sannleikann?

Ég hygg að ef opnað yrði fyrir frjálsari viðskipti milli Norðurlanda mundi það koma í ljós fyrst af öllu að allt kjaftæðið í kringum þessa frjálshyggju er marklaust. Það er sennilega staðreynd málsins og því er mjög þýðingarmikið, af því að verið er að ræða þessi mál, að við fáum svör frá hæstv. forsrh. Hvað á hann við með því að styrkja íslenska peningakerfið? Hvað er það sem maðurinn á við?

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst vekja athygli á því að þessi fyrirvari er miklu eldri en seta núv. hæstv. fjmrh. í ríkisstjórninni. Það má vel vera að hann hafi komið þarna inn fyrir jafnvel tveimur eða þremur árum en a.m.k. sá fjmrh., sem var á undan þeim sem nú situr, ítrekaði hann og fylgdi honum í meðferð þessa máls. Það sem gerst hefur nú er að þessi sami fyrirvari hefur verið ítrekaður, hann er áfram í þeirri áætlun sem Norðurlöndin hafa gert.

Út af því sem kom fram hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni þykir mér rétt að leggja áherslu á að ríkisstjórninni er að sjálfsögðu ljóst að hér er um afar vandmeðfarið mál að ræða. Það má segja að teningunum hafi verið kastað fyrir allmörgum árum þegar við tengdumst EFTA og gerðum samninginn við EB. Spurningin er sú hvernig við getum einnig skapað aðstöðu fyrir íslenskan iðnað og samkeppnisgreinar á fjármagnsmörkuðum sem er sambærileg við það sem svipaðar greinar búa við annars staðar á Norðurlöndum.

Mér þykir rétt, með leyfi forseta, að lesa hér það sem ég sagði á þingi Norðurlandanna um þessi mál því það bar hér á góma. Þar segir: „Samstarf okkar Íslendinga við Evrópubandalagið viljum við því takmarka fyrst og fremst við frjálsan markað fyrir framleiðslu beggja aðila, samstarf á sviði vísinda, samstarf á sviði öryggismála og smám saman aukið samstarf á sviði fjármála og þjónustu. Til þess að auðvelda slíkt samstarf viljum við aðlaga hið íslenska stjórnsýslukerfi þeim breytingum sem eru að verða í Vestur-Evrópu. Í því skyni leggjum við höfuðáherslu á náið samstarf Norðurlandanna og EFTA-ríkjanna."

Ég vil láta það kom hér fram að um þessa málsmeðferð er full samstaða innan ríkisstjórnarinnar og fullur skilningur á því hvað þarna er um viðkvæmt mál að ræða og oft vandrataður hinn gullni meðalvegur.

Út af orðum hv. síðasta ræðumanns þá þykir mér gott að heyra að svo mikill framkvæmdamaður sem hann er er ánægður með hið íslenska bankakerfi, telur sig eflaust hafa fengið þar alla þá þjónustu sem hann þarf. En hann er einn af þeim örfáu eða sá eini sem ég hef heyrt gefa slíkt til kynna. Þvert á móti þá heyri ég afar mikið ... (**KrP:** Ég sagði það ekki.) Nú, ég skildi orðin svo að það væri í lagi. (**KrP:** Ég var að gera grín að því.) Nú, það er nefnilega það. Ef hv. þm. var að gera grín að því hlýtur hans meining að vera að hleypa eigi inn öflugum erlendum fjármagnseigendum og bönkum sem yfirtækju þetta sístem sem við höfum hér. Ég er ekki þeirrar skoðunar. (**KrP:** Er það ekki það sem viðskrh. vill?) Nei, viðskrh. er ekki þeirrar skoðunar heldur. (Gripið fram í.) Ég hef stundum sagt í umræðum um þetta mál að ef við hleypum inn erlendum bönkum eins og nú er ástatt í hinu íslenska peningakerfi þá munar Deutsche bank ekki um að kaupa upp íslensku bankana á einum eftirmiðdegi. Ég held að það sé hárrétt að hér þarf að stokka upp íslenska peningakerfið eins og lýst hefur verið, sameina banka, efla þá, losna við verðtrygginguna o.s.frv.

Af því að hv. þm. spurði enn um frjálshyggjuna í Svíþjóð, þá er frjálshyggjan í Svíþjóð undir ákveðinni

og harðri stjórn, en hér er hún stjórnlaus eða hefur verið. Við erum með þeim frv. sem nú er verið að fjalla um á Alþingi að reyna að koma stjórn á þetta svokallaða frjálsræði í peningamálum sem er orðið okkur æði dýrkeypt. Ég hef lýst því yfir áður sem svar við þessari fyrirspurn undir öðru máli að við værum ólíkt betur settir ef við hefðum sömu stjórn á okkar peningamálum og Svíar.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Hér hafa spunnist athyglisverðar umræður í tilefni af þessari einföldu fyrirspurn. Forsrh. hefur sett ofan í við hv. 2. þm. Austurl., einn af máttarstólpunum í stjórnarsamstarfinu, Hjörleif Guttormsson. Hann hefur líka óbeint skensað viðskrh. fyrir stefnu hans gagnvart samskiptum við erlenda banka.

Allt er þetta vegna þess að fjármálaráðherra Íslands gerði fyrirvara á fundi hinna norrænu fjármálaráðherra nú nýverið, sennilega án þess að hafa um það samráð við sína samráðherra, og í óþökk þess manns sem mest fjallar um þessi mál, þ.e. hæstv. viðskrh. Viðskrh. svarar með því að leggja fram í ríkisstjórninni og fá samþykkta sérstaka yfirlýsingu um þetta mál, sem forsrh. las hér upp í grandaleysi sínu hinn 6. febr. sl. og hér hefur verið vitnað til, þar sem kemur fram gerólík afstaða þeirri sem felst í fyrirvaranum sem fjmrh. gerði.

Nú er reynt að breiða yfir þetta almennum orðum með því að segja: Ja, þetta er nú bara fyrirvari um það að íslenskt efnahagslíf sé svo frábrugðið því sem gerist í öðrum löndum. Þannig má út af fyrir sig segja um öll lönd. Það má segja það um Finnland að það sé öðruvísi efnahagslíf þar en annars staðar og sama má segja um Færeyjar og hin Norðurlöndin.

Mennirnir úr hæstv. ríkisstjórn sem hér hafa talað geta hins vegar ekki dregið fjöður yfir að það er djúpstæður ágreiningur um þessi mál annars vegar milli viðskrh. og þeirra sem honum fylgja í þeirri stefnu að reyna að opna íslenskt efnahagslíf gagnvart útlöndum og svo hins vegar hinna gömlu einangrunarsinna sem hér eiga sinn fulltrúa í umræðunum í dag í hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni og afturhaldsaflanna í Alþb. Það eru afturhaldsöflin í Alþb. sem komu með þennan fyrirvara við efnahagsáætlun Norðurlandanna og verið er reyna að draga fjöður yfir það að þessir gömlu einangrunarsinnar hafi allt aðra stefnu í þessum málum en viðskrh. og sennilega líka hæstv. forsrh.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það er því miður oft og tíðum árátta hjá íslenskum stjórnmálamönnum þegar kemur að viti bornum umræðum um samskipti við erlenda aðila að fara í einhvers konar taugaveiklunarkast og stunda þrætubók um keisarans skegg sem kemur málinu ekkert við og snýst ekki um neitt. Er einhver að halda því fram að það sé ágreiningur um það meðal stjórnmálaflokka á Íslandi almennt í samstarfinu innan EFTA og í samskiptunum við Efnahagsbandalagið að Íslendingar hafi almennt sett fyrirvara um hið fjóreina frelsi á þann veg að þeir hafa hingað til ekki sett græna ljósið á fullkominn og fyrirvaralausan tilflutning fjármagns og fólks í þessu stækkaða Evrópusamstarfi? Ég veit ekki til að það sé nokkur ágreiningur um það milli stjórnmálamanna. Ég veit ekki betur en allar ríkisstjórnir á Íslandi sem að þessum málum hafa komið hafi sagt það sama, ég sé ekki nokkurn ágreining um það.

Ef menn eru að reyna að gera því skóna að núv. ríkisstjórn sé andvíg markaðskerfi af einhverjum trúarástæðum eða hugmyndafræðilegum ástæðum þá er það auðvitað hinn mesti misskilningur. Slíkar kennisetningar eru ekkert á dagskrá. Málið snýst um það að menn settu af hálfu fjmrn. almennan fyrirvara af því tagi sem ég vitna til í umræðunum gagnvart EFTA og EB og hefur gilt nokkuð lengi. Síðan hefur ríkisstjórnin hins vegar lýst því yfir að hún muni vinna að því að leysa þessi ágreiningsmál mál fyrir mál, lið fyrir lið. Að því er varðar þessa áætlun Norðurlandanna, sem er í sjö liðum, ætti öllum hv. þm. að vera kunnugt um hvað það snýst og ríkisstjórnin hefur í stefnuyfirlýsingu sinni um efnahagsmál markað línur um það með hvaða hætti við munum vinna að því að útfæra eða tryggja okkar sérhagsmuni gagnvart því. Stærra er nú ágreiningsefnið ekki, ég hygg að að sé enginn ágreiningur í málinu, ekki nokkur.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég ætla aðeins að gera athugasemd við að það er ekki rétt hjá hæstv. forsrh. að ég sé svona rosalega ánægður með íslenskt bankakerfi eins og hann hélt fram hér áðan. Í öðru lagi langar mig til að koma fram með þá athugasemd í þessari umræðu vegna þess að honum finnst svo góð stjórn á peningamálum í Svíþjóð. Sænska ríkisstjórnin hefur nýverið gert seðlabankann sænska algerlega sjálfstæðan og óháðan stjórnvöldum. Á hann við að það sé svo góð stjórn á peningamálum í Svíþjóð?

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki orðlengja mikið við þessa umræðu en ég tók ekki eftir því hvort hæstv. bankamálaráðherra var hér inni áðan þegar hæstv. forsrh. tók til máls. Það var mjög athyglisvert að fylgjast með því hve ráðherrarnir voru ósammála. Forsrh. sagði eitt, utanrrh. annað og viðskrh. það þriðja. En það sem ég vildi gjarnan fá skýrt, vegna þess að ég hef ástæðu til að halda að hæstv. viðskrh. og bankamálaráðherra séu að reyna að þróa það í sambandi við samruna banka á Íslandi að hér komi erlendur banki inn í landið, þ.e. banki sem hefur aðsetur á Norðurlöndunum, hvort viðskrh. sé sammála því sem hæstv. forsrh. sagði um að hingað kæmi enginn erlendur banki inn í landið. (**Forsrh.:** Það sagði ég ekki.) Það sagði hæstv. forsrh. (**Forsrh.:** Ekki við núverandi aðstæður.) Ekki við núverandi aðstæður, en þá vil ég spyrja og kannski vill hæstv. forsrh. svara því: Hvenær breytast núverandi aðstæður þannig að hæstv. bankamálaráðherra geti sagt:

Kannski á morgun því nú hafa aðstæður breyst? Það gengur ekki lengur að stjórnmálamenn tali svona. Það passaði mér ekki í dag en við skulum sjá til á morgun — og svo gera þeir nákvæmlega það sem þeir eru búnir að afneita þriðja daginn. Svona stjórnmál ganga ekki lengur á Íslandi. Ég krefst svars við því hjá hæstv. bankamálaráðherra hvort þetta, „núverandi aðstæður", gildi í dag, á morgun eða meðan þessi hæstv. ríkisstjórn situr að völdum.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég vona satt að segja að hv. 14. þm. Reykv. hafi ekki verið að biðja alla ráðherrana að halda sömu ræðuna, það yrði nú heldur leiðinlegt þinghald. Auðvitað héldum við þrjár mismunandi ræður. Þetta er sama fjallið séð úr þremur áttum, sama fjallið. (**GHG:** Þið hafið aldrei sömu skoðanir.) Það hlýtur hv. þm. að kannast við að geti komið fyrir í lífinu.

En svo ég snúi mér að hinni beinu spurningu þm. þá er svarið einfalt. Samkvæmt landslögum er heimild fyrir því að allt að fjórðungur hlutafjár í Útvegsbanka Íslands hf. sé í eigu erlendra banka eða fjármálastofnana. Þetta eru landslögin, þetta gildir í dag, þetta gildir líka á morgun og á þeim grundvelli er sjálfsagt að starfa í landinu.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. viðskrh. hefur sem sagt svarað hæstv. forsrh. og sagt að núverandi aðstæður gildi ekki, sem sagt að það sem hæstv. forsrh. sagði hér áðan um að núverandi aðstæður gildi ekki. Hæstv. viðskrh. getur því komið með erlendan banka inn í landið, inn í þetta hugsanlega sameiningarmál sem ég veit að er hjartans mál hæstv. ráðherra. Þetta þýðir á mæltu máli að það er ekkert að marka það sem hæstv. ráðherrar segja hér. Þeir gera það sem þeim sýnist þannig að það sem er fjall er flatneskja og orð þeirra og það sem þeir segja á hv. þingi og annars staðar er gersamlega ómarktækt.

Afvopnun á höfunum, ein umr.

Fsp. HG, 248. mál. — Þskj. 459.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Á þskj. 459 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. utanrrh. um íslenskt frumkvæði varðandi afvopnun á höfunum. Fsp. er svohljóðandi:

„Er ríkisstjórnin reiðubúin að eiga frumkvæði að því að boðað verði til alþjóðlegrar ráðstefnu hérlendis til að fjalla um afvopnun á og í höfunum?"

Vígbúnaður í höfunum er sem kunnugt er eini þáttur afvopnunarmála sem hvergi er tekið á í afvopnunarviðræðum milli risaveldanna og á alþjóðavettvangi. Af engu öðru máli stafar Íslandi slík ógnun og þeirri staðreynd að vígbúnaður fer vaxandi á norðurhöfum og víðar um heimshöf og í grennd við landið er stöðug umferð herskipa og kafbáta sem knúðir eru kjarnaorku og búnir eru kjarnorkuvopnum. Sú þróun blasir við að áframhald getur á þessu orðið og hætta er á enn frekari aukningu kjarnorkuvígbúnaðar ef ekki tekst að koma á samkomulagi um stöðvun og fækkun milli risaveldanna. Þetta á alveg sérstaklega við eftir að tekist hefur að semja um fækkun meðaldrægra og skammdrægra kjarnavopna eins og gerðist í samkomulagi fyrir nokkrum missirum.

Á síðasta þingi flutti hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, núv. fjmrh., till. til þál. um að íslensk stjórnvöld boði til alþjóðlegrar ráðstefnu í Reykjavík um skipulag og efnisþætti formlegra samningaviðræðna um afvopnun á norðurhöfum. Þessari tillögu var vel tekið í umræðum í þinginu, m.a. af páv. utanrrh. og núv. hæstv. forsrh., Steingrími Hermannssyni, og var tillögunni vísað til utanrmn. en þaðan var hún hins vegar ekki afgreidd fyrir þinglok. Ég minni á að margir íslenskir utanrrh. og þar á meðal sá sem nú situr hafa nefnt hernaðinn á höfunum sem sérstakt áhyggjuefni í ræðum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna a.m.k. frá árinu 1984 að telja. Ég minni einnig á að Ísland var aðili að tillögu sem flutt var á vettvangi Sameinuðu þjóðanna um úttekt á vígbúnaði á höfunum sem leiddi til sérstakrar skýrslu sem heitir á ensku „The naval arms race" og gefin var út 1986. Ég vænti þess að núv. ríkisstjórn hafi frumkvæði í þessu máli með því að leita eftir samstöðu um alþjóðlega ráðstefnu hérlendis til að fjalla um afvopnun á og í höfunum. Að því lýtur fyrirspurnin.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Fsp. sú er hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, 2. þm. Austurl., hefur beint til mín er í ætt við þáltill. sem hér hafa verið ræddar áður og nefni ég þáltill. hv. 9. þm. Reykv., Guðmundar G. Þórarinssonar, og fleiri þm. Framsfl. frá árinu 1981, ef ég man rétt, og till. hæstv. núv. fjmrh. frá árinu 1987 um alþjóðlega ráðstefnu til að ræða afvopnun í norðurhöfum. Hér er hreyft mikilvægu máli og það er rétt sem fram kom í máli fyrirspyrjanda að á seinustu árum hafa allir utanrrh. Íslendinga á alþjóðavettvangi lýst vaxandi áhyggjum Íslendinga af þróun mála að því er varðar vopnabúnað í höfunum og átt margvíslegt frumkvæði að því að fá þau mál rædd á alþjóðavettvangi.

Ég er sammála fyrirspyrjanda að það er í samræmi við augljósa hagsmuni Íslendinga að knýja á um að viðræður hefjist hið fyrsta um afvopnun í og á höfunum. Í fyrsta lagi er okkur sem öðrum Atlantshafsþjóðum lífsnauðsyn að nákvæmlega sé fylgst með ferðum kjarnorkuknúinna skipa og kafbáta sem búin eru kjarnavopnum á Norður-Atlantshafssvæðinu. Það er eitt meginverkefni þeirrar eftirlitsstöðvar Atlantshafsbandalagsins sem staðsett er hér á landi.

Það má geta þess í þessu samhengi að samkvæmt upplýsingum þessarar eftirlitsstöðvar hefur ferðum

slíkra kafbáta fækkað lítils háttar sl. tvö ár þótt ástæðurnar kunni nú ekki að vera mjög jákvæðar, þ.e. þeir hafa í sívaxandi mæli, og þá er ég að tala um kjarnorkukafbáta Sovétmanna, verið búnir langdrægum eldflaugum með kjarnaodda sem ná frá Barentshafi til Bandaríkjanna. Kann þetta að vera meginskýringin á því að ferðum þeirra hefur fækkað umhverfis Ísland.

Í annan stað eru það okkar hagsmunir að stórveldin sem eiga kjarnorkuknúin skip og kafbáta búna þessum vopnum og stýra ferðum þeirra setjist að gagnkvæmum samningum um traustvekjandi aðgerðir, um aðgerðir til að koma í veg fyrir vistfræðileg slys, um fækkun þessara skipa og útrýmingu tiltekinna tegunda vopna, um sameiginleg efri mörk á fjölda skipa og vopna o.s.frv. Þetta verkefni þarf að skilgreina og fella það inn í afvopnunarferilinn. Horfur á að það megi takast eru nú kannski betri en nokkru sinni áður. Náist sá árangur í Vín sem vonir hinna bestu manna eru fastlega bundnar við, þ.e. um risavaxinn niðurskurð hefðbundinna vopna á meginlandi Evrópu, þá hlýtur afvopnun í höfunum að mínu mati að skoðast sem næsta meginverkefni.

Við hljótum hins vegar að horfast í augu við þá staðreynd að hér er ekki við auðvelt verkefni að fást. Íslendingar sem eitt af aðildarríkjum Atlantshafsbandalagsins hljóta að vinna að þessu máli í samstarfi við bandalagsþjóðir sínar, enda litlar sem engar líkur til að slík ráðstefna bæri árangur án beinnar þátttöku og stuðnings þeirra ríkja sem hafa yfir þessum vopnum að ráða. Því þurfum við að vinna að þessu máli á margvíslegum vettvangi, þar á meðal innan Atlantshafsbandalagsins, á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og almennt séð á alþjóðlegum vettvangi. Í þessu viðfangi vitna ég til ummæla hæstv. fjmrh. sem hann lét falla í umræðum um tillögu hans í Sþ. þann 22. okt. 1987. Hann sagði þá, með leyfi forseta:

„Því miður held ég að málin séu þannig að við höfum ekki mátt til þess að boða hér til ráðstefnu þar sem samningaviðræðurnar sjálfar ættu að hefjast, það sé ekki á okkar valdi því miður, og þess vegna sé það raunsæi af okkar hálfu að ætla okkur ekki stærra verk en það að knýja á um að hinar formlegu samningaviðræður hæfust."

Út frá spurningunni um hvernig við getum best komið málinu í réttan farveg er því ljóst að mínu mati að undirbúningur hlýtur að vera viðamikill og hlýtur að fela í sér tvíhliða viðræður við margar þjóðir og mikið samræmingar- og undirbúningsstarf áður en við getum gert okkur vonir um árangursríkt ráðstefnuhald um þetta efni. Af því tilefni leyfi ég mér, virðulegi forseti, að vitna til ummæla forvera míns, hæstv. núv. forsrh., í sömu umræðum en hann sagði þá orðrétt:

„Ég vil taka það fram fyrir mitt leyti að ég er í raun hlynntastur því að fækkun kjarnavopna fari fram á heimssviði, þ.e. fyrir heiminn allan, því að þau eru þess eðlis hvort sem þau eru staðsett í hafinu eða í Úralfjöllum eða í Klettafjöllum að þau geta eytt öllu mannlífi á jörðu. Það er mikilvægast að ná samkomulagi um fækkun kjarnavopna á heimsgrundvelli." Þetta sagði hæstv. forsrh. Og enn fremur, með leyfi forseta: „Spurningin er hvort við eigum að stofna til slíkrar ráðstefnu sem þessarar, hvort hún nær þeim góða tilgangi sem ég veit að hv. flm. hefur í huga. Ég hef efasemdir um það. A.m.k. þarf að vera tryggt að þátttaka í slíkri ráðstefnu yrði einlæg, ef ég má orða það svo, og ekki bara yfirborðskennd."

Nú er þess að geta, virðulegi forseti, að því fer fjarri að ekki hafi margt verið gert til að knýja á um að alvöruviðræður verði teknar upp um afvopnun á þessum sviðum. Ég skal láta þess getið í fyrsta lagi að þetta er meginviðfangsefni í samningaviðræðum Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, svokölluðum START-viðræðum sem fara fram í Genf. Í lok forsetatíðar Reagans Bandaríkjaforseta gerðu menn sér vonir um það að þarna næðist verulegur árangur. Því miður hefur hann látið á sér standa, fyrst og fremst vegna erfiðleika sem eru á því að tryggja traust og haldgott eftirlit. Menn verða að hafa hugfast að það er erfiðara að tryggja slíkt eftirlit þegar um er að ræða samninga sem fela í sér kannski helmings fækkun vopna fremur en útrýmingu. Kjarnorkukafbátarnir eru náttúrlega mjög hreyfanlegir og þess vegna er samningur um eitt svæði ekki nægileg trygging fyrir því að þeir verði ekki fluttir til, til annarra hafsvæða. Í annan stað er miklum erfiðleikum bundið að greina kjarnaodda frá venjulegum sprengjuhleðslum á eldflaugum, jafnvel þótt ný tækni í sambandi við gervihnetti og myndatöku gæti út af fyrir sig komið auga á og fylgst með ferðum allra slíkra kafbáta.

Þess er síðan að geta að það eru í gildi tvíhliða samningar milli Bandaríkjanna, Bretlands og Vestur-Þýskalands annars vegar og Sovétríkjanna um að koma í veg fyrir slys á höfunum. Þessi mál hafa verið tekin til rækilegrar umræðu innan afvopnunarnefndar Sameinuðu þjóðanna þar sem hafa komið fram tillögur um fjölþjóðasamning um að hindra slys á höfunum. Ég minni á, eins og hv. fyrirspyrjandi, að Ísland var árið 1983 meðflytjandi að tillögu á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna um könnun á flotauppbyggingu og vígbúnaði á höfunum. Sú skýrsla liggur fyrir. Þá er að minna á þær tillögur um traustvekjandi aðgerðir sem er að finna í Stokkhólmsskjalinu þrátt fyrir það að enn sem komið er var samningum beinlínis um flota og vopnabúnað á höfunum haldið utan við þær umræður. Ég lít hins vegar svo á að skili þær viðræður árangri hljóti hitt að vera næsta meginverkefnið.

Mér þykir rétt af þessu tilefni, virðulegi forseti, ef ég má, vekja athygli hv. þingmanna á sérstakri ráðstefnu sem fram fór um þetta efni, svokallaðri Pugwash-ráðstefnu, í Osló 23.–26. júní árið 1988. Þar eru skilgreind með mjög rækilegum hætti nákvæmlega þau vandamál sem hér er við að fást og þær aðgerðir sem menn eru að ræða og kanna til þess að vekja aukið traust og til þess að draga úr hættu af þessum búnaði sem fyrsta skref í afvopnunarmálum. Þar má t.d. nefna samkomulag um það að koma í veg fyrir að staðbundin átök á hafinu gætu leitt til styrj-

aldar, í annan stað að koma í veg fyrir að slík staðbundin flotaátök gætu leitt til stigmögnunar upp í kjarnorkustríð, í þriðja lagi sérstakar reglur í samskiptum sem gætu komið í veg fyrir slys eða tortryggni, svo sem eins og reglur um að koma í veg fyrir getu slíkra flota til þess að hrinda af stað fyrirvaralausri árás, reglur um það að ekki verði um að ræða ögrandi flotaæfingar, samkomulag um það að draga úr útgjöldum til flotauppbyggingar o.s.frv.

Virðulegi forseti. Ég viðurkenni að það er ótal margt sem þyrfti að koma fram annað til þess að svarið við þessari spurningu væri fullnægjandi. Ég vil segja ósköp einfaldlega að svarið er jákvætt í þeim skilningi að Íslendingar hafa gert margt í því efni til þess að koma þessum málum á dagskrá og koma þeim í farveg. Og að lokum vil ég aðeins nefna það að ég hef gert grein fyrir umræðum á Alþingi Íslendinga, tillögum, og lýst hugmyndum okkar um þetta efni í viðræðum við ótal aðila, í fyrsta lagi á ráðstefnu jafnaðarmannaflokka Efnahagsbandalagsríkjanna og EFTA-ríkjanna í Berlín á sl. hausti, í ræðu minni á utanríkisráherrafundi Atlantshafsbandalagsríkjanna í Brussel í byrjun desember, í ræðu minni við upphaf umræðu um lokaskjal Vínarfundarins, í tvíhliða viðræðum við utanríkisráðherra Bandaríkjanna, Baker, á Íslandi fyrir skömmu síðan. Jafnframt geri ég ráð fyrir því að þessi mál verði til umfjöllunar á utanríkisráðherrafundi Norðurlanda sem í undirbúningi er um næstu mánaðamót og loks er þess að geta að Íslendingar hafa samþykkt þátttöku í ráðstefnu átta ríkja um vistfræðilega hlið þessa máls sem boðað hefur verið til að frumkvæði Finna á þessu sumri.

Margt fleira er um þetta mál að segja, en því miður leyfir tíminn það ekki frekar.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vildi aðeins segja nokkur orð um þetta mál. Ég ætla ekki að draga úr því að það er gott sem gert er af Íslands hálfu á alþjóðavettvangi, en ég tel það ekki vera nóg. Alla vega er það staðreynd að samhliða því að eitthvað hefur verið fækkað vopnum á landi hefur vopnabúnaðurinn í hafinu aukist gífurlega undanfarin ár.

Það er alveg rétt að auðvitað þarf að verða afvopnun, kjarnorkuafvopnun og allsherjarafvopnun á heimsgrundvelli eins og hæstv. ráðherra orðaði það, en það þarf ekki nema smáslys í einum kjarnorkukafbát til þess að það þýði stórslys fyrir okkur Íslendinga þannig að við þurfum að vera mjög á verði og þurfum að eiga veglegt frumkvæði í því að fjalla um afvopnun. Ég tel að vel geti komið til greina að boðað verði til alþjóðlegrar ráðstefnu hér á landi eins of till. gerir ráð fyrir. Ég tel það einnig skref í áttina að því verði lýst yfir að Ísland sé kjarnorkuvopnalaust og hafið umhverfis. Með því gætum við sýnt að við meintum í raun og veru eitthvað með því að vilja afvopnun í höfum kringum landið.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Svar hæstv. utanrrh. við fsp. minni var ótrúlega rýrt og innihaldslaust, fléttað inn í og pakkað inn í umbúðir sem til afsökunar til að breiða yfir þá staðreynd, sem kemur fram í þessari umræðu, að hæstv. ráðherra ætlar sér ekkert frumkvæði í þessu máli. Undirtektir hæstv. ráðherra við þá hugmynd sem fram kemur í þessari fsp. og sem fram kom í þáltill. Ólafs Ragnars Grímssonar, nú hæstv. fjmrh., á síðasta þingi eru engar og verða því að túlkast neikvæðar.

Hvaða frammistaða er það að ætla að túlka það sem jákvæðan þátt í einu stærsta, líklega allra stærsta, lífshagsmunamáli Íslendinga að því er varðar öryggi þjóðarinnar að utanrrh. landsins hafi verið að minna á það á ráðstefnum á alþjóðavettvangi að hér hafi verið fluttar tillögur á Alþingi Íslendinga, minna á það hvað Íslendingar hafi verið að tala í þessum efnum? Handhafi framkvæmdarvaldsins í þessu máli, hæstv. ráðherra, ætlar sér hins vegar ekki að gera neitt, ef ég skildi orð hans rétt, umfram það sem utanríkisráðherrar Íslands hafa verið að gera á undanförnum árum, en í því hefur ekki falist neitt frumkvæði varðandi þetta mál, því miður. Og svo vitnar hæstv. utanrrh. til áróðursmálflutnings herfræðinga sem starfa hér í herstöðinni á Miðnesheiði, flytur áróðurslummurnar um mat þeirra á stöðu mála svipað og lesa má um í Morgunblaðinu 2. mars sl. en þó er þar skilmerkilegar frá því sagt, þó að fyrirsögn sé nokkuð sérkennileg, sem sagt, að dregið hefur úr umferð flota Sovétríkjanna hér við land og það sama mun einnig gilda um Noregsstrendur að því er upplýst var á fundi þingmanna sem vinna að því að gera Norðurlöndin kjarnorkuvopnalaus undir forustu Anker Jörgensen, fyrrum formanns Jafnaðarmannaflokks Danmerkur. Eigum við að bíða eftir því aðgerðarlausir uppi á Íslandi að risaveldunum þóknist kannski að koma sér saman um það að taka með skipulegum hætti á afvopnunarmálum, á vígbúnaðarmálunum varðandi höfin í framhaldi af þeirri umræðu sem nú fer fram í Vínarborg um að draga úr hefðbundnum herafla? Ég segi nei. Við eigum að sjálfsögðu að knýja á um það, t.d. með þeim hætti sem felst í þessari fsp., að Ísland taki þarna frumkvæðið og það væri sannarlega eðlilegt að Noregur gerði það einnig því að þessar tvær þjóðir, hvor sínum megin Atlantsála, eiga meira en nokkur önnur undir að slíkar afvopnunarviðræður hefjist hið fyrsta. Hún er í litlu samræmi, virðulegur forseti, við það sem þyrfti að vera, sú staðreynd að á vegum Atlantshafsbandalagsins var efnt til mestu heræfinga sem nokkru sinni hafa farið fram í norðurhöfum haustið 1988 undir heitinu Teamwork. Ég hef ekki heyrt gagnrýni frá utanrrh. Íslands á því framferði og sérkennilega tiltæki jafnframt því sem upplýst er að risaveldið í austri hafi dregið úr hernaðarumsvifum sínum hvað flota snertir á þessum slóðum.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Svör mín við fsp. hv. þm. gáfu satt að segja ekkert tilefni til þeirra forstokkuðu ummæla sem fram komu í seinni ræðu hans. Afstaða mín gagnvart tillögum og hugmyndum um frumkvæði Íslendinga í þessum málum er alveg afdráttarlaust jákvæð. Ég tek hins vegar undir það með öllum þeim sem þetta mál hafa skoðað vandlega að það er ekki mikil von um árangur með því að kveðja skyndilega, fyrirvaralítið og án vandaðs undirbúnings, til ráðstefnu um málið. Ég segi ósköp einfaldlega: Sá undirbúningur þarf að vera mjög vandaður vegna þess að við getum ekki gert okkur vonir um jákvæða niðurstöðu eða árangur nema því aðeins að við fáum að þeim umræðum og að þeim samningaviðræðum þegar þar að kemur þau ríki sem ráða þróun þessara mála, eiga og stýra þessum umræddu ógnvekjandi vopnum. Það er allt og sumt. Allir þeir sem hafa skoðað þetta mál eru sammála um það að það er ekki nóg að halda ráðstefnu ráðstefnunnar vegna. Við verðum að setja okkur markmið í þessu efni og vinna að þeim kerfisbundið í áföngum. Það er mikill misskilningur ef hv. þm. vill halda því fram að ekkert hafi verið unnið að þessum málum. Þvert á móti hefur talsvert verið að þeim unnið og vonirnar um það að árangur geti farið að nást er nú meiri en nokkru sinni fyrr. En flas er ekki til fagnaðar og þetta mál verður ekki leyst með einhverjum forstokkuðum gífuryrðum. Það kallar á mjög vandaðan undirbúning, undirbúningsrannsóknir, tillögugerð og pólitíska samstöðu, og þegar ég vitna til þess sem íslenskir utanríkisráðherrar hafa verið að gera með því að koma þessum hugmyndum á framfæri við t.d. utanríkisráðherra bandalagsríkja er það allt liður í undirbúningi að því, viðræðurnar eru um það að koma þessum hugmyndum á framfæri, kanna undirtektir við þær og reyna að skapa forsendur fyrir því að jákvæð afstaða verði til þátttöku í þessu starfi þannig að mér þykir miður að heyra þau gífuryrði sem hv. þm. leyfði sér að hafa uppi um það að það væri enginn áhugi og gersamlega neikvæð afstaða af hálfu utanrrh. Íslands. Því er hreinlega ekki svo varið.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ef hæstv. utanrrh. hefði lýst því hér yfir að hann ætlaði að taka frumkvæði í þessu máli, beita sér fyrir sérstökum viðræðum, m.a. við bandalagsþjóðir, um það að þessum afvopnunarviðræðum verði komið á, og kveðja til ráðstefnu um þessi efni hefði ég ekki haft neina ástæðu til að kvarta. Slíkar yfirlýsingar komu hins vegar ekki fram. Ég er alveg sammála hæstv. utanrrh. um það að slíkt er þolinmæðisverk og tekur sinn tíma og það þarf að vanda vinnu að þessum málum, en fyrst er að hefja vinnuna og hefja starfið en engin yfirlýsing kom þar að lútandi frá hæstv. ráðherra.

Albert Guðmundsson:

Athugasemd mín skal vera örstutt, virðulegur forseti. Ég vil lýsa fullum stuðningi mínum við þá málsmeðferð sem hæstv. utanrrh. hefur haft á þessu máli og ég vil lýsa ótta mínum við það ef þær skoðanir sem hér hafa komið fram, þó að maður fari ekki út í skoðanir sem hafa komið fram áður frá hv. 2. þm. Austurl., verða leiðandi í utanríkismálum Íslands. Og ég frábið mér þær og allt hans tal um þessi mál.

Verslunarfyrirtæki í dreifbýli, ein umr.

Fsp. DS, 259. mál. — Þskj. 474.

Fyrirspyrjandi (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegi forseti. Nú í vetur hefur vanda dreifbýlisverslunar oftlega borið á góma. Eins og mörg fyrirtæki úti á landsbyggðinni standa nú verslanir höllum fæti og jafnvel gamalgróin kaupfélög riða til falls. Atvinnuleysi á landsbyggðinni hefur aukist að undanförnu, ekki síst meðal kvenna, þegar bæði frystihús og prjóna- og saumastofur leggja upp laupana og önnur fyrirtæki draga saman rekstur.

Það hefur ætíð verið talinn lífgjafi byggðarlaga að heimamenn geti sótt sem mest af þeirri þjónustu sem nútímafólk telur nauðsynlega og sjálfsagða heima fyrir. Verslun er einn þeirra þátta. Fæstum þykir hagkvæmt eða skynsamlegt að aka langar leiðir eftir misjöfnum vegum til að ná sér í helstu lífsnauðynjar.

Í stjórnarsáttmála núv. hæstv. ríkisstjórnar kemur fram fyrirheit um að bæta aðstöðu verslunar úti á landi og hef ég því leyft mér að bera fram fsp. á þskj. 474 til hæstv. viðskrh. er hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hvað hefur verið gert af hálfu ríkisstjórnarinnar til að ná því markmiði sem fram kemur í stjórnarsáttmálanum um „að bæta aðstöðu verslunarfyrirtækja í dreifbýli"?"

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Eins og kom fram í máli hv. fyrirspyrjanda segir í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í kaflanum um byggðamál að unnið verði að því að bæta aðstöðu verslunarfyrirtækja í dreifbýli. Til þess að gera athugun á afkomu þessara fyrirtækja og leiðum í þessu efni og til þess að móta tillögur um aðgerðir í málinu hef ég skipað sérstaka nefnd, en í henni eiga sæti auk ráðuneytisstjórans í viðskrn. fulltrúar frá Verðlagsstofnun, Byggðastofnun, Þjóðhagsstofnun, Kaupmannasamtökum Íslands og Sambandi ísl. samvinnufélaga. Vandi dreifbýlisverslunarinnar er margþættur. Sumt er háð árferði, annað lýtur að þróun til lengri tíma, breyttar samgöngur, breyttir verslunarhættir, breytt áhugamál fólks og tengsl milli ferðalaga og verslunar hafa valdið því að verslun hefur lagst öðruvísi um landið en áður var. Nefndinni er ætlað að greina þetta sundur og það er of snemmt á þessu stigi máls að segja hvenær hún muni skila áliti, en ég mun ganga eftir því að það verði sem fyrst.

Að endingu vildi ég svo aðeins nefna að ekki síst vegna þess að ríkt hefur hér verðstöðvun og frysting á álagningarhlutföllum frá því á sl. sumri hefur af eðlilegum ástæðum ekki verið ráðist í neinar breytingar á kjörum þessara verslunarfyrirtækja sem mjög verulegu máli skipta hvað varðar þeirra álagningarheimildir á þeim tíma sem liðinn er frá því þessi hæstv. ríkisstjórn tók til starfa. En að sjálfsögðu er það líka mikilvægt hagsmunamál þessara verslunarfyrirtækja að fjármagnskostnaður í verslun og dreifingarkostnaður í landinu verði sem lægstur. Þetta verður m.a. það sem nefndin fjallar um.

Fyrirspyrjandi (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir skýr og greinargóð svör við þessari fsp. minni og vona eins og hann að þetta mál verði rannsakað hratt og vel og gripið verði til þeirra aðgerða sem nefndin, sem skipuð hefur verið, telur réttar. En ég vil benda á það að fólk úti á landi, bæði neytendur og verslunarmenn, búa að öllu leyti við óhagstæðari skilyrði til verslunar en hér á þéttbýlli svæðunum. Það á bæði við um flutningskostnað og vöruval og þann lager sem kaupmenn þurfa að sitja uppi með úti á landsbyggðinni.

En ég vil í tilefni af því að nú hefur þessi nefnd tekið til starfa benda á eitt annað atriði stjórnarsáttmálans sem ég tel að sé mikilvægt í þessu tilliti, en þar segir að gerðar verði ráðstafanir til jöfnunar á flutningskostnaði og kostnaði við síma, húshitun og skólagöngu. Öll þessi atriði eru mikilvæg og ég tel að verði flutningskostnaðurinn jafnaður geti það komið mjög til góða fyrir verslunina.

Hjúkrunarheimili fyrir heilaskaðaða, ein umr.

Fsp. SkA, 267. mál. — Þskj. 482.

Fyrirspyrjandi (Skúli Alexandersson):

Virðulegi forseti. Fyrir nokkrum árum flutti Helgi Seljan hér á hv. Alþingi þáltill. um að reist yrði umönnunar- og hjúkrunarheimili fyrir hin verst leiknu fórnarlömb umferðarslysanna, þá sem hvort tveggja höfðu misst andlegt og líkamlegt atgervi sitt. Alþingi vísaði málinu til ríkisstjórnar en það gerðist ekkert. Þessir einstaklingar eiga sér enn í dag engan þann fasta samastað sem þeim er þörf á með umönnun við hæfi, endurhæfingu og aðra þá aðstoð til sem allra eðlilegastra lífshátta.

Löngu er viðurkennd hin brýna og óhjákvæmilega nauðsyn fyrir sérheimili, hjúkrunarheimili fyrir þetta fólk svo það megi njóta þess sem í mannlegu valdi stendur að veita því. Hér er um fámennan hóp að ræða, of stóran þó, en ekki svo stóran, þó erfiður sé, að ókleift sé að leysa vanda þess fólks betur en nú er. Páll Gíslason læknir og borgarfulltrúi segir svo um vanda og stöðu þessa fólks í blaðagrein, með leyfi forseta:

„Einn er sá vandi sem þjóðfélag okkar hefur ekki leyst. Hann er sá að mikill skortur er á viðunandi aðstöðu fyrir ungt fólk sem hefur orðið öryrkjar af völdum slysa eða sjúkdóma. Það er flest fjölfatlað og þarf mikla umönnun og þjálfun til að halda við þeirri getu sem það hefur náð eftir fyrstu meðferð. Hér er um að ræða ungt fólk sem hefur orðið illa úti vegna umferðarslysa og sjúkdóma og bíður þess aldrei bætur. Oft er um varanlega skemmd á heila að ræða. Ekki er því hægt að búast við neinum bata, en hægt er að halda í horfinu. Við könnun hefur komið í ljós að um 20 manns er svo farið víðs vegar á landinu, en langflestir hér á höfuðborgarsvæðinu. Þetta fólk vistast á öryrkjadeildum, sem í flestum tilfellum eru sniðnar fyrir aldrað fólk, og mikil þrengsli eru alls staðar. Í fæstum tilfellum geta þeir haft hjá sér nema minnsta magn af persónulegum munum, sem eru þeim kærir og oft er húsnæðið aðeins eitt horn í sjúkrastofu. Hér er þó ekki um neinar skammtímadvalir að ræða því að ekki er um annað að ræða en ævilanga dvöl."

Í ágústmánuði sl. var skipuð byggingarnefnd fyrir væntanlegt hjúkrunarheimili fyrir heilaskaðaða og því er ætlaður staður við Grensás í tengslum við hjúkrunarþjálfunardeildina þar. Til að frétta af áformum ríkisstjórnar og heilbrrh. um byggingu þessa hjúkrunarheimilis hef ég óskað eftir svörum hæstv. heilbr.- og trmrh. við eftirfarandi spurningum:

1. Hvenær má vænta þess að framkvæmdir hefjist við hjúkrunarheimili fyrir heilaskaðaða?
2. Hefur ráðherra áform um sérstaka fjárveitingu til þessa verkefnis?

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Á þskj. 482 hefur hv. 4. þm. Vesturl. borið fram fsp. um byggingu hjúkrunarheimilis fyrir heilaskaðaða í tveimur liðum og er fyrst spurt: „Hvenær má vænta þess að framkvæmdir hefjist við hjúkrunarheimili fyrir heilaskaðaða?"

Eins og reyndar kom fram í framsögu hv. fyrirspyrjanda hefur undanfarin ár farið fram könnun á aðstöðu þeirra einstaklinga sem hlotið hafa heilaskaða af völdum slysa og sjúkdóma. Árið 1983 lagði stjórnarnefnd um málefni fatlaðra fram tillögur um lausn málsins sem ekki náðu fram að ganga. Hins vegar var sett á fót nefnd síðari hluta árs 1987 sem fengið var það hlutverk að gera tillögur um hvernig staðið skyldi að þjónustu fyrir þessa einstaklinga. Nefndin lagði til að reist yrðu tvö hjúkrunar- og/eða sambýli, annað í tengslum við Grensásdeild Borgarspítalans í Reykjavík og hitt í tengslum við Reykjalund í Mosfellsbæ þar sem gert yrði ráð fyrir fimm vistmönnum á hvorum stað. Hefði það þó ekki dugað nema til þess að leysa vanda um það bil helmings af þeim einstaklingum sem taldir eru verst settir eins og reyndar kom einnig fram í framsögu hv. fyrirspyrjanda.

Þessar tillögur voru ræddar í stjórnarnefnd um málefni fatlaðra sem m.a. lagði til svipaða meðferð, þó þannig að eingöngu yrði gert ráð fyrir vistun þeirra sem verst væru á sig komnir en öðrum yrði komið fyrir í venjulegum sambýlum. Heilbrmrn. og félmrn. urðu

sammála þessari tillögu stjórnarnefndarinnar um málefni fatlaðra og fólu starfsmönnum sínum að gera tillögur um framkvæmdina. Lágu þær frammi í upphafi síðasta árs og var gert ráð fyrir að heimilið yrði reist í tengslum við Grensásdeild Borgarspítala.

Skömmu síðar var skipuð þriggja manna byggingarnefnd sem í eiga sæti auk fulltrúa heilbr.- og trmrn. fulltrúi sjúkrastofnana Reykjavíkurborgar og fulltrúi stjórnarnefndar um málefni fatlaðra, en í stjórnarnefnd um málefni fatlaðra eiga m.a. sæti fulltrúar Öryrkjabandalagsins og Þroskahjálpar. Hefur nefnd þessi starfað á undanförnum mánuðum og lagt fyrir heilbrmrn. og félmrn. ákveðnar tillögur um byggingu á lóð Grensásdeildar sem yrði sjálfstæð bygging í tengslum við endurhæfingaraðstöðu Grensásdeildarinnar. Stjórnarnefnd um málefni fatlaðra hefur fallist á þessa skipan mála. Gert er ráð fyrir að hægt verði að veita allt að tíu einstaklingum þjónustu í þessari byggingu og yrði á þann hátt með skjótum hætti hægt að koma þeim til aðstoðar sem brýnasta lausn þurfa. Sem stendur er unnið að teikningum á þessu húsi jafnframt því sem leitað er heimilda skipulags- og byggingaryfirvalda fyrir framkvæmdum þessum og standa vonir til að hægt verði að hefja framkvæmdir á yfirstandandi ári.

Síðari liður fsp. hljóðar svo: „Hefur ráðherra áform um sérstaka fjárveitingu til þessa verkefnis?"

Ég hef gert tillögur um það til Framkvæmdasjóðs fatlaðra sem starfar skv. lögum nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, að varið verði til þessa verkefnis 20 millj. kr. á þessu ári. Samkvæmt útreikningum má reikna með að bygging sú sem ég hef áður nefnt ásamt búnaði kosti á bilinu 40–50 millj. kr. Gera verður ráð fyrir því að tvö fjárveitingaár a.m.k. taki að koma byggingunni í nothæft ástand þannig að hægt verði að hefja starfsemi frá og með haustinu 1990 eða í ársbyrjun 1991. Vissulega hafa verið uppi áform um að reyna að fá fé til byggingarinnar eftir öðrum leiðum en það hefur ekki tekist þrátt fyrir góða viðleitni. Því átti ég ekki annars úrkosti en að gera nefnda tillögu til Framkvæmdasjóðs fatlaðra vegna framkvæmda á yfirstandandi ári til þess að mögulegt verði að hefjast handa sem fyrst.

Mér er kunnugt um að þessa dagana er verið að ganga frá tillögum um fjárveitingar úr Framkvæmdasjóðnum. Því miður er ekki líklegt að við fáum þær 20 millj. kr. sem sótt var um því mörg nauðsynleg verkefni bíða fjárveitinga úr sjóði þessum, en ég vænti þess þó að fjárveiting verði svo há að framkvæmdir geti hafist á árinu og leyfi mér einnig að vona að þar sem um svo brýnt verkefni er að ræða sem lengi hefur beðið, þá fáist leyfi til þess að hefja framkvæmdir þrátt fyrir hin almennu ákvæði um að ekki skuli hleypa af stað nýjum verkefnum á þessu ári.

Sé vilji til þess að veita beinum fjárframlögum til þessara framkvæmda á vegum fjárveitingavaldsins væri æskilegt að slíkar fjárveitingar kæmu á næsta ári. Þyrfti þá ekki að grípa til þess ráðs að sækja í Framkvæmdasjóð fatlaðra allt sem á vantar. Eins og málum var háttað átti ég hins vegar ekki annars úrkosti en að sækja til Framkvæmdasjóðsins um fé á þessu stigi.

Rétt er að vekja athygli á því að Lions-hreyfingin á Íslandi hefur ákveðið að næsta landssöfnun hreyfingarinnar til velferðarmála verði tengd þessu verkefni. Sala rauðu fjaðrarinnar svokölluðu á þessu ári verður helguð því verkefni að koma upp aðstöðu fyrir öryrkja sem hlotið hafa heilaskaða af völdum slysa og sjúkdóma. Má reikna með því að umtalsverð upphæð safnist ef tekið er mið af fyrri söfnunum. Þessi söfnun tekur mið af því að reist verði lítil sérdeild sem gæti þjónað fimm einstaklingum að Reykjalundi. Hvernig sú framkvæmd gengur fer eftir árangri söfnunarinnar en málið er nú til umræðu milli Lions-hreyfingarinnar og stjórnar Reykjalundar. Ber að þakka sérstaklega þann hug sem Lions-hreyfingin ber til heilbrigðisþjónustunnar í landinu og best kemur fram í þeirri ákvörðun hreyfingarinnar að beina sinni aðalfjáröflun aftur og aftur að stórum og brýnum verkefnum sem beðið hafa úrlausnar á sviði heilbrigðismála.

Fyrirspyrjandi (Skúli Alexandersson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svar hans. Því ber að fagna að unnið sé að undirbúningi þess að byggja hjúkrunarheimili fyrir heilaskaðaða þó að sá undirbúningur liggi ekki fyrir á þann veg að við sjáum fyrir það að framkvæmdir hefjist. Það liggur sem sagt ekki fyrir að búið sé að ákveða það að framkvæmdir hefjist þó að ráðherra hafi lagt það til við Framkvæmdasjóð fatlaðra að fjármagn verði lagt til þessa verkefnis. Ég held þess vegna að það verði að leggja höfuðáherslu á það að sérstakt fjármagn fáist til þessa verkefnis eins og ráðherra reyndar nefndi.

Því ber að fagna að frjáls samtök í landinu, Lionshreyfingin, hafa tekið þetta verkefni upp á sína arma og hyggjast safna fjármunum til þess að koma upp aðstöðu fyrir þetta fólk og þá væntanlega í tengslum við Reykjalund. Vera má að það verði í framtíðinni sá þáttur sem leysir þetta verkefni að miklum hluta. Því ber að fagna. En sérstaklega verður að leggja áherslu á það að ríkisvaldið ákveði sérstaka fjárveitingu til þessa verkefnis. Annars má búast við því að verkefnið dragist allt of mikið á langinn ef þetta á að vera innan ramma fjárveitinga úr Framkvæmdasjóði fatlaðra.

Ökuferilsskrá, ein umr.

Fsp. JÞ, 268. mál. — Þskj. 483.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Þorsteinsdóttir):

Hæstv. forseti. Ökuferilsskrá hefur verið haldin í einhverri mynd á tiltölulega fáum stöðum á landinu, en án slíkrar skrár er ógerningur að fylgjast með einstökum ökumönnum. Það hefur komið í ljós að

knýjandi þörf er á samræmdri ökuferilsskrá á landsvísu. Vanhæfni í akstri og/eða vanþekking skírteinishafa á umferðarreglum er einfaldlega öllum hættulegt. Orsakir umferðaróhappa má í flestum tilfellum rekja til þriggja þátta: þess mannlega, hins tæknilega og hins umhverfislega. Því er brýnt að safna þeim gögnum varðandi þá tæknilegu og umhverfislegu þætti sem mögulegt er því úrvinnsla þeirra gefur möguleika til úrbóta. Mannlega þáttinn þarf að taka föstum tökum, en fræðsla og kynning er þar besta úrræðið. Bendi ég á það efni sem sérstakt kennsluefni til umferðarfræðslu í efri bekkjum grunnskóla, en ég hef, með leyfi forseta, lagt fram þáltill. á þskj. 494 um að koma á aðfaranámi til ökuprófs í 9. bekk grunnskóla.

Ökuferilsskráin er að sjálfsögðu vitagagnslaus ef einungis er um söfnun að ræða en ekki úrvinnslu. Þess vegna er brýnt að settar verði reglur um söfnun upplýsinga, þ.e. leiðbeiningarreglur sem segi ótvírætt hvenær rétt þyki að aðvara ökumenn, hvort heldur er til þess að ræða við þá um ferilinn, skrá þá, láta þá sanna þekkingu sína í umferðarreglum í akstri eða jafnvel ökuleyfissviptingu. Markmiðið með ökuferilsskrá er að fækka slysum og bæta umferðarmenningu.

Því hef ég gert svohljóðandi fsp. á þskj. 483 til hæstv. dómsmrh.:

„Hvenær má vænta reglugerðar um ökuferilsskrá skv. 52. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987?"

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Skv. 52. gr. umferðarlaganna skulu lögreglustjórar halda skrár um ökuskírteini og ökuferil samkvæmt reglum sem ráðherra setur. Lögreglustjórar halda hver fyrir sig skrá um útgefin ökuskírteini. Ökuferilsskrá hefur verið haldin við nokkur umdæmi en án settra reglna um það hvað skuli skrá.

Í undirbúningi er að koma á tölvuvæddri landsskrá um ökuskírteini. Sama er um ökuferilsskrá. Í því sambandi þarf að ákveða hvaða upplýsingar skuli færa í ökuferilsskrána, svo og þarf að tryggja að um samræmda færslu verði að ræða um land allt. Þá þarf að kveða á um það hvernig nýta eigi þær upplýsingar sem í skrána verða færðar.

Undirbúningurinn hefur einkum farið fram við lögreglustjóraembættið í Reykjavík, en í samráði við dómsmrn. Er þess að vænta að ákveðnar tillögur um þetta efni geti legið fyrir síðar á þessu ári.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Þorsteinsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka svar hæstv. dómsmrh. og fagna því sem þar kemur fram. Tilgangur viðurlaga, ef svo má segja, sem felst í ökuferilsskrá er margþættur. Fyrst og fremst er lagaákvæðum um þessi efni ætlað að hafa varnaðaráhrif og halda mönnum frá því að fremja brot. Er auðvitað erfitt að meta hvenær hér er hæfilega langt gengið. Einnig ráða hér öryggissjónarmið talsvert og er ökuleyfissvipting ekki síst hugsuð sem öryggisráðstöfun. Telja verður að sektir séu raunhæft form refsingar við almennum umferðarlagabrotum og reynslan sýnir að viðurlög sem snerta fjárhag manna eru yfirleitt áhrifarík. Þess þarf jafnan að gæta að sektir séu í samræmi við almennar staðreyndir í þjóðfélaginu hverju sinni, svo sem laun og verðlag.

Annað hugsanlegt úrræði, einkum í sambandi við ítrekuð brot, væri að gefa viðkomandi kost á að í stað sektar fari hann á námskeið eða í endurmenntun á sviði umferðarmála með það að markmiði að hann verði betri og löghlýðnari vegfarandi. Einnig hefur oft verið rætt um að áhrifaríkt kynni að vera að skylda menn, sem ítrekað gerast sekir um t.d. of hraðan akstur eða glannalegan, til að fara í heimsóknir á slysa- og endurhæfingardeildir sjúkrahúsanna til þess að kynnast af eigin raun afleiðingum slysa. Vissulega ættu slíkar heimsóknir að fá menn til aukinnar umhugsunar um þessi mál.

Að því er varðar ökuleyfissviptingar er þeim ekki síst beitt við svokölluð hættubrot, þ.e. gagnvart háskalegu framferði í umferðinni, ofsaakstri og ölvun við akstur. Vart verður séð að önnur úrræði séu tiltæk sem gefi sama árangur. Sumir segja að þetta sé allt of harkaleg aðgerð og jafnvel brot á mannréttindum sem hafi víðtæk áhrif, ekki einungis fyrir þann sem fyrir sviptingu verður heldur einnig fjölskyldu hans alla. Er það rétt að missir ökuleyfis nú á dögum er flestum þungbær, en á hinn bóginn er hér á það að líta að þetta er varnaðaraðgerð þjóðfélagsins gagnvart þeim sem sýnt hafa að þeim er ekki trúandi fyrir ökutæki og hér eru miklir hagsmunir í húfi. Skulu menn hafa í huga að mestu varðar að allt sé gert af hálfu opinberra aðila sem tiltækilegt er til að stemma stigu við því að sjálfir atburðirnir gerist sem hafa slysin og tjónið í för með sér. Ég beini þeim tilmælum til hæstv. dómsmrh. að hann láti vinna reglugerð að samræmingu ökuskírteinis og ökuferilsskrár á landsvísu. Virk ökuferilsskrá með innbyggðu punktakerfi er að öllum líkindum það aðhaldskerfi sem vænlegast er til að stuðla að fækkun umferðarbrota, bættri umferðarmenningu og um leið auknu umferðaröryggi.

Þjónusta við heyrnarlausa í sjónvarpi, ein umr.

Fsp. ÞÞ, 289. mál. — Þskj. 521.

Fyrirspyrjandi (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Sjónvarp er líklega sá fjölmiðill sem best getur gagnast heyrnarskertum og heyrnarlausum. Bæði er það að mynd styður texta, varalestur auðveldar að fylgjast með efni, þ.e. af þeim sem við það ráða, og ekki síst er sjónvarp til þess fallið að rjúfa félagslega og menningarlega einangrun þessa hóps. Ýmislegt bendir til að sú einangrun sé meiri en hjá öðrum hópum fatlaðra, þ.e. þeirra sem geta búið utan stofnana, stundað atvinnu og séð um sig sjálfir.

Ástæða einangrunar er að mikilvægasta hjálpartæki í samskiptum allra manna er ófullkomið, þ.e. tungumálið sjálft. En því miður er staðreyndin sú að íslenskt efni í sjónvarpi er það efni sem heyrnarskertir eiga hvað erfiðast með að tileinka sér vegna þess að það er ekki ritmálstextað. Útlent efni er þannig útbúið. En þar styður ritaður texti ekki hið talaða mál og nýtist því ekki sem þjálfun í meðferð máls þó auðvitað geti menn fylgst með söguþræði.

Fréttaflutningur í dagskrá sjónvarps, þ.e. fréttaflutningur fyrir heyrnarlausa, táknmálsfréttir, er ekki tengdur almennum fréttum heldur barnaefni og ritmálstexta er ekki lengur rennt yfir skjáinn að loknum lestri almennra frétta. Það eru margir heyrnarskertir vegna aldurs, sjúkdóma eða slysa sem alls ekki skilja táknmál og geta því hvorki nýtt sér táknmálsfréttir né almennar fréttir.

Hvað varðar börn sem eru heyrnarlaus eða heyrnarskert er brýnt að það litla efni sem framleitt er á íslensku fyrir börn sé með ritmálstexta því að annars geta þessi börn ekki notið neins íslensks efnis í sjónvarpi og verða að láta sér nægja erlent efni einungis.

Þó að sjónvarp hafi fjölbreytt gildi fyrir alla almenna þegna þessa lands til skemmtunar og fróðleiks er ljóst að þörfum heyrnarlausra og heyrnarskertra er ekki sinnt sem skyldi og þó er gildi þessa tækis fyrir þá ótvírætt hvort sem er sem kennslutækis eða til að rjúfa þá menningarlegu og félagslegu einangrun sem ég nefndi áðan.

Því spyr ég hæstv. menntmrh. um þjónustu við heyrnarlausa og heyrnarskerta í sjónvarpi. Þá fsp. er að finna á þskj. 521. *Ég ætla ekki að lesa upp fsp. en* einungis beina henni til hæstv. menntmrh.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 521 hefur verið beint til mín fsp. um þjónustu við heyrnarlausa og heyrnarskerta í sjónvarpi.

Mér hafa borist upplýsingar um hvernig þessum málum er háttað í Ríkisútvarpinu og svörin við þessum spurningum þaðan eru á þessa leið:

1. Táknmálsfréttir eru um 3–5 *mínútur* að lengd og eru fluttar daglega kl. 19. Það er svar við 1. fsp.

2. Tímasetning táknmálsfrétta hefur breyst með öðrum breytingum á dagskrá Sjónvarpsins samkvæmt tillögum dagskrárstjórnar Sjónvarpsins og ákvörðun útvarpsráðs á hverjum tíma. Í sumardagskrá ársins 1989 er gert ráð fyrir óbreyttri tímasetningu og umfangi táknmálsfrétta frá því sem nú er.

3. Rétt er að taka fram og kemur fram í bréfi Ríkisútvarpsins dags. 8. mars 1989 að það er í *endurskoðun staðsetning aðalfréttatímans í* dagskrá Sjónvarpsins. Það er ekki ljóst enn þá með hvaða hætti þessum fréttatíma verður skipað inn í dagskrána og það er heldur ekki ljóst með hvaða hætti táknmálsfréttirnar verða tengdar þessum fréttatíma.

4. Spurt er: „Er í ráði að taka aftur upp ritmálsútdrátt úr fréttum?“ Svarið er já. Það er í ráði að það verði gert. Það verður gert um leið og fjárhagur Ríkisútvarpsins leyfir og er lögð á það áhersla að það verði gert hið fyrsta. Þar verður boðið upp á *fréttir, veðurfregnir og margvíslegar* aðrar upplýsingar sem sendar verða út jafnvel verulegan hluta dagsins.

Sem svar við tölul. 5, 6 og 7 í fsp. hv. 18. þm. Reykv. barst þetta svar frá Ríkisútvarpinu: „Engar endanlegar áætlanir hafa verið gerðar um þau atriði sem um ræðir í þessum töluliðum. Textun af þessu tagi er mjög kostnaðarsöm og hafa sjónvarpsstöðvar stórþjóða af þeim sökum orðið að fara sér hægt í þeim efnum. Fyrirhugað er þó þegar fjárhagur Sjónvarpsins leyfir að setja *texta á endursýnt valið íslenskt efni*, svo sem íslensk leikrit og kvikmyndir.“

Ég hef engar upplýsingar um það hvernig þessum hlutum er háttað á öðrum sjónvarpsstöðvum sem reknar eru hér á landi. Það er hins vegar alveg augljóst mál að þjónusta af þessu tagi mætir afgangi. Hún er ekki ofarlega á forgangslista þeirra sjónvarpsstöðva sem reknar eru á Íslandi, hvort sem þar er um að ræða ríkissjónvarp eða einkastöð. Þess vegna er óhjákvæmilegt um leið og útvarpslög eru endurskoðuð að það verði tekið á þessu máli og kannað hvort á að setja í lög beinar skyldur þessara stöðva við fatlaða. Ég held í raun og veru að ef það er ekki gert með skýrum lagabókstaf muni menn jafnan bera fyrir sig fjárhagslega örðugleika áður en þeir fást til að taka inn jafnþýðingarmikinn þátt og þann sem hér um ræðir. Hér er ekki verið að tala um neitt annað en jafnrétti handa fötluðu fólki sem á að stefna að og vinna að samkvæmt öðrum lögum sem í gildi eru í landinu, lögunum um málefni fatlaðra.

*Mér þykir vænt um að hv. þm. Þórhildur Þorleifs*dóttir hefur borið þessa fsp. fram. Hún á brýnt erindi við okkur. Ég vona að fsp. og umræðan verði til að ýta við forráðamönnum sjónvarpsstöðvanna sem til eru og einnig okkur þegar frv. að nýjum útvarpslögum verður lagt fyrir þingið eftir skamman tíma. Ég vænti þess að drög að frv. til nýrra útvarpslaga berist mér í hendur í næstu viku.

Fyrirspyrjandi (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svör hans. Þau eru sjálfsagt ekki afdráttarlausari en efni standa til eins og málum er komið. Réttilega segir hann að málefni þessa hóps eða annarra hópa sem að einhverju leyti eiga undir högg að sækja eru auðvitað ekki í fyrirrúmi þjónustu svona stofnana og má í því sambandi benda á annan hóp, sem er að vísu sýnu stærri í neytendahópi sjónvarps, sem eru börn. Þar er líka annar hópur sem einmitt situr á hakanum vegna þess að hann getur ekki sótt sinn rétt í gegnum m.a. *þjóðarsálir og meinhorn* og hvað þetta heitir allt þar sem þjóðin er að kvarta. Ekki hringja börnin þangað.

En því miður sýnist mér á svörum ráðherra að úr þeirri rýrnun sem hefur orðið á þjónustu við þennan hóp, þ.e. heyrnarskerta, sé ekki í ráði að bæta, þ.e. að táknmálsfréttir hafa verið styttar verulega frá því sem var og virðist ekki í sjónmáli að það eigi að bæta úr því aftur. Auðvitað skil ég að ef dagskrá sjónvarps

og hvernig henni er hagað er í endurskoðun sé ekki hægt að tímasetja nákvæmlega svona fréttir, en það er samt brýnt að taka til athugunar að þær fréttir sem standa þessum hópi til boða séu tengdar almennum fréttum því að vissulega geta þeir nýtt sér hluta af þeim líka og engin ástæða til að ætla þessu fólki fremur en öðru fullorðnu fólki að setjast niður á tíma sem er ætlaður börnum í sjónvarpi en ekki endilega fullorðnu fólki.

Það er að störfum núna nefnd sem er að endurskoða útvarpslög og gera tillögur til úrbóta og ég vona svo sannarlega að hæstv. menntmrh. beini því til nefndarinnar, hafi hann ekki þegar gert það, að finna þessum hópi stoð í nýrri lagasetningu því að hann hefur lög að mæla þegar hann segir að líklega dugi ekkert minna en lagasetning til að verja rétt svo veiks og einangraðs hóps sem heyrnarlausir og heyrnarskertir eru.

Málefni heyrnarskertra, ein umr.

Fsp. ÞÞ, 274. mál. — Þskj. 491.

Fyrirspyrjandi (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Sú fsp. sem er að finna á þskj. 491 er líka tengd málefnum heyrnarskertra og raunar var ein á dagskrá í viðbót sem bíður um sinn. Það eru nokkur hundruð manns sem á Íslandi eru annaðhvort heyrnarlaus eða svo heyrnarskert að þeir hafa ekki gagn af neinni þeirri þjónustu sem þjóðfélagið býður öðrum þegnum. Þetta er mjög einangraður hópur félagslega og menningarlega og þó að þetta fólk hafi fullt líkamlegt og andlegt atgervi getur það vegna skorts á þessu hjálpartæki, tungumálinu, ekki nýtt sér þá þjónustu og þau tækifæri sem þjóðfélagið býður öðrum þegnum sínum.

Í fyrra flutti ég tillögur um úrbætur í málefnum heyrnarskertra. Það mál varðaði þá þjónustu sem ég hafði upplýsingar um að væri brýnust fyrir þennan hóp, þ.e. túlkar og textasímaþjónusta. Túlkar, til að geta t.d. stundað nám og einnig fyrir heyrnarskerta sér til aðstoðar við störf, félagslíf og ýmsa þjónustu. Það er enginn hægðarleikur fyrir þá sem hafa öll skynfæri heil að komast í gegnum þyrnigerði ýmissa þjónustustofnana, hvað þá ef enginn skilur þig og þú skilur engan. Textasími er mjög nauðsynlegur í þjónustu við þennan hóp og raunar nauðsynlegri en sími er öllum venjulegum borgurum þessa lands. Það öryggi sem fylgir því fyrir heyrnarskerta að hafa slíkan síma og ekki síður einhvern til þess að svara við hinn endann er gífurlegt.

Á þingi í fyrra var þessum tillögum vísað frá af þeim orsökum að þær væru óþarfar þar sem nefnd skipuð af félmrh. hefði þegar skilað niðurstöðum og það sem meira var, að framkvæmdir væru þegar hafnar til úrbóta líkar þeim sem ég lagði til í tillögu minni. Nú skilst mér af þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér að lítið hafi breyst til batnaðar og því langar mig til að spyrja hæstv. félmrh.:

1. Hefur nefnd sem félmrh. skipaði á sl. ári, reyndar var hún skipuð fyrir áramót en hún átti að skila niðurstöðu á sl. ári, skilað álitinu?

2. Ef svo er, hverjar eru þá helstu niðurstöður og tillögur nefndarinnar?

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Í nóvember 1987 skipaði ég nefnd sem ætlað var að leiða í ljós með hvaða hætti unnt væri að bæta stöðu heyrnarlausra í þjóðfélaginu. Nefndin skilaði skýrslu um málefni heyrnarlausra og niðurstöðu könnunar á félagslegri stöðu heyrnarlausra í maí 1988 þar sem jafnframt koma fram tillögur nefndarinnar til úrbóta. Skýrslan var send fjölmörgum aðilum á sl. sumri, þar á meðal öllum þingflokkunum.

Nefndin lét einnig gera könnun á félagslegri stöðu heyrnarlausra eins og áður er sagt. Könnunin náði til þeirra sem eru félagsmenn í Félagi heyrnarlausra. Spurt var um fjölda og aldur heyrnarlausra, orsakir heyrnarleysis, aðstæður, húsnæði, fjölskylduaðstæður, atvinnuástand, tekjur, tryggingabætur, afkomu, félagsleg tengsl, menntun, fullorðinsfræðslu og jafnframt kannað á hvaða sviðum heyrnarlausir njóti ekki þeirrar þjónustu sem heyrandi njóta almennt í tengslum við fjölmiðla, dagheimili, skóla, fullorðinsfræðslu og félagslega þjónustu. Enn fremur var könnuninni ætlað að leiða í ljós hver er þörf fyrir túlkaþjónustu hér á landi.

Niðurstöður könnunarinnar eru um margt forvitnilegar. M.a. kemur í ljós að heyrnarlausir eru með mjög lágar tekjur og búa afar þröngt. Menntunaraðstaða heyrnarlausra er bágborin. Heyrnarleysi leiðir til mikillar einangrunar sem veldur því að heyrnarlausir geta aðeins að takmörkuðu leyti nýtt sér það sem upp á er boðið í nútímaþjóðfélagi og eru oft í vandræðum með að sinna einföldustu erindum daglegs lífs. Það atriði sem brýnast er að sinna er að koma á fót túlkaþjónustu fyrir heyrnarlausa. Tillögur nefndarinnar vörðuðu m.a. textasíma, túlka og tollamál.

Nefndin leitaði eftir því að Póstur og sími kæmi upp þjónustu hjá Landssíma við heyrnarlausa í 02 við litlar tölvur sem nýst geta heyrnarlausum með sama hætti og textasímar en bjóða upp á ýmsa aðra og mun meiri möguleika við notkun og eru auk þess ódýrari en fullkomnir textasímar. Jafnframt lagði nefndin til við tryggingaráð að fjármögnuð verði kaup á slíkum tölvum fyrir heyrnarlausa í stað þeirra textasíma sem nú eru í notkun. Nefndin beindi þeim tilmælum til menntmrh. að komið yrði á fót menntun fyrir táknmálstúlka í sérkennsludeild Kennaraháskóla Íslands. Nefndin lagði einnig til að þegar yrði komið á almennri túlkaþjónustu við heyrnarlausa og með hvaða hætti hún yrði framkvæmd og að túlkaþjónusta yrði greidd af Tryggingastofnun ríkisins, t.d. að hver heyrnarlaus ein-

staklingur ætti rétt á 30 klukkustundum á ári. Lagði nefndin tillögur sínar varðandi túlkaþjónustu einnig fyrir tryggingaráð.

Nefndin lét einnig til sín taka tollamál vegna innflutnings myndbanda frá Norðurlöndum fyrir heyrnarlausa, niðurgreiðslu á síma og dagskrárgerð ríkissjónvarps fyrir heyrnarlausa og skrifaði fjmrn. og útvarpsráði til að fylgja þeim málum eftir.

Upplýst er að tryggingaráð hefur ekki tekið afstöðu til tillagna nefndarinnar varðandi textasíma og túlkaþjónustu en mun fjalla um málið fljótlega.

Þroskaþjálfaskólinn bauð nemendum 3. bekkjar í fyrsta sinn nám í táknmáli og túlkun fyrir heyrnarlausa á þessum vetri. Kennaraháskólinn hefur ákveðið að hefja kennslu í táknmálstúlkun fyrir kennara úr Heyrnleysingjaskólanum. Er það bráðabirgðalausn og hægt að útvíkka þá kennslu fyrir stærri hópa síðar.

Í menntmrn. er nú rædd hugmynd um samskiptamiðstöð heyrnarlausra.

Í framhaldi af vinnu nefndarinnar óskaði Sjónvarpið eftir því að Félag heyrnarlausra gerði tillögur um hvernig æskilegast væri að hátta 30 mínútna löngum vikulegum fréttaþætti fyrir heyrnarlausa. Vegna auglýsingatekna treysti Sjónvarpið sér ekki til að hafa fréttir á táknmáli næst á undan fréttum og textun á barnaefni og öllu innlendu efni sé of dýr fyrir Sjónvarpið nema greiðslur fyrir það kæmu annars staðar frá.

Hvað varðar niðurfellingu tolla af myndböndum skorti fjmrn. til þess lagaheimild á sl. sumri, en á fjárlögum þessa árs er heimild til að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af öryggis- og hjálpartækjum fyrir fatlaða sem ná yfir myndbönd, textasíma og tölvur.

Þær upplýsingar fengust hjá Pósti og síma að þeir hafa fullan hug á að leysa málin varðandi smátölvur í stað textasíma og hafa átt von á að fá þær til skoðunar og prófunar en hafa ekki fengið þær enn.

Á sl. ári veitti félmrn. ásamt heilbrmrn. og menntmrn. sérstakan styrk til Þroskaþjálfaskóla Íslands til vinnslu kennsluefnis og undirbúnings kennslu í táknmáli og túlkun. Hefur skólinn nýverið fengið viðbótarstyrk sömu aðila til að ljúka þessu verkefni. Með þessu má segja að lagður hafi verið grunnur að því að flytja táknmálskennsluna og menntun túlka í það horf að ör framfaraþróun geti orðið á þessu sviði á komandi árum.

Með niðurstöðum nefndar um málefni heyrnarlausra hefur félmrn. lokið sérstakri athugun á þessum málum og þann 6. okt. sl. var stjórnarnefnd um málefni fatlaðra send niðurstaða nefndarinnar til frekari úrvinnslu.

Virðulegi forseti. Ég tel með tilliti til þess sem ég hef hér lýst að ekki sé réttmætt að halda því fram, eins og fram kom í máli fyrirspyrjanda, að ekkert hafi gerst í þessu máli eða að ekkert sé í undirbúningi til að styrkja stöðu heyrnarlausra í þjóðfélaginu.

Fyrirspyrjandi (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég minnist þess ekki að hafa viðhaft þau orð að ekkert hafi verið gert, en sagði að eftir þeim upplýsingum sem ég hefði aflað mér hefði lítið breyst til batnaðar.

Það er alveg rétt, sem fram kom í máli hæstv. félmrh., að allar félagslegar aðstæður heyrnarlausra eru mjög bágar. Þeir eru láglaunahópur, þeirra húsnæðismál eru ekki í góðu ástandi og lengi mætti telja upp ýmislegt sem þannig bagar þá og auðvitað hafa þeir ekki fremur en annað ófaglært fólk mikla möguleika á að afla sér hárra tekna, hvað þá þegar þeir hafa að auki þann böggul að bera sem heyrnarskerðing eða heyrnarleysi er. Þeim mun brýnna er að ráðast strax til atlögu við það sem helst stendur þeim fyrir þrifum, þ.e. að geta nýtt sér þá þjónustu sem aðrir þegnar landsins geta nýtt sér með aðstoð túlka fyrst og fremst. Þar liggur rótin að ýmsum öðrum meinum sem þá bagar að þeir komast ekki í samband til að geta nýtt sér þá þjónustu sem gæti gert þá sjálfa hæfari til að lifa lífinu og sjá sér farborða.

Það er mjög margt óunnið í menntunarmálum táknmálstúlka. Það er ljóst. En það er til næg kunnátta í landinu til að geta a.m.k. komið á fót einhverjum vísi að slíku. Nú veit ég að túlkar fylgja heyrnarskertum eða heyrnarlausum í skóla og þeir geta í ýmsum tilfellum fengið slíka aðstoð ef þeir þurfa á að halda, en hún er þeim feiknalega dýr og það er ekki með neinum skipulögðum hætti sem þeir geta leitað eftir þessari þjónustu. Til þess að fólk fari að leita sér menntunar í þessu fagi þarf auðvitað líka að liggja fyrir einhver niðurstaða eða vísbending um að þetta fólk geti þá fengið atvinnu þegar námi er lokið.

Það er í rauninni alveg sama hvar borið er niður í málefnum heyrnarskertra. Það er einmitt að aðstoða þá við að ná sambandi við þjóðfélagið og umhverfið og þá þjónustu sem við höfum upp á að bjóða sem er brýnasta verkefnið og upphaf og endir lausna á hverju einasta máli þeirra.

Skólabúðir í Reykjaskóla, ein umr.

Fsp. ÞÞ, 290. mál. — Þskj. 522.

Fyrirspyrjandi (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Á sl. ári var gerð að mínu mati athyglisverð tilraun í Reykjaskóla við Hrútafjörð. Þar voru reknar skólabúðir fyrir nemendur á grunnskólaaldri. Hvernig tilhögun var þar má kynna sér í bæklingi sem menntmrn. gaf út og ber nafnið Skólabúðir í Reykjaskóla. Þar eru ýmsar athyglisverðar upplýsingar, bæði um aðdraganda, markmið og sögu skólabúða í Norður-Evrópu og síðan lýst aðstöðu í skólanum og svo þeim verkefnum sem nemendum er ætlað að takast á við í þessum skólabúðum. Má þar m.a. nefna fjöruna, könnun á lífríki fjörunnar, flóði og fjöru o.s.frv., gönguferðir og náttúruskoðun,

ýmsa ratleiki, það að róa, sögu og samfélag, að laga sig að veðri, íþróttir, félagsstarfsemi ýmiss konar, föndur, skyndihjálp, heimilisfræði, stjörnuskoðun, líf í heimavist og að endingu er um að ræða dagbók, ferðasögu og sendibréf og ýmislegt sem þau eiga síðan að vinna úr þessu.

Nú vill svo til að ég hef reynslu af þessum skólabúðum. Ég var ekki send þangað sjálf en tíu ára sonur minn. Hann dvaldi þarna í viku og átti varla orð til að lýsa ánægju sinni þegar heim kom. Hann talaði borginmannlega um veðurfar, hita sjávar og lífríki fjörunnar, örnefni í austur- og vestursýslunni og fleira af því tagi, auk þess sem hann gat upplýst okkur í fjölskyldunni um að í kirkjunni á Þingeyrum væri að finna fleiri glugga en í nokkurri annarri kirkju á Íslandi. Þar að auki sagði hann okkur að þarna hefðu verið skrifaðar merkar bækur á öldum áður og um það spunnust langar umræður við matborðið.

Ég get ekki varist því að hugsa með mér hve mikið auðveldara það hlyti að vera að kenna eða koma ýmsum fróðleik til skila til barnanna með þessum áþreifanlega hætti en reyna að kenna það eingöngu af bók, umhverfisfræðsla t.d. úti í náttúrunni, náttúrufræði af ýmsu tagi og landafræði sömuleiðis, saga kennd á staðnum. Ef þið hugsið ykkur t.d. vikudvöl í skólabúðum á Rangárvöllum: Njála lesin á kvöldin og sögustaðir skoðaðir á daginn. Ævilangt byggju börn að slíkri fræðslu. Eða skólabúðir í sjávarþorpi eða skólabúðir í tengslum við landbúnað. Sjálfsagt mætti eyða mikilli tortryggni milli dreifbýlis og þéttbýlis með þeim hætti. Svona má láta hugann reika og möguleikarnir virðast endalausir. Því langar mig að vita hvort skólayfirvöld eru eins hrifin og sonur minn og félagar hans af skólabúðum og spyr því hæstv. menntmrh. nokkurra spurninga varðandi þessar skólabúðir.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Fyrst er spurt: „Hve margir nemendur dvöldust í skólabúðum í Reykjaskóla sl. ár?“ Svarið er: Á sl. ári dvöldust þar 468 nemendur í vikudvöl, komu á hádegi á mánudegi og fóru á föstudegi eftir hádegi. Það fer sem sagt ein skólavika í þetta hjá þessum nemendum. Auk þess komu í heimsóknir einn dag í senn 32 nemendur úr nágrannaskólum þannig að alls komu í skólabúðirnar um 500 nemendur.

2. „Úr hve mörgum skólum voru nemendur og hvernig skiptast þeir á skólaumdæmi?“ Nemendurnir komu í skólabúðirnar úr ellefu skólum, að auki úr tveimur nágrannaskólum í styttri dvöl eins og skýrt er hér á undan. Hér er um að ræða tvo skóla í Reykjavík, þrjá skóla í Reykjanesumdæmi, einn skóla á Vesturlandi, einn skóla í Norðurlandsumdæmi vestra, tvo skóla í Norðurlandsumdæmi eystra og tvo skóla á Suðurlandi en engan á Austurlandi.

3.–4. „Hver var kostnaður á hvern nemanda? Þurftu nemendur að greiða hluta kostnaðar sjálfir og ef svo er, hve mikið?“ Svarið er: Hver nemandi greiddi til mötuneytis 2500 kr., en það er fyrst og fremst vegna hráefniskostnaðar. Ekki eru það alltaf sömu aðilar sem greiða þessa upphæð samkvæmt upplýsingum sem við höfum fengið. Í sumum tilvikum eru það foreldrar, í öðrum ferðasjóðir nemenda, a.m.k. að hluta til, og í þriðja lagi munu dæmi þess að bæjarfélög styrki þessar ferðir. Þá er ferðakostnaður að sjálfsögðu mismunandi eftir því hvaðan nemendur koma, en hann er greiddur með sama hætti og mötuneytiskostnaður. Vert er að geta þess að í kynningu á skólabúðahugmyndinni meðal kennara haustið 1987 var lögð alveg sérstök áhersla á að ferð í skólabúðir yrði að vera mjög vel undirbúin í heimaskólanum til þess að tíminn í skólabúðunum sjálfum nýttist sem allra best.

5. „Var hægt að sinna öllum umsóknum?“ Svarið er þetta: Nei, það var ekki unnt að sinna öllum umsóknum. A.m.k. tveir skólar komust ekki að á þeim tíma sem hentaði þeim, m.a. vegna þess hve hópar þaðan voru stórir, en þessir hópar komast báðir að næsta haust.

6. „Hvert er mat skólayfirvalda á þeirri reynslu sem þarna hefur fengist?“ Svarið er þetta: Starfið hefur gefið mjög góða raun. Nemendur tóku vel þeim verkefnum sem skólabúðirnar gátu boðið upp á eins og m.a. kom fram í máli hv. fyrirspyrjanda. Það er ljóst að viðfangsefni þurfa að vera sveigjanleg eftir aldri nemenda og ytri aðstæðum og það hefur tekist að laga verkefnin nokkuð eftir þörfum þeirra. Það verður hins vegar að hafa í huga að hér er um brautryðjendastarf að ræða, en bæði nemendur og kennarar sem komið hafa í skólabúðirnar hafa verið mjög ánægðir með verkefnin og dvölina þar.

Rétt er að vekja athygli á að hér er um tilboð til skóla að ræða af hálfu menntmrn. en enga skyldu og er ljóst að Reykjaskóli getur ekki annað eftirspurn ef aðsókn verður mjög mikil. Nú er fullbókað á vorönn 1989 og heita má að þegar sé fullbókað á haustönn nk.

Ég vænti þess að þetta svari þeim fyrirspurnum sem hv. þm. bar fram. Ég tel að hérna sé um að ræða eitt merkasta skólaþróunarverkefni sem í gangi er á vegum menntmrn. og er alveg augljóst að það verður kallað eftir þjónustu af þessu tagi víðar á komandi árum.

Fyrirspyrjandi (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svörin, en vil jafnframt vekja athygli á því að annaðhvort hefur 3. spurning ekki skilist eða gleymst að svara henni, hver var kostnaður á hvern nemanda. Í þeirri spurningu felst að sjálfsögðu kostnaður hins opinbera því að næsta spurning hljóðar: „Þurftu nemendur að greiða hluta af kostnaðinum sjálfir og ef svo er, þá hve mikinn?“

Það er alveg ljóst að 2500 kr. á barn er ekki óyfirstíganlegt og sjálfsagt geta börnin aflað sér þeirra peninga með ýmsum hætti yfir veturinn. Það getur jafnvel verið verkefni yfir veturinn að safna þeim sjóði. En ég saknaði svarsins við 3. spurning-

unni til þess að fá gleggri mynd af því hversu kostnaðarsamt þetta mikilvæga verkefni er skólakerfinu.

Það er ánægjulegt að heyra að skólayfirvöld og börn eru sammála um ágæti og mikilvægi þessa verkefnis þó að ég að vísu tali ekki fyrir öll 500 börnin sem komu í þessar skólabúðir heldur einungis, eins og ég sagði áðan, af þeirri persónulegu reynslu sem ég hef af þessu og hefur orðið mér umhugsunarefni. Hvernig mætti nýta skólabúðir og hvernig þær geti orðið öðrum börnum til gagns og fræðslu.

Það er ábyggilega hægt að finna ýmis úrræði víða um land til að reka svona skólabúðir og má þá minna á að það eru fleiri skólar sem ástatt er um eins og Reykjaskóla, þ.e. sem gegna ekki lengur upphaflegu hlutverki sínu. Rekstur skólabúða þar gæti hugsanlega verið ein lausnin í nýtingu þessara bygginga sem víða standa. Auk þess standa víða félagsheimili sem sum eru þannig útbúin að vel er hægt að gista þar með hóp barna. En auk þess má minna á að í heimavistarskólum um allt land eru gefin helgarfrí og iðulega eru gefin aðeins lengri frí eins og gengur og gerist í öllum grunnskólum. Það er verið að gefa mánaðarfrí og vinnufrí og alls konar frí koma þar til. Það er auðvitað hægt að tengja þessi frí helgum þannig að skólarnir losni þá lengur en tvær nætur, jafnvel 3–4 nætur, og gæti sá tími jafnvel dugað til að anna þessu verkefni svo að ekki þurfi í raun og veru að byggja hús eða reisa nein mannvirki til að reka svona starfsemi.

En ég óska hæstv. menntmrh. góðs gengis með að vinna áfram að þessu verkefni og auka þátt þess í skólastarfi íslenskra barna.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég sé ástæðu til að þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á þessu máli, þeirri merku nýjung í skólastarfi sem hafin er á Reykjum í Hrútafirði. Ég minnist þess að þegar þessi hugmynd kom fyrst upp í tíð fyrrv. menntmrh. Sverris Hermannssonar og hann átti fund með heimamönnum um þetta mál, þá vakti málið mikla athygli. Mér er og ljúft að staðfesta það, sem hér hefur komið fram, að eftir mínum kynnum af þessu hefur þetta starf tekist vel og lofar mjög góðu. Ég held að þarna sé fundin leið til að vinna að mjög auknum þroska nemenda, ekki síst úr þéttbýli landsins, þar sem þeir hafa möguleika til þess að kynnast nýju umhverfi, nýjum viðfangsefnum og aðstæðum sem eru öðruvísi en í þeirra heimabyggð. Allt laðar það fram vilja til að sækja sér aukinn þroska og hefur að mínum dómi heppileg og góð áhrif.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Það féll niður hjá mér að svara einum lið fsp. Kostnaður ríkisins á þessu ári við rekstur skólabúðanna að Reykjum er 13½ millj. kr.

Móttökuskilyrði hljóðvarps og sjónvarps, ein umr.

Fsp. ÓÞÞ, 285. mál. — Þskj. 517.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp.: „Hvaða svæði landsins ná ekki Rás 2 hjá Ríkisútvarpinu? Hvaða sveitabæir ná alls ekki sjónvarpinu? Er þess að vænta að ráðherra láti þessi mál til sín taka?“

Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta. Ég veit að Ríkisútvarpið er vinsæll miðill. Ég veit að mörgum finnst biðin löng eftir því að þeir njóti þeirra mannréttinda að fá að vera hlustendur útvarpsins. Ég spyr vegna þess að mér er ljóst að núv. menntmrh. hefur sýnt Ríkisútvarpinu mikinn áhuga og viljað veg þess sem mestan. Þess vegna spyr ég: Vill hann þá einnig veg landsmanna sem mestan í þeim efnum að þeir fái notið þessa miðils?

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Fyrst er spurt: „Hvaða svæði landsins ná ekki Rás 2?“ Svarið er: Talið er að um 2000 manns nái ekki útsendingu Rásar 2 og eru eyður í dreifikerfinu að einhverju leyti í öllum landsfjórðungum. Þær eru þó mestar á Norðurlandi þar sem dreifing er einna erfiðust. Má þar nefna Hörgárdal, Öxnadal, Auðbjargarstaðabrekku í Kelduhverfi, Fljótin í Skagafjarðarsýslu, Álftafjörð í Suður-Múlasýslu, Borgarhöfn í Austur-Skaftafellssýslu, Bárðardal efri, Almannaskarð og Lón.

Nákvæmar mælingar á FM-dreifingu Rásar 1 og Rásar 2 liggja ekki fyrir en í dreifikerfi Rásar 1, FM, eru nú 65 aðalsendar eða endurvarpssendar en í dreifikerfi Rásar 2 eru þeir 46. Stefnt er að því að bæta við 25 sendum í dreifikerfi Rásar 2 og að dreifing þess verði svipuð og dreifing Rásar 1.

Í öðru lagi er spurt: „Hvaða sveitabæir ná alls ekki sjónvarpinu?“ Svarið er þetta: Sveitabæir sem ná alls ekki sjónvarpinu eða þar sem móttökuskilyrði eru mjög léleg munu vera um 80 talsins. Þetta eru allt bæir sem liggja illa við sjónvarpsendurvarpi eins og er og gert er ráð fyrir að kostnaður við að tryggja þeim móttökuskilyrði sé að meðaltali um 500 þús. kr. á hvern bæ. Í dreifikerfi sjónvarpsins eru nú um 154 aðalsendar eða endurvarpssendar. Það eru um 99,9% landsmanna sem ná þessum útsendingum og er það með því hæsta sem þekkist meðal vestrænna þjóða, stendur í svari útvarpsins.

Í þriðja lagi er spurt um það hvaða áform séu uppi af hálfu menntmrh. í þessu efni. Svarið er þetta: Menntmrh. hefur ákveðið, ég hef ákveðið það fyrir nokkrum vikum, að setja á laggirnar samstarfshóp til að fjalla nánar um uppbyggingu dreifikerfis Ríkisútvarpsins. Ég hef óskað eftir því að samgrn., Póstur og sími og Ríkisútvarpið tilnefni auk menntmrn. í starfshóp til að vinna að þessu sérstaka verkefni. Þá hefur uppbygging dreifikerfis Ríkisútvarpins einnig verið til umfjöllunar í samstarfshópi sem ráðuneytið

skipaði til að gera tillögur um eflingu Ríkisútvarpsins, en framkvæmdir og uppbygging dreifikerfisins ráðast að sjálfsögðu af þeim fjárveitingum sem eru til umráða hverju sinni.

Á heildaráætlun þessa árs á að verja um 20 millj. kr. til endurbóta á dreifikerfi útvarps og sjónvarps og þar við bætast fjárfestingarvörur af ýmsu tagi upp á 10 millj. kr., fluttar frá framkvæmdaáætlun síðasta árs, þannig að samtals er gert ráð fyrir að verja á þessu ári um 30 millj. kr. í þessu skyni.

Ég vænti að þessum spurningum hv. þm. sé með þessu svarað. Ég skrifaði Ríkisútvarpinu 7. febr. 1989 út af þessu máli sérstaklega og bað um ítarlega kostnaðar- og framkvæmdaáætlun af hálfu Ríkisútvarpsins og óskaði jafnframt eftir því að sá starfshópur sem ég nefndi áðan færi yfir þetta mál í samráði við fulltrúa samgrn., Póst- og símamálastofnunar og menntmrn.

Ég er sammála hv. þm. um forsendur þessa máls 100%, gersamlega sammála honum. Ég tel að það eigi að vera okkur metnaðarmál að koma Ríkisútvarpinu til allra landsmanna undanbragðalaust og ég held að það sé einmitt þetta sem á að geta sýnt okkur betur en margt annað hvað það er brýnt að eiga almennilegt ríkisútvarp. Það er alveg augljóst mál að það sem kallað hefur verið frelsi í rekstri ljósvakamiðla leysir ekki þennan vanda. Það er langt frá því. Þessar skyldur eru á Ríkisútvarpinu sem þýðir að það verður að tryggja því fjármuni til að geta staðið undir þessum skyldum. Við höfum gert það m.a. með verulegri hækkun á afnotagjöldum útvarpsins núna frá 1. mars sl. Því miður fer þessi hækkun að talsverðu leyti til að greiða upp fjárhagslegan vanda sem lá á Ríkisútvarpinu frá fyrra ári þannig að minni hluti þessa en ég hefði vonað fer til þeirra endurbóta sem hv. þm. er hér að reka á eftir. En ég endurtek: Ég er honum sama sinnis og vænti þess að okkur takist, mér og honum í sameiningu og öðrum hv. þm., að reka þannig á eftir þessu máli að hér verið róið fyrir hverja vík eins og kostur er.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda að hreyfa þessu máli hér. Þetta er gamall kunningi. Ég flutti fyrir stuttu till. til þál. um dreifingu sjónvarps og útvarps og þar var meiningin að koma því svo fyrir að Íslendingar allir gætu notið íslenska ríkisfjölmiðilsins og framkvæmdum yrði lokið árið 1990. Þetta mál var síðan afgreitt í þinginu og samþykkt þar 11. maí 1988. Þar segir:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar gera kostnaðar- og framkvæmdaáætlun um að útsendingar Ríkisútvarpsins, þ.e. hljóðvarps og sjónvarps, náist hvar sem er á landinu og helst á fiskimiðum um landið. Áætlunin miðist við að hægt verði að framkvæma þetta verkefni fyrir árslok 1991."

Nú þakka ég svör hæstv. menntmrh., en ég minni á að ég held að það þurfi ekki að setja upp stóra starfshópa eða mikla áætlunargerð um þetta mál. Allt það liggur fyrir. Það liggur skjalfest fyrir að íslenska ríkisútvarpið á að ná til allra landsmanna. Það er óviðunandi ástand að heilu landshlutarnir skuli vera afskiptir í þessum efnum og er ólíðandi að svo verði lengur. Við erum að tala um hreina skiptimynt í þessum efnum ef við berum okkur saman við ákveðna skemmtiþætti sem ríkisfjölmiðlarnir eru nú að bera á borð og við skoðuðum þær kostnaðartölur sem þar eru. Þá erum við að tala um smápeninga.

En ég vona að hæstv. menntmrh. dugi í þessu efni vegna þess að þegar þetta mál var afgreitt síðast sagði hæstv. menntmrh. sem var þá að vísu ekki menntmrh.: „Ég er sammála þessari tillögu." Hér er verið að slá því föstu að það eigi að leggja verulegt fé í dreifikerfi Ríkisútvarpsins og ég bið hæstv. ráðherra að sjá til þess að fjármagnið fari ekki í skýrslugerð og áætlunargerð heldur í framkvæmdir.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég hef knappan tíma í svörum þannig að ég gat ekki farið nákvæmlega út í þau mál sem hv. 3. þm. Norðurl. v. nefndi. En málið liggur einfaldlega þannig eins og ég gat um að 7. febr. 1989 skrifaði ég Ríkisútvarpinu með skírskotun til þeirrar þál. sem hér var samþykkt og sagði að ég vildi fá kostnaðar- og framkvæmdaáætlun um þessi efni. Auðvitað liggur hún meira og minna fyrir, m.a. í gagni sem ég kallaði eftir og mér barst í hendur 19. des. 1988 þar sem er um að ræða mjög ítarlega kostnaðar- og framkvæmdaáætlun um þessi mál. Til að ná því markmiði sem hér er sett samkvæmt samþykkt Alþingis þarf 1100 millj. kr. Þar inni er t.d. stofnkostnaður vegna endurnýjunar langbylgju- og miðbylgjustöðva áætlaður um 500 millj. kr. Þetta er svona stórt verkefni. Hins vegar er stofnkostnaður vegna FM-dreifingar Rásar 1 og Rásar 2 til íbúa með fasta búsetu sem nú ná ekki FM-sendingum áætlaður 34 millj. kr. Hér er um að ræða risavaxið verkefni, en það er hægt að raða þessu eins og öðru í tiltekna forgangsröð.

Ég segi það við hv. þm.: Það stendur ekkert til að láta þetta fara í pappír af minni hálfu og hefur aldrei staðið. Hins vegar er ljóst að við stöndum frammi fyrir þeim vanda í sambandi við rekstur Ríkisútvarpsins að það verður að verja verulegum fjármunum til að greiða upp skuldahala rekstrar frá undanförnum árum. Því miður. Það er þannig. Þess vegna er minna fé en ég hefði viljað í þetta brýna verkefni sem ég tel að Ríkisútvarpinu beri að sinna.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir hans svör og þó fremur fyrir þann anda sem mér fannst vera í hans svörum, að hann hefði til þess fullan vilja að taka á þessu máli. Ég held að sú brýning sem kom fram frá hv. 3. þm. Norðurl. v. segi okkur fullum fetum að dreifbýli Íslands stendur með þessum fjölmiðli og ætlast til þess að það fái að njóta hans.

Ég hef fundið það á Vestfjörðum þar sem ekki

heyrist til Rásar 2 að menn telja það ekkert aukaatriði að ástandið sé á þann veg og ég vænti þess að þegar menn taka á þessum málum og klára þetta dæmi, því það eru mannréttindi að mínu viti að eiga aðgang að þessum fjölmiðli, gleymi þeir ekki heldur íslenskum sjómönnum.

Gengisskráning krónunnar, ein umr.

Fsp. KrP, 297. mál. — Þskj. 541.

Fyrirspyrjandi (Kristinn Pétursson):

Hæstv. forseti. Ég sá ástæðu til að koma með fsp. til viðskrh. um hvort hann teldi að hann hefði í embættistíð sinni farið eftir fyrirmælum 18. gr. laga um Seðlabanka Íslands, nr. 36/1986, varðandi gengi íslensku krónunnar, en þar segir: „Gengisskráning íslensku krónunnar skal miðast við að halda sem stöðugustu gengi, ná jöfnuði í viðskiptum við útlönd, en tryggja jafnframt rekstrargrundvöll útflutningsatvinnuvega og samkeppnisgreina."

Ég tel ástæðu til að fá rökstutt svar við þessari fsp. og um leið vildi ég gjarnan fá því svarað hvort hæstv. viðskrh. er sammála forsrh. þjóðarinnar um að eiginfjárrýrnun sjávarútvegsfyrirtækja á árinu 1988 hafi verið 13 milljarðar, viðskiptahallinn 10 eða 12 milljarðar, hvort hann telji að sé eitthvert samræmi í þessum hlutum.

Gengisskráning hlýtur að taka mið af hagstjórn í landinu hverju sinni. Það er markmið með þessum lögum hvernig skuli skrá gengi íslensku krónunnar og það er ekki hægt að álíta að stjórnmálamenn eða embættismenn geti skráð gengi íslensku krónunnar eins og þeim sýnist. Það er markmið með þessum lögum hvernig gengið skuli skráð og það stendur hvergi að því skuli haldið stöðugu. Það er kannski síðasti hlekkurinn í þessari verðhækkunarkeðju. Svo er stöðvað á gengisskráningunni og eigið fé undirstöðufyrirtækja landsmanna rýrt með þeim hætti. Þetta er nákvæmlega sama og rányrkja fiskistofna. Þetta er ekkert annað en til að skerða lífskjörin í landinu til frambúðar.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Hv. fyrirspyrjandi gerir því skóna með sinni fsp. að ekki hafi verið farið að fyrirmælum 18. gr. laga um Seðlabanka Íslands við skráningu á gengi krónunnar undanfarin ár. Ég vísa þessari skoðun á bug og vildi, með leyfi forseta, endurtaka það sem segir í 2. mgr. 18. gr. seðlabankalaganna þótt hv. fyrirspyrjandi hafi að mestu farið með þann texta, en hann er svona: „Ákvarðanir um gengi íslensku krónunnar skulu miðast við að halda sem stöðugustu gengi og ná jöfnuði í viðskiptum við útlönd, en tryggja jafnframt rekstrargrundvöll útflutningsatvinnuvega og samkeppnisgreina."

Hér er með öllu ljóst að markmiðin togast á, en stjórntækið sem hér er rætt er bara eitt: gengið. Það getur því reynst erfitt með því að beita því tæki einu að láta þetta ganga upp því markmiðin eru tvö eða þrjú: stöðugt verðlag, jöfnuður í utanríkisviðskiptum og rekstrargrundvöllur fyrir útflutningsatvinnuvegi og samkeppnisgreinar, góð afkoma þeirra.

Ég tel einsýnt að í lögunum um Seðlabankann, þegar þau eru lesin í heild og gengisfyrirmælin lesin í því samhengi, er sett á oddinn að gengisskráningin skuli veita innlendri verðlagsþróun aðhald. Stöðugu gengi eða sem stöðugustu gengi eins og þetta er orðað í lögunum er að minni hyggju samkvæmt anda laganna ætlað að vera ankeri fyrir verðlagsþróun í landinu. Þessi vilji löggjafans er að mínu viti byggður á reynslu og réttum lærdómum af henni dregnum. Það vita allir að breytingar á genginu skila sér fljótt í innlendu verðlagi. Það er hins vegar undir hælinn lagt hvort breytingar á nafngenginu, ef þær eru ekki studdar öðrum aðgerðum, hafi mikil áhrif á viðskiptajöfnuð eða afkomu í útflutnings- og samkeppnisgreinum. Ef þensla ríkir í þjóðfélaginu getur gengislækkun jafnvel gert illt verra af því að hún verður eldsmatur á verðbólgubálið og kyndir undir gagnvirkum hækkunum á öllum mörkuðum innan lands.

Ef hins vegar eftirspurn sjákkar um leið og hallarekstur er á útflutningsatvinnuvegum og halli á viðskiptum við önnur lönd má ætla að við slíkar aðstæður, þegar um grundvallarmisvægi er að ræða, geti breyting á genginu skilað árangri. Ég tel að í minni embættistíð sem viðskrh. hafi verið fylgt gengisstefnu sem er í samræmi við lögin.

Ég vil benda á að hækkunin á raungengi krónunnar sem varð á árinu 1987 og varð of mikil, ég tek undir það með hv. fyrirspyrjanda, hafi ekki stafað af gengisstefnunni fyrst og fremst sem fylgt var heldur af því að innlend launa- og verðlagsþróun fór úr böndunum þrátt fyrir stöðugt nafngengi. Ég vil líka leyfa mér að benda á að árið 1987 var kosningaár og enginn vafi á því að stjórnvöld hafa hneigst til að halda í böndum verðlagsþróun fram eftir ári.

Ég dreg ekki dul á að á árinu 1987 og á fyrri hluta ársins 1988 var raungengi krónunnar orðið of hátt. Ég bendi hv. fyrirspyrjanda á að með nokkrum tiltölulega smáum gengislækkunarskrefum á síðustu mánuðum hefur tekist að lækka raungengið verulega án þess að valda kollsteypu í innlendu verðlagi. Ég legg hins vegar á það mikla áherslu að forsenda þess að gengisbreytingar skili árangri er að þær séu gerðar þegar innlendar eftirspurnaraðstæður eru þær að hér hafi orðið afturkippur, samdráttur. Þá og þá aðeins getur gengisbreyting skilað þeim árangri sem löggjöfin ætlast til og sem ég veit að hv. fyrirspyrjandi ber líka fyrir brjósti.

Fyrirspyrjandi (Kristinn Pétursson):

Hæstv. forseti. Ég þakka viðskrh. fyrir svörin. Ég get ekki verið alveg sammála því að það hafi verið farið eftir þessum markmiðum miðað við það, sem ég sagði áðan, að eiginfjárrýrnun hefur orðið geigvænleg í íslenskum útflutnings- og samkeppnisiðnaði og

viðskiptahallinn á síðasta ári er geigvænlegur og stefnir í jafnvel enn meiri viðskiptahalla í ár. Það er ekki hægt að segja að það sé farið eftir þessum lögum. Þetta eru einu ákvæðin í þessum lögum sem kveða á um hvernig skuli skrá gengi íslensku krónunnar. Það segir ekkert um hverjir fari með yfirstjórn bankanna. Þetta eru einu ákvæðin þar sem er kveðið á um hvers konar viðmiðun skráning krónunnar eigi að taka mið af.

Einu sinni var hægt að selja Íslendingum maðkað mjöl vegna einokunar á mjölsölu á Íslandi. Það má vel vera að einhver ár í viðbót komist stjórnvöld á Íslandi upp með það að láta menn hafa ónýta seðla í skiptum fyrir alvörupeninga og vera sjálfir bæði dómarar og framkvæmdaaðilar í því verki. Með því að það sé ekki farið eftir þessum markmiðum er verið að fremja hér einhvers konar kerfisrán á íslenskum atvinnuvegum sem þýðir skert lífskjör þjóðarinnar í framtíðinni, getur ekki þýtt neitt annað. Höfuðstólar íslenskra atvinnuvega þola ekki að vera rýrðir. Það er a.m.k. borin sú virðing fyrir íslenskum fiskistofnum að þeir eru ekki ofnýttir. Það er talað um hvernig hámarksafrakstri sé best náð. En það er aldrei talað um hvenær náist hámarksafrakstur úr íslensku atvinnulífi. Það er allt í lagi að láta greipar sópa um höfuðstóla íslensks atvinnulífs sem er ekkert annað en lífskjaraskerðing fram í tímann.

Það er alveg ljóst að það er ekki hægt að láta kaupa sér vinsældir, þykjast vera að stjórna landinu vel og það sé lítil verðbólga með því að ganga í höfuðstóla íslenskra útflutnings- og samkeppnisgreina.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Bara örstutt athugasemd.

Hv. fyrirspyrjandi nefndi bæði í fyrri og seinni ræðu að viðskiptahalli hefði keyrt úr hófi í fyrra og stefndi í enn hærri tölur á þessu ári. Hann nefndi í fyrri ræðu sinni að viðskiptahallinn hefði verið 12 milljarðar á liðnu ári. Þetta er ekki rétt. Hann var um 10 milljarðar kr. Það er hins vegar rétt að það er of mikið. En það er rangt hjá hv. fyrirsyrjanda að það stefni í meiri viðskiptahalla á þessu ári því samkvæmt þeim spám sem síðast hafa verið kynntar er gert ráð fyrir um 9 milljarða kr. viðskiptahalla á árinu 1989 og það er í senn lægri fjárhæð í beinum tölum en var í fyrra og til muna lægra hlutfall af umsvifum í þjóðarbúskapnum. Þannig er að því stefnt að ná jöfnuði í viðskiptum við útlönd, að vísu í hægari skrefum en menn kysu. En ég ítreka það, sem kom fram í mínu svari við fsp. hv. 5. þm. Austurl., að það er ekki rétt að það séu eingöngu viðskiptajöfnuður og rekstrargrundvöllur útflutningsatvinnuvega og samkeppnisgreina sem eigi lögunum samkvæmt að ráða genginu. Það er hins vegar, eins og ég nefndi, mikil áhersla lögð á að halda sem stöðugustu gengi. Þarna er hagsmunaárekstur sem ekki verður útkljáður með einföldum viljayfirlýsingum af því tagi sem hv. fyrirspyrjandi hefur flutt úr þessum ræðustól.

Um þingsköp.

Fsp. um upplýsingaöflun kjararannsóknarnefndar.

Karl Steinar Guðnason:

Frú forseti. Ég tel mig knúinn að vekja athygli á því að 22. des. lagði ég fram fyrirspurn hér í hv. Sþ. til fjmrh. um upplýsingaöflun kjararannsóknarnefndar sem er brýn fsp. og skiptir miklu máli varðandi þær rannsóknir sem þar fara fram og viðmiðanir. Enn hef ég ekki fengið svar við þessari fsp. Hún er ekki á dagskrá nú. Ég veit að hæstv. fjmrh. er erlendis nú, en ég óska eftir því að forseti komi þeim skilaboðum til fjmrh. að virða þingsköp og sýna ekki Alþingi þá óvirðingu að draga svör við fyrirspurnum svo úr hófi sem hér hefur gerst. Ég hefði látið hjá líða ef bót hefði orðið á hjá fjmrh. gagnvart upplýsingaöflun kjararannsóknarnefndar, en svo hefur ekki orðið. Ég bið forseta að koma þessu áleiðis og tel óhæfu að svo langan tíma taki að fá svar við fsp. þrátt fyrir að kveðið sé á um sjö daga frest í þingsköpum.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Það er hárrétt hjá hv. 9. þm. Reykn. að úr hófi hefur dregist að svara umræddri fsp. Forseti vill taka fram að það hefur hvað eftir annað verið gengið eftir svari við þessari fsp. en ekki tekist að fá það enn þá og nú, eins og fram hefur komið, er hæstv. fjmrh. erlendis þannig að marklaust var að taka málið á dagskrá í dag. En ég skal gera allt sem unnt er til þess að þessari fsp. verði svarað á næsta reglulegum fyrirspurnafundi í Sþ.

SAMEINAÐ ÞING

49. fundur, fimmtudaginn 9. mars, að loknum 48. fundi.

Aðstoð við leigjendur, fyrri umr.

Þáltill. AðB o.fl., 178. mál. — Þskj. 196.

Flm. (Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég flyt hérna till. til þál. sem ég er flm. að ásamt þremur samflokksmönnum mínum, þeim hv. alþm. Guðmundi Ágústssyni, Óla Þ. Guðbjartssyni og Albert Guðmundssyni. Ályktunin hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa breytingar á lögunum um tekjuskatt og eignarskatt þannig að greidd húsaleiga lágtekjufólks verði annað tveggja frádráttarbær frá tekjuskatti eða bætt með húsaleigustyrkjum."

Ég vil enn fremur, með leyfi forseta, lesa 1. mgr. greinargerðarinnar:

„Þegar lögin um staðgreiðslu skatta og breytingin á lögum um tekjuskatt og eignarskatt voru samþykkt á síðasta þingi var ekki tekið á málum þess stóra hóps

fólks sem leigir húsnæði á hinum frjálsa markaði. Hins vegar gera lögin ráð fyrir bótum til handa þeim sem byggja eða kaupa húsnæði án tillits til efnahags þeirra."

Sannleikurinn er sá að það er ekkert nýtilkomið að leigjendur séu réttlausir eða a.m.k. réttlitlir. Svo hefur oftast nær verið. Sá sem leigir sér húsnæði hefur í raun og veru ekkert með það að gera á hvaða verði það er. Honum eru settir skilmálar. Hann getur fengið húsnæðið á þessu verði. Ef hann ekki getur tekið það eða ekki getur staðið í skilum með leiguna eru nógir aðrir til að taka það og hann getur bara farið.

Alla jafna eru leigutekjur ekki taldar fram til skatts og það kemur til af tvennu. Þetta er yfirleitt ekki frádráttarbært fyrir þann sem leigir nema þá að svo litlu leyti, en hins vegar kemur það þeim illa sem leiguna selur. Þegar erfitt er að fá húsnæði eins og nú er, a.m.k. hér á Reykjavíkursvæðinu, fellur þetta mjög oft niður.

Það vita allir að laun hafa staðið í stað í langan tíma. Leiga hefur ekki mátt hækka, a.m.k. ekki meðan verðstöðvunarlögin stóðu, og hefur það kannski verið haldið að miklu leyti. Þó finnst mér eins og húsaleiga nú sé óeðlilega hár hluti af launum. Ég skal taka hérna dæmi sem ég þekki mjög vel og sem ég held að séu mjög algeng.

Ung stúlka sem vinnur sem aðstoðarstúlka á barnaheimili fær leigt herbergi. Hún á ekki heima í Reykjavík. Hún fær leigt herbergi með einhverjum aðgangi að síma og leyfi til að fara í eldhúsið á kvöldin og hita sér eitthvað smávegis. Hún greiðir fyrir þetta 10 þús. á mánuði sem er mjög algeng leiga, held ég, á einstaklingsherbergjum þó hún geti verið lægri. Hún getur líka sjálfsagt verið hærri. Hún fær í útborguð laun fyrir sína átta stunda vinnu 28 þús. á mánuði. Hún heldur eftir 18 þús. þegar hún er búin að borga húsaleiguna.

Annað dæmi um konu sem vinnur vaktavinnu, líka átta stunda vinnu. Með vaktaálagi ber hún úr býtum 51 þús. brúttó á mánuði. Hún leigir tveggja herbergja íbúð, óhrjálega, leiðinlega, í blokk sem margir í Reykjavík þekkja og þekkja einnig af því að þar er lítið gert fyrir leigjendur. Hún er með stálpaðan ungling í skóla. Hún greiðir fyrir þessa íbúð 32 þús. á mánuði.

Þá er það fullorðinn verkamaður, maður rúmlega sextugur, búinn að vinna mjög lengi á sínum vinnustað og kominn á besta kaup sem þar er greitt og hefur 56 þús. á mánuði fyrir átta stunda vinnu. Hann leigir kjallaraíbúð, ekkert slæma en ekki heldur góða, og borgar fyrir hana 25 þús. á mánuði.

Það geta allir litið í eigin barm og séð hvernig er að lifa af því sem eftir er af launum. Það er þessi gamla sama saga að þegar maður er að segja frá launum fólks sem eru í þessum lágtekjuhópum vill eiginlega enginn trúa manni. Fólk segir að þessi laun séu ekki til. Það er sama þó að maður hafi launaseðil fólksins í höndunum. Það er mjög algengt að maður er rengdur um þetta. En ég fullvissa ykkur sem hlustið á mig um að ég þekki mjög vel öll þessi þrjú dæmi og ég er að segja alveg satt.

Við vitum auðvitað dæmi þess, eins og segir í grg. með þáltill., að tveggja eða þriggja herbergja íbúðir eru nú leigðar á 40 þús. eða meira á mánuði. Ég þekki líka dæmi til þess að t.d. einstaklingsherbergi eru leigð ódýrara en á 10 þús. Einkanlega finnst mér það vera þegar aldrað fólk er að leigja út frá sér kannski eitt herbergi. Það er eiginlega meira að því til þess að njóta félagsskapar eða vera ekki eins einmana, hafa einhvern í húsinu. Þetta aldraða fólk leigir út fyrir tiltölulega lítinn pening.

En það sem við meinum með þessari tillögu er fyrst og fremst að greiða tekjutengdan húsaleigustyrk eða húsaleigubætur. Það er engin ástæða til að greiða niður leigu fyrir þá sem hafa mikil eða góð fjárráð, en ég held að í fæstum tilfellum leigi þeir íbúðir. Í flestum tilfellum er þetta ungt fólk sem er að byrja búskap, svo og eldra fólk sem annaðhvort hefur aldrei tekist að eignast íbúðir eða misst þær, misst þær kannski vegna greiðasemi. Það hefur lánað einhverjum veð í íbúðinni sinni og hvað eina.

A.m.k. ríkir í þessum málum hér á Reykjavíkursvæðinu mikið ófremdarástand og ég held að það sé ekkert betra annars staðar. Hér vantar tilfinnanlega leiguíbúðir og úr því verður ekki bætt eins og hendi sé veifað, en þetta má bæta að einhverju leyti með því að koma til móts við þarfir þessa fólks og létta því byrðina með það sem það þarf að borga.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri. Mér finnst komið til skila það sem ég vildi segja og lýk hér máli mínu.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Það eru aðeins örfá orð. Mér finnst vera um að ræða tillögu sem er allrar athygli verð. Það kom fram í máli 1. flm. tillögunnar, hv. 16. þm. Reykv., að hún þekkir vel til aðstæðna sem lágtekjufólk getur lent í að þessu leyti, þ.e. erfiðleika vegna dýrrar húsaleigu, og mér finnst full ástæða til þess að það sé skoðað hvort hægt er að leysa þetta mál einmitt eins og hér er lagt til með breytingum á lögum um tekju- og eignarskatt þannig að greidd húsaleiga lágtekjufólks verði þá annað tveggja frádráttarbær frá tekjuskatti eða með öðrum hætti.

Ég vildi aðeins lýsa stuðningi mínum við hugmyndina sem liggur að baki þessari tillögu.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Ég hygg að hér sé hreyft við þörfu máli. Það er sennilega svo um flesta að þeir þurfa einhvern tíma á lífsleiðinni á leiguhúsnæði að halda og þó að það sé stefna flestra stjórnmálaflokka, a.m.k. Sjálfstfl., að sem flestir geti komist í eigið húsnæði er það þannig að ýmsir annaðhvort kjósa heldur að verja fjármunum sínum í annað en að komast í eigin íbúð eða hafa ekki aðstæður til að byggja og þurfa nauðsynlega að búa í leiguhúsnæði. Það er þess vegna nauðsynlegt og eðlilegt að það sé virkur markaður fyrir leiguhúsnæði í landinu eins og

er víðast hvar í nálægum löndum. Þar er það raunhæfur valkostur fyrir fólk að taka sér húsnæði á leigu.

En það kemur margt til og þarna eiga aðild að markaði eins og alls staðar annars staðar tveir aðilar, þ.e. húseigendur og leigjendur, og starfsemin á þessum markaði byggist á því að það sé ekki bara eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði heldur líka framboð. Framboðshliðin veltur á ýmsum þáttum sem snúa að húseigandanum eða eigendunum eins og t.d. því hvernig hagað er skattlagningu þeirra eigna sem hafðar eru til leigu.

Nú er það þannig að í vetur hafa verið samþykktir á Alþingi þyngri eignarskattar og meiri hækkanir á slíkum sköttum en sennilega nokkru sinni áður í einu lagi. Ég er ekki í nokkrum vafa um að þessar hækkanir munu orsaka tvennt. Þær munu bæða hækka húsaleigu vegna þess að húseigendur munu telja sig til þess knúna að velta þessum hækkunum út í verðlagið og einnig verða til þess að margir þeirra munu hreinlega gefast upp á því að leigja og taka húsnæði sitt úr leigu eða selja það og ráðstafa sínum peningum í annað.

Ég held að það verði að huga að þessari hlið málsins líka vegna þess að til þess að skapast geti eðlilegur húsaleigumarkaður verða að vera þau skilyrði fyrir hendi að menn sjái sér hag í því að bjóða fram húsnæði til leigu á sanngjörnum kjörum þannig að hvorki sé um að ræða okurleigu fyrir leigjandann né það lága leigu fyrir húseigandann að húseignin standi ekki undir kostnaði, sköttum, afskriftum og fleiru sem hann þarf að standa undir.

Það eru þess vegna margar hliðar á þessu máli eða a.m.k. þessi hlið til viðbótar því sem fram kom hjá fyrirspyrjanda og ég tel að það sé eitt af ógæfuverkum þessarar ríkisstjórnar hvað hún hefur beitt sér fyrir miklum hækkunum á þessu sviði. Það mun bitna mjög á þeim sem síst skyldi, sem ekki hafa möguleika á því að taka á sig hækkanir á húsaleigu sem óhjákvæmilega munu koma í kjölfarið. Þeir sem á annað borð hafa efni á því að greiða slíkt láta sig eflaust ekki um það muna.

Ég tek undir það meginsjónarmið sem fram kemur í ályktunartillögunni að það eigi að efla húsaleigumarkaðinn, gera það að raunverulegum og eðlilegum valkosti, sem enginn þurfi að skammast sín neitt fyrir, að leigja húsnæði. Það er eðlilegt og er hlutur sem flestir þurfa á að halda einhvern tímann á lífsleiðinni, annaðhvort þegar fólk er að hefja sinn búskap eða þegar aðstæður fólks breytast í hjúskap eða af öðrum ástæðum. Því verður þessi valkostur að vera fyrir hendi og hann verður að vera fyrir hendi með eðlilegum hætti án þess að stjórnvöld með skattpíningu eða öðrum beinum og óbeinum ráðstöfunum grafi undan þessari starfsemi. Þetta held ég að sé nauðsynlegt að komi fram í þessu sambandi.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að þetta mál skuli vera komið á dagskrá. Þess var ekki kostur á síðasta fundi í Sþ. að taka það á dagskrá, en ég er fegin því að það er hér á dagskrá nú.

Hér er ekki um neitt smámál að ræða, hér er um að ræða stórmál, og væri reyndar betra ef ekki þyrfti að flytja slíka tillögu. En eins og nú er komið er það mjög nauðsynlegt og við skulum ekki gleyma því að skortur á leiguhúsnæði er ekki síst vegna stefnu undanfarinna ára og jafnvel áratuga. Það hefur ekki verið byggt nægilega mikið af leiguhúsnæði. Áherslan hefur öll verið á að eignast húsnæði og þetta er sá hluti í húsnæðiskerfinu sem hefur verið hvað mest vanræktur.

Eins og kemur fram í grg. þáltill. og flestir vita um er húsaleiga mjög há. Hún er varla á færi fólks með bærileg laun, hvað þá að hún sé á valdi lágtekjufólks. Það hlýtur að vera meginefni að styðja fólk til að hafa þak yfir höfuðið. Það þarf að leita til þess leiða. Hér er bent á tvær leiðir. Ég held að það sé nauðsynlegt þó það séu því miður ekki mjög margir þingmenn í salnum að þeir gefi þessu máli gaum og beri það inn í þingflokka sína og standi saman um að reyna að styðja á einhvern hátt, annaðhvort þann sem hér er lagður til eða annan, við þá hópa fólks sem eiga mjög erfitt með að standa undir kostnaði við húsnæði og geta ekki eygt í náinni framtíð og jafnvel langri framtíð að gangast undir þá herskyldu sem það er að eignast eigið húsnæði.

Það hafa margir, m.a. Kvennalistinn, flutt mál á þinginu um að auka stórlega byggingu leiguhúsnæðis því það er alveg rétt, eins og kom fram í máli hv. 17. þm. Reykv., að það þurfa þess mjög margir einhvern tímann á lífsleiðinni að eiga þess kost að búa í leiguhúsnæði. Svo eru líka aðrir sem vilja ekkert eignast húsnæði, vilja fremur leigja án þess að þeir hafi nokkra sérnáttúru í þeim efnum. Það er mjög nauðsynlegt að fólk eigi val í þessum efnum, að það sé ekki beygt undir eina stefnu og neyðist til að fara í einn farveg, ekki síst þegar hann er svo torfarinn og erfiður eins og það að eignast húsnæði hefur reynst mörgum hér í landi.

Ég legg áherslu á stuðning Kvennalistans við þessa tillögu. Hér er um hið merkasta mál að ræða og ég brýni aftur fyrir þingmönnum sem hér eru staddir úr flestum flokkum um að bera þetta mál inn í sína þingflokka þannig að því sé verðugur gaumur gefinn.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Ég vil í byrjun fyrir minn hlut þakka fyrir þær góðu undirtektir sem hafa þegar komið fram við þessa tillögu og þó að það sé að vísu eins og gjarnan vill vera á hinu háa Alþingi að þegar stjórnarandstaðan flytur eitthvert ágætt mál eru menn tilbúnir úr öðrum stjórnarandstöðuflokkum til að lýsa fylgi við viðkomandi hugmyndir en minna fer gjarnan fyrir yfirlýsingum af hálfu stjórnarliða eins og í rauninni hefur orðið hér, enda eru þeir ekki margir í salnum þessa stundina.

En ég vildi fyrir minn hlut leggja á það áherslu í sambandi við þessa tillögu að hér er verið að leggja til breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt fyrst og fremst. Það er verið að leggja til breytingu til handa lágtekjufólki. Það er ekki tekið fram í tillögunni á

hvern hátt þetta yrði útfært og heldur ekki grg. þannig að það má segja að það atriði sé algjörlega opið, skilgreiningin á því hverjir séu lágtekjumenn í þessu sambandi. En það fer ekkert á milli mála hver andinn er í þessu efni og mér þykir mjög vænt um þær undirtektir sem hér hafa orðið.

En ég vek sérstaklega athygli á því að till. í sjálfu sér vekur athygli á misrétti í skattlagningunni, þ.e. að þeir aðilar sem þurfa að leigja fá ekki neinn hluta þess kostnaðar frádráttarbæran eins og skattalögin eru, en hins vegar er um að ræða húsnæðisbætur til annarra eða möguleika á þeim í lögunum eins og þau eru.

Ég sé ekki annað en að tæknilega eigi að vera vel hægt að koma við leiðréttingu á þessu sviði eins og er í rauninni tekið fram í grg. þar sem minnst er t.d. á sjómannafrádrátt og húsnæðisbætur að öðru leyti, en ég vildi einnig vekja athygli á því að þó að sjálfsagt yrði tekjutap fyrir hið opinbera af þessum ástæðum ef þetta næði fram að ganga er líka minnt á að sú aðferð sem þarna er bent á gæti þýtt það að minna yrði um undanskot á lögmætum tekjustofni ríkisins en trúlega er þannig að það er a.m.k. óvíst að tekjutapið yrði umtalsvert í þessu efni.

Flm. (Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir):

Virðulegi forseti. Mig langar til að þakka þeim hv. þm. sem hér hafa tekið til máls góða liðveislu og ég tek undir að ég vona að þeir fari með þetta inn í sína flokka því þetta er málefni fólks hvar sem það er í flokki og þetta er málefni sem mjög brýnt er að gera eitthvað í.

Að lokinni umræðu þá óska ég eftir að þessari þáltill. verði vísað til félmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til félmn. með 37 shlj. atkv.

Aðfaranám til ökuprófs, fyrri umr.

Þáltill. JÞ o.fl., 277. mál. — Þskj. 494.

Flm. (Jóhanna Þorsteinsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að mæla fyrir till. til þál. um aðfaranám til ökuprófs á þskj. 494. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Kvennalistans Birna K. Lárusdóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Sigrún Helgadóttir og Þórhildur Þorleifsdóttir.

Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntmrh. að koma á aðfaranámi til ökuprófs í 9. bekk grunnskóla."

Í greinargerð með þessari tillögu segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Á undanförnum árum hefur fræðsla um slysavarnir í umferð verið mjög af skornum skammti á unglingastigi grunnskóla. Þó liggja fyrir drög að námsefni í umferðarfræðslu og brýnt er að tryggja að það komist í framkvæmd sem fyrst. Því er best borgið með sérstöku aðfaranámi til ökuprófs í 9. bekk grunnskóla."

Með hliðsjón af því að í nágrannalöndum okkar er námstími til ökuprófs tvisvar til þrisvar sinnum lengri en hér á landi vaknar sú spurning hvort námið hér sé of stutt og þar sé ef til vill að leita skýringa á tíðum umferðarslysum í aldurshópnum 17–20 ára.

Okkur ber að leita orsaka og ekki síður úrræða og verður þá fyrst fyrir að líta til þeirrar fræðslu sem á að fylgja ökuprófi og á að tryggja þá umferðarmenningu sem við öll viljum hafa.

Eins og nú er háttað ökukennslu er mikil ábyrgð á ökukennurum. Þeim er beinlínis ætlað að koma öllum þáttum umferðarfræðslunnar að á mjög stuttum tíma. Þar er um að ræða þjálfun í akstri ökutækis ásamt mannlegum og huglægum þætti umferðarkennslunnar.

Umferðarfræðsla einskorðast ekki við ökutæki á vegum í þéttbýli og dreifbýli. Hún tekur ekki síður til umferðar og öryggis samborgaranna og umgengni við vinnuvélar og ýmis þau ökutæki sem notuð eru utan vega.

Greiðastur aðgangur að öllum ungmennum er í gegnum grunnskólann og eðlilegast að hann sinni þessum mikilvæga uppeldisþætti.

Í 9. bekk grunnskóla er möguleiki á að koma til allra verðandi ökumanna fræðslu sem, eins og þessi þáltill. felur í sér, aðfaranámi til ökuprófs. Þar gæti byrjað það nám sem lýtur að breyttum áhersluþáttum og að skipulagningu fræðslunnar sem hlekks í daglega lífinu, markmiðum sem leiddu til fækkunar umferðaróhappa hjá ungum ökumönnum. Fjölmargt mætti þar til nefna til að stuðla að bættri umferðarmenningu, svo sem skylduþátt, þ.e. umferðarkennslu sem lýkur með prófi og lágmarkseinkunn.

Um fleiri mögulegar aðgerðir til úrbóta í umferðarmenningu okkar vísast til greinargerðar með till. til þál. á þskj. 134 sem þingkonur Kvennalistans flytja einnig.

Einnig væri þarft að efnisþættir er varða öryggisbúnað bifreiða og tryggingar væru á námsefni til ökuprófs og einnig að gera nemendum grein fyrir því hvað kostar að kaupa og reka bifreið og önnur vélknúin ökutæki.

1. flm. hefur flutt fsp. til dómsmrh. um reglugerð um ökuferilsskrá sem felur í sér mat á fullnaðarskírteini ökumanna. Slík ökuferilsskrá er að öllum líkindum það aðhaldskerfi sem ásamt aukinni fræðslu getur leitt til fækkunar umferðaróhappa og tryggt okkur aukið umferðaröryggi.

Hæstv. forseti. Ég vil að lokinni umræðu leggja til að þessari till. til þál. verði vísað til síðari umr. og hv. félmn.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins koma í ræðustól til að lýsa stuðningi mínum við þessa till. til þál. Ég hefði þess vegna getað verið einn af flm. hennar. Þetta er

mál sem hefur verið mér hugleikið og ég hef reynt að berjast fyrir á hv. Alþingi og oft minnst á bæði í ræðu og riti hve mikla þýðingu það hefur að gera allt sem mögulegt er til að bæta umferðaröryggi. Sá þáttur sem hér er fjallað um er eitt af undirstöðuatriðum hvað umferðaröryggi varðar.

Eins og kom fram í máli 1. flm. till. eru það einmitt aldurshóparnir 15–24 ára sem eru í mestri hættu hvað varðar umferðarslys og umferðaróhöpp. Það hefur verið mín skoðun að ökunám eigi að færa inn í framhaldsskólana, t.d. í 9. bekk og fyrr vegna vélhjólaaksturs.

Það getur varla verið að ungt fólk sé verri ökumenn en þeir eldri hvað hæfni varðar. Ástæðurnar hljóta að vera allt aðrar. Þess vegna þurfa unglingar að venjast því nógu snemma að bifreiðin er ekki leikfang heldur samgöngutæki sem ber að umgangast með fullri ábyrgðartilfinningu. Innræting þarf því að hefjast strax í skólunum. Þetta held ég að sé mikilsvert atriði og þess vegna vildi ég í þessum örfáu orðum taka heils hugar undir þessa þáltill. og lýsa stuðningi við hana.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég lýsi stuðningi við meginefni þeirrar tillögu sem hér er fram komin og vil geta þess í því sambandi að á nýafstöðnu Norðurlandaráðsþingi var samþykkt tillaga þar sem því var beint til ráðherranefndarinnar að komið verði á stofn norrænum umferðarkennaraskóla. Við hv. 13. þm. Reykv. vorum meðflm. að þeirri tillögu. Við höfum áhyggjur af slysum í umferðinni og það er eins með nágranna okkar á hinum Norðurlöndunum. Þar þykir mönnum mjög vera pottur brotinn og þá kannski sérstaklega varðandi ökukennsluna eða ökukennaranámið ef svo mætti að orði komast.

Ég vildi með þessum örfáu orðum lýsa því yfir að ég held að hér sé ágætismál á ferðinni. Þetta er mál sem verður að taka á hér á landi. Það er ekki einleikið hvað við missum marga í umferðinni. Það er vandi að keyra bíl, það þarf engum blöðum um það að fletta, og það hlýtur því að þurfa að vanda vel til kennslunnar.

Flm. (Jóhanna Þorsteinsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka umfjöllun og þann stuðning sem hv. þm. hafa sýnt þessari þáltill. og vona að með auknum skilningi í þessum málum komi sem fyrst til einhverra framkvæmda sem einmitt stuðlar að því að umferðarmenning okkar verði betri. Og það er aldrei of oft minnt á að mannslífin eru dýr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til allshn. með 38 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Afstaða Íslands á fundi EFTA-landanna.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Þá verður gengið til umræðu utan dagskrár. Umræðan fer fram samkvæmt síðari mgr. 32. gr. laga um þingsköp. Hv. 12. þm. Reykv. hefur óskað eftir þessari umræðu sem fjallar um afstöðu Íslands á fundi forsætisráðherra EFTA-landanna í Osló sem haldinn verður 14.–15. mars nk.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég kveð mér hljóðs utan dagskrár til að ræða málefni sem valdið hefur mér miklum áhyggjum að undanförnu. Þar er um að ræða fyrirhugaðan fund forsætisráðherra aðildarríkja EFTA, Fríverslunarsamtaka Evrópu, sem halda á í Osló í næstu viku. Þar verður að sjálfsögðu viðstaddur forsrh. Íslands, Steingrímur Hermannsson, sem hefur verið svo vinsamlegur að vera nærstaddur þessa umræðu.

Það hlýtur að hafa vakið athygli fleiri en mína að undarlega hljótt hefur verið um tilefni þessa toppfundar af hálfu íslensku ríkisstjórnarinnar. Eins og stundum áður koma fregnir fyrst erlendis frá nú þegar á alþjóðavettvangi á að fjalla um stór hagsmunamál sem Ísland varða. Ég tel á engan hátt viðeigandi að efni þessa fundar fari með öllu fram hjá Alþingi Íslendinga svo mikið sem hér getur verið í húfi.

Það hefur væntanlega ekki farið fram hjá neinum að Evrópubandalagð stefnir að því að í lok ársins 1992 verði kominn á einn og óskiptur markaður með afnámi landamæra ríkjanna tólf fyrir vöru, þjónustu, fjármagn og vinnuafl. Þetta markmið var að vísu sett fram í Rómar-sáttmálanum fyrir rúmum 30 árum, en það er fyrst með hertum ákvæðum, svonefndum einingalögum sem gengu í gildi 1987, að skriður komst á málið. Halda mætti af viðbrögðum fjölmiðla og stjórnmálamanna þessi missirin að himninn sé að hrynja og viðbrögðin eru eins og hjá Unga litla í ævintýrinu.

Það eru líklega bara sagnfræðingar sem minnast þess að miklar deilur urðu um hugsanlega aðild að Evrópubandalaginu hér áður fyrr, t.d. hér á Íslandi upp úr 1960. Í Noregi klofnaði samfélagið nánast í tvennt í aðdraganda þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild að Evrópubandalaginu 1972. Ísland hafði tveim árum áður valið þá leið að ganga í EFTA og enn eigum við samleið með fimm öðrum ríkjum í þeim samtökum.

Ég tel nauðsynlegt að minna á það hér þó það sé flestum væntanlega ljóst að Evrópubandalagið og EFTA eru gerólík samtök að eðli og uppbyggingu. Evrópubandalagið er yfirþjóðlegt fyrirbæri, þ.e. ríkjasamtök með sameiginlegum valdastofnunum, ráðherraráði og framkvæmdastjórn með aðsetri í Brussel og heita má valdalausu Evrópuþingi í Strasbourg. Þar við bætist sérstakur dómstóll með aðsetri í Lúxemborg sem sker úr ágreiningsmálum. Þjóðþing-

in í löndunum eru því í raun orðin annars flokks stofnanir og það er orðin dapurleg mynd af þingræðinu sem við okkur blasir á meginlandinu.

EFTA-ríkin hafa hins vegar hingað til valið allt aðra leið. EFTA eru frjáls samtök óháðra ríkja sem stefna að sem frjálsustum viðskiptum og hafa ekki afsalað sér neinum fullveldisréttindum. Nú er spurning hvort þar á að verða breyting á.

Þann 17. jan. sl. hélt forseti framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins, Jacques Delors, ræðu á þingi Evrópubandalagsins og er hún talin vera eins konar stefnuyfirlýsing nýrrar framkvæmdastjórnar sem tók við um áramótin. Í ræðunni fjallaði hann m.a. um samskipti EFTA-ríkjanna við Evrópubandalagið. Hann vakti athygli á því að nú yrði þyngra fyrir fæti í samstarfinu en verið hefur og því þurfi báðir aðilar að meta hvert stefna beri, ákvarðanatakan innan EFTA sé þunglamaleg og seinvirk þar sem hvert einstakt ríki þurfi að taka afstöðu til samskiptamála við Evrópubandalagið. Því varpaði hann þeirri spurningu til EFTA-ríkjanna hvort ekki þyrfti að leita eftir formfastara samstarfi með sameiginlegum stofnunum til töku ákvarðana og leggja áherslu á hinn pólitíska þátt í samstarfi beggja.

Toppfundurinn í Osló, hinn fimmti í sögu EFTA, fjallar sérstaklega um hvernig bregðast skuli við þessari kvaðningu hins nýja valdhafa í Brussel.

Undanfarnar vikur hafa ríkisstjórnir EFTA-landanna verið að bera saman bækur sínar um svar til Delors. Uppi var fótur og fit víða í EFTA-ríkjunum þegar brot úr uppkasti að væntanlegri ályktun Oslófundarins fór að leka út í fjölmiðla. Fyrstu fréttirnar hingað bárust raunar fyrir tilstilli Ríkisútvarpsins sem voru teknar eftir Dagblaðinu í Osló og í kjölfarið fylgdu sænskir fjölmiðlar eins og Dagens Nyheter. Þar mátti lesa m.a. þann 1. mars sl. að í norsku uppkasti að væntanlegu svari forsætisráðherranna væri tekið undir áskorun Delors. Þar sagði m.a. að EFTA stefndi að því að koma á sameiginlegum markaði í formi tollabandalags með óheftu streymi á vörum, þjónustu og fjármagni samfara auknum tengslum við Evrópubandalagið. Einnig sé lag að því er varðar samræmingu á lagasetningu í EFTA og Evrópubandalaginu. Jafnframt sé rætt um að útkljá ágreining í eins konar gerðardómi. Fullyrt er í Dagens Nyheter að stjórn norskra jafnaðarmanna geti fallist á yfirþjóðlegar stofnanir, m.a. að því er virðist með stjórn umhverfismála að yfirvarpi.

Í frétt blaðsins kom jafnframt fram að Johan Buttedahl, þingflokksformaður norska miðflokksins eða Senterpartiet, telji ekki koma til greina að fallast á neinar yfirþjóðlegar stofnanir. Verkamannaflokkurinn norski velur leiðina í gegnum EFTA til þess að fikra sig í átt að aðild að Evrópubandalaginu, segir Buttedahl.

Eins og ráða má af þessu virðist svo sem engin smámál séu á dagskrá í aðdraganda Osló-fundarins sem forsrh. Íslands er nú að tygja sig til þess að sækja. Finnst hv. alþm. og hæstv. ráðherrum við hæfi að forsrh. haldi utan án þess að hin minnsta grein sé gerð fyrir þessum málum hér á Alþingi? Það hefur ekki einu sinni verið svo mikið við haft að kveðja utanríkismálanefnd þingsins til fundar út af þessu máli og segir þó í þingsköpum, 15. gr., að nefndin sé, með leyfi forseta, „ríkisstjórninni til ráðuneytis um meiri háttar utanríkismál, enda skal ríkisstjórnin ávallt bera undir hana slík mál jafnt milli þinga sem á þingtíma." Að vísu er boðaður fundur í utanrmn. næsta mánudag, en þá verður forsrh. trúlega farinn af landi brott og líka hætt við að blekið sé þá þornað á uppkastinu að yfirlýsingu Oslóarfundarins. Getur verið að okkur Íslendingum sé ætlað að lesa það eftir á að búið sé að skuldbinda okkur í afdrifaríkum málum? Verður fyrir lok næstu viku búið að skrifa upp á það fyrir Íslands hönd að við eigum að vera þátttakendur í sameiginlegum markaði þar sem landið yrði opnað fyrir erlendu fjármagni í áður óþekktum mæli? Er hugsanlegt að forsrh. verði boðið að skrifa undir yfirlýsingu um einhvers konar yfirþjóðlega ákvarðanatöku á vettvangi EFTA? Ég ætla svo sannarlega að vona að ekkert slíkt standi til, en blaðafregnir erlendis frá vekja áhyggjur.

Virðulegur forseti. Ég leyfi mér að vænta þess að hæstv. forsrh. bregðist við þessum áleitnu spurningum og varpi hér á Alþingi ljósi á eðli þeirra ákvarðana sem stefnt er að að taka á fundinum í Osló. Alveg sérstaklega leyfi ég mér að spyrja hæstv. forsrh. að því hvort hann telji koma til greina að Ísland afsali sér lögsögu beint eða óbeint yfir einhverjum þáttum í sambandi við breytingar á starfsemi EFTA og samskiptum þess við Evrópubandalagið. Það eru ábyggilega fleiri en ég sem óska svara við þessum áleitnu spurningum.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Mér þykir satt að segja vænt um að geta svarað hv. fyrirspyrjanda með ákveðnu neii við þeim spurningum sem hún bar fram í lok sinnar ræðu. Ekkert af því sem hún nefndi þar er á dagskrá. Ekkert slíkt verður undirritað á Oslóarfundinum. Í raun og veru gæti ég látið þar máli mínu lokið, en mér þykir gott að fá ástæðu til að fara nokkrum orðum um þessa mikilvægu þróun og ég tek undir með hv. fyrirspyrjanda um þá að mörgu leyti mjög alvarlegu þróun fyrir smáríki eins og okkur sem er að verða í Evrópu.

Ég vil hins vegar minna á að þessi þróun er löngu hafin. Hún hefst í raun með þeim samningi sem við gerum við inngöngu okkar í EFTA 1970 og með fríverslunarsamningi okkar við Evrópubandalagið 1972. Síðan höfum við dansað, ef ég má orða það svo, þann línudans sem við höfum í raun fylgt, leitað eftir markaði fyrir okkar vörur þar á hinum hagstæðustu kjörum án þess að afsala okkur nokkru af þeim yfirráðum sem við höfum og viljum hafa. En þróunin hefur orðið sú á þessum árum að nú flytjum við til Evrópubandalagsins um það bil 57% af okkar útflutningi og við flytjum inn álíka mikið eða m.ö.o.: Evrópubandalagið er orðinn langsamlega mikilvægasti markaður og viðskiptaaðili þessarar þjóðar.

Þarna eigum við stórkostlegra hagsmuna að gæta. Við gáfum eftir fullkomið tollfrelsi fyrir allan iðnaðarútflutning og iðnaðarframleiðslu Evrópubandalagsins og reyndar EFTA-ríkjanna, en fengum í staðinn innflutningsheimild án tolla fyrir að vísu því miður ekki nema hluta af okkar sjávarafurðum. Mjög góðan samning fengum við sem var talinn, þegar hann var gerður 1972, ná til þeirra afurða sem skiptu máli fyrir okkur þá, þeirra sjávarafurða sem skiptu máli. Að sjálfsögðu höfum við einnig frelsi til innflutnings á iðnaðarvarningi til Evrópubandalagsins og EFTA.

Okkur var einnig veittur ákveðinn aðlögunartími til að aðlaga veikan íslenskan iðnað að þeirri samkeppni sem af þessu leiddi. Ég hlýt að segja fyrir mitt leyti að ég tel að sá tími hafi verið afar illa notaður og því miður óttast ég að mikið af því fjármagni sem var ætlað til að efla íslenskan iðnað hafi runnið í steinsteypu og aðra fjárfestingu sem ekki hefur reynst eins arðbær í þeirri samkeppni og nauðsyn hefði verið. Þetta er eitt út af fyrir sig að mínu mati afar stórt og alvarlegt mál í þeirri stöðu sem við erum í núna og væri full ástæða til að ræða ítarlega hvernig okkar samkeppnisaðstaða er að þessu leyti.

Síðan hafa að sjálfsögðu þeir hlutir gerst í Evrópu sem hafa með tilliti til þeirrar þróunar sem ég hef nefnt hjá okkur með aukinn innflutning leitt til þess að við höfum orðið að fylgjast með og aðlagast því sem þar er að gerast því þarna er um stóra hagsmuni að ræða. Þar vil ég fyrst nefna hina hvítu bók Evrópubandalagsins, sem ég hygg að hafi komið út haustið 1987, þar sem ákveðið var að taka viðbótarskref í samruna þeirra landa sem tilheyra Evrópubandalaginu, þeirra tólf landa. Þarna er einnig rétt að vísa til breytinga á sáttmála þeirra sem stundum er kallaður The Single Act eða hin einu lög eða eitthvað þess háttar, má kannski þýða það. Þarna var ákveðið að stefna að því sem í þessu riti er. Ferns konar frelsi er nefnt í þessu sambandi. Það er í fyrsta lagi frelsi til viðskipta innan bandalagsins, fullkomið frelsi til viðskipta, fullkomið frelsi í fjármagnsflutningum innan bandalagsins, fullkomið frelsi í allri þjónustu, þ.e. flugfélaga, tryggingarfélaga og ýmislegt þess háttar, innan bandalagsins og fullkomið frelsi flutnings vinnuafls innan bandalagsins.

Við Íslendingar urðum að sjálfsögðu að taka afstöðu til þessa máls og svo urðu vitanlega öll EFTA-ríkin að gera því að EFTA-ríkin óttuðust að þessu kynni að fylgja að reistur yrði ytri tollmúr sem kynni að koma í veg fyrir mikilvæg viðskipti EFTA-ríkjanna við Evrópubandalagið, en þessi tvö viðskiptasvæði eiga meiri viðskipti sín á milli en nokkur önnur tvö viðskiptasvæði í heiminum. Þessi staða kom upp reyndar áður þegar sást hvert stefndi, og nefni ég þar sérstaklega til forsætisráðherrafund sem ég sótti í Visby í Svíþjóð, 1985 hygg ég að það hafi verið, þar sem einmitt var rætt um viðbrögð við því sem menn sáu fram undan 1985 og viðbrögð við því sem menn sáu fram undan í Evrópu. Ég nefni einnig svokallaðan Lúxemborgarfund sem var haldinn 1974 og var sameiginlegur fundur forustumanna EFTA og utanríkisráðherra EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins þar sem enn var rætt um hvernig viðskipti og samstarf þessara ríkja allra gætu orðið sem nánust. Þar vaknaði hugmynd um svokallað evrópískt efnahagssvæði, þ.e. efnahagsheild Evrópu, „European Economic Space". Ég nefni þessa hluti svo mönnum sé ljóst að eftir að við gerum okkar samning 1972 höfum við verið þátttakendur í þróun sem hefur gerst jafnt og þétt. En það er nauðsynlegt að leggja jafnframt áherslu á að við höfum alltaf sagt, svo ég viti, að okkar áhugi lægi í frjálsri verslun og við vildum taka þátt í frjálsri verslun innan þessa evrópska efnahagssvæðis. Við höfum alltaf haft fyrirvara um önnur atriði í þessari sameiningu. Að vísu eru hliðaratriði sem við höfum tekið ákveðnar undir, eins og samstarf á sviði rannsókna t.d. og vísinda. Þar höfum við gerst aðilar af allt of veikum mætti, en við höfum alltaf haft fyrirvara í sambandi við frjálsa flutninga fjármagns, alltaf fyrirvara í sambandi við frelsi í þjónustu, sem hefur að vísu verið miklu minna rætt en t.d. frjálsir flutningar fjármagns, og við höfum alltaf haft fyrirvara um frjálsa flutninga vinnuafls. Á þessu hefur ekki orðið nokkur minnsta breyting.

Svo þarf ég að nefna, virðulegi forseti, eitt mikilvægt atriði enn, sem kom jafnframt fram hjá hv. fyrirspyrjanda, og það er sú stefnuræða sem formaður framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins flutti 17. janúar, Delors, og hefur verið litið á eins og fram kom sem mjög mikilvæga í þessu máli öllu. Að vísu er mér tjáð að þar sé ekki um að ræða stefnuyfirlit sem samþykkt er og frá gengið, hvorki af framkvæmdastjórn né öðrum aðilum í Evrópubandalaginu, en talið að hann lýsi þar þeim meginskoðunum sem muni ráða á næstu árum hjá Evrópubandalaginu. Þetta er löng og mikil ræða og ekki hægt að rekja hana hér. En hann fjallar þar líka allítarlega um samskipti Evrópubandalagsins við EFTA-ríkin og í raun má segja að hann vísi þar frá fullri aðild nokkurs ríkis eða hann hvetur til þess að ekki sé leitað fullrar aðildar á næstu árum. Þar mun í raun vera átt við Austurríki sem hefur mjög hugleitt að sækja um fulla aðild fyrr en seinna. Hann segir í þessari ræðu að um tvennt sé að ræða. Það sé nánara samstarf eftir núverandi línum og þá m.a. komi til greina tollabandalag EFTA og Evrópubandalagsríkjanna eða að koma upp stofnunum sem meira eða minna annist þetta samstarf.

Við þessari ræðu verða EFTA-ríkin að bregðast og til þess er stofnað til forsætisráðherrafundarins í næstu viku. Það er rétt að undirbúningur að þeim fundi hefur farið fram og embættismenn og reyndar ráðherrar hafa einnig fjallað um þann undirbúning. Það var fjallað töluvert um hann á forsætisráðherrafundi Norðurlandanna um daginn í Stokkhólmi. Ég get því miður ekki greint hér opinberlega frá því sem þar var rætt, það er algjört trúnaðarmál og ég væri að brjóta trúnað ef ég gerði það, en ég fullvissa hv. þm. um að í þeirri yfirlýsingu sem er í undirbúningi er ekki verið að afsala neinum rétti, engum rétti. Hins vegar

er rétt að á milli EFTA-ríkja eru mismunandi skoðanir um hve langt eigi að ganga í viljayfirlýsingu um framtíðina. Það er engin launung t.d. að Austurríkismenn vilja ganga lengst. Þeir hafa þegar lýst því yfir opinberlega að þeir hyggist sækja um fulla aðild. Hins vegar hafa Svisslendingar, við og Finnar, alveg sérstaklega þessar þrjár þjóðir, verið mjög ákveðnar hinum megin í þessari umræðu og sagt að full aðild væri ekki í myndinni fyrir okkur. Við leitum samstarfs og munum ekki fallast á neinar yfirþjóðlegar stofnanir eða neitt slíkt. Það hefur alltaf legið alveg ljóst fyrir og ekkert slíkt verður í yfirlýsingunni frá þessum fundi.

Ég verð að geta um eitt atriði enn sem hefur verið okkur mjög mikið kappsmál og það eru frjáls sala á sjávarafurðum öllum. Þetta mál ræddi ég t.d. sem utanríkisráðherra við framkvæmdastjóra, de Clercq sérstaklega, Evrópubandalagsins í desember 1987 og leitaði þá eftir því sem hafði verið gert oft á undan mér en sérstök áhersla lögð á eftir að Spánn og Portúgal urðu aðilar. Ég leitaði eftir því að víkka mætti út þann samning sem við höfum þannig að hann næði til saltfisks, alveg sérstaklega og næði yfir ófryst flök og aðrar unnar sjávarafurðir.

Það svar sem ég fékk á þessum fundi var að það þýddi ekki að leita eftir þessu á meðan innri markaðurinn væri í mótun og á þessum fundi var mjög eindregið ráðlagt að leita eftir því að fyrst fengist fullkomið frelsi fyrir fiskafurðir innan EFTA-ríkjanna. Það var sem sagt ráð þeirra að við stæðum sterkar og betur að vígi ef við kæmum saman með EFTA-ríkjunum til Evrópubandalagsins og þá hafandi náð fullu frelsi með sjávarafurðir innan EFTA-ríkjanna. Á það höfum við aldrei lagt sérstaka áherslu því þau eru ekki svo mikilvæg í okkar útflutningi á sjávarafurðum. Þess vegna tók ég það mál upp sérstaklega á fundi utanríkisráðherra EFTA-ríkjanna í Tampere í fyrrasumar og þá náðist samkomulag um að setja á fót sérstaka ráðuneytisstjóranefnd sem átti að undirbúa fullkomið frelsi með sjávarafurðir innan EFTA-ríkjanna. Þessi nefnd hefur unnið mjög ötullega og það hefur mjög mikið áunnist, t.d. hafa Svíar fallið frá sinni andstöðu, en það verður að segjast eins og er að enn í dag hafa Finnar haft þar vissar efasemdir og haft fyrirvara sem þeir hafa ekki fallið frá enn og er eingöngu vegna Eystrasaltssíldar og lax sem er mjög lítill hundraðshluti af því sem hér er verið að tala um í fiskafurðum. En við vonum að það leysist á þessum fundi í Osló. Og á þessum fundi í Osló höfum við lagt á mjög mikla áherslu að verði grein sem staðfesti fullt frelsi í verslun með sjávarafurðir. Sú grein er þar inni og það er fullkomið samkomulag um þá grein, sem er út af fyrir sig mjög mikill áfangi, nema fyrirvara Finna sem áreiðanlega verður til umræðu.

Ég ætla út af fyrir sig ekki að stofna til mikillar umræðu um fyrirvara Finna. Ég geri mér fastlega vonir um að það leysist. Þeir eiga við viss byggðavandamál að etja í eyjaklasanum hjá sér. Það er um að ræða samkeppni við fisk frá Svíþjóð og Noregi. En að því er unnið að leysa það mál og það væri út af fyrir sig mikill áfangi fyrir okkur.

Að lokum aðeins örfá orð um okkar starfshætti í þessu sambandi. Þar hefur tvennt komið til greina: annars vegar að einstök ríki leituðu einhliða eftir þeim samningum sem þau óska við Evrópubandalagið og á ég þá við einstök ríki innan EFTA eða að ríkin kæmu sameiginlega fram sem EFTA-ríki. Við höfum hallast mjög að því síðara sem vissulega bindur okkur nokkuð meira en veitir okkur líka tækifæri til að hafa mjög afgerandi áhrif á afstöðu EFTA því að þaðan fer ekkert nema samkomulag sé orðið. Þetta hefur orðið niðurstaðan þannig að EFTA-skrifstofan hefur verið efld mjög. Reyndar er EFTA orðið allt annað og miklu meira en, ef ég má orða það svo, aðeins fríverslunarbandalag um iðnaðarvarning. Innan EFTA er unnið að ótal málum. Ég held það séu 20 eða 25 mál sem eru þar komin á skrá og þar sem verið er að aðlaga ýmsa hluti innan EFTA-ríkjanna því sem er að gerast innan Evrópubandalagsins. Reyndar held ég að megi fullyrða að þetta hefur haft gagnkvæm áhrif þannig að það er orðið mjög náið samstarf á milli EFTA og Evrópubandalagsins um aðlögun á þessum fjölmörgu sviðum. T.d. var það frágengið á undan innan EFTA að mæla með því við öll EFTA-ríkin að þau viðurkenndu prófanir á innfluttum vörum hvert hjá öðru þannig að það þurfi ekki að taka það upp aftur þegar það kemur til viðkomandi ríkis. Þetta samþykktum við í fyrra. Það er ekki búið að ganga frá þeim hlutum hér þannig að þeir komi til framkvæmda. Þetta tel ég fyrir mitt leyti vera verulega framför. Þetta eru allt saman ríki sem eru með svipaða staðla.

Það er unnið mjög mikið að því að samræma alla staðla. Það er unnið mjög mikið að því að útiloka alls konar óheppileg efni í matvælum og mörgu fleiru. Það er nefnd sem fjallar um samræmingu í menntakerfinu. Það er verið að fjalla um aðgang menntafólks að hærri störfum í hinum ýmsu ríkjum. Í þessu höfum við tekið þátt, öll EFTA-ríkin. En ég endurtek að í raun er ekkert af þessu skuldbindandi fyrir okkur. Það getur orðið samkomulag sem viðkomandi ríki síðan hafnar. En ég tel allt þetta starf mjög mikilvægt.

Að lokum af því að ég nefndi áðan þá stöðu sem við erum í núna. Ég sagði áðan að ég óttast að við höfum notað aðlögunartímann afar illa fyrir íslenskan samkeppnisiðnað. Ég held að það sé að koma í ljós. Þar erum við í afar erfiðri stöðu. Ég held það sé engin launung að t.d. húsgagnaiðnaðurinn íslenski hefur mjög látið undan síga upp á síðkastið fyrir samkeppni erlendis frá. Það liggur þar nánast við hrun. Spurningin er hjá okkur: Hvernig eigum við að mæta slíkum erfiðleikum? Ég hef heyrt fjölmarga húsgagnamenn segja að við höfum ekki notað tímann til að sameina húsgagnaframleiðendur, stækka einingarnar, auka framleiðnina eins og við áttum að gera á þeim tíma sem við höfðum. Nú stöndum við frammi fyrir því að þetta er að renna meira saman. Við drögumst eflaust þar eitthvað með. Við fórnum

eflaust ekki tollafríðindum fyrir fisk sem er 57% af okkar útflutningi. Við erum búnir að gefa fullkomin tollfríðindi fyrir allan innflutning, m.a. á húsgögnum. Ég tel að við þurfum á næstunni að taka okkur taki og skoða hvernig við getum, þótt seint sé orðið, stillt þennan iðnað, sem hér er eftir, til að standast þá samkeppni sem er ekki að koma á morgun eða hinn daginn, hún er komin, en fer eflaust vaxandi. Ég tel að t.d. fjármagnskostnaður sem hér hvílir á atvinnuvegum sé einhver allra erfiðasti þröskuldurinn og því tel ég að það þurfi mjög að skoða það, án þess að leggja okkar peningakerfi undir einhverja erlenda banka, á hvern máta við getum þó aukið aðgang að tiltölulega ódýru fjármagni.

Ég skal ekki, virðulegi forseti, hafa um þetta fleiri orð. Ég vil geta þess að ég hafði boðað svokallaða EFTA-nefnd þingsins til fundar klukkan hálffimm í dag og hef hugsað mér að hafa þar með ýmsa fulltrúa úr atvinnulífinu og reyndar verkalýðshreyfingu sem hafa sýnt þessum málum áhuga þannig að ég vil ekki liggja undir því að ekkert samráð sé um þann fund sem ætlaður er eftir helgina. Það er raunar ekki fyrr en rétt núna að við erum að fá í hendurnar þau drög sem ég ætla mér að sýna þeirri nefnd í dag í fullkomnum trúnaði og ég vona að menn geti svo rætt þetta innan sinna þingflokka.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Það er ekki seinna vænna fyrir okkur að fara að ræða um þetta mikilvæga mál á hinu háa Alþingi, þ.e. hver á að verða afstaða okkar Íslendinga til samstarfs Evrópulandanna á næstu árum, hvernig ætlum við að taka því að það er að myndast stór og samstæður markaður innan vébanda Evrópubandalagsins og með hvaða hætti ætlum við að hafa samvinnu okkar meðal EFTA-landanna sex á næstu árum. Eigum við e.t.v. eftir að horfa upp á það, kannski um aldamótin eða skömmu eftir aldamótin, að við stöndum ein sér, við Íslendingar, fyrir utan samstarf Evrópuþjóðanna eða verðum við að hugleiða það í alvöru þegar kannski liðin eru 20 ár eða svo að við neyðumst til að taka afstöðu til þess að við munum þurfa að ganga inn í Evrópubandalagið með öllum þeim skyldum og öllum þeim kvöðum sem því fylgir?

Eins og málin horfa nú tel ég eðlilegt og sjálfsagt að við stöndum fyrir utan sjálft Evrópubandalagið en reynum að fylgjast mjög vel með og ná þeim samningum við Evrópubandalagið á sviði viðskipta og annarra samskipta sem hagstæðastir eru fyrir okkur Íslendinga. Það vaknar þá sú spurning: Er okkar málum best borgið með því að við reynum að ná tvíhliða samningum við Evrópubandalagið með því að leita eftir samningum beint við Evrópubandalagið eða eigum við að fara þessa leið í gegnum EFTA-samstarfið, þ.e. eigum við að treysta samstöðu EFTA-ríkjanna fyrir því að ná slíkum samningum fyrir okkar hönd? Þetta er spurning sem við verðum að fá svör við.

Þarna er afstaða þeirra sex þjóða sem mynda Fríverslunarbandalag Evrópu, þ.e. EFTA-þjóðanna, mjög misjöfn. Sumir, m.a. Svíar, eru mjög bráðir til þess að gera slíka samninga við Evrópubandalagið og það hefur heyrst sú skoðun að þeir muni gefa EFTA-samtökunum eitt ár til að ná slíkum samningum fyrir hönd EFTA-ríkjanna sameiginlega. Ef það gengur ekki þannig að það fást engir viðunandi samningar á ári eða svo muni Svíar reyna að leysa þessi mál sjálfir án hjálpar EFTA-ríkjanna.

Austurríkismenn hafa gengið hvað lengst EFTA-ríkjanna. Þeir lýsa því yfir fullum skrefum að þeir muni hyggja á fulla aðild að Evrópubandalaginu og láta á það reyna í þeim samningum hvort þeirra hlutleysi fær staðist í þeim samningaviðræðum sem þá færu í hönd við Evrópubandalagið.

Norðmenn eru mjög tvístígandi. Það hefur komið fram í máli þeirra sem hafa talað á undan mér að skoðanir eru mjög skiptar í Noregi um hvaða afstöðu eigi að taka til Evrópubandalagsins.

Finnar fara sínar eigin leiðir, en þó er mjög athyglisvert hvað Finnar hafa verið að gera undanfarin ár til að mæta þeirri samkeppni sem óneitanlega verður þegar hinn stóri sameiginlegi markaður Evrópu er orðinn að veruleika árið 1992. Hafa þeir þegar breytt löggjöf sinni á sviði bankamála og í ýmsum öðrum málum til að aðlaga sig þeirri staðreynd sem þá blasir við.

Svisslendingar tel ég að muni vilja reyna tvíhliða samninga og treysta á eigin mátt og megin, enda hafa Svisslendingar alla tíð farið sínar eigin götur í alþjóðlegum viðskiptum.

Og þá vaknar spurningin: Hvað ætla Íslendingar að gera? Ætla þeir að reyna samningaleiðina beint eða ætlum við að reyna að treysta á mátt EFTA-samstarfsins til að gera þessa samninga fyrir okkur?

Það kom fram áðan að í ræðu Delors 17. janúar sl. á Evrópuþinginu kom fram áskorun til EFTA-ríkjanna að til þess að það væri hægt að ná einhverri samstarfi og samvinnu milli EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins væri orðin full ástæða til fyrir EFTA-ríkin að huga að sínum innri málum, að búa til öflugan brúarstólpa sem hægt væri að byggja brúna yfir á. Og þá segja sumir: Er þá verið að ýja að því að EFTA eigi að verða einhvers konar lítið Evrópubandalag við hliðina á hinu stóra í Evrópu? Það þýðir þá að EFTA-ríkin verða að koma sér upp yfirþjóðlegum stofnunum í líkingu við það sem Evrópubandalagið hefur gert. Um þetta er áreiðanlega mjög mikill ágreiningur og verður áreiðanlega mjög erfitt að ná samstöðu um það milli EFTA-ríkjanna sex að fara þessa leið þó svo að fyrstu skrefin á þessari braut virðist þegar vera stigin sem margt bendir til í þeim aðgerðum sem hafa farið fram undanfarið á vegum EFTA-skrifstofunnar í Genf t.d.

Það er eitt atriði sem ég vildi vekja athygli á. Ég spurði sérstaklega um það þegar við vorum stödd í Genf á dögunum, Evrópustefnunefnd Alþingis, með hvaða hætti á að fást skorið úr um deilumál sem koma upp milli t.d. tveggja EFTA-ríkja. Ég tók sem dæmi að Norðmenn hafa átt í mikilli samkeppni við okkur

Íslendinga á ýmsum sviðum og er ekki örgrannt um að sú samkeppni hafi oft verið á óheiðarlegum grundvelli byggð. Norðmenn hafa t.d. rústað skipasmíðaiðnaðinn á Íslandi með því að nota ríkisstyrki til að gera norskum skipasmíðastöðvum auðveldara að ná samningum af m.a. íslenskum skipasmíðastöðvum. Þetta brýtur greinilega í bága við EFTA-fríverslunarsamkomulagið og þá vaknar spurningin: Með hvaða hætti getum við kært Norðmenn fyrir þarna augljós samningsrof og með hvaða hætti getum við fengið a.m.k. skorið úr um hvort þetta er augljóst brot á EFTA-samkomulaginu eða ekki?

Svörin sem ég fékk við þessari spurningu voru þau að það væri næsta lítið sem við gætum gert. Íslenska ríkið getur að vísu reynt að fara þá leið að stefna norskum yfirvöldum fyrir norskum dómstólum og fá þannig úr því skorið hvort Norðmenn hafi brotið EFTA-samkomulagið, en það gefur auga leið að sú leið er næsta erfið og lítt líkleg til að skila nokkrum árangri. Og þá er spurningin: Er einhver önnur leið? Er hægt að hugsa sér að EFTA-ríkin þrátt fyrir allt komi sér upp einhvers konar yfirþjóðlegri stofnun þangað sem mætti vísa slíkum ágreiningsmálum sem hér er verið að fjalla um?

Það eru orðin nokkur ár síðan að Lúxemborgaryfirlýsingin svokallaða var samþykkt á sameiginlegum fundi fulltrúa Evrópubandalagsins og EFTA-ríkjanna 1984 í Lúxemborg þar sem því er lýst yfir að það skuli stefnt að efnahagssvæði Evrópu sem nái yfir þau 18 lönd sem mynda Evrópubandalagið og EFTA-ríkin sex þar til viðbótar. Þar fyrir utan var svo vikið að margþættu samstarfi sem þessi lönd mundu sameiginlega vinna að.

Það er mikið rætt um frjálsræðin fjögur, þ.e. að innan þessa efnahagssvæðis Evrópu, svæðis þessara 18 Evrópulanda, yrði fullt frjálsræði í sambandi við vöruflutninga milli landanna. Þjónusta hvers konar ætti að vera alveg frjáls á milli landanna. Það er t.d. eitt atriði sem er vert að huga að. Við höfum verið mjög íhaldssamir í þeim efnum. Við höfum t.d. ekki viljað viðurkenna þjónustu annarra ríkisborgara á Íslandi og tek ég sem dæmi að hér er ekki heimilt fyrir erlenda arkitekta né verkfræðinga að leggja inn teikningar til samþykktar hjá íslenskum byggingaryfirvöldum. Þetta er mjög í andstöðu við það sem tíðkast í öðrum Evrópulöndum. Ég tek sem dæmi að í Danmörku er öllum erlendum ríkisborgurum frjálst að leggja fram teikningar til samþykktar hjá þarlendum byggingaryfirvöldum. Það skiptir ekki nokkru máli hvaða ríkisborgararétt þeir hafa. Við erum sennilega hvað íhaldssamastir í þessu efni. Þetta er eitt af þeim atriðum sem við þurfum að huga mjög að.

Þá er það fjármagnið, en það er gert ráð fyrir að fjármagnsflutningar milli landa verði algerlega frjálsir. Þá vakna að sjálfsögðu ýmsar spurningar. Því hefur mjög verið velt fyrir sér af hálfu margra sem fjalla um þessi mál hér á Íslandi hvort við gætum hagnast á því að fjármagnsflutningar yrðu frjálsir eða hvort við mundum bera skarðan hlut frá borði, hvort erlendir aðilar mundu ná yfirtökum í fjármagnskerfinu, ná undir sig öllum íslenskum bönkum t.d.

Það er eitt athyglisvert í þeim efnum þó. Það er að það er mjög mismunandi hvernig skattlagning fjármagns fer fram í hinum ýmsu Evrópuríkjum. Mér sýnist að það muni vera mjög erfitt fyrir ríki Evrópubandalagsins að ná samstöðu um t.d. það atriði hvernig skuli haga skattlagningu fjármagns og er ég ekkert viss um að þeir verði búnir að samræma það fyrir 1992 eins og stefnt er að. T.d. er mér kunnugt um að Frakkar skattleggja fjármagnstekjur með 25% skatti, Englendingar og Lúxemborgarbúar hafa engan skatt á fjármagnstekjum, 0%, og reyndar höfum við engan skatt á fjármagnstekjum eins og málum er háttað í dag. Það gæti vel verið að það mundi borga sig fyrir Íslendinga að halda í það að hafa engan skatt á fjármagnstekjum. Ef Evrópubandalagsríkin og hin ríkin í EFTA taka upp skattlagningu fjármagnstekna gætum við e.t.v. laðað erlent fjármagn hingað til lands vegna þess að við höfum engan skatt á fjármagnstekjum. Það er spurning sem þarf að fá svör við.

Menn hafa haft miklar áhyggjur af því að leyfa frjálsan flutning á fólki milli landa eins og það er kallað, þ.e. að leyfa fólki að leita eftir atvinnu í Evrópulöndunum án tillits til ríkisfangs. Ég hef ekki haft svo miklar áhyggjur af því hvað okkur Íslendinga varðar því að ég held að ásóknin yrði kannski meiri á þann veg að Íslendingar mundu leita til hinna Evrópuríkjanna í atvinnuleit frekar en að íbúar hinna Evrópuríkjanna mundu í stórum stíl leita til Íslands. Ég held að við þurfum ekki að hafa svo mjög áhyggjur af því.

Eitt af því sem gerir stöðu Íslands mjög sérstaka í þeirri heild sem blasir við er sérstaða okkar á sviði sjávarútvegsmála. Ég vildi taka það fram hér að ég a.m.k. tel að veiðiheimildir til handa Evrópubandalagsríkjunum komi aldrei til greina í íslenskri lögsögu. Ég held að flestir geti verið sammála um það. Ég er líka sannfærður um að það er alger óþarfi að hafa nokkrar áhyggjur af þeim málum. Þegar litið er til þess að sjávarútvegur spilar nánast enga rullu í efnahagskerfi Evrópubandalagsins né hinna EFTA-ríkjanna fæ ég ekki séð að menn þurfi að hafa miklar áhyggjur af því að við kunnum að neyðast til þess að veita erlendum ríkjum, þ.e. hinum Evrópulöndunum, aðgang að íslenskri fiskveiðilögsögu. Ég held að það þurfi aldrei að koma til þess ef við bara höfum vit á því að standa fastir á þessari skoðun okkar.

Hins vegar hef ég bent á að það er ekkert því til fyrirstöðu að við getum átt nána samvinnu við hin Evrópulöndin í sjávarútvegsmálum og þá kannski á fjarlægari miðum. Við gætum t.d. boðið Þjóðverjum og fleiri þjóðum Evrópubandalagsins, Spánverjum og Portúgölum, samvinnu um að nýta fiskimið lengra í burtu svo sem meðfram ströndum Afríku, en þar hafa einmitt þessar þjóðir verið að þreifa fyrir sér og sé ég ekkert því til fyrirstöðu að við með okkar allt of stóra togaraflota gætum verið með í

þeim verkefnum. En það er einu sinni svo að við strendur Afríku eru mjög auðug fiskimið. Þar er staðan þannig að þar er nógur fiskur en vantar skip. Hér er staðan þannig að við höfum nóg af skipum, allt of mörg, en vantar fisk. Það væri hægt að leiða þessa aðila saman og vita hvort ekki er hægt að koma einhverri samvinnu þarna á. Þessi samvinna gæti vel farið fram ásamt og með öðrum Evrópulöndum.

Staða Íslands er mjög sérstök. Lega landsins gerir það að verkum og okkar efnahagskerfi og okkar viðskiptalíf að ég fæ ekki betur séð en að a.m.k. um ókomna framtíð sé okkur best borgið með því að geta gert samninga við allar þjóðir heims, þ.e. að við getum horft til allra átta, að við getum átt góð viðskipti við t.d. Bandaríkin og þá horfi ég ekki síst til góðra viðskipta sem við gætum átt við þjóðirnar í Austurlöndum fjær. Nýverið hefur opnast beint flutningasamband með flugi til Japans sem gerir okkur kleift e.t.v. að opna þar nýja markaði fyrir fiskafurðir og er það vel. Það eru svona hlutir sem við eigum að huga að og þess vegna eigum við ekki að einblína um of á Evrópubandalagið sem slíkt. Við eigum að hafa augun opin og horfa til allra átta.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Í upphafi fagna ég því að þessar umræður skuli fara fram og einmitt að það skuli vera að ég vænti ótakmarkaður ræðutími og menn geti látið sínar skoðanir í ljós hver og einn og allir flokkar fengið nægilegt svigrúm til að ræða málið. Það er alveg rétt, sem hér hefur komið fram, að það getur verið viðkvæmt að ræða mál þessi á opnum vettvangi, en engu að síður er það nauðsynlegt. Það er líka rétt að svona mál á auðvitað lögum samkvæmt að ræða í utanrmn. Alþingis. Það hefur að vísu ekki verið gert nú, en hins vegar hefur hæstv. forsrh., eins og hann skýrði frá, boðað Evrópusamstarfsnefndina eða hvað hún á nú að heita til fundar síðar í dag. Þar eru nokkurn veginn sömu menn og í utanrmn. þannig að ég skal ekki gagnrýna þetta formsatriði út af fyrir sig. Það kemur nokkuð út á eitt. Þar verður fyrir luktum dyrum rætt um þessi mál og það þurfum við líka að gera eins og við höfum gert allar götur líklega síðan utanrmn. var stofnuð fyrir 60 árum. Þar voru málin alltaf rædd fyrir luktum dyrum vegna þess að Íslendingar kærðu sig ekkert um að t.d. Danir á þeim tíma vissu allt sem bjó í huga Íslendinga. Og í okkar landhelgissigrum höfum við unnið þá fyrir það að okkur hefur auðnast oftast að ná samstöðu um það mikilvægasta a.m.k. í hvert og eitt sinn.

Nú er fyrir dyrum fundur í EFTA sem getið hefur verið um og er tilefni þessarar umræðu. Ég hygg að þessi fundur í EFTA geti kannski orðið einhver hinn merkasti í sögu þeirra samtaka sem vissulega hafa fyrir okkur Íslendinga verið til verulegra hagsbóta. Það er vegna þess að ef þessi fundur samþykkir fríverslun með fisk í EFTA verða EFTA-ríkin öll stuðningsaðilar okkar fyrst og fremst þegar við reynum að bæta okkar samninga við Evrópubandalagið og fá fulla fríverslun fyrir fisk.

Það hefur verið furðulegt að Svíar skyldu lengi þvælast fyrir því að full fríverslun yrði innan EFTA. Kannski er það rétt, sem hæstv. forsrh. sagði, að við höfum ekki lagt nægilega mikið kapp á þetta vegna þess að við höfum eingöngu haft augun á því að við mundum ekki selja mikinn fisk til EFTA-landanna, en nú er sjónarmiðið allt annað og þá koma Finnar og eru eitthvað að þvælast fyrir að full fríverslun verði samþykkt, en það eru ekki Austurríkismenn eða Svisslendingar sem það gera. Þetta er ekki mikilvægt vegna þess að við mundum ekki selja mikinn fisk í EFTA-löndunum, þó nokkurn auðvitað, í Sviss og Austurríki sérstaklega, en það er mjög mikilvægt vegna þess að þegar EFTA í heild sinni mætir Evrópubandalaginu er fríverslun með fisk þar jafnofarlega á baugi og önnur fríverslun. Þess vegna er þessi fundur mjög mikilvægur og ég vil nota þetta tækifæri til að óska hæstv. forsrh. gæfu og gengis á þeim fundi og að honum verði að þeirri ósk sinni og okkar allra að fundurinn muni samþykkja algera fríverslun með fisk. Það er mjög mikilvægt.

En hér blandast að sjálfsögðu inn í málefni um Evrópubandalagið og Evrópusamstarfið og ég ætla að leyfa mér að taka örlítinn þátt í þeirri umræðu.

Þróunin er mjög ör. Þegar í fyrsta skipti var borin upp ósk eða boð um það að utanrmn. Alþingis kæmi á fund Evrópubandalagsins, sumarið 1986, hraus mér eiginlega hugur við því, íhaldssamur maður mjög eins og menn vita, og nefndin hafði aldrei farið til útlanda á nærri 60 ára tímabili. Þessi ósk var borin fram í glaðasólskini norður í landi af sjálfum Willy de Clercq og ég tók það eins og það var sagt, að það væri bara til að gleðjast þennan dag, en það vildi svo til að ég var þá formaður utanrmn. En um kvöldið í boði var þetta boð endurtekið og síðan varð það úr að utanrmn. í heild sinni fór til Strasbourg og Brussel í september 1987 og það vita allir þingmenn. Þar var okkur betur tekið satt að segja en ég átti von á og það var gífurlega fróðleg ferð eins og raunar sú ferð, sem var farin fyrir nokkrum vikum til Genfar og Brussel, líka var. Ég lagði hvað mest upp úr lokaræðunni sem flutt var í þessu ferðalagi utanrmn., sem var sjálfur de Clercq, og hann flutti þar ræðu sem var einstaklega vinsamleg okkur og meira að segja daginn eftir var okkur öllum afhent ræðan sem hann flutti nokkuð breytt og með burt numdum setningum og málsgreinum og inn í skrifað með handskrift mjög vinsamlega um að það sem Evrópubandalagið færi fram á við okkur væri ekkert annað en rabb um málin í heild, dialogue var það kallað. Mér vitanlega hefur engin krafa af neinu tagi síðan þá komið fram um að Íslendingar heimiluðu Evrópubandalaginu veiðiréttindi innan okkar fiskveiðitakmarka. Það kom mjög skýrt fram í Brussel þegar við ræddum við þann embættismann Evrópubandalagsins sem sérstaklega fer með Íslandsmál að aðspurð svaraði hún, það var reyndar kvenmaður, spurningu um hvort Evrópubandalagið mundi gera einhverjar kröfur til veiðiréttinda í íslenskri efnahagslögsögu að það gæti bandalagið ekki gert. Því væri fullljóst að Íslendingar ættu

sína efnahagslögsögu og bandalagið gæti engar kröfur gert til veiða innan þeirra marka.

Hins vegar höfum við alltaf svarað játandi að við vildum þessa umræðu, þessa umfjöllun, rabb eða hvernig menn vilja þýða orðið dialogue, þ.e. skiptast á skoðunum en ekki skipta um skoðun eins og menn eru farnir að tala alltaf um skoðanaskipti þannig að allir eigi að skipta um skoðun, en sem sagt að skiptast á skoðunum um málið. Því höfum við alltaf svarað játandi. Og við eigum ekki að hafa neitt frumkvæði að því að í þeirri umræðu sé endilega verið að tala um að skiptast á fiskveiðiréttindum. Ef það kemur upp í þeirri umræðu hlýtur það að koma frá þeim. Það getur ekki verið frumkvæði af Íslands hálfu. Og það er enn þá fjarlægara nú að það komi til nokkurra mála að við Íslendingar förum að skipta á veiðiheimildum fyrir veiðiheimildir eins og það nú er orðað í blöðum þegar Kanadamenn hafa hætt því. Evrópubandalagið náði slíkum samningum við Kanada, að það fengi veiðiheimildir fyrir tollaívilnanir, og Kanadamenn hafa nú hætt þessu.

Ég hef vitneskju um að a.m.k. sjávarútvegsmenn í Noregi muni verða tregir til þess að láta Evrópubandalaginu í té einhverjar heimildir við Noregsstrendur til fiskveiða í framtíðinni. Ég hygg að svo muni ekki verða. Málið er ósköp einfaldlega það að við eigum þessi mið, Kanadamenn eiga sín mið, Norðmenn sín. Þetta er orðin æðilöng þróun og það eru mörg rök sem hníga að því að við munum aldrei geta látið nein og ekki vilja láta nein slík réttindi af hendi. Ég skal nefna hér nokkur: Við höfum söguleg réttindi í fyrsta lagi. Á fundum annarrar hafréttarráðstefnunnar, sem haldin var 1960, var flutt tillaga um sérréttindi þeirra þjóða sem mjög væru háðar fiskveiðum eða að megninu til háðar fiski og fiskvinnslu. Hún var að vísu ekki samþykkt, hún var felld, en hún varð til þess að við, með okkar atkvæði — það munaði einu atkvæði — felldum Kanadatillöguna um 6+6 sem menn hér inni þekkja. Hún féll á okkar atkvæði, góðu heilli því kannski væri hin almenna regla nú um landhelgi í veröldinni 12 mílur hefði það verið samþykkt á hafréttarráðstefnunni 1960. Það er sem sagt sögulegt að við höfum áskilið okkur algjör sérréttindi.

Þessi málsgrein var tekin inn í hafréttarsáttmálann í upphafi og var þar í 11 ár án þess að nokkur hreyfði andmælum. Hún hét „íslenska ákvæðið" í munni allra manna og hún hljóðar um þetta sama, að ríki sem eru mestmegnis háð fiskveiðum skuli ekki þurfa að hleypa neinum útlendingum inn í sína landhelgi, ekki undir neinum kringumstæðum. Enginn hreyfði andmælum við það. Þar erum við líka komin með lagaleg réttindi.

Við getum bent á að það eru ekki aðeins Bretar, Þjóðverjar og einhverjir aðrir sem misstu mið við 200 mílurnar. Við misstum Nýfundnalandsmið, við misstum ýmis mið við Grænland o.s.frv. Við getum bent á það að Evrópubandalagið segist ætla að bæta hag manna með meiri hagræðingu, að það sé meiri tækni í atvinnuvegunum, að auðæfanna sé aflað með sem minnstum tilkostnaði. Hver getur veitt ódýrara á Íslandsmiðum en Íslendingar? Hver getur þess vegna selt á hagstæðasta verði? Og hver hefur betra hráefni en við? Höfum við eitthvað til þeirra að sækja? Ætli það verði ekki þeir sem þurfa að sækja til okkar um að fá fiskinn okkar? Besta fisk í heimi ef vandað er til vinnslu hans. Það fer ekkert á milli mála.

Við höfum hér líka fjáröflunartolla sem ganga yfir vörur frá Evrópubandalaginu. Við getum samið um að lækka þá. Við höfum svo ótal margt um að semja. En það sem mest er um vert er að Evrópubandalagsmenn, ráðamenn þar, ekki þeir sem eru að tala um fiskveiðarnar, því ráðamenn þar tala ekkert um þær, þær eru svo litlar, 0,14% af heildarþjóðarframleiðslu ríkjanna — 0,14%. Að æðstu menn Evrópubandalagsins séu með hugann við þetta! Aldeilis ekki. Það eru Portúgalar og Spánverjar, mennirnir sem hæstv. utanrrh. segist sérstaklega hafa talað við, sem eru nýkomnir inn í bandalagið. Valdalausir menn með öllu. Ráðamenn í Evrópubandalaginu vilja ekki að Ísland rekist vestur á við. Það er ég sannfærður um eftir þá fundi sem ég hef verið á og þær viðræður sem ég hef átt við þá. Þeir vilja að Ísland fái að vera Evrópuþjóð áfram. Hvernig sem á því stendur. Þeir halda víst að við séum eitthvað voða gáfuð eða eitthvað svoleiðis eða hvort það eru sögurnar, eða hvað það nú er, þá er þetta bara staðreynd. Og það kostar þá svo lítið að leyfa okkur að vera Evrópuþjóð, kostar þá kannski nánast ekki neitt.

Þessi sjónarmið öll gera það auðvitað að verkum að við eigum að vera mjög varkár í þessu samstarfi. Við eigum ekkert að vera endilega að heimta breytingar fyrr en þá þeirra er þörf. Ég veit að það er alltaf hætta á frá ári um það hvaða tollar kynnu að lenda á saltfiski miðað við bókun 6 frá 1972. Hingað til hefur þetta verið sáralítið, sem betur fer. Við getum áreiðanlega náð fram með hægðinni breytingu í þessu efni en við eigum að forðast að nefna fiskveiðilandhelgi í því sambandi, forðast það eins og heitan eldinn núna. Í þessari umræðu sem við höfum alltaf fallist á kemur það kannski upp og þá auðvitað er allt í lagi að ræða það en við höfum ekkert að bjóða og þeir kannski ekki heldur þegar við erum að tala um að skipta á veiðiheimildum. Við getum ekkert skorast undan í almennum viðræðum en þá eiga þau ekki að vera við sjávarútvegsmennina í Efnahagsbandalaginu.

Ef við kannski athugum það hvað mikið er um sjávarútvegsumræðu í Evrópubandalaginu, þá munu vera eitthvað á fjórtánda þúsund embættismenn orðnir í þessu bandalagi, starfsmenn í 20 deildum held ég. Hvað haldið þið að þeir séu margir í fiskveiðideildinni? Það er bara rétt eins og í sjútvrn. okkar. 60 stykki. Þannig að þó að fiskveiðar séu eitt og allt fyrir okkur þá eru þær það ekki þar. (**Sjútvrh.:** Er þetta ný talning?) Nei, þetta átti nú að vera brandari, ég veit ekki hvað þeir eru margir hjá þér en þeir eru 60 þarna úti. (**Sjútvrh.:** Þeir eru 16.) Ég bið afsökunar á því. En það eru náttúrlega ýmsar stofnanir í kring, er það ekki, t.d. Hafrannsóknastofnun. En ég bið innilega afsökunar. Þetta átti ekki að vera

tekið bókstaflega. Þeir eru 60 eftir þeim skýrslum sem við fengum í Genf og Brussel núna þegar við vorum á ferðinni.

Allt þetta hnígur að því að við eigum auðvitað að fara með gát í þessum samskiptum. Ég treysti því að þeir sem verða á fundum þessa bandalags muni fara með gát og ég veit þeir munu gera það. Við eigum bara að ræða þetta hreinskilnislega en þó líka dálítið á bak við tjöldin í bæði Evrópusamstarfsnefndinni og í utanríkismálanefndinni sjálfri sem hefur raunar verið boðuð til fundar á mánudagsmorgun og þar verða þessi mál rædd.

Ég þarf kannski ekki að fara öllu lengra út í þessa sálma. Ég held að menn viti hver mín skoðun er á því. Auðvitað erum við öll sammála um það að ganga sem lengst — með heiðarlegum hætti að sjálfsögðu og þeim vopnum sem lög bjóða — til þess að gæta hagsmuna þjóðarinnar í bráð og lengd, og þó einkum í lengd, ekki gleyma því, og þá koma náttúrlega umhverfismálin á dagskrána. Ég veit ekki hvað mikið þau hafa verið rædd á Norðurlandaráðsþingi en þar eiga þó Norðurlöndin æðimikinn rétt sem þau hafa ekki tekið sér og EFTA-ríkin þar með. Það er t.d. allt hafsbotnssvæðið á milli Jan Mayen, 200 mílnanna, og Noregs, 200 mílna Svalbarða og Grænlands, allt suður til Færeyja, gífurlegt hafsvæði sem tilheyrir þessum þjóðum að réttum lögum, hafsbotnssvæðið. Það hafa verið tveir embættismannafundir um það með Norðmönnum og Dönum og allir staðfest að frumkvæði Íslendinga sé rétt, að lagaleg rök hnígi að því að þessar þrjár þjóðir geti helgað sér allt þetta svæði og þar með lokað hafinu frá Noregsströndum til Kanada og Grænlands. Embættismannafundur var fyrirhugaður núna fyrri part þessa árs, ég veit ekki hvort hann hefur verið boðaður, en þess er auðvitað vænst að Íslendingar haldi áfram þessu frumkvæði.

Í annan stað eigum við rétt á Rockall-svæðinu sem líka varðar Skandinavíu og EFTA-ríkin þar með. Ef forsrh. vildi aðeins hlusta, þá gladdi það mitt hjarta mjög þegar forsrh. tók það mál sérstaklega upp við forsætisráðherra Breta í ferð sinni til Bretlands — ég hygg að það hafi verið í nóvember — og forsætisráðherra Breta óskaði eftir skriflegu bréfi og skýringum um þetta mál. Það bréf mun nú hafa verið sent, nokkuð seint að vísu, en sent þó. Ég veit að ef vel og fast er staðið að þessu máli, einmitt í gegnum EFTA og Norðurlöndin líka, þetta er sameiginlegt mál, þó það sé ekkert annað en umhverfismálin, að geta hindrað hvern sem er í að henda nokkru því í hafið sem sekkur til botns, strax. Og þegar tímar líða þá auðvitað auðæfin yfir botninum líka alveg eins og það gerðist með 200 mílurnar. Þær urðu til þannig að Truman Bandaríkjaforseti tók 200 mílna landgrunnsréttindi fyrir Bandaríkin árið 1945, hafið fyrir ofan að vísu nokkrum áratugum síðar, en það kom að sjálfsögðu. Ég man að ég á einhvers staðar í fórum mínum ritstjórnargrein úr New York Times sem sagði: „Sá sem á hafsbotninn hann hlýtur að eignast hafið fyrir ofan."

Það eru gífurleg réttindi sem eru í hendi ef þeim er fylgt eftir á þessum sviðum. Fyrir þessu höfum við Íslendingar barist nú í tíu ár í góðri samvinnu við nágranna okkar og fullu samstarfi. Þessi réttindi á að tryggja núna. Það á að ræða þau á næsta fundi. Það er ekki lítið EFTA-mál þar á ferðinni ef það tækist að friða allt þetta hafsvæði og þá auðvitað Eystrasalt í leiðinni. Ég er nú aldeilis hræddur um að Eystrasaltsþjóðirnar — ef þær fá að ráða einhverju sem þær eru byrjaðar að ráða, góðu heilli, og vonandi verður það varanlega — muni taka þátt í því að friða líka Eystrasaltið og hreinsa það. Og það að Finnar komist upp með það að neita um fríverslun í EFTA fyrir það að þeir veiði nokkra laxa og einhverja smásíld! Laxinn sem er búið að friða alls staðar núna. Norðmenn eru búnir að banna laxveiði í sjó hjá sér, það eru bara Færeyingar einir sem rányrkja hann á Norður-Atlantshafi. Grænlendingar veiða að vísu nokkurn lax en þeir hafa rétt til þess, sögulegan og hefðbundinn rétt. Samkvæmt hafréttarsáttmálanum hafa þeir rétt til að veiða nokkuð magn en Færeyingar ekki.

Allt þetta getum við gert og ég veit ekki hverjir mundu betur treysta hag allrar Evrópu en við með því að friða þessi höf. Og hvað ætti að vera meira kappsmál Norðurlandaráðs og EFTA og Evrópubandalagsins en einmitt þetta, að Íslendingar haldi þessari stefnu, tíu ára gamalli, samþykktri á Íslandi með mörgum, mörgum ályktunum, að fylgja henni nú fram til sigurs? Það er mjög auðvelt.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég fagna því að þessi mál eru komin hér til umræðu á Alþingi og vil þakka hv. 12. þm. Reykv., Kristínu Einarsdóttur, fyrir að taka þetta mál hér upp því það væri nánast óeðlilegt að mál af því tagi sem hér er til umræðu sé ekki rætt í þjóðþinginu jafnmikið og kann að vera í húfi og jafnmiklu og það skiptir að rétt og vel sé á þessum málum haldið, þessum stóru samskiptamálum við Fríverslunarsamtök Evrópu og Evrópubandalagið. Mér finnst alveg ástæðulaust að rugla því saman, annars vegar að halda eðlilegan trúnað í sambandi við undirbúning mála á alþjóðavettvangi og hins vegar því að þjóðþingið láti rödd sína heyrast um almenn viðhorf til þessara mála.

Ég vil líka þegar í upphafi þakka hæstv. forsrh. fyrir viðbrögð hans við máli frummælanda. Það var ánægjulegt að heyra hæstv. forsrh. taka af öll tvímæli um það að í þeim samningsdrögum, sem kynnt hafa verið fyrir íslenskum stjórnvöldum og gengið hafa á milli aðildarríkja EFTA, sé ekkert það sem feli í sér á neinn hátt afsal á fullveldisrétti eða afsal á íslenskum réttindum til einhverrar yfirþjóðlegrar ákvarðanartöku eins og það er kallað á stofnanamáli á vettvangi EFTA hvað þá á víðari vettvangi.

Hæstv. forsrh. greindi þinginu frá því að það væri ekki til umræðu að afsala neinum slíkum rétti en hins vegar væru misjafnar skoðanir meðal EFTA-ríkja hversu langt einstök ríki hefðu viljað ganga að þessu sinni í sambandi við yfirlýsingu væntanlega frá fund-

inum í Osló. Þetta er auðvitað mjög þýðingarmikið fyrir þing og þjóð að heyra og vita áður en efnt er til fundar forustumanna ríkjanna með þeim hætti sem hér er að stefnt. Ég fagna því að yfirlýsingar af þessu tagi liggja hér fyrir.

Ég vil jafnframt benda á það hversu mikilvægt það er að þjóðþingin haldi á málum með skýrum hætti gagnvart framkvæmdarvaldinu, hvert svo sem það er, og séu gildir aðilar í stefnumörkun í svo stórum málum eins og hér eru til umræðu. Þróunin er því miður þannig í þingræðislöndum Evrópu að framkvæmdarvaldið er víðast hvar að sækja í sig veðrið á kostnað þjóðþinganna. Þessarar þróunar gætir nánast hvarvetna og við erum ekki lausir við þessa ásókn framkvæmdarvaldsins á kostnað þjóðþingsins en vel að merkja, það er ekki við framkvæmdarvaldið sjálft út af fyrir sig að sakast heldur er það miklu frekar að það skorti á metnað af hálfu þingsins að *halda á sínum hlut með eðlilegum hætti.* Það skortir mikið á það að þetta þjóðþing okkar marki þá stefnu til mála og hafi þá forustu í mikilsverðum málum sem þyrfti og því verður það hlutskipti framkvæmdarvaldsins meira en ella að taka ákvarðanir.

Þingræðið er í hnignun í Evrópu þrátt fyrir allt hið mikla tal um þingræði og lýðræði. Þetta á alveg sérstaklega við um þá stóru heild, yfir 300 milljónir manna í Evrópubandalaginu sem nú er hvað mest um rætt. Þar er þingræðið að verða að skrípamynd eins og fram kom hér í máli frummælanda. Þar hafa þjóðþingin afsalað sér valdi í þýðingarmestumálum, kannski að utanríkismálum undanskildum, til yfirþjóðlegrar skrifræðisstofnana í Brussel og Evrópuþingið situr sem valdalaust apparat í Strasbourg og fær í rauninni ekkert annað gert en að segja álit sitt á málum, veita umsagnir en forusta kemur þaðan ekki til mála. Það er nauðsynlegt að við Íslendingar áttum okkur á þessu eðli þessa bandalags sem að líkindum, eða a.m.k. ef til vill, er á leiðinni yfir í að verða ríki, sambandsríki. Fari svo þá kannski á eftir að stokka upp spilin og koma eitthvað burðugri fótum undir þingræði á þessu svæði, en það er ekki eins og málum er háttað nú í dag. En það er margt sem vísar til þess að ríkin tólf í Evrópubandalaginu eigi eftir að stíga skrefið til fulls yfir í formlega ríkisheild. Það er þess vegna sem ríkin í EFTA eiga engan kost á því að ganga þar inn í bili. Þó það kæmi umsókn frá Austurríki í dag þá eru ekki líkur á því að það sé komið á endastöð með afstöðu og aðild, jafnvel þó meðferðin yrði jákvæð, fyrr en 1995 eða 1996. Inn í ríkið Evrópubandalag fer að sjálfsögðu ekkert hlutlaust ríki og þau eru fjögur í EFTA sem hafa kosið að halda óháðri utanríkisstefnu, hlutleysi hvert með sínum hætti.

Ég nefndi það að ástæða væri til þess fyrir okkur Íslendinga og hér á þjóðþingi okkar að hugsa um stefnumörkun sem fer fram á öðrum vettvangi en hjá okkur. Ég hef nýlega setið Norðurlandaráðsþing. Þar vorum við að fjalla um efnahagsáætlun fyrir Norðurlönd. Að vísu ekki bindandi en rammaáætlun sem hér var rædd í morgun. Hvað skyldu þeir vera margir hér á Alþingi Íslendinga, ætli það sé meiri hluti þingmanna, sem hafa lesið þessa efnahagsáætlun í gegn, frá orði til orðs? Mér vitanlega er hún ekki til á íslensku máli. Mér vitanlega hefur henni ekki verið snarað á íslenskt mál, a.m.k. ekki verið birt. Slík meðferð mála er auðvitað til vansæmdar, að það sé verið að fjalla um þýðingarmikil mál án þess að þau liggi hér fyrir á þjóðtungunni, aðgengileg á Alþingi Íslendinga. Á þessu þarf að verða breyting varðandi öll okkar alþjóðlegu samskipti þannig að það sé ekki skylda að menn séu fluglæsir á erlenda texta til þess að móta sér afstöðu til mála.

Samstarf EFTA og Evrópubandalagsins er hér til umræðu. Auðvitað er vilji, væntanlega hjá öllum hér á Alþingi, að þarna geti tekist gott samstarf, gagnlegt fyrir alla aðila, að það haldist gott samstarf þar sem það er gott, og þróist og verði betra en það er í dag. En það skiptir auðvitað öllu máli með hvaða hætti á *þessum málum er tekið, hvaða skref eru þarna stigin.*

Ég vil vísa til þess sem hér hefur komið fram að menn hafa verið að þoka sér inn á lítt skilgreinda braut í samskiptum þessara aðila á undanförnum árum eins og t.d. með Lúxemborgar-yfirlýsingu forsætisráðherra Evrópubandalagsins og forsætisráðherra EFTA 1984. Það var ýmislegt heldur óljóst í þeirri yfirlýsingu. Þar er talað um evrópskt efnahagssvæði sem aldrei hefur í rauninni verið skilgreint í hverju eigi að felast, hvert eigi að stefna undir því hugtaki. Þetta er eins konar regnhlíf yfir allt mögulegt og menn hafa verið að vinna undir þessari regnhlíf. Ég vil ekki halda því fram að þar hafi orðið nein stórslys á þeim árum sem síðan eru liðin, en þetta sýnir aðeins hvað það er nauðsynlegt fyrir hvert þjóðríki að átta sig á inntaki þess sem verið er að fjalla um, hvað þá að skrifa undir skuldbindandi. Og eitt er það að styrkja EFTA sem frjáls fríverslunarsamtök sjálfstæðra þjóða og annað það að fara yfir á þá braut að afsala sér fullveldi í mikilvægum málum sem greinilega er tilhneiging til hjá sumum EFTA-ríkjanna að gera. Forsrh. okkar segir: Það verður ekkert gert nema allir verði samstiga. En við skulum gæta að því að þó að við getum verið öflugir og ákveðnir Íslendingar, þá verðum við að gæta að því að lenda ekki í þeirri aðstöðu að telja okkur knúða til þess vegna þess að við erum komin inn á ákveðið spor, að stíga skref sem við teljum vafasöm, sem eru viðsjárverð varðandi framtíðarhagsmuni þjóðarinnar. Þess vegna er það svo þýðingarmikið að forsrh. Íslands geri sér fyllstu grein fyrir því, eins og má ráða af hans máli að hann geri, inn í hvaða samhengi er verið að tala og verður talað á væntanlegum fundi forsætisráðherra í Osló í næstu viku. Auðvitað liggur ekki allt fyrir, en það liggja fyrir drög að textum og fjölmiðlar hafa verið að birta glefsur úr þessu, bæði hér heima en alveg sérstaklega á Norðurlöndum. Ég vil líka leggja á það áherslu að það er ekki sama um hvað er verið að tala. Það er hægt að hugsa sér skuldbindandi ákvarðanir í alþjóðasamstarfi, jafnvel eitthvað sem má túlka sem yfirþjóðlegt í vissum málaflokkum þar sem þjóðirnar eiga sameiginlega hagsmuni. Við get-

um nefnt afvopnunarmál þar sem menn gera skuldbindandi samninga sem eru öllu mannkyni til framdráttar, og við getum nefnt umhverfismálin, skuldbindandi ákvæði um úrbætur í umhverfismálum, og jafnvel að þar séu menn að fórna einhverju af ýtrustu sjálfstæðiskröfum, þ.e. að menga ekki umhverfið vegna þess að það berst til annarra. En það er allt, allt annars eðlis en það að afsala sér sjálfræði þjóðar í efnahagsmálum, í undirstöðuþáttum varðandi stjórn efnahagsmála. Það á ekkert skylt við það sem er gert, sem betur fer, í samstarfi þjóða og sumpart skuldbindandi varðandi umhverfismál.

Það er dálítið athyglisvert að ágætur forsætisráðherra Noregs, Gro Harlem Brundtland, sem veitir flokki forustu sem strekkir leynt og næstum ljóst inn í Efnahagsbandalag Evrópu, Verkamannaflokknum norska, og þar er verið að læða því inn til norsku þjóðarinnar að það sé allt í lagi að fórna ákveðnu sjálfræði í efnahagsmálum, mynda tollabandalag, taka upp frjálst streymi fjármagns, þjónustu, fólks, vöru, vegna þess að við erum hvort sem er í yfirþjóðlegu samstarfi í sambandi við umhverfismál. Norski forsætisráðherrann er mikill atkvæðamaður. Hún er atkvæðamikil á alþjóðavettvangi í umhverfismálum. En þarna eru villiljós á ferðinni, að mínu mati, sem fyllsta ástæða er til að gefa gaum og það er áreiðanlega gert í Noregi. Þar eiga menn viðkvæma umræðu að baki sem hér var minnt á í upphafi í sambandi við þjóðaratkvæðagreiðsluna um inngöngu í Evrópubandalagið eða Efnahagsbandalagið eins og það þá var nefnt, árið 1972, þar sem felld var aðild gegn þorranum af stjórnmálaforustu í Noregi, m.a. í Verkamannaflokknum og í hægri flokkunum.

Ég hef hér í höndunum norskar blaðaúrklippur frá í dag þar sem er verið að greina frá, til viðbótar við það sem komið hefur fram áður en með eitthvað fyllri upplýsingum kannski, efninu í þeim pappírum sem liggja nú á borðum forsætisráðherra EFTA-ríkjanna. Og þar kemur það m.a. fram — ég ætla ekki að fara að vitna hér í með löngu máli af því að þetta eru þeir pappírar sem við höfum, þetta er það sem fjölmiðlarnir greina okkur frá — að dregið hafi verið úr þeim áherslum sem lágu fyrir í fyrri drögum og greint var frá og vitnað til einmitt hér í upphafi af frummælanda um t.d. að í þessum textum felist afsal á þjóðréttindum. Það sé dregið úr því en hins vegar er látið að því liggja, t.d. hér í Dagblaðinu norska, að það sé ekki allt sem sýnist í þeim efnum að mati ýmissa sem farið hafa yfir þessa texta. Þar séu t.d. amennar formúleringar, eins og segir á norskunni, um að EFTA muni leitast við að leysa innri óeiningu og semja við Efnahagsbandalagið með einni rödd, „med en stemme". Nú veit ég ekkert hvað er rétt í þessum efnum en þetta er það sem látið er liggja að hér í Dagblaðinu sem fyrst kom fram með brot úr textum sem hvorki hafa verið staðfest né þeim neitað af þeim sem þá hafa handa á milli. Og að mati ýmissa stjórnmálamanna norskra sem hafa farið yfir þessi mál segir Dagblaðið norska að ýmsir þeirra telji að þetta feli í sér vissa breytingu, visst afsal í þjóðréttarlegu tilliti yfir til EFTA, en þetta er vafalaust túlkun aðila sem skilja þættina með öðrum hætti en þeir sem ætla sér að standa að yfirlýsingununum. Það eru svona þættir sem ég nefni hér til þess að forsrh. okkar vandi sig í öllum þáttum sem að þessu lúta, til þess að þær yfirlýsingar sem hann hefur gefið á Alþingi Íslendinga standi með réttu þegar þessum fundi er lokið.

Það eru líka raktar hér deilurnar í Noregi um þessi mál. Það er ekkert einstakt að það er verið að ræða þessi mál á Alþingi Íslendinga. Þetta var í gær í umræðu í Stórþinginu norska af tilefni þriggja fyrirspurna og EFTA-ráðherrann Jan Balstad vék sér nokkuð fimlega undan og hélt auðvitað trúnað við pappírinn eins og krafist er í þessum undirbúningi að fundi forsætisráðherranna og staðfesti út af fyrir sig ekkert, var loðmæltur eins og hér er sagt í blaðafregnum. En það kom fram þarna mjög eindregin andstaða og viðvaranir frá talsmanni Miðflokksins norska, Senterpartiet, sem einnig hefur verið vitnað til hér fyrr í umræðunni, sem telur að þarna sé of langt gengið að hans mati í þessum efnum. Hvort hann hefur haft uppkastið fyrir framan sig skal ég ósagt látið, en það er eftir honum haft hér. Sama gildir um Sósíalíska vinstri flokkinn, sama gildir um Kristilega flokkinn í Noregi, svo að það eru deildar meiningar þarna um túlkun á þessum textum og við skulum gæta að því, og ég treysti því að það verði vel lesið áður en ákvarðanir eru teknar. Og ekki þá meira um málin á erlendum vettvangi þessa dagana af minni hálfu.

En mig langar aðeins að víkja að reynslu nágranna okkar og gamallar herraþjóðar yfir Íslandi, Dana, sem eru búnir að vera í Evrópubandalaginu síðan 1972. Ætli sé nú einhver almenn ánægja með þá þróun? Ég er ekki að taka það upp hér vegna þess að ég sé að gera því skóna að við séum á leiðinni í Evrópubandalagið, að það eigi vonandi eftir að renna vatn til sjávar, ekki aðeins áratugi heldur aldir áður en Íslendingar stígi slík skref inn í stórar þjóðarheildir, þjóðblöndu af því tagi sem Evrópubandalagið er í núverandi formi eða stærra. En við erum að ræða hér efnislega svipaða þætti og hafa ráðið miklu um þróun í Danaveldi á undanförnum árum. Við erum að fjalla um það að í hinu evrópska efnahagssvæði flytji menn sig inn á frjálst streymi fjármagns, frjálst streymi með þjónustu og fólk, fyrir utan frjáls viðskipti með vörur sem við erum jákvæð gagnvart. Það er nú ekki blessunin ein sem hefur fylgt þessu hömluleysi á þessum sviðum peninganna í Danaveldi. Það er verið að spá því að innri markaðurinn eigi að tryggja aukinn hagvöxt og velsæld og draga úr atvinnuleysi. Atvinnuleysi hefur farið ört vaxandi undanfarna mánuði í Danmörku, tugir þúsunda bæst við núna eftir áramótin. Og velferðarríkið Danmörk, sem er nú kannski orðið svolítið götótt á köflum, er í hættu að margra mati, m.a. vegna þess að Danir verða trúlega knúðir til þess að afsala sér skatttekjum, breyta skattkerfi sínu sem gerir þeim mjög erfitt fyrir að tryggja fjársöfnun í sameiginlegan sjóð Dana til þess að halda uppi þessu velferðarkerfi. Og hvað

um þætti eins og umhverfisvernd, eins og verndun starfsumhverfis og eins og neytendavernd? Allir þessir þættir eru í verulegri hættu innan Danmerkur vegna kröfunnar um samræmingu innan Evrópubandalagsins. Sama mun verða uppi á teningnum ef við ætlum að ganga brautina áfram til samræmingar varðandi þessi atriði, samræmda staðla og annað þess háttar sem kann fyrr en varir að verða á dagskrá hjá þeim sem ganga vilja langt í þessum efnum, að opna fyrir hömlulaust streymi fjármagns og fleiri þátta einnig á EFTA-svæðinu.

Ég ætla ekki að fara út í það hér, virðulegi forseti, að gera því skóna hvaða áhrif frjálst fjármagnsstreymi hefði á íslenskt samfélag, afsal á stjórntækjum hér í efnahagsmálum, afsal á því að geta ráðið gengi íslensku krónunnar, afsal á því að geta ráðið hér vöxtum sem yrði afleiðingin af frjálsu fjármagnsstreymi til og frá landinu. Hvað ætli þetta þýddi fyrir Ísland? Við getum velt því fyrir okkur. Ég ræði það ekki mikið nú en t.d. við sem erum fulltrúar landsbyggðar hér á Alþingi Íslendinga, hvaða stöðu ætli byggðamálin hefðu sem hafa nú ekki verið mjög hátt skrifuð eða hátt í þeim pundið hér í stjórnvaldsákvörðunum á undanförnum árum? Hvers ætli við myndum verða megnug í þeim efnum að viðhalda byggð í okkar landi ef við opnuðum fyrir gáttir fjármagnsins eins og krafan er um hjá ýmsum, einnig þeim sem ætla að vera í EFTA og vilja ekkert inn í Evrópubandalagið í bili en taka niður hömlurnar í sambandi við fjármagnið?

Þess vegna á það ekki að vera á dagskrá af hálfu Íslands að fara að skrifa upp á neitt af því tagi í sambandi við EFTA-samstarf á næstunni. Málið er auðvitað alveg órætt og óskoðað hér á Alþingi Íslendinga. Vissulega sagði hæstv. forsrh. hér áðan að það stæði ekkert slíkt til, að skrifa upp á það. Það væri fullur fyrirvari á öllu þessu sem snýr að fjármagnsflutningum, svokölluðu frelsi í þjónustu, og varðandi tilfærslu vinnuafls svo að við gætum verið róleg í bili. Við eigum hins vegar eftir að fá umræðuna um þetta hér á Alþingi og hún er þegar að koma upp hér í þjóðfélaginu og það geta orðið átök og við skulum búa okkur undir þau og ræða málin af sem mestu viti, innsæi og þekkingu. Skoðanir geta síðan verið skiptar og er ekkert við því að segja. Það eru hin lýðræðislegu skoðanaskipti sem við þurfum að ástunda hér og ákvarðanir í ljósi þess.

Ég vil þá aðeins koma hér, virðulegur forseti, að samskiptum Íslands sem EFTA-ríkis við Evrópubandalagið. Það hafa verið alveg þokkaleg samskipti Íslendinga við Evrópubandalagið nú um langt skeið, vissulega ekki hnökralaus, sjálfsagt að mati beggja ekki hnökralaus. Það eru nefndir hér tollar sem hafa óvænt komið upp varðandi saltfiskviðskipti, útflutningur okkar á saltfiski til Evrópubandalagsins. Auðvitað er það verulegt hagsmunamál, sem við verðum að reyna að leysa með samningum. Við gerðum samning árið 1972 og honum fylgdi bókun en sú bókun tók ekki gildi fyrr en 1976 þegar búið var að leysa deiluna um landhelgismálið, þ.e. að mati Evrópubandalagsins. Þeir nefnilega neituðu að bókun 6 tæki gildi 1972 vegna þess að þeir voru ekki ánægðir með stefnu Íslendinga í landhelgismálum. Við skulum minnast þess, nú þegar þetta bandalag, þessi stóri viðskiptaaðili okkar, setur fram kröfuna um það að komast inn í íslenska fiskveiðilögsögu, og hvað sem sagt er eða sagt ekki í veislum og ræðuhöldum, þá er það inni í stefnumiðum Evrópubandalagsins enn í dag að tengja saman veiðiréttindi og frjáls viðskipti með fiskafurðir. Það er þarna á blaði, hvort það verður krafa í samningum, hvort það verður pólitísk hindrun á samningum, á það hefur ekki reynt til hlítar. En ég vil aðeins segja um þetta mál: Við eigum ekki að opna fyrir samningaviðræður um neitt sem heitir skipti á veiðiheimildum varðandi fiskstofna innan íslenskrar efnahagslögsögu, innan íslenskrar landhelgi, út á einhverja möguleika á veiðum annars staðar. Það á ekki að vera til umræðu. Það er enginn stuðningur við slíkar hugmyndir á Íslandi og við eigum ekkert að vera að viðra þær. Ég hef ekki legið á því, þó að ég hafi ekki haft hátt um þá skoðun mína undanfarna daga, að ég tel það mjög óheppilegt ef farið væri út í það að taka upp viðræður af því tagi vegna þess að ég tel að þá værum við í rauninni ekki að ganga fram með eðlilegum hætti gagnvart þessum samningsaðila. Við segðum honum ekki rétt. Það fær enginn stjórnmálamaður hér heimildir í hendur til þess að semja um skipti á veiðiheimildum, a.m.k. ekki sem neinu máli skiptir. Ég hef enga trú á því. Þá eigum við að segja það, enda engin rök fyrir því að fara að skipta á náttúruauðlindinni fiski upp á einhver betri samskipti, upp á það að fá frjáls viðskipti eftir almennum lögmálum fríverslunar. Það eru ekki nokkur rök fyrir því. Á sama hátt geta menn gengið inn í landhelgi Noregs og sagt: Sko, við viljum fá hérna hluta af norsku olíulindunum, annars fáið þið ekki heimsmarkaðsverð fyrir olíuna ykkar á alþjóðlegum mörkuðum. Fiskurinn er okkar náttúruauðlind og um hann verður ekki samið við aðrar þjóðir. Við ætlum að nýta hann, halda vel á honum og forðast að fiskimiðin okkar mengist.

Eins og hér hefur komið fram í máli manna er það ekkert gustukaverk að bjóða fisk til sölu suður í Evrópu. Við þurfum ekkert að ganga bónarveg til þess með góðar afurðir héðan. Þetta eru gagnkvæmir hagsmunir, hagsmunir Evrópubandalagsins m.a. að fá fiskinn frá Íslandi nú og í framtíðinni og við þurfum ekkert að beygja okkur undir einhverjar úreltar hugmyndir um að fara að úthluta eða afsala okkur hluta af náttúruauðlindum landsins til að geta átt slík samskipti. Hér þarf að hafa skýra afstöðu og ekki ganga inn á skilgreiningar sem eru á pappírnum suður í Brussel og alltaf er verið að halda að Íslendingum öðru hverju.

Ég er mjög undrandi á því að það skuli vera að finna stuðning við það hér, jafnvel á Alþingi Íslendinga, að halda þannig á máli. Ég held að það sé mjög langt frá því að það sé einhver meirihlutastuðningur við slík sjónarmið, að fara að taka upp samninga um gagnkvæmar veiðiheimildir.

Hér hefur verið nefnt sem ávinningur sem sé á blöðunum sem á að leggja fyrir forsætisráðherrana í Osló að þar verði viðurkennt meginsjónarmið um fríverslun með fisk. Sannarlega er tími til kominn, sannarlega góður þáttur og gott að fá slíkt fram. En það á ekki að kaupa það neinu verði. Það þarf ekki að kaupa sanngirnissjónarmið eins og það að fiskur sé eðlileg vara í fríverslunarsamskiptum. Við eigum ekki að gjalda það með einhverju verði á öðrum sviðum. Þetta er eðlileg gagnkvæm krafa. Eins og við hleypum hér iðnvarningi annarra þjóða tollfrjálst inn í landið eigum við auðvitað réttinn að versla með fiskafurðir án hindrana. Það er ekki til að skreyta, hvað þá að vega þá á móti einhverju öðru.

Virðulegur forseti. Ég mun senn ljúka máli mínu. Ég hvet hæstv. ríkisstjórn og hæstv. forsrh. til að gæta ýtrustu varúðar, eins og ég heyri að er hans vilji, í meðferð mála á vettvangi EFTA, bæði nú og framvegis meðan hann heldur þar á málum. Ísland fær stóran hlut á þeim vettvangi síðar á þessu ári, sem er formennska í EFTA-ráðinu, hver veitir þar forustu, sem leggur á okkur verulega ábyrgð en veitir okkur auðvitað færi um leið til að hafa enn frekar áhrif á þessum vettvangi en ella. Við tökum eftir því, bæði hér á Alþingi í umræðum og eins í viðræðum í nefndum á vegum þingsins, að það eru uppi talsvert breytileg viðhorf til þessara samskiptamála, bæði á vettvangi EFTA og við Evrópubandalagið. Það er út af fyrir sig ekkert við það að athuga á meðan það leiðir ekki til þjóðhagslegs tjóns eða tjóns fyrir framtíð Íslands. Það er hún sem við erum með sem fjöregg í okkar höndum og berum ábyrgð á í þessum málum. Og þar verðum við að vanda okkur sannarlega. Þar megum við hvergi rasa um ráð fram. Og það er svo víðs fjarri að það sé búið að vega og meta málin hér með tilliti til einhverra stórra breytinga í samskiptaháttum við nágrannaríkin að það væri á nokkurn hátt forsvaranlegt að taka einhverjar ákvarðanir þar. Þjóðþingið er að byrja að ræða þessa hluti, rétt að byrja. Við sem erum í Evrópunefnd þingsins höfum átt þess kost að fylgjast meira með þessum málum, skoða þessi mál meira en aðrir þingmenn. Við höfum verið sett í það hlutverk. En þingið allt þarf að vera á sama stigi þegar það fær það verkefni hugsanlega að meta hugsanlegar breytingar sem við verðum líka að vera opin fyrir að vissu marki.

Það skiptir afar miklu, virðulegur forseti, að þjóðin geti verið samstiga í þessum stóru hagsmunamálum, bæði hvað snertir viðskipti, menningarleg samskipti og félagsleg málefni sem við skulum síst af öllu gleyma að eru einnig á þessu borði. Það eru ekki bara viðskipti. Það er ekki bara fjármagn og peningar. Það eru félagsleg samskipti fólks, staða fólks og það er fólkið sjálft. Því er hér mikið í húfi.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Áður en áfram verður haldið vil ég minna menn á að taka tillit hver til annars hér. Það hefur þegar komið fram að hæstv. forsrh. er með fund kl. hálffimm. Hér eru á mælendaskrá einir fimm hv. þm. þannig að ég vil biðja menn að stilla máli sínu í hóf.

Kjartan Jóhannsson:

Frú forseti. Ég væri í sjálfu sér alveg reiðubúinn að nota hluta af ræðutíma síðasta ræðumanns ef það væri mögulegt. En því háttar einu sinni þannig að það er ekki mögulegt að nota tíma sem þegar hefur verið nýttur.

Ég tók eftir því í málflutningi síðasta ræðumanns að undir lok ræðu sinnar lagði hann áherslu á að ekki mætti halda svo á málum í þessum efnum að það leiddi til þjóðhagslegs tjóns. Ég held að það sé ekki á stefnu nokkurs þingmanns að halda svo á málum að við verðum fyrir þjóðhagslegu tjóni. Ég ætla að leyfa mér að halda að allir þingmenn hafi áhuga á því að hafa hag af þeim samskiptum, þeim samræðum, þeim samningum sem fram undan eru í þessum efnum.

Hv. þm. sagði líka að þeir sem hefðu verið í Evrópustefnunefnd hefðu haft betra tækifæri til að skoða þessi mál en aðrir og vissulega er það svo. Og hann sagði líka að umræðan um þetta væri rétt að byrja. Mér verður stundum hugsað til þess að þegar ég flutti hér þáltill. fyrir einu ári um að þessi nefnd yrði sett á fót var engin umræða um þessi mál hér á landi, nánast engin. Nú er umræðan þó hafin. Hvort starf nefndarinnar hefur átt einhvern þátt í því skal ég ekkert um segja, en ég vona að hann hafi verið einhver og að starf hennar hafi orðið til þess að menn hafi frekar farið að hyggja að þessum málum.

En þá ætla ég líka að koma að öðru atriði sem ég taldi markmið þegar þessi nefnd var sett á fót og það var það að um þessi mál gæti þá farið fram málefnaleg umræða, byggð á vitsmunum, byggð á þekkingu. Og ég vara menn við því að setja sig nú í einhverjar æsingarstellingar út af ímyndaðri hættu, ímynduðu afsali á þjóðréttindum eða ímyndaðri hættu á því að hagur þjóðarinnar verði fyrir borð borinn. Ég tel nefnilega að það sé mjög nauðsynlegt í umfjöllun um þetta mál að menn fari um það orðum af yfirvegun og með því að kynna sér málin og vera tilbúnir að skoða á því allar hliðar.

Það er auðvitað gífurleg þróun sem er að eiga sér stað í kringum okkur í Evrópu. En við skulum horfa á að þó að mikið sé talað um ártalið 1992 um þessar mundir og það sem eigi að gera fyrir þann tíð er þetta framhald á þróun sem við getum rakið allt frá stríðslokum, að menn hafa verið að brjóta niður múrana milli þjóðanna. Það var bent á það hér að það hafi verið gert varðandi vöruviðskipti á fyrri hluta þessa tímabils, en við vorum þátttakendur í því í kringum 1970. En síðan hefur þetta verið að þróast stig af stigi og það sem á að gerast innan Evrópubandalagsins 1992 er bara eitt skref í viðbót á þessari þróun. Þeir hafa sett tímatakmörk um hvenær þeir ætli að ná þeim áfanga, en þar að auki mun þróuninni ekki ljúka einmitt á þeim tímapunkti.

Ég minni á að við vorum sein til að tileinka okkur

þá þróun sem hér var á ferðinni. Ef ég minni á viðreisnina og þá opnun og það frjálsræði í viðskiptum sem tekið var upp í kringum 1960 vorum við áratug á eftir öðrum þjóðum í Evrópu. Það var blessunarrík ákvörðun, það frjálsræði sem við innleiddum þá í vöruviðskiptum. Samningarnir við Evrópubandalagið og samningar okkar með þátttöku í EFTA leiddu líka af sér ánægjulega þróun. En við vorum alltaf heldur á eftir hinum. Það sem nú er fram undan er bara næsta skref og þegar menn hugsa um það og mikla fyrir sér hættuna af þessu skrefi ættu menn að horfa til baka og skoða umræðuna sem var hér þegar menn stigu hin skrefin og skoða það síðan í ljósi þess að menn hafa haft upp úr því góða hluti, ánægjulega framvindu. Menn mega ekki vera allt of hræddir við breytingar og menn mega heldur ekki halda að árið 1992 skelli hurð á hæla, þá sé allri þróun lokið. Það er ekki svo.

Markmið Evrópubandalagsins um óskiptan innri markað eru náttúrlega langtum eldri en hvítbókin. Þau koma fram þegar í Rómarsáttmálanum. En það er með hvítbókinni sem þeir setja sér tímaplan um ákveðinn áfanga í þessum efnum.

Samskipti EFTA og EB hafa líka verið að þróast í samræmi við þetta. Þetta hefur þýtt að EFTA hefur verið að þróast úr því að vera hin þröngu fríverslunarsamtök í það að vera vettvangur þar sem fjallað væri um ný málasvið. Ég er ekki í neinum vafa um að sú þróun mun halda áfram og ég er reyndar sannfærður um að árið 1989 verður afdrifaríkt í þessum efnum. Þetta þýðir að EFTA er að fá nýtt hlutverk og það krefst þess sem menn hafa gjarnan kallað óskilgreint styrkingu á EFTA. En það má segja að ræða Delors hafi þýtt að menn færu að reyna að skýra það fyrir sjálfum sér hvað það þýddi að það ætti að styrkja EFTA. Ég skal koma að því síðar.

En grundvallaratriðið sem verður að hafa í huga í þessu sambandi er það að öllum er það mjög í mun, okkur Íslendingum, öðrum þjóðum í Evrópu að þróunin leiði ekki til þess að Evrópa klofni í tvær heildir og ef það er markmið okkar verðum við eitthvað á okkur að leggja til þess að samstarf geti tekist milli EFTA-þjóðanna og Evrópubandalagsins, þar á meðal að skoða uppbygginguna á EFTA.

Það er kannski rétt að minna á að það er ekki í stefnu okkar að gerast aðilar að Evrópubandalaginu. Við viljum vinna sem mest í gegnum EFTA, en þá verðum við líka að vera reiðubúin að axla ábyrgðina á því að vera þar þátttakendur og taka þátt í þeim ákvörðunum sem þarf að taka.

Varðandi styrkinguna á EFTA vil ég segja að ef menn horfa á hvernig EFTA vinnur núna eru teknir fyrir litlir hlutir í einu, mjög afmörkuð málasvið og vinnubrögðin eru þau að það eru settir niður sérfræðingahópar til að fjalla um þau. Það sem menn eru nú að tala um er að hin pólitíska stefnumörkun komi á undan. Menn geta kallað það valdaframsal ef þeir vilja, en það er ekki meira valdaframsal en menn vilja. Þetta er spurningin um vinnubrögð, að pólitíkusarnir verði í rauninni virkari í stefnumörkuninni og að þeir sem vinna að útfærslunni hafi umboð til þess að vinna að málum.

Menn tala líka um samskiptin við Evrópubandalagið og ég tók eftir því að frummælandi, hv. þm. Kristín Einarsdóttir, talaði um það í einhverjum vandlætingartón að það ætti að koma upp sameiginlegri stofnun um ákvarðanatöku, það hafi komið fram í ræðu Delors. En hvað felst í þessu? Það felst í þessu að menn eru ekki ánægðir með hvernig samskiptin eru milli EB og EFTA og menn eru að ræða um að koma sér upp nefnd sem skipuleggi í rauninni hvernig eigi að taka málasviðin fyrir, hvað skuli hafa forgang, geri hugsanlega tímaáætlanir um hvernig skuli að þessu vinna. Í þessu felst ekkert meira valdaframsal en menn vilja. Það eina sem menn eru að fjalla um núna er það hvort menn eigi að ræða um þessi mál. Mín skoðun er sú að menn eigi að ræða þau vegna þess að þetta er vandamál og það þarf að finna betri farveg til að halda uppi þessum samskiptum milli EFTA og EB og það er okkur mikilvægt af því að við erum í EFTA og ætlum að vinna á þeim vettvangi.

Hv. þm. Kristín Einarsdóttir talaði líka í einhverjum vandlætingartón um að menn afsali sér lögsögu. Þetta var kannski ekki vel skiljanlegt, en ég held helst að það sem hún hafi verið að höfða til sé það vandamál að við Norðurlandaþjóðirnar í EFTA gerum alþjóðasamninga sem hafa ekkert lagagildi í okkar löndum. Þeir hafa hins vegar lagagildi í hinum EFTA-löndunum, í Alparíkjunum, Sviss og Austurríki. Þetta er vandamál sem menn verða að taka á.

Ég vil nota þetta tækifæri, og held að það sé gagnlegt að gera það, til að benda á nokkur atriði sem við verðum að vera tilbúin að taka afstöðu til í náinni framtíð vegna þess að þau munu verða á dagskrá innan EFTA og í samskiptum EFTA og EB. Ég ætti kannski fyrst að nefna fríverslun á fiski. Það tók að vísu tvö ár að koma því í gegnum þingmannanefnd EFTA, það tók eitt ár til viðbótar að koma því í gegnum ráðgjafarnefndina og ég hef alltaf gert ráð fyrir því að það tæki nokkur ár að koma því endanlega í höfn, en ég er nú allsannfærður um að það muni takast. Ef það hins vegar ekki tekst er það mjög alvarlegt mál fyrir okkur og það er hinum EFTA-löndunum og yfirstjórn EFTA mjög vel ljóst. Ég vona að við þurfum ekki að setja okkur í þær stellingar að það takist ekki.

Ég minntist aðeins á styrkingu EFTA. Ég vil minna á eitt atriði til viðbótar því sem ég minntist á þar. Það snýr að lagahliðinni. Það snýr að því hvernig eigi að skera úr deilumálum. Staðan er í rauninni þannig nú að við Íslendingar höfum meiri rétt í samskiptum okkar við EB en í viðskiptum við önnur EFTA-lönd af þeirri einföldu ástæðu að ef einhver íslenskur aðili telur á sér brotið gagnvart samningum við EB getur hann skotið máli sínu til Evrópudómstólsins ef það er EB-land sem á í hlut. En ef það væri eitthvert EFTA-landið sem ætti í hlut getum við það ekki. Þetta er vandamál sem EB sér líka. Auðvitað kemur þetta mál upp á borðið um mismunandi réttarstöðu og

hvernig eigi að leysa úr þessu. Þetta er íhugunarefni, þetta er til úrlausnar og það þýðir ekkert að tala um það í neinum æsingi. þetta er bara svona.

Kannski ætti ég að segja fáein orð um það þegar menn tala hér af miklum móð um valdaframsal. Þá segja sumir: Á EFTA þá að verða sams konar stofnun og EB? Það er fáránlegt vegna þess að ef EFTA ætti að verða sams konar stofnun og EB hefðu EFTA-ríkin ekkert með það að gera að vera í EFTA. Þá ættu þau að ganga í EB. En ég get líka sagt í leiðinni að þegar menn eru að ræða um að aðrar þjóðir, Norðmenn, Austurríkismenn, muni ganga í EB ættu menn að horfa til þess að jafnvel þó þær legðu fram umsóknir næstu þrjú árin eða eitthvað slíkt mundu þau ekki vera komin inn í EB fyrr en eftir sjö ár eða eitthvað því um líkt þannig að við stöndum alla vega frammi fyrir því að þær EFTA-þjóðir sem nú eru í EFTA munu vera þar áfram í um það bil sjö ár. Það þýðir líka að það þýðir ekkert að vera að velta því fyrir sér, EFTA verður að rísa undir hlutverki sínu a.m.k. í þessi sjö ár.

Þetta er um það hvaða málefni ég tel að muni koma upp á borðið varðandi starfsemi EFTA. En síðan eilítið um málefnasvið. Þau hafa í rauninni verið auðveld hingað til, en það er ýmislegt á leiðinni. Við höfum uppgötvað að það er verið að takmarka aðgang Íslendinga að menntastofnunum innan EB. Við eigum að beita okkur innan EFTA til að fá EFTA til að taka það upp sem sérstakt mál gagnvart EB að ekki sé mismunað. Ef menn eru að tala um að það eigi að vera til einhver sameiginleg Evrópa og hún eigi ekki að klofna í tvennt er þetta grundvallaratriði og skiptir mjög miklu fyrir okkur Íslendinga. Þetta er kröfumál sem við eigum að setja upp.

Ég get ekki drepið á allt, en ég minni á samgöngumálin. Flugsamgöngur eru okkur mjög mikilvægar. Á því sviði er að eiga sér stað þróun í að afnema allar takmarkanir innan EB. Hvaða áhrif mundi slíkt hugsanlega hafa fyrir okkar aðalflugfélag, Flugleiðir, eða fyrir flugsamgöngur okkar yfirleitt? Þarna þurfum við greinilega að undirbúa okkur vel og fylgjast vel með.

Það hefur verið minnst á aðra hluti eins og frelsi í fjármagnsflutningum, samræmingu á reglum varðandi bankastarfsemi, gagnkvæman rétt til rekstrar á fjármagnsstofnunum eins og bönkum og rétt til þátttöku í atvinnurekstri, þ.e. erlenda eignaraðild í fyrirtækjum. Þetta kemur allt upp á borðið hvort sem okkur líkar betur eða verr og við verðum þess vegna að undirbúa okkur undir ákvarðanatöku og stefnumörkun í þessum efnum. Við skulum bara horfa til þess að grannþjóðir okkar, frændþjóðir okkar á Norðurlöndum sem hafa verið með ýmiss konar takmarkanir í þessum efnum, eru að fleygja þeim burt af þeirri einföldu ástæðu að þær telja þessar takmarkanir ekki vera þess virði að vera að halda í þær og að takmarkanirnar geti þýtt að þær einangrist. Ef þær einangrast dragast þær aftur úr og það væri ekki þjóðhagslega hagkvæmt.

Ég veit að Íslendingar óttast mjög um hluti eins og þessa. En við verðum samt að meta þá af raunsæi. Það er sjálfsagt að taka upp hinn flötinn á þessu máli. Við höfum horft til þess í hálfgerðri örvæntingu að það yrði ekki nein iðnþróun á Íslandi. En það má þá spyrja þeirrar spurningar: Getur verið að það sé vegna þess að við höfum verið með svo miklar takmarkanir að því er varðar hugsanleg samskipti, samvinnu og eignarhlutdeild erlendra aðila í íslenskum fyrirtækjum? Mér finnst rétt að menn velti því fyrir sér.

Tökum eina hlið á fjármagnsflutningunum. Þingmenn sitja hér á hverju ári og hafa mjög mikið fyrir því að samþykkja aðhald í peningamálum og samþykkja lánsfjárlög með alls konar takmörkunum. En hver er útkoman? Það er ekkert að marka lánsfjáráætlun. Það er allt saman langt fram úr. Við höldum að við séum með einhvers konar lokað kerfi og setjum dyraverði hér og hvar sem eiga að hleypa inn, en þessir dyraverðir eru greinilega nákvæmlega sömu gerðar og dyraverðirnir í samkomuhúsunum. Þeir hleypa alltaf langtum meiru inn en húsið tekur. Og til hvers er þá að vera með þá? Hefur þetta einhver áhrif? Ég held að það sé mikið íhugunarefni hvort þær takmarkanir sem menn hafa komið sér upp í þessum efnum skili þeim árangri sem menn halda. Ég held að þær geri það ekki. Og ég held meira að segja að þær verði til þess að þetta fjármagnsflæði verði í rauninni meira en það væri ef menn settu dyraverðina af og takmarkanirnar og leyfðu þessu að vera frjálslegra en það er núna.

Ef við lítum á fjármagnsþjónustuna, rétt manna til að leita sér fjármagnsþjónustu á víðari vettvangi, vitum við hver staðan er hérna núna. Það eru hér mjög háir vextir, langtum hærri en annars staðar. Þess vegna er m.a. ásókn í erlent lánsfé. Menn hafa verið að tala um það hér í fjölda ára að það þyrfti að endurskoða bankakerfið. Mín skoðun er sú að úr því að menn hafa ekki getað tekið pólitíska ákvörðun um það hingað til muni þeir heldur ekki geta það í framtíðinni. En ef það væri leyfð einhver samkeppni um bankaþjónustuna. Það skyldi þó ekki vera að þá mundi það knýja á um einhverja uppstokkun. Þessum rökum tel ég nauðsynlegt að menn haldi til haga. Ég er ekki að gefa hina endanlegu lausn á þessu máli. En það eru fleiri en ein hlið á málinu og við þurfum að hyggja að þeim öllum.

Það er dýr fjármagnsþjónusta á Íslandi. Fyrirtæki með þessa dýru fjármagnsþjónustu eiga að keppa við fyrirtæki sem hafa ódýra fjármagnsþjónustu annars staðar. Auðvitað þýðir það að samkepnisstaða íslenskra fyrirtækja er langtum verri en hinna fyrirtækjanna. Það er líka flötur á þessu máli sem menn verða að skoða.

Fáein orð um samskipti okkar beint við Evrópubandalagið. Við þurfum að fá aðgang að mörkuðum. Við þurfum að taka upp saltfisktollinn alveg sérstaklega. Það þýðir að við þurfum að fjalla um tollamálin. Þá fjöllum við um tollamálin sér. Það getur vel skeð að það sé eitthvað af tollum af vörum frá þeim sem við getum haft sem einhverja skiptimynt í samskipt-

um varðandi tollamálin. Við skulum þá skoða það. Við þurfum sérsamninga um menntamálin, við þurfum sérsamninga um samstarf á sviði rannsókna, m.a. hafrannsókna. Og hvort sem okkur líkar betur eða verr koma sjávarútvegsmálin og fiskveiðarnar upp á borðið. Ekki af því að ég telji að Evrópubandalaginu sé ekki fyllilega ljóst að það eigi engan rétt í okkar lögsögu, geti ekki gert neinar kröfur. En þeir hafa haldið því til haga allan tímann að þeir vildu ræða þetta. Og vel að merkja: Ég tel líka að þeim sé fyllilega ljóst að við erum ekki til viðtals um að skipta á veiðiheimildum og viðskiptafríðindum, fyllilega ljóst að það þýði ekki að tala við okkur með þeim hætti. Menn mega alls ekki blanda því saman við viðræður um hugsanleg skipti á veiðiheimild fyrir veiðiheimild. Og ég hef sagt: Ef þeir vilja svoleiðis umræður skulum við spyrja þá hvað þeir hafa að bjóða og við skulum skoða hvað það er og taka síðan ákvörðun. Allt þetta tel ég að menn eigi að taka upp, öll samskiptin við EB í einum heildarviðræðum. Það er beðið um slíkar viðræður eða dialogue og við eigum að undirbúa okkur undir að fara í slíkan dialogue síðari hluta þessa árs.

Um Oslóarfundinn að endingu vil ég segja að ég vona að hann verði árangursríkur. Ég vona að hann muni þýða að það verði opnaðar umræður um skipulag EFTA og um samskiptin við EB þannig að menn fari í að skoða það óbundnir en með það að markmiði að ná sem bestum árangri í því að EFTA valdi hlutverki sínu og að Evrópa klofni ekki heldur verði samstæð heild.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegi forseti. Ég vildi fá að segja nokkur orð út af sjávarútvegsmálum og samskiptum okkar við Evrópubandalagið, ekki síst vegna þeirra umræðna sem hafa verið í fjölmiðlum undanfarna daga þar sem sá skilningur hefur komið fram að íslenska ríkisstjórnin hafi nánast boðið Efnahagsbandalaginu veiðiheimild við Ísland og nánast verið látið í það skína að ekkert ætti að koma jafnvel í staðinn. Þetta er að sjálfsögðu af og frá. Það hafa engar veiðiheimildir verið boðnar og ekkert slíkt staðið til og með eindæmum hvernig Morgunblaðið hefur lagt út af þessu máli, í jafnviðkvæmu máli og þetta er og af stórum fjölmiðli sem ætlast til að hann sé tekinn alvarlega, ekki síst á alþjóðavettvangi því allir leiðarar sem þar eru skrifaðir eru jafnóðum þýddir og sendir til samstarfsaðila okkar í hinum ýmsu löndum.

Hitt er svo annað mál að við verðum að vera tilbúnir til að ræða okkar mál við Efnahagsbandalagið með þeim hætti sem við teljum okkur sjálfum vera fyrir bestu í þeim tilgangi að ná við það sem hagkvæmustum samningi því það verður ekki gengið fram hjá því að Efnahagsbandalagið er okkar mikilvægasti viðskiptaaðili og það verður ekki lifað í þessu landi nema við eigum hagkvæm utanríkisviðskipti og hagstæð samskipti við önnur ríki.

Því er rétt í þessu sambandi að rifja það upp með hvaða hætti þessi mál hafa gengið á undanförnum árum og komið er á annan áratug.

Þegar bókun 6 gekk í gildi 1976 var jafnframt ákveðið að taka upp viðræður við Efnahagsbandalagið um samskipti á sviði sjávarútvegsmála. Þessar viðræður áttu sér stað á árunum 1976 og fram yfir 1981 og það lágu fyrir þá drög að samningi milli okkar og Efnahagsbandalagsins. Það slitnaði upp úr þessum viðræðum eða þeim lauk m.a. vegna þess að Grænlendingar gengu úr Efnahagsbandalaginu og aðstæður breyttust. Því þurftum við að ganga til viðræðna við Grænlendinga eftir þetta til að reyna að ná samskiptamálum okkar við þá í gott lag og það hefur tekið langan tíma og því er ekki lokið enn. En í þessu sambandi er jafnframt rétt að rifja upp hver er annars vegar stefna Efnahagsbandalagsins og hver er stefna okkar.

Stefna Efnahagsbandalagsins er sú að það komi veiðiheimildir í stað aðgangs að markaði og hvað svo sem menn segja í samræðum sín á milli er þetta hin opinbera stefna Efnahagsbandalagsins og fram hjá því verður ekki gengið. Það er hins vegar stefna okkar að það komi ekki til greina að ræða það að fyrir aðgang að markaði komi aðgangur að auðlindum. Okkar sérstaða er slík að slíkt er ekki hægt að ræða af okkar hálfu og fyrir því verður að skapast skilningur hjá Efnahagsbandalaginu og við hljótum að gera okkur vonir um að að sá skilningur skapist. Við þurfum hins vegar að ræða við það um önnur svið sjávarútvegsmála, þar á meðal fiskveiðar því að okkar fiskveiðar tengjast með nokkrum hætti Efnahagsbandalaginu hvort sem okkur líkar það betur eða verr. Við skulum þá í því sambandi líta á þá sameiginlegu stofna sem við eigum með öðrum þjóðum.

Við eigum í fyrsta lagi sameiginlegan stofn með Norðmönnum og Grænlendingum sem er loðnan. Nú nýlega höfum við gert samning um skiptingu þessa stofns og til þess að koma í veg fyrir veiðar á ungloðnu í grænlensku lögsögunni töldum menn rétt að heimila þessum aðilum veiðar að hluta til í okkar lögsögu þannig að nýting stofnsins yrði sem hagkvæmust.

Við eigum sameiginlega stofna með Grænlendingum. Í fyrsta lagi eigum við sameiginlegan karfastofn þar sem þannig háttar til að karfinn sem veiðist Grænlands megin er mun smærri en karfinn sem veiðist Íslands megin. Við eigum líka sameiginlegan rækjustofn þar sem við höfum mikilla hagsmuna að gæta og það vill svo til að mikið af ungviði, karfa, er drepið í þeim veiðum. Það er mikið magn sem er sópað út af karfaseiðum í þeim veiðum. Við þurfum að sjálfsögðu að ná samningum við Grænlendinga um nýtingu þessara stofna og það vill svo til að Grænlendingar hafa afhent Efnahagsbandalaginu nýtingu þessara stofna að langmestu leyti. Efnahagsbandalagið hefur keypt réttindi á Grænlandsmiðum, bæði að því er varðar karfa og rækju og þessar veiðiheimildir eru nýttar af Þjóðverjum, Norðmönnum, Dönum svo að eitthvað sé nefnt.

Í síðasta lagi eigum við sameiginlegan fiskistofn með Efnahagsbandalaginu sem er kolmunni. Þennan stofn höfum við ekki nýtt á undanförnum árum. Hann var síðast nýttur 1983 þegar íslensk skip hættu veiðum vegna þess að kolmunninn gekk inn í skosku lögsöguna, þar með lögsögu Efnahagsbandalagsins. Fram hjá þessum staðreyndum verður ekki gengið og ef við ætlum að tryggja hagkvæmustu nýtingu íslenskra fiskistofna verðum við að vera menn til að ræða þau mál við þá aðila sem um þau fjalla.

Baráttunni fyrir hagkvæmustu nýtingu íslenskra fiskistofna var ekki lokið með útfærslu landhelginnar af þeirri einföldu ástæðu að fiskarnir virða ekki landamærin. Það vill svo til að það eru sameiginlegir stofnar á þessum landamærum og um það verður að semja. Og við höfum aðeins samið um einn stofn til þriggja ára.

Að ræða þessi mál með þeim hætti sem hér hefur verið að undanförnu verður að harma því að það er mikilvægt að við stöndum saman um þá meginstefnu okkar að það komi ekki til greina að láta aðgang að auðlindum í stað aðgangs að markaði. Hins vegar verðum við að ræða sjávarútvegsmálin á breiðum grundvelli og í því felst ekkert nýtt. Það var gert á árunum 1976–1981. Því var lofað 1986 af páv. forsrh. og páv. utanrrh. að það færu fram samræður milli Íslendinga og Efnahagsbandalagsins og það stóð til að þær samræður byrjuðu í september sl. en úr því gat ekki orðið vegna ríkisstjórnarskiptanna. Það var hins vegar gert núna og það er aðeins opnun á þeim samræðum eða hvað svo sem það er kallað. Þær samræður eru nauðsynlegar og þarf að flýta þeim frekar en hægja á þeim því að hér er mikið í húfi og engin ástæða til að hraðast þær samræður þannig að í ljós komi hvað það er sem þar er á borðinu. Það hefur ekki komið í ljós enn þá, en kemur væntanlega í ljós síðar. Það má segja að um það hafi verið full samstaða, ég vil segja meðal allra þeirra stjórnmálaflokka sem hafa átt aðild að ríkisstjórn frá 1976, frá því að bókun 6 átti sér stað, að þannig yrði haldið á málum og engin ástæða til að ýfa þau mál upp með þeim hætti sem reynt hefur verið að gera hér undanfarna daga.

Þeir menn sem best til þekkja og hafa staðið í þessum málum af okkar hálfu í gegnum langan tíma meta það svo að það sé lykilatriði að þessar samræður eigi sér stað og þeim verði haldið áfram því það muni m.a. ekki þá standa í vegi fyrir því að við náum þeim samningum sem eru okkur lífsnauðsynlegir að því er varðar tollamál. Það er ekki aðeins saltfiskur. Það er ýmislegt annað sem hefur breyst frá 1976. Spánn og Portúgal hafa vissulega gengið í bandalagið og tollur hefur verið tekinn upp á saltfiski sem ekki var áður. Við höfum hafið mikinn útflutning á flatfiski sem ekki var 1976. Við höfum hafið útflutning á ferskum flökum sem ekki var þá. Og síðast en ekki síst hljótum við að stefna að því að fullvinna fiskinn mun meira, en tollar í Evrópu standa í vegi fyrir því. Það getur ekki verið stefna Íslendinga að ætla sér að flytja sem mest út af óunnum fiski inn á þessa markaði og gera það að einhverju samningsatriði. Það hlýtur að vera fyrst og fremst stefna okkar að vinna sem mest að fiskinum hér í landinu, en til þess þurfum við að fá eðlilega samkeppnisstöðu í Evrópu.

Ég vænti þess að þær samræður sem eru hafnar að nýju og byrja aftur á þeim þræði sem slitnaði muni leiða til þess að við getum náð samningi við Evrópubandalagið á sviði sjávarútvegsmála og er eðlilegt að það sé stefnt að slíkum samningi því að Evrópubandalagið hefur gert slíkan samning við allar þjóðir hér á norðurslóð utan við Íslendinga og Sovétmenn. Nú er unnið að samningi milli Evrópubandalagsins og Sovétmanna og því hlýtur það að vera ljóst að við munum vilja gera samning um þau mál, en þó með þeim hætti að við höldum í öllu okkar rétti og okkar hagsmunir séu hafðir þar í fyrirrúmi eins og ég veit að allir munu vinna að.

Evrópubandalagið hefur gert samninga við aðila á þeim grundvelli að aðgangur að markaði kemur í stað aðgangs að auðlind. Þar minni ég á Kanadamenn, Svía og jafnvel Norðmenn þótt það komi ekki fram með beinum hætti, en með samningi sínum fyrir stuttu náðu Norðmenn tollfrelsi á saltfiski í Evrópubandalaginu sem skaðað hefur okkar samningsstöðu verulega.

Ég er sammála því að við hljótum að stefna að því, Íslendingar, að nýta okkar auðlindir sjálfir, en við hljótum hins vegar að verða að semja um aðra við sameiginlega stofna og ég minni á að hér eru í gangi samningar við aðila enn þá, þar á meðal við Belgíu, sem er hluti af Evrópubandalaginu, Norðmenn hafa hér lítils háttar heimildir og Færeyingar hafa það jafnframt. Það er okkur lífshagsmunamál að semja um þessa sameiginlegu stofna því ef við gerum það ekki er mikil hætta á því að það verði stunduð rányrkja eins og hefur oft gerst og sem við fáum ekkert ráðið við. Ef við erum ekki menn til að viðurkenna þessar staðreyndir getum við ekki reiknað með því að hafa stjórn á þessum mikilvægu fiskveiðiauðlindum sem við eigum.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að átelja það frumhlaup hjá Kristínu Einarsdóttur, hv. 12. þm. Reykv., að hefja utandagskrárumræður um þetta mál á þessari stundu. Ég held að málshefjandi sé ekki að reyna að leita að skynsamlegri niðurstöðu. Hér er einungis verið að reyna að slá sér upp og slá einhverjar pólitískar keilur. Við sitjum saman í Evrópustefnunefnd og ættum nú eftir átta mínútur að setjast að fundi inni í Borgartúni, boðuð þangað sem fulltrúar í Evrópustefnunefnd, boðuð þangað af hæstv. forsrh. til að fjalla um undirbúning að fundi forsætisráðherra EFTA-ríkjanna í Osló. Við höfum í höndum trúnaðarskjöl varðandi undirbúning þess fundar og hv. þm. þurfti ekki að kveðja sér hljóðs hér á Alþingi til að leita eftir þeim gögnum. Hv. þm. hafði fullkomin tækifæri til að hafa áhrif á þróun málsins og þann málflutning sem forsrh. kemur til með að hafa á fundinum í Osló. Það hefði verið réttara að reyna að fara þannig að en að reyna að slá sér pólitískt upp með upphlaupi hér.

Við hv. þm. Kristín Einarsdóttir höfum í mörgu haft

svipuð viðhorf í þessari nefnd hvað varðar afstöðu Íslands til Efnahagsbandalagsins og sú afstaða er einmitt á þeirri braut sem hæstv. forsrh. hefur nú markað. Hann hefur farið með þetta mál, hæstv. forsrh., af mikilli prýði að mínum dómi, sýnt bæði fyrirhyggju og varfærni og gætt hagsmuna Íslands með miklum sóma, haldið til haga fyrirvörum Íslands og sérstöðu.

Það er ekki á dagskrá að ganga í Efnahagsbandalag Evrópu og ég drótta því ekki að neinum hv. alþm. að hann sé að vinna að því, enda væri það hreinn óvitaskapur að leita eftir inngöngu og fullri aðild að Efnahagsbandalagi Evrópu. Ég hef ekki trú á að aðstæður breytist svo á næstunni að okkur sé hagur að eða vit fyrir okkur að ganga í Efnahagsbandalagið. Það á sér stað hröð þróun innan Efnahagsbandalagsins. Það er stefnt að sameiginlegum innri markaði 1992. Ég er ekki trúaður á að allir þeir draumar sem menn dreymir í Brussel núna um þá Vestur-Evrópu sem komin verði á 1992 verði að veruleika. Ég minni á að Efnahagsbandalagið er bandalag stjórnvalda sem vilja verja fyrirtæki sín sameiginlega gegn utanaðkomandi samkeppni með því að reisa í kringum þau nokkurs konar Kínamúr, reisa nokkurs konar Kínamúr í kringum þessi tólf ríki. Og þetta er ekkert bandalag þjóða. Þetta er bandalag stjórnvalda og fyrirtækja. Og af því að þetta er ekki bandalag þjóða verður sameiningin ekki að mínum dómi eins fullkomin og margir eru að gera ráð fyrir í dag. Bretar halda nefnilega áfram að vera Bretar og Frakkar halda áfram að vera Frakkar og þegar til kastanna kemur una þeir því ekki að ganga undir svo yfirþjóðlegt vald sem Efnahagsbandalagið gerir ráð fyrir að verði komið á 1992. Þess vegna tel ég að það sé ekki eins mikil hætta á útilokun EFTA-ríkjanna frá Vestur-Evrópu og margir búast við í dag. Við Íslendingar höfum náð góðum samningum við Efnahagsbandalagið á flesta grein. Við þurfum að bæta vissa þætti, en við kaupum náttúrlega ekki viðskiptahagsmuni fyrir veiðiheimildir eins og hæstv. sjútvrh. orðaði það áðan. Það er hins vegar mjög vandasamt verkefni að ræða um veiðiheimildir við Efnahagsbandalagið og orkar tvímælis hvað miklum tíma á að eyða í það því við þolum ekki og þurfum ekki að deila fiskimiðum okkar með öðrum. Við eigum að reyna að nota EFTA til að bæta stöðu okkar þar sem það hentar. Við getum ekki fylgt öðrum EFTA-ríkjum í öllum greinum. Okkar þjóðfélag er öðruvísi en annarra EFTA-ríkja og við þolum ekki og stöndumst ekki það frelsi — það er nú búið að misþyrma orðinu frelsi svo mikið að ég held ég ætti heldur að nota orðið hömluleysi — við þolum ekki það hömluleysi sem stærri ríki þola á flutningum fjármagns, hömlulaust streymi vinnuafls, vöru og þjónustu. Ef við undirgengjumst það mundum við að sjálfsögðu strax glata tungu okkar, menningu og sjálfstæði á mjög skömmum tíma. Við eigum að vinna af einurð innan EFTA. Og EFTA kemur til með að standa áfram. Þá þegar af þeirri ástæðu að Efnahagsbandalagið hefur ekki nokkurn áhuga á að fá hlutlaus ríki innan sinna vébanda. Þeir leggja vaxandi áherslu á hernaðarsamvinnu, á öryggismál, á varnarmál og þar af leiðir að Austurríki, Sviss, Finnland eða Svíþjóð passa ekki inn í það munstur sem Efnahagsbandalagsríkin eru að koma upp hjá sér og útilokast þá þegar af þeirri ástæðu. Norðmenn gætu átt leið inn í Efnahagsbandalagið. Þeir eru hins vegar ekki einhuga í málinu. Hægri flokkurinn vill aðild og hefur gert það að kosningamáli. Miðflokkurinn leggst gegn aðild og hefur gert það að kosningamáli. Það er ekki rétt, sem hér hefur komið fram, að það sé einhugur í Verkamannaflokknum. Verkamannaflokkurinn er klofinn í málinu og forsætisráðherra Norðmanna, formaður Verkamannaflokksins, hefur reynt að sópa þeim vanda undir teppið fram yfir næstu kosningar. Ég hef þær fregnir að í þjóðaratkvæðagreiðslu væru úrslit tvísýn í Noregi svo við þurfum ekkert að slá því föstu hér og nú að Noregur sé á leiðinni inn í Efnahagsbandalagið.

Við þurfum að styrkja EFTA og reyna að semja með EFTA þar sem það hentar okkur, semja beint þar sem við eigum ekki samleið með öðrum EFTA-ríkjum. Og ég vil biðja hv. þm. að einblína ekki á Evrópubandalagið því heimurinn er miklu stærri. Heimurinn er líka Ameríka, Austurlönd fjær, Austur-Evrópa og meira að segja þriðji heimurinn. Þess vegna held ég að það sé okkar verkefni að passa að lokast ekki inni í Efnahagsbandalaginu því við höfum þar ekkert að gera. Norðurlönd hafa betri lífskjör og þróaðra velferðarkerfi en flest önnur Evrópulönd og ég held að við eigum að standa vörð um okkar velferðarþjóðfélög. Innan Efnahagsbandalagsins eru 15 milljónir manna stöðugt atvinnulausar og það er nokkuð sem ekki freistar okkar.

Eins og ég sagði áðan ætti Evrópustefnunefnd að vera að setjast að störfum og þar er réttur vettvangur fyrir okkur sem þar sitjum til þess að skiptast á skoðunum og samræma okkar sjónarmið. Þess vegna tel ég að þessi umræða hér sé misráðin á þessu stigi og skerpi fremur andstæður en laði til samstöðu.

Ég tel að hæstv. forsrh. sé mjög vel trúandi til að fara með þetta mál bæði í Osló í næstu viku svo og annars staðar og ástæðulaust og illt verk að vera að reyna að sá fræjum einhverrar tortryggni eins og þessi málsupptekt ber vott um.

Ég tel að þeir ræðumenn sem hér hafa talað hafi haft fullkomnar aðstæður til þess að fylgjast með málinu og hafa áhrif á gang þess.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Það hefði e.t.v. verið þarft að hæstv. forseti hefði gert athugasemd fyrr vegna þess að hér hafa komið fram ýmis atriði sem er full ástæða til að ræða nánar. Það er rétt, sem einn hv. þm. sagði, að þetta er raunverulega fyrsta umræðan um stöðu Íslands gagnvart Evrópubandalaginu. Ég er ekki að ásaka forseta út af fyrir sig að hann skuli haga svona fundarhaldi í dag, en ég vil aðeins vekja athygli á þessu.

Hér hefur verið talað um að þessi umræða hafi

verið óþörf og jafnvel ekki viðeigandi. Ég get ekki tekið undir þau ummæli m.a. af þeirri ástæðu að það er ekki við hv. þm. að sakast að einn þingmaður, hv. þm. Kristín Einarsdóttir, skuli biðja um umræðu utan dagskrár um þetta efni. Það væri frekar að hæstv. ráðherrar skoðuðu nánar hvernig þeir hafa hagað sér í umræðum og viðtölum við fjölmiðlana undanfarna daga svo ég segi ekki undanfarnar vikur. Ég er ekki að tala um hæstv. forsrh. út af fyrir sig. Ég mun víkja að þessu nánar hér á eftir. En ummæli hæstv. ráðherra undanfarna daga gefa fulla ástæðu til að óska eftir umræðu utan dagskrár.

Hér er verið að fjalla um alvarleg mál og eins og kom fram í ræðu hæstv. sjútvrh., sem greinilega var mjög mikið niðri fyrir, talaði hann með þeim þunga um það sem hér hefur verið til umræðu að hann skildi raunverulega efnislega hvað felst að baki þegar við erum að ræða um okkar skoðanir á þessu máli áður en hæstv. forsrh. fer á fund EFTA-ríkjanna.

Hæstv. sjútvrh. verður þess vegna að athuga að það er hvorki við okkur hv. þm. að sakast né fjölmiðlana að þessi umræða skuli vera komin í gang með þeim hætti sem raun ber vitni um. Nú vil ég taka fram að mér finnst umræðan í dag hafa verið mjög málefnaleg þannig að það hefur ekkert komið fram í þessari umræðu sem ætti að skaða stöðu Íslands gagnvart öðrum þjóðum ef út í það er farið. Hins vegar skuluð þið skoða nánar ummæli ykkar sjálfra, hæstv. ráðherrar. Að vísu hefur hæstv. sjútvrh. verið erlendis svo að hann hefur ekki haft tækifæri til að fylgjast náið með þessu þannig að þegar hann segir eitthvað á þá leið að það sé engin ástæða til að ýfa þessi mál upp verður hann að skoða hvað sagt hefur verið í því umhverfi sem við höfum verið í sem höfum verið heima þegar hann hefur verið í viðræðum úti í Brussel.

Ég fagna því og gerði mér strax grein fyrir því að auðvitað mundi hæstv. sjútvrh. ekki bjóða neinar veiðiheimildir í þeim viðræðum sem fóru fram úti í Brussel, enda hefur enginn sagt það að hæstv. ráðherra hafi boðið slíkt. Hins vegar hefur verið hjá okkur í umræðunni, í fjölmiðlum, hvort ríkisstjórnin ætli að nálgast þessi mál með þeim hætti að bjóða veiðiréttindi gegn veiðiréttindum í fiskveiðilögsögu Efnahagsbandalagsríkjanna. Það hefur komið fram með beinum og óbeinum hætti að ýmsir ráðherrar hafa fullan hug á að skoða og jafnvel mátti skilja ræðu hæstv. sjútvrh. þannig að hann teldi það ekki tiltökumál út af fyrir sig að þetta væri skoðað. Þá hef ég misskilið hann ef það er ekki rétt. Hann talar sérstaklega um rækju og kolmunna, annars vegar krabbategund og hins vegar fisktegund, sem æskilegar tegundir til að veiða innan lögsögu Efnahagsbandalagsríkjanna. Hæstv. ráðherra sagði ef ég man rétt: Það er óskynsamlegt að opna samningaviðræður við EB út frá því að það komi ekki hugsanlega til greina að ræða það út frá veiðiheimildaskiptum á þessum afurðum annars vegar og einhverju sem við höfum að bjóða hins vegar. Vonandi leiðréttir hæstv. sjútvrh. ef ég hef misskilið hann.

Ég vil því ítreka að mér finnst eðlilegt að þessar umræður skuli fara fram utan dagskrár og þakka hv. þm. Kristínu Einarsdóttur fyrir að hafa átt frumkvæði að því.

Það sem ýmsir hæstv. ráðherrar hafa sagt í fjölmiðlum undanfarið er mjög mótsagnakennt. Ummælin eru mjög mótsagnakennd og við skulum skoða það nánar. Þá verður alveg augljóst hvað við er átt. Ég byrja á því að vitna í það sem hæstv. forsrh. segir í Tímanum 9. mars sl. Hann segir í einföldu máli: Það hefur engum veiðiheimildum verið lofað. — Síðan segir hæstv. forsrh.: Veiðiheimildir fyrir aukin tollfríðindi koma ekki til greina.

Ég fagna þessum ummælum út af fyrir sig og get stutt þessi sjónarmið.

En hvað segir svo hæstv. utanrrh.? Það er annars eðlis. Hæstv. utanrrh. segir í viðtali í Morgunblaðinu 8. mars: „Það er sjálfsagt að fá fram óskir EB um veiðiheimildir innan íslenskrar fiskveiðilögsögu.“ Og síðan segir hæstv. ráðherra, sem er því miður ekki í salnum, orðrétt: „Þetta getur greitt fyrir markaðsmálum íslensks saltfisks í EB-löndum.“ Síðan segir í sama viðtali við hæstv. utanrrh.: „Ég tel því sjálfsagt að halda þessum viðræðum áfram og reyna að brjótast út úr þessum vítahring. Ef við viljum fá lausn á þessu saltfisksmarkaðsmáli fyrir árið 1992, þá byggist það á því að hlusta á óskir bandalagsins og ræða þær í stað þess eins að stinga höfðinu í sandinn og segja: Við erum ekki við viðtals“, sagði utanrrh. „En við ætlum ekki að bjóða upp á neitt heldur heyra hvað þeir eru að fara fram á. Er það eitthvað til málamynda?“ spyr hæstv. ráðherra. „Það þarf bara að meta það þegar það er komið í ljós hvað þeir eru að fara fram á.“ — Lýk ég síðan tilvitnun í viðtal við hæstv. utanrrh. í Morgunblaðinu 8. mars.

Fyrir mér er skýrt hvað utanrrh. er að fara. Honum finnast koma til greina hnífakaup við Evrópubandalagið, þ.e. veiðiheimildir og opnun íslenskrar fiskveiðilögsögu fyrir fiskiskipum Evrópubandalagsins á móti tollafríðindum. En ég er ekki einn um að skilja þetta þannig. Það vill svo til, hæstv. ráðherra, að við annan hæstv. ráðherra í ríkisstjórninni, hæstv. menntmrh. sem því miður getur ekki verið viðstaddur í dag vegna sjúkleika, er talað í Morgunblaðinu sama dag og hæstv. menntmrh. Svavar Gestsson skilur þetta eins og ég hef skilið það. En í Morgunblaðinu 8. mars segir hæstv. menntmrh., með leyfi forseta: „Mín viðhorf í þessum efnum eru mjög lík því sem ég hef séð höfð eftir Eyjólfi Konráð Jónssyni“, þ.e. viðtal sem var haft við hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson tveim eða þrem dögum áður.

Síðan segir hæstv. menntmrh. í þessu viðtali í Morgunblaðinu: „Ég tel að það eigi ekki að opna fyrir verslun með veiðiheimildir innan okkar landhelgi. Það á ekki að ræða það. Þessi landhelgi er forsenda allrar efnahagslegrar tilveru Íslendinga og það er ekki hægt að líta á hana og aðgang að henni með sama hætti og landhelgi og fiskveiðar annarra ríkja sem byggja sitt á sjávarútvegi í miklu minna mæli en við gerum.“

Það er þess vegna mjög skýrt fyrir okkur, sem fylgjumst vel með pólitískri umræðu, að ákveðnir ráðherrar vilja semja um veiðiheimildir, aðrir ekki. Og þá kemur auðvitað það sem er grundvallaratriði og er meginástæðan fyrir því að hv. þm. Kristín Einarsdóttir skuli biðja um þessa umræðu. Við hv. þm. og íslenska þjóðin viljum vita hver er raunverulega stefna núv. ríkisstjórnar í þessum málum. Ég treysti því að hæstv. forsrh. taki af skarið í þessum efnum og láti ekki aðra ráðherra vera með ummæli sem gera að verkum að við hv. þm. og þjóðin öll er full efasemda um hvert hæstv. ríkisstjórn stefnir í þessum viðræðum sínum við Evrópubandalagið. Þetta er rökrétt afleiðing af því hvernig hæstv. ráðherrar hafa talað. Þetta vil ég að hæstv. sjútvrh. viti. Hann er ekki málsaðili með þessum hætti.

Mín skoðun er að það komi ekki til greina að opna viðræður milli Íslands og Evópubandalagsins um framtíðarsamskipti þessara aðila á grundvelli samninga um veiðiheimildir fyrir fiskiskip Evrópubandalagslandanna. Ég tel það útilokað. Ég tel það einnig ranga aðferð í væntanlegum samningaviðræðum milli Íslands og Evrópubandalagsins að hefja þær á grundvelli viðræðna um gagnkvæmar veiðiheimildir. Og ástæðurnar eru mjög augljósar.

1. Íslendingar hafa ekkert til skiptanna í þessum efnum vegna þess að fiskistofnarnir við Ísland eru veikir.

2. Við erum að reyna að byggja þessa fiskistofna upp. Veiðiheimildir til Evrópubandalagsútgerðaraðila gera það verk enn erfiðara og þrengja enn meir að íslenskri útgerð og íslenskri fiskvinnslu.

3. Við höfum því um ekkert að semja við aðrar þjóðir í þessum efnum. Við þurfum þvert á móti að efla samstarf við þær og þær þjóðir sem vilja vernda Norður-Atlantshafið fyrir mengun iðnríkja Vestur-Evrópu. Þar eigum við mikið og ríkt erindi við þessar þjóðir. Það er sú mengunarhætta sem stafar af þeirra háþróaða iðnaði sem er mjög mikil fyrir ekki bara fiskistofna í Norðursjónum heldur einnig ef hún fer að teygja sig norður í Norður-Atlantshaf. Þetta er eitt af veigamestu atriðunum í því að tryggja vöxt og heilbrigði fiskistofnanna í Norður-Atlantshafi. Um þetta þurfum við að ræða við þessar þjóðir sérstaklega.

Þess vegna á ríkisstjórnin ekki að ræða við Evrópubandalagið eða önnur ríki um veiðiheimildir innan okkar fiskveiðilögsögu. Staða og þýðing Íslands í samstarfi vestrænna þjóða byggist á mun veigameiri atriðum frá þeirra sjónarmiði séð en því hvort þessar þjóðir fái að stunda fiskveiðar við Ísland eða ekki. Þetta vita allir hv. alþm. og Íslendingar almennt.

Það er nefnilega um að ræða gagnkvæma hagsmuni á mjög mörgum öðrum veigamiklum sviðum. Þess vegna eigum við ekki sem þjóð að láta undan ákveðnum hagsmunaþrýstingi aðila innan Evrópubandalagsins sem knýja á um að opna íslenska fiskveiðilögsögu fyrir úthafstogurum og stærri fiskiskipum þessara þjóða. Æðstu menn Evrópubandalags eða Evrópuþjóðanna skilja þetta, en því miður virðist sem ýmsir ráðherrar í núv. hæstv. ríkisstjórn skilji ekki þetta eða átti sig ekki nægilega vel á þessari stöðu Íslands. Þess vegna er eðlilegt að það sé sagt við hæstv. ráðherra: Hættið þið að ræða við erlenda aðila um veiðiheimildir þeim til handa í fiskveiðilögsögu okkar. Það eru ótal mörg önnur atriði sem við getum rætt og samið um að hætti sjálfstæðra þjóða.

Þá vil ég víkja örfáum orðum að Íslandi og EFTA. Ég átti sæti í ráðgjafarnefnd EFTA í 15 ár, allt frá því að Ísland varð aðili að EFTA. Fyrstu árin var verulegur fengur í því að mínu mati að taka þátt í því samstarfi. Þá var EFTA bandalag eða réttara sagt samtök þjóða sem vigtuðu. Það var meðan Bretar og Danir voru í EFTA. Við brottför þessara þjóða gerbreyttist bæði ímynd og styrkur EFTA. Þegar við erum að tala um að Ísland eigi að nota EFTA í samningaviðræðum við Evrópubandalagið er það gott út af fyrir sig, en við getum alveg eins talað við Svía og Norðmenn og fengið þær niðurstöður sem við óskum eftir. Það vita allir sem til þekkja að þessar þjóðir ráða meira og minna því sem þar gerist. Alla vega var það mín tilfinning meðan ég var í ráðgjafarnefndinni. *Nú mundu ýmsir segja:* Það er ekki það sama að sitja í ráðgjafarnefnd og sitja í stjórnunarnefnd eða vera þar sem pólitíkus eða embættismaður. Það er þá mál út af fyrir sig. Ég set fram mína skoðun. Það er að mínu mati ástæðulaust að binda svo miklar vonir við EFTA í sambandi við stöðu Íslands gagnvart Evrópubandalaginu. Ég hef allt aðra skoðun í þeim efnum. Ég held að staða Íslands gagnvart Evrópubandalaginu sé best og styrkust þegar Ísland sjálft sem lítið þjóðríki norður í Atlantshafi reynir að ná sínum samningum og það veiki okkur frekar en hitt að þurfa að eiga allt of mikið undir EFTA-samstarfinu í þeim efnum.

Að lokum, forseti, hefði verið ástæða til að ræða um störf Evrópunefndar. Ég vil segja það fyrir mitt leyti að það var og er þakkarvert að hv. þm. Kjartan Jóhannsson skyldi leggja fram þá þáltill. sem varð þess valdandi að þessi nefnd var sett á laggirnar. Undir forustu hv. þm. Kjartans Jóhannssonar hefur nefndin reynt að sinna sínum störfum vel, en utanrrn. hefur unnið alveg ómetanlegt starf fyrir þessa nefnd. Ég tel að það styrki bæði stöðu okkar sem þjóðar í umræðunni sem og einnig stöðu hv. alþm. að þessi nefnd skyldi sett á laggirnar og hafa unnið sín störf með þeim hætti sem raun ber vitni um.

Það væri ástæða til að leggja nokkuð út af ræðu formanns nefndarinnar, hv. þm. Kjartans Jóhannssonar. Hún var með alveg sérstökum hætti og gaf tilefni til mikillar umræðu. Hann ræddi þar um m.a. að viðreisnin á sínum tíma og aðild okkar að fríverslunarsvæðinu hefði verið fyrsta skrefið í merkilegri þróun sem er alveg rétt. Síðan vék hann að því að nú stæðum við frammi fyrir því að stíga næsta skrefið sem er nálgun Íslands við Evrópubandalagslöndin. Hann ræddi um fjármagnið o.s.frv. og var margt fróðlegt í ræðu hans um það efni. En ég held að það sé nauðsynlegt áður en við ræðum um okkar stöðu með þeim hætti sem hv. þm. gerði að við gerðum upp okkar eigin stöðu. Hvernig stöndum við sjálf sem

þjóð eignalega? Hvernig standa íslenskir atvinnuvegir? Hvernig er eignarhaldi varið af okkar hálfu í þýðingarmestu atvinnutækjum sem við eigum? Hvernig erum við sem þjóð undir það búin að mæta því að fá erlent fjármagn inn í íslenskt atvinnulíf án þess að glata því eignarhaldi sem við teljum okkur þó hafa enn þá yfir framleiðslunni og atvinnufyrirtækjunum í landinu? Það eitt að ræða um fjármagnið býður upp á mikla og flókna umræðu sem ég vona að fari fram fljótlega.

Ég vil síðan að lokum segja þetta: Við Íslendingar eigum að fara varlega í þessum málum og skoða þau í mun stærra samhengi en út frá einhliða stöðu Evrópubandalagsins gagnvart öðrum ríkjum. Ég er sammála því, sem hv. þm. Páll Pétursson sagði, að við eigum að skoða þetta út frá því sjónarmiði að Ísland getur og á að horfa til fleiri átta en til Vestur-Evrópu. Þó Vestur-Evrópa sé þýðingarmikil eigum við mjög þýðingarmikil samskipti og tengsl við önnur þjóðlönd. Ég óttast að of náin tengsl Íslands og of sterkar viðmiðanir við það sem Evrópubandalagslöndin eru að gera geti skaðað stöðu okkar sem þjóðríkis í samskiptum við aðrar þjóðir.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Eitt af leikritum Shakespeares heitir Mikill asi út af engu og stundum er reynt að setja svoleiðis stykki á svið á hinu háa Alþingi. Það getur verið skemmtilegt, en tilgangur þessarar umræðu er ekki að skemmta heldur að skýra.

Nú vil ég hafa það skýrt að ég hef hvergi sagt að Íslendingar ættu að taka upp þá stefnu í samskiptum við Efnahagsbandalagið að bjóða upp á veiðiheimildir í skiptum fyrir tollfríðindi. Það hef ég hvergi sagt, hvergi nokkurs staðar. Ég hef ekki boðað neina stefnubreytingu í því efni. Ég hef sagt að það er staðreynd að Efnahagsbandalagið sem slíkt rekur sameiginlega fiskveiðistefnu og segir: Við látum í ljós þá ósk að við viljum fá veiðiheimildir ef við ætlum að semja um viðskiptafríðindi við þriðja aðila. Það er staðreynd. Þessu hafa Íslendingar svarað allt frá því að bókun 6 varð virk 1976/1977 á þann veg að við værum að sjálfsögðu reiðubúnir að hlusta á Efnahagsbandalagið ef það hefur uppi óskir um veiðiheimildir, hlusta á, og við gætum rætt það út af fyrir sig. Veiðiheimildir gagnvart veiðiheimildum er eitt, annað er síðan tollfríðindi gagnvart tollfríðindum. Þetta hafa forsvarsmenn Íslands gert allt frá 1976 1977, þeirra á meðal forustumenn Sjálfstfl., og að sjálfsögðu ágreiningslaust. Hins vegar hefur hvorki gengið sé rekið. Það sem við höfum hins vegar gert er það að í tvíhliða viðræðum við forustumenn Efnahagsbandalagsins höfum við rætt það land fyrir land við forsætisráðherra, utanríkisráðherra og aðra pólitíska forustumenn: Eru einhverjar slíkar kröfur uppi af hálfu Efnahagsbandalagsins? Og við höfum fengið það staðfest að svo er ekki um hinar gömlu þjóðir sem veiddu hér við Ísland. Það á ekki við um Breta, það á ekki við um Þjóðverja, það á ekki við um Frakka, það á ekki við um Belga, það á ekki við um Hollendinga, það á ekki við um Ítali eftir því sem við best vitum, það á ekki við um Portúgali. Það á hugsanlega við um Spánverja sem hafa einhvers staðar á blaði að þeir óski eftir 3000 tonnum í veiðiheimildum. Málið er hins vegar að það hefur hvorki gengið eða rekið í þeim erindum sem við eigum við Efnahagsbandalagið, sem er um það að fá viðaukasamning við okkar upphaflega ágæta fríverslunarsamning til að hækka þar hlutfall þeirra afurða sem við seljum á markað og fá fyrir þær ákveðin tollfríðindi.

Því er alltaf borið við að það sé ekki hægt að ræða þessi mál vegna þess að Íslendingar neiti að hlusta á óskir Efnahagsbandalagsins um veiðiheimildir. Nú er spurningin: Hverjar eru óskir Efnahagsbandalagsins um veiðiheimildir? Eru þær einhverjar? Það bara liggur ekki fyrir. Það skal hins vegar tekið fram að í viðræðum hæstv. sjútvrh. við senor Marin hafði hann engar óskir fram að færa í því efni, þ.e. hann gat ekki skilgreint það á nokkurn máta.

Ég tók eftir því að hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson sagði í ræðu sinni áðan eitthvað á þessa leið ef ég man með að fara: Ef það kemur upp í slíkum viðræðum, þ.e. óskir af hálfu Efnahagsbandalagsins, mun koma á daginn að við eigum ekkert aflögu og þeir hafa sennilega ekkert að bjóða. Það er einmitt þetta sem ég vil fá leitt í ljós. (Gripið fram í). Já, já. En þetta vil ég fá í ljós. Ég vil fá það fram í dagsljósið og á borðið.

Það verður að vera alveg skýrt að það hefur enginn boðað stefnubreytingu í þessum málum, enginn. Þetta mál snýst eingöngu um það að loka ekki fyrir viðræður, að lýsa sig reiðubúinn að hlusta á þessar óskir ef þær eru einhverjar, meta þær síðan ef þær væru einhverjar.

Hæstv. sjútvrh. gerði ágætlega grein fyrir því hér. Ég er algerlega sammála honum og sérstaða mín í þessu máli er engin og ég veit ekki betur en allir sem sem hér hafa um þessi mál fjallað á undanförnum árum séu sammála um þetta.

Albert Guðmundsson:

Virðulegur forseti. Ég hafði hugsað mér að hafa mína ræðu mjög stutta þegar ég bað um orðið, en ýmislegt hefur komið fram sem gefur tilefni til að ræða þessi mál af miklu meiri hörku og á allt annan hátt en ég hafði upphaflega gert ráð fyrir. Mér finnst hafa komið fram í máli ýmissa ræðumanna sjónarmið sem ég get ekki sætt mig við og álít að séu röng.

Ég vil byrja á því að gera athugasemdir við það sem kom fram hjá hv. 1. þm. Norðurl. v. og voru orð sögð í garð frummælanda sem ég tel að séu ekki rétt og hefði frekar viljað vera laus við að hlusta á vegna þess að það mál sem hér er á dagskrá á fullan rétt á sér. Ég vil taka það fram að sú nefnd sem hv. þm. vitnaði til og hann væri í hefur nú haldið ræðumönnum bíðandi hér, þeim ræðumönnum sem ekki eru í nefndinni, með því að tala manna lengst. Ég held að flestir af þeim sem hafa tekið til máls fyrir utan mig núna séu nefndarmenn þannig að ef nefndarfundur fellur nið-

ur er það vegna þess að nefndarmenn sjálfir fundu hvöt hjá sér til að tala meira um málin en aðrir þingmenn.

En ég vil líka taka það fram að þessi Efnahagsbandalagsnefnd sem þeir kalla sjálfir svo er ekki með nein völd til að taka nokkrar ákvarðanir og er eingöngu sett á laggirnar til að afla upplýsinga fyrir hv. Alþingi og alþm. og það er kominn tími til þess einmitt núna þegar nefndin á að fara að ræða væntanlega yfirlýsingu EFTA-ráðherra á erlendri grundu að Alþingi ræði þá yfirlýsingu því að forsrh. fer umboðslaus frá Alþingi til að gefa nokkra bindandi yfirlýsingu fyrir land og þjóð. Ég er fulltrúi fyrir fjölda kjósenda. Ég er trúnaðarmaður þessa fólks, ég er trúnaðarmaður þess hluta þjóðarinnar og sem alþm. er ég eins og hver annar alþm. trúnaðarmaður fólksins í landinu þannig að það eru engin trúnaðarbrot að ræða þau mál, sem á að fara að tala um á erlendri grundu og snerta svo mjög efnahag þjóðarinnar til frambúðar, opið við þingmenn. En það er líka hægt að loka fundum Alþingis þegar rædd eru trúnaðarmál. Er aldrei hægt að ræða trúnaðarmál við þingmenn? Vegna hvers? Vegna þess að það eru einhver önnur eyru sem hlusta? Það er í þingsköpum Alþingis að það er hægt að loka fundum og ræða þessi trúnaðarmál við rétta aðila en ekki bara hluta, þann hluta sem er kosinn í einhverja nefnd. Nefndin hefur ekkert með þessi trúnaðarmál að gera. Hún hefur engan minn trúnað til að taka ákvarðanir né ræða málin. Ég tek ákvarðanir fyrir mig. Það gerir enginn annar.

Ég mótmæli þessum fundi með nefndinni um trúnaðarmál sem á kannski að vera bindandi, a.m.k. verður það talið bindandi af öðrum undirskriftaraðilum eftir að forsrh. þjóðarinnar hefur skrifað þar undir. En það yrði leiðinlegt ef þingheimur væri svo ekki sammála á eftir. Ég óska eftir því að það verði enginn fundur haldinn með þessari nefnd um þessi mál, að fundurinn verði hér í Alþingi og alþingismenn geti rætt það mál sem hér hefur verið rætt í allan dag undir einhverri rós vegna þess að maður veit ekki hvað er í vændum. Og þetta gengur náttúrlega ekki.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. segir: Það þarf ekkert að vera að ræða þetta. Við erum að fara á nefndarfund til að ræða málið. Hann getur farið út í bæ og rætt það mál sem hann vill en ekki á vegum Alþingis nema hann hafi til þess samþykki. Hann hefur það ekki frá mér, hvorki hann né aðrir nefndarmenn, hvort sem þeir tilheyra mínum flokki eða ekki. Ég mótmæli því, ég mótmæli því sem þingmaður, og ætti þó ekkert að vera að skipta mér af því í þessu tilfelli vegna þess að það snertir mig ekki sjálfan öðruvísi en að ég varð sem þingmaður að hlusta á hv. 1. þm. Norðurl. v. segja að þetta mál sé flutt hér inn í þingsali og á dagskrá af einum hv. þm., sem hefur jafnan rétt og sá sem talaði þessi orð, til að slá sér upp. Hvers lags hugsunarháttur er þetta hjá þingmanni í garð þingmanns? Þetta mál er gott mál og það er stórt mál og á að ræðast hér. En það er ekki hægt að ræða það fyrr en það liggur fyrir framlagt af þeim sem eru trúnaðarmenn Alþingis á framkvæmdasviðinu. Þess vegna ítreka ég þá ósk mína að hér verði þingfundur um þetta mál, lokaður trúnaðarmannafundur, með trúnaðarmönnum þjóðarinnar og svo trúnaðarmönnum í framkvæmdarvaldinu.

Hér er talað um alltaf af sama þingmanni, hv. 1. þm. Norðurl. v., að hér sé ekki um að ræða bandalag þjóða. Hvað hefur komið fram í þessari nefnd? Að þetta sé bandalag einhverra fyrirtækja sem hann er að ræða um? Auðvitað er þetta bandalag þjóða. Við erum að tala um hvort Ísland eigi eða eigi ekki að ganga í þetta bandalag þjóða. Þetta er ekkert annað en bandalag þjóða. Og við erum að ræða um viðskiptahagsmuni eins og kom fram hjá bæði formanni nefndarinnar og eins ef ég man rétt hjá hæstv. sjútvrh. Við erum að ræða um að skipta á, kaupa okkur viðskiptahagsmuni með veiðiheimildum og það sé stórhættulegt að vera ekki til viðtals um það. Ég vil segja að ég er alls ekkert til viðtals um að selja veiðiheimildir á neinn hátt, alls ekki. Það kemur líka fram, mátti skilja á orðum formanns nefndarinnar, að það sé verið að loka okkur frá mörkuðum, frá viðskiptum, frá því að börnin okkar geti fengið framhaldsmenntun í menntastofnunum. Það er verið að loka okkur úti eins og óþekka krakka sem koma of seint heim á kvöldin. Hvers lags gæslumenn hagsmuna þjóðarinnar eru hér á ferðinni? Hvað er að ske? Þarf ekki hæstv. forsrh. að gera svolitla grein fyrir því hvers konar yfirlýsingu eða drög að yfirlýsingu á að fara að ræða? Ég er hræddur um það. Efnahagsnefndin er ekki lengur vettvangur til að ræða þessi mál. Þau eru komin á það stig að það er komið að alþjóðayfirlýsingum. Þá er það Alþingi sem tekur þetta mál upp á lokuðum fundi ef forsrh. óskar eftir því að það sé trúnaðarmál. Það get ég vel tekið undir með honum.

Hv. formaður nefndarinnar, Kjartan Jóhannsson 4. þm. Reykn., segir að við skulum ræða þetta í rólegheitum, ekki vera að æsa okkur, á sama tíma sem hann gefur til kynna að það sé verið að loka okkur úti á þann hátt sem ég var að segja áðan. Ef við ekki náum samkomulagi er ekkert annað en viðskiptahagsmunir sem koma til greina frá þeirra hálfu og ekkert annað en veiðiheimildir frá okkar hálfu, þá séu börnin okkar lokuð úti frá menntastofnunum, frá framhaldsnámi. Við skulum ræða þetta æsingarlaust og tala um málið yfirvegað. En hvað erum við að tala um þegar við erum að tala um inngöngu í Efnahagsbandalagið? Ég sagði frá því um daginn í ræðu að gefnu tilefni að ég hlustaði á tveggja tíma samtal við franska forsetann í franska sjónvarpinu fyrir einhvers staðar á milli mánuði og tveim mánuðum. (**KJóh:** Við erum ekki að tala um inngöngu í Efnahagsbandalagið.) Við erum að tala um inngöngu í Efnahagsbandalagið. Við erum að tala um inngöngu í EFTA, inngöngu í EB. (**KJóh:** Nei.) Heldur hvað? (**KJóh:** Við erum að tala um stefnu okkar að ganga ekki í Efnahagsbandalagið.) Við erum búnir að vera að tala um skilmála til þess að fara inn eða fara ekki inn.

(**KJóh:** Nei. Við erum að tala um samningaviðræður.) Við erum að tala um samningaviðræður. Um hvað erum við að semja? Hvað er Efnahagsbandalagið? (**KJóh:** Við erum nú þegar með samning við Evrópubandalagið. Við erum að tala um viðbótarsamning.) Já, en um hvað erum við að semja, hvað erum við að fara inn í? Við erum að tala um að semja um veiðiheimildir eða ekki veiðiheimildir, efnahagshagsmuni, markaði o.fl. Um hvað erum við að semja?

Það stendur í Tímanum í dag, best að taka forsíðuna fyrst: „Óþarfi að skjálfa út af EB eins og lauf í vindi." Það er þetta EB sem við erum að tala um. Þar segir forsrh., það er haft eftir honum og ég reikna með að það sé orðrétt og rétt eftir haft: „Steingrímur Hermannsson segir", með leyfi forseta, „að vart hafi orðið við óþarfa taugatitring vegna viðræðna um hugsanlega útvíkkun fríverslunarsamninga við EB. Ekki komi til greina að veita einhliða veiðiheimildir innan fiskveiðilögsögu okkar. Hann bendir jafnframt á að við getum ekki neitað að ræða um gagnkvæm skipti á veiðiheimildum þó litlar líkur séu á slíkum skiptum. Við höfum ekkert til að láta af hendi og sama virðist upp á teningnum hjá öðrum."

Hér segir hæstv. forsrh. að ekki komi til greina að veita einhliða veiðiheimildir. En hvernig veiðiheimildir koma þá til greina? Það er ekki einhliða. Þýðir þetta ekki að það er þá samstaða, skulum við segja, ríkisstjórnin er alltaf samstæð, við vitum það, er þá ekki samstaða um, úr því að forsrh. segir þetta í sínu málgagni, að einhvers konar veiðiheimildir komi til greina? Ég veit ekki betur en að formaður efnahagsnefndar okkar hafi sagt hér áðan að við skyldum ekki vera hræddir við að tala við þá því að ef við ekki gerðum það og ef við ekki næðum einhvers konar samningum taldi hann upp að við gætum orðið útilokaðir frá menntastofnunum, við gætum orðið útilokaðir frá hinu og þessu sem hann taldi upp. Það er verið að tala um samninga, virðulegur þingmaður. Þess vegna eru frammíköll af því tagi sem voru áðan óþörf. Við erum að tala um sama málið.

Og hvað erum við að tala um? Hvað sagði hæstv. utanrrh. og vitnaði þá í gjörðir hæstv. sjútvrh. í þessari grein í Tímanum, þeirra málgagni, í morgun? Þar segir, með leyfi forseta: „Það eina sem hefði gerst nú væri að sjútvrh. hefði lýst því yfir að ef EB hefði einhverjar óskir sem svar við okkar óskum um að horfið yrði til ástandsins eins og það var fyrir breytinguna 1986 þegar tollfrelsi var numið af okkar saltfiskafurðum, þá værum við tilbúnir að hlusta á þær."

Er þetta bara ekki boð um að semja ef þeir hafa einhverjar óskir? Ráðherra er búinn að bjóða það, hann er búinn að opna möguleika á viðræðum um þessi mál. Hann gerir það í heimildarleysi hvað Alþingi snertir. Hann hefur engar heimildir til þess að tala svona. Þetta eru mál sem eiga að ræðast á Alþingi og framkvæmdarvaldið á svo að fylgja því eftir.

En um hvað erum við að semja? Það sem ég sagði frá í ræðustól síðast þegar við töluðum um þetta voru tilvitnanir í ræðu, eða ekki ræðu heldur langt viðtal, um tveggja tíma viðtal við Frakklandsforseta og Frakkarnir hafa verið leiðandi í þessu bandalagi og uppbyggingu þess. Þeir eru ekki hálfnaðir í þeirri uppbyggingu. Hann var fyrst og fremst að segja frá því að það væri komið samkomulag um að nota eina mynt, ECU. Meira að segja voru sýndar á sjónvarpsskerminum myndir af myntinni eins og hún er væntanleg. Það er búið að verðleggja hana eins og hún stæði þá í dag. Það er komið þetta langt. Hann var að segja frá tollabandalagi sem þýddi að landamæri þjóðanna væru felld niður eins og þau eru nema ytri landamærin. Hann var að segja frá því að það yrði sameiginleg tollgæsla með samræmdum lögum um tollgæslu, með samræmdri lögreglu til að fylgja því eftir. Þetta er það sem við vorum að tala um og er komið á lokastig núna. Þetta er það sem á að taka gildi 1992. Og þá segi ég: Þó að ég sé ekki alltaf hrifinn af hv. 2. þm. Austurl. og við höfum oft eldað grátt silfur er það nú þannig að mér fannst hann flytja alveg frábæra ræðu áðan. Ekki getur hún verið mér að skapi vegna þess að við séum pólitískir samherjar því við höfum verið einhverjir mestu pólitískir andstæðingar á þingi sl. 14 ár. Við erum ekki bara, ef ég má taka til orða eins og hv. 4. þm. Reykn., „að brjóta niður múra". Við erum að brjóta niður gamla múra til að byggja nýja. Hann gaf til kynna í sinni ræðu að ef við ekki værum góðu börnin og kæmum heim fyrir klukkan þetta værum við lokaðir úti, værum við bara utan við þessa múra. Og þá á að hegna okkur með því, sem ég vil ekki trúa af þeirri þekkingu sem ég hef á þessu fólki sem ég bjó með árum saman, að þeir fari að gera það eitthvað erfiðara fyrir okkur að semja við bandaríki Evrópu, ef það má kalla EB það, eins og við semjum á milli þjóða núna eftir að þetta bandalag er komið af stað. Ég held að það lokist engar dyr. Þetta eru allt samkomulagsatriði á þann hátt sem við erum að gera samninga núna án þess að tapa nokkru af okkar sjálfstæði á einn eða annan hátt. Það er verið að byggja nýja, sterkari og hærri múra en fyrir eru.

Ég er alveg sammála hv. þm., formanni nefndarinnar. Við eigum ekki að vera hræddir við breytingar breytinganna vegna, en við skulum átta okkur á því áður en við förum út í breytingar hvort við þurfum nokkuð á breytingum að halda. Við skulum fara skref fyrir skref, en ekki taka eins konar þrístökk eða langstökk í málunum og lenda svo í einhverjum forarpolli.

Framsfl. hefur skipt um skoðun í gegnum árin og hann hefur farið marga hringi. Þegar Jónas Jónsson talaði um þessi mál, utanríkismál Íslands og viðskiptamál, lagði hann áherslu á, framsóknarmenn hefðu gott af því að lesa þá grein, hún er merkileg að mörgu leyti, og hann varaði frekar við of sterkum böndum með hliðstæðum orðum og hv. 14. þm. Reykv. gerði áðan. Hann lagði mikla áherslu á að þó við hefðum sterk bönd og góð viðskipti við Evrópu væri leiðin til bjargar fyrir Ísland framtíðarinnar, eins og hann orðaði það, „leið Leifs Eiríkssonar". Og

hann „fílósóferaði" í langri ræðu á mjög einfaldan og skiljanlegan hátt þannig að hún er vel læsileg, þessi ræða Jónasar, og á við enn þann dag í dag, um leið Leifs Eiríkssonar, virðulegu framsóknarmenn. Ég bið ykkur um að lesa hana því að þið hafið tapað áttum.

Það kom fram hjá hæstv. sjútvrh. að við yrðum að vera opnir til að semja ef það kostar okkur að veita einhverjar veiðiheimildir til þess að fá aðgang að mörkuðum vegna þess að við þurfum að flytja sem mest út fullunnið. Þetta hefur verið rétt miðað við þá stefnu sem við höfum haft undanfarin mörg ár. En það hlýtur einhvern tímann að koma að því að við lærum af reynslunni. Það hlýtur einhvern tímann að koma að því að við spyrjum: Hvernig stendur á því þegar við erum búnir að fullvinna vöruna, eins og hæstv. ráðherra gat um áðan, að varan óunnin gefur okkur meira í tekjur? Þetta er staðreyndin undanfarin ár. Hvernig stendur á því? Hvar höfum við stigið feilspor? Ef þetta heldur áfram að verða stefna íslenskra stjórnvalda, ég er ekkert að tala um ríkisstjórnina eins og hún er núna, ég er að tala um ríkisstjórnir undanfarinna ára, ef niðurstaðan í dag, hvenær sem það er „í dag", er sú að okkar undirstöðuatvinnuvegur þolir ekki að fullvinna vöruna hér, er þá ekki kominn tími til þess að við spyrjum: Hvers vegna? (**Gripið fram í:** M.a. tollar.) Nei, tollarnir eru hér líka á vörunum sem koma „þaðan", hvaða land sem það er, og þeir eru borgaðir og bornir uppi af því fólki sem er í landinu sem er viðtökulandið. Við skulum ekki halda áfram að blekkja. Svo lengi sem við höldum áfram þessum blekkingaleik til að komast í gegnum daginn en hugsum ekki um markaðinn á morgun og áfram er niðurstaðan þessi: Það borgar sig ekki að fullvinna vöruna. Efnahagsbandalagið breytir engu þar um.

En áður en hæstv. forsrh. hleypur úr salnum vil ég ítreka að þau drög að yfirlýsingu sem forsrh. hefur upplýst að verði undirrituð, ég man ekki hvort hann sagði að þau yrðu undirrituð en alla vega rædd, forsætisráðherrar EFTA-ríkjanna hljóta að leggja vinnu einungis í það sem á að bera árangur svo það hlýtur að liggja fyrir að þau verði undirrituð, verði rædd á Alþingi á lokuðum fundi í trúnaðarmannahópi. Nefndin sem slík er enginn trúnaðarmannahópur hvað mig snertir í ákvarðanatöku og áliti á því sem á að fara að semja um og undirskrifa erlendis. Þegar nafn forsrh. landsins er komið á blaðið er það talið bindandi og þá er reiknað með samþykkt Alþingis þjóðarinnar.

Ég óska eftir því að sá fundur sem átti að vera með nefndinni verði með réttum aðilum. Hann verði með mér og öðrum sem erum kosnir trúnaðarmenn þjóðarinnar. Forsrh. er trúnaðarmaður þeirra sem voru kosnir af þjóðinni. Það er Alþingi sem kýs ríkisstjórnina. Og þessi væntanlega tillaga, drög sem hafa komið að utan, verði rædd í framhaldi af þessum umræðum og þangað til boðað verður til fundar til að ræða þau mál verði fundi frestað og það verði áfram undir því dagskrármáli sem hér er nú á dagskrá utan dagskrár. Það er ekki nefndarinnar að ráðleggja forsrh. um gæði þeirra draga sem hafa komið að utan. Það er ekkert víst að það sé alltaf best sem kemur að utan.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur orðið og þakka hæstv. forseta fyrir að leyfa umræðuna. Ég tel að umræðan hafi leitt í ljós að full nauðsyn hefur verið að hreyfa við þessu máli í þinginu.

Ég veit ekki hvort ég á að vera að svara nokkru því sem hv. 1. þm. Norðurl. v. Páll Pétursson var að segja um pólitískt upphlaup og annað. Ég tel það varla svara vert. En ég vil lýsa því sem að þessari margumtöluðu EB-nefnd snýr. Það er rétt að við höfum fengið drög sem trúnaðarmál í tvígang. Einu sinni þegar við vorum úti í Genf og einu sinni eftir að við komum heim. Við höfum aldrei haft nein tækifæri til að ræða þessi drög eða hafa áhrif á þau. Alla vega hefur mér ekki gefist tækifæri til þess. Síðan höfum við frétt að það væru komin kannski einhver drög í viðbót. Við fréttum það frá Noregi að það séu komin ný drög. Ég reikna með því að það sé það sem við erum boðuð á fund nú til að ræða. Ég veit ekki hversu mikil áhrif við getum haft á þau, en það á þá eftir að koma í ljós.

Ég hef ekki svo miklar áhyggjur endilega af sjálfri mér. Ég hlýt að hafa áhyggjur af öðrum þingmönnum hér eins og fleiri hafa reyndar komið inn á.

Hæstv. forsrh. minntist á það áðan að það væri meiningin að kalla saman þennan fund með EB-nefndinni ásamt fleiri aðilum, aðilum vinnumarkaðarins. Ég tel það ekki vera nægilegt. Við erum með utanrmn. hér og eins og ég gat um áðan er reiknað með því að ríkisstjórnin hafi samráð við nefndina í meiri háttar utanríkismálum.

Forsrh. minntist líka á það áðan að við ættum að geta haft samráð við okkar þingflokka eftir fund í dag. Ég veit ekki hvernig við ættum að geta farið að því því að það eru ekki margir dagar þangað til að hann fer af landi brott. Ef ég man rétt sagði hann mér að hann færi á sunnudag. Þannig er lítill tími til samráðs við þingflokka ef við eigum að geta gert það á þessum stutta tíma sem er fram á sunnudag.

Ég tel hins vegar að umræðurnar hafi verið mjög gagnlegar og nauðsynlegar og það hafi ekki komið fram neinn ágreiningur. Það hafa allir verið mjög sammála og ég held að það þurfi ekki að hafa neinar sérstakar áhyggjur af því.

Ég hefði talið eðlilegra að það hefði verið haft samráð við utanrmn. þingsins varðandi þau drög sem þá hafa legið fyrir. Ég skil mjög vel að forsrh. geti ekki upplýst um drög að ályktun Oslóarfundarins í einstökum atriðum. Hann hefur hins vegar lýst yfir í megindráttum hvers konar afstöðu hann muni taka þó að það sé ekki ljóst nákvæmlega hvernig þessi drög eru orðuð.

Ég vil hins vegar vekja athygli á því að þó svo að þessi nefnd sé ekki þingnefnd eru flestir aðilar hennar

í utanrmn. eins og kom fram hjá hv. þm. Eyjólfi Konráði Jónssyni. Ég vil þó benda á að formaður utanrmn. er ekki í þessari nefnd. Ég veit að vísu ekki hvort hann hefur verið boðaður til fundarins á eftir, en mér þykir bara það eitt vera galli á því að ekki skuli vera haft samráð við utanrmn. Það hefði vel verið hægt á fyrri stigum þessa máls þó svo að endanleg drög hafi ekki legið fyrir.

Ég hlýt að vona og vil túlka þau ummæli forsrh. sem hann hefur viðhaft hér þannig að hann muni ekki taka neinar afdrifaríkar ákvarðanir án samráðs við Alþingi. Þetta eru mjög mikilvægar ákvarðanir sem við stöndum frammi fyrir.

Áhyggjur mínar varðandi þetta mál eru e.t.v. enn meiri en annars hefði verið ef hæstv. sjútvrh. hefði ekki vakið máls á því sem komið hefur margoft fram hér í dag um veiðiheimildir innan íslenskrar lögsögu. Ég tel alls ekki koma til greina að skip frá Evrópubandalaginu fái leyfi til að veiða innan íslenskrar fiskveiðilögsögu. Ég tel það vera mjög misráðið að fara að ræða um það núna. Í máli hæstv. forsrh. kom fram áðan að hann væri mjög bjartsýnn á að á fundinum í Osló mundi nást samkomulag um fríverslun með fisk innan EFTA sem ég tel mjög mikilvægt og allir eru sammála um að er mjög mikilvægt varðandi samninga við Evrópubandalagið. Ég hefði talið það vera mikið stærri og meiri áfanga og síst af öllu okkur til framdráttar að ræða núna um fiskveiðiheimild til Evrópubandalagsins innan okkar lögsögu. Ég á því enn erfiðara með að skilja hvers vegna hæstv. sjútvrh. telur nú tímabært að vekja upp þennan gamla draug varðandi heimildir innan fiskveiðilögsögu Íslands.

Umræðurnar í dag hafa m.a. orðið til þess að yfirlýsingar hafa komið fram um hve jákvæð áhrif það mundi hafa ef frelsi fjármagnsins yrði ótakmarkað og menn hafa rætt fram og til baka um ýmislegt annað en það sem ég hafði viljað vekja athygli á. Ég hóf mál mitt ekki til að ræða eins almennt eins og margir hafa gert um hvað Evrópubandalagið er að gera þó að það sé fyllilega ástæða til að gera það á þessum vettvangi. Frelsi fjármagnsins verður e.t.v. staðreynd innan skamms tíma, en hvað af því muni leiða hefur allt of lítill gaumur verið gefinn. Þó svo spá um aukinn hagvöxt og aukna peningalega hagkvæmni verði að veruleika er alls ekki víst að það muni verða fólkinu til góðs.

Hv. þm. Kjartan Jóhannsson talaði í talsvert löngu máli um ágæti Evrópubandalagsins og hve nauðsynlegt er, að því er mér skilst, að við gerum eins og þeir hafa gert. Á máli hans var einnig hægt að skilja að best væri fyrir okkur að hætta að reyna að hafa stjórn á efnahagsmálum, þá mundi þetta allt saman batna hér á landi, opna bara allar flóðgáttir og þá mundi allt lagast.

Þingmaðurinn hafði ekki miklar áhyggjur af yfirþjóðlegum valdastofnunum og valdaafsali okkar á sjálfsákvörðunarrétti okkar. Hann taldi mig hafa talað í vandlætingartóni um þessi mál. Ég hafði verulegar áhyggjur af því að við værum að afsala okkur sjálfsákvörðunarrétti einmitt vegna þeirra draga sem ég hef að yfirlýsingum Oslóarfundarins. Og ef hv. þm. Kjartan Jóhannsson hefur heyrt vandlætingartón held ég að heyrnin hafi e.t.v. eitthvað brugðist þingmanninum. Frekar held ég að það hafi verið um áhyggjutón að ræða en vandlætingartón.

Virðulegur forseti. Það væri hægt að ræða mikið og lengi um þessi mál, en ég held að það sé kominn tími til að ljúka þessu. Ég treysti því að forsrh. bindi á engan hátt hendur þingsins eða þjóðarinnar í Osló. Hann hefur lýst því yfir að hann muni ekki fallast á neinar yfirþjóðlegar ákvarðanatökur innan EFTA, enda sé ekki verið að afsala neinum rétti í drögum að yfirlýsingu Oslóarfundarins.

Ég fagna þessari yfirlýsingu forsrh. og ég verð að segja að mér er mikið rórra eftir þessa umræðu í dag og ég endurtek að ég held að hún hafi verið til góðs. Ég fullyrði að það er vilji meiri hluta Íslendinga að við afsölum okkur ekki í neinu sjálfsákvörðunarrétti okkar.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Guðrún Helgadóttir 3949, 4114, 4122, 4145.
Forseti Sþ. Salome Þorkelsdóttir 3988.
Forseti Nd. Kjartan Jóhannsson 4058.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 4074, 4079, 4081, 4124.
Félmrh. Jóhanna Sigurðardóttir 4102.
Heilbr.- og trmrh. Guðmundur Bjarnason 4076, 4094.
Menntmrh. Svavar Gestsson 3955, 3959, 4056, 4057, 4099, 4105, 4107, 4108, 4110.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 4097, 4151.
Utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson 3965, 4083, 4086, 4091, 4161.
Viðskrh. Jón Sigurðsson 3989, 3990, 3992, 4002, 4066, 4069, 4081, 4085, 4092, 4111, 4113.
Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir 3987, 4114, 4119.
Albert Guðmundsson 4022, 4027, 4091, 4162.
Alexander Stefánsson 3974, 4017, 4028.
Auður Eiríksdóttir 4067.
Árni Gunnarsson 3972.
Birgir Ísl. Gunnarsson 3953, 3958, 4012, 4025.
Danfríður Skarphéðinsdóttir 4055, 4076, 4078, 4092, 4093.
Eggert Haukdal 4029.
Eyjólfur Konráð Jónsson 3952, 3983, 4133.
Friðjón Þórðarson 3967, 3975.
Geir H. Haarde 4073, 4075, 4083, 4116.
Guðmundur H. Garðarsson 3980, 3988, 3998, 4084, 4085, 4156.
Guðmundur G. Þórarinsson 3949, 3986, 4020.
Guðrún Agnarsdóttir 3957, 3987, 3996, 4117.
Hjörleifur Guttormsson 3960, 3964, 3967, 3970, 4041, 4053, 4080, 4085, 4090, 4091, 4138.
Hreggviður Jónsson 4024, 4072.
Ingi Björn Albertsson 4032.
Jóhanna Þorsteinsdóttir 4096, 4097, 4119, 4121.
Jón Helgason 4058.
Júlíus Sólnes 4001, 4006, 4129.
Karl Steinar Guðnason 4114.
Kjartan Jóhannsson 4146.
Kristinn Pétursson 4081, 4084, 4111, 4112.
Kristín Einarsdóttir 3963, 4038, 4089, 4122, 4168.
Kristín Halldórsdóttir 3976, 4064, 4069.
Matthías Bjarnason 4062, 4070.
Matthías Á. Mathiesen 4034, 4049, 4054, 4078, 4080.
Ólafur Þ. Þórðarson 4108, 4110.
Óli Þ. Guðbjartsson 4118.
Páll Pétursson 4061, 4154.
Pálmi Jónsson 4107.
Salome Þorkelsdóttir 3959, 4116, 4120.
Skúli Alexandersson 4093, 4096.
Stefán Guðmundsson 4056, 4057, 4109.
Valgerður Sverrisdóttir 4054, 4121.
Þórhildur Þorleifsdóttir 3975, 3976, 4018, 4029, 4098, 4100, 4101, 4104, 4106.

Efnisskrá.

Aðfaranám til ökuprófs (277. mál) 4119.
Aðstoð við leigjendur (178. mál) 4114.
Afnám ýmissa laga um iðnaðar- og orkumál (298. mál) 3990.
Afvopnun á höfunum (248. mál) 4085.
Ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins (169. mál) 3967.
Bann við innflutningi á fóstureyðingarpillum (90. mál) 3960.
Deilur Ísraels og Palestínumanna (102. mál) 3960.
Efling hafbeitar á Íslandi (144. mál) 3979, 3988.
Efnahagsáætlun Norðurlanda 1989–1992 (295. mál) 4078.
Erfðalög (208. mál, önnur erfð, óskipt bú o.fl.) 4057.
Framkvæmdasjóður á sviði menningarmála (177. mál) 4012, 4060.
Gengisskráning krónunnar (297. mál) 4111.
Hagvarnaráð (251. mál) 4073.
Hjúkrunarheimili fyrir heilaskaðaða (267. mál) 4093.
Húsnæðislánastofnanir (155. mál) 4006.
Jöfnun á námskostnaði (175. mál) 4054.
Kynbótastöð fyrir eldislax (36. mál) 3949.
Lánskjör og ávöxtun sparifjár (210. mál) 4029, 4061.
Lengd skólaárs og samfelldur skóladagur (89. mál) 3953.
Málefni heyrnarskertra (274. mál) 4101.
Móttökuskilyrði hljóðvarps og sjónvarps (285. mál) 4108.
Sala notaðra bifreiða (187. mál) 4032, 4060.
Skólabúðir í Reykjaskóla (290. mál) 4104.
Starfsheiti og starfsréttindi matvælafræðinga (253. mál) 4075.
Stjórn umhverfismála (230. mál) 4034, 4061.
Tilhögun þingfunda 4058.
Um þingsköp 3980 (afgreiðsla þingmála); 4114 (upplýsingaöflun kjararannsóknarnefndar).
Umhverfismengun af völdum einnota umbúða (312. mál) 3992.
Umræður utan dagskrár 4122 (afstaða Íslands á fundi EFTA-landanna).
Varamenn taka þingsæti 3949.
Vaxtalög (239. mál, fjárfestingarlánasjóðir, dráttarvextir, okur o.fl.) 4061.
Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins (283. mál, sérreikningar framleiðenda) 4070.
Verslunarfyrirtæki í dreifbýli (259. mál) 4092.
Viðskiptabankar og sparisjóðir (3. mál, verðbréfafyrirtæki) 3989.
Þjónusta við heyrnarlausa í sjónvarpi (289. mál) 4098.
Ökuferilsskrá (268. mál) 4096.
Ökunám og ökukennsla (127. mál) 3976.

SAMEINAÐ ÞING

50. fundur, mánudaginn 13. mars, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Formaður þingflokks Framsfl. hefur ritað mér á þessa leið:

Þar sem Steingrímur Hermannsson forsrh. er erlendis og getur því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér að hans beiðni með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Framsfl. í Reykn., Níels Árni Lund, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans.

Þetta er yður hér með tilkynnt, hæstv. forseti.

Kjartan Jóhannsson,
forseti Nd."

Níels Árni Lund hefur áður setið á þingi á þessu kjörtímabili og ég býð hann velkominn til starfa.

Tilhögun þingfundar.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Í upphafi fundar vil ég upplýsa að Ágúst Guðmundsson hjá Landmælingum Íslands kom til fundar við forseta sl. föstudag og óskaði eftir að þingmenn ættu kost á því að kynnast nýjum staðfræðikortum og íslenskum kortastaðli sem nú liggur fyrir og það varð að samkomulagi að reynt yrði að ljúka þessum fundi kl. 4 þannig að þingmenn gætu, þeir sem áhuga hafa, farið inn á Landmælingar Íslands á tímanum milli 4 og 5, og þeir hafa fengið boðskort sem staðfestir boð þetta, þannig að það verður reynt að ljúka þessum fundi um kl. 4.

Byggingarsjóður námsmanna, fyrri umr.

Þáltill. FI o.fl., 55. mál. — Þskj. 57.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um stofnun Byggingarsjóðs námsmanna og geri það í fjarveru 1. flm., Finns Ingólfssonar, en auk okkar flytja þetta mál hv. þm. Stefán Guðmundsson, Guðni Ágústsson, Valgerður Sverrisdóttir og Jón Kristjánsson. Tillgr. er þannig:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að stofna í samvinnu við námsmannasamtökin, þ.e. stúdentaráð Háskóla Íslands og Bandalag íslenskra sérskólanema, byggingarsjóð sem hafi það hlutverk að fjármagna íbúðarbyggingar fyrir námsmenn. Byggingarsjóðurinn verði sjálfstæð stofnun með sérstakri stjórn og verði í vörslu Seðlabanka Íslands.

Byggingarsjóðnum verði heimilað að taka lán hjá Byggingarsjóði verkamanna. Sjóðurinn verði til að byrja með í eigu ríkisins og námsmannasamtakanna. Tekjur sjóðsins verði leigutekjur af húsnæði í eigu sjóðsins og greiði námsmenn innan námsmannasamtakanna ákveðið hlutfall af árlegum skólagjöldum sínum til byggingarsjóðsins. Fyrstu tíu árin greiðir ríkissjóður *árlega til* sjóðsins þrefalda þá upphæð sem námsmenn greiða. Þegar tekjur sjóðsins standa undir eigin framlagi sjóðsins við fjármögnun bygginga afhendi ríkið samtökunum eignarhlut sinn í sjóðnum."

Þannig hljóðaði tillögugreinin. Tilgangurinn með þessari þáltill. er að benda á ákveðna leið til lausnar á því ófremdarástandi sem nú ríkir í húsnæðismálum námsmanna.

Innritaðir stúdentar í Háskóla Íslands á þessu hausti eru rúmlega 4300. Það er þó aðeins brot af fjölda námsmanna því að í Bandalagi ísl. sérskólanema eru félagsmenn liðlega 3000 og nám við Háskólann á Akureyri stunda nú um 70 manns. Námsmenn í þessum námsmannasamtökum búa við mjög misjafna aðstöðu hvað húsnæðismál varðar. Bandalag ísl. sérskólanema hefur ekkert húsnæði fyrir sína félagsmenn. Sama gildir um Háskólann á Akureyri. Þeir verða því eingöngu að treysta á leigumarkaðinn. Auk þessa eru þúsundir námsmanna sem stunda nám í mennta- og fjölbrautaskólum sem einnig verða að leita sér að leiguhúsnæði. Aftur á móti búa stúdentar við Háskóla Íslands við mun skárri kost þótt slæmur sé því að þeir hafa möguleika á að komast inn í það húsnæði sem Félagsstofnun stúdenta á. Það er Gamli garður, sem byggður var árið 1934, Nýi Garður sem byggður var 1943 og Hjónagarðar sem teknir voru í notkun árið 1974. Þó er innan við 5% stúdenta við Háskólann sem geta nýtt sér þetta húsnæði.

Árið 1984 beitti þáv. félmrh., Alexander Stefánsson, sér fyrir því með lagasetningu á Alþingi að hægt væri að lána úr Byggingarsjóði verkamanna til námsmanna og annarra félagasamtaka 85% af byggingarkostnaði leiguhúsnæðis fyrir þessa hópa. Í kjölfar þessarar lagabreytingar hófust byggingarframkvæmdir á vegum Félagsstofnunar stúdenta við nýja garða. Í september sl. fluttu fyrstu stúdentarnir inn í það húsnæði.

Sett hefur verið á fót Félagsstofnun stúdenta við Háskólann á Akureyri og vonir standa til að sú stofnun eignist innan tíðar húsnæði fyrir stúdenta sem stunda nám við þann skóla. Það er eðlilegt, verði þessi tillaga samþykkt hér á Alþingi, að Félagstofnun stúdenta við Háskólann á Akureyri verði eignaraðili að þessum byggingarsjóði.

Í könnun sem Félagsstofnun stúdenta lét gera árið 1982 á húsnæðisaðstöðu stúdenta við Háskóla Íslands kom fram að 4,6% stúdenta bjuggu á stúdentagörðum en 40% stúdenta bjuggu í leiguhúsnæði. Lána-

sjóður ísl. námsmannna lét framkvæma árið 1986 svipaða könnun á húsnæðisaðstöðu námsmanna sem voru í lánshæfu námi hér á landi. Sú könnun sýndi að 50% námsmanna bjuggu í leiguhúsnæði og í dag búa um 4% stúdenta við Háskóla Íslands á stúdentagörðunum. Rannsókna eða kannana á ástandinu er því ekki þörf. Það er aðgerða þörf.

Daglegar auglýsingar, og það í tugatali, í dagblöðum í ágúst og september á ári hverju, þar sem námsmenn auglýsa eftir húsnæði og heita hárri fyrirframgreiðslu, segja sína sögu um ástandið. En hvernig námsmenn geta heitið hárri fyrirframgreiðslu er torskiljanlegt. Herbergi eru leigð út fyrir miklar fjárhæðir, tveggja herbergja íbúðir fyrir kannski 30–40 þús. kr. á mánuði og reiknuð framfærsla Lánasjóðsins í dag eru 33.418 kr. á mánuði fyrir einstakling í leiguhúsnæði. Af þessari upphæð er áætlað að um 5.140 fari í húsaleigu. Þetta leiguverð er ekki greitt af námsmönnum sjálfum nema að hluta til. Það sannar reiknuð framfærsla Lánasjóðsins. Auðvitað lendir það á foreldrum, vinum og venslamönnum að aðstoða námsmenn í þessum efnum. Þegar haft er í huga það aðstöðuleysi sem námsmenn búa við og hér hefur verið bent á, þá tel ég að öll rök hnígi í þá átt að byggingarsjóður sem þessi sé mjög nauðsynlegur og það vil ég rökstyðja með eftirfarandi:

1. Eftir því sem framboð á húsnæði fyrir námsmenn verður meira, því minni verður námskostnaður nemenda. Leiga er mun lægri í námsmannahúsnæðinu en á hinum almenna leigumarkaði.

2. Lægri námskostnaður mun draga úr kröfu námsmanna um hækkun á reiknuðum framfærslukostnaði frá Lánasjóði ísl. námsmanna. Það er þjóðfélagslega hagkvæmara að fjármagna félagslegar íbúðarbyggingar fyrir námsmenn en að fjármagna húsnæðiskostnað þeirra á almennum leigumarkaði.

3. Hægt er með fjölgun námsmannaíbúða að draga úr aðstöðumun milli landsbyggðar og höfuðborgar hvað menntun varðar.

4. Hátt leiguverð hefur haft áhrif á varanlega búsetu fólks. Foreldrar námsmanna eða þeir sjálfir bregðast oft við húsnæðisvandanum með því að fjárfesta í íbúðum á höfuðborgarsvæðinu.

5. Öflugur byggingarsjóður fyrir námsmenn er framtíðarlausn á leiguhúsnæðisvanda þeirra.

6. Aukið framboð á húsnæði fyrir námsmenn mun leiða til lækkunar á leiguverði á hinum almenna leigumarkaði höfuðborgarsvæðisins og kæmi það helst til góða þeim sem búa í leiguhúsnæði á því svæði.

Húsnæðismál námsmanna hafa áður komið til umræðu hér á Alþingi. Þáltill. frá hv. alþm. Stefáni Guðmundssyni, um að fela ríkisstjórninni að kanna sérstaklega á hvern hátt mætti bæta úr þeim mikla húsnæðisvanda sem námsmenn utan Reykjavíkur búa við, var samþykkt hér á Alþingi 1984. Á síðasta þingi var flutt samhljóða tillaga og sú sem hér er mælt fyrir, en varð ekki útrædd.

Sem fylgiskjöl með þessari þáltill. eru umsagnir Stúdentaráðs Háskóla Íslands, Bandalags ísl. sérskólanema og Félagsstofnunar stúdenta.

Ég trúi því að með samstilltu átaki námsmanna sjálfra og ríkisvaldsins sé hægt að koma fastri stjórn á húsnæðismál námsmanna fyrir framtíðina. Við þær ástæður sem námsmenn búa í dag er útilokað að búa til lengdar.

Frú forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði þáltill. vísað til hv. félmn. Sþ.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins segja nokkur orð hér til þess að lýsa stuðningi mínum við þá meginhugmynd sem fram kemur í þessari þáltill. um stofnun sérstaks byggingarsjóðs fyrir námsmenn.

Eins og fram kom í máli hv. frsm. búa námsmenn við mikil ókjör hvað húsnæði varðar og ég vildi benda á örfá atriði sem snerta námsmenn, ekki bara á því skólastigi sem hér ræðir aðallega um heldur einnig á framhaldsskólastiginu. Í janúar sl. var húsnæðiskostnaður námsmanna, þ.e. einstaklings sem ekki býr í foreldrahúsum, reiknaður 5.397 kr. í þeim útreikningum sem Lánasjóður ísl. námsmanna leggur til grundvallar. Leiga á stúdentagörðunum hér við Háskóla Íslands var 8.800 kr. á mánuði þannig að þar nær sá húsnæðiskostnaður sem Lánasjóðurinn gerir ráð fyrir ekki einu sinni ódýrustu húsaleigu sem nemendur eiga kost á hér í höfuðborginni.

Hér hefur verið gerð ítarleg grein fyrir þörfinni á auknu húsnæði fyrir námsmenn og ætla ég ekki að fara nánar út í þá sálma. Ég vildi hins vegar benda á að í fskj. II er bréf frá Bandalagi ísl. sérskólanema. Það eru nemendur sem eru að hluta til á framhaldsskólastigi en aðrir á háskólastigi eins og t.d. við Kennaraháskólann og fleiri skóla. Ég vil ekki láta hjá líða við þessa umræðu að benda á að það ríkir líka mjög bágt ástand í húsnæðismálum framhaldsskólanema, þ.e. þeirra sem stunda nám í heimavistarbundnum framhaldsskólum og eiga ekki aðild að Bandalagi ísl. sérskólanema. Ég tel vera mikla þörf á að taka upp þeirra húsnæðismál ekki síður en þeirra sem eru á háskólastigi. Á undanförnum árum hafa verið stofnaðir margir nýir framhaldsskólar, og hefur það reyndar gjörbreytt aðstöðu nemenda til náms um allt land en þó er það svo enn þá að námsframboð er og verður trúlega alltaf nokkru meira hér á höfuðborgarsvæðinu en við smærri skólana úti á landsbyggðinni. Við flesta framhaldsskólana úti á landsbyggðinni hafa verið byggðar heimavistir. Engin þeirra annar eftirspurn nemenda eftir húsnæði. Hér á höfuðborgarsvæðinu er einungis um að ræða 36 pláss fyrir nemendur á heimavist við Sjómannaskólann í Reykjavík. Ég vildi aðeins koma þessu á framfæri við þessa umræðu að það þarf ekki síður að hugsa um þá sem yngri eru og þurfa að fara að heiman um 16 ára aldur. Það getur reynst mörgum unglingnum mjög erfitt að byrja í nýjum skóla í nýju umhverfi fjarri fjölskyldu sinni og það er mikil hætta á félagslegri einangrun. Það má t.d. líka

benda á að fæði margra þeirra nemenda sem þannig búa er með öllu ófullnægjandi.

Ég vil líka aðeins geta þess að 1985–1986 voru rúmlega 100 námsbrautir í boði hér við framhaldsskólana í Reykjavík en í því fræðsluumdæmi sem þær voru næstflestar, sem var Norðurl. e., voru þær aðeins 70. Nemendur sem vilja stunda t.d. iðnnám í fámennum greinum, ég get nefnt sem dæmi bifreiðasmíði, þeir eiga ekki annarra kosta völ en að fara til Reyjavíkur og einnig nemendur sem vilja leggja stund á hárgreiðslu.

Ég vildi aðeins benda á þetta, en ég styð heils hugar þá hugmynd að komið verði upp sérstökum byggingarsjóði og ítreka að það er brýnt að ráða bót á húsnæðismálum nemenda hvort heldur er á háskólastigi eða framhaldsskólastigi.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Ég fagna þessari till. sem þingmenn Framsfl. flytja um að stofnaður verði sjóður til byggingar íbúðarhúsnæðis fyrir námsmenn. Það hefur verið mikið vandamál hjá námsmönnum að afla sér leiguhúsnæðis og það er rétt sem fram kom í ræðu hv. þm. Páls Pétursonar að þetta hefur haft veruleg áhrif á leigumarkaðinn hér í Reykjavík og m.a. leitt til þess að húsaleiga er allt of há.

Ýmislegt hefur samt verið gert á vegum samtaka námsmanna. Nú eru í byggingu nýir hjónagarðar sem bjarga að miklu leyti þeirri þörf sem verður fyrir nemendur í Háskóla Íslands. En betur má ef duga skal. Ég verð að segja það að lítið hefur verið gert fyrir aðra en nemendur Háskólans. Það er rétt að komið verði á einhvers konar sjóði sem hægt er að ganga í til byggingar húsnæðis. Það er samt alltaf spurning hvernig standa skuli að þessu, hverjir eigi að greiða. Á það að vera ríkið eða eiga það að vera námsmenn að hluta til? Okkur er öllum kunnugt um að námsmenn hafa mjög litlar tekjur til ráðstöfunar til að borga leigu. Þess vegna ætti það að vera réttlætanlegt að ríkið komi þar inn í að einhverju leyti. Við þingmenn Borgfl. höfum lagt fram tillögur í Ed., einmitt um þetta, hvernig Byggingarsjóður verkamanna getur komið inn í og lánað allt upp í 100% til einmitt svona félagslegra bygginga. Ég held að það sé raunhæfara en að ríkissjóður styrki slíka sjóði með beinum framlögum. Hins vegar vonast ég eftir að tillagan komi vel til umræðu í þeirri nefnd sem henni verður vísað til, hv. félmn., en þar á ég sæti og mun gera mitt í því að kafa ofan í þessi mál og athuga hvort þetta sé raunhæft og hve mikinn kostnað ríkissjóður hefur af þessu máli.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til félmn. með 33 shlj. atkv.

Verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða, fyrri umr.

Þáltill. HG, 108. mál. — Þskj. 111.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Á þskj. 111 leyfi ég mér að flytja till. til þál. um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa á vegum Náttúruverndarráðs í samráði við yfirvöld orkumála áætlun um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða, fossa og hvera. Slík áætlun verði lögð fyrir Alþingi til kynningar og staðfestingar haustið 1990."

Í grg. er þessi tillöguflutningur rökstuddur og ég leyfi mér að nefna hér nokkra þætti sem varða efni tillögunnar.

Í fyrsta lagi það að vísa til þess að víða eru uppi mikil álitamál varðandi nýtingu vatnsfalla með tilliti til virkjana og hið sama er raunar uppi varðandi hagnýtingu jarðhitasvæða. Sem dæmi um svæði þar sem árekstrar eru auðsæir á milli sjónarmiða hagnýtingar og verndunar má nefna Hvítá í Árnessýslu með Gullfossi og gróðurlendi við Hvítárvatn sem færi undir vatn í vatnsmiðlun vegna virkjunar í Hvítá ef til kæmi.

Ég veit ekki hvort hv. alþm. er kunnugt hversu mikil vinna hefur þegar verið lögð í athugun á virkjun Hvítár í Árnessýslu. Ég get nefnt það því að það er mér í huga persónulega að ég kom nálægt því að mæla þetta svæði sumarið 1956, þá þegar. Á þeim tíma var Raforkumálaskrifstofan tekin að athuga um hagnýtingu á þessu vatnsfalli. Síðan hafa aðrir komið til, þar á meðal Orkustofnun. Það er búið að verja miklum fjármunum til þess að kanna virkjun þessa vatnsfalls með ýmsum hætti, þar á meðal að leiða vatn fram hjá Gullfossi við Haukholt og leiða það síðan inn í farveg Hvítár neðan við Gullfoss. Ég hef einhvers staðar í greinum talað um „framhjáhald" í þessu sambandi, að leiða vatnið fram hjá þekktasta fossi Íslands í sambandi við virkjun árinnar. Þetta er eitt dæmi.

Svipuðu máli gegnir um Jökulsá á Fjöllum, með Dettifossi og fleiri fossum neðar í ánni. Það hefur þegar verið varið verulegum fjármunum vegna hugsanlegra virkjana sem nýta mundu vatnið í Jökulsá á Fjöllum, m.a. tengt hugmynd um gífurlega stórt miðlunarlón í Möðrudal á Fjöllum þar sem það svæði allt væri undir vatni og spurning hvort kirkjuturninn í kirkju Jóns í Möðrudal stæði upp úr lóninu sem þar ætti að mynda. Það er sem sagt ein af fjölmörgum hugmyndum, en áður voru komnar útfærðar virkjunaráætlanir varðandi Dettifoss sérstaklega og virkjun í gljúfrinu rétt neðan við Dettifoss ofan við Hafragilsfossinn, eða á þeim slóðum.

Ég bendi ekki á þessi dæmi vegna þess að þau séu einstök, heldur varða þau vatnsföll sem eru mjög þekkt og fossa sem eru flestum kærir sem þá hafa séð. En þannig eru álitamálin svo tugum ef ekki hundruðum skiptir í sambandi við hagnýtingu vatnsfalla.

Af jarðhitasvæðum má nefna t.d. Hengilssvæðið og Torfajökulssvæðið, hið fyrrnefnda nær hagnýtingu og þegar til umræðu og ákvarðana varðandi hagnýtingu. Í því sambandi má auðvitað vísa til Nesjavallasvæðisins sem þegar er verið að virkja.

Það er mikil þörf á því að komið verði við forgangsröð sem byggð verði á skilmerkilegu, fjölþættu mati á landnýtingarhagsmunum og verndarsjónarmiðum varðandi vatnsföllin og einnig jarðhitasvæðin og það fyrr en seinna, áður en lengra er haldið í þessari hagnýtingu.

Á vegum Náttúruverndarráðs hefur vissulega farið fram mikil vinna og gagnaöflun til að flokka vatnsföll og fossa, jarðhitasvæði og einstaka hveri út frá verndargildi og einnig votlendissvæði og aðrar gróðurvinjar á hálendinu sem gætu orðið í hættu vegna vatnsmiðlana. Með tillögunni er að finna fylgiskjöl í formi korta að verulegu leyti, sem draga fram mat náttúruverndaraðila, Náttúruverndarráðs og aðila sem unnið hafa á þess vegum, varðandi verndargildi nefndra þátta, fossa, jarðhitasvæða og votlendissvæða í landinu. Þar er einnig að finna sérstakt fylgiskjal yfir vatnasvæði sem eru talin í sérstakri hættu, flokkun sem tengist vinnu á vegum Norðurlandasamstarfs varðandi verndun vatnasvæða.

Það hefur oft verið fjallað um þessi mál, t.d. á náttúruverndarþingum, og ályktað um þessi atriði varðandi undirbúning orkumannvirkja, það sjónarmið sett fram að strax í upphafi þurfi að ganga úr skugga um umhverfisáhrif vegna hugsanlegra virkjana og einmitt að búa þurfi til forgangsröð með hliðsjón af umhverfis- og náttúruvernd. Þessi mál hafa hins vegar ekki komið hér inn á vettvang Alþingis í því formi að þau væru til ákvörðunar eða ályktana fallin af hálfu þingsins, nema í tengslum við deilur um einstakar virkjanaframkvæmdir, undirbúning virkjana, þar sem skoðanir hafa verið mjög skiptar og gæti ég nefnt mörg dæmi þar að lútandi, allt frá Laxá í Þingeyjarsýslu til Blönduvirkjunar sem nú er verið að byggja.

Það er eðlilegt að stefnt sé að því að áætlun eins og tillagan gerir ráð fyrir verði fullmótuð af hálfu Náttúruverndarráðs í samvinnu við orkuyfirvöld fyrir næsta náttúruverndarþing sem halda á eftir gildandi lögum á árinu 1990. Þar væri hægt að leita viðbragða, en málið yrði síðan lagt fyrir Alþingi að því búnu.

Ég minni á að það er farvegur á milli Náttúruverndarráðs og orkuyfirvalda þar sem er sérstök samráðsnefnd Náttúruverndarráðs og iðnrn. sem hefur starfað allt frá árinu 1972 og fjallað um virkjanaáform og umhverfisáhrif sem fylgja mundu ef til framkvæmda kæmi. Til þessa farvegs var stofnað af Magnúsi Kjartanssyni iðnrh. á nefndu ári og starf þessarar nefndar, sem er enn til og virk að einhverju leyti, hefur verið mjög mikilvægt og dregið úr árekstrum. Ég segi ekki að það hafi hindrað árekstra í þessum efnum, en í öllu falli hefur verið fjallað um málin frá báðum hliðum.

Það er eðlilegt að mati flm. að Náttúruverndarráð hafi forgöngu um gerð verndaráætlunar, en jafnnauðsynlegt er að yfirvöld orkumála komi sínum sjónarmiðum á framfæri þannig að hvort tveggja liggi fyrir Alþingi í þeirri áætlun sem ég geri ráð fyrir að lögð verði fyrir þingið.

Ég vísa til vinnu í nágrannalöndum, þá sérstaklega í Noregi þar sem aðstæður eru um margt svipaðar og hjá okkur og mjög lengi hefur verið unnið að þessum málum, vatnsafl virkjað meira en hér á landi og fyrr. Kannski má segja að Norðmenn hafi tekið seint við sér í þeim efnum en síðan það gerðist svona á sjöunda áratugnum hefur verið staðið býsna skilmerkilega að þeim málum. Ég hef hér handa á milli stutt yfirlit yfir kjarnann úr þingsályktun eða skýrslu, Stortingsmelding, sem lögð var fyrir norska Stórþingið 1984–1985 og er í endurmati á vegum umhverfisráðuneytis Norðmanna. Þar er að finna flokkun á vatnsafli sem eftir er að nýta og þar sem spurningin er um hagnýtingu eða verndun út frá fjölþættu mati. Ég tel vænlegt fyrir þá þingnefnd, hv. félmn. sameinaðs þings, sem ég legg til að fái þetta mál til meðferðar, að hún kynni sér hvernig að þessum málum hefur verið staðið hjá Norðmönnum og hvernig að því er unnið um þessar mundir, svo og að sjálfsögðu að átta sig á stöðu mála á vegum þeirrar samstarfsnefndar sem hefur unnið að þessum málum.

Ég treysti því að þetta mál fái jákvæðar undirtektir hér. Það er mikið í húfi og hlýtur að vera hugur allra hv. alþm. að það verði greindir hagsmunir sem tengjast þessum málum í tæka tíð áður en farið er að verja stórum fjárhæðum í undirbúning til hagnýtingar, þannig að menn geti sparað sér þær krónur ef samstaða er um það að vernda viðkomandi náttúruverðmæti í formi vatnsfalla og fossa sem þeim tengjast, votlendissvæða sem kynnu að fara undir vatnsmiðlanir og svo ekki síður jarðhitasvæðin okkar með ómetanlegum náttúrugersemum víða þar sem eru jarðhitamyndanir og hverir.

Tillaga mín, virðulegur forseti, er sem sagt að að lokinni þessari umræðu verði till. vísað til hv. félmn.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég kem hér fyrst og fremst til að lýsa stuðningi mínum við þessa till. sem 1. flm. hefur gert ágæta grein fyrir og er litlu við það að bæta. Það er mjög mikilvægt þegar verið er að undirbúa orkumannvirki sérstaklega, og þetta á að sjálfsögðu við öll önnur mannvirki, að tillit verði tekið til umhverfisáhrifa, hvaða áhrif þau muni hafa á umhverfið. Hingað til hefur allt of lítið tillit verið tekið til þessara þátta við skipulag, ekki bara orkumannvirkja, eins og ég sagði áðan, heldur almennt.

Það þarf ekki að hafa mörg orð um það að till. mun geta sparað mjög mikið fé vegna þess að nú þegar hefur verið varið og er enn verið að verja óhemju fé í rannsóknir sem ég er alveg viss um að vilji meiri hluta þjóðarinnar er ekki fyrir að leiði til neinnar niðurstöðu. Hver vill t.d. virkja Gullfoss eða Dettifoss? Ég held því að þessi tillaga sé svo sjálfsögð að við þurfum ekki að ræða lengi um hana hér í Alþingi og vona að hún fái skjótan framgang. Við verðum þó að gera

okkur grein fyrir því að ef við ætlum Náttúruverndarráði að framkvæma þessa tillögu þurfum við e.t.v. að — og ég tel að það sé fullvíst — auka fjárveitingar til Náttúruverndarráðs. Ef þessi till. nær fram að ganga gerum við ráð fyrir því að auka verulega á þau verkefni sem Náttúruverndarráði eru falin.

Í tengslum við fjárlög hafa þingmenn Kvennalistans lagt til auknar fjárveitingar til Náttúruverndarráðs þó að við höfum ekki gert ráð fyrir að bæta þar við nýjum verkefnum. Og það sama gildir um flm. þessarar till. Ekki alls fyrir löngu talaði hæstv. menntmrh. um það í tengslum við tillögu Kvennalistans um umhverfisráðuneyti að ef einhver árangur ætti að nást varðandi náttúruvernd yrði að verja til þess auknum peningum. Það eru því flestallir, vonandi allir, sem gera sér grein fyrir því að ef við ætlum að gera eitthvað verulegt varðandi umhverfismál og náttúruvernd þurfum við að verja auknum fjármunum til þessa málaflokks. Að öðru leyti endurtek ég stuðning minn við þessa till. og vona að hún nái fram að ganga hér á þessu þingi.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég vil þakka þann stuðning sem kom fram í máli hv. 12. þm. Reykv. varðandi þessa till. Ég vænti þess að almennur vilji sé til þess að reyna að vinna vel og skipulega að þessum málum. Það er alveg rétt sem hv. þm. nefndi. Það þarf auðvitað nokkra fjármuni til þess að gera þá úttekt sem hér er gert ráð fyrir, vinna þá áætlun sem þar er um að ræða. Og það verður að treysta því að þingið veiti fé í því skyni ef þessi till. verður samþykkt. Hins vegar eru það auðvitað hreinir smámunir hjá því fjármagni sem fer til spillis með því að ráðast í ótímabæran undirbúning og rannsóknir, býsna dýrar rannsóknir margar hverjar, varðandi hagnýtingu sem hugsanlega er síðan ekki hljómgrunnur fyrir að verði byggt á til framkvæmda.

Ég nefndi það ekki í máli mínu að í náttúruverndarlögum er vissulega ákvæði sem gerir það skylt að bera hönnun virkjana og annarra meiri háttar mannvirkja undir Náttúruverndarráð. Það er 29. gr. laganna nr. 47/1971. Það eitt er hins vegar ekki nóg þó að til bóta sé að hafa slíkt ákvæði því að það þarf að vinna að greiningu þessara mála vel fram fyrir sig, þ.e. tímanlega. Sá háttur hefur verið á að orkuyfirvöld hafa verið með mjög margt í takinu, auðvitað á mjög mismunandi stigi hvað undirbúning snertir, en forgangsröðun og vilji stjórnvalda í því efni hefur ekki legið fyrir. Það er slík forgangsröðun sem hér er beðið um að áætlun verði gerð um.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv. og til félmn. með 37 shlj. atkv.

Íslenskunámskeið fyrir almenning, fyrri umr.

Þáltill. JúlS o.fl., 145. mál. — Þskj. 152.

Flm. (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Hér er um að ræða þáltill. sem var flutt á vorþinginu í fyrra en varð þá ekki fullafgreidd. Hún kom það seint fram. Töldum við flm. því rétt að reyna að endurflytja hana því að hér er á ferðinni mál sem við teljum mjög brýnt að taka á. Held ég að allir geti verið okkur sammála um það. Því miður hefur nú þinghaldið þróast með þeim hætti að þó að þetta mál hafi verið lagt fram að mig minnir síðla í nóvember þá hefur það ekki komist á dagskrá fyrr. Ég er hins vegar ekki að kenna einum eða neinum um það. Þinghaldið hefur þróast með þeim hætti eins og ég sagði að tillögur sem komu fram í haust eru fyrst núna að sjá dagsins ljós í umræðum.

Ég vil undirstrika það sem ég sagði reyndar áðan að það er ekki minni ástæða nú en í fyrra að flytja tillögu í þeim dúr sem hér liggur fyrir. Eins og segir í till., með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntmrh. að láta undirbúa og halda íslenskunámskeið fyrir almenning í sjónvarpi. Gera skal ráð fyrir því að fólki gefist kostur á að rifja upp beygingarfræði íslenskrar tungu, fá æfingu í réttritun og ritleikni, þjálfun í framsögn og kennslu í talmáli. Slík námskeið skulu haldin reglulega í sjónvarpi. Kostnaður vegna þessa skal greiddur úr ríkissjóði."

Það er alveg ljóst, og um það eru reyndar eins og ég gat um allir sammála, að íslenskan á í vök að verjast. Þegar hlustað er á fjölmiðla, bæði þuli sem þar koma fram svo og ýmsa þá aðra sem koma fram bæði í útvarpi og sjónvarpi, þá verða alls konar ambögur og sérstaklega enskuslettur mjög áberandi og virðist mér að þetta fari fremur vaxandi en að úr því dragi.

Þá er eitt sem veldur mér nokkrum áhyggjum og það er að oft þegar íslenskukennarar eru spurðir út í þessa þróun, þá virðast þeir margir hverjir hafa af því litlar áhyggjur. Það undrar mig dálítið. Þeir tala oft um að hér sé um að ræða þróun málsins, eins og það er svo oft orðað, en að það sé ekki sérstök ástæða til að hafa af þessu miklar áhyggjur. Ég minnist þess að þegar þessi tillaga var lögð fram á Alþingi í fyrra þá sá einn fulltrúi íslenskukennara ástæðu til að skrifa grein í Dagblaðið þar sem fjallað var um tillöguna. Greinarhöfundur fann tillögunni allt til foráttu og taldi að flm. hennar væru að hrópa úlfur, úlfur að óþörfu. Það er mjög slæmt ef þetta er hin almenna skoðun hjá íslenskufræðingum sem kenna börnum í grunnskólum og framhaldsskólum móðurmálið. Ég vona sannarlega að svo sé ekki.

Þessi tillaga var send út til umsagnar og frá Íslenskri málnefnd barst mjög ítarleg umsögn þar sem tekið er mjög rækilega undir það sem flm. till. leggja til, þ.e. að tekin verði upp reglubundin námskeið í sjónvarpi, og í útvarpi að sjálfsögðu, með þeim hætti sem við lýsum í grg. Mig langar, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér upp niðurlag umsagnarinnar sem barst frá Íslenskri málnefnd. Það hljóðar svo:

„Það er mörgum manni undrunarefni að ríkið sem nú hefur rekið sjónvarpsstöð rúm 20 ár skuli ekki fyrir langa löngu hafa komið á reglubundinni íslenskukennslu í sjónvarpi eða a.m.k. gert myndarlegar tilraunir til þess. Nú á dögum er varla hægt að hugsa sér betri vettvang en sjónvarp til að koma á framfæri hvers konar fræðslu handa almenningi um mál, bókmenntir og sögu eða íslensk fræði yfirleitt. Þetta má gera á óteljandi vegu svo að allir geti fengið eitthvað við sitt hæfi og sinn smekk. Sumt má vera í skemmtunarformi, annað þurr fróðleikur og loks má blanda skemmtun og fróðleik í öllum hugsanlegum hlutföllum. Áður hefur verið vikið að þessu efni í áliti sérstakrar málnefndar sem starfaði á vegum Sverris Hermannssonar þáv. menntmrh. 1986 og í umsögn Íslenskrar málnefndar um það álit. Hvort tveggja er birt í Málfregnum I, 1987, 1. tbl., sem fylgja þessari umsögn, sjá einkum bls. 18 og 20. Auk þess gæti sjónvarpið raunar gert mikið gagn með litlum tilkostnaði þó það efndi ekki til beinna námskeiða. Í sjónvarpi mætti t.d. bregða upp einni mynd á hverju kvöldi, 15–20 sekúndur í senn, á besta sendingartíma þar sem veitt yrði fræðsla um eitt málfarslegt atriði í einu, t.d. beygingu eins orðs sem oft er rangbeygt eða rétta meðferð á orðtaki sem oft er farið rangt með o.s.frv. Af nógu er að taka."

Ég get mjög tekið undir það sem þarna kemur fram og vil ítreka það sem kemur fram í grg. með till. að efnt verði til námskeiða í sjónvarpi fyrst og fremst því að það er langsterkasti fjölmiðillinn og áhrifa hans gætir mest í þjóðfélaginu. Það er ekki nokkur vafi á því. Þá hef ég það í huga að á besta útsendingartíma, t.d. á laugardagseftirmiðdegi milli kl. 5 og 7 eða þar um bil, væri efnt til reglubundinna námskeiða. Síðan er ekki síður mikilvægt að samhliða slíkum námskeiðum yrðu gefnar út ritraðir um íslenskt mál þar sem sett væri fram á einfaldan og skipulegan hátt beygingarfræði íslensku, orðtök, notkun orðtaka og margt annað sem hentaði fyrir almenning til þess að rifja upp íslenskt mál og beygingarkerfi þess. En öll vitum við að íslenska er það erfitt og flókið tungumál að þeir sem hafa numið íslensku í skóla, lært þar sína málfræði og ekkert gert til þess að halda henni við síðan, þeir hljóta að vera í erfiðleikum með að nota og beita íslenskunni á réttan hátt. Það er ekki nema eðlilegt.

Virðulegur forseti. Ég vona að þessi till. fái góðar og skjótar undirtektir.

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil taka eindregið undir efni þessarar till. og þakka hv. flm. fyrir frumkvæðið. Okkur veitir ekkert af hverju því ráði sem tiltækt er til að sporna gegn hnignun íslenskrar tungu því svo sannarlega steðjar að henni mikil hætta. Um það eru flestir sammála og öðru hverju hafa stjórnvöld rumskað og jánkað hugmyndum um aðgerðir til varnar. Tillögur um þetta efni hafa verið samþykktar öðru hverju hér á Alþingi en því miður hefur framkvæmdin yfirleitt runnið út í sandinn.

Ég minnist þess t.d. að í apríl 1984 stóðum við hér og ræddum tillögu um kennslu í framburði íslenskrar tungu og málvöndun, bæði í grunnskólanámi og ríkisfjölmiðlum. A.m.k. átta þingmenn tóku þátt í umræðunum sem voru bæði skemmtilegar og fróðlegar og féllu mörg orð um þennan dýrmæta fjársjóð þjóðarinnar og mikilvægi þess að varðveita hann sem allra best. Þessi till. var síðan samþykkt í þinglok 1984. En ekki kann ég nú neinar frægðarsögur af framkvæmd málsins og ég held satt að segja að aðrir kunni það ekki heldur, a.m.k. hefur hún þá ekki vakið mikla athygli né orðið til mikils gagns.

Í þessum umræðum talaði m.a. þáv. hæstv. iðnrh., Sverrir Hermannsson, áhugamaður um íslenskt tungutak og síðar menntmrh. Hann sagði þar frá tillögu sem hann hafði flutt ásamt fjórum öðrum þingmönnum árið 1977–1978 um kennslu og fræðslu í öllum greinum móðurmálsins í sjónvarpi og útvarpi, en umsjón með framkvæmd málsins átti að hafa 13 manna ráð kosið hlutfallskosningu á Alþingi. Tillagan var samþykkt töluvert útþynnt og m.a. fellt niður ákvæðið um framkvæmdaráð málsins. Þessi tillaga var sem sagt samþykkt í þinglok 1978, en eins og fram kom í máli Sverris Hermannssonar í fyrrgreindum umræðum, þá fer nú ekki öðrum sögum af framkvæmdinni en þeim að tillagan var aldrei framkvæmd. Minnir það okkur enn einu sinni á þá staðreynd að framkvæmdarvaldið liggur á því lúalagi að hundsa vilja Alþingis sem fram kemur í hinum ýmsu tillögum sem við samþykkjum hér á hverju ári.

Þarna eru þá tvær tillögur svipaðs eðlis og sú sem hér er til umræðu sem voru samþykktar en aldrei framkvæmdar og sjálfsagt kunna þingreyndari menn að segja frá fleiri slíkum af þessu sama tagi. Þetta verkar auðvitað ekki beinlínis uppörvandi en má þó ekki draga úr okkur allan kjark.

Ég get tekið undir margt í grg. með þessari till. og í ræðu hv. 1. flm. en margt fleira mætti færa fram til rökstuðnings. Hér er t.d. ekki minnst á þá hættu sem tölvunotkun hefur í för með sér, en oft er tölvutexti illa unninn og til vansa að mínu mati. Algengt er t.d. að það vanti kommur yfir stafi sem er nokkuð séríslenskt fyrirbrigði og textinn er þá afar ankannalegur þegar þetta fyrirbrigði fær ekki aðgang. Þá ráða tölvurnar illa við íslenskar orðaskiptingar og dagblöðin a.m.k. úa og grúa af sóðalegum villum af því tagi. Það getur jafnvel vafist stundum fyrir manni að skilja orðin þegar búið er að misþyrma þeim á þennan hátt. Þannig vill nú því miður fara með margt þegar vélar eru látnar taka við af mönnunum. Það er ekki alltaf til bóta og a.m.k. verður maðurinn að gæta þess að láta ekki tæknina taka af sér öll ráð.

Í grg. er minnst á stofnanamálið sem fer ákaflega í taugarnar á mörgum og þar á meðal þeirri sem hér stendur. Það er oft verulegt átak að lesa opinberar skýrslur og greinargerðir og jafnvel þingskjöl, ekki síst þau sem koma frá ráðuneytunum, því að málið er óljóst og oft illskiljanlegt. Menn skilja það jafnvel ekki alltaf sjálfir sem eiga að túlka það, sbr. orðið „afgjaldskvaðarverðmæti", sem kom til tals hér í

sölum Alþingis fyrr í vetur. (Gripið fram í.) Afgjaldskvaðarverðmæti. Við fengum reyndar að vita eftir dúk og disk og mikla eftirgrennslan fyrir hvað þetta orð stæði. En orðsins hljóðan var jafnóskiljanleg eftir sem áður.

Annað dæmi er reyndar úr máli hv. 1. flm. þessarar tillögu í umræðum hér fyrir ekki löngu, þar sem hann talaði hvað eftir annað um „virðismat aflafengs" og hafði vafalaust upp úr opinberri skýrslu. Ég sé það alveg fyrir mér orðið að einu orði „aflafengsvirðismat" og svona mætti vafalaust telja mjög lengi. Þannig veitti mörgum stofnunum og ráðuneytum ekki af snjöllum málfarsráðunauti og best væri að gefa út orðabók með skýringum á stofnanamáli. Ég held að það væri þörf á því rétt eins og nýlega var gefin út orðabók yfir slanguryrði.

En það er sannarlega ástæða til aðgerða af hálfu stjórnvalda til þess að veita viðnám gegn þeim ofsóknum sem íslensk tunga má sæta. Ein slík aðgerð felst í þessari till. og ég styð hana eindregið.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Þessi till. er fyllilega tímabær því að þess sér alls staðar stað að kunnáttu fer hnignandi í meðferð málsins. Sérstaklega verður þessa vart opinberlega, í fjölmiðlum og, eins og síðasti hv. ræðumaður tók fram, í svokölluðu stofnanamáli og sjáum við þess víða stað í þeim plöggum sem við fáum í hendur. Hv. síðasti ræðumaður tók nokkur dæmi þar að lútandi og ég get ekki varist því að nefna dæmi þar sem jafnvel fjármagn eða vextir fara að lifa sjálfstæðu lífi. Svo mikið vægi fá þessi orð í texta að þau sprikla þar sjálfstæð og virðast ráða framgangi mála.

En eflaust eru það börn og unglingar sem eiga mest undir högg að sækja. Þau verða fyrir mestri áreitni, bæði í sjónvarpi, myndböndum og í erlendri popptónlist. Eflaust er minna lesið fyrir þau heldur en gert var og þau ekki vanin við lestur eins og áður var og sjálfsagt er líka minna talað við þau inni á heimilum og þau læra tungumálið meira hvert af öðru en af fullorðnu fólki.

Í gærkvöldi var í sjónvarpinu sagt frá athyglisverðu átaki sem var gert að mig minnir í Flataskóla í Garðabæ. Þar lýsti hver kennarinn á fætur öðrum áhyggjum af málfari barna og unglinga og sérstaklega notkun enskuslettna og síðan var talað við nokkur börn. Greinilegt var að þau verkefni og sú vinna sem kennarar höfðu sett í gang í þeim tilgangi að bæta þarna úr hafði vakið mikinn áhuga barnanna. Þau lýstu öll áhuga sínum á því að bæta sitt málfar og voru með heitstrengingar eins og það að þau ætluðu aldrei aftur að sletta ensku hvernig sem þeim gengur nú að lifa lífinu án þess. En kennarar þarna lýstu því yfir að þeir vildu gjarnan taka höndum saman við aðra kennara í landinu og að þetta næði víðar. Auðvitað væri best að einhvers konar landsátak yrði gert í þessu sambandi því að þannig vekti það athygli fleiri og næði sjálfsagt betri árangri.

Í vetur hefur það verið mjög áberandi í fjölmiðlum, sérstaklega í hljóðvarpi, í þáttum sem fjalla um íslenskt mál að þar hafa menn aftur og aftur brýnt fyrir foreldrum að lesa fyrir börn og lesa með þeim og ræða svo við þau um efnið á eftir til þess að reyna að efla málkennd þeirra og tengja þau meira bókinni. Í gær var t.d. Illugi Jökulsson með athyglisverða fjölmiðlagagnrýni í útvarpi þar sem hann á mjög áhrifaríkan hátt hermdi eftir nokkrum sem hann hafði hlýtt á í hljóðvarpi og vakti athygli á orðfæð og því hvernig orð og orðasambönd komast í tísku og hver étur upp eftir öðrum og notar í tíma og ótíma. Þættirnir Daglegt mál og Íslenskt mál í hljóðvarpi hafa eflaust gert ómælt gagn mörg undanfarin ár og er oft ótrúlegur sá áhugi sem almenningur sýnir á þessum þáttum og þar með tungumálinu og tekur oft á lifandi hátt þátt í þeirri umræðu sem fer fram í þessum þáttum.

Svipaðir þættir yrðu eflaust áhrifaríkari í sjónvarpi því að þar má nota myndmálið margumtalaða með þeim hætti að skýra það sem um er talað og ekki sakar að hafa sýnileg dæmi um það sem til fellur hverju sinni. Þetta ætti að vera tiltölulega ódýrt efni og auðvelt í framleiðslu. Fyrir nokkrum árum var að vísu gerð svipuð tilraun í sjónvarpi en hún tókst fremur illa því að slíkur var hátíðleikinn og framsetningin öll svo settleg og þurr að flestir hafa eflaust flýtt sér annaðhvort að slökkva á sjónvarpinu eða að nýta tímann í eitthvað annað meðan þessi þáttur stóð. Möguleikar sjónvarpsins voru í engu nýttir í þessum þáttum, heldur einungis gert það sem mætti gera með jafngóðu móti í hljóðvarpi.

Ég held að það sé áríðandi að svona dagskrárgerð tengist fréttum og sé fremur í stuttum þáttum og fleiri heldur en löngum. Þess eru jú dæmi að stuttir fræðsluþættir hafa verið t.d. tengdir fréttum og má þar nefna smádagskrá um áfengismál, um umferðarmál, slys eða slysahættu og -varnir og eflaust eru fleiri dæmi þar um. Það þyrfti svo sem ekki að koma í veg fyrir að öðru hverju væru gerðir myndarlegir þættir sem stæðu lengri tíma um íslenskt mál, en ég býst við að árangursríkast væri að hafa þetta jafnvel tvisvar, þrisvar í viku í nokkrar mínútur í senn strax eftir fréttir. Það gæti í því sambandi verið fróðlegt að kalla stundum fyrir fjölmiðlafólk og herma upp á það ambögur og fá útskýringu frá því sjálfu hvers vegna það orðar hlutina eins og það gerir og kenna því í beinni útsendingu vegna þess að ábyrgð þeirra á málfari þjóðarinnar er mikil. Þetta þyrfti ekki að vera eins og það væri gert í refsingarskyni heldur einungis til þess að taka nýleg dæmi og leiðrétta þau á lifandi hátt fyrir framan þjóðina þannig að báðir aðilar hefðu gagn af.

Það hafa eflaust margir orðið vitni að því nú á dögunum þegar hæstv. utanrrh. leiðrétti í beinni útsendingu fréttamann sem innti hæstv. utanrrh. eftir því hvort „kjósendum hans langaði ekki að vita" — og það þarf ekki að fjölyrða það að fréttamaðurinn náttúrlega setti svo ofan við þessa orðanotkun að hæstv. utanrrh. hafði auðvitað yfirhöndina það sem eftir var þáttarins.

Þó að svona tillögur eða líkar hafi komið fram áður og lítið orðið úr framkvæmd og kannski ekki tekist

sem skyldi þegar það hefur verið reynt þá held ég að rétti tíminn sé einmitt núna. Það leynir sér ekki að almenningur hefur nú mjög mikinn og lifandi áhuga fyrir varðveislu tungunnar, þetta er mjög víða rætt, bæði af lærðum og leikum og líklegt að áhugi yrði mikill á svona dagskrárgerð og vona ég að í það verði ráðist hið fyrsta.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þessa till. sem hér er til umræðu, ég vildi aðeins taka undir meginefni hennar og eins taka undir með þeim tveimur hv. þm. sem hér hafa tekið til máls í þessari umræðu því þar var ég alveg innilega sammála nánast hverju orði sem fram kom.

Ég veit nú reyndar ekki alveg hvað hv. frsm. meinti þegar hann talaði um að það væri síst minni ástæða núna en í fyrra. Ég veit nú ekki til þess að málkunnáttu Íslendinga hafi stórlega farið aftur á þessu eina ári. Við skulum a.m.k. vona að svo sé ekki. En hann tók einmitt þannig til orða og ég vildi gjarnan að hann skýrði það aðeins frekar hvað hann meinti.

Öll umræða um verndun tungunnar er af hinu góða og ég tala nú ekki um ef um átak til verndar íslenskri tungu yrði að ræða eins og hér er lagt til með þessari till. En það er eitt sem mig langar aðeins til að vara við. Ég held að við verðum að gæta þess svolítið að gera ekki um of gys að fólki fyrir ambögur. Það er kannski óhætt að gera það með fjölmiðlamenn því að þeir bera mikla ábyrgð. En ég er svolítið hrædd um að með því að ganga of langt í þá átt getum við bókstaflega hrætt unglinga og börn þannig að þeir þori ekki almennilega að nota málið vegna þess að það sé svo erfitt að tala rétt og það sé gert svo óskaplega grín að fólki sem talar ekki rétt að það sé eiginlega bara betra að sleppa því að tala mjög mikið. Það er nú einu sinni svo með íslenska tungu, og sjálfsagt allar tungur, að ef við notum hana ekki þá höfum við ekki vald á henni. Þetta vildi ég nú rétt koma inn á.

Og svo er það annað. Eins og kemur fram í grg. þá er rætt um þjálfun í framsögn og það er einmitt mjög mikilsvert atriði þar sem það er einhvern veginn þannig að það er svo erfitt að fá fólk til að nota munninn þegar það er að tala. Það eru svo margir sem tala bara gjörsamlega án þess að nota munninn og þá náttúrlega verður málið ekki skýrt og ekki auðvelt að skilja þann sem talar.

Ég held að þetta sé mjög góð tillaga sem hér er til umræðu og það hefur eflaust komið hér oft áður á dagskrá þó að ég kunni ekki frá því að segja sem nýliði. Það er nefnilega þannig t.d. með stafsetninguna að margir eru seinþroska og ná henni ekki í skóla svo að fullnægjandi sé og skammast sín fyrir að kunna ekki nógu góða stafsetningu og eru eiginlega að bíða eftir tækifæri til þess að læra hana betur. Þess vegna vona ég að af því geti orðið sem hér er lagt til í þessari ágætu þáltill.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Þar sem þessi till. er rædd hér af svo mörgum þá vildi ég bætast í hópinn til þess að taka undir þann áhuga sem felst í tillöguflutningnum og þau sjónarmið að það sé í rauninni ekkert ofgert í þeim efnum að rétta við hlut íslenskrar tungu. Það skiptir hins vegar mjög miklu hvernig að því er staðið þannig að fjármagn og fyrirhöfn nýtist sem best. Ég er alveg sammála flm. að auðvitað er sjónvarpið svo áhrifamikill miðill að það er mjög eðlilegt að reynt sé að leggja kvaðir á herðar þess varðandi íslenskt mál.

Ég vil benda á að líklega væri einna áhrifamest ef þetta væri daglegur þáttur í starfi fjölmiðilsins og sjónvarpsins. Helst vildi ég mega segja sjónvarpsstöðva sem hér eru reknar og heimilaðar þó að ekki sé óeðlilegt að gerðar séu nokkuð aðrar og meiri kröfur til ríkisfjölmiðils heldur en kannski einkastöðva og er það þó vissulega álitamál.

Ég held að stutt vakning og hvatning varðandi meðferð íslensks máls, helst daglega á vettvangi sjónvarpsins væri jafnvel áhrifameira en sérhólfað námskeið varðandi íslenskt mál þó að það geti einnig verið ágæt leið ef hægt er að efna til þess og koma því við í dagskrá á tíma sem líklegt er að margir hlýði á og verði aðnjótandi. Ekki skal ég hafa á móti því.

Ég tek undir það sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni að það skiptir miklu að við hræðum ekki almenning varðandi notkun tungunnar og gerum ekki lítið úr fólki þó að það ráði ekki fullkomlega við það sem talin er vera rétt beyging eða rétt ritun íslensks máls eða réttur framburður. Aðalatriðið hér, eins og á öðrum sviðum, er auðvitað fyrirbyggjandi aðgerðir. Því fyrr sem þeim verður komið við þeim mun betra, hjá börnunum auðvitað sem eru í mótun, að þau geti orðið aðnjótandi að góðu tali og góðum texta, það skiptir mjög miklu máli.

Fjölmiðlarnir eru hér auðvitað mjög leiðandi í þessu. Því er eðlileg krafa til þeirra sem starfa við fjölmiðla að þeir vandi sig í þessum efnum og það séu gerðar til þeirra miklar kröfur. Ég hef saknað þess nokkuð lengi og mér hefur fundist að á það skorti, en alveg sérstaklega verður þetta áberandi í þeirri svokölluðu fjölmiðlabyltingu eða ljósvakabyltingu sem orðið hefur undanfarin ár og sumpart verður rakin til breytinga á útvarpslögum. Það er ekki nóg að aðeins ríkisfjölmiðlar ástundi hér gott fordæmi og ræktunarstarf í sambandi við tunguna. Við þyrftum að geta lagt þá kvöð á hendur allra þeirra sem fá rétt til að nýta ljósvakann að þeir leggi eitthvað af mörkum í þessum efnum. Það ætti í raun að vera siðferðileg skylda þeirra sem beita þannig íslensku máli að það er haft fyrir mörgum að þeir leggi eitthvað á sig í sambandi við verndun og varðveislu tungunnar og ég á þá ekki við það í niðursuðuformi, þ.e. ekki í því formi að við eigum að líta á málið sem eitthvað óbreytanlegt því auðvitað er það í þróun eins og annað, framburður sem fleiri þættir málsins. En við þurfum að rækta grunninn, grunn málsins, og beitingu og notkun. Það er auðvitað undirstaða okkar menningar, þjóðmenningar, öllu öðru fremur. Þess vegna er þessi till. sem og aðrar á réttum stað.

Ég held að sú þingnefnd sem fær þetta til meðferðar ætti um leið og hún fjallar um þennan texta, sem hér er lagður til, að fara yfir það hvað hefur gerst í sambandi við þau mál sem tengjast varðveislu tungunnar á undanförnum árum og flutt hafa verið hér inn á vettvang Alþingis, því að þau munu vera nokkur, til þess að athafnir fylgi orðum og samþykktum og þingið fylgist með hvað gerist með þær samþykktir sem frá því ganga fram til framkvæmdarvaldsins alveg sérstaklega.

Flm. (Júlíus Sólnes):

Virðulegur forseti. Ég vil þakka þeim hv. alþm., sem hér hafa tekið til máls í þessum umræðum um till. okkar flm. um íslenskt mál, fyrir undirtektir og þann stuðning sem þeir hafa sýnt málinu. Mér láðist að geta þess í framsögu minni að ég vildi fá að vísa þessari till. til 2. umr. og ég geri það að tillögu minni að henni verði vísað til umfjöllunar í félmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til félmn. með 35 shlj. atkv.

Lýsing á Reykjanesbraut, fyrri umr.

Þáltill. JE, 149. mál. — Þskj. 158.

Flm. (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 158 að flytja till. til þál. sem er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera kostnaðar- og framkvæmdaáætlun við að setja upp lýsingu við Reykjanesbraut milli Hafnarfjarðar og Njarðvíkur og leggja hana fyrir Alþingi eigi síðar en við næstu endurskoðun vegáætlunar."

Till. þessi var flutt fyrr í vetur er skammdegið var sem mest og veður oft erfið til aksturs. Sambærileg till. var flutt og samþykkt á síðasta þingi um lýsingu vegarins yfir Hellisheiði.

Þegar hefur verið lögð fram á Alþingi till. til þál. um tvöföldun Reykjanesbrautar af þingmönnum Borgfl., till. sem er alls góðs makleg og flm. styður sem lokatakmark.

Fyrir nokkrum árum stóð flm. að till. um að kanna hagnýtt gildi þeirra hugmynda sem uppi hafa verið um rafknúna járnbraut frá Reykjavík til Suðurnesja og austur fyrir fjall. Sú till. hlaut ekki afgreiðslu, en slík könnun þyrfti að fara fram.

Báðar þessar till., þ.e. tvöföldun Reykjanesbrautar og rafknúin járnbraut frá Reykjavík t.d. að Flugstöð Leifs Eiríkssonar, eiga því miður allt of langt í land, m.a. vegna mikils kostnaðar.

Talið er að umferð um Reykjanesbraut sé farin að nálgast 10.000 bifreiðar á sólarhring, sem segir ekki alla söguna, því að í raun eru aðeins tveir „toppar", þ.e. umferðin er langmest árla morguns og síðan síðdegis á brottfarar- og komutímum flugvéla á Keflavíkurflugvelli, svo og við upphaf og lok vinnutíma á Keflavíkurflugvelli, en þar starfar mikill fjöldi Íslendinga hjá innlendum og erlendum aðilum.

Slysatíðni á Reykjanesbraut er mikil og flest slys mjög alvarleg, enda hraði mikill og aðstæður ekki alltaf eins og best verður á kosið.

Það er skoðun flm. að fullkomin lýsing við veginn sé fljótvirkasta og ódýrasta lausnin í sjónmáli til þess að draga úr slysatíðninni. Það hefur sýnt sig að þar sem lýsing hefur verið bætt á hættulegum umferðarslóðum hefur slysum fækkað.

Unnt er að vinna þetta verk í áföngum, t.d. mætti byrja á því að lýsa upp gatnamót. Það væri mikil bót ef gatnamótin við Grindavíkurveg, Voga og Kúagerði yrðu lýst. Það er áætlað að kostnaður við að lýsa hver gatnamót þarna væri á bilinu 2,5–3,5 millj. kr. en að því yrði mikil bót.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem flm. hefur aflað sér, má áætla að kostnaðurinn við þetta verk í heild, þ.e. frá Hafnarfirði að Innri-Njarðvík, sé um 85 millj. kr., eða um 3 millj. kr. hver km. En það má líka ætla að sá kostnaður næðist verulega niður ef unnt yrði að bjóða þetta verk út í einu lagi.

Reynsla af lýsingu vegarins upp í Mosfellssveit og ofan við Hafnarfjörð staðfestir það.

Lagfæra þyrfti og hækka stikur þær sem eru við veginn en þær eru eina hjálp bifreiðastjóra við erfið akstursskilyrði, t.d. í skafrenningi, til þess að draga úr umferðaróhöppum, árekstrum og útafkeyrslum sem hafa verið allt of tíð, sérstaklega í vetur, enda veður oft verið válynd.

Vegurinn hefur í örfáum tilfellum lokast í vetur og reyndar flesta vetur og þá fyrst og fremst við fáa staði. Á þessum fáu stöðum, sem eru við „hólana" sem ég kalla stundum svo, væri unnt að draga verulega úr þessum möguleika á því að vegurinn lokaðist með því að jafna þessa hóla við jörðu. Ég tel að það ætti að hafa um það viðræður við Náttúruverndarráð hvort ekki mætti jafna þessa hóla og draga þannig úr því að það skafi í skafla á þessum fáu stöðum, en þetta eru ekki nema þrír eða fjórir staðir alla leiðina. Það er náttúrlega afar óþægilegt þegar vegur eins og Reykjanesbrautin lokast þó ekki sé vegna annars en millilandaflugsins sem rekið er eins og allir vita frá Keflavíkurflugvelli.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til síðari umr. og hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til allshn. með 33 shlj. atkv.

Mat á heimilisstörfum, fyrri umr.

Þáltill. AðB o.fl., 170. mál. — Þskj. 184.

Flm. (Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir):

Ég mæli hér fyrir þáltill. sem ég flyt ásamt öðrum þingmönnum Borgfl., þeim hv. þm. Albert Guðmundssyni, Hreggviði Jónssyni, Guðmundi Ágústssyni, Júlíusi Sólnes, Inga Birni Albertssyni og Óla Þ. Guðbjartssyni.

Þáltill. er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á forsætisráðherra að fela Þjóðhagsstofnun að gera úttekt á verðmætagildi heimilisstarfa í þjóðfélaginu í heild og meta gildi þeirra með tilliti til þjóðartekna eins og þær eru reiknaðar í dag."

Þegar við lögðum þetta mál fram vakti hæstv. félmrh. athygli mína á því að tillaga svipaðs eðlis hefði áður verið samþykkt á Alþingi. Í sjálfu sér breytir það alls engu. Aldrei er góð vísa of oft kveðin. Þjóðhagsstofnun mun hafa farið eitthvað ofan í þetta en samt ekki treyst sér til að rannsaka það til hlítar. Upplýsingar sem Þjóðhagsstofnun gaf byggðust á norskri könnun og samkvæmt því var álitið að verðmætagildi heimilisstarfa hér mundi nema um 17 milljörðum kr.

Við höldum því fram hérna í grg. að konur gjaldi þess mjög á vinnumarkaði að störfin inni á heimilunum eru ekki metin. Reyndar er það alveg áreiðanlegt. Það er furðulegt að t.d. húsmæður skuli ekki komast inn í neina lífeyrissjóði. Það er ákaflega mikið réttleysi sem þeim er boðið upp á þar. Það var ákaflega algengt, þegar konur streymdu út á vinnumarkaðinn, að þær færu í störf sem eru mjög svipuð heimilisstörfum. Ég veit mörg dæmi um það að konur, sem fóru út á vinnumarkað og fóru að vinna í störfum sem þær höfðu nánast unnið alla ævi, fengu þetta einskis metið. Þær byrjuðu alveg frá grunni í launaskalanum. Þetta sýnir náttúrlega svo að ekki verður vefengt hvað þessi störf á heimilinu eru í raun og veru lítils metin. Þau hafa alltaf þótt svo sjálfsögð að það hefur orðið að vana að líta á þau eins og þau gerðu sig sjálf.

Á þessu þarf að verða breyting. Ég held að kannski sé eitt af brýnustu verkefnum í því að berjast fyrir jafnrétti kvenna það að byrja á svona málum.

Við segjum hér í grg., með leyfi hæstv. forseta:

„Þjóðarframleiðslan mælir hagsæld þjóðarinnar fyrst og fremst á mælikvarða markaðsbúskaparins. Þannig er undanskilin nær öll vinna sem unnin er án þess að gjald komi fyrir og vega heimilisstörf þar þyngst á metunum."

Vissulega hafa heimilisstörf breyst mikið á seinni árum. Það kemur náttúrlega margt til eins og allir þekkja, karlar og konur. Það er ekki síst að tæki til að vinna verkin með hafa breyst og eru orðin til svo að segja á hverju einasta heimili, en þrátt fyrir það þarf alltaf að vinna störfin heima. Ég hygg að þetta viti allar konur sem hafa stundað vinnu úti að verkin vinna sig ekki skjálf. Þau bíða þegar heim kemur.

Að húsráðendur eigi að skipta verkunum heima á milli sín er auðvitað sanngirniskrafa. Mér sýnist eiginlega þar sem ég þekki til öllu meira um það að hjónin skipti verkunum heima fyrir á milli sín en að börnin, þó uppkomin séu, gangi í verkin heima. Satt best að segja verð ég nú að segja það að ég dáist að mörgum eldri karlmönnum sem aldrei hafa vanist heimilisstörfum, hvað þeir hafa tekið við sér og farið að taka verkin heima líka. Þar held ég að komi fyrst af öllu til að þeir eru sjálfir þreyttir og vita hvað það er og vilja þá koma til móts við húsfreyjuna og létta henni störfin líka eða taka á sig sinn hluta af erfiðinu. Hins vegar finnst mér framförin ekki ýkja mikil hvað unga fólkið snertir. Ég veit ekki hvort þessu verður breytt, en hitt veit ég að ekkert er líklegra til að breyta því en það að virkilega sé farið að meta þessa vinnu eins og hún á skilið.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri en legg til að þáltill. verði vísað til síðari umr. og félmn.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Þessi till. sem liggur hér frammi er um merkilegt mál, mál sem að vísu hefur stundum borið á góma hér í þingsölum en ekki verið tekið á sem skyldi. Könnun á verðmætagildi heimilisstarfa hefur ekki farið fram hér og jafnvel verið látið liggja að því að slíkt væri illframkvæmanlegt. Ýmsir hafa þó haldið því fram að þó að þessi hluti hagkerfisins sé ósýnilegur og komi hvergi fram í opinberum upplýsingum um efnahagsmál, svo sem Hagtölum mánaðarins, sé ekki þar með sagt að ekki sé hægt að koma við mælingum.

Nú hafa Danir t.d. fært sönnur á þessa fullyrðingu og dönsku neytendasamtökin hafa gefið út bækling sem heitir á íslensku „Heimilisstörf, hvers virði eru þau?" Með leyfi hæstv. forseta langar mig að lesa nokkrar niðurstöður úr þessum bæklingi þar sem ég tel að þær hljóti að eiga hliðstæður hér og að við getum litið á þær sem marktækar fyrir okkur. Þar segir m.a. að ef vinnuframlag barnafjölskyldna á heimilum í Danmörku sé metið til launa nemi það að meðaltali um 1,1 millj. ísl. kr., 162 þús. dönskum kr., á fjölskyldu á ári. Þar af færist ⅔ hlutar á launareikning kvenna. Í bæklingnum er sýnt fram á að með tiltölulega einföldun aðferðum geti dönsk heimili reiknað út hvers virði vinnuframlag þeirra til samfélagsins sé. Allar tölur í bæklingnum byggja á könnun sem var gerð 1987.

Í Danmörku eru um 2,5 milljónir heimila og eins og gerist og gengur er þar sinnt venjulegum heimilisstörfum, svo sem skipulagningu og innkaupum, matseld og uppvaski og öðru slíku og barnauppeldi og umönnun þar sem börn eru. Og af þessum 2,5 millj. heimila er um 1 millj. heimili einstaklinga.

Samkvæmt fyrrnefndri könnun nota einstæðar konur talsvert meiri tíma í heimilisstörf en einstæðir karlar. Samanlagt vinna þessir einstaklingar um 767 milljónir vinnustunda við heimilisstörf, en það samsvarar vinnustundafjölda í öllum iðnaði Danmerkur.

Svo er hér kafli sem tekur til þess hvað mikill tími

fer í umönnunarstörf við börn. Hann er nokkuð langur og ég tek hann ekki en kem hér aftur að því að um 1901 milljón stunda fara í umönnun danskra barna inni á heimilunum á ári hverju. Þetta samsvarar því að tæplega 1 milljón manna hafi fulla atvinnu af þessum störfum. Og ef báðir foreldrar eru í fullu starfi á vinnumarkaði má því segja að vinnuframlag þeirra til samfélagsins samsvari þremur fullum stöðugildum hjónanna. Þessu þurfa þau að skila áður en hvíld og hinn eiginlegi frítími tekur við. Og í heildina tekið nemur vinnustundafjöldi við heimilisstörf í Danmörku 1320 milljónum tíma hjá þeim 658 þúsund fjölskyldum með börn sem búa í Danmörku. Og þar leggja konur af mörkum ⅔ hluta tímafjöldans.

En það er eitt að reikna út fjölda vinnustunda eða ársverka við heimilisstörf og svo að meta verðmæti þeirra. Samkvæmt reikningsaðferð bæklingsins sem er fundin þannig að gengið er út frá launum heimilishjálpar, verkamanns og barnfóstru og tímakaup þeirra margfaldað með þeim tímafjölda sem fer í einstök heimilisstörf. Þá sýnir sig að innkaup og aðrir snúningar í þágu fjölskyldunnar samsvara að verðmæti 44 milljörðum danskra kr., eða 295 millj. ísl. kr., en það jafnast á við samanlögð störf við samgöngur og póst- og símaþjónustuna í Danmörku. Verðmæti almennra heimilisstarfa jafnast á við verðmæti allra starfa í iðnaði, við hótel- og veitingarekstur og einkareknar velferðarstofnanir í Danmörku. Verðmæti þeirra starfa sem í bæklingnum flokkast sem önnur hagnýt heimilisstörf svara til starfa við veitur, byggingar, mannvirkjagerð, bílaviðgerðir og fataframleiðslu í Danmörku. Og beina umönnun barna má meta að verðmæti til 20 milljarða danskra kr., en það svarar til allra starfa við þjóðkirkjuna og þeirra starfa í heilbrigðiskerfinu að frátöldum sjúkrahúsunum sem krefjast fagmenntunar. Samanlagt eru þetta 320 milljarðar danskra kr., en það nemur 43% af vergri þjóðarframleiðslu Dana og 50% af þjóðartekjum. Það er ekki svo lítil verðmætasköpun sem fer fram á heimilunum þó hún sé hvergi metin að verðleikum og ósýnileg í hagkerfinu í þokkabót. Þetta var nú um Dani.

Ég tel það brýna nauðsyn að fólk hér geti haft aðgang að tölum og niðurstöðum um verðmætasköpun á heimilum, svo sem eins og frændur okkar Danir hafa komið í kring. Og nú um stundir, þegar almenningsálitið heimtar að helst allir hlutir séu metnir til peninga, er sannarlega áhugavert að það liggi fyrir svart á hvítu hvers virði þau störf eru sem eru unnin á heimilum þessa lands.

Á síðari árum hafa umræður aukist um heimavinnandi fólk og athygli hefur verið vakin á kjörum þess og réttindaskorti. Ýmsar tillögur og frumvörp hafa komið fram á Alþingi sem sýna vaxandi skilning og áhuga þingmanna á réttarstöðu húsmæðra og mikilvægi heimilisstarfa sem of mörgum er gjarnt að líta á sem svo sjálfsagðan hlut að unnin séu að það gleymist að þau kosta bæði tíma og fyrirhöfn og hvergi er tekið tillit til hagsmuna þeirra sem störfin vinna. Þingkonur Kvennalistans hafa flutt frumvörp um lífeyrisréttindi handa húsmæðrum og þáltill. um mat á heimilis- og umönnunarstörfum. Sú till. varð til þess að gerð var úttekt á stöðu þeirra mála og gerð tillaga um hvernig skyldi meta þau. Skýrsla um þetta starf var lögð fram á Alþingi 1986 og niðurstaða hennar sýnir að í kjarasamningum nokkurra bæjar- og sveitarfélaga er tekið tillit til starfsreynslu við húsmóðurstörf og heimilisstörf, en það skilar svo litlum kjarabótum til kvennanna að segja má að það sé fremur viðurkenning á að meta beri þessi störf en að nokkuð raunhæft fáist út úr þeim.

Mér virðist því auðsætt að forsenda þess að heimavinnandi fólk nái fram réttindum sér til handa, svo sem að starfsreynsla þess sé metin á vinnumarkaði og húsmóðurstörf séu metin til lífeyrisréttinda, sé að fram fari mat á þjóðhagslegu gildi starfanna og mat á þeirri verðmætasköpun sem fram fer á heimilunum. Það kynni nefnilega að verða til þess að verðmætamatið í þjóðfélaginu yfirleitt breyttist í þá veru að mjúku málin fengju þá virðingu sem þau verðskulda og launin fyrir þau yrðu þá e.t.v. færð til samræmis við það.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til félmn. með 33 shlj. atkv.

Könnun á afbrotaferli fanga, fyrri umr.

Þáltill. GuðmÁ o.fl., 181. mál. — Þskj. 199.

Flm. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 199 legg ég ásamt Óla Þ. Guðbjartssyni, Albert Guðmundssyni, Aðalheiði Bjarnfreðsdóttur og Hreggviði Jónssyni fram till. til þál. um könnun á afbrotaferli fanga.

Till. þessi er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að láta gera könnun á afbrotaferli fanga í íslenskum fangelsum þar sem einkum væri leitast við að grafast fyrir um ástæður afbrotanna.

Könnun þessi taki einnig til aðbúnaðar og starfsaðstöðu í íslenskum fangelsum og reynt verði að varpa ljósi á áhrif fangelsisvistar á hlutaðeigandi aðila."

Í greinargerð segir svo:

„Með könnun þessari á afbrotum, föngum og fangelsum og áhrifum fangelsunar á hlutaðeigendur er tilgangur flutningsmanna að skýra betur en nú liggur fyrir ýmis mikilvæg atriði fangelsismála hér á landi. Ef könnun þessi yrði gerð gæti hún veitt mjög mikilvægar upplýsingar sem aftur gætu orðið grundvöllur að nýrri stefnu í viðbrögðum við afbrotum hér á landi.

Hver einstaklingur, sem tapast á afbrotabraut, er dýrmætur, ekki síst svo fámennri þjóð sem Íslendingar eru, og því er til mikils að vinna að framkvæmd refsivistar verði ekki afbrotamönnum til enn meiri óheilla heldur betrunar og uppbyggingar að nýju."

Eins og fram kemur í till. er hún í tveim hlutum og beinist annars vegar að könnum á föngum sem slíkum, afbrotaferli þeirra og ástæðum fyrir brotum og hins vegar að því að kanna þær fangelsisstofnanir sem vista þessa menn.

Svo að vitað sé hefur engin könnun af þessu tagi farið fram. Hins vegar hafa margar kannanir farið fram um viðurlög við ákveðnum brotum og þá oftast hvort þyngja eigi viðurlög við þeim brotum. Því miður hefur oft gleymst sá aðili sem framdi brotið, og öll áhersla verið lögð á brotið sem slíkt og fórnarlambið. Fólk hefur staðnæmst við það að fordæma gerandann. Menn gleyma því allt of oft að sá sem brotið hefur af sér sleppur út eftir ákveðinn tíma og hefur oftar en ekki sömu tilhneigingar og þegar hann fór inn í refsivistarstofnunina. Ef ekki kemur til aðstoð í fangelsum er til lítils unnið með því að dæma menn til fangelsisvistar. Aðalatriðið í þessari umræðu, um afbrot og refsingar, hlýtur að vera það að koma í veg fyrir brot. Fyrsta skrefið í þá átt er að sjá til þess að þeir sem þegar hafa framið slíkan verknað geri það ekki aftur.

Í þessu sambandi má benda á athugun sem fram fór árið 1985. Sýndi sú athugun að rúmlega 60% fanga lenda oftar en einu sinni innan múranna, þ.e. þeim tekst ekki að fóta sig í tilverunni utan þeirra. Annað sem einnig er eftirtektarvert í þessari athugun er að af þessum 60% kemur meiri hlutinn oftar en þrisvar sinnum inn í fangelsi. Ef stemma á stigu við afbrotum er ljóst af þessari könnun eða athugun að beina verður meiri athygli að föngunum en gert hefur verið, kanna bakgrunn þeirra og athuga hvort bæta megi fangelsi landsins, þannig að líkindi séu fyrir því að menn hljóti einhverja betrun eftir vist þar. Forsenda fyrir því að hægt sé að taka á málum fanga er vitneskja um ástæður fyrir afbrotum þeirra og hverjar eru og hverjar hafi verið félagslegar aðstæður þeirra. Án þeirrar þekkingar verður ekki litið á fangelsi sem betrunarstað heldur einungis sem geymslustað. Uppbygging félagslegrar þjónustu innan fangelsanna er einnig nauðsynleg sé ætlunin að menn lagist eftir að hafa setið inni á stofnunum sem þessum. Könnun á orsökum afbrota nýtist ekki aðeins til að fá upplýsingar um þá menn sem sitja inni í fangelsum, heldur má einnig nýta hana í fyrirbyggjandi starfi. Á hvaða þætti þjóðfélags ætti helst að líta til að koma í veg fyrir afbrot? Hverjir eru það sem fremja afbrot? Frá hvers konar heimilum koma þeir og í hvaða stöðum eru þeir í þjóðfélaginu?

Eins og ég gat um beinist till. einnig að því að kanna aðbúnað og starfsaðstöðu í fangelsum. Allir þeir sem kynnt hafa sér þessi mál vita að aðbúnaður er slæmur og aðstaðan til ýmissa starfa er mjög bágborin. Það er einkennilegt í því mikla velferðarríki sem við búum við að ekki skuli búið betur að þessum ólánssömu mönnum.

Hér á landi eru starfandi þrjú fangelsi, Hegningarhúsið við Skólavörðustíg, Vinnuhælið á Kvíabryggju og Vinnuhælið á Litla-Hrauni. Öll eiga þessi fangelsi það sammerkt að vera byggð sem annað en fangelsi, vera gömul og þröng. Það má nefna hér að í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg eru 22 rúm en þar eru einungis sjö herbergi og oft þarf að vista þrjá til fjóra í hverju herbergi. Á Litla-Hrauni eru herbergi þannig að þetta eru frekar skápar heldur en vistarverur sem fólk á að búa í.

Ég vona, verði þessi till. samþykkt, að við fáum svo ekki verði um villst vitneskju um þetta, bæði hvaða ástæður liggja að baki brotum, hvaða aðstæður þessir menn hafa búið við og einnig að gerð verði heildarúttekt á fangelsum eða vinnuhælum hér á landi og það geti nýst okkur til frekari uppbyggingar í viðurlagakerfinu. Ég vil sem sagt leyfa mér að vona að þessi þáltill. verði samþykkt svo gera megi eitthvað raunhæft í fangelsismálum.

Að lokum legg ég það til að málinu verði vísað til síðari umr. og allshn.

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Hv. 1. flm. þessarar till. hefur sýnt það áður að hann þekkir nokkuð til þeirra mála sem þessi till. varðar og vill vinna að úrbótum og það ber að virða og þakka því sannarlega er úrbóta þörf. Svo mikið vitum við sennilega öll þótt við séum misjafnlega fróð um aðstæður. Því vil ég með örfáum orðum taka undir efni till., sem er bæði þörf og góð og sannarlega tímabær, en grg. er reyndar í rýrara lagi og hefði gjarnan mátt vera fyllri en hv. 1. flm. bætti sannarlega úr með ræðu sinni áðan og gaf okkur þar miklar og góðar upplýsingar um aðstæðurnar í þessum málum.

Ég minnist þess að við umræðu um fangelsismál á síðasta þingi kom fram að þáv. hæstv. dómsmrh. hygðist láta vinna og leggja fram skýrslu um fangelsismál sem gæti orðið grundvöllur að úrbótum í húsnæðismálum og aðstæðum og öllum aðbúnaði fanga. Þessi skýrsla hefur því miður ekki enn litið dagsins ljós og sé ég ástæðu til að minna á það hér við þessa umræðu og láta í ljós von um að það loforð verði efnt þótt nú hafi að vísu orðið húsbóndaskipti í dómsmrn. En vonandi er núv. hæstv. dómsmrh. sama sinnis og forveri hans svo að við getum vænst einhverra breytinga og bóta.

Stjórnvöld mega alls ekki gleyma þessum ógæfusömu mönnum sem lenda í lögbrotum af ýmsu tagi og gjalda fyrir það með innilokun og fangelsisvist sem er þeim oft þung raun og ekki síður aðstandendum þeirra. Og hvað eina sem stuðlað getur að því að bæta fremur þessa menn en að gera þá verri kemur ekki aðeins þeim sjálfum og aðstandendum þeirra til góða heldur þjóðfélaginu öllu. Það er góður hugur að baki þessarar till. Efni hennar er þarft og gott og ég styð það heils hugar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til allshn. með 33 shlj. atkv.

EFRI DEILD

67. fundur, þriðjudaginn 14. mars, kl. 2 miðdegis.

Jöfnun á námskostnaði, 3. umr.

Stjfrv., 175. mál. — Þskj. 589.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls hreyfði hv. 3. þm. Norðurl. v. athugasemdum sem lúta að skerðingarheimild sem er í 5. gr. frv. Með hliðsjón af þeim umræðum sem þá fóru fram hér í hv. deild tel ég ljóst að nokkur samstaða er um það hér með hvaða hætti væri eðlilegt að beita þessari heimild og mun ég með hliðsjón af umræðunni haga setningu reglugerðarinnar þannig að skerðingarheimildinni verði ekki beitt með ósanngjörnum hætti þegar um er að ræða námsfólk sem hleypur í að afla sér tekna í stopulum og stuttum námshléum. Það er hins vegar ekki ljóst með hvaða hætti þetta yrði best orðað. Ég hef aðeins látið líta á það þegar og mér er það ekki alveg ljóst, en tillit verður tekið til þeirrar hugsunar sem var á bak við athugasemd hv. þm. Stefáns Guðmundssonar og þeirra umræðna sem fóru hér fram við 2. umr. þegar reglugerð á grundvelli frv., ef að lögum verður, verður gefin út.

Stefán Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir skilning hans á þessu máli. Mér er það ljóst að það er kannski ekki alveg eins þægilegt og menn álíta við fyrstu sýn að orða slíkt, en mestu máli skiptir hver hugurinn er. Ég fagna því að ég held að það sé ekki langt bil á milli okkar í þessu máli, mín og hæstv. menntmrh., og ég treysti því þess vegna að á þessu verði sérstaklega tekið við setningu væntanlegrar reglugerðar og þakka enn skilning ráðherra á málinu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Erfðalög, 3. umr.

Stjfrv., 208. mál (önnur erfð, óskipt bú o.fl.). — Þskj. 332.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Lyfjadreifing, 2. umr.

Stjfrv., 287. mál (sala bóluefnis til ónæmisaðgerða o.fl.). — Þskj. 519, n. 598.

Frsm. heilbr.- og trn. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 598 frá hv. heilbr.- og trn. Frv. er til breytinga á lögum nr. 76 1982, um lyfjadreifingu, með síðari breytingum. Þess má geta að hér er nánast verið að lögfesta framkvæmd sem hefur viðgengist á undanförnum árum.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt. Guðmundur Ágústsson sat fund nefndarinnar og hann er samþykkur áliti þessu. Undir nál. rita auk þeirrar sem hér stendur hv. þm. Stefán Guðmundsson, Salome Þorkelsdóttir, Ragnar Óskarsson, Karl Steinar Guðnason, Guðmundur H. Garðarsson og Guðrún Agnarsdóttir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Verðbréfaviðskipti, 2. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 531, n. 605, brtt. 606.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Í fjarveru formanns og varaformanns hv. fjh.- og viðskn. Ed. mæli ég fyrir nál. á þskj. 605, um frv. til laga um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði. Hér er 1. mál þingsins á ferðinni og er nú kannski tími til kominn að það fari að komast í höfn og mér er ánægja að geta þess að undir þetta nál. rita allir nefndarmenn, að vísu tveir með fyrirvara.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um frv., einkum þó 30. gr. þess, og kallað á fund sinn Gunnar Helga Hálfdanarson frá Fjárfestingarfélagi Íslands, Pétur Blöndal frá Kauphingi, Sigurð B. Stefánsson, Verðbréfamarkaði Iðnaðarbankans, Eirík Guðnason og Sveinbjörn Hafliðason frá Seðlabanka Íslands og Stefán Pálsson frá Sambandi ísl. viðskiptabanka. Tryggvi Axelsson frá viðskrn. aðstoðaði einnig nefndina.

Nefndin leggur til að málið verði samþykkt með þeim brtt. sem hún flytur á sérstöku þingskjali sem er þskj. 606. Í brtt. felst í fyrsta lagi sú breyting að gert er ráð fyrir að 30. gr. frv. falli niður. Í upphaflegri gerð frv. var í 30. gr. ákvæði um að ráðherra gæti heimilað Seðlabanka Íslands að láta sömu reglur gilda um verðbréfafyrirtæki og verðbréfasjóði að því er varðar bundið fé og settar eru innlánsstofnunum. Í meðförum fjh.- og viðskn. Nd. var 30. gr. breytt og Seðlabanki Íslands skuldbundinn til að láta sömu reglur gilda um verðbréfasjóði, eftir því sem við getur átt,

og settar eru innlánsstofnunum. Nefndin hefur athugað þessa grein nánar og er sammála um að hún eigi ekki heima í þessum lögum. Fulltrúar ríkisstjórnarflokkanna telja að ákvæði greinarinnar eigi frekar heima í lögum um Seðlabanka Íslands.

Síðari brtt. á þskj. 606 er á þá leið að orðalag er fært til samræmis við svipað ákvæði í frv. um eignarleigustarfsemi eins og því hefur verið breytt í meðferð fjh.- og viðskn. Nd. Fullharkalegt er að svipta verðbréfamiðlara eða verðbréfafyrirtæki starfsleyfi um stundarsakir meðan lögreglurannsókn stendur yfir á meintum brotum leyfishafa á lögum þessum. Nefndin telur réttara að miða heimild ráðherra til að svipta leyfishafa starfsleyfi við dómsrannsókn.

Danfríður Skarphéðinsdóttir sat fundi nefndarinnar og er samþykk áliti þessu. Undir nál. rita auk frsm. hv. þm. Eiður Guðnason formaður, Eyjólfur Konráð Jónsson, Ragnar Óskarsson og Jóhann Einvarðsson og hv. þm. Halldór Blöndal og Júlíus Sólnes með fyrirvara.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Ég tek til máls til að fagna því að þetta frv. er nú komið til 2. umr. og lýsa stuðningi við það. Ég fagna því sérstaklega að horfur eru á að algjör samstaða muni nást á hinu háa Alþingi um að lögfesta þetta mikla þarfamál.

Hér á landi hafa verið að þróast undangengna áratugi verðbréfasjóðir, að vísu í litlum mæli fram á þá alveg síðasta tíma. Þetta hófst með því að Alþingi samþykkti einróma lög um Fjárfestingarfélag Íslands árið 1970 og auðveldaði stofnun þess félags sem hafði víðtækt starfssvið, m.a. leigukaupaviðskipti, viðskipti með ákveðin verðbréf og ýmiss konar frumkvöðlastörf. Því miður fór nú svo að þó að fjármunir væru talsverðir í því félagi, sem komu að mestu leyti frá einkaaðilum og samvinnuhreyfingu, nýttust þeir ekki sem skyldi því að á þessum tíma var bannað að lána verðtryggð lán eða hafa viðskipti með verðtryggingu og eins og menn vita hófst ný verðbólguskriða 1971 og 1972 sem gerði það að verkum að tilgangur þessa félags náðist ekki fyrr en síðar þegar félaginu fór að vaxa fiskur um hrygg.

Síðan hafa risið upp fleiri verðbréfasjóðir og slík framkvæmdafélög og á þessu tímabili hefur auðvitað mikið verið unnið að því að reyna að setja reglur um starfsemi þessara sjóða. Það hafa ýmsar nefndir unnið að því. Það hafa þeir sem hafa verið í þessum félögum, forustumenn eða starfsmenn, auðvitað líka reynt að gera, en það hefur verið ljóst í allmörg ár að algjörlega var nauðsynlegt að setja lög hér á hinu háa Alþingi um starfrækslu þessara sjóða ef ekki átti að vera hætta á stórslysum eins og raunar henti eitt félagið á sl. ári og skal ég ekki fara að rifja það hér upp. Það náttúrlega vita allir sem hér eru inni og allir landsmenn hvernig þar fór. Það hefði naumast getað farið á þann veg ef þau lög sem við væntanlega afgreiðum nú hefðu verið í gildi.

Ég held að bærilegt jafnvægi sé í þessari löggjöf, hún þrengi ekki að sjóðunum þannig að þeir geti ekki sinnt sínu hlutverki en engu að síður sé nægilegt aðhald til þess að stórslys geti ekki hent. Þessu fagna ég auðvitað og endurtek að ég fagna sérstaklega þessari samstöðu því að það er vissulega mikils virði ef Alþingi getur orðið einróma um slíka löggjöf.

Auðvitað koma fram einhverjir gallar á þessum lögum eins og öðrum mannanna verkum og þróunin á sviði verðbréfaviðskipta í heiminum er nú svo ör og fjármagnsflutninga yfirleitt að við sjáum ekki í dag hvað gerist á morgun, þannig að þessi lög verða auðvitað til endurskoðunar. Við vitum það að Evrópubandalagið stefnir að sameiginlegum fjármagnsmarkaði strax árið 1992 og er raunar komið með hann meira og minna, einkum og sér í lagi í gegnum London og fjármálaviðskipti þar, en Bretar hafa eins og kunnugt er mjög öfluga starfsemi á þessum vettvangi.

Hjá Evrópubandalaginu og EFTA tala menn um að það megi búast við að innan örskamms tíma, kannski nokkurra missira, verði kominn nokkurs konar heimsmarkaður á fjármál, þeir tala um „glóbalmarkað". Það sé ekki eingöngu að Evrópubandalagið og EFTA muni verða með meiri og minni sameiginlega fjármagnsmarkaði næstum því hvað sem hver segir, það muni þróast þannig, heldur muni tengsl við t.d. Japan og New York aukast þannig að peningastreymið í heiminum verði með allt öðrum hætti en nú hefur verið og fram að þessu. Raunar gera menn jafnvel ráð fyrir að peningar í þeirri gömlu góðu merkingu verði nánast ekki til nema þá kannski til notkunar í strætó og þá kannski bara plastpeningar. Allar meiri háttar greiðslur eru nú þegar komnar í telexsendingar og tölvusendingar þannig að sjóðir á borð við þá sem hér hafa verið að þróast, í mjög litlum mæli að vísu, verða mjög virkir á markaði og við getum ekki sneitt hjá því. Menn tala raunar um að erlendir aðilar geti komist hér inn í bankakerfið með einhverjum hætti. Hvað úr því verður veit ég ekki. En hitt held ég að sé ljóst að við verðum að þróa fjármagnsmarkað í einhverjum takti við það sem er erlendis þó að við verðum að sýna þar fulla aðgæslu, en við höfum allar mögulegar leiðir til að koma í veg fyrir að erlendir aðilar nái okkar meginatvinnuvegum eins og sjávarútvegi með venjulegri löggjöf. Reyndar höfum við gamla og góða löggjöf um bann við því að útlendingar séu í fiskveiðum og fiskvinnslu. Ég held að alla vega sé þetta skref mjög mikilvægt og þess vegna vænti ég þess að við getum afgreitt frv. út úr hv. deild jafnvel í dag þegar menn hafa skoðað þetta með þessum hætti.

Ég kemst ekki hjá að nefna að inn í frv. var skotið við lokaafgreiðslu hygg ég í Nd. hortitti, svo að ekki séu mikið stærri orð notuð, en það var ákvæði um að Seðlabankinn skyldi koma á bindiskyldu hjá verðbréfasjóðum. Það fyrirbæri hygg ég að hvergi þekkist. Verðbréfasjóðir eru starfræktir með allt öðrum hætti en venjulegar innlánsstofnanir og verða að hlíta markaðnum eins og hann er á hverjum tíma. Raunar var í 2. mgr. þessa ákvæðis, sem skotið var þarna inn, talað um að Seðlabankinn mundi ákveða almenna

vexti og getur þá gert það hjá verðbréfamörkuðum líka. Með samþykkt þessa ákvæðis mundi starfsemi verðbréfafyrirtækja nánast verða lögð niður. Það yrði a.m.k. ekkert svigrúm fyrir þá einstaklinga sem litla fjármuni hafa en samt vilja vera á þessum markaði. Mér er tjáð að í a.m.k. einu af verðbréfafélögunum sé yfir helmingur fólks sem ekki sé með yfir 200 þús. kr. í bréfum sjóðanna. Þetta fólk gæti ekki ávaxtað sína peninga á neinum gangvöxtum á markaði heldur yrði þá að leggja þá inn í sparisjóðsbók, væntanlega á eitthvað talsvert lægri vöxtum en markaðurinn býður. Hinir, sem stærri eru og eru kannski með margar milljónir í veltunni, geta lánað sína fjármuni út, haft um það einhvers konar samtök eða gert það einir og sjálfir. En ef á að þróast heilbrigður fjármagnsmarkaður er alveg fáránlegt að slíkt ákvæði verði fest í lögum og sem betur fer náðist um það full eining að taka þetta ákvæði út. Að vísu boða stjórnarflokkarnir að þeir kunni að fella eitthvað í þessa áttina í önnur lög og þá væntanlega lög um Seðlabanka. Það mál hefur ekki komið til umræðu í nefndinni enn, en mér er kunnugt um að bankarnir telja nánast útilokað að það sé hægt að framkvæma þann paragraf sem vonandi verður aldrei lagaparagraf.

Júlíus Sólnes:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé engin tilviljun að á þessu þingi höfum við haft til umfjöllunar mjög mörg frumvörp varðandi banka- og peningamál. Er það í samræmi við það sem er að gerast í nágrenninu í kringum okkur, reyndar um allan heim, að það eiga sér stað þessi missirin mjög miklar breytingar á peninga- og bankaviðskiptum þjóða á meðal. Hv. 8. þm. Reykv. lýsti þessari þróun ágætlega í ræðu sinni áðan og get ég tekið undir margt það sem hann sagði. Er raunar óþarfi að fjölyrða svo mjög um hana, en sú spurning vaknar í mínum huga hvort mörg þeirra frumvarpa þar sem er verið að gera smábreytingar á lögum um viðskiptabanka séu ekki meira eða minna óþörf, hvort það væri ekki nær að taka höndum saman og endurskoða bankalöggjöfina alveg frá grunni með hliðsjón af því sem er að gerast í kringum okkur og reyna á þann hátt að mæta þeim breytingum sem eiga sér stað í heiminum öllum. Ég held að við komumst ekkert hjá því að vera þátttakendur í þessari þróun. Það er algerlega útilokað að Íslendingar geti einangrað sig norður í Atlantshafinu og ætli að standa einir sér fyrir utan þennan alþjóðlega fjármagnsheim. Það kemur einfaldlega til með að koma niður á samkeppnisgetu fyrirtækja okkar ef þau eiga að búa við þann takmarkaða og einangraða fjármagnsmarkað sem við höfum yfir að ráða eins og nú stendur. Þess vegna held ég að það sé orðið mjög brýnt að taka banka- og viðskiptalöggjöf okkar til endurskoðunar frá grunni. Þá vaknar spurningin hvort það sé ekki óþarfaverk, sem við erum að vinna, að gera þær ótal smábreytingar á þessum lögum sem aragrúi frumvarpa um peninga- og bankamál sem liggja fyrir hinu háa Alþingi bera með sér.

Reyndar átti ég þess tækifæri að ræða við einn af hæfari hagfræðingum og bankamönnum hérlendis um hvað væri að í bankakerfi okkar, en það er eitt sem mjög hefur verið tíðrætt manna á meðal, t.d. má nefna hinn háa vaxtamun sem er í bankakerfinu. Meðan vaxtamunur í öðrum löndum er kannski í kringum 1% mun hann vera í kringum 8% á Íslandi. Við vorum sammála um eftirtalin fimm atriði sem ef til vill gátu skýrt þetta að einhverju leyti.

Hér ríkir hálfbrjáluð hávaxtasamkeppni um veltiinnlán sem er aldeilis furðulegt. Bankarnir slást um að fá viðskiptavini í veltiinnlán og greiða háa vexti, yfirbjóða hver annan í því að bjóða háa vexti á veltiinnlánareikningum á meðan bankar erlendis eru kannski með vaxtastig í kringum 1% á slíkum reikningum. Víða tíðkast að menn verða að borga með sér fyrir að fá að stofna veltiinnlánsreikninga í bönkum. Ég minnist þess sjálfur að þegar ég stundaði atvinnu í Danmörku stóð mér til boða að vera með tvenns konar tékkareikninga. Það var í fyrsta lagi almennur tékkareikningur án nokkurra skilyrða. Innlánsvextir á honum voru 1%, en ef tékkareikningurinn var með þeim skilyrðum að aðeins mátti gefa út fimm ávísanir mest á mánuði voru vextirnir 5%. Bankarnir hér reka þessa þjónustu hins vegar efalaust með miklum kostnaði og velta honum yfir á lántakendur með okurvöxtum á útlánum.

Mikil vanskil í bankakerfinu sem eru bein afleiðing þess okurvaxtakerfis sem við búum við þýðir að það er mikið um tapaðar skuldir í bankakerfinu. Þetta veldur líka kostnaði hjá bönkunum sem aftur er velt yfir á vextina til útlána.

Svo er eitt sem er aldeilis furðulegt. Ég hef hvergi nokkurs staðar þar sem ég hef komið erlendis séð aðrar eins auglýsingar í fjölmiðlum eins og bankakerfið hér tíðkar þessa stundina. Hér dynja yfir almenningi á hverju einasta kvöldi í sjónvarpi og í útvarpi auglýsingar frá bönkum þar sem þeir eru að keppast um þessa fáu viðskiptavini sem hér eru.

Svo er eitt atriði enn sem er rétt að nefna og það er gíróseðlaþjónustan. Í nágrannalöndunum fara gíróreikningar og gíróinnborganir að langmestu leyti fram í gegnum pósthús en ekki í gegnum banka og sparisjóði. Það er ekki nokkur vafi á því að þessi þjónusta sem bankarnir hafa algerlega tekið að sér hér á Íslandi er mjög dýr og hún kostar miklu, miklu meira en sá kostnaður sem gíróseðlarnir eru látnir bera með sér nemur. Auðvitað er þessum kostnaði velt á lántakendur. Þetta aftur er hluti af hinum háa vaxtamismun.

Í fimmta lagi mætti tala um lélegan rekstur.

Ég held að það sé ekki rétt að vera að tíunda svo mjög þau frumvörp til laga um breytingu á bankalögum sem hér hafa verið á dagskrá því að þó að það sé margt slæmt um þau að segja held ég að það eigi ekki við um það frv. sem hér er til umræðu. Ég held að ég geti tekið undir það með hv. 8. þm. Reykv. að hér er um gott mál að ræða og er ánægjulegt að það skuli hafa náðst sú samstaða að allir standa einhuga að því að þetta frv. verði að lögum og að við getum skapað

heppilegt rekstrarumhverfi fyrir þessa nýju starfsemi á fjármagnsmarkaðnum, þ.e. verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði.

Í þeirri umfjöllun sem málið fékk í hv. fjh.- og viðskn. komu nokkur atriði til umræðu sem urðu svolítið vafamál, a.m.k. í mínum huga. Þar vil ég sérstaklega taka á einu máli, en það er spurningin um hvort það sé nauðsynlegt að vera með sjálfstæð fyrirtæki, sérstaklega þegar um er að ræða viðskiptabanka eða sparisjóði. Það er einfaldlega spurningin um hvort viðskiptabankarnir eða sparisjóðirnir megi ekki reka verðbréfasjóði og verðbréfafyrirtæki án þess að þurfa að stofna sérstök fyrirtæki utan um þá starfsemi. Við höfum mikið velt þessu fyrir okkur og vöknuðu ýmsar spurningar út af þessu atriði. Hvernig er t.d. með útibú viðskiptabankanna og sparisjóðanna úti á landi? Hvernig mun þeim reiða af? Geta útibúin stundað þessa starfsemi? Það leikur nokkur vafi á hvort þau muni eiga hægt með að stofna slík sjálfstæð fyrirtæki. En auðvitað getur vel verið að það nægi að höfuðbankarnir í Reykjavík geti stofnað slíkt fyrirtæki og þá fái útibúin sjálfkrafa möguleika á að vera með þessa þjónustu sem útibú frá því fyrirtæki. Ég vildi mjög gjarnan heyra skoðun hæstv. viðskrh. á þessu atriði sérstaklega og heyra álit hans á því hvort það sé nokkur hætta á því að þetta komi til með að valda útibúum, sérstaklega í hinum dreifðu byggðum, nokkrum vandræðum.

Að öðru leyti vil ég taka undir það sem hér hefur verið sagt og ég fagna því að þetta frv. er nú að verða að lögum og þeirri samstöðu sem við höfum náð um það því að ég held að það sé orðið mjög brýnt að það sé settur skynsamlegur lagarammi um þessa starfsemi sem á eftir að fara mjög vaxandi á næstu árum.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég lýsi yfir ánægju minni með það að 1. mál þessa þings skuli nú komið á lokastig afgreiðslu í hv. Ed.

Eins og þeir sem talað hafa á undan mér í þessari umræðu, hv. 8. þm. Reykv. og hv. 7. þm. Reykn., vil ég lýsa sérstakri ánægju minni með þá samstöðu sem tekist hefur um þetta mál á þessu síðasta stigi meðferðar þess hér í þinginu. Meginbrtt. sem hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar gerir, um það að fella niður 30. gr. frv. eins og það lá fyrir deildinni, get ég stutt, enda á efni þeirrar greinar betur heima í öðrum lögum eins og menn hafa hér vikið að í sínu máli, þ.e. seðlabankalögum.

Varðandi það sem fram kom hjá hv. 7. þm. Reykn. um nauðsyn þess að endurskoða bankalöggjöfina frá grunni vil ég benda á að okkar bankalöggjöf er nýleg, hún er 2–3 ára eftir því hvernig á málið er litið, og varla þörf á grundvallarendurskoðun. Hins vegar er ekki vafi á því að þegar línur skýrast um framkvæmd fjármálareglna Evrópubandalagsins á næstu árum mun gefast ástæða til að huga að því hvernig þessar reglur, sem við höfum nýlega sett okkur, falla að því sem algengast verður í umheiminum. En það frv. sem við ræðum í dag er einmitt sniðið að því sem ég vil kalla bestu evrópskar fyrirmyndir um það hvernig menn ná hæfilegu jafnvægi milli frjálsræðis í þessari starfsemi og þeirrar ábyrgðar og aga sem fylgja þarf hvers konar frelsi eins og hv. 8. þm. Reykv. kom réttilega að í sínu máli.

Ég ætla ekki að segja mikið fleira um þetta mál. Þó vildi ég að endingu svara spurningu sem fram kom hjá hv. 7. þm. Reykn. Það er meginreglan í frv. sem við erum hér að ræða að sömu lög gildi um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði hver sem að þeirri starfsemi stendur, hvort sem það er sjálfstætt verðbréfafyrirtæki eða fyrirtæki á vegum banka. Það er mjög brýnt að jafnræði gildi um þetta og að aðskilnaður sé sem gleggstur á milli bankarekstrar og þessarar starfsemi til að koma í veg fyrir það sem kallað er á ensku máli „insider trading", innherjaviðskipti, þ.e. viðskipti sem byggjast á því að menn misnoti trúnaðarupplýsingar um hag eða stöðu fyrirtækja sem menn eru svo að versla með verðbréf fyrir. Um þetta eru nýleg dæmi í nágrannalöndum okkar og sú stefna sem fylgt er í þessu frv., sem ég vil kalla aðskilnaðarstefnu milli bankareksturs og verðbréfafyrirtækja, er að mínu áliti sú sem hefur orðið ofan á eða nýtur nú mests fylgis í nágrannalöndum okkar og við okkar aðstæður tel ég tvímælalaust rétt að við fylgjum henni.

Hvað það varðar hvort þetta komi í veg fyrir að viðskiptabankarnir geti veitt landsbyggðarmönnum þjónustu í verðbréfaviðskiptum, þá tel ég það alls ekki felast í þeim tillögum sem hér eru gerðar samanlagt í því frv. sem við ræðum nú og svo frv. um viðskiptabanka og sparisjóði sem er fylgifrv. þessa frv. og kemur á dagskrá á eftir. Ég tel að með því að bankarnir stofni hver hjá sér verðbréfafyrirtæki eigi þeir að vera í færum, eins og einn bankastjóri eins ríkisbankans mundi líklega orða það, að veita sínum viðskiptavinum hvar á landinu sem þeir búa þá þjónustu sem þarf til þess að þeir geti tekið þátt í verðbréfaviðskiptum eins og aðrir landsmenn.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar, hæstv. forseti. Ég er sannfærður um það að sú löggjöf sem hér er á ferðinni muni auka traust almennings á verðbréfafyrirtækjum og verðbréfasjóðum og þannig verða bæði almenningi og þessari starfsemi til góðs. Við þurfum að þróa okkar fjármagnsmarkað þannig að hann fullnægi í senn þörfum almennings og atvinnulífsins. Þetta fyrsta mál þingsins er einmitt skref í þá átt.

Karvel Pálmason:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu, en mig langar til að beina einni spurningu til viðskrh. Menn tala hér mikið um banka og að þeir geti veitt þjónustu úti um land. Kemur ekki sama til með að gilda að því er varðar sparisjóði? Nú eru þeir mjög víða staðsettir þannig að fólk þarf að leita þjónustu til þeirra trúlega í svipuðum efnum og til bankaútibúa eða banka. Mér fannst vanta inn í svar hæstv. ráðherra að það gilti sama um sparisjóði og banka og útibú þeirra.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):
Hæstv. forseti. Ég fór vafalaust nokkuð fljótt yfir sögu. Nefndi þó að ég vona orðið „sparisjóðir" vegna þess að það fylgifrv. sem hér verður til umræðu á eftir fjallar bæði um viðskiptabanka og sparisjóði. Það er jafnfljótlegt að svara því sem hv. 3. þm. Vestf. spurði um og það tekur að segja já. Svarið er já. Sparisjóðir munu, ef þeir stofnsetja slík fyrirtæki, geta veitt viðskiptavinum sínum sams konar þjónustu og bankar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.–11. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
12. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
13.–29. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 606,1 (30. gr. falli brott) samþ. með 17 shlj. atkv.
31.–38. gr. (verða 30.–37. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 606,2 samþ. með 15 shlj. atkv.
39. gr. (verður 38. gr.), svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
40.–41. gr. (verða 39.–40. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Ákvæði til brb. I–IV samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Viðskiptabankar og sparisjóðir, 2. umr.

Stjfrv., 3. mál. — Þskj. 3, n. 607.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Valgerður Sverrisdóttir):
Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 607 frá hv. fjh.- og viðskn. um frv. til l. um breytingu á lögum nr. 86/1985, um viðskiptabanka, og breytingar á lögum nr. 87/1985, um sparisjóði. Hér er um að ræða fylgifrv. með frv. því sem hér var á dagskrá næst á undan um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði.
Nefndin hefur athugað frv. á fundi sínum og leggur til að það verði samþykkt óbreytt. Danfríður Skarphéðinsdóttir sat fundi nefndarinnar og er samþykk áliti þessu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

EFRI DEILD

68. fundur, þriðjudaginn 14. mars, að loknum 67. fundi.

Lyfjadreifing, 3. umr.

Stjfrv., 287. mál (sala bóluefnis til ónæmisaðgerða o.fl.). — Þskj. 519.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Stjórn efnahagsmála o.fl., 2. umr.

Stjfrv., 240. mál (lágmarkstími verðtryggingar og fastir vextir). — Þskj. 445, n. 615.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Valgerður Sverrisdóttir):
Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 615, um frv. til l. um breytingu á lögum nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o.fl. Nál. er frá hv. fjh.- og viðskn.
Nefndin hefur athugað frv. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt. Danfríður Skarphéðinsdóttir sat fundi nefndarinnar og er samþykk áliti þessu. Undir nál. rita auk frsm. Eiður Guðnason, Ragnar Óskarsson, Jóhann Einvarðsson og með fyrirvara hv. þm. Júlíus Sólnes, Eyjólfur Konráð Jónsson og Halldór Blöndal.

Júlíus Sólnes:
Virðulegi forseti. Hér er verið að gera smábreytingu á mjög umdeildum lögum um stjórn efnahagsmála, sem sett voru vorið 1979, þar sem lánskjaravísitalan fræga var innleidd með lögum. Síðan eru liðin ein tíu ár og ekki fæst séð að þessi lög hafi orðið þess valdandi að koma á stöðugleika í efnahagsmálum á Íslandi hafi það verið hugmyndin með þeim. Hér er að vísu ekki verið að gera annað en koma til leiðar smábreytingu á lögunum sem ég tel út af fyrir sig að sé mjög eðlileg og styð hana, þ.e. að vextir á verðtryggðum lánum verði fastir þannig að lántakendur þurfi ekki að hlíta þeim afarkostum eins og ég hef upplifað að taka lán með lánskjaravísitölu og sjá svo vextina rjúka upp úr öllu valdi á lánstímanum án þess að hafa nokkuð haft um það að segja þegar lánið var tekið.
Í raun og veru er alveg ljóst að vextir umfram 2–3%

af lánskjaravísitölulánum hljóta að túlkast sem okurvextir þegar menn fara að skoða þessi mál í raun.

Hér er vart um það að ræða að fara að gera brtt. eða leggja til að lánskjaravísitalan verði felld niður. Það verður tekið upp á öðrum vettvangi, enda hafa tillögur þar að lútandi komið fram í þinginu áður. Ég er enn þá þeirrar skoðunar að það sé ekki um annað að ræða: annaðhvort verður að verðtryggja bæði lánskjör og laun í þessu landi eða hvorugt. Því er ég eftir sem áður ósammála því að hér sé við lýði lánskjaravísitala sem rígbindi alla lántakendur á klafa hennar meðan laun eru oft fryst eða a.m.k. fylgja engri vísitölu. Þetta er gersamlega óþolandi ástand og verður að taka á þessu. Það er stjórnvöldum til vansa að þetta ástand haldi áfram óbreytt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Virðisaukaskattur, 1. umr.

Frv. JúlS og GuðmÁ, 303. mál (skattþrep). — Þskj. 557.

Flm. (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Um fátt hafa orðið eins miklar deilur og þegar stjórnvöld í tíð ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar sumarið og haustið 1987 ákváðu að leggja söluskatt á matvæli. Þá hafði um langan tíma ríkt það ástand hér að matvæli voru án söluskatts. Með kjörorðinu „að söluskattskerfið skyldi gert einfaldara, réttlátara og skilvirkara", en þessi þrjú atriði dundu í eyru alþingismanna allt haustið 1987, skyldi nú smám saman lagður fullur söluskattur á matvæli sem og annað og var það rökstutt með ýmsum leiðum, m.a. með því, sem ég nefndi áðan, að þar með yrði söluskattskerfið skilvirkara, undanþágum fækkað og söluskattur mundi því innheimtast betur.

Ég held að fáar eða engar ráðstafanir íslenskra stjórnvalda hafi mætt eins mikilli andstöðu meðal almennings og það að leggja söluskatt á matvæli því að það er alveg ljóst og ég held að allir sem hafa skoðað þau mál geti verið sammála um það að matvæli eru sennilega dýrari á Íslandi en í nokkru öðru landi í heiminum. Ég hef orðið þeirrar gæfu aðnjótandi að ferðast víða um lönd og komið í flestalla heimshluta. Ég hef hvergi nokkurs staðar orðið var við annað eins matvælaverð og Íslendingar mega búa við. Það er aldeilis með ólíkindum að bjóða láglaunafólki upp á það ástand, sem hér ríkir, að þurfa að nota kannski allt að 35–40% tekna sinna til að kaupa í matinn. Það er gersamlega óþolandi. Það er aldeilis með ólíkindum að nokkur skyldi hafa látið sér koma til hugar að það væri hægt að leggja söluskatt á matvæli í landi eins og Íslandi þar sem matvælaframleiðslan hlýtur alltaf að vera með þeim hætti að verð matvæla verður mjög hátt.

Ísland er ekki landbúnaðarland í þeim skilningi sem við verðum að leggja í það hugtak þegar við berum okkur saman við hin frjósömu landsvæði Evrópulandanna, vesturheims og þegar víðar er leitað. Við erum á norðurhjara veraldar, á mörkum hins byggilega heims, og landbúnaður á að sjálfsögðu undir högg að sækja vegna veðurfars og annarra ytri skilyrða sem eru mjög óhagstæð. Það gerir að verkum að framleiðslukostnaður á hefðbundnum matvælum innan lands hlýtur alltaf að verða mjög hár. Við því er ekkert að gera. Þetta er staðreynd sem við verðum að sætta okkur við hvort sem okkur líkar betur eða verr. Hún er einfaldlega hluti af því að við búum í þessu landi. Út af fyrir sig erum við öll sátt við þetta ástand, en það að gera síðan matvæli að skattþúfu fyrir ríkisvaldið, þegar það er alkunna að hér er matvælaverð hærra en nokkurs staðar annars staðar, er aldeilis óþolandi.

Áhrif þessarar skattlagningar hafa heldur ekki látið á sér standa. Þessi skattlagning er nú á góðum vegi með að eyðileggja gersamlega það brautryðjendastarf sem hér hefur verið unnið undanfarin ár á því sviði að koma upp öflugri ferðamannaþjónustu og laða hingað til lands erlenda ferðamenn. Þegar erlendir ferðamenn sem gista landið koma inn á veitingahúsin og sjá það matarverð sem þar er á matseðlinum liggur við að þeir flýi hljóðandi upp í næstu flugvél til að koma sér burtu héðan, enda hefur veitingahúsarekstri hrakað mjög hér síðustu missirin, og ég tala ekki um eftir að matarskatturinn svokallaði var lagður á. Má segja að nú sé hart í ári í sambandi við rekstur veitingahúsa og hætt er við að sá vaxtarbroddur sem ferðamannaþjónustan hefur verið síðustu árin muni fölna skjótt.

Við höfum mjög beitt okkur fyrir því, þingmenn Borgfl., að hér verði gerð breyting á, þ.e. að aftur verði horfið til fyrra ástands, að reynt verði að fella niður allan söluskatt af matvælum. Á sínum tíma var það rökstutt að það væri nauðsynlegt að breikka söluskattsstofninn og þess vegna m.a. leggja söluskatt á matvæli. Það væri með hliðsjón af komandi virðisaukaskattskerfi, að þar væri ekki unnt að hafa neinar undanþágur. Öðruvísi mundi það kerfi ekki virka. Síðan var okkur talin trú um að það væri ekki annað fært en hafa eina skattprósentu í virðisaukaskattskerfinu og þar af leiðandi yrði ekki hjá því komist að skattleggja matvæli þegar fram liðu stundir með fullum virðisaukaskatti sem samkvæmt núgildandi lögum um virðisaukaskatt er 22%.

Þegar þessi mál eru skoðuð betur kemur í ljós að það er aðeins eitt land meðal landa Evrópubandalagsins sem notar aðeins eina skattprósentu í virðisaukaskatti, þ.e. Danmörk. Einhverra hluta vegna virðast fulltrúar stjórnvalda, sem undirbjuggu virðisaukaskattsfrv. á sínum tíma, hafa séð ástæðu til þess að kynna sér skattlagningu í Danmörku einni saman. Það er eins og þeim hafi alls ekki dottið í hug að

kynna sér með hvaða hætti skattlagningu á neysluvörur og þjónustu og aðrar vörur er háttað t.d. í hinum Evrópulöndunum. Til að glöggva sig betur á þessu lét ég taka saman töflu, sem er birt í greinargerð með frv., þar sem er yfirlit yfir skattþrep í virðisaukaskatti í öllum löndum Evrópubandalagsins nema í Grikklandi, en Grikkir hafa ekki enn þá séð ástæðu til að taka upp virðisaukaskatt, a.m.k. virðast þeir hafa fengið undanþágu á meðan á aðlögunartíma þeirra stendur, en hann er ekki liðinn. Geri ég þó ráð fyrir því að þeir muni taka upp virðisaukaskatt sem og hin Evrópubandalagslöndin. En það er mjög fróðlegt að sjá með hvaða hætti löndin leggja virðisaukaskatt á.

Ég vil byrja á því að geta þess að prentvillupúkinn hefur reynst okkur erfiður í sambandi við undirbúning þessa frv. Upphaflega kom Danmörk inn með 0% virðisaukaskatt í aðalþrepi sem er aldeilis fráleitt því að eins og ég sagði hér í upphafi virðist virðisaukaskattskerfi okkar fyrst og fremst sniðið eftir því sem gerist í Danmörku, en þar er virðisaukaskattsprósentan 22% eins og reyndar hér hefur verið ákveðið. Í endurprentun á frv. kom inn önnur prentvilla þar sem undir aðalþrep eru settar tölurnar 0% og 22% fyrir Danmörku. Núllið á að fara í burtu. Það á aðeins að standa þar 22%.

Það vekur nokkra athygli að flest landanna eru með mjög lága prósentu þegar um er að ræða skattlagningu á helstu lífsnauðsynjum. Þannig hafa Bretar algerlega hafnað því að skattleggja matvæli. Þar er skattprósentan núll og reyndar eru fleiri nauðsynjavörur, eins og t.d. barnafatnaður, ekki með virðisaukaskatti í Bretlandi. Írar leggja heldur engan skatt á matvæli. Þar er virðisaukaskattsprósentan núll. Sum landanna eru með mjög lága prósentu á matvælum, eins og t.d. Ítalía með 2% og Lúxemborg með 3%. Belgía er með 6%. Síðan er skattlagningarprósentan á bilinu 6–7 og upp í 8% mest hjá Portúgölum. Þó er það athyglisvert að verð á matvælum er sennilega hvergi lægra en í Portúgal, en það er einfaldlega vegna þess að frumkostnaður matvæla er sennilega hvergi lægri en einmitt í Portúgal.

Það er hins vegar annað sem vekur athygli. Í mörgum landanna er lagður á svokallaður lúxusskattur, þ.e. sum löndin eru með þriðja og hæsta skattþrep í virðisaukaskatti, eins og t.d. Belgía sem leggur á bæði 25% og 33% í virðisaukaskatti, Spánn og Frakkland leggja einnig á með lúxusþrepi, 33 og 33,3%, og Ítalía er með hvorki meira né minna en 38% lúxusskatt á ýmsar lúxusvörur. Þegar við sem eigum sæti í Evrópustefnunefnd Alþingis vorum á ferð í Brussel á dögunum höfðum við tækifæri til þess að ræða þetta mál mjög ítarlega við sérfræðinga Evrópubandalagsins sem komu til fundar við okkur. Við spurðum þá spjörunum úr um þetta atriði sérstaklega, bæði hvernig væri háttað þessari skattlagningu og hver væri stefna Evrópubandalagsins í þessum málum, hver yrði framtíðin hvað varðaði skattlagningu á t.d. matvæli hjá Evrópubandalagsþjóðunum. Okkur var tjáð að það hefur náðst samkomulag sem þó á enn þá langt í land þar sem sérstaklega Bretar og jafnvel Írar að einhverju leyti streitast við að taka upp skattlagningu á matvæli. En svo virðist þó að það náist samkomulag um að helstu nauðsynjavörur almennings verði skattlagðar með skattþrepi á bilinu 4–9%, en það mun þá látið gilda um matvæli, orku til upphitunar og ljósa, vatn, lyf, bækur, blöð og tímarit svo og fargjöld vegna fólksflutninga. Þetta nær yfir mikilvægustu nauðsynjar heimilanna. Hærra skattþrepið verður á bilinu 14–20% og nær yfir allar aðrar virðisaukaskattsskyldar vörur og þjónustu. — Virðulegur forseti. Ég mundi nú óska eftir því að hæstv. fjmrh. gæti verið viðstaddur þessa umræðu eða a.m.k. svarað hérna spurningum ef hann er í húsinu. (**Forseti:** Ég mun gera ráðstafanir til þess að hann verði sóttur.)

Nú var mjög umdeilt á sínum tíma að hve miklu leyti væri nauðsynlegt fyrir Íslendinga yfirleitt að taka upp virðisaukaskattskerfi. Helstu rökin fyrir því voru að sjálfsögðu þau að það mundi auðvelda iðnaðinum í landinu samkeppni við nágrannalöndin. Þar með væri áhrifum uppsafnaðs söluskatts eytt. En ég vil þó benda á að sumar þjóðir Evrópu hafa ekki séð ástæðu til að taka upp virðisaukaskatt. Eins og kemur fram í greinargerðinni má benda á m.a. að Svisslendingar hafa þrisvar sinnum hafnað því með þjóðaratkvæðagreiðslu að taka upp virðisaukaskatt. Nú er ljóst að við höfum samþykkt lög á Alþingi um virðisaukaskatt og þó að ég hafi verið eindreginn andstæðingur þess að virðisaukaskattur skyldi tekinn upp á Íslandi sé ég ekki ástæðu til þess úr því sem komið er að berjast frekar gegn því heldur reyna að lagfæra þau lög sem sett hafa verið og a.m.k. koma í veg fyrir það slys ef af verður að matvæli verði með 22% virðisaukaskatti.

Mig langar til að beina þeirri spurningu til hæstv. fjmrh. úr því að hann er nú kominn í salinn: Hver er stefna ríkisstjórnarinnar í þessum málum? Hyggst ríkisstjórnin breyta núgildandi virðisaukaskattslögum þannig að matvæli og aðrar nauðsynjavörur verði með lægra skattþrepi í virðisaukaskatti eða er það áfram stefna stjórnvalda að hér verði fullur 22% virðisaukaskattur á öllum vörum og þjónustu hvort sem um er að ræða lífsnauðsynjar heimilanna eða óþarfar lúxusvörur ef hægt er að taka svo til orða?

Þá vil ég víkja örlítið að 1. gr. frv., en hún hljóðar svo, með leyfi virðulegs forseta:

„14. gr. laganna orðist svo:

Virðisaukaskattur skal lagður á með tveim mismunandi skattþrepum og skulu þau ákveðin í fjárlögum ár hvert. Hið lægra virðisaukaskattsþrep, sem ekki má vera hærra en 12%, skal gilda við álagningu á matvæli og aðrar helstu nauðsynjavörur heimilanna samkvæmt nánari skilgreiningu í reglugerð. Allar aðrar vörur og þjónusta svo og annað sem er virðisaukaskattsskylt samkvæmt lögum þessum skal bera skatt samkvæmt hærra þrepi sem eigi má vera hærra en 24%. Virðisaukaskattur rennur í ríkissjóð."

Hér eru tekin af öll tvímæli þar sem lagt er til að skattþrepin skuli vera tvö, en við höfum séð ástæðu

til þess að gera þá breytingu að setja hámark á bæði skattþrepin en binda ekki fasta álagningarprósentu í lögunum. Það er nefnilega von okkar að það þurfi ekki að leggja 12% virðisaukaskatt þegar fram líða stundir á lífsnauðsynjar, svo sem matvörur og annað sem heimilin nota fyrst og fremst, heldur geti sú skattprósenta verið lægri. Er þá eðlilegt og sjálfsagt að skattprósentan fylgi fjárlagagerðinni ár hvert þannig að hún verði ákveðin í fjárlögum, en ég held að það sé mjög nauðsynlegt að setja hámark þannig að stjórnvöld leiðist ekki inn á þá braut sem oft vill verða að eins og var í söluskattskerfinu gamla sé alltaf verið að hækka þessa prósentu. Með þessu ætti að vera hægt að ná samkomulagi um að prósentan verði aldrei hærri en 12% í lægra þrepinu og 24% í hærra þrepinu, en það fylgi fjárlagagerðinni hverju sinni að ákveða prósentuna fyrir næsta fjárlagaár innan þessara takmarkana.

Ég mundi nú beina því til hæstv. fjmrh. að heyra álit hans á þessari hugmynd, hvort það fær staðist að það sé hægt að setja svona hámark í lögum um virðisaukaskatt en reyna síðan að haga fjárlagagerðinni þannig að það megi leggja á lægri prósentu en lögin heimila. Það ætti að vera markmið okkar að halda skattheimtu ríkisins í skefjum eins og framast er unnt. Það getur ekki verið stefna að keyra alla skattstofna ríkisins strax í botn og síðan þarf ár eftir ár að finna upp einhverja nýja skatta til að seðja ríkishítina sem er því miður óseðjandi.

Af því að hæstv. fjmrh. var einn þeirra sem mjög börðust gegn matarskattinum svokallaða á sínum tíma reikna ég með því að fá hann sem stuðningsmann í lið með okkur þingmönnum Borgfl. þar sem við erum hér að reyna að fá samþykki þingdeildarinnar fyrir því að leggja lægri skatt á matvæli og helstu nauðsynjar. Ég vænti þess svo sannarlega að hæstv. fjmrh. veiti okkur lið sitt í þessu efni.

Ég skal ekki hafa þessa framsögu lengri. Við höfum talað mjög mikið um þetta mál á hinu háa Alþingi áður og þarf ég ekki að skýra þetta frv. frekar út. Það er augljóst hvað við erum að reyna að gera. En ég vil að lokinni þessari umræðu leggja til að frv. verði vísað til hv. fjh.- og viðskn. og 2. umr.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Kvennalistinn hefur frá upphafi mótmælt kröftuglega hugmyndum um skatt á lífsnauðsynjar manna eins og matvæli. Það gerum við enn og hljótum því að styðja þá viðleitni sem fram kemur í því frv. sem hér er til umræðu þó aðeins sé um lækkun en ekki afnám matarskattsins að ræða. Í löngum og ítarlegum umræðum hér um jól og áramót á síðasta þingi um 25% skattlagningu á matvæli kom hvað eftir annað fram að auðvitað eru matvörur stærri hluti af neyslu lágtekjufjölskyldna en annarra. Hvað sem öllum meðaltalsútreikningum líður, sem þáv. hæstv. fjmrh. reyndi að sannfæra þingmenn með, kemur 25% matarskattur harðast niður á slíkum fjölskyldum. Þær áttu í vök að verjast þá og eiga enn, ekki síst þessa dagana þegar verðstöðvun hefur verið aflétt eftir langvarandi launafrystingu og verðhækkanir hafa orðið umtalsverðar á síðustu tveimur vikum án þess þó að nýir kjarasamningar hafi verið gerðir þannig að ofan á þá kaupmáttarrýrnun sem orðin er nú þegar bætast þær verðhækkanir sem urðu um síðustu mánaðamót.

Það var mikil samstaða í stjórnarandstöðuflokkunum á síðasta ári gegn matarskattinum, enda er þetta að mínu mati ranglát, ósanngjörn og heimskuleg skattlagning. Matvæli eru dýrari hér á landi en víða annars staðar og laun eru lægri. Sú ráðstöfun að leggja skatt á matvæli, sem á ekkert skylt við jöfnuð eða jafnaðarmennsku, er því líkleg til að auka frekar það óréttlæti sem því miður býr á meðal okkar.

Það þótti því skjóta heldur skökku við að þessum illræmda skatti skyldi komið á þegar fjmrh. sem kennir sig við jafnaðarmennsku sat í fjármálaráðuneytinu, en hann skýldi sér á bak við stefið sem klingdi í eyrum okkar um einföldun, réttlæti og skilvirkni.

Í ljós kom að söluskattsinnheimtan var lélegri en nokkru sinni fyrr á síðasta ári þannig að ekki leiddi einföldunin til skilvirkni og allar fjölskyldur landsins fengu að finna fyrir því óréttlæti sem matarskatturinn hefur í för með sér. Það má eiginlega segja hversu kaldhæðnislega sem það kann að hljóma að auðvitað var það matarskatturinn sem varð banabiti fyrrv. ríkisstjórnar. Öll þekkjum við framhaldið. Við tók ríkisstjórn sem kennir sig við jafnrétti og félagshyggju eða ætti ég kannski að segja: sem kenndi sig við þetta tvennt. Ekki hef ég nú um nokkra hríð heyrt stjórnarliða hampa þessum hugtökum. Ef til vill hafa þeir í alvöru litið í spegil og hvorki séð þar jafnréttis- né félagshyggjusvip.

Miðað við breytta samsetningu ríkisstjórnarinnar frá því að matarskatturinn varð að lögum tel ég nauðsynlegt að rifja upp þá umræðu sem fram fór hér um frv. Nú sitja tveir flokkar sem kenna sig við félagshyggju og jafnaðarmennsku í ríkisstjórninni og svo vel fer á með þeim eða alla vega formönnum þeirra að þeir leggjast í ferðalög til sameiginlegra landvinninga og vænta mætti að þeir geti komið sér saman um aðgerðir til að auka jöfnuð í landinu. — Nú hefði ég gjarnan viljað sjá hér hæstv. menntmrh. því að mig langaði til að vitna aðeins örlítið í orð hans á síðasta þingi þegar matarskatturinn var til umræðu. (**Forseti:** Forseti vill tilkynna að það virðist sem menntmrh. sé genginn úr húsinu.) Þá vildi ég fara fram á að hæstv. fjmrh. hlustaði og svaraði nokkrum fyrirspurnum.

Ég minni á brtt. sem gerðar voru við 2. umr. söluskattsfrv. á þinginu í fyrra, en þá flutti hæstv. núv. menntmrh. brtt. um að matvörur verði undanþegnar söluskatti, en til vara hafði hann uppi tillögu um að fjmrh. eigi að endurgreiða innheimtan söluskatt af mjólk og mjólkurafurðum, kjötvörum og grænmeti sem framleitt er innan lands. Mig langar til að grípa aðeins niður í eina af ræðum núv. hæstv. menntmrh. frá þessum tíma og biðja þá hæstv. fjmrh. um að svara spurningu sem ég vildi varpa fram í

tengslum við þennan örstutta ræðubút sem ég ætla að fá að vitna til með leyfi forseta. — Hér segir:

„Það hefur komið fram af hálfu Alþb. varðandi þennan matarskatt að við munum strax og við fáum möguleika til að hafa áhrif á stjórnkerfið breyta þessari skattlagningu. Við teljum hana óhæfu. Hún er atlaga að lægst launaða fólkinu í landinu sérstaklega. Alþfl. hafði það lengi á stefnuskrá sinni að leggja á skatta hlutfallslega hækkandi eftir hækkandi tekjum. Hann hefur núna tekið upp nýja stefnu sem felst í því að leggja þeim mun hærri skatta á fólk sem það hefur lægri tekjur. Það birtist sérstaklega í þessum matarskatti og svo í því að hátekjuþrep í tekjuskatti hefur verið fellt niður þrátt fyrir þær brtt. sem við alþýðubandalagsmenn höfum flutt, bæði í þessari hv. deild og sömuleiðis í Nd."

Nú vildi ég spyrja hæstv. fjmrh. með hvaða hætti Alþb. ætlar sér að breyta þessari skattheimtu eins og hér kemur fram. Þetta er reyndar ekki eini staðurinn þar sem þetta kemur fram hjá hæstv. menntmrh. Hann gerir grein fyrir atkvæði sínu og þar endurtekur hann þessa yfirlýsingu ef ég má vitna til þess, með leyfi forseta. Þar segir hann: „Alþb. hefur lýst því yfir við meðferð þessa máls í þinginu að við munum strax og við fáum tækifæri til breyta þessum lagaákvæðum."

Ég vildi gjarnan fá að heyra svör hæstv. fjmrh. við þessum spurningum og ætla reyndar að grípa niður í aðra ræðu sem er flutt af hæstv. landbrh. frá sama tíma og vildi gjarnan sömuleiðis fá að heyra frá hæstv. fjmrh. hvort Alþb. er enn þá sama sinnis og hvenær megi vænta þess að breytingar verði gerðar á þessari skattlagningu. Hér segir, með leyfi forseta:

„Þetta er ekki bara tímamótaviðburður á Íslandi, herra forseti, heldur sýnist mér eftir nokkra athugun á þeim málum að þetta sé tímamótaviðburður í heiminum. Það sé tímamótaviðburður í henni veröld þegar sú þjóð sem býr við einhverja dýrustu matvöru heimsins ætlar að leggja ofan á hana alla saman 25% söluskatt. Ég hef farið yfir það m.a. með því að kynna mér stöðu þessara mála í löndum Efnahags- og framfarastofnunarinnar eða OECD-löndunum hvernig þessu er háttað hjá öllum þeim löndum og ég mun fara yfir það hér á eftir og leiða að því rök að það sem stendur til að gera á Íslandi með gildistöku þessa frv. er nánast einstakt í heiminum þannig að hæstv. fjmrh. er ekki lítill karl," segir hæstv. núv. landbrh. fyrir rúmlega einu ári.

Og hann segir á öðrum stað, með leyfi forseta: „Öllum mönnum ætti að vera auðskilið að menn þurfa að borða hver sem launin eru og eftir því sem þau eru lægri eru þessar brýnustu lífsnauðsynjar, þær sem koma fyrst í röðinni, þyngri og þyngri."

Það er að lokum eitt enn sem mig langaði til að vitna til. Það væri auðvitað hægt að halda uppi löngu máli um söluskatt á matvæli. Hér segir hæstv. núv. landbrh., með leyfi forseta:

„Ég tel því, herra forseti, að það sé nánast sama hvernig litið er á þessa matarskatta. Þeir eigi sér engar raunverulegar málsbætur sem standast nánari skoðun málsins. Það hafa engin skattaleg úrslitarök verið færð fram fyrir því að hér sé ekki hægt að hafa kerfi óbeinnar skattheimtu án þess að í því felist skattlagning á matvæli."

Ég vildi fara fram á það við hæstv. fjmrh. að hann svaraði þeim spurningum sem ég hef hér fram borið, en hér er mjög löng og ítarleg ræða sem hæstv. núv. landbrh. flutti í lok desember 1987 um matarskattinn og væri freistandi að vitna frekar í hana. Hann tekur fyrir öll OECD-löndin svokölluðu og lýsir því hvernig óbeinir skattar eru lagðir á í þeim löndum og það kemur í ljós að það er hvergi lagður þvílíkur skattur á matvæli. Hann er í hæsta lagi um 9% í Evrópubandalagslöndunum. Og hann segir nokkuð annað í lok ræðu sinnar sem ég vil enn og aftur vitna til, með leyfi forseta, því að í því er fólginn mikill sannleikur: „Auðvitað verður þar að taka mið af hlutum eins og lífsafkomu fólks, aðstöðu fólks." Og hann spyr í lok ræðu sinnar: „Af hverju er ekki stefnt á Íslandi, ef menn ætla að skattleggja matvörur á annað borð, sem ég er andvígur, en ef menn ætla að gera það, af hverju er þá ekki stefnt á tvö þrep hvort heldur sem er í söluskatti eða virðisaukaskatti, matvöruna t.d. upp í 2 eða 4% og restina upp á 24, 25 eða 28% ef menn þurfa með til þess að ná inn tekjum? Hvað er svona flókið við það? Hvað er svona óréttlátt við það? Hvað er svona óskilvirkt við að taka þá upp t.d. svoleiðis kerfi?" Og hann segir áfram: „Ég vil fá svör við því vegna þess að mér dugar ekki að það þurfi að einfalda hlutina og það eigi að leggja 25% söluskatt á allar matvörur og aðrar lífsnauðsynjar og síðan eigi að taka upp virðisaukaskatt á næsta ári."

Ég vildi mjög gjarnan heyra hvað þessum málum líður, þ.e. niðurfellingu matarskattarins eins og yfirlýsingar alþýðubandalagsmanna gengu út á í þessari hv. deild og Nd. líka um þær mundir sem við ræddum matarskattinn, og ítreka enn og aftur afstöðu Kvennalistans, að við höfum frá upphafi lýst okkur algjörlega andvígar matarskattinum og styðjum að sjálfsögðu alla þá viðleitni sem fram kemur til að lækka hann og helst af öllu að afnema hann með öllu.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að koma til skila þeirri orðsendingu til næstsíðasta ræðumanns, sem talaði um að það ætti að fá fjmrh. til að taka til máls, að hann sé a.m.k. staddur í húsinu þegar ég er hérna í ræðustólnum.

Ég tel að þær hugmyndir sem hafa verið settar fram varðandi virðisaukaskatt og verðlagningu á matvælum séu eitt af þeim málum sem þurfi að skoða mjög rækilega á næstu mánuðum varðandi það form sem virðisaukaskatturinn mun taka hér þegar hann tekur gildi. Þegar við ræddum um frestun á gildistöku virðisaukaskattsins fyrir jól lýsti ég því yfir í hv. deild og einnig í hv. Nd. að ég mundi verða við þeirri ósk að búa til samstarfsvettvang allra þingflokka til að fá aðstöðu til þess að fylgjast með framgangi málsins og ég hef hugsað mér núna næstu daga að ræða það mál við formenn þingflokkanna. Við höfum hafið sér-

staklega seinni hluta þeirrar vinnu sem snertir undirbúning að gildistöku virðisaukaskattsins hjá embættismönnum og sérfræðingum, en fyrri hluti þeirrar vinnu fór fram á sl. ári.

Það er alveg ljóst að það eru skiptar skoðanir um það hvort virðisaukaskattur með tveimur þrepum sé góður kostur. Sumir halda því fram að það geri eftirlit með framkvæmd skattheimtunnar mun erfiðari, það skapi meiri möguleika til undansláttar og geri kerfið sjálft ekki eins skilvirkt svo að ég noti þekkt orðalag. Ýmsir af stjórnendum og starfsmönnum í skattakerfinu hér á landi draga meira að segja í efa að það sé nægilega vel mannað til að geta framkvæmt svo vel sé innheimtu skattsins á þann hátt að hann sé tvískiptur. Ég held þess vegna að það sé alveg nauðsynlegt að það sé hv. alþm. ljóst að ef farið verður inn á þá braut að hafa virðisaukaskattinn í fleiri en einu þrepi mun það hafa í för með sér þó nokkra mannaflaaukningu í skattheimtukerfinu og á skattstofunum og auka þar með útgjöld ríkisins hvað það snertir og fjölda starfsfólks sem þar starfar. Þetta er þáttur sem mér finnst hv. Alþingi hvorki nú né e.t.v. við umræðuna um virðisaukaskattinn á sínum tíma hafa gert sér nægilega skýra grein fyrir, að virðisaukaskatturinn krefst aukningar starfsmanna á skattstofum og í skattheimtukerfinu sem nemur allnokkrum tugum.

Ég hef verið þeirrar skoðunar og Alþb. einnig alllengi að það sé á margan hátt eðlilegt að hafa lægra söluskatts- og virðisaukastig á almennum matvælum en á öðrum vörum. Sú grundvallarstefna okkar er ekki breytt. Það er hins vegar ljóst að samstarfsflokkar okkar sumir og eintakir þingmenn þeirra eru með aðrar skoðanir á þessum málum og mér er ekki alveg ljóst hverjar eru skoðanir allra þingflokka stjórnarandstöðunnar í þessu efni. Þetta verður þess vegna væntanlega eitt af þeim málum sem verða skoðuð á þeim samstarfsvettvangi þingflokkanna sem búinn verður til varðandi virðisaukaskattinn.

Ég hef hins vegar gefið embættismönnum þau fyrirmæli að undirbúningnum verði hagað með þeim hætti að það verði hægt að taka upp virðisaukaskatt hvort heldur menn vilja hafa hann í einu þrepi eða tveimur svo að það verði ekki skortur á undirbúningi í sjálfu sér sem komi í veg fyrir að menn geti hrint í framkvæmd pólitískri ákvörðun um að hafa fleiri en eitt þrep í virðisaukaskattinum og þar á meðal lægra þrep á matvælum. Ég held hins vegar að það sé alveg nauðsynlegt að hv. þm. geri sér grein fyrir því að þar með mun þurfa að fjölga þó nokkuð starfsmönnum í skattkerfinu.

Það eru heldur engin ný tíðindi, en ég get sagt það enn einu sinni hér, að afstaða Alþb. til matarskattsins er út af fyrir sig alveg óbreytt. Það er hins vegar eðli stjórnmála að þegar menn ganga til samstarfs við aðra flokka í samsteypustjórnum á Íslandi gera menn ákveðnar málamiðlanir. Menn víkja til hliðar ákveðnum áherslum sem flokkarnir hafa lagt í einstökum málum gegn því að ná öðrum fram og það er einu sinni eðli stjórnmálanna að þau eru list hins mögulega. Við gerðum slíkt samkomulag, höfum þess vegna staðið við það og það breytir engu um það hvað menn lesa upp úr mörgum ræðum hér á Alþingi. Ég hélt satt að segja að mönnum væri ljóst að það væri eðli samsteypustjórna á Íslandi að menn gerðu samkomulag milli flokka með ólíkar stefnur. Íslenska þjóðin hefur enn ekki kosið að fela einum flokki að fara með stjórn landsins og framkvæma sína stefnu. Þess vegna hefur íslenska þjóðin lagt þá lýðræðislegu skyldu á þingmenn, þó sumir vilji gleyma henni stundum, að gera málamiðlanir, þ.e. víkja frá stefnu síns flokks og gera samkomulag við aðra flokka um niðurstöður. Það er sú lýðræðislega krafa sem íslenska þjóðin hefur sett fram með því að velja flokka til þingsetu með þeim hætti sem hún hefur gert. Íslenska þjóðin hefur þess vegna óskað eftir málamiðlunum milli flokkanna og það er lýðræðisleg skylda flokkanna að taka þátt í því málamiðlunarstarfi ef þeir flokkar vilja nýta þann styrk sem þjóðin veitir þeim og haga sér í samræmi við lýðræðislegan vilja þjóðarinnar.

Þetta hefur markað stefnu Alþb. ekki bara nú heldur í marga áratugi. Það er t.d. alveg ljóst að Alþb. er andvígt þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu. Alþb. er andvígt dvöl bandarískra hersins á Íslandi. Matarskatturinn er þess vegna ekkert sérstakt mál sem Alþb. kann að hafa aðra afstöðu til en margra annarra mála. Við höfum aldrei ætlast til þess að þeir flokkar sem við gengjum til samstarfs við í ríkisstjórnum samþykktu öll okkar stefnumál. Það hefur satt að segja enginn flokkur sem tekið hefur þátt í samsteypustjórnum gert það að skilyrði. (**GuðmÁ:** Hvað samþykktu þeir?) Hvað samþykktu þeir? Ja, það er eins og ég lýsti áðan og eru væntanlega ekki nein ný tíðindi fyrir hv. þm. að sú efnahagsstefna sem núv. ríkisstjórn byggir á er niðurstaða samninga milli flokkanna á sínum tíma. Við töldum mjög mikilvægt að þar væri gripið til aðgerða í efnahagsmálum sem hér forðuðu stórfelldu atvinnuleysi. Það hefur í grófum dráttum tekist, tekist miklu betur en ýmsir talsmenn stjórnarandstöðunnar spáðu í október- eða nóvembermánuði.

Það er líka alveg ljóst að við höfum óskað eftir ágætu samstarfi bæði við Kvennalistann sem hér hefur talað og Borgfl. um þessi mál. Mér hefur fundist stundum dálítið skorta á að fulltrúar Borgfl. og Kvennalistans gerðu sér grein fyrir því að slíkt samstarf byggir á málamiðlun. Íslenska stjórnkerfið byggir á málamiðlunum og eins og ég sagði áðan: Þjóðin hefur lýst þeim lýðræðislega vilja sínum að við gerum slíkar málamiðlanir. Annars hefði hún kosið einn flokk til meirihlutavalds á Alþingi. Mér finnst þess vegna að þeir flokkar sem ekki vilja í alvöru ganga til viðræðna við okkur um slíkar málamiðlanir geri sér ekki alveg grein fyrir því hvaða lýðræðislegu skyldur hvíla á þeim.

Það er svo alltaf matsatriði hverju sinni hverju menn ná fram og hvort menn telja það vera nægilegt til að vega upp það sem menn ná ekki fram. Það er alveg ljóst að við náðum ekki fram okkar stefnu í matarskattsmálum. Það eru engin tíðindi. Það er

búið að vera ljóst síðan í lok septembermánaðar og ég er satt að segja dálítið hissa á því að heyra um það í dag einhverjar ræður eins og það sé ný uppgötvun, búið að vera ljóst í meira en hálft ár. En það breytir því ekki að það hefur verið ákveðið af þessari hæstv. ríkisstjórn að skoða það mál sérstaklega í tengslum við gildistöku virðisaukaskattsins hverjir eru kostir þess og þá gallar að taka upp virðisaukaskatt með fleiri en einu þrepi þar sem lægra þrepið væri á matvælum. Við höfum lýst okkur reiðubúna að ræða það við stjórnarandstöðuflokka, vorum reiðubúnir að ræða það ítarlega við Borgfl. fyrir nokkrum vikum og erum enn, erum reiðubúnir að ræða það við Kvennalistann og erum enn, erum reiðubúnir að ræða það við Sjálfstfl. ef Sjálfstfl. hefur það sem stefnumið. Mér er hins vegar ekki ljóst hvort það er stefnumið Sjálfstfl. vegna þess að ýmsir talsmenn hans töluðu mjög eindregið fyrir því að virðisaukaskatturinn væri bara með einu þrepi.

Ég vona þess vegna að ég hafi svarað þeim spurningum sem til mín voru bornar um hvað væri verið að gera í þessum málum og hver væri stefna ríkisstjórnarinnar. Svo ég dragi það saman í fáeinar setningar viljum við láta skoða hvaða kosti það hefur í för með sér að hafa lægra skattþrep vegna matvæla þegar virðisaukaskattur verður innleiddur. Það er hins vegar ekki uppgert mál innan ríkisstjórnarinnar. Við viljum líka gjarnan geta rætt það við flokka í stjórnarandstöðunni, sérstaklega þá sem hafa lýst sig t.d. hér í umræðunum hafa áhuga á að ræða það við okkur.

Ég hef talið nauðsynlegt að undirbúningsvinnan við gildistöku virðisaukaskattsins, sem er mjög flókin, tæki mið af því að skatturinn gæti hvort heldur sem væri verið í einu þrepi eða tveimur. Þess vegna er ekkert í vinnubrögðum núv. ríkisstjórnar sem útilokar að sú aðferð verði tekin upp verði það vilji þingsins á sínum tíma að gera það. Það liggur hins vegar ekki fyrir enn og er eitt af þeim pólitísku verkefnum sem við þurfum öll í sameiningu að fást við.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir að taka þátt í þessari umræðu og lýsa stefnu ríkisstjórnarinnar varðandi afstöðuna til þess hvort það eigi að hafa tvö þrep í virðisaukaskatti. Það var athyglisvert í hans ræðu að hann útilokar það ekki og ég fagna því að það er eitthvað að gerast í þessari ríkisstjórn sem gæti orðið hinum lægst launuðu til góða, en ljóst er að lækkun matarverðs kemur þeim til góða sem hlutfallslega eyða mest í þennan vörulið.

Ég rifja upp að þegar þessi skattur var settur á, fyrst matarskatturinn og síðan ákveðið með virðisaukaskattinum að það skyldi vera eitt skattþrep, man ég eftir því að mjög harðar umræður urðu á Alþingi, sérstaklega frá stjórnarandstöðunni og þá sérstaklega frá Alþb., um að það kæmi ekki til greina að fara í ríkisstjórn nema þessi skattur yrði felldur niður eða a.m.k. lækkaður. Ég man ekki orðalagið sem hv. þm. Alþb. notuðu þá, en það mátti alla vega vera ljóst að þeir töldu þetta atlögu gegn því fólki sem þeir töldu sig málsvara fyrir, hina lægst launuðu í þjóðfélaginu. (**KP:** Var ekki svo um fleiri?) Ég á von á því og ég man eftir því að við þingmenn Borgfl. lögðum mikla áherslu á að fella þennan skatt niður og við höfum verið trúir því og í stjórnarmyndunarviðræðum eða könnunarviðræðum sem fóru fram í janúar settum við þetta einmitt á oddinn og hvikuðum hvergi frá því. Ég vona að þeir sem hafa fylgst með sjái að við stóðum við þau orð sem við höfðum uppi þegar það mál var til umræðu og hvergi hvikað frá þeirri stefnu.

En það var annað athyglisvert í ræðu hæstv. fjmrh. þegar hann talar um málamiðlanir sem flokkar þurfi að grípa til þegar mynduð er ríkisstjórn. Ég man eftir því að þegar við í september vorum fyrst beðnir um að koma til þeirra viðræðna lá það alveg ljóst fyrir hvað Framsfl. og Alþfl. ætluðu að nota sem sinn samningsgrunn og það varð niðurstaðan. Alþb. kom ekki einu einasta máli í gegn nema það fékk í gegn að það yrði ekki reist álver hér nema með þeirra leyfi og að varaflugvöllur eða hernaðarmannvirki yrðu ekki leyfð nema með þeirra leyfi. En um matarskattinn fóru því miður mjög fá orð. Alþb. gekk inn í ríkisstjórnina án þess að reyna svo mikið sem að lækka þennan skatt.

En ég fagna því að það er óbreytt afstaða Alþb. til söluskattsins á matvæli og þá virðisaukaskattsins þegar hann kemur og ég vænti þess að það frv. sem ég hef lagt hér fram um niðurfellingu á söluskatti fái stuðning hjá einhverjum þingmönnum Alþb. og það frv. sem hér er, sem Júlíus Sólnes er 1. flm. að, fái líka stuðning og að þingmenn Alþb. verði trúir sinni sannfæringu að það sé rétt að það skuli vera tvö söluskattsstig eða þá tvö virðisaukaskattsstig. Og ég vona það líka um Alþfl.

Það er rétt að með tveimur virðisaukaskattsstigum mun þurfa að fjölga hjá innheimtuaðilum. Það liggur líka ljóst fyrir að með upptöku virðisaukaskattsins þarf að fjölga. Mig minnir að talað hafi verið um að fjölga við upptöku virðisaukaskattsins um 30 manns hjá tollstjóra.

Ég hef ekki sömu skoðun og hæstv. fjmrh. og fyrirrennari hans að eitt söluskattsstig eða eitt virðisaukaskattsstig hafi úrslitaáhrif um hvernig innheimtan gangi. Ég hef frekar trú á því að með virku eftirliti og virkum viðurlögum megi bæta innheimtuna. Mér er það a.m.k. kunnugt að allur sá söluskattur sem á að greiða innheimtist ekki, bæði að það er beinn undandráttur og einnig hitt að það er skilað söluskattsskýrslum og skatturinn síðan ekki innheimtur. Það er nauðsynlegt að hafa virkt eftirlit með söluskattsskilum, bæði því að þeir sem skila söluskattsskýrslum greiði í samræmi við það sem skýrslurnar segja til um og hins vegar að farið sé ofan í starfsemi hinna og þessara fyrirtækja og athugað hvort rétt skil hafi verið gerð. Þetta eftirlit hefur vantað og varð engin breyting þó svo að mælt væri fyrir um eitt söluskattsstig. Þarna er einmitt mergur málsins. Það er eftirlitið og stjórn eftirlitsins sem skiptir meginmáli en ekki hvað eru mörg stig í söluskatti og virðisaukaskatti.

Ég get minnst á það hér að ég varð vitni að því í Bandaríkjunum að búð var lokað og allir sem voru inni í búðinni þurftu að yfirgefa þessa verslun. Það hafði nefnilega komið í ljós að eitthvað gruggugt var við skilin á virðisaukaskatti í þessari ákveðnu búð og eftirlitsaðilarnir höfðu heimild þegar svo stóð á til að loka þangað til eigandinn gerði fulla grein fyrir því hvernig á því stæði að það bæri ekki saman tölum. Ég er ekki að mæla þessu sérstaka kerfi bót, en eitthvað í þessa veru þyrfti að vera hér á landi. Það þurfa að vera ákveðin úrræði sem eftirlitsaðilarnir hafi til að koma í veg fyrir söluskattssvik. Það þýðir ekki eins og hér er að það sé 10–15 manna hópur sem sé að reyna að myndast við að hafa eftirlitið. Það þarf að vera miklu, miklu virkara.

Þetta vildi ég segja í þessari umræðu. Ég held að það sé alveg ljóst að það eitt að hafa eitt söluskatts- eða virðisaukaskattsstig skipti ekki höfuðmáli eins og ég rakti áðan og það liggur líka ljóst fyrir að með því að hafa tvö söluskattsstig eða tvö virðisaukaskattsstig og lækka með því verð á matvælum sem er allt of hátt komi það hinum lægst launuðu til góða. Sérstaklega núna, þegar samdráttur er í þjóðfélaginu og ekki er grundvöllur undir miklum hækkunum launa, verður ríkið að koma inn í og lækka verð matvæla og með þeim hætti að sýna að það sé vilji hjá því til að auka kaupmátt launa.

Ég vil að lokum aftur þakka fjmrh. fyrir að taka þátt í þessari umræðu og vona svo sannarlega að þegar frv. mitt um lækkun á söluskatti kemur hér til umræðu verði hann við og tjái sig um það frv.

Flm. (Júlíus Sólnes):

Virðulegur forseti. Ég vil fyrir mitt leyti þakka þær undirtektir sem frv. hefur fengið í hv. þingdeild. Ég held að þetta sé eitt af mikilvægari málum sem við eigum eftir að fjalla um á næstunni, með hvaða hætti við leitum leiða til að lækka verð á matvælum. Það er aðalmálið, kannski ekki svo mjög hvernig við gerum það heldur að það verði gert.

Það er eitt þó sem mig langar aðeins til að nefna af því að hæstv. fjmrh. kom inn á það áðan í máli sínu, að með tveimur þrepum í virðisaukaskatti mun kerfið verða miklu flóknara og dýrara í rekstri, það þyrfti að fjölga mjög starfsmönnum til að reka kerfið með tveimur þrepum. Mig langar þá í því sambandi að minna eilítið á tillögur sem ég hafði uppi þegar við vorum að ræða virðisaukaskattslögin í fyrra á hinu háa Alþingi. Ég hef oft bent á: Er nokkur þörf fyrir að taka upp virðisaukaskatt á Íslandi? Virðisaukaskattur er skattform sem Evrópubandalagslöndin hafa þróað og ákveðið að nota sem allsherjarskattlagningu á neysluvörur í löndum Evrópubandalagsins. Það má segja að frumkvæðið að þessari skattlagningu er sú hugsun að þetta eru lönd sem eru með landamæri þar sem flutningar fara fram og aftur á ótal stöðum, þ.e. vörurnar stoppa ekkert á þessum landamærum og að sjálfsögðu leiðir hinn frjálsi markaður af sér að þær mega ekki stoppa á landamærunum. Þess vegna er virðisaukaskattskerfið heppilegt fyrir það efnahagskerfi sem þessi lönd hafa þróað með sér.

Hver segir að þetta skattform eigi eitthvert erindi til Íslands? Við erum allt annað fyrirbæri. Við búum á eyju norður í Atlantshafi, erum gersamlega einangraðir. Vörur sem flytjast eiga til landsins koma inn um tiltölulega fáar uppskipunarhafnir þar sem þær stöðvast. Ef þessi mál eru skoðuð grannt virðist öll heilbrigð skynsemi benda til þess að við eigum að taka alla okkar skatta við landamærin þó svo það sé ekki rétt skattform fyrir lönd Evrópu, þ.e. lönd Evrópubandalagsins þar sem vörur mega ekki stoppa á landamærunum. En eins og málum er háttað hjá okkur stoppa allar vörur á landamærunum. Þar er langeðlilegast og þægilegast að skattleggja þær. Þess vegna gætum við í sjálfu sér flutt allan söluskatt í toll og látið tollþjónustuna um að leggja söluskattinn á. Þá þyrfti enga starfsmenn. Það þyrfti ekkert söluskattskerfi sem við erum núna að sligast með. Við gætum gert annað. Við gætum athugað hvort ekki er nægjanlegt að leggja söluskatt á allan innflutning en afnema allan söluskatt af þjónustu. Ég held að það væri nær að skoða betur slíkar hugmyndir í stað þess að vera að leggja 22% virðisaukaskatt á matvæli og gera matvöru þannig ókaupandi fyrir allan þorra almennings.

Það er reyndar mjög athyglisvert þegar matarinnkaup heimilanna ber á góma að þá hefur ekki hvað minnst hæstv. forsrh. hvað eftir annað vakið máls á því að hans ágæta eiginkona hafi oft tjáð sér að hún hafi ekki efni á því að kaupa lambalæri í sunnudagsmatinn því það sé allt of dýrt. Ég get hjartanlega tekið undir það því þetta segir eiginkona mín mér líka, að hún hafi ekki efni á því að kaupa hvorki lambalæri né hrygg í sunnudagsmatinn. Þannig er nú orðið háttað að meginþorri þjóðarinnar hefur ekki efni á því að kaupa sér lambakjöt í matinn. Skyldi þá einhver furða sig á því þó að lambakjöt hrúgist hér upp því það hefur enginn efni á því að borða það. Það væri nær að taka á þessum málum og reyna að forða okkur frá þeirri pólitísku villu að vera hér með háan söluskatt á matvælum. Það skulu verða mín síðustu orð í þessari umræðu.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég vona að hv. þm. Júlíus Sólnes láti ekki eiginkonu sína eina um matarinnkaupin heldur taki virkan þátt í þeim sjálfur og hafi þannig góða aðstöðu til þess og aðrir sem á þurfa að halda.

Ástæða þess að ég kvaddi mér hljóðs aftur var fyrst sú að gera örstutta athugasemd við söguskoðun sem kom fram hjá hv. þm. Guðmundi Ágústssyni. Hann lagði út af því skjali sem Framsfl. og Alþfl. höfðu komið sér saman um þegar þeir hófu viðræður við okkur alþýðubandalagsmenn sérstaklega og buðu einnig Kvennalistanum til slíkra viðræðna í septembermánuði og síðan var rætt við Borgfl. með ýmsum hætti í kjölfarið. Það skjal bar þess merki að þessir tveir flokkar höfðu fyrir fram gert sér grein

fyrir því hvað af stefnumálum okkar alþýðubandalagsmanna þurfti að hafa í huga þegar komið var til slíkra viðræðna og sýndi einfaldlega pólitíska þroska og djúpan skilning og ágætan undirbúning þessara tveggja flokka að þeim viðræðum. Þess vegna gengu þessi mál svo greitt fyrir sig að það var á tæpum tveimur vikum hægt að ljúka þeim. Þetta fundust mér ekkert óeðlileg vinnubrögð vegna þess að þingflokkur Alþfl. hafði á fundi sínum á Hallormsstað, þriggja daga fundi í lok ágústmánaðar og byrjun septembermánaðar, gert ítarlega grein fyrir því hver væru þau efnisatriði í efnahagsmálum sem við lögðum höfuðáherslu á. Það lá alveg ljóst fyrir í þeim tillögum sem Alþfl. og Framsfl. lögðu fyrir upp úr miðjum septembermánuði að þeir höfðu rækilega kynnt sér þær tillögur, enda voru þær þeim sendar eins og ýmsum öðrum forustumönnum í íslenskum þjóðmálum. (**GA:** En hvers vegna stóð Alþb. ekki við yfirlýsingarnar frá Hallormsstað?) Við stóðum við þær velflestar, hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir, en eins og ég sagði áðan þegar þingmaðurinn var fjarverandi hefur það verið lýðræðislegur vilji íslensku þjóðarinnar að flokkar mynduðu samsteypustjórnir og gerðu málamiðlanir sín á milli vegna þess að íslenska þjóðin hefur ekki lýst þeim lýðræðislega vilja sínum að einn flokkur fengi allt sitt fram í stjórn landsins heldur kosið flokka í þeim stærðarhlutföllum að þeir yrðu að gera málamiðlanir. Það hefur einfaldlega verið okkar afstaða að þar mundum við vega og meta hvað næðist fram og hvað ekki og taka síðan afstöðu til þess. Það var ýmislegt sem við náðum ekki fram. Ég nefndi hér áðan t.d. þegar þingmaðurinn var fjarverandi úrsögn úr NATO og brottför hersins sem eru líka stefnumál Alþb. þannig að matarskatturinn er út af fyrir sig ekkert einn á báti í þessum efnum. (**SalÞ:** Er hann aukaatriði?) Nei, nei. Hann er ekkert aukaatriði frekar en hitt. En ég vænti þess að hv. þm. Salome Þorkelsdóttur sé líka kunnugt um að eðli íslenskra stjórnmála er einfaldlega þannig að flokkar gera málamiðlanir sín á milli og þeir þingmenn sem telja sig sérstaklega umkomna þess að gera grín að því eða lýsa furðu sinni eins og hér hefur m.a. gerst í umræðunum yfir afstöðu okkar í matarskattinum hafa að mínum dómi ekki lotið þeim lýðræðislega vilja þjóðarinnar að flokkarnir eigi að gera málamiðlanir.

Vilji íslenska þjóðin að einn flokkur framkvæmi alveg sína stefnu kýs hún flokkinn til þess með meiri hluta. Það er eðli lýðræðisins. Það er ekki okkar, sem eigum öll það sameiginlegt að þjóðin hefur ekki falið neinum okkar flokki meirihlutavald á Alþingi, að setja okkur á svo háan hest gagnvart þjóðinni að segja: Við viljum ekki málamiðlanir. Við viljum allt okkar eða ekkert. Þar erum við að setja okkur yfir lýðræðislegan vilja þjóðarinnar. Í þessu felst minn lýðræðislegi skilningur, mitt grasrótarlýðræði ef ég má orða það þannig. Grasrótin krefst málamiðlana vegna þess að þannig velur hún á þeim vettvangi þar sem hún ein hefur allan rétt, þ.e. í kosningum.

Þess vegna taldi ég nauðsynlegt að það kæmi alveg skýrt fram að sá texti sem lagður var til grundvallar myndun þessarar ríkisstjórnar var svo vel undirbúinn af hálfu þessara tveggja flokka að við í Alþb. fundum strax í honum margar af þeim hugmyndum sem við höfðum lagt áherslu á og gagnrýnt fráfarandi ríkisstjórn fyrir að fylgja ekki. Það var líka skynsamlegt að þessir tveir flokkar, Alþfl. og Framsfl., gerðu þetta fyrst sjálfir vegna þess að þeir voru að koma út úr ríkisstjórn með þriðja flokknum þar sem önnur stefna hafði verið við lýði.

Ég hef kannski haft um þetta fleiri orð en ég ætlaði mér vegna frammíkalla því að tilefnið var eingöngu að láta þetta koma skýrt fram. En ég vil svo líka taka undir ýmislegt af því sem hv. þm. Júlíus Sólnes sagði um virðisaukaskattinn. Mér hefur fundist í mörg ár að umræðan um virðisaukaskattinn á Íslandi drægi fyrst og fremst dám af erlendum aðstæðum, erlendri löggjöf og erlendri umræðu um það mál án þess að skoða beinlínis grundvöll þeirrar skattlagningar í íslensku hagkerfi og m.a. með tilliti til landfræðilegrar legu þjóðarinnar og eðlis utanríkisviðskipta okkar.

Það er fróðlegt að fylgjast með því hvaða röksemdir hafa verið færðar fram fyrir virðisaukaskattinn í gegnum tíðina. Í eina tíð var t.d. aðalröksemdin að virðisaukaskatturinn mundi að verulegu leyti koma í veg fyrir skattsvik sem væru töluverð í söluskattinum. Reynslan annars staðar frá sýnir hins vegar því miður að svo er ekki. Norðmenn hafa t.d. framkvæmt á því ítarlegar athuganir hvernig skattsvik þróast engu að síður, jafnvel í ríkara mæli, innan virðisaukaskattskerfisins. Um tíma voru líka forustumenn íslensks iðnaðar sem gerðu virðisaukaskattinn að sömu kröfu til þess að iðnþróun gæti átt sér stað hér í landinu með hliðstæðum hætti og annars staðar í Evrópu. Þessi röksemd hefur hins vegar vikið þó nokkuð til hliðar sérstaklega eftir að farið var að endurgreiða verulegan hluta söluskatts til iðnaðar og sjávarútvegs. Margar af þeim röksemdum sem í upphafi voru notaðar fyrir virðisaukaskattinum hafa alls ekki sama gildi í dag.

Ég hef stundum sagt það í kannski hálfgildings alvöru að nafnið á skattinum hafi fleytt honum mikið áfram vegna þess að það er jákvætt, virðisaukaskattur, gefur til kynna fyrir þá sem ekki þekkja eðli hans að hann sé einhvers konar virðisviðbót við það sem fyrir er þar sem aftur á móti aðrir skattar gefa það til kynna að þeir taki eitthvað af. Það er nú einu sinni eðli okkar máls að ef heitin eru góð vinna þau fyrir málin. Þess vegna hafði ég m.a. orð á því hér áðan að mér fyndist þingið ekki hafa gert sér nægilega grein fyrir því að tilkoma virðisaukaskattsins hefur í för með sér verulega aukningu starfsmanna í skattkerfinu, hvort sem um eitt þrep er að ræða eða tvö, og enn frekari aukningu ef um tvö þrep er að ræða en eitt. Og af því að þingið er alltaf að gagnrýna fjölgun opinberra starfsmanna, að ýmsu leyti með réttu, er nauðsynlegt að horfast líka í augu við þetta. Eigi að framkvæma þennan vilja þingsins hefur það í för með sér töluvert mikla aukningu starfsmanna. Annars er stórfelld hætta á því að gildistaka þessa skatts brotni í framkvæmdinni og þá er verr af stað farið en heima setið.

Þessi atriði öll getum við væntanlega rætt í þeirri

samstarfsnefnd sem ég fjallaði um áðan og ætlaði mér að setja upp síðar í þessum mánuði, en ég er alveg reiðubúinn í almenna umræðu um virðisaukaskattinn, kosti hans og galla ef vilji þingsins er að byrja á núlli í þeim efnum. Svo er hins vegar ekki og þingið hefur ákveðið að þessi skattur eigi að koma og ég hef þess vegna talað um skyldu mína að undirbúa gildistöku hans. Hitt er alveg hárrétt hjá hv. þm. Júlíusi Sólnes að það gæti verið mjög gagnlegt að fara enn á ný yfir það með opnum huga hvers vegna Íslendingar hafa ákveðið að taka upp virðisaukaskatt og hvort sumar af þeim röksemdum kunna kannski að vera byggðar á misskilningi eða hvort menn geta náð sama markmiði með minni tilkostnaði og beitt þá röksemdum sem e.t.v. eru í meira samræmi við önnur markmið. Það er varla tilefni til þess að ræða það hér, en þingflokkunum öllum gefst tækifæri til þess á næstu mánuðum að skoða það.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Tilefnið að ég kem hér í lok þessarar umræðu er fyrst og fremst orð hæstv. fjmrh. þegar hann fór út í söguskoðunina. Það er nefnilega afar fróðlegt að skoða skilyrði Alþb. fyrir inngöngu í þessa ríkisstjórn. Mér fannst það kannski ekki koma alveg nægjanlega fram hjá honum hver þau voru svo að ég freistast til að rifja það upp.

Það var sem sagt nr. eitt, tvö og þrjú að bráðabirgðalögin sem banna frjálsa samninga verkalýðshreyfingarinnar yrðu afnumin, að kaupskerðing yrði afnumin og samráð haft við samtök launafólks um skipan kjaramála og að matarskatturinn yrði tekinn til endurskoðunar. Þetta voru meginforsendurnar og er fróðlegt að skoða þær í ljósi sögunnar eins og hæstv. ráðherra gerði áðan. Eitt skilyrði var líka að Borgfl. mætti ekki vera með. Það er líka fróðlegt að rifja upp að hann mátti ekki vera með í viðræðum um væntanlega stjórnarmyndun. Þetta er í leiðara Þjóðviljans síðan 20. sept. í haust. (**KP:** Það er ekki allt rétt þar.) Skjalfest.

En önnur ástæða fyrir því að mér fannst ég eiga erindi hingað er sú að hæstv. ráðherra virtist ekki vera alveg viss um hver væri afstaða Sjálfstfl. til matarskattsins svokallaða. (**Fjmrh.:** Nei, það voru ekki mín orð. Hvort Sjálfstfl. vildi virðisaukaskattinn með einu eða tveimur þrepum.) Já, það var það sem ég ætlaði að segja. Þá ætlaði ég að rifja upp fyrir honum það sem hér er til umræðu og kannski ekki ástæða fyrir okkur sjálfstæðismenn að hafa mörg orð um, því að afstaða okkar er vel kunn vegna þess að það er einmitt innihald þessa frv. sem varð örlagavaldur fyrrv. ríkisstjórnar, ef svo mætti að orði komast, og ástæðan fyrir því að ný ríkisstjórn var mynduð. Það gerðist þegar Sjálfstfl. lagði til að söluskattur á matvælum yrði lækkaður úr 25 í 10%. Það er ósköp einfalt mál. (**Fjmrh.:** Má ég grípa fram í fyrir ræðumanni?) Það er forseti sem gefur leyfi til þess. (**Fjmrh.:** Er það ljóst að Sjálfstfl. sé fylgjandi tveimur þrepum í virðisaukaskatti?) Það var ljóst þegar um matarskattinn var að ræða. Þetta var samkomulagsatriði í fyrrv. ríkisstjórn eins og það var sett fram á sínum tíma. Það var samkomulag innan stjórnarflokkanna hvernig það var gert. Það voru ýmsir þingmenn Sjálfstfl. á öðru máli. Hæstv. ráðherra hefur reyndar komið inn á á þessum fundi að þingmenn verða stundum að sætta sig við að ganga til móts við sjónarmið annarra þegar fleiri en einn flokkur á aðild að ríkisstjórn. Á það lagði Sjálfstfl. ríka áherslu fyrir kosningar hve erfitt það væri að hafa fleiri en tvo flokka í ríkisstjórn þegar um það væri að ræða að ná saman um meginstefnumörkun. Mér sýnist að þessi ríkisstjórn hafi margsannað að slíkt er meira en erfitt, það er ómögulegt í raun og veru því að þessi ríkisstjórn er byggð á sandi og hennar grunnur verður aldrei annað og það er spurning hvenær sú undirstaða hrynur, sú sandhrúga.

Guðrún Agnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að hæstv. fjmrh. skuli kominn aftur til þings eftir fjarveru sína og býð hann velkominn, en hann hefur dvalist erlendis og virðist óþreyttur og eiga ýmislegt vantalað við þingið og ber að fagna þeirri kennslustund sem við fengum í málamiðlun og lýðræðislegum kröfum.

En ástæðan fyrir frammíkalli mínu var fyrst og fremst sú að minna hann á það sem þegar hefur komið fram í máli hv. 6. þm. Reykn. Það var hluti af og reyndar meginefni yfirlýsingarinnar frá Hallormsstað. Ég man mjög vel eftir því vegna þess að ég vitnaði í hana í umræðu hér á þingi í haust þegar núv. ríkisstjórn hafði nýtekið við. Við ræddum þá efnahagsráðstafanir. Það var einmitt afnám launafrystingarinnar og samningsrétturinn, að hann yrði gefinn frjáls, sem voru hjartans mál Alþb. á þeim tíma. Ég held að flestir sem taka þátt í stjórnmálum geri sér grein fyrir því að málamiðlanir eru óhjákvæmilegar. Hins vegar hljóta einhvers staðar að vera mörk hjá öllum einstaklingum og öllum pólitískum samtökum um það hversu langt þau ganga í málamiðlunum, hversu mörg af sínum hjartans málum þau selja fram í von um að ná ákveðnum árangri. Þetta er ævinlega matsatriði. Það þarf ekki að jafna því við ábyrgðarleysi ef einhverjum samtökum eða einstaklingum eru hugsjónir svo dýrmætar að þær verði ekki framseldar gegn nokkrum öðrum verðmætum né heldur þeim sem óvís eru, því síður.

Það mál sem hér hefur verið til umræðu, matarskatturinn, er auðvitað málefni sem snertir hvert einasta heimili í landinu núna, þ.e. hversu há verðlagning er á matvælum hérlendis. Ekki bara að hún sé svo miklu hærri en víða í nágrannalöndum okkar heldur er hún of há fyrir pyngju þeirra sem hér búa. Launin sem greidd eru eru of lág miðað við þetta háa matvælaverð og það er það sem skiptir meginmáli fyrir kjör fólks og þarf að hafa í huga nú þegar kjarasamningar fara í hönd, ekki síst þegar fólki er tilkynnt að kaupmáttur verði látinn haldast hinn sami út árið og hann hefur verið á fyrsta ársfjórðungi. Það gengur ekki upp hjá afar mörgum fjölskyldum og þeir sem kaupa í matinn fyrir heimili sín, og ég veit ekki

hve margir af þeim sem hér sitja inni gera það, finna fyrir því. Það finna allir fyrir því hversu háu verði matvæli eru keypt hérlendis. Þess vegna er það meginmál að lækka eða afnema þennan matarskatt því að hann er mikilvægur hluti af þessari háu verðlagningu.

Röksemd eins og sú sem hæstv. fjmrh. bar fram áðan var ein af meginröksemdum þeirra sem voru á móti virðisaukaskattinum á sínum tíma. Hann kostaði aukningu á starfsliði hjá hinu opinbera. En kröfurnar um að draga úr þessari álagningu eða afnema hana, kröfurnar um að draga úr henni eins og farið er fram á í því þingmáli sem hér er verið að ræða, réttlæta þessa aukningu á starfsliði því að ávinningurinn, og hæstv. ráðherra var auðvitað að tala um málamiðlanir, er meiri fyrir allan þorra fólks. Lýðræðislegu kröfurnar eru sterkari um að afnema álagninguna en að halda í við starfsmannafjölgun hjá skattinum.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Það er greinilegt að ég hef misst af góðum fyrirlestri í stjórnmálafræði, fékk þó svolítinn hluta af því áðan um hvernig menn skuli standa að myndun ríkisstjórnar og hvernig okkar pólitíska kerfi sé uppbyggt, að þjóðin hafi bundið okkur í þá fjötra að við getum ekki haft nema mjög takmörkuð prinsip. Við skulum ekki byggja upp svo ákveðna flokka með ákveðnum málefnum að við séum ekki tilbúin og verðum ekki vegna þjóðarinnar okkar, sem aldrei vill gefa neinum flokki meiri hluta, að gefa eftir af sjónarmiðum okkar og baráttumálum.

Mér finnst ekki vera hægt að taka undir þessa kenningu og þess vegna er ég kominn upp þó að formaður míns flokks og ráðherra þeirrar ríkisstjórnar sem ég styð hafi verið að lýsa þessu sem pólitískri nauðsyn í okkar þjóðfélagi. Ég tel m.a. að Alþb. hefði alls ekki átt að fara inn í núverandi ríkisstjórn undir þeim kvöðum sem við þurftum að fara þangað inn undir, þ.e. með því að hafa ekki samningsrétt fyrir launþegasamtök og með því að fá ekki bætta þá launaskerðingu sem fyrri ríkisstjórn hafði komið á. Vitaskuld verður alltaf að búa við það í lýðræðisþjóðfélagi að ýmsar málamiðlanir eigi sér stað, en til þess er flokkakerfi í landinu, til þess eru þessar undirstöðustofnanir, sem eru pólitísku flokkarnir, að þeir standi ákveðinn vörð um grundvallarsjónarmið sinna flokka. Hægt er að segja að nauðsyn brjóti lög í einstaka tilfellum og það gerist, en það þarf að yfirvega mjög þegar gengið er — ekki vil ég kannski segja gengið yfir grundvallarsjónarmið sem hver flokkur hefur. Pólitíska munstrið í þjóðfélagi eins og okkar er svo breitt að það verða alltaf myndaðar ríkisstjórnir og á að vera hægt að mynda ríkisstjórnir án þess að hlutirnir gangi á þann veg að flokkar sleppi frá sér grundvallarprinsippum. Ég vil aðeins láta þetta koma fram.

Karvel Pálmason:

Virðulegi forseti. Það er kannski ekki ástæða til þess að lengja mjög þessa umræðu. Þeir hv. flokksbræður hafa ást við um skoðanir að því er varðaði það að menn ættu að vera sveigjanlegir í stjórnmálum.

Ég get að mörgu leyti tekið undir með hæstv. fjmrh. Auðvitað eru menn í pólitík til að reyna að hafa áhrif og menn gera það oft á tímum með sveigjanleika. Menn geta ekki alltaf gengið beina braut þó að menn kannski vildu það sumir hverjir. Menn ná þá kannski meiri árangri með því að ná saman við aðra aðila þó það sé ekki nákvæmlega á sömu grundvallarforsendum og viðkomandi flokkur ætlaði sér að gera.

En það sem ég ætlaði fyrst og fremst að segja nokkur orð um er það að menn hafa mikið rætt hér um launamál. Alltaf finnst mér eins og maður sé nánast í kennslustund þegar hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir fer í ræðustól. Það er eins og hún sé að kenna okkur hinum og við eigum að nema. Ekki dreg ég í efa hæfileika hv. þm. til þess þó að ég hafi ekki alltaf tekið mikið á mig af því og sé kannski slæmur nemandi þess vegna.

Mér finnst hún eins og allt of margir aðrir þegar þeir tala um launamálin og kjaramálin gleyma hluta af því dæmi sem menn verða að hafa inni í myndinni þegar á að ræða kjara- og samningsmál. Við skulum taka dæmið eins og það stóð í haust. Hvað hefði átt að gerast þá? Það átti vissulega að eiga sér stað kauphækkun eins og um var samið. En samkvæmt lögum átti að fylgja því eftir með gífurlegum verðhækkunum sem hefðu tekið miklu meira en sem kauphækkuninni nam. Hvernig vildu menn bregðast við þessu? Ég hef ekki séð það. Þó var spurt um það í umræðum hér í haust. Ég hef ekki séð hvernig menn ætluðu sér að taka á þeim hluta dæmisins. Og þá spyr ég í framhaldi af því: Var launafólk, ekki síst það sem er verst sett gagnvart launum, betur sett þó það hefði fengið 2,5% kauphækkun ef verðlag hefði dunið á eins og það hefði gert ef ekki hefði verið gripið í taumana? Mér er alveg ljóst og ég tek undir það að inngrip í kjarasamninga er neyðarbrauð og á helst ekki að þurfa að gera slíkt og það er ekkert ljúft, a.m.k. ekki fyrir mig og ýmsa aðra, að standa að slíkum gerðum. En menn geta ekki einblínt á annan þáttinn í því dæmi. Menn verða að hafa heildarmyndina fyrir sér, hver hún hefði orðið ef kauphækkanirnar hefðu gengið fram og það sem á eftir átti að fylgja. Þá fullyrði ég a.m.k. að það fólk sem er verst sett hefði verið miklu verr sett ef það hefði verið gengið fram með þeim hætti en þó það varð með því sem gert var og gripið inn í. Um þetta geta menn deilt, hvort menn eiga að láta mál þróast með þessum hætti en þau verki á þann veg að setja fólk í verri stöðu en það var í fyrir.

Ég segi það a.m.k. að því er varðar það fólk sem ég þekki best til og það er innan láglaunafélaganna að það fólk hefði verið miklu verr sett ef mál hefðu gengið fram með þeim hætti að kaupið hefði hækkað samkvæmt samningum og verðlag síðan fylgt í kjölfarið og við vitum hvað það hefði þýtt. Þetta á ekki að

þurfa að segja fólki sem hefur þó nokkra lífsreynslu í pokahorninu. Við vitum alveg ganginn í hvernig þetta hefur gerst undangengin ár og áratugi, hvað slíku fylgir. Það er þetta sem menn verða að skoða í samhengi þegar menn tala um launa- og kjaramál. Það er ekki hægt að taka annan þáttinn þó að menn gjarnan vildu það hverju sinni, hanga á því besta, skilja hitt eftir. Það er þetta held ég sem stjórnmálamenn og kannski margir í verkalýðshreyfingunni og trúlega býsna margir aðrir vilja oft gera þegar þeir tala um þessi mál. Menn tala alltaf á þann veg að það sé hægt að gera allt það besta fyrir alla. En það er mesti misskilningur. Menn verða einu sinni, ef þeir fara út í svona á annað borð, gefa sig að verkalýðsmálum, gefa sig í stjórnmál, þá á ég við heiðarlega stjórnmálabaráttu, að vera heiðarlegir líka að því er varðar málflutning og taka á öllum þáttum þeirra mála sem um er að ræða hverju sinni. Það er ekki hægt að tala um annan liðinn í þessu dæmi.

Ég er ekki í neinum vafa um að verst setta fólkið hefði orðið enn verr úti hefðu málin þróast eins og þau hefðu átt að gerast samkvæmt þeim lögmálum sem menn hafa gefið sér. Og ég bið menn líka að hafa inni í myndinni að þá hefðu þeir sem best voru settir fyrir í launum getað náð sínu fram meðan hinir voru bundnir. Ég bið menn að gleyma því ekki. Það voru stórir hópar. (Gripið fram í.) Það voru t.d. flugmenn. Tökum dæmi. Við höfum MR-menn eða hvað á að kalla það, einhverjir fleiri þó ég muni það ekki á þessari stund. Þeir gátu farið sínu fram á sama tíma og láglaunafólkið var bundið fram í apríl með samninga. Nema því þá aðeins að menn hefðu viljað svipta öllum samningum af og láta alla sitja við sama borð við samningsgerð frá og með þessum tíma. Það gat auðvitað komið til. En eins og þetta var hefði þetta blasað svona við launafólki. (Gripið fram í.) Nú er ég ekki svo spámannlega vaxinn að ég geti alveg sagt til um hvað verður með framhaldið. (Gripið fram í.) Það er mesti misskilningur hjá hv. þm., enda er hann svo ungur að hann á mikið eftir ólært. (Gripið fram í.) Já, það þyrftu kannski fleiri að fara í kennslustund í þessum fræðum. Ég tek undir það með hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur að það þyrftu fleiri að fara í kennslustund í þessum fræðum.

Það er ekkert gamanspaug, og ég held að ég geti sagt nokkuð um það, að standa í forustu innan verkalýðshreyfingarinnar í því umróti sem verið hefur í þjóðfélaginu og það er því miður svo að flestir af þeim sem gagnrýna hvað mest kjósa fyrst og fremst að standa fyrir utan og gagnrýna að baki, vilja ekki koma til liðs og standa í fylkingarbrjósti við bakið á þeim sem þeir ætla sér þó að tala fyrir. Það er mikill skortur á því að fólk sýni ábyrgð í þessum efnum.

Ég skal ekki, herra forseti, hafa öllu lengra mál að því er þetta varðar nema tilefni gefist til, en mér fannst nauðsynlegt að rifja upp fleiri þætti í því sem var að gerast á þeim tíma sem menn hafa talað um í dag en þann þátt sem sneri beint að kaupákvörðunum en öðru gleymt.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Það var ekki ætlun mín að lengja þessa umræðu, en aðeins nokkur orð vegna ummæla hv. 3. þm. Vestf. sem flutti hér mjög fróðlega ræðu.

Ég held að við kennum hvort öðru alltaf svolítið, sérstaklega þegar við tölum af einlægni, og reynsluleysi er ekki versta veganestið. Reynsluleysi og góður vilji eru ekki endilega versta veganestið. Það er margt veganesti verra. Hins vegar skiptir öllu máli að geta sett sig í spor annarra og reynt að skilja þann vanda sem aðrir glíma við en maður þekkir ekki sjálfur af eigin reynslu og ég efa ekki að það hefur verið mjög erfitt í gegnum þessa umrótstíma að standa í forustu í verkalýðshreyfingunni eða í verkalýðsfélögum. En það eru ekki bara tvær hliðar á þessu máli, hv. 3. þm. Vestf., það eru nefnilega miklu fleiri og ríkisstjórnum og stjórnmálamönnum gefast mörg stjórntæki önnur en að frysta laun og afnema samningsrétt til að ná tökum á efnahagsvanda. Það að verð átti að hækka í haust er eitthvað sem líka er hægt að stýra og ég hygg að hv. þm. muni vel hverjar afleiðingar urðu af þeirri efnahagslegu stjórn sem fólst í því að frysta laun sérstaklega á haustinu 1983, það alvarlega misgengi launa og lánskjara sem menn urðu valdir að af skyssu sinni, örugglega ekki af vilja sínum eða yfirveguðu ráði. Ég hygg að þeir hafi ekki gert það. (**KP:** Það var ekki frysting launa. Það var bein lækkun.) Það var bein lækkun launa og það var mjög afdrifaríkt. (Gripið fram í.) Já, en það er sömu ættar og það er jafnafdrifaríkt og það er jafnslæmt. Nú langar mig, vegna þess að hv. þm. hefur meiri reynslu en ég í þessum efnum, að spyrja hann: Hvers vegna hefur það ekki gengið að þegar launahækkanir verða, því hann var einmitt að víkja að því að þeir sem hærra væru launaðir hefðu getað sótt sinn skerf á undan hinum og skilið þá eftir eins og ævinlega, hvers vegna hefur það ekki gengið í samningunum að hækkanirnar séu veittar í krónutölu? Og hvers vegna hefur það ekki gengið að þær nái e.t.v. einungis ákveðna leið upp eftir hinum fræga launastiga, þessum langa, langa, langa stiga sem nær langt aftur í aldir, alla leið til Mesópótamíu? Hvers vegna hefur það ekki gengið? Þessu getur hv. þm. svarað betur en ég. Ég skil það ekki. En reynsla hv. þm. og ýmissa annarra í þessari hv. deild er meiri en mín. Hvers vegna hræðast menn svona launajöfnuð?

Karvel Pálmason:

Virðulegi forseti. Þeirri fyrirspurn var beint til mín. Af hverju hefur ekki verið farin leið launajöfnunar? Ég hygg að verkalýðshreyfingin eða forusta hennar hafi í nokkuð mörgum tilvikum farið þá leið, en hún hefur ekki tekist. Og af hverju tekst hún ekki? Vegna þess að það er rangt hugarfar í þjóðfélaginu. Vegna þess að þeir sem eru betur settir geta aldrei unnað hinum að nálgast. Þetta hélt ég að hv. þm. vissi. Það er þetta sem kemur í veg fyrir að það sé í framkvæmd hægt að koma á launajöfnuði í landinu. Það hefur margoft sýnt sig. Ég hef talað hér á þingi nokkrum sinnum um að ég teldi að það gæti komið til

að Alþingi setti beinlínis lög um laun. Já, já, fólk getur nikkað. Ég hef velt því mikið fyrir mér. En hvað kann það að þýða? Það er nú einu sinni svo í okkar landi að þó menn setji góð lög þarf að vera hægt að framfylgja þeim og við sjáum víða misbresti á framkvæmd laga, ég tala ekki um að því er þetta varðaði. Er hugsanlegt t.d. að það væru sett lágmarkslaun og það mætti ekki fara upp fyrir tiltekna upphæð sem menn mættu hafa mest? Er eitthvað sem kemur í veg fyrir að vinnuveitandi með góðan einstakling í vinnu mundi borga honum meira? Þá er launaskriðið komið af stað. Ég hef allra síst á móti því að þarna sé hægt að grípa inn í, en það dugar bara ekki með einfaldri lagasetningu. Það verður að vera hægt að fylgja því eftir í framkvæmd. Ég man það þegar við gerðum Bolungarvíkursamninginn á sínum tíma. Þá hækkuðu þeir langmest sem voru neðstir í skalanum og 80–90% af þeim sem hækkuðu mest voru konur. Ég heyrði tóninn þá frá hinum sem höfðu meira. Það er þetta sem er við að glíma. Ég held að til þess að koma á jöfnun í launum þurfi í reynd mikla hugarfarsbreytingu hjá almenningi og það á líka við innan verkalýðshreyfingarinnar og kannski ekkert síður.

Ég veit ekki hvort þetta svar nægir af minni hálfu, en frá mínum bæjardyrum séð lítur málið svona út.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Það er svolítið sérstakt í hv. deild að hér skuli fyrst hafa verið haldið uppi góðri kennslu í stjórnmálafræði og síðan í sögu, komið með sérstaka söguskoðun, útskýrður sögulega tíminn frá því í september og síðan slegið föstu að ef hlutir hefðu verið öðruvísi en söguskoðun gerir ráð fyrir hefði farið á hinn veg.

Sú söguskoðun sem hv. 3. þm. Vestf. var með í fyrri ræðu sinni um að allt hefði farið á annan endann í verðlagi ef samningarnir hefðu verið settir í gildi, samningsrétturinn fenginn launþegasamtökum, er röng söguskoðun. Ég held að hlutirnir hafi verið þannig í haust og við höfum heyrt það reyndar í umræðum á hv. Alþingi að ástandið í þjóðfélaginu hafi verið þannig og sé þannig að verðbólguþensla sé tiltölulega lítil. Áhrif gengisfellinganna hafa verið minni en menn hafa búist við vegna þess að það er kreppa, menn eru hræddir við að fylgja eftir ákveðnum vöruhækkunum. Stjórnmálamennirnir sem mynduðu ríkisstjórnina með okkur alþýðubandalagsmönnum, framsóknarmenn og alþýðuflokksmenn, gerðu sér mjög vel grein fyrir því að það var ekki mjög mikil hætta að setja samningana í gildi og fá launþegasamtökunum samningsréttinn, en þeir töldu það erfitt og þung spor að láta Alþb. koma því til leiðar að þau ólánslög sem sett voru á launþegasamtökin sl. vor yrðu numin úr gildi. Þetta er hin rétta söguskoðun. Ég er ekki að segja það fyrst og fremst til alþýðuflokksmanna, en ég hef tilfinningu fyrir því að framsóknarmennirnir hafi ekki viljað láta Alþb. koma út úr stjórnarmynduninni með það að hafa fært launþegasamtökunum samningsréttinn og samningana í gildi. (**KP:** Eigum við ekki, hv. þm., að fara lengra aftur í tímann?) Við getum farið vítt og breitt í sögukönnuninni. En ég vil bæta við að líkurnar fyrir því að það yrðu kauphækkanir í haust voru sáralitlar. Alveg eins og hv. þm. benti á áðan var stór hluti samninga bundinn og hann er bundinn enn þá til vors. Sá hópur sem hefði orðið með lausa samninga voru sjómannasamtökin og ég held að maður með jafnmikla reynslu og hv. 3. þm. Vestf. geri sér vel grein fyrir því að það voru litlar líkur fyrir því að sjómannasamtökin hefðu farið að beita sérstökum aðgerðum til að ná upp sérstökum kjörum á þessu tímabili. (Gripið fram í.) Nei, hinir hóparnir eru að mínu mati og minni söguskoðun þannig að þeir höfðu litla möguleika til að sprengja sig upp á þessu tímabili.

Ég vil aðeins láta þessa söguskoðun koma inn í þessa umræðu.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Ég vil sem meðflm. að frv. sem er til umræðu þakka kærlega fyrir það sem hér hefur verið rætt um. Það er greinilegt að frv. um virðisaukaskatt kemur inn á marga þætti og þar á meðal um hvað er að gerast núna í kjaramálum, enda er alveg ljóst að lækkun á verði matvæla hlýtur að hafa mjög veruleg áhrif á það hvernig kjarasamningar takast ef ríkisstjórnin ákveður slíkt.

Það er einmitt kjarni þessa máls að ef það eiga að nást viðunandi kjarasamningar fyrir þjóðfélagið og þá stöðu sem nú er í þjóðfélaginu þarf ríkisvaldið einhvers staðar að koma inn í. Það er alveg ljóst að með því að lækka matvörurnar getum við tryggt afkomu þeirra lægst launuðu en ekki með beinum kjarasamningum eins og hv. 3. þm. Vestf. kom réttilega inn á. Þetta hefur mistekist í gegnum árin. Þó svo verkalýðshreyfingin hafi reynt að hækka lægstu laun hefur prósentuhækkunin gengið upp alla launastiga. Það verður að leita einhverra nýrra leiða og ein leið er sú sem við bendum á hér, þingmenn Borgfl., að draga úr kostnaði heimilanna. Það er alveg ljóst að hlutfallslega fara miklu meiri tekjur verkafólks til öflunar matvæla en hjá hinum launahærri og með því að lækka verð matvæla komum við til móts við þá lægra settu.

Það er mjög athyglisverð sú umræða sem nú hefur farið fram um launamál og sú ræða sem hv. 3. þm. Vestf. flutti áðan þegar hann fór að skýra nauðsyn þess að ganga inn í samninga með lagaboði. Þetta er einn af forustumönnum í verkalýðshreyfingunni. Ríkisvaldið treystir sem sé ekki verkalýðshreyfingunni til þess að gera samninga. Ég held að það ætti að vera íhugunarefni fyrir hv. 3. þm. Vestf. að gera þá í framtíðinni raunhæfari samninga en gerðir hafa verið þannig að verkalýðshreyfingin eigi ekki á hættu að ríkisvaldið grípi inn í samninga.

Ég get vel tekið undir það, sem hv. þm. sagði, að viss nauðsyn hafi verið á því að gera ráðstafanir. En ég hef ekki þá trú að það sem gert var hafi verið það eina rétta.

Hv. 3. þm. Vestf. gerði þá athugasemd þegar ég greip fram í hans ræðu að ég væri ungur, en ég get fullvissað hann um að það lagast með árunum. En það verður ekki sagt um margt annað.

Þetta vildi ég að kæmi fram. Ég held að stærsta kjarabót launþega í dag væri einmitt sú að lækka söluskattinn, lækka verð matvæla. Þá kæmi það öllum til góða og sérstaklega, eins og ég sagði áðan, þeim lægst launuðu.

Karvel Pálmason:

Virðulegi forseti. Það má segja um hv. 4. þm. Vesturl. að hann er kjarkmikill maður. Ef hann telur að það hafi verið fyrst og fremst ástæða hjá Alþfl. og Framsfl. að knésetja Alþb. að því er varðar kjaramálin er það mesti misskilningur því að þó að þeir hefðu gert það, hv. þm. Alþb., hefðu þeir ekki komist neitt í líkingu við það sem þeir gerðu þegar þeir fóru 14 sinnum inn í samningsréttinn á einu ári. Það eru þau spor sem liggja eftir þá hv. þm. að því er varðar kjaramálin auk annarra hluta. Ekki meira um það.

Hv. 11. þm. Reykv. Guðmundur Ágústsson. Ég held að ég hafi ekki orðað það svo að það væri nauðsynlegt að skerða samninga. Hafi ég sagt það hef ég ekki meint það a.m.k. En ég held að ég hafi ekki sagt það. (**GuðmÁ:** Grípa inn í.) Já, grípa inn í samninga. Það þýðir ekki sama og að skerða. Það veit ég að lögfræðingnum er ljóst í tungutakinu að það er tvennt ólíkt að skerða eða grípa inn í. (**GuðmÁ:** Það skiptir ekki máli fyrir launþegana.) Það skiptir auðvitað meginmáli, hv. þm., hvort menn eru að skerða beinlínis í þeirri merkingu sem það orð er notað eða hvort menn eru að grípa inn í, kannski í öfugri merkingu, ekki skerðingu. (Gripið fram í.) Já, til að auka það. Það eru gerólík hugtök. Svona mega ekki ungir menn, þó þeir eldist að árum, tala.

Ég held að ég hafi sagt það í haust að það þarf oft að gera fleira en gott þykir. — Það þýðir ekki, hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir, að hrista höfuðið. Þeir sem eru í félagsmálum, þeir sem eru í stjórnmálum geta aldrei vikið sér undan því að gera einhvern tíma fleira en gott þykir og þeir vildu helst gera sjálfir. Það er gangurinn í lífinu. Þú ert ekki einráð, hv. þm., í lífinu. Það verður oft að taka tillit til ýmissa annarra hluta og þátta sem eru að gerast í kringum mann. (Gripið fram í.) Já, það er einmitt það sem verið er að gera.

Út af ummælum hv. þm. Guðmundar Ágústssonar að verkalýðshreyfingunni væri ekki treyst fyrir samningum. Um það geta menn haft misjafnar skoðanir fyrir hverju verkalýðshreyfingunni er treyst. Ég get alveg tekið undir að stjórnvöld, og þá tala ég langt aftur í tímann, margar ríkisstjórnir, hafa með inngripum í kjaramál og samninga rúið traust innan verkalýðshreyfingarinnar. Þar er ekki við verkalýðshreyfinguna sem slíka að sakast. Þar er miklu frekar um að ræða stjórnmálamennina, þá sem með völdin fara á hverjum tíma. Það eru þeir sem hafa hagað málum á þann veg að fólk innan verkalýðshreyfingarinnar er farið að líta svo á að það sé tilgangslaust að gera samninga innan hreyfingarinnar því að Alþingi eða stjórnvöld grípi inn í og breyti því með pennastriki. Það er þetta sem er kannski mesti skaðvaldurinn innan launþegahreyfingarinnar, þessi inngrip stjórnvalda í gerða samninga, og svo hitt að það þarf gerbreytingu á hugarfari til þessara mála.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Talan 14 hefur verið kær í munni sumra, en ég hélt að alþýðuflokksmennirnir hefðu ekki beinlínis tekið ástfóstri við hana vegna þess að það hefur fyrst og fremst verið Sjálfstfl. sem hefur verið að veifa þessu og ekki eingöngu sem afkvæmi Alþb. Mig minnir að Alþfl. hafi átt einhvern hlut að þessu líka. (**KP:** Frá hvaða tíma var það?) Er þetta ekki allt afkvæmi Ólafslaga? (**KP:** Já.) Ég held að Alþfl. hafi staðið fremstur í því að koma þeim lögum á. (**KSG:** Það er hægt að breyta lögunum.) Vitaskuld er hægt að breyta lögum, en söm er gerðin að koma slíkum lögum á þar sem 14 kjaraskerðingar koma út úr gerðinni. Ég ætla að skila þessu til föðurhúsanna. Það er Alþfl. sem fyrst og fremst er höfundur að þessum 14 kjaraskerðingum en ekki Alþb. Ég ætla svo sem ekkert að fara að hvítþvo Alþb., að það hafi ekki gert ýmsa hluti. Eins og hv. þm. sagði: stjórnmálamenn og pólitískir flokkar þurfa alltaf að standa frammi fyrir að gera einhverja hluti sem eru ekki eins góðir og þeir vildu. Það er aftur á móti þó nokkuð mikið matsatriði hvenær gengið er svo langt að það sé verið að gera svo vonda hluti að gengið sé yfir stefnu viðkomandi flokks. Það held ég að hafi verið gert í haust hjá sumum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

66. fundur, þriðjudaginn 14. mars, kl. 2 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Mér hefur borist svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Alþb. í Reykjaneskjördæmi, Ólafur Ragnar Grímsson fjármálaráðherra, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Geir Gunnarsson,
5. þm. Reykn."

Ólafur Ragnar Grímsson hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili sem varamaður og er hann boðinn velkominn til starfa.

Enn fremur hefur mér borist svofellt bréf, dags. 14. mars 1989:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að vegna forfalla 1. varamanns taki 2. varamaður Alþfl. í Reykjavík, Jón Bragi Bjarnason prófessor, sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Jón Baldvin Hannibalsson,
5. þm. Reykv."

Og því fylgir svofellt bréf til forseta Nd.:

„Þar sem ég undirrituð er nú í fæðingarorlofi er mér ekki unnt að taka sæti á Alþingi í fjarveru 15. þm. Reykv., Jóns Baldvins Hannibalssonar utanrrh.

Virðingarfyllst.
Lára V. Júlíusdóttir."

Jón Bragi Bjarnason prófessor hefur áður tekið sæti hér á Alþingi á þessu kjörtímabili og er hann boðinn velkominn til starfa.

Tilhögun þingfundar.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Áður en gengið er til dagskrár skal fram tekið að ætlun forseta er að fram geti farið atkvæðagreiðsla um fyrstu tvö dagskrármálin strax í upphafi fundar, enda er þá gert ráð fyrir að ekki verði um þau umtalsverð umræða. Síðan verði atkvæðagreiðsla undir kl. 5, eins og áður hefur verið tilkynnt að sé til viðmiðunar, um þau mál sem þá eru tilbúin til atkvæðagreiðslu. Ætlun forseta er sú að æskilegt sé að vísu að fundi geti lokið kl. 5, en að unnt sé að halda honum áfram til kl. 6 ef órædd eru mál en ekki er gert ráð fyrir að halda áfram öllu lengur.

Áfengislög, 2. umr.

Stjfrv., 176. mál (leyfi til áfengisveitinga o.fl.). — Þskj. 194, n. 596, brtt. 597.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um frv. til laga um breyting á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969, með síðari breytingum. Þetta frv. er, eins og þeir hv. þm. muna sem hlýddu á 1. umr. þess fyrr á þessu þingi, flutt til að samræma atriði í áfengislöggjöfinni nýjum sveitarstjórnarlögum. Meginefni þess er á þá leið.

Nefndin hefur fjallað um frv. og fengið skriflegar umsagnir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, áfengisvarnaráði, Stórstúku Íslands, lögreglustjóranum í Reykjavík og Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda. Einnig mættu fulltrúar frá áfengisvarnaráði á fund nefndarinnar.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með einni breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þskj. Breytingin felur í sér að 9. gr. frv. falli niður. Sú grein fjallar um áfengisvarnir og nefndin er sammála um að réttara sé að ákvæði hennar bíði heildarendurskoðunar þess kafla áfengislaga sem fjallar um áfengisvarnir.

Þess má geta að í umsögn áfengisvarnaráðs er þess getið að ætlun heilbrrh. sé að setja löggjöf um áfengisvarnir á svipaðan hátt og gert hefur verið um tóbaksvarnir. Það yrði gert með endurskoðun áfengisvarnaákvæða áfengislaga, nr. 82/1969, með síðari breytingum, og endurskoðun laga nr. 39/1964, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra. Áfengisvarnaráð leggur því til, og fylgdi því áliti sínu eftir á fundi með nefndinni, að þessi ákvæði um áfengisvarnir verði látin bíða heildarendurskoðunar á áfengisvarnakafla áfengislaganna. Nefndin féllst á þessi sjónarmið og hefur af þeim ástæðum lagt til að 9. gr. frv. falli niður. En ég vil ítreka að það er full þörf á því að endurskoða áfengislögin og er brýnt að því verði hraðað.

Að öðru leyti leggur nefndin til að frv. verði samþykkt óbreytt en Sighvatur Björgvinsson og Kristinn Pétursson voru fjarverandi við lokaafgreiðslu málsins, en undir nál. skrifa Jón Kristjánsson, Kristín Halldórsdóttir, Guðni Ágústsson, Friðjón Þórðarson og Geir Gunnarsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.–8. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 597 (9. gr. falli brott) samþ. með 27 shlj. atkv.
10.–11. gr. (verða 9. og 10. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. MB, 300. mál (endurhæfingarlífeyrir). — Þskj. 549.

Flm. (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Þetta frv. sem ég flyt hér er þess efnis að á eftir 1. mgr. 12. gr. laga um almannatryggingar komi ný málsgrein þar sem Tryggingastofnun er heimilt, þegar ekki verður séð hver örorka verður til frambúðar eftir slys eða sjúkdóma, að greiða endur-

hæfingarlífeyri í allt að 12 mánuði, eða þar til unnt er að varanlegt örorkumat geti farið fram, en þó aldrei lengur en í 18 mánuði. Skilyrði er að sjúklingur gangist undir greiningu eða meðferð á sjúkrastofnun en utan stofnunar eftir reglum sem tryggingaráð setur og heilbr.- og trmrh. staðfestir.

Það er löngu viðurkennt að oft er þörf á langvarandi endurhæfingu eftir sjúkdóma og slys. Á hinum Norðurlöndunum hefur í mörg ár verið greiddur endurhæfingarlífeyrir þeim sem orðið hafa fyrir þungbærum sjúkdómum eða örkumlast af slysum. Reistar hafa verið sjúkrastofnanir sem beinlínis hafa það að markmiði að greina afleiðingar langvarandi sjúkdóma og slysa en einnig að endurhæfa þá sem fyrir slíkri ógæfu hafa orðið. Þessar sjúkrastofnanir eru bæði til í Svíþjóð og Finnlandi.

En þrátt fyrir að margt hafi áunnist í okkar almannatryggingalöggjöf og miklar framfarir hafi orðið á flestum sviðum endurhæfingar þá hefur ekki verið hugað að þessu atriði sem skyldi.

Með þessu frv. er reynt að bæta úr brýnni þörf þeirra einstaklinga sem orðið hafa fyrir þungbærum sjúkdómum og slysum. Að því er fróðir menn telja má ætla að um 100 einstaklingar nytu endurhæfingarlífeyris á ári hverju þó að ekki sé hægt að segja nákvæmlega til um það. Ég tel að hér sé um ótvíræðan þjóðhagslegan ávinning að ræða auk þeirrar lífsfyllingar sem einstaklingarnir munu öðlast við aukið vinnuþrek.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir:

Herra forseti. Ég vil lýsa eindregnu fylgi mínu við frv., fagna því mjög að það er komið fram. Má kannski segja að það sé vonum seinna en ég fagna því alveg sérstaklega.

Endurhæfing þeirra sem lenda í slysum eða stórfelldum skurðaðgerðum er náttúrlega tiltölulega ný af nálinni hér hjá okkur, sjálfsagt miklu yngri heldur en í löndunum hérna í kringum okkur. Það er alveg áreiðanlegt að hún getur gert kraftaverk. Þarna er líka viss hópur af fólki sem fer mjög illa út úr sínum veikindum eða slysum ef ekki er komið til móts við hann hvað þetta snertir. Fólk þarf að bíða í ár eftir því að fá fullar örorkubætur og fólk er oft mjög illa stætt á meðan þess er beðið. Ég held að við ættum að gefa þessu frv. gaum og fylgja því eftir.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar, en ég lýsi eindregnu fylgi við frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ríkisreikningur 1987, 2. umr.

Stjfrv., 292. mál. — Þskj. 524, n. 588.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á þskj. 588 liggur fyrir álit fjh.- og viðskn. á frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1987 og vek ég nú athygli á því að við erum að færast nær nútímanum með ríkisreikninginn, þetta er árið 1987 og er þá halinn af.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt. Til viðræðna við nefndina kom Sigurður Þórðarson vararíkisendurskoðandi. Undir nál. rita allir nefndarmenn, þ.e. auk mín Hreggviður Jónsson, Kristín Halldórsdóttir, Árni Gunnarsson, Guðmundur G. Þórarinsson, Matthías Bjarnason og Ragnar Arnalds.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég skal ekki vera langorð um þetta mál, en ég vildi gera örstutta grein fyrir afstöðu minni. Við afgreiddum þetta frv. samhljóða frá nefndinni og um það urðu svo sem litlar umræður þar, enda ýmislegt búið að fjalla um þessi mál að undanförnu, reyndar kannski óvenjumikið og er það vel því að sannarlega er nauðsynlegt að ræða og reyna að bæta rekstur ríkisbúsins. Því ber svo sannarlega að fagna enn einu sinni að nú er breytt fyrirkomulag á ríkisendurskoðun og þess sér þegar stað í umfjöllun um þetta mál.

Það er margt umhugsunarvert sem kemur fram í skýrslu yfirskoðunarmanna ríkisreiknings og Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 1987 sem kom út í desember sl. og vonandi leiða ýmsar athugasemdir sem þar koma fram til bættra vinnubragða við undirbúning og framkvæmd fjárlaga. Ég vil nota þetta tækifæri til að vitna lítillega í þessa merku skýrslu þar sem er einmitt tekið á málum sem við þingmenn höfum oft gert athugasemdir við þegar fjárlög hafa verið til afgreiðslu. Ég vitna hér, með leyfi hæstv. forseta, í skýrslu yfirskoðunarmanna þar sem segir:

„Í sumum þeirra tilfella þar sem umframútgjöld eru veruleg er auðsætt að fjárveitingar á fjárlögum hafa verið óraunhæfar miðað við þá starfsemi eða þjónustu sem fjárveitingavaldið hefur sjálft ætlað viðkomandi stofnun að inna af hendi. Gerðar hafa verið leiðréttingar hjá ýmsum stofnunum að þessu leyti til á undanförnum árum samhliða umbótum í fjárlagagerðinni sjálfri. Engu að síður er ljóst að fjárveitingavaldið hefur ekki enn horfst í augu við raunverulegt umfang í starfsemi hjá öllum stofnunum ríkisins og þann kostnað sem hún hefur í för með sér. Á því verður að ráða bót í fjárlagagerðinni með nákvæmari samsvörun milli ráðgerðs þjónustustigs, áætlaðs kostnaðar og sértekna í stað þess að leiðrétta slíkt ósamræmi eftir á með aukafjárveitingum og fjáraukalögum. Eðlilegt er að fram fari stöðugt endurmat á tilgangi og hlutverki einstakra ríkisstofnana í ljósi breyttra aðstæðna og kannað sé hvort draga

megi úr starfsemi, sameina stofnanir eða leggja niður. Slíku endurmati má hins vegar ekki rugla saman við nauðsyn þess að veita eðlilegu fjármagni til starfsemi sem Alþingi hefur falið ríkisstofnunum að annast.

Raunhæfar fjárveitingar ásamt aðhaldi og traustu eftirliti eru forsenda bættrar fjármálastjórnar hjá hinu opinbera og aukins sjálfsforræðis einstakra stofnana. Á hinn bóginn er líka eðlilegt að gerð sé sú krafa til Alþingis að það samþykki ekki lög um starfsemi eða þjónustu sem það ekki treystir sér til að fjármagna.

En þótt sums staðar sé brestur í áætlanagerð fjárlaga er eigi að síður sýnt að víða skortir á nægilegt aðhald í rekstri stofnana jafnvel þótt forstöðumenn þeirra telji sig hafa fengið heimildir frá réttum aðilum til að ráðstafa fjármagni umfram fjárlög."

Síðan eru nefnd nokkur atriði, t.d. að stjórn á vinnuaflsnotkun sé víða ábótavant, mannahald sé víða umfram heimildir og óeðlilega mikil yfirvinna. Það eru nefnd dæmi um furðumikla yfirvinnu, um eða yfir 1600 yfirvinnustundir á árinu. Nefnd eru dæmi um óeðlilegan viðhaldskostnað bifreiða og fleira af því tagi sem reyndar hefur verið rækilega tíundað í fjölmiðlum og skal undir það tekið að öll þau atriði þarfnast rækilegrar athugunar og úrbóta. Benda má á athugasemdir Ríkisendurskoðunar í sinni skýrslu við einstaka liði í ríkisreikningnum sem vonandi verða mönnum að kenningu því að þær eru flestar réttmætar.

Þá vil ég sérstaklega taka undir það sem segir í III. kafla skýrslunnar um meðferð aukafjárveitinga, afgreiðslu fjáraukalaga og notkun heimilda í 6. gr. fjárlaga sem kvennalistakonur hafa einmitt æ ofan í æ gert að umtalsefni við afgreiðslu fjárlaga. Og ég vil vitna í örfá orð í skýrslunni þar sem segir, með leyfi forseta:

„Að því er veitingu aukafjárheimilda varðar er ljóst að mjög skortir skýrar reglur um það efni sem tryggi jafnt eðlileg áhrif og eftirlit fjárveitingavaldsins og svigrúm framkvæmdarvaldshafa til að mæta breyttum aðstæðum á fjárlagaárinu. Óviðunandi er fyrir Alþingi sem fjárveitingavald að unnt sé t.d. að taka ákvarðanir um nýja starfsemi á vegum hins opinbera eða um sérstök framlög úr ríkissjóði án aðildar þess eða atbeina. Rétt er þó að hafa í huga að óhjákvæmilegt er fyrir fjmrh. að hafa visst svigrúm til að mæta ófyrirséðum útgjöldum, t.d. vegna launa- og verðlagsbreytinga.

Yfirskoðunarmenn telja eðlilegt og í samræmi við aðrar umbætur síðustu ára í meðferð ríkisfjármála og við endurskoðun ríkisútgjalda að Alþingi setji í lög skýrar reglur um afgreiðslu aukafjárveitinga innan fjárlagaársins. Í þessu sambandi kemur einnig til álita að flýta framlagningu frv. til fjáraukalaga á ári hverju þannig að það verði jafnan lagt fram í upphafi hvers árs vegna þeirra umframútgjalda ársins á undan sem Alþingi hafði ekki sjálft heimilað. Endurskoðaður ríkisreikningur kæmi síðan til samþykktar Alþingis á haustþingi og hugsanlega önnur fjáraukalög ef endurskoðun leiddi í ljós að þeirra gerðist þörf."

Þessu er ég ákaflega sammála og þess má geta að þegar hafa komið fram frv. hér í deildinni sem taka á þessum atriðum og er 1. flm. þeirra einmitt einn þeirra yfirskoðunarmanna sem undir þessa skýrslu skrifa, þ.e. hv. 17. þm. Reykv., Geir H. Haarde, en undir hana skrifa einnig Jóhanna Eyjólfsdóttir sem er reyndar fulltrúi Kvennalistans í þessu starfi og Sveinn G. Hálfdánarson.

Að lokum vildi ég lesa hér upp örfá orð, með leyfi forseta:

„Yfirskoðunarmenn leggja jafnframt til að mjög verði þrengdar þær heimildir til lántöku og útgjalda sem fjmrh. eru veittar með 6. gr. fjárlaga. Þar eru gjarnan á ferðinni opnar heimildir til umfangsmikilla fjármálaráðstafana og eignakaupa fyrir opinbera aðila. Slíkar opnar heimildir samrýmast ekki kröfum um nútímaleg vinnubrögð í ríkisfjármálum og við útgjaldaeftirlit. Eðlilegast virðist í þessu sambandi að veita sérstökum fjármunum beint til þeirra ráðstafana sem um ræðir í hvert sinn eða ákveða hámark þeirrar fjárhæðar sem ráðstafa má samkvæmt hverri heimild fyrir sig."

Við þessi atriði höfum við einmitt margsinnis gert athugasemdir þegar fjárlög hafa verið til umræðu og afgreiðslu og hér eru að mínu mati sannarlega réttmætar ábendingar af hálfu yfirskoðunarmanna.

Þetta voru sem sagt tilvitnanir í skýrslu yfirskoðunarmanna ríkireiknings, en síðan er skýrsla Ríkisendurskoðunar sem er hin fróðlegasta lesning og aðgengilegri en margt annað sem berst á okkar borð. Það er ekki tími til þess að fara nákvæmlega í hana þótt vert væri en þar eru, eins og ég sagði áðan, athugasemdir við nánast hvern lið, athugasemdir af taginu „Ríkisendurskoðun telur að úr þessu þurfi að bæta", „Ríkisendurskoðun telur mikilvægt að raunhæf áætlun sé gerð við rekstur þessa og þessa", „Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að stofnanir fari eftir lögum um byggingarframkvæmdir" o.s.frv. o.s.frv., athugasemdir og ábendingar við nánast hvern lið og ekki vanþörf á.

Þá vil ég vitna sérstaklega til athugasemda á bls. 32 í skýrslu Ríkisendurskoðunar varðandi flugstöðina á Keflavíkurflugvelli sem mjög var til umræðu hér á síðasta þingi og reyndar oft áður, en sérstaklega veltu menn þá fyrir sér spurningum um ábyrgð í því sambandi, vangaveltur sem svo sem ekkert virðast hafa leitt til úrbóta, því miður, eða þess sér a.m.k. ekki stað, það ég best veit, en ég vitna hér, með leyfi forseta:

„Á árinu 1987 gerði Ríkisendurskoðun skýrslu um byggingu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli. Helstu niðurstöður voru að framreiknaður framkvæmdakostnaður, miðað við fullgerða flugstöð, yrði um 871 millj. kr. umfram framreiknaða áætlun. Miðað var við verðlag í september 1987.

Ríkisendurskoðun telur að af þessu máli megi draga ýmsar ályktanir í sambandi við meiri háttar opinberar framkvæmdir, m.a. eftirfarandi:

1. Vanda ber til við undirbúning framkvæmda. Einkum verður fyrir að liggja góð skilgreining á verkefninu og væntanlegum gangi þess.
2. Vanda ber til áætlanagerðar, einkum samræmdra framkvæmda og fjárhagsáætlana. Framkvæma skal stöðuga endurskoðun meðan á verkefni stendur og tryggja upplýsingagjöf til réttra aðila.
3. Vanda ber til vinnubragða við gerð fjárlagatillagna og fjárlagagerðar.
4. Varast skal breytingar á verktíma og áður en ákvörðun er tekin um breytingu frá samþykktri áætlun og/eða hönnun skal athuga svo sem unnt er hvaða afleiðingar breytingin hefur.

Ríkisendurskoðun vill vekja sérstaka athygli á því að athugasemdum vegna ársins 1986 hefur enn þá ekki verið svarað þrátt fyrir margítrekuð tilmæli þar að lútandi. Einnig er á það bent að úrskurði Ríkisendurskoðunar vegna ársins 1985 hefur ekki að öllu leyti verið fullnægt. Ríkisendurskoðun telur slíkt með öllu óviðunandi."

Athugasemdin er ekki lengri en hér er hvergi ofsagt og ég ætla nú ekki að eyða áhrifum þessarar tilvitnunar með fleiri slíkum, en þetta mætti vera okkur til áminningar. Við ræddum þessar framkvæmdir og skýrslu um þær mjög ítarlega hér á Alþingi í fyrra og menn höfðu uppi mörg orð og fögur um það að láta sér þetta að kenningu verða. Hér kemur hins vegar fram að Ríkisendurskoðun er alls ekki ánægð með viðbrögð framkvæmdarvaldsins og væri ástæða til þess að heyra, úr því að hæstv. fjmrh. er kominn aftur heim til þessa lands, hans viðbrögð og hvort ekki er meiningin að hafa þessa skýrslu til hliðsjónar og taka verulega mark á athugasemdum Ríkisendurskoðunar við undirbúning og framkvæmd næstu fjárlaga.

Ég hef þá þessi orð ekki lengri, virðulegi forseti, en læt enn einu sinni í ljósi þá von mína að framkvæmdarvaldið taki sig á og sýni meiri ábyrgð við samningu og framkvæmd fjárlaga en verið hefur.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Ég vil aðeins segja örfá orð hér í sambandi við frv. um samþykkt ríkisreiknings fyrir 1987, fyrst og fremst til að vekja athygli á því, sem raunar hefur komið fram í umræðum áður um ríkisreikninga og fjáraukalög, hvað raunverulega er mikið ósamræmi þarna í störfum Alþingis, ef má orða það svo. Við í fjvn. erum núna að fjalla um fjáraukalög fyrir árið 1987 og gefum okkur allmikinn tíma í það. Við erum þegar búin að plana fimm reglulega fundi í nefndinni með yfirheyrslum í sambandi við hinar ýmsu stofnanir og ráðuneyti sem gefa tilefni til athugasemda og skýringa í sambandi við yfirskoðunarskýrslu á ríkisreikninginn og eins í sambandi við þá skýrslu sem hér liggur fyrir frá Ríkisendurskoðun.

Það gefur auga leið að raunverulega hefði átt að taka þetta saman, ríkisreikning og fjáraukalög, og ræða það hér ítarlega inni á Alþingi hvernig til hefur tekist í sambandi við meðferð þessara mála. Ég geri ráð fyrir því að fjvn. muni skila ítarlegu áliti um fjáraukalögin í sambandi við árið 1987 vegna þess að hún er sammála um það, og það er hæstv. fjmrh. einnig, að reyna að stemma stigu við því að þetta gerist ár eftir ár, að ekki sé tekið mark á fjárlögum og upplýsingar um meðferð fjármála í sambandi við ríkisfjármál almennt, hvort sem það er í ráðuneytinu eða stofnunum, sé með slíkum hætti að það er full ástæða til að stemma stigu við þessu eða reyna að koma í veg fyrir að áframhald verði á þessari meðferð á fjármunum. Þess vegna erum við núna dag eftir dag með viðræður við hina ýmsu aðila sem einmitt ríkisreikningurinn og fjáraukalögin fyrir árið 1987 gefa tilefni til.

Ég geri ráð fyrir því að nefndin muni óska eftir því í samráði við fjmrh., sem hefur áhuga fyrir því að reyna að komast fyrir a.m.k. stærri hlutann af þeim óeðlilegu vinnubrögðum sem hefur viðgengist í áraraðir í sambandi við þessi mál, að settar verði ákveðnar verklagsreglur um þessi mál og e.t.v. er þörf á lagabreytingu eins og margir hafa talað um.

Ég vildi aðeins láta þetta koma hér fram vegna þess að talsverður dráttur getur orðið á því að fjáraukalögin fyrir árið 1987 komi hér inn í deildina einmitt vegna þess að fjvn. ákvað það að leggja gífurlega vinnu í skýrslurnar, í fjáraukalögin og í skýrslur Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna að gefnu tilefni. Og vegna ræðu hv. síðasta ræðumanns tel ég að rétt sé að láta þessa skýringu koma, sem sagt að það er vinna í gangi núna um þessi mál. Við viljum fá fram skýringar á því hvers vegna þessi misvíxlun er svona gífurleg eins og kemur fram í þessum ríkisreikningi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frvgr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Eignarleigustarfsemi, 2. umr.

Stjfrv., 2. mál. — Þskj. 2, n. 610, brtt. 611.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á þskj. 610 liggur fyrir samhljóða álit fjh.- og viðskn. um frv. og segir þar að nefndin leggi til að frv. verði samþykkt með þeim 13 brtt. sem birtar eru á sérstöku þingskjali. Hér er ekki um meiri háttar efnisbreytingar að ræða, heldur miða flestar þeirra að því að kveða skýrar á um ýmis ákvæði frv. Meiri hluti þessara breytinga byggist á athugasemdum frá bankaeftirliti Seðlabankans. Þrír nefndarmannanna, hv. þm. Matthías Bjarnason, Kristín Halldórsdóttir og Hreggviður Jónsson, áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma.

Nefndin aflaði sér skriflegra umsagna um frv. frá Landssambandi smábátaeigenda, Vinnuveitendasambandi Íslands, Samstarfsráði verslunarinnar,

bankaeftirliti Seðlabanka Íslands, Neytendasamtökunum og fjármögnunarfyrirtækjunum Féfangi, Lind, Glitni og Lýsingu.

Undir þetta rita auk formanns Matthías Bjarnason, Ragnar Arnalds, Kristín Halldórsdóttir, Guðmundur G. Þórarinsson, Árni Gunnarsson og Hreggviður Jónsson.

Eins og segir í nál., herra forseti, er hér ekki um veigamiklar efnisbreytingar á frv. að ræða, heldur fyrst og fremst kveðið skýrar á um starfsemina. Lagt er til að herða ákvæði um endurskoðun. Eignarleigusamningar skulu vera skriflegir og ítarlegir og talin upp þar atriði sem til greina koma. Okkur þykir í nefndinni eðlilegt að viðskrn. láti útbúa sérstök eyðublöð til að gera þessa samninga á. Í því gæti falist nokkur neytendavernd ef þar væru svona til áminningar dálkar fyrir hin ýmsu tilvik.

Það eru sett inn þarna ákvæði um vátryggingar og bótaábyrgð gagnvart þriðja aðila, kveðið skýrar á um meðferð gjaldeyris o.s.frv. sem ég nenni ekki upp að telja.

En það er sem sagt samhljóða álit fjh.- og viðskn. að leggja til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem fyrir liggja á þskj. 611.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Áður en umræðu er haldið áfram vil ég koma því að að fallið hefur verið frá fyrirhugaðri atkvæðagreiðslu kl. 17, en ætlun forseta er að sú atkvæðagreiðsla fari fram í upphafi fundar á morgun og jafnframt gefist þá tilefni til þess að vera með tvo fundi á morgun þannig að 2. og 3. umr. geti klárast.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Aðeins örfá orð um afstöðu mína. Eins og fram kemur í nál. gerði ég ásamt tveimur öðrum hv. nefndarmönnum þann fyrirvara að við áskildum okkur rétt til að flytja eða fylgja brtt. er fram kynnu að koma sem er bara varnagli sem okkur þótti sjálfsagt að hafa í nál.

Nefndin var, eins og fram kemur, sammála um afgreiðslu frv. þótt við hefðum í rauninni kosið að fá meiri umþóttunartíma. Ekki það að málið hafi ekki verið lengi til umfjöllunar í nefndinni, þetta er eitt af fyrstu málum þingsins, en svo mörg mál og erfið úrlausnar hafa lent í eftirrekstri í hv. fjh.- og viðskn. að þetta frv. lenti svona með vissum hætti í of miklum hjáverkum.

Hér er hins vegar um mjög brýnt mál að ræða, nauðsynlega lagasetningu um tiltölulega nýja starfsemi sem hefur þó fengið nokkurt næði til þess að þróast án lagalegs ramma. Um þessa starfsemi er það að segja að hún uppfyllir vissa þörf, en að mínu viti er enginn vafi á því að hún hefur átt sinn stóra þátt í mikilli þenslu síðustu ára. Það var því full þörf á því að afmarka verksvið hennar með lögum.

Þrátt fyrir áðurnefndar annir hv. fjh.- og viðskn. reyndum við að fara ítarlega yfir þetta frv. og nutum við það aðstoðar kunnáttumanna um þessi viðskipti. Persónulega þekkti ég nákvæmlega ekkert til þessarar starfsemi sem hér um ræðir en tel mig nú ögn fróðari eftir en áður. Vildi ég þó gjarnan vita miklu meira. Það er reyndar með þetta mál eins og svo mörg önnur, og það er verulegt umhugsunar- og áhyggjuefni, að það er auðvelt að nálgast málið frá annarri hliðinni en illmögulegt frá hinni, þ.e. þeir sem veita þjónustuna og hugsa fyrst og fremst um hag sinna fyrirtækja eru í góðu kallfæri en notendur eru svo breytilegur og ósamstæður hópur að þeirra sjónarmið liggja ekki á sama hátt á lausu. Á þetta rekum við okkur í mjög mörgum málum og tökum e.t.v. sem of sjálfsagðan hlut. Ég get nefnt sem dæmi mál sem við kvennalistakonur höfum reynt að vinna fylgi hér á Alþingi, nefnilega að almenningi sé gert kleift að hafa meiri áhrif á ákvarðanir í einstökum málum á milli kosninga, þ.e. geti fengið almenna atkvæðagreiðslu um einstök mál meðan þau eru á undirbúningsstigi. Við lítum á þetta sem mjög mikilvægan lið í aukinni valddreifingu og virkara lýðræði. Í þessu máli eins og svo mörgum öðrum eru umsagnaraðilar eiginlega sjálfkrafa fulltrúar kerfisins og þeir vilja að sjálfsögðu ekki draga úr valdi kjörinna fulltrúa en það er mjög erfitt að leita beinna umsagna frá almenningi sem hag hefði af öllum réttingum af þessu tagi. Þetta er kannski útúrdúr, en tilefnið er einmitt frv. sem við ræðum hér.

Við sem sagt reyndum að fara rækilega í einstök atriði þessa frv. og sníða af því agnúa og urðum sammála um þau atriði. Það er alls ekki svo að stjórnarþingmenn og stjórnarandstöðuþingmenn séu alltaf í háa rifrildi eða ósammála um hlutina og þetta er eitt dæmi um slíka vinnu. Brtt. okkar lúta einmitt að því að reyna að tryggja fyrst og fremst rétt notenda þessarar þjónustu, tryggja öryggi í rekstri og eftirlit með starfseminni. Við lögðum aðaláherslu á að reyna að útiloka vafaatriði sem í framkvæmd mundu verða notendum í óhag og reyndum að búa svo um hnúta að endirinn ætti að geta verið ljós í upphafi málsins. Og að því lúta fyrst og fremst ákvæði 9. gr. um gerð samninga, en mjög áríðandi er að um það atriði séu skýr og ótvíræð ákvæði. Tíminn verður svo að leiða í ljós hvernig til hefur tekist.

Árni Gunnarsson:

Herra forseti. Vegna þeirrar umræðu sem fór fram í hv. fjh.- og viðskn. um frv. til laga um eignarleigustarfsemi tel ég rétt að hér komi fram að í nefndinni urðu umtalsverðar umræður um þau tryggingarákvæði sem gilda um veð sem eignarleigufyrirtæki hafa leyft sér að taka frá byrjun hér á landi umfram veð í hinu leigða sem fyrirtækin hafa fjármagnað. Þær skoðanir komu fram að það væri ekki eðlilegt að eignarleigufyrirtæki gætu tekið veð í öðrum hlutum en hinum leigðu, þ.e. að fasteignaveð, önnur en þau sem tekin væru í t.d. tækjum, bifreiðum og öðru sem þessi fyrirtæki hafa fjármagnað, væru óheimil.

Þá kom einnig fram í nefndinni að skilaréttur leigutaka er afskaplega vafasamur, þ.e. að leigutaki sem ekki gengur tryggilega frá hugsanlegum skilarétti í samningi vegna leigutöku af þessu tagi standi

frammi fyrir því að geta ekki skilað aftur þeim hlut, því tæki, þeirri vél, sem hann hefur tekið á leigu. Ég vil vekja athygli á þessu vegna þess að ég held að þetta sé umræðunnar virði, að athuga með hvaða hætti fyrirtæki af þessu tagi geta tekið veð, geta gert samninga við þá aðila sem versla við þau. Rekstur eignarleigu er í eðli sínu áhætturekstur og af þeirri ástæðu hafa eignarleigur réttlætt hærri vaxtatöku en gengur og gerist á markaði, hærri tekjur af því fjármagni sem eignarleigurnar leggja fram til leigu á þeim hlutum sem einstaklingar eða fyrirtæki gera samninga um. Mér finnst hins vegar allóeðlilegt, þó ekki hafi ég gert athugasemd við það í brtt. fjh.- og viðskn., að eignarleigufyrirtæki geti tekið fasteignaveð, t.d. í húseign leigutaka, umfram það veð sem hann hefur í þeim hlut sem hann leigir. Þá tel ég líka óeðlilegt að leigutaki geti ekki á leigutímabili, ef hann sér fram á að geta ekki staðið í skilum með greiðslur fyrir hinn leigða hlut, skilað honum aftur.

Mér er kunnugt um það að þegar Svíum og sænskum stjórnvöldum þótti starfsemi eignarleigufyrirtækja fara út fyrir eðlileg mörk settu þeir inn í lög ákvæði um veðsetningar og skilarétt. Ég held að það væri heilbrigt og eðlilegra að ýmsu leyti að skilaréttarákvæði væru inni í þessum lögum. Það er hins vegar réttlætanlegt að leyfa lögunum að vera í gildi um nokkurra ára skeið áður en þessi atriði eru tekin til endurskoðunar.

Ég vildi vegna umræðunnar sem orðið hefur í fjh.- og viðskn. vegna þessa mikilvæga þáttar í frv. gera grein fyrir þeim skoðunum sem fram komu í nefndinni og þeim skoðunum sem ég hef haft á þessu máli en geri ekki að ágreiningsefni, enda er eðlilegt að lög af þessu tagi, sem eru svo ný, verði tekin til endurskoðunar fljótlega.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 1. umr.

Frv. SP o.fl., 335. mál (forgangur skattkrafna við skipti). – Þskj. 604.

Flm. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. lög nr. 90/1987, og um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, sem er 335. mál þingsins. Meðflm. mínir eru hv. þm. Þorsteinn Pálsson, Matthías Bjarnason, Árni Gunnarsson, Guðmundur G. Þórarinsson, Ingi Björn Albertsson, Kristín Halldórsdóttir og Ragnar Arnalds.

Enda þótt hér séu lagðar til breytingar á tvennum lögum er hér um svo nátengd ákvæði að ræða að fyrir þeim er mælt í einu frv. með sömu grg. 1. gr. frv. hljóðar svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Orðin „Vanskilafé og álagi skv. 28. gr. skal við skipti á þrotabúum og skuldafrágöngubúum skipað í skuldaröð skv. 82. gr. laga nr. 3/1878“ í 2. mgr. 29. gr. laga nr. 45/1987, sbr. 14. gr. laga nr. 90/1987, falli brott.“

Og 2. gr. frv. hljóðar svo:

„Orðin „Virðisaukaskatti og álagi ásamt endurheimtu of hárrar endurgreiðslu, sbr. 26. og 27. gr., skal við skipti á þrotabúum og skuldafrágöngubúum skipað í skuldaröð skv. 82. gr. laga nr. 3/1878“ í 2. mgr. 28. gr. laga nr. 50/1988 falli brott.“

Og 3. gr.: „Lög þessi öðlast þegar gildi.“

Í frv. þessu er sem sé lagt til að felld verði úr lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og lögum um virðisaukaskatt ákvæði um forgang þeirra skattkrafna sem lög þessi fjalla um í þrotabúum og skuldafrágöngubúum.

Skuldafrágöngubú eru dánarbú sem sæta opinberum skiptum þar sem erfingjar taka ekki á sig ábyrgð á skuldum þess. Skipti á þessum búum fela í sér sameiginlega fullnustugerð kröfuhafa og eru reglur um framkvæmd þeirra og réttarstöðu kröfuhafa að meira eða minna leyti hinar sömu þótt skuldafrágönguskipti dánarbúa og gjaldþrotaskipti komi til með ólíkum hætti. Mótast þetta mjög af hinni svonefndu jafnræðisreglu sem felur það í sér að veita beri öllum kröfuhöfum í senn jafna fullnustu af þeim verðmætum sem fyrir hendi eru, hvort sem verðmætin nægja til fullra efnda skuldbindinga eða einungis til efnda að tiltölu. Hins vegar hefur löngu verið viðurkennt í löggjöf að réttmætt sé að raska að nokkru réttræði þeirra kröfuhafa sem hlut eiga að sameiginlegri fullnustugerð þannig að einhverjir þeirra njóti forgangs til fullnustu umfram aðra, einkum með tilliti til hvernig kröfur þeirra hafa orðið til. Þessi frávik frá jafnræðisreglunni hafa leitt til þess að til hafa orðið lögfestar reglur um skuldaröð við sameiginlegar fullnustugerðir.

Við setningu svonefndra skiptalaga, nr. 3/1978, munu fyrst hafa verið settar samfelldar reglur um skuldaröðina hér á landi, en fyrirmæli um hana er að finna í VIII. kafla laganna. Upphaflegar reglur VIII. kafla kváðu á um frekar flókna röðun skulda, enda var mælt þar fyrir um fjölmörg afbrigði forgangskrafna sem hvert átti sinn tiltekna stað í skuldaröð. Reglur þessar stóðu óbreyttar fram að setningu laga nr. 32/1974, en með þeim komu nýjar reglur um skuldaröðina sem urðu 82.–87. gr. skiptalaganna. Með þessum nýju reglum kom ekki aðeins til veruleg einföldun skuldaraðarinnar heldur einnig stórfelld fækkun þeirra krafna sem njóta forgangsréttar við búskipti.

Eins og segir í greinargerð með framlögðu frv. var breyting þessi í anda löggjafarstefnu sem gætt hefur víðast hvar á Vesturlöndum og hefur í auknum mæli tekið tillit til sjónarmiða um jafnræði kröfuhafa, einkum með fækkun forgangskrafna. Með þessum lögum, nr. 32/1974, sem breyttu skiptalögunum, munaði mestu að forgangsréttur skattkrafna og annarra krafna ríkis og sveitarfélaga var algjörlega lagður af. Þetta löggjafarsjónarmið kemur skýrt fram í athugasemdum með frv. sem mælti fyrir um þessar

breytingar og til þess er vitnað í grg. með frv. sem hér liggur fyrir, en þar segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Eins og fyrr segir felst í tillögunni um hina nýju 84. gr. að felld er niður núgildandi regla um að skattakröfur séu forgangskröfur. Er þetta í samræmi við þær tillögur sem nú nýlega eru fram komnar í Danmörku og Noregi. Um langt skeið þótti sjálfsagt að tryggja kröfu konungsins og annarra opinberra aðila sem best og að veita þeim forréttindi umfram aðra kröfuhafa. Það er vart lengur almennt viðhorf að kröfur opinberra aðila eigi að njóta sérréttinda. Að auki er þess að gæta að slíkar kröfur, fyrst og fremst skattakröfur, eru nú oft svo háar að forgangsréttindi þeirra rýra möguleika annarra kröfuhafa til að fá greiðslu upp í kröfur sínar. Má ætla að skattakröfurnar séu nú tiltölulega hærri í búum en áður var. Það getur vart skipt ríkissjóð eða aðra opinbera aðila meginmáli hvort skattakröfur eru forgangskröfur. Aðrir kröfuhafar geta hins vegar eins og fyrr segir beðið lítt þolanlegt tjón af að þurfa að standa að baki skattheimtumönnum. Er þetta ástæðan til þeirrar tillögugerðar sem í frv. felst um þetta atriði."

Þessara viðhorfa um skatta gætir beint í ákvæðum 82. gr. skiptalaga eftir breytinguna þar sem í 2. tölul. er tekið fram berum orðum að skiptagjöld í ríkissjóð skuli ekki vera meðal búskrafna sem njóti forgangs samkvæmt greininni. Þetta var sem sagt skýr vilji löggjafans árið 1974. Síðan hefur það gerst að andstæðum ákvæðum hefur að því er virðist verið lætt inn í lögin um staðgreiðsluna og virðisaukaskattinn án þess að það hafi vakið athygli manna að því er best verður séð. Hugsanlega er hér um nokkurs konar tæknigalla að ræða sem hv. þm. ætti því ekki að verða skotaskuld úr að greiða.

Nokkrir þeirra kvörtuðu einmitt um tímaskort við afgreiðslu á málunum á hinu háa Alþingi. Á hitt ber þó að líta að einhvers staðar frá hefur þessi hugmynd komið fram og þá með ákveðnum rökum. Er ekki ólíklegt að skattheimtumenn og aðrir sem með slík mál fara hafi talið það kerfinu í hag að ákvæði sem þessi yrðu lögfest þar sem þá gengi betur að innheimta fé í ríkiskassann.

Í hinu upprunalega frv. um staðgreiðsluna sem varð að lögum nr. 45/1987 var reyndar ákvæði í síðari málsl. 2. mgr. 29. gr. sem hljóðaði svo: „Skilafé og álag samkvæmt 28. gr. skal vera utan skuldaraðar í þrotabúum og skuldafrágöngubúum."

Þessu ákvæði mótmælti réttarfarsnefnd í mjög ítarlegri umsögn dags. 5. mars 1987. Þar er fyrst og fremst vakin athygli á lögum nr. 32/1974 sem breyttu skiptalögunum á þann hátt að fella niður opinber gjöld sem forgangskröfur. Enn fremur telur réttarfarsnefnd sérstaka ástæðu til að vara við því að breytingar verði gerðar á reglunum um rétthæð skulda með fyrirmælum innan sérlaga og vill eindregið mæla með því að slíkt eigi sér fremur stað með breytingu á reglum VIII. kafla skiptalaga. Í athugasemdum með þessu upprunalega ákvæði segir einungis að með hliðsjón af eðli þessara krafna þyki þessi skipan óhjákvæmileg. Það er sem sé ekkert skýrt nánar hvað hér er átt við með orðunum „utan skuldaraðar". Hins vegar hlýtur sú túlkun að vera rétt, eins og fram kemur í umsögn réttarfarsnefndar, að ætlun frumvarpshöfunda hafi verið sú að bæta stöðu innheimtumanna við búskipti. Inntak þeirra réttinda að krafa njóti stöðu utan skuldaraðar er hvergi skilgreind í lögunum. Þessi hugtakanotkun mun hins vegar svara til þeirrar stöðu sem svonefndir „separistar" eða sértökumenn eru taldir njóta samkvæmt lögfræðikenningum á þessu vettvangi.

Inntak þessara kenninga felur í sér að það tákni réttarstöðu þeirra við búskipti sem krefjast afhendingar eignar eða andvirðis hennar úr búi í skjóli eignarréttinda með stoð í 69. gr. gjaldþrotaskiptalaga nr. 6/1978.

Réttarfarsnefnd telur í umsögn sinni að sú ráðagerð að veita innheimtumönnum opinberra gjalda þessa réttarstöðu vegna svonefnds skilafjár feli í sér umtalsverða ókosti, en það segir í umsögn nefndarinnar, með leyfi virðulegs forseta, í a-lið:

„Eins og að framan segir verður að telja það forsendu fyrir því að tilkall geti notið stöðu utan skuldaraðar við búskipti að viðkomandi kröfuhafi sé eigandi að viðkomandi verðmætum. Í frv. er hvergi svo séð verður mælt fyrir um að innheimtumaður teljist eigandi afdreginna opinberra gjalda í vörslum launagreiðanda. Enn síður verður ráðið af frv. með hverjum aðgerðum þessi eignarréttur stofnast eða á hverju tímamarki. Til að staða utan skuldaraðar gæti fengið staðist yrði að taka af tvímæli um þessi efni í lögum. Það er hins vegar engan veginn gert með þessari breytingu að vísa til 82. gr.

B-liður. Hér á undan er á það bent að fyrirmæli skortir um stofnun eignarréttinda innheimtumanns að svonefndu skilafé. Verður reyndar ekki annað séð af öðrum ákvæðum frv. en að það sé ekki sniðið að þeirri hugmynd að um eignarréttindi gæti verið að ræða heldur að réttindi innheimtumanns verði fremur talin til kröfuréttinda. Má nefna í dæmaskyni að fyrri málsl. 2. mgr. 29. gr. frv. veitir innheimtumanni lögtaksrétt gagnvart launagreiðanda vegna umræddra krafna. Lögtaksréttur er innheimtuúrræði sem einungis getur tengst kröfuréttindum á hendur skuldara, en beiðni um eignarrétt að fjármunum í vörslum annars manns mætti hins vegar eftir atvikum fylgja eftir með innsetningargerð fógeta. Fær ekki staðist gagnvart lagareglum um búskipti að kröfuréttindi geti notið stöðu utan skuldaraðar heldur eingöngu sem áður segir tilkall til eignar í vörslum bús."

Og réttarfarsnefnd heldur áfram í c-lið, með leyfi virðulegs forseta:

„Ef litið yrði svo á að innheimtumaður njóti þrátt fyrir framangreint eignarréttinda að afdregnum opinberum gjöldum í vörslum launagreiðanda yrði hætt við að tilkall hans á þeim grunni reynist haldlítið. Eignarréttur innheimtumanns gæti með þessum hætti aðeins tekið til peninga í vörslum bús sem launagreiðandi hefur haldið eftir í stað þess að greiða launþega. Tilvist peninga eða bankainnistæðna í vörslum þrotabúa er sjaldséð. Sérréttindi innheimtumanns yrðu því

að engu ef peningaeign væri engin í búi þó svo því tilheyrðu aðrar eignir, t.d. fasteign sem síðar yrði umbreytt í peninga. Hugsanleg eignarréttindi innheimtumanns gætu ekki beinst að fjármunum af slíkum uppruna."

Þessi fræðilega umsögn hafði vafalaust þau áhrif að lögð var til breyting á þessu ákvæði, sbr. lög nr. 90 1987, 14. gr., og í stað þess að segja að þessar kröfur ættu að vera utan skuldaraðar var nú kveðið á um að þessum kröfum yrði nú skipað í skuldaröð samkvæmt 82. gr. skiptalaga. Maður hlýtur að velta því fyrir sér hvort hér hafi ekki einhver misskilningur átt sér stað því að samkvæmt þessu ættu skattakröfur að skipa sama bekk og, sbr. 1. tölul. 82. gr., útfararkostnaður, í 2. tölul. skiptakostnaður, þó ekki skiptagjöld í ríkissjóð, og 3. tölul. kröfur stofnaðar eftir upphaf skipta með löglegum samningum sem skiptaráðandi eða aðrir umráðamenn búsins gera fyrir þess hönd. Í síðasta tölul. 82. gr., svo að ég skýri það nánar, er m.a átt við það að ef starfsemi hins látna eða gjaldþrota við atvinnurekstur hefur verið haldið áfram eftir upphaf skipta falla hér undir allar lögbundnar og samningsbundnar skyldur vegna atvinnurekstursins eftir þann tíma, svo sem vinnulaun, húsaleiga o.fl. Þetta eru sem sagt kröfur sem eiga að ganga á undan öllum öðrum kröfum búsins.

Í grg. með því frv. sem hér liggur fyrir er á það bent að tilvísun til 82. gr. skiptalaga sé þar að auki mjög ónákvæm og valdi miklum vafa um hvar skipa eigi þessum kröfum í skuldaröð. Stafar þetta af því að kröfur samkvæmt 82. gr. greinast í þrjá flokka eins og ég gerði grein fyrir að framan, en þeir eru misréttháir skv. 3. mgr. 83. gr. laganna. Með því að vísa í lagatexta 82. gr. í heild skapast því óhjákvæmilega vafi um réttarstöðuna að þessu leyti.

Markús Sigurbjörnsson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, hefur nýverið ritað grein í 3.–4. tbl. Úlfljóts, 41. árgang 1988, sem laganemar gefa út, undir heitinu „Skuldaröð við gjaldþrotaskipti og skuldafrágangur búa." Þar vitnar hann í þau ákvæði sem hér er lagt til að felld verði úr lögum og telur að sitthvað megi að þeim finna og hef ég í rauninni stuðst að nokkru við efni þessarar greinar hér. En þar segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Annars vegar er hér á ferðinni glöggt dæmi um ónákvæmni í lagasetningu á þessum vettvangi sem áður hefur verið minnst á. Tilvísun þessara reglna til stöðu í skuldaröð skv. 82. gr. skiptalaga tekur ekki af skarið um rétthæð þessara krafna því það ákvæði fjallar um þrjá misréttháa flokka krafna, en umrædd sérlög taka ekki nánari afstöðu til þess hvers flokks 82. gr. þessar gjaldkröfur eiga að heyra. Hins vegar vekur setning þessara reglna áleitna spurningu um hvort löggjafinn sé með þessu að hverfa frá þeirri stefnu, sem byggt var á í reglum laga nr. 32/1974, að kröfur um opinber gjöld ættu á engan hátt að njóta forréttinda við búskipti."

En lítum á hvað fyrrv. hæstv. fjmrh. Jón Baldvin Hannibalsson hafði að segja um þessa breytingu á lögunum um staðgreiðslu opinberra gjalda, þ.e. þessa tilvitnun í 82. gr., sbr. lög nr. 90/1987, 14. gr., í Alþingistíðindum 10. hefti 1987, en þar segir í dálki 2269, með leyfi virðulegs forseta:

„Þá er lagt til að í lögin verði tekin ákvæði um hvar skuli skipað vanskilafé, álagi og sektum í skuldaröð í þrotabú. Hér er gert ráð fyrir að vanskilafé og álag verði forgangskröfur, enda er um að ræða vörslufé sem dregið hefur verið af launum starfsmanna og er því haldið eftir með ólögmætum hætti af launagreiðanda. Er ekki talið rétt að aðrir kröfuhafar hagnist vegna ólögmætra athafna skuldara sem yrði ef vanskilafé hefði ekki þann forgang sem hér er lagt til."

Þessi rök standa að mati flm. á veikum grunni svo að ekki sé meira sagt, en e.t.v. er þetta texti embættismanna sem hér er lesinn upp af hálfu hæstv. ráðherra.

Í fyrsta lagi er hér rætt um forgangskröfur skv. 82. gr. en í skiptalögunum eru það aðeins kröfur skv. 84. gr. sem njóta þeirrar nafngiftar, þar á meðal launakröfur.

Í öðru lagi er talað um vörslufé, en það má túlka á þann hátt að hér sé um að ræða fé sem haldið er sérstaklega aðgreindu og innheimtumenn ríkissjóðs fengju þar með sömu réttarstöðu og sértökumenn sem ég ræddi um hér að framan, en þeir eiga rétt umfram alla aðra kröfuhafa. Dómstólar hafa hingað til alfarið hafnað því að innheimtumenn opinberra gjalda nytu slíkrar sérstöðu.

Í þriðja lagi verður engan veginn séð að hægt sé að réttlæta það að aðrir kröfuhafar missi alfarið sinn rétt vegna þess að skattheimtumenn hafi ekki staðið í stykkinu við innheimtu þar sem þessum kröfum fylgir bæði lögtaksréttur og sá réttur að stöðva atvinnurekstur innan 15 daga frá eindaga. Þetta má e.t.v. skýra með einföldu dæmi.

Maður kaupir bifreið af öðrum manni með tryggingabréfi sem þinglýst er á 1. veðrétti í bílnum. Síðan verður kaupandinn gjaldþrota og í ljós kemur að hann hefur ekki staðið skil á staðgreiðslufé opinberra gjalda í atvinnurekstri sínum. Þarna gætu innheimtumenn komið og tekið bílinn þar sem hann teldist formleg eign búsins og seljandinn fengi ekki krónu fyrir bílinn því að kröfur skv. 82. gr. ganga hér fyrir veðkröfum skv. 83. gr. Þetta er að sjálfsögðu mjög alvarlegt mál. Ekki trúi ég því að hv. þm. finnist þetta vera réttlátt.

Hins vegar gat ég ekki séð í umræðum um þetta mál að þetta lagaákvæði sætti andmælum utan á einum stað í sömu Alþingistíðindum og vitnað var til að framan í dálki 2276, en það var hv. þm. Guðmundur Ágústsson, sem sæti á í Ed., en honum fannst ekki ástæða til þess að þetta vanskilafé hefði meiri forgang við skipti en önnur refsiverð brot. Það virtist heldur ekkert á það minnst í umræðum að með þessu væri verið að taka tillit til hagsmuna launþega sem væru þó einu hugsanlegu rökin fyrir þessu lagaákvæði um staðgreiðsluna og einhverjir skattamenn mundu væntanlega benda á, þ.e. hættuna á því að launþegi yrði tvívegis krafinn um staðgreiðsluna, þ.e. ef hann gæti ekki sannað við skipti að launagreiðandi hafi

haldið staðgreiðslunni af launum. Þetta virðist þó óþarfa ótti þar sem á þetta hefur aldrei reynt í framkvæmd og hef ég þær upplýsingar m.a. frá opinberum skiptaráðendum í Reykjavík að hér sé alls ekki um nein vandkvæði að ræða. Launamaður ber ekki ábyrgð á greiðslu opinberra gjalda sem sannar að launagreiðandi hafi haldið eftir af launum manns skv. 22. gr. staðgreiðslulaganna. Þessi sönnun felst fyrst og fremst í launaseðlum, en þar sem þetta fé kemst aldrei í hendur launþegans hlýtur ábyrgðin að hvíla fyrst og fremst á launagreiðanda sem á að standa á þessu skil. Gjaldheimtan hefur enda tekið hingað til fullkomlega tillit til þessara sjónarmiða, þ.e. að ekki sé hægt að ganga að launþega til heimtu á því sem ekki fæst úr þrotabúi. Með því að fella það lagaákvæði úr gildi sem 1. gr. þessa frv. kveður á um munu þessar kröfur ríkissjóðs verða jafnhliða launakröfum í bú skv. 84. gr. skiptalaga í framkvæmd og það hlýtur að teljast eðlileg niðurstaða.

Ég hef nú rætt töluvert um 1. gr. þessa frv. sem fjallar um staðgreiðsluna, en svo furðulega vill til að sama ákvæði er einnig í lögunum um virðisaukaskatt og lögð er til niðurfelling á í 2. gr. þessa frv. Í stuttu máli sagt eru engin rök sem mælt geta með því að kröfur um slíkan skatt falli undir 82. gr. skiptalaga. Í þessu sambandi má benda á umsögn frá skattanefnd Verslunarráðs Íslands um virðisaukaskattinn dags. 19. apríl sl., en þar segir m.a.: „Mjög óeðlilegt er að veita kröfum vegna ógreidds virðisaukaskatts meiri forgang en gildir um söluskattinn í dag. Þau rök sem áttu við um söluskattskröfur og flokkun þeirra eiga allt eins við um virðisaukaskatt."

Ekkert tillit virðist þó tekið til þessara sjónarmiða. Samt segir fyrrv. hæstv. fjmrh. Jón Baldvin Hannibalsson þegar hann mælti fyrir frv. að menn geri sér ekki almennt ljóst að virðisaukaskattur sé aðeins söluskattur í breyttri mynd. Reyndar sá ég að hæstv. fjmrh. sagði á öðrum stað í skattaumræðunni að skattkerfið ætti að vera skilvirkt en það mætti ekki mismuna þegnunum.

Ég hef líka einhvern tíma heyrt því fleygt að virðisaukaskattslögin séu þýðing á dönsku lögunum og þaðan sé þetta hugsanlega komið, en því er nú reyndar alls ekki þannig varið. Ákvæði danskra laga um skuldaröð er að finna í X. kafla þarlendra gjaldþrotalaga. Ákvæði þeirra fela í sér milliflokk krafna sem kemur í skuldaröð á eftir launakröfum og skyldum kröfum, sbr. 84. gr. íslensku skiptalaganna, og á undan almennum kröfum. Í þennan milliflokk koma kröfur um virðisaukaskatt frá milliliðum sem selt hafa hinum gjaldþrota aðila vörur til endursölu á síðustu tólf mánuðum fyrir frestdag og hafa sjálfir þurft að greiða sérstaka skatta vegna þess til ríkisins, þ.e. virðisauka. Það er aðeins þessi hluti kröfunnar, þ.e. virðisaukaskatturinn, sem nýtur þessa forgangs en er samt, eins og ég sagði áðan, á eftir launakröfum skv. 84. gr. íslensku skiptalaganna og þar af leiðandi á eftir veðkröfum. En hér er tekið nokkurt tillit til einstaklingsins í þessari stöðu og spurning hvort mætti ekki skoða það betur e.t.v. til eftirbreytni fyrir okkur hér á Íslandi.

Á eftir þessum kröfum öllum í dönsku lögunum er svo krafa ríkisins á hendur hinum gjaldþrota aðila um virðisaukaskatt, þ.e. eingöngu almenn krafa. Og hvers vegna er þessu svo háttað? Jú, það er vegna grunnreglunnar um jafnræði kröfuhafa og alveg sérstaklega vegna þess að skattheimtumönnum er þegar tryggður forgangur við innheimtu þessara krafna fram yfir hinn almenna kröfuhafa þar sem er veigamest heimild til stöðvunar á atvinnurekstri.

Hæstv. forseti. Verði ákvæði laga um virðisaukaskatt og um staðgreiðslu skatta látin standa óbreytt hvað varðar stöðu slíkra krafna í skuldaröð við skipti í þrotabúum skuldara mun það óhjákvæmilega hafa í för með sér röskun á grundvelli kröfuréttinda almennt og verulega óvissu fyrir allt viðskiptalíf í landinu. Þannig verður ekki betur séð en núverandi skipan þessara mála leiði til þeirrar niðurstöðu að virðisaukaskatturinn, sem væntanlega kemst til framkvæmda um næstu áramót, muni færast í skuldaröð fram fyrir samningsveðrétt í fasteignum. Einfaldast er e.t.v. að skýra þetta með dæmi.

Banki er með 1. veðrétt í fasteign atvinnufyrirtækis til tryggingar skuld að fjárhæð 10 millj. kr. samkvæmt þinglýstu skuldabréfi. Bú fyrirtækisins er tekið til gjaldþrotaskipta. Við skiptameðferð búsins er samþykkt virðisaukaskattskrafa sem nemur 25 millj. kr. Fasteignin er seld fyrir 20 millj. og aðrar eignir búsins seljast fyrir 3 millj., þ.e. 23 millj. samtals. Við þessar aðstæður færu allar eignir þrotabúsins að frádregnum skiptakostnaði upp í virðisaukaskattskröfuna. Bankinn sem lánaði fyrirtækinu út á „hreint" veðbókarvottorð fær ekkert og þá ekki heldur aftari kröfuhafar. Þetta einfalda dæmi sýnir svo að ekki verður um villst að hagsmunir viðskiptalífsins krefjast þess að þessum reglum verði tafarlaust breytt. Það er ekki einungis um það að ræða að menn kunni að missa þá tryggingu sem þeir hafa haft í þinglýstum veðum heldur einnig verður þá lítið gagn að veðbókarvottorðum þar sem ekki yrði hægt að ganga úr skugga um það fyrir fram hversu há forgangskrafa ríkissjóðs yrði. En það sem er kannski alvarlegast er að núverandi skipan gæti haft í för með sér að verr yrði staðið að innheimtu þessara skatta þar sem skattheimtumenn gætu freistast til að hugsa sem svo að þeir fengju þessa peninga hvort sem er greidda úr búinu með þeim ákvæðum sem í gildi eru.

Mér barst áðan bréf frá Verslunarráði Íslands til bankaeftirlits Seðlabanka Íslands þar sem lýst er miklum áhyggjum af núverandi skipan og langar mig til þess að gera hv. þm. grein fyrir því. Með leyfi virðulegs forseta segir í þessu bréfi m.a.:

„Með lögum nr. 32 10. apríl 1974, um breytingu á lögum nr. 3 12. apríl 1878, um skipti á dánarbúum og félagsbúum o.fl., var gerð veruleg breyting á skuldaröð sem einkum gekk í þá átt að draga úr forgangsrétti hins opinbera gagnvart veðhöfum og öðrum kröfuhöfum. Virtist sem þar væri verið að

marka nýja stefnu í jafnréttisátt. Nú virðist blaðinu vera snúið við og stefnt í gagnstæða átt. Með framangreindum lagaákvæðum sýnist réttur veðhafa gróflega skertur. Leiðir það einnig að sjálfsögðu til þess að lánsmöguleikar gegn veðtryggingu eru einnig skertir þar sem lánardrottinn hlýtur að taka mið af þessum lagaákvæðum við mat á veðhæfni framboðins veðs."

Síðan eru hér þrjár spurningar til bankaeftirlitsins:

„1. Hvaða áhrif hefur það á rekstur bankanna að skattakröfur ríkissjóðs gangi fyrir veðtryggðum kröfum þeirra og annarra kröfuhafa?

2. Hverju breytir það veðhæfni framboðinna trygginga og veðum sem bankarnir hafa nú þegar að mati bankaeftirlitsins?

3. Til hvaða viðbragða hyggst bankaeftirlitið grípa að athuguðu máli?"

Það er sem sé ljóst að margir eru farnir að hafa miklar áhyggjur af því ástandi sem óbreytt lög geta skapað og þar sem ég sé að hæstv. fjmrh. er hér staddur vildi ég gjarnan fá álit hans á þessu máli.

Ég hef annars lokið við að mæla fyrir frv. þessu. Það er álit okkar flm. að hér sé ekki einungis brýn nauðsyn á að leiðrétta ónákvæma lagasetningu heldur sé stórlega vegið að réttarstöðu þegnanna gagnvart ríkisvaldinu sem óþolandi sé með öllu. Það er von okkar að hv. þm. séu sömu skoðunar og veiti frv. því brautargengi hið fyrsta með samþykkt þess.

Hæstv. forseti. Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og til hv. fjh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verndun fornleifa, 1. umr.

Frv. AS o.fl., 301. mál. — Þskj. 555.

Flm. (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um verndun fornleifa, 301. máli deildarinnar á þskj. 555. Flm. að þessu frv. eru auk mín Árni Gunnarsson, hv. 3. þm. Norðurl. e., Ólafur G. Einarsson, hv. 2. þm. Reykn., Ólafur Þ. Þórðarson, hv. 2. þm. Vestf., og Kristín Halldórsdóttir, hv. 10. þm. Reykn.

Frv. sem hér um ræðir skiptist í þrjá kafla. I. kaflinn er tilgangurinn og fornleifar og forngripir, II. kaflinn er um fornleifafræðistofnun og III. kaflinn er um almenn ákvæði.

Mér finnst ástæða til, herra forseti, að víkja að greinargerðinni sem fylgir þessu frv., með leyfi forseta:

„Við samþykkt núgildandi þjóðminjalaga, nr. 52 frá 1969, var horfið frá fyrri hefð, sem einkenndi lögin um verndun fornleifa frá 1907, þar sem tilefni og tilgangur laganna var fyrst og fremst að stuðla að fornleifavernd. Fyrirmyndin að lögunum 1907 var fengin frá Norðurlöndum. Þessa hefð hafa nágrannaþjóðirnar haldið fast við og eru sérstakir lagabálkar um verndun fornleifa enn við lýði hjá þeim. Lögin um fornleifavernd urðu síðar hornsteinninn í allri menningarminjalöggjöf þessara þjóða. Áhuginn á því að kanna og skýra fornleifarnar og flokka þær í ákveðna tímaröð þróaðist smám saman í sérstaka faggrein, fornleifafræði. Norðurlöndin áttu, og eiga enn, stóran þátt í því að þróa fornleifafræðina sem alþjóðavísindagrein, einkum vegna löggjafarinnar og skilnings stjórnvalda á því að styðja við fornleifafræði sem fag- og vísindagrein í þessum löndum. Við þetta má bæta að fornleifalöggjöf nágrannalandanna hefur verið aðlöguð umhverfisverndarlöggjöf landanna og í Noregi heyra allar menningarminjar, þar með taldar fornleifar, undir umhverfismálaráðuneyti.

Við erum óneitanlega langt á eftir nágrannaþjóðunum hvað fornleifavernd varðar og því mikilvægt að leggja sérstaka áherslu á að þessum þætti menningarminjavörslunnar verði búin góð skilyrði þegar henni eru sett ný lög.

Það hefur mikla kosti í för með sér að skilja fornleifavörsluna frá Þjóðminjasafninu og safnastarfsemi yfirleitt. Með því móti er unnt að stórefla fornleifaverndina. Slíkt fyrirkomulag mundi samtímis létta til muna kvaðir á starfsmönnum Þjóðminjasafnsins sem gætu einbeitt sér að því að styrkja innviði Þjóðminjasafnsins sem safnastofnunar, enda ber að semja sérstaka löggjöf um Þjóðminjasafnið sem og önnur minjasöfn í landinu. Húsavernd getur heyrt undir Þjóðminjasafnið eftirleiðis sem hingað til, hugsanlega með aðstoð byggða- og minjasafnsvarða úti um land. Hér þarf þó að sjá til þess að húsavernd sé hagað þannig að friðlýstum byggingum, og þá ekki síst kirkjum, sé hægt að breyta með tilliti til nútímaþarfa fólksins sem þær nýtir.

Flutningsmenn telja að viðurkenndir fornleifafræðingar, með menntun og reynslu, eigi að hafa umsjón með fornleifavörslunni. Það er ærinn starfi þó svo að ekki sé verið að setja þeim að sjá um gamlar byggingar og annast þjónustu við byggðasöfn að auki eins og lagt hefur verið til. Það hefur hamlað fornleifavörslunni hérlendis allt of lengi, og þar með framgangi og eðlilegri þróun innlendrar fornleifafræði, að ekki er nægilega ýtt undir það að ráða til starfa vel menntaða fornleifafræðinga né heldur að skapa þeim eðlileg starfsskilyrði. Við erum fyrir allnokkru orðin eftirbátur nágrannaþjóða okkar í fornleifafræðilegum efnum og er því mál til komið að skapa fornleifavörslunni skilyrði sem sæmi okkur sem menningarþjóð en það er einmitt tilgangur þessa lagafrumvarps."

Virðulegi forseti. Ég tel rétt að taka fram hér að fyrir nokkru var lagt fram á Alþingi frv. til l. um þjóðminjalög sem er 188. mál þingsins, þskj. 220, sem er nú til meðferðar í hv. menntmn. Það er tilgangur og hugsun okkar sem að þessu frv. stöndum að við teljum, eins og kom raunar fram við umræðurnar um það frv., að það sé of lítil áhersla lögð á verndun fornleifa í því frv. og þeim þætti í þessum málum sem er menningarmál og mikið mál fyrir þessa þjóð sé

ekki nægjanlega góð skil gerð við endurskoðun á þjóðminjalögunum og þess vegna sé ástæða til að fá meiri umfjöllun um þessi mál almennt nú, fá umræður um sérstöðu fornminja og mikilvægi þessa þáttar í okkar þjóðfélagi og gera tilraun þar með til að auka sjálfstæði þessa málaflokks, annaðhvort með sérstofnun eins og er lagt til í þessu frv. eða með sjálfstæðri deild í Þjóðminjasafni sem fái sterkari meðhöndlun og sterkari sérgreiningu en kemur fram í því frv. til þjóðminjalaga sem nú er til meðferðar hjá hv. menntmn.

Einnig kemur til greina að skoða í alvöru hvort ekki sé ástæða til að meta hvernig staða þessara mála á að vera í framtíðinni með tilliti til umhverfisverndarmála og þeirrar umræðu og þeirrar stefnumörkunar sem er fram undan í þeim málaflokki og lítið hefur verið sinnt í okkar þjóðfélagi til þessa og á eftir að marka þar heildarstefnu.

Herra forseti. Ég sé ekki í sjálfu sér ástæðu til að rekja hverja grein þessa frv. Frv. er ekki mjög fyrirferðarmikið. En ég vil lýsa sérstaklega því sem fjallar um fornleifafræðistofnun og því sem kemur fram í II. kafla frv. þar sem við gerum sérstaka grein fyrir því hvað við teljum að eigi að leggja höfuðáherslu á í sambandi við þau mál, bæði að því er varðar yfirstjórn og þær rannsóknir sem þar þurfa að fara fram. Ég vil einnig benda á að í 21. gr. undir kaflanum um fornleifafræðistofnun er gert ráð fyrir að skipta landinu í fimm landsminjasvæði og það séu sérstakir landsminjaverðir sem starfi á vegum fornleifafræðistofnunarinnar, einn á hverju svæði. Það er gert ráð fyrir því í þessari frumvarpsgrein að landsminjaverðir skuli vera fornleifafræðingar að mennt, en um menntunarkröfur skuli nánar tilgreint í reglugerð.

Mér finnst þetta vera undirstrikun á því sem hér hefur komið fram áður, bæði af því að við þurfum að fá meiri þátttöku þeirra og skapa skilyrði þeim sem sérmennta sig á þessu sviði og einnig fá meiri væðingu á þessu verkefni um landið allt í hverjum landshluta. Ég get endurtekið það, sem kom fram við 1. umr. frv. til þjóðminjalaga, að einmitt kom fram sú skoðun í umræðunum frá fleiri en einum þingmanni að Þjóðminjasafnið og þessi málaflokkur almennt væru of fjarlæg fólkinu, það þyrfti að færa þessi mál nær fólkinu og meðferð þessara mála hefði gífurlegt gildi einmitt í sambandi við að fá fleira sérmenntað fólk sem leiðbeinir um þessi mál og tekur þátt í þeim vandasömu störfum sem þessu óneitanlega fylgir.

Ég vil svo að lokum endurtaka að við flm. teljum að það sé einmitt rökrétt að koma með þetta frv. inn í umræðuna um endurskoðun á þjóðminjalögum þannig að það verði breiðari vettvangur til að fjalla um þessi mál og umfram allt megum við ekki flýta okkur um of þegar við erum að setja nýja löggjöf um þessi mál og þess vegna er ástæða til að undirstrika það sérstaklega að til þessa verði vandað og menn fái rækilegan tíma til að skoða alla þætti þessa máls miðað við að ná skynsamlegri niðurstöðu um hver lendingin verður þannig að við höfum í höndum vandaða löggjöf á þessu sviði öllu og getum ekki sagt eftir á að við höfum ekki athugað málin nægjanlega frá öllum þáttum þess.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, til að lengja ekki þessar umræður leyfa mér að leggja til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Afstaða mín til þessa máls kemur fram í því að ég er einn flytjenda þess og stend að sjálfsögðu við það sem kemur fram í grg., enda er það í samræmi við tillögu okkar kvennalistakvenna um umhverfisráðuneyti þar sem við leggjum til að fornleifar, skráning, rannsóknir, flokkun og friðlýsing fastra fornleifa heyri undir friðlýsingar- og fræðsludeild sérstaks umhverfisráðuneytis.

Við það sem kemur fram í greinargerð og það sem fram kom í máli hv. 1. flm. er svo sem ekki miklu að bæta. Sú tilhögun sem hér er lögð til er að sönnu umtalsvert önnur en nú gildir og í rauninni geri ég mér ekki miklar vonir um að löggjafarsamkundan fallist á þessa tilhögun nú, ekki síst með tilliti til þess að til umfjöllunar er nú frv. til þjóðminjalaga þar sem fornleifum er skipaður ákveðinn sess innan þess ramma og svo verður vafalaust um sinn.

Kvennalistinn átti fulltrúa í nefndinni sem samdi það frv. og reyndi þar mikið til að fá fram breytingar sem voru meira í áttina við þær hugmyndir sem koma fram í þessu frv. um verndun fornleifa. Á það var ekki fallist í nefndinni, en við ákváðum engu að síður að standa að því frv. og ekki meira svo sem um það að segja. Það var okkar mat eftir mikla umhugsun að það væri rétt að standa að því.

Það sem felst í frv. sem hér er til umræðu er framtíðarsýn. Svona teljum við þessum málum best fyrir komið og vonandi berum við gæfu til að haga þeim svo áður en langt um líður. Fornleifavernd er eins og fram kemur í greinargerð hornsteinn í menningarminjalöggjöf hverrar þjóðar, en við erum því miður miklir eftirbátar t.d. nágrannaþjóða okkar í þessum efnum. Þessu frv. er ætlað að vekja til umræðu og umhugsunar um þetta mál og því næst breytinga á núverandi skipan mála svo við getum með sæmilegri samvisku sagt að við kunnum að fortíð að hyggja eins og segir í máltækinu.

Ég skal ekki orðlengja þetta, enda er áhugi þingmanna á þessu máli í algeru lágmarki svo sem sést á þeim fjölda sem er viðstaddur. En ég vildi aðeins láta þetta koma fram til áréttingar því sem sagt hefur verið.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það kann að vera að ástæðan fyrir því að ég er mjög undrandi á þessu fram komna frv. sé sú að ég hef átt þess kost að kynnast að nokkru vinnubrögðum annarra þjóðþinga vegna starfa minna fyrir hið háa Alþingi.

Hér hefur setið nefnd í eitt og hálft ár skipuð fulltrúum allra flokka, stjórnskipuð nefnd af tveim

ráðherrum, við að reyna að semja þjóðminjalög og ég vil taka fram að sú nefnd situr enn að störfum. Kvennalistinn átti ekki fulltrúa í þeirri nefnd. Hann á þar fulltrúa sem nú hefur eins og við öll hin snúið sér að næsta verkefni sem nefndinni var falið. En þegar þessu fyrsta verkefni okkar er lokið kemur fram frv. flutt af fulltrúum fjögurra af sex stjórnmálaflokkum sem eiga sæti á Alþingi, sjö reyndar en flokkur Stefáns Valgeirssonar átti ekki fulltrúa í nefndinni. Maður hlýtur að spyrja: Hverju sæta vinnubrögð á borð við þetta? Hafa menn ekki rætt þessi mál í þingflokkum sínum? Höfðu þeir fulltrúar sem í nefndinni voru ekki umboð þingflokka sinna? Voru þetta bara einstaklingar sem sátu og spjölluðu í eigin umboði? Halda þeir ágætu flm. þessa frv. að við höfum ekki rætt stöðu fornleifarannsókna? Ég get fullyrt að það var svo sannarlega gert. Eftir óralangar umræður, sem tóku hátt í ár, varð niðurstaðan sú að okkar litla þjóð, sem auk þess telur sig allfátæka í augnablikinu, var ekki talin hafa ráð á því að bæta við heilli stofnun í menningargeirann. Það hefur gengið nógu illa að reka þær sem fyrir eru. Við töldum jafnframt að vel væri hægt að koma fornleifarannsóknum fyrir innan þess þjóðminjaráðs sem við gerum ráð fyrir. Og það vekur undrun mína að tveir af flm. hins nýja frv. eiga sæti í hv. fjvn. Ég hélt að sú góða nefnd hefði ekki haft það sem eftirlætisverkefni að setja á stofn nýjar stofnanir.

Menn hafa talað hér um að faglegar skuli unnið að málum. Hið nýja fornleifaráð, sem talað er um í hinu nýja frv., hvernig er það skipað? Menntmrh. á að skipa þrjá stjórnarmenn, einn tilnefndan af Sambandi ísl. sveitarfélaga, og það getur verið hvaða ófaglærður stjórnmálamaður sem er, einn tilnefndan af landsminjavörðum, sem fjarri því eru allir fagmenntaðir menn, og lögfræðing tilnefndan af lagadeild Háskóla Íslands.

Hvernig viljum við haga okkar þjóðminjaráði? Það skal gert heyrum kunnugt: „Menntamálaráðherra" — segir með leyfi hæstv. forseta í hinu fyrra frv. — „skipar þjóðminjaráð til fimm ára í senn. Deildarstjórar Þjóðminjasafns Íslands og minjaverðir velja einn úr sínum röðum til setu í þjóðminjaráði. Félag íslenskra safnmanna tilnefnir einn og Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands tilnefnir einn fulltrúa. Að jafnaði skulu a.m.k. tveir framangreindra þjóðminjaráðsmanna hafa menntun á sviði fornleifarannsókna. Bandalag kennarafélaga tilnefnir einn fulltrúa í þjóðminjaráð og einn er skipaður án tilnefningar. Ráðherra skipar formann."

Hvort ráðið skyldi nú vera faglegra? Ég held að spurningu minni sé svarað með þessum upplestri, en ég ætla ekki að fara hér út í, enda enginn tími til þess, þetta langa og mikla frv. í smáatriðum. Ég veit mætavel hvaðan það er komið. Auðvitað hafa allir rétt á að flytja frv. á hinu háa Alþingi. En það hlýtur að vera ákaflega undarlegt að stjórnmálaflokkarnir sem hér sitja, þingflokkarnir, skuli ekki geta komið sér saman um frv. sem fulltrúar þeirra eru að vinna að í stjórnskipuðum nefndum heldur komi með annað frv. sem gengur þvert á þá vinnu sem komist var að niðurstöðu um í nefndinni sem enn situr áður en það frv. hefur fengið vinnslu hér í þinginu. Auðvitað gátu þessir umræddu einstöku þingmenn gert brtt. við það frv. En að koma með nýtt frv. gerir ekki annað en að tefja málið svo að þar með eru satt að segja ekki miklir möguleikar á að það náist að vinna það á þeim tíma sem eftir lifir af þingi. Þessi vinnubrögð eru auðvitað fyrir neðan allt sem maður hefur áður kynnst.

Við höfum sent til umsagnar frv. til þjóðminjalaga til, ég má segja, 40 aðila í þjóðfélaginu, þar á meðal þeirra sem mestan áhuga hafa á þessu nýja frv. Allt þetta fólk átti kost á að láta í sér heyra og hefur nú þegar látið í sér heyra, margt af því, því satt að segja var frv. okkar unnið í samráði við nær allt það fólk sem hefur með þessi mál að gera í okkar þjóðfélagi. Þannig er þetta frv. með öllu óþarft sem sjálfstætt frv. Miklu eðlilegra hefði verið að menn hefðu beitt sér fyrir brtt. og beðið eftir umsögnum sem kynnu að berast um hið nýja frv. til þjóðminjalaga. Mér eru þetta gjörsamlega óskiljanleg vinnubrögð og man ekki eftir í tíu ára þingsögu minni að unnið hafi verið á þennan hátt.

Mér er alveg ljóst að gífurleg pressa hefur verið sett á ákveðna þingmenn vegna þessa máls og það er misjafnt hvað menn hafa sterk bein til að þola slíka pressu. Það er mér alveg ljóst. En mér finnst þetta satt að segja eins og löðrungur framan í það fólk sem setið hefur í hinni stjórnskipuðu nefnd og hefur sjálfsagt talið sig vera þar í umboði sinna þingflokka að þetta frv. skuli koma fram núna. Það skal vera lýðum ljóst að gegn því verður barist. Svona er ekki hægt að fara með hv. þm. Að ein manneskja skuli geta haft þau áhrif á heila fimm þingmenn að þeir beygi sig fyrir slíkri pressu og taki við svona plaggi! Hv. þm. skulu ekki segja mér eitt augnablik að þeir hafi samið þetta sjálfir. Ég veit hvaðan þetta er komið og við þekkjum þessar skoðanir. Við ræddum þessar skoðanir af fullri virðingu og við komumst að niðurstöðu í nefndinni sem við töldum vera viðsættanlega niðurstöðu. Þessi framkoma er Alþingi til vansæmdar og ég vil mælast til þess að þetta fólk átti sig og dragi þetta frv. til baka.

Flm. (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Það fer ekki hjá því í langri setu á hv. Alþingi að maður geti ekki orðið rækilega undrandi yfir ræðum hv. þm. eins og ég verð í sambandi við ræðu hv. 13. þm. Reykv. og ekki síst fyrir það að hv. þm. er forseti Sþ. og á að kunna skil á því hvaða (**GHelg:** Þingmaðurinn situr hér sem þingmaður í deildinni.) rétt þingmenn hafa og frelsi til bæði skoðanaskipta og til að setja fram þau mál sem þeir hafa áhuga fyrir. Ég hélt satt að segja að hv. þm., sem hefur þetta mikla þingreynslu og hefur fengið traust þingsins að skipa æðsta embætti þess, léti sig ekki hafa það í fljótræði að koma upp í ræðustól og atyrða þingmenn úr fimm stjórnmálaflokkum fyrir þá ósvífni að leggja fram frv. til l. um verndun fornleifa

af þeirri einföldu ástæðu að þeir töldu mikilvægt að fá breiðari umræðu um málaflokkinn í heild en kom fram í því frv. til þjóðminjalaga sem hv. þm. og forseti Sþ. er 1. flm. að.

Ég verð að segja að mér finnst þetta ákaflega furðulegt og ekki síst með tilvísun í þær umræður sem fóru fram um það frv. þar sem hver þingmaðurinn á fætur öðrum lýsti áhuga sínum fyrir því að taka einmitt þetta mál og gefa því meira vægi í því frv. til laga en þar er og töldu æskilegt að svo hefði getað orðið.

Ég verð að undrast það líka að hv. þm. skuli láta út úr sér að það sé undrunarefni að flm. að þessu frv. séu tveir fulltrúar í fjvn. Ég skil ekki samhengið þarna á milli, hv. þm.

Í öðru lagi er alveg ljóst að það sem hv. þm. var að vitna í um skipan þeirrar stjórnar á þessum málum sem hér er lagt til á ekkert skylt við þá röksemdafærslu sem hv. þm. kom með. Hv. þm. var að vitna í skipan þjóðminjaráðs sem er að hluta til í núgildandi lögum. Í því frv. til þjóðminjalaga sem hv. þm. vitnar til er miklu meira svið og í frv. sem við erum hér að mæla fyrir um verndun fornleifa er það bara sérþáttur. Ef Alþingi kæmist að þeirri niðurstöðu að það væri eðlilegt að hér væri um sjálfstæða stofnun að ræða er það eðlileg uppsetning sem þar kemur fram á þeim sem eiga að hafa yfirstjórnina. En það raskar ekkert uppsetningu á þjóðminjaráði sem er sett fram í frv. til þjóðminjalaga þannig að þetta er algjörlega óskylt mál og rökvilla að halda svona vitleysu fram.

Ég þarf ekki í sjálfu sér að hafa meira mál um þetta. Við erum hér einvörðungu að ræða um verndun fornleifa sem við vitum og er viðurkennt að hafa verið hornreka í meðferð þessara mála hér á landi til þessa dags. Við erum að vitna í aðrar þjóðir í kringum okkur sem gera þetta að aðalatriði, enda er saga hverrar þjóðar bundin við þennan þátt mála. Þess vegna er aldeilis útilokað að hlusta á það úr ræðustóli á hv. Alþingi að hv. þm. Guðrún Helgadóttir, forseti sameinaðs þings, skuli leyfa sér að halda því fram að einhver einn einstaklingur í þjóðfélaginu hafi pínt og pressað fimm fulltrúa stjórnmálaflokka til að flytja það frv. sem hér er lagt fram um verndun fornleifa. Það er lítilsvirðing við þingmenn og það er líka lítilsvirðing við sjálfan hv. þm. sem lætur þetta út úr sér. Ef við tölum um pressu væri miklu frekar að tala um pressu á okkur þingmenn sem höfum flutt þetta frv. frá öðrum aðilum og ég ætla ekki að ræða um það í ræðustól á Alþingi hvaða aðilar það eru.

En ég tel að það sé ákaflega óeðlilegt að halda því fram að hér sé um frumvarpsflutning að ræða sem mætti líta svo á eftir málflutningi hv. þm. að væri skemmdarstarfsemi eða niðurrifsstarfsemi. Sér er nú hver niðurrifsstarfsemin! Ég fullyrði að þetta frv. á erindi til þjóðarinnar og við gerum enga kröfu, eins og kom fram í mínum málflutningi og raunar hjá fleirum, um að það verði niðurstaðan að þetta verði sérstofnun. Ég tók fram í minni framsögu að það gæti alveg eins komið að notum ef þetta yrði sérstök sjálfstæð deild í Þjóðminjasafninu eða kafli í þjóðminjalögunum sjálfum, miklu sjálfstæðari og hefði meiri möguleika en kemur fram í frv. um þjóðminjalög sem liggur fyrir til afgreiðslu í nefndinni. Ég tel ásökun hv. þm. algjört frumhlaup og væri ástæða til að hv. þm. Guðrún Helgadóttir bæði okkur flm. afsökunar á frumhlaupi sínu.

Kristín Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég á satt að segja mjög bágt með að skilja reiðilestur hv. 13. þm. Reykv. Ég sé ekki nokkra einustu ástæðu til slíkra geðshræringa út af þessu máli. Ég vil aðeins árétta það sem ég sagði áðan að fulltrúi Kvennalistans í nefndinni sem samdi frv. til þjóðminjalaga og kom raunar að því verki þegar það var langt komið og átti því töluvert erfitt uppdráttar innan um þá reyndu nefndarmenn, þ.e. hv. þm. Danfríður Skarphéðinsdóttir, reyndi töluvert til að fá fram breytingar á því frv. sem voru einmitt í takt við þær hugmyndir sem koma fram í því frv. sem hér um ræðir. Hv. þm. Danfríður Skarphéðinsdóttir sætti nokkru ámæli í nefndinni fyrir þessar tilraunir sínar, að ég ekki segi beinlínis aðkasti og dónaskap manna sem töldu sig eina vita og vera dómbæra um hvernig þessum málum skyldi skipað. Það varð hins vegar niðurstaða okkar að standa að samkomulagi þar eð lengra yrði ekki komist með þær hugmyndir að sinni eftir að nefndin hafði hafnað þeim svo gjörsamlega. Þess vegna tel ég afar ólíklegt að þeim verði eitthvað betur tekið ef þær yrðu fluttar við það frv. sem er til umfjöllunar í deildinni.

En ég sé ekki nokkra ástæðu til þess að þær hugmyndir séu ekki til umræðu með þinglegum hætti og þá á þann veg sem við vildum helst sjá. Og eins og ég sagði áðan er þetta framtíðarsýn. Svona viljum við sjá þessu fyrir komið þótt síðar verði.

Ég mótmæli eindregið áminningum hv. 13. þm. Reykv. vegna þess hvaðan frv. er komið. Ég sé ekki að það skipti nokkru máli. Við erum sammála þessum hugmyndum og það er algjört aukaatriði, en þó ekkert til að draga dul á, og ég man nú ekki hvort það hefur komið fram hér fyrr, að stærstan þátt í samningu þessa frv. á líklega best menntaði fornleifafræðingur landsins, Margrét Hermannsdóttir, og fyrir það skömmumst við okkar ekki nokkurn hlut. Ég sé enga ástæðu til annars en að þiggja góð ráð fólks sem veit um hvað er að ræða.

En ég hlýt að taka undir orð hv. síðasta ræðumanns og vísa öllum aðdróttunum um einhverja pressu í þessu máli til móðurhúsanna skulum við nú segja í þessu tilviki því að það er síður en svo að um einhverja pressu sé að ræða. Þetta eru hugmyndir sem við vorum sammála og það er löngu komið fram að eru í takt við okkar eigin hugmyndir og við leggjum þetta frv. fram af einlægum áhuga á þessu máli og viljum að það komi fram og verði undirstaða og grunnur að framtíðarskipan.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það er m.a. vegna þess að mér hefur verið falið, eins og hv. 1. þm. Vesturl. sagði

áðan, æðsta embætti hins háa Alþingis að ég mótmæli þessum vinnubrögðum. Þegar stjórnskipuð nefnd með fulltrúum allra flokka hefur setið í eitt og hálft ár við að komast að niðurstöðu og samkomulagi um nýtt frv. til þjóðminjalaga er með öllu fráleitt að síðan komi fulltrúar fjögurra flokkanna með aldeilis nýtt frv. Eðlilegur gangur ef unnið er á þinglegan hátt væri auðvitað að koma með brtt. við það frv. sem fyrir liggur. Það er öllum frjálst og auðvitað er öllum frjálst að bera fram frv. um alla skapaða hluti. En ég læt ekki af því að þetta eru afar óvenjuleg vinnubrögð. Og það er svo alveg ástæðulaust fyrir hv. 1. þm. Vesturl. að grípa alltaf til þessarar gömlu klisju að um frumhlaup sé að ræða þó að slíku sé mótmælt. Þetta eru í hæsta máta óþingleg vinnubrögð.

Ég vildi sjá framan í hæstv. iðnrh. sem hér situr ef hvenær sem eitthvert ríkisstjórnarfrv. kemur fram — og ég er aðili að einum stjórnmálaflokki sem styður þessa ríkisstjórn — kæmum við nokkur úr þeim flokki eða öðrum með ný frv. um sama efni. Ætli við reyndum ekki að koma með brtt. ef við getum ekki unað því sem fram er borið. Það segir sig sjálft og getur hver manneskja sagt sér sjálf að auðvitað truflar þetta nýja frv. meðferð þingsins á því frv. til þjóðminjalaga sem okkur liggur svo á að fá samþykkt. Auðvitað hefur hver einasti hv. þm. leyfi til þess að bera fram brtt. Vitaskuld.

Vegna þess að hv. þm. 10. þm. Reykn. gaf í skyn að fulltrúi Kvennalistans hefði orðið fyrir ámælum fyrir skoðanir sínar í nefndinni vil ég að það sé alveg skýrt að það var ekki frá neinum nefndarmanna. Einn fornleifafræðingur landsins skrifaði Kvennalistanum harkalegt bréf sem formaður nefndarinnar, sem í þessu tilfelli er ég, mótmælti vegna þess að það var engan veginn við hæfi. Um það vorum við öll sammála. Ég vil að það sé alveg skýrt að ámælin voru ekki borin fram af hálfu nefndarinnar.

Það er hins vegar hárrétt, sem hv. 10. þm. Reykn. sagði, að fulltrúi Kvennalistans kom óþægilega seint inn í nefndina fyrir hana sjálfa fyrst og fremst og hæstv. forseta þessarar deildar sem einnig kom inn í nefndina á sama tíma.

Það er alveg hárrétt að hún barðist fyrir ákveðnum breytingum varðandi stöðu fornleifanna og fjölmargt af tillögum hennar var tekið inn í það frv. sem við lögðum síðan fram og héldum að samþykki væri fyrir í þingflokkunum. Ég spurði að sjálfsögðu sem formaður nefndarinnar hvort menn hefðu rætt þetta mál í þingflokkunum og beið raunar mjög lengi eftir að mönnum gæfist tími til þess og frv. var ekki borið fram fyrr en það lá fyrir að við teldum okkur hafa stuðning þingflokkanna fyrir frv. til þjóðminjalaga. Auðvitað gerðum við síðan ráð fyrir því þegar við sendum málið til umsagnar allt að 40 aðila, ef ég man rétt, eða það var sent úr hv. menntmn., að við ættum von á einhverjum brtt. og málið fengi sína þinglegu meðferð. En ég held að við hljótum að geta verið sammála um það, hv. 1. þm. Vesturl. og ég og hv. 10. þm. Reykn., að það er afar sérkennilegt að koma með frv. sem gerir ráð fyrir að fella heilan kafla úr hinu nýja frv. til þjóðminjalaga og koma nýrri stofnun á fót. Það var um það sem deilan snerist. Við viljum ekki nýja stofnun. Við teljum okkur fremur eiga að verja þeim peningum sem fást til verndunar fornminja og þjóðminja í þessu landi til faglegrar vinnu en að búa til nýja stofnun með því sem slíku fylgir óhjákvæmilega. Það getur vel verið að það verði einhvern tímann veruleiki í framtíðinni og það væri vel, en ég held að miðað við þær aðstæður sem við búum við í þessu landi í dag höfum við síst af öllu efni á því. Og auðvitað er það jafnrétt hjá hv. 10. þm. Reykn. að þjóðminjavernd á Íslandi er langt á eftir öðrum þjóðum. Við getum hins vegar hugsað sem svo: Er það nokkuð einkennilegt? Við erum einu sinni færri og það eru færri sálir sem standa undir því að reka menningarþjóðfélag sem við viljum gjarnan að sé á borð við það sem gerist í næstu löndum í kringum okkur. En það tekur vitaskuld lengri tíma og þyrfti ekki að segja þessi sannindi tveimur hv. fulltrúum í fjvn.

Við erum með, eins og ég hef áður sagt hér í ræðu, þjóðminjasafnshús sem er að hrynja. Það hlýtur að vera fyrsta verkefni okkar að finna fjármagn til að bjarga því húsi. Við erum með Þjóðleikhús sem þarfnast viðgerða sem kosta hundruð milljóna. Við erum með Þjóðarbókhlöðuna eins og hún er en það hús er búið að standa í 14–15 ár öllum í þessu landi gagnslaust. Vitaskuld verðum við að raða í einhverja forgangsröð í hvað við ætlum að verja fé á allra næstu árum. Og að það sé það brýnasta sem við gerðum í dag að stofna fornleifastofnun eða fornminjastofnun með forstöðumanni og ritara og fulltrúa og tölvukerfi og öllu því sem tilheyrir er að mínu viti fásinna, algjör fásinna. Við tryggðum það hins vegar með frv., ef það að lögum yrði, að fornleifafræðingar, a.m.k. tveir, ættu sæti í þjóðminjaráði og töldum þar með að við hefðum tryggt að þeim kafla þessa máls yrði ekki gleymt því að það er alveg hárrétt, sem hér hefur fram komið, að þar er ómælt verkefni fram undan.

Ég get verið sammála mörgu í þessu nýja frv. fimmmenninganna nema mér þykir afar kyndug samsetning á svokölluðu fornminjaráði. Ég á afskaplega erfitt með að sjá hvað er faglegt við nefnd þar sem einn er tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga, annar af landsminjavörðum, sem ég er ekki viss um að allir séu fagfólk þó að þeir stundi sitt starf með mestu prýði, og lögfræðingur tilnefndur af Háskóla Íslands. Ég held að þjóðminjaráð með tveimur fornleifafræðingum hljóti að vera miklu faglegra.

Ég held að hinn faglegi hluti málsins sé miklum mun betur tryggður í frv. til þjóðminjalaganna en með þessu nýja frv.

Nú sé ég að genginn er í salinn hv. 1. þm. Norðurl. v., þingflokksformaður Framsfl., og ég vil spyrja hann: Hafði Guðmundur G. Þórarinsson, hv. 14. þm. Reykv., ekki umboð þingflokksins þegar við náðum samkomulagi um frv. til þjóðminjalaga?

Ég vil geta þess að ég hefði a.m.k. ekki verið aðili að flutningi þess nema ég teldi að þingflokkur Alþb. stæði þar að baki. Og það mætti æra óstöðugan ef

menn leggja áralanga vinnu í að semja slík frumvörp og komast að niðurstöðu sem allir eru taldir geta sætt sig nokkurn veginn við með fyrirvara um þinglega meðferð málsins og niðurstöðu umsagna allra þeirra sem þessi mál varða ef slíkar nefndir ættu svo alltaf von á því að ótal önnur mál og ný frumvörp allt annars eðlis og sem ganga þvert á það sem mestum tíma var eytt í að ná samkomulagi um kæmu svo á eftir. Ég verð að segja alveg eins og er: Mér þykja þetta kyndug vinnubrögð. Ég ítreka það vegna þess að hv. 1. þm. Vesturl. fannst ekki sæma að forseti Sþ. hefði þá skoðun að þingmenn ættu ekki að flytja ákveðið frv. Það hef ég auðvitað aldrei sagt og tók það skýrt fram. Það er auðvitað öllum þingmönnum leyfilegt. En það er til nokkuð sem heitir þingleg hefð. Þingmenn flytja brtt. við slík frumvörp en koma ekki með glæný frumvörp sem ganga þvert á það sem þeirra eigin fulltrúar hafa lagt mikla vinnu í að komast að niðurstöðu um. Um það snýst þetta mál og það er einmitt vegna þess og ekki síður vegna þess að ég er forseti Sþ., ég býst við að ég hefði haft sömu skoðun hvort sem ég væri forseti Sþ. eða ekki, en ekki síst af því að ég er það hef ég lagt nokkurn metnað í að þingmál og málatilbúningur í þinginu væri með sóma og mér finnast þessar aðferðir ekki æskilegar.

Flm. (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Auðvitað gat ég sagt mér það sjálfur að hv. þm. Guðrún Helgadóttir mundi ekki biðjast afsökunar á frumhlaupi sínu, svo að ég noti hennar eigin orð. Þetta er frumhlaup. Hún hefur notað það oft í umræðu á hv. Alþingi eins og sjá má í þingræðum ef vel er leitað.

Það væri umhugsunarvert fyrir hv. þm. að einn af virtari þingmönnum Alþb. skrifaði ekki upp á þetta þskj. af þeirri einföldu ástæðu að hann var formaður menntmn. deildarinnar, en hann var samþykkur þessu frv. eins og það liggur hér fyrir. Það væri efni í annan umræðuþátt að ræða nánar við hv. þm. um hvaða leyfi og frelsi hv. þm. hafa til að bera fram mál.

Ég ætla bara að láta hv. þm. vita að það frv. sem hér um ræðir er sennilega með merkilegri málum í þessum málaflokki sem fram hefur verið borið hér vegna þeirrar einföldu ástæðu að lög um fornleifavernd eru hornsteinn í allri menningarlöggjöf um þessi mál í öðrum löndum. Þau eru það alveg eins hér á Íslandi. Ég ætla að láta hv. þm. um frekari gagnrýni á frv. ef hann er fær um það. En ég ætla að láta hv. þm. vita að þessi tilraun okkar þingmanna úr fjórum flokkum þingsins er einvörðungu tilraun til að marka framtíð þessara mála. Það hefur verið margtekið fram að þó að við í frv. flytjum einvörðungu frv. um verndun fornleifa og leggjum til að það verði sérstök fornleifastofnun erum við alveg eins til viðræðu um að í fyrstu lotu verði þetta sjálfstæð deild í Þjóðminjasafni, miklu sjálfstæðari og sterkari en er í því frv. sem hv. þm. var að lýsa áður og hefur verið til umræðu áður á þinginu. Það kom fram, eins og ég þarf raunar ekki að endurtaka, við þær umræður gagnrýni frá mörgum, meira að segja fulltrúum sem voru í þeirri nefnd sem samdi frv., að það vantaði meira sjálfstæði og meiri reisn yfir þennan þátt mála en er í því frv. Ég þarf ekki að endurtaka það. Fornleifavernd og allt sem viðkemur henni hér á Íslandi hefur verið hornreka í þessum málum. Þetta eru þýðingarmikil atriði og um allt Ísland eru menningarverðmæti og fornleifaverðmæti í beinni hættu ef ekki verður tekið sterkara á þessum málum en hingað til hefur verið gert.

Ég ætla ekki að endurtaka það, sem ég sagði í svarræðu minni við hv. þm. áðan, að skipan þessara mála í sambandi við þjóðminjaráð og annað slíkt er með allt öðrum hætti í frv. sem nær yfir allt sviðið, þ.e. þjóðminjalögin, en er í þessu afmarkaða sviði í þessu frv. og þarf ekki að rökstyðja það nánar, það er svo sjálfsagt.

En ég vil endurtaka að mér finnst ástæðulaust að vera að drótta því að þessum þingmannahópi, sem flytur þetta frv., að við séum að gera ranga hluti og við höfum ekki leyfi til að gera það og að við séum að leggja það fram vegna þrýstings einhvers eins aðila í þjóðfélaginu. Þetta er algjörlega órökstutt og raunar þeim til minnkunar sem þannig halda á málum. Ég enda á því að ég tel að þetta frv. hafi fullt gildi og það sé löngu tímabært að láta þetta koma fram í þessu formi og ég vænti þess að hv. menntmn. Alþingis, bæði Nd. og Ed., athugi vel þessi mál á breiðum grundvelli áður en til lokaafgreiðslu kemur.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Umræðurnar hafa reyndar aðallega snúist um form og þinglegar hefðir en minna um efni þessa frv. Hv. 13. þm. Reykv. minntist þó aðeins á hvernig ætlast væri til að stjórn fornleifafræðistofnunar yrði skipuð og gagnrýndi það og taldi að það yrði ekki faglegt. Þessi athugasemd sýnir nú að hún hefur ekki kynnt sér efni frv. e.t.v. af skiljanlegum ástæðum eftir að hafa hlustað á málflutning hennar hér. Ég vildi aðeins leiðrétta það að þessi stjórn eigi ekki að vera faglega skipuð, enda þótt tilnefning komi frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og Háskóla Íslands. Það segir t.d. í 20. gr.: „Menntmrh. skipar forstöðumann fornleifafræðistofnunar til fimm ára í senn að fenginni tillögu stjórnar og skal hann vera fornleifafræðingur að mennt."

Síðan eiga landsminjaverðir hlut að máli og segir í 21. gr. að landsminjaverðir skuli vera fornleifafræðingar að mennt. Þannig held ég að það sé nú ekki rétt athugað að ekki verði séð fyrir faglegri stjórn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

69. fundur, miðvikudaginn 15. mars, kl. 2 miðdegis.

Stjórn efnahagsmála o.fl., 3. umr.

Stjfrv., 240. mál (lágmarkstími verðtryggingar og fastir vextir). — Þskj. 445.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 445).

Verðbréfaviðskipti, 3. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 617 (sbr. 516), brtt. 621.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir brtt. á þskj. 621 frá fjh.- og viðskn. Í fyrsta lagi er lagt til að breytt verði aftur til hins upphaflega orðalags frv. um að heimilt skuli vera að svipta starfsleyfi ef opinber rannsókn hefst. Nefndin telur að rétt sé að það tímamark sem miða skuli heimild ráðherra við sé þegar við upphaf opinberrar rannsóknar.

Ríkir hagsmunir kunna að vera til þess að grípa inn í starfsemina sem fyrst og er það undir mati ráðherra samkvæmt greininni. Jafnframt hefur komið í ljós að samkvæmt gildandi rétti kunni að vera viss vandkvæði á því að ákvarða tímamark þess hvenær dómsrannsókn hefst þar eð hugtakið á ekki lengur við í lögum vegna breyttrar skipunar á rannsókn opinberra mála. Sem sagt, nefndin leggur til að í stað orðsins „dómsrannsókn" komi: opinber rannsókn.

Í öðru lagi leggur hv. fjh.- og viðskn. til að bætt verði við ákvæði til bráðabirgða. Með ákvæðinu er stefnt að því að unnt verði að halda áfram að veita leyfi til verðbréfamiðlunar samkvæmt umsókn frá þeim tíma er frv. þetta verður að lögum og þar til námskeið verða haldin samkvæmt ákvæði 3. gr. frv.

Augljóslega mun það taka nokkurn tíma að ganga frá framkvæmdaatriðum varðandi námskeiðahaldið þrátt fyrir að nú sé unnið að undirbúningi þess og tillögur þar að lútandi verða lagðar fyrir viðskrn. innan skamms. Til þess að brúa megi það tímabil sem hér um ræðir er því lagt til að ráðuneytinu verði heimilað að veita tímabundin leyfi til verðbréfamiðlunar í 18 mánuði og heimilt að framlengja þann tíma um allt að 6 mánuði.

Ég les þá síðari brtt. eins og hún liggur fyrir á þskj. 621. Hún hljóðar svo:

„Við ákvæði til bráðabirgða bætist nýr töluliður sem verði 5. tölul. og orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. þessara laga er viðskrh. heimilt, að fenginni umsókn prófnefndar, að veita þeim, er uppfylla skilyrði 4. gr. laga nr. 27/1986, tímabundið leyfi til verðbréfamiðlunar í átján mánuði, enda fullnægi viðkomandi öllum skilyrðum 3. gr. laga þessara. Heimilt er að framlengja þann frest um allt að sex mánuði ef sérstaklega stendur á."

Fjh.- og viðskn. stendur öll að þessum brtt. og hv. þm. Danfríður Skarphéðinsdóttir, sem sat fund nefndarinnar, er samþykk þeim.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Við lokaafgreiðslu þessa máls í hv. Ed. vildi ég kannski vekja athygli á einu atriði sem við höfum lítillega rætt en mér finnst vanta mjög inn í frv. Það er hvernig á að taka á pappírslausum verðbréfaviðskiptum sem mjög ryðja sér til rúms í nágrannalöndunum, þ.e. verðbréfaviðskipti fara orðið að stórum hluta til í gegnum tölvukerfi stóru bankanna og víða hefur verið gripið til þess ráðs að stofna til sérstakrar verðbréfaskráningar þar sem móðurtölva sér um skráningu allra verðbréfa og verðbréfin komast í raun og veru aldrei á pappír. Þau eru bara til í tölvukerfum stórbankanna og í tölvukerfi verðbréfamiðstöðvarinnar. Þetta er hlutur sem við verðum að taka á og er miður að það skuli ekki hafa verið gert strax við samningu þessa frv. en ég vænti þess að gerðar verði ráðstafanir til þess að bæta þessu við lögin um verðbréfasjóði og verðbréfafyrirtæki eins fljótt og auðið er því að það er alveg ljóst að ef við ætlum að tengjast hinum almenna fjármagnsmarkaði nágrannalandanna munu öll þau viðskipti verða pappírslaus, þ.e., allt verður byggt á tölvufjarskiptum.

Í mínum huga eru enn þá efasemdir varðandi 12. gr. frv. þar sem um er að ræða hvert skuli vera lágmarks eigið fé verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða. Í frv. er gert ráð fyrir að lágmarks eigið fé skuli nema 2% af — ég man nú ekki hvernig það var orðað, hvort það var af nafnverði skuldabréfanna eða höfuðstóli verðbréfasjóðsins. Frá bankaeftirlitinu komu hins vegar athugasemdir við þetta atriði og þar var lagt til að eigið fé verðbréfafyrirtækja ætti að vera að lágmarki 10% af heildarskuldbindingum fyrirtækisins. Ég tel að á þessu stigi sé ekki rétt að bera fram brtt. eða gera frekari athugasemdir út af þessu atriði, en ég held að þetta þurfi þó að skoða betur og má þá taka það með öðru sem áreiðanlega kemur upp því að ef fer sem venjan er orðin þarf að taka þessi lög sem eru samþykkt frá hinu háa Alþingi í fyrsta sinn og endurskoða þau. Það er vaninn að þau koma aftur til kasta Alþingis stuttu síðar því að þá, þegar reynslan er komin af lögunum, þarf oft að bæta við og laga og geri ég ráð fyrir að við fáum þá tækifæri til að leiðrétta þetta.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Eins og ég gat um hér við 2. umr. málsins í gær er enginn vafi á því að þessa löggjöf þarf fljótlega að endurskoða. Hún getur ekki verið galla-

laus frekar en önnur mannanna verk og þess vegna hygg ég að það sé rétt athugasemd hjá hv. síðasta ræðumanni að þar þurfi m.a. að fjalla um það hvernig fari með þau nútímalegu viðskipti sem nú eru að verða í heiminum þar sem peningar eru nánast ekkert í umferð í eiginlegri merkingu, heldur eru verðbréf og peningaflutningar meira og minna komin í tölvu.

Nú skal ég játa að ég er síst af öllu sérfræðingur í tölvuvísindum. Það er rétt að maður kann á vasatölvu, en kannski getur maður lært á þessar venjulegu litlu tölvur í staðinn fyrir ritvél. Ég held að athugasemdin sé engu að síður rétt. Hins vegar tel ég ekki tímabært að reyna að fást við það úrlausnarefni á þessari stundu. Ég held að meiri vitneskja þurfi að koma inn í landið til þess að við getum fjallað um það af einhverju viti og þess vegna sé eðlilegt að afgreiða frv. einmitt með þeim hætti sem hér er lagt til. Raunar hefur það verið svo um mjög langt skeið að t.d. hlutabréf, sem hér eru venjulega á stærðar pappírum og stimpilskyld og ég veit ekki hvað og hvað, hafa kannski varla komist á blöð, meira að segja í t.d. opnum sjóðum sem versla með hlutabréf ekki síður en verðbréf önnur, skuldabréf. En allt eru það verðbréf eftir lagamáli, bæði hlutabréf og skuldabréf. Ég held að kannski sú hliðin, að komast hjá þessari útgáfu hlutabréfa með þeim hætti sem hér er, yrði kannski það sem brýnast væri að koma einmitt inn í tölvur því að það er alkunna að menn týna bréfunum, það þarf að ógilda þau o.s.frv., og þar að auki er mjög kostnaðarsamt að gefa þau út. T.d. þarf stöðugt að vera að gefa út jöfnunarbréf þegar verðbólga er með þeim hætti sem hérna er, ef fyrirtækin þá efnast svo að þau geti gefið út bréfin. Allt þetta þarf auðvitað að athuga og vafalaust verður þetta allt tölvuvætt. Við lifum á tölvuöld. Við komumst ekkert fram hjá því, ekki einu sinni ég og mínir líkar sem kunnum ekkert á þetta system. Við verðum að búa við það og við vonum það besta af þróuninni, en ég held að ástæðulaust sé að við höfum af því áhyggjur einmitt núna.

Að því er varðar aftur 12. gr. held ég að þetta öryggi sem þar er sé alveg nægilegt vegna þess að ef ég skil greinina rétt fjalli þetta um verðbréfasjóði, nokkurs konar sameignarsjóði, þar sem upphæðirnar á samanlögðum hlutabréfum eða skuldabréfum geta auðvitað verið mjög háar. Hins vegar er deilt í sameiginlega eign manna í þessum skuldabréfum þegar verðmæti sjóðanna eru fundin út og þess vegna er ekki hætta á því, held ég, að nein slys geti gerst eða fólk tapað peningum öðruvísi en með þeim hætti að sameiginlegar eignir sjóðsins lækki óeðlilega. Ég held að þetta sé hóflegt mark á meðan sjóðirnir eru að þróast, enda lagði hv. þm. Júlíus Sólnes ekki til að breyta þessu ákvæði.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 621,1 samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 621,2 (ákvæði til brb.) samþ. með 16 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv. og endursent Nd.

Viðskiptabankar og sparisjóðir, 3. umr.

Stjfrv., 3. mál (verðbréfafyrirtæki). — Þskj. 3.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 627).

EFRI DEILD

70. fundur, miðvikudaginn 15. mars, að loknum 69. fundi.

Áfengislög, 1. umr.

Stjfrv., 176. mál (leyfi til áfengisveitinga o.fl.). — Þskj. 628.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á áfengislögum sem flutt var í hv. Nd. og varðar í meginatriðum tvö atriði. Þar er annars vegar um að ræða breytta stöðu sveitarfélaga vegna hinna nýju sveitarstjórnarlaga og hins vegar atriði sem tengjast gildistöku ákvæða lagabreytinga frá síðasta Alþingi að því er varðar áfengt öl.

Um frv. var samstaða í hv. Nd. og lítils háttar breyting gerð við meðferð málsins þar. Ég sé ekki ástæðu til að rekja það frekar við þessa umræðu en vil að henni lokinni leggja til að málinu verði vísað til hv. allshn. og 2. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Fjarvera stjórnarþingmanna.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég get ekki staðist þá freistingu að vekja athygli á því að hér er lítt um stjórnarliða á þessum þingfundi. Það er stundum kvartað sáran undan því að stjórnarandstaðan greiði ekki fyrir

málum og sé ekki mjög góð til samstarfs í þeim efnum, en mér sýnist að tilefni sé til þess að benda á það að lítið yrði úr að koma hér málum áfram nú ef ekki nyti stjórnarandstöðunnar við.

Forseti (Jón Helgason):

Það er alveg rétt hjá hv. alþm. að það yrði að sjálfsögðu lítið úr þinghaldi ef stjórnarandstaðan hyrfi af þingi, en í hv. Ed. hefur yfirleitt verið gott samstarf milli stjórnarliðs og stjórnarandstöðu og ég vonast til þess að svo verði áfram.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Þessi athugasemd hæstv. forseta er ekki algerlega eðlileg við þetta tilefni því að hér í deildinni eru nánast engir stjórnarþingmenn. (**Gripið fram í:** Jú, þeir eru fjórir.) Að hinu leytinu er það auðvitað rétt að það yrði lítið úr þinghaldi ef það væri ekki fyrir stjórnarandstöðuna því hún reynir þó að koma einhverju góðu til leiðar. Mál ríkisstjórnarinnar eru hins vegar yfirleitt svo endanlega vitlaus að þeir sameinast varla um þau nema kaupa sér eitt eða tvö atkvæði einhvers staðar fyrir fáránlega hluti í löggjöf. En ég fagna því að hv. þm. Salome Þorkelsdóttir, okkar fyrri forseti, tekur eftir þessu og vekur á því athygli að hér eru venjulega miklu fleiri stjórnarandstæðingar en stjórnarmenn sem greiða fyrir málum. — [Fundarhlé.]

Eignarleigustarfsemi, 1. umr.

Stjfrv., 2. mál. — Þskj. 624.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um eignarleigustarfsemi eins og það kemur frá hv. Nd. Eignarleiga er nýyrði fyrir enska orðið „leasing" sem margir nágranna okkar hafa tekið óbreytt upp í sitt tungumál. Hér á landi hefur nokkuð tíðkast að nota orðið „fjármögnunarleiga" yfir þessa starfsemi. Mér finnst það heldur óþjált orð og hef því í samráði við Íslenska málnefnd lagt til að þetta verði nefnt samheitinu eignarleiga og eignarleigustarfsemi. Eignarleiga greinist svo á ýmsa vegu, t.d. í rekstrarleigu, kaupleigu og fjármögnunarleigu. En þessi hugtök eru einmitt skilgreind nánar í 1. gr. frv. og í I. kaflanum.

Þetta frv. er samið af nefnd sem skipuð var í byrjun árs 1988 til að fjalla um starfsemina á fjármagnsmarkaðinum utan banka og sparisjóða og var ætlað að semja frv. að lagaramma um þá starfsemi. Eins og vel er kunnugt af fréttum og umræðum hefur nefndin samið frv. um verðbréfafyrirtæki og verðbréfasjóði sem þegar hefur hlotið afgreiðslu í þessari hv. deild og er nú til lokameðferðar í hv. Nd.

Eignarleigustarfsemin á sér langa sögu. Hún hefur rutt sér mjög til rúms á síðustu tveimur áratugum í viðskiptalífi Vestur-Evrópu. Þannig eru t.d. í Vestur-Þýskalandi meira en 50 fyrirtæki sem reka umsvifamikla eignarleigu. Í Noregi eru þau um 25, svo að ég nefni tvö af nágrannalöndum okkar. Það er víða unnið að því að setja lagaramma um þessa starfsemi því víðast hvar vantar reyndar heildarlöggjöf um þetta efni. Þó hafa nýlega verið sett slík heildarlög í Belgíu og Frakklandi, en í mörgum Evrópulöndum eru ekki til heilleg lög um eignarleigustarfsemi. Þetta er þó í raun og veru orðið alþjóðlegt fjármögnunarform og rekið á svipaðan hátt í öllum iðnríkjum. Það hefur verið mikið unnið að því að samræma almennar starfsreglur um eignarleiguna og m.a. hefur Evrópubandalagið haft um það forgöngu ásamt Evrópusambandi eignarleigufyrirtækja, sem kallað er Leaseurope og hefur höfuðstöðvar sínar í Brussel.

Við samningu frv. sem ég mæli hér fyrir hefur mjög verið leitað um fyrirmyndir til þessara samræmdu reglna innan Evrópu. Reyndar hefur einnig verið samstarf við eignarleigufyrirtækin sem hér starfa. Þau fyrirtæki eru nú fjögur, Féfang, sem var stofnað í lok des. 1986 og tók þá við eignarleiguþjónustu sem Fjárfestingarfélag Íslands hafði rekið, Glitnir, sem hóf starfsemi árið 1985, Lind, sem hóf sína starfsemi 1987, en það ár var einmitt mjög mikið uppgangsár fyrir eignarleigurnar, og Lýsing, sem einnig hóf störf 1987.

Það þarf ekki að fara um það mörgum orðum að þetta svið á fjármagnsmarkaðinum hefur aukist mjög og í árslok 1987 voru leigusamningarnir samanlagt að fjárhæð 4,2 milljarðar eða nálægt 1,7% af heildarlánum lánakerfisins. Undirstaðan undir þessa miklu aukningu var auglýsing fjmrn. í febrúar 1986 þar sem skýrt var frá því og tekið fram tvímælalaust að leigugjöld af eignarleigusamningum væru ekki söluskattsskyld, en á því hafði áður leikið nokkur vafi og var yfirleitt talið að um söluskattsskyldu væri að ræða af þessum leigugjöldum. Þetta er kannski meginskýringin á þeim mikla vexti sem hófst hér á árunum 1986 og 1987. Önnur skýring er þó án efa sú að frá árslokum 1986 var veitt aukið frelsi til vaxtaákvarðana og til verðbréfaútgáfu og loks komu svo til vorið 1987 almennar heimildir til þess að taka erlend lán til flestra véla- og tækjakaupa í atvinnuskyni og eignarleigufyrirtækin höfðu um það milligöngu.

Eins og verða vill um flestan nýgræðing var vöxturinn kannski dálítið rykkjóttur. Sumt fór miður vel, t.d. bar nokkuð á því að bílar væru keyptir á kaupleigu og smábátar, og þótti ýmsum sem þetta færi nokkuð úr böndum. Vegna þess að þessi starfsemi hefur helgað sér verulegan sess á fjármagnsmarkaðnum þá held ég sé nú mikil þörf á því að setja almennan ramma um starfsemi eignarleigufyrirtækjanna.

Ég ætla hér að fara fljótt yfir sögu og nefna í örfáum orðum meginefni kaflanna í þessu frv., en þeir eru fimm.

Í I. kafla frv. eru ýmsar skilgreiningar á hugtökum. Í II. kaflanum eru sett skilyrði fyrir eignarleigustarfsemi. Þar segir t.d. í 4. gr. að slík starfsemi verði einungis heimil fyrirtækjum sem hafi til þess starfs-

leyfi frá viðskrn. Skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis eru þau, eins og nú kemur fram eftir breytingar sem gerðar hafa verið í hv. Nd., að fyrirtækið sé hlutafélag og nemi innborgað hlutafé þess a.m.k. 10 millj. kr., að meiri hluti stjórnar félagsins sé búsettur hér á landi, að framkvæmdastjóri félagsins sé búsettur hér á landi, sé ríkisborgari Norðurlandaríkis og sé hann fjárráða með óflekkað mannorð.

Ég ætla ekki að tíunda efnisatriði I. og II. kafla frv. nánar en þetta, segi svo eingöngu um III. kaflann að í honum er ítarlega fjallað um eftirlit með eignarleigustarfseminni. Þar er t.d. skýrt fram tekið að þetta eftirlit skuli falið bankaeftirlitinu og því jafnframt veittar nauðsynlegar heimildir til að framfylgja sinni eftirlitsskyldu. Í þessu efni er verið að setja almenn öryggisákvæði fyrir viðskiptavini þessara leigufyrirtækja.

Í IV. kafla frv. eru svo ákvæði um viðurlög við brotum á lögunum og loks eru í V. kafla ákvæði um gildistöku sem skýra sig sjálf. Með þessum lögum er í raun og veru verið að setja það sem ég vil kalla lágmarkskröfur, lágmarksleikreglur. T.d. eru hér í 8. og 9. gr. frv. kvaðir um upplýsingaskyldu þessara fyrirtækja og að viðskiptavinir þeirra skuli sitja á sama bekk í viðskiptunum. Í 9. gr. eru mikilvæg ákvæði þar sem settar eru fram lágmarkskröfur um efni eignarleigusamninga og ég ætla að vekja sérstaka athygli á ákvæðum 4. tölul. 9. gr. um rétt leigusala og leigutaka til að rifta eignarleigusamningi, en nokkuð hefur á því borið að réttur leigutaka til að rifta leigusamningum samkvæmt ákvæðum eignarleigusamnings hafi þótt óljós og réttur leigusalans hafi verið ríkjandi. Þetta er auðvitað óviðunandi ástand því að það hefur því miður komið á daginn að ýmsir hafa gert eignarleigusamninga vegna kaupa á fjármunum í atvinnuskyni en hefur svo síðar orðið ljóst að þeir höfðu mjög þungar fjárhagsbyrðar í för með sér. Síðar er menn hafa viljað rifta þessum samningum hefur orðið þyngra undir fæti. Með þeim leikreglum sem hér er gerð tillaga um í 9. gr. yrði þetta algjörlega skýrt að uppsögn á slíkum leigumála sé skýrt skipað í eignarleigusamningum.

Hæstv. forseti. Það er tilgangur frv. að setja almennan lagaramma um þá starfsemi sem hefur rutt sér mjög til rúms á fjármagnsmarkaðinum hér á landi sl. tvö ár. Löggjafinn og framkvæmdarvaldið marka þessari starfsemi farveg fyrst og fremst með þrennum hætti:

Í fyrsta lagi með þessu frv. ef það verður að lögum.

Í öðru lagi, sem er mikilvægt og ég hef þegar nefnt, með reglunum um skattmeðferð leigugjalda og frádráttarbærni þeirra til skatts samanborið við önnur form við fjármögnun. Það hefur nokkuð borið á því í auglýsingum eignarleigufyrirtækjanna að þau hafa haldið því fram að skattmeðferð á þessari aðferð við fjármögnun sé hagstæðari en önnur. Um þetta má reyndar deila. Þetta er í mörgum greinum álitamál, en það er í öllu falli skýrt að skattmeðferð leigugjaldanna ræður úrslitum um það hvort menn telja þetta hagkvæmt eða ekki.

Alþt. 1988. B. (111. löggjafarþing).

Í þriðja lagi mótar löggjafinn og framkvæmdarvaldið þessari starfsemi farveg með heimildum til erlendrar lántöku til véla- og tækjakaupa.

Allir þessir þrír þættir, almennar reglur, skattmeðferð og heimildir til erlendrar lántöku, hafa verið mjög til umræðu og athugunar á þessu og sl. ári. Það er mikilvægt að reyna að koma á festu í starfsskilyrðum þessarar greinar eins og annarra með sanngjörnum og öruggum reglum. Ég legg áherslu á að þetta þingmál, sem er 2. mál þingsins, fái hér skjóta og vandaða afgreiðslu í þingdeildinni.

Ég legg til, hæstv. forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. og vek athygli á því að víðtæk samstaða tókst um þetta mál í hv. Nd.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þau orð hæstv. ráðherra, Jóns Sigurðssonar, að um sé að ræða frv. til laga sem full þörf er á að setja. Án þess að fjölyrða mjög um efni frv. vil ég segja strax í upphafi míns máls að með þessu frv. er hæstv. ráðherra að leggja fram frv. sem er í eðlilegu samhengi við þá þróun sem orðið hefur á Íslandi á svonefndum fjármagnsmarkaði. Frv. felur í sér ákveðnar skýringar á þeirri starfsemi jafnframt því sem settar eru, eins og hæstv. ráðherra sagði, eðlilegar og að mínu mati í flestum tilfellum réttar leikreglur á þessu sviði.

Eins og hæstv. ráðherra gat um í sinni ræðu hefur þetta rekstrarform tíðkast í nágrannalöndum til fjölda ára og einnig hefur það rutt sér til rúms á Íslandi á síðustu árum, sérstaklega í gegnum þau fjögur fyrirtæki sem hæstv. ráðherra nefndi. Ég vil því lýsa því yfir að ég styð frv. mjög eindregið en geri mér jafnframt grein fyrir því að hér er um fyrstu lagasmíð að ræða á þessu sviði þannig að gera má ráð fyrir því að þau lög, sem frv. gerir ráð fyrir að komi til framkvæmda gagnvart eignarleigustarfsemi og verði samþykkt á þingi, hljóti auðvitað að koma til endurskoðunar þegar nokkur reynsla er fengin af þeim.

Virðulegi forseti, ég tel að þetta sé hið besta mál sem þurfi að fá eðlilegan og skjótan framgang á þingi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

67. fundur, miðvikudaginn 15. mars, kl. 2 miðdegis.

Eignarleigustarfsemi, frh. 2. umr.

Stjfrv., 2. mál. — Þskj. 2, n. 610, brtt. 611.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 611,1 samþ. með 25 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 611,2 samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 611,3 samþ. með 27 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 611,4 (5. gr. falli brott) samþ. með 27 shlj. atkv.
6. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 611,5 samþ. með 27 shlj. atkv.
7. gr. (verður 6. gr.), svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 611,6 samþ. með 27 shlj. atkv.
8. gr. (verður 7. gr.), svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 611,7 samþ. með 28 shlj. atkv.
9. gr. (verður 8. gr.), svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 611,8 samþ. með 29 shlj. atkv.
10. gr. (verður 9. gr.), svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 611,9 samþ. með 29 shlj. atkv.
11. gr. (verður 10. gr.), svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 611,10 (ný gr., verður 11. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.
12. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 611,11 samþ. með 29 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 611,12 (14. gr. falli brott) samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 611,13 samþ. með 29 shlj. atkv.
15. gr. (verður 14. gr.), svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
16.–17. gr. (verða 15.–16. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv.
Ákvæði til brb. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Frv. MB, 300. mál (endurhæfingarlífeyrir). — Þskj. 549.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 31 shlj. atkv.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, frh. 1. umr.

Frv. SP o.fl., 335. mál (forgangur skattakrafna við skipti). — Þskj. 604.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 29 shlj. atkv.

Verndun fornleifa, frh. 1. umr.

Frv. AS o.fl., 301. mál. — Þskj. 555.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til menntmn. með 25 shlj. atkv.

Áfengislög, 3. umr.

Stjfrv., 176. mál (leyfi til áfengisveitinga o.fl.). — Þskj. 616, brtt. 621.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):
Herra forseti. Um þá brtt. sem hér liggur fyrir þarf ekki að hafa mörg orð. Það féll niður í nál. að breyta gildistökuákvæði laganna, en gert er ráð fyrir því að þau taki gildi 1. jan. 1969. Sá tími er liðinn og því er lagt til að því verði breytt og greinin orðist þannig: „Lög þessi öðlast þegar gildi."

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 620 samþ. með 26 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Ríkisreikningur 1987, 3. umr.

Stjfrv., 292. mál. — Þskj. 524.

Sighvatur Björgvinsson:
Herra forseti. Ég held að hv. þingdeild ætti að gæta sín örlítið í afgreiðslu þessa máls. Þannig er mál með vexti að til þess að þessi afgreiðsla nái fram að ganga með eðlilegum hætti verður auðvitað að liggja fyrir hver afstaða Alþingis er til fjáraukalaga fyrir árið 1987. Þau fjáraukalög eru nú í meðferð fjvn. og hafa verið haldnir allnokkrir fundir um þau, en niðurstaða

af þeirri athugun liggur ekki fyrir þannig að svo gæti farið að ef menn ætluðu að afgreiða ríkisreikning með þessum hætti mundi sú afgreiðsla stangast á við þá tillögu sem kynni að verða lögð fyrir Sþ. Mér finnst það ekki við hæfi, virðulegi forseti, að menn séu með þessum hætti að afgreiða ríkisreikning án þess að fjáraukalög hafi fengið meðferð og vil skjóta því til hæstv. forseta og biðja forseta að taka tillit til þessara atriða í sambandi við meðferð ríkisreikninga annars vegar og fjáraukalaga hins vegar. Ég held að það væri hyggilegt að bíða með endanlega atkvæðagreiðslu um þetta mál og fresta henni þangað til fyrir liggur hvað lagt er fyrir Sþ. um afgreiðslu fjáraukalaga.

Ég ítreka þá skoðun mína að það er ekki vansalaust með hvaða hætti ríkisreikningar eru afgreiddir á hinu háa Alþingi þar sem því sem næst enginn tími er tekinn í meðferð þeirra, hvorki í þingdeildum né í þeim nefndum sem um þau eiga að fjalla.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég tel að hv. 5. þm. Vestf. hafi nokkuð til síns máls og vil fara þess á leit við hæstv. forseta að hann verði við þeirri ósk sem fram er komin um það að geyma þessa atkvæðagreiðslu. Það er eðlilegur framgangsmáti að fjvn. gefist tækifæri til þess að ljúka sínu starfi áður en við afgreiðum ríkisreikninginn frá deildinni.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Forseti er reiðubúinn til þess að verða við þessum eindregnu óskum og er þá umræðu um þetta mál frestað og ekki meira um það að segja.

Umræðu frestað.

NEÐRI DEILD

68. fundur, miðvikudaginn 15. mars, að loknum 67. fundi.

Eignarleigustarfsemi, 3. umr.

Stjfrv., 2. mál. — Þskj. 624.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Verðbréfaviðskipti, ein umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 617 (sbr. 516).

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Hér er um að ræða 1. mál deildarinnar sem afgreitt var frá hv. Nd. fyrir örfáum vikum. Nú kemur það frá Ed. og hefur verið þar grálega leikið. Það er felld úr frv. ein megingrein þess, 30. gr., en hún hljóðar svo:

„Seðlabanki Íslands skal láta sömu reglur, eftir því sem við getur átt, gilda um verðbréfasjóði að því er varðar bundið fé og settar eru innlánsstofnunum skv. 1.–3. mgr. 8. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, eða jafngildi þeirra með kaupskyldu á öruggum verðbréfum.

Hafi Seðlabankinn hlutast til um vexti útlána hjá innlánsstofnunum á grundvelli 9. gr. laga nr. 36/1986 getur bankinn, meðan sú íhlutun varir, að fengnu samþykki ráðherra bundið ávöxtunarkröfur og annað endurgjald fyrir fjármagn í viðskiptum verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða takmörkunum sem miðast við hliðstæða áhættuflokka. Setur Seðlabankinn um það nánari reglur."

Ég tel að með því að fella þessa grein út úr frv. sé þessi lagasetning öll orðin harla lítils virði. Að vísu er hægt að bæta úr þessu með breytingu á seðlabankalögum. Hún liggur ekki fyrir og meðan svo er óska ég eftir því við hæstv. forseta að fjh.- og viðskn. deildarinnar fái þetta frv. til athugunar og málið verði ekki tekið á dagskrá fyrr en að þeirri athugun lokinni.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Að sjálfsögðu verður við þessari ósk orðið, enda í samræmi við þingsköp að nefndin fái málið til umfjöllunar.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Mál þetta er komið að nýju til Nd. vegna þeirra breytinga sem Ed. gerði á frv. Þær breytingar lúta að þeirri grein sem helst kom til umræðu þegar málið var til meðferðar í þessari hv. deild. Ég verð að lýsa því að mér sýnist að hv. Ed. hafi gert mjög skynsamlega breytingu á frv. og geri það að verkum að það er miklu aðgengilegra og líklegra til að ná settu markmiði. Ég minni á að sú nefnd sem upphaflega samdi frv. gerði ekki ráð fyrir þeim ákvæðum sem hv. Ed. hefur fellt niður og þessi breyting er mjög í hátt við þá yfirlýsingu sem hæstv. viðskrh. gaf þegar 1. umr. málsins fór fram í hv. Nd. og mjög í samræmi við túlkun hæstv. ráðherra á því orðalagi sem var á greininni í upphafi. Þess vegna lít ég svo á að hér hafi verið gerð skynsamleg breyting.

Ég minni á að þetta er 1. mál þingsins. Það hefur verið unnið mjög lengi að undirbúningi þessa máls. Hann hófst í tíð fyrrv. ríkisstjórnar. Þessi löggjöf er mjög mikilvæg og brýn. Það hefur lengi verið ljóst að

um þessa starfsemi yrði að setja löggjöf. Það kemur fram í athugasemdum með frv. að helsti tilgangur hæstv. viðskrh. með setningu þessarar löggjafar er sá að festa verðbréfastarfsemi í sessi, tryggja öryggi þeirra sem viðskipti eiga við verðbréfafyrirtæki. Það er megintilgangur þessara laga og auðvitað er það svo að þeir sem viðskipti eiga við verðbréfafyrirtæki þurfa að treysta því að um þau gildi ákveðnar reglur og réttindi þeirra séu varin. Þessi löggjöf miðar að því að ná þessu marki og ég er sammála því, sem fram kemur í athugasemdum með frv., að einmitt löggjöf af þessu tagi muni festa starfsemina í sessi og tryggja öryggi þeirra sem viðskipti eiga við þessi fyrirtæki. Þetta er 1. mál þingsins og þess vegna kominn tími til að Alþingi afgreiði það frá sér og má furðu gegna að stjórnarmeirihlutinn hefur dregið það í allan vetur að koma þessu mikilvæga máli fram.

Enn á ný er ástæða til að fagna því að nú sýnast ýmsir þeir sem áður vildu uppræta okurbúllurnar eins og það var kallað vilja ljá þessu máli lið og greiða því nú atkvæði. Það var eitt helsta stefnuatriði Alþb. að uppræta verðbréfamarkaðina, uppræta okurbúllurnar eins og það var kallað. Núna greiða þingmenn og ráðherrar Alþb. atkvæði með frv. og með þeim höfuðtilgangi þess, eins og fram kemur í athugasemdum, að styrkja og treysta þessa starfsemi. Auðvitað er það fagnaðarefni. Auðvitað verður að leggja á það ríka áherslu að þessi löggjöf verði sett og það er áhyggjuefni ef stjórnarmeirihlutinn ætlar enn einu sinni að reyna að bregða fæti fyrir frv. Þetta er 1. mál þingsins. Stjórnarmeirihlutinn hefur tafið fyrir framgangi þess í allan vetur. Auðvitað er eðlilegt fyrst óskað er eftir því að hv. fjh.- og viðskn. fjalli frekar um frv., en ég vara mjög við því ef sú ósk þýðir að það á enn að tefja framgang frv. Ég vænti þess að þá ósk beri ekki að skilja á þann veg að það eigi að koma í veg fyrir að frv. nái fram að ganga á þessu þingi því hér er um brýna þörf að ræða og hefði verið meiri sómi að því að afgreiða frv. sem lög fyrr á þessu þingi.

Árni Gunnarsson:

Herra forseti. Það frv. sem hér er til umræðu er ákaflega veigamikið og ég get tekið undir flest af því sem hv. síðasti ræðumaður sagði um það hversu nauðsynlegt væri að hraða afgreiðslu þessa máls. Hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar hefur lagt mikla vinnu í að skoða frv. og ég get ekki neitað því að það kom mér mjög á óvart eftir að nefndin hafði afgreitt frv. og það síðan farið til hv. fjh.- og viðskn. Ed. að lesa á baksíðu Morgunblaðsins að gerð hefði verið breyting í þeirri nefnd á einu veigamesta ákvæði þeirra breytinga sem fjh.- og viðskn. þessarar deildar hafði gert á frv. og fjallar um bindiskyldu verðbréfasjóða og hámörkun á vöxtum. Það kann vel að vera að þessi ákvæði bæði eigi heima í seðlabankalögum. Um það ætla ég ekki að dæma. Hins vegar er það nánast með ólíkindum að samskipti nefnda á milli tveggja deilda skuli vera svo lítil að nefndarmönnum, í þessu tilviki í fjh.- og viðskn. Nd. skuli ekki hafa verið gert viðvart um þessa veigamiklu breytingu.

Ég vil áður en ég tek frekari afstöðu til þessa máls fá að sjá þær breytingar sem fyrirhugaðar eru í sambandi við seðlabankalögin og snerta þessa þætti báða tvo. Ég tel að hér séu á ferðinni áhrifamiklir þættir til stjórnunar á þessum verðbréfamarkaði eins og ég skynja hann og skil hann og tel að það sé nánast út í hött að geta verið með bindiskylduákvæði á allt bankakerfið í landinu og hugsanleg ákvæði um hámörkun á vöxtum en að slík ákvæði séu ekki til um verðbréfasjóðina í landinu sem þá gætu leikið lausum hala utan við bankakerfið og væntanlega og að öllum líkindum boðið mun betri kjör en bankakerfið, sem nú á undir högg að sækja, gæti boðið.

En ég tel það alveg nauðsynlegt að hér komi fram mjög skýrar upplýsingar um hvernig fyrirhugað er að afgreiða þessa þætti og hvenær það verði gert. Að öðrum kosti tek ég undir með hv. formanni fjh.- og viðskn. að það ber til þess brýna nauðsyn að nefndin fái þetta mál aftur eins og hún lagði mikla áherslu á að fá þessa tvo veigamiklu þætti inn í frv.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Frv. þetta er komið aftur til Nd. eftir eina breytingu í aðalatriðum í Ed. þar sem 30. gr. frv. hefur verið felld brott, enda samkomulag fjh.- og viðskn. í Ed. að efni 30. gr. ætti miklu betur heima í seðlabankalögum. Svo stendur á að fyrir hv. Ed. liggur nú frv. til laga um breytingu á lögum um Seðlabankann þar sem einmitt eru gerðar tillögur um að breyta þeim greinum, 8. og 9. gr. laganna nr. 36 1986, þar sem fjallað er um annars vegar bindiskyldu og lausafjárhlutfall og hins vegar rétt Seðlabankans til þess að hlutast til um vaxtaákvarðanir innlánsstofnana. Það gefur auga leið að þegar þetta frv. um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði kom fram í þinginu — og það var fyrsta mál þingsins — var gerð tillaga um ákvæði í 30. gr. frv. hliðstæð bindiskylduákvæðum varðandi innlánsstofnanir í frv. til verðbréfaviðskiptalaga einfaldlega vegna þess að þá voru ekki á gangi brtt. við seðlabankalögin og þótti best á því fara að hafa þetta í einum og sömu lögunum. Nú stendur hins vegar svo á, sem ég hef skýrt frá og ég tel það að öllu leyti fara lögformlega betur, að því sem var í 30. gr. eins og henni hafði verið breytt í hv. Nd. verði efni sínu samkvæmt komið fyrir í 8. og 9. gr. seðlabankalaganna. Um það liggja nú frammi tillögur í hv. fjh.- og viðskn. Ed. og mér þykir sjálfsagt mál eins og fram kom í máli hv. 1. þm. Norðurl. v., formanns fjh.- og viðskn. þessarar deildar, og hv. 3. þm. Norðurl. e. að fjh.- og viðskn. fái tækifæri til þess að kynna sér stöðu málsins, en ég fullvissa þá um að þar eru ekki af hálfu stjórnarflokkanna uppi neinar ráðagerðir um efnislegar breytingar.

Um þessa málsmeðferð var gott samkomulag í hv. Ed. og ég vil nota þetta tækifæri til að fagna þeirri samstöðu sem tekist hefur um hinar almennu starfsreglur, hin almennu starfsskilyrði fyrir verðbréfaviðskiptin í landinu. Mikil þörf er á því að þær leikreglur verði settar og virtar. Það er hagsmunamál almennings, neytenda, viðskiptavina þessara stofnana og

reyndar þessara stofnana sjálfra að þessar reglur verði í lög festar sem allra fyrst.

Ég vona að þessi formbreyting verði ekki til þess að tefja framgang málsins en tek að sjálfsögðu undir með þeim mönnum sem hér hafa talað um það að sjálfsagt sé að fjh.- og viðskn. þessarar deildar fái tækifæri til að kynna sér málið.

Ég vil að lokum taka það fram að mér var kunnugt um þessar breytingar í hv. fjh.- og viðskn. Ed. (**Forseti:** Má ég biðja hæstv. ráðherra aðeins að doka við í máli sínu. Mér er tilkynnt að hátalarakerfi hafi fallið út þannig að það næst ekki á upptöku það sem hér er mælt. Ef ráðherrann vildi hinkra við augnablik þangað til skrifstofa upplýsir stöðu mála.) Að sjálfsögðu.

Ég þakka hæstv. forseta fyrir leiðbeiningarnar. Máli mínu var sem næst lokið. Ég vildi eingöngu ítreka það, sem ég sagði síðast, að ég vona að hv. fjh.- og viðskn. Nd. sjái að hér eru ekki uppi ráðagerðir um efnislegar breytingar. Ég vildi líka taka fram að mér var kunnugt um breytingarnar í fjh.- og viðskn. Ed., hafði samband við formann fjh.- og viðskn. Nd. um leið og ljóst varð um þessa skipan mála. Sama máli gegndi að sjálfsögðu um fjh.- og viðskiptanefndarformann Ed. sem hefði verið í góðum færum að kynna þetta samstarfsmönnum sínum.

Mér þykir leitt að þetta skuli hafa valdið töfum á málinu, en vona að því ljúki farsællega því eins og hér hefur komið fram í umræðunni er mikils um vert að þessu fyrsta máli þingsins verði lokið farsællega.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það er úr lausu lofti gripið hjá hv. 1. þm. Suðurl. að við höfum tafið afgreiðslu þessa máls. Við í fjh.- og viðskn. deildarinnar fengum í hendur sem fyrsta mál þingsins í haust fremur ófullkomið frv. eða drög að frv. um verðbréfasjóði. Við höfum unnið mikið í þessu máli og vorum búin að útbúa allgott frv. til lagasetningar. Þetta frv. væri orðið að lögum nú þegar ef Ed. hefði ekki skemmt það. Ég er ekki sammála þeim breytingum sem Ed. gerði á málinu. Ég held að það færi ekki síður vel að láta 30. gr. halda sér eins og við gengum frá henni. Það er að vísu hægt, eins og hæstv. viðskrh. orðaði það, að taka þessi ákvæði inn í seðlabankalögin. Við fáum til meðferðar frv. til laga um Seðlabanka og getum þá lögfest þessi ákvæði þar og gert það áður en við göngum frá frv.

Ég treysti því að hæstv. viðskrh. beiti sér fyrir því við formann fjh.- og viðskn. Ed. að seðlabankafrv. verði hraðað þannig að það geti komist í okkar hendur vel útbúið með gildum ákvæðum sem hald er í um þetta efni og geti það áður en langt um líður.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Nefnd sú sem samdi frv. um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði var ekki sammála um að taka upp ákvæði sem 30. gr. gerði ráð fyrir um bindiskylduna og skilaði frv. af sér til viðskrn. án þessarar greinar. Viðskrh. tekur aftur upp þessa grein í frv. og þegar hann fylgir því úr hlaði í byrjun þings hljóðaði greinin á þann veg að ráðherra getur heimilað Seðlabanka Íslands að láta sömu reglur gilda um verðbréfafyrirtæki og verðbréfasjóði að því er varðar bundið fé og settar eru innlánsstofnunum skv. 1.–3. málsgr. 8. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands.

Um þetta atriði varð ekki samkomulag og því síður eftir að a.m.k. þrír ráðherrar kokkuðu upp þessa grein og sendu fjh.- og viðskn. hana til að leggja blessun sína yfir. Eftir það mátti engu breyta, eftir að þessir ágætu þrír matreiðslumenn gengu frá þessum rétti, og þannig kom þetta hingað inn í hv. deild og þetta var knúið hér fram.

Burtséð frá því hvort það eigi að fara inn á þessa braut eða ekki er ég alveg sammála nefndinni í Ed. og einnig hæstv. viðskrh. um að auðvitað eiga þessi ákvæði öll heima fyrst og fremst í seðlabankalögunum og er miklu eðlilegra þó ég sé efnislega andvígur því að taka þessa grein inn eins og hún er. Það er alveg óbreytt. Ég fagna því afgreiðslu Ed. á þessu máli. Í raun og veru sé ég ekki að það þurfi endilega að bregða fæti fyrir fyrsta mál þingsins og gera það að einhverju skilyrði að seðlabankafrv. sé komið í hendurnar á ákveðnum mönnum og afgreitt áður en þetta frv. á að sjá dagsins ljós. Ég sé enga ástæðu til þess. Hins vegar hélt ég að það væri þó einhver metnaður í þessu ríkisstjórnarliði að reyna að knýja einhver mál fram sem þeir hafa verið að flytja í þingið en ekki alltaf setjast sitt á hvað á málin, en það er ekki mitt að dæma um hvar skipið tekur niðri því að skerin virðast vera mörg og þeim fer heldur fjölgandi en hitt.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. v. fór að bera af sér að stjórnarmeirihlutinn hefði verið að tefja fyrir þessu máli. Ég minni á að þetta er fyrsta mál þingsins. Þetta er það mál sem a.m.k. margir stjórnarliðar lögðu hvað mest kapp á og mest upp úr þegar stjórnin var mynduð að samþykkja ætti á þessu þingi. Annaðhvort hefur það gerst þegar komið er fram undir páska og fyrsta mál þingsins ekki afgreitt að stjórnarmeirihlutinn hefur verið að tefja fyrir framgangi málsins ellegar þá það hefur verið staðið að vinnu við athugun og skoðun á frv. með slíkum eindæmum og slíkum sleifarhætti að engu tali tekur. Það er auðvitað ekki hægt að verja það að fyrsta mál þingsins sé fyrst að koma til lokaafgreiðslu þegar komið er fram undir páska. Það er annaðhvort eitthvert sleifarlag eða þá að menn hafa markvisst verið að reyna að tefja fyrir framgangi málsins. Ég ætla svo sem ekki að vera að kveða upp úr með það hvor ástæðan er fyrir hendi hjá stjórnarliðinu að því er þetta mál varðar.

Það er hins vegar ámælisvert að frv. skuli ekki vera orðið að lögum því það er löngu brýnt að setja þessa löggjöf til að tryggja öryggi í verðbréfaviðskiptum, tryggja þessa starfsemi, skapa henni eðlilegan grundvöll og viðskiptamönnum hennar meira öryggi, efla þessa starfsemi eins og kemur fram í athugasemdum með frv. að er megintilgangur með þessari lagasetningu. Þess vegna er brýnt að hún nái fram að ganga og

það er ámælisvert hvernig stjórnarmeirihlutinn hefur staðið að framgangi málsins. Það er hins vegar fagnaðarefni, sem hér hefur komið fram, að hv. Ed. hefur gert breytingu á frv. til batnaðar og síst ætti það að verða til þess að menn standi hér upp enn einu sinni og reyni að tefja framgang málsins. Og ég vil mótmæla því kröftuglega, sem fram kom í máli hv. 1. þm. Norðurl. v., formanns hv. fjh.- og viðskn., ef tefja á framgang málsins og binda samþykki þess því skilyrði að eitthvað annað frv. verði afgreitt í þinginu sem er til meðferðar í hv. Ed. Það er til fullkominnar skammar fyrir stjórnarmeirihlutann ef það á að fara að binda það því skilyrði að samþykkja þetta frv. að eitthvað annað frv. í Ed. nái fram að ganga. Hvaða tortryggni er þetta í stjórnarliðinu, milli stjórnarflokkanna, hvers konar tortryggni er það að binda samþykki eins stjfrv. því skilyrði að eitthvað annað frv. nái fram að ganga? Ja, það er eitthvað mikið sem gengur á þarna á milli ef menn treysta ekki hverjir öðrum betur en þetta.

En ég bendi á að það frv. sem þarna um ræðir er auðvitað mikill ágreiningur um og með öllu ástæðulaust, tilefnislaust og óverjandi að fara að tengja afgreiðslu þessa frv. við frv. uppi í Ed. og ég mótmæli þeim töfum sem hér eru með skipulögðum hætti hafðar í frammi því það er brýnt og löngu orðið nauðsynlegt að þessi löggjöf verði sett.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég lýsi ánægju minni yfir þeim mikla áhuga sem fram kemur hjá þeim hv. 1. þm. Suðurl. og 1. þm. Vestf. að flýta fyrir framgangi helstu mála stjórnarinnar. Það er mjög ánægjulegt og ég fagna því.

Ég vil líka nota þetta tækifæri til þess að þakka hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar fyrir hennar vönduðu vinnu að þessu frv. og mótmæli því að það starf hafi tafið þetta mál. Það er ekki rétt. Það hefur þvert á móti bætt þetta mál. Nú stöndum við í þeim sporum að það þarf að ganga frá fáeinum formsatriðum til að ljúka málinu. Ég fulltreysti því að það takist gott samstarf með forsvarsmönnum fjh.- og viðskn. beggja deilda til að finna þessu mikilvæga máli farsælan lendingarstað. Ég veit að það mun ekki taka langan tíma.

Árni Gunnarsson:

Herra forseti. Nokkur orð vegna orða hv. þm. Þorsteins Pálssonar.

Ég verð að segja honum eins og er að oft hafa þingmál verið lengur á leiðinni í gegnum þingnefndir og þingið en þetta stóra og mikla mál um verðbréfasjóði. Ég fæ ekki skilið hvernig hann getur með fullum rétti staðið hér upp og talið það ámælisvert hversu hægt að hans mati þetta mál hefur gengið í gegnum hv. fjh.- og viðskn. Ég hefði talið að fyrr hefði þurft en nú er verið að gera að setja löggjöf um verðbréfasjóði hér á landi. Og það hefði staðið nær ýmsum öðrum mönnum en þeim sem nú tala fyrir hönd fjh.- og viðskn. í þessari umræðu að gera það fyrr.

Það sem er auðvitað vandinn í þessu máli er að þeir menn, sem börðust fyrir því að fá bindiskylduákvæðin og hámarksvaxtaákvæðin inn í þetta frv., eru ekki alveg sáttir við það að þessi ákvæði verði tekin inn í seðlabankalögin. Það er túlkunaratriði af hálfu lögfræðinga hvort þau eigi betur heima inni í þessum lögum eða í seðlabankalögunum sjálfum. Það hlýtur því hver maður að skilja að hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar hlýtur að bregða nokkuð í brún þegar jafnveigamikill þáttur í jafnveigamiklu frv. er tekinn út af hálfu hv. fjh.- og viðskn. Ed., orðalaust og án þess að nokkurt samráð sé haft við hv. fjh.- og viðskn. Nd. um málið.

Ég verð einnig að lýsa þeirri skoðun minni að hv. fjh.- og viðskn. Nd. hafi unnið mjög gott starf við það að yfirfara frv. Það þurfti ýmissa breytinga við, ekki bara efnisbreytinga heldur og orðalagsbreytinga í stórum stíl. Í þetta fóru margir fundir nefndarinnar og í henni var gott samstarf. Ég vil t.d. gjarnan þakka samstarf við hv. þm. Matthías Bjarnason, sem hér talaði áðan, og öruggt og gott samstarf sem við áttum við aðra hv. stjórnarandstæðinga. Ég segi líka, eins og hæstv. viðskrh. sagði áðan, að það er mjög ánægjulegt að stjórnarandstaðan skuli styðja þetta mál af jafnmikilli eindrægni og einhug og komið hefur fram hér í umræðunum í dag. Þetta er mikilsvert mál og það er mikilsvert að það nái fram að ganga hið skjótasta. Ég tek algjörlega undir það. Og það dettur engum manni í hug sem hér hefur talað af hálfu stjórnarsinna að bregða fæti fyrir þetta frv. á einn eða annan hátt. Hér er fyrst og fremst um að ræða tæknilegt atriði sem ég vildi vekja athygli á fyrir mína hönd vegna þess að ég taldi óeðlilega að þessu staðið, að flytja þessa brtt. á þann hátt sem hv. fjh.- og viðskn. Ed. hefur gert.

Að öðru leyti mun ég ekki ræða þetta mál og ekki standa því fyrir þrifum eða standa að því að það tefjist hér í þessari umræðu.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða efnislega þetta frv. sem hér liggur fyrir. Ég tel að sú breyting sem gerð var í Ed. á þessu frv. hafi verið til bóta. Í raun og veru væri ekkert því til fyrirstöðu að samþykkja þetta mál á þessum fundi. Venju samkvæmt er þó eðlilegt að málið fari til fjh.- og viðskn. Sú nefnd, og reyndar aðrar nefndir, hafa reyndar oft skoðað breytingar af þessu tagi áður en málin koma til 3. umr. og hefði auðvitað verið unnt að gera það í þessu tilviki.

En það er annað og meira sem býr hér á bak við sem ég vil sérstaklega vekja athygli á í þessari umræðu og undirstrika. Hv. 3. þm. Norðurl. e. Árni Gunnarsson orðaði það á þá leið að nefndarmönnum í fjh.- og viðskn. Nd. hafi brugðið í brún þegar þeir sáu að búið var að breyta þessu frv. og lásu það á baksíðu Morgunblaðsins á sínum tíma. Hvers lags samskipti eru á milli stjórnarliða, ekki aðeins milli flokka, eins og hér er að koma í ljós að eru ekki upp á það allra besta, heldur á milli manna innan stjórnarflokkanna? Það sem hv. þm. Árni Gunnarsson er með öðrum orðum að segja er að formaður þingflokks Alþfl., hv. formaður fjh.- og viðskn. Ed., hafi ekki látið svo lítið sem að láta sinn þingflokk vita eða nefndarmenn síns

flokks í fjh.- og viðskn. Nd. Og það sama er að gerast með fjh.- og viðskn.-menn annarra flokka stjórnarliðanna. Þetta virðist koma mönnum hér gjörsamlega á óvart. Þeim „bregður í brún" þegar þeir sjá hvað gerst hefur. Þetta sýnir auðvitað að það er allt í upplausn, ekki aðeins á milli flokka í þessari ríkisstjórn heldur á milli manna innan flokka. Það veit enginn lengur hvernig hver vinnur, hægri höndin veit ekki hvað sú vinstri gerir.

En ég vil sérstaklega vekja athygli á öðru atriði í þessu sambandi. Auðvitað reynir hæstv. viðskrh. að breiða yfir þann ágreining sem hér er kominn upp innan stjórnarinnar. Það er auðvitað ráðherra siður og ráðherra háttur að gera það, og hann orðar það þannig að það sé jú rétt að málið fari til nefndar en það séu fáein formsatriði óleyst áður en hægt sé að afgreiða málið héðan. Það er sko ekki svo að það séu fáein formsatriði óleyst. Hv. 1. þm. Norðurl. v. Páll Pétursson reiðir öxina yfir höfuð hæstv. viðskrh. í þessu máli. Hann segir: „Ég mun ekki afgreiða þetta mál frá fjh.- og viðskn. Nd. fyrr en ég er búinn að sjá til þess að seðlabankafrv. fari úr nefndinni og í gegnum deildina." M.ö.o., eins og ég sagði, hann reiðir öxina að höfði hæstv. viðskrh. í þessu máli. Það þýðir því ekkert, hvorki fyrir hæstv. viðskrh. né neina aðra, að vera að breiða hér yfir. Það er greinilega bullandi ágreiningur í þessu máli á milli stjórnarflokkanna, og ekki nóg með það, bullandi ágreiningur á milli manna innan stjórnarflokkanna.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Ég óska eftir því að hæstv. viðskrh. verði viðstaddur þessa umræðu. (**Forseti:** Hæstv. viðskrh. tjáði forseta að hann þyrfti að mæla fyrir máli í Ed. og er væntanlega að því, en ég mun koma boðum til hæstv. ráðherra.) (**PP:** Er þetta þriðja ræða 1. þm. Suðurl.?) Ég ætlaði að fá að gera örstutta athugasemd, herra forseti. En ég tel nauðsynlegt að hæstv. viðskrh. sé viðstaddur. (**Forseti:** Samkvæmt þeirri skrá sem forseti hafði þá er þetta önnur ræða hv. þm., en það kann að vera að hann hafi verið búinn að tala tvívegis áður. Og þá er hér um örstutta athugasemd að ræða.) En, herra forseti, ég óska eftir því að hæstv. viðskrh. hlýði á þessa örstuttu athugasemd vegna þess að henni er beint til hæstv. ráðherra og spurning er hvort forseti gerir þá hlé á umræðunni þar til hæstv. viðskrh. getur verið viðstaddur. (**Forseti:** Boðum verður nú komið til hæstv. ráðherra. Og það verður gert örstutt hlé á meðan gengið er úr skugga um hvort hann getur verið hér við umræðuna.)

Forseti (Hjörleifur Guttormsson):

Það er upplýst að hæstv. viðskrh. er í ræðustól í Ed. Ef hv. þingdeild hefur ekki við það að athuga verður umræðunni nú frestað smástund og tekið fyrir þriðja mál á dagskrá.

Umræðu frestað.

Jöfnun á námskostnaði, 1. umr.

Stjfrv., 175. mál. — Þskj. 589.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði. Þetta er efrideildarmál og hefur farið þar í gegn með fullu samkomulagi allra flokka sem þar eiga fulltrúa. Frv. er unnið af nefnd sem skipuð var 18. febr. 1987 af þáv. menntmrh., Sverri Hermannssyni. Nefndin skilaði síðan af sér til mín á haustdögum og var frv. lagt fyrir yfirstandandi þing í nóvember eða desembermánuði sl.

Frv. felur ekki í sér grundvallarbreytingar á því kerfi sem verið hefur varðandi þróun námsstyrkja og úthlutun námsstyrkja á undanförnum árum. Það má segja að meginbreytingin sé fólgin í því að gert er ráð fyrir að þau ákvæði um grundvallaratriði við úthlutun námsstyrkja, sem áður voru í reglugerð, að verði nú tekin inn í lögin sjálf skv. 3. gr. frv. En að öðru leyti er ekki um grundvallarbreytingar að ræða.

Meginvandinn við þennan þátt okkar mála hefur auðvitað verið sá að framlögin til jöfnunar námskostnaðar hafa farið stöðugt lækkandi. Þannig var meðalupphæð á hvern nemanda sem styrk fékk árið 1975 26.490 kr. (á verðlagi nóvember 1987). En þessi upphæð var á árinu 1987 komin niður í 12.496 kr. á sambærilegu verðlagi. Samkvæmt frv. til fjárlaga fyrir árið 1989 og samkvæmt fjárlögum ársins 1989 var hins vegar tekin ákvörðun um það að hækka mjög verulega framlögin til þessa verkefnis, eða úr 25 millj. kr. á árinu 1988 í 50 millj. kr. á árinu 1989.

Sú nefnd sem um þessi mál fjallar vinnur nú að úthlutun á grundvelli gömlu laganna og gömlu reglugerðarinnar og geri ég ráð fyrir því að þeirri úthlutun ljúki núna alveg þessa dagana. En þetta frv., eins og það lítur nú út eftir meðferð málsins í Ed., gerir ráð fyrir því að nýskipan þessara mála taki gildi frá og með 1. jan. 1990.

Vert er að geta þess, herra forseti, að við umræður málsins í hv. Ed. var sérstaklega fjallað um 5. gr. frv. og einkum síðustu málsgrein 5. gr. En þar segir svo, með leyfi forseta:

„Einnig er námsstyrkjanefnd heimilt að skerða eða fella niður styrki til einstakra nemenda ef þeir njóta umtalsverðra tekna samhliða námi sínu eða ef aðrar gildar ástæður mæla með fráviki frá meginreglum."

Það var hvatt til varfærni við notkun þeirrar takmörkunarheimildar sem hér um ræðir, einkum þegar um er að ræða láglaunanámsmenn sem fara í vinnu skamma stund og ná kannski dálitlum tekjum, augnablik, en ættu alla jafna að eiga rétt á því að fá stuðning samkvæmt þessum lögum.

Við meðferð málsins í hv. Ed. skýrði ég frá því að ég mundi taka þessi sjónarmið til sérstakrar athugunar um leið og reglugerð verður skrifuð um þennan málaflokk. En ég geri ráð fyrir því að hún yrði gefin út í tæka tíð, þannig að hún tæki gildi sama dag og lögin tækju gildi, ef þetta frv. verður samþykkt svo

sem ástæða er til að vona þar sem um það var mjög víðtæk samstaða í hv. Ed.

Ég tel ekki ástæðu til að tefja þennan fund á lengri framsöguræðu, virðulegi forseti, og legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Það er ástæða til þess að fagna framkomnu frv. og vona að það hljóti eins góðan byr hér og það hlaut í Ed.

Þó að þarna sé að vísu ekki að finna neinar grundvallarbreytingar á framkvæmd mála þá er vissulega til bóta að svo mikilvægt mál eigi sér stoð í lögum því að þetta er vissulega mikið réttlætismál, bæði sem byggðamál og eins getur þetta skipt sköpum ef fjárhagur foreldra eða nemenda er bágur.

Það er auðvitað mikill kostnaður sem fylgir því að stunda nám fjarri heimili og er þá í eðli sínu mismunun í því fólgin ef ekki kemur til aðstoð opinberra aðila. Þó er ástæða til að minna hér á að í 2. gr. frv. þessa er kveðið á um að þetta eigi við um nemendur sem stunda reglubundið framhaldsnám hér á landi. Nú er það svo að ýmsar ástæður geta valdið því að fólk hætti í skóla eða detti út úr skóla og vilji síðan taka upp þráðinn að nýju seinna og á þá e.t.v. eftir að ljúka grunnskólanámi og væri vissulega til bóta ef inn kæmi ákvæði sem heimilaði sams konar fyrirgreiðslu til nemenda sem náð hafa 16 ára aldri þannig að þeir gætu notið þessarar aðstoðar þó þeir væru enn í grunnskólanámi. Það er mjög mikilvægt fyrir hvern einstakling og þjóðina í heild að menntun sem flestra sé sem mest og best og því ástæða til þess að auðvelda fólki sem af einhverjum orsökum dettur út úr skóla að taka þráðinn upp aftur.

Varðandi b-liðinn í 3. gr., þá er það vissulega breyting því að hingað til hefur það verið svo að nemendur hafa sjálfir þurft að greiða launakostnað starfsfólks í mötuneytum og hafa þar ekki deilt kjörum með kennurum sínum sem hafa notið þeirrar fyrirgreiðslu að þurfa ekki að taka þátt í þessum launakostnaði. Í því sambandi má minna á að á sl. þingi flutti hv. þingkona Danfríður Skarphéðinsdóttir ásamt fleirum þáltill. um einmitt þetta atriði, að hið opinbera tæki þátt í launakostnaði eða tæki að sér að greiða launakostnað starfsfólks í mötuneytum.

C-liðurinn í 3. gr. tekur á húsnæðisstyrkjum sem eru veittir nemendum sem ekki eiga kost á heimavist. Einmitt varðandi þetta ákvæði skjóta strax upp kollinum efasemdir um framkvæmd þessa frv. Í útreikningum um kostnaðarmat vegna þessa frv. sem kemur frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun, þar sem tekið er á áætluðum húsnæðiskostnaði er reiknað með að hann sé að meðaltali 5397 kr. á mánuði. Nú vill svo til að leiga sem borguð er á stúdentagarði við Háskóla Íslands er 8800 kr. á mánuði og má ætla að ekki sé ódýrara að búa utan heimavistar en innan. Húsnæðisstyrkjum er ætlað að koma að hálfu til móts við húsnæðiskostnað nemenda og ef maður reiknar t.d. þetta dæmi áfram þá er munurinn um 3400 kr. á mánuði. Og ef slíkt tilfelli kæmi upp þá væri styrkurinn vanreiknaður um 1700 kr. á mánuði, þ.e. 15.300 kr. á ári, og margan munar nú um minna.

Í d-lið 3. gr. er ákvæði um sérstaka styrki til efnalítilla nemenda og í því samhengi er aftur endir 5. gr. um að heimilt sé að skerða ýmsa styrki ef tekjur fara umfram ákveðið mark, þannig að þetta tekur svona á sitt hvorum enda þess máls.

En þá er nú ástæða til þess að minna á gamlar og sérstaklega nýjar upplýsingar um launavinnu nemenda. Nýjustu upplýsingar gefa til kynna að hún geti verið allt að 30–40 klukkustundir á viku umfram vinnutíma nemenda í skóla. Þá er nú vinnuvika nemenda komin talsvert yfir meðalvinnutíma í landinu og slagar hátt upp í vinnutíma útivinnandi húsmæðra og er þá langt jafnað. Það er alvarlegt umhugsunarefni hvað veldur þessari þrælkun. Er það sú neysluhyggja sem haldið er að öllum þegnum þjóðfélagsins og hefur borið svona góðan árangur í uppeldi barna og unglinga að þeir sjá sér ekki fært að vera án alls þess munaðar sem þjóðfélagið hefur upp á að bjóða og skilar sér með svona áhrifaríkum hætti eða er fjárhagur margra nemenda svona bágur? Þetta þarf vissulega að athuga nánar og afla upplýsinga um þetta sem byggja má á og bregðast síðan við á viðeigandi hátt. Við getum ekki látið það óátalið að verið sé að reka hér menntastofnanir með ærnum tilkostnaði ef þeir nemendur sem þar stunda nám geta ekki stundað það sem skyldi vegna vinnu, hvort sem það er af ofneysluástæðum eða af fjárhagsástæðum einum.

Ég verð þá aftur að minna á þáltill. sem hv. þingkona Kristín Halldórsdóttir flutti hér á síðasta þingi en hún tók einmitt á þessum málum. Þar var lagt til að gerð yrði sérstök könnun á umfangi og orsökum launavinnu nemenda. Við hljótum að vilja standa vel að menntun æskulýðsins og ástunda jafnrétti til náms og að gæðakröfur séu miklar, bæði á hendur skólakerfinu og nemendum. Samfélaginu í heild er nauðsyn á vel menntuðu fólki ef vel á til að takast og einstaklingar eiga rétt á því sama sjálfum sér til heila. Lítið verður hins vegar um góðan ásetning ef nemendur eru svo uppteknir við annað en nám að það fari fyrir ofan garð og neðan hjá þeim. Einnig er það bæði sorglegt og skaðlegt ef ungt fólk getur ekki stundað félagslíf og áhugamál, treyst vinabönd og í stuttu máli notið þess að vera ungt, leitandi og njótandi.

Þó að þetta vandamál sem ég geri að umræðuefni hér sé nú ekki nema að hluta til viðfangsefni þessa umrædda frv. er ástæða til þess að minna á að við þessu vandamáli verður að bregðast. Ég vil þá bara ítreka ánægju með framkomið frv. en minna aftur á að framkvæmd verður að vera raunhæf og í samræmi við veruleika nemenda ef það á að ná tilætluðum árangri.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til menntmn. með 24 shlj. atkv.

Verðbréfaviðskipti, frh. einnar umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 617 (sbr. 516).

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Það skal vera örstutt athugasemd. Vegna ásakana hv. 3. þm. Norðurl. e. um það að að réttu lagi hefði það verið annarra að hafa forgöngu um þetta frv. ætla ég að minna á að þetta var eitt helsta stefnuatriði hæstv. fyrrv. ríkisstjórnar og að undirbúningi málsins var þá unnið af hálfu viðskrh. Hann kappkostaði að vanda undirbúninginn sem mest má verða og ég gagnrýni það ekki. Sá undirbúningstími sem til þurfti leiddi hins vegar til þess að það tókst ekki að leggja þessi mál fyrir síðasta þing. En þetta var eitt höfuðstefnumál þeirrar ríkisstjórnar og eitt af þeim atriðum sem sumir notuðu sem átyllu til frjálshyggjuáróðurs gegn þeirri stjórn.

Það vekur líka furðu mína þegar þingmenn stjórnarliðsins eru að kvarta hér yfir þeirri ákvörðun sem tekin var í Ed. Sú ákvörðun var tekin af hæstv. viðskrh. og hæstv. forsrh. og er undarlegt að stjórnarliðið sé að kvarta undan þeim ákvörðunum þegar komið er hér til Nd.

Aðalerindi mitt var hins vegar þetta. Hæstv. viðskrh. lýsti því hér yfir í umræðunni að hann fagnaði áhuga stjórnarandstæðinga á frv. Það er eitt helsta keppikefli Sjálfstfl. að fá þessa löggjöf setta og hefur lengi verið. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra, að gefnu tilefni eftir að hv. 1. þm. Norðurl. v., formaður fjh.- og viðskn., hefur lýst því yfir að hann ætli að tefja framgang málsins og binda samþykki þess skilyrði fyrir því að annað frv. verði samþykkt, hvort hæstv. ráðherra sé reiðubúinn að standa hér upp og lýsa því yfir fyrir hönd stjórnarliðsins að engin slík bellibrögð verði höfð í frammi og þetta mál fái framgang og eðlilega meðferð hér í þinginu og verði ekki tafið með því að tengja það afgreiðslu annarra mála. Ég óska eftir því að hæstv. ráðherra svari þessu og þá komi skýrt fram hver hinn raunverulegi áhugi stjórnarliðsins er varðandi framgang þessa máls.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Eins og óskað var, aðeins örstutt athugasemd. Ég get endurtekið það sem ég sagði. Ég fagna áhuga stjórnarandstöðunnar á framgangi þessa máls, staðfesti það sem fram kom í máli hv. 1. þm. Suðurl., að setning almennra leikreglna um þessa starfsemi á fjármagnsmarkaðinum var svo sannarlega á stefnuskrá þeirrar ríkisstjórnar sem hann veitti forstöðu. Það mál er nú hér á lokastigi og það er ánægjulegt. Ég vil ekki gera allt of mikið úr því þótt hér þurfi aðeins að hyggja að því að rétt sé um alla hnúta búið og tryggilega frá málum gengið. Ég vil alls ekki kalla það bellibrögð þótt formaður fjh.- og viðskn., hv. 1. þm. Norðurl. v., vilji huga að því hvernig fer um þetta mál sem honum finnst eðlilega vera sér skylt vegna þess hversu mikið starf sú nefnd sem hann stendur fyrir hefur lagt í málið í vetur. Þetta er nú málið. Ég tel enga ástæðu til þess að setja hér á mikla svardaga um það hvort þetta mál gengur fram fyrr en önnur þingmál en tek það fram að ég hef mikinn áhuga á því að það þingmál sem hv. þm. Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v., nefndi, nefnilega breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands, þar sem efnisatriðunum úr 30. gr. þessa frv. er nú fyrir komið í hv. fjh.- og viðskn. Ed., nái fram að ganga. (**ÞP:** Er ráðherrann að samþykkja talnaleik hv. þm.?) Þetta er ekki tafaleikur hjá hv. þm., þetta er eingöngu ábyrg formennska hans í hv. fjh.- og viðskn. En ég á ekki von á öðru en hv. 1. þm. Suðurl., svo þing- og stjórnreyndur sem hann er, sé það ljóst að oft tengist eitt mál öðru þótt ég sjái reyndar ekki neina sérstaka þörf á því í þessu máli að bíða eftir samþykkt þingmálsins um breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands til þess að þetta mikilvæga mál, leikreglur fyrir verðbréfaviðskiptin, nái fram að ganga.

Umræðu frestað.

Erfðalög, 1. umr.

Stjfrv., 208. mál (önnur erfð, óskipt bú o.fl.). — Þskj. 332.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á erfðalögum, nr. 8 14. mars 1962, með síðari breytingum. Frv. þetta er samið af þeim Markúsi Sigurbjörnssyni, settum prófessor, Ragnari H. Hall borgarfógeta og Skúla Guðmundssyni, deildarstjóra í dómsmrn. Aðalatriði frv. eru einkum eftirfarandi:

1. Að breytt verði núgildandi reglu 1. mgr. 3. gr. erfðalaga sem kveður á um að foreldrar látins manns taki arf á móti maka hans ef hann lætur enga niðja eftir sig í það horf að maki verði einkalögerfingi hins látna við þær aðstæður.
2. Að heimildir langlífari maka til setu í óskiptu búi verði rýmkaðar verulega.
3. Að reglum erfðalaga verði breytt um frádrátt fyrirframgreiðslu arfs við endanlegt uppgjör hans.
4. Erfðalögum verði breytt þannig að þau falli að fyrirhuguðum aðskilnaði dómsvalds og umboðsvalds í héraði.
5. Tilvísunum verði breytt í erfðalögum til annarra laga sem nú eru fallin úr gildi og settar þess í stað tilvísanir til núgildandi reglna.

Frv. þetta hefur hlotið meðferð í hv. Ed. og um þar var það full samstaða. Þar er m.a. byggt á þeirri umræðu sem hér hefur verið á hv. Alþingi á undanförnum árum og kom m.a. fram í lögum nr. 29/1985 og einnig má vísa til umræðu um málið sem síðan hefur verið hér á Alþingi.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja mál þetta frekar. Ég tel hér um mikilvægt mál að ræða og að það sé veruleg bót frá því sem verið hefur og um nauðsynlega

breytingu að ræða sem ég vænti að jafngóð samstaða geti ríkt um hér í hv. Nd. og í hv. Ed.

Ég vil að lokinni þessari umræðu leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Guðrún Helgadóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að þakka hæstv. dómsmrh. fyrir framlagningu frv. og jafnframt hæstv. fyrrv. dómsmrh. sem gerði slíkt hið sama.

Ég held að hér sé hreyft einhverju mesta þjóðþrifamáli sem lengi hefur komið fram hér á hinu háa Alþingi. Þetta frv. varðar alla landsmenn endanlega. Ég flutti hér á tveim þingum, ég held að það sé rétt hjá mér að það hafi verið löggjafarþingin 1983–1984 og 1984–1985, frv. til laga um breytingu á erfðalögum til að afnema það hróplega óréttlæti sem hefur viðgengist allt þar til lögin nr. 29 frá 1985 tóku gildi, að niðjar látins maka gætu haft næstum full forráð yfir búi eftirlifandi foreldris síns.

Ég fagna því jafnframt að hér hefur verið litið til stjúpbarna líka. Á sínum tíma skrifaði ég um það margar blaðagreinar að ég teldi að það væri afar óheppilegt að stjúpbörn hefðu enn frekar í hendi sér yfirráð yfir eigum stjúpforeldris síns en börn hefðu yfir eigum foreldra sinna beggja og yrði það síst til þess að bæta sambúð hálfsystkina. Allt var þetta fyrirkomulag til stórskaða að ég held fyrir fjölmargar fjölskyldur í landinu. Ég tel að mér sé óhætt að segja hið sama og oft hefur komið fram áður, m.a. hjá einum meðflm. frv., hv. 6. þm. Reykv. Guðrúnu Agnarsdóttur, að fá frumvörp hafa vakið eins almenna athygli og flutningsmenn fengið eins margvísleg viðbrögð eins og þegar þetta mál var í gangi hér á tveimur þingum.

Ég fagna því þess vegna ákaflega að þetta frv. skuli fram komið og hv. Ed. skuli vera búin að afgreiða það til þessarar hv. deildar og treysti því að hv. allshn. flýti afgreiðslu þessa máls svo að það nái að verða að lögum á þessu þingi. Ég hygg að margir muni að því loknu bera hlýjan hug til hins háa Alþingis, aldrei því vant.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég vil taka undir þau orð hv. 13. þm. Reykv. að þetta frv. hefur vakið mikla athygli úti í þjóðfélaginu og fögnuð þeirra sem það snertir því að svo var nú komið að ýmis ákvæði þeirra laga sem áður voru og eru í gildi samrýmdust engan veginn þeim tímum sem við lifum á. Ég vil því lýsa ánægju minni með að þetta frv. er komið hér fram og komið þetta langt á leið að þess má vænta að það verði afgreitt sem lög á þessu þingi. Þær breytingar sem það felur í sér eru yfirleitt allar til bóta, enda komnar fram af þörf. Það er nú svo að fram að þessu hefur staða langlífari maka oft verið nokkuð óviss. Hann hefur verið háður vilja barna sinna og/eða stjúpbarna um það hvort honum leyfðist að sitja í óskiptu búi og þetta hefur allt of oft valdið því að högum manns hefur verið raskað umfram það sem fráfall maka eitt og sér gaf tilefni til. Þó að lög nr. 29/1985 bættu nokkuð úr þessu er það svo að flestir draga að gera erfðaskrá, telja nógan tíma til þess, og einn daginn er það svo um seinan. Því er það af hinu góða í frv. að það tryggir aukinn rétt eftirlifandi maka til setu í óskiptu búi. Stjúpniðjar eftirlifandi maka eiga þó áfram rétt til að krefjast skipta, en heimildir þeirra eru gerðar þrengri en annarra niðja. Mér finnst það líka mjög til bóta að tekið sé tillit til réttar stjúpbarna með frv. fremur en áður var.

En hvað sem því líður vil ég að það komi skýrt í ljós að Kvennalistinn styður frv. og vonast til að takist að afgreiða það sem lög.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Grunnskóli, 1. umr.

Frv. ÞÞ o.fl., 309. mál (kynning á menningarstarfsemi). — Þskj. 564.

Flm. (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég get ekki látið hjá líða að minnast á það einu sinni enn að óskandi væri að sá eldmóður sem hér ríkir þegar eitthvað viðkomandi peningum er til umræðu lýsti sér víðar en þegar þau mál ber á góma. En það er ekki að sökum að spyrja, það sannast æ ofan í æ að fátt annað vekur áhuga meiri hluta þingmanna sem sést best á því að flestir hafa þeir yfirgefið salinn. Ég vil samt mælast til þess að hæstv. menntmrh. verði kallaður til ef hann er að finna í húsinu. (**Forseti:** Það mun verða gert.)

Frv. það sem hér um ræðir og ég er 1. flm. að felur í sér breytingu á lögum nr. 63/1974, um grunnskóla, með síðari breytingum. Flm. með mér eru Ragnhildur Helgadóttir, Guðrún Helgadóttir, Guðmundur G. Þórarinsson, Óli Þ. Guðbjartsson og Árni Gunnarsson.

43. gr. grunnskólalaga kveður á um í rauninni hvað kennt skuli í grunnskólum þó að auðvitað sé það ekki tæmandi upptalning. Eflaust munu einhverjir álíta að nægilegt væri að ákvæði þessa frv. kæmu í reglugerð eða námsskrá en mín skoðun er sú að svo aðkallandi sé að reyna að styrkja tengsl barna og unglinga við menningu og sögu þessa lands að það verði að eiga sér stoð í lögum. Ekki síst þegar maður veit að flestar þær greinar sem að þessu lúta á einhvern hátt eiga mjög undir högg að sækja í skólakerfinu og fá miklu minni tíma en þeim er ætlað samkvæmt námsskrá. T.d. er öll list- og verkmennt víða á landinu með þeim hætti að ekki er einu sinni framfylgt lögum. Vil ég í því sambandi minna á að nú er liðið eitt og hálft ár síðan ég sem hér stend lagði fram beiðni um skýrslu um stöðu þeirra greina í grunnskólum og framhaldsskólum landsins. Það leið allt fyrra þing án þess að sú

skýrsla kæmi. Innti ég margoft eftir henni og var æ ofan í æ tjáð að hún væri rétt ókomin. Þessi beiðni var síðan ítrekuð núna í haust, en sama sagan virðist ætla að endurtaka sig. Það stendur eitthvað á komu skýrslunnar og því er borið við að nægar upplýsingar hafi ekki borist. Ég veit það af tali mínu t.d. við námsstjóra í umræddum greinum að þeir hafa stórar áhyggjur af því hvernig að þeim er staðið og segja að þar halli sífellt meir undan fæti. (**Forseti:** Vegna þess sem fyrr kom fram í máli hv. ræðumanns vill forseti geta þess að menntmrh. mun ekki staddur í húsinu þannig að það hefur ekki náðst til hans eins og til var ætlast.) Já, það þykir mér leitt að heyra þar sem hann var nú staddur hér fyrir skömmu og þar sem ég veit að þetta mál hefur borið fyrir hans sjónir, hann hefur þegar kynnt sér það og að mér skilst haft ákveðnar skoðanir á því og framkvæmd þess, þá mælist ég til að málið verði tekið út af dagskrá núna og verði tekið upp að nýju þegar hæstv. menntmrh. getur séð sér fært að verða viðstaddur. Mér finnst að málið sé af því tagi að það sé í rauninni ekki forsvaranlegt að ræða það án þess að hann sé hér viðstaddur. (**Forseti:** Þá er ekkert því til fyrirstöðu að fresta umræðunni til þess.) Ég þakka fyrir það.

Umræðu frestað.

Lyfjadreifing, 1. umr.

Stjfrv., 287. mál (sala bóluefnis til ónæmisaðgerða o.fl.). — Þskj. 519.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 76/1982, um lyfjadreifingu, með síðari breytingum, sem flutt er á þskj. 519 og er 287. mál Ed.

Frv. það sem hér er til umræðu er samið í ráðuneytinu að höfðu samráði við landlæknisembættið og Lyfjaeftirlit ríkisins. Með frv. er lagt til að Lyfjaverslun ríkisins verði heimilt að selja bóluefni til ónæmisaðgerða samkvæmt lögum um ónæmisaðgerðir, nr. 38/1978, með síðari breytingum, til lækna, heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa og enn fremur að selja flúortöflur og flúorupplausnir til tannverndar, til lækna (tannlækna) og heilsugæslustöðva. Þetta hefði í för með sér að Lyfjaverslun ríkisins gæti annast milliliðalaust sölu bóluefnis til ónæmisaðgerða og sölu á flúortöflum og flúorupplausnum til tannverndar til áðurgreindra aðila, án þess að til afskipta lyfjaverslana komi.

Almenna reglan er sú að öll sala lyfja fari fram á vegum lyfsala, þ.e. apóteka og annarra aðila sem hafa leyfi til lyfjasölu, en það eru fyrst og fremst nokkur sveitarfélög.

Það er skoðun ráðuneytisins, landlæknis og Lyfjaeftirlits ríkisins að nauðsynlegt sé að hafa hér annan hátt á varðandi bóluefni vegna þess að Lyfjaverslun ríkisins ber að annast útvegun bóluefnis samkvæmt lögum nr. 38/1978, um ónæmisaðgerðir, og nauðsynlegt er að afgreiðsla geti gengið fljótt fyrir sig.

Á undanförnum árum hefur flúortöflum og flúorupplausnum verið dreift til barna og ungmenna á skólaskyldualdri. Hér er um að ræða svokallað forvarnarstarf sem skipulagt hefur verið af hálfu ráðuneytisins á vegum sérstakrar tannheilsudeildar í náinni samvinnu við heilsugæslustöðvar, héraðslækna og skóla og hefur skilað nokkrum árangri á undanförnum missirum. Ráðuneytið telur að hlúa þurfi betur að þessari starfsemi og að það verði m.a. gert með því að heimila Lyfjaverslun ríkisins að selja flúor á þennan hátt til lækna, tannlækna og heilsugæslustöðva án milliliða lyfjaverslana. Slíkt fyrirkomulag ætti að spara tíma og fyrirhöfn og leiða til lægri kostnaðar fyrir hið opinbera.

Þeirri skipan sem lýst er hér að framan hefur verið framfylgt á undanförnum árum þótt lög standi ekki til þess án þess að við henni hafi verið amast. Ráðuneytið telur því nauðsynlegt að lögum um lyfjadreifingu verði breytt og sú venja sem hér hefur myndast verði lögfest.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara um þetta litla frv. fleiri orðum en legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og heilbr.- og trn. til frekari fyrirgreiðslu með von um að frv. nái fram að ganga á þessu þingi, enda er hér um að ræða mál sem ekki ætti að valda deilum. Má nefna að frv. hefur að sjálfsögðu þegar verið afgreitt í Ed., án breytinga, og heilbr.- og trn. Ed. er sammála um málsmeðferð og lagði til þar að frv. yrði samþykkt óbreytt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 25 shlj. atkv.

SAMEINAÐ ÞING

51. fundur, fimmtudaginn 16. mars, kl. 10 árdegis.

Neyðarsími, ein umr.

Fsp. IBA, 233. mál. — Þskj. 438.

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Þann 9. maí 1988 samþykkti Alþingi þál. um neyðarsíma sem var svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta kanna með hvaða hætti unnt sé að koma fyrir neyðarsímum á torförnum fjallvegum og heiðum til öryggis fyrir vegfarendur og gera áætlun um kostnað."

Þar sem nú er að nálgast ár síðan ályktun þessi var samþykkt þykir mér fyllilega tímabært að inna hæstv. ráðherra eftir því hvað líði þessari könnun, hvað út úr henni hafi komið og hve hár þessi kostnaður komi til með að verða. Þess vegna hef ég leyft mér að flytja fsp. á þskj. 438 til hæstv. samgrh. sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hvað líður framkvæmd ályktunar Alþingis frá 9. maí 1988 um könnun á uppsetningu neyðarsíma á fjallvegum og kostnaðaráætlun um hana?"

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegur forseti. Á þskj. 438 beinir hv. 5. þm. Vesturl. Ingi Björn Albertsson eftirfarandi fsp. til mín:

„Hvað líður framkvæmd ályktunar Alþingis frá 9. maí 1988 um könnun á uppsetningu neyðarsíma á fjallvegum og kostnaðaráætlun um hana?"

Umrædd ályktun Alþingis hefur verið til athugunar hjá Póst- og símamálastofnuninni. Samkvæmt upplýsingum stofnunarinnar hefur frá síðasta vori verið safnað gögnum frá öðrum löndum um það hvernig þær leysa sín neyðarsímamál. Í ljós hefur komið að í þeim löndum þar sem farsímakerfi eru orðin útbreidd og fullkomin er stefnt að uppsetningu á nokkurs konar neyðarfarsímastaurum. Gerðar hafa verið tilraunir með slíka staura en með misjöfnum árangri. Til að mynda hafa Norðmenn sett upp slíka farsímastaura á nokkrum erfiðum fjallvegum en reyndar haldið að sér höndum nú um skeið vegna mikils stofnkostnaðar og viðhalds, sem fyrst og fremst stafar af skemmdum og eyðileggingum á þessum búnaði þó ljótt sé frá að segja. Annars staðar, t.d. í Mið-Evrópu, hafa einnig verið gerðar tilraunir með farsímastaura og virðist árangurinn betri þar en hjá Norðmönnum, enda er þar um mjög fjölfarnar leiðir að ræða þannig að rekstrarkostnaðurinn með tilliti til umferðar er hlutfallslega minni.

Lauslega áætlaður kostnaður við hvern slíkan farsímastaur er um 250 þús. kr., miðað við að símtækinu sé komið fyrir í vatnsheldum umbúðum með rafgeymi og símanum sé breytt þannig að einungis þurfi að styðja á einn hnapp til þess að gangsetja hann. Enn fremur er gert ráð fyrir að talað sé og hlustað í fastar trektir.

Hvað varðar viðhaldskostnað, þá er samkvæmt upplýsingum Pósts og síma nánast útilokað að áætla hann með nokkurri vissu. En það er mat stofnunarinnar að eðlilegt sé að gera ráð fyrir að sá kostnaður sé um 10% af verðmæti farsímastaursins á ári.

Ef gengið væri út frá þessum tölum er auðvelt að sjá að ef settir væru upp farsímastaurar á flestum erfiðum heiðum og fjallvegum landsins með t.d. 2,5 km millibili væri hér um háa tölu að ræða í stofnkostnaði. Ef einungis væri miðað við það að þessum staurum væri komið fyrir á heiðum á þjóðvegum landsins má gróflega áætla að það þyrfti um 400 staura til að þjóna þeim svæðum. Stofnkostnaður við 400 farsímastaura er 100 millj. kr. og árlegur viðhaldskostnaður um 10 millj. kr.

Póst- og símamálastofnun hefur einnig kannað hvort heppilegra væri að leggja strengi meðfram vegunum og tengja einfalda neyðarsíma um þá, um strengi til næstu byggða, til lögreglustöðva í nágrenninu eða eitthvað því um líkt. Komið hefur í ljós að kostnaður við slíkt kerfi yrði miklu meiri eða allt að fimm sinnum meiri en við farsímastaurakerfið.

Að síðustu vil ég skýra frá því að ráðuneytið hefur falið Póst- og símamálastofnuninni að vinna áfram að þessu máli á þann hátt að fylgst verður með hvernig nágrannaþjóðirnar ætla að leysa sínar neyðarsímaþarfir í gegnum það samstarf í símamálum sem Póst- og símamálastofnunin er aðili að. Ég tel svo fyllilega koma til greina að þegar séð verður hvaða stefnu þessi mál taka, til að mynda hjá frændum okkar Norðmönnum, þá gerum við tilraunir með þetta hér hjá okkur og þá með þeim búnaði og þeirri tækni sem virðist vænlegust með tilliti til tækniframfara og reynslu nágrannaþjóðanna af þessu fyrirkomulagi.

Ég vil svo þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli og ýta við því. Það er þarft og lofsvert.

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir greinargóð svör. Ég verð að segja að mig undrar ekki áhugi hans og velvilji í þessu máli, sérstaklega með tilliti til þess að hann er einn af flutningsmönnum málsins.

Ég tek auðvitað undir það að þetta er nokkuð dýrt. En öryggi þjóðarinnar getur verið dýrt í stofnkostnaði en það er vissulega góð fjárfesting að efla það öryggi sem best. Þó við séum þannig að tala þarna um einhverjar ákveðnar milljónir — hér voru nefndar 100 millj. en það er þá fyrir heildarpakkann. Ég tel að það verði eitthvað að brjóta þetta upp og hafa ákveðna forgangsröð á verkefninu, þannig að varla er um þetta stórt dæmi að ræða í raun og veru.

Ég hef verulegar efasemdir um það að farsímakerfið dugi í svona „systemi". Ég held að tengingin um kapal sé rétta leiðin og ég hvet því ráðherrann til að reyna að setja málið í þann farveg. Auðvitað komumst við aldrei hjá því, og við höfum margoft orðið vör við það, að skemmdir eru unnar hér á öllum sköpuðum hlutum. Nægir að benda á t.d. símabox sem reynt hefur verið að koma upp hér í Reykjavík. Þau fá varla að standa yfir helgi. Það er því vissulega ástæða til að hafa áhyggjur af þeim þætti málsins. Ég vil benda á það að víða við þjóðvegi í Englandi er mikið um slíka síma, þar er ekki notast við þetta farsímakerfi, enda kannski um eldra kerfi að ræða og farsímar ekki komnir til sögunnar þegar það var.

Ég vil að lokum, hæstv. forseti, fagna því að ráðherra hyggst gera tilraun í þessu máli. Ég get eingöngu vonað að hún verði fyrr en seinna.

Sala á hlutabréfum í Útvegsbanka Íslands, ein umr.

Fsp. GuðmÁ, 314. mál. — Þskj. 575.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegur forseti. Á þskj. 575 legg ég fram fsp. til viðskrh. um sölu á hlutabréfum í Útvegsbanka Íslands hf. Fyrirspurnin er á þessa leið:

„Eru hlutabréf ríkisins í Útvegsbanka Íslands hf. til sölu? Ef svo er, á hvaða kjörum og með hvaða skilmálum?"

Á fyrstu dögum ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar kom upp mikill ágreiningur um sölu á hlutabréfum í Útvegsbanka Íslands. Síðan þá hefur málið verið í athugun í ráðuneytinu án þess að nokkuð hafi gerst að því er ég veit. Við og við má lesa um það í blöðum að nefnd sé að störfum í þeim tilgangi að nota Útvegsbankann sem lið í sameiningu banka og stofnana, en þess á milli hefur harla lítið gerst. Á þessum forsendum er fsp. sett fram til að fá úr því skorið hvort bréfin séu til sölu eða ekki, hverjir megi þá kaupa þau og hvort kaupandi þurfi að uppfylla einhver skilyrði til að fá að kaupa þau.

Ég vona að þessi fsp. sé skýr og ég fái skýr svör.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Fyrirspyrjandi spyr hvort hlutabréf ríkisins í Útvegsbanka Íslands séu til sölu og ef svo sé þá á hvaða kjörum og með hvaða skilmálum.

Eins og fram kom í máli fyrirspyrjanda var á sl. ári skipuð þriggja manna nefnd til þess að kanna möguleika á sölu hlutabréfanna. Nafnverð hlutabréfa ríkissjóðs í Útvegsbankanum hf. eru 764 millj. kr., en auk þess á Fiskveiðasjóður hlutabréf að andvirði 200 millj. kr. Nefndin átti að hafa þrennt til viðmiðunar í sínu starfi við sölu bréfanna eða undirbúning sölu á þeim. Í fyrsta lagi skyldi salan byggjast á því að gott verð fengist fyrir bréfin, og mér er engin launung á því að nafnverð bréfanna er allt of lágt verð fyrir þau. Í öðru lagi skyldi salan stuðla að sameiningu bankastofnana og innlánsstofnana. Í þriðja lagi skyldi með sölunni leitast við að dreifa eignaraðild að bankanum eftir því sem kostur væri.

Eins og fram kemur í því sem ég hef þegar sagt sneri nefndin sér strax til starfandi hlutafélagabanka og Sambands sparisjóða og kynnti þeim erindi sitt, tilkynnti þeim jafnframt að hún vildi kanna sölu hlutabréfanna til samsteypu tveggja eða fleiri banka eða innlánsstofnana. Ég tel það liggja í eðli máls að við þessar aðstæður sé eðlilegt að ætlast til þess að þær bankastofnanir og innlánsstofnanir, sem hafa áhuga á að eignast þessi bréf með þessum skilmálum, hafi um það frumkvæði og sýni það framtak því að í þessum viðskiptum geta falist miklir möguleikar til hagræðingar og eflingar þessara lánastofnana.

Frá því þetta var hafa, eins og fram hefur komið í fréttum, farið fram viðræður milli ýmissa þessara bankastofnana um sameiningu og jafnframt hafa forsvarsmenn þeirra lýst yfir áhuga sínum á kaupum á a.m.k. meiri hluta í hlutabréfum Útvegsbankans. Það hefur verið í fréttum, sérstaklega síðustu daga, að um alllanga hríð hafi farið fram viðræður á milli fulltrúa bankaráða Alþýðubankans og Verslunarbankans, einmitt um möguleika þess að mynda nýja bankastofnun með samruna við Útvegsbankann í einhverri mynd. Á sama tíma er líka ljóst að Iðnaðarbankinn hefur áhuga á samruna við Verslunarbankann og gagnkvæmt, þó að ekki hafi enn tekist að mynda um þetta ákveðin samtök eins og ég tel vera forsendu fyrir því að hlutabréf ríkisins í Útvegsbanka Íslands verði seld.

Nefndin hefur ekki haft bein afskipti af þessum viðræðum um sameiningu bankastofnana en hún hefur fylgst með þeim, beðið átekta. Ég hef einnig haft samband við bæði bankastjóra og formenn bankaráða í þessum bönkum sem ég hef nefnt. Nefndin hefur líka með aðstoð sérfróðra manna kannað hvert sé verðmæti hlutabréfanna. Einmitt þessa daga þegar haldnir eru aðalfundir ýmissa þessara hlutafélaga má ætla að línurnar skýrist í þessu efni. En engir eiginlegir samningar um sölu hlutabréfanna hafa enn hafist og engar beinar tölur verið nefndar um söluverð né söluskilmála og þeir ekki tilgreindir umfram það sem fram kom í erindisbréfinu.

Mitt svar við fyrirspurninni er því það að hlutabréfin séu til sölu. Á þessu stigi sé salan bundin þeim skilyrðum að hún stuðli að sameiningu bankastofnana. Ég get svo bætt því við að mér finnst að smæð og fjöldi banka hér á landi sé efnahagslífinu fjötur um fót og því þurfi að sameina þessar stofnanir í færri, sterkari og hagkvæmari einingar. Þá liggur auðvitað beinast við að beita sölu hlutabréfa í Útvegsbankanum til þess að draga saman smærri stofnanirnar. En ef svo fer að forsvarsmenn hlutafélagabanka og/eða sparisjóða bera ekki gæfu til að ná samkomulagi um slíkt samstarf eða samruna, þá verð ég náttúrlega að afturkalla umboð þessarar nefndar og láta í þess stað gera mat á kostum þess að sameina þær bankastofnanir sem ríkið ræður fyrir, þ.e. ríkisbankana annan hvorn eða báða og Útvegsbankann.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir þau svör sem hann gaf við fsp. minni. Ég hef eins og flestir vitað um það að þessi nefnd er að störfum og fékk frá viðskrh. ákveðin skilaboð um hvað sala hlutabréfanna ætti að leiða af sér: Það ætti að fá gott verð fyrir bréfin, það ætti að leiða til sameiningar bankastofnana og það ætti að dreifa eignaraðild.

Með skilyrðum er verið að þrengja mjög verulega hverjir geta keypt bréfin. Það eru aðeins núverandi bankastofnanir og þá er talað um Alþýðubankann, Verslunarbankann og Iðnaðarbankann. Það sem ég átti aðallega við með þessari fsp. var hvort það væri hugsanlegt að aðrir aðilar en þessir gætu keypt þessi hlutabréf, og þá langar mig að spyrja: Hversu lengi ætlar hæstv. viðskrh. að bíða með það hvað kemur út úr störfum þessarar nefndar og hefur hann trú á því

að þetta leiði til sameiningar? Ég verð að segja það hér að ég hef ekki sömu trú og hæstv. viðskrh. Ég held að hjá þessum bönkum sé um það ólíka hagsmuni að ræða, þeir starfa á ákveðnu sviði, að ég dreg það a.m.k. mjög í efa að þetta verði raunveruleiki.

Ég vil samt sem áður þakka viðskrh. fyrir þessi svör þó að ég hefði kosið að þau væru skýrari að því leyti til að aðrir aðilar hefðu um það að segja hvort þeir gætu boðið í þessi bréf og viðskrh. gæfi það upp hvert verðmæti þeirra væri og hvað hann byði þau á.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Vegna þess sem fram kom í seinni ræðu hv. fyrirspyrjanda, 11. þm. Reykv., vil ég taka það fram að ég er honum sammála um að það hefur dregist allt of lengi að koma á samruna í íslenska bankakerfinu. Þetta hefur verið á dagskrá í 20 ár og bankarnir eru sjö og þeir eru of margir. Ég hef ekki hugsað mér að bíða í 20 ár eftir því að koma á samruna banka. Ég ætla mér að ná þarna árangri innan skamms. Ég vil ekki dagsetja samruna eða þann frest sem ég gef hlutafélagsbönkunum og sparisjóðunum til þess að manna sig upp í það að mynda samsteypur til þess að bjóða í hlutabréfin. Ef þeir gera það ekki þá verða þeir bara að vera kokkálaðir og þetta fer öðruvísi.

Ein leið til að dreifa eignarhaldinu á Útvegsbankanum og koma því á fleiri hendur væri m.a. sú að ríkið og Fiskveiðasjóður tækju sem hlutagreiðslu fyrir sín hlutabréf í þessum banka hlutabréf í sameinuðum banka og gerðu um það samkomulag við þá sem stæðu að slíkum samruna að þau bréf yrðu síðar seld á skipulegan hátt almenningi í smáum hlutum á Verðbréfaþingi Íslands. Þetta er mál sem vakir í þessu máli, ég er ekki þar með að segja að þetta verði niðurstaðan. En ef, og ég endurtek, ef ekki takast um það samtök hjá hlutafélagabönkum og sparisjóðum að gera tilboð sem felur í sér framför hvað varðar skipulag bankakerfisins þá verður ríkið auðvitað að freista þess að ná árangri með þeim stofnunum sem það ræður fyrir sjálft að mestu eða öllu leyti.

Upplýsingaöflun kjararannsóknarnefndar, ein umr.

Fsp. KSG, 215. mál. — Þskj. 369.

Fyrirspyrjandi (Karl Steinar Guðnason):

Frú forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. um málefni kjararannsóknarnefndar. Ástæðan er sú að ekki hafa borist upplýsingar frá fjmrn. um launagreiðslur ríkissjóðs er varða félagsmenn Alþýðusambands Íslands. Starf kjararannsóknarnefndar er mjög þýðingarmikið, ekki aðeins fyrir aðila vinnumarkaðarins heldur líka þjóðfélagið sjálft og er það mjög slæmt ef ekki fást upplýsingar frá ríkinu, það er slæmt fordæmi og það er slæmt vegna þess að áreiðanleiki útgefinna upplýsinga verður ekki sem skyldi.

Það tókst að fá þessar upplýsingar fyrir fyrsta ársfjórðung 1987 og þriðja og fjórða ársfjórðung 1987 og fyrsta ársfjórðung 1988 og síðan ekki meir. Það hefur verið óskað eftir þessu hvað eftir annað en það hefur ekki gengið. Ég vænti þess að hægt verði að ráða bót á þessu.

En fsp. er svohljóðandi:

„Hvers vegna fær kjararannsóknarnefnd ekki aðgang að upplýsingum um launagreiðslur ríkissjóðs er varða félagsmenn Alþýðusambands Íslands?"

Óska ég eftir að fjmrh. svari því.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég er alveg sammála því meginsjónarmiði sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda að það er nauðsynlegt að upplýsingar um laun og önnur kjaraatriði séu sem ítarlegastar og aðgengilegastar svo að bæði samtök á vinnumarkaði og opinberir aðilar og almenningur í landinu geti haft sem gleggsta mynd af þróun þeirra mála.

Launaskrifstofa ríkisins hefur eðlilega yfir að ráða mjög víðtækum tölulegum upplýsingum um laun og launatengd gjöld sem snerta alla starfsmenn ríkisins. Þótt þessi mikli gagnabanki sé fyrst og fremst notaður til upplýsinga og eftirlits með starfsmannahaldi ríkisins þá hefur verið leitast við að veita öðrum sem vinna með þjóðhagslega tölfræðilega þætti aðgang að þessum upplýsingum. Meðal þeirra aðila eru báðar kjararannsóknarnefndirnar, þ.e. bæði sú sem fylgist með launakjörum almennt og sú sem sérstaklega fylgist með launakjörum opinberra starfsmanna. Almenna reglan hefur verið sú að kjararannsóknarnefndin sem fjallar um almenna vinnumarkaðinn hafi fengið ársfjórðungslega upplýsingar um launagreiðslur vegna félagsmanna Alþýðusambands Íslands og hefur um árabil verið reynt að framfylgja þessari vinnureglu. Því miður urðu hins vegar á árinu 1988 nokkrir erfiðleikar og misbrestir tengdir því að láta þessar upplýsingar í té.

Eins og hv. fyrirspyrjandi vék að fékk kjararannsóknarnefndin upplýsingar um fyrsta ársfjórðung eins og venjulega. Þegar hins vegar kom að því að veita upplýsingar um annan ársfjórðung ársins 1988 kom í ljós að nauðsynleg forrit til þess að vinna þessa þætti út úr þessum mikla gagnabanka ríkisins höfðu glatast. Á sama tíma voru ýmsir erfiðleikar í starfsmannahaldi tölvudeildar ráðuneytisins og launadeildar, m.a. vegna flutninga, starfsmannaskipta og fjölmargra annarra atriða. Allt þetta varð fyrir tilviljun samverkandi til þess að mjög dróst úr hömlu að veita þessar reglubundnu upplýsingar. Hins vegar þegar mér var kunnugt um það að svo væri og ég hafði skoðað þær ástæður sem þar lágu að baki, þá reyndi ég að leggja drög að því að sem fyrst yrði ráðin bót á þessu atriði. Ég átti í því sambandi viðræður við fulltrúa Alþýðusambands Íslands og

greindi þeim frá vilja mínum til þess að ráða bót á þessu og koma upplýsingagjöfinni í fyrra horf.

Það er svo rétt að geta þess einnig að í vetur hefur í samvinnu beggja kjararannsóknarnefndanna og Hagstofunnar verið unnið að nýrri framsetningu upplýsinganna og má segja að það hafi kannski að nokkru leyti orðið til þess að tefja aðeins að þessu væri komið í viðunandi horf.

Hins vegar hefur eftir því sem mér hefur verið tjáð nú náðst sá áfangi að 9. mars sl. var fundur á launaskrifstofu ríkisins með starfsmönnum kjararannsóknarnefndar og tölvudeildarinnar og þar kom fram að upplýsingar um annan og fjórða ársfjórðung 1988 verða til reiðu og afhentar næstu daga og að frá og með næsta mánuði verði upplýsingagjöfin komin í hið fyrra og reglubundna horf sem hv. fyrirspyrjandi vék að.

Ég þakka honum fyrir að vekja athygli á þessu máli hér á hv. Alþingi og vona að aðgerðir okkar og annarra starfsmanna ríkisins sem að þessum verkefnum vinna verði til þess að sá misbrestur sem varð á árinu 1988 þurfi ekki að verða í framtíðinni.

Fyrirspyrjandi (Karl Steinar Guðnason):

Frú forseti. Ég þakka greinargóð svör fjmrh. Aðalatriðið er að fá þessi mál í lag. Ég vil hins vegar geta þess að það er rangt að það hafi verið reiða á þessu áður. Það er rangt. Þessum upplýsingum var aðeins skilað þau tímabil sem ég nefndi áðan og var það um tveggja ára skeið, síðan datt þetta niður. En þar á undan hafði þessu ekkert verið sinnt. En ég fagna því ef svo verður sem fjmrh. segir að þessi mál komist í fullt lag. Það er nauðsynlegt og það er sjálfsagt að svo verði og það er eðlilegt fordæmisins vegna að ríkið gangi á undan með reiðu í þessum málum.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að þessi fsp. er komin fram hér á Alþingi. Ég held að það hafi verið 12 ár sem ég var formaður Sóknar og ég verð að segja það eins og er að ég veit ekki til að upplýsingar um mitt fólk hafi nokkurn tíma verið hjá kjararannsóknarnefnd. Ég gerði margítrekaðar tilraunir til að fá þetta þarna í gegn, en það var aldrei. Mig langar eiginlega að spyrja fyrirspyrjanda: Leggur Reykjavíkurborg eða önnur stór sveitarfélög inn nokkrar upplýsingar hjá kjararannsóknarnefnd? Þetta gerir það að verkum að ég hef verið að agnúast út í kjararannsóknarnefnd. Ég tel það alrangt að vitnað sé í útreikninga sem nefnd gerir sem ekki hefur stærstu láglaunahópana inni. Og ég vil bæta þeirri fyrirspurn við þessa fyrirspurn hans: Skila Reykjavík eða aðrir stórir kaupstaðir gögnum yfir sitt starfsfólk?

Fyrirspyrjandi (Karl Steinar Guðnason):

Frú forseti. Það er nú reyndar svo að Reykjavíkurborg skilaði ekki þessum gögnum. Það var unnið að því í kjararannsóknarnefnd að fá þessi gögn. Það tók nokkurn tíma en þau mál eru komin í lag nú. En það er ekki fyrr en á þessu ári sem það gerist. Það var í miklu ólagi en verður framvegis í lagi.

Fasteignamat og brunabótamat, ein umr.

Fsp. AS, 235. mál. — Þskj. 440.

Fyrirspyrjandi (Alexander Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir fsp. sem ég hef lagt fyrir fjmrh. um samræmt kerfi fyrir fasteignamat og brunabótamat í landinu. Tildrög þess eru þau að 1983 skipaði þáv. félmrh. nefnd til að endurskoða matskerfi fasteignamats og brunabótamats, uppbyggingu þeirra og framkvæmd. Verkefni nefndarinnar í sambandi við endurskoðun matskerfa fasteignamats og brunabótamats var einnig að gera tillögur um að samræma grundvöll matsins, jafnframt hvernig mögulegt væri að eitt matskerfi gilti fyrir allar fasteignir í landinu til afnota fyrir almennar upplýsingar um fasteignir vegna fasteignagjalda, brunatrygginga, kaups og sölu, lántöku o.s.frv.

Í nefnd þessari voru Pétur Stefánsson verkfræðingur, sem var formaður, Garðar Sigurgeirsson viðskiptafræðingur, tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga, Guttormur Sigurbjörnsson forstjóri, tilnefndur af Fasteignamati ríkisins, Héðinn Emilsson deildarstjóri, tilnefndur af Samvinnutryggingum, Ingi R. Helgason forstjóri, tilnefndur af Brunabótafélagi Íslands, og Kristinn Ó. Guðmundsson forstöðumaður, tilnefndur af Húsatryggingum Reykjavíkurborgar.

Nefndin valdi sér heitið endurskoðunarnefnd matskerfa og hélt fjölmarga fundi, alls 62, og setti sér markmið í fyrsta lagi um hagræðingu, aukið öryggi, traustari matsgerðir, tíðari endurskoðun og aukið notagildi, nánari tengsl fyrir notendur.

Þessi nefnd skilaði síðan af sér störfum síðari hluta árs 1985 og lagði fram ákveðnar tillögur bæði til skammtímalausnar eða til þess að flýta málinu og eins framtíðarlausn sem unnið yrði að þannig að eitt heildarmatskerfi yrði komið á hér á landi árið 1990. Það fylgdu þessu frá nefndinni ótal frumvörp og þáv. ríkisstjórn 1986 gerði ráð fyrir að þetta mál næði fram að ganga. Þess vegna spyr ég fjmrh. nú hvað líði þessu starfi og hvenær megi vænta ákvörðunar stjórnvalda um samræmt matskerfi og hvað líði undirbúningi sjálfstæðra fagstofnunar eins og nefndin lagði til.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Hv. fyrirspyrjandi Alexander Stefánsson greindi hér frá störfum nefndar sem fyrst var skipuð 1983 og þeim tillögum sem hún skilaði. Niðurstaða þessarar nefndar var kynnt í þeirri ríkisstjórn sem hér sat að völdum 1985 og var af hálfu þeirrar ríkisstjórnar samþykkt að vinna að

framgangi málsins á grundvelli þessara tillagna og var þáv. félmrh. falið að skipa sérstaka nefnd í þessum tilgangi.

Þessi nefnd skipuð fjórum mönnum var skipuð í október 1986 og var hennar hlutverk að smíða lagafrv. til þess að hrinda þessu fyrrgreinda nefndaráliti, sem hv. þm. Alexanders Stefánsson rakti hér, í framkvæmd. Hins vegar verður að segja þá sögu eins og er að þessi nefnd mun lítt eða ekkert hafa starfað.

Það er hins vegar rétt, sem hv. þm. vék að, að það er mikil nauðsyn að breyta skipan þessara mála. Við ákvörðun fasteignamats húss notar Fasteignamat ríkisins svonefnt endurstofnverð sem grunnverð að mati viðkomandi húss. Endurstofnverðið er nánast sama stærð og brunabótamat. Í dag eru þessi möt framkvæmd af tveimur aðilum, þ.e. Fasteignamati ríkisins og dómkvöddum brunabótamatsmönnum sem eru um 450 talsins. Í þessu er fólginn mikill og óþarfur tvíverknaður sem allur almenningur á erfitt með að skilja að þörf sé á. Einnig er á það að líta að mat Fasteignamatsins á að vera samræmt. Hins vegar gætir oft mikils ósamræmis í brunabótamatinu sem er ekki óeðlilegt þegar þess er að gæta að þekking brunabótamanna á þessum málum er ærið misjöfn sem eðlilegt má telja um menn sem koma úr nær öllum stéttum þjóðfélagsins og lítt hefur verið unnið að að samræma eða þjálfa með ákveðnum hætti.

Ég er þess vegna þeirrar skoðunar, eins og reyndar kom fram í því nál. sem hv. þm. vék að, að það mundi efla mjög það starf sem unnið er að á þessu sviði að koma á fót einni stofnun sem hefði með að gera samræmt mat á fasteignum. Útgjöld ríkisins vegna fasteignamatsins mundu minnka þó að tekjur þess í heild mundu aukast. Stofnunin fengi því meira svigrúm til þróunar á matsaðferðum og matskerfum, tölvuvæðingar, menntunar starfsfólks, aukinnar og bættrar þjónustu við viðskiptavini og margs annars.

Ég hef þess vegna að lokinni umræðu minni um þessi mál við hæstv. núv. félmrh. ákveðið að leggja fram í ríkisstjórninni innan tíðar tillögu um það að skipuð verði ný nefnd til að vinna að framgangi þessa máls og semja það lagafrv. sem nauðsynlegt er að liggi fyrir. Vona ég að störfum þeirrar nefndar verði lokið á þessu ári svo að hægt sé að taka á síðustu mánuðum þessa árs eða á fyrstu mánuðum næsta árs ákvörðun um það að koma á fót nýrri stofnun sem sinnir þessum verkefnum og knýr á um þá hagræðingu sem í þeirri nýskipan mundi felast.

Fyrirspyrjandi (Alexander Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir það sem kom fram í hans máli. Ég er í engum vafa um að hér er um að ræða eitt mesta og besta mál í sambandi við hagræðingu í því kerfi sem við búum við. Við höfum rekið okkur á það í gegnum tíðina og það var eiginlega upphaf þeirrar nefndarskipunar sem ég greindi frá t.d. í sambandi við Vestmannaeyjagosið og í sambandi við hin hörmulegu snjóflóðaslys sem urðu bæði á Patreksfirði og Norðfirði kom það í ljós að hús hlið við hlið sem eyðilögðust í þessum skriðuföllum voru með svo ósamræmdu mati að eigendur sem urðu fyrir tjóninu urðu fyrir gífurlegu tjóni því að það gat munað allt að 100–300% á því mati sem í gildi var á viðkomandi húseign. Þetta var kveikjan að endurskoðun því að stjórnvöld á þeim tímum þurftu að gera alls konar fjármálaráðstafanir til að lagfæra þessi mál. En hitt stóð eftir: nauðsyn þess að samræma þetta, ekki aðeins í sambandi við tryggingar á verðmætum sem um er að ræða fyrir bæði fyrirtæki og einstaklinga heldur einnig í sambandi við opinberar lántökur, í sambandi við áætlanagerð og ýmislegt fleira. Ég vil aðeins segja það að lokum að skýrsla sú sem fyrrnefnd nefnd gaf út með ýmsum tillögum og framtíðarsýn er raunhæfur leiðarvísir og þó að hægt hafi gengið í þessum málum tel ég að það megi ekki standa fyrir framgangi þess, ekki síst í sambandi við Fasteignamat ríkisins sem er mikilvægast í þessu máli. Ég vona að orð ráðherra sem hann sagði hér verði til þess að þetta mál fái framgang.

Textasímaþjónusta við Landssímann, ein umr.

Fsp. ÞÞ, 275. mál. — Þskj. 492.

Fyrirspyrjandi (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Í fyrra flutti ég ásamt fleirum þáltill. þess efnis að komið yrði upp textasíma við Landssímann til að þjónusta heyrnarlausa og heyrnarskerta. Sú tillaga flæktist einhvern veginn til og frá og dagaði svo uppi. Þó er hér um tiltölulega einfalt og ódýrt mál að ræða en mjög mikilvægt fyrir þann hóp fatlaðra sem getur ekki nýtt sér hið almenna símakerfi, ekki einu sinni í neyðartilfellum. Það verður að flokkast undir sjálfsögð mannréttindi í nútímaþjóðfélagi að geta a.m.k. náð í hjálp þegar svo stendur á. Æskilegt væri auðvitað að textasímar væru sem víðast, en það er ekki í augsýn og ég vona að það stafi af einhverjum misskilningi en ekki skilningsleysi að þetta sjálfsagða öryggis- og mannréttindamál fékk ekki farsæla lausn. Textasímar kosta um það bil 12.500 kr. og enga sérþekkingu þarf til að nota þá, ekki meira en t.d. að læra á almennt skiptiborð. Ekki þyrfti að ráða sérstakan starfsmann því að varla yrðu símalínurnar rauðglóandi því hér er einungis um að ræða nokkur hundruð manns og einungis ætlað til þess að sinna neyðartilfellum.

Mér er sagt að uppi sé einhver ágreiningur um tæknilegar lausnir í þessum málum, þ.e. hvort eigi að nota textasíma eða tölvur. En það er illt til þess að vita að slíkur ágreiningur tefji málið væntanlegum notendum til baga. Það eiga margir heyrnarskertir og heyrnarlausir þegar textasíma og fá aðstoð frá Tryggingastofnun til að kaupa slíkt tæki.

Nú kann vel að vera að tæknimöguleikar tölvunnar séu meiri en textasímans, en fáir heyrnarskertir hafa þegar eignast slíkar tölvur og ef textasími yrði nú tekinn upp við Landssímann og síðan kæmi í ljós

einhvern tíma í náinni framtíð að betra væri að skipta yfir í tölvu gerði það ekki mikið til því að oft hefur nú stærri summa farið í súginn en 12.500 kr. Í almenna síma- og fjarskiptakerfinu þykir sjálfsagt að skipta um tæki og búnað jafnóðum og tæknin verður fullkomnari.

Því vil ég spyrja hæstv. samgrh. hvort hann hyggist beita sér fyrir lausn þessa máls, í fyrsta lagi að koma upp neyðarsíma við Landssímann fyrir heyrnarskerta og í öðru lagi hvort hann hyggist beita sér fyrir því að fleiri opinberar stofnanir komi upp slíkri þjónustu til að spara heyrnarlausum spor og fyrirhöfn. Þeir eiga rétt á því eins og aðrir þegnar þjóðfélagsins að geta nýtt sér þá þjónustu sem samfélagið hefur upp á að bjóða og textasíminn er fyrir þá jafneðlileg krafa og almenn ákvæði um aðgengi fyrir fatlaða.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegur forseti. Á þskj. 492 beinir Þórhildur Þorleifsdóttir, 18. þm. Reykv., til mín fsp. í tvennu lagi.

„1. Er ætlunin að koma á fót neyðarsíma, svokölluðum textasíma, fyrir heyrnarskerta við langlínumiðstöðina 02?

2. Hefur samgrh. hug á að athuga samvinnu við opinberar stofnanir við uppsetningu slíkra síma?"

Fyrri fsp. svara ég játandi. Ég hef með bréfi dags. í gær falið póst- og símamálastjóra að koma á fót neyðarsíma að næturlagi fyrir heyrnarskerta við langlínumiðstöðina 02. Þessi neyðartextasímaþjónusta verður rekin til reynslu í hálft til eitt ár og eingöngu veitt sem þjónusta í neyðartilvikum, þ.e. til að ná sambandi við lögreglu, slökkvilið, lækna o.s.frv. meðan séð verður hver verður framvinda hugmynda um allsherjarþjónustumiðstöð fyrir heyrnarskerta. Að þessum reynslutíma liðnum verður þetta mál í heild endurskoðað.

Svar við síðari spurningunni er einnig já. Ég mun að sjálfsögðu beita mér fyrir samráði við ráðuneyti og forsvarsmenn opinberra stofnana eins og t.d. heilbr.- og trmrn. vegna Tryggingastofnunar, heilsugæslustöðva, slysadeilda og dómsmrn. vegna löggæslu. Samkvæmt upplýsingum frá Heyrnarhjálp hafa eftirtaldar stofnanir textasíma: Slökkviliðið í Reykjavík, Vélamiðstöð Reykjavíkur, Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar, Rafmagnsveita Reykjavíkur og Öryrkjabandalagið.

Nú eru í notkun um 282 textasímar, þar af einn á hverri framangreindri stofnun. Það vekur sérstaka athygli að læknar eða læknamiðstöðvar geta ekki veitt þessa þjónustu.

Fyrirspyrjandi (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir óvenjuskýr og afdráttarlaus svör. Ég er ekki að væna hann um að vera óskýr að öllu jöfnu, en það er ánægjulegt að fá afdráttarlaust svar um lausn einhvers málefnis sem maður hefur borið fyrir brjósti.

Þó hjó ég eftir því að einungis er fyrirhugað að hafa þennan síma opinn á næturnar. Hvað ef eitthvað kemur fyrir á daginn, er ekki ástæða til að ætla að hann gæti verið til þjónustu allan sólarhringinn því að aðgengi heyrnarlausra að venjulegum símum er ekkert meira yfir daginn en á næturnar? Þetta er bara til athugunar. Kannski hafa einhverjar upplýsingar ekki komið fram sem skýra að þessi neyðarþjónusta skuli einungis vera á næturnar.

Það er jafngleðilegt að heyra að hæstv ráðherra muni beita sér fyrir því að þessum símum verði komið upp víðar og eins og hann benti á sjálfur er athyglisvert hvað það eru margar mikilvægar stofnanir, eins og t.d. heilsugæslustöðvar, sjúkrahús og fleiri slíkar stofnanir, sem ekki hafa svona síma. Það má líka benda á að sjálfsagt væri að hafa svona síma í bönkum, Húsnæðisstofnun og fleiri slíkum stofnunum sem er tímafrekt að heimsækja og aðrir nýta mikið í gegnum síma. Eins og ég benti á áðan fylgir þessu tiltölulega lítill kostnaður og lítil fyrirhöfn þannig að ég vona að hæstv. samgrh. verði vel ágengt í þessu máli og þakka honum aftur svörin.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Sem svar við því hvers vegna neyðarsímaþjónustan við langlínumiðstöðuna 02 er fyrst og fremst skipulögð yfir nóttina eða þann tíma sem aðrar stofnanir eru ekki opnar er þess að geta að í fyrsta lagi er ég ekki að segja að það komi ekki til greina að hafa þennan síma opinn yfir daginn, en aðalatriðið er að menn hafa fyrst og fremst haft áhyggjur af þeim tíma sólarhringsins sem aðrar stofnanir sem hafa textasímaþjónustu eru ekki opnar. Yfir daginn er bæði Öryrkjabandalagið og Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar með opið og þar eru slíkir símar þannig að áhyggjur manna hvað þennan öryggisþátt snertir hafa fyrst og fremst snúið að öðrum tímum sólarhringsins og þann tíma mun Póstur og sími sjá um að leysa samkvæmt þeirri ákvörðun sem ég hef kynnt.

Hvað varðar það að koma þessum símum upp víðar tek ég undir það með fyrirspyrjanda að það er að mínu mati alveg sjálfsagt mál og mér liggur við að segja til skammar að opinberar stofnanir og þjónustuaðilar af því tagi sem fyrirspyrjandi nefndi skuli ekki koma sér upp þessum einfalda búnaði, en varðandi frumkvæði samgrn. í því máli er okkur ánægja að leggja þessu máli lið og beita okkur fyrir lausn þess. Að vísu má nefna að málefni fatlaðra heyra í sjálfu sér ekki undir samgrn. og við teljum því eðlilegt að gera það með viðræðum og samráði við þá aðila sem sérstaklega bera ábyrgð á þeim málaflokki.

Tómstunda- og félagsstarf í grunnskólum, ein umr.

Fsp. ÞÞ, 276. mál. — Þskj. 493.

Fyrirspyrjandi (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Fsp. mín til hæstv. menntmrh. varðar félags- og tómstundastarf nemenda í grunnskólum. Í 43. gr. grunnskólalaga segir að í öllum skólum á grunnskólastigi skuli nemendum gefinn kostur á að taka þátt í tómstunda- og félagsstarfi á vegum skólans eftir því sem ástæður leyfa skv. 77. gr. Ég ætla, með leyfi forseta, að vitna í þá grein því að á henni er fsp. fyrst og fremst byggð.

Í c-lið stendur: „Fjárhæð er varið skal til starfa að félagslífi nemanda.“ Síðan eru ákvæði um þá hámarksfjárhæð. Eftir þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér duga þessar greiðslur ákaflega skammt til að standa sómasamlega að félagslífi. Það verður auðvitað að greiða kennurum laun fyrir að taka að sér undirbúning og skipulag þessa starfs og hafa eftirlit með því. Fjölmennur skóli á Reykjavíkursvæðinu fær t.d. rúml. 400 þús. til að standa straum af öllu tómstunda- og félagsstarfi nemenda. Það er ótal margt sem á að greiða með þessari upphæð. Það eru skólaferðalög, það eru skólaskemmtanir, það eru skíðaferðir, það eru alls konar spilakvöld og taflkvöld, kórstarfsemi ef hún er, skólahljómsveit ef hún finnst, leikstarfsemi, klúbbar af öllu tagi, foreldrakvöld o.fl. o.fl. Það má nærri geta að 400 þús. duga skammt til að standa straum af þessu. Víða er mjög mikið starf unnið í sjálfboðavinnu, bæði af foreldrum og kennurum, og ber ekki að lasta það, en aldrei er það nú svo að það þurfi ekki að greiða fyrir stóran hluta þessa starfs.

Nú er ég ekki að halda því fram að börn og unglingar eigi ekki að stunda félags- og tómstundastarf utan skóla, en sjálfsagt þyrfti að standa betur að því innan skólans. Þar er húsnæði, þar eru félagar og þar eru leiðbeinendur ef á þarf að halda. En mestu máli skiptir hvað nemendur gera í þessum tómstundum og því veltur á miklu hverjir annast það og hvaða menntun þeir hafa og í rauninni hvert þeir þá beina áhuga nemenda og að það taki ekki of mikið mið af e.t.v. tímabundnum tískum eða tíðaranda. Það að tómstunda- og félagsstarf sé innan skóla er líka stórt öryggisatriði og enn eitt atriði sem getur stuðlað að því að lækka tíðni umferðarslysa á börnum. Nú þegar allt bendir til þess að hreyfing sé að komast á lengingu skóladags og hann verði samfelldur er mikil ástæða til að hyggja að samtvinnun reglulegs náms og tómstundastarfs og lögbundins náms og áhuganáms þess utan. Vil ég því beina í því sambandi þessari fsp. á þskj. 493 til hæstv. menntmrh. þar sem spurt er um þær skýrslur sem skólastjórum ber að skila árlega um yfirlit um þetta tómstunda- og félagsstarf í skólum.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi er spurt: „Hafa skólastjórar grunnskóla gert fræðslustjórum grein fyrir hvernig tómstunda- og félagslífi var háttað í skóla þeirra á skólaárinu 1987–1988 skv. 4. mgr. 43. gr. grunnskólalaga?“ Svarið er já. Þetta er yfirleitt alltaf gert og það liggja fyrir skýrslur frá nær öllum skólum í landinu og það heyrir til algerra undantekninga ef ekki berast skýrslur af þessu tagi. Þær eru mjög misjafnar, misjafnar að gæðum og misjafnlega ítarlegar eins og gengur, en það heyrir til algerra undantekninga ef slíkar skýrslur berast ekki. Það hefur ekki verið unnið úr þessum skýrslum í heild nýlega, enda er það mikið verk, en ég er hér með undir höndum skýrslu frá grunnskólanum á Hallormsstað, grunnskólanum á Raufarhöfn, Ásgarðsskóla í Kjós, Laugarnesskóla í Reykjavík og Eiðaskóla, sem sagt fimm skýrslur sem ég mun afhenda hv. fyrirspyrjanda til fróðleiks. Þessar skýrslur voru teknar út úr bunkanum af algeru handahófi.

Í öðru lagi spyr hv. þm.: „Ef svo er, hverjar eru helstu niðurstöður?“ Almennt er hægt að segja að það sé um að ræða talsvert félags- og tómstundalíf í flestum skólum. Það er allt mögulegt sem kemur þar við sögu frá almennri íþróttastarfsemi af margvíslegu tagi, dansleikir, danskennsla, opið hús með alls konar tilboði af félagslífi, söngur, tónlist, blaðaútgáfa og hvað eina. Það er raunar mjög erfitt að segja að eitt standi þar sérstaklega upp úr umfram annað. En til þess að sjá það sem er í boði í þessu efni vænti ég þess að hv. þm. hafi einhvern tíma gefið sér tækifæri til þess að líta á þær sýningar sem skólarnir eru með af og til. Ég bendi núna á sýningu sem var opnuð um síðustu helgi í tilefni af 20 ára afmæli skólans í Breiðholti þar sem sýnd er margvísleg vinna sem nemendur hafa innt af hendi í tilefni af því afmæli og tengist bæði námi, starfi og leik og er satt að segja afar skemmtilegt. Ég hygg að svona metnaðarmiklar sýningar séu ótrúlega víða í skólum landsins og væri fróðlegt út af fyrir sig að taka saman yfirlit við tækifæri um það.

Hitt er ljóst líka að það er skóli og skóli þar sem þetta er slakt. Það getur stafað af ýmsum ástæðum, t.d. þeirri að fjármagn sé lítið og það sé aðeins ríkisframlag. Það virðist vera býsna algengt að sveitarfélög leggi mjög lítið til þessarar starfsemi. Önnur ástæða getur verið léleg félagsaðstaða. Ein ástæðan getur verið fámenni, að það sé erfitt að koma við starfsemi af þessu tagi, segjum í litlum skóla eins og einum sem er hérna skammt frá okkur og heitir Gaulverjabæjarskóli þar sem eru 16 nemendur, svo ég nefni dæmi. Þetta getur líka verið það að skólastjórar eða kennarar viðkomandi skóla kunni ekki nægilega vel til verka við að skipuleggja félagslíf. Þess hygg ég að séu einnig dæmi. Ég nefni ekki áhugaleysi skólastjórnenda eða kennara sem ástæður. Ég vona að það sé hvergi til.

Ég tel að ég hafi í rauninni svarað 3. fsp. líka, en í fjórða lagi spyr hv. þm. hversu mikið fé sé ætlað til tómstunda og félagsstarfs nemenda á þessu ári eða ár hvert. Svarið er sem sagt að reglan er sú að ríkið greiðir til félagsstarfa nemenda að hámarki: a. Í skólum þar sem eru færri nemendur en 700 eru það 5

stundir á viku og síðan 3,7 stundir á viku á hverja 100 nemendur. b. Í skólum þar sem nemendur eru 700 eða fleiri eru þetta 4,4 stundir á viku á hverja 100 nemendur.

Auk þess er það oft þannig, en það er aftur á móti mjög misjafnt, að sveitarfélög greiða til félagsstarfa nemenda og ég hygg að það sé þessi viðbót sveitarfélaganna sem oft ræður úrslitum um hvort er um sæmilega myndarlegt starf að ræða. Það er vandi að svara þeirri spurningu hversu mikið fé fer úr ríkissjóði í þessu skyni á ári hverju. Ég hef þó reynt að nálgast þá tölu. Niðurstaða minna samstarfsmanna er sú að hún sé 42–44 millj. kr. á ári sem ríkið borgar beint í þessu efni. Til að menn hafi eitthvað til samanburðar má benda á að í síðasta fyrirspurnatíma ræddum við um skólabúðirnar í Reykjaskóla sem talið er að kosti alls um 17 millj. kr. á ári þannig að þó að þetta sé lítið í hverjum stað er það þó nokkur heildarupphæð sem varið er í þessu skyni.

Í fimmta lagi er spurt hverjir annist sérstaklega þennan þátt skólastarfsins og hvaða menntun hafa þeir. Svarið er að langoftast eru það kennarar sem hafa áhuga og reynslu í félags- og tómstundastarfi sem sinna þessu, en það er einnig algengt að skólastjórar sinni þessum störfum, einkum í hinum allra minnstu skólum. Sums staðar hafa félagsmiðstöðvar það verkefni að annast hluta af félagsstarfi skólanna, þess eru dæmi, og við þær starfar áhugafólk sem hefur iðulega ágæta sérmenntun eða fyrst og fremst almennan áhuga.

Auk þess sem hér hefur verið nefnt hefur menntmrn. beitt sér fyrir sérstöku átaki í því skyni að efla og bæta félagslíf og félagsstörf í skólum landsins. Það hefur verið gert með því að sérstakur kennari hefur verið sendur á vegum ráðuneytisins í flesta eða alla skóla í fyrravetur og í vetur til að fara yfir málin, bæði með þeim hætti að hann hefur hitt að máli alla kennara og þá nemendur sem hafa með félagslíf að gera í viðkomandi skólum. Þarna hefur verið tekið mjög margt upp í þessari fræðslu, bæði almenn félagsmálastarfsemi og úr því hv. þm. óskaði eftir því að það yrði einnig tekið fyrir sem ekki væri bundið tíðarandanum vil ég gleðja hv. þm. með því að þarna eru líka kenndir gömlu dansarnir.

Að öðru leyti hef ég margt um þetta mál að segja, en vænti þess að ég hafi svarað fsp. og bið forseta að afsaka hvað ég tók langan tíma.

Fyrirspyrjandi (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svörin og upplýsingar hans um gömlu dansana voru alveg sérstaklega skemmtilegar þó það væri kannski ekki það sem spurningin beindist að heldur lá í spurningunni að því er ekki að neita að eftir þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér er þó nokkuð um það að kannski frekar foreldrum en börnunum, því að þeirra sjónarmið komast kannski sjaldan að, finnst nokkuð einhæft félagsstarf í skólum og að sú athygli sem starfsemi barna fær sé nokkuð bundin því sem til vinsælda er líklegt á almennan mælikvarða í þjóðfélaginu.

Mér er t.d. sagt að það sé afskaplega erfitt víða fyrir kennara ef þeir hafa áhuga á að fara með nemendur í smáferðalag eða annað slíkt til þess að njóta einhverrar menningar, en aftur á móti sé lítið um fyrirstöðu ef bolti er með í spilinu. Nú má ekki skilja orð mín svo að ég vilji ekki að nemendur stundi íþróttir, en spurning er hvort vægið er of mikið þarna á eina hlið. Það var kannski það sem ég átti frekar við með því sem væri ofarlega á baugi í dag, en hitt að ég hefði endilega áhyggjur af gömludansakunnáttu. Hitt efast ég ekki um að það geti verið mörgum til ánægju og yndis að læra slíka dansa.

Jafnframt hef ég af tali mínu við skólafólk þær upplýsingar að það standi félagslífi stórlega fyrir þrifum hversu lítið fé það hefur til umráða til þess og oft þurfi að seilast í vasa nemenda og þá byrjar strax keppni skólanna eða félagsstarfsins við annað það sem freistar nemenda. Gjarnan hafa þeir orð á því að það sé góður grunnur og mikill áhugi meðal barna og unglinga fyrir margvíslegu starfi sem því miður sé ekki ráðrúm eða peningar til að ýta í framkvæmd og spurning er, einmitt núna í sambandi við hugsanlega lengingu og samfellingu skóladags, að þessi mál komi þar eitthvað inn í heildarsamhengi, hvernig sá tími verður nýttur og þá jafnframt húsnæði og starfslið.

Mér er ljóst að þeir sem annast félagsstarf í skólum eru yfirleitt kennarar. Það er einu sinni það starfsfólk sem vinnur í skólum. En það er talað um að gangast fyrir námskeiðí fyrir þá kennara sem þessi mál fara með í skólum og að út eigi að gefa leiðbeiningar þeim til stuðnings. Það sem ég átti raunar við með hvaða menntun var sérmenntun innan kennarageirans en ekki hvort það væri einhverjir utan skólans sem önnuðust það.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Út af þessu síðasta, þá er það einmitt það sem við höfum verið að gera að halda námskeið fyrir kennara út af félagslífi sérstaklega. Það eru stutt námskeið, kannski einn, tveir, þrír dagar, en það er verið að vinna í því og þannig nálgumst við þessi mikilvægu verk, allt frá gömlu dönsunum og yfir til einhvers annars.

Varðandi það sem hv. þm. svo sagði sem er aðalatriðið í þessu: Ef verið er að tala um lengri skóladag, aðallega fyrir yngstu börnin, þá hlýtur sá skóladagur að byggjast að talsverðu leyti upp á félagsstarfi og leik en ekki hefðbundinni stundaskrárvinnu. Þess vegna er alveg augljóst mál að sá þáttur sem hv. þm. er hér að tala um hlýtur að koma með mjög miklu vægi inn í þær ákvarðanir sem verður að taka á næstunni um lengingu skóladagsins. Það er augljóst mál. Þess vegna mun þessi þáttur fá mikið meira vægi í hinu almenna skólastarfi á komandi árum, sérstaklega grunnskólans, en hann hefur haft á undanförnum árum.

Tryggingasjóður fiskeldislána, ein umr.

Fsp. HBl og EgJ, 288. mál. — Þskj. 520.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Þegar frv. um Tryggingasjóð fiskeldislána var til athugunar í Ed. á dögunum eftir nýár var mjög mikið upp úr því lagt að ekki væri hægt fyrir þingdeildina að verja eðlilegum tíma til að athuga frv. vegna þess að málefni þess væru svo brýn að ekki mætti dragast degi lengur að Alþingi samþykkti frv. og það yrði að lögum. Þegar ég lagði fram þá fsp. sem liggur hér fyrir á þskj. 520 hafði á hinn bóginn ekkert heyrst um það hvað liði vinnu við reglugerð um tryggingasjóðinn og ekki að sjá að þeir sem unnu að reglugerðinni væru sama sinnis og áhugamennirnir á Alþingi um að mjög lægi á því að þessi tryggingasjóður gæti farið að veita þær ábyrgðir sem um er rætt.

Ég taldi því eðlilegt í samráði við hv. 4. þm. Austurl. að flytja þá fsp. sem hér getur, enda höfðum við báðir lýst því yfir við umræðurnar í Ed. að við ætluðumst til þess að hæstv. ráðherra fylgdi áhuga sínum eftir ef Alþingi samþykkti frv. með því að ekki drægist úr hömlu að reglugerð yrði út gefin og stjórn Tryggingasjóðs fiskeldislána skipuð þannig að hægt væri að taka á umsóknum.

Nú hefur reglugerðin að vísu verið gefin út. Ef ég man rétt er hún gefin út hinn 9. mars sl. þannig að fsp. er að því leyti svarað. Reglugerð hefur verið gefin út og raunar hygg ég að stjórn Tryggingasjóðs fiskeldislána sé nú skipuð án þess að ég muni í svipinn hverjir í henni eru né hvenær hún var skipuð.

Ég sé þess vegna ekki, hæstv. forseti, ástæðu til að fylgja þessari fsp. frekar eftir. Reglugerð hefur verið gefin út, stjórn tryggingasjóðs er skipuð og ég vil vænta þess að stjórn sjóðsins muni reyna að vinna fljótt að þeim verkefnum sem lög fela henni og svara þeim umsóknum sem berast sjóðnum þannig að fyrirgreiðsla til fiskeldisstöðva geti gengið eðlilega.

Á hinn bóginn er kannski ástæða til að spyrja hæstv. ráðherra annarrar spurningar, þ.e. hvort samkomulag hafi tekist milli sjóðsstjórnarinnar og þeirra banka sem veita afurðalán til fiskeldisstöðva um það hvernig vinnubrögðum skuli háttað og hver skuli vera fjárhæð afurðalánanna.

Landbúnaðarráðherra (*Steingrímur J. Sigfússon*):

Virðulegur forseti. Það er heppilegra að landbrh. svari spurningum varðandi fiskeldið. En hv. fyrirspyrjandi svaraði sér sjálfur eða svaraði því með því að vitna til þeirra staðreynda að í raun er hvort tveggja komið til framkvæmda sem spurt er um í fsp. á þskj. 520. Stjórn Tryggingasjóðs fiskeldislána var fullskipuð með bréfum dags. 8. febrúar sl. Reglugerð var gefin út í fyrri viku, 8. eða 9. mars, og auglýst hefur verið eftir umsóknum, eyðublöð hafa verið prentuð og eru farin út til umsækjenda og umsóknir reyndar þegar farnar að berast.

Það er vissulega rétt að það tók allnokkurn tíma að ganga frá öllum atriðum varðandi undirbúning að stofnun og starfrækslu tryggingasjóðsins. Það er þó enginn vafi á að það að lög voru sett þegar í janúar flýtti fyrir málinu. Þá þegar var hafinn undirbúningur ekki bara að setningu reglugerðar heldur einnig að ýmissri annarri undirbúningsvinnu sem óhjákvæmilegt var að vinna og hrinda í framkvæmd. Ég nefni sem dæmi: gera drög að samstarfssamningi við Stofnlánadeild landbúnaðarins um þjónustu við sjóðinn. Ég nefni undirbúning að skilmálum í sambandi við umsóknir, prentun eyðublaða. Ég nefni vinnu að ákvörðun iðgjalda sem verulegur tími hefur farið í og tillögur munu berast mér í dag eða á næstu dögum um iðgjöld sem ég mun síðan samkvæmt laganna hljóðan staðfesta í samráði við fjmrh.

Allt hefur þetta þurft sinn tíma. Stjórn tryggingasjóðs hefur lagt mikla vinnu í þetta verkefni sl. mánuð eftir að hún tók formlega til starfa. Ég hygg að hún hafi haldið eina tíu fundi sem samtals hafi staðið í upp undir 40 klukkustundir. Auk þess hefur gríðarleg vinna verið unnin utan funda. Tryggingastærðfræðingur hefur verið að störfum til að reikna út iðgjöld. Fundir hafa verið haldnir með bönkum, fundir hafa verið haldnir með landbn. Alþingis til að kynna þeim reglugerðarsetninguna eins og loforð var gefið um við afgreiðslu laganna þannig að reynt hefur verið með öllum tiltækum ráðum að bæði hraða vinnu að þessu máli og koma þessu til framkvæmda. Afgreiðsla lánsumsókna á að geta tekið mjög stuttan tíma eins og þessari vinnu er nú komið og sjóðsstjórnin hefur fullvissað mig um að það eigi að geta gengið greitt fyrir sig núna þegar öll þessi undirbúningsvinna að starfrækslu sjóðsins hefur verið unnin. Það er einlæg von mín og ég deili von minni með fyrirspyrjanda að þetta geti komið til framkvæmda innan mjög skamms tíma.

Virðisaukaskattur, ein umr.

Fsp. HBl, 307. mál. — Þskj. 561.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Það kom fram í ummælum hæstv. menntmrh. í Sþ. ekki fyrir löngu að hann reiknaði með því að söluskattur yrði áfram við lýði hér á landi en ekki yrði staðið við það fyrirheit að virðisaukaskattur yrði upp tekinn 1. jan. 1990. Þegar hann var síðan inntur eftir því hvað hefði staðið á bak við þessi ummæli virðist mér sem hann gæfi í skyn að virðisaukaskattur yrði tekinn upp 1. jan. 1990. Þar sem mér þótti svar hæstv. menntmrh. óljóst en hæstv. fjmrh. var ekki viðstaddur og yfirleitt ekki mikið að græða á svörum hæstv. forsrh. þegar ágreiningur er uppi í ríkisstjórn um einhverja hluti taldi ég rétt að snúa mér beint til hæstv. fjmrh. og spyrja hann um hvað liði undirbúningi þess að virðisaukaskattur yrði tekinn upp 1. jan. 1990 og hvernig undirbúningi yrði háttað.

Ég minni á að alþingismenn voru sammála um að óheppilegt væri að virðisaukaskattur yrði tekinn upp á miðju þessu ári. Miklu eðlilegra væri af tæknilegum

ástæðum og allra hluta vegna að miða gildistöku við áramót og ég vil leggja áherslu á það með þessari fsp. að við þessa dagsetningu verði staðið.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í umræðum hér á Alþingi í desember þegar ákveðið var að fresta gildistöku laga um virðisaukaskatt kom í ljós að undirbúningur vegna þeirrar gildistöku reyndist mun flóknari og tímafrekari en ætlað var.

Ég vil reyndar nota þetta tækifæri til að vekja athygli hv. Alþingis á þeirri staðreynd að gildistaka virðisaukaskattsins mun hafa í för með sér allverulega aukningu á starfsmönnum í íslenska skattakerfinu og mér finnst e.t.v. nokkuð á það skorta að hv. Alþingi eða ýmsir aðrir hafi gert sér nægilega vel grein fyrir því að nauðsynlegt er, eigi framkvæmdin að takast vel, að reiða fram fjármagn í allnokkra fjölgun starfsmanna. Ég segi þetta vegna þess að yfirleitt eru menn fljótari að gagnrýna fjölgun opinberra starfsmanna en samþykkja að samhliða ákvörðunum þingsins getur oft verið óhjákvæmilegt að fjölga starfsmönnum.

Ég greindi jafnframt frá því í desember og vil endurtaka það hér að ætlunin væri að setja á laggirnar samstarfsnefnd þingflokkanna allra til að fylgjast með þeirri vinnu sem tengist gildistöku virðisaukaskattsins. Ég hef ætlað mér síðar í þessum mánuði að ræða við forustumenn þingflokkanna um þann hátt sem þingflokkarnir vilja hafa á skipun þessarar samstarfsnefndar.

Fyrir fáeinum dögum varð umræða í hv. Ed., þar sem virðulegur fyrirspyrjandi situr, um virðisaukaskattinn. Því miður var hann fjarverandi þá umræðu þótt hann auki ætíð virðuleika og umræðuþyngd deildarinnar að öllu jöfnu og þess vegna er óhjákvæmilegt að ég endurtaki kannski nokkuð af því sem ég sagði þá.

Ég hef átt allnokkra fundi með embættismönnum fjmrn. og embættismönnum ríkisskattstjóra til að skipuleggja þá vinnu sem nú er hafin til undirbúnings gildistöku virðisaukaskattsins. Í því sambandi má nefna að Kjartan Jóhannsson hefur skilað mjög gagnlegri skýrslu til fjmrh. Hann var formaður nefndar sem vann að þessu máli og skipuð var af fyrrv. ríkisstjórn. Nefndin sem slík skilaði ekki áliti, en formaður nefndarinnar hefur lagt fram mjög myndarlegt og vel unnið álit.

Þá hefur nokkur umræða verið um hvort eigi að taka upp fleiri en eitt þrep í virðisaukaskattinum og sú umræða heldur áfram. Ég hef hins vegar ákveðið að tæknilegur undirbúningur gildistöku skattsins verði á þann veg að hvort heldur geti hann verið með einu þrepi eða fleirum. Ég ræddi nokkuð kosti og galla þess í hv. Ed. að hafa virðisaukaskattinn í einu þrepi eða fleirum og vísa til þeirrar umræðu sem þar fór fram. Einnig má segja að það séu ýmis önnur álitamál stjórnmálalegs eðlis sem nauðsynlegt sé að leiða til lykta áður en endanlega er hrint í framkvæmd lokaundirbúningi vegna gildistöku skattsins.

Ég vænti þess að á næstu mánuðum geti bæði þessi tæknilega vinna og sú stjórnmálaumræða sem þarf að fara fram bæði innan núv. hæstv. ríkisstjórnar og í samstarfsnefnd þingflokkanna sem ég lýsti áðan farið fram og skilað þeirri niðurstöðu að fyrir lok þessa þings verði hægt að afgreiða frv. sem felur í sér sumar af þeim breytingum sem nauðsynlegt kann að verða að gera á virðisaukaskattinum. Hins vegar getur þurft lengri tíma til að vega og meta kosti þess að taka upp fleiri en eitt þrep í virðisaukaskattinum, en það mun væntanlega skýrast á næstunni.

Ég vil svo segja það að lokum í tilefni af nokkrum setningum sem féllu hjá hv. fyrirspyrjanda að mér hefur stundum fundist nokkuð á það skorta að menn gerðu sér grein fyrir því að virðisaukaskatturinn er ekki gallalaus frekar en aðrir skattar. Menn hafa kannski um of horft á kosti hans. Hann mun hafa það í för með sér að framteljendum mun stórfjölga. Skattakerfið verður mun umfangsmeira í framkvæmd. Starfsliðinu þarf að fjölga, skriffinnskan mun aukast allverulega þannig að ýmsar þær neikvæðu hliðar sem oft eru nefndar þegar menn gagnrýna hið opinbera munu sjást skýrar þegar virðisaukaskatturinn hefur tekið gildi. Hins vegar hefur hann ýmsa kosti sem tíundaðir hafa verið þegar hann var afgreiddur á hv. Alþingi. Mér finnst hins vegar nauðsynlegt að menn hafi í huga að nokkrir bögglar fylgja þó þessu skammrifi.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég þakka ráðherra hans svör og þá þörfu ábendingu til þingsins í heild að það sé svo um þau lagafrumvörp sem hér eru samþykkt að sum þeirra eru ekki gallalaus og ég tek undir með hæstv. fjmrh. að það á kannski helst við um skattafrumvörpin sem við höfum verið að samþykkja á þessu þingi að gallarnir eru meira áberandi en kostirnir.

Ég vil á hinn bóginn fagna því að vinna við undirbúning þess að virðisaukaskattur geti tekið gildi um áramót er í fullum gangi. Ég vil láta í ljós sérstaka ánægju yfir því að þess er að vænta að frv. verði lagt fyrir þetta þing með nauðsynlegum leiðréttingum eða viðaukum við lögin um virðisaukaskattinn til þess að hann geti tekið gildi um áramótin og legg áherslu á að reynt verði að vinna að því að svo geti orðið. Ég tel kosti virðisaukaskattsins meiri en gallana og legg áherslu á að með því að virðisaukaskattur er upp tekinn er í fyrsta lagi komið til móts við þá kröfu fyrirtækja í samkeppnisgreinum að skattlagning þeirra er sambærileg við það sem er í löndum Efnahagsbandalagsins.

Ég vil í öðru lagi leggja áherslu á að það er skoðun mín og míns flokks að tvö þrep eigi að vera í virðisaukaskattinum, sérstakt þrep fyrir matvæli og annað þvílíkt og svo annað hærra þrep fyrir annað. Ég vil í þriðja lagi láta í ljós þá skoðun að það væri æskilegt í tengslum við gildistöku virðisaukaskattsins að athuga hvort ekki væri hægt að tengja aðstöðugjald virðisaukaskattinum þannig að ekki verði um þá uppsöfnun aðstöðugjaldsins að ræða eftirleiðis

sem nú er. Bæði söluskattur og aðstöðugjöld hafa í för með sér mikla uppsöfnun og sú uppsöfnun kemur þyngra niður á landsbyggðinni en höfuðborgarsvæðinu. Ég hlýt því sem landsbyggðarmaður að leggja höfuðáherslu á að þessu hvoru tveggja sé hraðað, að lögfestingu virðisaukaskatts sé hraðað og einnig að reglum um álagningu aðstöðugjalds verði breytt á þann veg að hægt verði að koma í veg fyrir þá uppsöfnun sem er í aðstöðugjaldinu og bitnar í fyrsta lagi á innlendu framleiðslunni gagnvart hinni erlendu og í öðru lagi veldur því að vöruverð úti á landi er hærra en ella mundi.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, ein umr.

Fsp. GuðmÁ, 294. mál. — Þskj. 532.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Ágústsson):

Herra forseti. Á þskj. 532 legg ég fram fsp. til fjmrh. um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Fsp. er á þessa leið:

„1. Er í undirbúningi breyting á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins er geri ráð fyrir aðild starfsmanna Sinfóníuhljómsveitar Íslands að sjóðnum?

2. Má búast við að frv. þessa efnis verði lagt fram og afgreitt á þessu þingi?"

Eftir úrskurð stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins kom í ljós að starfsmenn Sinfóníuhljómsveitar Íslands áttu ekki aðild að sjóðnum. Í túlkun laganna um lífeyrissjóðinn skorti heimild í þeim til að starfsmenn sinfóníuhljómsveitarinnar ættu aðild. Í kjölfar þessa úrskurðar lofaði þáv. menntmrh., Birgir Ísl. Gunnarsson, að fá þessu breytt og var samið frv. í ráðuneytinu og sent fjmrn. Mun núv. hæstv. menntmrh. einnig hafa lofað starfsmönnum hljómsveitarinnar þessari breytingu. Á einhverju virðist samt standa hvernig sem á því getur staðið.

Hér er um réttlætismál að ræða og að vonum eru starfsmenn sinfóníuhljómsveitarinnar orðnir mjög óþolinmóðir. Mikil nauðsyn er á að breyting þessi nái fram að ganga á þessu þingi því stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins hefur gefið starfsmönnunum frest fram í júní, annars verða þeir að færa áunnin réttindi sín yfir í annan sjóð.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Á árinu 1987 óskaði stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eftir lögfræðilegu áliti á því hvort hljóðfæraleikarar og aðrir starfsmenn Sinfóníuhljómsveitar Íslands eigi rétt til aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Niðurstaða álitsins var sú að ótvíræð lagaheimild til þess að starfsmenn sinfóníuhljómsveitarinnar væru í lífeyrissjóðnum væri ekki fyrir hendi og þessu ástandi yrði ekki breytt nema með lagabreytingu.

Í tilefni af þessu máli og fjölda annarra álitamála ákvað stjórn lífeyrissjóðsins að láta semja frv. um breytingu á lögum um sjóðinn og skyldi frv. taka til tæknilegra atriða svo sem aðildarskilyrða og annarra þeirra atriða sem aðilar að sjóðsstjórninni, þ.e. fulltrúar fjmrn. og fulltrúar BSRB og BHMR, yrðu sammála um. Samið var frv. í samræmi við framangreinda niðurstöðu og meðal þeirra atriða sem full samstaða var um var að Sinfóníuhljómsveit Íslands ætti aðild að sjóðnum. Hins vegar reyndist á lokastigi undirbúningsvinnunnar ekki nást samstaða um öll þau atriði sem þetta mál snertir m.a. vegna afstöðu annarra fulltrúa í stjórn lífeyrissjóðsins en fulltrúa fjmrn. Það er alveg rétt, sem hv. fyrirspyrjandi sagði, að af hálfu núv. menntmrh. hefur komið fram skýr og eindreginn vilji um að starfsmenn Sinfóníuhljómsveitar Íslands eigi aðild að lífeyrissjóðnum og mér finnst rétt að geta þess einnig að ég hef lýst því yfir við bæði stjórn Sinfóníuhljómsveitar Íslands og fulltrúa starfsmannafélagsins að ég er einnig þeirrar skoðunar að starfsmenn sinfóníuhljómsveitarinnar eigi að eiga aðild að lífeyrissjóðnum.

Til þess að koma fram þessari breytingu hefur verið unnið að endurskoðun á því frv. sem ég gat um áðan og í því eru einnig nokkur önnur atriði sem ráðuneytið telur til bóta að verði lögleidd. Þessari vinnu er nær alveg lokið og er ætlun mín að leggja þetta frv. fyrir Alþingi að loknum páskum. Vona ég að þingið verði þá við þeirri eindregnu ósk að afgreiða frv. fyrir þinglok þannig að starfsmenn Sinfóníuhljómsveitar Íslands geti frá og með miðju þessu ári verið fullgildir félagar í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir hans svör og vona sannarlega að hann standi við það, sem hann setti fram í ræðu sinni, að leggja fram frv. þessa efnis og kem ég hér upp og fagna því sérstaklega.

Söluskattur af flotgöllum fyrir sjómenn, ein umr.

Fsp. AS, 328. mál. — Þskj. 594.

Fyrirspyrjandi (Alexander Stefánsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 594 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til fjmrh. um niðurfellingu söluskatts og vörugjalds af flotvinnugöllum. Tilgangur fsp. er að fá fram hvort möguleiki er á því að fella niður söluskatt og vörugjald af þessum flotvinnugöllum án þess að til þurfi að koma lagabreyting. Þá vísa ég til þess að hér er um sjálfsagðan öryggisbúnað að ræða á skipum og ætti í raun og veru að vera meðhöndlað á sama hátt og er um björgunarvesti sem er viðurkennt á þessu sviði að þurfi ekki að falla undir söluskatt eða vörugjald.

Flotvinnugallar kosta í dag um 18 þús. kr., en með

slíkri niðurfellingu mundi þetta verð lækka í 13–14 þús.

Það þarf ekki að rökstyðja það hvers vegna þetta er hér flutt. Sem betur fer var þetta tekið upp á loðnuskipum 1986 og í sambandi við hin hörmulegu sjóslys sem orðið hafa hringinn í kringum landið hefur það verið staðfest betur en nokkru sinni áður hvaða gildi þessir flotvinnugallar hafa. Það er þess vegna mjög mikilvægt að það sé greitt fyrir því að sjómenn almennt telji sig hafa efni á eða útgerðir að hafa flotvinnugalla um borð.

Því miður hefur það komið í ljós að Siglingamálastofnun hefur verið treg til að mæla með þessu eða leggja til að þetta verði gert, þessi niðurfelling, og viljað verja sig með því að þetta verði keypt af öðrum notendum, en í skýrslunni sem ég hef í höndum frá aðalinnflytjanda þessara flotgalla kemur í ljós að af heildarsölu þeirra frá upphafi, sem er um 1600 gallar, hafa aðeins 70 farið til annarra, þ.e. til snjósleðamanna, en hitt hefur farið til sjómanna og í dag munu vera um 2000 slíkir flotvinnugallar í notkun hjá íslenskum sjómönnum.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi minna á að það er endurgreiddur uppsafnaður söluskattur til útgerðar og til þess er varið allmyndarlegum upphæðum á hverju ári. Þessi endurgreiðsla tekur eðlilega til söluskatts sem útgerð hefur m.a. borgað af þeim flotvinnugöllum sem hér eru til umræðu svo að nokkru leyti má benda á að þessi söluskattur er nú þegar endurgreiddur sem liður í heildarendurgreiðslu söluskatts til allrar útgerðar vegna þess að þar er um að ræða margvíslegar vörutegundir sem útgerðin þarf að verja til sinnar starfsemi.

Hins vegar vil ég svo vekja athygli á því sérstaklega að samkvæmt heimildum í 7. gr. þeirra laga sem hér um ræðir getur fjmrh. fellt niður söluskatt af flotgöllum og björgunarbúningum sem viðurkenndir eru af Siglingamálastofnun til notkunar um borð í skipum. En að því að ég best veit hefur Siglingamálastofnun hvorki lögskyldað þennan búnað né viðurkennt hann sérstaklega. Ef svo er væri æskilegt að það gæti komið hér fram vegna þess að þá er til reiðu sá grundvöllur sem þarf að vera samkvæmt þeirri lagagrein sem ég vitnaði í áðan. Flotgallar bera ekki vörugjald, en af þeim ber hins vegar að greiða um 3% jöfnunargjald. Jöfnunargjald getur fjmrh. fellt niður ef sérstaklega stendur á. Samkvæmt þessu verður að álykta sem svo að fjmrh. geti fellt niður eða endurgreitt þau gjöld sem hér eru til umræðu af flotvinnugöllum ef Siglingamálastofnun viðurkennir þá sérstaklega. Ég er reiðubúinn að skoða það mál ef og þegar það liggur fyrir að þær forsendur sem snúa að Siglingamálastofnun hafi verið afgreiddar.

Fyrirspyrjandi (Alexander Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þessi svör. Það kemur að sjálfsögðu til athugunar að láta sjómannasamtök í þessu landi gera þá kröfu til útgerðar að þeir noti sér þennan rétt þannig að þeir kaupi þessa flotvinnugalla í heildsölu og þannig geri þetta mögulegt. Hins vegar hefur það alls ekki legið fyrir. Ég verð að segja það alveg eins og er að mér þótti það ákaflega dapurlegt að verða vitni að því að Siglingamálastofnun hefur ekki viljað viðurkenna þessi öryggistæki, ekki hvað síst þegar hvert tilfellið á fætur öðru er til staðar sem sannar það að þessi útbúnaður getur bjargað mannslífum. Það liggja hér fyrir um innflutta flotvinnugallann nákvæmar prófanir, sem hafa verið gerðar í Noregi, hvernig þetta reynist miðað við kuldastig í sjó og það er augljós reynsla þeirra sem hafa lent í þessum slysum að svona galli getur augljóslega bjargað mannslífum þar sem oft er um sekúndur eða mínútur að ræða ef menn eru í þessum göllum. Ég hef því miður eitt sorglegt dæmi um hvað þetta hefði getað gert ef viðkomandi sjómaður hefði verið í slíkum galla. Líka liggur fyrir að sá útbúnaður sem er aðallega notaður hér og er innfluttur hefur þá kosti að það er hægt að tvískipta honum. Það er hægt að nýta hann sem léttan vinnugalla sem líka getur varnað því að menn krókni við fyrstu snertingu í kaldan sjó og einnig hefur visst flotgildi jafnvel þó menn noti það aðeins vegna óþæginda af öllum gallanum í heild við ýmsa vinnu. En hvað snertir smábáta, sem eru fjölmargir, hundruð í kringum landið og jafnvel þúsundir, er það ekkert lítið mál að sjómenn sem þar eru, oft einir, noti þetta öryggistæki við störf á sjó því að það er búið bæði radarbúnaði, það er líka búið ljósabúnaði sem gerir það að verkum að björgun er oftast a.m.k. nær því að verða veruleiki eins og reynsla sýnir. En við megum ekki láta svona hindranir Siglingamálastofnunar koma í veg fyrir að við getum bætt öryggi þeirra sem sjóinn stunda að þessu leyti til.

Verndun hrygningarstöðva botnfiska, ein umr.

Fsp. JúlS o.fl., 305. mál. — Þskj. 559.

Fyrirspyrjandi (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Í umræðum sem urðu um fiskveiðistefnuna á Alþingi fyrir rúmlega ári lýstum við þingmenn Borgfl. áhyggjum okkar út af því að það hefur ekki tekist sem skyldi það meginmarkmið með fiskveiðistefnu að vernda fiskistofnana og einkum og sér í lagi tryggja hrygningarsvæði og uppeldissvæði botnfiska, að það sé hugað að því að verja og vernda svæði þar sem um er að ræða slíka staði og koma í veg fyrir rányrkju á fiskistofnunum.

Því miður virðast kvótalögin, eins og þau hafa reynst þau ár sem kvótalögin hafa verið í gangi frá því um áramótin 1983–1984, ekki megna að tryggja þessa meginstefnu sem við teljum að eigi að ein-

kenna fiskveiðistefnu Íslendinga þ.e. að nýta fiskistofnana á sem skynsamlegastan hátt en um leið að hafa verndunarsjónarmið í huga og tryggja uppeldisstöðvar botnfiska allt í kringum landið.

Við sem stöndum að þessari fyrirspurn vorum á fundi á Hornafirði fyrir tæplega ári þar sem voru mættir nokkrir fiskimenn, útgerðarmenn á Hornafirði. Þeir beindu því til okkar hvort við vildum spyrjast fyrir um hvort það væru nokkur áform uppi um að vernda ákveðin hrygningarsvæði á Hornafjarðargrunni. Mér hefur borist bréf, sem ritað er þáverandi forseta sameinaðs Alþingis, Þorvaldi Garðari Kristjánssyni, sent af hreppsnefnd Hafnarhrepps, 2. febr. 1987. Þar er þess farið á leit að Alþingi hlutist til um að ákveðin svæði á Hornafjarðargrunni, þ.e. ákveðin hólf sem eru hefðbundin neta- og línusvæði hornfirskra sjómanna, verði vernduð fyrir ágangi dragnótabáta og togbáta. Hér er um að *ræða viðkvæmt svæði sem er um leið aðalfiskislóðir* handfærabáta frá Hornafirði. Það er bent á að þarna er um að ræða mikilvæg hrygningarsvæði íslensku sumargotssíldarinnar og þarna eru uppeldisstöðvar fyrir botnfiska. Það er um að ræða hraunbotn sem er mjög viðkvæmur fyrir dragnótaveiðum, þannig að dragnótin fer ákaflega illa með botninn, brýtur hraunnibburnar og skemmir þannig uppeldisstöðvar sem þarna er um að ræða.

Ég vil því beina þeirri fyrirspurn til hæstv. sjútvrh. hvort í undirbúningi séu einhverjar aðgerðir til að vernda hrygningar- og uppeldisstöðvar botnfiska og sumargotssíldar á Hornafjarðargrunni í svokölluðu „sláturhúsi" og kemur til greina að loka þessu svæði fyrir öllum togveiðum. Kannski hefði átt að bæta við: Eru einhverjar hugmyndir uppi um það að vernda álíka svæði hringinn í kringum landið fyrir togveiðum og ágangi dragnótabáta?

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Á miðju ári 1983 óskaði Útvegsmannafélag Hornafjarðar eftir því að sjútvrn. bannaði allar togveiðar á tilteknu svæði við Hrollaugseyjar sem meðal sjómanna hefur gengið undir nafninu „sláturhúsið". Beiðni þessa byggðu útvegsmenn á tveimur meginástæðum. Í fyrsta lagi hrygnir síld mikið á þessu svæði og bæri að vernda hrygningarsvæði síldarinnar. Í öðru lagi eru þetta *hefðbundin línu-, handfæra- og netasvæði þeirra* Hornfirðinga. Að fengnum umsögnum Fiskifélags Íslands og Hafrannsóknastofnunar var 26. júní 1984 sett reglugerð þar sem bannaðar voru allar togveiðar tímabilið 1. júlí til 1. september á svæði milli lína sem dregnar eru 150 gráður frá eftirtöldum punktum: A 64 gráður 10 8 norður, 15 gráður 42 6 vestur og B 64 gráður 05 0 norður og 16 gráður 05 0 vestur. Að utan markaðist svæðið af línu sem dregin var 9 sjómílur frá grunnlínu.

Um þetta svæði hefur verið tiltölulega lítill ágreiningur. Flestir eru þeirrar skoðunar að friða þurfi ákveðin griðlönd fyrir fiskinn. Svæði þetta hefur verið óbreytt frá 1984 að öðru leyti en því að lokunartíminn hefur verið lengdur og var árið 1988 1. maí til 30. september, en í mars og apríl er svæðið lokað fyrir togveiðum samkvæmt lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi frá 1976.

Reglugerð um bann við togveiðum á þessu svæði er alltaf gefin út til eins árs í senn. Það stendur nú yfir endurskoðun á þessari reglugerð og verður á næstunni tekin afstaða til þess hvort breytingar verði á stærð svæðisins og gildistíma. En eins og ég áður sagði er svæðið lokað fyrir togveiðum nú sem stendur samkvæmt lögum.

Að því er varðar annað atriði spurningarinnar, hvort komi til greina að loka þessu svæði fyrir öllum togveiðum, kemur það vissulega til greina, en slík breyting þarf að gerast með lögum ef til frambúðar á að vera því að togveiðar eru bannaðar í mars og apríl eins og ég áður gat um og það er mjög nauðsynlegt að hefjast handa um breytingar á lögunum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands frá 1976, en það verk hefur einfaldlega ekki komist að vegna þess að það hefur verið svo mikið að gera við aðra hluti fiskveiðilöggjafarinnar. En það er orðið mjög brýnt að gera á henni ýmsar breytingar. Hitt er svo annað mál að þar er um mjög viðkvæm mál að ræða og það verður alltaf ágreiningur um þessi mál. Það er vissulega rétt hjá hv. þm. að það er ástæða til að vera þar vel á verði. Það er hins vegar oft og tíðum erfitt að binda það algerlega í lögum. Ég vil nefna sem dæmi að nú hafa dragnótaveiðar og togveiðar verið bannaðar á mjög stóru svæði fyrir Suðurlandi til að vernda ýsustofninn. Það á ekki sérstaklega við um þetta svæði að því er dragnót varðar því að þarna er botninn svo slæmur að það er ekki hægt að stunda dragnótaveiðar á þessu svæði. Hins vegar hefur mönnum tekist að stunda togveiðar á þessu svæði nú upp á síðkastið, en áður fyrr datt engum manni í hug að fara með troll inn á þetta svæði vegna þess hvað botninn er slæmur. En með fullkomnari veiðarfærum og meira afli hafa skip stundað togveiðar á þessu svæði sem ekki var gert áður. M.a. af þeim ástæðum hafa menn séð ástæðu til þess að friða þetta svæði hluta úr árinu. En ef þar á að verða friðun til lengri tíma þarf lagabreytingu til.

Fyrirspyrjandi (Júlíus Sólnes):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir greið og góð svör. Það er ástæða til að sem fyrst verði *tekin til umfjöllunar og umræðu hér á hinu háa* Alþingi mál sem þessi, þ.e. hvaða stefnu við eigum að móta okkur í framtíðinni um verndun fiskistofna og viðkvæmra svæða umhverfis landið. Það hefur verið varpað fram þeirri hugmynd hvort ekki sé orðið tímabært að setja svokallaða togveiðilandhelgi umhverfis allt landið. Ég vil ítreka það, sem ég sagði áðan í framsögu minni, að ég held að við ættum að taka okkur meiri tíma til að ræða um verndun fiskistofna og með hvað hætti við getum mótað skynsamlega fiskveiðistefnu sem tekur mið af því að byggja upp fiskistofnana og vernda uppeldis- og hrygningarstöðvar þeirra. Ég held að allt of mikill tími hafi farið í að úthluta kvótum og semja löggjöf

um með hvað hætti eigi að deila niður fiskveiðiheimildum á milli togskipa. Ég held að það væri nær að sinna þessum þætti betur.

Kristinn Pétursson:

Háttvirtur forseti. Ég sé ástæðu til að þakka fyrirspyrjanda fyrir þessa fsp. og einnig ráðherranum fyrir svarið. Ég vildi taka undir að það er full ástæða til að leggja meiri vinnu í vísindalegar athuganir á náttúrlegu klaki með það að markmiði hvort við getum ekki aukið viðkomu þorskstofnsins með því að gefa náttúrunni meiri frið við hrygningu. Við getum t.d. ímyndað okkur að mikill hávaði við hrygningu eins og er af umferð skipa og báta truflar hrygninguna og svo er aftur spurning um hvaða áhrif það hefur á klak nytjastofna.

Ég fagna því að ráðherrann skuli ætla að endurskoða þessi lög frá 1976. Auðvitað er hér um viðkvæmt mál að ræða, en ég lít þannig á það að allir séu sammála því að efling nytjastofna okkar er mjög nauðsynleg. Við vitum t.d. ekkert um það nema þorskstofnarnir séu margir, það sé ekki einn þorskstofn eins og alltaf er verið að tala um. Kannski leitar hann aftur á sömu svæðin og hann varð til á eins og laxinn. Alla vega getum við leyft okkur að álíta að á meðan enginn vísindamaður hefur sannað að þorskurinn sé vitlausari en lax teljum við hann jafngáfaðan.

Menntastofnun á sviði matvælaiðnaðar, ein umr.

Fsp. JK, 327. mál. — Þskj. 593.

Fyrirspyrjandi (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Á 109. löggjafarþingi árið 1986 var flutt till. til þál. um menntastofnun á sviði matvælaiðnaðar, hótel-, veitinga- og almennrar ferðamannaþjónustu. Flm. þessarar till. voru Davíð Aðalsteinsson, Haraldur Ólafsson, Jón Kristjánsson og Stefán Guðmundsson. Þessari till. var vísað til ríkisstjórnarinnar þann 18. mars 1987 á 109. löggjafarþingi. Þar sem 1. flm. þessarar þáltill. á nú ekki sæti á þingi lengur flyt ég fyrirspurn á þskj. 593 til menntmrh. um meðferð þessarar þáltill., hvort unnið hafi verið að þessum málum á vettvangi ríkisstjórnarinnar á því tímabili sem liðið er síðan og þá með hverjum hætti ef svo hefur verið. Ég vil taka það fram að till. var ekki samþykkt sem ályktun Alþingis heldur var henni vísað til ríkisstjórnarinnar til athugunar eins og títt er með slíkar tillögur.

Það er óþarfi að hafa um þetta fleiri orð. Fyrirspurnin er gerð til að fá upplýst hvort hefur farið fram starf á vettvangi ríkisstjórnar á þessu sviði eða hvort það séu áform um slíka vinnu á næstunni.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Þeirri fsp. sem hér er borin fram á þskj. 593 er fljótsvarað. Framkvæmd málsins er ekki hafin og hefur fyrst og fremst strandað á því að fjármunir hafa ekki verið veittir sérstaklega í þessu skyni.

Það má segja hins vegar að sú stefna sem felst í ályktunartillögunni sé með þeim hætti að menntmrn. getur fyrir sitt leyti fallist á hana, þ.e. að hér verði komið upp stofnun sem veiti fræðslu á sem flestum sviðum matvælaiðnaðar, hótel-, veitinga- og almennrar ferðaþjónustu. Eins og kunnugt er liggja fyrir áætlanir um hvernig skuli staðið að uppbyggingu kennslu í matvælaiðnaði og ferðamannaþjónustu. Það liggur einnig fyrir samningur á milli menntmrn. og bæjarstjórnar Kópavogs um að komið verði upp kennsluaðstöðu í nýju húsnæði í tengslum við Menntaskólann í Kópavogi fyrir ferðaþjónustugreinar, matreiðslu, framreiðslu, brauð- og kökugerð, smurbrauðsgerð, kjötvinnslu, matvælaiðnað og húshald. Byggingarnefndarteikningar að þessu húsnæði eru tilbúnar fyrir löngu og þær hafa verið samþykktar af menntmrn. og bæjarstjórn Kópavogs. Þar er um að ræða 5232 fermetra hús og auk þess 625 fermetra stjórnunarrými sem ætlað er að nýtist öllum menntaskólanum en skólahaldið yrði skipulagt sem ein heild.

Þar til komið hefur verið upp kennsluhúsnæði fyrir matvæla- og hótelgreinar er það mjög takmarkað sem unnt er að aðhafast á þessu sviði. Þó er hafið fyrir nokkru nám í ferðaþjónustugreinum í Menntaskólanum í Kópavogi. Það hófst núna í haust. Það er ekki unnt þess vegna nú að meta hvernig til hefur tekist, en það er verulega mikil aðsókn að þessari námsbraut. Þá hafa verið haldin námskeið fyrir fullorðið fólk sem vill kynna sér ferðaþjónustu af ýmsu tagi, t.d. í farseðlagerð og ýmislegt fleira skylt hefur verið tekið fyrir. Aðsókn að þessum námskeiðum er mikil og verulegur áhugi.

Hótel- og veitingaskólinn er einn gildur þáttur þessa máls. Hann sér um menntun matreiðslu- og framreiðslumanna í leiguhúsnæði og hann býr við mikil þrengsli. Unnið er þar að endurskoðun á námsskrá og lýkur því verki bráðlega. Aðstaða til menntunar í kjötiðnaði er nánast engin til hér á landi og því mjög brýnt að koma henni upp og síðast í gær var fjallað um það mál sérstaklega í menntmrn. með hvaða hætti mætti styrkja Iðnskólann í Reykjavík til að hafa skaplega aðstöðu til kennslu í kjötiðnaðargreinum.

Það verður þess vegna að teljast mjög aðkallandi, virðulegi forseti, að tryggja þeirri starfsemi sem þáltill. fjallar um, þ.e. matvæla- og ferðaþjónustu og námi í þeim greinum, húsnæði og þær athuganir sem gerðar hafa verið benda til þess að það sé hagkvæmt að þetta verði gert sem mest á einum stað. Hins vegar er alveg ljóst að það er mikið átak að koma þessu húsnæði upp, það kostar mörg hundruð millj. kr., og ef það yrði byggt yrði það að geta þjónað þörfum landsins alls þannig að þarna gæti verið fólk víðs vegar að af landinu í námi.

Á undanförnum mánuðum hefur verið fjallað um þessi mál, m.a. talsvert í fjölmiðlum, og af því tilefni vil ég segja þetta: Alþingi verður að taka af skarið varðandi framkvæmd þess samnings sem gerður var við Kópavogsbæ á sínum tíma annaðhvort með þeim hætti að greiða peninga til þess að framkvæma þann samning eða þá með því að taka ákvörðun um að leysa málin annars staðar. Það er alveg óhjákvæmilegt að þetta gerist. En að undanförnu hafa komið fram hugmyndir um að leysa verulegan hluta þess vanda sem hér er verið að tala um að því er húsnæði varðar á öðrum stöðum. Þar hafa verið nefndir staðir eins og Laugarvatn og Selfoss, en ákvarðanir í þeim efnum hafa ekki verið teknar í menntmrn. Við höldum okkur við þennan samning um Kópavog meðan ekki verða til niðurstöður af öðru tagi af því að ég tel að það sé Alþingis og fjvn. að taka af skarið í þessu efni. Og verði ekki verulegir fjármunir í þetta verkefni í fjárlögum ársins 1990 held ég að það sé fullreynt að Alþingi ætlar ekki að tryggja fé til að standa við þennan samning sem gerður hefur verið við Kópavogsbæ. Liggi það fyrir verður að taka nýja ákvörðun í málinu.

Fyrirspyrjandi (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir þau svör sem hann hefur veitt við spurningunni. Svarið var einfalt, að það hefur ekki verið unnið að þessari ályktun sérstaklega. Ég harma það að sjálfsögðu, en fyrir því eru auðvitað ástæður eins og hann rakti. Eigi að síður lýsi ég þeirri skoðun flm., sem er óbreytt þó nokkur tími sé liðinn, að það er nauðsynlegt að gera átak í þessum efnum hvort sem heldur er á sviði ferðaþjónustu sem er mjög vaxandi atvinnugrein í landinu og ekki síður á sviði matvælaiðnaðar, en það er upplýst í svari menntmrh. að aðstaða er engin fyrir menntun t.d. í kjötiðnaði hér á landi. Ég hygg að ýmsar fréttir af markaðnum sýni það, bæði af minnkandi kjötneyslu og lélegum gæðum þeirrar unnu kjötvöru sem er á markaðnum, að það er ekki vanþörf á bættri menntun á þessu sviði.

Ég tek undir það sem kom fram í ræðu hæstv. menntmrh. Það er nauðsynlegt að Alþingi taki af skarið um með hverjum hætti skuli standa að þessum málum, hvort það á að uppfylla þann samning við Kópavogskaupstað sem hann skýrði frá í sinni ræðu eða hvort það eru möguleikar til að nýta vannýtt húsnæði fyrir starf á þessu sviði. Ég vil lýsa þeirri skoðun minni að það er nauðsynlegt að taka sem fyrst af skarið í þessu efni. Ég geri mér fyllilega grein fyrir að hér er um kostnaðarsamar framkvæmdir að ræða, en þörfin er mjög brýn í þessum greinum í ferðaþjónustunni vegna vaxandi umsvifa og við verðum aldrei gildandi í ferðamannaþjónustu í landinu nema við byggjum á þekkingu og hæfni þeirra sem taka á móti ferðamönnum. Ekki síður á hinu seinna sviðinu, á sviði matvælaiðnaðar, er það bæði neytendum og framleiðendum í hag að þarna sé gert átak í menntunarkröfum og það fólk sem vinnur að þessum málum sé sem best menntað og fært til að framleiða góða vöru.

Að öðru leyti þakka ég hæstv. ráðherra fyrir þau svör sem hann hefur gefið.

SAMEINAÐ ÞING

52. fundur, fimmtudaginn 16. mars, kl. 2 miðdegis.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti tilkynna að hér mun um kl. 3 fara fram umræða utan dagskrár. Umræðan fer fram að beiðni hv. 11. þm. Reykv. og fjallar um viðskipti Olís, Alþýðubanka og annarra fjármálastofnana. Umræðan fer fram skv. fyrri mgr. 32. gr. laga um þingsköp og skal ekki standa lengur en í hálftíma.

Sjónvarpssendingar um gervihnetti, fyrri umr.

Þáltill. IBA, 86. mál. — Þskj. 88.

Flm. (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. á þskj. 88 um beinar sjónvarpssendingar um gervihnetti. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að skora á menntmrh. að fella brott síðasta málslið 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 70/1986, um útvarp samkvæmt tímabundnum leyfum, þannig að kynning og endursögn þular þurfi ekki að fylgja efni sem dreift er viðstöðulaust um gervihnött og sýnir atburði sem gerast í sömu andrá."

Í 6. gr. reglugerðar nr. 70 11. febrúar 1986, um útvarp samkvæmt tímabundnum leyfum, segir svo: „Útvarpsstöðvar skulu stuðla að almennri menningarþróun og efla íslenska tungu.

Efni á erlendu máli, sem sýnt er í sjónvarpi, skal jafnan fylgja íslenskt tal eða neðanmálstexti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni. Það skal þó ekki eiga við þegar í hlut eiga erlendir söngtextar eða þegar dreift er viðstöðulaust um gervihnött og móttökustöð fréttum eða dagskrárefni er sýnir atburði sem gerast í sömu andrá. Í síðastgreindu tilviki skal að jafnaði fylgja kynning eða endursögn þular.

Allt íslenskt tal og texti í útvarpi skal vera á lýtalausu máli."

Í tillögu þessari er lagt til að niður falli síðasti málsliður 2. mgr. sem hljóðar svo: „Í síðastgreindu tilviki skal að jafnaði fylgja kynning eða endursögn þular."

Hér er aðeins farið fram á að það sé ekki skilyrði

að endursögn þular eða kynning fari fram þegar um beinar útsendingar erlendis frá er að ræða. Engu að síður verði það enn í höndum útsendingar- eða móttökuaðila hvort hann kýs að vera með kynningu eða endursögn á meðan á útsendingu stendur og þá í hve miklum mæli.

Það kannast flestir við hversu mikils útsending getur misst þegar þulir, misgóðir, eru að tala ofan í beina útsendingu. Nægir að minnast á Evrópusöngvakeppni sjónvarpsstöðva og ensku knattspyrnuna í þessu sambandi.

Einnig má minna á að fjöldi Íslendinga tekur við sjónvarpsefni með eigin móttökudiski beint í gegnum gervihnött þar sem allt efni er að sjálfsögðu ótextað og án endursagnar þular.

Þá má minna á að þegar fram fór hér mikið skákmót á vegum Stöðvar 2, að mig minnir kallað Heimsmót Stöðvar 2 eða eitthvað slíkt, fór til að mynda fram langt viðtal við Kasparov, heimsmeistara í skák, að ég hygg ekki undir 10 mínútum og sennilega eitthvað töluvert lengra, þar sem í fyrsta lagi íslenski þulurinn talaði alfarið og eingöngu á enskri tungu og að sjálfsögðu svaraði Kasparov allan tímann á sinni skemmtilegu ensku. Allan tímann var ekki mælt eitt einasta orð á íslensku og ekki ein einasta þýðing fór fram eftir á, engin endursögn var, þannig að þarna var 10–15 mínútna sjónvarpsefni alfarið á enskri tungu, sem sagt þessi lög þverbrotin, enda sjáum við það víða og næstum daglega að mikið vantar inn í textun á erlendum fréttum og erlendu efni og þar sem ekki vantar inn í er oft ansi illa textað.

Hæstv. forseti. Að lokinni umræðu óska ég eftir að tillaga þessi verði send til hv. félmn. og 2. umr.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ég vil upplýsa hv. 5. þm. Vesturl. að ég gerði boð fyrir hæstv. menntmrh. og var tjáð að hann kæmi á hverri stundu. Mér er illa við að loka umræðu hefði hann viljað taka til máls, en nú veit ég ekki hvað tefur. — Og kemur þar nú hæstv. ráðherra. Hann skal upplýstur um að hv. 5. þm. Vesturl. hefur talað fyrir þáltill. sinni um sjónvarpssendingar um gervihnetti og ég vildi spyrja hæstv. ráðherra hvort hann kysi að taka þátt í þeirri umræðu.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir að athygli mín var vakin á þessari umræðu, að hún færi fram núna, og segi það að útvarpslög eru til endurskoðunar. Útvarpslaganefnd skilar áliti reyndar í kvöld eða fyrramálið. Þar er tekið á mörgum málum, m.a. að því er varðar sjónvarpssendingar um gervihnetti. Ég er hins vegar ekki sammála því að það eigi að fella niður þýðingarskyldu. Ég vil ganga eins langt í því og unnt er tæknilega. Mér er ljóst að á því eru nokkur vandkvæði að hrifsa geislann utan úr geimnum og snara honum á okkar tungu jafnharðan. Það er ljóst hvaða vandkvæði fylgja því. Hins vegar hef ég verið þeirrar skoðunar að það ætti að ganga þarna eins langt og tæknilega og fjárhagslega er kleift.

Þetta leiðir hugann að þeirri staðreynd að við erum með verulegan hluta af okkar sjónvarpsefni á erlendum tungum, einkum ensku, sem er stóralvarlegt mál, þannig að okkar börn, okkar yngsta kynslóð vex upp í framandi hljóðumhverfi, allt öðru en því sem við ólumst upp í. Það leiðir hugann að því hvaða aðstæður þau munu hafa til að innræta sínum börnum þær forsendur sem við kynntumst varðandi máluppeldi og málrækt.

En eins og ég sagði áðan, virðulegi forseti: Þessi mál koma hér vafalaust til umræðu og athugunar mjög fljótlega þegar frv. að nýjum útvarpslögum verður lagt fyrir Alþingi.

Flm. (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka ráðherra hans innlegg í þessa umræðu, en ég hef það á tilfinningunni að hann hafi eitthvað misskilið málið því hér er ekki verið í rauninni að vega að þýðingarskyldu. Hér er eingöngu verið að tala um beinar útsendingar og vitna sérstaklega til íþróttaviðburða og söngvakeppni þar sem aflétt verði þeirri skyldu að íslenskir þulir tali ofan í útsendingar og spilli jafnvel þeirri stemmningu sem við fengjum annars að njóta. Það er alls ekki verið að ráðast að þýðingarskyldunni. Ég tek alveg undir sjónarmið ráðherra í því efni og vil leiðrétta hann í þessu efni.

Ef útvarpslögin eru komin þetta langt á leið vænti ég að þetta atriði hafi ekki náð þarna inn og þó skal ég ekki um það segja. (**Menntmrh.:** Þetta er í reglugerð.) Já, það er í reglugerð þannig að það er möguleiki að koma þessum atriðum þar inn og ég óska eftir því að ráðherra líti aðeins nánar á málið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útsendingar veðurfregna, fyrri umr.

Þáltill. IBA o.fl., 100. mál. — Þskj. 103.

Flm. (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. á þskj. 103 um útsendingar veðurfregna. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Borgfl., Júlíus Sólnes, Óli Þ. Guðbjartsson og Guðmundur Ágústsson. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á menntmrh. að beita sér fyrir því að veðurfregnir verði í framtíðinni sendar út samtímis á öllum útvarpsstöðvum og rásum þeirra."

Herra forseti. Það er skoðun flm. að með því að koma upp samtengingu veðurfregna frá öllum útvarpsstöðvum sé stigið stórt skref í öryggismálum þegnanna. Það er nánast sama hvar gripið er niður í þjóðfélaginu í dag, alls staðar má segja er opið fyrir útvarp, enda er orðin mikil breyting hvað þau mál varðar síðustu árin með fjölgun útvarpsstöðva. Þess vegna er veruleg hætta á því að veðurfregnir fari fram

hjá mönnum sem alls ekki ættu að láta slíkt henda sig. Nægir að benda á sjómenn, þá aðila í þjóðfélaginu sem hvað síst mega við því að missa af veðurfregnum. Með slíkri samtengingu veðurfregna sem hér er farið fram á er reynt að koma í veg fyrir að nokkur maður sem á annað borð er með opið fyrir útvarp missi af þessum fregnum.

Ég ætla ekki að eyða tíma þingsins í að nefna dæmi slíkri tillögu til stuðnings einfaldlega vegna þess að ég tel ekki nauðsyn á því. Sjálfum finnst mér að hér sé um svo sjálfsagt mál að ræða að þingmenn hljóti að veita því brautargengi.

Ég vil að það komi fram í umræðunni að eins og menn vita sendir Ríkisútvarpið út viðamiklar veðurfregnir sem er eðlileg þjónusta ríkisfyrirtækis, en hins vegar ekki samtímis á báðum rásum. Ég vil einnig að það komi skýrt fram að það er mín skoðun að ekki eigi að skikka aðrar útvarpsstöðvar til slíkrar þjónustu heldur verði leitað leiða til að ná fram slíkri þjónustu án lagasetningar eða kvaða. Ég tel að um þetta megi ná samstöðu hinna frjálsu útvarpsstöðva, í það minnsta er það tilraunarinnar virði. Ég talaði við fulltrúa hinna frjálsu útvarpsstöðva og voru þeir í raun ekki par hrifnir af þessari tillögu sumir hverjir þótt þeir taki fyllilega undir öryggissjónarmiðin. Hins vegar kom fram í viðræðum óánægja með þjónustu Veðurstofunnar sem þeir töldu eyða allt of miklu púðri í veðurfræði og of litlu í veðurspár. Ég varpa þessu fram til umhugsunar.

Þeir lýstu hins vegar fullum vilja á að ræða málið og vildu alls ekki þvertaka fyrir að hægt væri að komast að niðurstöðu. Ég tel að ef til þess kæmi að veðurfregnum yrði útvarpað samtímis á öllum rásum yrði Veðurstofan að vinna miklu styttri og hnitmiðaðri veðurspár en nú er gert, spár er tækju helst ekki lengri tíma í flutningi en þrjár mínútur eða í hæsta lagi fimm mínútur.

Hæstv. forseti. Ég óska eftir því að að lokinni umræðu verði tillagan send hv. menntmn. til umsagnar og síðari umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Endurskoðun laga um rekstur heilbrigðisstofnana, fyrri umr.

Þáltill. ÓÞG o.fl., 185. mál. — Þskj. 216.

Flm. (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um endurskoðun laga og reglugerða um rekstur heilbrigðisstofnana. Meðflm. mínir að þessari till. eru Guðni Ágústsson, 5. þm. Suðurl., Guðmundur H. Garðarsson, 14. þm. Reykv., Geir Gunnarsson, 5. þm. Reykn., Þórhildur Þorleifsdóttir, 18. þm. Reykv. og 3. þm. Norðurl. e. Árni Gunnarsson. Tillagan hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela heilbr.- og trmrh. að skipa nefnd til að endurskoða lög og reglugerðir um rekstur hvers konar heilbrigðisstofnana á vegum hins opinbera.

Endurskoðunin skal ná til allra heilbrigðisstofnana, hvort sem þær eru reknar af sveitarfélögum eða ríki ellegar sem sjálfseignarstofnanir með styrk úr ríkissjóði.

Nefndinni er ætlað að skila tillögum um aukna hagkvæmni í rekstri án þess að í nokkru sé slakað á kröfum um eins góða þjónustu þessara stofnana og tök eru á."

Í greinargerð sem tillögunni fylgir er á það minnt að mikil og jákvæð þróun hafi orðið í uppbyggingu og rekstri hvers konar heilbrigðisstofnana hér á landi á undanförnum árum. Langflestar þessara stofnana eru reknar samkvæmt lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, og reglugerðum í tengslum við þá löggjöf. Þau lög eru um störf allra heilbrigðisstétta í landinu og flestar tegundir heilbrigðisstofnana, svo sem sjúkrahús og heilsugæslustöðvar. Kostnaðarskipting samkvæmt þessum lögum er 85% frá ríki og 15% frá sveitarfélögum til byggingar og rekstrar þessara stofnana. Það lætur því að líkum að hér er um að ræða langstærsta útgjaldalið fjárlaga á hverju ári. T.d. eru útgjöldin áætluð á þessu fjárlagaári 29,5 milljarðar kr. til heilbrigðis- og tryggingamála eða 39% útgjalda A-hluta ríkissjóðs þó að síst beri undan að draga að tryggingaþátturinn sé drýgri hlutinn í þessu dæmi eða sem svarar rösklega 17 milljörðum kr. miðað við fjárlög 1989.

Það fer sem sagt vart á milli mála að hér er um að ræða einn fjárfrekasta lið í ríkisdæminu á hverju ári. Það er til nokkurs að vinna að ná fram hagkvæmari rekstri á sem flestum þáttum þessa mjög svo viðamikla málaflokks án þess þó að slá nokkurs staðar af eðlilegum og sjálfsögðum gæðakröfum í þessari þjónustu.

Þá er rétt að minna á verulega breytingu sem unnið hefur verið að undanfarin ár á þessum vettvangi, en það er að hverfa frá daggjaldakerfi og reka stofnanir þess í stað á föstum fjárlögum. Sú þróun er að vísu enn í miðjum klíðum.

Fjvn. Alþingis hefur undanfarnar vikur haft til umfjöllunar ríkisreikning fyrir árið 1987 og skýrslu yfirskoðunarmanna og Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 1987. Nefndin hefur trúlega unnið þessa vinnu markvissar en áður hefur tíðkast, enda eru öll gögn nú betur unnin í hendur nefndinni en trúlega áður hefur þekkst.

Í fyrrgreindri skýrslu er m.a. fjallað um sjúkrahús og sjúkrastofnanir á eftirgreindan hátt, með leyfi hæstv. forseta:

„Í samræmi við lög nr. 12/1986 endurskoðaði Ríkisendurskoðun í fyrsta sinn rekstur allra sjúkrahúsa og sjúkrastofnana í landinu. Niðurstöður reikningsskila sjúkrahúsa fyrir árið 1987 sýna að rekstrarhalli sjúkrahúsa á föstum fjárlögum er að meðaltali 4,8% af veltu en sjúkrahúsa á daggjöldum 17,1%. Við tilflutning sjúkrahúsa á föst fjárlög eru gerðar meiri

kröfur um áætlunargerð, upplýsingar og reikningsskil. Betur er fylgst með starfsmannafjölda og greiðslufyrirkomulagi. Telja verður að umtalsverður sparnaður náist fram með því að færa sjúkrahús á fjárlög m.a. vegna mikils fjármagnskostnaðar sem fylgir hallarekstri daggjaldasjúkrahúsa sem gerður er upp að ári liðnu. Meginniðurstöður af endurskoðun fyrir árið 1987 eru því eftirfarandi:

1. Samræmt bókhald og reikningsskil er enn ekki til staðar. Samanburður á einstökum rekstrarþáttum er því ekki raunhæfur.

2. Óglögg skil eru á milli rekstrareininga í skýrslum sjúkrastofnana, þ.e. ellideilda og hjúkrunardeilda.

3. Óglögg skil eru milli sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva þegar þessar stofnanir eru reknar sameiginlega. Kostnaði er ekki skipt rétt upp og fellur yfirleitt meiri kostnaður á sjúkrahús og þar með ríkissjóð.

4. Starfsmannafjöldi sjúkrahúsa er yfirleitt umfram heimildir fjárlaga eða daggjaldanefndar sjúkrahúsa. Margir starfsmenn eru ráðnir til hlutastarfa en vinna síðan lengri tíma með hærra álagi. Framangreind atriði virðast helsta orsök stöðugs hallareksturs sjúkrahúsa."

Hér kemur glöggt í ljós hvaða sjónarmið mönnum voru efst í huga þegar flest sjúkrahúsanna á landsbyggðinni voru tekin á föst fjárlög 1987, en tvö þeirra, þ.e. í Vestmannaeyjum og í Hafnarfirði, höfðu hins vegar verið tekin á föst fjárlög 1986. Þegar frv. til fjárlaga fyrir árið 1989 var hins vegar lagt fram hér á Alþingi á sl. hausti fylgdi skrá með því frv. um ákvarðaðar aukafjárveitingar til 30. sept. 1988. Þar var um að ræða 511 millj. kr. Langstærstur hluti þessara aukafjárveitinga var til stofnana á vegum heilbr.- og trmrn. eða um 238,8 millj. kr. og sjúkrastofnanir á föstum fjárlögum vitaskuld yfirgnæfandi hluti þeirra sem þurftu á þessum aukafjárveitingum að halda og hafa trúlega hvergi nærri hrokkið til. Því nefni ég þetta að mér sýnist að þrátt fyrir flutning þessara mjög svo þýðingarmiklu stofnana á föst fjárlög eigi menn enn nokkuð í land til að ná þessum málum í viðunandi horf.

Þessi till. til þál. er 185. mál þessa þings og því lögð fram fyrir nokkrum mánuðum þó að hún komi fyrst nú til umræðu. Í millitíðinni hefur verið lagt fram frv. til l. um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem er 203. mál þessa þings og er nú til umfjöllunar í félmn. Ed. Ég sé af því frv. að þar er gert ráð fyrir breytingu og henni verulegri á lögum nr. 59 1983, um heilbrigðisþjónustu, t.d. breytingu á kostnaðarhlutfalli við byggingu og búnað heilsugæslustöðva sem og sjúkrahúsa, þ.e. í 60/40% í stað 85/15 sem nú er, og skiptingu í viðhalds- og endurnýjunarkostnaði fasteigna og tækja. Þá er hins vegar lagt til að færa rekstrarkostnað heilsugæslustöðva alfarið á ríkissjóð.

Út af fyrir sig ætla ég ekki hér og nú að taka afstöðu til þessara fyrirhuguðu breytinga. Hins vegar sýnist mér ekki síður þörf á heildarendurskoðun allra þessara laga og reglugerða þeim tengdra ef eitthvað í þessa veru nær fram að ganga innan tíðar. Þess er raunar getið í athugasemdum með þessu frv. um verkaskiptinguna að að því sé nú unnið í heilbr.- og trmrn. þó það sé ekki tilgreint með hvaða hætti sú endurskoðun fari fram né í hvaða tilgangi sérstaklega.

Ég vil hins vegar fagna beinni stjórnunarlegum tengslum á milli hinna ýmsu heilbrigðisstofnana víða um land og heilbr.- og trmrn. sem augljóslega er að stefnt með 6. og 7. gr. verkaskiptafrv. Þar held ég að sé stigið spor í rétta átt, jafnvel að óbreyttum þessum lögum að öðru leyti.

Þess er svo loks að geta, hæstv. forseti, að veruleg aukning er fyrirsjáanleg í þessum málaflokki með auknum fjölda aldraðra og hvers konar þjónustustofnunum þeim ætluðum. Það gefur því auga leið að miklu máli skiptir að fjármagnið nýtist svo vel sem kostur er og eðlilegrar samræmingar sé gætt þannig að hagsmunir þeirra sem þjónustunnar eiga að njóta séu ætíð í fyrirrúmi. Í þeim tilgangi er tillaga þessi til þál. flutt.

Ég vil svo að lokum, hæstv. forseti, æskja þess að tillögunni verði að lokinni þessari umræðu vísað til síðari umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verndun vatnsbóla, fyrri umr.

Þáltill. KE o.fl., 237. mál. — Þskj. 442.

Flm. (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um skipulag til verndunar vatnsbóla. Flm. auk mín eru hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir, Hjörleifur Guttormsson, Árni Gunnarsson, Guðmundur Ágústsson og Salome Þorkelsdóttir. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir að umhverfi allra byggðakjarna á landinu verði rannsakað og skipulagt með tilliti til nýtingar og verndunar grunnvatns.

Á skipulagsuppdráttum þéttbýlisstaða verði sýnd fyrirhuguð þróun byggðar, friðlýst svæði og önnur landnotkun.

Jafnframt verði gerð kort af jarðfræði og grunnvatnskerfum á viðkomandi svæðum með tilliti til vatnsbóla."

Við vinnu að þessari tillögu naut ég fyrst og fremst aðstoðar Helgu Tulinius jarðeðlisfræðings og Bryndísar Brandsdóttur jarðfræðings, auk ýmissa annarra aðila.

Almennt hefur verið talið að gnægð sé af góðu vatni hvarvetna á landinu og hafa Íslendingar löngum hælt sér af því að eiga besta vatn í heimi. Sagt er að hér sé hægt að drekka vatn úti í náttúrunni úr lækjum og vötnum og að vatnið í vatnskrönum heimahúsa sé

alls staðar drykkjarhæft. Þótt þetta sé sannmæli um marga staði á það því miður ekki við um alla. Sú skoðun hefur verið ríkjandi að hér sé svo mikið af vatni að ekki þurfi neinnar sérstakrar vatnsverndar við. „Minni háttar" mengun sé ekkert vandamál, hún hreinsist af sjálfu sér eða það megi þá taka vatnið annars staðar.

Margir gera sér grein fyrir að ferskvatn er tæmandi auðlind þótt erfitt geti e.t.v. verið að muna það í rigningunni og bleytunni sem við kvörtum svo oft yfir hér á landi.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns má víða lesa lýsingar á vondum vatnsbólum eða að vatn þrjóti á vetrum og því sé um langan veg að sækja. Það er því ekki bara í seinni tíð sem menn eru farnir að gera sér grein fyrir hve ferskvatn er manninum mikilvægt. Að vísu mætti ætla að ekki hafi mikið verið hugsað um þessi mál frá því á 18. öld þegar Jarðabókin var skrifuð ef miðað er við hve ástandið í vatnsverndarmálum er víða bágborið hér á landi. Sums staðar er neysluvatn jafnvel svo mengað að talið hefur verið varhugavert að nota það óhreinsað og eru mörg dæmi um það, jafnvel þar sem við höfum notað vatn til matvælaiðnaðar.

Kröfur um gæði vatns eru mismunandi eftir notkun. Almennt neysluvatn verður að vera mjög hreint að því er varðar grugg, sýkla, bragðefni og fleiri önnur efni. Nærri sömu kröfur eru gerðar til vatns í matvælaiðnaði, en fiskeldisvatn má t.d. vera nokkuð efnaríkara þó mengað vatn sé alltaf verra til notkunar en ómengað í hvaða tilgangi sem á að nota það. Nær alls staðar á landinu nota atvinnufyrirtæki t.d. í fiskiðnaði vatn frá almenningsveitum. Þar er um viðkvæman og mikilvægan matvælaiðnað að ræða sem vart má við hugsanlegum skakkaföllum vegna mengunar. Fara því saman hagsmunir heimilanna og fyrirtækjanna. Einnig er hin ört vaxandi atvinnugrein, fiskeldi, stór vatnsnotandi.

Mikil hætta getur stafað af mengun á vatnasviðum vatnsbóla. Gildir það jafnt um yfirborðsvatn sem grunnvatn. Þótt grugg síist oft alveg frá í grunnvatni og mikill hluti bakteríugróðurs deyi út á löngum ferli grunnvatns neðanjarðar geta borist efni í grunnvatn sem ekki eyðast auðveldlega. Efni berast með vatni frá yfirborði niður í grunnvatn og geta flust með því langar leiðir eftir sprungum og glufum í berginu.

Efni sem komist hafa í jarðveg geta eftir fjölda ára borist í vatnsból þéttbýlisstaða. Kalt grunnvatn hér á landi er talið vera nokkurra tuga ára gamalt. Þannig getur t.d. olía sem hellist niður í jarðveg komist í grunnvatn eftir tugi ára. Eitt mengunarslys eins og t.d. það sem varð á Suðurnesjum sl. haust getur haft alvarlegar afleiðingar um ókomna framtíð fyrir ferskvatnsöflun þar suður frá.

Eftir blaðafregnum að dæma hefur nú verið skipuð nefnd sem á að hefja viðræður um „endurnýjun" vatnsbóla Keflvíkinga og Njarðvíkinga. Auðvitað er öllum þó ljóst að ekki verður um neina endurnýjun að ræða heldur leit að nýju vatnsbóli.

Staðsetning Keflavíkurflugvallar er eitt dæmi um það sem kalla mætti skipulagsslys. Þetta athafnasvæði, sem óhjákvæmilega fylgir mikil mengunarhætta, er staðsett á hæð þannig að ef mengunarslys verður þótt ekki sé nema af minni gerð getur það haft verulegar afleiðingar.

Mikilvægt er því að gera sér grein fyrir hvernig æskilegt er að framtíðarskipulag þéttbýlisstaða þróist og reyna með því að koma í veg fyrir mörg skipulagsslys eins og hafa orðið á undanförnum árum.

Land er nýtt fyrir íbúabyggð, atvinnuhúsnæði, landbúnað eða til útivistar. Þau svæði sem eru ætluð til útivistar eru nú vernduð eða friðlýst, en slík friðun nær ekki til vatnsbóla.

Yfirborðsvatn er opið fyrir mengun. Grugg og óhreinindi berast í það í flóðum og leysingum auk þess sem það getur orðið fyrir áfoki. Vatnið er ekki verndað fyrir úrgangi, fugladriti og hrájum fugla og fénaðar. Meðal þess sem veldur mengun má telja ýmiss konar atvinnurekstur, mannvirkjagerð, efnistöku, ruslahauga og urðun sorps. Umferð vélknúinna farartækja, útivist og sumarbústaðir geta einnig valdið mengun, einkanlega þar sem ekki er gert ráð fyrir nauðsynlegri hreinlætisaðstöðu og eyðingu úrgangs og annarra mengandi efna.

Frágangi vatnsbóla er víða ábótavant þótt breyting hafi orðið til hins betra á því sviði hin seinni ár, einkum hjá nýlegum vatnsveitum. Einkum eru brögð að því að ekki sé nógu vel komið í veg fyrir írennsli yfirborðsvatns og skepnum sé ekki haldið nógu langt frá með girðingum.

Eitt af vandamálunum sem fylgja þéttri byggð er losun sorps og eyðing þess. Eiturefnum og ýmsum hættulegum efnum hefur verið fleygt út í náttúruna án þess að hugsað væri um afleiðingarnar. Þar er ekki síst mikilvægt að taka tillit til vatnsbóla, bæði núverandi vatnsbóla og ekki síður þeirra staða sem kunna að verða nýttir til vatnsöflunar síðar.

Nú sjá heilbrigðisfulltrúar á hverjum stað um að fylgjast með gæðum neysluvatns. Oftast er þar eingöngu um mælingu á gerlamagni í vatninu að ræða. Minna er um reglulegar mælingar á mengun af völdum ólífrænna eða lífrænna efna. Mengun af völdum slíkra efna getur haft mjög skaðlegar afleiðingar fyrir menn og skepnur ekki síður en gerlamengun. Nauðsynlegt er því að setja staðla um mengandi efni í neysluvatni og gera á því reglulegar mælingar. Til þess þarf að gera úttekt á vatnstökusvæðum og afrennslissvæðum þeirra. Jafnframt þarf að endurskoða löggjöf um vatnsréttindi, vatnstöku og vatnsvernd og samræma hana kröfum tímans.

Til þess að hægt sé að gera skipulagsuppdrætti af því tagi sem hér er gert ráð fyrir þarf að kortleggja jarðlög undir yfirborði ekki síður en land ofan jarðar. Gerð jarðlaga, halli, sprungur, gangar og fleira skipta verulegu máli þegar meta á landsvæði með tilliti til nýtingar. Jarðfræðikort af slíkum svæðum eru því mikilvæg til að geta skipulagt æskilega landnotkun og meta hvar mengunarhætta er mikil við vatnsból. Þessa kortlagningu þarf að tengja öllu skipulagi og því er rétt að það ráðuneyti sem fer með skipulags-

mál, sem nú er félmrn. og þar hef ég Skipulagsstjórn ríkisins sérstaklega í huga, hafi um það forustu. Eðlilegt er að við gerð kortanna verði samvinna milli Skipulagsstjórnar ríkisins, Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndarráðs, Orkustofnunar og e.t.v. fleiri aðila.

Tillaga þessi felur í sér að skipulega verði aflað þekkingar á náttúruauðlindinni ferskvatni og mótuð stefna um nýtingu hennar og vernd. Markmiðið er að tryggja verndun grunnvatnskerfa fyrir mengun svo að þau geti gefið af sér gott neysluvatn fyrir vaxandi byggð. Jafnframt því þarf að leiða í ljós hvert ástand vatnsbóla er um land allt og ráða bót á því þar sem þess er talin þörf.

Verkefni eins og það sem hér um ræðir fellur eðlilega undir starfssvið umhverfisráðuneytis þegar loks kemur að því að slíkt ráðuneyti verði sett á fót. Það er því með verkefni eins og þetta eins og með svo mörg önnur verkefni sem falla undir umhverfisvernd að einhverju leyti, þó að þetta falli vissulega undir miklu fleira en eingöngu það, að það mundi verða falið umhverfisráðuneyti. En þar sem við höfum það ekki hef ég gert ráð fyrir að félmrn. taki þetta verkefni að sér til að byrja með.

Að lokinni umræðu um þetta mál legg ég til að því verði vísað til síðari umr. og allshn.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð. Ég vil þakka 1. flm. fyrir einkar fróðlega framsögu með þessari tillögu og reyndar þarfa og góða tillögu. Ég hygg að þau mál sem hér er um að ræða séu með nokkuð ólíkum hætti á hinum mismunandi stöðum á landinu. Ef ég skil þessa tillögu rétt fjallar hún auðvitað fyrst og fremst um verndun grunnvatnsins, verndun vatnsbólanna og að skipulag umhverfis þau taki mið af slíkri nýtingu sem þar er um að ræða. Þar eru sjálfsagt hin ýmsu byggðarlög og hinir ýmsu þéttbýliskjarnar nokkuð misjafnlega á vegi staddir.

Við búum þannig Íslendingar að við eigum víðast hvar á landi feiknarlegt magn af fersku vatni, þó að það sé reyndar mismunandi eftir landshlutum, og mengun er tiltölulega lítil hjá okkur miðað við það sem víða þekkist þar sem þéttbyggðara er. Landið er stórt og úrkomusvæðin eru mikil. Byggðin er dreifð, líklega um 5,2 íbúar á kmy2.

Ég missti af byrjun ræðu 1. flm. en í mínum huga vakna tvær spurningar þegar ég les þessa tillögu. Ef Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því sem hér er um að ræða, og ég tek undir að er afar þarft verk, þá vaknar spurningin um kostnað. Gera flm. ráð fyrir að ríkið taki að sér þann kostnað sem þessum rannsóknum og kortlagningu fylgja, eiga sveitarfélögin að gera það eða er þar um einhvers konar samvinnu að ræða? Jafnframt hlýtur að vakna sú spurning hversu hratt þetta verk er unnið því að sjálfsagt er það misbrýnt eftir byggðakjörnum að taka á málinu. Það kann að vera, þó að ég hafi það nú ekki í huga, að hér geti orðið um glettilega kostnaðarsamt verk að ræða ef ráðist væri á þetta allt saman í heild eins og fyrir liggur. Vatnstaka Íslendinga er talsvert mismunandi eftir landshlutum. Ég hygg að á tertíersvæðunum sé ekki mikið vatn unnið úr sjálfum berggrunninum heldur er meira um að vinna vatnið úr áreyrum eða undan skriðum. Á yngri svæðum landsins eru jarðlögin mjög lek og þar er unnt að vinna grunnvatn eiginlega hvar sem er. Að vísu hafa jarðlög og gamall berggrunnur brotnað upp á sumum eldri svæðum landsins og nýjar sprungur leiða víða mjög vel.

Flm. vék sérstaklega að vandamálum á Reykjanesi. Ég held að Reykjanesið sé alveg sérstakt fyrirbrigði í vatnstöku Íslendinga. Það á sér enga hliðstæðu aðra þar sem grunnvatnslinsan liggur ofan á sjó. Þessi grunnvatnslinsa er afar viðkvæm. Hún er sennilega um 50 metra þykk um mitt nesið og víðast hvar ekki nema svona 10–12 metra þykk við ströndina. Jafnvel þó að ekki væri um að ræða mengun, sem við höfum reyndar rekið okkur talsvert á núna og vatnsmál Reyknesinga eru því mjög í brennidepli þessa stundina, þá er vatnstaka mjög viðkvæm úr þessari linsu vegna þess að ef of miklu er dælt drögum við sjó undan linsunni og það er mjög erfitt að hreinsa vatnsbólin eftir það, getur jafnvel tekið áratugi. Þar gilda að ýmsu leyti önnur sjónarmið gagnvart vatnstökunni en víðast hvar annars staðar vegna þess að afrennslið er heldur ekki mikið, víðast hvar líklega eingöngu um að ræða úrkomu hverju sinni sem varðveitist í þessari linsu þó að reyndar séu uppi mismunandi kenningar um það mál.

Segja má að nýting á grunnvatninu hafi eiginlega komist á nýtt svið með auknu fiskeldi hér á landi, sérstaklega með seiðaeldi undanfarin ár. Ef stefnt verður að mjög mikilli aukningu á ferskfiskseldi, silungseldi, víða um landið erum við komin inn á alveg nýtt svið, bæði þar sem vatnsneyslan verður miklu, miklu meiri en menn höfðu séð áður þar sem dælt er út hundruðum sekúndulítra jafnvel hjá einu fyrirtæki og jafnframt vegna þess að frárennslið frá slíkum fyrirtækjum getur valdið mengun á vatnasvæði og grunnvatni ef ekki er rétt á haldið. Þannig að þar er einmitt um sérstök mál að ræða, ekki bara mengunin heldur hversu mikið vatn er tekið því að hæð grunnvatnsspegilsins víða er auðvitað háð annars vegar hversu miklu dælt er og hins vegar úrkomu á svæðinu.

Ég held að þessi tillaga sé mjög þörf. Ég held reyndar að á sumum svæðum, til að mynda í Reykjavík, sé nú glettilega góð yfirsýn yfir vatnsverndarsvæðin og þar fylgjast menn með. En einmitt vegna þess hversu jarðlögin eru gljúp, sérstaklega á jarðfræðilega yngri svæðum landsins, og sprungur eru víða er meiri hætta á mengun grunnvatnsins en víðast annars staðar.

Ég hygg að hér sé, eins og ég hef áður sagt, um góða tillögu að ræða. Menn þurfa hins vegar að velta þessu fyrir sér í nefnd og með nánari umfjöllun um hvernig menn vilja skipta kostnaði, hvaða kostnað er um að ræða og hver skuli bera hann. Jafnframt hygg ég að skynsamlegt væri að menn gerðu einhverja

tímaáætlun um hversu hratt verkið er unnið og hvar brýnast er að ráðast að þessu máli. Á sumum stöðum gæti a.m.k. til að byrja með nægt að fyrir lægju ákvarðanir um að ráðast í slíka framkvæmd áður en útfærsla á stærra skipulagi kæmi til þannig að fjármálin væru samræmd framkvæmdum hverju sinni.

Flm. (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. 10. þm. Reykv. Guðmundi G. Þórarinssyni fyrir hans undirtektir við tillöguna. Það er alveg rétt að þær úrbætur sem verið er að ræða um í þessari tillögu geta ekki gerst allar í einu, þær verða ekki gerðar í einu vetfangi. Í fyrsta lagi þurfa þær nokkurn aðdraganda auk þess sem er mjög mikilvægt að samhæfa allar aðgerðir í þessu máli, en það er auðvitað alveg ljóst að viss atriði eru brýnni en önnur. Það er mjög misjafnt hversu sveitarfélögin hafa gengið langt í því að undirbúa sig fyrir verkefni sem þetta. Ég vil nefna að á vegum Vatnsveitu Reykjavíkur hefur starfað nefnd frá árinu 1981 sem hefur verið kölluð vatnsbólanefnd. Hefur þessi nefnd m.a. beitt sér fyrir rannsóknum á vatnasviði Elliðaáa og Elliðavatns og hefur lagt sérstaklega áherslu á rannsóknir á grunnvatnskerfum. Ég held því að Reykjavíkurborg standi tiltölulega vel að þessum málum. Það er ekki langt síðan gefið var út mjög nákvæmt kort af grunnvatnssvæðum í kringum Reykjavík og reynt að meta hvar framtíðarvatnsból Reykvíkinga gætu verið því að alltaf þarf að auka við vatnsöflunina, enn þá a..m.k.

Það má samt benda á að eitt vatnsból Reykvíkinga, Bullaugu, sem eru uppi í Grafarheiðinni að ég held, mengast mjög oft í leysingum af yfirborðsvatni þannig að við erum ekki alveg laus við mengun hér í Reykjavík þó að við stöndum mjög vel að vígi miðað við marga aðra staði. Þó að það sé vissulega rétt að Reykjanesið sé viðkvæmt er sums staðar á landinu mjög erfitt um vatnsöflun og eina leiðin jafnvel sú að ná í yfirborðsvatn. Það er ekki langt síðan — svo að ég taki dæmi úr nágrenni Reykjavíkur — að Akurnesingar voru í verulegum vandræðum með sitt neysluvatn og þó að það hafi batnað eitthvað í seinni tíð held ég að það sé alls ekki komið í fullnægjandi horf að þeirra mati. Við megum ekki vera of andvaralaus og verðum að gera okkur grein fyrir því að ferskvatn er auðlind sem við verðum að fara varlega með. Þó að mengunin sé lítil held ég samt að hún sé hættulega mikil á mörgum stöðum.

Varðandi kostnaðinn er að sjálfsögðu miðað við að það sé ekki ríkissjóður sem muni greiða hann allan heldur verði þarna samvinna milli sveitarfélaga og ríkisins að sjálfsögðu. Ég vil benda á að hlé var gert á þingfundi kl. 4 á mánudaginn var og við fórum og heimsóttum Landmælingar Íslands sem kynntu fyrir okkur gerð nýrra korta í mælikvarðanum 1:25.000 en einmitt slík kort munu koma sér mjög vel í þessari vinnu. Það var einnig talað um að ef við mundum kortleggja landið með þeirri áætlun reikna Landmælingar Íslands með að það þurfi um 160 millj. kr. á ári til að gera kort af öllu landinu í mælikvarðanum 1:25.000. Kostnaður við gerð korta eins og hér er gert ráð fyrir er ekki ljós en nauðsynlegt er að hefja vinnu við gerð slíkra korta.

Það má líka benda á það af því að við vorum að ræða um Suðurnesin að Samband sveitarstjórna á Suðurnesjum hefur í tengslum við svæðaskipulagið tekið mjög myndarlega á þessum málum varðandi skipulega vatnstöku og vatnsvernd þar sem þeir hafa reynt að taka inn í sitt svæðaskipulag hugmyndir svipaðar þessum sem hér er gert ráð fyrir. Það er þannig vissulega farin af stað svipuð vinna þeirri sem hér er rætt um. En það þarf að halda utan um það og gera ráð fyrir því alls staðar þegar verið er að skipuleggja til þess að ekki sé orðið of seint að breyta skipulaginu, það sé t.d. búið að byggja mannvirkin þó þau stríði gegn hagsmunum vatnsverndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tónmenntakennsla í grunnskólum, fyrri umr.

Þáltill. ÞÞ o.fl., 273. mál. — Þskj. 490.

Flm. (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir þáltill. um tónmenntakennslu í grunnskólum. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Árni Gunnarsson, Jón Helgason, Margrét Frímannsdóttir og Salome Þorkelsdóttir. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd til að athuga og koma með tillögur að samvinnu og samþættingu tónmenntakennslu í grunnskólum og tónlistarskólum landsins, með það fyrir augum

- að efla og auka tónmenntakennslu í grunnskólum,
- að koma á samvinnu milli grunnskóla og tónlistarskóla,
- að það nám í tónlist, sem nemendur stunda utan lögboðins grunnskólanáms, geti í auknum mæli flust inn í húsnæði grunnskólanna,
- að samnýta húsnæði og kennara til að draga úr kostnaði og gera tónlistarnám aðgengilegra fyrir nemendur.

Nefndin ljúki störfum fyrir upphaf næsta þings."

Í grg. segir m.a. að í landinu starfi nú u.þ.b. 70 tónlistarskólar. Nemendafjöldi í þessum skólum er um 8000 og þar af eru u.þ.b. 250–300 sem stunda nám á því stigi sem ætlað er til að búa nemendur undir atvinnumennsku.

Þessar staðreyndir tala sínu máli um það hve tónlistarnám er snar þáttur í menntun íslenskra barna og unglinga. Það er órjúfanlegt samhengi milli þessa og hins blómlega tónlistarlífs í landinu, bæði á sviði atvinnu- og áhugamennsku.

Nú eru að vísu blikur á lofti því að fyrir dyrum stendur ný skipan á verkskiptingu ríkis og sveitarfé-

laga og það er m.a. tilefni flutnings þessarar tillögu því þá er auðvitað um leið kjörið tækifæri til að endurskoða þessi mál og finna þeim nýjan og vonandi betri grundvöll. Það er þó skylt að nefna að í febrúar skipaði hæstv. menntmrh. nefnd til að endurskoða og koma með tillögur um tilhögun tónmenntakennslu og tónlistarskóla. Höfuðverkefni þeirrar nefndar, sem mun eiga að skila áliti nú fljótlega, er þó að athuga áhrif nýrrar verkskiptingar ríkis og sveitarfélaga á hag og rekstur tónlistarskóla. Sú lagasetning sem þeir byggja á núna fellur að sjálfsögðu úr gildi ef verkskiptingin nær fram að ganga og brýnt að ný skipan mála verði athuguð rækilega. Óhæft væri ef allt það mikla og árangursríka starf sem innt hefur verið af höndum undanfarin ár reyndist unnið fyrir gýg og horfið yrði áratugi aftur í tímann.

Þegar verkskiptingarfrumvarpið var til umræðu á þingi í fyrra streymdu inn mótmæli frá tónlistarskólum, skólastjórum, kennurum, nemendum og foreldrum og áskoranir til stjórnvalda að flytja ekki rekstur tónlistarskóla yfir á sveitarfélögin. Eðlilegt er að sú skipan veki ugg í brjóstum þeirra sem skilja mikilvægi þessarar starfsemi. Reynslan sýnir að forgangsröð er sjaldnast sú að líklegt sé að tónlistarskólar lendi ofarlega á óskalista þegar að því kemur að útdeila fjármagni. Hætt er við að sum sveitarfélög sæju sér ekki fært að standa að rekstri tónlistarskóla, sérstaklega þau minni og fátækari. Ekki náðist þó að koma í veg fyrir þessar fyrirhuguðu breytingar á verkskiptingunni og því ánægjulegt til þess að vita að hæstv. menntmrh. hafi brugðist við til að reyna að styrkja tónlistarskóla í sessi og tryggja áframhaldandi rekstur þeirra án þess að gæði og árangur rýrist.

Till. skarast að vissu leyti við þá vinnu sem nefndinni er ætlað að vinna en till. spannar þó víðara svið og ætti einungis að vera nefndinni til styrktar næði hún fram að ganga. Það ætti að vera óþarfi að fara mörgum orðum um gildi og mikilvægi þess að halda uppi öflugri tónlistarkennslu í landinu. Áhugi og fjöldi nemenda í tónlistarskólum og fjöldi kóra og hljómsveita og áhugastarfsemi af ýmsu tagi, tónleikar, nýsköpun og aðsókn að tónleikum, óperum og söngleikjum, bera því glöggt vitni að áhugi er almennur.

Menningarstarfsemi af þessu tagi er lyftistöng hverju byggðarlagi. Víða verður fólk í dreifbýli að vera sjálfu sér nægt í menningarlegu tilliti og er það af hinu góða. Má einmitt í því sambandi nefna að þegar kostir og ókostir þéttbýlis og dreifbýlis eru vegnir og metnir er það ótvíræður kostur í dreifbýli að þar byggir menningar- og félagsstarfsemi á almennri þátttöku fólks. Í þéttbýli eru íbúar miklu fremur neytendur. Hæfileg blanda af þessu hvoru tveggja er auðvitað æskileg og vissulega á fólk í dreifbýli ekki sama aðgang að t.d. menningarstofnunum og íbúar Stór-Reykjavíkursvæðisins og þyrfti svo sannarlega að ráða bóta á.

Mikilvægt er í tónlistarnámi sem öðru námi að sem flestir eigi að því aðgang ef þeir kjósa. Jafnrétti til náms er þar jafnsjálfsagt og í almennu grunnskóla- og framhaldsnámi. Þess vegna er nauðsyn að halda kostnaði niðri eins og framast er kostur. Það eru mikil útgjöld fyrir heimili ef t.d. tvö eða þrjú börn vilja stunda tónlistarnám. Kostnaður á hvert barn mun vera um 20 þúsund krónur á ári og eins og allir vita eru ýmsar nauðsynjar sem koma fyrst og illt til þess að vita að fjárhagur ráði aðgengi barna og unglinga að tónlistarnámi.

Því er auðsætt að leita verður allra leiða til sparnaðar án þess að draga úr gæðum eða framboði og sá er einmitt einn megintilgangur þessarar þáltill. Þar er lögð áhersla á samnýtingu húsnæðis og kennara en það er e.t.v. eitt mikilvægasta atriði eða spor í átt til sparnaðar ef samnýting yrði meiri en nú er. Hún er reyndar fyrir hendi sums staðar úti á landi og þar eru vissulega skólagjöld þau lægstu sem um getur í tónlistarnámi. Veldur að vísu fleira. Þar eru auðvitað færri kennarar og sjálfsagt minna framboð í náminu sjálfu, en þó er ekki að efa að mikið mætti spara, t.d. hér á Reykjavíkursvæðinu, ef skólar, almennir grunnskólar, nýttust til þessarar kennslu. Sama máli gegnir um kennara, fyrir utan það að ef hægt væri að samnýta þá yrði þeirra starf fjölbreytilegra og þar af leiðandi e.t.v. eftirsóknarverðara. Það er sjálfsagt ekki öfundsvert að öllu leyti að vera tónmenntakennari í grunnskólum núna. Þetta er ekki fag sem er gert hátt undir höfði og sjálfsagt hafa þeir ekki alltaf erindi sem erfiði og sækjast þá e.t.v. eftir öðrum störfum, bæði vegna tilbreytingarleysis starfsins og e.t.v. launa.

Jafnframt felur þessi tillaga í sér að efla skuli og auka tónmenntakennslu í almennu grunnskólanámi. Þegar það blasir við að 8000 börn og unglingar eru við nám í tónlistarskólum liggur við að það sé að verða jafnalgengt að læra að lesa nótur eins og að læra að lesa. Og þeim árangri er hægt að ná inn í grunnskóla að allir geti náð því þekkingarstigi að geta lesið nótur sér til gagns og ánægju og auðveldað þeim þar með bæði að taka þátt í ýmissi starfsemi þó að þar sé um áhugastarfsemi að ræða og eins að tileinka sér tónlist af ýmsu tagi.

Annað er það líka sem er mikilvægt í tónmenntanámi í grunnskólum ef það yrði aukið og eflt og það er sá félagsþroski sem nemendur öðlast í gegnum þá reynslu. Þar verða börnin að læra að vinna saman og vinna hvert með öðru sem er nauðsynlegur þáttur í þeirra starfi þannig að þau læri að það getur líka verið vænlegt til árangurs að vinna saman en ekki bara að keppa hvert við annað.

Ýmislegt mætti segja um gagnsemi tónlistarmenntunar, þ.e. þá gagnsemi sem mæld verður. Sú gagnsemi sem hver einstaklingur hefur af því sjálfum sér til sálubótar og ánægju verður aldrei mæld eða sú ánægja sem vel menntaður einstaklingur getur veitt öðrum, hún verður heldur ekki mæld. Það er hins vegar vel þess virði að kynna sér ýmsar rannsóknir sem hafa verið gerðar á samhengi milli tónlistarnáms og árangurs í almennu námi, og þær rannsóknir sem gerðar hafa verið benda í mjög athyglisverða átt, þ.e. það virðist vera næstum algjör fylgni milli tónlistar-

náms og árangurs í öðru námi og sérstaklega má finna tengingu á milli tónlistarnáms og raungreina, enda þekkja sjálfsagt allir dæmi um eðlisfræðinga sem líka spila á fiðlu og efnafræðinga sem semja sinfóníur o.s.frv. Þarna er því auðvitað í báðum tilfellum um að ræða mjög skipulagða rökhugsun, en sköpun er jú mikilvæg líka í þessum raungreinum og þarna virðist hvað styðja við annað.

Lenging skóladags er nú mjög á dagskrá og samfelldur skóladagur. Þá verður auðvitað að hyggja að því sérstaklega hvaða greinar komi til með að mæta aukningu kennslustundafjölda. Þær greinar sem nú eiga helst undir högg að sækja, þ.e. list- og verkmenntagreinar, hljóta að koma þar mjög sterklega inn sem þær greinar sem helst verður bætt við. Ástæðan fyrir því að hér er flutt tillaga um að fyrst verði komið skipulagi á tónlistarmál er vegna þess að þau mál eru þegar lengst komin og því auðveldast að fella það nám inn í almenna kennslu og styst leið að fara.

Eitt verður að nefna líka og það er að nú stendur fyrir dyrum stofnun tónlistarháskóla ef ekki eins stórs listaskóla sem sameinar þessar greinar allar og þá hefur tónlistarháskóli, hvort sem hann yrði einn sér eða inni í öðrum skóla, algjöra sérstöðu vegna þess að þar inn kæmist líklega enginn sem ekki hefði þegar stundað tónlistarnám lengi. Það gegnir öðru máli bæði með myndlist og leiklist og aðrar greinar sem þar yrðu kenndar. Það getur fólk tileinkað sér á fullorðinsaldri en í tónlistarnámi getur fólk ekki náð árangri nema það byrji að stunda það ungt og óhæfa er að ætlast til þess að skóli af þessu tagi, á háskólastigi, sé rekinn á kostnað almennings og þar eigi nemendur að njóta sinnar menntunar ókeypis ef nemendum er á fyrri stigum mismunað fjárhagslega þannig að einungis þeir betur settu geti stundað það undirbúningsnám sem nauðsynlegt er til að komast inn í þennan væntanlega háskóla.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri en legg til að lokinni umræðu að málinu verði vísað til hv. félmn.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Eins og fram hefur komið er ég meðflm. að þessari till. til þál. um tónmenntakennslu í grunnskólum og þarf því í raun ekki miklu við að bæta um það sem fram hefur komið í framsöguræðu hv. 1. flm. tillögunnar, 18. þm. Reykv., heldur vil ég miklu frekar taka undir þau viðhorf sem komu fram í hennar framsöguræðu. Ég vil sérstaklega árétta það sem hún sagði um samhengi milli tónlistarnáms og árangurs í öðru námi og ekki síður uppeldislega gildið með tónlistarnáminu sem er staðreynd og væri hægt að benda á mörg dæmi þess að íslenskir unglingar sem fara í tónleikaferðir, bæði innan lands og ekki síst utan, hvort sem um er að ræða kóra eða hljómsveitir eða hljómleikaferðir, eru hvarvetna til fyrirmyndar og góð landkynning.

Það eru taldir upp nokkrir þættir í tillögunni sem sérstaklega beri að huga að og ég vil einnig sérstaklega ítreka þau atriði. Það er nauðsynlegt að tengja þetta nám sem fram fer í tónlistarskólum við nám grunnskólanna. Nú veit ég að góðu heilli er víða samstarf milli þessara aðila, þ.e. grunnskóla og tónlistarskóla, og t.d. geta nemendur sem komnir eru í framhaldsskólana þar sem eru valgreinar nýtt sér tónlistarnám sem valgrein eða fengið það viðurkennt sem er þýðingarmikil viðurkenning fyrir þá nemendur sem eru lengra komnir í tónlistarnámi og eru jafnvel búnir að finna sér starfsvettvang eða farveg í framtíðinni á vettvangi tónlistarinnar.

Það kemur fram í grg. að við lengingu skóladags grunnskólanemenda, sem verður að treysta að komist til framkvæmda í náinni framtíð, þarf að huga að því hvernig þeirri aukningu kennslustunda verður skipt á hina ýmsu þætti námsins. Hæstv. menntmrh. taldi hér á fyrri fundi í dag í fyrirspurnatíma að sú aukning kennslustunda yrði fyrst og fremst nýtt til félags- og tómstundastarfa. Það er ljóst að nú þegar standa forráðamenn skóla frammi fyrir þeim vanda að sífellt er verið að gera auknar kröfur um nýjar námsgreinar innan grunnskólanna sem eru til orðnar vegna þessara breyttu þjóðfélagshátta og breyttu stöðu fjölskyldunnar sem við heyrum svo oft vitnað til. Í því sambandi má t.d. nefna umferðarfræðsluna sem við viljum fá inn í grunnskólana, aukna heimilisfræðikennslu og mismunandi þætti í heilbrigðisfræðslu sem tengjast fyrirbyggjandi aðgerðum, forvarnarstarfi, svo fátt eitt sé nefnt. Allt eru þetta þættir sem eru nauðsynlegir og skólakerfið verður að aðlaga sig breyttum þörfum, jafnvel breyta áherslum ef því er að skipta. Lista- og verkmenntagreinar hljóta að verða þar ofarlega á blaði.

Það að færa undirstöðumenntun í tónlistargreinum inn í grunnskólana er þýðingarmikill þáttur. Ég hef reyndar oft lýst þeirri skoðun minni að slík fræðsla, eins og t.d. nótnalestur, ætti að skipa sess við hlið annarra undirstöðukennslugreina, svo sem lestrar, skriftar og reiknings.

Eins og einnig kemur fram í grg. er tónlistarnám kostnaðarsamt fyrir foreldra og má segja að það sé umhugsunarefni hvers vegna tónlistarfræðsla skipar þennan sess í menntakerfinu að vera flokkuð — það liggur við að maður geti sagt sem lúxus eða forréttindi því að, eins og kom fram í máli hv. 18. þm. Reykv., þá gefur auga leið að fyrir foreldra sem eiga börn sem vilja stunda tónlistarnám, jafnvel fleiri en eitt, þau geta verið 3–4 systkinin ef því er að skipta, hljóta að verða mikil útgjöld að standa straum af slíku námi. Og oftast er það nú þannig að ef eitt barnið hefur áhuga á tónlist eða fer í tónlistarnám fylgja fleiri systkini eftir ef um er að ræða fleiri börn á sama heimili.

Það er því brýnt að koma þessari undirstöðufræðslu tónmenntar inn í grunnskólana og létta þannig þessa fjárhagslegu byrði foreldranna, a.m.k. á fyrstu námsárunum. Tónlistarskólar sem sérskólar gætu síðan verið á framhaldsstiginu.

Þekking og iðkun á tónlist á ekki að teljast til munaðar og sérréttinda fárra útvaldra, heldur á hún að vera sjálfsagður hluti af menntun og menningarlífi

almennings. Tónmenntafræðslu á grunnskólastigi þarf því að koma inn í grunnskólana og tengja betur saman grunnskóla og tónlistarskóla að þessu leyti.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins með örfáum orðum taka undir flutning þessarar till. Ég held að það sé mjög við hæfi að Alþingi Íslendinga láti í ljós vilja sinn í þessum efnum. Það er auðvitað enginn vafi að tónlistarnám er mjög mikilsverður þáttur í námi barna og unglinga. Og það þarf ekki að fara mörgum orðum um gildi slíks þáttar í náminu. Í því sambandi er unnt að vísa til ræðu 1. flm.

Ég hygg að það efni sem hér er fjallað um sé mjög þarft. Ég held að það sé enginn vafi á því að það er þörf á að auka samvinnu og samnýtingu, samþættingu eins og segir í till., í tónmenntakennslu í grunnskólum og tónlistarskólum. Það getur engum blandast hugur um að það er líka mjög þarft að auka tónmenntakennslu í grunnskólum og aðrir þættir sem eru hér taldir upp miða að minni kostnaði með samnýtingu sem ég hygg að allir hljóti að geta orðið sammála um líka.

Ég vil taka undir með þeim sem hafa nokkrar áhyggjur af því þegar verkaskiptingarfrumvarp verður samþykkt hér á þinginu, væntanlega þess efnis að sveitarfélögin taki yfir kostnað og rekstur tónmenntaskólanna. Þar verður þá að búa svo um hnúta að ljóst sé að sveitarfélögin geti staðið undir þeim kostnaði og að þessi þáttur í menntun bíði ekki hnekki af. En í því sambandi hlýtur að vakna sú spurning hvort námsskrár slíkra skóla séu skýrar og jafnframt því sem greitt er fyrir kostnað skólanna hljóta menn að gera nokkrar kröfur og átta sig á því með hverjum hætti kennsla á að vera og hvað á að kenna.

Ég hygg að tónlistaráhugi á Íslandi sé almennt mjög mikill. Mér segja fróðir menn að tónleikar á Íslandi séu mun betur sóttir en í flestum öðrum löndum. Fjölmennur áhugahópur um byggingu tónlistarhúss, sem hér starfar í landinu, á sér stóran draum og leggur fram mikla vinnu sem ekki hvað síst sýnir þann mikla áhuga sem meðal Íslendinga ríkir í þessum efnum.

Að lokum aðeins þetta, virðulegi forseti. Ég held að hér sé hreyft þörfu og góðu máli sem er eðlilegt og nauðsynlegt að Alþingi lýsi vilja sínum á.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Ég vil leyfa mér að taka undir í rauninni mál flestra sem hér hafa talað um þessa till. og lýsa fylgi mínu við hana, sérstaklega vegna þess á hvaða tíma hún kemur fram. Ég held að það skipti verulegu máli. Enda þótt það hafi komið fram í ræðu 1. flm. að máli þessu sé nú raunar hreyft í menntmrn. af hálfu hæstv. menntmrh., þá er sannarlega ekki vanþörf á því að menn íhugi þessi mál nokkuð vel einmitt núna. Eins og hér hefur komið fram er verkaskiptamál ríkis og sveitarfélaga í meðferð hæstv. efri deildar og er þar í meðferð félmn. Þar er gert ráð fyrir, samkvæmt 67. gr., að stofnkostnaður tónlistarskóla greiðist af stofnendum hans. Og í 68. gr. að sveitarfélög sem reka tónlistarskóla greiði launakostnað kennara og skólastjóra. Þarna er um að ræða reginmun frá því sem gert er ráð fyrir í sama frv. um rekstur grunnskólans að öðru leyti. Að vísu er gert ráð fyrir að verulegur hluti þess rekstrarkostnaðar fari til sveitarfélaga en launakostnaður sé áfram að öllu leyti borinn uppi af ríkinu.

Mér er í fersku minni hvernig staða þessara mála var fyrir árið 1977. Þá var það þannig að tónlistarskólar, a.m.k. úti um land, voru að verulegu leyti á ábyrgð áhugafélaga og raunar sveitarfélaga í „praxís" ef svo má segja. En af hálfu forsvarsmanna tónlistarskóla var mjög sótt á um ríkisstyrk í þessu sambandi. Ég man eftir því að á þeim árum var í forsvari fyrir tónlistarskólamenn Sigurður Ágústsson í Birtingaholti. Hann vann mjög að þessu árum saman og það var í menntamálaráðherratíð Vilhjálms Hjálmarssonar sem lögunum var komið á sem tónlistarskólar eru reknir eftir enn þann dag í dag. Og það var ýmissa manna mál að það hafi ekki verið fyrr en bændurnir á Brekku og í Birtingaholti náðu saman sem sæmilegt lag komst á þessi mál.

Nú er það svo að tónlistarfræðsla hefur í æ ríkari mæli orðið hornreka í hinum almenna grunnskóla og fyrir því eru ýmsar ástæður. Það er þess vegna sem þessi tillöguflutningur af hálfu hv. 18. þm. Reykv. og fleiri, sem hér er til umræðu, er ákaflega tímabær og nauðsynlegur. Ég fagna því alveg sérstaklega að flm. eru úr öllum þingflokkunum sex, að vísu vantar fulltrúa úr þeim sjöunda. En ég bind við það verulegar vonir að þessi tillöguflutningur, sem og þær fréttir af vinnubrögðum hjá hæstv. menntmrh., komi í veg fyrir það að sá hluti verkaskiptingarfrumvarpsins, sem hér hefur komið nokkuð til umræðu, nái fram að ganga því að það er sannarlega spor aftur á bak, aftur fyrir stöðu mála fyrir árið 1977.

Flm. (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þeim hv. þm. sem þátt tóku í umræðunni og veittu þessu máli sinn stuðning.

Hv. 10. þm. Reykv. nefndi einmitt námsskrá og innihald náms og hvernig að því væri staðið. Fyrir nokkrum árum var ráðinn við menntmrn. námsstjóri til þess að sjá um málefni tónlistarskóla. Hann starfaði þá í menntmrn. við hlið námsstjóra tónmenntakennslu í grunnskóla. Það er mála sannast að árangur af þessu starfi hafi skilað sér mjög vel úti um allt land því að þá var námið skipulagt, sett námsskrá, gæðakröfur settar fram um árangur og um menntun kennara og hvaða kröfur skyldi gera til þeirra o.s.frv. Það hljóp mikill fjörkippur í tónlistarskóla, nemendum fjölgaði og árangur lét ekki á sér standa. Ég held að þann almenna áhuga sem við búum við núna í tónlist á Íslandi megi m.a. rekja til starfs þessa eina námsstjóra. Svo miklum árangri skilaði einmitt samræming og skipulagning á þessu námi. Árangurinn sést út um allt land í betri, fleiri og stærri tónlistar-

skólum, öflugra tónlistarlífi um hinar dreifðu byggðir og öflugra tónlistarlífi hér í Reykjavík. Samhengi þarna í milli held ég að sé öllum ljóst sem hafa eitthvað kynnt sér þetta.

En því miður brá svo við að það var ákveðið innan skamms að nú skyldi spara og þá var starf þessa námsstjóra lagt af við heldur lítinn fögnuð allra þeirra sem höfðu notið góðs af störfum þessa manns. Er vonandi að það verði eitt af því sem leiðir af endurskipulagningu að aftur verði komið upp einhverri samræmdri stjórn, jafnvel þó að svo muni nú verða að tónlistarskólar fari til sveitarfélaganna að eftir sem áður verði framkvæmd námsins og tilhögun í höndum menntmrn. og þar verði settar reglur um hvaða kröfur beri að uppfylla í þessum skólum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umræður utan dagskrár.

Olís og Alþýðubankinn.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Eins og tilkynnt var úr forsetastóli þegar þessi fundur hófst fer nú fram umræða utan dagskrár að beiðni hv. 11. þm. Reykv. Umræðan fer fram samkvæmt fyrri mgr. 32. gr. þingskapalaga og skal ekki standa lengur en í hálftíma. Umræðuefnið er Olís og Alþýðubankinn.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs utan dagskrár í tilefni fréttar sem birtist í dagblaðinu Tímanum sl. þriðjudag og í Morgunblaðinu í gær og fyrradag þess efnis að bankaábyrgð sem Alþýðubankinn setti fyrir olíufarmi í eigu Olíuverslunar Íslands hafi utanríkisviðskiptabanki Sovétríkjanna hafnað.

Samkvæmt fréttinni í Tímanum barst skeyti sl. föstudag frá Sovétríkjunum þess efnis að þeir viðurkenndu ekki ábyrgð Alþýðubankans og óskuðu þess í stað eftir ábyrgð Útvegsbankans. Þá segir í sömu frétt að Alþýðubankinn hafi farið þess á leit við Útvegsbankann að hann ábyrgðist olíukaupin gegn því að Alþýðubankinn baktryggði þau. Þessu hafi Útvegsbankinn neitað á þeirri forsendu að Útvegsbankinn sé ekki í þessum málum Olís og Alþýðubankans.

Morgunblaðið segir þennan sama dag, sl. þriðjudag, að ástæða synjunar Sovétmanna sé sú að Alþýðubankinn hafi ekki bein fjárhagsleg tengsl við sovéska banka. Í Morgunblaðinu í gær er það hins vegar haft eftir ráðuneytisstjóra viðskrn. að sovéski bankinn hafi einungis gert athugasemd við ábyrgð Alþýðubankans á grundvelli þess að hann hafi ekki verið viðurkenndur í Sovétríkjunum sem viðskiptabanki. Ábyrgð Alþýðubankans var því ekki hafnað, eins og kom fram í fréttinni daginn áður, heldur var einungis gerð athugasemd við ábyrgðina. Vakna af þessu tilefni ýmsar spurnir Sovétríkin og bankaábyrgð beina eftirtöldum spurning

Í fyrsta lagi: Er í samnin um olíukaup ákvæði þess bankar geti sett bankaáb banka er þarna um að ræð þeim gagnvart öðrum bö greiða fyrir viðskiptum í S

Í öðru lagi: Eru einhver getu Alþýðubankans til að bindingum sem hann tekst

Í þriðja lagi: Hefur viðs hinn sovéska banka upply ann sem leitt geti til þess a í olíuviðskiptum við Sovét

Í fjórða lagi: Má ekki tr sem starfar eftir íslenskun Seðlabanka, sé örugg og é

Í fimmta og síðasta lagi ugt um ástæður synjuna þeirri málaleitun Alþýð bankaábyrgð með baktryg

Það kemur í sjálfu sér e skjóti upp kollinum og sé mikið hefur Olís verið mánuðum. Mann undrar h verið minnsti banki lands hönd á örlagastundu þega fyrirgreiðslu hjá Landsb treystu sér ekki til þess að taka Olís í viðskipti.

Það er í hæsta máta óeð Olís, sem veltir 3,5 milljö innangengt í ríkisbanka. þessari stærðargráðu getu um hætti nema það eigi a Að stærri bankarnir neiti fyrir okkur þingmenn og sú að eiginfjárstaðan sé óeðlileg viðskipti væri afst ekki til að dreifa varðand reksturinn vel og eiginfj fyrirtæki getur ekki fen bankakerfinu er einhver stjórnvöldum ber að athu

Af þessu tilefni leitar hugsanlegt sé að einhver hafi óeðlileg ítök í banka áhrif hverjir fái fyrirgrei þeir geti beitt bankakerf samkeppnisaðila þeirra burðaaðstöðu í viðskipta haft grun, en eftir að hafa grunur minn ekki lengur

Viðskiptaráðherra (Jó

Virðulegi forseti. Áðu máli sem hér er tekið til u gera tvær athugasemdir

Í fyrsta lagi að fyrir liggur í sameinuðu þingi fsp. til viðskrh. um bankaviðskipti Olís. Mér finnst orka tvímælis að taka það mál sem hér er til umræðu upp utan dagskrár þegar þetta er ljóst. Skriflegs svars var óskað við þeirri fsp., það hefur enn ekki verið veitt, en nú er verið að undirbúa það.

Í öðru lagi var mér ekki tilkynnt um þessa utandagskrárumræðu fyrr en klukkan var farin að ganga þrjú í dag, þ.e. fyrirvarinn var u.þ.b. þrír stundarfjórðungar. Mér skilst að formönnum þingflokka hafi heldur ekki verið skýrt frá umræðunni fyrr en svo seint. Þetta er að sjálfsögðu ekki fallið til þess að koma á viti bornum umræðum um mál eins og það sem hér er tekið upp utan dagskrár. Engu að síður vil ég verða við því að taka málið til umræðu og sný mér þá að því.

Ég ætla ekki að hafa um þetta mörg orð. Eins og flestum er kunnugt er olíukaupunum frá Sovétríkjunum þannig hagað að gerður er formlegur samningur á milli viðskrn. og sovéska ríkisolíufélagsins um kaup á olíu en viðskrn. framselur síðan samninginn til olíufélaganna þriggja sem reyndar taka þátt í gerð samningsins á fyrsta stigi. Olíufélögin greiða hvern skipsfarm af olíu í hlutfalli við hlutdeild hvers og eins þeirra í farminum og þau setja tryggingar fyrir greiðslu áður en lestun fer fram.

Það er alkunna að trúnaðarbrestur virðist hafa orðið milli Olíuverslunar Íslands hf. og viðskiptabanka fyrirtækisins, Landsbanka Íslands. Þess vegna hafa greiðslutryggingar fyrir tvo síðustu olíufarma vegna Olíuverslunarinnar ekki verið settar af Landsbankanum, en Olíuverslunin hefur fengið Alþýðubankann til þess að setja slíka tryggingu. Þetta var tilkynnt sovéska viðskiptabankanum sem fer með þessi olíuverslunarmál. Þetta reyndist í upphafi nægilegt. Fyrir fáum dögum barst þó athugasemd frá bankanum þess efnis að Alþýðubankinn væri ekki það sem kallað er „correspondent" banki í samningum um olíukaupin. Þ.e. hann hafði ekki verið tilkynntur sem viðskiptaaðili í sambandi við þau viðskipti. Samkvæmt eftirgrennslan sendiráðs Íslands í Moskvu er hér fremur um kvörtun vegna forms en efnis að ræða og ég sé ekkert því til fyrirstöðu að Alþýðubankinn fái tilskilda viðurkenningu þegar nauðsynleg gögn um bankann og stöðu hans hafa borist til Moskvu, en þau gögn hafa reyndar þegar verið send. Ég tel þess vegna þetta mál fyrst og fremst vera formlegs eðlis.

Á þessu stigi vil ég ekki segja neitt frekar um bankaviðskipti Olíuverslunarinnar. Í tilefni af þeirri fyrirspurn sem liggur hér frammi í Sþ. frá hv. þm. Hreggviði Jónssyni um þau mál hef ég óskað eftir upplýsingum um málið frá Landsbankanum og bankaeftirlitinu, en þær upplýsingar hafa enn ekki borist og fyrr en þær hafa borist er ekki tímabært að skýra það mál frekar.

Varðandi Alþýðubankann og skipti hans við Olíuverslunina er mér tjáð að þau viðskipti sem hér um ræðir séu ekki varanleg, heldur einungis bráðabirgðafyrirgreiðsla en gegn fullnægjandi tryggingum fyrir bankann. Ég vek athygli á því að þessi viðskipti eru ekki síst tilkomin vegna óska starfsmanna Olíuverslunarinnar sem hafa gengið fram í því að fá Alþýðubankann til þess að stofna til þessara viðskipta, en ég fullyrði að mjög tryggilega sé gengið frá viðskiptahlið málsins. Um þetta veit ég reyndar ekki umfram það sem fram hefur komið opinberlega. Einu afskipti ráðuneytisins formlega af þessu máli hafa verið þau að fylgjast með því að umsamdar tryggingar séu settar í sambandi við olíuinnflutninginn sem er á grundvelli samnings sem viðskrn. hefur gert og að greiða að öðru leyti fyrir framkvæmd olíukaupanna þaðan.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna orða hæstv. viðskrh. hér fyrir stundu hef ég þetta að segja: Það er ekki rétt hjá hæstv. ráðherra að fsp. á þskj. 579 um meðferð Olísmálsins í Landsbanka Íslands sé um sama efni og hér var farið fram á að ræða. Alþýðubankinn kemur ekkert þeirri fsp. við. Ég tel því með öllu eðlilegt að taka tillit til hvors tveggja, fsp. og utandagskrárumræðunnar.

Hitt er hins vegar rétt hjá hæstv. ráðherra að það mun hafa láðst að tilkynna bæði honum og formönnum þingflokka um þessa umræðu. Það get ég ekki gert annað en að harma og bið auðvitað afsökunar á því. Þar er um að ræða slys vegna þess að við erum fáliðaðri hér í skrifstofunni þessa viku en að öllum jafnaði. Þarna hefur einungis orðið mjög leiðinlegt óhapp og ég bið auðvitað velvirðingar á því.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Það skal tekið sérstaklega fram að ég bað um þessa utandagskrárumræðu fyrir tveimur dögum síðan og treysti því að upplýsingar mundu berast til hæstv. viðskrh. og formanna allra þingflokka. Það er greinilegt að það hefur ekki gerst.

Varðandi svör hæstv. viðskrh. við þeim spurningum sem ég lagði hér fram fannst mér vanta töluvert í þau, en hann hefur það sér til afsökunar að hafa ekki getað aflað sér upplýsinga á svo skömmum tíma. Mér hefði þótt gott að fá að vita hvernig á því stóð að Útvegsbanki Íslands neitaði Alþýðubankanum um ábyrgð þrátt fyrir að Alþýðubankinn hafi verið tilbúinn til að baktryggja þá ábyrgð. Einnig hefði ég viljað að það kæmi skýrt fram hjá hæstv. viðskrh. hvort Alþýðubankanum sé ekki treystandi til þess að setja svona ábyrgðir.

Sú umfjöllun sem orðið hefur um þetta mál hefur beinst að því að rýra álit Alþýðubankans og um leið Olís og ég harma það, og m.a. er beðið um þessa utandagskrárumræðu til þess að leiðrétta þann misskilning og ég verð að segja það að hæstv. viðskrh. tók undir það að vissu leyti.

Ég vil að lokum þakka hæstv. viðskrh. fyrir að hafa þrátt fyrir hinn skamma frest svarað eins vel og hann gat þeim spurningum sem ég lagði fyrir hann.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Um fyrra atriðið af þeim tveimur sem hv. 11. þm. Reykv. beindi til mín í seinni ræðu

sinni, þ.e. hvort ég gæti skýrt viðskipti milli banka vegna þessa máls, þ.e. Alþýðubankans og annarra banka, er svarið það að mér er ekki kunnugt um þau viðskipti og tel það reyndar ekki í mínum verkahring að hnýsast í þau. Hins vegar vil ég segja það alveg skýrt varðandi seinna atriðið sem hv. fyrirspyrjandi hreyfði í sinni síðari ræðu, og ég vona reyndar að það hafi komið fram í því sem ég sagði hér áðan, að Alþýðubankinn hefur gengið tryggilega frá þessum viðskiptum. Honum er fulltreystandi til þess að setja slíkar tryggingar og hann hefur í alla staði gengið frá málinu á þann hátt sem hægt er að ætlast til og fullnægir kröfum um viðskiptaöryggi.

Þetta er það eina sem ég vil um málið segja. Um aðrar hliðar þess eða tengingar vil ég ekki segja fleira en fram er komið í umræðunni til þessa.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Mér þykir þetta nokkuð einkennileg málsupptekt og tek undir orð hæstv. viðskrh. sem hann viðhafði hér í upphafi. Ég stend hér upp vegna aðdróttana hv. þm. Guðmundar Ágústssonar um óeðlileg vinnubrögð hjá Landsbankanum í þessu máli. Ég tel að gerðir Sverris Hermannssonar bankastjóra gefi ekki tilefni til aðdróttana af því tagi sem hv. þm. Guðmundur Ágústsson viðhafði hér í ræðustól í upphafsorðum sínum.

Málið er það að að mati Sverris Hermannssonar bankastjóra lagði Olíuverslun Íslands ekki fram þær tryggingar sem bankinn mat gildar. Landsbankanum var neitað um innsetningargerð þegar hann vildi tryggja hag sinn og vinnubrögðin hafa að mínu mati verið fullkomlega eðlileg hjá Landsbankanum undir forustu Sverris Hermannssonar. Það er mikil djörfung sem mér finnst Alþýðubankinn sýna að ganga í þetta mál og það er gott að viðskrh. metur að hann ráði við að leysa það verk af hendi sem hann hefur tekist þar á hendur fyrir Olíuverslun Íslands.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Aðeins í tilefni ræðu síðasta ræðumanns, hv. 1. þm. Norðurl. v., vil ég segja það eitt að manni finnst það svolítið skrýtið að minnsti banki landsins skuli setja ábyrgðir en stærsti bankinn treystir sér ekki til þess.

Snjómokstur í dreifbýli, fyrri umr.

Þáltill. BKL o.fl., 279. mál. — Þskj. 496.

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir þáltill. á þskj. 496 um snjómokstur í dreifbýli. Frumkvæði að þessari tillögu átti Birna K. Lárusdóttir sem sat hér á þingi um þriggja vikna skeið sem 6. þm. Vesturl., en auk mín og hennar flytja þessa till. hv. þingkonur Jóhanna Þorsteinsdóttir, Sigrún Helgadóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir og Guðrún Agnarsdóttir. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgrn. að kanna snjómokstur í dreifbýli með hliðsjón af hagsmunum barna."

Flest heimili í dreifbýli hafa kynnt sér hagsmuni barna. Hann er það ríkur þáttur í daglegu lífi barna að börn þurfa að sækja skóla um lengri eða skemmri veg eftir búsetu og á flestum vegum þessa lands eru virka daga vikunnar börn á ferð til og frá skóla, heimili sínum og þurfa mörg að fara langan veg. Mikil breyting hefur orðið á þessu á undanförnum árum og fer er nú að mestu horfið frá heimavistarskólum sem var allsráðandi hér um 1950. Þá þótti á sínum tíð til mikilla bóta í skólamálum, enda vegir þá öllu verri en nú. Á einstaka stöðum eru hins vegar enn þá heimavistarskólar þar sem ekki hefur verið talið fært að keyra börn daglega vegna vegalengda og vegleysa.

Heimavistarskólar fyrir ung börn eru þó þrautaráð, enda má segja að það sé lélegt heimili sem ekki er betra en stofnun. Þar sem enn þá er heimavist fara börnin í skólann á mánudögum og koma heim á föstudögum. Engu að síður er snjómokstri víða hagað svo að hann fer fram á þriðjudögum og föstudögum, en snjókomunni og færðinni er ekki jafnauðvelt að stjórna og er því undir hælinn lagt hvort vegir eru færir á mánudögum. Oft og einatt eru því börnin ekki komin í skólann fyrr en um eða eftir hádegi á mánudögum og hefur því sá dagur sem fara átti til kennslu ekki nýst sem skyldi. Með auknum kröfum til kennara og þar af leiðandi alls kyns fundahalda um menntamál sem oftast eru á Stór-Reykjavíkursvæðinu vill það æðioft brenna við að kennarar komast ekki til skóla sinna fyrr en á þriðjudögum og má af þessu ráða hve óheppileg tilhögun á allan máta þessi þriðjudagsmokstur er.

Með breyttri stefnu í uppeldismálum og skánandi vegakerfi er nú heimanakstur barna nær alls ráðandi þar sem því verður við komið og fáir skólar eingöngu heimavistarskólar, en nokkrir eru bæði með heimavist og heimanakstur. Það segir sig sjálft að í svo strjálbýlu landi með löngu og lélegu vegakerfi víða hefur í sumum tilfellum ekki verið talið fært vegna vegalengdar að keyra börnin daglega. Viðmiðunarreglan er sú að þau börn sem eiga heima fjærst skóla séu ekki lengur en einn klukkutíma á ferð í skóla. Flestu fullorðnu fólki þætti það og þykir ærið nóg að ferðast í klukkutíma til vinnu dag hvern og eiga heimferðina eftir að loknum vinnudegi, en staðreyndin er sú að æðimörg börn á grunnskólaaldri mega sitja í misvel búnum skólabílum tvo tíma daglega þegar færð er góð og enn þá lengur ef eitthvað er að færð og veðri og jafnvel ekki alltaf sæti fyrir alla eða rými fyrir farangur sem skyldi. Þegar tíð er erfið og um illa uppbyggða vegi að fara vill oft teygjast í tímann og þessir tveir verða að fjórum, allt að sex tímum og jafnvel dæmi þess að tekið hafi 14 tíma að keyra börn heim úr skóla þótt það sé vitaskuld mjög fátítt.

Öll viljum við búa vel að börnum okkar og veita

þeim þá menntun sem krafist er, en þar sem á fleiri sviðum á dreifbýlið undir högg að sækja og finnst mörgum þar illa horfa því sé þætti mennta ekki sinnt sem skyldi er vá fyrir dyrum og jafnrétti til náms er því miður e.t.v. meira í orði en á borði. Margt má hins vegar laga og bæta ef viljinn er fyrir hendi. Oft sýnist hugsunarleysi búa að baki ákvörðunum sem teknar eru fyrir það fólk sem má búa við fyrirkomulagið.

Þegar ákvarðanir eru teknar um snjómokstur, hvaða daga skuli moka, er það umhugsunarvert hvers vegna þriðjudagar eru svo víða taldir heppilegri mokstursdagar en mánudagar. Mér er ekki kunnugt um það né hef ég nokkurn tíma heyrt um það að fólk vilji svo miklu heldur ferðast á þriðjudögum en mánudögum. Það verður ekki hjá því komist að benda á það mat sem virðist ráða þegar ákvarðanir um mokstursdaga eru teknar og það er því miður áberandi að börn og heimili virðast ekki hafa mikið að segja um þau efni. Það virðist sem sagt augljóst að menntun barnanna sé talin þar léttvægur þáttur.

Aldrei frekar en nú hefur þörfin fyrir bættar samgöngur verið svo mikil. Um allar sveitir landsins sækja börn skóla til þess að reyna, og það víða við lélega aðstöðu, að menntast eins og nútíminn krefst. Erfiðleikar samfara skólagöngu barna hafa leitt til þess að fjölskyldur hafa jafnvel flust úr sínum heimahögum, rifið sig upp með rótum, og talið það skárri kost en að leggja langar ferðir í skólabílum eða heimavistardvöl á ung börn sín. Það er löngu orðið tímabært að endurskoða snjómokstursreglur með það að markmiði að snjómokstur sé fyrir fólkið sem við vegina býr og að skólaganga barna sé ekki skert að ástæðulausu og eingöngu e.t.v. af hugsunarleysi. Mánudagsmokstur kostar varla meira en þriðjudagsmokstur í aurum talið heldur fyrst og fremst þá hugarfarsbreytingu að tekið sé tillit til heimila og barna við endurskoðun snjómokstursreglna sem mér er reyndar kunnugt um að nú fer fram.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið við að mæla fyrir þessari tillögu sem, eins og fyrr segir, Birna K. Lárusdóttir átti frumkvæði að, og að lokinni þessari umr. legg ég til að henni verði vísað til síðari umr. og hv. allshn.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins koma hér og lýsa yfir stuðningi við þessa tillögu. Hún er ágætt innlegg inn í þá endurskoðun á þeim nýju reglum um snjómokstur sem núna eru í undirbúningi. Ég vil geta þess að við þm. Vesturl. sem ferðumst um kjördæmið á hverju hausti og tökum við óskum og ábendingum heimamanna fengum einmitt þessa ósk frá bæði sveitarstjórnarmönnum og skólamönnum í Dalasýslu og einnig á Snæfellsnesi og höfum komið þeim ábendingum til Vegagerðarinnar í sambandi við þá endurskoðun sem fer nú fram á þessu máli.

Það þarf ekki að segja neitt fleira um þann rökstuðning sem hér kemur fram. Hann er greinilega réttur og endurspeglar þá umræðu og þær óskir sem frammi liggja og það er í sjálfu sér umhugsunarefni hvers vegna þriðjudagur er betri en mánudagur o.s.frv., en aðalatriðið er að þessar reglur séu þannig fram settar og þannig framkvæmdar að þær skili þeim árangri, sem að er stefnt, að greiða fyrir umferð í byggðum landsins og reyna að haga því þannig að þær séu sveigjanlegar og komi að notum bæði í sambandi við skólastarf og annað. Að því hljótum við að vinna. Ég vil geta þess um leið og hægt er að fagna rýmkun á snjómokstri núna í sambandi við aðalleiðir að þá hafa þær reglur t.d. á Snæfellsnesi virkað neikvæðar. Það hefur orðið minni þjónusta en fyrir var við sveitir sunnanfjalls sem bæði þurfa að sækja læknisþjónustu og skóla, framhaldsskóla eða heimavistarskóla, á svæðinu og hefur bitnað illa á þeim vegna þess að fjölgun á mokstursdögum eftir öðrum leiðum varð til þess að það var dregið ósjálfrátt úr því á hinum leiðunum sem var ekki tilætlunin. En svona getur þetta verkað. Þetta er dæmi um að það er ekki alveg einfalt mál hvernig að þessu er staðið og þess vegna finnst mér að allar ábendingar í þessu máli séu réttlætanlegar og þurfi að taka tillit til þeirra þegar nýjar reglur eru samdar því að við verðum að gera ráð fyrir því að það verði gengið frá því verki í vetur og vor þannig að nýjar og bættar snjómokstursreglur liggi fyrir næsta haust. Ég held að það sé alveg augljóst mál og við erum örugglega sammála um það og ég þakka 1. flm., þó hann sé ekki hér viðstaddur, fyrir þetta framtak.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Orkustefna sem tekur tillit til umhverfis, fyrri umr.

Þáltill. SigH o.fl., 278. mál. — Þskj. 495.

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um orkustefnu sem tekur tillit til umhverfis sem er á þskj. 495. Höfundur þessarar till. og meðflytjandi greinargerðar er Sigrún Helgadóttir, sem sat á þingi nýlega sem 12. þm. Reykv., en auk hennar og mín flytja þessa till. hv. þingkonur Birna K. Lárusdóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Jóhanna Þorsteinsdóttir og Þórhildur Þorleifsdóttir. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að mörkuð verði stefna í eldsneytis- og orkunotkun þar sem tekið verði tillit til umhverfis, leitast við að spara takmarkaðar auðlindir og draga úr mengun.“

Í nýútkomnu riti orkuspárnefndar, Eldsneytisspá 1988–2015, kemur fram hvað Íslendingar nota af orkugjöfum úr auðlindum jarðar sem ekki eru endurnýtanlegar, kolum, olíu og gasi, og spáð er fyrir um orkunotkun til ársins 2015. Af þessum orkugjöfum er olían langmikilvægust, en bæði fiskveiðar Íslendinga

og samgöngur byggjast á olíunotkun. Fram kemur að olíunotkun fiskiskipa var árið 1987 206 þús. tonn og gert er ráð fyrir að hún minnki lítillega og verði 203 þús. tonn árið 2015. Bifreiðar eyddu árið 1987 jafngildi 177 þús. tonna af olíu og gert er ráð fyrir að árið 2015 muni þær eyða jafngildi 226 þús. tonna. Olíunotkun til annarrar starfsemi, svo sem á flugvélar og flutningaskip, til iðnaðar og húshitunar, er miklu minni. Heildarolíunotkun árið 1987 var 491 þús. tonn og gert er ráð fyrir að hún muni aukast á þessu árabili um 7%. Sú spá byggir á því að olíuverð fari hækkandi, en það er nú mjög lágt, og að hagvöxtur verði 2,5–3% á ári að jafnaði.

Í hinni íslensku eldsneytisspá er gert ráð fyrir að olíuverð verði í lok spátímans svipað og það var hæst í byrjun níunda áratugarins. Þar er líka tekið fram í þessari spá að erfitt sé að spá um olíuverð og er hér tekið undir það. Olíuverð er háð framboði og eftirspurn og einnig kostnaði við vinnslu, þ.e. hversu mikla tækni þarf að þróa og nota til að vinna olíuna og hversu áhættusöm sú vinnsla er. Hvað þessa þætti varðar hlýtur olíuverð að hækka á næstunni. Olía er þverrandi auðlind og búið er að vinna þær olíulindir sem auðunnastar eru.

Nú er olíunotkun í heiminum gífurleg og með sömu olíunotkun og nú er munu þekktar olíulindir heimsins duga jarðarbúum í rúmlega 30 ár. Vinnslan úr þeim olíulindum sem enn eru óunnar og þeim sem enn eru ófundnar verður þó miklu erfiðari og dýrari en úr þeim lindum sem hingað til hafa verið nýttar. Sumar þessara linda eru t.d. á hafsbotni þar sem vinnsla er mjög dýr og einnig mikil hætta á slysum, bæði á fólki og náttúru. Auk þessa er olíuverð háð stjórnmálaástandi í þeim löndum þar sem olía finnst. Meiri hluti þeirrar olíu sem talin er eftir í heiminum er í Miðausturlöndum, svokölluðum kommúnistaríkjum og í löndum Suður-Ameríku. Ótryggt stjórnmálaástand getur valdið sveiflum í olíuverði, en þegar á heildina er litið hlýtur olíuverð að hækka á næstu árum og áratugum.

Þeirri þjóð sem þorir að horfa til framtíðar með fyrirhyggju og raunsæi og viðurkenna þau takmörk sem náttúran setur jarðarbúum hlýtur að vegna betur þegar til langs tíma er litið en þeim þjóðum sem með glýju í augum láta skammtímagróða og skammsýni ráða gerðum sínum. Í því sambandi er vert að minna á að ef eitthvað fer úrskeiðis við olíuvinnslu af hafsbotni þannig að olían leki í einhverju magni í hafið getur það haft mjög alvarlegar afleiðingar og verstar þar sem sjór er kaldur og olía brotnar hægt niður. Atburðir síðustu ára gefa ekki tilefni til bjartsýni um að hægt verði að koma í veg fyrir mengunarslys við olíuvinnslu eða -flutninga. Olíupallar hafa losnað og þeim hvolft, lokar borhola hafa brostið og olíuskip hafa sokkið. Tjón við slík slys verða ekki metin í peningum. Það hlýtur að vera vafamál hvort taka eigi þá áhættu að vinna olíu við aðstæður sem bjóða heim slíkum slysum þegar það er vitað hvort sem er að olíumagn heimsins er takmarkað. Jarðarbúar verða að snúa sér að öðrum orkugjöfum og það væri skynsamlegt að gera það tíu árum fyrr en síðar.

Oft hefur verið rætt um mikilvægi þess að íslenskir orkugjafar komi í stað innfluttra á Íslandi. Oftast hefur það verið gert á forsendum þess að jafna húshitunarkostnað og að Íslendingar verði sem minnst háðir innflutningi á orku og þeim sveiflum sem eru á verði erlendra orkugjafa. Hér skal ekki dregið úr mikilvægi þeirra forsendna heldur tekið undir þær. Vegna þessa hefur á undanförnum árum aukist mjög að innlend orka sé notuð til húshitunar og er það vel. Á öðrum sviðum hefur verið um afturför að ræða, umferð einkabíla hefur aukist á kostnað almenningssamgangna og farið er að frysta fisk úti á sjó með olíu en ekki í landi með rafmagni.

Nýútkomin eldsneytisspá 1988–2015 tekur mið af aðstæðum eins og þær eru nú og gerir ráð fyrir óbreyttu ástandi til ársins 2015 og að olíunotkun Íslendinga aukist. Slík spá er eðlileg á meðan stjórnvöld hafa ekki mótað aðra og nýja stefnu.

Íslendingum er tamt að álíta að loftmengun sé nokkuð sem komi þeim ekki við, á Íslandi sjái vindurinn um alla lofthreinsun. Þetta er hættulegur hugsunarháttur. Mengun virðir ekki landamæri og er jafnhættuleg hvaðan sem hún kemur. Allar þjóðir verða að leggjast á eitt og áralag Íslendinga getur skipt miklu máli. En til þess að svo megi verða verða þeir sjálfir að taka sig á og vera til fyrirmyndar í umhverfisvernd. Slíkt þarf að gera á mörgum sviðum og hér skulu nefnd nokkur sem tengjast orkumálum.

Auka þarf fræðslu um orkumál með orkusparnað að markmiði. Í fyrstu þarf að leggja megináherslu á að dregið verði úr notkun olíu og annars mengandi eldsneytis, bæði með sparnaði og með því að aðrir orkugjafar séu notaðir í staðinn þar sem það er hægt. Stórauka þarf almenningssamgöngur og hvetja fólk til að nota þær og gera þar raunhæfa úttekt á því hvort ekki ætti að leggja rafmagnssporbrautir í þéttbýli og á milli landshluta. Sú úttekt þarf að vera raunhæf að því leyti að hún meti ekki aðeins hagkvæmni í peningum talið heldur meti sem gjaldalið þau umhverfisspjöll sem fylgja ferðalögum á einkabílum. Fylgjast þarf vel með rannsóknum og tilraunum erlendis á nýjum samgöngutækjum, nýjum leiðum til að virkja orku og með ný eldsneyti sem ekki hafa í för með sér mengun og aðrar hættulegar umhverfisbreytingar. Auk þess þarf að leggja áherslu á að innlend orka er líka dýr. Orkuöflun krefst mikilla mannvirkja sem eru dýr í byggingu og viðhaldi og raska umhverfi, jafnvel eyðileggja mikilvæg náttúruundur.

Leiðrétta þarf þann misskilning að innlend orka, svo sem heita vatnið, sé óþrjótandi. Hvetja þarf til orkusparnaðar og auðvelda hann, t.d. með því að lækka verð á orkusparandi rafmagnstækjum og perum og þá er það væntanlega best gert með lækkun eða afnámi tolla og annarra gjalda til hins opinbera.

Flm. eru þeirrar skoðunar að íslenska orku skuli nota til hagsbóta fyrir Íslendinga en ekki í erlenda stóriðju. Ef hún yrði lögð niður gæti sú orka sem til hennar hefur verið leidd komið í stað mengandi eldsneytis.

Virðulegi forseti. Flm. þeirrar till. sem hér er lögð fram telja að verndun umhverfis og lífs á jörðu séu mikilvægustu rökin fyrir því að mótuð verði íslensk orkustefna með orkusparnað að markmiði og að dregið verði úr og síðan hætt að nota mengandi eldsneyti. Slíka stefnu þarf að taka strax og að því miðar þessi tillaga.

Ég legg til, virðulegi forseti, að þessari tillögu verði að lokinni umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Snjómokstur á þjóðbrautum, fyrri umr.

Þáltill. BKL o.fl., 280. mál. — Þskj. 497.

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um snjómokstur á þjóðbrautum og breytta skiptingu kostnaðar við hann. Svo háttar um þessa tillögu eins og tvær hinar síðustu að 1. flm. er varaþingkona sem sat sem 6. þm. Vesturl., Birna K. Lárusdóttir. Flytjendur auk mín og hennar eru hv. þingkonur Þórhildur Þorleifsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Sigrún Helgadóttir og Jóhanna Þorsteinsdóttir. Tillagan er á þskj. 497 og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela forsrh. að sjá til þess að þjóðbrautir verði mokaðar ekki sjaldnar en vikulega og að ríkið taki aukinn þátt í kostnaði sem af því hlýst."

Þjóðbrautir eru skilgreindar svo í 12. gr. vegalaga: „Vegir sem eru minnst 2 km langir frá vegamótum og ná til a.m.k. þriggja býla þannig að þeir nái að þriðja býli frá vegarenda."

Fjölmargir langir vegir teljast til þjóðbrauta samkvæmt þessari skilgreiningu. Fólk sem býr við þessa vegi má búa við erfiðar samgöngur og jafnvel samgönguleysi ef þannig viðrar yfir vetrarmánuðina. Kröfur um auknar og bættar samgöngur fara stöðugt vaxandi og það er nú liðin tíð að fólk sætti sig við að vegir séu lokaðir svo dögum og vikum skiptir m.a. vegna þess öryggisleysis sem því er samfara að vera einangrað frá ýmissi þjónustu eins og heilsugæslu og verslun.

Þá er í dreifbýli landsins stunduð þróttmikil félagsstarfsemi. Með fækkun íbúa hefur orðið nauðsynlegra að fólk geti sótt afþreyingu ýmiss konar um lengri vegu. Þannig verður félagslíf dreifbýlisins sífellt háðara góðum samgöngum jafnt vetur sem sumar.

Samgöngur hafa vissulega batnað á undanförnum árum, m.a. með lagningu bundins slitlags á vegi og með auknum og bættum flugsamgöngum. Þessi þróun hefur verið nokkuð hröð og hún er vitaskuld jákvæð. Meiri áhersla hefur hins vegar verið lögð á að tengja saman landshluta en á samgöngur innan héraða. Þetta birtist m.a. í því að þeir vegir sem tengja saman landshluta eru mokaðir reglulega á kostnað Vegagerðarinnar en engar ákveðnar reglur gilda um snjómokstur innan héraða. Með fækkun fólks á landsbyggðinni hljóta þó greiðar samgöngur innan héraðs að skipta jafnmiklu máli og samgöngur á milli landshluta.

Samkvæmt núgildandi reglum um snjómokstur á þjóðbrautum greiðir Vegagerðin helming kostnaðar á móti þeim sem um mokstur biðja, sýslufélögum, sveitarfélögum eða öðrum. Með tilliti til byggðaröskunar þar sem fólki fækkar stöðugt í dreifbýli verður sú hugsun áleitin að ríkið greiði að fullu kostnað við snjómokstur á þjóðbrautum og fari sá mokstur fram eigi sjaldnar en vikulega ef með þarf.

Nú stendur yfir endurskoðun á reglum um snjómokstur sem settar voru árið 1985 og það er markmið þessarar tillögu að benda á fyrrgreind atriði í þeirri von að tekið verði tillit til þeirra við þessa endurskoðun.

Ég sparaði mér ferðalög upp í þennan ræðustól áðan vegna þess að þessi tillaga er náskyld annarri sem ég mælti fyrir og hv. 1. þm. Vesturl. sýndi þá virðingu að segja fáein orð í tilefni af flutningi þeirrar tillögu. Ég þakka honum fyrir það. Hann upplýsti um áhuga þeirra þingmanna Vesturlands á því að koma þessum ábendingum á framfæri og ég veit að svo mun vera um marga aðra þingmenn, ekki síst dreifbýlisins sem þekkja svo mjög af eigin raun og viðræðum við sína umbjóðendur hvað þessi mál skipta miklu fyrir þá sem í dreifbýlinu búa.

Ég vildi svo, virðulegi forseti, leggja til að þessari tillögu verði að lokinni umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

NEÐRI DEILD

69. fundur, föstudaginn 17. mars, kl. 2 miðdegis.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 344. mál (húsbréfaviðskipti). — Þskj. 626.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 109/1988, sem flutt er á þskj. 626.

Meginmarkmið þessa frv. er að leggja til að tekið verði upp kerfi skuldabréfaskipta húsbréfamiðlunar í stað beinna lána til íbúðarkaupa. Í þessu felst að

íbúðarkaupandi gefur út skuldabréf fyrir láni því sem hann fær hjá seljanda en þessu bréfi er síðan hægt að skipta fyrir ríkistryggð og markaðshæf húsbréf. Þessu kerfi er ætlað að stuðla að víðtækri fjármögnun til íbúðafjárfestinga og að meiri innri fjármögnun en verið hefur, svo og lækkun útborgunarhlutfalls.

Áður en ég geri nánar grein fyrir því frv. sem hér liggur fyrir vil ég fara nokkrum orðum um aðdraganda frv. og ástæðurnar fyrir þeim breytingum sem nú er lagt til að gerðar verði á húsnæðislánakerfinu. Í janúarmánuði 1988, eða fyrir rúmlega ári síðan, var skipaður vinnuhópur undir forustu Kjartans Jóhannssonar alþingismanns til að gera tillögur um þá kosti sem fyrir hendi voru um framtíðarskipan almenna húsnæðislánakerfisins. Í álitsgerð vinnuhópsins kemur m.a. fram eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Það er mat vinnuhópsins að núverandi lánakerfi valdi ekki hlutverki sínu. Það skapar umframeftirspurn og leiðir til biðraðar eftir lánum og spennir upp fasteignamarkaðinn. Ýmis vandi stafar af tengingu þess við lífeyrissjóðina og heildarsamninga við þá. Lánakerfið hefur ekki fjárráð til að mæta þörfum markaðarins miðað við fyrirheit um lánsrétt og lánsfjárhæfi né heldur að rísa undir núverandi niðurgreiðslu vaxta."

Hér er um að ræða sömu niðurstöðu og margir, bæði innan þings og utan, höfðu látið í ljósi um núverandi kerfi, þ.e. að núverandi lánakerfi stæði ekki undir gífurlegri fjárþörf og hefði skaðleg áhrif á fasteigna- og peningamarkaðinn og húsnæðislánakerfið í heild. Síðast en ekki síst hefur gagnrýnin beinst að því að við núverandi kerfi eigi allir rétt á niðurgreiddum lánum úr Byggingarsjóði ríkisins óháð tekjum eða þörf fyrir húsnæðislán. Fólk hefur haft lánsrétt í þessu húsnæðislánakerfi þótt það eigi fleiri en eina íbúð og þótt það sé að minnka við sig úr stærri eign í minni eign svo dæmi sé tekið. Biðröðin hefur því fætt sig sjálf þar sem fólk hópast í biðröð eftir ódýrum lánum hvort sem það þarf á þeim að halda eða ekki. Þetta hefur leitt til þess að fólk sem nú er í verulegri þörf fyrir lánafyrirgreiðslu þarf að bíða í 2–3 ár eftir láni. Fyrirkomulag þetta hefur því leitt til þess að eftirspurn eftir lánum hefur verið langt umfram framboð og er fyrirséð að núverandi húsnæðiskerfi fær ekki staðist. Enn berast t.d. fleiri umsóknir á hverjum mánuði en hægt er að afgreiða sem enn eykur á þá biðröð sem fyrir er.

Frá 1. sept. 1986, þegar lögin tóku gildi, til febrúarloka 1989 bárust um 18.000 umsóknir til stofnunarinnar. Þar af eru yfir 17.000 umsóknir um lán til nýbygginga og kaupa á eldri íbúðum. Samkvæmt upplýsingum Húsnæðisstofnunar ríkisins hafa um 10.000 umsækjendur ekki fengið afgreiðslu og þar af hafa um 7300 ekki fengið bindandi lánsloforð. Forsendur þær sem núgildandi kerfi byggði á var að eftirspurn eftir lánum gæti orðið mest 3800 umsóknir tvö fyrstu árin, þ.e. hvort árið um sig, en færu síðan fækkandi.

Nýleg athugun Félagsvísindastofnunar gefur til kynna að eftirspurn eftir lánum Byggingarsjóðs ríkisins er síður en svo mettuð. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar hafa 15% höfuðborgarbúa og 9% landsbyggðarbúa sótt um lán. Um 20% íbúa á höfuðborgarsvæðinu og 14% landsbyggðarbúa hyggjast sækja um lán á næstu tveimur árum samkvæmt þessari könnun. Samtals hafa því 35% höfuðborgarbúa og 23% landsbyggðarbúa sótt um eða ætla að sækja um lán hjá Byggingarsjóði ríkisins næstu tvö árin, en könnunin náði til fólks á aldrinum 20–70 ára. Hverjir eru svo í biðröðinni samkvæmt könnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands? Í þeirri könnun kemur fram að 57% þeirra sem eiga umsókn hjá Húsnæðisstofnun búa í eigin húsnæði. 75% þeirra sem búa í eigin húsnæði telja sig búa í mjög góðu eða fremur góðu húsnæði. 50% þeirra sem búa í eigin húsnæði búa í fjölbýlishúsi. Aðrir búa í einhvers konar sérbýli. Svipað er uppi á teningnum varðandi hagi þeirra sem ætla sér í biðröðina næstu tvö árin samkvæmt könnun Félagsvísindastofnunar. Samtals má áætla að kostnaður við afgreiddar og óafgreiddar umsóknir á tveggja og hálfs árs tímabili, eða frá sept. 1986 til dagsins í dag, kosti um 41 milljarð kr. miðað við fullt lán til umsækjenda. Að teknu tilliti til affalla af umsóknum og frádreginna áhvílandi lána á íbúðum, sem óvíst er hver verða, má áætla að kostnaðurinn sé ekki undir 35 milljörðum kr.

Bindandi lánsloforð hafa verið gefin út til júní 1990. Samkvæmt þeim áætlunum sem unnið er eftir gerir Húsnæðisstofnun ráð fyrir að um 3000 umsækjendur fái lán á árinu 1989, þ.e. um 250 á mánuði að meðaltali. Því má gera ráð fyrir að 500–600 millj. kr. séu á hverjum einasta mánuði afgreiddar í bindandi lánsloforðum fram í tímann og sem bætast sífellt við skuldbindingar Byggingarsjóðs ríkisins sem nú ná til júní 1990. Samkvæmt niðurstöðum Félagsvísindastofnunar má draga þá ályktun að helmingur þeirra renni til fólks sem er það vel statt að það ætti ekki að þurfa á lánafyrirgreiðslu hjá hinu opinbera að halda með niðurgreiddum vöxtum. Áætlað er að vaxtamunur á veittum lánum Byggingarsjóðs ríkisins samkvæmt núverandi kerfi og teknum lánum hjá lífeyrissjóðunum hafi verið 148 millj. kr. á sl. ári. Á næstu fimm árum má ætla að þessi vaxtaniðurgreiðsla að óbreyttu sé um 3 milljarðar kr. Árið 1993 fer að óbreyttu allt núverandi ríkisframlag í vaxtaniðurgreiðslu. Það ætti því að vera ljóst að lánakerfið hefur ekki fjárráð til að mæta þörfum miðað við fyrirheit um lánsrétt og lánsfjárhæðir né heldur að rísa undir núverandi vaxtaniðurgreiðslu. Af því sem hér hefur verið sagt er ljóst að húsnæðislánakerfið stenst ekki þær kröfur sem gerðar hafa verið til þess. Okkur ber að viðurkenna að það sé komið í þrot. Annað er blekking gagnvart íbúðarkaupendum og húsbyggjendum.

Herra forseti. Ég vil áður en ég sný mér að því að gera grein fyrir því frv. sem hér er til umræðu víkja nokkuð að þeirri fullyrðingu sem fram hefur komið að húsnæðislánakerfið sé að ná jafnvægi. Þessi niðurstaða gengur í þveröfuga átt við þá könnun sem ég áður greindi frá og gerð var af Félagsvísindastofnun

Háskóla Íslands. Í stuttu máli gefur hún sterka vísbendingu um að það séu jafnvel fleiri sem ætla sér í biðröðina á næstu tveimur árum en sl. tvö ár. En hvað er hægt að kalla jafnvægi í húsnæðislánakerfinu? Ef hægt á að vera að tala um jafnvægi ættu að vera jafnmörg lán afgreidd út og umsóknir sem koma inn, þ.e. 250 umsóknir á mánuði samkvæmt upplýsingum Húsnæðisstofnunar ríkisins og að teknu tilliti til ýtrustu affalla á umsóknum.

Umsóknafjöldinn sem berst á hverjum mánuði hefur verið mjög sveiflukenndur. Lengst af á sl. ári voru umsóknir á bilinu 370 til tæplega 460. Í októbermánuði fóru þær þó niður í 285, í nóvember 335, í desember 220. Í janúar sl. fóru þær upp á við aftur og voru þá 336 og í febrúarmánuði um 360. Það að umsóknir eru óvenjulega fáar í desember skýrist af því að í desembermánuði hafa alltaf borist færri umsóknir en aðra mánuði. Væntanlega má einnig rekja ástæður til þess að umræður eru uppi um nýtt húsnæðislánakerfi. Og síðast en ekki síst vegna þess að atvinnuástandið í augnablikinu í þjóðfélaginu mun hafa sín áhrif. Eins og áður er sagt var lægsti fjöldi umsókna í mánuði 220. Allir aðrir mánuðir á sl. ári eru með töluvert fleiri umsóknir. Til að ná jafnvægi í afgreiðslu lána og nýjum innkomnum umsóknum mættu þær aldrei fara yfir 250 á mánuði að teknu tilliti til ýtrustu affalla miðað við núverandi fjármagn Byggingarsjóðs ríkisins. Á sl. tveimur mánuðum hafa þær verið tæplega 100 fleiri. Það þýðir að umsóknir sem berast inn og eru umfram þær sem afgreiddar eru á hverjum mánuði bætast við biðröðina. En það dugar heldur ekki til til að koma á jafnvægi því að jafnvel þó það væri komið á jafnvægi í umsóknafjölda og afgreiðslu umsókna er enn eftir að afgreiða 10.000 umsækjendur, en afgreiðsla á þeim fjölda tekur um þrjú ár og kostar um 20–23 milljarða kr. Aðalatriðið er líka að menn verða að hafa í huga þegar talað er um jafnvægi að til viðbótar þessum óafgreiddu 10.000 umsóknum koma enn inn fleiri nýjar umsóknir en hægt er að afgreiða á hverjum mánuði sem sýnir að það er engin stoð fyrir því að kerfið hafi náð jafnvægi.

Til einföldunar er hægt að setja dæmið þannig fram að ef afgreidd voru 250 lán í janúar sl. og jafnframt komu inn 350 nýjar umsóknir, þá bætast þær umsóknir sem berast og eru umfram afgreidd lán, þ.e. 100 í þessu tifelli ef ekki er gert ráð fyrir afföllum af þeim nýju umsóknum, við þær 10.000 sem liggja enn óafgreiddar. Húsnæðisstofnun reiknar með 3–7% afföllum en 15–20% af fjárhæðum lána. Ef reiknað er með 20% afföllum mættu aldrei berast fleiri en 310 umsóknir á mánuði til að jafnvægi næðist. Þá er halinn 10.000 umsóknir alveg fyrir utan það dæmi. Aðeins í tvo mánuði af þeim 31 mánuði sem kerfið hefur verið í gildi hafa þær verið færri en 310. Það var í okt. 1988 og des. 1988. Ef jafnvægi væri í þeim umsóknum sem afgreiddar eru og þeim sem koma nýjar inn væri meðalbiðtíminn 34 mánuðir. Svo lengi sem enn bættist í biðröðina munu þær umsóknir sem berast mánaðarlega umfram afgreidd lán lengja biðröðina og því afgreiðslutíma lána.

Samkvæmt upplýsingum Húsnæðisstofnunar ríkisins nú í vikunni er áætlað að um næstu áramót verði enn óafgreiddar um 10.300 umsóknir, þ.e. að um næstu áramót hafi enn ekkert gengið á biðröðina sem nú er fyrir. Samt sem áður verðum við á þessu tímabili, mars til desember, búin að binda 5,4 milljarða kr. í fjármagni fram í tímann á þessum mánuðum án þess að biðröðin hreyfist.

Virðulegi forseti. Áður en ég rek efnisatriði frv. vil ég rekja hvernig að þessu frv. hefur verið staðið, en ég vil fullyrða að þetta frv. hafi fengið mjög vandaðan undirbúning. Aðdragandinn að því frv. sem nú liggur fyrir er að frá því í ágúst 1987 til desemberloka var unnið að setningu löggjafar sem takmarkaði mjög sjálfvirknina í húsnæðislánakerfinu. M.ö.o. var hér um að ræða að skapa svigrúm til að taka upp nýtt kerfi og kom m.a. sú lagasetning í veg fyrir að búið væri að gefa út bindandi lánsloforð fram í tímann að a.m.k. 20 milljörðum kr. hærri upphæð en gert hefur verið í dag. Þar með hefði verið búið að binda núgildandi kerfi fram til 1993 með bindandi lánsloforðum. Þessir 20 milljarðar samsvara allri þeirri fjárhæð sem staðgreiðslukerfi skatta skilaði ríkissjóði í fyrra.

Ég fullyrði að eitt stærsta viðfangsefni ríkisstjórnarinnar er að leysa þann hnút sem húsnæðiskerfið er komið í og stöðva þann skipulagslausa fjáraustur sem rennur til almenna húsnæðislánakerfisins, sem skaðar húsnæðismálin í heild sinni, hefur skaðleg áhrif á fasteigna- og peningamarkaðinn og leiðir til ýmiss konar ójafnvægis í ríkisbúskapnum. Reyndar er ljóst að ef þessi lagasetning sem takmarkaði sjálfvirknina í kerfinu hefði ekki komið til fyrir rúmu ári síðan hefðum við aftur og aftur staðið frammi fyrir lokun húsnæðislánakerfisins, eins og gerðist í mars 1987, þar sem Húsnæðisstofnunin hefði ekki haft fjárráð til þess að afgreiða skuldbindandi lánsloforð.

Þessi löggjöf sem sett var fyrir rúmu ári síðan fól það einnig í sér að hægt var að taka við umsóknum frá þeim sem áttu fyrir fleiri en eina íbúð og einnig þeirra sem voru að minnka við sig. Þessi lagasetning tók mun lengri tíma hér á hv. Alþingi heldur en ætlað var vegna andstöðu ýmissa við þetta mál og leiddi það m.a. til þess að lengri tíma hefur tekið að leggja fyrir Alþingi tillögur að framtíðarskipan húsnæðislánakerfisins. Það var síðan í janúarmánuði 1988, eins og áður er getið, að skipaður var vinnuhópur sem átti að gera tillögur um þá kosti sem fyrir hendi voru um framtíðarskipan almenna húsnæðislánakerfisins og skilaði sá hópur tillögum sínum 23. mars í fyrra eða fyrir tæpu ári.

Fundir voru síðan haldnir með forseta ASÍ og formanni VSÍ um hvernig staðið skyldi að framhaldi málsins. Samráð var einnig haft við stjórnarflokkana og stjórnarandstöðuna um þá tilhögun. Í framhaldi af því var í byrjun maí 1988 skipuð nefnd með aðild fulltrúa allra stjórnmálaflokkanna á þingi og aðilum vinnumarkaðarins sem hafði það verkefni að gera tillögur um skipan hins almenna húsnæðislánakerfis með hliðsjón af þeirri leið sem starfshópur um sama efni mælti með í álitsgerðinni þann 23. mars 1988.

Það var síðan í október þegar nefndin var að ljúka störfum að ósk kom frá forseta ASÍ, sem átti sæti í nefndinni, um að nefndin fengi frest til þess að skila tillögum sínum til að hann hefði svigrúm til að kynna málið á ASÍ-þingi. Það varð aftur til þess að nefndin gat ekki skilað tillögum sínum fyrr en undir miðjan desember. Niðurstaða nefndarinnar varð sú að fimm af þeim sex stjórnmálaflokkum sem þátt höfðu tekið í þessu starfi mæltu með húsbréfum ásamt fulltrúa VSÍ. Fulltrúi Framsfl. og ASÍ skiluðu séráliti.

Þessi niðurstaða var síðan kynnt í ríkisstjórninni um miðjan desember sl. Niðurstaðan varð sú að skipa sérstaka ráðherranefnd til þess að fara yfir niðurstöður nefndarinnar. Ráðherranefndin hélt þrjá fundi og skilaði af sér í byrjun janúar þar sem gerðar voru tillögur um nokkrar breytingar frá tillögum nefndarinnar. Samþykkt var í ríkisstjórninni að senda málið til meðferðar í þingflokkunum. Áhersla var á það lögð við forustumenn stjórnarflokkanna að tíminn yrði nýttur í janúar af þingflokkunum til að fjalla um málið og niðurstaðan lægi fyrir þegar þing kæmi saman um mánaðamótin janúar og febrúar. Stjórnarflokkarnir hafa því haft þrjá mánuði til að kynna sér málið, bæði niðurstöður og rökstuðning nefndarinnar og frumvörp um húsbréfakerfi og vaxtabætur sem legið hafa fyrir frá miðjum desember sl.

Félmrn. hefur einnig staðið fyrir víðtækri kynningu á frv. og hafa verið haldnir um 18–20 fundir með ýmsum aðilum og þá sérstaklega samtökum launafólks. Má þar nefna Verkamannasambandið, miðstjórn ASÍ, BSRB, BHM, Landssamband verslunarmanna, Landssamband iðnverkafólks, Landssamband iðnaðarmanna svo að dæmi séu tekin. Einnig hafa verið kölluð til samráðs og kynningar Félag fasteignasala, Verktakasambandið og fleiri aðilar.

Sérfræðingar á vegum félmrn. hafa einnig farið yfir málið á sérstökum fundum með fulltrúum sumra stjórnmálaflokkanna. Áður hafði málið þó sérstaklega verið kynnt af hálfu ráðuneytisins í húsnæðismálastjórn. Frv. var síðan kynnt fyrir félmn. beggja deilda Alþingis. Að þessu viðbættu hafa fjórir sérfræðingar af hálfu ríkisstjórnarinnar yfirfarið málið með tilliti til áhrifa húsbréfakerfisins á fasteigna- og verðbréfamarkaðinn. Sérfræðinganefndin skilaði álitsgerð með jákvæðri niðurstöðu sem send var félmn. þingsins nú við meðferð málsins.

Ég hygg að það sé nokkur munur á undirbúningi þessa frv. sem hér er mælt fyrir og þeirri löggjöf sem við höfum búið við í tvö og hálft ár vegna þess að það tók sex eða átta daga að afgreiða það mál hér á þinginu. Þá höfðu menn ekki kynnt sér það mál áður.

Eins og áður sagði skilaði síðari nefndin sem starfaði frá maí til desember af sér 12. desember sl. Nefndin skilaði tveim álitum. Í fyrsta lagi álitsgerð sem undirrituð var af Kjartani Jóhannssyni, Júlíusi Sólnes, Kristínu Ástgeirsdóttur, Maríu E. Ingvadóttur, Ólafi Davíðssyni og Steingrími J. Sigfússyni, en henni fylgdu annars vegar frumvarp til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, sem felur í sér heimild til að stofna sérstaka deild við Húsnæðisstofnun ríkisins sem starfræki skuldabréfaskipti eða svonefnt húsbréfakerfi, og nokkrar breytingar á gildandi lánakerfi, en hins vegar tillögur um vaxtabætur í stað húsnæðisbóta og niðurgreiðslur lánskjara í almenna húsnæðislánakerfinu.

Niðurstöðu meiri hlutans fylgdu einnig sérstakar bókanir sem voru athugasemdir við einstaka þætti málsins frá Júlíusi Sólnes, sem var fulltrúi þingflokks Borgfl. í nefndinni, frá Kristínu Ástgeirsdóttur, sem var fulltrúi Kvennalistans í nefndinni, frá Maríu E. Ingvadóttur, sem var fulltrúi Sjálfstfl. í nefndinni, og frá Steingrími J. Sigfússyni sem var fulltrúi Alþb. í nefndinni. Minnihlutaáliti skiluðu Ásmundur Stefánsson og Guðmundur Gylfi Guðmundsson fulltrúi Framsfl. í nefndinni. Fulltrúi Framsfl. í nefndinni varð þó sammála tillögum annarra nefndarmanna um breytingar á vaxtakjörum Byggingarsjóðs ríkisins þannig að þeir fylgdu markaðsvöxtum og jafnframt fylgjandi tillögum um vaxtabætur.

Sjónarmið Ásmundar Stefánssonar og Guðmundar Gylfa Guðmundssonar voru að öðru leyti þau að ekki væri ástæða til að breyta núverandi húsnæðislánakerfi í neinum aðalatriðum, en lögðu hins vegar til ýmsar breytingar til að stytta biðtímann og ná jafnvægi. Helstu tillögur þeirra voru eftirfarandi:

1. Endurgreiðsla lána væri tekjuttengd og aukagreiðsla nemi 3,5% af tekjum umfram skattleysismörk.
2. Húsnæðisstofnun fái heimild til skuldabréfaútboðs og verði 2 milljarða kr. aflað á ári hverju næstu tvö árin.
3. Heimilað verði að geyma lánsrétt.
4. Framlag ríkisjóðs verði aukið. Þeir telja að 2 milljarða vanti til að framlag ríkissjóðs fyrir árið 1987 og 1988 hafi haldið raungildi sínu miðað við framlag ríkissjóðs 1986. Jafnframt leggja þeir til að framlag ríkissjóðs verði á næstu árum það sama og það var að raungildi 1985 og 1986, þ.e. um 2 milljarðar kr. miðað við verðlag 1989.
5. Þeir leggja til hert eftirlit með skuldabréfakaupum lífeyrissjóðanna.
6. Lán verði veitt til einstaklinga og lánið fylgi þeim.

Nefndin taldi sér ekki fært að ganga lengra til móts við þessi sjónarmið minni hluta nefndarinnar, en skerðing á núgildandi kerfi sem fram kom í frv. sem hér er til umfjöllunar var liður í að ganga til móts við minni hlutann í nefndinni. Eftir að nefndin hafði skilað af sér var það sérstaklega athugað í félmrn. hvort hægt væri að ganga enn lengra til móts við þau sjónarmið sem komu fram hjá minni hlutanum en niðurstaðan af þeirri athugun var að þær takmarkanir sem þarna voru lagðar til á kerfinu mundu skapa mikla erfiðleika og vera mjög flóknar í allri framkvæmdinni.

Ég held að flestir, og jafnvel minni hlutinn og þeir sem styðja hans tillögur, viðurkenni þann pólitíska veruleika að það er engin samstaða um það að setja meira ríkisframlag inn í núverandi kerfi frá þeim rúmlega 1 milljarði sem ríkissjóður leggur nú fram í

Byggingarsjóð ríkisins. A.m.k. hefur reynst nægjanlega erfitt að halda inni núverandi ríkisframlagi, 1 milljarði, og þá virðist ekki skipta máli hvaða ríkisstjórn á í hlut. Tillögur tvímenninganna ganga einmitt út á það að 2 milljarðar verði settir strax inn í húsnæðislánakerfið og síðan verði ríkisframlagið tvöfaldað, þ.e. 2 milljarðar á ári á næstu árum. Því er svo hægt að bæta við að jafnvel þó að það væri vilji og pólitísk samstaða til að setja þessa mörgu milljarða til viðbótar inn í húsnæðislánakerfið verður að efa að það sé skynsamlegt að bæta svo miklu fjármagni til viðbótar við þá 17–18 milljarða sem nú er áætlað að fari á hverju ári til íbúðalána og íbúðafjárfestinga, bæði í gegnum húsnæðislánakerfið svo og viðbótarlán úr lífeyrissjóðum til einstaklinga, úr bankakerfinu og í gegnum handhafaskuldabréf vegna eftirstöðva af íbúðaverði. Er einmitt á það bent að það gæti haft óæskileg áhrif á fasteigna- og peningamarkaðinn og mun ég koma að því síðar.

Áður en ég geri grein fyrir einstökum greinum frv. vil ég ræða almennt um þá hugmynd sem býr að baki húsbréfaviðskiptum.

Hugmynd þessi felst í aðalatriðum í eftirfarandi: Við fasteignaviðskipti myndast fasteignaveðbréf sem kaupandi gefur út til seljanda fyrir eftirstöðvum íbúðarverðs. Byggingarsjóður ríkisins býðst til þess að skipta þessum bréfum og markaðshæfum verðbréfum, húsbréfum. Húsnæðisstofnun kaupir fasteignaveðbréfið á gengi miðað við markaðsvexti á hverjum tíma og lætur í staðinn ríkistryggt húsbréf. Húsbréfin skapa því traustan samningsgrundvöll til lánsviðskipta á milli kaupenda og seljenda íbúða. Áhætta seljandans verður engin því það verður Byggingarsjóður ríkisins eða húsbréfadeild sem innheimtir síðan afborganir af fasteignaveðbréfum sem kaupandinn gefur út. Þetta er mjög mikilvægur þáttur og leiðir til verulegrar lækkunar á útborgun, en hingað til hefur reynst erfitt að fá seljendur til að lána kaupendum til langs tíma á verðtryggðum kjörum því að seljendur hafa talið sig taka of mikla áhættu með því. Með þessu fyrirkomulagi er þeirri áhættu seljenda rutt úr vegi.

Seljandi íbúðar hefur þrjá kosti varðandi húsbréfið. Hann getur átt bréfið, látið það ganga áfram í öðrum fasteignaviðskiptum eða selt það á húsbréfamarkaðnum. Kostir þessa fyrirkomulags eru einkum þeir að dregið er úr beinni lánastarfsemi hins opinbera á sviði húsnæðismála, ýtt undir aukna innri fjármögnun fasteignaviðskipta og þessi viðskipti flutt yfir á hinn almenna lánamarkað. Allt þetta skapar möguleika á að draga úr þeirri miðstýringu sem verið hefur í húsnæðismálum.

Ég tel mjög brýnt að hv. alþm. geri sér ljóst að hvergi á hinum Norðurlöndum er lánað eins mikið til húsnæðismála úr opinberum sjóðum og hér á landi. Til marks um það má nefna að í Noregi, þar sem opinberar lánveitingar til húsnæðismála eru mestar á hinum Norðurlöndum, námu heildarútlán Norska húsbankans til húsnæðismála 1987 rúmum 2,3 milljörðum ísl. kr. þegar útlánin höfðu verið leiðrétt miðað við íbúafjölda hér á landi. Sambærileg heildarútlán Húsnæðisstofnunar ríkisins árið 1987 voru 5,9 milljarðar kr. Skýringin á svona stórkostlega miklu meiri opinberri lánveitingu hér á landi til húsnæðismála helgast að verulegu leyti af því hve mikið fjármagn rennur hér til endurfjármögnunar á eldri íbúðum. Ég vil einnig benda á og undirstrika að á hinum Norðurlöndunum og raunar víðast hvar á Vesturlöndum er ekki lánað úr opinberum sjóðum til kaupa eða endurfjármögnunar á eldra húsnæði. Aftur á móti fer nú hér á landi meira en helmingur af fjármagni Byggingarsjóðs ríkisins til að fjármagna og endurfjármagna eldri íbúðir. Kosturinn við húsbréfakerfið er að fasteignamarkaðurinn fjármagnar sig sjálfur og á það ekki síst við um endurfjármögnun á eldra húsnæði, en á árinu 1988 fóru tæpir 3 milljarðar kr. til fjármögnunar eldri íbúða úr Byggingarsjóði ríkisins.

Ég nefndi það áðan í mínu máli að í tillögum fulltrúa ASÍ í nefndinni sem vann þetta frumvarp og fulltrúa Framsfl. er lagt til að ríkissjóður komi inn með verulega viðbótarfjármögnun frá því sem nú er. Í þessu sambandi er nauðsynlegt að hv. þm. athugi hve mikið fjármagn fer nú til útlána til íbúðarfjárfestinga almennt. Áætlað er að heildarlán Húsnæðisstofnunar ríkisins á þessu ári verði 11 milljarðar kr. Áætlað er að lífeyrissjóðirnir veiti í viðbótarlán til einstaklinga um 2 milljarða kr. Bankakerfið fjármagni með einum eða öðrum hætti íbúðarfjárfestingar upp á 2–3 milljarða. Handhafabréf má áætla að séu um 2 milljarðar kr. Hér er um að ræða 17–18 milljarða sem á ári hverju fara til húsnæðismála. Samkvæmt þjóðhagsáætlun fyrir árið 1989 er gert ráð fyrir að nýfjárfestingar í landinu séu um helmingur þessarar fjárhæðar eða 9–10 milljarðar kr. A.m.k. 7–8 milljarðar virðast því fara með einum eða öðrum hætti til endurfjármögnunar á eldri íbúðum. Því er hægt að velta fyrir sér hvort skynsamlegt sé að bæta 2–3 milljörðum við þessa 17–18 milljarða eins og lagt er til af fulltrúum minni hlutans í nefndinni. Ég held líka að það megi leiða að því verulegar líkur að hluti af þessum 17–18 milljörðum renni ekki til íbúðarfjárfestinga heldur til annarrar eyðslu. Það er einmitt kosturinn við húsbréfakerfið að það grundvallast á því að fjármögnun íbúðakaupa á sér stað í beinum tengslum við fasteignaviðskipti.

Sumir hafa af því áhyggjur að með húsbréfakerfinu sé verið að setja inn á markaðinn miklu meira fjármagn en er í dag. Ég held einmitt að þetta sé rangt og mjög mikilvægt að þingmenn átti sig á því að í reynd er verið að draga úr því mikla fjármagni sem fer með einum eða öðrum hætti til íbúðarfjárfestinga hér á landi. Það helgast af því að til viðbótar við það fjármagn sem fólk getur nú fengið í Húsnæðisstofnun í gegnum núverandi lánakerfi þarf það að sækja verulegan hluta og oft meira en helming af sinni fjármögnun í gegnum skammtímalán í bönkum, hjá lífeyrissjóðum og einnig með því að gefa út handhafaskuldabréf.

Í húsbréfakerfinu er fjármögnuninni raunverulega beint meira eða minna í einn farveg, þ.e. að seljand-

inn lánar kaupandanum verulegan hluta af verði fasteignarinnar eða um 65%. Þar með er það í mörgum tilfellum að íbúðarkaupandinn þarf ekki að leita með viðbótarfjármögnun í bankann eða til síns lífeyrissjóðs. Því tel ég verulegar líkur á því að þeir 6–7 milljarðar, sem koma utan við opinbera húsnæðislánakerfið með einum eða öðrum hætti til íbúðarfjárfestingar eða eru a.m.k. ætlaðir til þess, losni að einhverju leyti þegar íbúðakaupendur fá svo stóran hluta lánaðan hjá seljendum í íbúðareigninni. Því held ég að með góðum rökum sé hægt að halda því fram að heildarfjármögnun eða fjárþörf til íbúðarfjárfestinga minnki með tilkomu húsbréfanna. Gert er ráð fyrir að innbyrðis viðskipti með húsbréf, þ.e. að þau gangi áfram í fasteignaviðskiptum, geti numið 5 milljörðum kr., en líkleg útgáfa þeirra verði um 8 milljarðar á ári. Samkvæmt þessari áætlun yrði líkleg sala þeirra um 3–4 milljarðar kr.

Það er einmitt svo mikilvægur þáttur í húsbréfakerfinu að það stuðlar að aukinni innri fjármögnun fasteignaviðskipta, þ.e. að seljandinn lánar verulegan hluta í sinni íbúðareign gegn ríkistryggðum húsbréfum sem síðan ganga upp í næstu íbúðaskipti. Það að íbúðareigendur taki í auknum mæli þátt í fjármögnun fasteignaviðskipta er sérstaklega mikilvægt hér á landi vegna þess að hrein eign í íbúðarhúsnæði er óvenjulega mikil. Þeir sem á tímum óverðtryggðra lána áttu kost á mikilli eignamyndun í eigin húsnæði geta með húsbréfakerfinu tekið þátt í að fjármagna fasteignamarkaðinn. Húsbréfakerfið opnar þannig leið út úr vítahring stöðugt hækkandi útborgunarhlutfalls og dregur úr lánsfjárþörf vegna íbúðakaupa.

Ég vil einnig nefna að húsbréfakerfið gæti opnað möguleika fyrir aldraða. Á ég þar við fjármögnun þjónustuíbúða fyrir aldraða. Ég vil nefna hér að nefnd á vegum félmrn. er að vinna að heildarúttekt á húsnæðismálum aldraðra og gera tillögur þar til úrbóta. Samkvæmt athugun sem gerð hefur verið liggur fyrir að 65 ára og eldri eiga samtals í skuldlausum fasteignum um 57 milljarða kr.

Þegar þeim áfanga er náð að húsbréfakerfið nái til nýrra og notaðra íbúða verða lánveitingar hins opinbera í almenna húsnæðiskerfinu óþarfar og munu framlög ríkisins til húsnæðismála geta verið eingöngu til fjármögnunar félagslega íbúðalánakerfisins og til greiðslu vaxtabóta. Mikilvægt er einnig að þá mun skapast grundvöllur til að afnema kaupskyldu lífeyrissjóðanna nema þá til félagslegra íbúða og geta lífeyrissjóðirnir því ákvarðað sjálfir hvar þeir ávaxta sitt fjármagn, en ætla má að lífeyrissjóðirnir geti orðið stór aðili í kaupum á húsbréfum.

Auk þeirra kosta sem því fylgir að afnema kvaðir á lífeyrissjóðina má nefna þann kost við húsbréfakerfið að lánsréttur verður alls óháður lífeyrisrétti fólks sem skapað hefur margvíslega erfiðleika í húsnæðiskerfinu. Í því sambandi vil ég nefna að það er einmitt verulega gagnrýnt í umsögn sem Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna hefur sent mér um húsbréfakerfið, en BHMR er einn þeirra fjölmörgu aðila sem átt hafa fund með fulltrúum félmrn. um húsbréfakerfið. Ég vil, með leyfi forseta, vitna í umsögn BHMR þar að lútandi. En þar segir, með leyfi forseta:

„Í húsbréfakerfi eiga allir með sömu greiðslugetu jafna möguleika á að fá lán. Kröfur um aðild að lífeyrissjóði falla niður. Skömmtunarkerfið er lagt af. Þetta mun í raun auka verulega möguleika langskólagenginna á að fá raunhæfa aðstoð við öflun lána til húsnæðiskaupa."

Í umsögn BHMR segir einnig, með leyfi forseta: „Húsbréfakerfið skapar möguleika á einfaldari heildarfjármögnun til húsnæðiskaupa sem gefur kaupanda betri yfirsýn og skapar meira öryggi um viðskiptin. Ráðgjöf verður þess vegna auðveldari. Frá þjóðhagslegu sjónarmiði getur húsbréfakerfið öfugt við núgildandi kerfi", segir í umsögn BHMR, „gert innri fjármögnun alls húsnæðislánakerfisins mögulega með verðtryggðum markaðshæfum skuldabréfum. Kerfið hefur þann meginkost að það getur staðist til lengri tíma og við stöndum ekki frammi fyrir sama fjármögnunarvanda eftir stuttan tíma. Væntanlega munu því biðraðir eftir húsnæðisloforðum og lánum heyra fljótt sögunni til. Brask á „gráa markaðnum" með lánsloforðin mun hverfa."

Og áfram segir í umsögn BHMR: „Húsbréfakerfið auðveldar til muna launafólki að stækka við sig húsnæði eða minnka við sig þar sem unnt er að brúa stærstan hluta lánsfjárþarfar í slíkum viðskiptum með verðtryggðum og markaðshæfum bréfum."

Og áfram segir, með leyfi forseta: „Vextir munu hækka í markaðsvexti. Núgildandi kerfi með 3,5% vöxtum, auk sérstakra húsnæðisbóta til þeirra sem kaupa í fyrsta sinn, felur í sér umtalverða samfélagslega niðurgreiðslu til þeirra sem hljóta fyrirgreiðslu. Tillögur um skattalegar breytingar stefna að aðstoð sem miðast við tekju- og eignastöðu húsnæðiskaupenda hverju sinni. Þetta kerfi kallar á mun betri skattagögn en nú eru fyrir hendi til að tryggja að þeir sem rétt eiga á njóti kerfisins."

Í frv. er gert ráð fyrir að húsbréfadeildin leiti samninga við almennar lánastofnanir svo sem banka og sparisjóði um að annast skuldabréfaskiptin og mat á greiðslugetu íbúðakaupenda. Jafnframt er gert ráð fyrir því að deildin geti falið sérstökum trúnaðarmönnum sínum að annast mat á viðkomandi húseignum. Kostir þessa eru ótvíræðir því að lánaviðskiptin færðust þá í viðkomandi lánastofnun sem íbúðarkaupandinn hefur almennt viðskipti við. Þetta fyrirkomulag yrði sérstaklega til hagsbóta fyrir íbúa á landsbyggðinni sem hafa að jafnaði þurft að sækja alla þjónustu húsnæðislánakerfisins til Reykjavíkur.

Ég nefndi áðan að húsbréfakerfið grundvallaðist á því að fjármagna íbúðakaup sem eiga sér stað í beinum tengslum við fasteignaviðskipti. Það er einmitt verulegur ágalli á núverandi lánakerfi að það er ekki tengt raunverulegum fasteignaviðskiptum heldur byggir á úthlutun lánsloforða langt fram í tímann. Reynslan hefur sýnt að þetta fyrirkomulag magnar spennuna á fasteignamarkaðnum og hefur í

för með sér miklar sveiflur í þróun fasteignaverðs. Jafnframt hefur þetta fyrirkomulag leitt til sölu á lánsloforðum með miklum afföllum. Einnig er það staðreynd að íbúðir með nýlegum húsnæðislánum sem koma í endursölu eru seldar á yfirverði á fasteignamarkaðnum. Til eru dæmi um að íbúðir hækki í verði um allt að 300–400 þús. af þeim sökum.

Í umræðunni um húsbréfakerfið hafa verið í gangi mjög villandi fullyrðingar um að húsbréfakerfið leiddi til verulegrar hækkunar á greiðslubyrði fólks og að húsbréfin mundu sæta verulegum afföllum. Þessi tvö atriði, virðulegi forseti, vil ég taka til umfjöllunar áður en ég geri grein fyrir helstu atriðum í einstökum greinum í frv. Ég tek fyrst greiðslubyrðina.

Við samanburð á núgildandi vöxtum í húsnæðiskerfinu og því vaxtastigi sem kann að verða í húsbréfakerfinu er rétt að hafa eftirfarandi í huga: Ljóst er að núverandi útlánavextir Byggingarsjóðs ríkisins fá ekki staðist til lengdar. Sjóðurinn lánar út á 3,5% vöxtum en tekur lán á 6,8–7% vöxtum. Á fáum árum gengur hratt á eigið fé sjóðsins sem er nú um 13 milljarðar kr. og þrátt fyrir 1100 millj. kr. ríkisframlag gæti það að óbreyttum vaxtamun verið upp urið árið 2005. Það verður því óhjákvæmilegt fyrr eða síðar að hækka útlánsvexti sjóðsins óháð því hvort lánakerfinu verði breytt eða ekki. Einungis þeir sem keyptu eða byggt hafa minnstu íbúðirnar hafa getað fjármagnað íbúðakaup sín alfarið með lánum frá Byggingarsjóði ríkisins. Viðbótarfjármagn hefur verið fengið með lántökum hjá lífeyrissjóðum og bönkum á mun hærri vöxtum. Miðað við þá skiptingu lánsfjármögnunar íbúðafjárfestinga sem er hér á landi milli banka, lífeyrissjóða og Byggingarsjóðs ríkisins er ekki fráleitt að ætla að meðalvextir á skuldum íbúðakaupenda hafi undanfarin tvö ár í raun verið á bilinu 6–7%. Þá er ekki tekið tillit til þess kostnaðar sem fylgir endurteknum skammtímalántökum í bönkum.

Reiknað er með að vextir á húsbréfum verði sambærilegir og vextir á ríkisskuldabréfum á hverjum tíma, enda er um sambærileg verðbréf að ræða þó húsbréfin muni sennilega skera sig úr að því leyti að lánstími þeirra verður lengri. Óvissa ríkir um það hverjir vextir verði þegar húsbréfakerfinu verður hleypt af stokkunum, en flestum er ljóst að þeir eru óvenjuháir um þessar mundir. Miðað við núverandi aðstæður kynnu vextir húsbréfa, ef þau væru í sölu nú, að vera um 7% eða svipaðir og vextir spariskírteina ríkissjóðs og vextir á lánum lífeyrissjóðanna til Húsnæðisstofnunar. Í raun væri hér um óverulega hækkun á meðalvöxtum húsnæðislána að ræða frá því sem nú er.

Hjá þeim sem eru með lágar og meðaltekjur mun húsbréfakerfið létta verulega greiðslubyrðina fyrstu árin. Kemur það glöggt fram í eftirfarandi dæmi sem sýnir greiðslubyrði að teknu tilliti til húsnæðisbóta og vaxtabóta.

Ef tekið er dæmi af hjónum með 2 millj. kr. í árstekjur sem kaupa íbúð sem kostar 5,2 millj. og þau eru að kaupa í fyrsta sinn og leggja fram eigið framlag 800 þús. er greiðslubyrðin verulega léttari í húsbréfakerfinu fyrstu árin. Sem dæmi má nefna að fyrsta árið yrði greiðslubyrði í núgildandi kerfi 551 þús. en í húsbréfakerfinu 315 þús. Á öðru ári er greiðslubyrðin í núgildandi kerfi 441 þús. en í húsbréfakerfi 292 þús. kr. Hér er gert ráð fyrir að áhvílandi á íbúðinni séu lán frá Húsnæðisstofnun sem nemi um 10% af íbúðarverðinu. Þessi lán dragast frá nýjum lánum hjá Húsnæðisstofnun. Afganginn fjármagnar kaupandinn með bankalánum, lífeyrissjóðslánum og láni frá seljanda sem er óverðtryggt með meðalvöxtum banka og sparisjóða. Í þessum samanburði er miðað við að vextir fasteignaverðbréfs eða húsbréfa verði 7,5%, vextir banka og lífeyrissjóðslána séu á bilinu 8–8,5% og núverandi vextir húsnæðislána séu 3,5%. Einnig er í þessu dæmi tekið tillit til í núverandi kerfi húsnæðisbóta og í húsbréfakerfi vaxtabóta. Þessi niðurstaða sýnir ótvírætt að húsbréfakerfið er hagstæðara hjónum sem eru með 2 millj. í árstekjur og festa kaup á rúmlega 5 millj. kr. eign. Munar þar 42% á fyrsta ári hvað greiðslubyrðin er léttari í húsbréfakerfi.

Skýringin á miklu lægri greiðslubyrði í húsbréfakerfinu fyrstu árin er að í núgildandi kerfi þarf fólk að taka verulegan hluta af útborgun í íbúð gegnum dýr skammtímalán í bönkum. Það eru einmitt skammtímalánin sem valdið hafa verulegum greiðsluerfiðleikum og oft gjaldþroti hjá fólki. Í húsbréfakerfi fær fólkið lánað 65% af verði eignarinnar til 25 ára þannig að yfirleitt er um litla þörf fyrir viðbótarlán eða dýr skammtímalán í bönkum að ræða. Þetta er einn af meginkostum húsbréfakerfisins. Ég legg mikla áherslu á að þessu verði haldið til haga þegar þingmenn gera upp hug sinn til húsbréfakerfisins.

Ég vil þessu næst, virðulegi forseti, víkja að því sem haldið hefur verið fram um húsbréf og afföll því tengd. Því hefur verið haldið fram að mikil afföll verði á húsbréfum við sölu þeirra. Ólíklegt verður að telja að svo verði. Ég bendi á þrjú atriði því til staðfestingar.

1. Húsbréfin eru ríkistryggð, verðtryggð skuldabréf með föstum vöxtum. Þau verða sambærileg og spariskírteini ríkissjóðs en lánstími þeirra verður lengri.

2. Húsbréfadeildin mun beita sér fyrir opinberri verðskráningu húsbréfanna og leita eftir samstarfi við lánastofnanir og lífeyrissjóði um viðskipti með húsbréfin.

3. Byggingarsjóður ríkisins og Seðlabanki Íslands verða viðskiptavakar fyrir húsbréfin og munu sjá til þess að þau verði ávallt hægt að selja. Reikna má með að húsbréfin muni seljast á svipuðum vöxtum og spariskírteini ríkissjóðs þegar tekið er tillit til mismunandi lánstíma. Fullyrðingin um að húsbréfin muni seljast með afföllum er að hluta til byggð á misskilningi. Þegar fasteignaviðskipti eiga sér stað er það seljandinn sem tekur við húsbréfum til greiðslu á hluta íbúðarverðs og hann tekur við húsbréfum á því gengi sem þau hafa á markaðnum þegar viðskiptin

eiga sér stað. Verð húsbréfanna eða gengi þeirra verður ávallt skráð opinberlega og því liggur alltaf fyrir hvert verðmæti þeirra er. Ef seljandi selur húsbréfin strax eftir að fasteignaviðskiptin hafa átt sér stað sætir seljandinn engum afföllum. Ef hann á húsbréfin gætu vextir auðvitað breyst og er þá um að ræða að þeir gætu ýmist hækkað eða lækkað. Ef vextirnir hafa hækkað hagnast eigandi húsbréfanna, ef þeir hafa hækkað tapar hann.

Nauðsynlegt er að það sé haft í huga líka að hér er um ríkistryggð örugg skuldabréf að ræða sem verða opinberlega skráð og hafa sambærilega stöðu og spariskírteini ríkissjóðs. Aldrei hef ég heyrt talað um að spariskírteini ríkissjóðs séu neitt sérstakt fóður fyrir gráa markaðinn eins og orðað er með húsbréfin. Það eru einmitt lánsloforðin sem hafa gengið kaupum og sölum á gráa markaðnum. Það skyldu menn hafa í huga. Það eru einmitt slík bréf sem grái markaðurinn hefur áhuga á. Það eru lánsloforð til tiltölulega stutts tíma, kannski til eins árs og þar hafa afföllin oft verið 15–20%. Ég held að sá öryggisventill, sem er í húsbréfakerfinu, að Seðlabanki Íslands og Byggingarsjóður ríkisins eru alltaf kaupaðilar að þessum bréfum og skrá daglega gengi þeirra sé veruleg trygging fyrir öryggi húsbréfanna. Einnig hitt að viðskiptaaðilum, t.d. verðbréfamiðlurum, er óheimilt að láta fara fram viðskipti sem eru í ósamræmi við það gengi sem er opinberlega skráð á bréfunum og hafa þær skyldur að koma á framfæri opinberlega slíku kaup- og sölutilboði. Því er ljóst að sá sem þarf að losa sig við húsbréf mundi aldrei selja gráa markaðnum eða verðbréfamiðlurum það á gengi undir því sem hann gæti fengið hjá Seðlabanka eða Húsnæðisstofnun eða Byggingarsjóði ríkisins sem eru ávallt kaup- og söluaðilar að slíkum bréfum. Þessu mikilvæga atriði hlýtur að vera brýnt að þingmenn haldi einnig til haga þegar þeir gera upp afstöðu sína til húsbréfa.

Ég held, herra forseti, að óhjákvæmilegt sé að fara nokkrum orðum um frv. sem hér hefur verið lagt fram um tekju- og eignarskatt sem tengist þessu frv. og er ein af meginforsendum þess að hægt sé að koma á húsbréfakerfi, en það er að breyta um fyrirkomulag á þeirri vaxtaniðurgreiðslu sem gilt hefur. Stuðningur hins opinbera vegna vaxtaniðurgreiðslu fer nú fram eftir þrem leiðum:

1. Greiddar eru húsnæðisbætur til þeirra sem kaupa íbúð í fyrsta skipti. Þær eru greiddar í sex ár og eru nú um 50 þús. kr. á einstakling en hjón fá tvöfalt. Húsnæðisbætur eru óháðar tekjum eða eignum umsækjanda.

2. Heimilt er til bráðabirgða eða í sex ár að þeir sem nýttu sér vaxtafrádrátt í gamla skattakerfinu til skattafsláttar haldi honum áfram.

3. Svo er um að ræða niðurgreiðslu vaxta hjá Húsnæðisstofnuninni.

Í heild er áætlað að stuðningur hins opinbera eftir þessum þremur leiðum nemi um 1200–1500 millj. kr. á verðlagi 1988.

Samhliða húsbréfakerfinu er lagt til að teknar verði upp svokallaðar vaxtabætur sem leysi af hólmi öll þessi þrjú form og til þess verði varið sambærilegri upphæð og nú fer í vaxtaniðurgreiðslur, húsnæðisbætur og vaxtaafslátt í núgildandi kerfi eða um 1200–1500 millj. kr. Vaxtabæturnar taka mið af vaxtabyrði heimilanna vegna íbúðakaupa en skerðast við vaxandi tekjur og eignir. Jafnframt er ákveðið þak á fjárhæð vaxtabótanna sem er 100 þús. kr. fyrir einstakling, 130 þús. fyrir einstætt foreldri og 160 þús. kr. fyrir hjón á verðlagi 1988. Vaxtabæturnar verða ótímabundnar en fara lækkandi eftir því sem tekjur og eignir vaxa og vaxtagjöld fara lækkandi. Þær eru jafnframt óháðar því hvort um er að ræða fyrstu íbúð eða síðari íbúðakaup.

Hér er um verulega breytingu að ræða frá því húsnæðisbótakerfi sem við þekkjum en þær bætur voru eingöngu tímabundnar í sex ár og aðeins til þeirra sem voru að kaupa sína fyrstu íbúð. Vaxtabæturnar gilda svo lengi sem viðkomandi hefur vaxtagjöld og eru innan setts tekju- og eignarramma.

Ég vil leggja áherslu á að vaxtabótakerfið er því mun sveigjanlegra en núverandi fyrirkomulag og lagar sig auðveldlega að breytingum á tekjum og eignum í lífshlaupinu. Veigamest er þó að með þessu er fyrirgreiðslu hins opinbera stefnt til þeirra hópa sem mesta þörf hafa fyrir opinbera fyrirgreiðslu í stað þeirrar ómarkvissu stýringar sem nú er. Þessar vaxtabætur miða að því að greiða vaxtakostnað láglauna- og miðlungstekjuhópa niður í um 2% raunvexti.

Í stuttu máli er vaxtabótakerfið þannig upp byggt að öllum er gert að bera tiltekinn hluta vaxtagjalda eða sem samsvarar 5% af tekjuskattsstofni einstaklinga eða samanlögðum tekjuskattsstofni hjóna. Skal sú fjárhæð þannig reiknuð út frá frádráttarbærum vöxtum vegna húsnæðislána. Að auki skulu vaxtabætur skerðast fari eignarskattsstofn einstaklinga yfir 1700 þús. og síðan falla þær alveg út hjá einstaklingi ef eignarskattsstofn hans, þ.e. skuldlaus eign, er komin yfir 3,4 millj. kr. Á sama hátt skulu vaxtabætur byrja að skerðast hjá hjónum fari skuldlaus eign þeirra yfir 3,4 millj. og síðan falla vaxtabæturnar alveg niður þegar skuldlaus eign er orðin 6,8 millj. kr.

Ég taldi mig þurfa að koma í örfáum orðum inn á þennan þátt málsins þó að ákvæði þess séu í öðru frv. sem væntanlega verður á dagskrá síðar og flutt verður af hæstv. fjmrh., en í því frv. er um að ræða veigamiklar undirstöður fyrir húsbréfakerfið. Áður en ég vík frá þeim þætti vil ég undirstrika að ég tel að með því að taka upp það vaxtabótakerfi sem ég hef hér lýst séum við að stýra vaxtaniðurgreiðslunum í miklu réttlátari farveg til þeirra sem nauðsynlega þurfa á því að halda og það mun tvímælalaust nýtast best miðlungs- og lágtekjufólki.

Ég hef eytt þó nokkrum tíma í það að fara yfir húsbréfakerfið og talið mig þurfa að skýra allrækilega þau atriði sem mjög villandi frásagnir hafa komið af í umræðunni, eins og t.d. afföllum á húsbréfum og af skuldabyrðinni. Ég vona að mér hafi að einhverju leyti tekist að varpa skýrara ljósi á eðli húsbréfakerfisins og hvers af því megi vænta. Ég tel að í því felist

margir kostir, ekki síst fyrir íbúðakaupendur og húsbyggjendur svo og peninga- og lánamarkaðinn í heild sinni, raunar meiri en margir hafa gert sér grein fyrir. Þar sem ég hef gefið hér ítarlegt yfirlit, herra forseti, yfir húsbréfakerfið í heild sinni mun ég reyna að stytta mjög mál mitt við skýringar á einstökum greinum frv. í lokin.

Í 1. gr. frv. er ákvæði sem heimilar lífeyrissjóðunum að fullnægja samningsbundnum skuldabréfakaupum hjá Húsnæðisstofnun ríkisins að hluta með húsbréfum. Hér er um að ræða mikilvægt ákvæði því nauðsynlegt er að lífeyrissjóðirnir hafi fjárhagslegt svigrúm til að taka þátt í húsbréfakaupum. Í fyrstu er stefnt að því að lífeyrissjóðirnir gætu fullnægt kaupskyldu sinni með því að verja 10 prósentustigum af 55 til kaupa á húsbréfum eða 1,6–1,7 milljörðum miðað við ráðstöfunarfé sjóðanna 1989. Ætla má að þegar fram í sækir sé smám saman hægt að minnka kaupskylduna, en eðlilegast væri að þrepa hana niður í áföngum.

Ég hefði talið mikilvægt til að húsbréfakerfið skilaði meiri árangri og minnkaði fjárþörf hins opinbera inn í almenna húsnæðislánakerfið að samhliða því að tekið yrði upp húsbréfakerfi yrði afnumin skylda Byggingarsjóðs ríkisins til að lána til notaðra íbúða eða a.m.k. að hætt yrði samhliða upptöku húsbréfakerfisins að taka á móti umsóknum til notaðra íbúða. Ekkert samkomulag liggur þó fyrir milli stjórnarflokkanna um slíkt, en ég geri ráð fyrir að nefndin sem fær málið til meðferðar hugi m.a. að þeim mikilvæga þætti málsins.

Ætla verður að verulega létti á þrýstingi á núverandi kerfi þegar tekið verður upp húsbréfakerfi. Í nefndinni, sem í áttu sæti fulltrúar allra stjórnmálaflokka og aðila vinnumarkaðarins, voru skiptar skoðanir um hvort falla ætti frá núverandi kerfi þegar húsbréfakerfið yrði tekið upp eða dregið yrði úr lánveitingum í það kerfi í áföngum. Niðurstaðan varð sú að núverandi kerfi starfaði samhliða húsbréfakerfinu. Um þetta segir í áliti fyrra vinnuhópsins sem starfaði frá janúar til mars á sl. ári, með leyfi forseta:

„Einn af kostunum við þá leið sem hér er reifuð er hve auðvelt virðist að tengja hana við það kerfi og þá biðröð sem fyrir er. Þetta felst í því að gefinn væri kostur á því fyrirkomulagi skuldabréfaskipta sem hér er lýst samhliða núverandi kerfi. Þeir sem væru í íbúðaskiptum gætu þá valið að bíða síns tíma í biðröðinni og gera viðsipti sín á grundvelli núverandi fyrirkomulags ellegar að nýta sér skuldabréfaskipti eins og þeim hefur verið lýst hér. Er þá vitaskuld gert ráð fyrir að búið verði að jafna vaxtakjör eins og lagt er til hér að framan.

Í þessu virðast felast tveir mikilvægir kostir: Annars vegar gæti þetta stuðlað að því að biðröðin eftir lánum eyddist fyrr en ella og greitt yrði fyrir eðlilegum fasteignaviðskiptum og það leysti þá hnúta sem fram hafa komið vegna forgangsreglna núverandi kerfis. Hins vegar virðist einmitt heppilegt að nýja kerfinu verði komið á fót smám saman við hlið hins eldra, en það gæfi færi á lengri aðlögunartíma en ella."

Eins og fram kemur í ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir að fyrstu sex mánuðina eftir gildistöku laganna fái þeir eingöngu afgreiðslu í húsbréfadeildinni sem lagt hafa inn umsókn fyrir 15. mars 1989 og eiga lánsrétt skv. ákvæðum 12. og 14. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins. Ljóst má því vera að húsbréfakerfið mun létta verulega þrýstinginn á þetta kerfi, enda hefur fólk þar val um að bíða síns tíma í biðröðinni eða leita yfir í húsbréfakerfið.

Nefndin lagði til að þær úthlutunarreglur sem gilda í núgildandi kerfi yrðu nokkuð þrengdar frá því sem nú er samhliða því að tekið yrði upp húsbréfakerfi. Þannig er í fyrsta lagi gerð tillaga um að lán til einhleypra verði 67% af lánsupphæð til hjóna eða sambýlisfólks, en í gildandi ákvæðum fá einhleypir sömu lánsupphæð og hjón.

Í öðru lagi er gerð tillaga um að lán til umsækjenda sem eiga íbúð fyrir nemi 49% af láni til þeirra sem væru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn án tillits til þess hvort umsækjandinn er að byggja eða kaupa notaða íbúð. Samkvæmt gildandi reglum fá þeir sem eiga íbúð og eru að kaupa eða byggja nýja íbúð 70% af þessu láni, en samkvæmt ákvæðum frv. lækkar það í 49%. Það svarar til 30% skerðingar á lánsupphæð hjá þessum aðilum.

Í þriðja lagi er lagt til að auk þess sem heimilt er að skerða lán eða breyta lánskjörum ef menn eiga fullnægjandi íbúð, en ákvæði um það var fellt inn í húsnæðislögin fyrir ári, er nú lagt til að tekin verði upp sams konar heimild ef umsækjendur eiga álíka mikla eign þótt hún felist ekki í íbúðarhúsnæði.

Þær breytingar sem ég hef hér lýst koma fram í 1., 2. og 3. gr. frv. sem hér er til umfjöllunar.

4. gr. frv. felur í sér meginbreytinguna, þ.e. að tekin verði upp húsbréfaskipti. Kveðið er á um nýjan kafla í lögunum um Húsnæðisstofnun ríkisins undir heitinu „Húsbréfaskipti" sem fjallar um verkefni sérstakrar húsbréfadeildar í Byggingarsjóði ríkisins. Yfirstjórn húsbréfadeildar verður í höndum húsnæðismálastjórnar, en lagt er til að sérstakur forstöðumaður fari með daglega stjórn deildarinnar og hafi umsjón með fjárhag hennar, en í c-lið 3. gr. er kveðið á um að fjárhagur húsbréfadeildar skuli aðskilinn frá öðrum þáttum í starfsemi Byggingarsjóðs ríkisins.

Í d-lið 3. gr. er fjallað um hlutverk húsbréfadeildar. Verkefni húsbréfadeildar Byggingarsjóðs ríkisins í sérhverju lánstilviki fyrir sig verða fyrst og fremst þessi: 1. Að meta veðhæfni þeirrar fasteignar sem standa á að veði fyrir fasteignaveðbréfum. 2. Að meta greiðslugetu skuldara fasteignaveðbréfa.

Frá þessum tveim atriðum, sem ég hef hér nefnt, að meta veðhæfni fasteignarinnar og greiðslugetu skuldara fasteignaveðbréfsins, er gengið áður en Byggingarsjóður ríkisins samþykkir að skipta á fasteignabréfum og húsbréfum. Þetta er mikilvægt öryggisatriði fyrir Byggingarsjóð ríkisins.

Tilgangur þessa ákvæðis, að meta greiðslugetu skuldara fasteignaveðbréfs, er fyrst og fremst sá að tryggja að húsbréfadeildin kaupi ekki fasteignaveðbréf þar sem ljóst má vera frá upphafi að skuldari að

teknu tilliti til tekna og annarra þátta, svo sem eigna og skulda, mun ekki geta staðið við væntanlega greiðslubyrði. Ef veð er ekki fyrir hendi eða líklegt er talið að skuldari rísi ekki undir þeirri greiðslubyrði sem fyrirsjáanleg er getur húsbréfadeildin synjað um skuldabréfaskipti. Mikilvægt er að kynntar verði vel þær viðmiðunarreglur sem stofnunin beitir í þessu skyni.

Í þriðja lagi þarf að meta markaðsverð fasteignaveðbréfs og húsbréfa með tilliti til markaðsvaxta. Mikilvægt væri að húsbréfadeildin hefði forgöngu um útgáfu staðlaðra veðbréfa í fasteignaviðskiptum þar sem vextir, lánstími og verðtryggingarákvæði væru þau sömu og á húsbréfum. Húsbréfadeildin getur einnig falið lánastofnunum að meta greiðslugetu skuldara fasteignaveðbréfsins og meta kaupverð veðbréfsins miðað við tiltekna ávöxtunarkröfu. Þetta felur einmitt í sér að kaupandi húsnæðis getur snúið sér beint til viðskiptastofnunar sinnar og gengið frá fjármögnun íbúðarhúsnæðis. Með því aukast líkur á því að einn aðili fái yfirlit um lánsviðskipti hvers einstaklings og geti veitt traustari ráðgjöf um val á fjárfestingu í samræmi við greiðslugetu.

Húsbréfakerfið býður einmitt upp á mjög góða möguleika á því að bankarnir taki upp húsbréfaskipti og mundi það mjög einfalda málið og auka þjónustuna við landsbyggðina þar sem íbúar gætu snúið sér beint til síns viðskiptabanka en þyrftu ekki að leita með húsnæðisfyrirgreiðsluna til Reykjavíkur eins og nú er.

Einnig er reiknað með að húsbréfadeildin geti falið sérstökum trúnaðarmönnum sínum að annast mat á veðhæfni eigna, en ganga verður tryggilega frá þeim þáttum sem lúta að tryggingu fasteignaveðbréfanna. Þetta atriði auðveldar enn að hægt sé að afgreiða lán og mat á umsóknum í viðkomandi byggðarlögum til hagræðis fyrir íbúðakaupendur úti á landi.

Í fjórða lagi er hlutverk húsbréfadeildarinnar að innheimta endurgreiðslur af fasteignaveðbréfum sem húsbréfadeildin hefur skipt á fyrir húsbréf. Önnur verkefni húsbréfadeildar eru að inna af hendi endurgreiðslur á húsbréfum, gera reglubundnar áætlanir um inn- og útborganir vegna kerfisins og ekki síst er það hlutverk húsbréfadeildar Byggingarsjóðs ríkisins ásamt Seðlabanka að ábyrgjast að alltaf sé markaður fyrir húsbréf, þ.e. að þau séu jafnan seljanleg á því verði sem auglýst er, og að greiða fyrir viðskiptum á markaðnum m.a. með því að auglýsa ávallt á hvaða verði húsbréfadeildin og Seðlabankinn séu reiðubúin að kaupa bréfin og selja þau.

Verðið á bréfunum mun ráðast af markaðsaðstæðum. Ef framboð á húsbréfum er mikið lækkar kaupgengi bréfanna en hækkar með aukinni eftirspurn. Gengislækkun bréfanna þýðir að vextir bréfanna fara hækkandi en gengishækkun hefur gagnstæð áhrif.

Þau atriði sem ég hef hér lýst koma fram í d-, e-, f-, g- og h-grein frv.

Í 4. gr. i kemur fram að skuldurum fasteignaveðbréfa sé heimilt að greiða aukaafborganir eða endurgreiða þau að fullu hvenær sem er á lánstímanum. Í 4. gr. k er gert ráð fyrir að hámarkslánstími fasteignaveðbréfa verði ákveðinn 25 ár, en ráðherra heimilað að ákveða nánari lánstíma einstakra lánaflokka.

Í l-lið 4. gr. er fjallað um ákveðið hámark á fjárhæð þeirra fasteignaveðbréfa sem húsbréfadeildin kaupir. Kveðið er á um að fasteignaveðbréfin megi ekki vera hærri en 65% af matsverði eignarinnar að teknu tilliti til áhvílandi skulda á eigninni. Húsbréfadeildin setur reglur um matsverð og skal þá taka mið af markaðsverði, brunabótamati og byggingarkostnaði. Jafnframt er kveðið á um heimild ráðherra til að ákveða hámarksfjárhæð fasteignaveðbréfs sem húsbréfadeildin kaupir á hverjum tíma vegna einstakra fasteignaviðskipta. Sú viðmiðun sem nefnd hefur verið er að hámarkið verði 5,5 millj. sem jafngildi 65% af verðgildi eignar sem metin er á 8,4 millj. kr.

Í lokin er að finna í greinum n–s mjög mikilvæg atriði sem lúta að öryggi húsbréfanna og tryggingu fyrir því að um sé að ræða bréf sem hafi í raun sömu stöðu á markaðnum og spariskírteini ríkissjóðs. M.a. er kveðið á um að húsbréfadeildin leiti eftir samstarfi við banka, lífeyrissjóði og aðra aðila á fjármagnsmarkaði í því augnamiði að tryggja greiðari sölu húsbréfa á markaði. Jafnframt er kveðið á um að Byggingarsjóði ríkisins sé heimilt að ráðstafa hluta af fjárráðum sínum til viðskipta með húsbréf ef þörf er til að ná jafnvægi á markaðnum. Eins og áður er getið á húsbréfadeild ávallt að vera með kaup- og sölutilboð í húsbréf og stuðla með því að jafnvægi á markaðnum. Húsbréfadeildin á einnig að beita sér fyrir skráningu húsbréfaflokka og opinberra verðbréfa og hyggja að og sjá um að daglega liggi fyrir upplýsingar um kaup- og sölugengi húsbréfa.

Mikilvægt atriði er að fjallað er um mjög strangar skyldur verðbréfamiðlaranna sem versla með húsbréf. Má m.a. nefna að þeim ber skylda til að upplýsa kaupendur og seljendur húsbréfa um nýjasta viðskiptaverð húsbréfa. Jafnframt er sett sú skylda á verðbréfamiðlara að gera opinber tilboð í húsbréf sem eru utan þeirra marka sem þekkt eru á markaðnum. Hér er um mjög mikilvægt atriði að ræða sem í raun tryggir öryggi húsbréfanna því viðskiptaaðilum er óheimilt að láta fara fram viðskipti sem eru í ósamræmi við auglýst kaupgengi á hverjum tíma án þess að kynna verðbréfaþingi fyrst slík kaup- eða sölutilboð.

Kveðið er á um að húsbréf verði skattfrjáls eins og spariskírteini ríkissjóðs. Talið er heppilegast að fyrst um sinn gildi sömu ákvæði um skattalega meðferð húsbréfa og spariskírteina og bankainnlána. Það þýðir að fyrst um sinn verða húsbréf eignar- og tekjuskattsfrjáls. Þetta skapar grundvöll fyrir því að ávöxtun húsbréfa verði sambærileg og spariskírteina að teknu tilliti til langs tíma. Samkvæmt gildandi skattalögum eru allar vaxtatekjur einstaklinga og lífeyrissjóða skattfrjálsar. Ef húsbréf hefðu ekki sömu stöðu gagnvart skattalegri meðferð mundi það að líkindum leiða til þess að ávöxtunarkrafa til þeirra yrði hærri en til spariskírteina. Þar sem lífeyrissjóðirnir eru eignarskattsfrjálsir mundi þetta gera

húsbréfin vænlegri ávöxtunarkost fyrir lífeyrissjóði en spariskírteini ríkissjóðs. Til að skapa þar jafnræði er lagt til þetta ákvæði um skattfrelsi húsbréfa.

Í 5. gr. er lagt til að lögin öðlist gildi 1. sept. 1989. Meginástæða þessa ákvæðis er að nokkurn tíma þarf til að koma húsbréfadeildinni á laggirnar og kynna vel húsbréfin fyrir almenningi og viðkomandi aðilum þannig að vel verði staðið að allri framkvæmd og undirbúningi málsins. Þó er lagt til að ákvæði um breyttar úthlutunarreglur í núverandi kerfi taki gildi um leið og lögin öðlast gildi.

Í lokin eru svo þrjú ákvæði til bráðabirgða. Það er í fyrsta lagi að fyrstu sex mánuði eftir gildistöku laganna fái þeir eingöngu afgreiðslu í húsbréfadeildinni sem lagt hafa inn umsóknir fyrir 15. mars 1989.

Í öðru lagi er ákvæði um að heimild til að skipta húsbréfum og veðskuldabréfum vegna nýbygginga sé fyrst heimilt að beita að ári liðnu frá gildistöku laganna. Varðandi þetta atriði ber á það að líta að það getur haft óæskileg áhrif að binda húsbréfakerfi bara við eldri íbúðir, a.m.k. til lengri tíma, ef hægt á að vera að skapa eðlilegt jafnvægi milli nýbygginga og eldri íbúða. Að beina húsbréfum til lengri tíma eingöngu í eldri íbúðir gæti leitt til aukinnar eftirspurnar eftir eldri íbúðum og þar með hækkað verð þeirra.

Í þriðja lagi er lagt til að á tveim árum eftir gildistöku laganna verði gerð úttekt á framkvæmd þeirra.

Virðulegi forseti. Ég hef talið nauðsynlegt að hafa nokkuð ítarlega framsöguræðu um þetta mál, enda er hér á ferðinni nýjung í húsnæðismálum sem mikilvægt er að hv. þm. séu vel upplýstir um. Ég ítreka enn að þetta mál hefur fengið góðan og vandaðan undirbúning, enda hefur undirbúningur þess staðið yfir í meira en heilt ár ásamt því að það hefur fengið ítarlega kynningu áður en það fór inn í þingið. M.a. hefur það verið kynnt félagsmálanefndum beggja deilda, stjórnmálaflokkum, fulltrúum verkalýðshreyfingarinnar og fleiri aðilum ásamt því sem sérfræðingar hafa kannað áhrif þessa kerfis á fasteigna- og peningamarkaðinn sem eru mjög jákvæð. Fulltrúar allra stjórnmálaflokka áttu líka sæti í þeirri nefnd sem vann þetta frv. ásamt því að á sl. þrem mánuðum hefur það verið til umfjöllunar hjá stjórnarflokkunum sem og að stjórnarandstaðan hefur einnig haft aðgang að þessu máli áður en það kemur nú inn í þingið. Ég vænti þess því fastlega að samstaða geti tekist um að þetta mál fái afgreiðslu hér á þinginu fyrir þinglausnir í vor.

Virðulegi forseti. Ég leyfi mnér að óska eftir því að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Þetta mál hefur nú þegar fengið töluverða umræðu í fjölmiðlum og hefur valdið nokkrum taugatitringi. Miklar umræður um húsnæðismál eru ekki óeðlilegar svo nátengd sem þau mál eru lífi hvers og eins. Umræðan um lagafrv. um húsnæðismál hefur þó verið með nokkuð sérstökum hætti, bæði þau sem voru lögð fram á síðasta löggjafarþingi svo og það sem hér er til umræðu.

Haustið 1987 var lagt fram frv. sem hafði það markmið að tryggja betur forgang þeirra sem brýnasta þörf hafa fyrir lánafyrirgreiðslu, draga úr sjálfvirkni og minnka fjárþörf. Þá var því haldið fram að þær ráðstafanir mundu verða leið út úr því ófremdarástandi sem húsnæðismálin voru í og ég man ekki betur en þá hefði jafnvel ráðherradómur verið settur að veði, svo mikilvægar voru þær breytingar taldar.

Við kvennalistakonur vorum samþykkar í stórum dráttum þeim breytingum sem þá voru gerðar á húsnæðislánakerfinu, en bentum á að sú lagasetning leysti því miður ekki vanda kerfisins eins og talað var um. Fjárveitingar til Byggingarsjóðs ríkisins hafa ekki verið og eru ekki í neinu samræmi við það sem þarf til að kerfið nái jafnvægi. Haustið 1987 var biðtíminn eftir lánum 1½–2 ár og þeir sem eru að fá lánsloforð nú í hendur eru með biðtíma í kringum 26 mánuði. Þeir sem sækja um lán í dag þurfa að bíða að meðaltali í 34 mánuði að óbreyttu kerfi. Þannig er ljóst að ekki leysti frv. hæstv. félmrh. haustið 1987 neinn vanda. Vorið 1988 fengum við svo til umræðu eftir ekki minna brambolt frv. um kaupleiguíbúðir og svo erum við búin að fá hér til umræðu á Alþingi frv. sem virðist hafa valdið síst minni deilum en tvö hin fyrri.

Ég ætla ekki að blanda mér í deilur stjórnarflokkanna en ég furða mig á því að fólk skuli kjósa fjölmiðla sem vettvang til að ræða þessi mál. Það getur varla leitt til farsælla lausna.

Eins og svo margoft hefur komið fram áður leggur Kvennalistinn áherslu á nauðsyn þess að húsnæðislánakerfið verði endurskoðað í heild, m.a. með það að markmiði að auka framboð á leiguhúsnæði, félagslegum íbúðum og íbúðum með búseturéttarfyrirkomulagi. Það eru því viss vonbrigði að það skuli ekki enn hafa verið gert. Skortur á leiguíbúðum og félagslegum íbúðum er verulegur. Sem dæmi má nefna að í Reykjavík sóttu rúmlega 1100 manns um íbúð hjá verkamannabústöðum, en aðeins er unnt að verða við óskum um 200 aðila. Það er því augljóst að grípa verður til aðgerða á því sviði.

Ég vek athygli á því að Kristín Ástgeirsdóttir, sem var fulltrúi Kvennalistans í nefnd félmrh. sem hún hefur hér gert grein fyrir, óskaði eftir því og gerði grein fyrir því að hún teldi æskilegt þegar hún tók sæti í nefndinni að nefndin mundi fjalla um húsnæðislánakerfið í heild, ekki eingöngu almenna húsnæðislánakerfið. Það var hins vegar ákveðið af þeim sem stýrðu nefndinni að eingöngu yrði fjallað um almenna kerfið, en félagslega kerfið var ekki tekið til umræðu þar. Lýsti hún óánægju sinni í nefndinni með það. Ég vildi láta það koma hér fram.

Þær hugmyndir sem hér liggja fyrir byggja á því að komið verði á nýju kerfi í húsnæðismálum sem nefnt hefur verið húsbréfakerfi. Ég man ekki betur en það hafi verið á síðasta löggjafarþingi ef ekki fyrr sem Borgfl. kom einmitt með frv. mjög svipað þessu svo

að það eru ekki alveg nýjar hugmyndir sem við erum að fjalla um nú þó að útfærslan sé að vísu ekki eins.

Helstu kostir húsbréfakerfisins hafa verið raktir nokkuð hér, en ég held að það sé augljóst að það kerfi hefur mjög marga kosti, m.a. það að markaðurinn mun fjármagna sig að miklu leyti sjálfur þannig að seljendur lána kaupendum stærri hluta en nú er gert til lengri tíma. Það er ótvíræður kostur og ætti að leiða til þess að framlög ríkissjóðs til húsnæðiskerfisins mundu þá geta minnkað eða farið að verulegu leyti í félagslega íbúðalánakerfið og leiguíbúðir.

Það er líka ótvíræður kostur að mínum dómi að þarna verður stærri hluti af lánafyrirgreiðslu til húsbyggjanda á einni hendi en að því hefur verið óhagræði í því kerfi sem við höfum nú hve fólk hefur þurft að leita sér að lánum á mörgum stöðum. Ég tel það einnig kost að ekki skuli vera tengdar saman fyrirgreiðsla hjá opinbera kerfinu og greiðslur í lífeyrissjóð. Ég hef talið það vera ókost í núverandi kerfi hversu nátengt þetta er og hefur oft komið sér illa vegna skerðingar og ekki síst hjá fólki sem er tímabundið utan vinnumarkaðarins. Hefur það komið sér illa m.a. vegna námsmanna. Húsbréfakerfið er einnig talið lækka útborgun og það hlýtur að vera mjög mikill kostur.

Einnig er talað um, og ég tel það vera einn af stóru kostunum, að þarna hafa seljendur ríkisábyrgð, það er ríkistryggt allt það fé sem þeir lána kaupendum. Auðvitað eru margir kostir þessu samfara. Hins vegar er ekki því að neita að margar efasemdaspurningar hafa vaknað og bent hefur verið á marga galla á frv. sem hér liggur fyrir.

Eitt af því sem lagt var til í nefnd félmrh. var að kaupskylda lífeyrissjóðanna mundi minnka úr 55% niður í 47%. Þegar ég sá þetta fyrst fannst mér þetta mjög einkennilegt vegna þess að mér fannst 47% vera hátt hlutfall. Í 1. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir að hluti af samningsbundnum skuldabréfakaupum lífeyrissjóðanna verði í húsbréfum. Það skiptir verulegu máli hvernig þetta verður framkvæmt. Þarna eru ákvæðin að vísu 55% í heild, en það er ekki ákveðið nákvæmlega hversu mikið fer í húsbréfin og hversu mikið fer í annað. Ég tel það á vissan hátt kost að það skuli ekki vera fastbundið hve mikið fer í hvort vegna þess að það hlýtur að vera að lífeyrissjóðirnir séu einn stærsti kaupandinn að húsbréfunum ef þetta nær fram að ganga.

Ég tel líka verulega óvissu í sambandi við afföll af þessum bréfum. Því hefur verið haldið fram að það þurfi ekki að óttast neitt í því sambandi og það kom fram í máli hæstv. félmrh. áðan að við þyrftum engar áhyggjur að hafa af því. En það breytir ekki því að ég hef verulegar áhyggjur af þessu atriði. Mér er ekki alveg ljóst hvort þessi trygging, þessi verðbréfavaki sem Seðlabankinn og Byggingarsjóður ríkisins eiga að vera í þessu sambandi muni verka nákvæmlega eins og talað er um. Hvort augljóst sé að fólk sem er með húsbréf í höndunum geti losað sig við þessi bréf hvenær sem því dettur í hug með óverulegum afföllum eins og við höfum verið fullvissuð um af félmrh. Ég t.d. reikna með því að Seðlabankinn og Húsnæðisstofnun hljóti þá að þurfa að hafa eitthvert ákveðið fé handbært til að geta alltaf komið til um leið og einhver tregða verður í sölu á þessum bréfum. Ég velti því fyrir mér hversu mikið er reiknað með að þurfa að setja í að kaupa húsbréf á hverjum tíma og hvað ef enginn vill eiga húsbréf. Ef allir þeir sem eru með húsbréf í höndunum vilja nú losa þau og telja öruggara að hafa peningana undir koddanum eða í einhverju öðru formi, er þá nægileg trygging þarna á bak við? Þetta eru hlutir sem ég hef mikið velt fyrir mér og finnst ekki augljóst af því sem þó hefur komið fram bæði hér og annars staðar að þetta sé nægileg trygging fyrir þá sem fara með þessi bréf út á verðbréfamarkaðinn.

Það má líka benda á að við höfum verið að fjalla um á þinginu frv. um verðbréfasjóði og verðbréfaviðskipti sem ekki er enn búið að afgreiða. Það er spurning hvernig það kemur inn í þetta mál.

Það kom fram í máli hæstv. félmrh. að búið væri að gera úttekt á því eða reynt að gera úttekt á því hvernig húsbréfin muni hafa áhrif á verðbréfamarkaðinn. Ég hef ekki séð þá úttekt, en reikna með því að við fáum þá þær upplýsingar í félmn. þar sem ég á sæti. Ég reikna með að það verði hægt að fjalla frekar um þetta mál þar. En þetta eru atriði sem ég hef verulegar áhyggjur af.

Það sem er helsti munurinn á þessu kerfi og því danska kerfi sem ég held að sé fyrst og fremst fyrirmyndin að þessu er að þar eru húsbréfin með fasteignaveð. Þau eru ekki ríkistryggð. Ég hef verið að velta því fyrir mér hvort það geti haft hættu á misnotkun í för með sér. Þetta eru hlutir sem ég hef ekki getað borið undir mér vitrari menn, en mér finnst að það þyrfti að athuga nánar hvort þarna sé hægt að ná sér í lánsfé með ríkisábyrgð á bak við kerfið. Þetta eru einungis vangaveltur og e.t.v. engin hætta í þessu fólgin, en þarna er alla vega munur á danska kerfinu og þessu, því danska kerfi sem er orðin yfir 100 ára reynsla á. Við þyrftum að athuga það betur og ég vonast til þess að við getum þá fengið að gera það í félmn.

Þrátt fyrir að við höfum verið upplýst um að greiðslubyrði af lánum í þessu nýja húsbréfakerfi verði minni en í núgildandi kerfi er alltaf miðað við að fólk fari út á almenna lánamarkaðinn að ná sér í lán. En því er ekki að neita að við erum að stytta lánstímann úr 40 árum í 25 ár og það hlýtur óneitanlega að þyngja greiðslubyrðina af þeim lánum sem fólk fær hjá Húsnæðisstofnun. Ég hef ekki séð hvernig þessir útreikningar um greiðslubyrðina eru fengnir nákvæmlega, en ég vonast til þess að ég fái tækifæri til þess síðar. En þær fullyrðingar hljóma einkennilega í mínum eyrum. Og vextirnir hækka úr 3,5% í kannski 6–7%. Því er ekki að neita. En ég tek undir það sem hæstv. félmrh. sagði að auðvitað gengur ekki kerfið til lengdar eins og það er núna. Að óbreyttu framlagi ríkissjóðs verða byggingarsjóðirnir gjaldþrota eftir ekki ýkja langan tíma, talað um að mig minnir að skömmu eftir árið 2000 verði sjóðirnir gjaldþrota að óbreyttu ástandi.

Síðan hafa margir bent á að íbúðaverð muni hækka

við þessi húsbréf og vegna þeirra affalla sem margir spáað verði á bréfunum. Þetta eru hlutir sem er ekki hægt annað en að spá í en við verðum að taka til athugunar og ekki horfa fram hjá þegar verið er að vega og meta kosti þess að taka upp þetta nýja kerfi.

Það er svo sannarlega rétt að frv. til l. um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt, sem er fylgifrv. með þessu frv., er mjög mikilvæg og veigamikil undirstaða fyrir þessu húsbréfakerfi. Það þarf að athuga það vel í sambandi við þetta sérstaklega hvernig þær bætur koma til góða þeim sem eru tekjulægstir. Ég hef ekki kynnt mér það frv. sérstaklega, en mér finnst í fljótu bragði ansi lág tekjuviðmiðun. Ég velti því fyrir mér hvort þeir sem njóta verulegra vaxtabóta í gegnum þetta kerfi, sem eru þeir sem eru með lægstu launin, t.d. hjón með 100 þús. kr. mánuði, með hæstu vaxtabætur sem eru 140 þús. kr. á ári, hafi yfirleitt ráð á að kaupa sér íbúð í þessu kerfi. Þetta eru hlutir sem þarf að reikna út og velta fyrir sér og það gefst væntanlega tími til þess síðar.

Í heildina vil ég segja að ég tek á vissan hátt undir þær hugmyndir sem hér eru settar fram og vil að lokum fá að vitna í lok bókunar Kristínar Ástgeirsdóttur, sem var fulltrúi Kvennalistans í milliþinganefnd félmrh. um húsnæðismál, en hún skilaði nokkurra síðna bókun í nefndinni. Lok bókunarinnar hljóða svo, með leyfi forseta:

„Vegna þess hve óvissuþættirnir eru margir og stórir er erfitt að taka eindregna afstöðu með fyrirhuguðum breytingum. Húsbréfakerfi er vænlegur kostur fyrir ákveðinn hóp kaupenda og mun hann ef vel tekst hafa í för með sér jákvæðar breytingar. Því tel ég rétt að láta á það reyna. Spurningin er hins vegar sú hvort viðbót á einum stað í húsnæðiskerfinu og niðurskurður á öðrum kemur nógu mörgum til góða. Að mínum dómi er mikil þörf á endurskoðun á húsnæðiskerfinu þar sem horft verður á það sem heild en hætt að greina það niður í tvo afmarkaða hluta. Slík endurskoðun þarf að miðast við framtíðina ekki síður en nútíð þannig að koma megi í veg fyrir endalausar smábyltingar og neyðarúrræði þegar allt er komið í óefni. Aðeins þannig verður tryggt að allir sitji við sama borð og húsnæðiskerfið þjóni þeim sem það á að þjóna."

Ég tek undir það sem Kristín segir. Ég er í stórum dráttum hlynnt því að reyna að taka upp húsbréfakerfi eins og hér er gert ráð fyrir. Ég held að það sé skynsamlegt, sem gert hefur verið ráð fyrir, að gera það í áföngum, að taka það smám saman inn en ekki að taka allt undir í einu. Væntanlega gefst kostur á því í félmn. að fá svar við þeim spurningum sem ég hef sett fram hér en sjálfsagt er ekki hægt að svara hér og nú.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Hér varð ég fyrir því óhappi að hæstv. forseti sem þá sat í sæti sínu virðist ekki hafa tekið eftir þegar ég bað um orðið langfyrst þingmanna. Til vitnis um það eru báðir sessunautar mínir, hv. 5. þm. Vesturl. og hv. 1. þm. Reykn., sem þegar hefur tilkynnt forseta að þetta sé rétt hjá mér. Nú sé ég að ég muni vera nr. 6 á mælendaskrá. Af þeim einföldu ástæðum að ég þarf að fara annað og hef lofað mér að vera annars staðar eftir tvo klukkutíma vil ég beina því til hæstv. forseta, ef enginn hv. þm. mótmælir því, hvort ég fengi að halda ræðu mína áður en mér er nauðugur einn kostur að fara því að hér hafa held ég orðið óumdeilanleg mistök hæstv. forseta.

Forseti (Hjörleifur Guttormsson):

Forseti vill benda virðulegum þingmanni á að það er ekki á hans færi að skera úr um í þessu máli og það er erfitt að byggja á úrskurðum annarra en forseta deildarinnar sem hefur sett upp mælendaskrá. En ég mun að sjálfsögðu taka tillit til þess ef hv. þm. getur ekki notað rétt sinn til að tala hér vegna sérstakra ástæðna á þessum fundi deildarinnar og mundi tryggja að það yrði frestað umræðu þannig að virðulegur þingmaður gæti komist að á næsta fundi áður en umræðu lýkur. En ég treysti mér ekki til að verða við þeim tilmælum að breyta mælendaskránni. Mér hefur ekki verið tilgreint það af öðrum ræðumönnum að þeir vilji hliðra til, en ef það kæmi fram skal forseti taka það til athugunar.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra hefur það frv. sem hér kemur til umræðu í dag átt nokkuð langan aðdraganda. Í tíð fyrri ríkisstjórnar var hafist handa við endurskoðun á húsnæðislöggjöfinni með tilliti til þeirra aðstæðna, sem þá voru augljósar, að hið nýja húsnæðislánakerfi frá 1986 þyrfti í ýmsum efnum endurskoðunar við. Augljóst mátti vera að slík endurskoðun sem fram þyrfti að fara hlyti að taka til húsnæðislánakerfisins í heild og mikilvægt væri að marka heildarstefnu í þessum efnum.

Þannig skiluðu starfshópar sem skipaðir voru í tíð fyrri ríkisstjórnar tillögum að húsbréfakerfi og satt best að segja verður að taka það hér fram að þessar tillögur lúta að einum hluta húsnæðislánakerfisins, en það verður ekki sagt að hér séu komnar fram tillögur sem taki til húsnæðislánkerfisins í heild og það er mikill galli í ljósi þess hversu það hefur dregist að koma fram skipulegum tillögum til úrbóta á hinu nýja húsnæðislánakerfi að þar skuli ekki vera að finna tillögur sem taki til kerfisins í heild þannig að stefnumörkun að því er heildarkerfið varðar liggi fyrir. Eigi að síður er hér um að ræða mjög athygli verðar tillögur og mikilsverðar og ekki vonum seinna að þær komi til umræðu á hinu háa Alþingi í ljósi þess hversu langur tími er liðinn síðan undirbúningsstarfið hófst.

Sú hæstv. ríkisstjórn sem nú situr hefur komið fram af meiri óbilgirni gagnvart húsbyggjendum en flestar aðrar ríkisstjórnir þó langt sé til jafnað. Ég hygg að mönnum sé enn í fersku minni þegar hæstv. ríkisstjórn kom fram með skattalagabreytingar í tengslum við afgreiðslu fjárlaga. Óhætt er að fullyrða

að þær breytingar hafi ekki bitnað með jafnmiklum þunga á nokkrum hópi í þjóðfélaginu og einmitt húsbyggjendum. Stefna hæstv. ríkisstjórnar hefur þess vegna verið öndverð hagsmunum unga fólksins í landinu sem er að stíga fyrstu skrefin í því mikilvægasta verkefni hverrar fjölskyldu að koma sér þaki yfir höfuðið. Byggingarkostnaður var stórhækkaður með nýjum skattaálögum, með nýju vörugjaldi sem sérstaklega lagðist á ýmsa þá þætti sem leiða til hækkunar byggingarkostnaðar. Í kjölfar þess voru teknar ákvarðanir um verulega skattahækkun sem kom ekki hvað síst niður á þeim fjölskyldum í landinu sem þurfa að leggja á sig meiri vinnu og aukna vinnu til að afla tekna í þeim tilgangi að standa undir íbúðarkaupum eða íbúðarbyggingu og ekki síst til þess að standa undir hinum nýju skattaálögum sem leitt hafa til hærri byggingarkostnaðar. Þannig hefur stefna núv. hæstv. ríkisstjórnar verið í verki gagnvart unga fólkinu í landinu og ekki vonum seinna að fram komi hér á hinu háa Alþingi tillögur um breytingar á húsnæðislánakerfinu sem miða að einhverju öðru en að leggja þyngri og meiri byrðar á unga fólkið, það fólk sem er að koma sér þaki yfir höfuðið í fyrsta sinn. Svo harkaleg hefur stefna núv. hæstv. ríkisstjórnar verið fram til þessa gagnvart því fólki sem hér á í hlut.

Það hefur líka vakið nokkra athygli hversu lengi það hefur dregist að koma þessu máli til umræðu í þinginu. Af fjölmiðlaumræðu má glöggt ráða að þar hefur fyrst og fremst komið við sögu innri ágreiningur í ríkisstjórninni. Ég þykist vita að hæstv. félmrh. hafi haft hug á því að koma með þetta mál fyrr til umfjöllunar hér á hinu háa Alþingi, en vegna andstöðu samstarfsflokkanna og þá einkanlega Framsfl. hefur það dregist úr hömlu. Það samkomulag sem ríkisstjórnarflokkarnir gerðu birtist þeim sem utan við standa á þann veg að Framsfl. hafi sagt við hæstv. félmrh.: Ráðherranum er heimilt að flytja frv. Gjörðu svo vel. Og það má heita stjfrv. Svo segir Framsfl. við hv. 1. þm. Vesturl.: Þér er jafnframt heimilt að koma í veg fyrir að Alþingi samþykki þetta frv. Þetta er alkunn aðferð sem Framsfl. notar æðioft í samstarfi við aðra flokka og þeir sem hafa tekið þátt í slíku samstarfi þekkja af nokkurri reynslu og er ekkert nýmæli í vinnubrögðum framsóknarmanna í ríkisstjórn. En í þessu tilviki kom það kannski fram með augljósari og skýrari hætti en oftast nær áður og framsóknarmenn opinberuðu þessi vinnubrögð af meira hispursleysi en þeir hafa gert fyrr. Það er þess vegna að formi til rétt að þetta frv. er stjfrv., en samkvæmt öllum þeim yfirlýsingum sem fylgja af hálfu samstarfsflokka hæstv. félmrh. er þetta nú ekki stjfrv. að öðru leyti en forminu til. Það er ljóst að samstarfsflokkarnir hafa knúið félmrh. til að gera veigamiklar breytingar á frv. jafnframt því sem þeir áskilja sér allan rétt til að hafa fyrirvara um stuðning við málið og allan rétt til að fylgja hvaða brtt. sem vera skal ef fregnir af þessu kynduga samkomulagi stjórnarflokkanna hafa við einhver rök að styðjast. Það er í þessu andrúmslofti og þessu ljósi sem hæstv. félmrh. kemur með þetta frv. inn á Alþingi.

Því verður ekki á móti mælt að núverandi kerfi ris ekki eins og aðstaðan er undir þeim skuldbindingum sem því er ætlað lögum samkvæmt og óhjákvæmilegt að gera þar á nokkrar breytingar. Þetta kerfi kom til í samningum sem hæstv. forsrh. átti við aðila vinnumarkaðarins árið 1986 og auðvitað verður að segja þá sögu eins og er að talsvert mikil fljótaskrift var á öllum undirbúningi og allri gerð þessa nýja kerfis. Það er þó rétt að minna á að nefndin sem undirbjó frv. taldi að vaxtamunur mætti aldrei verða meiri, ef ég man rétt, en um 1½%. Þróunin hefur svo orðið á allt annan veg og það er kannski fyrst og fremst vegna þessa sem augljóst er í dag að kerfið ris ekki undir þeim skuldbindingum sem löggjöfin gerir ráð fyrir. En þar á móti liggur ljóst fyrir að ríkisstjórn á hverjum tíma getur ákveðið breytingar á vöxtum, en um það urðu nokkrar deilur á sínum tíma hvort binda ætti vextina fasta í lögum eða heimila ríkisstjórn að taka ákvarðanir þar um eftir því hvernig vextir þróuðust almennt á markaðnum.

Í annan stað er það verulegur galli á núverandi löggjöf að hún gerir ráð fyrir því að binda mikinn meiri hluta af sparnaði lífeyrissjóðanna í þessum eina ákveðna tilgangi. Lífeyrissjóðirnir eru stærsta sparnaðaruppsprettan í þjóðfélaginu í dag og það hefur óneitanlega áhrif á vaxtastig á almennum fjármagnsmarkaði þegar meiri hluti af ráðstöfunarfé stærstu sparnaðaruppsprettunnar er bundinn við eitt ákveðið verkefni þó að engum dyljist að það sé mikilvægt og að eðlilegt sé að verulegur hluti af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna fari til húsnæðismála. Ég vil ekki fjölyrða um annmarka þessa núverandi kerfis, en hygg að um það sé nokkuð víðtæk samstaða að óhjákvæmilegt sé að gera nokkrar breytingar þar á og aðlaga húsnæðislánakerfið nýjum aðstæðum.

Það hefur verið meginstefna Sjálfstfl. frá upphafi að húsnæðislánakerfi þyrfti að miða að því fyrst og fremst að styrkja séreignastefnuna. Það hefur verið aðalsmerki íslenska þjóðfélagsins að hér hefur verið fylgt séreignastefnu í húsnæðismálum. Við höfum skorið okkur nokkuð úr öðrum þjóðum í þessu efni og ég fullyrði að við höfum á betri og markvissari hátt tryggt fjárhagslegt sjálfstæði almennings í landinu einmitt vegna þess að það hefur verið víðtæk samstaða um að festa séreignastefnuna í sessi. Á undanförnum árum hefur hins vegar gætt nokkurrar tilhneigingar til þess af hálfu vinstri flokkanna í landinu að reyna að brjóta séreignastefnuna niður og koma hér á leiguliðastefnu í miklu ríkari mæli. Það er afar brýnt þegar rætt er um nýja stefnumörkun í húsnæðismálum að menn geri sér fulla grein fyrir því að það er höfuðatriði að þær breytingar sem um ræðir festi séreignastefnuna í sessi en veiki hana ekki og það hlýtur að verða grundvallarsjónarmið í þeim umræðum sem nú fara fram.

Hitt er svo eðlilegt og nauðsynlegt að húsnæðislánakerfið gerir ráð fyrir sérstökum félagslegum verkefnum og mitt álit er það að verkamannabústaðakerfið hafi þjónað þessum tilgangi á mjög góðan og skilmerkileegan hátt. Tekjulægsta fólkið í landinu

hefur þar átt kost á félagslegum lánum og það hefur með þeim hætti getað tekið þátt í þeirri almennu stefnu að fólkið í landinu eigi kost á að eiga sitt húsnæði sjálft. Þess vegna eru verkamannabústaðirnir veigamesti þátturinn í félagslega húsnæðiskerfinu og gjalda ber varhug við því að hrófla við undirstöðum þess þegar rætt er um félagslegar aðgerðir í þessu efni. En aðalatriðið er að aðgerðir á félagslega sviðinu í húsnæðismálum mega ekki raska eða skerða það svigrúm sem fyrir hendi er til almennra húsnæðislána og það sjónarmið verður einnig að hafa í huga í þeim umræðum og þeim endanlegu ákvörðunum sem Alþingi tekur í þessu efni.

Á flokksráðs- og formannafundi Sjálfstfl., sem haldinn var í nóvember 1987, var samþykkt ályktun um stefnumörkun í húsnæðismálum í ljósi þess að þá var þegar komið fram að gera þyrfti breytingar á stefnunni í húsnæðismálum. Í þessari samþykkt segir þetta m.a., með leyfi forseta:

„Sjálfstfl. vill gera fólki kleift að eignast eigin íbúðir, annars vegar með félagslegum aðgerðum í gegnum Byggingarsjóð verkamanna fyrir þá sem hafa lágar tekjur, hins vegar með fyrirgreiðslu úr Byggingarsjóði ríkisins. Leggja ber áherslu á eftirfarandi atriði varðandi Byggingarsjóð ríkisins:

Lánveitingar verði látnar sitja fyrir til þeirra sem ekki eiga íbúð fyrir eða þurfa að stækka við sig af fjölskylduástæðum. Tryggja þarf lánafyrirgreiðslu til þeirra sem eiga í greiðsluerfiðleikum vegna skammtímalána til húsnæðiskaupa. Sérstökum flokki framkvæmdalána verði komið á til að auðvelda öldruðum og öryrkjum að flytjast í hentugt húsnæði. Stefna ber að því að einungis forgangshópur þeirra sem ekki eiga íbúð fyrir fái lán hjá Byggingarsjóði ríkisins, aðrir fái fyrirgreiðslu hjá bankakerfinu. Forsenda þess er lenging lána og að samningur náist við lífeyrissjóðina um kaup á skuldabréfum í þessu skyni. Fyrirgreiðsla ríkisins færist frá niðurgreiðslu vaxta yfir í skattakerfið.

Hér eru dregnar upp meginlínur í stefnumörkun að því er varðar breytingar á húsnæðislánakerfinu og frá mínum bæjardyrum séð sýnist mér að grundvallarhugmyndin um húsbréf þjóni þeim tilgangi sem hér er settur fram. Ég get þess vegna tekið undir þá meginhugsun sem felst í húsbréfakerfinu og það er mín skoðun að ef vel tekst til um framkvæmd húsbréfakerfis þá sé það til mikilla bóta. Flest bendir til að það geti haft í för með sér verulegar framfarir og miklar úrbætur í húsnæðislánakerfinu. Það er og í samræmi við þá stefnumörkun sem Sjálfstfl. samþykkti að berjast fyrir í nóvember 1987. Kerfið er í sjálfu sér einfalt og skilvirkt. Það er almennt og gerir ekki ráð fyrir mismunun. Það dregur úr miðstýringu, það færir eða gerir a.m.k. mögulegt að færa þessi viðskipti í auknum mæli út í banka og aðrar fjármálastofnanir og nær fólkinu sjálfu. Þetta gerir það að verkum að vaxtamyndun verður eðlilegri.

Auðvitað er það rétt, sem hér hefur verið bent á, að vextir af húsnæðislánunum sjálfum hækka í kjölfar þessarar breytingar, en þá verða menn að líta til þess að í dag þurfa menn að fjármagna húsnæðislán með skammtímalánum í bankakerfinu meðan beðið er eftir húsnæðislánum og menn selja lánsloforðin með miklum afföllum. Ég hygg að það sé rétt mat þegar á heildina er litið að staðreyndin sé sú að vextir hækki ekki, eða þá mjög óverulega, í kjölfar þessarar breytingar þegar horft er á heildarfjármögnun húsnæðislánanna. Mér sýnist þess vegna að í flestum efnum horfi þessi grundvallarhugmynd í rétta átt og geti orðið til verulegra bóta.

Að því er varðar frv. sem hér liggur fyrir þarf auðvitað að athuga einstakar greinar þess og þær hugmyndir sem settar eru fram um útfærslu á þessu kerfi. Einkanlega vil ég vekja athygli á þeim breytingum sem hæstv. ráðherra hefur gert á frv. frá tillögum nefndarinnar. Breytingar sem gerðar hafa verið vegna hrossakaupa innan ríkisstjórnarinnar, breytingar sem gerðar hafa verið vegna þess að hæstv. ráðherra sýnist í ýmsum efnum taka Framsfl. fram yfir skýr markmið um breytingar í húsnæðismálum.

Í fyrsta lagi vil ég nefna að nefndin sem undirbjó frv. lagði á það áherslu að með skýrum hætti yrði kveðið á um að kaupskylda lífeyrissjóðanna yrði lækkuð. Það er mín skoðun að það sé óhjákvæmilegt eða nauðsynlegt, ef þetta kerfi á að vera öruggt og tryggt og menn eiga að geta treyst því eftir að lög hafa verið samþykkt um það hér á hinu háa Alþingi að það komist til framkvæmda á eðlilegan hátt, að kaupskyldan sé lækkuð. Nefndin gerir ráð fyrir að hún lækki smám saman í áföngum eftir því sem þetta kerfi verður virkara. Það tel ég vera eðlilegt, en ég sé ekki að það sé hægt að treysta því að þessi þróun fari af stað og húsbréfakerfið hafi eðlilegt svigrúm nema það sé skýrt kveðið á um þetta frá upphafi. Sú skipan sem frv. gerir ráð fyrir, þ.e. að heimilt sé að leyfa lífeyrissjóðunum að fullnægja 55% kaupskyldu sinni að ákveðnum hluta samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra með kaupum á húsbréfum, er að mínu mati ófullnægjandi og gerir það að verkum að það er ekki eins tryggt að þetta kerfi komist til framkvæmda. Stjórnarskipti geta orðið hvenær sem er og enginn veit nema hv. 1. þm. Vesturl. verði orðinn félmrh. að skömmum tíma liðnum eða annar þm. með svipaðar skoðanir og þá væri samkvæmt frv. hægt að gera afar lítið eða ekkert úr þeirri lagabreytingu sem hér hefur verið mælt fyrir um.

Þá er einnig greint frá því í athugasemdum með frv. að annar háttur er nú á hafður varðandi ákvarðanir um vaxtaálag, verðtryggingarskilmála og lánskjör en nefndin lagði til. Nú á að færa þessar ákvarðanir allar inn til ríkisstjórnar Íslands. Þó að þetta sé ekki með meiri háttar atriðum er það mín skoðun að þessi breyting sé ekki til bóta og ég lít ekki svo á að það sé verkefni ríkisstjórnar Íslands að taka ákvarðanir um hluti sem þessa.

Þá tel ég að athuga þurfi mjög vandlega ákvæði til bráðabirgða, sem sett eru inn í frv. en ekki eru í tillögum nefndarinnar, þar sem kveðið er á um það að fyrstu sex mánuðina eftir gildistöku laganna fái þeir eingöngu afgreiðslu í húsbréfadeildinni sem lagt

hafa inn umsókn fyrir 15. mars 1989. Síðan eru ákvæði um það að húsbréf geti einungis komið til álita varðandi nýbyggingar að einu ári liðnu frá gildistöku laganna. Nú getur það verið fullkomlega eðlilegt að stíga þessi skref í áföngum að því er varðar nýbyggingar, en ég tel að þetta ákvæði til bráðabirgða þurfi sérstakrar skoðunar við.

Jafnframt vil ég vekja athygli á því að í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir skerðingarákvæði þar sem skerða á lán til þeirra sem eiga fullnægjandi íbúðarhúsnæði fyrir en jafnframt kveðið á um að nú eigi að vera heimilt að skerða lán til þeirra sem eiga aðrar eignir sem eru jafngildar í verðmætum. Þetta tel ég vera mjög varhugavert ákvæði. Ég lít svo á að það geti leitt til mismununar. Ég tek sem dæmi trillukarl sem á trillu skuldlausa og kostar nokkrar milljónir kr. Af hverju á að skerða lán til hans vegna þess að honum er nauðsynlegt atvinnu sinnar vegna að fjárfesta í trillu? Hann þarf jafnframt að eiga húsnæði alveg eins og skrifstofumaðurinn sem ekki þarf að fjárfesta atvinnu sinnar vegna. Þetta getur átt við atvinnubílstjóra sem þarf að fjárfesta í dýrum vörubíl og þar fram eftir götunum. Atriði af þessu tagi tel ég nauðsynlegt að taka til sérstakrar skoðunar í nefndinni vegna þess að þau geta leitt til mismununar sem ekki er réttlát.

Mér sýnist að þó að húsbréfakerfið geti í grundvallaratriðum horft til bóta sé það álitamál hvort hæstv. félmrh. hefur ekki fórnað of miklu í hrossakaupum við Framsfl. í þeim tilgangi að fá að leggja frv. fram að formi til sem stjórnarfrv. Mér sýnist að það sé ekki nægjanlega tryggt að slíkt kerfi geti komist á með eðlilegum hætti eins og þessi hrossakaup hafa gengið fyrir sig. Það vekur auðvitað upp spurningu um það hvort hæstv. félmrh. er í reynd jafnmikill áhugamaður um að koma þessari breytingu á og hann hefur látið í veðri vaka með því að ráðherrann hefur að mínu mati í allt of ríkum mæli tekið tillit til afturhaldssamrar kröfugerðar Framsfl. í þessum efnum. Ég vil spyrja ráðherrann að því hvort það komi ekki til álita að mati hans í meðferð málsins hér á þingi að breyta þessum ákvæðum, ekki síst að því er varðar kaupskyldu lífeyrissjóðanna og kveða skýrt á um það að hún skuli lækka í ákveðnu hlutfalli um leið og þetta kerfi tekur gildi. Ef um það getur tekist meirihlutasamstaða hér í þinginu og mönnum sýnist að það geri framkvæmd þessa nýja kerfis tryggari og öruggari, væri hæstv. ráðherra þá ekki tilbúinn að leggjast á þá sveifina og sýna vilja sinn í verki í þessu efni?

Herra forseti. Við upphaf þessarar umræðu ætla ég ekki að hafa fleiri orð um þetta frv. Ég vil vekja athygli á því að síðustu að þessi ríkisstjórn hefur með verkum sínum unnið mjög gegn hagsmunum húsbyggjenda með ofsköttunarstefnu sinni. Ég vil vekja athygli á því að það vantar enn stefnumörkun sem nær til húsnæðislánakerfisins í heild. Ég er þeirrar skoðunar að í grundvallaratriðum sé húsnæðislánakefið til bóta, en tel nauðsynlegt, ekki síst í ljósi hrossakaupanna sem átt hafa sér stað á milli stjórnarflokkanna, að skoða einstök atriði þessa frv. betur í meðferð málsins hér í þinginu.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns taka undir með hv. 1. þm. Suðurl. að það er mjög ámælisvert í raun og veru að ekki skuli hafa farið fram eða a.m.k. beðið eftir heildarendurskoðun á húsnæðismálum til framtíðar þar sem þessir meginþættir skipta augljóslega mestu máli, þ.e. séreignakerfið og verkamannabústaðakerfið. Hægt sé þannig að átta sig á því í gegnum þá endurskoðun hvað væri eðlilegast að gera með tilliti til reynslu annarra þjóða og einnig það sem við þurfum að gera til lengri tíma. Ég tek undir þetta sjónarmið enda er það sú stefna sem við í Framsfl. höfum viljað framfylgja og höfum lagt til.

Hins vegar er það annað mál og vissulega umhugsunarefni hvers vegna þarf að taka hvert einstakt tilefni út úr í hvert skipti áður en það kerfi sem menn búa við er búið að sýna hvað það megnar með ákveðnum lagfæringum sem ég vil koma aðeins að síðar. Mér finnst það vissulega umhugsunarefni, ég vil segja það beint út að það er undrunarefni, hvers vegna það ástand þarf að skapast að núv. hæstv. félmrh. þarf ávallt að beita afbrigðilegum aðferðum þegar hann leggur fram breytingar á húsnæðiskerfinu. Hæstv. ráðherra setur samráðherra sína í ríkisstjórn upp við vegg, bæði í fyrrv. ríkisstjórn og núv. ríkisstjórn, gerir verkfall í ríkisstjórninni og hótar útgöngu úr henni og neitar að taka tillit til samstarfsflokka í samsteypustjórn ef hann fái ekki sín mál afgreidd strax samkvæmt sinni framsetningu. Er þetta lýðræði? Eru þetta eðlilegar samskiptareglur? Það væri fróðlegt að vita hvaða nafngift er hægt að gefa slíkum aðferðum. Ég verð að segja það alveg eins og er að við meðferð þessa máls hefur virst sem við framsóknarmenn séum eitthvað sérstaklega erfiðir. Sannleikurinn er hins vegar sá að það hefur ekki verið rætt við framsóknarmenn á eðlilegan hátt í sambandi við þetta mál fyrr en núna á síðustu stigum og það gerir málið miklu erfiðara og stangast á við þá stefnu sem flokkurinn fylgir.

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns lýsa andstöðu við þetta frv. Ég tel kaflann um húsbréfin tímaskekkju og settan fram í þeim tilgangi sem lýst er í forustugrein Alþýðublaðsins: „Breytingin felur í sér að núverandi húsnæðiskerfi verði fellt niður og svonefnt húsbréfakerfi komi í staðinn.“ Ég tel að hlutverk Húsnæðisstofnunar við þessar aðstæður verði lamað og fasteignasalar og verðbréfamarkaðurinn, svo burðugur sem hann nú er, taki við. Það koma markaðsvextir að sjálfsögðu á öll lán og einstaklingarnir verða háðir sveiflum verðbréfamarkaðarins og þetta mun auka á þenslu og auka stórlega fjármagn til húsnæðiskerfisins. Þeir sem búa við bestu aðstöðuna, stórar húseignir, munu ganga fyrir og græða á öllu saman. Þeir sem húsnæðiskerfið á að vernda munu aftur á móti tapa. Ég þarf ekki að rökstyðja þessa skoðun mína hér og nú öllu nánar. Það þarf ekki annað en að lesa greinar sem birst hafa í fjölmiðlum undanfarið og sanna þetta. Ég vil benda mönnum sérstaklega á grein eftir Pétur Blöndal sem skrifaði um þetta mál með opinskáum huga fyrir nokkru og

sýndi fram á hvernig þetta muni virka. Þetta er sú mynd sem mér finnst blasa við og jafnframt er alveg ljóst að enginn hefur fært fram sannfærandi rök um hvaða áhrif þetta húsbréfakerfi muni hafa eins og okkar efnahags- og peningakerfi er í dag. Þess vegna tel ég þetta tímaskekkju.

Hins vegar er ég alveg jákvæður fyrir því og tel það sjálfsagt að ræða nýtt húsnæðismálakerfi í heild eins og hv. 1. þm. Suðurl. var að tala um áðan. Við erum þar alveg nákvæmlega á sömu skoðun. Ég tel hins vegar sjálfsagðan hlut að núverandi kerfi, sem var komið á með víðtæku samkomulagi við aðila vinnumarkaðarins, fái aðlögunartíma eins og gert var ráð fyrir til að virka og gerðar verði á því nauðsynlegar breytingar sem bæði eru fyrir hendi í núgildandi lögum, en hefur ekki verið framfylgt, og einnig í sambandi við það sem m.a. kemur fram í þessu frv. að öðru leyti en um húsbréfin. Mér finnst það alveg sjálfsagður hlutur, en ég tel mig hafa fullgild rök fyrir því að slíka endurskoðun sé eðlilegt að gera í samráði við aðila vinnumarkaðarins sem ráða yfir því fjármagni sem rennur til húsnæðismála og er af þeirri stærðargráðu sem hér hefur komið fram eða um 11–12 milljarða kr. á ári.

Ég verð að segja það alveg eins og er að mér finnst svolítið broslegt að það skuli koma fram núna í rökum þeirra sem vilja kollvarpa því kerfi sem við búum við að það fari allt of mikið fjármagn til húsnæðismála á Íslandi, menn fái allt of stór lán og allt of mikið til þess að koma upp eigin húsnæði. Síðan er borið saman við Noreg og talið að þar sé þetta nú eitthvað annað. Þar séu ekki veittir nema 2,6 eða 2,7 milljarðar í kerfið á móti 5–6 milljörðum á Íslandi. Þetta er alrangt. Það vita allir að í norska kerfinu er lánað til húsnæðismála mörgum sinnum hærri upphæð en hér á Íslandi þó að við miðum við allan markaðinn sem er um 18–20 milljarðar hér á landi. Peningakerfið í Noregi er í jafnvægi og það getur hvaða maður sem hefur eitthvert eigið fé gengið í banka af götunni og lagt þar sín mál inn til meðferðar og fengið mat á því hvort hann er fær um að byggja miðað við það fjármagn sem hann hefur og þau lán sem hann biður um. Þetta er ekki til hjá okkur því miður. Vegna hvers? Vegna þess að við höfum aldrei fengið aðstöðu eða e.t.v. frið til þess að byggja upp kerfi sem getur samrýmst öðrum möguleikum sem eru í banka- og peningakerfinu á Íslandi. Það hefur aldrei fengist tóm til að tengja þetta saman. Þar kem ég aftur inn á það sem hv. 1. þm. Suðurl. sagði í upphafi. Auðvitað þarf einhvern tíma að fá samstillingu um að leita að þessum leiðum, ekki sífellt að koma með innskot á hverju einasta ári til að breyta því sem við höfum án þess að það stefni að framtíðarlausn. Þetta er eitt það erfiðasta sem við er að eiga í þessum málum jafnframt því að við getum náttúrlega tekið undir að á Íslandi hefur okkur sem betur fer tekist að koma upp húsnæði sem er jafnvel betra en það sem er með nágrannaþjóðum. En við þurfum einhvern tíma að leita að varanlegri lausn.

Ég get sagt það aftur að ég tel að það sé sjálfsagt að leita uppi þessar breytingar og að aðilar vinnumarkaðarins, bæði atvinnurekendur og launþegar, eigi þarna hlut að máli. Ég er hins vegar algerlega andvígur hæstv. félmrh. sem vill ekki viðurkenna gildi þess að aðilar vinnumarkaðarins séu meðvirkir um húsnæðiskerfi þjóðarinnar. Ég held að það sé mjög alvarlegt umhugsunarefni í sjálfu sér. Auðvitað gerist ekkert í þessum málum á Íslandi miðað við kerfi sem við höfum byggt upp í sambandi við lífeyrissjóði og annað nema þessir aðilar séu með og séu fullvirkir.

Það er alveg ljóst að í núgildandi lögum eru ýmis ákvæði ef þeim er beitt að fullu til að þrengja aðgengi að lánum til þeirra sem eiga fullnægjandi húsnæði fyrir. Eins og ég sagði áðan er sjálfsagt að setja ákvæði í lög sem koma í veg fyrir misnotkun á kerfinu. En ég vil taka fram að ég hef farið talsvert ofan í það að núverandi kerfi er á góðri leið með að ná því jafnvægi sem að var stefnt með setningu laganna. Ég get alveg vitnað, þó að ég ætli ekki að tefja tímann hér, í formann þeirrar nefndar sem samdi þau lög, Hallgrím Snorrason, sem gerði ráð fyrir því að 200–250 umsóknir á mánuði væri það sem teldist jafnvægi í þessum málum. Miðað við þær upplýsingar sem ég hef úr húsnæðiskerfinu er þetta ekkert langt frá því að vera að nálgast og með meiri þrengingu er augljóst hvert stefnir. Þar komum við líka að öðrum þætti sem hver ríkisstjórn hefur í hendi sér án lagabreytinga og hæstv. núv. félmrh. er búinn að hafa í hendi sér þau ár sem hann hefur setið í ríkisstjórn, þ.e. að hægt er að breyta þessu ákvæði á einum degi annaðhvort með því að hafa mismunandi vexti eða hækka vextina eins og lög gera ráð fyrir því þeir eru ekki bundnir.

Mér finnst ástæða til að koma því að í þessari umræðu að því hefur verið haldið fram með mjög þungri gagnrýni á núverandi kerfi að það fari allt of stór hluti af fjármunum Byggingarsjóðs ríkisins til kaupa á notuðu húsnæði eða 50–60%. En hafa menn nokkurn tíma fengið raunverulegar upplýsingar um það hverjir það eru sem njóta þessara kjara og þessara lánveitinga í kerfinu eins og það er í dag? Hefur það nokkurn tíma komið fram opinberlega? Ég hef fullar sannanir fyrir því að stærri hluti af þessum 50–60% er unga fólkið. Það er unga fólkið sem vill frekar kaupa notað húsnæði en fara út í byggingar. Ég er ekkert frá því að það væri ástæða til að óska eftir því að á þessu verði gerð fullkomin úttekt. Sjálfsagt er það rétt, sem hv. 1. þm. Suðurl. sagði áðan, að ýmsar þær ráðstafanir sem ríkisstjórnin hefur gert í sambandi við hækkun á byggingarefni og annað slíkt eru auðvitað einn þátturinn í því að unga fólkið vill í auknum mæli frekar fá að kaupa notað húsnæði. Ég vil í leiðinni benda á að einmitt þetta ákvæði í lögum, sem aðilar vinnumarkaðarins óskuðu eftir að yrði sett þar sem gert var ráð fyrir svo mikilli hækkun á lánum til kaupa á notuðu húsnæði, kunni að hafa unnið á jákvæðan hátt sem húsnýtingarstefna í sambandi við húsnæði sem fyrir er á Íslandi.

Ég er þess fullviss að ef menn hafa fylgst með þróuninni t.d. hérna í vesturbænum í Reykjavík síðan

þessi lög voru sett sjái þeir að hún er lýsandi dæmi um hið jákvæða hvað þetta varðar. Ég hef búið í vesturbænum og fyrir nokkrum árum var ástandið þar þannig að þar fækkaði íbúum sífellt á þessu svæði. Það voru kannski ein eða tvær manneskjur í hverri íbúð. Núna er þar iðandi líf, ungt fólk og fullt af börnum og krafa um að Reykjavíkurborg flýti byggingu grunnskóla o.s.frv. vegna þess að allt húsnæði er þar yfirfullt af ungu fólki. Þetta er jákvætt. Ég held því að í umræðunni um þetta sé rétt að það sé litið á þetta atriði þegar menn eru að gagnrýna að svo mikill hluti af lánum í núverandi kerfi fari til kaupa eða skipta á notuðu húsnæði. Það er ekki bara brask. Það er hrein staðreynd. Fólk sem skiptir og kaupir notað húsnæði er ekki í hópi þeirra óverðugu sem sumir vilja halda fram að njóti þessara stóru lána. Ég undirstrika að þetta er frekar jákvætt en hitt og um leið leiðrétta þær óraunhæfu fullyrðingar að verið sé að moka út fjármagni til fólks sem hefur ekkert með það að gera. Hins vegar getur verið eðlilegt að það sé skoðað, og það er bæði hægt samkvæmt núgildandi lögum og það er hægt með þeim breytingum sem hér koma fram, að takmarka lán til þeirra sem eiga örugglega fullnægjandi íbúðarhúsnæði miðað við fjölskyldustærð og allt það þannig að það megi setja takmarkanir á þetta. Við skulum bara gæta að því að það er heilbrigð stefna að nýta það húsnæði sem fyrir er, ekki síst með tilliti til þess að byggingar á Íslandi eru yfirleitt traustar og vel gerðar og ekki síst þessi tegund af húsum.

Ég hefði gjarnan viljað fara nokkuð ofan í þann þátt í áróðri gegn núverandi kerfi sem byggist á því að svo og svo margar þúsundir séu á biðlista sem orðinn sé til þriggja ára. Ég hef ýmsar upplýsingar um þetta og held að það væri nauðsynlegt, og ég mun leggja það til í þeirri þingnefnd sem fær þetta frv. til meðferðar, að það verði farið ofan í þetta og rannsakað hvort þessar tölur eru raunhæfar eða ekki. Ég er ansi hræddur um að það komi margt skrýtið þar í ljós. Það hefur þannig verið haldið uppi þeim áróðri að 17.000 umsóknir, eða hvað það er, 10.000 séu eftir óafgreiddar o.s.frv. þó að það sé búið að afgreiða af þessum 10.000 nú þegar 3000 umsækjendur sem fá lán á þessu ári. Þetta fólk er vissulega ánægt með sinn hlut. Eftir þeim upplýsingum sem ég hef frá innviðum Húsnæðisstofnunarinnar er alveg ljóst að með þeim breytingum sem hægt væri að gera á þessu kerfi væri hægt að stytta þennan svokallaða biðtíma í 1½–2 ár. Það er enginn vafi á því. En það hefur bara engin nákvæm athugun farið fram á vegum þess opinbera um þessi mál og Húsnæðisstofnun hefur alls ekki verið falið að leggja fram nákvæmar upplýsingar hvað þetta varðar. Það hefur varla verið farið í gegnum þessar umsóknir öðruvísi en að númera þær í tölvu.

Ég vil aðeins í þessu sambandi koma inn á annan þátt sem raunverulega tengist því sem hv. 1. þm. Suðurl. sagði einnig, þ.e. nauðsynina á alhliða endurskoðun á þessu kerfi og hvaða stefnu við eigum að taka til frambúðar. Það hefur engin nákvæm áætlun verið gerð um raunverulega þörf hér á landi fyrir nýbyggingar íbúðarhúsnæðis. Hún hefur ekki farið fram. Það hafa verið gerðar nokkrar skoðanakannanir og ég undirstrika að þar er um að ræða allt húsnæði, bæði einkahúsnæði og eins félagslegt húsnæði. Það hefur ekki verið gerð nein slík könnun. Það hafa verið gerðar kannanir á vegum félagsvísindadeildar Háskólans sem eru byggðar á tiltölulega litlu úrtaki um eins konar óskalista o.s.frv. og ég er ekkert að gera lítið úr því nema síður sé. En nákvæm könnun byggð á víðtækri rannsókn á íbúðaþörf landsmanna þar sem sérstaða landsbyggðar er einnig tekin inn í dæmið hefur ekki farið fram. Ég tel að áður en nýjar breytingar í húsnæðiskerfinu séu lögfestar þurfi slík rannsókn að liggja fyrir. Þetta gera allar þjóðir í kringum okkur. Það eru alveg hreinar línur. Ef menn vilja sækja til þeirra eitthvað í þessum málum er þarna a.m.k. verðugt verkefni til að byggja á framtíðina. Það hefur ekki verið gert.

Við getum tekið upp nýtt kerfi. Við getum tekið upp húsbankakerfi eins og í Noregi sem ég viðurkenni að ég varð svolítið skotinn í þegar ég var í ráðherrastóli og lét útvega þau lög og ýmsar athugasemdir sem gerðar hafa verið við þau. Ég mundi ekkert hafa á móti því. Eða hvort menn vilja setja upp húsbréf eða eitthvað þess háttar og tengja það almenna peningakerfinu á Íslandi. En við þurfum bara góðan tíma í þetta. Það skiptir vissulega miklu máli að mínu mati fyrir okkar þjóðfélagsuppbyggingu til framtíðar að það sé vandað sem verið er að ákveða til breytinga í þessum málum. Það vil ég sérstaklega undirstrika. Þetta hefur vantað. Menn rjúka upp til handa og fóta og taka einhvern einn þátt út úr og sækja með offorsi að fá það í gegn án þess að það sé sett í samhengi við það heildarkerfi sem við þurfum að hafa í þessum mikilvæga uppbyggingarþætti hér á landi til framtíðar. Það vil ég átelja og ég tel tíma til kominn að menn taki höndum saman um þetta atriði. Það er e.t.v. einmitt þetta sem hefur gert að verkum að a.m.k. sumir í þingflokki Framsfl. hafa viljað flýta sér hægt í þessu máli, ekki að það séu nein hrossakaup þarna frá okkar hálfu. Ég kannast ekki við það. Þær breytingar sem hæstv. ráðherra kann að hafa gert á þessu frv. eru ekki frá okkur komnar nema mjög lítilfjörlegt í einhverjum bráðabirgðaákvæðum. Það var ekki tekið tillit til þeirra skilyrða sem komu fram í okkar þingflokki í sambandi við þetta mál.

Ég vil segja það, herra forseti, að það er þess vegna ekkert óeðlilegt að þingmenn Framsfl. hafi, eins og fram hefur komið, óbundnar hendur gagnvart frv. á þskj. 626. Ég tel í þessu sambandi nauðsynlegt að vitna til stefnu flokksins eins og hv. 1. þm. Suðurl. var að vitna í flokksráð Sjálfstfl. Það vill svo til að æðsta stofnun Framsfl., 20. flokksþingið sem haldið var 18.–20. nóv. sl., markaði ákveðna stefnu í þessum málum. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, fá að rifja þessa samþykkt nokkuð upp. Mér finnst það vel við hæfi þegar við erum að ræða almennt um húsnæðiskerfið:

„Flokksþing framsóknarmanna telur að með setn-

ingu gildandi laga um húsnæðismál frá árinu 1986 hafi verið tekið eitt stærsta skref í framfaraátt í húsnæðismálum landsmanna til þessa. Með samvinnu stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins voru lánveitingar til almennra íbúðakaupa hækkaðar úr tæpum 20% í 70% af kostnaðarverði meðalíbúðar auk þess sem lánstíminn var lengdur og 55% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna veitt inn í húsnæðiskerfið. Flokksþingið leggur því áherslu á eftirfarandi:

Að búið verði áfram við núverandi húsnæðislöggjöf, gerðar verði breytingar í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins sem hefðu það markmið að stytta biðtíma eftir lánum.

Að tekið verði tillit til fjölskyldustærðar og eignarstöðu umsækjenda við úthlutun lána.

Að vextir verði samræmdir almennum vöxtum á útlánum en vaxtabætur greiddar gegnum skattkerfið til hinna tekju- og eignaminni.

Að Húsnæðisstofnun verði heimilað að fjármagna hefðbundin útlán sín með almennu skuldabréfaútboði.

Að kannað verði hvort hægt sé að fá lífeyrissjóðina til að auka skuldabréfakaup umfram samninga.

Að ráðgjafarstöð Húsnæðisstofnunar ríkisins verði efld, komið verði upp í landshlutunum svo fljótt sem verða má ráðgjafar- og þjónustustöðvum fyrir húsbyggjendur.

Að lögin um félagslegar íbúðir verði tekin til endurskoðunar og haft verði samráð við almenningssamtök sem um þau mál fjalla.

Að í lög um Byggingarsjóð verkamanna verði sett heimild til tímabundinnar leigu á íbúðum í verkamannabústöðum.

Að sett verði lög um búseturéttaríbúðir í byggingarsamvinnufélögum.

Að stofnaður verði byggingarsjóður námsmanna sem hafi það hlutverk að fjármagna íbúðabyggingar fyrir samtök námsmanna.

Að leigjendum verði greiddir styrkir í samræmi við aðra húsnæðisaðstoð.

Að heimilað verði að geyma lánsrétt ef öll upphæð lána í núverandi kerfi er ekki tekin út.

Að lögð verði áhersla á nýjungar í byggingariðnaði er gætu leitt til aukinnar hagkvæmni og lækkunar byggingarkostnaðar. Í þessu skyni verði rannsóknir efldar og stuðlað að meiri samræmingu."

Að sjálfsögðu, og því vænti ég að hv. þm. átti sig á, ber okkur þingmönnum flokksins að taka mið af samþykkt æðstu stofnunar hans sem markar stefnu í aðalatriðum.

Ég tel enn fremur rétt að lesa samþykkt Sambands ungra framsóknarmanna frá febrúar sl., með leyfi hæstv. forseta, en þessi samtök eru e.t.v. sá vaxtarbroddur sem er í hverjum stjórnmálaflokki og er sjálfsagt að taka tillit til þeirra, enda hafa þeir aðstöðu til að hafa mikil áhrif í okkar flokki. Þar stendur svo, með leyfi forseta:

„Vegna framkomins frv. frá félmrh. um breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins vill framkvæmdastjórn Sambands ungra framsóknarmanna minna þingflokk framsóknarmanna á samþykkt 20. flokksþings Framsfl. um húsnæðismál. Þar segir að búið verði áfram við núverandi húsnæðislöggjöf og gerðar verði breytingar í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins sem hefðu það markmiði að stytta biðtíma eftir lánum, að Húsnæðisstofnun verði heimilað að fjármagna hefðbundin útlán sín með almennu skuldabréfaútboði.

Það er álit framkvæmdastjórnar SUF að í frv. félmrh. séu lagðar til breytingar á núverandi lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins sem stangast í grundvallaratriðum á við samþykkt flokksþingsins. Ef frv. nær fram að ganga mun sjálfvirkni útlána Húsnæðisstofnunar aukast og skuldabréfaútgáfa Húsnæðisstofnunar aukast verulega sem leiðir til þenslu á fjármagnsmarkaði og vaxtahækkana. Þá mun réttur þeirra sem nú njóta forgangs á húsnæðislánum hverfa í húsbréfakerfinu. Kollsteypur í reglum um útlán á fjármagni Húsnæðisstofnunar eru varasamar. Ef biðröð sú sem nú er eftir húsnæðislánum er raunhæf sem viðmiðun og allir þeir sem þar eru tækju lán mun hið nýja húsnæðiskerfi auka skuldabréfaútgáfu ríkisins verulega, auka eftirspurn íbúða og þar með hækka verð þeirra. Þetta mun óhjákvæmilega verða raunin ef loforð formælenda húsbréfakerfisins um verulega styttingu biðtíma eftir lánum standast.

Hófsöm og raunhæf lausn til jafnvægis í núverandi húsnæðislánakerfi er mörkuð í ályktun 20. flokksþings og frekar útfærð í séráliti Guðmundar Gylfa Guðmundssonar og Ásmundar Stefánssonar. Grundvallaratriði sem er ekki fært að víkja út frá við endurskoðun núverandi laga eru að áiti framkvæmdastjórnar SUF eftirfarandi:

1. Ákvæði um 55% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna verði óbreytt og fjármagninu ráðstafað eins og nú er.

2. Að Húsnæðisstofnun verði heimilað að fjármagna hefðbundin útlán sín með almennu skuldabréfaútboði.

Framkvæmdastjórn SUF álítur að óhætt sé að fallast á tilraun með húsbréfafyrirkomulag í takmörkuðum mæli til reynslu og komi slíkt fram í lögunum. Ekki er tímabært að koma á fót sérstakri húsbréfadeild í Húsnæðisstofnun. Þá er mikilvægt að húsbréf verði aðeins heimiluð í viðskiptum með eldri íbúðir.

Framkvæmdastjórn SUF skorar á þingmenn framsóknarmanna að hafna framkomnu frv. þar til tekið hefur verið tillit til grundvallaratriða ályktunar æðstu stofnunar Framsfl., flokksþingsins."

Sérálit Guðmundar Gylfa Guðmundssonar og Ásmundar Stefánssonar, forseta ASÍ, er í niðurstöðu skýrslu nefndarstarfs um almennt húsnæðiskerfi sem allir hv. alþm. fengu í hendur og þarf því ekki að tíunda það frekar hér í umræðunni.

Þá vil ég víkja nokkuð að afstöðu þingflokksins, en þetta mál var rætt m.a. með öllum þeim aðilum og við alla þá aðila sem flokkurinn hefur falið framgang húsnæðismála á undanförnum árum og eru starfandi í því í dag.

Það er hægt að segja við þessar aðstæður að samkomulag um að fylgja óbreyttu frv. félmrh. varð ekki. Það var meiri andstaða gegn því í ýmsum stofnunum flokksins en jafnvel í þingflokknum sjálfum. Þess vegna var ákveðið að menn hefðu þar óbundnar hendur. Menn voru sammála um að það væri — meiri hlutinn, skulum við segja, var sammála um að heimila tilraun á þessu sviði og mér þykir ástæða til vegna þeirrar umræðu sem hér hefur verið að geta þessa. Það voru engin hrossakaup. Það voru bara ákveðnar tillögur. Þingflokkur framsóknarmenna telur óráð að hverfa frá núverandi húsnæðislánakerfi í megindráttum þar sem það stefnir í jafnvægisátt. Hins vegar telur þingflokkurinn rétt að gera tilraun með húsbréfakerfi til hliðar við núverandi kerfi og felur þingflokkurinn ráðherrum flokksins að vinna að húsbréfakerfinu með eftirfarandi skilyrði. Skilyrðið var að það varði aðeins um skipti á eldri íbúðum í fyrstu lotu og það væri takmarkað við ákveðna upphæð á ári, t.d. 500 millj. kr. Vextir verði ekki hærri en á ríkisskuldabréfum og þeir sem eru í biðröð gangi fyrir. Húsbréfadeildin verði inni í Húsnæðisstofnun eins og aðrar sérdeildir þar og tilraunin verði endurskoðuð að tveimur árum liðnum og kaupskyldu lífeyrissjóðanna verði breytt.

Þannig var samþykkt meiri hluta þingflokksins. Síðan var haldið áfram að semja gagnvart þeirri ósveigjanlegu fyrirstöðu sem virtist vera til að ná þessu máli fram eins og hér hefur komið fram áður. Niðurstaðan varð sú að ráðherrarnir sömdu um það í sambandi við skipti á eldri íbúðum að það yrði til eins árs. Vextir yrðu ekki hærri en á ríkisskuldabréfum og með tilliti til skattalegrar meðferðar, eins og þar stendur, yrði það samræmt og þeir sem eru í biðröðinni nú hafi forgang í sex mánuði. Tilraunin verði endurmetin, það stendur óbreytt, en í sambandi við þakið sem menn vilja leggja mikla áherslu á, þ.e. að þetta verði tilraun til að sjá hvernig hægt er að samræma þetta þeim peningamarkaði sem er hér á landi, var miðað við að það þak yrði þannig að 10% af fjármagni frá lífeyrissjóðunum verði heimilað til að gefa út húsbréf í þennan aðlögunartíma sem er það þak sem meiri hluti þingflokksins féllst á að yrði sett á til að átta sig á því hvaða gildi þetta kerfi kann að hafa ef gert verður að lögum.

Ég vil geta þess að það hefur ekki enn verið tekin afstaða til vaxtaþáttar þessara mála. Það er enn þá óafgreitt í þingflokknum. Þar er margt óupplýst, hvernig þær tillögur í viðkomandi frv. komi til með að virka í framkvæmd. Það er mjög nauðsynlegt að kanna það vandlega því að ef við erum með ákvæði í vaxtalögum sem sannanlega ekki koma að notum þeim sem mest þurfa þess með er þörf að átta sig á því hvaða breytingar þarf á því að gera. Þetta er atriði sem er ekki fullupplýst í því frv. sem fyrir liggur og það er ekki búið að ganga frá því í þingflokknum, en ég sé samt sem áður að það er búið að dreifa þessu þskj. á borð í þingsalnum án þess að það sé afgreitt í okkar þingflokki.

Herra forseti. Ég endurtek það hér að kafla frv. um húsbréf, miðað við ástand peningamarkaðarins og efnahagsástandið í þjóðfélaginu, tel ég vera tímaskekkju og er þess vegna mótfallinn því atriði eins og það liggur fyrir hér. En ég undirstrika aftur nauðsyn þess að menn átti sig á stöðu þessara mála og taki höndum saman um það að gera alhliða úttekt á húsnæðiskerfinu í heild. Það er það sem hefur mest gildi fyrir meðferð þessa máls og ég undirstrika enn að það þarf að vera forgangsefni.

Ég á sæti í félmn. deildarinnar og ég mun beita mér fyrir víðtækri skoðun á þessu máli, rækilegri athugun, eins og stendur í samþykkt þingflokksins sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Þingflokkur framsóknarmanna heimilar framlagningu frv. til laga um húsnæðislánabréf í samræmi við ályktun þingflokksins frá 9. mars og samkomulag sem viðræðunefndir flokkanna hafa komist að. Málið þarfnast rækilegrar athugunar í þingnefndum og einstakir þingmenn hafa óbundnar hendur við afgreiðslu málsins."

Það er einmitt þessi „rækilega athugun" sem ég set innan gæsalappa. Frv. verður að sjálfsögðu sent út til ýmissa aðila í þjóðfélaginu sem málið varðar eins og venja er til um umdeild og vandasöm mál og ég vil fúslega lýsa því yfir að ég mun taka þátt í því að skoða þessi mál vandlega, en ég endurtek: Allar breytingar á núverandi kerfi miðað við þær aðstæður sem eru fyrir hendi í þjóðfélaginu í dag tel ég að sé ekki skynsamlegt að gera öðruvísi en í samráði við aðila vinnumarkaðarins. Bæði atvinnurekendur og launþegar koma þar inn í málið. Það vil ég gera að útgangspunkti og undirstrika að ég tel að við getum það ekki í þessari stöðu, en endurtek í þriðja sinn að heildarendurskoðun á húsnæðiskerfi á Íslandi er nauðsyn sem markar framtíðina í þessum málaflokki, en við þurfum ekki að fara fleiri kollsteypur meðan við höfum kerfi sem býr yfir nægu fjármagni.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu frv. til l. um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Þetta mál er ekki ókunnugt í þingsölum, svo oft hefur það komið til umræðu síðan ég kom á þetta þing. Hæstv. félmrh. er búinn að leggja stólinn sinn að veði nokkrum sinnum í þingsölum fyrir breytingum á þessum lögum.

Í umræðum á síðasta Alþingi sagði ég að það væri verið að lappa upp á stagónýtt kerfi. Hæstv. félmrh. staðfestir í dag í ræðu sinni að það sem ég sagði í fyrra væri rétt, kerfið væri hrunið. Það liggur ljóst fyrir að það sem ég sagði þá einnig og við í Borgfl. er rétt. Í fyrra lögðum við fram heildstæðan lagabálk um húsnæðislánastofnanir og húsbanka. Þetta frv. hefur nú verið endurflutt í Ed. og hefði í raun verið eðlilegra að leggja fram þess vegna þar það frv. sem hér liggur fyrir. Það er eina heildstæða tillagan sem liggur fyrir í þessum málum á þessu landi.

Í máli hæstv. félmrh. kom fram að það væru nú um 10 þús. umsóknir óafgreiddar. Í fyrra sagði hæstv. félmrh., og það stendur prentað með einu frv. sem

hún lagði fram þá, að þá væru 3800 umsóknir óafgreiddar. Þær hafa vaxið um 6200 umsóknir á einu ári. Hvað segir þetta? Þetta segir að núverandi kerfi er alrangt og þess vegna hefði á sl. ári verið rétt að taka upp húsbankakerfi Borgfl. Það er rétt, sem hv. 12. þm. Reykv. sagði hér, að það kerfi hefði þeim litist vel á í Kvennalistanum þegar það var lagt fram í fyrra. Það er óþarfi að finna upp hjólið. Það er löngu búið að finna það upp. Þess vegna er óþarfi fyrir okkur að finna upp nýtt kerfi þegar það liggur fyrir að í nokkrum nágrannalöndum eru mjög góð kerfi sem hafa gengið upp. Það er óþarfi að finna upp hjólið. Það er þegar fundið upp. Þess vegna er það að þetta frv. er í rétta átt, en það er ekki fullnægjandi. Það má segja að það væri rétt að samþykkja þetta af mannúðarástæðum vegna þess að ég finn til með félmrh. sem hefur átt í erfiðleikum, aðallega í ríkisstjórninni og þó sérstaklega með framsóknarmennina sem hafa enn ekki skilið að núverandi kerfi er ónýtt. Ég vil taka fram að það er þó betra að það sé gengið fet í áttina að réttu kerfi en það sé setið fast í því kerfi sem núna er.

Það eru hins vegar ýmis atriði í frv. sem eru athugaverð. Ég vil sérstaklega benda á að það er verið að takmarka mjög þá möguleika sem slíkt kerfi mundi geta haft með ýmsum ákvæðum. Í því frv. sem Borgfl. hefur lagt fram er farið eftir mikilli og góðri reynslu sem hefur náðst af svipuðu kerfi í Danmörku. Hv. 1. þm. Vesturl. sagði að hann hefði verið svolítið skotinn í húsbankakerfinu í Noregi. Ég held að það sýni í rauninni að hv. 1. þm. Vesturl. er sammála því að það sé gerð kerfisbreyting. En hann á erfitt með að játa að það kerfi sem hann átti þátt í að koma á sé afnumið. Það breytir ekki því að þau kerfi sem eru þegar til í öðrum löndum, svo sem Danmörku eins og húsbankakerfi Borgfl. var byggt eftir, eru þróuð og við þurfum ekki að finna þau upp. Við þurfum að vísu að aðlaga ákveðna þætti þeim aðstæðum sem eru fyrir hendi.

Í þeim tillögum sem við höfum lagt fram er gert ráð fyrir tvískiptingu þessara mála, annars vegar í Byggingarsjóði ríkisins sem sjái um félagslega kerfið, um íbúðir fyrir lágtekjufólk og verkamannabústaði, íbúðir fyrir þá sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn, verndaðar íbúðir fyrir öryrkja, verndaðar íbúðir fyrir aldraða, leiguíbúðir á vegum sveitarfélaga og félagssamtaka, og hins vegar húsbankakerfinu sem meginhluti húsbyggjenda kemur til með að nota. Það er því auðsætt að það sem núna kemur fram er því miður ekki fullnægjandi og einnig auðsætt að það eru verulegir vankantar á nokkrum atriðum í frv.

Ég vil nefna að í 68. gr. er talað um að húsbréf sem gefin eru út samkvæmt þessum kafla svo og vextir af þeim og verðbætur eru undanþegin skattlagningu á sama hátt og spariskírteini ríkissjóðs. Hér er enn verið að ganga í öfuga átt. Það er varðandi vaxtamun og eignaskatta. Ég bendi á að með þessu er verið að stuðla að því að hver einasti maður sæki um að fá lán eftir þessu kerfi því að það er ódýrara og hagstæðara að safna skuldum og fá lán í húsbréfakerfi eða kaupa ríkistryggð skuldabréf en eiga skuldlausa húseign.

Það er svo að maður sem er kominn yfir ákveðið mark eins og menn vita borgar orðið 3% í eignarskatt, auk fasteignagjalda, þannig að hann er farinn að greiða verulegar upphæðir af skuldlausum eignum. Taki hann hins vegar lán samkvæmt þessum lögum gefur auga leið að hann er að taka vaxtalaust lán samkvæmt núverandi kerfi og þar að auki getur hann ávaxtað lánin ef hann skyldi hafa verið svo forsjáll að geyma svolitla peninga í ríkisskuldabréfum með þeim hætti að hann er að stórgræða á málinu. Þessi hluti gerir að verkum að hér er enn verið að ganga í öfuga átt.

Hv. 1. þm. Suðurl. kom inn á séreignastefnuna. Það er auðvitað alveg rétt hjá honum að hingað til hefur megineinkenni íslenska húsnæðiskerfisins verið séreignastefnan. Frá þessu var horfið með samþykkt á sérstökum eignarsköttum á þessu þingi og það er enn gengið lengra með þessu ákvæði í þessu frv. Niðurstaðan mun verða sú að það er hagstæðara að eiga sem minnst og skulda sem mest þannig að þetta ýtir undir frekari eyðslu í þjóðfélaginu og ýtir undir að menn komi sínum eignum í eitthvað annað en húseignir.

Þá er að líta á að hér eru ýmis ákvæði um bankaeftirlit Seðlabankans og annað slíkt. Það er verið að flækja málin enn frekar með þessum lögum og hefði verið nær að taka upp hið einfalda húsbankakerfi, sem Borgfl. lagði til, sem gefur allt aðra mynd af þessum málum en þetta frv. vegna þess að þar er verið að mynda öruggt og fast kerfi sem peningar standa á bak við. Má minna á að í Danmörku eru aðilar að húsbankanum lífeyrissjóðir, tryggingarfélög, bankar og sparisjóðir og með því er tryggt fjármagn og sala á þeim bréfum sem fólk fær. Þetta vantar mjög í frv. sem hér liggur fyrir og því full ástæða til að þessi mál verði skoðuð mun betur.

Það er mjög mikilvægt að þegar slík breyting á sér stað sé ekki verið að vaða í villu og svíma því að það er ljóst að það er ekki tryggt að þeir sem fá húsbréf geti verið öruggir með að þeir geti selt bréfin með nægilega öruggum hætti eins og hér er gert ráð fyrir.

Þá vil ég víkja að því að það er verið að setja enn einu sinni fermetrareglu í þetta frv. og talað um fullnægjandi húsnæði í 1. gr. þar sem það má ekki vera stærra en 180 fermetrar brúttó o.s.frv. Ég held að það sé mjög óhagstætt að setja slíka reglu í lög. Auðvitað takmarkast þetta sjálfkrafa með því að húsbréf geta verið mörkuð við ákveðna upphæð. Þess vegna er óþarfi að vera að taka fram sérstaka stærð á húsnæði. Það er því algerlega út í hött að hafa þessi ákvæði þarna um stærð á íbúðum.

Þá er í sömu grein talað um aðrar eignir sem má meta jafngildar að verðmæti. Þá erum við komin á hættulega braut. Það er svo að þeir sem eiga mest eiga hæga leið með að komast fram hjá slíku ákvæði. Ef það er verið að hugsa um það nær það ekki til þeirra. Það er hægur vandi að breyta einkafyrirtækjum í hlutafélög og hlutabréfin geta verið skráð afskaplega lágt eins og er gert í mörgum fyrirtækjum hér. Þá ná þessi ákvæði ekki til þeirra, en ná hins

vegar til litla mannsins í atvinnulífinu, til mannsins sem er með lítil einkafyrirtæki, mannsins sem rekur lítið fyrirtæki úti í bæ og er sjálfur ábyrgur fyrir sínu fyrirtæki, en þetta nær ekki til þeirra sem eiga stóru fyrirtækin. Hér er um verulegan galla að ræða. Ég held að það eigi heldur ekki að vera svona ákvæði inni vegna þess að það er alveg ljóst að slíkt gengur aldrei. Það mun hvort sem er verða þannig að þeir sem eiga eignir eða eru allt of ríkir miðað við þetta ákvæði munu komast fram hjá þessum ákvæðum. Þess vegna á ekki að hafa slík ákvæði í þessum lögum.

Þá er á það að líta í 2. gr. þessara laga að í a-lið eigi umsækjendur sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn hámarkslánsrétt. Skv. 1. mgr. 12. gr. nemur lán hverrar íbúðar 2 millj. og 100 þús. kr. fyrir hjón, sambýlisfólk og einstæða foreldra, en 1407 þús. kr. fyrir einhleyping. Eigi þeir lágmarksrétt nemur lán hverrar íbúðar 700 þús. kr. fyrir hjón, sambýlisfólk og einstæða foreldra en 469 þús. kr. fyrir einhleyping. Þetta ákvæði er einnig afar merkilegt. Enn er verið að ganga á rétt einhleypinga og setja þá á þann stól að þeir megi yfirleitt ekki eiga neitt og eiga helst að búa í einu herbergi með einni Rafha-plötu.

Ég held að lán eins og eru erlendis í húsbankakerfinu miðist við greiðslugetu viðkomandi, hvernig hann vill byggja sjálfur og það traust sem er á honum. Það hlýtur að vera grundvallaratriði. Að flokka alltaf fólk niður eftir einhverjum sérstökum óskalista, eftir því hvort hann er einhleypingur eða hvort hann á meira eða minna í handraðanum er algerlega rangt. Ég held að það sé mikil heimska að gera slíkt. Þetta hvetur aðeins til þess að menn fjárfesti ekki í íbúðum sem hér á landi er lífsnauðsynlegt og aðstæður allt öðruvísi en í mörgum öðrum löndum að því leyti til að hin harða vetrarveðrátta hér, sem oft og tíðum er, og hin stuttu sumur gera það nauðsynlegt að menn búi í stærra íbúðarhúsnæði en víðast hvar annars staðar vegna þess að þeir þurfa að vera innan dyra mestan hluta ársins, en í mörgum öðrum löndum geta menn verið utan dyra í sól og góðu veðri stóran hluta ársins. Þetta er ein af þeim ástæðum sem gera að verkum að menn verða að hafa stærra húsnæði hér og búa betur en víða annars staðar.

Afstaða Framsfl. í þessu máli hefur verið mjög til umræðu. Þar kemur fram að þingflokkur Framsfl. er óbundinn af því hvort þingmenn styðja eða styðja ekki þetta frv. Eru það nú engin undur. Hv. 1. þm. Vesturl. hefur margoft stigið hér í ræðustól og ávallt verið á móti öllum frv. hæstv. félmrh. Það kom engum á óvart þó það yrði einnig núna. Það hefur heldur ekki komið á óvart að forseti ASÍ hefur lagst á móti þessu frv. því hann hefur bundið sig við gamla fyrirkomulagið sem hann tók þátt í að koma á án þess að hann hafi nokkurn tíman gert grein fyrir því hvernig hann vill að 10.000 umsóknir verði afgreiddar og án þess hann hafi nokkurn tímann kynnt sér í raun það sem er gert í nágrannalöndunum og hefði hann nú mátt hafa samband við launþegasamtökin í Danmörku t.d. til að fá að vita hvað þeir gera þar. Hann hefði fengið þær upplýsingar að launþegasamtökin í Danmörku eru meðmælt húsbankakerfinu. Hann hefði fengið þær upplýsingar frá launþegasamtökum í Noregi að þau eru meðmælt húsbankakerfinu. Hann mætti vel tala við þessa nágranna sína um þessi mál.

Það er líka alveg ljóst að þó að þetta frv. stefni í rétta átt vekur það ýmsar spurningar.

Í fyrsta lagi varðandi vaxtamun, eignarskatta og aðra óáran sem núverandi ríkisstjórn hefur komið á. Ég minni á að með hækkun eignaskatta hefur verið stigið spor frá séreignastefnunni í ríkisforsjá á öllum sviðum. Og ekki nóg með það heldur hefur núv. ríkisstjórn hækkað vörugjald á byggingarvörum sem þýðir að byggingarkostnaður hefur vaxið og útgjöld heimilanna hafa vaxið. Það þýðir líka það að menn þurfa meira fjármagn til að byggja, menn þurfa hærri lán og menn þurfa miklu lengri lán en nú eru veitt til að geta fjármagnað húsbyggingar sínar.

Í grein sem er nefnd k (60. gr.) segir að hámarkstími á fasteignaveðbréfum er húsbréfadeild kaupir skuli vera 25 ár. Ég held að það væri mjög nauðsynlegt að slík lán væru til 40 ára. Það væri nauðsynlegt því að það þarf að lengja lánstímann, minnka greiðslubyrði lána þannig að það sé hagstæðara að greiða af eigin húsnæði, nema hugsunin sé sú að það eigi að hverfa frá séreignastefnunni, eins og mér finnst að sé að hluta til, og ganga í átt að algerri ríkisforsjá.

Það er vafalaust svo að tillögur Borgfl. eru þær einu heildstæðu tillögur sem hér hafa komið fram, enda heyrði ég í máli hv. 1. þm. Suðurl., þegar hann las úr ályktun Sjálfstfl. frá nóvember 1987, að þær tillögur voru að hluta til þær sömu og Borgfl. hafði þá flutt á þingi. Þannig sé ég að Sjálfstfl. hefur nú nálgast Borgfl. að þessu leyti. Ég held, þegar við lítum á það og hvað hv. 12. þm. Reykv. sagði um þessi mál, að það sé að myndast meiri hluti á þingi til að breyta þessum lögum í þá veru að það verði teknir upp jafnvel húsbankar og þetta kerfi verði alveg stokkað upp. Það er því nokkuð ljóst, eftir að framsóknarmenn hafa lýst því yfir að þeir hafi óbundnar hendur, að það er hægt að ná meirihlutasamstöðu á þingi um nýtt kerfi og það þrátt fyrir og án stuðnings Framsfl. Ég held að það væri full ástæða til þess þegar málið verður sent til félmn. að það verði reynt að sameina þessi sjónarmið og koma með nýtt kerfi sem jafnvel væri heldur frábrugðnara því sem hér liggur fyrir um húsbréf, sem væri fullkomnara og betra þannig að við gætum í eitt skipti afgreitt gott kerfi þar sem eru ekki 10.000 manns á biðlista og það þyrftu ekki að bætast við á biðlistann 6200 manns á hverju ári. Ef það er rétt sem hæstv. félmrh. sagði um að það hefði fjölgað svo á listanum frá því í fyrra má búast við að það verði enn þá meiri vöxtur í þeim lista á næsta ári.

Ég vil svo ítreka að húsbankakerfi Borgfl. er að mörgu leyti tekið upp samkvæmt þeim fyrirmyndum sem danskir húsbankar hafa. Þar er jafnframt gert ráð fyrir ýmsum möguleikum um lánskjör. Það er jafnvíst og hér hefur reyndar oft komið fram í sölum Alþingis að lánskjör eru mjög erfið hér hvað varðar

vísitölur. Ég held að það væri þess vert að skoða það lánafyrirkomulag sem til eru annars staðar, svo sem lán með greiðslumarki og afkomutryggingu. Það er full þörf á að við skoðum hvaða möguleikar eru fyrir hendi og höfum fleiri möguleika en einn á lánskjörum. Þá er rétt að minna á að vaxtaaðlögunarskuldabréf t.d. bjóða upp á mjög hagstæð kjör. Ég held að *við mættum vel hugsa um hvort við tækjum ekki* einnig það upp.

Það er svo að húsnæðismál eru hjá hverri þjóð stærsta mál þjóðarinnar oft og tíðum ásamt launamálum. Það að hver hafi sitt eigið húsnæði er ein af þeim þörfum sem eru lífsnauðsyn. Hv. 1. þm. Vesturl. sagði áðan að það þyrfti að rannsaka þessa þörf um allt land, gera víðtæka úttekt á því. Ég tek undir það sjónarmið að auðvitað væri ráðlegt að það lægi fyrir mjög viðamikil könnun á þessum málum og það lægi fyrir rannsókn á húsnæðisþörf um allt land. Það er nokkuð víst að það þarf að liggja fyrir ákveðin langtímaáætlun um húsnæðismál. Það þarf að liggja fyrir húsnæðisþörfin á komandi árum. Það þarf líka að liggja fyrir að það sé stöðugleiki í þessum málum. Stöðugleiki þessi næst aðeins með því að það verði farið inn á nýjar leiðir og að húsbyggjendur geti verið öruggir um að þeir geti gengið inn í húsbanka eða Húsnæðisstofnun og fengið lán þegar þeir hafa hugsað sér að koma sér þaki yfir höfuðið.

Í Danmörku er það svo að maður sem kemur inn í húsbanka á mánudegi getur í versta falli lent í því að fá lánið ekki fyrr en á föstudegi. Það er það lengsta sem það getur tekið. Hér er verið að tala um — ég veit ekki hvort það er verið að tala um að menn geti beðið fram á næstu öld, en það er þó einna helst svo að við getum átt von á því að þeir sem eru núna síðastir í röðinni fái lán á næstu öld. Þetta sýnir í hnotskurn að húsnæðislánakerfið hér er langt frá því að vera fullnægjandi og við hljótum að sameinast um að gera það kerfi, sem er nauðsynlegt hér eins og annars staðar, með þeim hætti að það fullnægi óskum fólksins í landinu um að koma sér þaki yfir höfuðið. Það er alveg ljóst að hugur íslenskra kjósenda stefnir í að eiga hús sín. Þess vegna verður jafnframt að gera breytingar á eignarskatti, á vaxtakjörum, á lánskjörum þannig að það sé ekki alltaf verið að hegna þeim sem standa sig vel, en það er alveg ljóst að núverandi kerfi gerir það. Að taka húsnæðismálalán í dag er hagstæðara en að eiga skuldlausa eign. Menn koma betur út úr því. Það er því mjög mikilvægt að við reynum að sameinast um að hafa þessi mál með þeim hætti að allir geti sætt sig við þau.

Ég vil að lokum taka fram að ég óska eftir því að þessi mál verði tekin til mikillar og góðrar umræðu í félmn. með þeim hætti að meiri hlutinn á þingi geti sameinast um að koma frá sér heildstæðum lögum um húsnæðismál en ekki að það sé verið að taka einn þáttinn að svolitlum hluta eins og e.t.v. hefur verið gert margoft og við bentum á æðioft í fyrra. Nú verði *gengið til verks* með þeim hætti að það þurfi ekki alltaf að leggja þessi mál hér fram á þingi og forræði stjórnmálamannanna í þessum málum verði minnkað og fært til fólksins í landinu, en það er aðeins gert með því að það verði tekið upp húsbankakerfi með öflugum stuðningi verkalýðshreyfingar, tryggingafélaga og bankamanna.

Guðrún Helgadóttir:

Virðulegur forseti. Nú á þessu vori verður það *vonandi hlutskipti okkar þingmanna að gera enn einu* sinni allróttækar breytingar á húsnæðislánakerfinu. Undan því verður ekki skorast þótt öll fyrri fyrirheit um 1000 ára ríkið í húsnæðismálum svífi mönnum óneitanlega fyrir hugskotssjónum á þessari stundu. Það hefði líka verið mér hugnanlegra að vinna nú frekar að heildarendurskoðun húsnæðiskerfisins með það fyrir augum að efla hina félagslegu kosti og tengja þá hinum almenna hluta húsnæðiskerfisins í samfellt lánakerfi þar sem öllum einstaklingum og fjölskyldum sé tryggt húsnæði á kjörum sem eru í samræmi við tekjur þeirra og aðstöðu að öðru leyti. Aðstoðin við fólk yrði mun markvissari en nú er þegar fólki er veitt lán á lágum vöxtum til rúmlega 40 ára til kaupa á húsnæði úr Byggingarsjóði verkamanna án tillits til þess hvernig tekjur þeirra og aðstaða breytast á tímabilinu. Þetta er að sjálfsögðu gæfa þeirra sem njóta þess, en þeir eru bara svo margir sem standa utan kerfisins og það hlýtur að vera skylda okkar gagnvart þeim að tryggja að fjármagn til félagslegs húsnæðis nýtist með markvissari hætti og að í slíku kerfi sé húsnæðisöryggi fjölskyldunnar haft að leiðarljósi en ekki einhverjar óljósar séreignarhugsjónir.

Í húsbréfakerfinu sem nú er að fæðast getur falist *mikilvægur vísir að nýskipan mála í þessum efnum.* Í fyrsta skipti er með skipulegum hætti tekið á því að fólk með háar tekjur og miklar eignir hafi ekki í krafti aðstöðu sinnar forgang að þeirri fyrirgreiðslu sem hið opinbera veitir vegna húsnæðiskaupa þannig að vaxtakostnaður hinna efnuðu af húsbréfum verður sem næst því sem þeir þyrftu að borga annars staðar á markaðnum. Ríkið ber því takmarkaðan kostnað af fjárfestingum þeirra andstætt því sem nú er.

Í öðru lagi gefur þessi tenging við tekjur og eignir færi á að tengja saman séreignakerfið og hið félagslega kerfi með þeim hætti að stórir hópar fólks lendi ekki milli skips og bryggju í húsnæðiskerfinu eins og nú gerist. Í framhaldi af þessu er eðlilegt að gera hið félagslega kerfi sveigjanlegt með svipuðum hætti.

Í þriðja lagi getur kerfið létt þeim yfirþrýstingi sem nú ríkir á Húsnæðisstofnun þannig að hægt sé að fela henni aukin verkefni í uppbyggingu hins félagslega íbúðakerfis. Í þessu sambandi má og ekki gleymast að víða á landsbyggðinni hafa nýbyggingar séreignahúsnæðis gersamlega stöðvast þrátt fyrir að víða ríki húsnæðisekla og menn á þessum stöðum líta nær eingöngu til félagslegra lausna eins og t.d. búseta- og kaupleiguíbúða.

Við verðum að gera okkur glögga grein fyrir því að *við getum ekki komið á fót húsnæðiskerfi* þar sem eignalaust fólk með meðaltekjur og þar undir getur gengið inn af götunni og fest sér kaup á húsnæði.

Forsendan fyrir því að húsbréfakerfið fái staðist er að menn séu frjálsir að því að ákveða hvenær þeir vilja kaupa húsnæði og undirbúa það með sparnaði og öðrum þeim hætti sem gerir þeim kleift að standa undir þeim skuldbindingum sem þeir takast á hendur. Þannig er ljóst að ef við nýtum ekki það svigrúm sem tilkoma húsbréfakerfisins gefur okkur til þess að endurskipuleggja og styrkja hið félagslega íbúðakerfi erum við að stefna fólki í stórum hópum út í fen greiðsluerfiðleika. Búseturéttaríbúðir, kaupleiguíbúðir, verkamannabústaðir og leiguíbúðir verða að vera til sem valkostir fyrir þá sem ekki ráða við fjármögnun húsnæðis á hinum almenna markaði án þess að reisa sér hurðarás um öxl.

Endurskoðun hins félagslega húsnæðiskerfis hefur dregist úr hömlu og það er ein af ástæðum þess að sífelldar stíflur eru í hinu almenna lánakerfi sem hafa haldið mönnum föngnum. Eðli húsbréfakerfisins er þannig að það skapar sveigjanleika og svigrúm fyrir einstaklingana til þess að laga húsnæðiskaup að sínum eigin fjárhagslegu forsendum, en það refsar þeim hart sem takast á hendur vanhugsaðar fjárskuldbindingar vegna þess hve fjármagnskostnaðurinn verður hár þegar menn reka sig upp úr þakinu sem sett er á endurgreiðsluhluta vaxtakostnaðar.

Ég fæ ekki varist því að mér finnst umræðan um húsbréfakerfið hafa farið eilítið á svig við veruleikann síðustu vikurnar. Það er eins og það sé eitthvað nýtt að hluti húsverðs sé greiddur með skuldabréfum til einhverra ára. Öðru nær. Það eru hins vegar mörg ár síðan Stefán Ingólfsson verkfræðingur benti á að áhrifaríkasta leiðin til að minnka fjármagnsþörfina í eldra húsnæði væri að lækka útborgunarhlutfallið, þ.e. gera þá kröfu til þeirra sem eru að selja skuldlítið eða skuldlaust húsnæði að þeir lánuðu verulegan hluta íbúðaverðsins. Þegar núverandi lánakerfi var komið á fót gleymdist þetta atriði algerlega með þeim afleiðingum að nú stefnum við hraðbyri í að skuldbinda okkur til þess að lána fjármagn á niðurgreiddum vöxtum til að fylla alla ónýtta veðrétti á eldra húsnæði í landinu. Það er öllum ljóst að á því höfum við engin efni og auk þess er tilgangurinn með slíkri ráðstöfun afar vandséður nema fyrir þær kynslóðir sem eignuðust þetta húsnæði á tímum óverðtryggðra lána.

Meginrökin fyrir húsbréfakerfinu tel ég einmitt vera þau að það gerir kröfur til seljenda eldra húsnæðis um að taka þátt í fjármögnun viðskiptanna í stað þess að rétta þeim allt upp í hendurnar eins og nú er gert. Jafnframt því sem húsbréfakerfið gerir þannig auknar kröfur til seljenda kemur hið opinbera til móts við þá með því að veita nokkurs konar ríkisábyrgð á bréfin og með því að tryggja að ávallt verði hægt að selja slík bréf þannig að seljendur fasteigna geti verið óhultir með bréfin sín þótt þau séu gefin út til svo langs tíma sem ætlunin er.

Kjör þeirra sem kaupa eldra húsnæði með húsbréfum geta við fyrstu sýn sýnst lakari en í núverandi kerfi. Samkvæmt þeim dæmum sem ég hef séð þarf þó svo ekki að vera því að hér geta kaupendur fengið hærra hlutfall kaupverðsins lánað til langs tíma og enn fremur koma vaxtabætur á móti hærri vaxtakostnaði hjá þeim sem eiga eignir og hafa tekjur undir ákveðnum mörkum. Þannig getur aðstoð hins opinbera vegna húsnæðiskaupa orðið mun markvissari en nú er og komið þeim til góða sem raunverulega þurfa hennar með. Það byggir hins vegar á samþykkt þess frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt sem nú liggur fyrir á þskj. 638. Þar liggur í raun lykillinn að því hvaða kjör verða búin þeim sem ráðast í fasteignakaup og hvernig haldið verður utan um kerfið þannig að það verði ekki ný uppspretta bruðls og óráðsíu fyrir peningastéttirnar í landinu.

Um það þarf umræðan að snúast vegna þess að það skiptir verulegu máli að menn geri sér grein fyrir því að húsbréfin eru bara eins og hver önnur verðbréf. Tilkoma þeirra skapar möguleika til þess að snúa sig með skynsamlegum hætti út úr þeirri glötuðu stöðu sem skapast hefur í lánakerfinu. Hins vegar leysa þau engan vanda nema menn hafi pólitískt þrek til að fylgja þeim eftir og fylgja eftir þeim markmiðum sem hér hefur verið lýst.

Margt hefur verið rætt um hugsanleg áhrif húsbréfanna á peningamarkaðinn og vaxtastigið í landinu. Ég neita mér alfarið um að hafa uppi nokkrar spár í þeim efnum, enda ekki öllum hnútum kunnug í musterum víxlanna. Hins vegar lýsi ég ánægju minni með að samstaða skuli hafa tekist meðal stjórnarflokkanna um að fara varlega af stað í vel skilgreindum áföngum þannig að ekki sé hætta á kollsiglingu. Það er einnig sjálfsagt réttlætismál að þeim sem nú halda í vonina í biðröðum hins almenna húsnæðislánakerfis sé gefinn nokkur forgangur í hinu nýja húsbréfakerfi.

Ég á sæti í hv. félmn. Nd. og mun hafa þar tækifæri til að fjalla ítarlegar um þetta flókna mál en hingað til hefur gefist kostur til. Ég hef í máli mínu lýst stuðningi við þær hugmyndir sem liggja að baki frv. til laga um húsbréfaviðskipti. Því er einfaldlega eins farið með húslánakerfið og annan rekstur í þessu landi að ef takmarkað fjármagn er til ráðstöfunar verður að nýta það með markvissum hætti og leita nýrra lausna. Ég tel að þessar tillögur um húsbréfakerfi ásamt tillögum um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt séu heiðarleg tilraun í þá átt. Ég mun þess vegna leggja mig fram í hv. félmn. Nd. að greiða fyrir því að þetta frv. verði að lögum á þessu þingi.

Ég hef lokið máli mínu, virðulegur forseti.

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að leggja áherslu á stefnu Sjálfstfl., en hún er sú að sem flestar fjölskyldur og einstaklingar í þjóðfélaginu geti eignast eigið húsnæði og notið þess öryggis og sjálfstæðis sem því fylgir. Ég tel þessa stefnu mjög stóran þátt í fjölskyldupólitík, en því miður hefur markviss fjölskyldupólitík ekki skipað nógu stóran sess í hugum margra stjórnmálamanna, hvort sem er um álagningu skatta eða á annan hátt. Það er hins vegar alveg ljóst

að öruggt húsnæði er nauðsynlegt fyrir fólk og alveg sérstaklega með tilliti til þeirrar festu sem það skapar börnum t.d. hvað varðar fasta skólavist og félaga. Það vita líka allir hvaða áhrif það getur haft á fólk að eiga við stöðugar peningaáhyggjur að stríða og mikið strit, álag sem kemur niður bæði á líkamlegri og andlegri heilsu manna og í mörgum tilvikum á fjölskyldunni.

Ástæða þess að ég nefni hér sérstaklega fjölskylduna er sú staðreynd að langflestir umsækjendur húsnæðislána eru pör með barn eða börn þó að að sjálfsögðu séu aðrir inni í myndinni þar sem þörfin getur verið ámóta mikil. Þrátt fyrir þetta hlýtur sú spurning alltaf að vakna hversu langt eigi að ganga í þessum efnum, þ.e. að tryggja fólki húsnæði, og það er ljóst að hér hefur verið og er um gífurlega fjármuni að ræða. Ég get ekki lagt á það mat hér og nú hvernig núverandi kerfi hefur reynst í þessum efnum, en félmrn. hefur sent frá sér minnisblað um þetta efni og þar koma fram ákveðnar upplýsingar. Ef þær eru á rökum reistar eru u.þ.b. 10.000 umsóknir enn óafgreiddar rétt eins og hæstv. félmrh. gat um í framsöguræðu sinni áðan. Hún hélt því reyndar fram að engin von væri til þess að núverandi kerfi gæti náð jafnvægi og biðröðin mundi halda áfram að lengjast þrátt fyrir mikla fjármuni sem til þess yrði varið. Með tilliti til þess og annarra ókosta þessa kerfis virðist þetta frv. um húsbréfakerfi því lagt fram.

Þess má reyndar geta að fæðing þess hefur reynst erfið innan ríkisstjórnarinnar og hafa fulltrúar bæði Alþb. og Framsfl. fundið því margt til foráttu. Má raunar telja ljóst að framsóknarmenn sérstaklega hafi reynt að setja hæstv. félmrh. upp að vegg í þessu máli og er það kannski einkennandi fyrir þá óeiningu sem ríkir um mörg stórmál innan ríkisstjórnarinnar. En þetta er kannski í takt við þá efnahagsstefnu sem hæstv. ríkisstjórn stendur fyrir og er að koma mörgum fjölskyldum á kaldan klakann. Sem dæmi má nefna eignarskattinn margfræga sem getur orðið til þess að fjölskyldur og einstaklingar hrekist úr eigin húsnæði. En nóg um það. Slíka háttsemi munu kjósendur sjálfir dæma um.

Það er álit margra að núverandi kerfi hafi ekki uppfyllt þær vonir sem við það voru bundnar og einstaka lagfæringar muni hrökkva skammt. Tilgangur húsbréfakerfisins virðist m.a. felast í því að hægt sé að komst hjá margra ára biðtíma núverandi kerfis og lækka útborgunarhlutfallið við íbúðakaup. Með því kerfi á húsnæðislánamarkaðurinn að geta fjármagnað sig að miklu leyti sjálfur og fjármagnið á að haldast heima í héraði. Húsbréfakerfið virðist því draga úr þeirri miðstýringu sem verið hefur á afgreiðslu húsnæðislána. Í frv. er enn fremur gert ráð fyrir því að húsbréfadeildin leiti samninga við almennar lánastofnanir, svo sem banka og sparisjóði, um að annast skuldabréfaviðskipti og mat á greiðslugetu íbúðarkaupanda. Það hlýtur að teljast eðlilegt og jákvætt að slík viðskipti fari fram á þeim vettvangi. Getur þetta kerfi e.t.v. stuðlað að því að minnka framlag ríkisins og jafnvel að viðskipti sem þessi fari í heild til bankanna.

Hæstv. félmrh. lýsti því áðan ítarlega hverja kosti þetta kerfi á að hafa í för með sér og margvíslegar upplýsingar eru einnig fyrirliggjandi í ýmsum gögnum og fylgiskjölum.

Þá grundvallarhugmynd sem hér liggur að baki teljum við sjálfstæðismenn jákvæða og í frjálsræðisátt. Hins vegar teljum við ákveðinn fyrirvara nauðsynlegan því um margt ríkir hér töluverð óvissa. Það eru einnig ýmis ákvæði í þessu frv. sem virðast varasöm. Án þess að ég geri hér nákvæmlega grein fyrir því má nefna fyrstu þrjár greinarnar sem þrengja núverandi kerfi. Sérstaklega má benda á b-lið 1. gr., en hv. 1. þm. Suðurl. vakti einmitt athygli á þessu ákvæði í ræðu sinni áðan. Ég ítreka þetta atriði því hér virðist alfarið byggt á geðþóttaákvörðunum sem er mjög alvarlegt og hefur mikla mismunun í för með sér fyrir þjóðfélagsþegna. Þar segir m.a., með leyfi virðulegs forseta:

„Einnig er húsnæðismálastjórn heimilt, þrátt fyrir ákvæði 12., 13., 14. og 48. gr. laga þessara, að skerða lán og breyta kjörum á lánum umsækjenda sem eiga fullnægjandi íbúðarhúsnæði skuldlaust eða skuldlítið og stærra en 180 fermetra brúttó að frádregnum bílskúr. Sama gildir um þann sem á aðrar eignir sem meta má jafngildar að verðmæti."

Hér er engan veginn ljóst við hvað er átt. Er hér átt við manninn sem stundar sjálfstæðan atvinnurekstur og á því t.d. vörubifreið eða sendiferðabíl? Á hann þá að vera verr settur en verslunarmaðurinn við hliðina á honum? Þetta verður að skýra og taka af öll tvímæli.

Fleira mætti nefna til, t.d. hvernig fer með kaupskyldu lífeyrissjóðanna. Reyndar er um þá farið orðum á nokkuð furðulegan hátt í athugasemdum frá félmrn., en þar segir m.a., með leyfi virðulegs forseta:

„Reynslan hefur sýnt að ýmsir annmarkar eru samfara heildarsamningum við lífeyrissjóðina um skuldabréfakaup af Húsnæðisstofnun. Hér er í raun um að ræða einu langtímalántökurnar í landinu og enga viðmiðun að hafa á öðrum sviðum. Í þessum samningum takast á tveir einokunaraðilar þar sem útkoman getur orðið æðitilviljanakennd."

Svona athugasemd er að mínu mati ákaflega ósanngjörn því lífeyrissjóðirnir hafa verið þvingaðir til samninga.

Hins vegar er margt áhugavert í þessu frv. Og þar sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir var áðan að ræða um hið félagslega íbúðarkerfi, þá er það vissulega mikilvægt að það gegni sínu hlutverki. Þó er það álit margra þeirra sem þetta unnu að húsbréfakerfið gæti hugsanlega dregið úr ásókn í hið félagslega kerfi þar sem fleiri aðilar eru nú sem gætu ráðist í íbúðakaup. Um það skal ég ekki dæma hér, en leyfi mér þó að vitna í grein eftir Yngva Örn Kristinsson hagfræðing sem birtist í Dagblaðinu í gær. Þar er m.a. borið saman núverandi kerfi og húsbréfin og þar segir m.a., með leyfi virðulegs forseta:

„Eins og sjá má léttir húsbréfakerfið mjög greiðslubyrðina fyrstu árin, fyrst og fremst vegna þess að það

dregur úr þörf fyrir dýra skammtímafjármögnun. Þegar fram líða stundir jafnast þessi munur, en húsbréfakerfið er þó hagstæðara þegar tekið er tillit til vaxtabótanna."

En það er ákveðin árátta í þessu frv. sem víða kemur fyrir, og það er setningin: „Nánari reglur um framangreind atriði skal setja í reglugerð." Þegar um svo veigamiklar breytingar er að ræða sem lagðar eru til í þessu frumvarpi er þetta alls ófullnægjandi. Hér má ekki ríkja neinn vafi á um framkvæmdina. Við þessu þurfa hv. þm. að fá skýrari svör.

Enn fremur má geta þess að húsbréfadeildin er kaupandi fasteignaveðbréfanna og verður því að ganga tryggilega frá öllum þeim þáttum sem lúta að tryggingum vegna þeirra, sbr. og e-lið 4. gr. frv., þar sem þessari deild eða trúnaðarmönnum ber að annast mat á veðhæfni eigna. Þetta er að sjálfsögðu nauðsynlegt, en ég verð hins vegar að vekja athygli á því í þessu sambandi að í lögum um staðgreiðslu og virðisaukaskatt eru ákvæði sem veita skattakröfum algjöran forgang fram yfir veðkröfur í þrotabú og skuldafrágöngubú með þeim afleiðingum m.a., að veðbókarvottorð verða nær marklaus því aldrei er hægt að vita fyrir fram hvaða kröfur og hversu miklar skattheimtumenn munu gera. Hvernig á þá að vera hægt að meta alfarið veðhæfni eigna? Svarið er einfalt. Það virðist ekki hægt.

Sl. þriðjudag flutti ég ásamt fleiri hv. þm. frv. til breytinga á þessum ákvæðum. Tel ég að með því máli sem hér er til umræðu hafi bæst við enn ein rökin fyrir þeirri nauðsyn að framangreint frv. um breytingar á skattalögunum verði samþykkt. Þar sem hæstv. félmrh. er hér staddur spyr ég um álit hennar á þessu.

Hæstv. forseti. Mér er ljóst að tíminn er naumur. Ég ætla því ekki að fara fleiri orðum um þetta frv. að sinni. Ég geri við það ákveðna fyrirvara, en lýsi hins vegar stuðningi mínum við þá grundvallarhugmynd sem það er byggt á. Vænti ég að hæstv. félmrh. muni leitast við að skýra á næstunni ýmsa þá óvissuþætti sem hér hefur verið drepið á og geri nauðsynlegar breytingar.

Að lokum vil ég leggja áherslu á að sjálfstæðismenn munu ekki taka þátt í neinum pólitískum skollaleik í þessu máli. Sjálfstæðismenn munu skoða þetta mál betur og taka síðan til þess ábyrga afstöðu.

Umræðu frestað.

SAMEINAÐ ÞING

53. fundur, mánudaginn 20. mars, kl. 2 miðdegis.

Minning Finnboga Rúts Valdimarssonar.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Nú verður minnst látins alþingismanns, Finnboga Rúts Valdimarssonar.

Finnbogi Rútur Valdimarsson fyrrverandi alþingismaður andaðist á sjúkrahúsi hér í Reykjavík í gærmorgun, sunnudaginn 19. mars, á átttugasta og þriðja aldursári.

Finnbogi Rútur Valdimarsson var fæddur 24. sept. 1906 í Fremri-Arnardal í Eyrarhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu. Foreldrar hans voru hjónin Valdimar bóndi þar Jónsson bónda og hákarlaformanns á Melum í Árneshreppi Jónssonar og Elín Hannibalsdóttir bónda í Tungu í Nauteyrarhreppi Jóhannessonar. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1927, las lög við Háskóla Íslands veturinn 1927–1928 og var jafnframt þingskrifari, en fór síðan utan og nam alþjóðarétt í París, Genf, Berlín og Róm á árunum 1928–1933. Þegar heim kom frá námi varð hann ritstjóri Alþýðublaðsins 1933–1938, var síðan framkvæmdastjóri bókaútgáfu Menningar- og fræðslusambands alþýðu 1938–1944. Hann gaf út ásamt öðrum vikublaðið Útsýn 1945–1946 og var ritstjóri þess. Árið 1940 fluttist hann úr Reykjavík að Marbakka við Fossvog og átti þar heimili síðan. Hann átti sæti í hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps 1946–1947, í hreppsnefnd hins nýja Kópavogshrepps, og var jafnframt oddviti hennar, 1948–1955 og loks í bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar 1955–1962. Bæjarstjóri var hann 1955–1957. Hann var landskjörinn alþingismaður 1949–1959 og alþingismaður Reykjaneskjördæmis 1959–1963, sat á 15 þingum alls. Bankastjóri Útvegsbanka Íslands var hann 1957–1972.

Finnbogi Rútur Valdimarsson átti sæti í skipulagsnefnd atvinnumála 1934, í útvarpsráði 1939–1945, í stjórn Byggingarsjóðs kaupstaða og kauptúna, síðar Byggingarsjóðs verkamanna, 1957–1970 og í landhelgisnefnd 1957–1974. Hann sat á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 1956 og 1967 og á hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna 1974.

Finnbogi Rútur Valdimarsson varð ritstjóri Alþýðublaðsins þegar hann kom heim frá námi. Hann kom með nýjar hugmyndir um ritstjórn blaða, blaðið breytti um svip, stækkaði og varð brautryðjandi nýrra hátta í blaðaútgáfu. Hann hvarf frá ritstjórn blaðsins á umbrotatímum í stjórnmálum og stóð næstu árin með öðrum fyrir bókaútgáfu með nýju sniði, útgáfu ódýrra en vandaðra félagsbóka.

Finnbogi Rútur nam þjóðarétt og alþjóðastjórnmál, fyrst í París en lengst í Genf. Hann bjó alla ævi yfir miklum fróðleik og góðri yfirsýn um þessi mál. Þau voru meginviðfangsefni hans á Alþingi. Hann var allan þann tíma í utanríkismálanefnd og málflutningur hans á Alþingi var að stærstum hluta um utanríkismál Íslands og samskipti þess við önnur lönd. Hann var í landhelgisnefnd og fjallaði þar um landhelgis- og fiskveiðilögsögumál á tímum stórra ákvarðana.

Finnbogi Rútur stofnaði nýbýlið Marbakka við Fossvog, skammt utan Reykjavíkur, árið 1940. Byggð á þeim slóðum jókst ört og breyttist í þéttbýli á fáum árum, varð sérstakt sveitarfélag og síðar kaupstaður. Stofnað var Framfarafélag Kópavogs og unnið að hagsmunum byggðarinnar undir merkjum þess. Finnbogi Rútur stóð þar lengi fremstur í flokki, átti sem slíkur og sem oddviti og bæjarstjóri frumkvæði að skipulagi byggðarinnar þar og nauðsynlegum framkvæmdum. Hann stóð fyrir því á Alþingi að Kópavogur hlyti kaupstaðarréttindi. Í þakkarskyni fyrir mikil og árangursrík störf voru þau hjónin Finnbogi Rútur Valdimarsson og Hulda Jakobsdóttir, sem tók við bæjarstjórastarfi af honum 1957 fram til 1962, kjörin fyrstu heiðursborgarar Kópavogskaupstaðar 8. október 1976. Þar unnu þau brautryðjandastarf sem lengi mun minnst.

Ég vil biðja háttvirta alþingismenn að minnast Finnboga Rúts Valdimarssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Fjáraukalög 1987, 1. umr.

Stjfrv., 291. mál. — Þskj. 523.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til fjáraukalaga á þskj. 523 og er það flutt í tengslum við frv. til staðfestingar á ríkisreikningi fyrir sama ár.

Eins og fram hefur komið í hv. Nd. hefur fjh.- og viðskn. Nd. skilað nál. um ríkisreikninginn og virðuleg fjvn. hefur að undanförnu unnið mjög ötult starf við að fara yfir það frv. til fjáraukalaga sem ég mæli hér fyrir. Það er þess vegna ekki seinna vænna að mæla formlega fyrir frv. hér í Sþ. svo að a.m.k. því verki verði lokið þegar nál. fjvn. verður lagt fram.

Í bréfi sínu til fjmrh., dags. 1. des. 1988, lögðu yfirskoðunarmenn ríkisreiknings til að auk ríkisreiknings fyrir árið 1987 samþykkti Alþingi fjáraukalög vegna gjaldfærslu umfram fjárlög ársins 1987.

Verulegar breytingar eru nú gerðar á frv. til fjáraukalaga frá því sem verið hefur. Meginbreytingin felst í því að frv. er sett fram með sama hætti og fjárlög. Sú framsetning á að gefa hv. alþm. og sérstaklega fjvn. tækifæri til þess að bera rækilega saman tölur fjárlaganna fyrir viðkomandi ár og síðan útkomu ársins. Þar með á að skapast miklu skýrari grundvöllur til þess að hafa eftirlit með útgjöldum ríkisins, kanna það hvers vegna farið hafi verið fram úr þeim tölum sem ákveðnar voru í fjárlögum og á

annan hátt tryggja það eftirlit og aðhald sem nauðsynlegt er í rekstri ríkisins. Áður var það venjan að einungis var leitað eftir samþykki á breytingum á 2. gr. fjárlaga, en þar komu einungis fram heildartölur, skipt á einstök ráðuneyti.

Nú liggja hins vegar fyrir tölur um hverja einustu ríkisstofnun og hvern einasta lið í fjárlögunum sjálfum, þannig að það aðhald og eftirlit sem ég gat um áðan á að vera miklu raunhæfara og auðveldara nú og í framtíðinni.

Þá er einnig í frv. gerð grein fyrir breytingum á einstökum tekjuliðum skv. 3. gr. fjárlaga og birt er heildaryfirlit er sýnir breytinguna á rekstrarafkomu og fjármagnshreyfingum á efnahag A-hluta reikninga skv. 1. gr. fjárlaga. Það er von mín að þessi breyting sem nú er innleidd í meðferð fjáraukalaga verði til þess að alþingismönnum gefist kostur á að ræða og afgreiða fjáraukalög með fyllri hætti en áður.

Með þessum breyttu vinnubrögðum um endurskoðun sem tekin hafa verið upp með lögum nr. 12/1986 standa vonir til þess að ríkisreikningurinn fyrir árið 1988 ásamt endurskoðunarskýrslu og frv. til fjáraukalaga fyrir það ár liggi fyrir eigi síðar en frv. til fjárlaga fyrir 1990, þ.e. í upphafi þings á hausti komanda.

Ég vil, virðulegur forseti, síðan nota þetta tækifæri til þess að þakka hv. fjvn. sérstaklega fyrir það að hún hefur kosið að vanda mjög yfirferð sína yfir það frv. til fjáraukalaga sem hér er mælt fyrir. Það er mikilvægur þáttur í viðleitni okkar til þess að skapa traust tök á ríkisrekstrinum að fjvn. og Alþingi láti finna mjög rækilega fyrir því að Alþingi krefst þess að einstök ríkisfyrirtæki og ríkisstofnanir geri þinginu rækilega grein fyrir gjörðum sínum, ekki aðeins við fjárlagagerðina á hverju ári, heldur einnig þegar farið er yfir reynsluna að árinu loknu. Ég vænti þess að þessi nýju vinnubrögð, bæði af hálfu fjmrn., Ríkisendurskoðunar og fjvn., verði til þess að stjórnendur ríkiskerfisins, bæði ráðuneyta, ríkisfyrirtækja og ríkisstofnana, finni fyrir miklu meiri ábyrgð og miklu virkara aðhaldi en til þessa.

Ég vil svo einnig, virðulegur forseti, nota þetta tækifæri til að greina frá því að ég hef til athugunar í fjmrn. með hvaða hætti eigi að fara með greiðslur umfram fjárlög á yfirstandandi ári. Það hafa verið margvíslegar umræður um það hvernig æskilegt sé að breyta þeirri skipan. Ég hef ákveðið að setja í gang athugun í ráðuneytinu þar sem m.a. verði tekið tillit til þeirra aðferða sem beitt er í ýmsum nágrannalöndum okkar og mun innan nokkurra vikna gera hæstv. ríkisstjórn og fjvn. grein fyrir hugmyndum um nýja skipan þeirra mála.

Ég mælist svo til þess að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til hv. fjvn. þar sem vinna við það hefur, eins og ég hef hér greint frá, þegar hafist.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv. og til fjvn. með 38 shlj. atkv.

Sjónvarpssendingar um gervihnetti, frh. fyrri umr.

Þáltill. IBA, 86. mál. — Þskj. 88.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv. og til félmn. með 38 shlj. atkv.

Útsendingar veðurfregna, frh. fyrri umr.

Þáltill. IBA o.fl., 100. mál. — Þskj. 103.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv. og til félmn. með 38 shlj. atkv.

Endurskoðun laga um rekstur heilbrigðisstofnana, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÓÞG o.fl., 185. mál. — Þskj. 216.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til félmn. með 34 shlj. atkv.

Verndun vatnsbóla, frh. fyrri umr.

Þáltill. KE o.fl., 237. mál. — Þskj. 442.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til allshn. með 37 shlj. atkv.

Tónmenntakennsla í grunnskólum, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÞÞ o.fl., 273. mál. — Þskj. 490.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til félmn. með 37 shlj. atkv.

Orkustefna sem tekur tillit til umhverfis, frh. fyrri umr.

Þáltill. SigH o.fl., 278. mál. — Þskj. 495.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til allshn. með 35 shlj. atkv.

Snjómokstur í dreifbýli, frh. fyrri umr.

Þáltill. BKL o.fl., 279. mál. — Þskj. 496.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til allshn. með 36 shlj. atkv.

Snjómokstur á þjóðbrautum, frh. fyrri umr.

Þáltill. BKL o.fl., 280. mál. — Þskj. 497.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til allshn. með 35 shlj. atkv.

Vinnuvernd í verslunum, fyrri umr.

Þáltill. GHG o.fl., 205. mál. — Þskj. 288.

Flm. (Guðmundur H. Garðarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um vinnuvernd í verslun. Flm. eru Guðmundur H. Garðarsson, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Halldór Blöndal og Kristín Einarsdóttir. Tillagan hljóðar sem hér segir:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja undirbúning að setningu laga um vinnuvernd í verslunum."

Ég vil, virðulegi forseti, gera nokkra grein fyrir þessu máli en þáltill. þessa efnis var lögð fram á síðasta þingi en náði ekki fram að ganga. Tillagan er því endurflutt í þeirri von að mál þetta fáist afgreitt á yfirstandandi þingi.

Óþarfi er að flytja langt mál með þessari tillögu. Það er alkunna að vinnuálag á verslunarfólk hefur aukist gífurlega á síðustu árum. Aukin velmegun og breytt viðhorf í viðskiptum hafa leitt til þess að opnunartími verslana hefur lengst til muna og er nú svo komið að í ýmsum stórmörkuðum getur daglegur vinnutími fólks verið allt að 12–14 klukkustundir 5 daga vikunnar. Þar við bætast 7–8 klukkustundir á laugardögum. Þess eru dæmi að vinnuvikan komist í 70–80 klukkustundir. Þetta er auðvitað algjörlega óviðunandi og þrátt fyrir ítarlegar viðræður á milli fulltrúa launþega og vinnuveitenda í verslunum hefur enn ekki tekist að ná viðunandi samkomulagi um tilhögun vinnutíma í þessari grein. Það má því segja að það stefni í fullkomið óefni ef ekkert verður að gert til að tryggja hag fólksins í þessum efnum.

Með þessari þáltill. er ekki stefnt að því að þrengja hag eða rekstrarstöðu verslunarfyrirtækja heldur lögð sú skylda á herðar Alþingi og ríkisstjórnar að tryggja að verslunarfólki verði ekki misboðið með of miklu vinnuálagi auk þess sem fjölskyldulífi þeirra er starfa við verslun verði ekki stefnt í voða vegna óeðlilega langs vinnutíma 6 daga vikunnar allt árið um kring.

Víða erlendis hafa farið fram miklar umræður um hliðstæð vandamál og hér er við að stríða. Þar hefur verið unnið að því m.a. að setja lög og gefa út reglugerðir sem eiga að veita verslunarfólki ákveðna vinnuvernd og á það sérstaklega við hjá hinum stóru mörkuðum í stórborgum nágrannaríkjanna. Samkvæmt því verður að teljast eðlilegt að Alþingi Íslendinga og ríkisstjórn komi til skjalanna m.a. með setningu laga sem fela í sér ákveðna vinnuvernd fyrir verslunarfólk jafnframt því sem kröfum nútímans um aukna þjónustu verði mætt með viðunandi hætti. Og það eru fordæmi fyrir því úr þingsögunni að lög svipaðrar gerðar séu sett hér á hinu háa Alþingi og nægir að vísa þar til vökulaganna svonefndu sem sett voru árið 1924.

Það kann e.t.v. að vekja nokkra furðu að lögð sé fram þáltill. um það að Alþingi komi við sögu í sambandi við þetta vandamál milli starfsfólks í verslunum og vinnuveitenda þess, sérstaklega á Stór-Reykjavíkursvæðinu, en því miður verður það að segjast eins og er að þrátt fyrir ítarlegar umræður, ekki aðeins nú heldur á síðustu árum og áratugum hefur ekki tekist að finna því viðunandi form hvernig vinnutíma fólks í verslunum skuli háttað. Þess vegna vil ég, virðulegi forseti, leggja til að að lokinni þessari umræðu verði þessari till. vísað til félmn. og skjótrar afgreiðslu.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Við fyrri umr. þessa máls í fyrra studdi ég þá hugmynd sem fram kemur í þeirri þáltill. sem hefur verið mælt fyrir núna fyrir hönd þingflokks Kvennalistans og ég vil enn og aftur lýsa stuðningi okkar við tillöguna, enda kemur hann fram á þingskjalinu þar sem tvær okkar eru meðflutningsmenn.

Eins og fram kemur í grg. hefur vinnuálag á verslunarfólk aukist til muna á síðustu árum og það sýndi sig í þeirri kjaradeilu sem stóð í fyrra að hún snerist að miklu leyti um vinnutímann sem í mörgum tilfellum er orðinn óhóflega langur og reyndar kominn út fyrir öll skynsemismörk í sumum tilvikum. Ég vil við þessa umræðu málsins nú aðeins minna á tvær tillögur sem þingkonur Kvennalistans hafa flutt og tengjast þessu máli.

Í fyrsta lagi fluttum við tillögu í fyrra um réttindi og skyldur fólks á vinnumarkaði en sú tillaga felst í því að lögð verði meiri áhersla en nú er á að fólk verði frætt um réttindi sín og skyldur. Þá lögðum við einnig fram tillögu í fyrra um eflingu kjararannsókna. Sú tillaga hefur nú verið lögð fram aftur af þingmönnum allra flokka og eftir því sem ég best veit hlotið mjög jákvæðar umsagnir, en hún felur í sér að kjararannsóknir verði gerðar áreiðanlegri en nú er, m.a. með því móti að á skattagögnum megi fá upplýsingar um vinnustundafjölda og starfsheiti starfsfólks. Það er reyndar mikið umhugsunar- og áhyggjuefni hversu stór hluti þjóðfélags okkar eiginlega gengur á yfirvinnunni.

Ég vil aðeins víkja að þeim hópi sem þetta þingmál fjallar einkum um, en það eru fastráðnir starfsmenn í verslunum. Eins og fram kemur í grg. eru konur þar stór hluti. Konur hafa farið út á vinnumarkaðinn í æ ríkari mæli á undanförnum árum, hvort sem þær óskuðu þess eður ei og það segir sig sjálft að þessi langi vinnutími kemur niður á heimilis- og fjölskyldulífi fólks.

Ég vildi með þessum örfáu orðum aðeins enn og aftur ítreka stuðning okkar kvennalistakvenna við þessa tillögu.

Flm. (Guðmundur H. Garðarsson):

Virðulegi forseti. Þar sem mér virtist röddin ætla að bresta áðan þegar ég talaði hér fyrir tillögunni vil ég koma aftur í ræðustól og segja nokkur orð.

Ég vil taka undir það sem hv. þm. Danfríður Skarphéðinsdóttir sagði áðan um nauðsyn þess að aflað sé betri og nánari upplýsinga um vinnutíma starfsfólks almennt, ekki aðeins þeirra starfshópa sem hér um ræðir og þessi þáltill. nær til. Það er orðið brýnt að menn geri sér grein fyrir því að í þessum efnum er því miður um ákveðna misnotkun að ræða í ákveðnum starfsgreinum og er nauðsynlegt að það sé kannað til hlítar með hvaða hætti það gerist. Það er nefnilega mjög þýðingarmikið, sérstaklega þegar harðnar í ári, að gera sér grein fyrir því að þá getur gætt aukinnar tilhneigingar, ég vil segja hjá óprúttnum vinnuveitendum og þarf það ekki endilega að vera hjá einkafyrirtækjum heldur getur það einnig gerst hjá hinu opinbera, til að vilja nýta sér starfskrafta fólks óheyrilega umfram eðlilegan vinnutíma. Það er þess vegna fullkomlega tímabært eins og fram kom í ræðu hv. þm. Danfríðar Skarphéðinsdóttur að gerð sé nánari úttekt á þessum málum og skýrslur lagðar fram.

Það er hins vegar annað atriði, virðulegi forseti, sem ég vil vekja athygli á við þessa umræðu. Þetta er í annað skipti sem flutt er tillaga um það að gerðar séu ráðstafanir til að tryggja það að starfsfólk í verslunum á sviði viðskipta búi ekki við óheyrilegan vinnutíma með því að Alþingi og hæstv. ríkisstjórn komi til skjalanna að samþykktri þessari tillögu með þeim hætti að hér verði sett lög til að tryggja vinnuvernd á þessu sviði. Á síðasta þingi þegar þetta mál var til umræðu vakti það sérstaka athygli, ekki aðeins á hv. þingi heldur líka úti í þjóðlífinu, að það voru aðeins fulltrúar tveggja aðila hér á hv. þingi sem tóku til máls og afstöðu til þessa máls í ræðustóli og það voru þingmenn úr röðum Sjálfstfl. og þingmenn sem hér eru á vegum Kvennalistans.

Sama sagan virðist ætla að endurtaka sig nú, að áhugi annarra hv. þm. fyrir þessum þúsundum starfsmanna, ég vil segja sem nálgast það að vera um 8–10 þúsund, ef ekki meira en það, þótt hv. þm. viti hversu langur vinnutími er hjá starfsmönnum í stórmörkuðunum hér á Reykjavíkursvæðinu og annars staðar á landinu — áhuginn fyrir því að reyna að tryggja hag þessa fólks er ekki meiri en það að engir þingmenn úr öðrum flokkum hafa tekið til máls og lýst yfir stuðningi við þetta mjög þýðingarmikla mál fyrir þetta fólk.

Annað atriði, virðulegi forseti, vil ég einnig koma inn á sem er að ég vona að það gerist ekki nú eins og á síðasta þingi að þessi tillaga verði drepin í nefnd og nái ekki fram að ganga með þeim hætti. Það væri Alþingi til skammar og vansæmdar ef þetta mál fær ekki þinglega meðferð þannig að það verði afgreitt út úr nefnd inn í þing, svo að þm. geti samþykkt þessa þáltill. og ríkisstjórn „félagshyggjuflokkanna“ fái tækifæri til að sýna það í verki hvaða hug þeir raunverulega bera til fólksins í landinu.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Sú till. til ál. sem hér liggur fyrir um vinnuvernd í verslunum hefur verið flutt hér áður eins og hv. 1. flm. till. kom inn á. Ég tel að hér sé á ferðinni góð tillaga og þarf ekki að bæta miklu við grg. sem fylgir með till. því að það er rétt, eins og hv. 1. flm. till., 14. þm. Reykv., kom inn á, að ein starfsstétt, verslunarmenn, skuli þurfa að búa við mjög óviðunandi aðstæður. Allir sem þekkja til verslunar og vinnutíma verslunarfólks vita að þar er býsna langur vinnutími og oft erfiður vinnutími. Ofan á það að hann sé langur er þetta erfið vinna og miklar stöður. Fólk þarf að búa yfir mikilli líkamlegri hreysti ofan á allt til að vinna þessa vinnu oft og tíðum. Ég vil því lýsa yfir því að ég mun styðja þessa tillögu og tel að það sé tímabært að þessi mál séu athuguð ofan í kjölinn og það sé tryggt að þessi launahópur sé ekki sá eini í landinu sem búi ekki við vinnuvernd og að það verði búið þannig um hnútana að fólk geti lifað af 40 stunda vinnuviku eins og margir aðrir hópar geta gert. Það er mjög mikilvægt að þessi eini hópur þurfi ekki að vinna allan þennan langa vinnudag og væri hæglega hægt að koma því þannig fyrir. Það er nokkuð ljóst að það þarf ekki endilega að hafa opið allan þann tíma sem verslanir eru opnar nú. Það er hægt að hagræða og koma því þannig við að fólk geti unnið reglulegan vinnutíma og þurfi ekki að vinna upp í 70–80 klukkustundir eins og oft eru dæmi um. Ég vil lýsa stuðningi mínum við þessa tillögu og vona að hún fái góða afgreiðslu hér.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til félmn. með 34 shlj. atkv.

Afnám vínveitinga á vegum ríkisins, fyrri umr.

Þáltill. JHelg o.fl., 293. mál. — Þskj. 525.

Flm. (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Á þskj. 525 flyt ég ásamt hv. þm. Hreggviði Jónssyni, Skúla Alexanderssyni, Birnu K. Lárusdóttur, Karvel Pálmasyni, Margréti Frímannsdóttur, Óla Þ. Guðbjartssyni, Auði Eiríksdóttur, Sigríði Hjartar og Aðalheiði Bjarnfreðsdóttur till. til þál. um að Alþingi samþykki að dregið verði úr vínveitingum á vegum ríkisins og annarra stofnana þess hérlendis með það að markmiði að þær verði afnumdar að liðnum þremur árum.

Um áfengismál hafa oft orðið langar umræður og um þau hægt að ræða frá mörgum hliðum, svo margþætt eru áhrif áfengisneyslunnar á þjóðfélagið. En í framsögu minni fyrir þessari þáltill. mun ég fyrst og fremst fjalla um þau með tilliti til þeirrar ábyrgðar sem alþingismenn bera á ástandi þeirra mála í þjóðfélaginu.

Áfengisneysla er eitt alvarlegasta heilbrigðisvandamál allra þjóða. Af þeim sökum hefur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin samþykkt að þjóðirnar setji sér það markmið að draga úr áfengisneyslu um 25% á næsta áratug eða til ársins 2000. Slíkt markmið næst ekki með því einu að gefa þannig yfirlýsingu. Til þess þarf öflugt átak og mikið starf. Ekki er þess síst þörf hér á landi þegar nú hefur verið hafin sala á nýrri áfengistegund með meiri áróðri fyrir áfengi en óhætt er að fullyrða að nokkru sinni hafi verið hafður uppi hér fyrr og gífurlegri fjölgun vínsölustaða. Sérstaklega verður að óttast að aldur áfengisneytenda lækki enn þegar bjórdósirnar standa orðið við hlið ávaxtasafans og mjólkurinnar í kæliskápnum. Þá stoðar lítt að segja börnunum að þetta eigi þau ekki að drekka þegar foreldrarnir sýna í verki að bjór og annað áfengi sé svo eftirsóknarvert að án þess sé alls ekki hægt að vera.

Sama viðhorf ríkir alls staðar í þjóðfélaginu þar sem ríkisvaldið gengur m.a. hart fram í því að hvergi sé helst hægt að koma saman án þess að áfengi sé fram boðið og helst allir neyti þess.

Það er furðulegt að við svo gífurlegan þrýsting, bæði á heimilum og annars staðar í samfélaginu, skuli síðan sumir tala um að einstaklingunumr eigi að vera frjálst hvort þeir neyti þess eða ekki. Allra síst er þó hægt að segja það um börn og unglinga sem engu ráða um það umhverfi sem þau fæðast og alast upp í. Neysla vímuefnanna hefur síðan þau áhrif að dómgreindin fýkur út í veður og vind.

Afleiðingarnar láta heldur ekki á sér standa. Samkvæmt þróun síðustu ára á meðferðarstofnunum telja þeir sem þær reka að allt bendi til að næstum þriðji hver fermingardrengur ársins 1988 muni leggjast inn á þær til afvötnunar og áfengis- og vímuefnameðferðar áður en hann nær sjötugu. Sumir verða þó fyrir fjörtjóni vegna ölvunaraksturs, ofbeldisverka eða annarra slysfara af völdum áfengisneyslu áður en menn ná að leita þar hjálpar. En það er samdóma álit allra að þeir sem eru orðnir svo háðir áfengi að þeir þurfi að leita til meðferðarstofnana megi aldrei neyta þess aftur ef þeir eiga ekki að missa fótanna á ný.

Hér á hv. Alþingi fer mestur tími okkar í umræðu um efnahagsvandamál og skal síst úr því dregið að þar bíða okkar erfið verkefni. En þessi eina tala um þörf fyrir sjúkrarými sem ég nefndi um afleiðingar áfengisneyslu ætti að nægja til að sannfæra alla um hversu gífurlegar efnahagslegar afleiðingar áfengisneyslan hefur fyrir þjóðfélagið. Í mínum huga er þó hinn mannlegi harmleikur margfalt meira mál. En hvort tveggja er það svo miklu alvarlegra en að meiri hluti hv. alþm. geti haldið áfram að kynda undir þá elda sem þar brenna með því að viðhalda óbreyttu ástandi. Ég vil ekki trúa því að hv. alþm. hafi látið áfengi svo svæfa samvisku sína að þeir vilji ekki rétta æskunni hjálparhönd til að sleppa frá þeim örlögum, að þeim finnist það ekki meira virði en það, sem þeir hingað til hafa talið mikið hnoss, að fá vínveitingar fyrir ekki neitt á opinberum fundum og mannfagnaði þegar kostur gefst á.

Vaflaust hafa margir talið tillögu þessa fjarstæðu þegar hún kom fram og brosað að henni, enda aðhlátur sterkasta vopn þeirra sem að aukinni áfengisneyslu vinna. Það finna ekki síst unglingarnir sem verið er að ögra til að byrja á þeirri neyslu. En í mínum huga er heill og hamingja æskumannsins ekki aðhlátursefni. Öll höfum við lært að við berum okkar ábyrgð á náunganum. En margfalt meiri hlýtur þó að vera ábyrgð alþingismanna sem hafa tekið að sér að móta stefnu þjóðmála. Ég vil því vona að aðgerðir og aðgerðarleysi alþingismanna í áfengismálum á undanförnum árum, sem hefur leitt til þess ástands sem nú er í þjóðfélaginu, stafi af hugsunarleysi og skammsýni. Því muni þeir nú, þegar hinar hrikalegu staðreyndir blasa við, gera sér grein fyrir því að þannig verður ekki lengur haldið áfram. Því er óhjákvæmilegt að Alþingi sýni í verki að neysla áfengis sé óæskileg og ónauðsynleg, en hún er nær undantekningarlaust undanfari áður en byrjað er á annarri vímuefnaneyslu sem allir segjast vilja gera það sem hægt er til að koma í veg fyrir. Í ljósi þessara skýru og einföldu staðreynda sem ég hef nú rakið er þessi tillaga flutt.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til síðari umr. og hv. allshn. sem ég vænti að taki afstöðu til hennar sem fyrst.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til allshn. með 33 shlj. atkv.

Dagvistarmál fatlaðra barna, fyrri umr.

Þáltill. VS o.fl., 296. mál. — Þskj. 536.

Flm. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir þáltill. á þskj. 536 um dagvistarmál fatlaðra barna. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir, Kristín Einarsdóttir, Ólafur Þ. Þórðarson, Karl Steinar Guðnason, Guðmundur Ágústsson, Auður Eiríksdóttir og Margrét Frímannsdóttir. Tillgr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera könnun á þörfum fatlaðra barna fyrir dagvistun og hvaða úrræða og úrbóta er þörf í þeim málaflokki. Sérstaklega skal að því hugað hver eigi að bera ábyrgð á og kosta uppbyggingu þjónustunnar og rekstur hennar. Jafnframt skal leita leiða til að tengja sérdeildir dagvistarstofnana svo sem framast er unnt við almennar deildir þeirra sem og stuðla að því að fötluð börn geti flust af sérdeildum yfir á almennar deildir."

Lög um aðstoð við þroskahefta 1979 og lög um málefni fatlaðra 1983 ollu straumhvörfum í lífi fatlaðra á Íslandi. Horfið var frá einangrunarstefnu sem ríkt hafði í málefnum fatlaðra og tekin upp ný stefna, aðlögunarstefna, sem hafði að markmiði að gera fötluðum kleift að taka þátt í þjóðlífinu á öllum sviðum þess. Það skyldi m.a. gert með skipulagðri og markvissri uppbyggingu á þjónustu miðað við fötlun. Börn skyldu ekki lengur vistuð á sólarhringsstofnunum heldur njóta þeirra sjálfsögðu mannréttinda að alast upp hjá foreldrum og systkinum en jafnframt séð fyrir nægilegri þjónustu af hálfu hins opinbera og þeim tryggður með lögum aðgangur að dagvistarheimilum barna. Foreldrar hafa tekið fullan þátt í þessum breytingum og nú heyrir undantekningum til að fötluð börn séu vistuð á sólarhringsstofnunum.

Verr hefur gengið hvað þjónustuna af hálfu hins opinbera varðar. Þegar leita skal úrlausna vísar hver á annan. Skv. 7. gr. um málefni fatlaðra er fötluðum börnum tryggður lagalegur réttur til að njóta dagvistar á almennum dagvistarheimilum barna á deildum tengdum þeim. Þessi réttur er fötluðum börnum afar mikilvægur aðallega vegna þess að á dagvistarheimilum fá fötluð og ófötluð börn að kynnast og blandast í leik og starfi í viðurkenndu barnaumhverfi, jafnframt er fötluðum börnum veitt sérhæfð meðferð sem þau þarfnast vegna fötlunar.

Með skilvirkri tilkynningarskyldu ungbarnaeftirlits heilsugæslulækna og með tilkomu Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins hefur þeim börnum fjölgað sem beðið er um meðferðarþjónustu fyrir á dagvistarstofnunum. Jafnframt færast aldursmörkin æ neðar, enda er talið mikilvægt að hefja meðferðarvinnu með fötluð börn sem allra fyrst, helst frá eins árs aldri.

Áætlað er að rúmlega 10% barna úr hverjum aldurshópi þurfi á aðstoð að halda einhvern tímann á uppvaxtarárunum vegna einhvers konar hömlunar. Þar af er áætlað að rúmlega þriðjungur þess hóps þurfi á greiningarvinnu að halda í greiningarstöð vegna fötlunar sinnar eða u.þ.b. 140 börn í hverjum árgangi.

Verulegur biðlisti hefur myndast á undanförnum árum eftir þjónustu greiningarstöðvarinnar. Einnig er stór hópur sem bíður eftir að komast að vegna endurmats, þ.e. þegar taka þarf afstöðu til skólagöngu og námsgetu þeirra barna sem áður hafa verið greind. Þessi biðlisti kemur fram í löngum biðtíma, allt frá nokkrum mánuðum fyrir forgangshópa upp í meira en ár fyrir þau sem ekki njóta forgangs.

Það hefur gengið illa að fá viðkomandi aðila til að viðurkenna lagalegan rétt til dagvistarþjónustu fyrir fötluð börn og er hann í raun óvirkur ef ekki er tekið mið af þörfum fatlaðra barna.

Taka þarf tillit til:

1. Aðgengis fatlaðra við hönnun húsnæðis og lóða dagvistarheimila.
2. Rýmis sem býður upp á aðstöðu til einstaklingsþjálfunar og hópþjálfunar.
3. Þarfar fyrir þjálfunargögn og hjálpargögn.
4. Sérhæfðrar þekkingar, svo sem þroskaþjálfunar, talkennslu og sjúkraþjálfunar.

Dagvist fyrir fötluð börn verður að vera til reiðu fyrr en nú er. Síðast en ekki síst verður þjónustan að vera til reiðu þegar þörfin krefur þannig að einstaklingurinn og fjölskylda hans þurfi ekki að búa við óvissu og eyða dýrmætum kröftum sínum í að leita eftir þjónustu sem ætti að vera sjálfsögð í velferðarþjóðfélagi okkar.

Það að eiga fatlað barn leiðir óhjákvæmilega til aukinna umönnunarþarfa umfram það sem gerist og gengur með hin svokölluðu eðlilegu börn. Það er ekki ósanngjarnt að reikna með að umönnun sé tvöföld á við það sem eðlilegt má teljast. Álagið á fjölskylduna og fjölskyldulífið er mikið þó ekki bætist við óvissa og langur biðtími eftir sjálfsagðri þjónustu sem mælt er með eftir greiningu.

Eins og kunnugt er búa fjölskyldur fatlaðra barna við mikið misrétti eftir búsetu. Sum sveitarfélög veita góða þjónustu þegar önnur láta þessi mál afskiptalítil. Það kostar mikil átök og sálarstríð fyrir fólk að taka sig upp og flytja milli staða af þessum ástæðum einum saman. Í þessu sambandi er einnig rétt að benda á að það kostar ríkið miklar fjárhæðir að veita ekki fullnægjandi þjónustu á þessu sviði.

Hæstv. forseti. Ég vil geta þess að till. er endurflutt. Hún var flutt á síðasta þingi og náði þá ekki fram að ganga.

Ég vil að síðustu segja það um tillgr. að að hluta til kemur hún inn á það frumvarp til laga sem nú er til umfjöllunar í þinginu um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. En 1. gr. þess frv. fjallar um breytingar á lögum nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, eins og áður kemur fram, en málefnum fatlaðra er nú sinnt af ríki, sveitarfélögum og ýmsum félagasamtökum.

Samkvæmt lögunum eiga sveitarfélögin að taka þátt í stofnkostnaði og rekstri sumra stofnana fyrir fatlaða. Ákvæði laganna um þetta efni þykja ekki nægilega skýr og hafa reynst mjög örðug í framkvæmd. Frumvarpið sem tekur á þessu máli er eins og

áður kemur fram til meðferðar í þinginu þannig að sá hluti tillgr. er kannski ekki alveg í takt við tímann, en að öðru leyti tel ég tillgr. eiga fullan rétt á sér.

Ég óska þess, hæstv. forseti, að till. verði að lokinni þessari umræðu vísað til síðari umr. og hv. félmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til félmn. með 33 shlj. atkv.

Sameining Landsvirkjunar og Rafmagnsveitna ríkisins, fyrri umr.

Þáltill. JHelg o.fl., 299. mál. — Þskj. 548.

Flm. (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Á þskj. 548 flyt ég ásamt þingmönnunum Agli Jónssyni, Hjörleifi Guttormssyni, Birnu K. Lárusdóttur, Óla Þ. Guðbjartssyni, Auði Eiríkisdóttur og Alexander Stefánssyni till. til þál. um að fela ríkisstjórninni að vinna að sameiningu Landsvirkjunar og Rafmagnsveitna ríkisins og undirbúa nauðsynlegar lagabreytingar í samræmi við það. Enn fremur verði með þeirri lagasetningu kveðið á um jöfnun smásöluverðs á raforku þannig að verðlagning hjá hinu nýja fyrirtæki verði sambærileg við vegið meðaltal hjá öðrum rafveitum.

Alþingi hefur með lagasetningu á undanförnum áratugum markað stefnuna í uppbyggingu raforkuvera og dreifiveitna og í skjóli þessara lagasetninga hefur raforkukerfið síðan þróast. Ein af afleiðingum þess er mismunandi smásöluverð á raforku milli landsvæða þannig að mikill meiri hluti þjóðarinnar nýtur lægra verðlags en þeir sem búa í héruðunum þar sem raforkuöflunin fyrst og fremst fer fram þrátt fyrir ýmsar lagabreytingar sem gerðar hafa verið til þess að jafna þann mismun. Slíkt ástand er að sjálfsögðu algjörlega óviðunandi og minnir á það þegar nýlenduþjóðir fyrri tíma sóttu ódýr hráefni til nýlendna sinna til að standa undir eigin velmegun. Það er því Alþingi til vansa að láta slíkt viðgangast lengur.

En að fenginni reynslu virðist erfitt að ná því fram nema það gerist innan raforkukerfisins sjálfs, enda rökrétt að sá aðili sem nýtur þeirra forréttinda að fá að nýta orkuna og virkja taki á sig þær skyldur í staðinn.

Að sjálfsögðu er hægt að fara fleiri en eina leið til að ná því markmiði, en í þessari þáltill. er lagt til að fara þá einföldustu, þ.e. að sameina rekstur Landsvirkjunar og Rafmagnsveitna ríkisins og annarra þeirra dreifiveitna sem þess kynnu að óska og smásöluverð þessa nýja fyrirtækis verði síðan miðað við vegið meðaltal annarra dreifiveitna. Heildsöluverðið yrði síðan sú afgangsstærð sem verður að miðast við að ná viðunandi afkomu fyrir fyrirtækið eins og hingað til hefur verið gert þannig að því fer víðs fjarri að afkoma þess yrði síður tryggð en hjá Landsvirkjun núna, enda má segja að hliðstæður þess séu hjá Rafmagnsveitum ríkisins þar sem þær selja í heildsölu til annarra dreifiveitna jafnframt sinni smásölu. Auk þess að vera einföld leið til verðjöfnunar ætti með sameiningu þessara fyrirtækja að vera hægt að ná fram margvíslegri hagræðingu í rekstri þeirra þar sem m.a. fellur niður annað heildsölustig.

Á núverandi skipulagi verðlagningarkerfis hafa komið fram ýmsir annmarkar sem m.a. birtast í því að fyrir sum fyrirtæki er það sparnaður að leggja í fjárfestingu til að framleiða raforku með olíu í stað þess að kaupa hana af umframorku hins innlenda orkukerfis. Augljóst er hvað það er miklu dýrara fyrir þjóðarbúið í heild að fara inn á slíka braut.

Þá hefur einnig komið í ljós að fjármagninu hefur ekki alltaf verið beint til þeirra framkvæmda sem brýnastar eru í raforkukerfinu. Á sama tíma og ekki hefur verið unnt að vinna að bráðnauðsynlegu viðhaldi og endurnýjun línukerfisins hefur verið flýtt sér um of við sumar framkvæmdir í raforkuöflun svo að við umframkostnaðinn einan af þeim sökum hefði mátt gera þar miklar umbætur á línukerfinu.

Eiginfjárstaða beggja þessara fyrirtækja er sterk þar sem eigið fé Landsvirkjunar var í árslok 1987 13,6 milljarðar kr. og Rafmagnsveitna ríkisins um 5,5 milljarðar. Af þessum tölum er ljóst að hlutur ríkisins mun verða miklu stærri í hinu sameinaða fyrirtæki en hann er í Landsvirkjun nú, að minnsta kosti ef ekki koma inn fleiri sveitarfélög eða samtök þeirra, en sjálfasagt virðist að taka það til athugunar.

Eins og áður er sagt er tilgangurinn með flutningi þessarar þáltill. fyrst og fremst að leiðrétta ójöfnuð á smásöluverði á raforku sem allt of lengi hefur dregist að gera. Ég vil því beina því til nefndar þeirrar sem fær þetta mál til meðferðar, að hún taki það sem fyrst til afgreiðslu á þann hátt að þessu markmiði verði náð, hvort sem það verður gert með þeirri leið sem hér hefur verið bent á eða annarri ef nefndinni sýnist að auðveldara sé að komast hana.

Ég legg til að tillögunni verði að lokinni þessari umræðu vísað til síðari umr. og hv. atvmn.

Ólafur G. Einarsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki við fyrri umræðu að fara mörgum orðum um þessa tillögu. Það gefst betra tækifæri til þess þegar og ef málið kemur úr nefnd á þessu þingi. En ég lýsi andstöðu minni við tillöguna.

Ég hef veitt því athygli að í fréttum hefur þess verið sérstaklega getið að þingmenn úr öllum flokkum á Alþingi séu flm. tillögunnar. Það er rétt, en það þýðir hins vegar ekki að allir þingmenn allra flokka séu sammála efni tillögunnar.

Ég legg áherslu á að hér er ekki flutt tillaga sem er t.d. í samræmi við stefnumál Sjálfstfl. Á landsfundum flokksins hefur verið ályktað þvert gegn svona fyrirætlunum. Í grg. með tillögunni segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú stendur yfir og er fram undan mikið átak í mörgum atvinnugreinum til hagræðingar í rekstri á þann hátt að sameina fyrirtæki og stækka rekstrareiningar. Viðurkennt er að með því móti megi ná fram miklum sparnaði án þess að draga úr rekstri eða þjónustu. Með tilliti til þessarar staðreyndar er ekki síður þörf á að gera slíkt á sviði orkudreifingar og því fráleitt að ríkið standi að rekstri tveggja fyrirtækja með svo skylda starfsemi sem Rafmagnsveitur ríkisins og Landsvirkjun halda uppi."

Það er hægt að taka undir sumt af því sem þarna er sagt. Það er vafalaust í mörgum tilvikum rétt að sameina fyrirtæki og ná þannig betri og hagkvæmari rekstrareiningum. En það er mín skoðun að það eigi ekki við í þessu tilviki. Ýmsir hafa haldið því fram, og að mínu viti með réttu, að Landsvirkjun sem slík sé þegar orðin nægilega stórt fyrirtæki og ekki sé ástæða til þess að stækka það.

Það má taka undir að það sé ekki endilega rétt að ríkið reki svo skylda starfsemi í tveimur fyrirtækjum, en það eru aðrar leiðir til en að sameina þessi fyrirtæki, þar á meðal að leysa Rafmagnsveitur ríkisins upp og selja það fyrirtæki. Ég bendi á í því samhengi að verulegar eignir Rafmagnsveitna ríkisins á Suðurnesjum voru seldar fyrir nokkrum árum Hitaveitu Suðurnesja sem tók við allri raforkudreifingu á Suðurnesjasvæðinu. Þar þótti mönnum ástæða til að jafna orkuverð. Það var mjög misjafnt á því svæði.

Ég tek undir þann tilgang sem flm. þessarar þáltill. leggja áherslu á, þ.e. að jafna orkuverð í landinu, en ég er ekki sammála því að þetta sé leiðin til þess.

Ég ætla ekki að fara frekar út í efnisatriði þessa máls. Eins og ég sagði áðan gefst betra tækifæri til þess þegar og ef þetta kemur úr nefnd. Þar verður málið ítarlega athugað. En ég ítreka andstöðu mína við þessa tillögu.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Hæstv. forseti. Ég hef mál mitt með því að lýsa andstöðu minni við efni þessarar tillögu. Ég tel að það sé rangt að sameina Landsvirkjum og Rafmagnsveitur ríkisins og að aðgerð af því tagi mundi ekki stuðla að því, sem greinilega er til stofnað með þessari tillögu, að jafna og lækka raforkuverð í landinu.

Í rauninni er þáltill. tvíþætt. Annars vegar er sameining Landsvirkjunar og Rafmagnsveitna ríkisins og hins vegar fjallar hún um jöfnun smásöluverðs á raforku. Ég ætla aðeins að ræða fyrri hlutann fyrst, sameiningu Landsvirkjunar og RARIK.

Nú er það svo að bæði þessi fyrirtæki eru mjög stór á íslenskan mælikvarða og ég tel að það sé órökstutt með öllu að það verði sparnaður við sameiningu þessara fyrirtækja. Við skulum átta okkur á því að þó að þau fáist bæði við rafmagn er það svo og reynsla alls staðar annars staðar er sú að raforkuvinnsla annars vegar og raforkudreifing hins vegar eru talin svo óskyld starfsemi að í flestum eða öllum löndum þar sem ég þekki til er þetta sitt á hvorri hendinni, á hendi mismunandi fyrirtækja. Það eru önnur fyrirtæki sem eiga virkjanirnar og framleiða, en dreifingin er svo á hendi oft margra aðila.

Nú er það reyndar svo að á milli Landsvirkjunar og RARIK er mikil samvinna um dreifingu raforkunnar þannig að rekstur og viðhald stofnlínukerfisins, sem Landsvirkjun tók yfir á sínum tíma, er í höndum RARIK sem eins konar verktaka.

Ég tel þess vegna að það sé miklu skynsamlegri leið, sem ýmsar nefndir sem fjallað hafa um skipulag raforkumála hafa bent á, að skipta Rafmagnsveitum ríkisins upp í dreifiveitur sem ég átta mig ekki á hversu margar eigi að vera, það hafa komið fram tillögur um t.d. átta dreifiveitur, sumir nefna 10–15, þar sem dreift sé á landfræðilegum grundvelli eins og t.d. gerist hjá orkubúi Suðurnesja og reyndar hjá Orkubúi Vestfjarða. Af því að ég sá að hæstv. iðnrh. kvaddi sér hljóðs hér áðan vildi ég af þessu tilefni leyfa mér að spyrja hann: Hvað líður vinnu við skipulag á raforkudreifingunni? Mér er kunnugt um að í tíð fyrirrennara hans, hæstv. þáv. iðnrh. Friðriks Sophussonar, og jafnvel fleiri iðnrh. á undan honum, var allmikið unnið í þessu máli og miðaði nokkuð áleiðis. Það væri mjög æskilegt ef hann vildi upplýsa Alþingi um það nú hver staðan í því máli væri.

Menn ræða oft um og slá því föstu að Landsvirkjun hafi framkvæmt of mikið og benda þá til þess að það sé umframorka í kerfinu. Nú er það svo að þegar um starfsemi er að ræða eins og virkjanir leiðir það af eðli máls að fyrst eftir að virkjun er tekin í gagnið er umframorka í kerfinu vegna þess að virkjanirnar eru yfirleitt í það stórum stökkum. Ég minnist þess t.d. að veturinn áður en Hrauneyjafossvirkjun lauk, sem var síðasta stórvirkjunin sem tók til starfa, var rafmagnsskortur á Íslandi og þurfti að skammta rafmagn t.d. til stóriðjufyrirtækja. Járnblendiverksmiðjan beið mikið tjón og fékk ákveðnar bætur vegna þess. Síðan kom Hrauneyjafossvirkjun inn og þá myndaðist umframgeta í kerfinu. Sú umframgeta er langt komin með að eyðast nú og talið að jafnvel á næsta vetri muni örla á rafmagnsskorti eða alla vega þar næsta vetri þannig að nú er kominn tími til þess að ný virkjun komi inn, Blönduvirkjun, sem hefur verið í byggingu mjög lengi og reyndar framkvæmdir þar, vil ég leyfa mér að fullyrða, gengið eins hægt og mögulega hefur verið unnt að gera án þess að það verk yrði óhagkvæmara en efni stóðu til.

Varðandi hinn þáttinn í tillögunni, þ.e. jöfnun raforkuverðs, er það svo að ýmsar aðgerðir hafa verið uppi til jöfnunar á raforkuverði í landinu. Ég nefni t.d. í fyrsta lagi að Landsvirkjun selur raforku með sömu gjaldskrá á öllum sölustöðum allt í kringum landið, þ.e. á 21 sölustað víðs vegar um land. Í þessu felst auðvitað mikil verðjöfnun. Í umræðu um raforkuverðið virðist mér að menn gleymi oft að heildsöluverðið er það sama hvar sem er á landinu. Það kom t.d. fram á ársfundi Landsvirkjunar 1988 að flutningskostnaður raforku væri svo misjafn eftir landshlutum að munaði 88 aurum á kwst. miðað við Austurland og 72 aurum á kwst. á Vestfjörðum og þá

er miðað við Suðvesturland. Þetta er mikil munur þegar miðað er við meðalflutningskostnað sem þá var, árið 1987, um 24 aurar á kwst., en meðalverð Landsvirkjunar á því ári var 148 aurar á kwst.

Í öðru lagi hefur Landsvirkjun á löngu árabili leyft sammælingu á afltoppum RARIK með sérstöku samkomulagi þrátt fyrir ákvæði í gjaldskrá og þetta hefur lækkað heildsöluverð til RARIK í samanburði við aðra t.d. Reykjavík.

Í þriðja lagi framkvæmir RARIK einnig vissa verðjöfnun á heildsölu með því að leggja sama prósentálag á verð Landsvirkjunar óháð vegalengd og þar með raunverulegum flutningskostnaði.

Í fjórða lagi hefur ríkið með framlögum úr Orkusjóði veitt RARIK beina styrki til rafvæðingar í strjálbýli og þeir námu árið 1988 80 millj. kr.

Í fimmta lagi hefur ríkið með framlögum úr ríkissjóði innt af hendi verulega niðurgreiðslu á rafhitun ár hvert. Þessi niðurgreiðsla hefur að mestu gengið til RARIK og Orkubús Vestfjarða en einnig þriggja annarra veitna. Árið 1988 nam þessi niðurgreiðsla 200 millj. kr.

Í sjötta lagi hefur ríkið beitt áhrifum sínum til þess að Landsvirkjun veiti sérstakan afslátt af heildsöluverði vegna rafhitunar RARIK og Orkubús Vestfjarða svo og hinna þriggja veitna. Árið 1988 nam þessi afsláttur 58 millj. kr.

Í sjöunda lagi má einnig nefna verðjöfnunargjaldið sem var við lýði á sínum tíma en var afnumið fyrir nokkrum árum. Í því fólust að sjálfsögðu á þeim tíma verulegir styrkir til þessara orkuveitna.

En í áttunda lagi hefur ríkissjóður yfirtekið lán af RARIK, ekki síst eftir að verðjöfnunargjaldið var lagt niður. Sumir telja reyndar að það hafi ekki verið gengið nægilega langt í því efni og það verður auðvitað að kanna það, en beint framlag ríkissjóðs til RARIK á árinu 1986 nam um 2 milljörðum kr.

Þessa vildi ég geta til þess að menn áttuðu sig á að því fer fjarri að það séu ekki hafðar uppi vissar aðgerðir til að jafna orkuverð á landinu.

Mér finnst það óskýrt í tillögunni þegar verið er að tala um jöfnun og miða við jöfnun smásöluverðs á raforku þannig að verðlagning hjá hinu nýja fyrirtæki verði sambærileg við vegið meðaltal hjá öðrum veitum. Hvað er átt við með „vegið meðaltal"? Er átt við t.d. meðalverð RARIK, en meðalverð RARIK er lægra en hjá flestum eða öllum rafveitum á landinu? Ástæðan er sú að RARIK er með verulega stóran hluta af sinni notkun á niðurgreiddum töxtum, þ.e. töxtum sem notaðir eru við búrekstur og til rafhitunar.

Aðeins að lokum, virðulegi forseti, ég skal ekki reyna á þolinmæði forseta, bendi ég á að tillöguflutningur af þessu tagi og síendurtekin umræða um að breyta eigi Landsvirkjun jafnvel einhliða eins og oft heyrist held ég að sé afar slæm miðað við það góða samstarf sem hefur verið milli ríkisins, sem er einungis helmingseignaraðili að Landsvirkjun, og sveitarfélaganna, þ.e. Reykjavíkur og Akureyrar, sem eiga hinn helminginn. Það getur komið að því að þessi sveitarfélög sjái hag sínum betur borgið með því að óska eftir því að fara út úr Landsvirkjun og sjá sjálf um sína raforkuöflun og dreifingu. Sú umræða fer t.d. fram á Akureyri nú að það sé skynsamlegt að Akureyrarbær fari út úr Landsvirkjun og fari aftur til fyrra horfs og eignist sinn hlut í Laxárvirkjun og stofni sérstakt orkubú þar sem bæði Hitaveita og Rafmagnsveita Akureyrar séu innanborðs. Reykjavíkurborg er í hugleiðingum um stórkostlega orkuöflun á Hengilssvæðinu, á Nesjavöllum, Nesjavallavirkjun, og það er enginn vafi á að það kann vel að vera, ekki síst þegar umræður af þessu tagi koma upp hvað eftir annað, að Reykjavík telji hag sínum betur borgið og sinni framtíð betur borgið með því að sjá sér sjálf fyrir raforku bæði með raforkuöflun og dreifingu.

Mér þótti rétt, frú forseti, að þessar athugasemdir kæmu fram nú þegar við fyrri umr. um þessa þáltill.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Efni þessarar þáltill. er tvíþætt eins og fram hefur komið í máli fyrri ræðumanna. Annars vegar felur hún í sér tillögu um sameiningu RARIK og Landsvirkjunar og hins vegar tillögu um aukna verðjöfnun á raforku. Ég ætla að fara nokkrum orðum um hvorn þessara þátta og sný mér að þeim fyrri.

Ég vil benda þingheimi á að með þeim samningum sem gerðir voru um skipun orkumála á árunum 1980–1983 má segja að á hafi verið komið allgóðu skipulagi hvað varðar raforkuvinnslu og megindreifingu raforkunnar. Þessu skeiði endurskoðunar lauk með samþykkt nýrra laga um Landsvirkjun í mars 1983. Frá þeim tíma hefur það gerst að Landsvirkjun hefur tekið við rekstri Kröfluvirkjunar frá RARIK og Hitaveita Suðurnesja hefur tekið við rafveiturekstri á Suðurnesjum af sveitarfélögum og Rafmagnsveitum ríkisins jafnframt því sem hún hefur hafið eigin raforkuframleiðslu. Ég tel að sú þróun sem þarna hefur orðið sjálfkrafa að segja má í samningum milli eigenda og hagsmunaaðila stefni í rétta átt.

Ég bendi svo hins vegar á að smásöludreifing raforku er nú í aðalatriðum í höndum nokkurra dreififyrirtækja sem flest eru algerlega í eigu sveitarfélaga. Síðan eru tvö fyrirtæki sem eru í sameign ríkis og sveitarfélaga og loks RARIK sem er í eigu ríkisins. Mín skoðun er sú að sameining, samsteypa Landsvirkjunar og Rafmagnsveitna ríkisins mundi hafa í för með sér ýmiss konar vandamál, t.d. í verðlagningu á raforku til sveitarfélagaveitnanna. Þá vil ég líka taka undir þá skoðun, sem hér hefur komið fram, að Landsvirkjun sé e.t.v. nægilega stórt fyrirtæki á íslenskan mælikvarða. Það er dregið í efa að stækkun þess með óskyldri starfsemi sé hyggileg því smásöludreifing á orku er alls ekki sama verkefni og orkuvinnsla og stofnlínudreifing. Ég óttast að flækjur mundu koma upp varðandi eignarhald að hinu sameiginlega fyrirtæki Landsvirkjun/Rafmagnsveitur ríkisins.

Í þessu felst þó ekki að menn eigi ekki að líta á

skipulagsmál raforkumálanna með opnum huga. Það þarf sannarlega að gera alla tíð og í stefnuskrá ríkisstjórnarinnar er einmitt hugað að endurskoðun á skipulagi orkuvinnslu og dreifingar með sameiningu orkufyrirtækja að markmiði og jafnframt að orkulindirnar verði nýttar til atvinnuuppbyggingar. Ég legg ekki síst þá merkingu í þessi orð að hér sé m.a. vikið að því að reka saman dreifiveitur fyrir raforku og jarðvarma eins og tíðkast t.d. hjá Hitaveitu Suðurnesja og hjá nokkrum sveitarfélagaveitum. Í sumum héruðum háttar svo til eins og mönnum er kunnugt að þar er hitaveita rekin með góðum rekstrarhagnaði en hins vegar rafveita með tapi. Í öðrum héruðum er þetta öfugt, og þarf ég ekki að taka dæmi um þetta, þar sem tap er á hitaveiturekstrinum en góður hagur á orkuvinnslu og dreifingu. Þarna virðist mér augljóst að sameining í héruðum sé skynsamlegur kostur. Það er margvíslegt hagræði sem fylgir því að samnýta vatnsafl og jarðvarma og það eru ekki eingöngu landshagir og hagkvæmni í efnahagslegum skilningi heldur liggur þetta bókstaflega líka í eiginleikum jarðvarmans og varmafræðinnar.

Ég tel að áherslu eigi að leggja á þessi mál sem lúta að sameiningu orkudreifingarfyrirtækja í héruðum. Ég bendi á að Rafmagnsveitur ríkisins urðu á sínum tíma til vegna brýnnar þarfar fyrir rafvæðingu í strjálbýli. Þá voru sveitarfélögin miður burðug en þau eru í dag. Nú segir mér hugur um að ef menn stæðu frammi fyrir líkum vanda á okkar dögum mundu menn snúa sér að því að leysa hann — eða freista þess að leysa hann — með stofnun héraðsbundinna byggðasamlaga í anda þeirra sveitarstjórnarlaga sem nú gilda.

Ég bendi líka á það að Rafmagnsveitur ríkisins hafa á undanförnum árum starfað að því allskipulega að draga úr miðstýringu í fyrirtækinu með því að flytja ýmsa þætti starfseminnar út á land og koma þannig til móts við óskir viðskiptavinanna. Ég hugleiði — og það hafa ýmsir gert á undan mér — hvort ekki sé rétt að stefna að því í framtíðinni að breyta Rafmagnsveitum ríkisins að rekstrarformi í einhvers konar hlutafélag þar sem hlutaféð gæti í fyrstu verið algerlega í eigu ríkisins en fyrirtækið gæti síðan í einhverjum mæli fjármagnað nýjar framkvæmdir með útgáfu bréfa sem seld yrðu á frjálsum markaði. Þetta er fjármögnunarleið sem víða er notuð í öðrum löndum í raforkubúskapnum með góðum árangri. Þannig mætti með tíð og tíma dreifa eignaraðild og e.t.v. stjórnaraðild að fyrirtækinu. Til dæmis þannig að sveitarfélög sem njóta þjónustu þess kæmu þannig inn sem hluthafar.

Ég er hins vegar ekki trúaður á það að unnt sé að skipta Rafmagnsveitum ríkisins upp eftir landafræðinni þannig að ákveða frá miðjunni að í héruðum skuli vera héraðsveitur eins og menn hafa nú um sinn verið að hreyfa. Eins og hv. 2. þm. Reykv. vék að hafa verið gerðar nokkrar athuganir sem hníga í þá átt í tíð forvera míns í iðnrn. Þær athuganir og önnur mál sem lúta að fjárhagslegri stöðu og skipulagi raforkuvinnslu og dreifingar eru nú til athugunar í ráðuneytinu. Þetta tengist ekki síst viðræðum sem nú fara fram á milli iðnrn., fjmrn. og fjvn. við Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða um endurskipulagningu á fjárhagsgrundvelli þessara fyrirtækja með yfirtöku ríkisins á skuldum þeirra að einhverju leyti þannig að rekstrarhæfni þeirra verði aukin.

Þar með er ég kominn að síðari þætti tillögunnar, verðjöfnun á raforku. Ég er stuðningsmaður þess að dregið sé úr verðmun á raforku í landinu og hef á starfstíma mínum sem iðnrh. verið að vinna að því eftir því sem fjárhagsramminn leyfir. Ég hef þegar nefnt eitt mál sem stuðla mun að meira jafnræði í orkuverði, þ.e. endurskipulagningu á fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða. Þá vil ég minna á að nú eru veittar um 200 millj. kr. úr ríkissjóði til verðjöfnunar á raforku og Landsvirkjun veitir afslátt af raforku til húsahitunar á móti sem nemur um 100 millj. kr. Ég vil vinna að því að fá þessar fjárhæðir nokkuð auknar, sem nemur verðbreytingum á orkunni, en jafnframt vil ég minna á að það er þörf fyrir að endurskoða sölustaðakerfi Landsvirkjunar, afhendingarstaði hennar, og vinna þannig að aukinni verðjöfnun á heildsöluverði raforkunnar því að það er ekki alveg rétt, sem kom fram hjá hv. 2. þm. Reykv. sem reyndar er einnig stjórnarmaður í Landsvirkjun, að heildsöluverð á raforku sé jafnt um allt land. Það er það ekki. Það er rétt að það er jafnt hjá Landsvirkjun, en hins vegar háttar sums staðar svo til að sveitarfélagarafveitur taka við raforku fyrir milligöngu Rafmagnsveitna ríkisins um tiltölulega stuttar háspennulínur sem þeir telja að þeir borgi of mikið fyrir. Þetta er vel kunnugt mál.

Ég vil freista þess að vinna að jöfnun í þessu efni og að verðið verði hið sama til allra dreifiaðila sem kaupa raforku með sambærilegu móti, þ.e. varðandi afhendingarspennu o.fl. Ég held að það sé hyggilegast að stefna að þessu í nokkrum áföngum. Í þessu felst að það þarf að skilgreina að nýju afhendingarstaðina, mörkin milli Landsvirkjunar, Rafmagnsveitna ríkisins og bæjarveitnanna. Ég hef einmitt nú þessa daga verið að undirbúa með aðilum sem málið varðar áætlun um það hvernig hægt sé í nokkrum áföngum á nokkrum næstu árum að ná þarna meiri jöfnuði í orkuverðinu.

Með þessum orðum, virðulegi forseti, lýk ég máli mínu um þessa þáltill. sem hreyfir þörfu máli þótt ég telji orka tvímælis að tillagan um sameiningu Landsvirkjunar og Rafmagnsveitna ríkisins sé ótvírætt til þess fallin að stuðla á farsælan hátt að jöfnun orkuverðs í landinu.

Friðjón Þórðarson:

Virðulegi forseti. Hér er verið að ræða um sameiningu Landsvirkjunar og Rafmagnsveitna ríkisins eða tillögu sem gengur í þá átt. Ég efast um að þetta sé rétta leiðin í þessum málum. Það er margt óunnið í skipulagi og dreifingu raforkunnar, en hér er málinu hreyft og það er ekki nærri því útrætt.

Að því er síðara atriði tillögunnar varðar, verðjöfnun á raforku, vil ég sérstaklega taka fram í tilefni

af þeim orðum sem hér hafa fallið að það er mál sem við verðum að taka á. Við verðum að jafna orkuverðið meira en gert hefur verið hingað til. Ég held meira að segja að það sé eitthvað vikið að því í hinum græna pésa sem hæstv. ráðherra hafði með sér í pontuna áðan. (**Viðskrh.:** Ég skal lána þér hann.) Nei, takk fyrir, ekki núna. — Þetta hefur verið að ég ætla endurtekið í ýmsum bæklingum af þessu tagi á undanförnum árum og það hafa margir hv. þm. haft þetta á orði, en það hefur bara ekki verið gengið nógu langt í þessum efnum. Þetta eru svo mikil grundvallarmannréttindi, að eiga aðgang að orku hvar sem menn búa í landinu á hæfilegu verði þannig að ekki sé hróplegur munur á, að við verðum að taka það til athugunar. Þó að hér sé rætt um að það sé ekki víst að allir landsmenn séu sammála um þessa jöfnun og hafi ýmis önnur úrræði, einkum í þéttbýlinu, held ég að þetta sé svo mikið sanngirnismál að það séu m.a. miklu fleiri þéttbýlisbúar sem viðurkenni þetta í meginatriðum en sumir ætla.

Flm. (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram um þessa tillögu þó að þar hafi komið fram skiptar skoðanir.

Það er rétt að það hefur ekki farið fram nein rannsókn á því hvaða hagkvæmni muni leiða af því að sameina þessi tvö fyrirtæki sem að meiri hluta eða öllu leyti eru í eigu ríkisins. Hins vegar, eins og hér kom reyndar fram í umræðunum, eru bæði með blandaða starfsemi, þ.e. Landsvirkjun bæði framleiðir orku og dreifir henni víða um landið þó að það sé á heildsölustigi og síðan selja Rafmagnsveitur ríkisins raforku bæði í heildsölu og smásölu. En mér finnst engan veginn víst, þó að skipulag hjá miklu fjölmennari og stærri þjóðum þar sem þetta er algerlega aðgreint sé talið heppilegra þar, að það eigi við hjá okkur.

Ég reyndi í minni framsögu að gera grein fyrir aðaltilgangi þessarar þáltill., þ.e. orkujöfnun. Menn hafa gjarnan tekið undir það, eins og hér gerðu allir ræðumenn, að það sé sanngirnismál að jafna raforkuverðið. Þó hefur það ekki náðst. Kannski hefur það verið vegna þess, sem einnig kom fram í máli hv. 2. þm. Reykn., að menn hafa sagt: Það á að gera það einhvern veginn öðruvísi, en síðan hafa þessar „öðruvísileiðir" ekki reynst fullnægjandi og ekki náð þessu markmiði.

Það er rétt að 1983 var gerð nokkur skipulagsbreyting á þessum málum og þar töldu menn að væri verið að breyta til þannig að líklegt væri að þetta markmið næðist. Reynslan síðan hefur því miður sýnt að þetta er hvergi nærri fullnægjandi.

Það sem ég vildi líka leggja áherslu á með þessari tillögu og mínu máli áðan er að mér finnst að hér þurfi að breyta hreinlega hugsunarhættinum, þannig að jöfnun orkuverðs sé ekki einhver ölmusa til þeirra sem nú búa við dýrara orkuverð. Mér finnst það eins og ég sagði 19. aldar nýlenduhugsunarháttur að telja að það sé við það búandi að íbúar annarra héraða en þar sem orkulindirnar eru eigi að hafa miklu lægra orkuverð. Leiðina til þess að ná þessu tel ég vera einfalda með þessari sameiningu. Hins vegar sé hægt að finna fleiri leiðir. En aðalatriðið er að mönnum finnist þetta svo sjálfsagt mál að þarna verði að gera breytingar á eins og kom fram í máli hv. 2. þm. Vesturl.

Hv. 2. þm. Reykv. varaði við því að Alþingi yrði — að mér skildist — of vont við Landsvirkjun og þá sem þar eru minnihlutaaðilar. Þá mundu þeir óska þess að fyrirtækinu yrði skipt upp og taka sinn hlut út úr. En þá hlýtur að verða að gera upp dæmið hvað héruðin, þar sem orkunnar er aflað, eiga þá að fá mikið til sín. Það eru þessi miklu réttindi sem Landsvirkjun hefur, þ.e. orkuöflunarrétturinn. Ég skal ekkert segja um hvernig það dæmi yrði reiknað, en það hlýtur að verða að taka það til athugunar.

Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta. Umræða um þetta hefur sem sagt þegar hafist og ég vonast til þess að hún haldi áfram og henni verði ekki lokið fyrr en að markmiði þessarar tillögu um orkujöfnun verður náð. Það vil ég endurtaka að er aðalatriði tillögunnar. Ég vænti þess að menn sjái að ástandið eins og það er getur ekki gengið áfram. Það er okkur til vansa.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til atvmn. með 33 shlj. atkv.

Menningarráðgjafar í landshlutum, fyrri umr.

Þáltill. VS o.fl., 302. mál. — Þskj. 556.

Flm. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. á þskj. 556 um menningarráðgjafa í landshlutum. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Óli Þ. Guðbjartsson, Jóhanna Þorsteinsdóttir, Matthías Bjarnason, Jón Sæmundur Sigurjónsson og Margrét Frímannsdóttir.

Tillögugreinin orðast svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa nefnd fulltrúa allra þingflokka til að undirbúa og koma á fót starfi menningarráðgjafa í öllum landshlutum. Nefndin ljúki störfum eigi síðar en 1. sept. 1989."

Það er margkveðin vísa að íslensk menning sé í hættu vegna sívaxandi og æ áleitnari áhrifa erlendra menningarstrauma. Þeir berast þjóðinni í bókum og á hljóðupptökum með útvarpi og sjónvarpi, í kvikmyndum og á myndböndum. Þeir sem best til þekkja telja sig þegar sjá veruleg merki þess að hnignun sé hafin. Vísað er til málfars ungmenna, orðfæðar þeirra og slæms framburðar. Rætt er um lítil kynni yngri kynslóða af bókmenntum þjóðarinnar, þeim sem héldu í henni lífi og nærðu hug hennar og lífsbjargarvilja í erfiðleikum fyrri alda. Minnst er á dvínandi áhuga á þeim menningararfi sem felst í sögu og minjum og var helsta stoð þjóðarinnar í baráttu

hennar fyrir sjálfstæði. Bent er á minnkandi þjóðarstolt og tilfinningu fyrir því sem það felur í sér að vera þegn sjálfstæðrar þjóðar og sem gefur þjóð samheldni og einn hug, jafnt í blíðu sem stríðu. Ugglaust er oftlega of djúpt í árinni tekið hjá þeim sem af mestri svartsýni tala. Vafalaust er þó hitt að þeir hafa nokkuð til síns máls. Það er óverjandi andvaraleysi að telja sér trú um að íslenskt menningarsamfélag sé svo öflugt og íslensk menning og tunga svo styrk og óbugandi að ekkert geti orðið henni að falli.

Eftir að fjölmiðlar hafa orðið öflugri hefur æ meira borið á þeirri skoðun að það eitt sé menning sem flutt sé af þar til lærðu fólki á hverju sviði. Menntun er að sjálfsögðu aðferðin til að þroska og efla hæfileikana og próf að loknu námi er oft lykill að starfi listamannsins. En hitt er engu að síður nauðsynlegt þjóðlegu og góðu mannlífi að allur almenningur taki þátt í menningarstarfi. Flest bendir til þess að þegar í grunnskólum mótist viðhorfið til lífsins. Því er mikilvægt að börnin séu þá þegar þjálfuð í því að skapa eitthvað sjálf og koma fram fyrir hóp og flytja mál sitt.

Samkvæmt grunnskólalögum er ekki kveðið sérstaklega á um þess háttar uppfræðslu. Þó munu margir skólar hafa tekið upp þann sið að halda skemmtun einu sinni á ári þar sem nemendur semja eða velja efni til flutnings. Í minni skólum er jafnvel hægt að koma því svo fyrir að allir nemendur skólans fái eitthvert hlutverk við þetta tækifæri. Sums staðar hafa verið fengnir listamenn til að vinna með börnum í vikutíma, sem lokið hefur með sýningu í skólanum, sannkallaðri listahátíð. Enginn vafi er á að tiltæki sem þetta opnar hug barnanna í menningarlegu tilliti auk þess sem það sannfærir mörg þeirra um að þau geti eitthvað.

Í öllum sveitarfélögum á Íslandi á sér stað menningarstarfsemi á einhverju sviði. Virkust er þátttaka almennings í kórum og leikfélögum. Á allra síðustu árum hefur þó þróunin verið í þá átt að æ fleiri gerast sinnulausir og viðhorf til lista og menningar hefur verið að breytast með auknum áhuga á veraldlegum gæðum. Sveitarstjórnarmenn viðurkenna að þegar gengið sé frá fjárhags- og framkvæmdaáætlunum lendi menning og listir oft á tíðum aftast á listanum og sama hefur oft gilt um afgreiðslu fjárlaga á Alþingi. „Eftir höfðinu dansa limirnir", segir í gömlu og drjúgsönnu orðtaki. Forráðamenn byggðarlaga og forustumenn þjóðarinnar verða að gera sér grein fyrir mikilvægi félagslegra þátta í mannlífi byggða sinna. Tómlæti og aðstöðuleysi hefur kæft margan þann gróður sem með aðhlynningu og við réttar aðstæður hefði getað sprottið og náð góðum þroska.

Það starf sem hér er lagt til að hafið verði gæti orðið mikilvægur þáttur í því að virkja einstaklinga á sviði menningar og lista, miðla efni á milli héraða, skipuleggja menningarstarfsemi í samráði við heimamenn á hverjum stað og vera skólastjórum til aðstoðar við listviðburði í skólum. Þá er einnig hugsanleg aðstoð við örnefnasöfnun og starfsemi safna við að leita uppi fróðleik af menningarstarfi fyrri tíma og fleira mætti upp telja.

Það er tímabært að við spyrjum í alvöru: Viljum við byggja þetta land? Viljum við gera búsetu í því hvarvetna eftirsóknarverða? Viljum við hlúa að fjölbreytni í menningu þjóðarinnar? Viljum við varðveita arf okkar og tungu? Vafalítið verður svar okkar allflestra við þessum spurningum játandi. En þá er eftir höfuðspurningin: Hvað viljum við gera til þess að ná því marki sem jáyrði okkar fela í sér?

Flm. þessarar tillögu vilja að komið verði á fót starfi menningarfulltrúa í öllum landshlutum. Við viljum til þess að sýna ábyrgð í málatilbúnaði benda á leið sem komið gæti til greina sem fjármögnunarleið. En eins og fram kemur í grg. er gert ráð fyrir með breyttri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga að Menningarsjóður félagsheimila fái 10% tekna af skemmtanaskatti og Sinfóníuhljómsveit Íslands sama hluta. Eftirstöðvum skal í samráði við fjmrh. m.a. varið til menningarstarfsemi. Vel mætti hugsa sér að eyrnamerkja hluta skemmtanaskattsins til þeirrar starfsemi sem hér er fjallað um.

Fjármálahlið málsins yrði að sjálfsögðu til umfjöllunar hjá þeirri nefnd sem kosin yrði á Alþingi til þess að annast skipulagningu starfs þessa ef tillagan nær fram að ganga.

Það er margsannað mál að til þess að koma í kring félags-, menningar- og listalífi þarf drifkraft. Þessi drifkraftur liggur oftast nær í einstaklingum og furðu oft vaknar hann eða verður til fyrir hvatningu aðkomumanns eða utanaðkomandi aðila. Það er hafið yfir allan vafa að eitt það árangursríkasta til eflingar íslenskrar menningar, þjóðlegra lista og félagslífs væri það að fá hinum dreifðari byggðum þann hvata sem þarf til að koma af stað og halda gangandi víðtæku starfi á þessu sviði. Vel má hugsa sér að starf það sem hér um ræðir tengist fjórðungssamtökunum og þeirri aðstöðu sem þau hafa í fjórðungunum.

Eins og hv. þm. er eflaust kunnugt um, þá er fyrirkomulag hjá nágrannaþjóðum okkar, a.m.k. sumum hverjum á hinum Norðurlöndunum, á þann hátt að svonefndir „kúltúrséffar" starfa í fylkjunum og vinna mjög mikilvægt starf fyrir menninguna. Ég veit að þar er stjórnsýslan önnur en hér er, en engu að síður er þetta sambærilegt að nokkru leyti.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki hafa miklu fleiri orð um þessa till. við fyrri umræðu nema að ég vil gera grein fyrir því hvers vegna við höfum látið hér sem fylgiskjal fylgja lög Menningarsamtaka Norðlendinga. Ástæðan er sú að við teljum að leiðin að þessu markmiði sé sú að stofnuð verði menningarsamtök landsfjórðunganna sem síðan ráði til sín starfskraft og það verði menningarráðgjafar landshlutanna.

Í 4. grein laga Menningarsamtaka Norðlendinga stendur, með leyfi forseta, um markmið samtakanna:

„a. safna og miðla upplýsingum um listastarfsemi og menningarlíf í Norðlendingafjórðungi svo og annars staðar,

b. liðsinna við ráðningu leiðbeinenda til námskeiða- og fyrirlestrahalds svo og sérstakra verkefna í hinum ýmsu listgreinum,

c. stuðla að bættri umfjöllun um listir í fjölmiðlum,

d. efla samstarf áhugafólks um listir og menningar-

líf í fjórðungnum og við hliðstæð félög og samtök annars staðar,

e. beita sér fyrir bættri aðstöðu og skipulagi listkynningar,

f. halda árlega ráðstefnu um lista- og menningarlíf í fjórðungnum í tengslum við aðalfund samtakanna."

Hæstv. forseti. Ég óska eftir því að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til síðari umr. og hv. félmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til félmn. með 34 shlj. atkv.

EFRI DEILD

71. fundur, þriðjudaginn 21. mars, kl. 2 miðdegis.

Eignarleigustarfsemi, 2. umr.

Stjfrv., 2. mál. — Þskj. 624, n. 640, brtt. 641.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 640 frá hv. fjh.- og viðskn. Nál. er um frv. til laga um eignarleigustarfsemi. Nefndin hefur athugað frv. og leggur til að það verði samþykkt með þeim breytingum sem á því voru gerðar í meðförum Nd. og þeirri brtt. sem birt er á sérstöku þskj., 641. Sú brtt. miðar að því að færa orðalag frv. til samræmis við orðalag í frv. til laga um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði.

Þrír nefndarmanna, Eyjólfur Konráð Jónsson, Halldór Blöndal og Júlíus Sólnes, áskilja sér þó rétt til að flytja eða fylgja brtt. ef fram kunna að koma.

Eyjólfur Konráð Jónsson og Ragnar Óskarsson voru fjarverandi við lokaafgreiðslu frv.

Undir nál. rita, auk þeirrar sem hér stendur, Eiður Guðnason, Júlíus Sólnes, Halldór Blöndal og Jóhann Einvarðsson.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Þar sem álit Kvennalistans kemur ekki fram á því nál. sem rétt í þessu var mælt fyrir vil ég koma hér til að styðja þetta nál. og það frv. sem hér er til afgreiðslu. Það er nauðsynlegt að setja lög um þessa starfsemi sem hefur þróast án lagaramma og á stóran þátt í þenslu síðustu ára. Þó tel ég engan vafa á að hún hefur uppfyllt vissa þörf og því er nauðsynlegt að afmarka verksvið þessara umsvifamiklu fyrirtækja með lögum.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Fyrir hönd okkar þingmanna Borgfl. í Ed. vil ég lýsa því yfir að við erum ánægðir með að að skuli vera komið fram frv. til laga um starfsemi eignarleigu. Ég held að það sé orðið mjög tímabært að þessi starfsemi verði sett í fastar skorður. Það hafa farið fram tilraunir með þetta undanfarin ár og komið upp ýmsir vankantar á rekstri fjármögnunarleiga og ýmislegt hefur komið upp sem hefur orkað tvímælis. Þess vegna var mjög knýjandi og nauðsynlegt að setja um þetta ákveðinn lagaramma.

Við erum tiltölulega ánægðir með það frv. til laga sem hér liggur fyrir og höfum ekki séð ástæðu til að gera neinar sérstakar brtt. við frv. og munum styðja það eins og það liggur fyrir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.–12. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 641 samþ. með 16 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
14.–16. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Ákvæði til brb. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Seðlabanki Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 241. mál (vaxtaákvarðanir o.fl.). — Þskj. 446, n. 653, 658 og 659, brtt. 647.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 653 frá 1. minni hl. fjh.- og viðskn. um frv. til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands nr. 36 5. maí 1986.

Nefndin hefur athugað frv. og kallað á sinn fund Geir Hallgrímsson, Eirík Guðnason og Sveinbjörn Hafliðason frá Seðlabanka Íslands, Baldvin Tryggvason frá Sambandi ísl. sparisjóða, Tryggva Pálsson frá Verslunarbanka Íslands, Stefán Pálsson frá Sambandi ísl. viðskiptabanka og Þórð Ólafsson frá bankaeftirliti Seðlabankans.

Nefndinni hafa borist skriflegar grg. um frv. frá Landsbanka Íslands, Búnaðarbanka Íslands, Verslunarbanka Íslands, Samvinnubanka Íslands, Iðnaðarbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands hf.

1. minni hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með þeim brtt. sem birtar eru á sérstöku þskj.

Ragnar Óskarsson var fjarverandi lokaafgreiðslu málsins.

Undir nál. 1. minni hl. rita, auk þeirrar sem hér stendur, Jóhann Einvarðsson og Karl Steinar Guðnason.

Ég ætla þá að gera í stuttu máli grein fyrir þeim breytingum sem 1. minni hl. leggur til að gerðar verði á frv. Það er þá í fyrsta lagi að kveðið er á um kaupskyldu verðbréfasjóða á öruggum verðbréfum

sem geti komið í stað samsvarandi bindiskyldu innlánsstofnana. Þá er einnig gert ráð fyrir að þær aðstæður geti skapast að bindiskylda sé sett á verðbréfasjóði eins og innlánsstofnanir.

Eftir mikla umfjöllun í nefndinni var samkvæmt ábendingu eins nefndarmanna ákveðið að bæta inn í greinina orðunum „einkum ríkisskuldabréfum" þar sem rætt er um örugg verðbréf.

B- og c-liðir brtt. eru óbreyttir frá frv., en það þótti greinarbetra að láta þá fylgja með þannig að öll 1. gr. frv. lægi fyrir á þskj.

2. brtt. þarfnast ekki skýringar. Hún varðar heimild til Seðlabanka Íslands að fengnu samþykki ráðherra að binda ávöxtunarkröfur verðbréfasjóða og eignarleigufyrirtækja takmörkunum.

Í 3. brtt. er lagt til að við bætist ný grein, er verði 3. gr., sem varðar það að sérstök endurskoðunardeild starfi við bankann og að endurskoðun verði framkvæmd af Ríkisendurskoðun og skoðunarmanni sem ráðherra skipar.

Hæstv. forseti. 1. minni hl. leggur sem sagt til að frv. verði samþykkt með þeim brtt. sem ég hef nú gert grein fyrir.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá 2. minni hl. fjh.- og viðskn.

Ég hef tekið þann kost að leyfa mér að fjalla um þessi þrjú frv. sem varða bankamál samtímis í nál., þ.e. frv. til laga um breytingu á lögum um viðskiptabanka, um breytingu á lögum um sparisjóði og svo um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, en allt eru þetta frv. sem ríkisstjórnin lagði fram á Alþingi í kjölfar þeirrar yfirlýsingar sem var flutt um efnahagsmál í Sþ. þann 6. febr. sl. af forsrh. Þessi frv. hafa þann tilgang að því er virðist og það er ætlan ríkisstjórnarinnar að með þeim eigi að takast að koma lagi á efnahag þjóðarinnar og rétta við hlut atvinnuveganna. En þegar litið er til þess hversu smávægilegar þær breytingar eru sem koma fram í þessum frv., þetta eru fyrst og fremst orðalagsbreytingar sem ekki er auðvelt að sjá að skipti miklu máli, finnst mér að væntingarnar séu afar miklar. Það er á engan hátt tekið á aðalmálunum, þ.e. þeim vandamálum sem við eigum við að glíma sem byggja á rangri peninga- og efnahagsstefnu sem hér hefur verið við lýði til margra ára. Í stað þess virðist ríkisstjórnin vonast til þess, svo dæmi sé tekið, að með því t.d. að bæta orðunum „hóflegir og" inn í eina lagagrein seðlabankalaganna muni útlánsvextir lækka af sjálfu sér. Þetta er alveg ótrúlegt.

En úr því að við erum að tala um banka vekja athygli mína fréttir sem hafa komið fram í fjölmiðlum undanfarna daga þar sem lýst er mjög góðum hagnaði ýmissa bankastofnana frá því á rekstrarárinu 1988, en bæði Verslunarbankinn og Iðnaðarbankinn hafa nú haldið ársfundi sína þar sem hefur komið fram að hagnaður af rekstri þessara tveggja banka varð umtalsverður og nýlega er afstaðinn ársfundur Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis þar sem það sama var uppi á teningnum, að reksturinn var góður, hagnaður verulegur af rekstri sparisjóðsins.

Það er orðið þannig að þetta er eini hluti atvinnulífs á Íslandi sem ber sig, þ.e. bankastarfsemi og peningastarfsemi hvers konar virðist lifa góðu lífi og skila ágætum hagnaði. Allt annað atvinnulíf landsmanna er í molum. Atvinnufyrirtækin eru rekin með miklu tapi. Það er ekki nema von að það vakni upp ýmsar spurningar. Hvað er eiginlega að gerast? Er rekstur bankanna í svona góðu lagi og er rekstur atvinnufyrirtækjanna svona lélegur? Er þetta skýringin?

Hvað varðar fyrri staðhæfinguna, að rekstur bankakerfisins sé í svona góðu lagi, þá beinist hugurinn að hinum geysiháa vaxtamun sem er í bankakerfinu. Kannski er aðalskýringin á þessari góðu afkomu bankanna þar. En vaxtamunurinn í bankakerfinu er talinn vera um 8% á Íslandi á meðan vaxtamunur hjá erlendum bönkum er ekki nema 1%. Fyrr má nú rota en dauðrota!

Ég hef leitað skýringa á hinum gífurlega vaxtamun sem er í bankakerfinu á Íslandi og ég bendi í nál. á fimm höfuðatriði sem ég reyndar hef komið inn á áður í máli mínu úr þessum ræðustól í hv. deild. Í fyrsta lagi vil ég taka sem dæmi að það ríkir hér það sem ég hef nefnt hálfbrjáluð hávaxtasamkeppni um veltiinnlán, þ.e. bankarnir slást um viðskiptavini til þess að fá þá til að opna tékka og hlaupareikninga og greiða háa vexti til þeirra sem eru með slíka reikninga. Víða erlendis eru engir vextir greiddir fyrir þessa þjónustu og meira að segja tíðkast það sums staðar að það séu neikvæðir vextir, þ.e. bankar og sparisjóðir taka þóknun fyrir að leyfa mönnum að vera með ávísanareikninga í viðkomandi bankastofnun. Það er ekki nokkur vafi á að kostnaður bankakerfisins af tékka- og hlaupareikningum er margfalt meiri en það sem tekjur af þessum reikningum skapa. Að sjálfsögðu hlýtur þessum umframkostnaði að vera velt yfir á lántakendur í formi hárra útlánsvaxta.

Þá er annað atriði sem ég hef nefnt hér og það er að vegna hinna geypiháu útlánsvaxta eru vanskil miklu meiri á Íslandi en eðlilegt getur talist. En það er einfalt mál að okurvaxtakerfi kallar á mikil vanskil. Því er mikill kostnaður í bankakerfinu vegna tapaðra skulda og að sjálfsögðu er þessum kostnaði velt yfir á lántakendur. Þetta kemur aftur inn í útlánsvextina.

Þá hef ég í þriðja lagi nefnt að það vekja mikla furðu hinar gífurlegu auglýsingaherferðir bankanna og peningastofnana. Þær hljóta að kosta mikla fjármuni. Hvergi erlendis þar sem ég hef komið hef ég orðið var við auglýsingastarfsemi á vegum banka, en hér er hart bitist um hinar fáu hræður sem bankarnir geta náð til og kostnaði vegna þessarar auglýsingaherferðar er að sjálfsögðu velt yfir á lántakendur í gegnum útlánsvextina.

Þá hef ég nefnt í fjórða lagi að gírógreiðsluþjónusta bankanna er orðin mjög umfangsmikil og ekki nokkur vafi á að kostnaður bankakerfisins af henni er mjög mikill og miklu, miklu meiri en tekjur vegna hennar nema vegna t.d. sölu gíróseðla. Víðast hvar

erlendis fer þessi þjónusta fram í gegnum pósthús en ekki gegnum banka. Þegar gírógreiðslukerfið var innleitt á Íslandi lenti það hins vegar hjá bönkunum og þeir hafa séð um þessa þjónustu allar götur síðan. Það er að vísu hægt að fara í pósthús og greiða gíróseðla þar, en almenningur virðist hafa vanist á að fara fremur í bankana og leita þessarar þjónustu þar. Rekstrarkostnaði af þessari þjónustu er einnig velt yfir á lántakendur í gegnum háa útlánsvexti.

Í síðasta lagi má benda á slælegan rekstur bankakerfisins, en þar hef ég ekki annað en orð margra talsmanna bankanna sem hafa opinberlega lýst því yfir að rekstur bankanna sé allt of dýr. Þá vaknar sú spurning: Væri ekki hægt að lækka rekstrarkostnað bankakerfisins verulega með því að færa það til nútímalegs horfs? En of háum rekstrarkostnaði í bankakerfinu hlýtur að sjálfsögðu að verða velt yfir á lántakendur sem aftur mega þola geypiháa útlánsvexti af þessum sökum sem öðrum.

En það er ekki ofsagt að vekja athygli á því að meðan vel rekin atvinnufyrirtæki berjast í bökkum skuli bankakerfið þrátt fyrir þennan mjög svo óhagstæða rekstur skila verulegum hagnaði. Því spyr ég og leyfi mér að spyrja hæstv. viðskrh.: Hvernig ætlar ríkisstjórnin að verja það gagnvart almenningi og atvinnulífinu að allar banka- og peningastofnanir skuli lifa góðu lífi á meðan allur annar atvinnurekstur og heimilin í landinu eru rekin með tapi?

Þá er önnur ákaflega einföld spurning sem ég vildi líka beina til hæstv. viðskrh.: Hvernig í raun er hægt að setja vaxtastig í einu þjóðfélagi á annan veg en þannig að atvinnulífið verður að geta staðið undir vöxtunum? Ef atvinnulífið getur ekki staðið undir vaxtastiginu sem er við lýði í þjóðfélaginu fer allt atvinnulíf úr skorðum. Það er einfalt mál. Atvinnulífið getur staðið undir ákveðnum vöxtum. Ef vextirnir eru langt umfram það mark sem atvinnulífið þolir er ekkert hægt að vera með neitt atvinnulíf í landinu. Svo einfalt er málið. Því fyrr sem menn skilja þetta, því betra.

Þá er a.m.k. í mínum huga orðið algerlega ljóst, og ég vona að fleiri séu mér sammála þar um, að verðtrygging krónunnar með lánskjaravísitölu er smám saman að leggja útflutningsatvinnuvegina í rúst.

Mig langar til að vekja athygli á einstökum atriðum þeirra breytinga sem frumvörpin gera ráð fyrir. Ef ég tek þá fyrst frv. til l. um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, þá hefur 1. gr. í för með sér breytingu á lausafjárskyldu banka og peningastofnana og sömuleiðis er nú komið með brtt. frá 1. minni hl. fjh.- og viðskn. ákvæði um bindiskyldu verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða. Slík ákvæði voru upphaflega sett inn í frv. til l. um verðbréfafyrirtæki og verðbréfasjóði, en það varð samkomulag í hv. fjh.- og viðskn. Ed. um að taka þá grein í burtu úr því frv. og setja heldur hliðstæð ákvæði inn í seðlabankalögin.

Meginbreytingin varðandi lausafjárskylduna er sú að mismunur á heildareign og heildarskuldum bankakerfisins, sem eru bundnar erlendum gjaldmiðlum, skuli teljast til lauss fjár í stað þess að áður var heimilt að nota t.d. innistæður á innlendum gjaldeyrisreikningum sem laust fé án nokkurra skilyrða. Við nánari athugun á þessu sýnist þessi ákvörðun vera skynsamleg þegar til lengri tíma er litið. Hins vegar mun það upphaflega hafa verið ætlunin að með þessari breytingu mundi lausafjárstaða, einkum þeirra banka sem sinna útflutningsatvinnuvegunum, batna. Sú hefur því miður ekki orðið raunin á því að samkvæmt upplýsingum velflestra banka í landinu kemur í ljós að lausafjárstaða þeirra versnar verulega við þessa breytingu. Ég tel engu að síður að þessi breyting eigi rétt á sér og mun því ekki leggjast gegn henni.

Varðandi bindiskyldu verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða var nokkur vandi á höndum því að það var ljóst að fengnum þeim upplýsingum sem fulltrúar Seðlabanka Íslands veittu okkur í hv. fjh.- og viðskn. að ekki er hægt að beita verðbréfasjóði og verðbréfafyrirtæki sams konar bindiskyldu og aðrar innlánsstofnanir. Mér sýnist að hér sé komin ágæt málamiðlun sem lýtur að því að setja kaupskyldu á verðbréfafyrirtæki og verðbréfasjóði þannig að þeim verði gert að kaupa ríkisskuldabréf eða hliðstæð örugg skuldabréf samkvæmt nánari reglum Seðlabankans að bindiskylduhlutfalli. Ég leyfi mér hins vegar að vekja athygli á að það hlýtur fyrir löngu að vera orðið tímabært að endurskoða öll ákvæði um bindiskyldu í lögum um Seðlabanka Íslands. Ég efast mjög um að bindiskyldan eins og hún hefur verið notuð undanfarin ár þjóni tilgangi sínum. Hún er óeðlilega há eða mun vera nú um 13%. Henni er ætlað að hafa þau áhrif að draga úr þenslu í efnahagslífinu, en ég velti þeirri spurningu fyrir mér hvort hún virkar ekki þveröfugt. Er hún ekki einfaldlega verðbólguhvetjandi? Erlendis er bindiskylda innlánsstofnana mun minni, t.d. oft um 3% eða jafnvel sums staðar engin.

Þá langar mig til að benda á þá breytingu sem lögð er til á 9. gr. seðlabankalaganna samkvæmt frv., en þar er skotið inn orðunum „hóflegir og". Reyndar gat ég um það í upphafi máls míns að ég tel ekki líklegt að þessi smávægilega orðalagsbreyting muni skila nokkrum árangri.

Að lokum varðandi seðlabankafrv. eru gerðar breytingar á 41. gr. seðlabankalaganna um viðurlög. Þar er lagt til að ¾ hlutar viðurlaga, t.d. vegna þess að bankar hafa ekki sinnt lausafjárskyldum sínum gagnvart Seðlabankanum eða bindiskylduákvæðinu sé ekki fullnægt, skuli renna í ríkissjóð. Um þetta var mjög deilt í nefndinni. Fulltrúar Seðlabankans töldu að ef ætti að skapa frið um þetta mikilvæga hagstjórnartæki sem þeir telja að viðurlög sem þessi séu og það var ekki talið unnt að finna neina aðra leið til að hafa eftirlit með bönkunum og öðrum peningastofnunum um að þær sinni þessari lagaskyldu, þá væri þetta ásættanlegt. Ég leyfi mér þó að vara mjög við að viðurlög af þessu tagi verði gerð að tekjustofni fyrir ríkissjóð.

Með leyfi virðulegs forseta langar mig til að fjalla einnig um frv. til l. um sparisjóði og viðskiptabanka

því að það er ákaflega lítið sem ég hef í raun og veru um þau frumvörp að segja. Það mundi spara tíma ef ég lyki máli mínu hvað varðar þau atriði þegar við umræðuna um frv. til l. um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands.

Í frv. til l. um sparisjóði og viðskiptabanka, sem eru 242. og 244. mál þingsins, er aðalatriðið að stjórnir sparisjóða og bankaráð viðskiptabanka eiga að hafa meiri áhrif á ákvörðun um vexti og þjónustugjöld viðkomandi peningastofnana. Þessi breyting er mjög umdeild og sýnist sitt hverjum um ágæti hennar.

Varðandi sparisjóðina hafa fulltrúar stjórnar Landssambands sparisjóða komið þeim ábendingum á framfæri að stjórn Landssambands sparisjóða hefur yfirleitt hingað til haft hönd í bagga um slíkar ákvarðanir. Töldu þeir í raun óþarfa að vera að breyta lögum um sparisjóðina í þá veru sem lagt er til með frv. því að það muni ekki breyta neinu. Stjórn Landssambands sparisjóða muni eftir sem áður vera sá aðili sem verði mótandi hvað varðar vexti og þjónustugjöld sparisjóðanna. Þeir töldu að þær breytingar sem eru lagðar til á lögum nr. 87/1985 um sparisjóði séu óþarfar eða í besta falli meinlausar.

Hvað varðar breytingu á lögum um viðskiptabankana sem snertir valdsvið bankaráða, þá eru meiri deilur uppi um ágæti þeirrar hugmyndar. Flestir bankamenn telja hana til óþurftar og telja að það sé erfitt að koma því við að bankaráð komi nægilega oft saman til að taka slíkar ákvarðanir sem varða vexti og þjónustugjöld banka. Hins vegar hefur sú skoðun heyrst að það sé í raun ekkert því til fyrirstöðu að þegar bankastjórnin hafi gert tillögur um þjónustugjöld og vexti og væntanlega látið vélrita þær á kannski 2–3 síðum megi líma þær inn í fundagerðabók bankaráðanna og þannig formlega samþykkja þær af hálfu bankaráðanna. Annars tel ég ekkert óeðlilegt að bankaráðsmenn hafi þær skyldur og þá ábyrgð að hlutast til um stefnu banka í gjaldtöku vegna ýmissar þjónustu sem veitt er viðskiptavinum hans, en ég sé mætavel erfiðleika sem eru því samfara að fela bankaráðsmönnunum þetta verkefni sem hingað til hefur verið í höndum bankastjórnarinnar.

Ég verð þó að taka fram að í ljósi þess sem kemur fram í álitinu um óhóflegan vaxtamun í bankakerfinu er sjálfsagt að leita allra leiða til að minnka vaxtamuninn. Því miður verð ég þó að telja að þær leiðir sem hér eru farnar séu lítt líklegar til að ná niður vaxtamuninum og skapa hér eðlilega bankaþjónustu og eðlilegt umhverfi peningastofnana eins og við þekkjum það í nágrannalöndunum.

Frsm. 3. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Sú kratarós er rauðust í barmi hæstv. viðskrh. að hann sé sérstakur talsmaður þess að aukið frjálsræði sé í viðskiptum hér á landi, að hann vilji beita sér fyrir því að íslenskur fjármagnsmarkaður verði nútímalegri og hann telji eðlilegt að við beitum öllum ráðum til að reyna að laða erlent fjármagn til landsins. Hæstv. viðskrh. hefur m.a. verið sérstakur talsmaður þess að reynt sé að fá erlenda banka til að kaupa hlutabréf ríkissjóðs í Útvegsbanka Íslands. Hæstv. viðskrh. hefur oftar en ekki í þessum stóli áminnt ýmsa þingmenn deildarinnar um að þeir hafi mjög afturhaldssöm sjónarmið í bankamálum og talið sig andstæðu þessara manna. Það gefur sérstakt tilefni til að spyrja hæstv. viðskrh. þeirrar spurningar hvort þau frumvörp sem hann hefur nú verið að leggja fram í deildinni, frv. um Seðlabanka og frv. um viðskiptabankana, frv. um sparisjóði, séu spor í þá átt að hans mati að gera íslenskt bankakerfi aðgengilegra og svipaðra því sem er í helstu nágranna- og viðskiptalöndum okkar, hvort hann telji að með þessu sé stigið skref sem auki frjálsræði á hinum íslenska fjármagnsmarkaði, hvort hann telji að þessi frumvörp muni auðvelda viðskipti manna á meðal, hvort hann telji að þessi frumvörp stefni að því að gera bönkum auðveldara en ekki að gegna þeirri þjónustu sem ætlast er til að bankar gegni, hvort hann telji að með þessum lögum sé verið að draga úr vaxtamun í bankakerfinu. Ég hygg mjög fróðlegt að fá svar við þessu.

Ég hef stundum hrifist af mælsku hæstv. viðskrh. þegar hann lýsir þeirri framtíðarmynd sem hann er að draga upp um hvernig hann vill hafa íslenska fjármagnsmarkaðinn. Ég þori ekki að fara með það, herra forseti, hvort hann hafi tilnefnt einhverja sérstaka erlenda banka sem hann óski framar öðrum að fá hingað til landsins, en hitt er ljóst að hann telur sig sérstakan baráttumann þeirrar stefnu. Auðvitað gerir hæstv. viðskrh. sér ljóst að hann getur ekki laðað hingað erlenda bankastarfsemi nema starfsumhverfi bankanna sé með þeim hætti að verki aðlaðandi fyrir hina erlendu bankamenn. Það er nauðsynlegt að þessi skoðun viðskrh. komi fram í þinginu til þess að maður geti áttað sig á því hvert sé markmið hans með þessum frumvörpum. Það auðveldar kannski að reyna að gera sér grein fyrir stjórnarstefnunni ef maður fengi ofboðlitlar upplýsingar um þetta efni.

Í Vísbendingu birtist fyrir skömmu athyglisverð grein eftir dr. Guðmund Magnússon prófessor, sem sæti á í bankaráði Seðlabanka Íslands, um það frv. sem hér er til umræðu. Rétt er að taka fram að skoðanir og sjónarmið hans eru auðvitað á hans eigin ábyrgð, persónuleg sjónarmið hans en ekki Seðlabankans eða bankaráðs. Í þessari grein segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Árið 1988 er liðið. Birtist hin bersýnilega hönd ríkisvaldsins og krefst skattlagningar á eigin fé.

Ég á við ákvæði í frv. til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands þess efnis að ¾ hlutar af innheimtum viðurlögum sem innheimt eru vegna þess að bankar og sparisjóðir hafa ekki fullnægt reglum um lausafjárskyldu skuli renna í ríkissjóð.

Í grg. með frv. er upplýst að viðurlög sem innheimt voru á árinu 1988 hafi numið samtals 335,8 millj. kr. Af þessari fjárhæð munu því samkvæmt frv. 251,8 millj. kr. renna í ríkissjóð.

Þar sem þessar tekjur eru nánast orðnar hluti af eigin fé bankans og hann er hluti af ríkisvaldinu er það í rauninni að skattleggja sjálft sig.

Allir eru sammála um að gera verði tilteknar kröfur til banka og sparisjóða um eigið fé og rekstraröryggi, enda er kveðið á um það í lögum og reglugerð.

Það er hlutverk bankaeftirlitsins að fylgjast með því að eftir settum reglum sé farið. Seðlabankanum er falin yfirstjórn peningamála í veigamiklum atriðum. Hann ákveður vexti af viðskiptum sínum við almennar lánastofnanir, setur reglur um lausafjárhlutfall og ákveður með samþykki ráðherra hve mikið af innlánum þeirra skuli binda í Seðlabankanum. Um þessa þætti í stjórn peningamála er eðlilega meira deilt.

Sumir stjórnmálamenn virðast sjá sér hag í því að ala á þeim misskilningi að Seðlabanki og ríkissjóður séu sitt hvað. Í reynd eru skilin milli þeirra óglögg í mörgum löndum. Það er jafnvel til í dæminu að rekstrarafgangur seðlabanka renni beint í ríkissjóð og ríkissjóður greiði síðan tap ef verður.

Mér sýnast einnig mörkin ríkissjóðs hafa verið teygjanleg hér á landi. Þegar Útvegsbanki Íslands átti í erfiðleikum átti hann innhlaup í Seðlabankann en nýtt hlutafé til hins nýja hlutafélagsbanka kom úr ríkissjóði.

Það er sérstaklega broslegt þegar fram koma hugmyndir um að leysa efnahagsvanda ríkissjóðs með skattlagningu á tekjur af yfirdrætti ríkissjóðs í Seðlabankanum eða á aðrar sértekjur hans eins og innheimt viðurlög. Í fyrra tilvikinu væri ríkissjóður að útvega sér afslátt á vöxtum til að fela raunverulegan kostnað við hallarekstur. Í báðum tilvikum er verið að útþynna stjórn peningamála eins og nánar mun vikið að.

Rétt er að taka fram að Seðlabanki Íslands greiðir skatt samkvæmt gildandi lögum. Sá skattur mun lækka nokkuð við hið nýja sérgjald.

Dr. Þorvaldur Gylfason prófessor fjallaði nýlega um sjálfstæði Seðlabanka hér í Vísbendingu. Eins og þar kemur fram er Seðlabankanum skylt lögum samkvæmt að sjá til þess að stefna ríkisstjórnarinnar nái fram að ganga ef ágreiningur verður. Æskilegt er að stefnan í fjármálum og peningamálum sé sem mest samstiga. Skynsamleg stjórn peningamála krefst þess þó iðulega að bæði peningastofnunum og ríkissjóði sé veitt aðhald. Það getur verið tilgangslaust að herða að lánastofnunum ef ríkissjóður leikur lausum hala í Seðlabankanum. Við þessu er reynt að sporna í lögum með því að kveða svo á um að ríkissjóður skuli gera upp skuld sína í lok hvers árs innan þriggja mánaða með fé sem fengið er utan bankans. Sveiflurnar eru hins vegar svo snöggar í okkar þjóðfélagi og breytilegar innan ársins að þetta er ekki nægilegt aðhald.

Hins vegar getur það stundum verið skynsamleg stjórnarstefna að slaka á í peningamálum en herða að í ríkisfjármálum og öfugt, allt eftir því hvaða þjóðfélagslegum markmiðum á að ná. Aðalatriðið er að stefnan sé sjálfri sér samkvæm í framkvæmd, en á því vill oft verða misbrestur.

Það að gera viðurlög Seðlabankans að féþúfu er að útþynna stjórn peningamála því að hver efast um að ríkissjóður eyði því fé sem hann fær með þessu móti? Og hvað gerist þá? Peningarnir streyma út í þjóðfélagið og lausafjárkvöðin verður ekki jafnvirk og að var stefnt.

Ég tel að auka þurfi sjálfstæði Seðlabankans í framkvæmd peningamálastefnu hér á landi. Hugmyndir ýmissa ráðamanna virðast ganga í andstæða átt."

Enn fremur segir í þessari grein, með leyfi hæstv. forseta:

„Hér á landi gefa ákvarðanir um bindiskyldu og lausafjárskyldu innlánsstofnana frekar vísbendingu um peningamálastefnuna en ákvörðun forvaxta. Það er sennilega bæði af sögulegum ástæðum þar sem bindiskyldan hefur skipt mestu máli vegna þess að oft er erfitt að átta sig á hvað eru vextir eða verðbætur og tölur um forvexti eru ekki birtar á áberandi hátt. Þess vegna er mikilvægt að þessum stjórntækjum sé beitt með markvissum og áberandi hætti. Það getur verið mikil jafnvægislist að velja á milli breytinga á bindiskyldu og lausafjárkvöð."

Ég sá, herra forseti, ástæðu til að rifja upp nokkur atriði í þessari grein þar sem ég veit að hæstv. viðskrh. hefur veitt henni mikla athygli þegar hún birtist í Vísbendingu og væri fróðlegt að fá að heyra hver séu sjónarmið hans varðandi þau atriði sem dr. Guðmundur Magnússon prófessor vekur svo eftirminnilega athygli á. Ljóst er af því frv. sem hér er til umræðu að viðskrh. er á gagnstæðri skoðun við prófessorinn. Það er deginum ljósara, það er morgunljóst, og kannski ekkert við því að segja. Við erum með vinstri stjórn í landinu núna sem eins og aðrar stjórnir af þeim toga hefur tilhneigingu til þess að fara fremur aftur á bak en fram á við varðandi nútímaleg viðhorf í viðskiptaháttum og peningamálum varðandi bankastarfsemi almennt. Má segja að ríkisstjórnin hafi þess vegna ekki svikið neinn lit.

Ég mun, herra forseti, fara stuttlega yfir nál. 3. minni hl. fjh.- og viðskn. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Frv. þetta ber sama yfirbragð og önnur þau frv. sem ríkisstjórnin hefur lagt fram um banka- og peningamál á þessu þingi. Það horfir til fortíðarinnar og miðar að því að færa skipan bankamála langt aftur í tímann. Köld hönd miðstýringarinnar á að koma í staðinn fyrir það frjálsræði sem hér hefur verið að þróast á peningamarkaðnum og verið að leita sér að eðlilegum farvegi. 1. mgr. 1. gr. frv. felur í sér breytta skilgreiningu á lausu fé innlánsstofnana þannig að aftur verði horfið til þeirra reglna sem giltu fram til síðustu áramóta. Fyrir því má færa viss peningapólitísk rök, en á hinn bóginn hefur ekki verið sýnt fram á knýjandi nauðsyn breytingarinnar. Þyngra vegur að ríkisstjórnin þóttist bæta stöðu þeirra banka sem þjóna útflutningsstarfsemi með frvgr. og sagðist hafa það að markmiði með breytingunni. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fjh.- og viðskn. hefur í höndum m.a. frá Landsbanka Íslands, liggur fyrir að breytingin yrði ekki til hagsbóta fyrir þá banka sem þjóna

útflutningsgreinunum; „sé það haft að leiðarljósi verður að gera frekari breytingar", segir í umsögn Landsbanka Íslands um frvgr."

Iðnaðarbanki Íslands gerir þetta sérstaka markmið ríkisstjórnarinnar einnig að umtalsefni og segir m.a. um það atriði að flestir muni þeirrar skoðunar að Seðlabankinn eigi ekki að stunda lánsfjármiðlun. Það sé hlutverk lánastofnana. Iðnaðarbankinn minnir á að horfið hafi verið frá slíku að mestu fyrir nokkrum árum þegar endurkaupum Seðlabankans á afurðalánum var hætt og virtist víðtæk samstaða vera um að hætta því. Síðan segir í áliti Iðnaðarbanka Íslands, með leyfi hæstvirts á að vera óhætt að segja hvor sem í stólnum er forsetanna: „Því kemur mjög á óvart að í samþykkt ríkisstjórnarinnar, dags. 6. febrúar sl., um peninga- og vaxtamál skuli vera boðaðar breyttar reglur um bindi- og lausafjárskyldu sem „koma bönkum sem þjóna útflutningsgreinum til góða", en í sömu setningu fullyrt að hinar breyttu reglur muni „jafna starfsskilyrði innlánsstofnana". „Þetta er augljóslega ósamrýmanlegt. Mismunun getur ekki falið í sér jöfnuð", segir í áliti Iðnaðarbanka Íslands. — Og enn fremur, með leyfi hæstv. forseta: „Frá sjónarhóli lánastofnunar sem þjónar iðnaði, bæði útflutningsiðnaði og samkeppnisiðnaði, verður ekki séð að efni standi til að gera upp á milli aðila í atvinnurekstri eftir því hvort um er að ræða gjaldeyrisjafnandi eða gjaldeyrissparandi starfsemi. Slíkt átti að vera liðin tíð. Hugmyndir þær sem uppi eru um að velja úr vissa þætti ráðstöfunarfjár banka og sparisjóða til viðbótar við innlánsfé til þess að stækka grunn bindingarinnar eru hvorki réttlætanlegar út frá hagstjórnarsjónarmiðum né sanngirnissjónarmiðum", segir í áliti frá Iðnaðarbanka Íslands.

Ég spyr frsm. fjh.- og viðskn. hvort meiri hl. nefndarinnar hafi fallist á það sjónarmið ríkisstjórnarinnar að rétt sé að haga bindingu í Seðlabankanum með þeim hætti að sé til góða þeim bönkum sem þjóna útflutningsgreinum og ef meiri hl. nefndarinnar er þeirrar skoðunar að það sé heilbrigt og eðlilegt markmið er um leið nauðsynlegt að fá upplýst hvort meiri hl. nefndarinnar telur að fullyrðingar t.a.m. Landsbanka Íslands um þau efni séu út í hött og ekki sannleikanum samkvæmt.

Það er alls ekki nýtt að spurt sé um tilgang laganna. Auðvitað hlýtur Alþingi að velta því fyrir sér hver sé tilgangurinn með þessari lagasetningu. Má raunar líka spyrja hæstv. viðskrh. þeirrar sömu spurningar: Er hann þeirrar skoðunar að Landsbanki Íslands reikni skakkt og að breytingin á bindiskyldunni eins og gert er ráð fyrir henni í frv. sé þrátt fyrir allt þeim bönkum til góða sem þjóna útflutningsgreinum eða er ríkisstjórnin fallin frá þessu markmiði? Var markmiðið kannski aldrei sett fram í raun og veru heldur sýndu bara einhverjir bráðabirgðaútreikningar í Seðlabankanum að svo virtist sem þessi breyting gæti orðið þeim bönkum til góða sem þjóna útflutningsgreinunum og þess vegna hafi setning þar að lútandi verið sett inn í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar bara upp á punt af því að þótti fara vel á því?

Það var sagt um gamlan karl í Kelduhverfinu einu sinni þegar hann var að ganga til fjár, hann var Benjamínsson ef ég man rétt, og steig öðrum fætinum ofan í skurð og bleytti sig, en gat auðveldlega klofað yfir. Hann var spurður hvernig hefði staðið á því að hann hefði stigið öðrum fætinum ofan í lækinn. Það stóð svo á spori, sagði karlinn. Það getur vel verið að það hafi staðið þannig á spori að ríkisstjórnin hafi talið rétt að setja þetta markmið fram úr því að það virtist svo sem hún gæti staðið við markmiðið eftir þeim bráðabirgðareikningum sem Seðlabankinn hafði gert.

Það er búið að setja á fót sérstakan Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina og það er líka búið að setja á fót sérstakan hlutabréfasjóð til að hjálpa útflutningsgreinum. Að vísu bendir margt til þess að útflutningsgreinarnar tapi jafnt og þétt. Það stendur nú upp á ríkisstjórnina að svara verkalýðshreyfingunni því hvernig ríkisstjórnin ætli að bregðast við í vor þegar peningarnir í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins verða búnir. Kennarar eru búnir að samþykkja að fara í verkfall. Þeir eru búnir að samþykkja það líka, lögfræðingar og ýmsir aðrir sérfræðingar í þjónustu ríkisins. Þeir treysta ríkisstjórninni ekki til að standa á verðinum, búast við því að geta sótt hnefa í sjóðinn. En það er hik á verkalýðshreyfingunni sjálfri á hinum almenna vinnumarkaði. Þar er meira hik. Fólkið úti á landi er ekki alveg öruggt um hvað ríkisstjórnin ætli sér. Bráðabirgðasamningar sem virtust vera í höfn nú fyrir dymbilviku stranda á því að ríkisstjórnin er ekki reiðubúin að lofa verkalýðshreyfingunni neinu öðru en því að það sé sjálfsagt að setja meira og strangara verðlagsaðhald á atvinnureksturinn í landinu. Nú er ríkisstjórnin búin að hækka allt hjá sér. Sumt hækkaði hún á jólaföstu, annað hækkaði hún um áramótin, sumt í febrúar, sumt í mars, annað í apríl. Þeir í ríkisstjórninni hafa verið að fella gengið svona einu sinni í mánuði. Ég hygg að það hafi enginn viðskrh. í sögu þjóðarinnar fellt gengið jafnoft og þessi hæstv. viðskrh. síðan hann varð viðskrh. í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar. Fjórum sinnum er hann búinn að fella gengið. Svo spyr verkalýðshreyfingin hann að því hvernig eigi að bregðast við í maímánuði þegar peningarnir í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins verði búnir. Menn spyrja að því hvort eigi að greiða meira niður af uppsöfnuðum söluskatti. Það væri fróðlegt að fá að vita hvað hæstv. viðskrh. segir um það. Gerir hann ráð fyrir að þessi frumvörp gagni sem eru eiginlega mjög gamaldags og ef þau gera eitthvað gera þau bölvun? Finnst honum meiri þörf á því að vera að dunda við lagasmíð af þessu tagi en hinu að snúa sér að því að koma atvinnulífinu á réttan kjöl?

Hvað skyldu þeir segja, svo að ég taki annað dæmi, t.d. verkalýðsleiðtogar sem styðja þessa ríkisstjórn? Ég held að forsrh. hafi verið að hrósa sér af því að laun í landinu hafi hækkað um 0,66% í febrúarmánuði, 1,25% mun það vera ef heill mánuður er tekinn. Meira hafa launin ekki hækkað síðan 1. júní. En á sama tíma hefur verðbólgan haldið alveg linnulaust

áfram og ég hygg að það sé gert ráð fyrir að lánskjaravísitalan hækki um 2% næst, 2,4 eða 2,6% fyrir síðasta mánuð. Við erum að tala um það að verðbólgan hér á landi sé um eða yfir 30% á sama tíma og laun hafa ekki hækkað í landinu síðan 1. júní og þessi hæstv. viðskrh. taldi í septembermánuði að þetta væri svo sem allt í lagi. Það þyrfti ekkert að hreyfa gengi krónunnar. Atvinnuvegirnir væru vel haldnir og það þyrfti engar sérstakar ráðstafanir að gera, allt væri í besta lagi, allt í besta lagi. En núna í dymbilvikunni þegar sjómennirnir, verkamennirnir, verkakonurnar spyrja: Hvernig á að standa að atvinnufyrirtækjunum sem við vinnum hjá þegar kemur fram á vorið? er ekkert svar heldur dundað við marklaus frumvörp sem horfa til fortíðarinnar, gersamlega marklaus, litlaus frumvörp. Það er reisn yfir Alþingi núna. Það er reisn yfir íslenskri þjóð og íslenskri ríkisstjórn.

Mér er sagt að þeir hafi loksins komið í verk um síðustu helgi að skipa stjórn í hlutabréfasjóðnum. Þá er sumt af fólkinu, t.d. á Ólafsfirði, sem bíður eftir þessum sjóði, búið að vera atvinnulaust í 6½ mánuð, m.ö.o. hefur ekki fengið atvinnuleysisbætur í hálfan mánuð og fær ekki atvinnuleysisbætur fyrr en frystihúsin taka aftur til starfa. Þegar fulltrúar Ólafsfirðinga komu til fundar við hv. alþm. sögðu þeir þingmenn sem fylgdu ríkisstjórninni að það þýddi ekkert um þetta að tala fyrr en væri búið að mynda hlutabréfasjóðinn og skipa stjórn. Það liggur ekkert fyrir í dag um hvenær þessi stjórn fær að taka ákvarðanir, hvenær dugi að leggja einstök málefni fyrir stjórn sjóðsins. Þetta fólk má þess vegna halda áfram að vera atvinnulaust. Það er allt í besta lagi. Það liggur bókstaflega ekki nokkurn skapaðan hlut á, ekkert á, að menn geti vænst þess úti á landi að þeir fái eitthvað að vita um hvernig ríkisstjórnin ætlar að standa að útflutningsatvinnuvegunum. En á sama tíma og grafarþögnin ríkir um það er komið með eitthvert puntfrumvarp hingað inn og sagt: Við erum að breyta bindiskyldunni fyrir þá banka sem eru með útflutningsgreinarnar á sínum snærum. Mun þetta greiða fyrir því hjá þessum bönkun að þeir geti sinnt útflutningsgreinunum? Í hverju kemur það fram að þessir bankar hafi rýmri hendur til að lána afurðalánin, til að koma til móts við sjávarútveginn? Auðvitað eru þetta orðaleppar. Það er ekki einu sinni að orðaleppar nir séu svo fallegir að þeir verðskuldi orðið orðakonfekt. Það er ekki einu sinni að hlustarmunnarnir geti smjattað á orðakonfektinu heldur minnir það á vínberin sem búið er að setja blásýruna í.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um að 1. mgr. 1. gr. frv. hefur ekki verið rökstudd, nauðsyn þeirrar breytingar, né sýnt fram á ágæti hennar. Ég geri ráð fyrir að það sé eins um þessa reglu og marga aðra sem sett er um innlánsbindingu að það velti á framkvæmdinni hvernig reynist. Þess vegna skal ég ekki endilega segja að þessi regla sé verri en sú sem nú er í lögum. En það hefur ekki verið sýnt fram á að hún skipti máli. Að því leyti sem hæstv. ríkisstjórn hefur talið hana skipta máli hefur verið sannreynt að það er úr lausu lofti gripið. Það er því engin ástæða til að samþykkja 1. mgr. 1. gr.

2. mgr. 1. gr. frv. sé ég að hefur líka vaknað til lífsins í brtt. alveg orðrétt, en það má segja að breytingartillagnablaðið sé myndarlegra þegar þetta er prentað upp. 2. mgr. skiptir engu máli. Það sem verið er að tala um er sú viðtekna regla sem er í bönkunum. Það er allt í besta lagi að segja já við 2. mgr. 1. gr. frv., en það skiptir bara engu máli hvort þetta er lögfest eða ekki. Það er kjarni málsins eftir þeim upplýsingum sem ég hef um þessi efni.

Ég vil þá gera 2. gr. frv. að umræðuefni. Það er laukrétt, sem hv. 7. þm. Reykn. sagði áðan, að breytingarnar á 2. mgr. 9. gr. laganna eru auðvitað einskis virði. Ég vakti rækilega athygli á þessu í minni framsöguræðu og ég gerði það einu sinni að gamni mínu að spyrja einn af þeim hagfræðingum sem komu á fund nefndarinnar hvort honum fyndist að orðið „hóflegir" í því samhengi sem þar er skýrði merkinguna og gerði hana gleggri og greinilegri eins og hæstv. viðskrh. vildi halda fram. Málsgr. er þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Seðlabankinn getur að fengnu samþykki ráðherra bundið vaxtaákvarðanir innlánsstofnana takmörkunum til að tryggja að raunvextir útlána innlánsstofnana verði hóflegir og eigi hærri en þeir eru að jafnaði í helstu viðskiptalöndum Íslendinga svo og til að draga úr óhæfilegum vaxtamun milli inn- og útlána að teknu tilliti til annarra tekna innlánsstofnana."

„Hóflegir". Ég var að reyna að skerpa málvitundina í gærkvöld til að reyna að skilja betur hvaða þýðingu orðið „hóflegir" hefur með því að lesa Heiðarvígasögu. En ekki hjálpaði það mér mikið. Það væri raunar fróðlegt og skemmtilegt að fá meira um hvernig orðið „hóflegur" sé skýrt (**Gripið fram í:** Þú verður að fara í Biblíuna.) markandi. Ég verð að fara í Biblíuna, já. Það má vera að Biblían kenni mönnum það. Ég held að langskemmtilegast væri fyrir ráðherrann að draga þessa brtt. til baka og vera ekkert að þessu. Auðvitað er efnisbreyting á þessari lagagrein. Ef menn eru sáttir við lagagreinina eins og hún er í lögunum getur maður alveg eins sagt já eins og nei við þessari breytingu, hvort heldur sem er. Það skiptir engu máli.

Hitt er annað mál að 3. og 4. gr. eru annars eðlis. Í nál. segir svo um það efni:

„Í 3. og 4. gr. frv. er gert ráð fyrir því að 75% þeirra viðurlaga, sem Seðlabankanum er heimilt að beita gagnvart innlánsstofnunum, renni í ríkissjóð. Í umsögn Landsbanka Íslands er spurt hvort líta beri á viðurlögin sem skatt og vakin athygli á að slík skattheimta sé byggð á ótraustum grunni og æskilegt væri að leitað yrði álits sérfróðra manna þar um. Auðvitað er Seðlabankinn hluti af ríkisvaldinu og ríkið með þessu í rauninni að skattleggja sjálft sig, sem myndrænt liti út eins og það væri að éta skottið á sjálfu sér og hygðist nærast af því."

Ég er andvígur þessu ákvæði. Eins og við vitum er í lögunum um Seðlabanka gert ráð fyrir að helmingur af hagnaði hans renni í ríkissjóð og þetta þýðir þá að

af þessum viðurlögum fara ekki ¾ heldur ⅞. 12½% verður eftir hjá ríkissjóði. ⅞ munu þá fara í ríkissjóðinn af viðurlögunum.

Menn hafa verið að tala um að það sé háleitt og gott markmið að reyna að draga úr vaxtamun í ríkisbönkunum og þá er vakin athygli á því að bindiféð í Seðlabankanum hefur verið með lágum vöxtum. Auðvitað mætti hugsa sér það, ef menn vilja á annað borð draga úr vaxtamuninum, að þessu refsifé yrði skilað til baka til bankakerfisins í heild og með því að reyna að borga hærri vexti af bindifénu en 2% ofan á verðtryggingu eins og nú er. Það gefur tilefni til að spyrja hæstv. viðskrh. hvort það sé rétt, sem nefndinni var sagt, að bindiféð sé með 2% vöxtum á þessu ári. Sú yfirlýsing var gefin í Seðlabankanum af nefndinni. Væri nauðsynlegt að fá það fram. (**Viðskrh.:** Svarið er já.) Svarið er já. Það er gott að vita það, en spurning er líka hvort ekki komi til greina að greiða hærri vexti. Hann var að tala um það áðan, hv. 7. þm. Reykn., að vaxtamunur væri hér á landi 8%. Kannski má finna margar formúlur fyrir vaxtamun í bönkum. Aðrir vilja halda því fram að vaxtamunurinn liggi innan við 5% nú og hafi jafnvel farið innan við 4%. Það er líka laukrétt, sem sá hv. þm. sagði, að bankarnir voru reknir með góðum hagnaði sl. ár þó svo sá hagnaður dugi í flestum tilvikum ekki til þess að bankarnir haldi óbreyttri eiginfjárstöðu samkvæmt skilningi laganna. En á þessu ári hefur það snúist við. Bankarnir hafa verið reknir með miklum halla á þessu ári, m.a. vegna skiptikjarareikninganna, vegna þess að það hafa verið gerðar tilraunir til þess að halda nafnvöxtum niðri núna meðan verðbólgan hefur leikið lausum hala. Verðbólgan hér á landi hefur verið í kringum 30% og ekkert lát á.

Það eru ekki aðeins við í þingsölum sem brosa að þessari peningavatnsleysu ríkisstjórnarinnar sem lýsir sér í 3. og 4. gr., þessari sjálfrennandi lind. Eins og menn heyrðu áðan gerði dr. Guðmundur Magnússon prófessor líka góðlátlegt grín að þessari ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Ég vek athygli á því að með því að færa peningana með þessum hætti úr Seðlabanka inn í ríkissjóð er verið að vinna á móti bindiskyldunni vegna þess að ríkissjóður geymir ekki fé. Ríkissjóður eyðir fénu þannig að með þessum hætti er Seðlabankinn að vinna á móti markmiðum sjálfs sín.

Af hverju eru viðurlögin sett? Viðurlögin eru sett vegna þess að bankarnir brjóta reglur Seðlabankans því að Seðlabankinn er að reyna að hafa stjórn á peningamálunum í landinu. Seðlabankinn er m.ö.o. að reyna að hafa hemil á því peningamagni sem er í umferð. Síðan kemur ríkisstjórnin, tekur peningana sem í viðurlögunum felast og eyðir þeim. Þannig vinnur þetta ákvæði á móti þeim tilgangi sem öðrum þræði liggur á bak við ákvörðunina um bindingu innlánsfjár bankastofnana.

En eins og ég sagði var ég á móti þessu ákvæði og ég er sammála Landsbanka Íslands um að grunnurinn fyrir þessari skattheimtu er ótraustur. Bankaráð Landsbankans gengur meira að segja svo langt að það beinir því til nefndarinnar að leita álits um það atriði, en svo hljóðar athugasemd Landsbanka Íslands um þetta atriði, með leyfi hæstv. forseta:

„Ákvæði 3. og 4. gr. frv. gera ráð fyrir að innheimt viðurlög sem Seðlabanka er heimilt að beita gagnvart innlánsstofnunum renni að ¾ hlutum í ríkissjóð. Þetta fyrirkomulag vekur þá spurningu hvort líta beri á viðurlögin sem skatt. Verði það niðurstaðan er hins vegar ljóst að skattlagningin byggir á ótraustum grunni. Landsbankinn telur æskilegt að hv. þingnefnd leiti álits sérfróðra aðila um þetta atriði."

Ég verð fyrst að segja að ég var fjarverandi á nokkrum fundum í fjh.- og viðskn. og er því ekki kunnugt um hvort nefndin varð við þessari ábendingu, en taldi á hinn bóginn ástæðulaust að nota það sem ástæðu til þess að málið gæti ekki komið hér fyrir. Auðvitað er hægurinn á í Nd. að fá álit sérfróðra manna um þetta atriði. Ég tel ótvírætt að skattlagningin byggi á svo ótraustum grunni að hann standist ekki þá lagavenju sem er um skattlagningu af þessu tagi og sé mjög hæpið fordæmi svo að ekki sé meira sagt. En ég vil spyrja frsm. meiri hl. nefndarinnar hvort meiri hl. hafi gengið úr skugga um það með því að ræða við sérfróða menn hvort ákvæðið standist í skattalegu tilliti. (**Viðskrh.:** Landhelgisbrotin eru líka ótraustur skattstofn.) Landhelgisbrotið er ótraustur skattstofn, segir hæstv. ráðherra, en það er ekki skattstofn, það eru sektir. Mig minnir að þær sektir renni ekki í ríkissjóð. (**Viðskrh.:** Þær renna í ríkissjóð.) Er það víst? Það er rétt að fletta því upp. Mig minnir að það renni í sérstakan sjóð. (Gripið fram í.) Ég skal kynna mér þetta fyrir 3. umr. og við skulum ræða það. (Gripið fram í.) Ég er ekki alveg viss um það. (**Viðskrh.:** Þótt það rynni í Landhelgissjóð mun það engu breyta.) Kannski það renni í Landhelgissjóð. Mig minnir það. Það væri kannski rétt að athuga það. Hann er varðveittur þar, en um hann eru sérstök lög.

Þessar sektir renna sem sagt í Seðlabankann. Síðan er það ríkissjóður sem tekur þegar í stað til sín ¾ og spurningin er hvort þetta sé eðlileg skattheimta. Mér finnst þetta óeðlileg skattheimta og er ekki einn um þá skoðun. En ég þykist vita að hæstv. ráðherra finnist þetta eðlilegt. Að öðrum kosti mundi hann ekki koma með þessa uppástungu, enda er nú orðið fátt sem ekki er skattlagt hér á landi.

Viðskrh. var að minnast á guðsorð. Það er ugglaust rétt hjá honum að guðsorð er enn ekki skattlagt: Grimmdarfrost um borg og bý/ blöskrar manna kyni./ Frýs nú allt nema orð guðs í/ Einari Jochumssyni, var einu sinni sagt. Það á kannski hugsa sér að það sé eins um skattheimtuna að einungis orð guðs sé ekki skattheimt lengur í þessari ríkisstjórn.

Enn segir í nál. 3. minni hl.: „Brtt. 1. minni hl. nefndarinnar bera glögg höfundareinkenni ríkisstjórnarinnar. Þar er lagt til að Seðlabankanum sé skylt að láta sömu reglur gilda um verðbréfasjóði og bundna reikninga innlánsstofnana í Seðlabanka Íslands með kaupskyldu á öruggum verðbréfum. Í umsögn Seðlabanka Íslands kemur fram að hann

telur ekki einsýnt að bindiskyldu eða samsvarandi kvöðum beri ávallt að beita gagnvart verðbréfasjóðum eins og innlánsstofnunum heldur verði það að vera matsatriði eftir aðstæðum á hverjum tíma. Þá sé ekki vitað til að bindiskyldu sé beitt gagnvart verðbréfasjóðum erlendis enda þótt í nokkrum löndum virðist vera til staðar sá lagalegi möguleiki að grípa til hennar ef það væri talið æskilegt á einhverjum tíma. Bent er á að kaupskylda sé nú þegar til staðar í bráðabirgðalögum frá sl. vori og lagt til að ákvæðið verði í heimildarformi."

Ég veit ekki hvort það er mikið meira um þetta að segja. Það er erfitt að átta sig á því hvað nákvæmlega vakir fyrir hæstv. viðskrh. Ég hygg að hann sé mér sammála um að ýmsir verðbréfasjóðir hafi nú þegar þann hátt á sinni ávöxtun að þeir reyni að kaupa örugg verðbréf að einhverjum ákveðnum hluta. Ég hygg að það sé hægt að tala við Kaupþing og Fjárfestingarfélagið og þá komi í ljós að báðir þessir aðilar telji sér tryggara að kaupa örugg verðbréf að verulegum hluta. Ég átta mig ekki alveg á hvaða hugsun liggur á bak við þessa brtt. hjá hæstv. viðskrh. og vildi gjarnan fá um það nánari upplýsingar. Hvað hugsar hann sér t.d. að þessi kaupskylda sé há og mikil og hverju er hann að breyta með þessu? Það væri fróðlegt að fá um það að vita. En það er alveg greinilegt að Seðlabankinn sér ekki tilganginn á bak við þessa lagasetningu og telur eðlilegt að lagagreinin sé í heimildarformi. Það má kannski segja að það hefði ekki tekið langan tíma að bera fram brtt. við þessa grein og má vera að það verði gert þannig að hún sé í því horfi sem Seðlabankinn telur rétt og eðlilegt. En það er eins með þetta og svo margt annað sem nú er verið að tala um. Ríkisstjórnin ber ekki hlutina undir einn né neinn. Mér er t.d. sagt í sambandi við það frv. sem borið var fram til breytingar á lögum um tekjuskattinn í sambandi við húsbréfin að það hafi ekki verið haft samband við ríkisskattstjóra. Ég veit að það var svo í sambandi við það frv. sem lagt var fram í sambandi við viðskiptabankana að það var ekki haft samband við Samband viðskiptabanka. Þetta á allt saman að verða til hjá þessum fáu útvöldu, þessum guðs útvöldu sem allt vita og allt skilja. En svo þegar kemur út í raunveruleikann kemur fljótt í ljós að þeir menn sem vinna við hlutina og bera ábyrgð á þeim gera sér ekki grein fyrir því hvað fyrir ríkisstjórninni vakir og þess vegna er það jafnoft þegar farið er að tala um hlutina að tillögugerðin og frumvarpsgerðin er ýmist algerlega óþörf eða á misskilningi byggð.

Við 9. gr. seðlabankalaganna flytur meiri hl. brtt. sem óhjákvæmilegt er að gera nokkuð að umtalsefni og má kannski segja að sé það sem maður á erfiðast með að skilja að hæstv. viðskrh. skuli beita sér fyrir þegar hann er búinn að tala svona mikið um það aukna frjálsræði sem hann vill beita sér fyrir í bankakerfinu og á peningamarkaðnum og þegar hann er að tala um að hann vilji búa íslenskan peningamarkað undir að geta staðist samkeppni við erlendar peningastofnanir og erlendan peningamarkað. Þessi grein hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hafi Seðlabanki Íslands hlutast til um vexti hjá innlánsstofnunum á grundvelli þessarar greinar getur bankinn, meðan sú íhlutun varir, að fengnu samþykki ráðherra, bundið ávöxtunarkröfur og annað endurgjald fyrir fjármagn í viðskiptum eignarleigufyrirtækja, verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða takmörkunum sem miðast við hliðstæða áhættuflokka. Setur Seðlabankinn um það nánari reglur." Svo mörg eru þau orð og nú þykir mikils við þurfa.

Áður segir í 9. gr., með leyfi hæstv. forseta: „Seðlabankinn ákveður vexti af innlánum við bankann og af lánum sem hann veitir. Seðlabankinn getur að fengnu samþykki ráðherra bundið vaxtaákvarðanir innlánsstofnana takmörkunum til að tryggja að raunvextir útlána innlánsstofnana verði eigi hærri en þeir eru að jafnaði í helstu viðskiptalöndum Íslands, svo og til að draga úr óhæfilegum vaxtamun milli inn- og útlána." Svo mörg voru þau orð.

Nú á að bæta við að hið sama skuli gilda um venjuleg viðskiptabréf. Þetta vekur margar spurningar. Í fyrsta lagi held ég að allir séu sammála mér um það að hæstv. viðskrh. dytti ekki í hug að bera fram brtt. þessa efnis nema hann væri ráðinn í að beita 2. mgr. 9. gr. laganna, að ráðherrann sé þegar búinn að taka ákvörðun um að binda vaxtaákvarðanir innlánsstofnana takmörkunum. Hér stendur: „ ... til að tryggja að raunvextir útlána innlánsstofnana verði eigi hærri en þeir eru að jafnaði í helstu viðskiptalöndum Íslands."

Nú vil ég spyrja hæstv. viðskrh.: Er það svo að hann sé ráðinn í því að beita þessum ákvæðum? Er hæstv. viðskrh. ráðinn í því að taka það kerfi upp á nýjan leik að Seðlabankinn eigi að ákveða vexti innlánsstofnana? Og er hæstv. viðskrh. ráðinn í því til viðbótar og telur hæstv. viðskrh. sér nauðsynlegt að ganga svo langt að Seðlabankinn skuli hlutast til um vexti í viðskiptum eignarleigufyrirtækja, verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða? Og ef svarið er já er spurning hvað fyrir hæstv. ráðherra vakir. Er hann að velta því fyrir sér að almenn innlán í bönkum eigi ekki að ná verðbólgunni, ávöxtun almennra innlána í bönkum og sparisjóðum eigi ekki að ná verðbólgunni eins og hann hefur gefið sínum bankaráðsmönnum fyrirmæli um að beita sér fyrir í ríkisbönkunum? Það liggur alveg fyrir að svo áratugum skiptir hefur það ekki komið fyrir eins og núna að ráðherrar hafi kallað inn á teppið til sín þingkjörna menn í bankaráðum til að segja þeim hvað þeir megi gera og hvað þeir megi ekki gera, að kalla inn á teppið til sín þessa þingkjörnu menn til að segja þeim að þeir eigi ekki að standa vörð um hagsmuni þeirra stofnana sem Alþingi hefur kjörið þá til að gæta hagsmuna fyrir. Og af hverju er það sem þessir aumingja menn hafa ekki getað staðið vörð um hagsmunina? (**Viðskrh.:** Þetta hlýtur að hafa snúist við hjá þingmanninum.) Af hverju er það sem þeir hafa ekki getað staðið vörð um hagsmuni bankanna? Vegna þess að ríkisstjórnin hefur hækkað skattana svo að verðbólgan hér keyrir um þverbak á sama tíma og laun standa í stað (**Viðskrh.:** Þú hlýtur að hafa mismælt þig.) á sama tíma og búið er að hækka skatta svo að verðbólgan er í kringum 30%. Og svo segir hæstv. forsrh.: Ég er á móti vísitölu. Það er það nýjasta

sem hann sagði í blöðunum núna. Ég man ekki í hvaða blaði það var. (**Gripið fram í:** Tímanum.) Var það í Tímanum? Ég er á móti vísitölunni. Það er eins og smiðurinn segi: Ég er á móti tommustokknum. Það er eins og saumakonan segi: Ég vil ekki málband. Forsrh. er á móti vísitölunum. Og hvað ætlar forsrh. að vinna með því að vera á móti vísitölum? Getur hæstv. viðskrh. útskýrt það? Meðan hæstv. viðskrh. var í síðustu ríkisstjórn var hann einhvern tíma lengi að tala um að vísitölur væru mælieining, mælitæki. Menn geti áttað sig á vísitölunum. Með því að lesa vísitölurnar, þá getur maður lesið á barómet. (**Viðskrh.:** Forsrh. treystir á smiðsauga sitt.) Forsrh. treystir á smiðsaugað. Er komið svo? Þykir ríkisstjórninni svo komið nú að hægt sé að leggja lánskjaravísitöluna niður? Er hæstv. viðskrh. sammála forsrh. um að það eigi að leggja lánskjaravísitöluna niður? (**Viðskrh.:** Ég á tommustokk.) Vill hæstv. viðskrh. ekki svara því? (Gripið fram í.) Ég átta mig ekki alveg á hvers vegna forseti vakti athygli á sér. Kannski er það vegna þess að hæstv. forseti skilur ekki hvernig hægt sé að koma tommustokk við í sambandi við lánskjaravísitöluna. Annars fer það bráðum að verða svo eins og verðbólgan er að hækka og lánskjaravísitalan að maður þurfi að fara að beita tommustokki til að mæla vöxtinn á línuritunum. Já, viðskrh. vill ekki svara þessu með lánskjaravísitöluna.

Það væri fróðlegt þá og kannski nauðsynlegt, herra forseti, að fá hæstv. forsrh. hingað úr því að viðskrh. vill ekki segja já eða nei við þessu svo að hægt sé að spyrja hæstv. forsrh. að því hvort það sé stefna ríkisstjórnarinnar að afnema lánskjaravísitöluna. Væri hægt að gera ráðstafanir til að ná í hæstv. forsrh.? (**Forseti:** Ég gef ekki hæstv. viðskrh. orðið meðan hv. 2. þm. Norðurl. e. er í ræðustól.) Hæstv. viðskrh. gaf sér orðið sjálfur og sagði tommustokkur. Ég óska eftir því að fá hæstv. forsrh. hingað til þess að hægt sé að spyrja hann þeirrar spurningar hvort hann sé og ríkisstjórn hans á móti vísitölunni, hvort hann sé á móti lánskjaravísitölunni og hvort hugmynd hans sé þá að fella lánskjaravísitöluna niður, hvort á bak við þær breytingar sem standa í þessum lagagreinum sé kannski sú staðfasta ákvörðun þessara ráðherra beggja að gefa út fyrirmæli um að ekki megi ávaxta fé með lánskjaravísitölu né heldur lána með lánskjaravísitölu. Ég óska eftir svari við því hvort viðskrh. ætli að beita og sé staðráðinn í því nú þegar að beita 9. gr. seðlabankalaganna þannig að ákvörðunarvaldið um vexti af innlánum í bönkum verði tekið af bönkunum sjálfum og ekki nóg með það heldur eigi hið sama að gilda um eignarleigufyrirtæki, verðbréfafyrirtæki og verðbréfasjóði.

Mig langar að velta upp þeirri spurningu í sambandi við þessa brtt.: Hugsar viðskrh. sér það að þetta eigi að gilda um þriðja manns pappíra? Er það hugmynd hans? Á þetta að gilda um öll verðbréf? Og hvernig var þetta í umræðunum um húsbréfin sem eiga öllu að bjarga? Mér skilst að nú sé hugmyndin að þeir menn sem ekki fái nema 1½ millj. að láni samkvæmt núgildandi lögum eigi að fá 3½ milljón í húsbréfum og mér skilst að Seðlabankinn ætli sér að innleysa húsbréfin öll fyrir fólkið og Húsnæðisstofnun, það verði sett sérstakt gengi á húsbréfin sem Seðlabankinn og Húsnæðisstofnun ákveði og ef þau setja gengi á húsbréfin þýðir það það að þau eru reiðubúin að kaupa húsbréfin, annars er það marklaust. Er það hugmyndin að þessi ákvörðun Seðlabankans nái einnig til þess? Er það hugmynd hæstv. viðskrh. að ríkissjóður megi bjóða 7% vexti ofan á verðtryggingu en bankarnir eigi kannski að vera með öfuga raunvexti? Er það hugmyndin? Hver er vaxtapólitík viðskrh.? Hvað á viðskrh. við með öllum þessum látum? Finnst honum ávöxtun í bönkum landsins vera of mikil? Hvað hugsar hann? Öfuga raunvexti, vill hann það? Eða er kannski hugmynd viðskrh. með þessu að greiða fyrir almennum viðskiptum og notkun slíkra pappíra sem hér um ræðir?

Ég held, herra forseti, að nauðsynlegt sé að lesa upp úr plaggi sem fjh.- og viðskn. fékk frá Seðlabankanum varðandi þetta atriði. Ég man ekki eftir því áður að hafa fengið minnisblað frá Seðlabankanum eftir að fulltrúar hans hafa gengið á fund fjh.- og viðskn. En það gerðist í þetta skipti. Og ég tel nauðsynlegt að fram komi í þingtíðindum, orðrétt, það sem Seðlabankinn hefur að segja um íhlutun um vaxtaákvarðanir. En um það segir í þessari upprifjun Seðlabankans:

„Á fund nefndarinnar mættu Geir Hallgrímsson seðlabankastjóri og Eiríkur Guðnason aðstoðarbankastjóri.

Frv. um breytingu á lögum um Seðlabankann felur í sér breytingu á 9. gr. Til umræðu er tillaga um viðbótarmálsgrein í 9. gr. sem verði 3. mgr. og fjalli m.a. um ávöxtunarkröfur verðbréfafyrirtækja. Í heild yrði þá 9. gr. seðlabankalaganna svona (breytingar frá núgildandi lögum eru undirstrikaðar):

„Seðlabankinn ákveður vexti af innlánum við bankann og af lánum sem hann veitir. Seðlabankinn getur að fengnu samþykki ráðherra bundið vaxtaákvarðanir innlánsstofnana takmörkunum til að tryggja að raunvextir útlána innlánsstofnana verði hóflegir og eigi hærri en þeir eru að jafnaði í helstu viðskiptalöndum Íslendinga svo og til að draga úr óhæfilegum vaxtamun milli inn- og útlána að teknu tilliti til annarra tekna innlánsstofnana.

Hafi Seðlabanki Íslands hlutast til um vexti hjá innlánsstofnunum á grundvelli þessarar greinar getur bankinn, meðan sú íhlutun varir, að fengnu samþykki ráðherra, bundið ávöxtunarkröfur og annað endurgjald fyrir fjármagn í viðskiptum eignarleigufyrirtækja, verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða takmörkunum sem miðast við hliðstæða áhættuflokka. Setur Seðlabankinn um það nánari reglur. Ákvarðanir Seðlabankans skv. 2. mgr. skulu birtar í Lögbirtingablaði."

Síðan kemur orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Álit fulltrúa Seðlabankans var á þá leið að ekki væri ljóst með hvaða hætti unnt sé að setja reglur sem um er fjallað í 3. mgr., né hvernig mætti fylgja þeim

eftir svo hald sé í. Sé sett hámark á ávöxtun í verðbréfaviðskiptum jafngildir það því að sett sé lágmark á verð þessara fjármuna. Ekki er þó fjarri lagi að álykta að til samræmis þurfi að setja lágmark á verð annarra fjármuna sem ganga kaupum og sölum, svo sem notaðra bifreiða o.fl. Bent var á að svona ákvæði um viðskipti með verðbréf geti leitt til niðurstöðu sem væri beinlínis í andstöðu við markmiðið, sé markmiðið það að lækka fjármagnskostnað. Áhrifin af þessu gætu nefnilega orðið annars vegar þau að draga úr sparnaði í formi verðbréfakaupa sem leitt getur til hækkunar vaxta. Í stað fjárfestingar í verðbréfum mundi fólk m.a. velja fasteignir eða lausafjármuni. Í öðru lagi geta áhrifin orðið þau að færa verðbréfaviðskipti út á „skúmaskotamarkaðinn", en síðustu ár hafa þau einmitt komist upp á yfirborðið hér á landi sem víðast annars staðar. Síðustu ár hefur verið reynt að skapa hér á landi skilyrði fyrir heilbrigðum verðbréfaviðskiptum fyrir opnum tjöldum. Umrætt ákvæði mundi eyða slíkum möguleikum og spilla t.d. fyrir starfsemi Verðbréfaþings Íslands og öðrum markaðsviðskiptum með verðbréf, þar á meðal húsbréfum og verðbréfum Atvinnutryggingarsjóðs. Einnig hefur verið bent á nauðsyn þess að auka eigið fé fyrirtækja og koma í því skyni á fót öflugum markaði fyrir hlutabréf, m.a. á Verðbréfaþingi. Ekki verður annað séð en að tillagan um 3. mgr. komi einnig í veg fyrir það."

Hæstv. forseti. Það er ekki undarlegt þótt hæstv. viðskrh. gangi út á meðan verið er að lesa upp úr þessu áliti Seðlabanka Íslands. Það er heldur ekki undarlegt að meiri hl. nefndarinnar, framsögumaður nefndarinnar og formaður nefndarinnar, skuli bæði hverfa á braut á meðan verið er að lesa upp það sem Seðlabankinn hefur um þessi mál að segja. Ég man ekki eftir því í þeim umræðum sem ég hef hlýtt á hér á Alþingi, né man ég eftir því annars staðar, að fulltrúar Seðlabanka hafi gert jafngóðlátlegt og raunar beitt grín, til skiptis, að ríkisstjórn eins og Seðlabankinn gerir í þessu máli, m.a. þegar hann líkir þessari nýju reglu við það að þetta sé ámóta og að Seðlabankanum sé ætlað að setja reglur um það hversu mikið menn megi fá fyrir notaðar bifreiðar ef þeir vilja á annað borð bjóða þær til kaups úti á hinum almenna markaði.

Ég bað um það, hæstv. forseti, að hæstv. forsrh. kæmi hér. Mig langar að spyrja hæstv. forsrh. einnar spurningar. Ég sé að fulltrúi Framsfl., sem er framsögumaður nefndarinnar, er ekki hér inni í deildinni og ég átta mig ekki á því svona í fljótu bragði — það fer að vísu ekki mikið fyrir framsóknarmönnum þessa síðustu daga, þessum sérstöku sjálfskipuðu fulltrúum dreifbýlisins, og ekki von á því að þeir vilji vera mikið á mannþingum eins og búið er að sauma að landsbyggðinni. (**Forseti:** Ég vil vekja athygli hv. þm. á því að forsrh. er ekki í húsinu og mun vera að fylgja forseta Íslands út á flugvöll.)

Sjá nú hvað ég er beinaber,
brjóstin visin og fölar kinnar.
Eldsteyptu lýsa hraunin hér
hörðum búsifjum ævi minnar.
Kóróna mín er kaldur snjár,
klömbrur hafísa mitt aðsetur.
Þrautir mínar í þúsund ár
þekkir guð einn og talið getur.

Þannig sá Bólu-Hjálmar fyrir sér fjallkonuna fyrir 115 árum. Það minnir svolítið á það hvernig er að búa úti á landi núna. Það er kalt þar núna. Það er ekki aðeins að snjórinn sé mikill. Það er ekki aðeins að þetta aumingja fólk verði að hlusta á það úti á landi að ríkisstjórnin nenni svo sem ekkert að hyggja að því þótt þar sé atvinnuleysi. Virðulegir prófessorar við Háskóla Íslands koma í sjónvarpsþætti og gera lítið úr atvinnuöryggi þessa aumingja fólks á sama tíma og fiskafli er að dragast saman í landinu. Og menn sjá ekki fram á það í heilu byggðarlögunum hvernig eigi að standa að því að viðhalda þó því litla sem eftir er af atvinnuöryggginu. Ég veit ekki hvort ég á að minna t.d. á það sem var að gerast á Þórshöfn. Þar var verið að selja burtu skipið sem aflar hráefnis fyrir frystihúsið þar. Og það er ekki að sjá að þeir Þórshafnarbúar geti haldið þeim togara sem eftir er. Hvað verður þá um þá þar? Hvar á það að vinna, það verkafólk sem þar er? Það verður ekki tekið á málum þess fyrsta kastið, svo mikið er víst. Og þetta er ekki bara svona á Þórshöfn. Það er ekki bara svona þar.

En það má kannski einu gilda, herra forseti, hvort náð sé í einhvern af þingmönnum Framsfl. til þess að reyna að spyrja þá út úr hvaða skoðun þeir hafi á einu eða öðru núna, þessir óbreyttu þingmenn. Það er auðvitað bara til að ergja þá og ergja sjálfan sig.

Fyrst þegar ég kynntist vinnubrögðum á Alþingi datt engri þingnefnd í hug að vera að kalla á einhvern fulltrúa ráðherra til þess að útskýra frumvörp. Það kom ekki fyrir. Þingmenn þóttust ekkert þurfa á þeirra fyrirsögn að halda. Nú er málið þannig breytt að það sitja yfir manni fulltrúar frá ráðuneytunum lon og don. Og ef maður spyr um hvað eitthvað þýði er hringt upp í ráðuneyti og beðið um mann ráðherrans, Umba. Og svo kemur Umbi niðureftir og hann segir okkur hvernig eigi að skilja þetta og hvernig eigi að skilja hitt. Og þingið veit ekki nokkurn skapaðan hlut. Það er ekki aðeins að það sé lágt risið á strjálbýlinu, það er líka lágt risið á þessari stofnun hér eins og verið er að nota hana, þegar fleygt er inn illa unnum frv. og menn mega ekki skoða þau með eðlilegum hætti. Og fyrirlitningin er svo mikil að það er ekki enn búið að afgreiða lánsfjárlög. Það mætti kannski segja að það kæmi ekki að sök ef atvinnulífið í landinu hefði verið með eðlilegum hætti á sl. ári og fyrirtækin væru nokkurn veginn sjálfbjarga. En að geta ekki komið frá sér lánsfjárlögum fyrr en í dymbilviku, í öðru eins árferði og nú er, og með þeim hætti stöðvað afgreiðslu úr sjóðunum er auðvitað makalaust.

Síðasta grein frv., ég hef ekki athugað það sérstaklega en ég hygg að eins sé um þá grein eins og er í samsvarandi grein í frv. um viðskiptabanka, að hún

er illa unnin. Það þarf eflaust að breyta fleiri ákvæðum í lögum um Seðlabanka ef þetta á að verða að lögum. Ég geri ráð fyrir því að það sé eins en auðvitað þýðir ekkert að vera að hafa orð á því þótt lagasetningin sé vond og ill. (**Viðskrh.:** Þessi lagasetning er samin í Seðlabankanum.) Hún er samin í Seðlabankanum, segir hæstv. viðskrh. Eru það meðmæli frá hæstv. viðskrh.? (**Viðskrh.:** Það er bara þingmönnum til fróðleiks.) Ég veit ekki hvort það eru meðmæli. Ja, ég tek það ekki alvarlega og er alveg reiðubúinn að fella greinina. Hún skiptir auðvitað engu máli. Það er bara leiðinlegt að vinnubrögðin skuli ekki vera vandaðri en þetta.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði fellt í heild. Þær greinar sem hafa efnisinnihald horfa til verri vegar. Aðrar greinar skipta svo sem engu máli og gefa ekki tilefni til þess að breyta lögum um Seðlabanka Íslands.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Gagnstætt þeim tveimur hv. ræðumönnum sem hér töluðu síðast ætla ég að lýsa yfir stuðningi við meginefni frv. Þar sem ég á aðeins áheyrnaraðild að fjh.- og viðskn. þessarar deildar ætla ég í örfáum orðum að lýsa viðhorfum okkar til þess.

Með þeim reglum um lágmark eða meðaltal lauss fjár sem bönkum ber ætíð að hafa yfir að ráða skv. 1. gr. er verið að setja kvaðir á banka og innlánsstofnanir sem geta komið misjafnlega niður á þeim. Í raun og veru er aðeins verið að breyta til þess sem var á síðasta ári. Tilgang breytinganna tel ég góðan og nauðsynlegan, en auðvitað skiptir mestu máli hvernig bönkum tekst að aðlaga sig að þeim breytingum og hvernig til tekst með framkvæmd þeirra. En það sem er auðvitað allra mikilvægast er að koma á stöðugleika, bæði á fjármagnsmarkaðnum og í efnahagslífinu, þannig að ekki þurfi stöðugt að vera að grípa til stjórntækja sem geta komið misjafnlega niður á stofnunum eða fyrirtækjum sem eru rétt búin að aðlaga sig breyttum aðstæðum vegna nýorðinna breytinga, en sú var einmitt raunin í þessu tilviki.

Seinni hluti 1. gr. sem fjallar um bindiskyldu verðbréfasjóða og verðbréfafyrirtækja sem var áður sérstök grein í frv. til laga um verðbréfasjóði og verðbréfafyrirtæki en var tekin út úr því frv. og sett hér inn í frv. til seðlabankalaga í staðinn er mjög umdeildur. Það var fjallað töluvert um það atriði í fjh.- og viðskn. beggja deilda og í seinni deildinni var það síðan tekið út en sett síðan aftur inn í lagafrv. sem við höfum hér til meðferðar nú.

Það er vissulega rétt að starfsemi innlánsstofnana annars vegar og verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða hins vegar er ekki að öllu leyti sambærileg og því eru margir þeirrar skoðunar að þetta ákvæði um bindiskyldu verðbréfasjóða og verðbréfafyrirtækja vinni gegn því markmiði að hin ýmsu fyrirtæki á fjármagnsmarkaði sitji við sama borð. Seðlabankinn er bakhjarl innlánsstofnana. Þær eiga aðgang að honum um fyrirgreiðslu og geta fengið þar aðstoð og hafa yfirdráttarheimildir samkvæmt ákveðnum reglum, og þannig er í raun ríkisábyrgð á þeirra starfsemi. Það er hins vegar ekki sjálfgefið að verðbréfasjóðir og verðbréfafyrirtæki njóti slíkrar verndar og í rauninni væri eðlilegt að setja um það ákvæði að ef þessi fyrirtæki eru látin sæta bindiskyldu þá njóti þau einnig sambærilegra réttinda á við aðrar innlánsstofnanir.

Ég vil aðeins lýsa því, vegna þess að hv. þingkona Kristín Halldórsdóttir gerði fyrirvara varðandi þessa grein í Nd. þegar það var til umfjöllunar varðandi verðbréfasjóð og verðbréfafyrirtæki, að ég tel að heimildarákvæðið um bindiskyldu hefði orðið ásættanlegra fyrir alla aðila og mundi eftir sem áður hafa gegnt því hlutverki að vera nokkurs konar stíflugarður eins og ætlunin var. Ég hef þó enga sérstaka samúð með verðbréfafyrirtækjum og verðbréfasjóðum og þykist vita að margir muni meta öryggi bankanna fram yfir hugsanlega hagnaðarvon hjá verðbréfasjóðum. Get ég því fyrir mitt leyti fallist á þetta ákvæði með þeim fyrirvara um skyldur og réttindi slíkra fyrirtækja sem ég hef nú lýst. Þessi starfsemi er til orðin, hún býður upp á ákveðna kosti og er að mörgu leyti gagnleg.

Þá vil ég einnig taka undir efni 2. gr. um heimild Seðlabanka til að hafa áhrif á vaxtaákvarðanir. Hér er verið að árétta heimild Seðlabankans til að veita aðhald í vaxtamálum. Á því er að sönnu full þörf að mínu mati nú á tímum þar sem vextir og annar fjármagnskostnaður eru að velta um koll bæði heimilum og fyrirtækjum.

Um seinni hluta greinarinnar eru margir sem til þekkja fullir efasemda að hún sé framkvæmanleg, þ.e. að það sama gildi um ávöxtunarkröfur og annað endurgjald fyrir fjármagn í viðskiptum eignarleigufyrirtækja, verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða. Sjálf hef ég ekki mikla þekkingu á þessari starfsemi beint þannig að ég get ekki fullyrt um það og hlýt því að gera ákveðinn fyrirvara um þann þátt greinarinnar einnig.

Um aðrar greinar frv. og brtt. við þær ætla ég ekki að fjölyrða. Kvennalistinn getur fallist á það sem í þeim kemur fram. Það hefði e.t.v. verið ærin ástæða samt til að taka upp umræðu um bankamálin almennt. Ég ætla ekki að verja tíma til þess nú, en vildi samt taka undir þær athugasemdir sem fram komu í máli hv. 7. þm. Reykn. og 2. þm. Norðurl. e. um stöðu atvinnuveganna í samanburði við stöðu bankanna. Ég vil einnig benda á að það eru ekki einasta fyrirtækin sem standa höllum fæti. Við virðumst lifa á einhvers konar áratugi gjaldþrotanna þar sem jafnvel heimilin, mikilvægasta grunneining þjóðfélagsins, standa veikar en nokkru sinni fyrr, að ekki sé minnst á þá upplausn og óhamingju sem fylgir í kjölfarið hjá einstaklingum og fjölskyldum. Það væri fróðlegt að heyra, og ítreka ég þær spurningar sem hv. 7. þm. Reykn. bar fram áðan, heyra frá hæstv. viðskrh. hvort hann kunni á því einhverja haldbæra skýringu hvernig er komið fyrir heimilum og fyrirtækjum á þessu mesta blómaskeiði bankanna á Íslandi. Ég held

að það sé mál sem hlýtur að þurfa að taka til mjög alvarlegrar skoðunar og reyna að finna lausnir. E.t.v. eru þeir sem nú starfa í bönkunum miklu betri fagmenn við að reka fyrirtæki en allir aðrir. Getur það verið skýring eða er um að ræða það að bankarnir taki þjónustugjöld í stórum stíl af okkur öllum sem verður til þess að koma mörgum á kné? Það væri mjög fróðlegt að heyra hvort ráðamenn hæstv. ríkisstjórnar hafi á því einhverjar haldbærar skýringar hvernig þessum málum er nú komið.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Það mætti segja að núv. ríkisstjórn eigi afmæli þessa dagana. Hún er að verða hálfs árs, alveg um það. Ríkisstjórn félagshyggju og jafnréttis var mynduð m.a. til að hefta þenslu bankakerfisins, minnka fjármagnskostnað fyrirtækja. Manni hefur fundist að ýmislegt í starfi ríkisstjórnarinnar hafi tekist á undanförnum mánuðum, á þessu hálfa ári sem hún er búin að starfa, þar til nú hina síðustu daga að svo virðist sem hlutirnir séu að fara nokkuð á annan veg. Í fjölmiðlum hafa undanfarna daga birst hver fréttin á fætur annarri um að bankakerfið sé að skila stórkostlegum gróða á sama tíma og atvinnuvegirnir, sem okkar ríkisstjórn var mynduð til að styrkja og jafnvel bjarga úr þeirri stöðu sem þeir voru í í haust, halda áfram að tapa.

Ég er með úrklippur úr blaði okkar allra landsmanna, Morgunblaðinu, frá því fyrir helgi, fréttir frá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis þar sem gróði þess fyrirtækis er sagður yfir 30 milljónir. Hagnaður Iðnaðarbankans er sagður tæplega 140 milljónir. Og í dag heldur Morgunblaðið áfram að birta fréttir um stöðu bankanna. Þar er sagt að hagnaður Verslunarbankans sé rúmar 90 milljónir og að eigið fé hafi aukist um 56% á árinu. Þarna kemur fyrirtæki sem sýnir alveg öfuga afkomu miðað við það sem okkur hefur verið sagt að fyrirtækin í sjávarútvegi hafi sýnt, þ.e. þarna er fyrirtæki sem eykur eiginfjárstöðu sína um 56% á sama tíma og okkur er sagt að sjávarútvegsfyrirtæki séu að tapa helmingi sinnar eiginfjárstöðu. Getur verið að þetta sé arfur liðins árs meira en það að hægt sé að segja og stilla þessu heim og saman við aðgerðir núv. ríkisstjórnar? Ég vona að svo sé, að það sé verið að breyta um stefnu með þeim frv. sem hér er verið að fjalla um og ríkisstjórnin er að vinna að að koma í gegnum þingið. Vissulega eru nokkrar efasemdir um að svo sé, en áður en að einhver reynsla er komin af því ætla ég ekki að hafa þau orð um að þau frv. sem hér eru séu ekki á betri veg í sambandi við að styrkja stöðu atvinnuveganna og að bankarnir verði notaðir sem sérstök tæki til að skerða stöðu undirstöðuatvinnuveganna.

Ég taldi rétt nú á hálfs árs afmæli ríkisstjórnarinnar að minna á þetta, benda á þessar fréttir sem fjölmiðlarnir eru að færa okkur, fréttir sem eru að koma út frá aðalfundum þessara stofnana. Ég þori ekki alveg að fara með tölur í sambandi við gróða Landsbankans, en mig minnir að þar séu tölurnar eitthvað í kringum 200 milljónir. (**Viðskrh.:** 117.) Nú, það eru 117, þá hef ég þarna áætlað heldur mikið. (**GHG:** Er það Landsbankinn?) Landsbankinn. En á sama tíma er maður svo aftur að frétta til viðbótar því sem ég hef nefnt hér áður og margrætt er í sambandi við sjávarútveginn að hjá afurðastöðvum bændanna, sem héldu fund fyrir skömmu, sé allt á sömu bókina lært og í sjávarútveginum. (**EgJ:** Bændur eiga engar afurðastöðvar.) Eru það ekki sameignarfyrirtæki bænda ýmsar afurðastöðvar eins og Sláturfélagið, kannski ekki á Austfjörðum, en það er í eigu kaupfélaganna og eru það ekki bændur sem standa að kaupfélögunum aðallega? Það eru þó alla vega stöðvar sem bændur nota og hafa viðskipti við þó að það sé hægt kannski að deila um eignarréttinn. Þar er bullandi halli, nefnd jafnvel hundruð milljóna í halla. Og um óskabarn margra Íslendinga, sérstaklega framsóknarmanna, Sambandið, hafa verið gefnar upp stórar tölur og allt á sömu bókina lært. Vonandi er þetta að færast á annan veg undir ríkisstjórn félagshyggju og jafnréttis þó að enn sjáist þess ekki mikil merki.

Það var haldinn fundur í Osta- og smjörsölunni og arfurinn frá síðasta ári þar var rúmlega 25 milljóna tap út af gjaldþrotum. Út af almennri rekstrarstöðu fyrirtækja í þjóðfélaginu þurfti það fyrirtæki að taka á sig 25 milljóna kr. tap.

En það er fleira í blöðunum upp á síðkastið. Í Morgunblaðinu er í dag frétt um að forvextir víxla muni hækka í dag um 4% og fyrirsögnin í þeirri frétt er að lánskjaravísitala mælist nú 27,6% af verðbólguhraða. Ég var að hringja niður í Þjóðhagsstofnun áðan og ætlaði að fá upplýsingar um hvernig staðan hefði verið miðsumars í fyrra eða jafnvel í lok ágúst, en þeir höfðu svo mikið að gera í Þjóðhagsstofnun að ég hef ekki fengið enn þá þessar upplýsingar þannig að ég get ekki farið með það til samanburðar hver staðan var þegar verðstöðvun var sett á á liðnu sumri. En hver sem sú tala hefur verið er það mjög uggvænlegt ef þróunin er á þann veg að við séum með um og yfir jafnvel 30% verðbólgu.

En það eru fleiri fréttir í Morgunblaðinu. M.a. er viðtal við hæstv. forsrh. Steingrím Hermannsson. Fyrirsögnin í þeirri frétt er sú að hæstv. forsrh. vilji afnema verðtryggingu. Hann segir að það hafi komið sér nokkuð á óvart hve verðbólgan sé mikil og haft er eftir honum, með leyfi forseta: „Það sem hér hefur farið úrskeiðis er verðbólguholskeflan sem hefur dunið yfir í miklu ríkari mæli en mér hafði verið talin trú um.“ (Gripið fram í.) Þetta hefur Morgunblaðið eftir hæstv. forsrh. (**Gripið fram í:** Það er alltaf verið að blaðra.) (**GHG:** Það tekur því ekki að vitna í hann.) Ja, það væri kannski rétt að spyrja hæstv. viðskrh. Mér þykir nú miður að minn ráðherra í deildinni skuli ekki vera hér þannig að það væri hægt að spjalla við hann líka, en spyr viðskrh. um hvort ástandið sé svo hjá fleiri ráðherrum að þeim hafi verið sagðar ýmsar sögur sem nú sé að koma í ljós að séu ekki sannleikanum samkvæmar og hvort ekki sé meiri rökfesta og fyrirframvissa og nokkurt öryggi um hvernig hlutirnir séu og hvað hlutir séu að gerast

innan okkar ágætu ríkisstjórnar félagshyggju og jafnréttis.

En það er fleira í þessu viðtali. (**Gripið fram í:** Þeir flykkjast inn ráðherrarnir.) Það er gott að kemur inn flokksmaður minn. (**KP:** Þeir eru komnir þrír í deildina.) Það er fleira sem kemur fram í þessu viðtali, með leyfi forseta, en ég skal taka fram að það er ekki alveg innan gæsalappa — jú, það er innan gæsalappa hjá Morgunblaðinu svo það er beint haft eftir hæstv. forsrh. Það er verið að tala um þá þróun sem á sér stað í þjóðfélaginu, þessa verðhækkunarskriðu. Hæstv. forsrh. segir við Morgunblaðið: „Þar að auki eru bankarnir mjög óhagkvæmir og illa reknar einingar." (**GHG:** Segir hver?) Hæstv. forsrh. (**GHG:** Og þeir stórgræða bankarnir.) „Ég sannfærist betur og betur um réttmæti þess sem einn Norðmaður sagði við mig úti", trúlega núna á EFTA-fundinum, „hvernig í ósköpunum getið þið verið með minnkandi sjávarafla, minnkandi þjóðartekjur og verðtryggt fjármagn?" sagði Steingrímur. „Og það í verðbólgu. Þetta gengur einfaldlega ekki upp. Ætli bankar og sjóðir hafi ekki grætt eitthvað á annan milljarð hér á síðasta ári á meðan allir aðrir eru á hausnum. Ég er kominn á þá skoðun", segir hæstv. forsrh., „að það verði að afnema verðtryggingu." (**GHG:** Hvers vegna gerir hann það ekki í skjóli ríkisstjórnarinnar?) Ég ætla, hv. þm., að spyrja hæstv. viðskrh. hvort hann sé á sömu skoðun og hæstv. forsrh. er að túlka í Morgunblaðinu (**KP:** Spurðu hv. 14. þm. Reykv.) og hvernig þessi staða sé í ríkisstjórninni, hvort hæstv. forsrh. sé að tala þarna í nafni ríkisstjórnarinnar. (**VS:** Hver er skoðun ræðumanns á þessu?) Það er kannski rétt, áður en ég svara hv. skrifara um það, að fá að heyra stefnu ríkisstjórnar vegna þess að ég er mjög traustur stuðningsmaður ríkisstjórnarinnar.

Hér hefur verið rætt nokkuð um þann þátt í þessu frv. að ríkissjóður skuli fá viðurlagasektir, að viðurlagasektir Seðlabankans skuli renna í ríkissjóð. Maður fer að hugsa út í það, þegar þetta ákvæði er sett og á að setja í lög, hvort bankarnir, þá jafnt Seðlabankinn sem aðrir, telji þá eftir sem áður, og þá sérstaklega Seðlabankinn, nauðsynlegt að bankinn sé rekinn með svipuðum gróða áfram og hann hefur verið rekinn undanfarið? Þýðir þetta ekki þá, ef á að láta þennan tekjustofn Seðlabankans renna í ríkissjóð, að þessi stofnun verður enn þá meira þenslugerandi en hún hefur verið hingað til? Er ekki þarna á einum stað enn þá verið að auka þensluleiðirnar í þjóðfélaginu?

Áður en ég lýk máli mínu vil ég enn á ný benda á þá þróun sem er í þjóðfélaginu, þessa verðbólguholskeflu sem yfir okkur er að ganga. Ég tel að aðalorsök þessarar holskeflu sé ekki að bankarnir séu illa reknir eða eitthvað það sem hæstv. forsrh. segir, mikið frekar hitt að þjóðfélagið er svo illa rekið að undirstöðuatvinnuvegirnir eru reknir með halla. Á meðan svo er hlýtur það að vera mjög þenslugerandi í þjóðfélaginu þegar undirstöðuatvinnuvegirnir, aðalatvinnuvegir þjóðarinnar verða að sækja meira fjármagn í bankakerfið, í veltuna, en þeir geta aflað sér. Á meðan þannig er haldið á málum að rekstrargrundvöllur undirstöðuatvinnuveganna er ekki tryggður hljótum við að búa við áframhaldandi verðbólguþróun eins og hún er og eins og hún hefur verið á undanförnum missirum.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir að ég skuli fá tækifæri til að segja nokkur orð. með nokkrar spurningar fyrir utan ákveðnar vangaveltur um stöðu mála. Ég skal ekki gera þetta að umræðu sem færi fram með þeim hætti að hér hæfust upp miklar deilur um þetta frv. Það gefur tilefni til þess að vísu. En hvað sem því viðvíkur skal ég ekki fara út í þá sálma nema að mjög takmörkuðu leyti.

Það sem mér finnst skipta höfuðmáli þegar maður skoðar þetta frv. til breytinga á lögum um Seðlabanka Íslands er það að reyna að gera sér grein fyrir því hvert frv. stefnir í meginatriðum. Ég held að það hafi verið rétt skilið hjá hv. þm. Danfríði Skarphéðinsdóttur, 6. þm. Vesturl., að þetta frv. stefnir í miðstýringu. Það stefnir í áttina að þeim sósíalisma sem sumar kvennalistakonur vilja stefna að. Þær gera það að vísu ekki allar sem betur fer. Það er alveg rétt skilið hjá henni að frv. fullnægir þeim gömlu sósíalisku markmiðum að reyna að stýra öllu, þ.e. að koma stjórn mála, hvort sem það er á sviði peningaeða fjármála, undir ofurvald ríkisvaldsins á Íslandi. Þar með er ekki sagt að það sé röng stefna að koma þessu undir vald Alþingis nema síður sé heldur stefnir það fyrst og fremst að því að koma þessu undir vald þess aðila sem fer með embætti bankamálaráðherra á hverjum tíma.

Nú vill svo til að við erum með í ríkisstjórn svokallaða fulltrúa félagshyggjuflokkanna — ég segi það alltaf í gæsalöppum — og þeir hugsa sér gott til glóðarinnar, ef þeir koma þessum breytingum fram, hvernig þeir geti miðstýrt þessu sviði íslenskra fjármála sem er að vissu leyti mjög takmarkað hvað frelsið áhrærir eins og ég kem að á eftir þannig að það er rétt skilið hjá hv. þm. Danfríði Skarphéðinsdóttur að þetta fellur mjög vel í vinstra kramið. Ég er ekki viss um það nema síður sé að það sé jafngott fyrir Íslendinga og íslenska þjóð þegar til lengri tíma er litið og mun færa nokkur rök að því hér á eftir. En áður en ég fer inn á það og ræði einstök efnisatriði frv. eru það nokkur atriði sem ég vildi ræða um og gjarnan heyra síðan svör ráðherra eða hugleiðingar um hvernig hann leggur út af því sem ég segi nú.

Maður les í dagblöðum og heyrir í fjölmiðlum þegar hæstv. viðskrh. kemur þar fram að hann sé mikill fylgismaður þess, sem við erum t.d. sjálfstæðismenn mjög, að Ísland sé í sem bestum tengslum við vestrænar þjóðir. Það fer ekki á milli mála að hæstv. viðskrh. vill að Ísland búi við svipaðar aðstæður hvað frelsi áhrærir og nágrannaþjóðirnar gera. Í þeim efnum efast ég ekki um heilindi ráðherrans þó að ég geti ekki að öllu leyti gengið jafnlangt í þeim hugmyndum og hann vill gera. Þó get ég verið sammála

honum í því meginatriði að ég vil að við Íslendingar búum við sambærilegt frelsi og sambærilega möguleika. Þá kemur það einmitt inn á þetta svið að hæstv. ráðherra hefur sagt opinberlega bæði heima og erlendis að hann sé fylgjandi því að erlent fjármagn geti komið inn í landið. Ég tek það skýrt fram að ég hef ekkert við þá skoðun að athuga út af fyrir sig. Ég geri mér grein fyrir því að það þarf að fara mjög varlega í þeim efnum. Þó ber að hafa hugfast að í sambandi við stóriðjuna komumst við líklega ekki hjá því að erlent fjármagn komi til skjalanna. En hvað sem því líður og hvað sem líður minni skoðun hefur það verið skoðun hæstv. ráðherra að það þurfi að opna Ísland fyrir erlendu fjármagni og hann hefur lagt alveg sérstaka áherslu á að það þyrfti að koma erlent fjármagn inn í íslenskt bankakerfi til að skapa og framkalla það sem hann nefnir aukna samkeppni í peninga- og fjármálum á Íslandi.

Ég get einhvern veginn ekki fengið það til að ganga upp að þær breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands sem hér eru til umræðu stefni að því markmiði sem hæstv. bankamálaráðherra hefur prédikað og haldið fram núna núverið á þingi Norðurlandaráðs um stefnu hæstv. ráðherra og þá væntanlega ríkisstjórnar í þessum efnum. Mér sýnist að þetta frv. stefni í alveg þveröfuga átt. Ég kannast ekki við að í lögum um seðlabanka eða stofnanir sem eiga að fylgjast með því í nágrannalöndunum með sambærilegum hætti séu ákvæði sem eru jafnmiðstýrandi og ég vil segja þvingandi og fram kemur í þessu frv. Þess vegna vil ég fá svar við því hjá hæstv. ráðherra hvort hann hafi breytt um skoðun og hvort hann trúi því að ef þetta frv. nái fram að ganga með þessum hætti geti hann nálgast það markmið sem hann sjálfur hefur sett fram og ég vil trúa að hann vilji fylgja eftir, en ég vil einnig taka fram að ég er honum ekki algerlega sammála í því hvernig eigi að nálgast það.

Meginefni þessa frv. stefnir í þveröfuga átt, þá átt að loka því sviði sem það fjallar um, sem er peninga- og fjármálamarkaður á Íslandi, með þeim hætti að íslensk stjórnvöld geti með íhlutun og afskiptum skert frelsi manna, ekki bara banka, ekki bara verðbréfasjóða eða verðbréfafyrirtækja heldur einnig einstaklinga, skert meðferð fólksins í landinu á eigin aflafé.

Það hefur einnig verið stefna margra alþýðuflokksmanna fyrir utan hæstv. viðskrh. að það eigi að hleypa erlendu fjármagni inn í landið. Þeir hafa greinilega skipt um skoðun því að ég geri ráð fyrir að þingflokkur Alþfl. hafi tekið afstöðu til þessa frv. til að tryggja því framgang. En það sem er mjög ámælisvert og ég vil segja vítavert er hvernig á að standa að þessum málum án þess að það sé gert upp, hvernig það kerfi sem snýr að banka- og peningamálum hefur byggst upp og hvernig það raunverulega er saman sett. Það er ekki nóg að setja reglur og það er ekki nóg að setja lög. Það verður að vera þannig markmið á bak við lagasetninguna að lagasetningin hafi ekki þveröfug áhrif og það munu þessi lög örugglega hafa verði þau samþykkt.

Það sem hér er um að ræða er raunverulega að það er verið að færa vald í peningamálum þjóðarinnar í hendurnar á ríkisvaldinu og þá sérstaklega í hendur þess manns sem fjallar um bankamál á hverjum tíma. Á sama tíma sem þetta er gert er gengið fram hjá þeirri grundvallar- og meginstaðreynd að eins og íslenskt bankakerfi er og eins og íslenskir bankar eru er mjög takmarkað frelsi á þessu sviði nú þegar vegna þess að þeir sem ráða yfir íslensku bankakerfi, þeir sem stjórna raunverulega stefnunni eru ríkisstjórnin og ríkisvaldið, ríkisbankarnir og opinberir sjóðir. Það er staðreynd að ríkisbankarnir eru með um 70–80% hlutdeild í íslenskum peningamarkaði. Einkabankarnir svokölluðu, þ.e. sparisjóðirnir, Samvinnubankinn, Alþýðubankinn, Verslunarbankinn og Iðnaðarbankinn, eru með 20–30% á markaðnum. Þá vaknar auðvitað sú spurning þegar menn sjá þær hagnaðartölur sem hér hafa verið settar fram: Getur það verið að einkabankarnir með svona litla hlutdeild séu svo miklu betur reknir en ríkisbankarnir? Hver er ástæðan fyrir þessu? Það er ekki svo einfalt að segja að einkabankarnir hafi ákveðið vaxtamuninn sem hentar þeim vel eða hentar þeim betur en ríkisbankarnir geta framkvæmt. Við skulum hafa í huga einnig að ríkisbankarnir búa við ákveðna sérstöðu í sambandi við gjaldeyrisviðskipti. Þeir búa einnig við að þeirra viðskipti gagnvart erlendum aðilum eru ríkistryggð eða með ríkisábyrgð sem skapar þeim betri möguleika til lántöku erlendis á mun betri kjörum en einkabankarnir geta fengið. Þótt hagnaður hafi verið mikill á síðasta ári hjá nokkrum tilteknum fyrirtækjum sem flokkast undir það að vera einkabankar eða fyrirtæki í eigu einkaaðila er það ekki einhlítur mælikvarði á hvort bankakerfið í heild hafi skilað fullnægjandi árangri sem einkabankarnir virðast hafa gert. Þess vegna segi ég við hv. þm.: Trúa menn því raunverulega að einkabankarnir ráði ferðinni í íslensku peningakerfi? Ég trúi því ekki vegna þess að ég veit að það er ekki rétt.

En við skulum víkja að öðrum aðila sem ræður miklu um hvers vegna íslenskir peningar eru svo dýrir sem raun ber vitni. Staðreyndin er sú að það hefur verið gert eftir ýmsum leiðum að þrengja að svokallaðri samkeppnisstöðu á íslenskum peningamarkaði og þar fer fremstur í flokki ríkissjóður. Þarfir ríkissjóðs, þarfir hins opinbera í sambandi við fjármagn og fjármuni hafa verið svo miklar á undanförnum árum að það hefur þegar tekið verulegan hlut út úr hinu svokallaða frjálsa peningakerfi á Íslandi. Þar við bætist alls konar lagasetning sem hefur haft í för með sér að aðilar sem hafa yfir miklu fjármagni að ráða hafa ekki fengið frelsi eða aðstöðu til að setja þetta fjármagn inn á íslenskan peningamarkað með þeim hætti að það gæti framkallað vaxtalækkanir. Nefni ég í því sambandi sérstaklega lífeyrissjóðina sem eru þvingaðir með lögum, að vísu á grundvelli samkomulags milli aðila vinnumarkaðarins sem eiga auðvitað ekki að ákveða lagasetningu á Alþingi en það var gert þannig samt, sjóðirnir voru þvingaðir til að láta 55% af árlegu ráðstöfunarfé í húsnæðismálakerfið og þaðan

eru þessir peningar endurlánaðir út á lægri vöxtum en Húsnæðisstofnun tekur lánin á sem er í hæsta máta óeðlilegt.

Síðan erum við með í lögum alls konar ákvæði sem snúa að einstökum atvinnugreinum þar sem peningunum er beint í ákveðnar áttir í stað þess að þeir ættu að fara inn á hinn frjálsa markað og framkalla þannig vaxtalækkun gagnvart atvinnuvegum, fyrirtækjunum í atvinnulífinu, gagnvart heimilunum og gagnvart þeim einstaklingum sem eiga undir þessa aðila að sækja.

Ég vil undirstrika það vegna orða hv. þm. Danfríðar Skarphéðinsdóttur að það er alrangt hjá hv. þm. að ráðast að einkabönkunum og segja að þeir ráði vaxtastiginu á Íslandi. Það séu þeir bankar sem skiluðu hagnaði á sl. ári sem ráði því vaxtaokri, ef ég mætti nefna það því nafni, sem er á Íslandi. Það eru allt aðrar grundvallarástæður þar að baki og ég held að það væri mjög gott fyrir hv. þm., sem ég held að sé opinber starfsmaður, að gera sér grein fyrir því að ríkið á mjög verulegan þátt í því hvað vaxtastig er orðið hátt á Íslandi. Við skulum skoða þetta í réttu samhengi. Það er rangt að kenna þeim um sem eru með minnstan hluta og minnstu áhrifin á íslenskum peningamarkaði að vextir séu svo háir á Íslandi sem raun ber vitni um.

Þar með er ég ekki að taka upp vörn fyrir hina háu vexti á Íslandi. Hins vegar leyfi ég mér að halda því fram og ég óska eftir því að hv. þm. sem ráðast að einkabönkunum ræði þetta í rökréttu samhengi en slíti ekki úr samhengi eins og gert er hér oft í umræðunum og getur hentað pólitískum markmiðum þeirra sem þar um fjalla.

Í stuttu máli sagt má segja að meginorsökin fyrir hinu háa vaxtastigi á Íslandi sé hinn þurftarfreki ríkissjóður sem við öll höfum staðið að, m.a. með samþykkt fjárlaga á hinu háa Alþingi. Stærsti seljandi skuldabréfa á Íslandi er ríkissjóður. Ríkissjóður er langsamlega stærsti seljandinn á skuldabréfum sem eru spariskírteini ríkisins. Er ekki ríkissjóður stærsti viðskiptavinur lífeyrissjóðanna? Lífeyrissjóðirnir hafa ekki frelsi til að selja skuldabréf. Hv. þm. Karl Steinar Guðnason hefur ekki áttað sig á því að á sínum tíma samþykkti hann yfir sjálfan sig þvingunarlög sem verkalýðsleiðtoga um að hann skyldi afhenda svo og svo stóran hluta af fé fólksins í þessa hít sem heitir ríkissjóður. Ég greiddi ekki atkvæði með því, hv. þm. (**KP:** Það er ekki rétt.) Hafi ég gert það er ég margsinnis búinn að lýsa því yfir að þar hafi ég gert mistök sem ég vil gjarnan fá tækifæri til að leiðrétta með hv. þm. báðum og verkalýðsleiðtogum, Karvel Pálmasyni og Karli Steinari Guðnasyni. Nú er tækifærið.

Staðreyndin er sú að það er hið opinbera sem er of þurftarfrekt, of stórt fyrir þetta litla þjóðfélag sem íslenskt þjóðfélag er. Ríkissjóður hvílir of þungt á atvinnuvegunum. Hann hvílir of þungt á heimilunum, hvílir of þungt á einstaklingunum og framkallar m.a. þá óeðlilegu vexti sem við erum að berjast við. Ríkisbáknið, hið opinbera er þjóðinni of dýrt. Það þrengir of mikið að íslensku þjóðlífi og íslensku atvinnulífi. Það hefur sín áhrif á vextina í landinu. Og það hefur áhrif á fleira en vextina. Það hefur áhrif á verðlag í landinu með ýmsum hætti sem hægt væri að ræða í mun ítarlegra máli.

En það er kannski ekki við hæfi að tala um hlutina eins og þeir raunverulega eru. Það er miklu betra að setja lög og reglur og telja sjálfum sér trú um að í gegnum slíka miðstýringu geri menn betur, en því miður er það alveg í andstöðu við stefnu ýmissa hv. þm. Alþfl. sem tala þannig erlendis a.m.k. að þeir vilji að hér á Íslandi búi frjáls þjóð og frjálst fólk. En það getur passað þeim að setja þvinganir á þá sem hafa af eigin rammleik myndað einkafyrirtæki á þessu sviði, hvort sem það heita einkabankar, verðbréfasjóðir, fjárfestingarfélög eða lífeyrissjóðir. Það getur vel verið að menn vilji kaupa sér pólitíska framtíð og framlengingu á sínu pólitíska lífi í því gerspillta pólitíska stjórnmálakerfi sem Íslendingar horfa upp á með þeim hætti sem hér er verið að gera. Það getur vel verið að það henti að menn stundi einhverja fyrirgreiðslupólitík í gegnum opinbera sjóði og opinber kerfi. Ég hefði haldið og held enn að hv. þm. Alþfl. vilji það ekki og ég vona að svo muni reynast þegar á á að herða í framtíðinni þegar þeir ná þeirri stöðu í íslenskum stjórnmálum sem þeir hafa greinilega glatað í þeirri ríkisstjórn sem þeir er núna í.

Virðulegi forseti. Ég vil segja það sem mína skoðun í sambandi við þetta frv. að það stefnir í þveröfuga átt við það sem ég hefði búist við að kæmi frá hæstv. bankamálaráðherra og á ég þar alveg sérstaklega við þá brtt. sem gerð er við 2. gr. þar sem segir, með leyfi forseta, sem er brtt. frá 1. minni hl. fjh.- og viðskn.:

„Við 9. gr. laganna bætist ný málsgr. sem verði 3. mgr. og orðist svo:

Hafi Seðlabanki Íslands hlutast til um vexti hjá innlánsstofnunum á grundvelli þessarar greinar getur bankinn, meðan sú íhlutun varir, að fengnu samþykki ráðherra, bundið ávöxtunarkröfur og annað endurgjald fyrir fjármagn í viðskiptum eignarleigufyrirtækja, verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða takmörkunum sem miðast við hliðstæða áhættuflokka. Setur Seðlabankinn um það nánari reglur."

Síðan segir einnig í 2. gr. frv.: „2. mgr. 9. gr. laganna orðist svo: Seðlabankinn getur að fengnu samþykki ráðherra bundið vaxtaákvarðanir innlánsstofnana takmörkunum til að tryggja að raunvextir útlána innlánsstofnana verði hóflegir og eigi hærri en þeir eru að jafnaði í helstu viðskiptalöndum Íslendinga, svo og til að draga úr óhæfilegum vaxtamun milli inn- og útlána að teknu tilliti til annarra tekna innlánsstofnana."

Mér finnst, virðulegi forseti, að með þessari brtt. sé raunverulega verið að færa þetta upp í ráðuneyti til hæstv. bankamálaráðherra til ákvarðanatöku. Ég efast um það og meira en efast um það, ég er sannfærður um það, að hæstv. ráðherra þótt hæfur sé, ég dreg ekki úr því að núv. hæstv. bankamálaráðherra er mjög hæfur á sínu sviði, sem hagfræðingur, muni þó hann vilji geta framkvæmt þetta lagaákvæði verði það samþykkt í deildinni. Ég held að það sé

gersamlega útilokað miðað við núverandi aðstæður að ráðherra eða starfsmenn hans geti farið þannig ofan í rekstur banka að hann geti framkvæmt þessa lagagrein verði hún samþykkt.

Ég nefni sem dæmi: Hvað eru „hóflegir" útlánsvextir? Hvernig á að meta hvað eru hóflegir útlánsvextir? Ég vildi gjarnan heyra hagfræðilega skilgreiningu hæstv. bankamálaráðherra á því hvernig hann gæti hugsað sér að skilgreina það sem mundu nefnast hóflegir vextir. Mér er það nú ekki alveg ljóst. Þó sit ég í bankaráði lítils banka. Það er víða erfitt að gera það upp við sig hvað flokkast undir hóflega vexti. Þetta er svo afstætt. Það fer eftir því hvað maður tekur til samanburðar. En ég veit að hæstv. ráðherra mun örugglega geta skýrt það fyrir mér á eftir.

Svo er einnig þetta atriði, virðulegi forseti: „ ... vextir séu eigi hærri en þeir eru að jafnaði í helstu viðskiptalöndum Íslendinga." Ja, ég man ekki nákvæmlega hvað helstu viðskiptalönd Íslendinga eru mörg, en ég mundi álíta að ef við tökum þau stærstu séum við að tala um 8–10 viðskiptalönd og þar eru vextir afar mismunandi. Við getum tekið sem dæmi Vestur-Þýskaland. Í Vestur-Þýskalandi eru vextir mjög lágir. Ætli þeir séu ekki 2–3%. (Gripið fram í.) Já, eitthvað um það bil. Vextir eru aftur á móti tiltölulega háir í Bretlandi. Ég held að Bretland sé orðið annað eða þriðja stærsta viðskiptaland Íslands. (**JúlS:** Það er hávaxtasvæði.) Það er hávaxtasvæði eins og hv. þm. greip fram í fyrir mér og nefndi. Ég held að vextir þar séu núna, þessir almennu vextir sem við tölum um, 11½%. Þriðja stærsta viðskiptaland Íslands eru Bandaríki Norður-Ameríku. Ég man ekki hvað „prime rates" eru, svo að ég noti enska orðið yfir það, í dag. Ég gæti ímyndað mér að þeir séu á bilinu 9–10%. Þeir hafa verið það lengi. Eru þeir komnir upp í 11? (**Viðskrh.:** Um 10.) Um 10, segir hæstv. ráðherra.

Ég veit ekki hvert vaxtastigið er í Japan, enda ætla ég ekki að fara út í slíkar hártoganir því að þó að japanski markaðurinn hafi mikla þýðingu fyrir okkur Íslendinga held ég að við reynum ekki að miða okkur við Japana því að það er svo sérstakt þjóðfélag. En ég held að vextir séu þar mjög lágir. Kannski gæti hv. þm. Júlíus Sólnes upplýst þingheim um það, en hann er gerkunnugur Japan og því sem þar gerist. En ég held að vextir séu þar mjög lágir. Ég ætla ekki að tala um einn stóran viðskiptavin, enda ekki við hæfi, broslegt, en það eru Sovétríkin. Það er mjög stór viðskiptaaðili við Ísland, en það er ekki viðmiðunarhæft. Á meðan við erum ekki búnir að koma á okkar sovéti miðum við okkur ekki við Sovétríkin.

Þetta getur orðið mjög erfitt í framkvæmd fyrir hæstv. ráðherra og ég hef fulla samúð með þessum mæta manni sem nú situr í því embætti að eiga að framkvæma svona lagaðar þvinganir og ég er sannfærður um, og ætla ekki að biðja hann samt um að svara því hér á eftir, að þær hugmyndir sem hér eru á blaði um frv. til l. um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands og í framkomnum minni hl. fjh.- og viðskn. eru ekki komnar frá hæstv. ráðherra. Ég bið hann ekki um að svara þeirri samviskuspurningu. Ég vil honum ekki svo illt. Þetta er örugglega komið frá einhverjum öðrum sem ráða miklu í núv. hæstv. ríkisstjórn sem greinilega halda að þeir geti lokað Íslandi enn á ný eins og gert var á sínum tíma. Það mun ekki verða hægt.

Síðan segir að draga skuli úr vaxtamun á milli inn- og útlána. Ég get verið sammála því markmiði út af fyrir sig að það þurfi að minnka þennan mun eftir því sem hægt er, en mér er ekki alveg ljóst hvernig á að komast að þeirri niðurstöðu að vaxtamunur í banka A skuli vera kannski 5–6% á sama tíma sem hann er kannski 7–8% hjá öðrum. Hugsanlega gæti það skeð, ég vek athygli ráðherrans á því, að einkabankar gætu í þeirri samkeppnisstöðu sem þeir eru í minnkað þetta vaxtabil mun meir en ríkisbankarnir sem eru helstu viðskiptabankar aðalútflutningsatvinnugreinanna. Það getur orðið mjög vandasamt og gæti komið mjög illa út og illa niður á ríkisbönkunum sem bera ábyrgðina á höfuðviðskiptunum við þær atvinnugreinar sem eiga hvað erfiðast uppdráttar þessa dagana sem er landbúnaður, sjávarútvegur, íslenskur fiskiðnaður. Ég er hræddur um að það sé verið að leiða hæstv. ráðherra í — ég segi ekki dauðagildruna en ég held að það sé verið að leiða hæstv. ráðherra í alveg hrikalega gildru sem getur verið erfitt fyrir hann að komast út úr ef það verður sett í lög að hann skuli eiga að beita sér fyrir því að sjá um að hafa áhrif á vaxtamun milli inn- og útlána með þeim hætti sem mér virðist vera að stefnt samkvæmt frv. Ég tek fram að ég er því enn eindregið fylgjandi út af fyrir sig að í samkeppni sé reynt að minnka þennan vaxtamun sem mest þannig að vextir geti af þeirri ástæðu lækkað því að það er markmiðið með allri starfsemi banka- og peningastofnana að viðskiptavinirnir búi við sem best kjör.

Þá er það eitt atriði sem hv. þm. Skúli Alexandersson vék að. Ég er ekki með þá blaðaúrklippu sem hv. þm. las upp úr, en það mun hafa verið blaðaúrklippa úr Morgunblaðinu þar sem vísað var til ummæla sem höfð eru eftir hæstv. forsrh. Steingrími Hermannssyni. Á sama tíma sem ríkisbankarnir eru að hækka vexti, Landsbankinn hækkar vextina um 2–6% en Búnaðarbankinn um 2–2½%, þá segir hæstv. forsrh. mjög einfaldlega, með leyfi forseta: Vil afnema verðtryggingu. Mér er nú spurn, en ég spyr með öðrum hætti en hv. þm. Skúli Alexandersson þar sem ég er stjórnarandstæðingur. Hann er stjórnarstuðningsmaður. Hvernig í ósköpunum stendur á því, ef þetta er ekki allt saman grín hjá hv. þm., ef hann vill í raun lækka vextina vegna atvinnurekstrar í landinu, vegna erfiðleika heimilanna og vegna einstaklinganna, hví notar hann ekki það vald sem hann hefur og knýr það í gegn að hæstv. ríkisstjórn framkvæmi það sem hæstv. forsrh. vill, þ.e. að afnema verðtrygginguna? Því miður hef ég ekki vald til þess þar sem ég er minnihlutamaður á þingi sem stendur að tryggja þessa framkvæmd hæstv. forsrh. En ég skora á hv. þm. Skúla Alexandersson að beita sér fyrir því að hæstv. forsrh. komi með lagafrv. þessa efnis þannig

að við getum fengið tækifæri til að fjalla um það í þinginu. (**Viðskrh.:** Er þingmaðurinn að lýsa stuðningi við þetta?) Nei. Hugsanlega þó að því tilskildu að frelsið fái að ríkja á íslenskum peningamarkaði, að aðrar hömlur verði þá afnumdar á frjálsu flæði peninga, í íslensku peningakerfi. Þá kemur vel til greina að gera þetta. En sá er munurinn á okkur þingmönnum Sjálfstfl. annars vegar og hv. þm. sem styðja ríkisstjórnina að þeir segja við íslensku þjóðina: Við viljum gera þetta, við viljum gera hitt. Við viljum afnema verðtryggingu. Við viljum lækka vexti. Við viljum lækka verðlag. Ekki segjast þeir vilja hækka laun fólks. Það gera þeir ekki. En hvers vegna framkvæma þeir þetta ekki? Þeir hafa vald til þess. Annað eins hafið þið, hv. þm. og stjórnarstuðningsmenn, gert á hinu háa Alþingi í vetur og það að framkvæma þetta. Ég held að hv. þm. stjórnarinnar og stuðningsmenn Steingríms Hermannssonar ættu að hjálpa honum við að afnema verðtryggingu á lánum, sýna í verki að þeir standi við orð sín. Ég er ekki stuðningsmaður ríkisstjórnarinnar. Ef hv. þm. Karl Steinar vill afnema aðrar hömlur á frjálsu peningakerfi á Íslandi skal ég taka þátt í því. Ef hv. þm. vill taka þátt í því með mér að láta fé lífeyrissjóðanna fara með frjálsum og eðlilegum hætti inn í íslenskt peningakerfi, inn í íslenskt bankakerfi, skal ég taka þátt í að framkvæma þá lækkun á vöxtum sem er hægt ef þetta er gert. En ég tek ekki þátt í því falsi, sem hv. stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar iðka dag eftir dag, að segja við fólkið í landinu: Við skulum gera þetta og við skulum gera hitt fyrir ykkur, og framkvæma það svo ekki.

Þá ætla ég að koma að öðru atriði vegna þess að hv. þm. og verkalýðsleiðtogi (**KP:** Hver?) Karl Steinar greip fram í fyrir mér og ég vona að hann vilji taka þátt í því. Hann hefur áhrif. Hann hefur áhrif inn í ríkisstjórnina. Hann er stuðningsmaður ríkisstjórnarinnar. Þið ráðið þessu, hv. þm. Þið ráðið því hvort hægt er að lækka vexti á Íslandi. Þið ráðið því hvort fé lífeyrissjóðanna fer inn í íslenskt bankakerfi og lækkar þar með vextina. Þið ráðið líka ef þið viljið hvort vísitalan sé tekin úr sambandi á þeim lánum sem eru í umferð. Þið skuluð þá standa við það, hv. þm. Skúli Alexandersson. Þið skuluð standa við það loforð sem hæstv. fjmrh. gaf og semja strax við fólkið um að kaupmáttur launa skuli vera hinn sami nú og hann var um síðustu áramót. Kannski hv. stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar hafi ekki reiknað út enn þá hvað það þýðir í samningum eða þeir vilja kannski ekki heyra það. Hvað hindrar Alþýðusambandið, sem er undir forustu Alþb. og Alþfl., hvað hindrar ríkisstjórnina í því að semja við fólkið í landinu um 8% kauphækkun til að það fái sama kaupmátt og við síðustu áramót? Um hvað er deilt í þessum samningaviðræðum? Til hvers var farið í páskafrí? Semjið þið, ágætu herrar, um þau laun, um þann kaupmátt sem hæstv. ráðherrar ríkisstjórnarinnar lofuðu fólkinu. Ég ráðlegg ákveðnum hv. þm. úr verkalýðshreyfingunni sem því miður styðja þessa ríkisstjórn og allt það böl sem fylgir henni gagnvart atvinnulífinu, gagnvart fólkinu, gagnvart heimilunum, gagnvart kaupmáttarskerðingunni, að fara varlega í að grípa fram í fyrir ræðumönnum í ræðustól hér á hinu háa Alþingi. Þá verður svarað á móti. Þið skuluð fá að standa fyrir máli ykkar gagnvart fólkinu víðar en hér. (Gripið fram í.)

Virðulegi forseti. Ég hef vakið athygli þessara ágætu þingmanna á því, sem eru meðal áhrifamestu forustumanna í verkalýðshreyfingunni á Íslandi í dag, stjórna stórum verkalýðsfélögum, sitja í miðstjórn Alþýðusambandsins, að þeir geta beitt sér fyrir því að opinberir starfsmenn geti fengið nú þegar tryggðan kaupmátt launa í samræmi við loforð hæstv. fjmrh. um að kaupmátturinn skyldi verða hinn sami strax í samningum og var um síðustu áramót, þ.e. 8% hækkun geti komið til framkvæmda. Ég hef vakið athygli þessara hv. þm. líka á því að þeir geta með sínum atkvæðum á hinu háa Alþingi staðið við það, sem hæstv. forsrh. klifar á sýknt og heilagt, að hann vilji taka lánskjaravísitöluna úr sambandi. Viljið þið nú ekki, hv. tveir þingmenn, skoða hvort þið viljið ekki taka þátt í þessu verki með hæstv. forsrh.? Þá skuluð þið láta hæstv. forsrh. vita það, ég sá að hv. þm. hristi höfuðið, að hann geti sparað sér svona ummæli, sparað sér svona blekkingar, sparað sér þær ferðir í sjónvarpið sem hann hefur farið í vetur með yfirlýsingum sem eru þá ekki marktækar. (**KP:** Vill ræðumaður taka þátt í slíku?) Ég sagði það, hv. þm. Karvel Pálmason, að ef þið eruð reiðubúnir að taka þátt í því með mér og sjálfstæðismönnum öðrum sem vilja hafa frjálst peningakerfi á Íslandi og nema úr gildi þau lög sem koma í veg fyrir það, þá skal ég taka þátt í því að taka verðtrygginguna úr sambandi. Mín yfirlýsing felst í því að ég hef forsendur fyrir því hvernig ætti að framkvæma það, en það hefur hæstv. forsrh. ekki. Hann er með fullyrðingar án rökstuðnings, án skuldbindinga. Ég hef gefið bindandi yfirlýsingu um að ég sé reiðubúinn að gera það að gefnum ákveðnum forsendum og ég treysti hv. þm., sérstaklega tveimur heiðursmönnum úr verkalýðshreyfingunni, hv. þm. Karvel Pálmasyni og Karli Steinari til að standa að því. Við skulum gera það þannig að forsrh. þurfi ekki að vera ómerkingur oftar í íslenskum fjölmiðlum eins og hann er búinn að vera út af þessu máli, því miður, meira og minna síðan sl. sumar.

Virðulegi forseti. Ræðan er orðin lengri en ég gerði ráð fyrir og hef ég komið víða við. Ég ítreka það og endurtek að það er alrangt að leggja þessi mál þannig fyrir, það er alrangt að koma með frv. inn á Alþingi sem fela það í sér að miðstýra þeim litla hluta íslensks peningakerfis sem enn er frjáls með þeim hætti sem þetta frv. býður upp á. Ég hef samúð með hæstv. bankamálaráðherra að þurfa að standa að frv. vegna stjórnarsamstarfsins vegna þess að ég veit að hann með sína góðu hagfræðiþekkingu veit að þetta er illframkvæmanlegt. Ég tel mig vita það líka að hann hefur ekki mikinn áhuga fyrir því að framkvæma það. En það sem skiptir máli er að gera sér grein fyrir því að ein meginástæðan fyrir því hvernig komið er og

hvers vegna vextir eru svona háir, hvers vegna það hvílir svo þungt á atvinnuvegunum, er sú staðreynd að opinber innheimta, þ.e. ríkiskerfið, ríkisgeirinn, hið opinbera tekur of stóran hluta af þjóðartekjunum, þrengir um of að atvinnuvegunum, að einstaklingunum, að heimilunum. Skattar og opinber gjöld eru allt of stór hluti fyrir þetta litla þjóðarbú. Þegar þar við bætist að við erum núna í samdráttartímabili hvað þjóðartekjur áhrærir er þetta mun erfiðara viðureignar og það endurspeglast á íslenskum peningamarkaði. Það er samdrátturinn í þjóðartekjunum sem kemur einnig til skjalanna í sambandi við þá erfiðleika sem hér um ræðir.

Virðulegi forseti. Ég tel að þetta frv. muni því miður gera stöðu einstaklinga og fyrirtækja enn verri. Ég tel að frv., verði það samþykkt, muni þrengja enn meira að hinum svokallaða frjálsa fjármagnsmarkaði á Íslandi með þar af leiðandi neikvæðum áhrifum. Ég harma fyrir mitt leyti að hæstv. viðskrh. skuli þurfa að standa að frv. sem þessu með þeim brtt. sem hér liggja fyrir og vænti þess að deildin felli þessar tillögur og frv. í heild.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég ætla að fara nokkrum orðum um það sem fram hefur komið í máli þeirra sem til þessa hafa tekið þátt í umræðunni og vík þá fyrst að máli hv. 7. þm. Reykn.

Það var margt rétt athugað í því sem fram kom hjá hv. 7. þm. Reykn., en ég vil benda honum á að það verður ekki allt sagt í einni prédikun og ekki allur vandi leystur með einu frv. og þessu frv. er ekki ætlað að vera allsherjarlausn á íslenskum efnahagsvanda. Það hefur mjög takmarkaðan tilgang en að mínu viti markverðan. Ég er sammála hv. þm. Júlíusi Sólnes um að það er þörf á skipulagsbreytingum í íslensku bankakerfi. Það er hins vegar ekki til umræðu í þessu frv. eða þeim frumvörpum sem hér eru til umræðu í hv. Ed.

Ég vildi víkja aðeins að því sem fram kom hjá hv. 7. þm. Reykn. um rekstrarafgang viðskiptabankanna á sl. ári í samanburði við afkomu atvinnuveganna. Það kom reyndar fram í máli ýmissa annarra sem hér töluðu. Það er oft svo að hagur bankanna fylgir góðærinu í landinu og kemur oft fram síðar en góður hagur atvinnuveganna. Það varð í fyrra og það er enn góður hagur í rekstri bankanna þótt byrjað sé að halla undan fæti hjá atvinnuvegunum. Þetta er ein ábending eða sjónarmið sem nauðsynlegt er að huga að. Ég vil líka benda á að þótt mönnum finnist þessar hagnaðartölur miklar eða stórar eru þær í flestum tilfellum það sem þarf til þess að bankarnir standi við þau ákvæði um eiginfjárstöðu og önnur ákvæði bankalaga sem eru að sjálfsögðu hugsuð til að tryggja hag innstæðueigenda. Það má aldrei gleymast þegar menn ræða bankamál að það er það sem fyrst og síðast skiptir máli, hagur innstæðueigenda, fólksins sem hefur lagt sitt fé þarna inn og það er markmið bankalaganna að tryggja öryggi í þessum viðskiptum.

Ég get nefnt dæmi þess að bankastofnanir sem hafa sýnt verulegan hagnað í sínum rekstri hafa ekki aukið eiginfjárhlutfall sitt af heildarumsvifum. Þetta þekkja þeir vel sem skoðað hafa þessa reikninga. Og ég vara við því að slá af því stórar keilur að þarna séu hættulegir hlutir á ferðinni. Þvert á móti má segja að það sé öryggisatriði fyrir almenning, öryggisatriði fyrir íslenskt atvinnulíf að bankarnir hafi viðunandi afkomu. En spurningin er hvernig henni er náð. Það má ekki gerast eins og því miður verður nú vegna þess að það er áhalli í samkeppnisstöðunni á íslenskum lánamarkaði. Það er hörð samkeppni um innlánsfé. Það skrúfar upp vextina eins og fram kom í máli hv. 7. þm. Reykn. En það er ekki samkeppni á útlánahliðina, m.a. vegna þess að kerfið er lokað fyrir viðskiptum við önnur lönd hvað varðar lánsviðskipti.

Ég er alls ekki að halda því fram að það sé endir allrar mæðu að opna flóðgáttir erlends fjármagns til Íslands eins og skilja hefði mátt af ræðu hv. 14. þm. Reykv. Ég vil ganga með gát um þær gáttir og skyggnast vel um hverja gátt. En hugsunin er samt rétt, sú að lokað kerfi mun ekki lukkast til lengdar.

Síðan vildi ég víkja aðeins að því, sem kom fram hjá hv. 7. þm. Reykn., að vextir á Íslandi gætu aldrei orðið hærri en íslenskt atvinnulíf ber. Ég vildi varpa fram annarri athugun sem ég veit að jafnalþjóðlega sinnaður maður og hv. 7. þm. Reykn. skilur á augabragði. Vextir á Íslandi geta heldur ekki vikið til lengdar frá heimsmarkaðsverði á fjármagni. Á sama hátt og við teljum að okkur sé það farsælast að selja okkar vörur á heimsmarkaðsverði þar sem það gerist best, þá munum við til lengdar ekki geta haft þarna mikið frávik í vaxtakjörum. Það þýðir að þarna gefur hvað annað. Það er ekki hægt að hrapa að þeirri ályktun að vextirnir verði þá bara að súrrast niður þegar illa gengur vegna þess að það er munur á þeim stærðum sem breytast frá ári til árs og fjármagnsstærðunum sem ávaxta þarf. Þetta er munurinn á því sem menn tala stundum um að það sé ekki hægt að verðtryggja fjármagnið eitt en láta allt annað taka afleiðingum breytinga í árferði. Það er að nokkru leyti rétt, en að nokkru leyti eru þarna ekki bornar saman sams konar stærðir.

Ég fagna því sem fram kom hjá hv. 7. þm. Reykn. um bindiskylduákvæði frv. Honum þótti að þar hefði tekist málamiðlun sem væri viðunandi. Ég skildi það líka svo að hann gæti á það fallist að viðurlög vegna þess að ekki sé staðið við bindiskyldu eða lausafjárákvæði Seðlabankans hjá viðskiptabönkum eða öðrum innlánsstofnunum renni að stærstum hluta í ríkissjóð.

Ég vil taka fram að breytingarnar á lögum um sparisjóði voru að því er varðar stjórn þeirra stofnana ræddar við Samband ísl. sparisjóða. Ég vil líka láta það koma fram að ég tel það ekki réttan skilning á þessum frumvörpum að með þeim sé verið að færa vald frá bankastjórum eða sparisjóðsstjórum til bankaráða og stjórna sparisjóða. Það er ekki það sem að er stefnt með þessu frv. Það er fyrst og fremst að gera skýrt að það að móta vaxtastefnu þessara innlánsstofnana varðar alla þætti í vaxtamynduninni,

líka viðskipti með viðskiptavíxla og skuldabréf, til þess að koma í veg fyrir mismunun í viðskiptunum. Það er alls ekki verið að reikna með því að það vald sem bankaráðin bera og sú ábyrgð sem því fylgir eigi að hvíla hjá bankaráðunum. Bankastjórarnir eru áfram þeirra framkvæmdastjórar og eiga að taka hinar daglegu ákvarðanir.

Þá kem ég að máli hv. 2. þm. Norðurl. e. Hann fór að tala um vínber. Ég vil þá rifja upp söguna um refinn og vínberin. Að vísu gerði hv. 2. þm. Norðurl. e. þá einu breytingu á sögunni að hann sagði ekki um vínberin sem hann ekki náði: Þau eru súr, heldur sagði hann: Þau eru blásúr. Það er eiginlega allur munurinn. (Gripið fram í.) Málið er það að hv. þm. gat eiginlega ekki gert það upp við sig frekar en ýmsir aðrir gagnrýnendur þessara frumvarpa hvort þau séu marklaus eða stórhættuleg breyting, mikið skref aftur til fortíðar. Ætli sannleikurinn sé ekki allt annað en þær tvær klofnu hugmyndir sem koma fram í málflutningi hv. 2. þm. Norðurl. e. langskýrast vegna þess að hjá honum vakir þetta eiginlega til skiptis í máli hans. Hvort skyldi nú vera rétt? Ætli ég verði ekki að álykta sem svo að hvorugt eigi sér stoð í veruleikanum heldur eru þetta tilbúnar hugmyndir til þess að kljást við af því að það er miklu auðveldara að reka sitt mál á þann hátt.

Ég vildi beina því til hv. 2. þm. Norðurl. e. að tilgangurinn með seðlabankalagabreytingunum sé í fyrsta lagi hvað varðar breytingarnar á 8. gr. þeirra laga að jafna aðstöðu milli lánastofnana hvað varðar bindiskyldu og lausafjárstöðu sem í fyrstunni mun að mati Seðlabankans hafa þau áhrif að bæta stöðu þeirra banka sem þjóna útflutningsatvinnuvegunum. Það er vegna þess hvernig stærðirnar liggja í dæminu. Ég hef enga ástæðu til að vefengja það og bendi á að í málflutningi þeirra fulltrúa viðskiptabankanna sem mættu í nefndinni hjá hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar gat maður ályktað sem svo að allir töpuðu á þessari breytingu. Það er óhugsandi vegna þess að hún færir fé og lausafjárstöðu á milli banka og hún tekur ekki neitt af neinum eins og hún er upp sett þannig að einhver af þeim hlýtur að hafa haft rangt fyrir sér.

Það er tilgangur þessara breytinga af minni hálfu og reyndar lausafjárskyldubreytinganna, sem krefjast nú ekki ítarlegra breytinga á lögunum, að tryggja þennan framgang bæði í lengd og bráð. Um það ætla ég ekki að segja fleira. Þetta er ekki spurning um hvort Landsbankinn reiknar skakkt eða Seðlabankinn reiknar skakkt heldur hitt að það liggur í augum uppi eins og þessar greinar eru skrifaðar, eins og fram hefur komið í greinargerð og fyrri umræðum, að þetta mun til lengdar gagnast þeim best sem eru með mest af afurðalánum til útflutninggsreina, enda eru þau lán undanskilin bindiskyldunni samkvæmt tillögu frv. Til skamms tíma litið mun þetta líka verða þeim til góðs.

Ég vildi svo koma að öðru meginatriði inni í frv. án þess að fara niður í smáatriði. Það er að skýra rétt Seðlabankans til íhlutunar í vaxtaákvarðanir innlánsstofnana og annars staðar á lánamarkaðnum þegar raunvextir keyra úr hófi. Þetta er ekki ný hugsun í seðlabankalögunum. Þetta var meginhugsun nefndarinnar sem samdi frv. til þeirra laga og skýrðist mjög í meðförum þingsins. Ég held að ég verði að benda hv. 14. þm. Reykv. á það úr því að ég nefni þetta að þegar hann var að leggja út af 2. mgr. 9. gr. laganna, þá var hann að mestu leyti að leggja út af þeim lögum sem þegar eru í gildi og samþykkt voru á þinginu á árinu 1986 vegna þess að það sem við hefur bæst eru orðin „og hóflegir" hvað varðar vextina og „að teknu tilliti til annarra tekna bankanna" í síðara falli. Ég veit að hv. þm. kannast við þau orð.

Hv. þm. lagði hins vegar út af því að það væri erfitt að gera þennan samanburð. Það eru orð að sönnu. Einmitt vegna þess hversu það er erfitt er heiðarlegast að viðurkenna að þarna þurfi huglægt mat á því hvað hóflegt geti talist. Því er því orði þar inn skotið á nákvæmlega sama hátt og löggjafinn taldi nauðsynlegt hvað varðaði vaxtamuninn árið 1986 að hafa orðið „óhóflegur" eða „óhæfilegur". Ég man nú ekki reyndar nákvæmlega hvort heldur var. Þetta er skýringin. Þetta er líka mikilvægt að því leyti til að þá verður að leggja á þetta mat ákveðið og ég minni á það, eins og fram kom reyndar í 1. umr. um þetta mál, að meðal minna fyrstu verka sem viðskrh. var að æskja þess af Seðlabankanum að hann gerði grein fyrir því hvaða skilning hann legði í 2. mgr. 9. gr. Hann hafði aldrei skýrt það til fulls og hefur reyndar enn ekki og það er nefnd að störfum að því að kanna vaxtamun í bönkum og innlánsstofnunum til að á þetta megi leggja sanngjarnt skynsamlegt mat.

Um þessa hluti er það að segja að það er ekki verið að breyta hér meginreglunni um dreifingu valds í þessum viðskiptum, en það er þörf á aga og ábyrgð. Öllu frelsi þarf að fylgja slíkur agi og ábyrgð og það er tilgangur þeirra lagafrv. sem hér liggja fyrir þinginu en ekki að breyta grundvallarreglunni í því fyrirkomulagi vaxtaákvarðana sem víðtækt samkomulag tókst um árið 1986. Þetta hlýtur að vera hverjum manni skiljanlegt sem skilja vill.

Þá kem ég að viðskiptabankafrv. af því að það var nefnt af öllum þeim eða nær öllum þeim sem hér töluðu í þeirri von að það megi stytta umræður um það frv. og frv. um sparisjóðina. Tilgangur þess er fyrst og fremst sá að girða fyrir hagsmunaárekstra í yfirstjórn bankanna og koma í veg fyrir — og ég endurtek: koma í veg fyrir að þeir mismuni viðskiptavinum sínum, en það hefur viljað brenna við þegar varðar viðskipti með víxla og viðskiptaskuldabréf. Það þarf að gera það alveg skýrt að bankaráðin bera ábyrgð á þessu líka. Þetta er ekki eitthvað sem þau geta vikið sér undan. Þar með er ekki verið að færa vald eða verklega framkvæmd frá bankastjórunum heldur að gera það skýrt hverjir það eru sem ráða þessu, hverjir það eru sem bera ábyrgð á þessu. Þannig megi tryggja betur samræmda bankastefnu. Það er málið. Það er það sem liggur fyrir.

Ég ætlaði svo að víkja nokkrum orðum að því sem kom fram hjá hv. 2. þm. Norðurl. e. þegar hann henti

gaman að því að með frv. væri, eins og hann orðaði það, ríkið að skattleggja ríkið. Jafnvel prófessorum getur skjátlast og mér fannst reyndar síðast í ræðu hv. 2. þm. Norðurl. e. að axíurnar í prófessorunum hefðu þá mjög fallið í verði frá því sem var fyrr í ræðunni þegar hann vitnaði í hagfræðiprófessorana. Þá fann hann að því að einhver prófessor sem ekkert vissi um atvinnulífið væri að gera lítið úr atvinnuöryggi og öryggisleysi fólksins úti um land. Skyldi það ekki vera að prófessorunum gæti stundum skjátlast, jafnvel þegar þeir reyna að vera gamansamir.

Kjarninn í málinu er þessi: Það skiptir ekki miklu máli þegar litið er á Seðlabankann eins og rétt er að líta á hann, sem hluta af ríkinu, hvaða skattlagningarregla þar gildir og dugir því ekki fyrir hv. 2. þm. Norðurl. e. að vitna til þess að það sé skattalagaregla. Það er rétt. Hún er þar og það er gott að hafa hana og það þarf að hafa einhvern aðskilnað. En það er vel þekkt, eins og hann reyndar vitnaði til, í ríkjum eins og Noregi og Vestur-Þýskalandi að allur hagnaður af rekstri seðlabanka renni til ríkisins, þar með þá viðurlög sem þeir kunna að leggja á. Einmitt í sambandslýðveldinu Þýskalandi er bindiskylda og lausafjárkvöð líkt og hér er þótt það sé ekki í ýmsum öðrum ríkjum. Það ríki hefur lengi þótt til fyrirmyndar. Það ríki hefur þá reglu að allur hagnaður seðlabankans renni til ríkissjóðs og þess vegna gæti háðsglósan sem til var vitnað alveg eins átt við efnahagsundrið þýska. Ég vil biðja hv. 2. þm. Norðurl. e. að velta því aðeins fyrir sér hvort þetta sé nú jafnfáránlegt og honum fannst að prófessorunum fyndist. En þetta er svona til umhugsunar.

Í öðru lagi hefur enginn ætlað sér að bjarga ríkissjóði með þessu. Efnahagslegu áhrifin af þessu eru hin sömu. Það getur vel verið að hv. þm. treysti því að ráðdeild og sparnaður séu svo í fyrirrúmi í Seðlabankanum að þar sé öruggast að koma fyrir peningum ef menn ætla ekki að eyða þeim. Það hefur sumum sýnst annað hér í þinginu, þar á meðal mjög mörgum flokksbræðrum hv. þm.

Ég ætla ekki að segja mikið meira um þetta. Hv. þm. taldi að þessi frumvörp væru ekki til marks um nútímaleg viðhorf í viðskiptum. Ég hef í reynd þegar svarað því því að hér er fyrst og fremst um það að ræða að herða á nokkrum skrúfum sem fyrir voru í því regluverki sem samið var hér á árunum 1985 og 1986. Grundvallarreglum er ekki breytt, en hins vegar verkfærunum hagrætt í höndum manna til þess að það sé hægt að vinna með þeim það sem vinna átti við þær aðstæður að undantekningaraðstæður á lánamarkaði geri það óhjákvæmilegt í bráð að hlutast til um vextina. Það er allt sem með þessu er sagt og ég ætla alls ekki að fara hér út í að endurtaka allar okkar umræður sem voru hér við 1. umr. Ég vildi bara segja að ég tek undir það með hv. 2. þm. Norðurl. e. að það mundi auka mjög á reisn Alþingis ef það hætti að dunda við frumvörpin sem við erum hér að fást við og gerði þau að lögum, ef við tökum ekki svo mikinn tíma til þess að fjalla um mál sem þegar er þaulrætt. Ég vildi beina því til hans að hugleiða hvort hann hafi tekið þátt í því.

Það er kannski ástæða til að svara beinlínis því sem til mín var beint frá hv. 2. þm. Norðurl. e. um 9. gr. Ég hef þegar svarað því hvað felst í því að leggja þarna til að bæta við orðunum „og hóflegir". Ég vildi líka skýra hvers vegna þessum viðbótarmálsgreinum um fyrirtæki sem starfa utan bankakerfisins á lánamarkaðnum, bæði hvað varðar bindiskyldu og vaxtaákvarðanir, var bætt við. Það er fyrst og fremst og eingöngu til að tryggja að nokkurt jafnræði ríki með þeim sem á markaðnum starfa, að sams konar aðhald sé veitt, að stíflugarðar séu reistir til að koma í veg fyrir að viðskiptin renni þarna viðstöðulaust úr hinu hefðbundna bankakerfi sem hefur miklum skyldum að gegna sem ég veit að hv. 2. þm. Norðurl. e. er gerkunnugur frá sinni annarri starfsstöð sem bankaráðsmaður í Búnaðarbanka Íslands. Til þess er þetta gert. Hvort það tekst til fulls áætla ég ekki að segja. Ég veit að þingheimur gerir sér það vel ljóst að svona reglur virka oft best þegar ekki þarf á þær að reyna, eingöngu af því að þær eru þarna. Það er vel kunnugt og það er kannski ekki síst tilgangur þess frv. sem hér er flutt. Ég ætla mér ekki þá dul að þessi viðbót muni leysa allan vanda í vaxtamálum. Hún mun ekki leysa alla vaxtarverki út úr veröldinni. Hún mun ekki leysa þann vanda sem í því felst að menn gera viðskipti með fjárskuldbindingar utan við stofnanafarvegi. En þetta verður nokkur viðmiðun, nokkur viðspyrna fyrir þá sem telja að þarna hafi úrskeiðis farið. Þetta er rauði þráðurinn í þessum tillögum og ég vona að hv. Ed. hjálpi til við að ljúka því að spinna hann.

Síðan spurði hv. þm. mig hvort ég væri ráðinn í því að beita þessum heimildum og það kom reyndar einnig fram hjá hv. 14. þm. Reykv. Svarið við því er ákaflega einfalt. Það fer eftir því hvernig vextirnir þróast eftir að þetta er orðið að lögum. Reyndar vil ég benda á það að heimildin er handa Seðlabankanum en ekki ráðherranum nákvæmlega eins og er í gildandi lögum. Það er mat hans, faglegt og annað á lögunum og gildi þeirra og því sem gerist á markaðnum, hvort hann leitar eftir samþykki ráðherrans við því hvort þarna þurfi til að hlutast.

Ég ætla samt ekki að segja neitt annað um málið að svo stöddu en það að það kann vel svo að fara að á þetta þurfi að reyna, en ekki vegna þess að nafnvextirnir núna hafi farið svo fram úr því sem verðlagsbreytingar gæfu tilefni til heldur tel ég, og þá kem ég aftur að því sem kom fram í máli hv. 14. þm. Reykv., að raunvaxtakrafan sem gerð er víða á markaðnum sé há og hærri en gerist í löndunum í kringum okkur. Þá kem ég að því að það er verkefni bankaráðanna, hvort sem það eru ríkisbankar eða aðrir bankar, ekki eingöngu eins og skilja hefði mátt á máli hv. 2. þm. Norðurl. e. að standa vörð um hagsmuni bankanna. Þeir eiga líka að standa vörð um hagsmuni almennings samkvæmt bankalögunum eins og þau eru sett og það gildir jafnt um hlutafélagsbanka sem ríkisbanka. Ég veit að hv. 14. þm. Reykv. getur staðfest að það sjónarmið á að vera þar uppi líka.

Hv. 2. þm. Norðurl. e. spurði um verðtryggingu fjárskuldbindinga og viðhorf mitt í því máli. Það gerði

líka hv. 4. þm. Vesturl. Það gerði reyndar líka hv. 14. þm. Reykv. Mitt svar í þessu máli er mjög skýrt. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir og ég ætla að vitna til hennar, með leyfi hæstv. forseta: „Ríkisstjórnin ætlar sér að koma í veg fyrir víxlhækkanir verðlags og lánskjara þegar jafnvægi í efnahagsmálum er náð."

Þetta er okkar samþykkt. Hún stendur enn óbreytt. Það er deginum ljósara að menn hafa á því ýmsar skoðanir hvenær slíku jafnvægi sé náð. Ég hlustaði með athygli á það sem fram kom hjá hv. 14. þm. Reykv. um hans viðhorf í því máli. Þau eru innlegg í þetta mál að mínu áliti. Það er margt sem athuga þarf og kom fram hjá honum og ég mun víkja að því síðar í minni ræðu í örfáum orðum.

Síðan kem ég að því sem kom fram hjá hv. 6. þm. Vesturl. þar sem innt var eftir því hvernig það mætti vera að mesta blómaskeið bankanna stæði nú þegar atvinnulífið ætti við jafnmikla erfiðleika að glíma og raun bæri vitni. Þá vil ég nú fyrst nefna tímamuninn sem á þessu er, að núna er sem óðast verið að birta reikninga bankanna fyrir liðið ár og sá samanburður sem nú hefur verið gerður hefur oft verið gerður við erfitt ástand á líðandi stund í atvinnulífinu, reyndar líka við ársreikninga frá því í fyrra.

Ég vil líka minna á það, sem ég sagði hér áðan, að hagur bankanna kemur á eftir í hagsveiflunni mjög oft. Ég minni líka á það, sem ég sagði um lagaskyldu þessara stofnana, að halda ákveðnum hlutföllum í sínum reikningum til öryggis fyrir sína viðskiptamenn. En síðast en ekki síst vil ég á það benda að það eru reyndar tölur um það ljósar að hagur bankanna hafi breyst til hins lakara á því ári sem nú er að fjórðungi senn liðið. Ég hef sett til þess hóp manna að kanna vaxtamuninn í bankakerfinu vegna þess að það mál hefur aldrei verið nægilega vel kannað eða skýrt til þess að á því efni megi byggja skynsamlegar tillögur um breytingar í þessu efni. Þetta er það sem ég vil um málið segja og ég býst við því að þessi harðari samkeppnisstaða bankanna núna, þrengri hagur þeirra muni knýja þá til að leita eftir sameiningu, samruna, gera bankakerfið hagkvæmara. Þess eru nokkur merki og þá er vel, því þannig og aðeins þannig fæst raunveruleg lækkun á kostnaði við miðlun fjármagns.

Hv. 4. þm. Vesturl. gerði nokkuð að umtalsefni að ríkisstjórnin hefði á fyrstu mánuðum síns starfs náð allgóðum árangri. Nú væri hins vegar meiri óvissa ríkjandi. Honum fannst sem bankakerfið græddi á tá og fingri meðan atvinnulífið sylti. Ég hef raunar þegar gefið nokkur svör við því hvers vegna þetta lítur svona út. Ég vil taka undir áhyggjur þær sem komu fram í máli hv. 4. þm. Vesturl. um að það er mjög mikilvægt fyrir okkur nú að ná betri tökum á þessu og láta ekki verðbólguna æða upp enn á ný.

Hann innti mig eftir áliti á afstöðu minni til verðtryggingar lánssamninga. Ég hef þegar svarað því, en ég vildi segja við hann að ég tel að það væri einmitt samþykkt þeirra frumvarpa sem við ræðum hér nú sem gæti gefið okkur viðspyrnu í þessu efni. En auðvitað er það rétt að það er undirstaðan í þessu að það komist á raunverulegir kjarasamningar í þeirri merkingu að menn takist á um það sem er raunverulega til skipta en séu ekki að spenna hér allt upp með óraunhæfum hætti. Það gerist ekki eingöngu í launasamningunum. Það gerist líka í öðrum ákvörðunum sem ráða hér kjörum, þar á meðal hvað varðar vexti og gjaldskrár ýmissa fyrirtækja og stofnana.

Þá kem ég að lokum, virðulegi forseti, að máli hv. 14. þm. Reykv. og vildi benda á að mér fannst gegna að nokkru leyti sama máli í hans málflutningi og hjá hv. 2. þm. Norðurl. e. Að vísu fullyrðir hv. 14. þm. Reykv. miklu fremur en 2. þm. Norðurl. e. að hér sé um mjög mikilvægar og hættulegar breytingar að ræða. Hv. 2. þm. Norðurl. e. slær úr og í. Ýmist skipti þetta engu máli eða að maður gæti skilið að þetta gengi ekki nógu langt af því að þetta bjargaði ekki nógu miklu. Ég veit ekki alveg hvernig á að skilja það. En ég vildi endurtaka að ég tel það ekki alls kostar rétt að þessi frumvörp stefni til aukinnar miðstýringar. Það gera þau ekki. Ég get endurtekið það sem ég hef sagt. Þetta er áherslubreyting í því fyrirkomulagi vaxtaákvarðana sem samþykkt var hér 1986.

Það er rétt hjá hv. 14. þm. Reykv. að ég er mikill stuðningsmaður þess að Ísland sé í sem bestum tengslum við hinn vestræna heim. Ég er fylgjandi því að við höfum frjálslegri viðskipti með fjármagn og fjármálaþjónustu en tíðkast hefur. Forsendan fyrir því er að sjálfsögðu að við samræmum okkar reglur þeim reglum sem gilda um lánsviðskipti í öðrum löndum, en með gát. Ég fullyrði að staðhæfingin um að þessar breytingar gerbreyti svo íslenska lánakerfinu að það geri það ósamþýðanlegt umhverfinu eru rangar. Ég þekki nægilega vel til þess sem er á lögbókum nágrannalandanna. Þar er víða um reglur að ræða sem ekki eru ýkja frjálslegar, sums staðar. Sums staðar er þetta mjög frjálslegt. Það er einmitt þessi sundurleiti reglugerða- og lagaskógur sem ætlunin er að reyna að hefla og leiða til sameiginlegrar niðurstöðu innan Evrópu á næstu árum. Við getum verið þátttakendur í því og ég tel að sérstaklega löggjöfin um verðbréfafyrirtæki og verðbréfaviðskipti, eignarleigu, sem hér hafa verið til umræðu í þinginu og tengjast að nokkru leyti þessum frumvörpum, sé allt saman góður efniviður í þá samræmingarvinnu. Þær breytingar sem hér eru gerðar stefna alls ekki í þveröfuga átt. Þær eru ekki mikilvægar til að breyta okkar kerfi til þeirrar áttar sem gildir hér í kringum okkur, en það verður hver að éta úr sínum aski og það er einmitt það sem hér er gert.

Ég bendi enn á það sem ég tel vera nokkra tvíhyggju í þessari gagnrýni, annars vegar séu þetta lítilvægar breytingar, hins vegar eitthvert stórkostlegt hættuefni á ferðum, og endurtek: Það er vel hægt að samrýma það að hlutast til um vaxtaákvarðanir í bráð en stefna að opnun markaðarins í lengd sem úrræði til þess að koma eðlilegri verðlagningu á fjármagnsþjónustuna. Það er ekki verið að færa vald til ríkisins með þessum lagaákvæðum. Það vald sem

er þegar hjá ríkinu fyrir er þar enn. Þetta er ekki breyting hvað þetta varðar.

Að lokum vildi ég kannski benda á að mér finnst ekki hægt af því efni sem fyrir liggur að draga þá ályktun að einkabankarnir hafi komist betur af en ríkisbankarnir ef maður lítur yfir nokkur ár í senn. Það var einmitt niðurstaða prófessors Þorvalds Gylfasonar, sem hv. 2. þm. Norðurl. e. vitnaði hér til fyrr í umræðunni, að hann gat ekki fundið slíkan mun. Á því geta auðvitað verið eðlilegar skýringar, þær sem flestum eru kunnar, að einkabankarnir eru minni einingar, geta ekki náð þeirri hagkvæmni sem fylgir stærðinni, og þess vegna tel ég einsýnt að það gildi það sama um einkabankana og ríkisbankana að það þurfi sameiningu, samruna, samstarf til þess að ná virkari einingum.

Að lokum vildi ég taka það fram að ég tel að fjárráðstöfun lífeyrissjóðanna og frjálslegri ráðstöfun sparnaðar landsmanna yfirleitt muni geta stuðlað að betra jafnvægi á lánamarkaðnum og tek undir það með hv. 14. þm. Reykv. Ég bendi á að húsbréfafrv. sem er til umræðu í þinginu gæti einmitt verið farvegur fyrir slíkt betra jafnvægi á lánamarkaði, dregið úr þörfinni fyrir opinber afskipti og fjármögnun um opinbera sjóði, meiri innri fjármögnun á markaðnum. Ég er viss um að með því að leiða saman sjónarmið eins og komu fram hjá hv. 14. þm. Reykv. og annarra í verkalýðshreyfingu og hjá ríkisvaldinu megi bæta mjög starfsemina á fjármagnsmarkaðnum.

Ég vek athygli á því, sem kom fram hjá hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni, að það er mjög mikilvægt að draga úr lántökuþörf ríkisins ef menn vilja ná hér hóflegum útlánsvöxtm. Ég bendi á að hv. 14. þm. Reykv. sem einn stjórnarmanna í Lífeyrissjóði verslunarmanna hefur gengið á undan í því að sýna að það er hægt þar sem eru ráðandi aðilar á markaði eins og Lífeyrissjóður verslunarmanna er að lækka raunvexti á þessum fjármagnsmarkaði með ákvörðunum eins og þeir hafa tekið. Ég vona að það geti orðið upphafið að hagstæðri, hagfelldri þróun í þessum ákvörðunum og vil einmitt nota þennan ræðustól til að hrósa Lífeyrissjóði verslunarmanna fyrir það frumkvæði.

Að lokum vildi ég segja að einmitt í þeim anda sem kom fram hjá hv. 2. þm. Norðurl. e., að það sé nú kominn tími til að snúa sér að því að koma atvinnuvegunum á réttan kjöl og tefja ekki tíma þingsins með óþarfamasi um tiltölulega einföld mál, vona ég að þetta frv. verði hér afgreitt.

Frsm. 3. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég saknaði þess að hæstv. viðskrh. skyldi ekki tala meira um þá hluti sem máli skiptu í sinni ræðu en um hin atriðin sem léttvægari eru. Sérstaklega þótti mér eftirtektarvert hversu lipurlega og léttilega ráðherrann svaraði þeirri gagnrýni sem til hans hefur verið beint bæði frá dr. Guðmundi Magnússyni prófessor og eins frá Seðlabankanum. Ég hygg að þeirri gagnrýni prófessorsins sé ósvarað sem lýsir sér í þeim orðum að það sé broslegt þegar fram koma hugmyndir um að leysa efnahagsvanda ríkissjóðs með skattlagningu á tekjur og yfirdrætti ríkissjóðs í Seðlabankanum eða aðrar sértekjur hans eins og innheimt viðurlög. Prófessorinn segir að í fyrra tilvikinu væri ríkissjóður að útvega sér afslátt á vöxtum til að fela raunverulegan kostnað við hallarekstur. Í báðum tilvikunum sé verið að útþynna stjórn peningamála eins og nánar mun vikið að, segir í greininni. Auðvitað vitum við að þessi gagnrýni prófessorsins er réttmæt. Það liggur fyrir að ríkissjóður verður rekinn með verulegum halla á þessu ári. Ríkisstjórnin var búin að ganga svo langt í skattheimtu að hún treysti sér ekki til að ganga lengra vegna hins lága atvinnustigs sem hér er og vegna þess að margvíslegar nauðþurftir voru hækkaðar mjög verulega með ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar um áramótin. Þess vegna er gripið til þessarar nýju skattheimtu til að ná inn aukatekjum og mæta þannig þeim sérstöku vandamálum sem ríkisstjórnin á nú við að glíma.

Ég hlýt líka að segja að næsta broslegt er þegar hæstv. ráðherra líkir því saman að efnisinnihald þeirra greina sem við erum að fjalla um í brtt. og frv. sé sambærilegt, þegar hann enn er að reyna að halda sig við það að orðið „hóflegur" skipti máli í lagatexta en viðurkennir þó í hinu orðinu að auðvitað verði að hafa huglægt mat á því hvað „hóflegur" þýðir og vekur síðan athygli á því síðar í sínu máli að Seðlabankinn hafi ekki treyst sér til að útskýra hvað felist í orðinu „óhæfilegur vaxtamunur" sem kemur fyrir í þessari sömu grein. Auðvitað á Seðlabankinn erfitt með að útskýra hvað er óhæfilegur vaxtamunur. Með sama hætti vafðist það fyrir hæstv. ráðherra að útskýra hvað hann ætti við með orðinu „hóflegur" því að auðvitað gat hann ekki upplýst þingheim neitt um það atriði. Ég tek það því ekki aftur að það er hálfgert orðakonfekt, eins og formaður Alþfl. sagði einu sinni af öðru tilefni, að skjóta þessu orði hér inn.

Ég vil líka vekja athygli á því að það er ekki aðeins hv. 2. þm. Norðurl. e. sem hefur haldið því fram að hin nýja regla sem gert er ráð fyrir í 1. gr. frv. komi sér illa fyrir þá banka sem sinna útflutningsatvinnuvegunum heldur er það sú niðurstaða sem Útvegsbankinn hefur komist að eins og Landsbankinn. Á hinn bóginn koma einstakir mánuðir misjafnlega út hjá Búnaðarbankanum, en um aðra banka er naumast að ræða þegar verið er að tala um veruleg lán til útflutningsatvinnuvega. Þær upplýsingar sem liggja fyrir benda til þess að þessi breyting sé ekki til hagsbóta fyrir þá banka sem þjónusta útflutningsatvinnuvegina. Ef hæstv. viðskrh. hefur um það einhver fyllri eða betri gögn er fróðlegt að fá að sjá þau. Ég vona að nefndarmenn meiri hlutans hafi kynnt hæstv. viðskrh. þau plögg sem nefndinni bárust varðandi þessi atriði. A.m.k. liggur ljóst fyrir að yfir nefndinni vakti sérstakur fulltrúi ráðherra sem kom ofan úr ráðuneyti og maður hlýtur að ætla að hann hafi kynnt ráðherranum þessi gögn. Ef hæstv. ráðherra hefur einhverjar fyllri upplýsingar en þessar

væri gott og fróðlegt að sjá þær. Hitt liggur fyrir, sem Iðnaðarbankinn hélt fram, að ef markmið ríkisstjórnarinnar væri að hygla sérstaklega þeim bönkum sem þjónuðu útflutningsgreinum væri erfitt að sjá hvernig það gæti farið heim og saman við hina fullyrðinguna, að með þessari frvgr. væri verið að jafna starfsskilyrði innlánsstofnana, ef tilgangurinn var augljóslega hinn, að mismuna einstökum bönkum. Það getur vel verið að það hafi verið nauðsynlegt að mati ráðherrans að mismuna bönkunum og þá er að segja það. En hann getur ekki gert hvort tveggja, jafnað aðstöðuna og mismunað þeim. Um þetta þarf ekki að hafa fleiri orð.

En það er tvennt sem ég vil vekja athygli á í málflutningi ráðherra. Hann sagði fyrst í ræðu sinni að enn væri góður hagur í rekstri bankanna þótt farið væri að halla undan fæti hjá atvinnuvegunum, en tók sig svo á síðar í ræðu sinni og viðurkenndi þá að rekstrarafkoma bankanna er allt önnur og miklu verri en á sl. ári. Ég hygg að sumir viðskiptabankanna hafi tapað verulegum fjárhæðum. Þetta er m.a. og kannski eingöngu vegna þess að verðbólgan sem verið hefur í landinu mjög mikil, 30% verðbólga, hefur á skiptikjarareikningum komið þannig við bankana að þeir hafa tapað miklum fjárhæðum á meðan reynt er að halda nafnvöxtum niðri. Þess vegna er það að bankarnir hafa neyðst til þess í þessum mánuði að hækka nafnvextina verulega, enda er það í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 6. febr. 1989 um peninga- og vaxtamál en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Seðlabankanum er í samráði við viðskrn. falið að veita nafnvöxtum lánastofnana sérstakt aðhald á umþóttunartímabili í kjölfar verðstöðvunar þannig að samræmi verði milli raunávöxtunar verðtryggðra og óverðtryggðra lánssamninga."

Ég hygg, herra forseti, að rétt sé að gefa kaffihlé á fundinum þannig að hægt sé að halda umræðum áfram með eðlilegum hætti. Ég sé ekki að það sé tilefni fyrir mig að halda áfram ræðu minni á meðan ég hef ekki hæstv. ráðherra nærstaddan. Ég vil líka óska eftir því að annaðhvort hæstv. forsrh. eða varamaður hans, hæstv. sjútvrh., séu viðstaddir. Sú skýring var gefin hér í dag að hæstv. forsrh. væri vant við látinn, væri að fylgja forsetanum yfir Íslandi á flugvöll og eru það auðvitað lögleg forföll. Á hinn bóginn svaraði hæstv. viðskrh. ekki mjög skýrum spurningum sem til hans var beint og jafnframt lét ég þess getið að ég óskaði eftir því að fá hér forsrh. til að svara þeim. Ég vona að herra forseti fari ekki að þreyta einstaka þingmenn með því að sýna þá bersýnilegu ósanngirni að ... (**Forseti:** Hæstv. viðskrh. er ekki í salnum.) Ég óska eftir því að hæstv. sjútvrh. gangi líka í salinn. (**Forseti:** Ég hef óskað eftir því líka.) Alveg ljómandi.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, sem ber yfirskriftina „Samþykkt ríkisstjórnarinnar 6. febrúar 1989 um peninga- og vaxtamál", segir, með leyfi hæstv. forseta: „Seðlabankanum er í samráði við viðskrn. falið að veita nafnvöxtum lánastofnana sérstakt aðhald á umþóttunartímabili í kjölfar verðstöðvunar þannig að samræmi verði milli raunávöxtunar verðtryggðra og óverðtryggðra lánssamninga."

Ég tel nauðsynlegt vegna ummæla sem hæstv. forsrh. hefur viðhaft í dagblöðunum í dag, m.a. í Tímanum og Morgunblaðinu, að fá það upplýst hér við umræðuna frá hæstv. viðskrh. hvort þessi yfirlýsing sé enn í gildi og eins frá hæstv. sjútvrh. hvort þessi yfirlýsing sé enn í gildi.

Það mætti kannski segja miklu fremur: Var í huga þessara tveggja ráðherra þessi yfirlýsing nokkurn tíma í gildi? Það liggur fyrir að ríkisstjórnin hefur kallað til sín bankaráðsmenn sem fylgja ríkisstjórninni að málum til að reyna að hafa þau áhrif á bankaráðsmennina að þeir höguðu sér ekki í samræmi við þau orð sem ég hef verið hér að lesa upp.

Jafnframt vekur það athygli að hæstv. forsrh. segir í Tímanum í dag, með leyfi forseta: „„Ég er í vaxandi mæli þeirrar skoðunar að á meðan við höfum verðtryggingu á innlánum og þau eru að mestu á 3,5% vöxtum að auki og á sama tíma horfum við á óhagstæðar rekstrareiningar bankanna sem kalla á mikinn vaxtamun, þá ráðum við seint við þessi mál fyrr en verðtrygging hefur verið afnumin," sagði Steingrímur Hermannsson. Sagði hann þessar hækkanir mikil vonbrigði fyrir sig. Taldi hann að bankarnir hefðu vel mátt þola verðbólgusveiflu þá tvo mánuði sem útlit var fyrir að hún varaði. „Það eru mér mikil vonbrigði að bankarnir sjái sér ekki annað fært en að hækka vexti og það sýnir okkur það að við verðum að taka á þessum málum á annan og miklu ákveðnari hátt," sagði hann. Staðfesti hann síðan að um leið og breytingar við seðlabankalögin fáist samþykktar á Alþingi muni forsrh. beita sér fyrir hertari aðgerðum á hendur viðskiptabönkum í vaxtafrelsi þeirra.

Í frv. því sem nú liggur fyrir Alþingi felst að heimildir Seðlabanka eru rýmkaðar til muna og er gert ráð fyrir því að bankinn geti bundið vaxtaákvarðanir innlánsstofnana að fengnu samþykki ráðherra og einnig komið í veg fyrir að munur innlánsvaxta og útlánsvaxta verði óhóflegur."

Mér finnst nú, herra forseti, miklu æskilegra að hæstv. forsrh. svari sjálfur úr því hann er kominn í salinn en sjútvrh. og óska eftir því að hann svari við umræðurnar þeirri einföldu spurningu hvað hann meinti með því sem stendur í Tímanum í dag. Ég get þá vikið að öðru á meðan á þessu stendur.

Það er annars svolítið spaugilegt þegar maður sér uppsláttinn í Tímanum og hversu vel hann tekur sig út, hæstv. forsrh., á forsíðunni — „Stutt í hertar aðgerðir í bönkunum" er yfirfyrirsögnin — að lesa það sem segir í riti sem hefur verið gaukað að mér, ekki svo að skilja að ég sé áskrifandi að ritinu, og heitir „Fréttabréf um verðbréfaviðskipti" og síðan stendur „Verðbréfaviðskipti Samvinnubankans, 3. tbl. 3. árg., mars 1989". Þar stendur um stefnu ríkisstjórnarinnar, með leyfi hæstv. forseta: „Maður fær það á tilfinninguna að verið sé að villa um fyrir lesandanum á ýmsan hátt. Látið er í veðri vaka að Seðlabankinn geti lækkað raunvexti með sölu á spari-

skírteinum ríkissjóðs gegn 5% raunvöxtum óháð verðbólgu og væntingum fólks. Ríkissjóður getur auðvitað náð þessu markmiði fyrir sitt leyti með því að gefa út skírteini sem seljast ekki. Raunvextir lækka hins vegar ekki fremur en verðbólga með einfaldri ríkisstjórnarsamþykkt. Það er verið að ruglast á orsök og afleiðingu og finna sökudólga í lánastofnunum og Seðlabanka fyrir háum raunvöxtum. Til þess að raunvextir lækki þarf að snúa dæminu við. Það verður að byrja á því að ákveða fjárlög og áætla erlendar lántökur og peningaframboð í landinu í heild með tilliti til þess að heildareftirspurn í þjóðfélaginu sé í samræmi við heildarframboð þannig að ákveðnu markmiði í verðlagsmálum sé náð. Þetta gerist með því að breyta peningaframboði af hálfu Seðlabankans með reglum um bindiskyldu og lausafjárhlutfall og með sölu spariskírteina við þeim vöxtum sem það þarf til þess að ná tilteknu sölumarkmiði. Á venjulegum markaði getur fyrirtæki annaðhvort ákveðið verð vöru sinnar eða það magn sem það vill selja á tilteknu verði. Þegar bæði verð og magn er ákveðið er nánast um tilboð að ræða fremur en markaðsstarfsemi. En það er einmitt þess vegna sem svo mörgum stjórnmálamönnum er illa við markaðinn. Það er erfitt fyrir þá að ráða yfir honum eða ákveða með lögum að hann skuli láta að vilja þeirra."

Þetta stendur í „verðbréfaviðskiptum" Samvinnubankans. Nú er oft gert samasemmerki á milli samvinnuhreyfingarinnar og Framsfl. og þetta er eftirtektarvert. Þetta er kannski verri hliðin á Framsfl. Ekki skal ég um það segja. En af því að hæstv. forsrh. er kominn í salinn vil ég varpa þeirri spurningu til hans hvort hann sé sammála þeirri yfirlýsingu hæstv. viðskrh. að *það hafi engin ákvörðun* verið um það tekin að beita þeim heimildum sem hér liggja fyrir um að Seðlabankinn grípi inn í vaxtaþróun. Það er nauðsynlegt að fá um þetta skýr svör. Jafnframt hliðraði hæstv. viðskrh. sér við því að svara þeirri spurningu hvort hann væri sammála því að leggja niður lánskjaravísitölu. Það væri fróðlegt að fá í þingtíðindin hvert er viðhorf hæstv. forsrh. til þessa.

Ég sé að hæstv. viðskrh. hefur tekið forsrh. inn í hliðarherbergið til að passa upp á að hann tali rétt og varlega. Það er auðvitað ekki gott ef menn svara út úr pokanum það sem þeim finnst. Það er ekki gott.

En það voru fleiri en ég sem spurðu hæstv. viðskrh. þeirrar spurningar hvort hann vildi afnema lánskjaravísitöluna eða ekki og hefur engu verið um það svarað.

Ég vil jafnframt spyrja hæstv. forsrh. hvort hann telji að þegar í stað verði gripið til þeirra heimilda sem felast í brtt. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. um seðlabankalögin, hvort það eigi að handstýra vöxtunum nú í marsmánuði og reyna að keyra frv. fram fyrir hátíðar til þess að svo megi verða.

Ég hef, herra forseti, rétt til að tala þrisvar sinnum við þessa umræðu og kýs að stytta mál mitt til að gefa hæstv. forsrh. tækifæri til að svara þessum fyrirspurnum.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Þeim ákvæðum sem leitað er eftir með þessum frv. mun verða beitt ef þörf krefur til að ná lækkun vaxta. Um þetta hefur þegar verið rætt við Seðlabanka Íslands, mun verða rætt við Seðlabanka Íslands og unnið er á vegum viðskrh. að ákveðinni áætlun um lækkun vaxta sem Seðlabankinn verður beðinn að beita sér fyrir að komi til framkvæmda. Ef reynist óhjákvæmilegt að nota þau ákvæði sem eru í þessum lögum til að ná fram lækkun vaxta verður þeim beitt skilyrðislaust.

Hv. þm. spyr einnig að því hvort lánskjaravísitala verði afnumin. Ég vísa til þess sem segir í stjórnarsáttmála um það. Þar segir að lánskjaravísitala verði afnumin þegar jafnvægi hefur verið náð í efnahagsmálum. Ég hef aldrei farið leynt með þá skoðun mína að lánskjaravísitölu ber að afnema eins fljótt og frekast er kostur og tel hana vera grundvöll að þeirri mjög óheilbrigðu peningastarfsemi sem fer fram í landinu. Allar þjóðir hafa afnumið lánskjaravísitölu og margir lýst undrun sinni við mig að við skulum treysta okkur til að tryggja fjármagnið á sama tíma og atvinnuvegirnir eru reknir með tapi.

Ég hef aldrei farið leynt með þá skoðun mína að það þurfi að afnema lánskjaravísitölu svo fljótt sem auðið er. Ég viðurkenni hins vegar að það kann að vera erfitt meðan verðbólga er töluvert mikil og óróa í peningamálum en því fyrr sem það er gert því betra að mínu mati.

Ég er að láta taka saman hver hagnaður banka og sjóða hefur orðið á síðasta ári á sama tíma og allir *atvinnuvegirnir, sem eiga nú að bera uppi* þetta peningakerfi okkar eins og sjávarútvegurinn, hafa stórtapað fé. Það er fróðlegt að vita hvort hv. þm. t.d. telur að unnt sé í raun að tryggja svo fjármuni þeirra sem þá eiga og peningastofnana að tryggt sé umfram það sem grundvallaratvinnuvegir þjóðarinnar bera uppi. Ég er þeirrar skoðunar að það sé ekki hægt og vísa enn einu sinni til ágætrar greinar sem Gunnar Tómasson hagfræðingur skrifaði í Morgunblaðið 28. janúar sl.

Frsm. 3. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir að hann svaraði með sínum hætti þeim fyrirspurnum sem ég beindi til hans. Það er alveg ljóst að hann svarar öðruvísi hér á Alþingi spurningunni um hvort hann vilji afnema lánskjaravísitöluna en úti í bæ. Það er alveg augljóst mál. Hann lætur svo í blöðum sem hann sé bara að hugsa um það undir eins að afnema lánskjaravísitöluna. Hann talar um það nú, eins og úti í bæ raunar líka, að lánskjaravísitalan sé helsti bölvaldur þjóðarinnar og nú áðan talaði hann um að svo mætti vel vera að hagnaður banka og innlánsstofnana á síðasta ári hafi verið óeðlilega mikill þvert ofan í það sem hæstv. viðskrh. sagði í sinni ræðu áðan. Það væri nú

fróðlegt við annað tækifæri að spyrja þessa tvo hæstv. ráðherra út úr um það atriði eða þá kannski hæstv. forseti vildi í matarhléinu spila fyrir forsrh. það sem viðskrh. sagði áðan um stöðu innlánsstofnana.

Ég skal ekki fara út í það. Þeir geta talað um það á ríkisstjórnarfundi fyrir mér. En hitt liggur nú fyrir sem ég ekki vissi að hæstv. viðskrh. er búinn að gera áætlun um lækkun vaxta sem Seðlabankanum verður falið að beita sér fyrir. Hæstv. forsrh. talaði með þeim hætti að óhjákvæmilegt er að skýra orð hans svo að þessi brtt. við seðlabankafrv. sé liður í þeirri áætlun til þess að gera þá áætlun mögulega. Ég spurði hæstv. viðskrh. áðan hvort hann hefði í hyggju að beita sér fyrir því að vextir af innlánsfé í bönkum og sparisjóðum yrðu neikvæðir undir verðbólguhraðanum, sú regla yrði almennt tekin upp. Hann svaraði því ekki einu einasta orði. En eins og hæstv. forsrh. hefur talað í blöðum og áðan verður ekki annað lesið milli línanna en þeir hafi komið sér saman um það, ráðherrarnir í ríkisstjórninni, að beita þeim ákvæðum sem hér er talað um til hins ýtrasta nema hægt verði að fá viðskiptabankana og þá einstaka verðbréfasjóði til að færa vaxtakröfuna undir verðbólgu í landinu. En þá er spurningin: Hver bjó til þessa verðbólgu? Varð verðbólgan til af sjálfu sér? Og hvernig er þetta jafnvægi sem hæstv. forsrh. er að tala um? Hvar er jafnvægið? Hefur hæstv. forsrh. svarað því og vill hann svara því hér núna til að reyna að koma á jöfnuði á peningamarkaðnum hvernig brugðist verður við í maímánuði þegar það fé sem nú er í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins verður gengið til þurrðar, þegar það fé sem sjávarútvegurinn fékk og kallað er „endurgreiðsla á uppsöfnuðum söluskatti" hefur gengið til þurrðar? Treystir hæstv. forsrh. sér til að lýsa því yfir núna að frekari erlend lán verði tekin í maímánuði til að halda áfram millifærslunum til sjávarútvegsins? Er það hugmyndin? Er hugmyndin að reyna að halda verðbólgustiginu niðri með þeim hætti eða er hugmyndin sú að ríkisstjórn hans felli gengið í fimmta skiptið nú í maímánuði til að tryggja afrakstur sjávarútvegsins? Það mundi kyrra lánamarkaðinn og það mundi valda meiri stöðugleika í efnahagslífinu ef menn gætu áttað sig á því hver væri stefna ríkisstjórnarinnar svo sem 2–3 mánuði fram í tímann í atvinnumálum.

Ekki vill hæstv. forsrh. svara því a.m.k. þar sem hann stendur með já eða neii hvort hann ætli að fella gengið í maímánuði. Sjútvrh. heyrir líka hvað ég segi og væri fróðlegt að vita hvað hann hefur í pokahorninu fyrir frystiiðnaðinn í maímánuði — nema kannski þetta bjargist af sjálfu sér. Var það ekki svo um Magnús sálarháska? Lifði hann ekki á guðsblessun á sínum tíma og dafnaði vel? Ég veit ekki hvort útvegirnir geta til lengdar framfleytt sér á blessun ríkisstjórnarinnar þó að hún sé kannski mikil.

Ég vil spyrja hæstv. viðskrh. um þessa áætlun um lækkun vaxta sem hæstv. forsrh. gat um. Í fyrsta lagi hæstv. viðskrh.: Er þessi áætlun til? (Gripið fram í.) Er áætlun um lækkun vaxta til, sú áætlun sem hæstv. forsrh. talaði um? Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að fá svar við þessu þegar verið er að tala um sérstakar heimildir til Seðlabankans til að hafa íhlutun ekki aðeins í bankana heldur líka í verðbréfasjóðina. Er þessi áætlun til? Það er hægt að svara þessu með jái eða nei. Eða er þetta eitthvert feluplagg? (**Viðskrh.:** Nei, að sjálfsögðu ekki.) Er hún til? (**Viðskrh.:** Hún var í meginlínum kynnt 6. febrúar.) Hún var ekki í meginlínum kynnt 6. febrúar vegna þess að hæstv. forsrh. hefur þrásinnis talað gegn því ákvæði þeirrar yfirlýsingar sem fjallar um að það skuli vera samræmi milli nafnvaxta og vaxta af verðtryggðum skuldabréfum. (**EgJ:** Forsrh. var að segja að hún væri í smíðum.) Nú, tók ég rangt eftir? Er hún í smíðum? (**EgJ:** Já.) Jahá. Ég biðst afsökunar að hafa tekið svo rangt eftir, en ég spyr enn: Er þar gert ráð fyrir því að þar verði raunvextir? (**Viðskrh.:** Á spariinnlánum.) Það er gert ráð fyrir því að það verði raunvextir á bankainnistæðum. Líka á almennu sparisjóðsbókinni? Á hún að vera með raunvöxtum? Hún hefur ekki verið það undanfarnar vikur og mánuði og þó er talað um að bankarnir hafi óhæfilega háa nafnvexti. Hún hefur ekki náð verðbólgunni. Það má þá vera að í þessari sérstöku áætlun sem verið er að tala um felist hækkun vaxta eftir allt saman þvert ofan í það sem hæstv. forsrh. var að segja.

Ég sé ekki að það sé ástæða til að tala lengur um það sem kom fram hjá hæstv. viðskrh. Hann hliðraði sér við því að tala um þau mál sem mestu skipta. Í fyrsta lagi kom ekkert fram í ræðu hans sem hnekkir þeirri fullyrðingu viðskiptabankanna að breytingin á reglunum um bindifé sé til óhagræðis fyrir þá banka sem þjóna útflutningsatvinnuvegunum. Í annan stað svaraði hann þannig spurningum mínum um 9. gr. að ekki er auðvelt að skýra hvað fyrir honum vaki. Ég spurði áðan skýrt um það hvort hugmynd hans og Seðlabankans væri sú að það yrði sett sérstakt þak á þá vexti og þá ávöxtun sem mætti taka af því sem kallað er þriðja manns pappírar og hef ekki fengið svar við því. Ég hygg þó að nauðsynlegt sé að fá svar við því. Er það hugmyndin með þessari grein að það sem kallað hefur verið þriðja manns pappírar falli undir hana? Að verðbréf frá þriðja aðila skuli sæta almennum ávöxtunarreglum frá Seðlabankanum? Er það hugmyndin? Er hugmyndin að hverfa aftur til þess ástands sem var áður en vaxtafrelsið var veitt eða er hugmyndin að ganga enn lengra? Ekkert um það. Svo segir hæstv. viðskrh. að hugmyndin sé sú og hugur hans standi til þess að hingað komi erlendir bankar. Hann er að tala um það að hann vilji endilega hjálpa til við það að minnka vaxtamuninn. Og hann er að tala um það að hann vilji og skilji nauðsyn þess að viðskiptabankarnir séu reknir með góðri afkomu og góðum hagnaði. En svo einfaldri spurningu eins og þeirri hvernig farið verður með þriðja manns pappíra ef þessi grein verður að lögum er ósvarað.

Ég ítreka það sem ég sagði áður, herra forseti, að því leyti sem þetta frv. hefur merkingu, þá er það aftur í tímann og til hins verra en hitt verður að viðurkenna að sumar greinar í frv. eru skaðlausar og skiptir þá auðvitað ekki máli hvort sagt er já eða nei við þeim.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Þar sem hæstv. forsrh. er nú mættur hér — og hefði nú verið betra að hann hefði getað hlustað á umræðurnar hér í dag — þá vil ég að gefnu tilefni upplýsa hann nokkuð um þau atriði sem komu fram í umræðunni og skýra vel stöðu þeirra banka sem hafa verið að skila reikningum fyrir árið 1988. Mér finnst það nauðsynlegt þar sem ég skrifaði niður hjá mér það sem hæstv. viðskrh. sagði í sambandi við það, en mér skilst oft á hæstv. forsrh. að þarna séu okrararnir og þeir sem fara illa að fólkinu með því að leggja óeðlilega vexti á almenning. Varðandi stöðu bankanna sagði hæstv. viðskrh. orðrétt í umræðunni fyrr í dag:

„Þessar hagnaðartölur," þ.e. hagnaðartölur bankanna fyrir árið 1988, „eru það sem þarf til að tryggja stöðu þeirra í samræmi við landslög þannig að þeir fullnægi þeim skuldbindingum sem lög kveða á um." Og einnig bætti hæstv. ráðherra við, ef ég man það rétt, ég skrifaði það ekki hjá mér, að þetta væri veigamikið atriði til að tryggja stöðu innstæðueigenda. Hæstv. viðskrh. lagði mikið upp úr því, sem er auðvitað rétt, að það þyrfti að vernda og verja og styrkja stöðu innstæðueigenda. Það væri grundvallaratriði fyrir íslenskt efnahagslíf. Því miður mun sú staða ekki vera jafngóð í dag og hún var fyrir þremur til fjórum mánuðum. Eftir því sem best er vitað mun allur frjáls sparnaður fara hraðminnkandi dag frá degi. Má eiginlega segja að eftir því sem næst verður komist sé um algjöra stöðnun að ræða í bankakerfinu hvað varðar hinn frjálsa sparnað.

Þetta taldi ég nauðsynlegt að kæmi fram vegna hæstv. forsrh. þannig að hann vissi um það hvað hér hefði fram farið og hver væri skoðun hæstv. bankamálaráðherra á því efni sem lýtur að einkabönkunum og þessum hagnaði þeirra. Hann er nú ekki meiri en svo að hann gerir lítið betur en að tryggja stöðu þeirra og tryggja það að þeir standist þau lagaákvæði um eiginfjárstöðu og fleira sem krafist er.

Varðandi lánskjaravísitöluna, sem hér var einnig mikið til umræðu í dag — og hæstv. forsrh. gat því miður ekki verið viðstaddur þar sem hann hafði öðrum skyldum að gegna sem við hv. þm. auðvitað skiljum — þá vil ég segja þetta: Ég er ekki fullkomlega sáttur við það að jafnágætur maður og hæstv. forsrh. raunverulega er skuli tala jafnóvarlega um lánskjaravísitöluna eins og hann gerir í fjölmiðlum. Ég tek undir þau orð hv. þm. Halldórs Blöndals að hann talar hér með allt öðrum hætti um þessi mál en hann gerir í fjölmiðlum. Hér talar hann raunverulega eins og við gerum öll þegar við fjöllum um þetta mál. Við gerum okkur öll grein fyrir því að það að komast út úr lánskjaravísitölukerfinu, sem ég get tekið undir að sé mjög æskilegt markmið, er ekki eins auðvelt og fljótt á litið má ætla þegar menn koma utan að þessu. Það er rétt sem hæstv. forsrh. sagði — og ég vildi óska þess að hann tæki það fram oftar, hann hefur að vísu gert það, ég tek það fram — hann undirstrikaði það að þegar jafnvægi er komið á peningamál í íslensku peningakerfi þá er auðvitað meira en sjálfsagt, þá eru raunverulega forsendur fyrir lánskjaravísitölu brostnar eða horfnar réttara sagt. Það er því auðvitað tómt mál að tala um þetta svona eins og hæstv. forsrh. gerir of oft. Hann segir að þetta verði unnið svo fljótt sem auðið er. Þá verður einnig að koma með þær forsendur sem hann byggir á og einnig verður hann að skýra betur en gert hefur verið hvað hann á við þegar hann segir að vísitalan verði afnumin svo fljótt sem auðið er.

Þetta með jafnvægið, ég skil það þannig að þegar verðbólgan er komin niður fyrir 10% þá sé kominn sá jafnvægispunktur sem menn stefna að og er það dálítið í samræmi við það sem tíðkast erlendis í sambandi við „vaxtanívó" og vextir eru þar víða á bilinu 8–11%. Ég vil láta það koma skýrt fram hér í umræðunni þannig að forsrh. þurfi ekki einn að vera að tjá sig um þetta efni að við sjálfstæðismenn erum að sjálfsögðu reiðubúnir til þess og viljum gjarnan, og meira en gjarnan, við viljum stuðla að því að lánskjaravísitalan verði ekki notuð sem viðmiðunarmælikvarði. En þá þarf tvennt að vera fyrir hendi. Það er ekki nóg að það sé komið svokallað jafnvægi sem miðast við reikult vaxtanívó því að vextir geta breyst þó að lánskjaravísitalan sé tekin úr sambandi. Þá viljum við einnig leggja áherslu á það, og ég vona að hæstv. forsrh. sé sammála því, að þá verður líka að gefa peningakerfið frjálst, þ.e. þá verður að afnema ákveðnar þvinganir sem eru á frjálsum viðskiptum með peninga innan íslensks efnahagslífs. Á ég þar sérstaklega við það að aðilar sem geta haft veruleg áhrif á vaxtanívóið, sem eru m.a. lífeyrissjóðirnir, geti þá komið inn á þennan markað og inn í bankana, inn í þessar fjármálastofnanir sem bera höfuðábyrgð á íslenskum peningakjörum, með eðlilegum hætti. Og þá er ég sannfærður um það að við mundum ná því markmiði, sem ég veit að forsrh. stefnir að, að koma vöxtunum niður. Þetta er hlutur í því að tryggja það jafnvægi sem hæstv. forsrh. er stundum að tala um. Ég undirstrika því að það er vilji okkar sjálfstæðismanna að lánskjaravísitalan verði ekki samtengd með þeim hætti sem verið hefur undanfarin ár, en það verða þá að vera fyrir hendi réttar forsendur sem tryggja framkvæmd þess máls.

Ég vil einnig taka undir það sem hv. þm. Halldór Blöndal sagði og varpa fram þeirri spurningu, og ætla ekki að fara út í það í löngu máli að ræða það, að auðvitað verða menn að fjalla um það með öðrum hætti heldur en bara tala um vexti og peninga, þó að það sé mikilvægt, hverjir hafa búið til verðbólguna á Íslandi. Ég vil segja það sem mína skoðun að það voru ekki sparifjáreigendur og það voru ekki framkvæmdaraðilar í atvinnulífinu. Ætli það sé ekki frekar það opinbera sukk sem ýmsir stjórnmálamenn bera ábyrgð á. Síðan verðum við náttúrlega að viðurkenna það og taka það með í reikninginn að góðu árin 1985–1987 ríkti hér eyðslustefna á öllum sviðum. Það var öllu eytt. Þetta hafði auðvitað sín áhrif í þá átt að spenna hér allt upp, spenna upp bæði verð á vörum og þjónustu sem og verðlag á peningum. Því miður. En því miður var eyðslustefnan einnig

mikil hjá ríkinu og kannski hefur hún verið hvað mest þar, jafnvel miklu meiri en hjá öllum almenningi.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, segja það að menn eiga að láta af því að vera með óbeinar, ég vil kalla skipulegar árásir á þá sem hafa sýnt sparnað og ráðdeildarsemi og þar á ég sérstaklega við sparifjáreigendur og lífeyrissjóðsfélaga. Það er mál að linni í þeim efnum. Þetta fólk sem hefur verið að reyna að leggja fyrir til elliáranna af ráðdeildarsemi á það ekki skilið að fjallað sé um þennan þátt vandamálanna í íslensku þjóðlífi sem peningakerfið er og spariféð með þeim hætti sem gert hefur verið. Og við megum heldur ekki tala þannig um þessi mál að þau, ég vil segja þau öryggisatriði séu til staðar sem eru mikilvæg til að tryggja það að þetta fjármagn fái eðlilega ávöxtun. Ég er sammála því sem kom fram hjá hæstv. viðskrh. í ræðu hans hér áðan þegar hann svaraði okkur hv. þm. að raunvextir verða að vera í hófi. Þeir hafa farið of hátt upp, undir það skal tekið, en það er ekki einfarið þeim að kenna sem hafa fjallað um peningamál í íslensku efnahagslífi á undangengnum árum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 647,1 (ný 1. gr.) samþ. með 11:3 atkv.
Brtt. 647,2 samþ. með 11:3 atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 11:3 atkv.
Brtt. 647,3 (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 11:3 atkv.
3.–5. gr. (verða 4.–6. gr.) samþ. með 11:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14:1 atkv.

Viðskiptabankar, 2. umr.

Stjfrv., 242. mál (bankaráð, hagsmunaárekstrar o.fl.). — Þskj. 447, n. 654 og 661, brtt. 655.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 654 frá 1. minni hl. hv. fjh.- og viðskn. um frv. til laga um breytingu á lögum um viðskiptabanka.

Nefndin hefur athugað frv. og kallað á sinn fund Baldvin Tryggvason frá Sambandi íslenskra sparisjóða, Tryggva Pálsson frá Verslunarbanka Íslands, Stefán Pálsson frá Sambandi íslenskra viðskiptabanka og Þórð Ólafsson frá bankaeftirliti Seðlabanka Íslands. Fyrsti minni hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með þeim brtt. sem birtar eru á sérstöku þskj.

Ragnar Óskarsson var fjarverandi lokaafgreiðslu málsins.

Undir nál. rita auk frsm. Jóhann Einvarðsson og Karl Steinar Guðnason.

Með brtt. á þskj. 655, ef hún nær fram að ganga, er ráðning útibússtjóra bankanna ekki í höndum bankaráða eins og nú er heldur bankastjórna.

Fyrsti minni hl. leggur sem sagt til að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir með þeirri breytingu sem er á þskj. 655.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það er hið sama um þetta frv. að segja og um frv. um Seðlabanka Íslands að að því leyti sem í því felst efnisbreyting sem máli skiptir þá horfir hún til hins verra. En á hinn bóginn eru ýmsar greinar í frv. sem skipta svo sem engu máli og get ég þá sérstaklega tekið til 1. gr. þess.

Það var eftirtektarvert hvað Þórður Ólafsson hjá bankaeftirliti Seðlabanka Íslands sagði um það efni. Eftir honum er bókað á fundi fjh.- og viðskn. 16. febr. sl. að 1. gr. frv. sé ónauðsynleg að mati Þórðar Ólafssonar sem telur réttara að láta reyna á ákvæði núgildandi laga í stað þess að breyta þeim. Þá taldi Þórður Ólafsson að þessi grein kæmi af stað ákveðnu misræmi milli ríkisbanka og einkabanka. Þetta er mat Þórðar Ólafssonar. Ég tek það svo að það sé hans persónulega mat, en eigi að síður sýnir þessi afstaða hans hversu hæpin þessi grein er í raun og veru og skal ég ekki gera hana frekar að umræðuefni.

Hins vegar hlýt ég að gera mjög alvarlegar athugasemdir við þá breytingu sem hér er lagt til að gera við 4. mgr. 21. gr. laga um viðskiptabanka og vil þá víkja aftur að ummælum Þórðar Ólafssonar á fundi fjh.- og viðskn. en hann sagði, með leyfi hæstv. forseta, eins og það er bókað í fundargerðum fjh.- og viðskn.:

„Þórður Ólafsson sagði 2. gr. frv. vera á skjön við almennt viðurkennt stjórnskipulag bankanna. Það væri ekkert í núgildandi lögum um viðskiptabanka sem hindraði bankaráð í að gera það sem frv. ætlaði því. Þórður Ólafsson taldi ljóst að bankaráð yrði að bóka ákvarðanir sínar um vexti og þjónustugjöld á öllum fundum sínum. Þórður Ólafsson vakti athygli á orðunum sambærileg og hliðstæðum í sömu grein sem hann sagði að hægt væri að túlka á marga vegu." Og lýkur þar með tilvitnun í ummæli Þórðar Ólafssonar.

Ég vil líka minna á það að í álitsgerð sem fjh.- og viðskn. barst frá Sambandi ísl. viðskiptabanka er mjög varað við 2. gr. efnislega og bent á það í fyrsta lagi, og var það talið eiga sérstaklega við um ríkisbankana, að bankaráðin þar gegndu eftirlitshlutverki en nauðsynlegt væri að gera sama greinarmun á bankastjórn og bankaráði í viðskiptabönkum eins og gert væri milli framkvæmdastjórnar og stjórnar í fyrirtækjum.

Ég hygg að það sé alveg ljóst að sú breyting sem hér er hlaupið í eigi sér pólitískar rætur en ekki bankalegar. Ég hygg að skýringin sé sú að hæstv. ríkisstjórn sé að reyna að herða tökin á fulltrúum sínum í bankaráðunum og á bak við þá skoðun sé sú ímyndun ríkisstjórnarinnar að einstakir bankaráðsmenn muni gera það af einhverjum persónulegum greiða við forsrh. að fórna hagsmunum bankanna gegn betri vitund fyrir einhverja ímyndaða stefnu ríkisstjórnarinnar í peninga- og vaxtamálum. Auðvitað hlýtur

maður að verða að vona það í lengstu lög að einstakir bankaráðsmenn, þó svo þeir séu kjörnir af Alþfl., Framsfl. eða Alþb. í bankaráðin, bregðist ekki skyldum sínum og reyni að standa við þær kröfur sem gera verður til slíkra manna er þeir taka á sig þau trúnaðarstörf sem því fylgir að vera í bankaráðum.

Ég er ekki í neinum vafa um það að meiri hlutinn nær sínu fram. Þessi breyting verður gerð á lögunum um viðskiptabanka til bölvunar, en auðvitað verður það fyrsta verk þess viðskrh. sem næstur tekur við því embætti að láta nema þetta brott á nýjan leik.

Þá segir í umsögn Sambands ísl. viðskiptabanka, með leyfi hæstv. forseta:

„Auk þeirra breytinga á framkvæmdastjórn banka sem ákvæðið gerir ráð fyrir hefur það að geyma tillögu um að lögbinda þá viðmiðun sem bönkum verður heimilt að nota þegar þeir ákveða ávöxtunarkröfu sína gagnvart viðskiptavíxlum og viðskiptaskuldbréfum. Tillaga þessi er ekki rökstudd einu orði í athugasemdum, enda hefur hún augljósa galla.

Í fyrsta lagi er hér um að ræða þau verðbréf sem einmitt geta gengið kaupum og sölum á verðbréfamarkaði utan innlánsstofnana. Íhlutun um vexti banka af þessum bréfum með þeim hætti sem tillagan gerir ráð fyrir mun því vafalaust leiða til að kaup banka á bréfunum minnka. Það mun leiða til vaxandi framboðs þeirra á verðbréfamarkaði sem hefur í för með sér hækkandi ávöxtunarkröfu á markaðnum. Tillagan mun því ekki vernda seljendur viðskiptabréfa eins og stefnt virðist að.

Í öðru lagi gerir tillagan ekki ráð fyrir að mismunandi kostnaður fylgi hinum ýmsu flokkum útlána. Nafnverð einstakra viðskiptabréfa er yfirleitt lágt, en þau krefjast tiltölulega mikillar vinnu, bæði við kaupin sjálf og innheimtu. Þessar staðreyndir hljóta að endurspeglast í ávöxtunarkröfu bankanna en tillagan gerir einungis ráð fyrir að ávöxtunarkrafan sé sambærileg við almenn útlán bankanna í hliðstæðum áhættuflokkum."

Þetta eru auðvitað skýr ummæli sem ég veit að hæstv. viðskipta- og bankamálaráðherra skilur, en ég vil líka koma því áleiðis að Samband ísl. viðskiptabanka gerði við það sérstaka athugasemd að ekki skyldi vera haft samráð við það áður en frv. var lagt fram og ég veit að í röðum viðskiptabankanna er mikil óánægja yfir því að meiri hl. fjh.- og viðskn. skuli ekki gera neitt með þær athugasemdir sem frá viðskiptabönkunum hafa komið. Á síðustu árum hafa smátt og smátt verið að þróast hér frjáls verðbréfaviðskipti. Við vitum það að þegar verið er að kaupa slíka pappíra í bönkunum, þá kostar það oft mikla vinnu og fyrirhöfn og við vitum líka að bankarnir hafa á stundum getað haft góðan hagnað af slíkum viðskiptum við aðila sem e.t.v. eru ekki fastir viðskiptamenn bankanna. Þetta hefur með öðru valdið því að bankarnir ættu að geta haft vaxtamun minni en ella, þetta ætti að treysta rekstur þeirra, enda er það svo í öðrum löndum að einstakir bankar hafa heimildir til að stunda slíka starfsemi. Það fellur innan þess ramma sem kallað er venjuleg bankastarfsemi, venjuleg starfsemi viðskiptabanka, og er auðvitað algjörlega út í hött ef það er stefna hæstv. viðskrh. að gera bankastarfsemi hér nútímalegri eins og hann hafði orð á áðan að hann vildi gera til lengri tíma litið. Þá vildi hann að bankastarfsemin yrði frjálsari og lík því sem gerist erlendis. Ef hann á annað borð stefnir að því, þá er óþarfi að ganga nú skref í hina áttina til að byrja með. Ég vil því mjög skora á hæstv. viðskrh. að láta nú betri manninn ráða ferðinni í þessu efni og kalla þessa tillögu til baka vegna þess að ég efast ekki um að honum er betur kunnugt um það en mér að þessi nýja regla mun ekki valda því að verðbréfaviðskipti hér verði heilbrigðari en nú er, hún mun ekki leiða til þess að bankastarfsemi verði heilbrigðari en nú er og hún mun ekki leiða til þess að um meiri hagkvæmni verði yfir höfuð að tala í bankarekstrinum.

Það getur verið gott og blessað að tönnlast alltaf á því að sameina banka, sameina banka, sameina banka og sameina banka. En það er ekki sama hvernig bankar eru sameinaðir. Hæstv. viðskrh. veit vel um það, t.d. eru dæmi um það a.m.k. frá Danmörku og ugglaust víðar, að sameining banka getur þvert á móti haft hinar hörmulegustu afleiðingar og á barnabókamáli er það kallað gúmmí-Tarsan þegar tveir viðskiptabankar eru gerðir að einum stórum til bölvunar og svo er enginn kraftur í honum þannig að það þýðir ekki að tala bara svona. Aðalatriðið er að reyna hvarvetna og með öllum hætti að styrkja og greiða fyrir eðlilegri rekstrarafkomu og eðlilegum rekstrargrundvelli bankanna.

Um síðari mgr. 2. gr., að þær reglur sem bankaráð setji um lánveitingar og ábyrgðir og hámark lána til einstakra lántakenda og trygginga fyrir lánum skuli endurskoðaðar árlega, er svo sem allt í lagi. Það er til bóta. Það liggur ekkert á því að setja það í lög, en það er ágætt. Ég hygg að slíkar reglur séu hvort sem er endurskoðaðar árlega og ekkert því til fyrirstöðu að það sé gert, en það gefur ekki tilefni til sérstaks frumvarpsflutnings. Þetta er aðhald sem bankaeftirlitið getur veitt bönkunum og þarf ekki lagaheimild til.

Í sambandi við 3. gr. er það eitt að segja að í fyrsta lagi er það svo a.m.k. í ríkisbönkum að bankaráðsmenn taka ekki þátt í meðferð máls er varðar viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja sem þeir eiga hlut í. Þeir taka yfirleitt ekki ákvarðanir um lánveitingar, en auðvitað er það sjálfgert í viðskiptabönkunum að hvorki bankastjóri né bankaráðsmenn taki þátt í slíku, hefur ekki verið gert. Þessi grein eins og hún er núna er fullnægjandi og svo sem ekki neitt um þetta að segja.

Um 4. gr. er það að segja að bankaeftirlitið taldi nauðsynlegt að skoða fleiri atriði í löggjöfinni um viðskiptabanka sem snerta ríkisendurskoðun en þau sem tilgreind eru í 4. gr. frv. og hið sama telur Samband ísl. viðskiptabanka þannig að þar er kastað höndunum til verksins og ástæðulaust að stíga það skref að hálfu leyti.

5. gr. fjallar um aðlögunarfrestinn. Hann rennur senn út og sú grein skiptir svo sem engu máli.

Af þeirri stuttu umfjöllun sem ég hef haft um þetta frv. liggur m.ö.o. ljóst fyrir að ég er sammála banka-

eftirlitinu um það að 1. gr. frv. sé óþörf. Ég er sammála bankaeftirlitinu um það að 4. gr. segir hálfa sögu og sé þess vegna kannski einfaldast að fella hana niður. 3. gr. má vel standa í lögum. Það er ekkert á móti því og ekkert sem mælir sérstaklega með því heldur. Þetta eru svona sjálfsagðir hlutir. 2. mgr. 2. gr. er líka sjálfsagðir hlutir og ekkert við það að athuga. Bankaeftirlitið getur komið þessu við án lagabreytingar. Spurningin er því einungis um 1. mgr. 2. gr. Það er það eina efnisatriði í þessu frv. sem máli skiptir, eina efnisatriðið. Og um það er það að segja að Samband ísl. viðskiptabanka telur þá grein í beinni andstöðu við nútímastjórnunaraðferðir og talar sérstaklega um eftirlitshlutverk bankaráða ríkisbankanna í því sambandi og viðtekna verkaskiptingu stjórna og framkvæmdastjórna í stærri fyrirtækjum. En auðvitað þykist ég vita að hæstv. viðskrh. þurfi að reyna einhvern veginn að setja plástur á greinina úr því að hann er að bera þetta fram og ber það svo mjög fyrir brjósti. En hitt er alvarlegra að síðasti málsl. 1. mgr.: „Við umfjöllun um vexti eða kaupgengi viðskiptavíxla og viðskiptaskuldbréfa skal bankaráð gæta þess að ávöxtunarkrafa bankans sé sambærileg við ávöxtun almennra útlána bankans í hliðstæðum áhættuflokkum." leiðir beinlínis til þess að tiltekin viðskipti fara út úr bönkunum og á það sem sumir hafa kallað svartan markað, ég kalla frjálsan markað. Og ef svo fer að hæstv. viðskrh. ætlar líka að fara að ákveða vextina í gegnum Seðlabankann á frjálsa markaðnum þá er komið að því að þessi bréf fara beint á skúmaskotamarkaðinn sem viðgekkst hér á landi þegar við báðir vorum litlir drengir og margar sögur voru frá sagðar.

Enn hefur hæstv. viðskrh. ekki svarað þeirri spurningu sem ég beindi til hans í sambandi við Seðlabankann. Að vísu þurfti ég að bregða mér aðeins frá vegna þess að maður að norðan átti erindi hér í húsið og hæstv. viðskrh. hefur e.t.v. svarað því meðan ég brá mér frá hvort hugsun hans sé sú að settar verði almennar reglur um það hvaða afföll eða hvaða ávöxtunarkröfu megi gera til þriðja manns pappíra. Ég vil í því sambandi vekja athygli á að Seðlabankinn er þeirrar skoðunar að um leið og settar eru ákveðnar reglur um það hver skuli vera hámarksafrakstur slíkra viðskipta, þá eru um leið settar reglur um hver skuli vera lágmarksafrakstur slíkra viðskipta því að almennar reglur af því tagi eiga jafnt við hvort sem við tölum um þriðja manns — Nú sló ég sjálfan mig út af laginu og læt máli mínu lokið.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég get lýst yfir stuðningi Kvennalistans við flestar greinar þessa frv. sem nú er til umræðu. En það er ein grein sem ég vil gera athugasemdir við og sem við getum ekki stutt og það er reyndar lykilgrein þessa frv., þ.e. 2. gr. Hér er horfið frá því að bankaráð marki einungis heildarstefnu í samráði við þá sem sjá um daglega stjórn bankans. Samkvæmt greininni skal bankaráð án undantekningar ákveða vexti og þjónustugjöld bankans. Ég tel eðlilegra að slíkar ákvarðanir séu í höndum þeirra sem sjá um daglegan rekstur bankanna, en í bankastjórnum sitja í flestum tilfellum menn með töluverða faglega þekkingu bæði hvað varðar innri mál og daglegan rekstur bankanna. Hlutverk bankaráða er hins vegar fyrst og fremst að gegna eftirlitshlutverki og móta heildarstefnu og fjalla um ýmsar hugmyndir og tillögur bankastjórnar.

Hins vegar tel ég óhjákvæmilegt og hafa sýnt sig að stjórnvöld verði að hafa einhverja möguleika til að hafa áhrif á vaxtaákvarðanir ef þurfa þykir. Við höfum fyrr í dag fjallað um breytingar á seðlabankalögum og þar lýsti ég yfir stuðningi okkar kvennalistakvenna við heimild, sem fram kemur í 9. gr. seðlabankalaga, um að hægt sé af hálfu bankans að hafa áhrif á vaxtamyndun að fengnu samþykki ráðherra. Ég lít svo á að með þessu ákvæði geti stjórnvöld á hverjum tíma haft þau áhrif á vexti sem nauðsynleg þykja og séu ekki rök fyrir því að bankaráð grípi inn í með þeim hætti sem hér er til ætlast.

Ég vildi aðeins lýsa þessari skoðun minni hér þar sem ég á ekki aðild að þeim nál. sem mælt hefur verið fyrir.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins koma hér upp og ítreka það sem hv. 6. þm. Reykn. Júlíus Sólnes sagði um frv. um Seðlabankann sem var hér fyrr til umræðu. Hann ræddi að nokkru þetta frv. í því sambandi og tjáði skoðun Borgfl. á því. Í máli hans kom fram að við gætum að flestu leyti fallist á frv. eins og það lítur út, en þó gerum við fyrirvara við 2. gr. þess þar sem kemur fram að bankaráð ákveði alla vexti sem bankarnir taka. Ég tel þetta vera mjög óhentugt, aðallega með tilliti til þess að bankaráðin eru mjög lítið inni í einstökum málum bankanna og sjá ekki nema að litlu leyti um daglegan rekstur þeirra. Það eru bankastjórarnir, deildarstjórarnir í bönkunum sem sjá þörfina en ekki bankaráðin. Að hafa ákvörðunarvaldið í höndum bankaráðanna er að opna leið fyrir ríkisstjórnina til að skipta sér beint af vaxtaákvörðunum. Það má að vissu leyti segja að ríkisvaldið eigi að hafa visst hlutverk eða eigi að geta skipt sér af þessu, en þá erum við að mínu mati komnir út fyrir þá verkaskiptingu sem bankalögin gera ráð fyrir, að bankarnir eigi að ákveða þetta sjálfir. Það var meginhugsunin með lögum um viðskiptabanka á sínum tíma.

Það má líka gagnrýna þetta ákvæði fyrir það að þarna er verið að höggva á verkaskiptingu á milli annars vegar bankaráðanna og hins vegar bankastjóranna sem ég tel vera mjög óheppilegt. Bankastjórarnir eiga að bera ábyrgð gagnvart daglegum rekstri og gagnvart tekjum og gjöldum, en bankaráðin hins vegar ekki. Myndast þarna visst ósamræmi á milli. Hver er með ábyrgðina o.s.frv.? Þetta er svona nokkurn veginn það sama og í hlutafélagi eða fyrirtæki að stjórn hlutafélagsins taki ákvörðun eða réttara sagt, hluthafafundur taki ákvörðun um það hvað vara fyrirtækisins á að kosta, en lítið gert úr stjórninni sem slíkri eða þá framkvæmdastjóranum.

Það er annað í þessari 2. gr. sem ég vildi gera að

umtalsefni og vil taka undir það sem hv. 2. þm. Norðurl. e. sagði. Hvernig eiga bankaráðin að ákveða þessa þriðja manns pappíra? Hvaða afföll eiga að vera á þeim? Ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. viðskrh. og raunar gerði ég það líka við 1. umr.: Hvernig á að meta þetta? Hvað eiga afföllin að vera mikil? Á að gilda frelsi að þessu leyti eða á að rígbinda þetta, að það megi ekki taka meiri vexti eða kaupa með meiri afföllum en bankaráðin ákveða? Raunar er þetta líka í lögum um Seðlabanka þar sem rætt var um eignarleigu- eða verðbréfafyrirtæki, þar var sams konar ákvæði fyrir þau fyrirtæki.

Að öðru leyti tel ég ekki ástæðu til að fara ofan í einstakar greinar þessa frv. Í heildina geri ég ekki athugasemdir við þær. Hinar greinarnar eru að mínu mati minni háttar atriði, en atriði sem kannski varða bankana miklu, en engar stefnubreytingar eins og í 2. gr. Þar er um verulega stefnubreytingu að ræða, að það skuli vera bankaráðin sem ákveða tekjur bankanna, en aðaltekjur bankanna eru einmitt vextirnir, en ekki þeir sem eru og starfa í þessu dagsdaglega.

Að þessum orðum loknum vonast ég eftir því að fá svar frá viðskrh. um þetta atriði.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Hv. 2. þm. Norðurl. e. taldi að kjarni þessa frv. *væri tillaga 2. gr., fyrri mgr. í* tillögugreininni, sem gerir tillögu um orðalag 4. mgr. 21. gr. laganna. Það má til sanns vegar færa. Og það er líka rétt, sem kom fram hjá hv. 11. þm. Reykv. og hv. 6. þm. Vesturl., að þetta er það vandasama í málinu. Og þá fer fyrir þeim eins og oft vill verða, og reyndar fyrir okkur flestum, að hvenær sem komið er að kjarna máls verða menn klumsa og segja: Við skulum bara ekki skipta okkur af þessu, við snúum okkur bara til veggjar. Ég minni á að það var ekki síst vegna endurtekinna erinda frá stofnunum sem ég hygg að hv. 2. þm. Norðurl. e. muni a.m.k. stundum taka mark á, en það eru Verslunarráð Íslands og Félag ísl. iðnrekenda sem ítrekað hefur sent mér sem viðskrh. erindi og reyndar bönkunum, Seðlabankanum, forsrh., um þá mismunun sem þeir telja að felist í viðskiptum viðskiptabankanna með viðskiptavíxla þeirra og skuldabréf í samanburði við aðra vaxtatöku bankanna. Það er tilgangur þessarar málsgreinar að leggja þá skyldu á bankaráðin að taka afstöðu til þessa máls, að marka stefnu um þetta mál sem þau hafa ekki gert og hafa skotið sér undan með því að segja: Þetta er ekki á okkar valdsviði. Það er hins vegar misskilningur, sem fram hefur komið hér í máli sumra þeirra sem hér hafa talað, að hér sé stefnt að einhverri meginbreytingu um verkaskiptinguna á milli bankaráða og bankastjórnar. Það er kannski gleggst af þeirri brtt. sem fram kemur á þskj. 655 frá 1. minni hl. fjh.- og viðskn. Þar er ekki verið að taka völdin af bankastjórunum heldur er verið að leggja til að þeir ráði útibússtjórana sjálfir. Um þetta má náttúrlega hafa ýmsa skoðun, en þetta er eindregin afstaða Sambands ísl. viðskiptabanka. Ég vil þess vegna vísa því frá að ekki sé á þá hlustað. En auðvitað er ekki á þá hlustað í öllum greinum og ég ætla hv. 2. þm. Norðurl. e., sem er bankaráðsmaður, að hann *finni til skyldunnar, að honum renni blóðið til skyld*unnar. Hann getur ekki bara fjallað um þau mál sem er þægilegast um að fjalla í bankaráðinu. Hann verður líka að taka á því sem vandasamast er sem eru viðskiptakjör framleiðslufyrirtækjanna í landinu og verslunarfyrirtækjanna sem kvarta undan þessu sérlega. Það er meginmarkmiðið, ekki að breyta verkaskiptingunni, ekki að raska valdframsali frá bankaráði til framkvæmdastjóra. Ég vildi benda hv. 11. þm. Reykv. á það að það er alls ekki sambærilegt að jafna bankaráðunum til hluthafafunda. Það væri nær að jafna þeim til stjórnar í hlutafélagi. Það er hlutverk stjórna í félögum eins og hér um ræðir að marka meginstefnu um það sem máli skiptir fyrir rekstur fyrirtækisins. Þetta er skilgreining á því sviði ákvarðana en ekki um það að taka skuli einstakar ákvarðanir upp í bankaráðin.

Þetta er málið. En ég játa það fúslega að um viðskipti með þriðjamannspappíra, eins og hér hefur verið hreyft ítrekað af hv. 2. þm. Norðurl. e. og reyndar af hv. 11. þm. Reykv., er úr vöndu að ráða. Það er öllum ljóst að það er ekki hægt að girða fyrir affallaviðskipti með öllu, en ég tel að það sé hægt hvað varðar viðskipti fyrirtækja við bankana að taka *með öðrum hætti á* þessu viðskiptavíxla/viðskiptaskuldabréfamáli en gert hefur verið og það sé ekki sæmileg afstaða hjá bankaráðunum að vísa því bara frá og segja: Það eru aðrir sem eru í þessum óhreinu verkum. Við komum þar hvergi nærri. Það er ekki málið. Ég er ekki þar með að segja að hér sé búið að finna lausnina á vaxtavandamálinu. Það eru ekki allir vaxtaverkir úr okkur gengnir með þessu frumvarpi. Því fer víðs fjarri. En það er þó verið að takast á við málið sjálft.

Um þau orð hv. 2. þm. Norðurl. e. að aðrar greinar þessa frv. skipti engu máli og breyti engu til eða frá er *ég honum innilega ósammála*. Ég bendi t.d. á 1. gr. frv. Hvað sem hv. forstöðumaður bankaeftirlitsins kann að hafa sagt um það mál er þessi grein samin í samráði við þá stofnun, bankaeftirlitið, vegna máls sem upp á kom og í ljós kom að ekki var svo auðvelt að túlka ákvæði 13. gr. laganna eins og þau eru þegar að því kom að meta hvort hlutafjáreign bankastjóra teldist þátttaka í atvinnurekstri. Ég tel það brýnt og mikilvægt og reyndar í samræmi við löggjöf nágrannalandanna að gera þessa tillögu.

Hvað varðar 5. mgr. 21. gr., sem er síðari mgr. 2. gr. í tillögunni, að bankaráð skuli vísa þessum reglum til bankaeftirlitsins árlega, þá er það mikilvæga í þessu hámark lána til einstakra lántakenda. Það er ekki rétt hjá hv. 2. þm. Norðurl. e. að þetta geti bankaeftirlitið gert á grundvelli gildandi laga. Það getur það einmitt ekki gert. Þessi grein er samin í samráði við þá á grundvelli svipaðra ákvæða sem eru í nágrannalöndunum. Sama máli gegnir um 3. gr. Það er alveg furðulegt að kalla það einhvers konar smáatriði þar sem um það er að tefla að girða fyrir hagsmunaárekstur í yfirstjórn þessara mikilvægu

stofnana eins og því miður eru dæmi um að orðið hafa í reynslu okkar í bankamálum á undanförnum árum. Mér finnst furðu sæta að bankaráðsmaður skuli leyfa sér að gera lítið úr því sem hér er á borðum vorum og bendi á að það er einmitt mikilvægt að lesa saman 3. gr. og síðari mgr. 2. gr. því þar geta einmitt komið upp hin vandasömu málin þegar farið er yfir hámark lána til einstakra lántakenda, stórra lántakenda, stórra skuldara við bankana, ef skyldu vera í bankaráðunum menn sem eiga tengsl við þessi stóru fyrirtæki. Þetta er málið. Þetta er kjarninn í þessu. Ekki það að það sé gert ráð fyrir því í 3. gr. þessa frv. að bankaráðið sé að vasast í einstökum lánveitingum. Með því er hvergi reiknað. En einmitt vegna 5. mgr. 21. gr. sem hér er gerð tillaga um, sem hv. þm. féllst svo fúslega á, verður þetta mjög mikilvægt mál.

Um endurskoðun hjá ríkisviðskiptabanka vil ég benda hv. þingdeild á að sú tillaga er flutt vegna tillagna frá stofnun þingsins, Ríkisendurskoðun, og forsetum þingsins.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég var ekki með mínum orðum að gera því skóna að bankaráð eigi að skjóta sér undan því að fylgjast með því sem gerist í bönkum. Það sem ég lagði áherslu á var að samkvæmt síðari málsl. 1. mgr. brtt. við 2. gr. er fyrirsjáanlegt að tiltekin lánaviðskipti munu falla niður hjá viðskiptabönkunum vegna þeirrar miklu vinnu sem fylgir slíkum viðskiptum þar sem það er lögfest að við umfjöllun um vexti eða kaupgengi viðskiptavíxla og viðskiptaskuldabréfa skuli bankaráð gæta þess að ávöxtunarkrafa bankans sé sambærileg við ávöxtun almennra útlána bankans í hliðstæðum áhættuflokki. Ég var að benda á að þessi grein eins og hún er hér orðuð mun valda því að bankarnir munu fella niður tiltekin viðskipti með þeim afleiðingum að þau munu að sjálfsögðu fara út á hinn almenna fjármagnsmarkað. Það sem ég var að leggja áherslu á var að það muni ekki verða til hagsbóta fyrir þá viðskiptamenn sem hafa notið þvílíkra viðskipta og það mun jafnframt valda því að bankarnir munu missa þessi viðskipti sem hafa gefið af sér ágætan arð og þess vegna orðið til þess að draga úr þeim vaxtamun sem bankarnir að öðru leyti hafa séð sig tilknúna til að taka.

Vegna þeirra orðaskipta sem urðu milli okkar varðandi hina stærstu viðskiptamenn, þá er sú regla upp tekin að í bankaráðum er fjallað um stærstu viðskiptamenn tvisvar á ári, a.m.k. er það í Búnaðarbankanum, og oftar ef þurfa þykir og í lögum er kveðið á um það að ef viðskipti ná ákveðinni fjárhæð miðað við eigið fé sé bankaráði skylt að fylgjast með slíkum viðskiptum. Ég var ekki að gera því skóna að bankaráðið ætti ekki að ganga í þau verk sem eru óþægileg. Það var ekki mín hugsun.

Ég vil svo að síðustu, herra forseti, þakka viðskrh. fyrir að hafa svarað, með sínum hætti þó, fyrirspurn minni varðandi þriðjamannspappíra. Það er augljóst að hæstv. viðskrh. gerir sér grein fyrir þeim erfiðleikum sem því fylgja að setja um það fastar reglur, enda er það ekki svo í öðrum löndum. Meðan okurlögin voru hér á landi og þeim var fastast fylgt var heimilt að selja þvílík bréf með afföllum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 13:2 atkv.

Brtt. 655 (ný gr., verður 2. gr) samþ. með 11 shlj. atkv.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 9:6 atkv.

3.–6. gr. (verða 4.–7. gr.) samþ. með 11:4 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14:1 atkv.

Sparisjóðir, 2. umr.

Stjfrv., 244. mál (stjórn, hagsmunaárekstrar o.fl.). — Þskj. 452, n. 642 og 660, brtt. 648.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 642 frá 1. minni hl. hv. fjh.- og viðskn. um frv. til laga um breytingar á lögum nr. 87/1985, um sparisjóði.

Nefndin hefur athugað frv. og kallað á sinn fund Baldvin Tryggvason frá Sambandi ísl. sparisjóða, Tryggva Pálsson frá Verslunarbanka Íslands, Stefán Pálsson frá Sambandi ísl. viðskiptabanka og Þórð Ólafsson frá bankaeftirliti Seðlabankans. Þá hefur nefndinni borist skrifleg álitsgerð um frv. frá Sambandi ísl. sparisjóða.

1. minni hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með þeim brtt. fimm sem birtar eru á sérstöku þingskjali. Þær brtt. eru fluttar vegna athugasemda frá Sambandi ísl. sparisjóða og kveða nánar á um kosningu sparisjóðsstjórna og ákvörðun vaxta og gjaldskráa sparisjóða.

Ragnar Óskarsson var fjarverandi lokaafgreiðslu málsins.

Danfríður Skarphéðinsdóttir sat fundi nefndarinnar og er samþykk áliti þessu.

Undir nefndarálitið rita, auk framsögumanns, Jóhann Einvarðsson og Karl Steinar Guðnason.

Ég ætla þá að gera í örstuttu máli grein fyrir þessum brtt.

1. brtt. gerir skýrt að sveitarstjórnir eða fulltrúar þeirra geta samkvæmt samþykktum sínum kosið fulltrúa í stjórn sparisjóða eins og aðalfundir sparisjóðanna ákveða hverju sinni.

2. brtt. er aðeins um það að fyrri efnismálsgr. 4. gr. falli brott.

Í 3. brtt. er verið að taka af öll tvímæli um það að einstökum sparisjóðsaðilum sé aldrei heimilt að fara með meira en ⅓ hluta af heildaratkvæðamagni.

Um 4. brtt. er það að segja að þar er verið að taka tillit til þeirrar sérstöðu sem leyfð er samkvæmt 25. gr. sparisjóðslaga, að leyfa stjórn Sambands ísl.

sparisjóða að leggja fram tillögur um vexti o.fl. Að öðru leyti er ákvæðið svipað og ákvæði viðskiptabankalaga um bankaráð.

Um 5. brtt. gildir það sama og um þá þriðju.

Hæstv. forseti. 1. minni hl. hv. fjh.- og viðskn. leggur til að frv. verði samþykkt með þeim brtt. sem liggja fyrir á þskj. 648.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Þetta mál er tvíþætt. Annars vegar felur það í sér nauðsynlegar breytingar vegna þess að sýslunefndir eru lagðar niður lögum samkvæmt og eru þau ákvæði frv. sem lúta að nauðsynlegum breytingum þess vegna í samræmi við álit stjórnar Sambands ísl. sparisjóða. Ég er að sjálfsögðu meðmæltur þeim tillögum. Á hinn bóginn er ég andvígur brtt. nr. 3 á þskj. 648 af sömu ástæðum og ég var andvígur hliðstæðri grein í frv. um viðskiptabanka. Ég vil hins vegar vekja athygli þingdeildarinnar á 5. gr. þessa frv. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórnarmenn sparisjóðs og varamenn þeirra skulu ekki taka þátt í meðferð máls er varðar viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja sem þeir eiga hlut í, sitja í stjórn hjá, eru forsvarsmenn fyrir eða eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta í.“

Síðan segir: „Sama gildir um þátttöku stjórnarmanna í meðferð máls er varðar aðila sem eru þeim tengdir, persónulega eða fjárhagslega.“ Ég endurtek, herra forseti: „sem eru þeim tengdir, persónulega eða fjárhagslega.“

Ég geri mér ekki grein fyrir því hvaða afleiðingar þetta ákvæði kann að hafa, ef að lögum verður, um minnstu sparisjóði. Ég hef sagt það til gamans að ef að lögum verður verði þeir að taka þann hátt upp t.d. í mínu kjördæmi í Hrísey og Grenivík að sparisjóður Hríseyinga láni til Grenivíkur og sparisjóður Höfðhverfinga til Hríseyinga þar sem allir menn í Grýtubakkahreppi séu persónulega tengdir og hið sama eigi við um flesta Hríseyinga, þeir séu persónulega tengdir. Það liggur alveg ljóst fyrir að því fylgir meiri áhætta nú en áður að eiga sæti í bankaráðum eða stjórnum sparisjóða eftir að bankaráðsmenn Útvegsbanka Íslands voru ákærðir vegna Hafskipsmálsins, og skal ég ekki fara nánar út í það, en hlýt að vekja athygli á því að þessi grein, ef samþykkt verður fyrirvaralaust eins og hér er gert ráð fyrir, getur valdið því að stjórnarmenn í einstökum sparisjóðum treysti sér ekki til þess að gegna þeim störfum áfram og segi af sér til þess að baka sér ekki refsiábyrgð. Ég teldi því mjög nauðsynlegt að það verði íhugað milli deilda, ef meiri hlutinn stendur við það að þessi grein eigi að standa hér, hvort ekki sé þá nauðsynlegt að ætla sér nokkurn umþóttunartíma varðandi sparisjóðina þannig að menn geti gert sér grein fyrir því hvernig þessi ákvæði verði túlkuð og hvað raunverulega felst í þeim.

Bankaeftirlitið kom á fund fjh.- og viðskn. og þar spurði ég Þórð Ólafsson hvernig hann skýrði þetta ákvæði og vakti athygli einmitt á þessu atriði, nábýlinu í hinum þröngu dölum eða litlu byggðarlögum, og spurði síðan um það hvort hægt væri að fá hann aftur á fund nefndarinnar áður en málið var afgreitt úr henni, en þá kom í ljós að hann hafði tekið sér leyfi frá störfum yfir hátíðarnar og var ekki væntanlegur fyrr en um mánaðamót.

Ég vek athygli á því að það er ekki þaulrætt í nefndinni hvað þetta kann að þýða, hverjar afleiðingarnar kunna að verða. Það er almennt séð afskaplega gott og farsælt að segja að hið sama gildi um þátttöku stjórnarmanna í meðförum máls er varðar aðila sem eru þeim tengdir persónulega eða fjárhagslega. Þetta getum við sagt í Lundúnum, Reykjavík og Kópavogi. En spurningin er hins vegar ekki sú heldur hin: getum við sagt þetta uppi í Reykjadal? Gátum við t.d. sagt þetta í Arnarneshreppi á meðan sparisjóður þeirra á Arnarnesinu var við lýði? Er hægt að hugsa sér að þessi regla geti gengið um hina minnstu sparisjóði? Hver þingdeildarmaður hlýtur að spyrja sjálfan sig að því.

Ég er þeirrar skoðunar að þessi grein sé ekki nægilega grunduð, þeir sem skrifuðu hana niður hafi ekki hugsað um afleiðingar hennar, og held þess vegna að annað tveggja sé óhjákvæmilegt, að draga hana til baka eða gefa þá stjórnum sparisjóðanna ákveðinn umþóttunartíma þannig að þeir einstaklingar sem þar sitji geti gert það upp við sig hvernig þeirra staða sé. Ég vil í þessu sambandi aðeins geta þess að einn stjórnarmaður í sparisjóði úti á landi hefur almennt vakið máls á því við mig og við lögfræðinga hver staða hans sé eftir að Hafskipsmálið kom upp og hafi það mjög í athugun að segja af sér í stjórn sparisjóðsins. Ég hlýt að vekja athygli hans á þessum nýju ákvæðum ef að lögum verða og er ekki í nokkrum vafa um að hann muni láta af því verða að segja sig úr stjórn sparisjóðsins þar sem hann treysti sér ekki til að vinna við þessi skilyrði, gerkunnugur og persónulega kunnur hér um bil hverjum einasta viðskiptamanni sparisjóðsins ef „persónulega tengdur“ þýðir að maður þekkir vel til viðkomandi, er nákunnugur honum og fjölskyldu hans og þar fram eftir götunum eins og við þekkjum á þeim litlu byggðarlögum þar sem sparisjóðirnir hafa staðið.

Það væri nú út af fyrir sig fróðlegt að heyra hvað hæstv. viðskrh. hefur um þetta að segja. Þetta mál kom upp í fjh.- og viðskn., en meiri hluti nefndarinnar segist að athuguðu máli ekki óttast árekstur af þessum sökum. Frsm. nefndarinnar hefur kannski einhverju við þetta að bæta.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tel nauðsynlegt að leiðrétta í upphafi máls míns. Það hafa orðið smávægileg mistök við gerð nál. þar sem nafn mitt stendur þar undir um að ég sé samþykkt álitinu fyrir hönd Kvennalistans. Ég hef gert ráðstafanir til að leiðrétta þetta og væntanlega birtist þskj. þá aftur rétt.

En það gildir auðvitað hið sama um þetta frv. eins og hið fyrra. Þau ganga bæði út á sama málið. Lykilatriðið er þetta breytta fyrirkomulag um

ákvarðanir um vexti og gjaldskrá og í þessu tilfelli gilda sömu rök og ég lýsti áðan við umfjöllun um frv. til l. um viðskiptabanka.

Ég tel þó líka rétt að taka fram að að sjálfsögðu er ég sammála þeim nauðsynlegu breytingum sem lagðar eru til vegna stjórnarkjörs í sparisjóðnum vegna breytts fyrirkomulags í sveitarfélögunum og sömuleiðis þær greinar sem ég tiltók að ég styddi áfram í frv. um viðskiptabanka. Það er aðeins greinin um vaxtaákvarðanir og gjaldskrár sem ég get ekki stutt. Eins og ég tók fram áðan er þetta reyndar lykilgreinin í báðum þessum frumvörpum.

Ég vildi að það kæmi örugglega skýrt fram hér að nafn mitt á ekki að standa á þessu nál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 648,1 samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 648,2 samþ. með 15 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 648,3 (ný gr., verður 5. gr.) samþ. með 11:5 atkv.
Brtt. 648,4 (ný gr., verður 6. gr.) samþ. með 10:3 atkv.
5. gr. (verður 7. gr.) samþ. með 11:3 atkv.
Brtt. 648,5 (ný gr., verður 8. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
6.–7. gr. (verða 9.–10. gr.) samþ. með 12:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Háskóli Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 224. mál (dómnefndir og veiting embætta). — Þskj. 408, n. 649 og 662, brtt. 639, 650.

Frsm. meiri hl. menntmn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Menntmn. þessarar hv. deildar hefur fjallað um frv. það sem hér um ræðir og fyrir liggur nál. á þskj. 649 þar sem meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með brtt. sem flutt er á þskj. 650.

Frv. sem hér er um að ræða fjallar um stöðuveitingar við Háskóla Íslands. Meginefnisatriði frv. eru að áhrif háskóladeildar eru aukin að því er stöðuveitingar varðar og vald ráðherra þrengt frá því sem nú er og verður fyrst og fremst synjunarvald.

Meiri hl. nefndarinnar leggur sem sagt til að frv. verði samþykkt með breytingu. Brtt. meiri hl. miðar að því að kveða skýrar á um ákveðin atriði en gert var í frv. upphaflega til að taka af tvímæli og eyða efa.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því í brtt. meiri hl. að ráðherra sé ekki heimilt að veita manni prófessorsembætti, dósentsstarf eða lektorsstarf nema meiri hluti dómnefndar telji hann hæfan og meiri hluti viðstaddra á deildarfundi greiði honum atkvæði. Brtt. meiri hl. varðar ákvæðið um deildarfund því að í frv. var talað um meðmæli meiri hluta deildarfundar, en í brtt. kveðið skýrt á um að fyrir hendi þurfi að vera meðmæli meiri hluta þeirra sem viðstaddir eru á deildarfundi.

Í öðru lagi er kveðið á um að ef háskóladeild þurfi að kjósa á milli fleiri en tveggja hæfra umsækjenda og enginn hlýtur meiri hluta við fyrstu atkvæðagreiðslu skuli kosið á ný á milli þeirra tveggja er flest atkvæði kjósa.

Í þriðja lagi er kveðið skýrar á um synjunarvald ráðherra. Gert er ráð fyrir að ef menntmrh. ekki fellst á tillögu deildarfundar skuli auglýsa embættið eða starfið að nýju.

Þessar tillögur eru einkum, eins og ég sagði, herra forseti, til þess að taka af tvímæli. Þarna er kveðið á um hluti sem voru ekki nægilega skýrir í frv. eins og það lá fyrir. Þessar tillögur mótuðust hjá meiri hl. nefndarinnar eftir að hafa m.a. fengið á fund nefndarinnar Sigmund Guðbjarnason, rektor Háskóla Íslands, og Sveinbjörn Rafnsson, forseta heimspekideildar Háskólans.

Meiri hluti menntmn. þessarar hv. deildar leggur til að frv. verði samþykkt með þeirri brtt. sem er að finna á þskj. 650.

Frsm. minni hl. menntmn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Frv. það sem hér liggur fyrir felur í sér breytingu á þeim reglum sem gilt hafa um ráðningu við Háskóla Íslands. Nauðsynlegt er að þær reglur séu skýrar, séu líklegar til að forða ágreiningi og að tryggt sé að umsækjendur um störf við Háskóla Íslands fái réttláta meðferð. Draga verður í efa að frv. þetta tryggi þessi markmið.

Nokkur fljótaskrift virðist vera á þessu frv., enda hefur meiri hl. nefndarinnar séð ástæðu til að flytja við það brtt. og menntmrh. hefur haft frumkvæði að því að meiri hl. nefndarinnar leggur til að það verði kveðið á um það með skýrum hætti að ráðherra hafi algert neitunarvald ef honum falla ekki í geð tillögur Háskóla Íslands um einstakar ráðningar. Minni hl. nefndarinnar getur ekki fallist á frv. eins og það liggur fyrir og flytur brtt. á sérstöku þskj.

Fyrri brtt. er um það að dómnefndarmenn skuli eftir því sem við á uppfylla hin sérstöku dómaraskilyrði 36. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði. Í þeirri grein er fjallað um hvenær dómari eigi að víkja úr dómarasæti. Þar er m.a. fjallað um sérstök tengsl við málsaðila, fyrri afskipti af máli, óvináttu við málsaðila og sérstaka hagsmuni. Dómnefndarmenn um hæfi umsækjenda hafa mikil völd. Mörg þeirra skipta viðkomandi umsækjendur mjög miklu máli og það er því grundvallaratriði að umsækjendur geti treyst óhlutdrægni þeirra. Til að tryggja hag umsækjenda að þessu leyti er þessi tillaga borin fram.

Síðari brtt. felur í sér þá breytingu að ráðherra sé skylt að fylgja tillögu Háskóla Íslands ef ⅔ viðstaddra á deildarfundi mæla með ákveðnum umsækjanda, enda hafi dómnefnd dæmt hann hæfan. Á hinn

bóginn er þá fellt niður neitunarvald ráðherra. Mörg dæmi eru þess að 1–2 atkvæði skilja að umsækjendur í atkvæðagreiðslum á deildarfundum. Virðist þá oft tilviljun ráða hver verður ofan á. Ófært er að hendur ráðherra séu bundnar í slíkum tilvikum. Eðlilegt er að þá sé matið lagt í hans hendur. Þess vegna er lagt til að aukinn meiri hluti þurfi að vera fyrir hendi, þ.e. að niðurstaða deildarfundar sé ótvíræð til að hendur ráðherra séu bundnar.

Ef brtt. þessar ná ekki fram að ganga treystir minni hl. sér ekki til að samþykkja þetta frv.

Júlíus Sólnes:

Hæstv. forseti. Ég skal ekki flytja langt mál þar sem ég hef ekki tekið þátt í afgreiðslu þessa máls, á ekki sæti í hv. menntmn. í Ed. En mér er málið skylt þar sem ég hef töluverða reynslu af þeim málum sem hér er verið að fjalla um, þ.e. með hvaða hætti Háskóli Íslands hefur fram til þessa ráðstafað embættum og á hvern hátt hefur verið fjallað um það á deildarfundum og í ýmsum ráðum skólans.

Það er svo að það er ekki eingöngu við ráðherrana að sakast *í þessum efnum*. Það hafa oft heyrst gagnrýnisraddir í þá veru að ráðherra hafi misbeitt valdi sínu og hann hafi skipað menn í óþökk háskólayfirvalda ef svo má að orði komast. En ég vil sem fulltrúi Háskólans hér lýsa því yfir að stundum hefur það komið fyrir að Háskólinn er í sökinni, að Háskólinn hefur því miður ekki látið fagleg sjónarmið ráða ferðinni og sjónarmið kunningsskapar og annarra tengsla hafa stundum að því er virðist orðið ofan á. Þess vegna þarf að fara ákaflega varlega í það með hvaða *hætti þessum lögum verður breytt og hvernig* menn ætla að ráða þessum málum í framtíðinni.

Þegar verið er að ráðstafa stöðum eins og prófessorsembættum og dósentsembættum við Háskóla Íslands, hefur reynslan hingað til verið sú að dómnefndir hafa yfirleitt starfað á mjög faglegan og raunhæfan hátt og hefur lítið gagnrýnisvert verið um starfsemi þeirra að segja. Það er ekki réttmætt að klaga störf dómnefndanna. Ég held að þær hafi yfirleitt í flestum tilvikum skilað góðri vinnu. Hins vegar hefur oft komið upp í meðferð deildanna að afgreiðsla mála hefur kannski farið á annan veg en menn skyldu ætla af því áliti er dómnefnd skilaði. Ég þekki dæmi þess að dómnefnd skilar áliti um kannski þrjá umsækjendur og telur þá alla hæfa. Þó kemur fram í dómnefndarálitinu að þeir eru mishæfir, hafa kannski mismunandi feril að baki og það er alveg skýlaust að einn er öðrum fremri eins og oft er þó allir geti talist hæfir. Síðan er þetta dómnefndarálit yfirleitt lagt fyrir undirdeild, þ.e. fagsvið þar sem viðkomandi kennara er ætlað að starfa eða viðkomandi embætti tilheyrir ákveðnu fagsviði innan skólans, og þá byrjar meðhöndlun málsins á vettvangi þeirra kennara sem eru á því fagsviði. Þeir semja álitsgerð og greiða oft og tíðum atkvæði um umsækjendur. Síðan er sú niðurstaða kynnt á deildarfundi þar sem hin endanlega afgreiðsla málsins fer fram hvað Háskólann varðar.

Það hefur oft komið fyrir að á deildarfundi hefur afgreiðslu fagsviðsins verið snúið við. Kennarar á viðkomandi fagsviði hafa mælt með einum umsækjanda en deildin hefur séð ástæðu til að breyta þeirri niðurstöðu á þeim forsendum að meiri hluti þeirra sem eiga sæti á deildarfundi hafi ekki verið sammála ráðstöfun kennara fagsviðsins þó að málið kannski standi þeim næst. Síðan hefur það gerst að ráðherra hefur engu að síður hundsað vilja meiri hluta deildarmanna og kannski farið til baka yfir á þá niðurstöðu sem kennarar fagsviðsins urðu sammála um. Þannig eru ótal mismunandi afgreiðslur til og ákaflega erfitt að segja til um hvað sé rétt og hvað sé rangt í þessum efnum.

Ég held að sú brtt. sem hv. 2. þm. Norðurl. e. hefur lagt til, þ.e. að ráðherra sé skylt að veita umsækjanda embættið eða starfið ef hann hlýtur ⅔ atkvæða þeirra sem viðstaddir eru deildarfund, sé svolítið á misskilningi byggð. Ég er ekki viss um að það þurfi endilega að vera um að ræða að sá umsækjendanna sem fær svo mikinn meiri hluta atkvæða á deildarfundi sé hæfasti umsækjandinn. Það eru oft ýmis önnur sjónarmið sem ráða ferðinni. Stundum er það svo að einn umsækjendanna er kannski kunnugur þeim sem sitja deildarfundina. Það er oft um það að ræða að það er einn úr þeirra hópi, maður sem deildarmenn þekkja mjög vel, hafa kannski unnið með honum til margra ára. Oft er um að ræða að umsækjandi kemur erlendis frá, er lítt kunnugur deildarmönnum og það gerir strax það að verkum að hann á miklu erfiðara uppdráttar í slíkri atkvæðagreiðslu en sá sem kemur úr hópnum sem á að greiða atkvæði. Þess vegna tel ég að þessi brtt. sé ákaflega óheppileg. Ef einhver meiri hluti á að vera *nægir einfaldur meiri hluti að mínum dómi*. Ég er þó ekki viss nema það eigi að vera opið fyrir menntmrh. að ganga jafnvel á skjön við vilja deildarfundar ef það er augljóst að gengið hefur verið fram hjá hæfari umsækjanda vegna slíkra sjónarmiða sem ég hef hér lýst. Þess vegna vil ég í þessari umræðu vara við að taka mjög fast á þessum málum þannig að þetta sé rígbundið í lögum og það beri að fara eftir niðurstöðu atkvæðagreiðslu á þann hátt sem hér er verið að leggja til. Ég vildi einungis vekja athygli á því að þessi mál eru *kannski ekki eins einföld og* þetta frv. *gerir ráð fyrir*.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 639,1 felld með 10:4 atkv.
Brtt. 639,2 felld með 10:4 atkv.
Brtt. 650 samþ. með 12 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 13:2 atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17:1 atkv.

EFRI DEILD

72. fundur, þriðjudaginn 21. mars, að loknum 71. fundi.

Eignarleigustarfsemi, 3. umr.

Stjfrv., 2. mál. — Þskj. 680 (sbr. 624).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Seðlabanki Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 241. mál (vaxtaákvarðanir o.fl.). — Þskj. 681.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12:2 atkv. og afgr. til Nd.

Viðskiptabankar, 3. umr.

Stjfrv., 242. mál (bankaráð, hagsmunaárekstrar o.fl.). — Þskj. 682.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 10:6 atkv. og afgr. til Nd.

Sparisjóðir, 3. umr.

Stjfrv., 244. mál (stjórn, hagsmunaárekstrar o.fl.). — Þskj. 683.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 10:2 atkv. og afgr. til Nd.

Háskóli Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 224. mál (dómnefndir og veiting embætta). — Þskj. 684.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 13:3 atkv. og afgr. til Nd.

Dýralæknar, 1. umr.

Stjfrv., 343. mál (búseta héraðsdýralækna, dómnefnd o.fl.). — Þskj. 622.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 77/1981, um dýralækna, með síðari breytingum.

Meginefni þessa frv. eru breytingar á tveimur greinum dýralæknalaganna. Svo tókst til þegar lögunum var breytt 1982 að niður féllu þrjú mikilvæg atriði 2. gr. laganna sem verulega þýðingu hafa. Það er í fyrsta lagi ákvörðun landbrh. um búsetu héraðsdýralækna, hvar þeir skuli búsettir í umdæmunum, í öðru lagi heimild til að ráða dýralækni án fastrar búsetu og í þriðja lagi að í hópi starfsmanna við Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum skuli að jafnaði vera tveir sérmenntaðir dýralæknar.

Þessum atriðum er breytt með 1. gr. frv. þar sem gert er ráð fyrir að upp verði tekin í 2. gr. laganna þessi þrjú ákvæði sem ég áðan nefndi og niður féllu við endurskoðun laganna árið 1982.

Í 2. gr. frv. er svo lítillega breytt ákvæðum um skipun yfirdýralæknis og kveðið á um að skipun yfirdýralæknis skuli lengst gilda til sex ára í senn. Það er nýmæli í þessum lögum en er til samræmis við ákvæði sem verið hafa að festast í sessi og koma inn í lög hin síðari ár um tímabundna skipan manna í æðri embætti.

Þá er í 2. mgr. nýmæli um stöðunefnd eða nefnd til að meta hæfni umsækjenda í stöðu dýralækna og kveðið á um að ráðherra skuli skipa þrjá dýralækna í nefnd til að hafa þetta hlutverk með höndum, meta hæfni umsækjenda og gera tillögur til ráðherra um röð umsækjenda þegar fleiri en einn sækja um tiltekið

embætti. Einn nefndarmanna skal skipa eftir tilnefningu yfirdýralæknis, einn eftir tilnefningu Dýralæknafélags Íslands og einn án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Þá er enn fremur ákvæði í 2. gr. um greiðslur til dýralækna nánast óbreytt frá því sem verið hefur og að öðru leyti er 2. gr. óbreytt frá gildandi lögum.

3. gr. laganna er svo stutt og kveður á um það að lög þessi skuli þegar öðlast gildi.

Ég hef ekki miklu við þetta að bæta, herra forseti. Ég tel að hér séu á ferðinni sjálfsagðar lagfæringar að svo miklu leyti sem eingöngu er um að ræða að taka þau ákvæði upp að nýju í lög sem niður féllu að því er virðist í ógáti við endurskoðun laganna á sínum tíma 1982. Nýmæli um tímabundna skipan yfirdýralæknis sem og um stöðunefnd eða nefnd til að meta hæfi umsækjenda eru að mínu mati einnig þarfar úrbætur á gildandi lögum og ég nefni það til rökstuðnings að hér er í raun og veru verið að hverfa að sambærilegu fyrirkomulagi hvað varðar veitingu dýralæknaembætta og er um veitingu læknisembætta. En í læknalögum eru einmitt ákvæði um sambærilega nefnd sem meta skal hæfi umsækjenda um starf.

Þá er í þriðja lagi gert ráð fyrir, þótt það komi ekki beint fram í texta frv., segir frá því í grg., að eitt af því sem nefndin geti lagt til grundvallar við röðun umsækjenda skuli vera reynsla þeirra í störfum og ívilnun vegna starfa í afskekktum héruðum. Hér er það á ferð að Dýralæknafélagið hefur lengi haft það á dagskrá hjá sér að heimilt verði að taka tillit til þess við veitingu embætta hafi menn gegnt störfum við erfið skilyrði í afskekktum héruðum. Í því sambandi hefur Dýralæknafélagið í sínum félagsskap búið út tilteknar reglur, matsreglur, ákveðið punktakerfi, þar sem heimilt væri að taka tillit til slíks, m.a. þegar mönnum er raðað upp þegar sótt er um störf.

Ég vil nefna þetta sérstaklega vegna þess að erfiðlega hefur gengið að manna hin afskekktustu héruð og enn situr við það að ákveðin héruð eru án dýralæknisþjónustu og er það auðvitað óviðunandi ástand og úr því þarf að bæta. Það er von þeirra sem að frv. standa að þetta geti hjálpað til í þeim efnum.

Að lokinni þessari umræðu, herra forseti, legg ég svo til að málinu verði vísað til hv. landbn. deildarinnar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Afgreiðsla frv. til lánsfjárlaga.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Í Nd. er verið að ræða húsnæðismálin og er greinilegt að lánsfjárlög verða ekki tekin á dagskrá í Nd. fyrr en hæstv. félmrh. hefur tekist að ljúka umræðunni um húsnæðismál. Það var hins vegar um það rætt við stjórnarandstöðuna að við mundum greiða fyrir því í kvöld að afgreiða frv. til lánsfjárlaga. Það er greinilega ekki hægt þar sem annað mál var tekið fram yfir í Nd. Ég vil því fara fram á það að fundi verði frestað til morguns og boðað til þingfundar með venjulegum hætti, en við verðum ekki dregnir hér á asnaeyrunum út af því að sérviskuleg fundarsköp eru í Nd. Þetta er auðvitað alveg dæmalaus framkoma og gengur ekki upp.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Ég mælist til þess að við athugum aðeins okkar gang og könnum til þrautar hvort ekki verði hægt að ljúka þessari umræðu í kvöld. Ég hygg að 2. umr. um lánsfjárlög hafi tekið allmiklu lengri tíma í Nd. en menn höfðu ætlað. Þar ræddu menn málið mjög ítarlega fram eftir öllum degi og ég mundi gera það að tillögu minni við hæstv. forseta þessarar deildar að við frestuðum fundi í eins og 15–20 mínútur til þess að vita hvort við gætum ekki séð til lands og lokið þessu verki nú í kvöld eins og um var talað og hv. 2. þm. Norðurl. e. minntist réttilega á hér áðan. Það hefur ekki verið undan neinu að kvarta í samskiptum stjórnar og stjórnarandstöðu hér í þessari hv. deild í kvöld og allt gengið með góðum og eðlilegum hætti. Þess vegna er það fróm ósk að við dokum við í kannski 15–20 mínútur og könnum betur raunverulega stöðu mála í Nd. Það má vel vera að það komi í ljós að við þurfum að koma hér saman aftur kl. 2 á morgun. En ég mælist til þess að við athugum málið aðeins betur áður en ákvörðun verður tekin um að fresta fundi til morguns.

Forseti (Jón Helgason):

Mér var ekki kunnugt um annað en að 3. umr. lánsfjárlaga stæði yfir í Nd. og þess vegna ætlaði ég að athuga málið eins og hv. 3. þm. Vesturl. ræddi um.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég held að úr því sem komið er sé nauðsynlegt að taka ítarlega umræðu um lánsfjárlögin á morgun. Ég held að við verðum að búa okkur undir það að það verði langur þingfundur á morgun. Það er ekkert því til fyrirstöðu af minni hálfu að við séum hér alla páskahátíðina ef með þarf. En þetta er svo sem eftir öðru. Við vorum búnir í stjórnarandstöðunni að reyna að greiða fyrir lánsfjárlögunum fyrir þremur vikum eða mánuði, áður en þingið var sent heim og áður en Norðurlandaþing var haldið. Þá voru það sérviskuleg vinnubrögð í Nd. sem ollu því að lánsfjárlögin drógust á langinn. Ég sé ekki héðan af að það skipti máli þó að þau dragist einn dag í viðbót og vil leggja að forseta að hann sýni stjórnarandstöðunni þá virðingu að draga okkur ekki á asnaeyrunum í þessu máli og láta okkur bíða á meðan húsnæðisumræða gengur í hinni deildinni. Það er auðvitað út af fyrir sig hægt að taka hér upp umræður utan dagskrár um húsnæðismál og væri virkilega

ástæða til, eins illa og hæstv. húsnæðismálaráðherra hefur staðið sig og eins mörg og sviknu loforðin eru í húsnæðismálunum. Það er auðvitað ekkert gaman að tala við þetta fólk sem bíður eftir lánunum og er núna verið að gefa gyllivonir, fólki sem er að missa sínar íbúðir og á um sárt að binda. Og auðvitað er hægt að taka upp slíka umræðu hér í Ed. líka um slaka stöðu hæstv. félmrh. í þessum mikilvæga málaflokki og hvernig alltaf er verið að brosa framan í fólkið sem verst hefur það. Rétt eins og brosað er framan í launþega núna af þeim launþegaforingjum sem fylgja þessari ríkisstjórn. (**KSG:** Ekki verður þú til að hjálpa þeim.) Það má vel vera, ef ég hefði sömu stöðu og þessi hv. þm. Alþfl., að ég mundi vera órólegri ef það ætti að segja það að ég væri sá maður sem bæri ábyrgð á því að þessi ríkisstjórn heldur velli hér í deildinni. Það er a.m.k. áreiðanlega víst að ég yrði ekki oddaatkvæði til þess að halda fram þessari kjaraskerðingu sem er orðin tveggja stafa tala og byrjar ekki á einum heldur tveimur eða þrem síðan ríkisstjórnin tók til starfa. Kjaraskerðingin er a.m.k. 20% síðan þessi ríkisstjórn tók til starfa. Og hún heldur áfram. Verðbólgustigið núna er 30%. Hvað segir þessi verkalýðsleiðtogi frá Keflavík um það? Hvað segir þessi verkalýðsleiðtogi frá Keflavík um afleiðingar verka sinna eins og komið er fyrir almenningi í þessu landi eftir þær skattahækkanir sem hafa orðið, eftir þær miklu hækkanir sem hafa orðið á þjónustugjöldum? (**Forseti:** Ég vil benda hv. ræðumanni á að það eru umræður um þingsköp.) Ég held, herra forseti, að það sé ekkert verra að við reynum að tala hér um ástandið í landinu en að það sé verið að setja okkur út í horn (**Forseti:** Ekki um þingsköp.) þegar ekki er hægt að standa við það samkomulag að reyna að hraða lánsfjárlagafrv. í Nd. Ég get fallist á það að hæstv. forseti geri hlé á fundinum í tvær mínútur til að koma vitinu fyrir forseta Nd.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Ég segi nú bara: Nú fór í verra. Ég hafði svona allt að því sammælt mig við hv. 2. þm. Norðurl. e. um það að við þyrftum að komast heim til okkar á miðvikudag, helst hann niður að höfnum nyrðra til að hitta þar fiskimenn og spjalla við þá í síðasta róðrinum fyrir páska á morgun. Það sama hafði ég haft von um að gæti skeð vestur á Snæfellsnesi, að ég mundi hitta þar sjómenn þegar þeir væru að koma úr síðasta róðrinum. Nú skilst mér að hv. þm. þurfi endilega að fara að ræða hér mjög mikið um lánsfjáráætlun sem alls ekki var ætlun hans þegar við vorum að spjalla um þessa hluti og mér fannst heldur ekki í dag. Ég legg því til og tek undir tillögu hv. 3. þm. Vesturl. Eiðs Guðnasonar um það að gert verði hlé á fundum núna og athugað hvort ekki sé hægt að koma málum þannig fyrir í Nd. að við getum klárað umræðuna um lánsfjáráætlun hér í deildinni og afgreitt málið. Ef það er ekki hægt að þá verði boðað til fundar í fyrramálið, ekki á venjulegum fundartíma kl. 2 heldur kl. 10, svo að möguleiki sé að ljúka afgreiðslu lánsfjárlaga fyrir hádegi, þannig að við þingmennirnir Halldór Blöndal og sá sem hér stendur getum komist til þess að hitta okkar kunningja við Eyjafjörð og vestur á Snæfellsnesi þegar þeir koma úr síðasta róðrinum fyrir páska.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Fyrir nokkrum mínútum frétti ég að það væru aðeins níu stjórnarliðar staddir í Nd. Það mun vera ein meginástæðan fyrir því að ekki er hægt að halda áfram umræðum og atkvæðagreiðslum um það mál sem þarf að koma hingað. Ég legg til að það verði dokað aðeins við en það er ástæðulaust að bíða hér lengi kvölds ef ekki fjölgar í Nd. Þá er hyggilegra að hafa fund annaðhvort í fyrramálið eða síðar á morgun.

Júlíus Sólnes:

Hæstv. forseti. Mér þykja málin hafa tekið alleinkennilega mynd á sig. Þ.e. við í stjórnarandstöðunni höfum verið samvinnuþýð um það að greiða hér fyrir þingstörfum og höfum fallist á það að vinna hér fram eftir kvöldi við að afgreiða þau mál sem lágu fyrir hv. þingdeild. Nú bregður svo einkennilega við að lánsfjárlögin, sem við höfum beðið eftir, hafa verið tekin út af dagskrá í Nd. Ég sé þá ekki annað en að það sé eðlilegast eins og nú horfir að fresta þingfundum fram yfir hátíðar. Þ.e. við komum hér aftur saman 3. apríl og hefjum þingstörf með eðlilegum hætti.

Hvað varðar lánsfjárlögin er ég þeirrar skoðunar að það skipti ekki nokkru máli hvort það næst að afgreiða þau í dag eða eftir páska, eða næsta haust, eða skömmu fyrir næstu jól. Því að lánsfjárlög eru eins og allir vita óskhyggja ein og þau eru best afgreidd eins seint á árinu og mögulegt er því að þá er von til þess að það sé eitthvert vit í þeim.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Ég vil ítreka það að hér í þessari deild hefur ekkert skort á samvinnu við stjórnarandstöðuna. Það hefur allt gengið eftir sem um var talað og ég ítreka þá tillögu mína að við gerum hér 15–20 mínútna hlé á fundinum, athugum okkar gang og tökum síðan í góðu samráði ákvörðun um hvernig framhaldið verði. Ég vil hins vegar leggja áherslu á það að ég hygg að það sé mjög mikilvægt fyrir marga þá aðila sem koma við sögu í lánsfjárlögum að þessi lög verði samþykkt núna. Það held ég að við getum verið sammála um. Ég veit að það eru mörg fyrirtæki sem bíða þess að lánsfjárlagafrv. verði að lögum. Og ég veit það að sumum fyrirtækjum hefur þessi dráttur því miður skapað viss og kannski veruleg óþægindi. Ég held því að það sé mjög mikilvægt að við ljúkum því máli en ítreka það að ég held að það sé skynsamlegt að gera stutt hlé og ráða nú ráðum sínum í góðu samráði.

Forseti (Jón Helgason):

Þegar þessum umræðum lýkur vildi ég biðja formenn og varaformenn þingflokka að hittast hér í hliðarherbergi þegar ég hef frestað fundi.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég er sammála því að það þarf að afgreiða lánsfjárlög og hefði þurft miklu fyrr. Við í stjórnarandstöðunni vorum tilbúnir til að gera það fyrir mánuði. Og ég tek undir að þessi dráttur hefur skaðað mörg fyrirtæki og byggðarlög meira en maður gerir sér grein fyrir í fljótu bragði. Á hinn bóginn er það auðvitað deginum ljósara að til þess að greiða fyrir þingstörfum er nauðsynlegt að fá lánsfjárlögin til umræðu í Nd.

NEÐRI DEILD

70. fundur, þriðjudaginn 21. mars, kl. 2 miðdegis.

Tilhögun þingfunda.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Áður en gengið er til dagskrár skal fram tekið að það verður settur hér annar fundur í dag til þess að á dagskrá megi koma mál frá Ed. sem væntanleg eru um Seðlabanka, viðskiptabanka og sparisjóði, og eins til þess að fram geti farið 3. umr. um lánsfjárlög og vaxtalög eins og fulltrúum flokkanna hefur verið kynnt. Þingmenn verða því að vera viðbúnir atkvæðagreiðslum annað veifið í dag og þess vegna líka að fundir geti verið fram eftir degi eða fram á kvöld, ef nauðsyn ber til, til þess að ljúka þeim málum sem hugmyndin er að ljúka hér í dag.

Lánsfjárlög 1989, 2. umr.

Stjfrv., 103. mál. — Þskj. 512, n. 631, 633 og 636, brtt. 634, 637.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á þskj. 636 liggur fyrir álit meiri hl. fjh.- og viðskn. um frv. til lánsfjárlaga.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur meiri hl. til að það verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þskj.

Til viðræðna við nefndina um frv. komu eftirtaldir: Halldór Árnason frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Þórður Friðjónsson frá Þjóðhagsstofnun, Jóhann Már Maríusson og Örn Marinósson frá Landsvirkjun, Gunnlaugur Sigmundsson og Jón Atli Kristjánsson frá Þróunarfélagi Íslands, Guðmundur B. Ólafsson frá Framkvæmdasjóði, Hinrik Greipsson frá Fiskveiðasjóði og Bjarni Bragi Jónsson og Jakob Gunnarsson frá Seðlabanka Íslands.

Undir þetta rita hinn 16. mars 1989 Páll Pétursson, Ragnar Arnalds, Árni Gunnarsson og Guðmundur G. Þórarinsson.

Á þskj. 637 liggja fyrir fjórar brtt. við þetta frv. en því miður eru þær ekki í endanlegu formi á þessu þskj. og það er verið að prenta það upp og því verður dreift innan skamms til deildarmanna.

Fyrsta brtt. lýtur að því að heimild sé opnuð fyrir Siglufjarðarkaupstað að skuldbreyta allt að 50 millj. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Að sjálfsögðu yrði það að gerast að höfðu samráði við fjvn. og eftir að Siglufjarðarkaupstaður hefði lagt fram fullnægjandi endurgreiðsluáætlun á þessu láni.

Varðandi 2. og 3. brtt. á þskj. 637 er enn fremur ætlast til að fjmrh. hafi samráð við fjvn. og verður dreift brtt. og orðalagsbreytingu þar að lútandi, en þessar greinar báðar eru heimildir handa fjmrh. til þess að ganga frá ógreiddum framlögum til jarðræktarframkvæmda og búfjárræktar frá árinu 1988 í samræmi við þann fyrirvara eða yfirlýsingu sem landbrh. gaf við fjárlagaumræðu fyrr í vetur.

Fjórða brtt. er um það að fjmrh. sé fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að höfðu samráði við fjvn. Alþingis að semja við Þormóð ramma hf. um ráðstafanir til að bæta fjárhag fyrirtækisins.

Þetta eru brtt. og vonast ég eftir að innan örfárra mínútna verði dreift hér breyttu þskj. með þeim texta sem gengið verður til atkvæða um.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Frv. til lánsfjárlaga var lagt fram á Alþingi 11. nóv. í haust í Ed. og var tekið til umræðu 23. nóv. Nál. frá fjh.- og viðskn. Ed. var afgreitt 17. febr. og málið afgreitt út úr Ed. þann dag og því vísað til Nd. Þar var því vísað til fjh.- og viðskn. 17. febr. og hélt nefndin fimm fundi um frv. til lánsfjárlaga og var mjög gengið á eftir nefndarmönnum að hraða sem mest afgreiðslu málsins og minnt á að það hefði fengið allítarlega meðferð í hv. Ed. Ég fyrir mitt leyti vildi ekki á nokkurn hátt annað en greiða fyrir framgangi málsins þó að margar upplýsingar vantaði og það varð því að ráði að þó að frv. yrði afgreitt frá nefndinni 8. mars þá fengju þeir nefndarmenn sem þess óskuðu einhvern tíma til þess að afla frekari upplýsinga frá stjórnvöldum.

Þingflokkur Sjálfstfl. leitaði til fjmrh. um það að fá upplýsingar frá þeim ráðuneytismönnum varðandi ýmis atriði sem snerta frv. og komu þeir til fundar við okkur nokkra þingmenn og formann Sjálfstfl. þar sem við lögðum ákveðnar spurningar fyrir. Sömuleiðis voru fulltrúar frá Seðlabanka á þeim fundi og í framhaldi af því fengum við ítarlegar og góðar upplýsingar og svör við flestum okkar spurningum, eftir því sem hægt var á svo skömmum tíma. Fyrir það ber að þakka, bæði fjmrn., Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Seðlabanka, Þjóðhagsstofnun og þeim öðrum sem til var leitað.

En á því átti ég ekki von að það liðu 13 dagar frá því að nefndin afgreiddi málið þar til það er nú tekið hér fyrir til 2. umr. í hv. þingdeild. Það sýnir að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki haft hraðan á við afgreiðslu þessa máls eða stuðningslið hennar, enda má segja að

það sé nú tvístrað tvist og bast, ekki eingöngu hér í þingsölum heldur einnig um gjörvalla álfuna og jafnvel í aðrar álfur og því er erfitt að ná því liði saman. Sennilega er þetta eina þjóðþing veraldar sem leggur niður störf í rúma viku vegna þess að allmargir þingmenn þess þurfa að sækja annað þing þó það sé Norðurlandaþing. Ég held að það eigi að vera metnaður þingsins og allra þingmanna að slíkt endurtaki sig ekki. Annaðhvort er þetta þing starfandi eða það er ekki starfandi. Það er ekki hægt að gera slík frávik frá þingstörfum eins og skeði hér.

Við í 1. minni hl. fjh.- og viðskn., sem er auk mín hv. þm. Ingi Björn Albertsson, höfum lagt fram nokkuð ítarlegt nál. um lánsfjárlögin þar sem við rifjum upp ýmislegt það sem á dagana hefur drifið, bæði frá því að þessi ríkisstjórn tók við völdum og sömuleiðis er rifjað upp ástand og horfur áður. Ég tel að það sé nauðsynlegt að gera sér nokkra grein fyrir því hvað hefur verið að gerast og er að gerast í sambandi við efnahagsmál og eiginlega gang þjóðmála þegar nú eru senn sex mánuðir liðnir af valdatíma þessarar hæstv. ríkisstjórnar.

Frá því í byrjun október sl. hefur framfærsluvísitalan hækkað um 6,3%. Þar af hefur hækkun verið um 6% frá því í byrjun desember. Helstu ástæður hækkunar vísitölunnar eru þessar:

Hækkun á innflutningsgjaldi bíla olli 7–8% hækkun á útsöluverði þeirra. Bensín hækkaði um 12% 2. jan. Hækkun vörugjalds um áramótin hefur hækkað verð á innfluttum og innlendum vörum, m.a. á matvælum. Gengisfelling um 5% í byrjun janúar og 2,5% í febrúar hafa haft áhrif til hækkunar á vöruverði. Nú nýverið hefur áfengi hækkað um tæp 13%, tóbak um rúm 15%, gjaldskrár opinberra stofnana hafa hækkað mikið, afnotagjöld Ríkisútvarpsins hækkuðu um rúm 28%, fargjöld með strætisvögnum um 25%, rafmagn og hiti um 6,8%, landbúnaðarvörur hækkuðu um 5–10% um sl. mánaðamót, gjaldskrár leigubíla hafa hækkað um 8% og hjá Verðlagsráði eru erindi um 13% hækkun á skipa- og farmgjöldum og 20% hækkun á innanlandsflugi. Þetta er aðeins lítið sýnishorn af öllu því sem við blasir í verðlagsmálum nú á þessum degi. Það eru fjölmörg önnur erindi sem fyrir liggja um hækkanabeiðnir.

Allt kemur þetta á eftir þeirri verðstöðvun sem hér hefur átt sér stað og það má segja að flest hafi hækkað. Því miður verður maður að segja það eins og er að flestar hækkanir eru hæstv. ríkisstjórn að kenna. Hún fór út í það í desembermánuði sl. að gera fjölmargar skattahækkanir sem koma illa niður á almenningi í hækkuðu vöruverði. Hún fór af stað þegar þjóðin hafði tekið mjög vel verðstöðvun í langan tíma og stöðvun launa eða bindingu launa, en ríkisstjórnin reið á vaðið og hóf sína hækkunaröldu sem við erum nú að súpa seyðið af.

Í hvert skipti sem einhver ráðherra talar um gengi, þá talar hann alltaf um fastgengisstefnu eins og það sé eitthvert trúaratriði að gengi erlendra gjaldmiðla eigi að vera það sama. En þrátt fyrir þessar yfirlýsingar ráðherra um að hér verði ekki hvikað frá fastgengisstefnu og erlendur gjaldmiðill verði skráður á sama verði og var, þá hafa orðið hvorki meira né minna en þrjár gengisfellingar á þessum sama tíma þrátt fyrir þessar hörðu og ákveðnu yfirlýsingar hæstv. ráðherra. Þannig hefur Bandaríkjadollar hækkað miðað við kaupgengi úr 48.140 í 52.700 eða um 9,472%. Sterlingspundið hefur hækkað á sama tíma um 11,620%, Kanadadollar um 11,916%, spænski pesetinn hefur hækkað um 17,227% og þannig mætti lengi telja. Þetta hefur verið sú gengisstefna sem hefur verið lýst að væri óumbreytanleg og mætti á engan hátt hreyfa, það væri föst ákveðin stefna ríkisstjórnarinnar. En þrátt fyrir allar yfirlýsingar hefur verið gripið til þess að breyta gengi krónunnar.

Í sjálfu sér er ég ekki að gagnrýna ríkisstjórnina fyrir að breyta skráðu gengi krónunnar. En ég er að gagnrýna það að á sama tíma og hún er að gera þetta hvað eftir annað eða beina tilmælum og fyrirskipunum til Seðlabankans um að breyta gengi krónunnar, þá er alltaf verið að gefa yfirlýsingar um það að ekki verði beitt neinni gengislækkun í þessu landi á meðan ríkisstjórn jafnréttis og félagshyggju situr að völdum. Það er þetta sem er orðið óþolandi og fólkið skilur ekki.

Við spurðum seðlabankamenn að því hver áætlun væri um ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna 1988 og 1989 og sömuleiðis um þróun skuldabréfakaupa lífeyrissjóðanna af Húsnæðisstofnun ríkisins fyrstu mánuði þessa árs. Í svari bankans kemur fram að í greinargerðinni frá 9. des., sem send var hv. fjh.- og viðskn. Ed., var gerð grein fyrir endurskoðaðri áætlun um ráðstöfunarfé lífeyrissjóða 1988 og þessa árs ásamt yfirliti um ráðstöfunarfé á tímabilinu 1983–1989. Endurskoðunin tók mið af nýjum upplýsingum annars vegar og reikningum lífeyrissjóða og dekkri horfum um launa- og tekjuþróun. Niðurstöður voru þær að ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna var talið verða 13,4 milljarðar á árinu 1988 í stað 12,7 milljarða í eldri áætlun. Þetta var byggt á upplýsingum úr úrtaki sjóða fyrir fyrstu níu mánuði ársins 1988. Hins vegar var áætlunin fyrir árið 1989 lækkuð úr 16,9 milljörðum í 16,1 milljarð og var þar tekið mið af nýlegum upplýsingum um atvinnu- og tekjuþróun, m.a. minnkun yfirvinnu og styttingu vinnutíma.

Nú liggja fyrir upplýsingar um þróun ráðstöfunarfjár 18 lífeyrissjóða á sl. ári. Þessir sjóðir ná yfir um 50–60% af ráðstöfunarfé sjóðanna miðað við árið 1987. Þessar upplýsingar benda til þess að hin endurskoðaða áætlun fyrir 1988 sé nærri lagi og frekar í lægri kantinum ef eitthvað er. Það virðist ekki ástæða til að endurskoða ofangreinda áætlun um ráðstöfunarrétt lífeyrissjóða fyrir árið 1989 og vísast til meðfylgjandi greinargerðar frá 9. des., sem ég áður gat um, um forsendur m.a. varðandi tekjuþróun. Rétt er þó að benda á að áætlunin byggir á sömu verðlagsforsendum og samþykkt fjárlög en ætla má að gengisbreytingar að undanförnu hafi einhver áhrif til hækkunar verðlags á þessu ári umfram það sem reiknað er með í fjárlögum. Þessi fyrirvari á að líkindum við allar þessar áætlanir, þ.e. fjárlög og lánsfjáráætlun.

Samkvæmt upplýsingum Húsnæðisstofnunar ríkisins námu skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna í janúar og febrúar sl. 670 millj. kr., þar af 170 millj. kr. í febrúarmánuði. Áætlað hafði verið að þau næmu um 1470 millj. kr. samtals þessa tvo mánuði, þar af 735 millj. kr. í febrúar, en þau urðu ekki nema 170 millj. Menn spyrja: Hvernig stendur á þessu? Svarið er það að fjmrn. og fjmrh. eiga í stríði við lífeyrissjóðina í landinu og það kemur illa niður á Húsnæðisstofnun sem og fleirum. Ég held að það sé rétt að menn reyni að ná endum saman, menn reyni að ná saman í þessum málum en standi ekki í stríði. Það er algjör misskilningur hjá hæstv. fjmrh. ef hann heldur sig geta mulið sjóðina undir sig og þeir gert allt eins og hann einn vill. Þetta eru sjálfstæðar stofnanir. Þetta eru sterkar einingar. Þeim ber að sjá um þá fjármuni sem þeim er trúað fyrir og þess vegna er það skynsamra manna háttur að ná samkomulagi og halda ekki þessu sífellda stríði áfram.

Það er mikið talað núna um vextina og hefur verið á undanförnum mánuðum og það er eðlilegt. Ríkisstjórnin lýsir því yfir að hún ætli að lækka vextina með handafli, eins og sagt er. Það hefur gengið svona með ýmsu móti. Yfirlýsingar hafa verið alltíðar frá ráðherra og núna heyrir maður að sjálfur herforingi ríkisstjórnarinnar, hæstv. forsrh., ætli nú heldur betur að taka í lurginn á bönkunum í landinu.

Nú veit ég ekki betur en að í ríkisbönkunum séu stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar í meiri hluta í bankaráðum. Þar af leiðandi eiga þeir að ráða ferðinni. Og ég veit ekki betur en að þeir hafi flestir hverjir samþykkt þær hækkanir sem orðið hafa á vöxtum nú að undanförnu.

Ég held að það væri rétt að líta aðeins á þróun meðalvaxta á sl. ári. Þá var sú þróun á fyrsta ársfjórðungi ársins 1988 að nafnvextir voru 32,9%, ávöxtun 40,2%, verðbólgan var talin 16,9% en raunvextir 20%. Á öðrum ársfjórðungi voru tölurnar þessar í sömu röð: 32%, 39%, 37,5% og raunvextirnir aðeins 1,1%. Á þriðja ársfjórðungi voru þeir 33,1%, 40,6%, 22% og raunvextir 15,2%. Og á fjórða ársfjórðungi 16,1%, 17,7%, 2,7% og raunvextir 14,6%. Meðaltal ársins 1988 voru nafnvextir 28,5%, ávöxtun 34%, verðbólga 19,1% og raunvextir 12,5%.

Á þessu ári eða til 21. mars eru nafnvextirnir 16,3%, ávöxtun 18%, verðbólga miðað við gömlu lánskjaravísitöluna 29,7% en raunvextir eru komnir niður í mínus 9,1%. Og nú spyrjum við: Á að halda áfram að knýja svo á um vaxtalækkun að þeir sem sparifé eiga fari að taka það út úr bönkunum, út úr lánastofnunum á sama tíma sem við erum að taka í ríkari mæli lán frá öðrum löndum, m.a. frá Japan, og borga sparifjáreigendum þar mun hærri vexti en við borgum þeim íslensku? Er það svona miklu verra að borga íslenskum almenningi eðlilega sparisjóðsvexti en fara með þetta meira út úr landinu? Við, eða ríkisstjórnin, erum með þessu að fara út á þá braut að hreinlega vinna að því að menn taki sparifé út úr íslenskum lánastofnunum og fari með það annað, í aðra fjárfestingu sem menn fá meira upp úr eða þá að fara í aðra lánastarfsemi sem hefur verið kallaður grái markaðurinn. Því á að stuðla að þessu? Er ekki skylda bankanna að reka þá með hagnaði? Hafa menn ekki fengið heldur betur ákúrur fyrir það ef þeir hafa verið reknir með nalla? Ég held að það hafi ekki staðið á sumum þingmönnum bæði þeim sem nú eiga hér sæti og eins þeim sem eru varamenn að gagnrýna það. Menn mega því ekki falla í þennan pytt eftir allar þær predikanir sem við hafa verið hafðar á undanförnum árum og missirum.

Ég ætla að snúa mér lítillega að skerðingaráformum frv. Lánsfjárlög eiga sér stoð í lögum nr. 10/1979, um stjórn efnahagsmála, sem kölluð hafa verið Ólafslög og þau tóku fyrst til ársins 1980. Frá upphafi setningar lánsfjárlaga hefur verið inni kafli um skerðingarákvæði fjárlaga. Slík skerðingarákvæði er reyndar einnig að finna í lögum nr. 20/1979, um heimild til lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar 1979. Þessi skerðingarákvæði nema nú tæplega 1600 millj. kr. Lögboðin framlög til viðkomandi sjóða ættu að vera 3 milljarðar 395 millj. en eru samkvæmt frv. 2177 millj. eða skerðing 1218. Þetta var á árinu 1988. Lögbundið framlag þessa árs er upp á 3 milljarða 457 millj. kr. en samkvæmt fjárlögum 1861 millj. þannig að skerðingin er núna 1596 millj. kr.

Það sjá allir að það er ekki hægt að bjóða þjóðinni það að Alþingi samþykki lög um tiltekin fjárframlög til ákveðinna sjóða og ákveðinnar starfsemi en standi svo að því árum saman að brjóta sín eigin lög. Nú er ég ekki að gagnrýna þessa hæstv. ríkisstjórn fyrir þetta því að þar eiga allir flokkar sök sem átt hafa aðild að ríkisstjórn á þessu tímabili sem ég nefndi áðan. En mér finnst fyrir mitt leyti vera kominn tími til, og þó fyrr hefði verið, að stokka upp þessi lög og lækka þessi framlög, ekki endilega í þá skerðingu sem nú er, en að lækka þau verulega. Það eru auðvitað ákvæði sem eru ferleg, sem nú eru tekin upp og ég kem að síðar, eins og Atvinnuleysistryggingasjóður, þar sem ríkið hættir greiðslum til hans og það er upp á 300 millj. kr. Bjargráðasjóður er felldur niður, á að vera með 56 millj. Ferðamál, það er tiltölulega ný löggjöf um Ferðamálasjóð. Samkvæmt henni ættu tekjur Ferðamálasjóðs að vera 109 millj. kr. en samkvæmt fjárlögum er það skorið niður í 28 millj. kr. Félagsheimilasjóður á að vera 58 millj., er skorinn niður í 21 millj. Fiskveiðasjóður er nú skorinn niður alveg, átti að vera 20 millj. og ég held að stjórn Fiskveiðasjóðs sé löngu hætt að reikna með því að ríkið leggi sjóðnum nokkurn skapaðan hlut til. Framkvæmdasjóður fatlaðra á eftir að koma hér síðar, en Framkvæmdasjóður Ríkisútvarpsins sem á að fá 140–160 millj. er skorinn niður. Framlag til jarðabóta er skorið verulega niður, úr 286 millj. í 100 millj. Framlag vegna búfjárræktarstyrkja er þurrkað út, ætti að vera 42,2 millj. og framlag vegna eyðingar refa og minka á að vera 18 millj. en er skorið niður í 8 millj. — Það er alveg undarleg árátta þessarar ríkisstjórnar hvað hún vill leggja af mörkum til þess að þetta kvikindi, minkurinn, sé að mestu leyti óáreitt-

ur. Ég veit ekki hvaðan það er ættað. — Hafnabótasjóður er skorinn niður úr 66 millj. í 25 millj., Iðnlánasjóður, sem ætti að vera með 90–100 millj., er þurrkaður út. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga er lækkaður úr 1660 millj. í 1275 millj. Kvikmyndasjóður úr 110 millj. í 71 millj. Og svo kemur hér einn ágætur sjóður sem allir menningarvitar Alþingis hafa lagt mikið upp úr. Það er Listskreytingasjóður ríkisins. Hann ætti að vera með hvorki meira né minna en 200 millj. en hann er skorinn niður í 6 millj. Og samt höfum við alveg einstakan menningarvita núna sem menntmrh. Menningarsjóður kemur aftur mun betur út, enda veitir ekki af því að hressa upp á menninguna, því að hann er nú með 11 millj. og ekkert skorið niður. Stofnlánadeild landbúnaðarins er skorin úr 46 í 39 millj.

Samtals er þetta því niðurskurður upp á tæplega 1600 millj. kr. Nú vil ég leyfa mér að hvetja hæstv. ríkisstjórn til þess að taka sig nú saman í andlitinu og flytja frv. til laga um breytingu á þessum framlögum og miða framlögin við það sem á að standa við en ekki við þessi svik sem núna eru búin að vera, að vísu mismunandi mikil, í 10 ár samfleytt.

Þá langar mig að koma hér að Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Það hefur staðið til að endurskoða þau lög alllengi. Ég leyfði mér ásamt hv. þm. Pálma Jónssyni að flytja hér á síðasta þingi frv. til laga um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins sem gerir ráð fyrir grundvallarbreytingu á starfsemi sjóðsins og við nokkrir þingmenn Sjálfstfl. endurflytjum þetta frv. núna. Þegar við fluttum þetta frv. á síðasta þingi brást hinn skapgóði og ljúfi sjútvrh. illa við og taldi í samtali við blað sitt Tímann að þetta væri alveg óstjórnleg frekja af tveimur þingmönnum samstarfsflokks að leyfa sér að flytja frv. til laga um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins því að unnið væri að endurskoðun þessara laga.

Lögð var fram á síðasta þingi fsp. frá varaþm. Alþb., Þórði Skúlasyni, varðandi Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og í munnlegu svari sem sjútvrh. gaf segir hann að 27. jan. 1988 hafi hann skipað nefnd til að endurskoða gildandi lög og reglur um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Hlutverk nefndarinnar er að meta hvort verðjöfnun sé raunhæf leið til að draga úr sveiflum í afkomu sjávarútvegs miðað við núverandi verðmyndun á fiski og skipulag á sölumálum sjávarafurða og með hvaða hætti slíkri verðjöfnun verði komið fyrir með sem virkustum og hagfelldustum hætti. Síðan telur hann upp hverjir hafi verið skipaðir í nefndina og bætir því við að í skipunarbréfi nefndarinnar sé henni falið að leita í störfum sínum samráðs við samtök helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi. Nefndin hefur þegar haldið fjóra fundi, segir ráðherrann, og átt viðræður við fulltrúa samtaka margra hagsmunaaðila í sjávarútvegi. Á þessu stigi vil ég ekki fullyrða, segir ráðherra, hvenær vænta má tillagna nefndarinnar en tel þó ekki ólíklegt að það verði í aprílmánuði nk., þ.e. í apríl 1988.

Í byrjun júní gegnir hæstv. núv. forsrh., þáv. utanrrh., starfi sjútvrh. í fjarveru Halldórs Ásgrímssonar. Hann er staddur á Ísafirði 4. júní á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðar og þar segir hann, vegna umræðna um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, við forráðamenn rækjuverksmiðja að ríkisstjórnin hafi ákveðið að Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins er bókað, það á að vera fiskiðnaðarins, yrði lagður niður og lagt yrði fyrir Alþingi frv. um málið, sem sagt á sl. hausti. Ég hrökk við þegar ég frétti þetta og spurði þáv. forsrh. hvort þetta væri rétt, að ríkisstjórnin hefði gert slíka samþykkt. Nei, hann kannaðist ekkert við það. Og á daginn hefur komið að engin slík samþykkt var gerð og þrátt fyrir yfirlýsingar hæstv. forsrh. hefur ekkert frv. komið fram í þessum efnum, að leggja Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins niður, sem betur fer. Hins vegar var það tekið upp af núv. hæstv. ríkisstjórn að láta eina veikustu deild Verðjöfnunarsjóðsins taka lán að upphæð 800 millj. kr., eða freðfiskurinn 750 millj. kr. lán og hörpudiskurinn 50 millj. kr. Þá er alveg horfið frá því að ríkið ábyrgist lánið í Seðlabankanum með sjálfskuldarábyrgð. Þetta er núna á yfirdráttarskuld og er bundið kaupgengi og SDR. Seðlabankinn getur skipt um lánsgrundvöll með því að afla erlends lánsfjár sem yrði grunnur yfirdráttarheimildar þessarar og síðan lán samkvæmt lánsfjáráætlun.

Það er talið að skuldin eigi að endurgreiðast af tekjum deildarinnar eða deildanna fyrir frystar afurðir og hörpudisk á þremur árum. Um síðustu áramót átti freðfiskdeildin 12 millj. kr. til sem tekur 750 millj. kr. lán og þessar 12 millj. kr. eru núna miðað við 28. febr. komnar í 22,6 millj. kr., hafa hækkað vegna gengisbreytinga. Engum manni dettur í hug að þessi deild geti greitt þetta lán aftur á þremur árum. Því hefði verið miklu eðlilegra og heiðarlegra fyrir ríkisstjórnina að leggja þá þessari deild til þessa upphæð því að það vita allir menn, bæði í haust og ekki síður nú, að þessir fjármunir koma til með að falla á ríkið.

Eftir afgreiðslu lánsfjárlaga er ákveðið mál að þetta lán verður tekið í erlendri mynt. Við erum m.ö.o. að taka erlend eyðslulán til þess að halda uppi útflutningsatvinnuvegum landsmanna. Undirstöðu landsmanna er haldið uppi núna með erlendri lántöku. Svo tala sömu menn um það að við ætlum að bæta afkomu útflutnings- og samkeppnisgreina. Og þeir segja í málefnasamningi sínum:

„Ríkisfjármál og lánsfjármál fyrir næsta ár munu miðast við að draga úr þenslu sem verið hefur í þjóðarbúskapnum undanfarin missiri.

Fjárlög fyrir árið 1989 verða samþykkt með tekjuafgangi. Til að ná þessu markmiði verða útgjöld ríkisins ekki hækkuð að raungildi frá því sem er á þessu ári. Auk þess verður tekna aflað í ríkissjóð m.a. með skattlagningu fjármagnstekna.

Lánsfjárlög munu mótast af ströngu aðhaldi að erlendum lántökum," segir í málefnasamningi hæstv. ríkisstjórnar. Ég vil bæta því hér við að miðað við 28. febr. er þegar búið að greiða af þessu láni úr freðfiskdeildinni 415 millj. kr. og af hörpuskelinni 22,5 millj. kr.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um fyrstu aðgerðir í

efnahagsmálum frá sl. hausti kom m.a. fram að hún mundi beita sér fyrir fjórðungs lækkun á raforkuverði frystihúsanna. Samkvæmt upplýsingum frá iðnrn. er á lokastigi — er sagt núna — reglugerð þar sem framkvæmd þessa ákvæðis er útlistuð. Þar er m.a. gert ráð fyrir að afsláttartímabilið verði frá ársbyrjun til ársloka 1989. En í málefnasamningi segir að þetta eigi að gera strax eftir að ríkisstjórnin tók við völdum. Og heildarkostnaður ríkisins verði um 100 millj. kr. Lækkun á raforku nái til fyrirtækja í frystingu, saltfiskvinnslu og rækjuvinnslu með lágmarksnotkun raforku sem nemur 100 kwst. á ári og nýtingartíma sem nemur 2500 klst. á ári og afsláttur inn aukist línulega eftir notkun og verði að hámarki 27% miðað við 3500 klst. vinnu á ári. Framkvæmdin verður með þeim hætti að rafveiturnar veita viðkomandi fyrirtækjum afsláttinn og senda iðnrn. kröfu um endurgreiðslu. M.ö.o.: Það vantar viku upp á að það sé hálft ár liðið frá því að þetta loforð var gefið og ekkert er enn búið að afgreiða. Það eru athafnamenn miklir í hæstv. ríkisstjórn félagshyggju og jafnréttis.

Í fjárlögum 1989 er gert ráð fyrir endurgreiðslu á söluskatti í sjávarútvegi að fjárhæð 907 millj. kr. Nýlega samþykkti ríkisstjórnin að hækka þessa endurgreiðslu um 100 millj. kr. með það í huga að bæta rekstrarafkomu fyrirtækja í þeirri grein. Ekki liggur fyrir nein ákvörðun um hvort þessum auknu útgjöldum verði mætt með sérstakri tekjuöflun og ekkert tillit tekið til þess nú við afgreiðslu lánsfjárlaga.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um fyrstu aðgerðir í efnahagsmálum frá sl. hausti kom m.a. fram að verð á búvörum mundi ekki breytast á verðstöðvunartímabilinu og að niðurgreiðslur yrðu auknar til að halda því óbreyttu. Í fjárlögum þessa árs er gert ráð fyrir 3353 millj. kr. til niðurgreislu á búvöruverði. Þar af er viss fjárhæð sem tekur mið af því að halda óbreyttri niðurgreiðslu á einingu út fyrsta ársfjórðung í anda fyrrnefndrar yfirlýsingar. Að þeim tíma liðnum er áætlað að smásöluverð landbúnaðarafurða þurfi að hækka um 9–10% að meðaltali ef sú fjárhæð, sem ætluð er til niðurgreiðslna á fjárlögum, dugi út árið. Ef halda ætti óbreyttri niðurgreiðslu á einingu eins og hún var fyrsta þessa mánaðar er áætlað að um 600 millj. kr. vanti á fjárhæð fjárlaga að því er varðar kindakjöt og mjólkurafurðir og um 70 millj. kr. að því er varðar nautakjöt. Hvað verður svo ef þannig horfir með kjarasamninga að kröfur aðila vinnumarkaðarins verði þær að halda niðri óbreyttu verði á landbúnaðarafurðum? Þá er ég hræddur um að þessi upphæð eigi eftir að hækka verulega eða sennilega, ef ég man rétt, um 500 millj. kr.

Ég er hræddur um að það sé farið að saxast á greiðsluhagnaðinn hjá hæstv. fjmrh. þegar í stað. Ég hugsa að ef hann lifir það að vera í þessu embætti út árið þurfi hann að flytja svipaðar ræður og hann gerði í haust, þá kostaði það að halli á ríkissjóði hækkaði um þetta 3 og 4 milljarða í hvert skipti sem hæstv. ráðherra opnaði munninn. (**Fjmrh.:** Nei, nei, um einn milljarð.) Og það er nú eins gott að hann fari að takmarka það að opna það undratæki. (**Fjmrh.:** Það var einn milljarður.)

Ríkisstjórn jafnréttis og félagshyggju vissi hvert átti að leita þegar hún tók við völdum á sl. hausti. Miðstjórn Alþýðusambands Íslands og framkvæmdastjórn Vinnuveitendasambandsins fjölluðu um þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að skerða umsamin og lögbundin framlög ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs um 600 millj. kr. við setningu bráðabirgðalaganna á sl. hausti. Það var sameiginleg afstaða samtakanna að með þessu sé ríkisvaldið einhliða að rjúfa áratuga samkomulag aðila vinnumarkaðarins, ríkisvaldsins og sveitarfélaganna um uppbyggingu og fjármögnun Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Atvinnuleysistryggingasjóður var stofnaður árið 1955 á grundvelli samkomulags um lausn vinnudeilu það ár og var ein meginforsenda að lausn þeirrar deilu. Í samkomulaginu var m.a. ákveðið hver framlög aðila til sjóðsins skyldu vera og hafa lög um sjóðinn síðan verið byggð á þessu samkomulagi. Tilgangur sjóðsins hefur frá upphafi verið að tryggja lágmarksframfærslu þeirra sem missa vinnu sína. Á síðustu árum hefur að sönnu reynt lítið á bótagreiðslur vegna atvinnuleysis. Sjóðurinn hefur á hinn bóginn borið þungar skyldur, m.a. vegna greiðslu eftirlauna til aldraðra. Þetta hefur rýrt fjárhagslega getu sjóðsins þrátt fyrir lítið atvinnuleysi. Það sætir því furðu að stjórnvöld áformi einmitt nú stórfellda skerðingu á framlögum til sjóðsins, einkum í ljósi þess að samdráttar í atvinnustarfsemi verður nú vart og því fyllsta ástæða að treysta fjárhagslega stöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Samtökin telja með öllu óviðunandi að einn aðili þríhliða samnings, sem bundinn er í lögum, skuli með þessum hætti leysa sig undan fjárhagslegum skuldbindingum sínum. Samtökin gerðu þá kröfu að ríkisvaldið standi við sinn hluta samningsins og greiði að fullu umsamið og lögbundið framlag sitt til sjóðsins, ella er stöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs teflt í tvísýnu.

Tekjur sjóðsins á þessu ári eru 554 millj. kr., 277 millj. frá sveitarfélögum og 277 millj. sem eru í reynd iðgjöld atvinnurekenda. Tekjur af lausafé, sem eru vextir, voru á síðasta ári um 100 millj. kr. Fastar greiðslur á mánuði í eftirlaunagreiðslur eru 30 millj. eða 360 millj. á ári. Greiðslur vegna reksturs kjararannsóknarnefndar eru um 12 millj. á ári, rekstrarkostnaður vegna greiðslna atvinnuleysisbóta eru nú um 4–5 millj. á mánuði eða um 48–60 millj. Það er erfitt að áætla greiðslu atvinnuleysisbóta því að slíkt fer eftir atvinnuhorfum, en í janúar voru þessar greiðslur um 100 millj. kr. og svipaðar í febrúarmánuði. En þá var talið að þær yrðu líklega eitthvað minni í þessum mánuði.

Í byrjun mars var greiðslustaðan þannig að um 395 millj. kr. voru enn til ráðstöfunar af heildartekjum sem voru 654 millj. til þess að mæta föstum útgjöldum og atvinnuleysisgreiðslum.

Hvað hefði nú Alþb. sagt um þessa ráðstöfun ef það hefði verið utan stjórnar? Ég er hræddur um að það hefði heyrst í þeim. Það hefði nú lengt heldur betur þingfundi. Og eitthvað hefði Þjóðviljinn þurft að segja um málið ef Alþb. hefði verið utan stjórnar. En þessir aðilar allir þegja nú þunnu hljóði. Nú er þetta talið sjálfsagt og eðlilegt að ganga þannig á gerða samninga eins og gert hefur verið, undir því yfirskini að hér sé ríkisstjórn jafnréttis og félagshyggju á ferð. Sjái nú hver jafnréttið og félagshyggjuna í þessu! Ég er hræddur um að Guðmundur vinur minn Hagalín hefði sagt svei attan, ef hann hefði verið ofar foldu, yfir slíkri hræsni.

Í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar um byggðamál segir:

„Gerðar verði ráðstafanir til jöfnunar á flutningskostnaði og kostnaði síma, húshitunar og skólagöngu. Unnið verði skipulega að uppbyggingu í samgöngumálum samkvæmt langtímaáætlun.“ Ætli það sé gert með því að skera niður vegaframlögin og hafnarframlögin? Var þetta tilgangurinn með þessu?

„Gerðar verði ráðstafanir til aukinnar valddreifingar, m.a. með því að auðvelda flutning stofnana og svæðisbundinna verkefna frá miðstjórn ríkisvaldsins út í héruð.“ Finnst mönnum að það sé verið að hverfa frá miðstýringunni hjá þessari hæstv. ríkisstjórn? Það er undarlegt þegar þessir svokölluðu vinstri flokkar ná saman í eina sæng, þá er alltaf farið að tala um valddreifingu og farið að tala um það að flytja þetta og hitt út á land til þess að styrkja landsbyggðina. Og svo meina þeir ekkert með því og hafa aldrei gert nokkurn skapaðan hlut í því og eru staðráðnir í því að gera ekki neitt.

Og svo kemur hérna ákaflega sæt og góð rúsína:

„Byggðasjóður verði efldur.“ Og að því ætla ég nú að koma síðar. „Unnið verði að samræmingu skipulags- og byggingarlaga. Unnið verði að því að bæta aðstöðu verslunarfyrirtækja í dreifbýli.“ Hefur verið rennt styrkari stoðum undir verslunarfyrirtækin í dreifbýlinu á þessum sex mánuðum sem félagshyggjustjórnin hefur setið að völdum? Ja, þau halda áfram að fara á hausinn hvert á fætur öðru og enginn hreyfir legg eða lið.

„Sérstakt átak verði gert til að auka fjölbreytni í atvinnu kvenna á landsbyggðinni.“ Það var nú ekki nóg að setja þetta inn í málefnasamninginn á sl. hausti heldur fóru þó nokkuð margir þingmenn Framsfl. af stað með sérstaka þáltill. í þessu efni til þess að hressa upp á ríkisstjórnina og það var rétt eftir að hún fæddist.

Jú, „Byggðasjóður verður efldur.“ Það stendur hérna í þessari grænu bók. Þetta er sami liturinn og Vigdís hefur, alveg nákvæmlega sami. Hvernig var hann nú efldur? Framlagið til Byggðasjóðs, 125 millj. kr., er það sama og á fjárlögum 1988, en það er tekinn lántökuskattur. Miðað við lánin sem tekin voru á árinu 1988 hefði verið tekið af þessu framlagi aftur í ríkissjóð 86 millj. kr. 23 millj. kr. hefðu verið teknar í stimpilgjöld og 10 millj. kr. í ríkisábyrgðasjóðsgjald. Eftir hefði verið af þessum 125 millj. kr. 6 millj., 6 millj. kr. sem er nettóframlag til Byggðasjóðs. Þarna er vel að verki staðið eða hitt þó heldur.

En hvað hefur svo aftur gerst? Byggðastofnun á samkvæmt lögum að gegna því hlutverki að stuðla að þjóðfélagslega hagkvæmri þróun byggðar í landinu. Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins. Í samræmi við hlutverk stofnunarinnar veitir hún lán eða annan fjárhagslegan stuðning í því skyni m.a. að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir að óæskileg byggðaröskun eigi sér stað eða lífvænlegar byggðir fari í eyði. Í staðinn fyrir að standa við fyrirheitið um að efla Byggðasjóð hefur verið dregið úr framlögum, en það hefur ekkert verið dregið úr þeirri beiðni ríkisstjórnar að sinna sífellt fleiri málum sem til þessarar stofnunar er beint. En hitt hefur aftur verið gert. Stofnunin hefur verið veikt verulega. Atvinnutryggingarsjóður var settur á, hann er settur inn í Byggðastofnun. Starfsfólk Byggðastofnunar vinnur fyrir þennan sjóð, en stjórn Byggðastofnunar hefur ekkert með að segja stjórn á þessum málum. Nú er kominn hlutabréfasjóður. Hann er líka settur þarna inn og hann heitir Hlutabréfasjóður Byggðastofnunar. Byggðastofnun eða stjórn hennar hefur ekkert með hann að gera. Það eru sem sagt komnar þrjár stjórnir yfir Byggðastofnun sem er byggð á grundvelli sérstakra laga sem Alþingi hefur sett.

Í raun og veru veit enginn hvar þessi stofnun stendur eftir þetta og enginn skilur af hverju þetta er gert. Ekki er þetta gert vegna þess að stjórnarandstaðan ráði Byggðastofnuninni. Það vill nú svo til að það er sjö manna þingkjörin stjórn og þessir 32 menn sem viðurkenna að þeir styðji þessa ríkisstjórn eiga fimm af sjö í stjórninni vegna þess að einn var kjörinn í hana úr hópi stjórnarandstæðinga þegar kosið var. Það hefði því verið óhætt að fela þessum fimm að ráða fram úr þessu því að við þessir slæmu erum þá ekki nema tveir, en það er ekki gert. Mér finnst þetta algjör móðgun við þessa fimm fulltrúa sem hafa þó verið að reyna af fremsta megni eftir því sem líf og heilsa hefur hrokkið til að styðja þessa hæstv. ríkisstjórn en þetta eru þakkirnar.

Ég held að það sé ekki úr vegi að fara hér nokkrum orðum um það hvernig þessi stofnun stendur svona í stórum dráttum. Efnahagur Byggðastofnunar er viðkvæmur fyrir stöðu sjávarútvegs þar sem 65,6% lánveitinga er beint til þeirrar atvinnugreinar við þau erfiðu skilyrði sem þar ríkja um þessar mundir. Það er ekki að undra að hrikti í undirstöðunni hjá Byggðastofnun. Fleiri greinar sem stofnunin hefur lánað til eiga í erfiðleikum. Heildarútlán þessarar stofnunar að meðtöldum ábyrgðum voru um síðustu áramót 6,74 milljarðar en eigið fé hennar var á sama tíma 1,85 milljarðar að meðtöldum Afskriftasjóði. Vanskil af lánum um áramót voru 525 millj. eða 8% af útlánum. Hlutfall eigin fjár af heildarútlánum var 27,4%, en það var um 33% á sama tíma fyrir ári og einnig um áramótin 1986/1987.

Versnandi afkoma hefur að undanförnu verið í sjávarútvegi og þess vegna eru lán stofnunarinnar í sjávarútvegi ekki það vel tryggð vegna þess að Fiskveiðasjóður á ætíð 1. veðrétt með sín lán, bæði í skipum og fasteignum. Með auknum skuldum fyrirtækjanna er algengara að eignir séu veðsettar, bæði í viðskiptabönkum og hjá öðrum aðilum. Byggðastofnun á á ýmsum stöðum í veðröðum, enda hafa mörg fyrirtæki í greininni margoft fengið lán hjá stofnuninni og þeim stofnunum sem áður voru á undan henni. Lán sem tryggð eru með veðum í togurum eru þolanlega trygg. Lán í loðnuveiðiskipum eru flest í skilum og vel tryggð. Nokkur loðnuskip eru aftur á móti skuldsett svo að ekki má út af bera svo að þau lendi ekki á uppboði. Vegna þess eru vanskil við stofnunina að hún er með lélegar tryggingar fyrir lánum í þessari grein, allt að 90 millj. kr. Stofnunin hefur einnig lánað til endurbóta á bátaflotanum vegna skipakaupa og fjárlagslegrar endurskipulagningar. Flest þessi lán eru vel tryggð og vanskil eru lítil. Í allmörgum tilvikum er málum þannig háttað að kvóti bátanna dugir ekki til að standa undir skuldum og annað þarf þá að koma til. Og það má ætla að stofnunin sé í hættu með allt að 80 millj. kr. vegna lána bátaflotans.

Það er mikið rætt um það núna að fækka frystihúsum og öðrum vinnslustöðvum. Þrátt fyrir það fjölgar þeim samt jafnt og þétt, bæði á hafi úti og í landi. Eigi að fækka frystihúsum og endurskipuleggja greinina sýnist sem úreldingarfjármagnið þurfi að koma til, einhvers staðar frá. Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina hefur leyfi til að kaupa eignir í slíkum tilgangi eins og menn eflaust muna, en stjórn hans mun sennilega beita þeirri heimild mjög varlega. Vegna þess að frystihúsin eru mörg gömul og raunar sum of stór fyrir þá starfsemi sem nú fer fram í þeim má hins vegar búast við að verðtryggingar Byggðastofnunar í þeim geti verið lítils virði og sama gildir um loðnuverksmiðjur og rækjuvinnslustöðvar sem eru of margar. Byggðastofnunin má búast við fjárhagsáföllum í sambandi við gjaldþrot stórra frystihúsa. Fari svo er hætta á að stofnunin tapi einnig fé hjá þjónustufyrirtækjum ef þau verða gjaldþrota í kjölfarið. Stofnunin mun tapa einhverjum fjárhæðum á bátaflotanum, rækjuvinnslu og loðnuverksmiðjum, en þó ekki á loðnuskipum. Verulegar upphæðir mun þurfa að færa yfir í Hlutabréfasjóð í gegnum hlutdeildarbréfin. Gróft mat á því hvaða upphæðir muni tapast eða skila ekki neinum vöxtum á næstu árum eru samtals um 500 millj. kr. Þar af eru um 60 millj. vegna gjaldþrota frystihúsa eða rækjuvinnslustöðva, hjálp við skuldsett fyrirtæki og endurreisn þeirra sem verða gjaldþrota er áætluð um 400 millj. og bátaflotinn um 40 millj. Stofnunin á mikið inni hjá vinnslustöðvum landbúnaðarins eða allt að 138 millj. Þar er aðallega um að ræða eldri lán sem þó hefur bæst við vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar á árinu. Það er mikið útistandandi í fiskeldi. Þar eru veitt lán upp á 326 millj. Byggðastofnun hefur veitt verulegum fjármunum til uppbyggingar iðnaðar á landsbyggðinni eða alls um 600 millj. kr. Bæjar- og sveitarfélög hafa fengið lán upp á 336 millj. Lán þessi verða þó að teljast tryggð þó að því beri ekki að leyna að sveitarfélög á landsbyggðinni eiga mörg hver í miklum fjárhagserfiðleikum. Til þjónustustarfsemi hafa verið lánaðar um 305 millj. kr. og er ástæða til þess að áætla að 10% af þessum kröfum séu töpuð þar sem rekstur gengur ekki og veð reynast fremur lítils virði. Það má því segja að með lækkun framlaga úr ríkissjóði til þessarar stofnunar verði stofnunin að treysta á dýrt fjármagn sem verður að borga af fulla vexti á hverjum tíma og því er ákaflega erfitt að halda áfram á sömu braut nema taka upp frekari tryggingar eða eyða eiginfjárstöðu þessarar stofnunar. Það er því ákaflega undarlegt mat hæstv. ríkisstjórnar á því hvernig hún hefur staðið að fjármögnun Byggðasjóðs og í raun og veru undarlegt hvað stjórnarþingmenn láta ríkisstjórnina bjóða sér í þessum efnum því að ég veit að meðal þeirra eru ágætir menn sem vilja gera sitt besta fyrir hinar dreifðu byggðir landsins.

Í áætlun sem gerð var um ársverk í Byggðastofnun fyrir árið 1986 var reiknað með um 14% samdrætti ársverka í sjávarútvegi og 10% samdrætti ársverka í landbúnaði. Það er mjög merkilegt að gera sér grein fyrir hvað þetta kemur misjafnlega niður á byggðir landsins. Þessi samdráttur hefur áhrif, 14% í sjávarútvegi. Hann hefur áhrif á Vestfjörðum, 6,76%, en hér í Reykjavík 0,68%. Á Austfjörðum eru áhrifin 5,85%. Þessar tölur sýna betur en hvað annað hvað þessar atvinnugreinar eru alls ráðandi víða úti á landi og því verður að taka meira tillit til þess sem þar er verið að gera. En allt hefur þetta farið á þann veg að ríkisstjórnin hefur látið lönd og leið það sem skiptir landsbyggðina mestu máli. Hafnaframkvæmdir hafa verið skornar niður, Hafnabótasjóður er skorinn verulega niður, vegamálin eru skorin niður þrátt fyrir stórfellda aukningu á tekjum af vegamálum. Meira að segja innheimtar markaðar tekjur til vegagerðar eru nú komnar niður í 82,5% miðað við áætlun ársins 1989, en þær hafa allar farið undanbragðalaust til vegamála fram að þessum tíma.

Ekki verður því neitað að hlutfall ríkisins af bensínverðinu hefur farið vaxandi. Verð á bensínlítra er nú 42,90 kr. Kostnaðarverðið er 13,49 kr., skattur á lítra er 29,41 kr. Þar af er veggjald 16,70, en aðrir skattar eru 12,71 kr. á hvern bensínlítra. Skattur af verði bensínlítra er því 68,6% svo að menn sjá af þessu hversu mikið fer til þess opinbera. Á sama tíma liggur hér fyrir frá fjmrn. eða hagdeild þess að tekjur ríkisins af bifreiðum nema hvorki meira eða minna á þessu ári, samkvæmt fjárlögum, en 12 milljörðum 550 millj. kr. Þar af eru tekjur af bifreiðakaupum 4,7 milljarðar, tekjur af notkun bifreiða 6,6 og aðrir skattar 1,2 milljarðar svo að það er ekki lítil upphæð sem samfélagið tekur af orkunni sem fer af umferðinni. Í 26. gr. þessa frv. eru ákvæði um að 600 millj. kr. hækkun bensíngjalds og þungaskatts skuli renna í ríkissjóð. Fyrir vikið mun Vegagerð ríkisins ekki geta staðið fyrir öllum þeim framkvæmdum á næsta ári sem henni voru ætlaðar í vegáætlun frá 1987. Þar af

eru 300–350 millj. vegna vegganga í gegnum Ólafsfjarðarmúla. Það er gert ráð fyrir að tekjur af þungaskatti og bensíngjaldi verði um 3,7 milljarðar þetta ár og þar af munu 600 millj. renna í ríkissjóð. Framlagið í ríkissjóð er óháð því hverjar raunverulegar tekjur af þessum álögum verða. Verði þær minni skerðist framlagið í Vegasjóð sem því nemur og eykst ef þær verða hærri. Til þess að ná inn þeim 600 millj. sem upp á vantar til að Vegagerðin geti staðið við vegáætlun er nauðsynlegt að hækka gjaldið sem var ekki hægt vegna verðstöðvunar fyrr en núna 1. mars. Í fyrra voru 285 millj. af tekjum Vegasjóðs settar inn á sérstakan reikning. Í fjárlögum fyrir þetta ár er gert ráð fyrir því að endurgreiða Vegagerðinni 180 millj. af þessari upphæð.

Ég furða mig á því að nú er að koma að páskafríi og vegáætlun hefur ekki enn verið lögð hér fyrir Alþingi. Mér er sagt að hún sé til meðferðar í stjórnarflokkunum og mér er einnig sagt að ekki sé almenn hrifning yfir þeirri vegáætlun sem þar er lögð fram, en hins vegar er nauðsynlegt að farið sé að hraða því að leggja fram þessa áætlun.

Það fer ekki á milli mála að þessi hæstv. ríkisstjórn sem nú situr er afar sundurleit og samkomulag er þar ekki upp á marga fiska. Frv. bíða hér afgreiðslu. Það er reynt að koma þeim í gegnum nefndir. Síðan verða uppi alls konar upphlaup á milli stjórnarliða. Ráðherrar troða hver öðrum um tær. Enginn virðist hafa neina sérstaka löngun til þess að stunda sitt eigið ráðuneyti heldur þurfa menn að vera fyrir öðrum. Hæstv. fjmrh. fór til þess að afhenda SÁÁ tékk og hafði auðvitað sjónvarpsmenn með til að taka mynd. Hæstv. heilbrrh. sást þar hvergi. Er þetta þó mál sem heyrir undir heilbrrh. Það stendur ekki á að gefa húseignir og fleira og fleira. Hæstv. menntmrh. — mér dettur það nú í hug af því að ég sé hann þarna í gættinni — kom nýlega fram í sjónvarpi og sagði að hann legði á það mikla áherslu að afgreiða hin nýju útvarpslög fyrir vorið. Í þeim lögum eru mjög merkar nýjungar. M.a. á að leggja sérstakan skatt á blöðin og þá hefur sennilega menntmrh. hugsað sérstaklega til Þjóðviljans. Hann er sennilega aflögufær núna að taka á sig nýja skatta og fleiri blöð. Það er líka talað um að breyta afnotagjöldunum. Nú er það ekki visst á hlustanda heldur á að breyta um og það á að vera visst á herbergi hér eftir. Þetta eru ákaflega merkar nýjungar sem eru í þessu frv., og ég held að Alþingi verði að líta alvarlega á það og renna því ekki alveg niður umsvifalaust þó að það komi frá formanni BSRB. (**Gripið fram í:** Er ræðumaður að lýsa stuðningi við það?) Nei, ég held að útvarpið eigi ekki að fá sínar tekjur eftir fjölda herbergja.

Hæstv. fjmrh. mátti ekkert vera að því að vera hér heima til þess að koma lánsfjáráætluninni fram. Hann þurfti að fara til Sovétríkjanna og auka viðskipti Íslands því að hann treysti ekki samferðamanni sínum á rauðu ljósi fyrir því þó að hann fari með utanríkisviðskipti og sömuleiðis ekki viðskrh. Þeir láta sér þetta allt saman vel líka.

Það er mikið verið að tala um sparnað. Í hverju er sparnaðurinn fólginn? M.a. á að draga úr heilbrigðisþjónustunni. Einu sinni datt mér það í hug sem heilbrrh. að menn sem færu inn á sjúkrahús í 10 daga gætu greitt eitthvert gjald. Það var kallað sjúklingaskattur og það var talin alveg ofboðsleg ósvífni að ætlast til þess ef ég eða aðrir sem færu á fullu kaupi inn á sjúkrahús greiddu ríflega fæðið okkar þar og bara hrein árás á þá sem voru veikir í landinu. Núna segir hins vegar ekki nokkur maður neitt um það að draga eigi úr þjónustunni og loka heilu deildunum. Það hefur aldrei verið lagt í annað eins. Það þykir sjálfsagt og m.a.s. sjálfur fjmrh. fer á fund og skammar þá alveg sundur og saman, lækna og annað lið heilbrigðisstéttanna fyrir það hvað þeir séu mikið kröfugerðarfólk og hvað þeir hafi hátt kaup, það þurfi að lækka það. (**SighB:** Þú varst mér hjartanlega sammála í því samt.) Í hverju? (**SighB:** Í því að skamma þá fyrir þetta.) Nei, ef menn gera samninga, hvort sem það eru læknar eða einhverjir aðrir, þá gera þeir ekki einir samning. Þeir gera samning við annan aðila. Og þá verður að skamma báða aðila ef þeir hafa gert ómögulegan samning. Þessir samningar voru gerðir af núv. menntmrh. þegar hann var heilbrrh. og fjmrh. var úr flokki núv. fjmrh. svo að það dugar ekki fyrir fjmrh. að vera að skamma læknana á Borgarspítalanum eða starfsfólkið þar. Það verður að taka þessa tvo líka með og skamma þá fyrir að hafa gert þessa samninga. En það er kannski fullseint. Aðalatriðið er þá að segja upp samningum og semja að nýju. Ég er alveg sammála mörgu því að það hefur verið gengið allt of langt fyrir ákveðnar stéttir í landinu. En þetta er ekki leiðin, að draga úr þjónustunni og láta fólk bíða eftir aðgerðum, að loka heilu deildunum eins og nú stendur til að gera.

Forsrh. boðar aðgerðir gegn bönkum. Ég spyr: Hvað er orðið af þessum stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar í bankaráðum? Af hverju eru þeir að gera hluti þvert ofan í það sem herrarnir í Stjórnarráðinu vilja? Er verið að boða hertar aðgerðir gegn þessu fólki? Er verið að boða aðgerðir gegn Lúðvík Jósepssyni? Það væri nú þakklæti sem honum væri sýnt frá hendi Alþb. ef þeir telja hann vera óábyrgan gjörða sinna í bönkunum. (**Gripið fram í:** Það er of mikil vaxtahækkun núna.) (**ÞP:** Þeir héldu honum veislu ...) Ja, það er nú kaldhæðnislegt að halda manninum fyrst veislu og telja hann svo óhæfan til að gegna þessu starfi að vera bankaráðsmaður í Landsbankanum. Það er fullmikið af því góða. Og þetta tal alltaf að allt hafi verið gert öðruvísi en menn hafi viljað. Ég sá haft eftir forsrh. að hann er alveg eyðilagður yfir því að Albert seldi hlutabréf ríkisins í Flugleiðum þegar hann var fjmrh. Ég minnist þess ekki að einn einasti ráðherra hafi sett sig upp á móti sölu á hlutabréfum Flugleiða, hvorki forsrh. né aðrir. Allir samþykktu það með tölu. En núna er verið að segja: Ja, ég var mjög óánægður með þegar hann Albert seldi bréfin í Flugleiðum. Svona er ekki hægt að haga sér.

Það er nú einhvern veginn þannig að fólk er að missa trúna á stjórnarherrunum og það fer sífellt

minnkandi álit almennings á ríkisstjórninni. Ég held að langlundargeð þingmanna stjórnarliðsins sé líka að verða búið. Þingmenn geta ekki látið bjóða sér allt þó að þeir vilji ýmislegt fyrir sína ráðherra gera.

Þetta frv. til lánsfjárlaga var illa undirbúið. Lántökurnar frá frv. hækka ef ég man rétt um 109% undir meðferð málsins og það sýnir að það hefur verið kastað til þess höndunum, hæstv. fjmrh. Við sjálfstæðismenn og fulltrúi Borgfl. í fjh.- og viðskn. flytjum ekki brtt. um hækkun á frv. Við flytjum heldur ekki brtt. um afnám „þrátt fyrir" ákvæðanna sem svo eru kölluð vegna þess að við teljum nógu langt gengið þrátt fyrir þetta. Við teljum að það verði að sýna í alvöru gætni og aðhald, en með þeim hætti að við stígum ekki skref aftur á bak eins og nú er verið að gera í heilbrigðismálum.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Í fjarveru hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur mæli ég fyrir nál. á þskj. 633 um frv. til lánsfjárlaga. Það er frá 2. minni hl. fjh.- og viðskn.

„Annar minni hl. telur að þetta frv. byggi á vanáætlunum og röngum forsendum og getur því ekki staðið að afgreiðslu þess með þeim hætti sem meiri hl. leggur til. Rökin eru eftirfarandi:

Kjarasamningar eru nú fram undan hjá þorra launafólks sem hefur mátt búa við langvarandi samningsbann, launafrystingu og hrapandi kaupmátt. Ríkisstjórnin á stærstan þátt í því hvernig kaupmáttur hefur þróast með skattahækkunum og verðhækkunum, þrátt fyrir lögboðna verðstöðvun. Um leið og þeirri verðstöðvun var aflétt dundu svo yfir frekari gjaldskrárhækkanir og verðhækkanir sem ríkisvaldið stóð að. Það sýnir því hvorki sanngirni né raunsæi að gera ráð fyrir því að launafólk sætti sig við samninga sem fela í sér svipaðan kaupmátt og á fyrsta ársfjórðungi þessa árs eins og ríkisvaldið stefnir að. En á því m.a. er byggð sú verðbólguspá sem er forsenda þessa frv., þ.e. að verðbólgan verði aðeins 13,5% frá upphafi til loka ársins. Með tilliti til þess að á síðasta ári stefndi ríkisvaldið að 10% verðbólgu innan ársins, en uppskar 19,4%, þrátt fyrir launastöðvun og verðstöðvun í orði, virðist raunsæi víðs fjarri öllum áætlunum.

Þá virðist ríkisvaldið gjörsamlega ætla að loka augunum fyrir vaxandi atvinnuleysi sem auk annarra alvarlegra afleiðinga gæti leitt til þurrðar í Atvinnuleysistryggingasjóði. Í byrjun mars var greiðslustaða sjóðsins þannig að um 395 millj. kr. voru enn til ráðstöfunar til þess að mæta föstum útgjöldum og greiðslum atvinnuleysisbóta. Föst útgjöld eru um 35–36 millj. kr. á mánuði, þ.e. rekstrarkostnaður, eftirlaunagreiðslur og greiðslur vegna rekstrar kjararannsóknarnefndar. Atvinnuleysisbætur námu um 100 millj. kr. í janúar og svipaðri upphæð í febrúar, en búist er við heldur lægri upphæð í mars. Mikla bjartsýni þarf til að gera ráð fyrir snöggum umskiptum í þessum efnum. Það er því augljóst að verulega kreppir að sjóðnum eins og vænta mátti þegar ríkisstjórnin, með stuðningi nokkurra þingmanna utan stjórnar, ákvað að ráðstafa lögboðnu framlagi ríkissjóðs til annarra nota.

Með tilliti til gífurlegs viðskiptahalla og erfiðrar stöðu útflutnings- og samkeppnisgreinanna er óhugsandi annað en að grípa verði enn einu sinni til efnahagsráðstafana til þess að rétta þá stöðu og það fyrr en síðar. Þess sér þó ekki stað í þessu frv. Þvert á móti er gert ráð fyrir óbreyttu gengi og miklu minni lántökum en reyndin varð á síðasta ári þegar erlendar lántökur urðu um 80% umfram áætlun. Ekkert bendir til þess að aðhald verði virkara á þessu ári, enda æpandi þörf fyrir stóraukið fjármagn til atvinnuveganna. Þá er heldur ólíklegt að gæslumönnum ríkissjóðs takist eitthvað betur en á síðasta ári þegar stór hluti aukinnar lántöku var einmitt vegna hallareksturs ríkissjóðs.

Mjög erfitt er að gera sér grein fyrir réttmæti áætlana um innlenda lánsfjáröflun. Sem stendur eru hagstæð skilyrði á innlendum fjármagnsmarkaði og minni spenna en verið hefur um langt skeið. Forsenda þess að svo verði áfram er sú að ekki verði gripið inn í þróunina með stórfelldum breytingum á helstu þáttum efnahagsmála og kynt undir eftirspurn eftir fjármagni, en eins og áður er sagt er þó næsta víst að það verður gert.

Stærsti óvissuþátturinn er til kominn vegna þeirrar ákvörðunar ríkisstjórnarinnar að breyta grundvelli lánskjaravísitölunnar í janúar sl. í algjörri andstöðu við t.d. aðstandendur lífeyrissjóðanna sem voru nýbúnir að gera samninga við ríkisstjórnina um kaup skuldabréfa þegar breytingin var tilkynnt. Þeir hafa nú ákveðið að höfða mál á hendur ríkisvaldinu vegna þessa og halda að sér höndum, og er það meginskýringin á slakanum á fjármagnsmarkaðnum. Þrátt fyrir allt þetta er gert ráð fyrir miklum kaupum lífeyrissjóðanna á skuldabréfum ríkissjóðs.

Sala spariskírteina er einnig mikilli óvissu háð. Reynsla fyrstu vikna þessa árs gefur ekki tilefni til bjartsýni þar sem innlausn spariskírteina hefur numið u.þ.b. þrefaldri sölu þeirra og kennir þar vafalaust áhrifa frá hvoru tveggja minnkandi kaupmætti og þróun vaxtakjara. Þannig rekur sig hvað á annars horn.

Annar minni hl. flytur brtt. við frv. þess efnis að fella brott II. kafla þess, en þar eru í 19 greinum ómerktar fyrri ákvarðanir löggjafarvaldsins um framlög til einstakra málaflokka svo að munar a.m.k. 2 milljörðum kr. Þessi háttur hefur verið látinn viðgangast árum saman og nokkur dæmi eru þess að aldrei hafi verið staðið við lögboðið framlag eins og t.d. til ferðamála. Þessi þróun er afleit og grefur undan trausti almennings til Alþingis og veikir ábyrgð þess á lagasetningu. Annar minni hl. er þeirrar skoðunar að endurskoða beri þau lög sem Alþingi treystir sér ekki til að standa við í stað þess að líða vinnubrögð af þessu tagi árum saman."

Virðulegi forseti. Það er vonum seinna að ræða frv. til lánsfjárlaga sem samkvæmt öllum góðum venjum hefði átt að afgreiða jafnhliða fjárlögum eða því sem næst. Það var heldur ekki svo lítill þrýstingur við 1.

umr. á að málinu yrði hraðað. Um nefndastörf get ég ekki dæmt þar sem ég á ekki sæti í fjh.- og viðskn., en mér skilst að þar hafi talsvert óðagot verið í meðferð frv., umsagnaraðilar mjög fáir og umfjöllun lítil.

Fulltrúar stjórnarandstöðu voru reyndar á þingi bæði skilningsríkir og samvinnufúsir því þeim var vel ljóst hversu lá á að festa lánsfjárheimildir í lögum. Þó var þeim nóg boðið þegar afgreiða átti málið í hálfgerðu flaustri til þess að hægt væri að koma því frá fyrir vikuhléið vegna Norðurlandaráðsþings. Hins vegar var ekkert því til fyrirstöðu af þeirra hálfu þegar að því hléi loknu. Seinagangurinn eftir það er að fullu og öllu á ábyrgð stjórnarflokkanna og kann ég ekki að skýra þær tafir að öðru leyti en því að vitanlega var engin leið að ræða málið hér á þingfundi að hæstv. fjmrh., ábyrgðarmanni frv., fjarstöddum og hlýt ég að lýsa undrun minni og hneykslun á þeirri forgangsröð mála hjá hæstv. ráðherra að taka friðarfund í útlöndum fram yfir áríðandi skyldustörf hér heima. Með því er ég ekki að gera lítið úr ötullegu starfi hæstv. ráðherra að friðarmálum né þeim fundum sem hann sótti á þessum tíma, en störf, sem tvímælalaust eru á hans könnu sem fjmrh., hljóta og eiga að ganga fyrir.

Þær tafir sem orðið hafa síðan hæstv. ráðherra kom heim úr friðarför sinni kann ég ekki að skýra, en óneitanlega bendir margt til erfiðrar sambúðar á stjórnarheimilinu, hvaða einstök atriði sem þar svo eru sem tafið hafa endanlega afgreiðslu þessa máls.

Eins og fulltrúi Kvennalistans sagði við 1. umr. um þetta frv. er hér engum nýjungum fyrir að fara heldur allt með hefðbundnu sniði og aðstæður í efnahags- og atvinnulífi landsmanna gefa síður en svo tilefni til að ætla að betur takist til en undanfarin ár með aðhald í lántökum. Miklar breytingar hafa orðið á frv. síðan það var fyrst lagt fram. Flestar eru óhjákvæmilegar þar sem fjármagni hefur þegar verið ráðstafað. Alvarlegast er hve stór hluti erlendrar lántöku fer í það eitt að fjármagna hallarekstur ríkissjóðs. Þær meginreglur hljóta að gilda að erlend lán séu helst eingöngu tekin til arðbærra framkvæmda eða um sé að ræða endurgreiðslu eldri lána með nýjum lánum á hagstæðari kjörum.

Það er enn fremur mikið áhyggjuefni að þrátt fyrir þá aukningu lántökuheimilda sem orðið hefur í meðförum nefnda er bersýnilegt að lántökur fara í reynd langt fram úr áætlun. Sem rök fyrir þeirri fullyrðingu nægir í rauninni að benda á þá ástæðu eina að jafnvel þau fyrirtæki sem fengið hafa mikla fyrirgreiðslu úr Atvinnutryggingarsjóði eiga við verulegan rekstrarvanda að stríða og þurfa bersýnilega á nýrri aðstoð að halda, mörg hver, áður en langt um líður. Ekki bætir stöðu þeirra nýleg fiskverðshækkun innan lands og ekkert sérstakt tilefni er til bjartsýni um hækkun verðs á erlendum mörkuðum en allar líkur benda til hækkunar olíuverðs.

Flestar greinar fiskvinnslu búa nú við taprekstur á heildina litið og er deginum ljósara að kalla verður eftir meira fé í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins en ráðstöfunarfé hans þrýtur innan tveggja mánaða. Þá er ekki gert ráð fyrir neinu fjármagni til þess að efna loforð ríkisstjórnarinnar um lækkun raforkuverðs til fiskvinnslunar. Og enn má benda á það að ekki er séð fyrir öllu í landbúnaðargeiranum. Enn er viðkvæmt ástand bæði í loðdýrarækt og fiskeldi, en þyngst vegur að ef ekki verður lagt meira fé en ætlað er til niðurgreiðslna á verði búvara munu þær hækka verulega á næstunni. Ástæða þess að ekki er tekið á þessum þætti er að öllum líkindum sú að ríkisstjórnin vill hafa lækkun matvöru sem skiptimynt í komandi samningum. Það er reyndar eftirtektarvert að lækkun matvöru og hugsanleg lækkun matarskatts er nú notuð sem skiptimynt þannig að helst mætti ætla að þessi hækkun bæði matvöru og álagning matarskattsins hafi verið samningsatriði við launþegahreyfingarnar í fyrra.

Margt fleira mætti benda á til vitnis um vanáætlanir í þessu frv. og í nál. 2. minni hl. er farið sérstökum orðum um stöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs sem er verulegt áhyggjuefni. Við kvennalistakonur lögðumst alveg frá upphafi gegn þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að ráðstafa lögboðnu framlagi ríkisins til Atvinnuleysistryggingasjóðs til Atvinnutryggingarsjóðs og mótmæltum því æ ofan í æ með þeim rökum að þessi sjóður væri eign launafólksins sem ekki mætti hrófla við og auk þess sérstaklega varhugavert með tilliti til atvinnuástandsins. Fulltrúar ríkisstjórnarinnar töldu þessa ráðstöfun hins vegar rétta einmitt með tilliti til atvinnuástandsins þar eð fjármagnið færi til þess að hindra atvinnuleysi. Staðreyndirnar tala hins vegar sínu máli. Sjóðurinn er að tæmast og nú stefnir í það að í maílok verði ráðstöfunarfé hans uppurið og þá kemur til kasta ríkissjóðs að greiða atvinnuleysisbætur sem hann er ábyrgur fyrir, en þess sér hvergi stað í þessu frv.

Þá vil ég fara nokkrum orðum um brtt. Kvennalistans á þskj. 634 þar sem við leggjum til að II. kafli frv., „þrátt fyrir kaflinn" svokallaði verði felldur brott. Það er að sönnu mjög róttæk tillaga og fremur ólíklegt að margir treysti sér til þess að styðja hana að þessu sinni. Við gerum okkur fyllilega grein fyrir því að samþykkt þessarar tillögu þýddi verulega aukningu útgjalda úr ríkissjóði og væntanlega dettur einhverjum í hug að bregða okkur um ábyrgðarleysi. En hvar var ábyrgð Alþingis þegar það samþykkti þau lög sem hér er í raun verið að ógilda?

Árum saman hefur sá háttur viðgengist hér á Alþingi að samþykkt eru lög um hin margvíslegustu málefni sem mörg hver hafa í för með sér fjárútlát og reyndar er í sumum tilvikum sýnd sú lofsverða forsjálni að gera ráð fyrir hvernig þessa fjár skuli aflað svo að ekki verði nú gengið á rétt annarra. Svo var t.d. um ferðamálin sem við kvennalistakonur höfum margsinnis gert að umtalsefni, en sú saga er með eindæmum hrapalleg því að Alþingi hefur aldrei, ekki í eitt einasta skipti, staðið við lögboðið framlag til ferðamála sem er 10% af árlegri vörusölu Fríhafnarinnar í Keflavík. Og ekki nóg með það heldur sýndi hv. Alþingi þá lofsverðu forsjálni að leggja aukalega þessi 10% á vöruverð Fríhafnarinnar þegar lögin

tóku gildi til þess að tryggja þennan tekjustofn án þess að ganga á fé til annarra hluta. Sú fyrirhyggja dugði skammt eða raunar alls ekki því að Ferðamálaráð hefur aldrei fengið þetta lögboðna framlag og í ár nemur þessi skerðing a.m.k. 81 millj. kr. samkvæmt áætlun.

Ríkisstjórnin virðist þannig harðákveðin í að þrengja að þessari atvinnugrein sem hún frekast getur. Ferðamálaráð fær aðeins 28 millj. til starfsemi sinnar eða sömu krónutölu og á síðasta ári.

Áður er minnst á skerðingu framlagsins til Atvinnuleysistryggingasjóðs sem á að vera jafnhátt iðgjaldagreiðslum atvinnurekenda og nemur hátt í 300 millj. kr.

Aðrir stórir liðir eru t.d. Félagsheimilasjóður sem er skertur um 37 millj. kr., Jöfnunarsjóður sveitarfélaga sem er skertur um 385–725 millj. kr., eftir því hvaða forsendur eru gefnar, Hafnabótasjóður um 41 millj. kr., Kvikmyndasjóður um 39 millj. kr. og Listskreytingasjóður ríkisins um heilar 201 millj. kr. Hlýtur maður nú að spyrja hver sé eiginlega meiningin að láta slík lög standa ef vilji Alþingis er ekki meiri til þess að hafa þau í heiðri? Væri ekki heiðarlegra að breyta lögunum í átt við raunveruleikann í stað þess að gera þau að eins konar fyrirheitum ef einhvers staðar skyldi birta til í efnahagsþokunni?

Fleira má hér tína til og raunar ástæða til að fara sérstökum orðum um alla þessa liði, en ekki verður hjá því komist að fjalla um þá ráðstöfun sem birtist í 27. gr. frv. þar sem kveðið er á um að þrátt fyrir ákvæði 22. og 23. gr. laga nr. 68/1985, útvarpslaga, skuli tekjur á árinu 1989 vegna aðflutningsgjalda af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum renna í ríkissjóð. Þarna er Ríkisútvarpið enn einu sinni svipt þeim tekjustofni sem á samkvæmt útvarpslögum að renna óskiptur í Framkvæmdasjóð Ríkisútvarpsins. Framkvæmdasjóðnum á að verja til húsnæðis, tækjakaupa og dreifikerfis. Þessi upphæð mun samkvæmt áætlun nema um 140–160 millj. kr. Þetta gerist ár eftir ár á sama tíma og Ríkisútvarpið er að flytja í nýtt húsnæði, endurnýjunarþörf á tækjakosti því mikil ásamt stórfelldum bótum á dreifikerfi. Fé til þessa hefur Ríkisútvarpið því orðið að taka af öðru rekstrarfé og jafnframt hefur Ríkisútvarpið þurft að mæta vaxandi samkeppni við einkastöðvar sem hafa ekki sambærilegar kvaðir á sér að uppfylla lögboðnar skyldur við landsmenn.

Fáir hefðu trúað því að Alþfl. og Alþb. mundu standa að ráðstöfun sem þessari, en þingmenn þessara flokka lögðust mjög hart gegn henni þegar þeir voru í stjórnarandstöðu á sínum tíma. Að vísu hafði fækkað í kórnum á sl. ári þegar Alþfl. var kominn í ríkisstjórn og nú hefur kórinn þagnað. Nú finnst þeim réttmætt að svipta Ríkisútvarpið þessum tekjustofni og réttlæta það með því að öðruvísi verði séð fyrir hlutunum. Jafnvel þótt nú standi yfir endurskoðun útvarpslaga er ekki séð fyrir endann á því starfi, auk þess sem þau bæta ekki orðinn skaða.

Þannig stendur nú framkvæmdarvaldið að framkvæmd laga sem Alþingi hefur sett. Virðist því löngu tímabært að breyta um vinnubrögð í samræmi við raunveruleikann þannig að hinar ýmsu stofnanir og sjóðir viti fyrir víst hvaða fjárhagsaðstæður þeim eru búnar. Og þó þeir sem II. kaflinn eða „þrátt fyrir kaflinn“ bitnar helst á séu ýmsu vanir væri endurskoðun þessara vinnubragða miklu heiðarlegri. Það er Alþingi síst til álitsauka að vera ómerkt gert með lánsfjárlögum ár hvert.

Að lokum ítreka ég efasemdir um að þetta frv. standi fastari fótum en mörg fyrri. Tölur um stöðu efnahagsmála breytast jafnharðan og þær eru settar fram og engar áætlanir standast, efnahagsaðgerðir ekki heldur. Má þá spyrja hvort ónákvæmni og óraunsæi af því tagi sem frv. til lánsfjárlaga byggir nú á sé nokkrum til framdráttar. Það veikir löggjafarvaldið að samþykkja lög sem framkvæmdarvaldið tekur ekki alvarlega sökum þess hve allar forsendur eru ótraustar og vanáætlaðar. Það gefur framkvæmdarvaldinu lausari tauminn um framkvæmd laganna eins og reynsla undanfarandi ára hefur sýnt með ótvíræðum hætti.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Eins og ég gat um í framsögu minni fyrir þessu nál. lágu ekki á borðum þingmanna brtt. í endanlegu formi sem meiri hl. fjh.- og viðskn. gerir og ég kveð mér hljóðs til að greina ofurlítið nánar frá þeim, en þær eru endurprentaðar upp á þskj. 637 og mun ég gera ofurlitla grein fyrir þeim enn og aftur.

1. brtt. er við 5. gr. þar sem talin eru upp mörg fyrirtæki og sveitarfélög þar sem heimilað er að taka lán vegna skuldbreytinga og við teljum eðlilegt að fjmrh. sé heimilt að gera þetta, en bætum við „að höfðu samráði við fjvn. Alþingis“ eins og þar segir. Við leggjum til í b-lið 1. brtt. að 7. töluliður 5. gr. orðist svo sem þar segir:

„Aðrar skuldbreytingar vegna greiðsluvandkvæða, lán á árinu 1989 að fjárhæð alls allt að 100 millj. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.“

Um þessa breytingu er það að segja að við föllum frá þeirri brtt. sem kynnt var fyrr í dag um að binda 50 millj. af þessu formlega við Siglufjörð. Breytingin frá fyrri hugmynd er sú að þetta er opnað fyrir öðrum sveitarfélögum í greiðsluvandræðum einnig. En það ber hins vegar ekki að skilja það svo að við höfum fallið frá því að ætla Siglufirði 50 millj. kr. af þessu og það gerum við að sjálfsögðu enn.

Í 2. brtt. er fjmrh. heimilt að höfðu samráði við landbrh. og fjvn. Alþingis að semja um uppgjör ógreiddra framlaga til jarðræktarframkvæmda á árinu 1988. Þetta er að sjálfsögðu gert í tengslum við þá endurskoðun sem stendur yfir varðandi jarðræktarlög þannig að sjálfvirk greiðsluskylda ríkissjóðs verði numin úr lögum, þ.e. að það er verið að endurskoða bæði jarðræktarlög og búfjárræktarlög í því skyni að koma bættu skipulagi á framlög ríkisins til þessara málaflokka og það er unnið að því og stefnt að því að afgreiða lög fyrir þinglok um bæði jarðrækt og búfjárrækt þannig að það sé í takt við tímann og breytta framleiðsluhætti. Sá vandræðahali sem skap-

aðist á jarðræktarlögunum eða fjárveitingum til jarðræktarframkvæmda var búinn til eða til hans var stofnað með breytingu á jarðræktarlögum 1986. Þar var það ákveðið að framlög til loðdýraræktar skyldu veitast af jarðræktarlögum. Ef þessi aukabaggi hefði ekki verið hengdur á jarðræktarlögin frá 1986 hefði þessi hali aldrei myndast, en vegna gífurlegra framkvæmda við loðdýragarða skapaðist þarna hali umfram fjárveitingar sem menn hafa verið að vandræðast með og verður að semja einhvern veginn um uppgjör á.

Það sama á við um 3. brtt. Hún er liður í endurskoðun búfjárræktarlaga.

Ég held að ég hafi, herra forseti, gert fullnægjandi grein fyrir þessum brtt. meiri hl. fjh.- og viðskn. og eins og í nál. segir leggjum við til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem við leggjum fyrir á þskj. 637, þ.e. þskj. sem er endurprentað upp.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir að lánsfjárlögum er einhver augljósasti vottur um hvernig núv. hæstv. ríkisstjórn hefur með öllu mistekist stjórn sín á ríkisfjármálum og lánsfjármálum og efnahagsmálum yfirleitt. Ég hygg að fáir fjármálaráðherrar hafi sýnt með meðferð lánsfjárlaga á hinu háa Alþingi annar en núv. hæstv. fjmrh. að þeir hafi með öllu á svo skömmum tíma misst tök á því verkefni sem meiri hluti Alþingis hefur trúað þeim fyrir. Enginn fjmrh. hefur fengið stærri falleinkunn á jafnskömmum tíma og núv. hæstv. fjmrh.

Það hefur komið fram að við meðferð málsins hér á hinu háa Alþingi hafa lántökur ríkissjóðs aukist um meira en 100% og það kemur fram að erlendar lántökur þjóðarbúsins verða 50% meiri en upphaflegt frv. gerði ráð fyrir. Það var gert ráð fyrir því að þjóðarbúið mundi taka erlend lán upp á rúma 14 milljarða kr. á þessu ári. Við meðferð málsins á hinu háa Alþingi hefur hæstv. ráðherra misst svo öll tök á stjórn ríkisfjármála og lánsfjármála að þessi tala hefur hækkað um 50% og er nú komin upp í 21 milljarð. Ég held að það fari ekki á milli mála að hér er á ferðinni einsdæmi um lausatök við stjórn ríkisfjármálanna, einsdæmi um það hvernig einn ráðherra hefur á jafnskömmum tíma með öllu misst stjórn á því verkefni sem honum hefur verið trúað fyrir.

Það hefur oft áður komið fram að hæstv. fjmrh., sem er verkstjóri efnahagsmála hjá þessari hæstv. ríkisstjórn, er mesti gengisfellingarráðherra stóryrða í stjórnmálasögunni. Enginn ráðherra hefur hvorki fyrr né síðar tekið jafnmikið upp í sig og enginn þurft að viðurkenna jafnmikið gengisfall stóryrðanna á jafnskömmum tíma.

Meðferð þessa frv. er reyndar eitt af fjölmörgum dæmum um að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki einasta misst tök á ríkisfjármálum og lánsfjármálum heldur hefur hún enga stjórn á vegferð mála hér á hinu háa Alþingi. Þegar þing kom saman í haust var gefin út starfsáætlun um hvernig ríkisstjórnin ætlaði að koma sínum málum fram, hvernig þingið skyldi starfa í vetur. Satt best að segja hefur ekkert staðist í starfsáætlun hæstv. ríkisstjórnar um meðferð mála hér á hinu háa Alþingi. Jafnvel fyrsta mál hæstv. ríkisstjórnar, sem hún lagði fyrir fyrst allra mála í þingbyrjun, er ekki enn orðið að lögum. Og hv. 1. þm. Norðurl. v., formaður fjh.- og viðskn., hefur lýst því yfir að hann ætli að tefja framgang þess þangað til hann hefur tryggt með hrossakaupum að samstarfsflokkarnir standi að afgreiðslu einhverra annarra mála sem hann hefur áhuga á að ná fram. Efnahagslöggjöfin sem ríkisstjórnin flutti í kjölfar efnahagsyfirlýsingarinnar þegar hún tilkynnti hinar varanlegu og endanlegu lausnir á efnahagsvanda þjóðarinnar, þessi lög eru ekki enn komin í gegnum Alþingi og komið fram að páskum.

Það er að vísu ekki nýlunda að seinagangur sé í störfum Alþingis, en ég hygg að það sé fátítt að nokkur ríkisstjórn hafi þurft að horfa fram á slíkt verkstjórnarleysi og skipbrot í framgangi mála, enda kemur tortryggnin á milli stjórnarflokkanna fram í hverju málinu á fætur öðru og skýrir það hver ástæðan er fyrir því að mál dragast á langinn og raunverulegar ákvarðanir eru ekki teknar í hinum mikilvægustu málum.

Lánsfjárlög endurspegla um margt betur en ýmislegt annað efnahagsstefnu og árangur ríkisstjórna við stjórn efnahagsmála. Oft er það svo að endurmat á lánsfjárlögum sýnir árangurinn kannski enn betur. En að þessu sinni þurfa menn ekki einu sinni að bíða loka ársins í þeim tilgangi að frv. að lánsfjárlögum sé gert upp. Menn hafa það fyrir augum eftir meðferð frv. á hinu háa Alþingi að ríkisstjórnin hefur með öllu misst tök á þessu verkefni og erlendar lántökur þjóðarbúsins verða nú um 50% meiri en fyrir aðeins örfáum mánuðum þegar þetta mál kom inn á Alþingi. Þetta er árangurinn af starfi fjmrh. stóryrðanna. Þetta er gengisfellingin á stóryrðunum sem hæstv. ráðherra er nú orðinn frægur fyrir.

Þegar ríkisstjórnin tók við völdum voru sett skýr og ákveðin markmið. Það átti að bæta afkomu atvinnuvega, það átti að ná niður verðbólgu, það átti að reka ríkissjóð með umtalsverðum tekjuafgangi og það átti að lækka vexti svo að um munaði. Nú sjá menn fyrir hver hefur orðið árangur af þeim markmiðum sem ríkisstjórnin setti sér og lýsti með stóryrðum að hún mundi nú loksins ná. Hv. 3. þm. Norðurl. e. vekur athygli á því þegar hann gengur í þingsalinn að þingmenn stjórnarflokkanna hafi ekki meiri áhuga á því að fylgja ráðherra sínum að málum að þeir sitja ekki í þingsalnum hvað þá heldur að þeir taki þátt í umræðum til þess að styðja ráðherra sinn. Þeir flýja hver á fætur öðrum og ráðherrar stjórnarflokkanna, bæði úr Alþfl. og Framsfl., geta auðvitað ekki setið undir umræðum um lánsfjárlög. Þeir þola ekki þessa umræðu. Og það er athyglisvert og þakkarvert að hv. 3. þm. Norðurl. e. skuli vekja athygli á þessari aumu ásjónu ríkisstjórnarinnar sem sýnir kannski betur en flest annað gengisfall stóryrðanna, sýnir kannski betur en flest annað hvernig þingmenn stjórnarflokkanna hafa viðurkennt og viðurkenna í raun gengisfall

stóryrðanna, sýnir kannski betur en flest annað það, sem hv. 1. þm. Vestf. var að vekja hér athygli á, að þingmenn stjórnarflokkanna eru farnir að ókyrrast undir árangursleysi þessarar hæstv. ríkisstjórnar, ráðleysi þessarar hæstv. ríkisstjórnar. (**Fjmrh.:** Enginn hlustar á ræðu formanns Sjálfstfl. Það er enginn þingmaður Sjálfstfl. til að fylgja foringjanum þó að þrír séu mættir hér af skyldu.) Ég hélt, hæstv. fjmrh., að hér væru til umræðu lánsfjárlög hæstv. ríkisstjórnar og maður hefði kannski vænst þess að það væru heldur þingmenn stjórnarflokkanna sem tækju þátt í þeirri umræðu og reyndu að styðja hæstv. ráðherra. En ég skil mætavel að hann ákalli þingmenn stjórnarandstöðunnar og kannski vænti þess helst að þaðan komi eitthvert lið. Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðherra að þessi lánsfjárlög og stefna ríkisstjórnar Íslands væru með öðrum hætti ef þeir sætu við stjórnvölinn og því ætti hæstv. ráðherra að gera sér grein fyrir og viðurkennir greinilega með taugaveikluðum frammíköllum sínum. Staðreyndin er nefnilega að um öll þessi höfuðverkefni, að því er varðar öll þessi höfuðmarkmið hefur ríkisstjórnin engum árangri náð. Þvert á móti hefur í öllum tilvikum sigið á ógæfuhliðina.

Í umræðum um fjárlög í kringum áramótin hélt ríkisstjórnin því fram að nú væru nýir tímar í vændum, verðbólgan á hinu nýja ári yrði eins stafs tala. Ég man eftir því að í þeim umræðum vakti ég á því athygli að fyrir lægi að verðbólgan á fyrstu þremur mánuðunum yrði meira en 20%, jafnvel 22–23%, og þeir stóðu hér upp, ráðherrarnir, hver á fætur öðrum, hæstv. fjmrh., hæstv. viðskrh. og hæstv. forsrh., og náðu varla upp í nefið á sér af hneykslan að svona hrakspár skyldu fluttar inn á Alþingi Íslendinga því að sannarlega yrði nú annað uppi á teningnum.

En hver er staðreyndin? Hvaða fréttir eru birtar í dag þegar lánsfjárlög eru til 2. umr. í Nd. Alþingis? Að verðbólgan sé komin upp í 27% og hún stefni í yfir 30% á næstu vikum. M.ö.o.: þau varnaðarorð sem hér voru viðhöfð af minni hálfu í kringum áramótin voru varfærnisleg. Verðbólgan náði ekki einu sinni þeim tölum sem ég nefndi þá, 22–23%. Það eru birtar verðbólgutölur í dag upp á 27% og hún fer hækkandi. Er nema von að hæstv. forsrh. segi í viðtali við Morgunblaðið í dag: Það sem hér hefur farið úrskeiðis er verðbólguholskeflan sem hefur dunið yfir í miklu ríkari mæli en mér hafði verið talin trú um. Verðbólguholskeflan sem hefur dunið yfir í miklu ríkari mæli en mér hafði verið talin trú um, segir hæstv. forsrh. Hver taldi honum trú um eitthvað annað? Hver var það nú sem var að „plata" hæstv. forsrh.? Var það hæstv. fjmrh.? Var það hæstv. fjmrh. sem enn einu sinni var að „plata" hæstv. forsrh. sem segir nú í viðtali við Morgunblaðið að honum hafi verið talin trú um allt annað? Það er von að hæstv. forsrh. víki sér undan því að vera viðstaddur umræður sem þessar og kjósi að senda meðráðherrum sínum skeyti af þessu tagi í dagblöðunum því að auðvitað eru það einhverjir aðrir ráðherrar úr ríkisstjórninni sem bera ábyrgð á þessari verðbólguholskeflu sem honum hafði verið talin trú um að ætti ekki að dynja yfir. Það er verið að senda hæstv. fjmrh. smáskeyti. Það er verið að senda verðlagsráðherranum og vísitöluráðherranum, sem treystir sér heldur ekki til þess að vera viðstaddur þessa umræðu, smáskeyti. Hæstv. forsrh. er að segja m.ö.o.: Það er sama hvort ég er utanrrh. eða hvort ég er forsrh. Þegar hlutirnir ganga úrskeiðis, þá hef ég verið plataður og þá ber ég enga ábyrgð og er í hálfgildings stjórnarandstöðu. Ég hygg að það sé kannski um margt sannmæli að hæstv. forsrh. hafi ekki fengið að ráða því sem hann hafi óskað í þessari hæstv. ríkisstjórn því að viðurkennt er af öllum að þar hefur hæstv. fjmrh. haft verkstjórn á hendi í flestum efnum.

Og hæstv. forsrh. heldur auðvitað áfram að skjóta í þessu Morgunblaðsviðtali, með leyfi forseta. „Þar að auki eru bankarnir mjög óhagkvæmar og illa reknar einingar." Það er á ábyrgð hæstv. viðskrh. „Og hvernig í ósköpunum", segir hæstv. forsrh., „getið þið verið með minnkandi sjávarafla og minnkandi þjóðartekjur" og hefur eftir einhverjum Norðmanni sem hann hitti í útlöndum seinast. Síðast hitti hann Svía sem spurði sömu spurningar, þar áður hitti hann Þjóðverja sem spurði sömu spurningar: Hvernig í ósköpunum getið þið verið með verðtryggingu við þessar aðstæður? Það er auðvitað að kenna hæstv. vísitöluráðherra. En hæstv. forsrh. ræður engu um þetta.

Kjarni málsins er svo auðvitað ekki að því er varðar verðbólguna að það lá ljóst fyrir þegar ríkisstjórnin hafði tekið sínar fyrstu ákvarðanir, þegar hún tók ákvarðanir um biðleikinn, að efnahagsstefna hennar mundi leiða til aukinnar verðbólgu. Það hefur verið rakið hér með mjög skilmerkilegum hætti æ ofan í æ og nú síðast af hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni að meginhluti þeirrar auknu verðbólgu verður rakinn beint til aðgerða núv. hæstv. ríkisstjórnar. Núv. hæstv. ríkisstjórn er fyrsta ríkisstjórn í sögu lýðveldisins sem gripið hefur til verðstöðvunaraðgerða og talið að hún sjálf gæti brotið þær aðgerðir ein allra í þjóðfélaginu og ekki aðeins unnið þannig gegn efnahagslegum markmiðum heldur brotið niður almennt siðferði í landinu, brotið gegn almennri siðferðisvitund í landinu. Það er þetta sem hefur gerst.

Hér er hægt að minna á þær miklu skattahækkanir sem ríkisstjórnin lagði til. Hækkanir á opinberri þjónustu, sem ríkisstjórnin hefur staðið fyrir, nær alla verðbólguholskefluna sem hæstv. forsrh. er svo undrandi á að skuli hafa skollið yfir og honum var talin trú um að mundi ekki skella yfir, má rekja til ákvarðana núv. hæstv. ríkisstjórnar og fyrst og fremst þeirra ákvarðana sem hæstv. fjmrh. hefur beitt sér fyrir og haft forustu um innan stjórnarinnar.

Svo spyrja menn auðvitað: Hvers er að vænta í framhaldinu? Ég óttast að verðbólgan muni heldur halda áfram að vaxa en hitt. Flestir þeir óvissuþættir sem eiga eftir að koma fram benda í þá veru.

Í Þjóðviljanum í dag segir svo, með leyfi forseta, í frásögn af kjarasamningum: „Í áliti starfshóps um verðlagsmál segir að ljóst sé að verðbólga verði mikil

á næstu mánuðum, jafnvel þó laun hækki ekki og gengi haldist stöðugt, og kaupmáttur muni því halda áfram að rýrna."

Jafnvel þó að gengið verði stöðugt og kaup hækki ekki og kaupmáttur haldi áfram að rýrna gera aðilar vinnumarkaðarins, launafólkið í landinu ráð fyrir því að verðbólgan muni aukast. Hvar eru nú stóru orðin, hæstv. fjmrh.? Er ekki kominn tími til að skýra svolítið út hvers vegna ekkert af stóryrðunum varð að veruleika þegar jafnvel Þjóðviljinn í fréttaskýringu af samningafundum vinnuveitenda hefur þennan spádóm um verðbólguþróunina á næstu mánuðum? Ég ætla ekki að vera að vitna til stjórnarandstæðinga eða einhverra aðila á fjármagnsmarkaðnum. Nei, þetta er úr áliti starfshóps sem hefur verið að vinna að gerð kjarasamninga sem Þjóðviljinn segir frá í dag. Vaxandi verðbólga miðað við óbreytt gengi og engar launahækkanir og rýrnandi kaupmátt. Ég hygg að það séu nær engin dæmi um það að með svo afgerandi hætti hafi ríkisstjórn misst tök á stjórn efnahagsmálanna.

Það verður ekki sagt að þessar verðhækkanir hafi komið vegna þess að atvinnulífið hafi þrýst fram kostnaðarhækkunum. Þvert á móti blasa nú við þær staðreyndir að atvinnulífið hefur tekið á sig kostnaðarhækkanir en ekki ýtt þeim út í verðlagið og það hefur hæstv. fjmrh. viðurkennt. Því meiri er niðurlæging hans við að missa svo gersamlega tökin á þróun efnahagsmálanna.

Af sjálfu leiðir að vextir fara hækkandi. Það var ekki talað svo lítið um að núv. hæstv. ríkisstjórn ætlaði að keyra niður vexti. En nú hækka þeir frá einni viku til annarrar og samt er það svo að nafnvextir eru nú neikvæðir eins og fram kom hjá hv. 1. þm. Vestf. Þrátt fyrir þær miklu hækkanir sem hafa orðið á nafnvöxtum á undanförnum vikum eru þeir neikvæðir í dag. Þeir halda ekki í við vaxandi verðbólgu. Auðvitað skapar þetta mikla hættu. Auðvitað er það rétt, sem hér hefur verið bent á, að með þessu er hæstv. ríkisstjórn að þjóna erlendum sparifjáreigendum. Auðvitað er hæstv. ríkisstjórn að grafa undan innlendum fjármagnsmarkaði. Auðvitað er hæstv. ríkisstjórn með þessu að grafa undan möguleikum íslensks atvinnulífs sem getur ekki byggt sig upp, þróast og tæknivæðst nema íslenska þjóðin spari. Raunvextir á verðbréfamarkaði hafa á hinn bóginn lækkað lítið eitt, að vísu innan við 1%, frá því um áramót að því er mér er tjáð. En hver er skýringin á þessu? Skýringin er sú að hæstv. ríkisstjórn hefur verið í miklum slagsmálum við lífeyrissjóðina, slagsmálum sem einstök eru í viðskiptum ríkisvalds og lífeyrissjóða, með þeim afleiðingum að lífeyrissjóðirnir hafa mjög dregið úr kaupum á ríkisskuldabréfum. Af þeim sökum hefur verið meira framboð af lánsfjármagni á verðbréfamörkuðunum. Þetta ætti kannski að sýna hæstv. ríkisstjórn að það er skynsamlegasta leiðin til þess að ná niður vöxtum að losa um hömlur og draga úr hólfaskiptingu á fjármagnsmarkaðnum. En það vill ekki svo vel til að þetta sé stefna hæstv. ríkisstjórnar. Nei, þetta er afleiðing af alveg einstæðum slagsmálum hæstv. fjmrh. við forustumenn lífeyrissjóðanna, afleiðing af því að hæstv. fjmrh. hefur ekki treyst sér til þess að standa við eigin samning sem líka er einsdæmi í sögunni, að fjmrh. geti ekki staðið við eigin samning sem hann hefur gert við lífeyrissjóðina í landinu.

Aukið framboð á lánsfjármagni lífeyrissjóðanna inn á verðbréfamarkaðinn stafar sem sagt af þessum ástæðum en ekki því að hæstv. ríkisstjórn hafi fallið frá hugsjón sinni um reglugerðarhagkerfið og hólfaskiptingu á fjármagnsmarkaðnum, því miður. En þetta ætti kannski að kenna henni hvaða leið er vænlegust til þess að ná hér jafnvægi á fjármagnsmarkaðnum og ná niður vöxtum.

Spariskírteini ríkissjóðs seljast ekki með þeirri afleiðingu að ríkissjóður þarf í vaxandi mæli að leita annarra leiða til að fjármagna það sem fjármagna þarf á þessu ári. Auðvitað leiðir það til aukinnar erlendrar lántöku. Auðvitað er það enn eitt dæmið um skipbrot stjórnarstefnunnar. En sýnu alvarlegastur er þó sá ágreiningur sem nú er uppi milli lífeyrissjóðanna og fjmrn. sem fyrst kom til vegna þess að hæstv. fjmrh. gekk á bak orða sinna í samningi sem hann gerði við lífeyrissjóðina skömmu fyrir áramót um skuldabréfakaup þeirra á fyrstu mánuðum þessa árs. Lífeyrissjóðirnir hafa leitað lögfræðilegra álitsgerða um þetta efni og í nýlegu fréttabréfi þeirra segir svo, með leyfi forseta, um þetta álitaefni:

„Niðurstaða lögfræðinganna er ótvíræð. Hvorki er heimilt að taka upp beina viðmiðun við launabreytingar á grundvelli lánskjaravísitölu né er hægt að breyta efni verðtryggingar í gildandi lánssamningum. Þrátt fyrir ítrekaðar samningsumleitanir af hálfu fulltrúa lífeyrissjóðanna hafa stjórnvöld ekki sýnt neinn samkomulagsvilja. Ýmsar tillögur samtaka sjóðanna þar að lútandi hafa verið lagðar fram, m.a. að vísa málinu í sérstakan gerðardóm. Harmar sambandsstjórnarfundurinn þann ósveigjanleika sem fram hefur komið af hálfu stjórnvalda sem leiddi til þess að ekki fannst viðunandi lausn á málinu. Jafnframt lýsir fundurinn yfir fullum stuðningi við hvernig unnið hefur verið að lausn þess af hálfu framkvæmdastjórnar Sambands almennra lífeyrissjóða. Í ljósi þess að stjórnvöld hafa hafnað öllum samkomulagsleiðum telur sambandsstjórnin nauðsynlegt að lífeyrissjóðir láti á málið reyna fyrir dómstólum og er framkvæmdastjórn SAL falið á grundvelli fyrri samþykkta og álitsgerða lögfræðinga samtaka sjóðanna að fylgja málinu eftir."

Þetta er harður dómur forustumanna launþega yfir núv. hæstv. fjmrh., formanni Alþb., í samskiptum hans við lífeyrisþegana í landinu.

Í þessu fréttabréfi kemur einnig fram að ástæðan fyrir því að lífeyrissjóðirnir hafa dregið svo úr kaupum sé að hæstv. fjmrh. hafi ekki staðið við það ákvæði sem hann skrifaði undir um verðtryggingarskilmála í samningum sem gerðir voru skömmu fyrir áramót.

Þetta hefur ýmsar afleiðingar í för með sér, ekki einungis það hversu mikið áfall það er þegar fjmrh. í

ríkisstjórn Íslands gengur þannig á bak samninga sem hann hefur gert og hvílíkt gengisfall það er fyrir ríkisstjórn Íslands að innan hennar skuli vera fjmrh. sem þannig starfar. Þetta hlýtur að hafa áhrif á fjárhag húsnæðisstjórnar. Nú óska ég eftir því að hæstv. fjmrh. geri grein fyrir þeim afleiðingum sem þessi framkoma hans hefur haft fyrir húsnæðisstjórn, að hann geri hér í umræðunni grein fyrir því hvernig hún ætlar að fjármagna starfsemi sína á þessu ári ef fram heldur sem horfir í samskiptum hæstv. fjmrh. við lífeyrissjóðina. Það væri rétt, herra forseti, að hæstv. félmrh. væri viðstaddur þessa umræðu. Ég óska eftir því að hann verði kallaður til fundarins því það er einnig nauðsynlegt. (**Forseti:** Ég vil minna á að það voru settar hér verklagsreglur í deildinni þess efnis að það væri ekki gerðar kröfur um nærveru annarra ráðherra en þess sem málið heyrði undir öðruvísi en í upphafi fundar. Að sjálfsögðu verður orðið við óskinni engu að síður, en ég vænti þess að ræðumaður haldi áfram ræðu sinni.) Það skal ég gera, herra forseti. Ég hélt kannski að hæstv. félmrh. hefði meiri áhuga á fjármögnun húsnæðislánakerfisins en raun ber vitni og hefði þess vegna hug á að taka þátt í þessari umræðu og knýja fram hagsmuni húsnæðislánakerfisins, en á því virðist hafa verið nokkur skortur.

En það er óhjákvæmilegt að hæstv. ráðherrar fjármála og félagsmála geri grein fyrir því í hvert efni stefnir ef fram heldur sem horfir varðandi samskipti fjmrh. og lífeyrissjóðanna. Nú segja lífeyrissjóðirnir að mjög hafi dregið úr kaupum og fyrir dyrum standa umfangsmikil málaferli. Þess má af þeim sökum vænta að húsnæðissjóðirnir eigi ekki á næstu missirum aðgang að því fjármagni sem lög gera ráð fyrir til útlána og því þurfi að leita annarra leiða. Hefur verið leitað annarra leiða og þá í hverjum mæli? Hvernig verður málið leyst ef þetta ástand verður til langframa? Hefur hæstv. félmrh. sætt sig við og samþykkt afstöðu hæstv. fjmrh. í viðskiptum hans við lífeyrissjóðina? Er þetta sameiginleg afstaða hæstv. félmrh. og hæstv. fjmrh.? Það er mjög mikilvægt að fá það staðfest við þessa umræðu hvort afstaða hæstv. fjmrh. er einnig afstaða hæstv. félmrh., hvort það er hans afstaða að það eigi að koma fram við lífeyrissjóðina með þessum hætti og hvort stefna eigi samskiptum ríkisvaldsins og þeirra í langvarandi, kannski margra ára málaferli og hvort hæstv. ráðherra félagsmála telur það vera vænlegustu leiðina til að leysa úr þeim mikla vanda sem húsnæðismálin og fjárhagsstaða húsnæðissjóðanna eru í í dag. Er það skoðun og afstaða hæstv. félmrh. að þetta sé vænlegasti kosturinn til að greiða úr fjárhagsvanda húsbyggingarsjóðanna?

Það er einnig nauðsynlegt að fá fram hvaða áhrif þessi framkoma hæstv. fjmrh. muni hafa á réttindi sjóðfélaga því ef það er rétt, sem hér segir í fréttum frá Sambandi almennra lífeyrissjóða, að mjög hafi dregið úr kaupum sjóðanna vegna stríðsástandsins á milli þeirra og fjmrn., vaknar upp spurningin um réttindi sjóðfélaganna. Húsnæðislöggjöfin gerir ráð fyrir að þeir einir eigi rétt á lánum sem eru í lífeyrissjóðum sem hafa fullnægt kaupskyldu samkvæmt lögunum. Ef þetta stríðsástand leiðir til þess að sjóðirnir treysta sér ekki til að eiga áframhaldandi viðskipti við ríkissjóð Íslands hvaða áhrif mun það þá hafa á réttarstöðu þeirra sem eru að sækja um lán? Ef ríkissjóður eða húsnæðissjóðirnir neyðast til þess að leita annarra leiða til fjármögnunar mun það þá skerða lánsréttindi sjóðfélaganna eða þarf að breyta lögum um Húsnæðisstofnun í þeim tilgangi að þetta stríðsástand skerði ekki réttindi þeirra sem sækja um lán?

Ég óska eftir því að hæstv. félmrh. geri ítarlega grein fyrir þessu í umræðunni því hér er um veigamiklar spurningar að tefla sem snúa að hagsmunum húsbyggjenda, almennings í landinu. Það verður auðvitað ekki við það unað að valdhroki og þrákelkni hæstv. fjmrh. stefni hagsmunum þessa fólks í óefni og a.m.k. nauðsynlegt að fá fram hvort það er sameiginleg afstaða þeirra ráðherra sem fara með fjármál og félagsmál.

Það hefur komið fram að mjög verulega skortir á að gert hafi verið ráð fyrir öllum fyrirsjáanlegum útgjöldum ríkisins og ríkissjóðs á þessu ári. Stærsta atriðið í því efni er lántaka Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins sem er að verða eitt aðalaðhlátursefni fyrir hæstv. sjútvrh. vegna þess að hann hafði lýst því yfir á fundi með sjómönnum að ríkissjóður tæki á sig þetta lán, en hann hefur ekki komist fet með þá yfirlýsingu vegna þess að hæstv. fjmrh. neitar að bókfæra þetta lán á ríkissjóð. Hæstv. sjútvrh. er af þessum sökum að verða aðhlátursefni í sjávarplássunum víðs vegar um land, en hæstv. fjmrh. hreyfir sig hvergi og kætist því meir sem fólkið í sjávarplássunum brosir að hæstv. sjútvrh. fyrir að koma ekki yfirlýsingu sinni um þetta efni fram. Eigi að síður hefur Þjóðhagsstofnun framkvæmt útreikninga á afkomu sjávarútvegsfyrirtækja á þeirri forsendu að ríkissjóður hafi tekið þetta lán og beri þennan kostnað.

Nú veit ég ekki á hvaða forsendum Þjóðhagsstofnun gerir þetta því að lögin eru alveg skýr um að sjávarútvegurinn á samkvæmt þeim að bera þessa lántöku sjálfur. En Þjóðhagsstofnun hefur reiknað þetta á annan veg og þetta ekki leiðrétt. Lánið er í raun og veru hvergi bókað. Það er ekki bókfært í afkomuútreikningum Þjóðhagsstofnunar á sjávarútveginn og það er ekki bókfært í bókhaldi ríkisins á ríkissjóð. Og nú spyr ég hæstv. fjmrh.: Er ekki full ástæða til að gera þessa tilraun á fleiri sviðum? Ef það er hægt að taka erlend lán til að reka sjávarútveginn og bókfæra það ekki á ríkissjóð og ekki á sjávarútveginn, láta lánið vera í lausu lofti og reka sjávarútveginn þannig, er ekki hægt að leysa vandamál Ríkisútvarpsins og byggingarsjóðanna, getur ekki hæstv. félmrh. fengið heimild til þess að taka erlent lán af þessu tagi fyrir húsnæðissjóðina án þess að það sé bókfært sem skuld húsnæðislánasjóðanna og án þess að það sé bókfært á ríkissjóð, það hangi bara einhvers staðar ofar skýjum? Það er spurning sem ég óska eftir að

hæstv. fjmrh. svari hvort honum hafi ekki dottið í hug að beita þessari einstöku hagfræði á fleiri sviðum efnahagsstarfseminnar. Ef þessi hagfræði gengur upp, ef það er hægt að reka þjóðarbúskapinn á þessari hagfræði og það kemur í ljós þegar upp verður staðið, þá ætti hæstv. ráðherra að fá nóbelsverðlaun að minnsta kosti ofan á öll verðlaunin sem hann hefur fengið til þessa í útlöndum.

En kjarni málsins er auðvitað að það er búið að ákveða þessa lántöku. Það er verið að reka sjávarútveginn á þessum lánum og hvað sem líður valdhroka og þrákelkni hæstv. fjmrh. er þetta lántaka ríkissjóðs. Hvaða loftfimleika sem hann ætlar sér í bókfærslu og erlendum lánum, hversu sniðugur sem hann heldur að hann sé að taka erlend lán án þess að bókfæra þau nokkurs staðar, þá lendir þetta á ríkissjóði. Það eru 800 millj. kr. sem ríkissjóður er að greiða með sjávarútveginum fyrstu mánuði þessa árs og það eru útgjöld ríkissjóðs hvað sem hæstv. fjmrh. þykist kunna fyrir sér í bókfærslu eða loftfimleikum bókfærslunnar.

Hæstv. fjmrh. hefur heldur enga grein gert fyrir því hvernig hann ætlar að fjármagna 100 milljónir í viðbótarendurgreiðslu á söluskatti sem dugar fram á vormánuðina. Hæstv. fjmrh. verður við þessa umræðu að gera grein fyrir því hvernig á að afla þessa fjár og hann verður einnig við þessa umræðu að gera grein fyrir því hvert framhald á að vera á þessum útgjöldum þegar komið er fram í maímánuð. Á þá að taka ákvarðanir um áframhaldandi endurgreiðslur á uppsöfnuðum söluskatti í samræmi við þessar 100 millj. og á þá að taka nýtt 500 millj. kr. lán til að halda sjávarútveginum gangandi fram á haustið eða á að fara í gengisbreytingu? Það er ekki hægt að ljúka umfjöllun um lánsfjárlög nema hæstv. ráðherra svari því hvað á að taka við þegar þessum greiðslum lýkur í maímánuði.

Þá hefur einnig komið fram að hæstv. ráðherra hefur enga grein gert fyrir því hvernig á að fjármagna 100 millj. kr. niðurgreiðslu á raforkuverði til frystihúsa og það hefur komið fram að það vantar 670 millj. kr. til þess að ríkisstjórnin geti staðið við fyrirheit sitt um óbreytt niðurgreiðslustig út þetta ár. Hér í umræðunni hefur verið gerð grein fyrir brtt. sem stjórnarmeirihlutinn flytur við þetta frv. þar sem lagt er til að fjmrh. að höfðu samráði við landbrh. og fjvn. geti samið um ógreidd framlög til jarðræktarframkvæmda og ógreidd framlög til búfjárræktar vegna ársins 1988. Hér eru engar upphæðir tilgreindar, en þetta er enn eitt dæmið um vinnubrögðin þar sem Framsfl. samþykkir að standa að afgreiðslu fjárlaga með því að takmarka þessar greiðslur, kemur svo þegar búið er að afgreiða fjárlögin og segir: Nú krefjumst við þess að þetta mál verði leyst, og þá er skotið hér inn við afgreiðslu lánsfjárlaga þegar komið er fram undir páska heimild til hæstv. fjmrh. að gera samninga þar sem engar takmarkanir eru varðandi fjárhæðir. Þetta er dæmi um alkunn vinnubrögð þingflokks framsóknarmanna í þessum efnum.

Auðvitað er það svo að menn verða að standa við skuldbindingar sínar, en var þá ekki nær að horfast í augu við það við afgreiðslu fjárlaga? Auðvitað liggur það fyrir í hvaða skuldbindingum ríkissjóður er að því er varðar þessa tvo þætti. Þær tölur liggja alveg klárt fyrir. Það var hægt að setja þær inn í fjárlög við afgreiðslu þeirra fyrir þá sem vildu standa við sínar skuldbindingar. Nú er opnuð heimild. Hún er án takmarkana. Hún getur þess vegna verið núll og hún getur þess vegna verið hvað sem er þar fyrir ofan. En það liggur alveg fyrir hvaða tölur hér er um að ræða. Það væri nauðsynlegt og er nauðsynlegt að hæstv. ráðherra geri grein fyrir því hverjar þessar skuldbindingar eru og hvaða áform hann hefur í þessu efni og það er einnig nauðsynlegt að hv. formaður fjvn., sem á að hafa umsagnaraðild um þetta, geri nánari grein fyrir þeim fjárskuldbindingum sem með þessu er verið að leggja á ríkissjóð.

Það er líka nauðsynlegt að hér komi fram vegna nýlegra samþykkta ríkisstjórnarinnar um Arnarflug hvaða heimilda ríkisstjórnin hæstv. ætlar að afla í því efni. Hún hefur gert þar um skýra samþykkt sem m.a. lýtur að heimild til erlendrar lántöku. Ætlar hæstv. ríkisstjórn ekki að afla heimilda til þessarar lántöku við afgreiðslu lánsfjárlaga? Er það svo rétt að einstakir þingmenn Framsfl. hafi samkvæmt þessu baksamkomulagi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar heimild til að flytja brtt. um allt önnur skilyrði varðandi lánveitingar til Arnarflugs en ríkisstjórnin gaf út í þeirri samþykkt sem hún kynnti opinberlega? Eru einhverjir slíkir baksamningar og má vænta þess að einhverjir þingmenn Framsfl. flytji tillögur af því tagi við þessa umræðu eða 3. umr. þessa máls og ætlar ríkisstjórnin að flytja tillögur af þessu tilefni?

Allt hefur þetta áhrif á heildarútkomu lánsfjárlaga og skuldbindingar ríkissjóðs og með hliðsjón af þeim samþykktum sem hafa verið gerðar er eðlilegt að hæstv. ríkisstjórn geri grein fyrir áætlunun sínum að því er þetta varðar.

Ég vil einnig að því er varðar einstök atriði í frv. inna hæstv. fjmrh. eftir því hvað hann ætlar að gera varðandi lántökuheimildir Herjólfs, en um nokkurt skeið hefur Alþingi lýst yfir vilja sínum til þess að það fyrirtæki taki erlent lán til að byggja nýja ferju. Það hefur strandað á hæstv. fjmrh. að fyrirtækið fái þá heimild. Hæstv. samgrh. hefur verið þess mjög fýsandi og lýst því margsinnis yfir að hann telji að tími sé kominn til að ráðast í þær framkvæmdir, en enn sem komið er hefur hæstv. fjmrh. staðið þar í vegi og ég inni hæstv. ráðherra eftir því hvort hann ætlar að láta af þeirri andstöðu.

Þegar litið er á aðeins örfáa af þeim þáttum sem hér hafa verið dregnir fram og valda óvissu, þá er ljóst að það er ekki gert ráð fyrir 800 millj. sem ríkissjóður verður að taka á sig varðandi Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og auðvitað ekkert um þær 500 millj. sem þarf að taka ef halda á þessu áfram. Það er ekki gerð grein fyrir 100 millj. vegna niðurgreiðslu á raforkuverði. Það er ekki gerð grein fyrir 100 millj. vegna niðurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti. Það er ekki gerð grein fyrir tæplega 700 millj. vegna

fyrirheita ríkisstjórnarinnar um óbreytt niðurgreiðslustig á búvöru. Og það er ekki tekið fram hvað þessar nýju heimildir varðandi jarðræktarframlögin og búfjárræktarframlögin koma til með að auka útgjöld ríkissjóðs.

Mér sýnist í fljótu bragði, aðeins eftir að hafa litið á þessa örfáu liði, að það séu a.m.k. 2 milljarðar kr. sem þarna eru í uppnámi, það bendi allt til þess að nú þegar liggi það fyrir að hallarekstur ríkissjóðs verði 2 milljarðar kr. og mun þá láta nærri að þetta ár fari eins og hið fyrra, að í hverjum mánuði bæti hæstv. fjmrh. einum milljarði við halla ríkissjóðs.

Þetta er sú staða sem hér blasir við og hæstv. ráðherra hefur enga grein gert fyrir hvorki í fjárlögum né heldur með hvaða hætti hann ætlar að afla fjár, þá sennilega lánsfjár, til að standa undir þessum kröfum.

Þá liggur fyrir að hæstv. fjmrh. hefur ekki enn gengið frá, þó að lög mæli fyrir um að það skuli gert fyrir lok þessa mánaðar, yfirdráttarskuldum ríkissjóðs í Seðlabankanum um sl. áramót. Það liggur líka fyrir að yfirdráttarskuldin er nú komin í tæpa 10 milljarða kr. Yfirdráttarskuld ríkissjóðs í Seðlabankanum er nú þegar í marsmánuði og var reyndar komin í febrúarmánuði í 10 milljarða kr.

Ég hygg að þessi einfalda tala skýri einkar vel þau lausatök sem nú eru á stjórn ríkisfjármálanna, sýni á einfaldari hátt kannski en flest annað að hæstv. ráðherra hefur með öllu misst tök á stjórn ríkisfjármálanna þegar yfirdráttarskuldin er í lok febrúarmánaðar komin upp í 10 milljarða kr. Þá geta menn spurt hvers er að vænta í árslok ef hæstv. ráðherra á að halda áfram á sömu braut.

Við allar þessar aðstæður búa atvinnuvegirnir svo enn við verulegan hallarekstur, bæði sjávarútvegur og iðnaður. Með uppbóta- og styrkjakerfinu, sem hæstv. viðskrh. hefur verið aðaltalsmaður fyrir eftir að hann beitti sér fyrir kollsteypu Alþfl. í efnahagsmálum, er auðvitað verið að falsa gengisskráninguna með svipuðum hætti og vinstri stjórnin, sem gafst upp á rólunum 1958, gerði, að vísu ekki enn í jafnríkum mæli en vinnubrögðin og aðferðirnar eru þau sömu. Auðvitað bitnar þetta á sjávarútveginum, en þó með enn meiri þunga á iðnaðinum. Hæstv. sjútvrh. hefur verið ólatur við að minna á að þetta komi með enn meiri þunga niður á iðnaðinum, þessi aðferð við stjórn efnahagsmála. Skyldi hann kannski vera að senda hæstv. iðnrh. og hæstv. fjmrh. smáskeyti með þessum yfirlýsingum? Ætli hann sé að senda þeim smáskilaboð um að það sé nú ekki víst að þeir góðu herrar sem ráða ferðinni í ríkisstjórn séu á réttri leið?

Þrátt fyrir allt búum við þó við mjög góð ytri skilyrði í þjóðarbúskapnum. Það er mokveiði um allt land, loðnuvertíðin hefur gengið vel og hvar sem er á landinu er mokveiði. Það fiskast alls staðar vel. Og hæstv. forsrh. hefur margsinnis lýst því yfir að á næstu vikum sé að vænta stórfelldrar hækkunar á erlendum mörkuðum Íslendinga. Ég man ekki betur en að þegar hann kom af Norðurlandaráðsþinginu hafi hann tíundað það að Schlüter, forsætisráðherra Danmerkur, hafi staðfest þetta. Þó að mér sé ekki kunnugt um það frá fyrri tíð að forsætisráðherra Danmerkur hafi mikið að segja um verð á íslenskum sjávarafurðum erlendis eru þetta þó þær yfirlýsingar sem forsrh. hefur gefið um ytri aðstæður í þjóðarbúskapnum. M.ö.o.: við erum samkvæmt hans orðum að horfa fram á verulegar hækkanir á fiskverði og betri aflabrögð en um langan tíma. Þrátt fyrir þetta, þrátt fyrir þessi hagstæðu skilyrði er sjávarútvegurinn rekinn með verulegum halla og iðnaðurinn með enn meiri halla og stefnir í enn meira óefni ef fram heldur sem horfir þrátt fyrir þetta. Og þrátt fyrir þetta geta aðilar vinnumarkaðarins ekki gert kjarasamninga til nokkurra mánaða af því að allt er í óvissu um efnahagsstefnu hæstv. ríkisstjórnar. Þrátt fyrir þessi hagstæðu skilyrði, sem hæstv. forsrh. hefur lýst svo, er ekki hægt að ljúka gerð kjarasamninga.

Hæstv. forsrh. lýsti því yfir hér á hinu háa Alþingi fyrir jólaleyfi þingmanna að hann ætlaði þegar í stað á milli jóla og nýárs, eins og hann orðaði það, að hefja viðræður við aðila vinnumarkaðarins til þess að leggja grundvöll að endurnýjun kjarasamninga. Ég geri ráð fyrir að hann hafi staðið við þessi orð. Og ég geri ráð fyrir að svokallað samráð hafi staðið síðan. Ég óskaði þá eftir því að hann gerði grein fyrir því á hvaða grundvelli þetta samráð ætti að fara fram, hvað það væri sem hæstv. ríkisstjórn ætlaði að leggja á borðið fyrir aðila vinnumarkaðarins, launþega og vinnuveitendur. Ég skildi það svo á þeim tíma að hæstv. forsrh. hafi þá ekki verið búinn að bera sig upp við hæstv. fjmrh. og hann gat þess vegna ekki gefið skýr svör um samráðsgrundvöllinn sem ríkisstjórnin ætlaði að leggja fram.

Nú hafa aðilar vinnumarkaðarins verið á löngum samningafundum og fréttir hafa borist af því að hæstv. ríkisstjórn hafi setið á löngum fundum, helgarfundum, til þess að ræða þau viðfangsefni. Það er nauðsynlegt vegna þess að það hefur bein áhrif á lánsfjárlögin, á fjárlögin, hvaða afstöðu ríkisstjórnin tekur í þessum efnum að fá hér skýr svör frá þeim ráðherra sem mótar efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, hvernig og hvað hæstv. ríkisstjórn hefur lagt á borðið í þessu samráði og hvað hún er tilbúin að gera. Það hefur verið upplýst að aðilar vinnumarkaðarins koma að nýju saman til funda á þriðjudag eftir páska. Þá verður Alþingi í leyfi og þess vegna skýlaus krafa að hæstv. ríkisstjórn geri annað en að vera með fæturna uppi á ráðherrastólunum í þinginu heldur geri Alþingi grein fyrir afstöðu sinni til þessara samninga, til þess hvað hún hefur lagt á borðið í þeim efnum og hvaða áhrif það hefur á fjárhag ríkisins og lánsfjárlög.

Í frétt Þjóðviljans í dag þá segir svo, með leyfi forseta, um þessi efni:

„Gerir starfshópurinn tillögur um að fyrstu skref stjórnvalda til að liðka fyrir kjarasamningum verði eftirfarandi:

1. Reynt verði að efla verðskyn neytenda með auknu verðlagseftirliti og aukinni og opnari samkeppni. Sýnt verði aðhald í verðlagningu á opinberri

þjónustu á árinu 1989. Verð landbúnaðarafurða verði óbreytt út árið, endurskoðun á verðlagningu og skipulagi á sölu landbúnaðarafurða, þar með töldum kartöflum, grænmeti, eggjum og kjúklingum. Hugað verði að lækkun eða afnámi söluskatts á matvæli í tengslum við upptöku virðisaukaskatts, endurskoðun á vörugjöldum. Eins og hér sést [segir svo Þjóðviljinn] er alla vega tekið á málum og krafan um óbreytt verð á landbúnaðarafurðum hlýtur að gerast annaðhvort á kostnað ríkissjóðs eða bændanna sjálfra."

Síðan segir: „Skattamálahópur hefur rætt um hluti eins og hækkun skattleysismarka, lækkun skatta fyrirtækja, afnám eða lækkun matarskattsins og þá í tengslum við upptöku virðisaukaskatts."

Hér er á einfaldan og skýran hátt greint frá því hvað aðilar vinnumarkaðarins og þá einkanlega verkalýðshreyfingin telja vera samráðsgrundvöllinn í *þeim samningum sem nú standa fyrir dyrum*, hvað þessir aðilar telja vera lágmark þannig að unnt verði að gera kjarasamninga við þessi þó hagstæðu skilyrði í þjóðarbúskapnum sem hæstv. forsrh. hefur verið að lýsa með ávísunum á hækkandi markaðsverð og í ljósi góðs afla. Hér er fyrst spurt að því. Ríkisstjórnin hefur gefið sjálf yfirlýsingar um að niðurgreiðslustig eigi að vera óbreytt. Það kostar 670 millj. kr. Hér kemur fram krafa um að landbúnaðarverðið sjálft verði óbreytt út allt árið. Óskað er eftir því að hæstv. ráðherra svari hvað það kostar til viðbótar við þessar tæpu 700 millj. og óskað er eftir því að hæstv. ráðherra svari hvort hæstv. ríkisstjórn ætli að verða við þessari kröfu.

Þá væri einnig fróðlegt, þó að það komi ekki beint við umræðu um lánsfjárlög, að fá að heyra hvaða afstöðu hæstv. ríkisstjórn tekur til þeirrar kröfu sem hér er sett fram um endurskoðun á verðlagningu og skipulagi á sölu landbúnaðarafurða.

Þá segir hér einnig að endurskoða þurfi vörugjöld. Hæstv. ríkisstjórn viðurkenndi reyndar í efnahagsyfirlýsingu sinni í byrjun febrúar að hún hefði gert alvarleg mistök við setningu laganna um vörugjöld þar sem hallað hefði á hagsmuni íslensks iðnaðar á kostnað innflutnings og því þyrfti að bæta úr í því efni. Enn sem komið er hefur ekkert frv. verið lagt *fram í samræmi við þessa yfirlýsingu*. Ætlar hæstv. fjmrh. að leggja þetta frv. fram? Ef svo er, hversu mikla leiðréttingu á að gera? Á hún að vera í samræmi við þau fyrirheit sem hæstv. ráðherrar hafa greinilega gefið forustumönnum iðnaðarins í landinu?

Í nýlegu fréttabréfi Landssambands iðnaðarmanna segir svo: „Landssamband iðnaðarmanna hefur fengið það staðfest hjá iðnrh. og forsrh. að hér sé ekki einungis átt við þá nauðsynlegu lagfæringu á framkvæmd laganna sem felst í nýsettri reglugerð um þau heldur jafnframt að skattskyldu samkvæmt lögunum verði breytt þannig að hagstæðara verði fyrir íslenskan iðnað."

M.ö.o.: Hér hefur Landssamband iðnaðarmanna upplýst að bæði iðnrh. og forsrh. hafi gefið um það alveg klár og skýr fyrirheit að yfirlýsingin frá því í febrúar þýði endurskoðun á vörugjöldunum, lækkun vörugjaldanna til að mæta hagsmunum íslensks iðnaðar. Um þetta stóðu verulegar deilur á Alþingi fyrir jól þegar hæstv. ráðherra var að berjast fyrir skattahækkunum sínum. Á þessa galla var bent með mjög skýrum rökum. En hæstv. fjmrh. sló þá höfðinu við steininn. Nú hefur ríkisstjórnin gefið út yfirlýsingu og tveir ráðherrar, hæstv. forsrh. og hæstv. viðskrh., gefið samtökum iðnaðarins í landinu klár fyrirheit um hvað í þessu felst. Hvers vegna hefur hæstv. ráðherra ekki komið með þetta frv. inn á þingið enn þá? Hvað veldur þeim drætti? Er það kannski ætlun ráðherrans að smeygja sér undan því að efna þetta fyrirheit?

Þá er nauðsynlegt að hæstv. ráðherra geri grein fyrir öðrum skattabreytingum sem aðilar vinnumarkaðarins virðast leggja til grundvallar í þessum umræðum, ekki síst hvað varðar hækkun skattleysismarka. Það var ein meginádeilan á hæstv. ráðherra í skattaumræðunni fyrir jól hversu freklega hann gekk fram í því að hækka skattleysismörk. Nú koma launþegasamtökin og gera það að höfuðkröfu til þess að kjarasamningar geti tekist til aðeins örfárra mánaða að hæstv. fjmrh. breyti um stefnu, komi hér og iðrist þess sem hann gerði fyrir jól og breyti skattalögunum, eti ofan í sig öll stóru orðin sem hann hafði hér í skattaumræðunni fyrir jól og breyti skattalögunum á ný. Ætlar hæstv. ráðherra að gera þetta?

Það kemur einnig fram að atvinnurekendur gera ráð fyrir að samráðsgrundvöllurinn feli í sér lækkun á sköttum fyrirtækja. Hvað er hæstv. ráðherra tilbúinn að gera í því efni? Er hann reiðubúinn að falla frá nýju afskriftarreglunum? Er hann reiðubúinn að lækka skattinn á skrifstofu- og verslunarhúsnæði til viðbótar þeirri augljósu kröfu að breyta vörugjöldunum? Það er útilokað annað í ljósi yfirlýsinga hæstv. forsrh. frá því fyrir sl. áramót, að hann ætlaði þá þegar að hefja samráð við aðila vinnumarkaðarins um lausn kjaradeilnanna, að nú þegar komið er á þennan tímapunkt í samningunum, eftir að þetta samráð hefur staðið frá því um áramót fyrir forgöngu hæstv. forsrh., geri hæstv. ríkisstjórn nú þegar grein fyrir þessum viðræðugrundvelli því að það er svo augljóst hver áhrif hann hefur á afkomu ríkissjóðs og lánsfjárlögin. Hæstv. ráðherra getur ekki vikið sér undan að svara nema að svo sé að þrátt fyrir margra mánaða samráð hæstv. forsrh. hafi ekkert gerst og ríkisstjórnin hafi ekki komist að neinni niðurstöðu, nema það sé svo að aðilar vinnumarkaðarins geti í engu treyst þeim stóru orðum sem hér voru höfð af hæstv. forsrh. um þetta mikla samráð sem hann ætlaði að beita sér fyrir. Annaðhvort er að ríkisstjórnin er í ráðleysi, veit ekki hvað hún á að gera ellegar hún hefur aldrei meint neitt með þeim orðum sem um þetta hafa verið látin falla. En það verður eftir því tekið hvaða greinargerð hæstv. ráðherra gefur Alþingi nú. Það liggur fyrir að viðræður aðila vinnumarkaðarins hefjast þegar eftir páska. Þá verður Alþingi í fríi og þess vegna er það þingræðisleg skylda hæstv. ráðherra, með tilliti til hins langa

aðdraganda og þeirra brýnu hagsmuna sem í húfi eru og með tilliti til þess hvernig þessi mál tengjast augljóslega lánsfjárlögunum, að gera nú Alþingi skýra grein fyrir samráðsgrundvellinum og hvað ríkisstjórnin er tilbúin að gera í þeim efnum og hvað það muni kosta ríkissjóð.

Þá er nauðsynlegt að hæstv. ráðherra geri hér nokkra grein fyrir þeim deilum sem staðið hafa í ríkisstjórninni að undanförnu um meginstefnuna í fjármálum. Það er kunnara en frá þurfi að segja að hæstv. fjmrh. setti fyrirvara við efnahagsáætlun Norðurlanda að því er varðaði fjármálakafla hennar. Hæstv. viðskrh., sem er jafnframt samstarfsráðherra Norðurlanda, hefur sætt sig við þennan fyrirvara, en lýst því jafnframt yfir að hann væri óskynsamlegur og það sé í raun og veru ekki stjórnarstefnan að fylgja fyrirvaranum. Eigi að síður stendur fyrirvarinn og hefur ekki verið afturkallaður.

Á nýlegum fundi Fríverslunarbandalagsins mun hæstv. forsrh. hafa sett mjög skýra fyrirvara á blaðamannafundi a.m.k. um það að íslenska ríkisstjórnin stæði ekki að hugmyndum um frjálsan fjármagnsmarkað og þingflokkur Alþb. hefur gefið út sérstaka yfirlýsingu um að þessi blaðamannafundarfyrirvari sé jafnframt stefna þess flokks sem ráðið hefur ferðinni í efnahags- og fjármálum og hugmyndir hæstv. viðskrh. í þessu efni séu að engu hafandi.

Nú er það svo að umræður af þessu tagi gera kannski ekki mikið til heima hjá okkur. Við þekkjum þá sem hér eiga hlut að máli. Við erum kannski orðin vön því að taka mátulegt mark á yfirlýsingum af þessu tagi. En í ljósi þess að Íslendingar eru að taka þátt í viðræðum um þá þróun sem nú á sér stað í Evrópu er útilokað að ríkisstjórn Íslands tali tveimur tungum með þessum hætti ef við eigum ekki að glata allri virðingu í samskiptum við aðrar þjóðir. Og hvernig á hæstv. utanrrh. að vera í forustu fyrir Fríverslunarsamtökum Evrópu í viðræðum við Efnahagsbandalagið þegar þeir tveir flokkar sem ætla að ráða ferðinni í þessu efni hafa svera og gilda fyrirvara um meginatriði í þeim viðræðum sem fram eiga að fara og telja að ríkisstjórn Íslands geti ekki og eigi ekki að taka þátt í þeirri þróun? Hér er verið að standa að verki með þeim hætti sem augljóslega getur skaðað álit og virðingu Íslendinga í samskiptum við aðrar þjóðir. Væri æskilegt að hæstv. ráðherra gerði nokkuð frekari grein fyrir þeim einkennilegu deilum sem fram hafa farið á milli ráðherra um þetta efni.

En að lokum, herra forseti, ítreka ég óskir mínar til hæstv. ráðherra og hæstv. félmrh. um að þeir geri grein fyrir þeim atriðum sem óskað hefur verið eftir.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Herra forseti. Þessi umræða um frv. til lánsfjárlaga hefur nú staðið hér í allnokkurn tíma og verið gripið á ýmsu er snertir stjórn efnahagsmála í landinu, enda er það svo að frv. til lánsfjárlaga er annað af tveimur meginfrumvörpum, sem hæstv. ríkisstjórn á hverjum tíma leggur fram, sem markar efnahagsstefnu viðkomandi ríkisstjórnar. Þar er auðvitað um að ræða fjárlögin og svo lánsfjárlögin. Það er ekki síður ástæða til að ræða dálítið almennt um efnahagsmálin nú þegar lánsfjárlögin hafa verið skilin jafnrækilega frá fjárlögunum og raun ber vitni. Sú verklagsregla var orðin nokkuð rík á hv. Alþingi að lánsfjárlög væru afgreidd fyrir áramót, en nú er út af því brugðið hjá hæstv. ríkisstjórn og lánsfjárlögin afgreidd fyrst tæpum þremur mánuðum eftir að fjárlög voru afgreidd og því ástæða til að ræða efnahagsmálin.

Ég hafði hins vegar ekki hugsað mér að standa hér mjög lengi í ræðustól að þessu sinni. Ég geri fyllilega ráð fyrir því að hæstv. fjmrh. verði við þeim áskorunum sem að honum hafa beinst hér í þessari umræðu um að svara allmörgum spurningum sem til hans hefur verið beint. Það er að sjálfsögðu útilokað að þessari umræðu ljúki án þess að hæstv. fjmrh. komi í stólinn og geri ítarlega grein fyrir þeim atriðum sem hann hefur verið spurður um, atriðum sem snerta verulegar gloppur í þessu frv. til lánsfjárlaga sem hér liggur frami og sýnt hefur verið rækilega fram á hér í umræðunni og reyndar í nál. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. og ýmsir ræðumenn hafa ítrekað hér í dag.

Það verður að vísu að segjast eins og er að þetta frv. til lánsfjárlaga verðskuldar ekki ítarlegar eða langar umræður, líti maður á frv. eitt út af fyrir sig, ef maður hefði það ekki í huga að hér væri um að ræða annað meginfrumvarp um efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Frv. er greinilega óraunsætt, það er gloppótt, og það liggur alveg ljóst fyrir af þeim gögnum sem þegar eru fyrir hendi að þetta frv. mun á engan hátt standast ef það verður að lögum óbreytt eins og það lítur út nú eftir meðferð fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar. Engu að síður vil ég nota þetta tækifæri og drepa hér á nokkur atriði.

Það er nú bráðum hálft ár liðið frá því að þessi hæstv. ríkisstjórn var mynduð og þegar hún var mynduð var sú yfirlýsing gefin að það væri hennar fyrsta verkefni og aðalverkefni að vinda bráðan bug að því að grípa til róttækra aðgerða í efnahagsmálum. Það mátti engan tíma missa. Það var talað um daga frekar en vikur sem aðgerðirnar yrðu að vera tilbúnar á. Sex mánuðir eru sem sagt liðnir og lítið hefur gerst. Engin frv. um efnahagsstefnu þessarar ríkisstjórnar, um heildstæða efnahagsstefnu, liggja hér fyrir eða hafa verið afgreidd og allt stefnir í mikið óefni, bæði í atvinnu- og efnahagslífi. Það er eiginlega sama hvar gripið er niður í þær yfirlýsingar sem ríkisstjórnin gaf upphaflega, að allt hefur brugðist sem þessi hæstv. ríkisstjórn setti sér í upphafi. Tökum t.d. vaxtamálin sem hafa verið eitt aðalumræðuefni þessarar hæstv. ríkisstjórnar alveg frá upphafi í margvíslegu formi. Það eru fáir málaflokkar sem ríkisstjórnin hefur verið eins yfirlýsingaglöð í eins og einmitt vaxtamálin.

Ég var að skoða hér fréttabréf um verðbréfaviðskipti sem gefið er út af Samvinnubankanum og þar er fjallað um stefnu ríkisstjórnarinnar í þessum málum. Ég vil nú segja „bragð er að þá barnið finnur" þegar Samvinnubankinn sem er jú annar angi af Framsfl. eins og Samband ísl. samvinnufélaga lætur frá sér fara grein sem birtist í þessu fréttabréfi. Ég

ætla, með leyfi hæstv. forseta, að vitna í þetta fréttabréf. Fyrirsögnin er „Raunvextir lækka ekki með einfaldri samþykkt ríkisstjórnarinnar." Þar segir: „Í samþykkt ríkisstjórnarinnar 6. febrúar sl. um peninga- og vaxtamál segir: „Með samræmdu átaki verði unnið að því að lækka raunvexti þannig að vextir af verðtryggðum ríkisskuldabréfum verði ekki hærri en 5% og raunvextir af öðrum fjárskuldbindingum lagi sig að því. Vaxtamunur hjá bönkum og sparisjóðum og öðrum lánastofnunum minnki frá því sem nú er. Starfsskilyrði fjármálastofnana verði samræmd með breytingum á reglum um bindi- og lausafjárskyldu og hvað varðar heimildir til tímabundinnar íhlutunar um ávöxtunarkjör. Skipulag bankakerfisins verði bætt og samkeppni aukin á lánamarkaðinum."

Þetta er sótt í fylgiskjal með frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands. Í fylgiskjali þessu er bent á mörg mikilvæg atriði sem gætu stuðlað að umbótum í peninga- og vaxtamálum, lægri raunvöxtum og betra jafnvægi á lánamarkaði svo sem:

1. Ríkisstjórnin hefur veitt Seðlabanka heimild fyrir fram til að hækka bindiskylduhlutfall innlánsstofnana.

2. Ríkissjóður mun neyta stöðu sinnar sem stærsti lántakandi á innlendum markaði til þess að ná fram hóflegum raunvöxtum.

3. Lagt er að Seðlabankanum að beita sér fyrir endurskoðun á ávöxtunarkjörum viðskiptaskuldabréfa, viðskiptavíxla og skiptikjarareikninga.

4. Beðið er eftir tillögum sérstakrar nefndar um lækkun vaxtamunar.

5. Seðlabankanum verða gefnar nokkuð víðtækari heimildir til að blanda sér í vaxtaákvarðanir lánastofnana en nú er.

6. Skilgreining á lausu fé innlánsstofnana verði með markvissari hætti en áður.

7. Bindi- og lausafjárskylda nái til ráðstöfunarfjár innlánsstofnana en ekki eingöngu innlána eins og nú er, þ.e. veðdeildir verði teknar með.

Í þessari upptalningu fer ekki mikið fyrir handaflinu umtalaða sem betur fer. Þetta bendir til þess að viðskrh. hafi takmarkaða trú á þeirri leið. Það vekur ekki síður athygli hvað er látið ósagt í greinargerðinni með frumvarpinu.

Í fyrsta lagi: Ekki er minnst á jafnvægi í þjóðarbúskapnum í heild, þ.e. framboð og eftirspurn á öðrum mörkuðum en peningamarkaðinum. Það skiptir sköpum hvað er að gerast á vinnumarkaðinum og vörumörkuðum því markmið um atvinnustig eða viðskiptahalla verður að skoða í samhengi við markmið í peningamálum.

Í öðru lagi: Hvergi er minnst á verðbólguna berum orðum. Þess er getið að veita verði sérstakt aðhald þegar verðstöðvun sleppir.

Í þriðja lagi: Gengisstefnan hlýtur að skipta sköpum varðandi verðbreytingar en ekki er minnst á samspil gengisþróunar og peningamagnsbreytinga, hvað þá að þetta séu samningsatriði við ákvörðun fiskverðs.

Í fjórða lagi: Treyst er á ýtrasta aðhald í ríkisrekstrinum þannig að ekki þurfi að hafa áhyggjur af ríkishalla. Hvort tveggja er að hann virðist alltaf vera vanmetinn og falin skekkja í fjárlögum auk þess sem kjarasamningar eru á næsta leiti sem ráða úrslitum um framvindu efnahagsmála á næstunni.

Maður fær það á tilfinninguna að verið sé að villa um fyrir lesandanum á ýmsan hátt. Látið er í veðri vaka að Seðlabankinn geti lækkað raunvexti með sölu á spariskírteinum ríkissjóðs gegn 5% raunvöxtum óháð verðbólgu og væntingum fólks. Ríkissjóður getur auðvitað náð þessu markmiði fyrir sitt leyti með því að gefa út skírteini sem seljast ekki. Raunvextir lækka hins vegar ekki fremur en verðbólga með einfaldri ríkisstjórnarsamþykkt. Það er verið að ruglast á orsök og afleiðingu og finna sökudólga í lánastofnunum og Seðlabanka fyrir háum raunvöxtum. Til þess að raunvextir lækki þarf að snúa dæminu við, það verður að byrja á því að ákveða fjárlög og áætla erlendar lántökur og peningaframboð í landinu í heild með tilliti til þess að heildareftirspurn í þjóðfélaginu sé í samræmi við heildarframboð þannig að ákveðnu markmiði í verðlagsmálum sé náð. Þetta gerist með því að breyta peningaframboði af hálfu Seðlabankans með reglum um bindiskyldu og lausafjárhlutfall og með sölu spariskírteina við þeim vöxtum sem með þarf til þess að ná tilteknum sölumarkmiðum.

Á venjulegum markaði getur fyrirtæki annaðhvort ákveðið verð vöru sinnar eða það magn sem það vill selja á tilteknu verði. Ef bæði verð og magn er ákveðið er nánast um tilboð að ræða fremur en markaðsstarfsemi en það er einmitt þess vegna sem svo mörgum stjórnmálamönnum er illa við markaðinn, það er erfitt fyrir þá að ráða yfir honum eða ákveða með lögum að hann skuli láta að vilja þeirra.

Hérna lýkur tilvitnun í þetta fréttabréf um verðbréfaviðskipti sem gefið er út af Samvinnubankanum, sem sagt þessu útibúi Framsfl., og það er ekki há einkunn sem hvorki núv. hæstv. fjmrh. og því síður núv. hæstv. forsrh. fá hjá þessu fyrirtæki samvinnumanna um efnahagsstjórn í landinu enda rekur sig hvað á annars horn í þessu stefnuleysi sem er rétt að nefna svo heldur en í stefnu ríkisstjórnarinnar.

En það er á einu sviði sem hæstv. ríkisstjórn hefur tekið mjög rösklega til hendinni í stjórn efnahagsmála og það er í skattaálögum. Það höfum við auðvitað rætt hér á hv. Alþingi fyrr í vetur eða þegar hin dæmalausu skattafrumvörp ríkisstjórnarinnar voru til meðferðar og auðvitað var bent á það af hálfu okkar sjálfstæðismanna t.d. að á sama tíma og atvinnuvegirnir stynja undan miklum erfiðleikum, rekstrarhalla, þá eru álögur, skattaálögur, stórauknar. Og á sama tíma og kaupmáttur almennings, kaupmáttur launa og heimilanna hefur lækkað, þá var efnt hér til af hálfu ríkisstjórnarinnar stóraukinna skattaálaga á heimilin í landinu.

Við höfðum í þessari umræðu auðvitað ekki raunhæf dæmi fyrir okkur þá, skattframtöl lágu ekki fyrir, því var erfitt að hafa upp aðrar tölur en þær sem byggðust á spám sem byggðust þá aftur á ákveðnum forsendum sem menn þurftu þá að gefa sér.

Nú liggur hins vegar fyrir fyrsta athugun sem gerð er

af þessu tagi, hvaða áhrif þessar skattahækkanir hafa á atvinnulífið og það er fróðlegt fyrir hv. Alþingi að kynnast þeim niðurstöðum sem hér liggja fyrir, en þær eru birtar í fréttabréfi sem ég fékk inn um bréfalúguna hjá mér í dag, þ.e. fréttabréfi sem Vinnuveitendasamband Íslands gefur út og heitir „Af vettvangi". Þar eru birtar niðurstöður af athugun þar sem könnuð var skattlagning fyrirtækja. Tekin voru 50 fyrirtæki í landinu og upplýsingarnar unnar úr skattframtölum 1988 um rekstur ársins 1987. Markast niðurstöður mjög af rekstrarskilyrðum þess árs og mismunandi afkomu atvinnugreina og einstakra fyrirtækja, eins og segir í fréttabréfinu. Í þessu úrtaki voru 10 fyrirtæki í sjávarútvegi, 8 fyrirtæki í samkeppnisiðnaði, 6 í byggingarstarfsemi, 11 í verslun og 15 fyrirtæki í ýmsum rekstri. Þessi fyrirtæki voru mismunandi stór. Það voru 9 fyrirtæki mjög stór eða með veltu yfir 600 millj., 23 fyrirtæki með veltu á bilinu 100–600 millj. og 18 fyrirtæki með veltu undir 100 millj. Samtals var velta fyrirtækjanna í þessu úrtaki um 30 milljarðar árið 1987. Síðan er skýrt hvernig þessi athugun er framkvæmd, birtar ýmsar töflur sem skýra niðurstöður þessarar athugunar en að lokum eru niðurstöðurnar dregnar saman og ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að vitna í þessar niðurstöður:

„Verulegar skattahækkanir á fyrirtækjunum voru samþykktar á Alþingi í desember sl. Þær fólust einkum í hækkun tekjuskattshlutfalls, minnkun afskrifta, helmingun á mögulegu framlagi í fjárfestingarsjóð og hækkun eignarskatta. Skattkerfisbreytingin kemur mjög mismunandi niður á atvinnugreinum. Er beinlínis stefnt að slíkri mismunun með sérstökum skatti á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Á sama tíma og skattstofninn er stækkaður er skatthlutfall hækkað og er það í hrópandi ósamræmi við stefnu stjórnvalda í helstu samkeppnisríkjum okkar. Helstu niðurstöður samanburðar á skattgreiðslum samkvæmt núgildandi og síðastgildandi skattalögum miðað við rekstrarafkomu úrtaks 50 fyrirtækja á árinu 1987 leiðir í ljós að tekjuskattsgreiðslur hefðu að jafnaði orðið 62% hærri samkvæmt nýju lögunum, eignarskattsgreiðslur 46,5% hærri og skattgreiðslur samtals 56,5%. Stór fyrirtæki bera meginhluta skattbyrðarinnar og er skattahækkunin mest á þeim. Við samanburð á atvinnugreinum er skattahækkun mest á sjávarútvegi [og taki menn nú eftir, sjávarútvegi, þ.e. þeirri atvinnugrein sem hvað verst hefur borið sig og sem nýtur nú sérstakra styrkja úr ríkissjóði eins og hér hefur áður komið fram í þessum umræðum].

Virkur skattur, þ.e. tekjuskattsgreiðslur sem hlutfall af tekjuskattsstofni, hækkar úr 33,6% að jafnaði í 48,3% eða um næstum því helming. Skattbreytingin jafngildir því að tekjuskattshlutfall hefði hækkað úr 48% í 69% að öðru óbreyttu. Meiri hluti ávöxtunar fyrirtækja er tekinn í skatta. Samkvæmt 50 fyrirtækja úrtakinu tekur ríkið á bilinu 53% til 62% af ávöxtun fyrirtækjanna. Það er umhugsunarvert hve slæm afkoma íslenskra fyrirtækja var á árinu 1987 sé það haft í huga að hagvöxtur var mikill, nálega 9%, en afkoma að líkindum lakari en árið áður. Það virðist því sem mikill vöxtur sé ekki það sem íslenskt atvinnulíf þurfi fyrst og fremst á að halda en miklum vexti fylgja jafnan mikil verðbólga og sveiflur í raungengi og eftirspurn. Það sem fyrirtækin þurfa á að halda er sem stöðugast umhverfi sem leyfir þeim að vaxa og byggja sig upp. Óvissa í efnahags- og skattamálum hefur verið fyrirtækjunum erfið og gert allar áætlanir marklitlar. Heildarskattlagning þar sem 55–60% af ávöxtun fyrirtækjanna eru tekin frá þeim ýtir undir að arður sé greiddur út í stað þess að nota arðinn til uppbyggingar en lán tekin í staðinn. Ekki leikur nokkur vafi á að skattalögin séu veigamikill þáttur í skýringu á lakri eiginfjárstöðu og smæð íslenskra fyrirtækja."

Þetta var tilvitnun í þetta sérstaka fréttabréf þar sem birtar eru fyrstu athuganir sem framkvæmdar hafa verið, að því er mér er best kunnugt um, á áhrifum þeirra hinna nýju skattalaga á íslensk fyrirtæki og íslenskt atvinnulíf. Það er alveg augljóst að þessi skattastefna, þessi þáttur í efnahagsstefnu hæstv. ríkisstjórnar, dregur úr mætti fyrirtækjanna til að efla sig, dregur úr mætti þeirra til þess að framleiða meiri verðmæti og skapa meiri atvinnu í landinu og því er það nú svo að atvinnuleysi er hér meira en þekkst hefur um árabil. Og þetta gerir auðvitað það að verkum að fyrirtækin í landinu eiga í miklum erfiðleikum með að koma til móts við þær kaupkröfur sem nú eru uppi í þjóðfélaginu en þær kaupkröfur eiga auðvitað að verulegu leyti rætur að rekja til óstjórnarinnar í efnahagsmálum og til þeirrar miklu skattabyrðar sem lögð var á almenning með ákvörðunum ríkisstjórnarinnar og hæstv. Alþingis nú fyrr í vetur.

Þetta hefur kallað á mikla óvissu á vinnumarkaði og það sem er kannski óvanalegt við þær vinnudeilur sem nú eru uppi er hvað þær beinast nú í ríkum mæli að ríkisstjórninni. Þá á ég ekki við það að opinberir starfsmenn hugsa sér mjög til hreyfings og hver hópurinn á fætur öðrum boðar nú til verkfalls þann 6. apríl nk., stórir hópar eins og kennarar í Hinu íslenska kennarafélagi t.d., heldur hitt að það virðist vera nokkuð samdóma álit bæði Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands að aðgerðir ríkisstjórnar í efnahagsmálum það sem af er þessum vetri kalli raunverulega á að ríkisstjórnin taki verulegan þátt í þessum kjarasamningum með einum eða öðrum hætti, t.d. með því að gefa til baka eitthvað af þeim skattahækkunum sem dundu yfir í vetur, bæði hjá einstaklingum og hjá fyrirtækjum. Það er því allt í óvissu í efnahagsmálum þjóðarinnar á þessu augnabliki. Það er mikil ringulreið innan ríkisstjórnarinnar varðandi þessi mál og raunar veit vinstri höndin ekki hvað sú hægri gerir í þeim efnum.

Ég tók það fram, herra forseti, að ég mundi ekki flytja langa ræðu að þessu sinni, ég vil gjarnan hleypa hæstv. fjmrh. að þannig að hann geti svarað þeim spurningum sem til hans hefur verið beint en ég ítreka að frv. sem er til umræðu er dæmi um ótrúlegan slappleika þessarar ríkisstjórnar. Það hefur verið

bent á það hér að lántökuheimildir samkvæmt frv. hafa hækkað um rúmlega 100% frá því að það var lagt fram og erlendar lántökur samkvæmt frv. hafa hækkað um 50% í meðförum Alþingis frá því það var lagt fram. Það sýnir auðvitað hvað hér hefur verið illa að verki staðið og að þessi hæstv. ríkisstjórn virðist gjörsamlega hafa misst öll tök á öllum þeim málum sem snerta efnahagsmál og hún getur haft vald yfir.

Matthías Á. Mathiesen:

Herra forseti. Það var þegar forsetinn sagði hér úr forsetastól: „Fleiri hafa ekki ... „ og ég þóttist átta mig á því hvað á eftir skyldi koma að ég kvaddi mér hljóðs.

Hér í dag hefur farið fram 2. umr. um lánsfjárlög sem lögum samkvæmt átti að vísu að fara fram í desember. Lánsfjárlög voru fyrst samþykkt á Alþingi, ef ég man rétt, haustið 1975 og voru þá afgreidd með fjárlagafrv. og talið eðlilegt að slíkt væri gert. Ég minnist þess að þeim sem tóku við af ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar, þar sem þessi vinnubrögð voru viðhöfð, fannst þetta ekki alveg nógu öruggt og töldu því eðlilegt að þetta yrði lögfest. Síðan held ég að það hafi ekki oft gerst að lánsfjárlögin hafi verið samþykkt samferða fjárlögunum. Þó gerðist það í tíð fyrri ríkisstjórna. En við erum nú komin fram í marsmánuð og erum að ræða þennan hluta af fjárlögum ríkisins.

Hér hefur fulltrúi 1. minni hl., gert grein fyrir nál. sínu og fulltrúa Borgfl., en þeir mynda 1. minni hl. fjh.- og viðskn. Í því nál. er vikið að lánsfjárlögunum, hver staða þeirra var í upphafi og hver staða þessara mála er í dag. Frsm. 1. minni hl., hv. 1. þm. Vestf., hafði ýmsar athugasemdir og fyrirspurnir til hæstv. fjmrh. og til annarra ráðherra sem þetta mál kom við en hér hafa engin svör komið.

Hv. 1. þm. Suðurl. Þorsteinn Pálsson, formaður Sjálfstfl., hefur í allítarlegri ræðu reifað stöðu efnahagsmála, vikið að einstökum þáttum sem mikla þýðingu hafa í dag þegar verið er að gera grein fyrir þessum hlutum, þ.e. að menn vita nánast ósköp lítið, hafa kannski ekki áhyggjur af nema morgundeginum. Hér hefur hv. 1. þm. Suðurl. varpað fram fjölmörgum spurningum til hæstv. fjmrh., spurningum sem alþingismaður á rétt á að fá svarað, spurningum sem Alþingi á rétt á að hæstv. fjmrh. svari.

Hér hefur verið vikið að efnahagsmálunum samhliða því að lánsfjárlög eru til 2. umr. Hæstv. forsrh. hefur ekki talið ástæðu til að vera hér viðstaddur. Það er kannski vegna þess að hann á það á hættu að hann verði allt í einu kominn hér upp í ræðustól, því hann er nú fljótari til að tala en ýmsir aðrir, og sé þá kominn í mótsögn við það sem hans samráðherrar hafa verið að halda fram á öðrum vettvangi. Kannski er hann að forðast það — sem nú er að gerast og við erum vitni að — að sú ringulreið sem er á stjórnarheimilinu, það ástand sem þar er komi fram hér á hv. Alþingi. Það kannski kýs hann ekki. Vill í dag eða á morgun geta siglt í páskafrí og komið til þings þegar því er lokið og tekið upp umræður miðað við stöðu mála eins og þær verða þá.

Hér kom hv. 2. þm. Reykv., Birgir Ísl. Gunnarsson. Hann varpaði fram fyrirspurnum til hæstv. fjmrh. og vék að atriðum sem hafa þýðingu, mikla þýðingu við afgreiðslu þeirra.

Þá var vikið að því í ræðu hv. 1. þm. Suðurl. hvernig mjög stangast á það sem ráðherrar hafa sagt um einstaka þætti í sambandi við lánsfjárlög, í sambandi við lánamál og fyrirgreiðslu þá sem núv. ríkisstjórn stundar. Hv. þm. vék sérstaklega að því láni sem fjmrh. segir að Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins hafi fengið en hæstv. sjútvrh. þeim fjármunum sem ríkissjóður hafi rétt Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins og verði það aldrei greiddir aftur. Það er ekki hægt að fá svar hér af hálfu ráðherra. Á það hefur verið bent að jafnvel í bókhaldskerfi Stjórnarráðsins og þeirra stofnana sé ekki hægt að koma þessum 800 millj. fyrir vegna þess að ráðherrar hafi ekki komið sér saman. Menn vita hins vegar að nú á næstu vikum verður búið að eyða þeim. Og að menn komi hér til að segja hvað við tekur í þeim efnum, það er af og frá.

Ég hafði þá vitneskju að það væri ætlan forseta að koma þessu máli áfram, ljúka 2. umr. og jafnvel þeirri þriðju. En ef þeir ráðherrar sem flytja mál telja að það sé líklegast til þess að þau gangi fram með nokkuð eðlilegum hætti að þeir séu hér — ja, einn í mesta lagi og hann þá í símavörslu fyrir Alþingi í hliðarherbergjum — þá vil ég segja að þá hef ég alltaf skilið hlutverk ráðherra með allt, allt öðrum hætti en hér sýnist vera gert.

Það er að sjálfsögðu enginn vandi að setja á langar ræður. Efniviðurinn er svo margbreytilegur, ástandið svo erfitt að það tekur að sjálfsögðu langan tíma ef menn vildu ræða það undir þessum kringumstæðum. En ég kom hér upp til þess að undirstrika þær fyrirspurnir, sem hv. þm. Þorsteinn Pálsson og hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson komu með og þær fyrirspurnir sem fram komu í ræðu frsm. 1. minni hl. til hæstv. fjmrh., hæstv. sjútvrh., hæstv. félmrh. og hæstv. forsrh. Hæstv. viðskrh. var að sjálfsögðu með í þessum hópi, en ég veit að hann er í hv. Ed. þar sem verið er að ræða frumvörp og reiknar sjálfsagt með því að aðrir ráðherrar séu hér til þess að svara þeim fyrirspurnum sem til þeirra hefur verið beint.

Það er auðvitað auðvelt, eins og ég sagði, að setja á lengri ræður og koma með allar þessar fyrirspurnir aftur og það liggur alveg í augum uppi að það verða menn að gera. En ég vildi gjarnan spyrja forseta hvort hann vildi ekki ganga úr skugga um það við hæstv. fjmrh. að hann muni reyna — það ætlast enginn til þess að hann geti svarað þessu öllu, ég er þess meðvitandi — en hvort forseti vildi ekki ganga úr skugga um það hvort hæstv. fjmrh. hyggist ekki koma hér í ræðustólinn til þess að svara því sem til hans hefur verið beint hér við 2. umr. lánsfjárlaga. Ég mundi kannski skilja það ef hæstv. fjmrh. gæti staðið hér upp og sagt að það væri bara verið að teygja og toga, við værum komnir á seinustu umræðu þessa frv. og vildum ekki koma málinu áfram, 3. umr. væri kannski komin að lokum, að ég skildi hann þá. En ég get ekki fengið þetta skilið og vil gjarnan spyrja virðulegan forseta hvort hann vilji ekki ganga úr skugga um þetta. (**Forseti:** Eins og hv.

ræðumaður sér, sem er í beinu sjónmáli við hæstv. fjmrh., þá nemur hæstv. fjmrh. þessa orðræðu ræðumannsins. Mælendaskráin er vitaskuld opin og eins og nú standa sakir er enginn á mælendaskrá á eftir hv. ræðumanni. Þess vegna er málið augljóst að fjmrh. er fullkomlega heimilt að taka til máls þegar honum hentar.)

Ég verð, virðulegi forseti, að segja að ef forseta er með einhverjum hætti annt um að hér sé unnið með þeim virðuleik sem þessi stofnun krefst og ef hann hyggst reyna að koma svo fyrir málum að þau gangi fram að þá beiti hann áhrifum sínum til þess við hæstv. fjmrh. að hann kveðji sér hljóðs og svari þeim fyrirspurnum sem til hans hefur verið beint og Alþingi á rétt á að fá svarað. Ég get auðveldlega staðið hér í stólnum á meðan. Ég veit að hæstv. fjmrh. er léttur á sér og gæti komið hér og gert forseta viðvart hvernig hann hyggst standa að þessum málum. (**Forseti:** Að ósk hv. ræðumanns verður þessa leitað við hæstv. fjmrh. — Forseti hefur komið þessum tilmælum til hæstv. fjmrh. og fengið þau svör að þegar dregur að lokum þessarar umræðu þá hyggist fjmrh. að venju kveðja sér hljóðs.) Úr því að forseti hefur gengið úr skugga um þetta og þar kom skýrt fram að þar sem dregur að lokum þessarar umræðu og hér er enginn á mælendaskrá þá mun ég ekki standa í vegi fyrir því að hæstv. fjmrh. geti fengið plássið hér í ræðustólnum.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Það er nú verið að ræða hér frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1989 þegar næstum því þrír mánuðir eru liðnir af árinu. Ég hefði nú talið að hér væri um mál að ræða sem þingmenn almennt hefðu áhuga á, þyrftu að fylgjast með umræðum og jafnvel taka þátt í umræðum. Hér inni í salnum er einn framsóknarþingmaður og hér er einn alþýðuflokksmaður, að vísu varaþingmaður sem á hér sæti inni, hinir láta ekki sjá sig inni í þingsalnum. Hæstv. fjmrh., formaður Alþb., kemst núna hérna í dyrnar. Þegar svo er komið að það hafa margar fyrirspurnir verið lagðar fram sem menn vilja fá skýr svör við en ekki verið að halda uppi hér neinu málþófi, þá hefur það tíðkast hingað til að ríkisstjórn svarar eða ráðherra svarar fyrirspurnum. Og það hefur ekki þurft að fara bónarveg að þeim og biðja um að forseti deildar fái þá til viðtals til þess að taka til máls. Og mér þykir það alveg sérstaklega undarlegt, þar sem hæstv. fjmrh. hefur verið afskaplega ólatur maður við að koma í ræðustól, að það þurfi nú á þessum síðustu og verstu tímum að fara bónarveg að honum að svara hér nokkrum spurningum.

Ég hefði talið að sjútvrh., sem hér hefur verið mikið vitnað til, eins og í sambandi við lántökuna til frysti- og hörpudisksdeildar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, mundi verða hér við umræðuna og svara fyrirspurnum. Hann hefur látið hafa það eftir sér að þetta lán verði aldrei borgað af Verðjöfnunarsjóði eða þessari deild af þeirri einföldu ástæðu að þessi deild á ekkert til og getur ekkert borgað. Þetta er beint ríkislán. Að það væri skýrt hér fyrir Alþingi, ég tel að það sé skylda ráðherra og ríkisstjórnar að koma með eina niðurstöðu í þessu máli en lýsa því ekki yfir sitt á hvað eftir því hvort menn eru sjútvrh. eða fjmrh.

Það hefur verið vitnað hér mjög oft í forsrh. og hans yfirlýsingar, sérstaklega í sambandi við bankakerfið. Hann sést ekki hér í allan dag.

Hér hefur verið vitnað í viðskrh. Hann hefur gildar ástæður fyrir því að vera ekki hér í deildinni vegna þess að hann er að tala fyrir málum í Ed. og við því er ekkert að segja.

Ég tel að samgrh. þyrfti að vera hér líka. Hér hefur verið rætt allmjög um vegamálin, framlagningu vegáætlunar sem er að vísu skylt mál þessu frv. sem hér er til umræðu og afgreiðslu. Menn er farið að lengja eftir því að sjá framlagningu þáltill. að vegáætlun og skýringar í sambandi við það.

Ég minnist þess ekki allan þann tíma sem ég hef átt sæti á hv. Alþingi að stjórnarliðið væri alveg orðið mállaust. Mér er alveg ljóst að það eru fáir þingmenn stjórnarinnar sem treysta sér lengur til að verja hana og ég er ekkert að ætlja þá fyrir það því að það má þurfa heldur betur sterk bein og óskammfeilni ef það eru til nokkrir þingmenn sem vilja lengur verja þessa ríkisstjórn. En það er komið að því að a.m.k. þessi ríkisstjórn sjálf svari fyrir sig og svari þinginu og sýni þinginu þá kurteisi að svara þeim fyrirspurnum sem til hennar er beint.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Af því að mér skilst að hæstv. fjmrh. ætli að vera svo hógvær að svara einhverju langar mig til að spyrja hann aftur sömu spurningar og ég spurði hann síðast þegar þetta mál var til umræðu. Hún var á þá leið hvaða athuganir hefðu farið fram varðandi það hvaða áhrif sú lánsfjáráætlun sem hér er til umræðu hefði á íslenskan lánamarkað. Hefur einhver athugun farið fram varðandi það? Hvernig má vera að Alþingi Íslendinga láti sér detta til hugar að samþykkja lánsfjáráætlun eins og núna árar í þjóðfélaginu án þess að skoða hvaða áhrif það hefur á íslenska fjármagnsmarkaðinn? Hver eru áhrif lánsfjáráætlunar á íslenska lánsfjármarkaðinn? Vill hæstv. fjmrh. vera svo hógvær núna af því að hann ansaði þessu ekki síðast að svara þessu? Þetta er ekki mjög flókin spurning. Hann getur svarað henni með annaðhvort já eða nei svo að ekki þarf að fara langur tími í það. Hefur athugun farið fram á því hvaða áhrif þessi lánsfjáráætlun hafi á íslenskan lánamarkað? Og hefur einhver athugun farið fram á því hvað gegndarlaust innstreymi á erlendu lánsfé hefur á fyrirtæki í útflutnings- og samkeppnisiðnaði eins og núna árar þar á bæ?

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, en ég hefði gjarnan viljað fá þessari spurningu svarað.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt að það hafa farið hér fram í dag nokkuð ítarlegar umræður um

lánsfjárlög. Þær umræður hafa aðallega einkennst af ýmsum almennum pólitískum athugasemdum fulltrúa stjórnarandstöðunnar sem eru að mörgu leyti sjálfsagðar og eðlilegar við þetta tækifæri. Síðan hafa verið bornar fram ýmsar spurningar, m.a. frá hv. síðasta ræðumanni, sem ég hafði vikið að fyrr í vetur og er í sjálfu sér ekkert nýtt um það að segja. Þeim hefur verið svarað áður. Síðan hafa verið nokkrar nýjar fyrirspurnir. Sumar þeirra eru þess eðlis að það liggur ekki beint við að veita svör við þeim. Aðrar eru þannig að það er hægt að veita við þeim ákveðin svör. (**KrP:** Hafa þessar athuganir þá farið fram?)

Það var spurt að því hvað tæki við í maí eða júní þegar hinar sérstöku aðgerðir sem ákveðnar voru í þágu sjávarútvegsins á síðasta ári og fyrir nokkrum mánuðum renna út. Ég veit að þeim hv. þm. sem að þessu spyrja er kunnugt að það fer töluvert eftir því hvert ástand er á mörkuðum fyrir íslenskar afurðir og hver rekstrarstaða sjávarútvegsfyrirtækjanna er á þeim tíma. Það eru ýmsir kunnáttumenn í sjávarútvegi hérlendis og erlendis sem telja að á næstu mánuðum muni verða allverulegar verðhækkanir á íslenskum afurðum. Við skulum vona að þær spár séu réttar og það mun koma í ljós í sumar hvort það reynist rétt eða ekki. Það er út af fyrir sig ekkert nýtt þegar við búum við jafnsveiflukenndan grundvallaratvinnuveg og sjávarútvegurinn er að menn taki mið af þeirri þróun og það er ljóst að fiskverð hefur um nokkurn tíma verið mjög lágt.

Enn fremur er með vissum hætti ánægjulegt að fiskvinnslan kaus við síðustu fiskverðssamninga að semja um hærra fiskverð við kaupendur en rætt hafði verið um á vettvangi ríkisstjórnar og af hálfu oddamanns og það er vissulega ánægjulegt að fiskvinnslan skyldi við ákvörðun síðasta fiskverðs treysta sér til að semja um hærra fiskverð en oddamaður var reiðubúinn að semja við hana um og kaus frekar að gera samninginn við seljendur. Það gefur til kynna að í verki hafi forsvarsmenn fiskvinnslunnar talið að hún gæti borið þá hækkun.

Það var enn fremur spurt að því með hvaða hætti yrðu fjármagnaðar niðurgreiðslur á raforku og endurgreiðslur á söluskatti, um það bil 100 millj. hvor ákvörðun, sem ríkisstjórnin hefur ákveðið. Svarið við því er í raun og veru mjög einfalt. Það mun vera gert með svipuðum hætti og fjármögnun annarra slíkra ákvarðana sem teknar eru af hálfu ríkisstjórnar á líðandi ári þegar í ljós kemur hver afkoma ríkissjóðs verður fyrir árið í heild. Eins og ég vakti athygli á þegar við gengum frá fjárlögum var það mikilli óvissu undirorpið hver þróun ríkisfjármálanna yrði á árinu 1989, bæði vegna þess að á síðustu mánuðum ársins 1988 varð mikið fall í tekjum ríkissjóðs og það gat enginn, hvorki stjórnmálamaður né sérfræðingur, sagt fyrir um hvort það fall héldi áfram, hvort það yrði stöðugt á því stigi sem það hafði fallið eða hvort um tekjuauka yrði að ræða. Þær áætlanir sem gerðar voru um tekjur og gjöld ríkissjóðs fyrir fyrstu tvo mánuði þessa árs hafa staðist, en það er ekki þar með sagt að svo verði allt árið. Mat ríkisstjórnar og þings á því hvað gert verður af tilefni þessara ákvarðana, sem ég nefndi hér áðan, fer auðvitað eftir því hver þróun ríkisfjármálanna verður um miðbik og seinni hluta ársins.

Þá var einnig spurt að því hvaða ákvarðanir hefðu verið teknar varðandi nýbyggingu skips fyrir Herjólf og vitnað til þess að í ákvæðum lánsfjárlaga væri kveðið á um að um nýtt skip ætti að vera að ræða. Ég held að ég fari alveg rétt með það, hv. þm. Þorsteinn Pálsson, að það stendur ekki í lánsfjárlögum fyrir árið 1988 að um nýtt skip eigi að vera að ræða heldur átti að fara fram athugun á því hvort um nýtt eða eldra skip væri að ræða. Staða þessa máls er á þann veg að ég taldi ekki rétt að taka ákvörðun um heimild fyrr en lánsfjárlög sem nú eru hér til meðferðar væru afgreidd. Það yrði að bíða þessara lánsfjárlaga sem nú eru hér til umfjöllunar að taka slíka ákvörðun. Mér fannst eðlilegt og rétt að gera það.

Þegar ég hins vegar komst að því að það voru nokkuð mismunandi sjónarmið þeirra embættismanna sem fráfarandi ríkisstjórn, ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar, hafði falið að meta hvort um nýtt skip ætti að vera að ræða eða eldra og forsvarsmanna fyrirtækisins varðandi það hvert hefði verið eðli og niðurstaða þeirrar athugunar sem fram fór á möguleikum þess að fá eldra skip keypt, þá ákvað ég á sameiginlegum fundi með fulltrúum Vestmanneyinga og þessara embættismanna að nota tímann þar til Alþingi hefði afgreitt lánsfjárlög til að láta fara aftur yfir það dæmi svo að enginn ágreiningur yrði milli embættismannanna sem þetta verk unnu, í þeim hópi er m.a. vararíkisendurskoðandi, og forsvarsmanna fyrirtækisins í Vestmannaeyjum. Ég taldi mikilvægt að það færi ekkert á milli mála af hálfu beggja aðila hvers eðlis könnunin hefði verið og hvort hún væri fullnægjandi. Það er þess vegna misskilningur, sem m.a. kemur fram í grein eftir Árna Johnsen, varaþingmann Sjálfstfl., í Morgunblaðinu í dag, að það sé verið að vinna gegn þessu máli. Þvert á móti tel ég að það sé verið að nota þennan tíma til að eyða óvissu og hugsanlegum ágreiningi um málið vegna þess að eins og hv. alþm. vita þarf fjvn. að fjalla um málið áður en það kemur endanlega til afgreiðslu.

Ég vænti þess, virðulegur forseti, að ég hafi þar með svarað flestum af þeim spurningum sem hér var til mín beint og þau svör geti greitt fyrir framgangi málsins.

Ólafur G. Einarsson:

Herra forseti. Sú var tíðin að ekki þurfti að draga hæstv. núv. fjmrh. upp í þennan ræðustól og hæstv. forseti þessarar deildar þurfti ekki að senda starfsmenn þingsins til að bjóða hæstv. fjmrh. svona í allri auðmýkt orðið, hvort hann mundi ekki vilja stíga niður úr sínu hásæti og niður í þennan ræðustól til að svara þeim fyrirspurnum sem til hans hefði verið beint. En þetta gerðist nú og er út af fyrir sig nokkuð athyglisverður atburður.

Hæstv. fjmrh. kom sem sé hingað í ræðustólinn en þótt hann segði í lok ræðu sinnar að hann teldi sig

hafa svarað flestum þeim fyrirspurnum sem til hans hefði verið beint fer því auðvitað víðs fjarri. Því fer víðs fjarri að hæstv. ráðherra hafi svarað öllu því sem hann var spurður um. Það verður kannski að teljast fullreynt úr því að 2. umr. er að ljúka að hæstv. ráðherra muni svara meiru. Ég geri ekki ráð fyrir því, *jafnvel ekki þó starfsmenn þingsins væru sendir til* hans og hann spurður hvort hann vildi koma aftur til þess að svara fleiru. (**ÞP:** Það má nú reyna það.) Kannski má reyna. Ég veit ekki hvort hæstv. forseti sem nú er í forsetastól muni gera slíka tilraun. Það má vel vera.

Mér finnst ræða hæstv. fjmrh. sýna niðurlægingu hæstv. ríkisstjórnar og ráðherrans sjálfs. Þetta sýnir auk þess ákveðna fyrirlitningu á Alþingi. Það eru ákveðin orð sem leika hæstv. fjmrh. oft á vörum. Það eru orðin lýðræði og þingræði, að enginn ráðherra hafi *hvorki fyrr né síðar að mér skilst haft eins náin og* góð samskipti við þingið og nefndir þess. Mér sýnast þetta vera hálfgerð öfugmæli hjá hæstv. ráðherra þegar hann telur sig hér í ræðustól rétt á undan mér hafa svarað öllu því sem til hans hefur verið beint.

En eins og ég segi: Ég held að það hljóti að teljast fullreynt að ráðherrann muni ekki svara frekar. En ég vek athygli á því að það hefur verið beint fyrirspurnum til fleiri ráðherra en hæstv. fjmrh. Þeir láta ekkert sjá sig í hv. deild. M.a. var beint ákveðnum fyrirspurnum til hæstv. félmrh. af hv. 1. þm. Suðurl. í dag. Ég tók eftir því að hæstv. ráðherra skrifaði það hjá sér sem spurt var að, en hvarf síðan úr salnum.

Ég held að við verðum að reikna með því, því miður, að 3. umr. um þetta mál standi kannski nokkru lengur en við reiknuðum með fyrst hæstv. ríkisstjórn ætlar að reyna að koma sér svona undan málunum. Ég held að við hljótum að gera þá kröfu að við 3. umr. mæti þeir ráðherrar sem menn hafa beint sérstaklega orðum til. Við hljótum að gera þá kröfu. Við skulum reyna að ljúka 2. umr., en við 3. umr. verður að endurtaka þær spurningar sem hafa verið bornar fram og knýja fram svör. Annað er óvirðing við þingið og þingið á ekki að sætta sig við slík vinnubrögð hjá nokkurri ríkisstjórn.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Niðurlæging þessarar hæstv. ríkisstjórnar er með eindæmum. Ég hygg, eins og hér hefur verið bent á, að það hafi ekki gerst í annan tíma að í umræðu um það stjfrv. sem er í raun og veru umgerð efnahagsstefnunnar gerist sá atburður fyrst að hæstv. fjmrh. ætlar þegar umræðunni er lokið og enginn er á mælendaskrá að víkja sér undan því að svara áleitnum spurningum og það er ekki fyrr en að gerðum mjög stífum kröfum, sem hafa leitt til þess að forseti þessarar hv. deildar sendir þingvörð á fund hæstv. fjmrh. í hliðarherbergi, að hæstv. fjmrh. ljær máls á því að stíga í stólinn að lokinni þessari umræðu. Ég hygg að hér sé um að ræða einsdæmi í þingsögunni varðandi umfjöllun um svo veigamikið mál og það sé *rétt ábending*, sem hv. 1. þm. Vestf. kom með, að jafnvel ráðherrarnir í hæstv. ríkisstjórn treysta sér nú ekki til að taka til málsvarnar fyrir stjórnarstefnuna hvað þá heldur hv. þm. stjórnarflokkanna. Það er auðvitað laukrétt að eins og málum er komið getur enginn ætlast til þess að þeir beri þá þungu byrði hér að gerast málsvarar stjórnarstefnunnar. En meðan ríkisstjórnin situr er það lágmarkskrafa að *ráðherrarnir svari hér fyrirspurnum*. Það er hluti af lýðræðislegri skyldu þeirra.

Jafnvel austur í Sovétríkjunum eru menn að færa stjórnarhætti í átt til aukins þingræðis, en þá gerist það um sömu mundir að formaður Alþb. verður allsráðandi í ríkisstjórn Íslands og þingræðið hefur aldrei verið vanvirt meir í annnan tíma. Nánast í öllum umræðum um þingmál hér sem hæstv. fjmrh. hefur borið fram hefur hann færst undan að svara. Það hefur þurft með ágengni að fá hann til að svara fyrirspurnum og þá hefur það verið gert með einhverjum yfirborðskenndum hætti án þess að taka á nokkrum hlut. Sumir kunna kannski að segja að það stafi af því að hæstv. ráðherra viti ekki í raun og veru um hvað þau mál snúast og kunni ekki svörin við þeim spurningum sem fram eru bornar. Ég held að það sé af öðrum ástæðum. Ég trúi því ekki að ástæðan sé sú að hæstv. ráðherra kunni ekki svörin. Því miður held ég að ástæðan sé miklu hryggilegri og hún er vanvirða hæstv. ráðherra við Alþingi, lítilsvirðing hans við þingræðið í landinu.

Menn minnast þess þegar hæstv. ráðherra kom fram í sjónvarpi og sagði: Ég þarf ekki lög til að gera það sem ég geri. Það er nóg að ég lýsi því yfir að ég ætli að flytja frv. að lögum til þess að ég geti gert það sem mér sýnist, og vitnaði svo í einhverja lögfræðinga Seðlabankans *sér til halds og trausts í þessu efni* en hefur að vísu ekki þorað að nafngreina þá aðspurður í ræðustól á hinu háa Alþingi.

Því miður hygg ég að þessi lítilsvirðing á þingræðinu ráði mestu um að hæstv. fjmrh. færist undan að svara fyrirspurnum, ekki í fyrsta sinn í þessari umræðu heldur með áhrifameiri hætti en nokkru sinni fyrr og lítilmannlegri hætti en nokkru sinni fyrr. Hæstv. ráðherra sagði eftir að hafa verið dreginn hér upp: Það liggur ekki beint við að veita svör við þeim fyrirspurnum sem bornar voru fram. Það liggur ekki beint við. Alþingi kemur það ekkert við. — Það er verið að gefa það í skyn.

Hér var dregið fram að það vantaði inn í fjárlög ríkisins mjög veigamikla þætti. Það vantaði bókhaldslegar ákvarðanir um yfirlýstar ákvarðanir ríkisstjórnarinnar um óbreytt niðurgreiðslustig sem kostar 670 millj. kr. Það var bent á niðurgreiðslu á raforku og það var bent á endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti. Það var bent á þær brtt. sem stjórnarmeirihlutinn flytur og gefur hæstv. fjmrh. og fjvn. heimild til að semja um lagalegar skuldbindingar ríkissjóðs varðandi búfjárræktarframlög og jarðræktarframlög. Niðurstaðan af allri upptalningunni var sú að hallinn á ríkissjóði virðist vera kominn upp í 2 milljarða og er þá ekki verið að tala um viðbótargreiðslur *sem kunna að þurfa að koma til vegna* áframhaldandi endurgreiðslu á uppsöfnuðum sölu-

skatti eftir maímánuð og hugsanlega áframhaldandi uppbótarkerfi í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Þessar tölur hrakti fjmrh. ekki í sinni ræðu og gerði enga tilraun til að sýna fram á annað en að þarna væri gat í fjárlagagerðinni og það er athyglisverð staðreynd.

En það er til þess ætlast að ríkisstjórn sem hefur lýst því yfir að hún ætli að halda niðurgreiðslustiginu óbreyttu svari því hvort hún ætlar að standa við þá ákvörðun eða ekki og sýni það þá í verki annaðhvort í fjárlögum eða með því að taka lán og geri hinu háa Alþingi grein fyrir því. Þetta er lágmarkskrafa. Hæstv. ráðherra getur svarað svona fyrirspurnum mjög einfaldlega. Hann þarf hvorki að vísa til spádóma um fiskverð eða rekstur sjávarútvegsins til að svara fyrirspurn af þessu tagi. Þetta er yfirlýst ákvörðun en það vantar það sem við á, annaðhvort að færa þetta inn í fjárlög ríkisins eða inn í lánsfjárlög. Hæstv. ráðherra hlýtur á þessu stigi að geta svarað svo einfaldri og skýrri spurningu nema hann ætli að dylja og leyna Alþingi hvaða ákvarðanir hæstv. ríkisstjórn hefur tekið og hvaða áform hún hefur í þessu efni. Kannski er það ástæðan að hæstv. ráðherra svarar hér ekki að hann ætlar sér að leyna Alþingi og fela fyrir Alþingi það sem ákveðið hefur verið til að láta einhverja pappíra um lánsfjárlög og fjárlög ríkisins líta betur út. Er á meðan er, hugsar ráðherra. Það er þá allt í lagi að sýna fjárlagahallann í haust.

Auðvitað á nákvæmlega það sama við að því er varðar lántöku Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Ríkisstjórnin hlýtur að geta svarað því hvernig á að bókfæra það lán. Hæstv. sjútvrh. hefur gefið þar um yfirlýsingar. Fulltrúar fiskvinnslunnar hafa margítrekað að hann standi við þær en ekkert gerist. Það á að taka lán án þess að bókfæra það nokkurs staðar. Og hæstv. ráðherra getur engu svarað.

Að því er varðar lántöku Herjólfs lá það fyrir löngu fyrir áramót að könnun sem fram fór um það hvort hagkvæmara væri að kaupa nýtt skip var lokið og það var hægur vandi áður en þau lánsfjárlög runnu úr gildi að veita stjórn Herjólfs heimild til að fara af stað með nýbyggingu skips eins og Alþingi hafði heimilað að gert yrði. Hér var því um augljósan tafaleik að ræða af hálfu ráðherra og enn fást í raun og veru ekki skýr svör um það hvort hann ætlar skilyrðislaust að leyfa fyrirtækinu að hefjast handa við þessar framkvæmdir eftir að Alþingi hefur nú samþykkt lánsfjárlög. Það er nauðsynlegt að ráðherra tali þar alveg skýrt og segi alveg skýrt út hvort hann ætlar að standa áfram í vegi fyrir þessari framkvæmd eða veita heimildina svo sem Alþingi hefur mælt fyrir um. Að gefnu tilefni vegna ummæla hæstv. fjmrh. er nauðsynlegt að hæstv. sjútvrh. taki þátt í umræðu áður en þessi hv. deild afgreiðir þetta mál frá sér.

Hér kemur hæstv. fjmrh. og segir að vafi leiki á hver rekstrarafkoma sjávarútvegsins verði eftir örfáar vikur og heldur því fram að með fiskverðsákvörðun hafi forustumenn fiskvinnslunnar lýst því yfir að þeir geti bara ekki aðeins borið fiskverðshækkun heldur gaf hann í skyn að það væri kannski enginn vandi fram undan. Það þyrfti hvorki að breyta gengi í maí né heldur að halda uppbótakerfinu áfram vegna þess að með fiskverðsákvörðun hefðu forustumenn fiskvinnslunnar lýst því yfir að það væri allt í lagi í sjávarútveginum. Þegar forustumaður um efnahagsmálastjórn ríkisstjórnarinnar talar á þennan veg er óhjákvæmilegt að hæstv. sjútvrh. geri grein fyrir því hvort hann er sammála þessum yfirlýsingum, hvort það er stefna stjórnarinnar að láta þessar uppbætur renna út í maí án nokkurra annarra aðgerða, án þess að nokkuð taki annað við. Hallarekstur þrátt fyrir þetta uppbótarkerfi verður auðvitað enn meiri þegar því lýkur og vandi iðnaðarins augljós vegna gengisfölsunar eins og hæstv. forsrh. hefur margsinnis bent á. Á þetta bara að renna svona út í maí án þess að nokkuð eigi að gera? Ætlar ríkisstjórnin ekki að afla neinna heimilda við afgreiðslu lánsfjárlaga til þess að geta tekið á þessu máli í maímánuði? Það er nauðsynlegt að hér fáist skýr svör.

Það voru bornar fram mjög ákveðnar fyrirspurnir til hæstv. félmrh. og hér voru að gefnu tilefni bornar fram fyrirspurnir til hæstv. fjmrh. vegna samráðsins sem ríkisstjórnin boðaði fyrir jól við aðila vinnumarkaðarins og hlýtur að vera komið á nokkurn endapunkt þegar kjarasamningar eru á því viðkvæma stigi sem þeir eru í dag. Það stóð ekki á því að hæstv. forsrh. boðaði samráð fyrir jól og sagðist ætla að hefja það milli jóla og nýárs. Hann gat þá ekki svarað neinu um það hver viðræðugrundvöllur ríkisstjórnarinnar á að vera. En nú hefur það nokkrum dögum fyrir páska verið upplýst í Þjóðviljanum hvað það er sem verkalýðshreyfingin leggur áherslu á og lítur svo á að sé umræðugrundvöllur í þessu samráði við ríkisstjórnina. Þar er ekki einungis krafan um að ríkisstjórnin standi við fyrirheitið um að niðurgreiðslustigið á landbúnaðarvörum verði óbreytt heldur að landbúnaðarvöruverðið hækki ekki og breytist ekkert það sem eftir er af árinu. Hér er spurt: Hvað kostar það til viðbótar? Hvaða afstöðu hefur ríkisstjórnin til þessa atriðis eftir allar yfirlýsingar hæstv. forsrh. um samráðið? Og það er spurt að því hvaða afstöðu ríkisstjórnin ætlar að taka til þeirrar kröfu sem hér er sett fram um að breyta vörugjaldinu og tveir hæstv. ráðherrar hafa gefið forustumönnum iðnaðarins í landinu ótvírætt til kynna að feli í sér að þeir ætli að lækka vörugjaldið aftur. Það þurfa að fást svör við þessu. Og hæstv. fjmrh. þarf að svara því hér hverju hann ætlar að svara launþegasamtökunum um hækkun skattleysismarkanna. Þetta eru allt atriði sem lúta beint að fjárlögum og lánsfjárlögum.

Ríkisstjórnin hefur setið á fundum til að fjalla um þessi mál undanfarna daga og svo ætlar hæstv. fjmrh. að ljúka 2. umr. lánsfjárlaga í hv. Nd. án þess að svara einu einasta orði um þessi efni. Það er gersamlega útilokað að svona geti viðgengist. Hér er þar að auki um að ræða mjög viðkvæm mál. Hæstv. forsrh. hefur ekki stært sig svo lítið af samráðinu sem hann boðaði fyrir jól, gat þá ekki greint frá umræðugrundvelli hæstv. ríkisstjórnar. Nú ætlar hæstv. fjmrh. að skjóta

sér undan því að svara hver þessi umræðugrundvöllur er þegar fyrir liggur að fjölmörg áhrifamikil félög opinberra starfsmanna hafa boðað verkfall innan ekki langs tíma og launþegasamtökin í landinu hafa sýnt meiri skilning við gerð kjarasamninga en dæmi eru til um í langan tíma. Þar eru ekki nefndar kröfur um kaupmáttaraukningu vegna þess að verkalýðshreyfingin vill taka tillit til þess hvaða afleiðingar vinstristjórnarstefnan hefur haft á atvinnulífið í landinu. En hún gerir ákveðnar kröfur um að það samráð sem hæstv. forsrh. bauð upp á fyrir jól skili einhverjum árangri. Það er lágmarkskrafa að hæstv. fjmrh. svari nú og geri grein fyrir þeim grundvelli áður en þessari umræðu lýkur.

Albert Guðmundsson:

Herra forseti. Ég er bæði stirður og raddstirður af því að hlusta á umræður frá því að þær hófust snemma í dag á réttum fundartíma Alþingis. Nú er klukkan bráðum korter yfir sex og að sjálfsögðu fylgist maður svo náið með þessum umræðum vegna þess að þær eru stór liður í rekstri þjóðfélagsins og margar efasemdir hafa komið í ljós, engin þó frá stjórnarliðum. Margar spurningar hafa verið lagðar fyrir fjmrh. og það eru svörin við þessum spurningum sem ég hefði haldið að væru eins konar laun fyrir að bíða eftir svörunum. Ég er ekki í neinum vafa um að hæstv. fjmrh. svarar öllum þeim spurningum sem lagðar hafa verið fram. Mér finnst það svo sjálfsagt að ég geri það ekki einu sinni að umræðuefni.

En það sem ég er að undra mig á er að hér liggur frammi tillaga sem er dæmigerð um ný vinnubrögð í ríkisstjórninni sem ég vil gjarnan fá skýringar á. Nú segir hér, með leyfi forseta, og ég bið forseta sérstaklega að taka eftir vegna þess að ég ætla að biðja hann um annaðhvort nú þegar úr forsetastól eða í framhaldi af 2. umr., *því að ég reikna ekki með að henni* ljúki í kvöld eða nærri strax, að skera úr um hvort tillögur, sem dæmi tek ég tillögu á þskj. 637, eru þinglegar samkvæmt þingsköpum. Í þingsköpum segir um nefndir, 15. gr. á 10. blaðsíðu: „Fjvn. fjallar um frumvörp til fjárlaga og fjáraukalaga og þáltill. sem til hennar kann að vera vísað og fara fram á útgjöld úr ríkissjóði.“ Síðan segir á næstu blaðsíðu: „Fjvn. getur ákveðið að skipa úr sínum hópi undirnefnd til starfa milli þinga að sérstökum verkefnum.“ Og neðar undir upptalningu um nefndir Alþingis eða fastanefndir í deildum segir: „Hver fastanefnd þingsins kýs sér formann, varaformann og fundaskrifara. Fastanefndir þingsins skulu leitast við að skipa afgreiðslu þingmála í tímaröð svo að verkefni þingfunda í sameinuðu þingi og þingdeildum megi, eftir því sem við verður komið, dreifast sem jafnast á þingtímann.“

Þetta er allt sem sagt er um fjvn. í þingsköpunum. Þetta er afmarkað verkefni fjvn. og frá þessu verður ekki breytt nema með lögum. Því vil ég fara í þskj. 637, sem er brtt. við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1989, en með leyfi forseta segir í lið nr. 1:

„Við 5. gr.

a. Upphaf greinarinnar orðist svo:

Heimilt er, að höfðu samráði við fjvn. Alþingis, að taka lán vegna skuldbreytinga sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra sem hér segir:

b. Á eftir 6. tölul. komi nýr töluliður er orðist svo:

Siglufjarðarkaupstaður, lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 50 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.“

Þessu hefur svo verið breytt á endurupprentuðu skjali í 100 millj.

Nú vil ég spyrja hæstv. forseta: Er þetta samkvæmt þingsköpum? Ég hef ekki vitað til þess, hvorki sem þingmaður síðan 1974 né heldur sem fjmrh., að það sé hlutverk nefnda Alþingis, hvort sem það er fjvn. eða aðrar nefndir, að taka lán né heldur að veita heimild. Jafnvel efast ég um að Alþingi sem slíkt geti framselt fjárveitingavald sitt, lántökuvald til einstakra nefnda, til ákveðins hóps þingmanna sem kjörnir eru til að gegna skyldustörfum fyrir þingið í heild — innbyrðis, ekki út á við.

Ég vil gjarnan vita hvort þessi breyttu vinnubrögð, sem virðast vera komin á, eins konar eftirlit með fjmrn., eftirlit með fjmrh., séu framkvæmd á vilja Alþingis. Framkvæmdarvaldið er ekki lengur eitt. Það er orðið fjmrn. plús fjvn. sem ég dreg í efa að sé samkvæmt þingsköpum Alþingis leyfilegt eða rétt að staðið. Ef það er tilfellið að fjvn. er eins konar eftirlitsaðili með framkvæmd ákvarðana Alþingis á *vegum fjmrn. þurfum við að kanna hvers vegna svo er* orðið, hver sé ástæðan. Ég sé enga aðra ástæðu í þessu en þá að hér ríki algjör tortryggni á milli framkvæmdaaðila annars vegar og þeirra í stjórnarliðinu sem mynda þann meiri hluta sem ég er að gera að umræðuefni. Ég mun reyna að koma í veg fyrir að slík vinnubrögð verði tekin upp. Ég treysti fjmrh. á hverjum tíma til að framkvæma vilja Alþingis eins og *hann er á hverjum tíma.*

Annar liður í þessari brtt. á þskj. 637 hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Við 28. gr. bætist nýr málsl. er orðist svo: Þó er fjmrh. heimilt, að höfðu samráði við landbrh. og fjvn. Alþingis, að semja um uppgjör ógreiddra framlaga til jarðræktarframkvæmda á árinu 1988.“

Nú vil ég líka spyrja: Er það, hæstv. forseti, samkvæmt þingsköpum að fjmrh. er bundinn samráði við aðra ráðherra, í þessu tilfelli landbrh., og fjvn. aftur til að semja um uppgjör ógreiddra framlaga til jarðræktarframkvæmda á árinu 1988? Hvers vegna þetta stranga „kontról“, það stranga eftirlit með fjmrn. nú? Hver er ástæðan? Er ekki nóg að Alþingi feli framkvæmdarvaldinu? Þarf það að fela öðrum aðilum að hafa eftirlit með réttu framkvæmdarvaldi? Hér er fjmrh. með myllustein um hálsinn, sem er bæði fjvn. Alþingis og landbrh., til að gera upp jarðræktarframkvæmdir 1988. Ég vissi ekki betur en það hefði verið samþykkt á sínum tíma þegar ég var fjmrh. að jarðræktarframkvæmdir yrðu ekki greiddar nema að það lægi fyrir fyrir fram, áður en farið er út í framkvæmdir, kostnaðaráætlun samþykkt af fjmrn. Reikningarnir voru óútfylltir ef það var ekki.

Virðulegur forseti. Þriðji liður, með leyfi, hljóðar svo:

„Við 29. gr. bætist nýr málsl. er orðist svo: Þó er fjmrh. heimilt, að höfðu samráði við landbrh. og fjvn. Alþingis, að semja um uppgjör ógreiddra framlaga til búfjárræktar á árinu 1988."

Hér er enn þá sama eftirlitið á fjmrn., sömu nýju aðilarnir á milli framkvæmdarvaldsins og löggjafarvaldsins sem þingsköp Alþingis gera alls ekki ráð fyrir og sömu rök eiga við þriðja lið tillögunnar og það sem ég sagði um annan lið.

Síðan kemur fjórði liðurinn sem er út af fyrir sig furðulegur. Með leyfi forseta, segir þar svo:

„Á eftir 43. gr. komi ný grein er orðist svo:

Fjmrh., fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilt að höfðu samráði við fjvn. Alþingis, að semja við Þormóð ramma hf. um ráðstafanir til að bæta fjárhag fyrirtækisins."

Ég satt að segja skil ekki hvað hér er átt við. Hvað er upphæðin stór? Þormóður rammi hefur verið rekinn með miklu tapi í mörg ár og margbúið að gera ráðstafanir til að lagfæra reksturinn. Mér finnst þetta orðalag benda til þess að fjmrh., alltaf undir sama „kontróli", alltaf undir sama eftirliti fjvn., sé hér með heimilað að láta fyrirtækið hafa það fé sem fyrirtækið óskar eftir eða þarf. Það er margbúið að reyna að koma því á laggirnar með því að veita fé í reksturinn, en framleiðslan gefur bara ekki af sér til að standa undir fyrirtækinu. Ég skil ekki hvað þessi vinnubrögð eiga að þýða, en vil þó í aðalatriðum beina orðum mínum áfram eða a.m.k. draga ekki athygli hæstv. forseta frá þeirri staðreynd að ég er hér að gera athugasemdir um vinnubrögð sem að mínu mati eru ekki samkvæmt þingsköpum. Í fjórða lið er á sama hátt fjmrh. fyir hönd ríkissjóðs heimilt að höfðu samráði við fjvn. Alþingis. Ég fyrir mína parta sem þingmaður veiti fjvn. Alþingis enga heimild til að taka lán, hvorki innlent né erlent, fyrir mína hönd, enga.

Við heyrðum í ræðu hv. 1. þm. Suðurl. áðan þegar hann fullyrti að yfirdráttur ríkissjóðs í Seðlabankanum væri um 10 milljarðar. Ég trúi að hv. þm. hafi farið rétt með tölur. Allt þetta sem við erum að tala um hér, bara á þessu eina þskj., er viðbótaryfirdráttur í Seðlabankanum. Við vitum ekkert hvað Þormóður rammi þarf að fá. Við vitum ekkert hvað uppgjör ógreiddra framlaga til búfjárræktar fyrir árið 1988 er stór upphæð. Við vitum ekkert hvað ógreidd framlög til jarðræktarframkvæmda á árinu 1988 eru mikil. Við vitum að skuldbreytingar hafa hækkað á milli prentaðra skjala úr 50 millj. í endurprentað 100 millj. á einum sólarhring eða á einum degi. Það er kannski betra að samþykkja lánsfjárlög sem allra, allra fyrst til að hækka ekki með þessum hraða áfram. Þetta skiptir áreiðanlega mjög stórum upphæðum sem samkvæmt þessu eina skjali eru til umræðu og ég spyr: Er þetta þinglega rétt fram sett? Ég efast um það.

Virðulegur forseti. Mér finnst vera heldur niðurlægjandi fyrir framkvæmdarvaldið, í þessu tilfelli fjmrh., að taka við svona samþykkt frá Alþingi Íslendinga. Eina sem ég get ímyndað mér að geti orðið til þess að svona orðaðar tillögur komi fram er hið algjöra vantraust á milli manna í ríkisstjórn Íslands og ef það kemur í ljós er það stóralvarlegt mál. Við getum deilt hver á annan. Við getum haft þá skoðun að við hver og einn séum betri ráðherrar en þeir sem eru ráðherrar hverju sinni, en við getum ekki sýnt ráðherrum okkar slíkt vantraust sem felst í þeim skjölum sem hér hafa verið til umræðu í minni ræðu.

Hæstv. forseti. Ég óska sem þingmaður eftir því að fá skýrt úr því skorið hvort hér sé rétt að staðið.

Í öðru lagi vil ég segja, það er algjört aukaatriði en rétt að það komi fram, að hæstv. forseti kynnti dagskrá, sagði að hún væri samkvæmt samkomulagi við þingflokkana. Það er samkomulag sem ég hef ekki heyrt um fyrr en forseti minntist á það.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Af þessu tilefni skal tekið fram varðandi hið síðara atriðið að forseti hefur haft þann hátt á að hafa samband við fulltrúa úr öllum flokkum og kynna þeim hvernig dagskrá mundi líta út. Ég hef ekki beinlínis orðað það svo að það væri samningur eða samkomulag en að um það hefði verið talað. Dagskrá er að sjálfsögðu ævinlega á ábyrgð forseta.

Varðandi hið fyrra atriði sem hv. þm. ítrekaði mun forseti taka það til vinsamlegrar athugunar og íhugunar.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Ég skal ekki flytja langa ræðu um það mál sem hér er á dagskrá, frv. til lánsfjárlaga, við þessa umræðu. Það væri enda tæpast viðeigandi þar sem ég hef verið fjarverandi í dag. Þrátt fyrir að ég legði af stað heiman að frá mér kl. 7 í gærmorgun kom ég til bæjarins rétt fyrir kl. 6 í dag. Enn þá er það svo að Vetur konungur tekur af okkur völdin þegar við viljum ferðast stöku sinnum og svo er að þessu sinni.

Mér þykir þó nauðsynlegt við þessa umræðu að fara örfáum orðum um tvær af þeim brtt. sem birtast á þskj. 637 frá meiri hl. fjh.- og viðskn., brtt. við 28. og 29. gr.

Við afgreiðslu fjárlaga var ákveðið af ríkisstjórninni og stuðningsliði hennar að framlög ríkisins vegna jarðræktarframlaga skyldu á þessu ári eigi fara fram úr 100 millj. kr. og í samræmi við það er 28. gr. í frv. til lánsfjárlaga sem hér liggur fyrir þar sem segir að þrátt fyrir ákvæði 10. gr. laga nr. 56/1987 skuli framlag ríkisins til jarðabóta eigi fara fram úr 100 millj. kr. á árinu 1989. Sambærileg skerðing og öllu meiri þó var í 29. gr. lánsfjárlagafrv. og í samræmi við afgreiðslu ríkisstjórnarinnar og meiri hl. Alþingis, þ.e. stjórnarflokkanna, að því er varðar búfjárræktarlög. Þar segir að þrátt fyrir ákvæði búfjárræktarlaga skuli framlag ríkissjóðs vegna búfjárræktarstyrkja falla niður á árinu 1989. Þessar skerðingar hlutu harða andspyrnu og hörð mótmæli fulltrúa úr minni hl. fjvn., einkum þó fulltrúa Sjálfstfl., okkar hv. þm.

Egils Jónssonar, og ýmissa annarra þingmanna úr stjórnarandstöðunni, og við afgreiðslu fjárlaga flutti formaður fjvn. yfirlýsingu sem gaf í skyn að samið kynni að verða um þessi mál á þessu ári, þ.e. greiðslu þessara framlaga.

Nú eru komnar brtt. sem sýna að stjórnarliðið er að hopa í þessu máli. Þar segir varðandi jarðræktarframlög að við 28. gr. bætist nýr liður, en svo segir í brtt. meiri hl. fjh.- og viðskn. að við 28. gr. bætist nýr málsl. er orðist svo: „Þó er fjmrh. heimilt, að höfðu samráði við landbrh. og fjvn. Alþingis, að semja um uppgjör ógreiddra framlaga til jarðræktarframkvæmda á árinu 1988.“ Sambærilegur texti er að því er varðar búfjárræktarlög.

Nú vil ég í fyrsta lagi spyrja — og ég tek það fram að ég bað þingvörð að leita að formanni fjh.- og viðskn., hv. þm. Páli Péturssyni, sem ekki er hér við: Hvað þýðir þessi texti? Það er nokkuð óglöggt. Þýðir þessi texti að það sé mögulegt að semja um að ríkið greiði framlög vegna jarðabóta á árinu 1988 eða þýðir hann að til viðbótar við þær 100 millj. sem eru í fjárlögum sé mögulegt að semja um að ríkissjóður greiði á þessu ári framlög vegna þeirra jarðabóta sem unnar voru árið 1987 og ekki var greitt framlag til árið 1988? Allt er þetta óglöggt eftir þeim texta sem hér liggur fyrir.

Sömu sögu er að segja um brtt. varðandi búfjárræktarlögin, þ.e. 29. gr. Í fyrsta lagi vil ég spyrja: Hvað táknar þetta? Táknar þetta að til viðbótar við 100 millj. kr. framlag samkvæmt fjárlögum geti fjmrh., landbrh. og fjvn. samið eins og þar segir „um greiðslu framlaga samkvæmt jarðabótum sem unnar eru á árinu 1988“ og þær 100 millj. sem eru í fjárlögum fari í fyrsta lagi til að greiða það sem á vantaði vegna jarðabóta 1987 og duga þær raunar ekki nema rúmlega fyrir þeirri fjárhæð, en það vantar til þess að ég ætla 77 millj. kr.?

Ef ber að skilja textann með þessum hætti, þá er mér spurn: Hvers vegna þá ekki að fella þessar tvær greinar niður, ganga hreint til verks og fella 28. og 29. gr. frv. niður? Ég lýsi því hér með yfir að ég er reiðubúinn að styðja hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar til að koma því fram. Þar væri hreinlega að verki staðið. Ef það fæst hins vegar ekki og meiningin er að þeir aðilar sem hér eru upp taldir, þ.e. hæstv. fjmrh., hæstv. landbrh. og fjvn. Alþingis, eigi að semja eins og það er orðað um greiðslu þessara fjármuna við bændur er mjög einkennilega að verki staðið. Bændur sem eiga rétt á þessum bótum samkvæmt lögum eru trúlega 3–4 þúsund talsins og það tekur einhvern tíma að kalla þá alla fyrir þá aðila sem hér eru nefndir til samninga um greiðslu framlaga úr ríkissjóði, samninga um fé sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum. Þetta er eins klúðurslegt og ruglingslegt og hægt er að hugsa sér. Ef hæstv. ríkisstjórn treystir sér ekki til að standa á því sem hún hefur þegar afgreitt samkvæmt fjárlögum á hún vitaskuld að fella niður þessi skerðingarákvæði og greiða það fé sem hér er samkvæmt lögum og ekki vera með vafninga í þessu. Hvers vegna vafninga? Hvers vegna þarf vafninga ef á að greiða féð? Það hljóta að vera vafningar vegna þess að meiningin sé þrátt fyrir að slá fram texta sem eigi að varpa ryki í augu einhverra þeirra bænda sem eiga stórfé inni hjá ríkinu samkvæmt þessum lögum. Það eigi þrátt fyrir allt ekki að greiða. Þetta háttalag er ekki geðfellt og ég ætla ekki við þessa umræðu að fara út í þetta fleiri orðum þrátt fyrir að mér þyki nauðsynlegt áður en þessar greinar ganga til atkvæða að vekja á þessu athygli, en með tilliti til þess að greinarnar eru í fyrsta lagi óljósar eins og ég hef vakið máls á og nauðsynlegt að skýra hvað þær þýða og í öðru lagi afar einkennilegt að stofna til samninga við kannski 3–4 þúsund bændur um fé sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum, þá er það mín tillaga við þessa umræðu til meiri hl. hv. fjh.- og viðskn. að kalla þessar tvær tillögur til baka til 3. umr. og okkur gefist þá tóm til að koma þessu í það horf að það a.m.k. liggi fyrir hvað lagasetningin þýðir og e.t.v., sem best er, að fella þau skerðingarákvæði niður sem eru í 28. og 29. gr. frv. til lánsfjárlaga. Ég hvet því hv. meiri hl. fjh.- og viðskn. til að verða við þessum tilmælum mínum og ég sé hér hæstv. landbrh. og hvet hann til að beita sér fyrir því að þessar tillögur verði kallaðar til baka til 3. umr. og við getum þá fjallað um þetta á þann hátt að það liggi skýrt fyrir hvað við er átt. Er hér um það að ræða að ríkissjóði er ætlað að greiða þetta fé eða er hér um yfirvarp að ræða sem er verra en ekki? Ég ætla ekki að gera því skóna að það sé slíkt yfirvarp fyrr en ég fæ einhver svör, en til þess að komast að hinu rétta í þessu máli teldi ég ákjósanlega málsmeðferð að kalla þessar tvær brtt. til baka til 3. umr.

Ég skal svo, herra forseti, þó ærið efni liggi fyrir, stytta mína ræðu og geyma það til 3. umr. eftir því sem mér þykir þá við horfa.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég ætla aðeins að fá að spyrja hæstv. fjmrh. aftur. Er hann einhvers staðar nálægur? (**Forseti:** Það verður gengið úr skugga um það.)

Hæstv. forseti. Ég spurði hæstv. fjmrh. að því áðan hvaða athuganir hefðu farið fram á áhrifum lánsfjáráætlunar á íslenskan fjármagnsmarkað og hann kom hér og sagði að hann hefði verið búinn að svara þessari spurningu. Ég hef spurt þessarar spurningar áður, en hann hefur aldrei svarað henni. Mér finnst það ómerkilegt af hæstv. fjmrh. að halda því fram að hann hafi svarað spurningunni þegar hann hefur ekki gert það. Ef hann vill hins vegar ekki svara þessari spurningu er ég að hugsa um að óska eftir því að hv. formaður fjvn. svari því hvort einhver athugun hafi farið fram á því hvaða áhrif lánsfjáráætlun hefði á lánamarkaðinn um þessar mundir.

Til þess að útskýra örlítið hvað ég á við er ég hérna með splunkunýtt fréttabréf frá verðbréfaviðskiptum

Samvinnubankans. Þar stendur svo, með leyfi forseta:

„Raunvextir lækka ekki fremur en verðbólga með einfaldri ríkisstjórnarsamþykkt. Það er verið að ruglast á orsök og afleiðingu og finna sökudólga í lánastofnunum og Seðlabanka fyrir háum raunvöxtum. Til þess að raunvextir lækki þarf að snúa dæminu við. Það verður að byrja á því að ákveða fjárlög og áætla erlendar lántökur og peningaframboð í landinu í heild með tilliti til þess að heildareftirspurn í þjóðfélaginu sé í samræmi við heildarframboð þannig að ákveðnu markmiði í verðlagsmálum sé náð."

Þetta er splunkunýtt fréttabréf verðbréfaviðskipta Samvinnubankans og er nú gott fyrir framsóknarmenn að heyra þetta.

En það er þessi spurning sem ég er að spyrja: Hvert er heildarframboð fjármagns í þjóðfélaginu? Er heildareftirspurn í samræmi við heildarframboð? Og hvað gerðist um síðustu áramót? Kvóti var dreginn saman um 10%. Hvað þýðir þetta upp á heildarframboð á fjármagni á Íslandi? Halda menn að þetta hafi engin áhrif? Geta menn sett áætlanir ef þeir hafa ekki hugmynd um hvar þeir eru staddir? Getur skipstjóri náð landi á skipi sínu ef hann hefur ekki hugmynd um hvar hann er? Getur hann reiknað út sjókort ef hann veit ekki hvar hann er? Ég skil satt að segja ekki svona vinnubrögð og þau eru Alþingi Íslendinga ekki til sóma, að ekki skuli fara fram athugun á áhrifum lánsfjáráætlunar á íslenskt atvinnulíf og áhrif þess þar af leiðandi á lífskjörin í landinu og hugsanleg gjaldþrot fyrirtækja.

Í öðru lagi sagði hæstv. fjmrh. áðan að fiskverð hefði verið ákveðið og fiskkaupendur hefðu ábyggilega gert sér grein fyrir hvað þeir þyrftu að borga þegar þeir ákváðu fiskverð. Þetta finnst mér ekki mjög merkileg framkoma hjá hæstv. fjmrh. vegna þess að fiskverð var ákveðið í samráði við ríkisstjórnina eftir því sem mér er best kunnugt um. Síðan hélt hann því fram að það væru miklar líkur fyrir því að fiskverð á erlendum mörkuðum mundi hækka. Ég vil fá að vita hvaða heimildir þetta eru. Á ekki þjóðþingið rétt á því að fá að vita, þegar verið er að halda því fram að þjóðin eigi von á meiri tekjum, að það sé meira en orðin tóm? Hvaða menn eru það sem hæstv. fjmrh. er að vitna í? Það er ekki hægt að halda svona löguðu fram í málstofu Alþingis öðruvísi en hafa eitthvað til síns máls og ég skora á hann að koma upp og rökstyðja hvað hann er að fara. Það er ekki síst ómerkilegt að halda þessu fram vegna þess að atvinnulífi landsmanna er haldið gangandi í nokkurs konar öndunarvélum þar sem stofnaðir eru sjóðir hver á fætur öðrum. Hvað verður næst? Verður það einhver rekstraröryggissjóður, verður það næsti sjóður, til að þykjast vera að gera eitthvað meðan verið er að drepa atvinnulífið niður? Verður það næsta öndunarvélin hjá þessari hæstv. ríkisstjórn jafnréttis og félagshyggju? Ég get ekki látið hjá líða að mótmæla svona ómerkilegum vinnubrögðum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 670, 671. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv.

1. gr. samþ. með 19:4 atkv.
2.–4. gr. samþ. með 17:5 atkv.
Brtt. 637,1 samþ. með 19:4 atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 18:4 atkv.
6.–16. gr. samþ. með 18:4 atkv.
Brtt. 634 felld með 18:4 atkv.
17.–21. gr. samþ. með 18:7 atkv.
Brtt. 670 kölluð aftur til 3. umr.
22.–27. gr. samþ. með 18:5 atkv.
Brtt. 637,2-3 kölluð aftur til 3. umr.
Brtt. 671 kallaðar aftur.
28.–30. gr. samþ. með 18:5 atkv.
31. gr. samþ. með 18:10 atkv.
32.–43. gr. samþ. með 18:4 atkv.
Brtt. 637,4 (ný gr., verður 44. gr.) samþ. með 18:4 atkv.
44.–45. gr. (verða 45.–46. gr.) samþ. með 18:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Vaxtalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 239. mál (fjárfestingarlánasjóðir, dráttarvextir, okur o.fl.). — Þskj. 444, n. 550, 552 og 554, brtt. 547, 551, 553.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 547,1 felld með 19:6 atkv.
2.–5. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 553,1 felld með 16:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MB, ÓE, PJ, RH, ÞP, AG, BÍG, EH, FÞ, HJ, IBA, KP.

nei: RA, SighB, NL, SJS, AS, GB, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, HG, JóhS, JBB, JK, JónS, JSS, KJóh. KE, MálmS, AuE, ÞÞ greiddu ekki atkvæði.

10 þm. (KH, MÁM, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, AðB, ÁrnG, FrS, ÓRG, GHH) fjarstaddir.

Brtt. 551,1 (ný 6. gr., verður 7. gr.) samþ. með 20:2 atkv.
Brtt. 547,2 felld með 17:16 atkv.
Brtt. 553,2 kom ekki til atkvæða.
Brtt. 551,2 (ný gr., verður 6. gr.) samþ. með 17:5 atkv.
11. gr. (verður 8. gr.) samþ. með 17:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. á þskj. 554, um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar, kölluð aftur til 3. umr.
Frv. vísað til 3. umr. með 35 shlj. atkv.

Um þingsköp.
Ályktunarfær þingfundur.

Ólafur G. Einarsson:

Herra forseti. Við höfum nú í góðu samkomulagi hjálpast við að koma tveimur frumvörpum í gegnum 2. umr. og atkvæðagreiðslur hafa yfirleitt fallið þannig að greinarnar hafa verið samþykktar með þetta 17–18 atkvæðum og misjafnlega mörgum mótatkvæðum og þar hafa sumir meira að segja greitt atkvæði dálítið öðruvísi en þeir höfðu hugsað sér til að ná einhverjum tilskildum meiri hluta þeirra sem þátt taka í atkvæðagreiðslunni.

Ég ætla ekki að gera beina athugasemd við þetta, en mig langar til að beina því til hæstv. forseta að hann athugi nú á milli umræðna eina tiltekna grein þingskapa. Mér er mætavel kunnugt um að þetta hefur oft gerst hér á hv. Alþingi og meiri háttar lagabálkar jafnvel verið samþykktir með minni hluta já-atkvæða, ef ég má svo orða það, í hv. deildum Alþingis. En í 45. gr. þingskapa segir svo í 2. mgr.: „Engin ályktun er lögmæt nema meira en helmingur fundarmanna, þeirra sem atkvæðisbærir eru, greiði atkvæði með henni."

Mín spurning til hæstv. forseta er sú: Hverjir eru atkvæðisbærir? Ég hef ákveðna skoðun á því hverjir það eru og ef mín skoðun er rétt nægja ekki 17 eða 18 atkvæði með, alveg burtséð frá því hversu margir greiða atkvæði á móti.

Það er sem sagt mín spurning til hæstv. forseta hvernig beri að túlka þessa grein og hefði kannski mátt spyrja þessarar spurningar miklu fyrr, jafnvel nokkrum árum fyrr.

NEÐRI DEILD

71. fundur, þriðjudaginn 21. mars, kl. 9 síðdegis.

Um þingsköp.
Ályktunarfær þingfundur.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Út af þeirri fyrirspurn sem hv. 2. þm. Reykn. bar hér fram varðandi 2. mgr. 45. gr. þingskapanna, þá er það svo að ákvæði þessarar málsgreinar hefur ævinlega verið skilið svo að orðið „atkvæðisbærir" merkti þar þeir sem greiða atkvæði. Atkvæðisbær merkir reyndar sá sem ber atkvæði. Sá sem ekki greiðir atkvæði er því ekki atkvæðisbær við þá atkvæðagreiðslu. Réttur hans til að greiða atkvæði er hins vegar ótvíræður og um leið samkvæmt núgildandi þingsköpum að gera það ekki, þ.e. að bera ekki fram atkvæði sitt. Eins og hv. þingdeildarmönnum flestum mun kunnugt er fyrir þessari túlkun löng hefð og ótal fordæmi.

Ólafur G. Einarsson:

Ég þakka hæstv. forseta þessa skemmtilegu útskýringu. Ég ætla ekki að gera þetta mál frekar að umræðuefni hér, en mun gera það þegar betur stendur á í hv. þingdeild.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 344. mál (húsbréfaviðskipti). — Þskj. 626.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Það er kannski farinn dampurinn úr þessari umræðu sem fór fram á föstudaginn var um það mikilvæga mál sem hér er fram borið, frv. til l. um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Það er svo að húsnæðismál hafa ætíð verið fyrirferðarmikill málaflokkur í okkar þjóðfélagi. Það er ekki síst af því að við kostum miklu til við byggingu húsnæðis og af nauðsyn vegna okkar óblíðu veðráttu. Það hefur því alltaf þótt nauðsyn í gegnum tíðina að þjóðfélagið veitti aðstoð sem miðaði að því að allir byggju í mannsæmandi húsnæði. Í því skyni höfðum við komið upp Húsnæðisstofnun og þar með opinberu húsnæðiskerfi. Það hafa verið tíðar breytingar á þessu kerfi seinni árin, kannski of tíðar segja sumir, og nú liggur fyrir enn eitt frv. um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Ég vil áður en frv. fer til nefndar, en ég á reyndar sæti í þeirri nefnd sem um það fjallar, segja örfá orð um afstöðu þingflokks Framsfl. til frv. því að við umræðuna á föstudaginn í hv. Alþingi var hún nokkuð til umræðu. En aðeins vil ég fyrst drepa á það kerfi sem við búum við nú.

Því var komið á í tíð Alexanders Stefánssonar sem félmrh. og það voru merkar breytingar á sínum tíma. Það var tekið upp nýtt húsnæðislánakerfi sem fól það í sér að stilla saman krafta lífeyrissjóða landsmanna og húsnæðislánakerfisins. Það var samið við lífeyrissjóðina um að kaupa skuldabréf af Húsnæðisstofnun fyrir 55% af ráðstöfunarfé sínu. Hlutfall lána hjá Húsnæðisstofnun stórhækkaði. Þetta voru merk þáttaskil í húsnæðismálum og það er ástæðulaust að dæma þetta kerfi óalandi og óferjandi. Þetta kerfi byggðist á trúnaðarsambandi við verkalýðshreyfinguna og lífeyrissjóðina í landinu og varast þarf það í þeirri vinnu sem nú fer í hönd við nýtt frv. um nýskipan húsnæðismála að spilla því sambandi.

Núv. félmrh. gagnrýndi þetta kerfi harðlega á sínum tíma og sú vinna sem unnin hefur verið í húsnæðismálum undir hans stjórn hefur að hluta til eða öllu leyti byggst á því að finna nýtt kerfi sem leyst gæti þetta kerfi af hólmi.

Vinna okkar framsóknarmanna að þessum málum hefur miðað að því og helgast af þeirri skoðun að það sé alls ekki tímabært að kasta því húsnæðiskerfi sem nú er fyrir róða. Við erum á móti því. Örar breytingar í húsnæðismálum valda ójafnvægi og óöryggi meðal húsbyggjenda og margt bendir til þess að það kerfi sem nú er leiti smám saman jafnvægis. Það hefði því mátt ræða þá leið og það má færa rök að því að hún hafi verið eðlileg að sníða af því þá vankanta sem komið hafa í ljós, en nokkur sjálfvirkni er í því og tekur ekki tillit til þess hvaða ástæður umsækjandi um lán hefur og vaxtaniðurgreiðsla er í kerfinu til allra nokkuð óháð efnahag og ástæðum. Þetta er m.a. ástæðan til biðraðarinnar sem mönnum hefur orðið tíðrætt um í kerfinu, en hefur nú minnkað að mun.

Það frv. sem hér er til umræðu byggist á starfi nefndar sem skipuð var í maí á sl. ári. Meiri hluti nefndarinnar lagði til í áliti sínu að tekið væri upp svokallað húsbréfakerfi en tveir nefndarmenn, þeir Guðmundur Gylfi Guðmundsson og Ásmundur Stefánsson, skiluðu séráliti og sáu ekki ástæðu til að breyta núverandi húsnæðiskerfi í aðalatriðum. Auk þeirra létu aðrir nefndarmenn fara frá sér ýmsar bókanir í sambandi við þetta mál þannig að það er greinilegt á því nál. sem fyrir liggur að menn hafa haft ýmsa fyrirvara.

Það er rétt, sem hæstv. félmrh. hefur lýst, að frumvarpsdrögin hafa verið til meðferðar í stjórnarflokkunum alllengi. Það verður þó að taka það fram að málið er alls ekki smátt í sniðum og við sem höfum starfað í félmn. fyrir Framsfl. ásamt þingmönnum og ráðherrum flokksins höfum viljað gera okkur sem gleggsta grein fyrir þessu máli og ræða það sem ítarlegast við þá sem hafa sérþekkingu á húsnæðismálum. Það er ekkert gamanmál að stökkva úr einu kerfinu í annað og þess vegna reynist nauðsynlegt að undirbúa málið sem allra best þannig að þau skref sem tekin eru séu ekki mislukkuð og verr af stað farið en heima setið.

Þá er eins og ég minntist á fyrr í ræðu minni áríðandi að spilla ekki því trúnaðarsambandi við verkalýðshreyfinguna sem skóp gamla kerfið. Þess vegna lagði Framsfl. höfuðáherslu á það í meðferð málsins að ekki kæmi til mála að leggja af núverandi kerfi heldur yrðu húsbréfaviðskipti tekin upp sem tilraun við hliðina á núverandi kerfi. Þetta er grundvallaratriði í okkar afgreiðslu á þessu máli.

Við framsóknarmenn viljum að sjálfsögðu líta til nýrra leiða í húsnæðismálum. Þess vegna höfum við fallist á framlagningu þessa frv. þó að ekki beri því að leyna að um það eru mjög skiptar skoðanir. Við teljum rétt að láta gera þessa tilraun og láta á það reyna hvort hún getur vísað okkur leiðina til einfaldara og réttlátara húsnæðiskerfis þar sem aðstoð þjóðfélagsins kemur til þeirra sem þurfa hennar með. Þetta er eðlileg afgreiðsla þingflokksins og ég vísa á bug orðum hv. 1. þm. Suðurl. í ræðu hans sl. föstudag þar sem hann sagði að Framsfl. hefði unnið að þessum málum með vafasömum hætti og lét að því liggja að þetta væri dæmigert fyrir Framsfl.

Einstakir þingmenn hafa hér lýst sinni afstöðu, en það er ekkert einsdæmi. Ég minnist þess frá síðasta þingi að hér voru mjög spennandi atkvæðagreiðslur um stór mál, t.d. fiskveiðistefnuna, þar sem þingmenn Sjálfstfl. snerust gegn stjórnarfrumvörpum. Ég held að sá réttur þingmanna að fara eftir samvisku sinni sé ótvíræður. Sá réttur er ótvíræður samkvæmt þingsköpum og það er ekkert óheiðarlegt við það þó að þetta frv. hafi verið afgreitt með venjulegum fyrirvörum um að flytja eða fylgja brtt. og einstakir þingmenn hafi lýst sinni afstöðu hér á hv. Alþingi.

Þetta frv. verður að sjálfsögðu að athuga mjög vandlega í nefnd og það væri æskilegt í þeirri vinnu sem fram undan er að það væri athugað sérstaklega hvort unnt er að örva íbúðarbyggingar á landsbyggðinni, en landsbyggðin hefur staðið mjög höllum fæti hvað íbúðarbyggingar snertir á undanförnum árum. Það kæmi m.a. til greina að þeir landsbyggðarmenn sem nú eru í biðröð hjá Húsnæðisstofnun hefðu forgang. Hér á höfuðborgarsvæðinu hefur verið byggt gífurlega á undanförnum árum og einhvern tímann hlýtur að koma að því, og það hlýtur að vera hagkvæmt fyrir höfuðborgarsvæðið, að hægt sé á þessari fjárfestingu hér og menn beiti sér að nýtingu og viðhaldi þess húsnæðis sem fyrir er. Á fjölmörgum stöðum á landsbyggðinni stendur húsnæðisskortur atvinnulífi og uppbyggingu fyrir þrifum.

Í nóvember sl. kom út skýrsla um könnun Félagsvísindastofnunar á húsnæðismálum á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu sem tekin var saman að beiðni Húsnæðisstofnunar ríkisins og átti að leggja sérstaka áherslu á húsnæðismál landsbyggðarinnar. Í skýrslunni komu fram mjög athyglisverðar upplýsingar. M.a. komu fram þær upplýsingar, með leyfi forseta, að tæp 70% landsbyggðarbúa og rúm 50% höfuðborgarbúa væru hlynntir sérstökum ívilnunum fyrir landsbyggðina í gegnum húsnæðiskerfið. Innan við 20% landsbyggðarbúa eru mótfallnir síkum hugmyndum en rúm 30% höfuðborgarbúa. Ég held því að það sé vilji fyrir því í landinu að þessi mál verði skoðuð mjög alvarlega.

Hv. 1. þm. Vesturl. gerði í ræðu sinni hér sl. föstudag grein fyrir fyrirvörum Framsfl. varðandi framlagningu þessa frv. Þeir fyrirvarar voru þeir, ef ég rifja það upp, að húsbréfakerfið nái aðeins til eldri íbúða fyrsta árið, vextir verði þeir sömu og á spariskírteinum ríkissjóðs og skattaleg meðferð sú sama, þeir sem eru í biðröð gangi fyrir, a.m.k. til bráðabirgða í sex mánuði, húsbréfadeild verði í Húsnæðisstofnun, tilraunin verði endurmetin að tveimur árum liðnum og kaupskylda lífeyrissjóðanna verði óbreytt en heimilt verði að verja allt að 10% upphæðarinnar til kaupa á húsbréfum. Þetta ákvæði verði endurskoðað að sex mánuðum liðnum.

Þetta er mikið grundvallaratriði í afgreiðslu okkar á þessu máli. Á þessu byggist að við viljum leyfa

framlagningu þessa frv. og gera tilraun með þetta kerfi við hliðina á núverandi húsnæðislánakerfi. En ég vil undirstrika það að sú skoðun á mikið fylgi okkar á meðal að það sé óráð að skrúfa nú frá og setja meiri peninga inn í þetta kerfi að sinni. Það kann að vera að við getum gert það síðar, en það er óráð annað en að gera þessa tilraun nú vegna þess að við höfum fjárfest mikið í húsnæðismálum og við getum trauðla fjárfest mikið meira og dregið fé frá atvinnulífinu í landinu inn í þennan málaflokk fremur en orðið er. Ef þetta kerfi getur orðið til þess að spara okkur útgjöld í húsnæðismálum, ef þarna verður *innri fjármögnun, þá er það af hinu góða, en slík mál* verður að endurmeta að stuttum tíma liðnum.

Ég sé í sjálfu sér ekki ástæðu til að vera að fjölyrða um þetta mál eða eyða tíma þessarar hv. deildar á kvöldfundi, þar sem mörg mál liggja fyrir til þess að fjölyrða um, þótt margt mætti ræða um þennan mikilvæga málaflokk. Þetta mál fer að sjálfsögðu til félmn. Nd. þar sem það mun auðvitað fá vandlega skoðun. Ég mun að sjálfsögðu taka þátt í henni af heilum huga.

Ég vil undirstrika það að lokum að verði farið út í þessa breytingu, sem er mikilvægt, sem er afdrifaríkt skref, þá verðum við að sjá fram á það að þessi breyting takist og hafi ekki óheillavænleg áhrif á okkar vanþróaða peningamarkað. Það er einmitt það atriði sem þarf að athuga sérstaklega í nefndinni, það þarf að athuga mjög vandlega hvaða áhrif þessi breyting hefur á peningamarkaðinn í landinu. Það hefur að sönnu verið gerð greinargerð um það af sérfræðingum ríkisstjórnarinnar, en ég held eigi að síður að það sé hollt fyrir framgang málsins að kalla í þá menn sem vinna úti á akrinum í þessum verðbréfamarkaði og fá þeirra álit á þessu máli. Ég mun auðvitað stuðla að því fyrir mitt leyti að þetta mál fái meðferð og að unnið verði í því sem vandlegast en ég vildi eigi að síður láta þessi orð koma fram nú við 1. umr. málsins.

Ég vil undirstrika það að við framsóknarmenn höfum á engan hátt unnið með óeðlilegum hætti að þessu máli. Það eru um þetta mál mjög skiptar skoðanir og einstakir þingmenn hafa lýst sínum sjónarmiðum. En að sjálfsögðu munum við vinna að málinu með eðlilegum hætti í þingnefndum þannig að málið fái þá vandlegu skoðun sem það þarfnast.

Umræðu frestað.

Vaxtalög, 3. umr.

Stjfrv., 239. mál (fjárfestingarlánasjóðir, dráttarvextir, okur o.fl.). — Þskj. 678.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. á þskj. 554, um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar, felld með 17:6 atkv.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓRG, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, HG, JóhS, JBB, JSS, JK, JónS, PP, RA, SighB, NL, SJS, AS, KJóh.

BÍG, EH, FÞ, HJ, IBA, KrP, KE, MB, MálmS, ÓE, PJ, AuE, ÞP, AG greiddu ekki atkvæði.

11 þm. (ÁrnG, FrS, GHH, GB, KH, MÁM, ÓÞÞ, ÓÞG, RH, ÞÞ, AðB) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Lánsfjárlög 1989, 3. umr.

Stjfrv., 103. mál. — Þskj. 677 (sbr. 512), brtt. 637, 2-3, 670, 671, 679.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu brtt. 679. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Síðan 2. umr. lauk hefur verið unnið að brtt. sem kallaðar voru aftur til 3. umr. hér við 2. umr. málsins. Ég óska því eftir að það verði gert andartaks hlé á þessari umræðu áður en henni lýkur, þannig að tími gefist til að dreifa brtt. sem samkomulag hefur orðið um að flytja í kjölfar á þeirri afgreiðslu brtt. sem kallaðar voru til baka við 2. umr.

Umræðu frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Stjfrv., 349. mál (vaxtabætur). — Þskj. 638.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Hér fyrir nokkrum dögum síðan var mælt fyrir breytingum á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins og gerð grein fyrir nýju kerfi sem ákveðið hefur verið að innleiða á þeim vettvangi. Liður í þeim breytingum er að taka upp vaxtabætur samkvæmt því frv. um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem ég mæli hér fyrir.

Í raun og veru má segja að þetta frv. sé eins konar fylgifrumvarp með því frumvarpi sem hér var mælt

fyrir af hæstv. félmrh. og var við þá umræðu gerð þó nokkur grein fyrir þeim vaxtabótum sem hér eru gerðar tillögur um. Ég sé því ekki ástæðu til þess að vera að fjalla um það ítarlega hér á þessu stigi því í raun og veru má segja að öll ákvæði þeirra lagagreina sem hér kveður á um skýrist af samhengi við það frv. sem hæstv. félmrh. hefur mælt fyrir.

Að ýmsu leyti má segja að það séu þingtæknilegir erfiðleikar því samfara að óhjákvæmilegt er að flytja þetta frv. hér sem breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt og samkvæmt þingsköpum að vísa því til hv. fjh.- og viðskn. Ég vil hins vegar mælast til þess að hv. fjh.- og viðskn. muni ásamt þeirri nefnd sem fær hitt frv. til meðferðar fjalla um þetta lagafrv. í tengslum við það.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til þess að vera að reifa hér ítarlega efnisatriði þessa máls, en hægt er að gera það nánar við 2. umr. þegar fjallað hefur verið um það meginfrumvarp sem hér er enn til umræðu í deildinni. Ég mælist til þess að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Mig langar til þess að leggja á það sérstaka áherslu við hv. fjh.- og viðskn., sem fær þetta frv. til meðferðar, að í nefndinni og frá nefndinni, þegar hún skilar af sér, komi miklu ítarlegri úttekt á áhrifum þessara breytinga og raunverulega því sem að er stefnt, að það verði hægt að sýna fram á það hvernig þetta kerfi virkar miðað við núgildandi kerfi og miðað við það sem fram undan er bæði í sambandi við húsbréfakerfið væntanlega, ef það verður samþykkt hér á hv. Alþingi, og eins í sambandi við þær breytingar aðrar sem gerðar eru á húsnæðiskerfinu. Ég tel að það sé mjög nauðsynlegt að þessi vinnubrögð verði viðhöfð vegna þess að eins og þetta frv. hefur verið lagt fram, þá er alls ekki hægt að líta á þær töflur eða það sem því fylgir í grg. sem viðhlítandi útskýringar á því hvernig þessi breyting virkar í raun og veru á hinn almenna mann sem þarf að njóta þessara bóta um langan tíma og miðað við það sem að talað er um að þurfi að koma fram í þeirri skattabreytingu sem hér er lögð til.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa meiri efnislegar umræður um þetta nú. En ég treysti því að þessi athugasemd verði tekin til greina þannig að hv. fjh.- og viðskn. deildarinnar afli sér nákvæmra útreikninga á ýmsum liðum í þessu frv. sem ég tel að sé ekki nægjanlega útskýrt eins og það liggur fyrir miðað við hvernig það kemur til með að virka á hinn almenna húsbyggjanda sem er með mismunandi aðstæður og verður með mismunandi aðstæður til að njóta þessara bóta eins og fyrir liggur.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér er nú lagt fram frv. til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Hér er verið að leggja fram enn eitt nýtt frv. þar sem verið er að taka sjálfsforræði einstaklinganna inn á ríkisjötuna og verið að deila og drottna. Þetta frv. gengur algjörlega gegn þeirri stefnu að gera einstaklingana sem ábyrgasta og kerfið þannig að þeir þurfi ekki að vera að þiggja af ríkinu sífelldar bætur á öllum sviðum.

Þessar svokölluðu vaxtabætur eru náttúrlega sýndarleikur og eru eftir öðru sem þessi ríkisstjórn leggur fram því að það er alveg einhlítt að vaxtabætur sem borga á eftir þessu eru náttúrlega engar vaxtabætur, hreint engar. Þetta er sýndarleikur og hlægileg skopsýning sem hæstv. fjmrh. stendur hér fyrir. Það er verið að reyna að slá ryki í augun á almenningi í landinu sem þegar er orðinn þreyttur á þeim skattaálögum sem lagðar hafa verið á þjóðina og hér er verið að ganga berhögg við sjálfsforræði einstaklingsins. Það er verið að draga fjárhagslegt sjálfstæði úr höndum manns með gífurlegum skattaálögum á öðrum sviðum og moka svo út einhverjum smáslettum sem í þessu tilfelli kallast vaxtabætur. Ég á von á því að næst verði borgaðar út menningarbætur ef menn geta ekki búið nógu nálægt leikhúsum eða öðru slíku. Þetta er alveg furðuleg samsetning.

Á sama tíma í fyrra voru alþýðuflokksmenn og þeir menn, sem stóðu þá í forsvari hér í þinginu, að tala um einfaldara, réttlátara og skilvirkara kerfi, en núna er hellt inn frumvörpum sem öll eru í þá veru að það er verið að gera skattakerfið og lífið fyrir einstaklingana miklu flóknara og erfiðara en þyrfti að vera. Það er verið að gera kerfið ómanneskjulegra og það er raunverulega óframkvæmanlegt fyrir venjulegt fólk að vita hvernig það á að sækja um þessar eða hinar bæturnar og hvernig það á að fara að. Enda kemur m.a. fram í grg. með frv. að í ljós kom að árið 1988 voru greiddar út 400 millj. í húsnæðisbætur til 9500 aðila. Af þeim töldu 30% ekki fram nein vaxtagjöld. Það sýnir best að fólkið veit ekki hvernig það á að haga sér í þessu flókna kerfi sem er verið að gera æ verra og með þeim hætti að menn þurfa að vera með heilan bunka af eyðublöðum og þarf sífellt að vera að sækja um hinar bæturnar og aðrar bæturnar í staðinn fyrir að reyna að létta af mönnum skröttum, hækka tekjurnar með þeim hætti og létta þeim t.d. róðurinn í sambandi við tekjuskattinn og aðra skatta sem eru lagðir á, en ekki vera að gera það með þessum hætti sem er bara sýndarmennska. Hæstv. fjmrh. er að reyna að slá sig til riddara og segja fólkinu: Sjáið þið hvað ég er góður. Ég er góði maðurinn, friðarengillinn frá Moskvu, maðurinn sem er að gefa ykkur vaxtabætur. Hann er nýbúinn að leggja á þjóðina skatta sem eru margfalt meiri en þetta. Þetta er nú öll viskan í þessu.

Það hefði verið nær að hækka tekjuskattsstigið, það hefði verið nær að hækka launin til fólksins með þeim hætti að það þyrfti ekki að vera að leggja fram svona vitleysisfrumvörp. Ég verð að segja það að þessi stefna, sem þessi flækjufótur er að leggja hér fram, er algjörlega í grundvallaratriðum röng stefna. Það er verið að ganga í þá veru að það er verið að gera

þjóðfélagið ómanneskjulegra og gera fólki ókleift að vita hver réttur þess er og hvernig það á yfirleitt að standa að málum.

Þessar vaxtabætur eru alfarið einn hlutinn af því að koma fólki í enn einn vanda, það á að sækja um alla vega bætur. Svo eru hér töflur með alla vega tölulegum upplýsingum um þessa vitleysu — sem er hægt að lesa upp og hæstv. fjmrh. er náttúrlega afskaplega fróður í því — og fólkið skilur ekki neitt í þessu, enda að sjálfsögðu ekki von til þess. Það er verið að leika sér með fjármuni einstaklinganna, fjármuni sem er búið að taka af þeim og rífa af þeim í skattana, sem síðan á að fara að gefa þeim aftur og segja: Ég er góði maðurinn, nú ætla ég að gefa ykkur hérna smávaxtabætur fyrir alla skattana sem ég er búinn að taka af ykkur.

Það er greinilegt að það er verið að ganga einmitt í þá veru sem vinstri menn eru svo afskaplega hrifnir af, og þeir hafa nú séð árangurinn af því þar sem þeir hafa fengið að ráða, þar sem fólkið hefur það alverst. Það er verið að ganga til þeirrar veru og þetta er alröng stefna.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Lánsfjárlög 1989, frh. 3. umr.

Stjfrv., 103. mál. — Þskj. 677 (sbr. 512), brtt. 637,2-3, 670, 671, 679, 686.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 686. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég ætla að ræða nokkuð þær brtt. sem hér hefur verið dreift á þskj. 686 og varða 28. og 29. gr. lánsfjárlagafrv.

Þannig háttar til að þegar fjárlög voru afgreidd í vetur, þá var ljóst að fjárveitingar mundu ekki duga til að greiða styrki til jarðræktarframlaga og búfjárræktarframlaga eins og lög kveða á um og var þá sett í frv. til lánsfjárlaga skerðingarákvæði sambærilegt við það sem verið hafði hið næsta ár á undan. Jafnframt var þess getið við 3. umr. um fjárlög í framsöguræðu formanns fjvn. að fyrir dyrum stæði endurskoðun jarðræktarlaga og búfjárræktarlaga þar sem breytt yrði ákvæðum um styrki ríkisins til þessara mála og að í tengslum við þær lagabreytingar yrði sérstaklega tekið á og gengið frá uppgjöri á þeim framlögum sem ógreidd væru vegna framkvæmda frá fyrri árum. Hér átt við jarðræktarframkvæmdir á árinu 1988 og búfjárræktarframlög á sama ári.

Þessi endurskoðun laganna stendur nú yfir. Til athugunar er hjá þingflokkum stjórnarliðsins frv. til jarðræktarlaga og er það jafnframt til meðferðar á búnaðarþingi. Unnið er að endurskoðun búfjárræktarlaga og ætlunin er að leggja fram nýtt frv. til búfjárræktarlaga, a.m.k. þess hluta þess lagabálks sem snýr að búfjárræktarstarfinu sjálfu, hér á þessu þingi og afgreiða ef kostur er fyrir vorið.

Það hefur síðan orðið að samkomulagi og í beinu samræmi við og framhaldi af afgreiðslu ríkisstjórnarinnar, afgreiðslu fjárlaga og þess fyrirvara eða þeirra upplýsinga sem fram komu í framsöguræðu formanns fjvn., að ákveðið er að afla lagaheimilda til að semja um uppgjör og tilhögun greiðslna vegna ógreiddra jarðræktarframlaga og búfjárræktarframlaga frá árinu 1988 í tengslum við afgreiðslu nýrra laga á þessum sviðum.

Rétt er að taka það skýrt fram og undirstrika að að sjálfsögðu er ætlun að ríkissjóður standi að fullu við greiðsluskyldur sínar vegna gildandi laga á þessum sviðum. Hins vegar verður það að ráðast af getu hversu mikið verður unnt að greiða á þessu ári og hvernig greiðslunum verður hagað á næstunni en ekki er unnt að gefa um það endanleg svör hér á þessari stundu hversu hratt verður unnt að greiða upp þessar skuldir vegna framkvæmda frá fyrri árum.

Nú kann það að fara svo, herra forseti, að dreifa þurfi þessari brtt. á þskj. 686 að nýju og þá prentaðri upp þar sem það er í athugun hvort minni háttar prentvilla hafi slæðst inn í textann. Mun ég þá gera grein fyrir því ef svo er og kveðja mér þá hljóðs að nýju ef með þarf. En að sjálfsögðu legg ég svo til, herra forseti, að þessar tillögur verði samþykktar.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Við 2. umr. gerði ég athugasemd við tillögu frá meiri hl. fjh.- og viðskn. Í fyrsta lagi athugasemd um það að texti þeirra tillagna væri óskýr og nauðsynlegt væri að vita hvað í þeim tillögum fælist þar sem talað var um að heimila það að fjmrh. í samráði við landbrh. og fjvn. Alþingis fengi heimild til að semja um uppgjör ógreiddra framlaga til jarðræktarframkvæmda á árinu 1988. Sambærileg brtt. fjallaði um ógreidd framlög vegna búfjárræktarlaga. Ég lagði þá til að tillögurnar væru kallaðar aftur og teknar til athugunar á milli umræðna. Á þetta var fallist og nú hefur hæstv. landbrh. flutt hér nýjar brtt. um þetta efni.

Ekki veit ég hvort hæstv. landbrh. hefur notað tímann vel milli umræðna og ókunnugt er mér um það hvort til að mynda formaður fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar hefur verið til kvaddur, þar sem hann var ekki hér við atkvæðagreiðslu og hann sést ekki hér enn í þingsalnum, en mér kemur ekki neitt á óvart það sem hæstv. landbrh. sagði í lok sinnar ræðu, að það kynnu að leynast í þessum tillögum prentvillur og ástæða gæti verið til að prenta þær upp einu sinni enn.

Þessar tillögur sem hæstv. landbrh. hefur nú mælt fyrir skýra málið að vísu lítillega. Sú hin fyrri er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Við 28. gr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Þó er fjmrh. heimilt, að höfðu samráði við landbrh. og fjvn. Alþingis, að ganga frá uppgjöri og ákveða tilhögun greiðslna vegna ógreiddra framlaga ríkissjóðs til jarðræktarframlaga árið 1988 í framhaldi af afgreiðslu nýrra laga um greiðsluskyldu ríkissjóðs vegna slíkra framkvæmda."

Sambærilegt orðalag er í hinni nýju brtt. við 29. gr. er varðar búfjárræktarframlög.

Þetta þýðir það, ef það er skýrt eins og orðanna hljóðan liggur fyrir — og er nú enn dreift hér nýju uppkasti sem ég hef ekki enn lesið — að efna á til samninga um uppgjör og tilhögun greiðslna á ógreiddum framlögum ríkisins vegna jarðræktarframkvæmda og búfjárræktarlaga sem bændur eiga samkvæmt lögum. En þetta er skilyrt, er háð því skilyrði að áður hafi verið sett ný jarðræktarlög og ný búfjárræktarlög sem væntanlega, ef ætla má af orðum hæstv. ráðherra, fela í sér skerta greiðsluskyldu ríkisins þessa vegna. Það sem sé felur í sér að það skal áður setja lög — og enginn veit hvenær það verður gert — og ekki hreyfa þessar greiðslur fyrr en ný lög hafa verið sett á hinu háa Alþingi. Með því er verið að setja þvingun á Alþingi og þvingun á þá sem vilja standa á rétti bænda í þessu máli.

Þetta fyrirkomulag, sem hæstv. ráðherra hefur hér mælt fyrir, er því þvingunarfyrirkomulag og með þessu móti á að þvinga þá, t.d. væntanlega einhverja hv. þm. Framsfl., sem kynnu að vilja standa á rétti bænda í þessu máli. Áður en farið væri að greiða það sem bændur eiga inni hjá ríkissjóði vegna þessara laga á að þvinga þá til að afgreiða ný lög sem fela í sér skerta greiðsluskyldu ríkisins og minni rétt bænda. Þetta er það sem lesa má út úr hinni nýju tillögu hæstv. ráðherra. Vonandi er að í henni felist prentvillur eins og hæstv. ráðherra gaf í skyn og nú er rétt að ég lesi enn nýja útgáfu af þessari tillögu sem hér er komin og viti hvað kunni nú að felast í henni. Sú tillaga við 28. gr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Við 28. gr. bætist nýr málsl. er orðist svo:

Þó er fjmrh. heimilt, að höfðu samráði við landbrh. og fjvn. Alþingis, að ganga frá uppgjöri og ákveða tilhögun greiðslna vegna ógreiddra framlaga ríkissjóðs til jarðræktarframkvæmda árið 1988 í tengslum við afgreiðslu nýrra laga um greiðsluskyldu ríkissjóðs vegna slíkra framkvæmda."

Þarna hefur því einu verið breytt að það er hér fengin heimild til að hefja greiðslur ógoldinna framlaga ríkisins í tengslum við nýja lagasetningu í stað, sem fyrri útgáfa sagði, í framhaldi af nýrri lagasetningu og munar þá ekki stórkostlega miklu þar frá. Þetta er eina breytingin á hinni síðustu útgáfu. Nú hlýt ég að mælast til þess, úr því að hér hefur á svo sem 7 eða 8 mínútum verið dreift tillögum af hálfu hæstv. landbrh. þar sem er verið að breyta tillögu meiri hl. fjh.- og viðskn. sem nauðsynlegt var að skýra a.m.k. og fá að vita hvað þyddi því að hún var svo óljóst orðuð, að þessari umræðu verði frestað og að hv. fjh. og viðskn. taki þetta mál til athugunar og að það sé ekki verið að kasta hverri vitleysunni á fætur annarri inn á borð hv. þm. og í miðri umræðu og það við 3. umr. og ætla sér síðan að afgreiða málið á þann máta eins og hér hefur verið lýst hvað þetta þýðir. Þetta eru þvingunarákvæði og ekkert annað. Ég hlýt að telja að geð þeirra hv. þm. sé næsta lítið í þessum þingsal og teljast til stjórnarliðsins sem vilja láta það yfir sig ganga að slík þvingunarákvæði séu sett við afgreiðslu lánsfjárlaga er varða allt annað og óskylt efni, þ.e. landbúnaðarlöggjöfina. Ég hlýt að undrast það vegna þess að ég veit að í þeim hópi eru þó menn sem vilja standa vörð um hagsmuni bændastéttarinnar í þessu máli. Ég undrast það ef það skal svo ganga fram að þeir láta sér það lynda að fá yfir sig slík þvingunarákvæði sem hæstv. landbrh. hefur hér mælt fyrir og mælir með að verði samþykkt.

Ég endurtek því þá eindregnu ósk mína og tillögu að umræðunni verði frestað og hv. fjh.- og viðskn. verði kölluð saman til fundar þar sem hún taki þetta mál fyrir að nýju. Það hlýtur að teljast hrein ósvífni, ég tek svo stórt til orða, að taka þetta mál upp og flytja um það nýja og allt aðra tillögu, þvingunartillögu, í fjarveru formanns fjh.- og viðskn. sem þó hafði flutt og mælt fyrir brtt. sem áður var á dagskrá hér, brtt. sem að vísu var þannig úr garði gerð að það var ómögulegt að skilja hvað þar var átt við. Þess vegna hlýt ég að fara þessa mjög eindregið á leit og verði það ekki gert beini ég máli mínu til þeirra hv. þm. sem hér kunna þó að vera og vilja ekki sætta sig við að á þá séu sett þvingunarákvæði í lánsfjárlögum, þvingunarákvæði sem tákna að þeir skuli gangast undir það jarðarmen að afgreiða nýja löggjöf um jarðræktarlög, um búfjárræktarlög, sem er væntanlega í því formi að þrengja mjög hag bænda, áður en hægt væri að hugsa sér að greiða út þá peninga sem bændur eiga lögum samkvæmt. Þessu hlýt ég að beina ekki síst til hæstv. landbrh., en þó ekki síður þeirra annarra þingmanna stjórnarliðsins sem hér hirða þó um að vera við 3. umr. um lánsfjárlög.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér sem fulltrúi í fjh.- og viðskn. Nd. að gagnrýna þá brtt. sem hér er fram sett jafnseint og raun ber vitni og leyfa mér að taka undir þá kröfu hv. þm. Pálma Jónssonar að umræðu verði nú þegar frestað og hv. fjh.- og viðskn. Nd. verði nú þegar kölluð saman.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég held að menn tali sig upp í óþarflegan hita og noti kannski stærri orð en efni standa til. Einkum fannst mér það eiga við hv. 2. þm.

Norðurl. v. Ég held að það verði varla sagt með fullum rökum að hér sé sérstakur níðingsskapur eða þvingunaraðgerðir á ferðinni. Hér er ósköp einfaldlega verið nákvæmlega og orðrétt að festa í lög heimildarákvæði í samræmi við löngu kynnta afgreiðslu ríkisstjórnarinnar á þessu máli og því til sannindamerkis vil ég, með leyfi forseta, lesa upp úr framsöguræðu formanns fjvn. við 3. umr. fjárlaga sem hugsast kann að hv. 2. þm. Norðurl. v. hafi einnig hlýtt á á sínum tíma. Þar var sérstaklega gerð grein fyrir afgreiðslu ríkisstjórnarinnar á þessu máli, bæði hvað snerti lánsfjárlög og ákvörðun um að hefja endurskoðun þessara laga. Svo segir í dálki 2845 í þingtíðindum við umræður 5. janúar, 10. hefti:

„Þessi afgreiðsla [þ.e. skerðing á þessum framlögum] á sér fordæmi frá afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1988 [og það er mjög athyglisvert og rétt fyrir hv. 2. þm. Norðurl. v. að minnast þess að fordæmið er sótt til þeirrar ríkisstjórnar sem hann studdi sérstaklega]. Í sambandi við þessar afgreiðslur er rétt að taka fram að landbrh. hyggst láta endurskoða lög um jarðræktarframlög og einnig búfjárræktarlög. Gert er ráð fyrir því að þær breytingar sem sú endurskoðun hefur í för með sér dragi úr útgjöldum vegna nýframkvæmda sem tengjast heföbundnum búgreinum. Í tengslum við endurskoðun og afgreiðslu nefndra lagabreytinga er ætlunin að ganga frá uppgjöri á skuldum vegna þegar tilkominna framkvæmda samkvæmt gildandi jarðræktar- og búfjárræktarlögum og leita samkomulags um greiðslu þeirra á tilteknu tímabili."

Í tengslum við afgreiðslu þessara laga, segir þarna í framsöguræðu formanns fjvn., og nákvæmlega og samkvæmt orðanna hljóðan er því orðalag brtt. haft á þann veg sem nú gefur að líta brtt. á þskj. 686 eins og hún hefur verið prentuð upp, en þar segir:

„Þó er fjmrh. heimilt að höfðu samráði við landbrh. og fjvn. Alþingis, að ganga frá uppgjöri og ákveða tilhögun greiðslna vegna ógreiddra framlaga ríkissjóðs til jarðræktarframkvæmda árið 1988 í tengslum við afgreiðslu nýrra laga um greiðsluskyldu ríkissjóðs vegna slíkra framkvæmda."

Sú endurskoðun laganna er nú í gangi og stendur yfir og nýtt frv. hefur bæði verið til umfjöllunar á búnaðarþingi og í þingflokkum stjórnarliðsins og mun væntanlega birtast á Alþingi innan fárra daga þannig að hér er í raun um nákvæmlega orðrétta afgreiðslu á þessari löngu samþykktu ákvörðun ríkisstjórnarinnar að ræða.

Um skerðingarnar þarf ekki að fara mörgum orðum. Þær eru þingreyndum mönnum mjög vel kunnar, m.a. þeim sem hafa staðið að afgreiðslu lánsfjárlaga um árabil á Alþingi eins og hv. 2. þm. Norðurl. v. Hann kannast mætavel við að því miður hefur það orðið svo að margir góðir málaflokkar hafa mátt sæta því að lögbundin framlög hafa verið skert með svonefndum „þrátt fyrir ákvæðum" í lánsfjárlögum. Langir dálkar slíkra skerðingarákvæða hafa því miður verið niðurstaðan í hverju lánsfjárlagafrv. á fætur öðru og hafa ýmsir viðkvæmir málaflokkar eins og Framkvæmdasjóður fatlaðra verið skertir ár eftir ár þannig að hér er ekki nýmæli á ferðinni hvað það snertir.

Ég get út af fyrir sig tekið það fram ef einhverjum finnst það fréttnæmt að þetta er ekki endilega óskaniðurstaða eða óskaafgreiðsla landbrh. á þessum málaflokki, en mér dettur ekki í hug að fara með einhverjum lítilmótlegum hætti að skjóta mér undan ábyrgð í þessu efni. Ég stend að sjálfsögðu fyllilega ábyrgur fyrir því sem ríkisstjórnin hefur ákveðið í þessum efnum og skammast mín ekki fyrir að flytja þessa brtt. í framhaldi af því.

Ég endurtek að hversu hratt tekst síðan að greiða upp þessar skuldir verður að ráðast af aðstæðum eins og jafnan þegar slíkt á í hlut. Ég vil svo undirstrika að hér er verið að afla heimildarákvæðis til að gera þessar skuldir upp og það mætti hv. 2. þm. Norðurl. v. hugleiða að eins og lánsfjárlagafrv. hefur litið út fram að þessu hafa alls engin heimildarákvæði af þessu tagi verið þar inni þannig að hér er þó verið að afla heimilda til að ganga í að gera upp þessar skuldir. Ég hefði haldið að hann, hv. þm. sem gerði sig að sérstökum talsmanni og verndara bænda og að mér skildist í hans ræðu nánast sá eini sem nú stæði uppi eftir á Alþingi í þeim hópi sem einhvers mæti bændastéttina og vildi veg hennar einhvern, ætti að fagna því, hv. 2. þm. Norðurl. v., að hér er þó verið að afla heimildarákvæða til að gera upp þessar skuldir hverjar ekki voru fyrir í frv. eins og það liggur fyrir. Ég verð að segja það alveg eins og er að fyrr vil ég afgreiða frv. svo breytt, hafandi þó þessa heimild inni, en hafa hana alls ekki þannig að alls engin heimildarákvæði séu til að stofna til útgjalda í þessum efnum innan fjárlagaársins. Ég legg eindregið til að þessi brtt. verði samþykkt og ég sé ekki sérstaka ástæðu til að fresta þessari umræðu vegna þess að þessi tillaga hefur verið flutt í samráði við fulltrúa meiri hlutans í fjh.- og viðskn. og ég hygg að því verði ekki á móti mælt að hún sé í einu og öllu í samræmi við löngu ákveðna afgreiðslu ríkisstjórnarinnar og meiri hlutans á þessu máli.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil beina því til hæstv. forseta að hér voru dregnar til baka til 3. umr. tillögur sem meiri hl. hv. fjh.- og viðskn. flutti og það mun ekki hafa verið haldinn fundur í nefndinni milli umræðna. Ég tel eðlilegt að fundur sé haldinn í hv. fjh.- og viðskn. vegna þessara tillagna og ég hef gert ráðstafanir til þess að formaður fjh.- og viðskn. mæti hér. Hann er væntanlegur innan stundar þannig að ég vildi beina því til hæstv. forseta að þessari umræðu yrði frestað um stund til þess að við fengjum örlitla stund til að líta yfir þessar tillögur. Ég teldi það eðlilegri afgreiðslu málsins að gera það á þann hátt án þess að ég sé með því nokkuð að kasta rýrð á tillögur hæstv. landbrh. Ég vildi fara fram á það við forseta að hann gefi

nefndinni tóm til að líta á málið, en formaður nefndarinnar er væntanlegur á næstu mínútum.

Forseti (Hjörleifur Guttormsson):
Það hafa komið tilmæli um það frá fulltrúa í fjh.- og viðskn., hv. 3. þm. Austurl., að málinu verði frestað til að nefnd geti litið á framlagðar brtt. Það sýnist vera skynsamlegt og til hagræðis fyrir störf í þingdeildinni að verða við þeim óskum og verður umræðunni nú frestað. En forseti leggur áherslu á að nefnd hraði störfum þannig að málið komi sem fyrst aftur hingað til umræðu í þingdeildinni.

Umræðu frestað.

Um þingsköp.
Stjórnarfrumvarp um verðbréfaviðskipti.

Þorsteinn Pálsson:
Herra forseti. 1. mál á dagskrá deildarinnar í dag er frv. um verðbréfaviðskipti. Svo vill til að þetta er 1. mál þingsins, mál sem var undirbúið af fyrrv. ríkisstjórn, vandlega undirbúið og lagt fram af núv. hæstv. ríkisstjórn sem 1. mál þessa Alþingis. Það hefur ekki enn komið til lokaafgreiðslu. Við umræðuna hafði komið fram að hv. 1. þm. Norðurl. v., formaður fjh.- og viðskn., óskaði eftir því að afgreiðsla málsins yrði tafin til þess að unnt væri að tengja hana afgreiðslu annars máls sem hann ber fyrir brjósti og var þá til meðferðar í Ed. Alþingis og ég hygg að sé þar enn. Það kom hins vegar fram í máli hæstv. viðskrh. að hann sæi ekki ástæðu til að tefja framgang þessa máls með þessum hætti og ég tek mjög eindregið undir þá skoðun hæstv. viðskrh. Það er ekki vansalaust hversu það hefur dregist að afgreiða þetta mál. Hv. fjh.- og viðskn. hefur haft nægan tíma til að fjalla um málið frá því að það kom síðast til umræðu í deildinni þannig að þau rök eiga ekki lengur við. M.ö.o., herra forseti: það eru engin málefnaleg rök lengur fyrir því að tefja lokaafgreiðslu og lokaumfjöllun hér og ég mælist eindregið til þess að málið verði útrætt og afgreitt þegar á þessum fundi, enda engin málefnaleg rök til annars.

Páll Pétursson:
Herra forseti. Því miður hefur fjh.- og viðskn. deildarinnar ekki unnist tími til að athuga þetta mál enn þá og þess vegna verð ég að óska eftir því að enn verði dregin lokaafgreiðsla málsins þangað til nefndinni hefur unnist tími til að fara yfir það.

Þorsteinn Pálsson:
Herra forseti. Að vísu er það ekki gild afsökun að hv. fjh.- viðskn. skuli ekki hafa komið saman til fundar til að fjalla um þetta mál með því að formaður nefndarinnar bað sérstaklega um að nefndin fengi svigrúm til þess, en nú skilst mér að gera eigi hlé til þess að hv. nefnd geti komið saman til fundar og þá er sérstök ástæða til að óska eftir því að það hlé verði notað í þeim tilgangi að fjalla um þetta mál þannig að það verði hægt á síðari fundi hér að taka þetta mál til afgreiðslu.

Páll Pétursson:
Herra forseti. Ég verð að áminna hv. 1. þm. Suðurl. um það að hann hefur lækkað í tign og á ekki lengur sæti í fjh.- og viðskn. þessarar deildar og hefur lent í öðru. Þannig er mál með vexti að við komum til með að ræða á fundi í fjh.- og viðskn. annað mál sem líka er mjög brýnt. Ég veit ekki hvort okkur gefst tími til að eyða tíma í þetta mál. Ég reikna hins vegar með því að taka það fyrir á fundi í fyrramálið og ég bið hv. deild að hafa biðlund þangað til.

Albert Guðmundsson:
Virðulegur forseti. Ég kem upp eingöngu til að lýsa yfir furðu minni á því að eins þingvanur þingflokksformaður skuli taka til orða þegar hann ávarpar félaga sinn og starfsbróður eins og hann gerði. Það er dónaskapur sem ekki á að eiga sér stað.

NEÐRI DEILD

72. fundur, þriðjudaginn 21. mars, kl. 10.55 síðdegis.

Verðbréfaviðskipti, frh. einnar umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 625 (sbr. 516).

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):
Herra forseti. Sem betur fer vannst fjh.- og viðskn. tími til að fara yfir þetta mál og gott samkomulag varð um það að meiri hl. leggur til að þær breytingar sem Ed. gerði á þessu frv. verði teknar gildar, enda liggur það fyrir að efnisbreytingin kemur inn í annað frv. sem einnig hlýtur afgreiðslu. Meiri hl. leggur til við deildina að fallast á að samþykkja frv. eins og Ed. gekk frá því.

Þorsteinn Pálsson:
Herra forseti. Ég vil fyrst og fremst fagna því að hv. fjh.- og viðskn. sá sér fært að fjalla um þetta frv. og ekkert er lengur til fyrirstöðu að afgreiða þetta mál, enda er 1. mál hæstv. ríkisstjórnar reyndar eina frjálshyggjumálið sem hún hefur borið fram. Öll önnur mál hafa svo lotið að því að auka miðstýringu og höft í íslenskum efnahags- og fjármálum. En með því að þetta er eina frjálshyggjumálið sem hæstv. ríkisstjórn hefur borið fram fagna ég því sérstaklega að engin fyrirstaða er lengur af hálfu stjórnarflokkanna að afgreiða málið frá hinu háa Alþingi sem lög.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):
Herra forseti. Ég er ákaflega ánægður yfir því að hv. 1. þm. Suðurl. skuli geta verið stoltur af einhverju og legg til að við samþykkjum þetta frv. „uden videre".

Albert Guðmundsson:
Herra forseti. Eftir þessar efnismiklu ræður, sem tveir af forustumönnum stærstu stjórnmálaflokkanna á Alþingi hafa haldið, tel ég ástæðu til þess að fagna þeim gríðarlega áfanga sem náðst hefur á svo stuttum tíma sem nefndin starfaði.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 687).

Eignarleigustarfsemi, ein umr.

Stjfrv., 2. mál. — Þskj. 680 (sbr. 624).

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):
Herra forseti. Fjh.- og viðskn. deildarinnar vannst einnig tími til að athuga þær breytingar sem Ed. gerði á þessu frv., sem voru reyndar ekki miklar heldur var hér einungis um orðalagsbreytingar að ræða, og við föllumst á að þarna sé a.m.k. jafngilt orðalag ef ekki betra og leggjum til að frv. verði samþykkt í þeirri mynd sem Ed. gekk frá því.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 688).

Lánsfjárlög 1989, frh. 3. umr.

Stjfrv., 103. mál. — Þskj. 677 (sbr. 512), brtt. 637,2-3, 670, 671, 679, 686.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):
Herra forseti. Fjh.- og viðskn. fjallaði um þetta mál á fundi sínum og við komumst að þeirri niðurstöðu, meiri hl. nefndarinnar, að rétt væri að halda sig við upphaflegar brtt. eins og þær eru á þskj. 637, blaði sem er merkt endurprentað upp. Þær brtt. sem fram höfðu komið og athugasemdir voru vegna þess að menn höfðu ekki verið viðstaddir umræðuna. Að sjálfsögðu var búið að taka það fram að þessi afgreiðsla var liður í lagabreytingu sem fyrirhuguð er á jarðræktarlögunum annars vegar og á búfjárræktarlögum hins vegar þannig að það þarf ekkert að taka það fram í lagatexta og um það er gott samkomulag í ríkisstjórnarliðinu að afgreiða endurskoðuð jarðræktarlög og búfjárræktarlög áður en þessu þingi lýkur. Þar af leiðir að það þarf ekki að taka fram í lagatexta nein fyrirheit þar um, enda voru þau komin fram í framsögu minni.

Varðandi það orðalag að ganga frá uppgjöri og að semja um uppgjör sáum við ekki ástæðu til að kippa okkur neitt upp við það. Þetta merkir nákvæmlega það sama. Að semja um uppgjör felur í sér að það verði gengið frá málinu að hluta til kannski á þessu ári og að hluta til á síðari tíma. Ég legg til að menn fallist á að láta þetta standa eins og brtt. meiri hl. fjh.- og viðskn. lagði til.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):
Herra forseti. Á hinum stutta en árangursríka fundi sínum hefur hv. fjh.- og viðskn. leitt mörg mikilvæg mál til lykta eins og við höfum nú þegar fengið að heyra í ræðum hv. frsm. nefndarinnar og eitt af þeim er atriði sem vafðist nokkuð fyrir mönnum fyrr á fundinum.

Nú hefur það orðið að ráði hjá meiri hl. nefndarinnar að halda sig við orðalag upprunalegu brtt. eins og hún var flutt af meiri hl. fjh.- og viðskn. Það get ég mjög vel sætt mig við. Það hefur sýnt sig að tilraunir til að orða sama hlutinn með öðrum hætti, sem hér voru uppi hafðar af mér og fleirum í því skyni að reyna að skýra betur hluti sem ýmsum þóttu óljósir, hafa ekki skilað betri árangri en upphafleg tillaga fjh.- og viðskn. eða meiri hl. hennar. Þá legg ég að sjálfsögðu til að menn haldi sig við það og dreg til baka brtt. mína á þskj. 686, vísa að nýju til umræðna sem um þetta hafa orðið og skýringa á ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá því í vetur, sérstaklega framsöguræðu formanns fjvn. frá 5. jan. sl. sem í raun skýrir með fullnægjandi hætti það sem hér er efnislega á ferðinni þannig að út af fyrir sig þarf ekki að setja á langar ræður um endanlegt orðalag heimildarákvæðanna sem hér eru sett inn í lánsfjárlög.

Hreggviður Jónsson:
Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir brtt. á þskj. 671 um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1989 sem er flutt af mér ásamt hv. þm. Inga Birni Albertssyni og Albert Guðmundssyni. Hún fjallar um að 31. gr. falli brott, en það eru skerðingarákvæði um fjáröflun til vegagerðar sem gera ráð fyrir því að 680 millj. af hækkun bensíngjalds og þungaskatts renni í ríkissjóð.

Við umfjöllun um þetta mál hjá fjh.- og viðskn. Ed. og einnig í Nd. kom fram að það ákvæði að 680 millj. af bensíngjaldi og þungaskatti skuli renna í ríkissjóð verði til þess að Vegagerð ríkisins geti ekki staðið fyrir öllum þeim framkvæmdum á næsta ári sem henni var ætlað í vegáætlun frá 1987. Það vantar upp á það um 600 millj. og þar munu vera á milli 300 og 350 millj. vegna vegaganganna í gegnum Ólafsfjarðarmúla. Í vegáætlun 1987 var ekki gert ráð fyrir þessum göngum. Það er því mikilvægt að þetta sé ekki dregið út og þessum fjárhæðum haldið inni í

vegáætlun því annars verður að draga verulega úr vegaframkvæmdum á öðrum sviðum.

Það hefur verið gert ráð fyrir að þetta séu nú 680 millj. og við leggjum því til hér að þetta verði fellt út samkvæmt þessari brtt. Ég held að það sé ekki spurning um að það liggur á því að það sé lagt bundið slitlag sem víðast um landið. Að taka fjármagn til þess að leggja í aðra hluti og að draga úr þessari áætlun núna er mjög slæmt. Ég vil því leggja til að þetta ákvæði verði fellt niður.

Þá leggjum við til að skerðingarákvæði í 31. gr. falli brott einnig, en það fjallar um framlag ríkissjóðs til Félagsheimilasjóðs sem er ætlað samkvæmt þessum lögum 21 millj. á árinu 1989. Á næsta ári er áætlað að til Félagsheimilasjóðs komi um 50 millj. þannig að það er verið að skerða framlög til sjóðsins um 29 millj. á árinu 1989. Eins og allir vita er Félagsheimilasjóði ætlað að styrkja nýframkvæmdir við félagsheimili og eru styrkir úr honum í kringum 40% af byggingarkostnaði og hluta af kostnaði við búnað.

Nú skuldar sjóðurinn framlög til 51 félagsheimilis að upphæð 63 millj. kr. Þar af eru nokkuð stór félagsheimili sem eru í byggingu. Ég nefni hér félagsheimilin á Selfossi og í Ólafsvík. Það liggur nokkuð ljóst fyrir að þeir aðilar sem hafa farið út í byggingu félagsheimila hafa gert ráð fyrir framlögum á fjárlögum. Sá dráttur sem hefur orðið á þessum framlögum veldur verulegum vandræðum og rýrir mjög þá fjármuni sem ætlaðir eru til þessarar starfsemi en þeir eru ekki verðbættir. Ég held að það sé mjög brýnt, og hafa reynar margir þingmenn tekið til máls síðan ég settist á Alþingi um þennan sjóð og talið að framlög til hans þurfi að vera hærri þannig að hann geti staðið við þær skuldbindingar sem hann á að standa undir og menn fái ekki til baka miklu verðminni peninga en þeir hafa lagt í kostnað við byggingu á félagsheimilum.

Ég ætlaði ekki að hafa þetta mjög langt að öðru leyti, en vil aðeins minnast á þá tillögu sem hér var til umræðu fyrr í dag á þskj. 686 sem nú hefur verið dregin til baka og ég fagna því. Sérstaklega vil ég fagna því í því sambandi að þar er gert ráð fyrir að þetta sé bundið afgreiðslu nýrri laga sem getur ekki talist þingleg meðferð og mjög vafasamt að taka upp þvílík vinnubrögð hér á þinginu. Það er hins vegar svo að hér eru ekki nefndar neinar tölur. Það hefði verið hægur vandi fyrir landbrh. að hafa á takteinum þær upphæðir sem eiga að fara til þessara hluta og samþykkja að fjmrh. megi afgreiða þessi framlög til jarðræktarframkvæmda og til búfjárræktar á árinu 1988. Ef ríkið stendur að samningum um slíka hluti verður það að standa við þá. Bændastéttin er ekkert öðruvísi en aðrar stéttir í þjóðfélaginu. Þegar hefur verið gerður samningur við þá um ákveðna hluti verður það að standa við það því að það er erfitt að vera búinn að framkvæma og ganga út frá fjárframlögum sem koma svo ekki með þeim hætti sem til stendur.

Ég vil líka gera að umræðuefni þá brtt. sem var samþykkt hér áðan og er á þskj. 637 því að hún verður að teljast mjög vafasöm. Hér er opnað fyrir það að taka lán vegna skuldbreytinga sveitarfélaga og fyrirtækja eftir þörfum. Hér er byrjað með 100 millj. og enginn veit hvar það getur endað. Það er miklu nær að sveitarfélögin leiti til sinna viðskiptabanka og fái ábyrgð hjá þeim en það sé gert með þessum hætti. Þetta opnar fyrir alveg nýja afgreiðslu sem hefur ekki verið tíðkuð hér áður og verður að telja að þetta sé mjög vafasöm leið.

Ég ætla ekki að gera þetta að öðru leyti að umræðu, en hefði getað sagt ýmislegt um lánsfjárlögin sem slík. Það er orðið áliðið nætur og við erum búin að standa á fundi alllengi í dag og mun ég því láta það nægja sem hv. 1. þm. Vestf. sagði í nál. fyrir 1. minnihlutaáliti um lánsfjárlög. Það held ég að hafi verið mjög ítarlegt og gott og tel að öðru leyti að ég láti þetta nægja að sinni.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir brtt. á þskj. 670 við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1989. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Hreggviður Jónsson og Albert Guðmundsson. Tillagan er sú að 22. gr. falli brott, en hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. málsgr. 8. gr. og 26. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, skal framlag ríkissjóðs til Ferðamálasjóðs og til sérstakra verkefna Ferðamálaráðs samkvæmt fyrrnefndum lögum eigi nema hærri fjárhæð en 28 millj. kr. á árinu 1989."

Í lánsfjárlögum er Ferðamálaráði ætluð sama upphæð og í fyrra en skerðingin á framlagi ríkisins til ráðsins er nú meiri en þá. Tekjur Ferðamálaráðs skulu vera 10% af tekjum Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli af seldu áfengi og tóbaki og í fjárlögum fyrir 1989 er gert ráð fyrir að þær verði rúmlega 1 milljarður eða 1010 millj. kr. þannig að framlag til ráðsins ætti í raun og veru að vera 101 millj. kr., en verður þess í stað 28 millj.

Lögin um tekjustofn Ferðamálaráðs tóku gildi 1976, en framlagið til ráðsins hefur ætíð verið skert. Skerðingin hefur að jafnaði numið um 60%. Með þessu er rekstrarfé Ferðamálaráðs skert verulega og þriðja árið í röð mun ráðið ekki geta veitt neinu fé til umhverfismála. Bróðurparturinn af rekstrarfé ráðsins mun renna til landkynningarverkefna, en auk þess er gert ráð fyrir að verja fé til að ýta undir ferðalög Íslendinga innan lands.

Það væri athugandi, hæstv. forseti, að gera samanburð á framlaginu úr ríkissjóði til Ferðamálasjóðs og t.d. ferðakostnaði bara ráðherranna einna. Mig grunar fastlega að sá liður yrði allverulega hærri en framlag til sjóðsins.

Það er í rauninni sorglegt að slíkur tekjustofn sem ferðamannaiðnaður er skuli vera jafnvannýttur og illa sinnt og raun ber vitni. Hér eru möguleikar á tekjum upp á fleiri milljarða króna ef vel væri að staðið.

Á síðasta þingi flutti ég ásamt hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur og hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni afskaplega svipaða tillögu þar sem það var að vísu

skilyrt að ákveðinn hluti hækkaðra framlaga til sjóðsins skyldi vera skilyrtur því að ákveðin krónutala skyldi renna til umhverfismála. Nú er það að vísu kannski ekki eðlileg málsmeðferð að skilyrða framlag sem slíkt, enda eiga Ferðamálaráð og Ferðamálasjóður að deila út sínum peningum eins og þeir telja að best sé gert. En ég get ekki látið hjá líða að vitna aðeins til orða núv. hæstv. samgrh. sem fer með þessi mál og mælti fyrir þessari brtt. okkar á síðasta þingi, en þar segir hann m.a., með leyfi forseta:

„Ég hygg að enginn liður sem höggvið er að í þessari lánsfjáráætlun sé jafnhlálega og hróplega í ósamræmi við hátíðarræður ýmissa manna og þessi framlög til ferðamálanna. Það er alkunna að það er vinsælt á tyllidögum að lofsyngja ferðamannaiðnaðinn eins og það er kallað núna þó það heyri víst ekki undir iðnrh. eins og halda mætti."

Og síðar í sömu ræðu: „Ég tel því að sú niðurstaða sem verður hvað fjárveitingar til þessa verkefnaflokks varðar ef tillögur meiri hlutans verða hér knúnar í gegn og brtt. minni hlutans ná ekki fram að ganga sé nánast svívirða við landið, fóstru okkar, Ísland."

Þetta voru orð, hæstv. forseti, núv. hæstv. samgrh. fyrir ekki ári.

Nú er freistandi að spyrja hæstv. ráðherra hvað hefur breyst svona mikið á þessum skamma tíma. Hefur hann algjörlega kúvent í skoðunum varðandi þennan málaflokk?

Til að ljúka tilvitnun í ræðu hæstv. ráðherra vil ég lesa, með leyfi forseta, eftirfarandi: „Ég tel þetta, herra forseti, einhverja hneykslanlegustu og aumingjalegustu niðurstöðu að mörgum slíkum ljótum hjá hæstv. ríkisstjórn."

Er ekki ástæða til að ætla að hæstv. ráðherra mundi slást í hópinn með okkur og styðja nákvæmlega sama mál og hann lagði sjálfur fram hér í fyrra? Ég trúi ekki öðru. Ef ekki vænti ég þess að hæstv. ráðherra skýri frá sinni afstöðu og hvernig hans viðhorf hafa breyst á þessum stutta tíma.

Hæstv. forseti. Á þskj. 634 liggur frammi brtt. frá hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur sem gerir ráð fyrir að II. kaflinn eins og hann leggur sig falli brott. Þessi tillaga fékk fá atkvæði fyrr í dag, sjálfsagt af skiljanlegum ástæðum. Ég greiddi henni hins vegar atkvæði vegna þess að mér finnst fáránlegt að setja lög sem í upphafi á greinilega alls ekki að fara eftir. Það er skammarlegt að kveikja vonir hjá aðilum og stofnunum og fyrirtækjum og hverra sem gera sér vonir vegna slíkrar lagasetningar og svíkja þær síðan. Það er mikið hreinlegra að ganga beint til verks og fella þessi lög alfarið niður og ákveða þá fasta fjárveitingu hverju sinni. Þess vegna studdi ég þessa tillögu og má kannski segja að það hafi verið ákveðin mótmæli gegn því fyrirkomulagi sem hér er viðurkennt ár eftir ár og er í rauninni þinginu til háborinnar skammar. En síðan koma upp menn talandi fyrir ákveðna málaflokka og fara fram á að þar séu „þrátt fyrir ákvæðin" í undantekningartilfellum felld niður. Auðvitað á að stíga skrefið til fulls og fella þennan kafla alfarið út.

Sú brtt. sem hæstv. landbrh. lagði fram og olli smáfjaðrafoki fyrr í kvöld á þskj. 686 og hefur aftur verið breytt í fyrra form er vítaverð fyrir það hversu seint hún kemur fram, en ég vildi spyrja ráðherra til að fá það þá staðfest hvort þetta gildi ekki einnig um eldri skuldbindingar fyrir árið 1986 og 1987 og eins hvort það sé fordæmi fyrir því í lánsfjárlögum að svona sé að málum staðið. Mér heyrðist það á nefndarfundi hjá fjh.- og viðskn. að það væru sennilega engin fordæmi fyrir slíku og þá er kannski rétt að spyrja hæstv. forseta hvort það sé þinglega að staðið.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að eyða frekari tíma þingsins. Ég legg að sjálfsögðu til að þær tillögur sem ég og hæstv. núv. samgrh. fluttum á síðasta þingi og eru endurfluttar í kvöld verði samþykktar og þar með samþykki og atkvæði hæstv. ráðherra.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Sú umræða sem hér hefur farið fram lýsir mætavel handarbakavinnubrögðunum og ráðleysinu sem einkennir störf þessarar hæstv. ríkisstjórnar. Ég held að brtt. við 2. umr. hafi bæði verið prentaðar upp og endurprentaðar upp og svo fluttar í þremur útgáfum við 3. umr. þegar hæstv. ríkisstjórn loks kemur sér saman um hvernig á endanlega að afgreiða þær af hennar hálfu frá hinu háa Alþingi. Þetta er eitt dæmi um hvernig vinnulagið er og afraksturinn er auðvitað í samræmi við þetta. Hér er verið að afgreiða lánsfjárlög ríkisstjórnar sem hafði stór orð um að draga úr erlendum lántökum en hefur aukið erlendar lántökur í meðferð frv. á hinu háa Alþingi um 50%. Þetta er niðurstaðan af stóryrðunum. Auðvitað mun þetta hafa sín áhrif út í þjóðarbúskapinn. Auðvitað mun þetta svo smám saman auka á spennu og þenslu. Hæstv. forsrh. lýsti því yfir að það hefði komið honum algjörlega á óvart hversu verðbólgan var orðin mikil og það hefði verið allt annað en honum hefði verið tjáð að þessi verðbólguholskefla skyldi hafa riðið yfir.

Við 2. umr. þessa máls kom það á daginn, kom að vísu fæstum á óvart, að hæstv. fjmrh. gat engin svör veitt við einföldum en skýrum spurningum sem afhjúpa rekstur ríkissjóðs og fjármálastefnu þessarar hæstv. ríkisstjórnar. Hann gat ekki hrakið að þegar komið er á þriðja mánuð þessa árs skuli vera komið gat upp á nálega 3 milljarða kr. eða hátt í 3 milljarða kr. Það gat hæstv. fjmrh. ekki hrakið.

Hæstv. fjmrh. gat enga grein gert fyrir því hvernig hann ætlaði að afla tekna, hvort hann ætlaði að gera það með lánum eða nýrri tekjuöflun að því er varðar ný útgjaldaáform ríkissjóðs. Og hæstv. ráðherra gat engin svör veitt við því hvernig ríkisstjórnin ætlaði að mæta skýrum ákvörðunum sem hún hefur tekið til að mynda í verðlagsmálum. Þess er ekki að vænta að hæstv. fjmrh. geti fremur við 3. umr. veitt svör við þessum spurningum, hvorki Alþingi né fólkinu í landinu, og þó hefur þessi lokaumræða um lánsfjárlögin dregist þetta langt fram á þetta ár þannig að hæstv. ráðherra á að hafa haft sæmilegan tíma til að undirbúa sig undir þessa umræðu. En ég geri ekki ráð

fyrir að það hafi breyst frá því í dag og nú fram á kvöldið.

En það væri ástæða til þess vegna þess að hæstv. fjmrh. gat við umræðuna í dag ekki heldur svarað neinu um þann samráðsgrundvöll sem hlýtur að liggja fyrir í viðræðum stjórnvalda við aðila vinnumarkaðarins. Hér er um að ræða mál sem er búið að vera á döfinni mánuðum saman hjá hæstv. ríkisstjórn. Hæstv. forsrh. upplýsti í lok síðasta árs að hann hefði ákveðið að efna til þessa samráðs, en gat þá ekki svarað einu einasta orði um það hver viðræðugrundvöllur hæstv. ríkisstjórnar yrði. En hann hafði um það stór orð að nú yrði þetta samráð hafið og ég man ekki hversu marga leiðara ég hef lesið í Tímanum sem hafa hlaðið lofi á hæstv. forsrh. fyrir allt þetta samráð og þá miklu gæfu sem því fylgir. En nú er komið að páskaleyfi Alþingis og hæstv. fjmrh. gat ekki við umræðu um lánsfjárlög svarað einni einustu spurningu um þetta efni og þó lúta þær allar að fjárlögum ríkisins og lánsfjárlögum. Þess vegna óska ég eftir því að hæstv. forsrh. geri tilraun til að svara þeim spurningum sem hér eru uppi og óska eftir því, herra forseti, að hann verði viðstaddur þessa umræðu í þeim tilgangi að gefa nokkur svör við þessu því að ég trúi ekki að það sé staðreynd máls, þegar viðræður hafa farið fram um langan tíma milli Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambandsins um endurnýjun kjarasamninga og ríkisstjórnin hefur samkvæmt fréttum setið dögum saman á fundum til að ræða samráðsgrundvöllinn og dagblaðið Þjóðviljinn hefur birt það sem verkalýðshreyfingin leggur höfuðáherslu á, að hæstv. forsrh. geti ekki svarað einni einustu spurningu um það fremur en hæstv. fjmrh. Það hlýtur að vera eðlilegt og rétt krafa Alþingis áður en það fer í páskaleyfi að við þessu séu veitt ákveðin svör.

Hér er um að ræða spurningar sem lúta að því hvort hæstv. ríkisstjórn ætlar sér að ræða í þessu samráði eins og fram kemur af hálfu Alþýðusambandsins að búvöruverð verði óbreytt á þessu ári, en fram hefur komið að það mun kosta 670 millj. til viðbótar við fjárlög ef halda á niðurgreiðslum óbreyttum. En við þá upphæð má bæta nokkur hundruð milljónum í viðbót ef verða á við þessari kröfu sem fram hefur komið af hálfu launþegasamtakanna.

Það er nauðsynlegt þegar lánsfjárlög eru rædd að það komi fram hvað ríkisstjórnin ætlar sér í þessum efnum, enda nokkuð ljóst að lánsfjárlagafrv. er marklaust plagg með öllu ef hæstv. ríkisstjórn getur engu svarað um þetta efni.

Það er líka nauðsynlegt að það komi fram hvort hæstv. ríkisstjórn og hvort hæstv. forsrh. getur svarað því sem hæstv. fjmrh. gat ekki um hækkun skattleysismarka, en dagblaðið Þjóðviljinn segir frá því í dag að krafan um hækkun skattleysismarka sé eitt af grundvallaratriðunum í samráðinu við hæstv. ríkisstjórn. Þar kemur enn fremur fram að það er lagt til að breyting verði á vörugjöldum og í fréttabréfi Landssambands iðnaðarmanna er nýlega greint frá því að bæði hæstv. forsrh. og hæstv. iðnrh. hafi gefið forustumönnum iðnaðarins alveg ótvírætt til kynna að það ætti að gera meira en að breyta reglum að þessu leyti, hér ætlaði ríkisstjórnin sér að breyta þeirri skattheimtu sem ákveðin var fyrir jólin mjög svo til óhagræðis fyrir íslenskan iðnað. Í sama fréttabréfi kemur fram mjög skýr krafa af hálfu forustumanna Landssambands iðnaðarmanna um það að hæstv. iðnrh. og hæstv. forsrh. standi við þessar yfirlýsingar. Hæstv. fjmrh. gat í umræðunni í dag engu svarað um þetta efni, átti engin svör um þetta atriði. Það væri fróðlegt að vita hvort hæstv. forsrh. gæti einhverju svarað um þetta eða hæstv. iðnrh. En það er greinilegt að þeir hafa gefið forustumönnum iðnaðarins í landinu ákveðnar yfirlýsingar sem forustumenn iðnaðarins túlka á einn veg og rétt að fá úr því skorið hvort þær yfirlýsingar sem forustumenn iðnaðarins hafa gefið í þessu efni eru réttar eða ekki. Ætlar ríkisstjórnin að koma til móts við iðnaðinn í landinu með því að breyta vörugjaldinu? Það liggur fyrir í fyrsta lagi að tveir ráðherrar hafa gefið fyrirheit um þetta samkvæmt frásögn í fréttabréfi Landssambands iðnaðarmanna og það liggur fyrir í öðru lagi að dagblaðið Þjóðviljinn hefur upplýst að þetta er eitt af þeim atriðum sem aðilar vinnumarkaðarins leggja til grundvallar eða vilja leggja til grundvallar í samráðinu við ríkisstjórnina.

(**Forseti:** Forseti vill vekja athygli hv. ræðumanns á því að það var óskað eftir nærveru hæstv. forsrh. Hann er ekki í þinghúsinu og hefur ekki náðst til hans, en hér eru viðstaddir umræðuna þrír hæstv. ráðherrar þannig að ég vænti þess að þeir geti svarað eða metið það sem fram kemur.) Það er ekki venja að hæstv. forsrh. sé viðstaddur mikilvægar umræður um efnahags- og fjármál, enda eru þau mál á forræði annars ráðherra í þessari hæstv. ríkisstjórn og lúta verkstjórn hæstv. fjmrh. Ég hafði óskað eftir því samkvæmt nýjum reglum sem settar hafa verið varðandi óskir þingmanna um viðveru ráðherra að hæstv. forsrh. yrði viðstaddur þessa umræðu og bar fram þá ósk samkvæmt hinum nýju reglum fyrir upphaf fundar, en ég geri út af fyrir sig enga athugasemd um fjarveru hæstv. forsrh. Hún breytir ákaflega litlu. Ég geri ekki ráð fyrir því að hann eigi nokkur svör og þykist reyndar vita að fjarvera hans stafi af því að hann á engin svör við þessum spurningum og lýsir það kannski best hvernig málum er komið. Eigi að síður hlýtur að vera eðlilegt að Alþingi kalli eftir þessum svörum. Aðilar vinnumarkaðarins og fólkið í landinu mun svo taka eftir því að hér var enginn forsrh. til þess að svara slíkum spurningum og hæstv. fjmrh. getur engu orði komið upp varðandi þessi efni. Þau skilaboð munu að sjálfsögðu berast út til fólksins í landinu og út til þeirra sem mestra hagsmuna eiga að gæta.

Það voru fleiri atriði sem komu til umræðu þegar þetta mál var hér til 2. umr. M.a. var fjallað um það alvarlega ástand sem hefur skapast vegna valdhroka og þrákelkni hæstv. fjmrh. í samskiptum við lífeyrissjóðina í landinu, þann einstaka ruddaskap sem fram hefur komið af hálfu ríkisvaldsins í þeim samskipt-

um. En upphaf þess máls er það að hæstv. viðskrh. breytti lánskjaravísitölu án lagagrundvallar þó að fyrir lægi yfirlýsing hæstv. forsrh. í athugasemdum með frv. að nýrri launavísitölu að ekki væri hægt að breyta grundvelli lánskjaravísitölu fyrr en lög hefðu verið sett. Yfirleitt hefur það verið á þann veginn að hæstv. forsrh. hefur verið þekktur fyrir það að taka hinar flausturslegri ákvarðanir, en hæstv. viðskrh. hefur verið þekktur fyrir að vilja vanda undirbúning mála, fara að engu óðslega og fara að réttum lögum. En í þessu tilviki hafa hæstv. ráðherrar hlutverkaskipti því að það er hæstv. forsrh. sem segir skýrt og skorinort í athugasemdum með frv. að það sé ekki hægt að breyta lánskjaravísitölunni fyrr en lög hafi verið sett um launavísitölu.

En þrátt fyrir þessa skýru yfirlýsingu hæstv. forsrh. rýkur hæstv. viðskrh. í það að breyta lánskjaravísitölunni með þeirri afleiðingu að hæstv. fjmrh. ákveður að ganga á bak orða sinna í samningum við lífeyrissjóðina. Þetta hefur svo aftur leitt til þess að lífeyrissjóðirnir hafa mjög svo dregið úr kaupum á skuldabréfum ríkisins, einkanlega auðvitað að því er varðar kaupskyldu þeirra á bréfum vegna húsnæðislánasjóðanna.

Nú standa fyrir dyrum, samkvæmt yfirlýsingum talsmanna lífeyrissjóðanna í landinu, umfangsmikil málaferli við ríkisvaldið vegna þessara einstæðu samskipta og er athygli vert að það skuli einmitt vera formaður Alþb. sem hefur forustu fyrir þessari framkomu gagnvart lífeyrissjóðunum í landinu. En nú hafa lífeyrissjóðirnir dregið úr kaupum á skuldabréfum húsnæðislánasjóðanna. Það þýðir auðvitað að bregðast verður við með einhverjum hætti. Ég óskaði eftir því að hæstv. félmrh. yrði viðstaddur þessa umræðu og vil nú inna forseta deildarinnar eftir því hvort hæstv. félmrh. sé ekki viðstaddur. — Nú sé ég að ráðherra skundar í salinn.

Í fyrsta lagi óska ég eftir því að hæstv. félmrh. geri grein fyrir afstöðu sinni til framkomu hæstv. fjmrh. gagnvart lífeyrissjóðunum. Ég vil inna hæstv. félmrh. eftir því hvort hann sé sammála aðför hæstv. fjmrh. að lífeyrissjóðunum og því stríðsástandi sem hann hefur komið á í þeim samskiptum; hvort hæstv. félmrh. telur að það sé rétta leiðin til þess að taka á þeim erfiðleikum sem húsnæðislánakerfið á í í dag; hvort það sé líklegasta leiðin til þess að bæta úr því ófremdarástandi sem þar ríkir.

Í annan stað vil ég inna ráðherrann eftir því hvaða ráðstafanir hafi verið gerðar til þess að útvega fjármagn með öðrum hætti ef mál eiga að halda áfram í þeim farvegi sem verið hefur að undanförnu, víðtæk málaferli og enn muni draga úr kaupum lífeyrissjóðanna.

Í þriðja lagi vil ég inna hæstv. ráðherra eftir því hvaða áhrif það muni hafa á réttindi sjóðfélaga sem sækja um lán hjá Húsnæðisstofnun. En samkvæmt lögum um Húsnæðisstofnun eru réttindi til lána bundin því að sjóðirnir kaupi skuldabréf samkvæmt kaupskylduákvæðum laganna. Nú hefur hæstv. fjmrh. gert það að verkum með því að brjóta samninga við lífeyrissjóðina að þeir geta ekki haldið þessum viðskiptum áfram samkvæmt þeirra eigin yfirlýsingum. Hvaða áhrif mun það hafa á réttindi sjóðfélaga? Þetta eru allt spurningar sem nauðsynlegt er að fá svör við vegna þess að hér eru miklir hagsmunir í húfi.

Hér er valdahroki hæstv. fjmrh. á ferðinni og hann hefur ekki einungis áhrif á þá sem eru stjórnarmenn og forustumenn lífeyrissjóðanna. Hann getur haft afleiðingar fyrir fjölskyldurnar í landinu sem eru að sækja um og bíða eftir úrlausn í húsnæðislánakerfinu. Þetta mál er því miklu stærra í sniðum og alvarlegra en svo að hæstv. ráðherra geti litið á það sem einhvern hrokaslag milli sín og forustumanna lífeyrissjóðanna. Þess vegna er nauðsynlegt áður en þessari umræðu lýkur hér um lánsfjárlög að hæstv. félmrh. geri grein fyrir því hvort hann er sammála stefnu hæstv. fjmrh. í þessu efni og telur hana leiða til góðs og svari svo auk þess öðrum spurningum sem að þessu lúta.

Vegna þess að hæstv. forsrh. er kominn í salinn ætla ég ekki að lengja mál mitt, en vil ítreka þær spurningar sem ég hef áður borið fram varðandi umræðugrundvöll ríkisstjórnarinnar í samráði hennar við aðila vinnumarkaðarins sem hæstv. forsrh. lýsti yfir fyrir lok sl. árs að hann ætlaði að hefja þá þegar, hafði að vísu ekki þá á takteinum hver væri umræðugrundvöllur ríkisstjórnarinnar. En nú sýnist eftir nálægt þrjá mánuði að hæstv. ráðherra ætti að hafa haft tóm til þess að hugsa hvað hann vildi að ríkisstjórnin legði fram og þegar ljóst er að kjarasamningar eru komnir á það stig sem raun ber vitni um og aðilar vinnumarkaðarins eru búnir að birta fyrir sitt leyti það sem þeir telja vera nauðsynlegan grundvöll í slíku samráði, að þá geri hæstv. forsrh. grein fyrir því. Ég hef dregið hér fram spurningarnar um það hvort þar komi til krafan um hækkun á skattleysismörkum, krafan um breytingu á vörugjöldum sem bæði hæstv. forsrh. og hæstv. iðnrh. hafa gefið forustumönnum Landssambands iðnaðarmanna fyrirheit um, en hæstv. fjmrh. hefur engu svarað. Jafnframt hvort í þessum grundvelli verði þær kröfur, sem fram hafa komið af hálfu launþegasamtakanna, að búvöruverð verði óbreytt sem mun kosta nokkur hundruð millj. ofan á þær tæpu 700 millj. sem vantar á fjárlögin til þess að ríkisstjórnin geti staðið við þá ákvörðun sem hún hefur tekið í þeim efnum. Og hvort inn í þetta geti komið aðrar umræður um breytta skatta í þágu atvinnufyrirtækjanna en það hefur verið dregið fram hér í þessari umræðu að skattabreytingar ríkisstjórnarinnar komu með mestum þunga niður á fiskvinnslufyrirtækin í landinu.

Ég vil ítreka þessar spurningar og vænta góðra svara af hálfu hæstv. forsrh. við þeim.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Hv. þm. vísaði til þess að ég sagði hér á þingi þegar þing kom saman aftur, og hafði reyndar sagt það í desember, að ríkisstjórnin mundi reiðubúin til þess að ræða við aðila vinnumarkaðarins

um kjara- og efnahagsmál á breiðum grundvelli. Ég hef átt fjölmarga fundi með forustumönnum sérstaklega launþega, bæði opinberra starfsmanna og einnig innan vébanda ASÍ. Ég hef einnig átt fundi með fulltrúum vinnuveitenda. Sumir þessir fundir hafa verið með mér einum, en á mörgum þessum fundum hafa einnig verið hæstv. fjmrh. og viðskrh., og í fjarveru þeirra þá aðrir ráðherrar.

Á þessum fundum höfum við lagt áherslu á að við værum tilbúnir að ræða öll þau mál sem hafa komið fram í samþykktum aðila vinnumarkaðarins og þar á ég þá að sjálfsögðu fyrst og fremst við launþega því að samþykktir hafa ekki komið eins frá hinum þótt sannarlega hafi þeir vakið athygli á erfiðri stöðu atvinnuveganna.

Hv. þm. taldi að þetta hefði dregist. Það hefur ekki dregist af hálfu ríkisstjórnarinnar. Við áttum fund með forustu ASÍ strax og hún tjáði sig reiðubúna til að halda slíkan fund. Sá fundur var haldinn föstudaginn fyrir um það bil 10 dögum eða annan föstudag hér frá litið aftur í tímann. Á þeim ágæta fundi, þar sem farið var yfir breitt svið, var sérstök áhersla lögð á það af hálfu fulltrúa ASÍ að ræða atvinnuöryggi, að ræða jöfnun lífskjara, að ræða verðlagsmál og vaxtamál. Þessir fjórir málaflokkar voru sérstaklega ræddir þar þótt minnst væri á fjölmarga fleiri eins og t.d. hugsanlegar aðgerðir í félagsmálum, bæði fyrir þá hópa sem búa við lakari kjör, eins og t.d. einstæða foreldra, þroskahefta o.s.frv.

Á þeim fundi var boðið upp á það að myndaðir yrðu viðræðuhópar um þá málaflokka sem ASÍ óskaði eftir. Eftir að sá fundur var haldinn gerðist það, eins og allir þekkja, að ASÍ, VSÍ og Vinnumálasamband samvinnufélaganna ákváðu að setjast niður og freista þess að gera samning. Að þeirra ósk frestaðist það því að ríkisvaldið kæmi inn í þessa vinnuhópa. Það stendur að sjálfsögðu opið enn. Við höfum átt fundi með bæði vinnuveitendum og fulltrúum ASÍ eftir að þessar viðræður hófust. Þær hafa verið mjög almenns eðlis og það hafa engar kröfur komið fram frá hvorugum aðilanum. Þeir hafa gert grein fyrir stöðu mála, mjög þröngri stöðu atvinnulífsins, ekki síst fiskvinnslunnar en reyndar iðnaðarins líka. Það hafa engar kröfur komið fram. Þeir hafa vakið athygli á því að breyting verður á kjörum frystingarinnar þegar greiðslu úr Verðjöfnunarsjóði lýkur. Þeirri greiðslu lýkur ekki að öllum líkindum fyrr en í byrjun júlí. Það virðist vera að þær 750 millj. sem voru útvegaðar í frystideild Verðjöfnunarsjóðs muni endast til þess tíma. Kunnáttumenn á þessu sviði telja að á vormánuðum muni verða hækkun á fiskverði erlendis vegna mjög mikils samdráttar í afla í Evrópu og að sjálfsögðu er þess beðið að það komi betur í ljós þó að það séu vissulega merki um það.

Ég held að ég megi fullyrða að allar þessar viðræður hafi verið mjög jákvæðar. Ég vek athygli á því að forseti ASÍ sagði í fjölmiðlum, þegar ákveðið hafði verið að ósk ASÍ að fresta frekari viðræðum um kjaramál fram yfir páska, að hann hefði ekkert undan viðbrögðum ríkisstjórnarinnar að kvarta í þessu sambandi, enda eins og ég segi voru þessar viðræður mjög almennar og ekki komu fram neinar beinar kröfur.

Í raun get ég ekki sagt meira á þessu stigi um málið. Ég vísa því fremur til fjmrh. sem hv. þingmaður kann að vilja ræða um málefni opinberra starfsmanna og vona að ég hafi þá svarað eins og ég get þeim spurningum sem fram komu hjá hv. þingmanni.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Hv. þm. Þorsteinn Pálsson beindi til mín ákveðnum spurningum varðandi samskipti stjórnvalda og lífeyrissjóðanna. Eins og hv. þm. veit hefur það komið í hlut hæstv. fjmrh. og hæstv. viðskrh. að ræða við lífeyrissjóðina um þann ágreining sem uppi hefur verið. Ég hef vitanlega verið upplýst jafnharðan um gang þeirra viðræðna sem fram hafa farið milli þessara aðila og ég hef ekki gert athugasemdir við það hvernig haldið hefur verið á málum af hálfu hæstv. fjmrh. og hæstv. viðskrh. Ég veit að þeir hafa haldið þannig á málum að það skaði ekki hagsmuni lántakenda hjá byggingarsjóðunum eða umbjóðenda lífeyrissjóðanna. Það hlýtur einu sinni að vera svo að það hlýtur að vera sameiginlegt hagsmunamál forsvarsmanna lífeyrissjóðanna og stjórnvalda að þannig sé haldið á málum að það skaði ekki þá sem taka lánin hjá byggingarsjóðum ríkisins, en það eru félagar í þessum lífeyrissjóðum.

Varðandi það, ef lífeyrissjóðirnir halda að sér höndum varðandi kaup á skuldabréfum byggingarsjóðanna, hvort það skerði þá lánsréttindi þeirra sem leita lána hjá Byggingarsjóði ríkisins, þá er hv. þm. auðvitað kunnugt um það að lánsréttur viðkomandi hjá byggingarsjóðunum helst í hendur við kaupskyldu lífeyrissjóðanna. Ef lífeyrissjóðirnir uppfylla ekki sína kaupskyldu, þá er heimilt að skerða lán til viðkomandi sem því nemur. Á þetta hefur ekki reynt enn þá. Að vísu er það svo að það hefur verið erfitt að fylgjast með reglubundið hvort lífeyrissjóðirnir hver og einn uppfylli sína kaupskyldu vegna þess að uppgjörin koma yfirleitt á eftir. Ég get nefnt sem dæmi, ég held að ég muni þá tölu rétt, að um síðustu áramót mun hafa vantað um 800 millj. upp á það að lífeyrissjóðirnir hefðu uppfyllt sína kaupskyldu að því er varðar árið 1988. En eins og ég sagði hefur þetta ekki komið niður á lántakendunum enn þá og þarf vonandi ekki að gera það. Þegar samningarnir voru gerðir við lífeyrissjóðina í desembermánuði, þá var það einmitt eitt samningsatriðið að koma betri reglu á það, að fá upplýsingar um það hvernig lífeyrissjóðirnir stæðu við sínar skyldur að því er varðar kaupskylduna þannig að væntanlega verður hægt að fylgjast með því betur hér eftir en hingað til. En auðvitað segir það sig sjálft að ef lífeyrissjóðirnir ætla að halda alveg að sér höndum varðandi það að gera sín skil til sjóðanna, ef þangað koma ekki inn peningar frá lífeyrissjóðunum, þá hlýtur það óhjákvæmilega fyrr en seinna að bitna á sjóðfélögunum. Það segir sig sjálft. Um það eru ákvæði í húsnæðislöggjöfinni.

En það verða væntanlega teknar upp viðræður við lífeyrissjóðina fljótlega og ég vil ítreka að það hlýtur

að vera hagsmunamál bæði stjórnvalda og lífeyrissjóðanna að þannig sé haldið á málum að ekki skaði þá sem fá lánafyrirgreiðslu hjá byggingarsjóðunum.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Fyrir lok 2. umr. gerði ég tvær greinar þessa frv. sem hér er á dagskrá að umtalsefni, þ.e. 28. og 29. gr. frv. Við þessar tvær greinar, sem fjalla sú hin fyrri um skerðingu á jarðræktarframlögum og hin síðari um niðurfellingu á framlögum til búfjárræktar, voru fluttar brtt. á þskj. 637 frá meiri hl. fjh.- og viðskn. Mér þóttu þessar brtt. óljósar, óskaði eftir því að þær væru skýrðar, og lagði til að þær væru kallaðar til baka til 3. umr. þannig að það mætti þá koma í ljós hvað þessi texti sem þar er á blað festur þýddi. Og ef svo kynni að fara að eitthvað verulega stæði á bak við þennan texta þá sæju auðvitað allir að það væri hægt að fella þessar tvær greinar frv. niður, þ.e. 28. og 29. grein.

Síðan hefur það gerst í meðferð þessara mála að hæstv. ríkisstjórn og stuðningslið hennar hefur farið heilan hring á nokkrum klukkutímum. Í fyrsta lagi með því að kalla til baka þær brtt. við 28. og 29. grein á þskj. 637 með því að hæstv. landbrh. flytur nýja tillögu og hæstv. landbrh. flytur síðan aðra tillögu, þ.e. tillögu sem er ljósprentuð upp með breyttu orðalagi. Síðan gerist það að báðar þær útgáfur af tillögu hæstv. landbrh. eru dregnar til baka og tillagan eins og hún er í síðustu útgáfu á þskj. 637 er flutt að nýju. Þar með var hringnum lokað og á örfáum klukkutímum fór stjórnarliðið hér í þessari hv. þingdeild heilan hring.

Undanfari þess hringsóls var, eins og kom fram í máli hv. 1. þm. Suðurl., að brtt. á þskj. 637 höfðu verið fluttar, þær höfðu verið prentaðar upp og þær höfðu verið endurprentaðar upp. Allt gefur þetta til kynna að hæstv. ríkisstjórn og hv. stjórnarliðar hér í hv. deild séu ekki mjög ákveðnir í því hvert halda skuli, það hafi a.m.k. vafist fyrir þeim frá einum degi til annars og frá einum klukkutíma til annars, jafnvel frá einum tíu mínútum til næstu tíu mínútna, hvernig skuli móta brtt. við þessar tvær greinar frv. sem ég gerði að umtalsefni í lok 2. umr.

Nú er það svo að hv. 1. þm. Norðurl. v., frsm. og formaður fjh.- og viðskn., mælti fyrir endurfluttri brtt. við 28. og 29. gr. við þessa umræðu og sannast sagna var ekki ákaflega mikið á þeirri framsögu að græða.

Ég vil rifja það upp, sem ég gerði raunar við 2. umr., að í fjárlögum er gert ráð fyrir 100 millj. kr. til jarðræktarframlaga. Og á fjárlögum er ekki gert ráð fyrir einni einustu krónu vegna búfjárræktarframlaga. Lánsfjárlagafrv. kveður á um það eins og það er flutt upphaflega að framlögin skuli samkvæmt þessu skert varðandi jarðræktarframlög og að búfjárræktarframlög séu felld niður. Við þær brtt., sem hér eru enn endurfluttar, segir textinn, með leyfi hæstv. forseta, að við bætist nýr málsl. er orðist svo: „Þó er fjmrh. heimilt, að höfðu samráði við landbrh. og fjárveitinganefnd Alþingis, að semja um uppgjör ógreiddra framlaga til jarðræktarframkvæmda á árinu 1988.“

Sambærilegur texti er varðandi 29. gr. er varðar búfjárræktarlög. Nú hlýt ég að endurtaka mína spurningu: Hvað þýðir þessi texti? Þýðir þessi texti að þessi framlög verði greidd á þessu ári? Ef sá er skilningur og það er túlkun hv. frsm. og formanns fjh.- og viðskn., þá vil ég að það sé sagt hér berum orðum. Og sé það svo að það sé túlkun nefndarinnar á þessum texta, þá liggur það alveg ljóst fyrir að það ber að fella niður skerðingarákvæðin í upphaflegum 28. og 29. gr. Allt annað væri óþinglegt og farið gjörsamlega aftan að siðum við meðferð mála hér á hinu háa Alþingi eins og hv. þm. Ingi Björn Albertsson benti réttilega á. Ef það er á hinn bóginn ekki meiningin að borga þessa peninga út sem bændur eiga, þá er þetta tilgangslaust yfirvarp að engu hafandi. Þess vegna tel ég það afar nauðsynlegt áður en þessari umræðu lýkur að fá við þessu skýr svör og það er enginn til þess fær frekar að flytja þau svör en hv. formaður og frsm. þeirrar nefndar, fjh.- og viðskn., sem um málið hefur fjallað hér í hv. deild. Ég fagna því að hann skuli vera hér viðstaddur.

Það er svo einn þáttur þessa máls að hér er settur upp óvenjulegur texti að því leyti að veitt er heimild fyrir því að semja um uppgjör ógreiddra framlaga til jarðræktarframkvæmda á árinu 1988, þ.e. að semja við bændur um framlög sem þeir eiga rétt á lögum samkvæmt. Það er mjög óvenjulegt að gera ráð fyrir því í lagatexta að samið sé um það sem einhver aðili í þjóðfélaginu á lagalegan rétt til. Og ég held að það verði býsna erilsamt hjá hæstv. fjmrh., hæstv. landbrh. og hjá hv. fjvn. að kalla til sín 3000–4000 bændur til slíkra samninga. Allir sjá að þetta er vitleysa. Þetta gengur ekki.

Ég hefði auðvitað tilefni til þess að fara um þetta mörgum fleiri orðum en mér leikur mikil forvitni á að heyra svör hv. þm. Páls Péturssonar. Séu þau á þann máta að þessi framlög verði greidd samkvæmt þessum lagatexta þá er jafnljóst að við þurfum að gera nýtt hlé á þessari umræðu til þess að gefa færi á því að flytja nýja brtt. til þess að fella út skerðingarákvæðin í 28. og 29. gr. þannig að þá gefst okkur tækifæri til að halda þessari umræðu áfram.

Ég vænti þess og vonast auðvitað fastlega eftir því að niðurstaða nefndarinnar sé sú að þannig verði á málum haldið. Ég heiti fullum stuðningi mínum við það að fella niður þau skerðingarákvæði sem hér hafa verið sett í upphaflegt frv. í 28. og 29. gr.

Ég dreg það enn fram að við meðferð þessara mála í fjvn. Alþingis og við afgreiðslu fjárlaga þá ræddum við þetta mál mjög ítarlega fulltrúar stjórnarandstöðunnar og gagnrýndum harðlega hvernig þessi mál væru sett fram í þeim þingskjölum. Sú gagnrýni varð til þess að birt var loðin yfirlýsing frá hæstv. ríkisstjórn við 3. umr. fjárlaga eins og hér hefur í umræðum verið vitnað til. Nú er það væntanlega komið fram að hæstv. ríkisstjórn og hennar liðsmenn hér í þessari hv. deild treysta sér ekki til annars en að láta bændur búa við lög í þessum efnum og þá getum

við hrundið þeim skerðingarákvæðum sem 28. og 29. gr. fela í sér.

Herra forseti. Ég hefði fulla ástæðu til þess að fjalla um þetta frv. í heild sinni og í ýmsum atriðum, a.m.k. í mörgum atriðum. Ég gerði það lítillega við 1. umr. Hér hefur verið ítarleg umræða í dag, sem ég hef nú ekki getað fylgst með nema að hluta, en ég mun láta það liggja á milli hluta til þess að drepa ekki á dreif þeim þýðingarmiklu skýringum, sem ég á von á frá hv. 1. þm. Norðurl. v., að fara að fjalla um önnur atriði þessa máls, sem í heild sinni er vitaskuld allt hið þýðingarmesta, sem eru lánsfjárlög fyrir þetta ár. Og það lánsfjárlög, sem eru ekki neitt smásmíði, sem mér sýnist að feli í sér heimildir til lántöku fyrir ríkissjóð, opinbera sjóði, sveitarfélög og hálfopinber fyrirtæki sem nemi líklega allt að 40 milljörðum kr., eða sem svarar hálfum fjárlögum ríkisins. Það er ekkert smásmíði. Og það er vitaskuld ástæða til þess að slík lánsfjárlög séu ítarlega rædd þó nokkuð sé liðið á kvöld. En ég læt það liggja á milli hluta og drep ekki þessu máli á dreif, heldur vænti svara frá hv. 1. þm. Norðurl. v.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það er mikill misskilningur ef hv. 2. þm. Norðurl. v. Pálmi Jónsson telur að við höfum farið heilan hring. Við höfum farið beina leið þó að nokkur töf hafi orðið á. Mér þykir það afar slæmt ef hv. þm. Pálmi Jónsson er á móti þessum brtt. meiri hl. nefndarinnar eða reynir að bregða fæti fyrir þær með útúrsnúningum eins og hann var með hér í ræðustól áðan. Ég kem til með að rifja það upp í kjördæmi okkar ef honum tekst að klúðra þessu.

Ég vil fá þessar brtt. samþykktar svo sem þær eru hér prentaðar á þskj. 637, endurprentaðar upp. Ég er reyndar margsinnis í dag búinn að skýra frá hvernig þessu er háttað, en hv. þm. hefur verið á ferðalagi og ekki verið viðstaddur umræðuna. Það sem við ætlumst til þess að gert verði er þetta:

Við erum ekki að gefa forskrift um að allt skuli endilega verða greitt upp á þessu ári heldur verði komist að samkomulagi um hvernig greiðslum skuli hagað og hvenær þeir peningar verði reiddir af hendi sem bændur eiga hjá ríkinu lögum samkvæmt. Árið 1988 hafa fallið meiri greiðslur á ríkissjóð en segir til um í fjárlögum og lánsfjárlögum og út úr þessu verðum við að komast með þeim hætti sem hér er lagt fyrir. Þetta eru peningar sem ríkið skuldar bændum og við viljum að það komist á hreint hvernig og hvenær þeir verði greiddir.

Varðandi það sem eftir stóð frá árinu 1987 þarf ekki að taka sérstaklega fram um það, væntanlega yrði það forgangsverkefni af þeim peningum sem þegar eru settir á af þeim 100 millj. sem þegar er búið að taka frá til þess arna.

Ég vil biðja hv. þm. að vera ekki með útúrsnúninga eða getsakir. Þessu máli er skynsamlega fyrir komið hér í brtt. og fjmrh. fær heimild til þess í samráði við landbrh. og fjvn. og bændasamtökin — því það er náttúrlega ekkert nema útúrsnúningur að vera að gera því skóna að það verði farið að semja við hvern einstakan bónda — þessir aðilar fá heimild til þess að ganga frá þessu uppgjöri sem hér er fyrir okkur og gera það með skynsamlegum hætti þannig að allir aðilar geti vel við unað.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Ég bað nú um orðið hér fyrr í kvöld en af einhverjum ástæðum hefur það fallið niður. Ég vil aðeins taka fram í sambandi við þetta mál sem hér er til umræðu að við 1. umr. fjárlaga kom fram yfirlýsing frá m.a. mér um það að þessu ákvæði í sambandi við jarðræktarlögin og búfjárræktarlögin væri ekki fullnægt í fjárlagafrv., það var alveg ljóst þá strax, og það yrði að taka á þessu máli. Í framhaldi af því var því beint til ríkisstjórnarinnar að gefa yfirlýsingu um það hvernig ætti að standa að þessu máli á árinu 1989. Sú yfirlýsing sem kom fram frá hæstv. landbrh. birtist í ræðu hv. formanns fjvn. við 3. umr. fjárlaga, eins og hv. þingmönnum er kunnugt.

Hins vegar var það alveg ljóst að framhald þurfti á þessu að verða og þess vegna undraðist ég þegar ég sá afgreiðslu Ed. sem gerði ekkert í sambandi við lánsfjárlögin varðandi yfirlýsingu hæstv. landbrh., varðandi uppgjör jarðræktarlaga og búfjárræktarlaga 1988.

Ég tel að brtt. meiri hl. fjh.- og viðskn. á þskj. 637 séu fullnægjandi þrátt fyrir það að ég hefði frekar kosið að það orðalag sem var í brtt. hæstv. landbrh. hefði verið notað, þ.e. „að ganga frá uppgjöri og ákveða tilhögun greiðslna". Það er ákveðnara orðalag en er í tillögu nefndarinnar, „að semja um uppgjör" o.s.frv. En það skiptir ekki meginmáli.

Ég legg þann skilning í þessar brtt. og yfirlýsingu hæstv. landbrh. að staðið verði við fullnaðargreiðslur til bænda 1988 í samræmi við gildandi lög. Til þess þarf að sjálfsögðu fjármagn og samninga eða samninga sem fullnægja greiðslunni að öðru leyti. Ég geri ráð fyrir því að bændasamtökin í landinu muni ganga eftir því að svo verði gert því svo mikilvægt er málið. Ég vil taka það fram að minn skilningur er sá að ný lög, sem sett kunna að verða í sambandi við þessi mál, bæði jarðræktarlög og búfjárræktarlög, breyti ekki í neinu tilfelli greiðsluskyldu til bænda samkvæmt gildandi lögum. Það er alveg augljóst mál sem þarf ekki að ræða. Ég vil aðeins segja það, vegna þess að ég tel mig hafa verið einn af þeim sem hafa verið í baráttu fyrir því að bændur landsins næðu rétti sínum í sambandi við þessi mál samkvæmt gildandi lögum, að ég mun fylgja þessari afgreiðslu fast eftir og það skulu vera mín lokaorð.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Af því að hæstv. forsrh. er svo vinsamlegur að vera hérna, þá má ég til með að sýna honum nýtt fréttabréf um verðbréfaviðskipti frá Samvinnubanka Íslands sem ég komst yfir í dag. Þar stendur á forsíðu: „Raunvextir lækka ekki með einfaldri samþykkt ríkisstjórnarinnar." Þetta er nú ansi fróðlegt plagg og með því betra sem ég hef séð um

efnahagsmál. Þar er nefnilega tekið á kjarna málsins sem ómögulegt er að fá ræddan hér. Ein setning úr þessu ágæta fréttabréfi: „Til þess að raunvextir lækki þarf að byrja á því að ákveða fjárlög og áætla erlendar lántökur og peningaframboð í landinu í heild með tilliti til þess að heildareftirspurn í þjóðfélaginu sé í samræmi við heildarframboð þannig að ákveðnu markmiði í verðlagsmálum sé náð." Svo einfalt er það.

Ég spyr hæstv. fjmrh. að því hvort einhver athugun hafi farið fram á því hvað heildarframboð af fjármunum sé mikið. Kannski getur hæstv. forsrh. upplýst okkur um það. Hefur einhver athugun farið fram á því hvort það verði samræmi í heildareftirspurn og heildarframboði á lánsfjármarkaði?

Það er með ólíkindum að menn skuli á Íslandi árið 1989 ætla að leggja niður vestrænar aðferðir við hagstjórn. Og taka hvað upp? spyr ég. Hvað er það sem á að taka upp í staðinn? Á að fara að sanna hér einhver ný efnahagsundur af þessari hæstv. ríkisstjórn? Ætlar hæstv. ríkisstjórn að fara að láta vatnið renna upp í móti? Fáum við að vita það á morgun?

Heildareftirspurn eftir lánsfé á Íslandi er alltaf langt umfram heildarframboð. Þess vegna eru vextir allt of háir. En þetta vilja menn ekki ræða. Seinast í fyrrnefndri grein í sambandi við vextina stendur: „En það er einmitt þess vegna sem svo mörgum stjórnmálamönnum er illa við markaðinn. Það er erfitt fyrir þá að ráða yfir honum og ákveða með lögum að hann skuli lúta vilja þeirra." Það var nefnilega ákveðin 10% aflaskerðing um áramótin. Það hlýtur að draga stórkostlega úr framboði á lánsfé því að það er heilmikill fastur kostnaður við rekstur fiskvinnslu- og útgerðarfyrirtækja. Það er breytilegur kostnaður og fastur kostnaður. Fastur kostnaður breytist ekki þannig að það minnkar framboð. Hefur þetta verið athugað? Hvað minnkar mikið framboð við það að þorskaflinn dregst saman um 10%? Hefur verið athugað hvað skattahækkanirnar sem ákveðnar voru um síðustu áramót hafa áhrif á minnkandi framboð á peningum? Hvaða áhrif hefur það að minnka peningaframboð í landinu? Hafa menn hugmynd um það hvað þeir eru að gera? Ég bara spyr.

Greiðsluhalli er og eiginfjárrýrnun í undirstöðufyrirtækjum landsmanna, sjávarútvegi, útflutnings- og samkeppnisiðnaði. Það þarf að fjármagna þennan halla. Hallarekstur í framleiðslunni er fjármagnaður með vanskilum og nýjum lánum. Og hvaða áhrif hefur það á heildareftirspurn eftir lánsfé? Allt eykur þetta eftirspurn eftir lánsfé. Hvaða áhrif hefur nýja húsbréfafrv.? Hvaða áhrif hefur það á heildareftirspurn? Hefur einhver athugað það? Og hvaða áhrif hefur bindiskylda á lífeyrissjóðina á heildareftirspurn? Og þvingað fjárstreymi eins og ákveðið er í lánsfjárlögum? Hvaða áhrif hefur síðan áframhaldandi taprekstur undirstöðuatvinnugreinanna sem soga til sín fjármagn? Hvaða áhrif hefur það? Er ekki kominn tími til að menn staldri við og reyni að finna út hvar þeir eru staddir? Menn komast aldrei á áfangastað ef þeir hafa ekki hugmynd um hvar þeir eru staddir.

Menn tala um að lækka vexti. Nú hækka þeir vikulega. Aðalmarkmið þessarar ríkisstjórnar var að lækka fjármagnskostnað og vexti. Nú hækka þeir vikulega. Það sýnir það að sjúklingurinn verður ekki læknaður af 41 stigs hita og óráði með því að dýfa honum ofan í kalt vatn þangað til mælirinn sýnir 37.

Það væri fróðlegt að fá að vita hvort hæstv. forsrh. vill upplýsa það hvort leitað hefur verið eftir svörum við þessum spurningum áður en lánsfjáráætlun er endanlega samþykkt. Fer ekki fram nein fagleg vinna í sambandi við lánsfjáráætlun? Ákveða menn þetta bara út í loftið, svona í þykjustunni? Ég verð að segja það að þessi dagur er búinn að vera fróðlegt upplifelsi. Hafði ég grun um það að þetta væru ekki allt of fagleg vinnubrögð við lánsfjáráætlun og reksturinn á ríkissjóði. En það sem maður hefur orðið vitni að hér í dag er mun verra en maður gat nokkurn tíma ímyndað sér.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Við 2. umr. þessa máls fluttum við kvennalistakonur brtt. við frv. sem fram kemur á þskj. 634. Þar lögðum við til að II. kafli frv. félli brott en sú tillaga var felld. Við höfum því ákveðið að flytja brtt. við þessa umræðu málsins við nokkrar greinar frv. sem eru í þessum II. kafla sem við lögðum til að yrði felldur brott.

Það er í fyrsta lagi brtt. við 22. gr. en sú grein hljóðar svo. með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. 8. gr. og 26. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, skal framlag ríkissjóðs til Ferðamálasjóðs og til sérstakra verkefna Ferðamálaráðs samkvæmt fyrrnefndum lögum eigi nema hærri fjárhæð en 28.000 þús. kr. á árinu 1989."

Við leggjum til að í stað 28 millj. komi 50 millj. Einnig leggjum við til að nýr málsliður komi inn í þessa grein sem orðist svo: „Upphæð þessari skal varið til umhverfismála." Við teljum að allt of litlu fé hafi verið varið til umhverfismála og teljum að stærri hluta af því sem Ferðamálasjóður fær til umráða skuli vera varið til umhverfismála. Fjárveiting til Ferðamálasjóðs hefur eingöngu nægt til kynningar, en það þýðir lítið að vera að kynna landið og auglýsa landið til ferðalaga ef ekki er hugsað um að bæta umhverfið. Það þarf ekkert að tíunda það hér hversu ástandið er alvarlegt á mörgum ferðamannastöðum á landinu og er tómt mál að tala um að vera að laða hingað fólk því að það eina sem gerist er að það verður meiri eyðilegging en nú þegar er orðin. Þess vegna höfum við lagt til þessa brtt.

Við leggjum einnig til að 26. gr. frv. falli brott, en í þeirri grein er lagt til að heildarframlag ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs verði skert. Við kvennalistakonur höfum margoft talað um það og lagst gegn þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá upphafi að ráðstafa lögboðnu framlagi ríkisins til Atvinnuleysistryggingasjóðs og höfum mótmælt því æ ofan í æ með þeim rökum að þessi sjóður væri eign

launafólks sem ekki mætti hrófla við og auk þess sérstaklega varhugavert með tilliti til atvinnuástandsins. Fulltrúar ríkisstjórnarinnar töldu þessa ráðstöfun hins vegar rétta einmitt með tilliti til atvinnuástandsins þar eð fjármagnið færi til þess að koma í veg fyrir atvinnuleysi. Staðreyndirnar tala sínu máli. Talað hefur verið um að í maílok verði ráðstöfunarfé sjóðsins uppurið þannig að þá er erfitt að sjá hvers vegna þarf að leggja til að framlagið skerðist þar sem ríkissjóður hlýtur að koma þarna til með framlag ef þær spár rætast að fé sjóðsins verði uppurið í maí.

Við leggjum einnig til að 27. gr. frv. falli brott, en sú grein varðar framlag eða reyndar tekjur Ríkisútvarpsins. Við leggjum til að tekjur Ríkisútvarpsins verði samkvæmt lögum, þ.e. að aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum renni til Ríkisútvarpsins en ekki til ríkissjóðs eins og gert er ráð fyrir í þessum lögum. Það þarf varla að fara mörgum orðum um þetta, svo oft sem við höfum talað um það hér á Alþingi. Það er vandséð hvernig Ríkisútvarpið á að geta sinnt þeim margvíslegu skyldum sem á það eru lagðar með því að skerða stöðugt tekjur þess.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. ráðherrum fyrir þau svör sem þeir gáfu hér í umræðunni, sérstaklega að hæstv. forsrh. skyldi hér undir miðnætti gefa sér tíma til að taka þátt í þessari umræðu. Hjá hinu fer þó ekki að svör hæstv. ráðherra ollu verulegum vonbrigðum. Þeir staðfesta m.ö.o. að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki enn mótað neina stefnu af sinni hálfu varðandi það mikilvæga samráð sem hæstv. forsrh. lýsti undir lok síðasta árs að ætti að hafa af hálfu ríkisstjórnarinnar við aðila vinnumarkaðarins. Það kom fram í ræðu hæstv. forsrh. að í engu atriði hefur hæstv. ríkisstjórn mótað stefnu af sinni hálfu að því er varðar þetta samráð. Engum spurningum, sem fram hafa komið í fjölmiðlum af hálfu aðila vinnumarkaðarins, var svarað í þessari ræðu. Sérstaka athygli vakti að hvorki hæstv. forsrh. né hæstv. iðnrh. hafa svarað fyrirspurnum um það hvort yfirlýsingar þeirra gagnvart forustumönnum Landssambands iðnaðarmanna um vörugjaldið hafi við rök að styðjast eða ekki. En í nýútkomnu fréttabréfi Landssambands iðnaðarmanna er vitnað í yfirlýsingar þessara tveggja hæstv. ráðherra og fram tekið að þeir hafi með ótvíræðum hætti gefið fyrirheit um að breytingar yrðu gerðar á vörugjaldinu, ekki bara framkvæmd á innheimtu þess, heldur á skattheimtunni sjálfri til hagsbóta fyrir íslenskan iðnað.

Það hefur verið gengið eftir því hvort forustumenn iðnrekenda í landinu hafi skilið ráðherrana rétt eða hvort þeir hafi misskilið þá eða hvort ráðherrarnir ætli að koma sér undan því að efna þessa yfirlýsingu. En það hefur líka komið fram í Þjóðviljanum í dag að þetta er eitt af þeim atriðum sem starfshópur á vegum aðila vinnumarkaðarins hefur talið að ættu að liggja til grundvallar í samráðsviðræðunum. En það vekur auðvitað athygli að hvorugur þessara hæstv. ráðherra hefur á nokkurn hátt getað fjallað um þessa yfirlýsingu eða skýrt hvað þar liggur að baki.

Um yfirlýsingu hæstv. félmrh. er fátt að segja. Það var sannarlega ekki mikill sannfæringarkraftur í stuðningi hennar við málsmeðferð hæstv. fjmrh., en það vekur líka sérstaklega athygli sem hæstv. félmrh. upplýsti að hæstv. fjmrh. hefði verið falið að annast málið í samráði við hæstv. viðskrh. en ekki hæstv. félmrh. sem fer þó með hagsmunagæslu gagnvart Byggingarsjóði ríkisins og er auk þess vinnumarkaðsráðherra. En af einhverjum orsökum hefur Alþfl. teflt fram öðrum ráðherra í þessum viðræðum. Augljóst er þó af þessum yfirlýsingum að hæstv. ríkisstjórn hefur engar ráðstafanir gert til þess að mæta fyrirsjáanlegum vanda byggingarsjóðanna í þessu efni. Hæstv. ríkisstjórn hefur engar línur lagt til þess að greiða úr þeim ógöngum sem samskiptavandamál ríkis og lífeyrissjóða eru komin í eftir gerræðisákvarðanir hæstv. fjmrh. Þetta stendur óhaggað eftir ræðu hæstv. félmrh. og ég þykist þess alveg fullviss að hæstv. félmrh. beri meiri umhyggju fyrir húsbyggingarsjóðunum í raun og veru en fram kom í stuðningsræðu hennar við hæstv. fjmrh.

Niðurstaðan er enn þessi: Hæstv. ríkisstjórn hefur ekki náð neinum tökum á ríkisfjármálunum. Hæstv. ríkisstjórn hefur ekki getað svarað neinum spurningum um stöðu þeirra. Hæstv. forsrh. hefur ekki getað fest neitt upp á andlit hæstv. fjmrh. í þeim efnum og engum spurningum svarað með skýrum hætti um stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í því samráði sem nú stendur fyrir dyrum við aðila vinnumarkaðarins.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Hv. þm. Páll Pétursson sagði hér að úr því yrði skorið samkvæmt þessum texta hvernig og hvenær greidd yrðu þau framlög sem bændur eiga samkvæmt lögum og hér hefur verið fjallað um. Þótt orð hans væru óljós hlýt ég að meta þetta sem svo að það sé hans meining að þessir fjármunir verði greiddir.

Hv. þm. sagði að ég hefði verið með útúrsnúninga og getsakir og hann mundi segja frá því eða rifja það upp í okkar kjördæmi. Það er honum að sjálfsögðu velkomið. Hann hefði eins átt að taka eftir því að ég var einmitt að hjálpa honum til þess að koma hér á framfæri nógu skýlausum skýringum á þessum texta og geri honum hátt undir höfði með því að láta það koma alveg skýrt fram í ræðu minni hér áðan að ég tæki meira mark á því sem hann segði í þessum ræðustól en nokkur annar í þinginu vegna þess að hann væri formaður þessarar nefndar sem um málið hefði fjallað og þess vegna giltu hans orð. Hann átti því að bregðast afskaplega vel við og vera mér þakklátur fyrir hvað ég gerði sér hátt undir höfði en ekki að setja undir sig hausinn og vera með hálfgert hnot í mig fyrir þetta. Það var mjög einkennilega að verki staðið. Hann þarf líka sjálfsagt að rifja upp fyrir sér hvernig er bein lína í meðferð mála og hvernig hringurinn er. Hann hefur eitthvað ryðgað í þeim fræðum.

Ég vil hins vegar þakka fremur hv. 1. þm. Vesturl. fyrir hans túlkun á þessu máli, sem var býsna afdráttarlaus, og miklu afdráttarlausari en túlkun hv. þm. Páls Péturssonar. Hv. þm. Alexander Stefánsson sagði: Það verður staðið við greiðslur sem bændur eiga rétt á og til þess þarf fjármagn. Hann tók líka réttilega fram að ný lög taka ekki af rétt manna samkvæmt eldri lögum. Þetta er auðvitað hárrétt.

Ég lít því svo til að það sé a.m.k. vilji hv. þm. Alexanders Stefánssonar og ekki annað að skilja en einnig hv. formanns fjh.- og viðskn. að gert verði upp samkvæmt þeim klúðurslega lagatexta sem er settur á blað í brtt. við greinar nr. 28 og 29, en það þýðir jafnframt að það er ekki þinglegt að þessar greinar hefjist á skerðingarákvæðum. Og hvort sem ríkisstjórnarliðið samþykkir það þannig eða ekki held ég að allir hljóti að viðurkenna að það er ekki þinglegt heldur ætti texti greinanna að hefjast með orðunum „Fjármálaráðherra er heimilt" o.s.frv. Það hefur oft gerst að framlög samkvæmt lögum eru ekki að fullu greidd á því ári sem til stendur og þarf kannski að grípa til þess að draga eitthvað af því til næsta árs og það hefur gerst í þessum efnum og til þess þarf engin skerðingarákvæði. Ég beini því þess vegna til ríkisstjórnarliðsins að rétt meðferð þessara mála væri sú, ef þið viljið hafa þann texta sem hér er settur upp, að þá hæfist greinin með þessum orðum: „Fjármálaráðherra er heimilt" o.s.frv.

Albert Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég gerði athugasemd við brtt. sem hefur verið hvað mest á dagskrá í kvöld á þskj. 637 við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1989 og beindi orðum mínum fyrst og fremst að forseta og lagði fyrir hann ósk um það að hann léti kanna þegar í stað hvort þessi tillaga væri þinglega fram sett eða ekki. Ég hef ekki fengið svar við því. Ég vona að við berum svo mikla virðingu hvor fyrir öðrum að þegar við erum í okkar störfum fyrir þá sem hafa kosið okkur, fyrir þjóðþingið, þá fáum við svör. Þegar þingmaður dregur í efa að rétt sé að staðið hlýtur þingforseti að verða við þeirri beiðni að láta kanna þegar í stað hvort hann er að brjóta eða ekki brjóta þingsköp. (**Forseti:** Mætti ég biðja hv. ræðumann að nefna númerið á viðkomandi þingskjali.) Ég gerði það í upphafi máls míns, en ég skal endurtaka það. Ég er hér að ræða brtt. á þskj. 637 við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1989. Þetta voru mín upphafsorð.

Aðalforseti er ekki staddur hér. Ég óska eftir því að hann verði sóttur, hann er í húsinu, og látinn skýra frá því hvort hann hafi hugsað sér að gefa þær upplýsingar sem ég bað um eða ekki. En ég ætla þó að bæta við það sem ég sagði fyrr í kvöld í máli mínu þegar ég dró í efa, vefengdi, allt að því fullyrti að hér væri rangt að staðið þar sem fjmrh. er gert með þeim hugmyndum sem hér eru á blaði að starfa í samráði við tvo aðra aðila, annars vegar landbrh. og hins vegar fjvn., í fleiri en einu og fleiri en tveimur tilfellum. Hér er verið að skerða framkvæmdarvaldið og við vitum að ríkisstjórnin er ekki fjölskipað vald. Orðum mínum til stuðnings og sem frekari rök fyrir máli mínu vil ég benda á að til að breyta framkvæmdarvaldinu á einhvern hátt, hvað lítið sem það er, þarf skv. 26. gr. þingskapa Alþingis á bls. 15 annað og meira til. Með leyfi forseta ætla ég að lesa upp þá grein. Þar segir:

„Lagafrumvarp, er felur í sér tillögu um breytingu á stjórnarskránni eða viðauka við hana, skal í fyrirsögninni nefnt frumvarp til stjórnskipunarlaga. Hafi það eigi þá fyrirsögn vísar forseti því frá.

Breytingartillögu, sem felur í sér tillögu um breytingu á stjórnarskránni eða viðauka við hana, má aðeins gera við frumvarp til stjórnskipunarlaga. Sé hún gerð við annað frumvarp vísar forseti henni frá."

Það er ekki í nokkrum tilfellum heimilt að breyta frá því sem stjórnarskráin segir um löggjafarvaldið, framkvæmdarvaldið né dómsvaldið nema eftir ákveðnum settum reglum. Það er tekið fram í 26. gr. nákvæmlega hvað forseta ber að gera ef brtt. við stjórnsýslu landsins kemur fram í öðrum frumvörpum en þar er um getið.

Ég óska eftir því, virðulegur forseti, að þessi tillaga á þskj. 637 verði ekki afgreidd fyrr en þar til bærir aðilar hafa skorið úr um hvort ég fer með rétt eða rangt mál. Ég á afskaplega bágt með að sætta mig við það sem þingmaður að það skuli ekki tekið meira tillit til óska af þessu tagi frá hvaða þingmanni sem það kann að koma en gert hefur verið í dag. Ég endurtek: Það er ekkert eftir þessum leiðum sem gefur flm. þessarar tillögu, meiri hl. hv. fjh.- og viðskn., heimild til að leggja þessa tillögu fram. Mér þætti, virðulegur forseti, afar miður ef ég er ekki tekinn alvarlega í ræðustól. Ef svo er ekki óska ég eftir orðinu aftur og þessi fundur verður ekkert búinn í nótt. Ég les þá bara upp úr einhverri bók þangað til ég er búinn að fá svar við þessu.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Í tilefni af fyrirspurn frá hv. 5. þm. Reykv. hefur forseti skoðað þetta mál og borið sig saman við nokkra aðila um það. Það er ótvírætt í þeim greinum sem hér um ræðir að valdið til lántökunnar er framselt fjmrh. í öllum tilvikum. Valdið er ævinlega hjá fjmrh. þótt tilgreint sé að hann skuli hafa samráð við aðra aðila áður en hann beitir valdi sínu. Það felur því ekki í sér breytingu á valdi ráðherrans til að taka ákvörðun um lánið þótt hér sé tilgreint að hann skuli hafa uppi samtöl við tiltekna aðila áður en til lántökunnar kemur. Það mál líta á þetta sem viðleitni til þess að þau samtöl geti farið fram sem menn telja eðlileg og tryggja það, en ekki ber að líta á þetta þannig að vald hafi verið tekið af fjmrh.

Albert Guðmundsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka forseta fyrir að hafa aflað sér svara við þeim spurningum sem ég lagði fram, en ég óska eftir að forseti nafngreini þá aðila sem komust að þessari niðurstöðu við þessar umræður til þess að þeim geti lokið því að það fer ekkert á milli mála í mínum huga að hér er verið að skilyrða

framkvæmdarvaldið, hér er verið að skilyrða lántökur og störf fjmrh. sem ég sé ekki að sé heimilt eftir þeim leiðum sem farnar eru í þessu tilfelli. Ég óska eftir því að þeir sérfróðu menn sem komust að þessari niðurstöðu verði nafngreindir til þess að þeirra nöfn séu skráð í þingsöguna. Ég mun að sjálfsögðu leita mér upplýsinga sjálfur sem þingmaður úr því að ég fæ ekki svör sem fullnægja mér sem slíkum. Mér þætti leitt ef sú vinna mín gæti hugsanlega orðið til þess að störf Alþingis yrðu að hluta gerð ómerk. Það segir sig sjálft að það er það sem skeður ef það reynist rétt sem ég hef farið með hér. Ég óska eftir því og tel það nægja mér í bili að þeir sem hafa komist að þessari niðurstöðu og forseti gat um verði nafngreindir á sama hátt og ég sem fyrirspyrjandi er nafngreindur.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Af þessu tilefni vil ég biðjast velvirðingar á því út af því að hv. þm. taldi að dregist hefði að hann fengi svör við þessum fyrirspurnum sínum, en það hefur verið í ýmsu að snúast. Ég bið samt velvirðingar á því að hann hafi ekki fengið svör við þessum fyrirspurnum sínum fyrr.

Varðandi það hvort menn geti verið ánægðir með svörin eða ekki, þá er það auðvitað svo að skoðanir sem eru ekki í samræmi við það sem menn hafa kannski ímyndað sér sjálfir eða þær skoðanir sem menn hafa þykja mönnum kannski stundum verri en þau svör sem þeir eru samþykkir. En þetta er að yfirveguðu ráði. Hins vegar vænti ég þess að hv. þm. skilji að ég get ekki farið að nafngreina menn sem ég hef rætt við þegar ég hef ekki aflað neins leyfis frá þeim og ég tel að það sé ekki mergur málsins. Að hinu leytinu skal ég heita hv. þm. því að að morgni skal ég skoða þetta mál nánar. Ég hef áður gert það hér í þinginu þegar um álitamál hefur verið að ræða að skoða þau nánar og reyndar skipt þá um skoðun í einu tilteknu máli sem ég vona að hv. þm. muni eftir. Ég mun skoða þetta með opnum huga, en ég sé ekki að ég geti það fyrr en að morgni því að þeir sem ég mundi bera mig saman við hafa væntanlega tekið á sig náðir um þetta leyti og ég mundi ekki kunna því vel að fara að vekja þá upp. Ég er sem sagt reiðubúinn til þess að skoða þetta mál nánar að morgni og láta þá í ljós frekara álit eftir því sem tilefni gefst til.

Albert Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka forseta fyrir sanngjarna lausn á þessu máli. Ég geri mér ljóst hver rök forseta eru fyrir því að bíða með að kanna málið nánar og þau eru fullkomlega samþykkjanleg frá minni hálfu. En ég vil þá óska eftir því að frekari afgreiðslu á þskj. 637 verði frestað þangað til það liggur fyrir hvað er rétt og hvað er rangt í þeim málum sem ég hef flutt.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Varðandi ósk hv. þm. stendur svo á að boðaður hefur verið fundur í Ed. með hliðsjón af því að gert var ráð fyrir að þetta mál yrði afgreitt héðan í kvöld þannig að ég get ekki heitið fresti fram yfir morgundaginn að svo stöddu, en ég mun á eftir kanna nánar stöðu þess máls og greina hv. þm. frá því.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 670 felld með 17:6 atkv.
Brtt. 679,1 felld með 19:3 atkv.
Brtt. 679,2 felld með 19:3 atkv.
Brtt. 679,3 felld með 20:2 atkv.
Brtt. 686,1-2 kölluð aftur.
Brtt. 637,2 samþ. með 17:6 atkv.
Brtt. 637,3 samþ. með 17:5 atkv.
Brtt. 671,1 felld með 17:6 atkv.
Brtt. 671,2 felld með 19:5 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17:5 atkv. og afgr. til Ed.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 344. mál (húsbréfaviðskipti). — Þskj. 626.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég stend upp til að þakka fyrir þær umræður sem hafa orðið um þetta mál, bæði í dag og eins þær umræður sem urðu fyrir helgi, sl. föstudag, um þetta mál. Ég held að í heildina tekið sé óhætt að segja að þetta mál hafi fengið jákvæðar umræður hér og umfjöllun við þessa umræðu og þó að ýmsir hafi haft ákveðna fyrirvara við einstök atriði í frv. og vilji fá nánari skýringu á því við umfjöllun málsins í nefnd og í þinginu tel ég að í heild tekið megi segja að umræðurnar hafi verið jákvæðar og gefi vonir um að frv. geti orðið að lögum á yfirstandandi þingi.

Fram kom ákveðin fyrirspurn frá hv. 1. þm. Suðurl. sem ég svara. Hann ræddi nokkuð um kaupskyldu lífeyrissjóðanna og taldi nauðsynlegt að hún lækkaði samfara því að það yrði tekið upp húsbréfakerfi. Ég er sammála því sem liggur að baki því sem hv. þm. ræddi um. Hv. þm. taldi um það frv. sem nefndin skilaði af sér og hafði að geyma ákvæði um að kaupskyldan skyldi lækka úr 55% í 47% að breyting sem var gerð þegar málið var lagt inn í þingið væri ekki til bóta. Hún fól það í sér að lífeyrissjóðunum væri heimilt að uppfylla að hluta til kaupskyldu sína með kaupum á húsbréfum.

Ég held að í því samkomulagi sem gert hefur verið á milli stjórnarflokkanna sé gengið lengra en upphaflegt frv. gerði ráð fyrir og nefndin skilaði af sér, þ.e. að lífeyrissjóðirnir megi uppfylla kaupskyldu sína með 10% af þessum 55%. Ég tel að hér sé að hluta til lengra gengið. En að öðru leyti er um það ákvæði í 1. gr. frv. að um það verði settar nánari reglur hvernig lífeyrissjóðirnir geti uppfyllt þessa kaupskyldu sína með húsbréfum.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að hafa um þetta lengra mál. Ég mun sjá til þess að nefndin sem fær málið til umfjöllunar fái ýmis gögn sem unnin

hafa verið í þessu máli, m.a. um áhrif húsbréfakerfisins á fasteigna- og peningamarkaðinn. Að öðru leyti, herra forseti, þakka ég þær umræður sem hafa orðið um þetta mál.

Umræðu frestað.

Seðlabanki Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 241. mál (vaxtaákvarðanir o.fl.). — Þskj. 681.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir stjfrv. um breytingu á lögum nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, eins og það kemur frá hv. Ed.

Brtt. í þessu frv. eru byggðar á þeirri reynslu sem fengist hefur af framkvæmd seðlabankalaganna á gildistíma þeirra, en þessi reynsla hefur sýnt að nauðsynlegt er að skýra betur og skerpa nokkur ákvæði í þessum lögum til að ná markvissari stjórn í peninga- og vaxtamálum.

Í 1. gr. frv. er fjallað um laust fé innlánsstofnana. Í ljós hefur komið að endurbæta þarf ákvæði laganna varðandi skilgreiningu á lausu fé. Í júní í fyrra setti Seðlabankinn nýjar reglur um þessa skilgreiningu, en varð að hverfa frá henni um síðustu áramót þar sem lagagrundvöllur fyrir henni reyndist ekki ótvíræður. Um þetta efni vísa ég til fyrsta fylgiskjals með frv., en þar gerði Seðlabankinn grein fyrir málinu ásamt áformaðri breytingu á framkvæmd bindiskyldu lánsfjár sem er framkvæmd á grundvelli 1. mgr. 8. gr. þessara laga. Í greinargerð Seðlabankans kemur fram að fyrirhugað sé að bindiskyldan reiknist framvegis af ráðstöfunarfé í heild í stað innlánanna einna eins og nú er. Þessi breyting mun, að mati Seðlabankans, koma sér vel fyrir þá banka sem mesta fyrirgreiðslu veita fyrirtækjum í útflutningsgreinum vegna þess að undanskilin verða frá ráðstöfunarfénu endurlán erlendra lána vegna afurðalána. Á sama hátt mun þessi breyting líka fela í sér að bindiskyldan nái framvegis, ef þessi breyting verður framkvæmd, til útgáfu bankabréfa og til veðdeildarstarfsemi bankanna sem hingað til hefur verið undanskilin í grunni bindiskyldunnar.

Miðað við síðustu áætlanir Seðlabankans úr reikningum bankanna mundi þessi breyting bæta að mun stöðu Landsbankans en einnig Búnaðarbanka og Útvegsbanka. Breytingin ætti því að auðvelda þessum bönkum að veita útflutnings- og samkeppnisgreinum betri fyrirgreiðslu en ella.

Í 1. gr. í þessu frv. er einnig lagt til að Seðlabankinn hafi heimild til þess að setja innlánsstofnunum reglur um gengisbundnar eignir og skuldir og um endurlánajöfnuð sem ætlað er að koma í veg fyrir hættu á gengisbreytingum. Hér er um mikilvægt öryggisatriði að ræða fyrir íslenska bankakerfið að girða þannig fyrir gengisáhættu eftir því sem kostur er.

Þá er líka í 1. gr. þessa frv. eins og það kemur frá hv. Ed. lagt til að í 8. gr. seðlabankalaganna komi ákvæði um heimild til Seðlabanka Íslands að láta sömu reglur eða jafngildar reglur gilda um verðbréfasjóði og settar eru innlánsstofnunum hvað varðar bindiskyldu. M.a. með kaupskyldu á öruggum verðbréfum, einkum ríkisskuldabréfum. Ákvæði þessa efnis var upphaflega í frv. til laga um verðbréfafyrirtæki og verðbréfasjóði en þykir betur fara samkvæmt sínu efni í þessu frv. eins og þegar hefur reyndar verið rætt ítarlega í þessari hv. þingdeild í tengslum við 1. mál þingsins sem samþykkt var sem lög frá þessari deild fyrr í kvöld.

Þá kem ég að 2. gr. frv., en þar er lagt til að 9. gr. laganna verði breytt á þann veg að Seðlabankinn geti með samþykki viðskrh. betur tryggt en nú er kostur að raunvextir útlána í innlánsstofnunum verði hóflegir og að jafnaði ekki hærri en í helstu viðskiptalöndum okkar. Þá er einnig lagt til að Seðlabankinn geti bundið vaxtaákvarðanir innlánsstofnana takmörkunum til þess að draga úr óhæfilegum vaxtamun inn- og útlána að teknu tilliti til annarra tekna innlánsstofnana. Með þessum breytingum er í reynd áréttuð og skýrð heimild Seðlabankans til að veita vaxtaákvörðunum innlánsstofnana aðhald. Hér er fyrst og fremst verið að skerpa þennan íhlutunarrétt Seðlabankans án þess að raskað sé í meginatriðum því fyrirkomulagi vaxtaákvarðana sem í gildi hefur verið, þ.e. um valddreifingu í þessum viðskiptum. Hins vegar tel ég að reynslan hafi sýnt að það sé erfitt að meta nákvæmlega raunvexti til samanburðar á milli landa og þá er einnig matið á vaxtamun inn- og útlána ekki síður vandasamt. Þess vegna er eðlilegt að gefa Seðlabankanum færi á huglægu mati á því hvað hóflegt geti talist í þessum efnum og þá ekki síður hvað varðar raunvexti en vaxtamun, en áður var slíkt mat lagt í hendur bankans hvað varðar vaxtamuninn.

Þá er lagt til í 2. gr. frv. eins og það kemur frá Ed. að í 9. gr. seðlabankalaganna verði bætt nýrri málsgr. er veiti Seðlabankanum heimild til að binda ávöxtunarkröfur og annað endurgjald fyrir fjármagn í viðskiptum eignarleigufyrirtækja, verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða takmörkunum, enda hafi Seðlabankinn áður hlutast til um vexti hjá innlánsstofnunum á grundvelli þessarar greinar laganna. Hér er um hliðstæðu við það að ræða sem ég áður lýsti um innlánsbindingu, þ.e. efni þessarar greinar var áður í frv. um verðbréfasjóði og fyrirtæki en hefur nú verið fært til föðurhúsanna í seðlabankafrv.

Þá er í 3. gr. frv. lagt til að endurskoðun hjá Seðlabanka Íslands skuli framkvæmd af Ríkisendurskoðun og skoðunarmanni er ráðherra skipar og er sú breyting í samræmi við lög nr. 12/1986, um Ríkisendurskoðun, og er til þess hugsuð að einfalda fyrirkomulag endurskoðunar í Seðlabankanum eftir að til eru komin lögin um þessa stofnun þingsins, Ríkisendurskoðun.

Þá kem ég að 4. gr. frv. En í henni er gerð tillaga um þá breytingu að viðurlög skv. 41. gr. seðlabankalaganna skuli renna að ¾ hlutum í ríkissjóð. Samkvæmt lögum og reglugerð um Seðlabankann hefur bankinn heimild til þess að innheimta viðurlög ef hlutfall lausafjár er fyrir neðan sett mörk eða ef ekki er staðið við skyldu til innlánsbindingar. Þessi viðurlög eru mjög mikilvæg til þess að tryggja að settum reglum sé fylgt í þessum efnum sem er grundvallaratriði fyrir framkvæmd allrar stefnu í peningamálum.

Það er betra að mínu áliti og verður ekki hjá því komist að hafa slík viðurlög í lögum, en því er ekki að neita að há viðurlög sem einstakar stofnanir þurfa að greiða hafa oft og tíðum leitt til óánægju og þrýstings á bankann og á stjórnvöld að lina þessi tök og draga úr viðurlögunum. Það væri illa farið því að það er til lítils að hafa slík ákvæði án viðurlaga og hætt við að þá hefði bindiskylda og lausafjárkvöð litla stoð. Hér er lagt til að viðurlögin renni til ríkissjóðs að ¾ hlutum strax árið eftir að þau hafa myndast. Með því er ljóst að Seðlabankinn hafi ekki lengur beinan verulegan hag af þessum viðurlögum sem ætti þá að kveða niður kröfur á hendur honum um að láta af hendi þetta fé.

Að endingu er svo í 5. gr. laganna lagt til að lögfest verði ákvæði til bráðabirgða sem mælir fyrir um að innheimta viðurlaga á árinu 1988 greiðist þegar að ¾ hlutum til ríkissjóðs á árinu 1989. Ég vil upplýsa hv. þingdeild í þessu sambandi um það að innheimt viðurlög á síðasta ári námu samtals 335,8 millj. kr., en samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu sem hér er gerð tillaga um mundu 251,8 millj. kr. koma í hlut ríkissjóðs á þessu ári sem eru tekjur sem ekki hefur verið reiknað með á fjárlögum.

Hæstv. forseti. Ég lýk máli mínu með því að óska þess að þetta mál hljóti skjóta en vandaða meðferð í deildinni. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Þetta frv. fjallar um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands sem eru ekki nema tæplega þriggja ára. Ég ætla ekki að ræða ítarlega efnislega um þetta frv. eða þær breytingar sem gerðar voru á frv. í hv. Ed., en ég vil ítreka það, sem kom raunar fram í máli mínu í dag í framsögu um frv. til lánsfjárlaga, að ég kom þá inn á að meðalvextir víxillána, nafnvextir, voru á sl. ári 28,5%, ávöxtun 34% og verðbólga 19,1%, en raunvextir voru að meðaltali 12,5% á því ári. Miðað við meðalvexti víxillána viðskiptabanka og sparisjóða frá áramótum og til 21. mars eru meðalnafnvextir 16,3%, ávöxtun 18% og verðbólga miðað við gömlu lánskjaravísitöluna 29,7%, en raunvextir eru neikvæðir um 9,1%.

Mér er sagt að það hafi orðið verulegur halli á sumum bönkum fyrstu tvo mánuði þessa árs og segja mér fróðir menn að sá halli muni nema jafnvel um 300 millj. kr. Ég vil því spyrja hæstv. viðskrh. að því hvort hann telji fært að fara svo neðarlega með vexti að við stefnum í það og ætlum að viðhalda neikvæðum raunvöxtum. Ég tel að það sé afar hættulegt að stefna að því marki. Hins vegar er sjálfsagt að stefna að því að draga úr verðbólgunni og koma henni aftur niður, en hún er bara á rjúkandi ferð í þveröfuga átt við það sem hæstv. ríkisstjórn ætlar sér.

Það fylgja hér með, eins og hæstv. ráðherra gat um, fylgiskjöl, m.a. er fylgiskjal II, samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 6. febrúar um peninga — og vaxtamál. Í nýútkomnu fréttabréfi um verðbréfaviðskipti, sem Samvinnubankinn gefur út, er þessi samþykkt, sem er með þessu frv., prentuð upp og síðan segir að í þessu fylgiskjali sé bent á mörg mikilvæg atriði sem gætu stuðlað að umbótum í peninga- og vaxtamálum, lægri raunvöxtum og betra jafnvægi á lánamarkaði. Í fyrsta lagi hefur ríkisstjórnin veitt Seðlabanka heimild fyrir fram til að hækka bindiskylduhlutfall innlánsstofnana. Ríkissjóður mun neyta stöðu sinnar sem stærsti lántakandi á innlendum markaði til að ná fram hóflegum raunvöxtum. Lagt er að Seðlabankanum að beita sér fyrir endurskoðun á ávöxtunarkjörum viðskiptaskuldabréfa, viðskiptavíxla og skiptikjarareikninga og beðið er eftir tillögum sérstakrar nefndar um lækkun vaxtamunar. Seðlabankanum verði gefnar nokkru víðtækari heimildir til að blanda sér í vaxtaákvarðanir lánastofnana en nú er. Skilgreining á lausu fé innlánsstofnana verði með markvissari hætti en áður. Bindi- og lausafjárskylda nái til ráðstöfunarfjár innlánsstofnana en ekki eingöngu innlána eins og nú, þ.e. veðdeildir verði teknar með.

„Maður fær á tilfinninguna", segir í þessu fréttabréfi, „að verið sé að villa um fyrir lesandanum á ýmsan hátt. Látið er í veðri vaka að Seðlabankinn geti lækkað raunvexti með sölu á spariskírteinum ríkissjóðs gegn 5% raunvöxtum óháð verðbólgu og væntingum fólks. Ríkissjóður getur auðvitað náð þessu markmiði fyrir sitt leyti með því að gefa út skírteini sem seljast ekki. Raunvextir lækka hins vegar ekki fremur en verðbólga með einfaldri ríkisstjórnarsamþykkt. Það er verið að ruglast á orsök og afleiðingu og finna sökudólga í lánastofnunum og Seðlabanka fyrir háum raunvöxtum."

Ég spyr hæstv. viðskrh. hvort hann telji að bankaráð Seðlabankans hafi brugðist skyldum sínum. Ég spyr hæstv. viðskrh. að því: Telur hann eðlilegt að raunvextir séu neikvæðir? Telur hann það vera til góðs fyrir lánakerfið, fyrir bankana, sparisjóðina, að hætta þannig á að sparifjáreigendur taki fé út úr lánastofnunum og fari með það í framkvæmdir sem jafnvel teljast ekki þá allar þær allra nauðsynlegustu eða fari jafnvel inn á hinn „gráa markað"? Ég held að það verði að gæta hófs í þessum efnum og það sé ekki hægt að ganga þannig eins og samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 6. febrúar ber með sér. Hún er barnaleg samþykkt að mínum dómi, þessi samþykkt frá 6. febrúar.

Ég held að það sé sama hvar sé talað við menn í bankakerfinu og hvar sem þeir eru í flokki, einnig þá sem fylgja þeim flokkum sem standa að núv. hæstv. ríkisstjórn. Þeir telji það skyldu sína að reka bankakerfið með þeim hætti að bankarnir hagnist frekar en

tapi. Það hefur nú verið heldur betur sungið hér í sölum á hæstv. Alþingi þegar hafa orðið töp í bönkum og þá er stjórnendum kennt um. Ég held að við getum ekki með einfaldri samþykkt og handauppréttingu í ríkisstjórn gjörsamlega horfið frá því markaðskerfi sem við hljótum að verða að lúta í þessum efnum.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri. Ég hef heitið því að hraða því að standa að afgreiðslu þessa máls á morgun í hv. fjh.- og viðskn. og hef þegar óskað eftir ákveðnum mönnum á fund nefndarinnar og skal ekki, þó að ég sé að mörgu leyti andvígur því sem fram kemur í þessu frv. og þeim breytingum sem urðu í Ed., reyna að lengja meðferðartíma málsins í nefndinni og mun standa að því að nefndin geti afgreitt frv. frá sér á morgun eins og óskað hefur verið eftir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

EFRI DEILD

73. fundur, miðvikudaginn 22. mars, kl. 10 árdegis.

Lánsfjárlög 1989, ein umr.

Stjfrv., 103. mál. — Þskj. 690.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Frv. til lánsfjárlaga er að nýju komið til þessarar hv. deildar þar sem nokkrar breytingar voru gerðar á því við 2. og 3. umr. í Nd. Fjh.- og viðskn. þessarar deildar kom saman í gærkveldi og ræddi þær breytingar sem fyrir lágu á frv. í Nd. og meiri hl. fjh.- og viðskn. leggur til að frv. verði samþykkt eins og það kom frá Nd.

Þær breytingar sem á því voru gerðar eru í stuttu máli þær að við 2. umr. var samþykkt breyting við 5. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo, með leyfi forseta:

„Heimilt er, að höfðu samráði við fjvn. Alþingis, að taka lán vegna skuldbreytinga sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra sem hér segir:" Og enn fremur „7. tölul. Aðrar skuldbreytingar vegna greiðsluvandkvæða, lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 100 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt."

Breytingin hér er í því fólgin að talan var áður 23 millj. en er nú hækkuð í 100 millj.

Önnur breyting sem samþykkt var við 2. umr., og þessar breytingar er að finna á þskj. 637, hljóðar svo, með leyfi forseta: „Fjmrh., fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilt, að höfðu samráði við fjvn. Alþingis, að semja við Þormóð ramma hf. um ráðstafanir til að bæta fjárhag fyrirtækisins." Svo sem kunnugt er er ríkissjóður að hluta eignaraðili að þessu fyrirtæki.

Við 3. umr. voru í Nd. samþykktar tvær breytingar. Við 28. gr. bætist nýr málsliður svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Þó er fjmrh. heimilt, að höfðu samráði við landbrh. og fjvn. Alþingis, að semja um uppgjör ógreiddra framlaga til jarðræktarframkvæmda á árinu 1988."

Hin breytingin, með leyfi forseta: Við 29. gr. bætist nýr málsl. er orðist svo:

„Þó er fjmrh. heimilt, að höfðu samráði við landbrh. og fjvn. Alþingis, að semja um uppgjör ógreiddra framlaga til búfjárræktar á árinu 1988."

Þá hef ég, herra forseti, gert grein fyrir þeim breytingum sem gerðar voru á frv. til lánsfjárlaga við 2. og 3. umr. í Nd. og meiri hl. fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar leggur til að frv. verði samþykkt eins og það kom frá Nd.

Egill Jónsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að óska eftir því að hæstv. landbrh. verði við þessa umræðu. Hann var að flytja og tala fyrir tillögum í Nd. í gærkvöld og þessi mál hafa tekið miklum vendingum þannig að mér finnst ástæða til þess að leita eftir skýringum hæstv. landbrh. og óska þá jafnframt eftir því að hefja ekki mál fyrr en ráðherrann verður kominn til þingfundar. Ég á ekki von á öðru en ráðherrann sé að starfa. Hann er væntanlega einhvers staðar annars staðar. (**Fjmrh.:** Við getum nú kannski greitt úr spurningum þingmannsins.) Maður leggur nú sitt eigið mat á það hvaða ráðherrar eru marktækir eður ei. (**Fjmrh.:** Það yrði nú lítið úr landbúnaðinum ef það væru ekki peningarnir.) Já, það er hárrétt. Það er mjög mikilvægt fyrir rekstur ríkissjóðs hvað miklar tekjur koma frá landbúnaðinum inn í þann kassa og er það reyndar ánægjuefni að hæstv. fjmrh. er að átta sig á því. (**Forseti:** Ég hef óskað eftir því að hæstv. landbrh. verði send boð.) Hvernig ber að skilja þessi orð, herra forseti? Á ég þá að doka við í ræðupúltinu á meðan? Ég hef ekki svo afar mikla þörf fyrir að tala við aðra menn. (**Fjmrh.:** Við getum þá bara farið.) (**Forseti:** Eins og hv. ræðumaður veit á hæstv. landbrh. ekki sæti í þessari deild og hér er um að ræða mál sem heyrir undir fjmrh. Landbrh. hefur því væntanlega ekki gert ráð fyrir því að sín yrði óskað hér í deildinni þannig að ég sendi þessa beiðni þegar er hún var borin fram af hv. ræðumanni.) Ég næ ekki, herra forseti, enn þá samhengi í þessar skýringar. Ef það er meiningin að hæstv. landbrh. verði ekki við ósk minni um að mæta til þessa þingfundar tala ég að sjálfsögðu án þess, en verði mín ósk virt dugir að sjálfsögðu ekki að hæstv. landbrh. komi eftir að ég hef talað þannig að ég verð að fá það skýrt fram hjá hæstv. forseta hvort ég eigi að doka við þar til landbrh. kemur til fundar eður ei. (**Forseti:** Hæstv. landbrh. er búinn að fá þá ósk sem hv. ræðumaður bar fram þegar hann kom í ræðustólinn og hann mun koma nú þegar, en það er spölur á milli húsa.) Ber þá

að skoða það þannig að fundi sé frestað þar til hann gengur í salinn eða á ég að standa hér í ræðustól? (**Menntmrh.:** Nema hvort tveggja sé.) (**Forseti:** Óskar ræðumaður eftir að gera hlé á ræðu sinni á meðan?) Ég óska eftir því já og er búinn að því. (**Forseti:** Þá mun verða orðið við því.)

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. landbrh. fyrir að hafa brugðist svo skjótt og vel við minni ósk um að vera viðstaddur þessa umræðu. Ástæðan fyrir því er m.a. sú að hér eru til umræðu öðru sinni lánsfjárlög eftir að þeim hafði verið breytt í Nd. og það vill svo til að aðalbreytingarnar, ef breytingar skyldi þá kalla, fjalla einmitt um þau efni sem ég hafði sérstakt orð á meðan málið var í umræðu og meðferð þessarar hv. deildar. Eins og menn kannski muna eftir tók hæstv. landbrh. þá líka þátt í þeirri umræðu að minni ósk.

Ég má kannski byrja á því, herra forseti, að vitna til þess að við fjárlagagerð gáfu bæði varaformaður og formaður fjvn. í umboði landbrh. yfirlýsingu um að greiðslur vegna jarðræktarlaga og búfjárræktarlaga yrðu inntar af hendi á þessu ári. Að vísu gátu þeir þess, sérstaklega þó formaður fjvn., að það uppgjör færi fram í tengslum við nýjar ákvarðanir að því er varðaði þessi lög, þ.e. þegar þeim hefði verið breytt á Alþingi. Það vakti því nokkra eftirtekt þegar lánsfjárlög gerðu ráð fyrir því, 28. og 29. gr., að þessum yfirlýsingum yrði kippt til baka því að í 28. og 29. gr. er sagt alveg skýrum orðum að fjmrh. hafi engar heimildir umfram fjárlög til að greiða skuldir ríkissjóðs gagnvart þeim aðilum sem þarna eiga hlut að máli. Ég fagna því að sú umræða hefur farið fram sem sýnir að sjálfsögðu með ótvíræðum hætti að hér er um alveg óforsvaranleg vinnubrögð að ræða gagnvart bændum landsins. Ég neita því, sem hefur komið fram í skýringum, m.a. máli hæstv. landbrh., að hér sé ekki um neitt óvenjulegt verklag að ræða.

Hann hefur nefnt um það dæmi að lagaákvæði væru oft tekin af með heimild í lánsfjárlögum. Það kannast ég að sjálfsögðu við og væntanlega allir hér í þessari hv. deild. En sá er munur á að hér er verið að taka fyrir framkvæmd á persónulegum viðskiptum milli einstaklinga og ríkisvaldsins. Ég hef ekki gert við það sérstakar athugasemdir þótt t.d. greiðslur til Stofnlánadeildar landbúnaðarins væru skertar eða jafnvel þótt það væri gripið til þess ráðs að færa skuldbindingar ríkissjóðs í sambandi við lög um afleysingaþjónustu yfir á Stofnlánadeild landbúnaðarins. Þessar ákvarðanir eru með allt öðrum hætti. Skerðingarákvarðanir í lánsfjárlögum gilda yfirleitt ekki aftur fyrir sig. Hér er hins vegar um það að ræða að neita að greiða það sem búið er að stofna til ýmist fyrir einu eða tveimur árum. Þessar ákvarðanir eiga sér þannig ekki hliðstæður. Þetta eru viðskipti við á milli 3000 og 4000 manns, bein viðskipti, sem þarna er tekið fyrir. Þetta er allt annars eðlis en gildir að því er varðar aðrar ákvarðanir um greiðslufresti sem teknar eru í lánsfjárlögum.

Nú má ég til, herra forseti, að minna á það sem kom fram í ræðu hæstv. landbrh. þegar hún átti sér stað í þessari hv. deild. Þá gat hann þess að í undirbúningi væri gerð frv. til breytinga á jarðræktar- og búfjárræktarlögum. Þá kæmi stóra lausnarorðið um hvernig þessum greiðslum yrði háttað. Hæstv. landbrh. gat þess líka í þeirri umræðu að þar yrði um nýjungar að ræða. Það yrði dregið úr því sem ekki væri lengur móðins og teknar upp nýjar áherslur. Hæstv. landbrh. hefur staðið við að semja sitt frv. og hann lagði það m.a. fyrir síðasta búnaðarþing. Það leyndi sér reyndar ekki og mér þykir bæði vert og skylt að geta þess að hæstv. landbrh. gerði sér far um að vera í góðum tengslum við búnaðarþing og ég held að mér sé óhætt að fullyrða að honum hafi verið sýnd þar full virðing. Ég þakka honum út af fyrir sig fyrir tillitssemi gagnvart búnaðarþingi. En búnaðarþing fjallaði um þetta frv. og hefur skilað frá sér tillögum um það til hæstv. landbrh.

Efnislega ætla ég ekki að fjalla um það, enda ekki sérstök ástæða til, nema einn þátt þess máls, þ.e. það sem snertir uppgjörsmálin og hér er til umræðu núna. Aðrir þættir þessa máls bíða að sjálfsögðu síðari tíma. En í frv. landbrh., sem hann lagði fyrir búnaðarþing, segir svo, með leyfi hæstv. forseta, um uppgjör málsins: „Heimilt er fjmrh., að viðhöfðu samráði við landbrh., að semja um uppgjör ógreiddra framlaga vegna jarðræktarframkvæmda ársins 1988." Þetta er svo að segja nákvæmlega sama orðalag og nú er komið inn í lánsfjárlagafrv. sem verða greidd atkvæði um innan skamms. Og hverju svarar nú samningsaðilinn, búnaðarþing, því að það fer ekki á milli mála að með framkvæmd jarðræktarlaga fer Búnaðarfélag Íslands í umboði landbrn. þannig að ef einhverja samninga á að gera yrðu þeir að sjálfsögðu gerðir á þeim vettvangi?

Ég má kannski ekki segja frá því hér að það kom afar skýrt fram í máli búnaðarþingsfulltrúa að Búnaðarfélag Íslands gæti ekki samið um þessi mál. Og af hverju? Vegna þess að það fer hver og einn bóndi með sínar eigin fjárreiður. Það sem hér er verið að gera er að það er verið að brjóta á þeim bændum sem hér eiga í hlut en ekki Búnaðarfélagi Íslands sérstaklega. Ef menn ætla eitthvað að semja verða menn að semja við rétthafa í þessum efnum en ekki við Búnaðarfélag Íslands né heldur aðra aðila sem þar yrðu til kvaddir, enda hefur búnaðarþing svarað.

Svar þess er, með leyfi forseta, þannig: „Þá felst búnaðarþing ekki á bráðabirgðaákvæði frv. þar sem það er ófrávíkjanleg krafa þingsins að jarðræktarlögin verði virk."

Þetta er afstaða búnaðarþings, afstaða bændanna í þessu landi. Kannski hefur þessi samþykkt og sú umræða sem út frá henni hefur spunnist komið af stað ofurlitlum titringi innan Alþingis. Það gæti t.d. vel verið að einhverjir hv. þm. Framsfl. væru aðeins farnir að átta sig á því hvað hefur gerst í þessum efnum. Það getur vel verið að þeir hafi orðið varir við þann þunga sem er á bak við áherslur búnaðarþings og bændanna í landinu út frá þeim uppgjörsmáta sem hér er viðhafður. Þau eru ekki símtölin og fyrirspurnirnar sem koma inn til Búnaðarfélagsins, trúlega líka

landbrn., um það hvenær bændur fái þær greiðslur sem þeir eiga að fá vegna framkvæmda bæði fyrir 1987 og 1988. Í þeim viðskiptum sem bændur hafa átt við ýmsa aðila sem þeir skipta við, t.d. í sambandi við byggingarframkvæmdir, hefur það þótt góður og fullgildur kostur að geta veðsett eða vísað á framlögin sem þeir hafa átt von á samkvæmt jarðræktarlögum.

Þeir bændur sem þannig er búið að gera að vanskilamönnum og er enn staðfest við þessa lánsfjárlagagerð eru farnir að láta heyra í sér, m.a. vænti ég fyrrv. landbrh. og aðrir þingmenn Framsfl. Þess vegna segir búnaðarþing alveg skýrum orðum að það er ekki um neitt að semja. Það er ekkert um það annað að segja en að jarðræktarlögin séu virt. Það er ekki um annað að ræða en að orð og venjur standi.

Nú er það svo að ef menn telja á annað borð að virðingu formanns fjvn. og varaformanns fjvn. sé borgið með þeim viðbótartillögum sem liggja hér fyrir er það a.m.k. alls ekki nema að hálfu leyti vegna þess að það ákvæði sem þarna er fjallað um er bara miðað við árið 1988. Ef þetta opnar einhverjar leiðir til að greiða vangoldin framlög vegna jarðræktarlaga opnar það ekki heimildir gagnvart árinu 1987. Það skulu menn athuga. Nú er það svo að hæstv. landbrh. hefur með bréfi sagt fyrir um það hvernig fyrstu greiðslum sem borist hafa Búnaðarfélaginu vegna framkvæmdar jarðræktarlaga skuli ráðstafað. Vera má að ráðherrann hafi haft til hliðsjónar þær ábendingar sem ég gaf við umræðuna á dögunum þar sem ég gat þess að verksamningar á milli ríkisins og verktaka væru virtir nema þegar um væri að ræða viðskipti innan landbúnaðarins, enda skilyrti hæstv. landbrh. þessa fyrstu greiðslu við það að verksamningar yrðu uppgerðir. Þegar það er búið vantar enn fjármagn til að greiða hluta af því sem út af stóð fyrir árið 1987 og fyrir því eru engar heimildir hér.

Annars er það einkennilegt, ef menn meina eitthvað með þessu á annað borð, að það skuli ekki hafa verið settar inn réttar tölur eins og í öðrum tilvikum. Af hverju eru ekki settar inn réttar tölur og tilgreint hvaða upphæðum heimildirnar megi nema, uppgjöri á skuld frá árinu 1987 og því sem enn er ekki fyrir hendi fyrir árið 1988? Af hverju eru ekki settar inn réttar tölur ef menn meina eitthvað með þessu á annað borð? Auðvitað er skýringin sú að það er verið að skjóta þeim út bakdyramegin, formanni og varaformanni fjvn., svo þeir verði ekki alveg ærulausir gagnvart bændum landsins fyrir þær yfirlýsingar sem þeir gáfu í umboði landbrh. við fjárlagagerð. (**KP:** Það þarf stórar dyr.)

Það sem vekur svo sérstaka eftirtekt gagnvart öllu þessu máli er sú aðför að bændum landsins og hinum dreifðu sveitabyggðum sem í þessu felst. Það væri út af fyrir sig bagalaust fyrir forustumenn Alþb. að fara aðeins yfir ræðurnar sínar sem þeir héldu á árum áður (**SkA:** Ja, það væri nú þörf á.) þegar þeir voru að berjast fyrir því að bæta hag bænda í landinu, þegar þeir voru að fara í utandagskrárumræður á þeim tímum sem var verið að taka vandasamar ákvarðanir um stjórn á búvörunni og annað það sem þá var út af fyrir sig mikill meiningarmunur um á milli bændanna í landinu. Væri ekki hollt fyrir ráðherra Alþb. að draga fram þessar ræður sínar? (**HBl:** Eða lesa ræður Lúðvíks.) Og menn skulu athuga það vel, sem er náttúrlega versti kosturinn við allt þetta mál, hvað á að nota til þess að koma fram skerðingaráformum, niðurrifi á jarðræktarlögunum og búfjárræktarlögunum. Menn hafa sagt það svo að segja alveg með beinum orðum að þetta tvennt yrði tengt saman og að uppgjörið færi þá fyrst fram þegar bændur landsins og forráðamenn þeirra hefðu sýnt að þeir væru góðu börnin í þeim félagsskap. Búnaðarþing hefur svarað í þeim efnum. Og ætli það gæti ekki verið að sú umræða kæmi upp innan stjórnarflokkanna, ef hún er þá ekki þegar orðin þar á fullri ferð, að því aðeins yrðu þessar skuldir greiddar að menn féllust á þær fyrirætlanir sem hæstv. fjmrh. hefur m.a. birt búnaðarþingi um gerð nýrra jarðræktarlaga.

Það sem vekur svo allra mesta athygli í öllu þessu máli er hverjar eru ástæðurnar fyrir þessari aðför að bændum landsins. Menn hafa gefið þau svör að það hlytu að vera aðrar áherslur núna en áður var á meðan menn voru að auka við framleiðsluna og bæta húsakostinn. Þar af leiðandi þyrfti ný jarðræktarlög eða jarðræktarlög að taka mið af breyttum aðstæðum. Jarðræktarlögin eru ekki nema tveggja ára gömul. Þau voru sett árið 1987. Og það vill svo til að þau taka einmitt mið af þessu.

Það er líka í þessu sambandi afar fróðlegt, eins og kemur fram í afgreiðslu búnaðarþings, að fara yfir það hvernig peningamálin hafa þróast. Í greinargerð fyrir tillögum búnaðarþings er birt tafla, sem nær yfir fimm ár, um greiðslur jarðræktarframlaga. Þá kemur m.a. fram í þeirri töflu að árið 1984 var greiðsla vegna jarðræktarframkvæmda aðeins ríflega 5 millj. kr. á verðlagi þess árs. Fyrir árið 1988 er þessi tala 162 millj. kr. miðað við verðlag þess árs. Samdrátturinn í þessum framkvæmdum er svo að segja nákvæmlega sá sami og nemur verðhækkunum á þessum fimm árum. Í krónutölu, miðað við verðlag síðasta árs, hefur þessi samdráttur orðið úr 347 millj. kr. niður í 162, lækkun á þessu árabili um liðlega 200 millj. Og ég segi bara: Geri aðrir betur. Geri aðrir betur í því að semja sig að breyttum háttum í þessu landi en bændur landsins hafa gert. Það eru harðir kostir að verða vitni að því, m.a. hér á Alþingi, hvernig því er mætt.

Ég sakna þess að hv. formaður landbn. Ed. skuli ekki vera við umræðuna. Ég hef stundum heyrt hann hafa áhyggjur af því hvað vinnslustöðvunum gengi illa. Ég held að síðast í gær hafi hann haft orð á því. Hann minntist ekki á bændur landsins, enda hafa þeir ekki þörf fyrir neina sérstaka vorkunnsemi af því að þeir hafa kunnað að haga málum sínum þannig að þeir búa með bærilegum hætti í landinu. Hæstv. landbrh. sagði í Nd. í gær að það væri ætlunin að borga það sem út af stæði þegar peningar yrðu til á árinu. Þegar peningar væru til. Það verður þá sjálfsagt búið að borga upp þá 10 milljarða sem ríkissjóður skuldar nú í Seðlabankanum áður en

röðin kemur að því að greiða þessi vanskil. En fjmrh. vílaði ekkert fyrir sér að borga í útflutningsbætur á mjólkurvörur að mig minnir nokkuð svipaða upphæð og var vangoldin í jarðræktarframlögunum. Ég hef fullar efasemdir um það — það var a.m.k. ekki bundið með lögum með sama hætti og ég stórefa að það hefðu verið nokkur frávik frá búvörusamningnum þó að sú greiðsla hefði ekki verið innt af hendi. Það er ekki sama hverjir eiga í hlut. Það er stóra málið í þessu. Það er alveg augljóst hvar hjarta Alþb., þrátt fyrir stóru orðin og yfirlýsingarnar frá fyrri árum, liggur í þessum efnum.

Það er líka eftirtektarvert, sem kemur fram í greinargerð búnaðarþings, hvernig áherslurnar hafa breyst. Þar er m.a. birt tafla um túnrækt allt frá 1980–1988. Hún hefur minnkað úr 3229 hekturum, sum árin hefur hún reyndar verið hærri eins og 1981, 3600 hektarar rúmir, niður í 1790 hektara eins og hún var á sl. ári og var hér um bil um ekkert annað að ræða en endurræktun.

Herra forseti. Ég fagna því að hafa átt þess kost að koma þessum sjónarmiðum á framfæri. Íslenskur landbúnaður á við mikinn vanda að etja og þótt vel hafi tekist til er fjarri því að öll mál séu leyst. En það er skelfilegt til þess að hugsa ef ríkisvaldið ætlar að vinna á móti því að þar geti átt sér stað eðlileg þróun og með því að ganga sérstaklega gegn þeim þróunarverkefnum sem ríkið hefur stutt og reyndar haft frumkvæði um, sem felast í ákvæðum jarðræktarlaga og búfjárræktarlaga eins og margsinnis hefur verið yfirlýst af núv. ríkisstjórn, er það skelfileg tilhugsun ef menn brjóta niður þróunarstarfsemi í atvinnuveginum með svo ógætilegum hætti sem orð vísa til og ákvæði frv. til lánsfjárlaga með því viðbótarákvæði sem hér er sérstaklega fjallað um vísa sérstaklega til.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon): Virðulegi forseti. Ég biðst forláts á að vera ekki mættur við upphaf fundar. Það skeði einfaldlega þannig að mér var ekki ljóst að fundur yrði haldinn í hv. Ed. fyrr en að loknu hádegi og hafði ekki gert mér grein fyrir því að fundur hafði verið boðaður í hv. deild á öðrum tíma en í hv. Nd. En hv. 4. þm. Austurl. Egill Jónsson var svo vinsamlegur að láta mig vita að þessi mál kæmu til umræðu og ég kom því að sjálfsögðu til fundarins.

Ég hef ekki miklu við þau svör að bæta og þær umræður sem þegar hafa orðið um þetta mál, bæði í þessari hv. deild fyrr í vetur og eins í hv. Nd. Ég endurtek að heimildarákvæði 28. og 29. gr. eru í beinu samræmi við afgreiðslu ríkisstjórnarinnar sem kynnt var í framsöguræðu formanns fjvn. við 3. umr. fjárlaga þegar 5. jan. sl. og á því ekki að koma neinum á óvart. Eins og fyrir liggur í fjárlögum og með þessu lánsfjárlagafrv. verða fjárveitingar á fjárlögum ársins ekki nægar til að greiða útistandandi skuldbindingar ríkisins vegna jarðræktar- og búfjárræktarframlaga. Hér hagar sambærilega til og á síðasta ári þegar hv. 4. þm. Austurl. var eindreginn og ötull stuðningsmaður ríkisstjórnar sem þá sat, en varð vegna þröngra aðstæðna í ríkisfjármálum að grípa til skerðinga af því tagi sem við búum enn við í þessum efnum. Hér er því ekki nýmæli á ferðinni hvað þetta snertir heldur farið nákvæmlega í slóð fyrri ríkisstjórnar og þykir mönnum illt við að búa en verður ekki við því gert. Það er hins vegar ætlun manna að breyta þessu fyrirkomulagi og koma með nýjum lagaákvæðum nýrri skipan á tilhögun þessara mála. M.a. gera þau frumvarpsdrög, sem rædd voru og kynnt á búnaðarþingi og eru nú til athugunar hjá þingflokkum stjórnarliðsins, ráð fyrir því að í áföngum verði komið á staðgreiðslu þessara framlaga með þeim hætti að framlög ríkisins greiðist þegar á sama ári og til framkvæmdanna er stofnað að aflokinni úttekt á þeim framkvæmdum, enda hafi áður verið um framkvæmdirnar sótt og viðkomandi umsóknir fengist staðfestar áður en til framkvæmdanna er stofnað.

Það er rétt að geta þess einnig að verið er að vinna að endurskoðun búfjárræktarlaga og ætlun er að koma fyrir yfirstandandi Alþingi nýju frv. til l. um búfjárrækt, sérstaklega þann hluta gildandi lagabálks um búfjárrækt sem fjallar um búfjárræktarstarfið sjálft. Það er áætlað að sá lagabálkur verði klofinn í tvennt og önnur ákvæði sem lúta að forðagæslu, vörslu búfjár og annað slíkt verði sjálfstætt lagafrv. sem verði þá afgreitt síðar.

Ástæður þess að talin er nú þörf fyrir lagabreytingu í þessu efni, sérstaklega hvað snertir jarðræktarframkvæmdirnar, eru einfaldlega breyttar aðstæður og ég hygg að um það sé ekki deilt að það sé eðlilegt að þessi lagaákvæði séu endurskoðuð og þeim sé nokkuð breytt með tilliti til nýrra aðstæðna í landbúnaði. Svo að dæmi sé tekið sjá menn ekki að sterk rök hnígi að því að opinberir aðilar styrki sérstaklega nýjar framkvæmdir á sviði framræslu. Ætla má að þegar hafi verið ræst fram að mestu leyti það land sem til búskapar þurfi á næstu árum á Íslandi og þess vegna standi ekki sömu rök til þess að ríkið styrki nýjan skurðgröft og áður gerðu þegar búskapurinn var í vexti og framleiðsla vaxandi ár frá ári.

Nú hafa menn eins og kunnugt er og þarf ekki að fjölyrða um búið við stöðnun eða jafnvel samdrátt framleiðslunnar um skeið og þess vegna eðlilegt að áherslan færist meira yfir á það að nota það land sem þegar hefur verið brotið til ræktunar og styrkja endurræktun og hreinsun skurða fremur en nýrækt eða nýjan skurðgröft. Varðandi það hvernig hagað verði uppgjöri þeirra skuldbindinga ríkisins sem ekki hafa enn verið greiddar, þá vek ég athygli á því að hér er á ferðinni heimildarákvæði. Eins og alvenjulegt er er það í valdi fjmrh. sem lögum samkvæmt fær slíkar heimildir í hendur, gjarnan með þeim ákvæðum þó að um þær skuli hann hafa samráð við einhverja tiltekna aðila eins og hér er, við landbrh. og fjvn. Alþingis. Það leiðir svo af sjálfu sér að efni og aðstæður munu ráða lyktum um hversu hratt verður unnt að greiða þessar skuldbindingar. Það er ljóst að þessi heimildarákvæði gefa fjmrh. heimild til að hefja uppgjör þessara skuldbindinga á árinu 1989, en rétt er að undirstrika það, sem reyndar hefur margoft

komið fram, að engin loforð eða engar skuldbindingar hafa verið út settar um að það takist að ljúka því uppgjöri á yfirstandandi ári, enda væri þá betur gert en gert hefur verið á yfirstandandi ári gagnvart framkvæmdum ársins 1987. Eins og kunnugt er er enn verið að greiða framkvæmdir á því ári vegna þess að fjárveitingar fjárlagaársins 1988 dugðu ekki nándar nærri til að greiða upp framkvæmdir ársins 1987 sem ég veit að hv. 4. þm. Austurl. er vel kunnugt. Við erum því að þessu leyti til mjög sambærilega á vegi stödd þó að vísu hafi halinn nokkuð lengst eins og gjarnan gerist þegar vandinn safnast upp ár frá ári.

Meira hef ég ekki um þetta að segja, herra forseti. Það er eindreginn ásetningur minn að reyna að tryggja að sú lagaendurskoðun sem hér er vikið að og þessum málum tengist geti farið fram á yfirstandandi þingi og í beinu framhaldi af því mun ég beita mér fyrir því við fjmrh. að reynt verði að ganga frá einhvers konar samkomulagi um uppgjör þessara framkvæmda og um það verði haft samráð við Búnaðarfélag Íslands og aðra hagsmunagæsluaðila bænda í landinu þó að orðanna hljóðan megi ekki skiljast svo að ætlunin sé að semja við hvern einstakan bónda eins og út af fyrir sig má færa rök fyrir að rétt væri. Það má deila um þetta orðalag, var reyndar nokkuð um það rætt í hv. Nd. og tilraunir uppi hafðar til að breyta því til skýrari vegar. En niðurstaðan varð svo að halda sig við upphaflega brtt. sem flutt var af meiri hl. hv. fjh.- og viðskn. Nd. og hygg ég að það að heimildarinnar sé aflað sé aðalatriðið fremur en orðalagið í smáatriðum.

Egill Jónsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir málefnalega ræðu og skýringar. Ég geri mér reyndar fullkomlega ljóst að hann er í þeirri stöðu að verða frekar að tala niður öldurnar en færa þær upp við lokaafgreiðslu þegar tími er orðinn þröngur. Eigi að síður komu fram nokkur ákaflega athyglisverð efnisatriði í ræðunni sem ég má til að fara fáeinum orðum um.

Það er hárrétt, sem hæstv. landbrh. sagði, að hjá fyrrv. ríkisstjórn var viðskilnaðurinn ekki til fyrirmyndar í þessum efnum og breytir þar engu um þótt ég hafi ekki stutt hana í þeim áformum. Ég var stuðningsmaður þeirrar ríkisstjórnar, en ég var ekki stuðningsmaður og ekki í því föruneyti sem hafði í frammi sérstaka aðför að bændum landsins og íslenskum landbúnaði við fjárlagagerðina fyrir síðasta ár, árið 1988. Ég var ekki með í þeirri för. Það er óhagganleg staðreynd að þá vannst, miðað við þá uppsetningu, mikilvægur varnarsigur fyrir þessum málefnum, enda hefur það verið yfirlýst af núverandi hæstv. utanrrh. að þá hafi komið fyrstu brestirnir í stjórnarsamstarf fyrrv. ríkisstjórnar. Það haggar ekki því að þetta var vondur viðskilnaður.

Ég veit ekki hvort það verður skilið svo, en það er alls ekki ætlan mín að það sé sérstaklega til málsbóta í þessum efnum, en þá var þó fjárlagatalan 141 millj. Fjárlagatalan fyrir árið 1988 var 141 millj. kr. Ef það hefði verið sama fjárlagatala í ár miðað við uppfærslu verðlags á milli ára hefði þessum vanda verið eytt. En fjárlagatalan fyrir þetta ár var lækkuð um 41 millj. og til viðbótar kippt út úr öllum verðlagsáhrifum á milli ára. Þannig tapaðist það sem vannst þó við fjárlagagerðina fyrir 1988. Þar var þó um hækkun að ræða í meðförum fjvn. og Alþingis sem gerði að verkum að menn þurftu að snúa af þeirri braut. Nú var þetta allt saman fært niður. Breytingin er sú að ef við værum inni með tölur fjárlagafrumvarpanna eins og þau hafa verið á sl. árum væri þarna ekki um neinn vanda að ræða.

Ég gat þess áðan að ég ætlaði ekki að fjalla hér sérstaklega um jarðræktarlagafrv. hæstv. landbrh. og það kom mér satt að segja ofurlítið á óvart að hann skyldi gera það sérstaklega að umtalsefni eins og hann gerði hér þegar við ræddumst við fyrr á þessum vetri.

Nú sagði hæstv. landbrh. að áherslurnar væru breyttar og það er alveg hárrétt, bændur eru búnir að breyta öllum áherslum. Það haggar ekki því að það getur þurft að haga verkum með ýmsum hætti. Það koma fyrir þær aðstæður að það er betra að brjóta ný tún en rækta gömul tún og það kemur líka fyrir að það taki yngri menn við af eldri mönnum. Það gerist sem betur fer enn í dag og þá eru ekkert ólíkar aðstæður fyrir hendi og þegar ég var ungur maður austur í Hornafirði og hæstv. landbrh. var ungur maður norður í Þistilfirði. (**Landbrh.:** Ég var ekki fæddur þegar þú varst ungur.) (**KP:** Þetta er ekki sambærilegt.) Það er algerlega sambærilegt að því leyti að þessi þörf hefur náð yfir allt þetta tímabil svo menn skilji orð mín og þessi þörf er enn þá fyrir hendi ef menn vilja horfa til ungra manna í íslenskum landbúnaði. Það er þetta sem ég gagnrýni sem slíkt, þegar menn horfa ekki til nauðsynlegrar þróunar og þegar menn er að gera nýrri kynslóð stórlega erfiðara fyrir en þeirri sem á undan hefur gengið. Það sjá allir til hvers það leiðir. Það er svo hárrétt hjá hæstv. landbrh., og satt að segja hélt ég að við þyrftum kannski ekki að vera svo óskaplega ósammála í þessum efnum, að það eru allt aðrar almennar áherslur. Það er hins vegar fyrir hendi sama þörfin. Hún er bara í miklu, miklu, miklu minna mæli og það skiptir máli að menn skilji þetta.

Nú liggur fyrir að hæstv. landbrh. gerir því skóna að skuldirnar verði ekki greiddar á þessu ári. Það er hins vegar ánægjuefni að ráðherrann ætlar að taka upp viðræður við flokksbróður sinn. Hins vegar er ómögulegt að sleppa því fram hjá sér hér hvort það er þá það, sem er vangoldið frá árinu 1987 og engar heimildir eru hér fyrir að greiða og búið er að ráðstafa fjármagni þannig að ekki eru heldur til peningar, sem á að standa út af. Heimildirnar, ef þessi viðbótartillaga veitir einhverjar heimildir, ná ekki til ársins 1987. Með því að hæstv. landbrh. hefur nú lýst því yfir eða látið orð að því liggja að reikningar verði ekki að fullu uppgerðir á þessu ári verð ég að fá svör við því hvort það eigi ekki að greiða þeim sem unnu

framkvæmdirnar árið 1987. Það hefur verið farið yfir það að allt frá 1923, þegar jarðræktarlögin voru fyrst samþykkt sem einhver allra merkasta lagasetning í tengslum við íslenskan landbúnað, kannski hefur íslenska þjóðin ekki alltaf verið miklu ríkari en hún er núna, þá hafa alltaf verið greidd jarðræktarframlög eins og jarðræktarlög hafa sagt til um. Því er það æðimikil breyting ef nú á að taka um það sérstakar ákvarðanir að skjóta slíkum greiðslum aftur um a.m.k. tvö ár. Við þessu tel ég að ég eigi þinglegan rétt, herra forseti, á að fá skýr svör.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):
Herra forseti. Það er skilningur minn og ætlan og ég veit ekki betur en að það standist að fjárveitingar ársins 1989 dugi til að gera upp framkvæmdir vegna jarðræktarframlaga það sem ógreitt var vegna ársins 1987. Þær tölur eru mjög nálægt því að standast á og á ekki að skeika þar því sem ekki er viðráðanlegt að brúa þá með einhverjum öðrum hætti.

Egill Jónsson:
Herra forseti. Ég tel þessa skýringu fullnægjandi eins og hún er orðuð. Það vantar hins vegar þarna á um 19 millj. kr. Hins vegar gat hæstv. landbrh. þess eins og er alveg hárrétt að þetta er ekki svo há tala að hana megi ekki greiða með öðrum hætti, t.d. lántöku. Það liggur hins vegar alveg ljóst fyrir að heimildir til þess hefur Alþingi ekki gefið þótt þessi lánsfjárlög verði samþykkt vegna þess að heimildirnar ná aðeins til ársins 1988. Það vantar hins vegar 19 millj. Þegar það er komið sem er á fjárlögum vantar enn 19 millj. til að gera upp skuldir frá fyrra ári og ég met orð hæstv. landbrh. svo að það verði fundnar til þess aðrar aðferðir að greiða það sem gerir það þá að verkum að þar þarf ekki að vera um frekari vanskil að ræða.

Jóhann Einvarðsson:
Hæstv. forseti. Ég skal lofa fjmrh. því að ég skal ekki blanda mér í umræður um landbúnaðarmál hér. Þetta hafa verið fróðlegar umræður.

Ég hef, ykkur að segja, nokkrar áhyggjur af fjármálum sveitarfélaga. Ég hef haft aðstöðu til þess í mínum fyrri störfum að kynnast þeim nokkuð ítarlega. Ég er hins vegar ekki sannfærður um að við séum að fara rétta leið með því að opna fyrir það að veita sveitarfélögum lán gegnum lánsfjárlög. Ég skal að vísu samþykkja það hér á eftir og í reynd fagna því að það skuli gert og ég fagna því líka að neðrideildarmenn skyldu hafa áttað sig á því að vera ekki að nefna eitt einstakt sveitarfélag, eins og upphaflega hugmyndin var, að taka eitt sveitarfélag út úr, heldur eina óskipta upphæð. Verð ég að segja það alveg strax að ég öfunda ekki fjárveitinganefndarmenn að þurfa að reyna að úthluta þessum 100 millj. í erlend lán til þeirra sveitarfélaga sem eru í greiðsluvandræðum. (**EgJ:** Fjvn. gerir það ekki.) Ja, það er heimilt að höfðu samráði við fjvn. Alþingis. Það má að vísu ræða hvort það hefði ekki heldur átt að vera fjárhags- og viðskiptanefndir beggja deilda, en það er gömul hefð fyrir þessu og verður sjálfsagt rætt á síðari stigum hvort það ætti að breyta því almennt.

Ég veit um og gæti nefnt mörg sveitarfélög sem eru í verulegum vanda og ég þykist vita að margar umsóknir muni koma til fjvn. og ríkisvaldsins um að fá að taka lán til að breyta skammtímaskuldum sínum í lengri lán. Ég er líka sannfærður um að flest þau sveitarfélög geta sýnt fram á að þau hafa greiðslustöðu að greiða þessi lán á þetta 8–10–12 árum. Ég man eftir því að þegar ég var í félmrn. var m.a. eitt lítið sveitarfélag tekið til gagngerðrar skoðunar, fjárhagur þess reyndist afar erfiður. Það hefði verið hægt að leysa þann vanda þess sveitarfélags sennilega mjög einfaldlega á þennan hátt með því að skrúfa fyrir framkvæmdir næstu ára og veita þeim slíkt langtímalán. Ég er ekki viss um að við séum samt að fara rétta braut í þessu, en fyrst þetta er komið þarna inn skal ég beita mér fyrir því að þetta fari í gegnum deildina. En ég mun að sjálfsögðu gera ráðstafanir til þess að þetta mál verði kynnt á næsta fundi fulltrúaráðs Sambands ísl. sveitarfélaga þannig að sveitarfélögum almennt í landinu sé ljóst hvaða möguleikar eru þá fram undan og ég þykist vita að þá verði að hækka þessa upphæð allmikið á næsta ári. 100 millj. munu ekki fara langt í að duga. Því miður er það svo að sum sveitarfélög hafa ekki gætt vel að fjárhag sínum, ráðist í miklar framkvæmdir án þess að sjá fyrir endann á því. Önnur hafa lent í fólksfækkun, aðskiljanlegum vanda sem er kannski skýranlegur, en ég er viss um að þarna eiga eftir að skapast mikil vandamál hjá stjórnvöldum og fjárveitingarnefndarmönnum um það að reyna að meta og bera saman stöðu hinna ýmsu sveitarfélaga. Ég þykist vita að stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga og þeirra fulltrúaráðsfundur muni fagna því að þessi heimild komi inn, en ég er ekki viss um að við þurfum að ræða um 100 millj. á frv. til næstu lánsfjárlaga ef á að reyna að fullnægja þó ekki væri nema helmingi af þeim óskum sem munu koma fram.

Halldór Blöndal:
Herra forseti. Ég vil taka undir áhyggjur hv. 8. þm. Reykn. vegna stöðu sveitarfélaganna úti á landi. Mörg þessara sveitarfélaga hafa tekið á sig miklar skuldbindingar vegna atvinnurekstrarins á landsbyggðinni og þess óvissa atvinnuástands sem þar ríkir nú, ekki síst eftir að við urðum að taka upp kvótakerfið og hert var á reglum um sókn í fiskistofnana. Við getum þrætt ströndina og við sjáum að í öllum landshlutum eru sveitarfélög sem hafa tekið á sig mjög þungar byrðar og vaxandi í baráttu sinni fyrir því að reyna að halda uppi öruggri atvinnu á viðkomandi stöðum. Auðvitað hlýtur maður að spyrja varðandi suma þessara staða hvernig framtíðin muni vera. Við kynntumst því í síðustu viku að það skip sem var burðarásinn í því að afla frystihúsinu á Þórshöfn hráefnis var selt til Hríseyjar svo að dæmi sé tekið. Við höfum séð aðrar þvílíkar hreyfingar á milli ýmissa annarra staða og við sjáum líka að á þessum

síðustu vikum og mánuðum hefur ríkisstjórnin látið sér fátt um finnast þótt sjávarútvegurinn sé áfram rekinn með halla og svarar ekki einföldum spurningum um það hvernig rekstrargrundvöllur útgerðarinnar og fiskvinnslunnar í landinu verður næstu 2–3 mánuði fram í tímann. Þannig skil ég vel að hv. 8. þm. Reykn. sé áhyggjufullur. Hann hefur gegnt starfi bæjarstjóra bæði á Ísafirði og í Keflavík og þekkir því betur en flestir aðrir hversu veikburða atvinnulífið úti á landsbyggðinni er um leið og eitthvað bjátar á í sjávarútveginum.

Ég vil taka fram, vegna þess að í frv. til lánsfjárlaga er gert ráð fyrir því að til sérstaks atbeina ríkisvaldsins komi vegna Þormóðs ramma, að hæstv. fjmrh. hefur fullvissað fjh.- og viðskn. deildarinnar um að það sé nauðsynlegt vegna eignaraðildar ríkisins að þessu fyrirtæki en ekki vegna þess að ríkið ætli sér að koma með einhverjum sérstökum hætti til móts við þetta útgerðarfyrirtæki í Siglufirði. Nú get ég vel unnað þeim Siglfirðingum þess að þeir fái eitthvað endurgreitt af þeim fjármunum sem röng stefna í atvinnumálum hefur skaðað þá Siglfirðinga um. Við getum t.d. tekið það örlæti sem hæstv. sjútvrh. hefur haft í útbýtingu rækjuvinnsluleyfa sem bitnar mjög þungt á Siglfirðingum svo að dæmi sé tekið. Fleira gæti ég tínt til sem ég skal ekki gera nú þar sem páskahelgin gengur senn í garð og ég vil ógjarnan að fundur standi fram yfir sex í kvöld, en vil sem sagt leggja áherslu á að ég deili áhyggjunum með hv. 8. þm. Reykn. Það er áreiðanlega rétt hjá honum að þau sveitarfélög sem þyrftu á samsvarandi fyrirgreiðslu að halda og nú er hugsuð fyrir Siglufjörð eru fleiri en svo að þau séu teljandi á fingrum annarrar handar og það er áreiðanlega líka rétt að það er ekki aðeins Þormóður rammi sem stendur frammi fyrir miklum erfiðleikum nú þegar ríkisstjórnin virðist hafa að sérstöku markmiði að gæta þess að óvissan sé sem mest í kringum útflutningsatvinnuvegina því að auðvitað eru menn ófúsir að leggja nýtt fé í sjávarútveginn þegar þannig árar í landinu, þegar þeir menn sem stjórna Íslandi skilja ekki þýðingu sjávarútvegsins.

Ég hef tekið eftir því að hv. 4. þm. Vesturl. Skúli Alexandersson getur illa setið hér í þingsalnum undir málum eins og þessum, langar til að standa upp og skeyta skapi sínu á ríkisstjórninni, en reynir að taka mesta sviðann af með því að skamma fyrrv. ríkisstjórn og skil ég hann vel. En ég tek eftir því að þegar hann segir „fyrrverandi" segja augun og hugsar hann „núverandi". Þess vegna get ég líka sagt að ég deili kvíðanum með hv. 4. þm. Vesturl. þegar hann hefur áhyggjur af því að sjávarútvegurinn sé ekki í sem bestum höndum núna. Það veitti ekki af því að fá sjútvrh. sem væri ákveðnari og beittari þannig að þessi atvinnurekstur gæti gengið a.m.k. bærilega.

Það er eðlilegt að mikill kvíði sé í þjóðinni allri. Við höfum séð það atvinnuleysi sem er að grafa um sig og kannski eina vonin sú hjá þeim stéttum sem sækja laun sín til hæstv. fjmrh. að hann muni verða örlátur. Skattar hafa verið þyngdir mikið hjá þjóðinni nú upp á síðkastið og af fyrri ræðum sínum vitum við að hæstv. fjmrh. vill gjarnan hækka laun opinberra starfsmanna um svona 100% í krónum talið minnst og verður fróðlegt að fylgjast með því. Er eðlilegt að flokksbróðir hans og trúnaðarvinur, forseti Alþýðusambands Íslands, vilji fremur synda í kjölfarið og telji að það sé auðveldara að eiga við Vinnuveitendasambandið eftir að fjmrh. er búinn að brjóta ísinn. Mig minnir að það hafi komið fram í ræðu hv. 14. þm. Reykv. að það þyrfti að hækka launin núna um 8% ef ríkisstjórnin ætlaði að standa við loforðið um sama kaupmátt og um áramótin. En ríkisstjórnin er kannski hætt við það líka. A.m.k. er forsrh. farinn að tala um að hann sé á móti vísitölum. Hann vill áreiðanlega ekki láta mæla kaupmáttinn núna og um áramótin á vísitölu og bera saman við verðbólguna kjaraskerðinguna.

Það er eiginlega skaðlegt að hafa ekki hæstv. félmrh. hér inni. Ég skal ekki biðja um að hann verði sóttur. Það hefði þó kannski verið ástæða til vegna þessarar sérstöku tillögu um að veita nú ríkistryggð lán til að reyna að hressa upp á bága skuldastöðu sveitarfélaganna að heyra hvað hæstv. félmrh. hefur um þetta að segja. En við getum kannski reynt að eiga orð við félmrh. þegar hann er búinn að koma húsnæðisfrv. í nefnd. Ég geri ekki ráð fyrir því að hann sé viðmælandi um annað á meðan það hefur ekki tekist.

Karl Steinar Guðnason:

Herra forseti. Ég vek athygli á brtt. sem er á þskj. 637, b-lið, þar sem segir „aðrar skuldbreytingar vegna greiðsluvandkvæða, lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 100 millj. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt". Ég hef miklar áhyggjur af þeirri stefnu sem nú er tekin upp gagnvart sveitarfélögum. Þetta er breyting frá því sem áður var þar sem tilgreind var sérstök upphæð til Siglufjarðar vegna þeirra vandræða sem það bæjarfélag er í. Nú er þessu breytt í almenna heimild til sveitarfélaga að sækja lán til útlanda til hinna ýmsu verkefna. Það er spurning sem vaknar í mínum huga hvort þetta sé í tilefni af því að á næsta ári eru kosningar til bæjarstjórna, hvort með þessu móti á að bjarga sveitarfélögum sem hafa staðið sig illa í fjármálum, sveitarfélögum sem eru með mikla skuldabagga sem þau hafa bundið sér og ráða ekki við með góðu móti. Það er ástæða til að spyrja: Hvers á Hofsós að gjalda sem hefur verið settur í gjörgæslu félmrn.? Hvers vegna voru hans mál ekki leyst svona? Hvers vegna var Hofsósi ekki gefið rúm til að fara þessa leið? Ég tel að nú sé farið mjög rangt að og ég veit um fjölda sveitarfélaga sem vildu sækja í þetta. Ég veit t.d. um Voga á Vatnsleysuströnd sem eru mjög illa staddir. Það hreppsfélag er mjög illa statt. Ég veit um mörg önnur sveitarfélög. Það er líka spurning hvort með þessu móti getur eitthvert eitt sveitarfélag gert samning við verktaka um að malbika og gangstéttaleggja allar götur í byggðarlaginu og fengið til þess erlend lán til að afla sér atkvæða fyrir næstu bæjarstjórnarkosning-

ar. Mér sýnist að það sé gefið ráðrúm til þess samkvæmt þessu.

Mig langar að spyrja fjmrh. hvaða skilyrði sveitarfélög þurfi að uppfylla til að fá þessa fyrirgreiðslu. Hvað veldur því að nafnið Siglufjörður er tekið út og talan hækkuð um að minnsta kosti helming og þetta gert að almennri heimild sem hlýtur að vera til skaða þegar lengra líður frá?

Júlíus Sólnes:

Hæstv. forseti. Ég hef oft vakið máls á því þegar lánsfjárlög hafa verið til umræðu að þessi mál séu í mjög óheppilegum farvegi hjá okkur Íslendingum. Þar sem ég hef kynnst málum erlendis er yfirleitt sú stefna viðhöfð í fjármálum opinberra aðila að þeir einir taki ekki erlend lán til framkvæmda eða fjárfestinga, en hins vegar jafnframt að allir aðrir, þ.e. einstaklingar og fyrirtæki, taki erlend lán að vild til þeirra fjárfestinga og stofnframkvæmda sem þau telja eðlilegar og nauðsynlegar. Í raun og veru mundi ég vilja sjá þá þróun eiga sér stað á Íslandi að opinberum aðilum yrði hreinlega bannað að taka erlend lán til framkvæmda en að öllum öðrum yrði það algerlega frjálst. Þá mundi margt breytast til batnaðar í þjóðfélaginu. Þess vegna get ég ekki stutt tillögu sem þessa og finnst gjörsamlega fráleitt að sveitarfélög fái þarna opna heimild til þess að taka erlend lán til framkvæmda sem þau geta nýtt sér með ýmsum hætti eins og hér hafa ýmsir ræðumenn á undan mér vakið athygli á, svo ekki sé talað um t.d. að rjúka út í miklar aðgerðir skömmu fyrir kosningar og treysta síðan á að það megi fá erlend lán til að borga brúsann. Það er ekki með nokkru móti hægt að fallast á tillögu sem þessa.

Ég veit eiginlega ekki hvert stefnir í þjóðfélagi okkar. Við erum þarna að opna dyr upp á gátt og áður en varir verðum við búnir að opna allar dyr og öll hlið þannig að flóðgáttir munu opnast. Það fara þá væntanlega allir á stað, sveitarfélögin hvert fyrir sig í gang með alls konar draumóraframkvæmdir. Við getum hugsað okkur að á næstunni verði farið út í að byggja stórar íþróttahallir, verslunarmiðstöðvar á vegum sveitarfélaga og hvað eina í trausti þess að það fáist nógar erlendar lántökur til að fjármagna slíkar framkvæmdir. Svo þegar sveitarfélögin ráða ekki við það lengur að greiða af hinum erlendu lánum koma þau væntanlega bara til Alþingis á nýjan leik eins og hér er verið að gera og óska eftir frekari fyrirgreiðslu til að geta síðan staðið undir öllu saman. Þetta einfaldlega gengur ekki. Það er til vansa að bjóða okkur alþingismönnum upp á að sjá svona tillögu á blaði.

Ég held að það væri nær að taka stefnu ríkisvaldsins í lánsfjárlögum og lánsfjáröflun til gagngerðrar endurskoðunar og reyna að sveigja okkur inn á þá braut, sem ég hef margoft gerst talsmaður fyrir, að opinberir aðilar taki ekki erlend lán, þeir láti tekjuöflun innan lands nægja, annaðhvort með beinum skatttekjum sínum eða þá með innlendu lánsfé, en láti atvinnulífinu það einu eftir að sækja á erlend mið um viðbótarlánsfé ef þörf krefur.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Ég vil vegna ræðu Karls Steinars Guðnasonar, hv. 9. þm. Reykn., taka það alveg skýrt fram að því hefur verið lýst yfir bæði í Nd. og annars staðar að sú heimild sem hér er til umræðu verður ekki notuð nema sveitarfélög reiði fram annars vegar fullgildar tryggingar og hins vegar örugga greiðsluáætlun.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 8:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JE, KSG, KP, RÓsk, SkA, SvG, EG, JHelg.

nei: JúlS, GuðmÁ.

HBl, DS, EgJ, GHG greiddu ekki atkvæði.

7 þm. (GA, HÁ, SalÞ, StG, VS, ÞK, EKJ) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég hlýt að átelja hversu seint lánsfjárlög koma hér til lokaafgreiðslu. Að réttu lagi hefði stjórnarmeirihlutinn átt að taka rögg á sig og afgreiða lánsfjárlögin þegar þing var kallað saman eftir áramótin, en þessi seina og að mörgu leyti undarlega afgreiðsla lánsfjárlaga lýsir auðvitað með öðru þeim glundroða sem er innan ríkisstjórnarinnar og hversu erfiðlega ríkisstjórninni hefur gengið að marka eitthvað í átt við það sem kalla megi efnahagsstefnu. Margt í þessu frv. er þess eðlis að ég get ekki fallist á það. Stefnan í ríkisfjármálum og efnahagsmálum er röng. Á hinn bóginn er nauðsynlegt að lánsfjárlög séu í gildi í landinu. Þess vegna greiði ég ekki atkvæði.

Jóhann Einvarðsson:

Hæstv. forseti. Ég vísa til þeirra orða sem ég hafði áðan um þá brtt. varðandi sveitarfélögin sem fram kom í Nd. Ég tel að þarna sé verið að opna leið sem getur skapað talsvert miklar hættur á mörgum sviðum og við komum til með að fá beiðnir um verulega stórar upphæðir á næstu árum. Jafnframt með tilvísun til orða hæstv. fjmrh. fyrr á fundinum ætla ég að láta það koma skýrt fram, það þekki ég vegna fyrri starfa minna, að ég dreg í efa að það séu mörg sveitarfélög sem ekki geti lagt fram nauðsynlegar tryggingar og greiðsluáætlun ef þau fá nógu langt lán. Ég segi já.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Ég tel að með þeim lánsfjárlögum sem hér liggja fyrir séu brotnar þær meginreglur sem eigi að viðhafa í fjármálum ríkisins. Ég hef marglýst því yfir að ég tel að það eigi að draga eins og framast er kostur úr erlendum lántökum opinberra aðila. Hér er þvert á móti verið að auka verulega lántökur opinberra aðila. Ég get því ekki stutt lánsfjárlögin og segi nei.

Karl Steinar Guðnason:

Herra forseti. Ég gerði grein fyrir áhyggjum mínum varðandi þann þátt er lýtur að lánafyrirgreiðslu til sveitarfélaga og geri það vegna þess að ég hef talsverða reynslu í sveitarstjórnarmálum. Ég hef verulegar áhyggjur af þessu og tel farið inn á mjög varhugaverða braut. Ég treysti því hins vegar að fjmrh. fari með þessa heimild eins og hann segir og mismuni ekki sveitarfélögum þegar til kastanna kemur og afli fullgildra trygginga. Þess vegna segi ég já.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Vegna þess að ég tel mig hafa nokkra reynslu í sveitarstjórnarmálum, hef verið í sveitarstjórn í rúmlega 20 ár, taldi ég ástæðu til að koma hér upp og lýsa því yfir að ég tel að það sem gert er í sambandi við ábyrgð fyrir sveitarfélög, verið að opna fyrir, sé ekki svo mikil nýjung í sambandi við það sem hefur verið að gerast og er að gerast í þjóðfélaginu á síðustu mánuðum. Ég hef stutt það að Atvinnutryggingarsjóður taki ábyrgð á hinum breytilegustu hlutum úti um landið og jafnvel með ótta um að þar geti átt sér stað mismunun. Ég mun einnig styðja það sem hér er verið að leggja til. Að vissu leyti er það hvort tveggja sem ég hef nefnt hér ákveðin neyðarráðstöfun vegna þess hvernig staðan er í þjóðfélaginu. Ég segi já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 696).

NEÐRI DEILD

73. fundur, miðvikudaginn 22. mars, kl. 1.15 miðdegis.

Tilhögun þingfunda.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Áður en gengið er til dagskrár skal fram tekið að ætlunin er að halda samtals þrjá fundi hér í dag eða tvo fundi aðra en þennan. Á fyrsta fundinum er hugmynd forseta að einungis verði tekið fyrir 1. dagskrármálið, Húsnæðisstofnun ríkisins, en á nýjum fundi verði þá tekin fyrir auk 2. og 3. dagskrármálsins Seðlabanki til 2. umr. og á hinum 3. fundi Seðlabanki til 3. umr. og bið ég menn að gæta þess að atkvæðagreiðslur verða í samræmi við það.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 344. mál (húsbréfaviðskipti). — Þskj. 626.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég kem ekki inn í þessa umræðu af því að ég ætli fyrir fram að fordæma þetta frv. heldur til að leggja áherslu á það að þetta mál orkar tvímælis eins og mörg önnur. Ég vil minna þingmenn á skyldu sína og benda á ýmislegt sem ég tel að Alþingi verði að athuga vel áður en það samþykkir þetta frv. sem lög. Ég verð að játa það að ég geld varhug við mörgum hinum stóru frumvörpum ráðherranna. Ég tel að þingið sé ráðherrum eftirlátt á mörgum sviðum. Ráðherrar mæla afrek sín í frumvörpum og lagasetningum og því miður hafa á seinustu árum mörg stór mál, sem ráðherrar báru fram og nánast kröfðu stjórnarþingmenn um þegjandi samþykki við, valdið því að þjóðin hefur á ný farið kollhnís í efnahagsmálum. Einn hring enn, móðir mín, sagði presturinn í Hruna forðum. Hann tók ekkert mark á því þótt gamla konan fyndi leggja að brennisteinsfnyk, og kirkjan sökk, en það er nú önnur saga.

Það væri auðvitað fróðlegt að rifja upp nokkrar af óheppilegustu lagasetningum sem Alþingi lét eftir ráðherrum sínum á síðustu árum, en það verður ekki gert hér. Eftir að hafa átt hér sæti bráðum í tvö þing segi ég: Hingað og ekki lengra. Nú er komið að okkur þingmönnum að kryfja málin til mergjar með þinglegum hætti. Alþingi á ekki að vera afgreiðslustofnun fyrir ráðherra, það á að vera stofnun sem spyr um orsakir fyrir kröfu um breytingar og jafnframt kannar rækilega afleiðingar séu gerðar breytingar á löggjöf í bæði stóru og smáu. Ráðherrar heimta nánast að þingmenn séu bæði blindir og heyrnarlausir og geri ekkert sem raskar einhverjum friði á stjórnarheimilinu. Ég hygg að nú sé að magnast upp vilji hér í þinginu til þess að löggjafarþingið nái vopnum sínum gagnvart framkvæmdarvaldinu. Þessa baráttu má sjá glöggt í kringum aukafjárveitingarnar.

Gera verður stóraukna kröfu til þingnefnda, að þær kryfji mál til mergjar með þeim hætti að ljóst sé hvað hlýst af lagasetningunni. Formenn nefnda hafa því miður oft talið sig í handlangarahlutverki fyrir ríkisstjórnina og spennt mál út úr nefndum án þess að þau fengju þinglega meðferð. Sú þróun er vaxandi að ríkisstjórnin komi fram með frumvörp sín seint og ráðherrar reyni að spenna þau út í kringum álagspunktana hér í þinginu um jól, um páska eða leggi þau allt of seint fram á þinginu og krefjist afgreiðslu fyrir vorið. Þetta frumvarp er kannski dæmi um slíkt. Þau eru mörg á leiðinni. Þau eru mörg slík frumvörp sem munu líta dagsins ljós hér í þinginu að loknu páskaleyfi. Ég hygg að þingið þurfi að gera meiri kröfur til sjálfs sín en það að mönnum líðist þetta. Mér skilst að við höfum á síðasta þingi afgreitt hér ein 70 lagafrumvörp sem ríkisstjórnin þá flutti og þessi ríkisstjórn hefur boðað yfir 100 lagafrumvörp. Mörg eru komin fram, en þau eru mörg stór á leiðinni eins og ég segi, þannig að þessi ríkisstjórn er engin undantekning.

Ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar var engu skárri. Má nefna stórkostlegar kerfisbreytingar í skattamálum, svo sem matarskattinn, niðurlagningu á Bif-

reiðaeftirliti ríkisins o.s.frv. Ég nefni þessi stóru mál hér því að við stöndum með afleiðingarnar í höndunum og ráðum illa við þær. Ég hygg að það væri fróðlegt fyrir þá þingmenn, sem samþykktu hér og lögðu blessun sína yfir að leggja niður Bifreiðaeftirlit ríkisins, að skoða nú þann mikla fjáraustur sem af hálfu ríkisins verður að fara inn í þann málaflokk, þann mikla kostnaðarauka sem almenningur verður að taka á sig vegna þessa máls. Það er að vísu seint að iðrast eftir dauðann, en allir hafa þann rétt að vera vitrari í dag en þeir voru í gær og móta afstöðu sína samkvæmt því.

Ég er sagður eiga sök á því að hafa hér stöðvað stórmál í fyrra, þ.e. verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Það átti að keyra það stórmál hér í gegnum þingið á nokkrum dögum, sveitarfélögunum í óhag, án samráðs eða skoðunar. Nú er það mál hér á þessu þingi og á hæstv. ráðherra skilið heiður fyrir hvernig að því máli er staðið nú og hygg ég að um það sé víðtæk samstaða og vilji til að það verði afgreitt á þessu þingi. En það hefur nú fengið þau vönduðu vinnubrögð sem þinginu bar að sýna svo stóru máli. Ég held að allar snöggar breytingar hafi í för með sér óheppilegar afleiðingar.

Það húsnæðislánakerfi sem var tekið upp í félagsmálaráðherratíð hv. þm. Alexanders Stefánssonar hafði ýmsar afleiðingar sem erfitt hefur verið að stemma af. Ríkið varð að láta meiri peninga í þennan málaflokk, húsaverðið hækkaði og enn er spurning hvort margt fólk ræður við hin háu lán hvað afborgun varðar, þrátt fyrir niðurgreidda vexti.

Ég hef rætt við marga sérfróða menn um þetta húsbréfakerfi. Þær viðræður hafa því miður aukið vafa minn um gagnsemi þessa kerfis. Mun það valda einni hrinunni enn á þessu svæði hér? Verða húsnæðiskaupendur héðan í frá algerlega háðir fjármagnsmarkaðinum? Mun þetta húsbréfakerfi hækka vexti almennt? Fara húsbréfin í samkeppni við ríkisskuldabréfin? Er það rétt stefna af hálfu stjórnvalda að láta verðbréfasala leysa Byggingarsjóð ríkisins af hólmi? Ég óttast það nú um þessar mundir þar sem ýmsir á peningamarkaðinum telja að íslensk þjóð geti lifað á því að höndla með peninga og leika sér, og sá hópur er stækkandi sem lifir eingöngu á því, og þessir náungar allir virðast taka sérstaklega undir þetta húsbréfakerfi. Það eru þessir frjálshyggjugaurar sem ég óttast. Ég hef frjálshyggjugaurana oft fyrir áttavita, þegar þeir gefa upp sína skoðun þá tek ég það þannig að þá sé málið vont, þá sé mér óhætt að vera á hinum kantinum.

Það eru þessi atriði og mörg fleiri sem þingnefndin verður að skoða rækilega. Eins er það með aðila vinnumarkaðarins. Röskum við því samkomulagi sem við þá var gert því að þeir stóðu að því að þessum lögum og þessu húsnæðismálakerfi, sem við búum við í dag, var komið í kring? Og þá verðum við líka að hafa í huga unga fólkið. Röskum við áætlun þess með því að hrinda þessu kerfi jafnvel fram af bjargbrúninni? Menn verða einnig að kanna rækilega fullyrðingar ýmissa manna um það að núverandi kerfi sé að ná jafnvægi og mundi gera það strax væru ýmis heimildarákvæði þeirra laga notuð.

Það má kallast stjórnleysi að ríkisstjórnin skuli ekki í þenslunni á síðustu missirum hafa beitt skerðingarákvæðum á útlánareglur í núverandi kerfi, t.d. skerða lán ef umsækjandi á mikla heildareign. — Skerða lán, hæstv. ráðherra, ef umsækjandi á mikla heildareign. Ef hv. 1. þm. Vestf. leyfði hæsstv. ráðherra nú að hlusta í friði. — Eins er það að skerða lán þeirra sem eru að eignast aðra íbúð og ætla að byggja, skerða lán til einhleypinga, hækka vexti til allra nema þeirra sem eru að byggja í fyrsta sinn. Og eins spyr ég: Er það satt að núverandi kerfi sé það frjálst að margir, ekki síst á þessu svæði, séu í gegnum það að leysa sinn fjárhagslega vanda, ná í ódýr lán til langs tíma, af því að heimildarákvæðin hafa ekki verið notuð?

Það er nú svo að engin þjóð leyfir það brask í kringum húsnæðismarkað sinn sem við Íslendingar. Ég hefði talið þarfara verk fyrir ríkisstjórnina að beina athygli sinni að vanda landsbyggðarinnar í húsnæðismálum, en víða um land vantar íbúðarhúsnæði tilfinnanlega. Það blasir við að ungt fólk af landsbyggðinni byggir og kaupir hér vegna þess að hér eru íbúðarhús dýrmæt eign en því miður víðast annars staðar vafasamari.

Við höfum bundið vonir við það kerfi sem núv. hæstv. félmrh. kom í framkvæmd, kaupleigukerfið, að því verði fylgt vel eftir, ekki síst landsbyggðarinnar vegna. Og ég treysti því að ráðherrann hugi að stöðu þess máls því að ég heyri það á mörgum sveitarfélögum sem bundu vonir við það að þau er farið að lengja eftir svörum. Ég hefði því talið að hæstv. ráðherra hefði átt að efla hið félagslega kerfi til uppbyggingar á landsbyggðinni og sníða mestu vankantana af framkvæmd núgildandi húsnæðiskerfis.

Í umræðunni um hin stóru byltingarkenndu málefni er oft reynt að setja skoðanamun upp í persónulegan ágreining á milli einstaklinga, í þessu tilfelli á milli hæstv. ráðherra og hv. þm. Alexanders Stefánssonar. Þetta er mikil einföldun á flóknu og viðamiklu máli. En þetta leyfa fjölmiðlar sér og þetta leyfa sér í rauninni miklu fleiri, þ.e. að líta ekki út frá málefnalegum grundvelli á þetta flókna mál, heldur reyna að gera það að baráttu á milli tveggja einstaklinga. En tíminn er naumur og ég krefst þess að hv. félmn. skoði þetta mál af sérstakri nákvæmni út frá þeim stóru fullyrðingum sem hér eru í gangi um væntanlegt húsbréfakerfi og ekki síður hver sé staða núverandi kerfis. Er það hrunið? Er það að leita jafnvægis? Og fellur það í jafnvægi sé sett skerðingarákvæði á útlánareglur?

Mér barst í hendur á dögunum ágæt úttekt sem dagblaðið Tíminn framkvæmdi. Það var hinn vandvirki blaðamaður, HEI, sem vann að þeirri úttekt. Þar er varpað fram mörgum spurningum og til þess að þingnefndin fái ýmis rök í hendur til að vinna eftir langar mig, með leyfi forseta, að lesa þessa úttekt Tímans sem birtist nú á dögunum, en þar segir:

„Starfsmönnum Húsnæðisstofnunar þykir sumum hverjum hart að þurfa að horfa upp á núverandi húsnæðiskerfi lagt í rúst á fölskum forsendum, þ.e. með stöðugum yfirlýsingum um að allt sé það krossprungið og ónýtt, á meðan þeim er svo harðbannað að skýra frá þeirri vitneskju sem fyrir liggur í stofnuninni og gefur allt annað til kynna. Af þeim upplýsingum má ráða að kerfið sé síður en svo sprungið heldur sé þvert á móti að komast í jafnvægi þannig að biðtími eftir lánum geti jafnvel farið að styttast á ný áður en langt um líður svo framarlega að ekki verði því meira fjármagn tekið af Byggingarsjóði ríkisins. Með því að fínpússa núverandi lög svolítið frekar mætti svo gera núverandi kerfi enn þá virkara," segir í þessari úttekt.

Þar segir enn fremur: „Hvað varðar lánsumsóknir er staðan nú þannig að fjöldi virkra óafgreiddra lánsumsókna er kominn niður í um 5–6 þúsund og fjöldi nýrra lánsumsókna niður í um 300 á mánuði sem er álíka fjöldi og ráð var fyrir gert í upphafi og álíka fjöldi og stofnunin ræður við afgreiðslu á árlega. Þeir sem sækja um lán þessa dagana til kaupa á fyrstu íbúð geta búist við að fá lánsloforð í hendur eftir um það bil hálft annað ár og fyrri hluta lánsins borgaðan út eftir 2–2½ ár. Þeir sem eiga íbúðir fyrir bíða um hálfu ári lengur.

Fjöldi lánsumsókna er rúmlega 300 að meðaltali á mánuði sl. hálft ár öfugt við það sem ýmsir höfðu spáð, að þeim mundi fara fjölgandi á ný í byrjun þessa árs. Reyndust nýjar umsóknir rúmlega 300 talsins nú í janúar og febrúar. Af rösklega 17 þús. umsóknum sem borist hafa frá því að kerfið tók gildi fyrir 2½ ári eru rúmlega 7000 umsækjendur þegar búnir að fá lán, annaðhvort allt eða fyrri hluta láns. Þar við bætast á þriðja þúsund sem þegar hafa fengið í hendur lánsloforð með ákveðinni dagsetningu og fjárupphæð sem greidd verður út á þessu ári, þannig að 10.000 umsóknir hafa þegar fengið afgreiðslu á rúmlega tveimur árum. Það eru því um 7000 umsóknir sem nú bíða afgreiðslu. Af þeim er talið að reikna megi með um 25% afföllum, þannig að óafgreiddur biðlisti sé raunverulega ígildi um 5–6 þús. fullgildra lána. Þessi afföll skiptast í þrjá höfuðflokka. Um 2–5% detta út vegna þess að umsækjendur eiga ekki lánsrétt þegar að er gáð, annaðhvort vegna ófullnægjandi greiðslu í lífeyrissjóð eða þeir hafa ekki nægar tekjur. Síðan eru 2–3% umsækjenda sem fá lánsloforð en nýta sér ekki lánsréttinn og falla því út. Stærsti hlutinn er svo vegna fólks sem fær loforð um fullt lán en getur ekki nýtt það nema að hluta vegna þess að það kaupir íbúð með áhvílandi eldri lánum frá stofnuninni, oft á bilinu 500–700 þús. sem þá dragast frá nýja láninu.

Annað atriði sem bendir til jafnvægis og stöðugleika er það að stærri og stærri hluti umsókna er frá fólki sem búið er að skipuleggja fram í tímann fremur en að því sé sérstakt kappsmál að fá lánin sem allra fyrst. Þetta fólk hefur sett sér markmið um sparnað og síðan íbúðarkaup á ákveðnum tíma og leggur inn lánsumsókn í samræmi við það. Í ljósi þess að íbúðakaup eru jafnan langstærstu framkvæmdir sem almenningur leggur í á lífsleiðinni hefur starfsmönnum Húsnæðisstofnunar hins vegar þótt það í meira lagi hlálegt hve fjöldi lánsumsókna hefur oft stjórnast mikið af fjölmiðlaumræðunni."

Svo mörg eru þau orð og í rauninni hafa þessi húsnæðismál verið í mikilli fjölmiðlaumræðu sl. tvö eða þrjú ár sem hefur gert það að verkum að mönnum hefur þótt vissara að setja sig í þá biðröð.

Um fyrirframstuðning við frv. er best að segja sem minnst. Það hlýtur að mótast af niðurstöðu hv. félmn. og blákaldri rökhyggju hvað einstaklingum og þjóðinni er fyrir bestu.

Að lokum vil ég segja þetta: Ég tel mjög mikilvægt að kannað sé hvað er á bak við biðlistana. Er biðröðin svo fjölmenn vegna þess að margir setja nafn sitt þar af öryggisástæðum? Ef svo færi að þeir þyrftu á því að halda að byggja á næstu 3–5 árum? Um þetta verður að fást vitneskja og hversu margir hverfa frá ef ríkisstjórnin notfærir sér heimildir um skerðingarákvæðin. Svo væri auðvitað mikilvægt að vita um byggingarþörf næstu ára og á því þyrfti auðvitað að gera athugun. Kannski hefur sú athugun farið fram og er til í stofnuninni sjálfri. Í framhaldi af slíkri vinnu og þegar allar þessar upplýsingar liggja fyrir mun ég taka mína ákvörðun um stuðning eða andstöðu við frv. Sú afstaða verður hvorki mótuð með eða móti hæstv. félmrh. Ég stend með ráðherranum og ég styð hæstv. félmrh. Jóhönnu Sigurðardóttur til allra góðra verka.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til félmn. með 27 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

74. fundur, miðvikudaginn 22. mars, að loknum 73. fundi.

Seðlabanki Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 241. mál (vaxtaákvarðanir o.fl.). — Þskj. 681, n. 695 og 697.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á þskj. 695 liggur fyrir álit meiri hl. fjh.- og viðskn. og þar segir að nefndin hafi fjallað um frv. og ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt eins og það var afgreitt frá Ed. og prentað á þskj. 681.

Til viðræðna við nefndina um frv. komu bankastjórarnir Jóhannes Nordal og Geir Hallgrímsson og Ólafur B. Thors, formaður bankaráðs. Að þessu nál. standa Páll Pétursson, Árni Gunnarsson, Ragnar

Arnalds, Guðmundur G. Þórarinsson og með fyrirvara Kristín Einarsdóttir.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Það hefur verið mikið um yfirlýsingar frá hæstv. ríkisstjórn varðandi vaxtamál að undanförnu og frá einstökum ráðherrum ríkisstjórnarinnar. Þeir hafa gert mikið veður út af því hvernig lánastofnanir höguðu sinni vaxtatöku og jafnframt hafa þeir boðað hertar aðgerðir til þess að knýja niður vextina með handafli og hafa haft uppi afar áberandi tilburði til þess að sýna þjóð sinni fram á það að þeir séu sterkir, ekkert síður en Jón sterki á sínum tíma. Það var því búist við mjög hörðum aðgerðum með flutningi á frv. eftir samþykkt ríkisstjórnarinnar 6. febr. sl. þar sem stefnan var mörkuð og þessi stefna er prentuð sem fskj. II með þessu frv.

Þegar maður ber þessa breytingu saman við gildandi lög um Seðlabanka Íslands sem eru tæplega þriggja ára gömul kemur það í raun og veru í ljós að hér er um ákaflega litlar breytingar að ræða þegar undan eru skildar tvær breytingar sem gerðar voru á frv. í hv. Ed. og önnur breytingin var tekin út úr verðbréfafrv. og sett inn í seðlabankalögin og á þar betur heima en í sínum fyrri heimkynnum. Þessar breytingar eru þó í áttina til aukinnar miðstýringar að svo miklu leyti sem þær hafa eitthvað að segja, en þær eru árangur af því að ríkisstjórnin varð að láta eitthvað frá sér fara eftir allar þessar yfirlýsingar sem settar hafa verið fram.

Ég furða mig að einu leyti á því að ríkisstjórnin skuli ekki stíga skrefið til fulls og afnema vexti með öllu og taka sér þar til fyrirmyndar peningakerfi og bankakerfi múslíma. Þar eru engir vextir en bankaviðskipti blómgast mjög vel í löndum múslíma þó að þeir noti enga vexti og ég skil nú ekki í því hvers Teheran hefur átt að gjalda að enginn af hinum ferðaglöðu ráðherrum ríkisstjórnarinnar skuli virkilega hafa stigið þar fæti eða aðeins komið við til þess að kynna sér betur þetta kerfi. En bankamenn og peningamenn klerkastjórnarinnar í Teheran og Íran fara öðruvísi að til þess að láta lánastofnanir blómstra. Þeir taka sínar tekjur með afföllum og þar þarf ekkert að rífast um vexti. Mér hefur sýnst á þessum tilburðum sem verið hafa að undanförnu að a.m.k. einstaka ráðherrar séu orðnir eitthvað hallir undir Múhameðstrú og hafi tekið að vissu marki trú múslíma. Að vísu eru þeir ekki eins herskáir, það skal játað, en þeir eiga kannski eftir að verða það.

Í fréttabréfi Samvinnubankans, sem bar dálítið á góma hér í gær, er sagt að verðbréfaviðskipti bankans standi nú að nýju skuldabréfaútboði fyrir fjármunaleigufyrirtækið Lind hf. að fjárhæð 100 millj. kr. Að þessu sinni eru sem sagt gefin út skuldabréf sem eru öll að nafnvirði 100 þús. kr. Skuldabréfin eru verðtryggð en vaxtalaus alveg eins og hjá þeim í Teheran. Þau færa kaupendum sínum samt 11,2% vexti umfram hækkun lánskjaravísitölu. Það þykir mjög gott. Raunávöxtun bréfanna kemur því öll fram í afföllum frá nafnvirði við sölu.

Nú langar mig að spyrja hæstv. viðskrh. sem er fróður maður í þessum efnum: Hvað hyggst ríkisstjórnin gera ef menn fara almennt að taka upp þessa affallapólitík og hverfa frá vöxtum? Er þá ekki ríkisstjórnin að berjast við vindmyllur ef allir láta vextina lönd og leið og taka upp þessa nýju aðferð?

Við sem stöndum að nál. minni hl. um Seðlabanka Íslands teljum frv. ekki vera stórt í sniðum eða hafa mikinn boðskap að flytja. Við teljum heldur ekki ástæðu til þess að gera lítið úr þeim sem eiga að stjórna lánastofnunum í landinu og ekki heldur að gera lítið úr þeim sem eru kjörnir fulltrúar Alþingis, fulltrúar fólksins, í bankaráð bankanna. Við teljum það skyldu allra þessara manna að stýra sínum bönkum, sparisjóðum og öðrum lánastofnunum á þann veg að það séu traustar stofnanir sem viðskiptamenn mega byggja á en séu ekki reknar sem eitthvert glæfraspil. En við ætlumst líka til þess af þeim að þeir séu ekki heldur neinar okurbúllur á viðskiptamönnum sínum, hvorki almenningi eða atvinnulífinu.

Sjálfstfl. sér enga ástæðu til þess að bregða fæti fyrir afgreiðslu þessa frv., enda kemur þetta frv. til 1. umr. hér sl. nótt og það fer til nefndar og fundur er þar kl. 10 í morgun. Við greiddum fyrir afgreiðslu málsins eins og hægt var og ég fyrir mitt leyti mælist eindregið til þess við hv. þingdeildarmenn að þeir greiði fyrir afgreiðslu þessa máls sem allra fyrst, þannig að ríkisstjórnin hafi þá daga til undirbúnings til þess að sýna krafta sína 1. apríl.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri því að ég vil að ríkisstjórnin hafi sem lengstan tíma til 1. apríl til þess að sinna þessu hugðarefni sínu þegar þetta frv. er orðið að lögum.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Eins og fram kemur í nál. meiri hl. nefndarinnar skrifaði ég undir álit meiri hl. með fyrirvara varðandi þetta mál. Ég get fallist á að sumar greinar frv. séu til bóta en almennt hef ég því miður ekki trú á að frv., ef það verður að lögum, komi að miklu gagni.

Ég skil í raun ekki hvers vegna liggur svona mikið á að afgreiða frv. því að það eru ekki nein ákvæði í því sem eru mjög afgerandi, alla vega ekki um það sem skiptir hér neinu verulegu máli. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórn Framsfl., Alþfl. og Alþb. með aðild Samtaka um jafnrétti og félagshyggju er mynduð til að leysa bráðan efnahagsvanda sem steðjar að þjóðinni. Höfuðverkefni hennar er að treysta grundvöll atvinnulífsins, stöðu landsbyggðarinnar og undirstöðu velferðarríkis á Íslandi. Stefna ríkisstjórnarinnar byggir í senn á framtaki einstaklinga, samvinnu og samstarfi á félagslegum grunni. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar til lausnar aðsteðjandi vanda miða að því að treysta atvinnuöryggi í landinu, færa niður verðbólgu og vexti, verja lífskjör hinna tekjulægstu, bæta afkomu atvinnuveganna og draga úr viðskiptahalla."

Ég get ekki séð að neitt atriði af því sem kemur fram í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar hafi gengið eftir.

Verðbólgan hefur ekki minnkað, vextir hafa ekki lækkað og lífskjör hafa svo sannarlega ekkert batnað. Og varðandi það að bæta afkomu atvinnuveganna held ég að allir séu sammála um að varla geti talist að árangurinn sé mikill á því sviði á þessum tíma frá því að ríkisstjórnin var mynduð. Þannig að það er varla hægt að segja að vel hafi til tekist.

Síðan stöndum við hér með frv. sem ég hef því miður ekki trú á að breyti stóru í þeim efnahagsvanda sem ekki hefur minnkað þrátt fyrir yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar. Það er sem sagt enn þá mikið atvinnuleysi og fyrirtækjum er að blæða út. Að vísu hafa sum fengið fyrirgreiðslu úr Atvinnutryggingarsjóði sem var settur á stofn strax eftir myndun ríkisstjórnarinnar. Sum fyrirtækjanna sem hafa fengið fyrirgreiðslu eru nú komin í sömu spor og áður en sitja bara uppi með meiri skuldir. Og þrátt fyrir sameiginleg ferðalög formanna svokallaðrar alþýðu virðast þeir aðeins hafa séð bjarmann af eigin blysum og sólum en hafa ekki horft í kringum sig og metið það hvernig ástandið er um hinar dreifðu byggðir landsins. Þannig að það hefur ekki tekist að treysta atvinnuöryggi. Það hefur ekki tekist að ná niður verðbólgunni. Það eru verðhækkanir og svo er fólki sagt núna að ekkert svigrúm sé til kauphækkana. Það er þess vegna spurning hvort á að vera að hraða sérstaklega afgreiðslu frv. sem kemur að svo litlu gagni miðað við þann mikla vanda sem við blasir.

Ég hef hins vegar valið að standa að þessu þannig að ég skrifa undir nál. meiri hl. með fyrirvara. Ég tel það ekki skipta svo miklu máli til eða frá hvort þetta frv. verður samþykkt. En það á eftir að koma í ljós. Það hefur verið lögð áhersla á að frv. verði samþykkt fyrir 1. apríl. Og það er þá bara spennandi að fylgjast með hvað gerist þá.

Ef við snúum okkur að frv. sjálfu fjallar 1. liður 1. gr. frv. um bindiskyldu verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða, sams konar og lögð er á innlánsstofnanir. Það er vissulega mála sannast að starfsemi innlánsstofnana annars vegar og verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða hins vegar er ekki að öllu leyti sambærileg. Því eru margir þeirrar skoðunar að þessi grein vinni í raun gegn markmiði þessarar lagasetningar, að hin ýmsu fyrirtæki á fjármagnsmarkaði sitji við sama borð. Sannleikurinn er auðvitað sá að Seðlabankinn er bakhjarl innlánsstofnana. Þær eiga aðgang að Seðlabankanum um fyrirgreiðslu, geta fengið þar aðstoð og hafa þar yfirdráttarheimildir. Þannig er í rauninni ríkisábyrgð á þeirra starfsemi. Verðbréfafyrirtæki og verðbréfasjóðir njóta ekki þessa og raunar væri eðlilegt að setja um það ákvæði að ef þessi fyrirtæki væru látin sæta bindiskyldu þá njóti þau einnig sambærilegra réttinda.

Í frv. er talað um að Seðlabankinn skuli láta sömu reglur gilda fyrir verðbréfasjóði varðandi bindiskyldu. Það eru margir sem hafa bent á, m.a. aðilar frá Seðlabankanum, að þarna hefði verið eðlilegra að tala um að Seðlabankanum sé einungis heimilt að gera þetta. Þannig er það í mörgum nágrannalöndum okkar, að þetta er einungis heimildarákvæði. Að vísu kemur þarna setning í lokin í þessari málsgrein, „eftir því sem við getur átt". Og það má þá e.t.v. túlka þannig að þarna sé um undantekningarákvæði að ræða eða það megi þá túlka alla þessa málsgrein á þann veg að þarna sé einungis um heimild að ræða. En þetta er einn af þeim fyrirvörum sem ég hef sett við þetta, að ég tel þetta vera of sterkt, sérstaklega miðað við það að þarna er eingöngu verið að setja kvöð og skyldu á verðbréfasjóðina án þess að þeir njóti þeirra réttinda sem innlánsstofnanirnar njóta. Þarna skiptir að sjálfsögðu máli hvernig á er haldið.

Ég vil taka það fram að ég hef enga sérstaka samúð með verðbréfafyrirtækjum og verðbréfasjóðum og ég veit að það eru margir sem meta öryggi bankanna fram yfir hugsanlega hagnaðarvon hjá verðbréfasjóðum. Þessi starfsemi býður hins vegar upp á ákveðna kosti og hún er hér orðin til og er að ýmsu leyti gagnleg og ég sé enga ástæðu til þess að gera þeim miklu erfiðara fyrir en þjónustufyrirtækjum á þessu sviði.

Við erum nýbúin að samþykkja lög hér á Alþingi um verðbréfasjóði sem var fyllilega tímabært. Ef sú lagasetning hefði verið fyrr á ferðinni hefði e.t.v. mátt koma í veg fyrir ýmisleg áföll sem orðið hafa á þessum markaði.

B-lið 1. gr. frv. eins og það kemur frá Ed. tel ég vera til mikilla bóta, að það verði kveðið nánar á og það séu gerð skýrari ákvæði um hvað er átt við um lausafé bankanna. Ég held því að það sem eftir er af brtt. 1. liðar geti ekki annað en verið til bóta.

Það er líka gerð till. um breytingu á 2. gr. Ég tel það fyllilega eðlilegt að Seðlabankinn geti að fengnu samþykki ráðherra haft áhrif á vexti og bundið þá innan einhverra ákveðinna marka, þannig að ég er samþykk því atriði í þeirri grein þó að ég vilji varpa þeirri spurningu til hæstv. viðskrh. hvað átt sé við með „hóflegir". Þetta er mjög teygjanlegt orð og kannski ekki svo auðvelt að fara eftir þessari grein frv., kannski erfitt að nota hana þar sem hún er frekar opin og bent hefur verið á að þrátt fyrir okurlög í fjölda ára hafi verið mjög erfitt að nota ákvæði okurlaganna um að binda vexti. Þarna skiptir því líka mjög miklu máli um framkvæmd. En ég tel þetta eðlilegt ákvæði.

Í brtt. við 9. gr. er einnig talað um að Seðlabankinn, að fengnu samþykki ráðherra, geti bundið ávöxtunarkröfur og endurgjald fyrir fjármagn í viðskiptum eignarleigufyrirtækja, verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða. Það væri út af fyrir sig ágætt ef þetta væri hægt en mjög margir hafa fullyrt það í mín eyru að þetta sé óframkvæmanlegt. Allt það sem ég hef heyrt um þetta mál styður það og ég vitna til ræðu síðasta ræðumanns þar sem hann talaði um múslímana þar sem affallaviðskipti eru þau viðskipti sem er mjög erfitt að koma í veg fyrir. Þó svo að ekki séu neinir vextir af verðbréfum þá eru þau samt í raun með háum vöxtum. Þannig að ég sé ekki í fljótu bragði að frv. muni geta verið það hald sem ríkisstjórnin virðist vonast til varðandi vaxtaákvarðanir og það geti haft mjög mikil áhrif, en ef hægt er að nota ákvæði þess, ef

það verður að lögum, til þess að minnka vexti og ég tala nú ekki um vaxtamun í bönkunum sem er gífurlegur er það af hinu góða. Það er þess vegna sem ég hef ákveðið að styðja frv. með þó þessum fyrirvörum sem ég hef nú gert grein fyrir.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Hv. 1. þm. Vestf. beindi til mín nokkrum spurningum sem mér er skylt og ljúft að reyna að svara. Ég mun líka reyna að svara í nokkru því sem hann innti mig eftir við 1. umr. vegna þess að hún varð frekar stutt hér á næturfundi.

Hv. þm. spurði mig í fyrsta lagi: Hvort ég teldi að bankaráð Seðlabankans hefði brugðist sinni skyldu í starfi á undanförnum missirum. Mitt svar við þeirri spurningu er skýrt: nei. Hv. þm. spurði mig í öðru lagi hvort ég teldi æskilegt að raunvextir yrðu hér almennt neikvæðir. Mitt svar við þeirri spurningu er líka nei. Ég tel það ekki æskilegt. Ég segi hins vegar að það sé æskilegt að þeir keyri ekki úr hófi. Í ræðu sinni í dag kom hv. 1. þm. Vestf. inn á trúmál, m.a. Mér heyrðist hann eiginlega vera í þann veginn að ganga sjálfur til liðs við erkiklerkinn Khomeini og svo mikill var hans sannfæringarkraftur að hann var líka næstum því búinn að fá hv. 12. þm. Reykv. til stuðnings við þau trúarbrögð. Mér heyrðist satt að segja að það væru fleiri hallir undir múslímstrúna en þeir sem hann taldi vera nærri því að kasta trúnni. Svo er ekki.

Ég vil, vegna þeirra orða sem féllu hjá hv. 1. þm. Vestf. og vegna ívitnunar hans í tímarit sem gefið er út á vegum fyrirtækisins Lindar, velja mér aðra uppsprettu til þess að vitna til, nefnilega frv. til laga um Seðlabanka Íslands, 205. mál frá 108. löggjafarþingi, þar sem segir, með leyfi forseta, í athugasemdum við frumvarpið: „Og er haft í huga að til afskipta bankans [þ.e. Seðlabankans] geti komið þegar undantekningarástand kann að skapast á lánamörkuðum sem hindrað geti eðlilega og sanngjarna myndun vaxta. Þá kæmi einnig til greina að bankinn teldi sig knúinn til að samræma þann mismun sem stofnanir reikna sér í vöxtum milli innlána og útlána."

Þær tillögur sem hér eru gerðar í þessu frv. til seðlabankalaga, um breytingar á þeim lögum, eru einmitt unnar í þessum anda. Það hefur komið í ljós að það þarf aðeins að skerpa þarna á nokkrum ákvæðum án þess að heildarfyrirkomulagi vaxtaákvarðana sé breytt. Það hefur líka komið í ljós að frá því þessi lög voru sett hefur vaxið fram nýr stofnanaskógur á þessum markaði sem óhjákvæmilegt er að hin almennu ákvæði peningamálastjórnar láti sig nokkru varða. Þaðan eru ættuð þau ákvæði sem lúta að því sem ég vil kalla stíflugarða gegn því að aðrar stofnanir, þ.e. verðbréfafyrirtæki og sjóðir, fari með minni skyldum inn á starfssvið viðskiptabankanna sem ég veit að hv. 1. þm. Vestf. er mér algjörlega sammála um.

Það er hins vegar vandasamt að velja þessi verkfæri og ég held því ekki fram að við höfum fundið óbrigðult ráð við vaxtaverkjum Íslendinga sem eru ærnir um þessar mundir, en við erum þó að reyna. Og svo að ég svari beinlínis því sem hv. 1. þm. Vestf. spurði mig um nú, hvort ég teldi það æskilegt að hér yrðu yfirleitt ákveðin fjármagnskjör með affallaviðskiptum, þá er svarið alveg jafnskýrt og áður við spurningum hans: Nei, ég tel það ekki æskilegt en tel það hins vegar einmitt vera viðleitni í þeim tillögum sem hér eru fluttar að koma í veg fyrir það að lánamarkaðurinn þróist í þessa átt. Það er einfaldlega þannig að öllu frelsi þarf að fylgja agi og ábyrgð. Það hefur komið í ljós á undanförnum missirum að hið nýja fyrirkomulag á fjármagnsmarkaðnum er ekki fullharðnað, er ekki búið að finna sér eðlilegan farveg. Þess vegna kann að vera nauðsynlegt að hafa einhvers konar íhlutun af þessu tagi.

Þá kem ég að máli hv. 12. þm. Reykv. og ég þakka þm. fyrir að lýsa yfir stuðningi við frv. Það er að sjálfsögðu rétt hjá hv. þm. að þetta frv. leysir ekki allan vanda frekar en allt verður sagt í einni predikun. En ég heyrði ekki betur en bæði hv. 1. þm. Vestf. og hv. 12. þm. Reykv. vilji að þetta mál nái fram að ganga og fyrir þær yfirlýsingar vil ég þakka. Vegna þess sem fram kom í einstökum atriðum hjá hv. 12. þm. Reykv., í fyrsta lagi um bindiskyldu eða ígildi hennar gagnvart verðbréfafyrirtækjum, tel ég að í máli hv. þm. hafi komið fram ýmis sjónarmið sem tillit þarf að taka til við framkvæmdina. Það er einmitt vegna þessara sjónarmiða sem orð eins og „jafngildi" eða „eftir því sem við getur átt" eru í þessum texta. Þetta eru fyrst og fremst öryggisákvæði, og ég vek athygli á því, að fyrir viðskiptavini þessara fyrirtækja og sjóða. Og þess vegna getur einmitt kaupskylda á öruggum verðbréfum, sérstaklega ríkisskuldabréfum, komið þarna að bestu haldi. En um leið væri þá sýnd viðleitni til þess að leggja svipaðar skyldur á þessa miðlun fjármagns eins og verður í viðskiptabankakerfinu. Þarna er líka vert að hafa í huga að þeim sem gagnrýna þetta og kalla að þetta sé ekki heimildarákvæði hlýtur að hafa yfirsést í lestrinum því að þarna er tilvísun í fyrri málsgreinina í þessari grein þar sem ljóst er að hér er um heimild að ræða en hins vegar mjög mikilvægt að jafnræðisregla gildi í þessu eins og öðru eins og ég heyrði í máli hv. 12. þm. Reykv.

Þá kem ég að því sem 12. þm. Reykv. spurði um, hvað við væri átt með orðinu „hóflegir vextir" í þessu máli. Svarið er að í því felst að Seðlabankinn hafi þarna huglægt mat, og ég endurtek, huglægt mat, á því hvað telja megi hóflega vexti líkt og hann hefur samkvæmt gildandi lögum sams konar rétt til að meta hvað telja megi óhæfilegan og þar með hæfilegan vaxtamun á milli innláns- og útlánsvaxta. Þetta er ekki af tilviljun gert, heldur vegna þess að í gildandi lögum er í raun og veru mjög sterk tilvísun í raunvexti eins og þeir tíðkast í nálægum löndum án þess að það sé unnt, að mínu áliti, að meta það til einnar tölu. Jafnvel til þess að fylgja eftir þeirri meginreglu sem er í gildandi lögum að bankinn hafi rétt til að hlutast til um vextina ef vikið er frá því sem er í umhverfinu þarf hann að hafa þetta huglæga mat, annars getur hann

einfaldlega ekki gert þetta því að hitt verður ekki lesið til einnar tölu. Þetta er ástæðan auk þess sem að sjálfsögðu má leggja ýmsa aðra mælikvarða á þetta þegar litið er til allra aðstæðna, bæði markaðsaðstæðna og framleiðslu- og framleiðniþróunar.

Þetta er í sjálfu sér allt sem ég vil segja um það sem fram hefur komið við þessa umræðu og ég óska eftir því að þetta mál fái skjóta afgreiðslu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 19:6 atkv.
2.–6. gr. samþ. með 22:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Viðskiptabankar, 1. umr.

Stjfrv., 242. mál (bankaráð, hagsmunaárekstrar o.fl.). — Þskj. 682.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Frv. til laga um breytingu á lögum nr. 86 frá 4. júlí 1985, um viðskiptabanka, sem ég mæli nú fyrir eins og það kemur frá hv. Ed., felur það í sér að gerðar verði nokkrar breytingar á gildandi lögum um viðskiptabanka.

Ég geri þessar tillögur í ljósi reynslu af framkvæmd laganna frá því þau tóku gildi 1. jan. 1986. Breytingarnar miða m.a. að því að kveða skýrar á um hlutverk bankaráða við mótun stefnu bankanna, m.a. hvað varðar vaxtastefnu og ákvarðanir á þjónustugjöldum viðskiptabanka. Þá eru í frv. nánari ákvæði um fyrirgreiðslu viðskiptabankanna við einstaka viðskiptavini sína, ákvæði um starfsábyrgð stjórnenda til að girða fyrir hagsmunaárekstra og loks ákvæði sem snerta hlutfall fasteigna og búnaðar af heildareignum bankanna. Þá gerði hv. Ed. þá breytingu á frv. að 19. gr. viðskiptabankalaganna verði breytt þannig að framvegis skuli bankastjórar ráða útibússtjóra, en samkvæmt gildandi lögum er það á verksviði bankaráða.

Ég sný mér þá að einstökum greinum frv. Í 1. gr. eru ákvæði sem skýra nánar hvað felist í þeirri takmörkun sem núgildandi viðskiptabankalög setja varðandi þátttöku bankastjóra í atvinnurekstri. Tilefni þessa er mál sem nýlega hefur komið upp og því þótti ástæða til að ákveða að hlutafjáreign, þótt ekki ráði meiri hluta, geti verið þess eðlis að í krafti hennar megi hafa veruleg áhrif á rekstur fyrirtækis, t.d. með hliðsjón af stærð eignarhlutarins eða tengslum eigandans við aðra eigendur eða stjórnendur í fyrirtæki. Í öðrum tilfellum hins vegar getur eignarhald á smáhlut í félagi, t.d. í almenningshlutafélagi, talist hrein ávöxtun sparifjár en ekki þátttaka í atvinnurekstri í skilningi bankalaganna. Hvert einstakt tilfelli hlýtur að vera háð mati og í frv. er lagt til að bankaeftirlit Seðlabanka Íslands skeri úr hvort hlutafjáreign brjóti í bága við þessa grein laganna.

Í 2. gr. frv. er gerð tillaga um nýtt og nákvæmara orðalag á 4. mgr. 21. gr. viðskiptabankalaganna, um hlut bankaráðanna í mótun stefnu þeirra í vaxta- og gjaldskrármálum og varðandi reglur um hámark lánveitinga til einstakra lántakenda. Ég tel það mikilvægt að skylda bankaráðanna til að taka ákvarðanir um jafnþýðingarmikil atriði sem vexti og þjónustugjöld sé alveg ótvíræð og einkum að mótun á vaxtastefnu banka taki mið af öllum tekjum hans. Þessi tillaga felur ekki í sér breytingu á verkaskiptingu á milli bankaráða og bankastjóra. Bankastjórarnir eru framkvæmdastjórar og taka allar daglegar ákvarðanir um einstök mál. Bankaráðin móta hins vegar stefnuna í meginatriðum.

Þá er í lögum um viðskiptabanka nú ákveðið að í 4. mgr. 21. gr. segir að bankaráð viðskiptabanka setji að fenginni umsögn bankastjórnar almennar reglur um lánveitingar bankans sem senda skuli bankaeftirlitinu. Um skyldu til að kveða á um hámark lána til einstakra viðskiptaaðila er hins vegar ekki að ræða í gildandi lögum. Ég tel hins vegar að það sé til bóta og dragi úr líkunum á stóráföllum í rekstri bankanna að kveða á um skyldu bankans til þess að hafa í reglum ákvæði um hámark lána til einstakra lántakenda og tryggingar fyrir lánum. Jafnframt væru tekin af öll tvímæli um það að ábyrgðir séu settar á sama bekk hvað þetta varðar og lánveitingar.

Þá er mælt fyrir um það í frv. að endurskoða skuli reglurnar eigi sjaldnar en árlega og bankaeftirlitið skuli láta í té álit sitt á þeim hverju sinni. Með 3. gr. frv. er stefnt að því að lögfesta reglur til að girða fyrir hagsmunaárekstra stjórnenda viðskiptabanka annars vegar og hins vegar aðila sem tengjast þeim fjárhagslega eða hagsmunalega. Í þessari grein er lagt til að bankaráðsmenn skuli ekki taka þátt í meðferð máls er varðar viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja sem þeir eigi hlut í, sitji í stjórn hjá, séu fyrirsvarsmenn fyrir eða þeir eða aðilar þeim tengdir eigi að öðru leyti verulegra hagsmuna þar að gæta. Ákvæðið í frv. er hliðstætt ákvæðum sem finna má í bankalöggjöf nágrannalandanna um þetta efni, en í okkar bankalöggjöf eru ekki slík ákvæði nú.

Þá kem ég að 4. gr. frv. Þar er lögð til sú breyting að endurskoðun ríkisviðskiptabanka skuli framkvæmd af Ríkisendurskoðun eða þeim sem hún tilnefnir og af skoðunarmanni sem ráðherra skipar í stað þess að kjósa, eins og nú er gert, skoðunarmenn ríkisviðskiptabanka á Alþingi. Þessi breyting er reyndar í fullu samræmi við ákvæði laga nr. 12/1986, um ríkisendurskoðun. En samkvæmt þeim lögum heyrir nú Ríkisendurskoðun stjórnarfarslega undir Alþingi eins og kunnugt er. Tillaga þessi er flutt að ósk ríkisendurskoðanda og reyndar að tilmælum forseta þingsins.

Þá kem ég svo að 5. gr. frv. Þar er leitast við að eyða ágreiningi um það hvernig skilja beri 1. mgr. 54. gr. laga um viðskiptabanka. Gert er ráð fyrir að virði

fasteigna og búnaðar sem bankarnir nota til starfsemi sinnar verði eigi hærra en 65% af eigin fé bankanna á því aðlögunartímabili sem ákveðið var í lögunum og er nú senn á enda runnið. Í undantekningartilvikum er ráðherra þó fengin heimild til að víkja frá þessum skilyrðum 54. gr. viðskiptabankalaga. Í frv. til laga um breytingu á lögum um sparisjóði, sem ég vænti að ég fái hér tækifæri til að mæla fyrir í deildinni í beinu framhaldi af þessu, er gert ráð fyrir samsvarandi breytingum og ég hef nú gert grein fyrir varðandi viðskiptabankalögin.

Hæstv. forseti. Ég hef nú gert grein fyrir meginatriðum þessa frv. og tel ekki þörf á að hafa þau orð öllu fleiri. Ég legg því til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sparisjóðir, 1. umr.

Stjfrv., 244. mál (stjórn, hagsmunaárekstrar o.fl.). — Þskj. 683.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 87 frá 4. júlí 1985, um sparisjóði, eins og það kemur frá hv. Ed. Í frv. er lagt til að gerðar verði nokkrar breytingar á gildandi lögum um sparisjóði. Breytingar þessar eru að mestu hliðstæðar tillögum í frv. til laga um breytingu á lögum um viðskiptabanka, sem ég hef þegar mælt hér fyrir í deildinni á þessum fundi. En auk þess er hér gerð tillaga um breytingu á skipun stjórna sparisjóðanna vegna þeirra breytinga á sveitarstjórnarlögum sem tóku gildi í byrjun þessa árs.

Í 1. og 2. gr. frv. er að finna ákvæði sem leiðir af gildistöku nýrra sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986. Í nýjum sveitarstjórnarlögum hafa sýslunefndirnar verið lagðar niður en í þeirra stað koma nú sveitarstjórnir eða eftir atvikum héraðsnefndir. Sú breyting sem hér er gerð tillaga um varðandi 5. og 21. gr. sparisjóðalaga eru því að öllu leyti vegna hinnar breyttu skipunar samkvæmt sveitarstjórnarlögum sem nú hefur að fullu tekið gildi. Tillagan felur það í sér að héraðsnefndir eða sveitarstjórnir komi í stað sýslunefndanna við kjör stjórnarmanna í sparisjóði. Þetta mál hefur verið rætt við Samband íslenskra sparisjóða og einnig við Samband íslenskra sveitarfélaga. Samkvæmt tillögu Sambands íslenskra sparisjóða hefur hv. Ed. ákveðið að auka við 1. gr. frv. þannig að alveg skýrt sé að sveitarstjórnir hafi rétt til að ákveða í samþykktum sparisjóðsins um kosningu sinna fulltrúa í stjórn sparisjóðs.

Þá er í 3. gr. frv. að finna ákvæði sem ætlað er að skýra nánar hvað felist í þeirri takmörkun sem núgildandi sparisjóðalög gera varðandi þátttöku sparisjóðsstjóra í atvinnurekstri. Ákvæði þetta er alveg hliðstætt ákvæðinu í frv. til laga um breytingu á viðskiptabankalögum sem ég hef nýlega lýst hér í deildinni.

Í 4. gr. frv. var í upphaflegri gerð frv. gerð tillaga um nýtt orðalag á 3. mgr. 24. gr. núgildandi sparisjóðalaga, varðandi þátt sparisjóðsstjórnar við mótun stefnu sparisjóðsins í vaxtamálum og einnig varðandi reglur um hámark lánveitinga til einstakra lántakenda. Í frv., eins og það kemur frá hv. Ed., er að fengnu áliti og tillögum Sambands íslenskra sparisjóða lagt til að efnislega verði ákvæðið í 1. mgr. 4. gr. í frv., eins og það var upphaflega úr garði gert, fellt inn í 25. gr. núgildandi sparisjóðalaga, í stað þess að fella það inn í 3. mgr. 24. gr. laganna eins og upphaflega var gert ráð fyrir. Ástæðan fyrir þessu er einkum sú að fyrir marga smærri sparisjóði hefur ákvarðanatakan þegar farið fram á grundvelli heimildar í 25. gr. laga nr. 87/1985, um sparisjóði, þ.e. á vegum stjórnar Sambands íslenskra sparisjóða. Að athuguðu máli þykir rétt að sú framkvæmd geti haldist óbreytt og tekur breytingin mið af því. Ákvæðið er því flutt samkvæmt brtt. fjh.- og viðskn. Ed., og fært í 25. gr.

Þá er lagt til að við frv. bætist ný grein er verði 6. gr. Þannig er lagt til að í 2. mgr. 25. gr. laganna verði tiltekið að sparisjóðsstjórn eða — og það er efnislega viðbótin — stjórn Sambands íslenskra sparisjóða skuli fjalla um ákvarðanir varðandi vexti og gjaldskrá að fengnum tillögum sparisjóðsstjóranna. Einnig er lagt til að við umfjöllun um vexti og kaupgengi viðskiptavíxla og viðskiptaskuldabréfa skuli sparisjóðsstjórn, eða eftir atvikum stjórn Sambands ísl. sparisjóða, gæta þess að ávöxtunarkrafa sparisjóðsins sé sambærileg við ávöxtun almennra útlána sjóðsins í hliðstæðum áhættuflokkum.

Ákvæði 2. mgr. 4. gr. frv. stendur hins vegar óbreytt frá upphaflegri gerð og er þar lagt til að í 4. mgr. 21. gr. laganna um sparisjóði verði kveðið skýrt á um skyldu sparisjóðsstjórnar til að setja reglur um hámark lána til einstakra lántakenda og um tryggingar fyrir lánum.

Hv. Ed. hefur bætt við frv. nýjum greinum, 5. gr. og 8. gr., er kveði á um brottfall orða í 20. gr. og 70. gr. laganna. Þessi breyting er gerð að fenginni ábendingu og tillögu frá Sambandi íslenskra sparisjóða til þess að skýrt sé af lögunum að þar sem sparisjóðsaðili var áður einn, t.d., og eins og venjulegast var, sýslufélag, en verða nú fleiri eftir breytingar á sveitarstjórnarlögum, þá falli þeir undir ákvæði 2. mgr. 20. gr. um atkvæðisrétt, þ.e. að einstökum sparisjóðsaðila sé aldrei heimilt að fara með meira en fimmta hluta af heildaratkvæðamagni í sparisjóði.

Þá er í 7. gr. frv. stefnt að lögfestingu reglna til að girða fyrir hagsmunaárekstra stjórnenda sparisjóðs annars vegar og hins vegar aðila sem þeir tengjast fjárhagslega eða hagsmunalega. Þessi ákvæði eru að öllu leyti sambærileg við þau sem tillaga er gerð um í frv. til breytinga á viðskiptabankalögum sem ég lýsti hér fyrr á þessum fundi.

Loks er með 9. gr. frv. leitast við að eyða ágreiningi um það hvernig skilja beri 1. mgr. 71. gr. laganna um

sparisjóði, um hlutfall fasteigna og búnaðar af eigin fé.

Virðulegi forseti. Ég hef nú gert grein fyrir meginatriðum þessa frv. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

NEÐRI DEILD

75. fundur, miðvikudaginn 22. mars, að loknum 74. fundi.

Seðlabanki Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 241. mál (vaxtaákvarðanir o.fl.). — Þskj. 681.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 20:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 699).

Kveðjur.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Áður en ég slít fundi þá vil ég óska deildarmönnum góðrar páskahelgar og þakka þeim fyrir ánægjulegt samstarf á þessum vikum undanförnum og sérstaklega nú síðustu dagana.

Efnisskrá.

Afnám vínveitinga á vegum ríkisins (293. mál) 4409.
Dagvistarmál fatlaðra barna (296. mál) 4411.
Dýralæknar (343. mál, búseta héraðsdýralækna, dómnefnd o.fl.) 4496.
Eignarleigustarfsemi (2. mál) 4425, 4495, 4576.
Endurskoðun laga um rekstur heilbrigðisstofnana (185. mál) 4404.
Fjáraukalög 1987 (291. mál) 4402.
Háskóli Íslands (224. mál, dómnefndir og veiting embætta) 4491, 4496.
Húsnæðisstofnun ríkisins (344. mál, húsbréfaviðskipti) 4562, 4599, 4621.
Kveðjur 4638.
Lánsfjárlög 1989 (103. mál) 4501, 4566, 4569, 4577, 4605.
Menningarráðgjafar í landshlutum (302. mál) 4422.
Minning Finnboga Rúts Valdimarssonar 4401.
Orkustefna sem tekur tillit til umhverfis (278. mál) 4405.
Sameining Landsvirkjunar og Rafmagnsveitna ríkisins (299. mál) 4413.
Seðlabanki Íslands (241. mál, vaxtaákvarðanir o.fl.) 4426, 4495, 4600, 4626, 4636.
Sjónvarpssendingar um gervihnetti (86. mál) 4404.
Snjómokstur á þjóðbrautum (280. mál) 4405.
Snjómokstur í dreifbýli (279. mál) 4405.
Sparisjóðir (244. mál, stjórn, hagsmunaárekstrar o.fl.) 4488, 4495, 4635.
Tekjuskattur og eignarskattur (349. mál, vaxtabætur) 4566.
Tilhögun þingfunda 4501, 4621.
Tónmenntakennsla í grunnskólum (273. mál) 4404.
Um þingsköp 4497 (afgreiðsla frv. til lánsfjárlaga); 4561 (ályktunarfær þingfundur); 4574 (stjórnarfrumvarp um verðbréfaviðskipti).
Útsendingar veðurfregna (100. mál) 4404.
Vaxtalög (239. mál, fjárfestingarlánasjóðir, dráttarvextir, okur o.fl.) 4560, 4565.
Verðbréfaviðskipti (1. mál) 4576.
Verndun vatnsbóla (237. mál) 4404.
Viðskiptabankar (242. mál, bankaráð, hagsmunaárekstrar o.fl.) 4479, 4495, 4633.
Vinnuvernd í verslunum (205. mál) 4405.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Guðrún Helgadóttir 4401.
Forseti Ed. Jón Helgason 4498, 4500.
Forseti Nd. Kjartan Jóhannsson 4501, 4556, 4561, 4598, 4599, 4621, 4638.
Forseti Nd. Hjörleifur Guttormsson 4574.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 4474, 4586.
Félmrh. Jóhanna Sigurðardóttir 4587, 4600.
Fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson 4402, 4546, 4566, 4619.
Landbrh. Steingrímur J. Sigfússon 4496, 4566, 4569, 4572, 4577, 4611, 4614.
Viðskrh. Jón Sigurðsson 4418, 4461, 4485, 4600, 4630, 4633, 4635.
Albert Guðmundsson 4553, 4575, 4576, 4597, 4598, 4599.
Alexander Stefánsson 4567, 4591.
Birgir Ísl. Gunnarsson 4415, 4537.
Danfríður Skarphéðinsdóttir 4406, 4425, 4447, 4483, 4490.
Egill Jónsson 4605, 4613, 4615.
Eiður Guðnason 4491, 4498, 4500, 4605.
Friðjón Þórðarson 4420.
Guðmundur Ágústsson 4484.
Guðmundur H. Garðarsson 4405, 4407, 4452, 4477.
Guðni Ágústsson 4621.
Guðrún Agnarsdóttir 4500.
Halldór Blöndal 4431, 4469, 4474, 4480, 4487, 4489, 4492, 4497, 4498, 4501, 4616, 4620.
Hreggviður Jónsson 4408, 4567, 4578.
Ingi Björn Albertsson 4572, 4579.
Jóhann Einvarðsson 4615, 4620.
Jón Helgason 4409, 4413, 4421.
Jón Kristjánsson 4562, 4574.
Júlíus Sólnes 4425, 4427, 4493, 4500, 4618, 4620.
Karl Steinar Guðnason 4618, 4620.
Kristinn Pétursson 4546, 4558, 4592.
Kristín Einarsdóttir 4593, 4628.
Matthías Bjarnason 4502, 4545, 4603, 4626.
Matthías Á. Mathiesen 4543.
Ólafur G. Einarsson 4414, 4548, 4561, 4562.
Páll Pétursson 4501, 4522, 4575, 4576, 4577, 4590, 4626.
Pálmi Jónsson 4556, 4570, 4588, 4596.
Skúli Alexandersson 4449, 4499, 4620.
Valgerður Sverrisdóttir 4411, 4422, 4425, 4426, 4479, 4488.
Þorsteinn Pálsson 4523, 4549, 4574, 4575, 4576, 4581, 4595.
Þórhildur Þorleifsdóttir 4517.

SAMEINAÐ ÞING

54. fundur, mánudaginn 3. apríl, kl. 2 miðdegis.

Minning Sigurvins Einarssonar.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Sigurvin Einarsson, fyrrverandi alþingismaður, andaðist að kvöldi skírdags, 23. mars, á nítugasta aldursári.

Sigurvin Einarsson var fæddur 30. október 1899 í Stakkadal í Rauðasandshreppi í Vestur-Barðastrandarsýslu. Foreldrar hans voru hjónin Einar bóndi þar Sigfreðsson bónda á sama bæ Ólafssonar og Elín Ólafsdóttir bónda í Naustabrekku í Rauðasandshreppi Magnússonar. Hann fór í Samvinnuskólann nýstofnaðan haustið 1918 og lauk þaðan prófi vorið 1919, stundaði síðan kennaranám og lauk prófi frá Kennaraskólanum vorið 1923. Á árinu 1936 sótti hann kennaranámskeið í Danmörku og kynnti sér skóla í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi. Hann var skólastjóri barnaskólans í Ólafsvík 1923–1932 og síðan kennari við Miðbæjarbarnaskólann í Reykjavík 1932–1943. Hann var einn af stofnendum Dósaverksmiðjunnar í Reykjavík og var bókari og gjaldkeri hennar 1937–1946 og framkvæmdastjóri hennar 1946–1963. Á árunum 1947–1952 rak hann bú í Saurbæ á Rauðasandi og átti þar heimili lengi eftir það. Hann var alþingismaður Barðstrendinga 1956–1959 og síðan Vestfjarðakjördæmis 1959–1971, sat á 15 þingum alls.

Sigurvin Einarsson var í stjórn Sparisjóðs Ólafsvíkur 1925–1932, sat í hreppsnefnd þar nokkur ár og var oddviti hreppsnefndar Ólafsvíkurhrepps 1931–1932. Hann átti sæti í stjórn Stéttarfélags barnakennara í Reykjavík 1934–1937, var formaður stjórnarinnar 1935–1936. Hann var í eftirlitsráði með opinberum rekstri 1935–1940, kosinn 1937 í rannsóknanefnd verkefna fyrir unga menn, var formaður stjórnar Vinnumiðlunarskrifstofu ríkisins 1939–1943. Árið 1943 var hann skipaður í milliþinganefnd í launamálum. Hann var í stjórn Fiskimálasjóðs 1954–1971, formaður stjórnarinnar 1957–1960. Formaður milliþinganefndar um ríkisútgjöld var hann 1958–1960, átti sæti í kjararannsóknarnefnd 1963–1973, var kosinn 1964 í áfengismálanefnd og í námsstyrkjanefnd 1972.

Á æskuárum kynntist Sigurvin ungmennafélagshreyfingunni, sem reyndist ungum mönnum góður félagsmálaskóli, og hann var alla ævi trúr hugsjónum hennar. Á skólastjóraárum sínum í Ólafsvík beitti hann sér fyrir stofnun ungmennafélags og var kjörinn formaður þess. Í Reykjavík tók hann mikinn þátt í félagslífi. Hann gekk ungur í Framsóknarflokkinn, starfaði mikið í Framsóknarfélagi Reykjavíkur, var um tíma í stjórn þess, síðast formaður, og hann átti lengi sæti í miðstjórn Framsóknarflokksins. Hann var samvinnumaður og tók þátt í stofnun Kaupfélags Reykjavíkur nýfluttur suður og var síðar nokkur ár í stjórn Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis.

Sigurvin Einarsson starfaði að námi loknu við barnakennslu, jafnframt og síðar fékkst hann við iðnrekstur, var bóndi nokkur ár og loks alþingismaður hálfan annan áratug. Öllum störfum sínum sinnti hann af kostgæfni. Á Alþingi átti hann lengst sæti í menntamálanefnd og samgöngunefnd. Hann kom á Alþingi lífsreyndur og kunnugur mörgum sviðum þjóðlífsins og reyndist atkvæðamikill þingmaður. Hann vann ásamt öðrum þingmönnum með atorku og lagni að því að hrinda í framkvæmd þörfum umbótum í fræðslumálum og samgöngumálum, ekki síst á Vestfjörðum þar sem hann þekkti best til utan Reykjavíkur. Hann var fylginn sér í hverju máli sem hann tók að sér, skeleggur í ræðum, reikningsglöggur og rökvís. Hann var hagmæltur og kastaði fram snjöllum stökum í kunningjahópi. Nú er liðið hátt í tvo áratugi síðan hann hætti störfum hér á Alþingi rúmlega sjötugur, aldursforseti þingsins síðustu árin.

Ég vil biðja þingheim að minnast Sigurvins Einarssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Afsal þingmennsku.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Albert Guðmundsson, 5. þm. Reykv., hefur ritað mér á þessa leið:

„Reykjavík, 3. apríl 1989.

Þar sem ég hef verið skipaður sendiherra Íslands í París og mun senn taka við því embætti tilkynni ég yður, virðulegi forseti, að ég afsala mér þingmennsku frá og með þessum degi.

Ég óska alþingismönnum öllum og starfsfólki Alþingis giftu og farsældar í starfi og Alþingi Íslendinga allra heilla.

Virðingarfyllst.
Albert Guðmundsson,
5. þm. Reykv."

Samkvæmt því bréfi sem nú hefur verið lesið tekur Benedikt Bogason verkfræðingur sæti á Alþingi sem 16. þm. Reykv.

Eftir venju verður hv. þm. Guðmundur Ágústsson 5. þm. Reykv. og hv. þm. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir 11. þm. Reykv.

Ég býð Benedikt Bogason velkominn til starfa á Alþingi.

Nú við þingmennskuafsal Alberts Guðmundssonar er mér bæði ljúft og skylt að færa honum hjartans þakkir fyrir samstarf og samvinnu á undanförnum árum. Ég vona að það sé ekki brot á þingvenjum, skrifuðum eða óskrifuðum, þó ég segi að við kveðjum nú einn litríkasta stjórnmálaforingja síðustu ára hér á Alþingi.

Albert Guðmundsson hefur vissulega verið umdeildur maður, en um góðgirni hans hefur ekki verið deilt. Ég veit að ég mæli fyrir munn allra háttvirtra alþingismanna þegar ég óska honum og fjölskyldu hans allra heilla í því mikilvæga starfi sem hann tekst nú á hendur fyrir land og þjóð.

Staða og rekstur fiskvinnslufyrirtækja.

Skýrsla forsrh., 71. mál. — Þskj. 359.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Skýrsla þessi hefur legið alllengi hér fyrir Alþingi og hafa menn getað kynnt sér hana um tíma. Auk þess hefur æðimargt breyst frá því skýrslan var gerð. Gengið hefur verið fellt um u.þ.b. 11% þegar saman er lagt, fiskverðsákvörðun hefur verið gerð, fiskverð samtals hækkað um 9,75%. Engu að síður gefur þessi skýrsla allgóðar upplýsingar um þá miklu breidd sem er í afkomu fiskvinnslufyrirtækja og er þannig að mínu mati gagnleg.

Óskað var eftir því að sundurliðuð yrði afkoma tíu fiskvinnslufyrirtækja með lakasta afkomu og tíu fyrirtækja með besta afkomu. Eins og fram kemur í upphafsorðum þessarar skýrslu er það töluverðum erfiðleikum háð og reyndar þótti mér fyrsta tilraun Þjóðhagsstofnunar til að taka saman slíkar upplýsingar hvergi nærri fullnægjandi. Þær náðu eingöngu til ársins 1987 því Þjóðhagsstofnun taldi sig ekki hafa nægilega traustar upplýsingar um árið 1988 eða það sem af því ári var liðið þegar skýrslan var unnin til að geta sett það fram í slíku skjali. Að ósk minni var þó hafist handa um að meta afkomu tíu lökustu og tíu bestu fyrirtækjanna árið 1988 og þá ekki síst byggt á þeim reikningum sem Atvinnutryggingarsjóður hafði fengið fyrir níu fyrstu mánuði ársins og alveg sérstaklega á reikningum þeirra 30 fyrirtækja sem voru tekin til sérstakrar skoðunar af endurskoðendum sem starfandi eru í sjávarútvegi.

Stofnunin framreiknaði þannig afkomu fyrirtækjanna og bar jafnframt saman við slíkar upplýsingar sem ég hef nú nefnt og á þeim grundvelli eru upplýsingar um árið 1988 byggðar. Samtals ákvað stofnunin að taka 30 fyrirtæki og má segja að þá sé skipt í þrjá flokka, fyrirtæki með lakasta afkomu, fyrirtæki með besta afkomu og fyrirtæki með meðalafkomu.

Til að lengja ekki mál mitt hér, þar sem þingmenn hafa vafalaust skoðað þessa skýrslu vel, vísa ég til töflu sem var á bls. 8 í þessari skýrslu. Þar er að finna rekstraráætlun 30 frystihúsa almanaksárið 1988.

Þarna má lesa ýmsar athyglisverðar upplýsingar. Í fyrsta lagi kemur fram í neðstu línu að hagnaður tíu lökustu frystihúsanna er mínus 12,5% eða það er tap upp á 12,5%. Hins vegar eru tíu bestu fyrirtækin með hagnað upp á 3,7% en meðaltalið, ef líta má á tíu fyrirtækin sem eru þarna á milli, er með tap upp á 4,8%.

En ýmislegt fleira kemur fram í þessari töflu. T.d. er mjög athyglisvert að í 3. lið, „verg hlutdeild fjármagns", kemur fram gífurlegur munur á fjármagnskostnaði lökustu og bestu fyrirtækjanna eða samtals u.þ.b. 15% munur á fjármagnskostnaði bestu og lökustu fyrirtækjanna.

Hér kemur að vísu ekki fram hver fjármagnskostnaðurinn er, en af öðrum töflum sem fylgja þessari skýrslu og eru meira sundurliðaðar kemur það skár fram. Ég tel sérstaklega rétt að vekja athygli á þessum gífurlega mun á fjármagnskostnaði.

Einnig vil ég vekja athygli á því að hjá lökustu fyrirtækjunum eru liðir eins og laun og hráefni mikið hærri en hjá þeim fyrirtækjum sem eru með betri afkomu. Launin eru talin vera um 28,4% rekstrargjalda fyrirtækjanna sem eru með lakasta afkomu, en 24,6% hjá fyrirtækjum sem eru með besta afkomu. Í báðum tilfellum er launaliðurinn hár og raunar hærri en talið hefur verið eðlilegt í t.d. frystingu og yfirleitt í vinnslu. Sömuleiðis kemur fram að hráefniskaupin eru hjá þeim fyrirtækjum sem með versta afkomu eru yfir helmingur eða um 51%, en hins vegar 45,8% hjá fyrirtækjunum sem eru með besta afkomu. Þegar ég sagði áðan að þessar upplýsingar væru fróðlegar á ég ekki síst við þann mikla mun sem þarna kemur fram á veigamiklum liðum eins og fjármagnskostnaði, launalið og hráefniskaupum.

Hér fylgir einnig með milliuppgjör yfir reksturs frysti- og saltfiskdeilda í 29 fyrirtækjum fyrstu níu mánuði ársins 1988 og er þær upplýsingar að finna á öftustu síðu þessarar skýrslu. Þar er einnig að finna efnahagsreikning þessara 29 fyrirtækja, en að sjálfsögðu er þar ekki sundurliðað og ekki greint á milli fyrirtækjanna eftir afkomu þeirra heldur eru þetta meðaltölur.

Samkvæmt áliti Þjóðhagsstofnunar var afkoma í sjávarútvegi þann 25. nóv. 1988 í botnfiskveiðum og vinnslu samtals mínus 4½%. Veiðarnar voru taldar vera í mínus 4½%, frystingin sömuleiðis í mínus 4½% og söltunin var talin vera í plús 2%. Frá því að þetta mat var gert í lok nóvember hefur ýmislegt breyst, eins og ég sagði áðan, bæði gengið fallið og einnig verið samið um fiskverð. Samkvæmt allra nýjustu upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun í skjali sem dags. er 3. apríl, þ.e. í dag, er talið að botnfiskútvegur, veiðar og vinnsla, sé með halla upp á 2%, veiðarnar með halla upp á 3½% en vinnslan í núlli, frystingin þar af með mínus 2% en söltun með plús 2½%. Fram er tekið af Þjóðhagsstofnun að í þessu mati liggur ekki fyrir nægilega vel hver hráefniskostnaður er eftir samning um fiskverðshækkun nýlega, m.a. vegna þess að legið hefur í loftinu að kaupendur mundu draga úr þeirri yfirborgun sem hefur verið mikil á hráefni undanfarna mánuði og því kann að vera að sú umtalsverða fiskverðshækkun sem varð komi ekki af samsvarandi þunga inn í rekstur fiskvinnslufyrirtækjanna.

Ég verð einnig að vekja athygli á því að til sérstakrar meðferðar hjá Atvinnutryggingarsjóði og nýstofnuðum hlutafjársjóði eru allmörg fyrirtæki sem eru

tvímælalaust meðal þeirra tíu sem talin eru með erfiðastan rekstur í þeim upplýsingum sem liggja hér fyrir og reyndar fleiri en þau tíu fyrirtæki. Talið er að um 15–20 fyrirtæki séu með þannig afkomu að rekstur þeirra verði ekki tryggður nema með tilfærslu verulegs fjár í formi eigin fjár til þessara fyrirtækja. Í grófum dráttum og við upphaf á þessari starfsemi hlutafjársjóðs hefur verið áætlað að fjárþörfin í þessu skyni kunni að vera rúmlega 2 milljarðar kr. Þessi upphæð er nálægt því 8% af framleiðsluverðmæti botnfiskvinnslunnar í landinu. Ef úr þessari tilfærslu til fyrirtækjanna verður er augljóslega verið að bæta mjög meðalafkomu greinarinnar og þarf í raun að taka tillit til þess þegar til framtíðarinnar er litið. Ég er þeirrar skoðunar að þessi starfsemi, starfsemi Atvinnutryggingarsjóðsins og starfsemi hlutafjársjóðsins, sé sú mikilvægasta sem nú er í þeirri viðleitni að reisa við fiskvinnsluna eftir erfiðleika síðasta árs og framtíðin muni mjög ráðast af því hvort þetta tekst eins og að er stefnt. Þessu verður að hraða og hef ég lagt áherslu á það við nýskipaða stjórn hlutafjársjóðsins að svo verði gert. Stjórnin auglýsti eftir umsóknum og rennur það út í dag. Ég get upplýst að um hádegið höfðu borist 15 umsóknir, en eflaust verða þær eitthvað fleiri.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til að lengja ræðu mína því eins og ég sagði í upphafi hafa menn eflaust kynnt sér þessi gögn vel þann langa tíma sem skýrslan hefur legið fyrir þingi, en skal að sjálfsögðu leitast við að svara þeim spurningum sem fram kunna að koma.

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Þessi skýrsla er svar við beiðni til forsrh. um skýrslu um stöðu og rekstur fiskvinnslufyrirtækja sem lögð var fram fyrr á þessu þingi og ég þakka hæstv. forsrh. fyrir hana og fyrir hans ræðu hér áðan, en ásamt mér báðu um þessa skýrslu hv. þm. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Guðmundur H. Garðarsson, Hreggviður Jónsson, Ingi Björn Albertsson, Kristinn Pétursson, Matthías Bjarnason og Málmfríður Sigurðardóttir.

Skýrslubeiðnin kom fram snemma í nóvember, er 71. mál þessa þings á þskj. 73, og skýrslan mun hafa komið á okkar borð öðru hvorum megin við áramótin, ég man ekki nákvæmlega dagsetninguna. Það er því sannarlega vonum seinna sem við ræðum nú efni hennar þrem mánuðum síðar og raunar fimm mánuðum eftir að beiðnin var lögð fram. En segja má að betra sé seint en aldrei.

Um leið og ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að hafa orðið við beiðni okkar og látið vinna þessa skýrslu hlýt ég að lýsa nokkrum vonbrigðum með efni hennar og uppsetningu. Ekki svo að skilja að hún sé ekki upplýsandi og margt gott um hana að segja. Þar koma vissulega fram upplýsingar sem fengur er að, en sumu er látið ósvarað af því sem beðið var um. Vil ég þar t.d. nefna að það var beðið um upplýsingar um fjölda starfsmanna í fyrirtækjunum og hversu stór hluti þeirra er búsettur í viðkomandi byggðarlagi, en þetta skiptir vitanlega töluverðu máli þegar maður er að reyna að gera sér grein fyrir stöðu fyrirtækisins og þörfinni fyrir sérstakar aðgerðir þess vegna.

Það sem mér finnst kannski gagnrýni verðast er hvernig þessi skýrsla og hvernig skýrslur yfirleitt eru settar fram þannig að það er eiginlega árans átak að átta sig á henni. Mér finnst svona skýrslur eiga að vera skilmerkilegri og aðgengilegri þannig að allur almenningur geti nýtt sér þær. Þó er þessi kannski skiljanlegri en margar aðrar. Það er meira að segja skilgreint hvað verg hlutdeild fjármagns er, en ýmis svona hugtök fæla almenning frá því að kynna sér mál af þessu tagi og það finnst mér slæmt því að það er brýnt að við tölum mál sem allir geta skilið.

Það er kannski ekki ástæða til að fjölyrða um ástæður fyrir þessari skýrslubeiðni svo sjálfsögð sem hún í rauninni er. Slíka skýrslu ættum við að fá inn á okkar borð með jöfnu millibili. Fiskurinn, bæði útgerð og vinnsla, er stoð okkar í þjóðarbúskapnum. Efnahags- og atvinnulíf landsmanna er að miklu leyti háð stöðu þessara greina og umræðan snýst mikið um málefni þeirra. Sú umræða er þó ekki alltaf ýkja markviss og mörgum finnst hún, eins og ég orðaði áðan, lítt skiljanleg. Ég held að það fari ekkert á milli mála að bæði forráðamenn í þessum greinum og stjórnmálamenn komast upp með að slá fram fullyrðingum um afkomu og stöðu útgerðar og fiskvinnslu, ekki síst fiskvinnslu, án þess að mikill kostur sé á því að sannreyna þær. Staða þessara greina er langoftast ástæða síendurtekinna efnahagsaðgerða og almennt launafólk er æ ofan í æ beygt undir stjórnvaldsaðgerðir sem eru réttlættar með því að rétta þurfi stöðu undirstöðuatvinnuvega þjóðarinnar. Við munum sl. sumar sem allt var gegnsýrt og merkt af umræðu um bága afkomu fiskvinnslunnar sérstaklega og aðgerða var krafist af stjórnvöldum.

Ráðherrar komu sér hins vegar ekki saman um nauðsynlegar aðgerðir og eftirleikinn þekkja menn. Þá upphófst hið eftirminnilega kapphlaup við tímann þegar allt var sagt í yfirvofandi rúst ef ekki yrði brugðist skjótt við. Það duldist engum að ástandið var bágborið, en þegar leitað var eftir nánum upplýsingum fengust aðeins almenn og óljós svör. Frystingin er rekin með 6, 7, 8% tapi, sögðu hagfræðingar, en sundurgreindar upplýsingar lágu ekki á lausu. Sú var reynsla okkar kvennalistakvenna þegar við vildum átta okkur á stöðu mála á sl. sumri og hausti og meta þörfina fyrir aðgerðir og þá hvers konar aðgerðir. Við fengum ekki umbeðnar sundurgreindar upplýsingar, aðeins almennar fullyrðingar um meðaltöl, engin frávik, aðeins meðaltöl. Og á þeim nótum er umræðan raunar alltaf þótt vitað sé að það er gífurlega mikill munur á rekstri og afkomu fyrirtækja í sjávarútvegi. Þá er ekki að undra þótt vefjist fyrir almenningi að átta sig á stöðunni, enda hefur taprekstrarþulan verið lesin svo lengi sem elstu menn muna og forsvarsmenn þessarar atvinnugreinar flytja nú reyndar svipaðar ræður á fundum samtaka sinna ár eftir ár.

Á aukafundi Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna í

nóvember sl. komst formaður stjórnarinnar, Jón Ingvarsson, svo að orði, með leyfi forseta:

„Þessi langvarandi rekstrarvandi, sem raunar hefur staðið yfir í mörg ár ef undan er skilið árið 1986 og fyrri helmingur síðasta árs, hefur eytt eigin fé flestra fyrirtækja í frystihúsarekstri og ég vil leyfa mér að fullyrða að ástandið hefur aldrei verið jafn ískyggilegt og nú og vonleysi þeirra sem standa fyrir rekstri frystihúsanna og reyndar annarra fiskvinnslufyrirtækja er slíkt að flestir þeirra vita ekki sitt rjúkandi ráð. Slík eru þau skilyrði sem greininni eru búin."

Það felst ekki mikil bjartsýni í þessum orðum og áreiðanlega eru þau réttmæt, en þau hljóma ekki ókunnuglega. Það hefur ekki svo lítið verið talað um gjaldþrot og hörmungar í þessum rekstri síðustu mánuðina og er enn þrátt fyrir betri afkomu eins og hæstv. ráðherra kom að áðan. En almenningi er vitanlega illskiljanlegt hvernig þetta getur gengið svona langtímum saman og því miður virðast margir sljóvgast fyrir þeim varnaðarorðum sem höfð eru í frammi. Það er svo oft búið að ganga af þessari atvinnugrein rústaðri að með ólíkindum er. Taprekstrarþulan minnir fólk á drenginn sem hrópaði úlfur, úlfur! og varð hált á því eins og við munum.

Þessi orð mega alls ekki skiljast sem svo að ekki sé ástæða til að taka mark á yfirlýsingum um stöðuna í þessum greinum. Það er nú víðs fjarri. Ástandið er mjög alvarlegt og er búið að vera það lengi og það hefur farið og fór hríðversnandi á síðasta ári þar sem ekki tókst að skapa samstöðu um að búa þessum fyrirtækjum viðunandi rekstrarskilyrði. Það var einmitt til að gera sér betur grein fyrir hvernig best væri að taka á þessum vanda sem við níu þingmenn úr þingflokkum stjórnarandstöðu lögðum fram þessa skýrslubeiðni snemma á þessu þingi. Við vildum reyna, eins og segir í greinargerðinni, að fylla út í þessa brotkenndu mynd sem almenningur hefur af stöðu þessarar margumtöluðu atvinnugreinar og gera okkur grein fyrir orsökum og helstu þáttum þeirrar erfiðu stöðu sem fiskvinnslan er stöðugt í. Hversu mörg fyrirtæki eru í rauninni vel á vegi stödd eða a.m.k. viðunandi, hversu mörg mjög illa og jafnvel ekki við bjargandi, hvað liggur að baki bullandi taprekstri og hver er meginástæðan fyrir því að sum eru þó rekin með hagnaði. Það þarf ekki að minna á að launakostnaður var af mörgum talinn vega svo þungt í rekstri þessara fyrirtækja að það yrði að hindra umsamdar launahækkanir með lögum og banna fólki að semja um kjör sín.

Aðrir lögðu áherslu á fjármagnskostnaðinn sem meginbölvald og svo er enn. T.d. var nýlega haft eftir framkvæmdastjóra Búlandstinds á Djúpavogi að á síðasta ári hafi áfallnir vextir, verðbætur og gengismunur verið mun hærri liður hjá fyrirtækinu en laun. Í útgerðarhlutanum er haft eftir honum að þessir liðir séu svipaðir, en í fiskvinnslunni eru vextir og verðbætur 15 millj. kr. hærri en vinnulaunin. Sem dæmi um hve þróunin er ískyggileg benti Ingólfur Sveinsson, framkvæmdastjóri Búlandstinds á Djúpavogi, á það að árið 1987 hafi vextir, verðbætur og gengismunur numið 75 millj., en á síðasta ári hafi upphæðin verið komin upp í 145 millj. þrátt fyrir að fyrirtækið létti af sér skuldum upp á rúmlega 50 millj. Þetta hljóta að teljast athyglisverðar tölur. En ýmsir aðrir þættir geta vegið þungt, svo sem flutningskostnaður og mismunandi aðstæður til hráefnisöflunar o.fl. o.fl.

Sú skýrsla sem hér liggur fyrir og er nú til umræðu er vissulega á margan hátt upplýsandi og staðfestir það, sem við höfum margsagt, að staðan er mjög mismunandi eins og hæstv. forsrh. ítrekaði áðan. Þessi skýrsla segir okkur einnig að stærð fyrirtækis hefur mikið að segja fyrir afkomuna. Hún segir okkur enn fremur hversu gífurlega mikilvægt það er hverju fyrirtæki að hafa sæmilega eiginfjárstöðu. Þetta ættu allir að vita og viðurkenna og þetta þarf að vera leiðarljósið þegar menn eru að reyna að taka á vandanum. Skuldbreytingar og lán á lán ofan stoða lítið til lengdar. Það eru bráðabirgðaaðgerðir og af þeim er svo sannarlega komið nóg. Þess vegna verður að vera meginverkefnið að styrkja eiginfjárstöðu fyrirtækjanna til að skapa þeim rekstrargrundvöll.

Langveigamesti liðurinn í útgjöldum fiskvinnsluhúsanna eru eðlilega hráefniskaupin og sá liður vegur yfirleitt þeim mun þyngra sem fyrirtækin eru verr stödd í rekstri. Það verður hins vegar ekki lesið út úr þeim töflum sem í skýrslunni eru hvert samband er milli umfangs þess þáttar og þess hvernig hráefnið er keypt, hvort það er keypt af útgerð sömu aðila eða á einhvern annan hátt. Þetta með vægi hráefniskaupanna er vitaskuld ekkert nýtt en ástæða til að leggja á það áherslu, ekki síst með tilliti til þess að nýverið hækkaði fiskverðið og það með samkomulagi allra aðila.

Launakostnaður er eðlilega stór þáttur einnig. Skárra væri það nú. Þar eru hendurnar sem vinna úr hráefninu. Launakostnaður er allt frá 19,6% af rekstrargjöldum eins best stöddu fyrirtækjanna til 30,2% hjá því verst stadda, þ.e. laun og gjöld vegna framleiðslunnar.

Forvitnilegt er að laun og kostnaður vegna stjórnunar er einnig tilgreint og má þar sjá hlutfallstölur allt frá 0,3% og upp í 9,7%. Væri fróðlegt að skyggnast betur á bak við þær tölur. Sama er að segja um skrifstofukostnað sem af einhverjum ástæðum er frá mínus 5,8% upp í 3,4%. Kannski hefur þessi mínus alls ekki átt að vera þarna. Ég veit það ekki. En fjármagnskostnaður er af flestum talinn illbærilegur, ekki síst fiskvinnslunni, og augljóslega skiptir hann mjög miklu samkvæmt þessari skýrslu og þarf ekki að ítreka það. Ég hef þegar minnst ögn á það.

Þannig má rekja sig eftir þessum töflum fram og til baka og alltaf rekst maður á eitthvað forvitnilegt sem kallar á fleiri spurningar. Ég ítreka að ég held að það væri góð venja að fá slíka skýrslu oftar á okkar borð því hér erum við að fjalla um það sem skiptir okkur svo fjarska miklu máli í þjóðarbúskapnum.

Vitanlega skortir ákveðna þætti sem menn hafa velt mikið fyrir sér eins og þann þátt hvar á landinu og í hvaða byggðarlögum hagkvæmast er að reka fiskvinnslu. En við mat á slíku þarf auðvitað að taka tillit

til fleira en beinna peningalegra sjónarmiða. Það mál er ekkert einfalt og getur aldrei stjórnast gjörsamlega af tölum á blaði.

Það er svo von okkar sem báðum um þessa skýrslu að af henni verði dreginn lærdómur sem að gagni megi koma. Sá var fyrst og fremst tilgangurinn með þessari skýrslubeiðni. Ástandið hefur alls ekki batnað nægilega síðan þessi beiðni var lögð fram eða þá skýrsla sú sem hér er rædd. Það hvarflar hins vegar ekki að mér að taka undir þann söng að ekkert hafi verið gert til að bæta stöðuna eins og enn þá heyrist. Það hefur verið gert. Hundruðum milljóna hefur verið dælt í þennan atvinnuveg í formi beinna framlaga, lána og skuldbreytinga. Staðan hefur batnað þannig að tap fiskvinnslunnar hefur minnkað á heildina litið. En tap er þar samt. Og við getum ekki beðið eftir neinu kraftaverki. Það þarf að bæta rekstrarskilyrði fiskvinnslunnar og eyða óvissu og óöryggi þeirra sem við hana vinna. Ríkisstjórnin þarf t.d. að gera skýra grein fyrir því hvernig hún hyggst bregðast við í vor þegar peningana þrýtur í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins og hvernig staðið verði að endurgreiðslu söluskatts og hvort og hvernig hún ætlar að standa við fyrirheit um lækkun orkukostnaðar í frystingunni.

Ég vænti þess að hæstv. ráðherra geri grein fyrir því hér á eftir. Og ég get endurtekið það sem ég nefndi hér: Hvernig hyggst ríkisstjórnin bregðast við í vor þegar peningana þrýtur í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins? Hvernig verður staðið að endurgreiðslu söluskatts? Og ætlar hún, og þá á hvern hátt, að standa við fyrirheit um niðurgreiðslu eða lækkun orkukostnaðar í fiskvinnslunni?

Það dylst engum sem eitthvað þekkir til ástandsins að innan skamms þarf annaðhvort beinar aðgerðir af þessu tagi eða að breyta rekstrarskilyrðunum með almennum aðgerðum eins og gengislækkun. Ég held að það sé lítil skynsemi í því að bíða eftir kraftaverki.

En ég vil endurtaka þakkir mínar fyrir þessa skýrslu þó ég hafi gagnrýnt hana. Að vísu ekki harkalega að mínu mati. Mér fannst hún mjög gagnleg og fróðleg og endurtek þá skoðun mína að skýrslu af þessu tagi þyrftum við að fá oftar á okkar borð.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Það er ekki að ófyrirsynju að hér sé tekin til umræðu afkoma fiskvinnslunnar í landinu. Sú skýrsla sem hér hefur verið lögð fram af hálfu hæstv. forsrh. kemur fyrst á dagskrá mánuðum eftir að hún er komin fram. Þessi skýrsla er í sjálfu sér góðra gjalda verð og birtir ýmsar upplýsingar eins og fram hefur komið hjá talsmanni þeirra sem báðu um þessa skýrslu, en þessi skýrsla er auðvitað þegar orðin úrelt þegar hún kemur til umræðu mánuðum eftir að hún er birt og mánuðum eftir að hún er samin. Í máli hæstv. forsrh. áðan kom að mjög litlu leyti fram eða a.m.k. óljóst hvernig staða fiskvinnslunnar er nú, eftir t.a.m. fiskverðshækkun og eftir þær breytingar sem hafa orðið í efnahagsskilyrðunum síðustu vikurnar og síðustu mánuðina.

Ég ætla ekki að fara út í þessi mál mjög mörgum orðum, enda þótt þetta sé efni sem væri tilefni til þess að væri rætt mjög alvarlega á Alþingi vegna þess að hér er verið að fjalla um undirstöðugrein okkar þjóðarbúskapar sem er fiskvinnslan í landinu og sjávarútvegurinn í heild. Það er ekki hægt að láta hjá líða í umræðu eins og þessari að minnast aðeins á það að sú ríkisstjórn sem nú situr var mynduð til þess að eigin sögn að rétta við stöðu atvinnulífsins, að rétta við efnahagsmálin þannig að undirstöðugreinar þjóðfélagsins gætu starfað. Því var þá lýst yfir af núv. hæstv. forsrh. að það hefði ekki verið hægt að grípa til nauðsynlegra aðgerða til að koma þessum málum í sæmilegt horf í samstarfi við Sjálfstfl. Eftir þann tíma sem liðið hefur er hægt að taka undir það með hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur að nokkuð hefur verið gert. En það hafa ekki verið gerðar ráðstafanir til að koma undirstöðugreinunum á réttan kjöl. Rekstrargrundvöllurinn er ekki fyrir hendi. Þó að hér hafi verið tildrað upp sjóðakerfi sem hafi það að markmiði að stofna til nýs uppbótakerfis á sjávarafurðir og svo aftur á hinn bóginn að leggja fram hlutafé til fyrirtækja sem eru verst stæð í þessari grein, þ.e. hlutafjársjóður sem er nú lítt farinn að starfa, þá eru það allt saman handarbakavinnubrögð. Í því felast ekki aðgerðir til að koma þessum málum á réttan kjöl, að veita þessum undirstöðugreinum okkar skilyrði til að starfa þannig að snúið verði við frá hallarekstri yfir til sæmilegrar afkomu. Allt þetta liggur fyrir og er það sem er mikilvægast í umræðu um þessi mál og þá í framhaldi af því spurningar, hversu lengi hæstv. ríkisstjórn ætlar sér að láta svo til ganga. Hversu lengi ætlar hæstv. ríkisstjórn að horfa á undirstöðufyrirtæki alls atvinnulífs landsmanna molna niður og hvenær ætlar hæstv. ríkisstjórn að grípa til aðgerða sem duga til að koma þessum undirstöðugreinum á rekstrarhæfan grundvöll?

Nú má auðvitað rifja upp að þegar hæstv. ríkisstjórn tók við var það mat Þjóðhagsstofnunar að sjávarútvegurinn í heild væri rekinn með 2,5% halla. Nokkru síðar eða í desember var talið að þessi hallarekstur væri 4% og í janúar, að lokinni gengisfellingu í byrjun janúarmánaðar, var talið að hallarekstur sjávarútvegsins í heild væri 5% og hafði því tvöfaldast frá því hæstv. ríkisstjórn tók við þrátt fyrir að hún hafi haft tilburði til nokkurra aðgerða sem allt voru handarbakavinnubrögð.

En hvernig er staðan nú? Í þessari skýrslu má lesa það að meðalfyrirtæki í fiskvinnslu sé rekið með um 3,1% halla. Með eðlilegum hætti kemur það ekki fram í þessari skýrslu hvernig það er fyrir sjávarútveginn í heild. Hún nær aðeins yfir fiskvinnslufyrirtækin. En ég hlýt að spyrja hér: Hvernig er staðan nú fyrir fiskvinnsluna í landinu, m.a. eftir fiskverðshækkunina, og hvernig er staða sjávarútvegsins í heild? Og hvenær ætlar hæstv. ríkisstjórn að taka ákvarðanir og grípa til aðgerða sem koma þessum undirstöðugreinum landsmanna á rekstrarhæfan grundvöll? Þessum fyrirspurnum beini ég að sjálfsögðu fyrst og fremst til hæstv. forsrh.

Ég kom í þennan ræðustól til þess kannski fyrst og

fremst, fyrir utan þær eðlilegu og sjálfsögðu fyrirspurnir sem ég hef flutt, að vekja athygli á einum þætti þessa máls sem á engan hátt var vikið að í framsögu hæstv. forsrh. en hv. þm. Kristín Halldórsdóttir vék aðeins að undir lok sinnar ræðu. Það var fyrirheit hæstv. ríkisstjórnar um lækkun á orkukostnaði fiskvinnslufyrirtækja. Í málefnasamningi hæstv. ríkisstjórnar er þetta einn af þeim liðum sem hæstv. ríkisstjórn telur upp þegar hún er mynduð til þess að því verði fram komið, sem hún lofar í sinni stefnuyfirlýsingu, að treysta grundvöll atvinnulífsins, að bæta afkomu atvinnuveganna o.s.frv. eins og þar segir. Í þessari málsgr. í málefnasamningi segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir fjórðungs lækkun á raforkuverði til þess fiskiðnaðar þar sem sólarhrings- og ársnotkun er tiltölulega jöfn."

Af þessu var talsvert gumað á fyrstu vikum hæstv. ríkisstjórnar og talið að hér væri um að ræða atriði sem hefði verulega þýðingu fyrir afkomu fiskvinnslunnar. Ekki skal dregið úr því að þetta hefur nokkra þýðingu. Þó liggur það fyrir samkvæmt athugunum Rafmagnsveitna ríkisins, þar sem ég er býsna kunnugur, að af heildarrekstrarkostnaði fiskvinnslufyrirtækja er raforkukostnaður yfirleitt í kringum 1,5%. Af þessu 1,5% eru 25% söluskattur sem er endurgreiddur þannig að raunverulegur raforkukostnaður fyrirtækja í fiskvinnslu er rétt rúmlega 1% af heildarrekstrarkostnaði. Auðvitað munar þar nokkuð um, en þó hafa sagt við mig fiskvinnslumenn að þegar ekki er gripið til aðgerða sem nauðsynlegar eru skipti nærri því engu hvort þau fyrirtækin þurfa að borga raforkuna eða ekki. Í hallarekstrinum, sem er gífurlegur víðast hvar, er þessi liður svo lítill í öllum heildarrekstrinum að það skiptir nærri því engu, segja sumir fiskvinnslumenn, hvort við borgum þetta eða borgum það ekki.

Nú er ekki aldeilis að öll fyrirtækin fái þó þennan afslátt, sem yrði um 0,25% eða kannski 0,3%, af sínum heildarreksturskostnaði sem endurgreiddur er samkvæmt þessum lið, því settar hafa verið upp reglur af hálfu hæstv. iðnrh., sem hér er ekki staddur, sem að mínum dómi og þeirra sem hafa þekkingu á þessum málum eru bæði ranglátar og flóknar.

Svo gefin sé aðeins innsýn í hvernig þessar reglur liggja fyrir segir þar að skilyrði fyrir því að fá afslátt séu:

1. Fyrirtæki í frystingu, saltfiskvinnslu, skreiðarframleiðslu, rækjufrystingu og fiskimjölsframleiðslu. Þetta eru auðvitað almenn skilyrði.

2. Raforkan sé keypt á afltaxta. Flest fyrirtækin kaupa raforku samkvæmt þeim gjaldskrárlið.

3. Lágmarksársnotkun á orku sé 100.000 kwst. á ári.

4. Lágmarksnýtingartími raforku sé 2500 stundir á ári.

5. Fyrir nýtingu frá 2500 upp í 3500 er stigvaxandi afsláttur frá 0 og upp í 27%.

6. Fyrir nýtingu yfir 3500 stundir er afslátturinn 27%.

7. Afslátturinn reiknast mánaðarlega og tekur mið af nýtingartíma síðustu tólf mánaða á undan.

Ég sagði áðan að þessar reglur væru bæði flóknar og ranglátar. Þær eru flóknar vegna þess margbreytilega stigaútreiknings sem er á endurgreiðslunni og sá margbreytilegi stigaútreikningur tekur mið af árinu á undan og notkun þá í hverjum mánuði. Þessi flækja er ærin og kostar mikla vinnu hjá raforkusölufyrirtækjum og eykur þar á rekstrarkostnað. En ég segi að þessar reglur eru ranglátar vegna þess að fulla niðurgreiðslu eða 27% af orkukostnaði fá aðeins stærstu fyrirtækin. Minni fyrirtækin fá ýmist engan afslátt eða minni afslátt, allt frá 0–27%.

Ég hlýt að nota það tækifæri sem hér er þegar rætt er um þessi mál til að vekja á því athygli hvað hér er ranglátlega að farið hjá hæstv. ríkisstjórn. Ég þykist vita að það sé ekki að kenna hæstv. forsrh., sem hér er viðstaddur, heldur hæstv. iðnrh. sem tók ákvörðun um þessar reglur. Eigi að síður er nauðsynlegt að draga það fram í þessari umræðu.

Það skorti ekki að settar væru fram tillögur um hvernig haganlegra væri að koma þessari niðurgreiðslu fram. Fulltrúi Rafmagnsveitna ríkisins í þeirri nefnd sem um þetta fjallaði lagði til að veittur yrði afsláttur á orkuverðið sem væri fastur afsláttur án tillits til stærðar fyrirtækja, án tillits til ársnotkunar, en að aflgjaldið yrði óbreytt og óniðurgreitt. Það hefði verið aðferð við þá niðurgreiðslu sem hér er um að tefla sem væri einföld í framkvæmd, kostaði ekki margfalda útreikninga aftur í tímann og væri þannig að hvert fyrirtæki um sig sæi enn fremur sjálft hvernig niðurstaðan úr þeim reikningum yrði. Sú flókna aðferð sem valin var er eins og áður sagði ranglát og þýðir m.a. að fyrirtæki sem er með t.d. 2200 eða milli 2000 og 2500 nýtingarstundir á raforku á ári og fær engan afslátt gæti séð sér hag í því að eyða raforku langt umfram þarfir til þess að komast upp í þann afslátt sem nýtur velvildar stjórnvalda um niðurgreiðslu. Svo vitlaust, flókið og ranglátt er það kerfi sem hæstv. ríkisstjórn hefur sett upp í þessu efni. Það er líka afar vafasamt, að grípa til þeirrar leiðar að fara í niðurgreiðslu úr ríkissjóði á þessum lið.

Það er vitaskuld vafasamt að grípa til þess að fjölga þeim aðilum sem njóta einhverrar sérstakrar velvildar stjórnvalda í því að fá ódýrari raforku en gerist samkvæmt almennri gjaldskrá því að þannig getur hver aðilinn elt annan. Við vitum að húshitunarrafmagn er og hefur verið greitt niður. Niðurgreiðsla hefur verið tekin upp til fiskeldisfyrirtækja. Með þessum hætti er tekin upp eins og ég sagði ranglát og flókin niðurgreiðsla til fiskvinnslufyrirtækja. Og hvaða fyrirtæki verða næst? Þau geta auðvitað komið hvert á fætur öðru í slóðina og krafist þess af stjórnvöldum að fá niðurgreiðslu á raforku, enda eru fyrirtækin hvarvetna sem búa við hallarekstur og eru að því komin að gefast upp og það ætti hæstv. ríkisstjórn að vera best kunnugt um.

Ég sé það nú að áætlað var að hefja umræðu um mál utan dagskrár kl. 3 og ég skal ekki misnota minn ræðutíma í því að fara fram yfir þau tímamörk þannig

að ég læt þetta nægja að sinni. Ég ítreka fyrirspurnir mínar, sem ég ætla ekki að endurtaka, til hæstv. forsrh., en ég beini því einnig til hæstv. forsrh. að hann hlutist til um að þær flóknu og ranglátu reglur sem teknar hafa verið upp við niðurgreiðslu á raforku til fiskvinnslufyrirtækja verði endurskoðaðar.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Heræfingar varnarliðsins.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Hér verður nú að fresta þessari umræðu um skýrslu um stöðu og rekstur fiskvinnslufyrirtækja þar sem ákveðið var að kl. þrjú hæfist umræða utan dagskrár um heræfingar sem varnarliðið hefur óskað eftir að halda hér á landi á komandi sumri. Umræðu þessarar hefur óskað hv. 1. þm. Norðurl. v. Fer hún fram skv. síðari mgr. 32. gr. þingskapa og er ræðutími því ómældur.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég hef leyft mér að kveðja mér hljóðs utan dagskrár til þess að ræða við hæstv. utanrrh. um heræfingar sem Bandaríkjamenn hafa óskað eftir að fá að halda hér á landi nú í júní. Ég vil taka það strax fram áður en lengra er haldið að ég er sammála hæstv. forsrh. um að þessar heræfingar séu tímaskekkja og að ekki beri að heimila þær. Ég þori því miður ekki að treysta því að hæstv. utanrrh. sé okkur forsrh. fyllilega sammála í þessu efni og þess vegna langar mig til að biðja hæstv. utanrrh. um að greina þingheimi frá aðdraganda málsins og viðhorfi sínu til þess. Ég hef afhent honum spurningar í ellefu liðum sem mig langar til að fara hér yfir:

1. Hvenær barst varnarmáladeild ósk Bandaríkjamanna um umræddar æfingar?
2. Hvenær var umrædd ósk lögð fyrir utanrrh.?
3. Hvar óska Bandaríkjamenn eftir því að æfingarnar fari fram?
4. Hve margir óska Bandaríkjamenn eftir að taki þátt í heræfingunum?
5. Hvaða búnað er óskað eftir að nota við æfingarnar?
6. Hvaða dag áforma Bandaríkjamenn að boða út lið til æfinganna?
7. Hve marga daga óska Bandaríkjamenn eftir að æfingarnar standi?
8. Hvers lags lið er það sem Bandaríkjamenn óska eftir að æfa hér?
9. Hvaða tilgangi telur hæstv. utanrrh. að þessar hugsanlegu heræfingar þjóni?
10. Hvaða tök hefur hæstv. utanrrh. á að koma í veg fyrir að æfingarnar fari fram?
11. Hvaða umfjöllun hefur ósk Bandaríkjamanna fengið í ríkisstjórn Íslands?

Ég leyfi mér að vona það að hæstv. utanrrh. taki á þessu máli af festu og alvöru og treysti sér til þess að gefa fullnægjandi svör við þeim spurningum sem ég ber hér fram og mér finnast allar nokkuð brýnar til þess að upplýsa þetta mál. Ég þarf ekki að minna hæstv. utanrrh. á að honum ber sem utanrrh. að gæta hagsmuna Íslendinga og í fljótu bragði fæ ég ekki séð að fyrirhugaðar æfingar þjóni hagsmunum Íslendinga. Þvert á móti held ég að hagsmunir Íslendinga felist í því fremur öðru að leggja sitt lóð á vogarskál friðar í heiminum, stuðla að friði og afvopnun þar sem við fáum því við komið en ekki stofna til stríðsleikja jafnvel þó hér sé ekki um umfangsmestu gerð af heræfingum að ræða.

Það gildir reyndar það sama um herstöðina. Ég held að hún hafi takmarkað gildi fyrir Íslendinga og engin ástæða til þess að fyllast sérstakri öryggiskennd út af því að hún er þarna á Miðnesheiðinni. Hún er ekki þar til að verja Íslendinga. Hún er aðvörunarstöð fyrir Bandaríkjamenn og til að þjóna vörnum Bandaríkjamanna. Þetta varalið, sem mér skilst að hér eigi að fara að æfa sig eða langi til að æfa sig, er ekki til að verja Ísland heldur til þess að verja þessa herstöð fyrir hugsanlegum óskunda sem einhverjir kynnu að vilja gera henni. Ég átti þess kost í fyrra meðan ég sat í utanrmn. að fara í kynnisför um herstöðina og okkur var sýnd þar starfsemi og gerð að því er mér fannst nokkuð nákvæm grein fyrir því hvað þarna væri um að vera og eftir þá skoðunarferð held ég að það sé enn minna hald í herliðinu en ég gerði mér grein fyrir. Sumt af þeim búnaði sem þarna var í fyrra er ótrúlega úreltur, t.d. staðsetningarbúnaður óvinaflugvéla sem er nánast broslegur, og þarna eru menn að leik en ekki að alvarlegu starfi.

Sjónvarpið sýndi í gærkvöld mynd í Kastljósi, ég undirstrika: mynd frá hernum, frá Bandaríkjaher sjálfum, þar sem greint var frá og lýst æfingum sem fóru fram 1987. Ég tek það fram að þær voru í miklu minni stíl en þessar og miklu fámennari. Samt þótti bandaríska hernum ástæða til að festa þessi ósköp á filmu. Það vakti athygli mína hvað þarna var æft. T.d. svokallaður NBC-búnaður sem þótti aldeilis ómetanlegur ef ég man rétt. NBC er skammstöfun ef ég veit rétt fyrir Nuclear Biochemical-búnað. Þarna var sýndur stríðsleikur með tilfæringum og þulurinn sagði svo: kjarnorku-, sýkla- og efnavopnaæfingin sjálf er talin dýrmæt reynsla fyrir liðið. Ég vissi ekki áður að kjarnorku-, sýkla- eða efnavopnaæfingar væru stundaðar á Íslandi. Það kom mér nokkuð á óvart og ég ætla að vona að svo verði ekki nú. Þess vegna spyr ég hvaða búnað Bandaríkjamenn óski eftir að nota við þessar æfingar.

Ég spurði hvers lags lið Bandaríkjamenn óski eftir að æfa hér. Mér skilst og það kann að vera rangur skilningur, en mér skilst að hér sé um svokallað varalið að ræða, þ.e. bandaríska heimilisfeður sem eru skráðir í svokallað varalið og til stendur að kalla saman á þjóðhátíðardegi Íslendinga til þess að skreppa í ferð til Íslands, kynnis- og e.t.v. skemmtiferð. Þar þurfa þeir að skríða svolítið á fjórum fótum

og ég kenni ekki í brjósti um þá fyrir það, mér er alveg sama þó þeir geri það, en þeir eiga líka að handleika þarna ef að líkum lætur stórhættuleg drápstól og kannski af takmarkaðri fyrirhyggju. Það er að vísu heppilegt að æfingin er gerð um sólstöður svo að þeir þurfi ekki að passa sig á myrkrinu eins og maðurinn segir. 1987 kom í ljós að liðið hafði verið mjög heppið með veður því að það var alltaf sólskin í þessu bíói sem þjóðinni var sýnt í gærkvöld, en það getur að sjálfsögðu brugðið til beggja vona með það.

Það var hins vegar ekki sýnt hver vandi þessum her var á höndum og í hvers lags feiknalega hættu menn lögðu sig því að þeir áttu í vandræðum með kríuna og það reyndist ekki unnt fyrir liðið að verjast kríunni. Ég held nú að með tilliti til þess að krían á ekki síður tilkall til þessarar heiðar en Bandaríkjamenn ættum við að standa með kríunni í þessu efni og ekki setja gesti okkar í óþarfa hættu út af fuglunum.

Ég held sem sagt að hæstv. utanrrh. ætti að taka á sig rögg og leyfa ekki þessar umbeðnu æfingar. Ég sé ekki að þær þjóni íslenskum hagsmunum. Ég fæ ekki séð að þær auki við varnir landsins. Ég fæ ekki séð að þær auki við öryggiskennd landsmanna nema þá e.t.v. örfárra manna í Morgunblaðshöllinni, en þeir eru ábyggilega ekki margir. Og þar af leiðir: Þetta skapar ónæði fyrir kríuna. Það er ekki viðfelldin framkoma að kveðja liðið saman á þjóðhátíðardegi Íslendinga. Það er nánast ögrun. Þess vegna fer ég fram á það og vona sannarlega að í ræðustól hér næst á eftir lýsi hæstv. utanrrh. því yfir að hann ætli ekki að heimila þessar æfingar.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Mér er það að sönnu ánægjuefni að fá tækifæri til að gera þingheimi grein fyrir því sem ég tel vera meginatriði þessa máls um leið og ég mun freista þess að svara spurningum hv. 1. þm. Norðurl. v. sem hann beindi til mín áðan. — Fyrst örfá orð um það sem kalla mætti forsendur þessa máls.

Íslendingar hafa gert samning við stjórnvöld í öðru ríki, Bandaríkjunum, varnarsamning frá árinu 1951 sem gerður var á sínum tíma á grundvelli Norður-Atlantshafssáttmálans. Með þessum samningi skuldbindur Bandaríkjastjórn sig til þess að annast varnir Íslands. Það eru forsendur þessa máls.

Á undanförnum árum, sér í lagi frá því í byrjun þessa áratugar, 1980, var sú stefna mótuð af forverum mínum í starfi utanrrh. og eftir allmiklar umræður, bæði á Alþingi og víðar, að Íslendingar yrðu að taka meira frumkvæði um það að leggja sjálfstætt mat á þessa varnarstefnu, að Íslendingum bæri sjálfum að leggja á það sjálfstætt mat, hafa að því frumkvæði að meta með hvaða hætti þessum skuldbindingum um varnir lands og þjóðar á hættutímum væri framfylgt. Það er upphaf þess að stofnað er sérstakt varalið og því fengið sérstakt hlutverk að því er varðar varnir landsins, gerðar því næst áætlanir um æfingar á vegum þessa liðs, þar á meðal um leið og lögð er áhersla á það að auka áætlunargerð innlendra stjórnvalda með samstarfi ýmissa embætta um það að hér lægju fyrir áætlanir sem væru samhæfðar um hvernig bregðast skuli við hættuástandi ef upp kemur fyrirvaralítið. Fyrsta spurning er því raunverulega sú: Hvers vegna er verið að tala um liðsauka og sérstakar æfingar slíks liðsauka umfram varnarliðið sjálft?

Ástæðurnar fyrir því eru þessar: Fastabúnaður varnarliðsins er afar takmarkaður. Hann er takmarkaður við hlutverk sem er eftirlitshlutverk, að fylgjast með ferðum skipa og kafbáta á Norður-Atlantshafi og umferð flugvéla á þessu sama svæði. Af hálfu varnarliðsins er ekki fyrir hendi fastur öflugur viðbúnaður til varna á staðnum heldur er um að ræða lágmarksmannafla. Þess vegna hefur ævinlega verið gert ráð fyrir því að liðsauki bærist til Íslands á hættutímum og samkvæmt samningum, skuldbindingum og gerist það auðvitað því aðeins að það gerist að ósk eða með samþykki rétt kjörinna íslenskra stjórnvalda.

Íslendingar höfðu frá upphafi gerðar varnarsamningsins lagt á það mikla áherslu að þröng takmörk yrðu sett við veru varnarliðsins í landinu og endurskoðuðu það enn fremur árið 1974. Sú endurskoðun leiddi til verulegrar fækkunar í varnarliðinu. Varnarliðið telur núna rúmlega 3 þús. manns, en þegar mest var var það reyndar um eða yfir 5 þús. manns.

Það er ekki nýtt út af fyrir sig að gert hafi verið ráð fyrir liðsauka á hættutímum. Það sem er nýtt er það sem gerist með formlegum hætti árið 1984, að gert er ráð fyrir því að fá það hlutverk sérstaklega svokölluðu varaliði, þ.e. ekki fastaliði í Bandaríkjaher heldur því sem kallað hefur verið sjálfboðaliðar, sem eru óbreyttir borgarar en gegna herþjálfunarskyldum í tómstundum, mynda þetta varalið sem verður ekki kvatt til á hættutímum nema með ákvörðun Bandaríkjaforseta og ósk eða samþykki viðkomandi stjórnvalda, t.d. hér á landi.

Ef rekja ætti síðan samskpti íslenskra stjórnvalda við forsvarsmenn þessa varaliðs frá árinu 1982 er það býsna löng saga, en ég ætla ekki að svo stöddu að gera það. Ég vísa til þess að þetta mál verður rætt í utanrmn. Þar mun ég gera væntanlega ítarlegri grein fyrir því sem um þetta mál er vitað og um það er að segja af hálfu utanrrn. En áður en ég lýk þeim þætti málsins að gera grein fyrir þessum almennu forsendum vil ég geta þess að í skýrslum utanrrh. til Alþingis hefur stefna íslenskra stjórnvalda í þessu máli verið mörkuð. Fyrst má segja í skýrslu þáv. utanrrh. Geirs Hallgrímssonar árið 1984 og síðar í skýrslu forvera míns til Alþingis árið 1988, núv. hæstv. forsrh. Í skýrslu þáv. utanrrh. Geirs Hallgrímssonar segir svo, með leyfi forseta:

„Grundvöllurinn að virkri þátttöku okkar Íslendinga í varnarsamstarfi Atlantshafsbandalagsins er að við öðlumst sjálfir meiri reynslu og þekkingu á varnarmálum er geri okkur betur fært að leggja sjálfstætt mat á þá hernaðarlegu stöðu sem þjóð okkar býr við. Með þeim hætti verðum við í stakk búnir til að taka fullan þátt í stefnumörkun um fyrirkomulag varna landsins. Með slíka þekkingu að bakhjarli hljótum við að óska úrbóta ef við teljum vörnum að einhverju

leyti áfátt eða hafna hugmyndum og fyrirætlunum á þessu sviði er við teljum að séu ekki í samræmi við þarfir okkar og stefnu í öryggismálum."

Í skýrslu hæstv. fyrrv. utanrrh. Steingríms Hermannssonar til Alþingis á sl. ári segir svo, með leyfi forseta:

„Ef til átaka drægi er ljóst að varnarliðið þyrfti aukinn liðsafla. Hersveit í varaliði bandarískra landhersins hefur verið þjálfuð og búin undir að koma til landsins á hættu- eða ófriðartímum. Hluti hennar tók þátt í umfangsmiklum æfingum í Kanada í sumar og fylgdust fulltrúar varnarmálaskrifstofu með þeim æfingum. Til að slík þjálfun komi að fullu gagni er nauðsynlegt að íslensk stjórnvöld hafi hönd í bagga og tryggi að allar varnaráætlanir séu í sem bestu samræmi við íslenska hagsmuni og staðhætti. Samræmis þarf að gæta milli almannavarnaáætlana okkar og skipulags lögreglu og landhelgisgæslu og þessara varnaráætlana. Að því hefur verið unnið, en eðli málsins vegna verður ekki greint frekar frá því."

Það er mitt mat eftir að hafa farið yfir skýrslur utanrrh. frá byrjun áratugarins til þessa dags að í þessum tveimur tilvitnunum megi segja að í almennum orðum sé mótuð sú stefnumörkun sem fram hefur farið af hálfu íslenskra stjórnvalda í þessu máli.

Virðulegi forseti. Út af fyrir sig er margt um þetta mál að segja, fréttaflutning um það og rangfærslur í fréttaflutningi. Það er sjálfsagt að velta fyrir sér spurningum um hvort æfingar þessar ef af yrði geti með nokkru móti flokkast undir nokkurs konar ögrun við grannþjóðir eða einhverja aðra aðila sem sjái af þeim ástæðum öryggi sínu ógnað. Sjálfsagt væri og fróðlegt að rekja samskiptasögu íslenskra stjórnvalda og yfirmanna varnarliðsins, yfirmanna varaliðssveitanna og forustumanna Atlantshafsbandalagsins um þetta mál allt frá árinu 1982 til dagsins í dag. Sjálfsagt er einnig að gera grein fyrir tilgangi þessara æfinga, umfangi þeirra, búnaði og kannski ekki að ófyrirsynju að spyrja: Hvernig er hægt að meta þessar æfingar við skulum segja í samanburði við þær æfingar sem fram fara á vegum annarra bandalagsríkja okkar? Ég veit að hv. fyrirspyrjandi er mikill stuðningsmaður og áhugamaður um norrænt samstarf og ég veit að það hvarflar ekki að honum að saka ríkisstjórnir vinsamlegra smáríkja eins og t.d. Noregs eða Danmerkur um það að standa fyrir ögrandi aðgerðum, allra síst á þessum góðu og gleðilegu afvopnunartímum. Þess vegna væri afar fróðlegt fyrir hann að kynna sér sérstaklega hvaða ráðstafanir eru gerðar af hálfu stjórnvalda í löndum eins og Noregi og Danmörku til að tryggja tíðar, reglubundnar og umfangsmiklar æfingar sem lúta fyrst og fremst að því að tryggja öryggi norskra og danskra borgara á hættu- og ófriðartímum. Ég hef satt að segja engan heyrt þar í landi telja að æfingar af því tagi séu ögrun við heimsfriðinn. Allra síst hef ég heyrt það frá fulltrúum þeirra ríkja sem þá væntanlega ættu að telja sér ógnað, þ.e. fulltrúum ríkja eins og Sovétríkjanna eða ríkja Austur-Evrópu.

Kjarni málsins af okkar hálfu er sá að spyrja: Eru æfingar af þessu tagi að einhverju leyti nauðsynlegar sem einhvers konar tryggingastarfsemi, fyrirbyggjandi aðgerð, viðlagatrygging við því sem kann að gerast og við allir erum sammála um að óska að gerist ekki ef hættu- eða ófriðarástand skapast í okkar landi eða í grennd við það? Og þá er spurningin um það: Eru Íslendingar sálfir undir það búnir, íslensk stjórnvöld? Hafa þau gætt skyldu sinnar til að leggja fram og undirbúa slíkar áætlanir og samhæfa þær og æfa þær eins og allar aðrar þjóðir gera til þess að tryggt sé að þær séu framkvæmanlegar þegar til á að taka? Loks er sjálfsagt að ræða um hvert er valdsvið íslenskra stjórnvalda í þessu máli. Það er út af fyrir sig ákaflega einfalt mál. Það er einfaldlega á valdi utanrrh. íslensku ríkisstjórnarinnar að stöðva þessar æfingar ef hann vill svo, hefur rök fyrir því. En væri slík ákvörðun tekin, þá þyrfti náttúrlega að færa fyrir því veigamikil og sannfærandi rök, önnur og veigameiri en fram komu í máli hv. fyrirspyrjanda um dýraríki kríunnar og jafnframt yrðu menn að leggja mat á það hverjar afleiðingarnar yrðu í samskiptum Íslands og bandalagsþjóða þeirra innan Atlantshafsbandalagsins.

Virðulegi forseti. Þá ætla ég að reyna að svara stutt og laggott þeim spurningum sem hv. þm. bar fram.

1. Hvenær barst varnarmáladeild ósk Bandaríkjamanna um umræddar æfingar?

Svar: Formleg tilkynning um slík áform var bókuð á fundi varnarmálanefndar þann 30. ágúst 1988, þ.e. í tíð fyrrv. ríkisstjórnar, en ég minni á að hv. fyrirspyrjandi var dyggur stuðningsmaður hennar og allra þeirra ríkisstjórna þar á undan sem hér verður um fjallað. Fyrstu upplýsingar um æfingar árið 1989 bárust hins vegar í októbermánuði 1986 með þeim hætti að þær voru lagðar fram á viðræðufundi skrifstofustjóra varnarmálaskrifstofu í viðræðum hans við yfirvöld Atlantshafsflotans í Norfolk í Bandaríkjunum — í október 1986 eins og ég segi, en þar kom fram nokkuð greinargóð lýsing á umfangi þessara æfinga, þessara þriðju áformuðu æfinga, þ.e. um fjölda þátttakenda, að þeir yrðu um það bil 1000. Ég skal taka það skýrt fram að þessi tilkynning, sem bókuð er í gerðabók varnarmáladeildar frá 30. ágúst, er býsna knapporð og engan veginn fullnægjandi greinargerð sem dugir fyrir utanrrh. til að taka ákvörðun um málið. Þar á meðal er þar hvergi vikið að tímasetningu áætlunarinnar. En margvíslegar upplýsingar lágu fyrir um áformin, lýsing á markmiðum, vitneskja um hverjir tækju þátt í æfingunum, hver væri tilgangurinn og hvernig væri skilgreint, ef ég má orða það svo, markmið æfinganna.

2. Hvenær var umrædd ósk lögð fyrir utanrrh.?

Svar: Áformin lágu fyrir úr bókun varnarmálanefndar eins og ég vék að áðan, en ósk um ákvörðun af hálfu utanrrh. var lögð fram með formlegum hætti í gær. Sumir hafa litið svo á og vísað þá til viðurkenndra starfsaðferða innan Atlantshafsbandalagsins að tilkynning um slíkar aðgerðir sé út af fyrir sig nægileg og þá reyni á viðbrögð stjórnvalda við því hvort þau í framhaldi af slíkri tilkynningu krefjist

frekari upplýsinga eða geri athugasemdir og leggi fram óskir eða kröfur um breytingar o.s.frv. Kjarni málsins er auðvitað sá, a.m.k. að mínu mati, að þetta á að leggja fyrir utanrrh. með öllum fáanlegum heimildum og gögnum og það á að vera svo að okkar kröfu og því næst á ákvörðun að vera, og það vefengir enginn, í okkar höndum. Óskin með þeim upplýsingum sem ég hafði sérstalega óskað eftir er ekki lögð fram með formlegum hætti þannig að unnt sé að afgreiða málið fyrr en í gær.

3. Hvar óska Bandaríkjamenn eftir að æfingarnar fari fram?

Svar: Á varnarsvæðinu. Þess má síðan geta að ósk er uppi um það að til hliðar við það fari fram æfing á fjarskiptakerfi varnarliðsins og fjarskiptakerfi íslenska almannavarnakerfisins sem væri þá utan varnarliðsins en framkvæmd sérstaklega fyrir utan þær æfingar sem fram fara á varnarsvæðunum.

4. Hversu margir óska Bandaríkjamenn eftir að taki þátt í æfingunum?

Svarið er þetta: Á bilinu 1200–1300 manns, en þá þarf að greina þar í sundur. Í fyrsta lagi er hér um að ræða 250 manns, sveit úr svokölluðu stórherfylki landhers Bandaríkjanna, höfuðstöðvar í Kaliforníu. Það er sú sveit sem er í viðbragðsstöðu um það að koma til Íslands með örskömmum fyrirvara, fáum dögum, ef kallið kemur og óskað er eftir, 240 manns. Í annan stað er um að ræða sveit úr stórfylki varaliðssveitanna, höfuðstöðvar í Massachusetts, 800 manns. Það eru þessir óbreyttu borgarar sem gegna þessum skyldum sem sjálfboðaliðar og eiga samkvæmt áætlunum að koma til Íslands með lengri fyrirvara og taka við af þeirri fyrstu sveit sem kemur. Þetta þýðir að raunverulegir þátttakendur í æfingunum væru rúmlega 1000. Loks er þess að geta að uppi eru óskir um það að 200–300 manns, yfirmenn hinna og þessara sveita, eftirlitsmenn, séu viðstaddir æfinguna til að leggja á hana mat, skoða hana gagnrýnum augum, undirbúa skýrslugerð um árangur o.s.frv. og kynna niðurstöðurnar hernaðaryfirvöldum, forustu Atlantshafsbandalagsins og íslenskum stjórnvöldum.

5. Hvaða búnað er óskað eftir að nota við æfingarnar? er spurt.

Svarið við því er að þarna verða notuð um 45 ökutæki á hjólum, ekki á beltum, þar á meðal 5 tonna flutningabílar og nokkur eintök af nýjustu gerð af herjeppum. Þess skal getið að þungavopn þessarar varaliðssveitar eru geymd í Kanada og koma ekki með þessari sveit. Hins vegar kemur liðið, þessir 800 einstaklingar, með léttabúnað sinn sem þeir bera á sjálfum sér og samanstendur af rifflum, vélbyssum, skammbyssum, sprengjuköstur um, sprengjuvörpum og sprengjuvörpum sérstaklega útbúnum til að granda brynvögnum. Þess skal getið að það eru engin skot í farangrinum og það verður ekki hleypt af skoti í þessari æfingu öðrum en púðurskotum. Að því leyti er þetta ólíkt þeim æfingum sem fram fóru 1987 því þá var vopnabúnaður öllu viðameiri og þar á meðal kvaddar til árásarflugvélar, sprengjuflugvélar, utan þess flugvélakosts sem varnarliðið hefur yfir að ráða. Þetta er að segja um búnaðinn.

6. Hvaða dag áforma Bandaríkjamenn að boða út lið til æfinganna?

Það eru margir mánuðir síðan þetta lið var boðað út. Ég þori ekki að fullyrða hversu margir mánuðir það eru, þ.e. hvenær liðstilkynningin var send út um fyrirhugaðar æfingar. Mér er nær að halda að það sé fyrir hálfu öðru ári. Hins vegar ef spurt er hvenær liðið leggi af stað frá Bandaríkjunum, þá er þess að geta að liðsflutningarnir eiga samkvæmt þessum upphaflegu áformum að eiga sér stað hinir fyrstu aðfaranótt 18. júní.

Í sjöunda lagi er spurt: Hve marga daga óska Bandaríkjamenn eftir að æfingarnar standi?

Svarið er: Fimmtán daga. Þó skal þess getið að fullur liðssafnaður samkvæmt þessum áformum eða óskum stendur yfir aðeins þrjá af þessum dögum.

8. spurning: Hvers lags lið er það sem Bandaríkjamenn óska eftir að æfa hér?

Til þess að stytta svarið væri kannski vert að benda hæstv. fyrirspyrjanda á að lesa ákaflega greinargott viðtal við stærðfræðikennara í Massachusetts sem er yfirhershöfðingi þessa sjálfboðaliðs og birtist í Morgunblaðinu — ja, nú man ég ekki dagsetninguna á því, mig minnir í mars á síðasta ári — 3. mars. Þetta virtist vera ákaflega aðlaðandi maður, friðsamur í besta lagi og mikill Íslandsvinur að sögn og sér í lagi áhugamaður um fuglavarp, rétt að það komi fram, og kunnáttumaður um það og hefur gengið hér um móa og þúfur og óbyggðir víðar en flestir landar að þeim ólöstuðum. Í þessu hispurslausa og einlæga viðtali er eiginlega öllu því svarað sem lýtur að því hvers konar fólk þetta er. Þetta eru óbreyttir borgarar. Þetta eru stærðfræðikennarar. Þetta er mikið af kennurum. Það er eitthvað af verkfræðingum og tæknifræðingum, þar á meðal talsvert af landbúnaðarverkfræðingum. Ég veit ekki hvort mikið er af hjúkrunarliði. Þó er það vitað að það er mikið af hjúkrunarliði, enda er það einn þáttur æfinganna. En ef spurt er nákvæmlega, ég hef reyndar þegar getið þess, þá er þetta kannski þríþætt. Í fyrsta lagi er þessi 240 manna sveit atvinnumanna úr fastaliðinu sem kemur hingað með tveggja daga fyrirvara og á fyrst og fremst að æfa það að taka við af varnarliðinu sem fyrir er, en því næst 800 manna sveit sjálfboðaliða sem síðan á að leysa það af hólmi og síðan er þetta eftirlits- og skoðunarlið sem ég nefndi áðan.

Í níunda lagi er spurt: Hvaða tilgangi telur utanrrh. að þessar hugsanlegu heræfingar þjóni?

Því er til að svara að þessi æfing er skilgreind á þann veg að hún þjóni fyrst og fremst þeim tilgangi að þjálfa venjubundna æfingu á flutningum liðsauka til Íslands. Það er meginmarkmiðið. Að þjálfa þessa liðsflutninga undir þeim formerkjum að þá beri að höndum með litlum fyrirvara og því næst nánast að æfa hvernig skipting fer fram milli þeirra þriggja liðseininga sem ég nefndi.

Þessu er lýst á þann veg að varnaráætlunin sé í þremur stigum. Fyrsta stig er það lið sem þegar er fyrir á Keflavíkurflugvelli, annað stig er sá liðsauki sem kemur strax frá Bandaríkjunum og þriðja og lokastigið er því næst varaliðið sem ég var að lýsa sem á að leysa af hólmi þessar fyrstu sveitir úr fastahernum.

Æfingarnar eru því þríþættar. Í fyrsta lagi eru það allra fyrstu varnir á landi. Um 500 liðsmenn á Keflavíkurflugvelli munu annast þær. Flestir þeirra hafa önnur föst verkefni, en hafa hlotið þjálfun til þess að annast fyrstu varnir á jörðu niðri. Annað stig: Aðstoð og liðsauki við liðsmennina sem annast fyrstu varnirnar. Í æfingunni verður það þessi 250 manna sveit úr stórfylki landhersins frá Kaliforníu. Og þriðja stigið eru svo sveitir úr varaliðsstórfylkinu, þessara varasveita frá Nýja Englandi. Hún mun leysa sveitir fastahersins af hólmi og það verður æft á einhverjum dögum af þessari æfingu. Fasta sveitin, sem er framvarðarsveit, setur einnig á svið flutning til annars staðar og dregur sig síðan í hlé.

Þá er þess að geta að það er síðan annar meginþáttur þessarar æfingar að þjálfa sjúkra- og hjúkrunarlið. M.a. í því skyni koma hingað þrjár litlar sjúkraþyrlur og óskir eru uppi um það þegar eftir er gengið að þessi æfing verði að einhverju leyti samhæfð gegnum Almannavarnir þeim þætti almannavarna Íslendinga sem lýtur að viðbrögðum við stórslysum og hjúkrun á hættutímum.

Loks er þess að geta, sem ég nefndi áðan, að til hliðar við þetta og án beinna skipulagstengsla við það er spurningin um sérstaka staðprófun á því hvernig fjarskiptakerfi varnarliðsins og almannavarnakerfisins gengur upp í reynd.

Þá er 10. spurning: Hvaða tök hefur hæstv. utanrrh. á því að koma í veg fyrir að æfingarnar fari fram?

Svarið við því er einfalt: Það er á valdi utanrrh. að samþykkja eða synja um þessar æfingar eða að koma fram með kröfur um breytingar, ný áhersluatriði eða hvaðeina. M.ö.o.: það er alveg ljóst að þessar æfingar fara ekki fram nema með leyfi íslenska utanrrh. og forsögn hans eða fyrirmælum um það hvar þær fara fram, með hve mörgum þátttakendum og nánari tillögum um fyrirkomulag og framkvæmd þannig að það fer ekki milli mála.

Á hitt er svo að líta að þó að ég hafi ekki vikið neitt að forsögu málsins er hér um að ræða áætlanir sem eru kynntar allítarlega sem röð æfinga allt til ársins 1993 og kynntar íslenskum stjórnvöldum strax í október 1986. Áætlanir um þessar æfingar eru gerðar með eins og hálfs til tveggja ára fyrirvara. Það væri lítið mál að segja einhverjum sveitum fastaliðs út af fyrir sig að þær gætu æft sína hluti einhvers staðar annars staðar ef okkur svo þóknaðist. Það er öllu erfiðara þegar um er að ræða að raunveruleg formleg beiðni um staðfestingu eða synjun eða afgreiðslu íslenskra stjórnvalda er svona seint fram komin. Þá er það mjög vandasamt mál vegna þess að ef það hefði átt að koma í veg fyrir eða breyta í grundvallaratriðum fyrirkomulagi þessarar æfingar hefði þurft að gera það alveg örugglega í tíð fyrrv. ríkisstjórnar. Þetta er undirbúið með svo löngum fyrirvara.

Ástæðurnar eru afar einfaldar ef við bara lítum á mannlega þáttinn. Hér er um að ræða sjálfboðaliða sem eru að skyldustörfum sem óbreyttir borgarar, þurfa með löngum fyrirvara að fá sig lausa frá sínum störfum o.s.frv. Það er auðvitað mikið samhæfingar- og skipulagsmál að gera það þannig að vel fari. Ef það ætti að færa þetta á allt annan árstíma t.d. kallar það á nýja áætlun sem tekur u.þ.b. eitt ár til eitt og hálft ár að undirbúa. Þetta breytir ekki nokkrum sköpuðum hlut um valdsvið íslenska utanrrh. Það er alveg á hreinu. Síðan er spurningin um að meta með hvaða rökum við ættum að gera kröfur um það annaðhvort að fella þetta niður eða leggja þarna fram aðrar áherslur eða fækka þátttakendum o.s.frv. Hver væru okkar meginrök fyrir því? Það væri mjög fróðlegt að heyra þær röksemdir hér í umræðunum. Því næst yrðum við auðvitað að meta það í ljósi þeirra vitneskju sem fyrir liggur nánast um skuldbindingar íslenskra stjórnvalda mörg ár aftur í tímann hvaða áhrif það hefði fyrir stöðu okkar í þessu samstarfi því þessar æfingar fara að verulegu leyti fram að ósk íslenskra stjórnvalda, það er ljóst. Ef við allt í einu segðum með nokkurra mánaða fyrirvara: Nei, við viljum ekki leyfa þetta, þá verða að vera þungbærari rök fyrir því en fram hafa komið um kríuna og það verður að byggja á einhverjum skynsamlegum rökstuðningi.

Loks er spurt og það er 11. og seinasta spurningin: Hvaða umfjöllun hefur ósk Bandaríkjamanna fengið í ríkisstjórn Íslands?

Svarið er það að utanrrh. hefur á ríkisstjórnarfundi fyrir rúmri viku, ef ég man rétt, gert ríkisstjórn grein fyrir stöðu málsins. Á þeim tíma þegar það var gert lágu ekki fyrir, að mínu mati, fullnægjandi upplýsingar. Það sem lá fyrir var að sjálfsögu allt sem vita þurfti um forsögu málsins um þessi áform, um tilgang og fjölda o.s.frv., en á því tímabili hafði mér ekki verið tilkynnt um áformin að því er varðaði tímasetningu þessara áætlana. Á þeim tíma sem liðinn er síðan hefur mikil vinna verið lögð í að afla nauðsynlegra gagna sem að mínu mati hefðu auðvitað átt að liggja fyrir fyrir löngu til þess að koma þeim upplýsingum öllum á framfæri við hv. Alþingi og utanrmn. og að sjálfsögðu verður málið rætt aftur í ríkisstjórn áður en ákvörðun verður tekin.

Virðulegi forseti. Ég vona að þessi svör við spurningum hv. þm. séu eftir atvikum fullnægjandi. A.m.k. eru þær upplýsingar gefnar eftir bestu samvisku og á grundvelli þeirra gagna sem ég hef getað aflað.

Mér þykir rétt, virðulegi forseti, að bæta við örfáum orðum um nokkra þætti sem tengjast þessu máli.

Það er í fyrsta lagi um fréttaflutninginn af málinu. Sumir voru kannski þeirrar skoðunar að þetta væri hinn óttalegi leyndardómur og ætti að fara ákaflega leynt. Sannleikurinn er sá að fréttaflutningur af þessum fyrirhuguðu æfingum varaliðssveita og eldri

æfingum hefur verið óvenjulega mikill. Í fyrsta lagi hefur hin almenna stefnumótun komið fram í skýrslum utanrrh., forvera minna hæstv., eins og ég hef þegar vikið að. Í annan stað hafa birst fréttir af þessum áformum, m.a. á sl. hausti í dagblöðunum Morgunblaðinu og Þjóðviljanum. Morgunblaðið hefur birt greinargóða lýsingu sjónarvotts af æfingunni 1987 sem reyndar fór fram þá í tíð þeirrar ríkisstjórnar frá 17. júní til 25. júní. Ég hef af því tilefni sérstaklega spurst fyrir um það af hálfu Suðurnesjamanna, af því ég var viðstaddur afmæli Keflavíkurbæjar um helgina ásamt með hæstv. forsrh. og fleiri góðum mönnum, hvort Suðurnesjamenn hefðu ekki orðið varir við þennan ófögnuð og þennan ófrið á hendur kríu. Og mér er sagt að það hafi ekki gefið sig fram einn einasti maður sem hafi vitað af þessu.

Morgunblaðið hefur, eins og ég áður sagði, birt mjög ítarlegt viðtal við þann mann sem gegnir hershöfðingjastarfi þessara varaliðssveita sjálfboðaliða sem er afar fróðlegt. Þess vegna er spurning hvernig á því stendur að allt í einu í kringum 31. mars fréttamennsku sína birtir Ríkisútvarpið fréttir byggðar á einhverju innanhússtímariti landhersins í Bandaríkjunum og viðtöl við einhvern mann sem titlaður er Nelson, ekki flotaforingi heldur kapteinn. Ég hafði ekki haft í höndum þennan texta en varð mér úti um hann. Þar stendur hvergi neitt um að þessar æfingar eigi að byrja á þjóðhátíðardegi. Þar eru engar tölur nefndar um fjölda liðssveita heldur mun þetta hafa komið fram í einhverju spjalli fréttamanns við umræddan Nelson, ekki flotaforingja. En það er rétt að taka það fram að öll aðalatriðin í þeirri frétt eru ósönn. Og það þarf að koma hér kirfilega fram.

Í fyrsta lagi: Áformin, nú er ég ekki að tala um það sem verður einu sinni, áform Bandaríkjamanna voru aldrei önnur en þau að þessar liðsveitir kæmu hingað hið fyrsta aðfaranótt 18. júní. Í annan stað er það rangt að þetta séu mestu æfingar sem fram hafa farið á Íslandi frá stríðslokum. Ég vék að því í upphafi ræðu minnar að fjöldi í varnarliði var fyrr á árum, sérstaklega á milli 1950 og 1970, umtalsvert meiri en nú og þá fóru fram iðulega, ég hef ekki dagsetningar og nákvæma statistík yfir fjölda þátttakenda, en þá fóru fram iðulega æfingar sem tóku til mun meiri fjölda en hér er verið að ræða um þannig að það er líka rangt.

Þá finnst mér, virðulegi forseti, rétt að víkja að mjög þýðingarmikilli spurningu sem ég tek mjög alvarlega og hún er þessi: Ef íslensk stjórnvöld, í ljósi þess sem á undan er gengið, mundu þrátt fyrir allt heimila að æfingar færu fram, hvort sem það væri á öðrum tíma með þátttöku færri eða eitthvað svoleiðis: er einhver leið að skoða það sem ögrandi aðgerð, ófriðsamlega rödd úr hjarta hinnar friðsömu Reykjavíkur á tímum afvopnunar, friðsamlegra samskipta og sátta? Ef svo væri mundi ég taka það mjög alvarlega því að ég vil að það sé hafið yfir allan vafa að af hálfu þessarar ríkisstjórnar eins og annarra ríkisstjórna grannlanda okkar, bandalagsríkja og reyndar ríkisstjórna Varsjárbandalagsins, þá gerum við okkur af mikilli og djúpri einlægni vonir um að nú séu fram undan þáttaskil í afvopnunarmálum og von um nýja tíma í gömlu Evrópu, um það að endi verði bundinn á kalda stríðið og að upp hefjist tími gagnkvæms trausts og öryggis í Evrópu á grundvelli afvopnunarsamnings, ekki hvað síst afvopnunarsamningsins í Vín.

Er einhver hætta á því að Íslendingum verði af einhverju alvörugefnu fólki sem mark er takandi á núið um nasir að æfingar af þessu tagi spilli þessum afvopnunarferli eða dragi úr trúnaði manna um atfylgi íslenskra stjórnvalda við afvopnunarandann og afvopnunartillögurnar?

Ja, til þess að svara því lét ég draga saman upplýsingar um hvað er að segja þá um slíkar ögrandi aðgerðir annarra kotþjóða hérna í kringum okkur. Er það virkilega svo að t.d. bræðraþjóðir okkar Danir og Norðmenn fari fram með offorsi, ófriði og djöfulskap og séu að ögra friðsömum þjóðum Sovétríkjanna og Austur-Evrópu á slíkum tímum? Auðvitað er þetta ekkert tæmandi, en ég held að það sé gagnlegt að það komi fram að æfingar þar sem verið er að þjálfa varnar- og viðbúnaðarsveitir, þjálfa ýmis varnarkerfi, fjarskiptakerfi, almannavarnakerfi, hjúkrunarkerfi, liðsflutningakerfi á hættutímum, fara fram með reglubundnum hætti á hverju einasta ári og stundum oftar en einu sinni á ári í hverju einasta aðildarlandi Atlantshafsbandalagsins og að sjálfsögðu í hverju einasta aðildarlandi Varsjárbandalagsins, bara í miklu stærri stíl. Það hefur verið samið um framkvæmd slíkra æfinga ef þær eru af þeirri stærðargráðu að það þyki taka því að nefna þær og sú tilkynningarskylda varðar æfingar með þátttökufjölda fleiri en 3200 einstaklinga. Æfingar sem eru með minni þátttöku en þeirri þykir ekki taka að nefna því þær þykja svo smávægilegar og er ekki hirt um það við samningaborðið að fara fram á tilkynningarskyldu hvað þá kröfu um að fulltrúar gagnkvæmra aðila séu viðstaddir eins og er um aðrar æfingar. Í ljósi þessa virðast þær æfingar sem þegar hafa farið fram, ég verð nú að segja það eins og er, vera svo smávægilegar að um þær gildir ekki tilkynningarskylda og það hefur enginn gert við þær athugasemdir og enginn óskað eftir að fylgjast með þeim aðrir en þeir sem beint eiga hlut að máli.

Að því er varðar aðrar æfingar sem fram hafa farið er rétt að geta þess arna. Í fyrsta lagi um Danmörku sem er lítið land og friðsamt. Þar fer fram annað hvert ár æfing sem lýst er að hafi það markmið að æfa viðbrögð við innrás í Danmörku og er kölluð OXOEL-æfing, haldin að hausti annað hvert ár, og þátttakendur eru að sögn, og ég hef ekki fyrir því skriflegar heimildir, nokkrir tugir þúsunda.

Um Noreg er það að segja að þar fara fram með reglubundnum hætti æfingar sem varða allt stjórnkerfið, svokallaðar pappírsæfingar, bæði sjálfstætt og því næst í tengslum við svokallaðar vintex/symex NATO-æfingar sem varða ríkisstjórn, hernaðaryfirvöld, haldin annað hvert ár og reyndar í öllum NATO-löndum nema t.d. á Íslandi. Nýjasta dæmið

um heræfingar í Noregi er svokölluð Teamwork-æfing sem fram fór á síðasta ári og náði reyndar frá austurströnd Bandaríkjanna og Kanada yfir Atlantshaf til Noregsstranda. Þátttakendur í þeirri æfingu voru 45 þúsund. Það voru 500 flugvélar og 200 skip, heilt flugvélamóðurskip og níu þjóðir tóku þátt í æfingunni. Tilgangurinn var að æfa varnir sjóliðanna yfir Atlantshaf, sem kallað hefur verið líflína Atlantshafsbandalagsins, einnig að æfa varnir á Noregshafi og þar á meðal liðsflutninga með landgönguprömmum við Noregsstrendur. Þar voru einnig sett á svið innrás í Noreg og viðbrögð og varnir við slíkri innrás. Þessi æfing er haldin annað hvert ár. Í tengslum við hana er haldin á hverju ári í Norður-Noregi sérstök æfing sem heitir Barfrost.

Því næst er um að ræða æfingar á Norður-Atlantshafi og Noregshafi með þátttöku margra Atlantshafsbandalagsríkja. Einni slíkri æfingu er nýlokið undan ströndum Noregs, fór þar fram milli 6. og 15. mars. Hún er haldin annað hvert ár. Í henni tóku þátt 15 þúsund manns, 30 skip, fjöldi flugvéla og flugvélamóðurskip. Æfingin sú fór aðeins fram á sjó. Annað hvert ár er síðan haldin svokölluð Cold Winter-æfing í Noregi og við Noregsstrendur með þátttöku um 45 þúsund manns.

Ef vikið væri að öðrum löndum er kannski sérstaklega ástæða til að víkja að Vestur-Þýskalandi og Mið-Evrópusvæðinu. Þar er haldin á hverju ári í Vestur-Þýskalandi, Belgíu og Hollandi allsherjaræfing sem heitir Reforcer með þátttöku 50 þúsund einstaklinga, aðallega Þjóðverja og Bandaríkjamanna.

Síðan má þess geta að tugir æfinga eru haldnar reglulega um alla Norður-Evrópu. Í janúar t.d. voru haldnar átta æfingar í Norður-Evrópu.

Ég held að þetta dugi til að sýna fram á að það er óskaplega mikill misskilningur ef menn halda að Íslendingar fari hér fram með einhverju óskaplegu offorsi og láti ófriðlega. Æfingar af þessu tagi eru reglubundinn þáttur í því sameiginlega öryggiskerfi sem við erum þátttakendur í og það er engin leið að halda því fram að við meinum eitthvað með því að hafa gert samning við annað ríki um að annast varnir Íslands eða séum samningsbundnir innan þessa varnarkerfis Atlantshafsbandalagsins ef við einir þjóða, sem meira að segja þurfum í þeim varnaráætlunum á liðsauka að halda, segjum: Við viljum að vísu hafa hér varnarlið, en við viljum ekki vita af því og það má ekkert aðhafast til þess að æfa í reynd við raunverulegar aðstæður viðbrögð sín við því sem kann að gerast og þarf að gera á viðsjárverðum hættutímum sem geta gerst fyrr en varir án okkar tilverknaðar. Það er nú svo einfalt sem það er.

Í ljósi þess arna held ég að ég hafi sagt nóg til þess að færa að því nokkur rök að engar æfingar geta með engu móti skoðast sem ögrun við einn eða neinn, enda hefur því hvergi verið haldið fram af nokkrum einasta aðila sem málið varðar.

Og í annan stað að lokum: Þetta eru að sjálfsögðu okkar eigin ákvörðunarefni. Spurningin er ósköp einfaldlega þessi: Telja Íslendingar þörf á því að á þeirra vegum sé sett upp áætlun sem lýtur að neyðar- og almannavarnaáætlunum á viðsjárverðum tímum? Höfum við undirbúið það nægilega vel sjálfir? Höfum við slíka viðbúnaðaráætlunargerð? Viljum við meðan við höfum varnarlið í landinu samhæfa það að einhverju leyti sams konar æfingum á vegum þess sem varða í fyrsta lagi varnir utan varnarsvæðanna en því næst varnir lykilmannvirkja, orkuvera, samgönguæða, lykilstofnana og hugsanlega áætlana um flutning óbreyttra borgara af hættusvæðum ef á þarf að halda. Er einhver hér inni sem segir: Við eigum ekkert að fást um slíkt. Við eigum bara að segja: Den tid, den sorg?

Það er út frá þessu sjónarmiði sem ég hef við nánari skoðun talið rétt að leggja á það áherslu, jafnvel strax við þessa æfingu, að það fari fram þessi minni háttar hliðaræfing á fjarskiptakerfum almannavarnakerfisins og varnarliðsins þó það kunni að kalla á að einhverjir sem framkvæma þá æfingu fari út fyrir varnarsvæðið. Ég mundi út frá mínum bæjardyrum séð eftir allnákvæma skoðun þessa máls telja að við Íslendingar ættum nú þegar að undirbúa betur okkar eigin almannavarnaáætlun og undirbúa það í tæka tíð að gera kröfu um það með hvaða hætti við viljum út frá íslenskum hagsmunum og út frá öryggi íslenskra borgara að æfingar af þessu tagi verði framkvæmdar í framtíðinni og það reyndar strax með næstu æfingu.

Virðulegi forseti. Ég held að það sé ekki ástæða til að orðlengja þetta frekar. Ég vil að lokum taka undir það, sem fram kom í skýrslum forvera minna til Alþingis, í skýrslum til þeirra hæstv. fyrrv. utanrrh. Geirs Hallgrímssonar og Steingríms Hermannssonar, sem fram kom í þeirra máli, að það er rétt stefna af hálfu íslenskra stjórnvalda. Við þurfum að búa svo um hnútana að við getum lagt sjálfstætt mat á þessa hluti á grundvelli íslenskra hagsmuna, á grundvelli mats, skoðana, ábendinga og tillagna íslenskra starfsmanna. Og ég lýk þessari ræðu minni og þessum svörum mínum með því að segja að enginn vefengir það að þetta er algerlega á okkar valdi sjálfra að ákveða og það hlyti þá að verða meginefni þessarar umræðu að leiða í ljós hvort Alþingi metur það svo að hér sé um að ræða einhverja stríðsleiki, ögranir eða aðgerðir sem lýsa vilja ábyrgra stjórnvalda til að búa sig undir hið versta um leið og við vonum hið besta.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Þær gerast kynlegri með degi hverjum uppákomurnar innan stjórnarliðsins og þessi uppákoma í dag, þar sem formaður þingflokks framsóknarmanna hefur umræðu utan dagskrár, er enn eitt dæmið þar um.

Það má segja að sú umræða sem hér fer fram sé kyndug a.m.k. í tvennum skilningi. Í fyrsta lagi gerist það að formaður þingflokks framsóknarmanna hefur umræðu utan dagskrár um hefðbundnar og reglulegar heræfingar sem Framsfl. hefur haft forustu um mörg undangengin ár. Í öðru lagi gerist það að formaður þingflokks framsóknarmanna hefur forgöngu um umræður utan dagskrár gegn utanrrh.

ríkisstjórnarinnar. Nú á það að heita svo að Framsfl. fari a.m.k. að formi til með forustu í þessari hæstv. ríkisstjórn og það hlýtur því að sæta allmiklum tíðindum þegar formaður þingflokks þessa svonefnda forustuflokks ríkisstjórnarinnar hefur hér umræðu utan dagskrár gegn utanrrh. ríkisstjórnarinnar. Ég hygg að það séu ekki mörg dæmi um þetta. Mér sýnist að þetta beri vott um þá þverbresti sem eiga sér stað í þessu stjórnarsamstarfi, þau óheilindi sem þar búa að baki. En auðvitað er það svo allt hið alvarlegasta mál, ekki síst þegar um er að ræða málefni sem lúta að afstöðu Íslands til utanríkismála og varnar- og öryggishagsmunamála landsins sjálfs. En þessi umræða er athyglisverð fyrir þetta tvennt.

Samkvæmt efni málsins sýnist mér að það sé varla að það hafi rúmast samkvæmt ákvæðum þingskapa að heimila um það umræðu samkvæmt þessum lið utan dagskrár. Það er ekki mikilvægt mál. Hér er um að ræða hefðbundnar smávægilegar heræfingar og það hefur þegar komið fram í máli hæstv. utanrrh. varðandi allar tímasetningar að það getur ekki talist vera svo brýnt að það hefði ekki verið unnt að taka það upp með venjulegum hætti. En að hinu leytinu er málið auðvitað mikilvægt, sem ég nefndi, að formaður þingflokks forustuflokks ríkisstjórnarinnar tekur hér upp mál gegn utanrrh. og það eitt út af fyrir sig réttlætir að umræða fari fram um þetta utan dagskrár og það allítarleg.

Ef við lítum fyrst á efni málsins hefur það þegar verið rakið af hæstv. utanrrh. að æfingar þær sem fyrir dyrum standa eru mjög venjulegar. Þær hafa farið fram, að vísu með heldur færri mönnum, áður. Þær eru svo smávægilegar að samkvæmt alþjóðlegum samningum eru þær ekki einu sinni tilkynningarskyldar og um þetta hefur verið fjallað af íslenskum stjórnvöldum árum saman. Þetta er allt og sumt þegar haft er í huga hversu mikið er haft við af hv. 1. þm. Norðurl. v., formanni þingflokks framsóknarmanna.

Það er ljóst að æfingar sem þessar eru á valdi Íslendinga. Það er Íslendinga sjálfra að ákveða hvort þær fara fram eða ekki með nákvæmlega sama hætti og það er okkar ákvörðun að við höfum hér varnarlið samkvæmt sérstökum samningi og erum aðilar að Atlantshafsbandalaginu og íslenskar ríkisstjórnir með þátttöku og undir forustu framsóknarmanna hafa tekið ákvarðanir um þetta hvað eftir annað. Það hafa verið teknar ákvarðanir um þetta þar sem Framsfl. hefur haft forustu og forsæti í ríkisstjórn. Það hafa verið teknar ákvarðanir um þetta þar sem Framsfl. hefur farið með utanrrn. Svo allt í einu núna er talin ástæða til þess að gera þetta að sérstöku upphlaupsmáli gegn hæstv. utanrrh.

En við hljótum að spyrja þeirrar spurningar þegar umræða af þessu tagi fer fram: Er eðlilegt að æfingar sem þessar séu stundaðar? Þá skulum við velta því fyrir okkur til hvers varnarliðið er hér, hvaða tilgangi það þjónar og hverju við höfum náð fram með aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningnum við Bandaríkin. Við skulum líka gera okkur grein fyrir því að við eigum að gera kröfur til varnarliðsins. Við eigum að gera kröfur til þess að það ræki skyldur sínar samkvæmt þessum samningi og uppfylli þær í hvívetna. Hér er um að ræða gagnkvæman samning sem báðar þjóðirnar telja sér hag í og við eigum að ganga eftir því að þessum samningi sé fullnægt í hvívetna. Það var einmitt út frá þessum sjónarmiðum sem Geir Hallgrímsson sem utanrrh. fór að huga að virkari þátttöku Íslendinga í störfum innan Atlantshafsbandalagsins og með því að gera auknar kröfur til varnarliðsins sjálfs. Og það er í samræmi við slíkar kröfur sem við gerum um það að þeir sýni fram á að þeir geti sent hingað liðsauka sem sé viðbúinn og kunni hér til aðstæðna ef hættu ber að. Það er einmitt í samræmi við þessar kröfur sem slíkar æfingar fara fram og sú stefna var mótuð fyrst og fremst af Geir Hallgrímssyni sem utanrrh. að við tækjum aukinn þátt í störfum innan Atlantshafsbandalagsins og gerðum þessar kröfur. (**Utanrrh.:** Reyndar einnig af Ólafi Jóhannessyni.) Ekki skal ég rýra hlut Ólafs Jóhannessonar í þessu efni.

Við tökum nú virkari þátt í störfum hermálanefndar Atlantshafsbandalagsins. Fulltrúi Íslands hefur tekið þátt í störfum kjarnorkuvopnanefndar Atlantshafsbandalagsins. Við höfum komið okkur upp sérfræðingum á þessum sviðum varnar- og öryggismála og smám saman verið að gera okkur sjálfa hæfari til þess að taka ákvarðanir og gera kröfur í þessum efnum. Slíkar æfingar hafa farið fram, eins og þegar hefur komið fram í umræðunum, árin 1985 og 1987. Framsfl. hafði forustu í þeirri ríkisstjórn þegar æfingar þessa varaliðs voru hafnar. Það hefur komið fram að tilkynningar um þær æfingar sem nú eru fyrirhugaðar bárust utanrrn. meðan Framsfl. hafði enn húsbóndavald í því ráðuneyti. Allt ber þess vegna að einni og sömu niðurstöðu. Hér er um að ræða smávægilegar heræfingar. Þær hafa eigi að síður gildi fyrir starf varnarliðsins og stefnumótun okkar í þessum efnum þar sem við gerum auknar kröfur sjálfir til varnarliðsins. Það er í hæsta máta óviðurkvæmilegt, ekki síst með tilliti til þess að hér er um að ræða gagnkvæman samning þar sem við erum að leggja skyldur á borgara annars lands til að taka þátt í vörnum Íslands, að gera lítið úr störfum þeirra og vilja til þess að taka þátt í því verki og ber að harma ummæli hæstv. forsrh. sem hafa lotið að því að gera lítið úr þeim mönnum sem eru reiðubúnir til að taka sameiginlega með okkur þátt í vörnum landsins.

Það hefur líka komið fram að það er ekki einasta að íslenskum stjórnvöldum hafi verið gerð grein fyrir þessum fyrirhuguðu æfingum með miklum fyrirvara og þar á meðal forustumönnum Framsfl. heldur voru þegar í nóvember fluttar fréttir í Morgunblaðinu um þessar fyrirhuguðu æfingar. Af því tilefni spunnust engar umræður. Það var mjög ítarleg frétt sem þá var flutt. En á þeim tíma sá formaður þingflokks Framsfl. enga ástæðu til að hlaupa upp og hefja utandagskrárumræður gegn utanrrh. þeirrar ríkisstjórnar sem flokkur hans á að heita að hafa forustu fyrir. Þá var engin ástæða til þess. Þá var engin tímaþröng. Og

menn spyrja: Hvað hefur breyst á þessum fáu mánuðum fyrst ekki var tilefni til að taka þetta upp, ekki þegar tilkynningar bárust stjórnvöldum og forustumönnum Framsfl. og ekki þegar Morgunblaðið hafði í nóvember birt um þetta frétt, en allt í einu núna er þetta tilefni til sérstakrar umræðu og árása á utanrrh.? Það hefur eitthvað mikið breyst frá því í nóvembermánuði.

Hér hefur komið fram í máli hæstv. utanrrh. að bæði Geir Hallgrímsson sem utanrrh. og núv. hæstv. forsrh. sem utanrrh. fyrri ríkisstjórna hafa gert Alþingi grein fyrir þessum heræfingum í skýrslum sínum til Alþingis. Það hefur komið fram opinberlega að hæstv. núv. forsrh. fór í kynnisferð á Keflavíkurflugvöll. Í fjölmiðlum hefur því verið haldið fram að í þeirri kynnisferð í ágúst 1987 hafi hann fengið allar upplýsingar um þessar fyrirhuguðu æfingar. Og í fjölmiðlum hefur getum verið leitt að því að í kynnisferð utanrmn., sem hv. formaður þingflokks framsóknarmanna gat um hér fyrr í umræðunni, hafi þingmönnum í utanrmn. verið gerð grein fyrir þessum æfingum. Þannig hefur þingmönnum og stjórnvöldum verið gerð fullkomin grein fyrir þessum eðlilega þætti í starfsemi varnarliðsins.

Þá er það spurning, sem menn þurfa að svara eftir að slíkt upphlaup hefur farið fram, hvort slíkar smávægilegar heræfingar séu í einhverri mótsögn við þá þíðu sem nú er í alþjóðasamskiptum, einhverri mótsögn við þá gleðilegu þróun til aukinnar afvopnunar og bættrar sambúðar milli austurs og vesturs og milli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna? Því er auðvitað fljótsvarað. Slíkar æfingar eru ekki í neinni mótsögn við þessa þróun. Það er beinlínis gert ráð fyrir því í þeim samningum sem menn gera nú um afvopnun og takmörkun herafla að heræfingar fari fram og aðilar geti fylgst með heræfingum og fái upplýsingar um heræfingar hvors annars. Þetta er einmitt talinn einn mikilvægasti þáttur þeirrar nýju þróunar sem á sér stað í afvopnunarmálum. Ég minnist þess að sl. sumar þótti það vera einn merkilegasti þáttur þessarar nýju þróunar þegar þáv. varnarmálaráðherra Bandaríkjanna fylgdist með mjög umfangsmiklum heræfingum í Sovétríkjunum. Það var ekki einasta svo að þær heræfingar og sú heimsókn varnarmálaráðherra Bandaríkjanna væru talin í samræmi við þá nýju þróun sem átt hefur sér stað heldur var sú heimsókn og voru þær heræfingar taldar vera snar þáttur og skýrt dæmi um batnandi sambúð austurs og vesturs, batnandi sambúð Ráðstjórnarríkjanna og Bandaríkjanna. Athugasemdir af þessu tagi hafa því ekki við nein rök að styðjast.

Atlantshafsbandalagið hefur nú starfað í fjóra áratugi og það er augljóst að það er fyrst og fremst styrkur þess og staðfesta sem hefur leitt til þeirrar gleðilegu þróunar sem við erum að upplifa, fyrst og fremst styrkur og staðfesta Atlantshafsbandalagsins sem hefur verið áhrifamesta friðarbandalag sem um getur og styrkasta stoð í sókn og vörn fyrir lýðræði og mannréttindi í Evrópu. Það eru þessar staðreyndir sem við blasa. Við erum þátttakendur í þessu bandalagi bæði vegna þess að við teljum það þjóna okkar eigin öryggishagsmunum og við teljum að með þeim hætti getum við lagt nokkuð af mörkum sjálfir, Íslendingar, í sókn og vörn fyrir lýðræði og frelsi. Á þeim grundvelli höfum við gert gagnkvæman samning við Bandaríkjamenn um varnir landsins.

Þá er það hin hlið málsins sem hér hefur í raun verið gerð af hv. 1. þm. Norðurl. v. að meginefni og höfuðatriði þessara umræðna því að útilokað er að efni þessara heræfinga hafi í raun verið tilefni þessarar utandagskrárumræðu. Þar hlýtur annað að liggja að baki, enda var hv. þm. í lófa lagið að hefja þær miklu fyrr ef hann vildi einhverju koma fram í því efni í þeim tilgangi að hindra að æfingarnar færu fram. Nei, það sem er augljóst í þessu er að einmitt á þessum tímapunkti taldi formaður þingflokks framsóknarmanna rétt að sækja nú fast að utanrrh. og Alþfl. af því að vegna ástandsins innan ríkisstjórnarinnar væri skynsamlegt að nota þetta mál í þeim tilgangi.

Nú ætla ég út af fyrir sig ekki að fara að taka upp varnir fyrir Alþfl. í þessu samstarfi nema síður sé, en hitt er augljóst að þessi einn getur hafa verið tilgangur formanns þingfokks framsóknarmanna að nota þetta í þessu skyni vegna þess að ef annað hefði verið upp á teningnum hefði hann notað fréttina í Morgunblaðinu í nóvember sem tilefni til umræðna hér á hinu háa Alþingi.

Og í hvaða umboði talar formaður þingflokks framsóknarmanna? Það voru fluttar af því fréttir hér í haust að þar hefðu innan dyra staðið miklar deilur um hver ætti að taka sæti flokksins í utanrmn. og formaður þingflokksins beið lægri hlut í þeim deilum. Leiðtogi vinstri arms flokksins beið lægri hlut í þeim deilum. Kemur hann hér í umboði framsóknarmanna eða kemur hann hér í umboði þess arms sem beið lægri hlut þegar framsóknarmenn voru að ákveða hvern skipa ætti fulltrúa í utanrmn.? Það fór ekkert milli mála að þar tókust á tvenns konar skoðanir. Það hefur ekkert farið leynt að formaður utanrmn. hefur haft aðrar skoðanir í utanríkis- og varnarmálum en forustumaður vinstri arms Framsfl., hv. 1. þm. Norðurl. v. Í hvaða umboði talar þingmaðurinn hér, hv. formaður þingflokksins? Fyrir þingflokkinn allan? Hefur hann mótað nýja stefnu? Eða einungis fyrir vinstri arminn sem hann er ókrýndur leiðtogi fyrir?

Og það vekur auðvitað nokkra athygli hvernig að þessari umræðu er staðið, að málshefjandi, formaður þingflokks framsóknarmanna, virtist ekki, eftir því sem sjónvarpsáhorfendur tóku eftir, hafa haft fyrir því að tilkynna formanni utanrmn. úr sínum eigin flokki að þessar umræður ættu að fara fram því að sjónvarpsáhorfendur sáu ekki betur í umræðuþætti um utanríkismál fyrir nokkrum dögum en það væri hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sem á þeim vettvangi tilkynnti formanni utanrmn. um þær umræður sem hér ættu að fara fram í dag. Það lýsir nú kannski enn betur því sem hér er á ferðinni, að vinstri armur framsóknar, sem hefur verið í sérstöku bandalagi auðvitað við Alþb. og til þjónustu reiðubúinn til að

framfylgja stefnu þess í efnahagsmálum, virðist nú koma fram í þessu bandalagi og ætla að ganga erinda Alþb. í umræðum um utanríkismál einnig. Það eru gömul tengsl þar á milli. Núverandi forusta Alþb. er sprottin úr vinstra armi Framsfl. og tengslin því augljós.

Það er líka nokkuð ljóst að Alþb. meinar ekkert efnislega með opinberri afstöðu sinni í þessu máli. Ef Alþb. meinti eitthvað með því sem talsmenn þess eru að segja hefðu þeir tekið málið upp þegar fyrstu fréttir voru birtar um þetta í nóvember. En þá þögðu þeir þunnu hljóði. Þá var ekki ástæða til þess að taka málið upp í ríkisstjórn eða bóka mótmæli gegn þessum heræfingum. Þá þótti það einfaldlega sjálfsagt. Á þeim tíma fóru fram hinar miklu umræður um sameiningu A-flokkanna og þessi alkunna trúlofun formanna Framsfl. og Alþfl. Þá viku öll svona smámál fyrir meiri háttar málum. En nú sýnist annað vera upp á teningnum. Trúlofunin — ja, ef hún er ekki brostin hefur a.m.k. eitthvað slaknað á trúlofunarsambandinu. Og umræður um sameiningu A-flokkanna virðast vera úr sögunni. Þá er allt í einu tími til þess að taka þetta mál upp.

Auðvitað meinar Alþb. ekkert með þessu. Alþb. hefur nú tekið þátt í mörgum ríkisstjórnum þar sem það hefur vikið þessu fyrrum grundvallarstefnuatriði sínu til hliðar vegna „annarra hagsmuna" eins og þeir hafa sagt. Þeir hafa setið í ríkisstjórnum þar sem veruleg aukning hefur verið á framkvæmdum og varnarviðbúnaði á Keflavíkurflugvelli án þess að hreyfa hinum minnstu andmælum og engum dettur í hug að í þessu tilviki mundi það hafa nokkur áhrif á stöðu þeirra eða afstöðu til stjórnarsamstarfs þó að þessar heræfingar færu fram.

Þess vegna liggur í augum uppi að öll þessi umræða fer af stað fyrir forgöngu formanns þingflokks framsóknarmanna til að opinbera þau átök sem nú eiga sér stað á milli stjórnarflokkanna, þá málefnalegu uppgjöf sem ríkisstjórnin stendur frammi fyrir. Það bar til tíðinda í síðustu viku að hæstv. forsrh. gaf þá yfirlýsingu að hann mundi, ef hann hefði átt þess kost að taka þátt í atkvæðagreiðslu um stuðning við ríkisstjórnina, hafa setið hjá. Trúin er svo horfin að hæstv. forsrh. sagðist mundu sitja hjá ef hann ætti þess kost að taka þátt í atkvæðagreiðslu um stuðning við ríkisstjórnina. Það er einmitt við þessar aðstæður, sem hæstv. forsrh. hefur best lýst, að jafnvel forsrh. sjálfur treystir sér ekki að taka til varna, að formaður þingflokks Framsfl. notar þetta mál í þeim tilgangi einum að sýna hér fangbrögð stjórnarflokkanna þegar stjórnarstefna Alþb. hefur beðið hreint skipbrot.

Það er líka athyglivert að ríkishljóðvarpið skuli ekki hafa veitt þessu máli neina athygli þegar Morgunblaðið flutti fyrstu fréttir um þetta. En þá fyrst þegar dró að því að nánast útdauð Samtök herstöðvaandstæðinga þurftu að fara að auglýsa upp fundi sína í kringum 30. mars var byrjað að dæla fréttum um þessar heræfingar. Og skyldi það vera tilviljun? Skyldi það vera tilviljun? Mér er spurn.

Auðvitað verður þetta mál talsverður prófsteinn á hæstv. utanrrh. Þegar þessi ríkisstjórn var mynduð keypti að því er virðist Alþfl. aðild að stjórninni því verði að fórna stefnu sinni í efnahags- og atvinnumálum, en fékk að því er virðist umboð til að fylgja hefðbundinni og viðurkenndri stefnu í utanríkismálum. Og þó að Alþfl. hafi ekki fengið ákvæði um það inn í sjálfan stjórnarsáttmálann í fyrsta sinn sem ríkisstjórn á Íslandi er mynduð síðan við gerðumst aðilar að Atlantshafsbandalaginu að engum orðum er vikið að þeim grundvallarþætti utanríkisstefnunnar, þá verður að segja það eins og er að hæstv. utanrrh. hefur staðið sig með stakri prýði í að fylgja fram þeirri utanríkisstefnu sem mótuð hefur verið og fylgt hefur verið á undangengnum árum.

En á það var bent við myndun þessarar ríkisstjórnar að hætta væri á því þegar halla færi undan fæti hjá hæstv. ríkisstjórn að samstarfsflokkarnir færu að herða að hæstv. utanrrh. og þá kynni svo að fara að Alþfl. mundi ekki aðeins fórna stefnu sinni í efnahags- og atvinnumálum heldur yrði hann neyddur til þess að kaupa áframhaldandi setu í ríkisstjórninni með því að breyta um áherslur og jafnvel stefnu í utanríkismálum. Það er kannski ein svoleiðis æfing sem þeir eru að taka, vinstri armurinn í Framsfl. og Alþb., að sjá hversu langt þeir komast með hæstv. utanrrh.

Hæstv. utanrrh. sagði fyrr í vetur mjög galvaskur að hann ætlaði sér að láta fram fara sérstaka athugun á varaflugvelli. Í Þjóðviljanum sl. föstudag er fjallað um þessi mál, með leyfi forseta: „Stjórnin er hálfs árs gömul og þegar hefur kastast í kekki í þessum málaflokki og nýr ágreiningur virðist í uppsiglingu. Öllum er í fersku minni, enda skammt um liðið, þegar utanrrh. lét það boð út ganga að hann hygðist heimila Mannvirkjasjóði NATO að láta kanna hagkvæmni þess að leggja herflugvöll á Íslandi. Þeim fyrirætlunum var hnekkt enda hafði ráðherrann teygt sig um spönn of langt í því því samgöngumál eru sem kunnugt er á forræði samgrh."

Í lok síðustu viku tilkynnir Þjóðviljinn að þessum áformum hæstv. utanrrh. hafi nú þegar verið hnekkt. (**Utanrrh.:** Nú er óvarlegt að treysta heimildinni.) Nú er óvarlegt að treysta heimildinni, segir hæstv. utanrrh., og ég vænti þess, ef þessi heimild er ekki rétt og ef þetta málgagn ríkisstjórnarinnar, þess flokks sem hefur haft forustuna um mótun stefnunnar í efnahags- og atvinnumálum í ríkisstjórninni, fer ekki með rétt mál í þessu efni, sem ætla mætti eftir frammíkalli hæstv. utanrrh., þá óska ég eftir því að hæstv. ráðherra komi hér upp og afsanni þessa fullyrðingu Þjóðviljans. Það veit ég að mundi mælast vel fyrir meðal fólksins í landinu. Meðan hæstv. ráðherra stendur einarður í því að fylgja fram þeirri utanríkisstefnu sem víðtæk samstaða er um á meðal þjóðarinnar hefur hann stuðning til þess. En það er alveg kristaltært að vinstri armurinn í framsókn og Alþb. hafa ætlað að grípa tækifærið þegar þeir sáu minnkandi gengi Alþfl. í skoðanakönnunum og ætluðu að láta á það reyna hvort við slíkar aðstæður væri ekki unnt að nota ótta þeirra til að knýja fram einhverjar

breytingar, kannski ekki nema smááherslubreytingar, í utanríkismálum.

Það er þess vegna augljóst þó að mál þetta, frú forseti, sé að efni til að því er varðar æfingarnar sjálfar ekki stórvægilegt, að sú pólitíska umræða sem hér fer fram er mjög mikilvæg og athyglisverð og hún ber vitni um þá þverbresti sem eru innan stjórnarsamstarfsins. Og framhald þessara mála verður auðvitað mikill prófsteinn á hæstv. utanrrh.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Mér þykir rétt á þessu stigi að koma að nokkrum upplýsingum í þessu máli og þá fyrst og fremst um afskipti mín af því sem utanrrh. Á fundi í Keflavík, þar sem upplýsingar voru veittar um starfsemi varnarliðsins í ágúst 1987, sem kallað er á ensku máli „briefing" eða þess háttar, sem sagt upplýsingafundur um starfsemina sem utanríkisráðherra fá, var mér skýrt frá tilvist þessa varaliðs. Hafði þá ekki þekkt til þess áður. Ég tel út af fyrir sig ekkert óeðlilegt að slíkt lið sé til og sé ekki ástæðu til að gera athugasemdir við það. Mér skilst að því hafi verið komið á fót að höfðu samráði við utanrrh. 1984. Mér var jafnframt tjáð að fram hefðu farið tvær æfingar hér á landi, í fyrsta lagi 1985 þegar hingað komu 150 manns og síðan 1987 þegar hingað komu 400 manns. Einnig var mér tjáð að gert hefði verið ráð fyrir því að slíkar æfingar færu fram nokkurn veginn á tveggja ára fresti.

Ég fékk þá engar upplýsingar um þá æfingu sem nú er talað um að öðru leyti en því að æfing væri ráðgerð 1989. Ég skildi svo að hún yrði af svipaðri stærðargráðu og áður hefði verið. Mér fannst engu að síður nauðsynlegt að leggja á það áherslu að öll starfsemi þessarar varasveitar hér á landi, æfingar eða hvað það kallast, yrði að vera ákveðin í nánu samráði við íslensk stjórnvöld. Þess vegna taldi ég nauðsynlegt að láta koma fram það sem hér hefur verið vitnað til í skýrslu minni til Alþingis sem utanrrh. Þar er sérstaklega undirstrikað að æfingar varnarliðsins hljóti að verða í samráði við íslensk stjórnvöld.

Ég heyrði síðan ekkert meira um þessa æfingu fyrr en núna að ég heyrði hennar getið í Ríkisútvarpinu, enda hefur komið fram hjá hæstv. utanrrh. að nánari upplýsingar — og kannski er ekki rétt að kalla þær nánari því að mjög stuttlega er þessarar æfingar getið í fundargerð varnarmálanefndar frá 30. ágúst 1988 — komu aldrei á mitt borð, a.m.k. ekki svo að ég vissi, en að vísu voru menn ákaflega uppteknir þá við aðra hluti, stjórnarmyndun o.s.frv. eins og allir þekkja. Ég held að menn verði að hafa í huga að fundargerðir varnarmálanefndar berast yfirleitt ekki utanrrh. fyrr en nokkru síðar. Þær eru yfirfarnar af báðum aðilum og það er aðeins ef um sérstök atriði er að ræða að athygli utanrrh. er vakin strax á því. Svo hygg ég að hafi ekki verið í þessu tilfelli af einhverjum ástæðum.

Ég verð að segja að mér finnst að af hálfu varnarliðsins hafi verið haldið mjög undarlega á þessu máli og ekki gætt þess sem skylda þess hlaut að vera. Ég lét þess getið strax í ágúst frá 1987 að svona æfingar yrði að sjálfsögðu að ákveða að höfðu samráði við íslensk stjórnvöld og því var ekki mótmælt. Sömuleiðis hygg ég að öllum muni vera ljóst að skýrsla utanrrh. er þýdd og varnarliðið hefur fullan aðgang að þeirri skýrslu. Satt að segja lét ég þýða þá skýrslu sem ég flutti og hún var öllum aðgengileg og send sendiráðum o.s.frv. Þar kom, eins og hér hefur verið lesið, skýrt fram að slík æfing hlyti að ákveðast, eins og ég er margbúinn að segja, að höfðu nánu samráði við íslensk stjórnvöld. Þessa er ekki gætt. Það er fyrst í gær, upplýsir hæstv. utanrrh., að hann fær upplýsingar um þessa æfingu, um fjölda þátttakenda og ýmsan herbúnað sem hingað á að flytja. Þetta hlýt ég að telja ámælisvert.

Ég hef sagt, það er rétt, að heræfing af þessari stærð væri tímaskekkja. Margt hefur gerst frá því að þessi heræfing mun hafa verið ákveðin, eins og nú er upplýst, 1986. M.a. er lokið Vínarfundi. Þátttaka okkar í þeim fundi var miklu meiri undanfarin 1½ ár en áður hafði verið. M.a. skipaði ég sérstakan sendiherra til að taka þátt í þeim málum og eitt af mínum fyrstu verkum sem utanrrh. var að ákveða að Ísland yrði innan þess svæðis sem Vínarfundurinn um afvopnun næði til. Ísland hafði ekki verið tilkynnt áður innan þess svæðis. Það var nokkuð mikilvæg ákvörðun sem þar var tekin og ég er þeirrar skoðunar að eðlilegt sé að bæði stórveldin hafi frekar minni æfingar en meiri á meðan nú er fyrst af alvöru unnið að því að ná jafnvægi í vopnabúnaði í Evrópu á milli austurs og vesturs. Hitt er svo eflaust hárrétt, sem hæstv. utanrrh. sagði, að undirbúningur að þessari æfingu hefur tekið langan tíma og menn eru útkallaðir og menn hafa gert sínar áætlanir í samræmi við það. Ég endurtek hins vegar að mér sýnist þar fyrst og fremst vera um handvömm af hálfu varnarliðsins að ræða.

Ég sé ekki ástæðu til að gera athugasemd við það þótt hingað komi svipaður fjöldi manna og gerst hefur á tveggja ára fresti, en því verður að sjálfsögðu ekki neitað að hér er verið að efna til langtum víðtækari æfingar en hér hafa tíðkast á vegum þessarar sveitar og við það sýnist mér eðlilegt að gerð sé athugasemd eins og aðdragandi málsins er.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. 1. þm. Norðurl. v. Páli Péturssyni fyrir að kveðja sér hljóðs utan dagskrár um þetta mál. Eftir að fréttir bárust í dymbilviku um heræfinguna sendu kvennalistakonur frá sér yfirlýsingu þar sem vanþóknun er lýst á þessum fyrirhuguðu heræfingum hér á landi næsta sumar. Samþykkt Kvennalistans hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Kvennalistakonur mótmæla þeirri óhæfu að umfangsmiklar heræfingar skuli leyfðar hér á landi og það á sjálfan þjóðhátíðardaginn. Það hlýtur að vekja furðu hvers sómakærs Íslendings að stjórnvöld skuli glúpna fyrir slíkri ögrun. Kvennalistakonur eru andvígar hernaðarumsvifum og hugarfari hermennskunnar og þykir sem varla hafi birst hér á landi

jafnglöggt dæmi um hernám hugans. Þjóðhátíðardegi Íslendinga væri betur varið til að reyna að uppræta slíkt hugarfar en ala á því."

Það hefur að vísu verið borið til baka að heræfingin byrji á sjálfan þjóðarhátíðardaginn, enda hefur þessum háu herrum e.t.v. verið bent á að skothríð á þeim degi væri ekki viðeigandi. Líklega leggja þó flugvélarnar með dátana af stað þann 17. júní, en hermennirnir safna væntanlega kröftum og hafa hljótt um sig þar til þjóðhátíðardagurinn er liðinn. En eðli og umfang heræfinganna breytist ekkert þótt dagurinn sé fluttur til. Hugarfar hermennskunnar svífur alls staðar yfir vötnum.

Þótt hér sé um afmarkaðan atburð að ræða hljótum við samt að skoða þetta mál í ljósi þess sem hefur verið að gerast á undanförnum árum, m.a. á alþjóðavettvangi.

Fyrir Reykjavíkurfundinn haustið 1986 stóðu risaveldin grá fyrir járnum hvort andspænis öðru. Vígbúnaðarkapphlaupið var í algleymingi og eyðingarmáttur kjarnavopna slíkur að hægt var og er reyndar enn að eyða mannkyninu ekki bara einu sinni heldur mörgum sinnum. Þau merku tímamót sem urðu með Reykjavíkurfundinum vöktu vonir um að þíða væri fram undan í samskiptum stórveldanna, hið vitfirrta vígbúnaðarkapphlaup yrði stöðvað og snúið í átt til afvopnunar. Margir urðu til að setja fram hugmyndir um að Ísland yrði miðstöð friðar- og afvopnunarviðræðna í framtíðinni og forsrh. landsins, Steingrímur Hermannsson, stakk upp á í tengslum við Reykjavíkurfundinn að komið yrði á friðarstofnun hér á landi.

Næsta skref eftir Reykjavíkurfundinn var undirritun samninga um útrýmingu allra meðal- og skammdrægra kjarnaflauga á landi og bjartsýni ríkir um árangur viðræðna um fækkun langdrægra flauga. Árangur RÖSE-viðræðnanna í Vín um fækkun í hefðbundnum herafla í Evrópu hafa einnig vakið bjartsýni.

Einn þáttur í vígbúnaðarmálum sker sig sérstaklega úr. Hann er sú hætta sem felst í því að um leið og vopnum fækkar á landi muni þeim fjölga í og á höfunum. Þetta er mál sem snertir okkur Íslendinga sérstaklega þó ég vilji leggja áherslu á að kjarnorkuvopn þekkja engin landamæri.

Utanríkisráðherrar Íslands hafa á undanförnum árum lýst áhyggjum sínum vegna þessa á þingum Sameinuðu þjóðanna, síðast Jón Hannibalsson haustið 1988. Ekkert frumkvæði hefur komið frá Íslandi að því er varðar þessi mál þrátt fyrir yfirlýstan friðarvilja og að því er virðist áhyggjur af þeirri þróun að vopnum fjölgi stöðugt í höfunum.

Í Morgunblaðinu 2. mars sl. er sagt frá minnkandi flotaumsvifum Sovétmanna á Atlantshafi sl. þrjú ár samkvæmt heimildum leyniþjónustu breska flotans. Í sömu frétt er haft eftir yfirmanni herliðsins á Keflavíkurflugvelli að dregið hafi úr ferðum sovéskra kafbáta og flugvéla hér við land á undanförnum árum. Þannig eru aukin hernaðarumsvif Bandaríkjamanna hér á landi og NATO í Norðurhöfum í ósamræmi við þessi minnkuðu umsvif Sovétmanna. Hvernig getur það farið saman við óskir Íslendinga um afvopnun á höfum að hér skuli eiga að fara fram mestu heræfingar frá stríðslokum? Er það dæmi um friðarvilja okkar að leyfa slíkar heræfingar? Að mínu mati er það hrein ögrun við þá sem eru núna að vinna að afvopnunarmálum og í hrópandi mótsögn við þá jákvæðu þróun sem nú á sér stað á þeim vettvangi.

Í skýrslu utanrrh. Steingríms Hermannssonar til Alþingis 1988 er getið um þær heræfingar sem eiga að fara fram næsta sumar og margoft hefur verið getið um hér í dag. Þar er ekki að sjá neinar efasemdir varðandi þessar heræfingar og ekki annað að sjá en ráðherrann hafi lagt blessun sína yfir þær. Að vísu hefur hann upplýst nú að hann hélt að það væru miklu færri dátar sem þarna væri um að ræða, en ég tel í sjálfu sér engu máli skipta hversu margir þarna eru, heræfingar eru það samt. Nú segir sami maður, sem nú er orðinn forsrh. landsins, að heræfingarnar séu tímaskekkja. Hvað hefur gerst? Hæstv. forsrh. hefur væntanlega ekki gert sér grein fyrir hvað þarna var á ferðinni eða hann hefur skipt um skoðun frá því í fyrra. Annað eins hefur nú gerst.

Hver sem ástæðan er fagna ég nú sinnaskiptum ráðherrans. Formaður þingflokks Framsfl. er eins og fram er komið andvígur heræfingunum, en ég gat ekki skilið annað á einum hv. þm. framsóknar og formanni utanrmn. í sjónvarpsþætti á föstudaginn var en hann væri harla ánægður með það hernaðarbrölt sem hér fer fram, þar með taldar heræfingarnar næsta sumar. Ekki er ég að ætlast til þess að allir þingmenn framsóknar hafi sömu skoðun, en óneitanlega er afstaðan á þeim bæ í þessu máli nokkuð ruglingsleg.

Þáttur núv. hæstv. utanrrh. í þessu máli, sem hefur greinilega vikið úr salnum, ég veit ekki hvers vegna ... (**Forseti:** Það verða gerðar ráðstafanir til þess að biðja utanrrh. að ganga í salinn.) Ég þakka ráðherra fyrir að hafa komið. — Þáttur hæstv. utanrrh. í þessu máli ætti svo sem ekki að koma á óvart eftir frammistöðu hans í friðar- og afvopnunarmálum í vetur. Það er samt svo að ég varð hissa þegar ég heyrði hvað hann gerði lítið úr þessum fyrirhuguðu æfingum. Hann telur ekki að yfir 1000 hermanna æfing skipti neinu máli, það sé bara smáæfing og taki varla að ræða hana. Það væri fróðlegt að vita hvers konar heræfingar utanrrh. finnast nægilegar umfangsmiklar til þess að nefna þær. Mér fannst alveg nóg um þegar ég horfði á þá æfingu sem sjónvarpið sýndi í fréttaþættinum Kastljósi í gærkvöld. Sú heræfing var þó miklu minni í sniðum en sú sem á að fara fram í sumar.

Fram hefur komið hjá ráðherranum að ekki er enn búið að veita leyfi fyrir æfingunni og á föstudaginn var hafði hann ekki fengið upplýsingar um umfang hennar og markmið samkvæmt því sem hann sagði í sjónvarpsviðtali þá. Nú virðist hann þó vera búinn að fá þær upplýsingar sem vantaði, en í viðtalinu lýsti hann þó nánast yfir að hann teldi eðlilegt að æfingin færi fram áður en hann var þó búinn að fá þær upplýsingar sem hann taldi sig þurfa til að geta metið hvort leyfið yrði gefið.

Ráðherrann virðist einnig vaða í þeirri villu að heræfingin sé liður í því að þjálfa óbreytta Bandaríkjamenn í að verja okkur Íslendinga. Það þarf ekki að kafa djúpt í þessi mál til að sjá að tilvist þessa varaliðs er auðvitað liður í vörnum Bandaríkjanna. Það hefur ekkert með varnir almennings á Íslandi að gera. Það sama gildir um bandaríska herliðið sem er hér á landi. Hvernig dettur líka nokkrum manni í hug að þeir menn sem hingað koma á þjóðhátíðinni og ætla að dvelja innan hergirðingarinnar við æfingar kynnist á nokkurn hátt aðstæðum hér á landi. Þeir eru auðvitað hingað komnir til að æfa sig í að verja herstöðina sem er mikilvægur hlekkur í vörnum Bandaríkjanna.

Ég skora á hæstv. utanrrh. að leyfa ekki þessar heræfingar. Það er lítið gagn að því að geta komið í veg fyrir æfingarnar ef það er einungis formlega og ef það skiptir meira máli að það er búið að ákveða þetta með svo löngum fyrirvara að aumingja mennirnir sem hafi komið þarna tapi kannski af leyfinu. Ef við getum haft áhrif á eða hann að stöðva þessa heræfingu skora ég á hann að gera það nú þegar.

Kvennalistakonur eru andvígar hugarfari hermennskunnar. Okkur ber að stöðva allar hernaðarframkvæmdir hér á landi þegar í stað og stefna að friðlýsingu Íslands án vígbúnaðar. Við verðum að hugsa málið og gera upp við okkur hvert við stefnum. Í mínum huga er enginn vafi á því hvert við eigum að stefna og ég er sannfærð um að meiri hluti þjóðarinnar er mér sammála. Notum komandi vordaga og þjóðhátíðina til að uppræta hugarfar hermennskunnar í stað þess að ala á því eins og nú er stefnt að.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Til máls tekur hv. 2. þm. Austurl., en kl. 5 hlýt ég að óska eftir að hann geri hlé á ræðu sinni. Hugmyndin er að þá verði gefið leyfi til þingflokksfunda en fundur hefjist hér aftur í Sþ. kl. 8.30.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Við erum að ræða hér stórt mál þó að hæstv. utanrrh. hafi kosið að tala um smávægilega heræfingu miðað við það sem gerist annars staðar í löndum og enn minni var sú æfing sem boðuð hafði verið að mati hv. þm. Þorsteins Pálssonar. Það hefur komið fram í þessari umræðu að málshefjandi lýsir sig algerlega andvígan þeim heræfingum sem hér fara fram og ég vænti þess að formaður þingflokks Framsfl. hafi nokkra sveit að baki sér í eigin þingflokki til að fylgja þeirri kröfu eftir. Ég vænti þess einnig og heyri það á máli hæstv. forsrh. að hann er andvígur þeim heræfingum sem hér eru ráðgerðar, hefur ítrekað lýst þeim og síðast hér áðan sem tímaskekkju, og ég stend hér sem fulltrúi Alþb. í utanrmn. og það liggur fyrir að Alþb. er andvígt þessum heræfingum, hefur gert kröfu til þess í ríkisstjórn að þeim verði aflýst, af þeim verði ekki og fært fyrir því sín rök. Ég á eftir að bæta hér við ýmsu varðandi þetta mál því að þetta mál, sem sumir meta smátt en aðrir hér og ég í þeim hópi sem stórt mál, tel ég að sé liður í mun stærra máli, mun stærra samhengi sem hæstv. utanrrh. raunar vék að í máli sínu, þ.e. þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu, þátttöku erlendra hersveita á Íslandi í vígbúnaðarstefnu sem Atlantshafsbandalagið stendur fyrir sem annað risaveldanna á Norður-Atlantshafi. Það er þetta samhengi sem við þurfum að ræða og fjalla um hér á Alþingi Íslendinga.

Þessi heræfing er ekki aðeins táknræn heldur er hún hræðilegur veruleiki ef hún fer fram, en hún er þó ekki stór miðað við það samhengi sem er sóknarstefna Bandaríkjahers, Bandaríkjaflota á Norður-Atlantshafi og bandamanna Bandaríkjanna innan Atlantshafsbandalagsins. Þar er Ísland hlekkur í því samhengi. Þar er íslenskt land notað til æfinga, m.a. í þeim stóru æfingum sem hæstv. utanrrh. minnti á en tengdi aðallega við Noreg, þ.e. æfingunni Teamwork sem haldin var í september á sl. ári, stærsta heræfing á Norður-Atlantshafi að mér skilst frá stríðslokum varðandi sjóhernað og nú á að bæta við stærstu heræfingu hér á Íslandi sem haldin hefur verið samkvæmt upplýsingum sem fram hafa verið bornar af fjölmiðlum og veit ég út af fyrir sig ekki hvaða aðrar upplýsingar hæstv. utanrrh. hefur varðandi þau efni.

Þetta eru hræðilegar staðreyndir í ljósi þess að heimurinn hefur verið að búast við slökun og árangri í afvopnunarmálum í framhaldi af þeim fundi sem efnt var til á Íslandi á haustdögum 1986, þar sem mættust leiðtogar risaveldanna beggja.

Það er sagt að þessar æfingar séu ekki ögrun, en eru þær lóð á vogarskál friðar? Eru þær lóð á vogarskál þess málstaðar sem ég er ekki í vafa um að þorri Íslendinga, vonandi allir Íslendingar, taka undir, þ.e. að það náist raunverulegur árangur í afvopnun og það ekki síst á okkar svæði? Ég segi: Þessar fyrirhuguðu æfingar eru ekki lóð á þá vogarskál. Þær eru þvert á móti lagðar hinum megin, á vogarskál vígbúnaðarkapphlaupsins, vaxandi vígbúnaðar. Það er þó viðurkennt m.a. af hæstv. utanrrh. að vígbúnaðurinn á höfunum sé eitt mesta áhyggjuefni okkar Íslendinga. Það hefur verið nefnt af íslenskum utanríkisráðherrum á þingi Sameinuðu þjóðanna frá 1984 að telja að það sé okkar helsta áhyggjuefni. Og halda menn að þátttaka hersveita hér á Íslandi í slíkum heræfingum sé til þess fallin að draga úr þessari spennu og leggja lið þeim málstað sem utanríkisráðherrar landsins hafa í orði boðað á vettvangi hinna Sameinuðu þjóða en því miður enn ekki á borði?

Ég minni á það að á fjölmennum fundi Samtaka herstöðvaandstæðinga sem haldinn var í gær í Háskólabíói, þar sem var húsfyllir, kom fram alger fordæming á þessar heræfingar sem hér eru ráðgerðar og krafa um friðlýst Ísland, Ísland og nágrenni landsins. Ég vænti þess, þó að vonir mínar séu efablandnar hvað snertir hæstv. utanrrh. eftir að hafa hlýtt á mál hans hér, að hann sjái sér fært að taka undir með því sem virðist vera meiri hluti í ríkisstjórn Íslands þar sem eru fulltrúar Alþb. og Framsfl., því að ég vænti þess að þeir flokkar standi þar sameinaðir á móti þessum heræfingum, og aflýsi þessu hernaðarbrölti.

Það er sú krafa sem ég og minn flokkur gerum til hæstv. utanrrh. og ég tók eftir því að hæstv. ráðherra lýsti ekki endanlegri niðurstöðu þó að mikið í hans máli væri því miður ekki röksemdir að því marki sem ég mæli hér fyrir. En kannski á hæstv. ráðherra eftir að átta sig og taka af skarið í þá veru sem er áreiðanlega vilji yfirgnæfandi meiri hluta almennings á Íslandi sem hefur fengið að fylgjast með undirbúningi þessara mála núna síðustu dagana og séð forsmekkinn, vasaútgáfu af þessum heræfingum eins og þær birtust í kvikmynd sem Sjónvarpið sýndi í gær.

Virðulegur forseti. Ég mun gera hlé á máli mínu en víkja að nokkrum atriðum sem snerta þetta mál og tengjast þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu, í hernaðarbandalaginu NATO, og þeirri ömurlegu staðreynd að við leggjum íslenskt land undir hernaðarbrölt og erlendar herstöðvar. — [Fundarhlé.]

Virðulegur forseti. Ég geri ráð fyrir því að hæstv. utanrrh. ætli sér að vera viðstaddur framhald umræðunnar. Ég hef ætlað mér að víkja máli til hans þannig að ég vil inna hæstv. forseta eftir því hvort ... (**Forseti:** Ég vil biðja þingvörð að gjöra svo vel að sækja hæstv. utanrrh. Hann er hér í húsinu. — Hæstv. utanrrh. er genginn í salinn.) Já, ég sé að hæstv. ráðherra er kominn hér og þá er mér ekkert að vanbúnaði að halda hér fram þeirri ræðu sem ég hóf hér fyrir frestun fundar. Ég gat þess þá, virðulegur forseti, að ég teldi nauðsynlegt að þessi mál sem hér eru til umræðu verði rædd hér á hv. Alþingi í samhengi við þá stefnu sem liggur að baki þeim heræfingum sem hér eru boðaðar, í samhengi við þá stefnu sem Ísland er þátttakandi í sem aðili að Atlantshafsbandalaginu og í samhengi við dvöl bandarískra herliðsins hérlendis, þ.e. í hvaða tilgangi þetta herlið er hér að mati þeirra sem því stjórna. En mér finnst sem það vilji gleymast mönnum, og ábyrgðaraðilum í íslenskum stjórnmálum eins og hæstv. utanrrh., að minnast þess inni í hvaða samhengi við erum að tala hér um þessi mál.

Hæstv. ráðherra, svo að ég víki að hans máli sérstaklega í upphafi þessa framhalds á mínu máli, lét að því liggja að þetta herlið sem hingað er væntanlegt til æfinga sé tilkvatt að ósk Íslendinga sjálfra, tilkomið og nánast samankvatt vestra og sett á fót, þetta varalið, að ósk íslenskra stjórnvalda. Og það mátti heyra í máli hv. 1. þm. Suðurl. Þorsteins Pálssonar að þetta væri einnig hans skoðun. Hann tók undir þetta mat. Og hv. þm. Þorsteinn Pálsson, sem hældi hæstv. utanrrh. sérstaklega í sínu máli fyrir þá stefnu sem hann hefði framfylgt til þessa, ræddi það sérstaklega að nauðsyn væri á því að gera kröfur til varnarliðsins, sem hann kallar svo, um að það ræki skyldur sínar.

Ég held að það sé augljós blekking sem hér er verið að bera á borð fyrir hv. þingmenn, að ætla okkur að trúa að það svokallaða varalið sem sett var á laggirnar vestur í Bandaríkjunum þegar tekið var að fækka í fastaherliði Bandaríkjanna, upp úr 1980, sé til orðið samkvæmt óskum Íslendinga sjálfra og að sú sveit sem hér um ræðir, 187. sveitin í þessu varaliði, sveit sem mun telja 4000–5000 hermenn þegar þeir eru komnir í búninga, sé hingað komin vegna óska íslenskra stjórnvalda. Það má auðvitað reyna að segja okkur margt hér. Ég veit að það er vitnað í skýrslu fyrrv. utanrrh., Geirs Hallgrímssonar, frá 1984, það var gert hér af hæstv. ráðherra, til þess að færa rök fyrir því að þetta varalið sé tilkomið vegna óska íslenskra stjórnvalda. Ég vil ekki leiða að því getum hvaða viðræður hafa farið fram á milli hv. þáv. utanrrh. Geirs Hallgrímssonar og yfirmanna herliðsins á Keflavíkurflugvelli áður en hann tók að ræða um sjálfstætt íslenskt frumkvæði í þessum efnum. En margt er þó ósennilegra en það að fram hafi komið ábendingar vestan að þess efnis að það væri að mati Bandaríkjamanna nauðsynlegt að koma hingað varaliði á hættutímum, að þeirra mati, að skapa hér aðstæður til þess að taka við slíku liði, og síðan kemur það fram hér á Alþingi Íslendinga að Íslendingar þurfi að efla frumkvæði sitt.

Það væri ástæða til þess, út frá þessum forsendum, virðulegur forseti, að athuga hvernig þá fram hafi verið haldið þessu íslenska frumkvæði, hvernig menn sýna fram á það að það hafi verið haldið fram þessari stefnu sem hv. þm. Þorsteinn Pálsson var að hæla utanrrh. fyrir að standa svo vel að. Það er gert með því að þessar áætlanir og þetta frumkvæði íslenskra stjórnvalda með sérstökum áætlunum varðandi varnir á ákveðnum stöðum hér, ákveðnum mannvirkjum, ættu að koma til og gott ef hæstv. forsrh., þá utanrrh., á árinu 1988, vísaði ekki einnig til þess í skýrslu sinni til Alþingis, að það þyrfti sérstök samráð við Íslendinga m.a. um áætlanir af þessu tagi. En þessar áætlanir hafa ekki enn verið gerðar. Áhuginn á þessum málum út frá forsendum þeirra sem styðja dvöl erlends herliðs í landinu og aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu er ekki meiri en svo í reynd að frá árinu 1984 að boðað var þetta íslenska frumkvæði og sett var upp þessi varaliðssveit vestur í Bandaríkjunum til að koma hingað, til að hafa samráð við Íslendinga um svokallaðar varnir landsins, hefur þessi áætlun ekki verið gerð. Það liggur engin áætlun fyrir hjá varnarmáladeild utanrrn. varðandi óskir íslenskra stjórnvalda um þátttöku þessa varaliðs í vörnum Íslands á forsendum þeirra aðila sem eru að segja að þetta sé tilkomið fyrir frumkvæði Íslendinga. Fimm ár eru liðin. Áhyggjufullir utanríkisráðherrar hafa setið í stjórnarráðinu þennan tíma, þóst vera að byggja upp eitthvert íslenskt frumkvæði. Þeir hafa ekki haft fyrir því að búa til eina einustu áætlun, ekki pappírsgagn um þátttöku þessa varaliðs í svokölluðum vörnum Íslands, að benda á einhverja tiltekna staði sem þeir teldu nauðsynlegt út frá íslenskum aðstæðum og sínum forsendum að varðir yrðu. Sjá menn ekki í gegnum blekkingarnar á bak við þetta? Sjá menn ekki það sem er viðurkennt af Bandaríkjamönnum og þeim sem þora að ræða þessi mál í hreinskilni eins og þau liggja fyrir, að það er vegna hagsmuna Bandaríkjanna og hernaðarhagsmuna þeirra og vegna herstöðvanna sem þeir hafa komið sér upp hér á Íslandi sem á að kveðja þetta varalið til og verið er þjálfa það hér á Miðnesheiði?

Það hefur verið gert einu sinni og á að endurtaka það í mun stærri stíl að vori til að kynna því íslenskar aðstæður að kallað er í júnímánuði, í blíðunni.

Nei, það er ekki íslensk hugsun sem liggur þarna að baki eða íslenskt mat. Það er mat þeirra sem stjórna hernaðaráætlunum á Norður-Atlantshafi. Það er mat bandarísku yfirherstjórnarinnar sem liggur þarna að baki. Og það fer ekkert á milli mála hvert verkefni þessa varaliðs er. Halda menn að það sé að verja Íslendinga, almenning á Íslandi, Reykjavíkurborg og Reykjavíkursvæðið fyrir ógnum styrjaldar? Nei, til þess er það ekki komið. Þetta varalið á að glíma við svokallaðar skemmdarverkasveitir hins hugsaða óvinar, gagnaðilans, sveitir sem hjá Rússum eru kallaðar spetznaz-sveitir, og Bandaríkjalið gerir ráð fyrir að yrðu sendar hingað á spennutímum, reynt að koma hingað til lands til þess að trufla starfsemi herstöðvarinnar, fjarskiptakerfið og allt sem því tengist. Það er við slíkar sveitir sem þessu varaliði er ætlað að glíma öðru fremur. Það er fullyrt, m.a. af varnarmálaskrifstofunni svokölluðu hér í Reykjavík, að slíkar sveitir gætu verið alvarleg ógnun við starfsemina á Keflavíkurflugvelli, herstöðina, ef þær væru komnar hingað og feldu sig í Hafnarfjarðarhrauni eða í hraununum þarna á Reykjanesskaga með léttar sprengivörpur sem geta skotið eldflaugum og þekktar eru t.d. úr stríðinu í Afganistan og hernaðarátökum fyrir botni Miðjarðarhafs.

Þetta er ekki mitt mat. Þetta er mat frá varnarmálaskrifstofunni hér í Reykjavík. **(EKJ:** Hvar er það að finna?) Já, hvar er það að finna, segir hv. fyrrv. formaður utanrmn. Alþingis. **(EKJ:** Ég hef aldrei heyrt þetta áður.) Maður sem hefur aldrei heyrt þetta og það kemur mér sannarlega ekki á óvart því að áhugi hv. þm. á að kynna sér bakgrunn þeirra herstöðva sem hann lofar og blessar hér á landi og er einn þátttakenda í að hér verði við haldið um langa framtíð. Hann hefur ekki hugmynd um það, — hann viðurkennir það hér á Alþingi — hann hefur ekki hugmynd um það hvað verið er að sýsla, inni í hvaða samhengi unnið er í þessari herstöð. Hv. þm. var einu sinni ritstjóri Morgunblaðsins og ég hygg að hann geti lesið sér ýmislegt til í því málgagni. En sjálfsagt veit hann eins og ég að það er ósköp takmarkað að marka margt af því sem þar stendur. Þó hef ég séð þar ritað um einmitt það sem hv. þm. er að spyrja um hér úr sæti sínu á Alþingi. Það er hins vegar rétt, vegna þessa áhuga hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar á þessum málum og þeirrar vanþekkingar sem hann opinberar hér úr sæti sínu á Alþingi, að það komi fram að sem formaður utanrmn. Alþingis varð hann ekki við ítrekaðri beiðni minni á síðasta ári að herstöðvarnar hérlendis yrðu teknar til umræðu í utanrmn. Alþingis í samhengi við þá stefnu, hina svokölluðu sóknarstefnu bandaríska flotans sem tengist þessum herstöðvum og sem þessar herstöðvar eru þátttakendur í, eru hlekkur í. Hv. þm. hafði ekki fyrir því frá því að þessi beiðni var borin fram eftir að við heimsóttum Keflavíkurflugvöll á síðasta útáliðnum vetri, 1988, að taka þetta mál fyrir þrátt fyrir ítrekaða beiðni af minni hálfu.

Það sama hefur gerst í núverandi utanrmn. Alþingis að þetta mál hefur ekki fengist tekið þar á dagskrá. Meiri hluti utanrmn. Alþingis hefur þau ár sem ég hef verið þar ekki haft áhuga á því að ræða þessi mál í sinn hóp. Eina verulega umræðan sem þar fór fram þau fimm ár sem ég lít til baka hér varðaði uppkomu hernaðarratsjárstöðvanna vegna þáltill. sem lá fyrir nefndinni um að hafna byggingu þessara hernaðarratsjárstöðva. Yfir það mál var farið í utanrmn. en þar með er nánast upp talið hvað snertir umræðu um hin svokölluðu varnar- og öryggismál Íslands á þeim vettvangi. Og það eru formenn þessara nefnda, stuðningsmenn herstöðvanna hér eins og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, sem hafa komið í veg fyrir það sem formenn í þessum nefndum að þessi mál væru tekin til umræðu á þeim vettvangi. Þetta er ótrúlegt og ég hef helst ekki viljað taka það til umræðu hér opinberlega á Alþingi hvernig að þessum málum er staðið innan nefndar sem er ætlað veigamikið hlutverk hér af hálfu þingsins og ætti að vera vettvangur þar sem menn skiptast á skoðunum um mál sem að ýmissa mati eru talin viðkvæm. Ég segi út af fyrir sig að það getur verið alveg á réttum stað að ræða ákveðna hluti einmitt í hóp manna í utanrmn., sem varða heildarhagsmuni Íslands, hagsmuni landsins út á við og það væri mjög eðlilegt að málefni eins og þau sem hér er um að ræða, herstöðvarnar og hernaðaráætlanir varðandi Norður-Atlantshaf og þær heræfingar, sem hér eru til umræðu, yrðu teknar til ítarlegrar umræðu á þeim vettvangi, vettvangi utanrmn. þingsins. Ég vona að þessi umræða verði til þess að hreyfa við mönnum í þá átt því að ég er sannarlega reiðubúinn til að taka þátt í því á þeim vettvangi að ræða þessi mál, m.a. við hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson sem sæti á í nefndinni.

Það er nú svo að það liggur margt fyrir um þetta samhengi ef menn vilja kynna sér það. Það hafa orðið miklar breytingar á eðli herstöðvanna á Íslandi samhliða breytingum í hermálastefnu Bandaríkjanna og þá sérstaklega bandaríska flotans sem tengist þessum herstöðvum á Íslandi. Þessar breytingar varða stjórnartímabil Reagans forseta árin um og eftir 1980 og Lehman, sem var flotamálaráðherra í forsetatíð Reagans og er stefnan gjarnan við hann kennd.

Ég tel ástæðu til þess, virðulegur forseti, ekki síst af því að hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson óskar eftir upplýsingum úr sæti sínu, að rifja upp fyrir hv. þingmönnum svolítið af því sem fram kom í umræðum í undirnefnd hermálanefndar öldungadeildar Bandaríkjaþings þann 19. mars 1984, en þá voru þar á vettvangi nefndarinnar til þess að ræða um þessa nýju flotamálastefnu Bandaríkjanna, svokallaða sóknarstefnu þeirra á norðurslóðum, ekki minni karlar, ekki óþekktari nöfn en Samuel Nunn, formaður hermálanefndarinnar, sem hefur komið til umræðu og verið í fjölmiðlum í tengslum við hrakfallabálkinn Tower, sem Bush, forseti Bandaríkjanna, ætlaði að gera að sínum hermálaráðherra en Samuel Nunn og fleiri menn komu í veg fyrir það. Þeir töluðust við á vettvangi undirnefndar hermálanefndar Bandaríkjaþings þann 19. mars, Samuel Nunn og umræddur John

Lehman, þáv. flotamálaráðherra Bandaríkjanna. Ég hef hér fyrir framan mig orðrétta þýðingu á þessum umræðum, en ætla ekki að taka nema glefsur úr því sem þar kom fram. Þessi fróðlega samantekt er unnin af Vigfúsi Geirdal og er að finna í Þjóðviljanum í maímanuði, dagsetninguna sé ég ekki hér í fljótu bragði en ég hygg að það sé 6. maí 1988 sem þessi grein birtist. Ég kom henni raunar á framfæri við utanrmn. á sínum tíma jafnhliða óskum mínum um það að mál þessi yrðu rædd þar á vettvangi nefndarinnar.

Höfundur þessarar samantektar, Vigfús Geirdal, segir í aðdraganda að þýðingu á orðræðum þeirra Samuels Nunn og Johns Lehman eftirfarandi, með leyfi virðulegs forseta: „Í þessum umræðum kemur nokkuð skýrt í ljós þáttur Íslands og „varnarliðsins" í þessum hernaðaraðgerðum ef af þeim verður. Vert er að taka vel eftir kjarnanum í gagnrýni Samuels Nunn. Í fyrsta lagi telur hann að með þessari stefnu sé verið að ógna alvarlega viðkvæmasta og mikilvægasta þættinum í langdrægum kjarnorkuherafla Sovétríkjanna. Í öðru lagi segir hann að með því að beita (fimm) flugvélamóðurskipaflotum til árása á sovéskt land sé verið að rétta Sovétmönnum beinlínis upp í hendurnar mikilvægt en auðvelt skotmark sem þeir bókstaflega kæmust ekki hjá að beita kjarnavopnum gegn.

Þessi tvö atriði telur hann að muni stórauka hættuna á að kjarnorkustyrjöld brjótist út." — Þetta er Samuel Nunn, formaður hermálanefndar Bandaríkjaþings. — Þriðja sjónarmiðið sem fram kemur hjá Nunn og ekki er sérlega uppörvandi fyrir okkur Íslendinga er spurning hans hvers vegna ekki sé lögð meiri áhersla á að beita herflugvélum frá stöðvum í landi í þessum aðgerðum fremur en frá flugvélamóðurskipum.

Síðan kemur tilvitnun í orðræður þeirra fyrir hermálanefndinni. Samuel Nunn segir:

„Stóra spurningin er ekki hvort við ætlum okkur að halda yfirráðum heldur með hvaða ráðum við ætlum okkur að halda yfirráðum, og hvort þú ætlar [hann talar til Johns Lehman] þér raunverulega að senda flugmóðurskip inn á þetta svæði með það fyrir augum að tryggja yfirráð þar, eða hvort þú ætlar að færa átökin alla leið inn á sovéskt landsvæði eins og þú hefur sagt. Enginn dregur mikilvægi þessa svæðis í efa. En hér er gert ráð fyrir að við myndum ekki byrja á að senda flugmóðurskip þarna norður fyrr en við hefðum algerlega tryggt stöðu okkar á Grænlandi, Íslandi og Bretlandseyjum, og þá er auðvitað rökrétt að spyrja: Ef við ráðum þessum löndum, hvers vegna beitum við þá ekki flugvélum frá herstöðvum í þessum löndum í miklu ríkari mæli en þú hefur talað um? Ég varð var við að mikils ósamræmis gætti milli þín og flotaforingja sjóhersins í þessu máli."

Lehman svarar: „Staðreyndin er sú að ég hef aldrei sagt að við ætluðum að sigla flugmóðurskipunum þarna upp eftir til að senda nokkrar A-6'ur inn á karlaklósettið í Kreml, eins og Barry Goldwater segir. Það sem ég hef sagt er að við verðum að hefja sóknaraðgerðir strax í upphafi. Við verðum að senda kafbáta þangað upp eftir. Aðgerðirnar verða enn fremur að byggjast á flugvélum sem staðsettar eru í herstöðvum á landi, það verður að gera út fjölda Orion-flugvéla og Nimrod-véla frá Íslandi og Bretlandi. Kafbátarnir okkar verða að gjöreyða kafbátaflota Sovétríkjanna áður en við getum sent nokkur ofansjávarskip á vettvang, vissulega áður en við sendum landgönguliðana þangað í landgönguskipum. Og þegar við teljum það tryggt verðum við að geta notað flugmóðurskip á svæðinu til að veita hersveitunum þarna á svæðinu stuðning úr lofti svo þeim takist að tryggja varnir Noregs."

Og enn spyr Nunn: „Það er hins vegar spurning með hvers konar vígbúnaði þú framkvæmir þetta. Þið gerið ráð fyrir að ráða Bretlandi, Noregi og Grænlandi. Spurningin er hvort þú ætlar að setja dýrmæt tæki eins og flugmóðurskip þarna upp eftir, beint inn á mitt svæði Sovétríkjanna, þegar hægt er að gera þetta með flugvélum frá herstöðvum í landi."

Og Lehman svarar: „Hvernig ætlarðu að gera þetta með flugvélum frá herflugvöllum? Flestar taktískar flugvélar í eigu Bandaríkjanna draga ekki lengra en um 450 km."

Og Nunn segir: „Hvað ætlar þú að gera, ef þeir byrja að plamma á okkur skammdrægum kjarnavopnum á þessum slóðum þegar þú ert kominn þangað með öll þessi risastóru flugmóðurskip?"

Og Lehman segir: „Ja, hvað heldur þú að verði um landherstöðvar okkar á þessum slóðum (Íslandi, Grænlandi, Noregi og Bretlandseyjum) þegar þeir byrja að plamma skammdrægum kjarnavopnum?"

Ég get eftir atvikum, virðulegi forseti, látið þessar glefsur nægja úr þessum fróðlegu viðræðum Samuels Nunn og Johns Lehman árið 1984, viðræðum við manninn sem mótaði þá breyttu stefnu Bandaríkjahers, flota Bandaríkjanna sem kennd hefur verið við sókn, sóknarstefnu norður í höf. Og í staðinn fyrir að stöðva Sovétherinn hefur hún hlotið einkennisorðin „sökkvið sovéska flotanum", fylgið eftir af fullum þrótti, að þeirra mati.

Ég vænti þess að menn hafi tekið eftir þegar hann spyr: Hvað heldur þú að verði um landherstöðvar okkar á þessum slóðum? Hvað halda menn að verði um landherstöðvarnar hérna í Keflavík ef til þessarar alvöru dregur, þessa hildarleiks sem þarna er undirbúinn og áætlanir liggja fyrir um? Hvað halda menn að verði um almenning hér á þéttbýlisstöðunum við Faxaflóa ef til þess kemur? Það kann að vera að það hjari einhverjir í hinum styrktu stjórnstöðvum á Keflavíkurflugvelli þar sem unnt á að vera að halda út eða gefa fyrirskipanir í eina viku í algjöru stríði. En það verður lítið eftir af fólkinu, Íslendingum hér í nágrenni þessarar herstöðvar.

Herliðið sem á að koma til að æfa hér er ekki til þess að tryggja að það lifi fleiri Íslendingar af, heldur til þess að hægt sé að halda leiknum eitthvað lengur gangandi úr stjórnstöðvum Bandaríkjahers á Keflavíkurflugvelli. Það er veruleikinn á bak við það sem hér er verið að ræða.

Svo kemur formaður Sjálfstfl. hér upp í ræðustól, setur upp sakleysissvip og segir: Það verður að tryggja, Íslendingar verða að ganga eftir því að varnarliðið verji okkur. Það segir formaður flokksins sem verið hefur í fararbroddi fyrir þeirri stefnu sem fylgt hefur verið frá því að Ísland var knúið í Atlantshafsbandalagið árið 1949. Hvað hafa þessir heiðursmenn verið að gera á þeim árum, á þeim 40 árum sem liðin eru síðan Ísland var knúið inn í Atlantshafsbandalagið? Á þeim 38 árum sem liðin eru frá því að hingað kom í skjóli leyndar og þagnar, og fram hjá Alþingi, bandarískt herlið er tók sér bækistöð á Miðnesheiði og hreiðraði um sig víðar á landinu? Hvað hafa þeir verið að gera? Ekki til ein einasta áætlun í skúffunum uppi í varnarmálaskrifstofu, hvað þá annars staðar, um það hvernig eigi að reyna að tryggja það að verja fólk á Íslandi, ekki einu sinni að verja mannvirki á Íslandi utan herstöðvanna, mannvirki sem tengjast þessum herstöðvum. Þeir hafa ekki einu sinni haft fyrir því. Slíkur er loddaraleikurinn, slíkt er tómið á bak við þær fullyrðingar sem hæstv. utanrrh. kemur fram með og ber hér á borð fyrir menn í ræðu sinni.

Íslenskt frumkvæði! Varnir Íslands! Það liggur við, virðulegur forseti, að það megi nota orðið húmor um málflutning þessara manna ef alvaran væri ekki meiri á bak við það efni sem við erum hér að ræða.

Hæstv. utanrrh. sagði í máli sínu að ákvörðun í því efni sem hér er rætt sérstaklega varðandi hinar ráðgerðu heræfingar að vori séu á hans hendi og ríkisstjórnar Íslands. Ég vænti að hæstv. ráðherra taki eftir því að á mál hans var hlýtt hér áðan og eftir því tekið að hann sagði að ákvörðun í þessu máli væri ekki aðeins hans sjálfs sem utanrrh. heldur ríkisstjórnar landsins. Það sagði ráðherrann. Hann sagði jafnframt að það ætti eftir að fjalla um málið í ríkisstjórn landsins.

Ég rifjaði það upp fyrr í umræðunni að tveir af þremur flokkum í ríkisstjórn landsins hafa lýst viðhorfum sínum til þessa máls, þar á meðal sjálfur forsrh. ríkisstjórnarinnar og því verður auðvitað ekki trúað að þessi ríkisstjórn fari að standa fyrir því að hingað verði dregið þetta varalið á vegum Bandaríkjanna upp á Reykjanesskaga, upp úr þjóðhátíðinni íslensku, og látin ólmast þar með sín vígtól kringum Jónsmessuna að vori, mestu heræfingar sem hér hafa farið fram um langt skeið, storkandi hvernig sem á málið er litið. Við sem erum stuðningsmenn stjórnarinnar hér á Alþingi og lítum á þessi mál þeim augum sem ég hef hér dregið upp, við mótmælum því að til þess komi að þessar heræfingar fari fram. Við gerum kröfu til ríkisstjórnarinnar að hún sjái til þess að af þessum heræfingum verði ekki. Það mætti vera fyrsta skrefið af mörgum sem stíga þarf til að hreinsa þann blett af Íslandi sem á það hefur fallið um áratugaskeið, þá hlekki sem Ísland hefur verið fjötrað í, þá hernaðarhlekki sem landið hefur verið fjötrað í um áratugi og sjái til þess að land okkar verði á ný friðlýst land og herlaust land og leggi sín lóð á vogarskálar afvopnunar og friðar í heiminum. Það eitt væri í samræmi við stöðu okkar og sögu, stöðu okkar sem vopnlausrar smáþjóðar sem á sitt undir því að friður haldist í heimi og friðsamlegt sé í heiminum. En það gerum við ekki með því að tengjast hernaðarbandalögum, hvort sem væri í austri eða vestri.

Einn var sá þáttur í máli hæstv. utanrrh. sem ég hlýt að víkja að sérstaklega og var dapurlegasti kafli í ræðu hæstv. ráðherra, og lýsti hún þó ekki af neinni bjartsýni í heild sinni og síst af öllu af þeirri sýn til mála sem ég hefði óskað og kosið að birtist í máli manns sem á stundum vill kenna sig við jafnaðarmennsku — og mætti sitthvað læra af þeim sem ganga undir þeim merkjum annars staðar í heiminum — en það var sá þáttur sem varðaði aðild íslenskra stofnana að þeim heræfingum sem ráðgerðar hafa verið af Bandaríkjamönnum hér um langnættið í júnímánuði. Það var þátttaka Almannavarna Íslands og þeirra sem fjarskiptum ráða á Íslandi, Pósts og síma væntanlega, í þessum stríðsleik sem þarna á sviðsetja. Og tóku menn eftir því hvernig hæstv. ráðherra hagaði máli sínu varðandi þetta? Hann greindi okkur frá því að að sínu mati lægjum við talsvert eftir, skorti talsvert á að við hefðum sinnt þessum þáttum eins og skyldi og samhæft æfingar erlends hers í landinu við starfsemi innlendra aðlila eins og Almannavarna og Pósts og síma.

Hæstv. ráðherra greindi frá því sjónarmiði sínu að hann teldi það bæði æskilegt og nauðsynlegt að slík samhæfing færi fram jafnvel þótt það þýddi það að einhverjir þyrftu að fara út fyrir hin svonefndu varnarsvæði að vori, væntanlega, því hæstv. ráðherra botnaði þetta með því að segja að hann vildi helst sjá að þessi minni háttar hliðaræfing, eins og hæstv. ráðherra kallaði þessa samtengingu íslenskra stofnana við bandaríska herliðið, að þessi minni háttar hliðaræfing fari fram með aðilum frá hernum sem fari út fyrir varnarsvæðin svokölluðu.

Ég vænti að hæstv. forsrh. hafi lagt við hlustir þegar þessi boðskapur var framreiddur hér. Það er þessi málflutningur sem vekur ugg hjá mér. Við höfum ekki útilokað að hæstv. ráðherra kunni að komast að réttri niðurstöðu í þessu máli, aflýsa heræfingunum, reisa sig og segja: Hér tökum við fyrsta skrefið af Íslands hálfu til þess að draga okkur út úr stríðsleiknum, út úr stríðsleik Lehmans og félaga vestra sem gerir nú ekki ráð fyrir að mikið verði eftir af landherstöðvunum hérna norður frá eftir að hjólin eru farin að snúast hjá þeim eftir skipanir frá Pentagon. Er það alvara hæstv. utanrrh., getur það verið alvara hæstv. ráðherra að hann geti séð fyrir sér að það verði sett hér á svið samtengd æfing íslenskra stofnana og hersins á Miðnesheiði með þátttöku aðila sem fari hér um landið utan hinna svokölluðu varnarsvæða til þess að tengja Íslendinga enn nánar inn í þennan hroðalega leik heldur en orðið er?

Hæstv. ráðherra lýsti því undir lok máls síns að hann teldi æskilegt að lagt yrði sjálfstætt mat á þessa hluti af hálfu okkar Íslendinga. Ég tek undir það með hæstv. ráðherra, ég tek undir orð sem falla í þá átt.

Auðvitað eigum við Íslendingar að leggja sjálfstætt mat á okkar hagsmuni í þessum efnum. Það höfum við ekki gert, það erum við ekki að gera og það er ekkert sem bendir til þess að það sé einhver metnaður hjá þeim aðilum sem hér hafa ráðið ferðinni í svokölluðum öryggis- og varnarmálum að hugsa sjálfstæðar hugsanir út frá íslenskum hagsmunum. Lítilþægnin í þessum efnum er svo ótrúleg. Ég verð að segja það eftir reynsluna af því að hafa setið í utanrmn. Alþingis í líklega fimm ár að lítilþægnin í þessum efnum er aldeilis ótrúleg af hálfu þeirra aðila sem hér hafa haldið á málum og hér hafa farið með völdin í raun í þessu efni. Lýsir sér í því að utanrmn. er boðið að fara suður á Keflavíkurvöll og skoða tólin þar, líta svona á vígtólin og fá sér kaffisopa undir fyrirlestri yfirstjórnar hersins þar. En að verja dagstund í utanríkismálanefnd þingsins til að ræða málin í framhaldi af slíkri heimsókn? Til þess má ekki taka tíma, hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, til þess má ekki taka tíma. Þau orð geta einnig gilt um núv. borðsenda í utanrmn.

Það er ekki áhugi hjá þeim aðilum sem hér eiga hlut að máli að þessi mál séu rædd af alvöru og farið ofan í samhengi hlutanna. Auðvitað hljótum við að spyrja okkur: Hvernig stendur á þessu? Ég hef spurt mig: Er það vegna þess að þessir menn eru að lesa þetta heima, hafa bækurnar á náttborðinu, eru að stúdera þetta í stofunni heima eða á þingflokksfundum Framsfl., Sjálfstfl. og Alþfl., þessara herstöðvaaðdáenda frá fyrri tíð sem borið hafa ábyrgðina á þeirri siglingu sem hér hefur farið fram, þeirri háskasiglingu sem Ísland hefur verið gert að þátttakanda í á undanförnum árum og áratugum? Er það svo að þeir verji miklum tíma í þingflokksherbergjunum til þess að ræða þessi mál, virðulegur forseti? Hefur virðulegur forseti hlýtt á margar slíkar gagnrýnar yfirferðir í þingflokki Framsfl. á herstöðunni á Norður-Atlantshafi, samhenginu Keflavík–Stokksnes–Gunnólfsvíkurfjall o.s.frv.? Það er vel hægt að upplýsa þetta hér við umræðuna.

Hafa menn í þingflokksherbergi Alþfl. tekið sér tíma til að fara ofan í saumana á þessu? Mér hefur heyrst hv. þm. Árni Gunnarsson kvarta á stundum undan því úr sæti sínu hér, hann hefur ekki haft mjög hátt um það hér í ræðustól, að það hafi farið heldur lítið fyrir umræðum um þau efni í þingflokksherbergjum Alþfl. og annars staðar þar sem forusta hans sest á stóla.

En kannski Sjálfstfl. hafi tekið sér tak og ræði þessi mál þrátt fyrir fákunnáttu hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar eða það sem túlka má sem slíkt þegar hann kastar hér fram spurningum úr sæti sínu á þingi og segist ekkert botna í þessu. Kannski hafa menn verið að ræða þessi mál í niður grunninn þar, hermálastefnu Bandaríkjamanna, flotastefnu Lehmans, flotamálaráðherra Bandaríkjanna, og hvaða þýðingu það hefur fyrir herstöðvarnar á Íslandi og þátttöku okkar í Atlantshafsbandalaginu. Kannski hefur hv. þm., fyrrv. hæstv. ráðherra, Matthías Á. Mathiesen haldið skynuga fyrirlestra í þingflokki Sjálfstfl. um þessi efni, eitthvað skynsamlegra en heyrðist frá honum sem ráðherra hér í sölum Alþingis á meðan hann fór með utanríkismál, því að það var því miður ansi magurt. Eða er það svo að menn bara stingi hausnum í sandinn, vilji ekki ræða þessi mál og treysti á forsjónina vestur í Pentagon? Er það þannig? Og hugsi sem svo: Ja, það er nú ágætt að hafa þetta lið hérna, þetta gefur bara heilmikið af sér hér. Þó að við afneitum aronsku, þá er það ekki lítill þáttur í gjaldeyrisöflun á Íslandi, ekki smáir gullmolarnir sem hrjóta af borðum þessa liðs hér inn í íslenskan búskap til gæðinga sem standa þessum flokkum ansi nærri og væru tilbúnir að kosta svo sem eitt fræðslunámskeið, ef svo bæri undir, um þessi efni fyrir mennina sem standa að og tryggt hafa þessa stefnu.

Virðulegur forseti. Sums staðar er rætt um þessi efni. Það var t.d. haldinn fundur í félagsskap sem heitir Varðberg þann 18. mars sl. og kannski voru einhverjir hv. þm. viðstaddir á þeim fundi. Það kynni að vera. Hver halda menn að hafi verið gestur fundarins? Hver halda menn að hafi verið gestur á þeim fundi 18. mars sl. hjá Varðbergi? (**Gripið fram í:** Það var auglýst.) Það var auglýst. Það var ekkert verið að leyna því. Gestur fundarins var yfirmaður herliðsins á Keflavíkurflugvelli. Sá heitir McVadon. Hluti af máli hans var tíundaður á síðum Morgunblaðsins þann 21. mars sl., en þó ekki allt. Hermt er af trúverðugum aðilum að McVadon hafi m.a. mælt eitthvað á þá leið þegar hann var að ræða um „háborg kafbátavarnanna", eins og Morgunblaðið hefur eftir honum að hann taldi herstöðina Keflavík vera, háborg kafbátavarnanna, þegar hann var að ræða um þessa háborg kafbátavarnanna, þá greindi hann söfnuðinum í Varðbergi frá því „að við vitum að þeir vita að við erum hér til langframa". Á máli þeirra í Pentagon eitthvað á þá leið: „We know that they know that we are here to stay." Þetta er á árinu 1989, á 40 ára afmæli Atlantshafsbandalagsins. Þá skreppur það upp úr yfirmanni Bandaríkjahers á Íslandi í söfnuði útvalinna, Varðbergi, að Bandaríkjamenn viti að Rússarnir viti að Bandaríkjamenn eru komnir hér til að vera — „that we are here to stay" — og það er kannski kjarni málsins. Það er kjarni þess máls sem við ræðum hér. — Hvar er hæstv. ráðherra? (**Gripið fram í:** Hann er hérna.) Hann er þar. (**EG:** Og nýtur látbragðslistar ræðumanns.) — Það er kjarni þess máls sem við ræðum hér.

Ætla menn að sætta sig við þá staðreynd að yfirmenn Bandaríkjahers á Íslandi og yfirmenn Bandaríkjahers vestra séu farnir að tala um það feimulaust og láta hafa eftir sér á prenti að Íslendingar séu orðnir svo samdauna hersetunni að þeir séu farnir að viðurkenna hana sem sjálfsagðan hlut, að það sé hægt að segja við þá: Við erum komnir hér til að vera. Orðin sem hrjóta stundum af talsmönnum herstöðvanna hér á Alþingi í umræðum þess efnis að Íslendingar geti hvenær sem er sagt við þetta lið: Farið þið heim. Við höfum þetta allt á okkar valdi, við getum vísað þeim burtu og ætlað þjóðinni að trúa. Ég er ekki að segja að við höfum ekki þetta formlega vald og

gætum látið reyna á það strax í dag. En herliðið og bakmenn þess treysta því að þannig sé komið fyrir íslenskri þjóð að þeir hafi náð því markmiði sem Bandaríkin settu sér við lok síðasta stríðs að tryggja sér herstöðvar á Íslandi um alla framtíð, á máli hersins og í samningum sem gerðir voru við sumar aðrar þjóðir á þeim tíma til 99 ára. Ég held að þetta sé svo mikið alvörumál sem ég er að ræða hér að við þurfum öll á Alþingi Íslendinga að fara vandlega yfir það í hugum okkar og taka á því hér á Alþingi. Ætlum við að láta þetta gerast? Ætlum við að una því að Ísland verði stimplað inn sem útvarðstöð Bandaríkjanna, herstöð til langframa? Er þannig komið fyrir okkur?

Í öðru tímariti — sem ég hef hér undir höndum og heitir Aviation Week, gefið út í Bandaríkjunum, sem fjallaði ítarlega í mörgum greinum um herstöðvarnar á Íslandi og átti viðtal við yfirmenn úr herstöðvunum þann 14. nóv. 1988 — er ein millifyrirsögnin einmitt í þessa veru: „Íslendingar viðurkenna nálægð herstöðvanna" — „Icelanders accept U.S. military presence" og þetta er undirstrikað í greininni. Íslendingar hafa tekið við hernum, tekið herinn að hjarta sér er kannski það sem liggur að baki orðanna. Og það stendur fleira í þessum greinum. Það stendur m.a. í þessum greinum, haft eftir yfirmanni flughersins á Keflavíkurflugvelli. Sá mun heita Stone og hann fræðir okkur á því að það þurfi ekki að spyrja íslensk yfirvöld, ekki að spyrja þau hið minnsta um það þó að fjölgað sé hér vígtólum til þátttöku í heræfingum á norðurslóðum. Yfirmaður herliðsins, flughersins í Keflavík er kallaður Colonel, hann staðhæfir það að Bandaríkjaher hafi fullt vald til þess að fjölga herflugvélum á Íslandi í tengslum við æfingar á norðurslóðum.

Ég spurðist fyrir um það hjá varnarmálaskrifstofunni svokölluðu hvernig þeir litu á þetta, hvort þetta væri svona. Og ég fékk þau svör: Já, þetta er víst svona. Það er að vísu svo að það hefur verið talað um að þessi mál séu kynnt fyrir íslenskum stjórnvöldum, en formlega séð hafa Bandaríkjamenn þetta vald og þeir hafa notað það. Þeir notuðu það í sambandi við heræfingarnar „Teamwork" í september sl., um það leyti sem ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar var að hrökklast frá völdum, á þeim haustdögum, þá var að koma hingað til Íslands liðstyrkur til þátttöku í heræfingunni „Teamwork" sem hæstv. utanrrh. greindi frá og eru mestu heræfingar á norðurslóðum um langa hríð. Hingað komu 10 Phantom-orustuþotur til viðbótar við það lið sem fyrir er. Og það er svo smekklega frá því greint í Aviation Week, í þessu tímariti sem ég var að vitna til, að þessar Phantomþotur geta borið nánast hvað sem er í vopnabúri flughersins. „They can carry almost everything in the U.S. Air Force inventory." Svo að ekkert fari á milli mála.

Þeir eru ekkert að liggja á hlutunum í Aviation Week, hæstv. utanrrh. Þeir segja: Við höfum fullt vald til þess að koma hingað með flugflota í viðbót til þátttöku í slíkum heræfingum og þessar flugvélar geta borið nánast hvað sem er í vopnabúri flughersins. Og hvað gerðu íslensk stjórnvöld? Þau voru þó spurð um einn þátt í þessum heræfingum „Teamwork", þau voru spurð um einn þátt. Þeir spurðu: Megum við nú ekki fljúga hérna inn yfir Ísland með herþoturnar okkar frá Theodore Roosevelt flugvélamóðurskipinu sem liggur hérna fyrir utan suðausturlandið? Megum við ekki koma inn í lágflugi og æfa árásarflug inn yfir Vatnajökul og norður yfir Vatnajökul? Þeir spurðu um þetta, hv. þm. Egill Jónsson, þarna rétt yfir minkabúunum í Nesjunum, í lágflugi. Hverju svöruðu íslensk stjórnvöld? Jú, auðvitað. Verið þið velkomnir. Gjörið þið svo vel. En þau hörðu ekki fyrir því að greina Íslendingum frá þessum æfingum. Það var ekki að finna orð um þessar æfingar herflugvéla í lágflugi inn yfir Vatnajökul, sem hefur nú ekki verið skilgreindur sem varnarsvæði enn sem komið er, ekki orð. Þeir máttu fara norður yfir Ódáðahraun í leiðinni.

Hvers konar samskipti eru þetta? Svo er hæstv. utanrrh. að bera saman þessar smávægilegu heræfingar væntanlegar á Miðnesheiðinni, eins og hann kallar þetta, smávægilegar æfingar sagði hann í sjónvarpi við þjóðina, við þessar miklu æfingar Teamwork sem tengdust Noregi. En þær tengdust bara ekki Noregi einum saman. Þær tengdust öllum norðurslóðum með þátttöku Íslands, íslensks lands, undir þetta herlið, undir þessar æfingar, undir þennan flugflota. Við erum hér þátttakendur í neti sem hv. alþm. margir hverjir hafa því miður ekki haft fyrir að mæla möskvana á.

Og vitið þið hvað yfirmaður bandaríkjahersins sagði þeim á Varðbergsfundinum 18. mars annað en „that we are here to stay", við erum komnir til að vera? Hann sagði þeim m.a. samkvæmt frásögn Morgunblaðsins: Ég lít á Ísland á vissan hátt sem mitt annað land — á vissan hátt sem sitt annað land. Og það er auðvitað alveg rökrétt hjá yfirmanninum. Það er einmitt þannig sem Bandaríkjamenn vilja líta á þetta land, þetta eyland, og telja sig hafa efni á því. Og eitt aðalefni yfirmannsins, fyrir utan það að lýsa háborg kafbátavarnanna, var það að koma á framfæri við þessi góðu eyru á Varðbergsfundinum að það væri ekki vel gert að viðhalda þessum ströngu takmörkunum gagnvart því góða liði sem er hér til að verja okkur. Ég held að það sé meira að segja orðrétt tilvitnun í þetta í Morgunblaðinu — ja, a.m.k. er það haft eftir honum í óbeinni ræðu þar sem segir: „Margir Bandaríkjamenn fyndu þó til óþæginda vegna takmarkana sem þeim væru settar með samningum milli ríkisstjórna Íslands og Bandaríkjanna og þeim þætti þeir ekki alltaf mjög velkomnir. Sumir leiddu rök að því að það væru gildar ástæður til að lofa Bandaríkjamönnunum ekki að búa í byggðarlögunum utan varnarsvæðisins eða fyrir útivistarbanni og ströngum tollareglum. Varnarliðsmenn vildu þó gjarnan sjá þessar reglur afnumdar eða mildaðar." Er ekki von? Heyrðum við það ekki? Heyrðum við ekki aumkunartóninn í hæstv. utanrrh. áðan? Er hægt að breyta áætluninni þegar mennirnir eru búnir að und-

irbúa sig, þeir eru búnir að dagsetja þetta, að þeir ætla að koma hingað á vordögunum? Getum við nú gert þeim það að fara að breyta þessum áætlunum, senda þá til Kanada í staðinn þar sem þeir voru þó að sprikla hérna fyrir nokkrum árum en vilja endilega koma hingað á vettvang? (**EgJ:** Þetta er þinn ráðherra.) Hv. þm. Egill Jónsson. Já, þetta er þinn ráðherra. Ja, það mátti heyra svolítið annað hjá formanni Sjálfstfl. Hlustaði ekki hv. þm. á formann Sjálfstfl. í umræðunni? (**EgJ:** Jú.) Hvað sagði hann? Hann sagði sko: Þetta er minn ráðherra. Fram að þessu hefur þetta verið minn ráðherra, í varnarmálunum er hann sko minn ráðherra. Hann hefur staðið sig vel. Og hann kinkar kolli þessu til staðfestingar. Hann hefur staðið sig vel. (**EgJ:** Er þingmaðurinn ekki sammála þessu?) Hins vegar var einhver smábeygur í formanni Sjálfstfl. þess efnis að það kynni að draga til þess að hæstv. utanrrh. færi að líta eitthvað öðrum augum á málin. Hann hafði smábeyg og lýsti honum hér.

Í ræðu sinni, virðulegur forseti, vék Eric McVadon að þætti herliðsins, m.a. með þeim orðum að það er þó hamingjusamara, herliðið, og betri skammtímaíbúar þegar það finnur að þörf er fyrir það og mætir skilningi. Og í framhaldi af því segir hann ekki ósvipað og hæstv. utanrrh. gerði: „Varnarliðið á Íslandi egnir hvorki né ógnar.“ Við heyrðum þessi orð raunar hér úr ræðustól fyrr í þessari umræðu. Eins og nafnið bendir til, segir McVadon, þá þjónar það eingöngu vörnum Íslands — þá þjónar það eingöngu vörnum Íslands og tryggir að Evrópa geti fengið liðsauka. Og leggið nú við hlustir: „Og það er atriði sem verður því mikilvægara sem dregið er úr herafla Bandamanna í Evrópu“ — og það er atriði sem verður því miður mikilvægara sem dregið er úr herafla Bandamanna í Evrópu. „Það er með þennan góða ásetning og markmið að leiðarljósi sem Bandaríkin og aðrar NATO-þjóðir halda úti vel búnu varnarliði á Íslandi sem ég vona að megi njóta betri skilnings og viðurkenningar Íslendinga“, mælti yfirmaðurinn á Varðbergsfundinum. Afvopnun í Evrópu. Aukin þörf liðsafla Bandaríkjamanna á Íslandi. Það er einmitt þetta sem við blasir.

Ég endurtek spurningu mína til hv. alþm.: Ætlum við að gera Ísland að útvarðstöð Bandaríkjahers til langframa? Er það ásetningur manna að láta þá bíta sig hér svo fasta eins og þessar heræfingar og það samhengi sem þær á að reka í eru eins og til þeirra er stofnað? Getur slíkt gerst í ríkisstjórn undir forsæti Steingríms Hermannssonar, hæstv. forsrh.? Ég vænti að það eigi ekki eftir að koma fyrir og ég vænti þess að hæstv. utanrrh., Jón Baldvin Hannibalsson, verði sá gæfumaður að snúa af þessum vegi, af þessum helvegi, og byrja að færa Ísland í átt að þeim stað þar sem það á heima í samfélagi þjóðanna sem sú smáþjóð sem við erum í samfélagi þjóðanna, vopnlaus og sem boðberar friðar og afvopnunar og reynum að rjúfa hlekkina sem við höfum verið bundin í á Norður-Atlantshafi.

Ég hef hér aðeins vikið að örfáum þáttum sem snerta þetta mál, virðulegur forseti, en það er nauðsynlegt þegar þessi mál eru tekin hér til umræðu að gefnu þessu stóra tilefni að við reynum að átta okkur á hvað er á ferðinni, hvað býr á bak við þær heræfingar sem hér á að stofna til að vori ef óskir Bandaríkjamanna þar að lútandi verða uppfylltar, hvað verður um Ísland nema við snúum frá, nema við snúum af *þeirri götu sem við vorum teymdir inn á með inn*göngu í Atlantshafsbandalagið 1949 og sem við höfum verið leidd eftir eins og sauðir í 40 ár þar sem utanríkisstefna Íslands hefur verið rekin á röngum forsendum og okkar málstaður hefur verið gerður allur annar en þær kynslóðir sem reistu lýðveldi á Íslandi ætluðu sér með því að tryggja sér hér sjálfstæði og frelsi. Við skulum vona að það tilefni sem er til þessara umræðna verði upphafið að því að menn verði fúsari til að horfa til forfeðra sinna og reynslu þeirra og líta inn í þá framtíð sem við þurfum að búa Íslendingum sem hlutlausri friðsamri þjóð hér úti í Atlantshafinu.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstvirtur forseti. Líklega hefur orðið „tímaskekkja“, sem mun hafa hrokkið af vörum hæstv. forsrh., orðið *tilefni* til þeirra umræðna sem hér hafa farið fram í dag. Ég hygg að svo muni vera. Ég held, og skal koma nánar að því, að það sé hreint engin tímaskekkja að Atlantshafsbandalagið og þar með við stöndum fyllilega í ístaðinu. Það skal ég rekja nánar á eftir. Hitt er áreiðanlega tímaskekkja að ræður á borð við þá síðustu sem hér var flutt skuli nú eftir þessi 38–40 ár, eins og ræðumanni varð svo tíðrætt um, flutt í sölum Alþingis. Sá maður sem flytur þessa ræðu í dag hann er ekki vel með á nótunum. Íslendingar vita betur en svo að alls staðar í heiminum séu svo friðelskandi þjóðir að hvergi séu hættur á ferðinni.

Ég hef fyrir alllöngu og oftar en einu sinni talað um að Atlantshafsbandalagið væri merkasta bandalag Íslandssögunnar. Það stend ég við. Atlantshafsbandalagið hefur einmitt á síðustu missirum sýnt og sannað að það hefur áorkað því sem það ætlaði sér eða er vel á vegi að ná því fram. Ekki með því að fara einhliða að afvopnast eða rjúfa samstöðu. Hún verður enn að halda fram um skeið. Það er alveg ljóst. Og hvað halda menn t.d. að aðstaða haukanna í Moskvu, menn halda kannski að þeir séu ekki til lengur, mundi breytast ef Atlantshafsbandalagið, bara kannski ein Atlantshafsbandalagsþjóðin, færi að rjúfa samstöðuna, jafnvel sú minnsta og vanmegnugasta, eða breyta eitthvað til um það hvort hermenn megi æfa sig? Það er vonandi þeirra verkefni að æfa sig — og ekkert meira. Vonandi kemur aldrei til þess að þeir þurfi að stunda hina eiginlegu hermennsku. En á hverjum degi æfa þeir sig að sjálfsögðu. Það er ekkert skrýtið við það.

Hvað haldið þið að „haukarnir“ mundu gera og segja við þeim hreyfingum sem nú eru góðu heilli, jafnvel í Ráðstjórnarríkjunum sjálfum? Við trúum því að þar séu merkilegir hlutir að gerast og í öllum

járntjaldslöndunum, hjá öllum hinum undirokuðu þjóðum sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson auðvitað vorkennir ekki og hefur ekki gert frá því hann var við sitt nám í Austur-Þýskalandi. Hann hefur talið að það væri kannski ástæða til að herða á kommúnismanum þar. Hann er ekki að tala máli þessa fólks sem eygir núna frið og frelsi. En hvað haldið þið að „haukarnir" mundu gera? Þeir mundu segja: Sjáið þið hvert þetta leiðir. Gorbatsjov var að tala við þetta fólk. Ef við segðum þá: Við ætlum að hætta við allan vígbúnað. Við ætlum að fara að friðvæðast eitthvað, leggja niður okkar varnir einhliða, þá segðu þeir auðvitað: Þið sjáið að einasta leiðin til þess að Atlantshafsbandalagið komi eitthvað til móts við okkur er sú einmitt að við herðum tökin. Við þurfum ekkert að afvopnast. Við getum áfram haft þetta vopnavald hangandi yfir þeim. Þetta er svo augljóst mál.

Menn eru nú einu sinni þannig gerðir og þjóðir, og sér í lagi auðvitað einræðisþjóðir, að þær eru ekkert vísvitandi að draga úr styrkleika sínum. Auðvitað getum við ekki hér vestur frá afvopnast einhliða. Við höfum ályktað um það hér með ályktun frá 23. maí 1985 að við gætum ekki sætt okkur einu sinni við það að öll Norðurlöndin væru kjarnorkuvopnalaus. Það svæði yrði að vera stærra. Það yrði að ná frá Grænlandsströndum til Úralfjalla. Það yrði að taka til Atlantshafsbandalagsþjóða, Varsjárbandalagsþjóða og hlutlausra þjóða og það yrði að ná suður um Evrópu. (**Gripið fram í:** Hvar sérð þú það?) Í ályktun 23. maí 1985 og skýringum sem m.a. hv. þm. Hjörleifur Guttormsson fól mér, Eyjólfi Konráði Jónssyni sem þá var formaður nefndarinnar, að flytja fyrir sína hönd. Það stendur í þingskjölum. Þetta er í þessari ályktun. Og það verður ekki aftur tekið og Páll greiddi þessu atkvæði Pétursson, hv. þm. (**Landbrh.:** Hvar í ályktuninni?)

En það er út af fyrir sig ekkert við því að segja þótt hv. þm. Páll Pétursson, sem innleiddi þessa umræðu, haldi þeirri skoðun sem hann lengi hefur haldið, en hann hefur ekki haldið henni mjög á loft núna lengi. En mér er kunnugt um og ég held að það sé alveg rétt að hann hefur lítt breytt um skoðun þó hann hafi samþykkt þessa ályktun 1985 eins og allir aðrir þingmenn. (**PP:** Ég var flutningsmaður.) Já, já.

En þingmaðurinn sagði að það gilti hið sama um herstöðina og heræfingar, ég skrifaði þetta held ég orðrétt niður, að þetta væri ekki til að verja Ísland, það væri lítið hald í varnarliðinu. Við skulum ekki vera þeir glópar að halda að varnirnar á Íslandi séu eingöngu til að verja Ísland eða varnirnar í Danmörku séu eingöngu til að verja Danmörku. Það er fullljóst öllum Atlantshafsbandalagsþjóðunum að þær eru í sama bátnum og það eru sameiginlegu varnirnar sem verja þjóðirnar allar. Það eru ekki varnir á einu svæði á þessum hluta heimskringlunnar sem verið er að styrkja nákvæmlega þar til þess að verja einhvern ákveðinn blett þessa svæðis. Það er grundvöllur Atlantshafsbandalagssamkomulagsins að árás á eina þjóðina sé árás á þær allar. Og eigum við ekki að taka einhvern þátt í því að standa við skuldbingingar okkar við þetta bandalag?

Ég er alveg sammála því, sem hér hefur komið fram, að hæstv. utanrrh. allar götur frá utanríkisráðherratíð Ólafs heitins Jóhannessonar hafa farið rétta leið með því að stuðla að styrkari vörnum með því að fylgjast betur með því sem er að gerast á varnarsvæðinu. Þar undanskil ég engan. Og aldeilis ekki hæstv. forsrh. Hann stóð sig frábærlega vel í því að halda áfram því starfi sem Ólafur Jóhannesson og Geir Hallgrímsson höfðu hafið og var ekkert undan því að klaga. Ég studdi hann mjög dyggilega og drengilega, það vita allir, í öllu því sem við kom varnarmálum landsins, alveg eins og ég styð núv. hæstv. utanrrh. og get samþykkt nánast hvert orð af því sem fram kom í hans ræðu. Þess vegna þyrfti ég kannski ekki að tala mjög lengi. Hann skýrði málið allt saman frá grunni. Það er ekkert þarna að gerast annað en það sem við höfum sjálfir viljað að gerðist og höfum stefnt að. Og hæstv. forsrh., þó hann talaði um þetta sem tímaskekkju, vissi þó og játar það að frá ágúst 1988 hafði legið fyrir, bókað í varnarmálaskrifstofu, að þessar heræfingar mundu halda áfram.

Menn segja að þessar æfingar séu viðameiri núna af því að það séu nokkru fleiri menn sem taka þátt í þeim, en jafnframt er upplýst að í æfingunum 1987 voru þó notuð skotfæri, en nú eru þau engin, það eru púðurskot eftir því sem upplýst hefur verið. (Gripið fram í.) Mér skildist á hæstv. utanrrh. að það hefði ekki verið. Þá hef ég misskilið ef hann sagði ekki að þá hefðu verið það sem kalla má alvöruskot. (**EgJ:** Þið verðið að vita hvað er í byssunum.)

Úr því að ég er farinn að ræða við hæstv. forsrh. gat ég ekki skilið hann öðruvísi en svo að hann hafi vitað af þessu og auðvitað hefði það verið vanræksla í hans starfi hefði hann ekki fylgst með því og þess vegna ekkert við þessu að segja og ég er nokkurn veginn viss um að þetta hefur dottið upp úr honum, þetta orð, tímaskekkja. Ég tel einmitt að það sé tímaskekkja eins og ég áðan sagði að ætla núna að fara að halda ræður um að NATO hafi ekki áorkað neinu og það sé langbest helst að fara úr því og fundir haldnir þar sem talað er um að friðlýsa landið eins og hv. þm. Kristín Einarsdóttir talaði um. Og að við friðlýstum Ísland? Hvað þýðir það að friðlýsa Ísland? Þýðir það ekki úrsögn úr Atlantshafsbandalaginu? Þýðir það ekki að við tökum upp hlutleysisstefnu? Þýðir það ekki að einangra okkur úti í miðju Atlantshafi, gersamlega varnarlausir? Þýðir það ekki áhrifaleysi í þessum heimshluta, áhrifaleysi okkar alls staðar? Og hvað haldið þið að nágrannaþjóðir okkar mundu segja, t.d. Norðmenn sem eiga allt sitt undir því að varnirnar á norðurslóðum, nákvæmlega eins og við, séu styrkar og það sé ekki hvikað þar? Og ætla menn svo að fara að halda því fram að Rússar séu að afvopnast á Kola-skaga? Það vita allir sem vilja vita að hervæðingin þar er gífurleg og stóraukin á síðustu missirum. Hvers vegna? Þeir eru að færa sínar varnir á norðurslóðirnar og við þessu verðum við auðvitað að bregðast og halda okkar stöðu.

Það er komin á umræða á milli stórveldanna og bandalaganna tveggja um afvopnun, líka afvopnun hinna hefðbundnu vopna eins og þar stendur, og hvað gerist? Bæði bandalögin, Atlantshafsbandalagið og Varsjárbandalagið, segja nú það sama og Íslendingar sögðu 23. maí 1985: Frá Atlantshafsströndum til Úralfjalla, nota sama orðalagið, skal þessi afvopnun eiga sér stað, gagnkvæm. Allir vita að Rússar og austantjaldsþjóðirnar hafa miklu, miklu öflugri herafla en vestrænu þjóðirnar. Ættum við þá fyrst að hætta okkar æfingum og fækka þeim mönnum sem eru í herjum vesturveldanna á meðan Rússar vígbúast með þeim ógnarkrafti sem þeir hafa gert á Kola-skaga í næsta nágrenni við okkur og þjarma að Norðmönnum og okkur þar með? Væri það gáfulegt? Ætti ekki að halda áfram þessum gagnkvæmu viðræðum um gagnkvæma fækkun í herjunum og gagnkvæma minnkun vopna? Ég sé ekki hvernig nokkur skyni borinn maður getur haldið öðru fram nema hann vilji þá að sósíalisminn sigri í heiminum. (**Utanrrh.:** Hvaða sósíalismi?) Ja, er hann dauður? (**Utanrrh.:** Hann er eins dauður og dauður getur orðið.) Jæja, það var gott, sagði foringi sósíaldemókrataflokks. Ég fagna þessu mjög og ég heyri að allir í húsinu fagna þessu mjög. Sósíalisminn dauður og þá ætti líklega ríkisstjórnin að segja af sér líka því að þetta er einhver sósíalistíska ríkisstjórn vestan járntjalds ef ekki sú allra sósíalistíska að verða, kerfisstjórn með höft á öllum sviðum, kyndir undir verðbólgu, atvinnuleysi og lág laun, versnandi lífskjör — og veit að hún er að gera þetta.

Þannig t.d. kom það fram fyrr í umræðunni að hæstv. forsrh. sagði þegar hann frétti af skoðanakönnun nú að hann væri ekkert undrandi á þessari niðurstöðu, ekkert hissa. Hæstv. forsrh. Steingrímur Hermannsson var ekkert hissa. (**Forsrh.:** Það er rétt.) Já, hann var nefnilega einu sinni hissa, menn muna það, þá var hann plataður. En nú var hann ekkert hissa. Og hann segir: Við erum nú að kljást við tvo magnaða drauga. Hver vakti þessa drauga upp? Við erum að kljást við þessa mögnuðu drauga. Hann er bara ekkert hissa á því að fylgið skuli hrynja af stjórninni. Þetta er fylgisminnsta stjórn sem nokkurn tíma hefur verið á Íslandi og alltaf hrynur fylgið meira og meira. Það vita allir. Og hann segir: Ef ég hefði verið spurður í skoðanakönnuninni, þá hefði ég ekki svarað. (**Forsrh.:** Þú verður að athuga að formaðurinn fór rangt með áðan.) Nei, það er orðrétt: Ef ég hefði verið spurður sem óbreyttur hefði ég svarað ... Ef hann væri spurður sem óbreyttur framsóknarmaður hefði hann alls ekki stutt stjórnina. En sem aðalmaður Framsfl. ætlaði hann að styðja hana. Er það ekki svo? Ætlar ekki forsrh. að styðja stjórnina? (Gripið fram í.) Á ég að lesa alla ...? Ef einhver vildi rétta mér blaðið þarna, þá get ég það. Blaðið liggur þarna. Það er sjálfsagt að gera það svo að ekkert fari milli mála hvað sagt hefur verið. Þetta er örstutt, hæstv. forseti, og með leyfi les ég í Dagblaðinu sl. föstudag á 2. bls.:

„Steingrímur Hermannsson", er fyrirsögnin: „Súpum seyðið af óvinsælu ástandi.

Ég er út af fyrir sig ekkert undrandi á þessari niðurstöðu. Við erum núna að kljást við tvo magnaða drauga í þessu þjóðfélagi, annars vegar verðlagið eftir þær gengisfellingar sem varð að framkvæma og hins vegar annan enn þá verri, peningavaldið, fjármagnskostnaðinn og háa vexti sem haldast hönd í hönd. Ég hef hvað eftir annað sagt að tiltrú á þessari ríkisstjórn verði ekki vakin nema það takist að kveða þá niður", sagði Steingrímur Hermannsson forsrh. þegar honum voru borin tíðindin af skoðanakönnuninni.

Steingrímur sagði að ljóst væri að ríkisstjórnin væri að súpa seyðið af óvinsælu ástandi í þjóðfélaginu." — Hver skapaði það? — „Annars verð ég að segja að ef ég hefði verið spurður sem óbreyttur í þessari könnun, þá hefði ég ekki svarað á þessari stundu. Ég held að aðalskýringin á gengi í þessari könnun liggi í því hve margir eru óákveðnir eða svara ekki."

Þetta er mjög hreinskilið og ég dái forsrh. fyrir að játa að svona er standið í Framsfl. og í ríkisstjórninni og þar með í þjóðfélaginu þegar við hinir sem utan við stöndum erum meira og minna einangraðir og getum engin áhrif haft. Þetta breytist auðvitað ekki fyrr en þessi stjórn fer frá. En mín vegna má hún gjarnan vera nokkra mánuði í viðbót og láta sjá það í eitt skipti fyrir öll að þessi öfl geta ekki stjórnað þessu landi. Það er algerlega vonlaust og sjálfir auglýsa þeir það mest. Þeir eru stanslaust að rífast um öll möguleg mál. Það var upphaf minna orða og kom raunar fram í ræðu hv. þm. Þorsteins Pálssonar, formanns Sjálfstfl., líka að það fer ekkert á milli mála að formaður þingflokks Framsfl. notar þetta gáleysislega orðalag foringja síns, hæstv. forsrh., um tímaskekkjuna til þess að vega svolítið að þeim sem eru kannski kallaðir hægra sinnaðir í sínum eigin flokki og annars staðar og hæstv. utanrrh. sem glottir hér í dyrunum. (**Utanrrh.:** Ég er vinstri krati.) Nú, var ekki áðan búið að afnema sósíalismann? Hver höndin er upp á móti annarri í þessari ríkisstjórn.

En af því að við vorum nú að tala um og þessi umræða átti að vera um varnarliðið þótt hún hafi nú farið út og suður og líka hjá mér, skal ég víkja aftur að því, sem ég var að segja, að Atlantshafsbandalagið er um margt merkasta bandalag Íslandssögunnar. Hvað halda menn nú að hefði gerst ef ríkin í vestrinu hefðu ekki byrjað að þjappa sér saman strax eftir Berlínardeiluna, um það leyti, 1948–1949, þjappa sér saman í einn flokk? Það var talað um brinkmanship John Foster Dulles, brinkmanship er kannski sú stefna að tefla á tæpasta vaðið, eitthvað í þá áttina, ekki síst á hernaðarsviði. Það var örugglega rétt að Bandaríkjamenn tefldu þar á tæpasta vaðið. Það var ógnvænlegt ástand þá. Síðan sameinuðust vestrænar þjóðir um að skipa sér í eina fylkingu til varnar vestrinu þegar hver þjóðin af annarri hafði verið undirokuð af rússneska birninum og því ógnarvaldi sem þá var sem enginn mælir þó bót á Íslandi lengur. Ja, enginn? Það er enn þá til einn og einn sem gerir það, meira að segja til einn og einn sem enn þá hælir Hitler og nasismanum. Ef þessi ríki hefðu ekki gert það, hver hefði þá orðið niðurstaðan? Ef Berlín hefði ekki verið varin með

þeim hætti að byggja loftbrúna, ef þessi ríki hefðu ekki sameinast um varnir í Evrópu? Er einhver hér inni sem í alvöru heldur því fram að rússneska herveldið hefði ekki haldið áfram vestur eftir Evrópu? Að sjálfsögðu hefði það gert það.

Og tökum annað dæmi. Hvað hefði gerst ef Kennedy, forseti Bandaríkjanna, hefði ekki stöðvað Rússa og það meira að segja Krústjoff sem menn bundu nú miklar vonir við? — Nú er sagt að kjarnorkuvopnin hafi verið komin til Kúbu. Það eru síðustu fréttir. Það var ekki vitað áður. Þau voru komin þangað. Menn héldu að þau væru í skipunum sem snúið var við þar sem eldflaugarnar voru. Eldflaugapallarnir voru komnir og nú eru upplýsingar um það að kjarnorkuvopnin hafi verið komin, að Rússar hefðu getað beint kjarnorkuvopnum að öllum helstu borgum Bandaríkjanna. Þeir áttu miklu minna af langdrægum eldflaugum en þeir létu í veðri vaka og menn héldu. Hvað haldið þið að hefði gerst ef Kennedy hefði ekki á réttu augnabliki brugðist við? Halda menn að einhver Gorbatsjov hefði komið þá á eftir eða einhver Krústjoff hefði lifað? Auðvitað hefðu harðlínukommúnistarnir í Kreml haft öll völd og hefðu enn og það var enginn til þess að verja hið vestræna frelsi. Og koma svo hér og tala eins og kvennalistakonur gera, mér skildist að hv. þm. Kristín Einarsdóttir talaði fyrir listann allan, að tala um að friðlýsa Ísland. Á þessari stundu ættum við að segja okkur úr Atlantshafsbandalaginu, reka varnarliðið úr landi, einangra okkur, svíkja bandamenn okkar. Væri það leiðin til þess að þróunin í Rússlandi og fyrir austan tjald héldi áfram? Áreiðanlega ekki. Það yrði til þess að hin frjálslyndu öfl færu. Þau yrðu undir. Þá mundu haukarnir segja: Þið sjáið stefnufestu okkar. Staðfesta í því að halda vopnabúnaðinum orkar því að nú ætla þeir einhliða að fara að afvopnast. Við þurfum ekkert að afvopnast. Þeirra fylkingar eru byrjaðar að riðlast. Þeir eru að afvopnast. Bíðum bara svolítið við þangað til þeir eru búnir að henda sínum vopnum meðan við aukum okkar vopnabúnað. Þá höfum við töglin og hagldirnar.

Ég vona og við öll hér inni að þetta gerist ekki. Við vonum það að sú þróun sem hófst fyrir nokkrum missirum einmitt hér í Reykjavík, varð augljós, haldi áfram. Það á að vera sameiginleg stefna Alþingis Íslendinga eins og hún hefur verið frá því að við sameinuðumst um eina ályktun í maímánuði 1985. Við eigum að halda okkur við þá stefnu og við eigum ekki að svíkja bandamenn okkar heldur bæði að þrýsta á þá og líka þá sem verið hafa andstæðingar okkar um að afvopnast gagnkvæmt með samningum, ekki bara að eyðileggja kjarnorkuvopn heldur að afvopnast í alvöru og til fullnustu.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Hv. þm. til upprifjunar skal það ítrekað að hér eru til umræðu heræfingar sem bandarískra varnarliðið í Keflavík hefur farið fram á á komandi sumri. Menn eru beðnir hér kl. 10 að kvöldi að halda sig við það umræðuefni.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Þetta var sjálfsagt þörf áminning um efni ræðu manna hér í kvöld, en hún hefði átt að koma fyrr. Hér talaði frá kl. 8.30 til kl. rúmlega 9.30 hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, 2. þm. Austurl., og hann kom næsta lítið nálægt því efni sem hér er helst til umræðu. (Gripið fram í.) Hann talaði um allt aðra hluti. Ég skal vissulega verða við þeim tilmælum forseta að halda mig að mestu við það efni sem formaður þingflokks Framsfl. vakti máls á í dag, en það er óhjákvæmilegt að koma líka að ýmsum öðrum hlutum og skal ég þó reyna að stytta mál mitt í ljósi þess að þetta er kvöldfundur og í ljósi þess að einn þingmaður hefur talað hér í á annan klukkutíma frá því að þessar umræður byrjuðu. Hann er satt að segja lýsandi og lifandi tákn þess hve brýn nauðsyn okkur er að endurskoða þingskapareglur í þessu húsi þannig að það geti ríkt eðlilegt jafnrétti milli þingmanna í umræðum af þessu tagi. Og það er ekki í fyrsta skipti sem þessi hv. þm. leikur aðra þingmenn grátt og takmarkar þeirra ræðutíma með því að flytja sjálfur óheyrilega langt mál og oftar en ekki lítið skemmtilegt.

En það verð ég að segja að sú ræða sem hann flutti hér, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, kom ekki á óvart. Við höfum oft heyrt hana áður og ég var ekki hissa á hans ræðu. Hana ber að skoða í ljósi þess að hann hefur hlotið sitt pólitíska uppeldi undir handarjaðri Ulbrichts og félaga í Austur-Þýskalandi og þessi málflutningur þarf engum manni að koma á óvart og kemur ekki á óvart.

Ég verð líka að segja að málflutningur þingmanns Kvennalistans áðan kom mér ekkert á óvart. Kvennalistanum hefur í þessum efnum jafnan tekist að vera svolítið vinstra megin við Alþb. ef því er að skipta og þetta er ekkert nýtt af nálinni. Það er deginum ljósara og hefur verið býsna lengi að því er varðar Alþb. og að því er varðar Kvennalistann að allt samstarf, varnarsamstarf við vestrænar þjóðir er eitur í þeirra beinum. En hvað vill þetta fólk? Hvað vill það? Jú, það vill að við hættum samstarfi við t.d. Dani og Norðmenn um öryggis- og varnarmál, að við segjum okkur úr varnarbandalagi lýðræðisþjóðanna, Atlantshafsbandalaginu, bandalaginu sem sannanlega hefur tryggt frið í okkar hluta Evrópu í 40 ár. Sá hópur sem hefur verið í Austur-Evrópu vill þetta þar sem þau sjónarmið og sú lífsstefna sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson lítur æðsta og þekkir best hefur ráðið ríkjum.

Og hvað vill þetta fólk? Já, það vill að við segjum okkur úr varnarsamtökum vestrænna þjóða og einangrum okkur eins og hér var áðan vikið að. Hvað þýðir það? Það þýðir að þau vilja skapa hér tómarúm. Það þýðir það að við munum verða fyrir auknum þrýstingi annars staðar frá. Þetta er alkunn staðreynd. Þrátt fyrir þá þíðu sem nú er í alþjóðamálum held ég að þetta mundi óhjákvæmilega gerast. Halda menn að slík sjónarmið eigi upp á pallborðið t.d. hjá þeim þjóðum sem þolað hafa bitra reynslu eins og Norðmönnum hverra land var hernumið af óvinaher

sem skildi eftir sviðna jörð þar sem símastaurarnir voru meira að segja brenndir niður í svörð í Norður-Noregi? Þessi mál eru bara ekki til umræðu þar á því stigi sem Kvennalistinn og Alþb. ræða um hér.

Mér finnst heldur ekki ástæða til að hafa þau alvarlegu mál sem hér er verið að ræða núna í flimtingum allt að því eins og gert hefur verið í kvöld. Þessi mál eru vissulega alvarlegri en svo að ástæða sé til slíks og mér þótti það ekki við hæfi þegar 2. þm. Austurl., hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, setti sig í gervi eins konar eftirhermu í þessum ræðustól. Mér fannst það afar ómálefnalegur flutningur og satt best að segja ákaflega ómerkilegur. Mér þykir líka svolítið skrýtið að hugsa til þess að sá hv. þm. reri að því öllum árum að verða formaður utanrmn. á sl. hausti. Hann sagði líka í sinni ræðu að tveir af þremur flokkum þessarar ríkisstjórnar hefðu lýst skoðunum sínum á fyrirhuguðum heræfingum hér á landi og átti þar við Alþb. og formann þingflokks Framsfl. Mér þykir miður að hæstv. forsrh. skuli ekki vera hér í salnum þessa stund vegna þess að ég vil spyrja hann: Talaði formaður þingflokks Framsfl. í umboði þingflokksins þegar hann kvaddi sér hljóðs hér utan dagskrár í dag? Kvaddi hann sér hljóðs í dag í umboði þingflokksins og að beiðni þingflokksins? Ég mun ítreka þessar spurningar ef hæstv. forsrh. kemur aftur í salinn.

Það er einkenni á umræðum sem þessum að ýmsir þingmenn og ráðherrar Alþb. ókyrrast gjarnan og hefja frammíköll. Við heyrðum það áðan að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson átti afar bágt með sig og það er svo sem ekkert nýtt heldur. En ég verð að segja það, virðulegi forseti, að mér þótti þessi uppákoma í dag frá formanni þingflokks Framsfl. vera undarlegt upphlaup og ég held nánast að í stjórnarsamstarfi sé þetta afar fátítt ef ekki einsdæmi. Að vísu leyfi ég mér að halda að hér sé upphlaup eins og mjög sérsinna einstaklings í Framsfl. í þessum efnum, en ekki að þetta sé skoðun flokksins og ég mun ganga eftir því við hæstv. forsrh. á eftir að fá svar við því hvort það sé svo að hér hafi orðið stefnubreyting hjá Framsfl. Hafi svo orðið er það vissulega umhugsunarefni fyrir okkur sem erum í stjórnarsamstarfi með Framsfl.

Hér er um að ræða tiltölulega lítið mál sem hefur verið blásið út úr öllum eðlilegum hlutföllum, mál sem fyrst kom til í utanríkisráðherratíð Steingríms Hermannssonar núv. forsrh. og engar athugasemdir voru þá gerðar við. Ég skal hins vegar taka undir það með hæstv. forsrh. að ég held að að þessu máli hafi ekki verið staðið svo sem réttast og eðlilegast hefði verið af hálfu yfirmanna varnarliðsins og yfirmanna þess varaliðs sem hingað á að koma til æfinga. Og mér sýnist raunar að það geti líka kannski eitthvað verið athugavert við upplýsingaflæðið hjá embættismönnum í utanrrn. Ég held að það þurfi kannski ekki síður athugunar við. Sams konar æfing og hér er um að ræða fór fram fyrir tveimur árum og þótti þá ekki tilefni til upphlaupa af þessu tagi sem nú hefur verið efnt til. Nú munu að vísu koma lítið eitt fleiri menn við sögu en eðli málsins er nákvæmlega hið sama og fyrir tveimur árum þegar voru haldnar hér sams konar æfingar sem ekki einu sinni Keflvíkingar urðu varir við eftir því sem hér hefur komið fram í dag. Hér er varnarlið. Við erum í varnarbandalagi vestrænna þjóða. Þetta varnarlið er hér að vilja mikils meiri hluta þjóðarinnar og það hlýtur að vera þáttur í dvöl þessa varnarliðs hér og þáttur í þeim vörnum, sem meiri hluti íslensku þjóðarinnar vill að hér séu til staðar, að þetta lið og það lið sem hingað á að koma valdi sínum verkum og stundi æfingar eins og eðlilegt hlýtur að teljast ef þetta lið á að gegna sínu hlutverki. Það er ekkert við það að athuga og það er í hæsta máta eðlilegt. Við viljum að hér séu varnir. Það vill mikill meiri hluti þjóðarinnar og þetta er það sem því fylgir.

Ég verð hins vegar að segja að mér finnst hlutur fjölmiðla og þá einkanlega Ríkisútvarpsins/hljóðvarps í þessu máli vera svolítið sérstakur og get ekki að því gert að þá rifjast eitt og annað upp. Því var haldið fram í Ríkisútvarpinu að þessar æfingar ættu að hefjast á þjóðhátíðardaginn. Því var samstundis andmælt, en það hefur verið eitthvað lítið um að það væri leiðrétt. Og eins og kom fram hjá hæstv. utanrrh. í dag voru ekki ein heldur miklu fleiri rangfærslur í fréttaflutningi Ríkisútvarpsins. Ég segi bara það að það eru einkennilegar tilviljanir að ár eftir ár í kringum 30. mars skuli verða einhver upphlaup af þessu tagi í fréttum Ríkisútvarpsins í þann mund sem þeir örfáu hernámsandstæðingar sem enn eru virkir í þeim samtökum halda einhvers konar samkomur sér og sínum til skemmtunar.

Ég minni á fleira af þessu tilefni. Það eru 7–8 ár síðan og það var held ég um þetta leyti árs að fréttastofa Ríkisútvarpins uppgötvaði að vestur í Bandaríkjunum var maður sem hét William Arkin og hélt því fram að á Keflavíkurflugvelli væru geymd kjarnorkuvopn. Þá urðu um þetta miklar umræður í Ed. utan dagskrár og hv. núv. fjmrh. átti eiginlega ekki orð yfir það að sá sem þetta mælir skyldi leyfa sér að draga í efa orð þess ágæta manns Williams Arkin.

Hvað gerðist svo ári síðar? Þessi sami William Arkin kom til Íslands og það var boðað til fundar í þingflokksherbergi Framsfl. og þar sagði þessi William Arkin: Því miður. Þetta var bara allt tóm vitleysa hjá mér. Það var ekkert hæft í þessu. En úr þessu var gert mikið upphlaup.

Ég minni líka á svokallað Tangen-mál. Ég neita því ekki að það hvarflar að mér: Getur verið að þetta séu allt tilviljanir, að fréttastofu Ríkisútvarpsins, sem ég vil annars telja örugga og ábyggilega stofnun, skjöplist í rauninni bara í málum af þessu tagi? Ég nefni þessi þrjú mál þar sem henni hefur skjöplast mjög alvarlega og orðið alvarleg fagmannleg mistök á í verki. Ég neita því ekki að mér finnst þetta vera töluvert umhugsunarefni.

Ég hafði orð um það, frú forseti, að vera ekki langorður, en auðvitað hlýtur maður að spyrja, a.m.k. við alþýðuflokksmenn sem erum í stjórnarsamstarfi við Framsfl. og Alþb., hvaða tilgangi svona upphlaup hjá þingflokksformanni Framsfl. eigi að

þjóna. Er hann að efla stjórnarsamstarfið eða hvað? Það hefði t.d. verið fróðlegt að vita hvað flokksbróðir hans, formaður utanrmn., hv. þm. Jóhann Einvarðsson, segir um þetta sem mátti eftir því sem maður gat best séð una því að fá tilkynningu um þetta í sjónvarpsþætti frá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni. Það varð ekki séð á þeim þætti að hans hv. þingflokksformaður hefði haft fyrir því að segja formanni utanrmn. frá að þetta væri ætlunin. En þetta er einkamál þeirra framsóknarmanna og ég ætla ekkert að blanda mér í það.

En ég mun mælast til þess við hæstv. forsrh. á eftir að hann svari því hér skýrt og skorinort hvort formaður þingflokksins hleypur hér upp í nafni alls flokksins, hvort þetta er einkaframtak hans eða hvort um stefnubreytingu hafi orðið að ræða hjá Framsfl. í þessu grundvallarmáli. Það er alvarlegra mál en svo að því megi láta hér ósvarað.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér fyrr á þessu þingi urðu umræður um ákveðna þætti utanríkismála einmitt utan dagskrár. Þá hafði hv. þm. Hjörleifur Guttormsson talað alllengi og farið vítt um völl eins og honum er títt og notað mikinn tíma eins og hann bæði hér í þinginu og ekki síst í utanrmn. þar sem hann talar kannski jafnmikið og allir aðrir þó hann kvarti undan því, sem er ósatt, að ég hafi nokkru sinni meinað honum máls þar, þvert á móti alltaf haldið fund þegar hann hefur óskað þess eða aðrir. En þar gerðist það að hæstv. forseti úrskurðaði einmitt eftir að ég hafði ávarpað þennan hv. þm. að gefnu tilefni að það væru ekki utanríkismál. Hæstv. forseti sagði orðrétt að þingmaðurinn „Hjörleifur Guttormsson væri ekki utanríkismál". Og í tvígang úrskurðaði forseti þetta, að þingmaðurinn „væri ekki utanríkismál". Á ég þá að skilja það svo og við allir hv. þm. að þann mann megi ekki ávarpa hér þegar rætt er um utanríkismál og ekki víkja að hans máli? Er það réttur skilningur? Gildir þessi úrskurður enn þá? (**Forseti:** Forseti hefur ekki gert athugasemd á þessum fundi.) En ég spyr: Gildir sá úrskurður enn að það megi ekki ávarpa þennan mann þegar verið er að ræða um ákveðna þætti utanríkismála? (**Forseti:** Samkvæmt þingsköpum, eins og hv. 8. þm. Reykv. er fullkunnugt, ber að ávarpa forseta í ræðu sinni en ekki þingmenn úti í sal.) Og má ekki víkja að máli þessa ákveðna hv. þm. þegar rætt er um utanríkismál? (**Forseti:** Það er ekkert sem kemur í veg fyrir að hv. þm. megi ræða störf hver annars í ræðum sínum og hefur ekki verið gerð athugasemd við það.) Það hefur verið gert en ekki núna og við skulum þá segja að þessi úrskurður sé úr gildi fallinn.

Matthías Á. Mathiesen:

Virðulegi forseti. Ég hefði gjarnan viljað í upphafi máls míns vekja athygli á því að í þeirri starfsáætlun sem prentuð var og útbýtt var til þingmanna snemma þings var gert ráð fyrir því að 16. og 17. mars færu fram umræður um skýrslu hæstv. utanrrh. Ég vek athygli á þessu og varpa fram þeirri spurningu í upphafi til hæstv. ráðherra hvenær búast megi við því að skýrsla utanrrh. sjái dagsins ljós á hinu háa Alþingi og þá að sjálfsögðu má reikna með því að einhver tími líði frá því að skýrslan hefur verið lögð fram þar til hún verður hér til umræðu. (**Forseti:** Forseti vill upplýsa hv. þm. um að samkomulag hefur orðið um að umræða um utanríkismál fari fram dagana 13. og 14. apríl. Ástæðan fyrir því að þessu var breytt var fjarvera hæstv. ráðherra.) Þá mundi ég vilja leyfa mér að spyrja virðulegan forseta þar sem gert er ráð fyrir því að umræðan fari fram 13.–14. apríl hvort forseti muni þá hlutast til um að skýrslan liggi fyrir í Alþingi nokkru fyrr svo að það gefist tími til að líta á hana áður en umræður fari fram. (**Forseti:** Forseti mun sjá svo til.) Takk.

Hefði hins vegar skýrslan verið komin hefðum við rætt hér þau mál sem hér hafa verið í utandagskrárumræðu undir þeim kringumstæðum að þar hefði verið í máli utanrrh. gerð grein fyrir starfsemi varnarliðsins sem hefur verið einn þátturinn í skýrslugerðinni og síðan greinargerð utanrrh. á þingi.

Það er hins vegar mjög athyglisvert þegar formaður þingflokks Framsfl. kemur með slíkar uppákomur í sali Alþingis og ýmsir sem á undan mér hafa talað hafa reynt að spá í hver sé ástæðan og hvers vegna formaður þingflokks Framsfl. kemur upp með fyrirspurnir til hæstv. utanrrh. varðandi æfingar hjá varnarliðinu og beinir til hans óskum um að hann stöðvi þær fyrirætlanir og noti þannig vald sitt sem utanrrh. til að gera breytingar á þeim hlutum sem áformaðir hafa verið.

Það er ekki nokkur vafi á því að það eru fleiri en eitt og það eru fleiri en tvö atriði, það eru fleiri en þrjú atriði sem eru hér samspilandi í því að hv. 1. þm. Norðurl. v., formaður þingflokks Framsfl., kemur með þetta mál upp hér nú. Ég er ekki í nokkrum vafa um að vitneskja hans eins og ýmissa annarra í hans flokki um slæma stöðu ríkisstjórnarinnar er þess valdandi að hann tekur þetta til umræðu í dag. Við höfum þekkt slík vinnubrögð og það hrekkur enginn út af fyrir sig við þess vegna. Þegar á móti blæs eru ekki allir stuðningsmenn stjórna mjög staðfastir og það hefur gjarnan komið fyrir að menn hafa heyrt rödd úr þingflokki Framsfl. þegar illa hefur árað fyrir þeirri ríkisstjórn sem Framsfl. hefur stutt.

Ég er heldur ekki í neinum vafa um að það er rétt, sem hér var vikið að, að þegar hæstv. forsrh. heyrir þessar fréttir og hann orðar það svo að þetta sé tímaskekkja hefur formaður þingflokks Framsfl. séð sér leik á borði og ákveðið að taka málið upp og láta sinn forsrh. standa við tímaskekkjuna. En það var einhver sem átti von á því að menn gætu heyrt það hér úr ræðustól af vörum forsrh. að hann hefði meint með tímaskekkju að hann teldi skynsamlegra að þessar æfingar færu fram í júlí en ekki júní. Það er út af fyrir sig mánaðarskekkja og tímaskekkja og þannig hægt að skýra það.

En í þriðja lagi er ljóst mál að viss atriði sem koma hér í sambandi við þetta mál eru þeir dagar sem

nýliðnir eru, 30. mars, og það hefur sjálfsagt haft einhver áhrif á taugakerfið þegar var verið að minnast þess með einum eða öðrum hætti. Öll þessi atriði eru samspilandi um það hvernig hv. 1. þm. Norðurl. v., formaður þingflokks Framsfl., tekur þetta mál til umræðu utan dagskrár.

Í sambandi við það sem hv. þm. sagði hér vildi ég gjarnan víkja að því nokkrum orðum og þó sér í lagi þeim fullyrðingum sem hann lét frá sér fara, en ég er ekki í nokkrum vafa um að þar talaði og talar hv. þm. *þvert um hug sinn. Það er í fyrsta lagi þegar* hann lýsir því yfir að í varnarliðinu hér sé harla lítið hald og að það sé hingað komið til þess að verja Ísland. Ég er alveg sannfærður um það að þegar hv. þm. rifjar upp sögu málsins, þá er honum ljóst, og hefur alltaf verið ljóst, eins og okkur hinum, sem viljum vera í samstarfi við vestrænar lýðræðisþjóðir, að Atlantshafsbandalagið er varnarbandalag sem stofnað var til vegna þess að ofbeldisöflin í austri voru að yfirtaka hverja þjóðina á fætur annarri og hér var um að ræða vörn hjá vestrænum lýðræðis*þjóðum. Íslendingar hafa haft takmarkaða möguleika* til þess að taka þátt í þessum hlutum. Þeir höfðu þó aðstöðu til þess að hingað kæmi hluti af því varnarliði, hluti af varnarliði einnar þjóðar sem var þátttakandi í bandalaginu og hér væri aðstaða til þess að fylgjast með, fá upplýsingar og skapa það öryggi m.a. sem við höfum viljað tryggja okkur og tryggja hinum vestræna heimi allar götur síðan Atlantshafsbandalagið var stofnað 1949.

Það er 1967 sem mörkuð er ný varnarstefna hjá ríkjum Atlantshafsbandalagsins og eftir því sem hefur *liðið hafa Íslendingar viljað verða sjálfstæðari um* ákvarðanatökur í þessum efnum. Hins vegar hafa menn látið sér detta það í hug að möguleiki væri á því að gera breytingar og eins og hv. 8. þm. Reykv. vék að hér áðan þá eru sumir svo einfaldir að þeim dettur í hug að það sé til þess að tryggja friðinn, það sé til þess að fá hernaðarveldið í austri til þess að draga saman að við hér á Norðurlöndum lýstum einhliða yfir ákveðnum hlutum í sambandi við kjarnorkuvopnalaust svæði. Þetta eru hlutir sem eru svo barnalegir, svo sem bent hefur verið á, að það tekur *nánast ekki tali að ræða um það.*

Hins vegar liggur ljóst fyrir að sú stefna, sem Atlantshafsbandalagið hefur haft, hefur knúð Varsjárbandalagsþjóðirnar og Sovétríkin til þess að setjast að samningaborðinu. En á meðan unnið hefur verið að því höfum við mátt fylgjast með því að hér á norðurslóðum hafa þeir verið að auka herveldi sitt. Það hefur þess vegna verið enn þá þýðingarmeira fyrir okkur að við gerðum okkar stöðu með þeim hætti að við gætum verið sem virkastir þátttakendur, verið sjálfir þess megnugir að taka ákvarðanir, eins *og þá sem liggur fyrir hæstv. utanrrh.* að taka, og meta og vega málin, gera okkur grein fyrir því hvaða þýðingu það hefur fyrir okkur að þær æfingar, sem hér er gert ráð fyrir, geti farið fram.

Það hefur verið getið um það hér hvernig þáv. hæstv. utanrrh., Ólafur Jóhannesson, hóf þessa viðleitni okkar en það er fyrst þegar Geir Hallgrímsson tekur við utanríkisráðherraembættinu árið 1983, í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, að ákvörðun er tekin um að auka enn á okkar þátttöku í þessum efnum og á árinu 1985 er m.a. sérstök skrifstofa, varnarmálaskrifstofan, stofnsett í utanrrn.

Allt frá þeim tíma hafa verið að gerast hlutir sem allir hafa stefnt að því að gera Ísland að sterkari hlekk í okkar varnarbandalagi, allt hlutir sem hafa stefnt að því að gera okkur sjálf sterkari til ákvarðanatöku í þessum efnum. Og það hefur ekkert farið fram hjá neinum það sem menn hafa verið að gera í þessum efnum. Það hefur ekkert farið fram hjá neinum í sambandi við endurnýjun radarkerfisins á Íslandi. Allt hefur þetta skilmerkilega verið sett fram í skýrslum þeim sem utanrrh. hefur lagt hér fram á Alþingi og þar verið gerð grein fyrir þessum hlutum og þessum þáttum. Þar hefur m.a. verið vikið að aukinni þátttöku okkar í sambandi við hermálanefnd Atlantshafsbandalagsins og í sambandi við kjarnorkumál á vegum þeirra, og sérstök áhersla hefur verið lögð á það sem nú hefur verið að gerast, og gerðist hér fyrir tveimur árum síðan, að að því verði sérstaklega staðið af hálfu okkar Íslendinga.

Ég vil leyfa mér, með leyfi forseta, að lesa úr skýrslu utanrrh. ársins 1986, þar sem vikið er að þessum málum, en þar segir:

„Samræma þarf varnar- og liðsaukaáætlanir fyrir Ísland á hættu- og ófriðartímum öðrum áætlunum er tengjast öryggis- og varnarmálum.“ Þarna er skýrt tekið fram hvernig unnið er að því koma þessu samstarfi á. Þar segir enn fremur, með leyfi forseta: „Koma þarf á samstarfi við Almannavarnir ríkisins sem stuðla að samræmi við skipulagningu og gerð áætlana um þá þætti er varða öryggis- og varnarmál og tryggja verður að almannavarnaráð fái þær upplýsingar sem þörf krefur.“

Allt er þetta til þess að ná samstarfi á milli þessara aðila til þess að skapa aukið öryggi fyrir okkur Íslendinga og fyrir vestrænar lýðræðisþjóðir. Einn þátturinn í því eru þær hernaðaræfingar sem gert er ráð fyrir að hér fari fram og voru fyrir tveimur árum síðan. Og eins og fram kemur í skýrslu þáv. hæstv. utanrrh., núv. hæstv. forsrh., er þar skýrt tekið fram hver sé skoðun hans á þessum málum og um það var enginn ágreiningur í þeirri ríkisstjórn, hafði ekki verið ágreiningur í ríkisstjórninni þar áður hvernig unnið skyldi að þessum málum.

Það vekur hins vegar athygli okkar nú, sem erum í stjórnarandstöðu, þegar hv. 3. þm. Vesturl., formaður þingflokks Alþfl., kemur hér upp og spyr hvort hér sé um að ræða stefnubreytingu hjá Framsfl.? Það verður auðvitað mjög athyglisvert að hlýða á það þegar hæstv. forsrh. gerir grein fyrir því. Ég á von á því að formaður þingflokks Framsfl. gefi sínar skýringar á því. Fyrirspurnin sem hér kom fram frá einum af stjórnarflokkunum — það er ekkert óeðlilegt að stjórnarandstaðan spyrji um svona hluti, hún sér hver ágreiningurinn er í ríkis-

stjórninni, hún gerir sér grein fyrir því hvernig þeir hlutir eru. En þegar einn af formönnum þingflokka ríkisstjórnarinnar spyr að slíku þá munum við að sjálfsögðu hlusta með athygli.

Hæstv. utanrrh. gerði grein fyrir þessum málum eftir að hv. 1. þm. Norðurl. v. hafði lagt fyrir hann allstóran spurningalista og gerði jafnframt grein fyrir því að erindið væri til hans komið. Það er mitt mat að hér sé um að ræða áframhald á því starfi sem unnið hefur verið, áframhald á þeirri stefnu sem við höfum haft og þess vegna er það að mínum dómi sjálfsagt að það leyfi verði veitt og að við getum haldið áfram að efla það samstarf sem við erum í við vestrænar þjóðir, öryggis- og varnarstefnu lýðræðisþjóðanna í Vestur-Evrópu.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti vill af gefnu tilefni ítreka hvert umræðuefnið er hér utan dagskrár, þ.e. fyrirhugaðar heræfingar á varnarsvæði herstöðvarinnar í Keflavík. Um utanríkismál almennt fá hv. þingmenn tækifæri til þess að tjá sig síðar í þessum mánuði.

Ragnhildur Helgadóttir:

Frú forseti. Ég verð að segja það að ég er í hópi þeirra þingmanna sem undrast það mjög að fyrst skuli hæstv. forseti leyfa umræðu um þetta mál eftir ákvæðinu í 32. gr. þingskapa, sem gerir ráð fyrir ótakmörkuðum ræðutíma um það efni sem rætt er eða spurt er um. Það er sem sé metið svo mikilvægt og víðtækt að það þurfi ítarlega umræðu. M.ö.o.: Samkvæmt þessu virðist ekki vera gert ráð fyrir því að umræðan sé einungis einfaldar spurningar, eins og hér voru bornar fram í upphafi máls í dag — 12 spurningar, sem ætlast var til að hæstv. ráðherra svaraði, sem hann gerði eftir því sem efni stóðu til — heldur sé gert ráð fyrir miklu víðtækari umræðum.

Auðvitað tengist þetta mál ýmsum grundvallaratriðum utanríkismála. Ég vil því láta í ljós undrun á því að forseti skuli ítreka, fyrst hæstv. aðalforseti sameinaðs þings, sem og hæstv. varaforseti, skuli gagnrýna hv. þm. fyrir það að ræða um ýmsa þætti utanríkismála sem svo sannarlega tengjast því sem hér var spurt um í upphafi. Ef þetta er rangt hjá mér hefði ekki átt að leyfa umræðuna samkvæmt þessari grein þingskapa sem beitt var, heldur eftir fyrri lið þeirrar sömu greinar.

Matthías Á. Mathiesen:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það sem hv. 3. þm. Reykv. sagði nú hér rétt áðan og ég verð að segja alveg eins og er að mér fannst ég í minni ræðu halda mig alfarið að því málefni sem hér er til umræðu utan dagskrár. Þannig að sú athugasemd sem gerð var hafi þess vegna verið að ástæðulausu. En eins og áður hefur komið fram hefði aðalforseti miklu fyrr í kvöld mátt gera athugasemdir í þessu máli undir ákveðnum kringumstæðum.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég vil aðeins leyfa mér að blanda mér í þessa umræðu um þingsköp, þ.e. form þessarar umræðu. Og byggi þá það sem ég segi á reynslu af umræðum af þessu tagi um margra ára skeið. Þ.e. að þegar tekið er fyrir málefni eins og það sem hér um ræðir, sem er hið formlega tilefni umræðunnar, þá er það á valdi þingmanna að meta það hvernig þeir leiða rök að sínu máli um þetta efni. Það er ekki eitthvað afmarkað um einhverjar tilteknar spurningar sem málshefjandi ber fram, sem oft er fléttað inn í mál af þessu tagi og gerðist hér með skilmerkilegum hætti. Á meðan um málin er fjallað eins og hér hefur verið gert — ég hef verið þátttakandi í því og það hefur kannski verið tilefni einhverra orða hér — þá tel ég að það hafi á engan hátt verið farið út fyrir það sem hefur verið venja og hefð í umræðum af þessu tagi hér á árum áður. Mér finnst engin ástæða til þess að fara að þrengja það svið eða þá möguleika sem hafa fylgt umræðu sem hefur verið ótímabundin hér í þinginu utan dagskrár. Við höfum hitt formið sem er tiltölulega nýtt eða frá 1985, um þrönga afmarkaða umræðu, tímabundna og hún skammtar að sjálfsögðu af í þessum efnum.

Þetta segi ég ekki til þess að gagnrýna neitt út af fyrir sig sem hér hefur fram komið en vildi aðeins minna á með hvaða hætti hefur verið haldið á þessum málum um lengri tíma. Það er jú margt í starfi þingsins sem byggir á hefðum og ég held að við þurfum að hafa þær á vissan hátt í heiðri.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Hér er um mikilvægt málefni að ræða og ég tel að það hafi verið mjög eðlileg afgreiðsla hjá hæstv. forseta að haga umræðu svo sem gert hefur verið. Ég skil ekkert í þessu. Það er eins og hv. þm. Sjálfstfl. skammist sín og þyki eitthvað óþægilegt að hér sé rætt um heræfingar í Keflavík. Þeir verða að þola það úr því sem komið er að hér sé rætt um heræfingar. Þær eiga ekkert að vera neitt tabú hér á Alþingi. Við eigum að hafa fullkomið málfrelsi um þær, getu og tíma til að fjalla um þær.

Ég held að það séu hárrétt vinnubrögð hjá forsetum báðum að halda mönnum við efnið og það efni sem hér er til umræðu eru fyrirhugaðar heræfingar eða þær heræfingar sem Bandaríkjamenn hafa óskað eftir að fá að halda hér. Aðra þætti utanríkismála er eðlilegra að ræða undir skýrslu um utanríkismál sem verður í þinginu eftir viku eða tíu daga. Þá geta menn farið um víðan völl. Ég tel einmitt mjög mikilvægt að ræða þetta málefni núna þannig að ekki þurfi að eyða löngum tíma í það að ræða það undir umræðum um skýrslu utanrrh. Ég sé enga ástæðu til þess að finna að fundarstjórn á þessum fundi. (**Forseti:** Forseti vill taka fram að það eru níu hv. þm. á mælendaskrá og klukkan fer að nálgast 11 og þess vegna var nú þessi athugasemd gerð af hálfu forseta. Ég vona að þingmenn hafi ekki brugðist mjög illa við. En það má rétt vera að það hefði verið ástæða til þess að nefna þetta fyrr á fundinum.)

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. 1. þm. Norðurl. v. fyrir að hefja þessa umræðu og tel bæði rétt og þarft að hún sé haldin hér á þingi. Þetta er mál sem varðar bæði þing og þjóð ekki síður en hæstv. utanrrh. sem ég vona reyndar að hlýði á mál mitt. **(Utanrrh.:** Áreiðanlega. Hann er hér.) En hæstv. utanrrh. gegnir um stund erindrekahlutverki í utanríkismálum fyrir þjóð og þing. Því varðar miklu að ákvarðanir hans séu í samræmi við vilja þjóðar og þings. Hér í þessari umræðu birtist vilji og skoðanir þingmanna.

Þær heræfingar sem fyrirhugaðar eru hér á landi í sumar og vakið hafa ummæli í fjölmiðlum gefa sannarlega tilefni til nánari umfjöllunar.

Í fyrsta lagi hljóta svo fjölmennar heræfingar að vekja bæði athygli og ugg manna þar sem þær minna svo harkalega á þá staðreynd að Ísland er flækt í því hernaðarneti sem stórveldin í austri og vestri hafa lengi togast á um.

Í öðru lagi leiða þær hugann að því hve hernaðarhyggja og hernaðarbrölt er okkur Íslendingum í raun framandi og fjarlægt. Þær heræfingar sem hér fóru síðast fram og sýndar voru í Kastljósi í fréttum á sunnudaginn, þ.e. í gær, komu mörgum spánskt fyrir sjónir og fannst mönnum þær líkjast bófahasar eða stríðsleikjum fullorðinna drengja fremur en ábyrgri hegðun þeirra sem vilja skila betri veröld til barna sinna.

Í þriðja lagi ber upphafleg tímasetning þessara heræfinga á sjálfum þjóðhátíðardeginum vott um annaðhvort ótrúlegt dómgreindarleysi Bandaríkjamanna eða virðingarleysi gagnvart íslenskri þjóð, sjálfstæði hennar og fullveldi. Hér er um óþolandi storkun að ræða, hæstv. utanrrh., ef þú mátt vera að því að hlusta á mig.

Í fjórða lagi mun hér um varalið að ræða, svokallaða óbreytta borgara, sem mun ætlað að verja herstöðina. Gegn hverju? Jú, mennirnir í þessum stríðsleik sem ég lýsti áðan klæddust búningum til varnar efna-, sýkla- og kjarnorkuvopnum. Hvers konar barnaleikrit er hér verið að bera á borð fyrir ósköp venjulega Íslendinga? Halda menn að sæmilega upplýst fólk hér á landi trúi því að búningar geti varið óbreytta borgara gegn kjarnorkuvopnum?

Og þar sem ég minntist á óbreytta borgara skulum við ekki gleyma því að herlið Bandaríkjanna er hér ekki til að verja íslenska borgara heldur fyrst og fremst þá herstöð sem hér er og gegnir mikilvægu hlutverki vegna vaxandi vígbúnaðar í Norðurhöfum, enda eru Íslendingum ekki ætlaðir neinir búningar til varnar og hlutverk þeirra óbeyttu borgara sem ætlað er að koma og leika hér stríðsleik í sumar er að verja herstöðina, ekki íslenskt fólk.

Þessi vígbúnaðarstefna, öðru nafni sóknarstefna í Norðurhöfum, hefur í för með sér aukinn fjölda kjarnorkuknúinna kafbáta sem bera að auki kjarnorkusprengjur. Af hvoru tveggja stafar mikilli ógn fyrir gjöful fiskimið okkar og mikilvæg hrygningarsvæði á landgrunni Íslands. Mönnum er það nýlega orðið ljóst að slys, t.d. einungis þannig að kjarnorkuknúinn kafbátur missi út kælivatn sitt, gæti valdið jafnmikilli eyðileggingu og hættu og slysið sem varð í kjarnorkuverinu í Tsjernóbíl. Hvernig getum við Íslendingar valið stefnu sem beinir slíkri hættu að grundvallaratvinnuvegi okkar og þar með lífsafkomu?

Og í fimmta lagi vil ég minna á börnin. Þykir mönnum ekki nóg komið af stríðsleikjum og ofbeldi í fjölmiðlum sem matreitt er daglega þar fyrir viðkvæmar barnssálir? Ætlar fullorðna fólkið nú að flytja þessa stríðsleiki inn á íslenskt landsvæði, fullorðna karlmenn sem leika sér í skrýtnum búningum og halda að þeir geti varist því sem engin vörn er til gegn? Hvenær verða blessaðir litlu íslensku drengirnir farnir að fá slíka búninga í jólagjöf og meðfylgjandi eiturefna- eða sýklahylki? Þeir fullorðnu gefa fordæmið.

Síðan vil ég einnig minna enn á fréttir frá því í gærkvöldi og svo aftur í morgun, en þær greindu frá því að börn að leik hefðu fundið vélbyssuskot eða sprengjuskot í fjöru neðan við barnaskóla í Keflavík. Einhver skotanna voru talin virk og hafði lögreglan í Keflavík tekið málið í sínar hendur og bað foreldra vinsamlegast um að grennslast fyrir um það hvort börn þeirra hefðu slík skot í fórum sínum. Hvernig líst ykkur á þessar afleiðingar stríðsleikjanna, hv. þm.? Væri okkur ekki nær að gefa börnunum okkar friðsamlegri fordæmi með ákvörðunum okkar og hegðun, ákvörðunum sem við tökum fyrir þau? Væri okkur ekki einnig nær að gera Ísland að griðlandi friðar, eins og hæstv. forsrh. hefur oft minnst á, fremur en að draga það æ þéttar inn í hernaðarnet og vígbúnaðarbrölt? Það er þeim mun undarlegra athæfi að Íslendingar skuli leyfa vaxandi hernaðaruppbyggingu á landi sínu þegar tími slökunar er hafinn á milli stórveldanna og önnur lönd Evrópu leitast við að stuðla að afvopnun og losa sig við vígbúnað fremur en að auka hann. Slíkt er ekki í þágu íslenskra hagsmuna.

Þeir menn hér á þingi sem helst aðhyllast hernaðarhyggju hafa sumir hverjir lagt mikla áherslu á að Íslendingar öðlist færni til að meta sjálfir hernaðarlegar þarfir sínar og verði dómbærir á ýmsar hernaðarframkvæmdir, fylgist með þeim og taki þátt í þeim. Sumir þessara þingmanna hafa átt aðgang að utanrrn. og getað tekið þátt í stefnumótun þar. Það er þeim mun undarlegra að þeir skuli vera svo andvaralausir og fylgjast svo lítið og illa með að þeir láti yfir sig dynja svo ótímabæra fjölmenna heræfingu án þess að hafa lágmarksupplýsingar í höndunum fyrr en knúið er dyra hjá þeim af fréttamönnum.

Hingað komu menn og höfðu uppi ýmis orð. Tveir hv. þm. viku sérstaklega að tali hv. þm. Kristínar Einarsdóttur sem talaði hér fyrr í kvöld fyrir hönd Kvennalistans. Það voru hv. 8. þm. Reykv. Eyjólfur Konráð Jónsson og hv. 3. þm. Vesturl. Eiður Guðnason. Mér fannst þeir báðir vera í kaldastríðsbúningunum sínum hér í kvöld og veit ekki hvað ég nenni að elta ólar við aðfinnslur þeirra og ásakanir. Þó vil ég svara hv. 8. þm. Reykv. Aðstæðurnar voru allt aðrar

þegar Atlantshafsbandalagið var myndað. Nú eru komin ný viðhorf í heiminum, önnur framtíðarsýn í kjölfar breyttra tíma og gjörólíkra vopna. Þíðan og slökunin milli stórveldanna á sér ýmsar orsakir. Veigamikil orsök þeirra er sú staðreynd að vígbúnaður og hergagnaiðnaður er orðin ánauð á ríkissjóðum stórveldanna þannig að skuldastaðan og fátæktin sem áður var fyrst og fremst hlutskipti þriðja heimsins er farin að vitja heimaslóða þessara stórvelda. Þau eiga fullt í fangi með greiðsluhalla sinn ár eftir ár. Þetta er orðið vandamál á heimaslóðum. Og þessi langvarandi greiðsluhalli hefur knúið stjórnvöld til að breyta um stefnu. Það birtist í Morgunblaðinu nú um helgina viðtal við Íslending sem hefur dvalist lengi í Bandaríkjunum, Búdda Backmann. Mér datt í hug, vegna þess að ég býst við að hv. 8. þm. Reykv. þekki þennan mann, ég þekki hann ekki sjálf, að vitna í það sem hann segir, með leyfi forseta. Spyrillinn í viðtalinu spyr: „Treystir þú á Reagan?" Og viðmælandi, Búddi Backmann, svarar: „Í upphafi gerði ég það, en það traust hvarf fljótt. Hann lofaði að ná endum saman á fjárlögum, en fjárlagahallinn hefur aukist og margfaldast ár frá ári. Nú kennir hann demókrötum um fjárlagahallann, en sannleikurinn er sá að hann lagði aldrei fram hallalaust frumvarp til fjárlaga hvað þá að hann reyndi að fá slíkt frumvarp samþykkt. Nú vill Bush hafa möguleikann á að frysta útgjöld ríkisins á grundvelli liðins árs, öll nema útgjöld til varnarmála. Þau vill hann verðtryggja þannig að þau hækki sem verðbólgunni nemur. Verðbólgan er nú 7,2% og mitt persónulega álit er að hún aukist þegar á árið líður. Útgjöld til varnarmála eru ⅓ hlutar fjárlaganna og ef verðtryggja á þann hluta dylst engum ábyrgum manni að allt stefnir í aukinn fjárlagahalla en ekki minni."

Orð um þennan vanda hef ég oft haft yfir hér úr þessum sama ræðustól, en það er stundum öðruvísi að vitna í fólk sem aðrir þekkja. Síðan segir örlítið seinna og ég mun ekki tefja umræðuna með því að lesa nánar það sem sagt er um hin stóru vandamál Bandaríkjanna og varðar fjármálin þar: „Í öðru lagi má nefna kostnaðarsama hreinsun mengaðra svæða víðs vegar um Bandaríkin þar sem úrgangurinn frá kjarnorkuvopnakapphlaupinu hefur eitrað jörðina. Þessu vandamáli skaut Reagan-stjórnin á frest árum saman, enda kostar lausn þess hundruð milljóna dollara."

Hér er aðeins tekið eitt lítið nærtækt dæmi. Ég gæti haft yfir fleiri tölur og ástandið er svipað ef ekki verra í Sovétríkjunum. Þetta er ein af meginástæðunum eða a.m.k. ein af ástæðunum fyrir því að ráðamenn hafa verið knúnir til nýrrar hugsunar.

Varðandi það sem hv. 3. þm. Vesturl. sagði vil ég einungis segja að það er grófleg móðgun við Norðmenn að halda því fram að meðal þeirra fari ekki fram umræða og deilur um vígbúnað, herlið, þátttöku í hernaðarbandalagi og veru hers í þeirra landi. Ég veit að það fara (Gripið fram í.) fram miklar og heitar og hafa farið fram miklar og heitar umræður um þessi mál í Noregi.

Að lokum, hæstvirtur forseti. Í huga kvennalistakvenna er enginn vafi í þessum efnum. Íslendingar eru friðsöm smáþjóð sem aldrei hefur borið vopn á aðrar þjóðir. Hún gegnir þó veigamiklu hlutverki til áhrifa í alþjóðamálum og þar eigum við að beita okkur í þágu friðar og mannréttinda. Fyrirhugaðar heræfingar eru svo sannarlega tímaskekkja. En ég tók eftir því í fyrsta lagi að hæstv. utanrrh. sagði „þegar" en ekki „ef" þessar heræfingar fara fram. Þó að hann gæfi ekki upp að hann væri búinn að taka ákvörðun þá sagði þann „þegar" en ekki „ef". Og hann talaði um að það væri kjörið að Almannavarnir á Íslandi tækju þátt í slíkum heræfingum. Almannavarnir á Íslandi gegna allt öðru hlutverki en herliðið vegna þess að Almannavarnir eru eins og nafnið bendir til varnir fyrir almenning. Heræfingarnar varða um varnir fyrir herstöð. Þetta tvennt á í raun ekkert skylt. Almannavarnir geta haft sínar æfingar og eiga að hafa sínar æfingar alveg óháð því hvort herlið kýs að láta heræfingar fara fram eða ekki. Þessu á ekki og þarf ekki að blanda saman.

Við kvennalistakonur viljum senda hæstv. utanrrh. skýr og skorinorð skilaboð um að leyfa ekki þessar heræfingar en beita sér þess í stað, beina kröftum sínum og áhrifum að því að draga úr vaxandi vígvæðingu Norðurhafa. Það væri þarft verk í þágu íslenskra hagsmuna.

Jóhann Einvarðsson:

Hæstv. forseti. Umræður um þessa heræfingu hafa nú tekið alllangan tíma frá þingstörfum í dag og í kvöld og ég ætla ekki að lengja þær umræður mjög mikið, en nokkur atriði vildi ég þó koma inn á áður en umræðu er lokið.

Ég tel að þessi umræða hafi verið verulega ótímabær á þessu stigi. Í fyrsta lagi vegna þess að utanrrh. hefur enn ekki tekið ákvörðun um hvaða afstöðu hann tekur til óskar Bandaríkjastjórnar og yfirmanna varnarliðsins um að halda þessa æfingu núna í sumar. Í öðru lagi vegna þess að á morgun er boðaður fundur, sem lá fyrir fyrir nokkru í utanrmn. þingsins, þar sem þessi mál verða rædd. Ég er ekki viss um að það sé tímabært að taka núna þessi mál til mjög mikillar umræðu meðan enn er ekki búið að taka ákvörðun um hvort þessi heræfing verður leyfð hér eða ekki.

Það er svo annað mál hvort við ætlum að leyfa þessa heræfingu. Það er mál út af fyrir sig og ég verð að segja það eins og það er frá mínu sjónarmiði að sú frétt sem birtist í fjölmiðlum um þessa æfingu var dálítið einkennilega uppbyggð að ýmsu leyti. Í fyrsta lagi vegna þess að eins og kom fram í ræðu hæstv. utanrrh. fyrr í kvöld var hún röng í mörgum höfuðatriðum og í öðru lagi vegna þess að það lá ljóst fyrir fyrir alllöngum tíma að þessi æfing væri fyrirhuguð hér á landi. Eins og kom fram í máli mínu í sjónvarpsviðtali við einn „kollega" minn, svo ég noti nú slæmt erlent orð yfir það, núna rétt fyrir helgi var utanrmn. Alþingis boðið í fræðsluferð, kynnisferð eða hvað við viljum kalla það til herstöðvarinnar á Keflavíkurflug-

velli á sl. vori, ef ég man rétt í apríl. Mér var þá boðið með sem varamanni í utanrmn. Ég held að ég muni það rétt að í þeirri ferð vorum við sem þar mættum, m.a. málshefjandi þessarar umræðu hér í dag, upplýstir um árangur og tilgang síðustu æfingar sem verið hafði hjá varnarliðinu hér á landi, en síðasta æfing var haldin 1987 og önnur fyrr, eða 1985. Í fyrra skiptið komu u.þ.b. 150 þátttakendur hingað til landsins og í seinna skiptið um 350, en nú er verið að tala um liðlega 1000. Ef ég man rétt, ég verð leiðréttur ef það er rangt munað hjá mér, vorum við jafnframt upplýstir um að til stæði að halda slíka æfingu á árinu 1989 og jafnframt á árinu 1991 ef ég man þessi ártöl rétt. Það var að vísu ekkert rætt þá um tímasetningar og ég skal taka það strax fram að það er veruleg — ja, ég get notað sama orð og forsrh. notaði — handvömm að ræða um að hefja slíka æfingu 17. júní, en það er nú komið í ljós að mikill misskilningur er um þessa dagsetningu, 17. júní, okkar þjóðhátíðardag, en það er sá dagur sem varaliðið á að hittast vestur í Bandaríkjunum en koma hingað til lands 18. eða 19. júní. Ég held að það hljóti að vera nokkuð ljóst að meðan við erum þátttakendur í þessu varnarsamstarfi, sem við erum, og það út af fyrir sig er ekki verulega mikið til umræðu hér núna heldur sú æfing sem á að fara fram í sumar, þá hljótum við að æskja þess að það lið sem mætir hér og er hér sé reiðubúið að taka þátt í þeim vörnum sem nauðsynlegar eru landsins vegna.

Ég er jafnframt dálítið undrandi á þeirri umræðu sem farið hefur fram í dag þegar reynt er að draga inn þá umræðu sem fór fram í okkar þingflokki, framsóknarmanna, er val á fulltrúa okkar sem formanni í utanrmn. kom til álita. Það kann að megi með rökum sýna fram á það að ég og hv. 1. þm. Norðurl. v. séum á einhvern hátt á öndverðum meiði í ýmsu í varnarmálum og utanríkismálum, en þó er ég alveg sannfærður um það að sú umræða kom ekki mikið til tals þegar val stóð á milli okkar tveggja um hvor okkar skyldi taka setu í utanrmn. og við formennsku þar. Þau orð sem féllu fyrr í dag hjá formanni Sjálfstfl. um að það hefði verið meginmálið þar er alls ekki rétt og ég fullyrði að það getur upphafsmaður utandagskrárumræðu hér, hv. þm. Páll Pétursson, staðfest hvenær sem á hann yrði gengið með það.

Þessar tvær ástæður vildi ég fyrst og fremst að kæmu fram strax í þessari umræðu þótt seint sé. Umræðan um það hvort val formanns í utanrmn. hefði staðið á milli þessara tveggja hugsanlegra póla í mínum flokki er röng og hefur trúlega engin áhrif haft á ákvörðun um það að þessi umræða fer fram. Í öðru lagi get ég út af fyrir sig staðfest að það kemur mér svolítið spánskt fyrir sjónir og kom mér vissulega á óvart að ég skyldi upplýstur um umræðu þessa í sjónvarpsviðtali við einn af kollegum mínum í utanrmn.

Ég held að upplýsingar um þessa væntanlegu heræfingu hafi legið fyrir svo snemma að það ætti ekki að koma neinum manni í þessum sölum á óvart, bæði vegna þess að núv. og síðasta ríkisstjórn vissu báðar um þá umræðu og höfðu fengið tilkynningu um það. Hvort sú umræða eða tilkynningar höfðu farið fram með mjög svo formlegum hætti eða ekki, því er ég ekki nógu kunnugur til að geta fullyrt um, og í öðru lagi vegna þess að ég fullyrði eins og ég sagði áðan að meðlimum utanrmn. var fullkunnugt um þetta fyrir liðlega ári.

Menn geta tekið upp langa umræðu um hvort við eigum að vera aðilar að því varnarbandalagi sem við erum aðilar að. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að vera aðilar að því. Um það eru að vísu deildar meiningar í þessum sölum, en ég hygg að mikill meiri hluti þingmanna sé á því að við ættum áfram að vera meðlimir í Atlantshafsbandalaginu. Það kom í ljós hjá málshefjanda í dag að varnarliðið væri mjög vanbúið að öllum tækjum, það væri með úreltan útbúnað eins og hann orðaði það sjálfur og vægast sagt ekki fært um að annast þær varnir sem við ætluðumst til að það tæki að sér. Ef svo er hlýtur það að vera brýn nauðsyn að varnarliðið hafi hér æfingar svo það komi í ljós hvort það er fært um að annast það verkefni sem því hefur verið falið með þeim samningi sem við höfum gert við Bandaríkjastjórn um varnir Íslands og sem varnarkeðja í Norður-Atlantshafsbandalaginu.

Ég ætla hins vegar að ítreka það aftur að ég hygg að þessi umræða sé of snemma tímasett, í fyrsta lagi vegna þess að hæstv. utanrrh. hefur enn ekki tekið ákvörðun um hvort hann hyggst verða við þessari beiðni sem fyrir liggur og í öðru lagi vegna þess að ég hygg að á morgun munum við nánast endurtaka þessa sömu umræðu og sömu upplýsingar og hér koma fram í kvöld.

Ég held þess vegna að það sé tímaskekkja að ræða þessi mál mjög ítarlega núna og í raun ætti þessi umræða að fara fram að loknum fundi í utanrmn. og að loknu því að utanrrh. hefur gefið eitthvert tilefni til að ætla að hann hafi tekið ákvörðun.

Ég hygg hins vegar að það sé alveg ljóst af fréttaflutningi sem hefur farið fram um þessar væntanlegu heræfingar, sem eru að vísu ekki mjög umfangsmiklar í samanburði við þær heræfingar sem fara fram hjá kollegum okkar og félögum í Skandinavíu og víðar í smærri löndum, sem öll eru þó viðurkennd sem friðarsinnar og vilja stuðla að öllu sem hægt er í afvopnun og öðru slíku sem hlýtur að vera markmið okkar allra. Þessi heræfing hlýtur að vera í allra minnsta formi sem tök eru á að kalla heræfingu. Við erum að tala um hugsanlega 1000 manns sem koma hingað til lands, hugsanlega 1300 þegar mest er. Ef þær upplýsingar sem ég hef eru réttar mun hámark þeirra herflutninga sem um er að ræða standa aðeins í örfáa daga, 3–4, og síðan fer þátttakendum í þessum æfingum mjög fækkandi.

Ég get upplýst þingheim um það, og ég tel að það sé rétt sem ég segi, að þær æfingar sem fóru fram 1985 og 1987 og ég tala nú ekki um æfingar sem fóru fram fyrr urðu ekki umræðuefni hjá íbúum á Suðurnesjum, en eins og allir vita býr ég hvað næst ykkar þingmanna varnarsvæðinu þar sem þessar æfingar eiga að fara fram. Árið 1987 er ég alveg sannfærður um að það

voru ekki aðrir sem veittu þeim athygli að einu eða neinu leyti en þeir sem unnu á Keflavíkurflugvelli og urðu þess vegna varir við miklar tilfærslur á mannskap eða tækjum. Tækin sem talað er um að flytja hingað eru þrjár litlar þyrlur, eitthvað af ökutækjum, 45 ef ég man rétt, og getur því ekki verið í sjálfu sér stórt mál. Ég ætla að taka það skýrt fram að ég er ekki að taka þátt hér í umræðu um hvort við eigum að vera aðilar að þessu varnarbandalagi eða ekki. Mín skoðun er held ég nokkuð ljós í því sambandi, en þessi æfing hlýtur að teljast ósköp venjuleg hjá þeim sem taka þátt í slíku.

Ég ætla að ítreka það að lokum að ég tel að sú frétt sem birtist í fjölmiðlum hafi verið í öllum aðalatriðum röng. Hafi það verið rétt að meiningin hafi verið sú að koma hingað til lands 17. júní er það að sjálfsögðu mikill klaufaskapur, ég held að ég geti ekki notað annað orð yfir það, að láta sér detta til hugar að koma hingað til lands 17. júní með það varnarlið sem ætti að koma hingað til viðbótar. Æfingin sem slík, ef við á annað borð tökum þátt í þessu samstarfi, hlýtur að vera nauðsynleg hvort sem hún er af þeirri stærðargráðu sem við nú erum að tala um en þessi tímasetning er röng.

Ég tel líka, eins og ég sagði fyrr í kvöld, að ef við tækjum upp umræður utan dagskrár almennt um þau mál sem ráðherrar eru með á borðinu hjá sér, fyrirspurnir, vangaveltur eða aðrar hugmyndir sem þeir eru með á sínum borðum, þá væri okkar tíma ekki vel varið hér í þinginu.

Ég vil svo líka taka fram að á morgun, um miðjan dag, mun utanrrh. hitta utanrmn. og gera þar nánari grein fyrir þessari væntanlegu æfingu en þegar hefur verið gert í umræðunum hér. Mér finnst það hafa verið tímaskekkja hvenær þessi umræða er ákveðin og ég tel það líka vera tímaskekkju að velta vöngum um þessa heræfingu eins og hún er á borð borin fyrir okkur þingmenn og það ekki síst af formanni eins þingflokkanna sem standa að núv. ríkisstjórn. Og ég tek það fram að það hlýtur að vekja mann til umhugsunar þegar maður fær fréttir um slíkt sem stjórnarsinni í fjölmiðlum.

Ragnhildur Helgadóttir:

Frú forseti. Það þarf engan að undra eftir fréttaflutning í Ríkisútvarpinu og öðrum fjölmiðlum nýverið að hér sé hafin umræða um væntanlegar heræfingar á landi okkar. Hitt er aftur á móti undrunarefni hvernig málið ber að, hver spyr um málið og um hvað er spurt. Það vekur svo mikla undrun að næsta hugsun verður: Hver er tilgangurinn að baki slíkum spurningum? Það þarf ekki að fletta mörg ár aftur í tímann í þingtíðindum til að sjá skýringu á því hver tilgangurinn sé.

Hv. þm. Páll Pétursson skýrði mál sitt í dag með því að láta í ljós þá skoðun sína í upphafi að varnarlið á Íslandi sé ekki hér til þess að verja Ísland og Íslendinga heldur til að verja Bandaríkin og Bandaríkjamenn. Þetta er fullyrðing sem samkvæmt skilgreiningu hæstv. forseta í kvöld hefur kannski ekki verið hluti af efni málsins, en engu að síður skýrir hún nokkuð hvað fyrir hv. þm. vakti. Það var sem sagt að láta í ljós andstöðu formanns þingflokks stærsta stjórnarflokksins gegn grundvallarstefnu í utanríkismálum Íslendinga. Hv. þm. gerði það með þeim hætti að gagnrýna hugsanlega ákvörðun um heræfingar nú í sumar og með því að setja fram tólf spurningar um væntanlegar heræfingar. Þegar hlýtt var á spurningarnar vöknuðu aðrar spurningar í hugum þeirra sem á hlýddu. Hvers vegna spurði hv. þm. ekki formann síns eigin flokks, sem var utanrrh. þegar þetta mál kom til, um þessi atriði? Að öllu eðlilegu hefði hæstv. fyrrv. utanrrh., hæstv. núv. forsrh., átt að geta svarað þeim öllum. En því var nú ekki aldeilis að heilsa heldur kom hæstv. forsrh. í ræðustól í dag og svaraði engum af þessum spurningum heldur gagnrýndi hæstv. forsrh. að upplýsingar um sitthvað í þessu sambandi lægju ekki fyrir, hefðu nánast ekki verið lagðar fyrir fyrr en í gær þegar beðið var um formlega heimild til æfinganna. Hæstv. forsrh. sagði: Þetta tel ég ámælisvert. Ef hæstv. forsrh. telur þetta ámælisvert nú, hvað þótti hæstv. ráðherra þegar hann sjálfur var utanrrh. og þessi mál komu til? Spurði hæstv. ráðherra engra spurninga þá? Hví notaði hæstv. núv. forsrh. ekki aðstöðu sína til þess að fá allar þær upplýsingar sem hann átti rétt á þá þegar? Hvaða vatn hefur runnið til sjávar síðan sem breytir þessari afstöðu hæstv. forsrh. svo mjög sem raun ber vitni? Á því er skýringu að finna og sú skýring hefur komið í ljós á nokkurra ára fresti a.m.k. mjög berlega í þingsölum. Ég vil leyfa mér að flytja þá skýringu með orðum hæstv. núv. menntmrh. eins og hann útskýrði þetta fyrirbrigði í íslenskum stjórnmálum, þ.e. þetta tvíeðli Framsfl., eins og hann útskýrði það í umræðum um utanríkismál hinn 11. mars 1987. Hv. þáv. þm. Svavar Gestsson sagði þá, með leyfi hæstv. forseta:

„Framsfl. hefur leikið það á undanförnum árum og áratugum að ganga lengra í hræsni og tvískinnungshætti en nokkur annar íslenskur stjórnmálaflokkur og er þá vissulega langt til jafnað. Framsfl. hefur venjulega haft það þannig þegar hann hefur verið í hægri stjórn að hann hefur færst til vinstri þegar nær líður kosningum. Þegar hann hefur verið í vinstri stjórn hefur hann færst til hægri eftir því sem nær líður kosningum."

Þetta segir hæstv. núv. menntmrh. árið 1987 þegar hann var í stjórnarandstöðu. Mér sýnist margt benda til þess að hv. fyrirspyrjandi Páll Pétursson líti svo á að þessi hæstv. ríkisstjórn sé um of hægri sinnuð í utanríkismálum og því kjósi hann það nú að leggja málin fyrir með þeim hætti sem hann hefur gert í dag, enda segir í ræðu hæstv. núv. menntmrh. 11. mars 1987 um þetta efni: „Það þarf ekki mikinn spámann til að sjá þetta fyrir. Menn sem hafa reynslu af samstarfinu við framsóknarmenn vita hvernig þeir haga sér."

Og enn segir hv. þáv. þm. Svavar Gestsson: „Hv. þm. Páll Pétursson var nákvæmlega eins og hugur manns í þessu efni, flaug upp í stólinn og ruddi upp úr

sér alls konar áherslum í herstöðvamálinu sem gætu hafa verið komnar að sumu leyti frá herstöðvaandstæðingum í þessu landi, því fólki sem hefur verið á móti framkvæmdunum í herstöðinni á undanförnum árum" o.s.frv.

Þetta sagði Svavar Gestsson sem þá var í stjórnarandstöðu, núv. hæstv. menntmrh., þátttakandi í þessari ríkisstjórn.

Hann lýsir því svo í ræðu sinni hvílíka skömm hann hafi á starfsaðferðum sem þessum, á aðferðunum sem slíkum, burtséð frá því hversu sammála hann var hv. þm. Páli Péturssyni að þessu leyti.

Ég minnist á þessa ræðu, frú forseti, vegna þess að mér sýnist sama skýringin vera á ferðinni nú, að það kunni að vera skemmra í kosningar en menn töldu fyrir nokkrum vikum, enda hefur hvert klúðursmálið af öðru komið upp í ríkisstjórninni sem valdið hefur misklíð meðal ráðherranna. Þetta gæti verið skýringin á því að þetta mál ber að með þessum hætti. Það er alveg ljóst að þessi afstaða hv. þm. Páls Péturssonar er engan veginn ný og hann er sjálfum sér samkvæmur að þessu leyti til, en eins og bent var á í dag, að þessi vinstri armur Framsfl. er jafnan mjög virkur þegar vandræði eru á ýmsum öðrum sviðum en utanríkismálum og það þarf að höfða til hinna vinstri sinnuðu afla í landinu og þá er farið að með þessum hætti.

Hitt vekur meiri furðu, afstaða hæstv. forsrh. eins og ég nefndi áðan. Samtímis því sem hæstv. forsrh. hefur það fram af miklum sannfæringarkrafti frammi fyrir landslýð að auðvitað ráði hæstv. utanrrh. öllu um þetta mál, hvernig og hvenær heræfingarnar fari fram, niðurlægir hæstv. forsrh. hæstv. utanrrh. með svo augljósum hætti þegar hann segir að auðvitað sé þetta allt saman tímaskekkja og auðvitað ætti þetta ekki að þurfa að fara fram og ég tala nú ekki um þegar hæstv. forsrh. bætir svo gráu ofan á svart í umræðunni í dag með því að lýsa því hve ámælisvert það sé að hæstv. núv. utanrrh. skuli ekki hafa lagt fyrir upplýsingar sem forveri hans hafði vanrækt að afla. Mér sýnist þetta vera eitt af mörgum mjög alvarlegum merkjum um grómtekinn þverbrest í ríkisstjórninni og að fólk eigi kröfu á því almennt og ég tala nú ekki um Alþingi að fá það skýrt og skorinort hvort breytt hafi verið um grundvallarstefnu í utanríkismálum.

Af ræðu hæstv. utanrrh. í dag varð ekki ráðið að ákvörðun hafi verið tekin um jafnsjálfsagðan hlut og æfingar í þágu varna landsins. Allar röksemdir hæstv. utanrrh. hnigu þó í þá átt að hér væri um sjálfsagðan og eðlilegan hlut að ræða. Ráðherrann tók þó fram að engin ákvörðun yrði tekin fyrr en að höfðu samráði við ríkisstjórnina. M.ö.o.: við megum eiga von á því að þau einkennilegu sjónarmið sem fram hafa komið frá öðrum hæstv. ráðherrum verði e.t.v. ofan á í þessu efni. Það er ekki vel ljóst enn þá.

Að því er varðar spurningarnar sem hv. málshefjandi Páll Pétursson lagði fyrir í dag og hæstv. utanrrh. svaraði að nokkru, þá voru þær fyrst um það hvenær vitneskja hefði borist um væntanlegar heræfingar. Það liggur alveg ljóst fyrir að langur tími hefur verið til að undirbúa þetta mál af hálfu íslenskra stjórnvalda því að svo langt er síðan vitneskjan lá fyrir, enda kom fram skilningur á því af hálfu hæstv. ráðherra að það þurfi langan aðdraganda vegna þess að meiri hluti þess liðs sem ætlað er að taki þátt í þessum heræfingum séu almennir borgarar bundnir við önnur störf og þurfi þess vegna að skipuleggja frí, útvega staðgengla o.s.frv. Þess vegna undrar það mig þegar hæstv. forsrh. hneykslast mjög á því sem hann kallar stærðarmuninn á þessum heræfingum, þeim sem eiga að fara fram í sumar og fóru fram árið 1987 í hans eigin tíð, þá hafi 400 manns tekið þátt í þessum heræfingum en nú eigi það að verða 1000 manns. En hæstv. ráðherra nefndi það ekki í það sinnið að af þessum 1000 manns eru aðeins um 240 í fastaliði hersins, en af þeim 400 manns sem æfðu sig hér í hans tíð munu trúlega allir hafa verið úr fastaliði hersins, þ.e. að hernaðarþjálfun til var kannski sá hópur raunverulega meiri þátttakandi í hernaðarstörfum.

Hvers vegna skyldu menn svo vera að gagnrýna, eins og hv. fyrirspyrjandi, það að varalið í þágu sameiginlegra varna Íslands og Bandaríkjanna og annarra Atlantshafsbandalagsríkja æfi sig til þess að geta sinnt verkefnum ef illa fer, ef út af hinu friðsamlega ástandi bregður? Það kemur ekki heim og saman við það sem bæði ég og ýmsir aðrir þingmenn minnast að hafa heyrt hér í sölum Alþingis einmitt af vörum þeirra sem eru andvígir þátttöku okkar í varnarsamstarfinu og veru varnarliðs hér á landi því að margir þeir hafa haldið því fram sem einni af röksemdum gegn veru varnarliðsins á Íslandi að það væri hvort sem er ekkert gagn í því svo fámennu sem lítt búnu ef til styrjaldarátaka kæmi. Því hefur þá verið svarað til af þeim sem borið hafa ábyrgð á utanríkismálum og stutt hafa þetta varnarsamstarf að verkefni varnarliðsins hér sé fremur eftirlitsverkefni og aðvörunarverkefni og varalið yrði að vera til taks og koma til skjalanna ef út af bæri. Þess vegna einmitt er það öldungis rétt, sem hæstv. forsrh. sagði í skýrslu sinni þegar hann var utanrrh., að æfingar varnarliðsins og samstarfsæfingar Atlantshafsbandalagsins í þágu varnanna yrði að samræma íslenskum aðstæðum og staðháttum. Mér er þó óskiljanlegt hvernig á að aðhæfa þessi verkefni íslenskum staðháttum öðruvísi en á Íslandi. Ég get ekki séð fremur en hæstv. forsrh., fyrrv. utanrrh., sagði í umræðum um þessi mál á sínum tíma að það sé nema mjög takmarkað gagn af því að tveir ungir menn, þótt hæfir og efnilegir séu, fari til Kanada og horfi á einhvern hluta af slíkum æfingum, enda var það nákvæmlega kafli sá sem um þetta fjallaði í skýrslunni um utanríkismál, sem varð hæstv. núv. forseta umræðuefni í umræðunum um utanríkismál á Alþingi 1988. Hæstv. núv. forseti bað úr þessum ræðustóli guð að hjálpa sér þegar hún las þennan kafla og skýrði þingheimi frá því að hún hefði takmarkaða trú á því að Íslendingar gætu haft eitthvert eftirlit með þessum verkefnum. Þessi ummæli er að finna í 18. hefti þingtíðinda 1987–1988 ef menn vilja fletta þeim upp. Þau eru hins vegar ekki í samræmi við það sem margir þeir sem voru á sömu

skoðun um þessi mál höfðu áður sagt, að einmitt þetta væri það sem þyrfti vegna þess að varnarliðið væri ekki án frekari viðbúnaðar eða æfingar í stakk búið eins og sagt er til að sinna vörnum landsins með viðhlítandi hætti. Og ef sú skoðun er rétt hlýtur að vera rétt að þjálfa varalið til þessa verkefnis og nákvæmlega í samræmi við það sem fyrrv. utanrrh., núv. hæstv. forsrh., hélt fram. Ég sé þess vegna ekki annað en slík æfing hljóti að vera í þágu Íslands og Íslendinga. Ef við á annað borð viljum að Ísland og Íslendingar séu varðir ef til ófriðar kæmi sé ég ekki að nokkurt vit sé í öðru en að standa að þjálfun og æfingum með einhverjum skynsamlegum hætti, aðhæfa verkefnin íslenskum aðstæðum og íslenskum staðháttum eins og hæstv. forsrh. sagði á sínum tíma með þeim hætti að raunhæft gagn verði af ef á þarf að halda.

Með þetta í huga sé ég ástæðu til að þakka hæstv. utanrrh. sérstaklega fyrir þá hugmynd hans að samræma æfingu Almannavarna hér á landi og þeirra sem þátt þurfa að taka í slíkum verkefnum og svo þessum æfingum. Ég sé ekki annað en að slíkt verðum við að gera ef við ætlum að geta unnið markvisst ef út af ber.

Allt er þetta þess eðlis að það verður að vera unnið með það í huga að við vonum að aldrei komi til þess að nota þurfi þennan viðbúnað með þeim hætti sem æfingarnar miðast við. Hins vegar væri það mikið ábyrgðarleysi að láta slíkt ekki fara fram alveg eins og það er ábyrgðarleysi að hafa brunavarnakerfi og kynna sér ekki hvernig á að nota það eða hafa æfingar í viðbrögðum við bruna. Engum dytti í hug að segja að með slíku væri verið að æsa til einhverrar brennu eða slysa eins og sumum hv. þm. dettur í hug að halda fram í sambandi við hugsanlegar heræfingar að með þeim sé verið að efla hernaðaranda og stuðla að ófriðarhugsun á okkar landi eða í kringum það. Slíkt er svo fráleitur málflutningur að hann tekur engu tali og mér þykir það mikil raun að heyra jafnmætar konur og þær hv. þm. Kvennalistans sem hér hafa talað í dag halda því fram fullum fetum í fyrsta lagi að hér á landi sé varnarlið ekki til að verja Ísland og Íslendinga, m.ö.o. að við höfum verið í þessu varnarbandalagi í 40 ár í þágu einhverra allt annarra en sjálfra okkar, og þar með líta þær fram hjá þeim veruleika að það er um sameiginlega hagsmuni fleiri þjóða að ræða. Annars væru slík varnarbandalög ekki til. Hins vegar halda svo þær hv. kvennalistakonur því fram að með heræfingum séum við nánast að efna til ófriðar eða a.m.k., eins og þær orða það, ég held að ég muni það rétt, að efla hernaðarandann. Eitthvað slíkt held ég að þær hafi kallað það, hvað sem það nú þýðir. Á venjulegu máli hélt ég að þetta væri ósköp einfaldlega að vera við hinu versta búin. Og eins og hér var sagt í dag, um leið og við búum okkur undir það versta vonum við ævinlega hið besta og vinnum að því.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins koma fram nokkrum skýringum og leiðréttingum á því sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni. Það kom mér að vísu ekki á óvart að það virðist hafa farið fyrir brjóstið á hv. þm. að ég gagnrýndi varnarliðið fyrr í dag, en á því eru ýmsar skýringar.

Ég vil í fyrsta lagi leiðrétta að síðasta heræfing hafi farið fram í minni tíð. Hún fór fram í júnímánuði, en ég tók við störfum í júlímánuði. Ég er ekki að segja að það hefði breytt neinu því að sjálfsögðu hefði ég ekki afturkallað það sem áður var ákveðið.

Hún spurði einnig að því hvers vegna fyrirspyrjandi hefði ekki snúið sér til mín og beðið um svör við þeim spurningum sem hann leggur nú fram. Á því er afar einföld skýring. Þessar upplýsingar komu fram fyrst í frétt Ríkisútvarpsins fyrir örfáum dögum og síðan formlega til utanrrh. í gær eins og hann sjálfur upplýsti. (**RH:** Var eftir þeim kallað?) Var eftir þeim kallað? Það var engin ástæða til að ætla að þessi heræfing yrði á neinu öðru stigi en fyrri heræfingar. Þess var aldrei nokkurn tíma getið. Þegar ég sótti upplýsingafund hjá varnarliðinu í ágúst 1987 var ég upplýstur um fyrri heræfingar og að áætlað væri að þær færu fram annað hvert ár, en þess var aldrei getið að þær yrðu af öðru umfangi en verið hefði og það var engin ástæða til að ætla það, enda lít ég á það sem skyldu varnarliðsins að upplýsa okkur um það sem þeir vita í öllum þessum málum. Sú er ástæðan að hv. fyrirspyrjandi gat alls ekki spurt mig að ég hafði engar hugmyndir um umfang þessara svokölluðu heræfinga og eftir því var ekki kallað af því að það kom ekki vísbending um það frá varnarliðinu fyrr en í ágúst hjá varnarmálanefnd að tilkynnt væri ekki fyrr að heræfingarnar færu fram.

Hv. þm. Eiður Guðnason spurði að því hvort fyrirspyrjandi spyrði fyrir hönd Framsfl. Það er ekki. Hann gerir það á eigin vegum. Hann tjáði mér hins vegar að hann mundi spyrja þessara spurninga og ég gerði ekki athugasemd við það.

Hv. þm. spurði einnig að því hvort hér væri boðuð breytt stefna framsóknarmanna í utanríkismálum. Svo er alls ekki. Við erum hlynntir þátttöku okkar Íslendinga í Atlantshafsbandalaginu, en leggjum á það mjög ríka áherslu að sú starfsemi verði bundin við eftirlitsstörf á Atlantshafinu, hér verði ekki um árásarstöð að neinu leyti að ræða. Við höfum talið að umfang þessarar starfsemi eigi að vera eins lítið og unnt er til að sinna þessu hlutverki. Við höfum fallist á t.d. að ratsjárstöðvar til eftirlitsstarfa yrðu reistar á Norður- og Austurlandi og það er engin breyting á því, en lagt á það ríka áherslu, ég endurtek, að þær eiga eingöngu að vera til eftirlits. Á þessu hefur mér skilist að væri fullur skilningur t.d. í Alþfl.

Ég vek athygli á því að í núverandi stjórnarsáttmála er gert ráð fyrir því að ekki verði ráðist í nýjar varnarframkvæmdir hér á landi og reyndar einnig um það talað að endurskoða sambúð varnarliðs og mannlífs hér. M.ö.o.: í þessu felst að umfang þessarar varnarliðsstarfsemi eigi ekki að aukast. Ég get ekki annað en lýst undrun minni á því að varnarliðið skuli á eigin spýtur hafa ákveðið að fjölga svo mönnum og mér skilst tækjum sem hingað verða flutt án þess að

ræða það langtum fyrr við stjórnvöld hér á landi. Ég endurtek að ég tel að það séu meiri háttar afglöp af hálfu varnarliðsins. Það er skýrt tekið fram í varnarsáttmála að allt sem varnarliðið gerir hér, öll tæki sem það flytur hingað til lands, fjöldi í varnarliðinu er allt háð samþykki okkar Íslendinga. Hvar sem við stöndum í þessum málum hljótum við að vera sammála um að eftir þessu verður að ganga. Varnarliðið má aldrei ganga út frá því sem vísu að það geti ákveðið hvað það flytur til landsins eða hve víðtæk heræfing verður.

Ég vona að enginn áfellist mig fyrir að leyfa mér að vona að með þeirri þíðu sem er nú á milli austurs og vesturs dragi úr þörf fyrir varnarlið. Því miður veldur það vonbrigðum að kaldastríðshugsunarháttur virðist enn vera afar ríkur hjá ákveðnum hópum, bæði austan og vestan járntjalds, og spillir vitanlega fyrir þeirri heiðarlegu viðleitni sem frammi er höfð beggja vegna til að draga úr því gegndarlausa kapphlaupi sem hefur verið. Ég fyrir mitt leyti vona að sá tími komi að varnarliðs verði ekki þörf hér á landi, svo sannarlega, og vona að svo verði sem víðast um heim. Er hér nokkur inni sem ekki tekur undir þá ósk mína?

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég skal gjarnan taka undir það með hæstv. forsrh. að vonandi koma þeir tímar að varnarliðs verði ekki þörf, en það verður ekki fyrr en lýðræðisskipulagið ræður um gjörvallan heiminn, lýðræði hefur komist á um allan heim, lýðræðisþjóðirnar geti treyst hver annarri. Þær geta það, en geta þær treyst einræðinu?

Þess var minnst fyrir skemmstu að Alþingi Íslendinga ákvað á fundi sínum fyrir rétt rúmum 40 árum með 37:13 atkvæðum að standa að núverandi varnarsamningi milli Íslands og Bandaríkjanna. Þannig markaði Alþingi Íslendinga stefnu okkar í öryggis- og varnarmálum sem síðan hefur verið staðfest af framkvæmdarvaldinu. Þessi gæfuríka stefna hefur verið svo til óbreytt allan þann tíma og verður vonandi áfram. Ég vil minna á það hér að gefnu tilefni að leikreglur lýðræðisins eru þær að frjálsir borgarar kjósa þjóðþing þjóðarinnar. Þjóðþingið markar síðan stefnu eins og Alþingi Íslendinga hefur gert hér fyrir 40 árum og mér finnst ekki að neinn stjórnmálaflokkur í minni hluta eða stjórnmálamaður geti krafist þess að það verði ekki farið að vilja Alþingis. Ég get ekki séð að það sé hægt samkvæmt þeim leikreglum sem lýðræðisskipulagð býður upp á.

Við vitum um afstöðu Alþb. og herstöðvaandstæðinga og mótmæli þeirra við varnarsamstarfinu. Ég hef í sjálfu sér ekkert nema gott um það að segja að þeir nýti sér tjáningarfrelsið hér í lýðræðinu. Það minnir mann á það að við búum í lýðræðisríki að menn skuli fá að tala og það eru sem betur fer engar hömlur á slíku. En ég tel það jafnútilokað að einhver minni hluti geti ætlað sér að taka ráðin af meiri hlutanum og þjóðþinginu og krefjast þess að það verði farið að einhverju öðru en þeirri stefnu sem þjóðþingið hefur markað.

Hvað er það sem við viljum verja með varnarsamningi? Við erum að verja mestu mannréttindi og bestu lífskjör í heimi á Vesturlöndum, þar á meðal hér á Íslandi, og við erum að verja hornsteina lýðræðisins sem eru trúfrelsi, tjáningarfrelsi, athafnafrelsi og kosningafrelsi. Það er þetta sem við erum að verja. Við viljum ekki skipta á þessu og einræðinu. En hin hliðin fyrir austan járntjald: Þar er enn þann dag í dag einræði með skertum mannréttindum, lélegum lífskjörum, matarskorti og skorti á flestum nauðsynjum. Mér finnst ekki vera hægt að leggja þetta að jöfnu.

Frá því að byltingin í Rússlandi var gerð árið 1917 fram til dagsins í dag eru um það bil 72 ár og samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér hefur ráðstjórn á þessu tímabili myrt aðeins 53 millj. af eigin borgurum við að viðhalda þessu einræðisskipulagi. Þessi 72 ár eru 26.820 dagar. Það hafa verið myrtir rúmlega 2000 saklausir borgarar að jafnaði á degi hverjum síðan 1917. Það er allt í lagi að rifja þetta upp þó tölurnar séu ekki fallegar til þess að minna menn á um hvað við erum að tala hér.

En sem betur fer er að rofa til. Það hefur verið mörkuð afvopnunarstefna sem á sér vaxandi hljómgrunn um heim allan og við höfum verið þátttakendur í því að semja um gagnkvæma afvopnun þó að okkar hlutur Íslendinga sé ekki stór í þeim efnum. En það sem var að fyrir austan tjald var það að kerfið gekk ekki upp lengur. Þeir sáu fram á það, leiðtogarnir þarna fyrir austan, að það þurfti að koma eitthvað til og það er kallað glasnost perestrojka. Þeir eru að reyna að koma á auknu frjálsræði og lýðræði. En höfum við eitthvað til þess að skammast okkar fyrir hér á Vesturlöndum? Erum við einhvers staðar að slaka á í okkar þjóðskipulagi eða þurfum við að skammast okkar fyrir eitthvað? Af hverju eru menn að leggja að jöfnu þjóðskipulag einræðis og þjóðskipulag lýðræðis og þykjast vera einhvers konar friðarsinnar þar á milli? Það er hreinlega ekki hægt. Það er bara barnaskapur.

Við skulum vona að almættið verði þeim hliðhollt fyrir austan tjald og þeim gangi vel að koma á auknu lýðræði og auknum mannréttindum þannig að lífskjör fólksins þar geti batnað með frjálsari hagstjórn og opnara þjóðfélagi. En við erum ekkert að hopa. Við þurfum ekkert að breyta neinu. Mér finnst ekki vera hægt að leggja þetta að jöfnu.

Sú æfing varnarliðsins sem hér er til umræðu og hér á að fara fram finnst mér fullkomlega eðlilegt að fari fram. Það var verið að gera einhver stórmál hérna úr tiltölulega lítilli æfingu með púðurskotum hjá þúsund manns í hálfan mánuð. Það er eins og það eigi að fara að keyra um einhverjar stórar skriðdrekasveitir eftir tali manna. (Gripið fram í.) Já, það er ekki meira. Auðvitað gerir lýðveldið Ísland skyldu sína við önnur lýðræðisríki. Og auðvitað gerir lýðveldið Ísland skyldu sína fyrir mestu mannréttindi og bestu lífskjör í heimi. Við höfum ákveðnum skyldum að gegna. Við getum ekki sett samasemmerki milli lýðræðis og einræðis og sagt að við séum einhvers konar „friðarsinnar" þar á milli. Það gengur ekki upp. Öll viljum

við í eðli okkar frið. Við erum öll friðarsinnar. Ég þekki a.m.k. engan sem vill ófrið.

Mér finnst að varnarlið án æfinga sé eins og brunalið án æfinga. Hvernig væri það að hafa brunalið án æfinga? Gæti það slökkt í þegar kviknaði í?

Það var talað um einhverja tímaskekkju í þessu sambandi. Ég skil ekki hvað menn eiga við. Mér finnst að við eigum að koma heiðarlega fram við aðrar vestrænar lýðræðisþjóðir og ekki vera með neinn tvískinnungshátt í samskiptum okkar við þær.

En ég tel að kjarni málsins sé sá að Alþingi markaði stefnu fyrir 40 árum og sú stefna hefur verið þjóðinni til farsældar og sóma og ég tel að hæstv. utanrrh. sé skyldugur til þess að framkvæma þá stefnu sem Alþingi hefur ákveðið og enga aðra samkvæmt stjórnskipun landsins. Ég tel að sú stefna sem hingað til hefur verið fylgt á Íslandi sé eitt af mestu hagsmunamálum alls mannkyns, að lýðræðisþjóðirnar haldi saman.

Hæstv. forseti. Ég ætla að ljúka þessum orðum mínum með því að segja: Lengi lifi lýðræðið.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Það mál sem hér hefur verið til umræðu í dag hefur tekið langan tíma og nú er senn kominn nýr dagur, enda hafa sumir talað allmjög og lengi þó ekki hafi það út af fyrir sig skýrt þetta mál.

Það mál sem er verið að ræða, þ.e. heræfingar varnarliðsins í Keflavík, er ekkert nýtt mál hér eins og menn hafa heyrt. Hér hafa verið haldnar heræfingar áður. En það er e.t.v. ekki meginmálið heldur sú staðreynd að þetta mál hefur borið að með allsérstæðum hætti. Í fyrsta lagi varð atgangur mikill í Ríkisútvarpinu og í ríkisfjölmiðlunum með óvenjulegum hætti og verður að telja að það nálgist að það hafi verið misnotað af ákveðnum aðilum.

Ég vil minna á að það var boðað með miklu írafári í þessum fjölmiðlum að þessi heræfing hefði átt að hefjast 17. júní. Það var í rauninni ekkert nema fréttafölsun. Verður að taka til gagngerðrar endurskoðunar það fréttamat og hvernig þeir fréttamenn vinna sem við eigum að treysta fyrir því að fara rétt með þau mál sem þar eru flutt.

Ég vil benda á að föstudaginn langa, árla morguns eða rétt korter yfir 7, var einn af þessum aðilum plötusnúður á Rás 2 hjá Ríkisútvarpinu og hvatti þar hernámsandstæðinga til baráttu með einu laginu þar. Það verður að telja afskaplega óviðurkvæmilegt að plötusnúðar hjá Ríkisútvarpinu séu að misnota aðstöðu sína. Sami plötusnúður gaf í skyn reyndar þann sama morgun rétt um hálfátta að alþm. væru fremur lítilmótlegir menn. Það hefði verið fróðlegt út af fyrir sig að hafa þau ummæli hér til að fræða hv. alþm. á því hvers lags menn sitja á þingi. Sú misnotkun sem slíkir menn beita er mjög einkennileg og verður að telja það til vansa að Ríkisútvarpið skuli misnota. Þeir menn sem þar eru eiga auðvitað ekki að vera að túlka skoðanir sínar og geta hægast tekið þátt í stjórnmálum á öðrum vettvangi. Til þess eru stjórnmálaflokkarnir. Þessum mönnum getur staðið það til boða að fara í framboð fyrir sína flokka sem eru greinilega Alþb. eða Kvennalistinn sem hér hefur sýnt sitt rétta andlit í kvöld og fer ekki á milli nokkurra mála að Kvennalistinn skipar sér í sveit sem útibú frá Alþb. eða kvennadeild Alþb. þannig að það pólitíska litróf sem hefur komið fram í umræðum í dag verður ekki sundur slitið.

Ég vil minna á í þessu sambandi þegar við tölum um heræfingar að auðvitað er nauðsyn að það fari fram æfingar, hvort sem það eru heræfingar eða leikæfingar. Mönnum ætti að vera ljóst að ef menn æfa ekki hluti geta þeir verið erfiðir í framkvæmd og þýðir ekki að æfa þegar til alvörunnar kemur. Þessi heræfing er ekki frábrugðin öðrum æfingum sem fara fram á mörgum sviðum. Hún er auðvitað til þess að menn átti sig á aðstæðum og komist að því hvað stendur til og hvernig er hægt að bregðast við hlutum.

Ég vil enn fremur sérstaklega minna á að Evrópuráðið hefur eins og Atlantshafsbandalagið starfað í 40 ár senn, Evrópuráðið sem samanstendur þó af miklu fleiri Evrópuríkjum og þar á meðal af hinum svokölluðu hlutlausu ríkjum í Evrópu og þau eru öll nú meðtalin, því að í maí nk. verður Finnland aðili að Evrópuráðinu. Þessi ríki hafa sameinast um að gera ályktun um varnarmál og það er sammála niðurstaða þessara ólíku ríkja, sem eru þó ekki innan Atlantshafsbandalagsins, að friður verði aðeins tryggður með sameiginlegu afli Evrópuríkja. Það hefur verið undirstrikað að þetta sameiginlega afl frjálsra ríkja Evrópu sé það eina sem tryggi frið. Og þar hefur verið undirstrikað að sameiginlegur hernaðarmáttur frjálsra ríkja Evrópu allra tryggi friðinn og ekkert annað. Þetta hefur auðvitað komið margoft fram, að þessi sameiginlegi styrkleiki sem Evrópuríki hafa sýnt hefur orðið til þess að sú þíða sem er að birtast í Sovétríkjunum hefur orðið til. Sá styrkleiki sem Reagan sýndi þegar hann stóð sem klettur í hafinu eins og hefur verið sagt um fleiri og hélt ótrauður áfram að byggja upp hernaðarmátt Evrópu til að hafa mótvægi við Austur-Evrópu varð til þess að það var hægt að semja um málið og menn áttuðu sig á því í austri að það var alvara á ferðinni. Sú samstaða sem Evrópuríkin í Atlantshafsbandalaginu og í Evrópuráðinu hafa myndað um þessi mál er ótvíræð og er grundvöllur þess að frjáls ríki Evrópu standa nú sterkari en nokkru sinni fyrr. Með tilkomu Evrópubandalagsins má reikna með að það verði sameiginlegur herafli innan þessara ríkja í framtíðinni sem muni tryggja enn þá frekar að Evrópa mun verða sem ein heild og mun tryggja frelsi og jafnframt það að austantjalds verði möguleiki á úrbótum í lýðræðisátt.

Þegar hæstv. forsrh. talar um tímaskekkju reikna ég með að hann hafi átt við að það væri tímaskekkja að við værum ekki aðilar að heræfingunni. Það væri alveg öfugt. Hann hafi ætlað sér að segja að það væri tímaskekkja að við værum ekki með í heræfingunni til að tryggja sameiningu Evrópu. Hann hefur auðvitað mismælt sig. Ég geri alveg ráð fyrir því. Og ég heyrði það áðan og auðvitað er hann meðmæltur því að við séum í Atlantshafsbandalaginu. Þegar við lítum á að

þessi samstaða hefur tryggt okkur frið í 40 ár er alveg ljóst að það eina sem getur hamlað gegn einræði er samstaða lýðræðisríkjanna eins og hefur verið í 40 ár. Ég held að við munum ekki óska eftir öðrum stjórnarháttum en eru vestan megin í Evrópu. Þær umræður sem hófust í dag hjá hv. 1. þm. Norðurl. v. eru tímaskekkja og í rauninni aðeins til að varpa ljósi á að það hefur aldrei verið meiri styrkleiki í Vestur-Evrópu. Sá styrkleiki birtist með þeim hætti að Evrópuríkin standa núna sem ein heild hernaðarlega þrátt fyrir að þau séu ekki í Atlantshafsbandalaginu og hafa gert sér grein fyrir því að sú samstaða er eina leiðin til þess að lýðræðisþjóðirnar sigri.

Ég ætla ekki að ræða um þær ræður sem hafa komið fram eins og hjá hv. 2. þm. Austurl. þar sem hann var með enskukennslu sem er alveg nýjung í þingsölum, en það má vel vera að hann ætli að snúa sér að enskukennslu í framtíðinni. Það er ekki gott að vita.

En ég vil segja að lokum að það er mikilvægt að við stöndum með okkar vinum og stöndum sem ein heild. Það hefur aldrei verið meiri þörf á því en í dag. Aðeins sem sameinað afl Evrópu og Bandaríkjanna, frjáls ríki Bandaríkjanna, munum við geta unnið að því að hér verði friður en ekki ófriður. Þetta eru staðreyndir sem eru alveg ljóslifandi fyrir okkur sem höfum fylgst með þessum málum og þetta er eini hátturinn sem við getum haft á þessum málum.

Ég vil að lokum þakka hæstv. utanrrh. fyrir hans mál, sem var bæði fróðlegt og góð ræða sem hann flutti hér, og vona að hann standi á sínum rétti til að vinna með sameiginlegum friðaröflum. Friðaröflum sem hafa verið hér sl. 40 ár í Evrópu innan Atlantshafsbandalagsins og núna eru að sameinast í röðum Evrópuráðsins og menn bera miklar vonir til þess að sá styrkur muni valda því að þeir múrar sem hafa umlukt austurblokkina muni brotna.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Það er mikil mannraun að hlusta á sumar ræður sem hafa verið fluttar í þessari umræðu og það er nærri því að maður fer að sjá eftir því að hafa kvatt sér hljóðs og vakið máls á þessu efni þegar maður hlustar á þær. Hér hefur þó reyndar margt verið vel sagt líka og ber að þakka það. Það hvað teygst hefur úr þessari umræðu og hve margir hafa fundið hjá sér hvöt til þess að tjá sig sýnir og sannar betur en annað að það var fyllilega tímabært og eðlilegt að taka þetta mál til umfjöllunar í Sþ.

Ég vil fyrst láta þess getið að ég varð fyrir vonbrigðum, því miður, með ræðu hæstv. utanrrh. og þau svör sem hann gaf því að þau voru sum ófullnægjandi við spurningum sem ég beindi til hans. Það voru í þessu líka útúrsnúningar og ekki rétt farið með staðreyndir á alla grein.

Varalið Bandaríkjamanna var t.d. ekki stofnað að kröfu Íslendinga eins og lesa mátti út úr ræðu hæstv. ráðherra. Hæstv. ráðherra vill meina að koma varaliðsins sé óhjákvæmileg afleiðing af ákvörðunum fyrrv. utanrrh. og hann las úr skýrslu sem hæstv. fyrrv. utanrrh., núv. forsrh. Steingrímur Hermannsson, flutti á Alþingi 1988 og það sem hann las var þetta: „Ef til átaka dregi er ljóst að varnarliðið þyrfti aukinn liðsafla. Hersveit í varaliði bandarískra landhersins hefur verið þjálfuð og búin undir að koma til landsins á hættu- eða ófriðartímum. Hluti hennar tók þátt í umfangsmiklum æfingum í Kanada" — ég endurtek Kanada — „í sumar og fylgdust fulltrúar varnarmálaskrifstofu með þeim æfingum. Til að slík þjálfun komi að fullu gagni er nauðsynlegt að íslensk stjórnvöld hafi hönd í bagga og tryggi að allar varnaráætlanir séu í sem bestu samræmi við íslenska hagsmuni og staðhætti. Samræmis þarf að gæta milli almannavarnaáætlana okkar og skipulags lögreglu og landhelgisgæslu, og þessara varnaráætlana" og bla bla.

Þetta sagði sem sagt í skýrslu hæstv. fyrrv. utanrrh. Hann var að ræða um æfingar í Kanada, en af ræðu hæstv. utanrrh. mætti ætla að hann væri að tala um heræfingar hér á landi. Hann var hvergi að tala um nauðsyn þess að fá hingað 1500 manna lið til æfinga. Það er alveg gersamlega þýðingarlaust að fara að reyna að klína skömminni af þessum æfingum á hæstv. forsrh. Hann er alveg saklaus af því að hafa veitt leyfi til þeirra, enda hefur hann skilmerkilega varið sinn málstað sjálfur hér í ræðustól og ég þarf ekki að bæta þar um.

Ég held að það sé engin ástæða fyrir hæstv. utanrrh. að ætla að Bandaríkjamenn tækju neitun óstinnt upp, þeir tækju það neitt óstinnt upp þó þeir fengju ekki að koma til stríðsleikja. Hæstv. utanrrh. má ekki vera svona huglaus. Hann á að reyna að standa á rétti þjóðarinnar og hafa að leiðarljósi í embættisfærslu sinni að hafa embættisfærslu sína með þjóðlegri reisn eins og fyrirrennari hans gerði. Það var mér að vísu nokkur uppörvun og gleðifrétt að þeir væru ekki með neitt nema púðurskot í pússi sínu, þessir gestir. Ég tel að það sé heldur góðs viti því að þá verða þeir kannski ekki hver öðrum að voða.

Utanrrh. hefur tvímælalaust vald og það tók hann rækilega fram sjálfur og það er ekkert forhlaupin tíð að stoppa þessar æfingar. Og fullyrðingar um það, eins og hann lét sér um munn fara, að æfingarnar færu að verulegu leyti fram að ósk Íslendinga er röng, því miður. A.m.k. kannast ég ekki við þær óskir og þær eru ekki komnar frá framsóknarmönnum.

Hæstv. utanrrh. gerði fréttaflutning að umræðuefni og hann er eitthvað framstyggur vegna þess að það hafi verið sagt frá þessum æfingum. Ég tel ekkert óeðlilegt þó að fjölmiðlar greini frá þeim tíðindum að hér standi til að halda heræfingar af þessari stærðargráðu. Ég verð að segja að mér finnst að sjónarmið hersins hafi fengið rækilega að koma fram í sjónvarpinu. Kastljós í gærkvöldi var undirlagt af barnalegri áróðursmynd frá Bandaríkjaher þar sem átti að réttlæta æfingarnar 1987. Sá texti sem fluttur var með myndinni var til réttlætingar á þessu tilstandi sem þarna var sýnt og greint frá mikilvægi þess hvað þar væri verið að gera. Þessi mynd var að vísu svo frumstæð að hún varð á köflum brosleg og nánast

skemmtiefni. T.d. eins og þegar mennirnir voru að reyna að berjast við fuglana og reyna að fæla upp fuglana sem gekk ekki nógu vel.

Hæstv. utanrrh. spurði hvort við teldum viðbúnaðaráætlanir óþarfar, samgönguáætlanir eða verndun orkuvera. Þetta eru allt saman útúrsnúningar og undanfærslur. Þessi heræfing er ekki til að verja orkuver eða samgönguleiðir. Þessi heræfing er gerð til að verja herstöðina á Keflavíkurflugvelli. Hún er gerð til að þjálfa fólk í að verja þessa tilteknu herstöð. Og ég verð að endurtaka það: Ég varð fyrir nokkrum vonbrigðum með það sem utanrrh. sagði. Hann lofaði ekki í ræðu sinni að neita um leyfi til æfinganna. Hann var ekkert á því í ræðu sinni að draga úr þeim. Það var jafnvel svo að skilja á honum að hann væri að biðja um meira og ekki að halda þeim innan vallar heldur færa jafnvel út af vellinum hluta æfinganna. Sá gáll sem var á ráðherranum í ræðustól kl. að ganga 3 í dag, eða öllu heldur í gær því að nú er komið fram yfir miðnætti, gaf mér til kynna að hann hefði hugsað sér að heimila þessar heræfingar og það tel ég miður og ég vona að honum hafi batnað eftir því sem á daginn hefur liðið og á umræðuna.

Ég dreg í efa að svar hans um 1200–1300 manns sem tækju þátt í þessum æfingum sé rétt. Þarna tíundar hann 250 dáta, 800 kennara og svo 200–300 séffa sem eigi að meta æfinguna og sjá hvernig þetta hafi verið, hvernig það hafi gengið fyrir sig. Hvar eru stuðningssveitirnar sem svona hópferðir hafa með sér, hjúkrunarlið, aðstoðarlið og guð má vita hvað það er kallað? Ég fann ekki að hann tíundaði það, en auðvitað verður það að teljast á gestalistanum.

Ég varð sem sagt fyrir vonbrigðum með ræðu hæstv. utanrrh. Ég varð hins vegar ekki fyrir vonbrigðum með ræðu hv. 1. þm. Suðurl. sem flutti mjög ómerkilega ræðu, staglast þar á með getsökum og ímyndunum. Það að Framsfl. hafi haft forustu um heræfingarnar er eins og ég hef rækilega greint frá ekkert nema rangfærslur. Hann talaði um að hér væri um mjög venjulegar æfingar að ræða. Þetta eru ekki venjulegar æfingar á íslenskan mælikvarða. Þetta eru miklu stærri æfingar en hér hafa farið fram a.m.k. í seinni tíð.

Hv. 1. þm. Suðurl. vildi vita í hvers umboði ég væri hér. Ég kem hér sem einn af alþm. og kveð mér hljóðs um málefni sem mér þykir mikilvægt. Ég tek fram að ég kynnti það ekki í mínum þingflokki að ég ætlaði að taka til máls. Ég hafði hins vegar samband við ýmsa flokksbræður mína áður en ég óskaði eftir því að fá leyfi til að taka til máls um þetta málefni utan dagskrár. Það vildi nú svo til að Jóhann Einvarðsson var ekki einn af þeim sem ég spurði ráða. Ég spurði ekki heldur hv. 2. þm. Austurl. Hjörleif Guttormsson ráða og ræddi það ekki við hann hvort ég ætlaði að taka til máls í dag. Hv. þm. fékk vitneskju um að ég ætlaði að kveðja mér hljóðs sem formaður eða varaformaður þingflokks síns, en þeir fengu að sjálfsögðu tilkynningu um að það stæði til að hér yrði utandagskrárumræða (**HG:** Ég gerði engar athugasemdir við það.) og gerði engar athugasemdir við það, enda hefði það ekki nokkurn skapaðan hlut þýtt fyrir hv. 2. þm. Austurl. því að hann hefur ekkert „mónópól" á þessum ræðustól. Hann kemur hér stundum og segir nokkur vel valin orð, en hann hefur engan einkarétt á honum. Það var við aðra að eiga um að fá leyfi til að tala í dag.

Það var nokkuð hart fyrir hæstv. utanrrh. að búa við það að hv. 1. þm. Suðurl. Þorsteinn Pálsson skuli styðja hans stefnu í utanríkismálum svo dyggilega. Það ætti að vera umhugsunarefni fyrir hæstv. utanrrh. að Sjálfstfl. skuli vera að kjassa hann fyrir stjórnvisku. Það er eiginlega öruggt merki þess að hann sé á rangri leið. Það er einkennilegt með hann Eykon, hv. 8. þm. Reykv. Eyjólf Konráð Jónsson, þennan indæla og ljúfa og prúða vin minn, hvað hann getur umhverfst þegar hann fer að tala um hermálin. Þá verður honum svo mikið í hug að prúðmennskan rýkur alveg af honum eins og dögg fyrir sólu og hann eiginlega missir þessa skörpu ályktunargáfu sem hann hefur hversdags og lendir þá iðulega í ógöngum.

Í ályktun Alþingis um utanríkismál frá 23. maí 1985 er hvergi nokkurs staðar getið um Úralfjöll. Það sem við samþykktum var þessi ályktun. Það var ekki það sem hv. frsm. sagði heldur það sem fyrir okkur lá á þingskjalinu. Það var það sem við samþykktum. Þó að ég meti orð hv. þm. mjög mikils, þá hafa þau ekki eins og ég hef margtekið fram nokkurt minnsta lagagildi. (**EKJ:** Ályktunin hefur ekki lagagildi.) Ekki hið minnsta og þau eru ekki einu sinni ályktun Alþingis, þau eru ályktun Eyjólfs Konráðs Jónssonar og e.t.v. einhverra flokksbræðra hans, og það er nú nóg um það.

Hv. 3. þm. Vesturl. var ergilegur í ræðu sinni og það fannst mér ósköp heimilislegt. Ég vil taka það fram að það hefur ekki orðið nein stefnubreyting hjá Framsfl. Við höfum haft þessa stefnu um langa hríð. Það er allt önnur heræfing sem hér er verið að planleggja en 1987 eins og ég taldi upp áðan. Fyrst koma 250 skyndidátar til hjálpar. Svo þegar þeir eru dauðir í þykjustunni koma 800 kennarar, hvernig sem fer fyrir þeim, og svo koma nokkur hundruð offiserar sem meta eiga árangurinn og telja hvort nógu margir séu dauðir. Menn hafa dálítið verið að reyna að bera á móti því að þessar æfingar tengist þjóðhátíðardegi okkar. Auðvitað tengjast þær þjóðhátíðardeginum. Æfingin hefst á þjóðhátíðardaginn. Mennirnir leggja af stað frá Bandaríkjunum á þjóðhátíðardegi Íslendinga. Við höfum enn þá 17. júní fyrir þjóðhátíðardag, ekki 4. júlí, og þeir leggja af stað á þjóðhátíðardegi okkar. Þeir lenda hins vegar ekki á Keflavíkurflugvelli samkvæmt upplýsingum utanrrh. fyrr en aðfaranótt þess 18. eins og hann sagði, þannig að allt sem sagt hefur verið um þjóðhátíðardaginn í fréttaflutningi af þessu máli er náttúrlega hárrétt.

Hv. þm. Eiður Guðnason spurði hvort ég væri að efla stjórnarsamstarfið með því að kveðja mér hér

hljóðs. Ég vona að stjórnarsamstarfið endist sem best og vil efla það og tel mig hafa gert það í dag eins og aðra daga. Ég vil hins vegar meina það að hæstv. utanrrh. sé ekki að efla stjórnarsamstarfið ef hann hugsar sér að leyfa þessar heræfingar.

Hv. 1. þm. Reykn. Matthías Á. Mathiesen var hér með kolrangar vangaveltur, en hann er kannski farinn heim að sofa svo að ég þarf ekki að eyða mörgum orðum á hann. Hann var með getsakir um hvað mér gengi til að taka hér til máls. Ég tók þetta mál til umræðu vegna þess að mér þykir það miklu varða og spurði mikilvægra spurninga sem Alþingi þurfti að heyra svarað.

Flokksbróðir minn, hv. 8. þm. Reykn. Jóhann Einvarðsson, flutti hér ræðu sem ég þarf að minnast á örfáum orðum. (**Gripið fram í:** Hann er farinn heim að sofa.) Jæja. Hvernig förum við að? Hann taldi að þessi umræða væri ótímabær. Ég er ekki sammála því. Hún er auðvitað tímabær. Það er of seint að byrgja brunninn þegar barnið er dottið í. Það þýðir ekkert að nöldra þegar skaðinn er skeður. Auðvitað er rétt að ræða málið hér og nú og það er góður undirbúningur fyrir fund utanrmn. og góður undirbúningur fyrir utanrrh. til ákvarðanatöku. Ég er alveg undrandi á því hvað hv. þm. Jóhann Einvarðsson telur þetta mikilvægar og nauðsynlegar æfingar og ég var á tímabili hálfhræddur um að missa hann upp á völl til þess að skríða þar með kennurunum í hrifningu sinni. (**Gripið fram í:** Það þýðir ekki að tala við sofandi menn.) Það þýðir ekkert að tala við sofandi menn, en þessi maður er svo skarpur að ég trúi ekki öðru en að, þó hann sé eitthvað farinn að dotta, hann heyri til mín.

Utanrmn. var ekki greint frá umfangi þessara æfinga meðan ég sat þar. Ég sit þar að vísu ekki lengur og veit ekki hvað þar hefur gerst síðan flokkur minn skipti á okkur Jóhanni Einvarðssyni í utanrmn. Okkur var lauslega sagt frá æfingunni 1987, ef ég man rétt, í rútuferð á Keflavíkurflugvelli, en ég man ekki til þess að minnst hafi verið á að hér stæði til að halda æfingu með 1500 manna liði eða hvað það nú er eða kannski fleiri á þessu sumri. Ég ber á móti því sem hv. 8. þm. Reykn. Jóhann Einvarðsson bar á mig, að ég hefði „velt upp vöngum", eins og hann orðaði það, eða á borð borið þessa heræfingu. Ég hef hvorugt gert.

Hv. 3. þm. Reykv. las upp ræðupart eftir Svavar Gestsson sem hann flutti 1987 þar sem hv. þm. hélt því fram að framsókn færðist til vinstri þegar framsókn færi í hægri stjórn og færi svona að trosna stjórnarsamstarfið. Svo færi hún aftur til hægri þegar hún væri í vinstri stjórn. Þetta var ansi skemmtileg umræða og hv. þm. hefði gjarnan mátt lesa meira úr henni því að ég man eftir því að ég sagði margt vel í þessari umræðu líka. Mér fannst tilvitnunin hins vegar ekki reglulega vel valin því þó að hv. þm. hugsi venjulega skýrt sló út í fyrir henni þarna því að samkvæmt kenningu Svavars Gestssonar værum við á leið til hægri núna en mér finnst nú að ég hafi legið undir ámæli fyrir eitthvað annað en það í dag a.m.k. Ég hef sem sagt orðið fyrir vonbrigðum með afstöðu hæstv. utanrrh. Hann segist hafa vald til þess að stöðva æfingarnar, en ég óttast að hann þori ekki að beita því af ótta við að styggja Bandaríkjamenn. Ég er mikill stuðningsmaður hæstv. utanrrh. og líkar prýðilega við hann og vona svo sannarlega að hann manni sig upp í að neita Bandaríkjamönnum um þessa bón. Þessar æfingar eru nefnilega misráðnar og þær eru ögrun við Íslendinga, að hefja förina 17. júní, á þjóðhátíðardegi okkar. Bandaríkjamenn hafa eins og forsrh. hefur rækilega tekið fram haldið illa á þessu máli og senda fyrst í gær formlega beiðni til utanrrh. Varnarmáladeild hefur haldið illa á þessu máli að gera ekki grein fyrir málinu fyrr en í gær. Auðvitað hefði hún átt að gera það heyrinkunnugt strax og leggja það fyrir þáv. utanrrh. sem hún ekki gerði. Hún átti auðvitað að gera þáv. utanrrh. grein fyrir þessu máli.

Ég tel að utanrrh. haldi illa á þessu máli ef hann heimilar æfingarnar. Æfingin þjónar ekki hagsmunum Íslands og varnir Íslands eru ekki betur settar eftir þessa æfingu en fyrir. Æfingin stuðlar ekki að friði í heiminum og það eina sem hún fær áorkað væri kannski það að hressa ofurlítið upp á fáeinar kaldastríðssálir hér uppi á Íslandi. En það er skammgóður vermir því þeim er ekki viðbjargandi.

Ég vona svo að endingu að hæstv. utanrrh. beri gæfu til að feta í fótspor fyrirrennara síns í embætti og halda á utanríkismálum Íslands af þjóðlegri reisn.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það er komið fram yfir miðnættið. Það er næturfundur og sakar ekki þótt menn strjúki svolítið af sér heiðarleikann. Hv. málshefjandi, hv. 1. þm. Norðurl. v., sem hér lauk máli sínu lýsti því að hann hefði orðið fyrir vonbrigðum með ræðu þess sem hér stendur. Ég lýsi því hins vegar yfir að það er ekki gagnkvæmt. Ég varð ekki fyrir vonbrigðum með ræðu hv. 1. þm. Norðurl. v. Ég átti von á svona ræðu og held reyndar að henni sé ekkert illa lýst, og reyndar einni annarri ræðu sem hér var haldin í kvöld, af athugulum pallagesti og fastagesti hér í húsi og góðvini okkar allra, sem kenndur er við Dagverðargerði, sem sagði svo:

> Heræfingahættur rekja,
> heilasellur komma vekja.
> Páls mun spilla pokaveiði
> púðurskot á Miðnesheiði.

Það er tvennt sem ég sé ástæðu til að vekja máls á áður en þessari umræðu lýkur. Það eru annars vegar fullyrðingar um forsögu þessa máls og að rangt hafi verið farið með staðreyndir. Þá vísa ég einkum til þeirra orða hv. málshefjanda sem sagði að ég hefði haldið því ranglega fram að þessar æfingar færu fram að ósk Íslendinga og í annan stað að óskir um það séu ekki frá framsókn komnar.

Fleira í umræðunum gefur tilefni til að rekja samskiptaferil íslenskra stjórnvalda og bandarískra þannig að ekkert fari nú á milli mála og vek ég um leið

athygli hv. málshefjanda á því að um leið og þessi samskipti eru rakin skal það tekið fram að hv. málshefjandi hefur verið stuðningsmaður allra þeirra ríkisstjórna sem hér um ræðir frá árinu 1980, þ.e. ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens, ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar, ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar og hann var að enda við að lýsa því yfir að hann væri einlægur stuðningsmaður ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar hinnar síðari. Hv. málshefjandi ber því fulla ábyrgð á því að sínu leyti hver þessi samskipti og hverjar þessar óskir íslenskra stjórnvalda voru í tíð ríkisstjórna sem hann studdi dyggilega því að ekki verður hann um það vændur að hafa ekki gert það.

Hitt atriðið sem er ástæða til að staldra við kom fram í máli hv. 2. þm. Austurl. og var spurningin um það hvort engar áætlanir væru fyrirliggjandi af hálfu íslenskra stjórnvalda um varnir íslenskra þegna á hættutímum, íslenskra mannvirkja, íslenskra stofnana o.s.frv. og reyndar sá tvískinnungur sem fram hefur komið í máli margra ræðumanna, sá að annars vegar er því haldið fram að varnarlið sé hér augljóslega aðeins til þess að verja Bandaríkjamenn, bandaríska herstöð, gæta bandarískra hagsmuna, og gefið í skyn að í raun og veru væri kannski ástæða til að staldra við og gera kröfur um það að uppi séu áætlanir og þær framkvæmdar um varnir íslenskra mannvirkja og íslenskra mannlífa en komast þá í þær ógöngur að þá verða þær varnaræfingar að fara fram utan varnarsvæða en það er skoðun sem ekki er mjög þekkileg ef ég skil rétt þennan málflutning.

En víkjum nú að því hver samskiptaferill stjórnvalda er í þessu máli. Hverjar hafa óskir íslenskra stjórnvalda verið og hver hefur verið ábyrgð einstakra manna sem með þessi mál hafa farið? Heimildirnar eru byggðar á skriflegum greinargerðum, bókunum, upplýsingum frá varnarmálaskrifstofu utanrrn. í tíð fjögurra utanríkisráðherra.

1. 1984. Yfirmaður landhers Bandaríkjanna kom til Íslands til viðræðna við yfirmenn varnarliðsins og íslensk stjórnvöld um hlutverk varaliðsins og æfingar á þess vegum. Þetta gefur mér tilefni til þess að bæta við að því var ranglega haldið fram í máli málshefjanda áðan að ég hefði fullyrt að þetta varalið hafi verið stofnað að kröfu íslenskra stjórnvalda. Það sagði ég ekki. Ég sagði hins vegar að það hefði verið stofnað árið 1984 og það hefði verið gert í samráði við íslensk stjórnvöld og það hefði verið gert í anda þeirrar stefnu sem m.a. var mörkuð í skýrslu þáv. utanrrh. Geirs Hallgrímssonar og ég vitnaði sérstaklega til, nefnilega um auknar kröfur íslenskra stjórnvalda um sjálfstætt mat á liðsaukanum, athöfnum hans og varnaráætlun.

2. Í desember árið 1984 fara fram viðræður í varnarmálanefnd um æfingar varaliðsins á komandi sumri, þ.e. sumarið 1985. Þar kemur fram að af hálfu íslenskra stjórnvalda er lýst áhuga á nánara samstarfi og atbeina íslenskra stjórnvalda við skipulag varnaráætlana varaliðsins sem og ósk Íslendinga um að fylgjast með þessum æfingum gjörla.

3. Sumarið 1985 fer fram fyrsta æfing varaliðsins hér á landi. Þá koma til landsins sérstaklega 150 varaliðsmenn ásamt með varnarliðsmönnum sem hér eru og framkvæma þá æfingu.

4. Sumarið 1986 kemur hingað til lands Thomas Stone hershöfðingi og stærðfræðikennari sem áður hefur verið að vikið, yfirmaður þessa umræddra varaliðs, höfuðstöðvar Massachusetts og ræddi við varnarmálaskrifstofu utanrrn. um varnaráætlanir. Þá var sérstaklega farið yfir skrá sem afhent var af hálfu íslenskra stjórnvalda yfir mikilvæga staði, mikilvægar samgönguleiðir og mikilvæg mannvirki sem Íslendingum þætti sérstök ástæða til að hafa í huga við samræmingu á gerð varnaráætlana og almannavarnaáætlana.

5. Í október 1986 á skrifstofustjóri varnarmálaskrifstofu utanrrn. fund í Norfolk með yfirmönnum Atlantshafsflota Atlantshafsbandalagsins þar sem æfingar varaliðsins, og taki menn nú eftir, fyrir árið 1989 og árið 1991 voru ræddar. Þá þegar var lögð fram áætlun um að 1000 hermenn tækju þátt í æfingunum árið 1989. Þetta er í fyrsta sinn sem skriflegar upplýsingar eru látnar í té íslenskum stjórnvöldum um fyrirhugaðan fjölda þátttakenda í æfingum sumarið 1989. M.ö.o., upplýsingar um það hafa legið fyrir í utanrrn., varnarmálaskrifstofu, frá því í október árið 1986, þ.e. að því er varðar fjölda.

6. Í nóv. árið 1986 er æfingaáætlun varnarliðsins árin 1987–1993 rædd í varnarmálanefnd. Varnarmálanefnd er skipuð fulltrúum varnarliðs og fulltrúum íslenskra stjórnvalda. Þá er sérstaklega rætt um þátttöku Íslendinga, íslenskra stjórnvalda, embættismanna, í undirbúningsfundum fyrir æfingar sem haldnar verði sumarið 1987.

7. Þann 17. júní, á þjóðhátíðardaginn, til 25. júní árið 1987 fer fram varaliðsæfing á Íslandi með þátttöku um 400 hermanna, flestir hverjir úr fastaliði bandaríska landhersins en einnig úr varaliðinu. Hún hófst, eins og ég segi, á þjóðhátíðardaginn 17. júní, stóð til 25., og var víst, eftir því sem ég hef best getað fengið upplýst, hvergi getið í íslenskum fjölmiðlum, vakti enga athygli og eftir því sem ég hef spurt Suðurnesjamenn um kannast enginn við að hafa tekið eftir henni. En ég hef náttúrlega ekki spurt þá alla.

Þess skal getið um þessa tilteknu æfingu 17. júní 1987, að í tengslum við þá æfingu kom aukinn flugvélakostur til landsins, þ.e. flugvélar umfram flugflota varnarliðsins, og þar að auki ýmis annar vopnabúnaður sem varaliðið hefur ekki í för með sér nú.

8. Í ágúst árið 1987 heimsótti þá nýorðinn hæstv. utanrrh. varnarliðið svo sem utanríkisráðherrar gera í upphafi starfsferils. Samkvæmt greinargerð varnarmálaskrifstofu var honum þá gerð ítarleg grein fyrir æfingunni árið 1987, sem var nýliðin, nýafstaðin í tíð forvera hans, umfangi hennar og markmiðum og þar með taldar trúnaðarupplýsingar eins og 12 meginatriði í niðurstöðum um framkvæmd æfinganna sem þótti vert og rétt að koma á framfæri við íslensk

stjórnvöld. Þá var ráðherranum einnig skýrt frá áformum um næstu æfingu varnarliðsins sumarið 1989 sem 1000 hermenn í það minnsta mundu taka þátt í samkvæmt þeim áformum. Þetta er, hv. málshefjandi, í ágúst árið 1987 í tíð ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar, þ.e. þriðju ríkisstjórnarinnar sem hv. málshefjandi hefur stutt á þessum ferli sem ég hef rakið hingað til.

9. Í sama mánuði, þ.e. í ágúst 1987, fóru fulltrúar varnarmálaskrifstofu utanrrn., embættismenn utanrrh. til þess að fylgjast með varaliðsæfingunni í Kanada sem þá var umfangsmesta æfing varaliðsins til þessa með rúmlega 4000 þátttakendum. Sú æfing vakti verulega athygli fjölmiðla og m.a. birtist af henni ítarleg frásögn í Morgunblaðinu.

10. Í janúar árið 1988 heimsótti páv. forsrh., Þorsteinn Pálsson, varnarliðið og var þá að sögn gerð ítarleg grein fyrir æfingum varaliðsins.

11. Í mars árið 1988 fór páv. dómsmrh., Jón Sigurðsson, í heimsókn til varnarliðsins og í þeirri heimsókn var einkum rætt eftirfarandi: Aukin samvinna Landhelgisgæslu, Almannavarna og lögreglustjórnar við varnarlið og varalið.

12. Um líkt leyti var fundur umræddra Stones hershöfðingja og stærðfræðikennara með skrifstofustjóra varnarmálaskrifstofu, þ.e. embættismanni utanrrn., með ráðuneytisstjóra dómsmrn., lögreglustjóra í Reykjavík og formanni og framkvæmdastjóra almannavarnaráðs. Fundarefnið var að skýra hlutverk varaliðsins og kannaðir möguleikar á frekari samvinnu við undirbúning áætlana þess við íslensk stjórnvöld undir forustu varnarmálaskrifstofu. Þar voru einnig rædd samskipti varnarliðsins við Landhelgisgæslu og reyndar leiddi það til þess að þau voru endurskoðuð þannig að Landhelgisgæslan hefur með reglubundnum hætti fulltrúa sem fylgjast með störfum varnarliðsins. Í framhaldi af því tilnefndi lögreglustjóri sérstakan samstarfsaðila til undirbúnings næstu áætlunum um æfingar. Umræður um aukin tengsl við Almannavarnir voru hafnar og standa enn yfir.

13. Í maí árið 1988 komu 30 yfirmenn landhers og varaliðssveita Bandaríkjanna í kynnisferð til Íslands til þess að kynnast staðháttum og stóð sú kynnisferð í heila viku. Gestgjafinn var að sjálfsögu utanríkisráðuneytið íslenska.

14. Þann 30. ágúst gerist það að æfing varaliðsins sumarið 1989 er kynnt með formlegum hætti á fundi varnarmálanefndar, eins og ég greindi frá í upphafsræðu minni eða svarræðu minni, umfangið skýrt, áformin um 1300 hermenn, en það er án allrar tímasetningar eins og fram er komið.

Ég vek athygli á því að allan þann tíma sem þessi samskipti fóru fram var hv. málshefjandi framarlega í flokki stuðningsmanna og forustumanna ríkisstjórna sem að þessum samskiptum stóðu þannig að ef hann vill nú fullyrða að þessi samskipti hafi ekki verið að ósk íslenskra stjórnvalda og undir engum kringumstæðum að ósk Framsfl., þá hygg ég að það sé rétt að segja að þau orð hans þarfnist nánari skýringar.

Við þetta er eiginlega aðeins einu að bæta og það er að í febrúar árið 1988 fór reyndar fram sérstök varaliðsæfing. Í febrúar 1988 þannig að sú seinasta var ekki í júní 1987. Þetta var að vísu afar fámenn æfing því að í henni tóku þátt foringjar úr þessari varaliðssveit. Hún er kölluð sérstök vetraræfing og fór fram í febrúar 1988.

Þess er síðan að geta að þess er getið um þann fund sem yfirmaður varaliðsins átti í maí 1988 við æðstu menn varnarmálaskrifstofu, ráðuneytisstjóra dómsmrn. og fleiri, að þá gaf hann nákvæmar upplýsingar um áætlanir varaliðsins, um varnir Íslands og lykilmannvirkja, þ.e. kynnti samhæfingu á almannavörnum og þessum varnaráætlunum. Um þann fund er sagt á minnisblaði í varnarmálaskrifstofu að yfirlýstur tilgangur fundarins var að tryggja stuðning utanrrh. og dómsmrh. við grundvallarreglur varnaráætlunarinnar og stuðning ríkisstjórnar Íslands við varnaráætlanir á spennutímum eða hættutímum.

Loks er þess að geta að í júní 1988, hv. málshefjandi, kom yfirmaður stuðningsdeilda varaliðsins — og þær eru innifaldar í þessum tölum, meðal annarra orða það er ekki rangt með það farið — kom yfirmaður stuðningsdeilda varaliðsins, það heitir Army Combat Support Hospital til fundar með forstöðumanni og framkvæmdastjóra ríkisspítalanna. Þar var rætt um gagnkvæmar heimsóknir, þjálfun og þátttöku bandarískra hjúkrunarliða í neyðarástandsæfingum Almannavarna.

Ég held að það sé þýðingarmikið að þetta komi fram úr því að málshefjandi fullyrti að ég hefði farið með rangt mál í minni ræðu. Ég tek það reyndar fram að ég sagði að það væri of langt mál að rekja þessi samskipti öll og ég gerði það ekki í framsöguræðu minni, en úr því að málshefjandinn gekk fast eftir því með brigslum um að rangt væri farið með staðreyndir, þá þykir mér rétt til þess að taka af öll tvímæli að rekja þessar staðreyndir hér. Og niðurstaðan er sú að hv. málshefjandi, sem nú skorar á utanrrh. þann sem hér stendur að grípa nú í taumana og stöðva þetta, hann hefur verið stuðningsmaður fjögurra ríkisstjórna sem hafa að baki þennan feril í undirbúningi að þessum áætlunum og þessum æfingum.

Að því er varðar seinna atriðið, sem ég taldi rétt að upplýsa hér frekar í tilefni umræðnanna, þ.e. hvort engar áætlanir væru til af hálfu íslenskra stjórnvalda um varnarráðstafanir að því er varðar íslensk mannvirki, orkumannvirki, samgöngumannvirki, stofnanir eða líf íslenskra ríkisborgara, þá vil ég um það segja, af því að því var haldið mjög afdráttarlaust fram í ræðu hv. 2. þm. Austurl., að það er ofmælt að engar slíkar áætlanir séu til. Það er ofmælt, eins og reyndar margt annað í ræðu hans. En hitt er rétt, og ég tek undir það með honum, að því fer fjarri að þessar áætlanir séu nægilega vel undirbúnar, nægilega vandaðar og það sé nægilega tryggt með æfingum að þær séu framkvæmanlegar þegar á þeim þarf að halda. (**Landbrh.:** Þegar og ef.) Þegar og ef. Það er betra að hafa það. Ég þakka samgrh. fyrir þá ábendingu.

Að því er varðar almannavarnir og starf Almannavarna, þá er þess að geta að síðan 1971 hafa Almannavarnir ríkisins staðið fyrir samræmdri áætlunargerð með varnarliðinu og yfirvöldum á Suðurnesjum, takmarkaðar áætlanir um viðbrögð við hugsanlegum stórslysum á Keflavíkurflugvelli. Viðbrögð við hópslysum á Keflavíkurflugvelli eru æfð reglulega og samræmd öðrum áætlunum með tveggja ára millibili. Átta slíkar samræmdar æfingar hafa átt sér stað á þessu tímabili. Björgunardeild varnarliðsins hefur að auki tekið þátt í sex æfingum Almannavarna á þessum áratug, þar á meðal með sínum þyrlum.

Við undirbúning áætlana varaliðsins hafa Almannavarnir ríkisins verið í sambandi við varnarliðið varðandi þá hluta aðgerða sem hafa bein áhrif á innlendar öryggis- og hjálparstofnanir. Þar má benda á eftirfarandi t.d.: Stórslys sem kynnu að koma upp og meðferð þeirra innan íslensku heilbrigðisþjónustunnar á hættutímum. Í öðru lagi: Áhrif á áætlanir Almannavarna vegna notkunar á samgöngumannvirkjum og landsvæðum. Í þriðja lagi: Fjarskiptakerfi Almannavarna ríkisins og samræming þess við fjarskiptakerfi varnarliðsins, auk þeirrar áætlunar sem ég vék að áðan um mannvirki, stofnanir og samgönguæðar getum við kallað það og mannflutninga sem áætlanir hafa verið gerðar um.

Ég tek það fram að þetta er of lítið, þetta er ekki nægilega vandað, þetta er ekki nægilega ítarlegt og þetta er ekki nógu æft. Engu að síður skal það tekið fram að það er ofmælt, hvaðan sem þær upplýsingar eru fengnar hjá hv. þm., að hér sé um engar áætlanir að ræða.

Virðulegi forseti. Ég sá mig tilknúinn til þess að bæta þessum upplýsingum við að gefnu tilefni af hálfu málshefjanda og annarra ræðumanna. Ég má kannski draga saman í örfáum orðum niðurstöður míns máls. Það hefur verið lýst ýmsum skoðunum hér á hinu stærra samhengi varnarmála, afvopnunarmála, stöðu Íslendinga í umheiminum og á hvern veg við ættum að haga okkar stefnumálum. Þær skoðanir geta verið með ýmsu móti og eiga að sjálfsögðu allar rétt á sér. Það er skoðun út af fyrir sig að það eigi ekki að hafa slökkvilið og það er skoðun út af fyrir sig að það eigi ekki að hafa björgunarbáta um borð í skipum. Það er svo önnur skoðun að það að hafa slökkvilið örvi fólk til eldsvoða vegna þess að það er þó alla vega slökkvilið fyrir hendi og það er skoðun út af fyrir sig, þó að hún sérkennileg, að það að hafa björgunarbúnað um borð í skipum ýti undir drukknanir í sjó. Versta skoðunin er þó sú þegar menn segja: Jú, við skulum að vísu hafa slökkvilið og við skulum hafa björgunarbúnað, en við skulum umfram allt aldrei æfa þessi tæki.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Klukkan er nú eitt að nóttu og hér hefur verið umræða um þetta ákveðna efni síðan kl. þrjú í dag. Forseti hefur því ákveðið að þessi umræða standi helst ekki lengur en þangað til kl. 1.15 og væntir samstarfs um það við hv. þm. Tveir hafa kvatt sér hljóðs (**RH:** Um þingsköp.) Það er engin ástæða til þess, hv. þm. Forseti hefur vald til að slíta þessari umræðu. (**RH:** Er mér neitað um orðið um þingsköp?) Forseti hefur ekki lokið máli sínu, hv. þm. Forseti þykist hafa komið mjög til móts við vilja þingmanna nú í dag. Það er engin ástæða til þess að hefja nú umræður hér að nýju um hánótt. Ég stend við það, nú hafa tveir aðrir hv. þm. beðið um orðið. Þessari umræðu verður að ljúka kl. hálftvö.

Ragnhildur Helgadóttir:

Frú forseti. Það var ákvörðun forseta þingsins að þessi umræða færi fram skv. 2. mgr. 32. gr. þingskapa með ótakmörkuðum ræðutíma og það var ákvörðun hæstv. forseta þingsins að hér yrði kvöldfundur um þetta mál þó hér stæðu ekki til neinar afgreiðslur vegna þess væntanlega hve málið var mikilvægt að mati hæstv. forseta. Sá kvöldfundur hefur nú farið fram eftir þeim reglum sem gilda í þessari tilteknu þingskapagrein þar til nú að hæstv. forseti tilkynnir að hann ætli nú að takmarka umræðuna. Ég vil andmæla þessum vinnubrögðum. Úr því að farið er eftir þessari grein þingskapa á annað borð, þá sé ég ekki að það sé ástæða til annars en að umræðan fari fram eftir því sem hv. þm. þykir þurfa svo sem hefur verið fram til þessa.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Þessu vill forseti svara því að hann hefur að sjálfsögðu hverju sinni vald til að ákveða hversu lengi umræða utan dagskrár á að standa. Hins vegar vil ég taka það fram að ég sagði áðan að ég vænti samstarfs við hv. þm. hér um. Yfir 20 hv. þm. hafa tekið þátt í þessari umræðu í dag. Allir þeir sem nú hafa beðið um orðið eru að tala í annað sinn þannig að ég get ekki séð að það sé ósanngjarnt með tilliti til starfsorku starfsmanna þingsins og hv. þm. að fara fram á það að reynt verði að ljúka þessari umræðu um kl. hálftvö. Mótmæli hv. þm. því mun ég að sjálfsögðu beygja mig undir það, en mér finnst beiðnin ekki ósanngjörn.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Sú umræða sem hér hefur staðið um hríð hefur leitt sitthvað athyglisvert í ljós, kannski ekki síst það sem kom hér fram í máli hæstv. utanrrh. nú síðast þar sem hann tíundaði líklega aðallega úr fórum varnarmálanefndar heimildir um samskipti íslenskra stjórnvalda við yfirstjórn herliðsins á Keflavíkurflugvelli og raunar yfirstjórn Bandaríkjahers í Norfolk. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir það að hafa komið fram með þessar upplýsingar þó að heimildagildi þeirra sé vissulega takmarkað og það gerir hæstv. ráðherra sér auðvitað ljóst og mátti skilja af ábendingum hans sem fylgdu þessu máli. Hér er trúlega ekki um að ræða staðfestar fundargerðir eða þess háttar nema kannski í einhverjum tilvikum, heldur frásagnir og minnisblöð sem þurfa auðvitað ekki að vera ábyggilegustu heimildir, þar sem einn heldur um penna og ekki er yfirfarið af þeim sem hlut

eiga að máli. Ég er ekki að vefengja neitt af því sem þarna kemur fram, en það segir sína sögu. Það segir þá sögu að á þessum árum hefur verið leitast við af hálfu hersins á Keflavíkurflugvelli, stjórnar hans og bakaðila í Bandaríkjunum, að samþætta starf íslenskra stofnana við starfsemi bandarískra herliðsins hér á landi. Það er sá rauði þráður sem gengur í gegnum það efni sem hæstv. ráðherra rakti hér og það er hið alvarlega í þessu máli, engu síður en sú heræfing sem hefur verið tilefni þessara umræðna.

Ég vakti athygli á því sem fram kom í fyrri ræðu hæstv. ráðherra einmitt varðandi umrædda samþættingu, þátttöku almannavarna íslenskra, Pósts og síma og fleiri aðila sem hugmyndir hefðu verið uppi um og væru jafnvel uppi um að tækju þátt í þeirri æfingu varaliðssveitanna sem Bandaríkjamenn hafa borið fram ósk um að fram fari hér í júnímánuði.

Ég tel að þetta sem kemur fram hjá hæstv. ráðherra þurfi að vera okkur víti til varnaðar. Ég tel að það sýni hvernig af þeim aðila sem hreiðrað hefur um sig á Miðnesheiði er leitast við með duldum hætti, í raun í fárra manna samráði, að leiða íslenskar stofnanir, íslenska embættismenn inn í samstarf sem Alþingi hefur t.d. ekki fjallað um, ekki haft kost á að fjalla um nema að mjög óverulegu leyti. Það er mikil ástæða til þess fyrir þingið að taka þessi mál til gaumgæfilegrar athugunar í ljósi þeirra upplýsinga sem hér hafa komið fram hjá hæstv. utanrrh.

Ástæðan fyrir því að ég kvaddi mér hljóðs var hins vegar ábending, ég vil ekki segja athugasemd hæstv. ráðherra, varðandi mitt mál. Hann taldi að þar hefði verið nokkuð ofmælt varðandi þá fullyrðingu að óskum íslenskra stjórnvalda frá 1984, eins og það birtist t.d. í skýrslu hæstv. þáv. utanrrh., Geirs Hallgrímssonar, um það að íslensk stjórnvöld fái að fylgjast með gerð varnaráætlana og taki meiri þátt í því og að séð verði til þess að hér verði gerðar slíkar áætlanir, hafi ekki gengið eftir og því hafi hér verið í raun um yfirbreiðslu að ræða að verulegu leyti út frá forsendum þeirra aðila sem hafa staðið fyrir þessu starfi. Ég tel að athugasemd hæstv. ráðherra sé á misskilningi byggð. Ég var ekki í mínu máli að fjalla um áætlanir sem Almannavarnir ríkisins eða slíkir aðilar kynnu að eiga hlut að með varnarliðinu svokallaða á Keflavíkurflugvelli, þessu hefðbundna langsetuliði á Miðnesheiði. En það er það efni sem hæstv. ráðherra var að rekja hér, að gerðar hefðu verið að hans mati óverulegar tilraunir til að gera áætlanir þar að lútandi milli herliðsins á Keflavíkurflugvelli og Almannavarna og raunar einhverra fleiri sem tilnefndir voru af hæstv. ráðherra.

Það sem ég tók skýrt fram í mínu máli var spurningin um hlutdeild þessa svokallaða varaliðs í áætlunum sem íslensk yfirvöld hefðu átt hlut að að móta, þannig að þetta varalið yrði þátttakandi í hugsanlegum vörnum slíkra mannvirkja ef til átaka kæmi. Ég staðhæfði að það lægju engar slíkar áætlanir fyrir. Ég gæti, virðulegur forseti, máli mínu til stuðnings lesið upp úr þeim blaðsíðum úr Morgunblaðinu frá 3. mars 1988, þar sem er viðtal við margnefndan stærðfræðikennara, Thomas Stone hershöfðingja, þar sem sá einmitt rekur það að engar slíkar áætlanir séu til, eða bendir á það. Það kemur alveg skýrt fram í máli hans. Hann talar í viðtengingarhætti um þessar áætlanir sem stjórnvöld þyrftu að leggja fram. Ég er ekki að gera athugasemdir við að þær hafi ekki verið gerðar. Mér finnst það út af fyrir sig virðingarvert að það hefur verið látið sitja við orðin tóm. En það sýnir hversu holt er undir málflutningnum, að þetta lið sé hér til þess að verja Íslendinga, íslensk mannvirki. Það er ekki málið. Og það er skrifað upp á það af margnefndum stærðfræðikennara, Thomas Stone, sem hefur komið oft við sögu hér í umræðum í dag og gæti orðið landsþekktur eftir þessa utandagskrárumræðu sem hv. bóndi á Höllustöðum hefur innleitt hér. (**Utanrrh.:** Hann er mjög staðháttakunnugur á Austurlandi.)

Síðan vildi ég nefna það hér úr máli stærðfræðikennarans, og má það vera eina tilvitnunin, og það er ákall hans um það að Íslendingar verði nú tillitssamir og góðir þátttakendur, góðir strákar í samstarfi við þessar liðsveitir, bæti sig að því leyti. Í þessu viðtali segir innan tilvitnunarmerkja m.a., með leyfi virðulegs forseta: „Ef íbúar landsins vinna ekki með okkur og skýra okkur t.d. ekki frá óvenjulegum mannaferðum þá gengur þetta ekki upp.“ Þá gengur þetta ekki upp. Þetta og margt fleira athyglisvert má lesa hér og þar á meðal kynni að vera að mannaferðir sem hermönnum þykja heldur kynlegar eins og göngur og réttir, fjallskil á hausti, sé kannski eitt af því sem gæti verið forvitnilegt og til þess fallið að fylgjast með gagnrýnið. Göngur hv. 1. þm. Norðurl. v., þátttaka hans í göngum á húnvetnskum heiðum. (**Gripið fram í:** Eða gönguferðir 2. þm. Austurl.) Já, eða gönguferðir ónefndra þingmanna um fjöll og heiðar annarra erinda.

En hæstv. ráðherra vék að slökkvistarfi undir lok máls síns í ræðunni hér áðan og brýndi menn á því að ef menn hefðu slökkvilið þá yrðu þeir að vera menn til þess til að nota það, að beita því, að æfa það. Æfa það til þess væntanlega að beita því. Þarna er hann að brýna stuðningslið NATO á Íslendi, stuðningslið herstöðvanna hér á Alþingi og utan þings. Hann er að segja: Verið ekki í felum með þetta. Lofum dátunum að spreyta sig. Látum þá njóta sín. Þetta er nokkuð hetjulega mælt hjá hæstv. utanrrh. því að tvískinnungurinn í máli þeirra sem hafa reynt að halda hér uppi merki herstöðvanna á Íslandi og hernaðarhyggjunnar er þess eðlis að það er þörf á að minna á hann og það hefur hæstv. utanrrh. gert með þessum orðum.

Ég vænti þess hins vegar að það komi aldrei til þess að því slökkviliði, sem hæstv. ráðherra var að vísa til, og hefur nú margt fleira heldur en vatn og koltvísýring og annað gott til þess að slökkva elda, verði beitt hér á íslensku landi í reynd. Við verðum búnir að losa okkur við það áður en sá svartarlogi brennur sem þetta herlið kallar á að því er Ísland varðar.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir þau skilmerkilegu svör sem hann gaf hér að flestu leyti í síðari ræðu sinni. Þau voru á hinn bóginn þess eðlis að það er afar erfitt að ljúka þessari umræðu á annan veg en að hæstv. forsrh. sé viðstaddur, svo mjög sem þau snertu ummæli hans hér í þessari umræðu og reyndar utan þings um þetta efni. Mundi ég gjarnan óska eftir því að hæstv. forsrh. yrði kallaður hér inn í þingsalinn til þess að vera við umræðuna. (**Forseti:** Má ég upplýsa hv. þm. um að forsrh. er ekki í húsinu.) Það er býsna kyndugt að hæstv. forsrh. skuli ekki vera samkvæmt því sem forseti upplýsir viðstaddur þessa umræðu í ljósi þeirra ummæla sem hann hefur látið frá sér fara hér við þessa umræðu og í ljósi þeirra upplýsinga sem nú hafa komið fram í síðari ræðu hæstv. utanrrh. Ég ítreka að það er í hæsta máta óviðeigandi að þessari umræðu ljúki án þess að hæstv. forsrh. sé viðstaddur hana eftir það sem nú hefur gerst.

Þó að svarræða hæstv. utanrrh. hafi um flest verið athygli verð og þakkar verð þá saknaði ég þess að hann sleppti að svara einu atriði sem fram hafði komið fyrr í umræðunum í dag, en í beinum tengslum við þetta umræðuefni og skrif dagblaðsins Þjóðviljans um það, þá vitnaði ég til ummæla í dagblaðinu Þjóðviljanum í sl. viku þar sem því var haldið fram að nú þegar væri Alþb. búið að brjóta á bak aftur áform hæstv. utanrrh. um að leyfa hér könnun á framkvæmd varaflugvallar. Hæstv. utanrrh. gaf til kynna með framíkalli að heimildin væri ekki traust og ég skoraði á hæstv. ráðherra að svara þá og gera hinu háa Alþingi grein fyrir því að það sem Þjóðviljinn sagði um þetta efni væri ekki rétt. Og ég saknaði þess að hæstv. ráðherra skyldi ekki treysta sér til þess að taka af skarið og gera þá hinu háa Alþingi grein fyrir því að Þjóðviljinn hefði þarna farið með rangt mál. Nema að það hafi einungis farist fyrir hjá hæstv. ráðherra að gera grein fyrir þessu máli. (**Utanrrh.:** Ég taldi framíkallið nægilegt.) En ég ítreka þá ósk mína til hæstv. ráðherra, ef svo er að Þjóðviljinn fer þarna ekki með rátt mál, að það verði staðfest hér í ræðustól á Alþingi.

Hæstv. forsrh. hefur vegna þess máls sem hér er til umræðu undanfarna daga og nú í þessari umræðu borið fram mjög harða gagnrýni á varnarliðið og harðar ásíir á yfirstjórn þess vegna þess að það hafi ekki tilkynnt fyrr en nú fyrir fáeinum dögum um umfang þessara væntanlegu heræfinga og fjölda þeirra sem taka ættu þátt í þeim. Þessar ásakanir endurtók hann hér með þeim rökstuðningi að varnarliðið hefði átt að greina íslenskum yfirvöldum frá væntanlegum fjölda þátttakenda. Og hann tók það fram vegna fyrirspurnar, að ég hygg frá hv. 3. þm. Reykv., að formaður þingflokks Framsfl. hefði ekki getað snúið sér til hans sem forsrh., utanrrh. og aftur forsrh. til þess að fá upplýsingar vegna þess að varnarliðið hefði vanrækt að koma þeim á framfæri við íslensk stjórnvöld. Nú kemur hins vegar í ljós eftir síðari ræðu hæstv. utanrrh. að allar þessar forsendur í ásökunum hæstv. forsrh. eiga ekki við rök að styðjast. (**Utanrrh.:** Þetta kom strax fram í fyrri ræðu minni, fyrstu upplýsingar.) Það kemur m.ö.o. fram berum orðum að strax árið 1986 hafði varnarliðið gert varnarmálaskrifstofunni grein fyrir fjölda þátttakenda. Og það kemur fram í fyrsta skipti nú í síðari ræðu hæstv. utanrrh. að þegar núv. forsrh. fór sem utanrrh. í ágústmánuði 1987 í heimsókn á Keflavíkurflugvöll, þá var honum persónulega gerð grein fyrir því að þátttakendur í þessari væntanlegu heræfingu árið 1989 yrðu um 1000 talsins. Hér eru aldeilis nýjar upplýsingar. Og í ljósi þess að þær eru hér komnar fram er býsna einkennilegt ef þessari umræðu á að ljúka án þess að hæstv. forsrh. geri nánari grein fyrir sínum ummælum, sínum ásökunum í garð varnarliðsins og sinni afsökun fyrir því að formaður þingflokks Framsfl. skuli ekki hafa getað leitað til hans sem utanrrh. og forsrh. um réttar upplýsingar. M.ö.o.: Hæstv. utanrrh. hefur kollvarpað forsendunum í málflutningi hæstv. forsrh. og hann er ekki lengur viðstaddur hér þessa umræðu. Þetta tel ég vera býsna alvarlega stöðu í þessum umræðum og ítreka því mitt sjónarmið að þessu leyti.

Hæstv. forsrh. svaraði fyrirspurn þess efnis frá hv. 3. þm. Vesturl. hvort og í hvaða umboði hv. formaður þingflokks Framsfl. hefði talað. Hvort hann hefði talað í nafni alls þingflokksins eða einungis á eigin vegum. Svar hæstv. forsrh. var býsna framsóknarlegt: Að sjálfsögðu talaði formaður þingflokksins algerlega á eigin vegum og án þess að binda á nokkurn hátt Framsfl. eða þingflokk hans. Á hinn bóginn gerði hann þetta með fullu samþykki forsrh. og formanns flokksins.

M.ö.o.: Sú atlaga sem formaður þingflokks framsóknarmanna hefur gert hér að utanrrh. — sem hv. 3. þm. Vesturl. benti réttilega á og er nánast einstæð í stjórnarsamstarfi og þingsögunni — er gerð með fullu samþykki formanns flokksins og forsrh. í ríkisstjórninni! Ja, þetta skýrir nú enn betur og varpar enn betur ljósi á það sem fram kom hér við upphaf þessarar umræðu, hver hefði verið tilgangurinn og hver væri ætlunin og hvers vegna þessi tími væri valinn til umræðu af þessu tagi. Því þó að hv. 1. þm. Norðurl. v. hafi ekki fengið þá vitneskju sem íslensk stjórnvöld, utanrrh. hafði fengið bæði 1986 og 1987, þá vissi hann um þetta allt eftir að Morgunblaðið birti um þetta fréttir í nóvember, og þar á meðal um væntanlegan fjölda þátttakenda í þessari æfingu því þar var ekkert úr því dregið að því væri stefnt, ef ég man rétt, að hér færi fram fjölmennasta heræfing af þessu tagi sem um getur. (**Utanrrh.:** Það er rangt.) Hæstv. utanrrh. hefur svo bent á í þessari umræðu að áður hafi farið fram fjölmennari heræfingar en ég hygg að Morgunblaðið hafi greint frá þessu með þessum hætti og formaður þingflokks Framsfl. hefur haft vitneskju um þetta frá þeim tíma (**PP:** Ég les ekki Morgunblaðið.) og gat hæglega tekið málið upp hér á hinu háa Alþingi þá. En það hentaði betur að gera þessa atlögu nú vegna þeirra innanmeina sem eru í stjórnarsamstarfinu og það hefur hv. þm. ekki getað borið af sér í þessari umræðu.

Síðari ræða hv. málshefjanda einkenndist svo miklu fremur en upphafsræðan af kæruleysi og skeytingar-

leysi um svo mikilvæg mál sem utanríkismál og varnar- og öryggismál Íslendinga eru. Og það var mjög réttmæt athugasemd, sem hér kom fram af hálfu hv. 3. þm. Vesturl., að það er í meira lagi óviðurkvæmilegt þegar menn fjalla um þessi mikilvægu mál, sem snerta þessa sérstöku hagsmuni, í einhverjum hálfkæringi með útúrsnúningi og á þann veg að þeir reyni að vera fyndnir á kostnað annarra. En einmitt þetta einkenndi sérlega síðari ræðu hv. málshefjanda og þó sérstaklega þegar hann var að tala um flokksbróður sinn, hv. formann utanrmn.

Þannig er það ljóst í lok þessarar umræðu að það var ekki í raun og veru meginefnið, þ.e. heræfingarnar sjálfar, sem urðu tilefni þessa heldur það innanmein sem nú hrjáir ríkisstjórnina og sú tilfinning Alþb. og vinstri armsins í framsókn að nú væri hægt að sverfa svolítið að krötum. Engum dettur í hug, engum kemur til hugar að hv. 2. þm. Austurl. hætti við stuðning sinn við ríkisstjórnina þó að hæstv. utanrrh. heimili þessar heræfingar. Svo lengi hafa alþýðubandalagsmenn setið í ríkisstjórn undir því að umsvif og framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli væru stórauknar, að við værum áfram aðilar að Atlantshafsbandalaginu og hefðum hér varnarsamning við Bandaríkin, að ekki nokkrum manni kemur til hugar að slíkar hótanir verði framkvæmdar. Og því síður dettur nokkrum manni í hug að hæstv. samgrh. muni standa upp úr stólnum sínum til þess að standa við stóru orðin. Hann mun senda Starra í Garði enn eitt bréfið og segja: Því miður þá fór það nú svo að utanrrh. framkvæmdi þetta. Alþb. hefur svo mikilla hagsmuna að gæta í þessari ríkisstjórn að koma öðrum mikilvægum málum fram að við gátum ekki farið að standa upp vegna þessa máls. Hæstv. fjmrh. verður að fá tækifæri til þess að halda áfram að bjóða kennurum 1000 kr. launahækkun. Það er svo mikilvægt mál fyrir Alþb. að við getum ekki staðið upp úr þessu. Einhvern veginn á þennan veg verður næsta bréf sem hæstv. samgrh. sendir Starra í Garði út af þessu máli.

En að lokum þetta, frú forseti: Mér sýnist og heyrist að hér hafi komið fram í umræðunni svo mikilvægar upplýsingar sem kollvarpi svo gjörsamlega forsendunum fyrir máli hæstv. forsrh. að óhjákvæmilegt sé að hann fái að gera grein fyrir máli sínu hér enn frekar áður en umræðunni lýkur.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ég vil til þess að fyrirbyggja allan misskilning leyfa mér að lesa hér síðari mgr. 32. gr. laga um þingsköp og þar segir:

„Forseti getur leyft að tekið sé fyrir mál utan dagskrár sem í senn er svo mikilvægt að ekki rúmast innan ramma 1. mgr. [en þar er talað um skýrslur og fyrirspurnir og annað slíkt] og svo aðkallandi að ekki geti beðið meðferðar skv. 31. gr. eða annarra formlegra þingmála. Fer þá um umræðu málsins skv. 36. gr. eftir því sem við á."

Í 36. gr. er sagt hvað málshefjandi má tala oft o.s.frv. Síðan segir: „Ráðherrar mega tala svo oft sem þeim þykir þurfa, sbr. þó næstu málsgr. hér á eftir og niðurlagsákvæði 38. gr." en þar segir:

„Ef umræður dragast úr hófi fram getur forseti úrskurðað að ræðutími hvers þingmanns skuli ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd.

Forseti getur stungið upp á að umræðum sé hætt og einnig getur forseti lagt til, hvort heldur í byrjun umræðu eða síðar, að umræðum um mál skuli lokið að liðnum ákveðnum tíma. Eigi má þó, meðan nokkur þingmaður kveður sér hljóðs, takmarka ræðutíma við nokkra umræðu svo að hún standi skemur en þrjár klukkustundir alls."

Nú vil ég upplýsa hv. þm. um að þessi umræða hefur nú staðið nákvæmlega sjö klukkutíma. Það er því ákvörðun forseta, verði því ekki mótmælt þeim mun harkalegar, að síðasti ræðumaður taki nú til máls, hv. 1. þm. Norðurl. v.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég þakka þolinmæðina og ég held að það sé óhætt að ljúka þessari umræðu vegna þess að innan fárra daga verður hér umræða um skýrslu utanrrh. og þá gefst hæstv. forsrh. væntanlega tækifæri til þess að svara þeim spurningum sem Þorsteinn Pálsson, hv. 1. þm. Suðurl., beindi til hans.

Það er alveg rangt hjá hv. 1. þm. Suðurl. að ég hafi gert einhverja atlögu að hæstv. utanrrh. hér í dag. Ef ég geri atlögu að mönnum fer ég öðruvísi að. Ég reyndi hins vegar með hógværum orðum og mikilli góðfýsi að leiðbeina honum til niðurstöðu sem ég tel rétta.

Ég les ekki alltaf Morgunblaðið og það þýðir ekkert að vitna til þess að eitthvað hafi staðið í Morgunblaðinu einhvern tíma í vetur og ég hafi því átt að vita það því að margt er ónákvæmt og margt er rangt í Morgunblaðinu og það þýðir ekkert að vera að elta ólar við að lesa allt sem þar stendur.

Ég stend fyrst og fremst upp vegna þess að ég er svo undrandi eftir lestur hæstv. utanrrh. í lokaræðu sinni úr þeirri samantekt sem hann var með hér í ræðustólnum. Hún var einn samfelldur áfellisdómur um varnarmálaskrifstofuna. Og mér virðist að eftir þær upplýsingar sem fram komu í ræðu ráðherrans sé fullkomin ástæða til þess að gera úttekt á starfsemi varnarmálaskrifstofunnar og starfsháttum þeirra sem þar vinna. Það kemur í ljós að þessi skrifstofa liggur á upplýsingum og gefur ráðherrum ekki nógu glöggar skýrslur til þess að þeir fylgist með því sem varnarmálaskrifstofan hefur á prjónunum og þarf þá ekki annað en að vitna til ummæla hæstv. forsrh. hér fyrr í dag. Þarna virðist viðgangast eitthvert leynipukur. Þessir menn eiga auðvitað að gefa út fréttatilkynningar eins og aðrar deildir utanrrn. og það á auðvitað að upplýsa ekki einasta ráðherra um hvað þarna er verið að gera, heldur þingheim allan.

Ég get ekki sagt að ég sé stoltur af því en ég skorast ekki undan því og viðurkenni að ég hef borið ábyrgð á mörgum ríkisstjórnum, öllum ríkisstjórnum síðan 1980 og reyndar tveimur, þremur þar áður, og ég viðurkenni að ég hef borið ábyrgð á þeim utanríkis-

ráðherrum sem starfað hafa á þeim tíma, en það er ekki þar með sagt að ég beri ábyrgð á starfsháttum einstakra starfsmanna hjá varnarmálaskrifstofu samkvæmt því sem utanrrh. upplýsti hér rétt áðan. Og ég heiti á hæstv. utanrrh. að lagfæra starfshætti varnarmálaskrifstofunnar. Við eigum ekki að líða þau vinnubrögð sem hæstv. utanrrh. lýsti hér í ræðu sinni og þingheimi hefur ekki verið gerð grein fyrir athöfnum varnarmálaskrifstofunnar fyrr en nú í þessu efni. Hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson má hafa þökk fyrir að fletta ofan af þeirri starfsemi sem þarna fer fram. Ég er ekki viss um að honum sé þó að fullu ljós sá háski sem þessir kontóristar geta steypt okkur í. Ég tel að það hafi verið illa valdar samlíkingar hjá hæstv. utanrrh. þegar hann var að tala um slökkviliðið og björgunarbátinn. Það er nú bara að slökkviliðið kveiki ekki í björgunarbátnum.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég tel að þær upplýsingar sem ég flutti í svarræðu minni áðan gefi ekki tilefni til þess að bera forstöðumann varnarmálaskrifstofu, þann sem ég þekki og gegnt hefur starfi í minni tíð, neinum sökum. Þvert á móti vil ég nota tækifærið til þess að lýsa fyllsta trausti á honum og hans störfum eins og ég hef reynt hann að verki og að góðu einu.

Ég get að sjálfsögðu ekki talað af reynslu um forvera hans í starfi og læt um það ósagt, en ég get ekki látið hjá líða að andmæla þeim orðum um glöp í starfi sem gætu skilist á þann veg að núv. forstöðumaður varnarmálaskrifstofu ætti þar sök á. Svo er ekki að mínu mati.

Um þingsköp.

Tilhögun utandagskrárumræðu.

Ragnhildur Helgadóttir:

Frú forseti. Mér þykir ekki skemmtilegt að þurfa að vera að gera þessar athugasemdir. Hins vegar get ég ekki látið því ómótmælt þegar fram fer umræða um grundvallaratriði í íslenskum utanríkismálum og það er sýnt þegar klukkan er orðin um eitt að stjórnarsinnar eru komnir í mjög hraklega aðstöðu, að þá stendur hæstv. forseti upp og segir: Ég ákveð að hv. 1. þm. Norðurl. v., sem hún gaf orðið, sé síðasti maður á mælendaskrá og þar með ljúki umræðunum. Að vísu gaf hæstv. forseti svo hæstv. ráðherra orðið þar á eftir, en þessi ákvörðun hæstv. forseta getur ekki staðist samkvæmt þingsköpum og vitnaði hæstv. forseti þó til þingskapa um þetta efni og til 2. mgr. 38. gr. þar sem segir:

„Forseti getur stungið upp á að umræðum sé hætt og einnig getur forseti lagt til, hvort heldur í byrjun umræðu eða síðar, að umræðum um mál skuli lokið að liðnum ákveðnum tíma."

Forseti getur ekki ákveðið þetta án þess að bera það undir þingheim samkvæmt þessari grein. Það stendur skýrum stöfum í þessari þingskapagrein sem hæstv. forseti las sjálf upp úr. Á þetta vildi ég benda því að ég veit að bæði ég og fleiri þingmenn höfðum í huga eftir hinar nýju upplýsingar að biðja um orðið í umræðunni. Þess vegna vil ég nú benda á þetta að ég tel að þessi ákvörðun hæstv. forseta standist ekki. Hún getur lagt þetta til samkvæmt 38. gr. en ekki ákveðið það einhliða.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti margítrekaði að þetta væri tillaga hennar ef enginn mótmælti. Ég mun því bera þetta undir atkvæði hv. þm. hér í Sþ. Svo að menn viti nákvæmlega að forseti fer hér gjörsamlega að þingsköpum skal lesið hér þar sem sleppti í máli mínu áðan. Hér segir:

„Eigi má þó, meðan nokkur þingmaður kveður sér hljóðs, takmarka ræðutíma við nokkra umræðu svo að hún standi skemur en þrjár klukkustundir alls. Tillögur forseta skulu umræðulaust bornar undir atkvæði í þingdeild þeirri sem hlut á að máli, eða sameinuðu þingi, og ræður afl atkvæða úrslitum."

Forseti leggur því til að hér verði afl atkvæða látið ráða úrslitum. Og þeir sem samþykkja vilja að þessum fundi ljúki kl. tvö geri svo vel að gefa merki. (**PP:** Eigum við að hanga hér til kl. tvö?) (**ÞP:** Er fundurinn ályktunarfær?) Forseti er að reyna að koma til móts við óskir þingmanna en hins vegar sýnist mér það vera rétt ábending að fundurinn er auðvitað ekki ályktunarfær. Geta menn nú ekki fallist á að sýna forseta þann skilning að þessari umræðu fari nú að ljúka. Það er einn maður á mælendaskrá og ég mun að sjálfsögðu koma til móts við hv. 8. þm. Reykv. þar sem hann hefur einungis talað einu sinni og gefa honum orðið, en leita samstarfs um að þessari umræðu verði nú lokið þegar 7½ tími er liðinn síðan umræðan hófst. Ég minni menn á að hér er um umræðu utan dagskrár að ræða og það er afar ósanngjarnt að ætlast til þess að forseti leggi það á starfsfólk þingsins og þá hv. þm. sem hér sitja, sem margir hverjir eiga að vera komnir til nefndafunda kl. 9 í fyrramálið og jafnvel fyrr, að við sitjum hér miklu lengur.

Ólafur G. Einarsson:

Hæstv. forseti. Það er rétt að orðið er mjög framorðið og fyrir nokkru síðan nefndi forseti það að rétt væri að ljúka fundi kl. hálftvö. Nú eru enn þingmenn á mælendaskrá og ég vildi spyrja hæstv. forseta hvort við gætum ekki komið okkur saman um það að fresta þessari umræðu nú þegar. Það hafa komið fram ábendingar frá hv. 1. þm. Suðurl. um að það væri í hæsta máta illt að ljúka þessari umræðu án þess að hæstv. forsrh. væri hér viðstaddur. Ég ætla ekkert að fara að rekja það hvers vegna. Ég nefni það aðeins að ræða hæstv. utanrrh. gefur vissulega tilefni til þess að heyra aðeins meira frá hæstv. forsrh. Ég tek þess vegna undir þau orð hv. 1. þm. Suðurl. að umræðunni ljúki ekki án þess að hæstv. forsrh. sé hér viðstaddur og ég spyr því hæstv. forseta enn hvort við

getum ekki sæst á það að fresta umræðunni núna og halda henni áfram á næsta fundi sameinaðs þings.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Hæstv. forseti. Þetta er í fyrsta sinn sem sá sem hér stendur biður um orðið um þingsköp og kann það reyndar ekki.

Út frá spurningunni um framlengingu þessa fundar og frekari umræðu, m.a. vegna einhverra nýrra upplýsinga sem fram hafi komið í svarræðu minni og óska um að hæstv. forsrh. sé gefinn kostur á að vera viðstaddur framhaldsumræðuna vil ég taka skýrt fram að allar þær upplýsingar sem ég fór með voru forsrh. kunnar vegna þess að þau minnisblöð sem ég flutti hafði ég afhent honum áður en hann flutti seinni ræðu sína þannig að hann hafði lesið þetta og við höfum rætt þau. Hún gefur því ekki tilefni til að framlengja umræðuna sérstaklega vegna þess að forsrh. hafi ekki verið kunnugt um þessar upplýsingar.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Ég vil enn ítreka ósk mína, ekki síst eftir síðustu ræðu hæstv. utanrrh., reyndar fyrstu ræðu hæstv. ráðherra um þingsköp, þar sem fram kom að hæstv. forsrh. hafi haft undir höndum öll þau gögn sem hæstv. utanrrh. las svo í síðari ræðu sinni. Eigi að síður liggur það fyrir að hæstv. forsrh. bar hér fram gagnrýni á varnarliðið fyrir að hafa ekki gefið íslenskum stjórnvöldum réttar upplýsingar, en hann hafði undir höndum upplýsingar um að þetta hafði varnarliðið þó þegar gert á árinu 1986. Ef þessar nýju upplýsingar hæstv. utanrrh. verða ekki til þess að umræðunni verði frestað þannig að hæstv. forsrh. verði við lok umræðunnar veit ég ekki hvert umræður stefna hér og ítreka af þessu tilefni að rökin fyrir þessari ósk eru margfalt meiri nú en áður og ummæli hæstv. forsrh. enn alvarlegri í ljósi þess sem nú hefur komið fram.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill benda á að hér fer fram í Sþ., dagana 13. og 14. apríl, þ.e. eftir um það bil eina viku, umræða um utanríksimál. Forseti telur því öldungis fráleitt að fresta þessari umræðu. Það hlýtur að vera nægilegt að hv. þm. deili við hæstv. forsrh. að viku liðinni um þessi mál. Hér, eins og ég hef áður sagt, hefur nú staðið umræða í rúmlega 7½ tíma og stundarfjórðungi betur og ég tel alveg af og frá að við getum ekki lokið þessari umræðu núna þegar vitað er að umræða um utanríkismál fer fram ekki einn heldur tvo þingdaga í næstu viku. Ég vil spyrja hv. þingmenn: Geta menn ekki fallist á þá niðurstöðu að þessari umræðu ljúki núna?

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Það dugar ekki í þessu að vitna til væntanlegra umræðna um skýrslu utanrrh. 13. eða 14. þessa mánaðar. Hér fór fram í dag, eða í gær og í byrjun þessa dags, umræða um væntanlegar heræfingar á Keflavíkurflugvelli, ekki af hálfu stjórnarandstöðunnar, af hálfu formanns þingflokks forustuflokks ríkisstjórnarinnar. Og nú undir lok umræðunnar hefur það komið fram að forsendur fyrir mjög alvarlegum ásökunum hæstv. forsrh. eru ekki á rökum reistar. Það er því eðlileg og sjálfsögð krafa að þessari umræðu ljúki ekki fyrr en hæstv. forsrh. getur við þessa umræðu, sem formaður hans eigin þingflokks hafði frumkvæði að að hér færi fram á þessum fundi, svarað fyrir sig og það þá þegar á næsta fundi í Sþ. Ég minni enn og aftur á að það er formaður þingflokks hæstv. forsrh. sem hóf þessar umræður og það er alveg fráleitt og útilokað að ætla að skjóta þeim á frest þangað til umræður fara fram um skýrslu utanrrh. Svo alvarlegar staðreyndir hafa komið hér fram í þessu máli í þessari umræðu að henni verður ekki lokið nema hæstv. forsrh. taki þátt í henni og ég minni á að það eru þingskyldur hans að sitja hér fundi, ekki síst um þetta mál og þó að hann komi því ekki við núna er eðlilegt að forseti reyni að lúka umræðunni þegar hæstv. forsrh. getur gegnt þingskyldum sínum.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti skynjar þann tilfinningahita sem hv. 1. þm. Suðurl. hefur lagt í þetta mál og beygir sig fyrir þessum vilja að umræðunni verði frestað þar til á næsta reglulegum fundi í Sþ. Forseti vill hins vegar benda á að hv. þm. hefðu þá átt að komast nær aðalatriðum málsins fyrr í dag heldur en að uppgötva aðalatriði nú þegar klukkuna vantar kort í tvö. En við þessari ósk verður orðið.

EFRI DEILD

74. fundur, þriðjudaginn 4. apríl, kl. 2 miðdegis.

Vaxtalög, 1. umr.

Stjfrv., 239. mál (fjárfestingarlánasjóðir, dráttarvextir, okur o.fl.). — Þskj. 678.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir hönd viðskrh., en ég gegni störfum fyrir hann þar sem hann er í opinberum erindagjörðum erlendis.

Frv. það sem hér liggur fyrir um breytingar á vaxtalögum, nr. 25 27. mars 1987, eins og það kemur frá Nd., felur í sér að gerðar verði nokkrar endurbætur á vaxtalögum að fenginni reynslu af framkvæmd þeirra.

Í 1. og 2. gr. frv. eru gerðar tillögur um breytingar á 5. og 7. gr. núgildandi vaxtalaga. Þessar tillögur miða að því að gera ákvæðin skýrari þannig að þau verði ótvírætt í samræmi við þá ætlan löggjafans þegar vaxtalögin voru sett að vextir af samningsskuldum og

skaðabótakröfum breytist í hátt við vegið meðaltal vaxta hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum, annars vegar á nýjum almennum útlánum og hins vegar á almennum óbundnum sparisjóðsreikningum.

Í 3. gr. frv. er lagt til að ákvæði vaxtalaga um tilkynningarskyldu innlánsstofnana til Seðlabankans um þau vaxtakjör sem hjá þeim stofnunum gilda, skuli framvegis einnig taka til verðbréfafyrirtækja eftir því sem við getur átt. Ákvæðið stuðlar að auknu jafnræði um upplýsingaskyldu á fjármagnsmarkaði.

Í 4. gr. frv. er gerð tillaga um orðalagsbreytingu á 1. mgr. 9. gr. núgildandi vaxtalaga en með því móti verður greinin nákvæmar orðuð en nú er. Samkvæmt því er ljóst að dráttarvextir skulu greiðast frá og með gjalddaga fram að greiðsludegi. Fari greiðsla fram á gjalddaga skulu engir dráttarvextir greiddir.

Þá er lagt til að við 9. gr. vaxtalaganna bætist ný málsgrein, sem verði 2. mgr. 9. gr., þess efnis að dráttarvextir skuli ætíð reiknast sem dagvextir.

Í 5. gr. frv. er lagt til að í 14. gr. vaxtalaganna komi ný málsgrein varðandi kröfugerð um dráttarvexti um málshöfðun fyrir dómstólum. Þessi tillaga er flutt vegna ábendinga sem hafa komið fram frá fulltrúum við borgardóm Reykjavíkur og frá Lögmannafélagi Íslands. Með þessari breytingu er veitt heimild til þess að gera dráttarvaxtakröfu í stefnum miklu einfaldari ef um er að ræða peningakröfu sem gjaldfallið hefur eftir gildistöku vaxtalaganna. Ef þetta verður samþykkt er ekki lengur þörf á þeirri dráttarvaxtaþulu sem tíðkast hefur og menn kannast við í stefnum vegna peningaskuldbindinga sem gjaldfallið hafa fyrir gildistöku vaxtalaganna.

Þá er í 6. gr. frv. lagt til að í vaxtalögin komi nýr kafli sem heitir „Vaxtakjör opinberra fjárfestingarlánasjóða". Almenn ákvæði um vaxtakjör fjárfestingarlánasjóða voru áður í lögum nr. 13/1975, en þau voru felld úr gildi í lok liðins árs um leið og veðdeildir bankanna urðu skattskyldar. Enda var upphaflega ráðgert að gera sjóðina sjálfa einnig skattskylda. Af því varð ekki eins og hv. þm. er kunnugt. Því þykir rétt að opinberir fjárfestingarlánasjóðir búi við samræmdar reglur um vaxtakjör eins og ráð er gert fyrir í þessu frumvarpi. Reyndar er það svo að regla hliðstæð þeirri sem hér er gerð tillaga um er í gildi í einstökum lögum um fjárfestingarlánasjóði, t.d. í lögum um lðnlánasjóð sem gefin voru út að nýju í samfelldum texta sumarið 1987. Í samræmi við þetta er viðskrh. hér heimilað samkvæmt tillögunni að setja meginreglur um lánakjör opinberra fjárfestingarlánasjóða og jafnframt eru þar settar nánari verklagsreglur um útfærsluna.

Í 7. gr. frv. er gerð tillaga um breytingu á ákvæði vaxtalaga um refsiábyrgð fyrir misneytingu aðstöðu við vaxtatöku. Breytingin tengist nýgerðri breytingu á 9. gr. laga um Seðlabanka Íslands, sbr. lög nr. 11/1989, en þar er lagt til að Seðlabankanum verði framvegis heimilað að binda vaxtaákvarðanir innlánsstofnananna takmörkum til þess að vextir verði hóflegir og ekki hærri en þeir eru að jafnaði í helstu viðskiptalöndum Íslendinga, svo og til að draga úr óhæfilegum vaxtamun milli inn- og útlána eins og nánar greinir í áðurnefndum lögum um Seðlabanka Íslands. Þessi tillaga er gerð til þess að gera það alveg skýrt að viðmiðun við misneytingarmat skuli vera þeir vextir sem gilda eftir íhlutun Seðlabankans ef um hana er að ræða.

Í 7. gr. frv. er lagt til að tekið verði mið af því hvort ákvörðun samkvæmt 9. gr. seðlabankalaga hafi verið tekin. Hafi Seðlabankinn hlutast til um vexti útlána hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum á grundvelli 9. gr. skulu vaxtamörk útlána hvað varðar refsiábyrgð fyrir okur vera þau sem Seðlabankinn þar með hefur ákveðið.

Hæstv. forseti. Þar með hef ég lokið við að lýsa í meginatriðum frv. því til breytinga á vaxtalögum sem hér er til umræðu. Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 16 shlj. atkv.

Veiting ríkisborgararéttar, 1. umr.

Stjfrv., 370. mál (síðara frv.). — Þskj. 693.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar. Það þarf ekki að fara um þetta mál mörgum orðum, enda koma mál þessi fyrir hv. Alþingi á ári hverju og eru deildarmönnum kunnug. Þetta frv. er í samræmi við þær reglur sem ríkja um veitingu ríkisborgararéttar.

Ég vil að lokinni þessari umræðu leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Aðskilnaður dómsvalds og umboðsvalds í héraði, 2. umr.

Stjfrv., 182. mál. — Þskj. 204, n. 708, brtt. 709.

Frsm. allshn. (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. allshn. um frv. til laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um frv. þetta. Henni til aðstoðar var Markús Sigurbjörnsson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, sem tekið hafði þátt í vinnu við undirbúning að samningu frv.

Nefndin sendi frv. til umsagnar strax þegar því hafði verið vísað til nefndarinnar fyrir síðustu áramót og umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum: Lögmannafélagi Íslands, Dómarafélagi Íslands, sakadómi Reykjavíkur, Sýslumannafélagi Íslands, réttarfarsnefnd, Fjórðungssambandi Norðlendinga, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga og Jóhannesi Árnasyni, sýslumanni Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.

Enn fremur óskaði nefndin eftir nýrri áætlun frá dómsmrn. um kostnað við framkvæmd þessara nýju laga. Í þeirri áætlun kemur fram að kostnaðaraukning við þessa nýju dómstóla utan Reykjavíkur verði u.þ.b. 51,5 millj. kr. þegar frá hefur verið dreginn sá sparnaður sem verður hjá sýslumannsembættunum við það að dómarastörfin færast frá þeim. En sá sparnaður virðist vera áætlaður í lágmarki þar sem sums staðar er hann innan við ¼ af áætluðum heildarkostnaði við hinn nýja dómstól í viðkomandi umdæmi. Aftur á móti er þess vænst að með sameiningu dómstóla í Reykjavík geti orðið nokkur sparnaður og er hann áætlaður 4–6% af heildarkostnaði eða u.þ.b. 6 millj. kr.

Ekki er gerð tilraun til að meta stofnkostnað vegna þessara breytinga en hins vegar gerð grein fyrir þeirri aðstöðu sem er fyrir hendi í hverju umdæmi. Er hún misjafnlega góð og ljóst að víða verður stofnkostnaður allnokkur, sérstaklega þar sem óviðunandi aðstaða er nú þegar fyrir hendi til þessarar starfsemi. Ljóst er að báðir þessir kostnaðarliðir verða þó nokkuð háðir því hvernig að framkvæmd þessara breytinga verður staðið.

Það kom fram í umræðum í nefndinni að æskilegt er, a.m.k. í upphafi, að breytingin verði gerð á þann hátt að sem minnst röskun verði á þjónustunni frá því sem hún hefur nú verið. Sjálfsagt virðist að hafa samstarf um almenna skrifstofuþjónustu við sýslumannsembættin þar sem þau eru á sama stað.

Í 3. gr. frv. er dómsmrh. veitt heimild til að skipta hverju lögsagnarumdæmi í tvær eða fleiri þinghár, sem hafi hver tiltekinn fastan þingstað. Þar sem héraðsdómarar eru fleiri en einn hlýtur það að vera eðlilegt að héraðsdómarar hafi ekki allir búsetu á sama stað. Benda má á Suðurlandsumdæmi þar sem það hlýtur að vera hagkvæmara og veita betri þjónustu að einn héraðsdómari sé búsettur í Vestmannaeyjum, enda þótt hann vinni að einhverju leyti að málum í öðrum sýslufélögum samhliða málum sem tengd eru Vestmannaeyjum. Það sama hlýtur einnig að gilda um Reykjanesumdæmi og Norðurlandsumdæmi eystra þó að samgöngur séu greiðari innan þeirra svæða. En sjálfsagt er að færa þjónustuna eins og hægt er til fólksins þrátt fyrir þá breytingu sem hér er gert ráð fyrir að taka upp. Hins vegar hefur þróunin orðið sú síðustu árin, sérstaklega hjá hinum minni embættum, að fengnir eru setudómarar til að taka að sér stærri verkefni og þá hefur það jafnvel leitt til þess að málsmeðferðin, a.m.k. að einhverju leyti, fer fram utan heimahéraðs.

Í þessu frv. er settur rammi um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds. Hins vegar er síðan í ýmsum öðrum lögum kveðið á um hvaða verkefni hvorum aðila verða falin. Á það ekki síst við um lög um aðför, en allshn. hefur ekki enn þá lokið athugun sinni á frv. um það mál. En við alla skipan þessara mála er nauðsynlegt að reyna eins og kostur er að gera þau einföld í framkvæmd, bæði fyrir einstaklinga og embættin, án þess að það verði þó á kostnað réttaröryggis. Tvímælalaust er með þessari skipan, sem hér er gert ráð fyrir að taka upp, aukið réttaröryggi frá því sem nú er með hinum sjálfstæðu dómstólum.

En það er ljóst að við svo umfangsmiklar breytingar á dómstólaskipaninni, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, hljóta að koma fram mörg álitamál um framkvæmd og tilhögun einstakra atriða. Nefndin telur nauðsynlegt að nægur tími gefist til undirbúnings og athugunar á því og leggur því til að gildistöku laganna verði frestað *um tvö ár eða til 1. júlí 1992. En komi í ljós á meðan* verið er að vinna að undirbúningnum að í einstökum atriðum væri æskilegra að hafa einhvern annan hátt á en frv. gerir ráð fyrir, þá gefst með þessum fresti tími til að taka það til skoðunar og breytinga hér á Alþingi áður en til framkvæmda kemur.

Önnur brtt. sem nefndin gerir er sú að úr 14. gr. frv. verði fellt niður ákvæði þar sem segir að sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli heyri undir þann ráðherra sem fer með mál er tengjast varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1951. Óþarft er að hafa slíkt ákvæði inni í þessum lögum þar sem áfram verða í gildi lög nr. 106/1954, um yfirstjórn mála á varnarsvæðum o.fl., þar sem heimilt er með stjórnarráðsreglugerð að fela ráðherra þeim sem fer með framkvæmd varnarsamningsins einnig framkvæmd einstakra málaflokka enda þótt þeir heyri undir aðra ráðherra. Niðurfelling þessa ákvæðis breytir því ekki sjálfkrafa þeirri skipan sem nú er á málum þar.

Þá er í þriðja lagi brtt. nefndarinnar að brott falli úr 13. gr. ákvæði sem fyrir eru í lögum nr. 32/1965, um hreppstjóra, og því ekki ástæða til að endurtaka þau.

Þá gerir nefndin að lokum tillögu til breytinga á 4. og 18. gr. til að gera skýrari ákvæði þeirra greina án þess að um efnisbreytingar sé að ræða.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem ég hef gert grein fyrir og fluttar eru á sérstöku þskj. Undir nál. skrifa allir nefndarmenn, en þau Salome Þorkelsdóttir, Eyjólfur Konráð Jónsson og Jóhann Einvarðsson gera það með fyrirvara um einstök atriði frv.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Í stefnuyfirlýsingu núv. ríkisstjórnar er fram tekið að setja skuli lög um aðskilnað dóms- og framkvæmdarvalds og að unnið skuli að endurskoðun annarra þátta réttarkerfisins. Telja verður víst að sú endurskoðun annarra þátta réttarkerfisins, eins og þar segir, eigi að stuðla að betra réttarkerfi fyrir þegnana, minnka áhrif framkvæmdarvaldsins raunverulega og hugsanlega á meðferð dómsmála.

Frv. það sem hér er til umræðu, frv. til laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, er

mikilsvert skref í þá átt að aðskilja dómsvald og framkvæmdarvald. — Er hæstv. dómsmrh. ekki í húsinu? (**Gripið fram í:** Hann er í ræðustól í Nd.) Já. Ég hefði nú talið eðlilegra að málum hefði verið frestað í Nd. til þess að hæstv. dómsmrh. gæti verið við þessa umræðu. Þetta er það sérstakt mál, virðulegi forseti. (**Forseti:** Ef ræðumaður óskar og gerir hlé á ræðu sinni þá mun ég fresta umræðu um þetta mál smástund þar til dómsmrh. getur komið.)

Umræðu frestað.

Brottfall laga á sviði menntamála, 1. umr.

Stjfrv., 371. mál. — Þskj. 694.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Hér er um að ræða frv. um brottfall ýmissa laga á sviði menntamála, en það er liður í þeirri viðleitni Stjórnarráðsins að reyna að fella niður úr lagasafninu lagabálka eða lagaþætti sem ekki eiga neitt erindi lengur í lagasafni okkar. Hér er um að ræða frv. í níu greinum.

Í fyrsta lagi um að frv. um Kennaraskóla Íslands falli úr gildi, en það er gert vegna þess að tekið hafa gildi ný lög um Kennaraháskóla Íslands, lög nr. 29 frá 18. maí 1988.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því að fella niður lög nr. 14/1932, um opinbera greinargerð starfsmanna ríkisins, en þar var gert ráð fyrir því að skylda embættismenn og sýslunarmenn til flutnings eins eða tveggja erinda árlega í útvarp um starf sitt eða stofnun. Lögin hafa ekki verið framkvæmd og mega falla niður eðli málsins samkvæmt.

Í 3. gr. er gert ráð fyrir því að fella niður lög um sundhöll í Reykjavík og framlög ríkisins til hennar — eða landsstjórnarinnar eins og þar stendur — en þau lög hafa þegar náð tilgangi sínum eins og ýmsir hv. deildarmenn þekkja gjörla sem stundum koma í það hús.

Í 5. gr., ef ég hleyp aðeins yfir þá 4., er gert ráð fyrir því að fella niður lög um heimild fyrir sýslu- og bæjarfélög til að skylda unglinga til sundnáms, en almenn ákvæði um sundskyldu eru nú í lögum nr. 49 1956. Þessi lög, sem hér er verið að fella úr gildi, voru lítið notuð, eingöngu í Vestmannaeyjum, Svalbarðsstrandarhreppi, Austur-Eyjafjallahreppi og í Reykjavík.

Í 6. gr. er gert ráð fyrir því að fella niður heimild fyrir sýslu- og bæjarfélög að starfrækja lýðskóla með skylduvinnu nemenda gegn skólaréttindum. Þessi lög um þegnskylduvinnu nemenda gegn skólaréttindum voru sett á kreppuárunum í ljósi þess ástands sem þá ríkti og eiga ekki lengur við.

Í 7. gr. er gert ráð fyrir því að fella niður lög nr. 76 1942, um styrk til Íslendinga vestan hafs til náms í íslenskum fræðum í Háskóla Íslands. Menntmrn. hefur um langt skeið veitt styrki handa erlendum námsmönnum til náms í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands samkvæmt árlegri fjárveitingu í fjárlögum hverju sinni. Þar á meðal hefur mörg undanfarin ár verið veittur styrkur handa námsmanni af íslenskum ættum í Vesturheimi. Sérstök heimildarlög um slíkan styrk eru því orðin óþörf fyrir löngu.

Þá kem ég að 4. gr. frv., en hún er um það að fella niður lögin um friðun héra frá 2. nóv. 1914. Í grg. með frv. stendur að greinin þarfnist ekki skýringar og það eru mistök hjá ráðuneytinu. Þetta þarfnast skýringar.

Það hefur nokkrum sinnum verið reynt að koma upp stofni snæhéra hér á landi samkvæmt upplýsingum sem ég hef frá Náttúrufræðistofnun. Fyrstu héraflutningar hingað til lands munu hafa verið árið 1784. Þá komu fern pör með fálkaskipi til landsins og var þeim m.a. sleppt í kjarri í Botnsdal í Hvalfirði. Árið eftir eru þeir allir taldir dauðir og er álitið að tófur hafi orðið þeim að fjörtjóni, en um þetta má lesa í mörgum merkum ritum um náttúru Íslands, m.a. hjá Ársæli Árnasyni, Þorvaldi Thoroddsen, Jóni Helgasyni og Bjarna Sæmundssyni. Bjarni Sæmundsson álítur reyndar að hér hafi ekki verið um að ræða snæhéra heldur danska gráhéra.

Næst er vitað til þess að hérar hafi verið fluttir til landsins árið 1861 og þá var þeim sleppt í Viðey. Þorvaldur Thoroddsen segir um það mál: „Þeir munu hafa þótt styggja æðarvarpið og voru drepnir.“ Þó hafði upphaflega verið ráðgert að flytja þá til lands og sleppa þeim þar ef þeir næðu að fjölga sér. Auk þessa eru óljósar heimildir um að tveimur hérum hafi verið sleppt í Vestmannaeyjum um aldamótin og á annar þeirra að hafa drepist fljótlega en hinn lifað um tíma, eins og segir í þessu gagni sem ég hef hér fyrir framan mig.

Aðrar heimildir eru ekki til varðandi innflutning á þessum dýrum til Íslands. Hins vegar hafa menn velt því fyrir sér hvernig á því stendur að þessi dýrategund hefur ekki náð að þrífast hér á landi en þessi tegund virðist þrífast bærilega í Færeyjum en þar eru að vísu engir refir.

Á Alþingi 1913 urðu miklar umræður um héra og innflutning þeirra í kjölfar þess að danskur maður hafði boðist til að gefa Íslendingum héra. Láta mun nærri að umræður um þetta mál hafi verið þær mestu um nokkurt mál á Alþingi það árið. Ná þær yfir 45 síður í Alþingistíðindum frá 1914, bls. 47–71 í B-deild og bls. 154–175 í sömu deild Alþingistíðinda.

Ég vænti þess að ég hafi með þessum skýringum bætt úr því sem segir á bls. 2 í grg., að greinin þarfnist ekki skýringa. Hér er sem sagt um að ræða merka tilraun sem gerð var til þess að styrkja og gera fjölskrúðugri dýrastofninn í landinu, tilraun sem mistókst og m.a. af þeim ástæðum er þarflaust að hafa lögin í gildi nema einhverjir menn vildu hafa þau í lagasafninu sér til skemmtunar og ég gæti svo sem alveg slegist í þann hóp ef það yrði til samkomulags til þess að koma málum í gegnum þingið.

Ég legg til, virðulegi forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Herra forseti. Ég stend ekki hérna upp til þess að andmæla þessu frv. Þvert á móti. Ég hygg að það sé ekkert athugavert við það eftir þær skýringar sem hæstv. menntmrh. gaf hér. En ég vildi spyrja hæstv. menntmrh. að því, það kemur ekki fram, hvorki í greinargerð með frv. þessu né í ræðu hans hér áðan, hvernig þetta frv. hefur verið unnið. Ég vil spyrja sérstaklega að því. Á að líta svo á að þetta sé tæmandi upptalning á lögum á sviði menntamála sem hafa ekki þýðingu lengur eða hefur frv. verið unnið án þess að slík allsherjarathugun færi fram á þessum vettvangi? Ég tel rétt að það komi hér fram svar við þessum spurningum.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Þetta frv. er þannig unnið að ég fór þess á leit við lögfræðing í ráðuneytinu að hann færi yfir öll þau lög sem heyra undir starfssvið menntmrh. og bað hann um að gera til mín tillögur um það hver af þessum lögum mættu að hans mati að ósekju falla niður, sagði jafnframt að ég vildi heldur ganga skemmra en lengra í þessu efni, þannig að við val á þeim lögum sem þarna er lagt til að falli niður er gætt varkárni eða íhaldssemi ef menn vilja orða það þannig.

Þess vegna er hugsanlegt að fyrir utan þessi lög sem þarna er lagt til að falli niður séu lög eða lagaþættir sem hugsanlega ætti að fella niður, en ég vildi ekki taka ábyrgð á slíkum tillöguflutningi nema með hliðsjón af heildarniðurstöðu varðandi Stjórnarráðið allt.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svar hans. Ég vil taka það fram að ég er honum sammála um að það ber að fara með gát í þessu efni að afnema lög og það sé betra að vangera eitthvað í þeim efnum en ofgera. En ástæðan til þess að ég spurði var sú að mér þótti það frekar með ólíkindum að ekki væri um fleiri lög að ræða heldur en hér eru upp talin. En ég vil ekki fullyrða um að svo hafi verið og síst eftir að menntmrh. segir að það hafi farið fram athugun um þetta mál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til menntmn. með 14 shlj. atkv.

Aðskilnaður dómsvalds og umboðsvalds í héraði, frh. 2. umr.

Stjfrv., 182. mál. — Þskj. 204, n. 708, brtt. 709.

Skúli Alexandersson (frh.):

Herra forseti. Í stefnuyfirlýsingu núv. ríkisstjórnar er fram tekið að setja skuli lög um aðskilnað dómsvalds og framkvæmdarvalds og unnið skuli að endurskoðun annarra þátta réttarkerfisins. Telja verður víst að sú endurskoðun annarra þátta réttarkerfisins, eins og þar segir, eigi að stuðla að betra réttarkerfi fyrir þegnana, minnka áhrif framkvæmdarvaldsins raunverulega og hugsanlega á meðferð dómsmála.

Frv. það sem hér er til umræðu, frv. til l. um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, er mikilsvert skref í þá átt að aðskilja dómsvald og framkvæmdarvald. Hugsanleg og raunveruleg samtenging framkvæmdarvaldsins og dómstólanna verður þó eftir að frv. þetta hefur orðið að lögum til staðar í allt of mörgum stöðum í þjóðfélaginu. Nefna mætti ýmislegt í því sambandi, en það skal að mestu látið vera. Sú tilhneiging framkvæmdarvaldsins, ríkisstjórna og ráðuneyta hjá okkur Íslendingum hefur farið vaxandi að fá inn í lög ýmiss konar úrskurðarheimildir fyrir ráðherra og stofnanir í málum sem hjá þeim þjóðum sem við viljum bera okkur saman við í réttargæslu eru látin falla undir verksvið dómstóla.

Úrskurðarheimildir ráðuneyta eru mjög breytilegar og mismunandi þarfar. Jafnframt þessu er í lagasmíð ýmiss konar tilhneiging í sömu átt, nú sérstaklega á síðustu árum, og þá oft fært sem rök fyrir auknu valdi framkvæmdarvalds kostnaðar- og hagkvæmnisástæður. Slíkt er að vísu rökleysa en sjálfsagt gætir hér áhrifa frá því hvað okkar þjóðfélag er lítið og fámennt.

Sem dæmi um hvernig fámennið gerir hlutina sérstaka fyrir okkur er það hvað við erum með fáa ráðherra í ríkisstjórn og dómsmrh. í ríkisstjórn Íslands fer með önnur mál en dómsmál í ríkisstjórninni. Núv. hæstv. dómsmrh. fer einnig með sjávarútvegsmál, en einmitt sjútvrn. hefur verið fenginn mikill rannsóknar- og úrskurðarréttur. Á bls. 12 í grg. þess frv. sem hér er fjallað um segir, með leyfi forseta:

„Af fornri löggjöf má ráða að helsta hvöt þess að samfélög hafa komið dómstólum á fót sé nauðsyn þess að koma í veg fyrir að menn leiti réttar síns með sjálftöku (gertæki). Þegnarnir hafa litið svo á að eitt af meginhlutverkum ríkisvaldsins sé að halda friði í samfélaginu með starfi dómstóla. Snemma komst sú skipan á í þróuðum samfélögum að í stað þess að menn brygðust við missætti með ofbeldi væri þeim gert skylt að viðlagðri refsingu að leita viðurkenningar og fullnustu réttinda sinna fyrir dómi. Þetta á jafnt við þegar menn hafa þurft að afla atbeina dómstóla til að fullnægja réttindum á sviði einkaréttar og þegar menn hafa viljað bregðast við refsiverðum verknaði gegn sér. Þá hefur atbeina dómstóla verið krafist til þess að meta sök og refsingu. Þessi skipan mála kemur m.a. fram í þjóðveldislögum Íslendinga og í lögum nágrannalanda okkar frá sama tímabili. Frá fornu fari hefur þannig verið á því byggt að ef einstaklingur eða stofnun nær ekki réttindum sínum

með fúsum og frjálsum vilja þess, sem þau þarf að sækja til, verði eigi við því brugðist á annan hátt en að leita atbeina dómstóla."

Þá segir einnig í sama nefndaráliti á bls. 10: „Í opinberum málum er gerður munur á rannsóknarréttarfari og ákæruréttarfari. Í rannsóknarréttarfari, sem rekja má til starfsaðferða dómstóla kaþólsku kirkjunnar, er dómarinn í senn rannsóknarmaður, ákærandi og dómari. Í ákæruréttarfari er dómarinn hlutlaus aðili, en ákærandi flytur mál gegn hinum ákærða."

Hér eru nefnd grundvallaratriði sem hafa ber í huga þegar unnið verður að endurskoðun annarra þátta réttarkerfisins, eins og segir í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar.

Undir forustu virðulegs forseta þessarar deildar og fyrrv. dómsmrh. hefur allshn. farið rækilega yfir þetta frv. Þar hefur ýmislegt komið fram til skýringar og glöggvunar. Umsagnir eru margar og nokkuð breytilegar. Það sem hefur þó jafnan verið bak við umræðuna og stundum komið fram og verið í umræðunni er sá þáttur sem skýrður er á þennan hátt í nál. á bls. 11, með leyfi forseta:

„Íslendingar eru aðilar að Evrópuráðinu og hafa skuldbundið sig til að fylgja sáttmála þess um verndun mannréttinda og mannfrelsis, en þar segir m.a. að leiki vafi á um réttindi þegns og skyldur eða hann er borinn sökum um refsivert athæfi skuli mál hans útkljáð af óháðum dómstóli. Í október 1987 var tekið fyrir hjá mannréttindanefnd Evrópuráðsins mál manns sem búsettur er á Akureyri. Hafði hann verið dæmdur í undirrétti og í Hæstarétti fyrir brot á umferðarlögum. Í samræmi við gildandi lög var mál hans tekið fyrir og dæmt af fulltrúa bæjarfógetans á Akureyri, en hann starfar á ábyrgð og undir stjórn bæjarfógeta sem jafnframt er yfirmaður lögreglunnar. Málið var kært til mannréttindanefndarinnar á þeirri forsendu að mál sakbornings hefði ekki hlotið meðferð í undirrétti fyrir óháðum dómara.

Mannréttindanefndin komst að þeirri niðurstöðu að málið væri tækt til efnismeðferðar, en það þýðir að nefndin telur líkur á að brotið hafi verið gegn mannréttindasáttmálanum. Má segja að með því sé réttarfar Íslendinga í opinberum málum komið undir smásjá samstarfsþjóða okkar í Evrópuráðinu og hlýtur það að leiða til aukins þrýstings um umbætur á dómstólakerfi og réttarfari hérlendis."

Um þennan sama þátt segir einnig í umsögn yfirsakadómara Reykjavíkur, Gunnlaugs Briem, með leyfi forseta:

„Eins og kunnugt er var það minni háttar opinbert mál sem hratt máli þessu af stað. Hafði maður hlotið 3000 kr. sekt með dómi í héraði árið 1984 vegna tveggja umferðarlagabrota. Hann áfrýjaði dóminum til Hæstaréttar og krafðist ómerkingar á honum m.a. á þeim forsendum að málið hefði ekki verið dæmt af hlutlausum dómara. Sá háttur að sami embættismaður hefði haft afskipti af málinu sem lögreglustjóri (fulltrúi lögreglustjóra) og dómari (fulltrúi dómara) bryti í bága við meginreglur 2. og 61. gr. stjórnarskrárinnar og 6. gr. Evrópuráðssamningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis.

Hæstiréttur féllst á þessi rök. Hann kvað upp áfellisdóm í málinu árið 1985 vegna annars brotsins og dæmdi manninn í 1500 kr. sekt, en sýknaði hann af hinu vegna sannindaskorts. Dómþoli vildi ekki una þessum málalokum frekar en áður og skaut málinu til mannréttindanefndar Evrópuráðsins í Strasbourg sem hefur komist að þeirri niðurstöðu að taka beri það til efnismeðferðar. Málið hefði vart farið þessa leið ef héraðsdómari við bæjarfógeta- og sýslumannsembætti það sem hafði málið til meðferðar hefði kveðið upp dóm í því en eigi fulltrúi við embættið."

Um þennan þátt þarf svo ekki að hafa fleiri orð. Það var minni háttar opinbert mál sem hratt þessu máli af stað, eins og Gunnlaugur Briem orðar það en segir fyrst og fremst allt annað en það að hér hafi verið um minni háttar atburð að ræða. Hér var aðeins síðasta kornið sem fyllti mælinn. Stóru málin sem hafa fengið hér meðferð sem ekki stenst ákvæði sáttmála Evrópuráðsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis eru sjálfsagt til og hvað er meiri háttar og hvað er minni háttar í þessu tilfelli?

Það segir svo nokkra sögu um tregðu framkvæmdarvaldsins gagnvart því að sleppa einu eða neinu af því valdi sem það hefur og tregðu embættismanna við að aðskilja dómsstörf og umboðsstörf að það er ekki farið að taka á þessum málum í alvöru fyrr en með framlagningu þessa frv. á síðasta þingi og þá, eins og segir í umsögn Gunnlaugs Briem yfirsakadómara, var það minni háttar mál sem hratt þessu af stað.

Ísland gerðist aðili að mannréttindasamningi Evrópuráðsins sem gerður var 4. nóv. 1950. Ísland gerðist aðili að samningnum 29. júní 1953. Geta mál þeirra síðan gengið frá nefndinni fyrir Mannréttindadómstól Evrópu, sbr. IV. kafla samningsins. Ísland viðurkenndi lögsögu dómsins 3. sept. 1958. Jafnframt geta einstaklingar átt aðild að máli fyrir dómstól Efnahagsbandalagsríkjanna sem stofnaður var 1958. Allar götur frá 1953 höfum við svo verið að samþykkja lög hér frá hv. Alþingi sem mörg hver eru a.m.k. á mörkum þess að standast gagnvart sáttmála Evrópuráðsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis. Er nú von á að sú lagasmíð hætti og þau lög sem varasöm eru verði felld úr gildi.

Það kom fram í umræðum í allshn. að ef mannréttindanefnd Evrópuráðsins kveður upp dóm um meðferð íslenskra dómstóla og umfjöllun á nefndu umferðarlagabroti og sá dómur verði íslensku réttarkerfi í óhag, þá gæti þurft að endurupptaka öll mál frá síðustu fimm árum, þ.e. þau mál sem hafa fengið sömu réttarmeðferð fyrir íslenskum dómstólum og það mál sem nú er fyrir mannréttindanefndinni.

Ég nefndi í upphafi að frv. hefði fengið góða umfjöllun í allshn. og margar umsagnir hefðu borist nefndinni um frv. Aðalatriði allra umsagnanna voru meðmæli með aðskilnaði dómsvalds og umboðsvalds. Meðmæli mín með frv. byggja á sömu afstöðu. Ýmis framkvæmdaatriði sem frv. felur í sér geta orkað tvímælis og vel má vera að aðarar leiðir hefðu

verið til til að ná sama árangri réttarfarslega. Kostnaður við að koma ákvæðum frv. í framkvæmd er trúlega vanmetinn eins og oft vill reynast með áætlanir af þessu tagi.

Herra forseti. En aðalatriðið er að með þessu frv., ef að lögum verður, er stigið mikilvægt skref í átt til aukins réttaröryggis og vonandi verður það aðeins fyrsta skrefið til að aðskilja svo sem kostur er dóms- og framkvæmdarvald og einnig er það mikilvægt spor í þá átt að við Íslendingar með lagasmíð okkar hér á hv. Alþingi gætum ekki síður en nágrannar okkar þeirrar skyldu okkar að tryggja þegnum landins réttarfarslegt öryggi.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins koma hérna upp og tilkynna það, eins og fram kemur í nál., að ég er meðmæltur þessu frv. Ég held að þarna sé um mikilsverða breytingu að ræða og þarna sé stigið mjög gott og þarft skref fram á við til að skilja að dómsvald og umboðsvald í héraði. Eins og fram kom í ræðu hv. 4. þm. Vesturl. hefur á undanförnum árum verið mikil óvissa á þessu sviði og það var ekki fyrr en með þessu litla máli, sem raunar hefur orðið stórt núna, sem var kært til mannréttindadómstólsins, að einhver skriður komst á þessi mál. Má kannski segja að oft velti lítil þúfa þungu hlassi. En samt sem áður verðum við Íslendingar að búa þegnunum þannig réttarkerfi að dómstólarnir sem eiga að vera óháðir geti tekið á hlutlausan hátt til greina ástæður beggja aðila sem bera undir hann ágreiningsefni sem upp kemur og á þetta bæði við um einkamál og opinber mál, þ.e. mál sem ríkisvaldið höfðar á hendur þegnunum.

Þær breytingar sem hafa komið fram eða tillögur að breytingum sem hafa komið fram frá einstaka sýslumönnum hafa einkum beinst að opinberum málum, að koma á ákveðnum héraðsdómurum til að dæma um slík mál. En þetta á ekki síður við um einkamál, að héraðsdómarar séu óháðir í einkamálum, og þess vegna tel ég að þessi breyting sé mjög mikilsverð.

Það er annað sem þessi breyting kemur til með að hafa í för með sér sem ég tel einnig mjög mikilvægt, að með þessu er óhjákvæmilegt að taka allt réttarkerfið til gagngerðrar endurskoðunar. Því miður búum við nú við á mörgum sviðum réttarkerfisins lög frá síðustu öld. Mig minnir að skiptalögin séu frá 1879, lögin um aðför séu frá 1897 og svo mætti lengi telja. Uppboðslögin eru að stofni til frá 1947. Breyting af þessu tagi, þar sem gert er ráð fyrir að skilja þarna að, hefur óhjákvæmilega í för með sér að þetta sé einnig tekið til athugunar og þá gaumgæfilegrar athugunar.

Frv. sem slíkt markar aðeins rammann. Það mælir fyrir um hvaða störf skuli vera í höndum dómara og þá dómsstörf og frv. mælir einnig fyrir um hvaða störf skuli vera í höndum sýslumanna. Samkvæmt frv. eru það öll önnur störf en dómsstörf, en það á eftir að skilgreina það nokkru nánar og hvað mikið af valdi sem nú er undir höndum ráðuneyta og þá sérstaklega dómsmrn. færist yfir til sýslumanna. Ég tel einnig mikilsvert í þessu frv. að gert sé ráð fyrir því að ákæruvald færist að einhverju leyti frá ríkissaksóknara yfir til sýslumanna og fleira mætti nefna.

En það er eins og ég sagði áðan aðeins í þessu frv. verið að taka á skipulagi eða forminu sem slíku, en ekki verið að taka á meðferð einstakra mála, hvort sem þau heita opinber mál eða einkamál og þá hvers konar einkamál það eru, hvort það eru bæjarþingsmál, fógetamál, skiptaréttarmál eða uppboðsmál. Það verður seinni tíma verkefni okkar hér á Alþingi að taka þau mál til athugunar og hvernig við fyllum upp í þann ramma sem hér er verið að marka.

Þetta held ég að sé aðalatriði þessa máls. Aðalatriðið er að það er verið að taka dómstólaskipunina til endurskoðunar í heild sinni.

Frsm. nál. talaði um að þessi breyting gæti haft í för með sér aukinn kostnað, upp undir 50 millj. Ég tel það mjög vel sloppið ef þetta frv. hefur í för með sér meiri réttarbót en sú skipan sem nú er. Einnig hef ég þá trú, miðað við það sem ég hef séð af öðrum frumvörpum sem eru fylgifrumvörp þessa frv., að það megi spara verulega þegar verið er að vinna að þeim frumvörpum og vil ég minnast á t.d. frv. um aðför sem er til meðferðar í hv. allshn. Ég held að með því frv. komi til með að sparast verulegir fjármunir fyrir ríkið vegna minna álags á dómstólana.

Þetta vildi ég að kæmi fram. Ég held að þarna sé um mikið framfaramál að ræða og mælist því eindregið til þess að frv. verði afgreitt frá þessari deild og helst hinni deildinni, Nd., á þessu þingi. Því má svo við bæta að ég held að flestir þeir aðilar sem hafa barið þetta frv. augum og lagt inn umsögn séu þessari breytingu sammála, með einstaka undantekningum þó.

Jóhann Einvarðsson:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir orð fyrri ræðumanna. Ég fagna í aðalatriðum þessu frv., tel að það sé mikil bót að því að það skuli koma fram og ég held að það sé í nokkuð góðu formi eins og hefur komið fram í þeim umsögnum flestum sem við höfum fengið.

Það eru tvö atriði sem ég vildi minnast á hérna og um annað hafði ég fyrirvara er ég skrifaði undir nál. Sá fyrirvari er fyrst og fremst vegna þess, eins og kom fram á fundum í nefndinni, að ég lít svo á að Suðurnesin, þá á ég við svæðið sunnan Hafnarfjarðar, séu orðin svo stórt svæði að mannfjölda og umfangi. Þar eru búsettir réttir 15 þús. íbúar. Þetta eru sjö sveitarfélög með nokkrar þýðingarmiklar hafnir og útgerðarstaði. Svo er þar alþjóðlegur flugvöllur. Með þessari breytingu mundi dómsvaldið hjá lögreglustjóranum á Keflavíkurflugvelli flytjast yfir til Hafnarfjarðar. Ég tel að það sé ekki ástæða til annars en að í stað þess að það séu átta héraðsdómar yrði Reykjanesumdæmi skipt í tvennt og yrði sjálfstæður héraðsdómur með aðsetur í Keflavík, enda kemur fram í öllum upplýsingum sem liggja fyrir um

kostnað og annað þess háttar í grg. með þessu frv., sem við höfum fengið í allshn., að reiknað er með 190 ferðum suður á Suðurnes á ári sem þýðir beint áætlað rétt um 15.600 km akstur og þá er ég ekki að tala um þá dagpeninga og annan tilkostnað sem fellur til og þá starfsaðstöðu sem slíkur maður þarf að hafa. Ég veit ekki annað um þá aðstöðu sem nú er verið að ganga frá hjá bæjarfógetanum í Keflavík en þar sé ágætur dómssalur og verði enn betri aðstaða þegar lokið er þeirri lagfæringu sem núna stendur yfir á byggingunni þannig að ég sé í raun engin rök til þess, hvorki sparnaðarlega né af fyrirkomulagsástæðum, að þarna sé ekki bætt við héraðsdómstól. Ég ákvað samt á þessu stigi að flytja ekki um þetta sérstaka brtt., en þetta er ástæðan fyrir því að ég skrifaði undir þetta nál. með fyrirvara.

Hitt atriðið sem ég vildi minnast á er brtt. varðandi 14. gr., að fella niður ákvæði eins og er í frv. núna varðandi lögreglustjórann á Keflavíkurflugvelli. Ég er ekki viss um að það hafi verið hugsað alveg til þrautar hvernig það á að vera í framkvæmd. Það er að vísu í 11. gr. tekið fram að sýslumannsembætti eigi að vera á Keflavíkurflugvelli. Ég og reyndar fleiri höfum rætt um aðskilnað á varnarliðinu og hinni almennu umferð um Keflavíkurflugvöll sem orðið hefur með tilkomu nýju flugstöðvarinnar. Ég held að það sé ekki eins einfalt og hafi ekki verið alveg hugsað til botns hvernig á að framkvæma þetta eins og það er hugsað samkvæmt frv. þó að þessi breyting taki ekki sjálfkrafa gildi eins og fram kemur í nál. Í fyrsta lagi vegna þess að löggæslan í flugstöðinni sjálfri hlýtur að tengjast löggæslu á flugvallarsvæðinu sjálfu, þ.e. innan girðingar, inni á varnarsvæðinu, og einnig held ég að það muni vera erfitt að reka alþjóðlega flugstöð eins og er á Keflavíkurflugvelli undir stjórn margra húsbænda. Þá á ég við ef dómsmrh. sæi um löggæsluna, fjmrh. um tollgæsluna og kannski mætti nefna einhverja fleiri. Þetta er nú allt samræmt undir einn húsbónda, þ.e. lögreglustjórann á Keflavíkurflugvelli sem heyrir undir utanrrh. Ég tel að vísu að það sé margt í þeirri starfsemi sem þar fer fram í húsinu sem mætti hagræða í samvinnu við lögreglustjóraembættið í Keflavík, en ég er ekki viss um að það sé hugsað til enda hvernig þær hugmyndir sem menn hafa um breytingar yrðu í framkvæmd. Þess vegna vek ég athygli á því að það segir í nál. að þessi breyting skuli ekki koma sjálfkrafa í gildi, enda er þetta atriði að hluta til ákvæði í varnarsamningnum sem yrði þá að breytast, en hann hefur lagagildi eins og allir vita. Þetta vildi ég að kæmi hér fram.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið skrifum við hv. þm. Salome Þorkelsdóttir undir nál. með fyrirvara. Ég hef að nokkru leyti fyrir fram gert grein fyrir því við 1. umr. að ég hef haft fyrirvara varðandi þetta mál og get vísað til þeirrar ræðu sem ég þá flutti að mestu leyti. Ég hygg að ýmislegt af því sem þar kom fram og það sem ég mun nú segja og kannski allt sé í samræmi við skoðanir hv. þm. Salome Þorkelsdóttur líka, en hún gerir þá grein fyrir því ef svo er ekki.

Þetta mál er miklu flóknara en ýmsir hafa viljað vera láta. Það er svo að þrátt fyrir göfugar hugsjónir er hvergi í veröldinni til alger aðskilnaður framkvæmdarvalds, dómsvalds og löggjafarvalds. Þjóðirnar hafa keppt að því auðvitað að hafa þrískiptingu og dreifingu valds sem mesta, en mér vitanlega hefur það hvergi tekist að fullu og mun aldrei gerast.

Það bar á góma við 1. umr. að lögspekingar eins og Bjarni Benediktsson og Ólafur Jóhannesson, sem jafnframt voru stjórnmálamenn, urðu um skeið a.m.k. hvor um sig að gegna öllu í senn, löggjafarvaldi auðvitað sem alþingismenn, framkvæmdarvaldi sem ráðherrar og forsrh. og sem dómsmrh. ákveðnu dómsvaldi. Þetta kom ekki mjög að sök og við höfum lifað það af í öllu falli.

Aðrar þjóðir fara allt aðrar leiðir. Það er talið að framkvæmdarvald sé sterkast kannski í lýðræðisríkjum í Bandaríkjum Norður-Ameríku þar sem vald forseta er mjög mikið. Það er þó skert af löggjafarþinginu, ekki einungis með löggjöfinni sjálfri heldur með margháttaðri afskiptasemi af framkvæmdarvaldinu einmitt til að tryggja að framkvæmdarvaldið verði ekki of sterkt. Nýlegt dæmi er um það að löggjafarþingið þar kom í veg fyrir hvorki meira né minna en skipun varnarmálaráðherra sem nýkjörinn forseti ætlaði að skipa. Þingið hefur áhrif á dómsvaldið líka og framkvæmdarvaldið hefur það líka auðvitað með skipun dómara, jafnvel hæstaréttardómara. Það þarf líka að bera það og skipun ýmissa æðstu embættismanna ríkisins undir löggjafarþingið. Þar fléttast allt saman að vissu marki a.m.k., löggjafarvaldið, framkvæmdarvaldið og dómsvaldið. Bandaríkjamenn fara þá leið að þeir kjósa dómara gjarnan, undirréttardómara. Meira að segja lögreglustjórar í smáþorpum eru kosnir og fjöldi embættismanna er kosinn í almennum kosningum sem gjarnan fara saman við annaðhvort þingkosningar eða forsetakosningar.

Stjórnskipunin er það viðkvæmasta sem við eigum að fjalla um hér á Alþingi. Hún á helst að gilda sem lengstan tíma og vera sem best til hennar vandað og sem minnst reynt að hrófla við henni. Ég tel það mikla gæfu að það hefur ekki tekist að breyta okkar stjórnarskrá með neinum verulegum hætti. Ég held að við búum við mjög góða stjórnarskrá. Það hefur margsinnis verið reynt, margar, margar nefndir, meira að segja áður en Ísland varð lýðveldi, að breyta stjórnarskránni. Að mínum dómi hafa þær tillögur flestar ef ekki allar verið til bölvunar, til að finna út og gera stjórnarskrána meira og minna óskiljanlega eins og er með fjölda, fjölda þeirra laga sem hafa verið samþykkt á síðasta áratug og áratugum. Hér áður fyrrum gat alþýðumaðurinn fylgst með helstu atriðum löggjafar. Nú geta lögfræðingar það ekki. Það er búið að tildra upp slíkum ósköpum af ómögulegum lögum, inn á milli auðvitað mögulegum og sæmilegum lögum, en nú er farið að þynna alla þessa hluti út, það er helst ekki hægt að semja nein lög

nema þau séu 100 greinar eða 200 og aldeilis ekki allt til bóta.

Ég held að við eigum að fara af mjög mikilli varkárni í breytingu stjórnskipunarinnar, en auðvitað eigum við að ganga eins langt og kostur er þó að það sé ekki hægt að ganga mjög langt hjá okkur, kotríkinu, og ekki eins langt og hjá stærri ríkjum í algerum aðskilnaði, einfaldlega vegna þess að menn eru hér oft og tíðum í fleiri en einu starfi og áhrifamiklir einstaklingar geta haft áhrif á alla þessa þrjá þætti með málflutningi sínum og tillögugerð.

Svo að vikið sé að stjórnarskrá. Ef hún á að vera á hún auðvitað að vera sem stöðugust. Nú þekkist það eins og menn vita að t.d. í Bretaveldi hefur aldrei verið stjórnarskrá eða skráð stjórnarskrá. Þar er venjuréttur og hann er mjög ríkur þannig að jafnvel kynslóð eftir kynslóð getur fylgst með því, og þar með auðvitað lögfræðingarnar og ekki síst þeir, hver sé rétturinn, meginlýðræðislegi rétturinn, meginvernd einstaklingsins samkvæmt venjurétti. Allt eru þetta mál sem eru svo vandmeðfarin að það er ekki hægt að kasta fram einhverju frv. og segja: Hér er hið eina rétta. Ég er síður en svo sannfærður um að í frv. sem við nú fjöllum um sé fundinn hinn eini rétti meðalvegur því ekki er það nú nema meðalvegur, um fullkominn aðskilnað er ekki að ræða og verður aldrei eins og ég sagði áðan.

Eigi að síður hef ég og hv. þm. Salome Þorkelsdóttir skrifað undir og mælt með því að frv. verði samþykkt hér í deildinni, en við höfum fyrirvara. Frv. hefur batnað mjög í meðförum deildarinnar eftir mikla vinnu, ekki síst formannsins og margra annarra nefndarmanna. Ég hef kannski ekki verið þar duglegastur en reynt þó að setja mig inn í mál.

Besta ákvæðið er að frv. skuli ekki þó það yrði samþykkt frá þinginu, við samþykkjum vafalaust að senda það til Nd., en ef hún samþykkir það sem lög á það þó ekki að koma til framkvæmda fyrr en eftir þrjú ár. Það er auðvitað mikill öryggisventill vegna þess að verði þetta frv. lögfest fara menn enn þá frekar að skoða afleiðingarnar. Kostnaðarhliðin er kannski aukaatriði eins og fram kom hér hjá einhverjum ræðumanna. Hún verður aldrei óbærileg, held ég, en auðvitað verður mikill kostnaður samfara þessu. Hins vegar fara menn að skoða miklu frekar hver áhrif þetta muni hafa á réttarfarið og þjóðlífið í heild sinni. Ég er ekkert viss um að aðskilnaðurinn verði neitt miklu meiri í verki en fyrir er, þó væntanlega að einhverju leyti.

Eins og hv. þm. Skúli Alexandersson vék að áðan er alveg ljóst að Alþingi hefur fram undir þetta verið að setja ýmiss konar lög sem ekki stefndu í átt til meiri aðskilnaðar dómsvalds, framkvæmdarvalds og löggjafarvalds. Þvert á móti. Það er alveg rétt að það er hægt að nefna um þetta dæmi. Alþingi hefur auðvitað áhrif á framkvæmdarvaldið, ekki bara með því að það er þingræði hér og við getum fellt ríkisstjórnir. Með mörgum öðrum hætti hefur Alþingi þetta líka, t.d. með kosningu fjölmargra gífurlega þýðingarmikilla og valdamikilla nefnda. Oft og tíðum eru í nefndum menn sem eru þingmenn sem ég tel óeðlilegt í mjög mörgum tilfellum. Ég held að þingmenn eigi alls ekki að vera kjörgengir í sumar þessar nefndir og það mundi auka á aðskilnað framkvæmdarvalds og löggjafarvalds. Það hefur ekki náð fram að ganga. A.m.k. ég og margir fleiri höfum bent á það í áratugi að þetta sé algerlega óeðlilegt. Það eigi einmitt að aðskilja framkvæmdarvald og löggjafarvald með því að þingmenn eigi ekki sæti í slíkum ráðum og nefndum.

Ég vil bara vekja á því athygli að þetta mál er ekkert svo einfalt eins og verið er að halda fram og það er með mismunandi hætti í mismunandi löndum á þessu tekið og við skulum ekkert vera að ímynda okkur að við séum með samþykkt þessa frv. að leysa einhverja lífsgátu, það er síður en svo. Ýmis vandamál skapast samhliða þessu. En málið þarf umfjöllunar og sú umfjöllun mun væntanlega fara fram í Nd. Ef deildin samþykkir frv. með eða án breytinga eru þó þrjú ár til stefnu og mér segir svo hugur um að mörgu verði breytt í þessu frv. og fyrirhugaðri framkvæmd áður en þar að kemur að við förum að búa við þessi lög.

En ég endurtek: Við skulum fara varlega í öllum breytingum í stjórnskipun landsins, ekki síst á öðrum eins upplausnartímum og við lifum nú. — Kannski ég fari ekkert út í þá sálma. Menn vita hvað ég á við. — Þá er hættulegt að vera mikið að hrófla við dómaskipuninni og öðru slíku. Það þarf meiri festu í þetta þjóðfélag en umbyltingar á öllum sviðum og við skulum ganga hægt um „gleðinnar dyr".

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins nokkur orð. Kvennalistinn á ekki fulltrúa í hv. allshn. Ed., en ég var áheyrnarfulltrúi á fundum þegar fjallað var um þetta mál þar og átti þess kost að fylgjast með umfjöllun þess. Auk þess sat hv. þm. Kristín Halldórsdóttir fyrir hönd Kvennalistans í milliþinganefnd sem skipuð var í apríl 1988 til að fjalla um þetta frv. þar sem reyndar voru gerðar á því nokkrar breytingar. Síðan hafa verið bornar fram hér breytingartillögur við frv. og ég tel að þær séu allar til bóta.

Í örstuttu máli vil ég segja að ég tel að hér sé um afar veigamiklar og umfangsmiklar breytingar að ræða sem nauðsynlegt er að koma á í þessum málum og þó að eflaust mætti gera betur og margt mætti athuga nánar tel ég fyllstu ástæðu til að styðja þetta mál og veita því brautargengi gegnum þingið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 709,1 samþ. með 13 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
5.–12. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 709,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 709,3 samþ. með 13 shlj. atkv.

14. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
15. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 709,4 samþ. með 13 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
17. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 709,5 samþ. með 14 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
19.–22. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Þinglýsingalög, 2. umr.

Stjfrv., 200. mál (þinglýsingarstjórar). — Þskj. 257, n. 713.

Frsm. allshn. (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til l. um breyt. á þinglýsingalögum, nr. 39 10. maí 1978, frá allshn. Frv. þetta er fylgifrv. málsins sem við vorum að afgreiða til 3. umr., um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Eins og nú er í lögum telst þinglýsing dómsathöfn, en eðli málsins samkvæmt er þar öllu frekar um að ræða stjórnvaldsathöfn og því var það ákveðið þegar gengið var frá þessum frumvörpum að leggja til að sýslumenn yrðu þinglýsingarstjórar. Ákvæði frv. eru því til staðfestingar þessari stefnumörkun.

Önnur rök fyrir því að fela sýslumönnum þessa þjónustu er að það er æskilegt að hún fari fram í sem mestri nálægð við þá sem þjónustunnar eiga að njóta og þar sem sýslumannsembættin eru staðsett á miklu fleiri stöðum eru það einnig mjög veigamikil rök í þessu máli.

Undir nál. skrifa allir nefndarmenn, en allshn. leggur til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu einni að í 25. gr. frv. breytist ártalið 1990 í ártalið 1992 í samræmi við þá breytingu sem við vorum að gera áðan á frv. um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.–24. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 713 samþ. með 13 shlj. atkv.
25. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Hreppstjórar, 2. umr.

Stjfrv., 199. mál (skipun, aðsetur sýslumanns o.fl.). — Þskj. 251, n. 710, brtt. 711.

Frsm. allshn. (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til l. um breytingu á lögum um hreppstjóra, nr. 32 26. apríl 1965, frá allshn. Efni frv. er fyrst og fremst vegna þeirra breytinga sem hafa verið gerðar á sveitarstjórnarlögum þegar sýslunefndir voru lagðar niður frá síðustu áramótum. Af þeim sökum er ekki lengur um að ræða að þær geti gert tillögur um þá sem sýslumaður skyldi velja úr til hreppstjórastarfa. En í þessu frv. er gert ráð fyrir að þegar starf hreppstjóra losnar skuli sýslumaður auglýsa starfið til umsóknar.

Það kom fram í nefndinni að það mætti búast við því að ekki yrðu alls staðar margar umsóknir um hreppstjóraembætti þegar þau verða auglýst. Af þeim sökum taldi nefndin að það væri nauðsynlegt að fella niður úr 2. gr. orðin „úr hópi umsækjenda“ þar sem stendur að sýslumaður skuli veita stöðu hreppstjóra úr hópi umsækjenda að fenginni umsókn sveitarstjórnar því það getur verið svo að enginn verði umsækjandinn og þá verði að leita eftir einhverjum til starfsins með umsögn sveitarstjórnar.

Þá er enn fremur gerð tillaga um breytingu við 4. gr. frv. þar sem í frv. stendur að lögin skuli öðlast gildi 1. janúar 1989 sem nú er þegar liðinn, en í staðinn komi að lögin öðlist þegar gildi. Þannig breytt leggur allshn. til að frv. verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 711,1 samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 711,2 (ný 4. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Lögbókandagerðir, 2. umr.

Stjfrv., 247. mál. — Þskj. 457, n. 714.

Frsm. allshn. (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til l. um lögbókandagerðir frá allshn.

Lagaákvæði um lögbókandagerðir eru mjög af skornum skammti í núgildandi lögum og við framkvæmd þeirra hefur því miklu fremur verið stuðst við venju og hefðir en lagaákvæði. Hins vegar er um mjög mikilvægt atriði að ræða sem æskilegt og nauðsynlegt er að hafi lagaákvæði við að styðjast og þess vegna hefur verið lagt fram frv. um þetta efni. Með frv. er fyrst og fremst verið að lögfesta þá framkvæmd sem verið hefur á þessum málum hér.

Þá er einnig tekið af skarið um að í framtíðinni skuli lögbókandagerðir vera í höndum sýslumanna sem frv. til l. um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði gerir ráð fyrir að fari með stjórnsýslustörf í þágu ríkisins. En á meðan þau lög hafa ekki

öðlast gildi verði það samsvarandi framkvæmdarvaldsaðilar í núgildandi kerfi sem annist þetta starf.

Allshn. er sammála um að leggja til að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það er á þskj. 457.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Mér barst inn á þingflokksfund hjá Sjálfstfl. í gær dagskrá þriggja næstu funda Ed. og skildist á því að hæstv. forseti hefði í hyggju að gefa þingmönnum fyllri upplýsingar um hvaða mál yrðu tekin fyrir og í hvaða röð. Í trausti þess að þessi plögg *hefðu verið borin inn á þingflokksfund þingmönnum* til upplýsingar vék ég mér frá eftir að ég hafði setið á fundum með háskólamönnum í morgun fram undir fundartíma og var af þeim sökum of seinn á deildarfund, enda treysti ég því að gengið yrði til dagskrár eins og hún liggur fyrir og byrjað á því að tala um 1. málið, en eins og hæstv. forseta er kunnugt á ég bæði sæti í menntmn. og fjh.- og viðskn. en 5. og 7. mál falla undir þá nefnd.

Nú hefur það verið viðtekin venja hér að þinghaldið hefur farið eftir duttlungum einstakra ráðherra. Síðast var það í nótt að ekki var hægt að halda áfram utandagskrárumræðum um varnarmál vegna þess að hæstv. forsrh. mátti ekki vera að því að vera við þó svo að upp væri komið að þeim bar ekki saman, honum og hæstv. utanrrh., um nauðsynlegar upplýsingar. Mér finnst þessi stjórn á störfum deildarinnar ekki góð og ég get ekki séð að okkur þingmönnum sé mikill akkur í því að fá númer á málum á dagskránni ef ekkert er eftir því farið og ef þingmönnum er ekki tilkynnt um það ef sérstakar óskir ráðherra eru um að fá mál tekin fyrir í ákveðinni röð.

Nú er það svo í fjh.- og viðskn., sem ég á sæti í, að mál sem ég bar upp hér í deildinni strax á fyrstu dögum þingsins fæst ekki tekið til 2. umr. og er borið við að ég skuli ræða það sérstaklega við hæstv. ráðherra. Það er á hinn bóginn erfitt ef ekki næst til ráðherrans. Ég held að nauðsynlegt sé nú áður en til lokanna kemur að hæstv. ráðherra reyni að beita sér fyrir því að stjórnarandstaðan geti treyst því sem á dagskrá stendur og mál séu ekki tekin með þessum hætti fram yfir þegar hæstv. forseti hefur fulla ástæðu til að ætla að umræður verði í deildinni ef þingmenn vissu að málin væru tekin fyrir. Ég hygg að það hafi svo miklar umræður orðið um vaxtamál á þinginu og í deildinni nú í vetur að hæstv. forseta átti að vera það fullkomlega ljóst að ég hafði búið mig undir að taka þátt í umræðum.

Forseti (Jón Helgason):

Ég býst við því að öllum hv. deildarmönnum sé mætavel kunnugt um að bæði í deildum og Sþ. er ekki alveg einskorðað sig við röð á málum á dagskrá, þegar þau eru tekin fyrir. En þannig háttaði til með þá ráðherra sem þurftu að mæla hér fyrir málum að þeir þurftu einnig að mæla fyrir málum í hv. Nd. og vera þar við umræður og því var reynt að grípa tækifærið þegar þeir voru lausir.

7. málið var t.d. tekið fyrir þar sem fresta varð umræða um annað mál vegna þess að viðkomandi ráðherra var bundinn í umræðu í Nd. þannig að fremur en gera alveg hlé á fundum. Hefur verið venja allan þann tíma sem ég hef setið á Alþingi að forseti tekur ekki alltaf fyrir mál í sömu röð og þau eru skráð á dagskrá.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég hygg að hæstv. forseti fari rétt með að það er ekki alltaf sem mál eru tekið fyrir í réttri töluröð og einkanlega á það við ef það kemur ráðherrum vel að rugla dagskránni. Það hefur meira að segja gengið svo langt, þessi ruglingur forseta við þingstörf í vetur í sambandi við slíka hluti, að þó svo að mál séu eins og í Sþ. 1. mál á dagskrá og þó svo að forseti hafi slitið í sundur fyrir manni ræðu, þá hefur maður ekki fengið orðið á nýjan leik vegna þess að hæstv. forseti Sþ. kann ekki þingsköp og talar tóma vitleysu úr forsetastóli oft og einatt.

Hitt hélt ég að hæstv. forseti skildi, að vaxtamálin eru mjög umdeild og það er veruleg ástæða til þess að ræða sérstaklega um þau mál einmitt vegna þess að hæstv. ríkisstjórn hefur sagt mjög mikið um vextina, hefur látið í ljós alls konar markmið og lýst margvíslegum tilgangi í sambandi við vaxtamálin. Það er þess vegna fullkomin ástæða til að gera þau mál ítarlega að umræðuefni í þingdeildinni.

Nú vill svo illa til að hæstv. forseti kýs að stjórna störfum þessarar deildar svo að þetta umdeilda mál fær ekki eðlilega umfjöllun við 1. umr. og harma ég það. Auðvitað hlýtur það að valda því að bæði umfjöllun í nefnd verður með öðrum hætti en ella mundi þar sem nauðsynlegar upplýsingar vantar frá ráðherranum og auðvitað er þetta líka vísbending um hvaða kæruleysi stjórnarmeirihlutinn hefur fyrir því að stjórnarandstöðunni sé sýnd eðlileg tillitssemi. Hitt vantar ekki að formaður þingflokks Framsfl. vill fá að láta ljós sitt skína. Þá eru opnar fyrir honum allar gáttir í Sþ. og honum leyft að tala þindarlaust. En það er eins um utanríkismálaumræðuna, sem formaður þingflokks Framsfl. efndi til í gær, og um stefnuyfirlýsingu hæstv. forsrh. sem lögð var fram eftir að þing kom saman í febrúar og forsrh. talaði fyrir í febrúar. Þá er bara einhvers staðar slitið á og eðlilegar umræður mega ekki halda áfram. (Gripið fram í.) Ég er að tala um stjórn þingsins yfirleitt.

Ég veit ekki hvort það er meira um þetta að segja. Ég harma það að mér skyldi hafa orðið á að halda í gær að þessi mikla framtakssemi að senda þingmönnum dagskrá fundar Ed. inn á miðjan þingflokksfund væri ekki meiningarlaus og að ekki bjó á bak við það sá vilji forseta að taka málin fyrir í þeirri röð sem þar var gert ráð fyrir.

Forseti (Jón Helgason):

Ég hlýt að mótmæla því að þessi kynning á dagskrá fundar í dag og næstu fundardaga sé meiningarlaus. Það var ákveðið á fundi með formönnum þingflokka að reyna að gera sér grein fyrir því hvernig dagskrá yrði á fundum komandi viku og kynna það. Þó að mál

á fundi séu ekki tekin í nákvæmlega sömu röð og þau standa á dagskránni held ég að það hljóti að vera gagnlegt fyrir þingmenn að hafa einhverja hugmynd um efni dagskrár. Jafnframt er þetta þá gert sem ábending til nefnda um að þær reyni að skila málum frá sér þannig að því markmiði sem sett er fram í dagskránni sé hægt að ná. En að sjálfsögðu er dagskrá fyrir fund marga daga fram í tímann ábending en ekki endanleg niðurstaða.

Jafnframt hlýt ég, þó ég harmi ef hv. þm. hefur ekki getað komist að með þá ræðu sem hann vildi halda um vaxtalög, að andmæla því ef það á að skilja orð hv. ræðumanns þannig að ég hafi reynt að hafa hér málfrelsi af deildarmönnum. Það tel ég ekki réttmæta ásökun.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vildi aðeins fá að þakka hv. allshn. fyrir góð og vönduð vinnubrögð í sambandi við meðferð þeirra mála sem hér hafa verið til umræðu. Ég get tekið undir það með hv. 8. þm. Reykv. að það vantar meiri festu í okkar þjóðfélag. Ég er þeirrar skoðunar að framganga þessara mála sé m.a. til þess fallin að skapa meiri festu á þessu sviði. Það hefur verið til umfjöllunar í mjög langan tíma að hér yrðu breytingar á og hafa ýmis frumvörp verið flutt hér á Alþingi í því skyni þannig að það hefur ávallt legið í loftinu að það yrði breyting og nánast allir um það sammála þótt mismunandi áherslur væru í þeim efnum.

Ég tel eðlilegt og nauðsynlegt að taka lengri tíma til undirbúnings þessa máls og mætti svo hafa verið varðandi ýmis önnur stórmál sem héðan hafa verið afgreidd af þinginu, t.d. á sviði skattamála. En með því að skapa þetta svigrúm gefst betri tími til undirbúnings og ef eitthvað það kemur upp á sem þykir nauðsynlegt að breyta er skapað svigrúm til þess því að með því að marka stefnuna með þessum hætti er sköpuð nauðsynleg festa og nauðsynlegt svigrúm til undirbúnings málsins. Ég held að það verði ekki eins kostnaðarsamt og margur hyggur því að það er mjög vaxandi álag á dómstóla landsins. Þar þarf að vinna mikla yfirvinnu svo að eitthvað sé nefnt og er vaxandi kostnaður. Með þessari nýju skipan mála mun dreifing verkanna verða meiri og þar af leiðandi mun sá kostnaður sem þar fellur til væntanlega sparast að verulegu leyti annars staðar þótt ekki skuli dregið í efa að nokkur kostnaðarauki verði af þessari skipan, en ég hygg þó að sá kostnaðarauki hefði orðið hvort eð er með vaxandi umsvifum í okkar þjóðfélagi.

En ég vildi aðeins endurtaka þakkir mínar til hv. allshn. fyrir góða vinnu í sambandi við þessi mál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.–16. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Söluskattur, 1. umr.

Frv. GuðmÁ og JúlS, 334. mál (skattþrep). — Þskj. 603.

Flm. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 603 legg ég ásamt hv. 7. þm. Reykn. Júlíusi Sólnes fram frv. til l. um breytingu á lögum um söluskatt, nr. 10/1960, sbr. lög nr. 1 1988. Frv. þetta er í tveimur greinum.

1. gr. er svohljóðandi: „Á eftir 1. mgr. 2. gr. laganna komi ný málsgr. svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal aðeins greiða 12% söluskatt af eftirtöldum vöruflokkum: fiski og fiskmeti, kjöti og unnum kjötvörum, mjólk og unnum mjólkurafurðum, eggjum, brauði, grænmeti og ávöxtum. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar málsgr. svo og bókhald og söluskattsframtal þeirra sem versla með þessar vörur.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Með frv. þessu er lögð til veruleg lækkun á söluskatti helstu nauðsynjavara heimilanna. Þó er ekki gengið það langt að fella niður allan söluskatt á matvörum eða undanskilja matvöru söluskatti heldur farin sú leið að ákveðnir vöruflokkar sem tilteknir eru í frv. beri annan og lægri söluskatt en almenna reglan í 1. málsgr. mælir fyrir um. Miðað er við að þessir tilgreindu vöruflokkar beri 12% söluskatt. Er þarna um að ræða sömu söluskattsprósentu og greidd er af sérfræðiþjónustu, sbr. III. kafla laganna. Í raun er því ekki verið að búa til nýtt söluskattsþrep heldur einungis verið að færa ákveðna vöruflokka frá hinu almenna söluskattsþrepi yfir í sérstakan söluskatt sem samkvæmt lögunum er 12%.

Með lögum nr. 1/1988 sem breyttu lögum nr. 10 1960, um söluskatt, var ákveðið að allar vörur skyldu bera jafnháan söluskatt og þá um leið horfið frá því meginsjónarmiði, sem ríkt hafði áratuginn þar á undan, að leggja ekki söluskatt á lífsnauðsynjar. Það er óvefengjanleg staðreynd að söluskattur á lífsnauðsynjar bitnar harðast á tekjulægri þjóðfélagshópunum af þeirri einföldu ástæðu að þeir hópar eyða hlutfallslega meira af tekjum sínum til kaupa á matvöru en hinir tekjuhærri. Einkum og sér í lagi á þetta við hér á landi þar sem framleiðslukostnaðarverð er hátt og skatturinn er stór hluti matvælaverðsins. Eru aðstæður hér á landi því ekki sambærilegar við t.d. Danmörku þar sem framleiðslukostnaður matvöru er lágur. Varan þar getur borið skatt án þess að vera mjög íþyngjandi fyrir tekjulægstu þjóðfélagshópana.

Þrátt fyrir miklar niðurgreiðslur af hálfu ríkisins er það óhrekjanleg staðreynd að verð matvæla er óhóflega hátt hér á landi. Brýna nauðsyn ber því til að það lækki verulega. Tvær leiðir eru færar í því efni. Annars vegar að draga úr framleiðslukostnaði og hins vegar að ríkisvaldið annaðhvort auki enn frekar niðurgreiðslur eða felli niður gjöld sem það setur á þessar lífsnauðsynjar.

Með frv. þessu er lagt til að ríkisvaldið lækki

söluskatt á ákveðnum vörutegundum matvæla og lækki þannig matarverð. Auðvitað væri æskilegra að lækka framleiðslukostnaðinn með gagngerri uppstokkun á landbúnaðarkerfinu eða með meiri hagræðingu í búrekstri, en þegar ríkisvaldið tekur framleiðendur fram yfir neytendur og heldur uppi verndarstefnu gagnvart þeim er það sjálfsögð krafa neytenda að ríkisvaldið tryggi að sú vara sem nýtur þessara forréttinda verði seld á viðunandi verði.

Á það ber einnig að líta að besta kjarabót launþega eins og nú er ástatt í þjóðfélaginu er lækkun útgjalda, sérstaklega fyrir tekjulægri þjóðfélagshópana. Fyrir þá skiptir verð helstu nauðsynjavara meira máli en óveruleg hækkun launa. Almennar og miklar launahækkanir á því samdráttarskeiði sem íslenskt þjóðfélag gengur nú í gegnum eykur aðeins á vandann sem við er að etja og breikkar enn meir bilið á milli þeirra tekjuhærri og tekjulægri í þjóðfélaginu. Almenn lækkun brýnustu nauðsynja verkar með öðrum hætti á kjör fólks. Í stað þess að breikka bilið á milli launþega leiðir hún til tekjujöfnunar og réttlátari skiptingar á þjóðartekjunum.

Helstu rökin á móti lækkun söluskatts á matvæli eru minni tekjur fyrir ríkissjóð af þessum skattstofni og erfiðara eftirlit með skilum á söluskatti. Það sem vinnst er hins vegar aukinn kaupmáttur og minni þrýstingur á hækkun launa. Að lækka söluskatt úr 25% í 12% á þeim vörutegundum sem frv. þetta gerir ráð fyrir þýðir að ríkissjóður tapar í tekjum sem nemur 2539 milljónum á einu ári, og vísa ég í því sambandi til töflu sem er á bls. 3 í grg. frv.

Með frv. er gengið út frá því að niðurgreiðslur haldist óbreyttar og lækkunin komi að fullu neytendum til góða. Búast má hins vegar við því að þeir peningar sem losna hjá heimilunum með lækkun á matvöru fari til kaupa á öðrum söluskattsskyldum vörum og dragi þannig úr tekjutapi ríkissjóðs. Einnig má gera ráð fyrir að lækkun á verði til landbúnaðarafurða hafi í för með sér aukna sölu og minnki á þann hátt þörfina á ýmsum styrkjum til landbúnaðarins sem nú eru greiddir, svo sem útflutningsbótum og geymslukostnaði.

Þau rök sem hafa verið sett fram fyrir einu söluskattsþrepi í matvöruverslun eru að eftirlit með skilum verði auðveldara. Á því eina ári sem lög nr. 1 1988 hafa gilt hefur hins vegar komið í ljós að aldrei hafa verið eins léleg skil á söluskatti og það ár. Að mati flm. frv. skiptir það ekki höfuðmáli hve þrepin í söluskatti eru mörg heldur hvernig eftirlitinu er háttað og hvaða viðurlögum þeir sæta sem skila ekki innheimtum söluskatti. Reynsla nágrannaþjóðanna sýnir að það eitt út af fyrir sig að hafa eitt söluskattsþrep leysir ekki vandann ef eftirlitið vantar.

Ég hef nú gert grein fyrir þessu frv. og lesið upp greinargerðina með því þar sem helstu rökin fyrir lækkun úr 25% í 12% söluskatt eru tíunduð. Ég held að það sé alveg augljóst nú, þegar kjarasamningar eiga sér stað, að ríkisvaldið þurfi að koma inn í þá kjarasamninga með einum eða öðrum hætti. Og ég tel að til þess að kollvarpa ekki þjóðfélaginu þurfi ríkisvaldið að gera það með þessum hætti. Þá hlýtur sá þáttur sem hér er mælt fyrir um, að lækka söluskattinn, að koma mjög til greina. Raunar tel ég að þetta sé það réttasta í stöðunni eins og hún er í dag.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um frv., en vil að lokinni þessari umræðu mælast til þess að frv. verði vísað til fjh.- og viðskn. og 2. umr.

Júlíus Sólnes:

Hæstv. forseti. Það er mjög athyglisvert að þetta mál vekur ekki sérlega mikla athygli meðal þingmanna. Það virðist vera svo að allir virðulegir þingmenn á hinu háa Alþingi fyrir utan þingmenn Borgfl. hafa sætt sig við matarskattinn svokallaða, þ.e. menn kyngja því að hér er nú lagður fullur söluskattur á matvæli þó að áfram sé haldið nokkrum niðurgreiðslum á helstu innlendum matvælum. En það er ljóst að það stefnir smám saman í það að öll matvæli verði með fullum söluskatti og þetta virðast þingmenn almennt hafa sætt sig við. Á leiðinni hefur það orðið óbærilegt, sérstaklega lágtekjufólkinu, að kaupa matvæli til heimilanna fyrir svo utan það að sá vaxtarbroddur sem var í ferðaþjónustu, þ.e. að sinna erlendum ferðamönnum, er nánast hruninn af þeim sökum að verð matvæla á Íslandi er orðið svo hrikalega hátt að ferðamenn sem hingað koma flýja nánast hljóðandi héðan aftur þegar þeir sjá verðlag á veitingahúsum og á matvælum almennt. Ég satt að segja undrast að þingmenn skuli sætta sig við þetta og nánast mæta þessu með axlayppingum og segja: Ja, þetta er slæmt en við þessu verður ekkert frekar gert.

Ég vil taka undir það með hv. 5. þm. Reykv. að nú er lag í sambandi við þær kjaradeilur sem nú eru í gangi í þjóðfélaginu að ríkisvaldið reyni að koma til móts við launþega og hjálpa til við að leysa þessar deilur með því að lækka matarskattinn eins og hér er lagt til. En ef það er stefna stjórnvalda að hér skuli verð matvæla vera með þeim hætti sem verið hefur, þ.e. svo hátt að fólk hafi varla efni á því að borða, a.m.k. ekki lágtekjuhóparnir, þá verður svo að vera á meðan þannig skipast pólitískur meiri hluti á hinu háa Alþingi. Sérstaklega þykir mér þó aumkunarvert að horfa upp á þingmenn Framsfl. sitja undir þessu í annarri ríkisstjórn sem mynduð hefur verið frá því að kosningarnar áttu sér stað vorið 1987. Það var í tíð fyrri ríkisstjórnar að tekin var sú ákvörðun að leggja söluskatt á matvæli sem ég tel að sé eitt mesta pólitíska slys sem hafi átt sér stað í íslenskum stjórnmálum eftir stríð. Mér þykir það sérlega aumkunarvert að þurfa að horfa upp á þingmenn Framsfl. sitja undir því í annarri ríkisstjórn frá kosningum að matarskatturinn skuli blómstra sem aldrei fyrr og allt bendi til þess að smátt og smátt verði dregið úr niðurgreiðslunum og þar með verði matarskatturinn 25% álagður að fullu á öll matvæli. Ég fæ ekki séð betur en að það sé smátt og smátt verið að draga úr niðurgreiðslum á heföbundnum kjötvörum og fiski sem var þó reynt að halda niðri í verði þegar söluskatturinn var lagður á á sínum tíma.

Það er alveg rétt, sem kom hér fram hjá hv. 5. þm.

Reykv., að verð matvæla á Íslandi er svo hátt að það þolir enga skattlagningu. Landbúnaður á Íslandi hlýtur alltaf að eiga erfitt uppdráttar. Við búum á norðurhjara veraldar og við getum ekki ætlast til þess að við getum rekið landbúnað á jafnhagkvæman hátt og í hinum gróðursælu löndum Mið-Evrópu svo ekki sé talað um t.d. í löndum eins og í Bandaríkjunum eða þar sem loftslag og gróðurfar er mun heppilegra fyrir alla landbúnaðarframleiðslu. Í slíkum löndum, þar sem verð landbúnaðarafurða verður mjög lágt vegna hagkvæmni, bæði hagkvæmni markaðarins og þeirra hagkvæmu aðstæðna sem ríkja, er e.t.v. hægt að leggja söluskatt á matvæli, en við getum ekki gert það á Íslandi þar sem landbúnaður á jafnerfitt uppdráttar og verð landbúnaðarafurða hlýtur alltaf að vera mjög hátt.

Það var talað um áðan af hv. 5. þm. Reykv. að ríkissjóður yrði fyrir allnokkru tekjutapi vegna þessa ef söluskattur á matvæli yrði lækkaður úr 25% í 12%. Víst yrði það sárt fyrir ríkissjóð að verða fyrir því tekjutapi. Það hefur hins vegar enginn lýst áhyggjum sínum af því að það er augsýnilegt nú að ríkissjóður verður fyrir mun meira tekjutapi vegna minnkandi innflutnings á bílum og vegna þess að þjóðin drekkur minna áfengi en þeir sem sömdu fjárlögin gerðu ráð fyrir. Það stefnir nú í það að tekjur ríkissjóðs verði um 1 milljarði lægri vegna þess hvað Íslendingar drekka minna en ráðamenn þjóðarinnar álitu þegar þeir sömdu fjárlögin. Samanlagt gerir þetta um 3 milljarða sem tekjur ríkissjóðs munu minnka vegna þessa. Það hefur enginn lýst neinum sérstökum áhyggjum sínum út af því. Hins vegar ætlaði allt vitlaust að verða þegar það var lagt til af okkar hálfu þegar við tókum þátt í viðræðum við núverandi stjórnarflokka í janúarmánuði sl. að við teldum ekki stætt á öðru en að lækka verð á matvælum með því að lækka söluskattinn og þó að það kostaði ríkissjóð tæplega 3 milljarða kr. yrði að sætta sig við það. Það var talið gjörsamlega útilokað þá, en síðan hefur eins og ég segi það gerst að ríkissjóður hefur orðið fyrir sannanlegu tekjutapi sem nemur 3 milljörðum kr. og það er ekki nokkur maður sem hefur áhyggjur af því. Það þykir mér mjög athyglisvert þegar ég hugsa til baka yfir liðna tíð.

Þetta er einkennilegt þar sem núv. ríkisstjórn virðist setja afkomu ríkissjóðs í öndvegi. Það er númer eitt, tvö og þrjú í stefnu ríkisstjórnarinnar, afkoma ríkissjóðs. Allt annað má sitja á hakanum. Afkoma heimilanna kemur þar langt fyrir aftan. Það er öllum sama um það hver hún er. Og afkoma fyrirtækjanna. Ríkisstjórninni hlýtur nánast að vera nákvæmlega sama hver hún er því að afkoma fyrirtækjanna er slík að mér er tjáð af virtum endurskoðendum hér í bæ að fjögur af hverjum fimm fyrirtækjum landsins séu nú rekin með bullandi tapi. Þetta fimmta fyrirtæki sem er rekið með einhverjum hagnaði eru yfirleitt banka- og peningastofnanir. Allt annað er á hausnum, þ.e. allur atvinnurekstur landsmanna, ef frá eru taldir bankar og fjármögnunarfyrirtæki, virðist vera rekinn með tapi. (**HBl:** Bankarnir eru reknir með tapi núna.) Ja, það var athyglisvert. Þá er kannski allt rekið með tapi. Það er kannski sú stefna sem menn vilja framfylgja hér að lokum að allt atvinnulíf verði rekið með tapi. (**SalÞ:** Þá verður forsjárhyggjan 100%.) Ja, það gæti verið, hv. þm., að það endi þannig.

Það sagði einn ágætur maður við mig fyrir síðustu helgi þegar við vorum að ræða um efnahagsmál, en þau eru nú rædd á öllum kaffistofum landsins, í öllum gufubaðsklefum landsins. Alls staðar þar sem fólk kemur saman hefur fólk áhyggjur af efnahagsástandi þjóðarinnar, því óstandi sem er í atvinnulífinu og því óstandi sem er í þjóðmálum yfirleitt. Einn góður maður sagði: Hvað eigum við að gera? Það er kannski aðeins eitt til ráða. Það er að skipta um þjóð í þessu landi. Ég sagði að að þyrfti ekki að skipta um þjóð. Það þyrfti að skipta um stjórnendur. Þá kannski væri von til þess að það færi að ganga betur hjá okkur.

Þetta er lítið frv. og lætur ekki mikið yfir sér, en ég held þó að hér sé um mjög stórt og mikið mál að ræða, enda minnist ég þess að þegar við ræddum það hér á síðustu mánuðum ársins 1987 voru fluttar langar og miklar ræður um þá ósvinnu að leggja söluskatt á matvæli með þeim hætti sem þá var verið að gera. Nú bregður svo við að allar raddir eru hljóðnaðar, það virðist öllum vera sama um matarskattinn.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég veit ekki, vegna þess að mér vannst ekki tími til þess að vera hér fyrri hluta fundarins, hvort ég hafi rétt til þess að óska eftir því að fá einhvern ráðherra hingað í deildina. Það er vissulega ástæða til þess. Við erum hér að ræða þann mikla framfærslukostnað sem er í þessu landi og við vitum að matarskatturinn er mjög viðkvæmur í daglegum neysluvenjum fólks. Við sjáum líka fram á að verkfall blasir við hér á næstu dögum og hæstv. fjmrh. hefur lofað mönnum að þeir skuli fá einn skitinn þúsund króna seðil í umslagið sitt ef þeir vilji vera svo góðir að fara ekki í verkfall. Svo eru þeir önnum kafnir núna, þrímenningasambandið síðara, hið síðasta, þriðja og versta, formaður Verkamannasambandsins, formaður Starfsmannafélags ríkisstofnana og formaður BSRB, Guðmundur J. Guðmundsson, Einar Ólafsson og Ögmundur Jónasson, að gera nú allt sem þeir lifandi geta fyrir hann Ólaf Ragnar vin sinn, hæstv. fjmrh., til þess að ekki komi til verkfallsins því það er mönnum löngu orðið ljóst að þessir þrír menn bera ekki fyrir brjósti hag þess launafólks sem þeir eru kjörnir til að gæta hagsmuna fyrir. Maður heyrir vögguljóðin í formanni Verkamannasambandsins í gegnum sjónvarpið þegar maður horfir framan í hann eða hann þenur sig út á síðum Tímans og ég hygg að Ögmundur Jónasson hafi ekki verið jafnorðvar og núna frá því hann fæddist til að segja ekki neitt sem gæti komið sér illa fyrir ríkisstjórnina.

Þess vegna væri mjög fróðlegt að fá um það að vita hvort einhver ráðherra sé hér í húsinu sem maður gæti beint beinum fyrirspurnum til. Það hafði verið ætlan mín m.a. að ræða þetta mál undir öðrum

dagskrárlið, en ég sé að það er ekki verra að ræða það undir einmitt þessum dagskrárlið, söluskattinum, sem er alveg dæmigerður fyrir þá skattpíningu sem þessi ríkisstjórn hefur beitt sér fyrir. En ég get fallist á það að umræðu verði frestað þannig að hún verði tekin fyrir fyrst í fyrramálið, fyrsta dagskrármál á morgun. (**Forseti:** Það munu vera tveir ráðherrar staddir hér í húsinu og ég hef óskað eftir því að þeir komi.) Það er alveg ljómandi.

Það frv. sem hér liggur fyrir er auðvitað mjög einfalt í sniðum. Þar er gert ráð fyrir því að einungis skuli greiða 12% söluskatt af fiski og fiskmeti, kjöti og unnum kjötvörum, mjólk og mjólkurafurðum, eggjum, brauði, grænmeti og ávöxtum og er auðvelt að lesa í gegnum þessi orð að fyrir flm. vakir að ná fram einhverri lækkun á þessum nauðsynjavörum almennings.

Það er gott að sjá að hæstv. menntmrh. gengur í salinn. Ég hygg að enginn maður hafi talað af meiri mælsku gegn matarskatti en einmitt þessi hæstv. ráðherra meðan síðasta ríkisstjórn sat að völdum og það væri auðvitað mjög gagnlegt fyrir hann sjálfan og þá menn sem vilja standa á bak við hann í pólitík, gagnlegt fyrir þá menn sem halda að Alþb. sé verkalýðsflokkur að spila fyrir þá nokkrum sinnum í viku sönginn um matarskattinn eftir Svavar Gestsson og virða svo fyrir sér hæstv. ráðherrann núna sem kominn er í staðinn fyrir þingmanninn. Ráðherrann sem hljóp í stólinn vegna þess að Alþfl. og Framsfl. gátu ekki hugsað sér að vinna með Sjálfstfl. af því að Sjálfstfl. vildi beita sér fyrir því að lækka verð á matvælum í landinu í septembermánuði sl. Ráðherrann sem sagði þegar hann var hér nýkominn í ráðherrabuxurnar og talaði hátt að hann væri kominn í ríkisstjórnina til þess að bjarga fyrirtækjunum, sem íhaldið hafði komið á vonarvöl, frá því að fara á hausinn. Síðan hefur lítið heyrst í honum eftir jólin. Hæstv. ráðherra talaði ekki mikið um það hér á þinginu nú í vikunni þegar í einu dagblaðanna var heill dálkur einungis með gjaldþrotatilkynningum um fyrirtæki í veitingarekstri, sem auðvitað er komið til af því að fólk hefur hreinlega ekki efni á því lengur að fara út að borða og auðvitað líka alveg deginum ljósara að ferðamenn veigra sér við því að koma hingað til landsins í alla þá dýrtíð sem hér er, þegar saman hefur farið hækkandi matarverð og röng gengisskráning. Það þýðir auðvitað að áhrifin verða tvöföld hjá þeim ferðamönnum sem hér vildu eyða einhverjum tíma í fögru umhverfi.

Þeir í Borgfl. leggja til að aðeins lítill hluti af matvælunum lækki í verði. Þeir ganga í rauninni mjög skammt. Það eru aðeins nokkrar vörutegundir, fyrst og fremst landbúnaðarafurðir en svo brauð, grænmeti og ávextir að auki. Ekki hygg ég að það væri mikið fyrir ríkissjóð þó hann mundi verða fyrir einhverjum áföllum af þessu tagi til að reyna að lina helstu þjáningar þess fólks sem hefur minnst handa á milli, enda var ástæðan fyrir því að niðurgreiðslur voru auknar nú 1. apríl, þvert ofan í ákvæði fjárlega, til komin vegna þess að ríkisstjórnin gerði sér grein fyrir því að enn frekari hækkanir á matvörum mundu valda því að verðbólgan og þar með lánskjaravísitalan færi svo upp úr öllu valdi að launþegar og launamenn mundu undir engum kringumstæðum við una.

Nú hefur formaður Verkamannasambandsins talað um það að hann vilji beita sér fyrir því að verðstöðvun verði í landinu og með þeim hætti yrði hægt að ná samkomulagi við vinnuveitendur um mjög hóflegar launahækkanir til 40 daga. Nú langar mig að ganga lengra en formaður Verkamannasambandsins sem er orðinn svo hógvær. Væri ríkisstjórnin reiðubúin til að taka til baka þessar hækkanir sem hún hefur verið að beita sér fyrir? Hefur hæstv. menntmrh. gert sér grein fyrir því að verðbólgan er núna á þriggja mánaða grundvelli um 25–30%? Á sama tíma, síðustu 10 mánuði hafa launin ekki hækkað um eina einustu krónu að heita má, um 0,675% í febrúarmánuði eða eitthvað svoleiðis, á mánaðarlaunin í febrúar og svo önnur jafnmikil hækkun á mánaðarlaunin í mars og sú hækkun stendur, alls 1,225%. Þetta er náttúrlega engin hækkun. Þetta er auðvitað það sama og að hækka launin ekki nokkurn skapaðan hlut þegar við hugleiðum það að staðgreiðsluskatturinn var hækkaður meira en þessu nemur um áramótin. Í krónum talið eru því fjölskyldutekjur lægri nú en þær voru í júnímánuði, ef ekki hefur verið um sérstakar flokkatilfærslur að ræða vegna aldurshækkana eða af einhverjum þvílíkum ástæðum, þ.e. það sem fólkið hefur út úr því, heimilin hafa út úr því, og verðbólgan um 30%.

Það er þess vegna fullkomin ástæða til að spyrja hæstv. ráðherra hvað hann hyggist gera í öllu þessu. Er ráðherra nú til viðtals um að stíga skrefið með Sjálfstfl. og Borgfl., að við höfum tvö þrep í söluskattinum? Eða ætlar hann að sigla upp að framsókn og krötum og halda sig við það að okra á matvælunum? Við höfum ekkert farið dult með það í Sjálfstfl. að við töldum eftir á að það hefði verið rangt af okkur að ganga inn á það hjá Alþfl. að hækka matarskattinn og leggja hann á eins og við gerðum. Það liggur alveg ljóst fyrir að við töldum eftir á að það hefði verið rangt. Og þær meginástæður sem við færðum fyrir því voru í fyrsta lagi þær að matarverð er mjög hátt hér á landi, óviðunandi hátt. Í öðru lagi hefur komið í ljós að matarverðið veldur því að við náum okkur ekki á strik í sambandi við ferðamannaiðnaðinn. Fólk sem villist hingað flýtir sér í burt á nýjan leik undir eins og það fær fyrsta reikninginn á veitingastaðnum. Til langframa hefur þetta komið fram í því að gjaldþrotum hefur fjölgað verulega og mikið atvinnuleysi fer nú að grafa um sig hjá þeirri stétt sem lifir af ferðamannaiðnaði. Ég hygg því að nauðsynlegt sé að fá svar við því frá hæstv. ráðherra, og er sjálfsagt að reyna að ganga eftir því í þeirri nefnd, sem fær málið til meðferðar, hvort ríkisstjórnin hugsi sér nú að lækka matarskattinn, hvort hægt sé að tala við Alþb. um það að lækka matarskattinn.

Ég hygg að ráðherrum Alþb. veiti ekki af að reyna eitthvað að hressa upp á andlitið. Við höfum orðið vitni að því í Þjóðviljanum hvernig hinir óbreyttu

alþýðubandalagsmenn hafa stofnað til þess að draga fjmrh. fyrir dóm í flokksstjórninni, láta hann standa fyrir máli sínu, láta hann gera grein fyrir því hvernig á því standi að hann skuli hafa tekið þann kostinn að skera laun opinberra starfsmanna niður fyrir fram, fólk hefur verið að fá þetta 6, 8 og 10 þús. kr. í launaumslögunum, borið saman við þann málflutning sem þessi flokkur hafði uppi þegar þetta var gert fyrir nokkrum árum af fjmrh. Sjálfstfl.

Fólk vill fá að vita hvort formaður Alþb. sé kannski eins og formaður Borgfl. kominn í biðröðina að ganga í Sjálfstfl. því að við vitum að þangað liggur straumurinn núna og auðvitað gæti sumum dottið í hug að fjmrh. væri með þessu að reyna að koma sér í mjúkinn. Hitt er a.m.k. öldungis ljóst að þessi framkoma á ekkert skylt við það sem Þjóðviljinn hefur kallað verkalýðspólitík. Það væri fróðlegt í þessu samhengi að fá líka upplýsingar um það frá menntmrh. hvort hann telji að þetta framtak hæstv. fjmrh. hafi orðið til þess að greiða fyrir þeirri kjaradeilu sem nú stendur milli fjmrh. og Kennarasambandsins. Telur hæstv. menntmrh. að þessi ákvörðun fjmrh. hafi orðið til þess að setja meiri hörku í þá deilu en el'a mundi? Eða telur hann að þetta skipti kannski ekki máli, þetta sé aukaatriði, það sé alveg nákvæmlega sama hvernig Alþb. hagi sér við kennara af þeirri einföldu ástæðu að 80% þeirra séu hvort sem er búin að sverja Alþb. hollustu, eins og einn af helstu mönnum Alþb. hér í Reykjavík sagði þegar hann vann hvað mest að því að fjmrh. skyldi þannig koma í bakið á þeirri stétt sem þessi alþýðubandalagsmaður taldi að væri kannski sá hópur sem fyrst og fremst vildi fylgja Alþb. að málum.

Nú vil ég að vísu mjög draga það í efa að þetta mat þessara forustumanna Alþb. sé rétt, að kennarar upp til hópa séu alþýðubandalagsmenn, ég vil mjög draga það í efa. En hitt veit ég að þeir alþýðubandalagsmenn hafa talið sér trú um það og þeir þykjast um það vissir.

Ég veit ekki hvort ástæða er til að segja mikið meira um þetta. Auðvitað munum við sjálfstæðismenn beita okkur fyrir því að þau frv. sem mega verða til þess að lækka þessa vinstri skatta hér í þinginu fái greiða meðferð. Ég mun auðvitað ræða það við Borgfl. hvort hann sé reiðubúinn til þess að færa út þessa tillögugrein þannig að hún verði víðtækari en eins og hún stendur hér í þskj. 603. Ég veit ekki hvort Borgfl. er reiðubúinn til þess að koma með þeim hætti til móts við okkur sjálfstæðismenn. En hitt er líka jafnvíst að þessi tillaga er til bóta og ég mun að sjálfsögðu beita mér fyrir því í fjh.- og viðskn. að þetta frv. fái ekki verri né seinni afgreiðslu í nefndinni heldur en t.d. stjórnarfrv. um vaxtalög sem vísað var til nefndarinnar nú fyrr í dag.

Ég verð líka að láta í ljós ánægju mína yfir því að hæstv. fjmrh. skuli hafa lýst því yfir að vilji hans standi til þess að lög um virðisaukaskatt megi taka gildi nú 1. janúar. Það er enginn vafi á því að virðisaukaskatturinn kemur miklu betur við bæði útflutningsgreinarnar og samkeppnisgreinarnar en söluskatturinn. Og auðvitað er það til langs tíma miklu þýðingarmeira að okkur takist í stjórnarandstöðunni að knýja ríkisstjórnina til þess að hafa þrepin í virðisaukaskattinum tvö. Ég hafði búist við því að ég ætti mér bandamann í hæstv. menntmrh. þegar maður var að reyna að þoka matarskattinum niður. Mér hafði satt að segja aldrei dottið í hug að hann mundi fara inn í ríkisstjórn undir þeim formerkjum að það yrði hans sérstaka áhugamál að halda uppi matarverði hér, að hann vildi gerast sérstakur talsmaður matarskattsins og að Alþb. skyldi lúta svo lágt að formaður þess skuli stjórna þeirri skattheimtu núna sem þessi hæstv. ráðherra talaði sem harðast gegn á síðasta þingi. Slík er auðmýking Alþb. að formaður þess stjórnar skattheimtunni. Maðurinn sem stóð uppi á kassanum, hann stjórnar skattheimtunni. (**Gripið fram í:** Karlinn á kassanum.) Karlinn á kassanum, sem kallaður var hér í gamla daga, var predikari sem meinti það sem hann sagði. Hann gat verið stóryrtur en það sem hann sagði kom frá hjartanu og hann trúði því sem hann sagði og hefði ekki beygt sig. En sá maður sem stóð á kassanum út af matarskattinum stóð þar uppi bara til að blekkja, til að segja hluti sem hann ekki meinti og hljóp svo í skjól Steingríms Hermannssonar og Jóns Baldvins Hannibalssonar upp í fjmrn. til þess að stjórna skattheimtunni og leggja svo á nýja skatta ofan í kaupið, skerða lífskjörin.

Hvað ætli lífskjörin hafi rýrnað mikið núna þessa tíu mánuði? Kaupið hækkaði síðast 1. júní. Síðan var staðgreiðsluskatturinn hækkaður um áramótin. Hæstv. menntmrh. sagði áðan að launin hefðu hækkað um 1,25% í mars. Hvað ætli það sé mikið upp í? Það er talað um fátækratíund. Kannski þetta sé fátækratíundin, kannski hún skili nú aftur ríkisstjórninni fátækratíundinni, einum tíunda af því sem hún er búin að taka.

Það er enginn vafi á því að lífskjörin hér í landinu hafa rýrnað um u.þ.b. 15% á þessum tíu mánuðum, um 1½% á mánuði. Það er enginn vafi á því. Það er heldur enginn vafi á því að ríkisstjórnin hefur enga tilburði sýnt til þess að leysa þá kjaradeilu sem nú er uppi. Og það sem verst er: Þrátt fyrir það að tilkynningum um gjaldþrot fari mjög fjölgandi, enginn dýrðardagur rennur svo upp að ekki berist gjaldþrotatilkynning til sýslumannsins, þá hefur þessi ríkisstjórn ekki verið fáanleg til þess að gera grein fyrir neinum þeim ráðstöfunum hér í þinginu sem megi verða til þess að auka atvinnuöryggið, engum þeim ráðstöfunum sem megi verða til þess að treysta byggðarlögin úti á landi sem nú er að blæða út.

Þegar þessi ríkisstjórn var mynduð þá talaði hæstv. menntmrh. mikið um það að hann ætlaði að bjarga fyrirtækjunum úti á landi, fyrirtækjunum sem íhaldið var búið að koma á kné. Hann hefur að vísu látið slíkt undir höfuð leggjast. En mig langar að spyrja hann að öðru: Veit þessi hæstv. ráðherra hvernig á því stendur að fólkið úti á landsbyggðinni er ekki baráttuglatt núna? Veit hann hvernig á því stendur — ja, ég vil nú þakka fyrir það, hæstv. forseti, að hæstv. forsrh.

kemur hér í salinn og vil gjarnan beina til hans nokkrum spurningum af því tilefni. Ég veit að hæstv. forsrh. heyrir mál mitt og efast ekki um að hann muni svara þeim spurningum sem til hans verður beint.

Ég óska eftir því, herra forseti, að náð verði í hæstv. forsrh. Hann mátti hlýða á mál mitt, hann vissi það að ég bað um það að hann svaraði hér fyrirspurnum, og síðan hleypur hann út eins og rakki! — Er ekki best bara að halda umræðunni áfram á morgun og það verði fyrsta mál á dagskrá, herra forseti, og reyna að sjá þá um að forsrh. sé við. (**Forseti:** Hæstv. forsrh. mun vera að koma.)

Ég er þakklátur hæstv. forsrh. fyrir að koma í deildina. Ég vil fyrst rifja það upp að hæstv. forsrh. kallaði það í septembermánuði djúpa rýtingsstungu í bak formanns Alþfl. þegar við sjálfstæðismenn stungum upp á því að söluskattur á matvælum yrði lækkaður. Og ég man eftir því að í sjónvarpsþætti var hér um bil eins og maður sæi blóð renna þegar maður hlustaði á þau ummæli hæstv. forsrh. að hún hefði verið djúp, rýtingsstungan. Nú var ég að lýsa því áðan hversu auðmýkjandi það hefði verið fyrir formann Alþb. að hann skyldi hafa tekið það hlutverk að sér í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar að vera skattheimtustjórinn eftir að þessi sami ráðherra hafði stigið upp á kassa fyrir utan — ég held, herra forseti, að það þýði ekki annað en reyna að biðja um það að þingmenn geti hér talað nokkur orð við hæstv. forsrh. og ég vil óska eftir því að hann verði hér kl. 2 á morgun og ég geti haldið áfram ræðu minni. Það er ekki nokkur leið að flytja ræðu hér þannig að forsrh. sé ekki við. Hann á að vera hér og gegna þingskyldum sínum. Það er a.m.k. þá lágmark að (**SalÞ:** Er hægt að fá að vita hvort hann ætlar að ...) maðurinn láti vita um það hvort hann ætlar að svara eða ekki. Hann fer hér bakdyramegin út úr salnum til þess að laumast burtu, hann er hér á tætingi í hliðarsölum og gengur svo út. Ég vil óska eftir því að forseti sýni þá rögg og þinginu þá virðingu að við megum halda fundinum áfram kl. 2 á morgun og forsrh. verði þá við hér og svari fyrirspurnum. Ég held að þessi vinsælasti stjórnmálamaður landsins geti rétt talað við venjulega stjórnmálamenn þó að þeir séu ekki eins vinsælir. (**Forseti:** Það hafði ekki verið óskað eftir nærveru hæstv. forsrh. fyrr en nú og ég óskaði eftir að hann kæmi hér þegar hv. ræðumaður bað um það, en þá tjáði hann mér að hann væri búinn að boða áríðandi fund og stefna til sín mönnum þannig að hann gæti ekki mætt núna. Ég mun að sjálfsögðu, ef flm. þessa frv. óskar eftir því að umræðunni verði frestað, verða við því. En að öðru leyti tel ég ...)

Herra forseti. Ég er alveg ánægður með það ef hæstv. forseti vill heldur gefa mér orðið utan dagskrár á morgun um launamálin, stöðuna í kjaramálunum, þá er ég mjög ánægður yfir því. Þá er ég síður en svo á móti því að þetta frv. gangi til nefndar og vildi gjarnan að við hér í deildinni tækjum upp almenna umræðu um kjaramálin, almenna umræðu um þá stöðu sem í henni er. Ég vil gjarnan fá upplýsingar um það hvort heldur ég eigi að gera hlé á ræðu minni í sambandi við þetta frv. eða hvort hæstv. forseti vill heldur snúa þessari umræðu upp í það að við tölum hér á morgun um kjaramálin. Þetta er auðvitað ekkert vansalaust hvernig haldið hefur verið á þeim málum. (**Forseti:** Eins og ég sagði, ef flm. frv. fellst á það, þá mun ég fresta málinu, en ég tel eðlilegt að hann segi meira til um það.) (**Gripið fram í:** Ég fellst á það.) Þá fresta ég ræðu minni og það verður þá fyrsta mál á morgun. Ég skil hæstv. forseta svo að við getum haldið þessari umræðu áfram í byrjun fundar á morgun og ég vænti þess að stjórnarandstöðunni verði sýnd sú tillitssemi. Mig langar að spyrja hæstv. forseta hvort sú tillitssemi verði sýnd að þetta verði fyrsta mál á morgun.

Forseti (Jón Helgason):

Það er þannig að hér í deildinni voru áðan afgreidd til 3. umr. fjögur mál. Það er föst venja að 3. umræðu mál séu yfirleitt fyrst á dagskrá á næsta fundi. Þau eru ágreiningslaus svo að ég geri ráð fyrir að það sé ekki annað en atkvæðagreiðsla um þau á morgun. Ég mun halda þeirri venju en síðan er þetta næsta mál á dagskrá.

Umræðu frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. SalÞ, 363. mál (húsnæðisbætur). — Þskj. 672.

Flm. (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga sem ég flyt og er á þskj. 672. Þetta frv. varðar breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Þetta frv. lætur lítið yfir sér og er ekki stórt í sniðum. Það er eiginlega aðeins ein grein sem varðar efnislega breytingu á 69. gr. laga nr. 92/1987, um tekjuskatt og eignarskatt, og 2. gr. frv. er svo aðeins um gildistöku laganna. Þessi efnislega breyting á 69. gr. er á þá leið að þar komi ný málsgrein á eftir 2. mgr., svohljóðandi:

„Rétt til húsnæðisbóta skv. 1. mgr. getur maður öðlast sem byggir nýtt íbúðarhús í stað húss sem úrskurðað hefur verið óhæft til íbúðar, verðlaust og til niðurrifs, enda sé það staðfest með tilskildum vottorðum opinberra aðila."

Þetta frv. er flutt að gefnu tilefni þar sem lögin eru hvað þennan þátt varðar svo þröngt skilgreind af skattayfirvöldum að ég tel bæði réttlætanlegt og nauðsynlegt að gera þessa breytingu á lögunum til þess að þeir aðilar njóti húsnæðisbóta til jafns við þá sem falla undir 1. mgr. og lenda í raun í sömu sporum og þeir sem eru að eignast húsnæði í fyrsta sinn, þ.e. þegar um það er að ræða að húsnæði hefur verið dæmt ónýtt til niðurrifs og þess vegna nauðsynlegt fyrir viðkomandi að nýtt hús verði reist í staðinn.

Til frekari skýringar á þessu efnisatriði þá vil ég gjarnan segja frá dæmi sem er tilefni þess að ég hef flutt þetta frv. Ég þykist vita að það er ekki eina dæmið sem upp hefur komið, en þau eru væntanlega ekki mörg, kannski sem betur fer. En þar er um að ræða sjö manna fjölskyldu sem einmitt hefur lent í þessari aðstöðu. Þessi sjö manna fjölskylda býr enn þá í þannig húsnæði að það er illa farið og fengu aðilar sérfróða menn til að meta hvort hægt væri að endurbyggja þetta hús, en þeir sem skoðuðu húsið töldu að það svaraði ekki kostnaði. Jafnframt dæmdi héraðslæknir húsið óíbúðarhæft. Eftir þetta ákvað þessi fjölskylda að hefjast handa. Þetta eru hjón með fimm börn og þau byggja nýtt hús frá grunni. Þetta leyfi var veitt af byggingarnefnd viðkomandi sveitarfélags gegn því skilyrði að gamla húsið yrði rifið þegar flutt yrði í nýja húsið. Þessir aðilar hafa svo leitað eftir því að fá húsnæðisbætur samkvæmt þessari lagagrein sem ég vitnaði hér til áðan, en þá gerist það að skattayfirvöld synja um húsnæðisbætur á þeim forsendum að lögin heimili það ekki þar sem ekki sé um nýbyggingu að ræða.

Nú vill svo til að þessir aðilar hafa fengið húsnæðislán sem um nýbyggingu væri að ræða, þ.e. lög um Húsnæðisstofnun heimila að slíkar undantekningar séu gerðar, að það sé tekið tillit til slíkra aðstæðna, en svo ber við að skattayfirvöld gera það ekki vegna þess að þau túlka lögin svo þröngt sem ég gat um hér áðan.

Ég hef undir höndum tvö bréf frá skattstjóra, annað sem er dagsett 25. júlí 1988 og hitt 6. febr. sl., og í báðum tilvikum er þessari umsókn um húsnæðisbætur synjað. Í fyrra bréfinu var einungis vitnað í tekjuskattslögin, að samkvæmt þeim væri skilyrði fyrir þessum bótum að um væri að ræða kaup eða byggingu íbúðarhúsnæðis til eigin nota í fyrsta sinn, og þar sem viðkomandi uppfylla ekki það skilyrði sé þeim synjað um þessar bætur. Síðan er endurnýjuð þessi umsókn og þær upplýsingar gefnar að húsnæðismálastjórn hafi veitt lán sem um fyrstu íbúðareign væri að ræða og þá er svarið frá skattstjóra, sem ég ætla að lesa hér, með leyfi forseta, og varðar þetta atriði:

„Í bréfi yðar kemur fram að þér fenguð lán frá húsnæðismálastjórn sem um nýbyggingu væri að ræða og fyrstu íbúðareign. Upplýsingar um það að húsnæðismálastjórn veitti yður lán sem um fyrstu íbúðareign væri að ræða hafa ekki áhrif á ákvörðun um húsnæðisbætur, heldur einungis sú staðreynd að þér hafið átt íbúðarhúsnæði frá 1. okt. 1975. Og ljóst er af þeim reglum sem um húsnæðisbætur gilda og vitnað er til í nefndu bréfi frá 25. júlí að þér eigið ekki rétt á húsnæðisbótum og er því synjun þeirra staðfest með vísan til þeirra forsenda sem þar koma fram."

Það má segja að þetta sé tilefni þess að ég flyt þetta frv. því að ég tel það réttlætanlegt að lögin séu þannig úr garði gerð að þau tryggi það að réttur í slíkum undantekningartilfellum verði ekki fyrir borð borinn. Það má líka benda á að oftast, og kannski alltaf í svona tilvikum, er um efnalitlar fjölskyldur að ræða sem lenda í slíkum vandræðum varðandi húsnæðismál. En þetta er ástæðan fyrir því að frv. þetta er flutt. Það er til þess að fullkomins réttlætis sé gætt í lögum gagnvart þessum aðilum.

Ég vil, hæstv. forseti, að lokinni þessari umræðu leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér hefur hv. þm. Salome Þorkelsdóttir mælt fyrir frv. til laga sem hefur í för með sér breytingu á þeim kafla laga um tekjuskatt og eignarskatt sem fjallar um rétt til húsnæðisbóta. Eins og fram kom í ræðu flm. hér áðan eiga rétt til húsnæðisbóta þeir sem kaupa, byggja eða eignast á annan hátt í fyrsta sinn íbúðarhúsnæði til eigin nota. Húsnæðisbætur eru sem sagt bundnar því að sá sem þær fær sé að eignast húsnæði í fyrsta sinn.

Nú gerist það þó af og til eins og hv. þm. þekkja að íbúðarhúsnæði er úrskurðað óhæft til íbúðar og eigendur verða að byggja eða kaupa nýtt húsnæði. Vissulega eru í slíkum tilvikum veitt sérstök lán frá Húsnæðisstofnun ríkisins til þess að létta þann vanda sem eigendur húsnæðisins standa frammi fyrir. En oft er um að ræða efnalítið fólk sem á erfitt með nokkra fjármögnun framkvæmda sjálft auk þess sem greiðslubyrði skammtímalána sem fengin eru á kaupeða byggingartíma íbúða reynist oft þung.

Lög um tekjuskatt og eignarskatt gera ráð fyrir og viðurkenna erfiðleika þeirra sem eru að kaupa eða byggja húsnæði í fyrsta sinn, en vandi þeirra sem verða að kaupa eða byggja af þeim ástæðum sem nefndar eru í frv. sem hér er til umræðu er hins vegar ekki viðurkenndur á sama hátt. Á því tekur frv. hv. þm. Salome Þorkelsdóttur.

Hvort þessi breyting hefur í för með sér mikinn kostnað verður að skoða. Ég tel þó afar ólíklegt að það sé þar sem hver sá sem nú á rétt á húsnæðisbótum fær aðeins um 38 þús. kr. á ári og sá hópur sem á ári hverju missir húsnæði sitt af þessum ástæðum er ekki stór og upphæðin sem um ræðir ekki há, en getur þó skipt það fólk sem hér um ræðir verulegu máli. Ég fagna þess vegna að málinu sé hreyft hér og kann hv. flm. þakkir fyrir.

Virðulegi forseti. Þau eru mörg málin flutt hér í hv. deild sem eru til hagsbóta og leiðréttingar á kjörum fólksins í landinu. Sum frv. til laga á mörgum blaðsíðum, flutt og rædd af hv. þm. með hávaða og látum, fá mikla og langa umræðu. Þetta frv. lætur ekki mikið yfir sér og ekki hefur hávaði eða fyrirgangur einkennt málflutning hv. flm. Þó er hér um að ræða engu minna réttlætismál en þau sem athygli hv. þm. eiga og fjölmiðla. Ég vona að viðvera þingmanna hér og þátttaka í umræðunni sé ekki til marks um framgöngu þessa máls hér í þinginu.

Flm. (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. 4. þm. Suðurl. fyrir hennar stuðning við þetta frv. Það er vissulega ekki í fyrsta sinn sem hún kemur hér í ræðustól og lýsir stuðningi við góð mál. Hún er málefnaleg í

sínum þingstörfum og mættu margir taka sér hana til fyrirmyndar í þeim efnum. Ég treysti því, þar sem ég veit að hún á sæti í hv. fjh.- og viðskn., að hún muni hjálpa til við að koma þessu réttlætismáli í gegnum nefndina og í gegnum deildina hér áfram.

Ég vil taka undir orð hv. þm. varðandi setu manna hér í þingdeild þegar ýmis góð mál eru flutt og ekki virðast vekja mikla athygli. Hér vill svo til að við erum tvær staddar í þingdeildinni auk hæstv. forseta og má nú bæta við hv. 2. þm. Norðurl. e. sem vissulega var hér í hliðarsal. Vænti ég að hann hafi hlustað á okkar málflutning varðandi þetta frv. og þar sem hann á jafnframt sæti í hv. fjh.- og viðskn., þá muni hann einnig leggja þessu réttlætismáli lið.

En ég ætlaði aðeins að leiðrétta tölur sem komu fram hjá hv. 4. þm. Suðurl. vegna þess að við vorum báðar með þessar tölur þegar við spjölluðum saman hér fyrr í dag. Ég hef komist að raun um það að húsnæðisbætur á árinu 1988 — það eru sennilega verðlagsbreytingar sem gera það að verkum — voru 46.201 kr. á einstakling eða fyrir hjón tvöföld sú upphæð á því ári. Ég tek jafnframt undir það sem hún sagði að ég held að það geti ekki verið um stórar fjárhæðir að ræða því að hér er verið að tala um undantekningartilfelli og sem betur fer eru þau væntanlega ekki mörg.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um þingsköp.

Ósk um atkvæðagreiðslu.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Mér fyndist það nú freistandi að gera tilraun til þess að fá að vita hve margir hv. þingdeildarmenn eru staddir hér í húsinu og láta fara fram atkvæðagreiðslu um þetta mál, ef ég mætti fara fram á það við hæstv. forseta. Mér er kunnugt um að það er fundur í nefndinni á morgun og það væri ánægjulegt ef hægt væri að koma þessu máli til nefndar núna. Ég geri mér grein fyrir því að hér er um að ræða þmfrv., meira að segja stjórnarandstöðuþingmanns, en ég hef reynt hæstv. forseta að því að vera réttlátan forseta í sínum störfum öllum og þó að stundum geti eitthvað borið upp á sem gefur mönnum tilefni til þess að gagnrýna störf forseta, þá vil ég leggja á það áherslu að ég hef ekki reynt hann að öðru en vera réttlátan gagnvart stjórnarandstöðuþingmönnum og ég vildi fara þess á leit að nú yrði reynt að kalla inn þingdeildarmenn og fá atkvæðagreiðslu um málið.

Forseti (Jón Helgason):

Það er ekki vegna þess að ég hafi ekki áhuga fyrir því að ljúka atkvæðagreiðslu núna að ég þurfti að taka þetta út af dagskrá. Ástæðan er sú að hér í húsinu eru staddir sex stjórnarliðar en aðeins fjórir stjórnarandstöðuþingmenn þannig að ég hef ekki meiri hluta í deildinni til þess að ljúka atkvæðagreiðslu.

Salome Þorkelsdóttir:

Úr því að svo stendur á, hæstv. forseti, þá mun ég náttúrlega beygja mig undir það, en ég vil þá vekja athygli á því að hér fyrr á þessum fundi og reyndar í öllum atkvæðagreiðslum í dag hafa atkvæðagreiðslur verið þannig að átta stjórnarþingmenn hafa verið hér, en hinir fimm sem hjálpuðu til við að koma málum til nefnda voru úr stjórnarandstöðunni og voru þetta allt stjórnarfrumvörp sem hér voru til afgreiðslu. Þetta má gjarnan komast í þingtíðindi.

NEÐRI DEILD

76. fundur, þriðjudaginn 4. apríl, kl. 2 miðdegis.

Viðskiptabankar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 242. mál (bankaráð, hagsmunaárekstrar o.fl.). — Þskj. 682.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

Sparisjóðir, frh. 1. umr.

Stjfrv., 244. mál (stjórn, hagsmunaárekstrar o.fl.). — Þskj. 683.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Lyfjadreifing, 2. umr.

Stjfrv., 287. mál (sala bóluefnis til ónæmisaðgerða o.fl.). — Þskj. 519, n. 689.

Frsm. heilbr.- og trn. (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Hér er um að ræða frv. til laga um breytingu á lögum nr. 76/1982, um lyfjadreifingu, með síðari breytingum.

Málið er komið frá Ed. þar sem lagt var til að það yrði samþykkt óbreytt. Hér er í raun og veru einungis verið að lögleiða það sem viðgengist hefur við sölu lyfja þannig að það var enginn ágreiningur um málið í

hv. heilbr.- og trn. Nd. Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt. Guðmundur G. Þórarinsson og Geir H. Haarde voru fjarveradi við afgreiðslu málsins.

Undir nál. á þskj. 689 skrifa Guðrún Helgadóttir, Jón Sæmundur Sigurjónsson, Ragnhildur Helgadóttir, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir og Jón Kristjánsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Háskóli Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 224. mál (dómnefndir og veiting embætta). — Þskj. 684.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er á dagskrá hefur þegar sætt meðferð í hv. Ed. Það fjallar um Háskóla Íslands og breytingar á 11. gr. laganna um Háskóla Íslands.

Meginbreytingarnar sem frv. gerir ráð fyrir eru:

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að lektorsstöður verði framvegis lagðar að jöfnu við prófessorsembætti og dósentsstöður um alla meðferð umsókna. Um það fjallar 2. mgr. 1. gr. að 11. gr. orðist svo. Í annan stað er gert ráð fyrir því nýmæli í frv. að auk dómnefnda skipi háskólaráð ritara sem verði dómnefnd til halds og trausts í störfum hennar. Það er ætlað að þetta geti orðið til flýtisauka og til öryggis fyrir dómnefnd að geta fengið allar upplýsingar innan nefndar um lagareglur, reglugerðarákvæði, starfsreglur, framkvæmdavenjur, fyrirmyndir og annað er snertir meðferð þessara mála. Er þessi tilhögun að mati háskólaráðs og ráðuneytisins til þess fallin að stuðla að samkvæmni og vandaðri meðferð við meðferð umsókna.

Þriðji breytingaþátturinn kemur fram í 4. mgr. 1. gr. frv., en þar er gert ráð fyrir nokkrum meginbreytingum, fyrst þeirri að álit hlutaðeigandi skorar verði kynnt á deildarfundi áður en viðkomandi háskóladeild fjallar um hæfa umsækjendur. Í öðru lagi er gert ráð fyrir því að háskóladeild verði falið að velja nýjan háskólakennara úr hópi hæfra umsækjenda. Við flesta háskóla eru nýir kennarar valdir af háskólunum sjálfum, t.d. af deildum, ráðninga- og valnefndum eða með öðrum hætti. Er talið tímabært af háskólaráði og ráðuneytinu að færa þessa ákvörðun til þeirrar háskóladeildar þar sem væntanlegur kennari mun starfa.

Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir því að takmarka mjög verulega veitingavald ráðherra frá því sem er í gildandi lögum. Er gert ráð fyrir því að ekki megi veita manni stöðu nema hann hafi hlotið meðmæli dómnefndar og háskóladeildar. Takmarkanir á stöðuvaldi ráðherra af þessu tagi tíðkast við fjölmarga háskóla erlendis og það þykir eðlileg afleiðing af kröfunni um sjálfstæði slíkra stofnana.

Við meðferð málsins í hv. efri deild var flutt brtt. við þetta ákvæði frv., þar sem segir: „Engum má veita prófessorsembætti, dósentsstarf eða lektorsstarf við Háskólann nema meiri hluti dómnefndar telji hann hæfan og meiri hluti viðstaddra á deildarfundi greiði honum atkvæði í embættið eða starfið. Ef fleiri umsækjendur en tveir eru í kjöri við atkvæðagreiðsluna á deildarfundi og enginn þeirra hlýtur meiri hluta við fyrstu atkvæðagreiðslu skal kosið á ný milli þeirra tveggja sem flest atkvæði hlutu. Nú fellst menntmrh. ekki á tillögu deildarfundar og skal þá auglýsa embættið eða starfið að nýju."

Þessi brtt. var samþykkt í hv. efri deild, en flm. hennar voru hv. þm. úr meiri hl. menntmn. þeirrar deildar, þau Eiður Guðnason, Jón Helgason, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Skúli Alexandersson, Valgerður Sverrisdóttir og Guðmundur Ágústsson.

Ég vænti þess, virðulegi forseti, að þetta mál fái skjóta meðferð og vandaða hér í þessari virðulegu deild og legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Herra forseti. Hér er á ferðinni frv. til laga um breytingu á lögum um Háskóla Íslands þar sem einkum er fjallað um breytingar á gildandi reglum um stöðuveitingar við Háskóla Íslands.

Ég verð að vísu að segja að mér finnst frv. dálítið fljótfærnislega undirbúið af hæstv. menntmrh. Það er aðeins ein grein, en engu að síður þurfti að flytja verulegar brtt. við það í efri deild og m.a. þurfti að taka af skarið um það, og var það gert fyrir frumkvæði hæstv. menntmrh., að taka fram með mjög skýrum hætti neitunarvald menntmrh. ef honum féllu ekki í geð þær tillögur sem Háskólinn gerði í sambandi við embættaveitingar.

Stöðuveitingar við Háskóla Íslands eru, eins og reyndar ávallt þegar um slík mál er að ræða, vandasamar og það þarf að vanda mjög til slíkra verka. Reglur um stöðuveitingar þurfa að vera skýrar. Það þarf að tryggja faglega umfjöllun um umsækjendur og verk þeirra og umsækjendur þurfa að geta treyst því að um umsóknir þeirra sé fjallað af fyllstu óhlutdrægni. Í tímans rás og á allra síðustu árum hafa verið gerðar ýmsar breytingar á reglum um stöðuveitingar við Háskólann sem hafa átt að miða að þessu, skýrari reglur um dómnefndir, m.a. um að menntmrn. skipi mann í dómnefndir og jafnframt hafa aðrar stöður en prófessorsembætti verið látnar falla undir þá málsmeðferð sem prófessorsembætti urðu ein áður að sæta, þ.e. dósentsstöður og nú lektorsstöður. Allt hefur þetta átt að miða að því að gera stöðuveitingar eða reglur um stöðuveitingar við Háskólann skýrari og að umsækjendur eigi að geta treyst því að um umsóknir þeirra sé fjallað af fyllstu óhlutdrægni.

Ég sit í menntmn. þessarar hv. deildar og hef því

aðstöðu til að fjalla nánar um málið þar. En ég vek þegar við þessa umræðu athygli á að minni hl. menntmn. Ed. flutti brtt. á þskj. 639 sem að mínu mati munu tryggja betur en þetta frv. þann megintilgang sem á að vera með slíkum reglum og ég hef lýst hér að framan.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að settar séu ákveðnar hæfniskröfur um dómnefndarmenn, þ.e. að þeir skuli, eftir því sem við á, uppfylla hin sérstöku dómaraskilyrði sem um er fjallað í 36. gr. laga nr. 85 1936. Þar er fjallað um hvenær dómari eigi að víkja úr dómarasæti og þá m.a. fjallað um sérstök tengsl við málsaðila, fyrri afskipti af máli, óvinättu við málsaðila og sérstaka hagsmuni. Það gefur auga leið að dómnefndarmenn, sem fá raunverulega jafnmikið vald og þetta lagafrv. gerir ráð fyrir og hafa reyndar haft samkvæmt núgildandi háskólalögum að því er snertir prófessorsembætti og dósentsstöður, þeir eru í dómarasæti og eiga að dæma um hæfni umsækjanda. Því er það auðvitað grundvallaratriði að umsækjendur geti treyst á óhlutdrægni þeirra. Til að tryggja hag umsækjenda að þessu leyti var þessi brtt. borin fram í Ed.

Síðari brtt. sem flutt var í Ed., og ég rek þessar tillögur vegna þess að ég mun óska eftir því að þær verði sérstaklega teknar til umræðu í menntmn. Nd., felur í sér að ráðherra sé skylt að fylgja tillögu Háskóla Íslands ef ⅔ viðstaddra á deildarfundi mæli með ákveðnum umsækjanda, enda hafi dómnefnd dæmt hann hæfan, þ.e. gert er ráð fyrir að það þurfi aukinn meiri hluta í viðkomandi deild. Á hinn bóginn er fellt niður það neitunarvald sem er nú með skýrum orðum tekið fram í þessu lagafrv., þ.e. að ráðherra hafi það vald ef honum falla ekki í geð tillögur háskóladeildar eða Háskóla Íslands.

Þann tíma sem ég sat t.d. í menntmrn. minnist ég tveggja tilvika þar sem aðeins eitt til tvö atkvæði skildu að umsækjendur í atkvæðagreiðslum á deildarfundum og við nánari skoðun virtist það oft vera nokkrum tilviljunum háð hvaða aðili yrði ofan á. Því finnst mér ófært að binda hendur ráðherra í slíkum tilvikum og eðlilegt að leggja matið í hans hendur þegar þannig stendur á. Þess vegna var þessi tillaga flutt í Ed. og eins og ég sagði mun ég óska eftir því að hún verði jafnframt tekin til umræðu í menntmn. Nd.

Ég sé að öðru leyti ekki ástæðu til þess að fjalla frekar um frv. á þessu stigi en áskil mér að sjálfsögðu rétt til þess við síðari umræðu í þessari hv. deild.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Samningsbundnir gerðardómar, 1. umr.

Stjfrv., 342. mál. — Þskj. 619.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um samningsbundna gerðardóma, en frv. er samið af þeim Stefáni Má Stefánssyni prófessor og Valtý Sigurðssyni borgarfógeta á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Við samningu frv. var haft náið samráð við réttarfarsnefnd sem starfar á vegum ráðuneytisins.

Með gerðarmeðferð er átt við að aðilar ákveði með samningi sín á milli að útkljá fyrir gerðardómi ákveðinn réttarágreining sem risið hefur í tilteknum lögskiptum þeirra eða kann að rísa síðar. Slíkur samningur leiðir þá til þess að aðilar undanþiggja sig um leið dómsvaldi lögskipaðra dómstóla ríkisins um viðkomandi sakarefni. Slík gerðarmeðferð hefur tíðkast lengi í einhverri mynd bæði hér á landi og erlendis, enda talin geta haft ýmsa kosti í mörgum tilvikum fram yfir hina lögskipuðu dómstólaleið. Kostir þess að leggja sakarefnið í gerð eru einkum þeir að um getur verið að ræða mun hraðari málsmeðferð, minni líkur á að deilur aðila komist í hámæli og aðilar geti að miklu leyti ráðið sjálfir hverjir séu gerðarmenn. Þá færist það í vöxt vegna alþjóðlegra viðskipta og fjölþjóðaverkefna að gerðarmeðferð sé viðhöfð um ágreiningsefni þar sem samningsaðilar í alþjóðlegum viðskiptum telja þá leið í mörgum tilvikum greiðfærari og álitlegri en að leita til dómstóla í viðkomandi ríki.

Hins vegar er það svo að gerðarmeðferð fylgja einnig ókostir eins og gengur og gerist. Þar má helst nefna að gerðarmeðferð er almennt ekki talin veita sömu réttarvernd og hin almenna dómstólaleið. Því er hugsanlegt að aðili kynni frekar að glata rétti sínum ef hann semur um slíka gerðarmeðferð en ef hann hefði látið reyna á mál sitt fyrir héfbundnum dómstólum. Til þess að draga úr slíkum neikvæðum áhrifum gerðarmeðferðar hefur samningsfrelsið um gerðardóma, m.a. um skipun gerðardóms og málsmeðferð, verið skert nokkuð, bæði til að gæta hagsmuna einstaklinga og hins opinbera. Þannig gætir réttarfarssjónarmiða í vaxandi mæli um meðferð gerðardóma bæði hérlendis og erlendis.

Nágrannaríki okkar hafa farið þá leið að setja lög um gerðardóma þar sem m.a. eru gerðar ákveðnar lágmarkskröfur um meðferð samningsbundinna gerðarmála og sönnun þess að aðilar hafi viljað afsala sér rétti til að bera mál sín undir dómstóla. Norðurlöndin, að Íslandi undanskildu, hafa þegar valið þessa leið. Hér á landi hefur gerðarmeðferð til lausnar deilumálum engu að síður verið beitt nokkuð. Það sem helst stendur gerðarmeðferð fyrir þrifum hér á landi er að sett lög skortir að mestu um gerðardóma. Því veldur að sjálfsögðu ýmiss konar óvissa um rekstur slíkra gerðarmála.

Með frv. er ætlað að bæta úr þeirri þörf sem hefur skapast vegna skorts á lögum um þetta efni. Ég tel að hér sé um þarft mál að ræða sem ætti að geta auðveldað meðferð ýmissa deilumála og létt á dómstólum í einstökum tilvikum. Vænti ég þess að um það geti ríkt góð samstaða.

Ég tel ekki ástæðu til að rekja mál þetta frekar og vísa til ítarlegrar greinargerðar um málið með frv. en vil að lokum leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn. að lokinni þessari umræðu.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Hæstv. dómsmrh. hefur fylgt úr hlaði frv. til laga um samningsbundna gerðardóma. Ég hygg að hér sé þarft mál á ferðinni. Við samningu frv. hefur verið haft samráð við réttarfarsnefnd sem starfar á vegum ráðuneytisins.

Slík gerðarmeðferð sem hér um ræðir hefur tíðkast alllengi í einhverri mynd bæði hér á landi og erlendis og er talin hafa ýmsa kosti fram yfir hina lögskipuðu dómstólaleið. Það ber fyrst að nefna, svo að ég fari um það örfáum orðum, að kostirnir við að leggja sakarefni í gerð hafa m.a. verið taldir hraðari málsmeðferð. Hæfilega hröð málsmeðferð er eilífðarvandamál að ég hygg í öllum réttarríkjum og á að sjálfsögðu við um mál af öllu tagi, bæði einkamál og opinber mál, og má auðvitað nefna ýmis dæmi um langdregna málsmeðferð frá fyrri öldum. Mér kemur í hug þegar dómur Hæstaréttar Danmerkur féll í máli Jóns Hreggviðssonar á Rein. Hann var kveðinn upp miðsumars árið 1715 og Jón sýknaður 31 ári eftir að hann hafði upphaflega verið dæmdur til dauða. Sumarið 1716 kom Jón heim á Akranes sýkn saka og þá var það vinur hans, Árni Magnússon prófessor, sem kvað þessa stöku:

Líta munu upp í ár
Íslands búar kærir
er Hreggviðs niður hærugrár
höfuð til landsins færir.

En þetta er önnur saga.

Það er þó talið að eitt og annað mæli á móti gerðarmeðferð eins og gerist og gengur, það sé um nokkra ókosti að ræða. Meðal þess ber helst að nefna að gerðarmeðferð er ekki almennt talin veita mönnum sömu réttarvernd og hin almenna dómstólaleið. En ég hygg að það sé gott að fá rammalöggjöf um þetta efni þar sem gerðar eru ákveðnar lágmarkskröfur um meðferð samningsbundinna gerðarmála og sönnun þess að aðilar hafi viljað afsala sér rétti til að bera mál sín undir dómstóla.

Máli þessu verður væntanlega vísað til allshn. og gefst þá frekari kostur á að fjalla um efni málsins og einstakar greinar frv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, 1. umr.

Stjfrv., 356. mál. — Þskj. 657.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Tilgangur frv. er að veita Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins heimild til að eiga aðild að rannsókna- og þróunarfyrirtækjum sem stofnuð eru til að hagnýta niðurstöður rannsókna stofnunarinnar í þágu atvinnuveganna. Með því þykir tryggara að bæta tengsl stofnunarinnar við atvinnulífið og fyrirtæki í sjávarútvegi. Heimild sem þessi er því líkleg til þess að verða bæði atvinnulífinu og stofnuninni til hagsbóta og stuðla að því að rannsóknir nýtist betur.

Í frv. eru sett þau skilyrði fyrir þátttöku stofnunarinnar í rannsókna- og þróunarfyrirtækjum að þar sé um að ræða hlutafélög eða önnur félög með takmarkaðri ábyrgð þannig að áhætta stofnunarinnar verði ávallt takmörkuð við hlutafjárframlög. Einnig er gert ráð fyrir að aðild hennar verði hverju sinni háð samþykki stjórnar Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og sjútvrh.

Á undanförnum árum hafa rannsóknastofnanir sem vinna að verkefnum í þágu atvinnuveganna lagt æ meiri áherslu á að starfa með fyrirtækjum við úrlausn tiltekinna vandamála til þróunar á afurðum. Lögð hefur verið á það áhersla að fyrirtækin taki í auknum mæli þátt í fjármögnun þessara rannsókna, enda er það talin viss trygging fyrir því að verkefnanna sé þörf og að niðurstöður þeirra séu nýttar af atvinnugreinunum. Þannig hefur Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins á undanförnum árum aukið sértekjur allnokkuð og voru þær t.d. á síðasta ári um 40% af heildartekjum. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hefur því breyst með svipuðum hætti og gerst hefur meðal sambærilegra stofnana í nágrannalöndunum.

Verði frv. þetta að lögum er talið að Rannsóknastofnunin geti náð enn betri árangri en áður við að koma nýjum hugmyndum á framfæri í atvinnugreininni og fylgja þeim betur eftir allt þar til þær eru farnar að skila beinum fjárhagslegum ávinningi eða a.m.k. þangað til unnt verður að meta viðskiptahæfni hugmyndarinnar. Í mörgum tilfellum er um að ræða þróun á nýstárlegum afurðum eða tækjum er hefðbundin atvinnufyrirtæki telja of mikla áhættu fólgna í að fara beint út í framleiðslu á. Það hefur færst í vöxt í iðnríkjum Vesturlanda á undanförnum árum að rannsóknastofnanir standi að stofnun slíkra rannsókna- og þróunarfyrirtækja sem hafa það að markmiði að taka hugmyndir sem fæðst hafa á rannsóknastofnuninni og prófa hve vel þær standast úti í atvinnulífinu. Þegar þróa á nýjar hugmyndir með þessum hætti er yfirleitt um nokkurn fórnarkostnað að ræða, jafnvel í nokkur ár, þar til ætla má að hagnaður fari að sjást.

Eins og fram kemur í greinargerð með frv. hefur Háskóli Íslands og Iðntæknistofnun Íslands þegar fengið lagaheimild sem þessa og eiga nú hlut í fyrirtækjum sem vinna að því að koma nýjum vörum í framleiðsluna. Niðurstöður nokkurra rannsóknaverkefna Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins eru nú komnar á það stig að ráðlegt þykir að stofna þróunar-

fyrirtæki um þær til að láta reyna á gildi hugmyndanna á markaðnum. Sem dæmi má nefna að verði frv. þetta að lögum gefst Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins möguleiki til að verða hluthafi í fyrirtæki er vinnur að framleiðslu ensíms úr fiskslógi í samvinnu við Háskóla Íslands og aðila úr atvinnulífinu.

Herra forseti. Ég vildi að lokinni þessari umræðu leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til sjútvn. með 23 shlj. atkv.

Vöruhappdrætti Sambands íslenskra berklasjúklinga, 1. umr.

Stjfrv., 369. mál (gildistími rekstrarheimildar). — Þskj. 692.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um vöruhappdrætti fyrir Samband ísl. berklasjúklinga, nr. 18 22. apríl 1959. Með lögum nr. 13 16. mars 1949 var Sambandi ísl. berklasjúklinga heimilað að stofnsetja og reka vöruhappdrætti og gilti heimildin í 10 ár. Síðan hefur þessi heimild verið framlengd í 10 ár í senn, síðast með lögum 10. maí 1978 til ársloka 1989. Með frv. er einfaldlega lagt til að þessi heimild verði framlengd um 10 ár, þ.e. til ársloka 1999.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þá starfsemi sem byggir á happdrætti þessu. Það er öllum deildarmönnum svo vel kunnugt að óþarfi er að rekja, en samkvæmt lögunum er tekjunum varið til að greiða stofnkostnað við byggingarframkvæmdir vinnuheimilisins að Reykjalundi, til byggingar og rekstrar vinnustofu fyrir öryrkja og annarrar félagsmálastarfsemi Sambands ísl. berklasjúklinga sem viðurkennd er af ríkisstjórninni. Þetta starf hefur fyrir löngu sannað gildi sitt fyrir þjóðfélagið og um það hefur ávallt ríkt full samstaða hér á Alþingi og ég vænti þess og veit að svo er enn. Ég vil að lokinni þessari umræðu leggja til að frv. verði vísað til hv. allshn. og 2. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Umboðsmaður Alþingis, 1. umr.

Frv. AuE, 360. mál (framkvæmd dómsmála). — Þskj. 667.

Flm. (Auður Eiríksdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á l. um umboðsmann Alþingis, á þskj. 667. Með lögum um umboðsmann Alþingis, nr. 13/1987, er kveðið svo á að umboðsmaðurinn skuli hafa eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga og leitast við að tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins.

Sú brtt. sem hér um ræðir gengur lengra í þá átt að títtnefndum umboðsmanni ber einnig að fylgjast með framkvæmd dómstóla á lögum og rétti í landinu, þ.e. að hann skal veita viðtöku kvörtunum um meinta galla á rekstri og framkvæmd dómsmála, afla endurrita af þegar gerðum skjölum þar um, athuga þau og semja um þau greinargerðir að því leyti sem hann telur ástæðu til.

Þó að reynsla af störfum umboðsmanns Alþingis sé ekki löng hefur það þó sýnt sig að hér er um þarfa stofnun að ræða og er ástæða til að vænta mikils af störfum hennar á þessum vettvangi. Löggjafarstarfið sjálft, svo margþætt og umfangsmikið sem það er, er einn veigamesti þáttur í störfum Alþingis og einn af veigamestu þáttum í störfum þjóðlífsins. Því er það mjög nauðsynlegt að fylgjast vel með framkvæmd laga og réttar í landinu og tryggja Alþingi greiðan aðgang að áreiðanlegum og vel unnum gögnum þar um.

Þótt frv. miðist við að umboðsmaður Alþingis fylgist með almennri framkvæmd laga og réttar í landinu, svo sem áður er að vikið, skal lögð áhersla á sjálfstæði dómstólanna við afgreiðslu mála og að starfsmenn þeirra sæti ekki neinum afskiptum eða athugasemdum umboðsmanns utan þess sem fylgir því að fá afhent endurrit skjala og greinargerða um mál sem beint er til Alþingis sjálfs. Ljóst er að Alþingi ber að setja lög um störf dómstóla í landinu og fylgjast með framkvæmd þeirra, hvernig til tekst og breyta þeim ef þurfa þykir. Eins og áður segir miðar frv. að því að Alþingi afli traustra og vandaðra gagna þar um með lágmarkstilkostnaði.

Að lokum vil ég mælast til þess að frv. verði vísað til allshn. og 2. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Stjórnarskipunarlög, 1. umr.

Frv. AuE, 361. mál (breytingar á stjórnarskrá). — Þskj. 668.

Flm. (Auður Eiríksdóttir):

Virðulegi forseti. Á þskj. 668 flyt ég frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

1. gr. frv. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„79. gr. stjórnarskrárinnar orðast þannig:

Tillögur, hvort sem eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskránni, má bera upp á Alþingi. Nái tillagan samþykki beggja deilda með sama hætti og almenn lög skal leggja hana undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg. Hún skal fara fram eigi síðar en samhliða næstu alþingiskosningum eftir samþykkt hennar á Alþingi. Verði tillagan samþykkt af meiri hluta í þjóðaratkvæðagreiðslunni skal hún lögð fyrir forseta lýðveldisins til staðfestingar skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar."

2. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta: „Stjórnarskrárákvæði þetta tekur þegar gildi."

Allt frá stofnun lýðveldisins 1944 hefur það verið verkefni Alþingis að láta vinna að endurskoðun eða endurgerð stjórnarskrárinnar. Skoðanir manna á nauðsyn þessarar endurskoðunar hafa verið nokkuð samstiga en lítið hefur um þokast ef undanskilin eru ákvæði um kosningar til Alþingis, en þeim hefur verið breytt. Engum dylst nauðsyn breytinga á stjórnarskránni og má vísa til fyrri tillagna þar um og einnig til bréfs umboðsmanns Alþingis til forseta Alþingis frá 29. des. sl., en þar er bent á fjölmörg atriði sem nauðsynlegt er að kveða betur á um en nú er gert í stjórnarskránni.

Það eru erfiðleikar í mörgum þáttum þjóðlífsins og því ástæða til að huga að framkvæmd laga og réttar í landinu. Löggjöf um dómstóla og aðrar þær stofnanir, sem móta framkvæmd laga og réttar og hafa síðustu orðin þar um, þarf að vera góð. Einkum á þetta við um lagaákvæði um Hæstarétt Íslands, en til hans má jafnan skjóta úrlausnum annarra dómstóla. Það er nauðsynlegt að öll ákvæði um skipan og starfshætti Hæstaréttar séu ítarleg og skýr og tryggi öllum íbúum landsins aðgang að dómstólnum, óski þeir þess, og vandaða málsmeðferð. Ákvæði um þetta þurfa að vera í stjórnarskrá því um er að ræða kjarnaatriði í löggjöf réttarríkis.

Þessir mikilsverðu kostir fylgja því að breyta ákvæðum 79. gr. stjórnarskrárinnar eins og hér er lagt til:

1. Samkvæmt núgildandi ákvæðum 79. gr. þarf samþykki tveggja þinga með kosningum á milli til að ná fram breytingum á stjórnarskránni. Það hefur þann kost í för með sér að þingmenn Alþingis sem leggja fram stjórnarskrárbreytingar verða að eiga það undir öðru Alþingi, e.t.v. með öðrum þingmönnum, að ljúka því verki.

2. Það verður ekki skylt að rjúfa Alþingi strax að lokinni fyrri samþykkt þingsins á stjórnarskrárbreytingu. Þetta atriði er mjög veigamikið þegar fram undan er endurgerð flestra þátta stjórnarskrárinnar. Miklu auðveldara verður að ná fram breytingum á stjórnarskránni í áföngum samkvæmt þessu frv. en samkvæmt gildandi stjórnarskrá.

3. Verði frv. þetta, sem er á þskj. 668, staðfest sem stjórnskipunarlagaákvæði gerir það ráð fyrir að ný stjórnarskrárákvæði hljóti samþykki meiri hluta kosningarbærra manna í landinu með sama hætti og nú er kveðið á um breytingar á kirkjuskipaninni í landinu. Verði frv. samþykkt verða ný stjórnarskrárákvæði „þjóðarlög" á þann veg að þjóðin eða meiri hluti hennar hefur staðfest þau. Það er mikilsvert til að auka gildi stjórnarskrárákvæða gagnvart öðrum reglum og tengir jafnframt þjóðina sjálfa við mikilvægustu samfélagslegu gildin og mikilvægustu lögin.

Með þessu frv. er bréf frá Gauki Jörundssyni til forseta Alþingis birt sem fylgiskjal en ég mun ekki lesa það hér.

Virðulegi forseti, ég óska þess svo að frv. þessu verði vísað til allshn. og 2. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Búfjárræktarlög, 1. umr.

Stjfrv., 373. mál (lausaganga búfjár). — Þskj. 703.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á búfjárræktarlögum, nr. 31 frá 24. apríl 1973, með síðari breytingum. Þetta frv. er stutt og fjallar um það að við lögin bætist ein grein, er verði 64. gr., svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Sveitarstjórnum er heimilt, til að auka öryggi umferðar á þjóðvegum og að forða ágangi búfjár, að ákveða að eigendum búfjár, þ.e. sauðfjár, geita, nautgripa og hrossa, sé skylt að hafa það í vörslu allt árið eða tiltekinn hluta þess.

Heimild þessi getur jafnt tekið til alls lögsagnarumdæmis viðkomandi sveitarstjórnar eða afmarkaðs hluta þess, svo sem umhverfis þéttbýli eða fjölfarna vegi."

2. gr. frv. hljóðar svo: „Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld 35. gr. laga nr. 108 29. des. 1988."

Eins og heyra má er þetta lagaákvæði flutt til þess að gefa sveitarstjórnum í landinu ótvíræða lagaheimild til þess að takmarka lausagöngu í ákveðnum tilvikum og í sérstökum tilgangi, eins og getið er í lagagreininni og nánar er vikið að bæði í greinargerð og athugasemdum við einstakar greinar frv.

Í gildandi lögum er ekki að finna almenna heimild til handa sveitarstjórnum til að banna lausagöngu búfjár. Samkvæmt lögunum frá 1973, eins og þeim var breytt með lögum nr. 108/1988, er eingöngu heimild fyrir sveitarstjórnir til að takmarka lausagöngu hrossa, sbr. 38. gr. laganna. Því þykir nú nauðsynlegt að auka við þessar heimildir eins og hér er lagt til. Að vísu er það svo að samkvæmt lögum um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum hafa sveitarfélög sem þar eiga í hlut heimildir til að banna með reglugerð tiltekið búfjárhald eða takmarka það eftir atvikum. Þetta hafa margar sveitarstjórnir í þéttbýli, kaupstöðum eða kauptúnum notfært sér án þess þó

að framkvæmd þeirra hluta sé alls staðar sem skyldi og vantar þar víða nokkuð upp á að mínu mati. Ég held að það sé orðið ljóst að mikil þörf sé á því að unnt sé að takmarka lausagöngu. Breyttar aðstæður krefjast þess að unnt sé að grípa til aðgerða svo sem út frá stærstu þéttbýlissvæðum landsins og meðfram fjölförnum vegum og það er m.a. tilgangurinn með þessu lagafrumvarpi.

Rétt er að taka fram að breyting þessi, sem reyndar hafði verið undirbúin og samþykkt af þingflokkum stjórnarliðsins þegar fyrir áramót, er í raun alveg í sömu átt og samhljóða ályktun sem nýafstaðið búnaðarþing samþykkti um rýmri heimildir fyrir sveitarstjórnir til að takmarka lausagöngu búfjár.

Ég þarf ekki, herra forseti, að fara um þetta öllu fleiri orðum. Ég held að þessi breyting sé nauðsynleg, tímabær og einnig í samræmi við þá vinnu sem í gangi er, m.a. á vegum landbrn., við að skilgreina betur ýmislegt sem lýtur að vörsluskyldu búfjár í landinu. Ég vil nefna það að starfandi er starfshópur, sem settur var á fót á sl. hausti fyrir tilstuðlan landbrn., sem hefur það verk að huga að lausagöngu búfjár og umferðaröryggi. Ástæða þess að þetta starf var sett af stað eru tíð og allt of tíð slys á vegum landsins, einkum og sér í lagi vegna lausagöngu stórgripa. Þeim slysum hefur því miður farið ört fjölgandi á ákveðnum svæðum og er svo komið að samdóma álit löggæslumanna og sýslumanna er að óhjákvæmilegt sé að endurskoða ýmislegt í þeim efnum og grípa til aðgerða.

Þá vil ég og nefna að það stendur yfir heildarendurskoðun allra búfjárræktarlaganna. Hér er eingöngu lagt til að bætt sé við einni grein í þann mikla lagabálk, en vonandi tekst að leggja fyrir Alþingi nú á þessu vori endurskoðun á þeim hluta búfjárræktarlaganna sem snýr að ræktunarstarfinu sjálfu, þ.e. sjálfri búfjárræktinni. Ætlunin er að skipta búfjárræktarlögunum í tvennt, í tvo lagabálka þar sem annars vegar verður eingöngu fjallað um sjálft ræktunarstarfið og búfjárræktina í landinu. Hins vegar um búfjárhaldið, vörsluskyldu búfjár, ásetning og önnur slík málefni sem betur eiga heima í almennum lögum um búfjárhald. Þetta er niðurstaða starfsnefnda sem starfað hafa, bæði á vegum Búnaðarfélagsins og reyndar víðar, og endurskoðun laganna á þessum grundvelli hefur staðið yfir og stendur enn yfir. Þegar er lokið endurskoðun á kaflanum um búfjárræktina og það er von mín að sá hluti laganna geti komið fyrir þingið í frumvarpsformi innan tíðar. Þá stendur eftir sá hluti laganna sem þetta frv. í raun tilheyrir, þ.e. almennu ákvæðin um búfjárhaldið, og mundi frv. halda gildi sínu sem hluti af þeim hluta laganna.

Ég þarf ekki að fara um þetta fleiri orðum, herra forseti, en legg að sjálfsögðu til að frv. fari að lokinni þessari umræðu til umfjöllunar í hv. landbn. deildarinnar.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Mér er ljóst að nýir tímar kalla á nýja lagasmíð um marga hluti. Varðandi það mál sem hér er á dagskrá ber að hafa í huga að það eru lög í þessu landi sem veita landeigendum rétt til að krefjast girðinga á landamerkjum jarða sinna. Til þess að það sé gert þarf að gefa þeim sem í kring eru vissan umþóttunartíma, ég man ekki hvort það er eitt ár, þ.e. fyrirvara um að þess sé krafist að girt sé á landamerkjum.

Nú á ríkið sjálft margar jarðir í þessu landi og sumar þeirra eru í eyði en það fer ekki milli mála að hægt er að krefjast þess samkvæmt þessum lögum að girt sé á landamerkjum. Að mínu viti þarf að skoða það mjög hvor kosturinn er skynsamlegri á ýmsum svæðum að taka ákvörðun um að girða meðfram vegum eða að taka ákvörðun um það að hver bóndi gæti síns búfjár, sem er þá jafnframt ákvörðun um að neyða hann til þess að krefjast þess að girt verði á landamerkjum því að auðvitað getur hann ekki nýtt sitt land nema hann girði þá hringinn í kringum það. Mér er ljóst að sá kostur kallar á miklu fleiri girðingar og miklu lengri. Það fer ekkert á milli mála. Frekar hefði ég talið að leita bæri niðurstöðu um það hvernig hægt væri að standa að girðingum meðfram vegunum, hvort sem kostnaði yrði skipt í því sambandi, frekar en að kalla hitt gaddavírsflóðið yfir sig. Með þessu móti er ég ekki að gagnrýna það að landbrh. leggi fram þetta frv. því að það er rétt, sem fram kom í hans ræðu, að ástand í umferðarmálum er á þann veg að ekki verður við unað. Ég hefði engu að síður talið að fróðlegt væri að setjast niður og skoða þetta mál í víðara samhengi. Í sumum tilfellum gæti það staðið þannig af sér að það væri kannski eyðijörð sem ætti örlítið land að vegi sem stoppaði það að girt væri meðfram veginum alla leiðina en menn sætu uppi með það að verða að girða á merkjum hringinn í kringum sitt land. Og auðvitað væri það röng niðurstaða að heimila þá ekki frekar girðingu meðfram veginum. Ég tel að þegar vegir voru lagðir í upphafi hafi mátt líta svo á að allar jarðir á Íslandi hækkuðu í verði sem urðu þess aðnjótandi að bílaumferð náði til þeirra. Sumar jarðir búa aftur á móti við það í dag að vegurinn liggur um endilangt þeirra land og hefur það óneitanlega orðið til þess að gera þær miklu verðminni og í sumum tilfellum óhæfar til búskapar. Í þessu sambandi verður mér hugsað til Vestfjarða þar sem snjóalög og fleira koma hreinlega í veg fyrir það að girðingar standi jafn vel og á þeim stöðum landsins sem hér er verið að ræða um.

Þegar ég varpa þessu hér inn í umræðuna geri ég það í von um að á það verði horft með jákvæðu hugarfari hvernig Íslendingar sem þjóð geta skynsamlegast staðið að sínum girðingamálum og að við köllum ekki yfir okkur meiri gaddavír en nauðsynlegt er.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég held að það sé líkt á komið með okkur, mér og síðasta ræðumanni, að okkur leiðist báðum gaddavír og höfun engan áhuga á því að hafa hann víðar og meira en nokkur þörf er á. Þess vegna er ég jafnáhugasamur um það og hv. þm. að reynt

verði að standa þannig að þessum málum að ekki þurfi nú að girða meira þvers og kruss um landið en óhjákvæmilegt er af þessum sökum. Og ég er alveg sammála því að það þarf að taka ýmis skipulagsmál sem tengjast þessu viðfangsefni sem hér er flutt frv. um til skoðunar. Það er nú reyndar þegar hafin skoðun á þeim hlutum, m.a. með þeim starfshópi sem ég minntist á í framsöguræðu minni og er skipaður fulltrúum frá landbrn., Umferðarráði, dómsmrn. og fleiri aðilum sem tengjast annars vegar landbúnaði og landnýtingarmálefnum og hins vegar umferð og umferðaröryggi. Sömuleiðis er talsvert unnið í þessum efnum með fulltrúum frá Landgræðslu og Skógrækt og það tengist auðvitað starfi að landnýtingarmálum, landgræðslumálum og fleiru í víðara samhengi. Ég er enn fremur þeirrar skoðunar að það sé nauðsynlegt að taka tillit til mjög mismunandi aðstæðna í landinu og mismunandi þarfa. Ég hef víst sagt það áður að jafnnauðsynlegt og er að grípa á til að mynda þeim miklu slysum sem orðið hafa hér vegna m.a. umferðar stórgripa á umferðarþungum vegum í nágrenni þéttbýlissvæðanna hér suðvestanlands og jafnvel líka á ákveðnum svæðum norðan lands er jafnfáránlegt að hugsa sér að fara að girða af alla vegi á Vestfjörðum eða Norðausturlandi og jafnónauðsynlegt því að auðvitað hlýtur að þurfa að haga þessu eftir aðstæðum. Og ég hygg að stefnan verði sú að takmarka eða afnema lausagöngu búfjár á og í kringum vegi hér út frá stærstu þéttbýlissvæðunum og þar sem umferð er mest, enda sýnir slysatíðnin það að þess er þörf og síðan verði þau svæði sérstaklega auðkennd með einhverjum hætti þegar komið er út fyrir slík svæði þar sem lausagöngu búfjár er ekki að vænta og þá snúist það við og menn þurfi sem sagt að vera við því búnir að mæta einhverjum ferfættum kvikindum, þess vegna, uppi á vegunum. Það má nefna í þessu sambandi að áform eru uppi um það að afnema á næstu árum með öllu lausagöngu búfjár á Reykjanesskaga og tengja það svæði ofanbyggðagirðingunni svonefndu sem mundi þýða að öll lausaganga búfjár á svæðinu frá Reykjanesi og um höfuðborgarsvæðið og upp í Mosfellssveit og upp á Kjalarnes yrði óheimil og vegirnir og umferðaræðar á öllu þessu svæði þá lausar við slíkt. Það er ábyggilega mikilvægur áfangi og góð byrjun í þessum efnum þó að ljóst sé að víðar þurfi auðvitað að huga að þessum málum.

Ég tek svo fram að með þessu frv. er ekki á neinn hátt breytt ákvæðum girðingarlaga eða ákvæðum í vegalögum eða skógræktarlögum eða annars staðar þar sem um girðingar og girðingarskyldur er fjallað. Hér er eingöngu verið að afla þessarar lagaheimildar til handa sveitarstjórnunum þannig að unnt sé þar sem aðstæður krefjast þess að fara að taka á þessum málum. Það hvernig með þær lagaheimildir verður svo farið verður að skoðast betur í framhaldinu. En forsenda þess í raun að unnt sé að fara að taka á þessum málum á ýmsum svæðum er að þau sveitarfélög sem ekki teljast til kauptúna eða kaupstaða fái slíkar lagaheimildir í hendur.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Réttur til fiskveiða í landhelgi Íslands, 1. umr.

Frv. ÓÞÞ og KJóh, 284. mál (færeysk og grænlensk fiskiskip). — Þskj. 511.

Flm. (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja að áður en Danir komu á heimastjórn á Íslandi gengu þeir frá samningum um að afhenda íslensk fiskimið til útlendinga að verulegu leyti. Það var gengið frá því að hér skyldi aðeins vera þriggja sjómílna landhelgi. Þetta kallaði á það að samkeppni milli Íslendinga og útlendinga um veiðar við strendur landsins varð gífurlega hörð.

Árið 1922 setja Íslendingar sér lög um rétt til fiskveiða í landhelgi. Og inn í þau lög setja þeir ýmis ákvæði sem beinlínis voru hugsuð til þess að gera útlendingum erfitt fyrir að stunda veiðar fyrir utan þessa þriggja mílna landhelgi.

Þessi lög eru að verulegu leyti orðin úrelt eftir að Íslendingar eiga nú 200 mílna landhelgi og samkeppni um veiðar fyrir utan íslensku landhelgina er því sáralítil af hendi Íslendinga við aðrar þjóðir eða þá engin. Með því aftur á móti að reyna að koma í veg fyrir það að skip, t.d. frá Grænlandi eða Færeyjum, leiti hér hafnar eða selji hér fisk erum við fyrst og fremst að skaða eigin hagsmuni. Við erum að koma í veg fyrir að þeir sem gjarnan vildu eiga við okkur viðskipti eða kaupa af okkur þjónustu eigi kost á því nema með sérstöku leyfi frá ráðherra í hvert skipti. Ég tel að Íslendingar eigi að leggja kapp á það að eiga góð samskipti við allar þjóðir en þó fyrst og fremst við granna sína vegna þess að það lítur dálítið illa út að mínu viti ef við boðum það í orði að við viljum vera friðflytjendur og við viljum samstarf við útlendinga en höldum því svo fram að erlendir fiskimenn megi aðeins leita skjóls við strendur til þess að bjarga sér undan stormi og óveðri, annars er útlendingum bannað að hafast við við land eða í höfn til þess að reka þaðan fiskveiðar utan landhelgi. Hvað er á móti því að Grænlendingar fái að reka fiskveiðar frá Norðurlandi og Vestfjörðum, á því hafsvæði sem þeir geta ekki með nokkru móti rekið fiskveiðar á frá sínum höfnum, þ.e. fyrir austan Grænland? Það er ekkert sem mælir með því að þeim sé bannað að stunda veiðar hér í þeirra eigin landhelgi.

Ég sá það í Dagblaðinu í dag að Íslendingar hafa leitað eftir því að mega kaupa loðnu af Grænlendingum og þeir ætla sér að leita eftir því. Og þeir vilja kaupa kvótann eins og hann kemur fyrir. Ég teldi það mjög æskilegt í framtíðinni ef grænlensk fiskiskip ættu kost á því að leita hér hafna, selja hér fisk, í fullu frelsi. Og sama segi ég um vini okkar Færeyinga, en

trúlega hefur engin þjóð reynst okkur betur og má þar minnast þorskastríðsins.

Mér finnst satt best að segja að þetta mál sé svo einfalt og svo lítið að það þurfi ekki að hafa langar tölur til að kynna það. Það ágreiningsmál sem við áttum við Færeyinga í fyrra þegar þetta var flutt er nú úr sögunni. Við erum búnir að semja um skipti á loðnukvóta milli nágrannaþjóða okkar og ég held að það hljóti að líta dálítið hlálega út ef menn kvarta hér undan verkefnaleysi, t.d. fyrir skipasmíðastöðvar og íslenska iðnaðarmenn, en vilja jafnframt viðhalda yfir 60 ára gömlum lögum sem voru sett við allt aðrar aðstæður og til að ná allt öðrum markmiðum.

Ég hika aftur á móti við að leggja hér fram ákvæði um það að allar þjóðir skuli hafa þennan sama rétt. Ég viðurkenni það að mér finnst að þetta eigi að vera fyrsta skrefið, en ég get vel hugsað mér að útvíkka þá breytingu sem hér er lögð til þannig að við leyfum enn þá meira frelsi.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Það frv. til laga sem hér liggur frammi um breytingu á lögum nr. 33/1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi Íslands, hefur áður komið fram og verið flutt af sömu aðilum og hér flytja það, hv. 2. þm. Vestf. og hv. 4. þm. Reykn.

Það má öllum vera ljóst að þegar þessi lög sem hér um ræðir voru sett 1922 voru allt aðrar aðstæður hér en nú eru. Og ég vil taka undir með flutningsmönnum um það að það er nauðsyn á að breyta þessum lögum í þá veru sem hér er að fiskiskip frá Færeyjum og Grænlandi séu undanþegin þeim ákvæðum sem þar eru.

En ég hefði viljað ganga lengra því að ég tel að þetta sé mikið hagsmunamál fyrir Íslendinga. Það eru ekki aðeins þessar þjóðir sem stunda hér fiskveiðar í kringum landið, það eru fleiri þjóðir, t.d. eins og Japanar sem hafa stundum verið við fiskveiðar ekki allfjarri og Rússar, og þessar þjóðir hafa orðið að leita annað eftir þjónustu. Þarna eru meiri hagsmunir á ferðinni en menn í fljótu bragði virðast gera sér grein fyrir.

Það er í fyrsta lagi það að hér er um veruleg olíukaup að ræða, í öðru lagi er um verulega viðgerðarþjónustu að ræða. Mér hafa sagt það aðilar sem eru hér umboðsmenn á fiskveiðitækjum að þessi skip hafi oft og tíðum óskað eftir að hér væru sett niður dýr og vönduð fiskveiðitæki og siglingartæki þannig að hér eru í húfi verulegar upphæðir. Og þá eru ýmiss konar önnur tæki sem þessi skip hafa stundum leitað eftir að fá hér en geta ekki fengið þau með þeim hætti sem nú er.

Þá er að geta þess að eftir að við setjum hér á laggirnar fiskveiðimarkaði hefur komið upp sú staða að það væri mjög jákvætt að fá fisk frá þessum aðilum til að selja hér, jafnvel líklegt og það er að við skulum sigla á Bretland og Þýskaland og önnur lönd til að selja okkar fisk á fiskmörkuðum þar. Ég tel að það væri mjög jákvætt fyrir okkar efnahagslíf að við leyfðum þetta. Þær breyttu aðstæður sem nú eru, 200 mílna lögsaga, eru allt aðrar en þegar þessi lög voru sett. En þriggja mílna landhelgin var í gildi á þeirri tíð.

Ég held að það væri því til bóta að frv. væri samþykkt þó að það væri aðeins samþykkt að Færeyjar og Grænland væru undanþegin þessu. Ég teldi hins vegar æskilegra að öll lönd væru væru undanþegin þessu, þannig að við værum þess albúnir að taka þátt í alþjóðlegri verslun á þessu sviði eins og önnur lönd gera hér í kringum okkur.

Ég vil svo að lokum þakka flm. fyrir að flytja þetta frv. sem er mjög tímabært að samþykkja hér.

Flm. (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. 11. þm. Reykn. fyrir það viðsýni sem kom fram í hans ræðu og ég get tekið undir það að persónulega er ég þeirrar skoðunar að það væri jákvætt að rýmka þetta mun meira. Hins vegar tókst mér ekki að koma þessu í gegnum þingið í fyrra miðað við þá smárýmkun sem hér er verið að leggja til, en ég vil varla trúa því að það gerist í annað sinn að menn vilji setjast á svo sjálfsagt mál.

Ég vil óska eftir því að þessu máli verði vísað til hv. sjútvn. að lokinni 1. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

EFRI DEILD

75. fundur, miðvikudaginn 5. apríl, kl. 2.30 miðdegis.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. SalÞ, 363. mál (húsnæðisbætur). — Þskj. 672.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Aðskilnaður dómsvalds og umboðsvalds í héraði, 3. umr.

Stjfrv., 182. mál. — Þskj. 731 (sbr. 204).

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Þinglýsingalög, 3. umr.

Stjfrv., 200. mál (þinglýsingarstjórar). — Þskj. 732 (sbr. 275).

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Hreppstjórar, 3. umr.

Stjfrv., 199. mál (skipun, aðsetur sýslumanns o.fl.). — Þskj. 733.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Um þingsköp.

Fjarvera stjórnarþingmanna.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Mér finnst full ástæða til að vekja athygli á því einu sinni enn, þetta gerist hér fund eftir fund, að stjórnarliðar mega bara ekkert vera að því að mæta á þingdeildarfundum. Hér eru fjórir stjórnarþingmenn. (Gripið fram í.) Nei, fjórir munu þeir nú vera. Fjórir stjórnarliðar eru mættir í þessari hv. þingdeild þegar verið er að greiða atkvæði um stjfrv. Mér finnst full ástæða til að það sé vakin athygli á þessu.

Forseti (Jón Helgason):

Ég tek undir með hv. 6. þm. Reykn. að það er ákaflega óþægilegt ef þingmenn ekki mæta til fundar. Hins vegar vil ég geta þess að hér er um að ræða frumvörp sem voru samhljóða afgreidd af hv. allshn.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Ég vil taka undir það sem hv. 6. þm. Reykn. sagði um vondar mætingar, ekki kannski eingöngu stjórnarliða heldur er það líka stjórnarandstaðan sem mætir ekki sem skyldi. Ég held að núna sé kannski frekar ástæða til þess að þessir hlutir séu á þann veg sem er með stjórnarliða vegna þess að a.m.k. einn stjórnarflokkurinn er hægt að segja að hafi verið við skyldustörf fyrir skömmu og sé enn þá, Framsfl. Ég held að það sé rétt að taka það fram við þessar sérstöku aðstæður. En ég ætla að minna á hitt, þó að það sé búið, hið formlega, að iðulega á síðasta þingi kom það fyrir þegar hin öfluga stjórnarfylking var, Sjálfstfl., Framsfl., Alþfl., að það þurfti stjórnarandstöðuliðið til að koma í gegn stjfrv. þannig að þetta er því miður ekki alveg nýtt hér á hv. Alþingi og ekki síður hér í hv. deild.

Lögbókandagerðir, 3. umr.

Stjfrv., 247. mál. — Þskj. 457.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Umferðarlög, 1. umr.

Frv. SalÞ o.fl., 362. mál (bílbelti o.fl.). — Þskj. 669.

Flm. (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég hafði svo sannarlega gert ráð fyrir því að það væri annað mál á dagskrá á undan þessu máli sem var búið að gefa loforð um að yrði fyrsta mál að lokinni atkvæðagreiðslu. Sú ákvörðun var tekin á fundi í gær. Ég hélt að sú umræða yrði kannski svo löng og ítarleg að henni veitti ekki af fundartímanum í dag. Þess vegna langar mig til þess að spyrja: Hvenær er von á hæstv. forsrh. á þessum fundi? (**Forseti:** Hæstv. forsrh. er fjarverandi vegna jarðarfarar, en er væntanlegur einhvern tíma eftir kl. 3.) Ég þakka fyrir þessar upplýsingar og vissulega er eðlilegt og ekkert við það að athuga að menn geti verið fjarverandi af slíkum ástæðum og mun ég því nota þennan tíma til að mæla fyrir þessu frv. mínu sem ég flyt ásamt hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni, Guðmundi Ágústssyni, Skúla Alexanderssyni og Guðrúnu Agnarsdóttur. Þetta frv. er á þskj. 669.

Þetta frv. fjallar um breytingar á umferðarlögum nr. 50/1987. Þær breytingar sem frv. fjallar um eru varðandi þrjú atriði, þ.e. bílbeltanotkun í aftursætum bifreiða, hlífðarhjálma fyrir börn á reiðhjólum og sérstaka rannsóknarnefnd umferðarslysa.

Eins og öllum er kunnugt tóku ný umferðarlög gildi á síðasta ári og í þeim voru ýmis nýmæli sem ætlað er að bæta umferðaröryggi og draga úr slysum. Eftir þá reynslu sem komin er frá því að lögin tóku gildi fyrir rúmlega einu ári er ljóst að ýmsar veigamiklar breytingar sem gerðar voru á lögunum hafa orðið til að draga úr alvarlegum slysum. Þær breytingar sem þetta frv. gerir ráð fyrir eru til að stuðla að enn frekari úrbótum í þeim efnum.

Í 1. gr. frv. er lagt til að lögbinda einnig notkun bílbelta í aftursætum bifreiða. Aukin notkun bílbelta í framsætum bifreiða er þegar farin að skila árangri í

fækkun ákveðinna tegunda áverka í bílslysum, þ.e. alvarlegra áverka.

Vaxandi skilningur almennings á notkun bílbelta kemur m.a. fram í könnun Hagvangs fyrir tímaritið Heilbrigðismál, en í þeirri könnun kemur fram að flestir þeirra sem spurðir voru vilja lögleiða bílbelti í aftursætum. Þessar niðurstöður könnunar Hagvangs er að finna á fskj. I með frv., en þannig var staðið að þessari könnun að af 1159 manns, bæði karlar og konur voru spurð, tóku 1087 afstöðu. Þetta var sem sagt könnun á afstöðu fólks til lögbindingar á bílbeltanotkun í aftursætum bifreiða.

Spurt var: Ertu hlynnt eða andvíg skyldunotkun bílbelta í aftursætum? Og ég ætla að leyfa mér, hæstv. forseti, að lesa þessi svör, en þau skiptust þannig, með leyfi forseta, að hlynnt bílbeltanotkun í aftursætum voru 88% allra sem spurð voru, á aldrinum 15–79 ára, og andvíg voru 12%. Af þeim voru 82% karla hlynntir bílbeltanotkuninni en andvígir 18% og 94% kvenna hlynntar en andvígar 6%.

Ef farið er yfir þetta eins og aldursskiptingin kemur fram eru 85% á aldrinum 15–19 ára hlynnt bílbeltanotkun í aftursætum en 15% andvíg. Þetta finnst mér vera í raun og veru merkileg og ánægjuleg niðurstaða því að þetta eru yngstu aldurshóparnir sem oftast eru sakaðir um að vera minna ábyrgir en kannski þeir eldri þegar um ökutækin er að ræða og þykja stundum vera ofurhugar í akstri. En alla vega er þarna um mjög ábyrga niðurstöðu að ræða.

Á aldrinum 20–29 ára er það svipað, aðeins minna hlutfall. Það eru 81% sem eru hlynntir en 19% á móti. Á aldrinum 30–39 ára eru það 94% en 6% andvíg. Á aldrinum 40–49 ára eru það 88% en 12% andvíg. Á aldrinum 50–59 ára 90% á móti 10%. Á aldrinum 60–69 ára 88% á móti 12%. Og 70–79 ára 95% en 5% sem eru andvígir.

Þetta eru mjög ánægjulegar niðurstöður. Ef tekin eru svæðin eru á höfuðborgarsvæðinu 88% hlynntir og 12% andvígir. Þéttbýli úti á landi: 88% hlynntir, á móti 12%. Og í dreifbýlinu 89% á móti 11%. Mér sýnist að þessi könnun, sem verður að ætla að sé marktæk, gefi vissulega í skyn að það sé fyllilega tímabært að lögleiða bílbeltanotkun í aftursætum þegar haft er í huga hvað þetta skiptir miklu máli til að koma í veg fyrir eða fækka þeim slysum sem valda alvarlegum áverkum og jafnvel varanlegri örorku eða dauða eins og við þekkjum dæmin um.

Það eru ekki margir dagar síðan það var umræðuþáttur í sjónvarpinu einmitt um þessi mál, þar sem mættu í sjónvarpsasal aðilar sem höfðu sjálfir orðið fyrir slysum og varanlegri örorku einmitt vegna þess að bílbelti höfðu ekki verið notuð þegar slysið varð. Ég veit að þessi þáttur hefur vakið mikla athygli og umhugsun hjá fólki sem sýnir að það er ástæða til að gera ráðstafanir í þessum efnum.

2. gr. frv. er breyting á 72. gr. laganna um að á eftir 1. mgr. komi ný málsgr. sem orðist svo: „Barn tíu ára eða yngra sem hjólar eða er reitt á reiðhjóli skal nota hlífðarhjálm."

Ég vænti þess að það þurfi ekki að hafa mörg orð til skýringar á þessu atriði. Notkun slíkra hjálma hefur verið lögleidd víða erlendis, t.d. í Svíþjóð í mörg ár, og það þykir sannað að notkun þeirra dregur úr alvarlegum höfuðáverkum vegna reiðhjólaslysa á börnum, en það eru einmitt höfuðáverkarnir, þessir alvarlegu áverkar, sem helst verða þegar um reiðhjólaslys er að ræða.

3. gr. er í raun og veru aðeins til að kveða ákveðnar að orði um 5. mgr. 114. gr. laganna, að hún orðist svo að í stað þess að það stendur í lögunum: „Ráðherra getur skipað sérstaka rannsóknarnefnd umferðarslysa", þá er lagt til í frv.: „Dómsmálaráðherra skal skipa sérstaka rannsóknarnefnd umferðarslysa. Í nefndinni skulu eiga sæti fimm menn með sérfræði- og tækniþekkingu sem varðar slysalækningar, umferðarskipulag, bifreiðaeftirlit, löggæslu og tryggingamál. Nefndin starfar undir eftirliti Umferðarráðs."

Ég legg þessa breytingu fram nú vegna þess að það hefur því miður ekki reynst svo að ráðherra hafi nýtt sér þessa heimild. Það ber öllum saman um sem um þessi mál fjalla, sérfræðingum og þeim sem mikið hafa með afleiðingar slysa og umferðaróhappa að gera, að það sé vissulega þörf á að skipa slíka rannsóknarnefnd, en því hefur ekki verið sinnt. Þetta hefur margoft komið fram í áskorunum frá landlækni og tillögur hafa verið samþykktar á landsþingi um slysavarnir æ ofan í æ, en því hefur því miður ekki verið sinnt. En þessir aðilar líta svo á að þetta sé mikið atriði til þess að geta gert sér grein fyrir hvað hægt sé að gera og hvað þurfi að gera varðandi ráðstafanir í forvarnarstarfi.

Ég vil leyfa mér að vísa til frekari fskj. sem fylgja frv. Í fskj. II er tekið úr fréttabréfi landlæknisembættisins um árangur bílbeltanotkunarinnar og þar kemur skýrt fram um umferðarslys á Reykjavíkursvæðinu á tímabilinu frá 1. mars til 1. okt. 1987 og 1988 að slysum eða alvarlegum áverkum hefur stórlega fækkað hjá þeim aðilum sem notuðu bílbeltin þrátt fyrir það að tognunum og öðrum slíkum áverkum hafi frekar fjölgað vegna notkunar bílbeltanna. Þessar niðurstöður eru birtar þarna til frekari staðfestingar og skýringar á því að það er vissulega ástæða til að breyta lögunum í þá veru að lögleiða bílbeltin í aftursætinu.

Síðan er hér fskj. III og það er um reiðhjólaslysin. Það er skýrsla sem unnin var af Eiríku Á. Friðriksdóttur og Ólafi Ólafssyni um reiðhjólaslys í Reykjavík í maí 1981. Þar kemur fram að yfir 30% af reiðhjólaslysum í umferð verða meðal sex ára barna og yngri og algengasta afleiðing reiðhjólaslysa er einmitt höfuðmeiðsli. Þess vegna er lögð til þessi breyting, þ.e. skyldunotkun hlífðarhjálma.

Mér þykir rétt, hæstv. forseti, að nefna það í leiðinni að hv. 3. þm. Vesturl. hefur lagt fram frv., sem væntanlega verður þá til umræðu í næstu viku, um breytingar á umferðarlögunum. Við höfðum talað saman þegar ég var með þetta frv. í undirbúningi og hann hafði hugsað sér að leggja einnig fram frv., en þar sem ég hafði gengið frá mínu frv. varð það

samkomulag á milli okkar að hann mundi leggja sitt frv. fram sem nokkurs konar viðbót þó að í raun og veru megi segja að þessi tvö frumvörp eigi samleið og verði væntanlega afgreidd sem slík í hv. allshn. Ég er mjög ánægð að sjá að í hans frv. er tekið á þættinum varðandi börn, bílbelti og barnabílstóla. Það er sá þáttur sem vantar inn í þetta frv. Það má segja að það sé nokkurs konar framhald sem komi fram hjá honum. Það gefst tími til að ræða þessi mál frekar þegar þar að kemur, en mér þótti rétt að geta þess að það er samvinna okkar á milli að þessi tvö frumvörp koma fram um næstum sama efni.

Ég þarf kannski ekki að hafa um þetta mörg fleiri orð, hæstv. forseti. Við höfum svo oft rætt þessi mál góðu heilli í þessari hv. deild og það er mikill áhugi að ég tel hjá hv. þingdeildarmönnum að gera allt sem unnt er til að reyna að fækka umferðarslysum og umferðaróhöppum. Það er nú einu sinni svo og það er sérstaklega ánægjulegt, og ég vil geta þess hér, að það eru ýmis félagasamtök og hópar sem hafa einnig tekið þessi mál upp á sína arma, m.a. hópur leikara sem hafði frumkvæði um að stofna samtök sem stóðu að því er ég best veit að sjónvarpsþættinum sem ég vitnaði í áðan. Mér hefur stundum dottið í hug, vegna þess að það kom fram þar hjá stjórnanda þáttarins að það ríkti stríðsástand hér í umferðinni oft á tíðum, að ömmur á Íslandi hafa stofnað friðarsamtök og manni dettur stundum í hug hvers vegna ömmur á Íslandi, sem eru með þessi friðarsamtök, taki ekki á þessu stríðsástandi og geri það að sínu baráttumáli að koma á friði í umferðinni.

Ég vil, hæstv. forseti, að lokinni þessari umræðu leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Söluskattur, frh. 1. umr.

Frv. GuðmÁ og JúlS, 334. mál (skattþrep). — Þskj. 603.

Halldór Blöndal (frh.):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir að gefa sér tíma til að koma til þessa fundar og svara nokkrum fyrirspurnum sem óhjákvæmilega hljóta að koma upp í hugann í sambandi við það mál sem hér er til umræðu og í tengslum við þær viðræður sem nú fara fram milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisvaldsins og opinberra starfsmanna í sambandi við kjarasamninga.

Ég vil þá fyrst taka fram að samkvæmt rekstraráætlun sem samtök fiskvinnslustöðva sendu öllum ráðherrum 22. mars sl. kemur fram að bæði frysting og söltun eru rekin með halla um þessar mundir og er það svo metið af samtökum fiskvinnslustöðva að botnfiskvinnslan í heild sé rekin með 7,2% halla um þessar mundir og tel ég þó vegna samtala sem ég hef átt við ýmsa menn í saltfiskvinnslunni að hallinn þar sé verulega meiri en þessu nemur, þ.e. í söltuninni, vegna þess að nýjar reglur um stærðarmörk, nýjar flokkunarreglur valda því að bæði leggst meiri kostnaður á saltfiskvinnsluna en áður og eins liggur það fyrir að sérstaklega á sumum landsvæðum flokkast saltfiskurinn verr en áður. Ég hygg að það sé ekki ofsögum sagt að botnfiskvinnslan í heild sé nú rekin með 2,7% halla. Þó liggur fyrir að þessi staða er fölsk að því leyti að greiðslum er haldið uppi úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins til frystiiðnaðarins um 5% og þar fyrir utan var fiskvinnslunni greiddur uppsafnaður söluskattur sem nú nemur um 1% af útflutningsverðmæti frystingar og söltunar, en mun lækka fyrst um 1% í júní nk. Við erum þar að tala um 6% greiðslur sem haldið er uppi til fiskvinnslunnar úr ríkissjóði til frystingar þannig að ef þær greiðslur féllu niður mundi hallinn af botnfiskvinnslunni vera um 8,7% ef greiðslum úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins yrði hætt. (**SkA:** Saltfiskurinn mun éta upp sína inneign.) Ég er að tala þarna um frystinguna já og það er talið að saltfiskurinn muni éta upp það sem hann á í sjóði nú á þessu ári.

Á sama tíma og þetta gerist berast þingmönnum þær fréttir í Ríkisútvarpinu að ríkisstjórnin eigi nú í samningaviðræðum við opinbera starfsmenn og var ekki annað að heyra á formanni BSRB í útvarpsfréttum nú um hádegið en hann væri orðinn eins konar yfirráðherra. Nú var hann þar að tilkynna þjóðinni að hann mundi senda ríkisstjórnina með frumvörp um hvaðeina inn á þingið á hausti komanda. Það var svo að heyra að þetta væri um svo margvísleg efni að formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja sá ekki ástæðu til að sundurgreina hvaða þættir það væru eða hvaða mál þetta væru sérstaklega sem hann hygðist senda hæstv. fjmrh., vin sinn, með inn á þingið þegar það kemur saman á hausti komanda.

Á sama tíma og þetta gerist er svo að sjá á Þjóðviljanum í dag að það þokist nær samkomulagi. Hæstv. fjmrh. talar um að aukinn skilningur sé á milli ríkisstjórnarinnar og opinberra starfsmanna og um það segir svo í Þjóðviljanum, með leyfi hæstv. forseta:

„Eru taldar auknar líkur á að aðilar mætist einhvers staðar í kringum 5500 kr. mörkin, en BSRB hefur gert kröfu um 6500 kr. flata launahækkun. Líkur voru taldar á að formlegur fundur samninganefndar BSRB og ríkisins yrði haldinn í gærkvöld, en það var enn óljóst þegar Þjóðviljinn fór í prentun."

Svo var að heyra á formanni Bandalags starfsmanna ríkis og bæja sem hann væri bjartsýnn á að þessir samningar gætu tekist. Einhver gaukaði því að mér úti á Austurvelli að það væri talað um samninga til fjögurra mánaða og væri gert ráð fyrir því að laun opinberra starfsmanna mundu hækka um 2000 kr. þegar í stað og um 2000 kr. síðar á sumrinu og jafnframt var talað um það hér úti á Austurvelli að opinberir starfsmenn mundu fá 6500 kr. greiðslu

sérstaklega við undirskrift. Við erum m.ö.o. að tala um hækkun á launum til lægstu launaðra opinberra starfsmanna, sem sambærilegir eru við launataxta fiskvinnslufólks, sem liggur einhvers staðar nálægt 10%. Ef þessi kostnaður bætist ofan á fiskvinnsluna til viðbótar þeim halla sem nú er hlýtur að vakna sú spurning hvernig atvinnuástandið verði úti á landi.

Samtímis þessu liggur fyrir og hefur komið fram í viðræðum sem verkalýðsleiðtogar hafa átt við fjölmiðla að fólk utan af landi sé mjög uggandi út af sinni atvinnu um þessar mundir og greinilegt að landsbyggðin leggur mest upp úr því nú að halda atvinnuörygginu. Það kemur hins vegar í veg fyrir að aðilar vinnumarkaðarins geti náð samningum að engin stefna liggur fyrir frá hæstv. ríkisstjórn í efnahagsmálum eða atvinnumálum. Raunar má segja að það uggvænlega í sambandi við öll þessi tíðindi sé að á sama tíma og talað er um að hækka laun opinberra starfsmanna á þessum nótum virðist hæstv. fjmrh. hafa gert því skóna við opinbera starfsmenn að hér verði komið á svokölluðu fastgengi, að sjávarútvegurinn m.ö.o. fái hvorki bættan upp þann halla sem hann er nú í, hvað þá heldur að sjávarútveginum verði gert mögulegt að bæta kjör þess fólks sem er við fiskvinnsluna. Vitum við þó að þetta land okkar og velmegun þjóðarinnar sem það byggir stendur og fellur með afkomu sjávarútvegsins.

Svo var að heyra á fréttum að hæstv. fjmrh. og yfirráðherann, formaður BSRB, hefðu komið sér saman um það fyrir utan fastgengið að hér skyldi verða verðstöðvun. Jafnframt var talað um að vextir lækkuðu hæfilega. Nú er ég auðvitað mikill talsmaður þess að raunvextir lækki hér á landi. Ég vil þó benda á að vísitalan og samhengi hennar við launin hefur orðið launþegum þyngra í skauti en hitt þó raunvextir séu 2–3% hærri og ég vil líka benda á það að vísitöluhækkun lána hefur farið mjög illa með sjávarútveginn þegar fastgengisstefnu er haldið uppi. Það sem er kannski ógnvænlegast í sambandi við þessa hluti er að verðbólgan hér á landi er nú um 30% og þó hafa laun ekki hækkað í tíu mánuði fyrir utan þessi 0,6125% í febrúarmánuði og annað eins í marsmánuði þannig að launin eru nú 1,25% hærri en þau voru í janúarmánuði, það er allt og sumt, en verðbólgan er í kringum 30%.

Ég hlýt að lýsa áhyggjum mínum yfir því hvað fram undan sé. Einn mjög reyndur athafnamaður sem ég talaði við í morgun, raunar mikill framsóknarmaður, sagði við mig að ef þetta gengi fram, launahækkun eins og henni hefur verið lýst af formanni BSRB og maður skilur á Þjóðviljanum og fréttum að fjmrh. hefur talað um að hann gæti sæst á samhliða því að gengi verði haldið föstu, þá beri það dauðann í sér fyrir sjávarútveginn.

Af þessum sökum vil ég spyrja hæstv. forsrh. í fyrsta lagi hvaða ráðstafanir ríkisstjórnin hafi í undirbúningi til að rétta af hallann í sjávarútveginum. Ég vil í öðru lagi spyrja hæstv. forsrh. hvort það sé rétt, sem sagt er í fjölmiðlum, að ríkisstjórnin sé í þann mund að skuldbinda sig gagnvart opinberum starfsmönnum þannig að hér verði fastgengi fram á haust. Ég vil í þriðja lagi spyrja hæstv. forsrh. hvað hann telji hæfilega lækkun vaxta umfram það sem nú er. Í áliti Samtaka fiskvinnslustöðva er sérstaklega tekið fram að raunvextir hafi lækkað úr 9% í 8%. Það er auðvitað í áttina, en það er langt undir því sem hæstv. ríkisstjórn boðaði á sínum tíma. Ég vil í fjórða lagi spyrja hæstv. forsrh. hvort ríkisstjórnin muni beita sér fyrir lækkun á matvörum. Við Íslendingar höfum að mörgu leyti reynt að bera okkur saman við nágrannaþjóðir okkar í lífskjörum og í kaupgjaldi og það má segja að við séum sambærilegir við þessar grannþjóðir okkar að mörgu leyti, að langmestu leyti, ef undan er skilin matvaran fyrir heimilin. Matur er hér langtum, langtum dýrari en í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við. Það sýnir okkur að sú ákvörðun var röng, sem við sjálfstæðismenn tókum með Framsfl. fyrir áeggjan Alþfl., að leggja matarskattinn á á sl. ári eða fyrir tveim árum. Ég vil spyrja hæstv. forsrh. hvaða áætlanir séu uppi hjá ríkisstjórninni um að koma til móts við þá sem verst eru settir með lækkun matarverðsins. Og í síðasta lagi langar mig til að spyrja hæstv. forsrh. hvort einhverjar hugmyndir séu uppi um það í ríkisstjórninni að afnema ekknaskattinn, en það er það 25% álag á eignarskatt sem sérstaklega hefur verið lagt á ekkjur í landinu í sambandi við þær breytingar sem gerðar hafa verið á lögum um eignarskattinn.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Ég skal viðurkenna það að mér er ekki ljóst hvernig þessi mikilvægu mál, sem hv. þm. ræddi, falla undir það mál sem hér er til umræðu, en það er nú kannski aukaatriði, nema hvað ein af hans spurningum var um matvælin og þá að sjálfsögðu söluskattinn á þeim. Ég skal engu að síður leitast við að svara þessum spurningum.

Í fyrsta lagi ræddi hv. þm. nokkuð um afkomu fiskvinnslunnar og mun þá eiga við botnfiskvinnslunnar. Það er rétt sem hv. þm. sagði að Samtök fiskvinnslustöðva telja að botnfiskvinnslan sé rekin með halla sem er u.þ.b. 2,7%. Þjóðhagsstofnun hefur skoðað þessar tölur vandlega og er með nokkuð betri afkomu eða nær núllinu, fyrir frystinguna fyrir neðan núllið, ef ég man rétt held ég 2%, en fyrir saltfiskinn nokkuð fyrir ofan núllið. Það sem ber þarna fyrst og fremst á milli er fjármagnskostnaður því að Þjóðhagsstofnun reiknar með 6% ávöxtun en hins vegar reikna fiskvinnslustöðvarnar, eins og kom fram hjá hv. þm., með 8%.

Ég ætla ekki út af fyrir sig að fjalla um þessar tölur nánar, ég tek undir það og ég er sammála því að það er enginn vafi á því að fiskvinnslan er rétt á mörkum og þyrfti afkoma hennar að vera betri. Hins vegar hefur ríkisstjórnin fylgt þeirri stefnu, eftir að gengið hefur nú verið fellt um yfir 30% á einu ári og eftir að gengið var fellt um 11–12% í tíð þessarar ríkisstjórnar, að rétt sé fyrir okkur að leggja áherslu á að vinna okkur út úr þeim vanda sem við erum í, fyrst að fella gengið meira og fyrst þeir verðhækkanir sem

fylgja þar með sem eru einhver mesti erfiðleikinn sem við eigum nú við að stríða í þeim samningum sem hv. þm. ræddi um. Hvort tveggja verður ekki haft, að fella gengið og halda verðlagi stöðugu. Ég held að það sé engin launung að samningar núna tækjust tiltölulega auðveldlega ef sú verðbólgualda væri ekki sem við eigum við að stríða sem hefur risið á eins mánaðar mælikvarða, fært yfir til ársins, í um 30% og veldur vitanlega sem von er verulegri gagnrýni og tortryggni, vil ég segja, hjá launþegum. Ég get tekið undir það.

Það er ýmislegt að gerast í fiskvinnslunni sem bendir til þess að afkoma fiskvinnslunnar muni fara batnandi. Í fyrsta lagi er á vegum fiskvinnslunnar sjálfrar mjög víða unnið að mjög athyglisverðum hagræðingaraðgerðum. Ég bendi t.d. á Ólafsfjörð í því sambandi þar sem fyrirtæki hafa sameinast, á Þorlákshöfn þar sem fyrirtæki eru að sameinast, á Vestfirði þar sem verið er að hagræða í útgerð og menn eru að taka sameiginlega á þeim rekstri. Og fleira gæti ég nefnt. Auk þess er tekinn til starfa Hlutafjársjóður og umsóknir bárust til hans, ég veit ekki fyrir víst hver fjöldinn var en þar verða a.m.k. um 15–20 fyrirtæki sem mjög fljótreiknað er talið að færa þurfi til í eigið fé yfir tvo milljarða. Þetta er vissulega lausleg áætlun sem ég verð að taka fram að er ekki byggð á nákvæmri athugun en þó er búið að vinna töluverða forvinnu í þessu.

Ég vek athygli á því að 2 milljarðar eru nálægt 7–8% af framleiðsluverðmæti botnfiskvinnslunnar á ári hverju, því ef ég man rétt þá er framleiðsluverðmætið um 27 milljarðar. Vitanlega batnar afkoman ekki um það, ég vil ekki að menn skilji mig svo, en væntanlega dregur þetta töluvert úr fjármagnskostnaði þeirra fyrirtækja sem hér er um að ræða. Mikið af þessum lánum sem breytt verður í eigið fé er í vanskilum og til viðbótar þessu er ljóst að skuldbreyting Atvinnutryggingarsjóðs mun draga úr fjármagnskostnaði.

Ég vek athygli á því að mikil hækkun hefur orðið á dollaranum núna allra síðustu dagana, a.m.k. hefur vanalega verið svo talið af fiskvinnslustöðvunum að ef dollarinn falli þá sé það mjög slæmt, svo vonandi er það mjög gott ef hann hækkar. Ég skal hins vegar viðurkenna það að ég held að áhrif dollarabreytinganna séu minni en margir telja því að það er orðið svo mikið sem selt er í öðrum gjaldmiðlum. En það er viðurkennt af fiskvinnslunni að þessi dollarahækkun sé til bóta, sérstaklega fyrir þær fiskvinnslustöðvar sem framleiða fyrir Bandaríkjamarkað.

Það er ljóst sem hv. þm. benti á að þegar greiðslur þrjóta úr Verðjöfnunarsjóði þá vitanlega versnar afkoma frystingarinnar um það sem þessu nemur nema hækkanir komi á móti. Og það er engin launung að ríkisvaldið telur að gera megi ráð fyrir umtalsverðum hækkunum, sérstaklega á Evrópumarkaði á sumarmánuðum. Þær athuganir, sem hafa verið gerðar á því af hálfu okkar, benda mjög til þess að þegar sá kvóti, sem úthlutað hefur verið í Evrópu, þrýtur — þar hefur verið dregið úr kvóta sem nemur fleiri hundruð þúsundum tonna — þá muni verða umtalsverð fiskverðshækkun þar. Ég viðurkenni hins vegar svo sannarlega að þetta er óviss þáttur og ríkisstjórnin mun fylgjast mjög vandlega með því hvernig þau mál þróast. En að fara að ákveða núna t.d. að gengið skuli fellt til þess að mæta því þegar þessar greiðslur hætta, það væri vitanlega fásinna og ég held að enginn maður ætlist til þess. Þarna þarf að hafa puttana á púlsinum og fylgjast með því sem er að gerast og leita allra leiða til að bæta upp það þrep sem verður þegar greiðslur hætta. Þess má geta að eftirstöðvar í Fiskveiðasjóði í frystideild eru nokkru meiri en áður var talið og munu endast fram í júlímánuð.

Þannig er nákvæmlega fylgst með því hvernig fiskvinnslunni líður, ef ég má orða það svo. Við höfum fengið á okkar borð sem trúnaðarmál frá fiskvinnslufyrirtækjum reikninga bæði síðasta árs og uppgjör fyrstu tveggja mánaða þessa árs og þar er hjá mörgum fyrirtækjum um gjörbreytingu að ræða. Ég ráðlegg t.d. hv. þm. að heimsækja Útgerðarfélag Akureyringa sem ég hins vegar viðurkenni að er ekki kannski marktækt að öllu leyti því það er með öflugustu fyrirtækjum landsins, en þar hefur orðið mjög mikil breyting á framlegð nú og svo er um mörg önnur fyrirtæki sem ég hef getað kynnt mér. En ég endurtek engu að síður að þegar á heildina er litið þá er afkoma botnfiskvinnslunnar áreiðanlega alveg í mörkum og það þarf vandlega að fylgjast með því sem þar gerist.

Þegar rætt er um afkomuna verður að sjálfsögðu að nefna fiskverðið sem hækkaði ótrúlega mikið og mikið meira en ríkisstjórnin taldi skynsamlegt í þessari stöðu. Í þeirri vinnu sem fram fór í yfirnefnd var, að því er talið var, orðin niðurstaða á milli kaupenda og oddamanns að hækka fiskverð um 5,5% sem, að viðbættum þeim 1,25 sem hækkunin varð 15. febrúar, hefði þá orðið, eins og allir geta reiknað, 6,75% eða kannski rétt rúmlega það þar sem það síðara hefur komið ofan á það fyrra. En hækkunin varð meiri, hún varð 8,5 eða samtals 9,75%, þremur hundraðshlutastigum hærri en menn töldu vera skynsamlegt í þessari stöðu. Þessa ákvörðun tóku fiskverkendur sjálfir og sömdu um það við sjómenn og ég er síður en svo að áfellast þá fyrir það. Þeir hafa náttúrlega gert það að mjög vel athuguðu máli og talið æskilegra að ná þannig samstöðu með sjómönnum þótt um þetta mikið hærri fiskverðshækkun væri að ræða. En eins og allir vita þá vigtar fiskurinn u.þ.b. 50% í afkomu frystihúsanna svo aðeins þessir þrír hundraðshlutar, miðað við laun, eru u.þ.b. 6–7%, þá samsvara þeir um svona 7% hækkun launa, 6% skulum við segja því launin eru í kringum 24–25%.

Ég tel rétt að þessir hlutir allir komi fram því vitanlega verður að taka þá með í reikninginn þegar nú er talað bæði um afkomu fiskvinnslunnar og þá samninga sem nú er að unnið.

Ég vil fullvissa hv. þm. um það að ríkisstjórnin mun ekki semja um fast gengi. Fyrri ríkisstjórn byggði á föstu gengi framan af í sinni tíð og það hygg ég að hafi ekki tekist vel í 20% verðbólgu. Ég vil lýsa þeirri

skoðun minni að það væri mikið glapræði hjá hvaða ríkisstjórn sem situr að afsala sér rétti til að ákveða þennan grundvallarþátt í efnahagsmálum, það gengur ekkert upp. Þetta hef ég sagt. Þetta sagði ég bæði vinnuveitendum í morgun og þetta sagði ég fulltrúum ASÍ svo það er ekkert um það að ræða, hver sem óskhyggjan kann að vera hjá einhverjum aðilum. Hitt er svo kunnugt að þessi ríkisstjórn og m.a. ég er ekki ginnkeyptur fyrir miklum gengisfellingum. Ég hef verið ávítaður fyrir það hér að fella gengið ekki nærri því nógu mikið. Þarna þarf því eins og oft að hafa puttana á púlsinum og reyna að rata þennan vandrataða gullna meðalveg. En það verður ekkert um það samið, því fer víðs fjarri.

Hv. þm. spurði um vextina og hvað væri fram undan þar. Það eru núna tíðir fundir með bankastjórn Seðlabankans um þau mál og ríkisstjórnin hefur lagt fyrir bankastjórnina ákveðnar hugmyndir um lækkun vaxta. Viðræður eru hafnar við lífeyrissjóðina, og hafa reyndar verið nokkurn tíma, og það bendir allt til þess að takast muni að ná fram lækkun vaxta. Ríkisstjórnin stefnir að því að raunvextir lækki um 5% í lok maí og *ræðir um það nú hvernig það megi gerast.* Talið er skynsamlegast að gera það í fyrsta lagi með því að vextir af ríkisskuldabréfum lækki. Það kann að vera að það verði gert í tveimur þrepum, það vil ég hins vegar taka fram, og sömuleiðis að Seðlabankinn noti þær nýfengnu heimildir, sem nú eru orðnar að lögum og Alþingi hefur afgreitt, til þess að knýja fram, ef ekki næst með samningum, samsvarandi lækkun á raunvöxtum hjá bankakerfinu.

Í þessu sambandi er jafnframt ákaflega mikilvægt að taka á útgáfu bankabréfa, sem hefur verið gegndarlaus og, ég vil leyfa mér að segja, stofnar jafnvel bönkum í vissa hættu, er vafasöm. Landsbankinn hefur gefið út bankabréf svo nemur milljörðum og mikið af því á föstum vöxtum, á 9,5%. Slík útgáfa bankabréfa er víða í löndum bönnuð. Hér hefur ekki verið valið að fara þá leið, hins vegar hefur verið ákveðið að hluti af þeim tekjum sem koma fyrir bankabréfin verði bundinn en aftur á móti verði binding af öðrum innlánum bankanna lækkuð á móti þannig að bindingin á því, sem núna er lagt til grundvallar í bindingu, lækkar en hins vegar ef haldið er áfram útgáfu bankabréfa í sama mæli þá eykst bindingin.

Ég vil hins vegar taka það fram að ég tel að það þurfi að *athuga* það hvort bindingin sé nauðsynleg eins og nú er ástatt í þjóðfélaginu því að mjög hefur dregið úr útlánum bankanna. Eftirspurn virðist hafa minnkað.

Ríkisstjórnin hefur sömuleiðis lagt fyrir Seðlabankann að lengja tímabil innlána, sem heimilt er að hafa verðtryggð, úr hálfu ári í eitt ár. Og sömuleiðis að lengja það tímabil sem er ekki leyft að hafa verðtryggt, þ.e. það verður leyft að hafa verðtryggð innlán sem eru yfir eitt ár og sömuleiðis útlán sem eru yfir þrjú ár. Um þetta er rætt núna og ég sé að sjálfsögðu enga ástæðu til þess að skýra ekki frá því hér í þessari hv. deild. Það er því verið að skoða alla þætti þessara vaxta- og bankamála.

Það má taka það fram að í viðræðum sem við höfum átt við ASÍ hefur forusta ASÍ sett sem kröfu númer eitt að vextir lækki. Þar fara óskir þeirra og okkar svo sannarlega saman og ég veit áreiðanlega allra sem hér eru inni. Svo væntanlega verður þrýstingur á vaxtalækkun töluvert vaxandi.

Ég vil leyfa mér að segja það að í morgun var í fyrsta sinn nú um nokkurt skeið sem ég hef talið ástæðu til að vera að einhverju leyti bjartsýnn um vaxtalækkun því að ég held m.a. að þess sé nú mjög farið að gæta í bankakerfinu að eftirspurn er minnkandi, að þensla er lækkandi og farið er að draga úr eftirspurn eftir fjármagni. Það hefur komið fram á markaðnum utan bankanna að þar hafa vextir lækkað um 1–2%. Ég er því að vona að með sameiginlegu átaki, eins og ég hef nú lýst, takist að ná fram raunvaxtalækkun.

Ég lýk nú aldrei neinni ræðu um vextina án þess að segja það jafnframt að ég tel að það eigi að afnema lánskjaravísitöluna. Ég skil ekki enn hvernig unnt er að tryggja fjármagnið umfram það sem atvinnuvegirnir gera og ég vona að við getum verið sammála um það sem hér erum inni. Ég held að það hljóti að koma að því fyrr en seinna að við verðum að afnema hana og taka upp svipað kerfi og er í löndunum í kringum okkur að þessu leyti sem öll hafa afnumið lánskjaravísitölu. (**EgJ:** Er það ekki í stjórnarsáttmálanum?) Það er í stjórnarsáttmálanum. Það segir í stjórnarsáttmálanum að það skuli gert og jafnvægi komið á í efnahagsmálum og við stefnum að því, hv. þm., og með góðri aðstoð hv. þm. mun það takast. Það veit ég.

Síðan spurði hv. fyrirspyrjandi um matvælin og lækkun þeirra. Ríkisstjórnin telur mjög æskilegt að halda niðurgreiðslustigi því sem nú er á landbúnaðarafurðum. Hins vegar er um frekari lækkun matvæla það að segja að til þess þarf vitanlega mjög mikið fjármagn og ríkissjóður er ekki í stakk búinn til þess að greiða milljarða í því sambandi. Hins vegar er mjög til umræðu innan ríkisstjórnarinnar hvernig framkvæma eigi virðisaukaskattinn sem ætlunin er að komi um áramótin. *Í því sambandi kemur vel til greina að hafa* tvö stig sem yrði þá lægra fyrir einhvern ákveðinn flokk matvæla. Þetta er mjög rætt þessa stundina og búið að reikna út ýmsa valkosti í því sambandi.

Ég vil aðeins geta þess hér að ef t.d. á að lækka söluskatt á ákveðnum matvælum, þ.e. á mjólkurvörum, kjötvörum, fiski og kornvörum, úr þeim 25% sem nú er í 12% kostar það um 3,7 milljarða. Af því eru kornvörur með 900 milljónir. Ég nefni þá tölu því það vakti undrun mína hvað kornvörur vigtuðu þarna þungt. Nú eru þær náttúrlega notaðar í ýmislegt sem kannski telst ekki með mestu nauðsynjum. Vitanlega hlýtur fjárveitingavaldið þá að standa frammi fyrir þeim vanda hvernig á að bæta þetta tekjutap og að sjálfsögðu er ríkisstjórnin ekki síst að fjalla um það.

Hv. þm. spurði svo um það sem hann kallaði ekknaskattinn. Ég vil nú ekki nota það orð því að samkvæmt þeim upplýsingum sem við höfum fengið frá fjmrn. er langstærstur fjöldi ekkna sem ekki fellur undir þennan viðbótarskatt, m.a. vegna þess að ónotaður persónuafsláttur nýtist í þessu sambandi.

Engu að síður skal ég viðurkenna að sú hækkun eignarskatts orkar tvímælis og er til endurskoðunar nú, sérstaklega í tengslum við samræmdan eignarskatt af öllum eignum, m.a. fjármagnseignum. Þetta tel ég afar mikilvægt. Það má ekki mismuna eignarformum eins og núna er gert. Þetta hafa Norðurlöndin gert og t.d. tóku Finnar góða rispu í þessu, ef ég má orða það svo, núna fyrr á árinu og unnu mjög athyglisvert verk í samræmingu á eignarskatti sem á þá að mínu mati að leiða til þess að þessi viðbótarskattur verður þá lækkaður ef ekki afnuminn eða a.m.k. samræmingar gætt á öllum eignarskattsstofnum.

Ég veit ekki hvort ég átti að skilja það sem hv. þm. sagði um samningana almennt sem spurningu til mín, mér heyrðist þar ýmsu fleygt sem eru nú nánast sögusagnir að því er ég best veit. Ég vil taka það fram að í viðræðum við opinbera starfsmenn hefur fjmrh. lagt áherslu á að hækkun launa verði að vera innan við eða alveg við þær forsendur sem fjárlög gera ráð fyrir sem er 7% hækkun launa frá upphafi til loka ársins. Og það er grundvöllurinn. Nú er alveg ljóst að ef úr verður krónutöluhækkun þá mun það reynast fiskvinnslunni miklu erfiðara, hins vegar að mörgu leyti réttlátara til launajöfnunar. Þess vegna er krónutöluhækkun erfið í þessari stöðu, ég vil leyfa mér að segja því miður, því ég fyrir mitt leyti er persónulega henni fylgjandi vegna þess hvað fiskvinnslan býr við þröngan kost. Og ef þær krónutölur, sem ríkisstarfsmenn hafa kosið að ræða um, eru yfirfærðar á lægstu laun, þá er það hárrétt að mínu mati að þá er það of mikil hækkun fyrir fiskvinnsluna. Hún þolir það ekki. Þessi mál eru alls ekki leyst. Því fer víðs fjarri.

Hv. þingmaður nefndi, ef ég man rétt, verðstöðvun þó að það væri nú ekki í þessum fjórum spurningum. Verðstöðvun til langframa gengur náttúrlega ekki upp því að það safnast of mikið á bak við. Við teljum að verðstöðvun eins og framkvæmd var í fimm mánuði hafi tekist nokkuð vel þar sem hleypt var út erlendum hækkunum. Nú hafa að vísu orðið miklu meiri hækkanir en við gerðum ráð fyrir. Hefur komið fram hjá verðlagsstjóra að ýmsar þær hækkanir sem Hagstofan hefur orðið vör við hafa ekki komið fyrir Verðlagsstofnun og veldur það nokkurri undrun miðað við hert verðlagseftirlit. Þetta er nú í athugun hvernig má á því standa. Það hefur áreiðanlega vakið athygli sumra að hækkun á leigu á steypudælu var talin valda 0,2% hækkun á byggingarvísitölu. Ég nefni þetta sem dæmi um hlut sem Verðlagsstofnun kannast t.d. ekki við. Þetta er að ósk ríkisstjórnarinnar nú í ítarlegri athugun.

Hvort grípa ætti til verðstöðvunar á ný með svipuðu formi og var, það þarf vandlegrar athugunar við. Ég segi fyrir mitt leyti að þegar menn eru að vinna sig út úr mjög miklum vanda, þá tel ég það alls ekki útilokað. En það verður þá að stuðla að því að allsherjarsamningar náist, þ.e. að menn sætti sig við það yfir línuna. Ég get sagt það hér að eftir því sem ég veit þá er það alls ekki svo á þessari stundu.

Ég vona að ég hafi svarað spurningum hv. þm. Ef þær eru fleiri þá skal ég reyna að bæta hér við en læt þessu hér með lokið.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég vil fara fram á það að ég megi gera athugasemdir við svör hæstv. forsrh. áður en fundi er slitið. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt. Við erum hér að tala um málefni stundarinnar og ef fundi verður frestað nú þá mun það valda því að ekki er hægt að halda umræðu áfram fyrr en í næstu viku. Ég fer því fram á það að umræðan megi halda áfram, annaðhvort að þingflokksfundum verði frestað eða þá að fundur haldi áfram um þetta efni kl. 6 svo við ræðum málið út. Ég held að skoðanaskipti af þessu tagi hljóti að vera gagnleg og það er ekki hægt að segja að ég hafi teygt lopann í frumræðu minni. (**Forseti:** Það var í samráði við flm. frv. sem ég hafði þennan hátt á.)

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Það er rétt til greint að ég taldi eðlilegt að þessari umræðu yrði haldið áfram á þriðjudaginn í næstu viku. En að sjálfsögðu erum við reiðubúnir í kvöldfund ef það er vilji þingmanna og hv. þingdeildar. En því miður verð ég að lýsa því yfir að svo virðist sem hæstv. forsrh. hafi ekki gefið sér tíma til að lesa frv. sem hér er til umræðu þar sem hann hefur greinilega ekki kannað tölulegar forsendur sem liggja að baki þessa frv. Því er e.t.v. nauðsynlegt að hann fái tækifæri til að lesa betur undir þá umræðu sem fer fram í framhaldi af þessu. Það er þá kannski ekkert verra að hann fái tækifæri yfir helgina að lesa frv. betur yfir.

Forseti (Jón Helgason):

Ég vil geta þess að það er mjög rík hefð hér að ganga ekki á þingflokksfundatíma.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins vekja athygli á því að það kom fram í ræðu hæstv. forsrh. að það er yfirlýst stefna ríkistjórnarinnar eins og hún lýsir sér í fjárlögum að laun hækki á þessu ári um 7%. Á sama tíma hefur hæstv. forsrh. ekki svarað einu einasta orði um það hvernig koma eigi til móts við rekstrarörðugleika fiskvinnslunnar. Og ég vil aðeins leiðrétta hjá hæstv. forsrh. að það er ekki rétt að saltfiskurinn samkvæmt útreikningi Þjóðhagsstofnunar, með tilliti til þeirra breytinga sem orðið hafa, sé í hagnaði nú. Það er 1,3% halli á saltfisknum og eins og ég sagði er sú tala fölsk. Þannig að saltfiskurinn er ekki fyrir ofan núllið.

Ég hef talað við fjölmarga fiskvinnslumenn og þeir eru ekki jafnbjartsýnir og ríkisstjórnin á það að fiskverð muni fara hækkandi einhvern tímann síðar meir á þessu ári. Það er auðvitað endalaust hægt að horfa á einhverjar ímyndaðar hækkanir í framtíðinni. Kjarni málsins er sá að fiskverkunin er rekin með tapi. Kjarni málsins er sá að þessi rekstrarafkoma er

fölsk vegna þess að fiskvinnslan fær mjög verulegar greiðslur úr Verðjöfnunarsjóði sem auðvitað er ógerlegt að halda áfram til lengri tíma litið. Það er hægt að hugsa sér það að halda uppi verðjöfnun á útflutningsframleiðslunni í einhvern takmarkaðan tíma og einhverjum takmörkuðum hluta hennar, en auðvitað *erum við að breyta íslensku þjóðfélagi ef hugmyndin* er sú að fara að reka fiskvinnsluna almennt með hagnaði.

Það var líka rangt hjá hæstv. forsrh., ef ég átti að skilja hann svo, að hækkunin á fiskverði nú fyrir skömmu hafi þýtt almennt hækkun fiskverðs til framleiðslustöðvanna því að fiskverðið var yfirborgað og það var einungis verið að horfast í augu við raunveruleikann.

Ég vil líka segja það út af þeim ummælum hæstv. forsrh., þegar hann talaði um það að 15 fyrirtæki sem hefðu sótt um fé úr Hlutabréfasjóði gætu vænst þaðan einhverrar afgreiðslu. Samkvæmt Hlutabréfasjóðnum eru það einungis 600 milljónir sem hafa ríkisábyrgð. 31 fyrirtæki hefur sótt um fyrirgreiðslu úr sjóðnum og þess vegna eru hvergi nærri til þessir 2 milljarðar sem hæstv. forsrh. var að gefa í skyn að þessir aðilar gætu búist við. Hvert fyrirtæki getur kannski búist við að fá 20–30 milljónir úr Hlutabréfasjóði, það er eitthvað á þeirri stærðargráðu. (Forseti hringir.) Ég verð, herra forseti, að taka það fram að mér var sagt þegar ég bað hér um orðið áðan um þingsköp að flm. þessa frv. hefðu beðið um það að *umræðan yrði áfram á þriðjudaginn, en ég vil minna* hæstv. forseta á að ráðherrar hafa ekki verið hér mikið í deildum. Ég bað um að fá að leggja nokkrar fyrirspurnir fyrir hæstv. forsrh. í dag og ég óska eftir að fá að tala í 2–3 mínútur enn til þess að ég geti svarað því sem hæstv. forsrh. sagði.

Aðalatriðið í mínum huga eftir þetta er: Ríkisstjórnin hefur engar áætlanir uppi um það að koma til móts við þá erfiðleika sem nú eru í fiskvinnslunni. Hæstv. forsrh. viðurkenndi í sinni ræðu að fiskvinnslan gæti ekki tekið á sig þær launahækkanir sem fjárlög gera ráð fyrir til ríkisstarfsmanna og ríkisstjórnin virðist vera ákveðin í að nái fram að ganga í það minnsta 7% launahækkanir. Þannig að eins og staðan er nú, þá stefnir í atvinnuleysi. Þegar standa sakir þannig að fyrirsjáanlegt er að e.t.v. helmingur skólabarna fái ekki atvinnu nú á sumri komanda, það stefnir í frekari samdrátt hjá atvinnuvegunum. Og ég hygg að þegar við hittumst á hausti komanda, ef þessi ríkisstjórn heldur þá velli, verði ekki verið að tala um launahækkanir og hæstv. forsrh. ekki spurður um launahækkanir hér í þessari deild, heldur verður hann spurður að því hvaða tillögur hann muni leggja fyrir Alþingi í samráði við formann BSRB um það að draga úr atvinnuleysinu sem þá verður orðið landlægt og mjög alvarlegt í sumum byggðarlögum þannig að þar liggi við landauðn.

Umræðu frestað.

NEÐRI DEILD

77. fundur, miðvikudaginn 5. apríl, kl. 2.30 miðdegis.

Lyfjadreifing, 3. umr.

Stjfrv., 287. mál (sala bóluefnis til ónæmisaðgerða o.fl.). — Þskj. 519.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 738).

Almannatryggingar, 1. umr.

Stjfrv., 372. mál (tryggingaráð, stjórnir sjúkrasamlaga o.fl.). — Þskj. 698.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, ásamt síðari breytingum, sem flutt er á þskj. 698 og er 372. mál Nd.

Frv. það sem hér liggur fyrir um breytingu á lögum um almannatryggingar, ásamt síðari breytingum, fjallar um fjórar meginbreytingar á lögunum. Þessar breytingar eru allar þess eðlis að ekki var talin ástæða til að bíða eftir niðurstöðum úr heildarendurskoðun almannatryggingalaga sem nú stendur yfir og er reiknað með að ljúki á árinu. Breytingarnar fjalla í fyrsta lagi um valdsvið tryggingaráðs, í öðru lagi um breytingar á kosningum í sjúkrasamlög vegna nýsamþykktra laga um skil af hálfu sýslufélaga til sveitarfélaga og héraðsnefnda, í þriðja lagi um að ráðherra geti kveðið nánar á um framkvæmd laganna með reglugerð án þess að nánar sé tiltekið um hvaða framkvæmdaratriði sé að ræða og í fjórða lagi um tímabundna heimild árið 1989 til þess að semja við sérfræðinga um rannsóknir og aðgerðir án þess að til þurfi tilvísun heilsugæslulæknis eða heimilislæknis. Vil ég hér gera nánari grein fyrir þessum breytingum.

Samkvæmt gildandi almannatryggingalögum, sbr. nánar 6. gr., gegnir tryggingaráð nánast tvíþættu hlutverki. Annars vegar kemur ráðið fram sem stjórn Tryggingastofnunar ríkisins með þeim skyldum er því fylgir sem er eftirlitsskylda með starfsemi stofnunarinnar og að veita samþykki fyrir ákveðnum atriðum. Hins vegar fer tryggingaráð með það hlutverk að leysa úr ágreiningi sem skotið er til þess um rétt til bóta frá Tryggingastofnun.

Varðandi síðari þáttinn er lagt til, svo að ekki orki tvímælis, að tryggingaráð hafi ekki aðeins vald til

þess að leysa úr ágreiningi um það hvort reglur laganna veiti rétt til greiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins, heldur einnig til þess að leysa úr ágreiningi um önnur skilyrði slíks réttar. Tryggingaráð hefur farið þess á leit að þessi breyting verði gerð á lögunum þar sem uppi hefur verið ágreiningur um valdmörk milli tryggingaráðs annars vegar og tryggingayfirlæknis hins vegar. Telur ráðið nauðsynlegt að tvímæli verði tekin af í því efni og er ráðuneytið þeirrar skoðunar að svo beri að gera.

Rétt er að benda á að frv. gerir ráð fyrir því að skildar séu að annars vegar reglur um stjórnunarhlutverk tryggingaráðs, og að þau ákvæði verði áfram í 6. gr. laganna, og hins vegar reglur um úrskurðaratriði tryggingaráðs vegna ágreinings um rétt til bóta almannatrygginga sem lagt er til að verði framvegis í 7. gr. laganna. Nái þessi breyting fram að ganga hefur tryggingaráð heimild til að endurmeta öll atriði varðandi rétt til greiðslu úr almannatryggingum sem starfsmenn Tryggingastofnunar ríkisins leggja mat á eða taka ákvörðun um í störfum sínum án tillits til þess hvort mat starfsmanna eða ákvörðun varðar einungis skýringu á fyrirmælum almannatryggingalaga eða hvort mat eða ákvörðun snýr að öðrum atriðum, svo sem læknisfræðilegu mati á skilyrðum bóta og lífeyrisréttar. Tryggingaráð getur við þessar aðstæður fengið til ráðuneytis einn til þrjá sérfróða lækna, tannlækna þar sem það á við, til úrlausnar einstakra ágreiningsatriða. Sama gidir og um ráðgjöf og aðstoð lögfræðinga, félagsfræðinga og félagsráðgjafa svo dæmi séu tekin.

Önnur breyting er fólgin í því að lagt er til að í stað orðsins sýslufélag í 1. og 2. mgr. 38. gr. laganna komi orðið héraðsnefnd og er það í samræmi við breytingar á lögum sem samþykktar voru fyrir skömmu um flutning verkefna og önnur skil frá sýslunefndum til sveitarfélaga og héraðsnefnda. Með nýjum sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986, voru sýslufélög felld niður og ákveðið að héraðsnefndir skyldu myndaðar um lausn þeirra verkefna og annarra verkefna sem sveitarfélögin fela þeim eða þeim eru falin með lögum. Ber að taka tillit til þess í almannatryggingalögum. Er því lagt til að í stað orðsins „sýslunefnd" komi „héraðsnefnd" og í stað orðanna „eitt sýslufélag" komi „ein sýsla". Hér er um formbreytingar að ræða sem nauðsynlegt er að nái fram að ganga, en þær hefðu í reynd þurft að öðlast gildi um síðustu áramót þegar þessi ákvæði sveitarstjórnarlaganna öðluðust gildi.

Með þriðju breytingunni er lagt til að ráðherra verði fengin heimild til þess að kveða á um nánari framkvæmd almannatryggingalaga í reglugerð án þess að sérstaklega sé tiltekið um hvaða atriði sé að ræða. Í þessu tilviki er rétt að benda á að við heildarendurskoðun almannatryggingalaga, sbr. nú lög nr. 67/1971, voru felld niður ákvæði hér að lútandi, en þess í stað látið nægja að hafa ákvæði í einstökum greinum varðandi framkvæmd hinna einstöku þátta almannatrygginga. Það er mat ráðuneytisins að með þessu séu ráðherra settar of þröngar skorður varðandi ýmis ótiltekin framkvæmdaatriði sem nauðsynlegt kann að vera að grípa til. Í þessu tilviki vill ráðuneytið benda á að reglugerð um greiðslur almannatrygginga í fæðingarorlofi styðst ekki við beina lagaheimild þar sem hlutaðeigandi lagaákvæði kveða ekki beint á um setningu reglugerðar. Hins vegar liggur ljóst fyrir að þessi ákvæði laganna verða ekki framkvæmd öðruvísi en með reglugerð. Þar sem ágreiningur er uppi varðandi þennan þátt telur ráðuneytið nauðsynlegt að sett verði inn í almannatryggingalög skýr ákvæði varðandi setningu reglugerða án þess að atriðin séu sérstaklega tiltekin.

Fjórða breytingin fjallar um heimild fyrir Tryggingastofnun ríkisins á árinu 1989 að semja við sérfræðinga um nauðsynlegar rannsóknir og aðgerðir án þess að til þurfi tilvísun heilsugæslulæknis eða heimilislæknis. Í þessu tilviki bendir ráðuneytið á að með samningi um sérfræðihjálp milli Læknafélags Reykjavíkur og Tryggingastofnunar ríkisins fyrir hönd sjúkrasamlaga, sem undirritaður var í lok sl. árs, en samningurinn gildir frá 1. jan. sl. til næstu tveggja ára, er gert ráð fyrir því að ekki þurfi á tilvísun heilsugæslulæknis eða heimilislæknis að halda á yfirstandandi ári. Þannig gerir samningurinn ráð fyrir því að sjúkratryggðir geti farið beint til sérfræðinga án tilvísunar frá heilsugæslulæknum eða heimilislæknum. Rétt er að benda á að hér er ekki um nýlundu að ræða því að á árinu 1984 var samið um það við Læknafélag Reykjavíkur að ekki þyrfti tilvísun heilsugæslulækna eða heimilislækna og hefur verið svo síðan án þess að b-staflið 43. gr. laganna hafi verið breytt, en þar er kveðið skýrt á um tilvísunarskyldu.

Það er því skoðun ráðuneytisins að nauðsynlegt sé að breyta þessari lagagrein þannig að hún standi ekki beinlínis í vegi fyrir áðurnefndum samningi um sérfræðihjálp, þó þannig að eingöngu skuli gert ráð fyrir henni tímabundið eða tímabundinni heimild er gildi á yfirstandandi ári, en gildistaka samningsins er af hálfu Læknafélags Reykjavíkur háð því skilyrði að engin breyting verði gerð á framkvæmd tilvísana af hálfu hins opinbera á árinu. Er ætlunin fyrir árslok að meta þann sparnað sem stefnt er að með samningnum og verður tekin afstaða til tilvísunarkerfisins fyrir nk. áramót. Þyki sýnt að samningurinn nái ekki tilætluðum árangri og að líkur verði á því að frekar megi spara með upptöku tilvísunarkerfisins að nýju verður að sjálfsögðu gripið til þess.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta frv. en vísa þess í stað til ítarlegra athugasemda með einstökum greinum frv. Ég legg til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn. með beiðni um að nefndin taki röggsamlega á frv. og reyni að afgreiða það svo hratt að það nái fram að ganga á yfirstandandi þingi.

Jón Sæmundur Sigurjónsson:

Herra forseti. Ég fagna eindregið fram komnu frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar,

sérstaklega þó hvað varðar 2. gr. þar sem lagt er til að tryggingaráði verði hverju sinni heimilt að kveðja sér til ráðuneytis einn til þrjá lækna sem hafa sérþekkingu á hlutaðeigandi sviði. Einmitt þetta mál hefur verið til sérstakra vandræða á undanförnum árum hjá tryggingaráði að því leyti til að starfsmenn Tryggingastofnunarinnar sem heyra undir tryggingaráð hafa fellt úrskurði, og þá á ég sérstaklega við læknadeild og tryggingayfirlækni, en síðan þegar um málskot er að ræða varðandi þá úrskurði, þá eru ráðgjafar tryggingaráðs hverju sinni einmitt þeir sömu aðilar sem þá hafa fellt. Þetta er ástand sem ekki er vel við unandi þannig að auðvitað þurfti til breytinga að horfa. Það er gert hér í 2. gr. þessa frv. og fagna ég því alveg sérstaklega.

Nú hefur það auðvitað verið svo hverju sinni þegar tryggingaráð hefur fjallað um slíka úrskurði og kvatt til einmitt þá sem úrskurðina hafa fellt að þeir hafa orðið að gera grein fyrir sínum úrskurðum, segja sitt álit á því málskoti sem fram hefur komið og þeim breyttu forsendum kæranda hverju sinni. Ég geri fyllilega ráð fyrir því að svo verði áfram, að tryggingaráð hlýði á öll þau rök sem með og á móti málinu eru hverju sinni, en geti þar að auki leitað annars álits. Og það er einmitt það sem frv. gefur kost á, að tryggingaráð geti kallað til einn til þrjá lækna með sérþekkingu þannig að það geti hverju sinni fellt þann sannasta og réttlátasta úrskurð sem þeir aðilar sem undir tryggingaráð þurfa að leita með sín mál eiga rétt á.

En það eru fleiri hliðar á þessum málum en einungis hinar læknisfræðilegu. Ég hefði gjarnan viljað sjá í þessu máli lagalegan möguleika fyrir tryggingaráð að geta einnig kvatt sér til ráðuneytis sérfræðinga á sviði félagsfræði og lögfræði ef svo ber undir að tryggingaráð treystir sér ekki til að fella hina réttlátustu úrskurði varðandi þær hliðar. Ég hefði gjarnan viljað sjá að frv. tæki einnig til þess að tryggingaráði væri heimilt að kveðja sér til ráðuneytis einn til þrjá menn með sérþekkingu t.d. á sviði lögfræði eða félagsfræði. Ég held að það sé nauðsynlegt, þó að ekkert mæli í raun og veru á móti því að tryggingaráð hafi nú þegar slíka heimild, að kveðið sé á um þetta þannig að tryggingaráð geti fellt hverju sinni sannasta og réttlátasta úrskurði fyrir þá umbjóðendur sem undir tryggingaráð þurfa að sækja.

Ólafur G. Einarsson:

Herra forseti. Það hefur gerst æðioft á undanförnum árum að tillögur hafa komið fram á Alþingi um að setja á fót sérstaka örorkumatsnefnd sem skjóta mætti til úrskurðum tryggingayfirlæknis. Þessi frumvörp hafa ekki hlotið afgreiðslu, enda verið umdeild þar sem oftast hefur verið ruglað saman upphæð bóta og læknisfræðilegu mati á starfsorkumissi, þ.e. örorkunni.

Þetta frv., sem hér er nú flutt og hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur mælt fyrir, tekur með allt öðrum hætti á þessu máli en áður hefur verið gert hér í þinginu. Ég er þá að tala um 2. gr. frv. og reyndar 1., þar sem lagt er til að felld verði úr gildi 2. mgr. 6. gr. almannatryggingalaga, en sú grein hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Rísi ágreiningur um bætur leggur tryggingaráð úrskurð á málið. Þeim úrskurði má áfrýja til tryggingadóms, sem sett verði um sérstök löggjöf."

Slík löggjöf hefur aldrei verið sett og þess vegna hefur þetta ákvæði tryggingalaganna aldrei komið til framkvæmda. Ég er samþykkur því að þessi grein falli brott og fellst á röksemdir sem greinir í athugasemdum við 1. gr. frv.

Ég get reyndar sagt strax, að ég er í öllum aðalatriðum samþykkur frv., en vil þó benda á varðandi 2. gr. frv. atriði sem heilbr.- og trn. ætti að taka til sérstakrar athugunar. Í greininni segir:

„Ef ágreiningur er lagður fyrir tryggingaráð til úrskurðar og úrlausn hans er að einhverju leyti eða öllu háð læknisfræðilegu mati, er tryggingaráði hverju sinni heimilt að kveðja sér til ráðuneytis einn til þrjá lækna sem hafa sérþekkingu á hlutaðeigandi sviði."

Um þetta er allt gott að segja, en þá vaknar sú spurning hvernig með skuli fara ef ágreiningur er háður öðru mati en læknisfræðilegu, eins og hv. þm. Jón Sæmundur Sigurjónsson benti hér á áðan. Mér sýnist eins og honum að það kynni að vera rétt að bæta þarna inn ákvæði sem fæli það þá beint í sér að tryggingaráð gæti kvatt sér til ráðuneytis aðra sérfræðinga en lækna, ef til kæmi annað mat en læknisfræðilegt, t.d. þá lögfræðinga eða félagsfræðinga eins og hér hefur þegar komið fram og hæstv. ráðherra raunar nefndi í sinni ræðu að væri eðlilegt. Ég legg ekki fram neina tillögu hér við 1. umr. um þetta, en tel æskilegt að heilbr.- og trn. taki þetta til sérstakrar athugunar.

Eins og ég sagði er reyndar í athugasemd með frv. beinlínis talað um þetta. Þar segir: „Á sama hátt gæti tryggingaráði reynst nauðsyn á að leita sér lögfræðilegrar ráðgjafar eða aðstoðar við úrskurði sína utan Tryggingastofnunar ríkisins, svo og ráðgjafar og aðstoðar félagsfræðinga eða félagsráðgjafa, svo dæmi séu tekin." Þarna er sem sagt beinlínis gert ráð fyrir því að aðrir en læknar séu kvaddir til ráðgjafar tryggingaráði ef ágreiningur er um annað en læknisfræðilegt mat. Til þess að taka af allan vafa sýnist mér rétt að setja um þetta beint ákvæði eins og um hitt ef leita þarf sérþekkingar lækna.

Það kann líka að vera spurning hvort rétt væri að setja í lagatextann frekari fyrirmæli um hvernig með skuli fara slík möguleg ágreiningsmál eða hvort slíkt skuli einungis koma í reglugerð.

Ég vildi koma þessum atriðum á framfæri, herra forseti, nú við 1. umr. málsins en ítreka að ég er í megindráttum fylgjandi frv. og um önnur atriði þess hef ég ekki athugasemdir fram að færa.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Hér fyrr í vetur, eins og við alþýðubandalagsmenn höfum gert nú um sex ára skeið, lagði ég fram frv. til laga um breytingu á lögum nr. 67

1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum, sem efnislega er byggt á sömu hugmynd og öll hin frumvörpin sem við höfum lagt fram sem hafa snúist um það að fá betra skipulag á mat á örorku.

En að þessu sinni lögðum við til að settur yrði á stofn áfrýjunardómstóll, eins og reyndar er gert ráð fyrir í lögum um almannatryggingar, þó að við köllum það nú ekki dómstól heldur nefnd. Og þar sem ég á sæti í heilbr.- og trn. hef ég haft nokkra þolinmæði með hæstv. ráðherra vegna þess að ég vissi að efnislega er hann okkur sammála um að hér þurfi úr að bæta og féllst því á að bíða með afgreiðslu frv. míns þar til hans frv. kæmi fram og lýsti mig reiðubúna til að styðja það þegar það kæmi fram.

Ég skal hins vegar ekki leyna því að það hefur valdið mér nokkrum vonbrigðum að hve litlu leyti þessi 2. gr. frv., sem hann hefur lagt fram, leysir þetta vandamál. Hér hafa talað tveir tryggingaráðsmenn og það kemur mér dálítið á óvart að þeir virðast misskilja mjög illilega 6. gr. laga um almannatryggingar. (**ÓE:** Ég er ekki í tryggingaráði ...) Fyrrverandi þá alla vega, hv. 2. þm. Reykn.

Sannleikurinn er sá að eins og allir vita er tryggingaráð pólitísk nefnd, kjörin hér á hinu háa Alþingi. Hún á fyrst og fremst, eins og segir í 6. gr., að hafa eftirlit með fjárhag, rekstri og starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins, enda skal undir ráðið heyra endurskoðunardeild stofnunarinnar. Síðan segir hér í 2. mgr. 6. gr.:

„Rísi ágreiningur um" og hlustið nú vel „bætur", þ.e. bótaupphæðir „leggur tryggingaráð úrskurð á málið. Þeim úrskurði má áfrýja til tryggingadóms," segir svo hér, „sem sett verði um sérstök löggjöf." Það hefur raunar ekki verið gert. En það er grundvallarmisskilningur að bætur og örorkumat sé eitt og hið sama. Það er auðvitað gjörsamlega fráleitt að tryggingaráð leggi mat á örorkumat. Ef verið er að greiða manni, sem hafði geymt að taka ellilífeyri, ranga upphæð er auðvitað alveg sjálfsagt að kæra það til tryggingaráðs. En það er alveg fráleitt að fólki sem getur verið með hvaða menntun sem er og situr í pólitískri nefnd sé falið að endurmeta örorku. Það er alveg gjörsamlega út í hött. Þetta legg ég mikla áherslu á að menn skilji.

Það vildi nú svo vel til að ég vann í þessari góðu stofnun í 10 ár og þar innan dyra hefði engum manni dottið í hug að tala um bætur eins og þar sé um að ræða örorkumat. Vissulega hefur mat áhrif á bætur, en ef örorkumat er ákveðin prósenta, þá er það útreikningsatriði ef sú prósenta er undir 75%, annars er það föst tala. Ég vil því endilega leggja á það áherslu að ég er andvíg því að tryggingaráð yfir höfuð hafi nokkur afskipti af örorkumati sem er háfaglegt mat.

Gagnrýni mín og ástæða fyrir þessum síendurteknu frumvörpum, ástæðan fyrir þeirri gagnrýni er sú að ég hef talið um margra ára skeið, og er ekki ein um það, að ekki sé farið að lögum um almannatryggingar við örorkumat og leyfi mér hér að vitna í 12. gr. — og það er líklega svona í sjötta sinn sem ég geri það hér í þingsal — en þar segir og ég ætla enn einu sinni að lesa það yfir hv. þingheimi. Hér er talað um í 12. gr. hverjir hafa rétt til örorkulífeyris og í b-lið segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Eru öryrkjar til langframa á svo háu stigi að þeir eru ekki færir um að vinna sér inn ¼ þess er andlega og líkamlega heilir menn eru vanir að vinna sér inn í því sama héraði við störf sem hæfa líkamskröftum þeirra og verkkunnáttu og sanngjarnt er að ætlast til af þeim með hliðsjón af uppeldi og undanfarandi starfa."

Þetta ber ekki mikil merki þess að örorkumat eigi að vera svo til eingöngu læknisfræðilegt. Hér er í fleiri, fleiri atriðum tekið fram að litið skuli til félagslegrar aðstöðu þess sem meta skal. Þetta hefur að mínu viti ekki verið gert og um þetta hefur verið ágreiningur öll þessi ár.

Í tryggingastofnunum Norðurlanda er hvergi einum yfirlækni falið að bera ábyrgð á örorkumati. Við örorkumat vinnur ævinlega félagslega menntað fólk og lagalega. Þetta er ekki sett á einn mann eins og hér hefur verið gert. Ég held að þeir séu orðnir æðimargir landsmenn sem hafa enda orðið illilega fyrir barðinu á þessu hreinlæknisfræðilega mati. Og svo sannleikurinn sé nú allur sagður, þá hefur þetta verið þannig að eina stofnunin sem hægt var að snúa sér til ef fólk var óánægt með örorkumat var tryggingaráð. Og hvernig fór það fram? Tryggingayfirlæknir, sá hinn sami og bar ábyrgð á og ber ábyrgð á öllu örorkumati í landinu, sat fundina og sannfærði auðvitað hv. nefndarmenn um að þetta væri aldeilis allt í lagi.

Og hvað á nú að gera? Í staðinn fyrir að líta nú betur til tillögu minnar um nefnd sem ég gerði ráð fyrir að væri skipuð í fyrsta lagi einum tilnefndum af Hæstarétti, í öðru lagi einum tilnefndum af forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins, og skyldi sá vera lögfræðingur, en Hæstiréttur skyldi skipa læknisfræðilega menntaðan mann, og tryggingaráð skyldi síðan tilnefna einn mann sem skyldi hafa félagslega menntun, þá kemur ráðherra með þá breytingu að í staðinn fyrir að tryggingayfirlæknir sjálfur leggi mat á sitt eigið örorkumat, þá sé heimilt að kalla á annan lækni utan úr bæ. Það er gott og blessað, það er skárra en ekki, ég viðurkenni það. En það vantar enn þá í þessa áfrýjun félagslega hlið málsins og til þess að menn skilji hvað ég á við með því skal dæmi tekið: Tveir menn geta haft nákvæmlega sömu fötlun, við skulum segja að þeir sitji báðir í hjólastól. Sá sem býr í Reykjavík og hefur verið við skrifstofustörf áður en hann fatlaðist á ærið miklu meiri möguleika að lifa eðlilegu lífi og vinna sér inn eðlilegar tekjur heldur en sjómaður af Súgandafirði sem hefur aldrei unnið í landi. Það er fráleitt að meta þessa tvo menn með sömu örorku vegna þess, eins og ég hef þegar gert grein fyrir hér með tilvitnun í 12. gr., að örorkumat er ekki hreinlæknisfræðilegt. Það er mat faglega menntaðs fólks á því hvað manneskjan getur unnið sér mikið inn þrátt fyrir fötlun sína miðað við menntun, fyrri störf í því sama héraði og hann hefur lifað lífi sínu o.s.frv. Um það snýst þetta mál.

Það nær þess vegna afar skammt, að mér sýnist, frv. hæstv. ráðherra. Eina breytingin er sú að stjórnmálamenn, sem sitja í tryggingaráði hverju sinni og geta verið afar miskunnugir þessum málum, geta nú vísað tryggingayfirlækni niður á læknisstofur sínar og fengið annan lækni til að líta á mat tryggingayfirlæknis. Það getur hver sagt sér sjálfur hvaða breytingu þetta hefur í för með sér. Hún er auðvitað nákvæmlega engin. Þess vegna vil ég biðja hv. þingheim, ef mönnum er einhver alvara að leysa þá erfiðleika sem þarna eru á ferðinni, að sýna nú drenglund og kynna sér 171. mál þessa þings. Nú er ég ekkert að fara fram á að það verði samþykkt eins og það nákvæmlega er, þó að í það hafi verið lögð veruleg vinna og ég telji að það sé alveg fullboðlegt. Ég er auðvitað alveg tilbúin til að vinna þessar tvær tillögur saman og reyna að bæta hér um. En ég held að það sé alveg grundvallaratriði að koma inn í þessi mál hinni félagslegu hlið því að gildandi lög virðast ekki duga til þess.

Ég er satt að segja undrandi á því hvað fólk utan af landsbyggðinni hefur sýnt þessu máli takmarkaðan áhuga — og þar vil ég taka fram að einn hv. þm. hefur sýnt þessu máli meiri áhuga en aðrir, en það er hv. 6. þm. Norðurl. e. Stefán Valgeirsson — vegna þess að fólk utan af landi hefur átt afar erfitt með að bera sig eftir leiðréttingu mála sinna. Það sækir auðvitað sitt örorkumat til síns heimilislæknis eða héraðslæknis og það mat er oftar en ekki gert heldur lítið með suður í Tryggingastofnun ríkisins, oftlega mjög vegna algjörrar vanþekkingar á lifnaðarháttum manna á viðkomandi stöðum. Þess vegna finnst mér að hv. landsbyggðarþingmenn ættu að sýna þessu máli sérstakan áhuga eins og hv. 6. þm. Norðurl. e. hefur margsagt. Í allri vinsemd vildi ég því biðja hv. þm. að skoða þessi tvö frumvörp. Ég á sjálf sæti í heilbr.- og trn. Nd. og mun að sjálfsögðu vinna að þessu máli þar, en ég hlýt að lýsa því yfir að ég mun reyna til þrautar hvort ekki sé hægt að gera þetta ofurlítið myndarlegar en þarna er að sjá í frv. hæstv. ráðherra.

Menn falla stundum í þá gryfju að líta á tryggingaráð eins og það er hverju sinni. Ég verð að játa það hreinskilnislega að núverandi tryggingaráð er óvenjulega vel setið fólki sem veit þó nokkuð mikið um þennan málaflokk. En mig rekur minni til að við einhverjar kosningar tók við gjörsamlega nýtt tryggingaráð með fólki sem hafði ekki hugmynd um hvað það átti að fara að gera þarna í stofnuninni. Þannig að við löggjöf getum við náttúrlega ekki litið til þess þó að núverandi tryggingaráð sé kannski nokkuð með á nótunum um slík mál, og treyst því að það verði endilega til frambúðar. Þetta hélt ég að þyrfti ekki að segja hv. þm.

Ég skal ekki eyða meiri tíma hv. þm. um þetta mál. Ég hef talað um það ansi oft og er satt að segja orðin langeygð eftir að sjá einhverjar umbætur í þessum efnum. Ég veit og hef orðið vör við vaxandi skilning manna á þessu máli og æ fleiri hv. þm., sem ég hef setið með á Alþingi Íslendinga, hafa orðið heilbrigðisráðherrar og hafa verið fljótir að skipta um skoðun þegar þeir komu í ráðuneytið og þurftu að taka á móti gestum sínum sem höfðu ýmis erindi við þá út af þessum málum. (**Gripið fram í:** Flestir.) Langflestir. Rétt. Það er því kannski ráð að gera hálfan þingheim að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherrum til þess að þeir skilji hvað er hér um að ræða, en þess gerist kannski ekki þörf.

Ég treysti hv. þm. til þess að skoða þessi mál og leysa þetta af meiri myndarskap en frv. hæstv. ráðherra gerir ráð fyrir og hef ég til lítils beðið allan veturinn með að fá afgreiðslu mála minna ef þetta er það eina sem ég hef haft upp úr því.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Vegna áskorunar hv. þm. og ábendinga um skipti um skoðun, þá vil ég taka það fram að bæði hef ég átt sæti í stól heilbr.- og trmrh. og átt sæti í tryggingaráði um átta ára skeið, en það hefur ekki dugað mér til þess að sýnast frv. hv. þm. nægilega skynsamlegt eða a.m.k. ekki til þess fallið að leysa nákvæmlega þann vanda sem hún gerði grein fyrir og vissulega er fyrir hendi. Það eru mörg sjónarmið sem til skoðunar koma þegar lagt er mat á svo vandasamt efni sem örorku manna. En það er nú einu sinni svo að það hefur verið talið hlutverk sem er á færi lækna að framkvæma, að meta það hvort einstaklingur geti unnið þetta eða hitt starfið sem honum annars bæri að vinna og þess vegna hefur það líka verið talið hlutverk lækna að kynna sér nægilega vel þennan hluta þegar til örorkumats kemur.

Að því er varðar þá ábendingu hv. þm. að einnig þurfi að taka tillit til aðstæðna í byggðarlagi viðkomandi sjúklings eða öryrkja, sem er auðvitað líka rétt, það er mikilvægur hluti hinnar félagslegu aðstöðu mannsins, þá er mér alveg fyrirmunað að sjá að frv. það sem þingmaðurinn hvatti svo mjög til að við kynntum okkur og lagt var fram í vetur, 171. mál, leysi það efni. Það er engin ábending um hinn byggðastefnulega þátt í þessu eða m.ö.o. engin ábending um tillit til heimilisfangs eða atvinnuhátta á heimili mannsins. Sú hugmynd sem í því frv. felst er fólgin í því að sett sé yfirmatsnefnd sem skipuð sé til fjögurra ára og gerir enga kröfu um staðháttaþekkingu þeirra einstaklinga sem til mats eru hverju sinni. Það er alveg ljóst að það frv. tryggir ekki þau atriði sem hv. þm. benti sjálf á.

Þá kem ég að því frv. sem raunverulega er hér til umræðu. Ég sé ástæðu til þess að lýsa stuðningi við flest atriði í því máli. Það er vissulega rétt að það þurfi að taka af tvímæli að því er varðar 7. gr. laganna að svo miklu leyti sem þau tvímæli eru fyrir hendi. Mér þykir líka vera mjög til bóta að það komi formleg reglugerðarheimild í lögin. Þó að það hafi verið álitið löngu helgað af hefð að sú reglugerðarheimild sé er það miklu betri frágangur að hún liggi formlega fyrir.

Sömuleiðis er ég sammála um 6. gr., tel þetta allt vera framfaraspor. En af því að 2. gr. frv. er ætlað að taka af tvímæli verð ég að benda á það strax við 1. umr. að það þykir mér þessi grein, eins og hún er nú, ekki gera. Það eru nokkur atriði sem einmitt eru ekki nægilega greinileg.

Í fyrsta lagi er það blátt áfram þessi spurning: Er tryggingaráði samkvæmt greininni, ef hún verður að lögum, ætlað að framkvæma nýtt örorkumat? Þetta þarf að liggja alveg ljóst fyrir. Þýðir orðalag greinarinnar að tryggingaráð geti metið örorkustig viðskiptamanns Tryggingastofnunarinnar annað en tryggingalæknir komst að niðurstöðu um? Þetta segir greinin í raun og veru ekkert um. Hún segir einungis: „Ef ágreiningur er lagður fyrir til úrskurðar og úrlausn hans er að einhverju leyti eða öllu háð læknisfræðilegu mati er tryggingaráði hverju sinni heimilt að kveðja sér til ráðuneytis 1–3 lækna sem hafa sérþekkingu á hlutaðeigandi sviði."

Ef niðurstaða þessara ráðunauta sem til eru kvaddir er önnur en tryggingayfirlæknis segir ekkert um hvað á að gera næst. Þetta þarf að liggja fyrir. Hver verður afleiðingin af annarri niðurstöðu? Af þessari spurningu minni má ljóst vera að ég tel að svarið við henni liggi ekki í fyrri mgr. greinarinnar þar sem segir: „Rísi ágreiningur um bætur leggur tryggingaráð úrskurð á málið." Það er vegna þess að ég geri eins og fleiri glöggan greinarmun á bótunum og örorkumatinu. Það er enginn vafi á að það getur verið vafi um rétt til bóta, a.m.k. í sumum tilvikum, þó að örorkumatið sjálft liggi fyrir. Svo mikið svigrúm gefa ýmsar greinar tryggingalaganna að það er öldungis ljóst að það er iðulega sem það kemur fyrir að tryggingaráð þurfi að meta hina endanlegu fjárhæð sem réttur er til að greiða hverju sinni.

En vegna þess að þetta er ljóst að því er bótaréttinn varðar þarf að svara því hvort frv. er ætlað að taka af tvímæli ef ágreiningur er um sjálft örorkustigið, sjálfa niðurstöðu örorkumats tryggingayfirlæknis sem skýr lagafyrirmæli eru um annars staðar í lögunum, sem sé í 12. gr. Ef það er ætlun hæstv. ráðherra að skapa nýja heimild til að breyta því mati þarf að segja það í frv.

Þetta finnst mér nauðsynlegt að fá að vita núna til þess að starf okkar í heilbr.- og trn. verði markvissara við afgreiðslu frv. Að öðru leyti er ég hlynnt frv.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Mig langar að þakka hv. þm., sem hér hafa tekið til máls, fyrir stuðning við frv. eins og það liggur fyrir í meginatriðum. Ég veit að hér er fjallað um mál sem hefur verið ágreiningsefni á mörgum þingum að undanförnu. Það sanna þau frumvörp sem flutt hafa verið hér þing eftir þing til að breyta vissum ákvæðum almannatryggingalöggjafarinnar, sérstaklega hvað varðar tryggingabætur, örorkumat og meðferð þeirra mála.

Eins og þetta liggur fyrir, 1. og 2. gr. frv. eins og þær eru lagðar hér fram, eru þær settar fram og kom reyndar fram í framsögu minni að ósk og í samráði við tryggingaráð. Tryggingaráð hefur fjallað um málið og þessu tryggingaráði a.m.k. hefur verið það alveg ljóst að það þyrfti að gera á starfsháttum nokkrar breytingar og hefur þess vegna lagt þessar hugmyndir fyrir ráðuneytið og ráðuneytið hefur síðan tekið þær upp og gert að sínum og eru þær hér fluttar.

Mín skoðun er sú á þessu máli, eins og ég held reyndar að hafi komið fram í umræðum áður um málið á þingi, að það þurfi að gera á þessu breytingar, það þurfi að koma á öðru skipulagi. En ég hef hins vegar, eins og margir aðrir þingmenn, verið með efasemdir um það ákvæði 6. gr. núgildandi laga að settur yrði sérstakur tryggingadómur um málið og það væri rétt að kveða einhvern veginn öðruvísi á þar sem ekki hefur verið skýrt hvernig sá dómstóll eða dómur ætti að starfa, hvort ætlunin hafi verið að þetta yrði sérdómstóll á héraðsdómsstigi og hvað liði þá annarri málsmeðferð. Þess vegna er hér gerð alveg ákveðin tillaga um að það ákvæði sé fellt niður, en undirstrikað það úrskurðarvald tryggingaráðs sem reyndar er einnig í núgildandi lögum. Það segir í 6. gr. núgildandi laga: „Rísi ágreiningur um bætur leggur tryggingaráð úrskurð á málið" sem er nákvæmlega sama eins og er í frv. eins og það liggur fyrir núna. Þessi setning er aðeins flutt til.

Síðan er reynt að kveða nánar á um hvernig með mál skuli farið. „Ef ágreiningur er lagður fyrir tryggingaráð til úrskurðar", eins og segir í 2. gr. frv., „og hann er að einhverju eða öllu leyti háður læknisfræðilegu mati er tryggingaráði hverju sinni heimilt að kveðja sér til ráðuneytis einn til þrjá lækna" o.s.frv. Ég lít svo á að hér hafi verið hugmyndin og meiningin að taka á málinu öllu. Ég get út af fyrir sig fallist á það sem komið hefur fram hjá hv. 13. þm. Reykv. og 3. þm. Reykv. um að það þurfi að gera betri grein fyrir því annars vegar hvað átt er við með „bætur" og hins vegar „örorkumat" svo mönnum sé það alveg ljóst að þetta sé ekki alveg sambærilegt, en ég hef litið svo á að ef við ætlum tryggingaráði að skera úr um ágreining sé það allt málið, þá hljóti það líka að vera endurskoðun á örorkumatinu sem framkvæmd hefur verið af hálfu tryggingalæknanna og það sé raunverulega það sem sagt er í 2. mgr. 2. gr. frv. Ef ágreiningur er lagður fyrir tryggingaráð og er að einhverju eða öllu leyti háður læknisfræðilegu mati hlýtur það að vera það sem hér er átt við að þetta „læknisfræðilega mat" þurfi að endurskoða sem er þá í raun örorkumatið og þess vegna verði að kveða skýrar á um eða að minnsta kosti að það verði að koma skýrt fram í meðferð nefndarinnar á þessu máli og þingið verði að átta sig vel á því hvert hér er stefnt og hver á að verða niðurstaða málsins. Þetta er mín skoðun þó e.t.v. hafi það ekki verið fullhugsað eða rætt þegar frv. var samið og lagt fram. En ég lít svo á að til þess að ná algerlega því markmiði sem við höfum sett okkur með þessari grein og við leysum þá úr því sem hefur hér verið að veltast og vefjast fyrir, ekki bara þingmönnum heldur og auðvitað þeim öðrum sem hafa fjallað um þetta mál, en alla vega þingmönnum mörg undanfarin þing, þá verði að kveða alveg skýrt á um þetta atriði. Um það er ég sammála hv. 13. þm. Reykv.

Sá ágæti hv. þm. hefur sýnt ráðherra þolinmæði, eins og þingmaður orðaði það hér áðan, og beðið eftir því að þetta frv. kæmi fram. Ég ítreka það að við höfðum hugsað okkur og ég hef svarað hv. þm. í

umræðum áður svo að þetta mál yrði að takast til skoðunar með heildarendurskoðun almannatryggingalöggjafarinnar. En við höfum síðan tekið þetta mál upp t.d. í stjórnarmyndunarviðræðum. Það er kveðið á um í stjórnarsáttmála núv. ríkisstjórnar að það skuli reynt að taka á þessum þætti almannatryggingalöggjafarinnar sérstaklega. Þar sem sýnt var að það næðist ekki heildarendurskoðun fram á þessu þingi, ég vona hins vegar að það standi að okkur takist að klára þá endurskoðun í sumar og hægt verði að leggja það fyrir næsta þing, var talin ástæða til að taka málið upp núna og ég hef beðið hv. 13. þm. Reykv. að bíða eftir þessu frv. og vonaðist til þess að um það gæti náðst góð samstaða þar sem það hefur verið unnið í og af tryggingaráði og í samvinnu og samráði við tryggingaráðið sjálft sem hefur fengið þessi vandamál við að glíma að undanförnu einnig.

Það hafa komið fram hugmyndir um að það ætti að kveða á um fleira en hið læknisfræðilega mat og eins og segir reyndar í athugasemdum með frv. hefur það verið álit ráðuneytisins að ef tryggingaráð vildi nota sér þá heimild sem nú er í 6. gr. laganna og ég las áðan og er samhljóða 1. mgr. 2. gr. frv., þá hafi tryggingaráð auðvitað getað kvatt sér til aðstoðar sérfræðinga til að fjalla um einstaka þætti. En málin hafa e.t.v. þróast á annan veg og ég hef ekki á móti því að heilbr.- og trn. taki það til sérstakrar athugunar hvort þarna eigi að kveða skýrar á um aðra þætti sem þarf að leggja mat á en bara þá læknisfræðilegu, t.d. þá sem hér hafa verið nefndir, félagslega þætti og lögfræðilega, og þá sé ekki óeðlilegt að það komi fram í frv. og verði kveðið á um það skýrt í lagatexta eins og um hinn læknisfræðilega þátt. Það finnst mér að nefndin geti tekið til athugunar.

Ég veit ekki hvort þörf er á að orðlengja meira um þetta. Ég hef reynt að svara þeirri spurningu sem hv. 3. þm. Reykv. beindi til mín um skoðun mína á því hvað ætti að taka við ef ágreiningur yrði annars vegar milli þess örorkumats sem tryggingayfirlæknir hefur gert og hins vegar þess sem kynni að koma fram í meðhöndlun tryggingaráðs á málinu og eftir umfjöllun þeirra lækna sem sérstaklega yrðu kvaddir að máli og vísa því að öðru leyti til nefndarinnar að fjalla um málið í heild. Að sjálfsögðu er bæði heilbrmrh. og starfsmenn heilbrmrn. tilbúnir til að koma að þeirri umfjöllun og reyna að leiða málið fram í þann farveg að þingið geti verið sæmilega sátt við og sómi að afgreiðslu málsins þannig að ekki sé enn verið að búa til einhver ágreiningsefni eða að málinu sé ekki svo skýrt skilað frá Alþingi að menn geti unnið eftir þessari breytingu því þá hefði hún lítinn tilgang, að stefna málinu í áframhaldandi óvissu eins og þau hafa kannski verið í á undanförnum árum. Við erum að gera þessa breytingu til að reyna að fá fram ný vinnubrögð og þó að hv. 13. þm. Reykv. þyki e.t.v. of skammt stigið held ég nú að hér sé þó verið að kveða alveg upp úr um að tryggingaráði beri að fjalla um þessi mál og taka tillit til þeirra sjónarmiða sem þar koma upp með því að kveðja til utanaðkomandi sérfræðinga en ekki aðeins þá ráðgjafa eða þá starfsmenn stofnunarinnar sem hafa þá þegar fjallað um málin þegar þau koma til tryggingaráðs.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það skal vera mjög stutt. Ég er sannfærð um að hæstv. heilbr.- og trmrh. og ég komum til með að ná saman um þetta mál.

Ég vil aðeins ítreka að þetta frv., sem hann hefur nú lagt fram, tekur á engan hátt til örorkumats. Þar stendur enn: „Rísi ágreiningur um bætur." Bætur eru á tryggingamáli peningar. Það getur verið fæðingarorlof, það getur verið ellilífeyrir, það getur verið hvað sem er, það geta verið slysabætur. Það er ágreiningur um útreikning bóta. Í raun og veru er enn fráleitara ef þetta á að taka til örorkumats sem er aldeilis ómögulegt að sjá af lagatextanum, þess í stað þyrfti þá bara að standa: Rísi ágreiningur um örorkumat, en ekki bætur. Þetta á síst af öllu heima í 7. gr. almannatryggingalaga eins og gert er ráð fyrir. 6. gr. gerir grein fyrir verkefnum tryggingaráðs og fjallar um fjárhagslegt eftirlit og er í liðum a–g en samkvæmt þeim á ráðið að líta til árlegrar fjárhagsáætlunar stofnunarinnar, ársreiknings stofnunarinnar, það á að annast heimildarsamninga við heilbrigðisstéttir, það á að setja meginreglur um notkun heimildarákvæða, það á að annast lánveitingar og verðbréfakaup og hafa eftirlit með því og það á að sinna öðrum þeim atriðum „sem lög þessi ákveða" eins og þar segir.

Þess vegna er hálfkyndugt ef 7. gr., sem nú er niður felld með lögum frá 1978, kemur inn aftur og hljómar á eftir þessari upptalningu: „Rísi ágreiningur um bætur leggur tryggingaráð úrskurð á málið". Það getur auðvitað enginn tekið öðruvísi en svo að hér sé enn verið að tala um peninga vegna þess að bætur eru í Tryggingastofnun ríkisins peningaupphæð. Það sem við erum að fara fram á er að fleiri aðilar geti komið til sögunnar um sjálft örorkumatið. Sé manneskja metin 75% öryrki fær hún sinn lífeyri. Það er enginn ágreiningur um það. Ágreiningurinn snýst um matið sjálft. Það er þetta sem ég vil biðja hæstv. ráðherra að skoða vel. Og læknir á ekkert erindi inn í tryggingaráð rísi ágreiningur um bætur. Hann hefur einfaldlega ekkert með bætur að gera. Hann á, ef farið væri að lögum um almannatryggingar, að meta læknisfræðilegt ástand viðkomandi umsækjanda. En síðan þurfa, að mínu mati, fleiri að koma til sem hafa félagslega þekkingu, staðfræðilega þekkingu. Þess vegna finnst mér ósanngjarnt hjá hv. 3. þm. Reykv. að segja að frv. okkar breyti því á engan hátt. Það gerir það að því leyti að þar er gert ráð fyrir að tryggingaráð tilnefni mann sem skal vera félagsfræðingur eða félagsráðgjafi. Slíkur maður ætti að geta haft einhverja þekkingu á lífskjörum viðkomandi umsækjanda eða farið og kannað þær aðstæður ef á þarf að halda. Um það snýst þessi umræða. Ég vil leggja á það mikla áherslu að menn rugli ekki saman örorkumati og bótum. Það eru greiddar margar tegundir bóta og lífeyris í Tryggingastofnun ríkisins. Sumt af því er hreint útreikningsatriði, svo sem eins

og þegar gamall maður hefur geymt að taka ellilífeyri, stofnunin greiðir honum ekki nema tvö ár aftur í tímann og hann getur komið og sagt: Ég er óánægður með það. Þá er ágreiningur um bætur. En ágreiningur um örorkumat er einfaldlega allt annað.

Ég vil segja það við hv. félaga mína hér á hinu háa Alþingi af kvenkyni að mörg dæmi eru um að konur, sem hafa unnið úti allt sitt líf, hafa þrælað á fiskvinnslustöðum staðarins þar sem þær hafa búið, verða síðan óvinnufærar og eru 75% öryrkjar sannanlega þar sem þær geta ekki lögum samkvæmt unnið sér inn ¼ þess sem andleg og líkamleg geta o.s.frv. og skal ég nú ekki lesa 12. gr. enn einu sinni. Hvernig eru þessar konur afgreiddar? Þær fá 65% örorku vegna þess að þær geta unnið létt heimilisstörf. Um þetta snýst ágreiningurinn og slík tilvik. Það er ekkert vit í að segja við manneskju í litlu sjávarplássi á Íslandi sem hefur unnið við framleiðslustörf allt sitt líf að hún geti unnið létt skrifstofustörf. Það er engin skrifstofa og engin skrifstofustörf á staðnum, auk þess sem viðkomandi manneskja hefur aldrei nálægt slíku komið. Þetta er brot á afgreiðslu samkvæmt 12. gr. almannatryggingalaga.

Þetta held ég að hljóti að vera orðið öllum áheyrendum nokkuð skýrt og ég er alveg sannfærð um að hæstv. ráðherra er allur af vilja gerður til að leysa vanda þessa fólks, sem finnst það ekki fá þær bætur frá samfélaginu sem það telur sig hafa unnið fyrir og tryggt sig fyrir áföllum lífsins með vinnu sinni og framlagi til þessara sameiginlegu verkefna. Ég mun reyna að bregðast við þessu frv. með því að bera jafnvel fram brtt. og vil biðja hæstv. ráðherra að líta aðeins á hana. Samnefndarmenn mínir í hv. heilbr.- og trn. vita mætavel um hvað þetta mál snýst þannig að ég held að við hljótum að geta náð saman um einhverja lausn á þessu máli þegar við erum búin að aðgreina skýrt og skorinort bætur og örorkumat. Það er ekki það sama og eru gersamlega óskyldir hlutir. Tryggingaráð hefur aldrei átt að annast annað en hina peningalegu hlið Tryggingastofnunar ríkisins. Af tryggingaráði, hinum pólitísku fulltrúum sem þar eru kjörnir, hefur aldrei verið ætlast til að þeir hafi minnsta vit á örorkumati, enda sjaldnast með menntun þar til.

Þessu finnst mér mjög mikilvægt að menn geri sér grein fyrir og skal ég ekki hafa fleiri orð um þetta.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Það er aðeins örstutt. Mér heyrist að við séum nokkuð sammála um verkefnið sem fyrir liggur, ég og hv. 13. þm. Reykv., og reyndar aðrir hv. þm. sem hér hafa tjáð sig um málið, þ.e. að kveða skýrar á um það hvernig menn geta leitað réttar síns ef um ágreining er að ræða. Mig langar aðeins í sambandi við það sem síðast kom fram hjá hv. 13. þm. Reykv. að árétta að það segir m.a. í greinargerð frv.:

„Samkvæmt núgildandi 6. gr. almannatryggingalaga gegnir tryggingaráð nánast tvíþættu hlutverki. Annars vegar kemur það fram sem stjórn Tryggingastofnunar ríkisins, m.a. með því að það hefur eftirlit með starfsemi stofnunarinnar og veitir samþykki sitt á þeim atriðum, sem talin eru í 3. mgr. 6. gr." og hv. þm. reyndar las nú upp. „Hins vegar gegnir tryggingaráð því hlutverki að leysa úr ágreiningi, sem skotið er til þess, um rétt til bóta" segir hérna. Síðar segir: „Með 2. gr. frumvarpsins er kveðið skýrt á um hið síðarnefnda hlutverk tryggingaráðs, m.a. til þess að ekki orki tvímælis að tryggingaráð hafi ekki aðeins vald til þess að leysa úr ágreiningi um það hvort reglur laganna veiti rétt til greiðslu" eða bóta eins og hv. þm. hefur svo skýrt tekið fram — „hvort reglur laganna veiti rétt til greiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins heldur einnig til þess að leysa úr ágreiningi um önnur skilyrði slíks réttar."

Hér er þetta alveg skýrt tekið fram í greinargerðinni og ég hlýt að líta svo á þegar talað er um það í frv. sjálfu og segir að ef úrlausn úrskurðar ágreiningsins hjá tryggingaráði er að einhverju eða öllu leyti háð læknisfræðilegu mati, þá eigi tryggingaráð að kveðja sér til sérfræðinga á því sviði, þ.e. 1–3 lækna. Það hlýtur að vera að talað sé hér um að tryggingaráð eigi einnig að kanna það mat sem farið hefur fram, örorkumatið, ekki bara rétt til bóta eða einhverrar krónutölu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þjóðarbókhlaða og endurbætur menningarbygginga, 1. umr.

Stjfrv., 374. mál. — Þskj. 705.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Það frv. sem ég mæli fyrir hefur tvíþættan tilgang. Annars vegar að tryggja að fylgt verði eftir ítrekuðum áformum um að ljúka smíði Þjóðarbókhlöðu án frekari tafa og hins vegar að skapa fjárhagsgrundvöll fyrir aðkallandi framkvæmdir við endurbætur og viðhald á húsakosti ýmissa helstu menningarstofnana landsins og á gömlum byggingum sem brýnt er að varðveita vegna menningarsögulegs gildis þeirra.

Eins og kunnugt er er byggingarsaga Þjóðarbókhlöðunnar orðin alllöng. Þar er gert ráð fyrir því að hýsa tvö undirstöðubókasöfn þjóðarinnar, þ.e. Landsbókasafn og Háskólabókasafn. Þrátt fyrir að byggingarsagan er löng hefur þessi bygging notið eindregnari heitstrenginga og viljayfirlýsinga af hálfu stjórnvalda en flestar aðrar byggingar sem byrjað hefur verið á í þessu landi.

Byggingarsögu Þjóðarbókhlöðunnar má í raun og veru rekja allt aftur til ársins 1957 og það var vorið 1970 að samþykkt var á Alþingi þál. um að hús þetta skyldi reist í tilefni af 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar 1974. Nokkuð gekk í þessum efnum en hægt miðaði

og 22. apríl 1986 samþykkti Alþingi að tillögu Sverris Hermannssonar þáv. menntmrh. lög um þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu. Þau kváðu á um álagningu sérstaks eignarskatts í þrjú ár, 1987–1989, sem átti að gera kleift að ljúka byggingunni miðað við þá kostnaðaráætlun sem fyrir lá á þeim tíma.

Nú hefur það hins vegar gerst að árlegar fjárveitingar í fjárlögum hafa skorið framkvæmdunum miklu þrengri stakk en hinn lögákveðni tekjustofn gaf tilefni til og svo jafnframt hitt að kostnaður við að fullgera bókhlöðuna með nauðsynlegum búnaði hefur orðið mun meiri en gert var ráð fyrir, m.a. vegna tölvuvæðingar sem er óhjákvæmilegur hluti af rekstri nútímabókasafns. Það er því sýnt að átakið sem gert var ráð fyrir 1986 verður að standa mun lengur en sú lagasetning miðaðist við í upphafi.

Samkvæmt framkvæmda- og fjármagnsáætlun frá hönnuðum Þjóðarbókhlöðu í desember 1988, miðað við byggingarvísitölu 400 var kostnaður við óloknar framkvæmdir að meðtöldum búnaði þá talinn vera 824 millj. kr. Innheimtur eignarskattsauki, en ógreiddur í byggingarsjóð bókhlöðunnar, vegna áranna 1987–1988 nam um sl. áramót um 157 millj. kr. og skatttekjur 1989 voru áætlaðar 240 millj. kr. Framlenging skattstofnsins árið 1990 er talin mundu gefa um 239 millj. kr. og árið 1991 um 245 millj. kr. Samkvæmt þessum áætlunum ætti því eignarskattsaukinn þessi tvö viðbótarár, miðað við lögin frá 1986, að geta gert nokkru betur en duga til að fjármagna smíðina til loka.

Í stefnuyfirlýsingu þeirri sem birt var við myndun núv. ríkisstjórnar seint í september 1988 segir svo: „Þjóðarbókhlaðan verður fullgerð innan fjögurra ára.“ Sú fjármögnunaráætlun sem rakin er hér að framan á að gera kleift að húsið verði fullgert á árinu 1992.

Þessum sjóði, sem hér er lagt til að stofnaður verði, er ekki ætlað að standa undir kostnaði við nýbyggingar þegar Þjóðarbókhlöðu sleppir. Hins vegar kalla nú að mörg mjög viðamikil og brýn verkefni við endurbætur og viðhald á byggingum sem hýsa sumar mikilvægustu menningarstofnanir landsins og svo fjölmörg verkefni á sviði verndunar gamalla húsa. Dæmi um verkefni af þessu tagi eru Þjóðleikhúsið og endurreisn þess, en til þess er varið 70 millj. kr. á árinu 1989. Annað dæmi eru viðgerðir og endurbætur á húsi Þjóðminjasafns Íslands sem óhjákvæmilegt er að fara í nú þegar vegna þess að húsið er þegar orðið lekt og munirnir sem þar eru geymdir eru ekki lengur öruggir fyrir veðri og vindum. Þriðja dæmið sem ég nefni er Þjóðskjalasafnið, en húsnæði fyrir Þjóðskjalasafnið var keypt fyrir nokkrum árum, mjólkurstöðin gamla, og það mun kosta um 250 millj. kr. að gera það hús þannig úr garði að það geti orðið sæmilega öruggur staður til geymslu á þjóðskjölunum og til að tryggja húsnæði fyrir rannsóknir á þeim. Allt eru þetta kostnaðarsöm stórverkefni sem þola litla bið og mundu fyrirsjáanlega sækjast seint með venjubundnum stofnkostnaðar- og viðhaldsfjárveitingum á fjárlögum.

Í þessu sambandi má einnig, virðulegi forseti, minnast á nauðsynlegar viðgerðir á Bessastaðastofu sem varið er til nokkrum fjármunum á þessu ári, en fullyrt er, m.a. af talsmönnum fjvn., að þar verði að ganga enn hraðar til verka en fjárlög þessa árs gera ráð fyrir.

Þá er það alkunna að mikið hefur skort á að Þjóðminjasafn Íslands hafi haft nægilegt ráðstöfunarfé til að sinna þeim verkefnum sem því eru ætluð við varðveislu húsa. Víðs vegar um landið eru gamlar byggingar, bæði kirkjur og húsakynni af öðru tagi, sem almenn samstaða er um að varðveita beri en eru margar hverjar í hættu vegna þess að fjármuni vantar til nauðsynlegra verndunaraðgerða.

Með sjóðsstofnun þeirri sem frv. þetta gerir ráð fyrir er stefnt að því að næsta áratug verði unnið samfellt og með markvissum hætti að þeim viðamiklum og brýnu framkvæmdaverkefnum sem vikið hefur verið að að framan. Leggja verður áherslu á að sjóðnum er ekki ætlað að standa undir venjulegu, árlegu viðhaldi húsa í eigu ríkisins heldur að stuðla að viðráðanlegri lausn tímabundinna verkefna sem krefjast sérstaks átaks.

Í 1. gr. frv. er markað verksvið sjóðsins og því er slegið föstu að starfsemi hans verði ekki einskorðuð við byggingar í eigu ríkisins en gert ráð fyrir að í því efni komi til tillögur og mat frá Þjóðminjasafninu.

Í 2. gr. frv. er því slegið föstu að megintekjustofnar sjóðsins verði annars vegar sérstakur eignarskattur, hliðstæður þeim sem ákveðinn var með lögum nr. 49 1986 og hann verði framlengdur til ársins 1999, þegar gert er ráð fyrir því að lög þessi féllu úr gildi ef frv. yrði samþykkt, og hins vegar er gert ráð fyrir því að um verði að ræða árlegt framlag úr ríkissjóði. Á þessu ári ver ríkissjóður umfram það sem kalla má eðlileg viðhaldsframlög verulegum fjármunum til menningarbygginga af þessu tagi og bygginga sem hafa sérstakt varðveislu- og menningarsögulegt gildi. Þar er um að ræða upphæðir sem eru talsvert á annað hundrað millj. kr. Eins og tekið er hins vegar fram í almennum athugasemdum með frv. er hér gert ráð fyrir því að framlög samkvæmt 2. tölul. 2. gr. hljóti að vera umfram það sem telst venjulegt viðhaldsfé til ríkisstofnana samkvæmt fjárlögum. Loks er gert ráð fyrir því að sjóðurinn geti við ákveðnar aðstæður tekið lán til þeirra verkefna sem þarf að vinna samkvæmt fjárlögum og lánsfjárlögum hverju sinni.

Í 3.–6. gr. frv. eru tekin upp þau ákvæði sem fjalla um álagningu sérstaks eignarskattsauka, en í 7. gr. frv. er fjallað um stjórn sjóðsins. Það er gert ráð fyrir því að menntmrh. skipi stjórn sjóðsins. Gert er ráð fyrir að formaður fjvn. Alþingis eigi þar sæti samkvæmt stöðu sinni. Tilgangurinn með þessu ákvæði er sá að tryggja að fjvn. Alþingis viti sem best hvað ætlunin er að gera á hverjum tíma við sjóð þennan.

Í annan stað er þarna gert ráð fyrir að kirkjumálaráðuneytið tilnefni sérstakan fulltrúa í stjórn sjóðsins. Hvaða rök eru fyrir því? Þau rök má m.a. lesa um í fskj. með frv. þar sem það kemur fram að um allt land eru fjöldamargar gamlar kirkjubyggingar í veru-

legri eyðileggingarhættu nema þegar í stað verði gripið til sérstakra ráðstafana. Staðreyndin er sú að á stórum svæðum eru þessar gömlu kirkjur kannski einu menningarsögulegu byggingarnar sem til eru og það er til skammar satt best að segja hvernig staðið hefur verið að þessum málum á undanförnum árum og áratugum. Það stafar ekki af viljaleysi heldur því að þessar byggingar, þessar kirkjur hafa lent á milli mismunandi aðila í stjórnkerfinu. Annars vegar er um að ræða söfnuðina sem hafa þarna tilteknar skyldur en hafa mjög litla fjármuni en heyra að þessu leytinu til undir kirkjumálaráðuneytið. Söfnuðirnir þurfa að nota kirkjurnar til margvíslegrar starfsemi, en þar rekast þeir iðulega á önnur lagaákvæði sem eru lög um þjóðminjavernd og verndun þjóðminja þannig að það er bannað að breyta kirkjunum eða laga þær með þeim hætti sem fellur að þeirri starfsemi sem söfnuðirnir vilja hafa. Niðurstaðan hefur svo orðið sú að hvorugur aðilinn hefur tekið af skarið. Það er þess vegna sem ég lagði á það áherslu við undirbúning þessa máls að kirkjumálaráðuneytið væri kallað þarna sérstaklega inn til þess að það ásamt menntmrn. og Þjóðminjasafni gæti unnið þarna að sérstöku átaki varðandi kirkjurnar sem slíkar. Auðvitað eru þetta menningarstofnanir líka.

Í 8. gr. frv. er talað um að sjóðsstjórninni verði falið að ákveða framlög úr sjóðnum, en leggja skal þó úthlutun fyrir menntmrh. til staðfestingar. Í 2. mgr. felst atriði sem er ein af forsendum þess að lagasetningin nái tilgangi sínum, þ.e. að úthlutun fjár úr þessum sjóði sé reist á skipulegum áætlunum til lengri tíma. Það er gert ráð fyrir að slík áætlun liggi jafnan fyrir til fimm ára, endurskoðuð árlega með hliðsjón af framvindu verka. Og að sjálfsögðu er gert ráð fyrir því að Alþingi fylgist nákvæmlega með fjárveitingum úr þessum sjóði á hverju ári í tengslum við fjárlagagerð.

Eins og fram kom hér í ræðu minni áðan er gert ráð fyrir því að frv., ef að lögum verður, verði í gildi til loka ársins 1999.

Í sérstöku fskj. með frv. birtist bráðabirgðaskrá um helstu viðfangsefni Þjóðminjasafns Íslands á sviði varðveislu húsa eins og það er nú orðað í þessu. Þar kemur fram að um fjöldamargar byggingar er að ræða og auðvitað kostar það verulega fjármuni að laga þessi hús þannig að skaplegt sé. Fyrsta verkið sem þessi sjóðsstjórn ætti að ákveða væri hins vegar að verja þær byggingar, hús og húshluta frá frekari skemmdum sem hér eru taldar upp, áður en farið er í hugsanlegar endurnýjunarframkvæmdir. Það er hægt að nefna hér fjölmörg dæmi um hús og húshluta á þessum lista sem eru svo að segja að verða eyðileggingunni að bráð.

Í þeim efnum gæti ég t.d. nefnt Hóla í Eyjafirði, torfbæ frá 19. öld ásamt leifum af miðaldakirkju. Hér er um að ræða mannvirki, menningarsöguleg verðmæti sem eru að fara forgörðum ef ekki verður gripið í taumana strax. En að því er varðar önnur verkefni á einstökum landsvæðum þá bendi ég á Bessastaði eins og ég nefndi áður, bæði stofuna og kirkjuna. Ég nefni hér gamla prestshúsið í Görðum á Akranesi frá 1886. Ég nefni hér skóla og íbúðarhús í Flatey á Breiðafirði. Ég nefni hér Ólafsdal og Búnaðarskólann þar, myndarlegt hús frá því snemma á þessari öld ásamt margvíslegum mannvirkjum sem öll eru í stórkostlegri hættu. Ég nefni hér Stað á Reykjanesi, timburkirkju frá 1858. Það mætti nefna margar byggingar á Ísafirði. Ég nefni hér t.d. stokkbyggt pakkhús frá 1772 á Hofsósi. Ég gæti nefnt hér kapelluna að Gröf fyrir utan Hofsós, fæðingarstað Hallgríms Péturssonar sem er ekki á þessum listum en sem þarfnast verulegrar lagfæringar. Ég nefni hér aftur Hóla í Eyjafirði. Ég nefni t.d. preststssetrið að Sauðanesi á Langanesi. Og ég gæti haldið áfram í gegnum þennan lista. Það er alveg augljóst mál að hérna hefur þjóðin og þingið alveg sérstakar skyldur.

Mér er auðvitað ekki nein launung á því, virðulegi forseti, að ég tel að það þurfi að byggja hér ýmis hús til menningarstarfsemi. Ég gæti nefnt þar eitt og annað, m.a. hugmyndir sem uppi hafa verið um að reisa hús sem kosta jafnvel milljarða kr. Ég verð hins vegar að játa að hvort sem menn vilja kalla mig íhaldsmann fyrir vikið eða ekki finnst mér að við höfum kannski framar öðru skyldur við þau menningarsögulegu verðmæti sem m.a. felast í þeim gömlu byggingum sem við höfum þegar reist. Ég held að það færi vel á því að þjóðin notaði eitthvað af þeim fjármunum sem hún hefur á þeim árum sem eftir lifa til aldamótanna til þess a.m.k. að tryggja að þessi hús, þessi menning eyðileggist ekki þannig að við getum a.m.k. tekið eitthvað af þessari menningu, þessari sögu og þessari arfleifð með okkur inn í næstu öld.

Menn geta velt því fyrir sér hvort það er rétt að fara þá leið að stofna sjóð í þessu skyni. Ég verð að segja eins og er að margir gætu kannski slegið því föstu að það væri nánast smekksatriði og einhverjir gætu velt því fyrir sér að í rauninni væri málið þannig að með þessu sé verið að taka skyldurnar frá Alþingi, losa Alþingi við skyldurnar af þeim verkum sem það á að sinna. Það er dálítið til í þessu sjónarmiði. Reynslan er hins vegar sú að Alþingi hefur ekki gert þetta. Það hefur verið vinsælla að byggja, að leggja af stað með ný hús, að taka skóflustungur, helst fyrir framan myndavélar og leggja af stað með hús, en menn hafa ekki fundið sig í því að eyða þeim litlu fjármunum sem til eru til að vernda það sem gamalt er og við eigum að leggja rækt við.

Virðulegi forseti. Ég tel að hér sé ekki um flókið mál að ræða og ástæðulaust þess vegna að hafa um það lengri ræðu af minni hálfu í upphafi og legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn. og vænti þess fastlega að það mæti skilningi og áhuga hv. nefndarmanna og hv. deildarmanna.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Herra forseti. Í tengslum við það frv. sem hér er til umræðu um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga þykir mér nauðsynlegt að vekja at-

hygli á öðru frv. sem er um mjög svipað efni og byggir á sama grunni, en það er flutt af nokkrum þingmönnum Sjálfstfl. Það er 177. þingmál á þskj. 195, frv. til l. um framkvæmdasjóð á sviði menningarmála. Flm. auk mín að því frv. eru þeir hv. 3. þm. Reykv. Ragnhildur Helgadóttir, 17. þm. Reykv. Geir H. Haarde og 2. þm. Reykn. Ólafur G. Einarsson. Það frv. er eins og ég sagði byggt á sama grunni og það frv. sem hæstv. menntmrh. flytur nú, þ.e. það er gert ráð fyrir að framlengt sé það gjald sem nú er innheimt sem sérstakur eignarskattsauki og á að ganga til byggingar Þjóðarbókhlöðu — það gjald verði áfram innheimt og verði látið ganga í Framkvæmdasjóð menningarmála eins og þar segir, en síðar er nánar skilgreint í því frv. hvað átt er við með því og hvaða helstu verkefni þar er um að ræða. Ég er mjög ánægður yfir því að hæstv. menntmrh. skuli hafa tekið frv. okkar svo mjög til fyrirmyndar í því frv. sem hann hér flytur og finnst reyndar að hann mætti oftar taka okkur sjálfstæðismenn til fyrirmyndar þegar hann flytur mál á Alþingi.

Það er þó svo að það er nokkur blæmunur á þessum frumvörpum sem ég tel ástæðu til að ræða nokkuð nánar um hér því að það er fyrst og fremst munur á því hver skuli vera tilgangur þessarar sjóðsstjórnar, þ.e. til hvaða verkefna það fjármagn eigi að renna sem í þennan sjóð fer. Samkvæmt því frv. sem við sjálfstæðismenn fluttum er tilgreint að framkvæmdasjóðnum skuli varið til framkvæmda við menningarstofnanir. Meðan byggingu Þjóðarbókhlöðu er ekki lokið skal sú framkvæmd hafa forgang við fjárveitingar úr sjóðnum. Af öðrum framkvæmdum sem fá skulu fjárveitingu úr sjóðnum skal nefna endurbyggingu Þjóðleikhúss, endurbyggingu Þjóðminjasafns, innréttingu Þjóðskjalasafns og byggingu tónlistarhúss. Alþingi skal við afgreiðslu fjárlaga ár hvert ráðstafa fé úr sjóðnum.

Okkur ber saman um það, okkur sjálfstæðismönnunum og hæstv. ráðherra, að Þjóðarbókhlaða eigi að hafa forgang þegar eytt er fjármagni úr þessum sjóði, jafnframt að fjármagn skuli fara til endurbóta á menningarstofnunum sem tilgreindar eru í okkar frv. og hæstv. ráðherra hefur tekið undir í sínu máli áðan, þ.e. Þjóðleikhús, Þjóðminjasafn og Þjóðskjalasafn. Hins vegar liggur munurinn í því að við teljum að fjármagni úr þessum sjóði eigi jafnframt að verja til nýbyggingar, en innan okkar frv. mundi að sjálfsögðu einnig rúmast fjármagn til verndunar ýmissa menningarverðmæta eða bygginga sem hæstv. ráðherra hefur lagt sérstaka áherslu á í sínu máli.

Ég tel það mjög miður að hæstv. ráðherra skuli taka þá stefnu að ekki skuli heimilt að verja fjármagni úr þessum sjóði til nýbygginga. Við stöndum frammi fyrir því að okkur vantar ákveðnar nýbyggingar. Fyrir utan þær sem taldar voru upp í okkar frv. og ég hef getið um minnist ég þess að í umræðunum um þetta frv. var m.a. fjallað um náttúrugripasafn og um viðbyggingu við Listasafn Íslands. Ég legg sérstaka áherslu á það aftur að ég tel að bygging tónlistarhúss eigi að koma þarna inn í. Ég er þeirrar skoðunar að ríkisvaldið eigi að koma þar myndarlega við sögu. Það eru starfandi við undirbúning þess verkefnis sérstök samtök áhugasamra einstaklinga sem hafa þegar lagt mjög mikið af mörkum til þess að gera þennan draum að veruleika, en tónlistin er eina listgreinin sem ekki hefur nú fengið yfir sig sérstakt hús af þessum megingreinum ef við getum orðað það svo. Þessi samtök hafa lýst sig reiðubúin við ríkisstjórn og einstaka þingflokka til þess að ábyrgjast að helmingur fjármögnunarkostnaðar verði fram lagður af þeirra hálfu ef ríkið gæfi yfirlýsingu um að koma þar á móti. Þess vegna finnst mér nauðsynlegt og sakna þess að í þessu frv. skuli ekki vera fjallað um það af hálfu hæstv. ráðherra. Ég inni hæstv. ráðherra eftir því sérstaklega hver hugur hans sé til þess máls og hvaða stefnu hann hafi varðandi byggingu tónlistarhúss og hvort hann ætli að beita sér fyrir því að ríkið komi til móts við samtökin við það verkefni sem þar er á ferðinni.

Þetta eru þau meginatriði sem ber á milli í okkar frumvörpum. Ég vek athygli á því að hæstv. ráðherra gerir ráð fyrir því í sínu frv. að tekjur verði jafnóðum færðar til tekna hjá viðkomandi sjóði sem því miður er ekki í þeim lögum sem nú gilda um þetta og jafnframt hefur hann gert ráð fyrir að sjóðurinn verði í vörslu menntmrn. Nú er þjóðarbókhlöðusjóðurinn í vörslu Seðlabanka. Það er mál sem má ræða frekar. Meginatriðið er að þannig sé frá þessu gengið að þetta fjármagn renni í þennan sjóð jafnóðum og það er innheimt og að það sé ekki í vörslu fjmrn. og lúti ekki þeim skilningi sem innan þess ráðuneytis er á sjóði eins og þessum.

Ég tel að það sé fullkominn möguleiki á því að sameinast um myndarlegt frv. í þessa veru og hægt verði að ná samstöðu á hv. Alþingi um sjóð af þessu tagi og vonast til þess að sú nefnd sem fær þetta mál til meðferðar og hefur þegar fengið okkar frv. líti á þessi mál bæði í heild og reyni að vinna úr þeim þannig að hægt verði að ná samstöðu á Alþingi um þetta mikilvæga mál.

Umræðu frestað.

SAMEINAÐ ÞING

55. fundur, fimmtudaginn 6. apríl, kl. 10 árdegis.

Geislun grænmetis, ein umr.

Fsp. AuE, 304. mál. — Þskj. 558.

Fyrirspyrjandi (Auður Eiríksdóttir):

Virðulegi forseti. Sú aðferð að geisla grænmeti til að auka geymsluþol þess hefur nokkuð rutt sér til rúms á síðari árum. Þó er fjarri því að þessi aðferð, að auka geymsluþol matvæla með geislun, hafi ekki

lengi verið kunn því 1916 voru t.d. gerðar tilraunir um að geisla jarðarber til að lengja þann tíma sem völ var á þeim ferskum. Á fimmta áratugnum, þegar trú manna á nýtingu geislavirkra efna í þágu friðar og til góðra verka var mikil, trúðu menn því að með geislunaraðferðinni væri úr sögunni vandamálið við að geyma matvæli fersk um lengri eða skemmri tíma. Smám saman fóru menn þó að vitkast og umgangast nú geislavirk efni með nokkurri varúð og tortryggni.

Rannsóknir um áhrif geislaðra matvæla á fólk hafa ekki farið hátt og það er lítið vitað um hvort matur sem geislaður hefur verið geti haft skaðleg áhrif, geti t.d. smám saman orðið krabbameinsvaldur eða önnur vandamál af því hlotist. Þó segir frá rannsókn á 20 indverskum börnum, að vísu vannærðum, en þar kom í ljós að nokkur þeirra höfðu of marga litninga, tvöföldun eða margföldun eðlilegrar litningatölu sem er 46 í flestum. Neyslu á geisluðu korni var þarna um kennt, en vitaskuld er þetta allt of fámennur hópur til að byggja á raunhæfa niðurstöðu.

Aftur á móti fara nú fram rannsóknir í Kína á um 10 þúsund börnum þar sem rannsökuð eru áhrif geislaðra matvæla á heilsufar. Hafa ber í huga að við geislun missir grænmeti nokkuð af fjörefnum, svo sem A, B1, C og E líkt og við suðu. Í riti um manneldi og neyslu frá heilbr.- og trmrn. er vitnað í rannsókn, svokallaða Monica-rannsókn, en þar kom í ljós að E-vítamínskortur er meiri áhættuþáttur kransæðasjúkdóms en kólesteról.

Ég hef lagt hér fram fsp. til hæstv. landbrh. á þskj. 558 varðandi geislun á innfluttu grænmeti svohljóðandi, með leyfi:

„1. Er geymsluþol innflutts grænmetis aukið með geislun og sé svo, um hvers konar geisla er hér að ræða?

2. Hefur geislað grænmeti skaðleg áhrif á heilsu manna?“

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegi forseti. Áður en ég svara fsp. beint vil ég hafa að því nokkurn formála. Geislun matvæla hefur nú um árabil verið rannsökuð mjög nákvæmlega hjá mörgum alþjóðlegum matvælastofnunum. Það er einróma niðurstaða að séu matvæli geisluð á tilskildan hátt sé hér um að ræða mjög örugga aðferð við að eyða ýmsum sjúkdómsvöldum úr matvælum. Hættan á að skaðlegir geislar verði eftir í matvælunum sé engin ef rétt er að málunum staðið. Það er því erfiðleikum bundið að mæla eða athuga hvort varan hafi verið geisluð eða ekki því geislunin skilur í raun engin merki eftir sig sem auðvelt er að mæla ef rétt er að hlutunum staðið.

Geislun er aðferð sem líkja má við gerilsneyðingu eða djúpfrystingu og þar verða einnig mjög óverulegar breytingar á innihaldi eða næringargildi, t.d. varðandi fitu, eggjahvítu og vítamín. Þrátt fyrir að geislun hafi almennt verið viðurkennd sem mjög örugg aðferð hefur hún náð tiltölulega mjög takmarkaðri útbreiðslu. Bæði er að mjög erfitt hefur reynst að fá almenning til að trúa að aðferðin sé skaðlaus því geislun matvæla er lögð að jöfnu við geislavirkni eða mengun frá kjarnorkuverum sem er auðvitað ekki tilfellið, en einnig kemur til að aðferðin er dýr og ekki á margra færi að koma sér upp nauðsynlegum búnaði. Heilbrigðisyfirvöld í mörgum löndum hafa einnig verið treg til að viðurkenna aðferðina almennt þar sem talið er að það megi leyna lélegu hráefni eða slæmum framleiðsluháttum með notkun hennar.

Aðallega hefur aðferðin verið notuð erlendis við að eyða gerlum í kryddi, en sú vara er þekkt fyrir að innihalda of hátt gerlamagn af illviðráðanlegum orsökum og stundum hafa matareitranir verið raktar til notkunar mengaðs krydds. Eldri aðferð við að minnka gerlamagn í kryddi er víða bönnuð, en felst í notkun efnasambanda sem talið er að geti skilið eftir leifar sem skaðlegar séu heilbrigði manna. Geislun krydds er því almennt talin miklu betri valkostur en efnasambandaaðferðin. Í nokkrum löndum eru matvæli eins og kartöflur og laukur geisluð og þá fyrst og fremst til að hamla gegn spírun. Hér gildir líka það sama, að það er mun betri aðferð að geisla vöruna í þessu skyni en nota ýmis efnasambönd til að ná sama árangri.

Í einstaka tilfellum hafa matvæli eins og alifuglar, rækjur, froskalappir og fiskur verið geisluð til að hafa stjórn á sýklum og auka geymsluþol. Ávextir, svo sem mangó, jarðarber og sveppir, hafa verið geislaðir til að eyða skordýrum og auka geymsluþol og sama má segja um kornmeti, svo sem hrísgrjón, hveiti og kakóbaunir.

Við skoðun á gögnum sem fyrir liggja hjá Hollustuvernd kemur í ljós að hvergi er minnst á lönd sem leyfa að staðaldri að venjulegt grænmeti, gulrætur, rófur, hvítkál o.s.frv., sé geislað.

Varðandi löggjöf hér má segja að á Íslandi hafi ekki verið tekin afstaða til þess hvort leyfa skuli innflutning á geisluðum matvælum. Fylgst hefur verið með þróun mála á Norðurlöndunum og í Danmörku er til reglugerð frá 1985, en í löggjöf hinna Norðurlandanna er ekki mikið að finna um þetta efni. Á vegum Norðurlandaráðs hefur starfað fastanefnd um matvælamálefni og á fundum ársins 1987 var mótuð eftirfarandi stefna í þessu sambandi: Mælt er með að aðferðin, þ.e. geislun matvæla, verði notuð sem allra minnst þar sem með geislun megi leyna aldri matvælanna og óhreinlegum aðstæðum á framleiðslustað eða notkun lélegs hráefnis. Ekki virðist þörf á að leyfa notkun aðferðarinnar á Norðurlöndum nema vegna kryddvara og til að útbúa vissan dauðhreinsaðan mat fyrir sjúkrahús. Geislun matvæla í sjálfu sér virðist óskaðleg fyrir neytendur.

Varðandi svör við fsp. beint vil ég segja þetta:

1. Er geymsluþol innflutts grænmetis aukið með geislun og sé svo, hvers konar geisla er hér um að ræða? Svar: Ekkert er vitað til þess að geymsluþol innflutts grænmetis sé aukið með geislun í framleiðslulandinu og það er ekki gert hérlendis. Í þessu sambandi skal þó bent á að unnið er að því að komið verði upp innflutningseftirliti á vegum Hollustuverndar ríkisins eins og kveðið er á um í lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

2. Hefur geislun grænmetis skaðleg áhrif á heilsu manna? Svar: Ekkert bendir til þess að neysla geislaðs grænmetis geti skaðað heilsu manna. Þvert á móti er þessi aðferð oft notuð til að eyða skaðlegum örverum, svo sem bakteríum og sveppum, sbr. það sem að framan hefur verið sagt.

Að lokum skal svo á það bent að gefnu tilefni að ofangreind lög nr. 81/1988, um Hollustuvernd ríkisins, falla undir heilbr.- og trmrn. og það fer með yfirstjórn þessara mála samkvæmt þessum lögum og ber því í raun og veru aðgerðaskyldu gagnvart því efni sem hér er spurt um þó að það hafi verið landbrh. sönn ánægja að svara þessari fsp.

Fyrirspyrjandi (Auður Eiríksdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. svör hans. Við setjum íslenskum garðyrkjubændum nokkuð ströng skilyrði við ræktun grænmetis hvað eiturefnanotkun áhrærir og það er vel. Íslenskt grænmeti er sérlega bragðmikið og ljúffengt og er það að hluta til vegna okkar kalda og heilnæma loftlags, en að hluta vegna takmörkunar á tilbúnum áburði og eiturefnum við ræktunina. Það er gott að við skulum vera þetta ströng við okkar fólk, en mér finnst að sömu reglur verði þá að gilda um innflutta grænmetið. Á hinum Norðurlöndunum gilda strangar reglur um innflutt grænmeti og eiturefnainnihald þess rannsakað áður en við því er tekið, en hér er engu slíku til að dreifa. Það má því nærri geta hvort erlendir heildsalar notfæri sér ekki slíkt andvaraleysi og selji okkur það sem aðrar þjóðir hafa talið óhæft til matar og hafnað af þeim sökum.

Varaflugvellir fyrir millilandaflug, ein umr.

Fsp. HJ, 320. mál. — Þskj. 581.

Fyrirspyrjandi (Hreggviður Jónsson):

Hæstv. forseti. Það mál sem hér liggur fyrir er fsp. til samgrh. um lendingarskilyrði á hugsanlegum varaflugvöllum fyrir millilandaflug. Sá vetur sem nú er senn að líða er óvenjulegur að því leyti að tíðin hefur verið óvenjurysjótt og veður vond. Þetta veðurfar gefur því betur möguleika á að meta ágæti hinna ýmsu staða á landinu sem framtíðarstaða fyrir millilandaflug og varaflugvöll fyrir það. Því er spurt:

„1. Hve oft hefur þurft að fella niður áætlunarflug (frá og) til Sauðárkróksflugvallar, Akureyrarflugvallar, Húsavíkurflugvallar og Egilsstaðaflugvallar á tímabilinu 1. des. 1988 til 1. mars 1989?

2. Hve oft hefði verið hægt að lenda þotum sem notaðar eru til millilandaflugs á áðurnefndum flugvöllum á sama tímabili ef nægilega langar brautir hefðu verið fyrir hendi og hve oft hefðu þær getað hafið sig til flugs frá sömu stöðum?"

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegi forseti. Það er sannast sagna varðandi þessa fsp. um lendingarskilyrði á hugsanlegum varaflugvöllum fyrir millilandaflug, eins og sagt er, að í raun þyrfti nokkru meiri tíma en hér gefst í knöppum fyrirspurnatíma til að útskýra og fara yfir þó ekki væri annað en þá miklu fyrirvara og þau vandkvæði sem eru á því að svara þessum spurningum af einhverju viti. Ég vil þess vegna taka mikinn vara á því að menn taki alvarlega þær tölur sem ég ætla að fara með af þeirri einföldu ástæðu að þær segja í sjálfu sér óskaplega lítið nema haft sé í huga að hér er í fyrsta lagi spurt um tafir eða truflanir á flugi yfir mjög skamman tíma og þá verður einnig að gera mjög skýran greinarmun á því af hvaða orsökum flug tefst. Eins og gefur að skilja getur þar ýmislegt komið til og þarf ekki endilega allt að snerta það sem er sérstaklega spurt um og er í fyrirsögn fsp., þ.e. lendingarskilyrði, og ég tala nú ekki um ósköpin, „á hugsanlegum varaflugvöllum". En fsp. sjálf hljóðar svo:

„1. Hve oft hefur þurft að fella niður áætlunarflug (frá og til) Sauðárkróksflugvallar, Akureyrarflugvallar, Húsavíkurflugvallar og Egilsstaðaflugvallar á tímabilinu 1. des. 1988 til 1. mars 1989?" Ég svara þessu þá þannig að spurt sé um heildartölur í þessu sambandi og í þeim er þá að einhverju leyti um að ræða tafir eða hindranir á flugi vegna lendingarskilyrða. Það er hins vegar ekki sundurgreint og svarið er eftirfarandi yfir þá daga frá 1. des. 1988 til 1. mars 1989 sem ekki var flogið til umspurðra staða vegna veðurs: Ég tek þá fyrst heildartölur, þ.e. heildarfjölda daga sem ekki var flogið til Sauðárkróks, Akureyrar, Húsavíkur og Egilsstaða af einhverjum ástæðum, en jafnframt mun ég taka fram hve oft var ekki flogið til þessara staða vegna skilyrða í Reykjavík. Reyndar kemur í ljós að það var oftar en ekki veðurskilyrði, brautarskilyrði eða aðrar aðstæður hér í Reykjavík sem hindruðu flug til þessara staða en hitt.

Þá er það Sauðárkrókur: Þar féll ekki niður flug neinn dag í desember, tvo daga í janúar og fjóra daga í febrúar, þar af tvisvar í febrúar vegna slæmra skilyrða í Reykjavík.

Til Akureyrar féll sömuleiðis ekki niður flug í desember, tvisvar í janúar og fjórum sinnum í febrúar og þar af einnig tvisvar vegna lélegra skilyrða í Reykjavík.

Til Húsavíkur féll niður flug þrisvar í desember, sjö sinnum í janúar og þar af sjö sinnum vegna lélegra skilyrða í Reykjavík. Sem sagt: flug féll aldrei niður í janúarmánuði til Húsavíkur vegna skilyrða þar en sjö sinnum vegna lélegra skilyrða í Reykjavík. Og í febrúar féll sex sinnum niður flug til Húsavíkur, þar af fjórum sinnum vegna skilyrða í Reykjavík.

Til Egilsstaða féll fjórum sinnum niður flug í desember, þar af tvisvar vegna skilyrða í Reykjavík, þrisvar sinnum í janúar og þar af aldrei vegna skilyrða í Reykjavík, sex sinnum í febrúar, þar af tvisvar vegna skilyrða í Reykjavík.

Ég undirstrika að menn taki tölum þessum með

miklum fyrirvara og sem afar litlum vísindum því að í fyrsta lagi þarf að gera sér grein fyrir öllum þeim þáttum sem þarna eru að verki og alls ekki er raunhæft að nota þessar tölur til samanburðar milli flugvallanna vegna þess að truflanir á flugi geta komið til á mismunandi dögum en ekki endilega sömu daga. Það er líka nauðsynlegt að hafa í huga áætlunartíðnina á þessa staði, það að flogið er á mismunandi tímum o.s.frv. sem gerir það allt saman að verkum að satt best að segja er þessi talnaleikur mestan part leikfimi en lítil vísindi.

2. spurning: „Hve oft hefði verið hægt að lenda þotum sem eru notaðar til millilandaflugs á áðurnefndum flugvöllum á sama tímabili ef nægilega langar brautir hefðu verið fyrir hendi og hve oft hefðu þær getað hafið sig til flugs á sömu stöðum?"

Hér er talsvert mikið af ef og hefði eins og heyra má og ég held ég verði að segja alveg eins og er að það er nánast óhugsandi að svara þessari spurningu öðruvísi en þá þannig að ætla má að röskun á flugi fyrir stærri þotur af því tagi sem notaðar eru í millilandaflugi hefði getað orðið eitthvað svipuð ef flugvellirnir hefðu verið í stakk búnir til að taka á móti þannig vélum, þ.e. eitthvað svipuð og hún varð fyrir þær skrúfuþotur sem notaðar eru í innanlandsflugi til þessara staða.

Aftur er nauðsynlegt að gera mikinn greinarmun á því hvað það er sem hindrar flugið. Það sem kannski helst er ólíkt með stærri þotunum og þeim skrúfuþotum sem notaðar eru í innanlandsflugi er að þær fljúga í meiri hæð og því kann að vera að ókyrrð í lofti sem stundum hindrar flug yfir landið, eins og menn vita, ef skil eru að fara yfir landið eða annað af því tagi, gæti haft minni áhrif á þá möguleika sem væru til að halda uppi flugi með stærri þotum sem geta klifrað í hærri flughæð og flogið þar.

Að öðru leyti held ég að ég verði að endurtaka það að ég tel — og um það eru flugsérfræðingar mér sammála — að það sé nánast óhugsandi að svara þessari síðari spurningu hv. fyrirspyrjanda, um hugsanlegar truflanir á flugi þotna til áðurnefndra flugvalla á þessu sama tímabili ef nægilega langar brautir hefðu verið fyrir hendi o.s.frv., öðruvísi.

Fyrirspyrjandi (Hreggviður Jónsson):

Hæstv. forseti. Eins og kom fram í svari hæstv. samgrh. sést það greinilega að rannsóknir á ágæti staða fyrir varaflugvelli eru ekki komnar langt og þær umræður sem hér hafa oft átt sér stað e.t.v. ekki nógu markvissar og ekki nógu miklar rannsóknir sem liggja að baki þeim. Ég vil vekja athygli á því að hæstv. samgrh. hefur hér uppi mjög mikla fyrirvara á sínu máli. Það kemur líka á óvart í hans máli að það er ekki vitað í rauninni hvort þotur geta lent eða ekki lent í svona veðurskilyrðum og með hvaða hætti hægt væri að nýta þessa flugvelli fyrir utanlandsflug. Ég vil vekja sérstaka athygli á því að þessi svör hæstv. ráðherra vekja upp fleiri spurningar en þau svara og er því ekki vanþörf á að gerð verði ítarlegri úttekt á þessum málum með tilliti til veðurfarsskilyrða og með tilliti til þess hvort menn viti yfirleitt um það hvort þotur geti lent við slík skilyrði.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegi forseti. Ég vil bara taka það fram að það er nauðsynlegt að gera skýran greinarmun á því annars vegar þegar unnar hafa verið vandaðar rannsóknir sem byggja m.a. á langtímaskoðun eða skoðun á t.d. veðurfarsaðstæðum yfir langan tíma, fleiri ár, jafnvel áratugi, og tölulegum upplýsingum úr flugi sem spanna mjög löng tímabil og því hins vegar að gera svona samanburð á truflunum á flugi yfir þriggja mánaða tíma þegar veðurfar var reyndar mjög afbrigðilegt. Ég vil líka vekja athygli á því að hér er í raun verið að bera saman að verulegu leyti ósambærilega hluti. Það er t.d. verið að bera saman brautarskilyrði á stuttum malarflugvöllum við það sem verða kynni á lengri brautum með bundnu slitlagi o.s.frv. o.s.frv. Það er því ekki vegna þess að vinnu sé almennt ábótavant eða ekki hafi verið ýmislegt gert til að reyna að meta sem best aðstæður á flugvöllum í framtíðinni sem ég hef þessa skýru fyrirvara, heldur fremur vegna þess að það sem spurt er um er þannig í eðli sínu að nauðsynlegt er að menn geri sér grein fyrir því hvaða takmörkunum svörin hljóta að vera háð.

Endurnýting á ónýtum bifreiðum, ein umr.

Fsp. HJ, 315. mál. — Þskj. 576.

Fyrirspyrjandi (Hreggviður Jónsson):

Hér er til umræðu fsp. til hæstv. iðnrh. um endurnýtingu á ónýtum bifreiðum. Eins og menn vita er það viðurkennt vandamál hve mikið safnast fyrir af hvers konar úrgangi sem erfitt er að koma í lóg. Eitt af því fyrirferðarmesta eru ónýtar bifreiðar. Það er því mikil þörf á því að mörkuð verði stefna í því hvort hægt er að nota þessar ónýtu bifreiðar til einhverra hluta og hvernig á að gera það. Það hefur verið rætt um að pressa þá og koma þeim í brotajárn, en það eru fleiri möguleikar fyrir hendi og ég bendi á það að hugsanlegt væri t.d. að sökkva þeim í sjó og búa til skjól fyrir ungviðið hér á grunnmiðum eins og hefur verið gert við úrgangshluti erlendis. Það þarf auðvitað að gera mjög ítarlega úttekt á slíkum málum. Það er mjög mikilvægt að hægt verði að nýta þessa hluti og koma þeim þannig fyrir með sem hagstæðustum hætti að öllum komi til góða.

Spurt er: „Hver er stefna iðnrh. í endurnýtingu á ónýtum bifreiðum?"

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Hv. fyrirspyrjandi innir eftir stefnu iðnrh. í endurnýtingu á ónýtum bifreiðum. Þessu er fljótlegt að svara. Ég hef mikinn hug á því að hið fyrsta komist hér á skipuleg söfnun ekki aðeins á

bílflökum heldur einnig á hvers konar brotamálmum og að þessu efni verði komið til endurvinnslu að sem mestu leyti, ef ekki hérlendis þá erlendis. Ég vil láta það koma fram að nú eru í athugun hjá þingflokkunum drög að frv. til laga um meðferð brotamálma og skilagjalda af ökutækjum sem samið hefur verið í iðnrn. á grundvelli skýrslu frá svonefndri endurvinnslunefnd sem iðnrh. skipaði á sínum tíma í samvinnu við heilbrmrh. Hlutverk þessarar nefndar skyldi vera að gera skýrslu um það með hverjum hætti nýtanlegum úrgangi verði safnað, hann endurunninn og honum ráðstafað þannig að komist verði, eftir því sem kostur er, hjá umhverfisspjöllum. Þessari nefnd var falið að kanna fjárhagshlið málsins og hvort nauðsyn væri á sérstakri lagasetningu. Þegar er komið fram í þinginu frv. til laga um söfnun og endurvinnslu á einnota umbúðum um drykkjarvörur og, eins og ég sagði, eru drög að frv. um brotamálma og skilagjald af ökutækjum nú til athugunar hjá þingflokkunum.

Í starfsáætlun endurvinnslunefndar er gerð grein fyrir því hvað telja megi nýtanlegan úrgang. Þar segir m.a.: „Hér munu einkum koma til úrgangsmálmar og þá ekki síst bílflök, margs konar ónothæfar vélar og einnota umbúðir úr málmi, úrgangspappír margs konar, þar með einnota umbúðir, ýmiss konar úrgangsplast, ekki síst ýmislegar umbúðir, og þá gúmmíhjólbarðar sem hætt er að nota, svo og alls konar gler, textílúrgangur og timburúrgangur sem stöðugt falla til."

Eins og menn munu almennt sammála um er hér við geysimikið vandamál að etja. Þar eru bílflökin efst á blaði og skal ég þó ekki draga úr öðrum vanda af þessu tagi. Ég vil taka það fram að árið 1987 voru afskráð hér á landi um 16.000 ökutæki. Auk þess eru bílflök og brotamálmar á víð og dreif um landið frá fyrri árum. Landrými til að urða þetta allt er mjög af skornum skammti, einkum bíla og virðist nú illfáanlegt eins og yfirleitt land fyrir hvers konar úrgang og sorp. Þá er það vitað mál að það er töluvert mikill kostnaður við að urða bíla og hvers konar brotamálma. Það hlýtur einnig að teljast óskynsamlegt að grafa í jörðu verðmæti á borð við málma sem taldir eru ganga nokkuð ört til þurrðar þótt auðvitað sé hlutur Íslands í þeim efnum ekki mikill þegar á heimsheildina er litið. Þá er líka til þess að líta að víða er ekki aðstaða til að urða úrgang þannig að til frambúðar geti talist vegna þess hversu jarðvegur er víða grunnur og mundi því það sem urðað er fljótt koma í ljós þegar jarðvegurinn rennur til eða fýkur burt.

Þá vil ég taka það fram vegna þess sem fram kom í máli fyrirspyrjanda að sú aðferð að sökkva brotajárni, t.d. skipum í sjó, er talin óheppileg á margan hátt svo að ekki sé meira sagt. Sama gildir að sjálfsögðu um bílflök. Ég tel að það þurfi nú að vinna að því að fram fari um allt land skipulagsbundin söfnun á brotamálmum, þar með bílflökum, ónothæfum vélum og fleira af því tagi, með endurvinnslu í einu eða öðru formi að markmiði. Þá er það jafnframt markmið fyrir slíka söfnun að með henni verði bætt, eftir því sem aðstæður leyfa, úr þeim umhverfisspjöllum sem stafa frá bílflökum og brotamálmi sem er allt of víða í reiðileysi um landið.

Ég get ekki rætt hér í einstökum atriðum um framkvæmd þessa verks en þó verður gert ráð fyrir því að skilagjald verði lagt á ökutæki við innflutning en það verði síðan að verulegu leyti endurgreitt þegar ökutækið er afhent í söfnunarstöð. Þaðan yrði það flutt til endurvinnslustöðvar hér eða erlendis. Með þessu er aðeins tæpt á mikilvægu máli, en ég vona að með þessum fáu orðum sé fyrirspurninni svarað.

Fyrirspyrjandi (Hreggviður Jónsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir ítarlegt og gott svar. Ég tel að það sem kemur fram í máli hans sé mjög áhugavert og að unnið verði að þessum máli með þessum hætti, og lýsi ánægju minni yfir því. Ég þakka honum fyrir svarið.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill upplýsa að gerð hefur verið könnun á stöðu skriflegra fyrirspurna sem liggja fyrir í þinginu. Ósvarað er nú 15 fyrirspurnum, en samkvæmt upplýsingum viðkomandi ráðuneyta eru svör óðum að berast og koma innan nokkurra daga. Þó eru meðal fyrirspurna fjórar sem eitthvað verða að bíða vegna þess að mikil vinna er í því fólgin að svara þeim. Ég vil nefna þær þannig að þingmenn sýni ráðherrum nokkra þolinmæði. Það er fsp. um barnaefni í fjölmiðlum 1988, það er staðfesting ýmissa sáttmála Evrópuráðsins, það er sáttmáli Evrópuráðsins um sjálfsstjórn og skattar á íbúðarhúsnæði í löndum OECD. Einhver bið verður á að þessum fyrirspurnum verði svarað, en svör við öllum hinum munu berast allra næstu daga.

Lán handrita á sýningar erlendis, ein umr.

Fsp. SighB, 321. mál. — Þskj. 582.

Fyrirspyrjandi (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegur forseti. Það er alkunna að íslenska þjóðin er ekki auðug að fornminjum. Ekki hafa fundist hér ríkmannlega búnar grafir eins og víða í nálægum löndum, heldur má segja að einkenni á fornum gröfum á Íslandi sé hversu fátæklegur sá umbúnaður er. Hér standa engar rismiklar byggingar eða mikil byggingarsöguleg listaverk eins og víðast hvar annars staðar. Það má segja að verðmætustu og nánast einu minjar Íslendinga um sögu sína séu að finna á nokkrum páruðum línum á fornu blaði. Fornu íslensku skinnhandritin sem eru ekki aðeins svo til einu menjarnar sem við eigum um okkar sögu, heldur jafnframt menningararfleifð allra norrænna manna. Þessi fornu skinnhandrit voru um margar aldir geymd fjarri Íslands byggðum og tók langa og stranga bar-

áttu og mikla fórnfýsi granna okkar einnig að fá þessi handrit aftur til landsins. Og ég held að engum sem man eftir þeirri miklu þjóðhátíð sem var hér þegar handritin komu aftur heim hafi komið til hugar annað en að nú yrðu þessir þjóðardýrgripir varðveittir á Íslandi um ókominn aldur. Það kom mér því nokkuð á óvart og sjálfsagt fleirum þegar í tiltölulega litlum fréttum, innblaðsfréttum, í sumar var skýrt frá því að til stæði að lána fornískensk handrit burt úr landinu á sýningu í bænum Tórínó á Ítalíu. Og í hópi þeirra sýningargripa sem þarna mundu fara yrði Skarðsbókarhandrit postulasagna, en eins og menn muna þá var það sú bók sem Seðlabanki Íslands keypti fyrir ærið fé á alþjóðlegum uppboðsmarkaði í samkeppni við fornmunasafnara og færði íslensku þjóðinni sérstaklega að gjöf. Var sérstaklega fram tekið í fréttum að meðal þeirra handrita sem ætti nú að lána úr landinu væri þessi bók.

Mín afstaða, virðulegi forseti, er sú að ekki sé rétt að lána slík handrit burt af landinu. Þá skiptir ekki máli, virðulegi forseti, hvort teknar eru þar miklar eða litlar tryggingar vegna þess að ef slíkar bækur glatast eða skemmast er það óbætanlegt tjón fyrir íslensku þjóðina og fyrir óborna þegna hennar. Þess vegna hef ég leyft mér að flytja á þskj. 582 fsp. þessu að lútandi til hæstv. menntmrh. Þessar fsp. eru prentaðar í þingskjalinu svo að ég tel ekki ástæðu til að lesa þær hér.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Í fyrsta lagi er spurt: „Hvaða reglur gilda um lán íslenskra handrita úr eigu Stofnunar Árna Magnússonar á sýningar erlendis?“ Svarið er: Það hafa ekki verið settar ákveðnar reglur um lán handrita úr Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi á sýningar erlendis. Til þessa hafa skinnbækur úr stofnuninni aðeins einu sinni verið léðar úr landi til annarra staða en Kaupmannahafnar. Það var til Pierpont Morgan bókasafnsins í New York árið 1982 í tengslum við hina norrænu menningarkynningu sem þá fór fram í Bandaríkjunum.

Að fengnu samþykki þáverandi ríkisstjórnar voru lánuð 16 handrit úr Árnastofnun, auk eins handrits úr Landsbókasafni og tveggja skjala úr Þjóðskjalasafni, einnig gripur úr Þjóðminjasafni og nokkrar prentaðar bækur.

Í öðru lagi er spurt: „Telur ráðherra rétt að ómetanlegir dýrgripir meðal íslenskra fornrita, svo sem eins og Skarðsbók, séu lánaðir með þeim hætti sem gert hefur verið til sýninga erlendis?“

Á sl. sumri samþykkti þáv. ríkisstjórn að lánuð yrðu fimm handrit úr Árnastofnun á Íslandssýningu sem fyrirhugað er að halda í Tórínó á Ítalíu núna í apríl. Handritin eru öll úr flokki þeirra sem voru á fyrrgreindri sýningu í New York og er um að ræða eftirtalin handrit:

1. Pappírshandrit Íslendingabókar frá sautjándu öld.

2. Blað úr skinnhandriti að Njálssögu sem talið er vera frá því um 1300.

3. Skarðsbók postulasagna, skinnhandrit sem talið er vera frá því um 1360. Tekið skal fram að hér er um að ræða handrit það sem keypt var í Lundúnum árið 1965, en ekki Jónsbókarhandritið sem einnig gengur undir nafninu Skarðsbók og gefið var úr ljósprentað í litum árið 1981.

4. Physiologus, tvö skinnblöð, þýðingar úr latínu með náttúrufræðilegu efni. Handritið er talið vera frá ofanverðri 12. öld.

5. Svalbarðsbók, eitt margra skinnhandrita af Jónsbók, talið ritað snemma á 14. öld.

Auk þess verður á sýningunni eintak af Guðbrandsbiblíu og 15 veggspjöld með myndum úr handritum.

Ég tel lán á sumum framangreindra handrita geta orkað tvímælis, en ég endurtek að um þetta hafa engar reglur verið til og ákvörðun um þetta var tekin fyrir allmörgum mánuðum, þ.e. á sl. sumri. Auðvitað skal það tekið fram að gerðar verða strangar öryggis- og varúðarráðstafanir um flutning handritanna og gæslu þeirra á sýningarstað.

Í þriðja lagi er spurt: „Er ráðherra tilbúinn til að setja reglur til þess að tryggja að handrit íslenskra fornrita, sem á Íslandi eru geymd, verði ekki flutt þaðan burtu?“

Það er almennt talið vafasamt að leggja blátt bann við öllum lánum á íslenskum fornhandritum til sýningar erlendis, enda geta þau verið mikilvæg í því skyni að kynna menningu okkar, tungu og bókmenntir meðal annarra þjóða. Það hefur einnig á undanförnum árum orðið æ algengara að lána milli landa til sýningar gripi sem teljast til mestu dýrgripa veraldar. Ég tel hins vegar sjálfsagt og nauðsynlegt að gæta mikillar varúðar og íhaldssemi í þessu efni og mun beita mér fyrir því, og hef reyndar þegar gert það gagnvart stofnuninni, að settar verði skýrar reglur í þessu efni. Ég tel eðlilegt að þær verði með þeim hætti að því verði slegið föstu að tiltekin handrit, tilteknir dýrgripir, megi aldrei fara úr landi. Ég tel þess vegna að hér sé hreyft mikilvægu máli og þakka hv. þm. Sighvati Björgvinssyni fyrir það að koma með málið inn í þingið og benda á mikilvægi þess að um málið séu settar skýrar og afdráttarlausar reglur.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Herra forseti. Mér þykir rétt að gera hér örfáar athugasemdir þar sem ég átti hlut að máli varðandi þá ákvörðun sem hér hefur verið gerð að umtalsefni, þ.e. lán á handritum til sýningar á Ítalíu.

Það hafa engar fastar reglur verið til um þetta eins og fram kom hjá hæstv. menntmrh. Þess vegna hefur það verið talið nauðsynlegt í tilvikum eins og þessum að að baki liggi samþykkt ríkisstjórnar í heild og svo var í þessu tilviki. Tillögur um hvaða handrit ætti að lána komu frá Handritastofnun og að sjálfsögðu áskilið að að öllu yrði farið með gát, bæði varðandi flutning og að maður fylgdi með.

Ég er þeirrar skoðunar að það sé mikilvægt fyrir Ísland og Íslendinga að kynna íslenska menningu,

bæði forna og nýja, með skipulegum hætti úti í heimi. Við verðum vör við það að það ríkir ótrúleg vanþekking á Íslandi og íslenskri menningu jafnvel meðal okkar næstu nágranna. Og ég er sannfærður um það að því betur sem umheimurinn þekkir íslenska menningu, því meiri líkur eru á því að fleira fylgi á eftir eins og t.d. aukin viðskipti sem eru okkur mikilvæg. Það er enginn vafi á því að það er vaxandi áhugi á því að íslensk handrit fari á sýningar erlendis, ég hef orðið mjög var við það. Ég tel þess vegna að nauðsynlegt sé að setja um þetta ákveðnar reglur sem markist af hæfilegri íhaldssemi en þó ákveðnu frjálslyndi í þessum efnum. Ég er t.d. sammála að það séu ákveðnir dýrgripir sem aldrei megi flytja úr landi, en ég held hins vegar að það sé nauðsynlegt að við höfum ákveðin handrit sem við séum tilbúin með fullri gát að senda til sýninga úr landi. Auðvitað þarf það allt að styðjast við umsagnir og álit þeirra sem varðveita þessi menningarverðmæti okkar og hafa nánasta tilfinningu fyrir þeim eins og t.d. forstöðumaður Handritastofnunar, en ég tel engu að síður nauðsynlegt að við séum tilbúin að kynna íslenska menningu með þessum hætti.

Ég segi til dæmis að lokum, virðulegi forseti: Ég átti viðtal við menningarmálaráðherra Breta á sl. vori þar sem við ræddum um hugsanleg nánari menningarsamskipti Íslands og Bretlands og ég var í því sambandi m.a. með í huga að koma íslenskri málverkasýningu til Bretlands sem gæti að einhverju leyti fengið stimpil breskra stjórnvalda. Hann sagði: Í Bretlandi er nú mikill áhugi á fornri menningu alls konar og ég er sannfærður um það að sýning á íslenskum nútímamálverkum yrði mun áhrifameiri, mundi vekja mun meiri áhuga og kynna íslenska menningu mun betur ef hægt væri að hafa sambland af íslenskri nútímalist og fornum handritum. Þetta var hans álit og ég er þess vegna ekki í neinum vafa um það að það mun fara vaxandi að óskað sé eftir íslenskum handritum til sýninga erlendis og þess vegna tel ég nauðsynlegt að setja um þetta fastar reglur, en þær reglur verði að vera blanda af íhaldssemi og frjálslyndi.

Fyrirspyrjandi (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins til gamans minna menn á að það var einmitt undir þessum hatti röksemda sem handritin voru á sínum tíma flutt frá íslensku biskupsstólunum og til erlendra varðveisluaðila, sem sé að það væri nauðsynlegt að kynna íslenska menningu með skipulegum hætti úti í heimi á þann hátt sem Íslendingar sjálfir réðu ekki við og það væri mikill áhugi í heiminum á því að kynnast nákvæmlega þessum þætti í menningarsögu þjóðarinnar sem voru handritin og út á það voru flutt til útlanda öll handrit sem varðveitt voru hjá hinum íslensku biskupsstólum. Þessi röksemd sem kom hér fram í máli hæstv. fyrrv. menntmrh. er því ekki ný á Íslandi, en hins vegar er ég ekki eins viss um að menn séu jafnreiðubúnir til að fallast á hana nú eins og þeir voru þá.

Ljósprentunartækni hefur fleygt mjög mikið fram í heiminum. Sú tækni er orðin svo fullkomin að það er ekki fyrir alþýðu manna að greina á milli hvað er sýnt í ljósprentun og hvað er í frumhandritum. Ég er ekki í nokkrum vafa um það að það er áhugi víða í veröldinni á því að fá að kynna sér íslenska menningu og íslensku handritin. Það er gert þannig að þessi rit eru sýnd í lokuðum glerskápum, böðuð í ljósum, og ég held að almenningur suður á Ítalíu mundi verða alveg jafnuppnæmur yfir þessum fallegu handritum ef hann sæi þau í ljósprentun eins og þó hann sæi þau í frumhandritunum sjálfum, enda er munurinn þar á fyrst og fremst fyrir fræðimenn sem eru að stúdera einstök vafaatriði í hinum fornu ritum.

Ég þakka hæstv. menntmrh. hans svör og vil taka undir það með honum að það ber að setja um þetta reglur. Ég er mjög ánægður með það að hæstv. ráðherra skuli ætla að beita sér fyrir því að það sé gert og ég tel að þær reglur eigi að vera með þeim hætti að stuðlað sé að kynningu á íslenskum handritum eins og annarri menningararfleifð Íslendinga, en ekki á þann hátt að tekin sé minnsta áhætta af því að þau rit sem tók þjóðina svo margar aldir að fá aftur heim séu sett í útlegð að nýju.

Ábyrgð vegna galla í húsbyggingum, ein umr.

Fsp. JK, 326. mál. — Þskj. 592.

Fyrirspyrjandi (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 592 flyt ég eftirfarandi fsp. til hæstv. iðnrh. um framkvæmd þáltill. um ábyrgð vegna galla í húsbyggingum. Fsp. er einföld og hljóðar svo:

„Hvað líður framkvæmd ályktunar Alþingis frá 18. mars 1987 um ábyrgð vegna galla í húsbyggingum?"

Umrædd þáltill. var flutt á 109. löggjafarþingi árið 1987, en 1. flm. hennar var Davíð Aðalsteinsson sem átti þá sæti á Alþingi. Vegna þess að hann á ekki sæti á þingi lengur en þetta mál er gott og full ástæða til að vinna að framgangi þess hef ég flutt fsp. um afdrif þessarar þáltill. en hún hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að kanna og gera tillögur um ábyrgð þeirra sem beint og óbeint tengjast húsbyggingum og annarri mannvirkjagerð. Skal einkum hugað að fyrningarfresti á bótakröfum vegna galla á hendur efnissölum, byggingaraðilum og hönnuðum og leitast við að samræma og einfalda reglur í þessum efnum til hagsbóta neytendum og þeim sem eiga hlut að byggingarstarfsemi."

Tillagan sem samþykkt var hljóðar á þessa leið, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að endurskoða gildandi lög sem fjalla um ábyrgð þeirra sem tengjast húsbyggingum og annarri mannvirkjagerð."

Fsp. er einföld. Hún er: Með hverjum hætti hefur

verið unnið að framgangi þessarar tillögu sem ég hef nú lesið?

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Þessari fsp. er beint til mín sem iðnrh. en ég vil taka það fram að iðnrn. hefur ekki borist þál. sem um er spurt til meðferðar. Ég hef látið kanna það hjá forsrn. en eins og kunnugt er eru samþykktar þingsályktunartillögur sendar forsrn. til fyrirgreiðslu og til þess að koma þeim á framfæri við hlutaðeigandi ráðuneyti. Ég hef gengið úr skugga um það að þessi þál. hefur hvorki verið send iðnrn. né viðskrn. en hugsanlegt er að málið gæti talist snerta viðskrn. vegna þess að það varðar öðrum þræði lausafjárkaupalögin vegna sölu á byggingarefnum. Ég vil benda á að það að þessi mál hafa ekki verið send þessum tveimur ráðuneytum kunni hugsanlega að stafa af því að mönnum hafi ekki verið ljóst undir hvaða ráðuneyti málið heyrði. Ég bendi á það að ábyrgð hönnuða á húsbyggingum hlýtur að teljast falla undir byggingarlögin sem eru málefni félmrn. Félmrn. hefur heldur ekki fengið þessa þál. til meðferðar.

Loks er þess að geta að þetta kynni að varða málefni á sviði dómsmála, þ.e. um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda. Mér virðist nú fljótt á litið að eðlilegast mundi að heildarábyrgð á málinu væri í höndum dómsmrn. um ábyrgð vegna galla á húsbyggingum og öðrum mannvirkjum, þegar það er skoðað í heild.

Ég tek undir það með fyrirspyrjanda að hér er hreyft mjög mikilvægu máli sem þörf er að tekið verði á með samræmdum hætti. Mér virðist eins og málið er vaxið að kannski sé nauðsynlegt að forsrn. taki það upp að nýju og láti skipa þessa nefnd. Ég tek það fram að mér var ekki kunnugt um þetta mál fyrr en fsp. barst og get því miður ekki svarað fsp. öðruvísi en að framkvæmd málsins virðist hafa dregist og sennilega vegna þess að það hafi lent á milli stóla í ráðuneytunum. Ég fagna því hins vegar að fsp. er fram komin og vona að það geti orðið til þess að málinu verði hraðað í stjórnkerfinu.

Fyrirspyrjandi (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. svörin og þær eftirgrennslanir um þetta mál sem hann hefur látið gera. Ég sé á þessum svörum að það virðist ekki hafa verið vanþörf á að hreyfa þessu máli. Því miður hefur af einhverjum óskiljanlegum ástæðum ekki verið unnið að því og tel ég það mjög miður vegna þess að málið er brýnt og brýnt að eyða óvissu í þessum efnum. Tillagan fjallaði einfaldlega um það að ríkisstjórnin skipaði nefnd til þess að endurskoða gildandi lög sem fjalla um ábyrgð þeirra er tengjast húsbyggingum. Tillagan er í fullu gildi og ég vil beina því til ríkisstjórnarinnar og þá forsrn. sem þessi tillaga mun hafa verið send, og það hefur verið gengið úr skugga um það hér á Alþingi að þessi tillaga hefði verið send héðan frá hv. Alþingi eins og aðrar tillögur sem samþykktar eru, að gengist verði fyrir því að þessi nefnd verði skipuð eins og þessi þál. gerir ráð fyrir því að auðvitað er hún í fullu gildi.

En eigi að síður, ég þakka fyrir svörin og það var svo sannarlega ekki að ófyrirsynju að bera fsp. fram.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég tek undir það sem fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda. Ég vildi leyfa mér að gera þá tillögu við virðulegan forseta að forseti ítreki erindi sitt til forsrn. og sendi að nýju þessa þál. til meðferðar með vísun til þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti mun sjá til þess að þetta erindi verði ítrekað samkvæmt ósk hæstv. iðnrh. og sent til forsrn.

Mannvirkjasjóður NATO, ein umr.

Fsp. HJ, 324. mál. — Þskj. 590.

Fyrirspyrjandi (Hreggviður Jónsson):

Hæstv. forseti. Í umræðu um varaflugvöll hér á Alþingi nú nýlega kom fram að við erum ekki aðilar að þeim sjóði sem mun veita fé til slíkra framkvæmda. Þrátt fyrir að við höfum fengið fjárveitingar úr Mannvirkjasjóði NATO erum við ekki aðilar að þeim sjóði. Eðlilegra væri að við Íslendingar værum fullgildir aðilar að sjóðnum og tækjum þátt í störfum þar og fengjum úthlutað úr honum eins og aðrar vinaþjóðir okkar í NATO. Því er spurt:

„Hver yrði árlegur kostnaður Íslendinga ef þeir gerðust fullgildir aðilar að Mannvirkjasjóði NATO?"

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hv. 1[1]. þm. Reykn. spyr: „Hver yrði árlegur kostnaður Íslendinga ef þeir gerðust fullgildir aðilar að Mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins?"

Svar mitt er þetta: Framlög aðildarríkja Mannvirkjasjóðsins miðast við þjóðartekjur og fólksfjölda. Ef Ísland gerðist fullgildur aðili að sjóðnum mætti búast við að hlutfall Íslands í heildarframlögum til sameiginlegs hluta hans yrði um 0,185%, en það er sama hlutfall og t.d. Lúxemborg greiðir nú. Heildarframlög eru reiknuð með tilliti til framkvæmda hverju sinni. Áætlun Mannvirkjasjóðsins tekur að jafnaði til sex ára í senn og er framkvæmdum skipt í flokka eftir tegundum mannvirkja. Áætlanir hafa þegar verið gerðar fyrir árin 1985–1990 í þeim flokki framkvæmda sem Ísland hugsanlega gæti varðað. Væri ráð fyrir því gert að hlutdeild Íslands í sameiginlegum kostnaði af framkvæmdum þessum væri hlutfallið 0,185% mundi framlag Íslands nema um 38 millj. ísl. kr. á ári eða 226 millj. fyrir sex ára tímabil í heild. Gerðist Ísland fullgildur aðili að Mannvirkjasjóðnum hefði það í för með sér að Ísland en ekki

Bandaríkin yrði opinbert gistiland framkvæmda af hálfu sjóðsins hér á landi. Við slíkar aðstæður þyrfti að semja í hverju einstöku tilviki um skiptingu kostnaðar milli Íslands og Mannvirkjasjóðsins og kæmi sá kostnaður til viðbótar framlögum til sameiginlegs hluta sjóðsins.

Engin algild hlutfallsregla á við í því efni né heldur er samið í hverju tilviki. Mannvirkjasjóðurinn hefur t.d. greitt að fullu fyrir byggingu flugvalla Atlantshafsbandalagsins í afskekktum byggðarlögum Noregs, mannvirkja sem ekki þjóna almennri flugumferð nema að mjög takmörkuðu leyti. Á hinn bóginn hafa önnur ríki, þar á meðal t.d. Ítalía og Danmörk, tekið á sig að greiða mjög lítinn hluta kostnaðar vegna byggingar flugvalla bandalagsins í þeim löndum, enda þjóni þau mannvirki almennri flugumferð jafnframt. Ýmis óbeinn kostnaður mundi bætast við beinan kostnað vegna sameiginlegs hluta sjóðsins og hugsanlegra framkvæmda á Íslandi. Aðild að sjóðnum fylgir m.a. sú kvöð að taka þátt í störfum mannvirkjasjóðsnefndar og fjárhags- og þróunarnefndar, en þessar nefndir fást við langtímaáætlanir Mannvirkjasjóðsins og taka afstöðu til einstakra framkvæmda. Þátttaka í slíkri starfsemi mundi óhjákvæmilega hafa í för með sér aukin umsvif og nokkurn kostnaðarauka fyrir utanrrn.

Fyrirspyrjandi (Hreggviður Jónsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir góð svör við þessu og þær upplýsingar sem þar koma fram sem eru mjög fróðlegar og ég held að þær hvetji okkur til þess að huga meira að þessum málum og íhuga hvort við ættum e.t.v. ekki að gerast fullgildir aðilar að þessum sjóði. Það er svo að við erum sjálfstætt og fullvalda ríki og einhvern veginn mundi það falla betur að mínu skapi að við semdum sjálfir um þessar framkvæmdir og værum fullgildir aðilar eins og t.d. Noregur hefur gert. Ég tel að það yrði mikið framfaraspor og mundi girða fyrir ágreining um hlut Bandaríkjamanna að þessu leyti. Það er sjálfsagt að við könnum þessi mál og ég óska eftir því við hæstv. utanrrh. að hann skoði þessi mál nánar og líti á það hvort það er okkur þénugt að gerast fullgildur aðili að þessum sjóði.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég tel að ekki sé á það bætandi sem gerst hefur í sambandi við uppbyggingu hernaðarmannvirkja hérlendis og andmæli öllum sjónarmiðum um það að Ísland fari að gerast þátttakandi í slíkri mannvirkjagerð eins og skilja mátti á hv. fyrirspyrjanda. Ég vil benda á í þessu sambandi að Ísland ver átakanlega lágu hlutfalli til þróunaraðstoðar. Ætli renni ekki eitthvað svipað til þróunaraðstoðar og það sem hæstv. ráðherra var að upplýsa að væri árlegur kostnaður af þátttöku Íslands í fullri aðild að Mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins? Ætli það væri ekki nær fyrir Alþingi Íslendinga að ræða það og reyna að spyrna í í sambandi við framlög Íslands til þeirra ríkja sem fátækust eru í heiminum, rétta svolítið af í þeim efnum því að þar hefur þróunin verið gersamlega í öfuga átt við það sem Alþingi ályktaði um fyrir nokkrum árum?

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Að gefnu tilefni vil ég taka það fram að þótt framlag Íslands til þróunarhjálpar sé enn langt undir viðmiðunarmörkum Sameinuðu þjóðanna, þ.e. 0,7% af þjóðartekjum, er það samt sem áður talsvert hærra en fram kom í máli ræðumanns. Það var aukið samkvæmt fjárlögum milli áranna 1987 og 1988 um 50% og er nú um 120 millj. kr. samtals og því talsvert hærri upphæð en þessar 38 millj. sem það yrði samkvæmt þessum upplýsingum um árlegt framlag til Mannvirkjasjóðs.

Efling fiskeldis, ein umr.

Fsp. JK, 325. mál. — Þskj. 591.

Fyrirspyrjandi (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 591 hef ég flutt fyrirspurnir til landbrh. um framkvæmd tveggja þáltill. Önnur þeirra er um eflingu fiskeldis en hin er um tryggingu loðdýraræktar gegn verðsveiflum. Fyrirspurnirnar eru eftirfarandi með leyfi forseta:

„Á hvern hátt hefur verið unnið að framgangi eftirfarandi þingsályktunartillagna:

1. um eflingu fiskeldis sem búgreinar á bújörðum, sem vísað var til ríkisstjórnarinnar í mars 1987;

2. um tryggingu loðdýraræktar gegn verðsveiflum, sem samþykkt var sem ályktun Alþingis 18. mars 1987?"

Ef ég vík fyrst að fyrri lið fsp. ber að taka fram að þáltill. var ekki samþykkt efnislega sem slík, heldur var efni hennar vísað til ríkisstjórnarinnar. Ég álít að það sé vísbending Alþingis um að ríkisstjórnin eigi að vinna að málinu á einhvern hátt þó að það sé ekki nákvæmlega eins og fyrir er lagt í þáltill., en hún er í fjórum liðum. Hún er á þá leið að kannað verði með skipulegum hætti í hvaða héruðum og á hvaða jörðum finnist nægilegt og heppilegt heitt og kalt vatn. Að komið verði á kennslu í matfiskeldi við báða bændaskólana. Á Hvanneyri verði komið upp matfiskeldisstöð. Veiðimálastofnun og Rannsóknastofnun landbúnaðarins verði gert kleift að vinna í sameiningu að rannsóknum og kynbótum í matfiskeldi, þar á meðal kynbótum á laxi til eldis í fersku vatni. Og í fjórða lagi að leiðbeiningarþjónustu verði komið á í fiskeldi, einkum matfiskeldi með því að Búnaðarfélagi Íslands verði gert kleift að ráða landsráðunaut í matfiskeldi og búnaðarsamböndunum að efla leiðbeiningarþjónustu sína þannig að þau geti einnig sinnt þessari grein meðal bænda sem hafa möguleika til fiskeldis.

Fsp. er á þá leið hvort ríkisstjórnin hafi unnið að þessum málum á þeim tíma sem liðinn er síðan

þessari tillögu var vísað til hennar og þá með hvaða hætti.

Í seinni liðnum er spurt um framkvæmd þingsályktunar um aðgerðir til tryggingar loðdýraræktar gegn verðsveiflum sem samþykkt var á Alþingi þann 18. mars 1987, svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að kanna og gera tillögur um með hvaða hætti megi best tryggja hag loðdýrabænda gegn verðsveiflum á loðdýramörkuðum."

Það þarf ekki að fjölyrða um hve þessi mál eru brýn. Þau snerta nýbúgreinar í landbúnaði og þessi mál um loðdýraræktina og reyndar fiskeldið hafa verið ofarlega á baugi síðan. Eigi að síður er spurt: Með hverjum hætti hefur verið unnið að framgangi þessara tillagna?

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon): Virðulegi forseti. Hv. fyrirspyrjandi spyr hvað gert hafi verið í framhaldi af afgreiðslu tveggja þáltill. sem fluttar voru á árinu 1987, annars vegar um eflingu fiskeldis sem vísað var til ríkisstjórnarinnar í mars 1987 og hins vegar um verðsveiflur í loðdýrarækt sem samþykkt var sem ályktun Alþingis 18. mars á sama ári.

Varðandi tillöguna um eflingu fiskeldis, þá var sú tillaga um það að láta vinna að því ötullega að fiskeldi gæti orðið búgrein á þeim jörðum sem til þess hafa náttúruleg skilyrði og að að því skyldi unnið með eftirfarandi hætti og síðan var það sundurliðað í fjórum liðum og ég mun þá svara út frá þeim liðum:

Í fyrsta lagi var lagt til að kannað skyldi með skipulegum hætti í hvaða héruðum og á hvaða jörðum fyndist nægilegt og heppilegt heitt og kalt vatn. Svarið er það að það er tæplega tímabært að svo stöddu að leggja í mikinn kostnað eða víðtæka könnun á aðstæðum á mörgum stöðum fyrr en betur skýrist hvernig fiskeldi gæti orðið atvinnugrein hjá bændum og hvaða framtíð það á sem raunverulegur atvinnuvegur. Rétt er líka að taka fram að áður en unnt er í raun og veru að kanna staðbundnar aðstæður er nauðsynlegt að auka rannsóknir og afla meiri vitneskju um ýmsar grunnforsendur, svo sem eins og efnafræði kalda vatnsins og volga vatnsins, dreifingu þess og ýmis eðlislæg skilyrði. Þessum hlutum er sem betur fer núna sinnt með nokkuð myndarlegri hætti en áður var og satt best að segja var það þannig lengst af, fram á hin síðustu ár, að menn reiknuðu ekki með og viðurkenndu ekki kalda vatnið og jafnvel volga vatnið sem auðlind. Það rann til sjávar eins og verið hafði um ár og aldir og menn svona gáfu sér það að svo mundi áfram verða og mikið meira var ekki um það sagt. En staðreyndin er auðvitað sú að þarna liggur bundin ein okkar mesta auðlind, sem er hið mikla magn af fersku vatni, köldu og volgu, sem án efa á eftir að verða í framtíðinni í vaxandi mæli nýtt sem slík. Rannsóknir jarðfræðinga og jarðefnafræðinga höfðu fyrst og fremst, hvað efnafræði og eðlisfræði snertir, snúist að eiginleikum heita vatnsins og jafnvel þá fyrst og fremst háhitans og heits vatns niður að þeim mörkum sem talið var nýtanlegt til hitaveitna. Nú hefur þetta sem betur fer breyst og m.a. má þar benda á að hv. Alþingi samþykkti í fyrra nýja stöðu við Háskóla Íslands, ég hygg Raunvísindastofnun, sem sérstaklega er ætlað að rannsaka efnafræði og eiginleika kalds vatns og volgs. Í framhaldi af slíku og samhliða slíku tel ég að tímabært verði að leggja meiri áherslu á könnun á aðstæðum í einstökum héruðum.

Í öðru lagi var lagt til að komið yrði á kennslu í matfiskeldi við báða bændaskólana og að á Hvanneyri skyldi koma upp matfiskeldisstöð. Svarið er það að kennsla í matfiskeldi fer fram á báðum bændaskólunum, en þó hefur verið ákveðið, öfugt við það sem lagt var til í þessari þáltill., að Bændaskólinn á Hólum í Hjaltadal verði miðstöð og hafi forustu í þeim málum og þess vegna hefur ekki verið komið upp mikilli aðstöðu á Hvanneyri. Þess má svo geta að við skólann á Kirkjubæjarklaustri er starfrækt fiskeldisbraut og í báðum skólunum, þ.e. á Hólum í Hjaltadal og á Kirkjubæjarklaustri, hafa verið haldin sérstök námskeið sem lúta að efni þáltill. sálugu, þ.e. fræðslu til bænda á þessu sviði, og haldin hafa verið sérstök námskeið fyrir bændur.

Í þriðja lagi var í tillögunni vikið að því að Veiðimálastofnun og Rannsóknastofnun landbúnaðarins yrði gert kleift að vinna í sameiningu að rannsóknum og kynbótum í matfiskeldi, þar á meðal kynbótum á laxi til eldis í fersku vatni. Svarið er að Veiðimálastofnun og Rannsóknastofnun landbúnaðarins vinna saman að ýmsum tilraunum nú þegar sem tengjast fiskeldi, en eldi laxa í ferskvatni hefur helst verið reynt hjá fyrirtækinu Árlaxi í Kelduhverfi og Veiðimálastofnun hefur fylgst með þeim tilraunum sérstaklega.

Í fjórða lagi var lagt til að leiðbeiningaþjónustu yrði komið á í fiskeldi, einkum matfiskeldi með því að Búnaðarfélagi Íslands yrði gert kleift að ráða landsráðunaut í matfiskeldi og búnaðarsamböndum að efla leiðbeiningaþjónstu sína þannig að þau gætu einnig sinnt þessari grein meðal bænda sem hafa möguleika til fiskeldis. Og svarið er: Búnaðarfélag Íslands hefur þegar ráðið til sín ráðunaut í fiskeldi og hefur hann unnið mikið fyrir bændur og félög þeirra. Kunnátta annarra ráðunauta Búnaðarfélagsins hefur nýst vel í þessu sambandi og má þar nefna hagfræði-, bygginga- og vatnsveituráðunauta. Almennt má segja að bæði Veiðimálastofnun og Búnaðarfélagið hafi unnið að þessum málum, einkum bleikjueldi meðal bænda sem virðist lofa góðu þótt enn sé kannski fullsnemmt að segja þar til um niðurstöður. Þá má líka minna á almennar aðgerðir til stuðnings fiskeldinu í heild sem bætir að sjálfsögðu einnig stöðu þessarar greinar að því leyti til sem hún getur orðið og vonandi verður vaxandi atvinnugrein meðal bænda.

Þá var í síðara lið fsp. spurt um tiltölulega óskylt atriði og það er nú vinsamleg ábending til hv. fyrirspyrjanda og annarra að gjarnan er nú handhægara að skipta þá slíkum fsp. upp í tvennt þannig að tvöfaldur ræðutími gefist þó til að svara þeim, en ég

skal samt reyna í örfáum orðum að svara hinni síðari spurningunni sem snýr að því hvað orðið hafi um tillögu varðandi verðsveiflur í loðdýrarækt. Svarið er það að nefnd mun ekki hafa verið skipuð eins og fjallað var um í viðkomandi þáltill. Málið hefur hins vegar talsvert verið rætt og kannað, sérstaklega í vetur í tengslum við vinnu að lausn á vanda loðdýraræktarinnar. Þá var m.a. gerður samanburður á þörfum í þessari grein og því fyrirkomulagi sem er hjá Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins og öðrum slíkum sjóðum sem helst mega kallast samanburðarhæfir í þessum efnum. Vegna þess brýna vanda sem loðdýraræktin bjó við og býr svo sem við enn þá var ákveðið að grípa tafarlaust til aðgerða og bíða ekki með það að frekar yrði unnið að þessum hugmyndum um verðjöfnunarsjóð eða verðsveiflusjóð. Þess vegna var til að mynda gripið til niðurgreiðslu á fóðurkostnaði sem segja má að sé svar við þeirri verðsveiflu eða verðlækkun sem loðdýraræktin hefur mætt að undanförnu. Þannig urðu skammtímaaðgerðir til að leysa brýnasta vandann fyrir valinu en áfram verður unnið m.a. að þessum hugmyndum um stofnun verðjöfnunarsjóðs eða verðsveiflusjóðs og það er reyndar mín sannfæring að eitthvert slíkt fyrirkomulag hljóti að þurfa að koma til sem geti byggt á langtímagrunni og tekið á verðsveiflum sem óumflýjanlegar virðast í þessari atvinnugrein.

Fyrirspyrjandi (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir svör hans. Eins og fram kemur í þeim hefur verið unnið með ýmsum hætti að þessum málum. Mér var reyndar kunnugt um það því að eins og ég tók fram í framsögu minni fyrir fyrirspurnunum hafa þessi mál verið ofarlega á baugi á þessum tíma. Eigi að síður hygg ég að brýnt og nauðsynlegt sé að herða á aðgerðum í þessum efnum þannig að fiskeldi geti orðið vænleg aukabúgrein á bújörðum og það verði kannað og unnið að því með skipulegum hætti að svo geti orðið.

Hæstv. landbrh. fór yfir þáltill. í einstökum liðum og þar kemur fram að ekki hefur verið talið tímabært að kanna með skipulegum hætti í hvaða héruðum og á hvaða jörðum finnst nægilegt og heppilegt heitt og kalt vatn fyrr en þessi mál eru lengra komin. Ég hefði haldið að tímabært væri að hrinda af stað þessari könnun og harma að svo hefur ekki verið gert. Ég geri ekki athugasemd við það að á Hólum verði frumkvæðið í námi í fiskeldi þó að hér sé talað um Hvanneyri, að þar verði komið upp matfiskeldisstöð. Ég tel að það sé ekki aðfinnsluvert þó að Hólar hafi þarna orðið fyrir valinu.

Að öðru leyti þakka ég fyrir það að að þessum málum hefur verið unnið og tel brýnt að svo verði áfram og að neytt verði allra ráða til að þessi búgrein geti orðið umtalsverð stoð í sveitum landsins.

Hvað Tryggingarsjóð loðdýra snertir er það aðalatriðið að aðgerðir verði í málinu og nefndarskipan með hverjum hætti sem hún verður, hvort það er skipuð nefnd eða unnið að þessum málum af fullum krafti í landbrn. Ég get tekið undir að það sé rétt að draga það ekki og vona að þeim aðgerðum sem unnið hefur verið að verði hraðað og reynt að hrinda fram þessu brýna máli. Það hefur verið unnið að þessum málum af krafti og ég þakka fyrir það, en eigi að síður er nauðsynlegt að taka hér enn betur á.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins hvetja hæstv. landbrh. til að vinna skipulega að því verkefni sem hér er kallað efling fiskeldis sem búgreinar á bújörðum. Ég held að þarna sé afar mikilvægt atriði á ferðinni. Menn hafa mest talað hér um silung. Ég minni á að markaðsmálin eru í þessu sambandi afar mikilvæg líka. Það er útilokað að einstakir bændur geti markaðssett slíkar afurðir. Sölusamtök verða að mínu mati að koma til ef þarna ætti að geta verið um örugga búgrein að ræða.

Aðeins örstutt. Landbrh. minntist á heitt og kalt vatn sem auðlindir. Orkustofnun hefur nokkuð gert af því að kortleggja möguleika til nýtingar slíkra auðlinda víða um landið. En ég minni á að þær jarðir sem við ströndina eru og aðgang eiga að sjó búa yfir nokkuð öðrum möguleikum sem menn mega ekki gleyma í þessu sambandi og fleiri tegundir koma auðvitað til. Þarna gildir að fast og örugglega sé haldið á.

Varðandi kennslu í matfiskeldi hygg ég að sú stefna sé rétt, sem þegar hefur komið upp, að skólarnir sendi nemendur sína sem mest út til stöðvanna til að fá starfsþjálfun þar í stað þess að byggja dýrar stöðvar í skólunum.

Ég minni síðan á að rannsóknir á kynbótum eldisfiskanna eru afar mikilvægar og ítreka að ég tel mikilvægt að landbrh. haldi fast og örugglega og skipulega á þessu máli.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegur forseti. Ég þakka þær hvatningar sem landbrh. fær til að vinna fast og skipulega og örugglega og halda þétt á þessum málum og það hyggst hann ætla að reyna að gera. Ég tek undir það með hv. síðasta ræðumanni að það er eitt af því sem er mjög brýnt og nauðsynlegt að gert verði að vinna af alefli að því að fá fram fiskeldi sem valkost í atvinnumálum strjálbýlisins. Það á það að geta orðið og vonandi verður svo. Til þess að svo verði þarf að vinna að því máli nánast á öllum sviðum, líka sölumálunum, markaðsmálunum og skipulagi og jafnvel samtakamyndun þeirra bænda eða framleiðenda sem að þessu standa.

Þeim málum hefur fram að þessu verið sinnt eftir því sem efni og aðstæður leyfa hjá markaðsnefnd landbúnaðarins. M.a. vann markaðsnefnd á síðasta ári allmikið starf að því að markaðssetja afurðir úr fiskeldi, og þá sérstaklega með tilliti til þess hvað orðið gætu framleiðsluvörur úr fiskeldi hjá bændum, og kom þeirri vöru m.a. inn á sýningar erlendis og hefur með ýmsum hætti reynt að sinna því verkefni.

Hvað varðar það að setja í gang könnun á því hvar

aðstæður séu fyrir hendi til fiskeldis, m.a. nægjanlegt vatn og aðrar aðstæður í strjálbýlinu, þá skil ég hv. fyrirspyrjanda svo að hann sé þar að tala um sérstaka könnun sem sett verði í gang og þá e.t.v. á vegum landbrn., er það rétt að slíkt hefur ekki verið gert, en það má þó ekki skilja sem svo að ýmislegt hafi ekki verið að þessum málum starfað. Auðvitað liggja fyrir gríðarlega miklar upplýsingar, eins og reyndar hv. síðasti ræðumaður benti á, m.a. hjá Orkustofnun, ferskvatnsdeildinni þar sem hefur um langt árabil sinnt vatnamælingum og ýmsum slíkum hlutum, og hjá Háskólanum þar sem þessum málum er sinnt meira á vísindalegum grunni, aflað t.d. grundvallarupplýsinga um efnasamsetningu og eiginleika vatnsins. En ég ítreka þó að vegna þess hversu seint menn tóku við sér almennt að hefja skoðun á ferskvatninu og lághitavatninu sem auðlind er enn mikið starf óunnið hvað varðar grundvallarupplýsingar af ýmsu tagi sem hljóta að vera forsendan fyrir frekari kortlagningu og nýtingarmöguleikum í þessu sambandi.

Ég mun láta athuga hvort tímabært sé að setja af stað sérstaka könnun af því tagi sem fyrirspyrjandi nefndi, en tel þó að enn þurfi að vinna ýmsar grundvallarupplýsingar áður en að slíku verki geti lokið a.m.k.

Bann við kjarnavopnum, ein umr.

Fsp. KE, 345. mál. — Þskj. 629.

Fyrirspyrjandi (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegur forseti. Það hefur lengi verið yfirlýst stefna Íslendinga að hér skuli ekki leyfð kjarnorkuvopn og kemur sú yfirlýsta stefna fram á mörgum stöðum, m.a. í umræðum hér á Alþingi 16. apríl 1985 þegar þáv. utanrrh. Geir Hallgrímsson sagði sem svar við fsp. um stefnu okkar: „Það er skýr stefna ríkisstjórnar Íslands að kjarnorkuvopn séu ekki geymd hér á landi og tekur hún einnig til herskipa í íslenskri lögsögu.“ Hann segir einnig síðar, með leyfi forseta, þegar verið er að spyrja um komu herskipa hingað til lands e.t.v. með kjarnorkuvopn: „Fullljóst er að sigling herskipa með kjarnorkuvopn um íslenska lögsögu er óheimil og þá jafnframt koma þeirra til hafna hérlendis og mun ég framfylgja þeirri stefnu.“

Í ályktun Alþingis um stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum frá 23. maí 1985 segir, með leyfi forseta: „Um leið og Alþingi áréttar þá stefnu Íslendinga að á Íslandi verði ekki staðsett kjarnorkuvopn hvetur það til þess að könnuð verði samstaða um og grundvöllur fyrir samningum um kjarnorkuvopnalaust svæði í Norður-Evrópu, jafnt á landi, í lofti sem á hafinu eða í því sem liður í samkomulagi til að draga úr vígbúnaði og minnka spennu.“

Þann 20. okt. 1987 sagði þáv. utanrrh. Steingrímur Hermannsson m.a., með leyfi forseta, á Alþingi: „Það er margyfirlýst stefna okkar Íslendinga að hér á landi verði ekki staðsett kjarnorkuvopn. Það hafa fjölmargar ríkisstjórnir gert.“

Jafnframt segir hann síðar í umræðunni. „Ég staðfesti það, sem ég hef áður sagt, að mér sýnist að allar gerðir, öll orð, allt sem frá okkur hefur komið sé afdráttarlaust og geri engan greinarmun á friðar- eða ófriðartímum.“

Og þann 10. nóvember sama ár segir hæstv. utanrrh. þáv.: „Ég lít svo á að samþykkt Alþingis frá maí 1985 sé afgerandi. Hún lýsir Ísland kjarnorkuvopnalaust og það er afdráttarlaust og engir fyrirvarar þar gerðir.“

Og þann 3. desember segir utanrrh. þáv. jafnframt: „Eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda hefur það komið greinilega fram í ræðum mínum að hér skuli ekki vera kjarnorkuvopn, hvorki á friðar- né ófriðartímum.“

Jafnframt hefur núv. forsrh. á fundi á Hótel Borg fyrir skömmu staðfest þetta sama þannig að þetta er líka að því er virðist stefna núv. ríkisstjórnar. Þann 3. desember segir hins vegar utanrrh. í lok máls síns sem svar við ákveðinni fsp.: „Hins vegar hef ég kannað innan Atlantshafsbandalagsins og fengið upplýst að þeim er mjög vel kunnugt um þessa ákvörðun íslenskra stjórnvalda.“

Það hefði kannski ekki verið mikil ástæða til fyrirspurnar nema að ég hef það eftir heimildum sérfróðra íslenskra aðila um utanríkis- og varnarmál að hjá NATO sé ekkert mark tekið á orðum íslenskra ráðherra og samþykktum Alþingis þess efnis að Ísland skuli vera kjarnorkuvopnalaust og ekki megi fara með kjarnorkuvopn inn í íslenska landhelgi og lofthelgi.

Mér finnst mjög nauðsynlegt að öllum sé ljós stefna Íslendinga og því hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. utanrrh. á þskj. 629 sem hljóðar svo:

„Hvernig hefur af Íslands hálfu verið komið á framfæri á alþjóðavettvangi, m.a. við Atlantshafsbandalagið og Bandaríkjastjórn, afstöðu Alþingis og íslenskra stjórnvalda varðandi þá stefnu að á Íslandi skuli ekki geymd kjarnavopn?“

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hv. 12. þm. Reykv. spyr: „Hvernig hefur af Íslands hálfu verið komið á framfæri á alþjóðavettvangi, m.a. við Atlantshafsbandalagið og Bandaríkjastjórn, afstöðu Alþingis og íslenskra stjórnvalda varðandi þá stefnu að á Íslandi skuli ekki geymd kjarnavopn?

Spurt er sérstaklega í þessu samhengi um eftirfarandi.

1. Yfirlýsingu utanrrh., Geirs Hallgrímssonar, á Alþingi 16. apríl 1985 við umræður um 360. mál.

2. Ályktun Alþingis 23. maí 1985 um stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum (496. mál).

3. Yfirlýsingar utanrrh., Steingríms Hermannssonar, á Alþingi 20. október um umræður um 11. mál, 10. nóvember við umræður um 65. mál og 3. desember 1987 við umræður um 79. mál.“

Það hefur verið nokkuð reglubundið að hér hefur

verið þyrlað upp á Alþingi moldviðri um að staðsett séu á Íslandi kjarnavopn. Það hafa a.m.k. sex utanrrh. íslenskir fundið sig til knúna að lýsa yfir eftir ítarlegar athuganir að engin kjarnavopn væru á Íslandi. Stefna Íslands er kunn og skýr. Hér á landi eru ekki leyfð kjarnavopn.

Við Íslendingar vitum að jafnt bandamenn okkar sem aðrir vita þetta og virða þetta. Hins vegar er ekki spurt sérstaklega í hvert skipti sem erlent herskip kemur í lögsögu eða erlend herflugvél fær að lenda hvort um borð séu kjarnavopn.

Svo sem lesa má í fréttatilkynningu utanrrn. 19. desember 1984 var síðasta upphlaupið í þessum málum vegna fullyrðinga Williams nokkurs Arkin í þá átt að Bandaríkjamenn átta sig fyllilega á þessu og virða þessa stefnu. Það gera líka öll ríki sem hlut eiga að máli. Um þetta sagði hæstv. þáv. forsrh. 3. des. 1987, með leyfi forseta: „Ég hef kannað innan Atlantshafsbandalagsins og fengið upplýst að þeim er mjög vel kunnugt um þessa ákvörðun íslenskra stjórnvalda." Þeim er vel kunnugt um þá yfirlýsingu sem gefin var hér á Alþingi sem hv. fyrirspyrjandi vísaði til og reyndar vel kunnugt um þær yfirlýsingar sem gefnar hafa verið hér.

Fullyrðingar hv. þm., sem hún kveður sig hafa eftir sérfróðum mönnum um það að ekki sé mark tekið á orðum íslenskra utanrrh. í aðalstöðvum Atlantshafsbandalagsins, eru að mínu mati ekki svara verðar.

Það sem hér hefur verið vísað til eru yfirlýsingar Geirs Hallgrímssonar frá 16. apríl 1985 um heimsókn herskipa og kjarnavopna. Við göngum því út frá því sem gefnu og af gefnum upplýsingum að stefna okkar sé virt í hvívetna. Segja má að forsenda fyrir dvöl varnarliðsins hér sé að hér eru ekki kjarnavopn. Það er á valdi okkar Íslendinga sjálfra, þ.e. íslenskra stjórnvalda, að ákveða hvort hér eru kjarnavopn eða ekki. Þó okkur sé kunnugt um að sú stefna sem ég hef nú lýst stuttlega sé vel þekkt komum við reglubundið á framfæri upplýsingum sem varða þessa afstöðu.

Ályktun Alþingis frá 23. maí 1985 um stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum var t.a.m. þýdd á erlendar tungur og hún hefur kerfisbundið verið send utanrrn. og varnarmálaráðuneytum þeirra ríkja sem málið varðar sem og kynnt kerfisbundið á fundum og ráðstefnum. Sennilega er viðamesta alþjóðleg dreifing ályktunarinnar þó í enskri þýðingu í skýrslu þáv. hæstv. utanrrh. Matthíasar Á. Mathiesens til Alþingis 1987. Ályktunin birtist þar á ensku sem viðauki 6. Þeirri skýrslu eins og öðrum slíkum er kerfisbundið dreift til ráðuneyta og alþjóðastofnana.

Þáv. forsrh. sagði við setningu utanríkisráðherrafundar Atlantshafsbandalagsins í Reykjavík 11. júní 1987, með leyfi forseta: „Afstaða okkar Íslendinga er ljós. Við leyfum ekki kjarnavopn á íslensku yfirráðasvæði. Þetta var samhljóða staðfest á Alþingi í maí 1985."

Bæði ég og fyrirrennarar mínir í starfi utanrrh. notum tækifærið þegar við hittum erlenda starfsbræður okkar erlendis á fundum og ráðstefnum til að kynna íslenskan málstað jafnt í þessu máli sem öðrum. Í því efni minni ég á að í ræðu minni á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna sl. haust komst ég svo að orði um þetta mál: „Svo sem kunnugt er leyfa Íslendingar ekki kjarnavopn á landi sínu og ganga út frá því sem gefnu að erlend skip í heimsóknum virði fullveldi Íslands að þessu leyti." Þar með hafa hinar 150 þjóðir sem sitja allsherjarþingið nýlega verið minntar á stefnu Íslendinga í þessum málum.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Að gefnu tilefni vill forseti lýsa þeirri skoðun sinni að fsp. og athugasemdir hv. þingmanna séu ævinlega svara verðar.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég undrast nokkuð að hæstv. utanrrh. skuli taka svo til orða eins og hér gerðist út af hógværri fsp. um afar þýðingarmikið mál fyrir íslenska hagsmuni, að hún sé ekki svara verð. (**Utanrrh.:** Fyrirspurnin var það vissulega, enda var henni svarað. Þetta var um athugasemd.) Ég vil jafnframt að fram komi af minni hálfu að ég tel að hæstv. utanrrh. ætti að gera Alþingi grein fyrir því í tilefni þessarar fsp. hvort og þá með hvaða hætti yfirherstjórn Atlantshafsbandalagsins og yfirstjórn þess herliðs sem dvelur á Íslandi hefur verið gerð grein fyrir samþykktum Alþingis og yfirlýsingum íslenskra ráðherra.

Ég nefni þetta hér, virðulegur forseti, m.a. vegna þess að þótt við viljum trúa því að á Íslandi séu ekki staðsett kjarnavopn tekur herlið frá Íslandi þátt í æfingum Atlantshafsbandalagsins á norðurslóðum. Hingað koma án heimildar íslenskra stjórnvalda flugsveitir og herflugvélar til þátttöku í slíkum æfingum, síðast í septembermánuði 1988, varðandi æfinguna Teamwork, um tólf Phantom-þotur og tíu Orion-þotur að því er upplýst hefur verið í bandarísku tímariti, Aviation Week, 14. nóvember 1988, og voru gerðar hér út frá landinu. Þessi búnaður, þessar þotur geta borið kjarnavopn, þar á meðal kjarnorkudjúpsprengjur sem voru tilefni umræðna um þessi mál hér á Alþingi í desember 1984.

Ég tel að hafi stefnu Íslands og yfirlýsingum íslenskra ráðherra um þessi efni ekki verið komið skilmerkilega á framfæri við nefnda aðila skuldi framkvæmdarvaldið Alþingi og Íslendingum að það verði gert með formlegum hætti og skora á hæstv. utanrrh. að bæta þar úr hafi þetta ekki verið gert þannig.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég verð að lýsa nokkurri óánægju með ónákvæmni í svörum hæstv. ráðherra þar sem greinilega er verið að leita nokkuð nákvæmra svara með þessari fyrirspurn.

Eina tiltekna þingið, ráðstefnan eða staðurinn sem kom fram að þessari skoðun stjórnvalda á Íslandi hefði verið komið á framfæri um það að hér skuli ekki leyfð kjarnavopn er þing Sameinuðu þjóðanna. Það kom fram í máli hæstv. ráðherra að hann hefði sagt

þar að hér skyldu ekki leyfð kjarnorkuvopn, en hann tók ekki sérstaklega fram að það ætti við bæði um friðar- og ófriðartíma.

Hann tiltók að ályktun Alþingis frá 23. maí 1985 hefði verið kynnt eða henni dreift á kerfisbundinn hátt á ýmsum ráðstefnum og fundum og trúlega í bréfaviðskiptum utanrrn. Þá vil ég spyrja: Er ekki til í ráðuneytinu skrá um þau bréf sem koma til ráðuneytisins og þau bréf sem send eru frá ráðuneytinu þannig að það megi athuga í þessari skrá hvert og hvenær þessi ályktun hefur verið send t.d. eða lýst yfir þessari skoðun? Hann talaði einnig um að ályktunin hefði verið send þeim löndum sem málið varðar. Hver eru þessi lönd sem málið varðar? Mér fannst þetta vera allt of ónákvæm svör og almenn í raun hjá hæstv. ráðherra. Satt að segja er ég nokkurn veginn jafnnær um hvernig þetta hefur verið kynnt nema ég veit að það hefur verið kynnt á þingi Sameinuðu þjóðanna.

Fyrirspyrjandi (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég leit ekki svo á að þessi fsp. mín væri eitthvert moldviðri um hvort hér yrðu staðsett kjarnavopn eða ekki. Ég spurði þessarar spurningar að gefnu tilefni og tel henni ekki hafa verið svarað, alls ekki, vegna þess að þegar ég spyr: „Hvernig hefur af Íslands hálfu verið komið á framfæri", þá lít ég á það formlega en ekki hvort það hafi verið sagt í samtölum. Að vísu kom fram að það hafi verið sagt á þingi Sameinuðu þjóðanna. Ekki skal ég lasta það, en ég tel þar ekki nægilega formlega gerða grein fyrir stefnu Íslendinga með þeim hætti.

Þegar ég var að ræða hérna áðan um að ekki væri tekið mark á íslenskum ráðherrum eða ályktun Alþingis hjá NATO finnst mér slæmt ef það er ekki svara vert. Ég heyrði þetta á fundi sem mér var boðið að taka þátt í sem fulltrúa í utanrmn. Þar var útlendingur í heimsókn og bar þessi mál á góma þar. Þegar sá sem orðið hafði lýsti því að hjá NATO væri þeim ekki ljós sú stefna Íslendinga að hér væru ekki kjarnorkuvopn, þá greip ég fram í og sagði að það væri ekki rétt vegna þess að því hefði verið marglýst yfir af fjölmörgum utanríkisráðherrum og forsrh. núna fyrir skömmu að hér væru ekki kjarnavopn. En þá sagði hann að þó að einhverjir ráðherrar segi svona, „some ministers", eins og hann komst sjálfur að orði, væri það ekki nein yfirlýsing af Íslands hálfu. Ég tók þetta mjög óstinnt upp fyrir hönd íslenskra utanrrh., Alþingis og íslenskra stjórnvalda og ég er alveg hissa á þessu. Ef þetta hefði ekki verið sagt á þessum fundi við erlenda gesti sem eru að koma hingað hefði ég ekki tekið þetta eins illa upp og ég gerði og ekki endilega bara fyrir mína hönd heldur ekki síður fyrir hönd ríkisstjórna Íslands og utanrrh. Ég tel að það væri rétt fyrir utanrrh. að upplýsa bæði sína embættismenn og þá sem tala fyrir Íslands hönd við erlenda aðila um hver stefnan sé og þeir séu ekki að lýsa því yfir að það sé ekkert mark tekið á því sem íslensk stjórnvöld segja hér á landi. (**Utanrrh.:** Má ég spyrja? Var það íslenskur embættismaður sem komst svona að orði?) Ég veit ekki hvort ég á að orða það svo að það hafi verið embættismaður. Já, ég held að það flokkist undir embættismenn. Ég veit ekki nákvæmlega hvernig flokkunin er, en þetta var íslenskur aðili sem starfar að þessum málum hér á landi.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Í tilefni af athugasemd forseta vil ég taka fram eftirfarandi: Fyrirspurn hv. þm. er að sjálfsögðu fullkomlega marktæk, umræðuverð í alla staði, varðar þýðingarmikið mál, enda hef ég gert mér far um að svara henni efnislega og málefnalega.

Athugasemd mín laut hins vegar að þeirri fullyrðingu hv. þm. sem höfð var eftir ónafngreindum manni, sem nú er upplýst að var einhver íslenskur embættismaður, sem hafði látið hafa eftir sér á einhverjum fundi einhvers staðar að í höfuðstöðvum NATO væri ekki mark tekið á orðum, yfirlýsingum íslenskra utanríkisráðherra og ályktun Alþingis Íslendinga. Þetta eru dylgjur og stundum er ekki hægt að svara dylgjum á annan veg en þann að segja: Órökstuddar dylgjur eru ekki svara verðar. Þetta eru dylgjur af því tagi sem þarf að kveða niður því að að sjálfsögðu er það svo og hafið yfir allan vafa að í höfuðstöðvum Atlantshafsbandalagsins, í Atlantshafsbandalaginu og af hálfu utanríkisráðherra bandalagsþjóða okkar er tekið hið fyllsta mark á yfirlýsingum íslenskra ríkisstjórna, utanríkisráðherra og ályktunum Íslendinga. Það er mikil nákvæmni í því máli. Það er farið nákvæmlega yfir texta ályktana Íslendinga og nákvæmlega yfir þær yfirlýsingar sem koma um svona þýðingarmikið mál frá íslenskum ráðherrum. Á því leikur ekki hinn minnsti vafi.

Athugasemdir um að þessari spurningu hafi ekki verið svarað. Mér þykir að þær séu ekki mjög merkilegar vegna þess að ég hef svarað því til að ályktun Alþingis og þessar þýðingarmiklu yfirlýsingar hafa verið þýddar á erlendar tungur og þeim hefur verið kerfisbundið komið á framfæri við utanríkisráðuneyti og varnarmálaráðuneyti bandalagsþjóða okkar. Það er fyrst og fremst um þær sem verið er að ræða. Það er hafið yfir allan vafa, sbr. yfirlýsingu forvera míns, að þessar ályktanir hafi komist til skila og á þeim er fullkomlega tekið mark.

Umræður utan dagskrár.

Heræfingar varnarliðsins.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Nú stendur þannig á að samið hefur verið við þingflokk Sjálfstfl. um að hér hefjist að nýju umræða utan dagskrár sem frestað var í fyrrinótt og fjallaði um heræfingar á Keflavíkurflugvelli. Mótmæli hv. þm. því ekki verða nú tekin út af dagskrá 8., 10., 13., 15., 16., 17. og 18. mál, en á þessum fundi hefst nú áðurnefnd umræða.

Ólafur G. Einarsson:

Hæstv. forseti. Sl. mánudag hófst hér í þinginu afar sérkennileg umræða um væntanlegar heræfingar í júní nk. Þessari umræðu er nú fram haldið og margt sýnist mér ósagt enn þá.

Það hefur þegar verið dregið fram og er rétt að ítreka að það var formaður þingflokks Framsfl., forustuflokks ríkisstjórnarinnar, hv. 1. þm. Norðurl. v., sem hóf þessa umræðu. Í ræðu sinni sagðist málshefjandi sammála hæstv. forsrh. að fyrirhugaðar heræfingar væru tímaskekkja og að ekki bæri að heimila þær, en þar sem hann treysti því ekki að hæstv. utanrrh. væri sammála sér og forsrh. í þessu efni vildi hann biðja utanrrh. að greina þingheimi frá aðdraganda málsins og viðhorfi sínu til þess. Síðan fylgdu ellefu spurningar, þar á eftir áminning til utanrrh. til hvers væri ætlast af honum, fullyrðingar um að varnarliðið væri ekki hér til að verja Íslendinga og svo ýmis orð sögð í hálfkæringi eins og hv. þm. er svo tamt.

Ég hef verið að velta því fyrir mér hvað hv. þm. hafi gengið til að flytja þetta mál inn í þingið með þeim hætti sem hann gerði og sjálfsagt kemur þar margt til. Mér dettur í fyrsta lagi í hug andúð hans á samstarfi okkar Íslendinga við hinar vestrænu þjóðir sem tengt hafa saman hagsmuni sína við varnir Vesturlanda í Atlantshafsbandalaginu. Þessi andúð hans hefur oft komið fram í málflutningi innan og utan þings. Af sama toga er svo auðvitað spunnin andstaða hans við veru varnarliðsins hér á landi. Og þeir sem ekki vilja varnarlið vilja auðvitað heldur engar heræfingar hjá þessu sama varnarliði eða stuðningsliði þess.

Í öðru lagi mætti segja mér að hv. þm. hefði gjarnan viljað koma hæstv. utanrrh. og flokki hans í dálítinn vanda. Það er vitað að Alþfl. hefur yfirleitt staðið vörð um vestrænt samstarf þótt brestir hafi stundum gert vart við sig í liði ungra jafnaðarmanna. Dálitlar títuprjónsstungur gætu því kitlað hann sem slíkan og sjálfsagt nokkra fleiri. (**Utanrrh.:** Það eldist nú yfirleitt af þeim.) Það eldist af þeim. Það er gott að heyra. — Ekki hefur málshefjandi þurft að efast um velþóknun alþýðubandalagsmanna á þessum málflutningi svo að ég ekki nefni Kvennalistann eins og svo skýrt hefur komið fram í umræðunum þegar.

Í þriðja lagi mætti svo ætla að þingflokksformaðurinn vildi koma flokksformanni sínum og hæstv. forsrh. til hjálpar. Forsrh. hafði nefnilega fyrir umræðuna tjáð sig með dálítið sérstæðum hætti um málið. Ég segi sérstæðum hætti vegna þess að hér á í hlut núv. forsrh. sem var utanrrh. frá því í júlí 1987 til september 1988 og forsrh. 1983–1987 og ráðherra ýmissa málaflokka 1978–1983, að undanteknum um það bil fjórum mánuðum. Hann hafði látið í ljós þá skoðun að fyrirhugaðar heræfingar væru tímaskekkja og svo hafði hann ekkert vitað um hvað til stóð fyrr en alveg nýlega. Það hafði verið farið á bak við hann. M.ö.o.: hann hafði rétt einu sinni verið „plataður", bæði af utanrrh. sínum, af varnarliðinu og væntanlega af starfsmönnum sínum í varnarmálaskrifstofu utanrrn. meðan hann var sjálfur utanrrh.

Hvernig má nú svona lagað gerast? Ætlast hæstv. ráðherra til þess að við trúum þessu? Það fer ekkert á milli mála að hv. málshefjandi trúir þessu eða þannig skildi ég ræðu hans. En eigum við hinir að trúa þessu líka? Ég á afar erfitt með það nema ég fái nánari skýringar. Eða eigum við að afsaka þetta ráðleysi, liggur mér við að segja, með því að það sé svo sem mannlegt að minni manna bresti? Hæstv. forsrh. sagði oftar en einu sinni í sjónvarpsviðtali í fyrrakvöld að svo gæti verið. Ég veit ekki alveg til hvers hæstv. ráðherra ætlast af okkur. Ráðherrann hefur sagt við annað tækifæri að hann hafi verið lokaður inni í fílabeinsturni meðan hann var utanrrh. Mér sýnist hann hafa verið þar innilokaður bæði fyrir og eftir þann tíma og mér sýnist líka að hann hafi í raun verið lokaður inni í einhverju hólfi í fílabeinsturni ráðuneytisins, alveg einangraður frá starfsmönnum ráðuneytisins sem áttu að gefa honum upplýsingar um gang mála en gerðu það ekki samkvæmt því sem ráðherrann segir. Ég kem nánar að þessu atriði síðar.

Hafi það verið ætlun hv. málshefjanda að koma formanni sínum til hjálpar í þessum raunum hans hefur það heldur betur snúist í höndum hans. En allur var þessi málatilbúnaður þó gerður með vitund og vilja formannsins. Málshefjanda er því nokkur vorkunn hafi þessi verið tilgangurinn með því að taka málið upp í utandagskrárumræðu. Hv. 1. þm. Norðurl. v. hefur nefnilega upplýst að hann hafi ekki kynnt það í sínum þingflokki að hann ætlaði að taka til máls um þetta efni utan dagskrár. Hann sá enga ástæðu til að segja flokksbróður sínum, Jóhanni Einvarðssyni, hv. formanni utanrmn. og reyndar stjórnarmanni í þingflokksstjórninni, frá þessu og reyndar ekki einu sinni hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni og má það út af fyrir sig merkilegt heita, en það kom fram í umræðunum í fyrrakvöld. Sennilega stafar það af því að málshefjandi hefur verið nokkuð öruggur með undirtektir þess hv. þm. en öllu meiri vafi hafi leikið á með flokksbróðurinn, Jóhann Einvarðsson. Því væri í lagi að hann frétti þetta í beinni útsendingu í sjónvarpi frá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni. Mér er svo sem alveg sama hvernig háttað er sambandi þeirra flokksbræðranna hv. þm. Jóhanns og Páls.

En þingflokksformaðurinn hafði hins vegar samband við formann sinn, hæstv. forsrh. Í svari forsrh. við fsp. hv. þm. Eiðs Guðnasonar um það hvort þingflokksformaðurinn talaði í nafni Framsfl. kom fram að hann gerði það á eigin vegum. Hann hefði hins vegar haft samband við sig um að hann mundi spyrja þessara spurninga „og ég gerði ekki athugasemdir við það", sagði hæstv. forsrh. Með því sýnist mér að formaður Framsfl. hafi raunverulega platað formann þingflokksins. Hann hefur att honum út í þessa umræðu með því að segja honum að þessar fyrirhuguðu heræfingar væru sér alveg ókunnar, hann vissi ekkert, þetta væri sjálfsagt bara brall í núv. hæstv. utanrrh. og sjálfsagt fyrirrennurum úr Sjálfstfl.

Lítum aðeins á málflutning hæstv. forsrh.

Í ágúst 1987 var honum skýrt frá tilvist þessa varaliðs og gerði ekki athugasemdir. Þá var hann utanrrh. Honum var þá líka tjáð að fram hefðu farið tvær

æfingar þessa varaliðs hér á landi, 1985 og 1987. Þá var hann forsrh. En honum hefur sjálfsagt ekki verið sagt þá og alls ekki áður að æfingin 1987 hófst á sjálfan þjóðhátíðardaginn 17. júní eins og kom fram í ræðu hæstv. utanrrh. í fyrrakvöld. En þá var hann líka bara forsrh., eins og nú, og hefur sjálfsagt ekki komið þetta við, sem er hins vegar öðruvísi en nú. Og hann, hæstv. þáv. utanrrh. og núv. hæstv. forsrh., fékk þá, í ágúst 1987, engar upplýsingar um æfingu sem nú er talað um, að öðru leyti en því að æfingin væri ráðgerð 1989. Hann segist hins vegar hafa skilið þetta svo, að hún yrði af svipaðri stærðargráðu og áður hafði verið.

Þessi orð hæstv. forsrh. gefa mér tilefni til að spyrja hann hvort honum þyki í lagi að hafa hér í júní nk. æfingu ef aðeins kæmu 400 manns í staðinn fyrir allt að 1000 og ég tala nú ekki um 1300. Hvar á að draga mörkin milli þess sem telja má í lagi og þess sem hæstv. forsrh. kallar tímaskekkju? Hvað þarf að gerast meira á alþjóðavettvangi en Vínarfundurinn sem hæstv. forsrh. vitnaði til í umræðunni í fyrradag til þess að 400 manna æfing sé líka orðin tímaskekkja?

Hæstv. forsrh. segist svo ekkert hafa heyrt um málið meira fyrr en í Ríkisútvarpinu núna um daginn. „Fundargerð varnarmálanefndar frá 30. ágúst 1988 kom aldrei á mitt borð", segir ráðherrann, en bætir að vísu við: „a.m.k. ekki svo að ég vissi." Hvernig er þetta annars með borð hæstv. ráðherra? Er því skipt í einhverja reiti, einn fyrir mál sem hann þekkir, annar fyrir mál sem hann þekkir ekki og kannski einn fyrir mál sem hann veit ekkert um og á ekkert að vita um? Það mætti halda að svo væri ef ekki hefði komið nánari skýring frá ráðherranum, hvers vegna hann leit ekki á borðið sitt 30. ágúst og síðar í sinni utanríkisráðherratíð. Menn voru nefnilega „uppteknir við aðra hluti, stjórnarmyndun o.s.frv.", eins og ráðherrann orðaði það í umræðunni um daginn. Stjórnarmyndunarviðræður voru þá þrátt fyrir allt hafnar 30. ágúst, nokkuð sem ýmsa grunaði þá en hefur ekki verið viðurkennt opinberlega fyrr en nú af formanni Framsfl. Hvað áttu menn að vera að vasast í fundargerðum varnarmálanefndar þegar önnur og merkilegri mál biðu úrlausnar?

Að þessum játningum gefnum er óneitanlega dálítill holhljómur í gagnrýni hæstv. forsrh. á varnarliðið þegar hann segir að „af þess hálfu hafi verið haldið mjög undarlega á málinu og það ekki gætt þess sem skylda þess hlaut að vera", eins og ráðherrann orðaði það. Þetta eru nokkur atriði úr málflutningi hæstv. forsrh.

En hvað segir svo hæstv. utanrrh. um þennan málflutning forsrh. síns og þingflokksformanns framsóknar? Ég verð að segja alveg eins og er að ég minnist þess ekki að hafa áður orðið vitni að annarri eins ofanígjöf og forsrh. fékk hjá utanrrh. sínum eins og hér átti sér stað í fyrrinótt. Hæstv. utanrrh. talaði að vísu til málshefjanda, hv. þm. Páls Péturssonar, en það er gamla Albaníuaðferðin eins og menn þekkja. Allt sem hann sagði, hæstv. utanrrh., og sagt var til að hrekja fullyrðingar málshefjanda um að ranglega hefði verið skýrt frá staðreyndum var í raun talað til forsrh. Það var ofanígjöf sem lengi verður í minnum höfð.

Utanrrh. sá sig knúinn til að rekja allan samskiptaferil stjórnvalda í heræfingamálinu. Og hverjar eru heimildir hæstv. utanrrh.? Jú, heimildir hans eru byggðar á skriflegum greinargerðum, bókunum og upplýsingum frá varnarmálaskrifstofu utanrrn. í tíð fjögurra utanrrh. Einn þessara ráðherra virðist hins vegar ekkert vita, annaðhvort vegna þess að hann fékk aldrei neinar upplýsingar eða þá að minni hans brestur eins og hann hefur orðað það. Það hefur að vísu oft gerst áður.

Þennan samskiptaferil rakti hæstv. utanrrh. í þrettán liðum. Ég ætla ekki hér og nú að endurtaka það sem ráðherrann þar tíundaði þótt það sé vissulega freistandi, en þessi samskipti eiga sér öll stað meðan Steingrímur Hermannsson er ýmist forsrh. eða utanrrh. Ráðherrann veit bara ekkert hvað er að gerast. Og það sem gerist er einhvern veginn allt öðruvísi en hann átti von á rétt einu sinni enn. Þetta er bara eins og með verðbólguna. Er hún ekki einhvern veginn allt öðruvísi en hann átti von á? Eða vextirnir? Ég tala nú ekki um þá. Var ekki löngu búið að samþykkja að þeir ættu að vera miklu lægri? Og hvernig var þetta aftur með lánskjaravísitöluna? Átti ekki að afnema hana eða átti bara að breyta henni og hvað er búið að gera?

En það er ekki von að maður muni þetta þegar maður hefur í mörgu að snúast. Eða hafa ekki verið stjórnarmyndunarviðræður í gangi alveg frá áramótum, alveg eins og var í ágúst í fyrra? Hvar var hæstv. forsrh. í október 1986 þegar æfingar varaliðsins voru ræddar fyrir árin 1989 og 1991? Þá þegar var lögð fram áætlun um að 1000 hermenn tækju þátt í æfingunum árið 1989. Þetta upplýsir hæstv. núv. utanrrh. í umræðunum hér. Og hvaðan hefur hæstv. utanrrh. þetta? Ekki var hann ráðherra þá. Jú, hann hefur þetta í skriflegum gögnum utanrrn. Þau gögn hafa legið fyrir þar frá því í október 1986. Hvernig í ósköpunum má það vera að þáv. forsrh. Steingrímur Hermannsson og síðan utanrrh. Steingrímur Hermannsson og enn síðar forsrh. Steingrímur Hermannsson veit ekkert um þetta, bara ekki neitt? Hann heldur bara allt þangað til núna um daginn að hingað komi 400 manns eins og síðast, það sé engin tímaskekkja. Og hvað með æfinguna sem hófst 17. júní 1987 sem ég gat um áðan? Af hverju var það allt í lagi þá að sýna íslensku þjóðinni þann dónaskap og ögra henni sem þá var gert með því að hefja æfinguna á þjóðarhátíðardaginn? Hver var þá forsrh. og hver er nú forsrh. sem telur það hina mestu ósvinnu 1989 að varalið skuli safnast saman vestur í Bandaríkjunum á þjóðhátíðardegi Íslendinga? Hvað hefur breyst?

Og það er ekki aðeins í skriflegum gögnum utanrrn. frá 1986 sem upplýsingar eru um að senda eigi hingað 1000 manna varalið 1989. Nei, í ágúst 1987 er þáv. utanrrh. Steingrími Hermannssyni skýrt frá

áformum um næstu æfingu varnarliðsins sumarið 1989 sem 1000 hermenn í það minnsta mundu taka þátt í samkvæmt þeim áformum.

Ég verð að viðurkenna að ég vorkenni dálítið hæstv. forsrh. að sitja undir svona lestri, en þó er þetta bara smáræði miðað við það sem hæstv. utanrrh. las óbeint yfir honum úr þessum ræðustól í fyrrinótt.

En hvernig brást svo hv. málshefjandi við upplýsingum utanrrh.? Jú, hann túlkaði ræðu hans svo að hún hefði verið einn samfelldur áfellisdómur um varnarmálaskrifstofuna. Sú skrifstofa lægi á upplýsingum og gæfi ekki ráðherra nógu glöggar skýrslur til þess að þeir fylgist með því sem varnarmálaskrifstofan hefur á prjónunum. Þarna viðgangist sem sagt leynipukur, sbr. orð forsrh. fyrr í umræðunum, segir hv. þm. Páll Pétursson. Þarna á held ég við talsháttinn að „árinni kenni illur ræðari".

Er það raunverulega svo að starfsmenn utanrrn. halda upplýsingum leyndum fyrir einum utanrrh. en ekki öðrum? Hvernig stendur á því að hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson fær þessi gögn í hendur en ekki hæstv. utanrrh. Steingrímur Hermannsson? Ég bið um svör helst frá báðum.

Svo lætur hv. þm. Páll Pétursson í ljós þá skoðun sína að þessir kontóristar í varnarmálaskrifstofunni, *eins og hann orðar það, eigi auðvitað að gefa út* fréttatilkynningar um það sem menn eru að aðhafast í sambandi við varnir landsins sem samkvæmt hans áliti eru að vísu athafnir sem varða varnir Bandaríkjanna *en ekki varnir Íslands. Þetta er ein sú allra* frumlegasta hugsun sem ég hef heyrt færða í búning talaðs máls og flutta úr þessum ræðustóli, að gefa út fréttatilkynningar um það sem menn eru að ræða og aðhafast í varnarmálaskrifstofu utanrrn. Með útgáfu svona fréttatilkynninga eru auðvitað miklu meiri líkur en ella til að hæstv. núv. forsrh. mundi geta fylgst með hvað varnarliðið væri að hafast að. Þetta mundi auðvitað glymja stöðugt í fréttum og mundi því síður gleymast, jafnvel ekki þótt menn væru samtímis í stjórnarmyndunarviðræðum. Það væri alltaf verið að rifja þetta upp. Auk þess mundi þessi háttur á upplýsingastreymi gera erlendum þjóðum, t.d. Sovétmönnum, miklu auðveldara að fylgjast með því sem þeir hafa mestan áhuga á hér á landi. Gefa bara út fréttatilkynningar. Þeir gætu sennilega stórfækkað í sendiráði sínu hérna með því að fá svona þjónustu í utanrrn. bara beint.

En talandi í fullri alvöru. Svona málflutningur um viðkvæm utanríkis- og varnarmál eins og sá sem þeir hafa haft hér í frammi, formaður Framsfl. og formaður þingflokks framsóknarmanna, er þjóðhættulegur. Þessi málflutningur sýnir okkur að Framsfl. er vart treystandi í utanríkismálum, ekkert fremur en Alþb. Það er nefnilega bara stigsmunur á stefnu þeirra flokka í utanríkis- og varnarmálum.

Hæstv. forsrh. svaraði spurningu hv. þm. Eiðs Guðnasonar hvort Framsfl. væri að boða breytta stefnu í utanríkismálum: „Svo er alls ekki. Við erum hlynntir þátttöku okkar Íslendinga í Atlantshafsbandalaginu, en leggjum á það mjög ríka áherslu að sú starfsemi verði bundin við eftirlitsstörf á Atlantshafinu. Umfang þessarar starfsemi eigi að vera eins lítið og unnt er til að sinna þessu hlutverki." Ég les út úr þessum ummælum nákvæmlega það sem orðanna hljóðan segir okkur. M.ö.o.: ekki skal reynt að verja landið þótt á það verði ráðist. Ég spyr hæstv. forsrh.: Er þetta réttur skilningur hjá mér? Sé svo skil ég vel þá skoðun hæstv. forsrh. og málshefjanda að heræfingar á varnarsvæðinu séu tímaskekkja og raunar bara hreint rugl vegna þess að þessar heræfingar eru til þess að æfa menn í að verja landið, hafa í raun lítið að gera með þetta eftirlitshlutverk varnarliðsins á Atlantshafinu. En til þess eins ætlast Framsfl. af varnarliðinu samkvæmt upplýsingum hæstv. forsrh.

Hvað segir formaður utanrmn., hv. þm. Jóhann Einvarðsson, um þennan skilning formanns Framsfl. á stefnu Framsfl. í varnarmálum? Mér þætti gaman að heyra það.

Frú forseti. Í fyrrinótt komu fram óskir um að ljúka ekki þessari umræðu þá vegna þess að hæstv. forsrh. var farinn heim að sofa þegar hæstv. utanrrh. flutti ræðu sína um samskiptaferil stjórnvalda í heræfingamálinu. Okkur þótti, sumum a.m.k., rétt að fá fram frekari upplýsingar frá forsrh. um málið, t.d. hvort þessi lestur utanrrh. hefði rifjað eitthvað upp fyrir forsrh. eða hvort hann, utanrrh., færi með ósannindi að dómi forsrh. Af skiljanlegum ástæðum vildu sumir ljúka umræðunni í fyrrinótt og hæstv. utanrrh. lagði þar sitt af mörkum til þess að umræðunni mætti ljúka *með því að upplýsa að allar þær upplýsingar sem* hann hafði farið með hafi verið forsrh. kunnar vegna þess að þau minnisblöð sem hann las af, utanrrh., hafi hann afhent honum áður en forsrh. flutti seinni ræðu sína þannig að hann hefði lesið þetta, og ekki bara það heldur hefðu þeir félagarnir rætt það sín í millum. Þeir höfðu rætt málið sín í millum áður en hæstv. forsrh. kom upp í ræðustól og flutti seinni ræðu sína. Þess vegna væri sem sagt ekki ástæða til að fresta umræðunni og bíða þess að forsrh. gæti verið viðstaddur, sagði utanrrh., þar sem honum hafði verið þetta allt saman kunnugt. Þetta þóttu mér tíðindi vegna þess að seinni ræða forsrh. var ekki í neinu samræmi við þessar upplýsingar hæstv. utanrrh., ekki í neinu samræmi við þær. Þess vegna spyr ég nú hæstv. forsrh.: Er það virkilega satt hjá hæstv. utanrrh. að hann hafi látið forsrh. í té þessi minnisblöð og rætt málið að auki, kannski bara rétt áður en hæstv. forsrh. kom hér upp í ræðustólinn? En hann man ekkert þegar hann kemur hér í ræðustólinn! Og ef þetta er satt hjá utanrrh., var þá forsrh. virkilega búinn að gleyma þessu? Hvað leið langur tími frá því að þeir töluðu saman?

Með þessum orðum get ég lokið máli mínu, hæstv. forseti. Umræðan hefur nú staðið að mér skilst í nálægt átta klukkutíma og ég skil vel að hv. málshefjandi sjái dálítið eftir því að hafa hafið þennan leik með þeim hætti sem hann gerði. Það kom fram í ræðu hans í fyrrinótt að það lægi við að hann sæi eftir því að hafa byrjað. Hann hefur sjálfsagt ekki átt von á því að

umræðan leiddi í ljós að annaðhvort hafi hæstv. forsrh. ekki fylgst með málum sem skyldi eða þá að hann hafi ekki munað hvað upplýst hafi verið um fyrirhugaðar heræfingar. Minnisleysi getur ekki verið afsökun fyrir hæstv. núv. forsrh. Það getur það ekki verið. Og það getur enginn sýknað hann með því að segja hann bera fyrir sig minnisleysi. Hæstv. forsrh. hafði öll gögn í höndum varðandi málið áður en hann kom hér í ræðustól í fyrradag. Og svo eitt enn. Ráðherra firrir sig ekki ábyrgð á athöfnum eða athafnaleysi með því að kenna starfsmönnum sínum í ráðuneytinu um. Það eru hins vegar vinnubrögð sem núv. ráðherrar virðast hafa tileinkað sér sumir hverjir og er alveg nýtt í sögunni og slíkt er til vansæmdar viðkomandi ráðherrum.

Hæstv. forseti. Ég lýk máli mínu með því að láta í ljós þá skoðun að umræða þessi hafi sannað að hæstv. forsrh. hafi í raun litið þetta mál þeim augum að alls engin ástæða væri til að gera athugasemdir við fyrirhugaðar heræfingar. Hann er hins vegar nú forsrh. í ríkisstjórn sem Alþb. á aðild að og í orði verður að koma til móts við þann flokk. En eins og stundum áður eru það einhverjir aðrir sem ráða ferðinni. Hann, forsrh., hefði auðvitað viljað hafa þetta allt öðruvísi. Kannast menn ekki við það? Það hefur stundum komið fyrir áður og í þessu tilviki er það utanrrh. sem ræður, segir hæstv. forsrh. Og það er alveg rétt hjá honum.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Í raun hef ég sagt um þetta mál allt sem mér þykir þurfa að segja og fyrst og fremst staðfesti ég það sem ég hef áður sagt. Ég mun a.m.k. ekki verja löngum tíma til að svara hv. þm. Ólafi G. Einarssyni. Það þótti mér aðallega vera varnarræða fyrir varnarliðið ef ég má orða það svo. Ég hef síðan fyrri umræða um þetta mál fór fram fengið í mínar hendur greinargerð frá varnarmáladeild sem staðfestir allt sem ég hef um málið sagt. Ég hef einnig átt ítarlegan fund með skrifstofustjóra varnarmáladeildar sem sömuleiðis staðfestir það allt.

Því hefur aldrei verið mótmælt af minni hálfu, þvert á móti hef ég staðfest það að í ágúst 1987 fór ég í svokallaða yfirlits- eða upplýsingaheimsókn til varnarliðsins þar sem mér var skýrt frá tilvist þess varaliðs sem hafði verið sett á fót 1984 á fullkomlega og eðlilegan máta í samráði við þann utanrrh. sem þá var. Mér var ekki ljós tilvist þessa liðs, a.m.k. gerði ég mér ekki grein fyrir því hvernig það hagaði sinni starfsemi.

Mér voru sýndar myndir af fyrri æfingum sem þá höfðu farið fram og fulltrúi varnarliðsins fullyrðir að mér hafi verið skýrt frá því, eins og segir í þessari skýrslu, að í æfingu 1989 mundu taka þátt 1000 hermenn. Það er spurning út af fyrir sig, ég er að lesa upp eins og stendur hér, að í þessum æfingum hafa tekið þátt miklu fleiri en 150 eða 300 hermenn því að varnarliðið hér heima hefur tekið þátt í þeim æfingum og það eru 3000 manns. Það er því ekki ljóst það sem hér stendur. En við skulum skilja það á þann veg sem varnarliðsmenn vilja, að þeir hafa ekki gert grein fyrir því að 1000 menn kæmu aðfluttir hingað til lands. En ég hef sagt og segi enn að þess minnist ég ekki.

Skrifstofustjórinn hefur einnig staðfest að hann hafi aldrei farið með þetta mál á mitt borð, heldur ekki eftir að í varnarmálanefnd var þessa getið 30. ágúst. Hann hafi ekki komið til mín með málið á meðan ég var utanrrh. Það staðfestir einnig það sem ég hef áður sagt um þetta mál.

En aðeins til að skýra nánar skal ég fara yfir þá liði þessarar greinargerðar sem varða umrædda æfingu. Það er í fyrsta lagi, eins og ég hef sagt, að þetta varalið er sett á fót 1984 í samráði við utanrrh. sem þá var. Ég vil taka fram að frá þeim tíma er engin skýrsla til í varnarmáladeild um þetta mál. Hún er ekki til. Ég hef spurt um það og hún liggur ekki fyrir. Í desember 1984 voru umræður í varnarmálanefnd um æfingar varnarliðsins 1985. Þar er ein málsgrein eða svo um þessar æfingar. Það er engin skýrsla til í varnarmáladeild um þær umræður sem fóru fram í varnarmálanefnd. Síðan fór fram æfingin 1985 og þá voru 150 varaliðsmenn fluttir til landsins. En svo segir: „En auk þess tók varnarliðið að sjálfsögðu þátt í æfingunni.“ Fjórða og kannski mikilvægasta atriðið í þessu máli, sem hér virðist hafa valdið einhverjum misskilningi, m.a. hjá síðasta hv. ræðumanni, er það að í október 1986 átti skrifstofustjóri varnarmálaskrifstofu, ekki núverandi skrifstofustjóri heldur fyrrverandi, fund í Norfolk með yfirmönnum Atlantshafsflota NATO þar sem æfingar áranna 1989 og 1991 voru ræddar. Þá þegar var áætlað að um 1000 hermenn tækju þátt í æfingu sumarið 1989. Þarna segir „taka þátt“ sem er mjög ónákvæmt ef átt er við að flytja til landsins. Um þetta er engin skrifleg skýrsla eða minnisblað til í varnarmáladeild svo að það er misskilningur ef utanrrh. hefur verið skilinn svo. Hann getur skýrt það hér á eftir. Ég hygg að hann hafi verið að vísa til álíka minnisblaðs og ég fékk núna frá varnarmálanefnd. Það er búið hafa samband við þennan fyrrv. skrifstofustjóra sem upplýsir að hann hafi upplýst þáv. utanrrh. munnlega um þennan fund. Það er ekki til skrifleg skýrsla. Ég fékk enga skriflega skýrslu í hendur né fékk sá skrifstofustjóri varnarmáladeildar sem þá var skýrslu í hendur. Ég held að það sé full ástæða til að endurskoða samskiptin við varnarliðið þegar svona er að málum búið. Kannski er þetta eitthvert hernaðarleyndarmál, en það er þá lágmark að varnarmáladeild utanrrn. sé trúað fyrir skriflegri skýrslu um þetta mál. Hún liggur sem sagt ekki fyrir. Það er staðfest.

Í nóvember 1986 er æfingaáætlunin 1987–1993 rædd í varnarmálanefnd og þar er þess getið í fundargerð að þetta hafi verið rætt. Nánar er ekki um það. 1987 er æfing sem 300 varaliðsmenn taka þátt í. Síðan kemur þessi fundur 1987, sem ég fer á, sem ég hef þegar greint frá og þarf ekki að endurtaka það. Ég fékk upplýsingar um það sem hefði verið gert og ætlað væri að hafa æfingar annað hvert ár. Ég veit ekki hvort það hefur komið fram, en í janúar 1988 var

þáv. forsrh. Þorsteini Pálssyni boðið í heimsókn til varnarliðsins og segir hér: „Var honum gerð ítarleg grein fyrir m.a. æfingum varaliðsins.“ Hann getur sjálfsagt greint frá því sem honum var sagt þar. Það var ekki rætt í ríkisstjórninni. Síðan kemur 30. ágúst þar sem þessa er getið í fundargerð varnarmálanefndar að ráðgerð sé þessi æfing. Það kemur ekki inn til utanrrh. meðan ég sat þar.

Síðan kemur að 25. okt. var utanrrh. og íslenskum embættismönnum m.a. gerð ítarleg grein fyrir fyrirhugaðri æfingu í sumar í aðalstöðvum Atlantshafsbandalagsins í Norfolk. Núv. utanrrh. fór í heimsókn til Norfolk og hér segir að honum hafi þar verið gerð ítarleg grein fyrir þessum æfingum. 27. des. 1988 var utanrrh. og aðstoðarmanni hans auk skrifstofustjóra varnarmálaskrifstofu gerð allítarleg grein fyrir fyrirhugaðri æfingu í kynnisferð til varnarliðsins sem er kynnisferð svipuð og sú sem ég fór 1987. En utanrrh. hefur upplýst að engu að síður fékk hann ekki sundurliðaðar upplýsingar fyrr en sl. sunnudag. Hann getur greint nánar frá því sem fram fór á þessum fundum efa ég ekki.

Þetta allt saman vekur menn til umhugsunar. Það er t.d. umhugsunarvert að á sama tíma og haldinn er hér leiðtogafundur í október 1987 eru þeir að ráðgera úti í Norfolk auknar heræfingar hér á landi. Mér finnst það ekki geðfellt. Það má hver áfellast mig fyrir það. Ég hef haldið að þessar viðræður stórveldanna um afvopnun væru hinar alvarlegustu og ákveðnustu og markvisst stefnt að því að draga úr slíkum æfingum, en á sama tíma er verið að ráðgera þetta úti í Norfolk.

Hvergi hér er þess getið að við höfum verið upplýstir um að þessar heræfingar ættu að hefjast í framhaldi af þjóðhátíðardegi okkar Íslendinga. Hér kemur ekki fram að þeir hafi sagt mér það eða núv. utanrrh. Það má aftur hver sem er lá mér það og kalla mig óvin NATO og varnarliðsins þó mér þyki það mikið smekkleysi hjá varnarliðnu og klaufaskapur eins og ég hef sagt.

Ég hef farið yfir þessa hluti og svo sannarlega gefa þeir ástæðu til að athuga miklu betur hvernig þessi samskipti eigi að vera, a.m.k. krefjast þess að skriflegar skýrslur séu til um þessi mál sem fari frá einum embættismanni varnarmálaskrifstofunnar til annars og frá einum utanrrh. til annars. Ég vona að menn geti verið sammála um að það sé óhætt að krefjast þess af varnarliðinu að slíkt liggi fyrir. Sömuleiðis vona ég að menn séu sammála um að þótt um eitthvað hafi verið samið í október 1986 sé hverjum nýjum utanrrh. heimilt að endurskoða þá hluti. En mér finnst eins og varnarliðið gangi út frá því að þá hafi verið gengið frá þessum hlutum. Ég hef að vísu ekki fengið það staðfest, en ég hef spurt að því og mér finnst það liggja í loftinu eins og þeir líti jafnvel svo á.

Skal ég svo ekki hafa um þetta fleiri orð. Ég hef farið yfir þær upplýsingar sem mér hafa verið veittar og eins og ég sagði hafa þær staðfest það sem ég hef áður sagt um málið.

Ragnhildur Helgadóttir:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir að þessari umræðu skyldi vera frestað í fyrradag því að nauðsynlegt var eftir það sem fram kom þá seint í umræðunni að hæstv. forsrh. fengi að gera grein fyrir stöðu mála. En með því að yfirlýsingar hæstv. forsrh. það kvöld voru svör við spurningum í ræðu minni þá þykir mér ástæða til að fara um svörin nokkrum orðum.

Reyndar er það svo að í því sambandi er nauðsynlegt að rifja upp að ástæðan til þessara spurninga minna voru hugleiðingar um hvers vegna þessi umræða fór yfirleitt af stað þennan dag, hvað hv. fyrirspyrjanda Páli Péturssyni gekk til. Það eru ýmsar hugsanlegar skýringar á því og mér þótti líklegust sú sem fram kom í umfjöllun um utanríkismál og sérstaklega umræðu hv. þm. Páls Péturssonar nokkrum árum áður, en þá gaf hæstv. núverandi menntmrh. Svavar Gestsson sínar skýringar. Þær fólust í raun og veru í hinu einkennilega eðli Framsfl., sérstaklega að því er utanríkismál varðaði. Ég mun ekki endurtaka það hér, en vísa til þess í þingtíðindum, bæði til þess sem ég tilfærði í fyrradag og þeirrar umræðu sem vitnað var til.

En það má segja um seinustu ræðu hæstv. forsrh. að þetta mál gerist æ dularfyllra. Það gerist æ dularfyllra með hverri yfirlýsingu sem hæstv. forsrh. gefur. Ég hlustaði á skýringar hæstv. forsrh. í Ríkisútvarpinu, Stöð 2 og ríkissjónvarpinu þegar hann ræddi um þessi mál eftir umræðuna hér á Alþingi. Í engum tveimur tilvikum voru skýringar hæstv. forsrh. alveg eins. Í Ríkisútvarpinu sagði hæstv. ráðherra eftir að hann hafði skýrt að ekki hefði hann fengið málið inn á sitt borð, sem út af fyrir sig er nokkuð merkileg yfirlýsing af hálfu þess ráðherra sem fór með öryggismál landsins þá, að ekki skuli tekin afstaða til neins nema þess sem liggur á borðinu, á pappír. Ég kem að því síðar. (**Forsrh.:** Hvorki munnlega né skriflega.) Það getur ekkert munnlegt legið á borðinu hjá manni. Og samt hefur hæstv. ráðherra, nú seinast rétt áðan, lýst því að honum hafi verið greint frá því að heræfingar færu fram og fyrir tveim dögum sagði hæstv. ráðherra að auðvitað vissi hann að þær færu fram 1989. Þær fara alltaf fram á tveggja ára fresti, sagði hæstv. ráðherra. Þetta var munnlegt. Ég skildi það svo.

En ég mun halda áfram að skýra hvers vegna ég segi að engar tvær yfirlýsingar þetta umrædda kvöld hafi verið alveg samhljóða. Í Ríkisútvarpinu sagði hæstv. forsrh., eftir að hann hafði skýrt út að honum hefði verið ókunnugt um umfang heræfinganna eins og hann kallar það, aðspurður sagði hann að þetta gæti auðvitað gengið ef þetta væri eins og var hér um árið svona 150–400 manns. Í Stöð 2 sagði hæstv. forsrh.: Þetta gat gengið ef þetta hefðu verið 150–300 manns. Þá voru það ekki 400 heldur 300. Og í ríkissjónvarpinu sagði hæstv. ráðherra: Ja, ég er kannski ekki dómbær um nauðsyn svona æfinga, en mér finnst samt að það eigi að draga úr þeim. Ráðherra lýsir því fyrst yfir að hann sé ekki dómbær,

sem ég efast um að sé rétt. Ég held að auðvitað sé hæstv. ráðherra fyllilega dómbær um slíkt með sína þekkingu og reynslu, en þetta var samt í ummælum hans í ríkissjónvarpinu. En ályktunin sem hann dró svo af því að hann sjálfur taldi sig e.t.v. ekki dómbæran um nauðsynina var sú að hann teldi samt að æfingin ætti ekki að fara fram með þeim hætti sem til stóð. Það er von að landsmenn setji hljóða öðru hvoru undir svona yfirlýsingum og dáist að svona snilld eins og fram kemur í vinsældakönnunum. Það er eðlilegt því að það þarf mikla snilli til svona sviðssetningar.

Það má segja að allt í einu sé þetta mál farið að snúast um það, sérstaklega í tilfelli hæstv. forsrh., að muna eða muna ekki eða að því er varðar það sem liggur á borðinu að skrifa eða skrifa ekki. Mér finnst eftir seinustu ræðu hæstv. ráðherra að það fari að snúast um það að tala eða tala ekki.

Það er margbúið að samþykkja svona æfingar einungis með því að láta þær fara fram yfir höfuð. Í því felst sú yfirlýsing af Íslands hálfu að íslensk stjórnvöld telji þær nauðsynlegar. Ég skil ekki að þeir sem hafa jafnmikla verkfræðiþekkingu láti sér detta í hug ef prófa á hvort einhver búnaður virki rétt að það eigi alltaf að prófa einungis sama þáttinn og með sama hætti hverju sinni. Ég hefði haldið að það væri miklu eðlilegra um varnaræfingu að þar kynni að vera mismunandi fjöldi manna á mismunandi tímum, það kynnu einnig að vera mismunandi tæki. Það er nefnilega fleira sem skiptir máli í þessu sambandi en fjöldi þeirra manna sem koma frá útlöndum og heimsækja þetta land í þessum erindagerðum. Eins og raunar kom fram í ræðu hæstv. utanrrh. þegar hann svaraði hv. fyrirspyrjanda Páli Péturssyni nefndi hæstv. utanrrh. ekki einungis þann fjölda manna sem væntanlegur væri heldur líka með hvers konar búnað þeir væru og ég hafði haldið að það atriði skipti verulegu máli þegar menn eru að tala um umfang æfinga. Hernaðarstyrkur byggist ekki einungis á mannfjölda, á fjölda sjálfboðaliða eða annarra, heldur ekki síður því hvað þeir eru að gera og hvernig þeir eru tækjum búnir. Þess vegna finnst mér það athyglisvert sem hæstv. utanrrh. sagði m.a. að þau vélknúnu farartæki sem þeir hefðu með sér væru á hjólum en ekki beltum. Þetta þykir mér sem unnanda íslenskrar náttúru skipta verulegu máli því að beltisfarartæki skemma miklu meira að því er ég hef fyrir satt.

En þetta var ekkert aðalatriði í þessu máli. Ég nefni þetta einungis til að draga fram að það skiptir engu höfuðmáli til eða frá hvort það koma nokkur hundruð fleiri gestir til landsins í þessu tilefni eða ekki. Ástæða þess að ég sagði að málið gerðist æ dularfyllra var að nú er hæstv. forsrh. ekki að tala um 150 manns, 300, 400 eða 1000 heldur segir hann óljóst hversu margir. Þetta gætu þess vegna verið 4000 manns af því að það eru 3000 í varnarliðinu að því er hæstv. forsrh. segir réttilega og þarna koma 1000 til viðbótar. Þá fer málið aldeilis að vandast. Ætli hæstv. forsrh. hafi ekki dottið það í hug þegar hann var utanrrh. að það voru þá eftir allt saman miklu fleiri en 150, 300 eða 400 sem tóku þátt í æfingunum heldur voru þeir líklega mörg þúsund af því að varnarliðið tók þátt í þeim. Þetta hefur hæstv. ráðherra alveg gleymt að fjalla um í öllum viðtölunum við ríkisfjölmiðlana og Stöð 2 og að ég tali ekki um hina prentuðu fjölmiðla, allt sem liggur fyrir skriflegt, og nú eigum við sjálfsagt von á nýrri yfirlýsingakeðju um þetta mál.

Þetta tala ég um hérna vegna þess að það skiptir máli að ríkisstjórn Íslands sé trúverðug á öllum sviðum. Hverjir sem sitja í stjórn, þá ætti það að vera lágmarkskrafa borgaranna í landinu að í öryggismálum landsins sé ríkisstjórnin trúverðug, að þar sé engu hringlað til eða frá. Það er krafa okkar allra sem viljum gæta sjálfstæðis þessa lands og lífs borgaranna sem það byggja. Ef þessari aðalástæðu væri ekki til að dreifa mætti e.t.v. segja að það væri svo sem mál hæstv. ráðherra sjálfra og innanhússvandi hjá hæstv. ríkisstjórn hvort menn eru sama sinnis, hvort ríkisstjórnin gefur samhljóða yfirlýsingar eða ekki eða hvort hæstv. forsrh. snuprar hæstv. utanrrh. sýknt og heilagt, annaðhvort beint eða þá óbeint með því að gera það í gegnum ummæli um varnarliðið eða varnarmálaskrifstofu. Það má segja að þetta sé þeirra höfuðverkur og stjórnarandstæðingar ættu ekki að vera að hafa áhyggjur af þessu. En ég óttast að þetta sé miklu alvarlegra mál vegna þess að það varðar grundvallaratriði í utanríkismálum og öryggismálum Íslands. Þetta var í raun og veru um hinar munnlegu yfirlýsingar um umfangið, hvort það væri mannfjöldi eða búnaður sem þar skipti máli og hvort það væri ástæða til þess að ætlast til þess að það væri samræmi í þeim yfirlýsingum, munnlegum.

Þá kem ég að því hvernig fjallað var um þetta sama mál skriflega. Í dagblöðunum í gær er þessi litríka forsíða í málgagni hæstv. forsrh. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Jóni Baldvin kunnugt um heræfingarnar í sex mánuði, þagað síðan í október." Svo halda snuprurnar áfram eftir því og svo aftur með greinargerð á bls. 3 í þessu sama blaði.

Í leiðara Alþýðublaðsins í gær er þessi fyrirsögn, með leyfi hæstv. forseta: „Steingrímur gaf leyfi til herbrölts" o.s.frv.

Ég ætla ekki að rekja þessar yfirlýsingar á víxl, en það sýnir að málið er e.t.v. farið að snúast um eitthvað annað en það sem er grundvallaratriði. En grundvallaratriðið er að öryggishagsmuna Íslands sé gætt.

Nú ætla ég að víkja að spurningunni um að skrifa eða skrifa ekki. Hæstv. forsrh. — ég er enn í þeim kafla — sagði að hann hefði ekkert getað vitað um þetta mál vegna þess að það kom ekkert inn á hans borð. Það væri ekkert minnisblað og engin skrifleg skýrsla.

Þá leyfi ég mér að að minna á það sem stendur í 14. gr. stjórnarskrár Íslands, að ráðherra ber ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Það gerir hann hvort sem minnisblað er á borðinu hans eða ekki. Það vinnur hópur embættismanna í þessum viðkvæmu

málum sem við erum hér að ræða um. Þeir vinna í sérstakri skrifstofu að því er ég hef alltaf haldið, til þess að í málum þessum geti verið sem best fagmennska og sem mestur trúnaður og að ráðherra sjálfur geti sem allra best fylgst með á hverjum tíma án þess að þar gangi á milli meira og minna opinberar skriflegar yfirlýsingar og skýrslur. Ég hef ævinlega haldið að þetta væri sjálfsagður hlutur vegna eðlis öryggis- og varnarmála.

Ég hélt líka að alls staðar á byggðu bóli væri unnið að öllum slíkum málum í sem mestum trúnaði í ráðuneytum. Ef ráðherrum þykir skorta á upplýsingar að því er varðar öryggismál landsins er það brýn embættisskylda þeirra að ganga eftir þeim sjálfir en sitja ekki með hendur í skauti og undrast það ef ekki kemur minnisseðill sjálfkrafa inn á borð og þá séu þeir firrtir allri ábyrgð. Við erum hér að tala um hvorki meira né minna en grundvallaratriði í stjórnskipan Íslands, að ráðherra ber ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum og hann ber ábyrgð á gerðum embættismanna sinna sem unnar eru á vegum ráðuneytisins eða í nafni ráðherra og líka því að ekki sé tekið á einhverju máli. Allt þetta er á ábyrgð ráðherra. En það er e.t.v. einhver ný tíska sem er að ryðja sér til rúms í þessari hæstv. ríkisstjórn? Það hefur borið á því í þessum umræðum að menn séu að fría sig ábyrgð vegna þess að minnisseðill hafi ekki legið um mál á borði hæstv. ráðherra í fyrra. Maður þorir ekki að nefna „sjafnarmál" í svona umræðum, en það eru svona aðferðir líka sem virðist vera beitt hjá hæstv. menntmrh., að skjóta sér á bak við embættismenn.

En þetta er atriði sem er mjög mikilvægt og ekkert aukaatriði. Þetta sýnir að við höfum nánast vaðið í villu og svíma að halda að utanríkismálum og öryggismálum landsins væri afar vel borgið í síðustu ríkisstjórn. Það hafði ég svo sannarlega haldið og verður mér litið til hæstv. fyrrv. forsrh. Ég geri ráð fyrir að hann hafi talið líka að svo væri. En svo kemur í ljós núna að hæstv. þáv. utanrrh. lét undir höfuð leggjast að leita upplýsinga um mál sem hann taldi svona alvarleg, um það hvort það væru 150, 300, 400 eða 1000 manns sem kæmu í heimsókn m.a. af hálfu óbreyttra borgara í Bandaríkjunum til að aðstoða við varnir þessa lands með því að taka þátt í æfingum.

Ég held að það þurfi ekkert að ræða neitt um nauðsyn æfinganna. Ég held að við höfum verið þrjú í fyrrakvöld sem tókum sömu samlíkinguna í sambandi við brunahættu og slökkviliðsæfingar. Það væri lítið gagn í slökkviliðstækjum sem menn vissu ekkert hvernig ætti að nota, hefði aldrei farið fram nein æfing í viðbúnaði við brunahættu. Hvað með slysavarnirnar? Þarf ekki æfingar þar? Hvað með almannavarnir hér á landi? Ég endurtek að ég tel það mjög skynsamlegt — svo eitthvað komi jákvætt í garð hæstv. ríkisstjórnar og hæstv. forsrh. líka í þessari ræðu minni — að samhæfa viðbúnað Almannavarna og varnarliðsins. Það kom fram í skýrslu hans um utanríkismál í fyrra að nauðsyn væri að aðlaga þennan búnað og samræma og samhæfa varnarviðbúnaðinn íslenskum aðstæðum og staðháttum.

Ég hyllist til að halda að þarna hafi orðið eins og stundum gerist það sem kalla má — slys, að menn hafi verið of fljótir á sér að gefa yfirlýsingar sem þeir svo festast í og hrekjast æ lengra út í ógöngurnar. Hæstv. forsrh. hefði þurft að hugsa sig betur um og jafnvel að hafa samráð við formann þingflokks síns og sýna fram á að það verður ekki bæði sleppt og haldið. Það er ekki bæði hægt að segja að við teljum nauðsynlegt að taka þátt í störfum Atlantshafsbandalagsins og vera þar aðilar, en vilja samt ekki gera jafnsjálfsagða og nauðsynlega hluti og veita aðstöðu til æfinga. Þetta er þvílíkur tvískinnungur að það er engu líkt. En e.t.v. ættum við löngu að vera hætt að undrast að Framsfl. sé sögulegu hlutverki sínu trúr, sem sé að leika tveim skjöldum í þessu máli eins og svo mörgum öðrum. Það er algerlega ljóst.

Ég byrjaði á því, frú forseti, að rifja upp að spurningar mínar í fyrrakvöld og reyndar ræður margra annarra hv. þm. voru til komnar af því að við skiljum ekki hvað formanni stærsta stjórnarflokksins gekk til að gagnrýna þessa væntanlegu aðgerð með þeim hætti sem hann gerði og á þeim tíma sem hann gerði. Var það kannski tímaskekkja? Eða var það e.t.v. nákvæm tímasetning til að halda upp á 40 ára afmæli Atlantshafsbandalagsins sem er einmitt um þessar mundir? Eða var þetta e.t.v. einfaldlega einhvers konar heræfing Framsfl.? Ég held að þetta hafi verið þeirra sérkennilega aðferð við þetta hvort tveggja. Ég vonast til þess að friðelskandi lýðræðissinnar í þessu landi gleymi því ekki á þessu kjörtímabili með hvaða hætti forusta Framsfl. kaus að halda upp á 40 ára afmæli annars af tveimur merkustu friðarbandalögum þessarar álfu, en hitt bandalagið er Evrópuráðið. Þessi tvö bandalög voru stofnuð fyrir 40 árum, Evrópuráðið var pólitísk samvinna til að vernda lýðræði og frið. Þar er ekki fjallað um varnar- og öryggismál, enda áttum við þar sameiginlega hagsmuni með löndum utan Evrópu. Þess vegna störfum við í Atlantshafsbandalaginu.

Það verður ekki annað sagt en að misjafn sé smekkur mannanna og menn fara misjafnlega að því að halda upp á hátíðleg tímamót og afmæli. Sumir eru að heiman á stórafmælum, aðrir efna til veislu og sumir eiga erfitt með að sætta sig við aldurinn. Það er stundum sagt um kynsystur mínar að við eigum svolítið erfitt með að sætta okkur við aldurinn. Ég held e.t.v. að formanni Framsfl. sé líkt farið að því leyti til að hann eigi erfitt með að sætta sig við að Atlantshafsbandalagið og aðild Íslands að því séu orðin 40 ára gömul. En því segi ég þetta að þegar árangur Atlantshafsbandalagsins er skoðaður er afstaða fólks í þeim sértrúarhópi manna sem kalla sig herstöðvarandstæðinga alger tímaskekkja. Út af fyrir sig getur maður skilið að fólk sem tengist vissu stefnumáli af miklum tilfinningahita í æsku yfirgefur ógjarnan þá æskuhugsun. Það er afstaða sem ég get út af fyrir sig virt og skilið. En mér þykir það hins vegar svolítið einkennilegt þegar menn bera fram enn í dag sömu röksemdirnar og þeir báru fram fyrir 40 árum þó þeir sjái það margsinnis skrifað á vegginn að þær hafa verið algerlega út í

myrkrið mæltar og ekki staðist að neinu leyti til. Þá á ég við þá höfuðröksemd, sem margir höfðu í frammi um það leyti sem við gengum í Atlantshafsbandalagið, að hér væri um að ræða ófriðarbandalag, þessi starfsemi mundi stofna til ófriðar, hún kallaði á árásir og hún stofnaði til árása o.s.frv. Allt þetta hefur afsannast og er algerlega rangt. Þvert á móti hefur þessi starfsemi afstýrt ófriði og tryggt frið um lengri tíma en þessar þjóðir hafa áður búið við. Þetta er hinn mikli árangur og mér þykja það heldur nátttröllalegir tilburðir að halda öðru fram og koma enn þá í ræðustóla og tala eins og þeir væru á Framtíðarfundi í menntaskólanum árið 1949 með röksemdirnar sem þá voru í frammi hafðar gegn þessu vestræna samstarfi. Ég held fremur að við eigum að taka þann þátt í þessu samstarfi sem okkur er unnt eftir þeirri þekkingu og mannafla sem við höfum og við eigum að taka þátt í því með fullri reisn og horfast í augu við staðreyndir til að tryggja öryggi okkar lands, stuðla að friðsamlegri sambúð ríkja í heiminum og standa að því sem fullgildir aðilar.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Yfirlýsingar hæstv. forsrh. um vitneskju sína um heræfingu Atlantshafsbandalagsins á þessum sumardögum næstu eru orðnar nokkuð fjölskrúðugar og tætingslegar. Ég held að það sé nauðsynlegt fyrir þingmenn að orðtaka það sem hæstv. ráðherra hefur sagt á einstökum stöðum og vil biðja hæstv. forseta að sjá til þess að alþm. fái útskrift af þeim yfirlýsingum sem hæstv. forsrh. hefur gefið í útvarpi og sjónvarpi í öllum þessum stöðvum því að auðvitað höfum við ekki haft neina möguleika til þess að fylgjast með öllu þessu. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt fyrir okkur þingmenn að fá að vita nákvæmlega hvað hæstv. forsrh. hefur sagt um þessi mál. Við hljótum að eiga kröfu til þess eins og hann talaði áðan og eins og hann hefur talað. Ég veit það af fyrri beiðnum mínum um þvílíkt og ég bið um núna að fordæmi er fyrir því að Alþingi hafi milligöngu um upplýsingar af því tagi sem ég er nú að biðja um. Ég tel allra hluta vegna nauðsynlegt að fá þessar yfirlýsingar, svör hans við spurningum fréttamanna, að við þingmenn fáum þetta allt saman.

Það var öðruvísi þegar forveri hans í Framsfl., Ólafur Jóhannesson, var að tala um öryggi lands og þjóðar. Ólafur Jóhannesson talaði ekki tæpitungu og þingmenn þurftu ekki að orðtaka sérstaklega það sem hann sagði til þess að þeir skildu hvort sá formaður Framsfl. hafði þann hug til Atlantshafsbandalagsins og sameiginlegra varna hinna lýðræðislegu þjóða sem allur meiri hluti þjóðarinnar hefur og veit að því að tryggja frelsi og öryggi í þeim heimshluta sem við búum í og um leið að tryggja frelsi og öryggi í veröldinni allri. Ólafur Jóhannesson talaði ekki með tæpitungu um þau mál. Hann var ekki að reyna að fela sig á bak við embættismenn og hann var ekki gleyminn á það sem hann hafði sagt né gleyminn á það sem aðrir höfðu við hann sagt í þeim samskiptum sem hann átti við Atlantshafsbandalagsríkin eða önnur þau ríki sem við þurfum og hljótum að eiga samskipti við um öryggi okkar sjálfra.

Það vakti athygli mína eftir að hv. 2. þm. Reykn. hafði í glöggu máli gert grein fyrir því hvað hæstv. forsrh. hefur látið eftir sér hafa eða sagt á einstökum stöðum að forsrh. byrjaði sína ræðu með því að segja að hann hefði sagt allt sem þyrfti að segja og þyrfti svo sem ekki að bæta miklu við. Síðan komst hann að þeirri niðurstöðu að ræða hv. 2. þm. Reykn. hefði verið varnarræða fyrir varnarliðið og jafnframt talaði hæstv. forsrh. um að nauðsynlegt væri að krefjast þess að varnarliðið gæfi skriflegar upplýsingar um samskiptamál Íslands og varnarliðsins og mér skildist að það ætti að krefjast þess af varnarliðinu að þessar upplýsingar gengju á milli embættismanna í utanrrn. og alla leið upp í fílabeinsturninn til utanrrh.

Ég held að hæstv. forsrh. geti ekki sloppið svona auðveldlega að tala um það hér að við þurfum að krefjast þess að varnarliðið sýni okkur meiri tillitssemi í samskiptum og samstarfi. Hefur eitthvað vantað upp á að varnarliðið hafi sýnt hæstv. ráðherra Steingrími Hermannssyni nægilega tillitssemi, nægilega kurteisi meðan hann var utanrrh.? Ég spyr. Hvað segir hæstv. forsrh. um það? Hefur hann yfir einhverju að kvarta út af varnarliðinu, samstarfinu við það meðan hann var utanrrh.? Það er óhætt að segja já eða nei. Hvað segir hæstv. forsrh.? Treystir hann sér til að segja já eða nei? Treystir hæstv. forsrh. sér til að segja já eða nei við þeirri spurningu hvort hann hafi sem forsrh. yfir einhverju að kvarta í sambandi við samstarf sitt við varnarliðið? Hefur varnarliðið legið á upplýsingum við hæstv. forsrh. eða við hæstv. utanrrh. meðan þessi sami maður var utanrrh.? Er ekkert svar við því? Ekki já? Ekki nei? Ekki neitt? Hvernig væri þá að hæstv. forsrh. kæmi hér upp í stólinn og reyndi að útskýra nánar hvað fyrir honum vakti áðan, hvað lá á bak við hans ummæli? Það dugir ekki alltaf að koma upp í stólinn og vera að blaðra svona dittinn og dattinn út í hött, að tala þannig í krafti þess að hann tali alltaf til einhvers minni hluta hjá þjóðinni hverju skipti sem verði uppveðraður yfir því að Steingrímur talar þó einhvern tíma til þeirra og meinar svo aldrei neitt með því sem hann segir.

Það er enginn vandi að koma í ræðustólinn hér og tala svona og geyma það svo bara til seinni tíma að standa fyrir sínu máli annars staðar og segja svo á þeim stað: Þessi ræða kom aldrei inn á borðið til mín. Ég man ekki hvort ég hef nokkurn tíma sagt þetta. Það getur vel verið að þetta sé í þingtíðindum. En trúa menn þá upptökutækinu betur en mér þegar ég segi að ég hafi aldrei sagt þetta, ég muni ekki eftir því að ég hafi sagt það?

Það er náttúrlega alveg makalaust að æðsti maður þjóðarinnar, maður sem var utanrrh. áður og þar áður forsrh., maður sem hefur gegnt til skiptis þessum tveim sem sumir telja virðingarmestu embættum landsins ef undan eru skilin embætti forseta eða biskups, forseta landsins á ég við að sjálfsögðu, skuli skjóta sér svona undan. Ef það var tímaskekkja,

hæstv. forsrh., að þúsund manns komi hingað í sumar meðan forsrh. frétti um heræfingarnar og ef hæstv. utanrrh. á þeim tíma hafði svona miklar meiningar um að það skipti máli hvernig þessum heræfingum yrði háttað, *af hverju spurði hann þá ekki um það* hvernig þeim yrði háttað? Ef honum finnast þær skipta svona miklu máli, af hverju setti hann sig þá ekki inn í það hvernig þær yrðu? Af hverju spurði hann ekki? Af hverju bað hann ekki um upplýsingar? Skýringin er sú að hæstv. utanrrh. var ekkert að hugsa um þessa hluti. Hann var að ferðast hér og þar. Hann var á skíðum á einum stað og horfði á handbolta á öðrum. Hann var ekkert að velta því fyrir sér hvernig væri háttað samskiptum Íslendinga og varnarliðsins. (**Landbrh.:** Það var samgrh. sem var að horfa á handboltann.) Er það ekki sami maðurinn? (**Landbrh.:** Nei.) Ég man eftir mynd af hæstv. utanrrh. sem þá var horfandi á handbolta, núv. hæstv. forsrh., nema hann hafi þá verið forsrh., ég man það ekki. En ég skal að vísu játa það, af því að hæstv. samgrh. er gamall íþróttafréttaritari, en ég er á hinn bóginn stofnandi Spornis, félags antisportista í Menntaskólanum á Akureyri, að hann er betur inni í því en ég hverjir sækja handknattleiksleiki og skal taka allt aftur sem ég hef sagt um þá hluti, en vil um leið kannski skjóta því að hæstv. samgrh. um leið og ég skýt því að forsrh. að það væri kannski best að þeir sneru sér að íþróttunum. Þjóðin mundi a.m.k. ekki tapa á því þó þeir leikir mundu tapast þar sem þessir tveir menn yrðu fulltrúar fyrir okkur Íslendinga.

En þetta er samt kjarninn í því sem ég er að segja. Hæstv. forsrh. talar af miklu alvöruleysi ekki aðeins um varnar- og öryggismál okkar Íslendinga, hann slettir í góm, heldur er hann líka með alls konar dylgjur í garð varnarliðsins, alls konar dylgjur sem ég hlýt að biðja þennan hæstv. ráðherra að gera betri grein fyrir.

Ég sé svo ekki, hæstv. forseti, ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð. Auðvitað væri nauðsynlegt að við töluðum við hæstv. forsrh. um miklu fleira en þetta. Í gær hafði mér verið lofað því að nokkur umræða gæti orðið um kjaramál og atvinnumál þegar við vorum að ræða um frv. um söluskatt að því gefna tilefni að það er mikil krafa launþegasamtakanna nú að við fáum lækkun á helstu nauðsynjum heimilanna vegna þeirrar miklu óðaverðbólgu sem hér hefur verið í landinu og sem hæstv. forsrh., meðan hann var í fílabeinsturninum, var það ekki 30. ágúst, þegar hann var að mynda ríkisstjórnina, er höfundur að. Höfundur að þeirri verðbólgu, hæstv. forsrh. er höfundur að þeim uppgangi vísitölunnar sem við verðum nú fyrir barðinu á. Auðvitað væri ástæða til að spyrja hann núna þegar hann er að tala um verðstöðvun hjá öllum öðrum en ríkinu eftir að ríkið er búið að hækka upp úr öllu valdi: Er ríkisstjórnin tilbúin til þess að taka þessar hækkanir til baka? Það væri tilefni til þess að ræða þetta, sagði ég. En ég skal ekki gera það undir þessum dagskrárlið.

Gagnvart hæstv. samgrh. og landbrh. væri kannski líka tilefni til þess að ræða hvernig stendur á því að landbrh. stendur ekki við þau fyrirheit sem hann hefur t.d. gefið loðdýrabændum og væri skemmtilegt ef hann gæti komið upp í stólinn og skýrt það þó það væri undir öðrum dagskrárlið.

En ég ítreka það sem ég sagði, hæstv. forseti. Ég vildi óska eftir því að þingið sæi svo um að þingmenn gætu fengið útskrift af þeim ummælum sem hæstv. forsrh. hefur látið frá sér fara í útvarpi og sjónvarpi um varnarmálin nú þessa síðustu daga.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Það skal reynt að verða við þeirri ósk hv. 2. þm. Norðurl. e.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Ég þakka fyrir að fá að gera athugasemdir vegna ummæla hæstv. forsrh. sem óskaði beinlínis eftir því að ég gerði grein fyrir heimsókn minni til Keflavíkurflugvallar síðari hluta árs 1987, en þá fór ég sem forsrh. í heimsókn til varnarliðsins með sama hætti og hæstv. núv. forsrh. og hæstv. þáv. utanrrh. Þar gerðu yfirmenn varnarliðsins mér grein fyrir starfsemi þess, m.a. þeim heræfingum sem hér hafa verið til umfjöllunar og væntanlegum fjölda þátttakenda í heræfingu á árinu 1989. Þetta vil ég staðfesta að gefnu tilefni.

Mér þótti ekki fremur en hæstv. utanrrh. vera tilefni til þess að gera ríkisstjórn þá grein fyrir þessari heimsókn eða þeim upplýsingum sem þá komu fram, enda voru þær allar um venjulegt og reglulegt starf varnarliðsins sem ég taldi þá vera fulla samstöðu um í hæstv. ríkisstjórn.

Þau vandræði sem hæstv. forsrh. er í í þessari umræðu eru tvenns konar. Í fyrsta lagi snýst það um hvort það er trúverðugt hjá hæstv. forsrh. að segja að væntanlegar ákvarðanir utanrrh. hans sjálfs séu tímaskekkja með hliðsjón af þeirri ábyrgð sem hann sjálfur ber sem forsrh. og utanrrh. í tveimur undangengnum ríkisstjórnum. Að hinu leytinu snúast vandræði hans um hvort ásakanir hans í garð varnarliðsins um að hafa ekki gefið íslenskum stjórnvöldum fullnægjandi upplýsingar séu réttar eða ekki. Lítum með örfáum orðum á þessi tvö atriði.

Það hefur þegar komið fram í umræðunni að hæstv. núv. forsrh. ber ábyrgð í tveimur fyrri ríkisstjórnum sem forsrh. og utanrrh. á æfingum af þessu tagi. Í ráðherratíð hans sem utanrrh. var bókað um æfingarnar á næsta ári, *jafnvel* þó að hann segi nú að þá hafi hann ekki haft tíma vegna þess að hann hafi þá þegar verið kominn á kaf í myndun nýrrar ríkisstjórnar. Það er engin afsökun. M.ö.o.: ábyrgð hans í tveimur fyrri ríkisstjórnum gerir það að verkum að það er ekki trúverðugt þegar hann segir nú að það sé tímaskekkja sem hæstv. utanrrh. í hans eigin ríkisstjórn telur vera eðlilegt og hann hefur gefið í skyn að hann hyggist gefa leyfi fyrir.

Um spurninguna um það hvort hæstv. forsrh. segir rétt til um frásagnir Bandaríkjamanna, þá hefur hann sjálfur upplýst í þessari umræðu að bandarísk stjórnvöld gáfu Íslendingum upplýsingar um þetta

árið 1986. Hann hefur sjálfur upplýst að þáv. skrifstofustjóri varnarmálaskrifstofunnar gaf þáv. utanrrh. munnlegar upplýsingar um þetta efni. M.ö.o.: það hefur komið skýrt fram að það er ekki við bandarísk yfirvöld að sakast í þessu efni — og það er ekki varnarræða fyrir varnarliðið. Það er spurning um hvort íslensk stjórnvöld hafa sómatilfinningu til að greina satt og rétt frá hvernig samskipti við aðrar þjóðir hafa farið fram. Það er það sem Alþingi Íslendinga gerir kröfu til að þeir sem gegna ráðherrastörfum hafi þá sómatilfinningu að segja rétt frá í þessu efni.

Alþingi Íslendinga gerir líka kröfu til þess að samskipti ráðherra og embættismanna þurfi ekki að vera með þeim hætti að embættismennirnir verði að krefjast kvittunar fyrir því sem þeir segja ráðherra í hvert skipti ef þeir eiga ekki að fá ráðherrana í bakið einhvern tíma seinna.

Niðurstaðan er sem sagt þessi og kemur minnisleysi hæstv. ráðherra ekkert við, að það liggur fyrir að hér voru gefnar eðlilegar upplýsingar af hálfu bandarískra yfirvalda. Um það var fullkomin vitneskja í varnarmálaskrifstofu og utanrrn. Allur aðdragandi málsins er því eðlilegur og ásakanir hæstv. forsrh. hafa því ekki við rök að styðjast og hann hafði í höndum upplýsingar um þetta áður en hann kom upp í þennan ræðustól og sagði annað um upplýsingar af hálfu Bandaríkjastjórnar. (**Forsrh.:** Þetta er rangt.) Það er þetta sem liggur fyrir í málinu og það er þetta tvennt sem gerir það að verkum að hæstv. forsrh. er í þeim vandræðum og skapar þá vantrú á íslensk stjórnvöld og hann sem forsrh. sem hlýtur að leiða af málflutningi sem þessum. Það er þetta sem liggur fyrir. — Hæstv. utanrrh. hefur upplýst að æfingarnar eigi að byrja 18. júní og því hafði hann líka greint hæstv. forsrh. frá áður en hann flutti mál sitt hér í þinginu. Þetta er kjarni málsins sem liggur hér fyrir og varpar ljósi á það að Framsfl. er klofinn í þessu máli. Hæstv. forsrh. er að reyna að breiða yfir þann ágreining, en með þeim afleiðingum að ríkisstjórn hans verður ótrúverðug í málflutningi um jafnmikilvæg og viðkvæm mál sem utanríkis- og varnarmál eru. Niðurstaðan er enn og aftur sú að hann fullyrðir um skort á upplýsingum þegar það liggur fyrir og hann hefur nú sjálfur viðurkennt að þær lágu allar fyrir og eru einungis spurning um áhuga þess ráðherra sjálfs að fylgjast með í sínu eigin ráðuneyti.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon): Virðulegi forseti. Ég hef ekki oft áður upplifað það á fundi í sameinuðu Alþingi að þegar ræðumanni er gefið orðið til að gera örstutta athugasemd eða, eins og reyndar forseti orðaði það og hefur væntanlega verið beðinn um, til að bera af sér sakir að þá noti menn sér það að fá þannig orðið til þess að halda 10 mínútna langa ræðu eða svo, fulla með órökstuddar dylgjur og svívirðingar um aðra menn. Það kalla ég ekki að bera af sér sakir heldur að bera á aðra menn sakir. Þó að hv. 1. þm. Suðurl. hafi fengið orðið með þessum hætti og í þessum tilgangi sýndi hann innræti sitt með því hvernig hann notaði það tækifæri.

Það er svo, virðulegi forseti, að Sjálfstfl. hefur farið nokkuð hamförum í þessu máli. Hér töluðu þeir þinndarlaust langt inn í nóttina fyrir nokkru og óskuðu síðan eftir frestun á þeirri umræðu á veikum forsendum að því er ég taldi þá þó að ég blandaði mér ekki í þá þingskapaumræðu vegna þess að sá ráðherra sem fyrir svörum situr í þessari utandagskrárumræðu var þá í salnum. En það má vera mönnum nokkurt umhugsunarefni, það er mér a.m.k., að Sjálfstfl. skuli vera það svona mikið keppikefli að halda dögunum lengur uppi umræðum um heræfingar sem eiga að hefjast á þjóðhátíðardaginn. Það er skemmtileg tilviljun eða hitt þó heldur. Það er reisn yfir því hjá Sjálfstfl. (**ÓE:** Hver hóf umræðuna?) að halda þessum umræðum uppi með þessum gassagangi sem hér ber raun vitni sem eiga að hefjast á afmælisdegi Jóns Sigurðssonar af hverjum stendur stytta hérna úti á Austurvelli (**HBl:** Ráðherrann veit að þetta er ósatt.) og væri kannski ástæða til, hv. 2. þm. Norðurl. e., Halldór Blöndal, sem ætti einhvern tíma að þegja þegar aðrir hafa orðið, (**HBl:** Það er nú gagnlegt.) að fara út að glugganum og gá að því hvort umrædd stytta á Austurvelli hafi nokkuð færst úr stað þegar Sjálfstfl. heldur hér uppi linnulausum umræðum dögunum lengur um heræfingar sem eiga að hefjast á þjóðhátíðardaginn. Það er mikill metnaður og það er mikil reisn yfir því fyrir forkólfa Sjálfstfl. að hafa ekki annað þarfara við tíma sinn að gera. Ég segi það nú bara.

Það voru smekklegar líkingarnar sem þeir tóku hérna, talsmenn Sjálfstfl., um slökkviliðið, brunaliðið. Ég var hissa á því að þeir skyldu ekki frekar taka dæmi af skátaæfingu eða æfingu á barnaheimili, svo saklaust er þetta í þeirra huga. Hér er verið að tala um hvað? Hér er verið að tala um heræfingar til að verja ekki Ísland og Íslendinga heldur til að verja kjarnorkuvígbúnaðaraðstöðu Bandaríkjamanna hér á Íslandi, lykilstöð í þeirra vígbúnaði í norðurhöfum, og væntanlega þá eins gegn því að hér gæti skollið á kjarnorkustyrjöld. Og halda menn að einhverjir skólakennarar vestan frá Bandaríkjunum yrðu það slökkvilið sem nægði til að kæfa þá surtarloga ef til kæmi? Ég held ekki. Ég held að það sé alveg ástæða til að taka þessa umræðu þannig niður á jörðina að menn geri sér grein fyrir því um hvað er verið að tala. Það er verið að tala um heræfingar, um stríðsviðbúnað, en ekki um einhverjar skátaæfingar eða slökkviliðsæfingar.

Fleira var merkilegt sem kom fram, virðulegi forseti, þegar ég fæ orðið við og við eða þögn við og við til að ljúka máli mínu. Það var til að mynda þegar hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir, sem mun vera 3. þm. Reykv., opinberaði samviskubit sitt og kvöl yfir því, sem komið væri nú í ljós, að hinn voðalegi maður, núv. forsrh., hefði verið utanrrh. í síðustu ríkisstjórn. Það var greinilegt að hv. þm. leið illa og það var eins og það færi hrollur um hv. þm. í ræðustólnum þegar henni varð hugsað til þeirra myrku daga þegar þessi mikilvægi málaflokkur var í höndum núv. forsrh.

Hafi það verið eitthvað, virðulegur forseti, sem mér hefur þótt öðru fremur ógeðfellt í þessari umræðu, og er þó af ýmsu að taka þegar hugsað er til málflutnings

Sjálfstfl. hér, þá er það sá gleiðgosagangur og það gleðibros sem hér hefur verið á hverjum ræðumanni Sjálfstfl. á fætur öðrum yfir því að geta tekið afstöðu með bandarískra hernum gegn íslenskum forsrh., glaðst yfir því með bros á vör, lýst því yfir hér að herinn sé saklaus en það sé íslenski forsrh. sem sé ósannindamaður. Margt hefur maður heyrt hér ósmekklegt, en þetta held ég að taki flestu öðru fram. Svo langt seilast nú talsmenn Sjálfstfl. um hurð til lokunnar, eins og einn fyrrv. þingmaður þeirra hefði e.t.v. sagt, að koma höggi á núv. hæstv. forsrh. Það er vægast sagt ósmekklegt.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að fara djúpt inn í efnisumræðu þessa máls sem hér er til umræðu utan dagskrár að öðru leyti en því að lýsa yfir, sem má kannski vera einhverjum kunnugt, andstöðu minni við þessar heræfingar og gera grein fyrir því að ég hef þegar lagt það til í ríkisstjórn Íslands að við þær verði hætt. Ég tel það í raun og veru það eina svar sem er boðlegt og nokkur minnsta reisn er yfir fyrir hönd íslensks málstaðar eftir þá lítilsvirðingu sem íslensku þjóðinni og fullveldi okkar hefur m.a. verið sýnd með því að ætla að hefja þennan viðbúnað allan saman um og á þjóðhátíðardegi okkar.

Það má ekki minna vera, vilji menn á annað borð sýna það að við höfum einhvern metnað og að við látum ekki hvað sem er yfir okkur ganga, en að það verði með einföldum hætti tilkynnt að af þessum heræfingum verði ekki. Það er náttúrlega eina maklega svarið við þeirri framkomu sem við höfum orðið fyrir að þessu leyti. (Gripið fram í.) Eru hv. þm. e.t.v. svo firrtir öllu sambandi við sína þjóð að þeir hafi ekkert orðið varir við það hvernig fréttir af því hvenær þessar heræfingar ættu að hefjast komu við menn? Hvers konar fólk er það, hvers konar Íslendingar eru það þá sem hv. þingmenn umgangast — ég spyr nú bara að því — hafi þeir hvergi orðið þess varir að þær fréttir að það ætti að stilla þessum hlutum saman hafi komið illa við þjóðina?

Ég hef talið líka og vil segja í fáeinum orðum að það séu mörg verkefni brýnni en að láta þessar heræfingar fara hér fram, til að mynda það að fara að standa við yfirlýsingar og ítrekaðar yfirlýsingar margra núv. og fyrrv. utanrrh. um það að Ísland vilji eitthvað af mörkum leggja til þess að koma á afvopnun hér á höfunum og í okkar heimshluta og slökun á því svæði. Það hefur verið til siðs og nánast tíska að setja inn í alla ræðukafla sem íslenskir ráðamenn, gjarnan utanríkisráðherrarnir, fara með á alþjóðavettvangi undanfarin ár hinn hefðbundna kafla um áhuga Íslendinga á því að dregið verði úr vígbúnaði á höfunum, og þetta með mengunarslysið sem gæti orðið íslenskri þjóð og íslenskum auðlindum svo hættulegt. Þeir eru örugglega einir 20 ræðukaflarnir af þessu tagi sem hafa komið fram á alþjóðavettvangi á síðustu árum í máli m.a. utanríkisráðherranna og jafnvel fleiri ráðherra erlendis.

En hvað hefur verið gert? Hvað hefur staðið á bak við þessi orð? Það er ástæða til að huga að því vegna þess að svona ræðukaflar endurteknir æ ofan í æ verða auðvitað markleysa ef ekkert sem við gerum hér heima fyrir eða annars staðar bendir til þess að okkur sé alvara. Ég tala nú ekki um ósköpin ef það sem við gerum gengur í þveröfuga átt, gengur til þess að auka hér vígbúnað á þessu svæði og auka spennu en ekki draga úr henni. Ég legg til að annað tveggja verði gert. Það verði farið í framkvæmdir, t.d. gerð alvara úr áformum um að boða hér til alþjóðlegrar ráðstefnu um afvopnun og slökun hér á höfunum og í okkar heimshluta, eða að þessir ræðubútar verði felldir niður og verði ekki hafðir í komandi ræðum af þessu tagi. Það sæmir ekki að fara með þessa tuggu æ ofan í æ án þess að það komi þá í ljós með aðgerðum að menn meini eitthvað með því sem þeir eru að segja. Ég tala nú ekki um ósköpin ef ýmislegt af því sem hér er verið að bardúsa vísar í þveröfuga átt. Það er til skammar.

Ég hefði líka viljað segja, virðulegur forseti, að mér hafa þótt ummæli sem hér hafa fallið hjá fleiri en einum þingmanni, m.a. hv. formanni utanrmn. Jóhanni Einvarðssyni, um þátt fjölmiðla í því að fjalla um þessa atburði ósmekkleg og ómakleg. Það er ekki stórmannlegur málflutningur að kenna þeim sem fréttirnar færir um það þó að þær kunni að þykja óþægilegar. Það er í raun og veru það sem hér hefur verið reynt að gera á heldur lúalegan hátt að mínu mati, af fleiri en einum ræðumanni. Það er ekki sök Ríkisútvarpsins þó að það færi þær fréttir að svo ósmekklega tókst til og þvílík lítilsvirðing var sýnd íslenskri þjóð að það eigi að hefja þessar heræfingar í kringum þjóðhátíðina. Menn verða að kunna að greina þar á milli. Hlutverk fjölmiðla er að bera fram upplýsingar — sem hæstv. utanrrh. hefur núna staðfest, að þessar dagsetningar séu eins og í fréttum útvarpsins kom fram, liðssafnaðurinn fari fram á þjóðhátíðardaginn og hermennirnir komi hingað aðfaranótt hins 18., nákvæmlega eins og fréttir m.a. í Ríkisútvarpinu sögðu frá því. Ég vil því færa þessi orð til varnar þeim fjölmiðlum sem hafa ekki gert annað í þessu máli að ég best veit en skyldu sína, að færa þjóðinni fréttir af þessum atburðum þegar þegar þeir urðu þeirra vísari.

Síðan hefur ýmsu verið haldið fram um það að menn eigi að hafa haft hér allar upplýsingar um þessi mál og að í munnlegum samtölum og á fundum, af hverjum engar fundargerðir eru til o.s.frv., hafi þetta allt átt að liggja fyrir. Til vitnis um eitt af því sem tínt hefur verið til er ræðumaður. Þannig var að ég var í hópi þeirra aðalmanna og varamanna í utanrmn. sem fór til skoðunar, ekki í fræðsluferð, heldur til skoðunar að eigin frumkvæði eins og utanrmn. Alþingis gerir, á Keflavíkurflugvöll fyrir um ári síðan. Þar hefur því verið haldið fram að utanrmn. og fulltrúar þar hafi fengið allar upplýsingar um þessar heræfingar. Það er þvættingur. Og ég ætla að leyfa mér að fara með eftir mínu besta minni, og ég vona að fleiri geti þá staðfest það verði þess óskað, hvernig þessum upplýsingum var komið á framfæri. Það var að vísu ekki við mjög sm[illegar] aðstæður satt best að segja, í tveimur rútukálfum frá hernum sem hv. utanrmn.

var ætlað og látin fara í suður á Keflavíkurflugvöll, og var það auðvitað hin mesta hneisa sem vonandi endurtekur sig ekki. En í þeim rútukálfum, hvort sem þeir voru nú einn eða tveir, var fyrirbæri sem mun nefnast blaðafulltrúi varnarliðsins og ég kann ekki í raun frekari deili á, blaðrandi um stund um þessa hluti og kom þá víða við og tyllti naumast niður tánum. Einhverjir af okkur sem í bílnum vorum heyrðum eitthvað um þetta, þeir sem sátu næst þessum nefnda blaðafulltrúa. Ég hygg að það hafi farið meira fyrir ofan garð og neðan hjá flestum öðrum. Að öðru leyti bar þetta ekki svo mark sé á takandi á góma. Kalla menn þetta að koma hlutunum með einhverjum skilmerkilegum hætti á framfæri? Veita upplýsingar sem mark sé á takandi? Er kannski fleira af því sem verið er að tíunda og á að byggjast á munnlegri geymd af þessu tagi? Ja, ég spyr. Það er von að maður spyrji þegar hálmstráin eru nú ekki merkilegri en þetta sem verið er að færa hér fram. Og ég tek það fram að lokum að ég ber fullt traust til hæstv. forsrh. og tek að fullu og öllu mark á því sem hann hefur frá skýrt. Ég hef aldrei staðið hann að öðru en því að upplýsingar sem hann ber fram af þessu tagi væru marktækar að fullu og öllu.

Ég vil líka meina það og ætla að leyfa mér að segja að ýmis samskipti mín við batterí sem nefnt er varnarmálaskrifstofa eru af því tagi að það kemur mér ekki mjög á óvart þó að meðferð upplýsinga á þeim bæ sé með nokkuð skringilegum hætti á köflum. Ég hef átt, vegna áhuga míns og þátttöku í umræðum um þessi mál undanfarin 5–6 ár, talsvert saman við þessa aðila að sælda þó með óbeinum hætti sé, þ.e. maður hefur heyrt bergmál af þeirra vinnubrögðum og enduróm koma jafnvel hér inn í sali Alþingis. Og það hefur ósjaldan skeð að þeir hafa setið hér í hliðarsölum þegar umræður hafa farið fram af þessu tagi. Mér hefur virst það vera svo að framreiðsla upplýsinga frá þessum ágætu mönnum væri nokkuð hentistefnukennd og bæri jafnvel nokkurn keim af því, svo að ekki sé fastara að orði kveðið, hvenær það hentaði og hvenær ekki að láta upplýsingar koma fram. Þannig hefur það stundum verið að engar upplýsingar hafa virst vera fyrir hendi og hvorki Alþingi né þjóðin hefur haft hugmynd um hvað þessi stofnun hefur verið að bardúsa svo árum skiptir, en þegar það svo hentar spretta alskapaðar fram í dagsljósið fullbúnar skýrslur upp á tugi blaðsíðna til að nota við tiltekin tækifæri ákveðnum málstað til framdráttar. Þannig hefur mér virst að háttað væri reglum um meðferð upplýsinga á þessum bæ og gerir það það að verkum að ég á létt með að trúa því að sú í raun og veru hroðalega skýrsla sem gefin hefur verið í þessum umræðum um vinnubrögð í þessari deild, m.a. skráningu fundargerða og fleira af því tagi, sé sönn og rúmlega það.

Matthías Á. Mathiesen:

Virðulegi forseti. Af ræðu hæstv. samgrh. hér rétt áðan gátum við gert okkur grein fyrir hversu mjög þær umræður sem hér hafa átt sér stað hafa farið í taugar þeirra alþýðubandalagsmanna. Þannig var málflutningur hans hér áðan. Það er vissulega ástæða til þess þegar slíkar yfirlýsingar eru gefnar eins og fram komu hér frá hæstv. forsrh., í svo viðamiklu máli, að um það skapist umræður. Ég held hins vegar að til þess að koma öllu til skila, þeim rangfærslum sem m.a. komu fram í ræðu hæstv. samgrh., þyrfti miklu, miklu lengri tíma og við fáum að sjálfsögðu tækifæri til þess þegar umræður fara fram um utanríkismál áður en langt um líður.

Þegar hoggið er í embættismenn og sagt, þeir eru hér í hliðarsölum til þess að segja og láta frá sér fara það sem má koma og passa upp á að ekki komi fram það sem ekki má koma, vil ég nú leyfa mér að vísa til þess að oft á tíðum eru hér í hliðarsölum embættismenn ráðherra til þess einmitt að vera til staðar, veita upplýsingar, ekki í þessum málum eingöngu, hér í fjölmörgum málum sem fjallað er um og það er gert til þess einmitt að Alþingi og alþingismenn geti fengið upplýsingar og þær séu á reiðum höndum.

Ég bendi hæstv. ráðherra á það hver það var sem hóf þessar umræður. Hér hjó hann til sjálfstæðismanna, til þingmanna Sjálfstfl., einfaldlega vegna þess að það voru þeir sem brugðust við og voru reiðubúnir til þess að snúast til varnar í því máli sem hér kom upp. Það voru ekki þeir sem vöktu upp málið, og það var ekki verið að upplýsa eitthvað hér í útvarpi fyrir stuttu síðan, hversu margir varaliðsaðilar kæmu til landsins. Það eru margir mánuðir síðan þetta birtist í Morgunblaðinu og það vissu það allir. Mönnum þótti hins vegar passa, eins og hér hefur verið á bent — af því að það var verið að minnast 40 ára afmælis eins þýðingarmesta friðarbandalags sem stofnað hefur verið og ég er líka sannfærður um það að það að þetta er tekið hér upp, það hvernig þeir alþýðubandalagsmenn tala, sýnir hvað í raun og veru þeir eru pirraðir út í þetta mjög svo sterka og góða friðarbandalag sem hefur virkilega tryggt það sem það var stofnað til á sínum tíma.

Það kom eitt fram í ræðu hæstv. samgrh. sem vert er að taka eftir og við munum að sjálfsögðu fylgjast mjög vel með. Hann lýsti því yfir að hann hefði lagt til í ríkisstjórninni að þessar varaliðsæfingar yrðu felldar niður. (**ÞP:** Hann meinti nú ekkert með því.) Það var gripið fram í fyrir honum og sagt: Þið munuð að sjálfsögðu éta þetta ofan í ykkur. (Gripið fram í.) Étið þetta allt, sagði þingmaðurinn. Þetta fáum við allt saman að sjá, hvort menn meintu nokkuð með þessu, hvort þeir borðuðu það allt saman eða átu það allt saman eins og það var nú orðað, og með hvaða hætti hæstv. forsrh., sem hér hefur komið með gagnrýni á samstarfsaðila okkar í Atlantshafsbandalaginu, kemur til með að snúast í þessu máli.

Ég verð svo að segja það að ég er mjög hissa á því sem hæstv. forsrh. lét hér frá sér fara. Ég er mjög hissa á því hvernig hans málflutningur hefur verið fram að því að hann kom hér í dag, og mér fannst í raun og veru að hann tæki allt það til baka, þ.e. varðandi vitneskju sína í raun og veru miðað við það sem hann hafði sagt.

Ef við hverfum örlítið aftur í tímann og það vill svo til að í greinargerðum til Alþingis sem ég lagði fram sem utanríkisráðherra í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar er skýrt tekið fram að hverju stefnt sé í þessum málum og með hvaða hætti verði að því staðið. Umræður fóru fram hér og áður en sú skýrsla, sem var fyrri skýrslan sem lögð var fyrir Alþingi í minni tíð sem utanríkisráðherra, hafði forveri minn í því embætti, Geir Hallgrímsson, utanríkisráðherra í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, lagt fram sínar skýrslur og þar á meðal gert grein fyrir því hver hefði verið þróunin í sambandi við þessi mál varðandi stjórnarstefnuna og stjórnarsáttmálann. Og ég bendi á að í þessum skýrslum eru ítarlegri greinargerðir og hæstv. fyrrv. utanrrh., Geir Hallgrímsson, gerði ítarlegri grein fyrir þessum málum fyrir utanrmn. Alþingis en áður hafði verið gert.

Mig langar aðeins til að endurteka það sem kemur fram í þessari skýrslu og ég trúi því ekki að hæstv. forsrh., sem fylgist vel með í þessum málum, að ég hélt, hafi ekki gert sér grein fyrir því sem þar stendur þegar sérstaklega er vikið að því að samræma þurfi varnar- og liðsaukaáætlanir fyrir Ísland á hættu- og ófriðartímum öðrum áætlunum er tengjast öryggis- og varnarmálum. Og það er haldið áfram, með leyfi forseta: „Koma þarf á samstarfi við Almannavarnir ríkisins sem stuðli að samræmi við skipulagningu og gerð áætlana um þá þætti er varða öryggis- og varnarmál og tryggja verður að almannavarnaráð fái þær upplýsingar sem þörf krefur."

Ef við flettum upp þeirri skýrslu sem hæstv. núv. forsrh. gaf Alþingi þá hann gegndi embætti utanríkisráðherra má sjá að honum var þetta allt saman ljóst. En hann sagði nokkuð áðan í sinni ræðu, þegar hann var að reyna að afsaka það sem hann orðaði sem tímaskekkju, vísaði þá til þess að hér hefði farið fram stórveldafundur, það væri komið á stað afvopnunarsamkomulag stórveldanna og þess vegna skildi hann ekkert í því að það ætti að standa að einhverjum slíkum hlutum, þ.e. varaliðsæfingum með 1000 manna liði, en taldi sig geta misskilið það að þessir 1000 ættu að vera af þeim 3000 sem hér væru en það væri auðvitað líka hægt að skilja það svo að þetta væri til viðbótar við þessa 3000 sem hér væru fyrir.

Ef við lesum það sem hann leggur fyrir Alþingi fyrir aðeins rúmu ári síðan kemur í ljós að honum er þetta allt saman ljóst. Og ég vil, með leyfi forseta, aðeins víkja að þessum hlutum hér. Eftirlit varnarliðsins beinist fyrst og fremst að ferðum flugvéla, skipa og kafbáta umhverfis landið, segir í skýrslu þáv. hæstv. utanrrh.

Síðan heldur hann áfram: „Þessi eftirlits- og varnarviðbúnaður er jafnframt mikilvægur hlekkur í varnarkerfi Atlantshafsbandalagsins. Tengsl annarra aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins við varnarliðið hafa verið treyst á undanförnum árum og starfa nú liðsforingjar frá Kanada, Danmörku, Hollandi og Noregi við yfirstjórn varnarliðsins og til athugunar er að breskur liðsforingi komi einnig til starfa þar. Hollensk flugvélasveit hefur nú starfað með varnarliðinu á annað ár og náin samskipti eru reglulega milli varnarliðsins og bandalagsþjóða okkar í Evrópu um kafbáta- og skipaeftirlit."

Svo kemur áherslupunkturinn hjá hæstv. ráðherra og taki menn eftir, þetta er skrifað 1988: „Ef til átaka dragi er ljóst að varnarliðið þyrfti aukinn liðsafla. Hersveit í varaliði bandaríska landhersins hefur verið þjálfuð og búin undir að koma til landsins á hættu- eða ófriðartímum. Hluti hennar", svo vel var hæstv. utanrrh. að sér þegar þetta er skrifað, „tók þátt í umfangsmiklum æfingum í Kanada í sumar og fylgdust fulltrúar varnarmálaskrifstofu með þeim æfingum. Til að slík þjálfun komi að fullu gagni er nauðsynlegt að íslensk stjórnvöld hafi hönd í bagga og tryggi að allar varnaráætlanir séu í sem bestu samræmi við íslenska hagsmuni og staðhætti. Samræmis þarf að gæta milli almannavarnaáætlana okkar og skipulags lögreglu og Landhelgisgæslu og þessara varnaráætlana. Að því hefur verið unnið." En svo kemur í lokin, og þá minni ég á það sem sá sem vakti upp þessar umræður orðaði það með fréttatilkynningum: „En eðli málsins vegna verður ekki greint frekar frá því." Hvers vegna? Vegna þess að hér var verið að vinna að hlutum sem ekki var talið eðlilegt að skýrt yrði frá með einhvers konar blaðafregnum eins og hv. 1. þm. Norðurl. v., formaður þingflokks Framsfl., taldi að varnarmálaskrifstofan ætti að gera.

Það sem lesið var nú upp er skrifað fyrir aðeins einu ári síðan. Í dag kemur hæstv. forsrh. og talar um tímaskekkju, en það sem hér er skrifað er nákvæmlega jafnillt í dag og það var fyrir einu ári síðan.

Í upptalningu hæstv. forsrh. hér áðan mátti í raun og veru skilja að þetta voru hlutir sem honum voru ljósir, en hann brá fyrir sig minnisleysi. Hann dró þó í land í ræðu hér miðað við það sem hann hafði sagt í fréttatímum fjölmiðlanna og þess vegna er eðlilegt að hv. 2. þm. Norðurl. e. biðji um að það sem hæstv. forsrh. hefur sagt í þessum efnum verði tekið saman og menn hafi það til samanburðar. Þegar hann tekur við sínu embætti sem utanrrh., að hann hafi þá ekki fengið allar þær upplýsingar sem hann óskaði eftir. Ég er sannfærður um það að m.a.s. hefur honum verið sagt margt umfram það sem hann óskaði eftir, einfaldlega til þess að honum væru eins vel kunn þessi störf og það sem væri á dagskrá hjá varnarmálaskrifstofunni og samstarfi okkar og varnarliðsins. A.m.k. get ég staðfest það að eftir að ég tók við embætti utanrrh. var þannig að málunum staðið.

Ég er þeirrar skoðunar að yfirlýsingar hæstv. forsrh. hér séu ekki til þess að skapa aukið traust á milli bandalagsþjóða Atlantshafsbandalagsins. Ég er sannfærður um að það er eftir þeim tekið, því miður, og ég er líka sannfærður um það að ef á þeim væri tekið mark, þá væri það til þess að veikja það samstarf sem við erum í með vestrænum lýðræðisþjóðum. Ég hef hins vegar þá skoðun að hæstv. utanrrh. muni þegar þessari orðahrinu er lokið afgreiða þetta mál og hann muni afgreiða það með þeim hætti að við getum haldið áfram því samstarfi sem við erum í, haldið áfram að efla þann þátt þess

sem ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar 1983 hóf, þ.e. að við sjálf værum færari en áður um að taka ákvarðanir í þessum málum og við vildum að þeir sem við værum í samstarfi við gerðu sér grein fyrir þessum hlutum.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Leyfist mér að rifja upp að það var upphaf þessa máls að hv. 1. þm. Norðurl. v., formaður þingflokks Framsfl., óskaði eftir umræðu utan dagskrár um áform um æfingar á vegum varnarliðs á sumri komanda og beindi til mín ellefu spurningum. Spurningar hans snerust um það hvenær þessar óskir hefðu fyrst verið kynntar, hvenær ósk hefði verið lögð fyrir utanrrh., hvar æfingarnar skyldu fara fram, hversu margir tækju þátt í þeim samkvæmt þessum áformum, hvaða búnað væri áformað að þátttakendur í æfingunni hefðu meðferðis, hvaða dag liðið kæmi til landsins, hversu marga daga æfingarnar stæðu yfir samkvæmt áformum, hvers lags lið þetta væri eiginlega, hvaða tilgangi utanrrh. teldi að þessar æfingar þjóni, hvaða tök utanrrh. hefði á að koma í veg fyrir að æfingarnar færu fram og hvaða umfjöllun þessi ósk hefði fengið í ríkisstjórn.

Þessum spurningum var öllum svarað. Hins vegar lýsti málshefjandi því yfir í svarræðu sinni að hann væri afar óánægður með svörin og hann sagði tvennt sem ég gat ekki látið fram hjá mér fara ómótmælt og það var þetta: Hann vændi utanrrh. um það að hafa ekki farið rétt með staðreyndir um forsögu málsins og að umræðan hefði leitt í ljós að þessar æfingar hefðu ekki farið fram að ósk íslenskra stjórnvalda og ekki með vitund eða vilja Framsfl. eða framsóknarmanna. Þessu gat ég að sjálfsögðu ekki látið ómótmælt, sérstaklega með hliðsjón af þeirri staðreynd að hv. málshefjandi hefur sjálfur verið stuðningsmaður allra þeirra ríkisstjórna sem átt hafa hlut að máli, hafa átt samskipti meiri og minni við yfirvöld varnarliðsins og samstarfsaðila í Atlantshafsbandalaginu um mótun stefnu í þessum málum á undanförnum árum og framkvæmd hennar.

Þess vegna var það að ég svaraði þessum ásökunum með því að rekja þau samskipti sem orðið hefðu milli íslenskra stjórnvalda og yfirmanna varnarliðsins, yfirmanna varaliðssveitanna allt frá árinu 1984. Og eins og ég segi í ræðu minni, þá byggi ég þessar upplýsingar á skriflegum greinargerðum, bókunum og upplýsingum frá varnarmálaskrifstofu utanrrn., upplýsingum sem teknar hefðu verið saman og næðu til tímabils a.m.k. fjögurra utanríkisráðherra.

Vegna umræðna sem hér hafa farið fram og snúast nú orðið aðallega um það hversu áreiðanlegar þessar upplýsingar séu, eru þær skriflegar eða í munnlegri geymd? þá vil ég taka fram eftirfarandi: Úr því að hafið var máls á þessu á Alþingi og reyndar þegar það er orðið að deiluefni í kjölfar fréttaflutnings, þá fól ég að sjálfsögðu skrifstofustjóra varnarmálaskrifstofu að taka saman eftir öllum tiltækum gögnum hennar heildaryfirlit yfir alla forsögu málsins. Sú yfirlitsgreinargerð sem ég flutti hér í svarræðu minni er tekin saman af skrifstofustjóra varnarmálaskrifstofu eftir öllum tiltækum gögnum. Spurningin um það hvort það byggi í öllum tilvikum á skriflegum greinargerðum, minnisblöðum o.s.frv., um hana er auðvitað hægt að fara orðum lið fyrir lið. Ég vil taka það fram áður en lengra er haldið að að loknum þessum umræðum var haldinn fundur í utanrmn. þar sem ég gerði enn ítarlegar grein fyrir þessu og svaraði spurningum um álitamál sem höfðu vaknað eftir umræðurnar. En það er kannski rétt úr því að þetta er orðið að svona heitu deilumáli að fara aftur yfir það og taka af tvímæli um hverjar þessar heimildir eru.

Fyrst er sagt frá því að yfirmaður landhers Bandaríkjanna kom til Íslands til viðræðna við yfirmenn varnarliðs og íslensk stjórnvöld árið 1984. Hver er heimildin fyrir því? Það er engin skrifleg greinargerð til um þá heimsókn. Heimildin fyrir því er skrifstofustjóri varnarmálaskrifstofu, sem hins vegar fékk það frekar staðfest með því að leita til varnarliðsins sjálfs en dagsetningin er úr dagbók skrifstofustjóra varnarmálaskrifstofunnar.

Í annan stað var nefnt að í desember 1984 hefðu farið fram umræður í varnarmálanefnd um æfingar varnarliðsins sumarið 1985 og þá lýst áhuga íslenskra stjórnvalda á nánara samstarfi og atbeina íslenskra stjórnvalda við skipulag varnaráætlana varaliðsins og ósk íslenskra stjórnvalda um að fylgjast með æfingum. Heimildin er bókun í fundargerð varnarmálanefndar.

Sumarið 1985. Fyrsta æfing varaliðsins hér á landi. Heimild: Fundargerð varnarmálanefndar.

Sumarið 1986. Thomas Stone, yfirmaður varaliðsins, kemur hingað til lands og ræðir við varnarmálaskrifstofu utanrrn. um varnaráætlanir. Varnaráætlunin sjálf er trúnaðarmál og verður ekki lögð fram, en heimildin er upplýsingar frá fyrrv. skrifstofustjóra varnarmálaskrifstofu, Sverri Hauki Gunnlaugssyni. Farið var yfir skrá, yfir mikilvæga staði, mannvirki og fleira sem sérstök ástæða þykir að hafa í huga við gerð varnaráætlana. Sú skrá var undirbúin af íslenskum stjórnvöldum, afhent til þess samráðs, en varnaráætlunin í heild, eins og ég segi, er trúnaðarmál.

Október 1986. Skrifstofustjóri varnarmálaskrifstofu fór til fundar í Norfolk í Virginíu í Bandaríkjunum með yfirmanni Atlantshafsflota Atlantshafsbandalagsins þar sem æfingar varaliðsins 1989 og 1991 voru ræddar. Þá þegar var áætlað að um 1000 hermenn tækju þátt í æfingunum 1989. Hver er heimildin fyrir þessu? Heimildin er frásögn Sverris Hauks Gunnlaugssonar, þáv. skrifstofustjóra varnarmálaskrifstofu, og staðfest nú hér í umræðunum að hann gerði þáv. hæstv. utanrrh., yfirmanni sínum, Matthíasi Á. Mathiesen grein fyrir þessu.

Sjötta atriðið var nóvember 1986. Æfingaáætlun varnarliðsins árin 1987–1993 rædd í varnarmálanefnd. Heimildin er að sjálfsögðu fundargerð varnarmálanefndar.

17. júní 1987. Varaliðsæfingin sjálf á Íslandi sem þá stóð yfir frá 17. júní til 25. júní. Heimildin er fundar-

gerð varnarmálanefndar. Það er rétt að geta þess að það eru að sjálfsögðu til viðamikil gögn um framkvæmd æfinga og við höfum áheyrnarfulltrúa þar, við höfum sem sé eftirlitsaðila sem fylgjast með æfingunum, og síðan er samráð milli þessara aðila um framkvæmdina, og á einum stað kemur fram að utanrrh. hafi verið afhentar upplýsingar um niðurstöður með ábendingum um tólf atriði sem vörðuðu sérstaklega íslensk stjórnvöld. Þetta er að sjálfsögðu allt til skriflegt, en þetta er að sjálfsögðu allt saman trúnaðarmál.

21. ágúst 1987. Páv. utanrrh. heimsótti varnarliðið og fékk upplýsingar um æfinguna 1987 sem fram hafði farið í tíð fyrirrennara hans. Þetta er svokölluð trúnaðarkynning sem varnarliðið heldur og er hefðbundið að nýr utanríkisráðherra taki þátt í. Af hálfu íslenskra aðila er ekki skráð fundargerð um slíka kynningu. Hins vegar er hún að sjálfsögðu skráð af hálfu þess sem kynninguna gefur og framkvæmir. Þær kynningar eru ekki í fórum utanrrn. heldur er hér stuðst við dagbók skrifstofustjóra varnarmálaskrifstofunnar, en af því að þetta er orðið að deilumáli þá var náttúrlega gengið úr skugga um það hvað fram hefði komið í þessari kynningu og það er staðfest.

Febrúar 1988. Forstöðumaður varnarmálaskrifstofu, yfirmaður varnarliðsins og Stone, yfirmaður varaliðsins, heimsóttu miðstöð Almannavarna í Reykjavík, þar sem umræðuefnið var áætlanir um samhæfingu starfa varaliðs og hlutaðeigandi íslenskra yfirvalda. Heimildin fyrir þessum fundi er dagbók skrifstofustjóra varnarmálaskrifstofu. Hér er auðvitað um að ræða framkvæmd á því stefnuatriði sem fram kom í skýrslu fyrrv. utanrrh. til Alþingis um það að Íslendingar ætla sér aukið frumkvæði að þessum hlutum. Til þeirrar yfirlýsingar í skýrslu utanrrh. hefur verið vitnað í þessum umræðum. Í framhaldi af því var síðan fundur með lögreglustjóra til þess að ræða nánar samskipti varaliðsins og íslenskra lögregluyfirvalda og fjarskiptayfirvalda og það byggir að sjálfsögðu á upplýsingum frá því embætti.

Í febrúar 1988 komu hingað til lands 40 varaliðsmenn og tóku þátt í svokallaðri vetraræfingu á varnarsvæðinu. Heimildin fyrir því er að sjálfsögðu bókun í fundargerð varnarmálanefndar frá því 29. des. 1987. Það sem ég sagði um maí 1988, að þá hefðu komið hingað til lands 30 liðsforingjar að hluta til úr fastaher Bandaríkjahers og að hluta til úr varaliðinu og verið hér í heimsókn í eina viku, þá er því til að svara að það eru engar skráðar lýsingar til í fórum utanrrn. á slíkri heimsókn, enda gilda um það aðrar reglur. Liðið kemur hingað að sjálfsögðu með þeim hætti að íslenskum stjórnvöldum er kunnugt um það, en þetta er reglubundin heimsókn á vegum varnarliðsins og ekki til aðrar heimildir um það heldur en vitneskja íslenskra stjórnvalda munnleg og að sjálfsögðu gögn í fórum varnarliðsins um niðurstöðu ferðarinnar.

Maí 1988. Viðræðufundur Stones hershöfðingja, skrifstofustjóra varnarmálaskrifstofu, ráðuneytisstjóra dómsmrn. og yfirmanns varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Heimildin fyrir þessum fundi er að sjálfsögðu dagbækur skrifstofustjóra varnarmáladeildar og því næst staðfesting á umræðuefni fundarins frá viðkomandi embættum. En umræðuefnið var að yfirmaður varaliðsins gaf þessum íslensku embættismönnum nákvæmar upplýsingar um áætlanir varaliðsins um varnir Íslands og lykilmannvirkja. Sú áætlun, eins og ég hef sagt reyndar áður, er trúnaðarmál þannig að um hana verða ekki gefnar skriflegar upplýsingar. En ég skal taka það fram að til þessa fundar var stofnað eftir að páv. dómsmrh. hafði 14. mars farið sérstaka kynnisferð til varnarliðsins. Dómsmrh. fór þá för með embættismönnum sínum, en með honum í för var aðstoðarmaður páv. utanrrh. Í framhaldi af þeirri kynningu sem þar fór fram var efnt til þessa fundar og þar eru að sjálfsögðu á dagskrá ákaflega þýðingarmikil mál eins og t.d. sú spurning, sem páv. dómsmrh. vakti máls á, hvaða ráðstafanir yrðu gerðar á hættutímum, ég tala nú ekki um stríðstímum, til þess að tryggja siglingar Íslendinga að og frá landinu, þ.e. tryggja getu okkar á að tryggja aðföng íslenska þjóðarbúsins, íslensku þjóðarinnar á stríðstímum og að tryggja hindrunarlausan útflutning íslensku þjóðarinnar.

Hér er enn sem fyrr um að ræða framkvæmd á þeirri stefnuyfirlýsingu sem fram kom í skýrslum tveggja fyrrv. utanrrh. og af hálfu embættismanna litið svo á að hér sé um að ræða framkvæmdaratriði á yfirlýstri stefnu en ekki stefnumarkandi nýmæli.

Sama er að segja um þann fund sem átti sér stað í júní 1988 og varðar það að yfirmaður stuðningsdeildar varaliðsins, þ.e. svokallaðrar sjúkraliðadeildar, það er kannski ekki rétta þýðingin, Army Combat Support Hospital, sem átti fund með forstöðumanni Almannavarna og framkvæmdastjóra ríkisspítala. Umræðuefnið var sem sé um skipulag á gagnkvæmum heimsóknum, þjálfun og þátttöku bandarískra hjúkrunarliða í neyðarástandsæfingum. Þetta er framkvæmd á sömu stefnu og heimildin er forstöðumaður Almannavarna sem og sá fulltrúi varnarmálaskrifstofu sem var milligönguaðili um fundinn.

Þá er auðvitað loks að geta þess að 30. ágúst 1988 er í fyrsta sinn með formlegum hætti tilkynnt um áform um æfinguna 1989 á þann reglubundna hátt að það er gert með því að skrá þau áform í fundargerð varnarmálanefndar. Ég vil að gefnu tilefni taka það skýrt fram og staðfesta það sem fram kom í máli forsrh. að sú fundargerð var ekki lögð á hans borð og ekki lögð fyrir hann. Það er þess vegna þessu máli með öllu óviðkomandi hverjar annir utanrrh. hafði þá af öðrum ástæðum af þeirri einföldu ástæðu að það er staðfest af skrifstofustjóra varnarmálaskrifstofu að það er það löng tímatöf frá því að fundargerð er skráð eða fundur fer fram og þangað til fundargerð er lögð fram vegna þess að báðir aðilar fara yfir þær fundargerðir áður en þær eru frágengnar og hún mun ekki hafa komið á borð utanrrh. fyrr en í minni tíð, þ.e. 9. okt.

Þá held ég að ég hafi sagt það sem ætla má að krefjast megi af mér til þess að spyrjast fyrir um það

hverjar séu heimildir fyrir þeim upplýsingum sem ég hef gefið og ég gaf og ég taldi mig knúinn til að gefa vegna þess að málshefjandi, hv. þm. Páll Pétursson, hafði vefengt það að hér væri rétt farið með staðreyndir.

Þá er ósköp eðlilegt að spurt sé: Úr því að utanrrh. sá sem hér stendur vissi af þessum áformum, sbr. bókun varnarmálanefndar frá því í byrjun október, hvernig stendur þá á því að hann hefur ekki afgreitt málið fyrr? Það er ákaflega einfalt mál fyrir mig að svara því. Mér var kunnugt um þessi áform, þar á meðal að áformaður fjöldi væri 1200–1300 manns. Ég bæti því við að 25. okt. 1988 er ég í Bandaríkjunum fyrst og fremst þeirra erinda að sækja allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna en ég nota tækifærið að eigin ósk til þess að heimsækja aðalstöðvar Atlantshafsbandalagsins í Norfolk og á þar viðræðufund með yfirhershöfðingja og nokkrum sérfræðingum hans. Meginumræðuefnið varðaði að sjálfsögðu ekki þessar varaliðsæfingar. Meginumræðuefnin voru önnur. Og meginumræðuefni voru að mínu frumkvæði. Meginumræðuefni voru reyndar afvopnunarmál og þar á meðal spurningar mínar sem beindust að stefnu Bandaríkjastjórnar og bandarískra hernaðaryfirvalda varðandi það áhugamál okkar Íslendinga að auka kerfisbundinn undirbúning innan Atlantshafsbandalagsins að stefnumótun að því er varðaði traustvekjandi aðgerðir og afvopnun á höfunum. En að sjálfsögðu voru mér gefnar upplýsingar um þessar æfingar og þá sér í lagi um það hvenær þær hófust, hver reynslan var af þeim áður fyrr, hver tilgangurinn væri með þeim.

Ég spurði margra spurninga en það kom skýrt fram að það var ekki fundur til undirbúnings ákvörðunum og enn taldi ég að mig vantaði margvíslegar upplýsingar og þar á meðal m.a. um tímasetningu, búnað og margt fleira. Sama er að segja um þá kynningu þegar ég fer 27. des. til Keflavíkurflugvallar, þá geri ég það sem utanrrh. og er að fara þá í fyrstu formlegu kynninguna. Sú kynning er fyrst og fremst þess eðlis að ég fer um varnarsvæðið, skoða þar byggingar og mannvirki, skoða m.a. Helguvík og átti síðan stuttan viðræðufund, spjallfund þar sem rétt aðeins var drepið á þessar fyrirhuguðu æfingar, en ýmsum spurningum mínum svarað, en ég kom jafnframt þeirri skoðun á framfæri að ég mundi ganga eftir mun ítarlegri upplýsingum áður en ég tæki mína ákvörðun. Og á þessum kynningarfundi kom það fram að þær væru ekki að öllu leyti tilbúnar.

En ég les líka blöðin og ég vissi af þessum áformum vegna þess að þetta mál er búið að vera í fréttum frá 1987, 1988, m.a. í fréttum í Morgunblaði, fréttum í Þjóðvilja og viðtöl birt eins og áður hefur komið fram við þennan ágæta stærðfræðikennara, Stone, þannig að út af fyrir sig hafði ég þessa vitneskju jafnvel áður en þessir kynningarfundir voru haldnir.

Þá má náttúrlega spyrja: Hvaða upplýsingar voru það sem á skorti? Svarið við því er líka ósköp einfalt: Þegar farið er að ganga eftir því við mig af hálfu minna embættismanna að nú þurfi ég að taka þessa ákvörðun, þá spyr ég fyrst: Eruð þið búnir að afla þeirra upplýsinga sem ég hef beðið um? Og í byrjun mars geri ég það munnlega í viðtölum við skrifstofustjóra minn að ég segi: Ég vil fá allar upplýsingar um þessar heræfingar, bara allar. Ég vil fá að vita um markmiðslýsingu, ég vil fá lýsingu á aðgerðum, það sem á að gera, ég vil fá nákvæma lýsingu á öllum búnaði, ég vil fá að vita um samsetningu liðsins, fjölda og hvernig hann er deildaskiptur milli hinna ýmsu eininga, ég vil fá að vita um tímasetningu. Niðurstaðan varð sú að síðan er farið að afla þessara upplýsinga, að sjálfsögðu, og þær eru ekki komnar í heild sinni fyrr en eftir að þessi fréttaflutningur byrjar, sem ég hef nú ekki nákvæmlega dagsetningar um, jú, 23. og 27., og síðan er mér endanlega gerð grein fyrir því, það sem ég kalla fullnægjandi upplýsingagjöf, sunnudaginn 2. apríl. Ég held að ég geti ekki betur gert en að gera þannig hreint fyrir mínum dyrum um aðdraganda málsins og upplýsingarnar þannig að ekkert fari á milli mála.

Að lokum, virðulegi forseti, hafa ýmsir ræðumanna vakist upp til þess að segja að þessar upplýsingar sanni það að ýmsu sé mjög ábótavant í störfum varnarmálaskrifstofu og jafnvel hefur verið veist að fjarstöddum embættismanni, skrifstofustjóra varnarmálaskrifstofu. Það var mér sérstakt tilefni til þess að bera af honum blak og staðfesta, sem ég geri enn, að hann er með einhverjum vönduðustu embættismönnum í íslenska stjórnkerfinu. Ég tel það mjög miður og þykir það miður ef þessar umræður ætla að verða mönnum tilefni til þess að veitast að þeim ágæta manni sem hér á enga sök. Ég er hins vegar að sjálfsögðu opinn fyrir öllum viðræðum um það hvort eitthvað megi betur fara í þessum samskiptum og um það ræddum við nánar í utanrmn. Þar staldra ég aðallega við einn þátt málsins og hann er sá að þar sem þessar æfingar kalla á mjög tímafrekan og nákvæman undirbúning sem tekur langan tíma, reyndar 1½ ár, þá hef ég rætt um það við mína embættismenn og mun setja um það starfsreglur að allar upplýsingar af því tagi, sem ég hef leitað eftir og fengið helst til seint, verði lagðar fyrir utanrrn. strax við upphaf áætlunargerðar og jöfnum höndum þannig að utanrrh. hafi — og það verði starfsregla — allar þær upplýsingar sem honum kunna að þykja nauðsynlegar til þess að taka ákvarðanir. Til þess að taka ákvarðanir um hvað? Til þess að framfylgja yfirlýstri íslenskri stefnu um það að við ætlum að leggja mat á þetta sjálfir, sjálfstætt mat út frá öryggishagsmunum Íslendinga. Og við ætlum að samhæfa varnaráætlun Íslands, íslenskra ríkisborgara, íslenskra mannvirkja, íslenskra stofnana á hættutímum og gera um það viðlagaáætlun. Það gerum við að okkar eigin frumkvæði og það gerum við líka að sjálfsögðu í samstarfi við þá aðila sem við höfum milliríkjasamning við og felur í sér skuldbindingu um aðild að vörnum Íslands.

Ég held að ég hafi út af fyrir sig ekki neinu sérstöku frekar við þetta að bæta. Aðalatriði þessa máls er að sjálfsögðu þetta: Er okkur eitthvað að vanbúnaði, Íslendingum, íslenskum stjórnvöldum, að leggja

sjálfstætt mat á þessi áform og taka ákvörðun? Ég held að svo sé ekki. Hafi eitthvað farið úrskeiðis að því er varðar upplýsingagjöf milli ráðherra, frá einum ráðherra til annars, eða milli embættismanna, þá má náttúrlega vekja athygli á því að það hafa orðið tíð skipti á utanríkisráðherrum og reyndar á forustumönnum í embættismannaliðinu. Af því má kannski draga þá ályktun að það sé óæskilegt að skipta um utanríkisráðherra svona oft.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Við erum nú búin að karpa fram og aftur um þetta mál á tveim fundum og það er spurning hvort það tekst að ljúka málinu á þessum fundi. Gæti þurft að fresta þessu enn þá einu sinni. Á meðan bíða önnur og miklu mikilvægari mál afgreiðslu og umræðu í þinginu. Það virðist enginn hafa neinar áhyggjur af því að hér hófst verkfall á miðnætti sl. Ríkisstjórnin er gjörsamlega búin að missa alla stjórn á efnahagsmálunum og hefur engu fengið áorkað í þeim málum. Það er fram undan stórfellt atvinnuleysi, fyrirtæki leggja upp laupana hvert af öðru. Það er eins og það hafi enginn áhuga á því. En við höfum áhuga á því að tala hér fram og aftur um nokkra hermenn sem ætla að koma hingað til æfinga, og hvort það muni kannski trufla kríuna á Miðnesheiði þegar þeir koma hingað.

Það er eins og kjarni málsins hafi gleymst, en hann er sá að á örlagastundu ákváðum við Íslendingar að gerast aðilar að varnarbandalagi vestrænna þjóða, þ.e. Norður-Atlantshafsbandalaginu, með þeim skyldum og með þeirri ábyrgð sem því samstarfi fylgir. Síðan var ákveðið hér á hinu háa Alþingi að gera varnarsamning við Bandaríkin þar sem ákveðið var að hingað kæmi til fastrar dvalar herlið sem ætti að halda uppi og sjá um varnir landsins á meðan ástand í alþjóðamálum væri með þeim hætti að það yrði ekki umflúið að hafa hér einhvern viðbúnað. Síðan eru liðin tæplega 40 ár.

Svo sannarlega mundi ég óska þess að sem allra fyrst skapaðist það ástand í alþjóðamálum að hér þurfi ekki að vera herlið. Það er satt að segja sorgleg staðreynd að brátt líður að því að enginn núlifandi Íslendingur man eða hefur upplifað landið án hersetu. Það er sorgleg staðreynd. En það er e.t.v. ekkert við því að gera eins og alþjóðamál hafa þróast á árunum og áratugunum eftir heimsstyrjöldina. Það hefur ekki verið hægt að treysta á að allt færi ekki í bál og brand nánast hvenær sem er. En þó er eins og núna síðustu missirin örli á því að það sé kannski að verða varanleg breyting á og væri vel ef svo er.

Það er annað mál, og það hefur hæstv. utanrrh. bent á og ég er honum hjartanlega sammála, að það er löngu orðið tímabært og komið að því að Íslendingar hafi aukið frumkvæði í þeim efnum að sjá sjálfir um þessi mál, þ.e. meti sjálfir öryggi landsins og annist e.t.v. sjálfir rekstur og gæslu þeirra mannvirkja og þeirra tækja sem hér koma til með að vera á meðan við tökumst þessa ábyrgð á hendur sem því fylgir að vera aðilar að þessu varnarsamstarfi.

Nú ætla ég ekki að fara að halda hér langa ræðu. Þó að ég sé nú kennari eins og hæstv. utanrrh. og hafi þar af leiðandi fengið byggt inn í mig svokallaða 45 mínútna ræðu, þá tekst mér stundum að tala skemur en svo. En mig langar til að drepa hér á nokkur atriði. Ég átti þess ekki kost að vera hér á kvöldfundi þegar þetta mál var á dagskrá síðast og því heyrði ég ekki umræðurnar nema hvað sagt var um þær og fjallað í fjölmiðlum. En ég verð að ítreka það aftur, eins og ég gat um hér í upphafi, að mér finnst þessi umræða hafa farið vítt og breitt og taka tíma frá öðrum og mikilvægari málum. Ég sé ekki að það skipti öllu máli hversu oft hæstv. forsrh. hefur verið plataður eða hvort hann hafi gleymt ýmsum upplýsingum sem honum voru fengnar, hvort hann hafi gleymt að lesa skýrslur eða ekki séð þær, allt þetta finnst mér skipta litlu sem engu máli, sérstaklega á meðan við horfum upp á þá efnahagsóáran sem hér ríkir í landinu.

Ég vil ítreka það að við tökum þátt í þessu varnarsamstarfi. Hér er mjög flókinn og mikilvægur búnaður sem fylgir þessu samstarfi. Hér dveljast 3000 hermenn frá Bandaríkjunum við störf samkvæmt sérstökum samningi við íslensk yfirvöld. Það gefur auga leið að það þarf að gæta þess að þessi búnaður virki. Það þarf að þjálfa þá aðila sem eiga að nota þennan búnað. Eða hvað finnst mönnum? Er hugmynd manna með þessu samstarfi sú að hér eigi að rykfalla einhver úrelt tæki og það eigi ekki nokkurn tíma að æfa það að nota þau? Mér finnst þetta jafnfráleitt og það að amast við því þó að hingað komi nokkur hundruð manns. Ég sé ekki að það skipti máli hvort hingað koma 300–400 manns eða hvort hingað koma 1000–1400 manns. Auðvitað er það kjánalegt og klaufalegt af hálfu samstarfsþjóðar okkar, Bandaríkjamanna, að velja einmitt þjóðhátíðardaginn til þess að safna þessu liði saman í Bandaríkjunum. En mér finnst það nú frekar léttvægt. Ég get a.m.k. ekki farið að setja það svo á oddinn að á því hangi allt málið.

Svo er mér nú mun rórra að vita það að yfirmaður þessarar herdeildar sem hingað er væntanleg til æfinga skuli nú þar á ofan vera áhugamaður um fuglaskoðun. Það hefur reyndar komið fram þegar í þessum umræðum að honum sé treystandi til að umgangast kríuna á Miðnesheiði af nokkurri varúð.

Ég vil hins vegar leggja áherslu á það að mér finnst að umræðan ætti frekar að snúast um það með hvaða hætti við Íslendingar getum aukið frumkvæði okkar í þessum efnum, að við getum þjálfað upp starfsmenn sem smám saman gætu tekið yfir allan þennan búnað.

Ég er nefnilega að leyfa mér að vonast til þess að sá tími sé ekki langt fram undan á þeirri tækniöld sem við lifum þessi árin að við getum tekið í okkar eigin hendur rekstur og eftirlit með öllum þeim búnaði sem hér þarf að vera, öllum þeim tækjum sem hér þurfa að vera til þess að fullnægja skyldum okkar í þessu varnarsamstarfi. Kannski kemur reyndar að því áður en varir að menn komast að þeirri niðurstöðu að það sé óþarfi að heyja styrjöld með þessum gamaldags hefðbundna hætti sem við þekkjum úr mannkynssög-

unni. Það megi einfaldlega gera þetta allt í tölvum. Við eigum mjög mikið af duglegum og færum tölvumönnum og þeir geta svo sannarlega tekið að sér að sjá um þann hluta varnarsamstarfsins. Ef leika þarf einhverja stríðsleiki á tölvur þá eigum við fullt af mönnum sem geta gert það.

Ég heyrði ræðu hæstv. utanrrh. hér í upphafi þessarar umræðu, þar sem hann benti á atriði sem ég er honum alveg sammála um, að að sjálfsögðu ber að notfæra sér þetta tækifæri til þess að samhæfa og kanna stöðu ýmissa öryggismála hjá okkur sjálfum, m.a. að rannsaka hver séu viðbrögð og hver sé geta Almannavarna ríkisins og hverjir séu viðbragðsmöguleikar og hversu öruggt er hjúkrunar- og sjúkraliðskerfi okkar. Hvernig mundum við t.d. mæta því ef hér yrði stórfellt slys og þyrfti að sinna mjög mörgum slösuðum og sjúkum á einu bretti? Það eru slíkir hlutir sem við gætum vel kannað og er mjög hollt fyrir okkur að taka til athugunar. Kannski er þarna einmitt tækifæri til þess að gera einmitt það sem ég er að segja hér. Eins þarf að kanna fjarskiptakerfi okkar og margt annað.

Eins og ég sagði í upphafi þarf ég ekki að hafa um þetta langt mál. Mér finnst afar einkennilegt að á hinu háa Alþingi skuli varið öllum þessum tíma til að karpa um hvort hingað skuli koma nokkur hundruð eða jafnvel rúmlega þúsund menn til þess að æfa hér og kynnast þeirri aðstöðu sem er á Keflavíkurflugvelli. Þetta er einfaldlega hluti af þeim skyldum og þeirri ábyrgð sem við tókumst á hendur með varnarsamstarfinu og er alveg furðulegt að heyra menn vera að gera svona mikið mál út úr þessu. Það er út af fyrir sig ekkert annað en hollt fyrir okkur alþingismenn að taka þessi mál til umræðu, en ég held að okkur væri nær að eyða svolítið minni tíma í þetta mál og meiri tíma í hin brýnu mál sem nú blasa við, en það er með hvaða hætti við getum fengið einhvern botn í kolómögulega efnahagsstjórn þessa lands.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Hér hefur átt sér stað mikil umræða og stórfróðleg og ég er mjög ánægður með að hafa haft frumkvæði um að hún hófst því hún hefur leitt ýmislegt í ljós sem a.m.k. mér var áður hulið. Reyndar hafa einnig verið fluttar hér leiðinlegar ræður sem hefur verið mikil mannraun að hlusta á en þó ómaksins vert því að menn hafa blottað sig, menn hafa sýnt hvað þeim býr í brjósti og sannarlega á varnarliðið á Keflavíkurflugvelli dygga málsvara hér á Alþingi. Mér er það til efs að nokkrir hagsmunir hafi verið varðir af meiri tilfinningahita á Alþingi í vetur heldur en hagsmunir eða öllu heldur ímyndaðir hagsmunir varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Sjálfstæðismenn hafa ekki staðið upp hér á þingi í vetur til að verja hagsmuni atvinnulífsins í landinu með þvílíkum tilfinningahita og þeir ganga hér fram til varnar varnarliðinu. Niðurstaðan af umræðunum er sú að varnarliðið á hér eldheita, fórnfúsa og gagnrýnislausa málsvara sem eru fúsir til að vaða í vatnið fyrir það hvar og hvenær sem er.

Í öðru lagi hefur komið í ljós hver viðhorf varnarliðsins til íslensku þjóðarinnar og íslenskra stjórnvalda eru. Það er að sjá að varnarliðið telji að Íslendingar muni gera sér að góðu eða verði að gera sér að góðu hvað sem er. Þeir boða til heræfinga sem hefjast á þjóðhátíðardegi okkar Íslendinga. Heræfingar hefjast náttúrlega þegar liðið leggur af stað frá Bandaríkjunum. Þeir telja sig ekki þurfa að upplýsa íslensk stjórnvöld um áform sín eða umfang heræfinganna, telja sig ekki þurfa að leita formlegs leyfis hjá íslenskum stjórnvöldum fyrr en sunnudaginn 2. apríl, samkvæmt ræðu hæstv. utanrrh. á mánudaginn var. Þeir telja sig geta margfaldað umfang heræfinganna án þess að tilkynna það ríkisstjórn Íslands.

Þá er komið að alvarlegasta kafla þessa máls og það eru starfshættir varnarmálaskrifstofunnar. Það hefur komið í ljós að varnarmálaskrifstofan skrásetur ekki fundargerðir af fundum við varnarliðið með fullnægjandi hætti. Varnarmálaskrifstofan greinir ekki utanrrh. frá því sem á góma ber, a.m.k. ekki með fullnægjandi hætti og utanrrh. þjóðarinnar, hver sem hann er, hlýtur að eiga heimtingu á að fá nákvæma vitneskju um starfsemi varnarmálaskrifstofunnar og það sem menn taka sér þar fyrir hendur. Ekki veit ég hvort núv. utanrrh. nýtur fullkomins trúnaðar varnarmálaskrifstofunnar, en svo mikið er víst að fyrrv. utanrrh. var ekki gerð nógu nákvæm grein fyrir því sem á döfinni var á milli hersins og varnarmálaskrifstofunnar og það hefur komið berlega í ljós hér í þessum umræðum.

Núv. utanrrh. fór hér í ræðustól á þriðjudagsnóttina með punkta frá varnarmálaskrifstofunni. Grundvallargögn þykir mér hins vegar að skorti enn þá. Viðkomandi fundargerðir liggja ekki á lausu. Það er vitnað í persónuleg óskrásett samtöl manna á milli. Hæstv. utanrrh. láðist því miður að geta þess hvernig þessi framleiðsla, sem hann var með hér í ræðustólnum, er tilkomin. Mér finnst þetta ekki trúverðug skýrsla enda var hún, eins og hæstv. utanrrh. orðaði það hér rétt áðan, „tekin saman" af varnarmálanefnd og það hefði þurft að koma fram í ræðu utanrrh. að svo var. Einnig hefði mátt fylgja að hæstv. forsrh., sem hæstv. utanrrh. hafði sýnt þessa punkta frá varnarmálaskrifstofunni, hafði ekki fallist á að þeir væru réttir. Forsrh. kannaðist ekki við sannleiksgildi þeirra staðhæfinga sem voru á þessum blöðum sem hæstv. utanrrh. las.

Varnarmálaskrifstofa á Íslandi á ekki að vera í neinum CIA-leik. Hún á ekki að vera að pukrast með þau verkefni sem hún vinnur að. Það er lágmarkskrafa að utanríkisráðherra, stjórnskipulegum yfirmanni skrifstofunnar, sé gerð grein fyrir öllum málefnum sem starfsmenn fjalla um í embættisnafni. Það er höfuðnauðsyn að breyta starfsháttum varnarmálaskrifstofu í kjölfar þess hvernig utanrrh. hefur nú upplýst um starfshætti skrifstofunnar. Og það vona ég að verði niðurstaða sem fylgi í kjölfar þessarar umræðu.

Utanrrh. var hér áðan að reyna að greina frá heimildum sem voru að baki þeirra punkta sem hann

fór með hér í ræðustól á þriðjudagsnóttina. Mér fannst þetta vera frekar rýrar heimildir og þær voru ekki tiltækar handa forsrh. á þriðjudaginn var þegar hann gekk eftir þeim. Ég fer hér með fram á að fá afhent ljósrit af staðfestum fundargerðum varnarmálanefndar, svo og af þeim skriflegum gögnum sem utanrrh. vitnaði til. Ég mun fara með það sem trúnaðarmál ef utanrrh. óskar þess. Mig varðar hins vegar ekkert um dagbækur annarra manna eða hvað í þeim stendur og ætlast ekki til að fá að sjá þær.

Að endingu vona ég, frú forseti, að niðurstaða hæstv. utanrrh. eftir þessar umræður verði sú að hann annaðhvort synji um heimild til að halda þessar æfingar eða a.m.k. beiti sér fyrir því að dregið verði úr umfangi þeirra svo mjög sem unnt er.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannbalsson):

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð að gefnu tilefni. Hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði í ræðu sinni hér áðan að umræðan hefði leitt í ljós að sitthvað væri athugavert við viðhorf yfirmanna varnarliðsins og þá væntanlega bandarískra stjórnvalda til Íslands og íslenskra stjórnvalda. Þannig sagði hann að þessir aðilar teldu sig ekki þurfa að upplýsa íslensk stjórnvöld eða leita formlegs leyfis þeirra og teldu sig hafa rétt til að margfalda mannafla að æfingum án þess að tilkynna það réttum aðilum. Þetta er allt saman rangt eins og umræðan hefur leitt í ljós. Bandarískum stjórnvöldum og yfirmönnum varnarliðsins er fullkunnugt um það að þeim er skylt að upplýsa íslensk stjórnvöld og þau gera það með reglubundnum hætti. Formið er það að þessi áform eru tilkynnt á fundi varnarmálanefndar, þau eru færð þar til bókar og þau eru skráð þar og sú fundargerð er síðan lögð fyrir utanrrh. og um það er algjörlega óbrigðul starfsregla.

Það er alls ekki rétt sem sagt var að þeir telji sig hafa rétt til þess að margfalda mannafla að æfingum án þess að tilkynna þetta. Þeim er fullkomlega ljóst að þeir geta engar æfingar haldið á íslensku landi án þess að hafa fyrir því formlegt leyfi íslensks utanrrh. Hitt er svo annað mál að sú hefð virðist hafa skapast að það hafa ekki við þau tvö tækifæri sem hér hefur verið talað um, 1985 og 1987, þá hafa forverar mínir greinilega ekki séð neina sérstaka ástæðu til þess að gera athugasemdir við eða breyta þessum áformum.

Í annan stað sagði hv. ræðumaður að sitthvað væri athugavert við starfshætti varnarmálaskrifstofu og þá sér í lagi það að hún skrásetti ekki alla fundi, það væru ekki til fundargerðir af öllum samtölum. Og í annan stað að embættismenn væru uppvísir að því að hafa ekki greint utanrrh. frá málum, ekki gefið upplýsingar. Þessu er til að svara, eins og ég hef þegar sagt, að allt sem fram fer á vegum varnarmálanefndar er skráð og bókað. Það hlýtur svo að varða fleiri en embættismenn hvaða starfsreglum ráðherra kemur á í sínu ráðuneyti um það hvort hann krefur embættismenn um að skila sér upplýsingum í formi minnisblaða eða hvort hann hefur þau vinnubrögð að taka við upplýsingum munnlega og hvort hann gefur fyrirmæli munnlega eða hvort hann temur sér það að gefa slík fyrirmæli skriflega. Þetta er spurning um vinnubrögð. En ábyrgðin er að sjálfsögðu ráðherrans á því. Ekki dytti mér annað í hug, ef ég teldi að embættismenn mínir upplýstu mig ekki með fullnægjandi hætti, en að gera aðfinnslu af því tilefni og fara fram á það að það verði þá gert með reglubundnum hætti eða öðrum þeim hætti sem ég tilgreindi. Ég tel því ekki rétt að draga af þessari umræðu þær ályktanir að það beri að gera einhverjar sérstakar galdrabrennuathuganir á starfsemi varnarmálaskrifstofunnar eða hvað þá heldur að veitast með brigslyrðum að yfirmanni hennar sem er áreiðanlega með vönduðustu og trúverðugustu embættismönnum í þjónustu íslensku þjóðarinnar.

Loks að því er varðar óskir um það að fá ljósrit af skriflegum gögnum, þá verður það auðvitað tekið til velviljaðrar athugunar.

SAMEINAÐ ÞING

56. fundur, fimmtudaginn 6. apríl, að loknum 55. fundi.

Forseti tók eina dagskrármálið af dagskrá.

SAMEINAÐ ÞING

57. fundur, mánudaginn 10. apríl, kl. 1 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf:

„Halldór Blöndal, varaformaður þingflokks Sjálfstfl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf., er veikur og getur því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér að hans beiðni með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi, Einar Kristinn Guðfinnsson, taki sæti á Alþingi í forföllum hans."

Þetta er yður hér með tilkynnt, hæstv. forseti.

Óli Þ. Guðbjartsson,
forseti Nd."

Einar Kristinn Guðfinnsson hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og býð ég hann velkominn til starfa.

Staða og rekstur fiskvinnslufyrirtækja, frh. einnar umr.

Skýrsla forsrh., 71. mál. — Þskj. 359.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég hafði lokið minni ræðu við þá umræðu sem fram fór hér að ég ætla í síðustu viku og ég minnist þess ekki að hafa beðið um orðið aftur, en ég hlýt að vekja athygli hæstv. forseta á því að hæstv. forsrh., sem flutti þá skýrslu sem hér er tekin á dagskrá, hefur fjarvistarleyfi í dag og það er tæpast hægt að ræða skýrsluna áfram án þess að hæstv. forsrh. sé viðstaddur.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti fellst á þessa athugasemd. Sennilega er það óeðlilegt að ræða þessa skýrslu að hæstv. forsrh. fjarstöddum svo að ég held að umræðunni verði að fresta.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég kemst ekki hjá því að gera athugasemd við þau vinnubrögð að hér sé verið að taka til umræðu skýrslu sem beðið var um 31. okt. á síðasta ári. Það var beðið um skýrslu um stöðu og rekstur fiskvinnslufyrirtækja, níu þingmenn báru fram skriflega beiðni, og tveimur mánuðum eftir að við biðjum um þetta kemur svarið um áramót og síðan er verið að taka þetta til umræðu hér þremur mánuðum seinna. Þetta er orðið allt of gamalt plagg. Það er farið að slá í þetta. Ég held að það þætti skrýtið, án þess að það sé hægt að líkja þessu beint saman, ef skipin þyrftu að vera tvo mánuði á fiskveiðum og svo væri afli tekinn til vinnslu þremur mánuðum eftir að hann kæmi á land. Svona vinnubrögð ganga ekki í hinu háa Alþingi.

Ég vil líka minna á það að gefnu tilefni að 9. mars sl. lagði ég fram skriflega fsp. til forsrh. um stöðu fiskvinnslufyrirtækja, hver eiginfjárrýrnun þeirra hafi orðið á síðasta ári, hver hún verði á yfirstandandi ári og hvað hagnaðurinn þurfi að vera mikill til að geta greitt þær skuldir sem hvíla á sjávarútvegi. Það er nauðsynlegt, ég tala nú ekki um þá umræðu sem fer fram í þjóðfélaginu í dag, að þessar upplýsingar komi fram. Og hvað á það að þýða að framkvæmdarvaldið lúri á upplýsingum til löggjafarvaldsins? Af hverju er ekki hægt að fá upplýsingar um svona hluti sem eru allir saman til í tölvum hjá framkvæmdarvaldinu? Það er ekki nema í mesta lagi nokkurra klukkutíma verk fyrir færan mann að skrifa þessa greinargerð. Þessar upplýsingar eru allar til. Því þá að vera að lúra á þeim?

Ég kemst ekki hjá því að mótmæla svona vinnubrögðum og ítreka þá beiðni til hæstv. forseta að það verði séð til þess að þeirri skriflegu fsp. sem ég beindi til forsrh. 9. mars sl. verði svarað tafarlaust.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ég vil upplýsa hv. 5. þm. Austurl. um að gengið hefur verið nú þegar eftir öllum svörum við fsp. þar sem beðið er um skriflegt svar og öll ráðuneytin hafa skilað um það svari að þeirra sé að vænta mjög bráðlega. Það eru einungis tólf fyrirspurnir sem beðið er eftir skriflegu svari við og þar af eru flestar þeirra mjög nýlegar. En það er rétt hjá hv. þm. að nokkuð hefur dregist að svara þessari umræddu fsp.

Umræðu frestað.

Vegáætlun 1989–1992, fyrri umr.

Stjtill., 392. mál. — Þskj. 735.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1989–1992. Hér er um að ræða reglubundna endurskoðun vegáætlunar í samræmi við 10. gr. vegalaga nr. 6/1977. Hér á eftir mun ég drepa á nokkur helstu atriði þessarar vegáætlunar sem prentuð er á þskj. 735, 392. mál, og tengsl hennar við langtímaáætlun um vegagerð.

Vorið 1981 samþykkti Alþingi till. til þál. um gerð langtímaáætlunar um vegagerð. Þar var ákveðinn fjárhagsgrundvöllur áætlunarinnar og helstu stefnumið. Langtímaáætlun var síðan lögð fyrir Alþingi veturinn 1982–1983. Var vinnu við hana að

kalla lokið en þó var hún ekki afgreidd frá Alþingi. Áætlunin hefur þó nýst í verulegum mæli sem stefnumótun.

Samkvæmt tillögunni frá 1981 skyldi tiltekið hlutfall af þjóðarframleiðslu renna til vegamála. Skemmst er frá því að segja að þetta hlutfall hefur aldrei náðst og hin síðari ár hefur vantað mjög mikið upp á að svo væri. Miðað við nýjasta grunn þjóðarframleiðslu á hlutfallið að vera 2,08% en hefur lægst orðið 1,07% á árinu 1987 eða rétt rúmur helmingur þess sem vera átti samkvæmt hinni upphaflegu langtímaáætlun. Þessi hefur niðurstaðan orðið þrátt fyrir að yfirleitt hefur vegáætlun verið sett þannig fram að tilskilið hlutfall næðist þegar á öðru ári af gildistíma áætlunarinnar. Hér er átt við fjögurra ára tillögurnar.

Markaðir tekjustofnar hafa lengi verið meginuppistaðan í tekjum vegáætlunar. Til ársins 1986 voru þó einnig önnur framlög en frá og með því ári hafa markaðir tekjustofnar staðið undir öllum útgjöldum vegáætlunar. Þess ber að geta að markaðir tekjustofnar hafa stækkað verulega undanfarið, einkum bensíngjaldið. Bifreiðafjöldi hefur farið ört vaxandi undanfarið og þá einnig bensínsalan. Hefur hún aukist um 35% á tímabilinu 1983–1988. Þessir mörkuðu tekjustofnar hafa ekki alltaf fylgt verðlagi og hluti þeirra hefur stundum runnið í ríkissjóð.

Í tillögu þeirri sem hér liggur fyrir er miðað við að markaðir tekjustofnar standi áfram undir öllum útgjöldum vegáætlunar. Reiknað er með hægum en jöfnum vexti bensínsölu á tímabilinu en óbreyttum stofni í þungaskatti. Með því að nýta tekjustofnana samkvæmt lögum, þ.e. láta þá fylgja verðlagi, má auka framkvæmdafé vegáætlunar umtalsvert og er við það miðað hér, þ.e. að þessir mörkuðu tekjustofnar séu nýttir að fullu og látnir fylgja verðlagshækkunum. Þannig má ná hlutfalli af þjóðarframleiðslu miðað við hinn nýja grundvöll á bilinu 1,4–1,5% á næstu árum. Er það verulegur áfangi í þá átt að ná því framkvæmdamagni sem langtímaáætlun miðast við og talsvert hærra hlutfall en runnið hefur til vegamálanna nú hin síðustu ár. Þetta hlutfall næst þó ekki á yfirstandandi ári eins og kunnugt er, en vegna ástands í efnahagsmálum þjóðarinnar varð því miður ekki hjá því komist að hluti markaðra tekna rynni í ríkissjóð á þessu ári. Hlutfall af þjóðartekjum í ár verður þó mjög svipað og það var á síðasta ári. Þetta veldur því að ekki tekst að verðbæta gildandi vegáætlun fyrir árið 1989 til fulls. Bitnar þetta á öllum liðum áætlunarinnar en einkum þó á nýframkvæmdum.

Vegáætlun nú nær yfir hin seinni tvö ár 2. tímabils langtímaáætlunarinnar og fyrri tvö ár 3. tímabils eins og þau voru sett fram og skilgreind í upphafi. Endurskoða átti langtímaáætlun eftir hvert fjögurra ára tímabil í fyrsta skipti á árinu 1987. Rammi að endurskoðun var þá lagður fram á Alþingi, en ekki varð af endurskoðun í það sinn. Mjög mikilvægt er að hafa á hverjum tíma stefnumótandi áætlun til lengri tíma en vegáætlun nær yfir. Er því orðið brýnt að endurskoða langtímaáætlunina og mun ég beita mér fyrir því að það verði gert á næstu 1–2 árum þannig að hún liggi fyrir ekki síðar en við næstu endurskoðun vegáætlunar.

Eins og rakið var hér á undan vantar mikið á að fjármagn til vegamála hafi náð því marki sem sett var í langtímaáætlun. Í framkvæmd hefur þetta bitnað mest á uppbyggingu vega og dýrari verkefnum, en bundin slitlög hafa setið í fyrirrúmi. Þar við bætist að ýmis dýr verkefni sem ekki voru inni í upphaflegri langtímaáætlun hafa nú mjög minnt á sig hin síðari ár. Má þar nefna t.d. jarðgöng, framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu og stærstu brýr og þveranir á fjörðum.

Til að byrja á þessum verkefnum er nú tekin upp í þessari vegáætlun nýr verkefnaflokkur, stórverkefni, og verður nánar vikið að honum síðar. Við þá endurskoðun langtímaáætlunar sem nú er fram undan og orðið er brýnt að hefja þarf m.a. að fella þessi nýju verkefni inn í áætlunina.

Ég mun þá víkja nánar að hverjum einstökum framkvæmdaflokki fyrir sig eins og þeim er raðað upp hér í áætluninni og sundurliðað er hvað skiptingu útgjalda snertir á bls. 2 í áætluninni á þskj. 735. Fyrst vík ég þá að viðhaldi vega.

Fjárveitingar til viðhalds hafa lengi verið af skornum skammti og er svo enn á þessu ári en reiknað er með nokkurri hækkun á næstu árum. Innan sumarviðhalds verður áherslubreyting í þá veru að viðhald bundinna slitlaga fer vaxandi á næstu árum af eðlilegum ástæðum. Bundið slitlag er nú komið á nærri 2000 km af þjóðvegum landsins. Að langmestu leyti er um klæðningu að ræða, en tíu ár eru nú liðin frá því hafin var lagning þessarar slitlagsgerðar. Þetta er ódýrasta gerð bundinna slitlaga, en hefur í heild reynst vel og m.a. er ending hennar fyllilega eins góð og reiknað var með í upphafi. Rækja verður viðhald bundinna slitlaga með reglubundnum hætti og verður þetta verkefni vaxandi á næstu árum. Jafnframt þessu þarf að sinna viðhaldi malarvega, heflun og rykbindingu þannig að bilið milli ástands þeirra og vega með bundnu slitlagi breikki ekki a.m.k.

Nýr liður er nú tekinn upp í sumarviðhaldi, en það eru aðgerðir til að auka umferðaröryggi. Er það 10. liður undir lið 2.2. Viðhald þjóðvega. Þessum málum er sinnt undir ýmsum liðum vegáætlunar, bæði viðhaldi og nýjum framkvæmdum. Hér er þó um svo mikilvægan málaflokk að ræða að rétt þykir að ætla honum sérstaka fjárveitingu. Byrjað er í smáum stíl á þessu ári en aukið þegar á næsta ári. Verður þessu fjármagni varið til að lagfæra hættulega staði og til annarra þeirra aðgerða sem stuðla að fækkun umferðarslysa.

Þá má enn nefna að liðurinn Vegmerkingar er hækkaður töluvert frá því sem verið hefur. Er það einnig hugsað til að bæta þjónustu við vegfarendur og auka þeim þægindi og öryggi í akstri.

Umfang vetrarþjónustu er á hverjum tíma í samræmi við svonefndar snjómokstursreglur. Reglur þessar hafa verið endurskoðaðar á nokkurra ára fresti og þjónustan aukin við hverja endurskoðun. Síðustu reglur voru frá því í desember 1985. Mjög

margar óskir hafa borist undanfarið um aukna þjónustu á þessu sviði. Þessar óskir eru tengdar þeim breytingum sem eiga sér nú stað í landinu þar sem m.a. krafa um hreyfanleika í atvinnu og þjónustu er mjög vaxandi. Til að koma nokkuð til móts við þessar óskir voru snjómokstursreglur rýmkaðar nokkuð nú í vetur. Var sú ákvörðun tekin snemma í febrúar með gildistöku um miðjan mars. Þessar nýju reglur koma svo inn með fullum þunga næsta vetur og eru tillögur um fjárveitingar við það miðaðar. Jafnframt er gert ráð fyrir því í fjárveitingum áranna 1991 og 1992 að þá verði frekari áfangar teknir til aukinnar þjónustu á þessu sviði.

Tillögur um fjárveitingar taka mið af meðalkostnaði eins og hann er metinn á hverjum tíma. Raunkostnaður er hins vegar mjög breytilegur og geta frávik frá meðaltalinu verið um og yfir 50%. Fjárveiting fyrir árið í ár var að venju miðuð við meðalkostnað. Tekið var tillit til aukins kostnaðar vegna breytinga á snjómokstursreglum svo og lítils háttar innistæðu frá sl. ári.

Eins og öllum er kunnugt hefur veturinn reynst mjög erfiður um mestan hluta landsins. Ljóst er að kostnaður stefnir verulega fram úr áætlun. Verður fjvn. gerð grein fyrir horfum í þessum málum og kemur þá til hennar kasta að endurskoða fjárveitinguna í ljósi þess sem orðið er á yfirstandandi vetri.

Fjárveitingar til nýrra þjóðvega skiptast á verkefnaflokka með hliðstæðum hætti og verið hefur. Sama er að segja um fjárveitingar til nýrra brúa. Í skiptingu fjár innan stofnbrauta verða þó breytingar á liðum frá og með árinu 1990. Lagt er til að liðirnir Almenn verkefni og Bundin slitlög verði þá sameinaðir undir heiti hins fyrri liðar og að liðirnir Ó-vegir og Reykjavíkursvæðið falli niður og verði felldir undir nýjan lið, Stórverkefni. Sá liður fær fjárveitingu þegar á þessu ári, en að öðru leyti er hlutfalli gildandi vegáætlunar haldið við skiptingu á liði 1989.

Tölur á hinum almennu liðum hækka um liðlega 14% frá gildandi vegáætlun fyrir 1989.

Stofnbrautir fá sem fyrr mest fjármagn í sinn hlut. Þar af fara um 40% til almennra verkefna á árunum 1990–1992, en um 47% árið 1989. Miðað er við að sú upphæð sem til þessa liðar renni árlega 1990–1992 verði svipuð að verðgildi og var að meðaltali á árunum 1982–1988.

Lagt er til að á árunum 1990–1992 verði 21–23% stofnbrautarfjár varið til sérstakra verkefna. Þetta er svipað hlutfall og í ár og að verðgildi sambærilegt við það mesta sem varið hefur verið til þessa liðar á undanförnum árum. Gert er ráð fyrir að fjvn. fjalli um það til hvaða verkefna þessu fjármagni verður varið svipað og verið hefur við gerð vegáætlunar á undanförnum árum.

Á undanförnum árum hefur öllu fjármagni sem varið hefur verið til nýframkvæmda á stofnbrautum verið skipt milli kjördæma með ákveðinni reiknireglu sem tekur tillit til kostnaðar við endurbætur þeirra, ástands og arðsemi framkvæmda. Frá reiknitölu eða kvóta sem þannig er reiknuð út hafa síðan verið leyfð takmörk eða frávik, mest 2% til lækkunar hjá einstökum kjördæmum. Þótt aðferð þessi hafi að mörgu leyti reynst vel hafa skapast erfiðleikar við fjármögnun stórra verkefna og hafa þeir erfiðleikar farið vaxandi eftir því sem ráðist hefur verið í stærri verkefni. Til þess m.a. að ráða bót á þessu er lagt til að taka upp nýjan lið, Stórverkefni, sem áður var nefndur. Er þessum lið einkum ætlað að fjármagna jarðgöng, umferðarmannvirki á höfuðborgarsvæðinu, svo og stórbrýr og fjarðaþveranir.

Á öllum þessum sviðum eru mjög brýn verkefni fram undan, verkefni sem ekki verða leyst nema með sérstakri fjármögnun á vegáætlun. Fjárveitingar til þessara verkefna yrðu að miklu leyti utan við kvótaskiptingu kjördæma og kemur til kasta fjvn. að skipta þessu fjármagni á verkefnaflokka og einstök verkefni. Eðlilegt verður þó að telja að kjördæmin leggi einnig talsvert til þessara verkefna af kvóta sínum. Gætu það t.d. verið 20–25% í jarðgöngum og 30–35% í stórbrúm. Höfuðborgarsvæðið hefur þá sérstöðu að vera utan kvóta og yrði svo áfram. Á hinn bóginn bætast þar við fjárveitingar til þjóðvega í þéttbýli, enda er fjárveitingum til höfuðborgarsvæðisins ætlað að leysa verkefni á þjóðvegum í þéttbýli. Sú tilhögun á fjármögnun stórverkefna sem hér er lýst hlýtur að hafa áhrif á reiknireglu þá sem notuð hefur verið undanfarið. Kemur til kasta fjvn. um endurskoðun á henni.

Á þessu ári er lagt til að fjárveiting til stórverkefna verði 200 millj. kr., en það er sú upphæð sem bættist við útgjöld til vegamála við lokaafgreiðslu fjárlaga. Þetta fé þarf að renna til framkvæmda í Ólafsfjarðarmúla, en ákveðið var við gerð síðustu vegáætlunar, þ.e. vegáætlunar með gildistíma áranna 1987–1990, að hefja framkvæmdir við það verk á árinu 1988. Fyrrv. samgrh. heimilaði útboð verksins á síðasta ári og hófust framkvæmdir síðari hluta ársins eins og kunnugt er. Ekki var hins vegar gengið endanlega frá fjármögnun þess og er þetta raunar gott dæmi um verk sem nánast er ómögulegt að fjármagna miðað við það fyrirkomulag sem viðhaft hefur verið um skiptingu fjár milli kjördæma.

Til þjóðbrauta er gert ráð fyrir að verja alls 862 millj. kr. á áætlunartímabilinu. Er lagt til að fjárveitingar til þessa verkefnis hækki talsvert á árunum 1990–1992 frá því sem verið hefur að undanförnu.

Til girðinga og uppgræðslu er varið 81 millj. kr. á áætlunartímabilinu, en langt er enn í land með að ljúka þessu verkefni.

Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir að verja alls 495 millj. kr. til brúargerðar á tímabilinu. Þessu til viðbótar er gert ráð fyrir að nokkurt fjármagn af liðnum Sérstök verkefni renni til brúabygginga, auk þess sem fjárveitingar af liðnum Stórverkefni renna til stórbrúa. Þetta ætti að vera nokkur aukning á fjárveitingum til brúargerðar, enda bíða mörg aðkallandi verkefni í endurbyggingu á þessu sviði.

Til þjóðvega í þéttbýli er gert ráð fyrir að verja 79 millj. kr. af lið 2.3.3. Upphaflega var fjárveiting samkvæmt þessum lið samþykkt á vegáætlun

1983–1986. Fjárveitingar þessar voru ætlaðar til að hraða lögn bundins slitlags á þá þjóðvegi í þéttbýli sem enn höfðu þá malarslitlag. Nú hillir undir að því verkefni ljúki og er lagt til að fjárveitingar samkvæmt þessum lið falli niður frá og með árinu 1992. Fjárveitingar til vega í kaupstöðum og kauptúnum samkvæmt lið 2.7. verða með hefðbundnum hætti. Þó er gert ráð fyrir að fjárveitingar þessar hækki nokkuð á árunum 1990–1992.

Um aðra smærri liði sem taldir eru upp undir nr. 2.5., þ.e. fjallvegir, þjóðgarðsvegir og reiðvegir, er það að segja að þessir liðir hafa yfirleitt ekki verið fyrirferðarmiklir í fjárveitingum á vegáætlun. Vegirnir gegna engu að síður mikilvægu hlutverki í tengslum við ferðalög landsmanna og ýmiss konar útiveru. Auk þess er það svo að það er orðið brýnt öryggisatriði að beina unferð hestamanna frá þjóðvegum og verður þá stundum að leggja sérstaka stíga eða vegi til þess að það sé hægt. Í tillögunni er lagt til að framlög til þessara verkefna verði nokkuð aukin. Hér er að vísu ekki um stórar tölur að ræða, en hlutfallsleg aukning er þó umtalsverð. Er vonast til að með þessu megi þoka þessum framkvæmdum nokkuð áfram og þar miði betur en gert hefur að undanförnu.

Þá má bæta því við að nokkrar ár eru enn þá óbrúaðar uppi á fjölförnum fjallvegum og væri það mikil bót að ná því að brúa þær á tímabilinu eða sem fyrst, m.a. vegna þess að margir af þessum vegum eru komnir í það gott ástand að öðru leyti að þeir eru orðnir vel fólksbílafærir, en óbrúuð vötn hindra það að umferð smærri bíla geti gengið þar eðlilega fyrir sig. Þetta þarf að hafa í huga við skiptingu fjárveitinga til brúagerðar á næstunni.

Um sýsluvegi vil ég fjalla nokkrum orðum. Það er svo að samkvæmt gildandi vegalögum fá sýsluvegir um ⅔ tekna sinna af fjárveitingum á vegáætlun, en u.þ.b. ⅓ hluti teknanna kemur frá viðkomandi sveitarfélagi eða samtökum þeirra og örlítið brot af tekjum sýsluvega, minna en 1%, fæst með sérstökum vegaskatti á fasteignir sem eru í eigu annarra en íbúa í viðkomandi sveitarfélögum eða hreppum.

Tillögur um fjárveitingar til þessa liðar eru miðaðar við óbreytta skipan þessara mála. Sú skipan er í gildi og verður það a.m.k. fyrir árið 1989, en fyrir Alþingi liggur nú tillaga um að fella öll heimaframlög niður þannig að útgjöld til sýsluvega verði alfarið greidd af fjárveitingum í vegáætlun. Verði þessi tillaga samþykkt þyrfti að endurskoða fjárveitingar síðari ára tillögunnar til að bæta upp a.m.k. að hluta til þá tekjulækkun sem brottfall heimaframlags hefur í för með sér ef til kemur. Þó er óhætt að taka fram að þær fjárhæðir sem hér um ræðir eru ekki af þeirri stærð að þær skekki magntölur áætlunarinnar svo að neinu nemi.

Eins og kom fram í upphafi, virðulegur forseti, markast niðurstöðutala vegáætlunar á þessu ári sem af sjálfu leiðir við tölu fjárlaga. Ekki er því að leyna að sú tala veldur ræðumanni nokkrum vonbrigðum þó hér sé að vísu um svipað hlutfall að ræða af þjóðarframleiðslu og var á sl. ári. En miðað við þau mörgu brýnu verkefni sem bíða á vegakerfi landsins er þessi tala að mínu mati allt of lág og vænti ég þess að hv. þm., hvar í flokki sem þeir standa, séu mér sammála um þetta. Ég vona því að góð samstaða geti náðst um að auka fé til vegamála eins og hér er lagt til í tillögunni á árunum 1990–1992. Raunar mætti aukningin gjarnan vera meiri en þar er lagt til, en hér er þó vissulega um verulegt skref í rétta átt að ræða.

Ég vona enn fremur að samstaða náist um hinn nýja verkefnaflokk, Stórverkefni, sem hér er gerð tillaga um, og að verulegur hluti hins aukna fjár renni til hans. Með þessum verkefnaflokki er leitast við að sinna mjög stórum og brýnum verkefnum um allt land og verkefni þessi eru afar þýðingarmikil fyrir byggðaþróun í landinu, bæði á einstökum svæðum og í heilum landshlutum og í landinu öllu.

Þá er einnig með þessu fyrirkomulagi ætlunin að taka á brýnustu umferðarvandamálum á höfuðborgarsvæðinu og umhverfis það, en þar eru minnkandi umferðaröryggi og skortur á flutningsgetu veganna stærstu vandamálin. Ég vonast því til að hugmyndin um þessi stóru verkefni geti fremur leitt til sátta milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar í þessum efnum en hins gagnstæða.

Ég vil svo að lokum leggja á það sérstaka áherslu, virðulegi forseti, að í þessari áætlun er ekki valin sú leið, sem farin hefur verið við nokkur síðustu tilvik af sambærilegum toga, að sýna á pappírnum, kannski á næsta ári eða þarnæsta, mikla aukningu framkvæmdafjár til vegagerðar, en sú leið var stundum valin að þrátt fyrir niðurskorin framlög á yfirstandandi ári væru þegar á hinu næsta sýndar umtalsverðar fjárhæðir sem koma skyldu sem bein framlög úr ríkissjóði til viðbótar hinum mörkuðu tekjustofnum. Raunin hefur orðið sú að um þetta hefur ekki tekist samstaða. Það hefur einfaldlega ekki tekist að leggja það fé fram sem björtustu vonir stóðu til á sínum tíma og í upphafi. Ég hygg að sá veruleiki sé það sem við þurfum að taka mið af.

Það er líka rétt að hafa í huga það, sem ég kom inn á í upphafi máls míns í þessu sambandi, að gjaldstofnar hinna mörkuðu tekjustofna hafa breikkað mikið á tímabilinu og framkvæmdagildi á grundvelli hinna mörkuðu tekjustofna er því nú mun meira en reiknað var með á sínum tíma þegar langtímaáætlun var fyrst hrint úr vör, enda sáu menn þá ekki fyrir þá miklu aukningu sem síðan hefur orðið á bílaeign landsmanna og bensínnotkun. Vissulega má segja að umferðarmannvirkin þurfi líka að vaxa í samræmi við aukinn bílafjölda og taka mið af þeirri þróun, en víða háttar þó svo til, hygg ég, að afkastageta vegakerfisins getur vel mætt þeirri umferðaraukningu og þarf ekki viðbótarkostnað til, t.a.m. víða út um landið, þannig að segja má að hagkvæmni eða afrakstur fjárfestinga í vegakerfinu aukist því og hafi aukist með þessari þróun. Þess vegna nýtist það framkvæmdafé sem þannig kemur til með aukinni bílaeign og aukinni bensínnotkun til góðs í þessum efnum.

Framkvæmdakostnaður hefur einnig, ef eitthvað

er, þróast í heldur jákvæðari átt en reiknað var með og væntanlega hefur þetta tvennt samanlagt þýtt að þrátt fyrir að svo mikið hafi vantað upp á að tilskildu viðmiðunarmarki af þjóðartekjum væri náð hafa framkvæmdirnar hvergi nærri orðið jafnlangt á eftir áætlun og ætla mætti vegna þessa sem ég hef þegar komið inn á.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, að lokinni þessari umræðu leggja til að tillögunni verði vísað til hv. fjvn. og tek það fram að nefndarinnar bíður mikið starf sem ég vona og veit að hv. nefnd mun leysa vel af hendi. Sérstaklega verður það vandasamt og mikið verkefni að fara yfir skiptingu og áherslur gagnvart hinum nýju og stóru verkefnum sem ég hef þegar gert talsvert að umtalsefni sem og fara þá yfir reiknireglur sem viðhafðar hafa verið varðandi skiptingu fjár til hinna einstöku kjördæma. Mér er mikið í mun að þetta verkefni takist vel og farsællega og um það geti skapast samstaða. Ég er þeirrar skoðunar að það sé óumflýjanlegt og mjög brýnt að breyta áherslum hvað þetta snertir og skapa svigrúm fyrir þessi stóru átök á sviði vegamála sem þarna eru á ferðinni og fram undan bíða og mjög er horft til, ekki bara af íbúum þeirra landsvæða sem hér eiga sérstaklega hlut að máli heldur landsmönnum öllum, enda er það svo þegar til kastanna kemur að samgöngukerfi þjóðarinnar er sameign hennar allrar en ekki merkt þeim íbúum sérstaklega sem dögum oftar aka um viðkomandi vegarspotta. Sem betur fer hefur það orðið gæfa okkar Íslendinga að standa þannig að málum að mínu mati að byggja samgöngukerfið og samgöngumannvirkin upp á sameiginlegum grundvelli og skoða framfarir á því sviði sem sameiginlega eign allrar þjóðarinnar og sameiginlegt keppikefli að við komum samgöngunum í það horf sem best má verða. Samgöngurnar eru grunnforsenda allra framfara og þróunar af sambærilegum toga og þekkingin og fátt er því mikilvægara en að leggja til þeirra bæði fé, orku og vit eins og okkur er frekast kostur á að gera.

Ég ítreka svo og endurtek að það er von mín að hv. fjvn. geti og muni farsællega leysa af höndum það mikilvæga verkefni sem hennar bíður að fara yfir þessa áætlun og að venju munu starfsmenn Vegagerðar og ráðuneytis vera til aðstoðar eftir þörfum við það verkefni.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Mér láðist að geta þess í upphafi þessa fundar að kl. 3 hefst umræða utan dagskrár um kjaramál. Það er umræða sem hv. 18. þm. Reykv. hefur beðið um og sú umræða fer fram skv. síðari mgr. 32. gr. þingskapa sem þýðir að tími er ómældur.

Matthías Á. Mathiesen:

Virðulegi forseti. Ég er alveg sammála því sem hæstv. samgrh. sagði í lok ræðu sinnar varðandi vegamálin, vegagerðina, að hér er um að ræða málefni sem er grunnforsenda mikilla framfara fyrir eitt lítið þjóðfélag. Mér fannst hins vegar að það sem ráðherrann hafði áður sagt í sambandi við þá sérstöku vegáætlun sem hér er til umræðu stangaðist mjög margt á við einmitt þessa niðurstöðu sem hann hafði sjálfur og ég efast ekkert um að hann hefur sem hugsun varðandi vegaframkvæmdir. Ef skoðuð er örlítið betur ræðan sem hann flutti hér og við áttum okkur á því að hér er um að ræða vegáætlun til fjögurra ára, þá varð ráðherranum miklu tíðræddara *um árin 1990–1992 og er það ofur skiljanlegt þegar* vegáætlunin er skoðuð að það var minna sem hann hafði um að segja árið 1989, þ.e. það ár sem við lifum á, og þessa vegáætlun varðandi þá hluti.

Mig langar til þess að ræða aðeins um áætlunina sem slíka, uppbyggingu þess með hvaða hætti unnið er að því að fá fjármagn til vegaframkvæmda, en með vegáætlun og því sem henni fylgir, þ.e. skiptingu vegafjár, er mjög mikið fylgst og ekki hvað síst út um landsbyggðina þar sem unnið hefur verið að því að gera vegakerfið enn betra á hverju ári og vissulega vel til tekist á undanförnum árum og oft verið náð betri árangri en menn þá höfðu reiknað með.

Tekjur af bifreiðum og umferðinni eru annars vegar eignarskattar og svo síðan neysluskattar og það hefur verið um langan tíma með þeim hætti að eignarskattarnir hafa runnið til ríkissjóðs. Hins vegar er skýrt tekið fram að bensíngjald, þungaskattur sem árgjald og þungaskattur sem kílómetragjald skyldi renna til Vegasjóðs til vegaframkvæmda. En það segir líka í lögunum um öflun fjár til vegaframkvæmda að auk þess skuli koma til fé úr ríkissjóði og þá var vitaskuld gert ráð fyrir því að þar sé verið að nýta það fjármagn sem bifreiðar og þeir sem þær eiga hafa greitt í sambandi við eignarskatta af þeim.

Það er vissulega rétt, sem hæstv. ráðherra sagði, að síðustu árin hefur ekki verið talið fært að leggja úr ríkissjóði fjármagn til vegaframkvæmda. Það hefur ekki verið kannski hugsunin að það yrði til frambúðar, en mér sýnist á því sem hér kemur, þ.e. þessari vegáætlun, að þá sé hæstv. ráðherra hreinlega búinn að gefast upp við að á þessu geti orðið breyting.

En það er miklu meira en það sem kemur fram í þessari vegáætlun og við höfum fjallað um á þessu þingi, en það er að nú er ekki einu sinni ætlað að tekjur Vegasjóðs af bensíngjaldi, þungaskattsárgjaldinu og þungaskatti sem kílómetragjaldi skuli renna til Vegasjóðs alfarið. Við fjárlagagerð og við lánsfjárlagasamþykkt, þá þegar, lagði ríkisstjórnin til að þrátt fyrir þessi lög skyldi ákveðin upphæð, þ.e. 682 millj. sem hér er getið um, renna til ríkissjóðs og mér sýnist að þeim verði ekki skilað til baka heldur eigi þær að notast til þess að bæta um fyrir ríkissjóði og stöðu hans sem vissulega er slæm. Mér er sagt að í dag sé hún svo slæm að það séu 6 milljarðar sem ríkissjóður skuldi Seðlabanka Íslands á viðskiptareikningi. Það er hærri upphæð en á sama tíma var á sl. ári.

Það er ekki aðeins að það sé meiningin að þessar 682 millj. verði eftir í ríkishítinni og notaðar til útgjalda á öðrum sviðum. Það er heldur ekki gert ráð fyrir í þessari vegáætlun því sem ríkissjóður skuldar Vegasjóði af umframtekjum ársins 1987 og 1988 sem munu vera 140 millj. kr. þegar frá er dregin 35 millj.

kr. fjárveiting sem eðlilegt er að sé dregin frá til Ólafsfjarðarmúla á sl. ári. Upprunalega var í vegáætlun sl. árs gert ráð fyrir að þessar mörkuðu tekjur yrðu til útgjalda á þessu ári, þá ætlaðar 160 millj. frá 1987 og síðan í viðbót. Hins vegar kemur í ljós að um ofáætlun var að ræða þannig að þegar frá er dregið 35 millj. til Ólafsfjarðarganga eru 140 millj. sem ríkissjóður þar með skuldar Vegasjóði. Þannig eru þetta 822 millj. sem þannig eru í ríkissjóði og mér sýnist á öllu að hæstv. ráðherra geri ekki ráð fyrir því einu sinni að þessu fjármagni verði skilað til baka. Þegar þannig er staðið að málum eins og ég hér hef lýst liggur í augum uppi að það verður samdráttur í vegagerð á árinu 1989 miðað við það sem var t.d. á sl. ári. Það er hins vegar alveg hárrétt, sem fram kemur í greinargerðinni með vegáætluninni, að miðað við hlutfall af þjóðarframleiðslu er ekki ýkja mikill munur á árinu 1988 og 1989, 1,18% 1988 og 1,16% ætlað 1989. En þegar horft er á þessar tölur verða menn að gera sér grein fyrir hverjar eru forsendur, en þjóðarframleiðslan hefur minnkað töluvert mikið frá 1988 til 1989 og því skiljanlegt af þeim ástæðum að hér sé ekki mikill munur á því hlutfalli sem gert er ráð fyrir að fari til vegaframkvæmda á árinu 1989 og var 1988. 2,3% minnkun hefur töluverð áhrif þegar verið er að reikna út prósentutölur sem hér er gert, en til þess að ná því sem Alþingi áður hafði samþykkt, 2,08%, þarf nokkuð stórar tölur til viðbótar og það er í áætluninni gert ráð fyrir öllum tekjum Vegasjóðs 1990, 1991 og 1992 og þá er miðað við 2,1% aukningu á þjóðarframleiðslu. Þá er gert ráð fyrir og þá kemur út að 1,45% verði til vegaframkvæmda af þjóðarframleiðslunni.

Það kom alveg skýrt fram í ræðu hæstv. samgrh. að hér hefur hann orðið að lúta í lægra valdi fyrir fjárveitingavaldinu, fyrir þeim sem stýrir ekki bara hans flokki heldur, eins og hér hefur margoft verið bent á, næstum því öllu í núv. hæstv. ríkisstjórn. (**Gripið fram í:** Á hverju hefur hann ekki stjórn?) Á hverju hefur hann ekki stjórn? Það gæti verið atriði sem við gætum rætt um annars staðar en ég mun ekki tíunda hér úr ræðustól. — En hæstv. ráðherra hefur eins og ég sagði orðið að lúta í lægra haldi og það svo að það munar miklu og á eftir að koma fram ekki bara í tölum heldur og í því hversu framkvæmdir í vegamálum munu dragast saman á árinu 1989.

Það er út af fyrir sig ekki ástæða til að vera með mikinn samanburð á tölum frá liðnum tíma. Það er þó ástæða til að gera það og átta sig á því að hér er um að ræða stefnubreytingu og það spyrja allir hvað verði þá á næsta ári. Það liggur alveg ljóst fyrir að það sem er að gerast í íslensku þjóðfélagi í dag er með þeim hætti að það sýnist ekki stefna í neina þá átt að hæstv. ráðherra hafi betri stöðu til þess að berjast gegn þessum aðilum og halda þeim tekjum sem markaðar eru með lögunum um tekjuöflun til vegamála. Það er nokkuð ljóst að á næsta ári, ef hæstv. ráðherra hyggst láta skipta upp því sem áætlunin gerir ráð fyrir á næsta ári, 1990, nú við gerð og samþykkt þessarar áætlunar og venja er að gerist af fjvn. eftir að haft hefur verið samráð við þingmannanefndir einstakra kjördæma, ef hæstv. ráðherrar ætlast til þess að það bíði til næsta árs til þess að menn þá átti sig á því hvernig honum tekst baráttan við fjárveitingavaldið, er verið með breytt vinnubrögð. Svo má vel vera að það verði einfaldlega svo að menn verði látnir skipta en síðan komi eitthvað sem heiti niðurskurður. Við skulum vona að þetta séu allt saman hugarórar og við þurfum ekki að standa frammi fyrir slíku á næsta ári. Aðrir aðilar verði þá komnir til að stýra þessum málum.

Í ræðu sinni vék hæstv. ráðherra að ýmsum breytingum sem eru í þessari áætlun og ég get vissulega tekið undir. Þar er þá sérstaklega þar sem ætlaður er nýr liður til nýrra þjóðvega, þ.e. svokölluð stórverkefni, og höfuðborgarsvæðisframlagið ásamt Ó-vegaframlaginu falli þar undir. Það er síður en svo að það sé ekki reynt að gylla þetta fyrir mönnum því að það er hvorki meira né minna en að á næsta ári er ætlað til þessara framkvæmda 550 millj. kr., 600 og svo 650. En ég veit að þessi þáttur í byggingu nýrra þjóðvega hefur verið til umræðu. Bæði var það gert af mínum forvera, sjálfur átti ég viðræður við þá hjá vegamálaskrifstofunni og hæstv. ráðherra hefur tekið það upp og það er af hinu góða að mínum dómi. Ég vil bara að það komi fram að mér sýnist að hér sé staðið rétt að málum. Hefði verið betra að ýmislegt fleira hefði verið þar á sömu nótum.

Ef við horfum svo á tillöguna og það fjármagn sem ætlað er til vegagerðar á þessu ári, þá kemur í ljós að þar er um að ræða geysilega mikinn samdrátt. Ef bornar eru saman tölur sem ætlaðar eru til stjórnar og undirbúnings ásamt og með viðhaldi þjóðvega kemur í ljós að hér er um að ræða hækkun sem nemur 4,7%, þ.e. raunhækkun. Það er búið að gera ýmsar breytingar m.a. á snjómokstri þannig að þarna er sennilega síst um ofáætlun að ræða miðað við þann vetur sem senn er nú á enda og hefur orðið að þessu leyti mjög kostnaðarsamur þannig að hér er ekki gert meira en að halda í við það sem áður var og ég efast um að það náist sem hér er ætlað til aukningar.

Þá komum við að liðunum sem heita Til nýrra þjóðvega, Til brúargerða og fjallvega. Hér kemur nokkuð annað í ljós. Á árinu þessu, sem hér er fjallað um, er gert ráð fyrir 1375 millj. kr. samtals. Miðað við þær framkvæmdir og þá upphæð sem var nýtt til framkvæmda á sl. ári, og ég tek þá með í því dæmi 35 millj. kr. til Ólafsfjarðarmúlans, þyrftu að vera í áætluninni í dag 1560 millj. kr. Bara þetta eitt gerir það að verkum að hér er um að ræða 12% magnsamdrátt í vegagerð á árinu 1989.

Nú eru í gangi miklar framkvæmdir, þ.e. Ólafsfjarðarmúli, og til hans þarf á þessu ári um það bil 350 millj. kr. Þessar 350 millj. kr. verða ekki teknar annars staðar en af þessu fjármagni. Við höfum 200 millj. í stórverkefni, 70 millj. í Ó-vegi og síðan almenn verkefni sem skiptast á hin einstöku kjördæmi. Ef 350 millj. kr. fara til þess að gera það sem gera skal, göngin í gegnum Ólafsfjarðarmúla, hvað halda menn þá að samdrátturinn verði mikill á al-

mennum vegaframkvæmdum? Mér reiknast til að það sé um það bil 25% sem samdrátturinn verði og ímynda ég mér að ég sé aðeins í lægri kantinum. Á milli 25 og 28% mundi ég telja ef allar 350 millj. sem þar þarf eru teknar af þessum lið. Hvar annars staðar ætti að taka þær? Við erum búnir að samþykkja lánsfjárlög. Það er ekki gert ráð fyrir neinu fjármagni þar til þessara framkvæmda. En þessar framkvæmdir verða vitaskuld að halda áfram, það liggur alveg ljóst fyrir, þannig að þegar þessu er stillt svona upp er bara 12% minnkun vegaframkvæmda ef miðað er við framkvæmdafé á sl. ári og það fært til meðalverðlags 1989 og mismuninn á því fjármagni sem vegáætlun og fjárlögin gera ráð fyrir. Þegar svo hins vegar nokkur hundruð milljóna kr. er ætlað að fara til þessa stóra verkefnis af þessari upphæð stöndum við eftir með milli 25 og 28% samdrátt í vegaframkvæmdum í landinu.

Liðirnir til sýsluvega, vega í kaupstöðum og kauptúnum, vélakaupa, til tilrauna, sú upphæð er í vegáætlun í 345 millj. kr., hefði þurft að vera 349 ef það hefði átt að vera sama verðmæti og var á sl. ári. Þannig lítur þessi vegáætlun út þegar hún er skoðuð ofan í kjölinn. Það liggur ljóst fyrir að hér er ekki aðeins verið að hverfa frá með áætluninni, verði hún samþykkt svona, að frá ríkissjóði komi fjármagn til vegaframkvæmda. Það má um það deila, miðað við þá aukningu á tekjum sem verður vegna umferðarinnar, hvort aðrar tekjur eigi að koma frá ríkissjóði, en þannig stendur dæmið í dag samkvæmt lögunum. Þeim má auðvitað breyta og þessu var þannig fyrir komið á síðasta ári og árinu 1987. Hins vegar er með þessari ályktun ætlað að afgreiða það að á þessum fjórum árum verði ekkert frá ríkissjóði til þessara framkvæmda.

Þá kem ég aftur að því sem ráðherrann endaði sína ræðu á. Er það þá álit hans að vegamálin séu, vegagerðin, grunnforsenda allra framfara á landsbyggðinni og annars staðar? Er ekki hér verið að tala þvert um hug sinn? Er ekki hér verið að tala með allt öðrum hætti en menn framkvæma? Ef það fjármagn sem ætlað er til vegagerðar samkvæmt lögunum um tekjuöflun og það fjármagn sem ríkissjóður skuldar Vegasjóði væri til ráðstöfunar væru það 822 millj. kr. Þá hefðu menn fjármagn til þess stóra verkefnis sem nú er unnið að og þá hefðum við einnig fjármagn til að halda sama hraða og þó heldur auka framkvæmdahraðann í vegagerð sem þó hefur verið á síðustu árum, ýmsum fundist of lítið lagt til þeirra mála og hafa sumir af flokksbræðrum hæstv. samgrh. komið hér í ræðustólinn og látið í sér heyra í þeim efnum. Ég vænti þess að þeir ágætu menn láti í sér heyra núna, að það sé ekki bara hæstv. ráðherra sem hefur verið handjárnaður í þessum málum, þannig að það heyrist þá a.m.k. frá óbreyttum þingmönnum sem hafa viljað standa að þessum málum með öðrum hætti að undanförnu, hafa nú tækifæri þar sem þeir eru stuðningsmenn ríkisstjórnar og að sjálfsögðu áhrifamenn til að ná þessum málaflokki á betra skrið en þeir hafa talið að hann hafi verið á.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til við fyrri umræðu þessarar tillögu að fjölyrða meir um tillöguna og um það sem fram kom hjá hæstv. ráðherra. Ég endurtek að það er ljóst af því sem hér er til umræðu að verið er að tala um samdrátt í vegaframkvæmdum á bilinu 20–25%, jafnvel 28% eftir því með hvaða hætti skipting vegafjárins verður í fjvn. að því leyti sem um er að ræða göngin í gegnum Ólafsfjarðarmúla. Hér erum að ræða mikinn samdrátt og ég er sannfærður um að ofan á allt annað eru hér ekki starfsaðferðir og vinnubrögð sem koma til með að skila okkur, þessari litlu þjóð, áfram veginn því að það er verið að draga svo úr í þeim efnum.

Júlíus Sólnes:

Hæstv. forseti. Það er orðinn árviss viðburður hér á hinu háa Alþingi að um þetta leyti árs tökum við til meðferðar og umfjöllunar till. til þál. um vegáætlun. Það er í sjálfu sér eitt af því fáa sem er gott um þetta mál að segja, þ.e. að málin skuli þó hafa farið á þann veg að það er gerð tilraun til að stjórna framkvæmdum í samgöngumálum, í vegagerð með þeim hætti sem hér kemur fram. En ég leyfi mér að gera hér ýmsar athugasemdir við það með hvaða hætti við höfum staðið að samgöngumálum undanfarin mörg, mörg ár og hvernig við höfum reynt að nýta þá takmörkuðu fjármuni sem þessi fámenna þjóð, sem býr í mjög erfiðu og harðbýlu landi, hefur til umráða og getur sett í samgöngumál.

Nú er það alveg ljóst að samgöngumálin eru einn mikilvægasti málaflokkur þessarar þjóðar. Til þess að byggð geti haldist í landinu öllu þurfa samgöngur að vera eins góðar og framast er unnt. Það er í raun frumforsenda þess að við getum haldið öllu landinu í byggð, en ég er alls ekki viss um að við höfum staðið þannig að málum að við höfum gert það á sem skynsamlegastan hátt. Það hefur oft valdið mér áhyggjum og ég hef reyndar verið sannfærður um að við höfum ekki varið fjármunum til vegagerðar í landinu á eins hagkvæman hátt og við hefðum getað gert. Við höfum í raun ekki fengið eins mikið fyrir krónurnar og hægt hefði verið.

Ég bjóst satt að segja við því og hélt að við mundum sjá hér frv. til l. um breytingu á vegalögunum sjálfum, en þau eru að mínum dómi orðin mjög úrelt og mjög brýnt að taka þau til gagngerðrar endurskoðunar. T.d. má benda á að í vegalögum er fjallað um þó ekki sé minnst á annað en sýsluvegi og sýslunefndir sem er orðið úrelt hugtak. Hér hefur farið fram veruleg lagahreinsun í vetur þar sem verið er að nema hugtakið sýslunefndir brott úr gömlum lögum. Ég hef ekkert slíkt séð í tengslum við vegalög.

Þá sakna ég þess að hvorki í vegalögum né í till. til þál. um vegáætlun eru tæknimálum gerð fullnægjandi skil. Það er nefnilega þannig að það er löngu orðið tímabært að það sé skilgreint mjög rækilega bæði í lögum og eins að það komi fram í vegáætlun á hvaða tæknistigi við ætlum að haga okkar vegagerð og mannvirkjagerð okkar í samgöngumálum yfirleitt. T.d. vil ég setja spurningarmerki við hugtakið „bund-

ið slitlag“ sem mjög er tíundað og notað í öllum áætlunum og öllum umræðum sem fara fram um vegaframkvæmdir, en mér er mjög til efs að það sem við nefnum bundið slitlag fullnægi þeim kröfum til þess sem við verðum að gera til þess sem við viljum kalla bundið slitlag á þjóðvegum okkar almennt.

Nú er það svo að þegar lagt var á stað með að binda þjóðvegina varanlegu slitlagi var úr vöndu að ráða. Við höfðum ekki fjármuni til að fara út í mjög dýra vegagerð með mjög fullkomnu slitlagi og okkur lánaðist að finna aðferð sem reyndist bæði hagkvæm og ódýr. Ég held að þessi aðferð hafi í raun reynst okkur mjög vel gegnum árin, en ég vil samt sem áður spyrja: Er ekki löngu orðið tímabært að endurskoða þær starfsaðferðir sem við höfum notað í sambandi við vegagerðina og skilgreina á nýjan leik tæknilegan undirbúning og gerð bundinna slitlaga yfirleitt til þess að við lendum ekki þegar fram í sækir í mjög dýru viðhaldi á þeim vegarköflum sem þegar eru lagðir bundnu slitlagi?

Þá hef ég líka haft mínar efasemdir um það á hvaða hátt hefur verið staðið að framkvæmdum við vegagerð yfirleitt. Því miður hefur vegalagningunni yfirleitt verið háttað þannig að þar hefur bútastefnan svokallaða verið ráðandi. Við höfum forðast að fara út í mjög stórar og viðamiklar vegaframkvæmdir í heilum áföngum heldur kosið að skipta framkvæmdum niður í smáverkefni og þar hafa togast á mismunandi sjónarmið og við því er í sjálfu sér ekkert að segja. Heimamenn hafa oft og tíðum viljað fá að stjórna með hvaða hætti framkvæmdirnar hafa verið og viljað fá þar sína hlutdeild og er það ósköp eðlilegt. En á hinn bóginn hefur sjónarmiðum þess efnis að með stórútboðum væri hægt að ná miklu, miklu hagkvæmari og ódýrari vegarlagningu að sjálfsögðu vaxið fylgi. Og það er spurningin með hvaða hætti væri hægt að samræma þessi tvö sjónarmið.

Ég tel að þegar við horfumst í augu við þann mikla niðurskurð sem hefur orðið á framlögum til vegamála verði það ekkert umflúið lengur að taka þessi mál öll upp til rækilegrar endurskoðunar, þ.e. bæði tæknilegar skilgreiningar á vegaframkvæmdunum sem slíkum, hvers konar vegi viljum við leggja, hvert á að vera tæknistig þeirra, gæðastig þeirra framkvæmda sem við ráðumst í og með hvaða hætti ætlum við að haga þessum framkvæmdum. Getum við t.d. klárað hringveginn í einum áfanga með því að skilgreina stórútboð þar sem erlendum jafnt sem innlendum verktakafyrirtækjum væri boðið að taka þátt í að gera tilboð í slíka framkvæmd?

Þá kem ég að þeim þætti vegáætlunar sem lýtur að því með hvaða hætti við bæði flokkum vegi og skiptum niður fjármagninu á ýmsa framkvæmdaliði. Í umræðum sem fóru fram um vegáætlun á síðasta þingi vakti ég máls á þeirri hugmynd að flokka vegaframkvæmdir með öðrum hætti en hingað til hefur verið gert, þ.e. að taka upp sérstakan flokk sem ég hef viljað kalla þjóðfélagsleg verkefni sem ætti að vera óháður kjördæmapotinu. Mér þykir vænt um að eitthvað af þessum hugmyndum sem ég vakti athygli á fyrir ári virðist hafa síast inn í höfuðið á núv. hæstv. samgrh. og það er vel að það er þó farið að gæta einhvers árangurs af starfi Borgfl. á Alþingi.

Ég er þó ekki alveg sáttur við þessa skiptingu eða þessa skilgreiningu á stórverkefnum eins og liggur fyrir í hinni nýju vegáætlun og hefði viljað gera þetta með allt öðrum hætti. Ég hefði talið að við hefðum átt eins og ég gat um í upphafi málsins að breyta vegalögum. Þar hefðum við átt að flokka framkvæmdir í vegamálum niður í fjóra flokka. Þar hefði ég fyrstan viljað telja 1. flokk, þ.e. þjóðfélagsleg verkefni sem ekki er hægt að tengja einu eða öðru kjördæmi.

Slíkt verkefni tel ég að sjálfsögðu allan hringveginn, þ.e. þjóðveg nr. 1, vera. Hann tengist í raun ekki neinu sérstöku kjördæmi þó svo að hann liggi um nær öll kjördæmi landsins ef frá er talið Vestfjarðakjördæmi. En hringvegurinn er eitt almikilvægasta samgöngumannvirki landsins og kannski líklegasta mannvirkið til þess að við getum í framtíðinni haldið öllu landinu í byggð. Þess vegna hefði hann að mínum dómi átt að hafa algeran forgang í þeirri áætlun sem hér liggur fyrir. Það hefði átt að taka hann út úr vegáætluninni með þeim hætti, sem ég er að lýsa hér, að gera hringveginn sem slíkan að sérstöku þjóðfélagslegu verkefni. Til hans hefði átt að veita fjármunum sérstaklega og reyna að ljúka honum í einum áfanga með stórútboði á alþjóðlegum markaði með þátttöku þeirra verktakafyrirtækja sem stærst eru á þessu sviði.

Önnur slík þjóðfélagsleg verkefni sem ég sé fyrir mér eru Reykjanesbrautin, samgöngur hér á höfuðborgarsvæðinu sem eru orðnar aldeilis óviðunandi og eins má flokka undir slík þjóðfélagsleg verkefni jarðgöng eins og reyndar kemur fram í þeirri nýju flokkun sem þó er komið inn á í vegáætluninni.

Í 2. flokki tel ég að ætti að vera stofnbrautir og þjóðvegir, aðrar en hringvegurinn og þau mannvirki sem ég hef verið að lýsa. Síðan mætti í 3. flokki tala um héraðsvegi sem eru minni að mikilvægi en stofnbrautir og þjóðvegir í kjördæmunum og í 4. flokki yrðu þá aðrir vegir svo sem eins og fjallvegir og reiðvegir svo og vegir til ferðamannastaða með meiru.

Ég hef líka áður vikið að því að ég er mjög ósáttur með það með hvaða hætti Alþingi ráðstafar fjármunum til vegaframkvæmda. Ég tel að sú aðferð, sem lengst af hefur verið viðhöfð, að þingmenn viðkomandi kjördæma í samvinnu við sérfræðinga Vegagerðarinnar ráði sínum ráðum, þ.e. fyrir viðkomandi kjördæmi, og ákveði í hvaða forgangsröð framkvæmdir innan þess kjördæmis skuli vera, sé aldeilis óviðunandi stjórn á samgöngumálum og vegaframkvæmdum landsmanna. Ég hefði talið að Alþingi, þ.e. fjárveitingarvaldið, ætti að grófskipta þeim fjárveitingum sem ætlaðar eru til samgöngumála, þ.e. til vegaframkvæmda, með þeim hætti að að sjálfsögðu ætti Alþingi að ráðstafa fjármunum til 1. flokks, þ.e. til þjóðfélagslegra verkefna sem varða allt landið í heild sinni. Um það er ekki spurning að Alþingi

hlýtur að ráðstafa fjármunum til slíkra verkefna. En fjármunum til 2. flokks og 3. flokks, þ.e. stofnbrauta, þjóðvega og héraðsvega í kjördæmunum, tel ég að eigi að ráðstafa með allt öðrum hætti en hingað til hefur verið gert. Hér kem ég inn á hugmyndir okkar sem lúta að því að koma á aukinni valddreifingu og færa vald heim í hérað, heim til landshlutanna. Ef hægt væri að koma á einhvers konar yfirstjórn eða heimastjórn í landshlutunum bæri henni að skipta þeim fjármunum niður sem viðkomandi landshluta eru ætlaðir til samgönguverkefna, til vegaframkvæmda, en ekki þingmönnum viðkomandi kjördæmis. Mér finnst það gjörsamlega fráleitt.

Ég er sannfærður um það að heimamenn, þ.e. þeir sem eru í héraði eða í viðkomandi landshluta, sveitarstjórnarmenn, og ef hægt væri, eins og ég segi, með tiltölulega einföldum hætti koma á einhverri yfirstjórn þeirra mála í viðkomandi landshluta, þeir hafa miklu betri tök á því að meta og ráða fram úr því með hvaða hætti forgangsröðun verkefna ætti að fara fram í viðkomandi landshluta. Með þessum hætti væri hægt að stíga fyrsta skrefið í þá veru að koma völdum og verkefnum heim í hérað í staðinn fyrir, eins og hér hefur verið gert og er verið að gera þessi árin, að stórauka miðstýringuna og safna öllum þráðum saman hjá Alþingi og ráðuneytunum í Reykjavík. Þetta endar líklega með því að jafnvel 5000 kr. framkvæmdum verður ráðstafað héðan úr Reykjavík. Heimamönnum verður ekki einu sinni treystandi fyrir því að ráðstafa slíkum fjármunum. Það stefnir í þvílíka miðstýringu að ég veit eiginlega ekki hvernig það ætlar að enda hjá þessu þjóðfélagi ef fer sem horfir.

Ég ætla ekki að ræða hér mikið um hvort við fáum meiri fjármuni í ár til samgönguframkvæmda en undanfarin ár. Ég vil þó taka undir með síðasta ræðumanni, hv. 1. þm. Reykn., að það er ansi hart að sjá að hæstv. fjmrh. tókst að ná sér þarna í einar 680 millj. kr. beint í ríkissjóðshítina af þeim peningum sem annars hefðu átt að renna til vegaframkvæmda þrátt fyrir mótmæli okkar í stjórnarandstöðunni þegar við vorum að afgreiða fjárlög á sínum tíma um áramótin. Ég tel að þeim fjármunum hefði betur verið varið til að ljúka ýmsum þeim brýnu verkefnum sem við stöndum frammi fyrir í vegamálum og samgöngumálum yfirleitt frekar en að missa þessa fjármuni beint í ríkishítina.

Þá langar mig undir lokin að benda á eitt atriði sem ég tel að sé mjög þýðingarmikið og reyndar lykilatriði ef við ætlum að reyna að nýta fjármuni okkar betur í samgöngumálum en hingað til hefur verið gert. Það er að það er í raun tilgangslaust eða tilgangslítið að leggja fram vegáætlun eina sér. Það hlýtur að vera miklu skynsamlegra að reyna að horfa á samgöngumálin í heild sinni. Ég get ekki séð betur en hafnargerð og flugvallagerð hljóti að vera mjög ákveðinn þáttur í samgöngumálum og tengjast öllum okkar áætlunum í vegamálum. Það er vart hægt að ræða áætlun um framkvæmdir í vegamálum nema í sömu andránni séu ræddar áætlanir um hafnargerð og framkvæmdir í flugvallamálum einfaldlega vegna þess að það skiptir verulegu máli ef á t.d. að byggja höfn á einum stað hvernig vegarlagningu er þá háttað í nágrenni við þann stað eða ef á að byggja flugvöll á öðrum stað, þá skiptir það líka máli. Það hlýtur að hafa veruleg áhrif á hugmyndir manna um hvernig vegaframkvæmdum skuli þá háttað í því nágrenni. Eða er það hugmynd manna að þegar t.d. er búið að tengja tvo staði saman með mjög fullkomnum vegi, þá sé sjálfsagt að byggja flugvelli og hafnir á báðum stöðum? Dæmi um þetta sjáum við því miður út um allt land þar sem kannski er verið að byggja upp mjög fullkomnar og viðamiklar hafnir með stuttu millibili. Meðan vegasamband er mjög lélegt á milli slíkra staða er hægt að verja slíkar framkvæmdir, en þegar er búið að koma á mjög góðu og fullkomnu vegasambandi á milli tveggja staða er þá réttlætanlegt að leggja fjármuni í það að byggja fullkomnar hafnir á báðum stöðunum? Þess vegna finnst mér það vera markleysa að ræða hér vegáætlun nema við ræðum samtímis henni áætlanir í hafnargerð og í flugvallagerð.

Þetta vildi ég sagt hafa að lokum.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Við erum að ræða eitt af þýðingarmestu málum sem eru til umræðu á Alþingi, þ.e. vegáætlun. Ég vil taka undir það, sem hér hefur komið fram áður, að þetta er eitt af stærri byggðamálum og mikilvægustu málum sem við stöndum frammi fyrir og það er ekkert mál sem getur treyst byggð í landinu eins og framfarir í samgöngumálum og þá ekki síst í vegamálum. En það sem mig langar til að koma inn á er það að ég get ekki látið hjá líða þrátt fyrir það að ég mun sem fulltrúi í fjvn. fjalla um þetta allítarlega að láta koma fram þá skoðun mína að hér er um stefnubreytingu að ræða. Það má segja um þá langtímaáætlun sem Alþingi fjallaði um á sínum tíma og allir voru sammála um að nota sem tæki í sambandi við framfarir í vegamálum, þó að hún hafi aldrei verið formlega samþykkt, að vegáætlun hefur á hverju ári verið byggð á þessari áætlun. Hún gerði ráð fyrir stefnubreytingu frá því sem áður var að taka skipulega höndum saman um það að reyna að byggja upp aðalvegakerfi landsins. Þar með, sem var eitt af fyrstu atriðum í þeirri langtímaáætlun, var það atriði að allir aðalvegir, allar stofnbrautir yrðu styrktar þannig að þær bæru a.m.k. 10 tonna öxulþunga. Þessu marki er því miður ekki náð enn. Við vitum að hringinn í kringum landið eru ótal vegir sem detta niður og þola ekki einu sinn 7 tonn eða niður fyrir 5 tonn þó að þessi vegir séu merktir sem stofnbrautir sem eigi að þjóna því mikilvæga hlutverki að við tryggjum samgöngur á aðalvegum um allt landið.

Hins vegar hefur tekist með mjög mikilli útsjónarsemi Vegagerðar ríkisins og þeim ber að þakka fyrir það að ná fram í langtímaáætluninni þeim hugmyndum að ná fram bundnu slitlagi nokkurn veginn eftir því sem ráð var fyrir gert. Þetta tókst bæði með nýjum aðferðum, útboðum og hagkvæmni í vinnubrögðum

og nýrri tækni. Hins vegar er alveg ljóst og rétt að hv. þm. geri sér grein fyrir því að þetta þýddi að það voru tekin öll léttari verkefnin í vegagerðinni en flest erfiðustu verkefnin í stofnbrautakerfinu eru eftir óleyst. Þau kosta miklu, miklu meira fjármagn en þær framkvæmdir allar sem hér hefur verið um rætt. Það er þessi vandi sem mér finnst að við stöndum frammi fyrir í dag. Þegar við ræðum núna nýja vegáætlun fyrir næstu fjögur ár finnst mér þyngst á metunum: Hvernig ætlum við að brúa þetta bil? Þarna tel ég að sé um nokkra stefnubreytingu að ræða þar sem gert er ráð fyrir að við tökum inn, umfram það sem er í gildandi vegáætlun, ný stórverk umfram þau Ó-verkefni sem hafa verið í langtímaáætlun og á vegáætlun til þessa dags. Þar er stærsta verkefnið óleyst, þ.e. jarðgöngin í gegnum Ólafsfjarðarmúla. Ég vil rifja það upp að við vegáætlun á sl. ári gerði ég margítrekaðar fyrirspurnir til þáv. samgrh., sem flutti ágæta ræðu hér áðan, um hvernig hugmyndin væri að fjármagna þegar gerðan samning um byggingu jarðganga í gegnum Ólafsfjarðarmúla í einum áfanga eða svo til óslitið. Auðvitað komu engin svör. Það lá alveg ljóst fyrir í áætluninni fyrir árið í fyrra, 1988, í sambandi við Ólafsfjarðarmúlann að það vantaði 35 millj. kr. Það var ýjað að því að þingmenn Norðurlandskjördæmis eystra yrðu að sjá um lántöku til þessa verkefnis miðað við verkútboðið. Það sem svo skeði var að hæstv. fjmrh. lagði fram aukafjárveitingu á gamlársdag eða þar um, 35 millj. kr., til að greiða þessa fjárhæð þannig að hún er raunverulega úr sögunni. (**MÁM:** Hann dró það af inneign Vegasjóðs.) Hins vegar er ljóst í mínum huga að stórverk eins og Ólafsfjarðarmúlinn og til þess að standa við það verk sem verður að gera og við erum allir, hv. þm., sammála um, þá þýðir ekki svona kák. Það verður að taka til þess erlent lán. Og ég vek athygli á því að þrátt fyrir þá tillögu sem er gerð í þessari till. til þál. um 200 millj. kr. vantar 100 millj. minnst í viðbót. Það kom fram í upplýsingum frá Vegagerð ríkisins á fundi fjvn. í morgun. Og hvar á að taka það? Það er ekki stafkrókur um það.

Ég ætla að lýsa því hér yfir að ég er algerlega andvígur því að það sé sett upp eins og hér er gert að það eigi að taka 200 millj. kr. af óskiptu fjármagni frá öðrum þáttum til nýrra þjóðvega inn í þetta verkefni á þessu ári. Það verður að finna aðra leið til þeirrar fjármögnunar. Ég tel að ríkisstjórnin sé skyldug til þess. Það verður að harma það að þrátt fyrir allar upplýsingar sem fyrir lágu, að það vantaði um 300 millj. kr. á þessu ári til þess að ná því markmiði sem búið er að semja um, er ekki einn einasti stafkrókur, hvorki í lánsfjárlögum né annars staðar. Það er útilokað að ganga á rétt annarra kjördæma í sambandi við þau verkefni sem búið er að semja um á þennan hátt. Ég tel að það sé rétt að láta þetta koma fram strax við 1. umr. málsins um leið og ég rifja upp umræðurnar við hæstv. fyrrv. samgrh. á sl. ári, einmitt um þetta atriði, að ríkisstjórnin yrði að gera það upp, þáv. ríkisstjórn, hvernig hún hygðist standa fyrir þessu stórverki sem búið var að semja um, sem var algerlega opið í umræðunni um vegáætlunina á sl. ári. Ég tel skyldu mína að rifja þetta upp þó að við munum hins vegar ræða þetta vandlega í fjvn. En þarna vantar 100 millj. í viðbót við þær 200 millj. sem gert er ráð fyrir að taka af óskiptu frá öðrum verkefnum sem ég er algerlega andvígur.

Ég ætla ekki að fara ítarlega ofan í þessa vegáætlun við þetta tækifæri. Ég geri það í sambandi við störf mín í fjvn. og þegar sú niðurstaða sem þar fæst verður kynnt. En ég get ekki látið hjá líða að minna einnig á annað mál í þessu sambandi sem var mjög umdeilt við afgreiðslu vegáætlunar á sl. ári, það fjármagn sem Vegasjóður á samkvæmt gildandi lögum frá 1986–1987 og frá 1988, þ.e. tekjur Vegasjóðs umfram áætlunina sem hann réttilega á og voru 285 millj. í vegáætlun fyrir árið 1988 og var við afgreiðslu málsins á hv. Alþingi af fjvn. skipt upp milli kjördæmanna nákvæmlega á verkefni sem er hægt að sjá í þingskjölum frá sl. ári.

Við afgreiðslu fjárlaga í ár upplýstist að þessi fjárhæð er komin niður í 180 millj. vegna þess að tekjur af þeim tekjustofnum sem Vegagerðin hefur innheimtust ekki eins og ráð var fyrir gert 1987–1988 og það er ekki nema eðlilegt að það sé tekið til viðmiðunar, en það voru 180 millj. Ég dreg ekki þarna frá 35 millj. vegna Ólafsfjarðarmúla eins og hv. þm. Matthías Á. Mathiesen taldi að þurfi að gera hér. Það er búið að afgreiða þá upphæð með aukafjárveitingu þannig að það er afgreitt mál. En það eru 180 millj. og við afgreiðslu fjárlaga á sl. hausti og í vetur var tekið fram að það væri alveg útilokað annað en það væri skýrt og skorinort að þetta væri inneign Vegasjóðs hjá ríkissjóði sem ríkissjóður yrði að skila í vegáætlun annaðhvort þetta ár eða næsta ár. Það var spurning um hvort ríkisstjórnin gæti það eða ekki, en alla vega var það neglt niður að þetta væri fjármagn sem ekki væri hægt að nota í annað og það vil ég sérstaklega undirstrika þannig að það komi ekki aftan að neinum í sambandi við þessi mál.

Ég skal ekki, virðulegi forseti, lengja þessar umræður mikið meira, en það mætti margt um þetta tala. Ég verð að segja alveg eins og er að ég reiknaði ekki með því, og segi það alveg í fullri hreinskilni hér, að hæstv. samgrh. treysti sér til að breyta þessari langtímaáætlun þannig að taka þessi stórverkefni, þar á ég við jarðgöngin, inn í vegáætlunina fyrr en eftir að langtímaáætlunartímabili lýkur, þ.e. við værum búnir að ná tökum á því að byggja upp þá þætti í stofnbrautunum sem eru núna Ó-vegir í hverju einasta kjördæmi. Ég vænti þess að reynslan í vetur hafi sannað enn betur hvar þessir vegarkaflar eru í hverju kjördæminu á fætur öðru sem á eftir að leggja í tugi og hundruð milljóna. Ég get nefnt bara eitt lítið dæmi sem er aðalþröskuldurinn frá Borgarnesi og vestur á Vesturland, Mýrarnar. Það eru ekki nema 21 og 22 km. En það kostar yfir 200 millj. að gera þennan veg svo að viðunandi sé. Þessi þáttur í samgöngumálum Vesturlands hefur orðið að bíða m.a. meðan verið var að leggja varanlegan veg norður Holtavörðuheiði og upp Norðurárdal, en vegur vestur Mýrar er út

undan og það er ekki hægt að sjá það í sambandi við þessa uppsetningu í hinu almenna stofnbrautakerfi að við hefðum fjármagn í þennan veg næstu fjögur ár, hvað þá heldur næstu 5–6 ár, miðað við þær fjárhæðir sem hér eru lagðar til grundvallar.

Þetta er aðeins lítið dæmi um hvar við stöndum í þessum málum. Ég verð að segja það alveg eins og er að ég harma það mjög þrátt fyrir ábendingar á undanförnum árum, á hverju ári fyrir sig og síðast á sl. ári þegar við vorum að ræða vegáætlunina, að það hefur ekki verið hreyft hönd eða fótur til að endurskoða langtímaáætlunina á sama hátt og gert var þegar hún var sett á og undirbúin. Þá voru þingmenn í nefndum sem lögðu mánuð eftir mánuð í að búa þessa áætlun til með Vegagerð ríkisins og finna skynsamlegar aðferðir til að ná þeim árangri, sem við öll erum sammála um, að gera vegi hér á landi varanlega og a.m.k. þannig úr garði að við getum borið höfuðið sæmilega hátt miðað við að öll svæði landsins eigi nokkuð öruggar samgöngur á landi. Þessu er ekki lokið. Ég er ekki á móti, síður en svo, að setja jarðgöng af stað og stórbrýr yfir firði o.s.frv., sem við erum auðvitað öll sammála um, en það verður að vera einhver skynsemi í því og við séum ekki að setja eitthvað upp til sýnis sem við getum svo alls ekki staðið við að setja af stað. Það er þetta sem skilur á milli. Auðvitað eru þetta verkefni upp á kannski 12–14–15 milljarða kr. sem hér eru talin upp. Ég er síður en svo að hafa á móti því að áætlun um þetta komi fram og það strax og raunhæf áætlun. En ég vil bara að það sé ekki um leið hlaupið frá þeirri skyldu, sem við höfum og höfum viðurkennt og lofað fólkinu í byggðarlögunum, að vinna eftir langtímaáætluninni, að ná því markmiði að a.m.k. allir aðalvegir landsins, stofnbrautirnar, séu þannig úr garði gerðir að venjulegir flutningabílar geti farið um þá með nokkru öryggi allt árið um kring. Hvað er þar eftir? Það kemur ekki hérna fram, en auðvitað vitum við sjálfir hvernig þau mál standa.

Ég taldi rétt, virðulegi forseti, að láta þetta koma fram hér. Það má enginn skilja það svo að ég sé að draga úr stórum áformum í vegagerð. Það hefur verið mitt hjartans mál frá því að ég kom á þing að vinna að því og ég mun að sjálfsögðu halda því áfram, en ég vil að við séum svolítið raunsæ miðað við það ástand sem er í þessum málum og miðað við það fjármagn sem við höfum í höndunum. Ekki skal standa á mér að styðja að því ef við getum fundið nýtt fjármagn og auðvitað fagna ég því hjá hæstv. samgrh. að hann slær því núna föstu að þeir tekjustofnar sem Vegagerðin á og hefur átt í áraraðir skuli allir koma með skilum til verkefnisins. Auðvitað fagna ég því. En jafnframt vil ég benda á þetta og um leið endurtaka að ég get ekki fallist á þá uppsetningu að taka 200 millj. af nývegafénu í ár og setja það í Ólafsfjarðarmúla. Það verður að finna aðrar leiðir til að fjármagna þetta mikilvæga verkefni sem allir eru sammála um að verði að ljúka samkvæmt áætlun.

Ég ætla svo ekki að segja meira, virðulegi forseti. Ég mun ræða þetta og skoða alla þætti þessa máls í meðferð þáltill. í fjvn., en ég tel að við þurfum að skoða marga þætti vandlega.

Benedikt Bogason:

Virðulegi forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja að þróað velferðarríki á nútímavísu er algerlega háð því að samgöngur séu greiðar, enda hefur það komið fram held ég hjá öllum ræðumönnum fram að þessu í einhverri mynd. Hvort sem um er að ræða þéttbýli eða dreifbýli eru það gæði farvega og tækja í samgöngum sem skera úr um hversu stór svæði geta boðið upp á dagleg samskipti og stuðlað að bættri afkomu og betra mannlífi. Í þessu sambandi kom einmitt síðasti ræðumaður inn á það, sem er mikilsvert, að það sé hægt að treysta þessum vegum árið um kring, að holklakinn stöðvi ekki alla flutninga vikum og mánuðum saman eða rigningartímar geri slíkt hið sama. Þetta er mikilvægur þáttur í samgöngumálum svo og annar þáttur sem ég vík aðeins að síðar, þ.e. öryggið sem fæst við að skipuleggja betur snjómokstur, að vera ekki að láta einhverja kontórista hér í Reykjavík ákveða hvernig mokað er heldur að það sé gert af þeim mönnum sem eru á staðnum.

Samtenging heimamarkaðssvæða með tilliti til öryggis, hraða og hagkvæmni sker svo úr um hæfni á þjóðhagslegum grundvelli, auk jafnra möguleika allra til samfélagsþjónustu og menningarlegra og félagslegra samskipta. Þess vegna er mjög mikilsvert að vel sé að verki staðið þegar verið er að ákveða þann ramma sem fylla á í næstu fjögur árin.

Mér virðist tillaga sú sem hér liggur frammi, till. til þál. um vegáætlun árin 1989-1992, engan veginn nógu vel ígrunduð eða unnin. Þetta er fremur hægfara þægilegur framreikningur án tillits til ýmissa þátta sem nú kalla á miklu meiri grunnvinnu. Það er eins og ekkert hafi breyst síðan síðasta fjögurra ára áætlun kom fram nema helst að það hefur verið heimatilbúin kreppa í þjóðfélaginu síðan í fyrra sem slær niður hagvöxtinn og þess vegna þurfti hæstv. fjmrh. að laumast í matarholu af vegafé og seilast í 700 millj. í því augnamiði að hafa jöfnuð á skattlagningu á sem flestum þáttum til að ná því heilaga markmiði að hafa hallalaus fjárlög og væri gott ef það markmið næðist þegar upp er staðið.

Á undanförnum árum og áratugum hefur verið gert stórátak í vegagerð um allt land, byggðarlög og landshlutar smám saman tengst saman með betri vegum, uppbyggðum með bundnu slitlagi og betri og stærri brýr byggðar. Þjóðhagslegur ávinningur af þessu er auðsær, enda oft um mjög arðbærar framkvæmdir að ræða. Þessu ber að halda áfram af fullri einurð, ég tek það skýrt fram, slaka ekki á í neinum þáttum. En ég vil strax taka það fram sem þingmaður Reykjavíkur sem hefur jafnframt starfað mikinn hluta af sinni starfsævi í þágu landsbyggðarinnar að ég tel stöðuna þannig núna að það sé alls ekki hægt að horfa fram hjá því að hér á höfuðborgarsvæðinu hefur myndast vandræðaástand í umferðarmálum. Hver einasti þingmaður hlýtur að verða var við það þegar hann kemur til vinnu eða fer frá vinnu hvers

konar ófremdarástand er á höfuðborgarsvæðinu, sem er kannski miklu alvarlegra vegna hinnar gífurlegu slysatíðni og árekstratíðni sem hér er eingöngu vegna þess að hér hefur ekki verið byggt upp stofnvegakerfi í samræmi við þá umferð sem hefur verið að síaukast hér. Þess vegna vil ég endilega reyna að vinna að því að það sé gert átak í þessum málum, meira átak en þarna er talað um og öðruvísi en þó án þess að það sé slakað á því prógrammi sem er í gangi núna um allt land.

Ég hef litið þannig á, og ég tek undir það sem síðasti ræðumaður sagði, að það er vitað mál að t.d. sunnanvert Snæfellsnesið hefur setið eftir. Kannski var það vegna þess hve Borgarfjarðarbrúin á sínum tíma dró mikið til sín, en samt sem áður, ef þetta er skoðað í heild, hef ég og margir aðrir litið þannig á að á næstu fimm árum munum við geta náð utan um þá grunnbyggingu vegakerfisins sem er í gangi. Við ættum að geta tengt alla þéttbýlisstaði vegum með bundnu slitlagi og við ættum sömuleiðis að geta sett bundið slitlag á fjölförnustu sveitavegi. Ég mundi telja að það væru 5–7 ár í það að öllu óbreyttu. Þess vegna er nauðsynlegt nú þegar að huga að því hvað tekur við og það eru að sjálfsögðu nýjar framkvæmdir, nýjar áætlanir sem m.a. hafa í för með sér stórframkvæmdir eins og jarðgöng, styttingar með stórbrúm o.s.frv. En ég og fleiri halda því fram að vilji menn vera öruggir um að leggja peninga í góða hluti hér á Íslandi skilar kannski fjármagn til samgöngumála öruggustum og bestum arði ef vel er að verki staðið. Við skulum hafa það í huga. Ég vil líka að það komi hérna fram að arðsemismat Vegagerðar ríkisins er eina arðsemismatið í samgöngugeiranum sem vel er þróað. Það nær hins vegar ekki yfir nema tvo þætti arðsemi vega, beinan sparnað umferðar vegna bættra vega og svo sparnað Vegagerðarinnar sjálfrar vegna minni viðhaldskostnaðar. Þetta arðsemismat getur ekki legið til grundvallar arðsemismati og forgangshröðunar við gerð samræmdrar samgönguáætlunar, langtímaáætlunar sem tekur tillit til, eins og hv. 7. þm. Reykn. kom inn á áðan, hvað er verið að gera í uppbyggingu hafna eða flugvalla. Eigum við ekki að taka til greina hvaða ávinningur fæst af hverri framkvæmd?

Stærri hluti arðsemi þess að bæta samgöngkerfið kemur fram hjá notendum þess án þess að mælast sem sparnaður umferðar. Þetta er hagræði atvinnulífsins, sparnaður í opinberri þjónustu og á öðrum sviðum. Þessa þætti er erfitt að meta nákvæmlega. Heppilegasta aðferðin við að ákveða forgangsröð getur því verið að láta hagkvæmni framkvæmda ráða.

En eftir almennan inngang ætla ég að eyða örfáum mínútum í þessa tillögu eins og hún liggur fyrir. Ég hef því miður ekki haft mikinn tíma til að skoða bakgrunninn og möguleikana, en ég tek það strax fram — það er víst enginn fjármálaspekingur hér — jú, hér er hæstv. samgrh. — að ég mun leitast við og áskil mér rétt til að koma með brtt. og ég skal skýra af hverju.

Grundvöllurinn sem er undir þessari áætlun var, sem kom fram í ræðu samgrh., varkár ákvörðun um að reikna bæri með 2,5% hagvexti í langtímaáætlun 1981 eða öllu heldur 1983, en 1983 mun hún víst hafa verið lögð fram formlega en því miður aldrei samþykkt og kannski vegna þess að hún virtist ekki vera unnin í grunn. En það sem er grunnur þess sem ég er að halda fram og grunnur þeirra brtt. sem ég mun vinna að er hagvaxtarspá í ár. Núna í ár er áætlað að hagvöxtur minnki um 1–2% og yfir 1% minnkun í fyrra, og þá segi ég: Ætlið þið þá að fara að keyra þetta þjóðfélag næstu þrjú árin með 2½% hagvexti sem rétt nægir til að skrimta? Við vitum að 1½% af þessu fer bara til að mæta mannfjölguninni. Það er talað um að til þess að hér séu eðlilegar framfarir þurfi að reikna með um 3,5–4% hagvexti. Það sé eðlilegt jafnvægi fyrir okkur. Þess vegna segi ég að mér finnst einmitt núna að þessar forsendur séu of svartsýnar og ekki í samræmi við það sem við hljótum að reikna með. Við vitum að fjárfestingar síðari ára fara í meiri mæli að skila sér á næstu árum. Margar grunnfjárfestingar eru þegar búnar eins og fiskiskipin sjálf, eins og frystihúsin sjálf, eins og virkjanir, eins og hitaveiturnar o.s.frv. Fjárfestingar í atvinnuvegunum eru kannski viðbætur og endurbætur sem ekki kosta mikið, vélvæðing og slíkt. Síðan kemur strax á næsta og þar næsta ári heilmikill skammtur inn í þjóðfélagið sem er afrakstur fiskeldisins sem búið er og er verið að fjárfesta mikið í. Það fer að skila sér og hefur áhrif á þessa tölu.

En ég ætla ekki að fara nánar í þetta að sinni. Grundvöllur tekna í vegáætlun eru markaðir tekjustofnar. Ég er löngu hættur að trúa því að það sé hægt að fá Alþingi nokkru sinni til að fara fram úr því. Allar tilraunir í þá átt hafa mistekist og þetta er núllað niður sífellt. Þess vegna segi ég: Eina ráðið til að leysa þetta eins og þarf er að auka markaða tekjustofna. Því mun ég vinna að tillögu um að það bifreiðagjald, sem lagt var á í fyrra og var eiginlega seilst í úr samgöngugeiranum og mun áætlað núna 680 millj., verði tekið a.m.k. að verulegu eða öllu leyti eftir árið í ár sem markaður tekjustofn. Ef það verður gert breytist þetta upphaflega hlutfall af þjóðarframleiðslu, sem menn settu sér og varð samkomulag um 1983 og þótti ekkert allt of mikil bjartsýni, 2,08% eftir núverandi grunni.Það er í þál. 1,45% fyrir árin 1990–1992 en yrði um 1,7% ef fallist yrði á væntanlega brtt., 680 millj. kr. aukningu, og það þykir mér ekki mikið. Það er þá hægt, ef bakslag kemur eins og við höfum haft í fyrra og núna, að vísu af manna völdum, að gera eins og gert er í ár, að skerða þennan lið til að taka þátt í skellinum að hluta.

En mig langar aðeins til að nefna þá liði sem ég vildi gjarnan skoða betur. Ég vildi dreifa þessari 680 millj. tekjuaukningu á ákveðna þætti, t.d. í lið 2.2.1.9, Vegamerkingar, að tvöfalda upphæð. Umferðaröryggisaðgerðir eru nú teknar sem sérlið, en ég held að það þurfi miklu, miklu meiri fjármuni í það en þessar 20 millj. sem eru áætlaðar. Ég mundi vilja tvöfalda þá upphæð. Ég vil skoða betur hvort bundið slitlag á þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum, þess-

ar 28 millj. sem eru látnar fjara út 1992, sé rétt mat. Þetta hefur verið geysileg hjálp einmitt fyrir veikustu staðina til að komna sér í gang með slitlög. Ég hefði gjarnan viljað halda því út tímabilið. Síðan vil ég auka vetrarviðhaldið og endurskipuleggja. Ef það er óveður þann dag sem á að opna, þá á bara að opna fyrsta góðan dag á eftir en ekki að reyna að festa veðurfarið í klafa einhverrar stundaskrár. Það hefur sýnt sig að það gengur ekki.

En að lokum það mikilvægasta. Það sem ég legg höfuðáherslu á er ekki að stíga það skref að setja í einn pott stórverkefnasjóðinn sem ég tel þó til mikilla bóta. Hann býður upp á miklu hagkvæmara skipulag hjá sérfræðingum Vegagerðarinnar. Þeir hafa miklu meira svigrúm til að nýta þekkingu sína og krafta og reynslu og ég er afskaplega hrifinn af þeirri hugmynd, en þetta eru of lágar upphæðir til skiptanna. Ég tel að til þess að forðast togstreitu, sem ég sé alveg fyrir mér að verður þegar þetta gengur hringinn um fjvn., verði að halda ákveðinni upphæð fyrir höfuðborgarsvæðið næstu 3–5 árin. Ég mun leggja til að af þessari aukningu sem ég legg til verði settar 300 millj. á ári næstu þrjú árin í það. Síðan má prútta um viðbæturnar. Mér sýnist á öllu að það kosti um 2,2 milljarða að koma þessu kerfi í lag núna þannig að sé mönnum sæmandi. Við það fækkaði umferðarslysum kannski um 60–70%, tryggingar lækkuðu því að þessir sífelldu árekstrar kosta peninga,. Það er hægt að draga svona 700–800 millj. frá þessum 2,2 milljörðum, fé sem er innbyggt í aðra liði, þannig að ef þetta væri gert væri á sama tíma og landskerfið væri komið á endastöð með slitlög og slíkt eftir 5–6 ár höfuðborgarsvæðið orðið þannig að það bæri þá bíla sem því ber.

Ég ætla ekki að orðlengja meira að sinni, en ég mun á síðari stigum vinna úr því sem ég hef sagt og það munu koma brtt. í þessa veru. Svo þakka ég fyrir orðið.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Staðan í kjaramálum.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Eins og hér hefur komið fram fyrr á fundinum verður þessari umræðu um vegáætlun nú frestað því gefið hefur verið leyfi til umræðu utan dagskrár að beiðni hv. 18. þm. Reykv. um stöðuna í kjaramálum. Sú umræða fer fram skv. síðari mgr. 32. gr. laga um þingsköp og er því án tímamarka.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Sú ríkisstjórn sem nú situr við völd er hálfs árs gömul. Það er að sönnu ekki hár aldur, en hún er þó búin að ganga í gegnum ýmislegt. Hún tók nauðungarlög í arf frá fyrri ríkisstjórn, lög sem bönnuðu fólki að semja um kaup og kjör, bönnuðu umsamdar kauphækkanir og settu á verðstöðvun. Af þessum þremur atriðum gekk sýnu verst með verðstöðvunina þar sem alltaf voru einhverjar smugur sem mynduðust. Hún jók skatta og hún felldi gengið, en felldi ekki niður matarskatt, rétt að hún orðaði að nota mætti matarskattinn í skiptimynt við launþega í kjarasamningum rétt eins og þessi illræmdi skattur hefði verið samningsatriði hjá launþegum.

Ekkert af þessu eru nein ný tíðindi, þetta eru gamalreyndar stjórnunaraðferðir, enda að mestum hluta sama ríkisstjórn og sú sem sat áður. Aðeins einn þriðji fyrrv. ríkisstjórnar hvarf af vettvangi og Alþb. kom í staðinn. Þar er auðvitað skýringarinnar að leita á því að arfurinn gekk heill og óskiptur frá fyrri ríkisstjórn til þeirrar núverandi. Skilgetnu börnin tvö áttu auðvitað fullan rétt á arfi og tökubarnið var náðarsamlegast tekið í hópinn með fullum réttindum og ábyrgð, enda gladdist það svo við tilboðið að það hefur varla heyrst æmta né skræmta síðan og gerði enga tilraun til að breyta hefðum í fjölskyldunni. Heyrist að vísu einstaka sinnum kjökra en þagnar fljótt. Helst að það heyrist frá tökubarninu eitthvað um hvað það ætlar að gera þegar það er orðið stórt, seinna.

Þegar svona útskiptingarreglum er beitt í myndun nýrra ríkisstjórna, þ.e. þegar einhverjir þeirra gömlu hverfa á miðju kjörtímabili og nýir taka við, er auðvitað ekki að vænta mikilla stefnubreytinga. Eiginlega var eina merkjanlega breytingin sú að með tilkomu tökubarnsins var breytt um nafn og ný ríkisstjórn kennir sig við félagshyggju og jafnrétti. Þessu til áréttingar voru settar nokkrar setningar í málefnasamning ríkisstjórnarinnar svo sem eins og um að bæta lífskjör hinna tekjulægstu, að taka upp viðræður um skipulag vinnumarkaðarins og starfsmannastefnu ríkisins í því skyni að auðvelda mörkun samræmdrar launastefnu sem tryggi aukinn launajöfnuð og um átak til að tryggja betur jafnrétti kynjanna, sérstaklega í launamálum.

Það er ástæða til þess að rifja þessi orð upp hér þar sem þessi ríkisstjórn hefur nú fengið sína fyrstu eldskírn í framkvæmd þessara yfirlýsinga í nýjum samningum við hluta opinberra starfsmanna, þ.e. þeirra sem eru innan vébanda BSRB. Laus úr fjötrum eigin nauðungarlaga gat þessi félagshyggju- og jafnréttisstjórn tekið til hendinni.

Eftir að verðstöðvun lauk fór skriða verðhækkana af stað. Allar búvörur hækkuðu. Flestar eru stór liður í daglegri neyslu fólks. Bensín hækkaði, fargjöld, afnotagjald útvarps, bifreiðatryggingar og opinber þjónusta af ýmsu tagi. Í febrúar hækkaði framfærsla um 4200 kr. þrátt fyrir verðstöðvun og hækkanir eftir 1. mars leiddu til 2,7% hækkunar á framfærslu. Í kjölfar þessara hækkana voru svo samningar lausir og þá reyndi á þolrifin.

Fyrsti kapítuli sögunnar um félagshyggju og jafnrétti hefur nú verið skráður. Ekki er hann nú glæsilegur. 2000 kr. eiga opinberir starfsmenn í BSRB að fá í sinn hlut fyrst í stað til að bæta upp kaupmáttarrýrnunina frá samningunum frá 1987. 6500 kr. í

orlofsuppbót og svo 1500 kr. í september og 1000 kr. í nóvember til að mæta öllum verðhækkununum sem þegar hafa orðið og þeim sem verða á næstu mánuðum. Allt þetta er þegar upp er staðið metið sem um það bil 10% hækkun frá því sem nú er. En þá verður líka komið fram í nóvember og dettur nokkrum heilvita manni í hug að hér sé verið að semja í raun um hækkun. Dettur einhverjum í hug að forsendur fjárlaga um verðbólgu standist? Ég held að allir nema e.t.v. hæstv. fjmrh. segi nei, enda er hæstv. fjmrh. glaður þessa dagana. Þeirri gleði deilir hann m.a. með Davíð Oddssyni og það hefði einhvern tíma þótt saga til næsta bæjar að þeir fyndu sér sameiginleg fagnaðarefni.

Hæstv. fjmrh. dáist að tillitssemi og ábyrgð launþega. Hann ætlar að þakka þeim með því að setjast með þeim niður á tveggja mánaða fresti til að ræða og athuga leiðir til úrbóta ef einhverjar þær breytingar verða á samningstímabilinu sem breyta forsendum samninga. Ja, mikil er náð hans. En e.t.v. má túlka það sem framför. Hann fékkst ekki til að setjast niður með launþegum fyrr en allt var komið í óefni og þar fetar hann dyggilega í fótspor fyrirrennara sinna. Virða launþega að vettugi þar til á elleftu stundu. Og svikamyllunni er viðhaldið, skyndisamningar gerðir undir fallöxi tímans og loforð um að næst verði betur að staðið gefin í sárabót.

En hvernig stendur nú á þessari tillitssemi launþegahreyfingarinnar og ábyrgðartilfinningu? Og hvernig stendur á því að tillitssemin og ábyrgðartilfinningin í forustu BSRB er svona rík gagnvart ríkisvaldinu en lítil gagnvart sínum umbjóðendum? Skýringarinnar er vafalítið að leita í vonleysi fólks og hræðslu. Launafólk hefur mátt þola endalausar árásir ríkisvaldsins, lög á lög ofan sem sviptir það umsömdum kjarabótum og réttindum, lög sem tóku af því samningsrétt, skattahækkanir, verðhækkanir og kaupmáttarrýrnun. Þar á ofan er því svo sífellt kennt um að bera ábyrgð á verðbólgunni, bera ábyrgð á viðskiptahallanum og yfirleitt öllu því sem aflaga fer.

Þeir nýju herrar sem nú bættust í ríkisstjórnina mótmæltu kröftuglega á sínum tíma matarskattinum sem hefur íþyngt öllu venjulegu launafólki gífurlega. Síðan hefur ekki heyrst múkk um hann nema eins og ég sagði áðan í einhverju óljósu tali um skiptimynt.

Það er liðið um það bil eitt ár síðan hæstv. núverandi fjmrh. boðaði til blaðamannafundar í Alþingishúsinu til að kynna þáltill. Alþb. um launajöfnun, lágmarkslaun og nýja launastefnu. Sú tillaga hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að brýna nauðsyn beri til að skapa víðtæka samstöðu um nýja launastefnu er miði að því að draga úr hinum óhóflega launamun sem ríkir í landinu og tryggja að lægstu laun dugi fyrir nauðsynlegum framfærslukostnaði."

Í 2. lið þessarar tillögu segir: „Reiknuð verði út sérstök lágmarkslaunavísitala sem miðast við nauðsynleg útgjöld venjulegs launafólks til heimilisreksturs. Þessi nýja lágmarkslaunavísitala verði reiknuð út fjórum sinnum á ári. Takist ekki með kjarasamningum að tryggja að lægstu laun séu í samræmi við þann framfærslukostnað sem hin nýja lágmarkslaunavísitala mælir verði sett lög um lágmarkslaun fyrir dagvinnu sem tryggi nauðsynlegar framfærslutekjur. Kauptaxtar samkvæmt þeim launum verði viðmiðun fyrir yfirvinnu og annað það sem áður tók mið af lægri töxtum, svo og fyrir elli- og örorkulífeyri og tekjutryggingu. Slík lög um lágmarkslaun gildi þar til niðurstöður almennra kjarasamninga gera þau óþörf."

Og í greinargerðinni segir m.a., með leyfi forseta: „Tillaga þessi um mörkun nýrrar launastefnu er flutt í ljósi vaxandi misréttis, misskiptingar og ranglætis í launamálum í landinu."

Og enn fremur segir: „Alþýðubandalagið telur enga aðra stefnu geta komið til greina í þessum efnum en þá sem leggur til grundvallar jöfnuð í launum og lífskjörum. Eigi að takast sátt í þjóðfélaginu um nýja launastefnu til að vinna eftir hljóta réttlát jöfnunarsjónarmið að verða hornsteinar þeirrar stefnu. Stefna vinnuþrælkunar og vaxandi launamunar samfara auknu geðþóttavaldi einstakra atvinnurekenda hefur haft undirtökin í þjóðfélaginu um sinn. Hún leiðir til vaxandi stéttaskiptingar, óstöðugleika og síðan óhjákvæmilegra aðgerða þeirra sem verr eru settir til að reyna að rétta hlut sinn. Forsenda friðar á vinnumarkaði er því ekki sú að verkafólk láti af réttmætum kröfum sínum um mannsæmandi laun eins og ríkisstjórn og atvinnurekendur virðast halda, heldur þvert á móti verði tekin upp gerbreytt stefna í launamálum, ný launastefna sem allur almenningur unir við. Sú launastefna, sem gerir fáeina íhaldssama stjórnmálamenn, efnahagsráðunauta þeirra og verslunar- og stóratvinnurekendaauðvald ánægða en allan þorra vinnandi fólks óánægðan fær ekki staðist í lýðræðisþjóðfélagi nema tímabundið og þá með sífelldum ófriði." E.t.v. man hæstv. fjmrh. þetta utan að svo að hann þarf ekki að hlusta, en nú er hann sestur aftur.

Því er þetta rifjað upp hér að sá hinn sami maður sem boðaði til áðurnefnds blaðamannafundar situr nú í embætti fjmrh. og hefur því umfram aðra menn aðstöðu til að fara að eigin orðum. En það er himinhrópandi munur á orðum og gjörðum. Hann notar alveg sömu aðferðir og fyrirrennarar. Það hefjast engar samningaviðræður fyrr en allt er komið í óefni og verkföll BHMR að skella á. Það var ekki einu sinni skipuð samninganefnd fyrr en 14. febr. Starfsemi hennar hófst á utanlandsferð formanns samninganefndar. Loks fara svo smánartilboð ríkisstjórnarinnar að líta dagsins ljós og árangurinn er nú kominn í ljós eins og ég lýsti hér áðan.

En víkjum aftur að tillitssemi og ábyrgðartilfinningu forustu BSRB. Fyrir nokkru hélt Kvennalistinn fund á Hótel Borg um kjaramál undir yfirskriftinni: Þorir verkalýðshreyfingin, getur hún, vill hún? Þar var mikið um loðin svör eins og gengur þegar forustumenn hinna ýmsu launþegasamtaka sem sátu fyrir svörum lýstu aðgerðum í komandi samningum. En allir lýstu þeir því yfir að ekki yrði verið með undan-

slátt, stefnt skyldi að því að kaupmætti launa eins og hann var eftir samningana 1987 skyldi náð. Hvað veldur þá undanslættinum? Þorir verkalýðshreyfingin ekki? Getur hún ekki eða vill hún ekki? Ætli svarið felist ekki í tveim fyrstu orðunum að hún þori ekki og geti ekki. Ég ætla ekki að efa viljann. Hún þorir e.t.v. ekki af hræðslu við ástand sem kynni að skapast, hræðslu við verðbólgu, hræðslu við atvinnuleysi, hræðslu við hið ófyrirséða, hið ókomna. Getur ekki vegna þess að hrætt og vonsvikið fólk hefur ekki slagkraft og baráttuvilja. Fólk er hrætt og vonsvikið vegna síendurtekinna árása. Það trúir því ekki að neitt breytist. Og þrátt fyrir verkföll og sífelld átök á vinnumarkaði hefur lítið áunnist og heldur miðað aftur á bak um hríð ef eitthvað er. Fólk sem þarf að vinna myrkranna á milli til að sjá sér og sínum farborða á ekki mikið þrek eftir í sífelld átök sem skila litlum árangri og það litla sem næst er aftur tekið með valdboði.

Stjórn félagshyggju og jafnréttis notar sömu aðferðir og sömu rök og fyrirrennarar hennar. Þjóðfélagið hefur ekki efni á, en heimilin eiga sífellt að hafa efni á.

Verkföll eru ekkert gamanmál fyrir fólk sem er bundið á klafa skulda og lágra launa. Ekki síst þegar það er barið niður strax eftir litla áfangasigra. Nú er því veifað að nýafstaðnir samningar séu launajöfnunarsamningar þar sem allir fengu sömu krónutölu í hækkun og eins komu til ýmsar úrbætur sem koma að sönnu verst launaða fólkinu vel. En eftir stendur það að laun þorra fólks í BSRB eru allt of lág og duga engan veginn til framfærslu. Það þarf tvær fyrirvinnur fyrir hvert heimili og ómæld og ómannúðleg yfirvinna er hlutskipti flestra.

Um það bil 30% af tekjum fólks fást með yfirvinnu, 30%. Það þarf varla að endurtaka það hér svo oft sem það hefur verið tíundað hverjar afleiðingar þessi mikla vinna hefur á fólk, fjölskyldur og heimili. Launastefna hverrar ríkisstjórnar er að sínu leyti fjölskyldustefna í raun. Þar sýna stjórnvöld m.a. í verki hvaða hug þau bera til launafólks í þessu landi, barna þess og fjölskyldna.

En víkjum aftur að því að vinnuþrælkað skuldugt láglaunafólk sé ekki til stórátaka. Það nýta stjórnvöld sér svo sannarlega, þessi ríkisstjórn ekki síður en fyrri þrátt fyrir stefnu nýrra valdhafa. Hæstv. núv. menntmrh. sagði á Alþingi í fyrra í umræðum um þáltill. Alþb. um nýja launastefnu eitthvað á þá leið, með leyfi forseta, að mismunun í lífskjörum öllum væri hrikalegri núna en sést hefði mjög lengi í þessu landi og jafnframt að forsenda þess að hægt væri að halda uppi sjálfstæðu þjóðfélagi á Íslandi væri sú að tiltölulega mikill jöfnuður ríkti. Hann hnykkti síðan út með því að segja að kjarni málsins væri sá að ekki væri hægt að lifa af þeim launum sem fólk hefði og að umræddur tillöguflutningur væri til marks um það að alþýðubandalagsmenn höfnuðu þeim málflutningi atvinnurekenda að ekki væri hægt að borga hærri laun. Þeir höfnuðu því fyrir hönd þess fólks sem verið væri að dæma til svívirðilega lágra lífskjara sem byggðust á lágum og lélegum kauptöxtum. — Svo mörg voru þau orð.

Vísitölufjölskyldan í dag þarf til framfærslu á mánuði um það bil 203 þús. kr. samkvæmt Hagstofunni, 203 þús. kr. fyrir 3,46 einstaklinga. Nú er sagt að þetta sé neyslumæling og segi lítið sem ekkert um þarfir. En þessar tölur eru þó ábyggilega nær sanni um kostnað hverrar fjölskyldu en þær sem laun eru nú miðuð við.

Meðaltöl segja auðvitað ekki alla söguna um laun eða kjör eða framfærslu. Þau segja manni þó að margir verði fyrir ofan meðaltölin og margir fyrir neðan. Goðsögninni um stéttlaust þjóðfélag er viðhaldið með meðaltölum. En raunveruleiki hvers og eins er ekkert meðaltal og það fólk sem er fyrir neðan meðaltölin fær í raun að kenna á því hve stéttaskiptingin og launamunurinn er gífurlegur.

Það batt eflaust margt vonir við leiðréttingu sinna mála með tilkomu alþýðubandalagsmanna í ríkisstjórn, en hefur nú fengið sýnishorn í framkvæmd félagshyggju og jafnréttis. Eða hvað finnst öllum konunum í BSRB um launajafnréttið? Einstæðu mæðrunum? Enn þá fylla konur alla lægstu launaflokkana og eru í stórum hópum með laun innan við 50 þús. kr. á mánuði þrátt fyrir launajöfnunarsamninga. Það er kannski þakkað fyrir það í dag að hafa ekki fengið ný lög í hausinn, hafa þó fengið 2000 kr. í launahækkun og hafa fengið loforð um að málin verði rædd á tveggja mánaða fresti. En ætli þær eigi ekki innan tíðar eftir að vakna upp við vondan draum, 2000 kr. horfnar fyrr en varir og loforðum er lítið að treysta eins og dæmin sanna. Ætli þær haldi ekki áfram að leita í stórum hópum til félagsmálastofnana með beiðni um fjárstyrk til að geta séð sér og sínum farborða? Starfsmenn félagsmálastofnana hafa lýst því hvernig þessi nýi hópur skjólstæðinga stækkar sem þarf að leita eftir fjárstuðningi til framfærslu þrátt fyrir að vinna fulla vinnu og meira en það. Ætli þau verði færri eða léttari skrefin á næstunni?

Hvaða boðskap hefur hæstv. fjmrh. að flytja þessum konum? Hann svarar því eflaust á eftir og verður varla svara fátt fremur en fyrri daginn. Hann segir þeim kannski að fara þá bara í betur launuð störf eins og hann hefur ítrekað látið út úr sér við samningaborð eftir því sem sögur herma.

Ég sagði áðan að fyrsta kapítula væri lokið í félags- og jafnréttisbók ríkisstjórnarinnar, en næsta kafla er ekki lokið. Félagar í BHMR eru nú í verkfalli. Fyrstu viðbrögð hæstv. fjmrh. voru að svipta BHMR-menn launum fyrir fram, þ.e. að ákveða að greiða ekki laun nema fyrir sex fyrstu daga apríl. Þessar sömu aðferðir voru notaðar 1984 í verkfalli BSRB og þá mótmæltu tveir aðilar núv. ríkisstjórnar því hástöfum. Hæstv. fjmrh. skýtur sér bak við dóm sem féll þegar BSRB höfðaði mál gegn þáv. fjmrh. Sá dómur féll fjmrh. í vil, en síðan hefur lögum verið breytt.

Árið 1984 voru lög í gildi um samningsrétt og þar hljóðaði 14. gr. laganna svo: „Nú rennur kjarasamningur út vegna uppsagnar og skal þó eftir honum farið

uns nýr kjarasamningur hefur verið gerður eða vinnustöðvun hefst."

Þessum lögum var breytt með nýjum lögum sem tóku gildi 31. des. 1986 og í dag hljómar þetta á þessa leið: „Nú rennur kjarasamningur út vegna uppsagna og skal þó eftir honum farið uns nýr kjarasamningur hefur verið gerður."

Þrátt fyrir þetta grípur fjmrh. til þessa bragðs fyrirrennara sína. Og svona smáatriði standa ekki í honum. Meira að segja datt honum í hug að rétt væri að svipta fólk veikindaorlofi og konur í barnsburðarleyfi launum, en einhverjum tókst að koma fyrir hann vitinu í þeim efnum. En hvað eiga svona aðgerðir að þýða? Þetta heitir að kasta stríðshanska, enda einkennist allt þetta mál af stríðsástandi. Það er ekki sest niður til samninga fyrr en búið er að skipa aðilum í óvinafylkingar, haft í hótunum, fólk svipt launum, samningsvilji lítill og nú auðvitað skákað í skjóli nýgerðs kjarasamnings BSRB og sagt að um annað þýði ekki að tala. En nú er það einu sinni svo að það er frjáls samningsréttur í bili og því ekki hægt að setja neinar reglur um það fyrir fram um hvað verður samið. En látum það vera í bili og lítum aðeins á stöðu þess fólks sem er í verkfalli.

Allt þetta fólk hefur háskólanám að baki, mismunandi langt, en háskólapróf þó. Það ræður þó ekki úrslitum hvort fólk hefur próf eða gráður eða hvaða störf það vinnur. Það deilir þeim kjörum með öðru launafólki og hefur gert undanfarið að búa við samningsbann, launafrystingu og rýrnandi kjör. Nú setur það sér það mark að rétta sinn hlut og fá sambærileg laun og fólk með sambærilega menntun úti á hinum almenna vinnumarkaði. Nær lagi mun þó vera að segja: Lágmarkslaun kollega sinna á almennum vinnumarkaði. Margt af því á þess ekki kost að vinna neins staðar annars staðar en hjá því opinbera vegna eðlis náms síns og starfa.

Ég ætla ekki að fara að tíunda hér afleiðingar þessa verkfalls og það ástand sem nú ríkir í ýmissi opinberri þjónustu. Það er kunnara en frá þurfi að segja. En mála sannast er það að þeir sem að verkfallinu standa gera það ekki að gamni sínu t.d. að raska öllu skólahaldi í framhaldsskólum landsins, sjúkra- og heilbrigðisstofnunum og dómskerfi, svo að eitthvað sé talið. Þetta er nauðvörn fólks sem finnst svo hart að sér gengið að aðrar leiðir séu ekki færar. Ég vil líka leyfa mér að fullyrða að verkfallið sé meira að segja liður í umhyggju þeirra fyrir hinum sömu stofnunum og því starfi sem þar fer fram því að ef ekkert verður að gert til að bæta hag þessa fólks verður árangur starfa þeirra og mikilvægi lítils virt.

Hið opinbera er engan veginn samkeppnisfært við almennan vinnumarkað hvað varðar laun fyrir fólk með álíka menntun og því er vá fyrir dyrum. Og hver eru nú kjör þessa fólks sem er í verkfallinu? Byrjunarlaun þess liggja yfirleitt á bilinu 50–55 þús. kr. á mánuði fyrir dagvinnu. Það er nú öll dorran eftir margra ára háskólanám. Þá er því til svarað að enginn hafi þau laun, fólk hafi meira í heildarlaun. Jú, það er rétt. Það býr við þann kost eins og flestir aðrir launþegar að ná í drjúgan hluta tekna sinna með yfirvinnu. Það má e.t.v. segja að því sé ekki vandara um en flestum öðrum að þurfa að sæta slíkum kjörum, en viðleitni þeirra gengur þó í þá átt að reyna einmitt að hækka venjulegan daglaunataxta og það hlýtur hjá þeim eins og öðrum að kallast sanngirniskrafa.

En lítum aðeins betur á dagvinnulaunin eða taxtalaunin eins og það heitir víst þó dagvinnulaun séu nú miklu betra og gagnsærra orð. Meðaltaxtalaun t.d. sjúkraþjálfara voru í desember 1988 70.759 kr. Meðaltaxtalaun lögfræðinga í ríkisþjónustu 76.254, félagsráðgjafa 71.493, meðaltaxtalaun háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga voru í desember 62.393 og kennara í framhaldsskólum 69.759. Allar eiga þessar stéttir sammerkt að sækja eins og ég sagði áðan stóran hluta tekna sinna með yfirvinnu. Ég vona að aðrar stéttir sem eiga í verkfalli fyrirgefi mér þó að ég taki kennarastéttina sem dæmi. Allar hinar stéttirnar eiga það sammerkt að eiga líf sitt og viðgang undir því að kennarastéttin geti skilað starfi sínu vel og skilað hæfu fólki til lífs og starfs í þjóðfélaginu. Meðaltaxtalaun allra kennara í HÍK, þ.e. bæði þeirra sem starfa í grunnskólum og framhaldsskólum, voru 68.482 kr. í desember 1988, aðeins lægri en meðaltaxtalaun HÍK í framhaldsskólum. Heildarlaun í desember 1988 voru að meðaltali 128.610. Desember er þó ekki góður viðmiðunarmánuður því að þá fá kennarar eins og aðrir opinberir starfsmenn greidda persónuuppbót auk þess sem greiðsla fyrir heimavinnu síðustu annar kemur þá til. Nóvember er því marktækari en þá eru heildarlaun 101.020 kr. og í október 102.159. Það lætur nærri að meðaltal þessara þriggja mánaða sé um 112 þús. kr. á mánuði. En um það bil 30% þessara launa fást með yfirvinnu.

Kennarar hafa 45,75 vinnustundir á viku með heimavinnu og undirbúningi, 5,75 stundir fram yfir venjulega lögbundna 40 stunda vinnuviku, og fyrir þessa vinnu komast þeir aldrei hærra í launum en í 70.293. Það er ekki gæfulegt að búa þannig að menntun uppvaxandi kynslóða að kennslu sé í sívaxandi mæli sinnt í eftirvinnu. Algengt er að kennarar hafi fleiri hundruð nemendur og lætur þá nærri hversu vel þeir geta sinnt hverjum einstaklingi. Undirbúningur og heimavinna eru gífurleg. Nemendahópar eru of stórir. Þjóðfélagið gerir sívaxandi og síbreytilegar kröfur til menntunar. Fólk þarf að vera í stakk búið til að endurmenntast og símenntast í þjóðfélagi örra breytinga. Auknar faglegar kröfur, nýjar kennslugreinar og kennsluhættir hafa leitt til þess að þörfin fyrir endurmenntun og framhaldsmenntun er vaxandi hjá kennurum. Sífellt fleiri fara í framhaldsskóla, kröfur eru um samstarf heimilis og skóla, innra skipulag skóla er flóknara með tilheyrandi skipulagningu og fundahöldum, sérfræðiaðstoð vantar, félagslegum vandamálum fjölgar o.s.frv. Því er ofur eðlilegt að kennarar krefjist endurmats á sínum störfum, ekki bara launahækkana heldur endurmats á störfunum. Þegar liggja fyrir margar slíkar skýrslur um endurmat, en lítið er með þær gert.

Kennarar vilja m.a. fá ábyrgð og áreynslu endurmetna og eins er sjálfstæði og frumkvæði. Enginn dregur í efa mikilvægi þessara starfa í orði, en lítið er um efndir á borði. Fjöldamargt annað mætti tína til, svo sem vinnuaðstöðu kennara, sem er lítil sem engin í skólum, ofurlítil endurnýjun í kennslugögnum og gífurleg vinna sem þeir leggja í að undirbúa og yfirfara verkefni.

Við tölum um hugvit og þekkingu sem undirstöðu allrar velmegunar og framfara. En hugvit og þekking er ekki eitthvað sem kemur úr lausu lofti. Grundvöllurinn er lagður í skólastarfi og kennslu að stórum hluta til. Við viljum aðeins það besta fyrir börnin okkar en hvernig getum við búist við því að við fáum það þegar kennarastarfið er orðið annars flokks starf, *nýtur lítillar virðingar og er illa launað?* Þessu deila kennarar að vísu með flestum þeim stéttum sem ætlað er að hugsa um velferð annarra, uppfræða fólk, annast og hjúkra. Það er tómt mál að kanna endalaust og tala um forgangsverkefni í skólastarfi fyrr en því forgangsverkefni hefur verið sinnt að bæta kjör og virðingu kennara.

Menntamálanefndum þingsins var um daginn boðið í Háskóla Íslands til að kynnast starfsemi hans. Þar lýstu margir áhyggjum sínum af menntamálum þjóðarinnar í framtíðinni, sérstaklega í raungreinum. Það eru búnar til brautir í raunvísindagreinum, ætlaðar fólki til kennslu í þeim greinum. En ásókn í þessar brautir er engin því að kennslan gefur ekki þau laun sem annars eru í boði fyrir störf sem fólk með þessa menntun getur fengið. Þarna stenst hið opinbera ekki samanburð við hinn almenna vinnumarkað. En hvað gerist í tæknivæddu þjóðfélagi sem þarf á góðu raunvísindafólki að halda ef engir fást til að kenna þær greinar í þeim skólum sem ætlað er að veita *undirstöðu fyrir háskólanám?* Hringurinn lokast.

Það sama gildir að mörgu leyti um aðrar stéttir sem nú eru í verkfalli þó ég hafi kosið að taka kennarana sem dæmi. Hætta er á því að öll þjónusta hins opinbera sem þessar stéttir halda uppi stórversni ef heldur fram sem horfir. Í þessum málum eins og mörgum öðrum gildir að sjá lengra en nef manns nær og einblína ekki á daginn í dag heldur horfa til framtíðar og reyna að sjá fyrir afleiðingar ákvarðana dagsins í dag. Það hlýtur að vera höfuðforsenda þess að vel til takist í kjarasamningum að þeir séu ekki sífellt gerðir undir pressu. En það virðist sífellt vera stefna stjórnvalda að svo sé, enda þjónar það þeim hagsmunum ríkisvaldsins að kúska fólk til hlýðni og halda launum niðri þó það séu svo sannarlega ekki hagsmunir ríkisvaldsins þegar til lengri tíma er litið.

BHMR hefur árangurslaust síðan í haust reynt að ná mönnum að samningaborði áður en í óefni væri komið. Það tókst ekki nú fremur en endranær. Gráir fyrir járnum skulu menn standa þegar gengið er til samninga. Þessu landi og efnahagslífi þess verður ekki stjórnað með sæmilegum hætti nema í góðri samvinnu við launþega. Sameiginlega þarf að leita leiða til frambúðarlausna, ekki sífelldra skammtímalausna. Það er óþolandi fyrir launafólk að standa sífellt í baráttu við ríkisvaldið. Óvissa skapast bæði hjá launþegum og því opinbera. Enginn treystir því í raun að neitt sé viðvarandi, allt einkennist af bráðabirgðalausnum og þessi órói og óvissa er engum til góðs. Því gengur þessi félagshyggju- og jafnréttisstjórn ekki öðruvísi að verki? Því hefur hún ekki áhuga á því að ná samvinnu við launþega sem leiðir til jafnari og réttlátari tekjuskiptingar sem hún hefur sett sér að markmiði? Það þýðir ekki að standa að stórmálum eins og launasamningum á hlaupum og í íhlaupavinnu. Það væri verðugt verkefni að setja á fót einhvers konar stofnun eða vinnuhóp sem ekkert gerði annað en annast samninga við launafólk, þiggja frá því ráð og hafa við það samráð um hvernig snúa megi þróun við, samráð ekki einungis í launamálum heldur skattamálum, vaxtamálum, tilfærslum eigna og tekna, velferðarmálum og öllum þeim málum sem lúta að stjórn þjóðfélagsins, hvernig megi snúa þróun við, færa til fjármagn og tekjur launafólki og atvinnuvegum í hag, höfða til og treysta sameiginlegri ábyrgðartilfinningu launafólks, ekki bara gagnvart ríkissjóði heldur þjóðfélaginu öllu. Ég held að þar mundi ríkisvaldið ekki fara í geitarhús að leita ullar. Það á að afleggja kerfisbundið vanmat á menntun og ábyrgð og taka upp allt önnur vinnubrögð þar sem ekki er skipað í óvinafylkingar heldur gengið hönd í hönd í átt til betra og réttlátara þjóðfélags.

Mörgum finnst e.t.v. að ég beini spjótum um of að Alþb. í ríkisstjórn en það er ekki að ósekju. Alþýðubandalagsmenn hafa margítrekað lýst yfir vilja til nýrrar launastefnu, endurmats, jafnréttis og félagshyggju. Þeir hafa ekki sýnt það í verki í I. kafla, en þeir hafa enn tækifæri til að gera það í II. kafla og endurrita svo I. kafla í haust. Það verður væntanlega fróðlegt að heyra hvað hæstv. menntmrh. hefur til málanna að leggja um I. kafla og II. kafla og ritið allt og hvernig hann ætlar sér að rísa undir eigin orðum og fyrri yfirlýsingum í samskiptum sínum við launþega á næstunni.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Í sjálfu sér hefði það ekki verið óeðlilegt að hv. 1. þm. Suðurl. *hefði tekið til máls* á eftir hv. þm. Þórhildi Þorleifsdóttur vegna þess að þótt ég hlustaði grannt á hennar ræðu heyrði ég enga einustu spurningu fram borna til mín sem fjmrh. né heldur óskað eftir almennum upplýsingum eða svörum sem mér væri ætlað að gefa hér. Mér hefur skilist að venjan væri við utandagskrárumræður þegar óskað væri eftir þeim að það væri þá annaðhvort til þess að flytja einhliða yfirlýsingu eða til þess að óska eftir sérstökum svörum eða upplýsingum frá viðkomandi ráðherrum. Slíkar óskir komu ekki fram í ræðu hv. þm. Þórhildar Þorleifsdóttur þannig að mér er nokkur vandi á höndum að taka hér til máls að ræðu hennar lokinni því að margt mætti auðvitað segja í almennum málfundastíl um þá ræðu sem hún flutti áðan, en form þessarar utandagskrárumræðu er þó með öðrum hætti.

Það var að vísu leitt að hv. þm. Þórhildur Þorleifs-

dóttir skyldi ekki gera nýgerða kjarasamninga BSRB meira að umræðuefni en hún gerði því að það hefði vissulega verið kærkomið tækifæri til þess að fjalla m.a. um þau fjölmörgu réttindamál kvenna sem ákveðin eru í þessum kjarasamningi. En kannski er nú svo komið fyrir Kvennalistanum að hann hafi meiri áhuga á gamaldags pólitísku skaki en að ræða hin sérstöku réttindamál kvenna í samfélaginu. Ég hélt þó að Kvennalistinn hefði verið stofnaður ekki síst til þess að fylgja eftir nauðsynlegri réttindabaráttu kvenna á fjölmörgum sviðum og efla hlut kvenna í ákvarðanatöku í okkar samfélagi og láta þess sjá stað að konur kynnu kannski að hafa öðruvísi viðhorf til kjarasamninga en karlar.

Við mig sagði á laugardag forustukona í samtökum launafólks að hún hefði ekki á sínum langa ferli séð kjarasamning sem bæri eins mikil svipmót aukinna réttinda kvenna og greinilega bæri skýr merki þeirrar miklu vinnu sem konur bæði í samninganefnd ríkisins og í forustu BSRB hefðu lagt í þennan kjarasamning. Það var hins vegar athyglisvert að í 40 mínútna langri ræðu hv. þm. Þórhildar Þorleifsdóttur sá hún enga ástæðu til að víkja einu einasta orði að þeim bókunum sem fylgja þessum kjarasamningi og þeim réttindabreytingum konum í hag og í þágu kvennastarfa sem í samningnum felast. Það var satt að segja dálítið athyglisverð staðreynd fyrir okkur öll sem höfum gjarnan viljað hafa samvinnu við Kvennalistann um aukin réttindi og sterkari stöðu kvenna í okkar þjóðfélagi. Vonandi er sú ræða sem hv. þm. Þórhildur Þorleifsdóttir flutti hér bara tímabundið frávik frá áhuga Kvennalistans á réttindum kvenna í íslensku þjóðfélagi. Ég vona að það verði ekki til frambúðar að þingmenn Kvennalistans temji sér frekar hér gamaldags málfundakarp í þeim stíl sem hér var flutt áðan og kjósi að víkja ekki einu orði að þeim efnisþáttum málsins sem hér er þó til umræðu, m.a. kjarasamninga BSRB sem snerta hag kvenna, vegna þess að hv. þm. vék ekki einu orði að þeim fjölmörgu atriðum í þessum kjarasamningi sem snerta réttindi kvenna.

Áður en ég kem að því vil ég þó að gefnu tilefni harma þá kvenfyrirlitningu sem kom fram hjá hv. þm. í ummælum hennar um samninganefnd ríkisins. Hv. þm. kaus að segja að samninganefnd ríkisins hefði ekki verið skipuð fyrr en í febrúarmánuði og jafnskjótt hefði formaður samninganefndarinnar farið af landi brott og lá þá í orðum hennar að ekkert hefði verið gert á meðan. Það er rangt. Samninganefnd ríkisins hefur fimm manna stjórn. Í þeirri stjórn eru þrjár konur og tveir karlar og þótt annar karlanna í stjórninni færi af landi brott stýrði stjórnin störfum samninganefndarinnar þann tíma sem hann var í burtu. Ég held að það séu allir sem kynnst hafa störfum samninganefndarinnar á undanförnum vikum sammála um það að sú breyting sem gerð var á samninganefnd ríkisins þegar mikill meiri hluti kvenna skipar samninganefndina í fyrsta sinn hafi haft veruleg áhrif á samningavinnuna og samningagerðina. Þegar ég nota orðið „kvenfyrirlitning“ áðan er það vegna þess að hv. þm. dettur í þá gryfju að gera formann samninganefndarinnar, einn karl af þremur í 13 manna samninganefnd, að aðalverkstýranda hennar. Staðreyndin er hins vegar sú að með þessari samninganefnd voru tekin upp ný vinnubrögð. Þau fólust m.a. í því að endurnýja samninganefndina allverulega og að sækja alla endurnýjun nefndarinnar til kvenna og tryggja það þannig að yfirgnæfandi meiri hluti samninganefndar ríkisins væri skipaður konum, setja síðan á laggirnar í fyrsta sinn fimm manna stjórn innan samninganefndarinnar þar sem meiri hluti þeirrar stjórnar er skipaður konum. Og svo ég vitni aftur í viðræður sem ég hef átt við ýmsa í forustu samtaka launafólks sem unnið hafa að samningagerðinni á undanförnum vikum eru allir þeir sem ég hef talað við sammála um að sú vinna beri að ýmsu leyti mjög sterkt svipmót þess að meiri hluti samninganefndar ríkisins og meiri hluti stjórnar samninganefndar ríkisins sé skipaður konum. (**HBl:** Formaður samninganefndarinnar er ekki einhamur ef honum býður svo við að horfa eins og ráðherra veit.) Svona kvenfyrirlitning eins og kemur fram í frammíkalli hv. þm. Halldórs Blöndals er kannski skiljanleg frá honum, en ég get fullvissað hv. þm. um það að samninganefndin öll, ekki síst þeir og þær sem nýjar komu í samninganefndina, hafa gegnt þar mjög góðu starfi. Þetta fannst mér nauðsynlegt að segja vegna þess að frásögn hv. þm. Þórhildar Þorleifsdóttur af undirbúningi þessa máls og störfum samninganefndar ríkisins gaf sérstakt tilefni til að rifja upp þessar mikilvægu staðreyndir.

Ég vil síðan einnig, fyrst hv. þm. kaus ekki að nefna það, víkja nokkrum orðum að þeim veigamiklu atriðum í þessum kjarasamningi við BSRB sem snerta sérstaklega hagsmunamál og réttindi kvenna. (**KH:** Það verður spennandi.) Já, hv. þm. Kristín Halldórsdóttir segir að það sé spennandi og er það satt að segja merkilegur vitnisburður um hvernig þingmenn Kvennalistans hafa kynnt sér þennan kjarasamning að þær skuli hefja utandagskrárumræðu hér á Alþingi um hann án þess að hafa rætt við konur t.d. í samninganefnd BSRB og konur í samninganefnd ríkisins, sem þeim hefur verið fyllilega heimilt að gera, til að kynna sér betur þau ákvæði þessa kjarasamnings sem snerta sérstaklega hagsmunamál kvenna og hefði ég þó átt von á því, miðað við lýsingarnar á hinum vandlegu vinnubrögðum Kvennalistans, að slíkar viðræður við konur innan BSRB hefðu farið fram. (KH: Á hverju byggir fjmrh.?) Fjmrh. byggir hann á því frammíkalli hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur að hún bíði spennt eftir því að heyra þau réttindamál kvenna sem í þessum samningi felast og fannst mér það frammíkall gefa til kynna að hv. þm. hefði ekki kynnt sér það atriði.

Í fyrsta lagi vil ég nefna að sú breyting sem gerð er í 3. gr. samningsins og snertir lífaldursbreytingar mun gagnast nær eingöngu þeim starfshópum innan BSRB þar sem konur eru í miklum meiri hluta eða eru algerlega skipaðir konum þannig að sú breyting er mjög í anda þess, sem oft hefur verið sagt, að það

þurfi að gera kjarasamninga með þeim hætti að þær starfsgreinar þar sem konur eru fjölmennastar njóti þeirra sérstaklega.

Í öðru lagi vil ég nefna að sú krónutölureglu sem þessi samningur tekur mið af er á markvissan hátt sniðinn að því að nýtast best þeim félögum innan BSRB þar sem konur eru fjölmennastar meðal félagsmanna. Við þekkjum það öll hér að það hefur verið mikil deila í okkar þjóðfélagi um það hvort eigi að beita prósenttölum eða krónutölureglum við kjarasamninga. Það eru allir sammála um það að krónutölureglan er yfirleitt láglaunafólki meira í hag en prósenttölureglan, en stéttir sem betur eru launaðar kjósa frekar að leggja áherslu á prósentregluna. Sú jafnlaunastefna sem þessi kjarasamningur tekur mið af birtist þess vegna í því að krónutölureglan er gerð ráðandi. Ein af meginafleiðingum hennar er þess vegna sú að þær starfsgreinar hjá opinberum starfsmönnum þar sem konur eru fjölmennastar, sem hlutfallslega eru þá því miður lægra launuðu stéttirnar, fá að nýta þennan kjarasamning mun betur í sína þágu en þeir sem hærra eru launaðir. Þess vegna felur meginstefna kjarasamningsins í sér launabreytingar sem fyrst og fremst eru í þágu þeirra starfsstétta innan BSRB þar sem konur eru fjölmennastar. Menn geta svo, eins og hv. þm. Þórhildur Þorleifsdóttir gerði, haft ýmsar skoðanir á sjálfri upphæðinni. Það breytir því ekki að grundvallarreglan er valin á þann veg að þær starfsgreinar ríkisins þar sem konur eru fjölmennastar njóta þessara breytinga fyrst og fremst.

Þetta er atriði númer tvö í þessum kjarasamningi sem endurspeglar það eðli hans að vera fyrst og fremst byggður upp á þeim sjónarmiðum sem vilja gæta hagsmuna kvenna númer eitt.

Þriðja atriðið sem í þessum kjarasamningi felst og endurspeglar hagsmunagæslu kvenna og þau manneskjulegu viðhorf til kvenna og barna sem ég hélt að Kvennalistinn vildi fyrst og fremst hafa að leiðarljósi felst í bókun nr. 1 sem fylgir þessum kjarasamningi. Þar er gert samkomulag um að reglugerð um barnsburðarleyfi verði breytt með tilliti til eftirfarandi atriða:

1. Viðmiðunartímabil vegna barnsburðarleyfa þegar um yfirvinnu og vaktaálagsmat er að ræða verði tólf mánuðir í stað sex mánaða áður.

2. Ákveðið er að heimilt verði að lengja barnsburðarleyfi í allt að tólf mánuði í stað níu mánaða áður.

3. Ákveðið er að óheimilt sé að segja barnshafandi konu upp starfi nema gildar ástæður séu fyrir hendi.

4. Það sé skylt þar sem því verður við komið að færa barnshafandi konu til í starfi ef það er þess eðlis að heilsu hennar eða fósturs er af því hætta búin, enda verði ekki komið við breytingum á starfsháttum. Slík tilfærsla barnshafandi kvenna í störfum hafi ekki áhrif á launakjör viðkomandi kvenna til lækkunar þótt það starf sem konan er flutt í af heilsufarsástæðum eða tillitssemi við fóstrið kunni að fela í sér lægri laun.

5. Að heimilað verði að skipta barnsburðarleyfi vegna heilsufars barns þegar sérstaklega stendur á.

Einnig er í þeim bókunum sem fylgja þessum kjarasamningi kveðið á um að fjmrn. muni fara þess á leit við heilbrmrn. að kanna leiðir til að greiðsla fæðingarorlofs fylgi barni við andlát móður á fæðingarorlofstíma. Einnig eru í þessum bókunum ýmis önnur atriði sem snerta veikindaforföll starfsmanna ríkisins og hækkanir á örorkubótum vegna slysa í starfi.

Það væri vissulega verðugt tilefni að fara ítarlega yfir hvernig þessar bókanir og þessi ákvæði kjarasamningsins fela í sér veigamikla viðurkenningu á réttindum sem konur í félögum opinberra starfsmanna og reyndar konur almennt í þjóðfélaginu hafa lengi barist fyrir. Ég vona með fullri vinsemd fyrir Kvennalistann að þegar þingmenn Kvennalistans líta yfir þessi atriði, sem snerta réttindamál kvenna sérstaklega, sérstaklega barnshafandi kvenna, kveði nokkuð við annan tón á þann veg að þingmönnum Kvennalistans þyki þessi atriði a.m.k. umræðu verð en kjósi ekki að koma hér í ræðustól og flytja nærri klukkutíma ræðu um þennan kjarasamning og stöðu kjaramála án þess að víkja einu einasta orði að þessum fjölmörgu atriðum kjarasamningsins og bókunum hans sem snerta réttindabaráttu kvenna.

Þessi kjarasamningur endurspeglar að vissu leyti nýja launastefnu, þá launastefnu að láta fyrst og fremst með krónutölureglunni þá hópa launafólks sem lægra eru launaðir njóta hlutfallslega meira af árangri kjarasamningsins en hina sem hærra eru launaðir. Það er m.a. í anda þeirrar meginákerslu sem stefna Alþb. hefur falið í sér, eins og hún birtist m.a. í þeirri þáltill. Alþb. sem hv. þm. Þórhildur Þorleifsdóttir vék að hér áðan. Það var þess vegna sérstaklega ánægjulegt að forustufólk í BSRB var sammála okkur um það að þessi áhersla á hagsmuni láglaunafólksins í gegnum kjarasamninga þar sem krónutölureglunni í stað prósentureglunnar væri beitt skyldi setja svo afgerandi svipmót á þessa kjarasamninga.

Það er svo líka rangt hjá hv. þm. Þórhildi Þorleifsdóttur að það hafi verið einhverjar annarlegar hvatir sem lágu að baki þeim breytingum á reglum varðandi greiðslur í veikindaorlofi og barnsburðarleyfi á verkfallstíma sem ég beitti mér fyrir. Það er alrangt. Þegar þessar reglur komu fyrst inn á mitt borð þurfti ekki mjög langan tíma af minni hálfu til þess að breyta þeim á þann veg að konur nytu að fullu launa á verkfallstímanum ef þær væru í barnsburðarleyfi og einnig að þeir sem fengju greiðslur í veikindaorlofi mundu njóta þeirra að fullu þótt stéttarfélög þeirra væru í verkfalli. Ég frábið mér þess vegna algjörlega einhverjar getgátur um það að það hafi verið einhver annarleg sjónarmið eða eftirrekstur sem hafi leitt til þess að ég breytti þessum reglum á þann veg. Það vita þeir fullvel sem að

þessu máli komu, bæði af hálfu fjmrn. og af hálfu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Og hvers vegna þurfti ég ekki neinn umhugsunartíma eða umfjöllunartíma til þess að breyta reglunum á þann veg? Vegna þess að það var mjög einfalt mál út frá lífshugsjón minni og samstöðu okkar með réttindum barnshafandi kvenna, kvenna í fæðingarorlofi, eða foreldra í fæðingarorlofi, og þeirra sem eru í veikindaorlofi að hafa reglurnar á þennan veg.

Þetta fannst mér nauðsynlegt að kæmi fram vegna þeirrar tilhneigingar hv. þm. Þórhildar Þorleifsdóttur að lesa einhverjar annarlegar hvatir eða þvinganir inn í þann verknað. Svo var alls ekki eins og ég hef hér lýst.

Það væri líka vissulega tilefni til þess að fjalla hér ítarlega um þróun efnahagsmála á undanförnum mánuðum og árum, um þróun kjaramála og kaupmáttar, eins og ræða hv. þingmanns gaf e.t.v. tilefni til að gera. Ég vona að það hafi ekki farið fram hjá hv. þingmanni að talsmenn atvinnurekenda, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaga, hafa harkalega gagnrýnt þennan kjarasamning fyrir það að hann sé of hár, það felist í honum launahækkanir sem ekki séu réttlætanlegar. Og hörðustu árásirnar sem ég hef fengið fyrir þennan kjarasamning eru frá atvinnurekendasamtökunum í landinu og Morgunblaðinu. Báðir þessir aðilar, bæði fulltrúar Vinnuveitendasambandsins og Morgunblaðsins, hafa í opinberum yfirlýsingum, leiðaraskrifum og í Reykjavíkurbréfi látið stærri orð falla um þennan kjarasamning en fulltrúar launafólks. Ég ætla ekki nema tilefni gefist að fjalla um þessar yfirlýsingar atvinnurekendasamtakanna en hv. þm. Þórhildur Þorleifsdóttir kaus að víkja ekki einu orði að þeim í sinni ræðu þó að þingmenn Sjálfstfl. kunni kannski að gera það hér á eftir. Það er hins vegar staðreynd þessa máls, sem er mikilvægt að þingmenn geri sér grein fyrir, að nú þegar og á næstu dögum mun örugglega verða gerð hörð hríð að þessum kjarasamningi frá forsvarsmönnum atvinnurekendasamtakanna í landinu.

Hv. þm. Þórhildur Þorleifsdóttir fjallaði síðan nokkuð um þá kjaradeilu sem nú stendur við Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna eða réttara sagt þau 11 félög innan þess sambands sem gerðu verkfall. En eins og hv. þm. er kunnugt voru það ekki öll félögin sem samþykktu verkfall. Það er einnig ljóst líka að Kennarasamband Íslands hefur ekki boðað til verkfalls.

Ég hef nú um helgina átt viðræður við forustumenn BHMR og ég hef ástæðu til að ætla að næstu daga verði gerðar af beggja hálfu alvarlegar tilraunir til þess að finna lausn á þeirri deilu. Sú lausn, að mínum dómi, þarf í senn að taka mið af því ástandi sem er í efnahagsmálum okkar Íslendinga um þessar mundir og einnig af þeim æskilegu langtímabreytingum sem ég er sammála forustumönnum háskólamenntaðra starfsmanna um að þarf að vinna að á launakerfi opinberra starfsmanna. Ég hef hvað eftir annað lýst því yfir, og sama hefur hæstv. menntmrh. gert, að við erum reiðubúnir að vinna að gerð langtímasamnings um skólastarf, kjör og starfsaðstöðu kennara og menntastefnu í þessu landi, vinna að slíkri samningsgerð við kennarasamtökin á næstu vikum og mánuðum.

Ég get að ýmsu leyti skilið það að kennarasamtökin velti því fyrir sér hvort okkar orð séu líklegri til þess að vera efnd en orð fyrirrennara okkar. Okkar vörn felst í því að þau hafa ekki prófað orð okkar í þessum efnum þó að þau hafi prófað orð fyrirrennara okkar og hafa ekki að mínum dómi ástæðu til að ætla að þeim sé ekki treystandi. Þar að auki er það ljóst að það tekur nokkuð langan tíma að gera slíkan langtímasamning um uppbyggingu skólastarfs og kjör kennara, þannig að því verki verður ekki lokið svo fullbúið sé á fáeinum dögum eða vikum. Það væri líka tilefni til, vegna þeirra talna sem hv. þm. Þórhildur Þorleifsdóttir fór með, að rekja ýmsar launatölur háskólamenntaðra starfsmanna. Ég ætla ekki að gera það hér en vil þó vegna hennar talna upplýsa það að dagvinnulaun BHMR-félaga í október- og nóvembermánuði sl., þ.e. það eru ekki þeir mánuðir þar sem hin sérstaka desemberuppbót kemur inn í, voru um 82.000 kr. hjá körlum og um 71.000 kr. hjá konum. Heildarlaun voru hins vegar 114.000 kr. hjá körlum og 97.000 kr. hjá konum.

Ýmsar starfsgreinar hjá háskólamenntuðum starfsmönnum hjá ríkinu eru með mun hærri tölur. Og vegna þess að ég lít hér upp í fréttamannastúkuna og sé fréttamennina hér í hliðarsölum þá vona ég að mér verði fyrirgefið að nefna þá tölu hér sérstaklega, en heildarlaun félaga í Félagi fréttamanna hjá hinu opinbera voru hjá körlum 150.000 kr. á mánuði og hjá konum 121.000 kr. á mánuði í október- og nóvembermánuði sl. Ýmsir aðrir hópar voru einnig með í heildarlaun töluvert yfir 100.000 kr. M.a. var Félag tækniskólakennara með um 160.000 kr. mánaðarlaun hjá körlum í því félagi. Það er hins vegar rétt að þessar tölulegu upplýsingar sýna það að konur eru því miður nokkuð lægra launaðar hjá háskólamenntuðum starfsmönnum en annars staðar á vinnumarkaðnum en þó held ég að bilið á milli kvenna hjá ríkinu innan BHMR sé hlutfallslega minna en annars staðar á vinnumarkaðnum.

Ég vona hins vegar að þær viðræður sem við höfum átt yfir helgina við forustumenn BHMR og sá viðræðufundur sem hefst eða er nú þegar hafinn muni leiða til þess að á næstu sólarhringum verði gerð alvarleg tilraun til þess að ná samkomulagi í þeirri deilu.

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að þetta hafi að nokkru leyti varpað öðru ljósi á ýmis af þeim atriðum sem hv. þm. Þórhildur Þorleifsdóttir vakti hér máls á. Eins og ég sagði í upphafi minnar ræðu beindi hún ekki neinum sérstökum spurningum til mín en fór hér með ýmsar almennar hugleiðingar um stöðuna. Ég er hins vegar reiðubúinn til þess að svara spurningum annarra þingmanna um önnur þau atriði sem snerta kjaramálin og fram kunna að koma í umræðum hér á eftir.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. málshefjanda fyrir að hefja þessa umræðu hér í dag. Það var einkar athyglisvert að heyra nákvæma og greinargóða lýsingu hv. 18. þm. Reykv. á orðum og efndum forustumanna Alþb. í kjaramálum. Ég hygg að þó að umræðuefni þetta sé ekki nýtt af nálinni hafi sjaldan verið flutt jafnskelegg ræða sem á jafnskýran hátt afhjúpaði skrum forustumanna Alþb. í þessum efnum.

Það má auðvitað flytja langar ræður um það efni. Það hefur ekki vakið hvað minnsta athygli upp á síðkastið að hæstv. núv. fjmrh., þvert á öll hin stærstu orð sem hann sjálfur og flokkur hans hefur haft um aðgerðir í kjaramálum af hálfu stjórnvalda, tók ákvörðun í samræmi við það sem Albert Guðmundsson gerði sem fjármálaráðherra á sinni tíð og Davíð Oddsson borgarstjóri um að greiða mönnum ekki fyrirframlaun í verkfalli. Þær ákvarðanir fjármálaráðherra og borgarstjóra á sínum tíma ollu nánast stríðsástandi á vinnumarkaðnum en nú hefur það gerst að hæstv. fjmrh., formaður Alþb., hefur beitt sér fyrir því að þessir tveir mætu stjórnmálamenn sem báru ábyrgð á gerð kjarasamninga fyrir hönd ríkisins og Reykjavíkurborgar fyrir fimm árum hafa fengið sérstaka traustsyfirlýsingu á næturfundi Alþb. Þannig snúast hlutirnir við. Og þetta, ásamt með ræðu hv. málshefjanda, sýnir á einfaldan og ljósan hátt að það er ekkert að marka það sem forustumenn Alþb. segja í kjaramálum. Og ég hygg að þó að þar styðjumst við við áratuga reynslu hafi aldrei í sögu hinnar sósíalísku hreyfingar verið jafnmikill munur á orðum og efndum og eftir að núv. formaður Ólafur Ragnar Grímsson tók við forustu fyrir þeim flokki. En kjarni launaumræðunnar og kjaramálaumræðunnar snýst þó ekki um þessa afhjúpun. Hún er í sjálfu sér bæði gömul saga og ný. Og lífskjörin í landinu verða ekki bætt með því einu að afhjúpa hana. Þar koma til allt aðrar og dýpri ástæður. Þar þarf að kalla eftir miklu alvarlegri svörum frá hæstv. ríkisstjórn en þeim einum sem lúta að því að hæstv. fjmrh. getur aldrei staðið við orð sín.

Það eru aðstæður í efnahagsmálum og stefna ríkisstjórnar sem ráða því hvaða möguleikar eru á að bæta lífskjör fólksins í landinu. Og það er alveg sérstök ástæða nú í tengslum við kjaramálin að kalla eftir þeirri umræðu og fá skýr svör hæstv. ríkisstjórnar um þau efni því að undir afkomu atvinnuvega þjóðarinnar er lífsafkoma fólksins í landinu komin. Möguleikar okkar til þess að bæta kjörin ráðast af því hvort hér verður breytt um stjórnarstefnu og höfuðatvinnuvegum þjóðarinnar tryggð eðlileg afkoma. Þegar launafólkið í landinu krefst svara um það hvers það megi vænta varðandi bætt lífskjör hljóta menn að byrja á þessari forsendu. Og í þeim efnum hefur hæstv. ríkisstjórn mörgu að svara.

Það er stundum sagt að þegar vinstri stjórnir sitji í landinu fari forustumenn verkalýðsfélaganna fram með hógværð og jafnvel undirgefni. Ég ætla ekki að ásaka forustumenn verkalýðsfélaganna um þetta. Ég ætla ekki að ásaka forustumenn verkalýðsfélaganna um það að taka hagsmuni vinstri stjórna fram yfir hagsmuni umbjóðenda sinna. Hitt er auðvitað staðreynd, sem enn á ný hefur verið staðfest í þeim viðræðum um endurnýjun kjarasamninga sem fram hafa farið að undanförnu, að þegar vinstri stjórnir sitja í landinu bera verkalýðsforustumennirnir ekki fram sömu kröfur og í annan tíma. En það er ekki af undirgefni við ríkisstjórnir, ekki vegna þess að þeir taki ríkisstjórnir fram yfir hagsmuni umbjóðenda sinna, það er einfaldlega vegna þess raunsæja mats að við slíkar aðstæður er ekki tilefni til að öllu jöfnu að gera raunhæfar kröfur um kjarabætur. M.ö.o. forustumenn vinstri aflanna í verkalýðshreyfingunni gera sér fulla grein fyrir því að afleiðingar vinstri stefnu eru þær að þeir geta ekki borið slíkar kröfur fram. Annað er uppi á teningnum þegar Sjálfstfl. á aðild að ríkisstjórn. Þá gera forustumenn verkalýðsfélaganna sér vonir um að hægt sé að bæta kjörin. Þá þykjast þeir vita og sjá að unnt sé að koma fram þeirri stefnu í atvinnumálum sem auðveldar atvinnufyrirtækjunum að skila hagnaði og fólkinu að sækja betri laun. Þetta eru lykilatriði. Auðvitað eiga forustumenn verkalýðshreyfingarinnar allt hrós skilið fyrir slíkt raunsæi því það er höfuðatriði að kjarasamningar á hverjum tíma taki tillit til þeirra efnahagslegu aðstæðna sem ríkjandi eru. Hitt er svo annað að þeim aðstæðum má stundum breyta. Stundum verðum við fyrir áföllum vegna þess að afli minnkar eða verð fellur á erlendum mörkuðum. Í annan tíma þurfum við að sæta því að röng stjórnarstefna lamar atvinnulífið og dregur úr möguleikum fólks til þess að bæta lífskjörin.

Þessi hæstv. ríkisstjórn hefur neitað því í allan vetur að gera raunhæfar ráðstafanir til þess að treysta rekstur undirstöðuatvinnuveganna, sjávarútvegs og iðnaðar. Hún hefur komið fram hér fyrir hið háa Alþingi í tvígang með einhvers konar biðleiki, en með öllu neitað að gera ráðstafanir til þess að tryggja rekstrargrundvöll höfuðatvinnuveganna. Fyrir þeirri stefnumörkun hefur farið hæstv. fjmrh. Hann hefur margsinnis gert grein fyrir því að það sé stefna hans og hans ríkisstjórnar að atvinnuvegirnir séu reknir með tapi og það verði ekki gerðar ráðstafanir til þess að rétta stöðu þeirra. Samt sem áður ætlast hæstv. fjmrh. til þess að aðilar vinnumarkaðarins geri kjarasamninga með hliðsjón af aðstæðum í efnahagsmálum. Samt sem áður fer það svo að hæstv. fjmrh. beitir sér fyrir því að ríkisstjórn Íslands í dymbilvikunni tekur fram fyrir hendurnar á aðilum vinnumarkaðarins, Alþýðusambandinu og Vinnuveitendasambandinu, til þess að ríkisvaldið geti ráðið í sínum samningum hver verður niðurstaðan í kjarasamningum. Þetta lýsir auðvitað mætavel hvaða hugur er að baki efnahags- og kjaramálastefnu hæstv. ríkisstjórnar.

Það þarf ekki að fara hér mörgum orðum um afkomu atvinnuveganna. Einu gildir hversu oft tölur eru lesnar um hallarekstur sjávarútvegsins. Það breytir í engu afstöðu hæstv. fjmrh. Samstarfsmenn hans í ríkisstjórn sætta sig við að hann ráði ferðinni.

Þeir sætta sig við að sjávarútvegurinn sé rekinn með tapi og eigi að vera rekinn með tapi. Hallinn á fiskvinnslunni í dag er um 8–10%. Þar af greiðir ríkissjóður um ⅔ en atvinnugreinin sjálf safnar skuldum að því er ⅓ hlutann varðar. Ríkissjóður greiðir um ⅔ af hallarekstrinum með sérstakri viðurkenningu Alþfl. sem barðist fyrir því að uppræta velferðarkerfi atvinnuveganna í ríkissjóði. Og Framsfl. lætur sér þetta allt gott þykja og gerir engar athugasemdir. Þetta eru þær aðstæður sem sjávarútvegurinn stendur frammi fyrir.

Iðnaðurinn býr við alveg sömu starfsskilyrði. Það er verulegur hallarekstur í iðnaðinum. Hæstv. forsrh. hefur margsinnis komið hér upp í þinginu í vetur og kvartað undan því að iðnaðurinn væri rekinn með halla, en hann hefur jafnharðan fengið þau svör hjá hæstv. fjmrh., sem ræður ferðinni, að við því verði ekki gert, við því megi ekki bregðast. Og hæstv. forsrh. virðist enn sem komið er enga tilburði ætla að hafa í frammi til þess að snúa þessari þróun við.

Á síðasta ári mættu menn verulegum breytingum í ytri aðstæðum. Þá féll gengi dollarans smám saman. Það var lengi að veikja undirstöðu sjávarútvegsins. Síðan féll verð á erlendum mörkuðum. Þessi þróun átti sér stað allt fram undir sl. haust. Auðvitað höfðu þessar ytri aðstæður mjög alvarleg áhrif á afkomu sjávarútvegsins og hlutu að hafa áhrif á kjör fólksins í landinu í heild, annað gat ekki gerst.

Það var hins vegar hryggilegt að ekki skyldi takast um það samstaða sl. haust að gera raunhæfar aðgerðir til þess að snúa hallarekstrinum við þegar þjóðin var komin niður í öldudal versnandi ytri aðstæðna. En einmitt á þeim tímapunkti kaus Framsfl. að taka hagsmuni Alþb. fram yfir hagsmuni atvinnuveganna og þannig hefur staðið í allan vetur. Bráðabirgðatillaunir þessarar hæstv. ríkisstjórnar til þess að rétta við hag atvinnuveganna hafa með öllu mistekist.

Það er athyglisvert að líta í grein sem dr. Guðmundur Magnússon, fyrrum háskólarektor, ritar í nýútkomið hefti af Vísbendingu, en hann er einn af þeim mönnum sem hafa verið formælendur þess að við efnahagsstjórn ættu menn að fara mjög gætilega í breytingu á gengi krónunnar. Hann talar því ekki gegn gengisfestustefnu almennt, en það er athyglisvert hver dómur þessa manns er nú um þá tilraun sem hæstv. ríkisstjórn hefur verið að gera. Með leyfi hæstv. forseta, segir hann um þessa millifærsluleið:

„Eins og hún kemur mér fyrir sjónir var hún tilraun til þess að komast hjá gengisfellingu og forðast þannig meiri verðbólgu. Það voru því mikil vonbrigði þegar í ljós kom að þetta dugði ekki til þess að ná þeim markmiðum sem að var stefnt. Frá því sjónarmiði var millifærslan óþörf. Aðhaldssöm gengisstefna hefur margt til síns máls. Hún knýr fyrirtæki til hagræðingar, samvinnu og jafnvel sameiningar þar sem hún á við. Hafi það verið tilgangurinn með gengisstefnunni er framkvæmdin á öðrum sviðum í mótsögn við hana. Kvótakerfi í sjávarútvegi og landbúnaði, þar sem ekki er algjörlega frjálst að selja kvótana hverjum sem er, og sértækar aðgerðir í mynd Atvinnutryggingarsjóðs og Hlutafjársjóðs vinna gegn slíkri umþóttun í íslenskum atvinnurekstri."

Hér kveður sem sagt einn af færustu efnahagssérfræðingum þjóðarinnar, sem hefur verið einn helsti talsmaður stöðugleikastefnu í gengismálum, sem jafnvel gat samþykkt tímabundna millifærslu ef hún leiddi til þess að verðbólga lækkaði, sinn endanlega dóm yfir stjórnarstefnunni. Hún hefur mistekist. Mistekist kannski fyrst og fremst fyrir það að hæstv. ríkisstjórn hafði forgöngu um að brjóta niður verðstöðvun og koma hér af stað nýrri verðbólguholskeflu.

Þeir samningar, sem hæstv. fjmrh. hefur gert eftir að hafa lagt á 7 milljarða í nýjum sköttum og skert kaupmátt launafólks í landinu um 7% a.m.k., eru svo hagstæðir fyrir ríkissjóð að sögn hæstv. fjmrh. að það var fyllilega áætlað fyrir þeim útgjöldum í fjárlögum. Og borgarstjórinn í Reykjavík hefur upplýst að borgarsjóður eigi afgang frá því sem hann áætlaði til aukinna launabreytinga. Hér virðist því sem hæstv. fjmrh. hafi náð alveg einstaklega hagstæðum samningum út frá sjónarmiði ríkissjóðs í ljósi þess að hann hefur nýlega lagt á 7 milljarða í nýjum sköttum, og í framhaldi af því að hann hefur skert með skattahækkunum kaupmátt fólksins í landinu um a.m.k. 7%. Þá getur hann barið sér á brjóst og sagt: Hér eru hagstæðustu samningar sem nokkur fjmrh. hefur sennilega gert í langan tíma. Ekki skal úr því dregið. En boðskapurinn sem hæstv. fjmrh. sendi fólkinu úti á hinum almenna vinnumarkaði, boðskapurinn sem hæstv. fjmrh. sendi fólkinu í fiskvinnslunni, fiskvinnslukonunum, fólkinu sem starfar í iðnfyrirtækjunum og verslununum og stjórnendum atvinnufyrirtækjanna, í kjölfar þessara samninga, hver var hann? Spurningin í dag er sú: Ætlar hæstv. forsrh., hæstv. starfandi forsrh. og hæstv. sjútvrh., að lýsa því yfir að hann sé fylgjandi þeim boðskap sem hæstv. fjmrh. sendi? En hann var í stuttu máli þessi: Ríkissjóður hefur séð um sig. Það þarf engar frekari aðgerðir í þágu atvinnuveganna í landinu. Þeir geta bjargað sér á því sem þeir hafa og svo skuluð þið semja á þeim grundvelli. Þetta skuluð þið hafa.

Ég hef rætt við fjölda fólks undanfarna daga í sjávarplássum úti um land sem aldrei hefur fengið aðra eins ögrun á öldum ljósvakans við erfiðar aðstæður í sjávarútveginum en einmitt þessa. Þegar fiskvinnslan er í reynd rekin með allt að 10% halla, hvað felur þá þessi boðskapur í sér? Það á engar ráðstafanir að gera til þess að rétta hallareksturinn við. Og launafólkið og stjórnendur atvinnufyrirtækjanna eiga að semja um það sem þeir hafa handa á milli. Þetta þýðir að hæstv. fjmrh. er að krefjast þess — á sama tíma og hann er að hækka laun opinberra starfsmanna um 10% og allt upp í 20% eftir því sem fregnir voru fluttar af í sjónvarpi í gærkvöldi á lægstu launaflokkana — að fólkið í fiskvinnslunni og iðnfyrirtækjunum og verslunum lækki launin sín. Þetta er boðskapurinn sem hæstv. fjmrh. sendi og það er um þetta sem málið snýst í dag. Eiga atvinnuvegirnir að búa við þessar aðstæður meðan hæstv. fjmrh. hækkar

launin hjá ríkisstarfsmönnunum út á 7 milljarða skattahækkun og 7% kjaraskerðingu af þeim völdum? Á framhaldið að vera í þessum farvegi? Er það stefna Framsfl. að fylgja þessari forustu áfram? Er það stefna hæstv. starfandi forsrh. og sjútvrh. að fylgja þessari leiðsögn til enda eða á nú að snúa við?

Nú stendur svo á að í næsta mánuði þrýtur tímabundnar millifærslur ríkissjóðs, bæði það sem greitt er í gegnum Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins og eins þá tímabundnu millifærslu sem kemur beint úr ríkissjóði og er viðbót við endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti. Hæstv. forsrh. hefur fært fram þá einu skýringu á undanförnum vikum að hann geri ráð fyrir því að verðlag muni hækka mjög verulega á erlendum mörkuðum á næstu vikum. Ég hef að vísu ekki orðið var við þau umskipti enn, engar fregnir hafa verið bornar af því að verulegar verðhækkanir hafi orðið á erlendum mörkuðum. Kannski hæstv. sjútvrh. hafi orðið var við eitthvað annað, kannski hæstv. sjútvrh. hafi orðið var við það að nú eru komnir upp erfiðleikar í saltfiskútflutningi. Menn hafa kannski saltað meira í vetur en áður vegna þess að þar var staðan skárri en í frystingunni. Þess vegna ætluðu menn að 800 millj. mundu endast í einhverjar vikur lengur en áður var ráðgert. Núna má búast við því að þetta dæmi snúist við. Hæstv. ríkisstjórn stendur frammi fyrir því ekki síðar en í næsta mánuði hvað við skuli taka. Og það er ekki seinna vænna að hún gefi nú skýr svör við því. Auðvitað getur hún forsómað vilja Alþingis og sagt sem svo hér eftir sem hingað til: Ykkur kemur þetta ekki við. Hún getur auðvitað komist upp með það. En það eru atvinnuvegir í þessu landi sem skapa verðmæti. Þeir þurfa svör. Forustumenn atvinnuveganna þurfa svör og starfsfólkið sem þar vinnur þarf svör, eftir að hæstv. fjmrh. hefur gert sína glæsisamninga.

Hæstv. ríkisstjórn getur sagt við Alþingi: Þið þurfið ekkert að vita. En þetta þjóðfélag gengur ekki ef þessir aðilar fá ekki skýr svör. Það eru þau svör sem ekki verða dregin og það er eftir þeim sem nú er verið að kalla. Á að draga það að gefa þau svör þangað til búið er að senda Alþingi heim? Á að draga það, hæstv. sjútvrh., þangað til búið er að senda Alþingi heim? Á með því móti að útiloka samninga á almennum vinnumarkaði? Það er rétt að fá svör við því. Og það er nauðsynlegt að fá svör við því hvað á nú við að taka, þegar hallareksturinn í fiskvinnslunni er 10% og ríkissjóður greiðir ⅔ og það hafa engar ráðstafanir verið gerðar lengur en fram til loka næsta mánaðar til þess að halda þeirri niðurgreiðslu áfram eða uppbótum eða millifærslum eða hvað menn vilja kalla það. Hæstv. ríkisstjórn getur ekki lengur dregið að skýra frá því hvað á þá að taka við.

Hæstv. fjmrh. hefur samkvæmt yfirlýsingu forustumanna BSRB gefið um það fyrirheit að gengi krónunnar verði ekki breytt. Talsmenn BSRB vitna í nýútkomna endurskoðun á þjóðhagsáætlun þar sem þeir segja að ekki sé gert ráð fyrir gengisbreytingu. Á að svíkja þetta fyrirheit, sem hæstv. fjmrh. virðist hafa gefið eða a.m.k. látið nægjanlega mikið að liggja til þess að forustumenn launþegasamtakanna, opinberra starfsmanna, bera það fyrir sig og fá samninginn samþykktan á þeirri forsendu? Á að svíkja þetta fyrirheit? Ef það á ekki að svíkja það, hvað á þá að gera? Hvaða ráðstafanir verða þá gerðar?

Það er engin afsökun í því lengur að þessu verði ekki svarað. Og það eru þessar spurningar sem nú eru bornar fram, ekki bara af Alþingi heldur kannski fyrst og fremst af fólkinu sem starfar við atvinnuvegi þjóðarinnar, af fólkinu sem er að skapa hin eiginlegu verðmæti sem við lifum á, það bíður eftir svörum. Það bíður eftir að fá að vita hvort þetta á að draga vikum eða mánuðum saman.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Áður en ég kem að þeim fyrirspurnum sem hv. 1. þm. Suðurl. beindi til mín í fjarveru forsrh. vildi ég aðeins fara nokkrum almennum orðum um það mál sem hér er til umræðu, ekki síst út frá þeim málflutningi sem kom fram hjá hv. þm. Þórhildi Þorleifsdóttur í upphafi þessa máls.

Það var á hv. þm. að heyra að kjörin í landinu mundu ráðast af því hvað verkalýðshreyfingin mundi þora að gera, hvað hún vildi gera o.s.frv. Það væri alltaf verið að segja það að þjóðfélagið hefði ekki efni á að bæta kjörin, það væri aldrei spurt að því hvort heimilin hafi efni á því að búa við þau kjör sem þau búa við í landinu. Þessi málflutningur hefur tíðkast mjög lengi í landinu. Það eru allt of margir sem halda því fram að kjörin í landinu verði aðeins bætt með því að sækja hærri laun með kröfugerð á hendur atvinnuvegum og á hendur ríkinu. Það skipti engu máli hvernig gangi hjá þessum atvinnuvegum, það sé minni háttar mál. Og eins og hv. þm. sagði: „Við viljum aðeins það besta fyrir börnin okkar.“ Ætli við viljum það ekki öll. En við gerum á því mun því sum okkar telja það vera aðalatriði að ef atvinnuvegirnir gangi í landinu þá muni börnin fá það besta en ekki öfugt.

Á þessari stundu hljótum við að spyrja okkur: Er hægt að bæta kjör í landinu við þessar aðstæður með því að hækka laun í prósentum? Ég er eindregið þeirrar skoðunar, og hef sagt það oft áður á undanförnum mánuðum, að það sé ekki hægt. Kjörin verði ekki bætt með því að hækka laun nú á þessum tímum. Atvinnuvegirnir eru þannig staddir að þeir geta ekki staðið undir betri kjörum um þessar mundir. Hins vegar skiptir miklu máli í framtíðinni að þeir hafi burði til þess að bæta okkar kjör.

Því er hins vegar þannig farið í okkar þjóðfélagi að menn bera mjög gjarnan saman kjörin hver hjá öðrum og ef ein stétt hefur fengið hækkun þá fá aðrar samsvarandi hækkun eftir nokkurn samanburð og þóf í þeim efnum. Og alltaf er spurningin sú hver á að vera fyrstur?

Þannig háttar til að á sl. sumri fengu iðnaðarmannastéttirnar 2,5% hækkun án þess að aðrar stéttir fengju hana. Það hafði jafnframt verið samið um það að viðkomandi stéttir fengju 2% hækkun í vor, að því mig minnir, og 1,5% hækkun næsta haust.

Í þeim samningaviðræðum sem áttu sér stað á milli verkalýðshreyfingarinnar og vinnuveitenda var almennt gert ráð fyrir því að það yrði ekki umflúið að samsvarandi hækkanir færu yfir vinnumarkaðinn allan. Auðvitað er þetta ekki skynsamlegt vegna þess að það er ekkert svigrúm til þess að greiða þessar launahækkanir. En vegna þeirrar launajöfnunarstefnu sem almennt er rekin í þjóðfélaginu hefur oft og tíðum þurft að framkvæma ýmsar leiðréttingar hjá hinum ýmsu stéttum, en auðvitað koma þessar leiðréttingar fram í meiri verðbólgu, meiri hreyfingu í gengi, en ekki endilega fram í bættum kjörum þjóðfélagsins. Það er við þessar aðstæður sem verið er að vinna að kjarasamningum um þessar mundir.

Það má um það deila hver skuli vera fyrstur til að ríða á vaðið í þessari erfiðu stöðu. Það er þegar skollið á verkfall hjá háskólamenntuðum mönnum sem vinna hjá ríkinu og það verkfall hefur þegar haft alvarlegar afleiðingar. Það virtist ganga illa milli verkalýðshreyfingarinnar og vinnuveitenda nú að undanförnu og því hefur það orðið ofan á að gerður hefur verið samningur milli BSRB og ríkisins. Auðvitað er sá samningur leiðandi að vissu leyti þó að ekki sé þar með sagt að launabreytingar hjá öðrum eigi að vera nákvæmlega þær sömu. Ýmsir hafa haldið því fram að félagar í BSRB hafi dregist aftur úr öðrum stéttum. Slíkur samanburður er ávallt í gangi og ég skal ekki gerast dómari í því máli.

En aðalatriðið er þó það sem hv. 1. þm. Þorsteinn Pálsson spurði mig um sem var nánast það hvort eitthvert svigrúm væri til þess í sjávarútveginum að greiða samsvarandi hækkanir á launum og nú hefur verið ákveðið að greiða hjá ríkinu. Svarið við því er einfaldlega nei.

Um þessar mundir er sjávarútvegurinn í heild rekinn með verulegum halla. Talið er að veiðar og vinnsla séu rekin með 2,3% halla, að mati Þjóðhagsstofnunar. Samband fiskvinnslustöðvanna telur þetta tap vera meira og þá tek ég ekki tillit til þess sem hv. þm. nefndi, sem eru greiðslur úr Verðjöfnunarsjóði. Og vinnslan er rekin með 0,3% halla, þ.e. frysting og söltun.

Það er metið svo að ef þær launahækkanir sem þarna hafa orðið mundu verða samsvarandi hjá fiskvinnslunni, þá mundi þetta tap aukast um u.þ.b. 2%, þ.e. í sjávarútveginum í heild, án þess að tekið sé tillit til þeirra óbeinu áhrifa sem verða að sjálfsögðu í atvinnuvegunum, þ.e. ýmis önnur laun hækka og þar af leiðandi þjónusta. Það liggur því í sjálfu sér alveg fyrir að sjávarútvegurinn er þess ekki umkominn að taka á sig frekari launahækkanir. Hann var þess heldur ekki umkominn þegar verið var að ræða um það milli vinnuveitenda og verkalýðshreyfingar að álíka launahækkanir — heldur minni þó en þessar, það munar ekki öllu — kæmu fram í samningi milli vinnuveitenda og verkalýðshreyfingar. Það var alveg ljóst að svo var ekki.

Mér dettur ekki til hugar að halda því fram að á sama tíma og verulegar kostnaðarhækkanir eiga að verða í landinu sé hægt að lofa því að genginu sé haldið algjörlega stöðugu. Hvað þá að fara að gera um það samning við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja því það mætti einfaldlega túlka slíkan samning þannig að það væri gerður samningur við þau samtök að atvinnulífið skyldi endanlega fara yfir um. Auðvitað gerir enginn slíkan samning og á enginn að biðja um það.

Hitt er svo annað mál að auðvitað hlýtur að verða stefnt að því að hafa verðhækkanir sem allra minnstar nú á tímum fram undan. En aðilar vinnumarkaðarins og þá ekki síst launþegar verða að gera sér grein fyrir þeirri einföldu staðreynd að hækkun launa mun hafa áhrif á verðlag. Ég veit að hv. þm. Þórhildur Þorleifsdóttir hefur ekki gert sér grein fyrir þessu. Það var a.m.k. svo að skilja á hennar máli að þetta kæmi málinu ekkert við. Þetta væri fyrst og fremst spurningin um þor. Það yrði bara að sækja þetta með góðu eða illu og þá helst illu. Hún vitnaði þessu máli sínu til stuðnings í samþykktir, eldgamlar samþykktir að því er mér skildist, frá Alþb., sem ég skildi nú svo á formanni flokksins að hann vildi kalla gamaldags málfundaæfingar. Auðvitað er það svo í þessu öllu saman að menn eru oft og tíðum með málfundaæfingar, bæði hér á þingi og annars staðar.

En staðreyndirnar eru einfaldlega þessar: Það er ekki þetta svigrúm í sjávarútveginum og því er alveg ljóst að eitthvert gengissig hlýtur að verða á árinu 1989. Hvenær og hvernig getur enginn sagt fyrir um á þessari stundu, og á ekki að segja fyrir um það, enda hefur það mál ekki verið rætt til neinnar hlítar. Það hljóta allir að gera sér grein fyrir því að eitthvert slíkt sig mun verða, en auðvitað ber að stefna að því að það verði sem allra minnst. En lykillinn að því er m.a. sá að kjarasamningum sé stillt mjög í hóf.

Það er alveg ljóst að þær hækkanir sem nú hafa orðið gagnvart BSRB bera þessari staðreynd merki. Þau samtök hafa greinilega gert sér grein fyrir því að mjög miklar hækkanir og kollsteypur eru af hinu vonda og þær hækkanir sem þar hafa orðið eru ekki meiri en oftast áður, sennilega minni ef eitthvað er. En það þokar ekki þeirri staðreynd að starfsskilyrði sjávarútvegsins þola ekki neinar hækkanir um þessar mundir.

Hv. 1. þm. Suðurl. sagði að það hefði ekkert verið að gert til þess að koma rekstrargrundvelli undir sjávarútveginn. Það er að sjálfsögðu ekki rétt. Það hefur ýmislegt verið gert. En ég get vel tekið undir það með honum að það er ekki nægilegt. Staðreyndin er sú að það er ekki mjög þægilegt við aðstæður sem þessar, þegar allar stéttir hrópa á launahækkanir í prósentum, að koma nægilega góðum starfsgrundvelli undir sjávarútveginn. Því að það sem hefði verið best fyrir íslenskan sjávarútveg er það að engar breytingar hefðu orðið á launum á árinu 1989 og menn hefðu fengið starfsfrið til að ná sér upp úr þeim miklu erfiðleikum sem menn eru komnir í. En það er eins og fyrri daginn, að þann starfsfrið er nánast aldrei hægt að fá og kjarasamningar ávallt gerðir til nokkurra mánaða í senn. Ef talað er um kjarasamning til svona eins og eins árs, þá þykir það afar langur

samningur. Ég býst ekki við því að meðan slíkt andrúmsloft er í landinu þá verði mjög þægilegt að koma góðum starfsskilyrðum undir okkar höfuðatvinnuvegi.

Virðulegur forseti. Eg ætla mér ekki að hafa fleiri orð um það sem hér hefur komið fram. Það er sannarlega von mín að þeim verkföllum sem nú standa linni og þeir aðilar sem þar standa fyrir verkfalli taki tillit til þeirra aðstæðna sem eru í þjóðfélaginu, taki tillit til þess að það er ekki svigrúm til að veita hinum almennu launþegum í landinu miklar kjarabætur. Því miður. Bestu kjarabæturnar eru fólgnar í því að bæta um fyrir atvinnulífinu, koma betri fótum undir það þannig að það geti staðið undir raunverulegum kjarabótum í framtíðinni. Ef þessi skilningur er ekki fyrir hendi, ekki aðeins hér á Alþingi heldur í þjóðfélaginu öllu, þá horfir ekki vel í okkar aðalatvinnugreinum.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Þessi umræða þykir mér öllu tímabærari heldur en sú langa umræða sem fór hér fram í síðustu viku, um hvort nokkur hundruð varaliðsmenn eða jafnvel rúmlega þúsund mundu koma til Íslands í júnímánuði til þess að trufla kríuna á Miðnesheiði. Það er þessi umræða sem ég hef verið að bíða eftir. Að við tökumst á um það hér í þinginu með hvaða hætti við eigum að reyna að finna leið út úr þeim ógöngum sem þjóðin er komin í í nánast öllum þeim málum sem varða efnahags- og fjármálastjórn landsins.

Í raun og veru sjáum við fram á algjört skipbrot bæði í ríkisfjármálum og í efnahagsstjórn landsins. Allir gömlu stjórnmálaflokkarnir eru samsekir enda höfum við verið hér á hálfgerðri sjálfsmorðsbraut sl. tvo áratugi í þeim efnum. Það er svo sannarlega kominn tími til að við förum að reyna að átta okkur á því: Hvað ætlar þessi þjóð að gera? Á hverju ætlar hún eiginlega að lifa ef það er orðin staðreynd að undirstöðuatvinnuvegir þjóðarinnar, og þá fyrst og fremst sjávarútvegurinn sem útvegar okkur þær gjaldeyristekjur sem við þurfum að lifa á, eru reknir með tapi? Reyndar er ástandið orðið þannig, eftir því sem mér hefur verið tjáð af virtum endurskoðanda hér í bæ, að fjögur af hverjum fimm fyrirtækjum eru nú rekin með tapi um allt land. Og skyldi kannski ekki fimmta fyrirtækið þá vera banki eða einhver peningastofnun? Því það virðast vera einu stofnanirnar sem eru reknar með hagnaði í þessu þjóðfélagi. Og hvað á þetta eiginlega að ganga lengi? Hvenær verðum við hreinlega gjaldþrota eins og reyndar hæstv. forsrh. hefur svo oft vikið að, að við römbum hér á barmi þjóðargjaldþrots. Kannski hefur hann aldrei þessu vant á réttu að standa. Það er staðreynd málsins að það er að styttast í það að við verðum raunverulega gjaldþrota og verðum hreinlega teknir undir yfirstjórn einhvers annars aðila sem kannski getur kennt okkur hvernig á að fara með fjármál og hvernig á að stjórna atvinnumálum hjá þjóð sem okkar. Mér þykir ansi hart að þurfa að segja það en ein mjög merkileg tillaga, sem kom fram hjá einum ágætum vini mínum hér í síðustu viku, um hvernig leysa ætti efnahagsmál þjóðarinnar, gekk nánast út á það að við yrðum að skipta um þjóð í landinu.

Við þingmenn Borgfl. höfum um langt skeið lýst áhyggjum okkar út af þeirri viðvarandi óstjórn og úrræðaleysi sem hefur ríkt í efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar um langt skeið. Ég verð að segja eins og er að sú ríkisstjórn sem nú situr er engin undantekning. Hún virðist endanlega hafa gefist upp við að leysa vanda atvinnulífsins eða finna leiðir til þess að tryggja afkomu heimilanna og atvinnufyrirtækjanna í landinu. Í því tilliti fetar hún dyggilega í fótspor fyrrv. ríkisstjórnar undir forsæti Þorsteins Pálssonar, hv. 1. þm. Suðurl. Það virðist nefnilega ekki skipta nokkru máli þótt nokkrum ráðherrum Sjálfstfl. hafi verið skipt út fyrir nokkra ráðherra Alþb. Stefnu- og úrræðaleysið er það sama.

Í raun og veru má segja að stjórnarfarið eftir alþingiskosningarnar 1987 hafi verið þjóðinni dýrkeypt. Í einhverju mesta góðæri sem þjóðin hefur lifað frá upphafi vega hefur gömlu stjórnmálaflokkunum, sem hér hafa farið með öll völd undanfarna áratugi, nánast tekist að eyðileggja atvinnulíf landsmanna. Eins og ég gat um áðan eru nær öll atvinnufyrirtæki þjóðarinnar rekin með tapi og útflutningsfyrirtækin svo og fyrirtæki í samkeppnisiðnaði eru komin á heljarþröm. Hvers konar stefna er það eiginlega, spyrjum við þm. Borgfl., sem hefur leitt til þess að útflutningsframleiðslan, hvort sem er í sjávarútvegi eða iðnaði, stendur engan veginn undir sér og þarf nánast að vera í gjörgæslu hjá bankastofnunum um þessar mundir? Eftir að allt eigið fé fyrirtækjanna er upp urið á hverju ætlar þessi þjóð eiginlega að lifa?

Ég var staddur norður á Akureyri fyrir líklega tíu dögum síðan og átti þar ágætan fund með forráðamönnum Útgerðarfélags Akureyringa, sem lengi hefur verið talið eitt best rekna útgerðarfyrirtæki landsins og fiskvinnsluhluti þess fyrirtækis hefur ávallt verið talinn vera til fyrirmyndar. Það má því segja að þegar þeir ágætu forráðamenn þessa fyrirtækis upplýstu mig að nú væri virkilega tekið að harðna á dalnum, nú stefndi í taprekstur hjá því góða fyirtæki, ja, þá er fokið í flest skjól því þá er endanlega búið að setja punkt fyrir aftan rekstur fiskvinnslufyrirtækja á þessu landi a.m.k.

Það er í þessu ljósi sem við verðum að skoða nýgerða kjarasamninga við opinbera starfsmenn. Eftir því sem ég hef fengið upplýst mun vera um að ræða 20% hækkun launa hjá mjög stórum hópum innan vébanda BSRB, þó svo að meðalhækkunin sé ekki meiri en 9–10%. En það eru einmitt þeir hópar innan vébanda BSRB sem hafa lægri launin, sem hafa fengið svo mikla hækkun launa. Þess vegna hljóta verkalýðssamtökin, launþegasamtökin á hinum frjálsa vinnumarkaði að hugsa sem svo: Ja, við hljótum að eiga rétt á, við eigum kröfu til þess að fá svipaðar launahækkanir. Þess vegna spyr ég: Hvernig eiga fiskvinnslufyrirtækin, þegar eitt besta og virtasta fiskvinnslufyrirtæki landsins telur að það stefni nú

óðum í bullandi taprekstur, að taka á sig 20% launahækkun hjá sínu starfsfólki? Það væri mjög fróðlegt að fá svör við þessum spurningum hjá ráðherrum hæstv. ríkisstjórnarinnar.

Í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins, sem birtist á sunnudaginn var, er mjög vikið að þeirri efnahagsstjórn og þeirri pólitísku stjórn sem hefur verið viðvarandi í landinu í eina tvo áratugi. Þar eru mjög athyglisverðar hugleiðingar um hvað hefur raunverulega gerst hér á undanförnum tveimur áratugum. Ég held að það væri mjög fróðlegt fyrir þingheim að ég læsi upp þessar hugleiðingar vegna þess að það er engu líkara en að sá sem ritar þetta bréf hafi gengið í smiðju hjá þingflokki Borgfl. (**Forseti:** Nú vil ég minna hv. þm. á að klukkan er orðin eina mínútu yfir fimm og vil því spyrja hann hvort upplestur úr Reykjavíkurbréfi megi ekki fara fram á framhaldsfundi í kvöld.)

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Fundi verður nú frestað eins og um var talað. Forsetar hafa ákveðið að fundurinn í kvöld hefjist á framhaldi umræðu um vegáætlun en síðan verði framhald þessarar umræðu að þeirri umræðu lokinni. — [Fundarhlé.]

Um þingsköp.

Frestun utandagskrárumræðu.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég get ekki látið hjá líða að lýsa nokkurri óánægju með þá ákvörðun forseta að fresta utandagskrárumræðu þar til eftir að umræðu um vegamálin lýkur. Nú háttar svo til að ég hafði tvisvar áður beðið um þessa utandagskrárumræðu, sl. mánudag og sl. fimmtudag, og taldi mig hafa sýnt mikla sanngirni með því að hliðra til báða þá daga og sætti mig þess vegna ekki alveg við þegar þessi utandagskrárumræða kemst loksins að við þriðju beiðni að henni skuli frestað með þessum hætti langt fram á nótt eða a.m.k. langt fram á kvöld. Allar líkur eru til þess og þá lítil von til þess að hún í rauninni hljóti þær undirtektir og þann hljómgrunn sem umræðu af þessu tagi ber. Ég vil því fara fram á það við hæstv. forseta að hann íhugi hvort ekki er hægt að breyta tilhögun þingmála í kvöld.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna þessara orða hv. 18. þm. Reykv. þá held ég að hér sé farið að með fullkomlega eðlilegum hætti. Dagskráin var rofin fyrir utandagskrárumræðu, en þá hafði umræða um vegáætlun staðið nokkra stund. Ekki var þá gert ráð fyrir kvöldfundi sem nú hefur verið boðaður, þannig að upphaflega var gert ráð fyrir tveimur tímum til þessarar utandagskrárumræðu. Nú hefur þátttaka í henni orðið meiri en búist var við og að sjálfsögðu verður henni haldið áfram hér í kvöld, en nokkuð liggur við að koma vegáætlun til nefndar þannig að ég tel með öllu eðlilegt að við reynum að ljúka þeirri umræðu nú en höldum síðan áfram við utandagskrárumræðuna.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég hlýt að harma það að ekki skuli vera hægt að fallast á það af hæstv. forseta að umræðan um efnahagsmál og kjaramál sem hér var hafin skuli geta haldið áfram viðstöðulaust. Síðast þegar rætt var um yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þegar þing kom saman að nýju eftir áramótin var sú umræða skorin þannig niður að hún var orðin að tætingi undir lokin og ekki var hægt að segja að síðari hluti þeirrar umræðu væri í rauninni efnislega mögulegur þar sem allar forsendur höfðu breyst á þeim tíma sem leið á milli yfirlýsinga forsrh. og þess að þeirri umræðu lauk fyrir svo utan það að menn fengu ekki að ljúka ræðum sínum.

Ég hlýt líka að láta í ljós undrun mína yfir því að hæstv. sjútvrh. skuli lýsa því yfir hér síðari hluta dags að það jafngildi því að setja sjávarútveginn á höfuðið ef ekki verði gripið til gengisfellingar nú í kjölfar samninganna við BSRB því að hann viðurkenndi að eðlilegt væri að krafa yrði gerð um að þær launahækkanir sem þar náðust fram gengju yfir allt þjóðfélagið. Ég hlýt að árétta beiðni hv. 18. þm. Reykv. um leið og ég skýri frá því að Sjálfstfl. hafði ákveðið að biðja um utandagskrárumræðu um stöðu atvinnulífsins nú í dag, en féllst auðvitað á að þær umræður gætu vel fallið saman við þær utandagskrárumræður sem Samtök um kennalista höfðu beðið um. Ég get ekki skilið að umræður um vegamál séu brýnni. Ég get undir engum kringumstæðum skilið það.

Það vakti líka athygli mína þegar við efrideildarmenn fengum á þingflokksfund dagskrá Ed. á morgun og uppkast að dagskrá Ed. á miðvikudaginn að þar var ekki gert ráð fyrir að halda áfram umræðum um frv. hv. 7. þm. Reykn. sem miklar umræður höfðu orðið um og fullkomið samkomulag, ég skildi það svo, hafði orðið milli Borgaraflokks og forseta Ed. um að þeirri umræðu mundi ljúka í Ed. á morgun. Það er auðvitað gamalkunnugt hér í þinginu að ríkisstjórnin hafi mest um það að segja í hvaða röð mál séu tekin fyrir, en hitt hygg ég að sé algjört einsdæmi að forsetar skuli ekki reyna að sjá um það að efnislegar umræður að gefnu tilefni, eins og umræðan nú um launamálin, skuli geta gengið snurðulaust fyrir sig og auðvitað ámælisefni að þessi utandagskrárumræða skuli ekki hafa hafist þegar í dag kl. eitt þar sem hæstv. forseta mátti ljóst vera að þessi umræða yrði löng og ströng. Ráðherrar höfðu gefið yfirlýsingar en stjórnarandstöðunni hafði ekki gefist tækifæri til þess að gera athugasemdir við það sem þessir einstöku ráðherrar höfðu að segja. Það eru auðvitað mikil tíðindi þegar annars vegar liggur fyrir að hæstv. forsrh., sá sem myndaði ríkisstjórnina, lýsti því yfir áður en hann hvarf af landi brott að nú yrðu atvinnuvegirnir að semja um kjarabætur innan þess ramma sem rekstrarforsendur atvinnuveganna leyfðu. Þegar settur forsrh. kemur nú í dag í kjölfarið og lýsir hinu gagnstæða yfir, að þessar launahækkanir

hljóti að ganga yfir þjóðfélagið og talar jafnframt um það að óhjákvæmilegt sé annað en leiðrétta stöðu atvinnuveganna með gengisfellingu síðar á árinu og opnaði meira að segja möguleika fyrir því að slík gengisfelling gæti orðið þegar í þessum mánuði og í síðasta lagi í þeim næsta, þess vegna, því að hann var mjög ónákvæmur í sambandi við tímasetningar í sinni ræðu.

Ég vil jafnframt vekja athygli á því að fulltrúi Sambands ísl. samvinnufélaga, en fyrir þau samtök eru bæði hæstv. forsrh. og settur forsrh. á þingi, lýstu því yfir í sjónvarpi í dag að kjarasamningarnir hefðu verið slys. Ég vil því mjög mælast til þess að hæstv. forseti endurskoði ákvörðun sína og geri stjórnarandstöðunni mögulegt að ræða efnislega um kjaramálin og um efnahagsmálin um leið og ég bið hæstv. forseta að gera ráðstafanir til þess að hæstv. forsrh. sitji þingfund og svari fyrirspurnum sem honum hlýtur að vera ljóst að óhjákvæmilegt er að komi frá einstökum þm. vegna þeirra yfirlýsinga sem hann gaf í ræðu sinni hér í dag.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Það skal upplýst að hæstv. forsrh. er ekki á landinu svo að um það er ekkert að ræða að hann sæki þennan fund. Hæstv. sjútvrh. sem er starfandi forsrh. er heldur ekki í bænum. Hæstv. fjmrh. kemur ekki alveg strax til þessa fundar og ástæðan fyrir því að hv. 18. þm. Reykv. hefur ekki komist að þessari utandagskrárumræðu er einmitt erfiðleikar á borð við þetta að hæstv. ráðherrar hafa ekki getað sótt fundi. Forseti hefur reynt það eins og mögulegt var, en við slíkt ræð ég að sjálfsögðu ekki.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Mér finnst það fullkomlega eðlileg og rétt ráðstöfun hjá forseta að halda nú áfram umræðum um vegáætlun. Það skiptir miklu máli að vegáætlun fái hér greiða umfjöllun í þinginu. Hún er dagskrármál og ég lýsi þeirri skoðun minni að sem dagskrármál á vegáætlunin að hafa forgang yfir þá umræðu utan dagskrár sem hér er vakin í auglýsingaskyni. Og mér finnst það fullkomlega eðlilegt að sú umræða sem hefur tekið töluverðan tíma af fundartíma Sþ. í dag verði nú látin doka af þeim ástæðum sem ég hef hér tilgreint og umræðum um dagskrármál verði haldið áfram. Ég held að það sé hinn eðlilegi framgangsmáti og fullkomlega rétt og eðlilegt.

Júlíus Sólnes:

Hæstv. forseti. Ég verð að lýsa yfir stuðningi mínum við þær hugmyndir hv. 18. þm. Reykv. Þórhildar Þorleifsdóttur og 2. þm. Norðurl. e. að það er eðlilegra og réttara að ljúka þessari utandagskrárumræðu um kjaramál og efnahagsmál þannig að hún verði ekki slitin í sundur. Mér er sjálfum málið skylt þar sem ég er hér í miðri ræðu og þó ég hafi reyndar gleymt gleraugunum mínum heima er mér ekkert að vanbúnaði að halda ræðu minni áfram. Það er nú svo að þó að vegamálin séu eins og kom fram hjá hv. 3. þm. Vesturl. mikilvægur málaflokkur og nauðsynlegt að ljúka þeirri umræðu einnig, þá er hér um að ræða kannski það mál sem brennur hvað mest á þjóðinni allri, en það er sú óstjórn sem nú ríkir í efnahags- og atvinnumálum landsins og raunverulega það sem blasir við, að það virðist stefna í algjört hrun fram undan í þjóðfélaginu. Atvinnulífið verður hér nánast í rúst á næstu mánuðum og það er ekki nema eðlilegt að alþingismenn vilji fá að ræða þetta og það án þess að sú umræða verði truflað. Því legg ég nú til, hæstv. forseti, að við höldum þessari umræðu áfram.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseta er sá vandinn á höndum að hæstv. fjmrh. er ekki staddur hér og ég geri fastlega ráð fyrir því að stjórnarandstaðan vilji ræða við hann um það mál sem hér var rætt utan dagskrár í dag. Ég skal auðvitað verða við þeirri ósk stjórnarandstöðunnar allrar að taka utandagskrárumræðuna fyrr ef menn leggja á það alla áherslu. Ég vil gjarnan verða við óskum hv. þm., en við það ræð ég ekki að hæstv. fjmrh. er ekki hér. Ég vildi því stinga upp á því að menn gætu fallist á þann Salómonsdóm í málinu að við hæfum nú umræður um vegáætlun þar til hæstv. fjmrh. gengur í salinn og ég vænti þess að menn geti þá fallist á þá niðurstöðu málsins og við eyðum ekki meiri tíma nú í umræður um þingsköp.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Mér finnst undarlegt þegar formaður þingflokks Alþfl. kallar það að hefja umræður í auglýsingaskyni þegar þingmenn óska eftir því að hæstv. fjmrh. geri grein fyrir kjarasamningi sem hann hefur gert við opinbera starfsmenn sem sá sem gegnir störfum forsætisráðherra nú segir að kalli á gengisfellingu. Mér finnst líka undarlegt ef formaður Alþfl. kallar það að hefja umræður hér í auglýsingaskyni þegar svo háttar til í skólum landsins að þeir unglingar sem nú eru að taka stúdentspróf standa frammi fyrir röskun og truflun á kennslu fjórða árið í röð vegna verkfalla eða vinnustöðvana og allt á þessari stundu á huldu um það hvernig reiðir af námi þessa unga fólks nú á þessu vori. Ég held að það þurfi mikla kokhreysti til að tala um auglýsingar þó þingmenn hafi áhyggjur af því ástandi sem nú er í þjóðfélaginu, bæði í atvinnulífinu og eins hvernig fram vindur skólastarfinu nú á þessum vordögum.

Ég hlýt, hæstv. forseti, að óska þess að kallað verði til fundar í Sþ. kl. 2 á morgun til þess að umræður geti haldið áfram um atvinnulífið og launamálin að hæstv. sjútvrh. viðstöddum. Ég get vel skilið þær röksemdir hæstv. forseta að hann sjái ekki ástæðu til þess að halda áfram umræðum hér um sjávarútvegsmál og kjaramál þegar forsrh. sem það embætti skipar nú, Halldór Ásgrímsson, og sjútvrh. Halldór Ásgrímsson flýtir sér úr bænum eftir þá ræðu sem hann flutti hér í dag. Þannig að með hliðsjón af því að hæstv. sjútvrh. telur störf Alþingis ekki meira virði en svo að hann sér ekki ástæðu til að sitja þingfund nú í kvöld verðum við auðvitað að haga okkur í samræmi við það og þá

þykir mér skynsamlegast og réttast að þessari umræðu verði fram haldið á fundartíma Alþingis á morgun kl. 2 til þess að þingmenn geti átt þau orðaskipti við hæstv. sjútvrh. sem nauðsynlegt er eins og nú er komið málium.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ég vil upplýsa hv. þm. um að hæstv. sjútvrh. skýrði fjarveru sína á þann veg að hann hefði fyrir mörgum mánuðum verið búinn að lofa að vera á fundi í Borgarnesi og ætti afar erfitt með að fresta því á síðustu stundu. Ég held að allir hv. þm. skilji þá aðstöðu af eigin raun. Hann taldi hins vegar að hér yrðu nógu margir ráðherrar og þar á meðal hæstv. fjmrh. til þess að vera í forsvari fyrir ríkisstjórnina og ég held þess vegna að hans staða í málinu sé með öllu eðlileg.

Umræðu um þingsköp er lokið og nú tökum við til við fyrsta dagskrármálið þar til hæstv. fjmrh. kemur til þingsins.

Vegáætlun 1989–1992, frh. fyrri umr.

Stjtill., 392. mál. — Þskj. 735.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Fá af þeim málum er varða opinberar framkvæmdir hygg ég að séu almenningi í landinu jafnhugleikin og vegamálin. Vegakerfið er sameign landsmanna allra og vegirnir eru lífæðar samgangna á landi sem eru með því allra nauðsynlegasta fyrir nútíma lífshætti í okkar strjálbýla landi. Að sjálfsögðu finnst mér og ýmsum okkar að við höfum unnið stórvirki í þessum efnum á síðustu árum þó að allir hefðu kosið að geta þar farið hraðar. Við erum þó minnt á það býsna óþægilega um þessar mundir og nú á þeim vetri sem senn er liðinn að það er síður en svo að við megum við því að slaka á í þessum efnum. Við þurfum að halda áfram vegaframkvæmdum af fullum þrótti, við þurfum að halda áfram að bæta það vegakerfi sem við búum við, að greiða fyrir því að samgöngur geti haldist á milli byggða og innan byggðarlaga. Þetta hefur vissulega komið glöggt fram í þeirri umræðu sem hér fór fram í dag. Það bíða hvarvetna verkefni, það bíða verkefni í lágsveitum og það bíða verkefni á fjallvegum, það bíða verkefni í brúargerð og það bíða verkefni hér á höfuðborgarsvæðinu vegna gífurlegrar fjölgunar bifreiða og hvernig umferðarkerfi höfuðborgarsvæðisins er í raun og veru sprungið. Það er því hin mesta nauðsyn að halda áfram af fullum þrótti framkvæmdum í þessum málaflokki og það á að vera okkur alþingismönnum keppikefli að geta haldið í horfinu með þeim hætti a.m.k. að sem næst sé hægt að standa við þá langtímaáætlun sem siglt hefur verið eftir í þessum efnum eða a.m.k. höfð hliðsjón af.

Sú tillaga til þál. um vegáætlun fyrir árin 1989–1992 sem hér liggur fyrir er seint á ferðinni hér á hinu háa Alþingi. Ég hygg að segja megi að hún sé seinna á ferðinni en gerst hefur í annan tíma þegar regluleg endurskoðun vegáætlunar á að fara fram samkvæmt lögum. Þetta er því bagalegra sem tillagan felur það í sér að með henni eru gerðar breytingar á uppsetningu fjárfestingarliða í tillgr. sjálfri og þessar breytingar eru þess efnis að tilefni hefði verið til þess að lokið væri við endurskoðun langtímaáætlunar áður en þessi tillaga kæmi fram. Það verkefni hefur legið eftir og verið í undandrætti. En það er kominn tími til þess að langtímaáætlunin sé endurskoðuð og þegar regluleg endurskoðun vegáætlunar fer fram eins og nú á að gerast hefði það verið heppilegt og rökrétt vinnubrögð að vegáætlunartillagan hefði verið færð að endurskoðaðri langtímaáætlun. Stórvirki eru fram undan í þessum málum, sum þeirra komin nokkuð á rekspöl, önnur lítt undirbúin, stórvirki sem alþingismenn hafa mikinn áhuga fyrir og allir vilja að sjálfsögðu vinna að að komist í framkvæmd fyrr en seinna, en þau stórvirki kalla á það að þessi mál séu tekin upp til nýrrar endurskoðunar.

Þessi seinagangur í framlagningu mála og endurskoðun á bæði vegáætlun og langtímaáætlun er vitaskuld ekki starfsmönnum Vegagerðar ríkisins að kenna. Ég þekki þá starfsmenn að því að þeir eru færir menn og vinnusamir og það er afar sjaldgæft að á því standi að þaðan komi skilmerkileg gögn, skýrslur og tillögur sem þarf til þess að byggja upp áætlanir af þessari tegund. Hér er vitaskuld um það að ræða að hæstv. samgrh. hefur ekki unnið sína heimavinnu við undirbúning mála með þeim hætti sem eðlilegt hefði verið og krafa hefði átt að vera gerð um. Það er seint að leggja þessa tillögu fram nú fyrir síðustu helgi og taka hana til fyrri umræðu hér í dag og það er líka ærið mikið sleifarlag á því að hafa ekki á þessum vetri hafið endurskoðun langtímaáætlunar. Þetta sleifarlag ráðherra er þeim mun augljósara sem það kemur í ljós að heimavinna hæstv. ráðherra og hæstv. ríkisstjórnar er ekki betri en svo í þessu efni að það er ekki full samstaða um þetta mál innan stjórnarliðsins. Ég vitna þar aðeins til þess að hv. 1. þm. Vesturl., varaformaður fjvn., lýsti því hér yfir í dag að hann mundi ekki styðja þá uppsetningu sem er í þessari tillögu í öllum greinum. Þannig að þrátt fyrir það að þetta mál er svo seint á ferðinni sem raun ber vitni þá er undirbúningurinn ekki betri en þetta. Það hafði ekki verið hirt um að ná samstöðu innan sjálfs stjórnarliðsins.

Ég tel ekki tilefni til þess fyrir mig nú við fyrri umræðu að flytja langa ræðu eða ítarlega þó að hér sé um viðamikið mál að ræða því að hér flutti í dag yfirgripsmikla ræðu hv. 1. þm. Reykn., fyrrv. samgrh., Matthías Á. Mathiesen sem fór ítarlega yfir þetta mál. Ég vil þó grípa á nokkrum atriðum sem einkenna málið eins og það liggur fyrir og það viðfangsefni sem við eigum fram undan að fást við.

Í fyrsta lagi er þetta niðurskurðartillaga. Sá niðurskurður var skýrður af hv. þm. Matthíasi Á. Mathiesen hér í dag og er ekki ástæða til að fara um það

mörgum orðum. Ég rifja þó upp einu sinni enn að í fyrsta sinn er að þessu sinni fé tekið af sérmerktum tekjustofnum Vegagerðar ríkisins til ríkissjóðs. Það var býsna mikill ósigur að sá varnargarður skyldi bresta sem við höfðum staðið vörð um allt þangað til nú í vetur, að taka ekki fé af sérmerktum tekjustofnum Vegagerðarinnar beint yfir í ríkissjóð. Hér er það gert og í tillögunni segir að það séu 682 millj. kr. en með afgreiðslu fjárlaga var það 690 millj. kr. og mun ég ekki gera þann mismun að umtalsefni en hann verður væntanlega skýrður síðar í meðferð þessa máls.

Hæstv. ráðherra sagði að þessi niðurskurður hefði verið gerður vegna efnahagsástandsins og stöðu ríkisfjármála í haust og fyrr í vetur. Tillagan ber með sér að á árunum 1990–1992 er meiningin að ekki verði framhald á þessum niðurskurði heldur verði þá sérmerktum tekjustofnum til vegamála skilað til þeirra verkefna sem til er ætlast. En ég segi nú af fullri hreinskilni við hæstv. ráðherra að ég sé engin merki þess að ástand efnahagsmála og ríkisfjármála muni verða léttara eða betra viðfangs þegar farið verður að setja saman fjárlagafrv. og þegar við göngum að því að afgreiða fjárlög fyrir árið 1990 heldur en var fyrir þetta ár. Ég vara því hæstv. ráðherra við og bið að hann gæti sín á þeim málum, ef þessi hæstv. ríkisstjórn lifir svo lengi að hún standi að undirbúningi næstu fjárlaga, þá vara ég hæstv. ráðherra við að það eru engar líkur til þess, miðað við þær horfur sem ég sé hvarvetna, að ástand efnahagsmála og ástand ríkisfjármála verði léttara viðskiptis nú í haust en var á síðasta hausti. Hæstv. ráðherra þarf ábyggilega stuðning við það að standa þá á verðinum í stað þess að hopa eins og hann gerði við undirbúning síðustu fjárlaga.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að ofan í þennan niðurskurð á almennu framkvæmdafé Vegagerðarinnar, 680 millj. kr. niðurskurð, þá er gert ráð fyrir því eins og glögglega var rakið hér fyrr í dag, m.a. af hv. 1. þm. Vesturl., að 200 millj. kr. verði teknar af almennu framkvæmdafé Vegagerðarinnar til jarðgangagerðar í Ólafsfjarðarmúla. Ef það verður gert þá hafði hv. 1. þm. Reykn. reiknað það út að þar með væri niðurskurður á hinu almenna framkvæmdafé Vegagerðarinnar samkvæmt þessari tillögu í kringum 25%. Þetta er það sem hv. 1. þm. Vesturl. sagðist ekki geta sætt sig við og lái honum hver sem vill. Það hefði verið auðvelt að taka fé af hinu almenna framkvæmdafé Vegagerðarinnar til þess að ljúka stórframkvæmdum í Ólafsfjarðarmúla ef ekki hefði verið um að ræða niðurskurð á þessu fé til ríkissjóðs, ef 680 millj. kr. af vegafé hefðu ekki verið teknar beint í ríkissjóðshítina. En eftir þann niðurskurð þá er ekki að furða þó að þingmönnum þyki nóg boðið að taka líka af hinu almenna framkvæmdafé Vegagerðarinnar í þetta verkefni.

Nú vil ég taka alveg skýrt fram að það kemur vitaskuld ekki til nokkurra mála og getur engum til hugar komið annað en að staðið verði við þau framkvæmdaráform sem eru í Ólafsfjarðarmúla. Ég hlýt að vitna til þess að á þeirri tíð sem ég var í forustu í fjvn. birti ég fyrir hönd nefndarinnar yfirlýsingu þess efnis að við það framkvæmdaplan yrði staðið. Við munum auðvitað ræða það í fjvn. undir meðferð þessa máls með hvaða hætti við bendum á leiðir til þess að útvega fé í þetta verkefni, en það verður tæplega gert með öðrum hætti en þeim að annað tveggja skili ríkissjóður hluta af því fé sem tekið er af sérmerktum tekjustofnum Vegagerðarinnar eða þá að aflað verði lánsfjár. Aðrar leiðir munu tæpast finnanlegar enda þótt ég minnist þess að hæstv. samgrh., annaðhvort hann sjálfur eða hans flokkur, hafi mælt með því á haustdögum að tekinn yrði upp sérmerktur tekjustofn í svokallaðan stórverkasjóð sem var stórkarlalegt nafn á. En e.t.v. er hæstv. ráðherra með þann sérmerkta tekjustofn á prjónunum sem gæti þá létt þetta mál en ekki hefur heyrst af því síðan.

Þó að hér sé um að ræða 200 millj. kr. sem teknar eru af hinu almenna framkvæmdafé Vegagerðarinnar, svo sem einnig kom fram hjá hv. 1. þm. Reykn., þá er til viðbótar ætlað til Ó-vega 70 millj. kr. á þessu ári og það er með eðlilegum hætti að það gangi til þessa viðfangsefnis. En þrátt fyrir það ... (**Gripið fram í:** Ekki allt.) ja, væntanlega meginhlutinn af því vegna þess að Ólafsfjarðarmúli er þriðji í röð af verkefnum Ó-vega, á eftir Ólafsvíkurenni og Óshlíðarvegi. En þrátt fyrir það vantar eigi minna en 60–80 millj. kr. til þess að ljúka því verki sem þarna þarf að vinna á þessu ári. Enn er því ekki séð fyrir þessu máli og auðséð að það þarf að taka upp allt dæmið. Hv. 1. þm. Vesturl. er sannarlega vorkunn þó að hann lýsi því hér yfir að hann geti ekki stutt það að taka þær 200 millj. kr. sem hér er um að ræða af hinu almenna framkvæmdafé í þessu skyni heldur verði að afla fjár með öðrum hætti. Og ég hlýt að taka undir við hann í þessum efnum.

Þá blasir það við að í þessari tillögu er gert ráð fyrir fé til vetrarviðhalds sem hvergi nærri dugar til þess verkefnis miðað við það hvað eyðst hefur vegna snjómoksturs nú í vetur vegna óvenjulegra snjóalaga. Samkvæmt upplýsingum Vegagerðar ríkisins í morgun vantar inn á þennan lið um 170 til 180 millj. kr. og það er enginn stafur um það í þessari tillögu hvar á að taka það fé. Enginn stafur um það.

Þá er hér ekki einn einasti stafur um það hvernig eigi að skila þeim 180 millj. kr. sem geymdar voru af innheimtum vegna sérmerktra tekjustofna til vegamála á árunum 1987 og 1988. Upphaflega var talið að þetta yrðu 285 millj. kr. Síðan innheimtist minna en það þannig að þetta varð um 180 millj. kr. Hér var sagt í dag að sú aukafjárveiting, sem veitt var í lok síðasta árs, 35 millj. kr., gæti dregist frá þessu fé. Það er álitamál eftir því hvernig það er reiknað. Ég tel það a.m.k. vafasamt vegna þess að búið var að skipta þessu fé á milli kjördæma og þegar búið er að skipta því í vegaáætlun á milli kjördæma hefur hæstv. samgrh. og hæstv. fjmrh. ekki heimild til að taka af því fé í eitthvert annað verkefni. Þær 35 millj. kr., sem varið var í Ólafsfjarðarmúla með aukafjárveit-

ingu í lok síðasta árs, hlutu því að koma beint úr ríkissjóði. Hæstv. ráðherrar hafa ekki heimild til þess að taka fé sem Alþingi hefur ráðstafað til allt annarra verka en Alþingi hefur samþykkt. En það er hvergi hér í þessum plöggum sem ég hef séð gerð nokkur grein fyrir því hvernig þessum 180 millj. kr. verði skilað og ekki eru þær færðar hér á blað þannig að þar er eitt gatið enn í þetta mál.

Það er hárrétt hjá hæstv. ráðherra að sérmerktir tekjustofnar til vegamála hafa aukist á undanförnum árum. Bensíngjald hefur vaxið stórum vegna þess hve bílaflotinn hefur stækkað gífurlega. Hann nefndi að á stuttu árabili hefði bensíngjaldið vaxið um 35% að magni til og það er vafalaust rétt. En þess hefur líka verið gætt af núv. hæstv. ríkisstjórn að nýta mögu-leika til að hækka þessa tekjustofna í gjaldskránni, í krónum talið, eins og mögulegt hefur verið, þ.e. bensíngjaldið hefur verið hækkað og þungaskattur af dísilbifreiðum hefur verið hækkaður eins og lög og reglur frekast heimila. En áður hefur þessu oftast verið hagað þannig að reynt hefur verið að komast hjá því að hækka þessi gjöld alveg upp í topp. Þó að þetta hafi verið gert þá liggur það fyrir samkvæmt upplýsingum Vegagerðar ríkisins að það þarf enn á þessu ári að hækka bensíngjaldið um sem svarar 70 aura á lítra til þess að geta staðið við þá tekjuáætlun sem fyrir liggur í tillögunni sjálfri. Þar kemur enn ein bensínhækkunin, hvenær sem það nú verður á árinu, en bensín hefur hækkað að ég ætla frá áramótum þrisvar sinnum — og sjálfsagt ekki lát á því ef marka má fréttir um hækkun á olíu erlendis. En það þarf líka að hækka vegna bensíngjaldsins ef hæstv. ríkisstjórn ætlar sér að ná þeim tekjum sem vegáætlunartillagan gerir ráð fyrir.

Ég nefndi áðan að það væru breytingar á uppsetningu í þessari tillögu til vegáætlunar. Auðvitað geta verið rök fyrir því að breyta uppsetningu á tillögum. Ég tel að sú breyting sem hér er gerð sé þó vafasöm. Ég held að það þurfi a.m.k. að skoða það mjög vandlega hvernig fé til stórverkefna, sem hér er talið um 550 millj. kr. á árinu 1990, 600 og 650 millj. kr. á seinni árum þessa áætlunartímabils, hvernig þetta fé kemur við hina almennu framkvæmdaliði vegáætlunar. Ég minni á það að þegar farið var í Ó-verkefnin þá var gert ráð fyrir því og það bókað að fé vegna Ó-vegaframkvæmda skyldi koma til viðbótar hinni eiginlegu vegáætlun. Það hefur ekki verið staðið við þetta. En ef það er svo að á þessu áætlunartímabili sé ætlunin að fara í fleiri stórvirki, byrja kannski á mörgum stórvirkjum til viðbótar við Ólafsfjarðarmúla, og taka það fé sem til þarf af hinu almenna vegafé, þá held ég að við þurfum að athuga það mál mjög gaumgæfilega, þá held ég að hæstv. ráðherra verði að fara að dusta rykið af hugmyndum sínum um sérmerktan tekjustofn til svokallaðs stórverkasjóðs, og væri fróðlegt að fá að kynnast þeim hugmyndum nánar.

Þessar breytingar verða vitaskuld teknar til athugunar í meðferð málsins í fjvn. og ég sé ekki ástæðu til að fjalla mikið um þær nú við fyrri umræðu. En það er alveg ljóst að fjvn. á mikið starf fyrir höndum. Ég tel að það sem ég hef talið upp hér sanni það að málið sé illa unnið. Því miður. Þrátt fyrir að það komi svo seint sem raun ber vitni, seinna en nokkru sinni við reglulega endurskoðun vegáætlunar, þá er málið illa unnið. Það er allt götótt. Heimavinna hæstv. ráðherra hefur brugðist og það kemur í ljós að stjórnarliðið stendur ekki saman um tillöguna. Það hefur verið vanrækt að ná samstöðu um málið og í þeim búningi kemur það til fjvn. þannig að þar verður ærin vinna.

Ég vil svo rifja það upp að hæstv. ríkisstjórn gaf út málefnasamning þegar hún var mynduð. Ég geri mér það einstöku sinnum til dundurs að líta í þennan málefnasamning. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Unnið verður skipulega að uppbyggingu í samgöngumálum samkvæmt langtímaáætlun.“ Það sem enn hefur komið frá hæstv. ríkisstjórn í þessum efnum er ekki skipulega unnið. Það er losaralega unnið, það er götótt, það er skorið niður fé þannig að það er ekki mögulegt að fylgja langtímaáætlun og allt það sem fram hefur komið til þessa og kemur til að vinna að þessum verkefnum, a.m.k. á þessu ári, er í andstöðu við það sem hæstv. ríkisstjórn lofaði þegar hún tók við völdum. Þau brigð er því miður ekki einsdæmi um það sem stendur í þessu plaggi. Eins og ég hef raunar áður vikið að er það frekar regla heldur en hið gagnstæða.

Ég skal, hæstv. forseti, ekki lengja þetta mál mitt, a.m.k. ekki verulega. Ég held að ég fari ekki mörgum orðum um til að mynda ræður þeirra hv. þm. Borgfl. sem hér töluðu. Hv. þm. Júlíus Sólnes fór sumpart í sinni ræðu með himinskautum. Hann taldi meðferð vegafjár hafa gefist illa á síðari árum og gagnrýndi meðferð vegafjár og þau vinnubrögð sem þar hefðu verið notuð. Hann vildi fara í stór verkefni og bjóða þau út á erlendum sem innlendum verktakamarkaði, og það er vissulega sjónarmið. En það er ekki svigrúm til þess samkvæmt þessari áætlun. Þá þyrftum við að geta náð því að hafa meira fé handa á milli til þess að geta farið í slík stórverkefni. Það er í sjálfu sér hægt að taka undir það að stundum hefur það verið álitlegt að bjóða út stórvirki í vegagerð, meiri háttar verk, og jafnvel á hinum stærsta verktakamarkaði.

En hann vildi breyta ýmsu í uppsetningu þessara mála og hreifst af einu sem var stórverkefni í þessari tillögu, sem eiga þó ekki að kosta nema 200–650 millj. á áætlunartímabilinu á ári hverju, og sagði að það væri gott að síast hefði inn í höfuð hæstv. ráðherra eitt af baráttumálum Borgfl. og væri loksins að nú sæist árangur af starfi Borgfl. hér á hinu háa Alþingi og þótti það gott. Mér flaug í hug að litlu verður Vöggur feginn. En ég held að hugleiðingar hans um það að hv. alþm. hefðu allt of mikil afskipti af meðferð þessara mála hafi ekki verið raunhæfar. Ég held sannast sagna að afskipti alþingismanna af vegamálum séu nauðsynleg. Mér er sem ég sjái það að t.d. helmingur eða þriðjungur eða ⅔ af framkvæmdafé vegamála væru sendir samtökum sveitar-

félaganna í landinu til meðferðar. Ja, þá yrði nú darraðardans. Og mér þykir það ekki bera mikinn vott um kunnugleika hv. þm., sem þó hefur verið sveitarstjórnarmaður og starfað í slíkum samtökum hér á tilteknu svæði landsins, ef hann trúir því að það mundi ganga vel hjá samtökum sveitarfélaganna að togast á um vegafé og ákveða hvernig því yrði skipt um landið og til einstakra verkefna. Ég hef ekki trú á þessu.

Ég held að Alþingi og alþingismenn sem kjörnir eru til þess að skera úr um þessi mál verði að standa undir því að taka það á sig að vinna þessi verk og taka síðan við skömm eða heiðri fyrir það hvernig til hefur tekist.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Það hefur komið glöggt fram í umræðunni í dag hversu vegamál eru þingmönnum hugleikin, enda eru samgöngumálin eitthvert brýnasta hagsmunamál þjóðarinnar allrar. Það er mikilvægara en margir gera sér ljóst að samgöngur séu sem greiðastar og bestar. Í raun og veru eru góðar samgöngur ein meginforsenda þess að byggð haldist um landið á svipuðum nótum og verið hefur. Því er allhart að una því ár eftir ár að skertar séu tekjur til Vegagerðarinnar og nú síðast seilst í sérmarkaða tekjustofna og þeir skertir svo freklega sem raun ber vitni án þess að nokkurs staðar komi fram að ætlunin sé að skila þessu fé aftur. Bifreiðaeigendum þykir að vonum illt að vera skattlagðir sérstaklega vegna uppbyggingar vegakerfisins og mega síðan í ár horfa á eftir 682 millj. kr. af því fé beint í ríkissjóð til allt annarra hluta. Þetta og þvílíkt er auðvitað með öllu óþolandi og við kvennalistakonur mótmæltum þessu harðlega við gerð fjárlaga.

Vegáætlun fyrir árið í ár ber auðvitað merki þessarar skerðingar eins og lýst hefur verið hér af öðrum og ég fer ekki frekar út í það. En um vegáætlun hvað varðar árin þrjú að þessu loknu, þ.e. árinu í ár, má sitthvað segja. Þar er að vísu nokkur nýbreytni svo sem að færa á næsta ári liðinn Bundið slitlag undir Almenn verkefni og liðurinn Stórverkefni, sem á að vera utan kvóta kjördæmanna, er tekinn upp og höfuðborgarsvæðið og Ó-vegir færðir þangað. Þetta tel ég til bóta þó að sjálfsagt séu skiptar skoðanir um það eins og við höfum heyrt hér. Finnst ýmsum að fleira mætti heyra undir þennan lið.

Það sést einnig á áætlun fyrir 1990, 1991 og 1992 að þar er ekki gert ráð fyrir að tekjustofnar Vegagerðar ríkisins verði skertir á þeim árum. En getum við treyst þessu? Til hvers er verið að gera áætlanir eins og vegáætlun, sem Vegagerð ríkisins gerir af stakri samviskusemi og miðar vitanlega við þær tekjur sem lögboðið er að hún fái, ef svo sífelldlega er seilst til teknanna af ríkisvaldinu? Ég ítreka það enn að slíkur hráskinnaleikur er gersamlega óþolandi.

Menn hafa talað um það að endurskoðun langtímaáætlunar sé nauðsynleg. Víst er nauðsynlegt að hafa framtíðarsýn um hvernig samgöngumálum skuli háttað í heild og og að gerðar séu áætlanir um þau mál. Þar vil ég taka undir með hv. 7. þm. Reykn. sem talaði um að nauðsynlegt væri að gera heildaráætlun um samgöngur, og þá um öll samgöngumannvirki, hafnir, flugvelli og vegagerð, á þann hátt að þetta tengdist hvað öðru og væri byggt upp af hagsýni þannig að ekki væri verið að byggja upp of mörg dýr mannvirki. Mér sýnist að að þessum málum þurfi að huga. Því fyrr, því betra. En áætlanir koma fyrir lítið ef áfram verða skornar niður fjárveitingar og seilst til markaðra tekjustofna. Flokkur fjmrh. og samgrh. hafði ekki dálæti á þess konar aðgerðum fyrir ári síðan og ég vænti þess að þeir haldi ekki áfram uppteknum hætti með þessar ráðstafanir.

Virðulegi forseti. Hv. 2. þm. Norðurl. v. sem talaði hér á undan mér gerði mjög góða grein fyrir því hvernig vegáætlun er sett upp og hvað honum líst um fyrirhugaða fjármögnun. Ég er honum sammála um það flest og hef ekki við það að bæta. Fjvn. á eftir að fjalla um vegáætlunina og ég geri ráð fyrir að þar sé mikil vinna fram undan því að margir lausir endar eru í þessu og breytinga von og þörf. En með tilliti til þess að enn eru nokkrir á mælendaskrá og ætlað var að halda áfram utandagskrárumræðum, þá lengi ég ekki mál mitt neitt frekar að sinni.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég get ekki stillt mig um að lengja þessa umræðu um vegamálin og tel þeim tíma þingsins vel varið. Mér hefur virst gæta mikils misskilnings í gegnum tíðina hjá mörgum Íslendingi þegar vegamál eru til umræðu. Ég tek undir það með hv. 2. þm. Norðurl. v. að vegirnir eru sameign íslenskrar þjóðar og byggð í landinu verður ekki nema á þeim svæðum þar sem við höfum vegi, sé hægt að koma þeim við.

Við getum í dag horft á heila firði sem eru komnir í eyði og ekki eitt einasta býli í byggð vegna þess að þangað voru engir vegir lagðir. Við getum líka horft á firði sem hafa stöðugt verið að tapa sínu fólki vegna þess að vegakerfið er ekki í lagi. Og við getum horft á þorp sem munu fara í eyði verði vegakerfinu ekki komið í lag.

Það er dálítið nöturlegt að á þessari öld skuli jafntakmarkaður skilningur vera á mikilvægi samgangna eins og hann er, vitandi það að Rómverjar hinir fornu gerðu sér grein fyrir því að ríki þeirra yrði aldrei stærra en það svæði sem þeir byggðu vegi um. Svo einfalt var þetta í þeirra huga. Hér gerist það aftur á móti að menn láta sér detta það í hug að eftir að Alþingi Íslendinga er búið að skipta 180 millj., eins og gert var hér í þinginu í fyrra, þá sé hægt að sleppa þeim út úr umræðunni og verja þeim í eitthvað annað. Svona vinnubrögð hreinlega ganga ekki. Ráðherrar verða að átta sig á því hvar skilur á milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds. Skattlagningarheimildin er þingsins og ráðstöfunarréttur fjárins einnig. Svo einfalt er það. Skilji þeir það ekki, þá verður að fá nýja ráðherra. Þetta er grundvallaratriði í átökunum á milli þingræðis og framkvæmdarvalds allt frá því að þingin urðu til.

Það mun ekki gerast að fjárveitinganefndarmenn

Framsfl. verði viðskila í þessu máli. Það mun ekki gerast. Það liggur alveg ljóst fyrir. Ég er ekki með þessu að ráðast einvörðungu á það að hæstv. samgrh. hefur lagt hér fram frv. sem ekki er í takt við þær heimildir sem þingflokkur Framsfl. veitti sínum ráðherrum. Þeir verða að gera sér grein fyrir því að í þessum málum þurfa þeir að átta sig á því hvað þar var samþykkt og við það verður staðið. Stjórnarsáttmálinn er einnig skýr og það er engin tilviljun að hann er hafður á þann veg sem hann er. Það er engin tilviljun. Áætlun jafnlangt fram í tímann eins og kom fram í vegamálum hlaut að bjóða upp á þá tortryggni að þeir sem væru aftarlega í röðinni mundu spyrja: Kemur nokkurn tíma að okkur, verður þessu ekki einfaldlega breytt? Verður nokkurn tíma tekið tillit til þessa? Ég segi fyrir mig að ég treysti mér ekki að standa að jafnóþjóðlegum vinnubrögðum og þeim að beina ferðamannastraumi Íslendinga stöðugt til útlanda vegna þess að að er ekki hægt að ferðast um landið.

Vita menn það að þegar einhver Íslendingur ákveður að verja, við skulum segja 200 þús. kr. til þess að ferðast til útlanda, þá rennur örlítið brot, hrein skiptimynt, í ríkiskassann. En ef hann ver 200 þús. kr. til þess að ferðast um þetta land á sínum bíl, hvað ætli stór hluti af upphæðinni fari beint í ríkiskassann? Veit hæstv. samgrh. það? Væri ekki fróðlegt að reikna það út og átta sig á því? Ætli það sé ekki nálægt því 70%? Það er nefnilega tímabært að menn geri sér grein fyrir því að ef við ætlum að rétta við viðskiptahallann við útlönd þá er stærsti leikurinn sá að gera landið fært til umferðar þannig að mönnum sé ljóst að það er næg sól yfir sumartímann á Íslandi. Menn þurfa aðeins að geta átt þess kost að geta ferðast um landið eftir vegum með bundnu slitlagi. Fjöldi manns hér á höfuðborgarsvæðinu hættir ekki bílum sínum út á malarvegina vegna þess að grjótkastið gengur yfir þá og það þýðir gjöreyðilagningu á lakkinu á bílunum fyrir utan allt annað.

Það gengur einfaldlega ekki upp að ætla að verja það að það sé þjóðhagslega hagkvæmt að halda vegakerfinu í því ástandi að fólk beinlínis treysti sér ekki til þess að ferðast um landið. Þetta er önnur hliðin á þessu máli.

Hin hliðin er sú að það er jafnfáránlegt vetur eftir vetur að standa í því að gera skurði á láglendi í snjóbreiðuna, í staðinn fyrir að nota sumartímann til þess að lyfta vegunum upp úr snjónum þannig að kostnaðurinn við snjómoksturinn verði hverfandi lítill. Það er nefnilega ekki sama hvort þú getur notað ökutæki sem fer á 50 eða 60 km hraða eftir veginum eða hvort þú verður að sitja fastur, hjakkandi fram og til baka til að grafa þér göng í gegnum skaflana.

Mér finnst að það hafi því miður ekki verið gætt jafnvægis í því að vinna að framþróun málaflokka í íslensku samfélagi. Við erum sennilega með besta heilbrigðiskerfi í heimi. (**JúlS:** Hvað með tannlækningar?) Það er rétt að geta þess að tannlæknakostnaður er mikill á Íslandi. Ég get vissulega viðurkennt það en ég vil vekja athygli hv. 7. þm. Reykn. á því að meðallífaldur Íslendinga er einhver sá hæsti í heimi. Og hvaða vit haldið þið að sé í því að hanna vegakerfið, t.d. hér á höfuðborgarsvæðinu, á þann veg að örorkan sem af því hlýst kostar miklu meira en að byggja vegakerfið upp. Hvaða vit er í þessu? Hvað kostar það að geyma fjölda manns á stofnunum fyrir lífstíð vegna þess að vegakerfið er hrein krossgáta og engum heilvita manni dytti í hug að bjóða upp á þær umferðaræðar, miðað við umferðarþunga, sem notast er við, ef verkfræðilegt mat væri á það lagt?

Ég held, hvort sem mönnum líkar það betur eða verr, að þá blasi það við að í þessum heimi verða fleiri störf tengd ferðamannaiðnaði, ný störf, fram að næstu aldamótum en í nokkurri annarri atvinnugrein. Fljótteknasti möguleikinn til að auka hagvöxt í þessu landi er að stórauka ferðamannastrauminn, er að stórauka ferðamannastrauminn, og eitt af því sem þarf að gera til þess að það sé hægt er að bæta vegakerfið. Hérna virðist ástandið hins vegar vera á þann veg að menn sækja svo fast fram í sumum velferðar- og heilbrigðismálum að þeir eru staðráðnir í því að drepa hagvöxtinn í landinu og afleiðingin af því verður, ef það verður gert, að að 10 árum liðnum stöndum við verr á vegi í þessum velferðarmálum en við gætum staðið ef við hefðum jafnvægi í því sem við erum að gera.

Það er ekki hægt, að mínu viti, að standa þannig að málum að þessi höfuðborg sem við höfum tapi akvegasambandinu við jafnstóra hluta af landinu jafnlangan tíma og nú er. Margir munu spyrja: Er nokkuð hægt að gera þegar vetrarveðrin eru sem verst? Það er hægt að hafa öruggan veg frá Norðurlandi í gegnum Dali, hvernig sem viðrar að vetrarlagi, gegnum Laxárdalsheiði, gegnum Heydal og til Reykjavíkur um Mýrar. Þetta er hægt, það vita það allir, en það verður að byggja veginn upp svo að það gangi. Það er jafnvíst að fátt fer meira í taugarnar á þeim sem fara þessa vegi allan ársins hring en að upplifa það að þegar veturinn er loksins farinn að gefa sig er vegunum lokað af mannavöldum. Bönnuð umferð nema með 5 tonna öxulþunga eða 3ja tonna öxulþunga. Hvers vegna? Hvers vegna er það gert? Vegna þess að það eru í reynd engir vegir nema moldarstígar sem ekki þola neina umferð. Er ekki ástandið dálítið líkt því sem lýst er í Innansveitarkróníku hjá nóbelsskáldinu um veginn fyrir neðan Hrísbrú? Ætli það sé mikill munur á drullusvöðunum þar og þessu ástandi?

Það er vel að ég er sannfærður um það, þrátt fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram, að hæstv. samgrh. er ekki í hópi úrtölumanna um vegamál. Ég er sannfærður um það. Og ég tel að hans hugmyndir um stórverkefnasjóð séu góðra gjalda verðar. En ég er jafnákveðinn í því að standa fast með hv. 1. þm. Vesturl. í þeim efnum að láta ekki taka aftur fjármagn frá kjördæmunum, í annað sinn á þessum vetri, til þess að leysa stórt verkefni sem við þurfum að vinna að, að koma jarðgöngunum í gegnum Ólafsfjarðarmúlann. Það verður að taka lánsfé í því skyni. Það er ekkert um annað að ræða.

Mér er ljóst að úrtölumenn í vegamálum eru til í

öllum flokkum. Mér er það ljóst. Það breytir hins vegar ekki því að venjulegur þingmaður hlýtur að hafa rétt til þess að standa fast á þeirri stjórnarstefnu sem stjórnarsáttmálinn gengur út frá. Þeir sem vilja sprengja ríkisstjórn út á það að breyta stjórnarsáttmálanum mega þá bera ábyrgð á því. Svo einfalt er það mál.

Þess vegna, herra forseti, hef ég talað svo skýrt í kvöld að ég ætlast til þess að ráðherrar þeir sem eru hér inni geri sér grein fyrir því að þessum slag geta þeir aldrei annað en tapað, hvern veg sem þeir standa að því.

Friðjón Þórðarson:

Virðulegi forseti. Þingheimur hefur nú um stund fjallað um samgöngumál, en það er sá málaflokkur sem er flestum þingmönnum allhjartfólginn og hugleikinn eins og hér hefur komið fram. Til umræðu er till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1989–1992 en hún er sett saman skv. III. kafla vegalaga, nr. 6 frá 1977.

Um heildarfjármagn það sem verja á til vegamála á þessu tímabili er fjallað á bls. 1 og um það hafa ræðumenn talað nokkuð. Það er leitt til þess að vita að þar skuli fjármagn, sérstaklega til vegaframkvæmda árið 1989 vera skert verulega þar sem færðar eru beint á ríkissjóð 682 millj. kr. og raunar, eins og nokkrir þingmenn hafa gert grein fyrir, að það er meira en þessi fjárhæð sem vegaféð skerðist um. Það skerðist einnig um þær 180 millj. sem skipt var í fyrra en virðast nú týndar um stundarsakir. Þarna hafa því alls verið lagðar til hliðar 862 millj. kr. en fyrir þá fjárhæð hefði mátt koma allmiklu í framkvæmd af nauðsynlegustu málum.

Langtímaáætlun um vegagerð var mikið rædd hér áður og hefur verið mikið rædd síðasta áratug. Menn gerðu sér snemma grein fyrir því að þessi mál þurfti að taka skipulegum tökum og til nokkurs var að vinna. Í till. til þál. um gerð langtímaáætlana um vegagerð frá 1980 er þegar bent á að stefnt skuli að þeim markmiðum sem þar eru talin upp í fjórum töluliðum: að vegir hafi fullt burðarþol allt árið, að vegir séu byggðir upp úr snjó eftir því sem unnt er, að bundið slitlag sé lagt á fjölfarnari vegi og að tekið sé tillit til umferðaröryggis við uppbyggingu veganna. Þá þegar gerðu þingmenn sér fulla grein fyrir því að uppbygging þjóðvegakerfisins og lagning bundins slitlags á fjölfarnari hluta þess er meðal brýnustu verkefna þjóðfélagsins. Mjög margar framkvæmdir á þessu sviði eru einnig arðsamar í besta lagi svo að óvíða mun fjárfesting skila meiri raunvöxtum.

Samstaða alþingismanna var líka óvenjugóð um þessi mál öllsömul. Það var rætt um að verja ákveðinni prósentutölu af þjóðarframleiðslu til þessara verka, þ.e. 2,4% af þjóðarframleiðslu frá og með árinu 1985. Sú viðmiðun byggði að vísu á eldri grunni um þjóðarframleiðslu. En síðan mun hafa verið breytt um aðferðir við útreikning þannig að nú er upphaflegi grunnurinn 86,7% af núverandi grunni og nýtt hlutfall af þjóðarframleiðslu miðað við sömu upphæð er því 2,08%. Eigi að síður er langt frá því að þetta hlutfall náist og að sönnu hefur það aldrei náðst. En það er nú svo með margt takmarkið sem menn setja sér að það næst ekki til fulls þó að menn haldi áfram að miða við það og keppa að því.

Þessi skerðing vegafjár sem ég hef nú minnst á er ekki til fyrirmyndar enda gagnrýnd af alþingismönnum. Hennar er að vísu getið hér í kafla í nýjum lánsfjárlögum fyrir árið 1989, en sá kafli er lítt til fyrirmyndar í lagasetningu. Það er hinn svokallaði „þrátt fyrir"-kafli, II. kafli lánsfjárlaga. Og þar segir einmitt í 31. gr. að þrátt fyrir ákvæði laga nr. 19 frá 1986, um fjáröflun til vegagerðar, skulu 680 millj. kr. af hækkun bensíngjalds og þungaskatts renna í ríkissjóð. Það er svo önnur saga að ég held að við alþm. ættum að taka til sérstakrar athugunar að þessi kafli sem ég nú minntist á úr nýjum lánsfjárlögum er okkur til lítillar sæmdar.

Í þessari till. til þál. er getið um nokkur nýmæli. Það er m.a. hér á bls. 28 vikið að því sem nefnt er stórverkefni. Þar er lagt til að tekinn verði upp nýr liður innan stofnbrauta, stórverkefni, sem skiptist til fjármögnunar framkvæmda í jarðgöngum, umferðarmannvirkja á höfuðborgarsvæðinu og til stórbrúa og fjarðaþverana. Það eru engin smáverkefni sem þarna er minnst á og til þeirra þarf mikið fé. Og sannleikurinn er sá að í vegamálum bíða okkar mörg verkefni, smá og stór, eins og hér hefur komið fram í máli manna. M.a. sagði hv. 2. þm. Norðurl. v.: Það bíða verkefni í lágsveitum, það bíða verkefni á fjallvegum, það bíða verkefni í brúargerðum o.fl. o.fl. Og þannig mætti lengi upp telja.

Hv. 7. þm. Reykn. minntist á hringveginn og að það þyrfti að taka til hans stórlán og framkvæma það sem eftir væri að vinna við hann. Það er sjálfsagt alveg rétt hjá hv. 7. þm. Reykn. að þörf er enn á miklum átökum við hringveginn, en þörfin er miklu víðar. Hv. þm. minntist sérstaklega á valddreifingu sem þyrfti að ástunda þegar um héraðavegi væri að ræða. Þar mætti ekki lúta neinni miðstýringu. Það þyrfti að vera heimastjórn á héraðsvegum eins og hann komst að orði. Mér finnst að þessi hv. þm. hafi talað af lítilli þekkingu um þessi mál vegna þess að eins og við vitum, flestir alþingismenn, hefur stjórn sýsluvega og sýsluvegaframkvæmda verið í höndum heimamanna, a.m.k. hingað til, í samráði við starfsmenn Vegagerðarinnar. Og ég tel að það hafi farið mjög vel á því, hvað sem það verður lengi, því að nú vitum við að búið er að leggja niður sýslunefndir. Það er verið að tína orðið sýslunefnd út úr lagasafninu. Það er mikið verk, það er ekki nærri búið. Ætli sýsluvegasjóðum verði ekki næst útrýmt? En eigi að síður tel ég nauðsynlegt að stjórn á slíkum heimaverkefnum sem ég nú nefndi sé í höndum heimamanna í samráði við Vegagerðina, eins og verið hefur.

Það væri ástæða til þess að ræða hér um snjómokstur og fleira eftir það tíðarfar sem verið hefur það sem af er þessu ári. Hv. 2. þm. Vestf. minntist nokkuð á þetta mál og gat þess m.a. að hægt væri að byggja upp veg um Dali frá Ströndum og Norðurlandi til Faxa-

flóasvæðisins. Þetta er hverju orði sannara. Það er langt síðan bent var á þessa ágætu vetrarleið þar sem Laxárdalsheiði er aðeins í 200 metra hæð yfir sjó og Heydalur 165 metra yfir sjávarmáli.

Það hefur svo komið hér fram að jafnvel hv. stjórnarsinnar í fjvn. eru ekki að öllu leyti sammála um þessa vegáætlun. Hv. 2. þm. Vestf. vildi þó ekki gera mikið úr því og teldi að þar á bæ ríkti að mér skildist full sátt og samlyndi a.m.k. á milli þingmanna Framsfl. í fjvn. En hv. 1. þm. Vesturl. benti á að hann gæti ekki fallist á þá aðgerð að taka um 200 millj. af nýbyggingarfé eða almennu framkvæmdafé þessa árs og setja í Ólafsfjarðarmúla þó að hann teldi á hinn bóginn þá framkvæmd mjög nauðsynlega. Þetta er álíka fjárhæð, 200 millj., og þingmenn Vesturlands vanhagar um til þess að byggja upp veginn um Mýrar frá Borg að Hítará.

Það er rætt um einhvers staðar í þessari grg. að lögð hafi verið sérstök áhersla á bundin slitlög, þ.e. lögð hefur verið áhersla á að láta þá fjárvöntun sem ég hef gert að umtalsefni ekki bitna á bundnum slitlögum. Það er auðvitað mjög gott að hafa þessa viðmiðun að leiðarljósi, en eigi að síður höfum við kynnst því og gátum vel rifjað upp núna á vetrinum sem er að líða að það er margt sem þarf að gera fleira en að leggja vegi bundnu slitlagi þó að það sé mjög nauðsynlegt og æskilegt.

Ég ætla ekki að eyða meiri tíma í að ræða um vegáætlunina að þessu sinni. Það er margt sem á eftir að segja um hana og margt sem á eftir að vinna að þessum málum. En við verðum að reyna að grandskoða þessa hluti, vinna úr því sem fram undan er og borið hefur verið hér á borð fyrir okkur. Fjalla vandlega um þá vegáætlun sem hér er til umræðu og beina sjónum okkar fram á veginn.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon): Ég tel mig ekki þurfa að lengja þessa umræðu með mörgum orðum þar sem hér hefur fyrst og fremst farið fram málefnaleg umræða og hreinskiptin skoðanaskipti um efni þessarar áætlunar, en ekki verið mikið um beinar spurningar til mín, enda kemur það vandasama hlutskipti aðallega í hlut fjvn. að fjalla um þau helstu álitamál sem að sjálfsögðu eru uppi við afgreiðslu vegáætlunar nú eins og endranær. Það hefur verið almennur tónn í þessari umræðu að gjarnan vildu menn hafa meira fé til að ráðstafa til vegamála, um það eru held ég allir, a.m.k. flestir og ég held bara allir, sammála sem hér hafa talað. Það kann hins vegar að skipta mönnum nokkuð í hópa hvernig menn meta aðstæðurnar til þess, bæði nú og fyrr, að sækja það fjármagn til framkvæmda sem menn gjarnan vildu sjá fara til þessara verkefna eins og reyndar til fleiri hluta. Ég tek að sjálfsögðu undir það og fagna hverjum þeim liðsmanni sem leggur því lið að hér sé á ferðinni einhver allra mikilvægasti framkvæmdaflokkur opinberra framkvæmda í landinu sem mjög æskilegt sé að geta gert sem myndarlegast við.

Ég hygg þó að við skyldum ekki, Íslendingar, vanmeta það að mikið hefur áunnist og ég nefndi í minni fyrri ræðu að það hefur þó þrátt fyrir allt tekist að leggja um 2000 km af vegakerfi landsmanna bundnu slitlagi og hafa þær framkvæmdir að mestu leyti farið fram á einum áratug.

Varðandi það efni sem hér hefur verið nefnt af mörgum og var reyndar sérstaklega gert að umtalsefni af mér í upphafi, að því miður varð það að ráði vegna erfiðra aðstæðna í ríkisfjármálum á þessu sl. hausti að taka hluta af mörkuðum tekjustofnum vegagerðar, þ.e. sérstaka hækkun sem gripið var til á þeim tekjustofnum, og láta renna í ríkissjóð, vil ég upplýsa að við þá afgreiðslu í hæstv. ríkisstjórn var gerð bókun sem lýtur að því að hér er um einstaka afgreiðslu að ræða bundna yfirstandandi ári og ekki er ætlunin að hún verði til frambúðar. Á grundvelli þessarar bókunar og vilja ríkisstjórnarinnar er vegáætlun nú þannig sett upp að þegar á næsta ári renna markaðir tekjustofnar að fullu og öllu til framkvæmda í vegamálum og ég vil gefa þá yfirlýsingu sem samgrh. að ég mun sjá til þess að við þessa afgreiðslu ríkisstjórnarinnar verði staðið verði það í mínu valdi.

Ég vil svo að lokum ítreka að ég legg á það mikla áherslu að hv. fjvn. gefi sér sem bestan tíma til að fara ítarlega yfir þetta mál. Ég get að vísu ekki fallist á að vegáætlun nú sé illa unnin venju fremur og hún beri meiri keim af sleifarlagi eða leti samgrh. en áður hefur tíðkast eins og mér fannst aðeins brydda á í máli eins hv. ræðumanns. Ég vil a.m.k. upplýsa það, hafi einhver haldið að það væri öðruvísi, að samgrh. hefur ekki legið í leti í vetur. Það getur vel verið að honum hafi verið mislagðar hendur, en hann hefur þó verið að reyna að vinna vinnuna sína. Ef eitthvað er hér um að sakast er það við ráðherrann en ekki embættismenn, undir það tek ég.

Ég vil líka leyfa mér að vona að um þetta mál geti að lokum eftir vandaða meðferð í fjvn., þar sem taka verður m.a. á þeim álitamálum sem hér hafa verið nefnd, tekist um þetta efni og afgreiðslu vegáætlunar sem allra best og mest samstaða og þar á ég við almenna samstöðu óháð flokkaskipan á Alþingi og landfræðilegum aðstæðum. Það hefur löngum verið helst gæfa manna á þessu sviði sem auðvitað annars staðar þar sem svo vel tekst til hafi menn getað hafið sig upp yfir pólitíska eða landfræðilega flokkadrætti og staðið sameiginlega að málamiðlun og niðurstöðu í þessu efni eins og öðrum. Vegáætlun fyrir yfirstandandi ár tekur eins og þegar hefur verið nefnt mið af þröngum aðstæðum og erfiðleikum í ríkisbúskapnum, en vonandi bregður þar til betri tíðar og við getum fagnað því að á næstu árum höfum við meira til skiptanna í þennan mikilvæga málaflokk og um það eru örugglega allir sammála að sé full þörf á.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umræður utan dagskrár.
Staðan í kjaramálum.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég bar áðan fram ósk um að þessari umræðu yrði fram haldið á morgun þar sem hæstv. sjútvrh. þurfti að fara upp í Borgarfjörð og gat ekki setið þennan fund, en hann gaf yfirlýsingu um það hér í dag að gengisfelling yrði óhjákvæmileg í kjölfar þeirra samninga sem hæstv. fjmrh. hefur gert við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. Ég sé raunar að fjmrh. er ekki í húsinu. Ég vil mælast til þess við hæstv. forseta að fundi verði frestað til kl. 1 á morgun. Þá getum við haldið þessari umræðu áfram og lokið henni þannig að þessar þýðingarmiklu umræður geti haldið áfram.

Ég vil ítreka það, sem ég sagði fyrr í kvöld, að það er auðvitað fullkomlega eðlilegt að hæstv. fjmrh. geri Alþingi grein fyrir kjarasamningum sem hann gerir við opinbera starfsmenn og að hæstv. fjmrh. geri grein fyrir þeirri stöðu sem er í kjaradeilu ríkisins við Bandalag háskólamenntaðra manna og það er jafnframt nauðsynlegt að sá maður sem gegnir störfum forsrh., hæstv. sjútvrh., sé viðstaddur þá umræðu, jafndjúpt og hann tók í árinni um afleiðingar samninganna nú í dag. Ég vil því mælast til þess við hæstv. forseta hvort ekki sé rétt að gera hlé á þessum fundi nú þannig að hæstv. forseta gefist ráðrúm til að ræða við stjórnarandstöðuna og þá ráðherra sem við eru um það hvort við getum ekki orðið ásátt um að halda umræðunni áfram á morgun þannig að hún þjóni sínum tilgangi. Það er algjörlega út í bláinn að ætla að stjórnarandstaðan geti haldið umræðunni áfram hér í kvöld án þess að hæstv. sjútvrh. sé viðstaddur, gjörsamlega út í hött. Ég veit að hæstv. forseti vill eiga gott samstarf við stjórnarandstöðuna og mun taka þessari málaleitan vel.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti hlýtur að upplýsa að það er óframkvæmanlegt að halda fund í sameinuðu þingi á morgun. Sú utandagskrárumræða sem hér hefur farið fram í dag var ætluð þessum fundi og ekki öðrum. Hv. forsetar efri og neðri deildar hafa gefið út dagskrá fyrir fundi sína á morgun og forseti sameinaðs Alþingis hefur ekki minnsta umboð til að breyta þeirri áætlun. Þetta vænti ég að hv. þm. skilji og að sjálfsögðu fer þessi utandagskrárumræða fram eins og áætlað var, ella verður hún að bíða fimmtudags. Ég vil þó taka fram að ég tel ólíklegt að það væri gerlegt þar sem á fimmtudaginn mun hæstv. utanrrh. birta þinginu skýrslu um kafbátsslysið í Atlantshafinu. Þetta er eini tíminn sem hugsanlegur er fyrir þessa umræðu í þessari viku og vil ég biðja hv. þm. að reyna að sætta sig við það.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég álít að það sé ein af höfuðskyldum þess þingmanns sem situr í stóli forseta sameinaðs Alþingis að sjá um það að eðlilegar umræður geti átt sér stað í þinginu um efnahagsmál. Það var ekki séð um það þegar umræður fóru hér fram um yfirlýsingu hæstv. forsrh. eftir að þing kom saman eftir áramótin eins og ég hef áður rakið. Það sem ég fór fram á við hæstv. forseta var það að forseti gerði hlé á þessum fundi þannig að hæstv. forseti geti ásamt forsetum deilda rætt við stjórnarandstöðuna um vinnubrögð á þinginu í þessari viku. Það er algjörlega óþolandi að settur forsrh. eða sitjandi forsrh., hvað viljum við hann kalla, geti gefið yfirlýsingar um gengisfellingu í kjölfar kjarasamninga sem fjmrh. gerir án þess að þingmenn geti komið einhverjum athugasemdum og spurningum að. Það er fullkomlega óþolandi og ekki í neinu samræmi við þær heiðir sem hafa skapast á þinginu og get ég mjög gjarnan farið yfir þingtíðindi undanfarin ár með hæstv. forseta til að staðreyna að sanngjörnum óskum stjórnarandstöðu um efnahagsumræður af tilefni sem þessu hafa ævinlega verið leyfðar hér í þinginu.

Hins vegar get ég vel skilið að þessi ríkisstjórn, eins og nú er komið, skuli ekki vilja leyfa umræður um atvinnumálin. Það get ég vel skilið. Það væri kannski líka meiri ástæða fyrir hæstv. utanrrh. til að ætla sér einhvern tíma á morgun til að tala út við hæstv. menntmrh. þannig að maður geti fengið að heyra hvaða skoðanir hæstv. menntmrh. hefur á þeim ummælum sem t.d. hæstv. utanrrh. lét hafa eftir sér í fjölmiðlum í kvöld. Ég held að þetta sé alveg óhjákvæmilegt.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti telur að hv. 7. þm. Reykn. hljóti að eiga allan rétt á að fá að ljúka ræðu sinni sem hann hóf fyrr í dag og verður nú umræðu utan dagskrár haldið áfram.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Ég get að mörgu leyti tekið undir með hv. 2. þm. Norðurl. e. að það væri að sjálfsögðu æskilegt að starfandi forsrh., hæstv. sjútvrh. Halldór Ásgrímsson væri viðstaddur þessa umræðu og því fyndist mér ekkert óeðlilegt þó að þessari umræðu væri frestað til morguns eins og hér hefur verið beðið um og get fyrir mitt leyti tekið undir þá ósk, en að sjálfsögðu mun ég hlíta úrskurði hæstv. forseta í því máli.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Eins og ég hef áður sagt er ekki fundur í sameinuðu þingi á morgun þannig að til þess kemur ekki og verður nú umræðu utan dagskrár fram haldið.

Júlíus Sólnes (frh.)**:**

Virðulegi forseti. Ég var þar kominn í ræðu minni þegar umræðu var frestað hér fyrir þingflokksfundi í dag að ég lýsti því að okkur þingmönnum Borgfl. hefði borist óvæntur liðsauki sem kemur fram í skrifum í Morgunblaðinu frá því á sunnudaginn var, en það er nánar tiltekið ritstjórnargrein undir nafninu

„Reykjavíkurbréf". Ég held að það sé mjög fróðlegt og nauðsynlegt fyrir alþingismenn á hinu háa Alþingi að hlýða nánar á það sem kemur fram í þessu Reykjavíkurbréfi. Það segir alla söguna og það skýrir á mjög skilmerkilegan og skýran hátt um hvað málið snýst. Nú vil ég segja að ég er ekki í einu og öllu sammála söguskýringum þess sem skrifar Reykjavíkurbréfið að þessu sinni hvað varðar umsögn hans um fyrrv. ríkisstjórnir, en að verulegu leyti þar fyrir utan get ég tekið undir það sem þarna stendur og mér finnst eins og þarna hafi höfundurinn farið í smiðju til okkar borgaraflokksmanna þegar hann er að leggja mat á það þjóðfélagsástand sem hefur skapast hér á Íslandi. Með leyfi hæstv. forseta langar mig til að lesa upp Reykjavíkurbréfið:

„Vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar, sem tók við völdum sumarið 1971, tók við besta búi sem nokkur ríkisstjórn hefur tekið við. Hún var fljót að eyða þeim fjármunum sem viðreisnarstjórnin hafði safnað í sjóði og í tíð hennar hófst sú óðaverðbólga sem við erum enn að kljást við. Ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar, sem sat frá 1974 til 1978, gerði heiðarlega tilraun til þess að ná tökum á óðaverðbólgunni og hafði náð verulegum árangri vorið 1977. Þá um sumarið voru gerðir kjarasamningar sem eyðilögðu þann árangur á skömmum tíma. Um haustið voru gerðir samningar við opinbera starfsmenn sem voru síst betri. Tilraunum ríkisstjórnarinnar veturinn 1978 til þess að ná aftur tökum á stjórn efnahagsmála og verðbólgunni var mætt með hálfgerðum styrjaldaraðgerðum af hálfu verkalýðshreyfingarinnar og stjórnarandstöðu.

Vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar, sem tók við völdum sumarið 1978 og sat fram á haust 1979, er einhver misheppnaðasta ríkisstjórn sem hér hefur setið." — Ég vil þó skjóta hér inn í að mér sýnist núverandi hæstv. ríkisstjórn ætla að keppa mjög myndarlega við þá ríkisstjórn sem þá sat um að vera einhver misheppnaðasta ríkisstjórn sem hér hefur setið að völdum. — Og svo held ég áfram: „Hún náði að sjálfsögðu engum árangri. Hápunkti stjórnleysis og óðaverðbólgu var svo náð vorið 1983 þegar sú ríkisstjórn sem þá sat skildi eftir sig 130% verðbólgu. Þá mynduðu Sjálfstfl. og Framsfl. ríkisstjórn sem gerði alvarlega tilraun til þess að ná tökum á verðbólguvandanum með töluverðum árangri. Ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar hélt áfram því starfi, en hvarf frá völdum haustið 1988 vegna sundurlyndis, óeiningar og samstarfserfiðleika flokksforingjanna sem að henni stóðu.

Þegar litið er yfir farinn veg með þessum hætti verður ljóst að þeir kjarasamningar sem ríkisstjórnin gerði við BSRB í fyrradag eru endapunktur á þeim tilraunum sem hér hafa staðið yfir frá vorinu 1983 til þess að ná tökum á óðaverðbólgunni. Með þessum kjarasamningum er þeim tilraunum lokið og við blasir tímabil nýrrar kollsteypu í efnahagsmálum, gengislækkanir, verðhækkanir, kjararýrnun og öll sú óáran sem af þessu leiðir. Það er því ekki að ástæðulausu að margir spyrja sjálfa sig og aðra um þessar mundir hvort yfirleitt sé hægt að stjórna þessari þjóð.

Það er einfaldlega staðreynd að hver flokkurinn á fætur öðrum og hver stjórnmálamaðurinn á fætur öðrum gefast upp við þetta verkefni. Þrátt fyrir alla þá reynslu sem við höfum aflað okkur, þrátt fyrir alla þá þekkingu sem þjóðin býr yfir, þrátt fyrir þann fjölda hæfileikamanna sem er að finna í þessu samfélagi virðist íslensku þjóðinni gersamlega ókleift að ná tökum á sjálfri sér og sínum vandamálum." — Ég vil hér aftur fá að skjóta inn í að hér hlýtur höfundur Reykjavíkurbréfsins að eiga við gömlu flokkana fjóra, þ.e. Sjálfstfl., Framsfl., Alþfl. og Alþb., því að það eru einmitt þeir flokkar sem bera alla ábyrgð á því ástandi sem hér hefur skapast, enda hafa þeir til skiptis og í ýmsum samsteypustjórnum farið með stjórn þessa lands allt frá stríðslokum.

Og ég held áfram: „Það er alveg sama hvert litið er. Ríkið, hagsmunasamtökin, fyrirtækin, einstaklingarnir, allir þessir aðilar ryðjast um til þess að ná sem mestu í sinn hlut og eira engu þótt það blasi við eins og nú hefur gerst í nokkur missiri að undirstöðuatvinnuvegur þjóðarinnar, uppspretta verðmætasköpunar og auðlegðar okkar, sjávarútvegurinn, er á heljarþröm, eigið fé fyrirtækja innan hans hafi brunnið upp á síðustu árum, hvert gjaldþrotið á fætur öðru dynji yfir, heilu byggðarlögin að bresta, atvinnuleysið á næstu grösum. Þrátt fyrir allt þetta leyfir ríkisstjórn Íslands sér, sem er skipuð að mörgu leyti af hæfum mönnum, að semja um hækkun á kaupgjaldi sem enginn grundvöllur er fyrir og engir peningar eru til fyrir því að auðvitað er fásinna að ætla að þessir kjarasamningar verði ekki fyrirmynd annarra kjarasamninga. Forustumenn opinberra starfsmanna sem virðast ekki lifa í nokkrum tengslum við íslenskan raunveruleika láta sér til hugar koma að ríkisstjórn geti lofað fastgengi og verðstöðvun við þessar aðstæður.

Hæstv. fjmrh. gerir tilraun til þess að láta líta svo út sem ekkert sé athugavert við þessa vitlausustu samninga sem gerðir hafa verið á Íslandi um langt árabil. Það er eins og þessi þjóð geti ekkert lært og að hún sé ótrúlega fljót að gleyma.

Það er von að spurt sé nú þegar við stöndum frammi fyrir enn einni hringferð of mikilla kauphækkana, gengislækkunar, verðhækkana, óðaverðbólgu og nýrra kauphækkana. Það er ljóst að stjórnmálamennirnir hafa gefist upp. Þeir hafa ekki hugmyndaflug til þess að láta sér detta í hug nokkrar aðrar lausnir. Uppgjöf ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar verður einungis borin saman við uppgjöf ríkisstjórnarinnar sem sat 1980–1983. Er þetta sú niðurstaða sem Steingrímur Hermannsson óskaði sér?

Vandi þjóðfélags okkar er margþættur. Hann snýr að atvinnuvegunum sjálfum sem eru ekki nógu arðbærir vegna þess að fjárfesting í þeim er of mikil. Það væri hægt að bæta rekstrarafkomu útgerðar með því að fækka fiskiskipum eins og margoft hefur verið bent á á þessum vettvangi. Hið sama á áreiðanlega við um frystihúsin. Afkoma þeirra væri betri ef þau væru færri og fengju þar af leiðandi meira hráefni til vinnslu hvert fyrir sig.

Önnur vandamál hafa minna verið til umræðu en

eiga sennilega töluverðan þátt í því hvað verðlag er hátt hér, ekki síst á matvöru. Það er annars vegar um að ræða úreltar reglur um hvaða matvæli má flytja inn til landsins og hins vegar skort á samkeppni í þessu fámenna samfélagi. Matarkostnaður er óheyrilega hár hér miðað við það sem tíðkast víða á meginlandi Evrópu og í Bretlandi t.d. Þegar litið er á þennan kostnaðarlið einan þarf engan að undra þótt fólk reyni að knýja fram kauphækkanir, en margfengin reynsla hefur kennt okkur að það hefur enga þýðingu. Verðstöðvanir og verðlagseftirlit hafa heldur ekki megnað að tryggja eðlilegt verðlag á matvörum og öðrum vörum. Hins vegar hefur verulega aukin samkeppni í smásölu seinni árin, ekki síst í matvöru, átt töluverðan þátt í að lækka verðlag, en það dugar ekki til vegna þess að sú samkeppni er á takmörkuðu sviði.

Sundurliðun á verði sýnir að vara hækkar ótrúlega mikið frá framleiðanda til kaupanda, hvort sem um er að ræða vöru sem framleidd er á Íslandi eða flutt inn frá útlöndum. Við eigum við að stríða gömul vandamál sem tengjast hinum hefðbundna landbúnaði sem hefur notið margvíslegrar verndar. En það er engin ástæða til þess að búa til slík vandamál í nýjum búgreinum hvort sem um er að ræða kartöflu- og grænmetisrækt eða kjúklingaframleiðslu svo að dæmi séu nefnd. Þjóðin stendur ekki lengur undir því að halda uppi atvinnugreinum sem ekki geta staðið sig í eðlilegri og frjálsri samkeppni.

Þessi skortur á samkeppni kemur fram á ótalmörgum sviðum. Halda menn að Flugleiðir hefðu boðið hin svonefndu verkalýðssæti á lágum fargjöldum ef Sterling-flugfélagið hefði ekki komið til sögunnar? Er ekki hugsanlegt að flutningskostnaður til landsins væri lægri ef meiri samkeppni væri í skipaflutningum? Og er ekki hugsanlegt að vextir og annar fjármagnskostnaður mundu lækka ef íslenskir bankar og fjármálastofnanir yrðu að standa sig í samkeppni við erlenda banka?

Tilraunir okkar í áratugi til þess að reyna að ná einhverjum tökum á stjórn efnahags- og fjármála okkar hafa að mestu farið út um þúfur. Kjarasamningarnir sem ríkisstjórnin var að gera við BSRB eru vísbending um að við ráðum ekki við þetta verkefni. Þess vegna er nú komið að því að við þurfum að reyna nýjar leiðir. Við verðum að knýja fram lækkun á matarkostnaði landsmanna með því að stórauka frelsi í innflutningi á matvöru. Við höfum ekki efni á því að búa til nýjar og nýjar búgreinar sem fara umsvifalaust á framfæri skattgreiðenda og neytenda. Þess vegna er orðið tímabært að endurskoða úreltar og gamaldags reglur um innflutning á matvælum. Ef innlendir kjúklingaframleiðendur geta ekki staðið sig í samkeppni við innflutning á kjúklingum, þá eru engar forsendur fyrir kjúklingarækt í þessu landi. Ef innlendir kartöfluframleiðendur geta ekki staðið sig í samkeppni við erlenda kartöfluframleiðendur, þá er ekki grundvöllur fyrir kartöfluframleiðslu í þessu landi. Neytendur geta ekki lengur haldið uppi atvinnugreinum sem standa sig ekki og framkalla síðan kauphækkunarkröfur sem sjávarútvegurinn getur ekki staðið undir.

Ef í ljós kemur að ekki er við framleiðendur að sakast heldur alls kyns milliliði er tímabært að draga þá fram í dagsljósið. Upplýst hefur verið að kjúklingaframleiðandinn fái í sinn hlut 241 kr. fyrir kg sem neytandinn borgar 609 kr. fyrir.

Við verðum að knýja fram lækkun á flutningsgjöldum til landsins með því að hvetja til aukinnar samkeppni í skipaflutningum annaðhvort með innlendum skipum eða erlendum og í vöruflutningum með flugvélum. Þjóðin var tilbúin til að leggja töluvert af mörkum á sínum tíma til að byggja upp öflug fyrirtæki í samgöngum til þess að tryggja forræði okkar sjálfra í þessum efnum. Nú hefur því takmarki verið náð og tímabært að þessi fyrirtæki standi sig í harðri samkeppni hvaðan sem hún kemur. Sú samkeppni kemur neytendur til góða.

Við verðum að knýja fram lækkun á fjármagnskostnaði með því að láta íslenska bankakerfið og fjármálafyrirtæki standa andspænis stóraukinni samkeppni frá erlendum bankastofnunum. Það kann að vera eina leiðin til þess að draga úr þeim mikla kostnaði sem augljóslega fylgir fjármálakerfi landsmanna. Þetta lokaða kerfi þar sem sjávarútveginum er ætlað að standa undir óarðbærum rekstri á öðrum sviðum gengur ekki upp.

Frændur okkar Danir standa í grundvallaratriðum frammi fyrir áþekkum vandamálum og við. Þeir hafa lifað um efni fram í áratugi eins og við. Þeir standa nú frammi fyrir því að lengra verður ekki haldið á þeirri braut. Það sama á við okkur Íslendinga. Forsætisráðherra Dana undirbýr nú að leggja tillögur um byltingu í efnahagskerfi þjóðarinnar undir þjóðaratkvæðagreiðslu til þess að brjótast í gegnum hið pólitíska kerfi. Kannski er nauðsynlegt að grípa til slíkra úrræða hér til þess að rífa þjóðina upp úr vítahring vitlausra kjarasamninga, gengislækkana og óðaverðbólgu.

Það er allt of mikill skortur á hugmyndum í umræðum um efnahags- og atvinnumál. Allur þessi áratugur hefur verið tímabil stöðnunar gagnstætt því sem var á síðasta áratug þegar landhelgin var tvisvar sinnum færð út og á viðreisnarárunum þegar margvíslegar umbætur komu til sögunnar svo sem innflutningsfrelsi og fleira. Nú er hins vegar alvarlegur skortur á hugmyndum. Menn hjakka í sama farinu. Sömu efnahagsúrræðin eru á ferðinni með nokkurra mánaða millibili. Það gerist ekkert nýtt, engar nýjar hugmyndir á döfinni. Eru stjórnmálamenn samtímans gersneyddir öllu hugmyndaflugi? Raunar er allt of mikið horft til stjórnmálamanna og ríkisvaldsins um lausn á öllum vandamálum fólksins í landinu. Miðstýringin er allt of mikil. Það er löngu tímabært að draga úr henni þannig að starfsþrek og áhugi fólks fái að njóta sín. Stjórnmálamennirnir hafa allt of ríka tilhneigingu til þess að draga til sín völd og áhrif og sjálfsagt hefur fólk líka tilhneigingu til að krefjast þess að stjórnmálamenn leysi vandamál sem aðrir eiga að takast á við. Þó dregið hafi úr beinni aðild

ríkisins að atvinnurekstri eru afskipti stjórnmálamanna og ráðherra af atvinnumálum síst minni en áður var. Þetta er ekki heilbrigt og ekki eðlilegt. Einn meginþáttur í því að skapa hér nýja tíma er að draga úr afskiptum stjórnmálamanna og ríkisvalds."

Þetta var Reykjavíkurbréf Morgunblaðsins frá sl. sunnudegi. Ég er ekki sammála því í einu og öllu. T.d. finnst mér orka tvímælis að hér yrði leyfður frjáls innflutningur á matvöru þó svo að ég geti vel tekið undir það að það er spurning hvort það borgi sig yfirleitt að framleiða suma matvöru eða reyna að framleiða hana á Íslandi. En megininntakið í því sem þarna kemur fram er held ég góð lýsing á því efnahagsóstandi sem hefur hrjáð okkur um margra, margra ára ef ekki áratuga skeið.

Í janúar sl. bauð ríkisstjórnin, þ.e. forsrh. og formenn hinna ríkisstjórnarflokkanna, Borgfl. til viðræðna um hugsanlegt stjórnarsamstarf. Við ákváðum að ganga til þessara viðræðna af heilum hug og lögðum fram umræðugrundvöll þar sem við töldum að það þyrfti að gerbreyta þeirri efnahagsstefnu sem hér hefur verið rekin undanfarin ár. Við vildum fara allt aðrar leiðir í efnahagsmálum en hæstv. ríkisstjórn hefur farið. Við töldum þegar við áttum þessar viðræður við fulltrúa ríkisstjórnarflokkanna í janúar að eina leiðin sem við sæjum út úr þessum vanda væri að reyna að lækka skatta í samráði við launþegasamtökin í landinu og koma þannig í veg fyrir að það þyrfti að hækka kaup. Það má kannski líkja þessu við einmitt svipaðar aðgerðir sem forsætisráðherra Danmerkur reyndi á sínum tíma og voru kallaðar kartöflukúrinn.

Við lögðum m.a. til að söluskattur á matvælum yrði felldur niður eða færður til sama horfs og var fyrir stjórnarmyndun 1987. Í reynd vorum við með þá málamiðlunartillögu að söluskattur á helstu hefðbundnu innfluttum matvælum yrði lækkaður úr 25% í 12% sem þýðir að ríkissjóður hefði tapað tekjum upp á hartnær 2,7 milljarða kr. Nú spyr ég hæstv. fjmrh.: Hvað kosta þessir samningar sem nýlega hafa verið gerðir við opinbera starfsmenn ríkið í beinhörðum peningum, í krónum, og hvaða rúm var í fjárlögum fyrir launahækkanir yfirleitt? Ef ég hef náð því nokkurn veginn rétt held ég að það rúm hafi kannski verið einhvers staðar um 3 milljarðar kr., en ég mundi óska þess að hæstv. fjmrh. kæmi með nánari tölur um þetta atriði. Þá sé ég ekki betur en þarna hefði verið hægt að taka þá peninga sem þurfti til að lækka verð á matvælum með því að lækka söluskattinn á helstu innfluttu hefðbundu matvælum úr 25% í 12%. Ætli hefði ekki verið nær að bjóða launþegum upp á að lækka matvælaverðið í landinu en að bjóða upp á beinharðar krónutöluhækkanir á launum sem eftir nokkrar vikur eru orðnar að engu í þeirri verðbólgu sem nú óhjákvæmilega fer af stað?

Þá lögðum við til að eignarskattsaukinn, þ.e. stóreignaþrepið, yrði fellt niður, enda er alveg með ólíkindum að láta sér detta það í hug að ætla að taka upp eignir manna sem þeir hafa náð að mynda á lífsleiðinni með tekjum sem þeir hafa borgað fulla skatta af og með innkaupum á efni sem hefur verið borgaður fullur söluskattur af. Hér er verið að tvískatta tekjur manna með óviðurkvæmilegum hætti.

Þá bentum við á að með því að koma til móts við lágtekjufólkið, með því að hækka skattleysismörk í um það bil 60 þús. kr. og athuga með að greiða út launabætur til lágtekjuhópa í líkingu við það sem við höfum áður lagt til í þáltill. sem var flutt á síðasta þingi, mætti að verulegu leyti koma til móts við lágtekjuhópana í þjóðfélaginu og þannig hefði verið hægt að ná niður verðlagi og lækka raungengi íslensku krónunnar verulega með þessum hætti.

Við lögðum enn fremur til að vörugjaldið yrði lækkað á móti lágum ytri tollum á fullunninni vöru sem settir yrðu á í staðinn. Ég er ekki í nokkrum vafa um og það held ég að hæstv. fjmrh. sé reiðubúinn að taka undir með mér að vörugjaldið sem var sett á við síðustu áramót er alger mistök. Það hefur gert það að verkum að það hefur ruglað alla verðlagningu iðnvarnings og gert innlendum iðnaðarfyrirtækjum erfitt um vik, enda eru fáir skattar sem hafa valdið eins mikilli óánægju og uppnámi í röðum íslensks iðnaðar og þeirra sem þar vinna og vörugjaldið sem var sett á um sl. áramót, þ.e. hækkun og breikkun á vörugjaldsstofninum.

Við lögðum til að ákvæði um skattfrelsi vegna hlutafjárkaupa yrðu rýmkuð og stimpilgjöld hlutabréfa felld niður eða lækkuð verulega. Það gerðum við einfaldlega með tilliti til þess að það er alveg ljóst að eigið fé velflestra fyrirtækja, sérstaklega í útflutningsgreinunum, er brunnið upp og því er eiginlega sjálfsagt að reyna að stuðla að því með öllum ráðum að almenningur gerist eignaraðilar í fyrirtækjum í ríkara mæli en verið hefur, en þetta er leið sem víðast hvar í nágrannalöndunum er farin, að gera kaup eða fjárfestingu vegna hlutafjárkaupa sem mest skattfrjálsa og að hafa ekki eins og hér er gert hærri stimpilgjöld á hlutafé en á öðrum verðbréfum sem er aldeilis með ólíkindum.

Samfara þessu hefði þurft að fara út í mjög harkalegar aðhaldsaðgerðir í ríkisfjármálunum og það er ekki nokkur vafi á því að til þess hefði þurft að koma að laga raungengi íslensku krónunnar, e.t.v. með einhverri gengisfellingu samfara þeim aðgerðum sem hér eru lagðar til.

Þá lögðum við enn fremur áherslu á að það hefði þurft að aftengja allar vísitölubindingar, en það er ekki nokkur vafi á því þegar skoðað er grannt hvernig fjármálastefna hefur verið hér undanfarin ár að lánskjaravísitalan viðheldur verðbólgunni. Hún virkar eins og olía á eldinn, hún pumpar inn í hagkerfið verðhækkunum og hún elur sjálfa sig eins og kom svo ágætlega fram í séráliti eins nefndarmannanna í verðbólgunefndinni svokölluðu. Það var ef ég man rétt veðurfræðingurinn Magnús Jónsson en hann var einmitt sá sem síst var kannski hagfræðimenntaður af þeim sem sátu í þeirri ágætu nefnd.

Ég las mjög kynduga frétt í dagblöðunum fyrir nokkrum vikum. Það var fréttatilkynning frá Seðlabankanum þar sem Seðlabankinn taldi sig hafa getað

fært sönnur á það að lánskjör á Íslandi væru hagstæðari og betri en í öllum nágrannalöndunum, þ.e. lánskjaravísitölulánin væru ódýrari og hagkvæmari fyrir lántakendur en almennt gerist með lán í nágrannalöndunum. Nú vill svo til að ég lenti í því árið 1981, en það var í tíð ríkisstjórnar Gunnars heitins Thoroddsens, að þá var boðið upp á almenn skuldbreytingalán fyrir alla þá sem höfðu staðið í húsbyggingum eða íbúðakaupum. Húsbyggjendum og íbúðakaupendum stóð þá til boða skuldbreytingalán í bönkum og sparisjóðum sem fóru fram með þeim hætti að sá banki sem viðkomandi aðili skuldaði mest í tók að sér að breyta lausaskuldum í eitt stórt lán sem var til átta ára. Ég tók eitt slíkt lán, 100 þús. kr., 27. júlí 1981 til átta ára og það vill svo til að það lán er að klárast núna. Ég á eftir tvær afborganir, síðasta afborgun fellur í júlí í sumar og ég sé núna lánið til enda. Ég gerði það að gamni mínu, ég sat yfir þessu heilan dag hér um helgina, að fara í gegnum gömlu greiðslukvittanirnar fyrir afborgunum og vöxtum af þessu láni og ég er búinn að skrifa upp hvernig lánið hefur þróast frá upphafi til enda. Síðan gerði ég mér lítið fyrir og hringdi út í minn gamla danska banka þar sem ég hafði verið í viðskiptum þegar ég bjó í Danmörku og spurði hann hreinlega að því: Hvernig mundi svona lán hafa þróast sama tímabil í ykkar banka? Og það stóð ekki á svarinu. Ég fékk sent heim yfirlit yfir hvernig nákvæmlega þetta sama lán hefði þróast þetta sama tímabil. Síðan settist ég niður og aflaði mér upplýsinga frá Seðlabanka Íslands yfir meðalgengi íslensku krónunnar mánuð fyrir mánuð allt þetta tímabil og hef síðan setið núna og reiknað út hver er munurinn. Það kemur auðvitað í ljós að af danska láninu borga ég ekki nema brot af þeim fjármunum sem ég hefði þurft að borga í sambandi við íslenska lánskjaravísitölulánið. Danska lánið, sem er tekið og látið hlaupa yfir nákvæmlega sama tíma með sömu afborgunum, nema á dönskum vaxtakjörum, held ég að láti eitthvað nærri að heildargreiðslur vegna þess láns séu ekki nema svona 60–70% af þeim greiðslum sem hafa fallið vegna íslenska lánskjaravísitölulánsins. Segi mér svo hver sem vill að lánskjör á Íslandi með lánskjaravísitölu séu eitthvað hagstæðari en í nágrannalöndunum. Þvílíkur blekkingarvefur sem hér er verið að reyna að leiða okkur í gegnum!

Nei, það þarf að finna hér upp algerlega nýjar leiðir í efnahagsmálum og fjármálastjórn landsins eins og kom ágætlega fram í margnefndu Reykjavíkurbréfi. Ég vil aðeins bæta því við að ef ekki verða gerðar strax einhverjar ráðstafanir í efnahagsmálum sem duga blasir ekkert við annað en algert hrun hjá mjög mörgum atvinnufyrirtækjum og einkum í útflutningsgreinunum. Það er alveg ljóst að þá er atvinnuleysi og upplausn heilla byggðarlaga á næsta leiti.

Við í Borgfl. teljum nauðsynlegt að styrkja nú samkeppnisiðnaðinn og útflutningsfyrirtækin með raunhæfum aðgerðum í peninga- og gengismálum og ráðast að viðskiptahallanum fyrst og fremst. Hvernig ætlar þessi þjóð eiginlega að fara að ef viðskiptahallinn heldur áfram að vaxa og vaxa? Hann kannski fer í eina 20 milljarða. Það gæti að vísu verið að það dragi aftur úr honum því fólk hefur nú reyndar ekki lengur efni á því að kaupa hinn innflutta varning svo sem eins og bíla og aðrar hátollavörur og er reyndar mjög kvartað yfir því nú að ríkissjóður verði fyrir tekjutapi vegna þess að bílasala hefur dregist verulega saman. Það er meira að segja talað um að það geti verið allt að 2 milljarðar sem tapast þannig á árinu vegna minnkandi bílasölu svo ekki sé talað um það að vegna þess að við ætlum greinilega að drekka eitthvað minna áfengi en þeir fjárlagasmiðir gerðu ráð fyrir virðist annar milljarður tapast þar. Það getur svo sem verið að viðskiptahallinn verði ekki eins alvarlegur og var á síðasta ári vegna þess að fólkið hefur hreinlega ekki efni á því að kaupa hina dýru innfluttu vöru. En engu að síður verður viðskiptahallinn áreiðanlega tveggja stafa tala í milljörðum talið og ekki seinna vænna að fara að gera eitthvað í þeim málum áður en öll fyrirtæki í iðnaði og í samkeppnisiðnaði hafa hreinlega lagt upp laupana. Að vísu, því miður, virðist það vera stefna þessarar hæstv. ríkisstjórnar að hér þurfi enginn iðnaður að vera, hann eigi bara að færast til Suður-Evrópu og Afríku og eitthvað austur í Austurlönd fjær. Þar er kaupgjaldið svo lágt að þangað hlýtur iðnaðurinn að færast. Hann á ekkert erindi hér á Íslandi þar sem kaupið er allt of hátt og maður talar ekki um eftir að hér hafa verið gerðir samningar núna fyrir nokkrum dögum þar sem kaupgjald hækkar um ein 20% hjá stórum hópum launþega innan vébanda BSRB og það liggur alveg ljóst fyrir að um sömu launahækkanir hlýtur að verða að ræða yfir allan hópinn, hvar svo sem launþegar eru fyrir með sín kjaramál. Ég held að það sé alveg ljóst.

Að lokum, ég fer að stytta mál mitt, hæstv. forseti, vildi ég aðeins ítreka eitt sem mér finnst vera aðalatriðið í þessu. Það er að það hlýtur að vera afkoma fólksins þrátt fyrir allt sem er aðalatriði svo og afkoma atvinnufyrirtækjanna. Ég tel að afkoma ríkissjóðs hljóti þar að koma í þriðja sæti. Ég hef oft vakið athygli á því héðan úr þessum ræðustól að þegar illa árar sé verjandi að reka ríkissjóð með halla ef það er hægt að ná einhverjum árangri á þann hátt í efnahagsstjórn landsins. Ef hins vegar er haldið áfram á þeirri sjálfsmorðsbraut sem íslensk efnahagsstjórn og fjármálastjórn er á, og það er verið að reyna að vísu að telja okkur trú um að ríkissjóður verði rekinn með einhverjum tekjuafgangi þó svo að allir hljóti að sjá að það er hrein blekking, það er alveg ljóst að það verður um verulegan fjárlagahalla að ræða þegar málin fara að skýrast á seinni hluta þessa árs, þá engu að síður hefði verið hægt að fara út í þær harkalegu aðgerðir sem eru nauðsynlegar og voru nauðsynlegar ef vilji hefði verið fyrir hendi að takast á við vandamálin í staðinn fyrir að sópa þeim undir teppið eins og núv. hæstv. ríkisstjórn er að gera.

Svo vil ég aðeins að lokum taka þetta fram: Þingflokkur Borgfl. hefur frá upphafi verið reiðubúinn að ræða við alla stjórnmálaflokka um ríkisstjórnarsamstarf. Þegar núv. ríkisstjórnarflokkar óskuðu

eftir viðræðum við Borgfl. um hugsanlegt stjórnarsamstarf í janúar gekk flokkurinn til þeirra af heilum hug eins og ég hef sagt áður. Við hörmum að ríkisstjórnarflokkarnir skyldu ekki vilja horfast í augu við vandamál þjóðarinnar og fara út í nauðsynlegar og raunhæfar efnahagsaðgerðir með Borgfl. Í stað þess hefur verið farin leið smáskammtalækninga sem er lítt vænleg til að skila árangri. Ég hef komið með þá samlíkingu að atvinnulífið í landinu sé eins og dauðvona sjúklingur. Það kemur læknir í heimsókn á þriggja mánaða fresti og gefur sjúklingnum sprautu svo hann drepist ekki alveg, en hann kemst aldrei á fætur. Þetta er það ástand sem varir hér við og virðist ætla að vera þannig næstu mánuðina. Að vísu er spurning: Hvað lifir sjúklingurinn lengi með þessari læknisaðgerð? Drepst hann ekki að lokum? Því miður er ég ansi hræddur um það. Og hvert horfir þá?

Það er mín skoðun að ríkisstjórnin hafi rýrt svo álit sitt meðal þjóðarinnar að hún eigi ekki annarra kosta völ en að fara frá. Annaðhvort verður þá að kjósa á nýjan leik eða stjórnmálaflokkarnir taka höndum saman með Borgfl. og mynda nýja ríkisstjórn sem getur leitt þjóðina út úr þeim ógöngum sem hún er komin í þannig að það verði farið út í einhverjar alvöru efnahagsaðgerðir sem duga í staðinn fyrir það hálfkák sem við höfum orðið vitni að núna undanfarna mánuði.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla að byrja á því að leyfa mér að vekja athygli á því að hér inni virðast fáir stjórnarliða ríkisstjórnar jafnréttis og félagshyggju hafa áhuga á umræðum um kjaramál, en þeir sitja kannski í hliðarherbergjum og lesa þau 23 stjfrv. sem hefur verið dengt á borð okkar seinnipartinn í dag og í kvöld.

Ég vil í upphafi máls míns byrja á því að lýsa furðu minni á viðbrögðum hæstv. fjmrh. við ræðu málshefjanda, hv. 18. þm. Reykv., fyrr í dag. Hann talaði hvað eftir annað um kvenfyrirlitningu, hafði greinilega fyrir fram ákveðið að hlusta ekki á ræðu hennar. Hlusta hvorki á athugasemdir hennar né spurningar, hvað þá heldur orð hennar um það að þrátt fyrir allt hefðu það verið lægst launuðu hóparnir sem fengu mesta bót með nýgerðum kjarasamningum við BSRB. Það var merkilegt að hlusta á yfirlætislega ræðu hæstv. fjmrh. þar sem hann m.a. gaf sér hvað hv. þm. Þórhildur Þorleifsdóttir vissi eða öllu heldur hvað hann taldi að hún vissi ekki. Sú kvenfyrirlitning sem hann taldi koma fram hjá henni birtist fyrst og fremst í orðum hans sjálfs svo sem þingheimur allur tók eftir.

Sú hæstv. ríkisstjórn sem nú situr hefur að markmiði sínu, eins og segir í stjórnarsáttmálanum, með leyfi forseta, „að leysa bráðan efnahagsvanda sem steðjar að atvinnulífinu, stöðu landsbyggðarinnar og undirstöðu velferðarríkis á Íslandi. Stefna ríkisstjórnarinnar byggir í senn á framtaki einstaklinga, samvinnu og samstarfi á félagslegum grunni. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar til lausnar aðsteðjandi vanda miða að því að treysta atvinnuöryggi í landinu, færa niður verðbólgu og vexti, verja lífskjör hinna tekjulægstu, bæta afkomu atvinnuveganna og draga úr viðskiptahalla."

Ekki blasir beinlínis við að þessi atriði, sem fram koma í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, hafi gengið eftir. Hvorki hefur verðbólga lækkað né heldur lífskjörin batnað og nú hafa verið gerðir kjarasamningar með rýrari kaupmætti en á síðasta ári. Og hvar skyldu nú þeir vera sem sl. ár hafa verið sjálfskipaðir verðir launafólksins í landinu? Varla getur árangurinn við að bæta stöðu atvinnuveganna talist mikill þrátt fyrir stofnun sjóða á sjóði ofan. Nú er komin upp sama staða hjá sumum fyrirtækjum og áður en þau fengu fyrirgreiðslu úr Atvinnutryggingarsjóði nema hvað þau sitja nú uppi með þær skuldir sem við hafa bæst vegna fyrirgreiðslu sjóðsins.

Í Þjóðviljanum 29. september, á fyrsta lífdegi ríkisstjórnarinnar, segir formaður Alþb. og núv. hæstv. fjmrh. í viðtali, með leyfi forseta: „Alþb. hefur mjög sterka stöðu í þessari stjórn. Fjmrh. er nokkurs konar stjórnstöð ríkiskerfisins og lykilstöð við stjórn efnahagsmála í landinu. Innganga Alþb. í stjórnarráðið hefur það í för með sér að flokkurinn er orðinn einn helsti áhrifaaðilinn um mótun efnahagsstefnunnar."

Nú er ástæða til þess að spyrja hæstv. fjmrh. hverju hann telji að þessi lykilstaða og áhrif Alþb. við stjórn efnahagsmála hafi skilað heimilum þessa lands.

Á öðrum stað í þessu sama viðtali segir hæstv. fjmrh., með leyfi forseta: „Þessi nýja ríkisstjórn hyggst þegar grípa til ýmissa aðgerða til hagsbóta launafólki. Það er ekki bara um að ræða verðstöðvun og lækkun vaxta heldur einnig breytingu á lánskjaravísitölu, aukningu fjármagns til skuldbreytinga heimila, hækkun elli- og lífeyrisbóta, barnabóta og persónuafsláttar. Það er einnig höfuðatriði að þessi ríkisstjórn ætlar að afla fjármagns til þessara aðgerða og annarra með því að sækja það til fjármagnseigenda og þeirra sem hafa haft stórar tekjur af vaxtagróða án þess að borga af því neina skatta á undanförnum árum. Einnig með nýjum sköttum á fjármálafyrirtæki og önnur fyrirtæki."

Hvað líður framkvæmd þessara atriða? Hve mikið fé hefur runnið til skuldbreytingar heimilanna? Hvað varð um hækkun elli- og lífeyrisbóta og barnabóta? Og hví var persónuafslátturinn lækkaður en ekki hækkaður um leið og skattprósentan var hækkuð um síðustu áramót? Ég vildi gjarnan fá svör hæstv. fjmrh. við þessum spurningum sem ég hef hér fram borið og vona að hann hafi heyrt betur en hann gerði fyrr í dag undir ræðu hv. 18. þm. Reykv. En þetta eru þær spurningar sem mjög brýnt er að fá svör við núna.

Núna rétt fyrir helgina var undirritaður nýr kjarasamningur ríkisins og flestra félaganna í BSRB. Fróðlegt væri að heyra frá hæstv. fjmrh. hvort hann telur lægstu launin sem nú var samið um nálgast tillögu Alþb. um nýja launastefnu nógu mikið til að við megi una. Í þeirri tillögu var lagt til að fram færi útreikningur á nýrri lágmarkslaunavísitölu, en þang-

að til það hefði gerst yrðu jafnvel sett lög um að dagvinnutekjur skyldu ekki vera undir 45–50 þús. kr. á mánuði. Ekki hefur verðlag lækkað síðan í fyrra. Telur fjmrh. að nú ári seinna dugi stórum hluta þess fólks sem nú var samið fyrir laun undir 50 þúsundum á mánuði og það eftir margra mánaða launafrystingu og með þeim auknu skattaálögum sem launafólk hefur mátt sæta frá síðustu áramótum. Sé svar fjmrh. nei, sem það reyndar hlýtur að vera, væri fróðlegt að heyra hans hugmyndir um hvað hann telur raunhæft að ætla einstaklingi að framfleyta sér af á mánuði. Hans flokkur treysti sér til að leggja mat á þetta í fyrra og hvert er mat flokksins nú?

Við gerð þeirra kjarasamninga sem nú hafa tekist með ríkinu og BSRB birtist aðdáunarverður trúnaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja til fjármálaráðuneytisins þar sem ýmis mikilvæg atriði í nýgerðum kjarasamningi felast í óljósum bókunum um ýmsar félagslegar umbætur. Það er rétt, sem fram kom í máli hæstv. fjmrh. fyrr í dag og reyndar líka í máli hv. þm. Þórhildar Þorleifsdóttur, að margar þeirra fjalla um sjálfsagðar og nauðsynlegar umbætur á stöðu kvenna. Vonandi verður ríkisstjórnin þess trausts verð sem Bandalag starfsmanna ríkis og bæja ber til hennar gagnvart sínu fólki. En ég verð að segja fyrir mitt leyti að ekki væri traust mitt of mikið gagnvart ríkisstjórn sem byrjaði feril sinn á því að svipta launafólk samningsrétti og dengdi yfir það sköttum af ýmsu tagi á þessu tímabili launafrystingar.

Ég vil aðeins minna á örlög samkomulagsins sem gert var sem hluti af kjarasamningi árið 1980 um uppbyggingu dagvistarheimila. Það er enn svo óralangt frá því að við þessa áætlun hafi verið staðið og þetta gildir um mörg önnur kjaratengd atriði sem samið hefur verið um í kjarasamningum í gegnum tíðina. Það vekur einnig athygli varðandi þennan nýgerða samning að eitt félag, Félag lögreglumanna, treysti sér ekki til að skrifa undir hann einmitt vegna vanefnda vegna síðustu kjarasamninga. Maður hlýtur því að hafa vissar áhyggjur af þeirri virðingu sem ríkisstjórnin ber fyrir kjarasamningum, hvort sama viðhorf gildir gagnvart bókunum um atriði sem taka á til athugunar og umræðu á næstu mánuðum. Mun ríkisstjórnin standa við slíkar bókanir ef hún hefur ekki einu sinni staðið við gerða kjarasamninga?

Vanda atvinnulífsins hefur borið mjög á góma í allri umræðu um efnahagsmál á síðustu mánuðum og að sjálfsögðu líka í umræðunni í dag og það auðvitað ekki að ófyrirsynju. Auðvitað er ekki hægt að slíta umræðu um kjaramál frá atvinnumálum og það vita kvennalistakonur jafnvel og allir aðrir hér inni. En það hlýtur hins vegar að fara að verða spurning hversu vandi fólksins og heimilanna í landinu þarf að verða mikill, hversu margir þurfa að vinna myrkranna milli sér til óbætanlegs heilsutjóns, hversu margar fjölskyldur þurfa að missa húsnæði sitt og þola alla þá upplausn og óhamingju sem því fylgir til þess að það verði talið til efnahagsvanda þjóðarinnar.

Margar spurningar hafa vaknað meðal launafólks á síðustu missirum, eins og t.d. hvers vegna lá svo mjög á að skerða og frysta laun þess hluta launþega sem ekki á þess kost að knýja fram launaskrið án þess að nokkuð væri gert í vaxtamálum. Hvers vegna er endalaust hægt að ganga í pyngju launafólks og greiða í sjóði til stuðnings atvinnufyrirtækjum? Hvers vegna er aldrei hugsað um grunneiningu þjóðfélagsins, heimilin? Hvers vegna verða horfurnar í þjóðfélaginu ætíð svo dapurlegar þegar gerð kjarasamninga nálgast?

Það er greinilegt að hæstv. ríkisstjórn hefur engin tök á að hafa áhrif á peningaöflin í landinu.

Í stjórnarsáttmála hæstv. ríkisstjórnar segir, með leyfi forseta: „Góð menntun er undirstaða framtíðarlífskjara þjóðarinnar.“ Áferðarfalleg setning, ekki satt, og líklega höfum við öll séð hana áður og heyrt. En hvernig ætlar hæstv. ríkisstjórn að stuðla að því að menntunin verði okkur sú stoð sem nauðsynleg er til að takast á við æ flóknari og fjölbreytilegri verkefni þar sem mestu skiptir að hafa þann grunn sem gerir manninum kleift að takast stöðugt á við ný verkefni? Hvergi birtist menntastefna þjóðfélagsins skýrar en í launastefnu hennar. En hvernig metur ríkisstjórnin sérmenntun þess fólks sem starfar á vegum hins opinbera? Við höfum heyrt ótal ræður, bæði hér í þingsölum og annars staðar, um það vanmat á menntun sem birtist í þjóðfélaginu, ekki síst meðal fólksins sem vinnur hjá ríkinu. Það er orðið með öllu óþolandi hve stofnanir eins og sjúkrahús og raunar flestar umönnunar-, uppeldis- og menntastofnanir hafa þurft að líða fyrir launastefnu ríkisvaldsins í gegnum tíðina. Nú stendur hæstv. fjmrh. og reyndar ráðherrar hinna ýmsu fagráðuneyta frammi fyrir þeirri staðreynd að það fólk í þeirra þjónustu sem hvað lengst nám og sérhæfingu hefur að baki og ber mikla ábyrgð í störfum sínum hefur þurft að grípa til þess neyðarúrræðis sem verkföll eru.

Sá mikli órói sem skapast hefur á undanförnum árum vegna lakra kjara hinna ýmsu stétta háskólamenntaðra manna hefur þegar orðið okkur til mikils tjóns og mál er að linni. Hvað eftir annað hafa verið settar á laggirnar nefndir til að meta störfin, en af einhverjum ástæðum virðist þykja sjálfsagt að greiða fyrir þá vinnu sem matsnefndir leggja af mörkum, en stinga síðan skýrslum þeirra undir stólinn þrátt fyrir það að enginn ágreiningur hafi verið um niðurstöður þeirra. Í lögum um réttindi og skyldur háskólamenntaðra starfsmanna á vegum hins opinbera segir að þeir skuli fá sambærileg laun við það sem almennt gerist á vinnumarkaðnum og það er hin sjálfsagða krafa þeirra háskólamenntuðu ríkisstarfsmanna sem nú eiga í deilum við ríkisvaldið.

Sem dæmi um þessi vinnubrögð, hvernig skýrslum er æ ofan í æ stungið undir stólinn, læt ég nægja að nefna síendurteknar kannanir sem gerðar hafa verið á kjörum kennara. Ég minni á að Kvennalistinn flutti tillögu um endurmat á störfum kennara á þinginu 1984. Sú tillaga hlaut mjög góðan hljómgrunn og stuðning þáverandi menntmrh. Ragnhildar Helgadóttur þó ekki hlyti hún formlega afgreiðslu. En árið eftir kom út skýrsla menntmrn. um endurmat á

störfum kennara. Það var í febrúar 1985, rétt áður en kennarar gripu til þess neyðarúrræðis að ganga út úr skólum landsins eftir að hafa sagt upp störfum sínum. Í þeirri skýrslu kemur í ljós að kennarar hafa haft rétt fyrir sér öll undanfarin ár. Kröfur til kennara, bæði hvað varðar starfsálag og menntun, hafa stöðugt aukist á sama tíma og þeir hafa stöðugt dregist aftur úr í launum.

Í ágústmánuði 1987 kom út skýrsla OECD um menntastefnu á Íslandi, nokkuð þykk skýrsla og greining á menntakerfinu hér á landi. Þar er að sjálfsögðu töluvert fjallað um menntun og kjör kennara og eru hinir erlendu sérfræðingar sammála um að fátt ef nokkuð eitt sér hafi meira að segja um gæði skóla og skólastarfs en einmitt kennararnir sjálfir.

Í nóvember 1987 birtist enn ein skýrsla um starfskjör framhaldsskólakennara ásamt tillögum. Sú skýrsla var unnin af sérstakri starfskjaranefnd sem skipuð var fulltrúum fjmrn., menntmrn. og Hins ísl. kennarafélags. Í upphafi grg. með skýrslunni segir m.a., með leyfi forseta:

„Margt bendir til þess að skólastarf á framhaldsskólastigi sé ekki í eins góðu horfi og æskilegt væri og virðist hafa hallað undan fæti í þessu efni síðustu árin. Til staðfestingar þessu má m.a. benda á athuganir sem gerðar voru sl. vetur á kennslu í íslensku og stærðfræði í framhaldsskólum. Skýrslur um niðurstöður þessara athugana hafa nýlega verið gefnar út. Brýnt er að snúa þeirri þróun við og gera til þess viðeigandi ráðstafanir, bæði í launamálum kennara og einnig hvað varðar starfsskilyrði þeirra."

Þetta eru upphafsorð grg. skýrslu þessarar og ekki er ágreiningur um þessa skýrslu og þær fjölmörgu ábendingar og tillögur sem koma fram í henni, ekki frekar en þær skýrslur sem ég nefndi áðan. Síðan þessi síðastnefnda kom út hafa enn einu sinni verið gerðir óviðunandi kjarasamningar kennurum til handa og enn einu sinni skellur á verkfall. Það hefur gerst æ ofan í æ að kennarar hafa gengið til starfa sinna aftur eftir deilu við stjórnvöld vegna þess að viðkomandi fjmrh. hafa lagað einhvers konar lofoðasúpu sem engin næring reynist í þegar til á að taka.

Hvað skyldi samningalotan í fyrra hafa kostað ríkissjóð sem var svo ónýt nokkrum dögum síðar þegar hæstv. þáverandi ríkisstjórn setti lög um launafrystingu og ekki einu sinni öll félögin náðu að gera samninga? Og hvað hefur núverandi ríkisstjórn gert við þær skýrslur sem fyrir liggja í menntmrn.? Fróðlegt væri að fá að vita hvað gerð þessara skýrslna hefur kostað ríkissjóð á undanförnum árum. Og hvað hefur nú gerst í menntamálunum í vetur? Jú, hæstv. menntmrh. hefur verið í hugsjónaferðum á milli skóla um land allt og talað um stórkostlega þróun í skóla- og menntamálum sem mun rétt vera að hefjast undir hans forustu. Ég vil ekki láta hjá líða að nefna að vinnubrögð ráðherra sem slík teldi ég til mikillar fyrirmyndar ef ekki fylgdi niðurskurðarbréf flokksbróður hans, hæstv. fjmrh. í kjölfarið. Þau gera skólamálafundina lítt trúverðuga í augum bæði foreldra og kennara og eru í algjörri andstöðu við þarfirnar í skólunum og skólastefnu síðustu ára. Það mun hvorki auka menntun einstaklinganna í skólunum né heldur bæta starfsskilyrði kennara að fjölga í hópum og bekkjum og draga stórlega úr námsframboði. Auðvitað hlýtur að vera hægt að draga úr útgjöldum og hagræða, en það verður ekki gert með slíkum fyrirskipunum án þess að gerðar verði áætlanir í samráði við forstöðumenn stofnananna.

Það er búið að mynda margar fallegar setningar um gildi menntunar. Ein þeirra er hugmynd hæstv. menntmrh. um að ná þurfi þjóðarsátt í mennta- og menningarmálum. Slíkt gerist auðvitað ekki nema með því að allir leggi sitt af mörkum og auðvitað þarf ekki að nefna það að ef ná á slíkri þjóðarsátt eru vel menntaðir og ánægðir kennarar mikilvægur hlekkur í þeirri keðju. Kennarar sem geta látið sér nægja að kenna aðeins kennsluskylduna, ég segi aðeins því að það geta aðeins örfáir kennarar um þessar mundir og það er með öllu óverjandi að kennarar skuli þurfa að eyða öllum þeim hléum sem gefast til endurmenntunar, undirbúnings og hvíldar í að vinna aðra launaða vinnu til að hafa í sig og á. Er líklegt að ungt fólk sem sér aðstæður kennara sinna hafi löngun til þess að leggja fyrir sig kennslu í framtíðinni eða mennta sig yfirleitt?

Við ætlum kennurum að búa uppvaxandi kynslóð undir líf sem krefst sjálfstæðis og frumkvæðis einstaklinganna í æ flóknara samfélagi sem þeir munu lifa í í upphafi næstu aldar. Ég leyfi mér enn og aftur að vitna til samtals við hæstv. fjmrh. í Þjóðviljanum 29. sept. sl. þar sem hann hefur m.a. þetta að segja um menntamálin, með leyfi forseta:

„Við höfum ekki stýrt menntamálunum í áratug og á þeim tíma hefur Sjálfstfl. markvisst reynt að breyta stefnunni í mennta- og menningarmálum í átt að grundvallarsjónarmiðum hinnar hörðu hægri stefnu. Nú gefst tækifæri til að snúa þeirri þróun við og leggja sjónarmið jafnréttis til grundvallar í þessum málaflokki og koma í framkvæmd þeirri miklu eflingu menningarlífs sem Alþb. hefur sett á oddinn."

Í ljósi þessarar yfirlýsingar á fyrsta degi ríkisstjórnarinnar hlýt ég að spyrja bæði hæstv. fjmrh. og menntmrh. ef hann er hér í húsinu. (**Forseti:** Hæstv. menntmrh. er ekki í húsinu, en hæstv. fjmrh. mun vera á næstu grösum.) Já, ég mun þá láta mér nægja að beina spurningum mínum til hans. Ég leyfi mér að spyrja hann hvernig ætlunin sé að koma þessari menntastefnu í framkvæmd við núverandi aðstæður.

Ég hefði gjarnan viljað beina spurningum til hæstv. menntmrh., en ég hafði hugsað mér að spyrja hann um hvaða tillögur hann hefði sem fagráðherra menntamála til lausnar þeirri kjaradeilu sem nú er uppi, en ég mun í stað þess taka undir spurningar sem komu fram hjá hv. síðasta ræðumanni að mig minnir um það að fjmrh. upplýsi þingheim á eftir um stöðuna í samningamálum BHMR eins og hún er núna eftir samningafundi í dag. Ég hefði gjarnan viljað geta spurt hæstv. menntmrh., en þar sem hann er hér ekki viðstaddur verður það að bíða betri tíma.

En að lokum vildi ég minnast enn og aftur á það sem um langa hríð hefur verið talað mikið um. Aftur og aftur hefur það borið á góma í umræðum um kjaramál að það þurfi að endurmeta störfin. Það endurmat fer ekki fram undir þeim þrýstingi sem ætíð er þegar kjarasamningar eru komnir í hnút eða verkföll eru yfirvofandi. Þess vegna hlýt ég að spyrja: Hvenær má vænta þess að menn setjist niður í alvöru og endurmeti þau störf til launa sem löngu er viðurkennt að eru í engu samræmi við þær kröfur sem til þeirra eru gerðar hvað varðar menntun og þá ábyrgð sem þeim fylgir?

Ég vík aðeins að lokum að nokkrum atriðum varðandi þær vinnuaðferðir sem gilda við gerð kjarasamninga og þá aðallega til að benda hæstv. ríkisstjórn á að ég tel algerlega ónauðsynlegt að mál komist í þann hnút sem þau hafa gert núna. Ríkisstjórnir hafa á valdi sínu að grípa til ýmissa ráðstafana sem gætu liðkað fyrir samningum með því að lækka ýmsan kostnað heimilanna eins og t.d. kom fram í máli hv. síðasta ræðumanns um matarskattinn. Allt slíkt sem kemur heimilum til góða er betra en hækkanir, hvort sem það eru krónutöluhækkanir eða prósentuhækkanir, þar sem slíkar hækkanir vilja oft fara út um þúfur strax á fyrstu vikum eftir undirritun kjarasamnings vegna þess að verðbólga fer af stað eða, eins og fram kom í máli hæstv. sjútvrh. í dag, að e.t.v. sé gengisfelling yfirvofandi.

Ég vil að lokum segja það að ég tel afar slæmt að hann skuli ekki vera hér þar sem hann kom með ýmsar yfirlýsingar sem full þörf hefði verið á að ræða í kvöld við umræðu um þessi mál því að þær yfirlýsingar sem hann gaf geta verið afgerandi um hvernig til tekst með þessa nýgerðu kjarasamninga og aðra sem eftir á að gera.

Einar Kr. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Þær umræður sem hafa farið fram í dag um stöðu kjaramála og stöðu atvinnulífsins eru í senn bæði tímabærar og nauðsynlegar, ekki síst eftir þá atburði að nú hafa tekist kjarasamningar með ríkisvaldinu og BSRB sem á margan hátt hafa gerbreytt stöðunni þó að vart verði sagt, sérstaklega ekki eftir þær umræður sem fram hafa farið í dag, að þær hafi orðið til þess að skýra stöðuna í kjaramálum eða atvinnumálum í landinu. Sannleikurinn er sá að enn þá standa menn frammi fyrir jafnóleystum vanda og áður varðandi þá kjarasamninga sem fram undan eru bæði hjá Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, ASÍ og VSÍ. Þrátt fyrir ýmsar óljósar yfirlýsingar hæstv. fjmrh. um vonir hans og væntingar varðandi samninga við Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna hefur ekkert komið fram sem gefur ákveðnar vísbendingar um að það sé að skána í sættir í þessum kjaradeilum og yfirlýsingar talsmanna atvinnulífsins og talsmanna verkalýðshreyfingarinnar á síðustu dögum í kjölfar samninga ríkisins og BSRB benda síður en svo til þess að lausn sé í sjónmáli, a.m.k. ekki lausn sem getur kallast farsæl fyrir atvinnulífið og launþegana í landinu.

Kjarni málsins er sá að staða atvinnulífsins í landinu og því miður ekki lengur einungis útflutningsatvinnuveganna heldur staða atvinnulífsins nær undantekningarlaust er þannig að hún gefur því miður ekki svigrúm til mikilla kauphækkana. Raunar tók hæstv. sjútvrh. af tvímæli um það í ræðu sinni í dag þegar hann sagði það bókstaflega og beint út að raunverulega væri svarið nei við þeirri spurningu hvort hægt sé að greiða hærri laun en nú er gert í sjávarútvegi. Þetta er hinn blákaldi veruleiki sem blasir við þeim samningamönnum sem nú sitja á ströngum fundum VSÍ og ASÍ í því skyni að reyna að leysa þann kjaradeiluhnút sem kominn er í þessar viðræður.

Sannleikurinn er sá að eftir margra mánaða og missira taprekstur í atvinnulífi landsmanna, einkum útflutningsatvinnuvegunum, er einfaldlega ekki fyrir hendi í dag það svigrúm til kjarasamninga sem samningar BSRB og ríkisvaldsins krefjast. Formaður Vinnumálasambands samvinnufélaganna, Hjörtur Eiríksson, útskýrir þetta mjög vel í Tímanum á laugardaginn þegar hann segir sem svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Við fengum í hádeginu skilaboð frá Ólafi Ragnari Grímssyni fjmrh. og þau voru mjög skýr." Og Hjörtur Eiríksson segir jafnframt að skilaboð Ólafs Ragnars hefðu verið þau að það væri frjáls samningsréttur í þessu landi. Ríkið semdi um það sem það hefði efni á, vinnuveitendur ættu að semja um það sem þeir hefðu efni á. Síðan segir Hjörtur: „Staðan í öllum atvinnurekstri í landinu í dag er þannig að það er taprekstur þannig að þar með vita menn um hvað verið er að semja og um hvað á að semja." Hann segir enn fremur að það sé alveg ljóst að fyrirtækin í landinu hefðu ekki efni á því að semja um launahækkanir. „Við höfum margoft sagt við ríkisstjórnina að atvinnuvegirnir í landinu þoli enga kauphækkun. Við höfum sagt að ríkisstjórnin verði að koma atvinnuvegunum á réttan rekstrargrundvöll. Það er forsenda þess að möguleiki sé á því að ræða um launahækkanir."

Þetta er ákaflega athyglisverð yfirlýsing í ljósi nýgerðs kjarasamnings og ákaflega athyglisverð yfirlýsing í ljósi þeirra yfirlýsinga og þeirra frýjunarorða sem hæstv. fjmrh. hefur æ ofan í æ beint að atvinnulífinu í landinu. Ráðherrann hefur sagt sem svo að það sé ekki á ábyrgð ríkisins hvernig til tekst um kjarasamninga Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands. Hann hefur réttilega minnt á þá grundvallarstaðreynd og það grundvallaratriði að við viljum viðhalda frjálsum samningsrétti. Um þetta er enginn ágreiningur í þessu þjóðfélagi. Það er einungis í einstaka neyðartilvikum sem menn hafa talið sér nauðsynlegt að grípa inn í kjarasamninga og þá hefur ekki gilt neinu hver hefur setið í ríkisstjórn. Alþb. jafnt og aðrir stjórnmálaflokkar hefur gripið inn í kjarasamninga um tímabundið skeið í því skyni að ná tökum á efnahagslífinu, en það hefur ekki breytt þeirri meginstaðreynd að menn eru sammála um það að hér eigi að ríkja frjáls samningsréttur.

En auðvitað standa menn frammi fyrir þeim vanda

að atvinnulífinu eru skömmtuð starfsskilyrði, m.a. með efnahagsstefnu hverrar ríkisstjórnar í landinu. Starfsskilyrðin eru þau sem Hjörtur Eiríksson lýsti svo rækilega og ágætlega í Tímanum á laugardaginn og eru sá rammi sem ríkisvaldið ætlar atvinnulífinu til þess að semja við starfsfólk sitt. Það er sá frjálsi samningsréttur sem menn búa við í dag. Sé það einlæg skoðun ríkisvaldsins að það eigi að vera grundvöllurinn að samningaviðræðunum nú hljóta allir að sjá hver niðurstaðan verði á því, enda fór ekkert á milli mála hver var skoðun hæstv. sjútvrh. í þessum efnum í ræðu hans í dag. Það fór ekkert á milli mála og hefur verið rækilega tíundað.

Hann sagði einfaldlega að svarið væri nei við spurningunni um hvort hægt sé að greiða hærri laun í sjávarútvegi í dag. Hann gaf enn fremur yfirlýsingu um að það væri nánast óhjákvæmilegt að gengið félli. Það væri gengissig í einu stökki. Gengissig væri óhjákvæmilegt þegar liði á árið. Þetta er mjög athyglisverð yfirlýsing, ekki síst vegna þess að hið gagnstæða hefur komið fram í máli formanns BSRB sem vísað hefur í endurskoðaða þjóðhagsáætlun því máli sínu til stuðnings að ekki sé ástæða til að ætla að ríkisstjórnin muni efna til gengisfellingar í kjölfar kjarasamninga eins og þeirra sem BSRB og ríkisstjórnin hafa nýlega gert.

Það er þess vegna ekki annað en gamaldags málfundakarp, svo að ég noti orð hæstv. fjmrh., þegar hann er að reyna að hliðra sér undan því að ræða þá pólitísku ábyrgð sem ríkisstjórnin ber þegar farið verður í að reyna að leysa þá kjaradeilu sem er nú ríkjandi milli ASÍ og VSÍ. Þegar hinn blákaldi raunveruleiki er sá að atvinnulífið stendur nú sem rjúkandi rúst. Almennur taprekstur varð í atvinnulífinu á síðasta ári og niðurstaða ársreikninga fyrirtækjanna, sem nú eru sem óðast að líta dagsins ljós, er öll á sama veg. Endurskoðendur, sem hafa hvað best yfirlit yfir stöðu atvinnulífsins, segjast aldrei hafa séð annað eins. Þegar svo er komið málum er það algjörlega óhjákvæmilegt að ríkisstjórnin beri þarna pólitíska ábyrgð, átti sig á því hlutverki sínu að skapa almennan rekstrarramma, það vinsamlega efnahagsumhverfi sem atvinnulífið þarf til þess að geta greitt bærileg laun í landinu.

Ég held að flestum hafi brugðið við þau harkalegu viðbrögð fjmrh. við einföldum spurningum atvinnulífsins sem kviknuðu í kjölfar BSRB-samkomulagsins, þessum yfirlýsingum á borð við þær sem ráðherrann lét frá sér fara til að mynda í Morgunblaðinu skömmu eftir að samningurinn var undirritaður, en þar segir svo: „Nú, ef frjáls samningsréttur er grundvallarreglan þá er það verkefni atvinnurekenda á almenna vinnumarkaðnum og samtaka launafólks sem þar eru að gera sína kjarasamninga. Það er nánast fáránlegur málflutningur, segir hæstv. ráðherra, að segja að við séum að gera kjarasamninga fyrir hönd þeirra og allra sérkennilegast þegar það kemur úr munni þeirra sem eru að heimta frelsi á öllum sviðum og ætla sér þess vegna núna að gerast talsmenn fullkominnar ríkisforsjár í launamálum.“ Þetta er gamaldags málfundakarp í hæstv. fjmrh.

Það er enginn að fara fram á neina fullkomna ríkisforsjá í þessum efnum. Menn ætla hins vegar eingöngu að ríkið hafi til að bera þá ábyrgð og það sé pólitískur vilji núv. hæstv. ríkisstjórnar að almenningur í landinu beri úr býtum hliðstæðar kjarabætur við þessi þröngu skilyrði sem nú eru í okkar þjóðfélagi. Við stöndum einfaldlega frammi fyrir þessari pólitísku grundvallarspurningu hvort stjórnvöld hyggist búa þannig áfram að fyrirtækjunum í landinu að þau geti ekki mætt kröfum starfsmanna sinna um sambærilegar launahækkanir og BSRB fékk í samningunum við ríkisvaldið. Þetta er sú grundvallarspurning sem jafnt atvinnurekendur og launþegar innan ASÍ spyrja þessa dagana. Það sem er sérstaklega athyglisvert við þessa umræðu hér í dag er það að hvorki í máli hæstv. fjmrh. né í máli hæstv. sjútvrh. örlaði á neinum tilburðum til þess að svara þessari spurningu beint. Ef maður hins vegar reynir að lesa bókstaflega út úr málflutningi hæstv. ráðherra, þá hlýtur niðurstaðan að vera sú að úr því að atvinnulífið eigi að búa við óbreytt starfsskilyrði og gera sína kjarasamninga á eigin ábyrgð svo sem eðlilegt er, þá sé það pólitísk viljayfirlýsing og pólitísk ákvörðun hæstv. ríkisstjórnar að kjarabætur þær, sem opinberir starfsmenn hafa fengið með þessum kjarasamningum nú, eigi ekki að breiðast út til starfsfólks á hinum almenna launamarkaði í landinu.

Það er hins vegar mikilvægt að við fáum úr þessu skorið mjög ákveðið. Ekki síst þess vegna hefði verið nauðsynlegt að hér hefði verið staddur hæstv. sjútvrh. sem, eins og margoft hefur komið fram í umræðum hér í dag og kvöld, gaf ákaflega miklar yfirlýsingar um stöðu efnahagslífsins og vilja sinn til þess að fella gengi íslensku krónunnar. Það hefði verið ákaflega fróðlegt og forvitnilegt fyrir okkur sem sátum og hlýddum á þessar umræður að fá frekari skýringar ráðherrans á þessum sjónarmiðum.

Ég held, virðulegi forseti, að þessar umræður hafi leitt það í ljós að þrátt fyrir það að ríkisstjórnin hafi gert þennan kjarasamning við BSRB, þá sé innan hennar ágreiningur um það með hvaða hætti eigi að leysa málin gagnvart atvinnulífinu í landinu. Hæstv. fjmrh. hefur gefið út þær yfirlýsingar í fjölmiðlum að BSRB-samkomulagið gefi ekki tilefni til þess að taka undir „gengisfellingargrátkórinn“ — eða svo minnir mig að hann hafi tekið til orða — en hæstv. sjútvrh. hefur talað á allt öðrum nótum. Hvorugur hefur þó tekið af skarið um það hvernig mæta eigi þeim mikla vanda sem atvinnulífið stendur frammi fyrir og hvernig mæta eigi þeirri eðlilegu kröfu forseta ASÍ, sem hann kom fram með þegar í kjölfar BSRB-samkomulagsins, að eðlilegt væri að þessir samningar væru fyrirmyndin að samningum ASÍ og VSÍ. Raunar er það svo að hæstv. sjútvrh. viðurkenndi þetta líka í dag þegar hann sagði að auðvitað væri þessi samningur ríkisvaldsins og BSRB leiðandi um alla samningagerð í landinu á komandi vori. En

jafnframt lýsti hann því yfir að tap sjávarútvegsins í landinu mundi aukast um 2% ef þetta gengi eftir. Ef þessi samningur yrði „kópíeraður" fyrir ASÍ og VSÍ, þá þýddi þetta 2% aukningu á tapi sjávarútvegsins og er það þó ærið fyrir.

Það er þess vegna ekki vonum seinna að nú þegar í þessari umræðu verði upplýst á hvern hátt ríkisstjórnin hyggist taka á þessu vandamáli. Það gengur einfaldlega ekki og það er ekkert svar gagnvart fólkinu í landinu, sem hefur orðið að búa við atvinnulegt óöryggi í fyrsta skipti í mörg ár á þessu ári, það er ekkert svar að tala í einhverjum gamaldags málfundakarpsstíl og vísa til þess að nú geti menn bara samið á eigin ábyrgð þegar staðan er eins og margoft hefur komið fram. Hingað til hefur þessi lýsing á stöðu atvinnulífsins ekki verið vefengd, a.m.k. vefengdi hæstv. sjútvrh. hana ekki, og því er það brýnt að fram komi nú á þessum fundi, í þessari umræðu klárlega hvernig ríkisstjórnin hyggst bregðast við.

Það hefur verið haft á orði undir þessum umræðum að sumpart hafi komið fram hin tvö andlit ríkisstjórnarinnar í kjara- og efnahagsmálum, andlit fjmrh. og andlit sjútvrh. sem á margan hátt hafa talað í tvær ólíkar áttir. Það eiga þeir þó sameiginlegt að hvorugur treystir sér til þess að svara þeim spurningum sem til þeirra var beint og varða þessi aðalatriði. Á meðan þau svör liggja ekki fyrir er ekki við því að búast að fulltrúar atvinnulífsins og launþegahreyfingarinnar í landinu geti af sæmilegu öryggi sest niður til þess að ræða af einhverri alvöru um lausn kjaradeilu sinnar og þess vegna er um tómt mál að tala að reyna að víkja sér undan eðlilegri pólitískri ábyrgð með gaspri um það að nú eigi það atvinnulíf sem rekið er með bullandi halla að semja um kjarabætur á eigin ábyrgð.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Það vakti athygli nú í kvöldfréttum þegar Hjörtur Eiríksson kom fram í sjónvarpinu að mat hans á þessum kjarasamningum var hið sama og mat hæstv. sjútvrh., að þeir samningar sem gerðir voru af hæstv. fjmrh. hafi verið slys. Hjörtur Eiríksson gerði í stuttu máli grein fyrir stöðu atvinnuveganna og fékk lýsing hans að öllu leyti saman við það sem hæstv. sjútvrh. hafði sagt á fundi sínum fyrr í dag og sé ég ástæðu til þess að víkja að því nokkrum orðum.

Ég vil fyrst gera það að umtalsefni að hæstv. sjútvrh. hvessti sig mjög þegar hann talaði við þingmenn Kvennalistans og féllu orð hans á þá leið að þingmenn Kvennalistans ímynduðu sér að spurningin um launakjör í landinu væri ekki spurningin um það hvort þjóðfélagið eða atvinnulífið stæði undir launakjörunum heldur sagði hæstv. sjútvrh. það sína skoðun að spurningin væri hin hvort þjóðfélagið stæði undir þeim kjörum sem greidd væru. Og hann tók það skýrt fram í sinni ræðu að atvinnulífið gæti ekki staðið undir betri kjörum. Mat hans á ástandinu í landinu var það að nákvæmlega ekkert svigrúm væri fyrir launahækkanir af neinu tagi úti á hinum almenna vinnumarkaði og hann sagði í sinni ræðu að ef þær hækkanir sem ríkisstjórnin samdi um við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja næðu til allra launþega í landinu hlytu þær launahækkanir að koma fram í meiri verðbólgu og meiri hreyfingu á gengi. — Ég sé að hæstv. viðskrh. er hér inni og er fróðlegt að fá álit hans á því hvort hann sé sammála því mati hæstv. sjútvrh. að engar aðstæður hafi verið í þjóðfélaginu nú fyrir þessar launahækkanir. — Hann tók það skýrt fram að hann gerði sér grein fyrir því að samningarnir við ríkisstarfsmenn hlytu að vera leiðandi, en bætti því við að auðvitað væri ekki þar með sagt að launabreytingarnar yrðu að vera nákvæmlega þær sömu á hinum almenna vinnumarkaði og hjá opinberum starfsmönnum. Hann spurði hvort svigrúm væri í sjávarútveginum og sagði að svarið við því væri einfaldlega nei.

Hæstv. sjútvrh. gerði síðan grein fyrir því hver staðan væri í sjávarútveginum og sagði að að mati Þjóðhagsstofnunar væri tapið á sjávarútveginum í heild verulegt eða 2,3% og tók um leið skýrt fram að Samband fiskvinnslustöðvanna telur tapið verulega meira. Ég hygg að þar muni 2%. Þá taldi hæstv. sjútvrh. að tapið í sjávarútveginum mundi aukast um 2% ef einungis væri tekið tillit til þess að launahækkanirnar gengju óbreyttar inn á hinn almenna launamarkað, en sagði að auðvitað yrði tapið meira vegna hinna óbeinu áhrifa sem slík launaþróun mundi hafa, og varpaði síðan fram þeirri spurningu hvort það væri hægt á sama tíma og þessir samningar væru gerðir við BSRB að semja um það að gengi krónunnar yrði óbreytt. Hann sagði að það væri það sama og að segja að sjávarútvegurinn færi yfir um.

Er hæstv. viðskrh. sammála því mati hæstv. sjútvrh. að sjávarútvegurinn fari yfir um, það eru óbreytt orð hans, ef þessar launahækkanir ganga út á hinn almenna vinnumarkað? Ef hæstv. fjmrh. væri hér inni væri kannski hægt að spyrja hann í þessu samhengi um þau vinnubrögð sem hann viðhafði í ríkisstjórninni þegar hann samdi um þessar hækkanir. Ég þarf auðvitað ekki að taka fram að lífskjör hafa versnað verulega á sl. ári. Ég hygg að það sé erfitt að finna frá lýðveldisstofnun nokkurt ár þar sem lífskjörin hafa versnað jafnt og þétt jafnlengi jafnmikið og þau hafa gert núna á tímum sem engar launahækkanir hafa verið.

Verðbólgan um þessar mundir, ef við miðum við hækkun lánskjaravísitölunnar í síðasta mánuði, er einhvers staðar í kringum 25%. Ég man ekki hvort verðbólgan var 17% á ársgrundvelli í febrúarmánuði og 22% eða svo í janúarmánuði og ég þekki engan mann sem spáir því að verðbólgan muni á næstu mánuðum verða minni en þetta að meðaltali. Auðvitað er óhjákvæmilegt, eins og hæstv. sjútvrh. sagði, að við þau skilyrði sem við búum við núna fari launahækkanir út í verðlagið og auðvitað hlýtur það að hafa áhrif til hækkunar á verðbólgunni ef áfram heldur eins og gerst hefur síðan þessi ríkisstjórn tók við völdum í septembermánuði að gengið sé fellt stundum mánaðarlega eða til jafnaðar á tveggja mánaða fresti. Ég sé ekki hæstv. fjmrh. hér í salnum.

(**Forseti:** Það er verið að leita að hæstv. fjmrh.) Ég er mjög ánægður yfir því ef hægt er að fresta fundi til kl. 1 og þá get ég haldið áfram ræðu minni. (**Forseti:** Forseti vill upplýsa að það hefur orðið niðurstaða samninga við þingmenn Sjálfstfl. að að ræðu hv. 2. þm. Norðurl. e. lokinni eða hvort hann kýs að fresta henni verði gert fundahlé til kl. 1, en þá kemur hæstv. sjútvrh. til þings.) Ég kýs að fresta henni.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég verð að lýsa undrun minni á þessari ákvörðun, sem tekin er í utandagskrárumræðu sem ég bað um, að nú skuli verða teknar nýjar ákvarðanir um hvernig henni er til hagað án þess að það skuli svo mikið sem borið undir málshefjanda. Fyrr í kvöld voru það ekki gild rök að ráðherrar væru ekki viðstaddir, en nú er allt í einu hægt að fresta fundi í einn og hálfan klukkutíma til að bíða eftir hæstv. sjútvrh. Vil ég óska skýringar á þessari breytingu hjá forseta.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Sú skýring skal gefin. Þess var farið á leit að þessum fundi yrði frestað til fimmtudags og það var útskýrt fyrir hv. þm. Sjálfstfl. að það getur ekki gengið vegna þess að það er annað á dagskrá þá. Á mánudaginn kemur verða umræður um utanríkismál og næsti fimmtudagur þar á eftir er sumardagurinn fyrsti. Ég taldi með ólíkindum að hv. fulltrúar Kvennalistans sættu sig við að umræðunni yrði frestað í á þriðju viku þannig að þetta var eini kosturinn sem hægt var að finna, að bíða eftir hæstv. sjútvrh. Það hefur verið haft samband við hann og hann mun reyna að koma eins fljótt og hann getur, en það er erfitt fyrir hann að koma fyrr en um eittleytið.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir að þessari umræðu verði nú frestað til kl. 1 sem er eini kosturinn til þess að hæstv. sjútvrh. og starfandi forsrh. geti tekið þátt í þessari umræðu. Þannig vill til að hæstv. ráðherra, sem er staðgengill forsrh., fer af landi brott á miðvikudagsmorgun í opinbera heimsókn til Þýskalands og hæstv. forsrh., eins og fram hefur komið, er ekki á landinu. Mér er að vísu ljóst að Kvennalistinn hóf þessa umræðu og hv. 18. þm. Reykv. Það er hins vegar svo að hv. frummælandi getur aldrei orðið eigandi umræðunnar í neinum skilningi. Ég harma að ekki náðist að gera samkomulag á milli allra flokka, en vegna ummæla hæstv. sjútvrh. og starfandi forsrh. í þessum umræðum, sem kannski mesta athygli hafa vakið, teljum við óhjákvæmilegt annað en umræðunni verði frestað og á það hefur forseti fallist og ég vil fyrir mitt leyti fagna því. Ég vonast satt að segja til þess að um það geti aðilar orðið sammála vegna þess að við teljum brýnt að hæstv. ráðherra sé viðstaddur umræðuna það sem eftir lifir af henni.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tel það algerlega óviðunandi að hér sé dagskrá breytt að höfðu samráði við aðeins einn þingflokk. Ég ítreka að þessi umræða er vegna minnar beiðni og Kvennalistinn fór ekki fram á að umræðu yrði frestað til fimmtudags eða mánudags eða nokkurs annars dags. Ég óska eindregið eftir því að umræðunni sé haldið áfram núna. Þó að ég dragi ekki í efa að fróðlegt væri að spyrja hæstv. sjútvrh. margra spurninga er kannski ekki loku fyrir það skotið að umræðan standi enn þegar hann kemur í bæinn.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ég vil upplýsa hv. 18. þm. Reykv. um að það var enginn á mælendaskrá annar en hv. 1. þm. Reykv. og hann vildi ekki fara í ræðustól fyrr en hæstv. sjútvrh. kæmi til þingsins. (**Fjmrh.:** Það var vegna þess að 2. forseti tilkynnti að það væri verið að bíða eftir þingmönnum Sjálfstfl. og þess vegna settum við ýmis okkur ekki á mælendaskrá.)

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég vil að það komi fram að við þingmenn Sjálfstfl. höfðum hugsað okkur að biðja um umræður um efnahagsmál í dag að gerðum samningum við opinbera starfsmenn og hversu staða sjávarútvegsins er og töldum að sú umræða gæti vel fallið innan þess ramma sem þingmenn Kvennalistans höfðu markað og af þeim sökum báðum við ekki um utandagskrárumræður í dag um efnahagsmál. Ég hygg að þingmenn hljóti að vera sammála um að það var tímasparnaður að því að sameina þessar umræður. Ég er alls ekkert á móti því að umræður geti haldið áfram þannig að aðrir þingmenn tali þann tíma sem hæstv. sjútvrh. er á leiðinni fyrir Hvalfjörð, síður en svo. En þegar ég kom í salinn lá það ljóst fyrir að enginn maður var á mælendaskrá og af þeim sökum tók ég til máls meðan umræður héldu áfram milli hv. þm. Friðriks Sophussonar og Guðrúnar Helgadóttur.

Ég held líka að það hljóti að vera rétt vinnubrögð á Alþingi nú sem áður, ef staða af þessu tagi kemur upp, að þingmenn tali við forseta og reyni að finna lausn á því hvernig umræðum skuli hagað.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ég vil að sjálfsögðu taka fram að það er hverjum einum heimilt að biðja um orðið ef það eru einungis hv. þm. Sjálfstfl. sem þurfa að eiga orðastað við hæstv. sjútvrh., en það var, eins og ég vil ítreka, enginn annar á mælendaskrá þannig að þess vegna taldi ég rétt að fresta fundinum. Komi það í ljós að einhverjir hv. þm. séu tilbúnir að halda áfram umræðunni á meðan við bíðum eftir hæstv. sjútvrh. er það að sjálfsögðu leyft.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og reyndar hæstv. fjmrh. kallaði fram í háttaði svo til fyrir stundu að varafor-

setì lýsti því yfir að beðið væri eftir hv. 1. þm. Reykv. Friðrik Sophussyni. Í millitíðinni kom hv. 2. þm. Norðurl. e. Halldór Blöndal og sagði að það hefði orðið að samkomulagi milli sín og Friðriks Sophussonar að hann kæmi fram fyrir á mælendaskrá. Ég hygg að hæstv. forseta sé vel kunnugt um þá venju málshefjanda og ráðherra að doka gjarnan við þangað til aðrir hafa lokið máli sínu áður en þeir taka til máls og ljúka umræðu.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Eins og ég hef þegar tekið fram er mönnum að sjálfsögðu leyfilegt að biðja um orðið og þá verður fundinum ekki frestað heldur umræðum haldið áfram meðan einhver er á mælendaskrá.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Í máli mínu fyrr í dag varð mér nokkuð tíðrætt um hve hæstv. fjmrh. fetaði dyggilega í fótspor fyrirrennara sinna í ráðherrastóli og væri lítinn mun að finna á félagshyggju- og jafnréttisstefnu hans og frjálshyggjustefnunni svokallaðri.

Nú sannast í máli hans að honum svipar í fleiru til fyrirrennara sinna en mér hugkvæmdist í fyrstu. Það var löngum sagt um þann fyrirrennara hans sem tók þá ákvörðun að svipta opinbera starfsmenn í verkfalli launum líkt og hæstv. fjmrh. gerir nú, að hann, þ.e. fyrrv. hv. þm. Albert Guðmundsson, væri vinur litla mannsins. Með sama rétti verður nú sagt um hæstv. núv. fjmrh. að hann er sannkallaður vinur kvenna. Það sést best á þeim tímamótasamningi sem undirritaður var fyrir helgina. Aldrei hafa konur fengið aðra eins leiðréttingu sinna mála ef marka má orð hans.

Hæstv. fjmrh. bar mér hvað eftir annað á brýn kvenfyrirlitningu og þykir mér langt seilst til þess að verja vondan málstað. (**Fjmrh.:** Einu sinni.) Nei, hvað eftir annað. Við skulum ekki þrátta um það en bíða eftir því að ræðan birtist á prenti, en þá hygg ég að það muni sannast að það hafi verið oftar en einu sinni sem orðið „kvenfyrirlitning" hraut af hans vörum. Hann segir mig ekki hafa minnst einu orði á, og margítrekaði það, hve stórlega nýgerður samningur rétti hlut kvenna og kjör. Það er að vísu ekki rétt hermt. Ég tók einmitt fram að þeir lægst launuðu hefðu riðið feitari hesti frá samningaborðinu en þeir betur settu. Ég áttaði mig ekki á því að hæstv. fjmrh. vissi ekki að það væru konur. Þær fengu að sönnu sömu krónutölu og aðrir til hækkunar og auk þess eru heimildir um að gera breytingar á röðun í launaflokka eða starfsheitum sem svara til að allt að ⅓ félagsmanna færist til um einn launaflokk. Vissulega er þetta til bóta fyrir lægst launaða fólkið og aðallega konur, en það breytir engu um það, sem ég gerði að aðaltilefni minnar gagnrýni á ríkisstjórnina, að enn býr stór hluti launafólks innan BSRB við óviðunandi lífskjör. Í þeim hópi eru aðallega konur. Konur fylla enn alla neðstu launaflokkana og þær eru enn varla hálfdrættingar á við karla í launum og eru þó fyrirvinnur ýmist einar sér eða önnur af tveimur. Vísaði ég því ekki að ófyrirsynju ítrekað í fyrri yfirlýsingar alþýðubandalagsmanna og ekki síst hæstv. fjmrh. og hélt ekki að hann hefði verið á málfundaæfingum í sinni fyrri umfjöllun um launamál, ýmist á blaðamannafundum, á kössum í stórmörkuðum eða á Alþingi. Mér er ómögulegt að dást að góðvild hæstv. fjmrh. í garð kvenna þó að hann hafi rétt að þeim 2000 kr. til að byrja með og þó ég efist ekki um það að þær 2000 kr. koma þeim betur sem hafa 40 þús. kr. á mánuði í laun en þeim sem 80 þús. hafa. En ég ítreka að enn er langt frá því að laun stórs hluta kvenna innan BSRB nægi til framfærslu eftir samninga.

Hæstv. fjmrh. kvartaði yfir skorti á formlegum spurningum í fyrra máli mínu og því vil ég spyrja hann nú: Telur hann laun kvenna innan BSRB nú viðunandi? Hvað telur hann nægileg laun til framfærslu? Og telur hann að nýgerðir kjarasamningar hafi breytt verulega launamismun karla og kvenna?

Hæstv. fjmrh. sagði að kvenfyrirlitning mín og Kvennalistans birtist einnig í því vantrausti sem við lýstum á hendur konum í samninganefnd ríkisins. Þegar núverandi samninganefnd var skipuð varð mörgum að orði að nú ætti að búa svo um hnútana að hægt yrði að kenna konum um ef illa tækist til um samninga. Það sannaðist í máli hæstv. fjmrh. (Gripið fram í.) Það getur vel verið að hann flokki það undir kvenfyrirlitningu eða óþarfa karldýrkun að eigna formanni nefndarinnar heiðurinn af störfum hennar. Ég flokka það heldur undir raunsæi en kvenfyrirlitningu.

Hv. þm. Halldór Blöndal kallaði fram í fyrir hæstv. fjmrh. áðan og sagði að formaður samninganefndar væri ekki maður einhamur og mun það mála sannast, enda dettur engum í hug að bera neinn annan en hann fyrir störfum nefndarinnar, hvorki karlmenn né konur. Lýsir það kannski kvenfyrirlitningu fjölmiðla allra að detta ekki í hug að tala við aðra en karlmenn um samningana, hæstv. fjmrh. sem óumdeilanlega telst karlmaður samkvæmt bestu heimildum, formann samninganefndar sem líka er karlmaður og formann BSRB sem tilheyrir sama kyni og hæstv. fjmrh.? Ekki hef ég orðið vör við að hæstv. fjmrh. hefði teljandi áhyggjur af kvenfyrirlitningu í fjölmiðlum þrátt fyrir þessa staðreynd.

Í stjórnarmyndunarviðræðunum í haust varð hæstv. núv. fjmrh. það einu sinni að orði að hann reyndi alltaf að líta á konu sem jafningja. Þrátt fyrir þann góða vilja mistekst honum það stundum.

Vegna orða um Bókun 1 með samkomulagi fjmrh. og BSRB sem hæstv. fjmrh. fullyrti að ég og aðrar kvennalistakonur hefðu ekki lesið vil ég segja þetta:

Í fyrsta lagi er aðeins kveðið á um endurskoðun reglugerðar um barnsburðarleyfi. Þar er um starfsréttindi að ræða en ekki aukin laun. Auk þess er um að ræða atriði sem miklu fremur ætti að leggja fram í frumvarpsformi hér á þinginu svo sjálfsögð mannréttindi sem þar um ræðir. En ég vil spyrja hve mikið Bókun 1 kostaði ríkissjóð ef og þegar endurskoðun reglugerðar um barnsburðarleyfi hefur farið fram.

Ég gæti skattyrst lengi við hæstv. fjmrh. um útúrsnúninga í málflutningi hans, en hirði ekki um það

meir en ég hef þegar gert. Hans eigin orð lýsa betur en nokkuð annað hug hans til kvenna. En ég undrast aðeins í lokin að hann skyldi ekki gera að umtalsefni í ræðu sinni í dag þau grundvallarmannréttindi, sem voru aðalinntak ræðu minnar, að geta séð sér og sínum farborða með heiðarlegri vinnu.

En hæstv. fjmrh. er svo sem ekki einn um að grípa til sérstaks orðalags þegar talað er til kvenna. Hæstv. sjútvrh. var í engu eftirbátur hans, en fyrst hann er væntanlegur mun ég geyma mér athugasemdir um hans málflutning þangað til hann kemur í þingsali. En ég held að hugur ráðamanna til launafólks og afkomu þess lýsi sér einmitt vel í því áhugaleysi sem þeir sýna þessari umræðu sem hér er yfirstandandi um launakjör og nýgerða kjarasamninga og yfirstandandi samninga. Enginn ráðherra hefur séð ástæðu til að vera viðstaddur umræðuna nema hæstv. fjmrh. Hæstv. forseti sá ástæðu til að atyrða varaþingkonu Kvennalistans fyrr í vetur fyrir að sjá sér ekki fært að taka sæti á Alþingi vegna annarra starfa, en ráðherra segist hæstv. forseti ekki geta hamið í salnum eða í húsinu og er þá ekki verið að fjölyrða um vanvirðu sýnda hinu háa Alþingi. En vanvirðan sem launafólki er sýnd er augljós.

Að lokum hef ég nokkrar spurningar að auki við það sem ég hef þegar sett fram til hæstv. fjmrh.

Hví tók hæstv. fjmrh. þá ákvörðun að svipta BHMR-fólk sem boðað hafði verkfall launum eftir 6. apríl? Telur hann það standast fyrir lögum í fyrsta lagi og í öðru lagi: telur hann það líka fyrir samningum?

Spurning nr. 2: Hvaða ráðstafanir hefur hæstv. fjmrh. hugsað sér að gera í komandi samningum og í framtíðinni til að hið opinbera verði samkeppnisfært við almennan vinnumarkað um hæft starfsfólk?

Þriðja spurning er reyndar ítrekun á fyrri spurningu: Telur hæstv. fjmrh. nýgerða kjarasamninga við BSRB í raun vera tímamótasamning fyrir konur? Og ef svo er vildi ég biðja hann að útlista það fyrir mér í beinhörðum tölum og staðreyndum.

4. Hve mikið kostuðu útreikningar og útkeyrsla á þeim sex daga launum sem hæstv. fjmrh. þóknaðist að bjóða verkfallsfólki BHMR? Hefði ekki verið ódýrara að draga af launum opinberra starfsmanna eftir á þegar vitað væri um lengd verkfalls?

Og þó að sú spurning verði borin upp á eftir við hæstv. sjútvrh. vil ég samt spyrja hæstv. fjmrh., því það hljóta nú að vera mál sem standa honum nærri, hvort þegar hafi verið tekin ákvörðun í ríkisstjórninni um gengisfellingu og ef svo er, þá hve mikla?

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Ég vil staðfesta það fyrst, sem kom fram hér áðan, að ástæða þess að ég og væntanlega aðrir höfðu ekki beðið um orðið hér áðan var einfaldlega það að hæstv. forseti Salome Þorkelsdóttir tilkynnti að það væri beðið eftir 1. þm. Reykv. og mig minnir að það hafi verið um það bil 5 mínútur sem beðið var í þögn eftir komu hans í salinn. (**Forseti:** Forseti vill aðeins taka það fram að ástæðan fyrir því að hv. 1. þm. Reykv. gat ekki komið í salinn var að hann var á fundi með hæstv. forseta Sþ. niðri í hans skrifstofu.) Já, ég er ekkert að draga það í efa. Ég er einfaldlega að skýra það hvernig stóð á því að enginn annar var á mælendaskrá því að venjan hefur almennt verið sú að ef það á að fresta umræðu af þessu tagi sé gert almennt samkomulag um það.

Ég vil hins vegar nota þennan tíma til að fara nokkrum orðum um einstakar spurningar sem til mín hefur verið beint í þessari umræðu.

Í fyrsta lagi vil ég greina frá því að það héldu áfram viðræður milli samninganefndar ríkisins og samninganefndar BHMR síðdegis í dag og í kvöld og báðir aðilar urðu ásáttir um að vinna að ákveðnum hugmyndum sem mótaðar yrðu í kvöld og fram að hádegi á morgun og síðan mundu viðræðuaðilar bera sama bækur sínar. Sáttasemjari væri ekki þátttakandi í þessari vinnu heldur væri hún algerlega á vegum fulltrúa BHMR og samninganefndar ríkisins. Ég held að þessi þróun mála frá því að ég greindi frá stöðunni síðdegis í dag staðfesti það, sem ég sagði þá, að ég hefði nokkuð góðar vonir um að yfir helgina hefði tekist að finna ákveðinn farveg fyrir þessar viðræður sem ég vænti að geti skilað árangri innan tíðar.

Í öðru lagi var þeirri spurningu beint til mín hver væri umframkostnaður ríkisins sérstaklega vegna þessa kjarasamnings við BSRB. Hann er hvað launaþáttinn snertir í kringum 500 millj. Það eru þau viðbótarútgjöld á launaliðnum sem þessi samningur felur í sér.

Í þriðja lagi hefur nokkuð verið vikið að ummælum mínum varðandi samninga á hinum almenna vinnumarkaði. Þar sagði ég að grundvallaratriðið væri hinn frjálsi samningsréttur. Hann felur í sér að fulltrúar launafólks í hinum einstöku atvinnugreinum og fulltrúar atvinnurekenda geri kjarasamning. Það er ekki vettvangur ríkisins að vera aðalþátttakandi í þeirri vinnu og ég endurtek það hér, sem ég hef sagt í fjölmiðlum, að mér finnst hættumerki hvað fulltrúar atvinnurekenda og ýmsir aðrir sem að samningum á hinum almenna vinnumarkaði koma eru haldnir mikilli ríkisforsjárhyggju í þeirri vinnu. Áður en þeir eru sjálfir sestir að ítarlegum viðræðum sín á milli er fyrsta hugsunin ávallt að hlaupa til ríkisvaldsins og spyrja um þetta og spyrja um hitt, biðja um þetta og biðja um hitt. Við þróum ekki okkar hagkerfi með þeim hætti ef þeir sem eru fulltrúar atvinnulífsins og samtaka launafólks taka ekki sjálfstæðar ákvarðanir í sínum samningum. Það er tómt mál um það að tala af hálfu forustumanna atvinnurekenda að vera að biðja hér um þróun frjálsra samskiptahátta á hinum ýmsu mörkuðum í okkar hagkerfi, bæði peningamarkaði, þjónustumarkaði og vinnumarkaði, ef menn eru ekki reiðubúnir fyrst að axla þá ábyrgð sem felst í því frelsi en verða ætíð í upphafi í hverri samningalotu að biðja um sífellda fundi í stjórnarráðinu. Meginástæða fyrir því að það er eðlilegt að samningarnir séu sjálfstæðir á hinum frjálsa vinnumarkaði er að aðstæður þar eru mjög mismunandi og fyrirtæki og atvinnugreinar geta sem betur fer boðið sínu fólki betri kjör með margvíslegum hætti. Ég nefni t.d. að Vinnuveitendasamband

Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna hafa þegar gert samning við iðnaðarmenn um 4–6% kauphækkun fram að hausti. Forustumenn þessara samtaka hafa ekki verið að heimta neinar gengisfellingar út af þeim samningi sem þeir hafa þó sjálfir gert við sína viðsemjendur en ætla svo að kyrja gengisfellingarkór út af samningi ríkisins sem felur ekki í sér meiri breytingar á sambærilegum tíma en samningurinn við iðnaðarmenn. Það er þess vegna ekkert samræmi í þessum málflutningi Vinnuveitendasambandsins og Hjartar Eiríkssonar, fulltrúa Sambandsins, sem vitnað hefur verið til í kvöld. Um það mætti auðvitað hafa mörg fleiri orð. Ég endurtek það hér: það er ekkert tilefni til gengisbreytinga í þeim kjarasamningi sem gerður hefur verið við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, ekki neitt.

Þau orð sem sumir hafa vitnað til og hæstv. sjútvrh. lét falla í dag eru hins vegar ósköp eðlileg yfirlýsing í því hagkerfi sem við búum við, að það geti komið til þess einhvern tíma síðar á þessu ári að gengið taki einhverjum breytingum, en mjög litlum eins og hæstv. sjútvrh. sagði þá. En að tengja það við kjarasamninga BSRB eins og hv. fulltrúar Sjálfstfl. hafa hér gert er algerlega út í hött. Hvers vegna? Jú, vegna þess að í samningum opinberra starfsmanna er verið að semja um sérstakar hækkanir hjá þeim lægst launuðu í gegnum krónutölureglunu, hækkanir hjá fólki sem hefur í heildarlaun 40–50 þús. kr. á mánuði. Og að ætla sér á þeim grundvelli að gera gengisfellingarkröfu á ríkið vegna þess að laun fólks sem er kannski með 60–70 þús. kr. í heildarlaun eigi að hækka með því að yfirfæra þessa upphæð yfir í reikningsgrunn fiskvinnslunnar að gefnu tilliti til hinna sérstöku launakjaraaðferða bónus- og álagsgreiðslna sem þar hefur þróast er það sama og að segja að öll launakerfi í landinu eigi að vera bundin af bónuskerfinu í fiskvinnslunni. Væri svo ætti Vinnuveitendasambandið og fiskvinnslan þá að afhenda ríkisvaldinu samningaumboðið fyrir sjálfan sig, en það hafa þeir auðvitað ekki gert. Þess vegna er það algerlega út í hött að taka þessa krónuupphæð, yfirfæra hana í allt annað launakerfi eins og tíðkast í sjávarútveginum, láta hana þar mynda reikningsgrunn margfeldis upp eftir launakerfinu og ætla svo að gera gengisfellingarkröfu á ríkið eftir þeirri aðferð. Væri krónutölureglunni beitt í sjávarútveginum í launakerfi fiskvinnslunnar með sama hætti og gert er í kjarasamningum BSRB er engin ástæða fyrir fiskvinnsluna til að biðja um gengisfellingu á grundvelli þessa kjarasamnings.

Hins vegar er það ekkert nýtt að fiskvinnslan biðji um gengisfellingu. Það hefur hún gert á hverju ári undanfarin ár án þess að geta bent á það að gengisbreyting mundi í nokkru bjarga þeim fiskvinnslufyrirtækjum sem verst eru stödd. Og ég spyr hv. varaþm. Sjálfstfl. á Vestfjörðum sem talaði áðan: Mundi gengisfelling bjarga fiskvinnslufyrirtækjum Einars Guðfinnssonar í Bolungarvík? Hvað þyrfti sú gengisbreyting að vera mikil? 10%, 20%, 50%, 100%? Það væri fróðlegt að taka slík dæmi. Og það væri fróðlegt fyrir forsvarsmenn Vinnumálasambands samvinnufélaganna að taka dæmi af Dýrafirði, af Patreksfirði, af Stöðvarfirði, af Breiðdalsvík og fleiri stöðum og útskýra hvaða áhrif gengisfelling hefði á rekstrargrundvöll þessara fyrirtækja því hún stóreykur fjármagnskostnaðinn, hún stóreykur skuldabyrðina. Hún magnar í raun og veru upp vanda þessara fyrirtækja, en leysir hann ekki með neinum hætti og það eina sem hún gerir er að rýra kjör fólksins í landinu. (**FrS:** Af hverju hækkið þið bara ekki gengið ef þetta er rétt hjá hæstv. ráðherra?) Hæstv. fyrrv. iðnrh., sem stóð hér fyrir svokallaðri fastgengisstefnu og á auðvitað stærsta þáttinn í því hvernig er komið fyrir iðnfyrirtækjum í landinu, ætti ekki úr sæti sínu að spyrja slíkrar spurningar eins og hann bar fram því að hann veit fullvel að það hafa verið gerðar á undanförnum mánuðum breytingar á raungenginu. Það hefur lækkað. Þær breytingar hafa hins vegar verið gerðar smátt og smátt. Þannig hafði t.d. 3% gengisbreytingin í september sl. mun meiri áhrif til styrktar útflutningsatvinnugreinunum en 10% gengisbreytingin sem hæstv. þáv. iðnrh. stóð fyrir í maí á því ári. Það eru einmitt þær aðferðir sem ríkisstjórnin hefur beitt frá því í september og til þessa dags sem hafa leitt til þess að ákveðnar aðgerðir í efnahagsmálum til skuldbreytingar hjá fyrirtækjunum ásamt minni háttar breytingum í hverjum áfanga á genginu hafa í raun skilað útflutningsgreinunum inn á raungengi nú sem er sambærilegt við meðaltal undanfarinna 30 ára. Ef litið er á það er ekki hægt að finna neinn efnisgrundvöll til að rökstyðja sérstaklega þörf á gengisbreytingum, enda hafa þau rök ekki verið flutt fram. Það hafa ekki verið lagðir fram neinir útreikningar í þeim efnum. Það hafa bara verið almennar óskir. Hins vegar vita menn það ósköp vel að ef tekin eru út úr reikningsdæminu þau frystihús og þau sjávarútvegsfyrirtæki sem verst eru stödd, fyrirtæki sem verið er að bjarga með skuldbreytingum eða með auknu hlutafé til að styrkja eiginfjárstöðuna, kemur rekstrargrundvöllurinn í heild allt öðruvísi út.

Um þetta mætti hafa mörg fleiri orð. En ég endurtek: Það er fullkomlega út í hött að ætla sér að sækja einhverjar gengisfellingarröksemdir í þann kjarasamning sem gerður var við opinbera starfsmenn. Og ég endurtek líka að ég tel að ef borinn er saman sá kjarasamningur sem Vinnuveitendasambandið og Vinnumálasamband samvinnufélaganna hafa sjálf gert við iðnaðarmenn og hafa lýst því yfir við okkur að þau telji sig siðferðilega skuldbundin til þess að fylgja við fiskvinnslufólk, þá er ekki hér um stóran mun að ræða.

Í þriðja lagi: Ef forsvarsmenn fiskvinnslunnar eru reiðubúnir að aðlaga eðli launaútreikninganna í fiskvinnslunni þeim krónutölubreytingum sem þessi láglaunasamningur við opinbera starfsmenn felur í sér, þá er heldur ekki hægt að sækja neinn rökstuðning fyrir gengisbreytingar í þennan kjarasamning. Og ég spyr: Er ekki skynsamlegra að reyna að laga eðli launakerfisins að slíkum láglaunaleiðréttingum en

byrja bara að syngja gengisfellingarkórinn áður en menn hafa einu sinni varið nokkrum dögum í að skoða möguleikana á þeim breytingum?

Hv. þm. Þórhildur Þorleifsdóttir og enn fremur hv. þm. Danfríður Skarphéðinsdóttir gerðu nokkuð að umtalsefni þau orð mín að stefna og efnisatriði þessa kjarasamnings bæru sérstakt svipmót réttindabaráttu kvenna. Það orð hefur verið notað við mig að þessi kjarasamningur væri sérstaklega kvennavinsamlegur í hugsun sinni og uppbyggingu. Ég skal fara aðeins um það fleiri orðum því að ég tel það vera mjög mikilvægt atriði. Hvers vegna? Vegna þess að á undanförnum árum hefur því oft verið haldið fram að það væri ekki hægt að gera kjarasamninga sem væru launastéttum kvenna sérstaklega í hag. Ástæðan væri sú að áherslan og þrýstingurinn á prósentuhækkanirnar hjá hinum sem efra væru í stiganum væri ætíð það mikill að hagsmunir kvennastéttanna sem væru í lægri þrepunum væru fyrir borð bornir. En það gerðist ekki nú. Þetta er fyrsti kjarasamningurinn í langan tíma þar sem grundvallarreglan er í þágu þeirra stétta þar sem konur eru hlutfallslega flestar, hjá opinberum starfsmönnum. Og með því að velja krónutöluregluna, þá láglaunaleiðréttingarstefnu sem í kjarasamningnum felst, er verið að setja þær starfsstéttir þar sem konur eru fjölmennastar í forgangsröð, númer eitt. Það hefur ekki verið gert í öðrum kjarasamningum hér í langan tíma. Það er sérstaklega athyglisvert að um það náðist mjög breið samstaða innan BSRB. Það var líka í samræmi við þá stefnu sem við mörkuðum upphaflega af hálfu ríkisstjórnarinnar þegar við lýstum því yfir að í komandi kjarasamningum ætti sérstaklega að leiðrétta laun þeirra sem lægstir væru í launastiganum. Það er, eins og hv. þm. Þórhildur Þorleifsdóttir benti á, önnur aðferð við að segja að það eigi sérstaklega að leiðrétta hag kvenna í kjarasamningunum.

Í öðru lagi var tekin sú ákvörðun að viðurkenna lífaldur sem grundvöll að launaflokkauppstokkunum í neðri hluta launastigans. Það vita allir sem til þekkja að miðað við samsetningu vinnumarkaðarins hjá okkur er slík lífaldursregla konum sérstaklega í hag. Þannig fékkst inn í þennan kjarasamning grundvallarviðurkenning á reglu sem því miður hefur átt mjög erfitt uppdráttar í kjarasamningum fram til þessa. Og hvers vegna hefur hún átt erfitt uppdráttar? Jú, vegna þess að mikill þrýstingur hefur verið á að ýmiss konar próf, ýmiss konar önnur áunnin réttindi þeirra sem fyrr voru komnir inn á vinnumarkaðinn, sem eru aðallega karlar vegna þess tímaskeiðs sem vinnumarkaðsþróunin hjá okkur hefur farið í gegnum, hefur staðið gegn þessu markmiði. Með því að viðurkenna lífaldurinn sem grundvöll að þessari uppstokkun er verið að innleiða aðferð sem í öðrum kjarasamningum á kannski eftir að fela í sér meiri réttindi fyrir konur, ekki bara hjá hinu opinbera heldur annars staðar á vinnumarkaðnum ef aðrir fara að þessu fordæmi.

Þriðja atriðið snertir það að kveða fastar á um framkvæmd laganna sem varða réttindi barnshafandi kvenna og kvenna og foreldra í fæðingarorlofi. Það eru bæði réttindi sem auðvelda að færa barnshafandi konur til í starfi þegar ljóst er að það starf sem þær gegna öllu jöfnu kunni að vera þeim hættulegt hvað heilsu snertir eða fóstrinu hættulegt og þess vegna sé eðlilegt að bjóða upp á þann möguleika að færa konur til í starfi án þess að þær missi nokkurs í launum. En ef beita ætti því að þær mundu við það missa einhvers í launum væru óeðlilegar hindranir í slíkri tilfærslu. Þessu til viðbótar er kveðið á um nýjar viðmiðanir varðandi launagrundvöll barnshafandi kvenna og ýmiss konar önnur réttindi sem fylgja samningnum í sérstökum bókunum.

Ég er alveg sammála því að margt af þessu eru sjálfsögð atriði í okkar þjóðfélagi. Engu að síður hefur ekki tekist fyrr en nú að fá þessi atriði jafnskýrt mörkuð í samningnum. Ég segi hér hiklaust og með allri virðingu fyrir þeim karlmönnum, sem í samninganefndum ríkisins og BSRB voru, að ég veit að þessi ákvæði hefðu ekki sett jafnríkt svipmót á þennan kjarasamning ef konur hefðu ekki verið jafnfjölmennar í samninganefnd ríkisins og í samninganefnd BSRB. Það er staðreynd að hin ríka þátttaka kvenna í samninganefnd ríkisins og í samninganefnd BSRB hefur sett sterkt svipmót á þennan kjarasamning. Ég hélt satt að segja í einfeldni minni að Kvennalistinn mundi þá nota þetta kærkomna tækifæri til að sýna fram á að þess sæi þá stað að konur kynnu kannski að hafa einhver önnur viðhorf og einhverjar aðrar áherslur í þessari vinnu en karlar. Það væri visst tilefni til þess að undirstrika það að með því að fjölga konum í ábyrgðarstöðum hjá samtökum launafólks og hjá ríkisvaldinu væri fyrr hægt að ná fram þjóðfélagslegum réttindabótum, betra mannlífi, fegurra mannlífi og alls konar réttindamálum sem við í sameiningu viljum leggja áherslu á. En í stað þess rísa fulltrúar Kvennalistans hér upp og þessi samningur er meira og minna fordæmdur. Það er auðvitað hægt að hafa alls konar skoðanir á launatölunum sem í samningnum eru. En að horfa fram hjá þessum atriðum finnst mér vera það sama og að vísa frá sér mjög veigamiklum rökum um aukin áhrif, aukna ábyrgð og aukna þátttöku kvenna í mótun okkar þjóðfélags.

Það segja mér fjölmargir sem hafa tekið þátt í kjarasamningavinnunni í áraraðir að í þessum samningi sjáist skýrar og betur áhrif kvenna sem tóku þátt í að móta hann heldur en í öðrum kjarasamningum. Ég ætla ekki að kveða upp þann dóm vegna þess að ég er ekki nægilega kunnugur á þessu verksviði á fyrri tíð til þess að úrskurða í því efni. Ég hafði þess vegna í einfeldni minni búist við því að Kvennalistinn mundi fagna sérstaklega þeim áföngum sem þarna hafa náðst í langvarandi réttindabaráttu kvenna, bæði á sviði launastefnunnar, á sviði uppbyggingar launastigans og á sviði þeirra réttinda sem snúa sérstaklega að barnshafandi konum, að fæðingarorlofi og öðrum slíkum réttindamálum. En maður verður alltaf reynslunni ríkari og umræðan hér í dag hefur sýnt mér það að þessi veigamiklu atriði eru af hálfu Kvennalistans talin svo léttvæg að það taki því varla

að nefna þau, og það sem meira er, reynt er að sýna kjarasamninginn í allt öðru ljósi með því að halda því fram að þetta sé sama launastefnan og áður hefur ríkt.

Það að beita krónutölureglunni á þann veg að lægst launuðu hóparnir fá hlutfallslega mest er ekki sama launastefna og hér hefur ríkt. Það að taka upp lífaldursregluna sem gagnast sérstaklega lægri launaflokkunum þar sem konur eru fjölmennastar er ekki sama launastefna og hér hefur ríkt. Það að skipa í forgangsröð fjölmörgum réttindamálum kvenna, sérstaklega fæðingarorlofsmálum og barnshafandi kvenna, er ekki sama launastefna og hér hefur ríkt. Öll þessi þrjú grundvallaratriði mynda burðarásinn í þeirri nýju launastefnu sem þessi kjarasamningur tekur mið af. Þessi atriði öll eru sjálfstæð og skýr í samningnum hvað sem krónutölunum í honum líður. Á þeim geta menn haft ýmsar skoðanir, bæði þær sem Sjálfstfl. hefur hér lagt fram þar sem hann fordæmir þær fyrir að vera allt of háar, eða atvinnurekendasamtökin eða Morgunblaðið sem fordæma þær fyrir að vera allt of háar, og jafnvel Vinnumálasamband samvinnufélaganna sem líka fordæmir þær fyrir að vera allt of háar, eða Kvennalistinn eða aðrir sem fordæma þær fyrir að vera of lágar. Ég tel hins vegar að þegar deilunni um þessar krónutölur verður lokið og hún gleymd, þá muni standa eftir þessi þrjú grundvallaratriði sem ég hef hér rakið: krónutöluregla í þágu láglaunafólks, sérstaklega kvenna, breytingar á launastigum á grundvelli lífaldurs, sem er líka veigamikið réttindamál í þágu kvenna, og þau atriði sem kveðið er á um í sérstökum bókunum og snerta fæðingarorlof og stöðu barnshafandi kvenna.

Ég vona, virðulegur forseti, að ég hafi varpað nokkru ljósi á það sem óskað var eftir að skýrara ljósi væri varpað á og jafnframt svarað ýmsum af þeim spurningum sem til mín hefur verið beint í þessari umræðu. En ég mun svo taka þátt í því með þingmönnum Sjálfstfl. og öðrum að bíða eftir hæstv. sjútvrh. og taka honum fagnandi þegar hann kemur hér í salinn þó að ég verði nú að segja eins og er að mér er ekki alveg ljóst hvers vegna Sjálfstfl. leggur svona mikið kapp á þetta atriði nema hann vilji gera það til þess að reyna að breiða yfir þær miklu þverstæður sem eru í málflutningi forustumanna Sjálfstfl. um þennan kjarasamning, þær miklu þverstæður sem eru í málflutningi stjórnarandstöðunnar hér á Alþingi um þennan kjarasamning og þær miklu þverstæður sem eru í málflutningi samtaka atvinnurekenda um þennan kjarasamning.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þar sem nú eru ekki aðrir á mælendaskrá en þeir sem bíða komu hæstv. sjútvrh. þá verður fundinum nú frestað til kl. 1. — [Fundarhlé.]

Halldór Blöndal (frh.):

Hæstv. forseti. Á fundi í Ed. sl. miðvikudag kom hæstv. forsrh. nokkuð inn á stöðu sjávarútvegsins og vék m.a. að því í sinni ræðu að 31 fyrirtæki hefði sótt um fyrirgreiðslu hjá Hlutabréfasjóði, umsóknir 15 fyrirtækja hefðu verið athugaðar og í ljós hefði komið að til þess að veita þessum 15 fyrirtækjum í sjávarútvegi fullnægjandi úrlausn væri nauðsynlegt að verja til þess tveim milljörðum kr. Nú veit ég ekki hvort þessi fyrirtæki sem Hlutabréfasjóður athugaði fyrst hafi verið þau sem verst voru stödd. Það vannst ekki tími til þess að spyrja hæstv. forsrh. frekar út í þá sálma, en með því að bera þessi ummæli saman við það sem hæstv. sjútvrh. sagði hér fyrr í dag, þá er áreiðanlega hægt að taka undir með honum þegar hann segir að þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið fyrir sjávarútveginn undanfarið séu ekki nægilegar.

Ég held að það sé deginum ljósara að staða sjávarútvegsfyrirtækja er ekki nægilega góð um þessar mundir. Ég vil líka minna á það sem hæstv. sjútvrh. sagði hér í dag, þegar hann talaði við þingmann Kvennalistans eins og hann væri fjmrh., að eins og staða atvinnuveganna er um þessar mundir geta þeir ekki staðið undir betri kjörum. Ég held að hæstv. sjútvrh. hafi gefið hæstv. fjmrh. þarfa ádrepu þegar hann komst svo að orði. Þegar hann síðan bætti við að þessar hækkanir, þ.e. þær launahækkanir sem nú hefur verið samið um við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, muni koma fram í meiri verðbólgu og meiri hreyfingu á gengi. Það er við þessar aðstæður sem verið er að semja um launahækkanir, sagði hæstv. sjútvrh.

Nú gegnir hæstv. sjútvrh. störfum forsrh. í dag. Það er þess vegna fróðlegt að rifja aðeins upp hvað hæstv. forsrh. lét frá sér fara í Morgunblaðinu sl. laugardag, en þar segir hann, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég er mjög hlynntur krónutöluhækkun og tel að láglaunafólkið fái þannig auknar bætur. Auk þess eru engar kvaðir settar á ríkissjóð sem hann getur ekki staðið við. En ég hef sagt það allan tímann að hinn almenni vinnumarkaður þurfi að vera á undan og hafa frumkvæðið. Þess vegna þykir mér það mjög slæmt að aðilar hans hafa dregið lappirnar allan þennan tíma eins og gerst hefur.

Auðvitað er þetta ekki samningur sem sjálfkrafa gengur yfir allan vinnumarkaðinn. Hinir verða að semja sjálfir. Hvort þeir vilja semja um ákveðna krónutölu, prósentur eða taka þetta allt inn í bónus, það er þeirra mál."

Þetta eru ummæli hæstv. forsrh. um kjarasamninginn. Og formaður Alþfl., Jón Baldvin Hannibalsson, tekur í sama streng. Hann talar um að það sé sín eindregna skoðun að hinir mótandi kjarasamningar eigi að vera gerðir á hinum almenna vinnumarkaði og kjör opinberra starfsmanna síðan að miðast við það. Þannig ættu þau kjör væntanlega að endurspegla greiðslugetu atvinnuvega, sagði formaður Alþfl. og bætir þó við á öðrum stað, með leyfi hæstv. forseta:

„Hann sagði að á það bæri að líta að það væri ekkert náttúrulögmál að nákvæmlega sama útfærsla kjarasamnings skyldi gilda fyrir opinbera geirann og almenna vinnumarkaðinn, enda væru samningakerfin ósambærileg. Því væri gagnrýni vinnuveitenda ekki fyllilega á rökum reist."

Það kemur greiniega fram í ummælum formanns Framsfl. og formanns Alþfl. að þeir telja það sjálfgefið

að þessar launahækkanir, sem nú hafa orðið hjá opinberum starfsmönnum, gangi með einum eða öðrum hætti yfir hinn almenna vinnumarkað. Og formaður þriðja stjórnarflokksins, hæstv. fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson, sagði hér í ræðustól fyrir stundu, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er fullkomlega út í hött að sækja gengisfellingaröksemdir í kjarasamninga BSRB." Þetta voru ummæli hæstv. fjmrh.

Nú fór það ekki fram hjá neinum sem hlustaði á hæstv. sjútvrh. í dag að hann var ekki sömu skoðunar þannig að það hlýtur að kalla á þá spurningu hvort sjútvrh. hafi ekki verið kunnugt um þá samningagerð sem hæstv. fjmrh. stóð fyrir eða þá hvort hæstv. sjútvrh. hafi gert athugasemdir í ríkisstjórninni og komið þannig fram með beinum eða óbeinum hætti leiðbeiningum um það að það væri sín skoðun að hann teldi að það væri frumhlaup af hæstv. fjmrh. að ganga til samninga eins og nú háttar hjá atvinnulífinu.

Hæstv. sjútvrh. taldi samninga BSRB leiðandi, tók fram að auðvitað væri ekki þar með sagt að launabreytingar hjá öðrum yrðu nákvæmlega þær sömu og spurði svo sjálfan sig: Er svigrúm í sjávarútveginum fyrir kjarabætur? Svarið er einfaldlega nei, sagði hæstv. sjútvrh. Einfaldlega nei. Hann rifjaði upp að sjávarútvegurinn í heild er rekinn með verulegum halla, 2,3% að mati Þjóðhagsstofnunar, vinnslan með 0,3% halla og taldi að tapið mundi aukast um 2% í heild ef þessir kjarasamningar gengju yfir í sjávarútveginum og þó meir ef tekið væri tillit til óbeinna hækkana. Nú hygg ég að við séum sammála um það að þessir kjarasamningar þýða um 13% hækkun á launalið í fiskvinnslunni, í frystihúsunum og þess vegna hygg ég að mat hæstv. sjútvrh. sé síður en svo hátt þegar hann talar um það að tapið mundi aukast um 2%. Það er enginn vafi á því að tapið í sjávarútveginum muni aukast verulega umfram það.

Þetta var auðvitað allt athyglisvert. En þó bætti hæstv. sjútvrh. einu við sem hlýtur að vera kjarninn í því sem hann sagði og ég vil segja um leið, þungur áfellisdómur yfir þá ráðherra sem gerðu þá kjarasamninga sem ég var að lýsa. Hann spurði þessarar spurningar: Er við núverandi aðstæður hægt að semja um það að gengið breytist ekki? Og hann svaraði sér með því að segja: „Það er það sama og að semja við BSRB. Það er það sama og að segja að sjávarútvegurinn fari yfir um." Þessi orð skrifaði ég orðrétt niður.

Nú getum við auðvitað lengi talað um það hver séu eðlileg rekstrarskilyrði sjávarútvegsins og auðvitað má lengi reyna að meta það hvernig og hvenær rétt sé að koma til móts við atvinnurekendur og atvinnureksturinn þegar hann stendur höllum fæti. Og auðvitað get ég líka tekið undir með hæstv. sjútvrh. þegar hann segir að það sé ekki þægilegt við þær aðstæður þegar allar stéttir hrópa á launahækkanir að koma við nauðsynlegum rekstrarlagfæringum fyrir sjávarútveginn. Mér finnst hins vegar að við getum ekki skilið við málið bara svona, haft alla enda í lausu lofti svona. Við erum á þessu ári búin að búa við verðbólgu sem var miðað við 12 mánuði 22,3% í janúar, 16,87% í febrúar og 27% í mars ef maður leggur lánskjaravísitölu til grundvallar. Og auðvitað bera þessar tölur með sér að við búum nú við langvinnari kjaraskerðingu en kannski nokkru sinni fyrr, hægt og bítandi kjaraskerðingu frá einum mánuði til annars, verðbólgu sem er 27% þó laun hafi varla hækkað um krónu í 10 mánuði. Það lýsir auðvitað því að þessi ríkisstjórn hefur ekki staðið við þau fyrirheit sem hún gaf þegar síðasta ríkisstjórn var sprengd í loft upp og enginn þeirra ráðherra sem nú sitja í ríkisstjórn getur með nokkrum hætti réttlætt þær aðfarir sem þá voru, getur hvergi nærri staðið undir þeim vonum sem vinstri menn sannarlega gerðu til þessarar ríkisstjórnar.

En af hverju er verðbólgan svona mikil? Það er talið að 7% af þessari verðbólgu eigi beint rætur sínar að rekja til þeirra miklu skattahækkana sem gengu í gildi um áramótin. Þá voru skattar hækkaðir um 6,5–7 milljarða eða sem svarar 150 þús. kr. á hverja fjögurra manna fjölskyldu í landinu svo að það má kannski segja að það sé ekki undarlegt þótt formaður flokks sem vill kalla sig verkalýðsflokk vilji skila einhverju af þessu til baka nú á vordögum. En spurningin er þá, eru þessir samningar með þeim hætti að búast megi við því að þeir komi launamönnum til góða? Ef það er rétt, sem hæstv. sjútvrh. segir, að samningarnir geri það óhjákvæmilegt að gengið haldi áfram að falla sem þýðir auðvitað að verðbólgan heldur áfram að vaxa, þá höfum við Íslendingar mjög langa og bitra reynslu af því, sérstaklega eftir að lánskjaravísitalan var tekin upp og vísitölukerfið náði að festast hér í landinu, að þessir kjarasamningar muni snúast upp í andhverfu sína og muni í raun verða kjararýrnun fyrir flesta launþega og helst þá sem verst eru settir því að það vitum við að verðbólgan bitnar þyngst og verst á þeim sem minnst hafa launin, sem veikust hafa bökin til að mæta henni. Það er þess vegna mjög mikill misskilningur hjá hæstv. fjmrh. þegar hann gerir því skóna að slíkir samningar séu umfram allt kvenlegir. Það kannast ég ekki við. Við höfum fram að þessu verið alveg einfærir um það karlarnir að magna verðbólguna hér á landi og höfum ekki þurft hjálp kvenna til þess. Ef þetta er hins vegar tilfellið, sem ég hef því miður ástæðu til að ætla, liggur það ljóst fyrir að þessir kjarasamningar munu verða ókjarasamningar og þá liggur það líka fyrir að verðbólgan sem við búum nú við muni halda áfram á næstu mánuðum. Þá getum við búist við því að meðalverðbólga ársins verði eitthvað á svipuðum nótum og verðbólgan þessa fyrstu þrjá mánuði, við séum að tala um svona 25–30% verðbólgu út þetta ár. Það breytir engu þótt menn séu að reyna að tala um það að hægt sé að lækka vöruverð með krítarkortum eða tala upp í Keflavíkurtunglið með einhverjum öðrum hætti. Við stöndum því miður frammi fyrir þessari staðreynd.

Ég hygg, eins og á þetta allt er litið, úr því að það er samdóma álit allra þeirra hæstv. ráðherra sem hafa talað að eðlilegt sé að þessir kjarasamningar hæstv. fjmrh. Ólafs Ragnars Grímssonar gangi með einum

eða öðrum hætti yfir hinn almenna vinnumarkað og úr því að líka er búið að gefa í skyn nú af hæstv. fjmrh. í ótal viðtölum að hann hafi eitthvað annað og meira að bjóða Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna en þeim sem eru í BSRB — **(Fjmrh.:** Það er ekki rétt.) Það mun reyna á það. Eitthvað nýtt ætlar hæstv. forsrh. að bjóða. Það má vera að það sé rangt, hæstv. fjmrh., að hugmyndin sé að bjóða kennurum og öðrum háskólamönnum ekki upp á neitt annað betra — þá hygg ég að drengilegra væri og röggsamlegra að flytja frv. um það hér á Alþingi að lögfesta þessa kjarasamninga fyrir háskólamenntaða menn þannig að skólarnir geti þá tekið til starfa á nýjan leik, börnin geti lokið sínum prófum. Þau eru búin að ganga í gegnum þetta nú fjögur ár í röð að verða fyrir alvarlegri röskun á skólaárinu og ef hæstv. fjmrh. er ákveðinn í því að svelta kennara og aðra opinbera starfsmenn til þess að ganga að þeim kjörum sem Bandalag starfsmanna ríkis og bæja hefur nú samið um hygg ég að myndarlegra væri nú að flytja frv. hér á Alþingi um að lögfesta launin. Ég hygg hins vegar að þetta sé ekki rétt. Ég hygg að hæstv. fjmrh. hugsi sér að semja um annað og meira við hina háskólamenntuðu menn. Og ég hygg að það sé líka rétt sem kemur fram hjá forseta Alþýðusambands Íslands að hinn frjálsi vinnumarkaður muni ekki láta sér nægja neitt minna. Ég held að það liggi alveg ljóst fyrir. Þess vegna eru þetta spurningar mínar til hæstv. sjútvrh.:

1. Var honum kunnugt um hversu miklar launahækkanir fólust í þeim samningi sem hæstv. fjmrh. gerði við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja?

2. Hyggst hæstv. sjútvrh. beita sér fyrir því að viðeigandi ráðstafanir verði gerðar til þess að gera sjávarútveginum það kleift að semja á svipuðum nótum og hann sjálfur og formenn stjórnarflokkanna hafa allir talið eðlilegt að sjávarútvegurinn semji um?

3. Hvað tekur við hjá fiskvinnslunni um mánaðamótin maí–júní eða í júnímánuði þegar það fé sem nú er í frystideild Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins hefur gengið til þurrðar? Er hugmyndin að halda áfram þeim greiðslum sem kallaðar hafa verið uppsafnaður söluskattur og er talið að nemi um 1% af framleiðslukostnaði frystra sjávarafurða?

Það væri fróðlegt að fá um þetta upplýsingar.

Áður en ég lýk máli mínu, hæstv. forseti, vil ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir að hann skyldi hafa flýtt sér hingað á fund deildarinnar til þess að við mættum fá að heyra hvaða skoðanir hann hefur um þetta.

Ég vil í leiðinni aðeins spyrja hæstv. iðnrh., vegna þess að það liggur líka fyrir að ýmis fyrirtæki í samkeppnisiðnaði sem ekki njóta nægilegrar fjarlægðarverndar eða einokunar eru mjög illa haldin nú, hvort hann telji að samkeppnisiðnaðurinn geti tekið á sig þær launahækkanir sem felast í samningum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Ég vil taka fram að þær tölur sem ég nefni í sambandi við fiskvinnsluna, 13%, eru bráðabirgðatölur. Það má vel vera að í ljós komi að samningarnir feli í sér enn meiri launahækkanir en þetta þegar öll kurl eru komin til grafar og búið verður að gera sér nákvæma grein fyrir hvernig þessir samningar koma við fiskvinnslufólk.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir þessa umræðu sem farið hefur fram hér í dag, sér í lagi málshefjendum. Það var vissulega tími til kominn að ræða um kjaramálin og þá einkum og sér í lagi í ljósi þess samnings sem gerður hefur verið við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og afleiðingar af þeim kjarasamningi eins og gert hefur verið hér í umræðunni í dag. Mér þykir leitt að viss misskilningur varð þegar ákveðið var að fresta fundi og bíða hæstv. sjútvrh. Þá var okkur virðulegum forseta sagt að engir væru á mælendaskrá utan þess sem hér stendur. Þar var um misskilning að ræða og alls ekki okkar ætlun að koma í veg fyrir að þeir sem ætluðu að taka til máls gætu gert það á sæmilega skikkanlegum tíma.

Ég vil enn frekar þakka hæstv. sjútvrh. fyrir að koma hér og taka þátt í þessari umræðu. Mér er kunnugt um að hann vissi ekki af þessari umræðu fyrr en rétt áður en hún hófst í dag, en hann sinnir nú störfum hæstv. forsrh.

Hæstv. fjmrh. lét þau orð falla hér áðan í umræðunni að Sjálfstfl. væri á móti þessum samningi sem gerður hefði verið vegna þess að Sjálfstfl. teldi hann allt of háan. Hér er rangt farið með. Það hefur hvergi komið fram í okkar máli. Það eina sem við höfum verið að biðja um þegar við höfum rætt við hæstv. ríkisstjórn er að fá að vita hvernig hæstv. ríkisstjórn hyggst halda á málum í framhaldi af þessum gerða samningi. Mér er það ljóst að ýmislegt í samningnum er sjálfsagt ágætt. Annað er lakara eftir því hvaðan horft er á slíkan samning eins og auðvitað er um alla samninga. Ég er t.d. viss um það að hæstv. fjmrh. hefði viljað hafa samninginn eitthvað öðruvísi. Annars hefði ekki tekið allan þennan tíma að semja um þessi atriði. Það breytir ekki því að hann er til orðinn og er nú á ábyrgð hæstv. ríkisstjórnar.

Það sem hins vegar hefur dálítið velkst fyrir mönnum er að hæstv. fjmrh. lét hafa eftir sér í fjölmiðlum, ekki bara í einum, heldur í nokkrum, aðallega þó í Morgunblaðinu sem síðan hefur tekið þessi ummæli upp í leiðara, að hæstv. ríkisstjórn hafi samið við ríkisstarfsmenn og að hæstv. ríkisstjórn sé fullkomlega ábyrg fyrir þessum samningi sem sé gerður innan þeirra marka sem ríkisstjórnin vildi. Hann segir síðan að það sé, orðrétt með leyfi forseta, „verkefni hinna sem eru á hinum frjálsa vinnumarkaði að gera frjálsa kjarasamninga sem eru í sams konar samræmi við þá ábyrgð sem þeir eiga að gæta í sínum fyrirtækjum".

Þessi ummæli hafa verið túlkuð á þann veg, þar á meðal af framkvæmdastjóra Vinnumálasambands samvinnufélaganna, að með þessu sé hæstv. ríkisstjórn að segja við vinnuveitendur: Þið getið

ekki samið um eina einustu krónu til kauphækkunar. Þessi ummæli eru staðfest bæði í ljósvakafjölmiðlunum en enn fremur í dagblaðinu Tímanum og það hefur verið sagt frá því í þessari umræðu.

Þessi ummæli Hjartar Eiríkssonar eru auðvitað eðlileg í ljósi þess að atvinnulífið hér á landi er í viðjum ríkisvaldsins. Það er ríkisvaldið sem hefur skattheimtuvaldið, það er ríkisvaldið sem skráir gengið og það er þess vegna ríkisvaldið sem ákvarðar á hverjum tíma hver sé starfsgrundvöllur atvinnufyrirtækjanna í landinu. Þessi sjónarmið sem komu fram hjá hæstv. fjmrh. í dagblöðum og öðrum fjölmiðlum hefur hann ítrekað aftur í sinni ræðu sem hann flutti hér fyrr í kvöld. Því til viðbótar réðist hann á forráðamenn Vinnuveitendasambandsins og annarra atvinnurekendasamtaka og taldi að engin nauðsyn væri að hreyfa til gengi eða auka verðbólguna þótt þessi samningur, sem nú hefur verið gerður við opinbera starfsmenn, verði fordæmi fyrir samningagerð á hinum almenna vinnumarkaði. Þetta ítrekaði hæstv. ráðherra hér í sinni síðari ræðu við þessa umræðu.

Nú er það svo að sumir hæstv. ráðherrar hafa látið hafa eftir sér og gefið það í skyn að farið verði með sérstakri gát í verðhækkanir og gengishreyfingar og þeirra ummæli hefur Ögmundur Jónasson, formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, túlkað sem svo að hér muni gengið nánast ekkert hreyfast í sumar og verðhækkunum verði stillt mjög verulega í hóf og að öðrum kosti verði um að ræða einhvers konar bætur, enda mundi hæstv. ríkisstjórn ræða við viðsemjendur sína á tveggja mánaða fresti.

Síðan gerist það hér í dag í umræðunum að hæstv. sjútvrh. tekur til máls og það eru auðvitað ummæli sem komu fram í ræðu hans sem hafa orðið til þess að óskað var eftir nærveru hans við lok þessara umræðna. Hæstv. sjútvrh. sagði, eins og hv. síðasti ræðumaður vék að, að BSRB-samningarnir hlytu að verða leiðandi samningar. Þetta þýðir að mínu viti að hæstv. ríkisstjórn skrifar vitandi vits undir samninganna við BSRB, vitandi það í hvaða erfiðleikum vinnuveitendur í landinu geta orðið ef þeir ætla að skrifa undir öðruvísi samninga. Með öðrum orðum, hæstv. sjútvrh. skilur að ef opinberir starfsmenn fá launahækkun verður slík launahækkun að ganga yfir til fiskvinnslufólks einnig. Síðan bætir hæstv. sjútvrh. því við að gangi þessir samningar yfir allt atvinnulífið þýði það meiri verðbólgu og meiri hreyfingu á gengi.

Hæstv. ráðherra sagði enn fremur í sinni ræðu að hann áliti eða teldi — ég man ekki nákvæmlega hvort hann bar fyrir sig einhverja útreikningsstofnun ríkisstjórnarinnar eða hvort það var hans mat — að sú hækkun sem fram kæmi í samningum við BSRB þyddi að afkoma sjávarútvegsins, þ.e. fiskvinnslunnar, mundi versna um 2% og þá væri ekki tekið tillit til óbeinna áhrifa. M.ö.o.: Hæstv. sjútvrh. segir, og hefur áreiðanlega rétt fyrir sér í þeim efnum, að ef aðeins laun starfsmanna í fiskvinnslunni mundu hækka samsvarandi og hækkunin var hjá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, þá þýddi það eitt út af fyrir sig 2% verri afkomu. Ef hins vegar þetta gengur yfir allan vinnumarkaðinn og inn í hráefnisverðið, þ.e. til sjómanna jafnframt, til þeirra sem veita sjávarútvegsfyrirtækjunum þjónustu, þá má a.m.k. bæta 1–2% við. Þetta fæst með því að meta sundurliðaðar tölur úr afkomureikningum fiskvinnslunnar. Þetta held ég að menn þurfi að hafa í huga. Og þessu til viðbótar ber að geta þess að launahækkanir nú hafa meiri áhrif á ávöxtunarkjörin, á fjármagnskostnað fyrirtækjanna heldur en áður, einfaldlega vegna þess að hæstv. ríkisstjórn lék þann snilldarleik snemma á þessu ári að breyta lánskjaravísitölunni þannig að launahækkanir hafa nú meiri áhrif á lánskjaravísitöluna en áður, m.ö.o. að fjármagnskostnaður fyrirtækja og einstaklinga, þar á meðal launþeganna, mun að sjálfsögðu hækka meira en ella vegna launahækkana sem verða. Við því er kannski ekkert að segja. Á móti mætti auðvitað hugsa sér að lækka raunvextina, þá vexti sem koma til viðbótar verðbótum, þegar slík tilfærsla á sér stað frá vöxtum til verðbóta eins og gera má ráð fyrir að gerist með nýju lánskjaravísitölunni.

En þetta segir ekki alla söguna því að til viðbótar er ljóst að fiskvinnslunni, a.m.k. frystingunni, er haldið gangandi með því að greiða í millifærslum sem nemur um það bil 5–6% í afkomu. Þá er tekið tillit til annars vegar þess sem greiðist í gegnum Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og hins vegar til rafmagnsniðurgreiðslunnar sem nemur um 20 eða 25% og getur lagað afkomuna um ½% eða þar um bil. Þetta eru alkunn sannindi, tekin upp úr reikningum sem viðurkenndir eru af ríkisstjórninni.

Nú er það svo, og það hefur ítrekað verið bent á það í þessum umræðum hér í dag, að það liggur fyrir viðurkenning hæstv. ríkisstjórnar á því að það fjármagn sem ætlað er til að greiða til Verðjöfnunarsjóðsins dugir ekki nema í einn til tvo mánuði í viðbót. Það liggur enn fremur fyrir að það er ekkert sem bendir til þess að sá afkomubati eigi sér stað í sjávarútveginum sem muni mæta þessari fjárvöntun sem verður þegar hæstv. ríkisstjórn hefur ekki lengur fjármagn til þess að greiða í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Þess vegna hlýtur það á þessari stundu að vera eðlilegt að hæstv. ríkisstjórn og þá einkum og sér í lagi hæstv. sjútvrh. segi okkur hv. þm. frá því hvað ríkisstjórnin hyggist gera þegar ekki eru til meiri peningar til þess að greiða inn í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins sem þýðir að afkoma þar mun hrapa verulega eins og ég hef áður talað um.

Ég held, virðulegur forseti, að yfirlýsingar sem tveir hæstv. ráðherrar hafa gefið hér í dag stangist gjörsamlega á. Annars vegar segir hæstv. sjútvrh. í sinni ræðu: Það er ekki hægt að hækka laun í fiskvinnslunni og annars staðar á vinnumarkaðinum nema það hafi áhrif á verðlag, nema það hafi áhrif á gengisstefnu ríkisstjórnarinnar. Það verður að hreyfa gengið örar en ella. Að lokinni þessari ræðu stendur hins vegar hæstv. fjmrh. upp og segir: Þessi samningur, jafnvel þótt hann gangi út yfir allan vinnumarkaðinn, breytir engu í þessum efnum. M.ö.o.: Það sem einn ráðherra segir, starfandi forsrh. í landinu, er

tekið aftur af hæstv. fjmrh. sem sjálfur lítur á sig sem yfirráðherra í þessari ríkisstjórn, beint ofan í yfirlýsingu hæstv. starfandi forsrh. Og í fjarveru hæstv. forsrh. kemur hæstv. fjmrh. og segir: Þetta er allt saman tóm vitleysa sem hæstv. sjútvrh. og starfandi forsrh. sagði. Finnst nú hv. þm. það vera skrýtið að þingmenn stjórnarandstöðunnar spyrji hver sé stjórnarstefnan? Hefur ríkisstjórnin gert sér einhverja hugmynd um það hver sé afleiðing þeirra eigin gerða? Út á það ganga m.a. þessar umræður sem eiga sér stað utan dagskrár í dag. Yfirlýsingarnar stangast á.

Það er auðvitað óþarfi að fara mörgum orðum hér um stjórnarstefnuna, ef hægt er að tala um stjórnarstefnu. Það er ljóst að það er haldið uppi millifærslum til sumra greina atvinnulífsins, auðvitað á kostnað annarra getur maður sagt, því að millifærslur þarf auðvitað að greiða einhvern tíma með skattpeningum og það er ljóst af yfirlýsingum sjálfs hæstv. sjútvrh. að Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins eigi ekki að greiða þessa fjármuni til baka. Millifærslur í þessum stíl þýða það að verið er að halda uppi fölsku gengi hér á landi.

DV gerði grein fyrir því um daginn að líklega væru það um það bil 10 milljarðar sem hefðu farið í tilfærslur til atvinnulífsins frá því í haust, þ.e. á valdatíma þessarar hæstv. ríkisstjórnar, þar af 3 milljarðar með beinum hætti, með beinum óafturtækum hætti, 7 milljarðar í formi ábyrgða og með öðrum hætti sem enginn vissi í dag hvort kæmi nokkurn tíma til baka. Þetta eru háar upphæðir og fyrir þessu var gerð grein í þessari Dagblaðsgrein og ég ætla ekki að fara að endurtaka það sem þar stóð. Það geta allir lesið, a.m.k. allir þeir hæstv. ráðherrar sem eru læsir eða nenna að lesa. En nú vita allir að sumir hæstv. ráðherrar lesa ekki dagblöð, a.m.k. ekki sum dagblöð, og þess vegna verður stundum að tyggja þetta ofan í þá hérna í þessum þingsölum til þess að þeir hafi hugmynd um hvað er að gerast í kringum þá. En sá sem ég á hér við er ekki staddur hér nú og ég skal ekki heldur hafa fleiri orð um það.

Það er líka ljóst að skattar núv. ríkisstjórnar hafa hækkað stórkostlega. Og halda menn að hæstv. fjmrh. hafi búið þá peninga til? Standa menn í þeirri trú að ríkisstjórnin hafi ungað þessum peningum út? Þessum 7 milljörðum? Nei. Þessir peningar eru teknir annars vegar af fyrirtækjunum í landinu, þeim fyrirtækjum sem enn eru aflögufær, og hins vegar af fólkinu í landinu. Þetta eru þeir peningar sem auðvitað má nýta til þess að greiða hærri laun í ríkisrekstrinum, en þá verður líka hæstv. ríkisstjórn að gera sér grein fyrir því hvaða afleiðingar það hefur fyrir atvinnulífið í landinu.

Fyrir utan þetta er ljóst að hæstv. ríkisstjórn stefnir að því að brúa bilið með erlendum lántökum og nú er það svo, virðulegur forseti, að til þess að brúa bilið á milli þess sem við framleiðum og flytjum úr landi og hins sem við flytjum inn í landið, þá tökum við á dag 30–40 millj. kr. að láni, á hverjum einasta degi, allt árið. 30–40 millj. kr. eru alla daga ársins teknar að láni erlendis til þess að brúa það bil sem er orðið vegna viðskiptahallans. Og hvað þýðir nú þessi viðskiptahalli? Hann þýðir annars vegar það að hæstv. ríkisstjórn sjálf er að búa til verðbólgu hér í landinu í fyrsta lagi, og þýðir það jafnframt, eins og ég veit að flestir hæstv. ráðherrar vita, þar á meðal iðnaðar- og viðskrh., að það er mælistika á það að gengi íslensku krónunnar er rangt skráð. Svo einfalt er það mál.

Ég ætla ekki heldur að ræða hér um vextina og lánskjaravísitöluna frekar en ég hef gert, en það er þó alveg ljóst að ríkisvaldið hefur með sínum samningum, hvort sem það eru samningar um að ná sér í lánsfé eða jafnvel með skattaákvörðunum eða með kjarasamningum, áhrif á lánskjörin í landinu. Það eina sem við leggjum sérstaka áherslu á í þessari umræðu, þeir þingmenn Sjálfstfl. sem hér hafa talað, er þetta:

Hæstv. ríkisstjórn hlýtur að bera ábyrgð á þeim samningi sem gerður hefur verið og hún hlýtur að hafa áttað sig á því að þessi samningur gengur yfir til annarra stétta og það verður tekið mið af honum í samningum. Og hæstv. ríkisstjórn getur ekki vikist undan ábyrgð á því. Hæstv. ríkisstjórn verður líka að átta sig á hinu að peningarnir verða ekki til í ríkisrekstrinum. Peningarnir, sem við þurfum á að halda til þess að byggja upp heilbrigðisþjónustu, til þess að hafa menntamálin í lagi, til þess að hafa félagsmálin í lagi o.s.frv., verða til frá atvinnulífinu. Það er þess vegna frumskylda hverrar ríkisstjórnar að sjá til þess að rekstrargrundvöllur atvinnuveganna sé í lagi. Það er undirstaðan.

Það er þess vegna, virðulegur forseti, sem við ítrekum spurningar okkar til hæstv. ráðherra og þá einkum hæstv. sjútvrh. og starfandi forsrh.: Hvað ætlar hæstv. ríkisstjórn að gera?

Í fyrsta lagi: Hvað ætlar hún að gera þegar millifærslufé þrýtur? Það verður að fást svar við því, því að það er ljóst að það verður ekki samið nema menn hafi þá öryggi fyrir því að annaðhvort komi þar meiri peningar eða eitthvað annað sem mætir því ef þessar millifærslur falla niður.

Hvað ætlar hæstv. ríkisstjórn að gera í gengismálum? Ætlar hún að bæta fiskvinnslunni og öðrum samkeppnisgreinum það upp ef samningar sem nú gilda milli ríkisins og opinberra starfsmanna færast yfir í atvinnulífið? Treystir hæstv. sjútvrh. sér til þess að staðfesta það sem mátti skilja af orðum hans í dag? Og áttar hann sig á því að það sem kom fram í hans ræðu verður að sjálfsögðu túlkað þannig að hæstv. ríkisstjórn muni hreyfa gengið til örar en hún ætlaði sér þegar og ef þessir samningar koma til með að ganga yfir atvinnulífið? Eða hyggst hæstv. ríkisstjórn lækka skattana til þess að mæta þörfum fyrirtækjanna, til þess að fyrirtækin geti borgað hærri laun? Það væri freistandi að spyrja hæstv. fjmrh. að því hvernig það gangi að lækka ríkisútgjöldin, launaþátturinn um 4% í lok þessara kjarasamninga. Hann stóð hér í ræðustól ekki alls fyrir löngu og sagði: Það verður gert án þess að skerða þjónustuna. Nú liggur það fyrir t.d. í spítalakerfinu að það verður dregið úr þjónustunni. Þannig verður þessu mætt.

Síðan langar mig til að spyrja hæstv. sjútvrh. vegna ummæla hans sem birt voru í sjónvarpinu í kvöld og hann sagði í sinni ræðu. Hann sagði: Það er ljóst að það hafa ekki verið gerðar nægilegar ráðstafanir fyrir sjávarútveginn. Og mig langar til að spyrja: Getur hæstv. ráðherra verið heldur nákvæmari og sagt okkur hvað þarf að gera til þess að um nægilegar ráðstafanir sé að ræða? Og nú tölum við bara um það án þess að nokkrir kjarasamningar hafi verið gerðir. Það skiptir nefnilega ákaflega miklu máli, ef hæstv. ríkisstjórn ætlar að hafa trúnað og traust þeirra sem fara með samningavaldið, ef það á að fara að þeim ráðum sem hæstv. fjmrh. gaf í sinni ræðu að það eigi að vera frjálsir kjarasamningar, þá verður atvinnulífið, bæði launþegar og vinnuveitendur, að vita hvernig hæstv. ríkisstjórn ætlar að gefa sín spil. Hvað er það sem hún kallar eðlilegan rekstrargrundvöll atvinnuveganna? Og eftir ummæli hæstv. sjútvrh. verður hann að svara þessari spurningu nákvæmar.

Ég vil að allra síðustu minna á þá fyrirspurn sem liggur hér til hæstv. iðnrh. um það hvort iðnaðurinn og þá einkum samkeppnis- og útflutningsiðnaðurinn þoli það, án þess að stjórnarstefnan breytist eða um sé að ræða meiri verðhækkanir og gengisbreytingar, að gera samning eins og þann sem gerður var við opinbera starfsmenn. Ég spyr í ljósi ummæla hæstv. forsrh. sem hefur viðurkennt úr þessum ræðustól að iðnaðurinn hafi farið verr út úr skakkaföllum síðustu missira heldur en nokkurn tíma sjávarútvegurinn.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Ég vil biðja hv. þm. afsökunar á því að einhverjir þeirra hafa þurft að vaka heldur lengur vegna þess að ég var ekki hér viðstaddur í deildinni. Ég tel að það sem hér hefur fyrst og fremst verið spurt um — að vísu hefur ræða mín í dag verið endurtekin hér nokkuð rækilega og þar allt rétt eftir því sem ég best heyrði. Ég vil aðeins vitna til þess sem ég sagði þá og ætla mér ekki á nokkurn hátt að draga úr því sem ég sagði hér í umræðunum í dag og ætti að vera óþarft að endurtaka það. Hins vegar hafa komið hér fram ákveðnar fyrirspurnir.

Í fyrsta lagi spurði hv. þm. Halldór Blöndal um það hvort mér hafi verið kunnugt um hversu miklar launahækkanir fælust í kjarasamningi ríkisins við BSRB. Að sjálfsögðu var mér kunnugt um það, þ.e. að niðurstaðan varð sú að í aprílmánuði hækka laun um 2000 kr., í sept. um 1500 kr., í nóv. um 1000 kr., síðan er orlofsframlag í júní og í desember hækkun á uppbót, sem felst í þessum kjarasamningi. Það er nú eins og gengur að það eru nokkuð skiptar skoðanir um það hvað þessi samningur felur í sér nákvæmlega í prósentum, enda hefur það ávallt reynst svo við gerð kjarasamninga að það hefur verið erfitt að leggja mat á það og hefur það jafnframt komið fram í þessum samningi að menn leggja á það nokkuð mismunandi mat, en þar er ekki um neinn teljandi mismun að ræða, sýnist mér, en hann er þó nokkur.

Í öðru lagi spurði hv. þm. um það hvort ég hygðist beita mér fyrir því að aðrir aðilar á vinnumarkaðinum gætu samið á svipuðum nótum. Á þessari stundu eiga sér stað samningaviðræður á hinum almenna vinnumarkaði. Fundur hefur þar verið boðaður milli aðila á miðvikudag eftir því sem ég best veit og við hljótum að bíða þess að þessir aðilar ræðist við. Þeir munu áreiðanlega óska eftir viðræðum við ríkisstjórnina og ég tel ótímabært að ríkisstjórnin sé með einhverjar yfirlýsingar í því sambandi á þessari stundu. Það hlýtur að bíða þess tíma að aðilar vinnumarkaðarins óski eftir fundi sem ég veit að þeir munu gera.

Í þriðja lagi spurði hv. þm. um það hvað mundi taka við þegar greiðslum úr Verðjöfnunarsjóði lyki. Því get ég ekki svarað. Ég vitna til þess sem ég hef áður sagt. Það liggur fyrir að verðbætur úr frystideildinni munu líklega duga út júnímánuð. Það er alveg rétt, eins og hér hefur komið fram, að menn hafa verið að vænta þess að einhverjar verðhækkanir ættu sér stað sem gætu tekið við af þessum greiðslum og vonandi gerist eitthvað á mörkuðum sem gæti bætt þar stöðuna. Hitt er svo annað mál að á það er alls ekki hægt að treysta og ekkert ákveðið sem bendir til þess að svo muni verða. Það er t.d. ljóst að það hafa komið upp erfiðleikar á saltfiskmarkaði og ástæða er til að hafa jafnframt áhyggjur af því, því að saltfiskdeild Verðjöfnunarsjóðs er að greiða verulegar bætur sem munu jafnframt þrjóta, jafnvel seinni hluta þessa árs. Verðjöfnunarsjóður mun því ekki eiga neitt fé til að greiða út á saltfiskframleiðslu á árinu 1990.

Það hefur verið um það rætt að bíða og sjá hvernig þessi mál muni fara og taka ákvarðanir á síðari stigum. Ég get ekki séð að það sé hægt að fullyrða um það í dag hvað muni taka við og þótt hv. þm. Sjálfstfl. hafi ítrekað farið fram á það að fá slíkar upplýsingar, sem er eðlilegt að þeir geri, ég veit að þeir hafa áhyggjur af því eins og aðrir, þá er því miður á þessari stundu ekki hægt að svara þeirri spurningu.

Hv. þm. Friðrik Sophusson spurði um nánast það sama, þ.e. í fyrsta lagi um millifærslur, og ég veit að hann á þar við það sama og hv. þm. Halldór Blöndal þegar hann spurði um greiðslur úr Verðjöfnunarsjóði. Hann spurði jafnframt um gengismál sem er svipuð spurning og hv. þm. Halldór Blöndal bar fram þegar hann spurði um rekstrarskilyrði. Að því er gengismálin varðar vitna ég í það sem ég sagði í ræðu minni fyrr í dag. Hann spurði í þriðja lagi um það hvað ég ætti við með því að segja að það hefðu ekki verið gerðar nægilegar ráðstafanir fyrir sjávarútveginn. Það er í sjálfu sér ósköp einfalt svar við því. Í fyrsta lagi er sjávarútvegurinn rekinn með tapi sem þýðir það að hann stendur ekki nægilega vel og er því miður ekki að bæta sína stöðu sem skyldi. Í öðru lagi hefur enn ekki verið lokið þeirri vinnu sem hafin var með starfsemi Atvinnutryggingarsjóðs. Í þriðja lagi hefur ekki verið lokið þeirri vinnu sem hafin var með stofnsetningu Hlutafjársjóðsins. Þetta eru m.a. atriði sem ég hef í huga þegar ég hef sagt að ekki hafi verið gerðar nægilegar ráðstafanir fyrir sjávarútveginn í landinu.

Ég tel ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, virðulegur forseti, en vil að öðru leyti vitna til þess sem kom fram í máli mínu hér fyrr í dag.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Þessar umræður hér í dag bera því órækt vitni að skoðanir eru mjög skiptar um þann kjarasamning sem nú hefur verið gerður milli BSRB og ríkisins.

Ég ætla að taka þrjú dæmi um viðhorf í þessu máli. Öll þessi viðhorf hafa komið hér fram í umræðunum í nokkuð ólíkum myndum og í mismiklum mæli. Af því að hér var minnst á dagblaðalestur ætla ég að byrja á því að vitna í dagblaðið Morgunblaðið, sunnudagsblaðið nánar til tekið, en þar segir borgarstjórinn í Reykjavík í viðtali við blaðið og, með leyfi hæstv. forseta, vitna ég til hans ummæla orðrétt:

„Við erum mjög ánægðir og teljum að BSRB hafi sýnt mikla ábyrgðartilfinningu með þessum kjarasamningum. Það má segja að það blasi við að BSRB sætti sig við þá kjaraskerðingu sem orðin er og sætti sig jafnframt við það að kjaraskerðingin muni aukast nokkuð á þessu ári. Ég tel þetta eðlilega og ábyrga afstöðu miðað við þjóðfélagsástandið." Hér með lýkur tilvitnun í ummæli borgarstjórans í Reykjavík, Davíðs Oddssonar.

Í sama blaði er svo ritstjórnargrein og Reykjavíkurbréf sem er nokkurs konar ritstjórnargrein líka og, með leyfi hæstv. forseta, ætla ég að vitna í hvort tveggja, en það hefur reyndar verið vitnað í þetta Reykjavíkurbréf hér fyrr í umræðunum af hv. 7. þm. Reykn. Í leiðaranum segir svo: „Þeir menn sem að þessum samningum standa eru að gera grimmustu atlögu að íslensku atvinnulífi sem gerð hefur verið um langt árabil." Og í Reykjavíkurbréfinu segir: „Vitlausustu samningar sem gerðir hafa verið um langt árabil." Maður spyr sig náttúrlega hvort verið sé að vega að borgarstjóranum í Reykjavík eða að hverjum þessi gagnrýni beinist.

Þá kem ég að þriðja viðhorfinu í þessu máli og það mætti kannski segja að það hafi komið fram hjá málshefjanda og hv. 6. þm. Vesturl. sem virtust telja að samningarnir við BSRB gengju ekki nógu langt til þess að bæta kjör starfsmanna ríkisins og, eins og kom fram í máli hv. 6. þm. Vesturl., að þessir samningar virtust reistir á nokkurri svartsýni. Það væri óhætt fyrir ríkið svona annað veifið að sýna nokkra bjartsýni í kjarasamningum.

Hvernig á nú að gera þetta dæmi upp? Hvað er rétta skoðunin á þessum kjarasamningum? Hver skyldi veruleikinn vera? Ætli hann sé ekki einfaldlega sá að með þessum samningi hafi fundist sú minnsta breyting á peningalaunum sem BSRB gat sætt sig við og jafnframt sú hámarksbreyting sem hægt var að ná til þess að bæta hlut hinna tekjulægstu í hópi opinberra starfsmanna og samrýmst gat forsendum fjárlaganna. Þetta var niðurstaðan úr því dæmi. Og nú er verkefnið að sjálfsögðu það að finna lausn í kjaramálum á almenna vinnumarkaðnum eftir sömu hugsun, en auðvitað ekki með nákvæmlega sömu launabreytingartölum því að þar er um annars konar launakerfi að ræða. Þar verður að finna lausnir sem henta þeim aðstæðum sem þar ríkja.

Það er auðvitað rétt að opinberir starfsmenn eru svo stór hópur í nútímaþjóðfélagi að það verður ekki endalaust hægt að leysa þeirra kjaramál með einfaldri tilvísun til þess að þeir hljóti að taka við því sem um semst annars staðar. Auðvitað er það rétt skoðun að kjaramál í samfélaginu ráðast á endanum af því hverju atvinnuvegirnir fá undir risið. En það leiðir líka af eðli máls og frjálsum samningsrétti að stundum hljóti svo að fara að samningur við kannski þann fimmtung eða fjórðung af heildarmannaflanum sem starfar hjá því opinbera og ekki hefur alltaf beina samsvörun við það sem gerist á almenna markaðnum, að þar verði stundum gerðir samningar óháð því sem gerist á hinum almenna markaði. Ef þetta væri ekki hægt væri hinn frjálsi samningsréttur fyrir þetta fólk hrein blekking. Það getur auðvitað ekki staðist við okkar skilyrði og þarna er það líka svo að því miður, og ég endurtek, því miður lentu samningarnir á almenna markaðnum í algjöru aðgerðarleysi sem er mikið vandamál. Ég ætla ekki að rekja það hvers vegna það gerðist. Það var því úr vöndu að ráða hvort það aðgerðarleysi, sá drómi sem þetta hafði verið í drepið, átti líka að hafa þau áhrif að spilla fyrir samkomulagi á þeim hluta vinnumarkaðarins sem er hjá hinu opinbera.

Það er greinilegt að aðaláhugamál fólksins í Alþýðusambandsfélögunum og sérstaklega í Verkamannasambandsfélögunum eru atvinnuöryggi og kjarajöfnun. Og þeir samningar sem nú þarf að gera á þeim hluta vinnumarkaðarins eiga að hafa þetta að leiðarljósi. Við þurfum að leita leiða — og það fólk sem þar starfar er að leita leiða — til þess að vernda hlut fiskverkafólksins og iðnverkafólksins á raunsæjan hátt. Og þá dugir best, að mínu áliti, endurskipulagning á rekstri og fjárhag sjávarútvegsins og reyndar iðnaðarins líka. Það er margsannað mál að gengisbreyting er engin allsherjarlausn á þeirra vanda eins og hv. þm. vita mætavel þótt þeir vitni stundum til þeirrar leiðar í málflutningsæfingum eins og hér hafa farið fram.

Samningarnir um lífskjörin verða ekki gerðir hér úr þessum ræðustól. Ég vek athygli á því að við gerð þessara kjarasamninga við opinbera starfsmenn var ekki gefin nein yfirlýsing um fast gengi á samningstímanum eða óbifanlega verðstöðvun. Hvers vegna var það ekki gert? Einfaldlega af því að það er ekki hægt að gefa slíkar yfirlýsingar í kjarasamningum við eina stétt og ekki einu sinni við þær allar.

Þetta eru aðalatriðin í þessu máli. Ég tel að í raun og veru hafi þessum degi ekki verið vel varið vegna þess að hann hefur ekki snúist um þessar einföldu staðreyndir og spurninguna: Hvernig komumst við af með sem minnstar breytingar peningalauna við þær aðstæður sem nú ríkja? Hvernig getum við leiðrétt kjör þeirra sem hafa erfiðust kjör, lakastan hlut, án þess að steypa hér öllu í kollsteypum, gengisbreytingum og stöðugum verðhækkunum? Þeir þingmenn sem vilja taka þátt í lausnum sem hafa þetta að leiðarljósi ættu að koma fram með þær ábendingar fremur en að elta hér hæstv. sjútvrh. með spurningum um gengið þegar hann lætur hér í ljós augljósa

hluti, þetta er ekki tilefni til þess að elta hann hér með spurningum.

Auðvitað er það svo við þær aðstæður þegar þjóðartekjurnar skreppa saman annað árið í röð að þá er ekki neinu út að deila. Hins vegar verður jafnan tekjuskiptingarvandi þegar svona ber upp á. Og hann erum við nú að leysa með sem minnstri verðbólgu. Það er verkefnið. Það er ekki stuðlað að lausn þess með þeim tillöguflutningi sem hér hefur heyrst.

Ég vil taka það fram vegna spurninga sem til mín hefur verið beint að samkeppnisiðnaðurinn stendur ekki þannig nú að hann geti bætt kjör sinna starfsmanna svo neinu nemi. Því miður. En ég tel líka að hann verði nú að leita samninga, og fólkið sem þar starfar, með sama hugarfari og samningar tókust hjá opinberum starfsmönnum við þær aðstæður sem hér ríkja. Í því getur ekki falist nein trygging fyrir því að aldrei þurfi að koma til breyting á verði eða gengi. Það er staðreynd í málinu að það getur enginn gefið slíkar yfirlýsingar. Hitt er annað mál, og það er rétt að benda á það, að það er kannski ástæða til þess að rifja upp að frá því um áramótin 1987–88, hefur verð á bandaríkjadollar hækkað um hartnær 50% á sama tíma og launin í landinu hafa hækkað fram að kjarasamningum um svona 14–15%, í sumum tilfellum 16–17%. Þarna hefur orðið svo mikil breyting á rekstrarskilyrðum að nú sjást víða merki um það að reksturinn sé léttari. En á eftir hafa menn að draga skuldahala frá taprekstri fyrri ára sem er mörgum fyrirtækjum mjög þungur í skauti.

Ég vil ekki taka undir það sem fram kom hjá hv. 1. þm. Reykv. að það væri augljóst mál að iðnaðurinn hefði orðið fyrir meiri skakkaföllum og búsifjum á undanförnum missirum en sjávarútvegurinn. Það tel ég ekki rétta skoðun. Það er að vísu rétt að núna síðustu mánuðina hefur margt verið iðnaðinum mjög erfitt en hann varð ekki fyrir sömu áföllum í fyrra eins og sjávarútvegurinn, en hafði reyndar ekki notið uppgripa eins og sjávarútvegurinn árið þar á undan. Þetta dæmi held ég að sé ekki auðvelt að gera upp til einnar tölu, en þó er mín skoðun sú að þau rekstrarskilyrði, sem dygðu sjávarútveginum nú, mundu vel duga iðnaðinum. Ég ætla ekki að draga af þessu neinar frekari ályktanir. Hæstv. sjútvrh. hefur þegar skýrt það að ætla má að féð sem ætlað er til þess að greiða verðuppbætur úr Verðjöfnunarsjóðnum endist að óbreyttum skilyrðum til miðs árs eða eitthvað þar um bil. Það er ekki á vísan að róa í framhaldinu. Það eru ýmis teikn á lofti að mínu áliti um það að þar geti vænkast hagur okkar og viðskiptakjör sjávarútvegsins. En af því verða engar fastar ályktanir nú dregnar. Þaðan af síður nokkur loforð gefin önnur en þau að takast á við þennan vanda án þess að ætla sér að leysa hann fyrir fram með þeirri skipulagshyggju sem mér virðist einkenna fyrirspurnir hv. þm. stjórnarandstöðunnar.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Hæstv. viðskrh. sté hér í stólinn og brá sér í sinn gamla kjól, sem hann að vísu hefur ekki varpað frá sér alfarið enn, kjól forstjóra Þjóðhagsstofnunar. Hann lagði hér fram fyrir alþingismenn þrenns konar mat á gerðum kjarasamningum, deildi svo í með þremur og sagði: Meðaltalið sýnist nú vera harla gott. Það er ekki von að vel takist til ef þetta er hugsunin á bak við allt sem hæstv. ríkisstjórn gerir, og minnir á það þegar Framsfl. var á sínum tíma í dómsmrn. að kaupa trésmiðju í Kópavoginum fyrir Rannsóknarlögreglu ríkisins. Upphófust miklar umræður um það hvort hún væri skynsamlega staðsett og þá fundu þeir einhvern mann í flokksapparatinu sem setti sirkil á kort, dró stóran hring í kringum hina nýju lögreglustöð og benti mönnum svo á að sannarlega væri hún í miðjum hringnum. Þetta eru aðferðir sem greinilega eru gengnar aftur með því að hæstv. viðskrh. bregður sér hér í sinn gamla og að vísu enn verandi kjól.

En hvað segir svo hæstv. viðskrh.? Hann segir: Aðilarnir á vinnumarkaðnum eiga að gera kjarasamninga með sama hugarfari og ríkissjóður. Og hvert var nú þetta hugarfar ríkissjóðs? Þetta hugarfar ríkissjóðs kom fram í því að leggja 7 milljarða kr. í nýja skatta á fólkið og atvinnufyrirtækin í landinu. Þetta hugarfar var fólgið í því að byrja árið með því að rýra kaupmáttinn vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar um a.m.k. 7%. Ríkissjóður, sem byrjar kjarasamninga á því að leggja 7 milljarða á atvinnufyrirtækin og launafólkið sem vinnur á almennum vinnumarkaði, getur auðvitað komið og barið sér á brjóst og sagt: Svona geri ég, þetta er nú mitt hugarfar og nú skulu aðrir hafa það sama. En ég spyr hæstv. sjútvrh.: Geta fiskvinnslufyrirtækin gert þetta sama? Hafa þau sömu aðstöðu í þessu þjóðfélagi og hæstv. fjmrh. að auka tekjur sínar um 7 milljarða kr.? Það stóð ekki á stjórnarliðinu að leggja nýja skatta á atvinnufyrirtækin. En hafa þeir rétt hér upp hendurnar til þess að auka tekjur frystihúsanna? Nei. Svo kemur hæstv. viðskrh. og segir: Þeir eiga að gera þetta með sama hugarfari. (**Viðskrh.:** Fyrirgefðu, þeir hafa gert það. Það var gert í fyrra.) Ég er ansi hræddur um það, hæstv. viðskrh., að það mundi lítið þýða fyrir hæstv. sjútvrh. að ræða við fólkið í sjávarplássunum á þessum nótum og ég veit að hann gerir sér grein fyrir því. Ræða hans í dag og ræða hans hér áðan bar vitni um það að hann hefur skilning á þeirri aðstöðu sem fyrir hendi er.

Það hefur komið fram að það eru tvenns konar skoðanir uppi í hæstv. ríkisstjórn. Hæstv. fjmrh. segir: Þeir kjarasamningar sem gerðir hafa verið gefa ekkert tilefni til að breyta gengi krónunnar, jafnvel þó þeir fari óbreyttir yfir vinnumarkaðinn. Undir þetta sjónarmið tekur hæstv. viðskrh. En hæstv. sjútvrh. og starfandi forsrh. viðurkennir að ekki hafi verið gert nóg til að bæta stöðu sjávarútvegsins og það þurfi að breyta gengi krónunnar. Og um leið og hann hefur sagt það kemur hæstv. fjmrh., sem hefur fengið vald til þess að stýra þessari ríkisstjórn, og segir: svona má ekki tala, og endurtekur hinar fyrri yfirlýsingar.

Ég veit að hæstv. sjútvrh. hefur góðan hug og hann

skilur þann vanda sem fyrir hendi er sem hvorki hæstv. fjmrh. né hæstv. viðskrh. virðast hins vegar skilja eða a.m.k. vilja ekki skilja. En vandi hæstv. sjútvrh. er sá að flokkur hans hefur fórnað sér á altari Alþb. og er reiðubúinn að fórna skilningi sínum fyrir forustu hæstv. fjmrh. Það er vandi Framsfl. og hæstv. sjútvrh. í þessari umræðu.

Hæstv. sjútvrh. viðurkennir að það þarf viðbótaraðgerðir til þess að bæta stöðu sjávarútvegsins. Hann segir: Við getum ekki svarað hvernig á að bæta þar úr. Hæstv. sjútvrh. viðurkennir að millifærslurnar í gegnum ríkissjóð eru senn á þrotum. Og hann segir: Við höfum engin ráð og vitum ekkert hvað við á að taka. Hann segir að vísu: „þarf" að fella gengið vegna kjarasamninganna. Hann vísar á hæstv. fjmrh. sem neitar því. Svo segir hann: Við þurfum nú ekki að gera Alþingi reikningsskap gerða okkar. Aðilar vinnumarkaðarins ætla að koma á okkar fund og bera fram fyrirspurnir. En ég spyr: Hvaða tilgangi þjónar það fyrir forustumenn Alþýðusambandsins og forustumenn Vinnuveitendasambandsins að ganga á fund ríkisstjórnarinnar ef svörin verða þessi: Við vitum ekki hvað við ætlum að gera, við vitum ekki hvernig við ætlum að bregðast við. Að vísu er það rétt að gengið þarf að lækka en hæstv. fjmrh. neitar því og þess vegna getum við ekki gert það. Hvaða erindi eiga þá aðilar vinnumarkaðarins á fund hæstv. ríkisstjórnar? Í hvaða tilgangi eiga þeir að labba upp í Stjórnarráð, ef svörin eru þessu?

Kjarni málsins er sá að eftir að ríkið tók frumkvæðið í þessum málum úr höndum aðila vinnumarkaðarins og bjó til þá niðurstöðu sem nú er fengin verður það ekki dregið að gefa við þessu skýr svör. Mér er ljóst að hæstv. ríkisstjórn getur virt hið háa Alþingi að vettugi af því að hún ber ekki meiri virðingu fyrir því en raun ber vitni. En hún kemst ekki hjá því að það verður að gera kjarasamninga á almennum vinnumarkaði og það er sú staðreynd sem gerir það að verkum að það verður ekki lengur dregið að gefa þessi svör. Það verður ekki lengur unnt að ýta þeim á undan sér og segja: Við ætlum að bíða og sjá hvort ekki komi betri tíð með blóm í haga. Það eru einu svörin sem hæstv. ríkisstjórn hefur gefið í heilan vetur. Nú er það ekki lengur unnt vegna þess að fólkið í landinu lítur á það sem réttlætiskröfu að fiskvinnslufólkið og fólkið í verksmiðjunum fái sambærilega launahækkun við það sem opinberir starfsmenn hafa fengið. Hæstv. starfandi forsrh. hefur viðurkennt að það sé réttlætiskrafa. Á þá að draga að búa til forsendur fyrir þeirri ákvörðun þangað til einhverjir draumar um betri tíð rætast? Ætlar hæstv. ríkisstjórn að mæta eftir tvo daga á fund með aðilum vinnumarkaðarins og gefa sömu svör og gefin voru í dag og gefin eru hér í nótt? Við vitum ekki hvernig á að bregðast við. Er það uppgjafaryfirlýsingin sem aðilar vinnumarkaðarins eiga að fá? Ég er ansi hræddur um að ef það á að vera svarið á hinum væntanlega fundi séu alvarleg tíðindi í vændum í þessu þjóðfélagi og alvarlegri atburðir en hæstv. ríkisstjórn gerir sér grein fyrir.

Frú forseti. Það er ástæðulaust að lengja þessa umræðu mikið meira. Hún hefur þó dregið það fram í dagsljósið að hæstv. fjmrh. hefur gefið um það ótvíræðar yfirlýsingar, sem fulltrúar opinberra starfsmanna hafa vitnað til, að þessir kjarasamningar gefi ekki tilefni til gengisbreytinga. Hæstv. ríkisstjórn stendur frammi fyrir því að þurfa annaðhvort að standa við þau fyrirheit sem hæstv. fjmrh. hefur gefið opinberum starfsmönnum og svíkja atvinnulífið í landinu og launafólkið eða svíkja þau fyrirheit sem gefin hafa verið opinberum starfsmönnum og koma til móts við atvinnuvegina og fólkið sem þar starfar. Það er hæstv. ríkisstjórn sem hefur komið sér í þessar ógöngur sjálf. Hún hlýtur að verða að brjóta trúnað við annan hvorn aðilann. Það er útilokað fyrir hæstv. ríkisstjórn að komast út úr þessari stöðu á annan veg. Það er niðurstaða sem er því miður ekki skemmtileg fyrir hæstv. ríkisstjórn og því síður fyrir þjóðina.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Tveir hæstv. ráðherrar hafa kallað það málfundaæfingu að við skulum í dag og í kvöld inna einstaka ráðherra eftir því hvernig þeir meti þá stöðu sem nú er komin upp í atvinnu- og kjaramálum. Hæstv. fjmrh. og hæstv. viðskrh. hafa báðir kalla þetta málfundaæfingu og hæstv. viðskrh. var að reyna að gera lítið úr því að stjórnarandstaðan skuli vilja fá svör við þeim krefjandi spurningum sem uppi eru í þjóðfélaginu.

Sá er munur á þeim tveimur ráðherrum, hæstv. sjútvrh. og hæstv. viðskrh., sem sitja hér hlið við hlið við hliðina á mér, að hæstv. sjútvrh. metur stöðuna svo að sjávarútvegurinn geti ekki tekið við neinni launahækkun. Hann gerir sér grein fyrir því að ef sambærilegar launahækkanir og þær sem gengið hafa til opinberra starfsmanna eiga að ganga til fólks í fiskvinnslu og til sjómannanna sé óhjákvæmilegt að það verði að hreyfa gengið, það verði að fella gengið á árinu. Hann gerir sér jafnframt grein fyrir því að ástandið í atvinnulífinu er þannig að kostnaðarhækkanir vegna hærri launa hljóti að fara út í verðlagið.

Á hinn bóginn var svo að heyra á hæstv. iðnrh. sem hann teldi alveg óþarfa að grípa til einhverra ráðstafana. Hann sagði að vísu: Samkeppnisiðnaðurinn stendur ekki nú þannig að hann geti bætt kjör fólks svo að neinu nemi við þær aðstæður sem nú ríkja. Ég skil orð hans svo að hann telji að samkeppnisiðnaðurinn geti ekki tekið á sig þær launahækkanir sem hæstv. fjmrh. — sem nú hlær hvað glaðast — hefur samið um fyrir það fólk sem vinnur hjá ríkinu. Þess vegna hljóta að vakna spurningar þegar hæstv. viðskrh. talar jafnframt um það að atvinnureksturinn hljóti að meta launahækkanir svo að samsvari þeim rekstri sem hann stendur undir, að hann telji óþarfa að sambærilegar launahækkanir gangi til þess fólks sem vinnur við samkeppnisiðnaðinn. Það er ekki hægt að skilja hans ummæli öðruvísi nema hann telji að það geri svo sem ekki mikið til þó að einhver iðnfyrirtæki loki til viðbótar þeim sem þegar hafa lokað og að atvinnuleysið haldi áfram að vaxa hér í

landinu, þótt fólk á hinum frjálsa vinnumarkaði búi við vaxandi óöryggi í atvinnumálum.

Ég hygg það sé rétt sem hæstv. ráðherra sagði, það er ekki á vísan að róa. Það er áreiðanlega ekki á vísan að róa þar sem þessi ríkisstjórn er. Fólkið getur ekki vísað á svo sem eitt né neitt. Spurningar vakna hér í þingsalnum, spurningar vakna meðal fólksins í landinu og það er örugglega rétt, sem hæstv. sjútvrh. sagði hér áðan, að aðilar vinnumarkaðarins munu koma til fundar við ríkisstjórnina og þeir munu krefjast svara. Ef svörin verða á þá lund sem hæstv. viðskrh. gaf í þingsalnum í dag, þ.e. að hann telji að fulltrúar vinnuveitenda og verkalýðsfélaga séu að fara á málfundaæfingu við ríkisstjórnina og ef hann telur að það sé hægt að vísa á einhverjar verðhækkanir á fiski eða eitthvað þvílíkt sem ekki er fyrir séð, þá eru það auðvitað engin svör, ekki nokkur svör. Ríkisstjórnin hefur haft frumkvæði að þessum kjarasamningum. Það er laukrétt, sem fram hefur komið, að kjarabæturnar eru ekki miklar borið saman við þá kjararýrnun sem orðið hefur. Auðvitað hefði verið eðlilegra, í þeirri þröngu stöðu sem atvinnulífið er núna, að hæstv. fjmrh. hefði reynt að finna einhverjar leiðir til þess að spara í ríkisrekstrinum, einhverjar leiðir t.d. til þess að lækka matarverð, lækka verð á nauðþurftum og lækka t.d. tekjuskattinn sem hækkaði nú um áramótin eða hækka barnabætur. Það hefði auðvitað verið miklu, miklu vænlegri leið. En að velja þá leið að koma af stað nýrri kaupskriðu, þó að hún sé ekki stór, þegar bæði viðskrh. og sjútvrh. viðurkenna að þær atvinnugreinar, sem eiga í samkeppni við erlenda aðila, hafi enga stöðu til að bæta einni einustu krónu við sín útgjöld, að þeir skuli þá efna til slíkrar útgjaldaaukningar hlýtur að teljast ábyrgðarleysi og getur ekki talist neitt annað. Auðvitað hefði verið rétt við þessar kringumstæður að reyna að haga kjarasamningum þannig að ríkið hefði gefið eftir af sínum miklu skattahækkunum og það hefði verið með þeim hætti reynt að vinna sig niður þannig að dregið hefði úr verðbólgu í staðinn fyrir að fyrirsjáanlegt er að verðbólgan mun halda áfram það sem eftir er þessa árs á svipuðum nótum og hún hefur verið það sem af er árinu.

Kristín Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að fara að lengja þessa umræðu, enda er klukkan orðin ansi margt. Þessi umræða hefur verið með hálfgerðum endemum verð ég að segja. Eftir að hafa vikið þessari umræðu tvisvar fyrir öðrum málum hefur ýmislegt gengið með brösum í dag og áhuga þingmanna, hvað þá hæstv. ráðherra, er varla hægt að hrósa. Þeir sitja að vísu þrír hér inni núna og jafnvel fleiri einhvers staðar nálægt, en svo hefur það ekki aldeilis verið í allan dag. Þeir sem hafa sýnt sig við umræðuna hafa nánast verið eins og flær á skinni og stundum var enginn þeirra í salnum þegar verið var að ræða málin. Það er heldur bágt að trúa því að ekki sé meiri áhugi og áhyggjur manna vegna þessara mála sem við höfum fengið að ræða í dag, þ.e. ástandinu í kjaramálum og atvinnumálum landsmanna.

Menn hljóta að telja þessi mál þess virði að ræða þau af fullkominni alvöru og án útúrsnúninga. Vegna þeirrar uppákomu sem varð hér fyrr í kvöld verð ég að lýsa furðu minni á þeim vinnubrögðum sem við voru höfð þegar hæstv. forseti leyfði sér að semja um tilhögun umræðunnar við einn þingflokkinn án þess svo mikið sem ræða það við málshefjanda. Mér fannst það aldeilis furðuleg vinnubrögð og hlýt að mótmæla þeim harðlega og vona sannarlega að slík vinnubrögð verði ekki endurtekin. Tilmæli sjálfstæðismanna voru í hæsta máta eðlileg og ekki stóð heldur á okkur kvennalistakonum að bíða komu hæstv. sjútvrh., sem hafði gefið tilefni til þess að hans væri vænst hér áfram við umræðuna, og við höfum áfram verið viðstaddar og hlýtt á hans mál þegar hann náði að koma til okkar. Það hefði ekki aðeins verið eðlilegt að hafa samráð við alla þingflokka, eða a.m.k. við málshefjanda, um þessa tilhögun, þ.e. um frestun umræðunnar, heldur var það blátt áfram sjálfsagt. Nóg um það.

Hvað efni þessarar utandagskrárumræðu varðar þá hefur hún því miður ekki verið sérlega upplýsandi um hvers við megum vænta á næstu dögum og sem er nú mjög mikið áhyggjuefni allra. Hæstv. fjmrh. er lærður í morfísstíl og eyddi hér stórum hluta, a.m.k. fyrri ræðu sinnar, í útúrsnúninga og hroka. Hann sá ástæðu til þess að hrósa sér af því að samningur ríkisins við BSRB væri í fjölmörgum atriðum sérstaklega hagstæður konum. Minna fór nú fyrir herlegheitunum þegar hann kom sér að því að telja upp þau atriði sem væru þess verð að bendla við þetta. Þau atriði eru satt að segja eingöngu fólgin í því að krónutöluhækkun og lífaldurshækkanir koma helst konum til góða og það orðuðu einmitt hv. þm. Kvennalista sem töluðu hér fyrr í umræðunni, hv. þm. Þórhildur Þorleifsdóttir og Danfríður Skarphéðinsdóttir. Ástæðurnar eru auðvitað þær að í láglaunahópunum eru konurnar flestar. Þessi atriði, hæstv. ráðherra, kunnum við kvennalistakonur að meta vegna þess að bæði þessi atriði höfum við borið fram og haft sem okkar baráttumál og haldið þeim til streitu alveg frá upphafi. Í því sambandi vil ég minna á þær tillögur sem við vorum með í stjórnarmyndunarviðræðum árið 1983. Þá lögðum við einmitt þessi atriði til grundvallar að þannig yrði farið að við lausn mála þá, þ.e. að leggja krónutölu til grundvallar frekar en prósentuhækkanir og reyna að ná fram launajöfnuði með því að sem mest kæmi til þeirra láglaunuðu en þeir hærra launuðu og hæst launuðu fengju ekki neitt. Svo róttækar vorum við nú þá, en þetta er vissulega í þá átt. Þess vegna sem sagt erum við út af fyrir sig ánægðar með þennan þátt og það kom fram strax í ræðu hv. 18. þm. Reykv. þótt hæstv. ráðherra kysi að heyra það ekki.

Hitt er nú vafasamara, hæstv. ráðherra, að telja sér sérstaklega til tekna atriði sem varða rétt barnshafandi kvenna. Það eru atriði sem launafólk á ekki að þurfa að nota í skiptum fyrir launabætur. Þetta eru réttindamál, sjálfsögð réttindamál sem við höfum m.a. barist fyrir á þingi, reyndar því miður við lítinn fögnuð þingkarla. En það er alger óþarfi fyrir hæstv. ráðherra að taka orð kvennalistakvenna í þessari

umræðu á þann veg að við séum að forsmá starf kvenna í samninganefnd ríkisins. Slíkur málflutningur sæmir ekki ábyrgum stjórnmálamanni. Við fögnum hverju einasta skrefi í átt til vitundar ögn betri aðstæðna barna og kvenna í þessu þjóðfélagi og auknum áhrifum kvenna á það hvernig staðið er að málum og það er ósmekklegt af hæstv. ráðherra að reyna að snúa út úr orðum kvennalistakvenna í þessu efni. Ef hann vildi taka ofan ráðherragleraugun eitt andartak þá held ég að hann hljóti að sjá að Bókun 1, svo og yfirlýsing um styrkingu velferðarkerfisins, eru ekki beint blómvöndur í hans hnappagat. Ég verð nú að segja það. Hann tók reyndar dálítið skemmtilega til orða í fyrri ræðu sinni þegar hann spurði sjálfan sig hvers vegna launafólk ætti að treysta orðum hans frekar en fyrirrennara hans, sem ýmsir hafa nú lofað einu og öðru og lítið kannski orðið um efndir. Hann svaraði sjálfum sér orðrétt, ég skrifaði það upp eftir honum um leið og hann sagði það: „Okkar vörn felst í því að þeir hafa ekki prófað okkar orð." Það var ekki beint skotheld vörn, hæstv. ráðherra, enda gerir ráðherra sér áreiðanlega grein fyrir því að margir launamenn eru fullir tortryggni gagnvart honum, ríkisvaldinu og ráðherrum þessarar ríkisstjórnar sem byrjaði sinn feril á því, ég segi það einu sinni enn, að herða tökin á launafólki og lagði síðan á það skatta svo milljörðum skipti, dembdi yfir það hækkunum á opinberum gjöldum og ýtti því beinlínis út í átök um kjör sín.

Þá er það þáttur hæstv. sjútvrh. Hann hefur oftar en einu sinni fullyrt að ekkert svigrúm sé til launahækkana á almennum vinnumarkaði og helst ætti kaupið að lækka. Eftir allt sem launafólk er búið að leggja á sig og sauma að sér, hlýða kalli stjórnvalda um að nú sé hart í ári og hver verði að leggja sitt af mörkun. Alltaf er það launafólk sem skal leggja sitt af mörkum og alltaf á það að taka á sig meira og meira og þegar það ætlar að reyna að sækja sinn rétt og fá örlítið til baka er því strax lögð sú ábyrgð á herðar að það beri alla sök á því ef gengi er lækkað eða að aðrar aðgerðir fylgi í kjölfarið. Þó er búið að flytja marga milljarða til, þó einkum til sjávarútvegsins, nú á síðustu mánuðum og launafólkið hefur tekið á sig byrðar. Það hefur þrengt sín kjör til þess að leggja sitt af mörkum í þessum erfiðleikum en hvernig er því þakkað? Ríkisvaldinu hefur ekki þótt launafólk fórna nægilega miklu þegar það var neytt til þess að vinna án umsamdra launahækkana. Það hefur lagt skatta á almenning, hækkað gjaldskrá fyrir opinbera þjónustu en enga tilburði haft í frammi til þess að bæta kjör almennings, sem hefði þá getað létt þetta ástand, gert það bærilegra og orðið þá um leið atvinnuvegunum að liði. Þessi ríkisstjórn hefði getað markað launastefnu á þann hátt að bæta kjör almennings til að draga úr þörf fyrir beinar launahækkanir og þá er ég vitanlega fyrst og fremst að tala um skattamálin. Ég get sannarlega tekið undir orð hæstv. sjútvrh. um að það er rangt sem margir fullyrða að ríkisstjórnin hafi ekkert gert til að bæta ástandið í sjávarútveginum. Það hefur mikið verið gert. Það hafa verið færðir milljarðar fyrst og fremst til sjávarútvegsins, en ástandið sýnir því miður að það er ekki nóg að gert. Þetta er ekki raunveruleg lækning. Það er kannski réttara að tala um tímabundna sprautu, eins og hv. 7. þm. Reykn. talaði um fyrr í dag, og innan tíðar verða nýjar aðgerðir að koma til. Ég held að á því sé ekki minnsti vafi. Spurningin er bara hvenær og enn þá stærri spurning hvað verður gert.

Ég held að ég hafi þessi orð ekki fleiri, hæstv. forseti. Þessi umræða hefur vissulega gert sitt gagn þótt hún hafi ekki verið nægilega upplýsandi að mínu mati og vitaskuld hljótum við að óska þess að náð verði farsælli lendingu í því erfiða samningastríði sem nú á sér stað.

SAMEINAÐ ÞING

58. fundur, þriðjudaginn 11. apríl, kl. 1.45 miðdegis.

Vegáætlun 1989–1992, frh. fyrri umr.

Stjtill., 392. mál. — Þskj. 735.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv. og til fjvn. með 42 shlj. atkv.

EFRI DEILD

76. fundur, þriðjudaginn 11. apríl, að loknum fundi í Sþ.

Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga, 2. umr.

Stjfrv., 203. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 276, n. 763, brtt. 764.

Frsm. félmn. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á þskj. 763 frá félmn.

Nefndin hefur fjallað vandlega um frumvarpið á mörgum fundum og leggur til að það verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali. Nefndin fagnar þeirri samstöðu sem náðst hefur um afgreiðslu þessa mikilvæga máls, jafnt meðal stjórnmálaflokkanna og sveitarfélaganna í landinu, sem sést meðal annars á þeim eindregna stuðningi sem kom fram við frv. á fulltrúaráðsfundi Sambands ísl. sveitarfélaga á Akureyri 30. og 31. mars sl.

Nefndinni bárust umsagnir um frumvarpið frá stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga, Fjórðungssambandi Norðlendinga, Fjórðungssambandi Vestfirð-

inga, hreppsnefnd Miðneshrepps, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Fóstrufélagi Íslands, fulltrúaráði sjómannadagsins í Reykjavík og Hafnarfirði, bæjarstjórn Neskaupstaðar, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, bæjarráði Keflavíkur, bæjarstjórn Grindavíkur og hreppsnefnd Gerðahrepps. Þá komu á fund nefndarinnar Sigurgeir Sigurðsson, formaður stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, og Áskell Einarsson og Hjörtur Þórarinsson frá landshlutasamtökum sveitarfélaga. Jafnframt héldu félagsmálanefndir beggja deilda fund með stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga. Með nefndinni störfuðu Húnbogi Þorsteinsson, skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu, og Ingimundur Sigurpálsson bæjarstjóri.

Nefndin flytur 14 brtt. við frv. og eru langflestar þeirra fluttar að höfðu samráði við Samband ísl. sveitarfélaga. Verður hér gerð grein fyrir þessum breytingum í sömu röð og þær eru á þingskjalinu.

1. Brtt. við 1. gr. felur ekki í sér efnisbreytingu, heldur er verið að gera orðalag greinarinnar skýrara. Í fyrsta lagi er verið að kveða skýrar á um að ríkið greiði að fullu stofnkostnað stofnana fyrir fatlaða. Í öðru lagi er einnig verið að kveða skýrar á um að sveitarfélög greiði stofnkostnað sérdeilda fyrir fatlaða á dagvistarstofnunum fyrir börn.

2. Brtt. við 2. gr. felur í sér að sérstök flutningaþjónusta fyrir fatlaða skuli greidd úr ríkissjóði en ekki af rekstrarfé viðkomandi stofnunar eins og gert er ráð fyrir í frv.

3. Brtt. við 4. gr. felur í sér, í fyrsta lagi, að 85% kostnaðar við byggingu og búnað heilsugæslustöðva skuli greidd úr ríkissjóði en 15% af hlutaðeigandi sveitarfélögum. Í frv. voru hlutföllin 60% og 40%. Meginástæðan fyrir þessari breytingu er að sveitarfélögin eru misjafnlega á vegi stödd í uppbyggingu heilsugæslustöðva og því er talið rétt að halda óbreyttri kostnaðarskiptingu enn um sinn. Í öðru lagi er kveðið á um að sveitarfélögin láti í té lóðir undir heilsugæslustöðvar ríkissjóði að kostnaðarlausu og án greiðslu gatnagerðargjalda. Er það í samræmi við þá aðferð sem viðhöfð hefur verið undanfarin ár en á síðasta ári komu upp efasemdir um að það styddist við nógu traustar lagaheimildir og er því talið rétt að setja ákvæði í lög er tekur af öll tvímæli í þessum efnum.

4. Brtt. við 5. gr. felur í sér að viðhaldskostnaður fasteigna og tækja heilsugæslustöðva er greiddur sem rekstrarkostnaður en ekki stofnkostnaður. Er þessi breyting í samræmi við viðtekna venju. Nefndin taldi hins vegar ekki rétt að endurnýjunarkostnaður fasteigna og tækja skyldi greiddur sem rekstrarkostnaður því að oft er hér um svo viðamiklar breytingar að ræða að þær jafnast á við stofnkostnað.

5. Brtt. við 6. gr. varðar stjórnir heilsugæslustöðva. Lagt er til að sveitarstjórnir tilnefni þrjá stjórnarmenn í stað tveggja samkvæmt frv. og að starfslið tilnefni einn stjórnarmann í stað tveggja samkvæmt frv. Talið er rétt að sveitarstjórnir hafi áfram meiri hluta í stjórnum heilsugæslustöðva þó að ríkið taki alveg yfir rekstur þeirra, enda skipar ráðherra einn stjórnarmann sem jafnframt skal vera formaður. Þá er og rétt að hafa í huga að oft sitja sérstakir áheyrnarfulltrúar starfsfólks stjórnarfundi.

6. Lagt er til að 7. gr., er varðar skipan stjórna sjúkrahúsa, falli brott. Ástæðan er m.a. sú að ekki náðist fullkomin samstaða um fyrirhugaðar breytingar, einkum er varðaði skipan stjórna einkasjúkrahúsa eða sjálfseignarstofnana. Eðlilegra er talið að ef gera á breytingar á skipan stjórna sjúkrahúsanna þá verði þær gerðar í tengslum við fyrirhugaðar breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu sem nú eru í undirbúningi í heilbr.- og trmrn.

7. Brtt. við 8. gr. varðar sjúkrahúsbyggingar og felur í sér sams konar breytingu og gerð var við 4. og 5. gr. varðandi heilsugæslustöðvar.

8. Brtt. við 35. gr. felur í sér tvær breytingar. Í 1. mgr. er gerð breyting er þýðir að ekki þurfi að koma til samþykki menntamálaráðuneytis fyrir gerð skólamannvirkja. Telja verður að þar sem sveitarfélög greiða kostnað við byggingu grunnskóla (sbr. 49. gr. frv.) þá sé ekki ástæða til að slíkar byggingar þurfi samþykki menntmrn. Þá er 4. mgr. felld niður en ákvæði hennar fól í sér að nafngift skóla væri háð samþykki menntmrn. Telja verður að heimamenn séu fullfærir um að ákveða slíka hluti sjálfir.

9. Brtt. við 1. mgr. 41. gr. felur í sér að fellt er brott ákvæði þess efnis að daglegt eftirlit og umsjón með nemendum í heimavistarskólum skuli vera í höndum starfsmanna með uppeldismenntun. Stundum getur verið erfitt að fá slíkt sérmenntað fólk til starfa og því ekki eðlilegt að binda starfið að öllu leyti við slíkar starfsstéttir.

10. Brtt. við 3. mgr. 47. gr. felur í sér að þar sem fleiri sveitarfélög en eitt standa að rekstri grunnskóla skuli hlutaðeigandi sveitarstjórnir, í stað oddvita, tilnefna fulltrúa sameiginlega til að endurskoða reikninga skólans. Þykir eðlilegra að þetta sé í höndum sveitarstjórna en oddvita.

11. Brtt. við 49. gr. felur ekki í sér beinar efnisbreytingar heldur er verið að gera orðalag greinarinnar skýrara.

12. Brtt. við 50. gr. felur ekki í sér beinar efnisbreytingar. Orðalag greinarinnar hefur verið gert ákveðnara og greinin stytt enda var hún óþarflega löng.

13. Brtt. við 60. gr. felur í sér að fellt er brott að menntmrn. skuli hafa með höndum umsjón og eftirlit með dagvistarstofnunum. Þar sem dagvistarstofnanir verða nú verkefni sveitarfélaga þykir það fela í sér óþarfa afskipti af hálfu menntmrn. að það skuli hafa sérstakt eftirlit með þessari starfsemi. Hins vegar stendur óbreytt ákvæði greinarinnar að ráðuneytið sé sveitarstjórnum til ráðuneytis um þessi mál. Þrátt fyrir þessa breytingu mun menntamálaráðuneytið (sbr. 11. gr. laga um dagvistarstofnanir) áfram setja reglugerð um húsakost og búnað dagvistarstofnana.

14. Við 75. gr., er fjallar um kostnaðaruppgjör milli ríkissjóðs og sveitarfélaga, eru fjórar breytingar.

Í fyrsta lagi kemur í 1. mgr. viðbótarákvæði sem felur í sér að við mat á skuldbindingum ríkissjóðs vegna byggingar dagvistarheimila, grunnskóla, íþróttamannvirkja og félagsheimila skuli ekki aðeins miða við núgildandi lagaákvæði um hlutdeild ríkissjóðs í byggingarkostnaði heldur einnig sérsamninga sem gerðir hafa verið við einstök sveitarfélög um skólamannvirki.

Í öðru lagi er sú breyting gerð í 2. mgr. að framlög ríkissjóðs á fjárlögum 1989 ganga ekki til greiðslu á skuldum vegna framkvæmda sem unnar voru fyrir árslok 1988, heldur eingöngu til framkvæmda á árinu 1989.

Í þriðja lagi er í 3. mgr. sett ákvæði um sérstaka úrskurðarnefnd sem skjóta má til málum í þeim tilvikum sem ekki næst samkomulag milli ríkissjóðs og sveitarfélaga um kostnaðaruppgjör skv. 1. og 2. mgr. Ekki er ólíklegt að einhver ágreiningur verði um kostnaðaruppgjör og því eðlilegt að hægt sé að skjóta slíkum málum til einhvers úrskurðaraðila.

Í fjórða lagi eru í 4. mgr. tekin af öll tvímæli um að greiðslu ríkissjóðs vegna áðurgreindra framkvæmda skuli lokið á því fjögurra ára tímabili sem tilgreint er í frv.

Júlíus Sólnes áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. er fram kunna að koma, en aðrir nefndarmenn skrifa undir án nokkurs fyrirvara.

Virðulegi forseti. Eins og fram kemur í áliti nefndarinnar náðist samstaða meðal nefndarmanna um þær brtt. sem hér eru fluttar. Nefndin lagði mikla vinnu í að fá álit sem flestra inn á sitt borð og þó svo að ég hafi talið upp í nál. þá sem komu á fund nefndarinnar er langt í frá að þar sé um tæmandi lista að ræða. Hver nefndarmaður leitaðist við að fá sem mesta og besta þekkingu á málinu og hafa samráð við þá sem hlut eiga að máli, vinna verkið sem best, enda hluti nefndarmanna ýmist fyrrverandi eða núverandi sveitarstjórnarmenn.

Sveitarstjórnarmenn um land allt hafa fylgst af áhuga með vinnu nefndarinnar og verið ásamt fulltrúum Sambands ísl. sveitarfélaga boðnir og búnir til að greiða fyrir framgangi málsins og kunna nefndarmenn þeim og öðrum sem aðstoðuðu nefndina bestu þakkir fyrir. Fyrir ári síðan þegar frv. sama efnis og það sem hér er til umfjöllunar var lagt fram strandaði afgreiðsla málsins í þinginu. Ýmsir þeir þættir sem þá var einna mestur ágreiningur um hafa nú verið lagfærðir. Mestu varðaði þó að menn óttuðust að ekki væri gengið tryggilega frá tekjustofnum sveitarfélaga og svo uppgjörsmálum milli ríkis og sveitarfélaga og þar gegnir Jöfnunarsjóður sveitarfélaga ekki svo litlu hlutverki. Ég tel því rétt að fara örfáum orðum um þær breytingar sem áætlaðar eru og eins og þær koma fram í drögum að reglugerð um Jöfnunarsjóðinn og nefndarmenn félmn. hafa fengið í hendur, þó svo að það tilheyri e.t.v. frekar umræðu um frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga sem verður hér á eftir. Þessi mál eru svo nátengd að erfitt er að setja strik þar á milli, hvað á heima við hvora umræðu.

Það hefur verið þannig að meginhluta ráðstöfunarfjár Jöfnunarsjóðsins hefur verið varið til almennra framlaga sem hafa verið sama krónutala á alla íbúa hver sem staða sveitarfélaganna hefur verið. Til svokallaðra aukaframlaga hefur aðeins verið varið um 6% af ráðstöfunarfé sjóðsins og hefur þessi upphæð gengið til tekjujöfnunar milli sveitarfélaganna. Í frv. um tekjustofna sveitarfélaga er lagt til að almennu framlögin falli niður en að meginhluti tekna sjóðsins gangi til að greiða sveitarfélögum framlög vegna breytinga á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og til jöfnunarframlaga. Á sl. ári voru aðeins um 80 millj. kr. til ráðstöfunar til jöfnunarframlaga en átti að vera um fimm sinnum hærri upphæð eða tæpar 400 millj. kr. Nú er ætlunin að hluti af þessari upphæð gangi til sveitarfélaga sem skortir tekjur til að halda uppi þeirri þjónustu sem eðlilegt má telja að sveitarfélag af þeirri stærð veiti, þ.e. til útgjaldajöfnunar. Þessi framlög mundu einkum ganga til minni þéttbýlissveitarfélaganna. Í reglugerðardrögum er gert ráð fyrir að reynt sé að meta þjónustustig sveitarfélaganna og greiðslur þessar miðaðar við það. Verkaskiptaframlögin munu hins vegar fyrst og fremst ganga til dreifbýlissveitarfélaga til að bæta þeim upp aukinn kostnað sem þau verða fyrir vegna breyttrar verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga. Það er auðvitað mjög þýðingarmikið að tryggt sé að þessi sveitarfélög verði ekki verr sett en áður. Ef bornar eru saman kostnaðartölur frá menntmrn. og þær tölur sem gert er ráð fyrir að verja til þessa verkefnis virðist mér vera allvel fyrir þessu séð. Auk þess vil ég benda á ákvæði 16. gr. frv. um tekjustofna sveitarfélaga en þar segir að framlögin skuli miðuð við að hagur þessara sveitarfélaga verði ekki lakari eftir breytingar á verkaskiptingunni en áður var. Þetta tel ég mjög þýðingarmikið.

Eitt af vandamálum við úthlutun framlaga úr Jöfnunarsjóðnum er að ákveða hvaða kröfur á að gera um nýtingu tekjustofna sveitarfélaganna. Í reglugerðardrögum er gert ráð fyrir að félmrn. gefi út í nóvember ár hvert í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga reglur um þessa nýtingu tekjustofna. Ég held að þetta sé mjög góð leið. Það er mjög erfitt að binda þessar reglur fastar til margra ára, en hins vegar er alveg nauðsynlegt að þær liggi fyrir árlega þegar sveitarfélögin undirbúa fjárhagsáætlanir sínar.

Rétt er að benda á að samkvæmt frv. um tekjustofna og þeim breytingum sem þegar hafa verið gerðar varðandi útsvörin fá sveitarfélögin verulega rýmkun og aukið ákvörðunarvald um nýtingu tekjustofna sinna. Þess vegna kemur auðvitað ekki til greina að setja fullnýtingu tekjustofna sem skilyrði fyrir framlögum úr Jöfnunarsjóði. Þá er einnig rétt að undirstrika þá breytingu að tillögur að úthlutun framlaga úr Jöfnunarsjóðnum verða nú í höndum nefndar þar sem fjórir af fimm nefndarmönnum verða tilnefndir af Sambandi ísl. sveitarfélaga.

Félmrn. hefur sent Sambandi ísl. sveitarfélaga og dreifbýlisnefnd sambandsins reglugerðardrögin til umfjöllunar og ég efast ekki um að ráðuneytið muni fara að tillögum þessara aðila varðandi endanlega

gerð reglugerðarinnar og tryggja hag þeirra sveitarfélaga sem verst eru sett og minnsta getuna hafa til að takast á við þau verkefni sem hér er lagt til að færist yfir á þau.

Virðulegi forseti. Eins og áður er fram komið hefur mikil vinna verið lögð í að samræma og koma til móts við þau sjónarmið sem fram hafa komið í viðræðum nefndarmanna við þá aðila sem hlut eiga að þessu máli. Það hefur lengi verið áhugamál sveitarstjórnarmanna og reyndar þeirra sem fara með málefni ríkisins að koma á hreinni línum í verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga.

Hér liggur fyrir frv. sem ekki er aðeins spor í rétta átt, heldur að samþykktum þeim brtt. sem nefndin leggur til nýtur stuðnings fulltrúa beggja aðila og fulltrúar í félmn. hafa náð samstöðu um. Ég legg því eindregna áherslu á að frv. þetta fái hér fljóta afgreiðslu og að ekkert verði til að tefja málið lengur en orðið er.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Ég vona að frsm. nefndarinnar taki það ekki illa upp þó að ég komi hér aðeins upp í ræðustól þó að lokaorð hv. þm. hafi verið þau að væntanlega yrði ekkert til þess að tefja framgang þessa máls frekar en orðið er. Minna má nú gagn gera. Ég gat ekki setið á mér að koma hér aðeins upp og benda á tvö atriði sem ég tel að hefðu ekki átt að vera í frv. Ég mun ekki flytja þar um neina brtt., en ég vil aðeins láta skoðun mína koma í ljós.

Það er í fyrsta lagi það að tónlistarfræðsla skuli nú alfarið færð til sveitarfélaga. Það hefur komið mjög víða fram, bæði frá forustumönnum tónlistarskóla um landið og sveitarstjórnarmönnum og áhugafólki um tónlistarfræðslu, að það efast um að þarna sé verið að fara inn á rétta braut og það hefur komið fram í umræðu um þessi mál að þátttaka ríkisins á síðustu árum hefur einmitt orðið til þess að byggja þessa starfsemi upp mjög öfluga út um landið. Og menn eru yfirleitt sammála um að ef ekki hefði komið til þessa stuðnings, þá væri ekki eins vel komið fyrir þessari fræðslu, þessari menningarstarfsemi, eins og raun ber vitni víða úti um land. Það hefur verið viðurkennt að einmitt tónlistarfræðslan er kannski mikið betur á veg komin víða út um land og tónlistarstarfsemi en hér á höfuðborgarsvæðinu og það er sem sagt eitt af því þar sem dreifbýlið getur bent á að fólkið úti á landsbyggðinni búi við betri aðstæður en fólk hér á þessu svæði.

Hitt er með dagvistunarstofnanir, að í þessu frv. er lagt til að sveitarfélögin taki alfarið yfir byggingu og rekstur dagvistunarstofnana. Ég tel að þarna sé líka horfið inn á vafasama braut, tel að þarna hefði átt að vera svipað og nú er, ekki síst þegar það kemur fram í framsöguræðu hér fyrir meirihlutaáliti nefndarinnar að nú skuli lagt til hliðar eftirlit og, mætti segja, viss gæðastjórnun ríkisins, gæðaeftirlitsstjórnun ríkisins á þessari starfsemi, að sveitarfélögunum sé núna fullkomlega í sjálfsvald sett hvernig rekstur þessara stofnana verði. Ég tel að þetta sé vitaskuld hlutverk ríkisins að fylgjast með því að þarna sé lágmarksþjónustu sinnt á réttan máta.

Ég taldi rétt að þessi skoðun kæmi hér fram og ég vil undirstrika það að ég veit það að þetta er skoðun ótal margra sveitarstjórnarmanna að þessi tvö atriði hafi ekki átt að vera í þessari verkaskiptingu sem hér er núna greinilega að verða að lögum.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Frsm. og formaður félmn., hv. 4. þm. Suðurl., hefur mælt fyrir nál. félmn. og gert ítarlega grein fyrir breytingartillögum sem nefndin flytur á sérstöku þingskjali. Eins og kom fram í hennar máli hefur orðið góð samstaða innan nefndarinnar og stendur hún einhuga að þessu nál. og leggur til að frv. verði samþykkt, eins og hér hefur komið fram, með þeim breytingum sem fluttar eru á sérstöku þskj.

Það er ekkert óeðlilegt að hv. 4. þm. Vesturl. hafi hér gert grein fyrir sínum sérstöku skoðunum á tveimur þáttum þessa frv. sem vissulega hafa verið skiptar skoðanir um, við höfum svo sem orðið vör við það, og þá ekki síst varðandi tónlistarfræðsluna eins og hann kom inn á. Ég verð að segja það alveg eins og er að ég treysti sveitarfélögunum algjörlega í þessum efnum og ég sé ekki ástæðu til að vantreysta þeim varðandi tónlistarfræðsluna. Ég tek undir það að vissulega er það með aðstoð ríkisins sem komið hefur verið upp, það má segja kannski um allt land, öflugri og góðri tónlistarfræðslu, tónlistarskólum, en ég vil líka leggja áherslu á það að einmitt þessi fræðsla, sem haldið er uppi og rekin er af hinum ýmsu sveitarfélögum og er stolt þeirra og metnaður, að halda uppi öflugu og góðu tónlistar- og menningarlífi. Þess vegna finnst mér að það verði að treysta sveitarfélögunum að þessu leyti. Við verðum að hafa það hugfast að sveitarfélögin hafa yfirleitt greitt miklu meira af þessum kostnaði heldur en þeim í raun og veru ber samkvæmt lögum. Það hefur einmitt komið í þeirra hlut. Ég held því að við verðum að gefa sveitarfélögunum tækifæri til þess að sýna það að þau standa undir nafni að þessu leyti. Ég sé ekki ástæðu til þess að ákveða það fyrir fram að svo verði ekki.

Eins er það með hinn þáttinn, dagvistarmálin, sem hv. 4. þm. Vesturl. gat um. Ég tel að þau séu svo staðbundin verkefni og skipti svo miklu máli víða í sveitarfélögum að aðhaldið sé vissulega nægjanlegt heima fyrir og að þessi mál verði ekki síður í lagi á þeirra hendi.

En það sem ég ætlaði að segja hér var fyrst og fremst það að fagna þeirri breiðu samstöðu sem nú loksins hefur náðst um þetta mál hér á hv. Alþingi og ekki síður þeirri breiðu samstöðu sem hefur náðst á vettvangi sveitarfélaganna í landinu. Við þekkjum það hér á hv. Alþingi að það er einmitt vegna þess að það hefur ekki verið nægjanleg samstaða meðal sveitarstjórnarmanna, sem er kannski ekkert óeðlilegt því að sveitarfélögin eru misjafnlega í sveit sett hvað varðar stærð og aðstæður, að það hefur ekki tekist að koma þessum málum í gegn hér á hv.

Alþingi. En ég vil trúa því að nú verði tímamót hjá sveitarfélögunum í landinu þegar þetta mál verður komið í höfn og ég vil leyfa mér að treysta því að hv. Nd. muni afgreiða þetta mál eins og það mun koma héðan frá hv. Ed.

Það er fyrst og fremst þetta sem ég vildi leggja áherslu á. Ég tel að meginmarkmið sveitarstjórnarmanna og væntanlega hv. alþm. sé í þessu frv. sem er að koma á hreinni skilum á verkaskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga og færa þeim sem mest vald heim í héruð. Ég fagna því að þetta frv. er komið þetta áleiðis og treysti því að það fái greiðan aðgang í gegnum þingið.

Egill Jónsson:

Herra forseti. Ég hygg að það sé fagnaðarefni okkar allra sem eigum hér sæti í þessari virðulegu deild að þessum málum um verkaskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga skuli þó hafa skilað fram nú sem horfir. Það er svo annað mál að auðvitað er ýmislegt við þessa afgreiðslu að athuga og sjálfsagt væri mjög erfitt að hugsa sér að hér væri frekar en um önnur verk um gallalausa tillögugerð að ræða. Það sem er langsamlega mikilvægast er það að hér er um dreifingu valds að ræða. Það eru fluttar til ákvarðanir í þjóðfélaginu. Öll höfum við orðið vitni að því að uppi eru háværar raddir um að auka valddreifingu, m.a. hefur komið inn í þá umræðu tillögugerð um þriðja stjórnsýslustigið. Ég lýsi því alveg sérstaklega yfir hér að ég tel það vera mikilvægt að hér er í rauninni gengið lengra. Valdið er fært beint heim í sveitarfélögin til sveitarstjórnanna sjálfra sem fólkið þar velur til forustu.

Hins vegar get ég ekki leynt því að það fylgja frá minni hendi vonbrigði gagnvart smæstu sveitarfélögunum í landinu. Það er alveg augljóst mál að mörg sveitarfélög fá betri kost en þau hafa áður haft, t.d. þéttbýlissveitarfélög úti á landi, og því ber vissulega að fagna. En litlu sveitarfélögin, sveitarhrepparnir, fá ekki betri kost en þeir höfðu áður. Það eru gerðar ráðstafanir til þess að auka tekjur þéttbýlissveitarfélaganna en aftur á móti ekki sveitarhreppanna.

Það er reyndar yfirlýst að því eigi að mæta með auknu framlagi eða aðgangi úr sérstakri deild Jöfnunarsjóðs. Það er út af fyrir sig gott svo langt sem það nær en ekki skal ég segja um það hvað menn muna lengi eftir því og víst er að hér á borðum þingmanna hefur verið dreift þingskjölum þar sem mjög er gengið gegn hagsmunum einmitt þessa fólks. Það er þá spurningin hvort það kunni ekki að gleymast eins og ýmislegt annað þegar til alvörunnar kemur.

Í almennu orðalagi sem m.a. hv. framsögumaður viðhafði hér áðan má skilja svo að um það séu gefin fyrirheit að afkoma og aðstæður þessara sveitarfélaga eigi ekki að versna frá því sem verið hefur. En hvers vegna skyldi ekki aðstaðan þar, fólksins sem heldur uppi dreifðri sveitabyggð, hvers vegna skyldi aðstaðan þar ekki mega batna og hvers vegna skyldu menn ekki alveg eins hafa getað gefið yfirlýsingar um það að aðstaða þeirra sveitarfélaga skyldi batna til jafns við það sem almennt gerðist við þessar breytingar, fyrst menn eru á annað borð að gefa yfirlýsingar?

Það liggur að sjálfsögðu ljóst fyrir, og ég hef reyndar heyrt þær skýringar í þessu sambandi, að þjónustan úti í dreifbýlissveitarfélögunum geti eðli sínu samkvæmt ekki orðið jafnvíðtæk og í þéttbýlinu og það má út af fyrir sig til sanns vegar færa. En þá kem ég að öðru atriði sem er afar mikilvægt í þessum efnum og það er: Er það sjálfsagður hlutur að ganga út frá því? Það held ég að sé ekki. Ég þekki sem betur fer mörg lítil sveitarfélög sem hafa einmitt verið að bæta þjónustu við íbúana á síðustu árum, stórbæta þjónustuna, fyrir utan það sem gengur svo til sameiginlegra verkefna innan vissra byggðasamfélaga. Ég hlýt að vekja athygli á þessu.

Það eru harðir kostir á sama tíma og menn eru með sífelldar yfirlýsingar um að styrkja og efla byggðina, um byggðastefnu, og hvað sem menn kunna nú að kalla þau fyrirheit við hátíðleg tækifæri, að þá skuli ekki vera litið af meiri sanngirni til smæstu sveitarfélaganna í landinu heldur en hér er gert.

Ég þarf kannski út af fyrir sig ekki að draga orð framsögumanns í efa að því leyti að aðstaða þeirra muni ekki versna frá því sem verið hefur, en hún batnar ekki til samræmis við það sem gerist við nágrannabyggðirnar. Það er náttúrlega ámælisvert, af því að það er nú alltaf verið að tala um forréttindi sveitafólksins, að ekki skuli í neinu vera metin þau framleiðsluverðmæti sem þar er aflað. Þau eru skattlögð og þjónustan við þau er skattlögð í þéttbýlinu en ekki í dreifbýlinu. Og það er að sjálfsögðu engin breyting í þeim efnum hér.

Þrátt fyrir þessi varnaðarorð geri ég mér það alveg ljóst að hér verði ekki gerðar breytingar á meðferð mála. Það hafa komið hér fram mjög eindregnar óskir um það að þetta mál gangi hér í gegnum þingið án nokkurrar minnstu tafar. Má af því sjá að nefndarmenn eru harla ánægðir með sína vinnu og ég reyndar veit og efa ekki að þar hefur verið vel til verka vandað. En af því leiðir að sjálfsögðu að þetta mál hlýtur að ganga fram og megintilgangurinn, þ.e. valddreifingin og sjálfsforræði sveitarfélaganna, er vissulega gífurlega mikið atriði og enginn vegur að meta það ekki sem grundvallarmarkmið núna við afgreiðslu málsins. Enda er það nú svo, og það hafa gengið ýmsar yfirlýsingar um það á síðustu vikum og mánuðum, að hægt væri í framhaldi af þessum breytingum að gera lagfæringar síðar meir. Auðvitað verða menn að treysta á almenn sanngirnisviðhorf í þessum efnum þó að þeirra sé ekki gætt að þessu sinni gagnvart smæstu sveitarfélögunum eins og eðlilegt og sjálfsagt hefði verið.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins nokkur orð um þetta viðamikla mál sem hér er komið í 2. umr. Í 1. umr. fór ég fram á áheyrnaraðild fyrir hönd Kvennalistans að hv. félmn. þar sem við eigum ekki fulltrúa og ég átti þess kost að fylgjast nokkuð með afgreiðslu málsins þar. Ég tel að margar þær breytingar sem gerðar hafa

verið séu til bóta en hins vegar vil ég lýsa yfir sömu efasemdum og ég gerði við 1. umr. Þær fjalla um hag dagvistarheimila, skóla og reyndar tónlistarskóla. Ég tel að sú valddreifing sem boðuð er í þessu frv. sé mjög mikilsverð. Ég tel líka að það sé afar mikilsvert að draga skýrari línur á milli verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga eins og hér er gert og málsaðilar hafa orðið ásáttir um. Það styð ég heils hugar.

Hins vegar lýsi ég yfir efasemdum um að fela t.d. rekstur dagvistarheimila eingöngu sveitarfélögunum. Efasemdir mínar eru ekki gagnrýni á getu eða vilja sveitarfélaganna heldur fyrst og fremst ótti um það að ekki verði haldið uppi lágmarksstaðli alls staðar þannig að börn hljóti ekki sömu menntun og þjónustu alls staðar á landinu. Það muni fara eftir fjárhag sveitarfélaga eða jafnvel annarra sem munu taka að sér að reka dagvistarheimili á vegum sveitarfélaga. Þess vegna tel ég nauðsynlegt að það séu ákvæði í þessum lögum sem tryggi það að menntmrn. hafi umsjón og eftirlit með þessum rekstri að einhverju leyti, ekki til þess að auka miðstýringu og skipta sér af heldur einungis til þess að tryggja lágmarksstaðal. Það finnst mér vera meginefnið.

Varðandi tónlistarskólana þá er það mál sem á sér ýmsar hliðar en hinu ber ekki að neita að ríkið hefur víða stutt og lyft metnaði sveitarfélaga til þess að efla tónlistaruppeldi og það gildir sama sjónarmiðið þar að tryggja ákveðinn lágmarksstaðal, reyndar ætti í þeim efnum lausnin að vera sú að tónlistaruppeldi og kennsla flytjist inn í grunnskólana, en sé ekki einungis í sérskólum þannig að allir grunnskólanemendur eigi þess kost að njóta tónlistaruppeldis sem aðeins um 45% grunnskólanema fá nú.

Þetta eru meginathugasemdir við frv. Ég tek reyndar undir með hv. 4. þm. Vesturl. í hans athugasemdum sem komu fram á fundi með fulltrúum Sambands ísl. sveitarfélaga sem haldinn var með félmn. beggja deilda. Það væri hægt að gera athugasemdir við ýmsa aðra þætti en mun ekki lengja mál mitt með því en legg þó megináherslu á það að þessum lágmarksskyldum gagnvart börnum varðandi uppeldi þeirra og þjónustu sé sinnt með því að tryggja það í þessum lögum eins og gert er í öðrum sérstökum lögum, t.d. þeim sem varða dagvistarheimili.

Að öðru leyti lýsi ég yfir stuðningi við málið.

Jóhann Einvarðsson:

Hæstv. forseti. Ég vil eins og fyrri ræðumenn hér í dag lýsa miklum stuðningi við frv. og ég fagna víðtæku samstarfi og samvinnu sem náðst hefur um frv. á milli stjórnmálaflokka, sveitarfélaga og annarra þeirra aðila sem við höfum leitað til, þó að sjálfsögðu séu þarna nokkur atriði sem menn greinir nokkuð á um en ég held að séu í raun ekki stórvægileg.

Ég vek athygli á því að við erum væntanlega að nálgast lok á máli sem búið er að vera í gangi í meira en áratug, barátta sveitarfélaga fyrir því að starfssvið þeirra verði skýrar afmörkuð en er í núverandi löggjöf og það sé skýrt afmarkað hvert sé verksvið ríkisvaldsins og sveitarstjórna. Það hefur reyndar margkomið fram í öllum okkar umsögnum og reyndar þeim fundarhöldum sem við höfum átt með fulltrúum sveitarfélaga og Sambands ísl. sveitarfélaga að hér er komin niðurstaða sem náðst hefur mikil breiðfylking um.

Ég tek ekki undir áhyggjur annarra um að tónlistarfræðslu verði ekki jafnvel sinnt og verið hefur. Ég held að menn megi ekki gleyma því að framlag ríkissjóðs til tónlistarskólanna hefur í raun ekki verið afskaplega mikið. Það hefur borgað til baka helminginn af launagjöldum tónlistarskólanna. Allur rekstrarkostnaður annar, helmingur launagjaldanna og allur stofnkostnaður hefur verið greiddur af sveitarfélögunum sjálfum og allt frumkvæði hefur verið heima í sveitarfélögunum, oftast vegna þess að í því sveitarfélagi hefur sem betur fer fundist einhver eldhugi sem hefur komið því starfi í gang.

Sama gildir í raun um dagvistarheimilin. Það er að sjálfsögðu í lögum áfram ákvæði um að menntmrn. í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga setji reglugerð um lágmarksbúnað og húsnæði fyrir slíkar stofnanir og ég held að það sé alveg ljóst, a.m.k. í mínum huga og hef ég nokkra reynslu af því, að sveitarstjórnirnar eru miklu betur hæfar til að meta þörf fyrir slíka starfsemi á hverjum stað og það er nú einu sinni svo að óskir íbúanna ná fyrr til sveitarstjórnarmanna en kannski hingað inn til okkar á löggjafarsamkomunni.

Þar að auki er ljóst að þessi atriði eru partur í því heildarsamkomulagi sem fulltrúar Sambands ísl. sveitarfélaga hafa náð við stjórnvöld um hvernig þessari verkaskiptingu skyldi komið fyrir og ef við færum að bakka út úr því með einstaka slíka liði er í raun og veru allur pakkinn kominn til umræðu aftur. Ég tek því ekki undir þessar áhyggjur en fagna þeirri samstöðu sem við höfum náð um þetta mál og vona að því ljúki á þessu þingi og reyndar treysti á það.

En það er eitt atriði sem athygli mín hefur verið vakin á eftir að nefndin lauk störfum og þess vegna óska ég eftir því að félmn. hittist milli 2. og 3. umr. Það er í sambandi við 27. gr. þar sem rætt er um að eignir sjúkrasamlaga skuli renna til Tryggingastofnunar ríkisins og skuli þær nýttar fyrir umboðsskrifstofu Tryggingastofnunar ríkisins. Nú er það svo að við erum nýbúin í þessari hv. deild að afgreiða frá okkur frv. til l. um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði og í því er m.a. gert ráð fyrir að sýslumenn verði meiri framkvæmda- eða stjórnsýsluaðilar en þeir hafa verið. Það virðist hafa vakið nokkrar áhyggjur hjá ýmsum aðilum að þegar rætt er um að eignir Tryggingastofnunar skuli renna til umboðsskrifstofa Tryggingastofnunarinnar sé verið að gefa undir fótinn með að það eigi að fara að stofna sjálfstæðar umboðsskrifstofur víða um land og taka þessi störf af sýslumönnum þar sem það er í dag.

Ég held, og ég hef haft samráð um það við menn bæði í heilbrmrn. og dómsmrn., að í raun væri ástæðulaust að hafa seinni hluta setningarinnar inni og setningin væri bara „eignir sjúkrasamlags skulu renna til Tryggingastofnunar ríkisins". Það er til að

forðast þann misskilning, sem virðist hafa komið inn hjá mörgum, að við séum að gefa undir fótinn með að það verði stofnaðar sjálfstæðar umboðsskrifstofur og þá kannski á öðrum stöðum en reynslan hefur komið þeim fyrir á.

Að öðru leyti ætla ég ekki að tefja þessa umræðu frekar, vona bara að sú samstaða sem við náðum í þessari hv. deild um afgreiðslu á þessu máli komi líka fram í afgreiðslu Nd.

Karl Steinar Guðnason:

Herra forseti. Ég fagna eins og aðrir að frv. um verkaskipti er komið það langt sem raun ber vitni og tel að haldið hafi verið vel á málum um framgang málsins og þakka sérstaklega formanni og varaformanni fyrir að stýra nefndarstörfum og því fólki sem kom að því að vera til aðstoðar í þeim efnum.

Þetta frv. er ávöxtur af mikilli vinnu, árangur af mikilli vinnu sem hefur ekki staðið skemur en um tveggja áratuga skeið og ég minni á að það eru sveitarfélögin sem hafa mjög sótt á um að þessi skipti geti átt sér stað, lagt á það mjög ríka áherslu að það takist að afgreiða þessa hluti. Og ekki síst þau sveitarfélög sem smæst eru. Þau hafa ekki á nokkurn hátt skorið sig úr. Þau hafa verið þess mjög hvetjandi að frv. yrði samþykkt og það segir okkur að þessi sveitarfélög eða forsvarsmenn þeirra telja að hagsmunum þeirra sé vel borgið.

Sjálfstæði sveitarfélaga eða ábyrgð sveitarfélaga er afskaplega mikils virði og það er mikils virði að ábyrgðin á stjórn sveitarfélagsins sé sem næst fólkinu. Ég tel reyndar að það hefði mátt ganga lengra í ýmsum efnum. Ég tel t.d. að sveitarfélög eigi að vera miklu óháðari því að leggja á gjöld en þau eru í dag, óháðari ríkisvaldinu. Ég tel t.d. að það væri ástæða til þess að atkvæðagreiðsla verði látin fara fram í bæjarfélaginu og ef meirihlutasamþykkt er fyrir ákveðnu verkefni sem á að framkvæma, þá væri leyft að afla fjár til að leysa þetta verkefni án þess að það sé innan ramma útsvarslaganna. Ég veit að sums staðar í Danmörku er það svo að sé aukinn meiri hluti fyrir ákveðnum málum er hægt að nota tekjustofnana til að leysa það verkefni sem í því tilfelli var samþykkt. Við höfum bundið tekjustofna sveitarfélaga á ákveðinn klafa sem hefur náðst sátt um, en ég tel að það hefði mátt gefa sveitarfélögunum meira sjálfstæði. Fari menn illa með þetta sjálfstæði er eðlilegt að þeim sem það gerðu verði vísað frá í næstu kosningum. (Gripið fram í.) Já eða falli. Það var meiningin í því sem ég ætlaði mér að segja.

Það hefur borið nokkuð á draugagangi í sambandi við frv. Það hafa birst greinar í blöðum og alþm. hafa staðið upp og emjað yfir því að tónlistarfræðslan eigi nú að hverfa eða það eigi að fara mjög illa fyrir henni. Það sem mér þykir verst við þessi sjónarmið er að þau eru byggð á alveg ótrúlegum misskilningi. Sannleikurinn er sá að tónlistarfræðsla í landinu er ekki tilkomin vegna framtaks ríkisins. Hún er tilkomin vegna framtaks einstaklinga sem hafa drifið þessi mál áfram og sveitarfélögin hafa síðan farið í hjólfarið og gert það mjög myndarlega. Ég treysti sveitarfélögunum fyllilega fyrir því að gera þessa hluti enn betur en gert er í dag og ég minni á að það er varið mjög háum upphæðum í þessum skiptum sem verða til þess að auðvelda tónlistarfræðslu í landinu.

Ég held að þessum málum verði betur komið eftirleiðis en hingað til með þeirri sátt sem gerð hefur verið um þetta mál og í raun og veru hafa sveitarfélögin stjórnað tónlistarfræðslunni. Það hafa komið smáaurar frá ríkinu til að létta undir en þeir peningar sem nú koma eru meiri en það sem annars hefði verið í óbreyttu skipulagi.

Varðandi dagvistunarheimilin eru ákvæði um að menntmrn. skuli hafa eftirlit með þessum heimilum. Ég er alveg andvígur því að það verði einhver yfirstjórn þar á rekstri dagheimila. Sveitarfélögin eiga sjálf að sjá um þetta og geta best gert það sjálf og vita best hverjar þarfirnar eru hverju sinni. Við eigum að treysta sveitarfélögunum.

Ég vænti þess eins og formaður nefndarinnar að það verði ekkert til þess að trufla afgreiðslu þessa máls. Ég hef heyrt hvatningarorð sveitarstjórnarmanna um allt land úr öllum flokkum, hvarvetna, sem vilja hreinsa til, vilja gera skilin skarpari, vilja treysta sveitarfélögunum meira, láta stjórnkerfið nálgast einstaklinginn meira en gerst hefur, móta betra þjóðfélag á þennan veg.

Júlíus Sólnes:

Hæstv. forseti. Ég hef tekið þátt í störfum hv. félmn. Ed. þar sem við höfum haft þetta frv. um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga til meðferðar. Ég get sem gamall sveitarstjórnarmaður ekki annað en lýst ánægju minni yfir þeim áfanga sem hefur náðst í þessu mikilvæga máli og ég tel að hér sé stigið skref í rétta átt. Það hlýtur öllum þó að vera ljóst að það er langur vegur til þess að þessi mál séu komin í endanlega höfn. Við þurfum að sjálfsögðu að þróa þessi mál áfram og eflaust verður það alla tíð þannig að það þarf alltaf að vera að gera einhverjar breytingar á hlutverki og skyldum sveitarfélaga og hlutverki og skyldum ríkisins á hinn bóginn.

T.d. er algjörlega eftir að taka upp umræðu um það á hinu háa Alþingi, þó að það hafi reyndar verið gert áður, hvort við ætlum að taka upp einhvers konar heimastjórnarvald í landshlutunum. Þá þyrfti að aðlaga það þeirri verkaskiptingu sem er milli ríkis og sveitarfélaga samkvæmt þessu frv., en þar á ég við einhvern vísi að þriðja stjórnsýslustiginu þó svo að ég hafi ekki verið því fylgjandi að við færum yfir í þriðja stjórnsýslustigið í öllu þess veldi, ef svo má að orði komast, heldur hef ég verið að reyna að leita leiða til að koma á einhverri einfaldari heimastjórn í landshlutunum sem gæti þá tekið að einhverju leyti við bæði verkefnum, völdum og fjármunum af hálfu ríkisvaldsins.

Í sambandi við þá umræðu sem fór fram á þinginu í fyrra um þetta sama mál voru skoðanir mjög skiptar og það var talið að frv. eins og það var þá lagt fram einkenndist um of af afstöðu stóru sveitarfélaganna,

einkum sveitarfélaganna hér í þéttbýlinu í nágrenni við höfuðborgarsvæðið, og af höfuðborginni sjálfri að sjálfsögðu. Gagnrýni kom þá fram að frv. eins og það þá leit út væri um of sniðið að þörfum og hagsmunum stóru sveitarfélaganna, það yrði hins vegar mjög erfitt fyrir litlu sveitarfélögin úti í dreifbýlinu að taka á sig þau verkefni sem fylgdu í frv. eins og það þá lá fyrir. Nú hefur þetta verið að nokkru leyti lagað og er það vel og sömuleiðis hafa komið til breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga, þ.e. með hvaða hætti jöfnun á mismunandi tekjum og aðstöðu fer fram sem kemur reyndar betur fram í því frv. sem við komum til með að ræða hér á eftir sem er breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Eitt hitamál, ég get ekki látið hjá líða að nefna það aðeins, voru blessaðir tónlistarskólarnir og það kann vel að vera að það mál sé ekki enn þá til lykta leitt. Það verði einhver ágreiningur áfram hér við meðferð þessa máls í báðum deildum. Ég skal þó ekki segja. Ég sjálfur er alveg sáttur við þá niðurstöðu, sem hér hefur fengist, að sveitarfélögin greiði laun tónlistarskólakennaranna. Þar hef ég þá reynslu sjálfur að sveitarfélögin eru miklu líklegri til að gera vel við sitt starfsfólk en ríkið þannig að ég mundi nú telja að tónlistarskólakennurum væri betur borgið undir forsjá sveitarfélaganna en undir forsjá ríkisins. Hins vegar skal því ekki leynt að mörg minni sveitarfélög úti á landi hafa haft af því nokkrar áhyggjur hvernig þeim muni vegna við að reka tónlistarskóla þegar þau eiga sjálf að greiða laun kennaranna. Það er ofur skiljanlegt.

Þá er eitt atriði sem ég kom sérstaklega inn á þegar við vorum að ræða einmitt þetta sérstaka mál, en það er tónmenntafræðslan sem á að eiga sér stað í grunnskólanum. Sú kennsla hefur verið í molum og henni hefur ekki verið sinnt nægjanlega vel að mínum dómi. Ég hef lýst mig talsmann þess að tónlistarskólarnir og grunnskólinn væru betur tengdir saman. Það mætti vel hugsa sér þá leið að tónlistarskólunum væri falið að sjá um tónmenntafræðsluna í grunnskólunum. Ef það yrði gert þannig að þetta yrði tengt meira saman kæmi vel til greina að tónlistarkennararnir fylgdu þá grunnskólakennurunum í því að þiggja laun hjá ríkinu. Ég vil ekkert útiloka þá lausn. En að svo stöddu tel ég að það sé eðlilegt og rétt að fara þá leið sem frv. gerir ráð fyrir og mun ekki gera neinn sérstakan ágreining út af því hér.

Ég skrifaði að vísu ekki undir nál. með fyrirvara, en ég áskildi mér rétt til þess að fylgja brtt. ef fram kynnu að koma og sömuleiðis leggja þá fram brtt. sjálfur.

Ég vil í örstuttu máli skýra hvað vakti fyrir mér þar. Ég hafði fengið ábendingu um, eftir að við höfðum nánast gengið frá málinu og afgreitt það út úr nefndinni, að það væri ástæða til að líta aðeins betur á 16. gr. frv. þar sem er fjallað um sjúkratryggingar og ýmis ákvæði í sambandi við greiðslu á kostnaði vegna þess sem tengist heilsugæslu og sjúkrakostnaði almennt. Í i-lið er fjallað um óhjákvæmilegan flutningskostnað sjúkratryggðs í sjúkrahús innan lands og með hvaða hætti sjúkratryggingin greiðir sjúkraflutninga yfirleitt. Þar stendur, með leyfi virðulegs forseta: „Óhjákvæmilegan flutningskostnað sjúkratryggðs í sjúkrahús innan lands að ⅞ hlutum, enda sé flutningsþörf svo bráð og heilsu hins sjúkratryggða svo varið að hann verður ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningsleiðum. Þó greiðir sjúkratryggður aldrei meira en 1650 kr. Sjúkraflutningar innan bæjar greiðast þó ekki og frá kostnaði við sjúkrabifreið dregst kostnaður vegna fyrstu 10 km. Sömu reglur skulu gilda um flutning sjúks manns frá sjúkrahúsi til heimilis eða dvalarstaðar, enda verði hann ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningsleiðum."

Ég hef fengið þá ábendingu að sumir sjúklingar, ég nefni sem dæmi flogaveika sjúklinga, geta lent í því að fá kast hvar sem er úti á víðavangi og þurfa að vera fluttir í sjúkrabifreið á næsta sjúkrahús. Þeir lenda þá í öllum tilvikum í því að greiða þennan kostnað sjálfir. Þess vegna hafði ég í huga að koma með brtt. þess efnis að það yrði sett inn þarna heimildarákvæði um að það mætti víkja frá þeirri reglu að sjúklingurinn skyldi ávallt greiða sjálfur allan flutningskostnað innan 10 km. En þetta er að sjálfsögðu mál sem kemur sveitarfélögunum ekki við né heldur því máli sem hér liggur fyrir, þ.e. að koma á verkaskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga. Þetta, þegar grannt er skoðað, væri miklu frekar mál sem tengist almannatryggingunum yfirleitt og það ber að laga þetta í tengslum við endurskoðun á almannatryggingalöggjöfinni.

Nú hef ég aflað mér upplýsinga um að slík endurskoðun er í gangi og eftir að ég hef fengið þær upplýsingar að þessari ábendingu minni og þeirri hugmynd að vera þarna með það heimildarákvæði sem ég hef lýst er vel tekið hef ég ekki í hyggju að flytja neina brtt. við það frv. sem hér liggur fyrir, en ég vildi engu að síður að þetta kæmi fram.

Að öðru leyti lýsi ég yfir stuðningi við frv. í heild sinni eins og það liggur nú fyrir með þeim brtt. sem samstaða myndaðist um í hv. félmn. Ed. og hef ekki frekar um þetta mál að segja.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna og fer að tilmælum hv. framsögumanns hvað það snertir. Ég ætla aðeins að lýsa ánægju minni með að þetta margrædda verkaskiptingarmál á milli ríkis og sveitarfélaga er komið til 2. umr. og að um það hefur myndast slík samstaða sem nál. ber vitni og eins þær umræður sem hafa farið fram í hv. deild. Samstaðan er ekki síður á meðal sveitarstjórnarmanna. Þetta hlýtur að geta talist nokkuð góð trygging fyrir því að málið geti gengið í gegnum hv. Nd. á yfirstandandi þingi. En það er alveg ljóst að þegar verið er að breyta lögum og málaflokkum sem hér um ræðir eru ýmis atriði sem erfitt er að gera sér fulla grein fyrir hvernig verka þegar út í framkvæmdina er komið. Þess vegna er mikilvægt að þessi lög verði endurskoðuð fljótlega. Það hefði kannski komið til greina að hafa endurskoðunarákvæði í lögunum.

Það eru alls 14 lög sem er verið að breyta með þessu frumvarpi þannig að það má segja að það sé nánast um bandorm að ræða. Má segja það um þau lög að þau hljóta öll að verða til endurskoðunar eða allflest í náinni framtíð. Hv. þm. hafa nefnt einstaka greinar sem þeir eru ekki alveg fyllilega sáttir við og það er sjálfsagt þannig með okkur öll að það er einhvers staðar eitthvað sem okkur fyndist að mætti betur fara. Ég get þá nefnt í því sambandi 7. gr. sem snertir stjórnir sjúkrahúsa, einkasjúkrahúsa og sjálfseignarstofnana. Þar sem ríkið er nú að yfirtaka rekstur þessara stofnana að öllu leyti fyndist mér ákaflega eðlilegt að ráðherra skipaði einn stjórnarmann í stjórnirnar. En eins og hv. frsm. kom inn á er þetta mál sem möguleiki er á að breyta með nýjum lögum um heilbrigðisþjónustu sem eru þegar í vinnslu.

Ég verð að lýsa ánægju með það hversu mikill áhugi virðist vera meðal þingmanna um tónlistarfræðslu í landinu. Það hlýtur að vera af hinu góða. Og ég gat sagt eins og hv. 4. þm. Vesturl. sagði áðan áður en við hófum starf í nefndinni. Ég var ákaflega efins um að þetta væri rétt breyting, að færa skólana alfarið yfir til sveitarfélaganna. En eftir þær umræður sem fóru fram og eftir það sem ég hef sett mig í samband við fólk og eins þau áhrif sem sú breyting kæmi til með að hafa á útdeilingu úr Jöfnunarsjóði ef þessu yrði breytt á síðustu stigum meðferðar málsins, þá hef ég fallið algerlega frá þeim skoðunum og tel að sveitarstjórnum sé fyllilega treystandi til að sjá til þess að tónlistarfræðsla verði hér eftir sem hingað til í góðu lagi. Hún hefur verið að batna með árunum. Hún var ekki góð fyrir tveimur eða þremur áratugum eins og menn hafa verið að vitna í í blaðagreinum. En ég held að það séu óþarfa áhyggjur sem tónlistarkennarar hafa lýst sig hafa varðandi þetta mál og þetta verði allt í besta lagi.

Ég vil þá að síðustu segja það sem nefndarmaður í hv. félmn., sem ekki hef setið í sveitarstjórn, að mér hefur þótt umræðan í nefndinni bæði mjög fróðleg og uppbyggileg. Ég hefði ekki viljað fara á mis við þá umræðu.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil ekki láta hjá líða við þessa umræðu að þakka nefndinni, félmn., sem hefur fjallað um frv., fyrir mikil og góð störf. Nefndin hefur haft frv. til meðferðar síðan í desembermánuði og skilar af sér núna eftir að hafa lagt í þetta mál mjög ítarlega vinnu og góða og það sem er kannski mest um vert að hér hefur náðst mjög breið samstaða milli stjórnar og stjórnarandstöðu sem er frekar óvanalegt í svo stóru og miklu máli sem þetta mál er. Því ber að fagna sérstaklega og eins þeirri breiðu samstöðu sem er milli sveitarfélaganna um allt land að þetta mál nái fram að ganga.

Ég er alveg sannfærð um að frv., ef að lögum verður, ásamt frv. um tekjustofnana muni marka þáttaskil í samskiptum ríkis og sveitarfélaga og verða til góðs fyrir samvinnu og samráð ríkis og sveitarfélaga ekki bara í þessum málum heldur öðrum.

Það er alveg ljóst eins og hér hefur komið fram að frv. mun auka valddreifingu og sjálfstæði og sjálfsforræði sveitarfélaganna og það er það sem allir stjórnmálaflokkar hafa haft á sinni dagskrá í mörg undanfarin ár. Hér erum við að ná áfanga, ef þetta mál verður að lögum, sem menn hafa lagt mikla vinnu í vegna þess að, eins og hér hefur komið fram, þetta er verk sem hefur verið unnið af mörgum ríkisstjórnum og ráðherrum í kannski sl. einn eða tvo áratugi. Þess vegna er það mjög ánægjulegt og gleðilegt fyrir þetta þing ef afrakstur þess verður að skila af sér í formi laga þessu frv. ásamt lögunum um tekjustofna sveitarfélaga.

Það var vissulega komið inn á það áðan að frv. eins og það var lagt fram á síðasta þingi olli nokkrum deilum. Ég held að það hafi kannski átt sér sína skýringu í því að margir óttuðust að hafa ekki heildarmyndina af málinu öllu fyrir framan sig heldur var einungis verið að samþykkja einn áfanga í þessu máli. Þess vegna hefur það auðveldað alla meðferð þessa máls að samhliða er lagt fram frv. um tekjustofna sveitarfélaga. Einnig hygg ég að það hafi auðveldað störf nefndarinnar og hjálpað til að ná svo breiðri og góðri samstöðu þar að fyrir hana voru einnig lögð drög að reglugerð um framlögin úr Jöfnunarsjóðnum og hvernig þau koma til með að líta út eftir að frv. um tekjustofna sveitarfélaga hefur orðið að lögum. Allt þetta held ég að hafi hjálpað til að ná þeim áfanga sem við væntanlega náum á þessu þingi.

Ég sé ekki mikla ástæðu til að fara ofan í einstakar athugasemdir sem fram hafa komið frá einstökum þingmönnum um þetta mál. Það er mjög eðlilegt að í svona stóru máli komi fram efasemdir um einstaka þætti málsins. Þær eru vissulega ekki margar sem hér hafa verið dregnar fram í dag og ýmsir sem hér hafa komið upp hafa líka svarað þeim athugasemdum sem fram hafa komið sérstaklega hvað varðar tónlistarfræðsluna og dagvistarstofnanirnar sem ég hef litlu við að bæta. Ég get tekið undir það sem fram kom hjá hv. þm. Salome Þorkelsdóttur, Jóhanni Einvarðssyni og Karli Steinari Guðnasyni um það að ég hef ekki áhyggjur af því að dagvistarmálefnum verði verr fyrir komið þegar þau eru komin í hendur sveitarfélaganna. Þvert á móti tel ég fulla ástæðu til að ætla að sveitarfélögin muni sérstaklega sinna þessu máli af kostgæfni og afsanna þá kenningu, sem sumir hafa haldið fram, að þessu máli væri ekki eins vel borgið í höndum sveitarfélaganna og ríkisins. Sveitarfélögin eru þeir aðilar sem þekkja best þarfir, staðhætti og hvernig þessum málum er háttað í sveitarfélögunum og ættu því að vera við því búin að takast á við þau. Eins vitum við að minni og vanmegnugri sveitarfélögunum er bætt þetta upp gegnum framlögin úr Jöfnunarsjóðnum.

Einn þátt að því er varðar málefni tónlistarskóla sé ég ástæðu til að draga fram sem kannski hefur ekki komið fram hér en fjallað er um í skýrslu sem lögð var fyrir nefndina og unnin var á síðustu tveimur mánuðum af nefnd sem hæstv. menntmrh. skipaði í samráði við mig, nefnd til að skoða sérstaklega áhrif verkaskiptamálsins á málefni tónlistarskólanna. Það sem mér finnst kannski hvað athyglisverðast í þeirri

skýrslu, sem ég hafði ekki gert mér grein fyrir eins og þar kemur fram, er að af 216 grunnskólum í landinu öllu er tónmennt einungis kennd í 141 skóla, en engin tónmenntafræðsla í 75 skólum eða 35% skólanna. Einnig það að aðeins 55% nemenda á skólaskyldualdri í 1. til 8. bekk hljóta lögboðna fræðslu í tónmennt, en 45% hlutu enga fræðslu í greininni.

Ég tel að sú niðurstaða sem er dregin fram í þessari skýrslu sé slík að hv. þm. hljóti að hafa af þessari niðurstöðu verulegar áhyggjur. Það hlýtur að vekja athygli og spurningar að tónmenntafræðslu í grunnskólum sé ekki betur sinnt en þessi niðurstaða gefur til kynna og að nær helmingur grunnskólanema fær enga kennslu í greininni. Ekkert skal þó úr því dregið að það er mjög ágætt starf unnið í tónlistarskólunum sjálfum, en þar munu nú vera starfandi um 600 kennarar með 480 stöðugildi. En þrátt fyrir að við erum með svo marga menntaða tónlistarkennara er tónlistarkennslan í grunnskólunum með þessum hætti. Það er engan veginn ásættanlegt að svo stór hluti grunnskólanema fái enga tónlistarfræðslu.

Samkvæmt því sem fram kemur í verkaskiptingarfrumvarpinu mun menntmrh. ætla að láta endurskoða lögin um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Ég vil taka undir það með þeim sem hér hafa talað sem telja að sú breyting að færa þetta verkefni alfarið yfir til sveitarfélaganna eigi ekki að hafa áhrif til hins verra. Það kom mjög skýrt fram í máli hv. þm. Jóhanns Einvarðssonar hvernig þessum málum er fyrir komið nú þar sem lítill hluti af þessu hefur verið í höndum ríkisins. Frumkvæðið, allur rekstur og kostnaður, nema að hluta til að ríkið hefur greitt kennslulaun, hefur verið í höndum sveitarfélaganna. Aftur vil ég segja að minni sveitarfélögunum er bætt þetta upp í gegnum sérstök framlög úr Jöfnunarsjóði, sjóði sveitarfélaga.

Hv. 4. þm. Austurl. Egill Jónsson kom inn á að það ylli honum vonbrigðum að hann taldi að ekki væri nægjanlega vel séð fyrir hlut smæstu sveitarfélaganna og nefndi þar sérstaklega hreppana í sínu máli. Ég deili ekki þessum áhyggjum með honum vegna þess að ég tel að það sé einmitt hlutur smærri sveitarfélaganna og hreppanna sem sé vel borgið í frv. ásamt því frv. sem fjallað verður um á eftir um tekjustofna sveitarfélaga.

Ég nefni sem dæmi um sérstök framlög sem koma eiga í gegnum Jöfnunarsjóðinn bæði sérstök framlög vegna kostnaðarsamra stofnframkvæmda, sem eru upp á 88 millj., sérstök verkaskiptaframlög upp á 170 millj. og önnur verkaskiptaframlög upp á 80 millj. eða alls yfir 300 millj. Og það eru einmitt þessir liðir sem eru ætlaðir til þess að bæta sérstaklega hlut minni sveitarfélaganna. Því til viðbótar, sem ég tel kannski eitt stærsta atriðið í þessu máli, er að jöfnunarhlutverk Jöfnunarsjóðsins er verulega breytt þannig að hann þjónar miklu betur hlutverki sínu þegar jöfnunarframlögin eru aukin úr 80 millj. í 400 millj. Þetta hlýtur að koma fyrst og fremst smærri sveitarfélögunum og hreppunum til góða ásamt því, sem ég vil einnig draga fram, að framlög til sjúkratrygginga og Atvinnuleysistryggingasjóðs, sem nú falla niður og fara til ríkisins, þessi stóru atriði, sem oft hafa verið þung smærri sveitarfélögunum, koma ekki síst þeim til góða og hreppunum. Þetta vildi ég draga fram af því að það var komið inn á það í þessari umræðu um leið og ég ítreka þakkir mínar til nefndarinnar fyrir vel unnin störf og einkum þá samstöðu sem hefur tekist í þessu máli milli stjórnar og stjórnarandstöðu.

Ég er sannfærð um að þetta mál mun skila sér vel til fólksins í landinu og verða til góðs fyrir land og þjóð.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Hv. 5. þm. Norðurl. e. lét þess getið í ræðu sinni að í umfjöllun nefndarinnar um þetta mál hefði komið fram, eftir því sem mér skildist, að við það að tónlistarfræðslan yrði áfram greidd af ríkinu mundi verða mjög mikil breyting á hlutverki Jöfnunarsjóðs. Ég hef heyrt þetta víðar frá og ég held að röksemdafærsla sem þessi sé ekki góð í máli eins og þessu. Vitaskuld hefði komið einhver skerðing í sambandi við Jöfnunarsjóð, en að það hefði breytt einhverju í grundvallaratriðum er rangt. En það er það sem maður er búinn að heyra frá ýmsum þeim sem hafa hvað ákafast andæft gegn því að tónlistarskólarnir væru áfram hjá ríkinu. Þeir hafa gert mikið úr því að jöfnunargildi sjóðsins mundi minnka svo stórkostlega ef þessir hlutir héldu áfram að vera á þann veg sem ég hef talið að væri betra.

Um þá tvo þætti sem ég nefndi áðan hefur farið fram nokkur umræða hér í hv. deild og m.a. hjá sumum ræðumönnum hefur komið fram að með því að tala um það að þessir þætir eigi ekki að breytast séum við sem erum á þeirri skoðun að lýsa því yfir að við treystum ekki sveitarfélögunum. Þetta er ekkert annað en útúrsnúningur og ég mundi vilja kalla þetta hálfgerðan draugagang, eins og var nefnt áðan að væri sums staðar. Ég þekki vel starfsemi sveitarfélaga og ég treysti þeim flestum til margra góðra hluta, en ég tel að á þessum vettvangi standi þau dálítið öðruvísi að vígi til að sinna þjónustu sinni en í mörgum verkum. Með því að vera með tónlistarfræðsluna sérstaklega færða til sveitarfélaga og reyndar með því að færa dagvistun líka til sveitarfélaganna er verið að slíta í sundur sjálfsagða samtengingu, þ.e. uppeldi barna alveg frá því þau koma í grunnskólann og þar til þau fara út úr grunnskóla, strax í dagvistarstofnunum og ekki tekið út úr þetta eina atriði, tónlistarfræðslan. Hvað er sjálfsagðara að sé í tengslum við ríkið og uppfræðsluna en það að tónlistarfræðslan fylgi þar með? Hæstv. ráðherra lýsti því áðan hvernig ástandið er í þessum málum. Aðeins 55% af grunnskólanemendum fá tónlistarfræðslu. Hvernig ætli þetta hafi verið fyrir nokkrum árum áður en ríkið kom inn á þennan vettvang? Þá voru sveitarfélögin frjáls að taka þátt í því að annast þessa fræðslu. Af hverju komu ekki sveitarfélögin þá? Það var ekki vegna þess að við treystum þeim ekki. Það var vegna þess að þau höfðu ekki möguleika til þess. Það er hætt við því þegar óskyldir fræðslumálaflokkar koma til sveitarfélaganna að þeir verði ekki mikil

forgangsverkefni. Ég ætla ekki að segja að þeim verði vikið til hliðar en það eru ýmis forgangsverkefni sem sveitarfélögin eru með sem er hætt við að verði sett fram fyrir þessa þjónustu. Og svo er talað um að menn vilji ekki yfirstjórn ríkisins á þessu eða hinu. Ja, það er nú svo.

Ég treysti t.d. félmrh. okkar núna til ýmissa góðra hluta og flestra góðra hluta og til þess að hafa yfirstjórn í hinum breytilegustu málum, sem hæstv. félmrh. hefur. Ég fæ ekki séð nauðsyn þess að nema brott yfirstjórn, það er reyndar ekki á sviði félmrh., í sambandi við dagvistunina. Okkur er nauðsynlegt að hafa ákveðna takmarkaða yfirstjórn ríkisins í hinum breytilegustu þáttum og ekki síst í þeim þáttum sem hér er um að ræða, við dagvistun barna, hvernig á henni er haldið. Það er ekki vegna þess að ég sé að vantreysta sveitarstjórnarmönnum upp til hópa í þessum málum. Það er af og frá. En það er hætt við að það geti skeð á ýmsum stöðum slys og það er hlutverk ríkisins að fylgjast með því að slíkt gerist ekki.

Svo er það blessuð valddreifingin sem hér hefur verið talað um. Já, það er nú svo. Ég finn ekki fyrir því að með þessu frv. sé verið að breyta miklu í því sambandi. Góður sveitarstjóri er oft og tíðum með tónlistarfélagið, íþróttafélagið, er með meginhluta af verkefnum þess oft og tíðum litla samfélags sem hann er fenginn til að stjórna. Hann hefur oft og tíðum ekki möguleika til að leita til margra til samráðs. Það er ekki að breytast neitt stórkostlega mikið við það þó að verið sé að færa til ákveðin verkefni frá ríki til sveitarfélaga. Í sumum tilfellum er verið að minnka valddreifingu vegna þess að sveitarstjórnin hefur ekki möguleika til þess að bera sig saman við góða fulltrúa félmrn. eða menntmrn. í sambandi við framkvæmd verkefna. Öll stóryrði um að það sé verið að sækja eitthvert frelsi eða þess háttar og við séum kúguð af vondum ráðuneytum er að mínu mati nokkuð vafasöm umræða.

Ég skal ekki lengja þessa umræðu. Hún hefur verið góð. Það hefur ýmislegt komið upp. Og ég vænti þess svo sannarlega að þetta frv. fái afgreiðslu hér á þinginu, að hv. Nd. taki þetta mál til umfjöllunar og frv. verði að lögum á þessu þingi. Ég tek alveg undir það, sem hér hefur verið sagt, að með þessum lögum hvorum tveggja, um verkaskiptinguna og tekjustofna, á sér stað mikil breyting og til hins betra. En ég get ekki leynt því að mér finnst að á báðum frumvörpunum séu — ég vil ekki segja stórir gallar, ég skal bara hafa það smávægilegir gallar og það verði kannski fljótt að leita til þess, sem hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir sagði áðan, að með lagabreytingu innan stutts tíma verði agnúarnir skornir af og málin lagfærð.

Egill Jónsson:

Herra forseti. Hæstv. félmrh. hafði orð á því að hún mundi ekki deila áhyggjum með mér vegna smæstu sveitarfélaganna. Áhyggjur eiga misjafnan uppruna og það er þess vegna ekki út af fyrir sig mikill boðskapur hjá hæstv. félmrh. þótt fram komi þessi yfirlýsing. Hitt var aftur mikilvægara og á það vil ég alveg sérstaklega benda hér að í máli sínu tók hæstv. félmrh. undir mínar áhyggjur. Það var ekkert annað.

Ég gat þess í minni fyrri ræðu að í tekjustofnafrv. og einkum þá í gegnum Jöfnunarsjóð ætti að bæta smæstu sveitarfélögunum upp það sem hallaðist á í þessum efnum. En það haggar ekki því að þau verða að fara á önnur mið að sækja sínar tekjur og í stærra mæli til Jöfnunarsjóðs en áður hefur verið. Það er leitast við að bæta þeirra aðstöðu með fjárframlögum úr Jöfnunarsjóði, en aftur á móti hafa þau ekki beina tekjustofna til móts við sínar þarfir með öðrum hætti meira að segja og þrátt fyrir að þær séu stórlega vanmetnar miðað við það sem gerist almennt í þjónustu við fólkið í þessu landi. Þetta vil ég leggja sérstaka áherslu á.

Ég bendi á að auðvitað er Jöfnunarsjóður ekki nein föst stærð í þessum efnum. Jöfnunarsjóður hefur fengið að þola ýmislegt, það vita menn, og tekjuviðmiðun hans hefur oft og tíðum ekki komið til skila. Og hvar skyldi það á lenda? Ætli það lendi ekki á þeim sveitarfélögum sem eiga þar mestra hagsmuna að gæta? Þetta er nefnilega ákaflega mikill veikleiki í þessu máli og það er einmitt þess vegna sem ég var að benda á þessi mikilvægu atriði í minni fyrri ræðu og ég fagna því að hæstv. félmrh. er mér sammála að þessu leyti. Þennan jöfnuð ef jöfnuð skyldi kalla verða menn að sækja í gegnum Jöfnunarsjóð. Tekjustofnarnir sjálfir skila honum ekki. Það er það sem skiptir máli í þessum efnum.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Það er liðinn nokkur tími frá því að það hófst umræða um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Ég veit ekki hvort þann tíma er hægt að telja í áratugum, en ég hygg reyndar að svo sé. Meðan ég fór með félmrn. gerði ég tilraunir til að ná samningum milli ríkis og sveitarfélaga um verkaskiptingu og tekjuskiptingu eftir tilteknum málaflokkum. Það tókst allvel að því er varðar sérstaklega heilbrigðismálaþáttinn, en menn komust ekki lengra að sinni. Síðan hefur verið unnið að þessum málum með skipulegum hætti og niðurstaða liggur fyrir. Sú niðurstaða byggist á því að Samband ísl. sveitarfélaga segir við ríkisstjórnina og Alþingi: Við viljum semja um þetta á þessum tiltekna grundvelli þar sem tekin eru út tiltekin verkefni og í rauninni eru þau verkefni sem þarna er tekið á valin í aðdraganda málsins.

Það er alveg ljóst að meginákyggjur sveitarfélaganna í þessum efnum hafa stafað af því að þau hafa talið að kostnaður við sjúkratryggingar sérstaklega æddi upp úr öllu valdi og það væri óþolandi fyrir sveitarfélögin að búa við slíkt þar sem þau koma í raun og veru hvergi nærri því að ákveða þann kostnað. Þess vegna hafa sveitarfélögin sagt sem svo: Við viljum að ríkið yfirtaki þetta af því að það ræður úrslitum um kostnaðarákvarðanirnar, en í staðinn eru sveitarfélögin reiðubúin að taka á sig tiltekin verkefni.

Niðurstaðan hefur svo orðið sú að sveitarfélögin

hafa m.a. ákveðið að taka á sig verkefni sem lúta sérstaklega að skóla-, fræðslu- og menntamálum. Þar er um að ræða byggingar grunnskóla, þar er um að ræða akstur, mötuneytiskostnað, kvótastörf eins og það er kallað. Þar er einnig um að ræða byggingar dagheimila og þar er um að ræða tónlistarfræðslu.

Ég er sannfærður um að meginhluti sveitarfélaganna mun leggja áherslu á að þjóna þessum þáttum eins vel og ýtrast er unnt. Ég er sannfærður um að mörg þeirra munu reyna að nota það svigrúm sem fyrir liggur eftir að þau losna við sjúkratryggingarnar til að þjónusta þessa þætti betur. Mér er hins vegar fullkomlega ljóst að mörg lítil sveitarfélög munu eiga erfitt með að þjónusta þessa þætti eins og skynsamlegt og nauðsynlegt er. Ég er þá kannski alveg sérstaklega að tala um dreifbýlishreppa ýmsa þar sem t.d. hefur verið komið upp tónlistarskólum af litlum efnum við þröng skilyrði á undanförnum árum, tónlistarskólum sem þó hafa skilað þessum dreifðu byggðum langt áleiðis menningarlega þannig að sums staðar er hægt að tala um menningarlega vakningu í þessum byggðarlögum.

Ég bendi einnig á í þessu sambandi að þó að sem betur fer sé það þannig að langflest byggðarlög hafa þegar fyrir alllöngu eða hafa á síðustu árum verið að ljúka við byggingar grunnskóla er það svo að enn önnur byggðarlög, allfjölmenn að vísu á okkar mælikvarða, eru með sína barnaskólastarfsemi, grunnskólann, í gömlu húsnæði sem þarf að endurnýja. Dæmi um þetta er t.d. Siglufjörður. Ég er sannfærður um að þó að framlög ríkisins til dagheimila á undanförnum árum hafi verið lítil hefur yfirleitt munað dálítið um þau.

Ég vil af þessum ástæðum, herra forseti, ekki láta hjá líða að taka það fram að ég mun hvað sem afgreiðslu þessa máls líður beita mér fyrir því að það verði gerðar ráðstafanir til að tryggja að tónlistarfræðslan í landinu, einkum í tónlistarskólunum sjálfum, líði ekki eða sem minnst fyrir þessa breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Ég mun sömuleiðis beita mér fyrir því í samræmi við stjórnarsáttmála núv. ríkisstjórnar að tekið verði sérstaklega á þeim málum sem lúta að dagheimilum, leikskólum eða forskólastigi, en í málefnasamningi núv. ríkisstjórnar stendur: „Unnið verði að setningu löggjafar um forskólastigið."

Ég bendi að vísu á í þessu sambandi að þarna fer því víðs fjarri að um skilningsleysi sé að ræða hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga eða hæstv. félmrh. Það er mjög langt frá því. Hún hefur, félmrh., ásamt Sambandi ísl. sveitarfélaga beitt sér fyrir því að tiltekinn hluti af Jöfnunarsjóði sveitarfélaga gangi til þessara verkefna, bæði að því er varðar mötuneytiskostnað, skólaakstur, tónlistarfræðslu. Ég er viss um að þær áherslur sem fyrir liggja í frv. eins og það er nú og í greinargerðum þess, ræðum og nefndarálitum eru með þeim hætti að því er lýst yfir alveg fullum fetum að hér á ekki að ganga á hlut hinna smæstu og dreifðustu byggða. Því er lýst yfir alveg fullum fetum. Og ég segi það fyrir mig: Ég áskil mér allan rétt til þess bæði sem þingmaður og ráðherra að ganga eftir því að svo verði gert skýlaust.

Mér finnst hins vegar við þá umræðu sem hér stendur yfir alveg óhjákvæmilegt að ég láti sem menntmrh. þessi sjónarmið mín koma fram. Ég tel ekki að mér leyfist að láta þessa umræðu ganga fram hjá mér öðruvísi en að þessi sjónarmið komi fram. Ég hef að vísu orðið var við það hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga að það að anda á þessar hugmyndir flokkast svo að segja undir guðlast á þeim bæ. Ég vil segja það úr þessum opinbera ræðustól við Samband ísl. sveitarfélaga ef það skyldi einhvern tíma heyra til mín eða lesa það sem ég segi hér: Ég áskil mér allan rétt til að gera athugasemdir við Samband ísl. sveitarfélaga og niðurstöður þess eftir því sem efni og ástæður leyfa. Hvorki Samband ísl. sveitarfélaga né aðrir geta hindrað mig í að hafa skoðanir á málum og gegna starfsskyldum mínum sem menntmrh.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Það var aðeins eitt áhersluatriði sem ég held að mér hafi láðst að koma inn á þegar ég talaði fyrr í þessum umræðum. Það var það að forsenda þess að samstaða náðist um þetta frv. voru þær brtt. sem nefndin flytur og eru jafnframt tillögur stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga.

Að öðru leyti ætla ég ekki að blanda mér í þær umræður sem hér hafa farið fram. Ég vil þó nefna það vegna þess sem fram kom í ræðu hv. 4. þm. Austurl. og sem mér þykir mjög eðlilegt að hafi komið fram og það voru efasemdir hans um hag minnstu sveitahreppanna, að ef ég tryði því ekki að hagur þeirra væri tryggður í þessu frv. hefði ég ekki staðið að samþykkt þess eins og það liggur fyrir.

Varðandi það sem hér hefur komið fram um tónlistarskólana, ég nefndi það í minni fyrri ræðu, þá vil ég jafnframt leyfa mér að vísa til þess að ég sagði m.a. við 1. umr. þegar mælt var fyrir frv. og hef reyndar oft áður nefnt í ræðu og riti, að ég tel að undirstöðuatriði tónlistarfræðslunnar eigi að færa inn í grunnskólana, það sé frumskilyrðið.

Frsm. félmn. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég ætla aðeins að bæta við í tilefni af ýmsu því sem komið hefur fram í umræðunni og þá byrja á því að mér hefur fundist koma í ljós að menn rugla saman annars vegar tónmenntafræðslu í grunnskólum og hins vegar almennri tónlistarfræðslu sem er tvennt ólíkt og alls ekki verið að tala um sama hlutinn og framlög ríkisins til þessara þátta eru óskyld, annars vegar til tónmenntafræðslunnar þar sem ríkið sér alfarið um launagreiðslur og tilheyrir grunnskólanum, en hins vegar til almennrar tónlistarfræðslu.

Það er þannig að í fjárlagatillögum menntmrn. fyrir árið 1989 koma fram óskir ráðuneytisins sem jafnframt eru mat á þörfum á fjárframlögum vegna tónlistarskóla í dreifbýli fyrir árið 1989. Þar er aðeins um rétt rúmar 30 millj. að ræða þannig að þetta er ekki stór upphæð. Í frv. um tekjustofna sveitarfélaga,

sem hér verður tekið fyrir á eftir, kemur hins vegar líka fram að það er áætluð þar upphæð um 80 millj. kr. sem m.a. á að mæta þessum þætti.

Það var líka minnst á það hér að allt eftirlit með rekstri dagvistarstofnana væri nú tekið frá ríkinu. Eins og ég þekki þetta er eftirlit með daglegum rekstri dagvistarstofnana meira og minna í höndum sveitarstjórna í dag þannig að það er ekki um mikla breytingu að ræða þar.

Ég vil svo aðeins hvetja menn til þess, og þá líka hafandi það í huga að menntmrh. hefur lýst því yfir að bæði munu verða endurskoðuð lög um dagvistarstofnanir og forskólastig og eins líka um tónlistarfræðslu, að bíða með áhyggjur sínar þar til niðurstaða þeirrar endurskoðunar liggur fyrir. Þá mun hv. Alþingi áreiðanlega taka ákvarðanir í samræmi við þær þarfir sem þar koma fram.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 764,1 (ný 1. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 764,2 samþ. með 13 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 764,3 (ný 4. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 764,4 (ný 5. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 764,5 (ný 6. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 764,6 (7. gr. falli brott) samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 764,7 (ný 8. gr., verður 7. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

9.–34. gr. (verða 8.–33. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 764,8 samþ. með 15 shlj. atkv.

35. gr. (verður 34. gr.), svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

36.–40. gr. (verða 35.–39. gr.) samþ. 15 shlj. atkv.

Brtt. 764,9 samþ. með 15 shlj. atkv.

41. gr. (verður 40. gr.), svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

42.–46. gr. (verða 41.–45. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 764,10 samþ. með 15 shlj. atkv.

47. gr. (verður 46. gr.), svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

48. gr. (verður 47. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 764,11 (ný 49. gr., verður 48. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 764,12 samþ. með 15 shlj. atkv.

50. gr. (verður 49. gr.), svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

51.–59. gr. (verða 50.–58. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 764,13 samþ. með 13 shlj. atkv.

60. gr. (verður 59. gr.), svo breytt, samþ. með 16:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JúlS, KSG, MF, SalÞ, StG, SvG, VS, EgJ, EG, EKJ, GuðmÁ, GHG, HBl, JE, KP, JHelg.

nei: SkA.

GA greiddi ekki atkvæði.

3 þm. (ÞK, DS, HÁ) fjarstaddir.

Tveir þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Menntmrh. (Svavar Gestsson):

Virðulegur forseti. Þar sem nú er unnið að því á vegum ríkisstjórnarinnar að sett verði heildarlöggjöf um forskólastigið vona ég að það valdi ekki verulegu tjóni að samþykkja frv. eins og það liggur hér fyrir. Ég tel að sú breyting sem hv. félmn. gerði frá upphaflegum frumvarpsdrögum sé til bóta. Ég segi já með þessari yfirlýsingu, herra forseti.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Strax við 1. umr. þessa máls og æ síðan hef ég verið mótfallin því að minnka afskipti menntmrn. eins og þau voru tilgreind í 60. gr. þegar frv. var lagt fram. Það er vegna þess að ég tel nauðsynlegt að tryggja lágmarksstaðal í rekstri dagvistarheimila en ekki vegna þess að ég vantreysti sveitarfélögum. Ég tel mjög mikilvægt að ríkisvaldið hafi afskipti af og ábyrgð á því að tryggja lágmarksstaðal, einkum hvað varðar þau sveitarfélög sem eru minnst og fátækust og þá styðja þau til þess. Þess vegna tel ég nauðsynlegt að halda þessari grein eins og hún er í frv. og greiði ekki atkvæði um þessar breytingar.

61.–65. gr. (verða 60.–64. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

66.–71. gr. (verða 65.–70. gr.) (XI. kafli frv.) samþ. með 16:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EgJ, EG, EKJ, GuðmÁ, GHG, HBl, JE, JúlS, KSG, KP, MF, SalÞ, StG, SvG, VS, JHelg.

nei: SkA.

GA, DS greiddu ekki atkvæði.

2 þm. (ÞK, HÁ) fjarstaddir.

Sjö þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Í skýrslu um málefni tónlistarskólanna með tilliti til áforma sem uppi eru um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga segir m.a. í áliti fulltrúa félmrn. og fulltrúa Sambands ísl. sveitarfélaga, Sigurgeirs Sigurðssonar, með leyfi forseta: „Engin haldbær rök hafa komið fram gegn fyrirhuguðum breytingum og ekkert sem bendir til að fagleg eða fjárhagsleg staða skólanna veikist við þær. Í ljós hefur komið að þróun skólastarfsins hefur verið hvað stöðugust í þeim skólum sem reknir hafa verið af sveitarfélögum, samanber t.d. Mosfellsbæ, Garðabæ og Seltjarnarnes. Þetta bendir til þess að besta fyrirkomulagið sé að láta viðkomandi sveitarfélög annast þennan rekstur.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum kemur í ljós að framlög sveitarfélaga hafa á undanförnum árum aukist verulega meira en framlög ríkissjóðs. Þetta bendir til þess að heimamenn meti þessa menningarstarfsemi að verðleikum.“ Þá segir hér líka: „Það hlýtur hins vegar að vekja athygli og spurningar að á sama

tíma er tónmenntafræðsla í grunnskólum stórlega vanrækt og nær helmingur grunnskólanemenda í 1.–8. bekk fær enga kennslu í greininni. Þetta gerist þrátt fyrir skýr lagafyrirmæli um að nemendurnir eigi rétt á þessari kennslu."

Í ljósi þessa segi ég já.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég vil taka undir það sem hv. 3. þm. Vesturl. rifjaði upp áðan að mjög góð reynsla er af því að sveitarfélög beri ábyrgð á tónlistarfræðslu. Það er nauðsynlegt fyrir tónlistarskólana að þeim sé stjórnað í heimahögum og því segi ég já.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það sem hér hefur komið fram í máli m.a. hv. 3. þm. Vesturl. og lýsi áhyggjum mínum út af því hvernig er háttað með tónmenntakennslu í grunnskólum. Í trausti þess að það verði tekið á því máli og reynt að nýta þá skipan mála sem hér er lögð til varðandi tónlistarskóla sveitarfélaga segi ég já.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Með tilvísan til orða hv. 3. þm. Vesturl. þar sem hann gerði grein fyrir atkvæði sínu segi ég já.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Ég tel að engin haldbær rök hafi komið fram um að tónlistarkennslunni verði betur borgið á þann veg sem hér er verið að leggja til að eigi að vera í framtíðinni. Ég tel að það verði frekar á hinn veginn. Það að enn er ekki séð betur fyrir tónlistarkennslunni í grunnskólum en svo að aðeins 55% af nemendum grunnskólanna njóta tónlistarkennslu bendir kannski beint í þá átt. Það hefði frekar þurft að stefna að því að efla stuðning ríkisvaldsins við þesssa kennslu en að hverfa frá henni eins og hér er verið að gera. Ég segi nei.

Stefán Guðmundsson:

Herra forseti. Að því gefnu að staðið verði við þau fyrirheit sem hæstv. menntmrh. gaf hér áðan í umræðum um þetta mál segi ég já.

Menntmrh. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Mér finnst afar sérkennilegt í atkvæðagreiðslu eins og þessari að gagn um tónlistarfræðslu skuli tekið að litlu brotabroti til sem rökstuðningur fyrir afstöðu þingmanns. Af þeim ástæðum áskil ég mér rétt til þess að ræða þetta gagn í heild við 3. umr. málsins. Ég hef lýst því yfir að þrátt fyrir þá niðurstöðu, sem hér er að fást, og það andvaraleysi sem mér finnst birtast í henni hef ég lýst því yfir að ég muni beita mér fyrir því að hin smærri sveitarfélög og fólkið í dreifbýli landsins verði ekki fyrir skaða af þessari ákvörðun. Af því að þeirri yfirlýsingu hefur ekki verið mótmælt, jafnvel ekki af hæstv. félmrh. sem sat hér undir ræðu minni áðan, þá segi ég já. En ég mun ræða skýrsluna hér á eftir við 3. umr. málsins.

72.–74. gr. (verða 71.–73. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 764,14 (ný 75. gr., verður 74. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

76. gr. (verður 75. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 2. umr.

Stjfrv., 204. mál (heildarlög). — Þskj. 277, n. 765, brtt. 766.

Frsm. félmn. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 765 um frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga frá félmn.

Nefndin hefur fjallað rækilega um frumvarpið á mörgum fundum og leggur til að það verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali. Nefndin fagnar þeirri víðtæku samstöðu sem náðst hefur um þetta mikilvæga mál sem nú er afgreitt samhliða frumvarpi um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Sá almenni stuðningur, sem kom fram við bæði þessi frumvörp á fulltrúaráðsfundi Sambands ísl. sveitarfélaga á Akureyri 30. og 31. mars sl., er skýr vitnisburður þess að meðal sveitarstjórnarmanna er eindreginn vilji fyrir því að Alþingi afgreiði þessi frumvörp á yfirstandandi þingi.

Nefndinni bárust umsagnir um frumvarpið frá stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga, Fjórðungssambandi Norðlendinga, bæjarstjórn Neskaupstaðar, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, hreppsnefnd Miðneshrepps, hreppsnefnd Gerðahrepps, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, bæjarstjórn Keflavíkur, Landssamtökum sláturleyfishafa og Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði. Þá komu á fund nefndarinnar Sigurgeir Sigurðsson, formaður stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, Hjörtur Þórarinsson og Áskell Einarsson frá landshlutasamtökum sveitarfélaga, Sveinn Hjörtur Hjartarson frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, Gunnar Guðbjartsson frá Landssamtökum sláturleyfishafa og Vilhelm Andersen og Arnór Eggertsson frá Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði. Jafnframt héldu félagsmálanefndir beggja deilda fund með stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga um frumvarpið. Með nefndinni störfuðu Húnbogi Þorsteinsson, skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu, og Ingimundur Sigurpálsson bæjarstjóri.

Nefndin flytur fimm breytingartillögur við frumvarpið og er sú veigamesta, um tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, flutt að höfðu samráði við Samband

ísl. sveitarfélaga. Verður hér gerð grein fyrir þessum breytingum í sömu röð og þær eru á þingskjalinu.

1. Við 5. gr. eru þrjár breytingar. Í 1. mgr. eru tekin af öll tvímæli um að það eru sjúkrastofnanir, sem eiga sér stoð í heilbrigðislögum, sem eru undanþegnar fasteignaskatti. Þá er bætt við í 2. mgr. að sveitarstjórnum sé heimilt að lækka eða fella niður fasteignaskatt af heilsuhælum og endurhæfingarstöðvum, en frumvarpið gerði upphaflega ráð fyrir að heilsuhæli og endurhæfingarstöðvar væru undanþegin þessum skatti. Að síðustu er í 3. mgr. kveðið á um að sveitarstjórnum sé heimilt að lækka eða fella niður fasteignaskatt hjá tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum. Heimildarákvæði frumvarpsins hafði verið miðuð við efnalitla elli- og örorkulífeyrisþega, en breytingin er gerð vegna þess að í framkvæmd hefur ætíð verið miðað við tekjur en ekki eignir. Um þessa venju hafa skapast nokkuð samræmdar reglur hjá sveitarfélögum.

2. Í 8. gr. er gerð breyting á tekjum Jöfnunarsjóðs. Er hún í samræmi við eindregnar óskir Sambands ísl. sveitarfélaga um að tekjur Jöfnunarsjóðsins verði miðaðar við heildartekjur ríkissjóðs af beinum og óbeinum sköttum.

3. Brtt. við 3. mgr. 27. gr., er varðar brot á trúnaðarskyldu starfsmanna sveitarstjórna, er til að gera orðalag málsgr. skýrara en felur ekki í sér neina efnisbreytingu.

4. Brtt. við 34. gr. varðar aðstöðugjald. Við b-lið er bætt ákvæði til að taka af öll tvímæli um að undanþága olíufélaganna frá greiðslu aðstöðugjalds nái aðeins til olíu og olíuvara en ekki til annarra vara sem olíufélögin eru í auknum mæli farin að versla með. Þá er í nýjum c-lið kveðið á um að undanþágur frá greiðslu aðstöðugjalds nái einnig til starfsemi sláturhúsa og mjólkurbúa. Ástæðan fyrir þessari breytingu er sú að hætta er talin á að ef áðurgreindir aðilar verði látnir greiða aðstöðugjald (en þeir eru undanþegnir slíku samkvæmt gildandi lögum) séu líkur á verulegum verðhækkunum á þessum vörum sem eru mjög stór þáttur í neyslu almennings, auk þess sem hætt er við „fjölsköttun" á þessa starfsemi.

5. Brtt. við 37. gr. felur í sér leiðréttingu á tilvísun til 2. gr. í frumvarpinu.

Júlíus Sólnes áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum er fram kunna að koma. Að öðru leyti undirrita allir nefndarmenn nefndarálitið án fyrirvara.

Virðulegi forseti. Ég get í raun og veru lokið máli mínu á sama hátt og áðan í umræðunni um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Það ber að fagna þeirri breiðu samstöðu sem náðst hefur um bæði þessi frumvörp. Lögð hefur verið áhersla á að tryggja að þau sveitarfélög sem erfiðast eiga með að mæta þessari breytingu verði ekki illa úti, m.a. með því að leggja mat á þjónustustig sveitarfélaga og njóti þau greiðslu úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga í samræmi við það. Verkaskiptaframlög munu fyrst og fremst ganga til dreifbýlissveitarfélaga til þess að bæta þeim upp aukinn kostnað sem þau verða fyrir vegna breyttrar verkaskiptingar. Það er þýðingarmikið að tryggt sé að smærri sveitarfélögin í landinu verði ekki verr sett en áður. Ég er hins vegar sannfærð um að þær breytingar sem hér er verið að gera tillögur um munu ásamt breyttri úthlutun úr Jöfnunarsjóði þýða verulega bættan hag dreifbýlissveitarfélaganna og þau sveitarfélög sem hv. 4. þm. Austurl., Egill Jónsson, minntist hér á áðan við umræðu um verkaskipti ríkis og sveitarfélaga að hefðu á undanförnum árum bætt þjónustu sína munu ef af samþykkt frv. verður geta veitt enn betri þjónustu og það sem meira er, haft ákvörðunarrétt um þjónustuna án íhlutunar annarra.

Ég get svo að lokum sagt eins og áðan. Hér liggur fyrir frv. sem ekki er aðeins spor í rétta átt heldur að samþykktum þeim brtt. sem nefndin leggur til nýtur stuðnings fulltrúa beggja aðila, sveitarfélaga og ríkis, og fulltrúar í félmn. hafa náð samstöðu um. Ég legg því eindregna áherslu á að frv. þetta fái hér fljóta afgreiðslu og að ekkert verði til að tefja málið lengur en orðið er.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 766,1 (ný 5. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
6.–7. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 766,2 (ný 8. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
9.–26. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 766,3 samþ. með 12 shlj. atkv.
27. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
28.–33. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 766,4 samþ. með 11 shlj. atkv.
34. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
35.–36. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 766,5 samþ. með 13 shlj. atkv.
37. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
38.–45. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Málefni aldraðra, 1. umr.

Stjfrv., 393. mál (heildarlög). — Þskj. 736.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um málefni aldraðra sem flutt er á þskj. 736 og er 393. mál Ed.

Sífellt fullkomnari heilbrigðisþjónusta samfara miklum framförum í tækni og vísindum, ekki síst læknavísindum, hefur leitt af sér fækkun ótímabærra dauðsfalla og þar með lengingu meðalævinnar. Lengst af hafa aldraðir verið fámennur hópur hverrar þjóðar. Á síðustu árum hefur þetta verið að breytast og hlutfall aldraðra af þjóðarheild verið hækkandi og um leið breytt aldurssamsetningu þjóða heims.

Á þessari öld hefur öldruðum á Íslandi fjölgað hraðar en nokkrum öðrum aldurshópi. Síðasta aldarfjórðung, eða frá 1960, hefur fólki 65 ára og eldra fjölgað um ríflega 70%. Á sama tíma hefur ævilengd farið vaxandi og heildarfrjósemi hefur minnkað. Þetta þýðir einungis eitt, íslenska þjóðin er að eldast. Um síðustu aldamót var einn af hverjum fjórtán Íslendingum 65 ára eða eldri. Hinn 1. des. 1988 var einn af hverjum tíu Íslendingum 65 ára eða eldri. Á sama tíma og hlutfall aldraðra af þjóðarheild hefur farið sívaxandi eru gamlir einnig að eldast. Ef litið er á stærðarhlutföll milli hópsins 65–74 ára annars vegar og hópsins 75 ára og eldri hins vegar kemur í ljós að hlutfall aldurshópsins eldri en 75 ára fer sístækkandi. Í byrjun aldarinnar var fjöldi aldraðra á aldrinum 65–74 ára þrisvar sinnum fjölmennari en fjöldi aldraðra 75 ára og eldri. Æ síðan hefur stærðarmunur þessara tveggja aldurshópa farið minnkandi og spá fram í lok fyrsta aldarfjórðungs næstu aldar gefur til kynna að þá muni þessir hópar verða nokkurn veginn jafnir að stærð.

Þessi þróun í aldurssamsetningu hinna öldruðu er mjög mikilvæg vegna þeirra áhrifa sem hún hefur á það hvernig standa skuli að skipulagningu öldrunarþjónustu. Þó að hækkandi lífaldur sé sannarlega fagnaðarefni þá er ekki hægt að líta fram hjá því að fjölgun aldraða, bæði hlutfallsleg og töluleg, er sívaxandi áhyggjuefni stjórnvalda um allan heim. Þessar miklu breytingar á aldurssamsetningu þjóða, sem stuttlega var minnst á hér að framan, munu hafa í för með sér verulegar félagslegar og efnahagslegar afleiðingar og þær munu tvímælalaust kalla á síaukin viðbrögð stjórnvalda. Um leið og aldurinn færist yfir fer heilsunni hrakandi og þörf á heilbrigðisþjónustu fer vaxandi. Aldraðir hafa oft langvarandi sjúkdóma sem draga úr starfsgetu og gera þá háðari öðrum. Hár aldur gerir fólk veikburða og viðkvæmt. Þörf á viðeigandi stofnanavistun verður brýnni.

Veruleg fjölgun aldraðra, einkum í hópnum 75 ára og eldri, kallar því á enn meiri þjónustu af ýmsu tagi. Til eru staðlar sem gera ráð fyrir að reikna megi með því að það þurfi 6 hjúkrunarrými á hverja 100 íbúa í aldurshópnum 75–79 ára, rúmlega 10 hjúkrunarrými á hverja 100 íbúa í aldurshópnum 80–84 ára og 28 rými á hverja 100 íbúa í aldurshópnum 85 ára og eldri. Þessi þróun endurspeglast hér á landi í því að á undanförnum árum hefur æ fleiri rýmum á dvalarheimilum aldraðra verið breytt í hjúkrunarrými.

Án efa var brotið blað í þróun og skipulagningu íslenskrar öldrunarþjónustu með setningu laga um málefni aldraðra á árinu 1982. Með þessum lögum var reynt í fyrsta sinn hér á landi að koma á samræmdu skipulagi öldrunarþjónustunnar. Leitast var við að tengja öldrunarþjónustu annarri þjónustu sem fyrir er, þ.e. heilbrigðisþjónustu í tengslum við heilsugæslustöðvar sem hafa verið í hraðri uppbyggingu um land allt og félagslegri þjónustu á vegum sveitarfélaga sem sömuleiðis hefur verið í örri uppbyggingu.

Markmið löggjafarinnar um málefni aldraðra var í stuttu máli að mynda þjónustukeðju innan heilbrigðis- og félagslegrar þjónustu með það fyrir augum að gera öldruðum kleift að lifa lífinu með fullri reisn. Lögin voru andsvar við brotakenndri þjónustu við aldraða. Í þeim er megináherslan á það lögð að öldrunarþjónusta verði skipulögð í sameiningu af starfsfólki í heilbrigðisþjónustu annars vegar og starfsfólki í félagslegri þjónustu sveitarfélaga hins vegar þannig að aldraðir geti svo lengi sem verða má búið við eðlilegt heimilislíf með aðstoð heimaþjónustu og að völ sé á stofnanaþjónustu þegar hennar er þörf.

Ég tel að um það verði ekki deilt að í kjölfar lagasetningar um málefni aldraðra hafi stór skref verið stigin í uppbyggingu öldrunarþjónustunnar hér á landi, ekki síst í húsnæðismálum aldraðra. Er nú svo komið að sérhannað húsnæði fyrir aldraða er að finna í allflestum þéttbýliskjörnum landsins. Uppbyggingin í húsnæðismálum er þó misjafnlega langt komin á hinum ýmsu landsvæðum. Mun með sanni hægt að segja að sums staðar nálgist það að þörfinni sé fullnægt þó annars staðar skorti nokkuð á að nægjanlegt rými sé fyrir hendi. Þessa þróun má ekki síst þakka styrkjum úr Framkvæmdasjóði aldraðra, sem stofnaður var með sérstökum lögum árið 1981, en ákvæði um sjóðinn voru síðan felld inn í lögin um málefni aldraðra er þau tóku gildi í ársbyrjun 1983.

Umfang heimaþjónustu til aldraðra hefur sömuleiðis farið sívaxandi á undanförnum árum. Heimahjúkrun aldraðra verður sífellt umfangsmeiri þáttur í starfsemi heilsugæslustöðva. Félagslegi þátturinn, heimilishjálpin, er sömuleiðis orðinn æ mikilvægari þáttur í öldrunarþjónustunni eftir því sem fleiri sveitarfélög gefa öldruðum íbúum sínum kost á þjónustu af þessu tagi.

Þótt tvímælalaust hafi verulega áunnist í málefnum aldraðra síðustu árin eru engu að síður mörg verkefni á þessu sviði óleyst. Undanfarna 18 mánuði hefur í heilbrmrn. verið unnið að endurskoðun laga um málefni aldraðra. Samkvæmt sólarlagsákvæði sem þau hafa að geyma áttu þau að renna úr gildi 31. des. 1987. Þau hafa nú tvisvar verið framlengd um ár í senn, nú síðast í desember sl. til 31. des. 1989. Í þeirri endurskoðunarvinnu sem unnin hefur verið í ráðuneytinu hefur mest áhersla verið lögð á að sníða af lögunum agnúa sem óneitanlega komu í ljós eftir að farið var að hrinda hinum ýmsu ákvæðum í framkvæmd. Jafnframt er leitast við að lýsa úrræðum í öldrunarþjónustu í samræmi við það sem í raun gerist. Þá hefur og verið tekið mið af þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Frv. það sem hér er lagt fram er árangur þessarar endurskoðunarvinnu. Helstu nýmæli frv. eru þessi:

1. Á starfssvæði hverrar heilsugæslustöðvar skal starfa öldrunarnefnd. Í öldrunarnefnd eiga sæti fjórir, tveir tilnefndir af stjórn heilsugæslustöðvar svæðisins og tveir tilnefndir af félagsmálaráðum sveitarfélaganna á starfssvæðinu. Sveitarstjórn skal velja nefndinni oddvita úr hópi tilnefndra. Hlutverk

öldrunarnefndanna verður fyrst og fremst að gera tillögur til sveitarstjórna á starfssvæðinu um öldrunarþjónustu, m.a. um heimaþjónustuna. Sömuleiðis er nefndinni ætlað að hafa eftirlit með þeim öldrunarstofnunum sem starfa á svæðinu. Síðast en ekki síst skulu öldrunarnefndir tilnefna í þjónustuhóp aldraðra. Þessi nýskipan leysir af hólmi fyrirkomulag núgildandi laga um að stjórn heilsugæslustöðvar og félagsmálaráð á hverju svæði annist þessi sömu verkefni.

2. Breytt er fjölda þeirra sem eiga sæti í þjónustuhópi aldraðra á hverju starfssvæði. Skulu þeir nú vera fjórir, þ.e. læknir og hjúkrunarfræðingur frá heilsugæslustöð svæðisins og tveir fulltrúar félagslegrar þjónustu, þar af einn félagsráðgjafi ef kostur er. Með þessum hætti verður félagsleg þjónusta og heilbrigðisþjónusta jöfn að vægi í þjónustuhópi aldraðra. Sveitarstjórn skal velja hópnum oddvita úr hópi tilnefndra. Jafnframt er gert ráð fyrir að þjónustuhópi sé heimilað að gefa fulltrúa, þ.e. einum fulltrúa, öldrunarstofnana svæðisins kost á að vera áheyrnarfulltrúi í hópnum. Verkefni þjónustuhópanna verða hin sömu og í gildandi lögum, þ.e. fyrst og fremst að meta vistunarþörf aldraðra á starfssvæðinu.

3. Með tilkomu staðgreiðslu tekjuskatts í ársbyrjun 1988 var nefskattur sá sem rann til Framkvæmdasjóðs aldraðra lagður niður. Í fjárlögum ársins 1988 og að nýju í fjárlögum 1989 voru einu tekjur Framkvæmdasjóðsins sérstök fjárveiting beint úr ríkissjóði, 160 millj. kr., óbreytt hvort ár.

Í frv. þessu er að nýju farin sú leið að tekjustofn Framkvæmdasjóðs aldraðra verði óbreyttur frá því sem áður var, þ.e. sérstakt gjald sem leggja skal á alla gjaldendur með ákveðnum undantekningum þó. Skattur þessi verður eins og eignarskatturinn greiddur eftir á og innheimtist með sama hætti. Frv. gerir ráð fyrir því að skatturinn verði 2500 kr., miðað við byggingarvísitölu 124,9, á hvern greiðanda við álagningu árið 1989, en að gjaldið hækki síðan árlega í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu. Undanþegnir gjaldinu verða einstaklingar yngri en 16 ára annars vegar og eldri en 70 ára hins vegar.

Í núgildandi lögum eru þeir, sem eru eldri en 75 ára, undanþegnir gjaldinu. Rétt þykir að miða við starfslokaaldur við álagningu þessa skatts. Jafnframt er óbreytt gert ráð fyrir að skattstjórar felli niður álagningu skattsins á elli- og örorkulífeyrisþega yngri en 70 ára sem dveljast á dvalar- eða hjúkrunarheimilum. Skattleysismörk sérstaka gjaldsins eru höfð þau sömu og skattleysismörk tekjuskatts í staðgreiðslu, þ.e. að þeir gjaldendur sem höfðu tekjur undir 530.190 kr. á árinu 1988 eru undanþegnir gjaldinu. Gert er ráð fyrir að skattleysismörkum verði breytt árlega í samræmi við breytingar á skattvísitölu.

Samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra um fjölda gjaldenda í staðgreiðslu má gera ráð fyrir að við álagningu nú í sumar verði gjaldendur liðlega 95.000 og að skattheimtan, miðað við 85% innheimtu, gefi Framkvæmdasjóði aldraðra um 200 millj. kr. á árinu 1989. Það þýðir að Framkvæmdasjóður aldraðra muni fá til ráðstöfunar á þessu ári 40 millj. kr. hærri fjárhæð en fjárlög gera ráð fyrir og mun víst ekki af veita.

4. Hlutverk Framkvæmdasjóðs aldraðra er rýmkað nokkuð. Fyllsta samræmis hefur verið gætt varðandi hlutverk sjóðsins annars vegar og fyrirhugaðar breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga hins vegar. Uppbygging íbúða og dvalarheimila aldraðra verður verkefni sveitarstjórna en Framkvæmdasjóðnum er þó heimilt að styrkja sveitarfélög vegna verkefna af þessu tagi. Sömuleiðis mun sjóðurinn geta styrkt þá aðila, bæði einkaaðila og opinbera, sem standa að byggingu hjúkrunarrýmis fyrir aldraða.

Það er nýmæli að sjóðnum er heimilað að aðstoða sveitarfélög, einkum fámennari sveitarfélög í dreifbýli, við uppbyggingu öldrunarþjónustu.

5. Gert er ráð fyrir að það sé skylda hvers sveitarfélags að reka heimaþjónustu fyrir aldraða í sveitarfélaginu. Jafnframt er hvatt til samvinnu um rekstur heimaþjónustu milli þeirra sveitarfélaga sem standa að rekstri heilsugæslustöðva. Nýmæli frv. um heimild Framkvæmdasjóðs aldraðra til að styrkja sveitarfélög til að koma á fót heimaþjónustu er ekki síst mikilvægt í ljósi þessa. Skipulagning heimaþjónustu er falin þeim sveitarfélögum, sem að henni standa, í stað þess að áður hvíldi hún á herðum stjórnar heilsugæslustöðvar og félagsmálaráða.

Um orðalag heimaþjónustukafla frv. var haft samstarf við nefnd á vegum félmrn. sem vinnur að undirbúningi lagafrumvarps um félagslega þjónustu sveitarfélaganna. Ljóst er að þegar löggjöf um félagslega þjónustu sveitarfélaganna gengur í gildi þarf að gera breytingar til samræmis á ákvæðum III. kafla þessa frv. hvort sem það verður orðið að lögum eða er enn í frumvarpsformi.

6. Veigamestu nýmæli frv. felast í IV. kafla þess þar sem fjallað er um fyrirkomulag öldrunarþjónustu. Þar er skilið á milli opinnar öldrunarþjónustu annars vegar og stofnanaþjónustu hins vegar. Til opinnar öldrunarþjónustu teljast heimaþjónusta, þjónustumiðstöðvar aldraðra, dagvist og sjálfseignar-, leigu- og búseturéttaríbúðir aldraðra. Til stofnanaþjónustu telst þjónustuhúsnæði, þ.e. leiguíbúðir og dvalarheimili sem uppfylla ákveðin skilyrði, og hjúkrunardeildir eða hjúkrunarheimili.

Þetta fyrirkomulag er mjög í takt við þær breytingar sem nú eru að verða á skipulagi öldrunarþjónustu um allt land og í raun eingöngu staðfesting á því.

7. Gerður er skýrari greinarmunur en áður var á framkvæmdaleyfi annars vegar og rekstrarleyfi hins vegar vegna dagvistar og stofnana fyrir aldraða. Gert er ráð fyrir að enginn megi hefja framkvæmdir við dagvist eða stofnun fyrir aldraða fyrr en að fengnu leyfi heilbrmrh. Leita skal umsagnar samstarfsnefndar um málefni aldraðra nema þegar um hjúkrunarrými er að ræða þá skal einnig leita umsagnar landlæknis og héraðslæknis. Með þessu fyrirkomulagi fær heilbrmrn. tækifæri til í auknum mæli frá því sem nú er að hafa eftirlit með því að ekki sé farið af stað með

framkvæmdir sem e.t.v. eru ótímabærar. Sömuleiðis er gert ráð fyrir því að rekstur dagvistar eða stofnunar fyrir aldraða hefjist ekki fyrr en að fengnu rekstrarleyfi heilbrmrh. Jafnframt er gert ráð fyrir því að leita þurfi staðfestingar heilbrmrn. á teikningum sjálfseignar-, leigu- og búseturéttaríbúða fyrir aldraða. Þetta er mikilvægt nýmæli því nokkur misbrestur hefur verið á að íbúðir, sem boðnar hafa verið á hinum frjálsa markaði sem íbúðir fyrir aldraða, hafi að öllu leyti uppfyllt þau skilyrði sem gera verður til sérhannaðs húsnæðis fyrir þennan aldurshóp.

8. Önnur meginbreyting frv. felst í fyrirkomulagi greiðslu vegna dvalar á öldrunarstofnunum. Þrátt fyrir ákvæði gildandi laga um málefni aldraðra er enn við lýði sú regla að aldraðir greiði hlutdeild í dvalarheimiliskostnaði hafi þeir lífeyrissjóðstekjur umfram frítekjumark. Þeir sem ekki hafa aðrar tekjur en bætur almannatrygginga fá ákveðna fjárhæð á mánuði til ráðstöfunar frá Tryggingastofnun ríkisins og stofnunin annast greiðslu viss kostnaðar með svokallaðri elliheimilisuppbót. Þetta fyrirkomulag hefur sætt mikilli gagnrýni af tveim ástæðum.

Í fyrsta lagi sökum þess að þeir sem hafa lífeyrissjóðstekjur og greiða dvöl sína sjálfir hætta því ef heilsa versnar og þeir flytjast yfir á þyngra og dýrara þjónustustig. Þá tekur sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins við greiðslu hjúkrunarkostnaðar og lífeyrissjóðstekjur renna óskertar til þess aldraða.

Í öðru lagi hefur gagnrýnin beinst að því að það skuli eingöngu vera lífeyrissjóðstekjur sem með þessum hætti hafa áhrif á hvort hinn aldraði greiði fyrir dvalarheimilisdvöl. Aldraður einstaklingur sem hefur engar lífeyrissjóðstekjur en e.t.v. verulegar skattfrjálsar eignatekjur sætir ekki sömu meðferð. Hann heldur eignatekjum sínum óskertum og Tryggingastofnun ríkisins greiðir dvalarheimilisdvöl hans að fullu auk þess sem hann fær mánaðarlegt ráðstöfunarfé frá Tryggingastofnuninni.

Þessu fyrirkomulagi er breytt í frv. þannig að Tryggingastofnun ríkisins greiðir fyrir vist á stofnunum fyrir aldraða, sbr. 18. gr. frv. Hafi vistmaður tekjur umfram 11 þús. kr. á mánuði skal hann taka þátt í greiðslu dvalarkostnaðar. Með tekjum umfram 11 þús. skal vistmaðurinn greiða dvalarkostnað að hluta eða öllu. Hér er haft til viðmiðunar að samkvæmt núgildandi fyrirkomulagi heldur hinn aldraði alltaf eftir til eigin nota frítekjumarki tekjutryggingarinnar, þ.e. 10.665 kr. í dag. Frítekjumarkinu er hins vegar ekki breytt nema einu sinni á ári. Það þótti því eðlilegt að setja í frv. sambærilega upphæð sem síðan breyttist í samræmi við breytingar á verðlagsþróun. Nánari fyrirmæli um fyrirkomulag þessara greiðslna skal setja með reglugerð.

Vistmenn sem engar tekjur hafa aðrar en bætur almannatrygginga skulu fá mánaðarlegt ráðstöfunarfé frá Tryggingastofnun ríkisins samkvæmt reglum 51. gr. laga um almannatryggingar. Samkvæmt því ákvæði er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að greiða tekjulausum einstaklingi sem er til langdvalar á stofnun 25% af grunnlífeyri og tekjutryggingu. Þetta er sú greiðsla sem í daglegu tali hefur verið nefnd vasapeningar en í lögum um málefni aldraðra er nefnt ráðstöfunarfé.

9. Í samræmi við frv. til l. um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga er breytt fyrirkomulagi á greiðslum vegna heimaþjónustu aldraðra. Samkvæmt núgildandi lögum um málefni aldraðra endurgreiða sjúkrasamlög sveitarfélögunum 35% rekstrarkostnaðar heimaþjónustu. Nú er gert ráð fyrir að kostnaður af heimaþjónustu skiptist þannig að félagslegi þáttur hennar verði á ábyrgð sveitarfélaga og greiddur af þeim en heilbrigðisþáttur hennar á vegum heilsugæslustöðva og greiðist af ríkinu. Rétt er hins vegar að minna á að frv. gerir ráð fyrir að Framkvæmdasjóði aldraðra verði heimilt að styrkja sveitarfélög til að koma á fót heimaþjónustu.

Gert er ráð fyrir að verði frv. þetta að lögum taki það gildi 1. jan. 1990. Þó er gert ráð fyrir því að ákvæði um innheimtu sérstaka gjaldsins til Framkvæmdasjóðs aldraðra taki þegar gildi og það verði innheimt við álagningu skatta á þessu ári.

Hæstv. forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fara um þetta frv. öllu fleiri orðum, en vísa að öðru leyti til greinargerðar og athugasemda við einstakar greinar frv. Ég legg til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn. með ósk um að þrátt fyrir mikið annríki hraði nefndin störfum þar sem málið þarf að hljóta fullnaðarafgreiðslu á þessu þingi.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er um mikilvægt mál að ræða, frv. um málefni aldraðra sem hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur nú mælt fyrir. Ég á sæti í hv. heilbr.- og trn., sem fær þetta frv. til umfjöllunar, og þarf því kannski ekki við 1. umr. málsins að hafa um það langt mál. Ég vildi þó í örfáum orðum lýsa ánægju minni með þetta frv. þegar á heildina er litið, þó með þeim fyrirvara að stutt er síðan þetta frv. kom fram eins og svo mörg önnur sem rignt hefur yfir okkur síðasta sólarhringinn. Því hefur lítill tími unnist til að kynna sér frv. í einstökum atriðum. Ég taldi satt best að segja að hér væri um að ræða eitt af mörgum frumvörpum sem þannig hlýtur að vera ástatt um að ekki sé reiknað með að fari í gegnum þingið nú heldur sé fyrst og fremst verið að sýna það til kynningar, en hæstv. ráðherra lagði áherslu á að þetta mál fengi skjóta afgreiðslu í nefndinni og vel má vera að það geti tekist.

Þjónusta hvers konar við aldraða hefur vissulega farið vaxandi á undanförnum árum, enda hefur þörfin aukist þar sem lífaldur manna fer hækkandi, öldruðum fjölgar í þjóðfélaginu, en kannski ekki hvað síst vegna breyttra þjóðfélagshátta. Þar sem aldraðir eiga nú ekki lengur athvarf í skjóli ættingja sinna eða barna eins og áður gerðist þarf að leita eftir þjónustu og aðstoð við þá annars staðar frá.

Ég hef ekki hnotið um neitt sérstakt sem ég á þessu stigi málsins ætla að gera athugasemdir við að undan-

skildum tveimur atriðum sem ég vil hafa fyrirvara um. Það er annars vegar varðandi 10. gr., um gjaldið, sem þar er gert ráð fyrir, 2500 kr. á árinu 1989. Mér þykir það vera kannski meginmálið hvort tryggt er að þetta gjald fari óskert í Framkvæmdasjóð aldraðra ef að lögum verður því að við höfum nú reynsluna af því að þegar verið er að samþykkja markaða tekjustofna til ýmissa góðra mála vill oft eftir á koma til skerðing á slíkum tekjum og þær renni í ríkishítina óskipt. Ég geri fyrirvara um þetta atriði.

Nú er talað um að frv. eigi ekki að taka gildi fyrr en 1990, *en í frv. er gert ráð fyrir að þetta gjald sé lagt á á* árinu 1989. Ég næ þessu ekki alveg. Ég vildi fá skýringu á því frekar hvort ég hef misskilið þetta eitthvað.

Hins vegar vil ég einnig gera fyrirvara um 27. gr., um þau 11 þús. kr. mörk sem þar eru sett. Mér finnst það vera ansi lág tala og yfirleitt hafa í mínum huga alltaf verið efasemdir um það atriði að vistmaður skuli greiða af lífeyristekjum sínum sem hann hefur umfram það sem gert er ráð fyrir að sé lágmarkstekjur og koma frá Tryggingastofnun.

Hins vegar vil ég taka undir þann þýðingarmikla þátt sem er heimaþjónustan, III. kafli frv. hér, og einnig IV. kaflann sem varðar fyrirkomulag öldrunarþjónustunnar. Heimaþjónustan er sá þáttur sem ber að leggja ríka áherslu á og hefur reyndar verið lögð aukin áhersla á en víða hreint ekki nægjanlega því að heimaþjónustan er þýðingarmikill þáttur annars vegar til að hjálpa öldruðum til að búa sem lengst heima, hjálpa þeim til að halda reisn sinni og sjálfsvirðingu, hjálpa öldruðum til sjálfshjálpar ef við getum orðað það svo. Hins vegar er þetta hagkvæm lausn til að veita þá þjónustu sem nauðsynleg er hverjum einstaklingi eða þörfum hvers og eins og miklu ódýrari en þegar sú þjónusta kemur frá stofnunum. Ég vildi sérstaklega taka undir þennan þátt í frv. og mér sýnist það vera nýmæli af hinu góða að það á að flytja öldrunarnefndir á starfssvæði heilsugæslustöðvanna. Ég held að það hljóti að vera af hinu góða.

Ég vildi, hæstv. forseti, með þessum örfáu orðum fyrst og fremst lýsa ánægju minni með frv. þrátt fyrir það að ég hafi fyrirvara um einstök atriði sem að sjálfsögðu verða þá skoðuð í nefnd.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins nokkur orð um þetta mikilvæga mál. Ég get tekið undir margt af því sem hv. 6. þm. Reykn. sagði. Ég hef þó ekki haft tíma til að kynna mér málið gaumgæfilega, einungis flett í gegnum það, því að hér rignir inn svo mörgum málum síðustu dagana. Mér skilst á starfsfólki þingsins að það hafi aldrei fyrr komið jafnmörg mál inn síðan frestur tók gildi eða ákvæði um hann.

Hér virðist vera margt til bóta, sérstaklega áherslubreyting og skilningur á breyttum þörfum vaxandi hóps aldraðra í þjóðfélaginu, en þá á ég við heimaþjónustuna. Við Íslendingar höfum verið að mörgu leyti 10–15–20 árum á eftir grannþjóðum okkar í þjónustu við aldraða. Meðan við erum enn að byggja stofnanir fyrir aldraða leggja aðrar þjóðir kapp á að gera öldruðum kleift að vera sem lengst heima hjá sér með því að auka við þá þjónustu og hjálp af ýmsu tagi og þá einmitt hjálp til sjálfshjálpar eins og hv. 6. þm. Reykn. sagði.

Ég ætla mér ekki að fara út í efnislega umræðu um þetta mál. Ég vil þó geta þess að öllu skiptir fjármagnið eins og gerði reyndar gagnvart þeim lögum sem nú gilda. Þau lög eru um margt ágæt. Vandinn við þau var ekki síst sá að það fékkst aldrei nægilegt fjármagn *ti* að standa við framkvæmd þeirra eins og skyldi. Ég held að það skipti meginmáli í umfjöllun um þetta frv. að það verði tryggt fjármagn til þeirrar þjónustu og þess stuðnings sem aldraðir eiga að fá og verða að fá í þjóðfélaginu.

Ég vænti þess að við getum fjallað um málið í nefnd og tek undir spurningar hv. 6. þm. Reykn. um það hvort ætlast er til að þetta frv. verði að lögum á þessu þingi því að trúlega er skammt eftir af þinginu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég þakka undirtektir hv. þm. sem hér hafa þegar tjáð sig um málið og ég skil vel að þingmenn vilji hafa fyrirvara nokkurn á efnisatriðum þessa frv. því að það er skammt síðan það var lagt fram og það hefur mikið flóð þingskjala komið á borð þingmanna þessar síðustu klukkustundir. Það er rétt að ég gat þess í framsöguræðu minni að ég legði áherslu á að frv. þetta næði fram að ganga á þessu þingi þó svo að gildistakan eigi ekki að verða fyrr en *um áramót. Við framlengdum gildandi lög um eitt ár í* desember sl. þannig að þau gilda til ársloka og þetta nýja frv. ef að lögum verður á að taka gildi 1. jan. 1990.

Hins vegar er í 31. gr. frv., sem fjallar um gildistökuna, ákvæði sem hljóðar svo, með leyfi forseta: „Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990. Þó skal 1. tölul. 10. gr. öðlast gildi þegar í stað.“ Það er þá um leið svar við fsp. hv. 6. þm. Reykn. um hvernig mætti vera að hugsanlegt væri að skattur til Framkvæmdasjóðs aldraðra, sem er gert ráð fyrir í 10. gr. frv., yrði lagður á í ár. Það er sem sagt þessi ástæða sem m.a. gerir að verkum að ég legg nokkra áherslu á að okkur takist að afgreiða frv. á þessu þingi.

Það er ljóst að hér er um nokkra viðbótarskattheimtu að ræða, en ég vil þó minna á að það er ekki stór upphæð miðað við heildarútgjöld fjárlaga sem eru 77 milljarðar kr. ef ég man rétt, en þessi litli skattur ætti að gefa framkvæmdasjóðnum áætlaðar 200 millj. kr. í ár, 2500 kr. á hvern skattgreiðanda sem á annað borð yrði skattskyldur samkvæmt ákvæðum frv.

Aðeins langar mig að gera nánari grein fyrir þessu. Eins og fram kom hjá hv. 6. þm. Reykn. þekkjum við það að markaðir tekjustofnar hafa oft verið skertir á einn eða annan hátt í meðförum stjórnvalda, ríkisstjórnar og Alþingis og það ágæta málefni sem átt hefur að njóta viðkomandi markaðs tekjustofns hefur

ekki notið svo sem lög gerðu ráð fyrir. Þó hygg ég að ég megi fullyrða og muni rétt að hvað varðaði þennan nefskatt sem var í gildi og rann til Framkvæmdasjóðs aldraðra, þá hafi hann haldið sínu og runnið óskertur í framkvæmdasjóðinn af því að hann var svo skýrt afmarkaður þessum málaflokki og var beinlínis á lagður sem slíkur, föst ákveðin krónutala sem rann í þennan ákveðna sjóð. Við því var ekki hróflað fyrr en með staðgreiðslukerfinu þegar hætt var að innheimta þennan skatt sérstaklega og þá skipti engum togum að sú upphæð sem rann í framkvæmdasjóðinn festist við krónutölu þess árs og er síðan, eins og ég kom að í framsöguræðu minni áðan, aftur óbreytt krónutala í fjárlögum þessa árs eins og krónutalan var í fjárlögum seinasta árs. Mér er því nokkuð í mun að við náum aftur að festa í sessi þessa upphæð og hafi menn eða sé hægt að segja að menn hafi einhvern tíma greitt skatt með glöðu geði, þá hygg ég að menn hafi þó einna helst eða frekast gert það varðandi þennan nefskatt sem rann beint og óskertur í Framkvæmdasjóð aldraðra.

Ég bið menn að hafa þetta í huga, sérstaklega nefndarmenn auðvitað þegar þeir taka málið til umfjöllunar í þingnefnd, og svo að sjálfsögðu alla hv. þingdeildarmenn þegar málið kemur hér aftur til afgreiðslu.

Þetta er annað atriðið sem hv. 6. þm. Reykn. tók sérstaklega fram að hann vildi hafa fyrirvara um og ég skil vel. Hitt atriðið varðaði 27. gr. og líklega þá þætti frv. sem fjalla um greiðslur einstaklinga almennt fyrir dvöl á stofnunum, bæði dvalarheimilum og hjúkrunarheimilum. Hér er líka um veigamikla breytingu að ræða sem ég skil mjög vel að þingmenn vilji skoða ítarlegar og nánar áður en þeir kveða upp úr um stuðning sinn við það mál.

Sú krónutala sem hv. þm. nefndi sérstaklega, 11.000 kr., sem er viðmiðunartala fyrir þann einstakling sem dvelur á dvalarheimili eða hjúkrunarheimili og ræður um það hvort vistmenn skuli taka þátt í greiðslu dvalarkostnaðar á stofnun, er auðvitað umdeilanleg upphæð og menn getur greint á um hvort þetta er sú rétt valda, en hún miðar við, eins og ég nefndi áðan, frítekjumark tekjutryggingar og er sem slík viðmiðunartala en auðvitað ekki fastbundin að öðru leyti og getur sjálfsagt verið til umræðu hvort sú viðmiðun er rétt.

Við þekkjum öll umræðuna um að svokallaðir vasapeningar til fólks sem dvelur á stofnunum séu lág upphæð og vissulega er það rétt. Sjálfsagt má segja að hún sé skammarlega lág í flestum tilfellum. Þó er það svo að hafi fólk þörf fyrir vasapeninga er það miklu fremur meðan það dvelur á dvalarheimilinu en eftir að það kemur inn á sjúkrahús eða hjúkrunarheimili, en samkvæmt gildandi lögum er þetta öfugt. Menn hafa þessa skertu upphæð sem vasapeninga meðan þeir eru á dvalarheimili, en fara síðan að fá lífeyristekjur og aðrar hugsanlegar tekjur greiddar þegar þeir flytja af dvalarheimilinu yfir á hjúkrunarheimilið. Bæði er að þeir flytjast á þyngra þjónustustig og dýrara og auðvitað hafa þá sjálfsagt sem einstaklingar minni þörf fyrir fjármunina og minni getu til að nýta sér þessar eigin tekjur.

Það má aðeins nefna í viðbót varðandi afgreiðslu málsins — þó að það sé kannski ekki eins mikilvægt en má þó nefna — að þetta frv. er að hluta til tengt því frv. sem hv. deild var að fjalla um áðan, þ.e. frv. um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Einstök efnisatriði í þessu frv. eru liður í samkomulaginu um verkaskiptinguna og þess vegna væri bæði eðlilegt og æskilegt að þessi frv. fengju afgreiðslu á svipuðum tíma.

Ég vona að ég hafi svarað spurningum hv. þm. sem hér höfðu tekið til máls og ítreka eindregnar óskir um að málið fái afgreiðslu á þessu þingi af þeim ástæðum sem ég hef þegar gert grein fyrir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 11 shlj. atkv.

Afnám ýmissa laga um iðnaðar- og orkumál, 2. umr.

Stjfrv., 298. mál. — Þskj. 546, n. 740.

Frsm. iðnn. (Karl Steinar Guðnason):

Herra forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir fjallar um afnám ýmissa laga um iðnaðar- og orkumál, frv. um lagahreinsun í raun þar sem ellefu lög eru felld úr gildi verði frv. að lögum.

Nefndin hefur fjallað um málið og varð sammála um að mæla með samþykkt þess óbreytts og ætla ég ekki að hafa fleiri orð um það, þó segja að í nefndinni var nokkuð rætt um hvernig farið væri með lög almennt sem væru ekki lengur til neinna þarfa. Fengu nefndarmenn fyllstu skýringar á því hvernig það væri gert.

Niðurstaðan er sú að nefndin mælir með að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, 1. umr.

Stjfrv., 403. mál (kynferðisbrot). — Þskj. 758.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19 12. febrúar 1940. Frv. það sem hér er til umræðu er endurskoðun á XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en sá kafli fjallar um kynferðisbrot.

Aðdragandi frv. er sá að þegar nauðgunarmálanefnd skilaði tillögum sínum í nóvember sl. var meðal tillagna nefndarinnar frv. til laga um breytingu á 194.–199. gr. almennra hegningarlaga. Með hliðsjón af þeim breytingum sem fram komu í frv. nauðgunarmálanefndar og því að á Alþingi vorið 1988 var frv. um breytingu á 202. og 203. gr. almennra hegningarlaga vísað til ríkisstjórnarinnar ákvað ég að láta endurskoða aðrar greinar XXII. kafla hegningarlaganna. Eru 2.–7. gr. frv. um endurskoðun á 194.–199. gr. hegningarlaganna óbreyttar frá því sem nauðgunarmálanefnd lagði til.

Þær meginbreytingar sem frv. þetta felur í sér eru í fyrsta lagi að öll ákvæði kaflans eru nú gerð ókynbundin, en í gildandi lögum eru margar greinar þannig að einungis konur njóta refsiverndar og karlar einir geta verið gerendur. Er þetta gert í samræmi við réttarþróun sem átt hefur sér stað á þessu sviði í öðrum löndum og til að auka réttarvernd almennt gagnvart kynferðisbrotum.

Þótt þessi brot bitni nær eingöngu á konum er ekki ástæða til að ætla að víðtækari refsivernd raski á nokkurn hátt réttarstöðu þeirra. Ákvæði frv. eiga því jafnt við um athafnir karla og kvenna og taka til kynferðismaka og annarra kynferðisathafna samkynja persóna eftir því sem við á.

Í öðru lagi felst í frv. aukin réttarvernd þar sem á því er byggt að samræði verði skýrt rýmra en samkvæmt gildandi lögum, svo sem rakið er í grg. með frv., og lagt er til að lögfest verði að önnur kynferðismök verði lögð að jöfnu við samræði. Með öðrum kynferðismökum er átt við kynferðislega misnotkun á líkama annarrar manneskju er kemur í stað hefðbundins samræðis eða hefur gildi sem slíkt. Átt er við athafnir sem veita eða eru almennt til þess fallnar að veita hinum brotlega kynferðislega fullnægingu.

Þá eru í frv. ný ákvæði um kynferðislega áreitni sem ekki er slík misnotkun á líkama að hún komi í stað hefðbundins samræðis eða hafi gildi sem slíkt. Hér er fyrst og fremst átt við káf ýmiss konar, þukl og annars konar líkamlega snertingu, ljósmyndun af kynferðislegum toga o.s.frv.

Í gildandi hegningarlögum eru ekki bein ákvæði um þetta, en verknaðir sem falla undir framangreindar verknaðarlýsingar hafa verið heimfærðir undir 209. gr. hegningarlaga sem fjallar um að særa blygðunarsemi. Í þriðja lagi eru svo ákvæði um sifjaspell flutt úr XXI. kafla laganna í þennan kafla þar sem þau þykja betur eiga heima, enda oft nátengd öðrum kynferðisbrotum.

Ég mun nú víkja að einstökum greinum þessa frv.

Í 1. gr. er lagt til að heiti XXII. kafla laganna verði breytt þannig að tekið verði upp heitið kynferðisbrot í staðinn fyrir „skírlífisbrot". Rétt þykir að miða heiti kaflans frekar við einkenni háttseminnar en hin siðrænu viðhorf til brots og brotaþola.

Í 2. gr. frv. eru lagðar til verulegar breytingar á 194. gr. hegningarlaga, þ.e. þeirri grein sem fjallar um nauðgun. Í fyrsta lagi er lýsing verknaðaraðferða rýmkuð verulega með rýmri túlkun á samræði og með því að leggja önnur kynferðismök að jöfnu við samræði svo sem áður er rakið, auk þess sem ákvæði frv. tekur nú auk beinnar valdbeitingar til allra refsiverðra ofbeldishótana sem er nú refsivert skv. 196. gr. gildandi hegningarlaga.

Þá felst einnig rýmkun í því að ekki er lengur áskilið að hótun veki ótta um líf, heilbrigði eða velferð. Í öðru lagi er lögð til sú grundvallarbreyting að lagt er til að ákvæðið verði tvískipt. Það er almennt ákvæði, 1. mgr., og refsihækkunarákvæði, 2. mgr., með sjálfstæðum refsimörkum.

Núgildandi ákvæði er með refsilágmarki sem lagt er til að fellt verði brott. Með þessu er ekki verið að draga úr því að um alvarlegt brot sé að ræða heldur er talið að refsiverndin verði virkari með þessum hætti. Skal það nú rökstutt nánar.

Þegar ákveðið refsilágmark er í lögum, svo sem í núgildandi 194. gr., er ákveðin hætta á að brot verði ekki kært vegna þess. Þá er hætta á að ákært sé fyrir brot gegn greinum sem hafa vægari refsimörk eða jafnvel að dómstólar heimfæri brot undir þær. Þess má geta að í Danmörku var refsilágmark fellt brott fyrir 15–20 árum af framangreindum ástæðum þar sem viðamikil rannsókn sýndi að þessar ástæður voru til staðar. Auk þess hefur það verið almenn löggjafarstefna hér og í nágrannalöndum að fella brott refsilágmark nema við alvarlegustu brot. Má í því sambandi m.a. benda á 110. gr. og 142. gr. Í því að fella niður refsilágmark felst ekki að lagt sé til að dómstólar taki upp vægara refsimat en nú er gert.

Varðandi 3.–7. gr. vísa ég til þess sem fram kemur í grg. með frv.

8. gr. frv. fjallar um sifjaspell. Meginefni núgildandi 190. gr. er flutt í þessa grein og sameinar ný ákvæði um kynferðislega áreitni, en áður hefur verið fjallað um það hugtak. Auk þess eru önnur kynferðismök lögð að jöfnu við samræði. Í núgildandi ákvæði er sifjaspell refsivert bæði fyrir foreldri og barn sé það komið á sakhæfisaldur. En í þessu ákvæði frv. er refsiábyrgð barna og annarra niðja felld brott. Rök þess eru m.a. að alla jafna eru það börn og ungmenni sem sæta misnotkun af hálfu hinna eldri er skáka í skjóli aldurs og reynslu. Ákvæðið á jafnt við um brot gagnvart skilgetnum og óskilgetnum börnum. Ef ofbeldi eða hótun um það er beitt er einnig refsað fyrir skv. 194. gr., sbr. 2. gr. frv., og ef barn er yngra en 14 ára er jafnframt refsað skv. 202. gr., sbr. 10. gr. frv. Refsimörk eru nokkuð þyngd frá núgildandi lögum.

Í 3. mgr. eru ákvæði varðandi systkini. Er þeim breytt frá núgildandi ákvæðum á þann veg að refsimörk eru hert en jafnframt heimilað að fella niður refsingu þess eða þeirra sem ekki hefur náð 18 ára aldri í stað 16 í núgildandi lögum.

9. gr. frv. svarar til 201. gr. núgildandi laga með þeirri breytingu eins og í ýmsum öðrum greinum frv. að bætt er við ákvæðum um önnur kynferðismök og kynferðislega áreitni. Þá er í upptalningu barna bætt við stjúpbarni og sambúðarbarni.

Varðandi 10.–17. gr. er vísað til þess sem segir í athugasemdum við þær greinar.

Í frv. þessu eru refsimörk almennt þyngd frá því sem er í gildandi lögum. En frá því eru einstök tilvik er nánar er gerð grein fyrir í athugasemdum við einstakar greinar. Verði frv. þetta að lögum verða refsimörk fyrir kynferðisbrot hér á landi með þeim þyngstu á Norðurlöndum.

Ég gat þess hér á undan að hvatinn að frv. þessu hefðu verið tillögur frá nauðgunarmálanefnd um breyting á 194.–199. gr. almennra hegningarlaga. Í skýrslu og tillögum nauðgunarmálanefndar er mikil áhersla lögð á aukna réttarvernd og aðra aðstoð við fórnarlömb eða þolendur kynferðisbrota. Að bæta réttarstöðu þeirra verður ekki gert með því einu að breyta hegningarlögum. Öll hegningarlög fjalla fyrst og fremst um háttsemi geranda og hvernig eigi að fara með hann. Í þessum kafla hegningarlaganna skiptir viðhorf þolenda meira máli en víðast annars staðar í hegningarlögum.

Í þessu frv. eru ákvæði þar sem almenn siðferðisviðhorf og þjóðfélagsviðhorf skipta máli, bæði varðandi mat á einstökum verknuðum og alvarleika þeirra. Lögð hefur verið áhersla á að gera frv. þannig úr garði að viðunandi friður megi haldast um viðkvæm siðferðisviðhorf jafnframt því að bæta réttarvernd þeirra sem fyrir kynferðisbrotum verða.

Herra forseti. Ég vil að lokinni þessari umræðu leggja til að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að þessar lagabreytingar eru komnar í frumvarpi inn á þingið því hér er um að ræða breytingar á lögum sem eru orðin nokkuð gömul eða frá 12. febr. 1940 og var sannarlega nauðsyn að gera tillögur um breytingar á þeim með hliðsjón af breyttum þjóðfélagsháttum og viðhorfum.

Ég átti sæti í þeirri nefnd sem hæstv. ráðherra gat um áðan og starfaði í henni í fjögur ár. Það samstarf var mjög gott og leiddi til ítarlegrar skýrslugerðar og reyndar rannsókna eða kannana sem munu væntanlega verða gefnar út prentaðar á næstunni og þá dreift hér á Alþingi.

Í þeirri skýrslu kemur fram, eins og reyndar kom fram í máli hæstv. ráðherra, að þær breytingar sem nefndin lagði til eða þær tillögur sem hún gerði vörðuðu breytingar á XXII. kafla almennra hegningarlaga eins og hér kemur fram. Þar eru einnig breytingar á lögum um meðferð opinberra mála, síðan tillögur um neyðarmóttöku fyrir þá sem verða fyrir nauðgunum og kynferðislegu ofbeldi og námskeið fyrir lögreglumenn og starfsfólk heilbrigðisþjónustunnar því að fræðsla og upplýsingar eru mjög mikilvæg til að breyta viðhorfi manna og þá um leið meðferð þessara mála allra.

Þær breytingar sem hér eru lagðar til eru eins og kom fram gerðar með hliðsjón af norrænum lögum. Þar hefur tekist samstarf milli dómsmrh. að halda breytingum sem mest jafnfætis hjá Norðurlandaþjóðunum og hafa þessar breytingar sem hér liggja fyrir nokkuð verið miðaðar við lögin í þessum nágrannalöndum okkar.

Mig langar að fara lítillega yfir frv. eins og það liggur fyrir og gera við það nokkrar athugasemdir. Ég álít að hér séu margar breytingar til bóta. Ég er hins vegar ekki alveg sammála öðrum og vildi gjarnan gera athugasemdir og jafnvel tillögur til breytinga þar sem það á við. En að mestu tel ég þessi frumvarpsdrög bjóða mun betri réttarstöðu og réttarvernd fyrir þá sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi.

Það er þá fyrst, eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra, að ákvæðin eru ókynbundin hvað varðar nauðgun og kynferðislegt ofbeldi. Ég tel það vera réttlætismál því að hér er auðvitað ekki einungis um konur að ræða sem verða fyrir slíku þó að í stærstum meiri hluta sé það svo. Það er einnig um að ræða drengi og karla sem geta orðið fyrir þessum verknaði.

Síðan tel ég mjög mikilvægt að önnur kynferðismök eru lögð að jöfnu við samræði og einnig og ekki síður að kynferðisleg áreitni er nú tekin upp sem refsivert athæfi og skilgreind, eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra. En þar er átt við ýmiss konar káf, þukl og annars konar líkamlega snerting og ljósmyndum af kynferðislegum toga. Það kemur fram í athugasemdum með frumvarpsgreinunum að rétt þyki að veita slíkri háttsemi meiri athygli en áður með þessu sérákvæði og taka harðar á brotum og ég held að það sé rétt. Síðan eru refsiákvæði almennt fremur þyngd í þeim tillögum sem hér koma fram.

Ég vil nú víkja lítillega að greinunum.

Eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra gerði nefndin sem slík tillögur til breytinga á 194.–199. gr. og eru þessar breytingar sem hér liggja fyrir samhljóða tillögum hennar. Aðrar breytingar voru gerðar af Jónatan Þórmundssyni prófessor sem var formaður nefndarinnar og Þorsteini A. Jónssyni sem var ritari nefndarinnar og er deildarstjóri í dómsmrn.

Það hefur komið fram, ef ég vík að 194. gr. eða breytingum á henni í 2. gr. frv., að margar konur gera sér ekki grein fyrir því að 194. gr. nær yfir nauðganir sem eiga sér stað í hjónabandi eins og þær nauðganir sem eiga sér stað utan hjónabands. Það er álitamál hvort þurfi að taka slíkt inn í 194. gr. Ég hef grun um að mörgum lögfróðum mönnum þyki það ástæðulaust vegna þess að slíkt hafi falist í íslenskri löggjöf í langan tíma og verið skilið þannig af lögfræðingum. Það gæti verið að fræðsla væri þarna leiðin til þess að það kæmi skýrt í ljós að athæfið er jafnrefsivert innan hjónabands sem utan.

Ég geri ekki athugasemdir við aðrar greinar frv.

en greinina sem varðar sifjaspell. Þar er flutt grein úr XXI. kafla um sifskaparbrot, sú grein sem varðar kynferðislegt athæfi, yfir í XXII. kafla sem skírður hefur verið kafli um kynferðisbrot, sem ég tel reyndar vera betra heiti en skírlífisbrot, og skipað niður í tvær greinar, 8. og 9. gr., í þessu frv. Þar er lagt til að önnur kynferðismök verði lögð að jöfnu við samræði *og tel ég það til bóta. Þar er einnig felld niður* refsiábyrgð barna og annarra niðja og refsimörk nokkuð þyngd og tel ég það til bóta.

Þó vek ég athygli á því að ég tel mjög vafasama þá skiptingu sem gerð er í 8. og 9. gr. á milli þeirra sem eru blóðskyldir og þeirra sem hafa forræði yfir börnum vegna þess að þau eru kjörbörn, stjúpbörn, fósturbörn, sambúðarbörn eða ungmenni sem manni hefur verið trúað fyrir til kennslu eða uppeldis. Ég held að sá áverki, það áfall sem barn verður fyrir við sifjaspell sé jafnalvarlegt í raun og jafnþungbært ef um er að ræða blóðskyldan aðila og aðra fullorðna manneskju sem er í raun forræðis- eða umhyggjuaðili og sá aðili sem barnið tengist tilfinningalega. Tilfinningatengslin eru grundvallaratriði í þessum málum að mínu viti. Þess vegna finnst mér í raun að það þurfi að víkka út skilgreininguna á sifjaspelli. Hún eigi ekki fyrst og fremst að taka til blóðtengsla hvað varðar mat löggjafans á verknaðinum. Ég held að verknaðurinn geti haft jafnalvarleg áhrif á barnið og sé í raun jafnvítaverður glæpur gagnvart kynfrelsi barnsins ef um þann aðila fullorðinn er að ræða sem barnið treystir best. Þetta er ekkert einfalt mál og ég hef heyrt þær röksemdir að með því að víkka út þessa skilgreiningu verði refsimörkin og túlkun lagagreinarinnar *e.t.v. ómarkvissari, en ég tel að trúnaðar*bresturinn við barnið og brotið gegn kynfrelsi þess sé hér meginatriði. Við erum að fjalla hér í raun um ævaforn tabú eða helgispjöll þar sem um er að ræða sifjaspell á milli blóðskyldra og það kunna að liggja ýmsar djúpstæðar ástæður að baki strangari refsingum gegn slíkum brotum eins og t.d. verndun á kynstofni eða eitthvað slíkt. Auðvitað koma þarna líka til tilfinningar væntumþykju og það að fremja glæp gegn sínu eigin blóði, en ef við lítum á þolandann, á barnið, held ég að glæpurinn gegn því sé í raun og geti verið oft jafnalvarlegur þegar um staðgengil blóðskyldra er að ræða.

Í sambandi við refsimörkin held ég að flestir geri sér grein fyrir því að refsingar eru ekki það sem vegur þyngst til að bæta úr þessum málum. Hins vegar eru refsingar mælikvarði löggjafans og samfélagsins á það hversu vítaverður glæpur er, hversu refsiverður hann er í raun og veru. Ég tel þetta vera mjög alvarlegan glæp og þess vegna og vegna þess sem ég hef áður sagt þurfi að samræma refsingarnar í 8. og 9. gr., en ég viðurkenni fúslega að ég tel ekki að það sé hægt að bæta þeim sem verður fyrir slíku broti með refsingu gerandans og ég tel heldur ekki að það sé hægt að betrumbæta þann aðila eða hjálpa honum eða lækna hann með því einungis að refsa. Þar hlýtur meðferð að koma til skjalanna fyrst og fremst þó að hennar sé hvergi getið í þessu frv., enda er hér um hegningarlög að ræða og það er víst ekki síður að tiltaka meðferð í slíkum lögum.

Síðan vil ég víkja að 12. gr. og ég vil lesa þá grein, með leyfi hæstv. forseta:

„205. gr. orðist svo:

Refsing skv. 194.–204. gr. má falla niður ef karl og kona er kynferðismökin hafa gerst í milli, hafa síðar *gengið að eigast eða tekið upp óvígða sambúð, ef þau* voru þá í hjónabandi eða óvígðri sambúð, hafa eftir það tekið upp eða haldið áfram sambúð."

Nú skilst mér að það hafi aldrei reynt á þessa grein og mér finnst að það mætti fella þessa grein í burtu, það hljóti að vera mat dómsvalds og ákæruvaldsins á hverjum tíma að fella slíkt út og þurfi ekki sérstaka lagaheimild til. En eins og greinin stendur þarna finnst mér hún vekja villandi hugrenningatengsl. Hún vekur þau hugrenningatengsl að hjónaband eða óvígð sambúð geti á einhvern hátt, þótt síðar verði, réttlætt slíkan verknað. Það finnst mér vera hættulegt. Og þar sem aldrei hefur reynt á greinina og vandinn í kerfinu hefur ekki verið sá að ákæruvald eða dómsvald hafi verið svo áfjáð í að reka þessi mál tel ég að þessi grein mætti vel missa sig án þess að lögin mundu skaðast.

Ég vil þá víkja að 13. gr., greininni sem fjallar að hluta um vændi. Ég mundi vilja leggja til að það verði fellt burt að vændi sé refsivert. Ástæðurnar eru að ég tel í raun að vændi sé leið til að framfæra sig sem sé slíkt neyðarbrauð, sem manneskja hljóti að hrekjast út í af slíkum vandræðum með líf sitt og sjálfa sig, að slíkri manneskju þurfi samfélagið miklu fremur að hjálpa en að refsa. Ef litið er til þessa erlendis og *reyndar líka hérlendis er það mjög algengt að þeir* sem stunda vændi eru jafnframt fórnarlömb eiturlyfjaneyslu og stunda vændi til að fjármagna hana. Satt að segja finnst mér í raun mun refsiverðara að nýta sér vændi, vera neytandi vændis en að stunda það og mér finnst í raun það samfélag þar sem vændi þrífst sé mun saknæmara en sá sem hrekst út í að stunda slíkt. Þess vegna mundi ég vilja leggja til að orðin „stundar vændi sér til framfærslu eða" falli í burtu og setningin hljóði: Hver sem hefur atvinnu eða viðurværi sitt af lauslæti annarra skal sæta fangelsi allt að fjórum árum. — Því að það fellst ég á að sé refsivert.

Síðan er annað atriði í þessari grein sem ég vildi gera athugasemd við og ég vil lesa það með leyfi hæstv. forseta:

„Sömu refsingu varðar það einnig að stuðla að útflutningi nokkurs manns úr landi í því skyni að hann hafi ofan af fyrir sér erlendis með lauslæti ef útflytjandinn er yngri en 21 árs eða honum er ókunnugt um þennan tilgang með utanförinni."

Nú hefur það gerst á undanförnum árum víða í nágrannalöndum okkar að konur frá Suðaustur-Asíu hafa flust eða verið fluttar til t.d. Norðurlandanna, stundum hreinlega til að ganga í hjónaband þar sem þeim er ekki misboðið en þær eru jafnréttisaðilar og ekkert er athugavert, en stundum til þess að nýta þær annaðhvort í vændi eða til illrar meðferðar. Þær

koma úr fátæku umhverfi og atavinnuleysi í annan menningarheim sem þeim er framandi og verða oft fórnarlömb óprúttinna aðila. Þess vegna mundi ég vilja leggja til, án þess að ég sé að fullyrða að um slíkt sé að ræða hér á landi nú, að ákvæðið varði bæði útflutning og innflutning því að ég tel hvort tveggja jafnsaknæmt í raun og það þyrfti ekki miklar breytingar á þessari grein til að taka hvort tveggja með.

Ég ætla ekki að orðlengja frekar um þetta við 1. umr. Ég vildi samt koma með þessar athugasemdir. Ég er viss um að það er hægt að ræða þær og aðrar athugasemdir sem fram kunna að koma í friði og samlyndi í nefndinni. Ég hygg að allir viti að það er mjög nauðsynlegt að breyta þessum lögum og það er kannski enn nauðsynlegra að koma með raunveruleg meðferðarúrræði til að bæta alla meðferð málanna og þá sérstaklega allt viðmót við brotaþola aða þá sem verða fyrir slíku kynferðislegu ofbeldi.

Þó að sannarlega væri ekki vanþörf á að ræða þessi mál ítarlegar mun ég láta hér staðar numið. Ég vil biðja um áheyrnaraðild að hv. allshn. Ed. þegar fjallað verður um þetta mál. Þar mun væntanlega gefast tækifæri til að líta á það frá öllum hliðum og ég vonast eftir góðri samvinnu við hv. nefnd.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að þetta frv. er komið fyrir Alþingi. Mér sýnist í fljótu bragði að þarna sé um verulega bót að ræða frá því sem nú er í lögum. Ég verð að viðurkenna að ég hef ekki lesið frv. gaumgæfilega yfir, til þess hefur ekki unnist tími, en við fljótlegan yfirlestur sýnist mér að þarna sé verið að stíga skref í rétta átt og einkum að því leyti til að það er verið að gera þrennt með þessu frv.

Í fyrsta lagi eru þessi mál ekki kynbundin eins og þau hafa verið. Þau hafa verið kynbundin að því leyti til að það hefur einkum beinst að konunni, hún ein hefur notið refsiverndar en ekki karlmaðurinn sem má að vísu segja að sé eðlilegt, en í því þjóðfélagi sem við lifum í nú er ekki rétt að hafa ákvæði með þessum hætti. Hitt getur alltaf hent sig að karlmaðurinn þurfi á slíkri vernd að halda þó ekki fái ég séð hvernig það getur verið.

Þetta er einn alvarlegasti brotaflokkur hegningarlaganna og því er eðlilegt að refsing sé nokkuð þung og mér sýnist að í frv. sé einmitt verið að þyngja refsingu við brotum af þessu tagi og get ég fagnað því. Hins vegar, eins og fram kom í máli hv. 6. þm. Reykv., er ekki nóg að þyngja refsingar. Það verður að taka á þeim málum sem lúta að brotamanninum sem slíkum. Það skiptir í sjálfu sér ekki máli hvort hann er settur inn í þrjú eða fjögur ár ef maðurinn kemur alveg eins út aftur og hann fór inn eða jafnvel verri.

Varðandi það ákvæði sem hv. 6. þm. Reykv. benti á í 13. gr. frv., að fella út „hver sem stundar vændi sér til framfærslu“, þá get ég tekið undir að mér finnst þessi fyrri hluti setningarinnar mega missa sig. Ég held að þessar breytingar nái tilgangi sínum þó að það detti út.

Ég vil ekki hafa þessi orð öllu fleiri en taldi rétt að koma hér upp til þess að fagna frv. og lýsa ánægju minni með að það skuli vera komið fram. Eins og fram kom í máli hv. 6. þm. Reykv. þá vonast ég einnig eftir að eiga við hann og fleiri gott samstarf um að ræða þetta mál og vonandi verður að lögum.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vil þakka þær umræður sem hér hafa farið fram og auðvitað er það svo, eins og kom fram í máli hv. 6. þm. Reykv., sem hefur starfað lengi að þessum málum og þekkir vel öll þau sjónarmið sem uppi eru í sambandi við þessi viðkvæmu mál, að í þessu frv. eru álitamál.

Fyrsta álitamálið sem hv. þingmaður nefndi er hvort gerður skuli sá stigsmunur, sem fram kemur í 8. og 9. gr., og gert upp á milli að því er varðar blóðskyldleika. Nú er það ljóst að um mikla refsingu er að ræða í báðum tilvikum þannig að fram kemur mjög strangt mat á slíkum afbrotum. En þá kemur upp spurning í þessu sem öðru sem eru hin almennu siðferðislegu viðhorf sem ríkja. Út frá því taldi ég rétt að greina þarna á milli. Hitt er svo annað mál og um það má að sjálfsögðu deila. Aðalatriðið er þó að litið er mjög alvarlega á slík brot bæði að því er varðar 8. og 9. gr., þó að stigsmunur sé þar á milli.

Að því er varðar 12. gr. núgildandi laga er það að sjálfsögðu álitamál hvort hún skuli haldast eður ei. Hins vegar getur það verið mikilvægt að dómstólar hafi slíka heimild og það þarf að sjálfsögðu að meta það. Ég taldi þó rétt að þessi grein væri áfram í lögunum en viðurkenni hins vegar að það er að sjálfsögðu álitamál eins og svo margt annað í frv.

Í upphafi 13. gr. stendur að 206. gr. orðist svo: „Hver sem stundar vændi sér til framfærslu eða hefur atvinnu eða viðurværi sitt af lauslæti annarra skal sæta fangelsi allt að fjórum árum.“ Ég er þeirrar skoðunar að þetta skuli vera í lögum. Ég geri mér alveg grein fyrir því að um er að ræða mál sem bæði er viðkvæmt og á eru margar hliðar en tel að þetta sé í samræmi við þá almennu siðferðislegu vitund sem er í okkar landi og tel nauðsynlegt að hún komi fram með þessum hætti í okkar löggjöf. Ekki vegna þess að ég sé því fylgjandi eða að það sé einhver refsigleði sem þar liggur að baki, heldur er það sú fullvissa mín að slík siðferðileg vitund eigi að koma fram í löggjöfinni.

Ég vil þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur orðið og geri mér grein fyrir því að þetta mál þarf að ræða í nefnd og taka þessi álitamál þar til umræðu og kalla á aðila sem hafa sett sig inn í þessi mál. Ég vænti þess að nefndin geti náð um það samstöðu að afgreiða þetta mál á þessu þingi ef nokkur kostur er. Það er mjög mikilvægt að löggjöf sem þessi sé ekki lengi til umfjöllunar, heldur sé komið á vissu að því er þetta varðar og það komi skýrt fram að það sé vilji löggjafans að almennt sé tekið strangar á slíkum málum í þeirri von og trú að slíkur boðskapur frá löggjafarvaldinu geti orðið til þess að draga verulega úr slíkum brotum.

Tilgangur frv. er að draga úr þessum alvarlegu

brotum en ekki að refsa þeim enn meir sem eru svo ógæfusamir að lenda í þeim.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 405. mál (aðildarskilyrði o.fl.). — Þskj. 761.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það frv., sem hér er lagt fram, á sér þá sögu að lögfræðingar komust að þeirri niðurstöðu að miðað við orðalag gildandi laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins væri ekki hægt að halda áfram að hafa starfsmenn Sinfóníuhljómsveitar Íslands inni í lífeyrissjóðnum. Sinfóníuhljómsveit Íslands er hins vegar, eins og okkur er öllum kunnugt, í eðli sínu eitt af menningarfyrirtækjum íslenska ríkisins og því eðlilegt að starfsmenn Sinfóníuhljómsveitarinnar njóti sömu kjara og starfsmenn hliðstæðra menningarstofnana. Vegna orðalagsins í gildandi lögum var það því sameiginleg niðurstaða stjórnarmanna í lífeyrissjóðnum og sérfræðinga á þessu sviði að nauðsynlegt væri að flytja frv. á Alþingi til að tryggja að formlegur texti laganna gerði þá framkvæmd, sem allir eru sammála um að stefna að, lögformlega rétta. Í leiðinni var tækifærið notað til þess að gera ýmsar minni háttar breytingar á orðalagi laganna á fáeinum sviðum. Þessar orðalagsbreytingar fela ekki í sér neina efnisbreytingu frá þeirri venju sem tíðkast hefur á undanförnum árum.

Ég kaus að flytja frv. hér eitt og sér. Hugsanlegt hefði auðvitað verið að flytja víðtækara frv. um breytingar á lífeyrisréttarlögunum. Það hefði hins vegar tekið mikinn tíma og mikla umræðu í þinginu. Sú aðferð hefði með vissum hætti komið niður á starfsmönnum Sinfóníuhljómsveitarinnar sem hér er fyrst og fremst verið að tryggja áframhaldandi framkvæmd á þeirra lífeyrisréttindum. Þess vegna kaus ég að flytja frv. í þeim búningi að nánast eingöngu er um formstaðfestingar að ræða en frv. sem felur í sér efnisbreytingar bíður hausts.

Ég vænti þess svo að frv. fái greiðan gang í gegnum þingið því af hálfu lífeyrissjóðsins og fjmrn. og starfsmannafélags Sinfóníuhljómsveitarinnar er eindregið óskað eftir því að svo geti orðið. Ég vil í þessu sambandi geta þess að fyrir nokkrum vikum síðan bar hv. þm. Guðmundur Ágústsson fram fyrirspurn um það hvað liði þessu atriði varðandi frv. til að tryggja rétt starfsmanna Sinfóníuhljómsveitarinnar. Ég lýsti því þá yfir að frv. væri í undirbúningi og yrði flutt innan tíðar. Það er mér því sérstök ánægja að geta í dag staðið við þau orð.

Ég vonast til þess að frv. verði vísað til fjh.- og viðskn. sem geti afgreitt það fljótt og vel.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir það að leggja þetta frv. fram og efna það loforð sem hann gaf mér í sameinuðu þingi fyrir nokkrum vikum síðan. Ég vona svo sannarlega að þetta frv. verði að lögum á þessu þingi því það er mikil nauðsyn á því að breyta lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins þannig að starfsmenn Sinfóníuhljómsveitarinnar fái þar fulla aðild.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Ríkisábyrgðir, 1. umr.

Stjfrv., 406. mál (ábyrgðargjald). — Þskj. 762.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það hefur komið fram hér í umræðum hvað eftir annað í vetur að útgáfa ríkisbankanna á bankabréfum sé í raun og veru útgáfa á ríkistryggðum skuldabréfum. Sú ríkisábyrgð, sem á bak við ríkisbankana er, felur í reynd í sér að bankabréfin séu ígildi ríkisbréfa. Útgáfa þessara bankabréfa hefur aukist mjög á síðustu árum, jafnvel á síðustu mánuðum, og við erum þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að ákveðið samræmi sé á milli annarra ríkisábyrgða sem tíðkast í okkar kerfi og þessara bankabréfa. Jafnframt er frv. liður í því að skapa grundvöll fyrir samfellda vaxtalækkun þar eð útgáfa bankabréfanna á mun hærri vöxtum en eðlilegt væri miðað við form þeirra og bakgrunn hefur að ýmsu leyti verið ein af hindrununum á vaxtalækkunarferlinum.

Frv., sem ég mæli hér fyrir, felur því eingöngu í sér að taka upp samræmingu hvað ríkisábyrgðargjald snertir og að horfast í augu við þá staðreynd að meðan ríkisábyrgð hvílir á ríkisbönkunum og þeir gefa út verðbréf með þessum hætti er fullkomlega eðlilegt að þeir greiði einnig ríkisábyrgðargjald fyrir þann útgáfurétt. Síðan kæmi auðvitað til greina að taka upp skynsamlegri stýringu á verðbréfaútgáfu af þessu tagi í samræmi við það sem tíðkast í ýmsum löndum. Þar þurfa stofnanir að tilkynna væntanlega útgáfu verðbréfa og fara í útgáfuröð. Slík aðferð er talin stuðla að stöðugleika á verðbréfamarkaðnum. Vissulega kæmi einnig til greina að fylgja slíku eftir og ræða það við bankana og önnur fjármálafyrirtæki sem stunda hér verðbréfaútgáfu, bæði fjármálafyrirtæki ríkisins og einnig á hinum almenna markaði. Það bíður hins vegar seinni tíma að velta því fyrir sér. En nauðsynlegt var talið að tryggja strax að það ríkisábyrgðargjald, sem ég mæli hér fyrir, verði lagt á þessi ríkisbréf sem viðskiptabankar í eigu ríkisins gefa út.

Ég mælist svo til þess að frv. verði vísað til hv. fjh.-

og viðskn. þar sem fulltrúar fjmrn. og Seðlabankans geta væntanlega gefið nánari upplýsingar um eðli málsins.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Þetta er eitt af mörgum skattafrumvörpum þessarar ríkisstjórnar og ber eins og önnur slík frv. ríkisstjórnarinnar þess vitni að þar er annars vegar það látið ráða ferðinni að reyna að ná meiri tekjum inn í ríkissjóð en á hinn bóginn er ekki gætt samræmis í skatttökunni. Þannig kemur það strax í ljós við yfirlestur frv., og þarf ekki lengi að grufla, að það eru einkum gælusjóðir ríkisstjórnarinnar sem eiga að njóta skattfríðindanna áfram. Hér er talað um það að Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina skuli undanþeginn ábyrgðargjaldinu en á hinn bóginn gerir hæstv. fjmrh. ráð fyrir því að Byggðasjóður eigi að greiða ábyrgðargjaldið. Nú væri fróðlegt strax við fyrstu umræðu að fá upplýst hjá hæstv. fjmrh. hvaða þankar liggja þar að baki. Ef íhugað er hvert sé eðli Byggðasjóðs og Atvinnutryggingarsjóðs og því velt fyrir sér hvaða samvinna hefur verið milli þessara tveggja sjóða og hvaða þýðingu þeir hafa, ekki síst í sambandi við atvinnulífið úti á landi, hygg ég að það muni vefjast fyrir hæstv. fjmrh. hvers vegna það misræmi er sem þegar er orðið milli þessara sjóða með því m.a. að Byggðasjóður er látinn greiða 6% lántökugjald sem Atvinnutryggingarsjóðurinn sleppur við og þar fram eftir götunum.

Ég þarf heldur ekki að taka fram að það er undarlegt ef t.d. Framleiðnisjóður á að greiða ábyrgðargjald af þessu tagi. Ég veit ekki hvað fyrrv. landbrh. segir um það, hæstv. forseti, hvort honum finnist vera sá eðlismunur á Atvinnutryggingarsjóðnum og Framleiðnisjóðnum að tvímælalaust sé rétt að Framleiðnisjóður skuli bera ábyrgðargjöld sem Atvinnutryggingarsjóði er ekki ætlað að bera. Við getum velt fyrir okkur sjóði eins og Lánasjóði sveitarfélaga. Ég hafði ekki lagasafnið við höndina og láðist að fletta því upp áður en umræðan hófst hvort Lánasjóður sveitarfélaga er með ríkisábyrgð. Það væri fróðlegt að fá það upplýst hjá hæstv. ráðherra hvort hann hugsar sér að láta þann sjóð greiða ábyrgðargjaldið. Svo ég taki enn eitt dæmi: Hugsar hann sér t.d. að Lánasjóður ísl. námsmanna eigi að greiða þetta ábyrgðargjald? Ef Lánasjóður ísl. námsmanna á að greiða ábyrgðargjaldið hvers vegna á þá ekki Atvinnutryggingarsjóðurinn að gera slíkt hið sama? Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að ríkisstjórnin leggi fram, helst hér við 1. umr., lista yfir þá sjóði sem þeir ætlast til að greiði þetta ábyrgðargjald eða í það minnsta einhvern rökstuðning fyrir því hvers vegna þeir þrír sjóðir eru valdir sem um getur í 2. gr. Auðvitað gegnir sérstöku um Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna vegna þess að þessir tveir sjóðir fá þvílík framlög úr ríkissjóði að það að skattheimta þá væri algerlega út í hött, eins og raunar á við um Byggðasjóð, sem fær framlög úr ríkissjóði, og Stofnlánadeild landbúnaðarins, sem einnig hefur sérstaka tekjustofna. Þannig að þar er verið að éta skottið á sjálfum sér eins og í sumum málum öðrum sem ríkisstjórnin hefur lagt fram.

Það er nú þegar svo að ríkisbankar greiða sérstakt ríkisábyrgðargjald af erlendum lánum sem þeir taka og er því ekki um neina nýlundu þar að ræða ef ég skil frumvarpið rétt. Ég mun að sjálfsögðu athuga það í nefnd. En ég óska sem sagt eftir því að hæstv. fjmrh. útskýri fyrir okkur hér í deildinni hvaða eðlismunur er á milli Byggðasjóðs og Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina. Hversu má það vera að þetta sérstaka ábyrgðargjald á að falla á Hlutabréfasjóðinn, en eins og við vitum er litið svo á að aðildarbréf Hlutabréfasjóðs séu í eðli sínu skuldabréf. Og gert er ráð fyrir að ríkissjóður ábyrgist allt að 600 millj. kr. af aðildarbréfum Hlutabréfasjóðs. Nú er það að vísu enn eitt gæluverkefnið hjá ríkisstjórninni.

Hitt er augljóst að hæstv. félmrh. hefur mikil ítök og getur komið miklu fram með því stundum að ganga út af ríkisstjórnarfundum þannig að ég sé að húsbréfasjóðurinn er kominn þarna inn og væri kannski fróðlegt að fletta því upp um leið og málið fær meðhöndlun í nefnd hvaða sjóðir það séu aðrir sem heyra undir og falla undir félmrh. sem þessi nýja gjaldtaka á að taka til. Ég held að það hljóti að vera að hæstv. félmrh. hafi samþykkt það að þessi skattlagning komi á Lánasjóð sveitarfélaganna. Ef ég man rétt þá nýtur sá sjóður ríkisábyrgðar en ég þori að vísu ekki að fullyrða það nema athuga það sérstaklega.

Ég skal svo ekki segja meira um þetta. Mér finnst sjálfsagt að athuga þetta mál gaumgæfilega. Ég geri ráð fyrir því að hæstv. ráðherra annaðhvort hér við umræðuna eða þá starfsmenn hans í fjh.- og viðskn. leggi fram tæmandi lista yfir þá sjóði sem ætlast er til að greiði gjaldið. Úr því að á annað borð er farið að undanþiggja suma sjóði, þá hlýtur að vera óhjákvæmilegt að bera saman. Hvernig er t.d. með Framkvæmdasjóð aldraðra? Ég man ekki lögin, en er hugsanlegt að hann hafi heimild til að kaupa skuldabréf? Það er svona ýmislegt sem kemur upp í hugann en ljóst er um Framleiðnisjóðinn að hann hefur þvílíkar heimildir. Hlutabréfasjóðurinn vinnur beinlínis þannig að ætlast er til að hann fái allt sitt fjármagn með því að bjóða fram skuldabréf í A- og B-flokki. A-flokkurinn nýtur ríkisábyrgðar og væri raunar fróðlegt að vita og fá úr því skorið hvort B-flokkurinn gerir það ekki líka. En eftir þeirri undarlegu lagatúlkun sem gefin var á ríkisstjórnarfundi eftir áramótin, þegar því var haldið fram að skuldabréf Atvinnutryggingarsjóðsins nytu ríkisábyrgðar, hygg ég að segja megi að einnig B-hluti Hlutabréfasjóðsins megi gera það ef þetta undarlega orð, sem farið er að flagga upp á síðkastið, „eigendaábyrgð" þýðir nokkurn skapaðan hlut. Það hefur verið tískuorð síðustu missirin þó mér sé ómögulegt að finna í gömlum skruddum sem ég átti frá unga aldri þetta orð neins staðar skilgreint.

En þetta er sem sagt efni fyrirspurnar minnar: Hvers vegna Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina en ekki Hlutabréfasjóður eða Byggðastofnun? Hvers vegna Byggingarsjóður verkamanna og Bygg-

ingarsjóður ríkisins en ekki Lánasjóður námsmanna? Og spurningin hvers vegna Lánasjóður sveitarfélaga ef það er rétt sem mig minnir að sá sjóður njóti ríkisábyrgðar? Við getum líka talað um ýmsa aðra sjóði, við getum talað um Hafnabótasjóð og ýmsa aðra sjóði. Eiga allir þessir sjóðir að inna þetta gjald af hendi? Hvað býst ríkisstjórnin við að hún fái miklar tekjur út úr þessu? Ég held að það sé líka nauðsynlegt að það komi fram hér við umræðuna. Hvað er gert ráð fyrir að þetta verði mikill tekjustofn fyrir ríkissjóð? Mig langar líka til að spyrja: Hefur ríkisstjórninni nokkurn tíma dottið í hug að þetta ábyrgðargjald skuli geymt sérstaklega í sjóði þannig að það megi nota það síðar meir til þess að mæta áföllnum ríkisábyrgðum ef til kemur? Það eru margvíslegar spurningar sem vakna af þessu tilefni.

Ég vil líka nota tækifærið núna til að spyrja þessa tvo ráðherra sem hér eru, hæstv. viðskrh. og hæstv. fjmrh., hvað sé um Hlutabréfasjóðinn. Hæstv. forsrh. lýsti því yfir síðast þegar hann stóð í þessum ræðustól að af því 31 fyrirtæki sem athuguð höfðu verið af stjórn Hlutabréfasjóðs þyrftu 15 þeirra á tveim milljörðum að halda. Nú liggur fyrir að ríkisábyrgðin tekur aðeins til 600 millj. eins og ég skil lögin. Ætlar ríkisstjórnin sér að beita sér fyrir því að ábyrgðin í Hlutabréfasjóðnum verði aukin? Þau 16 fyrirtæki sem eftir eru, ef maður notar hlutfallareikning, þurfa þá 4 milljarða til sín og í ræðu sem hæstv. sjútvrh. flutti í Sþ. í nótt minntist hann m.a. á það að ekki hefði verið nógsamlega unnið að málefnum sjávarútvegsins. Hann sagði að árangurinn væri ekki nægilegur og talaði þá sérstaklega um það að hann gerði sér miklar vonir um það að bæði Atvinnutryggingarsjóðurinn og Hlutabréfasjóðurinn gætu hjálpað upp á sakirnar. Ég hef ekki nýjar upplýsingar um það hvernig lessið stendur í Atvinnutryggingarsjóðnum. Fyrir mánuði bjuggust þeir við því að peningarnir mundu e.t.v. duga ef þeir væru ekki of litlir. Nú liggur fyrir að sennilega þarf að margfalda ábyrgðaruppháðina í Hlutabréfasjóðnum með 7 til þess að hún sé nægileg fyrir framleiðslugreinarnar. Spurningar mínar eru sem sagt þessar:

1. Hvers vegna tekur ábyrgðargjaldið til Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina en ekki til Hlutabréfasjóðs og ekki til Byggðasjóðs?
2. Hvers vegna tekur ábyrgðargjaldið til Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna en ekki til Lánasjóðs námsmanna?
3. Er meiningin að skattleggja með þessum hætti Lánasjóð sveitarfélaga eða er hann undanþeginn?
4. Úr því að þetta mál ber hér á góma, úr því að spurningunni var ekki svarað í nótt, ætlar ríkisstjórnin að standa fast við það að í Hlutabréfasjóðnum standi ríkið einungis á bak við 600 millj., þá muni ríkisstjórnin halda við 600 millj., eða hyggst ríkisstjórnin auka heimildina til ríkisábyrgðar þannig að hún taki e.t.v. til 4 milljarða eins og allar líkur eru á að þörf sé fyrir í þeim sjóði ef hægt á að vera að styrkja sjávarútveginn úti á landi með þeim hætti sem Framsfl. telur nægilegt eins og ég skil það?

Báðir þeir ráðherrar sem hér eru inni lýstu því yfir í nótt að þeir teldu að ekki kæmi til greina að breyta gengi krónunnar um leið og þeir lýstu því báðir yfir í nótt að þeir teldu eðlilegt að þær kjarabætur sem samið hefur verið við BSRB um muni ganga yfir hinn almenna vinnumarkað þannig að það er ljóst að fjárþurrð atvinnurekstrarins mun vera vaxandi en ekki minnkandi því að allir draumar um batnandi ytri skilyrði sjávarútvegsins eru úti í blámóðu fjarskans, eru hillingar. Stundum geta hillingarnar verið leiðbeining. Stundum, ekki alltaf.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég vil í mikilli vinsemd beina þeim tilmælum til hv. þm. Halldórs Blöndals hvort ekki væri vænlegra að þessi almenna umræða sem hann var að leggja hér drög að geti farið fram við 2. umr. um þetta frv. þegar hv. fjh.- og viðskn. hefur haft tækifæri til þess að fjalla um það. Sú ósk mín stafar kannski aðeins af því að ég hafði reiknað með að við gætum lokið þessari umræðu nú og komið þessu frv. til nefndar og hafði gert áætlanir í samræmi við það þó auðvitað sé sjálfsagt og eðlilegt að deildin taki þann tíma sem hún þarf. Ég set þetta sjónarmið fram hér og nú vegna þess að mér fannst gæta viss misskilnings í ræðu hv. þm. Halldórs Blöndals sem ég held að sé eðlilegra að fjalla um í nefndinni. En ég get varpað ljósi á þá ályktun mína með því að segja: Ef þetta ríkisábyrgðargjald skilaði ríkissjóði engum tekjum, þá teldi ég það hafa náð tilgangi sínum. Það er þess vegna misskilningur að hér sé um tekjuöflunarfrv. að ræða fyrir ríkissjóð, heldur er fyrst og fremst um að ræða samræmingu í vaxtakerfinu í landinu, þar sem annars vegar eru gefin út spariskírteini ríkisins með fullri ríkisábyrgð sem bera tiltekna vexti og hins vegar önnur verðbréf sem seld eru á almennum markaði sem í reynd bera einnig ríkisábyrgð. Ég er t.d. persónulega þeirrar skoðunar að ef bankarnir hættu útgáfu bankabréfa, þá væri það mjög skynsamleg ákvörðun bæði frá bankalegu sjónarmiði og frá vaxtalegu og efnahagslegu sjónarmiði. Þá mundi það ríkisábyrgðargjald á bankabréfum, sem hér er verið að gera tillögu um, ekki skila ríkissjóði einni einustu krónu. Það væri að mínum dómi mjög árangursrík niðurstaða af þessu frv. Þetta væri hægt að útskýra í nokkuð löngu máli, en ég held að það sé heppilegra að nefndin sé sá vettvangur þar sem sú kynning og umfjöllun fer fram. Þess vegna er hér eingöngu um að ræða samræmingarfrv. í vaxtamálum, en ekki tekjuöflunarfrv. fyrir ríkissjóð. Ég vona að þetta komi nokkuð skýrt fram í grg. og vil beina þeim tilmælum til hv. þm. hvort við getum ekki sameinast um það að ítarlegri umfjöllun um málið fari fram þegar hv. fjh.- og viðskn. hefur haft tækifæri til þess að kynna sér efnisgrundvöll frv.

Hvað snertir Hlutabréfasjóðinn þá er auðvitað hægt að fjalla um hann ítarlega hér og nánast við hvaða tækifæri sem menn kjósa en það er þó alveg ljóst að sú umræða mun taka nokkuð langan tíma og ég hefði talið heppilegra fyrst hæstv. forsrh. kemur til

landsins á morgun að sú umræða færi fram að honum viðstöddum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, 1. umr.

Stjfrv., 408. mál (fjárfestingar í öðrum atvinnurekstri). — Þskj. 768.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga á þskj. 768 um breytingu á lögum nr. 18 11. maí 1977, sbr. lög nr. 45 11. maí 1982 og lög nr. 95 28. maí 1984, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði. Þetta frv. er samið í iðnrn. Það er flutt til að heimila Íslenska járnblendifélaginu að taka þátt í öðrum atvinnurekstri en bræðslu kísiljárns. Frv. byggir m.a. á hugmyndum sem hafa verið ræddar í stjórn félagsins og sem framkvæmdastjóri þess hefur rætt við aðra hluthafa og þeir fyrir sitt leyti geta fallist á.

Það er kjarni þessa máls að lagt er til að hlutafélaginu, Íslenska járnblendifélaginu hf., verði heimilað að tryggja vöxt fyrirtækisins með arðvænlegum fjárfestingum í öðrum greinum atvinnurekstrar, annaðhvort með þátttöku í öðrum félögum eða með stofnun dótturfyrirtækja.

Í lögum nr. 18/1977 er tekið fram að verksmiðjan skuli reist og rekin til að framleiða kísiljárn og til að hafa með höndum þá framleiðslu og tengdan atvinnurekstur. Í samræmi við þetta var tilgangur hlutafélagsins skilgreindur í 3. gr. samþykkta þess á þennan hátt, með leyfi hæstv. forseta, „að byggja, eiga og reka verksmiðju á Íslandi til framleiðslu á kísiljárni og að hafa um hönd alla starfsemi eða viðskipti sem atvinnurekstur þessi þarfnast eða honum fylgir".

Frá því að ákvarðanir um byggingu kísiljárnverksmiðjunnar voru fyrst teknar hafa flestar forsendur þessa iðnaðar breyst mikið, bæði að því er varðar framboð á kísiljárni á heimsmarkaði og eftirspurn eftir því. Eins og nú standa sakir er ekki talið tímabært eða ráðlegt að stækka verksmiðju Járnblendifélagsins með viðbótarofni eða ofnum. Afkoma félagsins er góð og því þykir eðlilegt að leggja til að verksvið félagsins verði rýmkað og að þeir fjárhags-, tækni- og stjórnunarburðir sem fyrirtækið hefur yfir að ráða verði nýttir á fleiri sviðum en þeim sem í upphafi var ætlast til. Á þennan hátt gæti Járnblendifélagið orðið virkur þátttakandi að atvinnurekstri í landinu, ekki síst í sínu heimahéraði, bæði í nýiðnaði og rekstri sem fyrir er. Meðal þeirra nýiðnaðarverkefna sem notið gætu góðs af þekkingu og fjármagni í félaginu eru t.d. þróunarverkefni á sviði efnistækni, málmbræðslu og endurvinnslu málmúrgangs þar sem fyrirtækið hefur góðar forsendur til að verða að liði og koma upp nýrri, arðvænlegri framleiðslu. Ég nefni þetta eingöngu sem dæmi því að ég tel alls ekki að félagið eigi að vera bundið af því að fjárfesta eingöngu í iðnfyrirtækjum.

Það er ánægjulegt tilefni sem þetta frv. á sér og það er það að þarna hefur verið svo mikill og góður rekstrarafgangur, bæði í fyrra og sýnilega á þessu ári að það er vandasamt viðfangsefni hjá félaginu að festa þennan arð í nýjum fjárfestingum sem geti skilað fyrirtækinu og öllum landsmönnum arði.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa um þetta mál fleiri orð, en legg áherslu á að þetta frv. nái fram að ganga á þessu þingi. Að endingu legg ég til að frv. verði að lokinni þessari 1. umr. vísað til hv. iðnn. og 2. umr.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég vil lýsa yfir ánægju minni yfir þessu frv. Þetta frv. er skýr vottur þess hversu vel getur til tekist í samvinnu Íslendinga og erlendra aðila, annars vegar í stórverkefnum sem lúta að því að nýta auðlindir okkar, fallvötnin, til stóriðjurekstrar og hins vegar þegar vel tekst til hvernig slík fyrirtæki geta orðið mikill styrkur í nýrri atvinnuuppbyggingu hér á landi hvort sem við tölum í þeim efnum um þróunarverkefni á sviði efnistækni, málmbræðslu og endurvinnslu málmúrgangs, en það er auðvitað sjálfsagt líka að minnast á það, og ég hygg að það sé rétt, að þetta fyrirtæki hafi velt fyrir sér fiskeldi og ýmsum öðrum sviðum. Framleiðsluiðnaður af þessu tagi er auðvitað forsenda þess að hér sé hægt að lifa því menningarlífi sem við viljum og er sú vítamínssprauta í atvinnulífið sem við þurfum svo sannarlega á að halda.

Við sjáum víðar á landinu dæmi um uppbyggingu sem hefur með þessum hætti orðið mikil stoð eða styrkur fyrir þau sveitarfélög þar sem slík fyrirtæki eru. Ég minnist t.d. á Kísiliðjuna við Mývatn. Ég get líka minnst á Ísno þar sem samvinna Íslendinga og Norðmanna hefur valdið því að mjög athyglisverður árangur hefur náðst í fiskeldi, sem hv. 8. þm. Reykv. kann raunar betur að rekja en ég, sem okkur munar mikið um í okkar útflutningstekjum.

Síðast en ekki síst vil ég láta í ljósi ánægju mína yfir því að Alþb. skuli standa að þessu frv. sem einn aðili að ríkisstjórninni. Það er um leið viðurkenning Alþb. á þeirri miklu þýðingu sem stóriðjan hefur fyrir okkur Íslendinga þegar vel tekst til. Ég vil sérstaklega láta í ljósi ánægju mína yfir því um leið og ég fullvissa hæstv. viðskrh. um það að ef eitthvað stendur á Alþb. að koma þessu máli greiðlega í gegnum þingið þá munum við sjálfstæðismenn svo sannarlega gera allt sem við getum til þess að greiða fyrir málinu.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Ég þakka fyrir árnaðaróskir og góðar og hlýjar kveðjur frá hv. 2. þm. Norðurl. e. í sambandi við það mál sem hér er til umfjöllunar. Ég skal fullvissa hann um það að Alþb. stendur einhuga bak við iðnrh. um það að fá þetta frv. samþykkt.

Í sambandi við það fyrirtæki sem hér er verið að fjalla um, Íslenska járnblendifélagið, þá hafa átt sér stað miklar umræður um það og áttu sér stað miklar

umræður í upphafi þegar þessi verksmiðja var byggð. Ekki er hægt að bera á móti því að rekstur þessa fyrirtækis hefur gengið á ýmsu. Það féll í hlut iðnrh. Alþb. að gera kannski stærstu hlutina til þess að tryggja rekstur fyrirtækisins eða leggja til eða standa fyrir stærstu fjárveitingunni frá íslenska ríkinu til þessa fyrirtækis til að tryggja áframhaldandi rekstur þess. Það er komið á daginn að sú aðgerð var rétt og hún er að skila sér núna með góðri afkomu þessa fyrirtækis sem er að meiri hluta í eigu Íslendinga og undir íslenskri forsjá.

Það þarf að gera það upp við sig hvort þetta fyrirtæki á að endurgreiða þann tekjuafgang, sem núna blasir við, til meðeigendanna erlendu eða nota hann, eins og vilji er fyrir í öllu hlutafélaginu, til þess að koma upp nýjum atvinnugreinum. Ég tel það svo sjálfsagt mál að nota þetta fjármagn til þeirra hluta og Alþb. stendur, eins og ég sagði hér áðan, einhuga að því að nota þá peninga sem verða til í íslenskum atvinnuvegi, sem þarna er um ræða, til þess að byggja upp íslenska atvinnuvegi.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Þetta mál er að ýmsu leyti ágætismál og gefur eiginlega tilefni til þess að opna hér umræðu um það með hvaða hætti við getum örvað þátttöku ekki aðeins útlendinga í uppbyggingu íslensks atvinnulífs heldur Íslendinga sjálfra. Það er góðra gjalda vert og ágætt og út af fyrir sig er það ánægjulegt að Alþb. skuli vera orðið svona jákvætt gagnvart því að erlendir aðilar komi hér eitthvað til skjalanna í sambandi við nýjan iðnað og ný atvinnutækifæri og að jafnvel Alþb. skuli skrifa hér upp á óútfylltan víxil um það með hvaða hætti fyrirtæki, sem er að töluverðu leyti í eigu erlendra aðila, megi fara inn í íslenskt fyrirtæki. Þó að ég vilji hafa ákveðinn fyrirvara á því, þá á maður yfirleitt ekki að gefa út óútfyllta víxla eða ávísanir heldur verður maður að gera sér grein fyrir því hvort maður á innstæðu fyrir því sem verið er að gera og með hvaða hætti það á að hafa áhrif á eigin hag og stöðu.

Þess vegna vil ég nú segja það og óska eftir því við hæstv. iðnrh. að hann upplýsi mig og okkur þingmenn hér m.a. um það hverjir séu helstu hluthafar á bak við Elkem, norska fyrirtækið og Sumitomo. Þar á ég við það hvort hann gæti upplýst okkur hv. þm. um það hverjir hafi eignarhald á þessum fyrirtækjum. Ég verð að lýsa vankunnáttu minni í þeim efnum. Það væri mjög fróðlegt.

Við þekkjum það t.d. erlendis, virðulegi forseti, að þar sem stórfyrirtæki eru á ferðinni ganga hlutabréf kaupum og sölum á opnum markaði. Það er viðurkennt og staðreynd, bæði í Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku, að meðal stærstu viðskiptavina á hlutabréfamörkuðum helstu iðnríkja heims eru t.d. tryggingafélög, einkabankar, fjárfestingarfélög, verðbréfasjóðir og lífeyrissjóðir. Ég staldra nokkuð við í upptalningunni vegna þess að mér finnst mjög skorta á það í umræðu hér á Íslandi þegar verið er að tala um það að efla og örva þátttöku aðila í atvinnulífinu, hvað við hv. þm. höfum eiginlega verið tómlátir eða afskiptalitir um það að örva hliðstæða aðila til þátttöku í íslensku atvinnulífi, þ.e. íslenska aðila sem hafa yfir fjármagni að ráða, náttúrlega með þeim takmörkunum sem okkar litla efnahagslíf setur okkur, með sama hætti og þessi erlendu fyrirtæki hafa hvert á sínu sviði í sínum heimalöndum og einnig sem fjölþjóðafyrirtæki yfir landamæri.

Þess vegna þætti mér vænt um það ef hæstv. ráðherra hefði einhverjar upplýsingar um það hvernig samsetning hluthafa kynni að vera í þessum tveim stóru fyrirtækjum erlendu, sem eru hluthafar í Járnblendiverksmiðjunni. Ég segi það vegna þess að mér finnst vel koma til greina að við hv. þm. skoðum það og eigum frumkvæði að því að örva íslenska aðila, íslenska fjármagnsaðila til aukinnar þátttöku og sköpum þau skilyrði til þess að gera það með hvatningu og jafnvel breytingum á lögum og reglugerðum að þeir gætu t.d. komið með sitt fjármagn inn í þessi stóru fyrirtæki. Ég á t.d. við lífeyrissjóðina, sem mér finnst að þurfi endilega að koma inn, sérstaklega í sambandi við stórfyrirtæki og uppbyggingu hliðstæða því og hugsað er með því frv. sem hér er lagt fram, nýsköpun í íslensku atvinnulífi.

Í því sambandi þætti mér einnig koma til athugunar, og ég vildi gjarnan heyra skoðun hæstv. ráðherra á því, einmitt núna í sambandi við þetta tiltekna mál að ríkisstjórnin athugaði það hvort ekki væri hægt að selja eða bjóða til sölu eitthvað af því hlutafé sem ríkið á í þessu fyrirtæki, hinu Íslenska járnblendifélagi. Ég held að það væri mjög áhugavert að setja eitthvað af hlutabréfum ríkisins inn á frjálsan markað og gera þær ráðstafanir að þessir fjármagnsaðilar sem ég tiltók kæmu til skjalanna. Ég segi það vegna þess að með því mundum við hugsanlega skapa íslenskum aðilum sömu möguleika og ég held að mjög margir hluthafar í þessum erlendu fyrirtækjum sem hér hafa verið nefnd hafi í sínum eigin löndum. Ég hef ástæðu til að halda það að í öðru hvoru þessara fyrirtækja komi t.d. lífeyrissjóðir og fjárfestingarfélög mjög sterkt inn í myndina sem eignaraðilar að þessum fyrirtækjum. En hæstv. ráðherra kann hugsanlega að geta upplýst okkur frekar um það.

Ég vil síðan að lokum segja það sama og hv. þm. Halldór Blöndal að það ber að fagna öllu sem gert er á betri veg til að efla íslenskt atvinnulíf og ég vænti þess að þetta frv. og sú hugsun sem er á bak við það leiði til þess.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka þær undirtektir sem þetta frv. hefur fengið hér í þingdeildinni. Ég hef því miður ekki á hraðbergi svör við spurningum hv. 14. þm. Reykv. um það hverjir eigi Elkem og Sumitomo. Ég get ekki greint það sundur á þessari stundu en ég mun hins vegar beina því til minna samstarfsmanna í iðnrn. að afla upplýsinga um það sem fram gætu komið í nefndinni sem um þetta mál mun fjalla. En ég hygg að hv. 14. þm. Reykv. fari ekki fjarri sanni þegar hann getur sér til um að í þessum félögum muni

eiga stóra hluti skipulegir sparnaðaraðilar, eins og ég vil kalla lífeyrissjóði og fjárfestingarfélög almennings. Ég er viss um að í þessum opinberu hlutafélögum eiga slíkir aðilar myndarlega hluti. Um þetta má fá nánari vitneskju og ég mun freista þess að afla hennar. Hins vegar er náttúrlega eins og vel er kunnugt Sumitomo-félagið mikil keðja af atvinnurekstri og fjármálastarfsemi sem kannski er ekki auðvelt að greina í sundur í fljótu bragði. Við Elkem er sennilega auðveldara að fást.

En ég vil taka undir sumt í hugleiðingum hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar að það er mikilvægt fyrir okkur að finna leiðir til þess að sparnaður launþega, sparnaður almennings finni sér farveg í fjárfestingu í atvinnulífinu sjálfu, því sem við munum lifa á bæði fyrr og síðar og að þessi ofuráhersla á fjárfestingu í íbúðarhúsnæði og ríkisskuldabréf sé ekki heppileg þegar til lengdar lætur. Um þetta er ég honum sammála og ég vonast til þess að við getum sameiginlega fundið leiðir að þessu marki þar sem í senn sé fullnægt þörfinni fyrir örugga ávöxtun á þessu sparifé almennings, sem eru lífeyrissjóðirnir, og um leið efld til framfara atvinnugreinin sem menn eru að fjárfesta í hverju sinni. Um þá hugmynd að selja hluti ríkisins í Járnblendifélaginu vil ég ekkert segja á þessari stundu, en það er ein hugmynd sem ástæða er til að hugleiða.

Hins vegar er það náttúrlega líka rétt að viðleitni lífeyrissjóðanna hlýtur jafnan að vera sú að hafa örugga ávöxtun á sínu fé og þar koma auðvitað hinir opinberu skuldabréfaútgefendur sérstaklega til greina. En það er hárrétt athugað hjá hv. 14. þm. Reykv. að það er undirstaðan í atvinnulífinu sem við þurfum að leitast við að efla með skynsamlegum fjárfestingum og bein þátttaka lífeyrissjóðanna þar og þær breytingar, sem hugsanlega þarf að gera á þeirra starfsskilyrðum og reglum til þess að svo megi verða. Þetta er áhugamál mitt ekki síður en hv. þm. sem hér tók þessa hlið málsins til umhugsunar og umræðu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til iðnn. með 13 shlj. atkv.

Verkfræðingar, 1. umr.

Stjfrv., 409. mál (landslagshönnuðir). — Þskj. 769.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. á þskj. 769 um breytingu á lögum nr. 62 5. sept. 1986, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, húsgagna- og innanhússhönnuði, tæknifræðinga eða byggingarfræðinga.

Þetta frv. er samið í iðnrn. og með því er lagt til að starfsheitið landslagshönnuður verði lögverndað hér á landi. Með starfsheitinu landslagshönnuður er átt við þá sem að menntun og starfsþjálfun eru hliðstæðir þeim sem á ensku nefnast landscape architect og á dönsku landskabsarkitekt og á þýsku Landschaftsarkitekt.

Frv. er flutt að tilmælum Félags landslagsarkitekta sem svo er nefnt sem fyrst óskaði eftir lögverndun á sínu starfsheiti á árinu 1983. Ekki þótti fært að verða við þeim tilmælum félagsins að lögvernda orðið arkitekt, enda hafa t.d. félagar í Arkitektafélagi Íslands hið lögverndaða starfsheiti húsameistari en ekki arkitekt eins og starfsbræður þeirra í öðrum löndum. Reyndar var það svo að af hálfu iðnrn. var lagt til að starfsheitið yrði þýtt annaðhvort með orðinu umhverfishönnuður eða landslagsmeistari sem væri þá líkt hinu íslenska heiti arkitektanna, þ.e. húsameistari. Félagið óskaði hins vegar eindregið eftir starfsheitinu landslagshönnuður með vísan til þess að önnur þau félög sem lögvernduð starfsheiti hafa samkvæmt þessum lögum voru meðmælt því heiti og eftir atvikum fellur það að sinni gerð að starfsheiti húsgagna- og innanhússhönnuða og gat ráðuneytið fyrir sitt leyti fallist á þetta starfsheiti.

Ég vil taka það alveg skýrt fram að í frv. er aðeins lagt til að starfsheitið sem slíkt sé lögverndað en í því felst ekki einkaréttur til starfa. Það verður að teljast eðlilegt og reyndar sanngjarnt að þeir sem fást við hönnun á landslagi og gerð garða fái lögverndað starfsheiti eins og sambærilegar stéttir. Ég vil í því sambandi taka sérstaklega fram að Alþjóðavinnumálastofnunin viðurkenndi starfsheitið landslagsarkitekt árið 1968 og flokkaði það samhliða starfsheitunum húsameistari og skipulagsfræðingur. Ég vil líka taka það fram að umsagna um þetta mál var aflað frá þeim aðilum sem lög nr. 62 frá 5. sept. 1986 taka til og eru þær umsagnir prentaðar sem fylgiskjöl með frv.

Hæstv. forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál en legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. iðnn. og 2. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til iðnn. með 13 shlj. atkv.

Innflutningur búfjár, 1. umr.

Stjfrv., 411. mál (fósturvísar í kýr). — Þskj. 771.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um innflutning búfjár á þskj. 771 sem er 411. mál. Í samræmi við ályktun Alþingis frá 24. febr. 1987 skipaði þáv. landbrh. nefnd til að endurskoða gildandi lög um innflutning búfjár, það eru lög nr. 74/1962. Seint á síðasta ári skilaði nefndin frá sér tillögum að frv. til nýrra laga um þetta efni og hafa þær tillögur hlotið talsverða umfjöllun og um-

sögn nokkurra aðila verið fengin. Ekki vannst þó tími til að leggja það heildarfrumvarp fyrir Alþingi það sem nú situr af ýmsum ástæðum en stefnt er að því að það geti orðið næsta haust.

Í 19. gr. núgildandi laga er skýrt kveðið á um bann við flutningi búfjár frá Sóttvarnastöð ríkisins. Jafnframt er þar kveðið á um heimildir til flutnings á sæði frá Sóttvarnastöð ríkisins í land; þetta er Sóttvarnastöð ríkisins í Hrísey.

Nú er frá því að segja að frá gildistöku þessara laga, sem eru eins og ég áður gat um frá 1962, hefur komið fram ný tækni við flutning erfðaefnis milli dýra og er þar átt við flutning á fósturvísum sem eru frjóvguð egg eða fóstur á frumstigi. Flutningur á fósturvísum frá Hrísey til lands býður upp á mun hraðari framræktun Galloway-nautgripakynsins en ef notaðar eru sæðingar sem augljóst má vera. Það er því talið mikilvægt með tilliti til framræktunar Galloway-kynsins í landi og einnig til að stytta þann tíma sem Sóttvarnastöðin verður eingöngu bundin við ræktun þessa eina búfjárkyns að fá lagaheimild til að nota þessa nýju tækni. Af þeirri ástæðu er gert ráð fyrir í frv. að aukið verði við 19. gr. núgildandi laga og sett þar inn heimild til handa landbrh. að leyfa að fengnu samþykki yfirdýralæknis flutning fósturvísa úr kúm í Sóttvarnastöðinni í land. Sjúkdómahætta af slíkum flutningi er talin hverfandi.

Ástæða þess að þetta frv. er nú flutt er einfaldlega sú að talið var æskilegt að fá þessa lagaheimild til að henni væri unnt að beita ef það sýndist ráðlegt þegar á þessu ári þó að heildarendurskoðun laganna dragist fram til næsta þings af ýmsum ástæðum sem ég tel óþarft að rekja hér. Ég vona að þessi smávægilega lagabreyting fái hér greiðan gang í gegnum þingið af þeim praktísku ástæðum sem ég hef nú gert grein fyrir og legg svo til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til hv. landbn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Innflutningur á skipum, 1. umr.

Stjfrv., 419. mál. — Þskj. 779.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa Köfunarstöðinni hf., Dýpkunarfélaginu hf., Slysavarnafélagi Íslands og Íslenska úthafsútgerðarfélaginu hf. innflutning á skipum. Frv. er fimm greinar og fjallar hver greinin um sig um einn þeirra aðila sem ég las upp í heiti frv. og heimilar undanþágu til handa þessum aðilum til að flytja inn skip sem eldri eru en 12 ára en þannig háttar til að í lögum um eftirlit með skipum, lögum nr. 51/1987 er lagt bann við því að flytja til landsins skip eldri en 12 ára, sbr. 2. mgr. 21. gr. þeirra laga.

Það hefur um langt skeið verið ákveðin stefna íslenskra stjórnvalda að heimila ekki innflutning á skipum til almennra og venjulegra nota sem ekki falla undir þessi lagaákvæði en hins vegar hafa verið gerðar undanþágur þegar í hlut eiga sérhæfð skip eða til mjög sérstakra nota og hefur af og til á undanförnum árum verið aflað heimilda með lögum til þess að víkja frá greindum ákvæðum þessara laga.

Ég hygg að í öllum þeim tilvikum sem hér eru nefnd verði ekki um það deilt að í hlut eiga í raun hvort tveggja í senn sérhæfð skip og sérhæfð not. Þannig er það að sjálfsögðu með dýpkunarpramma fyrir Köfunarstöðina, dýpkunarpramma fyrir Dýpkunarfélagið og hið sérhæfða björgunarskip fyrir Slysavarnafélag Íslands sem Slysavarnafélagið hefur nýverið keypt af systurfélagi sínu í Bretlandi og fengið við mjög hagstæðum kjörum.

4. gr. er kannski nokkurs annars eðlis, en þar er um að ræða að heimilt verði að skrá á Íslandi skip sem Íslenska úthafsútgerðarfélagið hf. kaupir eða leigir, verksmiðjuskip eða móðurskip, þó eldra sé en 12 ára, en þar er skýrt tekið fram að þó heimiluð verði skráning þessara skipa á Íslandi muni þau aldrei fá hvorki veiðiheimildir né vinnsluleyfi í íslenskri fiskveiðilögsögu. Þannig háttar til að skipaútgerð þessi, ef af verður, er ætluð til að nýta veiðiheimildir sem Íslendingar hafa samkvæmt samningi við Bandaríkjamenn sem kominn er nokkuð til ára sinna en hefur ekki fram að þessu verið nýttur þrátt fyrir einar tvær tilraunir í þá veru. Það var eindregið álit bæði hæstv. sjútvrh. og hæstv. utanrrh. að mjög æskilegt væri ef takast mætti að stuðla að því að þessi samningur yrði hafinn og nýttur og meðmæli komu frá báðum ráðuneytunum sem ég áðan nefndi um það að Íslenska úthafsútgerðarfélagið yrði stutt til þess að reyna þessa útgerð og með þeim hætti sem þá er hér gert. Jafnframt komu um það ábendingar frá sjútvrn. að rétt væri að hafa þá ákvæði í þeim hinum sömu lögum þar sem aflað væri heimilda til skráningar skipa Úthafsútgerðarfélagsins þar sem tekið væri fram og tekin af öll tvímæli um að þó þessi skip yrðu hér skráð fengju þau hvorki veiði- né vinnsluheimildir í íslenskri fiskveiðilögsögu og er svo gert, sbr. þriðju og síðustu mgr. 4. gr. laganna.

Ég held ég hafi þá ekki fleiri orðum við þetta að bæta, herra forseti, en legg til að málinu verði vísað til hv. samgn. að lokinni þessari umræðu.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Það mál sem hér er til umfjöllunar finnst mér vera með dálítið sérstökum hætti og sérstakt, að það þurfi sérstök lög á Alþingi Íslendinga til að flytja inn verkfæri eins og dýpkunarpramma. Hefði nú kannski ekki verið réttara með þessari lagabreytingu að breyta þeim lögum sem banna alfarið að flytja til landsins allt það sem hægt er að kalla skip, að þar væri ákveðin undanþága fyrir skip sem ekki eiga að vera til fiskveiða en eru eins og

þarna er dýpkunarprammar í 1. og 2. gr. — og 3. gr. um það að Slysavarnafélagið megi flytja inn skip? Að við séum með þannig lög í landinu að leita þurfi sérstakrar lagaheimildar Alþingis fyrir því að Slysavarnafélag Íslands komi með björgunarskip til landsins og að það þurfi að leita sérstakrar lagaheimildar til þess að Köfunarstöðin komi með dýpkunarskip, það er að mínum dómi nokkuð skrýtið og mér fyndist eðlilegra að þeim lögum sem loka fyrir að þetta sé leyfilegt verði breytt.

Um 4. gr. vildi ég segja þetta: Mér finnst sú grein orka nokkuð tvímælis. Eigum við að fara að leyfa kaup á fiskiskipum jafnvel þó að við setjum þá klásúlu í lögin að þessum skipum verði síðan óheimilt að stunda veiðar við strendur Íslands? Hver verður staða löggjafans þegar að því kemur við breyttar aðstæður að þetta skip, eftir að hafa nýtt sér veiðimöguleika við strendur Alaska eða vesturströnd Bandaríkjanna, hefur ekki lengur þá möguleika eða þeir eru kannski óhagkvæmir? Gæti ekki staðan orðið eitthvað svipuð þeirri sem manni virðist að ríkisstjórnin hafi staðið frammi fyrir hjá Arnarflugi eða öðrum fyrirtækjum sem eru búin að byggja sig upp og búið að gefa ákveðinn rétt, að það verði erfitt að snúa við eða erfitt að segja nei við því þegar þetta skip kæmi heim og legðist hér að bryggju og þyrfti á því að halda til þess að tapa ekki kannski stórum fjármunum, og ætti góða að í kerfinu? Mér finnst það kalla einmitt á eitthvað slíkt.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Það var út af síðustu orðum hv. 4. þm. Vesturl. Skúla Alexanderssonar sem ég bað um orðið. Ég er honum ekki sammála í afstöðu hans til 4. gr. þessa lagafrv. Ég lýsi því hér með yfir að ég styð eindregið 4. gr. eins og hún er fram sett í frv. Ég tel það bæði virðingarvert og mjög til fyrirmyndar að til skuli vera íslenskir menn, íslenskir aðilar, sem leita fyrir sér á erlendum fiskimiðum til þess að skapa auð og verðmæti fyrir íslenska þjóð. Það er hér um það að ræða í sambandi við þetta mál að Íslenska úthafsútgerðarfélagið hf. hyggst kaupa eða leigja meiri háttar fiskiskip eða réttara sagt verksmiðjuskip til þess að vinna afla úti fyrir ströndum Alaska í Norður-Ameríku. Þetta hefur áður verið reynt eins og fram kom í ræðu hæstv. samgrh. en tókst ekki sem skyldi en nú eru komnir nýir aðilar til skjalanna sem eru að reyna að hefja þetta verk að nýju með það í huga auðvitað að framleiða vörur sem væntanlega verða þá seldar í Bandaríkjunum eða Vestur-Evrópu eða Japan þar sem markaðir kunna að vera fyrir þær.

Ég vil þess vegna, virðulegi forseti, undirstrika það að hið háa Alþingi á ekki að gera slíkum mönnum erfiðara fyrir heldur er það skylda okkar þingmanna, eins og fram kom í ræðu hæstv. samgrh., að auðvelda Íslendingum það að takast á við ný verkefni, m.a. þeirrar tegundar sem fram kemur í frv. Ég vil þess vegna, virðulegi forseti, lýsa yfir stuðningi við frv. og alveg sérstaklega 4. gr. þess.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég get vel skilið og er í raun sammála því, sem hér kom fram í máli hv. 4. þm. Vesturl., að þetta er nokkuð óvenjuleg lagasmíð sem hér er á ferðinni. Það er fremur óvenjulegt að flytja þurfi sérstakt lagafrv. til að veita undanþágur eða veita innflutningsheimildir af þessu tagi. En ástæðan er sú að í lögunum um eftirlit með skipum, lögum nr. 51 1987, eru alls engar undanþáguheimildir þannig að það er beinlínis óheimilt að veita undanþágu frá þeim lögum nema afla þeirra sérstaklega með öðrum lagaheimildum. Þá liggur auðvitað beint við að spyrja eins og hv. 4. þm. Vesturl. gerði: Af hverju er þá ekki þeim lögum breytt og settar þar inn heimildir til að undanþiggja ákveðin tilvik? Það er út af fyrir sig góð spurning en ég bendi á að þau lög eru ekki eldri en frá 1987 og á árunum þar á undan var hvað eftir annað búið að veita heimildir með sérstökum lögum. Ég læt mér detta í hug, án þess að hafa kannski kannað það til hlítar, að ástæðan sé sú að ýmsir aðilar, þar á meðal siglingamálastjóri, eru eindregið þeirrar skoðunar að ekki beri að slaka á lagaákvæðum að þessu leyti og það beri að halda þeim sem alveg sérstökum undantekningartilvikum, þannig að út af fyrir sig má kannski hugsa það sem vissa vörn fyrir siglingamálayfirvöld og samgrn. að lögin séu afdráttarlaus og engin undanþáguheimildarákvæði séu þar fyrir hendi og það sé því alveg ljóst og liggi fyrir að menn geti ekki treyst á undanþágur. Þannig er frá þessum hlutum gengið eins og það er í dag.

Ég gleymdi víst að geta þess en að sjálfsögðu þurfa öll þessi skip sem hér um ræðir að uppfylla að öllu leyti íslenskar öryggisreglur og Siglingamálastofnun gengur úr skugga um það áður en bráðabirgðaheimild er veitt fyrir innflutningi að svo sé.

Varðandi 4. gr. hef ég ekki miklu við það að bæta sem ég sagði þar í upphafi annað en því að þannig háttar til að skilyrði þess að heimildir okkar til fiskveiði og fiskvinnslu í bandarísku fiskveiðilögsögunni á grundvelli áðurnefnds samnings eru að skipin séu skrásett á Íslandi og sigli undir íslenskum fána. Það er beinlínis sett inn í þann samning til þess að ekkert sé reynt að fara í kringum hann. Það er því alveg ljóst að við munum aldrei geta nýtt okkur þessi heimildarákvæði og þennan samning nema með skipum sem bæði eru skráð hér og sigla undir íslenskum fána.

Ég vek svo athygli á því að það er ekki einungis sagt í lagatextanum, 3. mgr. 4. gr., að skipum sem skráð verði samkvæmt heimild í 1. og 2. mgr. sé óheimilt að stunda fiskveiðar eða vinnslu sjávarafla í íslenskri fiskveiðilögsögu, heldur segir og í umsögn um 4. gr., sem samkvæmt hefðum mun hafa lagaskýringargildi komi til slíks síðar á ævi frv. eða laganna, beinlínis: „Heimildir samkvæmt þessari grein eru bundnar því skilyrði að skipin muni ekki undir neinum kringumstæðum fá leyfi til veiða eða til vinnslu sjávarafla í íslenskri fiskveiðilögsögu.“ Þannig að þó að menn kunni að hafa af því áhyggjur að einhvern tímann í framtíðinni geti komið til þess að menn reyni að

knýja á um fiskveiðiheimildir fyrir þessi skip innan íslenskrar lögsögu þá eru lögin hvað þetta snertir eins ótvíræð og hugsast getur.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til samgn. með 12 shlj. atkv.

Umferðarlög, 1. umr.

Stjfrv., 375. mál (gildistími ökuskírteina o.fl.). — Þskj. 706.

Flm. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Í ljósi þess að langt er nú liðið á dag, dagur senn að kveldi kominn, skal ég reyna að vera mjög stuttorður um þetta frv. á þskj. 706 sem ég hef flutt um breytingu á umferðarlögunum.

Ný umferðarlög gengu í gildi 1. mars 1988. Þau höfðu í för með sér margvíslegar breytingar frá þeim lögum sem áður giltu, velflestar til bóta. Gert er ráð fyrir því í gildandi lögum að þau skuli endurskoða fyrir árslok 1991 og er það auðvitað góðra gjalda vert. Hins vegar hefur komið í ljós að ýmsum ákvæðum í þessum nýju umferðarlögum þyrfti að breyta og það helst sem fyrst.

Nú er mér það ljóst að nýlega hefur verið hér til umræðu annað frv. til breytinga á umferðarlögum, þ.e. á þskj. 669, sem nokkrir hv. þm. í þessari deild flytja. Það kom í ljós á undirbúningsstigi að bæði hv. þm. Salome Þorkelsdóttir og sá sem þetta mælir voru með mál af þessu tagi í undirbúningi og varð það að samkomulagi okkar á milli að við flyttum hvort sitt frv. og síðan yrði unnið að þeim báðum í nefnd og þau þá hugsanlega sameinuð að svo miklu leyti sem það getur átt við, en að sumu leyti fjalla þessi mál um hið sama.

Ég skal í örstuttu máli gera grein fyrir þeim breytingum sem felast í mínu frv. Þær eru átta talsins.

Í fyrsta lagi er mjög einföld breyting. Það er að breyta orðinu afrein í frárein. Í gildandi umferðarlögum er talað um aðreinar og afreinar þar sem ekið er út af akbraut. Það hefur komið í ljós að þessi orð eru svo lík í munni og framburði að hætta er á að þau valdi ruglingi. Eðlileg og einföld breyting er að nota aðrein og frárein.

Önnur gr. frv. gerir ráð fyrir að færa ákvæði til fyrra horfs varðandi framúrakstur á gatnamótum. Það kom fljótlega í ljós að d-liður 1. mgr. 22. gr. orkaði tvímælis. Hann gekk þvert á þá reglu að ekki megi aka fram úr á gatnamótum. Það hefur nokkrum sinnum komið til að tryggingafélög hafa lagt ábyrgð á þá sem beygt hafa til vinstri á gatnamótum en lent í árekstri við ökutæki sem í sömu andrá hefur verið ekið fram úr í gagnstæða stefnu. Reynslan hefur bara sýnt að það er brýnt að breyta þessu.

Í 3. gr. er fjallað um ökuréttindi og í athugasemd um greinina segir: Í frv., sem lagt var fram á þinginu 1984–1985, var lagt til að dómsmrh. gæti sett reglur um frekari skilyrði fyrir auknum ökuréttindum til að stjórna vörubifreið sem væri 3500 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd. Í meðförum þingsins var þessu breytt í „vörubifreið sem skráð er fyrir meira en 5000 kg farm".

Nú er það svo að til eru ýmsar bifreiðar sem eru langtum þyngri eða 3500 kg en eru kannski ekki til þess gerðar að bera farm. Og það er lagt til hér að greininni verði breytt til þess horfs sem var í upphaflega frv. en seinna var breytt á Alþingi, enda er það í samræmi við alþjóðasamninga sem við erum aðilar að.

Í fjórða lagi geyma núgildandi umferðarlög ákvæði um að fullnaðarökuskírteini skuli gilda þar til ökumaður nær 70 ára aldri. Í eldri lögunum var gildistími almennra ökuskírteina ákveðinn 10 ár. Hér er lagt til að sú regla verði tekin upp aftur og ég held að ekki þurfi að fara mörgum orðum um það. Menn nota ökuskírteini í mjög vaxandi mæli sem persónuskilríki. Og skírteini með 50 ára gamalli mynd er kannski heldur gagnslítið sönnunargagn, aukinheldur getur hæfni ökumanns breyst vegna sjúkdóma eða slysa og því er lagt til að sú regla verði tekin upp að nýju að ökuskírteini skuli endurnýjað á 10 ára fresti.

Fimmta breytingin er sú að skylda þá sem sitja í aftursæti bifreiða sem búnar eru öryggisbeltum til þess að nota slík belti. Slík skylda er nú í lögum í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Ætla má að almenningur á Íslandi sé hlynntur þessari breytingu og nægir í því sambandi að minna á könnun Hagvangs fyrir tímaritið Heilbrigðismál í september 1988. Í 1087 manna úrtaki voru 88% hlynnt skyldunotkun bílbelta í aftursæti en 12% voru andvíg. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta. Það eru ótal dæmi um slys á fólki í aftursætum, einkanlega kannski börnum sem kastast fram þegar árekstur verður með ógnarhraða og þyngd.

Þá er lagt til í þessari grein að við fetum í fótspor Finna, Norðmanna og Svía og raunar fleiri þjóða og gerum skylt að hafa börn í viðeigandi öryggisbúnaði í bifreiðum. Hér er lagt til að sú skylda verði lögð á ökumenn að þeir sjái um að börn noti viðeigandi og mátulegan öryggisbúnað. Loks er lagt til að í lögin komi ákvæði þar sem sé beinlínis bannað að börn séu laus í framsæti eða framan við framsæti í akstri. Um þetta þarf raunar ekki að fara mörgum orðum.

Í sjötta lagi er lagt til að lögleitt verði að nota hjálma við akstur svonefndra torfærutækja. Er þá einkum átt við vélknúna snjósleða og vélknúin þríhjól og fjórhjól. Reynslan og það meira að segja nýleg og sorgleg reynsla hefur sýnt að ekki ber minni nauðsyn til að lögbinda hjálmanotkun við akstur slíkra farartækja en við akstur bifhjóla.

Í sjöunda lagi er ákvæði sem varðar tryggingamál. Þar er lögð á eiganda skráningarskylds vélknúins ökutækis sú skylda að tryggja ökumann þess. Skal vátryggingin tryggja bætur vegna slyss sem ökumaður kann að verða fyrir við starfa sinn. Það hefur komið í

ljós, án þess að ég fari lengra út í þá sálma hér, að orðin „við starfa sinn" hafa valdið tryggingamönnum nokkrum erfiðleikum við túlkun þessa ákvæðis. Þess vegna er lagt til að þau falli niður enda vandséð hvaða tilgangi þau muni upphaflega hafa átt að þjóna.

Í áttunda og síðasta lagi er um að ræða atriði sem varðar réttindamissi vegna ölvunaraksturs. Í eldri umferðarlögum stóð, með leyfi forseta: „Nú hefur stjórnandi vélknúins ökutækis gerst brotlegur við 1. eða 2., sbr. 3. og 4., mgr. 25. gr., og skal hann þá sviptur ökuleyfi eða rétti til að öðlast það." Þessi orð „eða rétti til að öðlast það" hafa verið felld niður í núgildandi lögum. Lagt er til að þau verði tekin upp aftur og í því sambandi vísað til hæstaréttardóms sem kveðinn var upp 27. júní 1988, en þar var kröfu ákæruvaldsins um sviptingu réttar hins ákærða til að öðlast ökuleyfi synjað. Það þótti ekki vera fyrir hendi fullnægjandi heimild til að svipta ákærða réttinum til að öðlast ökuleyfi. Dæmi um þetta er að ef maður t.d., sem ekki hefur ökuleyfi, gerist ítrekað sekur um að brjóta af sér með þeim hætti að aka ölvaður er hægt að svipta hann réttinum til að öðlast ökuleyfi í ákveðinn tíma. Ég held að nauðsynlegt sé að taka þetta ákvæði upp aftur.

Það væri vissulega freistandi að tala hér nokkru lengra mál um þetta. Í því frv. sem hv. þm. Salome Þorkelsdóttir og fleiri í þessari deild flytja eru í rauninni þrjú ákvæði. Í fyrsta lagi að skylda til bílbeltanotkunar í aftursætum. Sama ákvæði er í því frv. sem ég hef nú mælt fyrir. Í öðru lagi að skylda börn 10 ára eða yngri sem hjóla eða reidd eru á reiðhjóli til að nota hlífðarhjálma. Ég held að þetta sé gott og skynsamlegt ákvæði. Þriðja ákvæðið er svo að skipa sérstaka rannsóknarnefnd umferðarslysa, að dómsmrh. skuli skipa síka nefnd, en í núgildandi umferðarlögum, 114. gr., er ákvæði sem segir: „Dómsmrh. getur skipað sérstaka rannsóknarnefnd umferðarslysa, skipaða fimm mönnum með sérfræði- og tækniþekkingu sem varðar slysalækningar, umferðarskipulag, bifreiðaeftirlit, löggæslu og tryggingamál. Umferðarráð skal hafa eftirlit með störfum nefndarinnar." Það ákvæði er sem sagt að finna í umferðarlögum þótt ekki sé það gert að skyldu að ráðherra skuli skipa slíka nefnd, en allt þetta hlýtur að koma til álita í þeirri nefnd sem fær málið til meðferðar.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa um þetta fleiri orð að sinni en legg til að umræðunni lokinni að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég mæli hér nokkur orð um þingsköp. Fundur í sameinuðu þingi stóð til kl. hálfþrjú í nótt og við vorum kallaðir hér til nefndarstarfa kl. hálfníu í morgun og hef ég verið á fundarhöldum linnulítið síðan. Fundir hefjast í fyrramálið kl. hálfníu. Ég hafði hugsað mér að athuga þetta frv. sem mér hefur ekki gefist tími til og hafði þar að auki ráðstafað mér nú í kvöldmatnum. Ég vil því mælast til þess að málið verði tekið út af dagskrá og umræðunni frestað, þannig að mér gefist kostur á að fylgjast með umræðunni og taka þátt í henni.

Forseti (Jón Helgason):

Varðandi það hvort ég tek mál fyrir hef ég reynt að hafa þann hátt á að ræða það fyrst og fremst við flm. viðkomandi frv., en það var beiðni hans að þetta yrði tekið nú fyrir þó að mér sé ljóst að það er óvíst að atkvæðagreiðslu verði lokið.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég hefði nú talið æskilegt að koma þessu máli áfram hér í dag með tilliti til þess, eins og fram hefur komið í máli flm. frv., að í allshn. efri deildar liggur frv. sem varðar sama efni, þ.e. um breytingu á umferðarlögum, sem ég flyt ásamt fleiri hv. þingdeildarmönnum. Og í raun og veru býður umfjöllun um það frv. eftir þessu frv. Ég verð að segja það hreinskilnislega að ég hef lítinn áhuga á því að tefja afgreiðslu þess máls og hefði því óskað eftir því að 1. umr. væri hægt að ljúka hér á þessum fundi.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég sagði að ég hefði ráðstafað mér í kvöldmatnum. Ég þekki ekkert dæmi þess að þingfundum sé haldið áfram svo að þingmenn geti ekki vænst þess að þeir geti farið í kvöldmat á eðlilegum tíma út af umræðum. Ég veit ekki til þess að fyrir því sé eitthvert fordæmi. Ef hæstv. forseti endilega vill að við afgreiðum þetta í kvöld er ég reiðubúinn að koma hingað kl. hálfníu eða níu í kvöld og hafa þá kvöldfund, allt í lagi mín vegna, en ég þekki ekkert fordæmi þess að þingmönnum sé meinuð þátttaka í umræðum á matmálstímum.

Forseti (Jón Helgason):

Já, það er beiðni frá þingflokksformanni Sjálfstfl. að umræðu um frv. verði frestað núna.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það var ekki beiðni frá þingflokksformanni Sjálfstfl. Það var beiðni frá einum af þingmönnum efri deildar sem ætlar að tala hér sem þingmaður og biður um þetta í þeim krafti að hann sé þingmaður og hafi málfrelsi hér í deildinni, sé reiðubúinn til þess að tala um málið í kvöld ef hæstv. forseti óskar, en fer fram á það allra vinsamlegast að kvöldmatartími sé virtur. Það hefur verið beðist afsökunar hér af ráðherrum æ ofan í æ út af því að þeir hafa verið búnir að ráðstafa sér, og umræður hafa ekki getað farið fram með eðlilegum hætti um hin mikilsverðustu mál af því að ráðherrar hafa ráðstafað sér. Svo ef þingmaður fer fram á það að hann fái að taka þátt í umræðum, utan matmálstíma, eftir að fundur hefur staðið í 5 klst. og 20 mín. talar hæstv. forseti eins og ég sé að biðja um það sem formaður þingflokks Sjálfstfl. Af hverju segir forseti „formaður þingflokks Sjálfstfl."? Hvers vegna notar

hann þau orð? Ég er ekki að fara fram á þetta sem slíkur. Ég er að fara fram á þetta sem þingmaður þessarar deildar.

Forseti (Jón Helgason):
Ég notaði þessi orð vegna þess að ég hef a.m.k. kynnst því hér á Alþingi að reynt sé að taka tillit til óska þingflokksformanna af því að talið er að þeir séu umbjóðendur sinna manna, og þar sem formaður þingflokks Sjálfstfl. er fjarverandi en hv. 2. þm. Norðurl. e. er varaformaður þingflokks sjálfstæðismanna fannst mér að orð hans mundu vega hér þyngra að þessu sinni.

Eiður Guðnason:
Herra forseti. Það var held ég sýnt að það hefði verið hægt að ljúka þessu máli og því máli öðru sem hér er eftir á nánast örfáum mínútum en nú hefur formaður þingflokks Sjálfstfl. talað og það stendur greinilega eitthvað heldur illa í bólið hjá hv. þm. Ég segi það alveg eins og er að ég hefði kosið það mjög gjarnan að hægt hefði verið að koma þessum málum til nefndar, en ég ætla ekki að fara að standa hér í einhverjum stórræðum og rifrildi við hv. þm. Halldór Blöndal vegna þessa litla máls. Ef hann vill standa í vegi fyrir því að þessi mál komist til nefndar í kvöld er honum það guðvelkomið mín vegna. Ég minnist þess hins vegar á fundi í morgun í hv. fjh.- og viðskn. að þegar var verið að ræða um fundahöld hér í þessari deild og ég lýsti þeirri skoðun minni að vel gæti komið til þess að það yrði kvöldfundur í deildinni taldi hv. þm. Halldór Blöndal það af og frá að það kæmi til að eftir þær löngu umræður sem voru hér í gær og fram á nóttina yrði aftur kvöldfundur í kvöld. Mér finnst það mjög eðlilegt sjónarmið. En þó við hefðum klárað þessi tvö litlu mál núna þó það sé að vísu komið fram í matartímann held ég að það hefði nú ekki skipt miklum sköpum hjá okkur hér, annað en að greiða fyrir vinnubrögðum. En eins og ég segi, ef hv. þm. Halldór Blöndal vill tefja fyrir því að þessi mál komist til nefndar legg ég bara til að forseti fresti þessari umræðu og við ljúkum þessum fundi.

Umræðu frestað.

NEÐRI DEILD

78. fundur, þriðjudaginn 11. apríl, að loknum fundi í Sþ.

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 372. mál (tryggingaráð, stjórnir sjúkrasamlaga o.fl.). — Þskj. 698.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 27 shlj. atkv.

Þjóðarbókhlaða og endurbætur menningarbygginga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 374. mál. — Þskj. 705.

Hreggviður Jónsson:
Hæstv. forseti. Það mál sem hér er til umræðu, frv. til l. um þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, er út af fyrir sig góðra gjalda vert. Það sem er merkilegt við þetta frv. er að þetta er ekkert annað en endurprentun á frv. frá sjálfstæðismönnum í hv. deild sem er frv. til l. um framkvæmdasjóð menningarmála sem hv. 2. þm. Reykv. er 1. flm. á. Þau eru þó ekki eins, en ég óska sjálfstæðismönnum til hamingju með að hæstv. menntmrh., sem er nú ekki viðstaddur þessa umræðu, hefur séð sér færi á því að notfæra sér frv. hv. þm. Sjálfstfl. um að framlengja þann skatt sem kallaður hefur verið þjóðarbókhlöðuskatturinn til tíu ára.

Það þarf ekki að tíunda að þessi skattur er fyrst og fremst skattur á Reykvíkinga og Reyknesinga því að stærsti liðurinn í honum eru skattar á fasteignir. Ég vek athygli á því að þessi skattur leggst í rauninni ekki á íbúðaeignir utan þessa svæðis nema í örfáum undantekningum þannig að hér fer alveg sérstakur skattur sem er verið að leggja á íbúana í Reykjavík, íbúana á Reykjanesi. Þeir eiga að bera hitann og þungann af þessu fallega orðaða frv. Því miður er hæstv. menntmrh. fjarri þessari umræðu, enda hefur honum kannski þótt betra að svara ekki fyrir þennan skatt. Það er verið að stefna í að hefja stórfellda eignaupptöku á íbúðarhúsnæði á því svæði sem ég hef minnst á áður og með þeim hætti að það er ógeðfellt.

Það er svo að þó að þessar tekjur eigi að nota til að gera endurbætur á menningarbyggingum, eins og segir í frv., er það alveg ljóst að Alþingi Íslendinga ber ábyrgð á byggingum ríkisins og þá með þeim hætti að það á að taka fé af óskiptum fjárlögum. Þessi sérstaki skattur er mjög óréttlátur og því verður ekki trúað að þingmenn Sjálfstfl. muni greiða þessu atkvæði þó þeir hafi í fljótræði lagt fram frv. um framkvæmdasjóð á sviði menningarmála sem var að vísu svolítið öðruvísi orðað en þetta frv. en þó fer ekki á milli mála að bæði þessi frumvörp fjalla um nánast sama atriðið. Hæstv. menntmrh. hefur séð sér leik á borði þegar hv. þm. Sjálfstfl. fluttu sitt frv. að flytja frv. nánast sama efnis, þó með öðruvísi tilbrigðum, um þennan skatt.

Það að sérskatta íbúana á Reykjanesi og í Reykjavík er með eindæmum og sýnir að það er fyrirlitning á þeim kjósendum sem eru á þessu svæði. Það er verið að tala um að það eigi að ríkja jafnrétti í byggðum

landsins. En það er ekkert jafnrétti þegar sérstakur skattur er lagður á hluta af íbúum landsins og það með þeim hætti að það þekkist ekki í einu einasta þjóðlandi að það sé lagður sérstakur skattur á íbúðarhúsnæði með þeim hætti sem hér er verið að gera. Það er ekki heldur vanþörf á því að rifja það upp að á sama tíma leyfir ríkisstjórnin sér að fara rúmlega 6 milljarða fram úr fjárlögum á síðasta ári umfram verðbólgu sem segir þá að ríkisstjórnin hefur látið fjármál landsins reka algerlega stjórnlaus og veit ekkert hvað hún er að gera. Þetta frv. um þjóðarbókhlöðu og endurbætur á menningarbyggingum er einstakt að því leyti að á sama tíma hefur ríkisstjórn Íslands stolið þeim peningum sem áttu að fara til þjóðarbókhlöðunnar og notað þá í annað, notað þá í heildarhítina. Það verkefni sem var ákveðið á sinni tíð gæti verið komið langleiðina ef það hefði ekki verið gert.

En það sem er ógeðfellt við þetta er að það skuli sérstaklega verið að skatta íbúana á Reykjanesi og í Reykjavík með þessum hætti og sýnir best hug ríkisstjórnarinnar og hug þessara manna til fólksins á þessu svæði. Ég vil segja að það verður hart barist í þeim kosningum sem fara í hönd, en mér er alveg ljóst að ríkisstjórnin mun ekki halda velli öllu lengur með óráðsíu sína. Það verður hart barist og fólkið verður minnt á að það er verið að leggja sérstakan skatt á íbúana hér, bæði eignarskattinn og þennan sérstaka skatt sem íbúar þessa svæðis eiga sérstaklega að bera uppi.

Fólkið á þessu svæði hefur ekki meiri tekjur eða hærri en fólkið úti á landi og það verður að borga þetta af sínum tekjum og það þýðir að ráðstöfunartekjur heimilanna hér eru minni en úti á landi. Ég minni á að þetta er ósvinna og ef við tökum dæmi eins og var í Morgunblaðinu nú á föstudaginn um þennan skatt munar gífurlegum fjárhæðum á samsvarandi eign. Það sem einstaklingur borgar á þessu svæði fyrir eignir sem voru metnar á 10,7 millj. eru 172 þús. Á sama tíma eru borgaðar fyrir sambærilega eign í kjördæmum sumra hér, eins og t.d. formanns fjh.- og viðskn. sem hér er ekki í dag, 17 þús. kr. Hvað segir þetta? Þetta segir að það eru tíu sinnum hærri skattar á fólk á þessu svæði hvað varðar þetta en víða úti á landi. Ef við tökum hinn sérstaka eignarskatt er í þessum dæmum enginn skattur á fólkið úti á landsbyggðinni. Það eru hundruð þúsunda sem fólk verður að borga hér fram yfir fólk úti á landsbyggðinni og það er kominn tími til að fólkið hér á svæðinu rísi gegn þessu.

Þessi skattur er vondur skattur og það á að fella niður skatta á íbúðarhúsnæði því að tekjur heimilanna verða ekki hærri þótt lagðir séu skattar á það. Það er sorglegt til þess að vita að verkalýðshreyfingin hefur brugðist fólkinu hérna. Hún hefur brugðist. Hún hefur gersamlega rofnað úr tengslum við hinn almenna borgara og fylgist ekki með hvað þetta þýðir. En þegar álögurnar fara að dynja á fólkinu munu menn kannski vakna til lífsins um hvað þeir hafa verið að samþykkja hér.

Þegar þetta frv. var lagt fram var haldin löng og fögur framsöguræða af hæstv. menntmrh., sem hefur auðvitað ekki tíma til að sækja þingfundi nú, og þar var falleg og dásamleg upptalning á húsum sem hann ætlaði að láta lagfæra fyrir þessa peninga. Það hefur ábyggilega komið við hjartað á einhverjum sem vilja að þessi ágætu kirkjuhús sem eru á þjóðminjaskrá verði í lagi. En það er ekki hægt að leggja sérstakan skatt á íbúa á Reykjanesi og Reykjavík með þessum hætti. Það verður að linna þeim skattaálögum og það verður að sjá til þess að það gangi eitt yfir alla í sköttum.

Ég minni á að menningarmál eru ekki neitt einkamál íbúa á Reykjanesi og á ekki að leggja sérstaka skatta á bara hluta landsmanna fyrir það ef menn vilja halda því uppi. Að ætla að höfða til kirkjunnar með þeim hætti sem hér er og þeirra húsa sem eru á þjóðminjaskrá er heldur ógeðfellt. Það væri nær að ríkisstjórnin sæi til þess að fjárlög væru haldin, rekstur ríkisins væri innan fjárlaga og það sem þeir hefðu í tekjur umfram verðbólgu væri notað til að gera slíka hluti. Það er kominn tími til að þeir sem sitja í ríkisstjórn séu ábyrgir fyrir fjármálum þjóðarinnar, að þeir láti ekki vaða á súðum og hendi peningunum, bókstaflega hendi þeim í hin og þessi gæluverkefni eins og gert hefur verið af þessari ríkisstjórn.

Það er alveg ljóst að sú stefna sem núv. ríkisstjórn siglir þjóðarskútunni í mun færa hana í kaf. Að leggja enn frekari skatta á þjóðina og fyrirtækin með þessum hætti er ekki hægt að líða.

Það kom fram í umræðum í gær að hæstv. fjmrh., sem er ekki heldur hér viðstaddur, fannst bara ágætt að ríkissjóður ætti greinilega nægilega peninga, þeir hefðu lagt á svo mikla skatta að þeir gætu staðið undir þeim launahækkunum sem ríkið hefur nú samið um. Á sama tíma er grundvöllur íslensks þjóðfélags að bresta. Atvinnufyrirtækin í landinu sem leggja grundvöllinn fyrir heimilin og fyrir fólkið í landinu geta bara átt það sem úti frýs.

Það er því alveg ljóst að þessir skattar eru slæmir og þó verri en margir aðrir því að þeir leggjast á heimilin með meiri þunga en allflestir aðrir skattar. Það er enginn jöfnuður í því hvernig þeir eru lagðir á. Auðvitað skiptir meginmáli að réttur fólksins í landinu til að búa í sínu eigin húsnæði á ekki að vera misjafn. Stofnkostnaður er og álíka hvar sem maður byggir á landinu. Það að það skuli vera allt upp í þúsundfaldur munur á sköttum á sams konar eignum er ógnvænlegt. Allar tölur benda til þess að stór byggðarlög úti á landi sleppi algjörlega við þá skatta sem er verið að leggja á og algjörlega við þennan sérstaka eignarskatt á sama tíma sem hann er lagður með ofurþunga á íbúa á Reykjanesi og í Reykjavík.

Íbúar á suðvesturhorninu munu þjappa sér saman þegar verður kosið og mótmæla þessu því það er alveg ljóst að þegar álögurnar munu birtast með vorinu verður hér kurr í fólki.

Atvinnufyrirtækin þurfa líka að hafa rekstrargrundvöll og það er ekki á það bætandi þegar skattar eru hækkaðir með þessum hætti sem hér er og þeim

gert erfiðara um rekstur fyrirtækjanna. Þessi skattur þýðir að fyrirtækin verða að fá meira fyrir sinn snúð. Þau verða að hækka vöru og þjónustu. Og hverjir skyldu eiga að borga það? Það eru heimilin í landinu, fólkið. Fólkið í landinu verður að borga þennan skatt tvöfaldan og er þó búið að borga af sínum eignum, íbúðarhúsi og jafnvel öðrum eignum, tvisvar ef ekki þrisvar skatta áður. Þetta gengur því alveg á svig við alla skynsemi og allt réttlæti í þessum málum.

Ég vil sérstaklega undirstrika að þetta frv. á að fella. Það á að fella það og reyndar mætti ríkisstjórnin falla með. Það mundi enginn syrgja það. Sú stefna sem hér er verið að boða til skattpíningar fyrir borgarana er sú mesta sem nokkurn tíma hefur verið frá því að Ísland varð lýðveldi. Aldrei fyrr í sögu lýðveldisins hafa verið lagðir á svo miklir skattar. Það mun verða svo að þessi endurprentun menntmrh. á frv. hv. þm. Sjálfstfl. mun lengi lifa. Og við getum lofað ykkur því að fólkið í Reykjavík og á Reykjanesi mun láta frá sér heyra. Það mun ekki þegja þegar álagningarseðlarnir koma inn úr dyrunum á næstu mánuðum. Og það að ríkisstjórnin skuli gjörsamlega vera úr tengslum við fólkið hér sýnir enn einu sinni að þessi ríkisstjórn á að hætta strax, hún á að fara frá. Það væri best fyrir alla og sennilega best fyrir ríkisstjórnina líka og þá sem styðja hana. Það er sorglegt einnig að vita til þess að verkalýðshreyfingin hefur alveg gleymt sér. Henni er alveg sama um fólkið. Hún hefur ekki minnst orði á þetta, enda er verkalýðshreyfingin sennilega bara að hugsa um sjálfa sig.

Ég geri ráð fyrir því að þeir sem standa að þessu frv., sem eru ríkisstjórnarþingmenn væntanlega, muni fagna því þegar fólkið fær þessa skatta inn úr dyrunum. Það er gjörsamlega óverjandi að skattar með þessum hætti skuli vera lagðir á. Þegar stór byggðarlög borga enga skatta af sambærilegum eignum eru íbúar á þessu svæði að borga stórkostlegar upphæðir, upp í þúsundfalt og jafnvel meira, í skatta. Þessi mismunun er einhver sú mesta sem um getur í sköttum á þessu landi og þeir þingmenn sem hér hafa setið þegjandi undir þessu, þegar þeir leita eftir umboði næst þegar kosið verður, sem verður væntanlega fljótlega, munu fá að heyra frá fólkinu á þessu svæði. Það verður gaman að fylgjast með því þegar þeir leita eftir umboðum til sinna kjósenda eftir þá skattadembu sem hefur verið hellt yfir íbúana hérna sérstaklega.

Hæstv. forseti. Ég óska þess að ríkisstjórnin lifi ekki nógu lengi til þess að þetta frv. nái í gegn, en hef þó grun um að svo verði, því miður fyrir íbúana á þessu svæði.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Herra forseti. Það mun hafa farið fram hjá mér þegar tillaga var gerð um nefnd væntanlega af hæstv. menntmrh., en venja mun vera að mál af þessu tagi fari til fjh.- og viðskn. Fyrra frv. um svipað efni fór þangað og ég lét athuga það sérstaklega þegar ég mælti fyrir því máli að frv. um þjóðarbókhlöðuskattinn á sínum tíma var afgreitt í fjh.- og viðsn. og það var niðurstaða hér við þáverandi hæstv. forseta að það væri rétt að það færi þangað þannig að ég tel rétt að þessi mál verði bæði í sömu nefnd.

Forseti (Óli Þ. Guðbjartsson):

Það er fallist á tillögu hv. 2. þm. Reykv. í þessu efni og þeir hv. þm. sem samþykkja vilja þá tillögu gjöri svo vel og greiði atkvæði.

Frv. vísað til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Vöruhappdrætti Sambands íslenskra berklasjúklinga, 2. umr.

Stjfrv., 369. mál (gildistími rekstrarheimildar). — Þskj. 692, n. 739.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um frv. til l. um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga nr. 18 22. apríl 1959. Málið er einfalt í sniðum. Það fjallar um framlengingu á heimild til að reka vöruhappdrætti til ársloka 1999. Nefndin hefur rætt málið og leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt. Kristín Halldórsdóttir og Sighvatur Björgvinsson voru fjarverandi við lokaafgreiðslu málsins. Undir nál. skrifa Jón Kristjánsson, Kristinn Pétursson, Geir Gunnarsson, Friðjón Þórðarson og Guðni Ágústsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Aðskilnaður dómsvalds og umboðsvalds í héraði, 1. umr.

Stjfrv., 182. mál. — Þskj. 204.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Þetta frv. hefur hlotið meðferð í Ed. hv. Alþingis og er að meginefni endurflutt frá síðasta Alþingi, en varð þá ekki útrætt.

Hinn 27. apríl sl. skipaði fyrrv. dómsmrh. Jón Sigurðsson milliþinganefnd til að fjalla um frv. Í nefndinni sátu alþm. Eiður Guðnason, Friðjón Þórð-

arson, Ólafur G. Einarsson, Páll Pétursson, Guðrún Helgadóttir og Guðmundur Ágústsson. Eiður Guðnason var formaður nefndarinnar. Björn Friðfinnsson og Markús Sigurbjörnsson störfuðu með nefndinni. Nefndin skilaði áliti eins og fram kemur í fskj. með frv. þessu. Meiri hluti nefndarinnar lagði til að frv. þetta yrði flutt með nokkrum breytingum sem teknar voru upp. Hins vegar skiluðu tveir nefndarmanna, þeir hv. þm. Friðjón Þórðarson og Páll Pétursson, séráliti eins og fram kemur í gögnum málsins.

Ed. hefur fjallað mjög ítarlega um þetta mál og hefur samþykkt frv. að langmestu leyti, þó með nokkrum brtt. Veigamesta brtt. er sú að gildistíma frv. er frestað frá miðju ári 1990 til miðs árs 1992. Ég tel vera mjög eðlilegt að sú breyting sé gerð. Hér er um viðamikið mál að ræða sem þarfnast góðs undirbúnings og það er mun mikilvægara að taka nægilegan tíma í þann undirbúning en að lögfesta mál þetta árinu fyrr eða síðar.

Ég mun reyna að rekja í stuttu máli meginefni þessa frv., en það er að settir verði á fót átta héraðsdómstólar er fari með dómstörf jafnt í einkamálum og opinberum málum. Framvegis verði sýslustjórn í héraði í höndum embættismanna með embættistitilinn „sýslumaður" um leið og embættistitillinn „bæjarfógeti" verður lagður niður. Embætti sýslumanna verður til hér á landi í upphafi konungsstjórnar á 13. öld. Er því hér um að ræða eitt elsta embættisheiti með þjóðinni. Fer vel á því að halda áfram notkun þess, en hinn embættistitillinn fellur niður sökum breyttrar verkaskiptingar dómara og embættismanna framkvæmdarvaldsins svo og vegna breytingar sem orðin er á sveitarfélagalögum sem að mestu afnemur sérstöðu kaupstaða.

Upphaflega var í tillögum að frv. þessu gert ráð fyrir að héraðsdómstólar yrðu aðeins sjö, en við nánari umfjöllun þótti rétt að dómstólarnir yrðu tveir á Norðurlandi, einn í hvoru kjördæmi, eins og fram kemur í frv. Lagt er til að héraðsdómstólar í Reykjavík verði sameinaðir í einn dómstól, þar á meðal hluti borgarfógetaembættisins. Framkvæmdarvaldsstörf borgarfógetaembættisins verði hjá embætti sýslumanns í Reykjavík er fari með verkefni á sviði umboðsstjórnar á sama hátt og önnur sýslumannsembætti að öðru leyti en því að lögreglustjórn og tollstjórn verði áfram í höndum sérstakra embætta.

Í frv. er gengið út frá því að sýslumenn hafi áfram með höndum núverandi verkefni að öðru leyti en hvað varðar dómsstörf sem færast til héraðsdómstóla. Þá verða ýmis verkefni á mörkum dómsstarfa og umboðsstarfa nú skilgreind sem umboðsstörf og falin sýslumönnum. Má þar vísa til frv. til aðfararlaga sem hv. allshn. Ed. hefur nú afgreitt til 2. umr. í Ed. og gert á því viðbótarbreytingar sem enn munu einfalda þau mál og verða til þess að ekki er jafnmikið dregið úr núverandi störfum sýslumanna.

Frv. til breytinga á þinglýsingalögum og frv. um lögbókandagerðir má jafnframt nefna í því sambandi sem jafnframt eru á dagskrá í hv. deild og eru fylgifrumvörp þessa máls.

Fleiri breytingar eru á döfinni sem miða að því að auka verkefni sýslumannsembætta og gera veg og virðingu þeirra meiri í framtíðinni en nú er. Ég hef í samráði við stjórn Sýslumannafélags Íslands ákveðið að skipa sérstaka nefnd til að huga að verkefni núverandi sýslumannsembætta og að frekari verkefnaflutningi til þeirra frá miðstöð framkvæmdarvaldsins í ráðuneytum og öðrum stofnunum. Ég vil í því sambandi taka fram að það er mjög mikilvægt að innheimtustörf verði áfram hjá sýslumannsembættunum. Ég tel ekki rétt að taka upp sérstakar gjaldheimtur. Jafnframt á það við um umboð fyrir Tryggingastofnun ríkisins. Það er að mínu mati mjög rangt að ætla sér að gera þar einhverjar breytingar á því að þessi störf eru mjög mikilvæg að því er varðar sýslumannsembættin og enginn vafi á því að það mundi auka mjög kostnað að flytja þau störf eitthvað annað.

Í 1. mgr. 13. gr. frv. eru ákvæði um skrifstofur sýslumanna og er tilgangur þessa ákvæðis að lögfesta heimild til að setja á fót fleiri umboðsskrifstofur í þéttbýliskjörnum innan umdæmis sýslumanns eftir því sem fjárveitingar leyfa. Hugmyndin er að hreppstjórar og e.t.v. lögregluvarðstofur geti veitt almenningi utan aðsetursstaðar sýslumanns ýmiss konar þjónustu og skjótvirkt samband við aðalskrifstofu sýslumanns.

Eins og fram kemur í athugasemdum við 3. gr. frv. munu héraðsdómstólar hafa reglulegt þinghald á föstum þingstöðum innan hvers lögsagnarumdæmis. Er þannig gengið út frá því að þingað verði í málum á varnarþingi málsaðila nema samkomulag verði um annað. Fjarlægð búsetu frá aðalsetri héraðsdóms mun því ekki þurfa að bitna á þeim sem leita til dómstólanna. Með tilkomu hinna nýju héraðsdómstóla úti um land má reikna með að aukinn fjöldi dómsmála verði útkljáður utan Reykjavíkur. Nú er dæmt í fjölda mála sem eiga uppruna sinn utan höfuðborgarsvæðisins fyrir dómstólum í Reykjavík. Er það gert með samkomulagi aðila um varnarþing hvað varðar einkamál, en yfirleitt samkvæmt ákvörðun ríkissaksóknara hvað varðar opinber mál. Gera má ráð fyrir að lögmenn muni í auknum mæli finna sér starfsgrundvöll í nágrenni starfandi héraðsdóma og að aukin þjónusta á sviði dómgæslu muni styrkja byggðina utan höfuðborgarsvæðisins.

Varðandi einstakar greinar frv. vil ég fyrst nefna 2. gr. þess. Þar er kveðið svo á að í landinu skuli vera átta héraðsdómstólar og eru lögsagnarumdæmi þeirra nánar skilgreind í greininni. Lögsagnarumdæmi dómstólanna fylgja í meginatriðum kjördæmunum að öðru leyti en því að Seltjarnarneskaupstaður, Mosfellsbær, Kjalarnes- og Kjósarhreppur eru í sama lögsagnarumdæmi og Reykjavík og er það án efa íbúum þessara byggða til hagræðis af augljósum ástæðum sem ekki þarf að rekja hér.

Með frv. fylgir skýrsla um fjölda viðfangsefna sýslumanna á tímabilinu 1980–1987 og skipting þess-

ara verkefna milli sýslumannsembætta og héraðsdómstóla miðað við tillögur frv.

Í 2. gr. er kveðið á um aðsetursstaði héraðsdómstólanna og taka þær tillögur einkum mið af samgönguleiðum og að dómstólarnir séu staðsettir miðsvæðis í hverju lögsagnarumdæmi.

Í 3. gr. frv. er kveðið á um skiptingu lögsagnarumdæma í dómþinghá og um fasta þingstaði. Héraðsdómur skal hafa reglubundið þinghald á föstum þingstöðum innan síns umdæmis. Þannig mundi t.d. héraðsdómari frá héraðsdómi Suðurlands þinga reglulega í Vestmannaeyjum eftir því sem málaþunginn gæfi tilefni til. Dæmi um slíka skipan má víða finna í strjálbýlum löndum.

Í 4. gr. eru ákvæði um fjölda dómara og er ítarleg skýring á þeim ákvæðum í greinargerðinni. Er lagt til að fjöldi dómara sé fastákveðinn í lögum en ekki sé um að ræða hlaup í dómaratölunni eins og nú er samkvæmt lögum nr. 74/1972. Alls er gert ráð fyrir að 38 héraðsdómarar starfi við héraðsdómstólana í landinu og er það sama tala og samanlagður fjöldi dómara í Reykjavík og fjöldi héraðsdómara við embættin í Keflavík, Hafnarfirði, Akureyri, í Vestmannaeyjum og á Selfossi. En vegna breytinga á verkefnum dómstólanna er í raun og veru fjölgað um þrjú eða fjögur dómaraembætti frá því sem nú er í raun, þ.e. verkefni þriggja til fjögurra borgarfógeta í Reykjavík flytjast til embættis sýslumanns. Í bráðabirgðaákvæði er að vísu gert ráð fyrir heimild til tímabundinnar fjölgunar héraðsdómara við gildistöku frv. þessa, en óvíst er hvort á þau reyni. Sé nægur fyrirvari við gildistöku laganna er hægt að láta ógert að skipa í stöður sem losna síðustu mánuðina fyrir gildistöku eins og heimilt er innan marka núgildandi laga. Í Reykjavík yrðu þó væntanlega 23–24 héraðsdómarar eftir því hvernig núverandi borgarfógetar skiptast milli héraðsdóms og embættis sýslumanns í Reykjavík og er þess ekki að vænta að hægt verði að fækka dómurum fyrr en sameining núverandi dómstóla undir einu þaki og breytingar á réttarfarslöggjöfinni eru farnar að skila árangri eins og bent er á í greinargerðinni með 4. gr.

Í 4. gr. er einnig ákvæði um forstöðumenn dómstóla þar sem héraðsdómarar eru fleiri en einn. Þar er lagt til að þeir hafi titilinn dómstjóri sem á sér fordæmi í dómstólasögu landsins. Þeir skulu skipaðir til sex ára í senn úr hópi dómara við viðkomandi dómstól og að fenginni tillögu þeirra. Heimilt verður að endurskipa dómstjórana. Í greininni er að finna ákvæði um verksvið dómstjóra sem hefur yfirumsjón með starfi dómstóls.

Í 5. gr. er lagt til að almenn skilyrði til skipunar í embætti héraðsdómara séu í sömu lögum og fjalla um héraðsdómarana, en þau ákvæði er nú að finna í 32. gr. laga um meðferð einkamála í héraði. Skilyrðunum er breytt að því leyti að aldursskilyrði er hækkað í 30 ár og er það gert í því skyni að tryggja reynslu manna áður en þeir taka við svo mikilvægum embættum.

7. tölul. núgildandi skilyrða 32. gr. er breytt með tilliti til breytinga sem orðið hafa á opinberum embættum og mönnun þeirra frá því að núgildandi ákvæði um þetta efni voru sett í lögum nr. 100/1950. Í þessari grein er að finna mikilvægt nýmæli, að dómsmrh. skipi sérstaka dómnefnd sem fjalli um umsóknir um embætti héraðsdómara. Í nefndinni skuli sitja þrír menn og einn þeirra tilnefndur af Hæstarétti og er hann jafnframt formaður nefndarinnar. Annar nefndarmaður skal tilnefndur úr hópi héraðsdómara og hinn þriðji af Lögmannafélagi Íslands. Nefndin skal gefa skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur. Tillaga um slíka dómnefnd hefur áður komið fram í stjfrv. sem fram var lagt á Alþingi í dómsmálaráðherratíð Ólafs Jóhannessonar á þinginu 1975–1976. Í greinargerð með því frv. eru rakin ýmis dæmi um svipað fyrirkomulag í öðrum ríkjum, en megintilgangur ákvæðisins er að styrkja sjálfstæði dómstólanna, auka traust almennings á því að dómarar séu valdir samkvæmt hæfni einvörðungu og þeir séu óháðir handhöfum framkvæmdarvaldsins. Ekki er að efa að tilvist slíkrar umsagnarnefndar verður auk þess hvatning fyrir lögfræðinga sem hyggja á starfsferil sem dómarar að afla sér framhaldsmenntunar og leggja stund á fræðistörf á sviði lögfræðinnar.

Ég vil því næst víkja að II. kafla frv. sem fjallar um umboðsvald í héraði. Það er einkar mikilvægt að almenningur eigi greiðan aðgang að umboðsmönnum framkvæmdarvaldsins í héraði og að slíkir embættismenn geti úrskurðað um ýmis hagsmunamál fólks sem nú er gert í ráðuneytum og öðrum opinberum stofnunum. Þar má nefna ýmiss konar leyfisveitingar, úrskurði um sveitarstjórnarmál og fleira. Allt frá því á 18. öld hafa sýslumenn starfað á sviði sveitarstjórnarmála, en eins og kunnugt er hættu þau afskipti þeirra með öllu um sl. áramót. Sýslumenn eiga að hafa yfirstjórn á löggæslu og innheimtu ríkistekna eins og þeir hafa gert frá fyrstu tíð, en auk þess ber að flytja til þeirra að mínu mati fjölmörg viðbótarverkefni á sviði ríkisumsvifa á næstu árum eftir því sem nokkur kostur er.

Gert er ráð fyrir að aðsetur sýslumanna verði óbreytt, en hins vegar er lagt til að umdæmi sýslumanna verði ákveðið með reglugerð að fenginni umsögn viðkomandi sýslumanna og sveitarstjórna. Koma þar að sjálfsögðu inn í myndina breyttar samgönguleiðir fólks sem kalla á aðlögun umdæmanna að nýjum aðstæðum. Þannig mætti nefna ýmis dæmi. T.d. má gera íbúum á Svalbarðsströnd við Eyjafjörð kleift að sækja sína þjónustu til sýslumanns á Akureyri í nokkurra mínútna akstursfjarlægð, en þeir þurfa að sækja hana um langan veg nú til Húsavíkur.

Í 12. gr. frv. er ákvæði um skipan mála í Reykjavík sem auðvitað hefur mikla sérstöðu sökum fólksfjölda. Þar er gert ráð fyrir stöðu sýslumanns í Reykjavík, en stöðuheitið „borgarfógeti" fellur brott á sama hátt og stöðuheitið „bæjarfógeti" sökum breyttra verkefna þessara embættismanna. Jafnframt er starfsheitinu „sýslumaður" haldið, en það fengum við eins og áður er getið frá Noregi með konungsstjórninni á 13. öld.

Í 13. gr. eru ákvæði um skrifstofur sýslumanna sem ég hef áður vikið að.

Varðandi 14. gr. er rétt að vekja athygli á því að í milliþinganefndinni kom fram tillaga um að sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli, sem nú heitir lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli, heyri undir dómsmrh. á sama hátt og aðrir sýslumenn. Í meðförum hv. Ed. var gerð nokkur breyting á þessari grein, þ.e. að fellt er niður úr 14. gr. frv. ákvæði sem segir að sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli heyri undir þann ráðherra sem fer með mál er tengjast framkvæmd varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1951. Hins vegar er rétt að taka fram að niðurfelling þessa ákvæðis breytir þó ekki sjálfkrafa þeirri skipan sem nú er á þeim málum þar sem áfram verða í gildi lög nr. 106/1954, um yfirstjórn mála á varnarsvæðum o.fl.

Í 18. gr. eru ákvæði um forgang manna til skipunar í embætti. Í fyrstu drögum að frv. var gert ráð fyrir að þeir héraðsdómarar sem starfa við stærstu embættin utan Reykjavíkur svo og embættisdómarar í Reykjavík skyldu flytjast sjálfkrafa milli embætta, en vegna eindreginna óska sýslumanna og bæjarfógeta er þeim öllum samkvæmt frv. einnig gefinn kostur á flutningi í héraðsdómaraembætti. Er það nú orðað þannig í 18. gr. að þessir aðilar hafi forgangsrétt til skipunar í embætti héraðsdómara í því lögsagnarumdæmi sem þeir starfa í. Þarf ekki að leggja þær umsóknir til umsagnar dómnefndar eins og gert yrði með umsóknir þeirra sem ekki eru þegar skipaðir í embætti þegar breytingin tekur gildi. Lagt er til auk þess að dómsmrh. hafi heimild til tímabundinnar fjölgunar dómaraembætta þegar þannig stendur á að fleiri úr röðum þessara embættismanna óska þess að neyta forgangsréttar en héraðsdómarastöðurnar eru samkvæmt 4. gr. Auðvitað er ekki hægt á þessari stundu að meta hvort á þetta muni reyna.

Ég hef stiklað á mjög stóru um efni þessa frv. Ég vek sérstaka athygli hv. þm. á skýrslu þeirri er prentuð er með athugasemdum frv., en hún sýnir að í raun eru dómsmál núverandi embætta sýslumanna og bæjarfógeta ekki stór þáttur í störfum og með breytingum á réttarfarslöggjöf, svo sem á aðfararlögum, verða umsvifamestu verkefnin áfram í þeirra höndum eins og áður hefur komið fram.

Dómsmrn. hefur áætlað að aukakostnaður vegna frv. verði um 35 millj. kr. á ári miðað við verðlag á sl. vori. Þessi kostnaður fylgir nýjum héraðsdómarastöðum á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi vestra, Austurlandi og fjölgun dómara um einn í Norðurlandi eystra og á Suðurlandi. Þá er gert ráð fyrir að núverandi fulltrúar við sýslumanns- og bæjarfógetaembætti muni skiptast milli embætta sýslumanna og héraðsdómara og þar verði ekki um fjölgun að ræða. Raunar bendir margt til þess að með þeim breytingum sem nú er verið að undirbúa á réttarfarslöggjöfinni megi fremur fækka fulltrúastöðum en að þeim fjölgi. Auðvitað má draga úr kostnaðarauknингu af völdum frv. með því að fækka sýslumannsembættunum, en sú skipan sem hér er lögð til er málamiðlun gerð í því skyni að sem best sátt geti orðið um nauðsynlegar breytingar.

Dómsmrn. gerir í áætlun sinni ráð fyrir að húsnæðiskostnaður dómstólanna nemi meðaltali húsnæðiskostnaðar miðað við reynslu af rekstri sýslumannsembættanna, en gerir hins vegar ekki ráð fyrir sérstakri fjárfestingu í upphafi né kostnaði af tímabundnum viðbótarstöðum héraðsdómara samkvæmt bráðabirgðaákvæðum frv. Hins vegar mun gefast góður tími til þess fram að gildistöku frv. að skipuleggja stofnsetningu héraðsdómstólanna á hverjum stað án þess að kostnaður fari úr hófi. Það liggur alveg ljóst fyrir að húsakost þarf mjög víða að bæta hvort eð er, ekki síst húsnæði dómstólanna í Reykjavík. Það má einnig geta þess að í Hafnarfirði, sem verður mjög stórt umdæmi, er um leiguhúsnæði að ræða. Einnig þarf að bæta húsakost víða í landinu. Af þessu mun að sjálfsögðu hljótast nokkur kostnaður.

Herra forseti. Ég legg sérstaka áherslu á að frv. þetta geti orðið að lögum á þessu þingi. Hér er um aðkallandi umbætur að ræða sem nauðsynlegt er að lögfesta með góðum fyrirvara og sá fyrirvari hefur verið lengdur eins og áður hefur komið fram. Réttarfar okkar er eins og áður segir og margoft hefur komið fram undir nokkurri smásjá samstarfsþjóða okkar í Evrópuráðinu og það skiptir miklu máli að fjarlægja hinn minnsta skugga sem á það kann að falla án þess að ég ætli að fara að gera sérstaklega mikið úr því máli á þessari stundu, enda hefur það margoft verið rætt, m.a. á hv. Alþingi.

Frv. þetta mætti nokkurri andstöðu eins og gerist og gengur utan þings og eðlilegt er þegar um svo umfangsmikið mál er að ræða, en ég hygg þó að fleiri og fleiri, sem hafa lýst efasemdum um einstök atriði þess, hafi sannfærst um að það sé rétt að lögfesta það sem fyrst, en hafa þó góðan umþóttunartíma. Um það vitna samþykktir félagsskapar sýslumanna, dómara á sl. hausti og félagssamþykkt Lögfræðingafélags Íslands. Frv. er mikilvægur hornsteinn í uppbyggingu réttarfarsins og mun verða til þess að gangur dómsmála geti verið enn skjótari og öruggari en nú er sem er að sjálfsögðu eitt af mikilvægustu málum sérhvers lýðræðisríkis. Það er sérstaklega ánægjulegt að hv. efri deild skuli hafa samþykkt frv. þetta samhljóða. Það lýsir því að allgóð samstaða virðist eiga að geta tekist um þetta mál. Og ég vænti þess að hv. neðri deild sjái sér fært að vinna að máli þessu með skjótum hætti, þannig að það geti orðið að lögum á þessu þingi.

Ég vil að lokinni þessari umræðu leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér er reyndar gamall kunningi á ferð og flestum hér inni vafalaust vel þekktur, búið að eiga sér langan aðdraganda og töluverðan undirbúning sem Kvennalistinn kom nú að nokkru leyti að. Frv. kom hér fram í svipuðum búningi á síðasta þingi, nokkuð seint að vísu, og var til 1. umr. hér í Nd. Þá ræddi ég þetta frv. nokkuð, lýsti stuðningi

okkar kvennalistakvenna við meginefni þess og gerði fáeinar athugasemdir. Það var þá þegar ljóst, sem menn höfðu vitað alllengi, að ekki eru allir fullkomlega sáttir við þær breytingar sem hér eru lagðar til á þessum málum, enda málið búið að vera mjög lengi til umfjöllunar og ýmsir komið þar að og höfðu lýst sínu áliti. Helst eru það nú fulltrúar sýslumannaflokkanna, Framsfl. og Sjálfstfl., sem hafa beitt sér gegn þessum breytingum hér á Alþingi. Það er kannski ekki að undra með tilliti til andófs margra sýslumanna sem virðast telja að með þessari nýskipan sé dregin burst úr þeirra nefi. En það er nánast lögmálsatriði að embættismenn vilja helst ekki missa úr höndum sér neitt sem þeir telja til síns friðar heyra. Ég held reyndar að það sé á misskilningi byggt að sýslumenn séu sviptir einhverjum völdum og áhrifum og enda þótt svo væri þá skiptir það ekki miklu máli í mínum huga. Reyndar heyrði ég það á máli hæstv. ráðherra hér áðan að sérstök nefnd er með þessi atriði til umfjöllunar og mun þá væntanlega gæta vel að þeim mikilvægu störfum sem sýslumenn hafa svo sannarlega sinnt og munu sinna áfram.

Hér er um að ræða nýskipan sem er að flestra mati óhjákvæmileg til þess að tryggja réttarfarslegt öryggi. Með þeirri tilhögun sem nú viðgengst í landi okkar brjótum við að margra mati, flestra mati líklega, gegn Mannréttindasáttmála Evrópu og það er aðeins tímaspursmál hvenær við lendum í miklu verri málum en orðið er þess vegna. Við megum í rauninni þakka fyrir að hafa sloppið svo vel hingað til sem raun ber vitni. Hitt er svo annað mál að þessi nýskipan, þessi breyting sem er greinilegur aðskilnaður dómsvalds og umboðsvalds, kostar allnokkurt fé og það var eitt þeirra atriða sem ég gagnrýndi við umræðuna á síðasta þingi og sömuleiðis í umfjöllun þeirrar milliþinganefndar sem starfaði á sl. sumri. Ég tel það gagnrýnivert að ekki skuli fylgja þessu nákvæm kostnaðaráætlun né á neinn hátt gerð skilmerkileg grein fyrir líklegum kostnaði við þessa breytingu.

Ég tel að það hefði þurft að taka miklu fastar á þessu atriði og að minnsta kosti lágmark að framreikna þá tölu, sem hér hefur verið nefnd, sem er sama tala og við fengum að heyra hér fyrir ári, þ.e. að þessi breyting mundi hafa í för með sér á að giska 35 millj. kr. kostnað. En þá er algjörlega eftir skilinn sá kostnaður sem það hlýtur að hafa í för með sér varðandi ýmsar breytingar á húsnæði eða húsnæðiskaup og annað eins og hæstv. ráðherra drap á hér áðan. Ég tel raunar alveg óhjákvæmilegt að það sé reynt að gera Alþingi betur grein fyrir því hvaða kostnað þessi lagasetning hefði í för með sér og mun kalla eftir því í nefndinni.

Ég held raunar að við hefðum getað komist hjá kostnaði sem nú virðist þó eiga að kalla fram með því t.d. að hafa dómstólana færri, en það mun vera kjördæmismál sem menn áttu eitthvað erfitt með að fara fram hjá. En samkvæmt þeim upplýsingum sem við fengum í milliþinganefndinni verður harla lítið að gera við suma þessara dómstóla, ef menn breyta ekki háttum sínum mjög mikið.

Eins og hér hefur komið fram átti ég sæti í þeirri nefnd sem fjallaði um þetta á sl. sumri og í grg. með frv. kemur það fram svo og mín afstaða svo sem í þessu nál. sem með fylgir, þannig að þess vegna gæti ég látið máli mínu lokið nú. Frv. fékk allítarlega umfjöllun og ég held að það megi segja að nefndarmenn hafi verið sáttir að kalla, eins og það er orðað. Ég sé svo mér til ánægju að hv. efri deild hefur treyst sér til þess að samþykkja breytingu sem vissulega naut töluverðs stuðnings í milliþinganefndinni. En þó varð þar að ráði að láta þá breytingu eða brtt. bíða umfjöllunar þingsins. Og nú hafa efrideildarmenn sem sagt fallist á það að fella niður ákvæði úr 14. gr. frv., þar sem sagði að sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli heyrði undir þann ráðherra sem fer með mál er tengjast framkvæmd varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna. En það er þó ekki sopið kálið, eins og hæstv. ráðherra lýsti, þar sem það mun ekki hafa sjálfkrafa í för með sér breytta skipan á málum og mun ég kynna mér það betur í nefndarumfjölluninni. Sömuleiðis tel ég mjög til bóta að gildistökunni sé frestað. Það er alltaf skynsamlegt að fara sér hægt við svo gagngerar breytingar á stjórnskipan og rasa ekki um ráð fram og þess vegna tel ég mjög til bóta að breyta þessu.

Ég held að ég hafi ekki fleiri orð um þetta. Það var mat okkar kvennalistakvenna að þetta væri réttlætismál sem við mundum styðja og það hefur ekki orðið nein breyting á því. Ég tel mjög mikilsvert að það skuli hafa náðst samstaða um þetta mál í Ed. þótt menn hefðu þar vissa fyrirvara á og ég lýsi því hér að ég vona svo sannarlega að þetta mál nái fram að ganga og vil leggja því mitt lið þar sem ég hef þá trú að þessi skipan mála muni hafa í för með sér aukið réttarfarslegt öryggi og a.m.k. ekki síðri þjónustu við almenning heldur en sú skipan sem nú tíðkast.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Ég ætti fyrstur manna að fagna því að fá tækifæri til þess að taka þátt í því með öðrum góðum mönnum hér á hv. Alþingi að afnema síðustu leifar einveldisins. Að sjálfsögðu get ég fagnað því að þessi mál eru rædd því þau eru mjög mikilvæg. Ég tel alveg sjálfsagt að hver einasti alþingismaður reyni að gera sér fulla grein fyrir því hvað hér er á ferðinni og auðvitað hver þegn þjóðfélagsins því að hér er verið að ræða um aðskilnað á dómsvaldi og umboðsvaldi í héraði.

Þetta frv. er ekki alveg nýtt fyrir okkur. Ég sé ástæðu til þess eigi að síður nú við 1. umr. í þessari hv. deild að segja um þetta mál nokkur orð af því að ég tel að það sé svo stórt og þurfi svo góða umfjöllun og ítarlega. Og ég tel alveg sjálfsagt að menn gefi sér góðan tíma til að hugleiða þessi mál.

Þegar frv. var lagt fram í fyrstu þá fylgdi því langur og ítarlegur sögulegur kafli þar sem sagði með þessum orðum „eins og rakið er í hinum sögulega kafla athugasemda við frumvarpið, var umboðsvald og dómsvald í héraði sameinað á einni hendi á tímum einveldis Danakonunga. En eftir að einveldi leið

undir lok voru þessir þættir greindir sundur í ríki þeirra á nýjan leik, nema hér á landi þar sem enn má finna leifar þess". Nú er viðfangsefnið að skoða þessar leifar og afnema þær, uppræta þær. Sameinað umboðsvald og dómsvald á einni hendi þykir vera andstætt meginreglum í stjórnskipan lýðræðisþjóðanna beggja vegna Atlantshafsins. Og eins og segir hér í grg.: „Nú er fjallað um það í mannréttindanefnd Evrópuráðsins hvort réttarfar okkar Íslendinga sé í samræmi eða andstöðu við ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu". Og ekki síst af þessari ástæðu eru full rök fyrir því að þetta frv. er nú hér á dagskrá.

Auðvitað held ég að allir Íslendingar aðhyllist í meginatriðum kenninguna um þrískiptingu valdsins, sem er nú raunar allgömul orðin, og á henni er byggt í stjórnarskrá okkar. En þá er spurning: Erum við skemmra á veg komin hér á Íslandi að framfylgja þessari reglu heldur en gerist og gengur meðal annarra þjóða sem hafa undirritað Mannréttindasáttmála Evrópu?

Ég tel að við þurfum ekki að skammast okkar fyrir þá þróun sem orðið hefur hér á landi í þessum efnum. Við getum fyllilega borið okkur saman við aðrar aðildarþjóðir hvað það snertir að fullnægja réttlætinu. Að vísu má segja að málin hafi þróast með nokkuð öðrum hætti hér á Íslandi, en það er ekki óeðlilegt. Ég tel fullgild rök fyrir því að mál þróist lítið eitt á annan veg hér í okkar fámenna landi sem hefur svo sérstakt yfirbragð og þjóðhætti að mörgu leyti miðað við það sem gerist og gengur meðal milljónaþjóða. Ég ætla að benda á það t.d. að hér, þar sem við erum svona fá, er það ekki óeðlilegt að hver og einn okkar þurfi e.t.v. að hafa fleiri en eitt hlutverk á hendi. Og sannleikurinn er sá að þetta kemur kannski óvart fram í umræðum hér á hv. Alþingi. Ég hef leyft mér að taka með mér hér upp í ræðustólinn umræður sem urðu í vetur þegar þetta mál var lagt fram í hv. efri deild, flutt um það framsöguræða og málið nokkuð rætt. Ég vona að hv. forseti leyfi mér að vitna ögn í ummæli þeirra manna sem þá tóku til máls til þess að vekja athygli á því að við þurfum að skoða þetta mál vel og vandlega.

Þegar málið um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði er lagt fram í hv. Ed., þá talar þar hæstv. ráðherra Halldór Ásgrímsson, hæstv. sjávarútvegsráðherra. Þetta dæmi tilgreini ég síður en svo hæstv. ráðherra til hnjóðs. Síður en svo. En þetta sýnir að jafnvel ráðherrar í ríkisstjórn Íslands eru ekki einskorðaðir við eitt hlutverk frekar en kannski sýslumenn hafa verið á umliðnum árum að því er sumum hefur fundist. Já, það er hæstv. sjútvrh., Halldór Ásgrímsson, sem fylgir frv. úr hlaði í efri deild.

Hitt er svo annað mál, og það er kannski önnur ástæða þess að ég tók þetta hefti af Alþingistíðindum með mér hingað í ræðustólinn, að það er mín skoðun að Alþingi eigi að vera í einni málstofu. Það er oft svo að það fer margt fram hjá okkur sem skipum neðri deild sem gerist í efri deild. Við tínum málum næstum sem fara héðan og tökum ekki eftir þeim, þau rekur ekki á okkar fjörur fyrr en þau koma fullsköpuð eftir meðferð í efri deild, og þá er kannski skammur tími til þess að fjalla um þau hér í þessari málstofu.

Svo er það önnur saga um þetta mál sem nú er á döfinni úti í Strasbourg. Það vita allir hver var í raun og veru, a.m.k. meðfram, kveikjan að því að þessum málum var hreyft með svona eftirminnilegum hætti um þessar mundir hér á hv. Alþingi. Það er, eins og menn kalla, mál hjólreiðamannsins á Akureyri. En ég vil aðeins benda á það að þessi ágæti þegn okkar þjóðfélags fékk að ég held fullgilda meðferð sinna mála bæði fyrir undirrétti og Hæstarétti. Hæstiréttur Íslands hefur starfað frá 1920. Þangað hafa allir getað skotið málum sínum. Ég álít að við getum verið fullsæmd af því að fá úrskurð Hæstaréttar Íslands í okkar málum, smáum og stórum, en kann heldur illa við þegar svona mál eru borin á torg erlendis til þess að reyna að gera íslenskt réttarfar tortryggilegt í augum annarra þjóða.

Hitt er svo annað mál að á þessari öld hefur margt þróast í þessum málum í okkar ágæta landi. Það segir hér á einum stað í ræðum manna: „Þetta mál hefur vakað og síðustu 70 árin hafa öðru hvoru heyrst raddir um að bæði væri nauðsynlegt og tímabært að skilja dómsvaldið algjörlega frá stjórnsýslunni og nokkur skref hafa verið tekin í þá átt. Þannig beitti Bjarni Benediktsson, þáv. dómsrh., sér fyrir því árið 1961 að ákæruvaldið var falið sjálfstæðu ríkissaksóknaraembætti en ákæruvaldið hafði áður verið í dómsmrn." Ég get ekki að því gert, af því að það eru sérstaklega tveir lögspekingar og ágætir alþingismenn nefndir á nafn í umræðunum í Ed., ráðherrarnir Bjarni Benediktsson og Ólafur Jóhannesson, og þeirra lofsamlega getið að verðleikum að spyrja: Hvernig gátu þessir ágætu menn, sem lengi voru oddvitar okkar þjóðar, látið það viðgangast að þessar leifar einveldisins væru látnar óáreittar öll þau ár sem þeir sátu við stjórnvölinn?

Við þurfum ekki að undrast yfir því að framþróun gangi stundum hægt í þessum efnum. Það er full ástæða til þess að slík mál, svo sem réttarfar, þróist hægt, þau séu ekki háð sífelldum breytingum. En óneitanlega tekur þróun sumra atriða í þessum málum langan tíma. Ég get bent á það hér að því er varðar ákæruvaldið að ég minnist þess að árið 1934 þegar Gunnar Thoroddsen kom ungur maður inn á þing flutti hann jómfrúræðu sína um skipan opinbers ákæranda. Það var 1934. Það var fyrst 1961 að ákæruvaldið var falið sérstökum óháðum embættismanni. Má þó merkilegt heita að það skyldi ekki gert fyrr þar sem það hlaut að vera mjög gagnrýni vert að pólitískur ráðherra skyldi hafa á hendi æðsta ákæruvald í opinberum málum hjá þjóðinni.

Það þýðir ekki að hafa uppi mikla gagnrýni nema benda á aðrar leiðir og þó að ég hafi þessi gagnrýnisorð í frammi fagna ég því að þessi mál skuli vera rædd. Það er að sjálfsögðu margt gott við það frv. sem hér liggur fyrir eftir athugun svo margra lærðra manna. En það er eitt fyrir sig að við teljum ýmsir að

aðskilnaður dómsvalds og umboðsvalds í héraði sé þegar kominn á meðal þjóðarinnar að mjög miklu leyti. Það er staðreynd að utan Reykjavíkur hefur frá 1972 verið komið á fót stöðu héraðsdómara við sex stærstu sýslumanns- og fógetaembætti á landinu, þ.e. þar sem þéttbýlið er mest og fólkið flest er þessi skipan komin á. Og það eru ýmsir, þar á meðal ég, sem vilja láta skoða þann möguleika að útfæra þessa reglu, útfæra þessa aðferð um héraðsdómara um allt land. Ef það yrði gert þyrfti að vísu að bæta við nokkrum héraðsdómurum. En þá væri líka að margra mati kominn á fullur og nægilegur aðskilnaður dómsvalds og umboðsvalds í héraði hér á landi.

En meginefni frv. þess sem hér er til umræðu er að settir verði á fót átta héraðsdómstólar er fari með dómstörf jafnt í einkamálum og opinberum málum. Þetta er út af fyrir sig á margan hátt ágætt, en það hlýtur að kosta nokkurt fé. Við höfum kannski ráð á þessu. Þó heyrist á ýmsum um þessar mundir að ekki veiti af fé til ýmissa verkefna sem aðkallandi eru.

Eitt er enn, að menn eru ekki sammála um hvort sú breyting sem hér er fyrirhuguð muni styrkja sýslumannsembættin eða ekki. Hér segir hæstv. ráðherra í máli sínu í Ed., með leyfi forseta: „Fleiri breytingar eru á döfinni sem miða að því að auka verkefni sýslumannsembætta og gera veg og virðingu þeirra enn meiri í framtíðinni en nú er." Ber að sjálfsögðu að fagna því ef þessari stefnu verður fylgt eftir.

En til þess að mál mitt verði ekki allt of langt ætla ég aðeins að drepa á nokkur atriði enn í þeim ræðum sem fluttar voru um málið við 1. umr. í Ed. eins og ég sagði áðan.

Dómsmrn. hefur áætlað að aukakostnaður vegna frv. verði um 35 millj. kr. á ári miðað við verðlag á sl. vori. Þetta telja margir allt of lágt áætlað. Af tilviljun heyrði ég í morgunútvarpinu í morgun að talað var um að reisa íbúðarhús, að vísu fyrir einn allra fremsta embættismann þjóðarinnar. Það er áætlað að það kosti eitt sér 40–50 milljónir. En hæstv. ráðherra tók líka fram að það bæri að fjalla um þetta mál á þann veg að ná sem mestri sátt um nauðsynlegar breytingar og í því efni er ég honum algjörlega sammála.

Hér segir hæstv. ráðherra á einum stað, með leyfi forseta: „Réttarfar okkar er eins og áður segir undir nokkurri smásjá samstarfsþjóða okkar í Evrópuráðinu og miklu skiptir að fjarlægja hinn minnsta skugga sem á það kann að falla." Þetta er alveg rétt, en skyldi nú þessi hugsunarháttur ríkja í öllum málum? Það er a.m.k. ekki fullt samkomulag um það. Ég tel að við þurfum alls ekki að vera svo viðkvæmir fyrir því sem þeir kunna að segja þarna úti í Strasbourg. Við getum alveg staðið á okkar rétti hvenær sem er.

Hér tekur til máls hv. 11. þm. Reykv. og hann segir, með leyfi forseta: „Varðandi þau embætti sem hefur verið fallist á að verði sérstök sýslumannsembætti en í upphaflegu tillögunum var gert ráð fyrir að ættu ekki að vera sérstök sýslumannsembætti er ég þeirrar skoðunar að þau mættu missa sig."

Jæja, það eru þá einhverjir af talsmönnum þessa frv. sem telja að a.m.k. einhver af sýslumannsembættunum megi missa sig. En þó telur þessi sami ræðumaður að þegar búið sé að taka eins mikið vald frá sýslumönnum og ráð er fyrir gert í þessu frv. verði sýslumannsstaðan ekki eins eftirsóknarverð og áður var.

Hv. 3. þm. Vesturl., sem var formaður milliþinganefndarinnar sem hæstv. ráðherra gat um áðan, segir m.a. í ræðu sinni: „Það vill svo til að sá sem þetta mælir var formaður þeirrar nefndar." Og hann getur þess að þar „höfum við tveir nefndarmenn haft sérstöðu, ég og hv. 1. þm. Norðurl. v. Páll Pétursson", en þeir hafi þó verið fimm í sjö manna nefnd sem hafi fallist á frv. — Bætir svo við: „Ég hygg þó að um þetta mál sé miklu breiðari samstaða í þinginu en niðurstaða nefndarinnar í raun gefur til kynna."

Þá tekur til máls hv. 8. þm. Reykv. og ég ætla að leyfa mér að hafa yfir tvær, þrjár setningar af hans ræðu því þar kveður við nokkuð annan tón. Hann segir: „Ég tek ekki mjög nærri mér þó að einhverjir svokallaðir lögspekingar úti í heimi einhvers staðar ætli að fara að halda því fram að réttarríki sé ekki á Íslandi og það sé meira í þeirra ríkjum." — Hann heldur áfram: „Algjör aðskilnaður löggjafarvalds, dómsvalds og framkvæmdarvalds, sem er göfug hugsjón, verður held ég aldrei." — Og loks segir hann: „Við skulum ekki vera þau börn að halda að við séum að leysa einhverja lífsgátu með samþykkt þessa frv., að með því sé búið að bjarga réttarfari á Íslandi og gera það kannski göfugast í veröldinni og dómaskipan og meðferð dómsmála."

Hv. 6. þm. Vesturl. segir, fulltrúi Kvennalistans: „Við kvennalistakonur teljum rétt og nauðsynlegt að gera þá breytingu sem hér er verið að leggja til."

Svo kemur hæstv. sjútvrh. aftur inn í umræðuna og þar minnist hann á að auðvitað sé ekki aðalatriði að málinu ljúki á þessu þingi, þar er hann samkvæmur sjálfum sér, og eins og hann sagði áður, að það sé mikils um vert að fá sættir og samkomulag sem víðtækast þegar þessi breyting verður gerð. Hann tekur réttilega fram að þær breytingar á löggjöf sem verða til að taka störf frá sýslumönnum og fela þau öðrum í hendur veiki sýslumannsembættin nema annað komi á móti.

Þetta stóra mál fer væntanlega eftir þessa umræðu til allshn. þessarar hv. deildar og gefst þá færi á að skoða það nánar. En ég vil að lokum benda á að þetta mál hefur verið í allan vetur í Ed., en nú skilst mér, ef miðað er við að þingi ljúki 6. maí, að þá eigi Nd. að afgreiða það á þremur vikum. Þetta er afskaplega óeðlilegt, að þriðjungur þingmanna skoði málið, við skulum segja í krók og kring, mánuðum saman en ⅔ þingmanna eigi svo að fá þrjár vikur til að ljúka þessu ætlunarverki. Það kynni því að vera freistandi að taka undir orð 8. þm. Reykv., sem hann viðhafði í þeirri umræðu sem ég hef getið um, að „það kynni að fara svo að ekki yrði heldur hægt að afgreiða það á þessu vori, þ.e. þetta frv., og það er bættur skaðinn því að við getum alveg beðið til næsta þings þess vegna", segir hv. 8. þm. Reykv.

Ein er sú tillaga sem gerð var í Ed. undir lok

meðferðar frv. þar. Það var frestað gildistöku þess til 1. júlí 1992. Það er góðra gjalda vert að setja lög og ákveða svo hæfilegan umþóttunartíma eða undirbúningstíma þess að þeim sé hrint í framkvæmd. Ég tel samt sem áður svona langan frest vera óeðlilegan. Það er óeðlilegt að þetta þing setji lög sem stofna til svona mikilla breytinga og aukinna ríkisútgjalda en svo eigi þingmenn, kannski allt aðrir þingmenn, eftir nokkur ár að bera baggana af fjárútlátum og framkvæmd laganna. Þess vegna er ég ekki eins fagnandi yfir þessu ákvæði og margir eru og virðast telja þetta stórsigur í málinu.

En lokaorð mín eru þau að þetta mál, og vil ég endurtaka það sem ég sagði raunar í upphafi, er svo mikilvægt að ég skora á alla alþingismenn að gefa því góðan gaum og hugsa vel sitt ráð áður en það verður afgreitt á þessu vori. Málið er sannarlega svo stórt að það er ástæða til að halda áfram að fjalla um það. Að mínum dómi held ég að það hefði gott af því að bíða fram á næsta haustþing.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Ég vil láta þess getið í upphafi þeirra orða sem ég mæli hér að ég hef ekki skoðað frv. ákaflega vandlega og hvergi nærri því með sama hætti og sá hv. þm. sem var að ljúka máli sínu, hv. 2. þm. Vesturl. Ég vil hins vegar segja um það örfá orð og ekki síst með tilliti til þess að ég hef á stundum í umræðum á hinu háa Alþingi, t.d. í umræðum um fjárlög, vakið á því athygli að Alþingi og alþingismenn eru furðu fúsir til að taka ákvarðanir, afgreiða lagabálka og binda í ákvarðanir fjárútlát sem við stöndum síðan frammi fyrir að standa við þegar kemur að afgreiðslu fjárlaga. Þetta hefur gengið svo langt, eins og öllum hv. alþm. er kunnugt, að Alþingi sjálft hefur síðan orðið að grípa til þess að skerða lög sem það hefur sett og kosta útgjöld í mörg undanfarin ár með sérstökum ákvæðum í lánsfjárlögum.

Ég hef býsna mikla varúð á mér í þeim málum sem sýnilega hafa í för með sér mikinn kostnað þegar verið er að setja upp nýtt kerfi í þjóðfélaginu, nýtt kerfi sem hefur í för með sér kostnað sem við höfum ekki áður þurft að standa straum af. Svo hygg ég að sé um það mál sem hér er á ferðinni. Hér er verið að setja á nýtt kerfi héraðsdómstóla, átta nýja héraðsdómstóla, sagði hv. 2. þm. Vesturl., og er ljóst að það kerfi hlýtur að kosta mikið fé. Ég tók eftir því að hæstv. ráðherra sagði þegar hann mælti fyrir frv. að það væri áætlað að kostnaðarauki af þessu frv. væri um 35 millj. kr. á ári. Þetta hafa tveir hv. alþm. á undan mér tekið upp og talið fjarstæðu og ég hlýt að slást í för með þeim og segja að það er furðulegt að hæstv. ráðherra, sem ég hafði ætlað grandvaran mann, skuli láta sér detta í hug að nefna slíkar tölur. Ætla má að kostnaður kannski við eitt slíkra embætta væri af þessari stærð fyrir utan stofnkostnað sem kemur á öll þessi embætti, stofnkostnað sem kannski væri ekki minna en tíföld eða fimmtánföld sú fjárhæð sem hér er nefnd sem árlegur kostnaður.

Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að krefjast þess að hæstv. ráðherra hlutist til um að frv. fylgi, svo sem lög kveða á um, kostnaðaráætlun, bæði yfir stofnkostnað af þessu kerfi og þessum nýju embættum og eins hvaða kostnaður fylgir rekstri þessa embættismannakerfis ef á laggir verður sett.

Það ætti ekki að þurfa að minna hæstv. ráðherra, sem er hér í hliðarsal, á að það er lögbundið að frv. sem lögð eru fyrir Alþingi fylgi kostnaðaráætlun, úttekt, sem gerð er af Fjárlaga- og hagsýslustofnun, á því hvaða aukinn kostnaður fylgir þeirri lagasetningu sem hæstv. ráðherra eða aðrir eru að mæla fyrir.

Mér þykir leitt að verða að segja að hæstv. ráðherra hefur vanrækt að uppfylla þessa lagaskyldu og ætti ekki að þurfa að minna hann á, sem ég held að ég muni rétt, að þessi lagaákvæði er að finna í lögum nr. 13/1979 sem kennd eru við Ólaf heitinn Jóhannesson.

Ég held að það sé ástæða til að vekja á þessu athygli og krefjast þess að þessi lagaskylda sé virt. Það er sannarlega hart við að búa og mætti múgamanni þykja einkennilegt þegar það sannast að hæstv. ráðherrar og sumir hv. alþm. sinna því ekki sjálfir hér á hinu háa Alþingi að uppfylla slíka lagaskyldu. Það mun ýmsum múgamanni þykja einkennilega að verki staðið. Ég tek því undir það, sem hv. þm. Kristín Halldórsdóttir sagði um þetta mál, að þetta verður vitaskuld að liggja fyrir í þingnefnd. En ég get ekki látið hjá líða að finna sterklega að því að það skuli ekki hafa verið gert, því að ég finn ekki greinargerð Fjárlaga- og hagsýslustofnunar í fylgiskjölum með þessu frv., eins og lögum samkvæmt er skylt. Þetta er vitaskuld ekki við hæfi.

Ég ætla ekki að fara um þessi efni miklu fleiri orðum annað en ítreka enn að hér er vitaskuld verið að setja á laggir kerfi sem felur í sér mikinn nýjan kostnað og þegar þannig er að verki staðið ættu menn að muna eftir því að það þarf peninga til að borga kostnað við slík ný kerfi. Það kemur að því að við stöndum frammi fyrir þeim vanda að setja saman fjárlög sem hafa það að markmiði að standa við slíkar ákvarðanir. Allt of sjaldan muna menn eftir því á hinu háa Alþingi.

En mér er enn fremur spurn og ég varpa því vitaskuld til hæstv. dómsmrh.: Er það svo að íslenskt réttarkerfi og íslenskir dómstólar beiti íslenska borgara misrétti? Er það svo að íslenskir borgarar séu misrétti beittir af réttarkerfinu íslenska og dómstólunum? Eru einhver brögð að því? Ef svo er, þá er vitaskuld ábyrgð yfirmanns dómsmála mikil og eðlilegt að hann vilji breytingar. Og ef svo hefur viðgengist á undanförnum árum eða áratugum felst í slíkri fullyrðingu mikil ásökun í garð þeirra mætu manna ýmissa sem gegnt hafa störfum dómsmrh. á undan hæstv. dómsmrh. Halldóri Ásgrímssyni. En ef þetta er ekki svo, ef það er ekki svo að íslenskt réttarkerfi og íslenskir dómstólar beiti íslenska borgara misrétti, hvaða þörf er þá á því að breyta til og leggja í stóraukinn kostnað, taka upp nýtt kerfi, auka við yfirbyggingu þjóðfélagsins, auka við umsvif dómsmálakerfisins, auka kostnað við rekstur á réttarkerfinu, auka skattheimtu í okkar þjóðfélagi? Það hlýtur

að vera mikil ástæða til þess að það sé gert. Og ég beini þeirri fyrirspurn til hæstv. ráðherra hvort þetta sé svo, hvort það sé ástæðan fyrir því að að þessari breytingu sé horfið, og hlýt að bíða eftir svörum.

Ég met það svo að aðild okkar að alþjóðlegum sáttmála sé ekki orsökin, enda var það niðurstaða hv. 2. þm. Vesturl., sem ég hygg að kunni a.m.k. álíka fyrir sér í lögum eins og hæstv. dómsmrh., að við stöndum tryggum fótum, Íslendingar, í réttarfarsmálum okkar varðandi alþjóðasáttmála um þessi mál og betur en ýmsar þjóðir aðrar. Þess vegna læt ég það verða mín lokaorð að beina fram komnum fyrirspurnum til hæstv. ráðherra.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég fagna því að þetta mikilvæga þingmál skuli komið á lokastig í meðförum þingsins. Þetta frv. um aðskilnað dómsvalds og framkvæmdarvalds er ákaflega mikilvægt mál. Of sjaldan er fjallað í þingsölum um grundvallaratriðin í lýðræðissamfélaginu eins og hér er gert nú. Þetta mál hefur fengið mjög rækilegan undirbúning og þeim mun ánægjulegra er það að það skuli hafa tekist samstaða um málið í hv. Ed.

Ég vildi taka það fram að ég tel það vel ráðið af hæstv. dómsmrh. að skipa sérstaka nefnd til að fjalla um verkefni sýslumannanna og ég er honum alveg sammála um það að innheimtustörf eigi að vera hjá þeim áfram og það sé óráð að stofna sérstakar gjaldheimtur án þess að nauðsyn krefji. Svipuðu máli gegnir um umboð fyrir almannatryggingar.

Það er alveg rétt, sem kom fram hjá hv. 2. þm. Vesturl., að það er æskilegt að í dómsmálum og réttarfarsmálefnum sé þróun en ekki stökkbreytingar við okkar aðstæður. Hann minnti okkur á að það leið meira en aldarfjórðungur frá því Gunnar Thoroddsen flutti tillögu um sjálfstæðan saksóknara óháðan hinu pólitíska ráðherravaldi árið 1934 þar til að það embætti var sett á stofn með lögum sem sjálfstætt embætti árið 1961. En ég vildi í þessu sambandi minna á að núna eru liðin meira en 73 ár frá því fyrsta tillagan kom fram um aðskilnað dómsvalds og framkvæmdarvalds og um aðskilnað dómsvalds og umboðsstarfa í héraði sem eiginlega er að efni hin sama og sú sem hér er að verða að lögum því það var árið 1916 að milliþinganefnd kom með tillögur sem eru mjög líkar þeim sem við fjöllum nú um. Nú í fyllingu tímans verður þetta að lögum og eins og kom fram hjá hæstv. dómsmrh. með því að ætla til þess hæfilegan aðlögunartíma og undirbúning þannig að frv., þó að lögum verði nú, taki ekki til framkvæmda fyrr en á árinu 1992, en einmitt þannig mun gefast tími til að undirbúa alla framkvæmd og stilla kostnaði í hóf og ég er alveg viss um að hæstv. dómsmrh. mun leggja þau gögn fram í hv. allshn. þessarar deildar er sýna að kostnaður af framkvæmd þessarar nýskipunar dómsmálanna má vel vera innan þeirra marka sem greind eru í frv. þótt auðvitað sé jafnan erfitt að meta það til nákvæmrar tölu.

Ég tek það fram að ég tel það ekki rök í málinu, sem fram kom hjá hv. 2. þm. Vesturl., að fleiri væru ekki við eina fjölina felldir en sýslumenn. Það eru ekki rök í þessu máli því að hér er um miklu mikilvægara málefni að ræða en það að menn fáist við margt í fámennu landi hver hjá sér. Hér er um að ræða nokkur grundvallaratriði í dómskerfinu sem ég veit að hv. 2. þm. Vesturl. hefur á næman skilning, enda lýsti hans ræða því að hann fagnaði því að fram væri komið hér frv. um aðskilnað dómsvalds og framkvæmdarvalds. Ég vildi að endingu taka undir með hæstv. dómsmrh. að þetta er mikið framfaramál, heiðursmál fyrir okkur og það er til þess fallið að auka traust á íslenska réttarfarinu, en á það má enginn blettur falla.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það var aðeins út af spurningu hv. þm. Pálma Jónssonar um það hvort Íslendingar væru misrétti beittir af íslenska dómskerfinu. Ég tel svo alls ekki vera og ég veit ekki til þess að þar hafi orðið neitt meiri háttar slys. Hitt er svo annað mál að við munum aldrei geta fullyrt um það frekar hér á landi en annars staðar í heiminum. Auðvitað eru mannanna verk misjöfn og það er oft erfitt að greina rétt frá röngu. Það er vissulega erfitt hlutskipti sem dómstólar landsins hafa í því sambandi á hinum ýmsu tímum. Þess vegna er að sjálfsögðu mikilvægt að það sé sem best traust á dómstólum landsins, fyrst og fremst hér innan lands en jafnframt gagnvart okkar nágrannaþjóðum, því að land sem hefur trausta dómstóla og traust dómskerfi nýtur jafnan virðingar á alþjóðavettvangi. Þar af leiðandi er mikilvægt og samdóma álit allra að aðskilja sem mest framkvæmdarvald og dómsvald.

Það sem hér er á ferðinni er að mínu mati eðlilegt framhald af þeim ýmsu breytingum sem orðið hafa á undanförnum árum að því er varðar sérstakan saksóknara, að því er varðar stofnun Rannsóknarlögreglu ríkisins o.s.frv. o.s.frv.

Ég get vel tekið undir það með hv. þm. að frumvörpum á að fylgja ítarlegt kostnaðarmat. Það hefur farið fram kostnaðarmat í þessu máli og það hefur verið gert í fullu samráði við Fjárlaga- og hagsýslustofnun. En ég get út af fyrir sig alveg tekið undir það með honum að það hefði mátt gera betur grein fyrir því í frv. En það mun hafa verið rætt ítarlega í nefnd í hv. Ed. og ég vænti þess að svo verði einnig í hv. nefnd í Nd.

Hitt er svo annað mál að ég hef nokkrar efasemdir um að kostnaðaraukinn verði svo gífurlega mikill. Ég viðurkenni fúslega að það fylgir þessum dómstólum nokkur stofnkostnaður. Hins vegar er það svo að það er víða verið að bæta aðstöðu þessara embætta og þarf að gera það hvort eð er í hinum ýmsu tilvikum.

Ég tek eftir því að það er mikið álag á dómstólunum í Reykjavík. Dómsmálum fer fjölgandi, m.a. vegna okkar efnahagsástands, og þessum málum verður að sinna með aukinni vinnu viðkomandi dómara sem verður oft til þess að erfiðlega gengur að standast forsendur fjárlaga eins og ég veit að hv. þm.

Pálmi Jónsson þekkir jafnvel og betur en ég. Með því að færa þessi verkefni í meira mæli og jafna þeim um landið sýnist mér að að álagið muni færast á milli aðila þannig að ég er ekki mjög hræddur um að hér verði gífurlegur kostnaðarauki. Ég tek hins vegar alveg undir með honum að það beri að fara varlega í sakirnar í þessum efnum og ekki síst þess vegna tel ég mjög skynsamlegt að taka lengri umþóttunartíma. Það er nauðsynlegt að gera áætlun um með hvaða hætti verður staðið að stofnkostnaði sem snertir þetta mál beint eða óbeint og dreifa honum á hæfilegt tímabil. En þó að nefnt sé dómhús í Reykjavík tengist það ekki beint þessu máli vegna þess að dómstólarnir í Reykjavík þurfa að sjálfsögðu að vera í góðu húsnæði og hvað svo sem yrði um þetta mál þyrfti það jafnt að vera til umfjöllunar því engum dettur í hug að leggja þá á einn eða annan hátt niður og það er fólgið í því mikið hagræði að hafa þá sem mest í sömu húsakynnum, en nú eru þeir mjög dreifðir.

Það er einnig ljóst að í Hafnarfirði býr bæjarfógetaembættið í leiguhúsnæði sem ekki er til frambúðar þannig að þar þarf að eiga sér stað úrlausn. Ég get nefnt sem dæmi á Austurlandi að það er nauðsynlegt að byggja lögreglustöð á Egilsstöðum og jafnframt að búa svo um hnútana að dómstóllinn þar geti verið á sama stað. Hann þarf ekki neitt óskaplega stór húsakynni. Með þessu er ég ekki að gera lítið úr varúð í fjármálum sem hv. þm. Pálmi Jónsson var að innprenta mér og öðrum. Það eru þarfar ádrepur og mætti flytja þær sem oftast hér og ekkert síður yfir öðrum en mér. En ég tek allar slíkar ádrepur alvarlega.

En ég ítreka að ég dreg úr þeim áhyggjum sem menn hafa af gífurlegum kostnaðarauka í sambandi við þetta mál. Hins vegar sýnist mér að það eigi sér stað verulegur kostnaðarauki smátt og smátt í dómskerfinu vegna mikillar fjölgunar mála. Þar er úr vöndu að ráða því að enginn vill að mál hrannist þar upp og bíði úrlausnar langtímum saman. Það rýrir mjög traust á réttarfarinu og við það er eigi hægt að búa.

Það er vilji okkar margra að þjónustan færist í meira mæli heim í héruðin og til fólksins. Það hefur vissulega oft og tíðum kostnaðarauka í för með sér. Slíkt má nefna mörg dæmi um, en þar er til mikils að vinna og ég held að það sé alveg ljóst að þetta er eitt af þeim málum sem munu dreifa þessari starfsemi mun meira um landið.

Ég vil líka minna á í þessu sambandi að hér var til umfjöllunar ár eftir ár svokallað lögréttufrv. sem trúlega hefði haft í för með sér meiri kostnaðarauka þannig að hér er ekki um neina nýja hugsun að ræða eins og kom skýrt fram hjá hæstv. iðnrh. En það er afar mikilvægt að komast að niðurstöðu í þessu máli þannig að við vitum hvert við viljum stefna á þessu sviði. Mér er alveg ljóst að þetta mál eins og öll önnur hefur ýmsa galla, en það hefur jafnframt marga kosti og ég sé ekki að við komumst frá því með ódýrari hætti en hér er gert ráð fyrir, en bendi hins vegar á að það gefst góður tími til að fara betur ofan í þau mál og má að sjálfsögðu ná meiri sparnaði. Við getum lagt niður ákveðin sýslumannsembætti án þess að skerða mjög þjónustuna við íbúana. En það er erfitt að nefna ákveðin embætti í því sambandi alveg eins og við vitum að það er hægt að fækka prestaköllum í landinu. Það er hins vegar afar viðkvæmt mál. Í frv. sem þar hefur komið fram er gert ráð fyrir því, en það hefur valdið miklum mótmælum heima fyrir. Þannig er þessum málum varið að það er ekki alltaf spurningin um eingöngu hagkvæmni heldur jafnframt dreifingu og þjónustu við íbúa landsins.

Ég þakka þær umræður sem hér hafa farið fram og vænti þess að hv. nefndarmenn fái allar þær upplýsingar sem þeir telja nauðsynlegar. En aðeins út af því sem hv. þm. Friðjón Þórðarson sagði, að það væri stutt til stefnu, sem er út af fyrir sig rétt, minni ég á að það vannst góður tími til þess í milliþinganefndinni fyrir ýmsa aðila sem ég veit að eiga sæti í allshn., sumir hverjir a.m.k., að fara mjög vel ofan í málið þannig að mér finnst kannski ekki alveg sanngjarnt að segja að þingdeildarmenn og nefndarmenn hafi aðeins þessar þrjár vikur til að kynna sér málið. Ég veit að þeir sem best þekkja til málsins, eins og hv. 2. þm. Vesturl., hafa haft allgott ráðrúm til að setja sig inn í það og það er svo hér í þinginu að við getum ekki sett okkur alveg inn í hvert einasta mál og treystum þá okkar flokksfélögum sem best til þekkja til að gera það fyrir okkar hönd og upplýsa okkur um málið. Þannig ganga vinnubrögð fyrir sig í þinginu þótt ég dragi ekki úr því, sem hv. þm. sagði, að það er mjög mikilvægt í þessu stóra máli að hver og einn þingmaður setji sig sem best inn í það.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Hæstv. dómsmrh. flutti hér afskaplega notalega ræðu sem í sjálfu sér var ljúft að hlýða á. Hann neitaði því að íslenska réttarkerfið og dómskerfið væri þannig í stakk búið að íslenskir borgarar væru beittir misrétti þó að ég taki vitaskuld undir það með honum að það verður alltaf svo með mannanna verk að þau geta orkað tvímælis, en þetta var meginniðurstaða úr hans svari við mínum fyrirspurnum.

Það kom afskaplega óglöggt fram í máli hæstv. ráðherra hvert væri þá aðaltilefni þess að horfið væri að því að taka upp nýtt kerfi, ég segi kostnaðarsamt kerfi. Aðalástæðan í máli hans var sú að það væri mikil fjölgun mála hjá íslenskum dómstólum. Önnur ástæða sem hæstv. ráðherra nefndi var að við þyrftum alltaf að gæta þess að hafa kerfið með þeim hætti að við nytum sem bests trausts. Jú, jú. Ef við njótum trausts eftir eldra kerfi og við höfum ekki sætt því að vera misrétti beittir af því kerfi, er þá ástæða til þess að annað kerfi sé trausts verðugra? Allt var þetta helst til losaralegt þótt það væri notalegt á að hlýða.

Hæstv. ráðherra gerði lítið úr þeim áhyggjum mínum að þessu mundi fylgja aukinn kostnaður og væri betur að satt reyndist. En ég er ekki sömu skoðunar. Ég hef þurft að taka þátt í því og horfa upp á að nýjum embættismönnum fylgi kostnaður, nýju embættiskerfi fylgi kostnaður. Nýir embættismenn

vilja fá embættisbústað og nýjar embættisskrifstofur og nýtt starfslið, nýtt tölvukerfi o.s.frv. o.s.frv. að ógleymdum reksturskostnaði. Ég hlýt að endurtaka að ég óska eftir því hér með formlegum hætti að með frv. fylgi úttekt Fjárlaga- og hagsýslustofnunar á kostnaði sem því yrði samfara að mati þeirrar stofnunar þegar það kemur til 2. umr., enda er slíkt skylt eftir lögum.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Aðeins örstutt. Það má vel vera að ég hafi ekki talað nægilega skýrt um aðalástæðu fyrir flutningi þessa máls. En hún er að sjálfsögðu sú að aðskilja dómsvald og framkvæmdarvald. Það er aðaltilgangurinn með þessu frv. (**PJ:** Það er kerfisbreytingin en ekki orðalagið.) og til þess að gera það þarf að framkvæma breytingar. Það liggur alveg ljóst fyrir að mál sem varðar okkar réttarfar hefur verið til umfjöllunar hjá mannréttindadómstólnum. Það er ástæða til að taka það mál alvarlega og ég veit að allir þeir sem hafa kynnt sér það vel taka það mjög alvarlega. Það er eðlilegt að við ræðum það ekki eingöngu í ljósi þess máls heldur líka í ljósi þess hvert við viljum stefna því að það er mjög alvarlegt mál ef mannréttindadómstóllinn kæmist að þeirri niðurstöðu að hér sé ekki staðið að málum með þeim hætti sem venjulegt er í lýðræðisríkjum. En í því að ég segi það þarf ekki að felast á nokkurn hátt ásökun á íslenska dómstóla og réttarkerfið heldur er um að ræða það traust sem er bæði inn á við og út á við og ef það er rýrt er það svo alvarlegt mál fyrir íslenska dómskerfið að ég vil a.m.k. ekki hugsa um þær afleiðingar sem slíkt gæti haft. En með því er ég ekki að segja að það mál eigi að stjórna í einu og öllu gerðum okkar í þessu máli.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég þakka hæstv. ráðherrum fyrir þátttöku í þessum umræðum.

Það sem ég var að reyna að benda á var að það væri sjálfsagt að skoða þessi mál vandlega, hvort við værum brotlegir í augum annarra þjóða og stæðum ekki við samninga okkar á alþjóðavettvangi. Á hitt leyfði ég mér að minnast að það væri e.t.v. svo í því fámenni sem hér er hjá okkur að við þyrftum stundum að hafa fleiri en eitt hlutverk á hendi. Og þess vegna — þó að við ræktum allar okkar skyldur samkvæmt alþjóðasáttmálum — væri ekki óeðlilegt að mál þróuðust með nokkuð sérstæðum hætti í okkar norðlæga eyríki.

Hitt er svo annað mál að það má endalaust fjalla um hvort það eigi ekki að gæta enn meiri varúðar við að skipta störfum niður á menn. Það má t.d. benda á það hvort það sé ekki gagnrýni vert að hæstv. ráðherrar hafa á hendi bæði löggjafarvald og framkvæmdarvald samtímis. Svona má ræða málin og fara út í saumana jafnvel þar sem við teljum að réttlæti sé fullnægt.

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í máli mínu áðan deili ég áhyggjum með hv. 2. þm. Norðurl. v., og raunar kom það einnig fram í máli hv. 2. þm. Vesturl., út af þeim kostnaði sem ég tel að þessar breytingar óhjákvæmilega hafi í för með sér. Hafi ég ekki talað nógu skýrt í því efni áðan vildi ég ítreka gagnrýni mína á að ekki skuli nákvæm kostnaðaráætlun liggja fyrir. Ég mun beita mér fyrir því í nefndarstörfum og vænti að hafa þar liðsinni hv. 2. þm. Vesturl. að við fáum það kostnaðarmat sem hv. 2. þm. Norðurl. v. talaði um, nákvæmt mat á þeim kostnaði sem þetta hlýtur að hafa í för með sér, bæði hvað varðar mannahald og stofnun þessara embætta, húsnæði, innréttingar og fleira í þeim dúr, og að þetta mat liggi fyrir áður en málið verður afgreitt frá nefndinni. Ég tel það nauðsynlegt og mun beita mér fyrir því.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hreppstjórar, 1. umr.

Stjfrv., 199. mál (skipun, aðsetur sýslumanns o.fl.). — Þskj. 251.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á lögum um hreppstjóra sem er m.a. vegna breytinga á sveitarstjórnarlögum að því er varðar sýslunefndir. Það má segja að þetta frv. sé ekki að öllu leyti fylgifrv. þess sem var áðan mælt fyrir. Þetta frv. skýrir sig sjálft og ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um það og vænti þess að það verði tekið til athugunar ásamt öðrum frv. í hv. allshn., en vil að lokinni þessari umræðu leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þinglýsingalög, 1. umr.

Stjfrv., 200. mál (þinglýsingarstjórar). — Þskj. 257.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á þinglýsingalögum. Hér er um fylgifrv. frv. til l. um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði að ræða.

Ég tel ekki fremur en við fyrra frv. ástæðu til að rekja efni þess sérstaklega, það skýrir sig vel í athugasemdum með frv., en legg til að að lokinni þessari umræðu verði því vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lögbókandagerðir, 1. umr.

Stjfrv., 247. mál. — Þskj. 457.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um lögbókandagerðir. Það er eins með þetta frv. og það sem nefnt var á dagskrá áður að hér er um að ræða fylgifrv. með frv. til l. um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði þó að það sé í sjálfu sér ekki algerlega bundið því.

Ég vil leggja til að að lokinni þessari umræðu verði því með sama hætti vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lagmetisiðnaður, 1. umr.

Stjfrv., 407. mál (hlutafjárframlög). — Þskj. 767.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. á þskj. 767 um breytingu á lögum nr. 58 frá 4. júní 1981, um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins, með áorðnum breytingum. Þetta frv. er samið í iðnrn. og er flutt til að veita Þróunarsjóði lagmetisiðnaðarins heimild til að eignast hlutabréf í starfandi hlutafélögum eða eiga aðild að stofnun nýrra hlutafélaga í því skyni að auka framleiðni, vöruþróun og markaðsstarfsemi í lagmetisiðnaði. Frv. er flutt m.a. í ljósi þeirra erfiðleika sem nú eru í lagmetisiðnaðinum, en stjórn sjóðsins og Sölusamtök lagmetis hafa mælst til þess að slík heimild verði veitt.

Ég ætla ekki að þessu sinni að fjölyrða um þá erfiðleika sem upp hafa komið í lagmetisiðnaðinum, en hinn 17. febr. sl. skipaði ég sérstakan starfshóp til að kanna stöðu greinarinnar og til að benda á leiðir til að bæta markaðsstöðu hennar. Á grundvelli tillagna þessa starfshóps fjallaði ríkisstjórnin um þetta mál á fundi sínum þann 7. mars sl. og samþykkti síðan á fundi 14. mars sl.:

1. Að standa tímbundið straum af vaxtakostnaði vegna birgða og umbúða sem selja átti ALDI og Tengelmann fyrirtækjunum í Þýskalandi.
2. Að veita 7 millj. kr. til samstarfsverkefna Sölusamtaka lagmetis og Útflutningsráðs um söluátak fyrir lagmeti.
3. Að skipuleggja og kosta sérstakt átak til þess að selja óseldar birgðir af lagmeti á markaði þar sem aðstoð utanríkisviðskiptaráðuneytisins getur einkum komið að gagni og eru þar sérstaklega nefnd Austur-Evrópa og Japan.

Jafnframt þessu hafa iðnaðar- og sjávarútvegsráðuneytin beint því til Sölusamtaka lagmetis, Ríkismats sjávarafurða og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins að formlegt samstarfsverkefni verði hafið um átak í gæðamálum lagmetis. Sölusamtökin hafa þegar stigið mikilvægt skref í þessum málum með stofnun sérstakrar tæknideildar. Enn fremur er nú í gangi vinnuáætlun til að samræma íslenskt gæðaeftirlit á sviði lagmetis þeim sameiginlegu kröfum og stöðlum sem unnið hefur verið að í Evrópu vegna þróunar innri markaðar Evrópubandalagsins, en þetta er mikilvægt til þess að íslenskt lagmeti geti haldið sinni stöðu á Evrópumarkaðnum eftir árið 1992. Sérstakur samstarfshópur Ríkismatsins og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og Sölusamtakanna vinnur nú að nánari stefnumörkun um gæðamálin. Þróunarsjóður lagmetisiðnaðarins hefur á árunum 1987, 1988 og það sem af er ári 1989 veitt lán og styrki til vöruþróunar og gæðamála í lagmetisiðnaði að fjárhæð 5,3 millj. kr., til þróunar og til þess að gera umbúðir 4,8 millj. kr. og til tæknideildar Sölusamtakanna 5,1 millj. kr. Þá er gert ráð fyrir að Þróunarsjóður lagmetis styrki gæðaátakið sem ég minntist á. Höfuðáherslan í starfi sjóðsins hefur hins vegar verið á sviði markaðsmála, en sjóðurinn hefur á liðnum árum eytt rúmlega 10 millj. kr. árlega til markaðsmála fyrir lagmetisiðnaðinn.

Staða sjóðsins er nokkuð sterk og því þykir eðlilegt að rýmka um heimildir hans til að efla framleiðslu-, vöruþróunar- og markaðsstarf fyrir lagmetisiðnaðinn á þann hátt sem hér er gerð tillaga um.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um þetta mál, en óska þess að frv. fái skjóta meðferð hér í þingdeildinni. Að svo mæltu legg ég til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. iðnn. og 2. umr.

Friðrik Sophusson:

Herra forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til að fagna framkomu þessa frv. sem mér sýnist vera sjálfsagt mál og eðlilegt. Þó hygg ég að það þurfi að gæta sín nokkuð á heimildum eins og þeim sem koma fram í tillgr., 1. gr. frv., því að það hlýtur að vera eðli sjóða eins og Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins að vera fyrst og fremst lánasjóðir en ekki sjóðir sem veita eigi áhættufjármagni til ýmissa fyrirtækja og kannski síst til þeirra fyrirtækja sem eiga í vandræðum. Af tillögugreininni má hins vegar ráða að hugmynd hæstv. ríkisstjórnar og hæstv. iðnrh. sé að opna möguleika fyrir Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins að leggja fram fjármuni annars vegar til þróunarfyrirtækja, fyrirtækja sem eru að ryðja sér braut í nýrri framleiðslu og þurfa á hjálp að halda. Þar kæmi til greina að veita styrki eða veita lán með þeim hætti sem lán hafa verið veitt almennt, en auðvitað er það einnig ágætur kostur að til sé möguleiki á að leggja fram áhættufé til slíkra fyrirtækja, enda verði það áhættufé ávallt minni hluti eigin fjármagns í fyrirtækjum. Ég vil taka það fram að mér þætti það alls óviðeigandi ef sjóður eins og Þróunarsjóðurinn ætti meiri hluta í slíkum fyrirtækjum.

Í öðru lagi er tekið fram í tillögugreininni að leggja

megi hlutafé í markaðsfyrirtæki. Ég hygg að Þróunarsjóðurinn hafi lánað jafnvel með víkjandi lánum til markaðsstarfsemi, markaðskynningar. Ég tel að það sé full ástæða til þess að aðili á borð við Þróunarsjóðinn eigi þess kost að leggja fram áhættufé sem gæti orðið til þess að sameina ýmsa aðila sem stunda lagmetisiðnað hér á landi í markaðsleit og hafa reyndar síðustu atburðir sýnt fram á nauðsyn þess. Á sama hátt hygg ég að það væri óskynsamlegt að Þróunarsjóðurinn ætti meiri hluta í slíku fyrirtæki.

Virðulegur forseti. Það mál sem hér er til umræðu minnir mann á umræður sem fóru fram fyrr á þessu þingi um svokallaðan Hlutafjársjóð Byggðastofnunar. Hann var settur á laggirnar á sínum tíma vegna ýmissa sjóða sem eiga verulegar eignir útistandandi hjá fyrirtækjum, einkum í sjávarútvegi. Honum var ætlað að kaupa hlutabréf í þessum fyrirtækjum gegn því að lánardrottnar fyrirtækjanna keyptu hlutdeild í hlutafjársjóðnum fyrir samsvarandi upphæð. Það kom fram í þeim umræðum að hugsanlega hefði verið skynsamlegra að sjóðirnir hver um sig hefðu tækifæri til að breyta skuldum sínum í hlutafé og taka þannig beina ábyrgð á þeim rekstri sem þeir hefðu lánað til í upphafi. Í raun má segja að hlutafjársjóðurinn hafi verið eins konar feluleikur með ábyrgð ríkisins til þess a.m.k. að fresta því að vandamál þau sem þegar hafa komið fram í sjávarútvegi og útflutningsgreinum yrðu til þess að fyrirtæki yrðu gjaldþrota. Það hefði, fyrst hæstv. ríkisstjórn ætlaði sér að leggja fram ákveðna fjármuni í því sambandi, verið jafnvel líklegra til árangurs ef fjármagn hefði verið lánað einstaklingum, einkum starfsmönnum fyrirtækjanna og öðrum þeim sem áhuga hefðu á að festa fé í slíkum fyrirtækjum, með tryggingum í eignum slíkra aðila og fá þannig fleiri til að taka þátt í því að leggja fram áhættufé í atvinnurekstri sem er mikilvægur, einkum og sér í lagi fyrir einstök byggðarlög í landinu. Það var ekki gert og ég tel að sá sjóður geti því miður orðið til þess að koma óorði á hlutafjárframlög opinberra sjóða vegna þess að almenningur kynni að álíta sem svo að ekki beri að auka hlutafé í fyrirtækjum nema fyrirtæki hefðu lent í vandræðum, m.a. vandræðum vegna þess að rekstrargrundvöllur er ekki fyrir hendi.

Þetta sjónarmið, sem ég hef nú rakið og snertir hlutafjársjóðinn, á raunar ekki skylt við frv. sem hér er til umræðu nema að takmörkuðu leyti, því leyti sem ég hef nú rætt.

Hæstv. ráðherra nefndi það í sinni ræðu að nauðsynlegt væri fyrir hæstv. ríkisstjórn og reyndar fyrirtækin í landinu og almenning allan að undirbúa sig undir framkvæmd þeirrar ákvörðunar sem þegar hefði verið tekin af hálfu Evrópubandalagsins. Undir það vil ég taka. Mér hefur hins vegar sýnst og vil láta það koma fram nú sem hæstv. ríkisstjórn hafi ekki gert nægilega mikið til að undirbúa Íslendinga undir aukin átök og aukna samkeppni ef og þegar til hins innra sameiginlega markaðar bandalagsins kemur. Í því sambandi á ég sérstaklega við að það hlýtur að koma að því fyrr en síðar að Íslendingar eigi þess kost að nýta sér áhættufjármagn af erlendum toga í meiri mæli en nú er heimilt samkvæmt lögum og eins hlýtur að þurfa að örva íslensk fyrirtæki og íslenska aðila til þess að eignast í fyrirtækjum erlendis. Þetta hafa nágrannaþjóðir okkar sem starfa í EFTA en hafa ekki hug á því a.m.k. á næstu árum að ganga í Evrópubandalagið, sem að vísu getur ekki orðið fyrr en í fyrsta lagi eftir 1992 vegna ákvörðunar bandalagsins, gert fyrir löngu og má nefna frumkvæði í Finnlandi og Noregi því til stuðnings, en eins og allir vita hafa Svíar fyrir langalöngu hafið innreið með sínar iðnaðarvörur á markaðinn í Evrópu og reyndar víða annars staðar.

Þetta vildi ég, virðulegur forseti, að kæmi fram í umræðum um mál sem ég tel eðlilegt að styðja. Það kann vel að vera að það þurfi að setja almennari skilyrði í lagagreinina, en ég hygg að það sé fullur skilningur á því, bæði í ráðuneytinu og eins í stjórn sjóðsins, að þessa heimild á ekki að nota til þess að ná meirihlutaaðild að fyrirtækjum heldur fyrst og fremst til að styðja við nýsköpun, þróunarverkefni og til þess að leggja fram hlutafé í fyrirtæki sem þurfa á því að halda að efla markaðssókn fyrir íslenskar framleiðsluvörur.

Að svo mæltu vil ég lýsa yfir stuðningi mínum við efnisatriði frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg, 1. umr.

Stjfrv., 410. mál (stofnun hlutafélags). — Þskj. 770.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga á þskj. 770 um stofnun hlutafélags um ríkisprentsmiðjuna Gutenberg. Þetta frv. miðar að því að gera ríkisprentsmiðjuna Gutenberg að hlutafélagi en þannig að öll hlutabréfin verði í eigu ríkissjóðs. Ef til sölu hlutabréfa í fyrirtækinu skyldi koma yrði málið lagt fyrir þingið og salan ekki framkvæmd nema með samþykki Alþingis eins og fram kemur í 4. gr. frv.

Hér er því einungis um formbreytingu á rekstrinum að ræða og við þá formbreytingu breytast m.a. þeir þættir sem ég mun hér greina:

1. Ábyrgð ríkissjóðs á rekstrinum takmarkast við hlutafjáreignina.

2. Fjárhagsleg ábyrgð stjórnenda skýrist og verksvið stjórnar og framkvæmdastjóra verður betur skilgreint.

3. Fyrirtækið mun engrar sérstöðu njóta umfram önnur fyrirtæki í greininni, ekki heldur hvað varðar skattgreiðslur.

4. Reksturinn verður sveigjanlegri t.d. hvað varðar heimildir til fjárfestingar sem fyrirtækið þá tekur um sjálfstæðar ákvarðanir eftir sínum eigin aðstæðum.

5. Fyrirtækið mun, ef þetta frv. verður að lögum, lúta sömu almennu starfsreglum og önnur atvinnufyrirtæki flest, þ.e. ákvæðum hlutafélagalaga.

Ég ætla ekki að setja á langar ræður um kosti þess að velja hlutafélagaformið fyrir atvinnurekstur, en ég vísa til þess sem um það mál segir í grg. með frv. Ég vil einungis benda á að í nágrannalöndum okkar, sem við höfum hvað tíðastan samanburð og samjöfnuð við, er þessi tilhögun á rekstri sem ríkið stundar í atvinnustarfsemi því sem næst meginregla. Sérstaklega virðist mér eðlilegt að þetta fyrirkomulag sé haft þegar um er að ræða rekstur sem er rekinn í samkeppni við einkaaðila sem reka sams konar eða mjög svipaðan rekstur. Þetta er hins vegar þannig vaxin prentsmiðja að það er eðlilegt að ríkið eigi hana að öllu leyti, en hins vegar séu starfsskilyrði hennar sem líkust og verður í öðru prentverki í landinu.

Í frv. er lagt til að ríkisstjórnin beiti sér fyrir stofnun hlutafélagsins Prentsmiðjan Gutenberg hf. sem taki við rekstri ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg 1. janúar 1990. Í því skyni verði ríkisstjórninni heimilt að leggja prentsmiðjuna sjálfa ásamt öllu fylgifé til hlutafélagsins og að láta fara fram mat á eigum ríkisprentsmiðjunnar til viðmiðunar við ákvörðun á fjárhæð hlutafjárins.

Hlutverk þessa félags skal vera að vinna prentverk fyrir Alþingi, stjórnarráðið og ríkisstofnanir. Félagið skal einnig annast almennt prentverk svo og skylda starfsemi samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum félagsins. Stofnfund í hlutafélaginu skal halda ekki seinna en þremur mánuðum eftir gildistöku laganna og skal þar leggja fram drög að stofnsamningi og samþykktum fyrir félagið á þessum fundi.

Um málefni ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg, sem hefur verið í eigu ríkisins frá því árið 1930, hafa ekki verið sett nein sérstök lög. Meginverkefni fyrirtækisins hefur ætíð verið prentverk fyrir Alþingi, stjórnarráðið, ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki. Árið 1987 voru þannig 95% af öllum verkum í prentsmiðjunni unnin fyrir opinbera aðila. En einmitt vegna þess hversu einskorðaður þessi rekstur er við þarfir þings og stjórnar tel ég eðlilegt að ríkið eigi þetta fyrirtæki að öllu leyti.

Fyrirtækið hefur frá stofnun iðnrn. árið 1969 heyrt undir það ráðuneyti og hefur iðnrh. skipað forstjóra fyrirtækisins. Því er nú lagt til að iðnrh. fari með eignarhlut ríkisins í félaginu.

Ég tel ekki þörf á að hafa fleiri orð um efni frv. en ítreka að hér er aðeins lögð til formbreyting á rekstri Gutenberg út frá því meginsjónarmiði að eðlilegt sé að fyrirtækjum í atvinnurekstri í eigu ríkisins sé settur sami almenni starfsrammi og flestum öðrum stærri atvinnufyrirtækjum í landinu, þ.e. ákvæði hlutafélagalaga.

Að endingu legg ég svo til að frv. verði að lokinni þessari 1. umr. vísað til hv. iðnn. og 2. umr.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég fagna því að þetta frv. hefur verið lagt fram í nafni hæstv. ríkisstjórnar. Samsvarandi frv. var lagt fram á síðasta þingi en fékk þá ekki umræðu.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg hefur verið í eigu ríkisins frá 1930, en þá var samþykkt við 3. umr. fjárlaga að festa kaup á prentsmiðjunni Gutenberg. Þau kaup voru á sínum tíma nokkuð umdeild, ekki síst vegna þess að ýmsum þótti sem heimildin til kaupanna vær á veikum grunni reist þar sem hún byggðist á því að flutt var og samþykkt brtt. við 3. umr. fjárlaga.

Það frv. sem hér er til umræðu var undirbúið í tíð fyrrv. ríkisstjórnar og því ætti það ekki að koma á óvart þótt sá sem hér stendur lýsi yfir stuðningi við það. Ég tel að það sé skynsamlegt, eins og fram kemur í frv., að breyta ríkisprentsmiðjunni fyrst í hlutafélag, á síðari stigum má síðan taka ákvörðun um það hvort selja megi eignarhluti ríkisins í félaginu og þá með atbeina Alþingis.

Ég tel að það sé eitt af almikilvægustu verkefnum þessarar þjóðar á næstunni að búa þannig um hnútana að hægt verði að efla og auka viðskiptin á svokölluðum hlutabréfamarkaði. Takist slíkt þá eykst sparnaður áreiðanlega hér á landi. Fjölbreytni í sparnaði mundi verða meiri og það sem skiptir kannski mestu máli er að fyrirtæki á borð við þetta væri hægt að selja almenningi smám saman, þar á meðal starfsmönnum fyrirtækisins, á markaðsverði bréfanna. Þá þyrfti ekki að grípa til þess að selja einum aðila allt fyrirtækið heldur væri hægt að stefna að því, ef stjórnvöldum sýndist svo, að gera fyrirtæki á borð við þetta að almenningshlutafélagi.

Ég vil nota þetta tækifæri til þess að fagna því jafnframt að hæstv. ríkisstjórn hefur lagt fram frv. sem gerir Járnblendiverksmiðjunni mögulegt að taka þátt í annarri starfsemi og eiga hlut í öðrum íslenskum fyrirtækjum. Ég tel slíkt vera skynsamlegt. Það þýðir í raun að ávöxtur af starfi þess félags verður skilinn eftir í ríkari mæli hér á landi en ella hefði orðið og ég tel það ákjósanlegt að þeir erlendu aðilar, bæði norskir og japanskir sem eiga samstarf við okkur um járnblendiverksmiðjuna, geti þannig lagt sitt mat á fjárfestingarnar sem ég tel vera ákjósanlegt vegna þess að slíku fylgir æskilegt aðhald að ýmsu leyti.

Nú er það svo, virðulegur forseti, að hæstv. iðnrh. boðaði það á sl. hausti, og kom það fram í fylgiskjali með stefnuræðu hæstv. forsrh., að hér yrðu lögð fram tvö frumvörp um að breyta ríkisfyrirtæki í hlutafélag. Þetta var annars vegar ríkisprentsmiðjan Gutenberg, sem við erum að ræða hér í dag, og hins vegar að flutt yrði frv. til laga um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins sem segja má að sé nákvæmlega sams konar frv. byggt á nákvæmlega sömu grundvallaratriðum. Eftir að ég hafði kynnt mér málið og talað bæði við hæstv. iðnrh. og enn fremur aðra aðila úr ríkisstjórninni varð mér ljóst að það mál hefði strandað í þingflokki Alþb. Því brá ég á það ráð að flytja frv. sjálfur, enda hafði frv. verið tilbúið til flutnings þegar ég hvarf úr starfi mínu sem iðnrh. í síðustu ríkisstjórn. Það gerði ég og hafði þá tilkynnt hæstv. iðnrh. það áður.

Þar sem þetta frv. er nú komið fram og ljóst að það byggir á sama grundvallaratriði og á sömu röksemdum og koma fram í frv. til laga um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins á þskj. 602 hlýt ég að spyrja hæstv. ráðherra að því hvort hann og hans flokkur séu tilbúnir að styðja það frv. sem er 333. mál þingsins. Ég veit að hæstv. ráðherra og Alþfl. eru málinu samþykkir og þar með tel ég nokkuð augljóst að það sé meirihlutafylgi á Alþingi fyrir því að Sementsverksmiðja ríkisins fái sömu meðferð og ríkisprentsmiðjan Gutenberg og á grundvelli sömu röksemda. Þess skal getið að frv. um Sementsverksmiðju ríkisins hefur tekið breytingum. Það er flutt nú í sinni fjórðu gerð frá upphafi, a.m.k. ef miðað er við síðustu fjögur til fimm árin, og nú með þeim hætti að stjórnendur fyrirtækisins telja að fyrirtækið sé í mjög æskilegum búningi svo og þeir aðilar sem hafa látið sig málið skipta á Akranesi, sem mundi verða heimili og varnarþing hins nýja hlutafélags.

Ég vil, virðulegur forseti, þess vegna um leið og ég lýsi yfir stuðningi við þetta frv., sem ég tel að sé mjög gott og sé fagnaðarefni að komi fram, lýsa sérstaklega yfir að ég tel að forustusveit Alþb. eigi heiður skilið fyrir að hafa samþykkt að leggja þetta frv. fram, þótt ég fái ekki skilið hvers vegna þeir féllust ekki á að samþykkja að flutt yrði frv. til laga um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðjuna með sömu rökum. En þar sem ég veit að þingflokkur Alþfl. er tilbúinn til að styðja það frv. og ég get ímyndað með að einhverjir framsóknarþingmenn væru tilbúnir til að styðja það, fyrir utan Sjálfstfl., gæti þannig myndast meiri hluti ásamt stuðningi annarra flokka. Ég tel því fulla ástæðu vera til þess að spyrja hæstv. ráðherra, í ljósi þess að hann hafði í huga strax í haust að flytja slíkt frv., hvort hann sé tilbúinn til þess nú eða kannski á síðari stigum, jafnvel við umræðuna um það frv., að lýsa yfir stuðningi við frv. Mér er að sjálfsögðu ljóst að slíkt er erfitt stjórnarsamstarfsins vegna. En ég hygg að eftir að Alþb. hefur samþykkt framlagningu þessa frv. geti þingflokkur Alþb. hugsanlega samþykkt að Alþfl. styðji frv. sem ég veit að hæstv. ráðherra hafði í hyggju að flytja sjálfur, ekki síst með tilliti til þess að ýmsir af ráðherrum Alþb. hafa greinilega tekið á sig ábyrgð ýmissa verka upp á síðkastið án þess að til komi samþykki samráðherra þeirra í hæstv. ríkisstjórn. Ekki ætla ég að nefna í því sambandi nein sérstök mál, en auðvitað kemur hugtakið Sjafnaryndi einhvern veginn upp í huga mér þegar ég ræði um reynsluna nú á síðustu dögum í valdatíð þessarar hæstv. ríkisstjórnar.

Þess vegna, hæstv. ráðherra, spyr ég að því hvort hugsanlegt sé, svarið komi annaðhvort á þessari stundu eða þá að viðræður þurfi að fara fram á milli stjórnarflokkanna, að Alþfl. treysti sér til þess að styðja það frv. Hvort það komi til greina og hvort hæstv. ráðherra muni eða vilji beita sér fyrir því í stjórnarsamstarfinu að þeir sem séu hlynntir því máli geti greitt fyrir framgangi þess á hinu háa Alþingi, enda eru nákvæmlega sömu rök fyrir báðum frumvörpunum.

Virðulegur forseti. Ég hef lýst yfir stuðningi við framkomið frv. og óska eftir því að hæstv. ráðherra geri jafnframt grein fyrir skoðunum sínum gagnvart öðru sams konar frv. sem hann sjálfur hafði í hyggju að flytja á yfirstandandi þingi.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. 1. þm. Reykv. fyrir stuðninginn við frv. Ég fæ nú ekki alveg skilið hugrenningatengslin við sements- og Sjafnaryndið, en hann verður að skýra það út fyrir mér utan fundar.

Ég vil taka það fram að ég tel að það gegni ekki nákvæmlega sama máli um hugsanlega breytingu á Sementsverksmiðju ríkisins í hlutafélag og um ríkisprentsmiðju. Skýringin er einföld. Hún er sú að Sementsverksmiðjan hefur því sem næst einkasöluaðstöðu og nýtur fjarlægðarverndar miðað við innflutt sement og því orkar sú breyting fremur tvímælis sem vissulega er rétt að ég hafði í huga að gerð yrði á rekstrarformi þess fyrirtækis.

Það er líka rétt hjá hv. 1. þm. Reykv. að það frv., sem hann hefur nú lagt fram á þinginu, ber því vitni að hann hafi lært af reynslunni og viðræðum við Akurnesinga og aðra sem búa þar í héraðinu. Það var auðvitað alveg frumskilyrði fyrir breytingum á rekstrarformi þess fyrirtækis að það ætti lögheimili og varnarþing á Akranesi. Í upphafi ætti ríkið öll hlutabréfin í félaginu og að félaginu væri frjálst að taka þátt í öðru atvinnulífi í héraði en sementsframleiðslu. Þetta eru náttúrlega atriði sem varð að virða í hverju frv. sem varðar þann rekstur.

Á þessari stundu er ég alls ekki tilbúinn til þess að lýsa neinu yfir um stuðning við það mál. Ég þarf nú ekkert að skýra það fyrir hv. 1. þm. Reykv. svo þing- og stjórnreyndur sem hann er. Það náðist reyndar ekki samkomulag um þetta frv. sem stjórnarfrv. fremur en það tókst að ná samkomulagi um þingmálið í fyrri stjórn af ýmsum ástæðum. Ég tel þetta ekki vera neitt stórkostlegt mál til þess að gera úr mikilvægan ágreining milli flokka. Það er hagkvæmnisatriði hvernig best er að koma þessum rekstri fyrir. Rekstur Sementsverksmiðjunnar hefur gengið vel að undanförnu. Það má vel vera að hann gæti gengið enn betur með breytingum á rekstrarfyrirkomulaginu. Það er óséð mál. Það þarfnast frekari athugunar og það mun sjálfsagt koma í ljós þegar þingmál hv. 1. þm. Reykv. um að breyta Sementsverksmiðjunni í hlutafélag verður hér tekið fyrir hvað um það er hægt að segja.

Friðrik Sophusson:

Herra forseti. Ég skal verða við óskum hæstv. ráðherra um það að skýra út hugrenningar mínar um sement og Sjafnaryndi utan fundar, en ég býst þó við því, ekki síst þegar ég horfi hér á þá tvo hæstv. ráðherra, menntmrh. og iðnrh., að þeir viti báðir við hvað er átt, ekki síst ef hæstv. ráðherrar hafa lesið Morgunblaðið í dag eða jafnvel horft á aðra sjónvarpsstöðina í gærkvöldi og ætla ég ekki að ræða það mál frekar.

Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að ætla að skenkja þanka því sem ég talaði hér um, þ.e. hvort hugsanlegt

væri að Alþfl. styddi fram komið frv. um Sementsverksmiðjuna, og lít svo á að ekki hafi verið gefið endanlegt svar um það efni. Hæstv. ráðherra sagði að reyndar gilti ekki sama um ríkisprentsmiðjuna og Sementsverksmiðjuna vegna þess að í raun hefði Sementsverksmiðjan einkasölu þar sem hún nyti fjarlægðarverndar. Það vitum við auðvitað báðir að fjarlægðin í þessum efnum eins og öðrum þegar um er að ræða þungavarning gerir það að verkum að íslensk framleiðsla getur haft samkeppnisyfirburði yfir þá erlendu, ekki síst ef þyngstu hráefnin eru og verða til hér á landi. Það breytir hins vegar ekki því að innflutningur á sementi er frjáls og sú jöfnun á verði, sem á sér stað í sementi, getur átt sér stað þótt þessi lög breytist því að í dag háttar þannig til að hver sem er getur flutt inn sement og þá gilda lög um jöfnun á verði sements varðandi það eins og um framleiðslu Sementsverksmiðju ríkisins.

Ef það skyldi ekki hafa verið vitað þá hefur sement verið flutt inn, þó ekki í miklum mæli. (**Iðnrh.:** Hvíta sementið í Ráðhúsið.) Þar á meðal eru nýleg dæmi, eins og hæstv. ráðherra upplýsir, og segir það kannski alla söguna um það að Sementsverksmiðja ríkisins á auðvitað í samkeppni, ekki síst þegar um sérstaka afbrigðilega framleiðslu er að ræða. Að vísu hefur Sementsverksmiðja ríkisins breytt sinni framleiðslu á undanförnum árum og þróað sitt sement með þeim hætti að það stenst nú samanburð við besta sement sem fæst, en vegna styrkleikaþarfa í ýmsum byggingum, t.d. í virkjunum, hefur stundum þurft að fá öðruvísi og sterkara sement.

Ég kemst ekki hjá því að hæla Sementsverksmiðjunni fyrir samstarf við Járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga. Það samstarf hefur verið til fyrirmyndar, bæði hvað varðar notkun á úrgangi frá Grundartangaverksmiðjunni og einnig fyrir þær tilraunir sem þessi fyrirtæki hafa látið fara fram á nýjum steyputegundum. Þess vegna, hæstv. ráðherra, tel ég að röksemdir þess efnis að það gegni öðru máli um Sementsverksmiðjuna en um ríkisprentsmiðjuna Gutenberg standist ekki. Ég ætlast ekki til þess að hæstv. ráðherra svari þessari fsp. nú en fagna því að hæstv. ráðherra skuli taka sér umhugsunarfrest og láta í veðri vaka að hugsanlegt sé að hv. alþýðuflokksþingmenn taki þátt í umræðunni um það mál þegar það verður á dagskrá. Ég tel að með því sé ekki loku fyrir það skotið að meiri hluti myndist á Alþingi um stofnun hlutafélags um rekstur Sementsverksmiðju ríkisins.

Ég vil enn á ný, virðulegur forseti, lýsa því yfir að ég fagna framkomu frv. og fagna því sérstaklega að allir stjórnarflokkarnir hafa nú samþykkt að leggja málið fram í formi stjórnarfrv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skógrækt, 1. umr.

Stjfrv., 412. mál (heildarlög). — Þskj. 772.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um skógvernd og skógrækt á þskj. 772, 412. máli. Frv. þessu er ætlað að koma í stað gildandi laga um skógrækt sem eru nr. 3/1955, með síðari breytingum, en þær eru einkum viðaukalög nr. 22/1966 sem kveða á um skjólbeltaræktun og styrki til hennar, svo og lög nr. 76/1984 sem fjalla um ræktun nytjaskóga á bújörðum.

Fyrir um 10 árum síðan skipaði landbrh. nefnd til að endurskoða lög nr. 3/1955, um skógrækt. Vann sú nefnd um tíma að endurskoðun laganna en lauk ekki störfum. Nokkru síðar var endurskoðun laganna tekin upp að nýju í samvinnu við starfsmenn Skógræktar ríkisins, landbrn., Stéttarsambands bænda og Búnaðarfélags Íslands, og er frv. þetta árangur þeirrar samvinnu.

Frv. um þetta efni, frv. til laga um skógvernd og skógrækt, var fyrst lagt fram á 108. löggjafarþingi og síðan á hverju þingi síðan án þess að hljóta afgreiðslu. Frv. þetta hefur einkum það markmið að fella saman áðurnefnda þrjá lagabálka sem fjalla um skógrækt og skógvernd í ein heildstæð lög. Jafnframt felur frv. í sér breytingar á gildandi löggjöf eins og nánar verður rakið hér á eftir, enda hafa breyttar aðstæður leitt af sér nokkur nýmæli og breytingar á gildandi löggjöf.

Orðskýringar í 2. gr. frv. eru nýmæli, en þar er að finna skilgreiningu nokkurra hugtaka sem koma fyrir í texta. Í 1. mgr. 4. gr. laganna er kveðið á um að aðalstöðvar Skógræktar ríkisins skuli vera á Fljótsdalshéraði. Ákvæði þetta er sett til samræmis við ályktun Alþingis frá 11. maí 1988, en þar er gert ráð fyrir flutningi aðalstöðva Skógræktar ríkisins í áföngum í samráði við skógræktarstjóra og starfsmenn stofnunarinnar. Þess má geta að þessi merka ályktun Alþingis frá 11. maí á síðasta ári var samþykkt hér samhljóða í virðulegu sameinuðu Alþingi. Til samræmis við þetta hefur verið bætt í frv. ákvæði til bráðabirgða þar sem kveðið er á um að flutningi aðalstöðva Skógræktar ríkisins á Fljótsdalshérað skuli vera lokið fyrir 1. jan. 1992, gefið sem sagt þetta tímabil til þeirra breytinga. Frá og með þeim tíma eiga aðalstöðvar Skógræktar ríkisins samkvæmt frv. og samkvæmt skilgreiningu að vera komnar á Fljótsdalshérað. Jafnframt er í 4. gr. kveðið á um samvinnu, rannsóknir, kennslu og leiðbeiningar á þessum sviðum, um skógvernd og skógrækt, í samstarfi við aðra aðila sem fara með þau mál og er það nýmæli.

Í 5. gr. frv. er kveðið á um að Skógrækt ríkisins skuli hafa þriggja manna stjórn og er það einnig nýmæli. Gert er ráð fyrir að Stéttarsamband bænda, Skógræktarfélag Íslands og fastir starfsmenn Skógræktar ríkisins tilnefni hver um sig einn mann í stjórn Skógræktar ríkisins en ráðherra velji formann stjórnar.

Þá er og nýmæli að í frv. er gert ráð fyrir tímabundinni ráðningu skógræktarstjóra, lengst til sex ára í senn. Er sú breyting í raun til samræmis við það sem komið hefur inn í löggjöf í nokkrum tilvikum á síðustu árum, að horfið er frá ótímabundinni ráðningu í stöður af þessu tagi en innsett ákvæði um tímabundna ráðningu til tiltekins tíma, gjarnan sex ára.

Í 7. gr. er einnig gert ráð fyrir því að við Skógrækt ríkisins starfi sérmenntaðir starfsmenn í samræmi við skipulag stofnunarinnar er hafi háskólapróf eða próf frá skógtækniskóla.

Gert er ráð fyrir að sérmenntaðir starfsmenn Skógræktar ríkisins hafi með höndum rannsóknaverkefni, áætlanagerð, eftirlit með skógum á ákveðnum afmörkuðum svæðum landsins og eignaumsýslu fyrir Skógrækt ríkisins.

Áttunda gr. frv. er að ýmsu leyti skýrar orðuð en núgildandi 14. gr. skógræktarlaga. Í 1. mgr. þeirrar greinar er gert ráð fyrir að skógræktarstjóri geti einn veitt undanþágu frá banni við því að búfé sé beitt á friðað skóglendi í stað skógræktarstjóra og skógarvarða eins og núgildandi ákvæði er orðað.

Í 4. mgr. 9. gr. frv. er að finna nýmæli sem ætlað er að stemma stigu við því geigvænlega tjóni sem hreindýr geta valdið á ungskógi í skógræktargirðingum á Austurlandi. Lagt er til að ríkissjóður bæti tjón sem skapast af völdum hreindýra samkvæmt mati dómkvaddra manna náist ekki samkomulag um bætur. Það er nú skaði, herra forseti, að hæstv. menntmrh. skuli vera nýgenginn úr salnum þegar þetta merka ákvæði sem meiningin er að setja inn í skógræktarlög um ágang af völdum hreindýra er hér kynnt, en eins og kunnugt er heyrir hreindýrabúskapur í landinu undir hæstv. menntmrh. En þetta nýmæli er sem sagt sett inn í lögin að gefnu tilefni. Gengur þá hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson fram hjá ræðustólnum en hann hefur gjarnan haft skoðun á hreindýrabúskap landsmanna sömuleiðis.

Í 11. gr. frv. eru nýmæli sem að sumu leyti eru til komin vegna ábendinga frá Stéttarsambandi bænda fyrir hönd ýmissa bænda sem hyggja á nytjaskógrækt. Þar er gert ráð fyrir heimild fyrir sveitarstjórn til að setja reglur um vörsluskyldu búfjár og skiptingu kostnaðar sem af því leiðir þegar þannig háttar að stór landsvæði, svo sem heilar sveitir eða sveitahlutar, eru tekin til skógræktar. Minna má á í þessu sambandi að fyrir þinginu liggur lítils háttar breyting á búfjárræktarlögum sem er mjög í sama anda og færir sveitarstjórnum lagaheimildir til hliðstæðra takmarkana þannig að segja má að þessar lagagreinar séu næsta samhljóða í því tilviki sem friðun landsins væri vegna skógræktar.

Í 12. mgr. 12. gr. frv. er nýmæli sem gerir ráð fyrir að skógræktarstjóri leggi fyrir Alþingi fimm ára áætlun um friðun skóglenda þegar yfirvofandi hætta er á að slíkt skóglendi eyðist og alger friðun þess fyrir beit er nauðsynleg að mati skógræktarstjóra.

Í 13. gr. frv. er nýmæli þar sem kveðið er á um fortakslausa skyldu eigenda eða notenda skóglendis til að takmarka svo notkun þess að landið rýrni ekki að stærð né gæðum. Jafnframt er skylt að hlífa [illegible] þingi trjágróðurs. Í 14. gr. er kveðið á um bann við skógarhöggi án samþykkis Skógræktar ríkisins og er ákvæði þetta til muna fortakslausara en sambærileg ákvæði gildandi laga. Jafnframt hefur greinin að geyma nýmæli um skyldur til að rækta skóg í stað þess sem höggvinn er.

Í 15. gr. frv. er nýmæli sem gerir ráð fyrir að gróðurverndarnefndir sem starfa samkvæmt lögum nr. 17/1965, lögunum um landgræðslu, geti haft frumkvæði að sérfræðilegu mati á ástandi og meðferð skóglendis. Þá er gert ráð fyrir að skógræktarstjóri geti leitað til nefndanna og óskað eftir skýrslu um ástand og meðferð skóglendis. Þá er það og nýmæli í 17. gr. frv. að gert er ráð fyrir að Landgræðsla ríkisins og Skógrækt ríkisins hafi samvinnu um friðunaraðgerðir þegar þannig háttar að saman fer landeyðing og gróðureyðing á stórum svæðum.

Í V. kafla frv. er fjallað um ræktun nytjaskóga og svarar efni kaflans til 3. gr. laga nr. 76 frá 30. maí 1984, um breytingu á lögum nr. 3/1955, um skógrækt. Með þeirri grein og nýjum kafla um ræktun nytjaskóga á bújörðum var bætt við gildandi skógræktarlög.

Það er nýmæli í frv. að framlag ríkissjóðs til ræktunar nytjaskóga er ekki einungis bundið við bújarðir heldur getur það, ef skilyrðum kaflans er að öðru leyti fullnægt, einnig nýst öðrum jörðum. Jafnframt er lagt til að framlag ríkissjóðs hækki úr 80% í 90% stofnkostnaðar.

Í 2. mgr. 19. gr. frv. er gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði allan stofnkostnað að frátöldum kostnaði við girðingar þegar margir landeigendur koma sér saman um að rækta skóg eftir samþykktri áætlun og því fylgir friðun á landi í stórum stíl. Gert er ráð fyrir að þeir sem styrks njóta til ræktunar nytjaskóga endurgreiði Skógrækt ríkisins hluta af verðmæti afurða þegar þær falla til og skal það fjármagn sem þannig fæst renna í sérstakan endurnýjunarsjóð viðkomandi skóglendis sem Skógrækt ríkisins varðveitir. Það er enn fremur nýmæli í frv. að framlag ríkissjóðs til ræktunar nytjaskóga greiðist á hvern hektara lands hverju sinni, en í gildandi lögum er ekki gert ráð fyrir því fyrirkomulagi. Þetta atriði er til þess fallið að einfalda stórlega framkvæmd laganna. Þá er það nýmæli í þessum kafla frv. að landeiganda er gert kleift að leysa land sitt undan þeim skyldum sem á það yrðu lagðar vegna ræktunar nytjaskóga með því að endurgreiða það framlag sem innt hefur verið af hendi eftir ákvæðum kaflans.

Í 29. gr. frv. er nýmæli, en þar er lagt bann við sölu skógarjarða án vitundar Skógræktar ríkisins. Er Skógrækt ríkisins tryggður forkaupsréttur að skógarjörðum að frágengnum þeim aðilum sem forkaupsrétt eiga samkvæmt ákvæðum jarðalaga, nr. 65/1976. Þá er nýmæli í 27. gr. frv. sem ætlað er að koma í veg fyrir skiptingu skóglendis eða að skóglendi sé tekið undir mannvirki án leyfis ráðherra.

Þá er rétt að benda hér á að endingu það nýmæli

sem felst í 33. gr. frv. en þar er kveðið á um að nánari framkvæmd laganna skuli ákveðin með reglugerð en svo merkilegt sem það nú er er slíkt heimildarákvæði ekki að finna í eldri lögum.

Herra forseti. Hér hef ég rakið nokkrar helstu breytingar sem felast í frv. frá gildandi lögum. Eins og ég hef þegar gert grein fyrir hefur þetta frv. áður birst hér á hinu háa Alþingi, fyrst á 108. löggjafarþingi og síðan á hverju þingi síðan. Eru ýmsir vissulega orðnir langeygðir eftir því að sú tímabæra endurskoðun og samræming ákvæða sem hér er á ferðinni nái nú fram að ganga. Þá er ekki síður ástæða til að benda á hitt að miklar vonir eru nú bundnar við það að takast megi að gera á næstu missirum alvöru úr áformum um umtalsverða nytjaskógrækt og er þá sérstaklega horft til þess að bændur geti horfið frá störfum í hefðbundnum búgreinum þar sem framleiðslutakmarkanir gilda nú og gripið hefur verið til ýmiss konar samdráttaraðgerða og að einhverju eða verulegu leyti fært sig yfir í þau störf sem til falla með tilkomu umtalsverðs átaks í skógrækt.

Þegar hefur verið unnið nokkuð að því á einstökum svæðum á landinu að kanna bæði skilyrði til skógræktar sem og að undirbúa áætlanir um slíkt. Ég vil þar sérstaklega nefna Fljótsdalshérað. Þar hefur nú nýlega verið skipuð sérstök verkefnisstjórn til að fara með gerð áætlunar um nytjaskógaátak á Fljótsdalshéraði. Þó að sjálfsagt megi til sanns vegar færa að ýmsum ákvæðum kaflans um nytjaskógrækt í frv., V. kafla sem fjallar um ræktun nytjaskóga, mætti betur fyrir koma hygg ég að lítill vafi sé á því að frv. eins og það liggur nú fyrir er til muna betra og samræmist betur aðstæðum og hugmyndum manna um það hvernig að þessum nytjaskógaáætlunum skuli staðið en gildandi lög eða lagaákvæði. Það er því einlæg von mín að takast megi að lokinni vandaðri meðferð málsins hér á hinu háa Alþingi að afgreiða þetta frv. og gera það að lögum og yrði það þá innlegg í þá vinnu sem fram fer þessa mánuðina og gæti vonandi hjálpað til að gera alvöru úr þeim áformum og koma til framkvæmda einhverju af því sem menn hafa látið sig dreyma um að gæti gerst hér á sviði skógræktar á næstu árum.

Að lokinni þessari umræðu, herra forseti, legg ég svo til að frv. verði vísað til hv. landbn.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Það er svo sannarlega tímabært að lagt sé fram heildstætt frv. um skógvernd og skógrækt eins og hér er nú gert. Eins og fram kom í máli hæstv. landbrh. hafa frv. um þetta mál verið lögð fram mjög oft, frá 108. löggjafarþingi, og hafa ekki hlotið afgreiðslu. Það er því mjög slæmt að enn einu sinni skulum við fá þetta mál svo seint inn að varla gefist tími til að vinna málið vandlega eins og ráðherra þó talaði um að við þyrftum að gera því að það þarf greinilega að vinna eitthvað í þessu máli. Margir lausir endar eru enn á frv. áður en það getur orðið að lögum.

Ég er alveg sammála hæstv. ráðherra í því að sá kafli frv. sem e.t.v. er með flesta lausa enda er V. kaflinn þar sem fjallað er um ræktun nytjaskóga, en það er akkúrat sá kafli sem skiptir mjög miklu máli að takist vel til um í framkvæmdinni í áframhaldinu.

Það er mikilvægt, ef frv. verður að lögum, að það skapi þann grundvöll sem þarf til að hægt sé að hefja skógrækt hér á landi í raun og veru. Í 18. gr. frv. er talað um að ríkissjóður muni styrkja skógrækt í þeim héruðum landsins „þar sem skógræktarskilyrði eru vænleg" eins og stendur í þessari grein. Og það er einmitt það sem er svo mikilvægt að þau svæði sem valin eru til skógræktar séu vel valin. Ég vil vekja athygli á því að enn hefur landnýtingaráætlun ekki verið lokið og er eftir því sem ég best veit enn eftir mjög mikil vinna við gagnasöfnun fyrir þá áætlun. Landnýtingarskipulag yfirleitt hefur verið á miklum brauðfótum hér á landi þannig að það er mjög mikilvægt að þegar farið er að athuga og undirbúa þessi mál verði reynt að fara að vinna að þessari landnýtingaráætlun af einhverri alvöru. Það er algjör grundvallarforsenda að rannsóknir, samvinna við bændur, fjármögnun o.fl. haldist í hendur og að ekki verði farið út og suður í þessum málum eins og svo oft vill verða hjá okkur. Í ritinu Kostnaður og áætlun um nytjaskóga 1989–2003 sem Skógrækt ríkisins hefur gefið út, í júní 1988, eru m.a. sýnd í grófum dráttum þau svæði á landinu sem Skógrækt ríkisins mælir með til nytjaskóga. Meðmæli með þessum ákveðnu svæðum útiloka ekki önnur en frekari rannsóknir þurfa að fara fram til að hægt sé að skipuleggja ræktun skóga af einhverri skynsemi. Ef skipulag og undirbúningur er ekki góður getur það orðið til þess að fé sé kastað út í vindinn. Og eins og ég sagði áðan hefur það allt of oft gerst að vegna lélegs undirbúnings hefur skipulag í atvinnumálum okkar verið dálítið tilviljunarkennt. Má taka sem dæmi loðdýraræktina sem hefur mistekist á vissan hátt kannski vegna skipulagsleysis og ekki nægjanlega mikils undirbúnings. Þarna má því alls ekki kasta til hendinni. Það má alls ekki leggja út í kostnað án þess að undirbúningurinn sé nægilega góður. Það verður að taka tillit til landgæða, hvaða svæði henta til skógræktar, hvaða svæði henta til búfjárræktar. Og eins og ráðherra nefndi áðan hefur á Fljótsdalshéraði nú þegar verið gert heilmikið í þessum efnum. Tel ég það mjög vel við hæfi, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. og samþykkt var raunar á Alþingi, að höfuðstöðvar Skógræktar ríkisins verði á Fljótsdalshéraði.

Eins og kemur fram í 19. gr. — reyndar svipað og gert er núna — er gert ráð fyrir að stofnkostnaður við undirbúning skógræktarlands og ræktunar skóga verði styrktur af ríkissjóði. En ég get hvergi séð að í þessu sé gert ráð fyrir launum þeirra sem vinna við skógrækt. Ef gert er ráð fyrir að bændur leggi niður búfjárrækt og taki upp skógrækt á þeim svæðum þar sem ekki er heppilegt að hafa búfé, sem ég tel vera mjög skynsamlegt, þá hljótum við að þurfa að gera ráð fyrir að þessir menn lifi á einhverju vegna þess að skógur gefur að sjálfsögðu ekki af sér neitt fyrr en eftir ákveðinn tíma. Þetta þarf að athuga nánar.

Auðvitað er það þjóðhagslega hagkvæmt að við breytum um búskaparhætti á mörgum stöðum á landinu og þurfum við að vanda val þess svæðis mjög vel eins og kom fram áðan.

Það eru fleiri atriði sem þarf að athuga sérstaklega varðandi þennan V. kafla, um hvernig framkvæma eigi, þar sem mér finnst af lestri frv. ekki koma nægilega mikið fram hvernig að framkvæmdinni verður staðið.

Að sjálfsögðu er fleira sem skiptir miklu máli varðandi skógrækt heldur en eingöngu nytjaskógar. Við þurfum að sjálfsögðu að endurheimta landgæðin og njóta umhverfisins. Þetta skiptir mjög miklu máli fyrir umhverfisvernd almennt þó að ég hafi helst rætt um nytjaskógana.

Ég tel að með því að samþykkja þetta frv. með breytingu og bótum gefist Alþingi tækifærið sem það má ekki láta fram hjá sér fara. Því miður er þarna lítill tími gefinn til þess að gaumgæfa þetta mál, en kvennalistakonur vilja ekki standa í vegi fyrir framgangi. Við viljum gjarnan gera okkar til að þetta frv. geti orðið að lögum. En ég er ansi hrædd um að vönduð meðferð geti varla orðið á þessum stutta tíma ef rætist það sem áætlað er að þinginu ljúki innan mjög fárra vikna.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er skylt að þakka það að þetta frv. um skógvernd og skógrækt skuli nú loks fram komið hér á þessu þingi. Sannarlega hefðum við kosið að sjá það fyrr fram komið og gildir þar í rauninni sama og á fyrri þingum. Aðeins með einni undantekningu á sl. fjórum þingum að ég hygg hefur þetta mál komið fram snemma á þingi, síðast með allnokkrum breytingum frá fyrstu gerð og nú enn með nokkum breytingum frá þriðja frv. sem lagt var fyrir þessa hv. þingdeild í tíð fyrrv. ríkisstjórnar.

Ég veit að hæstv. landbrh. hefur látið vinna að þessu máli frá því að hann tók við starfi til þess að fá fram breytingar til að styrkja þessa löggjöf, ekki síst að því er varðar ræktun nytjaskóga og sú viðleitni er vissulega þakkarverð. Ég vil leggja mikla áherslu á það að mjög mikil þörf er á því að reyna að lögfesta þær breytingar sem þetta frv. felur í sér sem fyrst og ég hvet eindregið til þess að reynt verði að ná þeim árangri á þessu þingi þrátt fyrir stuttan tíma sem ráðgerður er þangað til þingi verður slitið.

Ástæðan fyrir því að ég mæli þau hvatningarorð er þörfin á því fyrir þá sem að þessum málum starfa og alveg sérstaklega í sambandi við áætlanir og áform um það að hefja í meiri mæli en verið hefur skógrækt sem atvinnugrein í sveitum landsins. Á vissum svæðum stendur þannig á að aðstæður eru óvenjuhagstæðar til þess að breyta um búskaparhætti, en það er aðeins um takmarkaðan tíma sem þannig háttar til og nauðsynin á því að þær breytingar nái fram að ganga á grundvelli skýrra lagaákvæða og samninga er mikil. Sú er ástæðan fyrir því að ég hvet til þess að við leitumst við að lögfesta þetta frv. nú á þeim skamma tíma sem eftir lifir af störfum þessa þings.

Það er ýmislegt sem ástæða væri til að fjalla um í tengslum við þetta mál sem er tvíþætt eins og nafnið ber með sér, skógvernd og skógrækt. Ég hef rætt þetta mál nokkuð þegar frumvörp hafa verið lögð hér fram á undanförnum þingum og spara mér því að eyða mjög löngu máli að þessu frv. en vil þó leyfa mér, virðulegur forseti, að nefna nokkur atriði.

Varðandi fyrri þáttinn, skógverndarþáttinn, þá er hann engu síður gildur og mikilvægur heldur en hinn síðari og kannski enn þá stærri í reynd ef rétt verður á málum haldið. Skógvernd og uppgræðsla náttúrlegra skóga í landinu er eitthvert allra stærsta gróðurverndarmálið. Gróðureyðingin, sem er stærsta umhverfisvandamál Íslands á þurrlendi á liðnum öldum og fram á þennan dag stafar öðru fremur af ofnýtingu á gróðri landsins sem birtist fyrst af öllu í því að skóglendið hefur horfið á stórum svæðum. Ég ætla ekki að fara að rekja þá sögu eða hafa uppi dóma um það sem gerst hefur í þeim efnum. Það gerðist vegna bágra aðstæðna í landinu, þekkingarleysis en alveg sérstaklega af því að menn höfðu hvorki þekkingu á samhengi í náttúrunnar ríki né aðra möguleika til þess að framfleyta sér heldur en þeir voru skammtaðir hér fyrr á öldum og gengu þannig á gróðurlendið og á skógana og jarðvegseyðingin fylgdi hratt í kjölfarið. Það er hins vegar hægt að segja það í dag að það er óhæfa að við skulum ekki hafa náð þeim árangri á þessari öld tiltölulegrar velmegunar í Íslandssögunni að stöðva það undanhald sem við höfum búið við á fyrri öldum í sambandi við gróðureyðingu og að það skuli enn gerast að mikill hluti skóglendis í landinu er í afturför.

Ég leyfi mér, virðulegur forseti, að rifja það upp í því samhengi að það var mat þeirrar nefndar, sem vann að skýrslugerð fyrir landbrn. og skilaði af sér skýrslu í maí 1986 undir heitinu „Landnýting á Íslandi og forsendur fyrir landnýtingaráætlun", varðandi aðstæður, varðandi mat á ástandi gróðurlendis með sérstöku tilliti til skógræktar, eftirfarandi leyfi ég mér að vitna til úr þessari skýrslu: Röskur fjórðungur alls skóglendisins er í afturför, tæpur þriðjungur í framför og stöðnun er talin ríkja á um 40% skóglendis. Sennilegt er að skóglendi í afturför sé fremur vanmetið en ofmetið. Og þetta varðar skóglendi sem þekur nú aðeins um 1250 ferkílómetra landsins, en var að mati þeirra sem reynt hafa að áætla skóglendi við landnám eða upp úr landnámi, eins og ástand var þá, að talið er að fjórðungur landsins eða röskir 25 þús. ferkílómetrar Íslands hafi verið skógi vaxnir. Hér hefur því orðið gífurleg eyðing sem er það mikið umrædd að það er ástæðulaust að fjölyrða frekar um það hér.

Ég held að það sé alveg sérstök ástæða til að undirstrika samhengið milli skógverndar og uppgræðslu náttúrulegra skóga og landgræðslu eða landhlífðar, möguleikana á að vernda jarðveginn sem er undirstaða gróðurs í landinu, með ýmsu öðru vissulega. Þessi þáttur verður ekki metinn til fjár, hvorki sú hlíf við jarðveg sem felst í uppgræðslu skóga og kjarrlendis né heldur sá unaður og yndisauki sem

fylgir náttúrulegum skógum í landinu, alveg sérstaklega okkar birkiskógum sem er hinn náttúrulegi meginstofn í skógum Íslands.

Síðan er það hinn þátturinn sem hæstv. ráðherra fjallaði hér um í sinni framsögu, þ.e. skógræktarþátturinn, möguleikinn á að hverfa til skógræktar sem atvinnuvegar, sem búskapar í landinu umfram það litla sem að hefur verið gert í þeim efnum. Þar eru möguleikarnir til staðar. Það sýnir reynsla þessarar aldar að á úrvalssvæðum hvað varðar loftslag í landinu er raunhæft að ætla sér að stunda skógrækt, ræktun timburskóga með árangri og ávöxtun sem byggir á framleiðni hliðstætt því sem gerist í nágrannalöndum okkar og þar sem ætla má að hægt sé að ávaxta það fjármagn sem í þetta er lagt með ekki lakari hætti en menn gera ráð fyrir sem eru að reyna að ávaxta sitt sparifé í bönkum, þannig að möguleikarnir eru ótvírætt til staðar.

En ég tek undir það bæði með hæstv. ráðherra og hv. 12. þm. Reykv. Kristínu Einarsdóttur að það skiptir afar miklu máli að haldið sé vel á framkvæmd nytjaskógræktar í landinu þannig að menn takmarki sig fyrst og fremst við þau svæði sem álitlegust eru í þessu skyni og undanskil ég þá vissulega ræktun skóga í minni mæli og skjólbeltaræktun sem getur gagnast í öðru samhengi. En það er um þetta eins og fleira að það er hagkvæmt, ótvírætt hagkvæmast að geta tekið undir allstór svæði í þessu skyni, nokkuð stór svæði m.a. vegna girðingarkostnaðar en einnig vegna vélanotkunar og aðstöðu ýmissar og þjónustu sem þarf að fylgja við nytjaskógræktina.

Hæstv. ráðherra vék að Fljótsdalshéraði, þeim landshluta sem Alþingi hefur ákveðið að hýsi höfuðstöðvar Skógræktar ríkisins og það er eitt af nýmælum í þessum lögum sem ég fagna auðvitað sérstaklega sem einn af flm. þeirrar þáltill. sem Alþingi samþykkti á síðasta vori og hefur nú leitt til þess að hér er flutt stjfrv. um að höfuðstöðvar Skógræktar ríkisins verði á Fljótsdalshéraði. Þetta er góður áfangi, þetta er gott mál, ekki aðeins táknrænt fyrir byggðastefnu heldur einnig raunveruleg framkvæmd á því að færa yfirstjórn ákveðins málaflokks út fyrir höfuðborgarsvæðið og þar mætti sannarlega margt á eftir fylgja. Þó að ég sé ekki að mæla með því að menn fari þar offari, þá má haga þeim málum með ýmsum öðrum hætti heldur en að flytja kjarnann í yfirstjórn mála út um land. Ég hygg að það megi ná árangri einmitt með því að tengja saman yfirstjórnstöðvar og minni stjórnstöðvar í landshlutunum þannig að það gagnist sem flestum og eðlilegs samræmis sé gætt.

Á Fljótsdalshéraði eru aðstæður nú þær í sambandi við búháttabreytingar að þörfin á að spyrna við fótum og ná samningum við tugi bænda um það að þeir hverfi fyrst og fremst að nytjaskógrækt sem búgrein, sú þörf blasir nú við og það er m.a. það sem hvetur til þess að þetta frv. verði að lögum þannig að framkvæmdarvaldið geti gengið til þeirra samninga og látið á reyna.

Ég vil leyfa mér, virðulegur forseti, í þessu samhengi að vekja athygli á blaðagrein sem birtist í dagblaðinu Tímanum föstudaginn 9. mars 1989 skrifuð af einum þeirra bænda sem ætla sér hlut í þessari nytjaskógrækt, þessari skógræktaráætlun sem menn hafa verið að undirbúa austur á Fljótsdalshéraði, en það er Bragi Gunnlaugsson sem skrifar þessa grein, bóndi á Setbergi í Fellahreppi. Ég leyfi mér, virðulegur forseti, að grípa aðeins niður í þessa blaðagrein, skal þó takmarka tilvitnun, en hér segir m.a.:

„Nær fjárlaust er austan Lagarfljóts frá Héraðsflóa að Fljótsdal, að Skriðdal undanskildum. Meira en helmingur Tungufjár er fallinn, í Fellum, Fljótsdal fellur hver bærinn á fætur öðrum." Hér á höfundur við bústofninn, sauðfé. „Trúlega verður að farga öllu fé í þessum hreppum innan tíðar. Að afloknu tveggja til þriggja ára fjárleysi horfa margir bændur til þess með ugg í brjósti að taka fé aftur af mörgum ástæðum og gera það ekki í þeim mæli sem var séu aðrir atvinnumöguleikar fyrir hendi. Því er nú lag til búháttabreytinga í lágsveitum Fljótsdalshéraðs úr sauðfé í nytjaskóga, lag sem stendur en varir ekki lengi og kemur ekki aftur í náinni framtíð. Ég tel að við bændur í framangreindum sveitum eigum að taka þessu lagi tveim höndum og sameinast um að taka lönd okkar í meira eða minna mæli undir ræktun nytjaskóga sem í fyllingu tímans mundu klæða Héraðið milli fjalla svo sem áður var upp í 200–300 metra hæð. Skilyrði fyrir því að það megi gerast er: 1. Pólitískur vilji. 2. Verðtryggð árleg opinber fjármögnun næstu 20–25 ár a.m.k. sem kosti allar framkvæmdir. 3. Órofa samstaða allra bænda og jarðeigenda á Héraði."

Ég hvet þá sem vilja kynna sér þessi mál, einnig vegna áætlunargerðar og möguleika nytjaskógræktar á öðrum svæðum á landinu, að líta í þessa yfirlitsgrein þessa austfirska bónda sem rekur m.a. vinnu þess félags skógarbænda sem stofnað var á Héraði 3. maí 1988 en stofnendur þess eru 60–70 bændur og aðrir jarðeigendur.

Það liggur fyrir að þarna stendur til boða mikið landsvæði með þeim loftslagsskilyrðum sem einkenna efri hluta Fljótsdalshéraðs, þeim bestu til skógræktar sem við höfum í landi hér, þó að önnur jafnist kannski á við það þó með nokkuð öðrum hætti sé því landið er breytilegt í gróðurfarslegu tilliti og taka verður að sjálfsögðu tillit til þess einnig við skógarbúskap.

Það eru hér á ferðinni hvorki meira né minna en landloforð frá jarðeigendum sem hafa boðið fram rúmlega 14.000 hektara lands undir skóg og meira er í vændum. Má til samanburðar geta þess að Hallormsstaðaskógur, sem er mestur skógur á Íslandi, nær ekki 1000 hekturum að stærð og geta menn af því ráðið hversu mikið hér er í reynd í húfi að það takist að ná þessu svæði undir nytjaskógrækt, létta þar með á fyrir þá sem stunda fjárbúskap, sauðfjárrækt annars staðar og eiga að geta notið þess að fé fækkar á tilteknu svæði, fjárstofni fækkar í heild, ef skiptin verða þau sem hér er að stefnt að draga úr fjárbúskapnum, jafnvel leggja hann af á jörðunum og taka upp þessa nýbúgrein, nytjaskógrækt.

Virðulegur forseti. Það mætti margt ræða í þessu samhengi, m.a. ákvæði þessa frv. sem eru mörg athyglisverð. Ég vil vekja athygli á því að þar eru lagðar verulegar kvaðir á starfsmenn Skógræktar ríkisins í því efni, skógræktarstjóra meðtalinn, sem yfirmann þeirrar stofnunar, um það að fylgjast með ástandi birkiskóga í landinu, hvað aðhafst er varðandi skógana, og ég tel að það þurfi að herða á, að starfsmenn Skógræktar ríkisins þurfi að taka sig á, því að sum af þessum ákvæðum hafa verið í gildi, ef það á að fylgja þessum lagaákvæðum eftir í reynd. Á því er þörf. Á því er tvímælalaust þörf.

Ég bendi í þessu samhengi t.d. á ákvæði 12. gr. og ákvæði 14. gr. þar sem kveðið er á um það að skóg má ekki höggva nema fyrir liggi samþykki Skógræktar ríkisins, rækta skal nýjan skóg í stað hins höggna nema skógræktarstjóri samþykki annað, og fleira sem varðar viðhald skóga í landinu og eftirlit með skógum. Þetta eru góð ákvæði en þau kalla á það að þeim sé fylgt eftir að sjálfsögðu og það sama gildir um 15. gr. sem er nýmæli í þessu frv. um það að gróðurverndarnefndir skuli senda Skógrækt ríkisins skýrslu um ástand og meðferð skóglendis í viðkomandi sýslu. Ég hlýt að nefna það að starf þessara gróðurverndarnefnda er víðast hvar á landinu í engu samræmi við ákvæði gildandi laga eða þess sem til er ætlast af þeim af löggjafanum í sambandi við viðkomandi lagabálk sem fjallar um gróðurverndina og til er vísað í þessu frv. Því miður. Þekkingarskorturinn á ástandinu varðandi gróður landsins er alveg himinhrópandi og vanræksla þeirra kynslóða sem nú lifa á Íslandi gagnvart þessu hrópar í himininn. Menn eru hér að skrifa og fylla margar síður í blöðum og hafa verið mjög fjörleg skrif t.d. á þessu ári. Það kann að vera að hæstv. iðnrh. eigi einhvern þátt í því og það er út af fyrir sig af hinu góða. Það hefur einmitt mikið verið fjallað um gróðureyðinguna. Margt er þar rétt mælt og af góðum hug en mikið er þar sagt af vanþekkingu sem stafar af því að þær stofnanir og yfirvöld í landinu, sem eiga að tryggja rannsóknir og að reiða fram rannsóknir, niðurstöður rannsókna, þannig að aðgengilegar séu, hafa ekki haft aðstæður til þess að rækja hlutverk sitt eða bolmagn af einhverjum ástæðum en oft er auðvitað fjárskorti um að kenna, en einnig skipulagsleysi.

Ég rifja upp í þessu samhengi, af því að hv. 2. þm. Norðurl. v. er hér í þingsal, að ég minnist þess þegar við sátum saman í ríkisstjórn hér fyrir tæpum áratug að þá voru þessi mál rædd þar vegna áhuga hv. þm., þá landbrh., á að taka á þessum málum og til bóta. Við ræddum þetta við ríkisstjórnarborð og ég innti m.a. eftir því hvar væri yfirlitskort af Íslandi sem sýnir nokkurn veginn svona í grófum dráttum ástand gróðurlendis í landinu, hvað er í framför, hvað er í jafnvægi og hvar gróðurlendi er í afturför. Og hæstv. þáv. landbrh. kom með upplýsingar: Ja, þetta liggur nú bara ekki fyrir hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins en ég skal reyna að bæta úr. — Og hann kom nokkru seinna með kort undir arminum, fyrsta yfirlitskortið af Íslandi þar sem reynt var svona í grófum dráttum að draga fram þetta ástand gróðurlendisins. Og heiður sé honum fyrir það að hafa komið með þau gögn fyrstur manna inn á borð ríkisstjórnar Íslands.

En það er ástæða til að nefna fleira, virðulegur forseti, því að dagurinn í dag er merkisdagur, ekki aðeins vegna þess að hér er mælt fyrir þessu frv. um skógvernd og skógrækt heldur í sögu umhverfisverndar á Íslandi í víðu samhengi því að hér hefur það gerst á þessum degi að á borð þingmanna nú fyrir tæpri klukkustund eða svo barst stjfrv. til laga um umhverfismál, 417. mál á þskj. 777, þar sem gert er ráð fyrir því í fyrsta sinn í frumvarpsformi hér á þingi, í stjfrv. sem hér er fyrir lagt, að gerð er tillaga um það að færa stjórnun umhverfismála í landinu í nútímalegra horf en verið hefur. Ég vil ekki segja nútímalegt horf því að það er kannski ekki allt fengið með þessu frv. Það þarf fleira að fylgja á eftir. En þetta er geysilega stór áfangi í sögu baráttunnar fyrir umhverfisvernd, baráttu sem hefur staðið hér m.a. fyrir því að umbylta stjórnsýslunni í landinu svo sem þörf er á í ljósi nýrrar sýnar til umhverfismála. Þessi barátta hefur staðið í 20 ár fyrir þessari breytingu og nú er árangurinn kominn hér þó í þessum mæli að fyrir liggur frv. um umhverfismál sem verður væntanlega mælt fyrir hér í þinginu innan skamms. Þar er m.a. — og ég nefni það vegna þess að hæstv. landbrh. saknaði menntmrh. hér í þingsal vegna þess að hann fari með málefni hreindýra sem fjallað er um í 9. gr. frv. til laga um skógvernd og skógrækt, vegna þess tjóns sem hreindýr geta valdið í skógarlendum og var að vekja athygli á því að hreindýramálin væru enn á verksviði menntmrh. en nú er von á að á því geti orðið breyting. Ég þykist vita að ýmsir prókúruhafar hreindýra í landinu á Hverfisgötu 6 sjái dálítið eftir þessu því a.m.k. hjá sumum þeirra, sem eru nú kannski farnir úr embætti, var það auðvitað tilbreyting að hugsa til hreindýranna mitt í amstri skóla- og menningarmála og jafnvel að leggja leið sína austur á land til þess að horfa, þó ekki væri nema út um bílglugga, á hjarðirnar og útdeila veiðikvóta á hreindýrum. En það er meiningin að færa þetta undir hið nýja umhverfisráðuneyti sem samkvæmt frv. á að verða að veruleika 1. sept. á þessu ári. Það eru fleiri lagabálkar sem eiga að koma þar undir, þar á meðal lögin um landgræðslu, nr. 17/1965, að því leyti sem tekur til eftirlits með ástandi gróðurs og undir samstarfsnefnd umhverfisráðuneytis og fleiri ráðuneyta, þar á meðal landbrn., skulu færast lög um skógrækt, nr. 3/1955, með síðari breytingum, sem við erum að ræða hér í dag.

Þetta horfir til réttrar áttar, virðulegur forseti. Þetta horfir til réttrar áttar og ber að fagna því að þessi ríkisstjórn sem settist hér að völdum á haustdögum, 28. sept. sl., skuli þó hafa megnað mitt í amstrinu við efnahagsmálin að taka á þessum málaflokkum sem við erum að ræða hér hluta af þar sem er þetta frv. um skógvernd og skógrækt.

Ég hlýt að nefna það, virðulegur forseti, að einn þáttur þessa máls varðar rannsóknir og það er eitt af nýmælum þessa frv. og þeirra frumvarpa sem við

höfum rætt hér á síðustu þingum um skógvernd og skógrækt að styrkja rannsóknarþátt að því er þennan málaflokk varðar. Það verður ekki of mælt og ekki of oft sú vísa kveðin hversu mikil þörf er á því fyrir okkur Íslendinga að spretta úr spori að því er varðar rannsóknir, ekki síst á náttúru landsins, gögnum þess og gæðum. Við erum alltaf að borga fyrir það dýru verði hver vanrækslan hefur verið á þessu sviði á undanförnum áratugum. Þar er verið að kasta krónunni þar sem menn hafa dregið við sig að leggja í rannsóknir eins og þyrfti, en einnig hefur sitthvað glatast vegna skipulagsleysis þeirra mála, vegna tíverknaðar og skipulagsleysis þannig að einnig þar þarf úr að bæta.

Skógrækt og gróðurvernd og allt sem lýtur að viðhaldi gróðurs í landinu þarf að byggja á þekkingu á því sem fyrir er, möguleikum, ekki síst þegar um ræktun er að ræða. Þar þurfum við rannnsóknir og þar þurfum við að safna saman heimildum sem liggja fyrir víða um land í formi tilrauna, alveg inn í garðana hjá fólki, þar sem lesa má heilmikla sögu ef þeim heimildum er safnað saman og úr þeim unnið um ræktunarmöguleika á hinum ýmsu stöðum fyrir hinar ýmsu tegundir sem menn hafa sett í jörðu að því er varðar aðfluttan gróður. Ég hvet til þess að menn reyni að spretta úr spori einnig að þessu leyti.

Virðulegur forseti. Ég skal ekki taka meiri tíma þingdeildarinnar til að ræða þetta mál sem er hér til 1. umr. Ég vona að okkur takist að lögfesta þetta frv. áður en þingi lýkur í vor, jafnvel að styrkja einstaka þætti þess, skera úr um vafaatriði. Gildir það ekki minnst um þann þátt sem lýtur að kaflanum um nytjaskógrækt vegna þeirra samninga sem menn þurfa að geta gengið til af ákveðni og á traustum lagagrundvelli nú með vordögum.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Það leikur nú vart á tveim tungum að í landinu er ríkjandi mikill áhugi á skógvernd og skógrækt. Þessi áhugi hefur auðvitað birst víða á undangengnum árum, bæði af opinberri hálfu en ekkert síður af hálfu einstaklinga og félagasamtaka sem víða hvar hafa lagt í mikla vinnu og lagt fram verulega fjármuni til þess að rækta skóg og skógarreiti og vinna þannig að því að fegra sitt umhverfi.

Af opinberri hálfu hefur einnig verið mikið unnið að þessum verkefnum á vegum Skógræktar ríkisins og ég hygg að í alllanga tíð hafi verið áhugi á því af hálfu þeirra sem farið hafa með ráðuneyti landbúnaðarmála að glæða þetta starf og vinna að því að bæta þá löggjöf sem um þetta gildir og fella saman í einn lagabálk ákvæði um skógvernd og skógrækt. Þetta frv. fjallar um það efni og er þakkarvert að það skuli hér flutt þó að það hafi vissulega verið flutt áður í svipuðu formi, víst einum þrisvar sinnum eftir því sem hv. síðasti ræðumaður sem er maður stálminnugur, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, lét getið hér áðan.

Þetta frv., eins og það liggur fyrir, á sér langan aðdraganda eða allt að 10 árum. Það má kannski furðu gegna, miðað við þann mikla og almenna áhuga og góðan vilja sem ábyggilega er til staðar bæði á Alþingi og hjá almenningi, hversu þessi aðdragandi er orðinn langur og hvers vegna það skyldi ekki hafa gerst að lög um þetta efni hefðu verið afgreidd og lögfest fyrir jafnvel nokkrum árum. Orsökin er vitaskuld sú að menn hafa ekki verið á einu máli um þessa lagasetningu, um þá stefnu sem birtist í þeim lagafrumvörpum sem flutt hafa verið.

Ég hef ekki að fullu borið það saman hvaða breytingar hafi orðið á þessu frv. miðað við eldri frumvörp, en það var kynnt hér af hæstv. ráðherra að þær væru nokkrar. Þó hygg ég að þær séu ekki þess efnis að þær raski þeim heildarsvip sem er á frv. og hefur verið á undangengnum árum. Ég segi að menn hafi ekki verið á eitt sáttir. Það hafa ekki orðið deilur um þetta mál á Alþingi, en það hafa komið allmiklar athugasemdir, a.m.k. frá þeim sem eru áhugamenn um skógrækt, til nefnda Alþingis sem um þetta hafa fjallað, þ.e. til landbn. og bent hefur verið á ýmis atriði sem mönnum hefur ekki líkað eins og vera þyrfti. Þetta hefur valdið því að afgreiðsla þessa máls, lögfesting heildarlöggjafar um þetta efni hefur tafist og á sér orðið langan aðdraganda.

Nú er það mála sannast, eins og hér kom fram í ágætri ræðu hv. þm. Kristínar Einarsdóttur og raunar einnig í ræðu hv. 2. þm. Austurl., að frv. kemur einnig ærið seint fyrir Alþingi nú til að vinna að breytingum á því sem verða mættu til þess að það fengi eðlilega afgreiðslu.

Ég vil ekki teygja það lengur að segja hvað ég finn að þessu frv. Í fyrsta lagi er þetta frv. ríkisforsjárfrv. í þessu máli, alveg eindregið ríkisforsjárfrv. og um leið miðstýringarfrv. Í frv. er ekki að finna ákvæði um skógræktarstarf einstaklinga eða skógræktarfélaga og hugsanlegan opinberan stuðning við slíka starfsemi utan þess sem segir í 31. gr. um Skógræktarfélag Íslands, sem er VIII. kafli frv. Sú grein er að vísu þrjár málsgreinar en um leið þrír málsliðir. Og aðeins tveir af þessum þremur málsliðum fjalla um starf félagssamtaka og einkaaðila að þessu verkefni. Þriðji málsliðurinn fjallar um opinbera forsjá.

Mér finnst að það sé mikið tjón af því að byggja upp heildarlöggjöf um skógvernd og skógrækt á Íslandi þannig að það sé ekki í senn mótuð löggjöf um forsjá opinberra aðila, bæði að því er varðar skógverndarmál, rannsóknir, ræktun og stuðning, með öðrum hætti styrki og stuðning til þessara mála, en þá um leið lagaákvæði sem hafi hvetjandi áhrif á starf einstaklinga og starf félaganna. Það skortir í þessu frv. utan það sem hér er vikið að í einum og merkum kafla frv. um nytjaskóga, sem er opinber stuðningur við einstaklinga sem sinna því sem kallað er nytjaskógrækt. Þetta er að minni hyggju verulegur galli á þessu máli, ég er ekkert að draga fjöður yfir það, í jafnþýðingarmikilli löggjöf og hér er verið að fjalla um að setja.

Ég lít sem sagt svo á að skógrækt og skógverndun sé málefni sem eigi það ríkan hljómgrunn meðal þjóðarinnar og það sé svo auðvelt að kveikja áhuga

einstaklinga og félaga í þessum efnum að löggjöf um þetta efni eigi að verka sem aflgjafi á starf slíkra aðila. Ég hygg að af því mætti fá mikinn árangur. Þetta haggar ekki því að nauðsynlegt er einnig að hafa heildarlöggjöf um opinbera forsjá, starf Skógræktar ríkisins og opinber afskipti af þessum málum. Þeim þætti er hér fyrir séð. Við getum deilt um hversu vel, en hér er séð fyrir þeim þætti málsins en ekki að því er lýtur að því hvetja og efla starf einstaklinga, skógræktarfélaga og Skógræktarfélags Íslands. Þetta er það sem er megingallinn á uppbyggingu þessa máls að mínum dómi.

Annað sem ég tel að þurfi að athuga mjög vandlega í meðferð þessa máls er það í einstökum greinum frv. er gengið það nærri eignarréttinum að það þurfi mjög vandlega athugun hvernig þau ákvæði frv. séu afgreidd og það tekur vissulega tíma. Ég ætla ekki að nefna mörg dæmi um þetta. Ég get þó nefnt að það er auðvitað mjög mikið vandaverk að setja upp lagaákvæði sem kveða á um hvernig á skuli tekið ef t.d. búpeningur kemst inn á skógræktarsvæði. Eftir þessu frv. er ábyrgðin ævinlega á búfjáreiganda. Það er vikið að snjóalögum, en það gæti líka verið að girðingar séu ekki í lagi. Það gæti líka verið að hlið séu skilin eftir opin. Það er býsna hart undir því að búa að þá sé ábyrgð öll á öðrum aðila. En þetta er vandaverk þannig að ábyrgð verði við komið því að ábyrgð þarf að vera.

Ég nefni annað hér sem er í 10. gr. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Hagi svo til að gripahús standi í skóglendi eða við jaðra þess er eiganda þeirra eða notanda skylt að girða í hæfilegri fjarlægð frá húsunum svo að búpeningur komist ekki í skóglendið á tímabilinu 1. nóv. til 1. júní" o.s.frv.

Ég bý nú ekki á mesta skógræktarsvæði landsins. En ég veit ekki hvernig á þessu ætti að taka ef ég væri á jörð þar sem skógarkjarr væri allt umhverfis túnið og hvarvetna um landið væri það sem kallað yrði skógur þannig að mér sýnist að þarna sé nokkur vandhæfni á. Ég skal ekki fara að teygja eða toga einstök slík atriði þessa frv., en mér sýnist nokkurt vandaverk að taka á þeim málum frv. þar sem verulega er sveigt að eignarréttinum þannig að ekki fari í bága við stjórnarskrána.

Ég held að það sé í sjálfu sér fengur að því að reynt sé í lögum að skýra merkingu orða eins og hér er í 2. gr. Þar kemur þó hvergi fram hvað orðið „skógur" merkir. Það er talað um skóglendi, skógarjörð, nytjaskóg, skógarlund. Og skógarlundur er með þeim einkennilega hætti samkvæmt þessum orðaskýringum að það er „land þar sem skógur er ræktaður á 1–25 hekturum lands". Það er sem sé ekki skógarlundur til að mynda inni í Ásbyrgi í Kelduhverfi. (**Landbrh.:** Það er skóglendi.) Gjarnan hefði ég viljað sjá hæstv. landbrh. á æskuárum ganga með stúlkunni sinni þangað í lundinn og hefði ekki verið talið að þá væri ranglega til orða tekið. Að slíkri merkingu orðsins „skógarlundur" mun vikið víða í skáldskap, en með þeirri lögskýringu sem hér er fest á blað væri búið að ómerkja öll slík ljóð og öll slík orðatiltæki vegna þess að það fjallaði sjaldnast um skóg sem hafði verið ræktaður heldur hafði hann vaxið þar af sjálfsdáðum. Þetta þykir mér sérkennileg og ekki skemmtileg lögfesting á skilgreiningu orða.

Þá er hér lögfesting á því hvað orðið búfé táknar eins og þar segir: „Nautgripir, hross, sauðfé, geitur." Hæstv. landbrh. var að leggja fram frv. til búfjárræktarlaga. Líklega í dag. Það er lagabálkur þar sem er eðlilegt að skýrt sé hvað skuli kallað búfé. En það er í hæsta máta óeðlilegt að það sé í skógræktarlögum. Til gamans mætti kannski kalla það búfé sem hæstv. landbrh. ákveður nú að láta telja um land allt um sumarmálin næstu eða þar um bil. Kannski ætti að skilgreina það sem búfé. (Gripið fram í.) Þetta finnst mér mjög ankannalegt og má e.t.v. kalla hártogun en þó, við tökum hér til máls við 1. umr. ekki einungis til að lofsyngja mál í öllum greinum heldur til að vekja athygli á því sem okkur finnst miður fara í annars mjög þýðingarmikilli tilraun til þess að setja á heildarlöggjöf um viðfangsefni sem á að mínum dómi tvímælalausan hljómgrunn bæði hér á Alþingi og meðal þjóðarinnar. Ég held að þessi atriði t.d. þurfi öll athugunar við.

Ég fagna því og tel það eðlilegt að aðalstöðvar Skógræktar ríkisins skuli eiga að vera á Fljótsdalshéraði. Fljótsdalshérað og kannski raunar Austurland en þó sérstaklega Fljótsdalshérað er landsvæði þar sem skógur vex að mér sýnist betur en annars staðar, þar sem náttúrufar og veðurfar er með öðrum hætti en víðast annars staðar á landinu. Og ef ekki er hægt að flytja þessa ríkisstofnun austur á Hallormsstað, þá verður engin ríkisstofnun flutt út á land. Ég tel að það sé mál til komið að þetta sé gert.

Ég tek undir það með hv. þm. Kristínu Einarsdóttur að það eru ýmis atriði sem ástæða er til að athuga í V. kafla frv. um ræktun nytjaskóga, en þar er nú tiltölulega ný lagasetning um það efni og mjög þörf. Ég dreg ekkert úr því að það er vafalaust hárrétt, sem fram kom hjá hv. 2. þm. Austurl., að það er mikil nauðsyn á því að skipulega sé að þessu unnið og mér finnst mjög eðlilegar þær ábendingar hans að nú eru þess háttar aðstæður í búskaparháttum á Austurlandi að við því þarf að bregðast hvort sem það mundi leiða til þess að sauðfjárhald verði þar lagt niður eða ekki. Það ætla ég ekki að segja til um. En það er eðlilegt að bregðast við þessum aðstæðum sem þar eru í búskaparháttum og hér var áðan lýst.

Ég held að það sé kannski ekki ástæða til þess að ræða hér mikið um hvað gerst hefur í þessum efnum frá landnámstíð sem hv. 2. þm. Austurl. vék hér að. Ég held að það sé ekki hægt að slá neinu föstu um það hvort hér hafi verið skógur á 25 þús. ferkílómetrum lands við landnám. En þó svo að það hafi verið þá eru allar sagnir sem herma að á þeirri tíð hafi verið nokkuð annað veðurfar en gerðist síðar og það er ekki einvörðungu hægt að kenna búsetunni í landinu um það sem gerst hefur.

Ég man eftir því að eitt sinn sagði við mig Austfirðingur, mjög skýr maður, að hann hefði athugað það hvar skógur hefði haldist best á Austurlandi og hvar

hann hefði gengið mest til þurrðar í gegnum tíðina. Hann komst að þeirri niðurstöðu að skógur hafði yfirleitt staðið sig á stórbýlunum en hann hafði þokað eða gengið til þurrðar á kotbýlunum. Hvers vegna? Á stórbýlunum var fjöldi gangandi búfjár. Þar var gnægð í búi og ætla hefði mátt að þessi fjöldi gangandi búfjár hefði eytt skógunum, en það var ekki. Þar stóð skógurinn sig best. Á kotbýlunum var fátt um gripi, það var þurrð í búi. Þar var skógurinn höggvinn til þess að halda lífi í fólkinu. Hann var notaður til upphitunar, til eldiviðar og sjálfsagt lengi til kola. Það var annað en gripafjöldi sem eyddi skóginum. Þetta var niðurstaða þessa manns sem hafði athugað þetta nokkuð grannt á Austurlandi. Þessi maður er að vísu fluttur að austan, kominn hingað til höfuðborgarsvæðisins, en mér fannst hann afar skýr og athugull. Mér er nær að halda að þessi athugun hans, þó leikmaður væri, hafi verið reist á nokkurri þekkingu og nokkurri athugun en ekki einvörðungu stafað af vanþekkingu, svo notað sé orð hv. 2. þm. Austurl., þó hann væri auðvitað ekki þar að tala um þennan mann eða hans niðurstöður.

Ég bendi á varðandi stöðu gróðurlendis hvað veðurfar hefur mikið að segja. Á undanförnum árum hefur verið mjög lítil úrkoma hér á landi. Snjóar hafa verið með allra minnsta móti í mörg ár, 4–5 ár, og jarðvatnið hefur verið að hopa neðar og neðar í jarðveginn. Jarðvegurinn hefur verið að þorna. Og þegar svo vill til og vindar blása er ekki aðeins að gróðurinn hafi veikst vegna þess hve jarðvatnið hefur dýpkað, heldur þornar allt yfirborð jarðar einnig og uppblásturinn heldur innreið sína. Nú standa vonir til þess að þetta snúist við, því að nú hefur verið blessunarlega mikill snjór í vetur, og ég á von á því að öðruvísi verði um að litast á hálendi landsins næsta sumar en verið hefur síðustu árin. Þetta er aðeins eitt dæmi um það hvað slíkar veðurfarssveiflur hafa mikið að segja fyrir utan hitastigið, sem hefur einnig gífurlega mikið að segja, og ég ætla ekki að koma hér að öðrum enn þá afkastameiri þáttum í þessum efnum sem eru eldsumbrotin og gjóskufall. Mér finnst því að við eigum að tala af varúð um þessi efni og ekki kenna það við vanþekkingu þó að tekið sé til varnar þeim sem á undan okkur hafa þraukað í þessu landi og haft þar af viðurværi sitt, oft við óblíð og hörð lífskjör. Það eru ýmsir aðrir þættir sem hafa valdið því að gróður landsins hefur á stundum þokað og miklu meira en við mundum kjósa.

Ég endurtek að ég tel það vissulega miður hvað þetta frv. er seint á ferðinni því að mér finnst alveg ljóst að það þurfi enn athugunar við. Það dregur ekki úr mikilvægi þess að setja skynsamlega heildarlöggjöf um þessi mál, löggjöf sem hafi það ekki einungis að markmiði að fella saman alla þætti þess sem kallast opinberar aðgerðir, opinber forsjá í þessum málum, starfsemi Skógræktar ríkisins, um rannsóknarstarf, um ræktun nytjaskóga, skógvernd o.s.frv. Eftirlit, ég tek undir það með hv. 2. þm. Austurl., er afar mikilvægt. Ég hefði hins vegar viljað sjá í slíkum lagabálki ákvæði sem verkuðu hvetjandi á starf einstaklinga, starf einstakra skógræktarfélaga og Skógræktarfélags Íslands en að þessu væri ekki aðeins vikið í tveimur setningum þar sem segir, með leyfi forseta:

„Skógræktarfélag Íslands er viðurkennt sem samband skógræktarfélaga í landinu

Styrkur sá, sem veittur er í fjárlögum til skógræktarfélaga, er bundinn því skilyrði að þau séu deildir í Skógræktarfélagi Íslands."

Í raun og veru er hér punktur. Síðan segir í 3. málsl.: „Ráðherra úthlutar styrknum, að fengnum tillögum skógræktarstjóra og formanns Skógræktarfélags Íslands." Þessi málsliður er einungis um opinbera forsjá. Það eru sem sé einungis tvær setningar sem lúta að því að það sé viðurkennt að Skógræktarfélag Íslands megi starfa sem samband skógræktarfélaga í landinu.

Herra forseti. Ég á sæti í þeirri þingnefnd sem fær þetta mál til meðferðar. Ég vildi að ég gæti tekið undir með þeim sem hér hafa talað á undan mér, að vonast til þess að þetta mál hljóti nú afgreiðslu. Ég er ekki viss um að til þess vinnist tími að gera á því þær lagfæringar sem ég held að væru mjög þarfar og í rauninni nauðsynlegar þegar um svo mikilsverða heildarlöggjöf er að ræða til þess að það væri rétt að afgreiða það á þessu þingi og kastar það engri rýrð á hlutverkið sem það á að þjóna, engri rýrð, því það hlutverk er mikið.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég tel að hér sé hreyft merku máli sem gjarnan hefði mátt vera fyrr á ferð hér í þinginu. Tvímælalaust má þó segja um það, eins og fram kom hjá hv. 2. þm. Austurl., að það er mjög brýnt sums staðar að gengið verði frá lagafrv. þessu. Þegar ég segi sums staðar á ég við þá sérstæðu stöðu sem er t.d. á Austurlandi þar sem niðurskurður hefur verið á sauðfé vegna riðu og mikið samliggjandi land væri hugsanlega hægt að taka undir skógrækt.

Ég ætla ekki að fara hér út í mjög nákvæmar athugasemdir en vil þó taka það fram að á fyrstu blaðsíðunni hnýt ég, eins og ræðumaður sem var hér á undan mér, um orðið „skógarlundur" og tel ekki sanngjarnt að það sé afmarkað á þann veg sem hér er lagt til. Ég er sannfærður um að það má finna annað orð, hvort sem menn tala þar um skógarsvæði, ræktunarreiti eða hvað menn hafa yfir land sem ekki er orðið að skógi en skógrækt er hafin á.

Það eru aftur á móti örfá atriði sem vekja spurningar og í 9. gr. stendur, með leyfi forseta: „Nú verða óvenjuleg snjóalög svo hætta er á að löggirðingu fenni í kaf." En hvað með það ef snjóalögin eru nú ekkert óvenjuleg og eru bara venjuleg á þessu svæði og girðingar fenna þar yfirleitt í kaf yfir veturinn? Hvaða reglur gilda þá? Mér finnst einhvern veginn eins og þetta hafi verið samið í því andrúmslofti að eitthvað sé óvenjulegt við það að það snjói þannig að girðingar fari í kaf. Mér finnst dálítið losaralegt að gera ráð fyrir að eitthvað óvenjulegt sé við það.

Ég hnýt einnig um það að það er ekki algjört

jafnræði í þeirri skyldu sem sett er á þá sem eiga að gæta nautgripa, hrossa, sauðfjár og geita og þeirra sem eiga að gæta hreindýranna. Ég tel að þarna þurfi að vera um sömu skyldur að ræða, og ég vil bæta því við að ég tel að það sé mjög brýnt að það sé viðurkennt því að verði farið út í skógrækt á Austurlandi á mjög stórum svæðum liggur það náttúrlega alveg ljóst fyrir að slíkt land væri kjörið vetrarbeitarland fyrir hreindýrin að þeirra eigin áliti og gæti verið tafsamt að ná þeim út úr skóglendinu ef það eru fleiri tugir eða hundruð hektara, nokkur hundruð hektara. Ég held þess vegna að ekki sé um annað að ræða en að taka fullt tillit til þess strax þegar menn ganga í það af bjartsýni og áræði að koma upp stórum nytjaskógum á ákveðnum svæðum í þessu landi.

Hér eru aftur á móti sumar greinar sem eru mjög tæpar gagnvart því að standast stjórnarskrána. Og fyrst hnýt ég um 10. gr. „Skógræktarstjóra er heimilt að banna alla beit í skóglendi utan heimalanda frá 1. nóv. til 1. júní ár hvert." Ég segi nú eins og er að ég tel þetta eðlilegt ákvæði í alla staði. Að vísu lít ég svo á að heimalönd séu þau lönd sem tilheyra býlinu og séu ekki afrétt og ég veit ekki dæmi þess að beit sé heimil á afréttum á þessum tíma yfir höfuð. Svo þá vekur þetta spurningu um það hvað átt er við með orðinu „utan heimalanda". Hvaða landsvæði er það? Er það landsvæði í annarra eigu sem um er að ræða, þá á láglendi? Vissulega þyrfti að skýra betur við hvað er átt með því.

Svo kemur hér neðar atriði sem aftur á móti er ekki jafnauðskilið, með leyfi forseta: „Hagi svo til að gripahús standi í skóglendi eða við jaðar þess er eiganda þeirra eða notanda skylt að girða í hæfilegri fjarlægð frá húsunum svo að búpeningur komist ekki í skóglendið á tímabilinu frá 1. nóv. til 1. júní, enda taki eigandi skóglendisins þátt í kostnaði af slíkri girðingu að hálfu." Sé nú gert ráð fyrir að það sé sami eigandi að skepnunum og skóglendinu, hvað gerist þá ef eigandi að skepnunum segist vilja girða en eigandinn að skóglendinu segir nú klárt nei? Þarna þarf greinilega eitthvað að breyta textanum, sýnist mér. Og það vaknar líka sú spurningmg í þessu sambandi hvort það sé svo fortakslaust að það þurfi að verja hverja einustu hríslu, ef svo mætti komast að orði, að t.d. eins og hagar víða til á Vestfjörðum að kjarrgróður þekur mikinn hluta af jörðinni, þá sé nánast þannig frá gengið að þar megi engin skepna fara út fyrir girðingu fyrir 1. júní. Því með því ákvæði er náttúrlega verið að taka ákvörðun um það að banna notkun heimalanda, að banna notkun heimalanda ef á þeim er skógur. Ég tel að þarna séu menn komnir út í ógöngur, og ég er ekki búinn að sjá að það gangi upp að skógræktarstjóri eigi að hafa vald til þess að skipa mönnum annað tveggja að hafa búpening inni á túnum eftir 1. nóv. eða á húsi ef þeir búa við þær aðstæður að eitthvert skóglendi er á jörðinni. Í mörgum tilfellum er ekki um neina ofbeit á þessu skóglendi að ræða vegna þess einfaldlega að það er orðið svo fátt í högum vegna þess hve sauðfé hefur fækkað í landinu. En þetta ákvæði í 10. gr. getur einfaldlega rekist á við stjórnarskrána gagnvart því hvaða rétt menn eigi til að nýta eignir á hefðbundinn hátt því að þetta varðar atvinnufrelsi ef hægt er að sýna fram á að þeir hafi á engan hátt skaðað landið á undanförnum árum.

Það sem ég rakst hér á í 22. gr. er það orðalag að talað er um að menn geti leyst sig undan skyldum og sagt, með leyfi forseta: „enda endurgreiði hann [landeigandi] þá öll framlög sem innt hafa verið af hendi". Þarna kemur ekki fram hvort hann eigi að endurgreiða þau verðtryggð eða óverðtryggð. Ég held að þetta orðalag þyrfti að verða nákvæmara þannig að það lægi alveg ljóst fyrir við hvað væri átt.

Í 23. gr. hnýt ég um það þar sem kemur að forkaupsrétti. Túlkun á forkaupsrétti hefur verið sú að sveitarfélag megi t.d. ganga inn í hæsta boð á landi. Við skulum hugsa okkur að það gerðist að jörð væri veðsett og þessi kvöð væri á jörðinni að það væri skóglendi, hún færi á nauðungaruppboð, Landsbankinn ætti efsta boð og hann yrði að leysa til sín jörðina með því að fara í þetta efsta boð. Svo kæmi Skógræktin og segði: Ég er að hugsa um að neyta forkaupsréttar og það stendur náttúrlega ekki til að ég fari að borga það sem þið þurftuð að bjóða í þessa jörð á uppboðinu. Ég fer einfaldlega fram á að það verði farið eftir 23. gr. og það verði mat tveggja dómkvaddra manna sem ákveði verðið. Þetta eru atriði sem ég held að standist ekki gagnvart stjórnarskránni, að standa þannig að þessu, og held að þessu verði að breyta.

En þó að ég hafi hér verið með athugasemdir við örfáar greinar breytir það engu um það að ég fagna frv. Ég fagna því að það skuli vera komið í frumvarpsform hér á Alþingi sem áður var viljayfirlýsing Alþingis, að höfuðstöðvar Skógræktarinnar skuli vera á Fljótsdalshéraði. Ég vildi gjarnan sjá það einnig hér í þessum lagatexta að þeir skógarverðir sem settir hafa verið til að gæta skóglendis, hvort heldur þeir eru á Vesturlandi eða annars staðar, þurfi að eiga búsetu á þeim svæðum. Ég veit ekki hvernig á því stendur, en einhvern veginn hefur það nú gerst að menn hafa haft þar embættisskyldum að gegna en ekki talið sér skylt að eiga þar aðsetur.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að segja örfá orð um það frv. til laga um skógvernd og skógrækt sem hér liggur fyrir. Ég fagna framkomu þessa frv. og vonast til þess að það fái afgreiðslu hér á hv. Alþingi þó að vissulega sé nokkuð liðið á þingtímann. Ég tel að frv., ef samþykkt yrði, marki nokkur tímamót í skógrækt og skógvernd hérlendis og vil sérstaklega taka undir tilgang laganna sem fram kemur í I. kafla þeirra, í þremur liðum, og fjallar um það að skóglendi verði verndað, aukið og bætt og nýir skógar verði ræktaðir þar sem henta þykir og frætt verði um leiðbeiningu og ræktun skóga, skjólbelta og annars trjágróðurs. Þetta eru fróm markmið og góð og ég vil sérstaklega taka undir þau.

Í II. kafla frv. er fjallað um Skógrækt ríkisins. Ég

vil sérstaklega fagna því að staðfestur er í frv. sá vilji, sem hefur reyndar komið hér fram áður sem ályktun Alþingis, að aðalstöðvar Skógræktar ríkisins skuli vera á Austurlandi. Ég vil taka það fram að ég er sammála því sem fram hefur komið í þessari umræðu, að ef ekki er hægt að flytja stofnun af þessu tagi út á land á stað þar sem skógrækt er öflug og hefur verið í gegnum árin held ég að við ættum að hætta öllu tali um flutning ríkisstofnana. Þetta mál er prófsteinn á það hvort yfirleitt þýðir um hann að tala. Ég fagna þessu ákvæði sérstaklega og vona að það nái fram að ganga.

Ég vil ekki tefja tímann með því að blanda mér í orðskýringar. Þær verða að sjálfsögðu athugaðar í þeirri nefnd sem fær málið til meðferðar, en í kaflanum um skógvernd og friðun er aðallega fjallað um hvernig á að verja skóga fyrir búfé og það er að sjálfsögðu góðra gjalda vert. Spurning er hvort á að setja í lög eða reglugerð svo nákvæm fyrirmæli um hvað gera skal í þeim efnum. Það verður að sjálfsögðu athugað. Hins vegar finnst mér að sú nefnd sem fær málið til meðferðar ætti að ræða sérstaklega hirðingu þess skóglendis sem til er hér á landi. Þá á ég við þá birkiskóga sem víða eru til hér á landi en eru ógrisjaðir og illir yfirferðar. Það er ærið verk að hirða um það skóglendi þannig að það verði gróskumikið, gott yfirferðar og mönnum til yndisauka. Ég held að athuga ætti sérstaklega hvort ekki beri að setja skýrari ákvæði um hvernig staðið skuli að slíkum verkefnum.

Allra merkasta nýmælið í þessu frv. er e.t.v. í V. kafla þess, sem fjallar um ræktun nytjaskóga, þar sem kveðið er á um kostnaðarhlutdeild ríkisins í ræktun nytjaskóga á bújörðum. Það hefur verið rakið hér í umræðunni áður hve brýnt verkefni um er að ræða við núverandi ástand atvinnumála í sveitum landsins. Ég vil geta þess að á Austurlandi er nú einstakt tækifæri til að taka heilleg landsvæði undir skógrækt þar sem þau eru nú búfjárlaus vegna riðuniðurskurðar og það er mikill áhugi fyrir því hjá bændum. Við þingmenn Austurlands verðum rækilega varir við það á okkar ferðum og með þeim erindum sem til okkar berast hve þessi áhugi er mikill. Ég vil sérstaklega leggja áherslu á þennan kafla frv. því það er einstaklega brýnt að kveða á um fjármögnun í þessum efnum. Ég er ekki að segja að þetta skipti sköpum um atvinnuástand í sveitum landsins, en það yrði mjög mikil vítamínsprauta fyrir atvinnulífið í hinum dreifðu byggðum ef lögfest væri hvernig að fjármögnun og framkvæmdum á að standa í þessum efnum. Þetta er líka verkefni sem allir geta sameinast um og verið sammála um hvort sem þeir búa í sveitum landsins eða í þéttbýli. Um þetta verkefni þarf ekki að vera togstreita að mínu mati.

Eins og ég sagði í upphafi ætla ég ekki að hafa mörg orð í þessari umræðu. Ég vona að þó að skammur tími sé til stefnu muni nefnd hafa ráðrúm til að fara yfir frv. og það verði ráðrúm til að afgreiða það á þessu þingi. Ég tel það mjög brýnt vegna þess áhuga sem er víða á landinu á framgangi þessara mála og á ég þar þá ekki síst við ákvæði V. kafla frv. sem fjallar um ræktun nytjaskóga. Það tel ég mjög merkt nýmæli og það er ein höfuðástæðan fyrir því að ég tel að frv. þurfi að fá afgreiðslu nú á þessu vori.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég kveð mér einungis hljóðs til þess að þakka þá málefnalegu umræðu sem hér hefur orðið og sömuleiðis ábendingar sem hér hafa verið settar fram og margar hverjar eru allrar athygli verðar. Það er að sjálfsögðu svo að frv. er ekki nýtt af nálinni og áður hafa verið umræður um ýmislegt sem þar kemur fram. Þar er vandratað einstigi víða á ferðinni milli ólíkra sjónarmiða og ólíkra hagsmuna, svo sem eins og þeirra sem fyrst og fremst vilja beita sér fyrir friðun lands og hinna sem hafa lifibrauð sitt af því að nytja það, m.a. til búskapar. Það er vel þekkt saga innan landbúnaðarins um samskipti skógræktarmanna og bænda sem ástæðulaust er að orðlengja um hér. En ég vil leyfa mér að fullyrða að frv. beri þess merki að þau sjónarmið hafa nálgast og miklar sættir tekist með þeim aðilum sem áður deildu hart og ekki alltaf mjög málefnalega um mismunandi sjónarmið í þessum efnum.

Um skemmtilegar umræður sem hér urðu um orðskýringar, snjóalög og fleira spara ég mér að hafa mörg orð. Það, eins og annað sem hér var rætt, kemur að sjálfsögðu til skoðunar í hv. landbn. sem ég vona að geti gefið sér sem mestan tíma til að skoða málið og afgreiða til deildarinnar að nýju. Vissulega hefði frv. gjarnan mátt koma fyrr fram en til þess lágu ýmsar ástæður, m.a. þær að eins og gengur við stjórnarskipti tekur það sinn tíma að koma málum á hreyfingu á nýjan leik. Síðan varð það að ráði að bíða eftir umfjöllun búnaðarþings um frv. og það hefur einnig tekið nokkurn tíma að samræma sjónarmið þeirra sem ábyrgir standa að framlagningu frv. Þetta hefur nú allt tekist og það er einlæg ósk mín, eins og ég hef áður tekið fram, að það takist að afgreiða frv. og gera það að lögum á þessu þingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Náttúruvernd, 1. umr.

Stjfrv., 414. mál (landverðir). — Þskj. 774.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Hér er um að ræða einfalt mál sem gerir ráð fyrir því að í náttúruverndarlögunum verði skotið inn ákvæðum um landverði til þess að unnt verði að setja reglugerð um starfssvið þeirra, skyldur og meginverkefni.

Landverðir hafa unnið á vegum Náttúruverndarráðs í u.þ.b. 15 ár. Hlutverk þeirra hefur stöðugt verið að vaxa eftir því sem ferðamannastraumur til landsins hefur aukist og þeirri þróun, stórfelldri

fjölgun ferðamanna til landsins, hefur Náttúruverndarráð mætt með ráðningu landvarða á ýmsa helstu ferðamannastaði. Þeir starfa nú á vegum Náttúruverndarráðs á mörgum svæðum, þjóðgörðunum í Skaftafelli og Jökulsárgljúfrum, við Mývatn, í Herðubreiðarlindum, Öskju, Landmannalaugum, Hvannalindum, Dyrhólaey, á Hveravöllum og á Hornströndum. Á sumum landsvæðum hafa landverðir fast aðsetur yfir sumartímann en á öðrum ekki, t.d. á Hornströndum. Landverðir hafa verið sérstaklega þjálfaðir af Náttúruverndarráði, en á vegum ráðsins hafa verið haldin viðamikil námskeið fyrir verðandi landverði sem lokið hefur verið með prófi.

Náttúruverndarráð og Landvarðafélag Íslands hafa á undanförnum árum lagt á það ríka áherslu að kveðið verði á um starfsmenntun og starfssvið landvarða í reglugerð. Í núgildandi lögum um náttúruvernd er hins vegar ekki kveðið á um störf landvarða. Í frv. sem hér er lagt fram er gerð tillaga um svipaða skipun varðandi landverði og nú gildir um leiðsögumenn, sbr. lög nr. 60/1976, um skipulag ferðamála. Verður ekki séð að nein rök séu fyrir því að gerðar séu minni kröfur til starfshæfis og menntunar landvarða en gerðar eru til leiðsögumanna í þeim efnum, þótt kröfur til landvarða verði að hluta til aðrar eðli málsins samkvæmt.

Ég vænti þess, herra forseti, að frv. fái skjóta meðferð á yfirstandandi þingi og verði að lögum í vor þannig að unnt verði hið allra fyrsta að setja þær reglugerðir sem Náttúruverndarráð leggur áherslu á og Landvarðafélagið í þessum efnum. Það skiptir miklu máli að hér sé örugglega á málum haldið. Landverðir gegna þýðingarmiklum störfum við að vernda og leiðbeina fólki um dýrmætustu náttúruperlur þessa lands.

Ég vænti þess að frv. mæti skilningi á hv. Alþingi og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta er einfalt mál sagði hæstv. menntmrh. Ég get tekið undir það, þetta er einfalt mál og auðskilið. Ástæðurnar fyrir tölti mínu upp í þennan stól eru tvær. Í fyrsta lagi gleðst ég yfir því að þetta frv. skuli vera fram komið og þarf ekki að hafa mörg orð um það. Það er búið að vera baráttumál landvarða í mörg ár að fá starf landvarða viðurkennt og fá viðurkennt að það þurfi ákveðna menntun til og undir það sjónarmið tek ég. Við þurfum á menntuðu fólki að halda sem leiðbeinir almenningi um landið og gætir þess og leiðbeinir um umgengni um landið.

Ég vildi síðan gera eina athugasemd við þetta einfalda og auðskilda mál. Mér finnst fulllangt gengið að ætla Náttúruverndarráði að halda námskeið fyrir landverði, þ.e. að setja í lagatexta að það sé eingöngu Náttúruverndarráð sem sjái um menntun landvarða. Ég minni á að það hefur verið skipulögð braut við Garðyrkjuskóla ríkisins í Hveragerði þar sem boðið er upp á tveggja eða þriggja ára nám, ég man það nú reyndar ekki alveg hvort heldur er. Sú braut var auglýst þannig að þeir sem hafa lokið þar námi séu þar með búnir m.a. að afla sér menntunar til landvörslu. Það er líka hægt að hugsa sér að koma mætti upp brautum við fleiri framhaldsskóla þar sem ég tel að þetta nám muni þykja nokkuð eftirsóknarvert í þeirri vaxandi umræðu sem nú er um umhverfismál og vaxandi áhuga manna á þessum málum.

Hins vegar finnst mér alveg sjálfsagt og einboðið að Náttúruverndarráð komi að þessum málum með einhverjum hætti þannig að það verði a.m.k. viðurkenningaraðili, þ.e. þær brautir sem boðið verður upp á verði viðurkenndar af Náttúruverndarráði. Það er alveg sjálfsagt að Náttúruverndarráð komi að þessu á einhvern hátt. Ég vænti þess síðan að um þetta komi reglugerð sem náttúrlega skiptir miklu máli.

Þessi athugasemd mín felur hreint ekki í sér neina óánægju heldur finnst mér þetta aðeins vera athugunarvert og væri e.t.v. ekki flóknari breytingar þörf en svo að fella mætti niður fyrri hluta lokasetningar 1. gr., þ.e. þar standi aðeins: Ráðherra setur reglugerð um hæfi, menntun og starfsemissvið landvarða. Eða þá að þessum fyrra helmingi málsliðarins verði breytt t.d. þannig að hann verði: Náttúruverndarráði verði falin umsjón með þessu námi.

Þetta vildi ég aðeins að kæmi fram við þessa umræðu en lýsi aftur yfir fögnuði með að það skuli vera fram komið og stuðningi við það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Íslensk málnefnd, 1. umr.

Stjfrv., 415. mál (nefndarmenn). — Þskj. 775.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Flutningur þessa frv., sem ég mæli hér fyrir, er liður í því málræktarátaki sem menntmrn. beitir sér fyrir á þessu ári og kynnt hefur verið í fjölmiðlum. Það er nauðsynlegur þáttur þessa máls og óhjákvæmilegur liður í átakinu að miklu fleiri aðilar tengist málræktarátakinu en sérfræðingar. Auk þess er mjög brýnt að það komi skýrt fram, eins og ég hef reyndar látið koma fram opinberlega, að til þess að þetta málræktarátak nái tilgangi sínum verður það að ná sem víðast í þjóðfélaginu og verður að stuðla að frumkvæði almennings, félaga og fyrirtækja ef nást á árangur. Það hefur t.d. verið að gerast núna undanfarna daga eftir að við kynntum þetta málræktarátak að fjöldamargir aðilar, m.a. fyrirtæki, hafa komið að máli við verkefnisstjórann og óskað eftir því að fyrirtækin fái að tengjast þessu átaki með einhverjum hætti. Við höfum orðið vör við það að það er bylgja stuðnings við þetta átak í þjóðfélaginu og frv. um breytingu á lögum um íslenska málnefnd er hluti af viðleitni okkar í þessu efni.

Íslenskri málnefnd var fyrst komið á fót 1964 og er

hún því 25 ára um þessar mundir. Framan af starfaði nefndin í tengslum við Háskóla Íslands og Orðabók Háskólans. Ég hygg að það hafi verið mjög mikilsverður þáttur í þróun íslenskrar málnefndar þegar Ingvar Gíslason, þáv. menntmrh., beitti sér fyrir því að forustumaður málnefndarinnar yrði jafnframt prófessor við Háskóla Íslands. Lagði hann þannig grundvöllinn að því að síðar voru sett lög um íslenska málnefnd og stofnun Íslenskrar málstöðvar árið 1984 í menntamálaráðherratíð Ragnhildar Helgadóttur. Forstöðumaður Íslenskrar málstöðvar er jafnframt prófessor í íslenskri málfræði í heimspekideild Háskóla Íslands.

Íslensk málstöð hefur orðið málræktarstarfi í landinu mikil lyftistöng og þar fer nú fram öflug starfsemi sem einkum lýtur að vexti orðaforðans, stafsetningarmálum og alhliða málfarsráðgjöf. Málstöðin annast útgáfu ritraðar íslenskrar málnefndar og tímarits hennar Málfregna. Það hefur tekist mjög gott samstarf á milli málstöðvarinnar og orðanefnda hinna ýmsu sérfræðifélaga sem hafa starfað við íðorðasmíð af miklum myndarskap á undanförnum árum. Hygg ég að á engan sé hallað þótt bent sé sérstaklega á Verkfræðingafélag Íslands í þeim efnum. Þó að málstöðin sinni reglulega erindum fjölda manna sem þangað leita eftir leiðbeiningum um málfarsleg efni er það án efa til bóta og óhjákvæmilegt að tengja málræktarstarfið enn þá fleiri aðilum í þjóðfélaginu. Með breyttum þjóðfélagsháttum lendir máluppeldi á fleirum en áður, enn meira á skólum og fjölmiðlum og það er mikilvægt að þessir aðilar tengist málræktarstarfinu. Málræktarstarf án tengsla við skóla, án tengsla við uppeldisstofnanir, án tengsla við dagheimili, án tengsla við fjölmiðla, ber ekki þann árangur sem nauðsynlegt er að keppa að. Starfsemi íslenskrar málnefndar hefur verið víðfeðm og meginþáttur starfseminnar er málfarsleg ráðgjöf.

Í frv. er gert ráð fyrir því að kalla til miklu fleiri aðila auk hinna sérfróðu aðila sem að þessum verkum hafa starfað á undanförnum árum. Þar er gert ráð fyrir því að í nefndinni sitji í fyrsta lagi fulltrúar þriggja háskólastofnana, þ.e. Orðabókar Háskólans, heimspekideildar Háskólans og Háskólaráðs. Í öðru lagi sitji í nefndinni átta fulltrúar ýmissa stofnana og samtaka sem samkvæmt lögum eða vegna eðlis síns hafa mikil áhrif á málfar almennings. Í þeim efnum gerir frv. ráð fyrir örnefnanefnd Kennaraháskóla Íslands, Ríkisútvarpinu, Þjóðleikhúsinu, Staðlaráði Íslands, Samtökum móðurmálskennara, Rithöfundasambandi Íslands og Blaðamannafélagi Íslands. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því að í nefndina komi átta fulltrúar annarra félaga og stofnana eða samtaka sem fást við málrækt eða hafa mikil áhrif á málfar almennings. Í þessum efnum er í greinargerð frv. bent á aðila eins og aðrar útvarps- og sjónvarpsstöðvar, Fóstrufélag Íslands, bókaútgefendur, leikhús, önnur en Þjóðleikhúsið, Samtök leikara, Félag höfunda fræðirita, Samtök auglýsenda, Námsgagnastofnun og Íslenska málfræðifélagið. Auðvitað mætti hugsa sér að fleiri aðilar kæmu þarna til, en ég sé þetta þannig fyrir mér í framtíðinni að um verði að ræða mismunandi aðila sem skipi þennan átta manna hóp og ráðherra kallar til hverju sinni.

Við gerum ráð fyrir því að þessi fjölmenna íslenska málnefnd komi saman ekki sjaldnar en einu sinni á ári. Hún á þess vegna fyrst og fremst að vera vettvangur fyrir stefnumörkun og mikilsverðar ákvarðanir í málræktarstarfi, en stjórnin á að sinna þeim verkefnum sem afgreiða þarf án langrar tafar eða eru sérfræðilegs eðlis.

Þessi breytingartillaga á íslenskri málnefnd er unnin af málnefndinni og Íslenskri málstöð í framhaldi af bréfi sem ég skrifaði málstöðinni fyrir nokkrum vikum. Ég vil taka það fram að svipað fyrirkomulag hefur verið á yfirstjórn málræktarstarfs t.d. í Noregi um langt skeið þar sem mikill fjöldi aðila hefur verið kallaður til þess að sinna störfum í viðkomandi málnefnd og það hefur gefist vel. Ég held að eitt aðalatriðið í þessu verki sé að sem allra flestir skynji að þeim kemur málið við, sem allra flestir séu þátttakendur í því að verja tunguna og treysta hana og gera hana úr garði með þeim hætti að þar séu menn einnig að aðlaga hana að nýjum verkefnum og vandamálum hvers tíma. Málstaður íslenskrar tungu má aldrei verða eingöngu sérfræðingamálstaður. Hann þarf að vera málstaður þjóðarinnar í heild og á þeirri hugmyndafræði byggir þetta frv., virðulegi forseti. Ég legg því til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Herra forseti. Mér finnst ákaflega leiðinlegt fyrir menntmrh. að tala yfir tómum sal í þessu merka máli og öldungis ekki hægt að una því að Alþingistíðindi fari á þrykk án þess að þar sjáist að nokkur manneskja hafi tekið undir við hann eða lýst stuðningi við frv. Það er eiginlega eingöngu fyrir þær sakir að kom ég upp í stólinn því að ég hafði ekki hugsað mér að tala í þessu máli. Þegar ég nú sé að enginn ætlar að gera það vildi ég samt sem áður láta í ljós að mér finnst að þarna sé um mjög gott málefni að ræða sem sem nauðsynlegt er að taka á og fylgja eftir.

Mér finnst þessi útvíkkun íslenskrar málnefndar, ef svo mætti segja eða þess grundvallar sem íslensk málnefnd starfar á, mjög við hæfi nú þegar íslensk tunga á í vök að verjast, sem ég held að öllum beri saman um að enginn vafi sé á. Því er bæði tímabært og þarft að taka á þessu máli eins og gert er hér. Ég vil lýsa yfir mínum stuðningi við frv. og þakka það framtak sem er sýnt með þessu. Ég lýsi líka ánægju minni með að sjá hvað þetta á að taka til margra stofnana vítt um þjóðfélagið. Mér finnst einnig mjög mikilvægt að sjá að uppeldisþættinum er ekki gleymt á þessum stað því að Fóstrufélaginu er ætlað að koma þarna við sögu. Þar held ég að þurfi jafnvel að byrja því að það er e.t.v. að verða liðin tíð að börn læri málið við móðurkné, eins og einu sinni var. Það er að verða minni og minni tími sem foreldrum gefst til að ræða við sín börn og þá skiptir öllu máli að það fólk,

sem hefur uppeldishlutverkið með höndum í meiri eða minni mæli, sé starfi sínu vaxið á þessu sviði eins og öðrum. Ég held einnig að mjög þarft og brýnt sé að taka til athugunar málfar á bókum sem lesnar eru fyrir yngstu börnin, bæði þýddum og frumsömdum, og þann kveðskap sem þeim er kenndur og ætlað að syngja. Sumt af því er með þeim hætti að ekki ætti að sjást eða heyrast. Ég vona að það verði tekið á þeim þætti ekki síður en öðrum eftir því sem starfið þróast. Ég vil að lokum endurtaka það að mér finnst frv. mjög þarft og gott og ég lýsi yfir stuðningi mínum við það.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. 7. þm. Norðurl. e. fyrir góðan stuðning við þetta mál og næman skilning á forsendum þess. Satt að segja kom mér það ekkert á óvart að einmitt þessi þingmaður skyldi kveðja sér hljóðs um þetta mál í ljósi þeirra viðtala sem við höfum átt um það og reyndar fleira sem ég hef séð og heyrt til þingmannsins á umliðnum árum.

Ég er alveg sannfærður um að þessi málstaður sem við erum hér, ég og hv. þm., að tala fyrir á geysimikinn hljómgrunn og mikinn stuðning. Spurningin er aðeins um hvort stjórnvöld beri gæfu til þess að virkja almenning til þátttöku í þessu efni, kalla fleiri til verka en verið hefur og gæta þess að sem allra, allra flestir geti verið með, bæði almenningur og ekki síður börnin því að við náum aldrei fullnaðarárangri í þessu öðruvísi en að unglingarnir verði með okkur í þessu verki. Mér fannst það því einn af ánægjulegustu viðburðunum sem ég hef kynnst þann tíma sem ég hef verið menntmrh. þegar það kom til mín sveit frá Æskulýðssambandi Íslands, bauðst til þess að skipuleggja móðurmálsviku í skólum landsins í haust. Hún verður skipulögð, það er ákveðið, undir yfirskriftinni: „Íslenskan, það er málið."

Ég kvaddi mér eingöngu hljóðs til þess að þakka hv. 7. þm. Norðurl. e. góðan stuðning við þetta mál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

77. fundur, miðvikudaginn 12. apríl, kl. 1.30 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Jón Helgason):

Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Framsfl. í Austurlandskjördæmi, Jónas Hallgrímsson bæjarstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Halldór Ásgrímsson,
1. þm. Austurl."

Jónas hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og býð ég hann því velkominn til starfa.

Um þingsköp.

Framlagning stjfrv. fyrir eindaga, fundahald o.fl.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Þegar þingmenn töldu nauðsynlegt fyrir nokkrum árum þegar þingsköpum var breytt að hafa sérstakan eindaga mála til að auðvelda störf þingsins á vordögum var auðvitað hugsunin sú að eindaginn yrði ekki til þess að raska störfum Alþingis né heldur til þess að efnisleg umræða hér í þinginu, efnisleg umfjöllun þingmanna um stjórnarfrumvörp yrði verri en ella. Við megum ekki gleyma því að störf þingmanna eru að sínu leytinu lík dómara að því leytinu til að þingmönnum er ætlað að fjalla um og gefa úrskurð með atkvæði sínu um margvísleg málefni sem lögð eru fyrir þingið og auðvitað þarf ekki að fara mörgum orðum um það í dómsalnum hversu þýðingarmikið er að dómendum gefist svigrúm til þess að setja sig inn í mál og til að gaumgæfa einstök efnisatriði þeirra. Með sama hætti er þýðingarmikið að þingmönnum gefist kostur á því að gaumgæfa efnisatriði frumvarpa sem fram eru lögð og þeim gefist næði til þess að meta og vega einstök efnisatriði og athugasemdir sem fram kunna að koma á meðan málin eru í athugun í þinginu. Ég hygg að alþm. eigi að þessu leytinu að bera sömu virðingu fyrir sínum störfum og dómarar bera virðingu fyrir störfum sínum í dómsalnum.

Nú háttar svo til í þessari deild hér að á fundi deildarinnar í gær voru tekin fyrir og afgreidd til 2. umr. sjö stjfrv. sem öll voru lögð fram á mánudag og sum e.t.v. um nóttina. Á fundi deildarinnar í dag eru önnur sjö stjfrv. til umræðu og ég hygg að ríkisstjórnin ætlist til að við afgreiðum líka þessi sjö frumvörp á fundinum í dag. Þetta eru fjórtán stjfrv. á færibandi á tveim dögum í deildinni þó svo að fundur í Sþ. hafi staðið til hálfþrjú á þriðjudagsnótt og þó svo nefndarfundir í nefndum Ed. hafi verið boðaðir kl. 8.30 bæði í morgun og í gærmorgun, þó svo að þeir fundir hafi ekki staðið allan daginn.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um að stjórnarandstaðan hefur lagt sig fram um það að greiða fyrir því að þessi stjfrv. hafi fengið afgreiðslu bæði í Ed. og í Nd. Í Nd. voru í gær til umræðu sex stjfrv. sem lögð voru fram á þessum mánudegi og í dag tvö frumvörp til viðbótar sem líka voru lögð fram þennan eina dag. Það er m.ö.o. ætlast til þess af stjórnarandstöðunni að hún taki til efnislegrar meðferðar og umræðu 22 stjórnarfrumvörp sem lögð voru fram sl. mánudag og þó stóð fundur þann dag fram til kl. hálfþrjú um nóttina. Ég hlýt að átelja þessi vinnubrögð.

Í annan stað vil ég segja. Það hefur verið venja í

þinginu að stjórnarandstaða fái að fylgjast með því þegar fundur er auglýstur á afbrigðilegum tímum. Nú háttar svo til í dag að fundur er auglýstur í báðum deildum kl. 1.30. Hæstv. forseti segir mér að hann hafi skýrt frá því á fundi deildarinnar í gærkvöldi sem ég tók ekki eftir og bið ég hann afsökunar á því athugunarleysi mínu sem er mér vitaskuld ekki til afsökunar þó ég geri það nú því ég á að fylgjast grannt með því sem hæstv. forseti segir úr forsetastóli. Á hinn bóginn voru ýmsir aðrir þingmenn í Ed. og Nd. sem ekki höfðu hugmynd um þessa breytingu á venjulegum fundartíma fyrr en í morgun. Af þessum sökum, þar sem fundartími hefst þrjátíu mínútum fyrr en stjórnarandstaðan gat búist við, lýsi ég því sem minni skoðun og fer fram á það við hæstv. forseta að fundahöldum ljúki í dag kl. 4 og ekki verði efnt til fundahalda eftir þingflokksfund í dag.

Ég vil í öðru lagi segja að við þingmenn mætum yfirleitt til starfa okkar árla morguns. Fæstir okkar eiga þess kost að snæða hádegisverð með fjölskyldu sinni. Margir okkar eru á fundum að kvöldlagi hvern einasta dag að heita má sem þingið situr og margir þingmenn fara burt frá fjölskyldu sinni um helgar til fundarhalda í sínum kjördæmum. Af þessum sökum er það vitaskuld mikið fjölskyldumál að þingmenn geti treyst því að fundi sé slitið í deildum svo tímanlega að þeir geti farið heim til snæðings með sinni fjölskyldu en fundur sé ekki dreginn fram eftir kl. 7 á kvöldin og vil ég vænta þess að forsetar þingsins sýni þingmönnum þá kurteisi og starfsfólki að það geti borðað mat sinn á venjulegum matmálstíma eins og annað fólk.

Ég vil að lokum segja, hæstv. forseti, að ég vil vænta þess að eftirleiðis verði ekki boðað til fundar á afbrigðilegum tímum, hvorki korter fyrir tvö né hálftvö, undir því yfirvarpi að um atkvæðagreiðslu sé að ræða heldur hefjist fundartími kl. 2 nema á fimmtudögum kl. 10 að morgni. Ef hæstv. forsetar þykjast þurfa að hafa afbrigðilegan fundartíma tel ég sjálfsagða kurteisi við stjórnarandstöðuna að leita eftir samningum við hana um málsmeðferð og efnismeðferð í þinginu, hvort sem um kvöldfundi er að ræða eða að til fundahalda sé boðað á föstudögum þegar þingmenn ætla að þeir hafi leyfi til að fara heim í sín kjördæmi.

Nú getur að sjálfsögðu farið svo að ríkisstjórn og forsetar treysti sér ekki til að verða við öllum óskum stjórnarandstöðunnar um fundahaldið. Það hefur oft komið fyrir á liðnum árum. En þá er að minni hyggju lágmark að forsetar virði rétt stjórnarandstöðunnar til að fá vitneskju um að bregða eigi út af vananum um fundahöld með þvílíkum fyrirvara að þingmenn geti gert ráðstafanir og búið sig undir breytta tímasetningu. Ég vek athygli á því að fundahöld drógust í Sþ. sl. mánudagskvöld vegna þess að ráðherrar höfðu með löngum fyrirvara skuldbundið sig til annarra starfa um kvöldið og þingheimur allur varð að laga sig eftir því. Eins er það með þingmenn að þeir skuldbinda sig oft með löngum fyrirvara til fundahalda á kvöldin og svo var t.d. þetta mánudagskvöld um formann Sjálfstfl. og ætlaðist hann þó ekki til þess að tekið yrði tillit til þess við þingstörfin. Auðvitað hljótum við alltaf að vera við því búin að óviðráðanleg atvik valdi því að röskun verði á eðlilegum þingstörfum eða umræður geti ekki gengið með eðlilegum hætti þegar breytt er út af vananum með mjög skömmum eða engum fyrirvara. Það breytir ekki hinu, að til þess að störf þingsins geti gengið vel fyrir sig og til þess að við getum rækt þá frumskyldu okkar að setja okkur vel inn í mál vil ég mælast til þess að ekki sé boðað til funda með þeim hætti sem var í dag og í öðru lagi að ekki sé ætlast til þess að stjórnarandstaðan sé í fyrsta lagi reiðubúin til efnislegrar umræðu um 14 frumvörp á tveim dögum sem lögð eru fram samtímis. Og að síðustu veit ég að hæstv. ríkisstjórn og einstakir þingmenn stjórnarmeirihlutans gera sér grein fyrir að engin von er til þess að öll þessi holskefla mála, sem beðið er með fram á síðustu stundu að leggja fram fyrir þingið af ríkisstjórninni, verði afgreidd á þessu þingi. Auðvitað munu mörg þessara mála bíða næsta þings nema gengið sé yfir þá þingmenn sem hér eru í stjórnarandstöðunni og um leið ætlast til þess að þeir geti ekki rækt störf sín með sóma.

Forseti (Jón Helgason):

Það er rétt hjá hv. 2. þm. Norðurl. e. að það er sjálfsagt fyrir forseta að reyna að hafa sem best samstarf við þingflokkana og ég mun taka það til athugunar þó að ég telji að ég hafi reynt það hingað til. Um atvikið í gærkvöldi ætla ég ekki að ræða frekar og endurtaka þá umræðu, en þar komu fram misjafnar óskir þingmanna. Því miður var ekki hægt að verða við þeim öllum þar sem þær gengu sín í hvora áttina.

Um fund á föstudag er það að segja að það var fyrir alllöngu ákveðið á fundi forseta með formönnum þingflokka að þá yrðu umræður um utanríkismál, en síðan var því breytt þannig að þær verða ekki á föstudaginn. Þá virtist mér að það hlyti að vera æskilegt að nota þá þann dag fyrir deildafundi úr því að fundur í Sþ. féll niður.

En um þá ábendingu að of mikið sé af málum á dagskrá er það að segja að þau eru sett á dagskrá samkvæmt þingsköpum. Hins vegar hef ég reynt að verða við því ef óskað er eftir að fresta einstökum málum eins og þegar hefur verið gert nú í sambandi við mál hér á dagskrá og með því móti að taka tillit til óska þingmanna.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil eins og reyndar hv. 2. þm. Norðurl. e. lýsa óánægju okkar kvennalistakvenna með þann skort á samráði sem ég tel vera hér þessa dagana. Árangur starfs okkar verður enginn ef ekki er vel skipulagt, en nú hefur það gerst tvo daga í röð að fundatíma hefur verið breytt án samráðs við þingflokka, ákvarðanir einfaldlega teknar og birtar í formi tilkynninga. Fundatíma var breytt í gær, það gerist síðla kvölds, þá vorum við með vegáætlun til umfjöllunar. Það lá mikið á að koma henni til nefndar

sem von er. Það þarf að afgreiða hana fyrir þinglok í vor, en þegar til átti að taka reyndust stjórnarliðar ekki vera nógu margir í húsinu til þess að hægt væri að afgreiða hana til nefndar á mánudagskvöldið. Þetta er með öllu óverjandi og ekki hægt að una við.

Ef það er í raun ætlun ríkisstjórnarinnar að ljúka þingstörfum 6. maí, eins og ráð er fyrir gert í starfsáætlun, verður að skipuleggja störfin í samráði bæði við þingmenn stjórnar og stjórnarandstöðu og starfsfólk þingsins. Í gær og í fyrradag litum við samtals 30 ný stjórnarfrumvörp augum í fyrsta skipti og það segir sig sjálft að það gefst tæpast tími til að kynna okkur þau sem skyldi þar sem nefndarfundir eru alla morgna og ýmsir aðrir fundir langt fram á kvöld. Það eru því eindregin tilmæli mín til hæstv. forseta að reynt verði með sæmilegum fyrirvara að gefa a.m.k. út tilkynningar, helst að hafa samráð við þingflokka um fundahaldið í þinginu og er nauðsynlegt að fá að vita hvenær er ætlunin að taka hin ýmsu frumvörp fyrir og hvort yfirleitt er ætlunin að afgreiða þau fyrir þinglok í vor. En ég minni á að hér liggja líka mörg önnur mál þingmanna. Sl. mánudag munu hafa verið skráð alls 65 ný mál inn í þingið, þar af voru 27 stjfrv., og það eru eflaust mörg þessara mála sem þarf að afgreiða ekki síður en mál hæstv. ríkisstjórnar.

En ég ítreka enn og aftur að ef það eru enn áform ríkisstjórnarinnar að ljúka þinghaldinu eins og ráð er fyrir gert í áætlunum verði starfið skipulagt í samráði við alla sem hér eiga að vinna og minni á að uppskeran í sumar fer alveg eftir því hvernig tiltekst með vorverkin.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég varð ekki var við það að hv. þm. Eiður Guðnason hefði kvatt sér hljóðs á undan mér. Hann er vanur að láta heyra í sér hér í deildinni þannig að það hefði ekki átt að fara fram hjá neinum, en ég bíðst ekki afsökunar á því að tala á undan honum vegna þess að hér er á ferðinni mál sem er kannski miklu stærra en það hvort við sitjum hér fram á kvöld til þess að ræða stjórnarfrumvörp. Ég held nefnilega að hér sé um að ræða raunverulega það hvort ríkir þingræði á Íslandi í dag eða ekki. Það er áberandi í framkomu stjórnarliðanna og ráðherranna í vetur hvernig þeir hafa vanvirt Alþingi þegar það hentar þeim, hvernig þeir hafa vísvitandi verið fjarverandi umræður um alvarleg mál og hvernig þeir yfirleitt hafa farið með mjög þýðingarmikil atriði með þeim hætti að það hefur ekki farið fram hjá okkur hv. þm., sem leyfum okkur að vera í andstöðu við þá, að það er ekki meiningin að hið háa Alþingi Íslendinga taki yfirleitt þátt í því hvernig þessu landi verður stjórnað meðan núverandi ríkisstjórn situr að völdum.

Ég vil, hæstv. forseti, jafnframt geta þess að það er gersamlega óviðunandi að vera tilkynnt það kl. 11 fyrir hádegi að hér eigi fundur að hefjast kl. 13.30. Þannig var staðið að fundarboði alla vega gagnvart þeim sem er í ræðustól núna. Ég óska eftir því að framvegis verði boðað til funda ef það er utan við venjulegan fundartíma með hið minnsta sólarhrings fyrirvara. Það vill svo til að það eru fleiri en stjórnarþingmenn eða hæstv. ráðherrar sem eru við störf, bæði hér í þágu þingsins og annars staðar, og það er lágmarkskurteisi svo ég segi ekki skylda við þá þingmenn að þeir fái að vita ef hér er boðað til fundar á afbrigðilegum tíma eins og nú er gert.

Ég vil, virðulegi forseti, taka undir orð hv. þm. Halldórs Blöndals og Danfríðar Skarphéðinsdóttur um að það er ámælisvert — það er meira en ámælisvert, það er vítavert, að ríkisstjórn Íslands skuli hafa notað þau vinnubrögð, sem nú eru að koma í ljós, að undirbúa í vetur meiri háttar frumvörp í fjölda mála og koma svo með þessi frumvörp á síðustu vikum þingsins. Hér hefur verið sagt af einum hv. þm. að það standi til að ljúka störfum þingsins 6. maí. Það þýðir á mæltu máli að það á að gefa okkur þingmönnum 4–5–6 daga til að fjalla um þessi frumvörp hér í deild. Það þýðir að það á að renna þessu í gegn með hraði í nefndum deildarinnar. Þetta er eins óþingræðislegt og nokkuð getur verið.

Hér var nefnt áðan — ég hafði nú ekki talið þessi frumvörp — að það væri um að ræða 30 ný frumvörp. Ég vil þess vegna segja það og endurtek það að hér er um mjög óþingræðislegar vinnuaðferðir að ræða. Hér er beinlínis stefnt að því að takmarka að umræður geti farið fram um þessi mál. Það er stefnt að því að ljúka þessum málum án þess að þingmenn geti fjallað um þessi mál með viðeigandi hætti. Þetta ber vott um ofríki. Og það ber vott um meira en ofríki. Hér er beinlínis unnið samkvæmt einræðislegum stjórnarháttum. Þetta hefur ekki gerst í sögu þings og þjóðar í áratugi. Það má fara langt aftur í tímann til að finna vinnubrögð sem eru viðlíka þeim sem hér er núna verið að taka upp.

Ég ætla ekki að rifja upp hvernig málum var háttað á þeim tíma. Það var á þeim tíma þegar Framsfl. blómstraði undir forustu mjög greinds manns, svo að ekki sé meira sagt, sem réði lögum og lofum á áratugnum 1920–1930 og gaf tóninn og þurfti ekki að tala við þing né þjóð heldur ákvað uppi í stjórnarráði hvernig skyldi stjórnað. Nú er verið að taka upp sömu stjórnarhætti, enda verða menn varir við það úti í þjóðlífinu hvernig ráðherrar beita valdi sínu. Það fer ekki fram hjá þjóðinni. Það fer ekki fram hjá fólki hvernig komið er nú fram við eina ákveðna kvenpersónu í Reykjavík. Mér finnst því miður vanta dálítið hin beittu sverð kvennalistakvenna til að taka upp málstað — (**GA:** Hin beittu sverð!) hin beittu sverð já, kvennalistakvenna, þau eru oft beitt — til að taka upp málstað þessarar konu sem hefur greinilega verið beitt miklu ranglæti og ofríki af hálfu eins ráðherrans. (Gripið fram í.) Það tekur hver til sín sem vill, hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir. Ég vona að þú komir hér og takir til máls og ræðir um framkomu ákveðins ráðherra við skólastjóra í Reykjavík. (**GA:** Ég hef aldrei borið sverð í þetta hús.) Ekki vopn kannski í eiginlegri merkingu þess orðs. (**HBl:** Orðsins hjör.)

En ég segi, virðulegi forseti: Það getur verið að hv.

stjórnarþingmenn, sem stjórna þjóðinni með naumum meiri hluta, séu mjög ánægðir yfir því, það getur verið að þeir gleðjist yfir því að stjórnarandstæðingar skuli leyfa sér að standa upp og andmæla þessum vinnubrögðum. Það er ágætt að lifa í skjóli þess valds sem þeir hafa enn á Alþingi Íslendinga. En ég segi við þessa ágætu hv. þm.: Þessi vinnubrögð munu hefna sín og þau munu hefna sín grimmilega. Fólkið í landinu mun rísa upp gegn þeim herrum sem tíðka og iðka slíka valdníðslu og misþyrmingu á þingræðislegu valdi eins og hér er viðhaft.

Ég ætla ekki að ræða um hvernig einstakir ráðherrar og sumir stjórnarþingmenn tala niður til fólksins. Það er kapítuli út af fyrir sig og væri þess virði að ræða á hinu háa Alþingi. En ég leyfi mér, virðulegi forseti, að fordæma þessi vondu vinnubrögð.

Þá væri full ástæða til að ræða um hina harðneskjulegu framkomu ýmissa ráðamanna þjóðarinnar, en ég skal sleppa því að sinni. Ég bíð eftir því að hv. stjórnarstuðningsmenn standi upp og verji sína vondu stöðu. En það snýr ekki bara að einhverjum stjórnarandstæðingum á hinu háa Alþingi hvernig stjórnarsinnar hér haga sér. Þetta snýr að þjóðinni allri. Fólkið í landinu á þá kröfu á hendur þinginu að hér sé fjallað um mál með þeim hætti að það sé hægt að afgreiða þau viðunandi þannig að þingmenn sem og aðrir kunnáttumenn sem við viljum kveðja til geti fjallað um þau frumvörp m.a. sem hér hafa verið fram lögð, auk fjölda annarra mála sem hafa ekki fengið þinglega meðferð í allan vetur.

Að lokum, virðulegi forseti, í sambandi við athugasemdir við þingsköp sem eru fyrir neðan allar hellur, vil ég vekja athygli á því að á sama tíma sem verið er að demba inn tugum stjórnarfrumvarpa hefur atvinnuástand í landinu hríðversnað. Hér eru nú 2500 atvinnuleysingjar og þeim fjölgar dag frá degi. Erfiðleikar fyrirtækja í atvinnulífinu aukast og verið er að undirrita samninga af hálfu ríkisvaldsins sem fela í sér falskar kjarabætur. Á sama tíma sem hæstv. fjmrh. semur um svokallaðar kjarabætur til opinberra starfsmanna kemur upp annar hæstv. ráðherra og lýsir yfir að þessar kjarabætur verði teknar aftur strax þegar hann fær því við komið. En til þess þarf hann líklegast að koma þinginu heim. Það þarf að koma þinginu burt til að taka þær kjarabætur frá fólkinu sem verið er að undirrita þessa dagana með bráðabirgðalögum eftir að þing er farið heim, eftir 6. maí ef því lýkur þá.

Nei, hæstv. forseti. Það er ekki hægt að koma svona fram, hvorki gagnvart hinu háa Alþingi né fólkinu í landinu, eins og hv. stjórnarþingmenn eru að gera þessa dagana og hafa gert undanfarnar vikur. Þessi hópur er allt of ósamstæður fyrir utan þá ofbeldistilhneigingu sem hefur orðið vart við hjá mörgum hæstv. ráðherrum til þess að það sé viðunandi að þeir sitji að völdum á Íslandi öllu lengur. Þetta er ósamstæður hópur, þessir hæstv. ráðherrar. Þeir eru yfirlýsingaglaðir og þeir hafa framkallað mikla óvissu í íslensku stjórnarfari. Fólk býr nú við mun meira öryggisleysi en það hefur átt við að búa í fjölda ára. Það er mikill ótti hjá fólki um afkomu sína og atvinnu. Þessi hæstv. ríkisstjórn lætur sér í léttu rúmi liggja hvernig fer fyrir fólkinu í landinu. Völdin eru þessum mönnum fyrir öllu. Jafnvel former einstakra stjórnmálaflokka láta sig hafa að það sé traðkað á saklausu fólki í þeirra eigin flokkum í skjóli valdsins og sitja áfram í ríkisstjórn.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Mér er sagt, sagði hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson, að Alþingi eigi að ljúka 6. maí. (**GHG:** Það var sagt, sagði ég.) Hv. þm. sagði í þessum ræðustól: Mér er sagt. (**GHG:** Það var sagt af einum þingmanni.) (**GA:** Hann sagði: Einn þingmanna sagði.) Hvað um það, hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson. Ég heyrði þín orð þannig. En ég vek athygli hv. þm. á því að á haustdögum var lögð í pósthólf allra þingmanna starfsáætlun Alþingis 1988–1989 þar sem stendur prentað að síðasti fundardagur Alþingis sé laugardagurinn 6. maí. Það verður að gera þá kröfu til hv. þm. að þeir fylgist með og að þeir lesi þau plögg sem þeim berast frá forsetum þingsins. Það hefur hv. þm. Guðmundur Garðarsson ekki gert. (**GHG:** Er farið eftir starfsáætluninni?) Nú vildi ég spyrja forseta ef hann gæti með sinni háttvísi og hæversku róað hv. þm. hér þannig að ræðumaður fengi frið til að tala. — Það hefur verið farið eftir þessari starfsáætlun í meginatriðum. En það var líka ljóst þegar hún var sett að það væri ekkert naglfast eða fullvíst að þingi gæti lokið 6. maí. Þetta heitir starfsáætlun. Það getur vel verið að hún breytist eins og allar áætlanir hafa tilhneigingu til að gera. En þetta ber vott um að hv. þm. hefur ekki fylgst með þegar hann segir: Sagt er eða mér er sagt. Þetta hefði hann getað lesið ef hann hefði fylgst með.

En ég verð líka, herra forseti, að lýsa alveg sérstakri furðu á því orðbragði sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson viðhafði úr þessum ræðustól. Ég vil bara nefna örfá dæmi. Hann talaði um valdníðslu, hann talaði um misþyrmingu, hann talaði um að hefna sín grimmilega, hann talaði um ofbeldistilhneigingar, hann talaði um einræðislega stjórnarhætti. (**GHG:** Vill ekki hv. þm. að tala um sjafnarmál?) Ég er að ræða um þingsköp, hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson, og ég hef hugsað mér að lúta þeim reglum sem þingmenn eiga að lúta í því tilliti. (**GHG:** Ég var að tala um sjafnarmál.) Það væri ágætt ef hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson gæti svo stillt í hóf geði sínu og skapsmunum að hann leyfði ræðumanni að tala.

Ég hef vitnað til nokkurra ummæla úr máli hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar þegar hann talar um vinnubrögð í þinginu þessa síðustu daga. Það er vissulega rétt að það hefur komið fram mikið af þingmálum undanfarna daga. En þau mál eru ekki öll jafnstór og þau mál þurfa ekki öll jafnmikla eða tímafreka athugun. Það var sagt hér að það hefðu verið lögð fram 65 þingmál á mánudaginn, þar af hefðu verið 27 stjórnarfrumvörp. Ætli það sé ekki líklegt að málin frá stjórnarandstöðunni séu í meiri

hluta. Og hvað sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson segir held ég að sú regla hafi verið til mikilla bóta sem sett var í þingsköp, m.a. að undirlagi fyrrv. forseta Sþ., hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar, að það voru sett tímamörk á framlagningu mála. Ég hygg að sú regla hafi verið mjög til bóta. Nú eru samkvæmt starfsáætlun Alþingis þrjár eða fjórar vikur til þingloka, tæpar fjórar vikur til þingloka, en nú er runninn út frestur til að leggja fram ný mál. Mér þykir margt benda til þess að þingi ljúki ekki fyrr en a.m.k. viku seinna en þessi áætlun gerir ráð fyrir.

Auðvitað er okkur öllum sem styðjum þessa ríkisstjórn líka ljóst að ekki eru öll þau frumvörp sem fram eru lögð núna ætluð til samþykktar í vor. Það er bara eins og venja hefur verið í mörg undanfarin ár að frumvörp eru lögð fram til sýningar.

En það vil ég segja við hv. þm. Guðmund H. Garðarsson og vona nú að hann gefi sér tíma til að hlýða á umræður hér þó að ég noti ekki sama orðbragð og hann gerði hér áðan til þess að vekja athygli á máli mínu: Ég man þá tíð og það er ekki mjög langt síðan að menntmrh. Sjálfstfl. lagði fram frv. til breytinga á lögum um Háskóla Íslands í þessari hv. deild tveimur eða þremur dögum fyrir þinglausnir og ætlaðist til að það mál næði fram að ganga. Þetta var þáv. hæstv. menntmrh., hv. núv. þm. Ragnhildur Helgadóttir. Ég man ekki nákvæmlega hvaða ár þetta var. Ég hef ekki haft tíma til að fletta upp í þingtíðindum. En mig minnir að hún hafi fengið þetta mál samþykkt, m.a. fyrir velvild stjórnarandstöðunnar. Skal ég þó ekki um það fullyrða. Nú er verið að leggja fram stjórnarfrumvörp þremur eða fjórum vikum áður en þingi lýkur. Var þetta ekki valdníðsla? Voru þetta ekki ofbeldisvinnubrögð? Ég vil alls ekki nefna það þeim nöfnum. En þetta voru hins vegar ekki mjög góð vinnubrögð. Og það vil ég ítreka við hv. þm. að þetta var ekkert einsdæmi áður en sú regla var sett að setja tímatakmörkun á framlagningu mála og ég held að hér hafi verið vel og eðlilega að málum staðið.

Ég ætla líka að segja það að í þessari hv. deild hefur verið tekið fullt tillit til óska stjórnarandstöðunnar um vinnubrögð. Ég skal fræða hv. þm. Guðmund H. Garðarsson á því að ég hef lítið annað gert í fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar í vetur en að taka tillit til ýmissa óska hv. þm. Halldórs Blöndals. Samvinna við hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson í þeirri nefnd hefur verið með miklum ágætum eins og á að vera. En hitt hefur hins vegar kostað ómældan tíma og mikla þolinmæði og það geta aðrir sem eiga sæti í þessari hv. nefnd áreiðanlega borið um að þar hefur allt verið gert sem unnt hefur verið til að koma til móts við óskir þessa hv. þm. sem stundum hafa verið sanngjarnar en miklu oftar kannski á mörkum þess að mega kallast það. (**HBl:** Þú ert ekki maður fyrir þessum orðum.) — Nú bið ég hv. þm. Halldór Blöndal að hlusta en hann fer þá út úr deildinni og mun ég þá koma að því síðar.

Það hefur tekist í þeirri nefnd svona yfirleitt, sérstaklega með samvinnu við hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson, að hafa mjög gott samstarf um afgreiðslu mála og þannig á það auðvitað að vera. En svo langt er hægt að ganga í ósanngirni og ósvífni eins og við höfum upplifað í þessari hv. deild, t.d. síðast í gærkvöldi að hv. þm. Halldór Blöndal neitaði að við fengjum að afgreiða tvö lítil mál nánast umræðulaust til nefndar. Það var fallist á þá kröfu hans. Hann hefur óskað eftir því að eitt ákveðið stjfrv. verði ekki rætt í dag. Það hefur verið orðið við þeirri kröfu. Ég veit satt að segja ekki hvar það er sem við stjórnarsinnar í þessari deild höfum sýnt ósanngirni eða stífni. Ég veit ekki betur en við höfum í einu og öllu reynt að koma til móts við óskir og hafa þetta allt í góðri samvinnu.

Það kemur mér hins vegar á óvart þegar hv. þingflokksformenn tveir koma hér nú og bera sig illa undan vinnuálaginu í deildinni. Hv. þingflokksformaður Kvennalistans ræddi um frestun sem hefði orðið á afgreiðslu vegáætlunar. Hvers vegna varð frestun á afgreiðslu vegáætlunar í Sþ.? Hún varð vegna þess að Kvennalistinn efndi til umræðna utan dagskrár sem tóku mjög langan tíma, mjög einfalt mál. Ég held að sú regla hafi hiklaust verið mjög til góðs þegar hv. núv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson beitti sér fyrir því að það var sett í þingsköp að takmörk væru fyrir því hve seint mætti leggja fram ný mál á þinginu. Nú gerist það og þá koma óhjákvæmilega nokkuð mörg mál í einu og þá er kvartað undan því.

Ég bið menn að hugleiða að þau stjórnarfrumvörp sem verið er að ræða um eru af mjög ólíkum toga. Hver ætlar t.d. að bera saman stjfrv. um brottfall ýmissa laga á sviði menntamála og frv. dómsmrh. um aðskilnað framkvæmdarvalds og dómsvalds í héraði? Þau frumvörp sem hér er verið að fjalla um og eru nefnd undir einum hatti stjórnarfrumvörp eru auðvitað af gerólíkum toga og eru sum sáraeinföld og í rauninni lítil mál. (**HBl:** Þessi frumvörp voru ekki lögð fram 10. apríl.) Það er verið að leggja þessi stjórnarfrumvörp fram. Þau hafa verið að koma úr prentun síðustu dagana.

Ég verð satt að segja að segja það, herra forseti, að ég tek því ekkert þegjandi þegar við stjórnarsinnar erum borin þeim sökum að við séum ósamvinnuhæf nánast og erfitt með okkur að starfa vegna þess að ég tel okkur hafa tekið í nefndarstörfum og annars staðar fullt tillit til óska stjórnarandstöðunnar. Og ég segi það aftur og enn að þegar hv. þm. Halldór Blöndal beitti sér fyrir umræðum um þingsköp í gær og stöðvaði afgreiðslu tveggja mjög lítilla mála, að vísu var ég 1. flm. beggja málanna og kann það að skýra fyrir einhverjum einhvern hluta málsins, þá fundust mér þau vinnubrögð ekki bera vott um mikla sanngirni. En ég ítreka það aftur og enn að það hefur verið reynt að mæta hans óskum í hvívetna í þeirri nefnd sem ég hef áður um getið og það geta fleiri um borið.

Ég sé ekkert óeðlilegt við það, herra forseti, þó að þess verði freistað að hafa fund kl. 18 í kvöld til kl. 19 svo sem oft er gert þegar kemur fram á veturinn og

styttist til þinglausna. M.a. ef það mætti verða til þess að lokalotan yrði skemmri og ekki jafnmiklar annir í þinglokin held ég að það væri skynsamlegra að taka upp markvissari og skipulagðari vinnubrögð fyrr en gert hefur verið. En ég treysti forseta þessarar hv. deildar og öðrum forsetum þingsins fyllilega til að skipuleggja þau vinnubrögð í samráði við formenn þingflokka stjórnar og stjórnarandstöðu þannig að það geti allt verið í góðu samkomulagi svo sem verið hefur hingað til.

En það ætla ég að segja við hv. þm. Guðmund H. Garðarsson að lokum að mér þykir miður að þurfa að hlusta á gífuryrði hans um vinnubrögð hér þegar við getum tekið til og nefnt og lesið upp úr þingtíðindum fjölmörg dæmi frá fjölmörgum ríkisstjórnum um að mál hafa verið miklu seinna á ferðinni og verið gerðar miklu meiri kröfur til stjórnarandstöðunnar um afgreiðslu mála en verið er að gera nú þegar mál eru lögð fram og það eru a.m.k. fjórar vikur til þingloka. Ég minni hv. þm. aftur á frv. um Háskóla Íslands sem menntmrh. hans flokks flutti á sínum tíma og ætlaðist til að við í stjórnarandstöðunni afgreiddum á tveimur dögum sem mig minnir nú raunar að við höfum gert þó ég skuli ekki fullyrða um það. Menn skyldu stundum hugsa svolítið áður en þeir tala, en það held ég að hv. þm. hefði betur gert að þessu sinni.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Ég vil láta rödd Borgfl. heyrast hér. Ég vil taka undir það, sem fram kom í máli hv. 2. þm. Norðurl. e. og 6. þm. Vesturl., að gefa eigi þingmönnum rúman tíma til að kynna sér þau mál sem lögð hafa verið fram. Það er rétt, sem kom fram hjá þessum ágætu þingmönnum, að í gær og í dag er verið að taka fyrir mál sem lögð voru fram á mánudaginn og ég verð að viðurkenna sjálfur að ég hef ekki átt vegna annríkis tíma til að kynna mér þau nógu vel.

Það er ein af þeim grundvallarreglum sem við verðum að viðhafa hér, eigum við að telja okkur til lýðræðisríkja, að gefa stjórnarandstöðunni góðan tíma til að kynna sér þau mál sem valdhafar leggja fram. Fái stjórnarandstaðan ekki þennan tíma getum við vart talist lýðræðisríki og Alþingi starfa á réttum grunni.

Ég vil ekki eins og þeir þingmenn sem hér hafa komið upp gagnrýna sérstaklega forseta fyrir hans störf. Ég tel að hann hafi stjórnað með röggsemi og það sé ekkert undan honum sem slíkum að klaga. Hins vegar get ég tekið undir það, sem fram kom, að ríkisstjórnin og ráðherrarnir hafa ekki verið góð í því að fylgja sínum málum eftir.

Það kom fram í ræðu hv. 3. þm. Vesturl. að ríkisstjórnin hafði lagt fram 27 stjfrv. sl. mánudag, en alls hafa verið lögð fram 60 mál. Það skal tekið fram að margir stjórnarliðar eiga hlut í þessum 33 sem eru ekki stjórnarfrumvörp og það skal líka tekið fram að þar er meginhluti þáltill. svo að ekki verður því klínt á stjórnarandstöðuna að hún sé að tefja fyrir og sé á síðustu stundu með sín mál. Þar sem svo er komið sem hér hefur verið lýst vil ég mælast til þess að við tökum nú til handa og reynum að fara yfir þau mál sem á dagskránni eru, en ég vil mælast til þess að þingfundur verði ekki lengur í dag en til kl. 4 og það verði ekki hafist handa aftur kl. 18 eins og mér hefur skilist að hafi upphaflega staðið til. Alla vega mundi ég mæla gegn því.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Það er satt að segja ekki alveg ný bóla að mál hlaupi í þykkildi síðustu sólarhringana sem þau eru að koma fram og þeir sem þingvanir eru hafa oft komist í hann krappan satt að segja og dálítið sérkennilegt að sjá ýmsa deildarmenn tala eins og hvítþvegna engla. Hér hefur það oft verið uppi að mál hafa komið býsna seint fram. Það hafa verið uppi um það óskir frá ráðherrum að þau væru afgreidd með miklum hraða.

Það var mikil framför í löggjafarstarfinu þegar hæstv. þáv. forseti Sþ. beitti sér fyrir þeim breytingum á þingsköpum að það væri ákveðinn frestur sem yrði að taka tillit til þegar frumvörp yrðu lögð fram ef þau ættu að ná afgreiðslu. Það er litið á þann frest með þeim hætti m.a. núna að mál eru lögð inn nokkuð ótt og títt síðustu sólarhringana og þá er gert ráð fyrir því, miðað við fyrri starfsáætlun þingsins sem var lögð fram í haust, að þessi mál geti haft 3–4 vikur til meðferðar hér í þinginu.

Það er einnig til fyrirmyndar í þingstörfum og ég hygg að það hafi ekki áður gerst og það er að þakka núv. hæstv. forseta Sþ. að það sé þó lögð fram í upphafi þings starfsáætlun fyrir allt þingið þar sem m.a. er nefndur hugsanlegur lokadagur, en ég minnist þess frá undanförnum árum að það hefur aftur og aftur verið með þeim hætti að það hefur ekki verið hægt að fá hugsanlegan lokadag nefndan fyrir þingið af stjórnarliði fyrr en komið var alveg fram undir lokin. Hér hef ég nefnt tvo þætti í þingstarfinu sem eru til bóta og eiga að geta hjálpað okkur við að leysa þær flækjur sem upp koma. Ég hefði haldið að það væri einlægast og viturra manna háttur í þeirri stöðu sem nú er komin upp og í framhaldi af þeim umræðum sem fram hafa farið að forseti hv. deildar, eins og hann er reyndar vís til að gera, setjist niður ásamt forustumönnum þingflokkanna í deildinni og menn reyni að raða verkunum niður. Ég held að það sé einfalt mál og í rauninni hefði engin ræðuhöld þurft til þess. Ég hygg að það sé hægt að gagnrýna hæstv. núv. forseta Ed. fyrir ýmislegt, en örugglega ekki fyrir það að hann hafi gengið fram gagnvart stjórnarandstöðunni í óbilgirni eða frekju eða yfirgangi. Ég hygg að margir menn ættu fremur skilið að fá þær einkunnir frá stjórnarandstöðunni en hæstv. núv. forseti Ed.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér eru viðhafðir sömu ósiðirnir ár eftir ár að vori og fyrir jól. Þeim er ævinlega mótmælt en breytast lítið og það versta er að menn venjast þeim. Menn venjast þeim og láta þá yfir sig ganga

þrátt fyrir mótmæli og reyna að læra að lifa undir því álagi sem þessir ósiðir bjóða. Þó verður að segja að verklagið hefur breyst til batnaðar að nokkru leyti. Þetta er í áttina. Það hefur t.d. orðið breyting á þingsköpum meðan ég hef setið á þingi. Einnig höfum við nú fengið starfsáætlun eins og hæstv. menntmrh. gat um. Og þó að það sé ekki hægt að standa við hana að öllu leyti er hún þó skref í rétta átt til að hemja vinnubrögðin í einhvern ákveðinn farveg.

Þetta slæma verklag er óþarft og það má breyta því. Á síðasta þingi voru fengnir sérfræðingar frá Noregi til að gera áætlun um breytta starfshætti og starfstilhögun þingsins. Þeir unnu skýrslu. Henni hefur ekki verið dreift meðal þingmanna. Henni þarf að dreifa og hana þarf að ræða því að af henni má margt læra. Þó að við tökum ekki upp allar tillögur sem þar eru gerðar né heldur allar í einu af þeim sem við viljum taka upp eru þær margar góðar og sumar hafa reyndar þegar verið teknar upp eins og t.d. það að hafa ritara í nefndum og svo að hafa dagskrá sem reynt er að standa við fyrir hvern þingfund. Það er allt til bóta.

Meginefnið finnst mér vera nú að þessi vinnubrögð eru vanvirða við málin sem fjallað er um og dengt er hér inn í mikilli skæðadrífu á örfáum dögum vegna tímafrests sem settur er. Það er líka vanvirða við þingmenn og það fólk sem við erum fulltrúar fyrir að við skulum standa svona að því að vinna að þessum málum. Okkur gefst naumast tækifæri til að lesa þau áður en þau eru tekin á dagskrá. Ég verð að játa að ég hlustaði á þessar umræður um þingsköp með öðru eyranu meðan ég reyndi að lesa frv. til l. um Félagsmálaskóla alþýðu sem ég held að sé hið ágætasta mál og er hér á dagskrá því ég vildi gjarnan leggja orð í belg um það. Það er náttúrlega engin hemja að neyðast til að vinna á þennan hátt. Eftir því sem málunum fjölgar og líður á tímann er meira að gera í nefndunum þannig að það saxast á þann tíma sólarhringsins sem maður hefur til umráða til að kynna sér málin.

Þessi stjórn er ekki barnanna best að því leyti að dengja inn málum rétt fyrir þinglok, en hún á sér þó þær málsbætur að hún tók við af skyndingi í haust og með litlum fyrirvara.

Ég undirstrika að það er alls ekki við hæstv. forseta að sakast í þessum efnum. Þar er við alla stjórn þingsins að sakast, ríkisstjórn og reyndar formenn þingflokka að hafa ekki komið sér saman um það fyrr að setjast niður og ræða forgangsröð mála. Og auðvitað á stjórnin að hafa frumkvæði að því ef hún ætlar að fá sín mál í gegn að reyna að ná þeim fram í sátt og samlyndi og friði við þá sem vinna í þessu húsi. Jafnvel þó að þessi stjórn hefði ekki nauman meiri hluta á hún og þá eiga stjórnir að sýna samstarfsfólki sínu þá virðingu, þá lágmarkskurteisi að kynna fyrir þeim þau verkefni sem eru á dagskrá og ætlað er að fjalla um. Það getur verið að fólk sættist á að mörg þessara mála þurfi og verði að fara í gegn. En þrátt fyrir það verðum við að kynna okkur þau til þess að við getum rætt um þau af einhverju viti. Þess vegna hljótum við að kalla til fundar og ákveða forgangsröð mála og það verklag sem við viljum hafa til þingloka.

Forseti (Jón Helgason):

Ég vil geta þess að það hefur þegar verið boðaður fundur hjá forsetum með formönnum þingflokka og forsrh. kl. hálffjögur í dag.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil leiðrétta þann misskilning að ég hafi verið að gera athugasemdir við virðulegan forseta þessarar deildar í ræðu minni áðan. Ég hins vegar beindi orðum mínum til virðulegs forseta og gat þess að það hefði ekki verið viðunandi né gott að ekki er boðað til fundar hér með lengri fyrirvara en rúmum tveim tímum. Ég gerði engar athugasemdir við störf eða stjórn virðulegs forseta í þessari deild nema síður sé. Þetta er virðulegur og góður forseti sem stjórnar þessari deild vel. Þetta vil ég undirstrika alveg sérstaklega að gefnu tilefni.

En ég vil, virðulegi forseti, fá að endurtaka það og fara kannski nokkuð mildari orðum um hæstv. ríkisstjórn núna en ég gerði áðan að hæstv. ríkisstjórn er mjög óvenjuleg svo að ekki sé meira sagt og vegna þess hvað hún er óvenjuleg og ég vil segja afbrigðileg og að mörgu leyti óæskilegt hvernig vinnubrögð hennar eru, þá leyfi ég mér að gagnrýna hana með mjög hörðum orðum og með mjög ákveðnum hætti. Það er vegna þess að íslenska þjóðin er farin að örvænta um að þessi ríkisstjórn geti komið þeim umbótum til leiðar sem hún lofaði. En ég ætla ekki að fara út í almenna þjóðmálaumræðu nú. Ég undirstrika það að óvissan og starfshættir núv. hæstv. ríkisstjórnar hafa leitt störf hins háa Alþingis með mjög óæskilegum hætti.

Varðandi starfsáætlun vil ég segja að auðvitað hafði ég lesið þetta plagg. Það kom fram hjá hv. þm. Eiði Guðnasyni að hann sagði að það hefði verið farið eftir henni í stórum dráttum og það yrði reynt að breyta samkvæmt henni og þingi mundi þá væntanlega ljúka 6. maí. Þó tók hann ekki alveg þvert fyrir það að það gæti verið að þing yrði að vera eitthvað lengur sem er eðlilegt ef maður hefur í huga öll þau mörgu mál sem nú hafa komið inn í þingið síðustu daga. Ég endurtek að ef þingi ætti að ljúka 6. maí hefur þessi hv. deild aðeins 6–8 daga til að fjalla um tugi mála fyrir utan mikið nefndarstarf hjá hv. þm.

Mér fannst hv. þm. Eiður Guðnason taka óþarflega mikið til sín af minni gagnrýni á störf hæstv. ríkisstjórnar. Ég kom inn á það í ræðu minni m.a. Að vísu sagði ég stundum stjórnarstuðningsmenn án þess að takmarka það nokkuð, en í meginatriðum vil ég segja og undirstrika að ýmsir stjórnarstuðningsmenn og hæstv. ríkisstjórn hafa því miður ekki starfað samkvæmt því sem ég mundi kalla þingræðislegum hætti í vetur. Ég sný ekki til baka með þessa fullyrðingu mína. En ég vil endilega að hv. þm. Eiður Guðnason taki þetta alls ekki til sín því að hann er í erfiðu hlutverki og ég skil að hann reynir að bera

hönd fyrir höfuð þessari ríkisstjórn á meðan hann styður hana.

Varðandi það atriði að við stjórnarandstæðingar höfum ekki sýnt skilning og samstarfsvilja hér á hinu háa Alþingi vil ég segja að þetta er rangt. Við höfum sýnt alveg sérstakan samstarfsvilja á þessu þingi. Ég nefni sem dæmi mál sem hefur komið fyrir í þeim nefndum sem ég starfa í, þar á meðal félagsmálanefnd, sem er meiri háttar mál og á ég þar við frv. til laga um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga. Þessi mál hafa verið í deiglunni í tæpa tvo áratugi. Núna loksins hillir undir að þessi frv. fari í gegnum þingið og þau gera það m.a. vegna þess að stjórnarandstæðingar hafa unnið alveg sérstaklega að því að koma þessu máli í höfn. Þetta er meiri háttar mál. Þetta er með stærri málum. (Gripið fram í.) Hv. þm. er nú ekki í deildinni. Ég vil ekki nefna nafnið hans. Það er rétt hjá honum að hverfa út með frammíkalli. — Ég vil undirstrika það, virðulegi forseti, að við stjórnarandstæðingar höfum sýnt það svo sannarlega í verki að við erum jákvæðir í því sem horfir til heilla fyrir íslenska þjóð og Íslendinga.

En ég undirstrika það, virðulegi forseti, að það er gersamlega óviðunandi að koma með á síðustu dögum þingsins það sem ég vil kalla stjórnarfrumvörp sem eru meiri háttar mál. Ég nefni sem dæmi frv. til l. um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins sem felur í sér grundvallarbreytingu á starfsemi Húsnæðisstofnunar og öllu er lýtur að húsnæðismálum þjóðarinnar. Það er um það að ræða að leggja niður það kerfi sem hv. þm. núv. stjórnar, að vísu í öðru stjórnarsamstarfi áður fyrr, lögðu megináherslu á að koma á laggirnar árið 1986 og allar götur síðan en við ýmsir sjálfstæðismenn höfum gagnrýnt og varað við. Núna er það eitt af stærstu málum þessarar ríkisstjórnar að koma í höfn að það verði gerð breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins þannig að upp verði tekin svokölluð húsbréf. Um það hefur ekki verið nein umræða enn þá hér í hv. deild. Þetta er meiri háttar mál. Þetta er svo stórt mál að það getur tekið fleiri vikur að ræða það hér í deildinni. Hér erum við að ræða um grundvallarbreytingu á húsnæðismálum þjóðarinnar. Hér er um það að ræða að ákveða hvernig á að stýra tugum milljarða árlega inn í húsnæðismálakerfið. Ég endurtek að það er gersamlega óviðunandi að við skulum ekki fá tíma til að fjalla um jafnviðamikið mál og þetta eitt sér.

Ég tek undir það sem hv. 6. þm. Reykv. Guðrún Agnarsdóttir sagði. Hér er mjög merkilegt mál á dagskrá í dag sem er frv. til l. um Félagsmálaskóla alþýðu. Ég vil fá góðan tíma til að fjalla um það. Ég er þessu máli nokkuð kunnugur vegna þess að ég sat í miðstjórn ASÍ á sínum tíma þegar Menningar- og fræðslusamband alþýðu var stofnað, ef ég man rétt á árinu 1968. Þá var það gert á vegum Alþýðusambandsins og að frumkvæði verkalýðshreyfingarinnar. Hér er um stórmál að ræða. Ég segi eins og hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir: Ég var að lesa það meðan umræðan fór fram áðan. Það er mjög stórt atriði í því máli t.d. hvar á að vista þessa starfsemi í kerfinu. Á þetta að heyra undir félmrn. eða á það að heyra undir menntmrn.? Ég sé að hæstv. menntmrh. er mjög ánægður með að ég skuli minnast á menntmrn. í þessu sambandi og ég skil það vel.

Nei, virðulegi forseti. Hér er svo margt á ferðinni að við getum ekki unað við það, hv. þm., að fá ekki tíma til að fjalla um það.

Þá er eitt mál í viðbót sem er stórmál. Það er frv. til l. um umhverfismál. Það er ekki smátt í sniðum. Þetta er eitt af veigamestu málunum. Þetta er eitt af stjfrv. sem við stjórnarandstæðingar viljum endilega fá að fjalla um af gaumgæfni og fá að kalla til sérfræðinga og aðra kunnáttumenn til að skoða þessi mál með okkur. Það er ekki sama hvernig þessi frumlöggjöf verður ákveðin hér á hinu háa Alþingi.

Þá er eitt mál í viðbót og skal ég svo ljúka þessari upptalningu. Það er frv. til l. um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Þetta er stórmál. Ég heyri það að hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir tekur undir þetta. (**KP:** Nei. Heyrðirðu það?) Ég taldi mig heyra það. Ég vil ekki viðurkenna annað en hv. þm. hafi áhuga fyrir því eins og hv. þm. Karvel Pálmason.

Nei, virðulegi forseti. Það var full ástæða til að við gagnrýndum þau vinnubrögð, sem hæstv. ríkisstjórn viðhefur, að demba hér inn frumvörpum, stórum málum, og ætla að keyra þau í gegn á aðeins 6–8 dögum í deildinni.

Ég vil segja að lokum að mér fannst hæstv. menntmrh. koma fram af kurteisi og sýnir það að hann hefur þroskast sem stjórnmálamaður. Hann hefur e.t.v. fulla ástæðu til að fjalla um mjög viðkvæm mál sem hann gerði ekki og virði ég það við hann og ætla ekki að koma inn á það á þessu stigi, en ég get ekki neitað því, virðulegi forseti, og beini því til hæstv. menntmrh. að hann hefur valdið mér, því miður, vonbrigðum.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að lengja þessa umræðu um þingsköp. Ég hef ekki síður en aðrir hv. þm. fullan hug á því að taka til við þau verk sem við eigum nú fyrir höndum, en aðeins vegna orða hv. 3. þm. Vesturl. áðan vildi ég gera örstutta athugasemd.

Það er rétt að þingflokkur Kvennalistans fór fram á utandagskrárumræður sl. mánudag um kjaramál og það var mjög nauðsynlegt að þau mál yrðu rædd í þingsölum að mínu mati og það voru of fáir í þingsal þegar átti að vísa vegáætlun til nefndar eins og fram kom í mínu máli áðan.

Nú er það svo að þingmönnum er skylt að vera viðstaddir atkvæðagreiðslu nema lögmæt forföll séu fyrir hendi. Ekki skal ég vefengja að þingmenn hafi haft lögmæt forföll þetta kvöld og það er einmitt það sem málið snýst um og það sem við vorum að tala um. Oft erum við búin að ráðstafa okkur til annarra fundahalda á kvöldin og þess vegna, einmitt þess vegna er svo nauðsynlegt að gera áætlanir í samráði við þingflokkana og reyna að halda þær, ekki síst á

þessum síðustu vikum þegar annir eru miklar, þannig að þingmenn eigi þess kost að vera viðstaddir.

Ég vil einnig láta þess getið að það var leitt hversu fáir hv. þm. gátu verið viðstaddir þessa þörfu umræðu um kjaramál þetta kvöld.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það er óhjákvæmilegt að leiðrétta nokkur atriði sem fram komu í ræðu hv. formanns þingflokks Alþfl. Ég hef látið athuga það á skrifstofu þingsins hvort annar hvor menntmrh. Sjálfstfl. hafi lagt fram frv. tveim eða þrem dögum fyrir þinghlé og það frv. hafi verið samþykkt á því sama vorþingi. Það hefur komið í ljós að Ragnhildur Helgadóttir lagði fram frv. um breytingu á lögum um Háskóla Íslands 13. des. 1984 og það var samþykkt og varð að lögum 1. apríl 1985. Önnur frumvörp lögðu þeir ekki fram, menntmrh. Sjálfstfl. í síðustu ríkisstjórnum, samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið frá skrifstofu Alþingis og hef ég þó þann fyrirvara á að skrifstofa Alþingis hafi gefið mér réttar upplýsingar.

Undir hitt vil ég taka að það kemur fyrir að stjórnarfrumvörp séu lögð fram alveg undir þinglok og sú gagnrýni hv. þm. á ríkisstjórnir á mismunandi tímum á því fyllilega rétt á sér. Ég tek undir gagnrýnina, en það er ekki það mál sem þessi þingmaður talaði sérstaklega um sem þar er þá um að ræða.

Ég vil í öðru lagi, herra forseti, aðeins segja að sú starfsáætlun Alþingis sem lögð var fram nú í haust hefur í engu verið haldin og væri betur óútgefin vegna þess að það eru engar fréttir fyrir þingmenn að fundir séu í deildum og í Sþ. mánudag, þriðjudag, miðvikudag og fimmtudag og föstudag eftir því sem verkast vill. Þannig hefur það verið svo lengi sem ég man. Hins vegar eru hér nokkrir fastir punktar gefnir. 2. umr. fjárlaga 7. des. Hún fór ekki fram þá. 3. umr. fjárlaga 20. des. Hún fór ekki fram þá. Enginn fundur í janúar fyrr en 23. jan. Það fór ekki svo. Þing var kallað saman mig minnir að það hafi verið 29. jan., ég held að ég fari rétt með það, þannig að þing var kallað saman eftir áramót á öðrum degi en þar stendur. Hér er talað um að umræður um skýrslu um utanríkismál fari fram 16. og 17. mars. Þær umræður eiga að fara fram á mánudag og þriðjudag nk. Hér er talað um að vegáætlun verði samþykkt 28. apríl nk. Eftir þeim undirtektum sem vegáætlun fékk hjá framsóknarmönnum, hv. þm. Alexander Stefánssyni og Ólafi Þ. Þórðarsyni, stendur það auðvitað ekki. Á hinn bóginn á ég von á því að utanríkismálaumræðan geti farið fram á mánudag og þriðjudag. Það eina sem hefur staðið er það að það er gert vikuhlé vegna 37. þings Norðurlandaráðs í Stokkhólmi.

Ég verð að segja það, herra forseti, að ég get ekki hugsað mér þær annir á Alþingi Íslendinga að Alþingi Íslendinga verði látið sitja fyrir þingi Norðurlandaráðs. Það bæri þá nýrra við. Ég hef ekki orðið var við annað en við verðum alltaf að hopa og hvika þegar þetta Norðurlandaþing kemur saman og hefur það þó satt að segja ekki orðið að því gagni sem vonir stóðu til.

Svo er talað nú um það að þingi eigi að ljúka 6. maí. Formaður þingflokks Alþfl. hefur þegar lýst því yfir að það sé óraunhæf yfirlýsing. Þessi starfsáætlun verður einungis munuð í reikningum fyrir það hvað hún kostar, en enginn þingmaður tekur mark á henni að öðru leyti en því að hér er ákveðið að deildir hittist þriðjudag og miðvikudag og hér er ákveðið í stórum dráttum að sameinað þing komi saman mánudag og fimmtudag.

Ég vil segja í öðru lagi að mér þykir vænt um að hv. 3. þm. Vesturl. skuli segja að hann hafi lítið gert annað en taka tillit til óska Halldórs Blöndals. Það hafi kostað ómældan tíma og mikla þolinmæði. Ég verð á hinn bóginn að segja að til allrar hamingju hefur það komið fyrir oftar en einu sinni í deildinni í vetur að að umhugsunarefni hafa orðið frumvörp sem ég bað hv. formann nefndarinnar um að íhuga áður en málið var lagt fram við 2. umr. af því að í annað skiptið ráðherra Alþb. og í hitt skiptið ráðherra Framsfl. gerðu sér grein fyrir að frumvörpin gátu ekki gengið eins og meiri hl. fjh.- og viðskn. í annað skiptið og menntmn. í hitt skiptið gekk frá því.

Ég hygg að það sé áreiðanlega rétt, sem þessi þingmaður segir, að það reynir á þolinmæðina hjá honum að hlusta á þá gagnrýni sem maður hlýtur að hafa uppi ekki aðeins um efni stjórnarfrumvarpa heldur líka um málatilbúnað og vinnubrögð oft og tíðum í þeim þingnefndum sem ég á sæti í og eiga að fjalla um hin viðurhlutamestu mál. Ég ítreka það sem ég sagði áðan: Þingmenn eru ekki bara tuskubrúður til að rétta upp hendina. Þingmenn eru í sæti dómarans. Þeim er ætlað að setja sig inn í mál og þeim er ætlað að íhuga það sem þeir eru að gera. Ég þakka formanni fjh.- og viðskn. og formanni menntmn. að vekja athygli á þeim mikla ágreiningi sem hefur orðið milli okkar beggja um vinnubrögð, ekki aðeins í þingdeildinni heldur líka í þingnefndum, færi honum kærar þakkir fyrir og tel að það sé jafnmikið hrós um mig að hafa þessi ummæli uppi eins og ég veit að hv. 8. þm. Reykv. Eyjólfur Konráð Jónsson hlýtur að hugleiða mjög alvarlega hvernig á því megi standa að formaður nefndarinnar skuli hrósa honum fyrir vinnubrögð.

Það er tvennt enn sem ég hlýt að vekja athygli á. Annað er þetta: Það voru gerðir kjarasamningar milli fjmrh. og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Það er skoðun mín, herra forseti, að fjmrh. eigi að eigin hvötum og óbeðinn að gefa Alþingi skýrslu um þvílíka samningsgerð eftir að hún hefur farið fram. Ég hygg þess vegna að það sé hæstv. fjmrh. síst til sóma að þingmenn Kvennalistans skuli hafa þurft að biðja um skýrsluna og síður en svo undrunarefni mitt að hæstv. fjmrh. skyldi hafa haldið þá ræðu sem hann flutti í Sþ. eftir að hv. þm. Kvennalistans hafði lokið máli sínu eins og Alþingi kæmi ekkert við hvaða samninga hann hefði gert við opinbera starfsmenn.

Það er líka fáránlegt af formanni þingflokks Alþfl. að kenna stjórnarandstöðunni um það ef nægilega margir stjórnarþingmenn eru ekki mættir í Sþ. til þess að hægt sé að vísa þáltill. um vegáætlun til nefndar.

Auðvitað er við stjórnarþingmenn sjálfa að sakast. Auðvitað ber þetta vitni þess að ráðherrarnir reka ekki trippin nógu vel. Ég held að það ætti að setja hausband á suma af þessum stjórnarþingmönnum til þess að ráðherrarnir geti betur passað þá. (**KP:** Hverja?) Ja, mér þætti nú vænt um ef sá sem grípur fram í, Karvel Pálmason, mætti sem mest leika lausum hala því að alltaf fellur mér best við hann þegar hann er frjáls að því sem hann segir og gerir.

Hitt, sem ég hlýt að gagnrýna formann þingflokks Alþfl. fyrir, er að hann skuli draga hér inn í umræður að ég hafi beitt mér gegn því í gær að tvö þmfrv. kæmust til nefndar. Á undan þesum þmfrv. voru sjö stjfrv. á dagskránni. Ég gerði grein fyrir því eftir að klukkan var orðin 7 í gærkvöldi, herra forseti, að mér hefði ekki unnist tími til að setja mig inn í frumvarp hv. þm. til breytingar á lögum um umferðarlög, þskj. 706, þannig að ég var ekki í gærkvöldi viðbúinn því að geta tekið efnislegan þátt í umræðunum. Ég veit ekki betur en það sé hlutverk forseta deildarinnar að sjá um það við 1. umr. að þingmenn geti tekið efnislega þátt í umræðum um frv. Þar að auki lá það ljóst fyrir á þeim tíma sem um var að ræða að nægilega margir þingmenn voru ekki í húsinu til þess að greiða atkvæði um að frv. færi til 2. umr. og nefndar ef fundur hefði dregist á langinn eins og hann hlaut að gera. Um það hef ég fulla vitneskju þannig að útilokað var að frv. gæti komist til 2. umr. og nefndar.

Í þriðja lagi þekki ég ekki þau vinnubrögð í fagnefndum eins og allshn. ef þar eru til umræðu frumvörp til breytinga á umferðarlögum eins og er nú frá hv. þm. Salome Þorkelsdóttur. Þá er auðvitað eðlilegt að allshn. taki jafnframt og um leið til athugunar önnur þau frumvörp sem fyrir liggja í þinginu um sama efni. Það er eðlilegt að allshn. Nd. veki athygli allshn. Ed. á frv. hv. þm. Inga Bjarnar Albertssonar sem hann hefur flutt einmitt um það mál þannig að það geti farið fram fagleg athugun og skoðun á slíkum frumvörpum öllum saman t.d. og um leið, þeim sem fram hafa komið, sem auðvitað eru ábendingar einstakra þingmanna um nauðsynlegar leiðréttingar á gildandi lögum. Það var því ekkert sem kom í veg fyrir það, hafi allshn. haldið fund síðar, að það frv. sem hv. þm. Eiður Guðnason hefur lagt fram eða hv. þm. Ingi Björn Albertsson hefur lagt fram í neðri deild, að allshn. hefði tekið bæði þessi frv. til meðferðar. Allra síst stendur á þessum hv. þm. að finna að því í sambandi við samvinnu við mig eða stjórnarandstöðuna í þessari deild að við höfum verið ósamvinnuþýð að þessu leyti. Hvað eftir annað hefur komið fyrir að þessi hv. þm. hefur fengið heimild til þess að taka fyrir í fjh.- og viðskn. efrideildarfrumvörp sem ekki hefur verið vísað þangað. Það lá jafnframt fyrir í sambandi við lánsfjárlögin að við sjálfstæðismenn buðum það að í neðri deild yrði frumvarp til lánsfjárlaga tekið fyrir í fjh.- og viðskn. neðri deildar til þess að hægt yrði að afgreiða það frumvarp sem lög frá Alþingi, lánsfjárlög, áður en hlé var gert á störfum Alþingis vegna þings Norðurlandaráðs vikuna frá 26. febr. til 4. mars. Það er þess vegna alrangt og algjörlega út í hött að við að þessu leyti höfum gert tilraun til þess að koma í veg fyrir eða raskað með nokkrum hætti efnislegri vinnu og athugun á einstökum málum.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Vegna þess sem hv. þm. sagði um umferðarlagafrv. sem hér hafa verið til umræðu þá er það nú svo að hv. þm. Salome Þorkelsdóttir hefur verið aðaltalsmaður Sjálfstfl. í þeim efnum, flutt þau mál hér í deildinni og starfað mjög mikið og vel að þeim málum. Ég vissi ekki að hv. þm. Halldór Blöndal væri orðinn talsmaður og áhugamaður um þessi umferðarmál, en fagna því ef svo er, bendi honum hins vegar á í fullri vinsemd að ýmis atriði í frumvarpi mínu og frumvarpi hv. þm. Salome Þorkelsdóttur eru mjög svipuð efnislega. Þetta frv. var bæði einfalt og tiltölulega auðvelt að móta afstöðu til þess og kynna sér það, ef menn vildu.

Ég ætla, herra forseti, að leiða hjá mér þau köpuryrði sem hv. þm. Halldór Blöndal hefur látið hér falla í minn garð. Það er hans mál. Ég vildi hins vegar segja það varðandi þau orð sem hann lét falla um þá starfsáætlun sem lögð var fram hér í upphafi þings, að það er auðvitað rétt að hún hefur ekki haldið í öllum greinum. Það skal ég fyrstur manna viðurkenna. Hún er hins vegar mikilvægt skref í þá átt að skipuleggja störf þingsins og ég hygg að á þessum vetri höfum við öðlast mikla og dýrmæta reynslu varðandi það. Og eins og hæstv. menntmrh. sagði hér áðan er það vissulega nýlunda að það skuli vera nefndur þinglausnadagur yfir höfuð, því að yfirleitt hefur þurft að toga það með töngum út úr hverri þeirri ríkisstjórn sem setið hefur, og undanskil ég enga ríkisstjórn, þann tíma sem ég hef setið hér á hinu háa Alþingi. Nú liggur þó fyrir ákveðin dagsetning. Það er ekkert víst að hún haldi, eins og ég sagði hér áðan, en ég tel að það hafi verið mjög mikilvægt skref í störfum þingsins að fá slíka starfsáætlun.

Varðandi það sem hv. þm. sagði varðandi þau ummæli mín um frv. til laga um Háskóla Íslands. Hann dró það mjög í efa að það hafi verið rétt. Ég fullyrti nú raunar ekki að það mál hefði verið samþykkt. Ég sagði að mig minnti það. En ég man það hins vegar mætavel þegar verið var að ræða þetta mál við okkur þingmenn stjórnarandstöðunnar nokkrum dögum áður en þingi átti að ljúka. En það má vel vera, hv. þm. Halldór Blöndal, að niðurstaðan hafi orðið sú í þessu tilviki að málið var ekki lagt fram. Það má vel vera. Ég skal fallast á það. En það breytir ekki hinu að dæmin eru um það að mál hafi komið allt of seint fram hjá ýmsum ríkisstjórnum, og þar eru mér minnisstæðir ýmsir hv. ráðherrar Sjálfstfl., hafi komið fram örfáum dögum fyrir þinglausnir. Það er mjög einfalt að láta rannsaka það mál hér á skrifstofu þingsins. Það er verið að því. Ég minnist nú mála eins og um Siglingamálastofnun og sitthvað fleira sem ég hygg að hafi verið mjög seint á ferð, en ég ætla ekkert að fara út í karp um þetta. Dæmin eru mýmörg. Þetta háskólafrumvarp var mér ofarlega í huga vegna þess

að um það var haldinn sérstakur fundur hér í myndaherberginu tveimur eða þremur dögum áður en þinginu lauk. En vel má vera að ráðherra hafi gert sér ljóst að þarna var til of mikils ætlast gagnvart þingmönnum öllum og málinu ekki verið þröngvað fram. En það átti sannarlega að gera það. Minnið er nú kannski brigðult á svona hluti sem gerast í þessum lotum undir þinglokin, en ég hygg að fleiri hv. þm. muni það með mér að þetta frv. var hér á ferðinni.

Ég ætla ekki, herra forseti, að lengja þessa umræðu frekar og vona að senn getum við tekið til við hin eiginlegu þingstörf hér í dag.

Karvel Pálmason:

Virðulegi forseti. Það er út af fyrir sig ekki nýtt þegar líða tekur að þinglokum að slíkar umræður eins og hér hafa orðið eigi sér stað. Þetta gerist svona a.m.k. þrisvar á ári og ekki nema eðlilegt eins og vinnubrögðum er yfirleitt háttað hér á hv. Alþingi. Ég er ekkert hissa á því þó stjórnarandstæðingar hefji slíkar umræður, stjórnarliðar ættu að gera það líka, því að auðvitað er þetta okkar mál allra hvernig þinghaldinu er stjórnað og hvernig það fer fram.

Núna frá því um helgi munu hafa verið lögð fram a.m.k. um 30 stjfrv. (**Menntmrh.:** 27.) Eða 27. Það er ekki langt frá því, enda er ég nálægt sannleikanum yfirleitt. 27 stjórnarfrumvörp. Ég segi ekki að þau eigi öll að afgreiða, ég veit það ekki enn. 27 stjórnarfrumvörp á tveimur til þremur dögum. Er það boðlegt þingmönnum almennt í þingræðisríki að ætlast til þess, hvar sem menn eru í flokki, að menn samþykki slík vinnubrögð? Nú er ég ekki að gera athugasemdir við efnisatriði slíkra frumvarpa, bara vinnubrögðin. Ég tel sjálfur að slíkt sé ekki boðlegt. Og ég tel líka að við hinir óbreyttu þingmenn eigum fullan rétt á því að fá afgreiðslu þeirra mála sem við leggjum höfuðáherslu á. Ég viðurkenni það ekki að það sé bara ríkisstjórn, hver sem hún er hverju sinni, sem eigi bara að fá afgreidd sín mál, þó að þau geti að vissu leyti verið mikilsverð og markverð. Það eru mál sem óbreyttir þingmenn hafa flutt sem eiga fullan rétt á því að fá afgreiðslu áður en þingi lýkur. Ég vil a.m.k. í því tilfelli nefna það þingmál sem var lagt fram í gær á svipuðum tíma og stjfrv. hafa verið lögð fram núna undanfarna daga, sem er varðandi breytingu á lögum um almannatryggingar. Það er slíkt nauðsynjamál að mínu viti — ekki hvað síst siðferðislega — að nái fram að ganga, að þeir einstaklingar, sem orðið hafa fyrir mistökum í læknismeðferð af höndum lækna eða starfsfólks á sjúkrastofnunum, fái greiddar bætur eins og slysatryggingar gera ráð fyrir í hverju tilfelli. Það væri fyrsta skrefið að því að menn viðurkenndu í þessu þjóðfélagi að þetta fólk eigi rétt líka eins og aðrir.

Auðvitað mætti nefna miklu fleiri mál. Ég tek mjög undir það sem hv. þm. Halldór Blöndal sagði hér áðan. Þingmenn eru ekki neinar tuskubrúður. (**Gripið fram í:** Síst af öllu hann.) En málið er auðvitað það að menn tala misjafnt eftir því hvar þeir eru settir hverju sinni. Það er allt of mikið um það að stjórnmálamenn í tilteknum stjórnmálaflokkum láti leiða sig um of inn á brautir hlekkjanna í kerfi flokka. Menn eiga auðvitað að hafa sjálfstæðar skoðanir og þingið á auðvitað að ráða ferðinni, en ekki flokkarnir, hverjir sem þeir eru í hverju tilviki í hverri ríkisstjórn. Það er lífsnauðsyn að við afléttum því oki ríkisstjórna hverju sinni, að það séu einvörðungu þeirra skoðanir sem ná fram að ganga. Það gengur ekki í þingræðisríki. Það er ekki lýðræði. Með þeim hætti er lýðræðið fótum troðið á löggjafarsamkomunni.

Hv. þm. Halldór Blöndal vék líka að kjarasamningum við BSRB. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum þar um en ég hlýt eigi að síður að fordæma þær ögranir hæstv. fjmrh. sem hafa komið fram gagnvart almennu launafólki innan Alþýðusambands Íslands og vinnuveitendum sem hafa staðið og standa enn í ströngu gagnvart sínum atvinnurekstri. Það er ekki skynsamlegt af einum eða neinum sem telur sig til mannaforráða fallinn að láta slíkar ögranir í ljós gagnvart almenningi sem á við erfiðleika að etja. Slíkt er óskynsamlegt í alla staði. Slíkt á ekki að gerast og er engum til góðs, flestum til ills. Meira skal ég ekki um þetta segja en þetta taldi ég rétt að kæmi fram af því að ég tel mig einn af þeim sem eiga a.m.k. að reyna að verja hagsmuni hins almenna launafólks innan Alþýðusambandsins og líka atvinnureksturinn sem þjóðin byggir öll á.

Þetta vildi ég sagt hafa. Auðvitað væri mikið fleira um þetta að segja. En ég ítreka að það nær ekki nokkurri átt að hæstv. ríkisstjórn ætlist til þess að við hinir óbreyttu þingmenn verðum eins og tuskubrúður til þess að rétta upp hendur við frumvörpum ríkisstjórnarinnar án þess að taka tillit til annarra frumvarpa sem óbreyttir þingmenn hafa flutt og eru ekki minna virði fyrir almenning í landinu heldur en stjórnarfrumvörpin eru þó ég sé á engan hátt að gagnrýna þau.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna og var nú satt að segja að vonast til þess að hún væri að verða búin. En ég vil vegna athugasemda hv. 2. þm. Norðurl. e. segja það að að mínum dómi hefur formaður fjh.- viðskn. þessarar hv. deildar stjórnað því starfi í vetur af miklum ágætum og mikilli sanngirni og sérstakri kunnáttu um fundarsköp og önnur þess háttar mál. Auk þess vil ég segja það að að mínu mati hefur stjórnarandstaðan í öllum aðalatriðum sýnt sanngirni og samstarfsvilja við að koma málum áfram hér í hv. deild.

Varðandi það að hér endurtaki það sig ár eftir ár að það sé unnið í törnum tvisvar á ári, fyrir jól og síðan að vori, þá er það nú einu sinni svo með okkur Íslendinga að okkur fellur ekkert illa að vinna í törnum, enda höfum við stundum verið kennd við veiðimannaþjóðfélag. Þess vegna taldi ég sem nýgræðingur hér á hv. Alþingi að þetta væri bara eitthvað sem við réðum ekkert við og í raun vildum við vinna svona þó að það sé gagnrýnt hér á hverju

ári. Nú hef ég verið stjórnarsinni í tveimur ríkisstjórnum, tvö ár í röð, og ekki þeim sömu, og ég get ekki séð að það sé stórkostlegur munur á vinnubrögðum. Það er rétt að hér eru mjög mörg frumvörp til umfjöllunar í þinginu, en mér dettur ekki í hug að það standi til að þau verði öll afgreidd. (**Gripið fram í:** Jæja!) Mörg þeirra eru lögð fram til kynningar.

Halldór Blöndal:

Virðulegur forseti. Ég vil fyrst aðeins segja við hv. 5. þm. Norðurl. e. að ég tók eftir því að hann tók mjög undir óbeint og með sínum hætti þau ummæli og það mat sem formaður fjh.- og viðskn. hefur í sambandi við störf mín í þeirri nefnd og tekur þá um leið undir þau ummæli formanns nefndarinnar að hann hafi lítið annað gert en tekið tillit til óska Halldórs Blöndals og það hafi kostað ómældan tíma og mikla þolinmæði. Þannig að ég veit nú ekki hvernig hægt er að segja að það sé þá röggsamleg stjórn á fundunum ef formaðurinn hefur mestan part verið önnum kafinn við þetta.

Hitt vil ég segja, herra forseti, að ég vil mótmæla þeim ummælum sem hv. 3. þm. Vesturl. hafði hér um ótilgreint og ókunnugt frumvarp fyrrv. menntmrh., Ragnhildar Helgadóttur, sem hún á að hafa viljað leggja fram tveim eða þremur dögum fyrir þinglausnir einhvern tíma. Ég hef reynt að grafast fyrir um hvort einhver flugufótur sé fyrir þessu og ég . . . (**EG:** Það var um íslenska málstöð.) Nú, er það já, um íslenska málstöð. Ég get alveg tekið undir það að það munum við sjálfstæðismenn ævinlega gera og samþykkja ef menn hafa einhverja þá tillögu fram að færa sem megi verða til styrktar íslenskri tungu með því að leggja stund á málrækt og efla nýyrðasmíð, þá má leggja slíkt frumvarp fram á síðustu stundu þingsins, síðasta klukkutímanum og við skulum greiða fyrir því.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegur forseti. Ég vil nota tækifærið til að þakka hv. þm. Halldóri Blöndal fyrir þessa síðustu yfirlýsingu og láta þess getið að eitt af þessum 27 stjfrv. sem lögð voru fram á síðasta degi er einmitt frv. til laga um íslenska málnefnd og íslenska málstöð, og láta þess svo getið að lokum að á lokadegi framlagningar frumvarpa í fyrra voru lögð fram 28 stjfrv., núna 27, þannig að þetta er nú heldur í áttina. Ekki rétt? — [Fundarhlé.]

Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga, 3. umr.

Stjfrv., 203. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 839, brtt. 846.

Frsm. félmn. (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Það er kannski ekki vonum fyrr að við komumst til þingstarfa hér í dag. Það eru komnir nærri tveir tímar hér í utandagskrárumræðu, þar sem menn hafa m.a. verið að kvarta yfir miklu álagi og hægagangi, en það hefði kannski mátt flýta fyrir ýmsum hlutum með því að hefja strax þingstörfin.

Félmn. Ed. kom saman til fundar í dag eftir 2. umr. um frv. til laga um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og leggur fram við frv. þrjár brtt. að lokinni athugun með hlutaðeigandi aðilum.

Það er í fyrsta lagi breyting á 26. gr. frv., þ.e. að niðurlag greinarinnar, frá orðunum „til Tryggingastofnunar ríkisins", falli brott. Setningin hljóðar nú svona í frv.: „Eignir sjúkrasamlaga skulu renna til Tryggingastofnunar ríkisins og skulu þær nýttar fyrir umboðsskrifstofur Tryggingastofnunar ríkisins." Að höfðu samráði bæði við heilbrrn. og dómsmrn. þótti rétt að fella lok setningarinnar niður, þannig að setningin sé einungis: „Eignir sjúkrasamlaga skulu renna til Tryggingastofnunar ríkisins." Ástæðan fyrir þessu er m.a. sú að í þeim brtt. sem núna liggja fyrir Alþingi um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði kemur fram m.a. að ákveðið er að efla störf sýslumanna á stjórnsýslustiginu. Sumum þótti þessi setning sem við ætlum að fella núna niður gefa til kynna að það ætti að taka þessi umboðsstörf af sýslumönnunum, en það er alls ekki er meiningin. Og þess vegna þótti rétt að fella þetta niður.

Í öðru lagi gerum við brtt. við 2. mgr. 74. gr. frv. 2. mgr. hljóðar svo núna: „Þátttaka ríkissjóðs í framkvæmdum, sem unnar eru á árinu 1989, skal þó aðeins nema þeim framlögum sem eru á fjárlögum 1989." Það þótti rétt að breyta þarna um og segja: „skal þó miðuð við þau framlög sem eru á fjárlögum 1989." Ástæðan fyrir þessu er einkum sú að einstaka sveitarfélög hafa gert samninga við ríkisvaldið um að fresta framkvæmdum 1988 og færa þær fjárveitingar fram á árið 1989. Þess vegna þótti rétt að hafa þetta ekki alveg eins ákveðið og þarna er heldur miða við þau framlög.

Að lokum gerum við þá tillögu, eins og kemur fram í 3. lið, að við 75. gr. bætist ný málsgrein sem orðist svo:

„Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella þau inn í meginmál þeirra laga sem þau breyta og gefa þau lög út svo breytt."

Þetta er til hægðarauka og til mikilla þæginda held ég fyrir alla sem þurfa að starfa með og eftir þessum lögum.

Undir þessa brtt. nefndarinnar skrifar sá sem hér stendur, Salome Þorkelsdóttir, Guðmundur H. Garðarsson, Karl Steinar Guðnason, Júlíus Sólnes og Valgerður Sverrisdóttir, en Margrét Frímannsdóttir var fjarverandi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 846,1 samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 846,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 846,3 samþ. með 14 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HBl, JE, JúlS, KSG, KP, SkA, StG, SvG, VS, JHelg, DS, EG, EKJ, GHG, GA, JHall.
5 þm. (MF, SalÞ, ÞK, EgJ, GuðmÁ) fjarstaddir.
3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Hæstv. forseti. Með skírskotun til þeirra umræðna sem fram hafa farið um þetta mál, svo og þeirrar skýrslu sem fyrir liggur um tónlistarfræðslu sérstaklega og þess að þar hefur komið fram að ýmis fagleg vandkvæði eru á því að flytja tónlistarfræðsluna yfir til sveitarfélaganna og þess að fyrir Sþ. liggur till. til þál. um að fela ríkisstjórninni að endurskoða tónlistarfræðslu bæði í grunnskólum og tónlistarskólum, með skírskotun til þessa, svo og þess að við stöndum hér frammi fyrir eindreginni kröfu Sambands ísl. sveitarfélaga, sem eigi verður undan vikist við þær aðstæður sem nú eru, þá segi ég já.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er orðið fyllilega tímabært að skýrari og ákveðnari skil séu gerð milli verkefnis ríkis annars vegar og sveitarfélaga hins vegar. Ánægjulegt er að nú skuli þessi mál vera komin svo langt að samstaða virðist vera um hvernig þeim skuli fyrir komið. Svo virðist sem í stórum dráttum séu bæði fulltrúar sveitarfélaganna og ríkisvaldsins ánægðir með niðurstöðuna. Með þessu frv. er skrefið tekið til fulls og verkefnaflutningur er ekki eingöngu frá ríki til sveitarfélaga, eins og í frv. því sem lagt var fyrir þingið í fyrra, heldur einnig frá sveitarfélögum til ríkisins. Þetta tel ég til mikilla bóta. En þrátt fyrir þá áherslu sem stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga hefur lagt á það hve gott og hagstætt þetta muni vera fyrir litlu sveitarfélögin hef ég af því vissar áhyggjur að sú muni ekki verða raunin. Ég óttast að litlu sveitarfélögin muni jafnvel eiga í enn meiri erfiðleikum eftir þessar breytingar en áður og sjálfstæði þeirra skert. Þó vona ég að sú spá mín rætist ekki.

Vissulega eru margir þættir frv. sem orka tvímælis, en það er þó fyrst og fremst tvennt sem erfitt er að sætta sig við í því. Er þar annars vegar um að ræða fyrirætlanir um að breyta rekstri tónlistarskóla frá því sem nú er. Óttast margir að með breyttu fyrirkomulagi muni tónlistarskólarnir margir hverjir eiga erfitt uppdráttar. Það skref sem hér er verið að taka er því að vissu leyti skref í öfuga átt. Hinu atriðinu sem ég tel vera mikla afturför hefur hv. 6. þm. Reykv. Guðrún Agnarsdóttir gert grein fyrir hér fyrr í umræðunni eins og hún reyndar gerði um tónlistarskólana líka. Ég geri athugasemdir við að nú sé gert ráð fyrir að veikja faglega umsjón stjórnvalda með dagvistarheimilum. Þetta tel ég stórt skref aftur á bak og skil raunar ekki hvað er á ferðinni, sérstaklega með tilliti til þess að hér var í fyrra lögð fram þáltill. um forskólastigið og skipulag þess af einum af þm. Alþb., hv. 2. þm. Austurl. Ég hefði talið eðlilegt að ákvæði frv., eins og það var lagt fyrir upphaflega, hefði verið látið standa óbreytt.

Þrátt fyrir þessa annmarka sem ég vona svo sannarlega að verði sniðnir af hið fyrsta hef ég ákveðið að styðja þetta frv. og segi því já.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég ber fullt traust til sveitarfélaganna í landinu og treysti þeim mætavel til að annast bæði tónlistarfræðslu og dagvistun með þeirri reisn og þeirri umhyggju sem þessir málaflokkar verðskulda og ég segi já.

Frv. afgr. til Nd.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 3. umr.

Stjfrv., 204. mál (heildarlög). — Þskj. 277.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Afnám ýmissa laga um iðnaðar- og orkumál, 3. umr.

Stjfrv., 298. mál. — Þskj. 546.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Aðför, 2. umr.

Stjfrv., 111. mál (heildarlög). — Þskj. 114, n. 834, brtt. 835.

Frsm. allshn. (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá allshn. um frv. til laga um aðför.

„Nefndin hefur fjallað um frv. Hér er um viðamikinn lagabálk að ræða sem ætlað er að leysa af hólmi tvenn lög um aðfarargerðir, annars vegar lög um aðför, nr. 19/1887, og hins vegar lög um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, nr. 29/1885.

Frv. er samið sem þáttur í heildarendurskoðun löggjafar um dómstólaskipan og réttarfar á héraðsdómsstigi og tengist þannig frv. til laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, en nefndin hefur nýlega afgreitt það frv. frá sér.

Markús Sigurbjörnsson, prófessor við lagadeild Háskólans, vann með nefndinni að athugun málsins, en auk þess komu lögfræðingarnir Viðar Már Matthíasson og Sigurður G. Guðjónsson til viðræðna við nefndina um ákveðna þætti frv. Þá bárust nefndinni umsagnir um frv. frá Dómarafélagi Íslands, Sambandi ísl. sveitarfélaga, Lögmannafélagi Íslands, Sýslumannafélagi Íslands, Má Péturssyni bæjarfógeta og réttarfarsnefnd.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi umsögnum leggur nefndin til að frv. verði samþykkt með tveimur brtt. sem fluttar eru á sérstöku þskj. Fyrri brtt. felur í sér að felldur er brott 2. tölul. 1. mgr. 11. gr. Sú breyting felur í sér að héraðsdómari þurfi ekki að fjalla um aðfararkröfu sem styðst við skuldabréf, víxil eða tékka. Þar sem dómari athugar fyrst og fremst hvort öllum formsatriðum er fullnægt en leggur ekki mat á efni málsins verður ekki séð að sérstök þörf sé á því að dómari kanni gildi aðfararheimilda til þess að rita á þær hvort aðför megi fara fram eða ekki. Sýslumenn gætu eins kannað gildi aðfararheimildanna með sama hætti og dómurum er ætlað að gera samkvæmt frv. Ekki verður séð að réttaröryggi gerðarþola skerðist nokkuð þótt þessi háttur yrði hafður á, enda eru endurupptöku- og málskotsleiðir tiltölulega greiðar samkvæmt frv. Þá er líka rétt að hafa í huga að í þeim tilvikum, sem skuldari mótmælir og kærir aðför, er óeðlilegt að sami aðili (þ.e. héraðsdómari) hafi áritað aðfararheimildina og úrskurði jafnframt síðar um kæru skuldara.

Síðari brtt. varðar gildistökuákvæði frv., en lagt er til að gildistöku laganna verði frestað um tvö ár, til 1. júlí 1992. Þessi breyting er til samræmis við frestun á gildistökuákvæði frv. um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði.

Guðrún Agnarsdóttir sat fundi nefndarinnar og er samþykk þessu áliti."

Undir nál. rita síðan allir nefndarmenn en þau Salome Þorkelsdóttir og Eyjólfur Konráð Jónsson með fyrirvara.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Félagsmálaskóli alþýðu, 1. umr.

Stjfrv., 430. mál. — Þskj. 790.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um Félagsmálaskóla alþýðu á þskj. 790.

Fræðslumál launafólks hafa á undanförnum árum verið mikið til umræðu í þjóðfélaginu. Öðrum þræði sprettur þessi umræða af þörf sem skapast af ytri aðstæðum, t.d. stöðu íslenskra fyrirtækja til að selja vöru og þjónustu í samkeppni við erlenda aðila á heimsmarkaðinum. Í því sambandi hefur verið bent á mikilvægi starfstengdrar menntunar í framleiðniaukningu og vörugæðum. En umræðan á sér einnig skýringu í auknu mikilvægi jákvæðra samskipta aðila vinnumarkaðarins fyrir efnahagsþróunina. Verkfall og aðrir árekstrar á vinnumarkaðinum leiða til óstöðugleika sem dregur úr sókn til bættra lífskjara. Aðgerðir sem stuðla að betri þekkingu á samfélagsmálum og vekja athygli á fleiri leiðum að því sameiginlega markmiði að bæta lífskjörin er eitt af því sem er af hinu góða. Þetta hefur verið markmiðið með starfrækslu Félagsmálaskóla alþýðu sl. 14 ár.

Frv. um málefni það sem hér er lagt fram hafa áður komið til umræðu á Alþingi. Því var m.a. hreyft á 94. löggjafarþingi 1973. Það frv. varð eigi útrætt.

Annað hliðstætt frv. var lagt fram á 100. löggjafarþingi 1978. Það hlaut sömu örlög og hin fyrri og varð ekki afgreitt.

Það frv. sem nú er lagt fyrir Alþingi er að stofni til byggt á frumvörpunum frá árunum 1973 og 1978. Þó hafa verið gerðar á því nokkrar veigamiklar breytingar sem gerð er grein fyrir síðar í athugasemdum þessum.

Eins og í fyrri frumvörpum er gert ráð fyrir að stofnaður verði félagsmálaskóli alþýðu. Markmiðið með stofnun skólans er að skapa starfandi og verðandi forustumönnum samtaka launafólks, áhugamönnum um störf verkalýðshreyfingarinnar og hverjum félaga hennar sem njóta vill möguleika til haldgóðrar fræðslu í þeim greinum sem tengdastar eru starfi alþýðusamtakanna.

Í athugasemdum og greinargerðum með fyrri frumvörpum hefur verið vakin athygli á þeirri skyldu þjóðfélagsins við verkalýðsstéttina að veita henni tækifæri til þeirrar fræðslu sem henni er nauðsynleg til þess að geta rækt félagslegt hlutverk sitt, eflt samtök sín og þroskað. Þessi skylda hefur þegar hlotið viðurkenningu í verki víða um lönd, þar á meðal í Bretlandi og meðal frændþjóða okkar annars staðar á Norðurlöndum þar sem fullorðinsfræðsla á sér langa hefð. Það sem greinir Ísland frá öðrum Norðurlöndum í þessu efni er umfangið og fjárveitingar hins opinbera, en hvort tveggja er miklu minna hér á landi. Þátttakendur greiða í flestum tilfellum ekkert fyrir námið og í undantekningartilvikum meira en þriðjung kennaralauna. Í Svíþjóð eru í gildi lög um launað námsfrí og til stendur að setja svipuð lög í Danmörku. Þess ber að geta að þrátt fyrir að slík lög gildi ekki í Danmörku, Finnlandi og Noregi eiga fjölmennir hópar fólks á vinnumarkaði kost á fræðslu á fullum launum í þeim löndum.

Samtök launafólks á Norðurlöndum hafa með höndum umfangsmikla fræðslustarfsemi. Þau eiga og reka fjölda skóla og fræðslusetra af ýmsu tagi. Þar að auki eiga flest atvinnugreinasambönd einn eða fleiri skóla og fræðslusambönd enn aðra. Menntunarframboð fyrir félaga í verkalýðshreyfingunni stendur því á

gömlum merg og hefur hlotið almenna viðurkenningu af hálfu samfélagsins í því formi að til hennar renna árlega miklar upphæðir úr sameiginlegum sjóðum.

Bent hefur verið á margvísleg rök sem mæla með öflugum stuðningi hins opinbera við skólahald alþýðusamtakanna. Þar vega e.t.v. þyngst sífellt flóknari samningar aðila vinnumarkaðarins um kaup og kjör. Samningagerð þeirra er nú orðin vandasamt verkefni sem krefst mikillar þekkingar, jafnt á högum þeirra sem hún snertir hverju sinni sem á félagsmálalöggjöf þjóðarinnar, svo sem vinnulöggjöf, löggjöf um öryggi og hollustu á vinnustöðum á sjó og landi, tryggingar- og skattalöggjöf og rekstri atvinnuveganna og þjóðarbúsins í heild. Enn fremur er nauðsynleg þekking á alþjóðasamþykktum og tillögum um vinnumál sem hafa verið afgreiddar af ýmsum alþjóðastofnunum sem Ísland er aðili að.

Fleiri atriði hníga í sömu átt. Undanfarna áratugi hafa orðið miklar breytingar á atvinnulífinu í heiminum og bendir margt til þess að þær verði örari í nánustu framtíð. Mannaflinn hefur færst frá hefðbundnum framleiðslugreinum til þjónustustarfa. Vélvæðing, sjálfvirkni og breytt verkskipulag hafa það í för með sér að mörg störf taka miklum breytingum eða úreldast og ný störf taka við sem gera aðrar kröfur til starfsfólks. Þekking og færni úreldast, kunnátta sem áður var mikils metin verður einskis virði. Í öðrum starfsgreinum er hins vegar krafist æ meiri fræðilegrar kunnáttu. Gjörbreytt viðhorf til samskipta stjórnenda og starfsmanna og réttur starfsfólks til að hafa áhrif á vinnuumhverfi sitt krefjast þess að samtök launafólks haldi vöku sinni í fræðslumálum.

Það frv. sem hér er til umræðu víkur í nokkrum veigamiklum atriðum frá fyrri frv. um Félagsmálaskóla alþýðu. E.t.v. felst þýðingarmesta breytingin í 1. gr. Í fyrri frv. var gert ráð fyrir að Alþýðusamband Íslands stæði eitt að skólanum. Samkvæmt þessu nýja frv. skal skólinn starfa á vegum Alþýðusambands Íslands og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

Það er rétt að minna á það að í þessum tvennum heildarsamtökum launafólks eru u.þ.b. 80.000 félagsmenn.

Í 4. gr. frv. er fjallað um skilyrði sem sett eru fyrir þátttöku í námi í Félagsmálaskóla alþýðu. Um er að ræða tvö almenn skilyrði, þ.e. aldur og aðild að stéttarfélagi. Í greininni felst efnisbreyting frá fyrri frv. þar sem tiltekinn aldur var gerður að skilyrði fyrir skólavist eða þátttöku í starfi skólans. Nú er hins vegar gert ráð fyrir að heimilt sé að setja slíkt skilyrði í reglugerð. Sama á við um aðild að stéttarfélagi. Ein af ástæðunum fyrir þessari breytingu er sú að talið er rétt að halda opinni þeirri leið að bjóða fólki sem er tímabundið utan vinnumarkaðar eða sem á í erfiðleikum með að fá vinnu og ekki er í verkalýðsfélagi þátttöku í námi á vegum skólans. Hér koma m.a. til álita þeir sem hafa verið heimavinnandi eða nemendur í framhaldsskólum sem gætu átt möguleika á að taka málefni verkalýðshreyfingarinnar í Félagsmálaskóla alþýðu sem valgrein. Hins vegar er rétt að leggja áherslu á mikilvægi þess að skólinn geti sett sem skilyrði fyrir inngöngu að nemendur hafi starfað á almennum vinnumarkaði og tekið þátt í störfum stéttarfélags. Að öllu jöfnu er það forsenda þess að hægt sé að tileinka sér námið með virkum hætti.

Með tilliti til þeirra umræðna sem urðu á Alþingi um fyrri frv. fjallaði vinnuhópurinn sem samdi frv. sem hér er til umræðu sérstaklega um stöðu félagsmálaskólans í stjórnkerfinu. Niðurstaða hans kemur fram í 5. gr. en þar er tekið fram að félmrn. fari með málefni skólans. Vinnuhópurinn taldi þennan hátt eðlilegan og vísaði í því sambandi til 4. gr. reglugerðar nr. 96/1969, um Stjórnarráð Íslands. Í greininni er m.a. kveðið á um það að félmrn. fari með vinnumál, þar á meðal stéttarfélög launafólks og atvinnurekenda. Enn fremur er gert ráð fyrir margvíslegum afskiptum félmrn. af vinnumálum og samráði við samtök aðila vinnumarkaðarins.

Í þessu nýja frv. er mun ítarlegar en áður fjallað um fjármál. Í 8. gr. er tekið fram að rekstrarkostnaður skólans skuli greiddur að fullu úr ríkissjóði, annar en rekstrarkostnaður heimavistar sem greiðist að 80% hluta. Einnig að stofnkostnaður kennsluhúsnæðis skuli greiddur að 80% úr ríkissjóði og skuli það sama gilda um heimavist. Þessi ákvæði eiga sér hliðstæðu í lögum nr. 51/1976, um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi, og lögum nr. 31/1977, um Skálholtsskóla. Í þessum lögum hvorum tveggja er gert ráð fyrir því að rekstrarkostnaður skuli greiddur að fullu, annar en rekstrarkostnaður heimavistar þar sem hennar er þörf en til hennar skal veitt fjárveiting sem nemur 80% af kostnaði. Einnig er tekið fram að stofnkostnaður kennsluhúsnæðis skuli greiddur úr ríkissjóði að 80% hluta og skuli það sama gilda um heimavist þar sem hennar er talin þörf. Þess skal getið að auk Skálholtsskóla gilda sömu reglur um Samvinnuskólann og Verslunarskóla Íslands.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að ASÍ og BSRB geri með sér samning um skiptingu annars rekstrar og stofnkostnaðar.

Verði skólinn lagður niður skulu eignarráð á því húsnæði sem hann kann að hafa til umráða færast til ríkisins í samræmi við stofnkostnaðarframlög þess. Komi upp ágreiningur um eignaskiptingu skal dómkveðja þrjá óvilhalla menn til þess að kveða á um skiptinguna. Þetta fyrirkomulag er í samræmi við hliðstætt ákvæði í lögum um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi.

Virðulegi forseti. Í lokin vil ég nefna hér að áætlaður árlegur stofn- og rekstrarkostnaður er talinn verða 27 millj. 715 þús. kr. og er miðað við áætlun um starfsemi skólans sem gerð er grein fyrir í fskj. I. Í fskj. II kemur síðan fram nánari sundurliðun á kennslukostnaði og kostnaði vegna heimavistar.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um frv. Ég tel að hér sé á ferðinni mikilvægt frv. sem skipti launþega í landinu miklu máli. Þess vegna vænti ég þess að Alþingi fjalli um þetta mál á jákvæðan hátt og frv. verði að lögum hið fyrsta.

Ég vil í lokin leggja til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. félmn. þessarar deildar.

Karl Steinar Guðnason:

Frú forseti. Hér er á ferðinni mál sem skiptir mjög miklu máli fyrir íslenska alþýðu, málefni sem lýtur að fullorðinsfræðslu, að aukinni menntun, að því að reisn hins almenna verkamanns og verkakonu í þjóðfélaginu geti verið með meira móti en unnt hefur verið til þessa.

Skólahald, sem hér er um rætt, er tíðkað víða í Skandinavíu. Þar hafa menn haft frumkvæði að því að koma á slíkri fullorðinsfræðslu, skynjað þörfina á því að hafa menntað verkafólk, fólk sem er vitandi um rétt sinn og skyldur, fólk sem hefur hlotið fræðslu um það hvernig skuli að málum standa varðandi kjarasamninga og mótun þjóðfélagsins, og ég er sannfærður um það að verði frv. að lögum eigum við eftir að sjá sterkari verkalýðshreyfingu, ábyrgari verkalýðshreyfingu og traustari samskipti milli ríkis og verkalýðshreyfingar og jafnvel vinnuveitenda en fyrr.

Með samþykkt frv. erum við að halda á fund nútímans í samskiptum við verkalýðshreyfinguna og ég vænti þess að hv. þingdeildarmenn verði sammála um að flýta frv. sem unnt er.

Ég ætla ekki að segja fleira að þessu sinni þannig að fleiri komist að og læt því máli mínu lokið.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir orð 9. þm. Reykn. Karls Steinars Guðnasonar um það að hér sé um merkilegt mál að ræða sem er frv. til laga um Félagsmálaskóla alþýðu. Mér finnst það nokkuð táknrænt, svo að ekki sé meira sagt, hversu fáir hv. þm. eru í deildinni þegar þetta frv. er fram lagt. Við sem höfum starfað að verkalýðshreyfingunni vitum það að hér á hinu háa Alþingi á verkalýðshreyfingin því miður ekki sem stendur allt of marga málsvara. Hún á hér sem betur fer nokkra sem m.a. eru viðstaddir hér í deildinni í dag. Þar með er ég ekki að segja það að aðrir hv. þm. munu ekki ljá góðum málum lið sem snúa að verkalýðshreyfingunni, en mér finnst þetta lýsa nokkuð áhuga hv. þm. fyrir þessu ágæta máli að þeir skuli ekki vera fleiri hér til þess að taka þátt í umræðunni þegar frv. er lagt fram.

Það er ekki ofsagt að íslensk verkalýðshreyfing og félagssamtök hennar, bæði Alþýðusamband Íslands og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, sem og fleiri samtök, gegna mjög veigamiklu hlutverki í íslensku þjóðfélagi og störf þessara samtaka og einstakra félaga verkalýðshreyfingarinnar eru mjög þýðingarmikil fyrir íslenskt lýðræði. Verkalýðshreyfingin hefur til þessa þurft að standa svo til ein og óstudd að því að reka sína fræðslustarfsemi og væri hægt að rekja þá sögu langt aftur í tímann, með hvaða hætti það hefur verið gert. Skal það nú ekki gert að sinni. Hins vegar má segja það að þegar Menningar- og fræðslusamband alþýðu var stofnað árið 1968 fyrir tilstuðlan og af hálfu Alþýðusambands Íslands hafi verið stigið mjög merkt skref í þeim efnum sem m.a. kemur fram í frv. sem hér er til umræðu.

MFA hefur gegnt mjög veigamiklu hlutverki fyrir íslenska verkalýðshreyfingu og ég vil ekki segja aðeins fyrir íslenska verkalýðshreyfingu heldur fyrir íslensku þjóðina í heild vegna þess að innan MFA hefur farið fram fræðsla og kynning á atriðum sem skipta mjög miklu máli í sambandi við störf verkalýðshreyfingarinnar og almenn samskipti við aðrar stéttir og þá ekki hvað síst í sambandi við samningagerð. Það er eiginlega hægt að segja það að eftir að Menningar- og fræðslusamband alþýðu tók til starfa hafi sú upplýsing og fræðsla farið fram innan verkalýðshreyfingarinnar, þ.e. þess hluta sem er innan ASÍ, sem hefur haft það í för með sér að verkalýðshreyfingin nálgast með allt öðrum hætti sína kjarasamninga en tíðkaðist hér áður fyrr. Ég vil þakka því m.a. að innan MFA hefur farið fram ákveðin fræðsla, skipuleg, um það með hvaða hætti væri hægt að ná jafngóðum og ef ekki betri árangri en áður tíðkaðist þegar allt lenti í hnút og verkalýðshreyfingin þurfti að fylgja sínum málum eftir á grundvelli verkfalla. En með aukinni fræðslu og menntun hefur forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar tekist að ná betri tökum á viðfangsefninu, jafnframt því sem skilningur hefur aukist hjá hinum almenna félagsmanni.

Ég fagna því að þetta frv. skuli vera hér fram komið um Félagsmálaskóla alþýðu og mér finnst það við hæfi að hið opinbera taki á málinu með þeim hætti sem fram kemur í frv.

Eins og hæstv. ráðherra sagði í framsöguræðu sinni eru meginmarkmiðin í frv. flest hin sömu eins og voru þegar MFA var stofnað, enda hefur starfað að samningu frv. nefnd sem í hafa átt sæti menn sem hafa mikla reynslu í verkalýðshreyfingunni og vil ég, með leyfi forseta, lesa þá upp þannig að það komi fram í þingtíðindum hvaða aðilar hafa átt hér hlut að máli. Ég held að hæstv. ráðherra hafi ekki gert það. Frv. er samið af starfshópi sem hæstv. núv. ríkisstjórn samþykkti að skipa að tillögu félmrh. Í starfshópnum, sem var skipaður 15. nóv. 1988, áttu sæti Helgi Guðmundsson, tilnefndur af Menningar- og fræðslusambandi alþýðu, Karl Steinar Guðnason, tilnefndur af þingflokki Alþfl., Ragnar Arnalds, tilnefndur af þingflokki Alþb., Þóra Hjaltadóttir, tilnefnd af þingflokki Framsfl., og Gylfi Kristinsson, skipaður formaður án tilnefningar. Allt hefur þetta fólk mikla reynslu og þekkingu í sambandi við verkalýðshreyfinguna og gildir einu þótt það sé — þetta er að vísu faglega skipað, mundi hafa verið sagt, að undanskildu því að þarna er náttúrlega allt í einum lit. Þarna vantar að minni hyggju sjálfstæðismann. Það breytir þó engu um það að þetta er sameiginlegt átak verkalýðshreyfingarinnar og þessi nefnd hefur tekið tillit til þeirra meginatriða sem verkalýðshreyfingin kom sér saman um 1968 og við tókum öll þátt í sem þá vorum í forustu ASÍ.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta, virðulegi forseti. Ég vildi láta koma fram þá skoðun mína að ég styð

frv. Það er spursmál um það hvar eigi að vista þessa stofnun. Þá kemur upp spurningin hvort þetta eigi að vera undir félmrn. eins og frv. gerir ráð fyrir eða menntmrn. Ég ætla að fá að athuga þetta svona í meðferð málsins hér í þinginu, hver mín skoðun verður á því, en líklegast er hyggilegt að vista það í félmrn. eins og gert er ráð fyrir.

Að lokum, virðulegi forseti, þá lít ég á þetta sem mjög þýðingarmikið frv. í nútímaþjóðfélagi þar sem krafist er aukinnar menntunar á sviði félagslegra samskipta og í öllu er lýtur að samningsgerð, því sem tengist beinum kjörum fólksins. Ég vil því segja að lokum og endurtaka það að frv. mun örugglega verða til styrktar því meginmarkmiði okkar að skapa meiri frið og öryggi á vinnumarkaðinum á grundvelli þess að fólk sé vel upplýst um rétt sinn, stöðu og möguleika í sambandi við afkomu sína og framtíðarkjör.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð um þetta mikilvæga mál sem ég tel hið ágætasta og fagna því að það skuli hér komið fram. Það varðar réttindamál launþega, það varðar rétt þeirra til þess að öðlast meiri færni og þekkingu í því að verja rétt þeirra og ávinna sér réttindi og það varðar réttindi þess til fullorðinsfræðslu sem mikil þörf er á í okkar þjóðfélagi. Hún hlýtur að verða í misjöfnum farvegi, allt eftir því hvað við á. Betur væri reyndar ef hún væri meiri, en þetta er þróun sem er öll í jákvæða átt.

Ég held, vegna orða hv. 14. þm. Reykv. um að skipta upp verkalýðshreyfingunni á milli stjórnmálaflokkanna, hinna fjögurra gömlu stjórnmálaflokka, *að það sé í raun röng stefna og úrelt.* Það sem skiptir meginmáli er að þeir sem hafa einhverja kunnáttu í sambandi við þessi mál og reynslu hafa unnið að því að semja frv. Það er auðvitað meginmál.

Það hefur ekki gefist mikill tími til að kynna sér frv. nákvæmlega en við fljótlestur á því sýnist mér það vera hið ágætasta og tel rétt að hið opinbera taki að sér að styðja þennan skóla með fjárframlögum. Það mun gefast betra tækifæri til þess að kynna sér málið við umfjöllun í nefnd og mun ég biðja um áheyrnaraðild að nefndinni við umfjöllun málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

NEÐRI DEILD

79. fundur, miðvikudaginn 12. apríl, kl. 1.30 miðdegis.

Um þingsköp.

Framlagning stjfrv. fyrir eindaga, fundahald o.fl.

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er ekki ætlun mín að tefja það að þingmál komist til nefnda, en ég kemst ekki hjá því að gera hérna ákveðnar athugasemdir í upphafi þessa fundar sem hefst á nokkuð óvenjulegum tíma.

Sl. mánudag rann út frestur til að skila inn þingmálum sem menn gerðu svo sannarlega svikalaust og síðan þá og fyrr hefur beinlínis skæðadrífa þingmála verið stanslaus inn á borð þingmanna svo að ekki hefst undan að kynna sér efni þeirra og ríkisstjórnin hefur svo sannarlega ekki látið sinn hlut eftir liggja, en eins og kunnugt er hafa frumvörp ríkisstjórnarinnar ákveðinn forgang í þinghaldinu sem erfitt er að hnekkja.

Um 65 ný þingmál voru skráð á mánudaginn var og samkvæmt upplýsingum skjalavarða munu hafa borist ekki færri en 30 ný stjórnarfrumvörp síðustu daga. Óafgreidd stjórnarfrumvörp eru nú 71 talsins og sex þingsályktunartillögur frá ríkisstjórninni eru óafgreiddar.

Í upphafi þingsins lagði stjórn þingsins þær línur að þinghaldi skyldi ljúka 6. maí. Þrátt fyrir þetta hafa ráðherrar og formenn annasamra þingnefnda gefið sér tóm til utanlandsferða eins og tíminn og annirnar væri þeim ekkert áhyggjuefni. Mitt í þessu öllu fer stjórn þingsins fram í tilkynningaformi en samráð er nákvæmlega ekkert, a.m.k. ekki við þingflokk Kvennalistans. Forseti deildarinnar, Kjartan Jóhannsson, lýsti fyrir um að bil mánuði ákveðnum verklagsreglum sem hann vildi gjarnan viðhafa og lýsti áhuga sínum á því að hafa gott samstarf við þingmenn svo allt mætti verða með sem ágætustum hætti. Þetta verklag virðist nú þegar tekið að rykfalla. Ekkert samráð hefur verið um tilhögun þinghalds undanfarna daga. Í gær hófst þingfundur hér skömmu fyrir kl. 2 að loknum stuttum fundi í Sþ., en sá fundur var á þeim óvenjulega tíma vegna þess að daginn áður voru ekki nægilega margir þingmenn til þess að greiða atkvæði og koma vegáætlun til nefndar. Dagskrá fundarins í gær var mjög löng, en henni *varð þó að mestu lokið á þessum fundi sem stóð til* kl. að ganga átta í gærkvöldi, en þá voru að vísu aðeins örfáar hræður eftir í þinghúsinu. Ekkert samráð var haft um tilhögun þess fundar fremur en annarra, enda þótt í þeim verklagsreglum sem ég fyrr nefndi og voru kynntar hér fyrir um það bil mánuði sé talað um að fundi skuli ljúka að jafnaði um kl. 17 á þriðjudögum, en sé ætlunin að hafa það öðruvísi sé það tilkynnt í upphafi fundar og, eins og ég sagði áðan, áhersla lögð á samráð við þingmenn.

Í morgun er okkur svo tilkynnt að fundur hefjist í dag á óvenjulegum tíma kl. 1.30 og jafnframt að ætlunin sé að hefja fund á föstudaginn kl. 1, sem sagt tilkynningar á tilkynningar ofan en ekkert samráð. Þetta er að mínum dómi ekki aðeins ókurteisi og tillitsleysi og óvirðing gagnvart tíma þingmanna, sem af veikum mætti eru að reyna að skipuleggja tíma sinn þannig að hann nýtist nú sem best, heldur er þetta algert brot á reglum sem forseti kynnti fyrir mánuði og þetta er brot á verklagshefðum og samskiptavenjum hér í þinginu. Ég hlýt því að mótmæla harðlega þessari framkomu og óska eftir því við forseta þings-

ins að sem fyrst verði boðað til samráðsfundar með fulltrúum þingflokka um þinghaldið á næstu vikum.

Það er borin von að þingið afgreiði allt sem óafgreitt er og við verðum ekki síðar en nú að reyna að ná samkomulagi um tímasetningar og afgreiðslu mála. Það eitt er víst að þinghaldið gengur ekki með þessu lagi. Stjórn þingsins getur ekki leyft sér slíka framkomu og yfirgang gagnvart þingmönnum.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég vil mjög sterklega taka undir það sem hv. 10. þm. Reykn. sagði í sinni ræðu áðan. Það [illegible]að sjálfsögðu alveg óþolandi að dag eftir dag skuli vera boðað til þingfunda utan reglulegs fundatíma án þess að fullt samráð sé haft um það á milli flokka. Eins og fram kom hjá hv. þm. munu nú liggja um 30 stjórnarfrv. á borðum manna sem var útbýtt á mánudag og þriðjudag. Það gefur auga leið að þingmenn verða að fá tíma til þess að kynna sér þessi mál. Ég vil í því sambandi fagna því að hv. forseti þessarar deildar skuli taka þmfrv. jafnmikið á dagskrá í dag og raun ber vitni þannig að mönnnum gefst þá betra tóm til að íhuga þau stjórnarfrumvörp sem lögð voru fram á mánudag og þriðjudag. Mér sýnist reyndar annar háttur vera hafður á í Ed., en það er að vísu ekki okkar mál hér í Nd.

Það er krafa okkar þingmanna í stjórnarandstöðunni að ef til þingfunda er boðað utan reglulegs fundatíma, hvort sem það er fyrir kl. 2 á daginn eða eftir kl. 7 á kvöldin þegar kvöldfundir eru, sé um það fullt samráð á milli þingflokka, það sé gert í samráði við formenn þingflokka og menn viti það með góðum fyrirvara. Ég vissi t.d. ekki um þennan fund kl. hálftvö í dag fyrr en mér barst símleiðis tilkynning kl. eitthvað um ellefu í morgun og ég var búinn að ráðstafa mér til tvö í dag og varð að gera ráðstafanir til þess að losa mig og ég veit að þannig var um marga aðra þingmenn. Ég vil mjög sterklega taka undir þessi aðfinnsluorð hv. 10. þm. Reykn.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég get tekið undir þau aðfinnsluorð sem hér hafa verið töluð og verð að segja það eins og það er að ég vissi ekki um að þessi fundur væri á óvenjulegum tíma heldur sjálf. Ég heyrði það eins og ýmsir hv. þm. hér á göngum.

Fyrir þessu eru ýmsar ástæður. Hingað til höfum við svo sannarlega reynt að haga þinghaldi þannig að fundir væru á reglulegum tíma og síðast þegar formenn þingflokka hittust og ræddu þinghaldið með hæstv. forsrh. voru engar horfur á öðru en þinghald gæti farið fram með venjulegum hætti og starfsáætlun þingsins héldist.

Í þessari viku hefur ekki verið haldinn slíkur fundur einfaldlega vegna þess að einn hæstv. forseta, forseti Nd., hefur verið fjarverandi vegna veikinda og var beðið eftir honum, en það hefur aðeins dregist þannig að það verður að kalla saman fund þótt hann sé ekki viðstaddur og hefði verið gert ef við hefðum ekki átt von á honum dag hvern.

En síðan verð ég að segja það alveg hreinskilnislega að það kom mér mjög á óvart að sjá þá skæðadrífu sem féll hér inn af stjórnarfrumvörpum á síðasta degi, þ.e. 10. apríl, og það verður að finna um það til hvers er ætlast af þinginu í þeim efnum. Ég lít svo á að flest þeirra hljóti að vera eingöngu til þess að sýna. Það er varla hægt að ætlast til þess að þingið afgreiði öll þessi mál á þessu þingi. Það held ég að sé alveg af og frá. Og hér held ég að hafi verið mjög óvenjulega mikið magn af þingmálum á einum degi.

Ég skal svo sannarlega boða til fundar með þingflokksformönnum og hæstv. forsrh. um hvernig þinghaldi skuli hagað á næstu vikum og til hvers sé ætlast af þinginu, hvaða mál skuli hafa forgang og hver megi bíða.

Ég þakka hv. þm. fyrir að vekja athygli á að þessi gangur mála hæfir að sjálfsögðu ekki og mun verða reynt að bæta úr því sem verða má.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs til að óska eftir því að við fengjum lista yfir þau frumvörp sem ríkisstjórnin leggur höfuðáherslu á að koma fram og flokkað í þrennt þannig að það verði líka listi yfir það sem verði reynt að koma fram ef það sé hægt og það sé ekki ætlast til að við fjöllum mikið um hér annað en koma því til nefndar.

Ástæðan fyrir því er sú að eftir því magni sem er búið að leggja fram og öll þau mál sem eru óafgreidd treysti ég mér fyrir mitt leyti ekki til að kynna mér þessi skjöl og þess vegna vil ég vita hvað á að sitja fyrir eða verður að sitja fyrir og ég óska eftir því að það verði gert sem fyrst að flokka þetta í þrjá flokka.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Það er ágætt að menn ræði um skipulag þingstarfa á þessum tíma rétt eftir lokadag í sambandi við þingmálin sem skilað er hér inn. Það sýnir að það er full þörf á því að hafa reiður á störfum þingsins næstu vikurnar eða þangað til þingi lýkur og má mikið vera ef það tekst að halda þá áætlun sem forseti Sþ. hefur kynnt mönnum og kynnti þegar í haust á þeirri stundaskrá sem við fengum þá. Ég vil taka það fram sem annar varaforseta í deildinni að það er sjálfsagt að hafa sem best samráð við stjórnarandstöðu um þinghaldið og fundi í deildinni. Ég hygg að það sé einfaldlega yfirsjón hjá okkur sem höfum verið að hlaupa í skarðið fyrir aðalforseta deildarinnar sem hefur boðað veikindaforföll, er veikur nú undanfarna daga, að rækja ekki þetta samráð við stjórnarandstöðuna vegna breytts fundartíma sem skyldi. Það er áreiðanlega enginn ásetningur að breyta frá því sem forseti deildarinnar hafði boðað í sinni tilkynningu, þær verklagsreglur sem hann þá kynnti.

Ég tel hins vegar ekki ástæðu fyrir þingmenn að hafa uppi stór orð um það þó að hér snjói inn þingmálum. Það er einfaldlega afleiðing af því að við höfum sett okkur eindaga í þeim efnum sem meginreglu og menn eru að reyna að uppfylla hana. Mér

sýnist bæði stjórn og stjórnarandstaða keppast þar við og eiga sinn góða hlut í þeim þingmálum sem þar koma fram og liggja fyrir. Síðan mun það að sjálfsögðu ráðast og verða samningsatriði m.a. hvaða mál það eru sem ná afgreiðslu í þinginu.

Ég vil nefna það hér vegna þess að það er eitt af því sem snýr að verklagi hér í deildinni að í gær á hinum fasta fundartíma samkvæmt þeim reglum sem boðaðar höfðu verið var ég í forsetastóli upp úr kl. 4 og hugðist koma málum sem þá voru útrædd til nefnda, en þá reyndist ekki vera nægur fjöldi þingmanna í þingsal til að taka þátt í atkvæðagreiðslu. Það vantaði á að atkvæðagreiðsla gæti farið fram, voru ekki nógu margir þingmenn mættir og í þeim hópi þingmenn sem ekki höfðu tilkynnt fjarvistarleyfi. Ég hygg að í þinghúsi hafi að vísu verið 22 þingmenn samkvæmt þeirri töflu sem er í borði forseta, en það var ekki nægur fjöldi í þingsal og fjarverandi voru bæði stjórnarliðar og stjórnarandstæðingar í þingdeildinni. Ég hef ekki tölur um það út af fyrir sig, en það skorti sem sagt á það að menn ræktu sínar þingskyldur að þessu leyti og voru býsna margir fjarverandi. Þetta tefur þingstörfin og þarf að gæta þess að svo verði ekki ef við ætlum að ná landi með okkar störf innan þess tíma sem menn hafa sett sér.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Ég vildi beina til stjórnar þingsins þeirri spurningu hvaða nauður rekur til þess að halda sérstaka deildarfundi á föstudaginn. Sérstaklega í ljósi þess að forseti Sþ. hefur upplýst að það sé skilningur hennar að megnið af þeim stjfrv. sem hér hafa verið lögð fram séu aðeins til kynningar eða til sýnis. Mér hefur verið tjáð að það sé ráðgert að ræða skýrslu utanrrh. í Sþ. á mánudaginn. Þeirri skýrslu hefur ekki enn verið útbýtt og hygg ég að flestum þingmönnum veiti ekkert af að kynna sér hana fyrir þá umræðu, auk allra þeirra þingmála sem ríkisstjórnin hefur lagt fram til kynningar og sýnis, þannig að ég held að mönnum veiti ekkert af þeim tíma. Ég beini nú þeim tilmælum til þess fundar sem forseti Sþ. hefur boðað að haldinn verði að ákvörðun um að halda deildarfundi á föstudaginn verði endurskoðuð.

Ég vil síðan taka undir þakkir til forseta deildarinnar fyrir að halda á dagskránni nokkrum þmfrv. Það eru að vísu tvö frv. þarna sem ég þekki til sem voru lögð fram hér þann 7. mars og forseti hafði tjáð mér að mundu komast á dagskrá í dag. Vænti ég þess að svo verði þó svo að ég geri mér grein fyrir því að ráðherrum Alþfl. er eflaust mikið kappsmál að koma frv. um hagstofnun landbúnaðarins til nefndar í dag.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég held að mergurinn málsins í þessari umræðu sé að það fari fram samráðsfundur og verði ráðað upp þeim málum sem ríkisstjórnin og aðrir telja að eigi að afgreiða fyrir þinglok. Það er einnig fyrir nefndarformenn nauðsynlegt að vita hvað af þeim málum sem í vinnslu eru er lögð áhersla á að verði afgreidd fyrir þinglok. Að öðru leyti sé ég ekki neitt athugavert við það þó að það séu þingfundir t.d. á föstudag vegna þess að það eru nóg verkefni og nóg af málum sem fyrir liggur. Það er einn frídagur í næstu viku og tíminn líður ört. Það er ekki nýtt að það sé vinnuálag hér. Mergurinn málsins er að gera áætlun um hvað á að afgreiða fyrir þinglok.

Kristinn Pétursson:

Háttv. forseti. Ég sé ástæðu til að minna á það í tilefni þessarar umræðu um þingsköp að það var löngu ljóst að það þyrfti að skipuleggja hvað ætti að afgreiða. Það kemur mér satt að segja á óvart að menn koma síðan hér og eru hálfhissa á því allt í einu að það skuli vera mikið eftir að afgreiða í þinginu. Ég vara við því að það sé verið að afgreiða í flaustri mál sem eru mikilvæg. Síðan þarf að fara að laga þetta allt saman eftir á eða lenda í einhverri handvömm. Það þarf að skipuleggja tímann vel til þess að nýtingartími á störfum þingsins geti orðið bærilegur. Það er of seint að ætla að fara að gera þetta allt í einu á elleftu stundu eins og nú er komið. En það verður að reyna að gera það besta úr þessu. Auðvitað veit ég að fólk reynir að gera það. En mér finnst bara allt of seint að fara að vakna upp við það allt í einu núna að nú þurfi að fara að skipuleggja hlutina. Það átti að vera búið að því.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér hefur komið fram gagnrýni á að forseti þingsins hefur boðað þingheim til starfa hálftíma fyrr en venja er. Deildinni hefur tekist að eyða um 24 mínútum af þessum hálftíma í almennt kjaftæði þannig að þau 20 mál sem á dagskrá eru bíða þar enn. Jafnframt hefur hver eftir annan komið hér upp og lýst því yfir að nú þurfi einhverja yfirstjórn til að ákveða hvaða mál eigi að fara í gegnum þingið og hver ekki. Að sjálfsögðu er það deildarinnar og hennar einnar að ákveða hvað hún lætur fara í gegn og ekki annarra.

Ég er ekki hrifinn af því yfirstjórnartali sem hér hefur gengið og að þingmenn gleymi því að það er deidarinnar og þeirra sjálfra að taka ákvörðun um hvað fer hér í gegn. Það er ansi aumt að mínu viti. Það minnir þá á það að menn eru að láta í það skína að þeir séu fyrst og fremst hér til að þjóna einhverjum öðrum öflum en að standa skil á þeirri þingskyldu sinni sem þingmenn að vinna að því að semja lög eins og samviska þeirra býður.

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður mjög, enda, eins og hér hefur sannarlega komið fram, höfum við nóg annað að gera. Ég vil hins vegar þakka þeim sem hafa brugðist við þeim athugasemdum sem ég færði fram í upphafi þingfundar og gerðu það allir af miklum ágætum nema hv. síðasti ræðumaður sem kallaði það kjaftæði sem við höfum verið að ræða hérna. Ég held að hans orð byggist á algerum misskilningi. Það er ekki hægt fyrir þing-

deildina að ráða þessu á þann hátt sem hann talar um. Það er ekki bara yfirstjórn þingdeildarinnar heldur samráðið sem við erum að kalla eftir. Það er það sem ég bað um og óska eftir og ætlast til, og það held ég að aðrir þingmenn taki undir, að það sé haft samráð við þingmenn um þetta.

Það hefur komið í ljós í þessum umræðum að það hefur fleiri ofboðið en mér sú skæðadrífa þingmála sem hefur verið inn á okkar borð, jafnvel forseta sameinaðs Alþingis. Það er hins vegar misskilningur að ég sé beinlínis að gagnrýna það þó að hér komi fram mörg þingmál. Þau eru mörg góð og gegn. Það er hins vegar dálítið erfitt að horfa fram á að geta ekki kynnt sér þau almennilega ef á að ræða þau öll og þess vegna hljótum við að kalla eftir því að fá að vita hvaða þingmál á að ræða af þeirri alvöru að við getum búist við því að þau verði afgreidd í vor og þá vil ég enn leggja áherslu á að ég er að tala um samráð en ekki tilskipun að ofan um það hvaða þingmál eigi að afgreiða. Ég er sem sagt ekki að gagnrýna fjölda þingmálanna heldur skipulagninguna. Og ég þakka forsetum þingsins sem hér hafa tekið til máls og tekið undir þá ósk þingmanna að það verði meira um samráð en verið hefur.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Það er að sjálfsögðu eðlilegt að óskað sé eftir sem mestu og bestu samstarfi um þingstörfin, en mér kemur nokkuð spánskt fyrir sjónir sú umræða sem hér verður af þeim sökum að menn hafa kostað kapps um að koma sínum málum fram fyrir þann frest sem settur var inn í þingskapalög núna fyrir fáeinum árum. Sá eindagi var einmitt settur inn til þess að forða því og afstýra, sem áður hafði viljað brenna mjög við, að jafnvel stórmál komu fram á síðustu dögum þingsins þegar ekki voru þó fimm eða sex vikur eftir af starfstíma Alþingis heldur jafnvel aðeins fáeinir sólarhringar. Ég hygg að hv. þm. megi hugleiða hvort ekki sé þó mun betra að hafa þennan eindaga og virða hann þannig að það sé tryggt að a.m.k. sé þó þessi tími til að fjalla hér um mál sem að sjálfsögðu eru ævinlega og í öllum tilvikum rædd af fullri alvöru. Um það þarf ekki að ræða.

Forseti (Óli Þ. Guðbjartsson):

Áður en forseti slítur umræðunni vildi hann aðeins geta þess að ástæður fyrir því að lagt var til að boða til þessa fundar hálftíma fyrr en venja er voru tvær. Sú fyrri óvenjulegur fjöldi mála, þ.e. níu, sem kæmu til atkvæða í upphafi fundar. Það var að vísu ekki ljóst fyrr en undir kl. 19 í gærkvöld. Seinni ástæðan var sú að forseta gekk það til, eins og raunar hefur komið fram í umræðunum, að ná á dagskrá einum sex þmfrv. eins og heitið hafði verið fyrir fram. Í umræðunum hefur komið greinilega fram, og auðvitað er það svo að forseti getur undir það tekið að flest af því sem hér hefur fram komið voru orð í tíma töluð, að væntanlega verður samráðsfundur til að bæta þar úr um það sem okkur hefur því miður orðið á í skorti á samráði, þeim sem hafa hlaupið hér í skarð fyrir þá sem meginábyrgð bera í þessum efnum.

Aðskilnaður dómsvalds og umboðsvalds í héraði, frh. 1. umr.

Stjfrv., 182. mál. — Þskj. 731 (sbr. 204).

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til allshn. með 29 shlj. atkv.

Hreppstjórar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 199. mál (skipun, aðsetur sýslumanns o.fl.). — Þskj. 733 (sbr. 251).

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og til allshn. með 31 shlj. atkv.

Þinglýsingalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 200. mál (þinglýsingarstjórar). — Þskj. 732 (sbr. 257).

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til allshn. með 31 shlj. atkv.

Lögbókandagerðir, frh. 1. umr.

Stjfrv., 247. mál. — Þskj. 457.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og til allshn. með 32 shlj. atkv.

Lagmetisiðnaður, frh. 1. umr.

Stjfrv., 407. mál (hlutafjárframlög). — Þskj. 767.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til iðnn. með 30 shlj. atkv.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg, frh. 1. umr.

Stjfrv., 410. mál (stofnun hlutafélags). — Þskj. 770.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og til iðnn. með 31 shlj. atkv.

Skógrækt, frh. 1. umr.

Stjfrv., 412. mál (heildarlög). — Þskj. 772.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til landbn. með 32 shlj. atkv.

Náttúruvernd, frh. 1. umr.

Stjfrv., 414. mál (landverðir). — Þskj. 774.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og til menntmn. með 32 shlj. atkv.

Íslensk málnefnd, frh. 1. umr.

Stjfrv., 415. mál (nefndarmenn). — Þskj. 775.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til menntmn. með 31 shlj. atkv.

Vöruhappdrætti Sambands íslenskra berklasjúklinga, 3. umr.

Stjfrv., 369. mál (gildistími rekstrarheimildar). — Þskj. 692.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Jöfnun á námskostnaði, 2. umr.

Stjfrv., 175. mál. — Þskj. 589, n. 819.

Frsm. menntmn. (Ragnar Arnalds):

Herra forseti. Menntmn. deildarinnar hefur fjallað um frv. til laga um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði. Þetta frv. er komið frá Ed. og á sér alllanga sögu því að þetta mál hefur verið hér til umræðu í þinginu í mörg ár. Menn hafa bent á það að framlög í þessum tilgangi, þ.e. til jöfnunar á námskostnaði þeirra sem stunda framhaldsnám en búa fjarri heimilum sínum — stunda nám fjarri heimilum sínum og búa í heimavistarskólum — hafi mjög rýrnað á þessum áratug, stóðu reyndar í stað árum saman, og því væri brýn nauðsyn á að koma fastari skipan á þessi mál þannig að þessi framlög rýrnuðu ekki áframhaldandi, heldur væri ákveðin viðmiðun sett sem tryggði að lögin næðu tilgangi sínum. Sá sem hér stendur flutti reyndar frv. þessa efnis nokkrum sinnum um miðjan þennan áratug án árangurs, en að lokum varð það niðurstaðan að sett var nefnd til að endurskoða þessa löggjöf og hún hefur nú skilað árangri sem er það frv. sem hér er til umræðu.

Frv. hefur verið samþykkt í Ed. og er nú hér til 2. umr. í Nd.

Umsagnir bárust um frv. fyrst og fremst frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun og þessar umsagnir sem lúta að kostnaði sem samþykkt frv. hefur í för með sér fylgja hér sem fylgiskjöl við nál.

Herra forseti. Það er sem sagt einróma niðurstaða nefndarinnar að mæla með samþykkt frv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.–7. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Hagstofnun landbúnaðarins, 1. umr.

Stjfrv., 413. mál. — Þskj. 773.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um hagstofnun landbúnaðarins.

Frv. gerir ráð fyrir að stofnuð verði hagstofnun landbúnaðarins og verði hún starfrækt á Hvanneyri í Borgarfirði í nánum tengslum við búvísindadeild bændaskólans þar.

Markmið og verkefni hagstofnunar landbúnaðar-

ins eru einkum eftirfarandi: Að hafa yfirumsjón og skipuleggja búreikningahald ásamt því að annast samræmda úrvinnslu búreikninga, að vinna hagskýrslur í landbúnaði ásamt ýmiss konar sérverkefnum, að vinna grunnvinnu fyrir verðlagningu búvara, að stuðla að aukinni notkun búreikninga við rekstrarkannanir og áætlanagerð, að hafa á höndum framkvæmd og umsjón með almennum hagrannsóknum í landbúnaði og þá ekki síst í tengslum við búvísindanámið á Hvanneyri, að hafa umsjón með hagrænum leiðbeiningum í landbúnaði og annast ýmiss konar útgáfustarfsemi. Kennsla í landbúnaðarhagfræði í samráði við búvísindadeildina yrði líka eitt af meginverkefnum stofnunarinnar.

Á undanförnum árum hafa bæði búnaðarþing og aðalfundur Stéttarsambands bænda hvað eftir annað ályktað um nauðsyn þess að koma á fót einhvers konar hagstofnun fyrir landbúnaðinn þar sem á einni hendi væru hagtölur landbúnaðarins og þar sem hagfræðilegar áætlanir fyrir greinina yrðu unnar. Þörfin fyrir markvissa vinnu á þessum vettvangi er brýnni nú en nokkru sinni fyrr og því mikilvægt að þessi mál séu nú tekin til endurskoðunar og skipulögð á sem bestan veg.

Færsla búreikninga er nú skipulögð með tvennum hætti, annars vegar á Búreikningastofu landbúnaðarins undir yfirstjórn Búnaðarfélags Íslands og hins vegar eru þeir búreikningar sem færðir eru hjá búnaðarsamböndunum sjálfum með svokölluðu bændabókhaldi. Gildandi lög um búreikningastofu landbúnaðarins voru endurskoðuð á árunum 1966–1967 og var þá lagður grunnur að því tölvuvædda uppgjöri búreikninga sem fer nú fram hjá búreikningastofunni. Ljóst er að forgangsverkefni við mótun búreikningahalds í framtíðinni er að skipuleggja upplýsingaöflun með færslu búreikninga hjá bændum þannig að hægt sé að afla þeirra gagna sem þörf er á um afkomu bændastéttarinnar í heild, svo og þann mismun sem er innan hennar, upplýsinga til að grundvalla á verðlagningu búvara og ýmsar tegundir hagrannsókna. Þetta væru sem sagt og hljóta að verða forgangsverkefni við uppbyggingu þessa starfs. Jafnframt er nauðsynlegt að samræma að fullu það reikningsform sem unnið er eftir. Ríkisvaldið fjármagnar nú þegar og hefur yfirumsjón með margvíslegri gagnaöflun og gagnaúrvinnslu er varðar landbúnaðinn. Má þar til að mynda nefna Búnaðarfélag Íslands, Búreikningastofu landbúnaðarins, Framleiðsluráð landbúnaðarins, Hagstofu Íslands og Þjóðhagsstofnun.

Sem almenn rök fyrir þátttöku ríkisvaldsins í leiðbeiningaþjónustu, gagnaöflun og rannsóknum varðandi atvinnuveginn, landbúnaðinn, má m.a. færa fram eftirfarandi: Leiðbeiningar, fræðsla og þar með aukin þekking framleiðenda sem og annarra eiga að skila sér í arðbærari rekstri og lægra verði til neytenda og betri afkomu framleiðenda. Tæki hið opinbera ekki, a.m.k. að hluta, þátt í fjármögnun þessara liða mundu þeir án efa lenda að einhverju leyti inni í verðmyndun eða verðlagningu framleiðsluvaranna. Gagnaöflun er almennt samfélagslegt atriði. Grunnupplýsingar og söfnun staðreynda eru nauðsynlegar ýmissa hluta vegna, svo sem í sambandi við tryggginga- og skattamál. Í búvörulögum er kveðið á um upplýsingaskyldu hins opinbera við verðlagninguna. Þá má nefna að rannsóknir eru hér auðvitað sem annars staðar forsenda framfara og framþróunar bæði þeirra sem leiða til almennrar framþróunar í greininni og eins þess að með slíkum rannsóknum og slíku starfi er unnt að fækka eða afstýra mistökum.

Þátttaka ríkisvaldsins er nauðsynlegur þáttur í þessu sambandi einnig til að gefa niðurstöðum slíkrar stofnunar hlutleysi gagnvart öllum aðilum. Væri töluleg úrvinnsla einvörðungu á ábyrgð og undir stjórn bændasamtakanna væri viss hætta á því að þeim upplýsingum sem þaðan kæmu væri tekið með ákveðnum fyrirvara um hlutdrægni af hálfu þeirra aðila sem standa annars vegar borðsins. Þetta atriði er afar mikilvægt hvað varðar þann trúnað sem þær niðurstöður verða að fá sem birtast á vegum stofnunarinnar og frá henni.

Á móti kostnaði sem ríkissjóður tæki á sig vegna starfrækslu hagstofnunar landbúnaðarins kæmi sparnaður vegna yfirtöku verkefna Búreikningastofu landbúnaðarins og jafnframt er hugsanlegt að staða hagfræðiráðunautar hjá Búnaðarfélagi Íslands flyttist til hagstofnunar landbúnaðarins og að sparnaður yrði í rekstri búvísindadeildar á Hvanneyri vegna sameiginlegrar nýtingar starfskrafta til starfsemi hagstofnunar og til kennslu.

Fyrsti kafli frv. fjallar um hagstofnun og aðsetur hennar og hlutverk. Hlutverk stofnunarinnar er síðan ítarlega rakið í 2. gr. frv.

Í II. kafla, frá og með 3. gr. frv., er fjallað um skipan, stjórn og hlutverk stjórnar hagstofnunar og þar er gert ráð fyrir að stjórnin annist ráðningu forstjóra sem síðan annist daglega stjórn stofnunarinnar í umboði stjórnar. Þar er og fjallað um það samstarf við aðrar stofnanir sem nauðsynlegt er talið.

Í III. kafla frv. er fjallað um bókhaldsstofur bænda. Þar er m.a. kveðið á um hlutverk og skyldur búnaðarsambandanna í uppbyggingu og framkvæmd búreikningahalds meðal bænda með stofnun og starfrækslu bóhaldsstofa fyrir bændur. Þar er gert ráð fyrir að færðir séu og gerðir upp búreikningar sem bæði eru ætlaðir til notkunar við leiðbeiningar fyrir viðkomandi bónda, svo og til gagnaöflunar til að mynda gagnagrunn fyrir upplýsingaöflunina í heild. Þar er einnig í þeim kafla kveðið á um eftirlit og umsjónarhlutverk hagstofnunar landbúnaðarins gagnvart bókhaldsstofunum.

Verði frv. þetta að lögum falla úr gildi lög um Búreikningastofu landbúnaðarins, nr. 20 frá því í apríl 1967.

Ég held að engum sem kynnt hefur sér þessi mál, herra forseti, blandist hugur um að mikil þörf er á að betrumbæta bæði söfnun og úrvinnslu hagrænna upplýsinga í landbúnaði. Slíkar upplýsingar eru í vaxandi mæli stjórntæki og undirstaða fyrir skipulagningu og áætlanagerð í greininni. Þá er það og ljóst að þær

þjóðhagslegu upplýsingar sem fyrir liggja og stuðst er við um landbúnaðinn í heild sinni byggja á mjög veikum upplýsingagrunni. Ég leyfi mér að fullyrða eftir því sem ég hef skoðað þau mál og m.a. rætt við starfsmenn á Þjóðhagsstofnun og víðar að á þeim bæ og annars staðar þar sem hagrænum upplýsingum landbúnaðarins er haldið til haga, a.m.k. að nafninu til, *væru menn fúsir til að viðurkenna að þeim hlutum* sé ekki svo vel fyrir komið sem skyldi. Án þess að ég ætli að fara að gera þeim ágætu sérfræðingum sem starfa á Þjóðhagsstofnun og Hagstofu Íslands upp orð eða skoðanir hef ég fengið það staðfest af ýmsum á þeim bæjum að þessum hlutum sé ekki nægjanlega vel fyrir komið og að ónógar og að ýmsu leyti takmarkaðar þjóðhagslegar upplýsingar liggi fyrir um málefni landbúnaðarins.

Ég hygg því að það sé ekki nokkur vafi á því að með tilkomu laga sem hér er flutt frv. um mundi verða gerð mikil bragarbót í þessum efnum. Það er að sjálfsögðu rétt að taka fram og undirstrika að hér á ekki að setja upp sjálfstæða Þjóðhagsstofnun eða Hagstofu fyrir þessa atvinnugrein heldur er þetta fyrst og fremst fagleg hagstofnun fyrir greinina og sá upplýsingagrunnur sem vonandi yrði lagður með starfi hagstofnunar og bókhaldsstofa á vegum búnaðarsambanda mundi að sjálfsögðu nýtast þeim aðilum sem færa saman þjóðhagslegar upplýsingar og ætlunin er að tryggja sem best og mest samstarf þar á milli. Benda má á í því sambandi að í 3. gr. frv. er gert ráð fyrir því að fulltrúar frá bæði Þjóðhagsstofnun og Hagstofu Íslands skipi menn í stjórn hagstofnunar landbúnaðarins.

Og ég lýk svo máli mínu, herra forseti, með því að leggja til að þessu máli verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. landbn.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju minni yfir því að þetta frv. liggur hér frammi. Það yrði illt til þess að vita að það fengi ekki nógu góða umfjöllun og næði fram að ganga á þessu þingi. En það er nú með það eins og fleiri mál núna að það er nokkuð seint á ferðinni til að búast megi við að það fái eins rækilega og vandaða umfjöllun og það þyrfti. Hins vegar sýnist mér í fljótu bragði, þó ekki hafi verið langur tími til að kynna sér þetta eins og þyrfti, að þarna sé um margt þarft og gott rætt.

Landbúnaðurinn hefur nú um árabil átt undir högg að sækja á ýmsum sviðum og ýmis þjóðfélagsöfl hafa sætt hverju færi að gera þessa atvinnugrein tortryggilega í augum þjóðarinnar. Þess vegna er mikilvægt, að mér finnst, að komið sé á fót óháðri ríkisstofnun sem fjallar um gögn, um afkomu þessarar atvinnugreinar á opinberan og hlutlausan hátt. Því aðeins verða niðurstöðurnar marktækar í augum almennings og allra þeirra sem málið varða. Bændasamtökin hafa um árabil sent frá sér ályktanir um nauðsyn þess að koma slíkri hagstofnun á fót þar sem hægt væri að ganga á einum stað að hagtölum landbúnaðarins og upplýsingum og staðreyndum um landbúnaðarmál. Ég tel það mjög mikilvægt að þetta sé samræmt á einum stað því að upplýsingar og staðfestar hagtölur eru undirstaða allra áætlana í hverri grein. Slík gagnastofnun gæti svo séð um úrvinnslu þeirra tölulegu staðreynda sem safnast til hennar.

Ég held einnig að hagrannsóknir í landbúnaði sem ætlast er til að þessi stofnun geti haft með höndum eða a.m.k. leggi grunninn að sé eitthvert brýnasta verkefni sem bíður í þessari atvinnugrein því eins og segir í grg. er líklegt að fé sem yrði lagt í þennan þátt mundi skila sér fljótlega aftur. Það eru aftur mín orð að í rauninni er ekki hægt að segja annað en að það sé fullkomlega ámælisvert að slíkar rannsóknir skuli aldrei hafa farið fram hér með markvissum hætti. Áreiðanlega væri margt með öðrum hætti í landbúnaðinum nú og í landbúnaðargreinum ef á þeim málum hefði verið tekið, við skulum segja þó ekki væri nema fyrir um 20 árum síðan, þó ekki sé farið lengra aftur.

Hlutverk hagstofnunarinnar er að sjá um samræmingu í bókhaldi m.a., bókhaldi landbúnaðarins. Búreikningastofa landbúnaðarins hefur séð um þau mál hingað til en hún yrði þá væntanlega lögð niður. En það er nauðsynlegt að bændur hafi aðstoð og leiðbeiningu í þessum málum, ekki síst í ljósi þess að þegar virðisaukaskattur verður tekinn upp má búast við að bændur séu í rauninni bókhaldsskyldir og þá þurfa þeir visst aðhald og aðstoð. Margir bændur, ekki síst einyrkjar, hafa takmarkaðan tíma til að sinna flóknu reikningshaldi og ekki kannski alltaf þá bókhaldsþekkingu sem þarf til. Þess vegna er þetta mjög mikilvægt fyrir þá að einhver stofnun hafi á hendi samræmingu á bókhaldinu til að tryggja að niðurstöðurnar séu marktækar.

Ég hefði viljað tala lengra mál um ýmsa þætti frv. og ég vænti þess að það gefist tími til þess þó seinna verði. En eins og ég sagði áðan þá er skammt síðan það kom á okkar borð og ég hef ekki haft tök á að kynna mér ýmsa þætti þess eins vel og ég hefði þurft að gera. Í fljótu bragði finnst mér að miðað við verkefni þau sem stofnuninni eru ætluð í frv. mundi e.t.v. þurfa fleiri starfsmenn en það kemur þá trúlega fljótlega í ljós. Efasemdir mínar eru líka komnar til vegna tregðu fjárveitingavaldsins til að heimila stöðugildi við sumar ríkisstofnanir þó að ekki sé kannski unnt að uppfylla skyldur stofnunarinnar með þeim stöðum sem heimilaðar eru. Síðan fá þær kannski ámæli fyrir það að sinna ekki sínum skyldum eða fara að öðrum kosti fram úr fjárlögum. Hvorugt er góður kostur.

Mér sýnist að hér sé það sett upp nokkuð raunhæft hver kostnaðurinn muni verða við þetta en það er eitt sem vekur athygli mína í því að ég sé hvergi gert ráð fyrir byggingarkostnaði eða húsnæði fyrir þessa stofnun. Ég vildi mega spyrja hvort fyrir hendi sé húsnæði á Hvanneyri. Það er í rauninni fleira sem þyrfti að ræða um í því sambandi. En ég vil lýsa ánægju minni með að þessari stofnun skuli ætlaður staður á Hvanneyri þar sem nú fer fram á eina staðnum á Íslandi háskólanám í búvísindum. Búvís-

indadeild hlýtur að verða styrkur að því að hagdeildin sé á staðnum. Það gefur tilefni til eflingar kennslu í hagrænum þáttum og samnýtingar á starfskröftum þessara stofnana sem ég held að sé líka mikilvægt og að þær séu í sem bestum tengslum hvor við aðra.

En alveg sérstaklega vil ég fagna því að þarna er tekið skref í þá átt að koma ríkisstofnun fyrir á landsbyggðinni. Það er einkennileg tregða sem ríkir í þeim málum nú á tölvuöld þegar auðvelt er að koma upplýsingum á milli landshluta og stofnana. Það er eins og allar þessar stofnanir sæki mjög fast á einn stað og sé erfitt að koma þeim þaðan. Stofnun sem fjallar um landsbyggðina og tengist henni á auðvitað að vera á landsbyggðinni þar sem rætur hennar eru og einkum þar sem kennsla fer fram í þeim þáttum sem hún tekur til. Ég hef ekki enn á þó nokkuð langri ævi náð því að skilja nauðsyn þess að höfuðstöðvar bændasamtakanna og landbúnaðarins þurfi allar að vera á einum stað við Hagatorg í Reykjavík.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Ég fagna þessu frv. sem hér liggur fyrir um hagstofnun landbúnaðarins. Ég vil geta þess að nefnd, sem vinnur að málefnum búnaðarfélagsins sem ég veiti forstöðu, var gerð að umtalsefni við afgreiðslu fjárlaga og við fjárlagaafgreiðsluna kom fram að þessi nefnd hefur með að gera tillögur um breytingar á skipulagsmálum landbúnaðarins. Það var gefin yfirlýsing um það við afgreiðslu fjárlaga að eitt af því sem nefndin hefur lagt til er það að setja upp hagstofnun á Hvanneyri og flytja þann þátt starfseminnar frá Búnaðarfélagi Íslands til Hvanneyrar. Þetta er þess vegna í fullu samræmi við það og raunar í samræmi við það sem hefur komið fram hjá samtökum landbúnaðarins að þörfin á þessu er mjög knýjandi. Ég get tekið undir með síðasta ræðumanni, hv. 7. þm. Norðurl. e., að auðvitað er það mál málanna fyrir landbúnaðinn í dag að auka ýmsa rannsóknarþætti og ekki síst gildi þess að fram fari hagrænar rannsóknir í sambandi við landbúnaðinn á Íslandi í nútíð og framtíð.

Ég vil geta þess að þetta er einnig í samræmi við álit nefndar, sem hefur verið og er að störfum enn, sem er að fjalla um skipan og leiðbeiningarþjónustuna í landbúnaðinum, þar á meðal búnaðarsamböndin og hlutverk þeirra, og þetta er einmitt einn veigamikill þáttur í tillögum þessarar nefndar, sem er skipuð mjög hæfum mönnum, að eitt fyrsta skrefið verði það að setja upp hagstofnun landbúnaðarins á Hvanneyri.

Það er eitt atriði sem ég vildi koma hér að nú við 1. umr. Það hefur komið fram gagnrýni frá búnaðarþingi að því er varðar skipan stjórnar fyrir þessa stofnun sem gerir ráð fyrir að þar verði fimm manna stjórn eins og kemur hér fram í II. kafla frv., í 3. gr. Búnaðarþing bendir á að það sé eðlilegra að þarna verði þriggja manna stjórn og vill mæla gegn því að fulltrúi frá Stéttarsambandi bænda eigi sæti í þessari stjórn. Í raun og veru get ég að mörgu leyti tekið undir þessa ályktun búnaðarþings. Mér finnst eðlilegra að þarna sé fyrst og fremst fulltrúi frá Búnaðarfélagi Íslands sem væri þá fulltrúi faglegra málefna bænda og annar tilnefndur af Hagstofu Íslands sem fulltrúi hagmála hins opinbera og hinn þriðji skipaður af landbrh. án tilnefningar. Þetta verður að sjálfsögðu skoðað nánar í landbn. þegar málið kemur þangað.

Ég vil taka undir það að ég tel að það sé mjög brýnt að þetta mál fái greiða göngu hér í gegnum Alþingi. Það er búið að ræða þetta mál mjög mikið í samtökum bænda og í öllum stofnunum landbúnaðarins á undanförnum árum og ég þarf ekki við það að bæta.

Ég vil svo að lokum segja að það er ákaflega mikilvægt fyrir bændasamtökin og landbúnaðarmálin yfirleitt að efla þær stofnanir sem landbúnaðurinn hefur komið upp úti um landið, ekki síst búnaðarskólana. Ég vil minna á að það er mjög öflug og vaxandi starfsemi við Bændaskólann á Hvanneyri. Eins og allir vita fer þar einnig fram háskólanám í búvísindum og þar fer fram vaxandi rannsóknastarfsemi sem er mjög mikilvæg fyrir landbúnaðinn í heild. Ég vil minna á að það er þörf á því að fara að undirbúa meiri flutning af rannsóknastarfsemi landbúnaðarins frá Reykjavík út um landið og þá ekki síst til bændaskólanna og þá sérstaklega til Hvanneyrar sem hefur alla möguleika á að taka á móti slíkri starfsemi. Auðvitað þarf að stefna að því að starfsemi RALA hér á Keldnaholti fari smátt og smátt á vissu tímabili öll frá Reykjavík og út í þessar stofnanir úti á landi. Það er miklu hagstæðara. Þarna er bæði til staðar húsnæði og sérmenntað fólk og það fólk sem kemur til með að starfa við hagstofnun landbúnaðarins nýtist örugglega að verulegu leyti við kennslustörf við bútæknistofnun þar sem fer fram hagfræðikennsla og allt sem tengist þessu starfi sem hér er verið að tala um að flytja þangað upp eftir.

Ég vil endurtaka að ég fagna mjög þessu frv. og vænti þess að það fái góða afgreiðslu hér á hv. Alþingi.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Ég fagna því að hér hefur verið lagt fram frv. til laga um hagstofnun landbúnaðarins og þakka hæstv. landbrh. fyrir að hafa fylgt því svo hlýlega úr hlaði. Á undanförnum árum hafa bæði búnaðarþing og aðalfundur Stéttarsambands bænda samþykkt ályktanir um nauðsyn þess að koma á fót hagstofnun landbúnaðarins þar sem á einni hendi væru hagtölur landbúnaðarins og þar sem hagfræðilegar áætlanir fyrir landbúnaðinn yrðu unnar. Ég hygg að nú um stundir séu það sérstaklega þessi hin hagrænu sjónarmið sem þurfi að leggja áherslu á að skoða í landbúnaði. Að sjálfsögðu þarf að fjalla nánar um einstaka þætti frv. og greinar og e.t.v. laga til einhver ákvæði þess. En í heild ber að fagna því að það er komið hér á borð þingmanna. Og alveg sérstaklega vil ég fagna því ákvæði í 1. gr. frv. þar sem segir: „Hagstofnun landbúnaðarins skal hafa aðsetur á Hvanneyri í Andakílshreppi og skal rekstur hennar vera í nánum tengslum við búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri."

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Ég vil taka undir með þeim sem hér hafa tekið til máls og lýsa ánægju minni yfir því að þetta frv. er fram komið. Frv. fjallar um það að fella saman í eina stofnun og einn farveg hagrannsóknir í landbúnaði og úrvinnslu gagna og síðan hagfræðilegar leiðbeiningar í þessari grein. Enda þótt það sé nokkuð tvírætt orðað í frv. sjálfu, þá finnst mér að það hljóti að vera einn af a.m.k. þremur meginþáttum þessa máls að tengja saman gagnaöflun úrvinnslugagna og leiðbeiningar. Þess vegna á það allt heima í þessari stofnun og yrði til þess að styrkja hana og gera hana hagkvæmari.

Ég tel einnig að það sé mjög við hæfi að tengja þessa starfsemi búvísindadeildinni á Hvanneyri, ekki einungis fyrir þá sök sem hér hefur komið fram, að með því sé verið að flytja starfsemi á vegum landbúnaðarins út á land eins og það er kallað, heldur ekki síst að í því felst hagkvæmni að geta tengt saman þessa starfsemi og starf búvísindadeildarinnar og þá kennslu sem þar fer fram og ekki síst hitt að á Hvanneyri í Borgarfirði hefur verið unninn mikill grundvöllur að öllum hagrannsóknum í landbúnaði hér á landi. Ég sakna þess nokkuð að í grg. með frv. skuli ekki vikið að þeirri sögu betur en gert er og hefði verið maklegt að þar væri hún rakin nokkru nánar þannig að nefnt væri nafn Guðmundar Jónssonar, fyrrv. skólastjóra á Hvanneyri. Hann er höfundur þeirra forma sem lengst af voru notuð við búreikninga hér á landi, var brautryðjandi í því að koma af stað búreikningum meðal bænda, safna þeim saman og gera þá upp og væri maklegt að hans væri getið þegar slíkt mál eins og þetta er flutt. Ég tel því að það sé til virðingar við þennan mæta mann að þessi starfsemi verði nú byggð upp á þeim stað þar sem hans lífsstarf var að meginhluta unnið.

Mér sýnist að frv. eins og það liggur fyrir sé allvel úr garði gert og er ekki með neinar sérstakar athugasemdir við það. Þar eru þó vitaskuld álitamál eins og gengur og gerist um slíkt efni, álitamál sem verða til athugunar í þingnefnd þar sem ég á sæti og sé ekki ástæðu til að fara út í þau efni. Ég hlýt að vara við því eins og við hverja aðra nýja stofnun og nýja starfsemi sem sett er af stað, enda þótt hér sé ekki í rauninni ný starfsemi heldur verið að flytja starfsemi til og safna henni saman á einn stað og í eina stofnun, að menn leitist við að gæta í hagstofnuninni sjálfri hagkvæmni þannig að hún þenjist ekki út og verði of mikið bákn. En ég hlýt einnig að vekja á því athygli að þó að hér sé um ríkisstofnun að ræða er gert ráð fyrir að hún selji sína þjónustu að hluta þannig að hún afli sér tekna og er það ekki nema eðlilegt.

Ég tek undir það sem hér hefur verið sagt um þýðingu hagrannsókna í landbúnaði og þýðingu hagfræðilegra leiðbeininga. Undir þeim kringumstæðum sem nú eru og í þeim miklu erfiðleikum sem nú steðja að landbúnaðinum og hafa gert á undanförnum árum er ekki síður nú og reyndar fremur nú en nokkru sinni nauðsyn að efla þessa grein, hagfræðilegar rannsóknir, söfnun upplýsinga, úrvinnslu gagna og síðan leiðbeiningar og ráðgjöf. Við þurfum mjög á því að halda og að því vona ég að sú lagasetning stuðli sem hér er verið að undirbúa.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, en ef ekki koma í ljós í vinnu landbn. um þetta mál einhver sérstök atriði sem ég hef ekki komið auga á enn þá sé ég því ekkert til fyrirstöðu að það mætti takast að afgreiða þetta mál á þessu þingi.

Friðrik Sophusson:

Herra forseti. Ég efast ekki um að það mál sem hér er til umræðu sé hið merkilegasta og að hlutverk þeirrar stofnunar sem kölluð er hér Hagstofnun landbúnaðarins sé mjög mikilvægt eins og kemur fram í greinargerð og reyndar í 2. gr. þessa frv. En frv. hlýtur þó að vekja ýmsar spurningar sem ástæða er til að fjalla örlítið um við 1. umr. þótt ég viðurkenni að ég hafi ekki haft tíma eða tækifæri til að fara ítarlega yfir þetta fyrirliggjandi frv. Það er að sjálfsögðu eðlilegt að skoða málið og ræða það efnislega í nefndum og fjalla um það með þeim hætti sem eðlilegt er þegar stjfrv. ganga til nefnda.

Það vekur hins vegar athygli og verður að segjast eins og er að þetta stjfrv. skuli vera lagt fram af ríkisstjórn sem Alþfl. á aðild að. Það vekur athygli einkum og sér í lagi vegna þess að Alþfl. hefur hvað harðast barist fyrir því að einfalda kerfið og draga úr yfirbyggingu og ríkisafskiptum, ekki síst í landbúnaði, og sú var tíðin, a.m.k. er það mín reynsla, að þegar við áttum sæti í ríkisstjórn ásamt Alþfl. hefði frv. á borð við þetta ekki fundið náð fyrir þeirra augum. Nú virðast vera breyttir tímar. Alþfl. virðist bera ábyrgð á þessu frv., en þó ber að geta þess að ég hef haft samband við tvo ráðherra flokksins og beðið þá um að vera viðstadda þessa umræðu til að fá að tala við þá og spyrja þá um þetta, en hvorugur þeirra hefur fengist til þess að vera í þingsalnum og eru þeir þó báðir í þinghúsinu. Þeir bentu hins vegar á þriðja ráðherrann sem finnst ekki. Ég skil það mjög vel því að það frv. sem hér er á ferðinni er frv. sem stangast á við þær hugmyndir sem þeir hafa a.m.k. haldið hvað harðast á loft. (**Landbrh.:** Það vill svo til að landbrh. flytur málið.) Það vill svo til að landbrh. flytur málið og það vill einnig svo til að landbrh. er í Alþb. en ekki Alþfl. og vona ég að hæstv. landbrh. sé sammála mér um það og um það snýst málið — nema það sé búið að sameina þessa tvo flokka. Það stóð til að gera það eftir áramótin að búa til einn stóran rauðan flokk úr þessum tveimur litlu dvergum. Það hefur tekist þannig að fylgið hrynur af þeim í skoðanakönnunum. (**Gripið fram í:** Er klofningur í Sjálfstfl. í málinu?) (**ÓÞÞ:** Talar hv. ræðumaður fyrir Alþfl.?) Hv. ræðumann, svo að ég taki upp frammíköll, langaði til þess að tala við forustumann Alþfl. um þetta mál. (**ÓÞÞ:** Það er mjög erfitt að þeim fjarverandi.) Það er einmitt þess vegna sem ég hef þurft að vekja athygli á því og þakka ég þetta frammíkall sem mun þá geymast og varðveitast til þess að vera minnisvarði um þátttöku Alþfl. við 1. umr.

Nú vil ég að hv. alþm. misskilji mig ekki á þann veg

að ég sé á móti þeim efnisatriðum sem hér er fjallað um. Það er hins vegar spurning að hve miklu leyti ríkisvaldið sem slíkt á að þjóna einni atvinnugrein í landinu umfram aðrar atvinnugreinar. Hvers vegna á ríkisvaldið frekar að setja upp hagstofnun fyrir landbúnaðinn en sjávarútveginn? Er það vegna þess að landbúnaðurinn er mikilvægari fyrir þjóðina en sjávarútvegurinn? Hvers vegna á frekar að vera ríkisstofnun sem sér um hagskýrslur fyrir landbúnaðinn en verslunina, iðnaðinn í landinu, ferðamálin? Þetta er grundvallarspurningin. Ætlar ríkisstjórnin að halda þessu starfi áfram? Ætlar samgrh. að setja upp fleiri hagstofnanir fyrir fleiri atvinnugreinar? Það er meginspurningin. Er farið með ríkisvaldið alveg eins og mönnum sýnist? Á stundum að gera þetta með þessum hætti og stundum með öðrum? Og nú skulum við aðeins kanna málið. Það kemur nefnilega fram í greinargerð með frv. að sú starfsemi sem þarna á að fara fram hefur farið fram. Hún hefur m.a. farið fram á vegum Búnaðarfélags Íslands. Það kemur alveg glöggt fram í þessu ágætlega unna frv., ég tek alveg undir það, á bls. 5. Búreikningastofa landbúnaðarins er undir stjórn Búnaðarfélags Íslands. Það eru til lög um þá stofnun, en hún er ekki ríkisstofnun. Ef þarna er um fjárhagsmál að ræða vil ég benda á að sú stofnun hefur fengið fjármagn frá ríkinu. Það hefur ekki verið vandamálið. Nei. Svarið er þetta, það kemur fram síðar: Það á að gera þessa stofnun að ríkisstofnun til þess að hún verði trúverðug. Það stendur hérna: „Í fjórða lagi en ekki síst er þátttaka ríkisvaldsins nauðsynlegur þáttur til að gefa niðurstöðum slíkrar stofnunar hlutleysi gagnvart öllum aðilum."

Við skulum aðeins hugsa um það sem hér er sagt. Meiri hluti stjórnar verður áfram fulltrúar frá samtökum bænda og búvísindadeildarinnar á Hvanneyri. Það er fulltrúi Búnaðarfélagsins, fulltrúi Stéttarsambands bænda og fulltrúi búvísindadeildarinnar á Hvanneyri. Minni hlutinn kemur annars vegar frá Þjóðhagsstofnun og hins vegar frá Hagstofunni. Um leið og þetta gerist af því að þetta er ríkisstofnun eiga allir að segja: Þetta er ríkisstofnun og við eigum að trúa ríkinu. Stóri bróðir er núna kominn í málið og auðvitað mótmælir enginn því sem þaðan kemur.

Þá spyr ég hæstv. ráðherra: Er engin önnur stofnun í landinu sem gæti tekið að sér að safna saman skýrslum? Sú var tíðin og þess vegna hefði ég viljað tala við Alþfl. að a.m.k. þaðan og úr ýmsum öðrum hornum komu þau sjónarmið að það ætti að sameina þessa hagsýslugerð og frekar ætti að vinna að sameiningu stofnana eins og Hagstofunnar, Þjóðhagsstofnunar og jafnvel taka úr Seðlabankanum það sem þar fer fram af þeirri starfsemi fremur en sundra. En hvað gerir þessi ríkisstjórn? Hún ætlar í fyrsta lagi að koma á laggirnar opinberri stofnun, hagstofnun fyrir landbúnaðinn, og ég trúi ekki öðru en næsta skrefið verði þá hagstofnun ríkisins fyrir verslunina, iðnaðinn og sjávarútveginn því það eru allt mikilvægar greinar sem auðvitað þurfa að njóta þess að fólk hafi trú á niðurstöðum þeirra ef það eru einhver rök.

Ég segi: Það er áreiðanlega allt skynsamlegt sem þessi stofnun þarf að gera og það er áreiðanlega allt rétt, sem hér hefur komið fram í umræðunum, um að þessar upplýsingar þurfi að vera til og það getur verið mjög ákjósanlegt að færa þessa starfsemi úr Hótel Sögu frá Búnaðarfélaginu og á Hvanneyri og setja þessa stofnun í tengsl við búvísindadeildina þar, flytja hagfræðing, eitt stykki eða tvö, sem eru starfandi vestur á Melum, upp í Borgarfjörð. Ég get verið sammála því og er alveg viss um að þetta er hið mesta nauðsynjamál. Það er hins vegar spurning: Réttlætir það að hagstofnunin verði ríkisstofnun? Og ef það er einhver réttlæting fyrir því, ætlar þá hæstv. ráðherra að taka margt fleira sem Búnaðarfélagið og Stéttarsamband bænda gerir í dag og færa það til ríkisins? Margt af því er borgað af ríkinu. Hver er stefna ráðherrans? Það getur vel verið að það liggi á þessu máli einhver reiðinnar býsn. Þetta er allt starfsemi sem fer fram. En ég bið menn um að skoða það: Hvert getur framhaldið orðið? Er hugsanlegt að þessi stofnun sé rekin áfram á vegum landbúnaðarins sjálfs, jafnvel þó að ríkið styrki þá starfsemi? Mér finnst óhugnanlegt ef það á að taka þessa starfsemi út úr án þess að menn hafi gert sér grein fyrir því að það eru fleiri atvinnuvegir í landinu sem þurfa á þessu að halda.

Viðbótin við núverandi starfsemi sem verið er að tala um er fyrst og fremst að samræma bókhald. Það kom fram hjá einum hv. þm. að bændur væru bókhaldsskyldir. Það eru allir sem stunda atvinnurekstur bókhaldsskyldir, allir einyrkjar í atvinnurekstri hvort sem þeir eru bændur eða ekki. Menn skulu ekki grípa til slíkra raka. Aðalatriði málsins er: Hvar á að koma þessari stofnun fyrir? Og ég verð að segja að ég skil vel, virðulegur forseti, fjarveru forustu Alþfl. og reyndar allra þingmanna hans í Nd. við þessar umræður.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Það frv. sem hér liggur frammi til laga um hagstofu landbúnaðarins er fyrir margra hluta sakir merkilegt. Í þessu frv. kemur fram stefnubreyting hjá ríkisstjórninni í þá veru að hagsmunasamtök geta átt von á því að ríkið yfirtaki þeirra starfsemi og bjóði þeim upp á þessa þjónustu. Það hefur verið rakið hér að kostnaðurinn er greiddur úr ríkissjóði. Við í þéttbýlinu þekkjum hundruð manna sem reka eigin fyrirtæki, iðnaðarmenn t.d. Og hvað gera þessir menn? Hafa þeir einhverja hagstofu þar sem ríkið reiknar út fyrir þá? Nei, þeir mynda sín eigin samtök. Og hafa þeir einhverja sérstaka ríkisstofnun sem færir bókhaldið fyrir þá? Nei, þeir leita til einkaaðila, löggiltra endurskoðenda. Og hlutverk hagstofu landbúnaðarins, segir hér, er að vinna upp heildarupplýsingar um aðbúnað landbúnaðarins í fyrsta lagi. Skyldi ekki Búnaðarfélag Íslands geta gert þetta og hefur gert og er það ekki miklu eðlilegra? (Gripið fram í.) Það gerir það áfram þá, en það ætti að leggja það niður sem ríkisstofnun og Stéttarsamband bænda ætti að vera rekið eins og önnur stéttarsamtök og ekki hafa neinn forgang.

Í öðru lagi skal vinna að verðlagningu búvara.

Skyldi ekki fólkið í þéttbýlinu hafa gaman af að heyra þetta, með hæsta verð á landbúnaðarvörum í heiminum? (Gripið fram í.) Um þetta þarf ekki að hafa neinar upplýsingar. Menn geta bara farið út í búð.

Í þriðja lagi hafa umsjón með hagrannsóknum í landbúnaði. Í fjórða lagi hafa frumkvæði um áætlanagerð við búrekstur. Í fimmta lagi að stuðla að því að sem flestir bændur færi bókhald fyrir bú sín. Og skyldi maður nú staldra við þetta? Er það væntanlega svo að bændur eru skyldir samkvæmt skattalögum að færa bókhald og geta þá leitað til endurskoðanda ef með þarf. Er miklu nær að svo væri gert en setja á fót sérstaka stofnun fyrir þetta.

Í sjötta lagi að hafa umsjón með gerð og þróun bókhaldsforrita. Við eigum nóg af fyrirtækjum í tölvuiðnaði sem geta gert þetta. Hér eru fyrirtæki sem hafa gert forrit fyrir verslun, bókhald fyrir hana, bókhald fyrir ýmiss konar rekstur og menn hafa keypt af þessum aðilum bókhaldsforrit. Það er ekkert meira að það verði gert með þeim hætti í þessari grein en öðrum.

Þegar maður er búinn að fara yfir verkefnasviðið er þetta ekki meira starf en fyrir einn sæmilega röskan mann. Það er ekki meira verk þó að þeir hafi ætlað að það væri fyrir þrjá háskólamenntaða menn að leggja þetta fram. Það er verið að yfirfæra til ríkisins æ fleiri verkefni sem ættu að vera hjá frjálsum samtökum. Bændur væru betur komnir og hefðu betri kjör ef þeir hefðu sín frjálsu samtök og réðu sínum málum betur en með því að ríkið sé með puttana í þessari áætlanagerð, í bókhaldinu. Það er langbest að menn sjái um þetta sjálfir.

En með þeirri stefnu sem nú er ríkjandi í landbúnaði er augljóst að þetta er að verða eins og ríkisrekið. Þetta frv. til l. er staðfesting á því að það er verið að auka það skrifræði sem ríkir á Íslandi og væri betur að svo væri ekki. Þegar maður les yfir einstakar greinar frv. er þar allt sem maður gæti haldið að væri eðlilegt að samtök sem bændur hafa með sér gætu gert. Það er ekki flóknara en svo, þetta mál, að sæmilega skýrir menn geta haldið þessu í góðu lagi eða leitað sér aðstoðar við að koma þessu fram.

Ég held að það sé kominn tími til að það verði slegið á allar þessar sérstöku hagstofur. Við erum með Hagstofu Íslands, við erum með Seðlabanka, við erum með Þjóðhagsstofnun og við erum með ýmsar opinberar stofnanir sem eru sífellt að reikna og reikna og komast að einhverjum tölulegum niðurstöðum. Það væri betra að lækka skattana og lofa þeim aðilum sem eru í rekstri sjálfir að sjá um sín mál. Ég er viss um að þeir væru miklu hamingjusamari og kæmust miklu betur af. Ég vil alfarið leggjast gegn því að við förum að setja upp eitt báknið í viðbót, hagstofu landbúnaðarins.

Það eina sem er jákvætt í þessu er að það á að flytja reiknimeistarana frá Hótel Sögu og upp í Borgarfjörð. Mér finnst það jákvæð þróun og þó meira væri. Mætti flytja allar skrifstofurnar upp í Borgarfjörð og væru þær þar vel settar. Það er nefnilega kominn tími til að menn taki eitthvert mark á sjálfum sér og tali ekki alltaf um að atvinnulífið úti á landi sé í lágmarki og geri síðan allt annað í hinu orðinu. Það væri alveg upplagt að sú starfsemi sem fer fram í Hótel Sögu væri flutt upp á Hvanneyri. Það væri mjög jákvætt og ég held að menn ættu að hugsa um það.

Að öðru leyti ætla ég ekki við þessa umræðu að lengja þetta mjög mikið, en ég hef lesið þetta frv. yfir og það er alveg greinilegt að það sem um er verið að fjalla hér er fjarska einfalt og auðvelt að koma í verk án þess að setja upp einhverja sérstaka stofnun til að annast það. Sú tilhneiging er til ófarnaðar að gera skrifræðið í landinu með þessum hætti meira og flóknara og erfiðara fyrir hinn almenna borgara að skilja hvernig okkar þjóðfélag er. Ég held að það væri nær að beita sér fyrir því að þessari ánauð væri létt af bændastéttinni og hún fengi að vera frjálsari en ekki undir ánauð ríkisstjórnarinnar með þeim hætti sem er í dag.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu, en hv. þm. Hreggviður Jónsson taldi sig tala um þessi mál af mikilli þekkingu (**HJ:** Það sagði þingmaðurinn aldrei.) og hann vissi um verðlag á landbúnaðarvörum, hvernig það er í heiminum, og fullyrti að það væri hæst hér á Íslandi. Hann fullyrti einnig að það væru engin frjáls félagasamtök hjá bændum. Í raun og veru þarf ekki að ræða meira um þessa ræðu. (**HJ:** Er það ekki rétt?) Maður sem talar svona og telur sig vita allt um hlutina og metur svo að það sé ársverk fyrir einn mann að athuga og koma með niðurstöður í þessu máli hefur sjálfur dæmt sinn málflutning.

Það sem liggur á bak við frv. er það að svo eru lög í landi okkar að bændasamtökin semja við ríkisvaldið um verðið. Það er verið að reyna að sýna að það sé trúverðug niðurstaða, það séu trúverðugar upplýsingar sem liggja á bak við slíka samninga. Ekki er ég að halda því fram að niðurstöður sem hafa komið frá Búnaðarfélaginu séu ekki réttar. En þær eru vefengdar. Þess vegna er verið að reyna að fá annan aðila til að undirbyggja þessa samninga. Ég held að það sé rétt og ég get tekið undir flest af því sem ræðumenn hafa hér sagt um þetta mál.

En það var gaman að heyra í hv. 1. þm. Reykv. áðan. Hann var auðvitað með málinu, en hann talaði svo á móti því allan tímann. Ég þarf ekki að ræða meira um hans ræðu. Þeir fáu sem voru hér inni og hlustuðu á hana hafa skilið alveg hvað á bak við lá.

Ég get tekið undir með hv. þm. Alexander Stefánssyni að það hefði verið eðlilegra að í stjórninni væri fulltrúi frá Búnaðarfélaginu en Stéttarsambandinu. Ég ætla ekki að færa mikil rök fyrir því. Það er svo augljóst mál af því að Stéttarsambandið er hin hagsmunalegu samtök en hitt hin faglegu.

Hv. 1. þm. Reykv. spurði einnar athyglisverðrar spurningar. Hann sagði: Hvað verður svo framhaldið? Ég vona að framhaldið verði það að fleiri stofnanir landbúnaðarins verði færðar út á land. Ég vona að þær verði fluttar, sumar af þeim, á Hvanneyri en sumar líka annað. Ég held að þessar rannsóknastofn-

anir þurfi að vera nærri vettvangi, þurfi að vera í öllum landsfjórðungum. Það er líka vísir að þeim þar. En tilhneiging hefur verið til þess á síðustu árum að draga þær frá landinu til höfuðborgarinnar eins og allt annað. Ég vona sannarlega að hæstv. landbrh. láti ekki deigan síga í þessu efni og flytji t.d. Rannsóknastofnun landbúnaðarins út á land eftir því sem við á en hún sé ekki á höfuðborgarsvæðinu — ja, sumir hafa sagt með lokaðar dyr að vissu leyti og glugga.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég ætla að taka undir það með hv. síðasta ræðumanni að það er ástæða til að reyna að flytja eitthvað af starfsemi landbúnaðarins þangað sem landbúnaðurinn er stundaður. Hugmyndir varðandi bætt skipulag landbúnaðar verða ekki til í skrifstofum. Það held ég að sé alveg ljóst. Bætt skipulag í landbúnaði getur einungis farið fram þannig að hugur og hönd starfi saman. Ég skora á hæstv. landbrh. að standa sig nú í því að koma á betra skipulagi í þessum málum.

Þegar rætt er um landbúnað dettur manni stundum í hug hvort það mætti ekki taka upp stefnu hjá ágætum manni og skoða hvort ekki væri rétt að staldra við og segja „glasnost! perestrojka!" í landbúnaðarmálum og reyna að láta kerfið fara að éta ofan af sér og reyna að spóla pínulítið til baka í því þunglamalega kerfi sem orðið er í kringum landbúnaðinn. Ekki ætla ég að halda því fram að það sé vont fólk í þessu kerfi, síður en svo, en það virðist vera þannig að lögmál kerfa séu fyrst og fremst að þjóna sjálfu sér en ekki þeim sem þau voru stofnuð til að þjóna.

Það verður aldrei nein hagstofnun sem finnur upp eitthvað betra en heilbrigð skynsemi bænda sjálfra sem er grundvallaratriði. Ég held að því miður hafi menn látið allt of oft glepjast út á einhverjar brautir sem urðu til út frá hugmyndum sem urðu til á skrifborðum. Sem dæmi get ég nefnt að mér finnst það sem ég hef séð til allt of háar kröfur gerðar í sambandi við t.d. fjárhús varðandi kostnað, hvað mikið af steinsteypu og járni fer í slík hús. Það er með ólíkindum og menn fá ekki lánað nema fara eftir tiktúrum sem kerfið setur. Heilbrigð skynsemi fær hvergi þar að koma nálægt. Svo drukkna menn í skuldum þegar búið er að neyða þá út í þetta. Það gengur illa að borga af lánunum.

Það verður að tryggja að kerfið sé ekki bara að skoða sjálft sig. Það verður að tryggja að kerfið sé ekki bara að skoða hvernig það getur þjónað sjálfu sér enn þá betur og bændur færist alltaf aftar og aftar á skörinni eins og hefur verið að gerast.

Hæstv. forseti. Ég verð að segja að lokum aftur að það verður aldrei nein vísindastarfsemi eða hagrannsókn sem tekur fram heilbrigðri skynsemi.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka þá umræðu sem hér hefur orðið um þetta mál og vil svara þeim spurningum sem til mín var beint eftir því sem það er í mínu valdi.

Ég vil fyrst þakka að flestir ræðumenn tóku — a.m.k. framan af umræðunni — vel þessu frv. og viðurkenndu nauðsyn þess að taka á þeim málum sem þar er fjallað um. Þó sýndist sumum að það þyrfti að hyggja að því hvort það væri rétt staðsetning á þessari starfsemi að hún færi fram í stofnun í tengslum við landbúnaðinn sjálfan og hvort ekki væri nær verksviði annarra aðila að sjá um hinn opinbera hluta málsins og atvinnugreinarinnar sjálfrar að sinna sínum málum.

Hv. 1. þm. Reykv. spurði hvort þess yrði þá að vænta að settar yrðu á stofn hagstofnanir fyrir allar aðrar atvinnugreinar eftir að hann hafði að vísu um hríð rætt nokkuð við Alþfl. að honum fjarstöddum. Ég ætla ekki að blanda mér í þá umræðu, en tek það fram að þingmenn og ráðherrar Alþfl. hafa samþykkt að þetta frv. verði lagt fram sem stjfrv., en um það hefur verið talað að verði um það mikill ágreiningur verði ekki lögð áhersla á afgreiðslu þess á þessu þingi. Ég hef þó gert mér vissar vonir um það, m.a. eftir að hafa heyrt hér hljóðið í nokkrum hv. ræðumönnum, þar á meðal tveimur virtum þingmönnum Sjálfstfl., að um það kynni að geta skapast góð pólitísk samstaða hér á þingi að afgreiða málið. Það kemur í ljós þegar á reynir.

En hér er um það að ræða, sem reyndar hv. 1. þm. Reykv. sjálfur gat um, að verið er að endurskipuleggja starfsemi sem þegar er fyrir hendi og þegar er kostuð af ríkinu. Reyndar felur þetta frv. í sér að hluta til minnkaða þátttöku ríkisins í þessari starfsemi þar sem gert er ráð fyrir að ákveðinn stuðningur við búreikningafærslur, sem nú er greiddur að fullu, verði einungis greiddur að tilteknum hundraðshluta samkvæmt þessu frv. Jafnframt er gert ráð fyrir því að þessi starfsemi verði samnýtt af kennslu Bændaskólans á Hvanneyri, framhaldsnámsins þar, háskólanámsins í búvísindum, hins eina á Íslandi, og um það verður varla deilt að það hlýtur að vera hlutverk ríkisins að sjá fyrir menntun á þessu sviði eins og í öðrum tilvikum. Ég hygg að að þessu leyti hljóti a.m.k. hv. 1. þm. Reykv. að geta litið á þá hreyfingu sem málið felur í sér í rétta átt.

Þá er og þess að geta að uppbygging þessara mála hefur verið með nokkuð öðrum hætti í landbúnaðinum en í öðrum atvinnugreinum og meira af upplýsingasöfnuninni sjálfri hefur farið fram á vegum eða í tengslum við atvinnugreinina en víða í öðrum greinum. Að vísu er það svo að bæði Þjóðhagsstofnun og Hagstofa Íslands og fleiri aðilar vinna ýmsar upplýsingar, safna þeim saman og jafnvel vinna úr þeim í samvinnu við og með tilstyrk ýmissa faglegra aðila. Ég hygg til að mynda að það sé talsvert samstarf á milli Fiskifélags Íslands og aðila sem afla upplýsinga og halda saman upplýsingum á því sviði. Þá er og viðurkennt að stofnanir eins og Þjóðhagsstofnun og Byggðastofnun, Hagstofan og fleiri eru miklum mun uppteknari af vinnslu gagna sem tengjast t.a.m. sjávarútveginum en svo nefndur sé landbúnaðurinn. Ég hygg að hv. 1. þm. Reykv. geti fengið það viðurkennt af yfirmönnum þeirra stofnana að þeir hafa í tiltölulega litlum mæli sinnt landbúnaðinum á sambærilegan hátt og þeir gera t.d. sjávarútveginum.

Ég hygg að flestir sem þekkja til starfsemi þessara stofnana, sérstaklega Þjóðhagsstofnunar, viti að þar er unnið gríðarlega mikið starf af hinu opinbera sem að verulegu leyti skarast við það sem hagstofnun landbúnaðarins er ætlað að vinna.

Það má út af fyrir sig deila um hvort þetta sé hið heppilega fyrirkomulag og ekkert óeðlilegt að þær spurningar séu hér bornar fram sem hv. 1. þm. Reykv. gerði. En ég minni þá á það og höfða til þess að það hefur verið staðið að þessum hlutum með sitt hverjum hættinum hvað snertir hverja atvinnugrein og þó að það sé alltaf gott að menn vilji samræma hlutina þá er nú samt sem áður oft líka nauðsynlegt að taka tillit til þess að einstakir aðilar, einstakar atvinnugreinar geta haft sérstöðu og hafa farið nokkuð sínar eigin leiðir eða aðrar leiðir en venjan er. Ég svara því nú þannig að í þessu frv. og tilvist þess felst ekki á nokkurn hátt vísbending um einhverja víðtækari stefnubreytingu af því tagi að væntanlegar séu sérstakar hagstofnanir hinna ólíku atvinnugreina. Það hlýtur fyrst og fremst að taka mið af eðli og aðstæðum máls í hverju tilviki.

Ég gat þess að ætlunin væri að þessi stofnun, sem yrði fyrst og fremst fagleg hagstofnun, mundi vinna í nánu samstarfi við þá aðila sem halda saman hinum þjóðhagslegu upplýsingum um landbúnaðinn, Hagstofuna og Þjóðhagsstofnun og reynt yrði að tryggja að söfnun upplýsinga og skráning þeirra væri á samræmdu formi sem mundi nýtast í slíkum tilvikum. Ég vona að þetta svari að einhverju leyti spurningum og vangaveltum hv. 1. þm. Reykv.

Hv. 7. þm. Norðurl. e. vék að því og benti réttilega á að í frv. er ekki gert ráð fyrir því sérstaklega að komið verði upp húsnæði fyrir starfsemi hagstofnunar á Hvanneyri. Ég svara því einfaldlega þannig að fyrst um sinn a.m.k. er gert ráð fyrir því að þau mál yrðu leyst í samstarfi við Bændaskólann á Hvanneyri. Ég hef fyrir því vilyrði þeirra manna sem þar ráða húsum að það yrði reynt að taka á þeim hlutum með miklum velvilja og ætla má að það gæti tekist bærilega a.m.k. fyrsta kastið að nýta húsnæði sem þar er fyrir, enda mega þröngt sáttir sitja og það er von okkar og trú að hið besta samkomulag og samstarf gæti orðið með hagstofnun og Bændaskólanum á Hvanneyri.

Þá held ég að ég hafi svarað því sem kalla má beinar spurningar er að mér beindust og vona svo að hv. landbn. geti tekið þetta mál til vandaðrar meðferðar.

Friðrik Sophusson:

Herra forseti. Ég mun ekki lengja þessar umræður neitt að ráði. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir hans svör og það sérstaklega, sem kom fram hjá honum, að þetta frv. er lagt fram með samþykki þingflokks Alþfl. og ráðherra hans, þó þannig, eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra, að ef verulegur ágreiningur verður um málið á ekki að afgreiða það í vor. Og verður væntanlega fróðlegt að fylgjast með því hvort upp kemur þessi „verulegi ágreiningur" og hver síðan eigi að skilgreina hvað sé verulegur ágreiningur.

Það er alveg rétt það er ekki deilt um nauðsyn þeirrar starfsemi sem hér á að fara fram heldur hvernig koma eigi henni fyrir. Ég hef varað við því að gera það með því að búa til nýjar ríkisstofnanir. Ég tel að það sé hægt að leita annarra leiða og bið hv. landbn. að kanna hvort ekki sé hægt til að mynda að færa hagfræðingana frá Búnaðarfélaginu eða Búreikningastofu landbúnaðarins. Þeir mega gjarnan starfa á Hvanneyri. Þeir þurfa að sinna kennslu væntanlega þar og það getur farið mjög vel á því. En það er engin nauðsyn að upp spretti ríkisstofnun utan um þessa menn. Mér hefði fundist vera skynsamlegra og a.m.k. finnst mér full ástæða til þess að biðja þá hv. nefnd um að kanna hvort ekki sé hægt að koma þessari heildarstarfsemi og upplýsingastarfsemi fyrir hjá Þjóðhagsstofnun og þá í samstarfi við þá aðila sem áfram mundu starfa á vegum Búnaðarfélagsins, jafnvel samkvæmt sérstökum lögum eins og þeir hafa gert hingað til. Það breytir engu um að sama starfsemi getur þá átt sér stað að Hvanneyri.

Það er ugglaust rétt að Þjóðhagsstofnun hefur haft margt annað að gera en að sinna þessum reikningum og safna þessum upplýsingum, en ég er þeirrar skoðunar að ef Þjóðhagsstofnun á að rísa undir nafni og reyndar kannski Hagstofa Íslands sé afar nauðsynlegt að samræming sé um slíka starfsemi og þá eðlilegur samanburðargrundvöllur á milli greina og ég efast um það, án þess að ég vilji taka dýpra í árinni með slíkar yfirlýsingar, að það sé boðlegt sem fyrirmynd eða fordæmi fyrir aðra löggjöf að Hagstofa Íslands og Þjóðhagsstofnun, þ.e. fulltrúar frá þessum tveimur stofnunum, myndi minni hluta á móti samtökum og hagsmunaaðilum í ákveðinni grein til þess að niðurstöður frá slíkum stofnunum teljist vera trúverðugri en ella. Þetta er mergur málsins.

Það er rétt, sem hér hefur komið fram, að það sem efnislega er verið að reyna að ná fram er eðlilegt. Það er spurning hver á að greiða. Það er spurning hvort þetta á að vera ríkisstofnun eða ekki. Mín sjónarmið í þeim efnum þekkja allir. Það er rétt, sem kom fram hjá hæstv. ráðherra, að ég undraðist að Alþfl. hefði greinilega kúvent í þessum málum, en það er alveg rétt að auðvitað mátti gera ráð fyrir því í framhaldi af þeim stjórnarskiptum sem urðu í haust og í framhaldi af því þegar forustumenn Alþfl., bæði hæstv. utanrrh. og hæstv. viðskrh., hurfu frá frjálslyndum sjónarmiðum og tóku upp framsóknarstefnu til að geta rætt á grundvelli hennar við Alþb. um sameiningu þessara tveggja flokka. Á því vildi ég vekja athygli því að það þýðir ekki fyrir Alþfl. að koma aftur fyrir almenning og segja: Við erum á móti þessu landbúnaðarkerfi. Það þýðir ekkert fyrir Alþfl. að koma síðan og segja: Við heimtum lægra verð á landbúnaðarvörum — með þeim hætti sem þeir hafa lýst á undanförnum árum. Það verður ekki tekið mark á þeim framar og þegar maður sér slíka kúvendingu eins og hún birtist í þessu máli undirstrikast það, jafnvel þótt forustumenn Alþfl. hafi haft þann fyrirvara að málið eigi ekki að fá afgreiðslu ef verulegur ágreiningur kemur upp í þinginu.

Benedikt Bogason:

Herra forseti. Ég verð að byrja á að taka undir það, sem áður var sagt, að það er afskaplega erfitt í þessari skæðadrífu margra merkismála að geta komið vel undirbúinn og vel lesinn til að ræða mál eins og um hagstofnun landbúnaðarins eins og ég helst hefði viljað gera. Ég mun að sjálfsögðu lesa þetta rækilega yfir því þetta held ég að sé mjög gott mál og mjög þarft mál í ákveðinni þróun. Þetta hefur ekkert að gera við nein trúarbrögð um ríkisrekstur eða einkarekstur eða hvort hagsmunasamtökin eigi að ráða yfir peningunum eða alþingismenn eiga að ráða. Þetta er bara ákveðinn þróunarferill sem landbúnaðurinn er að ganga í gegnum og þarf að ganga í gegnum eins og aðrar atvinnugreinar. Við getum ekki alltaf stytt okkur þá leið eins og hv. 1. þm. Reykv. langar til, að spila milljónir eða matador og halda að heimurinn sé svo einfaldur eins og maður hélt þegar maður var innan við fermingu að spila milljónir og eignaðist kannski Austurstræti og Sundhöllina og byggði hótel og græddi á náunganum og var kátur. Svona er ekki íslenska þjóðfélagið, Friðrik Sophusson, og það ættir þú að vita líka. (Gripið fram í.)

En það sem kom mér upp í pontuna voru þessar miklu áhyggjur hv. 1. þm. Reykv. af afstöðu alþýðuflokksmanna, að Alþfl. liði eitthvað illa út af því þó að hann tæki þátt í því að bera fram svona merkilegt frv. til skoðunar án þess að spyrja hv. 1. þm. Reykv. og hans nánustu um leyfi. Að vísu tók hann það fram, að mér skilst, að trúlofuninni hafi verið slitið í september sl. þannig að það er ekki víst að það þurfi það leyfi.

En mig langar til að spyrja hv. 1. þm. Reykv.: Hver er afstaða Sjálfstfl.? Er hann einhuga í þessu? Er Egill Jónsson sammála t.d. 1. þm. Reykv.? Er allur Sjálfstfl. á einu máli í afstöðunni? (Gripið fram í.) Nú skal ég taka skýrt fram að hv. 1. þm. Reykv. reyndi að breiða yfir en það skein út úr andlitinu á honum — um leið og hann birtist í pontunni — óvildin gegn landbúnaði þó að hann væri að reyna að færa vanda eigin flokks yfir á Alþfl. og hann væri að reyna að breiða yfir þessa óvild gegn landbúnaðinum með því að þykjast svo í aðra röndina vera með þessu. Þetta er einfaldlega mín skoðun.

Það voru þessi orð sem fengu mig í pontuna núna. Ég hefði gjarnan viljað lesa þetta eitt kvöld og spjalla við m.a. 1. þm. Reykv. um þessi mál áður en ég væri búinn að mynda mér heillega skoðun. En ég bendi á í þessu sambandi líka: Þjóðhagsstofnun hefur unnið mjög þarft verk og hefur verið í mikilli framþróun. Hún hefur oft fengið ósanngjarna gagnrýni, finnst mér. En Þjóðhagsstofnun er gert að mynda grundvöll til fiskverðsákvörðunar. Og hvernig gögn hefur Þjóðhagsstofnun? Þetta eru oft eins til tveggja ára gamlir reikningar sem eru lagðir til grundvallar þegar er verið að ákvarða fiskverð. Af hverju er það? Það vantar ákveðinn marktækan millilið sem getur gefið svör um hvað hefur verið að gerast í sjávarútveginum síðustu 3–4 mánuði. Það er áreiðanlega hugmyndin á bak við þetta mál. Þó svo að einhvern tímann í fagurri framtíð geti bara ein tölva eða ein hagstofa haft allar svona upplýsingar frá viku til viku eða mánuði til mánaðar þarf vissa þróun. Það þarf ákveðin lifandi gögn sem liggja til grundvallar og ég get ímyndað mér að þau gögn sem unnin verða þá þarna, við skulum segja á svolítið hærra plani, en núverandi búreikningastofa verði í tengslum við þá námið á Hvanneyri, en síðan send áfram til Þjóðhagsstofnunar og Hagstofunnar og þar með verði gefnar út skýrslur kannski til margra ára eða ársskýrslur sem koma hálfu eða einu ári á eftir. En það er bara einu sinni þannig í nútímaþjóðfélaginu að hlutirnir gerast svo hratt, þróunin er svo ör að framvindan sem var fyrir tveimur þremur mánuðum er svo breytt núna að það þarf kannski allt aðrar aðgerðir en annars hefði þurft í ýmsum málum. Þess vegna álít ég að grunnhugmyndin með því að stíga það skref að flytja þessa starfsemi og jafnframt að efla hana á Hvanneyri sé til góðs. Og hættan á því að þetta verði eitthvert ægilegt bákn finnst mér óþarfa hræðsla. Ég vil í því sambandi líka bara minnast á að mér finnst þessi trúarbrögð, sem m.a. hv. 1. þm. Reykv. er talsmaður fyrir, að ekkert sé gott nema einhverjir hagsmunaaðilar í viðkomandi greinum geri það eða ráði því, hafi bara sýnt að þau hafi sína vankanta líka. Það hefur sína vankanta að það geta verið ákveðnir hópar innan hagsmunasamtakanna sem ráða öllu og meiri hlutinn og sérstaklega þá minni máttar í heilum greinum eru skildir eftir úti í kuldanum. Ég gæti nefnt svona dæmi sem tengist iðnaðinum og ég gæti nefnt svona dæmi sem tengist versluninni, en ég læt þar við sitja núna.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki tefja þessar umræður, en mér þykir ástæða til þess að koma inn á örfá atriði vegna umræðna sem hér hafa farið fram og sérstaklega með tilliti til þeirrar vinnu sem hefur staðið yfir í nokkuð marga mánuði í nefndum sem hafa það hlutverk bæði að endurskipuleggja starfssvið Búnaðarfélags Íslands, búnaðarsambanda og aðra starfsemi því tengda og eins nefnd sem er að vinna og skila núna tillögum til ráðherra um starfsemi búnaðarsambandanna og leiðbeiningaþjónustu og nýtt skipulag á henni í landbúnaði í landinu.

Það sem hefur verið talað um hér, eins og hv. 1. þm. Reykv. hefur komið inn á í sambandi við að flytja þá starfsemi sem hér er verið að ræða um til Hagstofunnar eða Þjóðhagsstofnunar, er einmitt atriði sem hefur verið tekið sérstaklega til athugunar og á fundum sem hagstofustjóri hefur átt með þessum nefndum hefur hann lýst því yfir að það væri ákaflega óheppilegt að flytja þessa starfsemi til Hagstofu Íslands einvörðungu vegna þess að svona starfsemi ætti að fara fram í tengslum við greinina, þ.e. við samtök í landbúnaði, og síðan yrði greiður upplýsingagangur milli þessara stofnana og Hagstofu Íslands. Ég tel að þær viðræður sem hafa farið fram við hagstofustjóra um þetta mál hafi sannað fyrir okkur, sem höfum verið í þessum nefndum, að þetta er rétt skoðun. Ég vil líka upplýsa að jafnhliða þessu

er verið að endurskipuleggja starfsemi og skipulag búnaðarsambanda í landinu sem eiga að taka til sín upplýsingaöflun meðal bænda víðs vegar um landið sem verði svo tengiliður við hagstofnun landbúnaðarins á Hvanneyri.

Ég skal ekki hafa mikið mál um þetta, en ég vil aðeins geta þess vegna þess að hæstv. ráðherra kom ekkert inn á það sem ég beindi að hluta til til hans eða til umhugsunar við afgreiðslu þessa máls, en það er sú samþykkt sem nýafstaðið búnaðarþing gerði í sambandi við þessi mál. Það er að því er varðar stjórn þessarar væntanlegu stofnunar. Þar samþykkti búnaðarþing, með leyfi forseta: „Búnaðarþing telur afar mikilvægt að hagstofnun landbúnaðarins verði óháð stofnun á faglegum grunni og njóti trausts ólíkra hópa í þjóðfélaginu. Því telur búnaðarþing ekki rétt að hagsmunasamtök bænda, Stéttarsambandið, eigi fulltrúa í stjórn hagstofnunar. Lagt er til að í stað fimm manna stjórnar fyrir hagstofnun skipi stjórnina þrír menn. Einn tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands sem fulltrúa faglegra málefna bænda, annar tilnefndur af Hagstofu Íslands sem fulltrúa hagmála hins opinbera og hinn þriðja skipi landbrh. án tilnefningar."

Ég held að þetta sé umhugsunarefni og tel ástæðu til að landbn. skoði í samráði við ráðherra hvort ekki sé rétt að athuga málið út frá þessu. Þetta tengist í sjálfu sér því sem hér hefur komið fram sem gagnrýni á þessa stofnun að hún verði ekki of háð þeirri grein sem hún á að afla upplýsinga fyrir, faglegra upplýsinga. Þess vegna hef ég a.m.k. þá skoðun að við ættum að skoða þessa breytingu með það fyrir augum hvort ekki sé réttara að taka þetta form upp en það sem er í frv.

En ég endurtek að hér er mjög mikilvægt mál sem er nauðsynlegur þáttur, ekki síst fyrir landbúnaðinn í heild og fyrir hagstjórnun og það sem frá honum kemur, að hér séu sett upp kerfi sem ekki er hægt að vefengja því að til þessa dags hefur það viljað brenna við og því haldið fram að það séu bændasamtökin sjálf sem ákveði alla hluti í sambandi við verðlagningu á landbúnaðarvörum. Það þarf vissulega að kveða niður þessa fullyrðingu og það er best gert með því að hafa nógu hagrænar upplýsingar sem byggjast á víðtækri athugun sem menn geta tekið fullt tillit til.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Sú umræða sem átti sér stað áðan var afar fróðleg á margan hátt og ummæli hv. 6. þm. Norðurl. e. gáfu mér tilefni til að koma aftur upp. Það er von að hv. þm., „sjóðakóngurinn", sé sammála því að það eigi að setja eitt kerfið á laggirnar í viðbót. Og það þarf líka stjórn. Hann á kannski von á því eða er búinn að semja um að hann fái að sitja í þessari stjórn. Það kæmi mönnum ekki óvart. (**SV:** Þú ættir að lesa frv.) Það kemur ekki á óvart. Það væri ekkert sem kæmi manni á óvart í því sambandi og það er hægur vandi að skipa rétta menn frá ýmsum samtökum ef það er búið að semja um það áður. Það veit „sjóðakóngurinn" vel um því hann hefur svo vel kunnað á slíkt í lífinu að hann hefur ekki farið varhluta af því að sitja í hinum ýmsu stjórnum.

Hins vegar held ég að hér hafi ekki komið fram neitt sem rökstyður í rauninni að setja þurfi enn eina hagstofuna á laggirnar nema þvert á móti. Það er alveg ljóst að það er hægt að koma þessu fyrir í öllum þessum hagstofum sem við eigum um landið og þó að talsmenn sumra þessara stofnana vilji stækka báknið með þessum hætti. Það er athyglisvert að í vinnu hjá þessari nýju stofnun á ekki að vera einn einasti bóndi sem hefði þó kannski haft þekkingu á þeirra málum heldur er talað um að allt séu háskólamenntaðir menn án þess að ég hafi neitt við þá að athuga. En það hefði verið ekki óskynsamlegt að a.m.k. einn af þeim þremur sem gert er ráð fyrir væri bóndi og kæmi þá að notum hans þekking í landbúnaði og sú vinna sem hann hefur innt af hendi í sínu starfi. (**SV:** Í frv. eru fimm.) Já, það var ritari. Ég geri ekki ráð fyrir að bændur geti verið ritarar. Þeir eru ekki lærðir til þess. En það er alveg ljóst að hér er enn frekar verið að útfæra það kerfi sem er í landbúnaði í dag og hefur ekki gengið vel. Sú miðstýring sem í landbúnaði er hefur ekki verið farsæl, hvorki fyrir bændur né fyrir fólkið í landinu.

Ég las í blaði um helgina að bóndi fær í sinn hlut ⅓ af útsöluverði vöru. Og mér er spurn: Halda menn að bændur búi svo vel að þeim dugi slíkt þegar er búið að taka bæði til ríkisins til að halda uppi „apparötum" eins og Hagstofu landbúnaðarins og í alla vega sjóðakerfi sem menn þekkja úr landbúnaðinum, millifærslur, niðurgreiðslur og alla vega tilfæringar sem eru algerlega ónauðsynlegar? Það vita allir hér að niðurgreiðslur í landbúnaði eru algerlega ónauðsynleg millifærsla. Það eitt að afnema matarskattinn þýddi að það þyrfti ekki að greiða neitt niður og væri þá kominn miklu eðlilegri gangur á mál en nú er.

Bændur eru ekki að biðja um að það sé sett upp hér enn ein stofnunin. Það verður þeim ekki til framdráttar. Ég er sannfærður um að bókhaldið er miklu betur komið hjá þeim sjálfum og ýmsir aðrir þættir en hjá slíkri stofnun. Ég tel alveg ljóst að það eigi að hætta við þessa stofnun og láta við svo búið standa.

Friðrik Sophusson:

Herra forseti. Ég átti ekki von á því að þurfa að standa aftur í þessum ræðustól út af þessu máli, en nú hefur okkur borist liðsauki í þessa hv. deild. Hingað er kominn nýr þingmaður, hv. þm. Benedikt Bogason, 16. þm. Reykv., og hann sér miklu betur en aðrir þingmenn því að hann sá á mér óvild í garð landbúnaðarins eins og hann orðaði það þegar ég stóð í ræðustól, en heyrði ekki, enda voru orðin allt önnur. Eins og kannski kom fram hjá hv. þm. Stefáni Valgeirssyni o.fl. var enginn ágreiningur um efnisatriði þessa frv., um það að sú starfsemi sem lagt er til að færist til þessarar stofnunar eigi að fara fram. En ég óska bæði Borgfl. og hv. þm. til hamingju með þessa ágætu sjón þingmannsins sem sér miklu betur en aðrir hv. þm.

Þessi hv. þm. spyr mig að því hver sé stefna

Sjálfstfl. vegna þess að ég hafði gert að umtalsefni í minni ræðu stefnu Alþfl. Áður en ég vík að þessu mætti kannski til fróðleiks og skemmtunar spyrja að því hvers vegna hv. þm. sagði ekki frá því hver væri stefna Borgfl. í þessu máli. Jú, hann svaraði því að nokkru með því að segja að hann ætti eftir að lesa frv. en mundi hugsanlega gera það í kvöld. Áður en þetta hafði gerst hafði þó einn borgaraflokksmaður, kannski fyrrverandi nú, ég veit það ekki, tekið til máls og lýst sinni skoðun á málinu sem var heldur önnur en hv. þm.

Ástæðan fyrir því að ég gerði að umtalsefni skoðun Alþfl. er einfaldlega sú, ef hv. þm. veit það ekki, að hér er á ferðinni stjfrv. og stjórnarfrumvörp eru frumvörp sem stjórnarflokkar verða að hafa samþykkt áður en lögð eru fram á Alþingi. Stjórnarandstaðan sér þessi frumvörp oft ekki fyrr en þau eru lögð fram og eins og hv. þm. sagði sjálfur vill svo til í mörgum tilvikum að þingmenn hafa ekki einu sinni lesið frumvörpin þegar þau eru tekin til 1. umr. Svo er um hv. þm. að eigin sögn. Þetta segi ég hv. þm. vegna þess að það skýrir að Sjálfstfl., hvorki hann í heild né heldur þingflokkur sjálfstæðismanna, hefur ekki fjallað um þetta frv. á fundi. Hins vegar liggur það fyrir að nokkrir þingmenn Sjálfstfl. hafa tekið til máls í þessum umræðum, þar á meðal þrír ágætir neðrideildarmenn, og lýst sinni skoðun á frv. Enginn þessara manna hefur afskrifað þetta frv. með öllu heldur beðið ákveðna nefnd, hv. landbn. þessarar deildar, að fjalla um frv. og grennslast fyrir um ýmis atriði. Síðan hefur a.m.k. einn af þessum þingmönnum borið fram fyrirspurnir til hæstv. ráðherra, en það er sá sem hér stendur, og hæstv. ráðherra svaraði honum.

Þar kem ég kannski að því sem heitir í munni hv. þm. trúarbrögð. Þegar hann talar um trúarbrögð á hann við það að sumir þingmenn, og þá væntanlega sá sem hér stendur, megi ekkert sjá í nafni ríkisins. Þeir vilja hafa allt í nafni hagsmunasamtaka og fyrirtækja úti í bæ. Það veit ég, svo lengi hef ég þekkt hv. þm., að hann skilur að ef menn hafa þá skoðun, sem hann virðist hafa, að það skipti engu máli hvort starfsemi sé hjá ríkinu eða einhvers staðar úti í bæ og þess vegna geti allt verið hjá ríkinu, þá getur slíkt endað með ósköpum.

Hv. þm. er vel kunnugur í öðrum löndum, jafnvel í löndum sem eru í nágrenni við þau sem mesta miðstýringu hafa. Hann veit nákvæmlega jafnvel og ég hvað gerist ef öll starfsemi sem snertir atvinnuvegina fellur til ríkisins. Ég veit að hv. þm. deilir þeim skoðunum með mér að slíkt má ekki henda hér á landi. Þess vegna er mér nákvæmlega sama þótt þetta séu kölluð trúarbrögð. Það sem skiptir máli er að við áttum okkur á því, bæði ég og hv. 16. þm. Reykv., ef það er rétt, í hvert skipti sem einhver starfsemi færist frá einkaaðilum til ríkisins vegna þess að slíkt getur haft fordæmisgildi. Á þetta benti ég mjög rækilega í minni ræðu og þetta skildu þeir sem heyrðu ræðuna en sáu hana ekki, en hv. þm. held ég að sé eini þingmaðurinn sem segist hafa séð óvild mína í garð landbúnaðarins.

Þetta vildi ég, virðulegur forseti, að kæmi fram í þessari ræðu.

Ég vil enn fremur nota tækifærið til að taka undir það, sem kom fram hjá hv. 1. þm. Vesturl., að það þarf ugglaust að skoða stjórn þessarar stofnunar betur en gert hefur verið. En einmitt samþykkt samtaka í landbúnaði bendir til þess að þeir hafi nákvæmlega sömu áhyggjur af þessu máli og sá sem hér stendur. Það hefði verið æskilegt líka vegna þess sem fram kom hjá hv. 1. þm. Vesturl. að fá úr því skorið hvort hagstofustjóri og forstjóri Þjóðhagsstofnunar séu á því að þessi stofnun eigi að vera ríkisstofnun. Ég skil það vel sem kom fram í ræðu hv. þm. um skoðanir þessara tveggja manna, en hann nefndi ekki hvort þeir hefðu lagt til að þessi stofnun yrði ríkisstofnun. Það er allt annað mál. Þetta bað ég nefndina um að kanna.

Ég hef nú svarað hv. þm. hver sé stefna Sjálfstfl. í þessu máli. Hún hefur ekki verið mótuð af sömu ástæðu og hv. þm. veit, að hann hefur ekki haft tækifæri til að fara glögglega ofan í þetta mál. En það er athyglisvert að hv. þm. sagði ekki hver var skoðun Borgfl. sem er líka stjórnarandstöðuflokkur. Það væri kannski í leiðinni, fyrst hv. þm. er búinn að biðja um orðið, fróðlegt að fá að vita: Styður Borgfl. stjórnina? Ef Borgfl. styður ríkisstjórnina er auðvitað afskaplega eðlilegt að hv. þm. fái að skoða þessi frumvörp áður en þau eru lögð fram. Staða mála á Alþingi í dag er sú að sumir borgaraflokksmenn styðja ríkisstjórnina þegar á þarf að halda og aðrir ekki. Það er kannski kominn tími til þess að nýr forustumaður Borgfl., sem hefur sest hér á Alþingi, hv. Benedikt Bogason, geri Alþingi skýra grein fyrir því hver hans staða gagnvart ríkisstjórninni er. Ef hann styður ríkisstjórnina eins og sumir af hans samflokksmönnum á hann að sjálfsögðu heimtingu á því að fá að skoða stjórnarfrumvörpin áður en þau eru lögð fram rétt eins og hv. þm. Stefán Valgeirsson sem nú er nýkominn inn á þingið aftur eftir langvarandi veikindi og ég býð hann velkominnn. (**ÓÞÞ:** Hvaða mál er á dagskrá?) Það er von að spurt sé þegar mál fara út um hvippinn og hvappinn, en til upplýsingar fyrir ritarann, sem virðist ekki vera læs, skal ég benda honum á að það mál sem er á dagskrá er frv. til l. um Hagstofnun landbúnaðarins, stjfrv. nr. 413, á þskj. 773. Ég vona að þetta svar dugi honum þó að skýr svör dugi honum sjaldnast.

Forseti (Óli Þ. Guðbjartsson):

Nú er klukkan eina mínútu yfir fjögur og komið fram yfir þann tíma sem er ákveðinn til funda þingflokka, en einn hv. þm. er á mælendaskrá í þessu máli. En þar sem þannig stendur á að forsetar og fulltrúar þingflokka eru á fundi nú rétt í augnablikinu til samráðs um framhald þinghaldsins í dag tel ég rétt að gefa næsta ræðumanni orðið um þetta mál á meðan við dokum við.

Benedikt Bogason:

Herra forseti. Ég þakka hv. 1. þm. Reykv. fyrir að hafa fríað mig í þetta skipti við að þurfa að lesa út úr andlitinu á honum hvað hann meinti og þakka honum

fyrir það. Hann getur ekki sagt sína stefnu í þessu máli og hann getur ekki sett fram stefnu Sjálfstfl. Við skulum vona að í þeirri umræðu sem verður um þetta takist Sjálfstfl. eins og svo oft áður að brúa bil milli sjónarmiða landsbyggðar og þéttbýlis svo að þetta þurfi ekki að verða ásteytingarsteinn. En ég endurtek að það var einmitt þessi ræða Friðriks Sophussonar sem fékk mig til þess að tjá mig um þetta mál. Eins og ég sagði hafði ég ekki náð að lesa frv. nema renna augunum yfir það í sætinu og það er engan veginn nóg þegar um svona merkileg mál er að ræða.

Varðandi stefnu Borgfl. í þessu máli kom greinilega fram hjá hv. 11. þm. Reykn. Hreggviði Jónssyni að það virðist vera áherslumunur milli okkar í sumum málum landbúnaðarins. Það er ekkert nýtt. Við höfum oft rætt og erum menn til að ræða um þau mál sem önnur innan flokksins. Ég man ekki betur en við Hreggviður sætum saman með fleirum kvöldstund fyrir landsfund okkar og ræddum heildarstefnu í landbúnaðinum þannig að ég held að ég geti sparað hv. 1. þm. Reykv. áhyggjur út af þessu. Ég held að það sé ekki neitt sem skiptir verulegu máli sem bar á milli.

Ég held það sé frekar ágreiningur á milli mín og hans og kannski pínulítið önnur yfirsýn á þennan þróunarferil landbúnaðarins. Ég starfaði á sínum tíma og sérhæfði mig við nám í sambandi við landbúnað og m.a. kynnti ég mér landbúnaðarhagfræði eins og hún var matreidd á Norðurlöndunum á árunum eftir stríð og starfaði um hríð fyrir landbúnaðinn. Ég verð að segja að mér fannst afskaplega miklu ábótavant í einmitt arðsemishugsun í ýmsum þeim þáttum sem margir hafa gagnrýnt í landbúnaðinum og mér hefur fundist þróunin vera allt of hæg. Ég sé fyrir mér að slík stofnun á Hvanneyri gæti einmitt þróað þessi mál. Ég held að það sé viss misskilningur í sambandi við hvaða feril þarf. Eins og ég benti á í sambandi við ákvörðun fiskverðs, þá er afskaplega erfitt fyrir góða menn, fyrir toppsérfræðinga hjá Þjóðhagsstofnun, að þurfa að reikna út úr göngum sem eru eins eða eins og hálfs árs gömul. Hvað um tengsl búnaðarsambandanna við búvísindadeildina á Hvanneyri? Ég minni á viðskiptadeildina við Háskólann, hvaða tengsl hún hefur t.d. við ýmsar stofnanir viðskiptalífsins. Ég held að það sé mjög verðmætt. Þetta er alveg hliðstætt. Með úrvinnslu nýrra og mikilvægra gagna verður auðveldara fyrir stjórnmálamenn og ráðamenn að taka ákvarðanir og móta stefnuna í þessum málum.

Hv. 1. þm. Reykv., Friðrik Sophusson, vildi vita miklu meira. Hann er svo andskoti forvitinn. Það var ekki bara að hann vildi vita hvað Alþfl. er að hugsa heldur líka hvað Borgfl. er að hugsa. Ég get ekki undir þessum dagskrárlið farið að gefa út neinar sérstakar yfirlýsingar aðrar en þær yfirlýsingar sem hafa gilt varðandi Borgfl. og það gildir líka gagnvart Sjálfstfl. Það hefur verið alveg grundvallaratriði að við erum til viðræðu málefnalega við hvern sem er stjórnmálaflokka eða afla án tillits til flokksskírteina. Á sama hátt hefur einstaka sinnum komið fyrir þrátt fyrir járnagann í Sjálfstfl. að sumir sjálfstæðismenn hafa kosið með ríkisstjórninni í sumum málum eða setið hjá. Það er á afskaplega hliðstæðum grundvelli sem Borgfl. hefur starfað, en þó kannski þannig að Borgfl. er nýr flokkur og leggur áherslu á sjálfstæði einstaklingsins, minni áherslu á þann járnaga og skoðanahlekki sem sumir af gömlu flokkunum virðast telja nauðsynlegt til þess að þeir geti yfirleitt haft tök á sínum málum. Við höfum álitið okkur hafa burði til að hafa mismunandi skoðanir í ýmsum málum, en við höfum reynt að ræða þau og komast að niðurstöðu. Það er ekkert lýðræði í þessu landi ef einstaklingar mega ekki standa á sínum skoðunum. En hitt er annað að af nauðsynlegum stjórnskipulegum ástæðum þurfa menn alltaf að komast að einhverju samkomulagi. Það liggur í hlutarins eðli.

Að öðru leyti er ég fús til þess, bæði prívat og opinberlega, að uppfræða hv. 1. þm. Reykv. meira um Borgfl. Það er ekki víst að hann hafi kynnt sér ofan í kjölinn hvað hann er og hefur gert. Ég er fús til þessa. En ég ætla ekki að fara að eyða tíma hv. Alþingis í það undir þessum lið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til landbn. með 26 shlj. atkv.

SAMEINAÐ ÞING

59. fundur, fimmtudaginn 13. apríl, kl. 10 árdegis.

Vegur milli Þorlákshafnar og Grindavíkur, ein umr.

Fsp. GuðnÁ, 355. mál. — Þskj. 652.

Fyrirspyrjandi (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að spyrja hæstv. samgrh. um þá þál. sem Alþingi gerði á síðasta þingi þar sem ályktað er svo: „Alþingi ályktar að fela samgrh. að láta gera kostnaðaráætlun um gerð vegar með suðurströnd Reykjanesskaga milli Þrengslavegar við Þorlákshöfn og Grindavíkurvegar. Niðurstöður þeirrar athugunar skulu liggja fyrir við endurskoðun vegáætlunar á næsta Alþingi.“

Undir þetta mál var vel tekið á síðasta þingi. 1. flm. þess var Níels Árni Lund. Það eru mörg rök sem mæla með því að þarna verði gerður varanlegur og vel uppbyggður vegur með suðurströnd landsins. Það er í fyrsta lagi það, eins og segir hér í þál., að þar muni opnast nýjar samgönguleiðir á milli héraða, það mundi stytta leið frá Suðurlandsundirlendi til Suðurnesja um 30–50 km sé horft til þeirrar miklu umferðar. Þetta mundi auðvelda okkur Sunnlendingum að taka hina mörgu erlendu ferðamenn, sem fyrst og

fremst eru í fyrsta áfanga að hugsa til Suðurlands, beint inn á okkar svæði. Það mundi líka verða til þess, eins og segir í þáltill., að minnka umferð á Reykjanesbraut sem mjög er kvartað yfir og hættuástandi á henni. Síðan er það hitt, sem er mjög mikilvægt, að hinn forni Selvogshreppur hefur nú sameinast Ölfushreppi og á þessari leið er Selvogsheiðin sem er snjóþung. Ég býst við að nýr vegur lægi sunnan hennar og þar með væri mikill vandi leystur. Þess vegna er mér það mikið kappsmál og vænti þess að þessi athugun liggi fyrir hjá samgrn. og hafi farið fram. Heimafólk spyr eftir þeim niðurstöðum.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hv. 5. þm. Suðurl. hefur spurt á þskj. 652: „Hvað hefur samgrh. aðhafst vegna þál. sem samþykkt var á síðasta þingi um að láta gera kostnaðaráætlun um gerð vegar með suðurströnd Reykjanesskaga á milli Þorlákshafnar og Grindavíkur?"

Svarið er að hjá Vegagerð ríkisins hefur verið unnið að þessu máli og þar hefur verið gerð yfirlitsáætlun um gerð þessa umræddda vegar. Ástand núverandi vegar var skoðað og metið og slegið á kostnað við endurbætur og/eða uppbyggingu vegar á þessari leið. Var þá annars vegar áætlaður kostnaður miðað við að vegurinn yrði byggður upp með malarslitlagi og reyndist kostnaður þá vera um 350 millj. kr., en hins vegar miðað við bundið slitlag, en þá er áætlað að kostnaður verði 90 millj. kr. meiri eða um 440 millj. kr. Þessar tölur eru á áætluðu verðlagi ársins 1989.

Það er skemmst frá að segja að telja verður að áætlanir þær sem gerðar hafa verið og ég hef vitnað til séu nægjanlega ítarlegar til að ákveða framkvæmdaröð og fjárveitingar. Þessar niðurstöður verða lagðar fyrir þingmenn viðkomandi kjördæma, Suðurlandskjördæmis og Reykjaneskjördæmis, við gerð vegáætlunar í vor og þá er í raun ekkert að vanbúnaði að taka afstöðu til þeirra og ræða í framhaldi af því framkvæmdaröð og fjárveitingar til þessa verks ef svo sýnist.

Benedikt Bogason:

Herra forseti. Mig langar aðeins til að lýsa yfir eindregnum stuðningi mínum við þessar hugmyndir, en að sjálfsögðu þarf að ræða þessu í rétta röð. Mér finnst mjög mikilvægt það nýja viðhorf sem er komið upp og hefur komið fram á allra síðustu mánuðum í sambandi við hvaða möguleikar opnast við að flugvellirnir á Egilsstöðum, hugsanlega á Húsavík og Sauðárkróki, Akureyri, verði gerðir svo vel úr garði að þar geti athafnað sig góðar gerðir af flutningaflugvélum. Það sem mér finnst svo athyglisvert við þessa hugmynd í fyrsta kasti er að vegurinn tengir saman laxeldissvæðin þarna í Grindavík og úti í Þorlákshöfn og styrkir jafnvel alls kyns sérvinnslu sem er að hefjast um allt Suðurland núna. Óseyrarnesbrúin hefur allt í einu opnað augu manna fyrir miklu betri möguleika en áður að tengjast hráefni í Þorlákshöfn. Það síðasta sem ég heyrði var að menn væru jafnvel að fara í sérvinnslu austur á Hvolsvelli, að búa til dýra vöru sem mjög er hagkvæmt að flytja út með flugi. Þessi vegur mundi fullgerður þjóna mjög vel því að tengja þetta svæði flugsamgöngum. Svo vil ég benda sagmrh. á að hnippa í Vegagerðina með að þennan veg er líka hægt að hugsa sér að byggja í einhverjum áföngum.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Það gerist a.m.k. einu sinni á hverju þingi að fram koma tillögur um stórvegaframkvæmdir. Í fyrra var það vegaframkvæmd um hálendið, hin mikla nauðsyn á því að tengja Norðurland og Austurland við Suðurland, m.a. til að auka ferðamannastrauminn á Suðurlandi, með stórkostlegum vegaframkvæmdum á hálendinu.

Núna kemur fram fsp. um hvað gangi og hvað áætlað sé að kosti að byggja veg með suðurströndinni frá Þorlákshöfn til Grindavíkur. Þetta er reyndar ekki alveg utan byggðar en ekki er byggðin mikil á þessu svæði. Mér finnst í sannleika sagt mjög merkilegt að umræða sem þessi skuli vera næstum því árviss á meðan stórir kaflar á almennum vegum á landinu eru óuppbyggðir og næstum því ókeyrandi. Það væri kannski nær að spyrja ákveðið um það ár eftir ár hvenær t.d. Vestlendingar eiga von á því að vegur um Mýrar verði byggður upp þannig að hann verði sæmilega ökufær. Eins um ákveðin vegasvæði á Vestfjörðum, Austfjörðum og Norðurlandi, Öxnadalsheiði. Á svæði eins og Öxnadalsheiði er óbyggður vegur næstum því. Svona „útópíu"-hugmyndir held ég að tilheyri öðrum tíma en deginum í dag.

Karl Steinar Guðnason:

Frú forseti. Á síðasta þingi mun hafa verið samþykkt þál. er varðar þann veg er getið er um í fyrirspurninni milli Þorlákshafnar og Grindavíkur. Ég hafði á orði þá að það væri óþarfi að samþykkja sérstaka þál. um það. Það væri hægt að hringja upp í Vegagerð og fá þetta, þeir hefðu þetta. Ég hygg að svo sé enn í dag. En þessi þál. var samþykkt.

Það hlýtur að koma í hlut þingmanna Reyknesinga að ákveða hvar verði lagðir vegir í þeirra kjördæmi, hvað hafi forgang, og svo mun verða áfram. Ég tel að þessi hugmynd, sem er alls ekki ný og var ekki ný heldur í fyrra, að leggja veg milli Suðurlandskjördæmis og Reykjaneskjördæmis, þ.e. Þorlákshafnar og Grindavíkur, sé mjög góðra gjalda verð og hljóti að koma að því að svo verði gert áður en langur tími líður vegna fiskflutninga og annars. En ég ítreka að forgangsröðin hefur verið önnur hjá þingmönnum Reyknesinga og við teljum að hin mikla umferð sem í kjördæminu er, mjög mikil umferð, hljóti að hafa forgang hvað úrbætur í vegamálum snertir. Þá vil ég nefna t.d. tvöföldun Reykjanesbrautar, sem er mjög brýnt verkefni og skortir mikið fé í, og aðkomuna að Reykjavík þar sem vandamálin eru óteljandi, slys hörmuleg og akstur mjög þungur.

Ég vænti þess að þingmenn annarra kjördæma þurfi ekki að hafa áhyggjur heldur af okkar forgangi í

Reykjanesi og ekki heldur áhyggjur af því að vegur um Mýrar komist ekki á ef þingmenn Vesturlands láta það undan löngunum sínum að sá vegur verði settur í forgangsröð.

Fyrirspyrjandi (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svör hans og það að þessi könnun og kostnaðaráætlun hafi verið gerð.

Það gerist í hverri umræðu þegar menn horfa til framtíðarinnar að alltaf rísa upp einhverjir sem þora ekki að horfa á hið nýja tungl, sem eru svo fastir og íhaldssamir að halda fast í hið gamla tungl. Það er undarlegur hlutur. Hér er ekki verið að spyrja eftir neinum útlátum á peningum. Það er verið að fá gögn í hendurnar til þess að menn í tveimur kjördæmum geti gert áætlanir um framtíðina.

Mönnum væri nær að huga að því sem hefur gerst þar sem ráðist er í stórframkvæmdir og áætlað að taka peninga af kjördæmum til að fjármagna þær. Það væri nær fyrir slíka menn, ekki síst hv. 4. þm. Vesturl., að leggjast í lið með ráðherra sínum að finna leiðir til að þurfa ekki að taka þá peninga. Því það er rétt sem hann sagði að það eru víða slæmir vegir. Ég þekki það úr mínu kjördæmi að vegirnir eru víða farnir. Við höfum tekið svo mikið af viðhaldspeningunum og sett í varanlega vegagerð að til vandræða horfir. Það hefur berlega komið í ljós á þeim snjóþunga vetri sem við höfum haft núna og verið dýrt því niðurgrafnir vegir kalla á mikinn snjómokstur.

Ég vil sérstaklega taka undir það sem hv. 16. þm. Reykv. sagði og ég ætlaði að minnast á í minni seinni ræðu í sambandi við fiskeldið. Fiskeldið er stórkostleg matvælaframleiðsla sem á sér stað í stórum stíl í Þorlákshöfn og á Suðurlandi öllu þar sem menn fullvinna afurðir og þurfa að koma þeim í flugi til útlanda. Þess vegna er það þessi vegur sem þeir horfa mjög á að verði gerður.

En ég er þakklátur ráðherranum fyrir að hafa beitt sér fyrir því að hér liggur fyrir kostnaðaráætlun um væntanlegan veg með suðurströnd. Það er vinnugagn í hendurnar á þingmönnum tveggja kjördæma.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegur forseti. Eins og reyndar kom fram í svari mínu áðan tel ég að það liggi í sjálfu sér fyrir allar þær upplýsingar sem til þarf til að taka afstöðu til þess hvenær menn telja ráðlegt að ráðast í þessa framkvæmd eða hvort. Ég geri ekki lítið úr því að hér væri á ferðinni hin þarfasta framkvæmd. En það er líka rétt að hafa í huga að þetta er allmikið mannvirki sem er verið að tala um vegna þess að vegurinn sem þarna er fyrir ef veg skyldi kalla er þannig á sig kominn að það er nánast um algera nýbyggingu að ræða. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að í þessu tilviki eins og öðrum hljóti þetta að þurfa að skoðast í samhengi við aðrar brýnar framkvæmdir og koma á sínum stað inn í framkvæmdaröð eða forgangsröð verkefna hjá viðkomandi kjördæmun eins og hér var reyndar réttilega minnt á af hv. þm. Skúla Alexanderssyni og Karli Steinari Guðnasyni.

Það er nú einu sinni svo að það er okkar hlutskipti þegar fjallað er um vegamálin að skipta naumt skömmtuðum peningum til málaflokks þar sem þörfin er ærin. Þess vegna tel ég mjög eðlilegt og á réttum tíma að þetta verði rætt í tengslum við endurskoðun vegáætlunar, þingmenn viðkomandi kjördæma ásamt sérfræðingum Vegagerðarinnar fari yfir hvort og þá hvenær eigi að reikna með því að hafist verði handa um framkvæmdir á þessum stað. Sjálfur er ég þeirrar skoðunar að það sé næsta víst að þarna muni koma varanlegur og uppbyggður vegur. Spurningin sé frekar um hvenær.

Verð á matvælum, ein umr.

Fsp. GA, 340. mál. — Þskj. 614.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Öðru hvoru hafa á undanförnum árum birst kannanir um verð á matvælum hérlendis og erlendis, bæði í blöðum og öðrum fjölmiðlum. Reynsla þeirra sem ferðast utan og einnig reynsla þeirra sem hafa búið erlendis um einhvern tíma, þegið þar laun og þurft að framfleyta sér, hefur verið sú — og niðurstaðan í þessum könnunum — að verð á matvælum sé mun hærra hér á landi en víða í nágrannalöndunum. Þótt nokkur munur sé á milli landa má óhætt halda því fram af þeim ástæðum sem ég hef tilgreint að matvæli séu oft ódýrari erlendis og kostnaðarhlutdeild þeirra í framfærslu einstaklingsins lægri en hér. Matvæli eru nauðsynjavörur sem ekki er hægt að vera án og það er erfitt að skilja hvers vegna þau þurfi að vera dýrari hér en t.d. í nágrannalöndum okkar sem eru um margt svipuð okkur. Ég hef sterkan grun um að ráðstafanir og ákvarðanir stjórnvalda ráði þar miklu um. Er skemmst að minnast langra og heitra umræðna um hækkaðan söluskatt á matvæli á síðasta þingi. Þáv. stjórnarandstaða gerði markvissar og einbeittar tilraunir til að koma í veg fyrir hinn illræmda matarskatt en því miður án árangurs. Þáv. ríkisstjórn og þá einkum fjmrh. var ítrekað bent á þau lönd í Evrópu sem annaðhvort hefðu engan söluskatt eða virðisaukaskatt á matvælum eins og Bretland eða þau lönd þar sem skattprósentan væri lægri á matvælum en á öðrum varningi. En því miður, allt kom fyrir ekki. Matarskatturinn varð fljótt íþyngjandi fyrir pyngju heimilanna og þrátt fyrir tilraunir til verðstöðvunar á undanförnum mánuðum er nú svo komið að langfryst laun manna standa tæpast undir venjulegum heimilisrekstri á mörgum heimilum landsins. Þar vegur matvælakostnaður þungt.

Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv.

viðskrh. varðandi þennan kostnað til þess að fá óyggjandi svör frá stjórnvöldum um þessi mál þar sem ég tel að slíkar upplýsingar hljóti að vera mjög mikilvægar t.d. við gerð kjarasamninga. Fsp. þessi var reyndar lögð fram fyrir nokkru þegar kjarasamningar voru í vændum. En það hefur dregist að svara henni þannig að þegar hafa verið gerðir samningar við hluta launþega, en aðrir samningar eru þó enn ógerðir.

Ég hef því leyft mér, eins og ég sagði áðan, að bera fram fsp. á þskj. 614.

„1. Er það rétt að verð á matvælum sé mun hærra hér á landi en í helstu nágrannalöndum okkar?

2. Ef svo er hve mikill er sá munur og hverjar eru helstu ástæður fyrir slíkum verðmismun á lífsnauðsynjum? Hyggst viðskrh. grípa til ráðstafana til að eyða eða draga úr honum?"

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Hv. fyrirspyrjandi spyr í fyrsta lagi hvort rétt sé að verð á matvælum sé hærra hér á landi en í helstu nágrannalöndum okkar. Svarið er já. Ég tel að þetta sé rétt.

Í öðru lagi spyr hv. fyrirspyrjandi hver munurinn sé og hverjar séu helstu ástæðurnar fyrir honum.

Fyrst verð ég að taka fram að samanburður á verði einstakra vöruflokka milli landa er ákaflega vandasamur. Þetta á sérstaklega við þegar ekki eru borin saman nákvæmlega sömu vörumerki. Af þessum sökum hafa kannanir Verðlagsstofnunar á verðlagi erlendis einkum beinst að verði á þekktum vörumerkjum matvöru, tækjum til heimilisnota, bifreiðum og þess háttar, en síður að verði á svokölluðum lífsnauðsynjum, svo sem landbúnaðarvörum, grænmeti, ávöxtum og þess háttar sem fsp. lýtur einkum að. Á því eru augljós vandkvæði að bera saman verð á slíkri vöru milli landa. Verðlagsstofnun hefur þó gert slíkan samanburð í takmörkuðum mæli. Það hefur komið í ljós, sem engan undrar, að verð á matvælum í okkar nágrannalöndum er ákaflega misjafnt en yfirleitt lægra eftir því sem markaðurinn er stærri og innflutningsverslun með matvæli frjálsari og er þar Bretland kannski gleggsta dæmið.

Ég hef látið dreifa hér töflu sem sýnir dæmi um mismun á matvælaverði í Reykjavík annars vegar og í Osló og Glasgow hins vegar samkvæmt verðupptöku Verðlagsstofnunar. Í mörgum tilfellum er matvælaverð mun lægra í nálægum löndum en hér á landi, í öðrum er munurinn minni og þess eru dæmi að einstakar matvörur séu hér ódýrastar og þar er fyrst að telja fiskinn, en einnig virðist verð á brauði vera hér lægra en er t.d. í Noregi.

Það er rétt að taka fram að Osló er talin heldur dýr borg en Glasgow er aftur á móti eins og margir Íslendingar þekkja þekkt fyrir lágt vöruverð.

Þessi samanburður er ekki einfaldur eða einhlítur. Ýmsar skýringar sem hafa verið gefnar á þessum mun. Þar vil ég fyrst nefna hvað varðar innfluttar vörur flutningskostnaðinn. En það sem skiptir kannski mestu máli er það að við erum með annars konar skattakerfi en Norðurlönd. Við leggjum meira upp úr óbeinum sköttum en nágrannar okkar og þar af leiðandi er samanburður á vöruverði í búðunum ekki einhlítur mælikvarði á framfærslukostnaðinn og lífskjörin þegar tillit er tekið til skattanna. En við höfum hér á landi lægri beina skatta.

Það er líka rétt að okkar tiltölulega smái markaður gefur ekki færi á jafnhagkvæmum innkaupum og innflutningsverslunin er hér nokkuð dýr. Þá eru umboðslaun erlendis enn verulegur þáttur í verði á innfluttum matvælum. Loks kem ég að því sem kannski skiptir mestu máli og það er að framleiðslukostnaður á búvörum hér á landi er hár og hærri en í mörgum öðrum löndum og sú staðreynd að við flytjum ekki inn neitt af þeim vörum.

Ég held að þetta séu aðalskýringarnar. Hér hef ég drepið á margt sem máli skiptir. Ég tel það fjarstæðukennt að kenna þennan verðmun við svonefndan „matarskatt" sem nefndur var af fyrirspyrjanda. Almennur söluskattur á flestar neysluvörur sem upp var tekinn um áramótin 1987 og 1988 er að sjálfsögðu þáttur í þessu máli, en ég minni á að þá voru niðurgreiðslur jafnframt auknar til þess að mæta áhrifum þeirrar sjálfsögðu og nauðsynlegu breytingar á verð mikilvægustu matvöru. Það stendur enn.

Ég tek það fram vegna spurningar um það hvort ríkisstjórnin hafi í huga aðgerðir til að draga úr eða eyða þessum mismun á verði lífsnauðsynja hér á landi og í nágrannalöndum að það er sjálfsagt mál að athuga alla þætti þessa máls. Í upphafi þarf náttúrlega að gera betri samanburðarathuganir á verði lífsnauðsynja hér á landi og í nálægum löndum. Það hefur ekki verið gert. Slík athugun er fyrirhuguð hjá Verðlagsstofnun síðar á þessu ári. Ég bið þingmenn að taka þann lista sem ég dreifði á borðin vegna þessarar fyrirspurnar sem dæmi eingöngu en ekki sem vísindalega niðurstöðu. En mér fannst erfitt að tala um þetta mál án þess að þingheimur hefði fyrir framan sig nokkur dæmi um sæmilega sambærilegar tölur um matvælaverð.

En eins og ég sagði þarf að athuga alla þætti málsins. Það þarf að kanna möguleika þess að auka samkeppni í verðmyndun á matvælum. Það þarf jafnan að athuga mörkin á milli innflutnings og innlendrar framleiðslu frá sjónarmiði hagsmuna neytenda en um leið að gæta þess að Íslendingar hafi sjálfsbjargarbúskap í vöruframleiðslu á mikilvægustu lífsnauðsynjum. En aukin hagkvæmni í búvöruframleiðslunni er og verður eitt mikilvægasta atriði þessa máls.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir svör hans. Það er gott að fá það afdráttarlaust úr hans munni að hann telur að matvæli séu hærri að kostnaði hérlendis en í nágrannalöndum okkar. Mér fannst þó öllu verra að heyra að hann hafði engar markvissar aðgerðir eða ráðstafanir í huga til að draga úr þessum mismun eða kostnaði sem ég tel að sé nauðsynlegt að gera.

Ég tel að matarskattur sé ein af ástæðunum fyrir þessum mismun. Þær eru auðvitað fleiri. Ein af ástæðunum er einnig að laun eru hér hlutfallslega lægri miðað við matvælakostnað en gerist meðal nágrannalanda okkar.

Það var áhugaverð sú tafla eða þær upplýsingar sem hann lagði á borð fyrir okkur. Mig langar sérstaklega að beina athygli manna að mismun á verðlagi í Glasgow og Reykjavík. Þann mismun þekkjum við, eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra. Íslendingar hafa gert sér tíðförult til Glasgow einmitt til þess að versla, þó ekki endilega til matvælakaupa, vegna þess að verð er þar almennt lægra en hér. Í Bretlandi, og Glasgow telst til Bretlands, er einmitt ekki skattlagning á matvæli á svipaðan hátt og hér er. Ég held ekki að beinir skattar séu í raun svo miklu hærri þar en hér gerist þó ég hafi engar ákveðnar upplýsingar um það í huga mér. Ég held að stjórnvöld þar í landi, þó margt megi um þau segja, hafi þó a.m.k. haft rænu á því að gera matvæli vel aðgengileg fyrir allan þorra manna þó að margt mætti segja um hag hins almenna launþega í Bretlandi.

Ég vek sérstaklega athygli á mismun á verðlagi á t.d. heilhveitibrauði, appelsínum, tómötum, kjúklingum og svínakótilettum. Þar er geysilega mikill verðmunur miðað við Ísland. Fiskurinn er ódýrari hérlendis sem betur fer, og þykir kannski engum frétt, en margar vörur sem eru tilgreindar eru verulega ódýrari en hér á landi. Það er rétt, eins og hæstv. ráðherra sagði, að Noregur er talið frekar dýrt land.

Ég fagna því að Verðlagsstofnun skuli hyggja á að gera betri og ítarlegri könnun í þessum efnum þó síðar verði á árinu. Ég legg til að Verðlagsstofnun stundi reglubundnar kannanir með þessum hætti til þess að fylgjast með þróun verðlags á matvælum hérlendis miðað við nágrannalönd okkar. Hvað sem líður nágrannalöndunum eru þetta mikilvægar upplýsingar en öllu varðar auðvitað að matvæli séu verðlögð hér þannig að þau vegi ekki of þungt í kostnaði við heimilisrekstur og launþegar eigi þess kost og allur þorri manna í þjóðfélaginu að kaupa sér matvæli án þess að því fylgi íþyngjandi kostnaður.

Ég vona að stjórnvöld hafi einhverjar markvissar aðgerðir í huga varðandi lækkun á kostnaði. Og ég vildi alveg sérstaklega spyrja hæstv. ráðherra: Hyggst þessi ríkisstjórn gera eitthvað til að lækka matarskatt eins og haft var á orði fyrr á þessu ári og jafnvel notað sem beita í umræðum um kjarasamninga á sínum tíma? Síðan hefur ekkert frekar til þessa máls heyrst. En munu stjórnvöld beita sér fyrir því að lækka matarskattinn?

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegur forseti. Hv. fyrirspyrjandi vakti sérstaka athygli á því að verð á matvælum virtist vera lægra í Glasgow og gat sér þess til að þar mundi skýringin vera óbein skattlagning á matvælum. Ég held að það sé veigalítið atriði til að skýra þennan mun þó að það sé vissulega rétt að þar muni óbeinir skattar á matvælum lægri en hér. Mergurinn málsins er sá að þeir sem byggja Bretlandseyjar njóta hins besta af báðum heimum. Þeir flytja inn stórlega niðurgreiddar landbúnaðarvörur frá meginlandi Evrópu, þeir flytja inn landbúnaðarvörur frá fornum nýlendum Breta, t.d. Nýja-Sjálandi og Ástralíu, þar sem framleiðslukostnaður er einna lægstur í heimi. Þetta er meginskýringin á því hversu matvælaverð er lágt á Bretlandseyjum. Þetta vita allir sem vita vilja. Hins vegar vil ég benda á að þarna er líka þriðja atriðið sem veldur miklu um þennan mun. Það er einfaldlega að lífskjör eru miklu betri almennt á Íslandi, tekjur miklu hærri en er í Glasgow. Ég held að þótt menn vildu skipta á verðinu á ostum, smjöri, beikon og eggjum — því miður sýnir taflan ekki verð þeirrar vöru í Glasgow, en ég veit af eigin reynslu að egg eru þar ódýr, enda flutt inn frá öðrum löndum ef verkast vill, m.a. frá Austur-Evrópulöndum ef þau eru ódýrust þar — þá vilja menn ekki skipta á kjörum við þá þjóð sem þar býr, einfaldlega af því að hér eru tekjurnar miklu hærri.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda og ráðherra fyrir hans svör. Ég ætla ekki að endurtaka það sem hefur komið fram. Ég tel mikinn feng í að þetta sé rannsakað, en það þarf að skoða fleira. Það þarf t.d. að skoða hvernig landbúnaður í þessum löndum er styrktur. Það eru yfir 30 liðir t.d. í Noregi þar sem landbúnaðurinn er styrktur með ýmsum hætti. Og í Bretlandi, til þess að framleiðslan haldist þar, er landbúnaður styrktur þannig að það sem þeir framleiða seljist þó að innflutningur kæmi svo til viðbótar. Síðan þarf líka að skoða hver yrði dreifingarkostnaður hér ef ætti að flytja inn landbúnaðarvörur t.d. og dreifa þeim um landið.

Það verður sem sagt að skoða allar hliðar á þessu máli til þess að það sé eitthvert vit í umræðum um þessi mál. Því miður er það af skornum skammti oft og tíðum.

En ég fagna því og geri það af heilum hug að þessi mál séu öll skoðuð og auðvitað verður að lækka matarskattinn. Það verður að lækka matarskattinn því hann er með meiri háttar mistökum sem hafa verið gerð í íslenskum stjórnmálum lengi.

Karl Steinar Guðnason:

Frú forseti. Ég tek undir nauðsyn þess að lækka matarverð í landinu. Það er mjög nauðsynlegt, enda eru það sannindi að fleira er kjör en króna. Verkalýðshreyfingin hefur lagt afar mikla áherslu á þetta og mun gera áfram. En mig langar til að vitna til Félagstíðinda BSRB þar sem er samanburður á framfærsluvísitölu milli ára. Þar segir að árið 1968 hafi vísitölufjölskyldan eytt 32% í matvörur, en árið 1988 er það komið niður í 20,5%. Þetta segir þá sögu almennt að lífskjör hafa mjög batnað á þessu tímabili og fólk hefur haft ráðrúm til að eyða tekjum í fleira en matvæli. En þetta eru þrátt fyrir það mjög athyglisverðar tölur.

Það sem mig langar til að spyrja er hvort ráðherra

hefur handbærar tölur sem segja: Hvað mundi t.d. smjör og aðrar landbúnaðarafurðir kosta ef þær væru ekki svo niðurgreiddar sem þær eru, almennar landbúnaðarvörur? Það væri mjöðg fróðlegt að fá að vita það, en einmitt niðurgreiðslurnar eru þáttur í því að halda matarverðinu niðri.

Ég tel að einn helsti vandinn í verði matvæla sé innflutningsverslunin, hana megi mjög bæta. Dreifingaraðilar eru of margir, innflutningsaðilar of margir, verslanahallir of margar og íburðarmiklar. Allt hjálpast þetta að því að gera matarverðið óhóflega hátt í landinu. Það þarf að gera mjög mikið átak og spurningin er sú hvort ráðuneytið getur og þá í samvinnu við aðra hlutast til um að koma innflutningsversluninni í betra horf en er í dag.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Mig langar aðeins að gera litla athugasemd við þau ummæli hæstv. ráðherra, ef ég hef skilið hann rétt sem ég held að hljóti nú að vera, að lífskjör væru svo miklu betri á Íslandi en á Bretlandseyjum og þá væntanlega launakjör að við gætum borgað hærra verð fyrir matvöru. Ég efast um að þetta fái staðist. Og að skýring á því að vöruverð sé lægra í Bretlandi, t.d. á matvörum, en hér væri í því fólgin að Bretar gætu flutt inn frá fyrrum nýlendum sínum miklu ódýrara en aðrir efast ég líka um að sé rétt. Ég var nokkra daga í Þýskalandi, í öðru Evrópubandalagsríki, og það er sama sagan þar. Matvörurnar eru miklu, miklu ódýrari.

Við skulum sleppa kjötvörunum og mjólkurvörunum. En allar aðrar matvörur almennt eru líka miklu ódýrari. Ég gagnrýni það líka að ráðherrann skyldi ekki víkja að því, sem frsm. þó minntist á, hver væri skattlagning á matvörum í Evrópubandalagsríkjunum. Það var þegar síðasta ríkisstjórn var, og var ég nú stuðningsmaður hennar þrátt fyrir allt og alla, að verið var að reyna að sannfæra menn um að það væri nauðsynlegt að hafa sama skatt á matvörur og brýnustu nauðsynjar og jafnvel á lúxusvörur, sama söluskatt eða virðisaukaskatt. Þetta er mesta fásinna.

Það hefur komið fram að það eru engir slíkir skattar í Bretlandi. Evrópubandalagið hefur sett upp þá reglu að á matvörur og aðrar brýnar nauðsynjar, eins og húshitun, almenningssamgöngur og slíkt, megi virðisaukaskattur ekki vera nema 4 til 9% að vísu og á aðrar vörur 14–20%. Við erum að tala um að við ættum að reyna að nálgast Evrópubandalagið með þessum hætti, með ýmiss konar samræmingu á sköttum og stöðlum og slíku. Ég er ekkert á móti því, síður en svo. En það er alveg ljóst að það eru hinir gífurlegu skattar, beinir og óbeinir, sérstaklega á nauðsynjavörur, sem fara verst með alþýðu manna og auðvitað er það láglaunafólkið sem það bitnar fyrst og fremst á því að það er rétt að stærsti hlutinn af launum láglaunafólks fer í matvæli, en miklu minni hundraðshluti af launum mínum og annarra, sem verða að teljast hátekjufólk, fer í mat en stórra fjölskyldna sem þurfa að búa við kannski 50, 60, 70 þús. kr. laun þó að bæði hjónin reyni að vinna úti. Þar fer helmingurinn í matvæli og hitt í skatta meira og minna.

Friðjón Þórðarson:

Virðulegi forseti. Þetta er hin þarfasta umræða. Að sjálfsögðu verða stjórnvöld á hverjum tíma að leita allra ráða til að halda hinum brýnustu lífsnauðsynjum almennings í algeru lágmarksverði. Þessu þurfum við líka að hyggja að hér á landi. Við getum ekki haldið áfram að stunda landbúnað nema allur almenningur geti leyft sér að kaupa brýnustu landbúnaðarafurðir. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þann lista sem hér var lagður fram með Glasgow-verði annars vegar og verði hér á landi hins vegar þó að sá samanburður sé kannski ekki fullkominn vegna þess að það er afskaplega erfitt að bera þessi mál saman frá einu landi til annars. Þar þarf að gæta svo margra atriða.

En svo er eitt að lokum. Ég hef frétt það frá góðum heimildum að Svisslendingar t.d. geti fengið landbúnaðarafurðir á miklu lægra verði með því að skreppa yfir landamærin til Frakklands. En þeir segja sem svo: Sagan hefur kennt okkur að við þurfum að vera sjálfum okkur nægir með landbúnaðarframleiðslu og það er liður í ævarandi sjálfstæðisbaráttu okkar að halda áfram að framleiða landbúnaðarvörur.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Öll getum við verið sammála um eitt og það er að finna leiðir til að lækka verð á matvörum. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir þá töflu sem hann dreifir um verð. Þar kemur það kannski í ljós, sem ekki hefur nóg borist inn í umræðuna á síðustu vikum, að matarverð á Íslandi, verð á brýnustu nauðsynjum er ekkert ósvipað því sem gerist í Osló. Mér þætti vænt um ef ráðherrann sendi Neytendasamtökunum þessa skýrslu. Þetta kemur fram á mjólkurvörum og fleiri vörum.

Hv. þm. Karl Steinar ræðir um niðurgreiðslur og telur að það þurfi að taka þær inn í. Nú vitum við að margar þjóðir og flestar þjóðir sem við þekkjum greiða niður matvæli. Ég vil samt taka undir það með hv. þm. að það er áreiðanlega hægt að lækka verð bæði á innlendum og erlendum matvælum. Það eru t.d. 1200 heildsölur á Íslandi í því að flytja inn í landið. Það eru yfir 7000 störf við þau verkefni að flytja inn vörur í þetta land. Það eru hér um bil jafnmargir í heildsölunni og í smásölunni. Þetta er ófært og það er mikið verkefni fyrir þessa ríkisstjórn að taka á þessum málum.

En ég hefði talið eðlilegt í kringum þá kjarasamninga sem nú eru í gangi að við hefðum lagst í það verkefni eitt að huga að því hvernig við getum komist frá hinum ógæfusamlega skatti sem matarskatturinn hefur verið þjóðinni því vissulega eru það margar greinar landbúnaðarins sem bera hann af fullum þunga. Ég nefni kartöflurnar sem nú hafa verið mjög inni í umræðunni. Ég hygg að 35 kr. af kg séu söluskatturinn á þeirri vöru. Svo er með hrossakjöt

og fleiri vörur. Ég held að þar sé stórverkefni fyrir ríkisstjórnina að huga að því verkefni hvernig hún kemst frá þessum vandræðalega matarskatti og það verður að gerast eigi síðar en með upptöku virðisaukaskatts. Allar verstu hrakspár um matarskattinn hafa því miður ræst.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka forseta að leyfa mér að gera enn athugasemd. Mér láðist, og það var ekki viljandi yfirsjón, að svara beint spurningu hv. fyrirspyrjanda um breytingar á skattlagningu á matvælum. Ég svara henni þannig að það er stefna þessarar stjórnar að halda aftur af verði á matvælum með öllum tiltækum ráðum sem skynsamleg eru og þar er skattakerfið ekki undanskilið. Hins vegar vara ég þingmenn við því að velja það sem einu skýringuna á háu matvælaverði á Íslandi að hér sé söluskattur á matvælum. Það er niðurstaða kannana í öðrum löndum að lægri skattar á matvælum gagnist ekki best þeim sem lægstar tekjur hafa. En auðvitað fer þetta eftir því hvernig skattakerfin eru að öðru leyti.

Þar með er ég kominn að máli hv. 8. þm. Reykv. sem hélt því fram að söluskatturinn væri skýringin á háu matvælaverði hér og muninum á því og því sem gerist í öðrum Evrópuríkjum. Hann nefndi meginlandsríkin. Ég vil benda hv. þm. á að auk innflutnings til Bretlandseyja frá Eyjaálfu, Austur-Evrópu og Ameríku og frá öllum þeim löndum sem framleiða matvörur með ódýrum hætti njóta Bretlandseyjar þess að flytja inn stórlega niðurgreiddar vörur frá meginlandi Evrópu, en þar er eins og kunnugt er umfangsmesta niðurgreiðslukerfi á búvörum sem þekkist í heiminum, samkvæmt hinni sameiginlegu landbúnaðarstefnu Evrópubandalagsríkja.

Það er rétt hjá hv. þm. að það er mishár skattur í löndum eftir því um hvaða vörur er að ræða og víða er matvælaskatturinn lægri en annars staðar. Þetta er samt alls ekki meginskýringin eins og ljóst má verða af því að víða veldur niðurgreiðslukerfið frá fjórðungi til helmingi og jafnvel enn hærri hlutföllum af verðinu sem dregur það niður. Þetta er spurning sem menn þurfa að velta fyrir sér. Vilja menn skattleggja allan almenning til aukinnar niðurgreiðslu, og í Evrópu er allur almenningur að sjálfsögðu skattlagður til þess að gera þetta, til þess að halda frekar aftur af verðinu? Við höfum reyndar ákveðið að hafa hér niðurgreiðslur. Við erum með niðurgreiðslur á búvörum sem valda því að verð á mikilvægustu vörum eins og mjólk og kjöti er fjórðungi til helmingi lægra en það annars væri ef niðurgreiðslnanna nyti ekki við að gefnum kostnaði og skattakerfi. Þetta gef ég hér líka sem svar við ábendingum hv. 9. þm. Reykn. Því miður hef ég ekki á hraðbergi nákvæmar tölur um þetta, en mun að sjálfsögðu sjá til þess að þingheimi verði látnar þær í té og tek þetta sem tilefni til þess að koma þeim upplýsingum á framfæri við þingmenn.

Þetta vildi ég segja og ég tek undir með hv. fyrirspyrjanda og öðrum sem hér hafa talað að það er mikil þörf á því að gera svo vandaða könnun sem frekast er kostur á þeim mismun sem er á matvælaverði milli Íslands og annarra landa. Þar dugir ekki að taka á málinu á þann hátt sem gert er á þessu blaði, sem ég hef hér dreift til þess að þétta hugi manna um þetta mál. Það verður að gera þetta í heildarsamhengi, samhengi neyslu og þjóðhagsreikninga. Það vil ég að verði gert og mun beita mér fyrir því að Verðlagsstofnun, Þjóðhagsstofnun og Hagstofa vinni saman slíka vandaða athugun því skilningur á því máli er undirstaða þess að við getum komið ráðum við til þess að halda aftur af matvælaverðinu.

En ég endurtek að meginskýringin á lágu matvælaverði á Bretlandseyjum er hinn frjálsi innflutningur Breta á matvælum hvaðan sem þau gefast ódýrust.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar, en þakka undirtektir þingmanna við þær hugmyndir sem við í sameiningu höfum hér mótað, hv. fyrirspyrjandi og ég, um þörfina fyrir athuganir á þessu máli og endurtek að það er stefna þessarar stjórnar að draga úr matvælakostnaði í bráð og lengd, en þar mun mikilvægast verða að stuðla að hagkvæmri framleiðslu matvæla á Íslandi.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér fyrir framan okkur liggja mjög fróðlegar upplýsingar og væri hægt að ræða þær fram og til baka og drepa á eitt og annað. Mér er ljóst að til þess er kannski ekki tími núna, en get þó ekki stillt mig um að það hvarflar að mér að ein af ástæðunum fyrir háu matvælaverði hér á landi séu kröfur heilbrigðisyfirvalda í þessu landi sem eru langt fram yfir það sem „normalt" getur talist.

Það liggur fyrir ef farið er yfir skýrslur mjólkurbúa að býli sem hafa verið dæmd með ónýt fjós hafa skilað ár eftir ár mjólk með minna gerlainnihaldi en þeir sem hafa verið í góðum fjósum. Það er nefnilega hinn mannlegi þáttur sem skiptir höfuðmáli. Það liggur líka fyrir að kröfurnar um sláturhúsabyggingar í þessu landi hafa verið gegndarlausar. Þær voru miðaðar á tímabili við það hvað Bandaríkjamenn e.t.v. mundu gera en framkvæmdu svo aldrei vegna þess að þeim þótti það of dýrt en við sátum uppi með að þurfa að framkvæma þetta. Ég held að menn mættu hugleiða í fúlustu alvöru hvort land jafnnorðarlega og þetta, þar sem hætta á því að matvæli skemmist er þess vegna minni en annars staðar, eigi að sitja uppi með einhverjar hörðustu reglur í heimi á þessu sviði.

En ég vek athygli á öðru sem stingur mjög í augu og það er t.d. verð á appelsínum. Það verður ekki skýrt með matarskattinum hvers vegna Glasgow borgar ekki nema 41,65 kr. fyrir kg af appelsínunum. Það verður ekki heldur skýrt með því að það séu einhver sérstök vandamál í flutningum á appelsínum til Íslands. Þarna er eitthvað að í okkar kerfi nema þá skýringin sé sú, sem ég ætla ekki að fortaka að geti verið hugsanleg, að Suður-Afríka selji appelsínur á lægra verði en aðrir og Thatcher klígi ekkert við að kaupa þær þaðan. Það getur vel verið að það sé skýringin. Og sakna ég mjög fróðs manns héðan úr salnum úr utanrmn. sem e.t.v. vissi þetta.

En það er fleira sem hér vekur athygli. Hvað með hveitið? Ekki búum við það að innlendir bændur framleiði hér hveiti á miklu hærra verði en aðrir. Ekki búum við við það. En munurinn á heilhveitibrauðinu er ekkert smáræði. Það mætti ætla að við keyptum hveiti frá Grænlandi. Það er eitthvað stórt og mikið að í þessum efnum.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég vil af tilefni þeirrar fróðlegu umræðu sem hér fer fram aðeins rifja upp hvaða rammi er dreginn í þingsköpum um svar við munnlegum fyrirspurnum sem kallaðar eru eða munnleg svör. Í þingsköpum segir: „Fyrirspyrjandi eða framsögumaður fyrirspyrjanda mælir fyrir fyrirspurn. Ráðherra, er hlut á að máli, svarar síðan fyrirspurn. Hvor um sig, fyrirspyrjandi og ráðherra, má ekki tala oftar en tvisvar, fyrirspyrjandi eigi lengur en tvær mínútur og ráðherra eigi lengur en fimm mínútur í senn. Öðrum þingmönnum er heimilt að gera stutta athugasemd."

Þetta er ákvæði þingskapa um þessi efni. Ef ég man rétt voru við breytingu á þingsköpum 1985 þrengdar verulega reglur um fyrirspurnir. Ég minnist ágætra umræðna, allt að klukkutíma almennra umræðna í sameinuðu þingi af tilefni fyrirspurna, og mér sýnist að við séum að fara hér í sama farið. Það er út af fyrir sig spurning hvort það eigi ekki að heimila, en það þarf þá að vera skýrt. Mér sýnist að sú umræða sem hér hefur farið fram um þetta viðamikla mál, umræða sem er allrar athygli verð, stefni gegn því sem var verið að breyta 1985 í sambandi við fyrirspurnir. Hér hafa menn gert athugasemdir sem falla inn í þann tíma sem fyrirspyrjanda sjálfum er ætlaður. Ég hygg að ráðherra hafi talað í þriðja sinn án þess að ég hafi fylgst náið með því, gert örstutta athugasemd sem fór vel yfir tímamörk.

Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu því að það verður eitt yfir alla að ganga í þessum efnum og við þurfum að átta okkur á hvaða svigrúm við höfum til þess að taka á málum með þeim hætti sem við erum að gera hér og hefur verið gert áður í vetur af tilefni einstakra fsp.

Þetta er ekki sagt vegna þess að málið verðskuldi ekki umræðu heldur vil ég vekja athygli á þessu því að þetta rýmkar verulega þann tíma sem við höfum að jafnaði tekið undir þetta form umræðu. (**ÓÞÞ:** Við höfum réttlátan forseta.)

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Að gefnum þessum umræðum um þingsköp vil ég þakka hv. 2. þm. Austurl. fyrir aðstoð við fundarstjórn. Hún er hins vegar óþörf. Fundarstjóri er allvel að sér í lögum um þingsköp og hefur metið þessa umræðu svo mikilvæga að full ástæða sé til að gefa hv. þm. tækifæri til þess að gera athugasemdir svo og ráðherrum.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Já, ég þakka virðulegum forseta fyrir að leyfa mér að gera athugasemd. Ég hafði ekki hugsað mér að blanda mér í þessa umræðu, en allmargir þingmenn hafa nú tekið til máls og hæstv. viðskrh. talað eigi sjaldnar en þrisvar, alllangt mál í hvert sinn, þar sem hann m.a. gaf þá skýringu helsta á lágu matvælaverði í Bretlandi að Bretar heimiluðu innflutning á matvöru þaðan sem hún fengist ódýrust í heiminum. Hæstv. viðskrh. bað menn að forðast alhæfingar og forðast t.d. þá alhæfingu að skattlagning væri aðalskýringin á háu matvælaverði á Íslandi. Ég bið hæstv. viðskrh. að forðast alhæfingar hvað varðar matvælaverð í Bretlandi og upplýsa hæstv. viðskrh. um að það er ekki rétt að innflutningur sé óheftur á matvælum til Bretlands. Þannig gerðist það þegar Bretland gekk í Efnahagsbandalagið að að stórum hluta til lokuðust þeir markaðir sem til að mynda Ný-Sjálendingar höfðu áður haft á Bretlandseyjum fyrir kindakjöt. Það var vegna þess að Bretar gengu inn í hinn mikla markað Evrópubandalagsins og urðu að taka á sig gagnkvæmar skuldbindingar þar sem hefur síðan leitt til þess að miklar takmarkanir hafa verið settar á einmitt innflutning ýmissa matvæla til Bretlands sem mér er vel kunnugt um m.a. eftir að hafa kynnt mér landbúnaðarvandamál þeirra á Nýja-Sjálandi.

Um þá annars fróðlegu umræðu sem fór fram vil ég bara segja að það er vissulega rétt að verð á matvælum er nokkuð hátt á Íslandi og hærra en víða í nágrannalöndunum, en það vill oft gleymast, svo merkilegt sem það er, að það á sammerkt með verðlagi á öðrum vörum hér að vera svona hátt. Vegna þess að Glasgowborg er hér nefnd til samanburðar um matvælaverð leyfi ég mér að fullyrða, kemur reyndar fram á þessum töflum, að munurinn á vöruverði annarrar gerðar hér og í Glasgow er mun meiri en munurinn á matvælunum. Þannig er það t.d. ekki óvenjulegt að vefnaðarvara sé tvöfalt til þrefalt ódýrari í Glasgowborg en hér í Reykjavík.

Að öðru leyti vil ég tímans vegna og þess þrönga ramma sem hér er markaður um þessa umræðu ekki ganga meira á þolinmæði forseta en segi um kannanir og samanburð á vöruverði: Hann er góðra gjalda verður, en segir þó aldrei nema takmarkaða sögu nema menn fínkembi þær ástæður sem að baki liggja.

Ég hefði talið að ef eitthvað væri brýnt væri það að framkvæma ítarlega úttekt á vinnslu-, heildsölu-, dreifingar- og smásölukostnaði í matvöruverslun á Íslandi.

Pálmi Jónsson:

Hæstv. forseti. Þessi umræða er hin gagnlegasta þrátt fyrir þröngar tímaskorður. En það kemur vitaskuld í ljós að það er afskaplega erfitt að gera samanburð á milli landa á vöruverði ekki síst á matvælum. Því ræður, eins og kemur fram, í fyrsta lagi skattlagning á þessar vörur sem er mismunandi eftir löndum, í öðru lagi niðurgreiðslur sem eru mjög mismunandi og landbúnaðarpólitík almennt varðandi þær vörur sem eru landbúnaðarframleiðsla.

Í flestum eða öllum löndum Vestur-Evrópu eru niðurgreiðslur mun hærri en hér á landi á landbúnaðarvörum og styrkir hins opinbera í einu og öðru formi til landbúnaðarins eru hærri og meiri í Vestur-Evrópulöndum yfir höfuð en hér á landi. Þetta hefur auðvitað ekki lítil áhrif á vöruverðið. Ég bendi á þetta vegna þess að þetta sannar hversu erfitt er að taka beinan samanburð á verði. Það þarf að taka miklu fleiri atriði þar inn í. Ég skal ljúka þessum orðum, hæstv. forseti, með því að benda á, eins og hæstv. landbrh., að ef samanburðurinn næði yfir fleiri vörutegundir, hann nefndi vefnaðarvöru, við skulum segja fatnað í Glasgow og Reykjavík, þá held ég að munurinn yrði heldur stórkarlalegri en fram kemur á matvörunni, ekki síst meiri en er á landbúnaðarvörum.

Karvel Pálmason:

Virðulegur forseti. Ég skal vera stuttorður. Mig minnir að til sé það máltæki að það sé of seint að iðrast eftir dauðann. Mér finnst að sumir ræðumanna sem koma upp og gagnrýna matarskattinn nú hefðu átt að íhuga það fyrr þegar þeir greiddu atkvæði með honum á sínum tíma og hefðu þá átt að íhuga að það var slæm aðgerð að mínu viti, kannski sú versta sem menn gerðu í þann tíma. Þetta rifjast upp þegar menn koma hér hver á fætur öðrum, sem studdu þetta frumvarp, sem var rangt að mínu viti, en koma nú og telja nauðsyn á að afnema skattinn.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, virðulegi forseti. En mér finnst rétt að rifja svona upp þegar menn koma ... (**GuðnÁ:** Þakkaðu fyrir að iðrunin nær út yfir gröf og dauða.) Það kann vel að vera að menn treysti á framtíðarlífið eftir að hafa gert allar vitleysurnar hér. Það kann vel að vera að slíkt kunni að gagnast í framtíðinni. En ég hygg samt að mönnum hefði verið nær að huga að mínum ráðleggingum og aðvörunum í þessum efnum.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Þau voru virkilega fleyg orð sem hæstv. viðskrh. mælti áðan þar sem hann sagði að það væri ásetningur ríkisstjórnarinnar að draga á alla kanta og enda úr vöruverði hér á landi.

Nú er það svo að á síðustu árum, og það hefur ekki verið dregið inn í þessa umræðu fyrr, hefur verð á framleiðsluvörum til bændanna í landinu, bæði mjólk og kjöti, farið lækkandi ár frá ári. Á sama tíma hefur verð á þessum sömu vörum farið hækkandi til neytenda. Nú er það svo að það er hæstv. viðskrh. sem stjórnar þeim aðgerðum. Það þurfa til að koma heimildir frá Verðlagsstofnun sem hann stjórnar til þess að sú þróun geti átt sér stað. Aldrei hefur orðið jafnmikil breyting í ógæfusamlega átt í þessum efnum og á sl. hausti. Þetta er staðreynd málsins. Þetta er aðferðin sem hæstv. viðskrh. notar til þess að draga sem allra mest úr vöruverði hér á landi. (**Viðskrh.:** Verðlagning á búvöru fer eftir búvörulögum, heyrir ekki undir viðskrh.) Verðlagningin? Ef ég má svara þessu fer hluti af henni fram undir forsæti verðlagsstjóra sem lýtur forræði viðskrh. (**Viðskrh.:** Það er samkvæmt sérstökum lögum.) Það er nákvæmlega sama hvaða lög það eru. Það eru staðreyndir málsins.

Benedikt Bogason:

Hæstv. forseti. Ég get ekki stillt mig um að koma með smáathugasemd varðandi skýringar hæstv. viðskrh. Auðvitað er það okurháa matarverð á Íslandi, sem er með því hæsta sem maður þekkir í nágrannalöndunum, af ýmsum orsökum, ekki bara einni. Það er auðvelt að sjá að það verður 25% hærra verð ef lagt er ofan á kostnað vörunnar 25%. Það þýðir ekkert að fela það. Ég fór að reikna að gamni hvað t.d. mjólkin mundi kosta ef það væri enginn söluskattur, 41,60 kr., lægri en í Osló, jógúrt 28,80 kr. Appelsínurnar hérna mundu kosta 72,67 en ekki 90,86 kr. ef það væri enginn söluskattur á matvæli eins og var. Þetta er heilmikið og þetta munar láglaunafólk um þar sem matvæli eru kannski upp undir helmingur eða a.m.k. 40% af útgjöldunum. Auðvitað kemur þetta fyrst og fremst til góða láglaunafólki. En það er annað. Það er hinn mikli vaxtakostnaður hérna sem hefur mikil áhrif á framleiðsluverð vörunnar. Ef tekst að lækka vexti og beisla vaxtaófreskjuna verður líka lækkun. En það er ekki hægt að blekkja menn með því að staðhæfa að 25% skattur ofan á allt hafi ekkert að segja. Það er hrein firra.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Ég þakka hæstv. forseta fyrir að leyfa mér að gera örstutta athugasemd og ég þakka hv. þm. öllum og ráðherrum sem hafa tekið þátt í þessari umræðu. En vegna þess sem kom fram í henni vil ég fyrst og fremst taka það fram að landbúnaðarvörur eru að mínu viti nær alls staðar niðurgreiddar í Evrópulöndum. Það er engin frétt. Við erum ekkert sérstök að þessu leyti hér á Íslandi. En samt tekst að halda matvælaverði og það á nauðsynjum í lágmarki víða annars staðar.

Yfirbygging verslunar og millilíða er ekki síst vegna ráðstafana stjórnvalda. Því skulum við ekki gleyma. Það er ekkert náttúrulögmál sem leyfir þeim að bólgna út.

Lífskjör í Bretlandi kunna að einhverju leyti að ráðast af þeim þáttum sem hæstv. viðskrh. nefndi. Og víst ráðast kjör manna af fleiru en krónum eins og hv. 9. þm. Reykn. sagði. En þegar minnst er á tekjur Íslendinga og að þær séu betri en annars staðar megum við aldrei gleyma því að að baki þessum tekjum liggur lengri vinnudagur en í flestum öðrum nágrannalöndum okkar. Hér vinnur fólk lengri vinnudag til að afla þessara tekna en launþegar í nágrannalöndunum.

Hv. 5. þm. Suðurl. minntist á verðlagið í Osló, að það væri jafnvel hærra en hér, og varð kannski svolítið glaður við, ég veit það ekki. En þá mega menn ekki gleyma því að laun í Osló eru hærri en hér til að mæta þessum matvælakostnaði. Það er sama hver skýringin er. Það verður að draga úr þessum háa matvælakostnaði hér á landi og það er skylda stjórnvalda að beita sér fyrir því og finna til þess leiðir.

Ein af þeim leiðum sem fara má til að byrja með er að gera vandlega könnun eins og boðuð hefur verið, en þá verður líka að gæta þess við gerð hennar að taka tillit til allra þeirra þátta sem hafa áhrif á málið, t.d. eins og kostnaðarhlutdeildar matvæla í heimilisrekstri, tekjuskatts og annars sem kemur málinu við.

Beitarþolsmat og beitarþolsrannsóknir, ein umr.

Fsp. GuðnÁ, 341. mál. — Þskj. 618.

Fyrirspyrjandi (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Það gerðist á haustdögum snemma á þessu þingi að fram fór einhver undarlegasta umræða sem menn muna. Hæstv. viðskrh. hafði látið þau gáleysislegu ummæli falla að e.t.v. væri eina ráðið að efna til herferðar almennings um að hann hætti að kaupa kjöt af þeim dýrum sem alin eru á beit afrétta í uppblástursháttu. Ráðherrann tók fram að hann ætti bæði við afurðir sauðfjár og hrossa. Í kjölfar þessara umræðna hófst enn ein harkalegasta áróðursherferð á hendur bændum sem gróðurníðingum.

Þeim mun alvarlegri voru ummæli ráðherrans að hann gaf til kynna að hann sækti þessa vitneskju ekki síst til eins af aðalsérfræðingum RALA sem starfað hefur að gróðurmati og beitarþolsrannsóknum.

Bændum féll þessi umræða þungt. Þeir hafa á síðustu árum hneigt búhætti sína til meiri beitarstjórnar og töldu sig hafa í höndunum beitarþolsmat frá RALA. Auk þess hefur sauðfé fækkað stórlega á síðustu árum. Í framhaldi af þessum ummælum lagði ég fram fyrirspurn til hæstv. landbrh. um hversu mörgu sauðfé mætti beita á einstaka afrétti landsins svo og hvaða rannsóknaraðferðum sé beitt við mat á beitarþoli. Svar barst og er á þskj. 569. Þar kemur fram, og varð ég aldeilis undrandi, að aðeins liggur fyrir ítala af fimm afréttum í landinu, Landmannaafrétti, afrétti Kolbeinsstaðahrepps, Auðkúluheiði, Eyvindarstaðaheiði og afréttarlöndum Hólshrepps í Suður-Þingeyjarsýslu.

Nú er það ljóst að áætlaðar virkjunarframkvæmdir hafa gert það að verkum að Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiðar voru í þessum hópi. Er að undra, hæstv. ráðherra, þó maður spyrji: Hvert hefur verið þeirra starf í 30 sumur? Og þarf nokkur að undrast það þótt ég hafi lagt fram aðra fsp. og spyrji hæstv. ráðherra á þskj. 618 hvort hann muni beita sér fyrir því að unnið verði beitarþolsmat, byggt á traustum vísindalegum grundvelli, af öllum afréttum landsins? Þarf nokkur að vera undrandi, miðað við fyrirliggjandi svar og orðróm og fullyrðingar sem margir telja að séu runnar undan rifjum sérfræðinga RALA og hafa orðið til að villa og trylla umræðuna og espa almenning upp gegn bændastéttinni, þó ég fari þess á leit við hæstv. ráðherra að hann beiti sér fyrir könnun óháðra aðila á starfsemi rannsóknastofnana landbúnaðarins og annarra stofnana á þessu sviði þar sem m.a. verður leitað umsagna um rannsóknaraðferðir og hagnýtt gildi niðurstaðna?

Búnaðarþing tók undir þessa skoðun og sagði m.a. í ályktun þess, með leyfi forseta:

„Það er eðlilegt að bændum bregði í brún þegar þeir heyra og það jafnvel frá þeim sem afhentu þeim á sínum tíma beitarþolsmatið að lönd þeirra beri hvað sem tölum líður litla sem enga beit og þeir séu að eyðileggja landið. Búnaðarþing leggur til að þær stofnanir sem þessi mál varða leysi þetta ágreiningsmál. Allar þær stofnanir sem við þessi mál starfa heyra undir hæstv. ráðherra. Því er það skylda hans að láta óháðan aðila kanna þennan ágreining og setja ágreininginn niður. Hér verður að skipa nefnd óháðra aðila.

Sameiginlegt ætlunarverk allra þessara stofnana er þjónusta við landbúnað, samtíðar og framtíðar. Þær verða einnig að taka höndum saman, þessar stofnanir, um að sýna þjóðinni sem réttasta mynd af sambúð lands og landbúnaðar og leiðrétta það spégler sem fjölmiðlar bregða fyrir augu þjóðarinnar.“ Enn fremur segir í ályktun búnaðarþings: „Öfgar leiða hvarvetna til ills, en aftur hverfur lygi þá sönnu mætir.“

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegur forseti. Hafi mönnum tekist þegar svarað var síðustu fsp. að stofna til tiltölulega almennra umræðna býður mér í grun að það væri einnig hugsanlegt hér. Ég ætla að halda mig við að reyna að svara spurningum hv. fyrirspyrjanda í þröngum skilningi. Spurt er í fyrra lagi:

„Mun landbrh. beita sér fyrir því að unnið verði beitarþolsmat, byggt á traustum vísindalegum grundvelli, á öllum afréttum landsins?“

Svarið við því er bæði já og um leið að auðvitað er verið að vinna að því. Það er sífellt verið að reyna að endurbæta aðferðir og mér er það ekkert feimnismál og góðum vísindamönnum á ekki að vera það neitt feimnismál að viðurkenna að þær aðferðir sem menn hafa notast við hafa verið ýmsum takmörkunum háðar. Við skulum einnig binda vonir við að það séu framfarir í þessari grein eins og ýmsum öðrum vísindagreinum og nýjar aðferðir séu að koma til sögunnar.

Það er mjög mikilvægt að menn þekki þau óvissumörk sem tölulegu mati á beitarþoli eru sett. Það hefur kannski nokkuð á skort. Það má hins vegar ekki rugla því saman við það hvort einhver tiltekin aðferð sé vísindaleg eða miður vísindaleg. Aðferðir geta verið í hæsta máta vísindalegar þó að þær séu takmörkunum háðar. Spurningin snýst í raun fremur um hversu haldgóð eða nákvæm þau vísindi eru sem menn hafa á valdi sínu. Þessa umræðu þekkja menn mjög vel, m.a. úr vinnu og mati sérfræðinga Hafrannsóknastofnunar á stærð fiskstofna og nægir held ég að vísa til þess dæmis. Þar hafa menn á síðustu árum verið að endurbæta eldri aðferðir, taka upp nýjar og menn hafa viðurkennt að þær aðferðir sem áður var beitt eru takmörkunum settar, sbr. tiltölulega nýlega

skýrslu Hafrannsóknastofnunar þar sem ítarlega var fjallað um eldri rannsóknaraðferðir og þær nýjar sem Hafrannsóknastofnun og sérfræðingar hennar eru nú að beita. Það ber síður en svo vott um slæleg vísindi. Þvert á móti ber það vott um lifandi vísindastarf og vísindastarf í þróun að þess sé getið að unnið sé að því að betrumbæta vísindaaðferðir til að ná fram betri niðurstöðum.

Ég tel og leyfi mér að fullyrða að á Rannsóknastofnun landbúnaðarins, hjá Landgræðslu ríkisins og þeim aðilum öðrum sem að þessum málum eru að vinna sé lifandi áhugi á því að betrumbæta vinnuaðferðir og m.a. bera sig saman við erlenda sérfræðinga, þá sem fremst standa á þessum sviðum. Það er almenn niðurstaða manna, þeirra sem við gróðurrannsóknir og beitarþolsútreikninga hafa unnið, ekki bara á Íslandi heldur víðast hvar í heiminum, að það sé sífellt að koma betur og betur í ljós að þar sé um erfiðara, flóknara og samsettara viðfangsefni að ræða en menn höfðu áður gert sér grein fyrir þar sem fleiri óvissuþættir eða fleiri áhrifavaldar koma inn í mat á niðurstöðum, svo sem eins og veðurfar og fleira og fleira sem ég hef ekki tíma til að nefna hér.

Ég leyfi mér að segja að eftir á að hyggja tel ég að skynsamlegt hefði verið og æskilegt að nota niðurstöður um reiknað beitarþol með skýrari fyrirvörum um þau óvissumörk sem þeim niðurstöðum eru sett og því miður hefur það viljað brenna við að menn hafi ruglað saman annars vegar reiknuðu beitarþoli miðað við tilteknar gefnar forsendur og hinu eiginlega beitarþoli landsins eins og það er á hverjum tíma að teknu tilliti til veðráttu og annarra aðstæðna.

Þá er svar við síðari fsp., ef ég má leyfa mér að koma því að í örstuttu máli, þar sem spurt er hvort ráðherra hyggist beita sér fyrir könnun óháðra aðila á starfsemi Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og annarra stofnana á þessu sviði. Ég sé nú ekki að það sé mjög auðvelt að koma því við né að það sé kannski vænlegasta aðferðin í þessum efnum. Og ég spyr þá: Hverjir ættu að vera þeir óháðu aðilar sem ættu að taka til könnunar og gera úttekt á starfsemi Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Landgræðslunni og öðrum þeim aðilum sem að þessu hafa verið að vinna? Ég kem í fljótu bragði ekki auga á að það gætu þá orðið aðrir en erlendir aðilar og tel að jafnvel slíkum aðilum yrði mikill vandi á höndum að gera slíka úttekt vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem íslenskir vísindamenn vinna við að þessu leyti. Ég tel miklu vænlegra og fyrir því mun ég reyna að beita mér að þessar stofnanir auki samstarf sitt og reyni að leysa þau ágreiningsmál og þá erfiðleika sem vissulega hafa verið uppi í samstarfi ýmissa aðila á þessu sviði og tileinka sér nýjustu og bestu vísindalegar vinnuaðferðir, fara í læri hjá þeim stofnunum erlendum sem fremst standa á þessu sviði o.s.frv. Ég er því frekar á því að reyna að beita mér fyrir slíkum aðgerðum en setja upp einhvern rannsóknarrétt yfir Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Landgræðslunni eða öðrum slíkum aðilum. Ég held að það þjóni ekki neinum sérstökum tilgangi. Mönnum kunna að hafa orðið þar á mistök, en þá er að bæta úr því og laga það. Það verður að mínu mati ekki gert með einhverjum rannsóknarrétti heldur fremur með því að reyna að aðstoða þær stofnanir, m.a. með því að skaffa þeim það fjármagn sem til þarf til þess að þjóna betur sínum tilgangi.

Árni Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Sú fsp. sem hér liggur fyrir er með þvílíkum ólíkindum að ég get ekki orða bundist. Í fyrirspurninni er vegið að Rannsóknastofnun landbúnaðarins á þann hátt að óþolandi er með öllu. Í henni er nánast fullyrt að hjá RALA sé ekki unnið á traustum vísindalegum grunni og síðan er nánast skorað á landbrh. að setja einhvers konar rannsóknarrétt yfir þessa mikilvægu rannsóknarstofnun. (**GuðnÁ:** Lestu þér til um málið áður en þú talar.) Ég veit ekki hvað vakir fyrir hv. fyrirspyrjanda, en ég hef lengi fylgst með störfum RALA og ég veit að þar er unnið stórmerkilegt starf, m.a. að beitarþolsrannsóknum. Gróðurkortagerð stofnunarinnar er þekkt víða um heim og starfsmenn hennar hafa verið fengnir til starfa erlendis m.a. vegna þess hversu gott orð fer af þessari stofnun. Þessi fyrirspurn er í mínum huga ekkert annað en illa dulin árás á þessa stofnun. Þessa árás skil ég ekki. Hvort hún er af persónulegum toga spunnin eða einhverjum öðrum fæ ég ekki skilið. Ég vildi gjarnan fá það útskýrt hjá hv. þm.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Hér hafa verið fluttar tvær ákaflega mikilvægar ræður. Hæstv. landbrh. lýsir því yfir að aðferðir sem notaðar hafa verið við mat á beitarþoli landsins sé eðlilegt að þurfi að endurskoða eins og önnur vísindi og hér kemur svo upp annar hv. ræðumaður og talar um árás á Rannsóknastofnun landbúnaðarins sem felist í þessari fsp. Þetta er að vissu leyti nokkuð dæmigert fyrir þær umræður sem fram hafa farið um þessi mál að undanförnu.

Þannig eru nefnilega mál með vexti að Rannsóknastofnun landbúnaðarins hefur verið yfir alla gagnrýni hafin eins og kom fram í ræðu hv. þm. Árna Gunnarssonar. Það er mjög mikilvægt að það sé dregið inn í þessa umræðu að þau vísindi, sem hæstv. landbrh. lýsir hér yfir að þurfi endurskoðunar við, hafa lagt grundvöll að hinni nöturlegu umræðu um þessi mál á þessum vetri og öllum árásunum á bændur landsins. Það er óyggjandi staðreynd. Það er ekki nema fullkomlega eðlilegt að það sé leitað að rótum þeirrar framsetningar og svara við þeim spurningum á hverju slíkur áróður gagnvart bændastéttinni byggist, hvort hann er vísindalegur eða hvort hann er tilkominn af einhverjum öðrum hvötum. En hann byggist að stærstum hluta á því hver framsetningin hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins hefur verið í þeim efnum.

Pálmi Jónsson:

Hæstv. forseti. Beitarþolsmat og beitarþolsrannsóknir eru mikið til umræðu og hafa verið. Það eru

viðkvæm mál og eru til þess lagin að kveikja tilfinningar sem stundum eiga ekki við rök að styðjast ef ekki er fjallað um málin af mikilli þekkingu.

Hæstv. ráðherra hefur lýst því yfir, sem mér þykir fengur að, að það sé ástæða til þess að endurbæta aðferðir og samræma þær vinnureglur sem notaðar hafa verið við þetta mat og ég legg á það áherslu að það er mikil nauðsyn á því að leitast við að þær stofnanir sem að þessu koma, þ.e. Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Landgræðsla ríkisins og landnýtingarráðunautur Búnaðarfélags Íslands, geti talað einum rómi. En það veikir alla tiltrú almennings á þetta mat ef þessir aðilar, sem teljast eiga meðal sérfræðinga, tala sitt í hverja áttina. Þessari samræmingu tel ég afar nauðsynlegt að hæstv. ráðherra beiti sér fyrir.

Ég bið hæstv. forseta velvirðingar á því að ég tel ástæðu til að vitna til þess að í þessari bók, sem er um landgræðsluáætlun 1974–1978, svokallaða þjóðargjöf, sem unnin var af tiltekinni nefnd sem ég átti sæti í, gerðu tveir nefndarmenn, sá er hér stendur og Þorvaldur G. Jónsson, fyrirvara um að þeir teldu a.m.k. vafasamar þær reglur sem farið væri eftir við beitarþolsmat sem byggjast á erlendri reglu, kanadískri reglu ef ég man rétt, sem fól í sér að þá væri land fullnýtt ef í lok beitartíma að hausti stæðu eftir 50% af uppskeru þeirra beitarplantna sem bestar væru án tillits til þess hvað eftir væri af þeim sem lakari beitarplöntur væru. Þessi fyrirvari kom þá þegar fram og ég held þess vegna að það sé ástæða til að leggja á það áherslu að reglur um matsaðferðir verði samræmdar og allt þetta mál tekið til athugunar eins og hæstv. ráðherra hefur lýst yfir.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það hefur komið í ljós í umræðum um fyrirspurnir í dag að tíminn er afstætt hugtak, einkum þegar hann er ekki mældur á klukku, og ég mun gera örstutta athugasemd í ljósi þess að hann er afstæður, þetta tímamat er afstætt.

Það er líka afstætt hvað kemur út úr rannsóknum. Það fer eftir forsendunum sem þær eru unnar eftir. Það á við um beitarþolsrannsóknir, mælingar á gróðri lands. Niðurstöður verða ekki fullkomnari en þær aðferðir sem beitt er og þær forsendur sem notaðar eru við matið. Það á ekki að þurfa að koma neinum á óvart þó að það þurfi að endurskoða slíkar aðferðir í ljósi reynslu. Það er engin niðurlæging fyrir vísindin þó að það þurfi að gera. Og það er mjög virðingarvert ef þær stofnanir sem hlut eiga að máli lýsa því yfir, eins og gerst hefur á þskj. 569 sem svar við fsp., að það standi til og sé verið að vinna að því. Ég held að það sé engin ástæða til að væna þá menn sem hafa unnið að gróðurfarsrannsóknum og mælingum á beitarþoli um að hafa kastað hendi til þeirra athugana. Hitt er annað mál að það skortir vafalaust á að samræmis hafi verið gætt og það skortir á að fjármagn hafi verið veitt til þessarar starfsemi svo sem vert væri. Þar vantar mikið á og þannig liggur það fyrir að niðurstöður hafa legið í skúffum um ár og jafnvel áratugi á beitarþolsmati og það vantar kortagrunn yfir landið vegna ónógra fjárveitinga í þennan undirstöðuþátt til þess að hægt sé að framreiða í aðgengilegu formi niðurstöður.

Það er mikil nauðsyn á, virðulegur forseti, að úr þessum málum verði bætt og Alþingi á að hugsa til þess þegar verið er að afgreiða fjárlög að taka á þeim þáttum sem að Alþingi snúa sem fjárveitingavaldi til að bæta aðstöðu til þessara mála. (**EgJ:** Við höfum margoft gert það, Hjörleifur.)

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég gæti tekið undir það sem síðasti ræðumaður sagði að mestu leyti, en ég held að það sé ekki hægt að líta fram hjá þeirri staðreynd að Rannsóknastofnun landbúnaðarins hefur misst traust bænda og ýmissa annarra, því miður. Þessi vísindagrein er þannig að það er mjög erfitt að fá réttar niðurstöður vegna þess að það sem grípur mjög inn í er hvernig veðurfar er á hverjum tíma á því landsvæði sem er skoðað. Ég held að lausnin á þessu sé sú að færa rannsóknarmenn meira út á hinn rétta vettvang, þ.e. út í landshlutana, þannig að þeir geti haft meira samband við þá sem lifa og starfa og hafa reynslu af breytingum á hverju svæði. Ég held að þá muni vera hægt að sætta sjónarmið og það muni koma annað út en nú liggur fyrir og eins og umræðan hefur farið fram um þessi málefni. Þeir sem ferðast um landið vita þetta. Og spurningin er alltaf: Hvað er vísindi? Hverjir eru vísindamenn? Eru það ekki þeir sem prófa?

Fyrirspyrjandi (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svar hans þó honum tækist reyndar það ótrúlegasta því að ræða hans var eins og segir í Biblíunni: Já, já og nei, nei.

En um þetta vil ég þó segja að fram kom skilningur og góður vilji í máli ráðherra og ég vænti þess að hann reyni eftir fremsta megni að gera upp þann ágreining sem nú ríkir.

Það er vissulega alvarlegt, eins og hér hefur komið fram og hefur komið fram í ályktun búnaðarþings, að það er djúp gjá á milli þess sem oft kemur frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins annars vegar og hins vegar frá Landgræðslu ríkisins og landnýtingarráðunaut Búnaðarfélags Íslands. Ég sé ekki annað en ráðherrann hefði getað fundið sér menn sem hefðu reynt að rannsaka þennan ágreining eins og reyndar búnaðarþing biður um. Nóg er til af hæfu fólki og í því hefði ekki verið fólgin hin minnsta niðurlæging fyrir Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

Ráðherrann tók töluverðan tíma í að minnast á Hafrannsóknastofnun. Fyrst hann kemur inn á hana hygg ég að benda megi á að Hafrannsóknastofnun kemur iðulega með hagnýtar tölur um það magn af fiski sem veiða má. Hvað gerðist ef Hafrannsóknastofnun segði eins og Rannsóknastofnun landbúnaðarins gerir iðulega: Ég hef engar tölur. Það verða aðrir að koma með þær. Mundu hv. alþm. sætta sig við slíkt? Ég er hræddur um að fram kæmi krafa um að rannsókn færi fram á þeirri stofnun.

Bændur hafa iðulega beðið Rannsóknastofnun landbúnaðarins um tölur. Það hefur gerst í deilumáli

t.d. í landnámi Ingólfs. Það hafa liðið þrjú og fjögur ár og tölur hafa ekki borist. Þó ganga menn hart fram og eru komnir með lagafrumvörp inn í þetta þing til að setja sérstök lög á lítinn minnihlutahóp.

Ég veit ekki hvort ég á að fara að eyða orðum á þann æsing sem kom fram í máli hv. þm. Árna Gunnarssonar. Hann reyndi enn á ný að setja þessa umræðu á hið óskynsamlega plan.

Ég vil að lokum vitna í búnaðarþing. Búnaðarþing segir í þessu máli og það er auðvitað fólgin mikil ásökun í því: „Af hálfu RALA [þá eru þeir að ræða um þessar umræður sem fram hafa farið] er því haldið fram, eflaust með réttu, að mikils misskilnings gæti í þessu máli. Það hafi frá upphafi átt að vera ljóst að beitarþolsmatið sem afhent var væri ekki nothæft sem grundvöllur beitarstjórnar nema að takmörkuðu leyti. Enn fremur að þjóðfélagsumræðan byggist á misskilningi að því leyti sem hún vitni til starfsmanna RALA. Skal það ekki vefengt, en umhugsunarefni er það fyrir stofnunina hvort hún þarf ekki fremur að láta aðra túlka sitt mál en þá sem svo mjög misskiljast."

Þetta eru stór orð og þau segja það að eitthvað er að og ég treysti hæstv. ráðherra til þess að hlusta bæði á þá gagnrýni sem kemur frá búnaðarþingi og hefur komið frá landgræðslustjóra og bændum á ýmsar þær tölur og svör sem hafa komið frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins. En mikilvægast er að þær stofnanir sem vinna og eiga að vinna í þágu ákveðinna atvinnuvega eins og rannsóknastofnunin í þágu landbúnaðarins hafi tiltrú þeirrar stéttar sem hún er að vinna fyrir. Ég treysti ráðherra til þess á næstu vikum og mánuðum að ná árangri í því að þessar stofnanir allar tali einni tungu. Það er mikilvægt bæði fyrir landbúnaðinn og þjóðina í heild.

Vegaframkvæmdir á Hafnarfjarðarvegi, ein umr.

Fsp. MÁM, 357. mál. — Þskj. 664.

Fyrirspyrjandi (Matthías Á. Mathiesen):

Virðulegi forseti. Það hefur komið fram áður í athugunum sem gerðar hafa verið af hálfu Vegagerðar ríkisins, vegamálaskrifstofunnar, að hér á þéttbýlissvæðinu er Arnarneshæðin á Hafnarfjarðarvegi sá hluti á vegakerfinu þar sem flest slys eiga sér stað. Það er þess vegna afar þýðingarmikið að á þeim vegi verði gerðar breytingar.

Samkvæmt núgildandi vegáætlun, þ.e. fyrir árið 1989, var gert ráð fyrir að það yrðu hafnar framkvæmdir á Hafnarfjarðarvegi við Arnarneshæðina mjög tímanlega og þá unnið að útboðum og í vegáætluninni séð fyrir fjármagni til þess að hefja framkvæmdir hið allra fyrsta. Útboð hafa ekki farið fram og þess vegna hef ég leyft mér að spyrja hæstv. samgrh.:

„Hvenær má búast við útboði á vegaframkvæmd á Hafnarfjarðarvegi við Arnarneshæð?"

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegi forseti. Hv. 1. þm. Reykn. hefur lagt fyrir mig fsp. á þskj. 664 um útboð vegaframkvæmda á Hafnarfjarðarvegi, þ.e. gatnamótanna á Arnarneshæð. Hér er um að ræða endurbyggingu á eystri akbraut Hafnarfjarðarvegar frá Hlíðarvegi í Kópavogi að Arnarneslæk, brúar á Kópavogslæk og vestri akbrautar Hafnarfjarðarvegar um Arnarneshæð, auk þess gerð gatnamótamannvirkja við Arnarnesveg. Hér er sem sagt um allmiklar framkvæmdir á þessu svæði að ræða.

Því er til að svara að mannvirki þessi eru fullhönnuð og útboðsgögn að heita má tilbúin. Stefnt var að því að hafa útboðsgögn tilbúin um sl. áramót eða í nágrenni við það og þá miðað við að útboð gæti farið fram í framhaldi af því og meginhluta framkvæmdanna yrði lokið á þessu ári og hinu næsta. Í gildandi vegáætlun var þó ekki nægilegt fjármagn til að ljúka þessari framkvæmd. Að baki framkvæmdaáformum þeim sem nefnd voru á undan lágu því hugmyndir um lántökur sem brúað gætu bilið uns fjárveiting fengist. Við lokahönnun verksins, og það verður að segjast eins og er, hefur það einnig orðið nokkru umfangsmeira en ráð var fyrir gert. Hefur m.a. þurft að taka meira tillit til skipulagssjónarmiða en ætlað var. Þetta veldur því að kostnaður hefur aukist lítillega, um ein 5–10% og er fjármögnunin að sama skapi þyngri. Kostnaður er nú metinn nálægt 250 millj. kr. á áætluðu meðalverðlagi ársins 1989.

Endurskoðun vegáætlunar fer fram á Alþingi á næstu vikum og með hliðsjón af því sem hér á undan hefur verið rakið er talið eðlilegt að bíða með útboð verksins eftir þeirri endurskoðun. Er þá haft í huga að fjármögnun verksins verði endanlega ákveðin í hinni nýju vegáætlun, en eins og áður er getið eru útboðsgögn nánast tilbúin og má því bjóða verkið út með mjög skömmum fyrirvara þegar fjármögnun þess liggur ljóst fyrir samkvæmt þeirri vegáætlun sem nú er unnið að.

Þessu til viðbótar vil ég svo minna á að samkvæmt þeirri tillögu að vegáætlun sem nú liggur fyrir og er til meðferðar á hinu háa Alþingi er gert ráð fyrir að upp verði tekinn nýr flokkur framkvæmda, svonefndur stórverkefnaflokkur, og framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu af þessu tagi er einmitt ætlað að verða eitt af þremur meginviðfangsefnum þess stórverkefnaflokks. Það er von mín og trú að með því fyrirkomulagi gæti komist skriður á þær bráðnauðsynlegu framkvæmdir af þessu tagi og raunar margar fleiri sem bíða þess að ráðist verði í þær á höfuðborgarsvæðinu, sérstaklega ýmis ytri samgöngumannvirki sem tengja byggðakjarnana hér og orðið er mjög brýnt að takast á við, bæði vegna umferðarþungans og þó ekki síður vegna þess að umferðarslys gerast nú allt of tíð af þeim sökum að ekki hefur verið unnt að létta með nógu farsælum hætti þann þunga sem vaxandi umferð á svæðinu veldur.

Fyrirspyrjandi (Matthías Á. Mathiesen):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. svarið. Það er ljóst mál af því sem ráðherrann sagði að útboðið er nánast tilbúið hjá Vegagerð ríkisins. Við erum með til afgreiðslu í þinginu endurskoðaða vegáætlun fyrir árin 1989–1990 og árin tvö þar á eftir. Eins og fram kom hjá ráðherra í hans ræðu þegar vegáætlun var til fyrri umræðu er gert ráð fyrir sérstakri fjárveitingu í svokölluð stórverkefni og einmitt þar í fólgið að sinna þeim sem stórum verkefnum á höfuðborgarsvæðinu eins og hann réttilega gat um. Ég sagði við þá umræðu að hér væri verið að framkvæma að mínum dómi skiptingu á vegafé sem ætti fullkominn rétt á sér og hefði reyndar áður verið um rætt í tíð minni sem samgrh. og forvera míns þar áður. Þess vegna er niðurstaða þessarar fsp. og svars það að þeim mun fyrr sem við ljúkum afgreiðslu vegáætlunar, þeim mun fyrr verði hægt að ganga frá því útboði sem hér er talað um.

Sundurliðun símareikninga, ein umr.

Fsp. MÁM, 358. mál. — Þskj. 665.

Fyrirspyrjandi (Matthías Á. Mathiesen):

Virðulegi forseti. Í tíð minni sem samgrh. fól ég Póst- og símamálastofnuninni að vinna að því að símnotendur gætu fengið sundurliðaða símareikninga sína samkvæmt ósk þeirra. Þetta er enn ekki orðið að veruleika. Þess vegna hef ég leyft mér að spyrja núv. hæstv. samgrh.:

„Hvenær má búast við að símnotendur geti fengið sundurliðaða símareikninga samkvæmt óskum þeirra?"

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegur forseti. Fsp. hv. 1. þm. Reykn. var send Pósti og síma og þaðan hafa borist upplýsingar sem eru grundvöllur þess svars sem nú verður flutt.

Byrjað var á undirbúningi fyrir sundurliðun símreikninga í stafrænu símstöðvunum á árinu 1987 og voru nauðsynleg forrit fyrir símstöðvarnar pöntuð um mitt það ár.

Samkvæmt kostnaðaráætlun ársins 1988 upp á 30 millj. kr. var þetta verkefni sett á tillögur Pósts og síma um fjárfestingar fyrir árið 1989. En nauðsynlegt reyndist því miður eins og kunnugt er að skera verulega niður fjárfestingaráætlun stofnunarinnar eins og hún var send fjárveitingavaldinu og leiddi það til þess að þessi fjárfestingarliður var verulega niður skorinn.

Hugbúnaður fyrir stafrænu símstöðvarnar í Landssímahúsinu, í Borgarnesi, á Sauðárkróki, Dalvík, Húsavík, Egilsstöðum og Hvolsvelli komu nú í mars sl. og er þessi búnaður nú í um það bil tveggja mánaða prófunum í Landssímastöðinni. Hugbúnaður fyrir stafrænu símstöðvarnar í Múla og Keflavík er væntanlegur nú í maí/júnímánuði.

Tölvubúnaður til söfnunar, geymslu og úrvinnslu gagna ásamt forriti fyrir úrvinnsluna hefur ekki verið pantaður enn þá, en það verður væntanlega gert fljótlega.

Á höfuðborgarsvæðinu verður sundurliðun reikninga bundin við stafrænu símstöðvarnar, þ.e. númer sem byrja á 6, og þurfa því notendur sem tengdir eru öðrum símstöðvum að skipta um símanúmer til þess að fá kost á þessari þjónustu. Af tæknilegum ástæðum verður þessi möguleiki bundinn stafrænu símstöðvunum, a.m.k. um hríð.

Að lokinni prófun hugbúnaðarpakkanna í haust væri mögulegt að hefja prófun á þessari þjónustu gagnvart t.d. nokkrum notendum í Reykjavík og setja það síðan á framkvæmdaáætlun ársins 1990.

Sundurliðun reikninga fyrir hliðrænu símstöðvarnar er margfalt dýrara verkefni en fyrir þær stafrænu og hafa engar áætlanir verið gerðar um sundurliðun reikninga í þeim stöðvum enn þá, enda fer þeim fækkandi og spurning hvort hyggilegt er að reikna með því yfirleitt að ráðist verði í þann kostnað gagnvart þessari eldri gerð.

Þannig standa þessi mál í grófum dráttum. Ég hygg að það megi segja að Póstur og sími sé á allgóðu skriði við að gera sig tæknilega í stakk búinn bæði hvað varðar símstöðvar, tölvubúnað og hugbúnað til að hefja þessa þjónustu og bjóða upp á sundurliðun símreikninga. Væntanlega verður seint á þessu ári eða í öllu falli á hinu næsta unnt að gera a.m.k. tilraunir með þessa þjónustu, hefja prófun á því. Þá þarf að móta í framhaldinu reglur um hversu víðtæk hún verður og hvort hún nær til fleiri þátta en langlínusímtala eða símtala til útlanda eins og reyndar væri eðlilegt að byrja á. Ég hygg að áhugi almennings beinist fyrst og fremst að því að geta fengið sundurliðuð á sínum símreikningum þau símtöl sem dýrust eru.

Fyrirspyrjandi (Matthías Á. Mathiesen):

Virðulegi forseti. Af svörum hæstv. ráðherra mátti heyra að á þessu máli hefur orðið frestun af þeim ástæðum sem hann gaf skýringar á frá árinu 1988 yfir til 1989 og því ekki að búast við því að það verði fyrr en á næsta ári sem hægt verði að byrja á því að veita símnotendum þá þjónustu sem hér um ræðir. Aðalatriðið er að það er unnið að þessu. Það hefur dregist, en við skulum vona að það komi betri tíð með blóm í haga þannig að hægt verði að koma þessum málum þannig fyrir að notendur síma geti fengið þær upplýsingar um notkun sína sem eðlilegt er.

Jöfnun símagjalda, ein umr.

Fsp. AuE, 364. mál. — Þskj. 673.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Á þskj. 673 er fsp. til samgrh. um jöfnun símagjalda frá frú Auði Eiríksdóttur sem átti

hér sæti á Alþingi í minni fjarveru. Spurningin er um það hvernig verði staðið að jöfnun símakostnaðar í landinu.

Tilefni þessarar fsp. er m.a. að í þessari merku bók, þ.e. í málefnasamningi ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar, stendur á bls. 9:

„Gerðar verði ráðstafanir til jöfnunar á flutningskostnaði og kostnaði við síma."

Það hefur verið mikil umræða um jöfnun símakostnaðar. Fyrst þegar sjálfvirku stöðvarnar voru settar upp í strjálbýlinu voru settar stöðvar svo að ég taki dæmi á Hrafnagili og Árskógsströnd. Það var gerð krafa til þess að þessi svæði, t.d. út frá Akureyri, bæru sama símagjald og það var ekki fyrr en þeir í Fnjóskadal fengu síma að þá voru þeir tengdir við Akureyri og þó að póst- og símamálastjórnin væri búin að segja að ekki væri hægt að gera þetta var það gert, þ.e. að svæðin sem eru í kringum hvern þéttbýlisstað borgi sama símagjald. En hér á suðvesturhorninu, þar sem er meira en helmingur af landsbúum, er borgað sama gjald. Í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar var því heitið að stíga skref í jöfnunarátt á mörgum sviðum, m.a. þessu, og því er þessi fsp. fram borin.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegur forseti. Ég þakka þessa fsp. og upplýsi að það var eitt af mínum fyrstu verkum í samgrn. að skrifa Pósti og síma og óska eftir upplýsingum og síðan tillögum frá stofnuninni um það í fyrsta lagi hver væri þessi mismunur og í öðru lagi hvaða áfanga væri hægt að taka til að jafna hann. Jafnframt fékk ég ýmsar upplýsingar um hvernig háttað væri verðlagningu annars vegar á innansvæðis- og hins vegar millisvæðasímtöxtum í nágrannalöndunum. Síðan hefur verið unnið að þessu máli og reyndar kemur það fram eða mun koma fram í svari við skriflegri fsp., sem var borin fram af hv. þm. Birnu K. Lárusdóttur m.a. um jöfnun á símkostnaði, hvernig unnið hefur verið að þessu máli. Ef ég veit rétt hefur því svari þegar verið dreift á hinu háa Alþingi. Alla vega hefur það verið sent til forseta þingsins.

Í samræmi við kaflann um byggðamál í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar, þar sem m.a. er kveðið sérstaklega á um jöfnun símgjalda, hef ég látið undirbúa tillögur um breytingu á gjaldflokkum fyrir símaþjónustu sem felur í sér verulegan áfanga í þá átt að jafna símkostnað í landinu. Þessi tillaga hefur verið kynnt í ríkisstjórn fyrir allmörgum dögum og er nú til frekari meðferðar í ráðuneytinu.

Samkvæmt tillögunni yrði þannig staðið að þessari jöfnun að skrefum í gjaldflokki I verður fækkað eða sekúndum í hverju skrefi verður fækkað þannig að tíminn verður styttur fyrir hvert skref í gjaldflokki I, þ.e. innansvæðissímtöl, en lengd í gjaldflokkum II og III, þ.e. sekúndum í hverju skrefi sem talið er í gjaldflokkum II og III, verður fjölgað. Með þessu móti færast tekjur til og kostnaðarmunurinn milli langlínusímtala og innanbæjarsímtala minnkar.

Það er skoðun tæknimanna hjá Pósti og síma að orðið sé tímabært og fyllilega það að við tökum skref í þessa átt og auk þess er jafnt og þétt verið að stækka gjaldsvæðin. Það hefur að sjálfsögðu líka áhrif til jöfnunar og ég geri ráð fyrir að haldið verði áfram á þeirri braut á næstunni þannig að stærri svæði, sem kallast mega þjónustu- eða atvinnusvæði, færist saman undir eitt og sama gjaldskrársvæði. Fleira kemur reyndar þarna til sem unnt er að nota til jöfnunar.

Ég geri ráð fyrir að þennan áfanga verði unnt að taka mjög fljótlega, hann verði sem sagt tilbúinn til framkvæmda núna á vordögum, og síðan verði hægt að halda áfram á sömu braut. Það er að vísu mat tæknimanna að símkerfi landsins sé ekki enn undir það búið að gera landið allt að einu gjaldsvæði. Það þurfi að miða meira áfram uppbyggingu einkum og sér í lagi stafræna símkerfisins og stafrænu stöðvanna áður en það er hægt. En það er eindregin afstaða mín og hefur ekki farið dult að um leið og símkerfi landsmanna sé tæknilega í stakk búið til þess eigi að gera landið allt að einu gjaldsvæði og það er sú stefnumörkun sem ég mun fylgja í þessu máli.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Ég er ánægður með að þessu máli er hreyft hér og með þær upplýsingar sem hæstv. ráðherra gefur varðandi þetta efni. Hér er stórt hagsmunamál á ferðinni. Um þetta hef ég ásamt fleirum flutt ítrekað tillögur til þál. hér á Alþingi og það eru skref í þá átt sem hér er verið að taka ef þær tillögur ná fram að ganga sem hæstv. ráðherra nefndi.

Ég er mjög ánægður með að hann greinir frá því hér að það sé hans stefna að landið allt verði eitt gjaldsvæði. Það er búið að skattleggja notendur langlínu nógu lengi með óhóflega háum símgjöldum og viðurkennt af Pósti og síma að það er í raun um tilfærslu að ræða langt umfram raunverulegan kostnað. Þetta er réttlætismál sem skiptir afar miklu að nái sem fyrst fram að ganga.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég mun aðeins gera örstutta athugasemd. Ég fagna því að það skuli vera stefnt að því að jafna símkostnað um landið. Það þarf varla að taka fram hér hversu erfitt er fyrir marga sem búa úti á landi að þurfa mjög oft að sækja þjónustu til Reykjavíkursvæðisins í gegnum síma. Það er þó eitt skref sem mætti taka strax í því sambandi og það er að setja þjónustustofnanir ríkisins á landsnúmer þannig að fólk sem þarf að ná til Reykjavíkur í gegnum síma þurfi ekki, ef bið er löng, að kosta miklu til þegar það er að hringja hingað til að leita eftir þjónustu hjá þeim stofnunum sem hér eru. Ég vil bara taka undir það, sem hér hefur komið fram, að það er nauðsynlegt að jafna símkostnað á landinu því að það dregur úr misrétti ef símkostnaður er ekki mismunandi eftir landsvæðum.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svör hans. Ég fagna því að hann hafi nú þegar gert

ráðstafanir til að stíga skref og vonandi verulegt skref í átt til að jafna símakostnað. Það er áríðandi vegna þess líka að 80–90% af allri þjónustu eru hér og landsbyggðin verður að hafa samband mikið í gegnum síma við þjónustuaðila og stjórnvöld. Fyrst við höfum byggt þetta þjóðfélag á þann hátt sem við höfum gert er áríðandi að jafna þennan kostnað.

Það er eitt sem mig langar til að spyrja hæstv. samgrh. að. Er áætlun um það hvenær landssímakerfið er komið í það ástand að það sé hægt að ná þessu réttlætismáli fram?

Einar Kr. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það er sjálfsagt að stefna að því að jafna þann kostnað sem nú er á símnotkun í landinu og er ástæða til að minna á að það hafa verið stigin skref í þá átt á undanförnum árum, m.a. með því að jafna símkostnað innan svæðisnúmera sem vitaskuld er þýðingarmikill áfangi í rétta átt.

Það er fagnaðarefni, sem fram kom í máli hæstv. samgrh., að það skuli vera hans stefnumál að jafna símkostnaðinn strax og tæknilegar aðstæður leyfa. En það er annað mál sem ástæða er til að vekja athygli á og veldur líka kostnaði í símanotkun landsbyggðarfólks og það er hversu hörmulega er komið fyrir símakerfinu í landinu sem engan veginn þolir það álag sem núna er á því. Vaxandi símanotkun og vaxandi notkun fjarskiptatækja gerir að verkum að klukkutímum saman á degi hverjum er nánast ógerningur að hringja utan af landi til Reykjavíkur. Ég held að sá óbeini kostnaður sem fellur jafnt á fólk og fyrirtæki sé ekki síðri en hinn sem felst í mismunandi kostnaði við að hringja innan svæðis og milli svæða.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegi forseti. Ég þakka þær umræður og athugasemdir sem hér hafa komið fram og þá ekki síst það sem síðast var nefnt af síðasta ræðumanni, hv. 1. þm. Vestf. Ég held að það sé alveg ljóst að fjárfestingarþörfin í hinu íslenska símakerfi er mikil og það er mjög brýnt vegna þess hversu illa elsti hluti kerfisins er nú orðinn á sig kominn og ófær um í raun og veru að anna því álagi sem er á símakerfinu að það verði unnt á sem allra fæstum árum að ljúka tæknivæðingu og uppbyggingu símakerfisins, þar með talið uppbyggingu stafrænna stöðva. Vonandi verður það svo að með tilkomu stafræna kerfisins og hringtengingu landsins með ljósleiðurum á fáeinum árum verði hér gerbylting, ekki bara á símasambandi landsmanna heldur og á öllum möguleikum til gagnaflutnings um landið. Þess vegna er það slæmt að til þess þurfti að koma á yfirstandandi ári vegna aðstæðna að fjárfestingaráætlun stofnunarinnar var verulega skorin niður frá þeim óskum sem þar voru uppi. Það var gert til þess að unnt væri að halda gjaldskrárhækkunum í lágmarki og af ástæðum sem allir þekkja.

Varðandi það sem spurt var um landsnúmer og möguleikana á því að taka upp landsnúmer hjá opinberum stofnunum og jafnvel fyrirtækjum, þá vil ég svara því til að það er líka til athugunar. Hvað varðar opinberar stofnanir og opinbera þjónustu þarf að taka það mál til meðferðar samhliða fjárlagagerð því að tæknilega séð er auðveldast að koma því þannig fyrir að símakostnaðurinn færist þá um leið yfir á þær stofnanir sem fá landsnúmerin. Þannig er þessu yfirleitt háttað erlendis og mörg stórfyrirtæki sem leggja metnað sinn í að bjóða landsmönnum vítt og breitt góða þjónustu taka sjálfviljug á sig þennan kostnað og setja upp hjá sér á sínum skiptiborðum landsnúmer sem allir landsmenn á hvaða gjaldsvæði sem er geta hringt í án kostnaðar. Það væri virkilega gaman og myndarlegt ef eitthvert íslenskt fyrirtæki og/eða stofnun vildi ríða á vaðið í þessum efnum. Tæknilega séð er í raun og veru ekki ýkja erfitt mál að koma þessu á. Ég mun láta skoða það sérstaklega í beinu framhaldi af þeim áfanga í átt til jöfnunar símakostnaðar sem verður tekinn á næstunni hvernig þessir hlutir standa gagnvart landsnúmerinu.

Hvenær verði lokið hinni tæknilegu endurnýjun símkerfisins, sem hv. 6. þm. Norðurl. e. spurði um. Ég get ekki og vil ekki gefa upp ákveðinn árafjölda í þeim efnum, en ég hygg þó að uppsetningu hins stafræna símakerfis og lagningu ljósleiðara, sem eru lykilatriði í þessu sambandi, ætti að takast að ljúka á 3–5 árum ef vel verður að verki staðið og stofnunin fær að ráðast í á hverju ári þær fjárfestingar sem óhjákvæmilegar eru þá til þess að það megi verða að veruleika.

Flutningsgjald á vörum innan lands, ein umr.

Fsp. AuE, 365. mál. — Þskj. 674.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Það er eins með þessa fsp. að frú Auður Eiríksdóttir lagði hana fram. Fsp. er raunar í tveimur liðum:

„1. Hyggst ráðherra beita sér fyrir að afnema flutningsgjald af vöruflutningum innan lands?

2. Ef svo er, hvar er það mál statt í kerfinu?"

Það er með þessa fsp. eins og hina fyrri að í stjórnarviðræðunum lögðu mín samtök, samtök sem ég er fulltrúi hér fyrir, höfuðáherslu á þessa þætti. Og þó að það sé talið þarna flutningsgjald skilja allir að þarna er lagt til að á flutningskostnaðinn er lagður söluskattur sem er eins og allir vita 25%.

Það hefur verið rætt um það mjög á undanförnum árum að það þyrfti að jafna flutningskostnaðinn í landinu. Hér er ekki farið fram á það. Það er farið fram á að söluskattur bætist ekki við flutningskostnaðinn og að landsbyggðarmenn búi við það óhagræði sem af því leiðir. Það er nóg samt. Vöruverðið víðast hvar er svo mikið hærra vegna flutninga út um landið að ég tel það alveg ólíðandi, ekki síst af stjórn sem kennir sig við jafnrétti og félagshyggju að viðhalda þessum söluskatti.

Ég vona það sannarlega að ráðherrann treysti sér

til að upplýsa okkur um að það mál sé líka í athugun og fari að hilla undir lausn þess.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):
Virðulegi forseti. Það væri til mikils hægðarauka fyrir samgrh. ef hann væri líka fjmrh., viðskrh. og forsrh. til að leysa þetta mál og svara þessari fsp. Það er í raun svo að hún kemur inn á verksvið margra ráðherra. Ég sem samgrh. er að sjálfsögðu reiðubúinn að svara fyrir það sem að mínu ráðuneyti snýr í þessum efnum og upplýsa það ég veit um framgang málsins hjá öðrum. Hvað varðar hina skipulagslegu hlið samgangnanna er verið að vinna ýmislegt í samgrn. sem einmitt lýtur að því að reyna að lækka flutningskostnaðinn og koma betra skipulagi á flutningakerfi landsmanna, ekki síst út um landsbyggðina. Þar vil ég sérstaklega nefna athugun á endurskipulagningu strandflutninganna, bæði sjóleiðis og landleiðis, og að því er unnið núna af miklum krafti með þátttöku allra skipafélaganna og Ríkisskipa hvort ekki sé unnt að koma þar á mun betra skipulagi og ná niður flutningskostnaðinum að þessu leyti.

Það er enn fremur verið að vinna í almennu samhengi að skipulagsmálum flutningakerfisins og samgangnanna í heild og undir þeim formerkjum að skoða líklega þróun mála á því sviði og hvernig eigi að byggja hið íslenska samgöngukerfi upp þannig að það geti í framtíðinni, t.d. um næstu aldamót eða í byrjun nýrrar aldar, þjónað mönnum betur með virkari hætti og boðið upp á lægri flutningskostnað m.a. en nú er. Þar er auðvitað um víðtækt skipulagsverkefni að ræða sem ekki verður leyst á einni nóttu en tengist vissulega því máli sem hér er til umfjöllunar.

Þá veit ég til þess að mál sem snerta flutningskostnað og flutningsgjald af vörum hafa verið til skoðunar í viðskrn. Skattahlið málsins snýr að sjálfsögðu að fjmrn. og skattkerfið, innheimta söluskatts og annað því tengt, er að sjálfsögðu hluti af þessu máli sem skoða þarf.

Ég er alveg sammála hv. fyrirspyrjanda um að eitt af því óréttláta sem viðgengist hefur í þessu efni eru þau uppsöfnunaráhrif skatts sem að vissu leyti eiga sér stað í gegnum flutningskostnaðinn og koma fram í hinu endanlega vöruverði úti um landið.

Eitt af því sem fært hefur verið fram sem rök fyrir hinum margnefnda virðisaukaskatti, svo margt sem má nú um hann segja og ætla ég ekki að taka þá umræðu upp hér, er þó það að þar eigi að eyðast eða vera forsendur til að láta hverfa hin margnefndu og illræmdu uppsöfnunaráhrif í söluskattinum. Þá veit ég til þess og svara því að síðustu að á vegum forsrh., sem að sjálfsögðu samræmir störf ríkisstjórnarinnar að byggðamálum, er verið að vinna að ýmsu sem tengist ákvæðum stjórnarsáttmálans og ég geri fastlega ráð fyrir að þetta tiltekna efni sé þar undir eins og reyndar er sérstaklega vikið að í stjórnarsáttmálanum.

Svo ég víki aftur að þeim störfum sem unnin eru í samgrn. að þessu leyti er ætlunin að tengja hvort tveggja í senn, starf nefndarinnar sem vinnur að endurskoðun strandflutninganna og nefndarinnar sem vinnur að almennum skipulagsmálum samgangna í landinu, þar sem bæði samgöngur og fjarskipti eru undir, inn í þetta viðfangsefni að svo miklu leyti sem þetta heyrir undir og er á verksviði samgrn.

Stefán Valgeirsson:
Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. svör hans. Í svari hans kom fram að samgrn. væri að skoða þessi mál og hvernig væri hægt að koma þeim fyrir þannig að flutningskostnaðurinn lækkaði. En í sjálfu sér var ekki verið að spyrja um það í þessari fyrirspurn. Það var fyrst og fremst verið að spyrja um söluskattinn þó að kannski megi segja að eins og orðanna hljóðan er í fsp. megi leggja út frá henni eins og hæstv. ráðherra gerði. En hann ætti að geta haft einhver áhrif á hæstv. fjmrh. í þessu efni. Ég minni á að í stjórnarmyndunarviðræðunum var mjög mikið hnykkt á þessu máli. Ég verð fyrir miklum vonbrigðum, ég verð að segja það, ef ekki er tekið á svona auðsjáanlegu réttlætismáli. Hvar er þá frekar hægt að jafna? Ég vil að það komi fram og viðurkenni að það var stigið stórt skref í jöfnunarátt í sambandi við kjarasamningana. Þar var farið í fyrsta sinn inn á leið sem er búið að tala um í mörg ár. En það er ekki nóg. Þessi atriði þarf að athuga betur. Í þessari sömu grein á 9. bls. er talað um jöfnun á skólagöngu og ég þakka menntmrh. fyrir þær upplýsingar sem liggja fyrir um að hækka dreifbýlisstyrkinn sem komu fram að mig minnir í gær eða fyrradag á Alþingi.

En ég ítreka það: Ég skora á hæstv. samgrh. og menntmrh., það eru þeir einu ráðherrar sem hér eru, að beita sér fyrir því að við þetta verði staðið.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):
Virðulegur forseti. Mér er ánægja að því sérstök að tala fyrir hönd okkar, mín og menntmrh., sem erum hér staddir, að við viljum mjög gjarnan beita okkur fyrir því sem hv. fyrirspyrjandi var að fjalla um. Og ég vil lýsa því yfir við fyrirspyrjanda að ég skal taka þetta mál sérstaklega upp í ríkisstjórninni og inna þá ráðherra aðra sem ég nefndi og vissulega eiga að fjalla um þetta efni einnig eftir því hvernig þessi mál standi.

Úttekt á starfsemi fræðsluskrifstofa, ein umr.

Fsp. JúlS, 389. mál. — Þskj. 727.

Fyrirspyrjandi (Júlíus Sólnes):
Virðulegur forseti. Samkvæmt bréfi sem mér hefur borist í hendur kemur fram að 18. febr. 1987 skipaði þáv. menntmrh. starfshóp til að láta fara fram heildarúttekt á stöðu fræðsluskrifstofa landsins og samskiptum þeirra við menntmrn. Markmið þessarar úttektar var að fá heildarmynd af starfsháttum og samskiptum þeirra er með fræðslumál fara í fræðslu-

umdæmunum og gera enn fremur úttekt á fjármálalegri stöðu einstakra fræðsluumdæma. Ráðuneytið fól þeim Helga Ólafssyni og Kristjóni Kolbeins að annast þessa úttekt og munu þeir hafa skilað skýrslu þar að lútandi til menntmrn. Það vill svo til að ég hef aðeins séð titilblað þessarar skýrslu, en þar segir: „Skýrsla til menntamálaráðherra. Fræðsluskrifstofur, staða þeirra og samskipti við menntamálaráðuneytið. Reykjavík 15. júní 1987."

Ég er sannfærður um að ef þessi úttekt hefur tekist vel hljóta að vera í þessari skýrslu mjög merkileg gögn sem væri auðvitað ástæða til fyrir alþingismenn að kynna sér. Þegar ég frétti að formönnum fræðsluráða um landið allt hefði ekki verið gefinn kostur á því að kynna sér efni þessarar skýrslu ákvað ég að flytja þessa fsp. til að fá svör við því hvort hæstv. menntmrh. mundi beita sér fyrir því að efni og innihald hennar yrði kynnt fyrir formönnum fræðsluráða og hvort hv. alþm. mundi einnig gefast kostur á að kynna sér efni hennar.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég er sannfærður um að ef þessi fsp. hefði verið borin fram á hv. Alþingi fyrir tveimur árum hefði verið aðeins fleira í salnum en nú er þegar fsp. er svarað.

Hv. 7. þm. Reykn. leggur fram fsp. til menntmrh. um niðurstöður úttektar á starfsemi fræðsluskrifstofa landsins. Það er fyrst spurt: Hafa niðurstöður úttektar á fræðsluskrifstofum landsins, sem menntmrn. lét gera í ársbyrjun 1987, verið kynntar formönnum fræðsluráða?" Svarið er: Nei, það hefur ekki verið gert fyrr en nú að fræðsluráð í Norðurlandi eystra, formaður þess, óskaði eftir því fyrir tveim, þrem vikum að fá þessa skýrslu. Menntmrn. sendi hana strax formanni fræðsluráðsins í Norðurlandi eystra og sömuleiðis hefur skýrslan af sama tilefni verið send formönnum fræðsluráða og fræðslustjórum í öllum öðrum fræðsluumdæmum.

Í öðru lagi: „Hefur skýrsla um þessa úttekt verið skilað?" Svarið er: Já. „Ef svo er mun ráðherra beita sér fyrir því að henni verði dreift til alþingismanna?" Svarið er að skýrslan er allmikil að vöxtum. Hún er satt að segja svo mikil að vöxtum að við höfum ekki séð ástæðu til þess að láta fjölfalda hana í því skyni að dreifa henni á borð hvers alþingismanns. Hins vegar mun ég nú með mikilli ánægju afhenda fyrirspyrjanda eintak af skýrslunni, sömuleiðis skrifstofu Alþingis þannig að allir þeir þingmenn sem vilja kynna sér málið geta fengið aðgang að þessu gagni sem frá og með þessari stundu er opinbert gagn.

Fyrirspyrjandi (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Ég get ekki annað en þakkað hæstv. menntmrh. fyrir skjót og greið svör og þakka enn fremur fyrir að hér hef ég nú skýrsluna undir höndum og mun ég leitast við að kynna mér efni hennar. Enn fremur þykir mér vænt um að heyra að formönnum fræðsluráða hefur verið send skýrslan og þar með er raunverulega búið að svara þessari fsp. minni. En ég hafði nokkrar áhyggjur af því ef skýrslan mundi halda áfram að rykfalla í skúffum menntmrn. því að ég er sannfærður um að þarna hlýtur að vera mikill fróðleikur sem varðar okkur öll.

Sorpbrennslan á Skarfaskeri við Hnífsdal, ein umr.

Fsp. KE, 381. mál. — Þskj. 719.

Fyrirspyrjandi (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. heilbrmrh. sem er á þskj. 719 sem hljóðar svo, með leyfi forseta: „Er heilbrmrh. kunnugt um að starfrækt er sorpbrennsla án starfsleyfis á Skarfaskeri við Hnífsdal? Til hvaða aðgerða mun ráðherra grípa vegna þessa máls og hvenær?"

Það er ekki að ástæðulausu að ég hef borið fram þessa fsp. Sorpbrennsla sú sem hér er spurt um hefur starfað frá árinu 1974 og strax þá lögðust íbúar í Hnífsdal eindregið gegn staðsetningu hennar og bentu á að mengun kæmi til með að leggjast inn yfir byggðina í Hnífsdal þar sem ríkjandi vindátt væri inn dalinn. Árið 1987 kröfðust íbúarnir með undirskriftasöfnun að gerðar yrðu úrbætur vegna mikillar mengunar þar sem ástandið var gjörsamlega óþolandi. Nú í febrúar sl. skrifuðu yfir 200 íbúar í Hnífsdal undir áskorun til heilbrmrh. sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Nú hefur Hollustuvernd ríkisins, Náttúruverndarráð og umhverfis- og náttúruverndarnefnd Ísafjarðar eindregið lagst gegn starfsemi stöðvarinnar. Umsókn bæjaryfirvalda um starfsleyfi hefur verið hafnað. Ljóst er að mikil og heilsuspillandi mengun stafar frá starfseminni. Mikinn reyk, sót og ólykt leggur yfir byggðina í Hnífsdal. Það er krafa okkar undirritaðra að sorpeyðingarstöðinni verði lokað tafarlaust."

Það skrifa undir þetta, eins og ég sagði áðan, yfir 200 Hnífsdælingar og þetta er gert í febrúar 1989 þannig að fólk þar lítur þetta mjög alvarlegum augum.

Ég hef líka kynnt mér að fólk á Ísafirði hefur miklar áhyggjur af þessu þannig að það eru ekki eingöngu Hnífsdælingar sem þarna er um að ræða þó að þetta varði þá sérstaklega. Ég vil auk þess vekja athygli á því að hér er ekki eingöngu um útlitsmengun og óþrifnað að ræða heldur myndast við sorpbrennsluna ákveðinn fjöldi lífrænna efnasambanda sem leysast mjög illa upp og brotna seint niður. Þessi efni geta verið krabbameinsvaldandi, valdið fósturskaða og fleiri óæskilegum áhrifum. Það er því mjög nauðsynlegt að gripið verði til aðgerða nú þegar. Ég tel aldeilis óviðunandi að ekki skuli nú þegar stöðvaður rekstur þessarar sorpbrennslu þar sem hún hefur ekki starfsleyfi og þó svo að aðrar aðgerðir geti verið dýrar þá er enn dýrara þegar heilsu fólks er stefnt í voða eins og þarna er verið að gera.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Hv. 12. þm. Reykv. hefur beint til mín fsp. á þskj. 719 sem hv. þm. hefur nú þegar gert grein fyrir. Hún er í tveimur liðum og er fyrri hluti fsp. svohljóðandi: „Er heilbrmrh. kunnugt um að starfrækt er sorpbrennsla án starfsleyfis á Skarfaskeri við Hnífsdal?" Heilbrmrh. er að sjálfsögðu kunnugt um að þarna er starfrækt sorpbrennsla og að hún hefur ekki fengið starfsleyfi í samræmi við reglugerð nr. 390 frá 1985, um starfsleyfi fyrir iðnrekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Með áðurnefndri reglugerð, sem öðlaðist gildi á árinu 1985, eru tekin af öll tvímæli um það að sorpbrennsla og sorpeyðing hvers konar séu fyrirtæki sem ber að afla sér starfsleyfa vegna mengunar. Fram að þeim tíma var slíkur rekstur ekki starfsleyfisskyldur, t.d. var honum ekki ætlað að sækja um starfsleyfi samkvæmt reglugerð nr. 164 frá 1972, um varnir gegn mengun af völdum eiturefna og hættulegra efna. Umræddur rekstur í Hnífsdal, sem hófst á árunum eftir 1970, verður því fyrst starfsleyfisskyldur með tilkomu reglugerðarinnar frá 1985. Sú reglugerð byggir á lögunum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit sem öðluðust gildi 1. ágúst 1982, en í þeim var í fyrsta skipti í íslenskri löggjöf tekið á mengandi rekstri án þess að til þyrfti að koma mengun af völdum eiturefna og hættulegra efna í skilningi laga um eiturefni og hættuleg efni. Sorpbrennslan í Hnífsdal sótti um starfsleyfi í samræmi við reglugerðina frá 1985 til Hollustuverndar ríkisins sem leggur til að starfsleyfið verði ekki veitt. Ráðuneytið hefur gert bæjaryfirvöldum á Ísafirði grein fyrir því að flest bendi til þess að stöðin fái ekki starfsleyfi þar sem hún uppfylli ekki þau skilyrði sem nauðsynlegt sé að setja um mengunarvarnir fyrir slíkar stöðvar.

Málin standa því þannig að sorpeyðingarstöðin er rekin án starfsleyfis og á ráðuneytið í þeim vanda að hafna starfsleyfi, sem það hefur reyndar ekki gert formlega, án þess að önnur leið til sorpeyðingar sé tryggð. Ráðuneytið telur það enga frambúðarlausn að urða sorp á landsvæði þar sem sléttlendi er jafnlítið og raun ber vitni. Ráðuneytið er þeirrar skoðunar að finna verði lausn sem getur dugað til frambúðar og að tekið verði upp fullkomnara sorpbrennslukerfi á hentugri stað sem þar að auki tæki tillit til orkunýtingarsjónarmiða. Ráðuneytið hefur lagt á það áherslu við bæjarstjórn Ísafjarðar að sem allra fyrst verði fundin lausn á þessu máli. Er að vænta tillagna bæjarstjórnar um málsmeðferð á næstu dögum.

Það má kannski skjóta því hér inn í að samkvæmt bréfi frá bæjarstjórninni á Ísafirði, dags. 5. apríl, er óskað eftir formlegu samstarfi við ráðuneytið um að finna lausn á þessu máli. Ráðuneytið hefur nú þegar svarað þessari ósk bæjarstjórans á Ísafirði um það að tilnefna fulltrúa frá ráðuneytinu og Hollustuverndinni til þess að taka á þessum málum þegar í stað. Ráðuneytið mun að þessum tillögum fengnum og samfara þeirri vinnu sem nú er að fara í gang freista þess í samvinnu við bæjaryfirvöld og Hollustuvernd ríkisins að leysa málið, en það getur hins vegar tekið nokkurn tíma, þannig að íbúar Hnífsdals sem orðið hafa fyrir óþægindum verða að sýna biðlund í trausti þess að lausn finnist sem allra fyrst. Tafarlaus lokun sorpeyðingarstöðvarinnar kemur að mati ráðuneytisins ekki til greina nema hægt verði að leysa málið í millitíðinni, þ.e. með urðun á viðurkenndum stað. Það er einn af þeim millibilskostum sem ráðuneytið mun ræða við bæjaryfirvöld á Ísafirði á næstu dögum.

Að lokum skal tekið fram að ráðuneytið hefur verið í sambandi við þá íbúa Hnífsdals sem hér eiga hlut að máli og hefur fullan skilning á sjónarmiðum þeirra. Ráðuneytið hefur jafnframt farið þess á leit við þá að þeir sýni biðlund enn um sinn, þótt vitanlega kunni það að vera erfitt miðað við þá starfsemi sem hér um ræðir, í trausti þess að lausn finnist á málinu sem allra fyrst. Það er skoðun ráðuneytisins að betra sé að finna frambúðarlausn sem allir geti sætt sig við en skammtímalausn, ekki síst þegar haft er í huga að þessi starfsemi hefur verið í gangi í 17 ár. Nú er það út af fyrir sig ekki réttlæting, heldur bara sýnir fram á það að málið er ekki einfalt að leysa.

Ég tel að með þessu sé ég þá einnig búinn að svara síðari hluta fsp. þar sem spurt er um það til hvaða aðgerða ráðherra muni grípa vegna þessa máls og hvenær. Saga málsins er sem sagt þessi og eftir að ráðuneytinu bárust undirskriftirnar sem fyrirspyrjandi vitnaði til höfum við haft samband við forsvarsmenn þeirrar undirskriftasöfnunar og sent þeim skriflegt erindi, dags. 28. febr., þar sem beðið er um það að þeir sýni nokkra biðlund á meðan reynt er að finna lausn á málunum, en sú vinna er nú þegar í gangi.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Þessi fsp. er greinilega tímabær og það hefur þegar komið fram hjá hæstv. ráðherra að viðbrögð hafa orðið vegna þessarar fsp., miðað við þær dagsetningar sem hér voru nefndar um samskipti ráðuneytis og heimaaðila. Hér er auðvitað við vanda að fást og ég legg ekkert mat á hversu auðleysanlegur hann er miðað við frambúðarfyrirkomulag sorpeyðingar á þessum stað. En þetta minnir á það að mjög víða eru þessi mál í ólestri og það er þörf á því að ráðuneyti heilbrigðismála og yfirstjórn mengunarmála í landinu veiti þarna meiri stuðning og aðhald við þá aðila heima fyrir sem eiga að sjá um þessi mál. Hið formlega starfsleyfi er í hendi ráðuneytisins og það leggur ráðuneytinu ábyrgð á herðar sem það þarf að bregðast við með meiri ráðgjöf, aðhaldi og eftirliti. Þetta gildir um hvers kyns mengun sem heilbrigðisnefndir og sveitarstjórnir eiga að fást við einnig frá loðnubræðslum sem er ein af þessum tilfinnanlegu mengunaruppsprettum sem hrjá ýmsa staði á landinu enn í dag.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það verður víst ekki hægt að rengja það að á tímum bænaskjala og leyfa er svo komið fyrir

Vestfirðingum að þeir ráða því ekki sjálfir hvernig þeir standa að því að brenna sitt rusl. Það er miðstýringarvaldið sem ræður því og bréf að sunnan verður að berast svo að heimilt sé að brenna rusl vestra.

Ég fagna því að hæstv. ráðherra hyggst ekki skilyrðislaust loka brennslunni þar til lausn er fengin því ella ættu þeir varla annan kost en að senda honum sorpið með Ríkisskipum og hann yrði þá að sjá um að koma því fyrir. Mér finnst nefnilega, þegar þessi mál eru rædd, að ekki sé horft á þá staðreynd að þegar þessi stöð var byggð á sínum tíma var hún byggð samkvæmt íslenskum lögum og það var ekkert í þeirri starfsemi sem stangaðist á við þau. Þarna liggja veruleg verðmæti. Er ríkið reiðubúið að bæta þau um leið og það fer fram á það við þau sveitarfélög sem þarna eiga hlut að máli að brennslan verði lögð niður?

Mér er kunnugt um það að þessi sveitarfélög hafa m.a. verið að koma sér upp sjúkrahúsi með ríkinu og fjárhagsstaða þeirra er ekkert of sterk. Ég varð ekki var við það að Hollustuvernd ríkisins færi af stað og lokaði gamla sjúkrahúsinu þrátt fyrir það að með jafnstrangri naflaskoðun hefði mátt segja með sanni að það eru nokkuð mörg ár síðan hefði verið eðlilegt að gera það. Ég hef heldur ekki frétt af fósturláti eða krabbameini vegna þessa. Mér finnst hreint út sagt að menn séu hér að mikla hlutina fyrir sér sem heimamenn hafa nú þegar ákveðið að reyna að leysa jafnfljótt og hægt er og jafnvel og hægt er með hagsmuni allra íbúanna að markmiði, jafnt þeirra sem búa í Hnífsdal og annarra.

Fyrirspyrjandi (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka ráðherra svör hans þó að ég telji ekki nóg að gert með þeim aðgerðum sem þarna er talað um. Það er alveg rétt að það er slæmt að það þurfi að koma tilskipanir að sunnan eins og hv. 2. þm. Vestf. talaði um hér áðan, en það virðist því miður vera svo að þarna hlusta þeir sem á málum halda ekki á raddir fólksins. Ég er hér með blaðaúrklippur úr vestfirskum blöðum, m.a. Bæjarins besta, lesendabréf sem þar birtast, og allir eru mjög áhyggjufullir út af þessu.

Ég vil benda á að vatnsból Ísfirðinga og Hnífsdælinga eru opin. Mengunin getur borist í vatnsbólin. Þetta er mjög hættulegt. Það er ekki nóg að hafa gott og fallegt sjúkrahús ef vatnið sem þar er notað er meira og minna mengað. Og ég tek það fram, ég las það hérna áðan, að umhverfis- og náttúruverndarnefnd Ísafjarðar hefur eindregið lagst gegn sorpbrennslunni og fólk almennt er orðið mjög þreytt á vatnsmálum þar fyrir vestan og hefur meira að segja talað um að vatnið sé ekki baðhæft, hvað þá heldur neysluhæft. Ég held því að það væri ráð að hlusta á fólkið sem býr á þessum stöðum en fara ekki eingöngu eftir því hvort um dýrar lausnir er að ræða. Ég sé hlynnt því að leitað verði varanlegra lausna, eins og hæstv. ráðherra talaði um hér áðan og ég veit sannarlega að það er erfiðleikum bundið þarna að urða rusl eða koma því fyrir annars staðar. Hins vegar er mér kunnugt um það að aðilar hafa boðist til þess, m.a. frá Hollustuvernd ríkisins, að hjálpa Vestfirðingum ef þeir vilja til að leita leiða og hafa bent á leiðir, skammtímalausnir, meðan fundnar eru varanlegar lausnir á þessu vandamáli. Og varðandi það að Hnífsdælingar eigi enn einu sinni að sýna biðlund, þá held ég að þeir séu búnir að sýna alveg ótrúlega biðlund. Fólk er orðið langþreytt á þessu máli. Börn geta ekki verið úti að leika sér. Það þarf að taka þau inn. Það var t.d. ein kona sem var með barn úti í barnavagni sem var ljós eða hvítur. Hann var allur orðinn flekkóttur og barnið og sængurfötin þannig að það er ekki beint fýsilegt að setja börn út við þessar aðstæður. Þvottur er allur orðinn flekkóttur eftir daginn þannig að fólk þarf oft og iðulega að þvo aftur þvottinn sem hefur verið hengdur út um morguninn ef vindátt er inn dalinn eins og hún er ríkjandi þar fyrir vestan. Ég held að það ætti að hlusta betur á fólkið á þessum stöðum og áhyggjur þess og þó svo að ekki hafi orðið mikið um krabbamein og fósturlát getur orðið meira um það ef þetta ætlar að halda áfram á þennan hátt. Ég skora á hæstv. heilbrmrh. í samvinnu við heimamenn að vinna bug á þessum vanda og það strax og að sjálfsögðu einnig að leita varanlegra leiða. Hæstv. ráðherra benti á að reglugerðin sem vitnað var í er frá 1985 þannig að það er drjúgur tími sem hægt hefði verið að nota til að leita leiða til þess að leysa þennan vanda. Ég lít alls ekki á það sem neina lausn að leita bara að varanlegum leiðum í þessu sambandi. Það verður að gera eitthvað nú þegar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Það var aðeins örstutt. Ég vil fyrst taka undir það með hv. 2. þm. Austurl. Hjörleifi Guttormssyni að þessi mál eru því miður víða í ólestri eða ekki í nógu góðu ásigkomulagi og staðreyndin er sú að víðast hvar eru þessi mál þannig vaxin að lausnirnar eru dýrar. Það er erfitt smáum sveitarfélögum að standa svo að sorplosun að vel sé og í samræmi við þau lög og þær reglur sem við höfum sett okkur varðandi þessi mál og mengunarhættu af sorplosun.

Ég held að það form að urða sorp, jafnvel þótt landrými sé fyrir hendi, sé ekki góð lausn til lengri tíma. Ég álít að það sé ekki skynsamlegur kostur nema þá landslagsaðstæður séu alveg með sérstökum hætti. Menn eigi fremur að reyna að leita lausna um eyðingu á annan hátt, með brennslu, en sú leið er auðvitað dýr. Þess vegna kann að vera að ríkið eða hið opinbera verði að koma til aðstoðar í einhverjum mæli þar sem úrlausnirnar eru hvað dýrastar og erfiðastar fyrir sveitarfélögin, en það á ég von á að komi einmitt upp í umræðum um lausnina á Ísafirði og Hnífsdal og þá komi í ljós hvort menn finna þar einhverja leið sem mögulegt er að framkvæma, auðvitað helst sem allra fyrst.

Vegna þess sem kom síðan fram í lokaorðum hv. fyrirspyrjanda, 12. þm. Reykv., vil ég segja það, og

ég nefndi það reyndar líka í svarinu áðan, að við höfum auðvitað bráðabirgðalausn í huga einnig. Ég er sammála því að þetta er búið að bíða lengi. Ég geri ráð fyrir því að bréfaskriftir og samskipti hafi farið fram á þessum árum, 1985—1988 eða 1989, og að þessi umræða sé ekkert að byrja núna þó að ég þekki ekki þá sögu. En það er alla vega ljóst að það er verið að vinna að málinu í dag og það er sem sagt komið á góðan rekspöl, vona ég, þar sem að þessu hafa nú komið skipaðir fulltrúar frá bæjarráði Ísfirðinga og fulltrúar ráðuneytis og Hollustuverndar. Og ég vil a.m.k. ekki liggja undir því að ráðuneytið eftir að ég kom þar til starfa hafi ekki hlustað á raddir fólksins hvað þetta varðar því að við höfum einmitt verið að vinna að þessu nú og þó að við höfum farið fram á það við þá sem hafa sent okkur undirskriftalista eða bænaskjal að þeir bíði enn um sinn vona ég að það þurfi ekki að verða löng bið, að við finnum fljótt einhverja lausn á þessu ástandi sem þarna er við að glíma og þá hugsanlega bráðabirgðalausn ef varanleg lausn tekur óviðunandi langan tíma.

Fyrirspyrjandi (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegur forseti. Aðeins örstutt. Ég fagna síðustu orðum hæstv. ráðherra og vona að myndarlega verði tekið á þessum málum nú strax þannig að fólk þurfi ekki að búa við þetta í sumar. Þrátt fyrir þá varanlegu lausn sem á að finna, sem ég fagna svo sannarlega, verði ekki beðið allt of lengi með það að losa fólk undan þeim ófögnuði sem þarna er.

Loftmengun á höfuðborgarsvæðinu, ein umr.

Fsp. HG, 385. mál. — Þskj. 723.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég leyfi mér á þskj. 723 að bera fram fsp. til hæstv. heilbrmrh. um loftmengun á höfuðborgarsvæðinu og hún er svohljóðandi:

„Hvaða niðurstöður liggja fyrir úr mælingum á loftmengun á höfuðborgarsvæðinu undanfarin ár?

Hvað skortir á að fullnægjandi mælingar séu gerðar á loftmengun á þessu svæði?

Hvaða aðgerðir eru í undirbúningi til þess að draga úr loftmengun við Faxaflóa, m.a. vegna útblásturs bifreiða?"

Ég nefni það að ástæðan fyrir þessari fsp. er versnandi ástand þessara mála sem blasir við þeim sem hér dvelja, jafnvel þó ekki sé nema nokkurn tíma úr ári, og hef ég samanburð af þessu frá nokkurra ára bili, fyrst og fremst að vetrarlagi. Ég tel að orðstír Íslands og höfuðborgarsvæðisins hér sé í bráðri hættu að því er varðar hreint loft. Það er ekki lengur hreint, það er ekki lengur tært eins og við gjarnan miklumst yfir í hátíðaræðum að sé sérstaða okkar hér, að búa við slík gæði. Það er augljóslega ört vaxandi mengun á þessu svæði, litið til nokkurra ára. Og við höfum séð það og heyrt í fjölmiðlum að eftir þessu er tekið af ýmsum ástæðum. M.a. er hluti af þessari mengun sýnilegur í formi rykskýs sem yfir höfuðborgarsvæðinu grúfir, mismunandi eftir veðurfarsástæðum.

Ég nefni það líka að mengun frá iðnaði er hér veruleg, þar á meðal það sem ég nefndi vegna fyrri fsp. í sambandi við loðnubræðslu. Þrátt fyrir nokkrar aðgerðir hér til þess að eyða slíkum útblæstri leggur peningalyktina hér yfir höfuðborgina meira og minna þegar loðnubræðsla er í gangi og við fengum hana hér inn í sali Alþingis að mig minnir í fyrradag og vorum vel minnt á þessa mengun þar.

Ég vænti þess að hæstv. ráðherra geti upplýst okkur um þetta efni af tilefni þessarar fsp. því að það er áreiðanlega brýn nauðsyn að hér verði ráðin bót á og með þessum málum verði fylgst gaumgæfilega.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Hv. 2. þm. Austurl. hefur borið hér fram fsp. á þskj. 723 sem hann hefur nú gert grein fyrir. Þar er í fyrsta lagi spurt um hvaða niðurstöður liggi fyrir úr mælingum á loftmengun á höfuðborgarsvæðinu undanfarin ár.

Fyrir þremur árum hóf Hollustuvernd ríkisins reglubundnar mælingar á loftmengun í Reykjavík. Þessar mælingar hafa til þessa verið takmarkaðar við fallryk og svifryk ásamt lítils háttar efnagreiningum á hvoru tveggja. Niðurstöður sýna ótvírætt að loftmengun af völdum þessara þátta er töluverð og meiri en fyrir fram var búist við.

Af fyrirliggjandi niðurstöðum má ráða að loftmengun hefur farið vaxandi í samræmi við fjölgun ökutækja, en á þessu tímabili hefur ökutækjum fjölgað stórlega. Þessi aukning er fyrst og fremst í svifryki, en það er heilsufarslega töluvert hættulegra en fallryk. Stærstur hluti svifryksins er talinn koma frá umferðinni, en fallrykið er fremur af náttúrlegum völdum. Sé miðað við þau mörk sem Hollustuvernd ríkisins hefur gert tillögu um sem viðmiðunarmörk fyrir Ísland og tekin verður endanleg afstaða til við útgáfu mengunarvarnareglugerðar á næstu vikum mældist svifryk á fyrsta hluta mælitímabilsins, miðað við ársmeðaltal, 67% af þeim mörkum, en hefur síðan vaxið um og upp yfir 90%. Þess skal þó getið að viðmiðunarmörk Hollustuverndar eru mjög ströng. Hinu má heldur ekki gleyma að mjög margir umhverfisþættir hafa áhrif á niðurstöðuna þannig að mæla þarf í lengri tíma til að unnt sé með fullri vissu að staðhæfa að loftmengun sé komin á þetta stig. Töluverð blýmengun hefur mælst í svifrykinu, en úr henni hefur dregið verulega á seinni hluta mælitímabilsins. Það á sér eðlilegar skýringar þar sem nú er unnt að fá blýlaust bensín. Samkvæmt síðustu samantekt hefur dregið úr blýmengun sem nemur u.þ.b. 40% sem er í samræmi við markaðshlutdeild blýlauss bensíns á höfuðborgarsvæðinu.

Í öðru lagi er spurt hvað skorti á að fullnægjandi mælingar séu gerðar á loftmengun á þessu svæði. Hollustuvernd ríkisins telur að ekki sé nægjanlegt að

gera mælingar á ryki ásamt efnagreiningum á því til þess að meta loftmengun. Frá umferðinni kemur einnig mikið af mengunarefnum í öðru formi lofttegunda. Þær helstu eru köfnunarefnisoxíð, kolmónoxíð, brennisteinsoxíð og kolvetni og telur stofnunin nauðsynlegt að framkvæma mælingar á styrk þessara lofttegunda jafnhliða því sem haldið verði áfram mælingum á rykmengun.

Stofnuninni hefur ekki reynst unnt að hrinda þessu í framkvæmd vegna þess að engin fjárveiting hefur fengist til þessara mengunarmælinga og kostnaður verður ekki greiddur af knöppu rekstrarfé mengunarvarna eins og gert hefur verið í sambandi við núverandi mælingar. Rétt er að benda á að á vegum Reykjavíkurborgar hefur verið heimilað að kaupa búnað til mengunarmælinga fyrir heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur sem nemur milljónum króna og er viðbúið að með því taki heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur frumkvæði í þessum mælingum.

Viðbótarkostnaður vegna mælinga á áðurnefndum lofttegundum er áætlaður um 2 millj. kr. á ári sem er eingöngu kostnaður vegna efnagreininga, en þær er allar hægt að framkvæma á innlendum rannsóknastofum. Hollustuvernd ríkisins telur sérstaklega mikilvægt að samfelldar mengunarmælingar á lofttegundum á einum völdum mælistað hefjist sem allra fyrst vegna þess að fyrirsjáanlegt er í samræmi við norræna umhverfisáætlun sem Ísland er aðili að að innan fárra ára verður byrjað að búa bifreiðar hér á landi lofthreinsibúnaði. Lofthreinsibúnaður sá sem um ræðir virkar svo til eingöngu á áðurnefndar lofttegundir. Auk þess mun blýmengun hverfa þar sem nauðsynlegt verður að nota eingöngu blýlaust bensín.

Til þess að geta metið hvaða áhrif mengunarvarnabúnaður á bifreiðar hefur þarf að mæla áðurnefndar lofttegundir og þyrfti að hefja þær mælingar helst sem fyrst, ekki síst þegar haft er í huga að þessar mælingar taka nokkurn tíma eigi að fást öruggar niðurstöður.

Í þriðja lagi var spurt: „Hvaða aðgerðir eru í undirbúningi til að draga úr loftmengun á þessu svæði?"

Í norrænni umhverfismálaáætlun sem samþykkt var af umhverfismálaráðherrum Norðurlanda í janúar sl. er gert ráð fyrir því að öll Norðurlönd setji svo fljótt sem unnt er útblástursmörk vegna bifreiða. Undirbúningur er þegar hafinn hér á landi og hefur ráðuneytið beðið Hollustuvernd ríkisins um tillögur í málinu. Gert er ráð fyrir því að slíkar aðgerðir muni sérstaklega hafa áhrif á loftgæði á höfuðborgarsvæðinu. Á næstu dögum er ætlan ráðuneytisins að staðfesta mengunarvarnareglugerð sem gefin er út með stoð í lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, en í reglugerð þessari, sem upphaflega var unnin af stjórnskipaðri nefnd og síðan af starfsmönnum ráðuneytisins og Hollustuverndar í samvinnu við hlutaðeigandi ráðuneyti og stofnanir, verður væntanlega tekin afstaða til ýmissa atriða sem snerta viðmiðunarmörk vegna mengunar, ekki síst loftmengunar.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég hef verulegar áhyggjur af þeirri mengun sem er hér á Reykjavíkursvæðinu og kom fram í máli ráðherrans að hefði verið komin upp í 90% af viðmiðunarmörkunum í lok tímabilsins sem mér þykir mjög mikið og hættulega mikið. Ég fagna því að blýmengun hafi minnkað í Reykjavíkurborg og rek það að sjálfsögðu til þess sama sem ráðherrann gerði, að notkun á bensíni sem inniheldur blý hefur minnkað. Hins vegar vek ég athygli á því að það er enn leyfður að hluta til innflutningur á bensíni sem inniheldur blý.

Ég er mjög ánægð að heyra að á vegum Reykjavíkurborgar skuli vera farið að huga betur að þessum málum og tel það mjög til bóta. Fyrst og fremst fagna ég því, sem kom fram í máli ráðherra, að nú loksins skuli eiga að gefa út mengunarvarnareglugerð sem staðið hefur á allt of lengi og vona að hún verði til bóta, ekki bara að við setjum okkur viðmiðunarmörk heldur að við reynum að finna leiðir til að fara eftir þeim viðmiðunarmörkum og koma í veg fyrir mengunina sem hefur verið gífurleg. Þetta á einnig við um loftið í Reykjavík, ekki síst mengun af þeim hættulegu efnum sem ekki er enn farið að mæla, eins og t.d. köfnunarefnisoxíð og koloxíð.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég hélt að ég hefði kannski svigrúm til að gera aðeins meira en örstutta athugasemd. Ég hef talað einu sinni. (**Forseti:** Ég vil aðeins minna hv. þm. á að hann veitti forseta ákúrur í morgun fyrir að vera of rýmileg um tíma. En að sjálfsögðu vill forseti láta hv. þm. njóta sama réttar og var veittur í morgun svo að forseti mun vera liðlegur með tímamörk.) Virðulegur forseti. Ég áskil mér að ræða þingsköp hér á eftir.

Ég ætla að víkja að svari hæstv. ráðherra. Ég þakka honum fyrir svörin og veittar upplýsingar og tel að það sem þar kom fram hafi verið athyglisvert, bæði varðandi ástand mála, varðandi loftmengun hér og þær mælingar sem farið hafa fram, en ekki síður um það sem á vantar. Ráðherrann upplýsti að það skortir verulega á að hægt sé að framkvæma hér mælingar á efnasamböndum. Í rauninni er hér mælt aðeins ryk, fallryk og svifryk, en sáralítið af efnum sem ekki koma fram við slíkar mælingar. Þetta er ekki viðunandi ástand mála og minnir okkur á hv. Alþingi á að það þarf að sinna þessum málum í sambandi við fjárveitingar. Það gengur ekki að ekki sé hægt að fylgjast með ástandi svo þýðingarmikilla þátta eins og loftsins sem við öndum að okkur vegna þess að það skortir nokkrar milljónir til að kaupa tæki og fylgjast með ástandi mála. Ég heiti á hæstv. ráðherra að vera sóknd jarfan í sambandi við óskir um fjárveitingar og ég mun veita honum það liðsinni sem ég get hér á Alþingi til að hægt verði úr að bæta.

Ég bendi á hversu nauðsynlegt er að afla þessara upplýsinga einnig á meðan ástandið er í þeirri stöðu sem nú er til að fá viðmiðun um þann árangur sem fæst með aðgerðum.

Ég heyri sagt að Bifreiðaskoðun Íslands sinni því miður ekki málum með þeim hætti sem vera skyldi og vonir stóðu til um að athuga um ástand bifreiða miðað við útblástur. Þar þyrfti að verða bót á til þess að fá þessar upplýsingar við að styðjast vegna framtíðarinnar.

Ég treysti því að hæstv. ráðherra fylgi eftir þeirri reglugerð sem hann boðaði að sett yrði um þessi efni og leitist við að ná árangri, en vissulega er það víðar en á Reykjavíkursvæðinu sem þessi mál eru í ólestri þó að fsp. beindist að því svæði sérstaklega.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég skal vera stuttorður. Það var ekki beint fyrirspurnum til mín frekar en áður var fram komið. En ég vil aðeins ítreka að mengunarvarnareglugerð er nú alveg á lokastigi. Það er búin að fara í það verkefni mikil vinna og að því hafa komið margir eins og kom fram í svari mínu áðan, en nú er mér sagt að þetta sé alveg á lokastigi og ég vona sannarlega að við náum þeim áfanga að setja hana fyrr en síðar. Þá þarf að skoða ítarlega þær hugmyndir sem þar eru settar fram um viðmiðunarmörk. Eins og hér kom fram áðan erum við e.t.v. að komast nú þegar í þau hættumörk sem tillaga mengunarvarnareglugerðarinnar gerir ráð fyrir í þeirri mengun sem mælst hefur nú þegar. En hitt vildi ég þó sérstaklega nefna, sem kom fram í máli hv. fyrirspyrjanda, að ástand mála er auðvitað alvarlegt og kemur einu sinni enn fram í umræðum á þingi að sú aðstaða sem Hollustuvernd ríkisins er búin er algerlega ófullnægjandi og hefur reyndar verið svo um langt árabil. Fjárveitingavaldið, Alþingi, stjórnvöld, ríkisstjórn og fjvn., hafa í gegnum tíðina verið fremur treg til að viðurkenna það þegar þurft hefur að setja fjármuni til þessarar stofnunar hversu mikil, margvísleg og mikilvæg verkefni hún hefur á sinni könnu, þessi stofnun. Það er oft á tíðum, þetta hef ég reyndar sagt áður í umræðum, fjargviðrast út í þessar eftirlitsstofnanir sem verið er að setja á fót. Þetta eru mikil bákn og þetta er kostnaðarsöm starfsemi. En svo kemur aftur ítrekað upp hér í þingi krafan um að þessar stofnanir geri þetta og geri hitt, sinni sínum lagaskyldum betur en þeim hefur tekist, en þeim er ekki búinn grundvöllurinn til þess. Það er ágætt að fá stuðning úr sem flestum áttum í þessu sambandi. En þó vil ég nefna að vissulega varð nokkur breyting á við fjárlagagerð þessa árs. Þar var hlutur Hollustuverndar réttur verulega. Þar voru heimilaðar stöður sem Hollustuverndin hafði sótt um ár eftir ár en ekki fengið og fjárveitingar auknar nokkuð til þess að mæta þeim nýju verkefnum sem verið var að leggja Hollustuvernd ríkisins á herðar m.a. í sambandi við innflutningseftirlit.

Þetta var kannski ekki alveg tilheyrandi fsp., en þó má segja að það hafi verið óbeint vegna þeirra starfsskilyrða sem Hollustuvernd býr við og að sjálfsögðu er það líka fagnaðarefni að áhugi Reykjavíkurborgar á ástandi hér skuli vera svo sem raun ber vitni og að heilbrigðiseftirlit Reykjavíkurborgar fái tækjabúnað til þess að fylgjast með mengun. En það vekur hins vegar þá upp spurninguna um samstarf og verkaskiptingu milli heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og Hollustuverndar ríkisins, en það er of langt mál að fara út í það hér og nú.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ég vil upplýsa hv. þm. um að kl. 2 hefst fundur í sameinuðu þingi og þá mun hv. 5. þm. Vesturl. flytja þinginu yfirlýsingu. Að öðru leyti verður þinghald eins og gert hafði verið ráð fyrir. Ég vil taka fram að hv. 5. þm. Vesturl. hefur fengið tíma samkvæmt fyrri málsgr. 32. gr. laga um þingsköp, þ.e. hálftíma. Að öðru leyti mun þinghald fara fram í dag eins og dagskrá gerir ráð fyrir. Hugmyndin er að hæstv. utanrrh. geri grein fyrir skýrslu sinni um kafbátsslysið við Bjarnarey um þrjúleytið.

Um þingsköp.

Reglur þingskapa um umræður um fyrirspurnir.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að lengja hér umræðu vegna þingskapa mikið, en ég gerði athugasemd fyrr á þessum fundi að því er ég taldi að gefnu tilefni. Ég hygg að hæstv. forseti hafi áttað sig á að ég hafði rétt til tveggja mínútna ræðutíma sem fyrirspyrjandi í annað sinn (**Forseti:** Þriggja.) og einnig möguleika samkvæmt þingsköpum að gera síðan örstutta athugasemd ef óskað væri eftir þannig að athugasemd forseta studdist ekki við það sem kveðið er á um í 31. gr. þingskapa Alþingis.

Nú ætla ég alls ekki að finna að því hér þó að reglur um þingsköp séu túlkaðar í rýmra lagi eftir því sem aðstæður bjóða. Ég vil aðeins ítreka að ég tel að það sé vandmeðfarið og það þurfi að gæta þess að eitt gangi þar yfir alla. Þingsköp byggja að nokkru leyti á hefðum, að öðru leyti á skrifuðum og skrásettum reglum og síðan meðferð hæstv. forseta á túlkun þingskapanna. Ég hef nokkrar áhyggjur af því, einfaldlega vegna takmarkaðs tíma sem þingið hefur til ráðstöfunar, að við missum ákveðna þætti eins og fyrirspurnatíma úr böndunum sem verði til þess að ekki sé hægt að koma við sem skyldi svörum við fsp. sem fyrir liggja á þeim tíma sem til þess er ætlaður eða þá að langur fyrirspurnatími bitni á öðrum störfum í sameinuðu þingi. Sú var ástæða mín fyrir ábendingu fyrr á þessum fundi.

Ég vek athygli á því að í starfsáætlun Alþingis sem hæstv. forseti lagði hér fram í þingbyrjun til fyrirmyndar er á baksíðu prentað yfirlit um reglur þingskapa, m.a. varðandi fyrirspurnir. Þar kemur fram sú áminning til þingmanna að fyrirspyrjandi hafi ræðutíma tvisvar sinnum tvær mínútur. Ráðherra (**Forseti:** Þrjár.) fimm mínútur tvisvar. Ja, það stendur tvær mínútur á þessu yfirliti sem fyrirspyrjandi hafði og er

það held ég til samræmis við það sem er í (**Forseti:** Það er rétt hjá hv. þm.) 31. gr. Og síðan er þar skráður c-liður: „Aðrir þingmenn, stutt athugasemd (ein mínúta).“ Ég hygg að það séu viðmiðunarmörk sem séu sett til áminningar, en um þetta er ekkert skráð í þingsköpunum sjálfum og því muni þetta sett innan sviga.

Ef við ætlum að halda þessar reglur þurfa menn að sameinast um það, bæði þeir sem stjórna fundum og við þingmenn, að leitast við að verða við óskum forseta. Það er síst af öllu til þess að grípa fram í störf forseta þingsins að ég leyfði mér fyrr á fundinum að minna á þetta. Ég hef áhyggjur af því ef umræða um eina fyrirspurn fer upp í klukkutíma eða nærri því, eins og ég hygg að hafi gerst í morgun, vegna þess að mörg mál liggja fyrir. Það getur ekki verið matsatriði hæstv. forseta hvort mál verðskuldi lengri orðræður þingmanna eða ekki. Þar hlýtur klukkan að eiga að skera úr fyrst og fremst.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna þessarar umræðu um þingsköp vill forseti taka fram eftirfarandi:

Á þeim fundi sem hér er nú að ljúka hefur verið svarað tíu fsp. þrátt fyrir óvenjulanga umræðu um fsp. hv. 6. þm. Reykv. Það verður að sjálfsögðu ævinlega að vera mat forseta hvort hann leyfir þingmanni að ljúka við setningu sem hann er byrjaður á eða rýfur mál þingmanns með bjöllunni.

Ég hef reynt að sýna lipurð og skilning varðandi það að menn fái að ljúka hér máli sínu og tel þess vegna að ekkert hafi farið úr böndunum nema síður sé. Um margra ára bil hefur ekki verið um eins fáar fyrirliggjandi fsp. að ræða á þessum árstíma og nú er. Sannleikurinn er sá að það er sárafáum fyrirspurnum þessa þings ósvarað þannig að staðan í þinginu er betri varðandi þetta atriði en oft áður. Þess vegna tel ég að ekki hafi verið minnsta ástæða til að gera athugasemd við þá umræðu sem hér varð í morgun um verð á matvælum. Ég held að það geti enginn láð forseta þó að hann telji að það sé full ástæða til þess að sem flestir hv. þm. taki þátt í þeirri umræðu.

Ég bið hv. þm. að gefa forseta hlé vegna þess að hér er þýðingarmikill fundur kl. 2 og það krefst undirbúnings. Ég gæti giskað á að þingflokkar vildu hittast. Ég bið því um að þessi umræða um þingsköp verði ekki löng.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Við ræðum hér afar þýðingarmikið mál, þar sem eru starfshættir þingsins og þingsköp. Ég held að það hljóti að vera áhugaefni okkar allra, og ekki síst hæstv. forseta, að heyra hver er hugur þingmanna í sambandi við þau efni. Ég hygg því að þeim stutta tíma sem ég tek til að ræða þessi mál sé ekki illa varið.

Ég er þeirrar skoðunar að það geti ekki og eigi ekki að fara eftir því hvort margar fyrirspurnir liggja fyrir í þinginu eða ekki hvernig þingsköp eru túlkuð í sambandi við þann tíma sem tekinn er til að svara. Þann tíma sem mönnum er heimill til að bera fram fsp. og sem ráðherra er heimill til þess að svara fsp. og varðandi þær athugasemdir sem öðrum þingmönnum er gefinn kostur á og það eigi síst af öllu að vera í valdi forseta eftir því hvort hann metur umræðu áhugaverða eða ekki hvaða svigrúm þingmönnum er gefið til að taka þátt í umræðu.

SAMEINAÐ ÞING

60. fundur, fimmtudaginn 13. apríl, kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Yfirlýsing um stofnun nýs þingflokks.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Eins og tilkynnt var fyrr í morgun hefst þessi fundur á því að hv. 5. þm. Vesturl. hefur óskað eftir því að gefa á hinu háa Alþingi yfirlýsingu. Umræða þessi fer fram skv. fyrri mgr. 32. gr. laga um þingsköp og hefur málshefjandi nú mál sitt.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Í gær rituðum við, hv. þm. Hreggviður Jónsson og ég, þingflokki Borgfl. svohljóðandi bréf, með leyfi forseta:

„Hér með tilkynnist yður að við undirritaðir segjum okkur úr þingflokki Borgfl. Ástæður þessa eru margvíslegar og yrði of langt mál að tíunda þær í þessu bréfi. Sérstaka áherslu verður þó að leggja á eftirfarandi atriði:

Borgfl. var stofnaður við óvenjulegar aðstæður vorið 1987 þegar Albert Guðmundsson var flæmdur úr Sjálfstæðisflokknum og bauð fram undir merkjum Borgfl. um land allt. Stefnuskrá flokksins var samin og samþykkt þegar að loknu framboði og síðan endurbætt á fyrsta landsfundi flokksins þá um haustið.

Þrátt fyrir glæstan sigur undir forustu Alberts Guðmundssonar hafa mál nú skipast þannig að hann hefur hætt sem formaður og leiðandi afl Borgfl. og tekið við stöðu sendiherra Íslands í Frakklandi. Slíkt hefði ekki gerst hefði hann notið órofa stuðnings þingflokksins og unnið hefði verið með honum af heilum hug að framgangi stefnuskrár flokksins.

Sú skattastefna sem hefur náð yfirhöndinni í landinu með aðstoð Borgfl. gengur þvert á stefnuskrá hans og er alfarið á ábyrgð þingflokksins. Þá liggur fyrir yfirlýsing einstakra þingmanna flokksins um að þeir muni hafa samþykktir meiri hluta þingflokksins að engu ef svo beri undir.

Undirritaðir hafa því ekki treyst sér til að sitja þingflokksfundi um nokkurt skeið. Forusta þingflokksins hefur ekki haft frumkvæði að því að lagfæra það ástand. Tilraunir, sem til þess hafa verið gerðar, hafa fyrst og fremst verið á höndum annarra flokks-

manna og undirritaðra sem hafa gert allt sem í þeirra valdi hefur staðið til að jafna ágreininginn og ná einhug í þingflokknum. Í ljós hefur komið að ekki er vilji til að stefna flokksins í skattamálum sé virt og að þingflokkurinn standi einhuga gegn óvinsælustu ríkisstjórn allra tíma hér á landi. Sumir þingmenn flokksins hafa glatað áttum og með því brugðist kjósendum og stuðningsmönnum Borgfl.

Með hliðsjón af framansögðu er ljóst að við getum hvorki tekið þátt í því að styðja þessa ríkisstjórn né setið í þingflokki þar sem ekki er hægt að reiða sig á að meirihlutaákvarðanir þingflokksins séu virtar þegar um örlög ríkisstjórnar er að tefla.

Borgfl. var stofnaður í anda hugsjóna Alberts Guðmundssonar um mannúð og mildi. Sá ríkissósíalismi sem núverandi ríkisstjórn hefur leitt yfir þjóðina með aðstoð Borgfl. er andstæður þeim hugsjónum. Við sem þetta ritum munum hins vegar starfa áfram í anda Borgfl. og með stefnuskrá hans að leiðarljósi. Því höfum við myndað nýjan þingflokk á Alþingi Íslendinga — þingflokk frjálslyndra hægrimanna. Við fögnum samstarfi við alla þá sem vilja starfa á þessum grundvelli af alhug og einlægni. Tíminn einn mun leiða í ljós hvort leiðir okkar og þingmanna Borgfl. muni liggja saman aftur."

Undir þetta rita Ingi Björn Albertsson og Hreggviður Jónsson.

Hæstv. forseti. Eins og öllum er kunnugt hafa þeir atburðir nú orðið undanfarið að þingmenn Borgfl. hafa ekki borið gæfu til að standa sem órofa fylking um stefnu og störf flokksins. Þessu til skýringar skulu nefnd nokkur dæmi:

Í stefnuskrá Borgfl. segir, með leyfi forseta: „Skattheimta ríkisins verði gerð einfaldari og réttlátari en nú er." Getur nokkur vafi leikið á því að skattastefna ríkisstjórnarinnar gengur á svig við stefnu Borgfl. í þessum málaflokki? Með samþykkt tekju- og eignarskattsfrumvarpsins fyrr í vetur hefur hluti þingflokks Borgfl. gerst guðfeðir þessarar ríkisstjórnar. Það getur ekki talist réttlætanlegt að samþykkja lækkun skattleysismarka og hækkun eignarskatta sem valda því að fjöldi fólks mun eiga í hinum mestu erfiðleikum með að halda eignum sínum. Að Borgfl. sé ábyrgur fyrir slíkum sköttum gengur þvert á stefnuskrá hans að okkar mati.

Í stefnuskrá Borgfl. segir enn fremur, með leyfi forseta: „Borgfl. vill tryggja öldruðum áhyggjulaust ævikvöld með mannlegri reisn." Þó styður hluti þingmanna flokksins eignarskatta sem íþyngja öldruðum verulega og eru í raun dulbúin eignaupptaka. Þetta er andstætt meginstefnu flokksins.

Þá hefur það einnig verið baráttumál Borgfl. að vörugjald verði lækkað eða fellt niður. Með hjálp Borgfl. var hins vegar vörugjald hækkað og þar með stuðlað að hækkun framfærsluvísitölu og skerðingu kaupmáttar ráðstöfunartekna. Slíkt samræmist ekki stefnuskrá Borgfl.

Rauði þráðurinn í stefnu Borgfl. og stofnanda hans felst í orðunum mannúð og mildi sem flokkurinn notaði óspart við síðustu alþingiskosningar. Í stefnu núverandi ríkisstjórnar felst hvorki mannúð né mildi gagnvart einstaklingum eða heimilum. Það er því sorgleg staðreynd að Borgfl. skuli í raun vera guðfeðir hennar.

Opinberar yfirlýsingar sumra þingmanna flokksins um að þeir telji sér ekki skylt að hlíta ákvörðunum meiri hluta þingflokksins eru einstakar. Stefnuskrá Borgfl. ítrekar að flokkurinn byggi á samstarfi fjöldans. Þingmenn sem ekki treysta sér til að fylgja ákvörðunum sem byggjast á stefnuskrá flokksins og vilja meiri hluta flokksmanna hafa með því brugðist kjósendum Borgfl.

Við, hv. þm. Hreggviður Jónsson og ég, höfum ítrekað gert tilraunir til að ná sáttum og það hafa einnig nokkrir góðir borgaraflokksmenn reynt. Því miður hafa þessar tilraunir ekki borið neinn árangur annan en þann að þingflokkur Borgfl. hafnaði í gær öllu samstarfi við okkur.

Sundrung sú sem hér hefur verið lýst og þær árangurslausu sáttatilraunir sem fram hafa farið að okkar frumkvæði hafa leitt til þess að við höfum stigið þau þungbæru skref sem fram koma í bréfi því sem hér hefur verið lesið. Ákvörðun þessi hefur reynst okkur ákaflega erfið en því miður óumflýjanleg.

Við viljum nota þetta tækifæri til að þakka öllum flokksmönnum og stuðningsmönnum Borgfl. fyrir ákaflega góðan og dyggan stuðning þann tíma sem *við höfum starfað í Borgfl. Jafnframt* fögnum við þeim mikla fjölda flokksmanna sem lýst hefur stuðningi við sjónarmið okkar og bjóðum þá alla velkomna til áframhaldandi samstarfs á nýjum vettvangi á grundvelli þeirra hugsjóna sem við sameinuðumst um með stofnun Borgfl. Við verðum því miður að vinna að framgangi þeirra hugsjóna utan raða hans og höfum því stofnað þingflokk frjálslyndra hægrimanna.

Júlíus Sólnes:

Hæstv. forseti. Með bréfi dags. 12. apríl 1989 hafa tveir þingmenn Borgfl., þeir hv. þm. Hreggviður Jónsson og Ingi Björn Albertsson, sagt sig úr þingflokki Borgfl. og tilkynnt að þeir muni stofna nýjan þingflokk frjálslyndra hægrimanna. Ástæðan er talin vera ágreiningur um stefnumál og meintan stuðning einstakra þingmanna Borgfl. við núv. ríkisstjórn. Þingflokkur Borgfl. harmar þessa ákvörðun sem hann telur ekki vera á rökum reista.

Borgfl. var stofnaður á örlagastundu vorið 1987 þegar hópur fólks kom til liðs við Albert Guðmundsson sem hafði orðið fyrir ómaklegum árásum af hálfu fyrrum samherja sinna og verið hrakinn úr embætti ráðherra. Borgfl. vann glæsilegan kosningasigur og fékk sjö þingmenn kjörna á grundvelli stefnuskrár sinnar og þeirra hugsjóna sem flokksmenn sameinuðust um í upphafi. Þar er efst á blaði virðing fyrir *einstaklingnum, skoðunum hans og sjónarmiðum*, að einstaklingurinn skuli ekki þurfa að líða fyrir skoðanir sínar innan flokksins og vera frjáls til að standa eða falla með þeim án þess að vera beittur þvingunum og flokksaga eins og Albert Guðmundsson mátti þola.

Þingmenn Borgfl. hafa hingað til borið gæfu til að starfa saman í þeim anda sem kemur fram í stefnuskrá flokksins, stefnu mannúðar og mildi. Skilyrði sem þau að heimilt sé að víkja þingmanni úr þingflokknum fyrir skoðanir hans og að þingmenn eigi að skrifa undir yfirlýsingu um að þeir harmi afstöðu sína til einstakra mála og viðurkenni mistök sín eru ekki í samræmi við þá stefnu. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir af hálfu formanns Borgfl. og annarra stuðningsmanna flokksins hefur ekki tekist að sætta þessi mismunandi sjónarmið og ég vil ítreka það að allt frumkvæði til þessarar sáttatilrauna hefur verið af hálfu formanns Borgfl. og ýmissa annarra stuðningsmanna flokksins.

Þingflokkur Borgfl. hefur frá upphafi verið reiðubúinn að ræða við alla stjórnmálaflokka um ríkisstjórnarsamstarf á grundvelli stefnuskrár flokksins. Um þetta atriði getur ekki verið ágreiningur.

Undir þessa yfirlýsingu, sem er samin á Alþingi 13. apríl 1989, rita Júlíus Sólnes, formaður Borgfl., og Óli Þ. Guðbjartsson, formaður þingflokks Borgfl.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Af því tilefni sem hér er gefið tel ég mér skylt að segja fáein orð. Það sem hér hefur gerst kemur mér ekki að öllu leyti á óvart, a.m.k. ekki miðað við þær yfirlýsingar Alberts Guðmundssonar um þetta efni nánast í þann mund er hann fór af landinu til annarra starfa. Enn fremur miðað við þann aðdraganda sem mál þetta hefur haft í fjölmiðlum.

Hitt finnst mér nokkru skipta að komi hér fram að það var ekki fyrr en í gær, 12. apríl, raunar eftir að þingflokksfundur Borgfl. var hafinn kl. 4–4.30, að fyrsta og eina erindi þeirra tveggja hv. þm. sem hér um ræðir barst til þingflokksins um fjarveru þeirra frá þingflokksfundum sem staðið hafði frá 7. febr. sl. Þetta erindi var raunar skilyrði þeirra tvímenninga fyrir hugsanlegri endurkomu til starfa.

Ég tel nauðsynlegt, þó ekki væri nema af sagnfræðilegum ástæðum, að þingheimur fái að heyra skilyrði þessi svo að ekki fari á milli mála að mönnum sé ljós kjarni þessa máls og það því fremur að ég hef tekið eftir því að í umfjöllun fjölmiðla hefur lokaskilyrði þeirra félaga gersamlega fallið niður, í Ríkisútvarpinu í gærkvöld, í ríkissjónvarpinu í gærkvöld, í morgunblöðunum í morgun.

Hverju það sætir að menn kjósa að þegja um þetta meginatriði skal ósagt látið, en eftirtektarvert er það engu að síður.

Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að fá að lesa þessi skilyrði sem þingflokksfundi Borgfl. bárust í gær. Þau eru svohljóðandi með áfestum miða með kveðju frá þeim tveimur félögum. Skilyrðin sem þingmenn Borgfl. áttu undir að rita eru svohljóðandi:

„Þingmenn Borgfl. staðfesta að frekari stuðningur og frekari viðræður við ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar um samstarf kemur ekki til greina og munu beita sér af öllu afli gegn ríkisstjórninni. Þingmenn Borgfl. staðfesta að stefna flokksins í skattamálum eins og hún birtist í stefnuskrá flokksins er sú stefna sem þingmenn flokksins munu starfa eftir. Því harmar þingflokkurinn þau mistök er áttu sér stað er frumvörp um tekju- og eignarskatt og vörugjald voru samþykkt fyrr á þinginu.

Undirritist af öllum þingmönnum Borgfl. til frekari áréttingar."

Síðan segir:

„Bókun borin upp til samþykktar: Gangi þingmaður gegn ákvörðun og vilja þingflokks er heimilt að víkja honum úr þingflokknum samþykki ⅔ hlutar þingmanna það."

Þetta lokaatriði brýtur ekki aðeins í bága við stefnuskrá Borgfl., tilurð hans á sínum tíma, grundvallaratriðið sem um var fjallað á hverjum einasta fundi í allri seinastliðinni kosningabaráttu, heldur og enn fremur við 48. gr. stjórnarskrárinnar sjálfrar sem hver og einn alþingismaður vinnur heit að að rjúfa ekki samkvæmt næstu grein á undan, nr. 47. Það er vafalaust ekki tilviljun að þessar tvær greinar standa saman. Þetta er hornsteinn lýðræðis hér á landi, þetta er hornsteinn þingræðis hér á landi. Þetta atriði var okkur borgaraflokksmönnum boðið að brjóta í gær.

Vitaskuld kom það ekki til greina. Vitaskuld kemur það ekki til greina hjá neinum heiðvirðum manni að brjóta það sem helgast er í öllu þessu starfi. Ég vænti þess að þingheimur beri gæfu til þess að í framtíðinni hvarfli það ekki að nokkrum manni að ganga þannig til leiks eins og því miður hefur orðið hér.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Það hljóta að teljast mikil tíðindi þegar stofnaður er nýr þingflokkur eins og gerst hefur í dag og við höfum orðið vitni að. Ég vil leyfa mér að árna hinum nýja þingflokki heilla í starfi, þingflokki frjálslyndra hægrimanna, og fyrir hönd þingflokks Sjálfstfl. vonast ég eftir góðu samstarfi við hinn nýja þingflokk í andstöðu við óvinsælustu ríkisstjórn sem hér hefur nokkurn tíma setið.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Ákvörðun þingflokks Borgfl. í gær um að hafna tillögum okkar hv. 5. þm. Vesturl. Inga Björns Albertssonar án nokkurra vafninga sýnir að ekki var vilji til frekara samstarfs né ætlunin að láta af stuðningi við ríkisstjórnina. Sú bábilja er hlægileg að það varði við ákvæði stjórnarskrárinnar hvort þingflokki séu settar starfsreglur, enda eru samsvarandi reglur í gildi hjá öðrum. Á það má benda að engar starfsreglur eru í gildi hjá þingflokki Borgfl.

Ég vil líka undirstrika að í gær harmaði varnarmálaráðherra Noregs í þinginu mistök sín og hann er maður að meiri. Það er einmitt það sem skiptir máli að menn geti viðurkennt mistök sín.

Ég vil svo minna á að við höfum lagt okkur alla fram um að ná sáttum, en án árangurs. Í þeim tilgangi kom fram ósk um að kalla saman aðalstjórn Borgfl. þegar í stað eins og gert var hjá Alþb. nú fyrir stuttu. Á þeim fundi yrði mótuð afstaða til þessara ágrein-

ingsmála sem við vorum tilbúnir að fara eftir, en þeirri ósk var hafnað af formanni flokksins.

Það eru okkur mikil vonbrigði hvernig málin hafa þróast og má nánast segja að flokknum hafi verið stolið af stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar. Borgfl. hefur lokið hlutverki sínu og er nú einn af fimm vinstri flokkum landsins.

Ég vil að lokum þakka þeim fjölmörgu sem hafa látið mig vita af stuðningi sínum við baráttu okkar hv. 5. þm. Vesturl. fyrir stefnu Borgfl. í anda mannúðar og mildi. Anda þeirrar stefnu munum við halda á loft á hinu háa Alþingi Íslendinga sem þingmenn í þingflokki frjálslyndra hægrimanna. Með víðsýni og réttsýni munum við berjast gegn úrræðalausri ríkisstjórn og stuðningsforeldrum hennar hér í þingsölum.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. 1. þm. Reykv. fyrir hans árnaðaróskir til handa þessum nýja þingflokki.

Ég verð að segja það að málflutningur þingflokksformanns Borgfl. var kostulegur þá loksins að það heyrðist eitthvað í blessuðum manninum. Hér erum við búnir að vera að ræða vandamál hans þingflokks í tvo mánuði og það er í fyrsta sinn í dag sem það heyrist stuna úr blessuðum manninum. Og hvað gerir hann þá? Þá fer hann náttúrlega með rangt mál. Hann segir ekki nema hálfan sannleika.

Það sem skeði í gær er það að við fengum í þriðja sinn drög að ályktun frá formanni flokksins sem ég er hér með í höndunum. Að vísu var hann búinn að strika aðeins út úr frá annarri ályktun ákveðinn kafla um Albert Guðmundsson, en við skulum láta það liggja á milli hluta. En þegar þingflokksformaður Borgfl. fer svo að lesa skilyrði þau sem við sendum inn á þingflokksfund Borgfl. í gær les hann fyrsta skilyrðið sem stendur hér ritað með hendi formanns Borgfl. Það var hann sem setti þetta á blað. Síðan setur hann hér neðst: kross, stefna hennar í skattamálum. Hann var tilbúinn að taka það líka inn, hv. þingflokksformaður. Undir þetta báðum við svo flokkinn að skrifa og það ekki að ástæðulausu.

Síðan kemur bókunin sem hann segir að sé brot á stjórnarskrá lýðveldisins sem var óskað að yrði borin upp til samþykktar. Það var þá hægt að fella hana. Það hafði ekkert með skilyrðin að gera, nákvæmlega ekki neitt. Hins vegar er sú stefnuskrá sem flokkurinn býður fram í kosningum skoðun okkar sem stöndum að henni. Það er það sem við erum að berjast fyrir, að það sé staðið að þeim skoðunum sem við bjóðum okkur fram fyrir en ekki að við förum inn á þing undir fölsku flaggi.

Ég tek undir orð hv. þm. Hreggviðs Jónssonar að vinstri flokkunum á Alþingi hefur fjölgað um einn.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Um leið og ég óska nýjum þingflokki velfarnaðar og minni á að ekki er nýtt að foringjar hafi risið upp á Vesturlandi get ég ekki látið hjá líða að kveinka mér ögn undan því að stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar og hún sem heild er sökuð um að hafa stolið fjórum þingmönnum. Mér finnst þetta nokkuð stór áburður og var satt best að segja hissa á hæstv. forseta að líða þetta hér úr ræðustól. En ég verð aftur á móti að játa það að þegar ég hlustaði á ræðu hv. 1. þm. Reykv., sem erfði 1. sætið á framboðslista Sjálfstfl. eftir að hafa mátt búa við það í prófkjöri að Albert Guðmundsson hafði hlotið það sæti, skildi ég vissulega vel fögnuð hans. En óneitanlega minnti hann dálítið á kvæði eftir Högna Egilsson sem heitir „Verndarinn". Með leyfi forseta, af því að það er mjög stutt, hljóðar það svo:

Hann fæddi hana á krásum,
og færði henni gjafir
í fjörutíu daga
og fjörutíu nætur.

Át hana því næst í einu lagi,
hugsandi þó,
því áður voru þau orðin dús,
—
hann var köttur, en hún var mús.

Júlíus Sólnes:

Hæstv. forseti. Örstutt að lokum þar sem hér hefur komið fram alvarleg ásökun um það að það sé búið að stela mér. Ég hef reyndar ekki orðið var við það að mér hafi verið stolið. Ég er hérna a.m.k. enn þá. Það er ekki búið að biðja um lausnargjald fyrir mig, svo mikið er víst. En ég vil af því tilefni fá að lýsa því yfir að ég sem formaður Borgfl. fordæmi þá efnahags- og skattastefnu sem sú ríkisstjórn sem nú situr hefur beitt sér fyrir. Ég tel að hún sé að stefna þjóðinni í algert skipbrot í atvinnu- og efnahagsmálum. Ég mun beita mér af alefli gegn þessari stefnu og leita liðsinnis minna þingmanna við að gera það hér á hinu háa Alþingi. Það skal ekki standa á mér. Af því tilefni bið ég tvo hv. þm., Hreggvið Jónsson og Inga Björn Albertsson, velkomna til samstarfs við okkur um það meginmarkmið hvenær sem er.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti árnar hinum nýja þingflokki alls hins besta og væntir góðs samstarfs við hann.

Starfslok og starfsréttindi, síðari umr.

Þáltill. GuðnÁ o.fl., 42. mál. — Þskj. 44, n. 747, brtt. 748.

Frsm. félmn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nál. sem er prentað á þskj. 747 um till. til þál. um nýjar reglur um starfslok og starfsréttindi. Það er frá félmn.

„Nefndin hefur fjallað um málið á nokkrum fundum. Umsagnir bárust frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna,

landlækni og Vinnumálasambandi samvinnufélaganna og kemur þar fram stuðningur við efni tillögunnar.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með breytingu á orðalagi og heiti hennar sem fram kemur á sérstöku þingskjali."

Allir nefndarmenn félmn., Hjörleifur Guttormsson, Eiður Guðnason, Guðni Ágústsson, Birgir Ísl. Gunnarsson, Hreggviður Jónsson, Þórhildur Þorleifsdóttir og Alexander Stefánsson, rita undir þetta.

Breytingartillögur nefndarinnar eru svohljóðandi á þskj. 748:

1. Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nefnd til að móta tillögur um sveigjanleg starfslok.

2. Fyrirsögn tillögunnar verði: Tillaga til þingsályktunar um sveigjanleg starfslok.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 748,1 (ný tillgr.) samþ. með 33 shlj. atkv.

Brtt. 748,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 33 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 857) með fyrirsögninni: **Þál. um sveigjanleg starfslok**.

Kjararannsóknir, síðari umr.

Þáltill. KE o.fl., 48. mál. — Þskj. 50, n. 749, brtt. 750.

Frsm. félmn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Nál. er á þskj. 749, svohljóðandi:

„Nefndin hefur fjallað um tillöguna á mörgum fundum. Umsagnir bárust frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, Hagstofu Íslands, Kennarasambandi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna og Þjóðhagsstofnun. Allir þessir aðilar taka undir efni tillögunnar og mæla með samþykkt hennar. Í umsögn Þjóðhagsstofnunar og fleiri umsagnaraðila koma fram ábendingar um hvernig efla megi kjararannsóknir frá því sem nú er.

Nefndin mælir með því að tillagan verði samþykkt með breytingu á orðalagi sem fram kemur á sérstöku þingskjali."

Undirritað er þetta af öllum fulltrúum í félmn.

Till. eins og hún var er prentuð á dagskrárskjali þingsins í dag, en félmn. leggur til að tillgr. orðist svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá til þess að kjararannsóknir verði efldar og samræmdar. Í því skyni verði launamiðar og skattagögn þannig úr garði gerð að fram komi á launamiðum sem öruggastar upplýsingar um fjölda vinnustunda að baki dagvinnulaunum, yfirvinnulaunum og öðrum launagreiðslum. Jafnframt verði starfsheiti skilgreind og samræmd eins og þau eru tilgreind á launamiðum og skattframtali. Enn fremur verði settar reglur sem tryggi skil á launamiðum og réttum upplýsingum."

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil nota tækifærið og þakka hv. félmn. Sþ. fyrir afgreiðslu þessa máls. Samþykkt þessarar tillögu felur í sér að skráðar verði á einfaldan hátt upplýsingar til að einfalda og bæta kjararannsóknir. Með því verður hægt að átta sig betur á því fyrir hvers konar vinnuframlag laun eru greidd, svo sem dagvinnu og yfirvinnu.

Ég endurtek þakkir mínar til hv. félmn. og vona að tillagan verði samþykkt hér á Alþingi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 750 (ný tillgr.) samþ. með 35 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 858).

Vegabréfsáritanir vegna Frakklandsferða, fyrri umr.

Þáltill. RH o.fl., 168. mál. — Þskj. 181.

Flm. (Ragnhildur Helgadóttir):

Frú forseti. Þessi till. til þál. var flutt hinn 5. des. sl. af Evrópuráðsnefnd Alþingis, sex þingmönnum, aðalmönnum og varamönnum í sendinefnd á þingi Evrópuráðs. Tillagan kom hins vegar á dagskrá fyrst nú sl. mánudag. Ég fer ekki orðum um það frekar. Ég hef kannað það í prentuðum dagskrám þingsins í vetur að það mun rétt vera að hún hefur ekki verið á dagskrá tekin fyrr. En það eru ástæður fyrir því að ég hef ekki sérstaklega knúið á um það nema til þess eins að gefa tiltekna skýringu.

Tillagan var á sínum tíma flutt í samræmi við sameiginlega ákvörðun þeirra varaforseta Evrópuráðsins sem voru frá löndum er vegabréfsáritunarskyldan bitnaði á. Forseti Evrópuráðsþingsins, Louis Jung, hafði beitt sér mjög fyrir því að létta þessari skyldu af þeim löndum, enda var hér um að ræða mismunun milli Evrópuríkja. Framkvæmd þessarar reglu var líka andstæð þeirri stefnu Evrópuríkja að færa þau nær hvert öðru, auka samstöðu og draga úr áhrifum landamæranna. Á hinn bóginn höfðu ríkisstjórnirnar sjálfar sýnt minni áhuga en þingmennirnir og þess vegna var tillagan flutt til þess að skora á þær að beita sér.

En frú forseti. Síðan þessi tillaga var flutt hefur mikið vatn runnið til sjávar. Tillagan fól í sér áskorun á ríkisstjórn Íslands að beita sér í þessu máli gagnvart ríkisstjórn Frakklands. Sú síðarnefnda varð hins vegar fyrri til og samþykkti nokkrum dögum eftir að tillögur þessar voru lagðar fram í þjóðþingum við-

komandi ríkja að létta af þessum hömlum. Þess gerist því ekki lengur þörf að ónáða ríkisstjórnina með þessu máli, enda hefur hún í mörgu öðru að snúast.

Af þessum ástæðum, frú forseti, legg ég ekki til að þessu máli verði vísað til nefndar, en dreg hins vegar tillöguna til baka í samræmi við heimild í 41. gr. þingskapa. En þessari skýringu hef ég viljað koma á framfæri.

Þáltill. kölluð aftur.

Heimild til að ganga til samninga um kaup á Hótel Borg, fyrri umr.

Þáltill. GHelg o.fl., 470. mál. — Þskj. 831.

Flm. (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þingflokksformönnum fyrir að fallast á að þetta mál fengi að fara á dagskrá í dag, en eins og allir vita er það seinna til komið en fjölmörg önnur mál. Fyrir það vil ég þakka.

Hér er um að ræða till. til ál. um heimild til handa forsetum Alþingis til að ganga til samninga um kaup á Hótel Borg. Texti tillögunnar er stuttur og hljóðar, með leyfi hæstv. forseta, á þennan veg:

„Alþingi ályktar að heimila forsetum Alþingis að ganga til samninga um kaup á Hótel Borg og láta gera nauðsynlegar lagfæringar á húseigninni ef af kaupunum verður."

Greinargerðin er einnig stutt þar sem málið hafði verið ítarlega kynnt fyrir hv. þm. Ég ætla, með leyfi virðulegs forseta, að lesa greinargerðina:

„Á undanförnum árum hefur Alþingi orðið að dreifa starfsemi sinni í æ fleiri húseignir í nágrenni Alþingishússins til að mæta aukinni þörf á þjónustu og húsrými. Starfsemin fer nú fram í sjö húsum utan Alþingishússins og það gefur auga leið að þessi þróun er afar óheppileg. Þar nægir að nefna sívaxandi rekstrarkostnað og lélega nýtingu á mannafla. Meðan *nýbyggingarmál Alþingis* eru í biðstöðu vegna efnahagslegra aðstæðna í þjóðfélaginu hefur athyglin beinst að öðrum úrræðum til að ráða bót á brýnustu þörfinni og koma skipulagsmálunum í betra horf. Í því skyni létu forsetar Alþingis kanna hvort kaup á Hótel Borg gætu reynst æskilegur kostur fyrir Alþingi. Könnunin leiddi í ljós að náist viðunandi samningar um kaup á húseigninni sé ráðin bót á brýnasta húsnæðisvanda Alþingis næstu árin en það auðveldar til mikilla muna þá endurskipulagningu á starfsemi Alþingis sem nú er unnið að" og lýkur þar greinargerð.

Eins og hv. alþm. er kunnugt fólu forsetar Alþingis fjögurra manna nefnd, sem í áttu sæti Sigurður Þórðarson vararíkisendurskoðandi, sem var formaður nefndarinnar, Gunnar Ingibergsson, eftirlitsmaður með húsakosti Alþingis, Dan S. Wiium fasteignasali og Gunnar Pálsson verkfræðingur, að kanna hvort kaup á þessu stóra og mikla húsi hér við hliðina á okkur væri fýsilegur kostur fyrir þingið eða ekki.

Þessum hópi manna var falið að líta sérstaklega eftir því að gera úttekt á ástandi húseigna Hótel Borgar, leggja mat á verðmæti fasteignarinnar, kanna nýtingu húsnæðisins fyrir starfsemi Alþingis, meta nauðsynlegar breytingar og kostnað því samfara að húsnæðið henti Alþingi, meta áhrif á rekstrarkostnað Alþingis ef fasteignin yrði keypt og kanna breytingu á notkun annarra húseigna Alþingis.

Hæstv. forseti. Það liggur ljóst fyrir að hér er einungis verið að fara fram á að forsetar fái umboð til að ganga til samningaumleitana við núverandi eigendur Hótel Borgar. Í fyrsta lagi á málið eftir að fara til hv. fjvn. til umfjöllunar þar og ef til samninga kæmi yrði málið að sjálfsögðu borið undir þingflokka áður en af kaupum yrði.

Ég tel ekki ástæðu til að rekja hér stærð hússins og hugsanlega nýtingu. Greinargerð um fasteignina og niðurstöðu hópsins mun verða dreift til allra hv. þingmanna og þar sem okkur er nokkuð naumur tími skorinn skal ég ekki eyða tíma í að lesa hana. Ég vil aðeins leggja áherslu á nokkur meginatriði.

Í tilefni af 100 ára afmæli Alþingishússins samþykkti Alþingi árið 1981 ályktun um að það væri bæði viðeigandi og tímabært að bæta húsakost þingsins. Þá var starfsemi þingsins í fimm húsum, nú er hún í átta. Til að mæta þessum vanda var um tvo kosti að velja. Annars vegar var að reisa nýtt alþingishús, hins vegar var að finna einhver þau úrræði önnur sem að gagni mættu koma.

Eins og allir hér inni vita var efnt til samkeppni um nýtt alþingishús og dómnefnd komst að niðurstöðu um hver skyldi hljóta verðlaun fyrir tillögu sína og nokkur undirbúningsvinna hefur verið unnin að hönnun þeirrar byggingar og hafa hingað til farið til þess um það bil 31 millj. kr. Það er hins vegar jafnljóst að ekkert fjármagn er til frekari framkvæmda og er auðvitað leitt til þess að vita, en hér er um að ræða mjög mikla og dýra byggingu sem áætlað er að kosti síðast þegar áætlað var um 2,5 milljarða, og það þarf mikla bjartsýni til að reikna með að það hús rísi innan a.m.k. næstu tíu ára.

Með hugmyndum sem komist hafa á loft um að kaupa Hótel Borg er ekki verið að hafna því að byggt verði yfir Alþingi um alla framtíð, langt í frá. Forsetar eru allir sammála um að gæta beri þess að sjálfsögðu að Alþingi haldi því landi sem það á hér á torfunni ef bjartari tíð skyldi renna upp og þingið hefði ráð á að byggja hús yfir starfsemi sína sem hentaði því frá hönnunarstigi og vitaskuld væri það ánægjulegast. En sá kostur sýnist ekki vera í boði í nánustu framtíð og því hafa forsetar gripið til þess ráðs þar sem svo stóð á að Hótel Borg mun vera föl að leita þessara leiða. Húsið þarfnast ekki gagngerðra breytinga. Við getum nýtt það mjög vel og 42 þingmenn geta fengið þar skrifstofur án þess að til meiri háttar rasks komi auk ýmissar annarrar starfsemi sem vel má koma fyrir í húsinu.

Við teljum því eins og starfshópurinn fýsilegan kost að festa kaup á þessu mikla húsi ef mögulegt er að fá það keypt, og tillit hefur verið tekið til þess að því verði ekki breytt á þann veg að það sé ekki seljanlegt aftur til sömu nota og þar hafa verið. En það skal tekið fram að þetta gamla og virðulega hús er þannig gert að nær allir veggir í því eru burðarveggir og því afar mikið og erfitt verk að breyta herbergjaskipun án þess að stóreyðileggja húsið þannig að sá kostur hefur verið tekinn að gera sem allra minnst af því.

Þau sjónarmið hafa vissulega komið fram, hæstv. forseti, og skal ég nú stytta mál mitt, m.a. með bréfi frá Miðbæjarsamtökunum nú í dag, sem Guðlaugur Bergmann, formaður þeirra, hefur undirritað, að hér sé Alþingi að ganga fram fyrir skjöldu að leggja sína dauðu hönd á lífið í miðbænum. Þetta held ég að sé afar mikill misskilningur. Við ráðum ekki bót á því að Hótel Borg virðist ekki skila arði sem hótel. Ég held að við sem skoðað höfum húsið gerum okkur fullkomlega grein fyrir af hverju það stafar. Þetta gamla fallega hús uppfyllir ekki lengur skilyrði nútíma hótelreksturs. Það er alveg ljóst. Til þess er sorglegt að vita og ég get vel skilið áhyggjur manna sem sjá eftir þessum rekstri, en ég er hrædd um að hvorki hv. alþingismenn né neinn annar Reykvíkingur eða aðrir ráði við að reisa þetta gamla virðulega hótel til þess vegs og þeirrar virðingar sem það áður naut, því miður.

Það er hins vegar ýmislegt annað hægt að gera til þess að glæða lífið í miðbænum og ég vil að sjálfsögðu beina þeirri ósk til borgaryfirvalda að því verði sinnt til meiri muna en hingað til hefur verið gert. Skoðun mín er sú að skilyrði þess að mannlíf sé í miðborginni sé auðvitað að hér sé blómstrandi viðskiptalíf eins og áður var, en nú hefur það að mestu flust út úr miðbænum. Hvort hótel verður í hinu gamla húsi Jóhannesar á Borg held ég ekki að breyti miklu um lífið í miðbænum. Ég kannast ekki við að neitt sérstakt mannlíf fari fram vestur við Hagatorg þó að miklu stærra hótel sé þar rekið.

Það er auk þess alrangt, sem fram kemur í þessu bréfi, að engin hótel sé að finna í miðbænum. Ég vil minna menn á eitthvert hentugasta hótel fyrir ákveðna hópa manna, Hótel Holt, sem er hér í miðbænum, og Hótel Saga telst nú nálægt miðbænum, hygg ég, ef við lítum til annarra og stærri borga, auk þess sem ég veit ekki annað en Eimskipafélag Íslands hyggi á stórbyggingu á hóteli einmitt í miðbænum.

Ég held þess vegna að þetta sjónarmið og þessi eftirsjá eftir Hótel Borg sé afar skiljanleg en næstum því algerlega óviðráðanleg. Svona sem dæmi um vandamál Hótel Borgar er það að t.d. eru einungis 17 af 42 hótelherbergjum með salerni og baði. Ég er hrædd um að slíkt ástand sé nú ekki talið nýtískulegt í hótelrekstri.

En hvað um það. Ég tel að Reykvíkingar eigi að geta sætt sig fullkomlega við það að ekki óálitlegri hópur en hið háa Alþingi Íslendinga og starfslið þess taki við þessu gamla húsi ef kaupin gerast svo á eyrinni og tel alveg fullvíst að Alþingi reyni að sýna þessu gamla húsi fullan sóma og sitji það með virðingu.

Forsetar leggja á það mikla áherslu að þetta mál komist sem allra fyrst til hv. fjvn. svo að nefndin fái tækifæri til að fara gaumgæfilega yfir þær niðurstöður starfshópsins sem fyrir liggja og jafnvel kanna málið sjálf og koma í veg fyrir að hér sé verið að flana að neinu. Síðan kemur til samningaumleitana og síðan fá auðvitað að þeim loknum hv. þm. að kynna sér í þaula hvað hér er um að ræða.

Virðulegi forseti. Ég legg til að loknu máli mínu að till. þessi verði send hv. fjvn. til fyrirgreiðslu.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um heimild til handa forsetum Alþingis að ganga til samninga um kaup á Hótel Borg. Í þessu sambandi tel ég rétt að víkja aðeins að því sem áður hefur gerst og veit að húsakosti Alþingis. Það væri langt mál að greina frá öllu sem í þeim efnum er frásagnarvert, en hér er ekki tími til þess.

Fyrr á árum, á undanförnum áratugum voru mál þessi þráfaldlega til umræðu hér á Alþingi. Þær umræður fjölluðu oft og tíðum ekki einvörðungu um húsakost Alþingis heldur og staðsetningu nýs alþingishúss, heimkynni Alþingis. Fram komu þá ýmsar hugmyndir um að færa Alþingi frá þeim stað þar sem það nú er. Hins vegar var á sama tíma viðhöfð sú fyrirhyggja að kaupa fasteignir í næsta nágrenni við Alþingishúsið. Þannig hefur nú Alþingi umráðarétt yfir öllu svæðinu milli Kirkjustrætis og Vonarstrætis og Templarasunds og Tjarnargötu nema Oddfellowhúsinu. Samt sem áður var um að ræða nokkra óvissu um framvindu þeirra mála sem varða húsakost og staðsetningu Alþingis. Þetta kom sér illa og var raunar óviðunandi.

En árið 1981 átti að vera bundinn endi á þessa óvissu. Þá samþykkti Alþingi ályktun um húsakost Alþingis. Þetta var gert í tilefni af 100 ára afmæli Alþingishússins eins og hæstv. forseti sameinaðs þings hefur þegar skýrt frá hér áðan.

Við alþingismenn þekkjum hverjum vanda húsakostur Alþingis veldur og það þarf ekki að fjölyrða um það. Til að mæta þessum vanda var um tvo kosti að ræða. Annars vegar að reisa nýtt hús, nýtt alþingishús, hins vegar að efna til framkvæmda sem gerðu mögulegt að nota núverandi Alþingishús til frambúðar. Hæstv. forseti sameinaðs þings vék einnig að þessu atriði í sinni ræðu. Síðari kosturinn var valinn.

Í þingsályktun frá 1981 var mælt svo fyrir að efnt skyldi til samkeppni um gerð og skipulag nýbygginga fyrir starfsemi þingsins. Skyldi samkeppnin við það miðuð að heimkynni Alþingis verði áfram í núverandi þinghúsi svo og byggingum í næsta nágrenni þess. Framvindu þessara mála þekkja allir hv. alþm. og ég skal ekki fara að rekja hana hér. Það var grundvallaratriði, og á það legg ég áherslu, að fyrirhuguð nýbygging Alþingis yrði í þeirri nálægð og

þeim tengslum við Alþingishúsið að nánast væri sem ein bygging þar sem rúmaðist öll sú starfsemi sem tilheyrði einu þjóðþingi. Þetta var raunar forsendan fyrir því að hægt sé með góðu móti að nota núverandi Alþingishús til frambúðar. Það var þetta sem samkeppni um nýbygginguna miðaði að. Þannig var sú teikning útfærð sem samkeppnin skilaði.

Með hliðsjón af forsögu og eðli þeirra mála sem varða húsakost Alþingis kom það nánast spánskt fyrir sjónir þegar hæstv. forseti sameinaðs Alþingis lýsti þeirri skoðun yfir fyrr í vetur að nú skyldi hætt við þær ráðagerðir sem taldar höfðu verið nauðsynlegar til þess að hægt væri að nota núverandi Alþingishús til frambúðar svo að hæfði og samboðið væri löggjafarþingi þjóðarinnar. Í staðinn fyrir nýbyggingu skyldi koma Hótel Borg sem af augljósum ástæðum getur ekki svarað þeim þörfum sem nýbyggingu er ætlað. Það ber upp á fyrir tilviljun að Hótel Borg er allt í einu til sölu. Þá skal í einu vetfangi hverfa frá því og kasta fyrir róða ráðagerðum sem Alþingi hefur mótað eftir langa og ítarlega umfjöllun um málið. Í sannleika sagt komu fjölmiðlayfirlýsingar hæstv. forseta sameinaðs þings eins og skollinn úr sauðarleggnum. En hér og nú eru kaup á Hótel Borg lögð fyrir á allt annan veg.

Ég skil greinargerð þeirrar þáltill. sem við nú ræðum, og enginn vafi er á yfirlýsingu hæstv. forseta hér áðan í sinni ræðu, að það er gert ráð fyrir að kaup á Hótel Borg geti ekki verið frambúðarlausn fyrir Alþingi, heldur séu hugsuð sem bráðabirgðalausn meðan nýbyggingarmálið sé í biðstöðu eins og það er orðað. Þetta er allt annað mál og kann að koma til athugunar. Og ég vil sérstaklega fagna yfirlýsingu og því sem fram kom í ræðu hæstv. forseta sameinaðs þings hér áðan að það er ekki gert ráð fyrir að hverfa frá hugmyndum um nýbyggingu Alþingis í þeim anda sem þál. frá 1981 gerir ráð fyrir. Það er mjög þýðingarmikið að þetta liggi alveg ljóst fyrir og það liggur ljóst fyrir í ræðu hæstv. forseta sameinaðs þings.

Hér eru kaup á Hótel Borg lögð fyrir á allt annan veg en að þau komi í staðinn fyrir það sem áður var ráðgert um framtíðarhúsakost Alþingis. Að mínu viti er það hins vegar ekki fyrir fram gefið að rétt sé að festa kaup á Hótel Borg þó eigi að kallast til bráðabirgða, heldur þvert á móti. Er þar fyrst að taka að Alþingi hefur komið sér fyrir í bráðabirgðahúsnæði sem miklu hefur verið kostað til. Mér þykir meir en vafasöm sú ráðstöfun að kosta nú miklu til að koma upp bráðabirgðaaðstöðu til þess að taka við af bráðabirgðaaðstöðu.

Hæstv. forseti, ég er að ljúka máli mínu. Ég get ekki varist því að ég tel að kostnaður við breytingu og viðgerðir á Hótel Borg sé allt of lágt áætlaður ef mynd á að verða á til að svara sérþörfum Alþingis.

En meginástæðan fyrir því að ég geld varhug við kaupum á Hótel Borg, þó að til bráðabirgða sé kallað, er sú að ég ætla að það muni tefja um ófyrirsjáanlegan tíma framkvæmdir við að koma á til frambúðar þeirri skipan á húsakost Alþingis sem brýn þörf krefur og hæfir löggjafarþingi þjóðarinnar. Hæstv. forseti sameinaðs þings hefur áhyggjur af því og segir, og það er sagt í grg., að efnahagslegar ástæður í þjóðfélaginu geri ekki mögulegar framkvæmdir við framtíðarbyggingu fyrir Alþingi. Ég skal ekkert gera lítið úr þeim efnahagsörðugleikum sem eru í dag, en ég ætla að við megum ekki gera ráð fyrir að þeir verði svo mörg ár að við þurfum að tefja þetta mál um framtíðarbyggingu Alþingis af þeim orsökum. Þrátt fyrir allt gæti ég látið mér koma til hugar að efnahagsástandið væri ekki verra en svo, jafnvel þó að núverandi ríkisstjórn ætti einhverja lífdaga fyrir höndum, að það mundi vera mögulegt að greiða fyrir teikningar af þessu húsi og það tekur tvö til þrjú ár að vinna það verk. Síðan gæti komið til framkvæmda og þá skulum við vænta þess að efnahagsástandið hafi breyst.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég kem að sjálfsögðu hér í ræðustólinn til að andmæla þessari till. til þál. Þegar mér varð það ljóst í fyrrakvöld á þingflokksfundi að það mundi eiga að þrýsta á að þessi tillaga eða tillaga eitthvað í þessa áttina yrði flutt brá mér satt að segja. Ég átti ekki von á því að svo yrði gert. Og það brá fleirum. Þegar till. síðan sá dagsins ljós brugðust borgaryfirvöld að sjálfsögðu hart við en þó kurteislega og af fullri sæmd og virðingu. Borgarráð samþykkti einróma í gær, eins og menn vita, að lýsa áhyggjum sínum af þessum fyrirhuguðu kaupum og á því að Hótel Borg og veitinga- og hótelrekstur þar yrði af lagður. Borgarráð óskaði þess enn fremur að fá að ræða málið við Alþingi og hvort ekki væri hægt að finna einhverja aðra lausn en þessa á húsnæðisvanda Alþingis.

Mér brá satt að segja líka þegar ég opnaði Moggann minn í morgun og sá að hæstv. forseti sameinaðs þings sagðist þar ekkert hafa við borgarstjóra að tala og þá væntanlega ekki borgaryfirvöld. Þetta gat nú ekki gengið upp því að borgaryfirvöld fara nú einu sinni með skipulagsmál lögum samkvæmt, samkvæmt lögum sem samþykkt hafa verið á Alþingi auðvitað, og þar á meðal um nýtingu húsnæðis. Það þurfti þess vegna samþykki borgarinnar og þarf, ef á að leggja niður hótelrekstur á Hótel Borg og breyta húsnæðinu í kontóristastofnun. Þess vegna létti mér þegar ég hlustaði nú á hæstv. forseta sameinaðs þings því að mér fannst vera allt annað og vinsamlegra hljóð í okkar ágæta forseta. Hún gat þess t.d. að hér væri eingöngu um að ræða samningaumleitanir, en í till. er talað um samninga um kaup á Hótel Borg. Hún var sem sagt ekki að fara þess á leit að það væri hægt ef semdist um verð og skilmála að ganga frá málinu án þess að bera það á ný undir Alþingi því að samningaumleitanir eru í flestra huga held ég allt annað en samningar. Heimild til samninga er að undirrita samninga býst ég við, en samningaumleitanir eru rabb um það hvað í boði kynni að vera. Síðan gerir hún tillögu um að vísa málinu til fjvn. og þar verður málið auðvitað rætt og kemur þar af leiðandi til okkar ef það þá ekki sofnar í fjvn. sem væri

auðvitað eðlilegast og langhagkvæmast að þurfa ekki að fara að deila meira um þetta mál jafnvitlaust og það er. En alla vega sagði líka hæstv. forseti að það kæmi til þingflokka.

Um viðgerðir á þessu húsi, hvort kostar meira eða minna en 60 milljónir að gera við þetta hús skal ég ekki dæma um, en ég hygg að ef opinber aðili eins og Alþingi fer að byrja að gera við svona gamalt hús muni það ekki kosta neitt minna en það mundi kosta fyrir einhvern einkaaðila að gera það að nútímalegu hóteli án þess þó að breyta andrúmsloftinu þar. Sannleikurinn er sá, og það þekkjum við sem þurfum stundum að ferðast og fylgjumst með í gömlum borgum, að það eru kannski vinsælustu hótelin einmitt núna þau sem eru miklu, miklu eldri en Hótel Borg. Þar er búið að koma fyrir öllum nútímalegum þægindum alveg eins og hægt er að gera á Hótel Borg. Það eru hin eftirsóknarverðustu hótel og dýrari en svo að við höfum yfirleitt efni á að búa á þeim. Það eru svo sem engin rök að Hótel Borg sé ekki nútímalegt hótel. Það kostar áreiðanlega ekkert meira að breyta því í það, koma fyrir þar því sem þarf, en að koma þarna fyrir skrifstofum sem ég hef enga trú á að verði neitt lítið veglegri en góð hótelherbergi þegar upp yrði staðið og kostnaðurinn yrði sjálfsagt meiri en menn eru að tala um nú.

En í grg. segir, með leyfi forseta: „Meðan nýbyggingarmál Alþingis eru í biðstöðu vegna efnahagslegra aðstæðna í þjóðfélaginu hefur athyglin beinst að öðrum úrræðum ...“ Það er alveg rétt hjá hv. þm. Þorv. Garðari Kristjánssyni að skilja þetta svo að það eigi áfram að halda með stóra þinghúsbyggingu. Henni er ég enn þá meira andvígur en nokkurn tíma þessum hugmyndum um Hótel Borgina, þetta gífurlega bákn, að króa hér Alþingi inni og loka Austurvöll af með þessum hætti og ráðhúsið raunverulega líka. Þetta hús rúmast alls ekki á þessum fleti.

Ég hef sett fram tillögur um það, bæði í fyrrasumar og aftur nú í gær í blaðagrein í Morgunblaðinu sem vafalaust einhverjir hafa kíkt á, hvað eigi að gera. Það á að fara sér hægt. Það á að byggja eitt lítið hús, eða kannski bara helminginn af því hér úti á horninu á Skjaldbreiðarlóðinni, fyrir þingmenn. Það vantar ekki mjög mörg herbergi fyrir þingmenn, meira að segja hefur mér núna verið boðið herbergi sem þingmanni sem ég hef ekki haft áður. Það var til og ég flyst kannski í það. Og síðan auðvitað eigum við hér allar lóðirnar eins og fram hefur komið, gætum byggt hugguleg fyrir skrifstofuna hér á Þórshamarslóðinni eða einhverri annarri lóð hér í nágrenninu. Síðan yrði þetta allt saman opið svæði þegar Oddfellow fer. Oddfellowar eru að byrja að byggja nýtt hús. Þetta hús hentar þeim sjálfsagt ekki lengur úr því að þeir vilja byggja annað, og ég held að þetta sé fremur óhagkvæmt hús en það væri þó hægt að nota það eitthvað fyrir Alþingi í bili ef menn vildu svo gera. En alla vega eigum við auðvitað, og ber lagaleg skylda til þess, að ræða málið við borgaryfirvöld og reyna að ná sáttum í þessum málum. Auðvitað vakir eitt og það sama fyrir okkur öllum, að hér verði manneskjulegt umhverfi, en við skulum bara fara okkur hægt í að vera að yfirbyggja þennan reit og þetta svæði. Við eigum líka að spara fé. Þegar það er nú orðið svo að það kostar kannski á þriðja milljarð að byggja þetta nýja þinghús, þá er það auðvitað eitt sér hneyksli eins og fjárhag þjóðarinnar er komið, og hvernig sem honum væri komið.

Og að Alþingi hafi forustu um slíkt sukk og óþarfa er auðvitað algjörlega út í bláinn, alveg eins og það er út í bláinn að kaupa Hótel Borg. En af því að ég sé nú að hæstv. forseti sameinaðs þings er kominn hér í salinn ... (**Forseti:** Ég hef hlustað á alla umræðuna.) Já. Ég vildi að forseti misskildi mig ekki. Ég fagnaði hennar ummælum hér áðan og ég veit að við getum í bróðerni nú á næstu dögum og vikum öll reynt að komast að einhverri hóflegri niðurstöðu um málin og þurfum þess vegna ekki að deila mikið. Ég sé að tími minn er nákvæmlega út runninn svo að ég læt lokið máli mínu.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Hæstv. forseti. Ég stend hér upp til þess að lýsa andstöðu minni við þessa till. Till. gengur út á að fela forsetum Alþingis fullt umboð til að ganga frá samningum um kaup á Hótel Borg og láta gera nauðsynlegar lagfæringar á húseigninni, þannig að ef till. verður hér samþykkt verður auðvitað ekkert aftur snúið þó að endanlegir samningar kæmu hér til staðfestingar. Þess vegna vil ég lýsa andstöðu minni strax því að á skal að ósi stemma.

Ég er fyllilega sammála því og er í þeim hópi þingmanna sem telja að húsnæðismál Alþingis hafi verið í ólestri og þarfnist endurbóta. Alþingi og starfsemi þess er dreift um miðbæinn eins og fram hefur komið. Ég hef þess vegna stutt hugmyndir um byggingu á þeim lóðum sem Alþingi á. Ég hef að vísu ekki fylgst rækilega með undirbúningnum og það kann vel að vera að þessi undirbúningur hafi að einhverju leyti farið úr böndunum nú og byggingin sé orðin of stór, það þurfi frekar að huga að þessum teikningum og þá jafnvel hvort ekki geti verið um einhverjar áfangaskiptingar að ræða og byggingin gæti orðið einfaldari.

En ég er algerlega andvígur hugmyndinni um kaup á Hótel Borg og hef ávallt verið andvígur því, m.a. þegar ég átti sæti í borgarstjórn Reykjavíkur, að breytt yrði um rekstur á þessum stað. Það gengur ekki upp frá sjónarmiði öflugs og líflegs miðbæjar að leggja niður Hótel Borg. Þetta var glæsihótel þegar það var byggt á sínum tíma. Árið 1930 var það byggt af Jóhanni Jósefssyni og það hefur alla tíð verið rekið sem hótel, veitingahús og vinsæll fundastaður. Ég er þeirrar skoðunar að það yrði mikil blóðtaka í miðbænum ef þarna hyrfi hótel og veitingahús en skrifstofur kæmu í staðinn þótt það væru skrifstofur okkar alþingismanna. Miðbærinn á í vök að verjast og miðbærinn þarf á því lífi að halda sem þessi starfsemi hefur í för með sér.

Mér er ljóst að við alþingismenn stjórnum því ekki fyrir eigendur þessa húss eða hótelsins hvort þarna

verður rekið hótel í framtíðinni, en ég held að það sé hins vegar ljóst að á meðan jafnöflugur kaupandi og Alþingi eða ríkissjóður er á höttunum eftir slíku húsi dettur mönnum ekki neitt annað í hug. Það hefur reyndar verið gerð ein tilraun til að selja Hótel Borg og gekk eins og menn vita. Þau kaup þurftu að ganga til baka. Ég tel að við eigum að láta Hótel Borg í friði, Alþingi Íslendinga.

Það eru fleiri en við þingmenn sem höfum verið að fjalla um þetta. Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson vakti athygli á samþykkt borgarráðs sem gerð var nú á þriðjudaginn þar sem segir, með leyfi forseta:

„Borgarráð Reykjavíkur lýsir áhyggjum sínum yfir hugmyndum um að leggja niður hótelrekstur í miðbæ Reykjavíkur með hugsanlegri yfirtöku Alþingis á Hótel Borg. Óskar Reykjavíkurborg eftir viðræðum við Alþingi um hvort ekki megi finna leiðir til að leysa húsnæðisvanda Alþingis með öðrum hætti en þeim að taka úr rekstri elsta hótel borgarinnar sem jafnframt er mikilvægur þáttur í lífi og starfi í hjarta borgarinnar." Þessi ályktun var samhljóða samþykkt í borgarráði. Það voru allir flokkar sem að henni stóðu, ekki síður borgarfulltrúi Alþb. en borgarfulltrúar Alþfl. og Sjálfstfl. Borgarfulltrúi Kvennalistans sat enn fremur þennan fund og gerði engar athugasemdir við þessa bókun þannig að líta verður svo á að hún hafi verið henni samþykk.

Ég varð hins vegar fyrir óskaplegum vonbrigðum og ég veit satt að segja ekki hvað maður á að nota stór orð þegar ég las Morgunblaðið í morgun og sá ummæli hæstv. forseta Alþingis. Þau voru ekki sæmandi fyrir forseta Alþingis sem vill tala í nafni okkar allra. Forseti Alþingis er ekki forseti Alþb. eða forseti ríkisstjórnarinnar. Forseti Alþingis er forseti okkar allra og verður að gæta virðingar sinnar og virðingar Alþingis þegar hann talar til stofnana eins og borgarstofnana. „Hef ekkert við borgarstjórann að ræða", segir forseti Alþingis. Þannig má hæstv. forseti ekki koma fram og ég harma það. Mér finnst felast í þessu óviðeigandi hroki sem við þingmenn getum ekki liðið.

Ég krefst þess sem þingmaður Reykvíkinga, og það vil ég að hæstv. forseti Sþ. viti, að það verði teknar upp þær viðræður í þessum málum við borgaryfirvöld sem þau óska eftir. Borgaryfirvöld bjóðast til, án þess að það sé nánar tilgreint, að aðstoða Alþingi við að finna lausn á húsnæðismálum Alþingis og það er ekki sæmandi fyrir Alþingi að koma á þennan hátt fram við borgarstjórn Reykjavíkur. Það er ekki við borgarstjórann einan að tala þarna. Það þarf að tala þarna við borgarstjórn og borgaryfirvöld. Og þó að hæstv. forseti Sþ. vilji ekki ræða við borgaryfirvöld mun ég eindregið óska þess að sú nefnd sem fær þetta mál til meðferðar annist þessar viðræður úr því að forseti þingsins vill ekki eiga þar hlut að máli.

Okkur hefur líka borist, þingmönnum, nú bréf frá miðbæjarsamtökunum, það barst okkur dag, þar sem miðbæjarsamtökin láta í ljós áhyggjur sínar yfir þessu máli. Ég leyfi mér að lesa úr þessu bréfi, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Í fréttum hefur komið fram áhugi þingmanna á að kaupa eignina Hótel Borg við Pósthússtræti undir starfsemi Alþingis, en leggja niður bæði hótelhald og greiðasölu í húsinu. Stjórn GM harmar að þessi hugmynd hefur skotið upp kollinum aftur. Miðbærinn í Reykjavík á sér bæði eldri og merkilegri sögu en önnur ból á Íslandi. Þar er sjálft landnám Ingólfs Arnarsonar og innréttingar Skúla Magnússonar, einnig fjölmörg eldri hús sem sett hafa svip á Íslandssöguna. Svæðið geymir því fleiri þjóðminjar en aðrir staðir á landinu."

Síðan er í bréfinu rakið hvaða starfsemi fer fram innan miðbæjarins og „stjórn miðbæjarsamtakanna leyfir sér að hvetja yður og hv. Alþingi til þess að leita annarra leiða til þess að leysa úr húsnæðisvanda Alþingis". Ég tel að þetta mál hafi mikla andspyrnu í borginni og Alþingi verði að taka tillit til þess.

Ég vil líka minna á það, og vík þá aftur að því sem ég gat um áðan, þ.e. viðbrögðum forseta Alþingis við tilmælum borgarráðs, og undirstrika það, sem hv. 8. þm. Reykv. Eyjólfur Konráð Jónsson sagði áðan, að breyting á starfsemi á Hótel Borg fer ekkert fram nema borgaryfirvöld samþykki. Byggingarnefnd Reykjavíkur þarf að samþykkja ef breytt er um starfsemi í byggingum af þessu tagi. Skipulagsyfirvöld borgarinnar þurfa að samþykkja þannig að ef Reykjavíkurborg snýst alfarið gegn þessu máli nær það ekkert fram að ganga. Þessi fyrstu viðbrögð voru því afar óviturleg að mínu mati.

Ég tel að það séu ýmsar aðrar leiðir ef menn vilja ekki sameinast um nýbyggingu en að leggja niður hótelrekstur á Hótel Borg. Þessi hús hér allt í kringum okkur eru meira og minna til sölu eða leigu, hægt að losa þau með stuttum fyrirvara. Ég nefni t.d. borgarskrifstofurnar sjálfar. Mér er kunnugt um að það hús er til sölu því að það er stutt í að Reykjavíkurborg flytji í ráðhúsið. Þannig tel ég að það séu ýmsar aðrar leiðir til en ráðast á þann rekstur sem þarna fer nú fram.

Ég vil aðeins geta þess að lokum, vegna þess að forseti Sþ. gat þess í þessu fræga Morgunblaðsviðtali sem ég vitna í, að ekki hefði verið haft samráð við borgaryfirvöld eða við Alþingi varðandi byggingu ráðhúss. Það er ekki rétt. Ég hef í höndum bréfaskipti Reykjavíkurborgar og Alþingis um ráðhúsið þar sem forsetar Alþingis lýsa því yfir að þeir hafi engar athugasemdir að gera við byggingu ráðhússins og styðjast þar við faglegar umsagnir sem þeir fengu, bæði frá húsameistara ríkisins, sem er umsjónarmaður eigna Alþingis, og frá hönnuðum alþingisbyggingarinnar. Það er ekki rétt sem kom fram í blaðaviðtalinu og ég vildi þess vegna leiðrétta það.

Ég ítreka síðan andstöðu mína við þessa tillögu.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir það að þessi till. er komin fram, ekki vegna þess að ég muni styðja þetta mál heldur vegna þess að nú hafa menn kippst við, hvar við stöndum, alþingismenn, og hver fyrirhyggjan hefur reynst sem hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson var að ræða um. Hver hefur fyrirhyggjan verið? Það er ekki nokkur vafi á því að bæði alþingismenn ýmsir og

aðrir sem þekkja til mála eru sannfærðir um að það verður ekki til langframa sem verður Alþingi á þessum stað út af þeim þrengslum sem eru orðin út af ráðhúsbyggingunni, út af því að það hefur verið liðið að ganga á rétt Alþingis í því máli.

Það er sérkennilegt oft um störf Alþingis. Það er að vísu ekki nýtt. Sá sem hér stendur skrifaði opið bréf til forseta Alþingis í byrjun júní 1988 og benti á til hvers það mundi leiða ef ráðhúsið yrði byggt á þeim stað sem við vitum hvar er. Það ber ekki svo lítið á því. Ég flutti þáltill. um þetta mál, 34. mál. Ég hef ekki heyrt neitt um þessa tillögu. Tillagan var um að þetta mál yrði athugað og yrði athugað um möguleika Alþingis að byggja það fyrirhugaða hús sem samþykkt var að reisa fyrir átta árum. Það eru átta ár síðan þessi tillaga var samþykkt. Það er nú verið að tala um eina bráðabirgðalausnina enn.

Væri ekki skynsamlegra að alþingismenn reyndu að athuga þessi mál og hugsa um framtíðarstað fyrir Alþingi úr því sem komið er og vera ekki endalaust með bráðabirgðalausnir og eyða fjármunum stórkostlega til þeirra hluta? Ég held að það sé búið að eyða nógum peningum í að gera tillögu um hvernig alþingishús verður byggt sem sennilega verður aldrei byggt, hvað þá ef ætti að fara að halda áfram að fullvinna þá teikningu.

Hvar á Alþingi að standa í framtíðinni? Það verður að athuga það. Það eru ýmsir staðir sem koma til greina, eins og t.d. á Álftanesi eða upp við Elliðavatn og fleiri staði mætti nefna. En ég vara við því að grípa til einhverrar bráðabirgðalausnar nú sem kostar mikið fé. Það er í þessari greinargerð að það muni kosta 200 millj. að kaupa og breyta. Það er ágiskunartala. Reynslan er að þegar ríkið er annars vegar og ríkið hefur áhuga verður ekki verðið í lægri kantinum.

Ég harma að þessi tillaga, sem ég flutti í nóvember sl., skuli ekki hafa verið rædd og komið fram til síðari umræðu. Ég harma hvernig stjórnendur Alþingis á undanförnum árum hafa staðið að þessum málum. Ég harma líka að hæstv. félmrh. skyldi ekki sýna meiri rögg í sambandi við þetta mál áður en í óefni var komið. En ég vil að það verði sett í Alþingistíðindi hér og nú þegar er verið að ræða þessi mál að það er mín sannfæring og er búin að vera það alla tíð frá því að ég skrifaði opna bréfið í júní 1988 að hér verði ekki Alþingi til frambúðar, það sé blátt áfram ekki plúss fyrir það.

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Við ræðum hér tillögu um heimild til handa forsetum Alþingis að ganga til samninga um kaup á Hótel Borg.

Ég hlýt að lýsa undrun yfir því að þessi tillaga skuli tekin fram fyrir mjög margar aðrar tilllögur og hefði kosið að svo yrði ekki gert, en það mun hafa verið gert í samráði við formenn þingflokka og því ekkert frekar við því að segja. Mér finnst hálfpartinn að hér sé á ferðinni eitthvert óðagot og þessi lausn á húsnæðisvanda Alþingis sé kannski ekki nægilega vel og rækilega undirbúin. Mín tilfinning er sú eins og fleiri sem hér hafa talað að kostnaður verði miklu meiri en menn vilja vera láta. Það fer að verða stór spurning hvað Alþingi getur leyft sér í þessu sambandi.

Á síðustu sex árum, sem eru þau ár sem ég þekki af eigin raun, hefur útþensla verið slík í húsakosti Alþingis að við hefur bæst aðstaða í þremur húsum hér á svæðinu, þ.e. í Skólabrú 2, Kirkjuhvoli og nú síðast í Austurstræti 14. Vitaskuld hefur þessi þensla ekki aðeins þýtt stofnkostnað heldur einnig aukinn rekstrarkostnað. Mikið fé hefur farið í innréttingar sem fara þá væntanlega fyrir lítið ef enn á að breyta til. Og vissulega hefur aðstaðan batnað, skárra væri það nú, einkum hjá þingmönnum sjálfum. Sú aðstaða var sannarlega bágborin. Úr því vil ég ekki draga þó mér hafi reyndar runnið meira til rifja sú aðstaða sem starfsliði hefur verið boðið upp á. Aðstaða þess hefur líka batnað mikið að undanförnu. Annað er reyndar óviðunandi eins og t.d. í skjalavörslunni í kjallara Skólabrúar 2. Þá aðstöðu þarf vissulega að bæta. Hún er tæpast mönnum né skjölum bjóðandi og þessa aðstöðu þekkjum við kvennalistakonur manna best. Úr því mætti nú vafalaust bæta með öðrum hætti en þeim að kaupa Hótel Borg.

Ég hefði kosið að kynna mér þetta miklu betur en hér hefur gefist kostur á áður en ég tek þátt í að veita forsetum heimild til þessara kaupa. Hins vegar er ljós punktur í þessu máli, mjög stór og ljós punktur. Og hann er sá að með kaupum á þessu húsi og innréttingu þess í þágu Alþingis yrði væntanlega slegið á langan frest og helst ævarandi byggingu „þinghússkassans" sem fyrirhuguð var um nokkurt skeið. Ég átti nokkurt frumkvæði að því að vinna gegn þeim hugmyndum og hef ekki skipt um skoðun í þeim efnum. Ég verð hins vegar að segja að ég deili mikilli eftirsjá með þeim sem helst ekki vilja sjá á bak þeirri starfsemi sem þetta gamla fallega hús hefur nú geymt og leyft undir sínu þaki, þar á meðal marga og sögulega fundi eins og við kvennalistakonur þekkjum vel. Ég hefði verið fúsari að veita forsetum Alþingis umbeðið leyfi ef um ýmis önnur hús hefði verið að ræða. Til dæmis hús Pósts og síma gegnt Borginni eða eitthvert annað hús hér í grenndinni.

Hitt vil ég svo nefna strax að ef út í þessi húsakaup og innréttingar verður farið á vitaskuld að endurskipuleggja starfsemina í því húsi sem við nú stöndum og sitjum í. Þá finnst mér einboðið að aðsetur þingflokkanna verði flutt úr þessu húsi til að rýma til m.a. fyrir bókasafni og annarri aðstöðu sem er brýnt að hafa við höndina. Ég hef reyndar ekki enn gert það upp við mig hvernig ég endanlega greiði atkvæði um þessa tillögu. En ég legg áherslu á að það verði haft fullt samráð við alla þingflokka um framvindu þessa máls og það allt kannað til hins ýtrasta.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Það verður að segjast eins og er að mér finnst áhugi þingmanna ekki vera mikill fyrir því mikla húsnæðismáli Alþingis sem hér er verið að ræða um þar sem svo fáir taka þátt í þessum umræðum.

Ég verð að segja það alveg eins og er að ég hef ýmsar efasemdir um þessa þáltill. og gæti sjálfsagt fært mörg rök fyrir því sem ég mun ekki gera við þetta tækifæri, en ég segi alveg eins og er að mér finnst þetta ágæta hús og virðulega, Hótel Borg, ekki vera hentugt fyrir starfsemi þingsins miðað við þær skoðanir sem ég hef á starfsemi þingsins og miðað við þær skoðanir sem ég hef á þessu húsi. Eitt er ljóst, sem hér hefur raunar komið fram, að það eru fá hús hér í miðbæ Reykjavíkur sem eru eins óhentug til breytinga og Hótel Borg. Hér hefur komið fram að það er nær hver einasti veggur þar burðarveggur upp úr og niður úr og við vitum hvað það þýðir ef það á að fara að mölva slík hús niður að verulegu leyti. Ég verð að segja að eins og skipan þess húss er mundi ég ekki telja að það verði mjög hentugt fyrir þá starfsemi Alþingis sem er raunverulega þörf á að færa til nútímahátta með þeirri tækni sem nú er orðin, bæði í sambandi við tölvur og aðra slíka þjónustu. Þess vegna er það í mínum huga ekkert spennandi. Ég verð að segja það alveg eins og er að ég tel mig hafa fullt leyfi til að halda því fram að ég vantreysti svona skyndiáætlanagerð sem þarna hefur farið fram og ég hef raunar séð að hluta til miðað við þá reynslu sem við höfum á breytingu á gömlum húsum. Við þurfum ekki annað en líta á þá miklu kostnaðarreikninga sem hafa komið fram í sambandi við það hús sem við stöndum hér í, í sambandi við Þórshamar og mörg fleiri hús hér í kring sem hafa orðið kannski tíu, fimmtán sinnum dýrari hvert atriði þar en áætlun hefur sagt til um.

Auðvitað er það alveg ljóst og við vitum að svona breytingar, sem mundu fljótlega aukast kröfur um þegar til kastanna kæmi, mundu margfalda þær tölur sem þarna er um að ræða. Mér þætti það ekkert skrýtið þó að kaupverð með þeim breytingum sem kröfur yrðu fljótt gerðar um mundi verða einhvers staðar um 300–400 milljónir.

En þetta er kannski ekki aðalmálið. Mér finnst að fyrst alþingismenn í umboði þjóðarinnar hafa ekki séð sér fært að byggja á undanförnum áraröðum myndarlegt hús fyrir starfsemi Alþingis heldur farið sífellt í skyndilagfæringar á húsnæði í miðbænum komi vel til greina að skoða fleiri atriði. Ég verð að segja að ég hef alltaf litið á hús Pósts og síma hérna hinum megin við Austurvöll sem æskilegan valkost fyrir starfsemi Alþingis þangað til sú ákvörðun verður endanlega tekin annaðhvort að byggja hér á svæðinu eða að flytja Alþingi til eins og einn hv. þm. sagði hér áðan. Ég held að það hús þjóni miklu betur ýmsu því sem Alþingi þarf á að halda en þetta virðulega hús hérna hinum megin við götuna.

En ég skal ekki, eins og ég sagði í upphafi, halda langa ræðu. Þar sem það hefur komið fram að gert er ráð fyrir að vísa þessari till. til fjvn. get ég alveg lýst því yfir að við munum vega og meta kosti og galla þessa máls vandlega. Og auðvitað munum við leita umsagnar eða hafa samráð við skipulagsyfirvöld Reykjavíkurborgar sem er sjálfsagður hlutur og þá borgaryfirvöld í einni setningu því að borgin alveg eins og hvaða sveitarfélag sem væri hefur umsjón með því hvernig starfsemi fer fram í virðingarverðum og mikilvægum húsum. Þegar á að breyta um starfsemi hefur það áhrif á skipulag viðkomandi svæða og þess vegna er ekkert eðlilegra en að hafa samráð við borgaryfirvöld í þessum málum.

Ég vildi taka þátt í umræðunni til að lýsa því að ég er ekkert sannfærður um það að þarna sé rétt að staðið en mun leggja mig fram um það eins og aðrir fulltrúar í fjvn. að skoða þetta mál vel áður en endanlega ákvörðun verður tekin.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu, en ég vil lýsa andstöðu minni við þessa till. til þál. um að veita heimild til að ganga til samninga um að kaupa Hótel Borg. Reyndar fannst mér að hv. 1. flm. legði þetta upp sem till. til heimildar til að gera könnun á hugsanlegum kaupum, en samkvæmt tillögutextanum þá fer ekkert á milli mála að það er verið að fara fram á heimild til að gera samning um kaup á hótelinu. Þetta get ég ekki fallist á einfaldlega vegna þess að ég tel að í fyrsta lagi sé Hótel Borg ekki hentugt húsnæði fyrir starfsemi þingsins og í öðru lagi er enn og aftur verið að biðja þingið um að samþykkja óútfylltan víxil. Ég tel að mjög fljótt kæmi í ljós að þær breytingar sem þyrfti að gera á þessu húsnæði eru allverulegar og mundu hlaupa hér á tugum ef ekki hundruðum milljóna þegar upp væri staðið, enda hef ég heyrt að t.d. þak Hótel Borgar sé lekt og þurfi mikilla viðgerða við og aðrar stórviðgerðir þurfi að gera á þessu húsi.

Þar fyrir utan skilst mér eftir fróðum mönnum að enda þótt við keyptum Hótel Borg yrði starfsemi þingsins áfram í fimm húsum þannig að það er lítið unnið með því. Með því að gera slíkt tel ég að framkvæmdir við nýtt þinghús, og þá er ég ekki að mæla með þeim tillögum sem nú liggja fyrir um nýtt þinghús, en einhvern tímann þurfum við á nýju þinghúsi að halda, mundu tefjast allverulega við það að við færum út í það að kaupa Hótel Borg.

Ég fer ekkert dult með það að ég er sammála þeim mönnum sem tala fyrir því að Alþingi eigi að hafa höfuðsetur á Þingvöllum þó það væru ekki nema sögulegu tengslin sem gerðu það að verkum. En það er kannski annað mál að þessu sinni.

Hér er verið að fara fram á það við alla aðila þjóðfélagsins að útgjöld séu dregin saman og sparað á flestum sviðum, en ríkið virðist ekki ætla að fara fyrir sem fyrirmynd í því efni. Hér er verið að biðja um að afhenda heimild til nokkur hundruð milljón króna útgjalda, jafnframt því að það er beðið um heimildir til svipaðrar útgjaldaaukningar á t.a.m. Bessastöðum og annars staðar. Auðvitað á ríkið að draga saman eins og aðrir þegnar í þessu landi og fyrirtæki og stofnanir.

Ég tel að hér verði fyrst að liggja fyrir fullnaðarkönnun á því hvað kostar að breyta Hótel Borg í það horf sem viðunandi væri áður en við gefum heimild til að ganga til samninga. Hins vegar tel ég að ef Hótel

Borg verður keypt og starfsemi þingsins fer þangað hverfi þar með einn af hornsteinum menningarlífsins í miðborg Reykjavíkur. Það væri skarð fyrir skildi ef svo færi. Nógu hart hefur nú verið gengið að miðbænum fram að þessu.

Ég vil senda þau skilaboð til Davíðs Oddssonar að hann ætti öllu heldur að hætta við að byggja veitingahús uppi í Öskjuhlíð og snúa sér að því að íhuga að kaupa Hótel Borg og reka þar áfram hótel.

Ég hef ekki mikið meira um þetta að segja, en ég vil þó geta þess, hæstv. forseti, að sökum einkennilegra aðstæðna hefur þingflokkur frjálslyndra hægrimanna ekki haft tök á því að kynna sér þetta mál. Þó að það væri nú ekki nema þess vegna væri rétt að draga það aðeins.

Flm. (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka þeim sem hér hafa talað þó að þeir einir hafi eiginlega tekið til máls sem eru í miklum vafa um þetta mál. Við því er ekkert að segja. Það var vitað. En ég vil leitast við að svara nokkrum atriðum sem hér hafa komið fram.

Ég vil í fyrsta lagi minna hv. þingheim á að þetta er ekki hugmynd okkar núv. forseta þessa þings. Þessa hugmynd heyrði ég fyrst þegar ég var nýkomin á þing fyrir næstum því tíu árum. Ef mig brestur ekki minni var einn ötulasti talsmaður kaupa á Hótel Borg þá hv. 8. þm. Reykv. Hann hefur greinilega skipt um skoðun síðan.

Ég var ein af þeim sem studdu hugmyndir að nýju þinghúsi. (Gripið fram í.) Ég var að segja að hv. 8. þm. Reykv. hefði talað af hita hjartans fyrir nokkrum árum um að kaupa Hótel Borg. (**EKJ:** Hver? Ég? Hvar gerði ég það?) Svona í samræðum hér í þinginu. En ég vil einnig taka fram að ég var ein af þeim sem studdu og styðja að þingið (**EKJ:** Í hvaða hefti af þingtíðindum er það?) byggi yfir sig, auðvitað. Og auðvitað er allt annað ósæmandi. En hitt er annað mál að í fyrsta lagi megum við ekki gleyma einu mikilvægu atriði, að þegar samkeppni fór fram um byggingu nýs þinghúss lá ekki fyrir að ráðhús Reykjavíkurborgar yrði byggt hér á torfunni líka. Það breytir verulega allri mynd af þessu umhverfi. Þar með er ég ekkert að segja að þetta geti ekki rúmast saman. En ég held að ýmsum hv. alþm. leiki nokkur hugur á að vita hvernig það hús rýmist hér með þeirri umferð sem óhjákvæmilega kemur til með að fylgja. Ég get ekki varist því að mér finnst ráðlegt að doka við og sjá hvernig sá rekstur rýmist hér.

Vandi þingsins, eins og hér kom fram, er m.a. sá að það er næstum ógerlegt að skipuleggja rekstur þingsins meðan við búum við það að vera í átta húsum. Það er afskaplega erfitt að halda utan um slíkan rekstur. Ég held að við séum öll sammála um það hér, jafnt við núv. forsetar sem fyrrv. hæstv. forsetar, að nútímaþjóðþing krefjist töluvert mikils annars en þingið gerði hér á árum áður. Þetta eru allir sammála um og hafa allir löngu gert sér ljóst. En við skulum ekki gleyma því hvað við höfum í raun og veru fylgst hægt með þeirri þróun. Við sem erum búin að vera hér innan við áratug bjuggum við það í fyrstu að hafa ekki skrifstofu. Okkur er auðvitað óskiljanlegt hvernig við fórum að því, en þetta var auðvitað ekki sæmandi. Það er kannski ekkert að undra þó að hv. alþm. sem ekki höfðu sitt eigið herbergi til að vinna hér í húsinu fyndist nokkuð mikið í lagt að kaupa Hótel Borg. En ég held að viðhorf okkar til þessara hluta hafi breyst æðimikið í áranna rás.

Menn hafa talað mikið um að þetta hljóti að kosta miklu meira en skýrsla starfshópsins gefur til kynna. Því ráðum við sjálf. Ef við ætlum að eyða 60 millj. eyðum við 60 millj. og ekki meiru. Það heita fjárhagsáætlanir og við þær á að standa. (**Gripið fram í:** Er það venjan?) Það er ekki venja, en það væri nú kannski tilraunarinnar vert að hafna þeirri venju sem viðgengist hefur.

Eins og ég gat um áðan er ekki hægt að breyta innréttingum á Hótel Borg nema rífa húsið niður. Og eins og ég sagði áðan hyggjumst við ekki gera það. Það kemur að vísu fram í skýrslu starfshópsins hvað menn hyggjast gera og ég hef gert ráðstafanir til þess að sú skýrsla verði á borðum hv. þm. annaðhvort í dag eða á morgun. Munurinn á vinnubrögðum okkar og þeim sem voru með þessar hugmyndir hér fyrr á tímum er sá að við höfum gert öllum alþingismönnum kleift að fylgjast náið með þessu máli.

Hér er einungis verið að biðja um að málið fái að ganga til hv. fjvn. Þar sitja m.a. þrír hv. þm. sem hér hafa talað. Hér er því langt frá því verið að flana að neinu. Auðvitað viljum við forsetar þingsins að þetta mál sé gaumgæft mjög vel. En við teljum að miðað við fjárhagsstöðu og nýtingu sé þetta æskilegur kostur.

Ég skal ekki trúa því að skipulagsyfirvöld borgarinnar fari að hafna þessari starfsemi þingsins í húsinu eins og hér var hótað, enda vil ég minna hv. þm. á að þar höfum við vald yfir borgaryfirvöldum og við ráðum því nákvæmlega sjálf hvort við nýtum húsið til þessarar starfsemi ef við fáum það keypt. En allt er það auðvitað óráðið enn.

Ég er alveg sammála hv. borgarráði um áhyggjur af miðbænum, en þær áhyggjur hefðu átt að koma frá borgarráði fyrr og út af allt öðru en því hvort hið háa Alþingi keypti Hótel Borg. Það er búið að flytja miðbæinn á annan stað í borginni og ég er hrædd um að þeirri þróun verði erfitt að snúa við. Ég leyfi mér að halda því fram að ef Alþingi flytti inn í Hótel Borg færði það miklu meira líf í miðbæinn en það líf sem nú fylgir rekstri Hótel Borgar.

Menn hafa harmað, þó aðeins einn þm., hv. 2. þm. Reykv., fyrirsögn í Morgunblaðinu í dag. Nú vill það svo til að ég bý ekki til fyrirsagnir í Morgunblaðið. Það gera blaðamenn. Ég tel því alveg nauðsynlegt að ég lesi örstutt svar sem ég gaf fréttaritara Morgunblaðsins í síma í gærkvöldi. Hann rakti samþykkt borgarráðs sem mér hefur reyndar ekki borist enn þá. Um hana frétti ég í símtali við þennan ágæta fréttaritara Morgunblaðsins og hafði hann rétt og satt eftir mér. Ég sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég minni borgarráð á að engum á þeim bæ datt í

hug að ræða við alþingismenn" — og það er satt, það kann að hafa verið rætt við forseta þingsins — „þegar þeir höfðu verulegar áhyggjur af því að ráðhús Reykjavíkur væri sett niður svo til á byggingarlóð Alþingis. Ég held því að ég hafi ekkert um að ræða við borgarstjórann í Reykjavík um húsnæðisvanda Alþingis. Þann vanda munum við leysa sjálf."

Og ég sagði þetta ekkert í neinni illsku. Ég held að Alþingi Íslendinga hljóti að geta leyst sinn húsnæðisvanda sjálft. Ég held að það sé óheyrt í sögu Alþingis að borgin og borgaryfirvöld hafi þurft að aðstoða Alþingi við að ráða ráðum sínum um eigin rekstur og lái mér hver sem vill þó að ég telji það ekki brýna nauðsyn að ræða við borgarráð um húsnæðisvanda Alþingis. Ég hygg að einhverjum hefði þótt það allkyndugt hefði ég haft frumkvæði um það eða við forsetar þingsins. Ég ber engan kala til borgarstjórans í Reykjavík og hina mestu virðingu fyrir stjórn hans á höfuðborginni samkvæmt þeim skoðunum sem hann hefur á rekstri borgarinnar. Ég er ekki sammála öllu sem hann gerir, en það þýðir ekki að ég sé ekki tilbúin að ræða við hann um hvað sem er. Ég vil hins vegar taka það fram að ég reit honum raunar bréf á síðasta ári og óskaði eftir samræðum við hann um bílastæði sem við erum með sameiginleg, öllu heldur sem Alþingi lánar honum og borgarbúum, hér á torfunni. Ég hef ekki fengið svar við því enn þá þannig að það er nú kannski ráð að ræða um það fyrst áður en farið verður að angra hann með húsnæðisvanda þingsins.

En ég ítreka það, svo að hv. 2. þm. Reykv. þurfi ekki að bera kinnroða fyrir forseta sínum, að það er svo langt í frá að einhver lítilsvirðing fælist í því sem ég sagði og fyrirsögnin í Morgunblaðinu er kannski dálítið misvísandi.

Ég hef ekki mikið meira um þetta mál að segja. Ég hafna því algerlega að hér hafi verið farið að í einhverju fljótræði. Menn sjá það þegar þeir sem ekki hafa séð skýrslur starfshópsins fá þær í hendur, og hann held ég að hafi skipað menn sem harla má treysta til að meta fasteignakaup. Ég vona að þegar menn hafa fengið þá skýrslu í hendur geti þeir skoðað þetta mál í rólegheitum og gert sér grein fyrir hvaða nýting er fyrirhuguð í húsinu. Það tæki allt of langan tíma að rekja það. Þarna er um að ræða mikla og stóra fasteign. Við mundum láta áætlanir okkar standast. Það er enginn að segja að við þyrftum að gera þær lagfæringar allar undir eins sem e.t.v. eru æskilegar, en hér er fyrst og fremst um að ræða eins og gengur þegar flutt er í nýtt hús málningu og einhverja endurnýjun kannski á annaðhvort gólfteppum eða gólfdúk og annað slíkt þannig að það er ekki gert ráð fyrir neinum húsbrotum þarna og þess vegna engin ástæða til að halda að í það þurfi að fara hundruð milljóna eða 300–400 millj. eða hvað í ósköpunum sem menn hafa fengið í höfuðið að við ætlum að eyða þarna.

Hæstv. forseti. Eftir að hafa heyrt álit formanna þingflokka og hv. þm. tel ég að við höfum ástæðu til að halda að yfirgnæfandi meiri hluti hv. alþm. sé hlynntur því að þetta mál sé skoðað mjög vandlega og ég treysti því að hv. fjvn. líti á málið sem fyrst. Við hljótum að verða að taka ákvörðun um þetta mál áður en þingi verður slitið í vor. Húsið var eins og menn hafa heyrt selt á gjaldþrotauppboði eða uppboði heitir það víst fyrir nokkrum mánuðum og slegið fyrri eigendum sínum. Þeir eigendur hafa ekki ótæmandi þolinmæði til að komast að niðurstöðu um hvort þeir hafa kaupanda að húsinu eða ekki. Hótelrekstri á Hótel Borg getum við held ég ekkert okkar bjargað og honum verður varla bjargað. Það verða þá einhverjir aðrir að gera. Auðvitað er öllum frjálst að bjóða í eignina á móti Alþingi. En ég tel að mjög vandlega skoðuðu máli og við forsetar allir að hér sé um tiltölulega kostnaðarlítinn og hentugan kost að ræða sem væri fásinna að sleppa út úr höndunum. En það er auðvitað komið undir því hvort hv. þm. vilja leggja á sig að skoða þennan kost vandlega og taka ákvörðun. Þetta mál kemur upp að ég hygg í þriðja skipti í sögu þingsins sem hugsanlegur kostur og í bæði hin skiptin dagaði það uppi vegna þess að ekkert var gert til þess að kanna málið í alvöru. Nú hefur það verið gert og sá hópur sem málið vann fyrir okkur hefur lagt eindregið til að þessi kostur verði tekinn ef mögulegt er. Hæstv. fjmrh. hefur sagt að hann telji svo einnig vera og fjórir þingflokkanna hafa veitt okkur vilyrði fyrir stuðningi, en vitaskuld kann að vera að einn og einn þingmaður hyggist hafa þar sérstöðu og við því er auðvitað ekkert að segja. En það er alveg ljóst að af þessum kaupum verður ekki með mikilli andstöðu stórs hóps þingmanna. Það ætlar sér enginn að þröngva þessum kosti upp á hið háa Alþingi. Um það þarf að ríkja vinsemd og friður og nær þá ekki lengra þó ekki verði af, en ég teldi það afar illa farið og einkum með það í huga að ég held að hér sé um ótrúlega ódýran kost að ræða til lausnar á húsnæðisvanda Alþingis. Og ég vil benda þeim sem hafa áhuga á hinni húsmóðurlegu hagsýni að skoða vandlega hvar slíkan kost væri að finna fyrir sama verð.

Ég vona svo að hv. fjvn. verði við þeirri beiðni að vinna vel og hratt að því að kanna þessa tillögu.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Ég held að hér sé verið að ræða um málefni landsbyggðarinnar að nokkru leyti. Ég var gistivinur Borgarinnar til margra ára og mikið þótti mér vont þegar ég var að koma til Reykjavíkur og ekki var hægt að fá gistingu á Borginni. Þannig held ég að sé enn þó það hafi kannski minnkað svolítið á síðustu árum að landsbyggðarmenn hafi valið sér Borgina til gististaðar, en það er kannski frekar af öðrum ástæðum en þeim að Borgin sé ekki enn þá staðsett í hjarta borgarinnar að það sé æskilegt fyrir hvern landsbyggðarmann sem kemur hingað til borgarinnar til að reka erindi sín að hafa þar aðstöðu. Ég tel því að það væri mjög miður farið ef þyrfti að leggja niður hótelrekstur á Hótel Borg.

Ég er ekki alveg viss um að þessi kostur að fá húsnæði fyrir Alþingi í nágrenni Alþingishússins hafi

verið skoðaður sem skyldi. Ég veit t.d. að ríkissjóður eða stofnun ríkisins á húsnæði í næsta nágrenni sem ekki væri mjög erfitt að rýma. Þar á ég við póst- og símahúsið. Ég hef jafnvel heyrt að þar séu uppi hugmyndir um að flytja aðalskrifstofustarfsemi þeirrar stofnunar úr þessu húsi. Póst- og símahúsið býður líka upp á þann möguleika að byggja við það, bæði líkast til yfir gamla sjálfstæðishúsinu eða á grunni þess og svo hér fram að Kirkjustræti. Póst- og símahúsið er einnig svo stórt að það væri hægt að koma fyrir aðstöðu fyrir mikinn hluta af starfsemi þingsins þar jafnvel þó að áfram væru í húsinu þær afgreiðslustofnanir sem sjálfsagt er að séu áfram staðsettar í miðbænum og þau tæki sem þar eru að einhverju leyti í sambandi við símaþjónustuna.

Ég vil sem sagt undirstrika það, sem ég sagði í upphafi, að ég teldi það mjög mikið miður fyrir landsbyggðarfólk ef Hótel Borg yrði lögð niður og það yrði ekki lengur sinnt hótelþjónustu í miðborginni. Það er eitt af því sem gerir höfuðborgina okkar mikið notalegri fyrir landsbyggðarmenn að finna fyrir því og vita um það að þessi þjónusta er og hefur verið til staðar.

Sagan bak við Hótel Borg, uppbygging þess í tengslum við alþingishátíðina og margt fleira sem hægt er að rifja upp í sambandi við rekstur þess góða fyrirtækis er á þann veg að það eru þó nokkuð þung rök fyrir því að það verði reynt svo sem kostur er að halda þar áfram hótelstarfsemi. Ég viðurkenni það eins og sjálfsagt allir þingmenn gera að aðstaða þingmanna er frekar bágborin, en að mörgu leyti hefur þó á undanförnum árum átt sér stað mikil breyting til batnaðar í sambandi við aðstöðu þingmanna. Þar væri hægt að laga mikið þó við fengjum ekki nýtt húsnæði, bara með því að veita þingmönnum aukna og bætta þjónustu á ýmsa vegu í þeim húsakynnum sem við búum við. Þrátt fyrir það er sjálfsagt að huga að því að bæta húsaaðstöðuna, en ég held að það sé betri sá kostur, sem ég hef nefnt hér, að huga að þessum ríkishúsakynnum en leggja Hótel Borg undir starfsemi þingsins.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Það er eðlilegt, þegar þessi tillaga kemur hér til umræðu, að þá komi fram nokkuð skiptar skoðanir. En hæstv. forseti Sþ. hefur gert grein fyrir þeim ástæðum sem liggja að baki þessari tillögu og ég skal ekki endurtaka margt af því. Ég vildi aðeins benda á örfá atriði sem þarna eru ofarlega í mínum huga.

Það hefur komið fram að á undanförnum árum hefur verið bætt úr húsnæðisleysi Alþingis með því að leita í allmörg hús í nágrenninu og að sjálfsögðu hefur það leyst bráðan vanda. Hins vegar er enn verið að kvarta yfir starfsaðstöðu og við vitum það t.d. með skrifstofuaðstöðuna að hún er fyrir neðan allar hellur. Sömuleiðis stendur fyrir dyrum að reyna að skipuleggja starfsemina á annan hátt með tilliti til þeirrar þróunar sem hefur orðið í öllu skrifstofuhaldi og vinnubrögðum. En þá reka forsetar sig á að ákaflega erfitt er að gera það með starfsemina dreifða í svo margar og smáar einingar.

Ég er að sjálfsögðu í þeim hópi sem er fylgjandi því að hér sé byggt þannig við í nágrenni Alþingishússins að það geti þjónað þeirri starfsemi sem hér fer fram. En eins og kom fram hjá hæstv. fyrrv. forseta Sþ., hv. 4. þm. Vestf., er gert ráð fyrir að aðeins framhald á hönnunarvinnu við þá byggingu sem teiknuð hefur verið taki tvö ár og framkvæmdir hljóta því að taka alllangan tíma þannig að á alveg næstu árum er ekki sú lausn fyrir hendi fyrir utan að ég verð að viðurkenna að mér brá mjög í brún með kostnaðinn sem kom fram þegar sú áætlun lá fyrir hendi og tel nauðsynlegt að endurskoða framkvæmdina.

Hugmynd og tillaga forseta Alþingis um að kaupa nú húsnæði Hótel Borgar byggist að sjálfsögðu ekki á vilja til að leggja niður einhverja menningarstarfsemi eða þá starfsemi sem þar hefur farið fram. Sú staðreynd blasir við að sá rekstur er kominn í strand og ég er í miklum vafa um að hann verði þar áfram þó að Alþingi þyrfti ekki þetta hús. Til þess að hann geti farið fram, a.m.k. á vegum einstaklinga, verður hann að bera sig. Það hefur því miður ekki tekist á síðustu árum að haga honum þannig.

Hér er um að ræða tillögu um heimild til forseta að ganga til samninga um þetta húsnæði og þessari tillögu verður vísað til fjvn. Að sjálfsögðu hlýtur sú nefnd að skoða málið rækilega. A.m.k. í mínum huga er það ekki trúaratriði að kaupa þetta húsnæði. Það sem ég tel vera skyldu mína og annarra forseta þingsins er að gera það sem hægt er til að hagræða og bæta úr fyrir starfsemi Alþingis innan skynsamlegra marka kostnaðar hvort sem það verður gert á þennan hátt eða það er hægt að finna einhverja hagkvæmari leið að ná því marki. Þetta hlýtur fjvn. að skoða rækilega. En ég tel að það sé sjálfsagt að leggja málið fyrir Alþingi og fjvn. til skoðunar áður en lengra er haldið. Áður en forsetar ganga lengra og binda þingið neitt, til þess að þar gefist kostur á að skoða málið frá öllum hliðum og leita að hagkvæmustu lausn. Þannig hefur verið reynt að halda á þessum málum, fyrst reyndar að kanna viðhorf hjá þingflokkum og svo með þessum tillöguflutningi sem fær mjög ítarlega skoðun hjá fjvn.

Ég vil aðeins geta þess að þegar kom til umræðu árið 1981 hér að kaupa Hótel Borg var ég einnig í forsetastarfi og þá leituðum við eftir viðhorfum þingflokkanna. Það var neikvætt og þar með var ekkert farið lengra í því máli. En ég er sannfærður um að fjárhagslega hefði þá verið hagkvæmara fyrir Alþingi að ráðast í þau kaup og losna við þann kostnað sem það hefur haft í för með sér að færa starfsemina til svo margra húsa með þeim endurbótum og síðan rekstrarkostnaði og rekstrarerfiðleikum út frá hagkvæmnissjónarmiði við þessar aðstæður. En ég og þeir aðrir sem hér hafa talað eru að sjálfsögðu, þrátt fyrir að viðhorf séu misjöfn til endanlegrar niðurstöðu, sammála um að fjvn. taki málið til ítarlegrar skoðunar og þannig vona ég að málið verði afgreitt hér í dag.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Þessar umræður, sem hér hafa farið fram um till. til þál. um heimild til handa forsetum Alþingis að ganga til samninga um kaup á Hótel Borg eins og hún er orðuð, hafa verið mjög gagnlegar að mínu mati. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að hv. þm. fái tækifæri til að tjá sig um hugmyndir forsetanna sem þeir hafa unnið að að undanförnu til þess að reyna að finna lausn á þeim vandamálum starfsemi Alþingis sem eru húsnæðismálin nú eins og endranær.

Ég ætla ekki að lengja þessar umræður með því að fara að rekja fortíðina í því máli, enda hefur það komið vel og skýrt fram hjá hv. þm. sem hér hafa talað. Það hefur komið fram hér að það eru skiptar skoðanir í þingflokki Sjálfstfl. í þessu máli og þess vegna finnst mér vera við hæfi að ein rödd úr okkar þingflokki sem er annarrar skoðunar en hefur heyrst hér á undan láti í sér heyra.

Ég vil geta þess að það er stutt síðan þetta mál var lagt fyrir á fundi með þingflokksformönnum og varaforsetum svo að það er ekki langt síðan ég kynntist þessu máli eins og úttektarnefndin hefur lagt það fyrir, en mér finnst að það megi gjarnan koma fram að þessi úttektarnefnd, sem hv. 1. flm. þessarar tillögu gerði grein fyrir, telur þetta vera hagkvæma lausn fyrir Alþingi.

En það sem ég vildi aðallega koma hér inn á er að lýsa skoðunum mínum á því, sem hefur ekki síst komið hér fram í máli manna, hvernig komið er fyrir miðbænum okkar. Ég get í raun og veru tekið undir allt sem um það hefur verið sagt.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði að það gengi ekki upp frá sjónarmiði öflugs og líflegs miðbæjar að leggja niður hótelrekstur í miðbænum. Ég get í raun og veru alveg tekið undir þetta. Hann talaði um að Alþingi ætti að láta Hótel Borg í friði og ég get líka alveg tekið undir það. Ég er í hópi þeirra sem vildu ekkert fremur en efla einmitt mannlífið hér í miðbænum og sá vilji minn nær raunar miklu lengra. Hann nær upp allan Laugaveginn. Það er svo komið að við Laugaveginn er hver verslunin af annarri að loka vegna þess að þar er einnig lífið að verða afskaplega dauflegt. Það er kannski meginmálið að í raun hefur „miðbærinn" verið fluttur héðan úr miðbænum. Hann hefur flust inn í Kringluna þar sem er reyndar líka búið að koma borgarleikhúsinu fyrir og nú er gamla góða Iðnó til sölu eftir því sem nýlega hefur verið upplýst. Mér þykir þetta miður. Ég deili þessum skoðunum með miðbæjarsamtökunum og öðrum þeim sem vilja efla mannlífið hér og vilja jafnvel hafa hér blómlegan og líflegan hótelrekstur. En við megum ekki gleyma því að Alþingi er ekki að leggja niður hótelrekstur á Hótel Borg. Það kom einnig fram í máli að ég held hv. 2. þm. Reykv. að hér er nægilegt framboð af lausu skrifstofuhúsnæði allt í kringum Austurvöll, að ég held að hann hafi sagt. Og hvers vegna ætli það sé? Hvers vegna ætli sé laust húsnæði hér einmitt í þessum kjarna borgarinnar sem við mörg viljum gjarnan að haldi lífi og sé áfram miðborg höfuðborgarinnar okkar?

Þetta vildi ég aðeins minnast á og það er einmitt af þessari ástæðu að ég get fallist á að úr því að svo er komið, eftir því sem næst verður komist, að það er enginn kaupandi að Hótel Borg fyrir hótelrekstur, þá get ég ekki séð hvers vegna það væri ekki eðlilegt og hagkvæmt fyrir Alþingi Íslendinga að gera þetta virðulega hótel að húsnæði fyrir Alþingi á meðan ekki er grundvöllur fyrir hótelrekstri þar. Eins og hér hefur komið fram er alls ekki gert ráð fyrir öðru en því að í náinni framtíð þurfi að hefjast handa um nýbyggingu Alþingis, en ég var einn af þáverandi forsetum og átti aðild að því að vinna í því máli ásamt þáv. forseta Sþ., hv. 4. þm. Vestf., sem gerði góða grein fyrir þeim málum í sinni ræðu.

Mér þótti nauðsynlegt, hæstv. forseti, að gera grein fyrir minni afstöðu hvað þetta varðar.

Það var líka minnst á ráðhúsið, að vegna byggingar ráðhússins væri ekki lengur grundvöllur fyrir byggingu undir starfsemi Alþingis. Ég er alls ekki sammála þessu. Ráðhúsbyggingin breytir ekki mínum skoðunum á því að það þurfi að byggja yfir starfsemi Alþingis í framtíðinni. Ég tel að það færi vel á sambýli ráðhúss höfuðborgarinnar og Alþingis þegar þar að kemur. En ég geri mér grein fyrir því að þetta verður að bíða um sinn og þess vegna er ég sammála því að það verði leitað þessara leiða hver sem niðurstaðan af því verður. Hún liggur væntanlega fyrir þegar fjvn., sem fær þetta mál til meðferðar, hefur skoðað það nánar.

Af því að það var minnst á það af hv. 5. þm. Vesturl. að höfuðsetur Alþingis ætti að vera á Þingvöllum get ég ekki látið hjá líða að taka undir það því að ég held að við allir sem þá vorum forsetar Alþingis og ég nefndi áðan ásamt fyrrv. þm. Ingvari Gíslasyni höfum öll verið sammála um það. Við meira að segja fórum til Þingvalla og vorum þar að ræða málin og skoða og ég held að við höfum öll verið sammála um að það færi vel á því að einhvern tíma langt inn í framtíðinni mundi sá draumur rætast. En ég tel að við höfum verið raunsæ að vera ekki með hugmyndir um að slíkt gerðist í dag. Mér datt í hug áðan þegar hv. 5. þm. Vesturl. nefndi þetta að mikið hefði ég verið glöð í vetur ef þingið sæti á Þingvöllum því að þá hefði verið auðvelt fyrir mig að komast á milli því að þá hefði að sjálfsögðu alltaf verið hreinsað oft á dag þangað austur því að þar eru veður oft vond og válynd þegar snjóar og stormar geisa.

Ég vil, hæstv. forseti, ekki lengja þessa umræðu, en mér fannst nauðsynlegt að láta það koma skýrt fram að mín skoðun á þessu máli eða stuðningur við það byggist á því sem ég tel vera staðreyndir og sem ég tel vera reyndar dapurlegar staðreyndir og það er að því miður er að dofna yfir mannlífinu í miðbænum og ef Alþingis nyti ekki við hér veit ég hreint ekki hvernig það væri.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Hér hefur borið margt á góma og það væri tilefni til að ræða ýmislegt sem hér hefur verið sagt og jafnvel að fara nokkuð ítarlega út í sumt. En ég ætla ekki að gera þetta. Ég ætla að neita mér um það og ekki lengja umræðuna.

Ég ætla t.d. ekki að fara að ræða sérstaklega við hv.

6. þm. Norðurl. e. Í hans ræðu áðan gætti töluverðs misskilnings eins og fram kom þegar hann talaði fyrir þáltill. varðandi ráðhúsið í byrjun nóvember á þessu þingi. Við áttum þá orðaskipti um hin margvíslegustu efni, m.a. netlög Alþingis í Tjörninni. En ég ætla ekki að fara að ræða það nú.

Það væri ástæða til þess sérstaklega að ræða það sem hér hefur komið fram hjá ýmsum sem eru að velta fyrir sér hvaða hús í nágrenninu væri rétt að kaupa og þá annað en Borgina. Síma- og pósthúsið hefur t.d. verið þar nefnt og fleira. Látum þetta vera ef menn eru að hugsa um bráðabirgðalausn. En ég undirstrika það: Ef menn eru að hugsa um framtíðarlausn sem byggist á því að þetta gamla Alþingishús verði notað til frambúðar er það ekki hægt nema með byggingu í næsta nágrenni og slíkum tengslum að það svari til þess eins og um eina byggingu sé að ræða. Það er ekki hægt fyrir Alþingi til frambúðar að búa við öðruvísi húsakost. Það er ekki hægt fyrir Alþingi annað en hafa húsakost sem getur á þennan veg hýst alla starfsemi Alþingis eins og er hvarvetna þar sem er þokkalega búið um þjóðþing að þar er ein bygging sem rúmar alla starfsemi þingsins.

Ég stóð raunar upp einungis til að leiðrétta hæstv. forseta Sþ. Mér finnst að það sé nauðsynlegt að gera það um eitt atriði sem fram kom í ræðu hennar. Hún sagði að þegar samkeppnin um nýbyggingu Alþingis hafi farið fram hafi ekki verið vitað um ráðhúsið, eins og hún sagði orðrétt. Þetta er misskilningur sem er nauðsynlegt að leiðrétta. Það hefur verið vitað um ráðhúsið síðan 1967 að ráðhúsbygging var tekin inn í aðalskipulag Reykjavíkur. Síðan hefur verið vitað um ráðhúsið. Og þá var gert ráð fyrir og lengst af var gert ráð fyrir að ráðhúsið væri fyrir miðju enda Tjarnarinnar. En nú er gert ráð fyrir ráðhúsinu í norðvesturhorni Tjarnarinnar og það þýðir að þessi staðsetning er hagstæðari fyrir Alþingi en sú sem menn hafa búist við í nálega 20 ár.

Það segir í álitsgerð sem húsameistari ríkisins gaf fyrrv. forsetum snemma á síðasta ári, með leyfi hæstv. forseta:

„Núverandi tillaga að ráðhúsi er öllu hagstæðari fyrir hagsmuni Alþingis en vænta mátti eftir staðfestingu aðalskipulags Reykjavíkur frá 1967."

Við þetta vil ég svo bæta að þegar gengið var frá útboði og útboðslýsingu vegna samkeppni að nýbyggingu fyrir Alþingi var gert ráð fyrir ráðhúsi og þá var gert ráð fyrir ráðhúsinu á þeim stað sem það er nú að rísa. Þetta vil ég að komi fram til þess að það sé ekki misskilningur um grundvallaratriði og öllum megi vera það ljóst.

Hæstv. forseti sameinaðs þings taldi — ég heyrði ekki betur en hún segði að það væru góðar undirtektir undir þetta mál í þessum umræðum. En við erum búin að ræða þetta mál allt síðdegið í dag og það vekur athygli mína að það eru einungis þrír flm. sem mæla með samþykkt tillögunnar. Hins vegar er víðtæk samstaða um það sem hv. 2. þm. Suðurl. sagði. Hann sagði að það væri samstaða um að vísa þessu máli til hv. fjvn. Um það verður að sjálfsögðu víðtæk samstaða og ég vænti þess að málið fái þar verðuga meðferð.

Karl Steinar Guðnason:

Frú forseti. Það er ætíð svo að þegar á að byggja hús eða breyta einhverju rísa menn upp til andmæla. Það er mjög algengt á Íslandi. Og þá fyrst færist líf í málið. Andóf verður mikið. Maður finnur dæmi um þetta um allar jarðir. Menn fyllast eldmóði og fítonskrafti gegn breytingum, gegn því nýja, gegn því að horfa fram á veg.

Sú tillaga sem hér liggur fyrir fjallar um að kaupa Hótel Borg. Það hús var á sínum tíma glæsilegur vitnisburður um byggingarlist hér á landi og er það reyndar enn. Þar var líf mikið og fjör og eiga margir rómantískar minningar frá þeim stað. En það vill svo til að tíminn hefur liðið, árin hafa liðið og þjóðfélagið hefur breyst. Miðbærinn hefur breyst frá því að vera lifandi miðbær yfir í það að vera dauður miðbær. Miðbærinn í dag er dauður miðbær og það er ákvörðun borgarstjórnar Reykjavíkur að svo skuli vera. Ákvarðanir borgarstjórnar Reykjavíkur í skipulagsmálum hafa gert að verkum að miðbærinn er ekki neitt hjá því sem hann var. Lífið hefur færst annað. Það hefur flust frá Borginni og það er ekki Alþingis að breyta því. Reyndar þori ég að fullyrða að við það að Alþingi kaupi þessa byggingu færist fyrst líf í bygginguna. Ég er sannfærður um það, enda er það ekki tilviljun að húsið er til sölu.

Hver hótelhaldarinn á fætur öðrum hefur gefist upp. Það er ekki grundvöllur fyrir þessum rekstri, hvorki veitinga- eða hótelrekstri, og þess vegna er húsið til sölu. Breytingar hvað varðar hótelrekstur og veitingarekstur hafa orðið þvílíkar að sá rekstur sem þarna hefur verið stendur ekki undir sér.

Öllum er ljóst sem hér eru hversu starfsaðstaða alþingismanna er ömurleg, hversu mikil þörf er á því að bæta úr, og öllum er okkur ljóst að í kringum þetta virðulega hús, Alþingishúsið, eru hvers kyns kofaræksni sem menn hafa haft starfsemina í og að úr því þurfi að bæta. Það er ekki bara að starfsaðstaða sé slæm heldur er hún líka mjög óhagkvæm. Þess vegna eru raddir um að kaupa þetta hús sem verður vafalaust góður kostur til bráðabirgða — ég ítreka til bráðabirgða. Ég er einn af þeim sem vilja byggja nýtt hús. Ég er einn af þeim sem telja þá teikningu sem fyrir liggur teikningu að glæsilegu húsi sem mun rísa. En það mun taka langan tíma. Ég geri mér það ljóst. En við eigum að reisa þá byggingu og hún verður sómi fyrir Íslendinga og mikil prýði fyrir Reykjavíkurborg. En að vera að standa í vegi fyrir að einhver hús séu keypt til að aðlaga starfsemina breytingum finnst mér með ólíkindum. Þess vegna tel ég að samþykkja eigi þessa tillögu.

Það hefur reyndar komið fram að í þingflokkunum er mikill vilji fyrir því að þetta hús verði keypt og því verði breytt eftir þörfum Alþingis. Það hafa nokkrir talað gegn þessu hér. Það er afar lítill minni hluti að mínu mati. (**Gripið fram í:** Talað gegn því hér?) Talað gegn því að kaupa þetta hús, talað gegn þessari

þáltill. En þó margir hafi talað í þessum ræðustól og fleiri verið á móti eru það afar fáir miðað við allan þingheim og það er mikill meiri hluti með þessari tillögu að mínu mati.

Hitt er annað mál að ég geri mér það alveg ljóst að sú kostnaðaráætlun, sem liggur fyrir hvað endurbætur snertir, er ekki raunhæf að mínu mati. Það verður dýrara að breyta. Menn eiga ekkert að vera að dylja þann sannleika. Eða gera sér annað í hugarlund. En við eigum heldur ekki að hopa af hólmi vegna þess. Við eigum að leysa húsnæðisvandamál Alþingis til bráðabirgða, kaupa þetta hús og gera það myndarlegt, myndarlegra en það er, gera starfsaðstöðuna góða og byrja strax að huga að nýrri byggingu þegar fé er fyrir hendi til að gera það.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Það þarf að ráða bót á aðstöðuleysi og vinnuaðstöðu þingmanna og starfsfólks þingsins. Það er sýnt að bygging ráðhússins mun tefja eða gera að engu áform um nýbyggingu á vegum Alþingis á þeim stað sem henni var fyrirhugaður. Kvennalistakonur lýstu reyndar efasemdum og andúð gegn því að bygging Alþingis risi á þeim stað sem henni var ætlaður á sínum tíma þegar það mál var hér til umræðu.

Það er bæði óhagræði og dýrt fyrir þingið að þurfa að dreifa þingmönnum og starfsfólki í átta hús þó svo að þau séu öll hér í nágrenninu. Þess vegna þarf að huga vel að því hvernig leysa megi húsnæðisvanda þingsins og því er þessi tillaga fram komin að húsnæði Hótel Borgar er til sölu, eins og hér hefur komið fram í umræðum áður.

Eftir nokkra athugun var sú leið talin ráðleg af forsetum þingsins og þingflokkum að kanna hagkvæmni þess að kaupa þetta húsnæði þó slík ráðstöfun yrði fyrst og fremst til bráðabirgða. Ég lít svo á að áður en af slíkum kaupum yrði þyrfti að kanna málið mjög vel, bæði af fjvn., forsetum og fulltrúum þingflokka áður en gengið yrði frá kaupum. Öllu varðar þó að aðstoð og þjónusta við þingmenn batni. Það er meginefni. Tími og starfsorka þingmanna nýtist illa vegna lélegrar starfsaðstöðu og skipulags. Hvaða breytingar sem gerðar verða á húsnæðismálum þingsins verða að taka mið af bættri aðstoð við þingmenn og þeim viðbúnaði og starfsfólki sem hún krefst. Það er algjört aðalatriði. Húsnæðið er jafnvel aukaatriði miðað við það.

Á sl. þingi unnu norskir ráðgjafar frá Habberstadfyrirtækinu að því að gera tillögur um hagræðingu og breytt skipulag og starfshætti Alþingis. Þessir ráðgjafar hafa þegar endurskipulagt starfshætti norska, danska og sænska þingsins. Margar þær tillögur sem komu frá þeim eru hinar ágætustu og yrðu til verulegra bóta ef þær kæmust til framkvæmda.

Ég átti sæti á fundum með þessum ráðgjöfum og starfsfólki þingsins sem fulltrúi Kvennalistans og fylgdist með störfum þeirra. Þar lagði ég m.a. til að þeir þingflokkar, sem hér eru nú í þinghúsinu með starfsemi sína, flyttu í önnur hús, en í staðinn kæmi nauðsynleg aðstoð við þingmenn sem hlýtur að þurfa að vera hér í þinghúsinu. Sem dæmi má nefna bókasafn sem afleitt er að hafa ekki í þessu húsi og er reyndar mjög vannýtt af þingmönnum vegna þess að það er í öðru húsi þó svo að það sé rétt í nágrenninu. Þetta var reyndar reynsla frá öðrum þjóðþingum þar sem nýting bókasafns hafði aukist til muna eftir að það var fært inn í þinghúsið frá því að hafa verið annars staðar. Tillaga þessi var reyndar tekin upp í tillögur ráðgjafanna ásamt ýmsum öðrum sem komu fram frá þingmönnum og starfsfólki þingins. Það væri reyndar mjög viðeigandi og nauðsynlegt að dreifa þeirri skýrslu sem ráðgjafarnir sendu frá sér og ræða hana meðal þingmanna og starfsfólks því að innra starfið sem hér fer fram og skipulag þess skiptir meginmáli og af því ætti í raun húsakosturinn að ráðast ef vel væri.

Ég mun ekki lengja mál mitt nú með því að ræða vanda gamla miðbæjarins þó svo að þess væri sannarlega þörf. Vandi hans ræðst ekki einungis af því hvort Hótel Borg verður áfram rekin sem hótel. Sá vandi er fjölþættari og flóknari og tengist skipulagsákvörðunum og þenslu borgarinnar, þéttingu menningar-, verslunar- og athafnakjarna á öðrum stöðum í bænum, búsetu manna, bílastæðum og mörgu, mörgu fleiru. Ég vil einnig leggja áherslu á það að engar verulegar breytingar eru fyrirhugaðar á húsnæði Hótel Borgar ef til kæmi að það hýsti starfsemi Alþingis um tíma. T.d. alls ekki niðurbrot á veggjum sem minnst var á að væru burðarveggir, mjög þykkir og erfitt að hreyfa. Því mætti auðveldlega breyta húsinu í hótel aftur þó síðar yrði.

Ég tel eðlilegt að fjvn. fái tækifæri til að kanna þetta mál og fjalla um það og taka alla þætti málsins til skoðunar, svo sem eins og hvernig megi losna við leiguhúsnæði sem Alþingi hefur þegar umráð yfir ef til kaupanna kæmi. Alla þessa þætti þarf að skoða gaumgæfilega í samhengi og meta síðan hagkvæmni þeirra. Meginatriði er þó að mínu viti, eins og ég hef áður sagt, að bæta verulega skipulag og starfsaðstöðu þingmanna.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins bæta örfáum orðum við þessa umræðu sem er orðin nokkuð löng um það mál, sem hér er á dagskrá, sem er að vísu þess vert að ræða það nokkuð ítarlega.

Ég vil fyrst taka það fram að ég er eindregið þeirrar skoðunar að þingið eigi að vera hér í gamla miðbænum til frambúðar og að það eigi að vinna að þeim lausnum. Í öðru lagi er ég þeirrar skoðunar að starfsaðstaða þingsins sé slík núna að það verði ekki komist hjá því að bæta úr henni sem allra fyrst og það þoli ekki bið. Þingið er, eins og komið hefur fram, dreift hér um Kvosina í fjölmörgum húsum, líklega yfir níu, og það er ógerlegt að koma við nokkurri hagkvæmni í störfum þar sem stofnunin er svo víða dreifð eins og hún er í dag. Þess vegna held ég að úrbætur í starfsaðstöðu þingsins geti ekki beðið byggingar nýs þinghúss. Hér hefur verið gerð frumhönnun

og samkeppni um þinghús, sem er glæsilegt og dýrt hús sem ekki eru áform um að byggja að sinni. Þess vegna held ég að kaupin á Hótel Borg séu réttur millileikur og að hjá því verði ekki komist að bæta aðstöðu þingsins með þeim hætti. Þess vegna er ég eindregið fylgjandi því að Hótel Borg verði keypt ef möguleikar eru á því. Ég verð að segja það að ég get ekki tekið undir að það skipti sköpum um líf eða dauða hér í miðbænum hvort hótel verður rekið þar áfram eða ekki. Það eru á því miklir annmarkar. Eigendur hótelsins treysta sér ekki til að reka það áfram og það er vandséð hvort aðrir treysta sér til þess frekar.

Hér nálægt miðbænum er reyndar glæsilegt hótel og virðulegt, sem er Hótel Holt, þannig að hótel er hér í grenndinni. Að öðru leyti ætla ég ekki að blanda mér í þær umræður. Ég ber fulla virðingu fyrir þeim sjónarmiðum að vegna sögu þessa hótels þurfi að varðveita það sem slíkt og ég ætla ekki að niðra þeim sjónarmiðum á neinn hátt. Síður en svo. Ég held bara að við eigum ekki þennan kost í dag. Ég held að húsinu sé ekki sýndur meiri sómi, eins og nú er, heldur en að starfsaðstaða þingsins flytjist þangað. Ég tel að þessu gamla og virðulega og sögulega húsi sé sýndur fullur sómi þannig. Það væri þá hugsanlega hægt að taka það til hótelrekstrar síðar, því ég lít á þetta sem millileik og ég lít svo á að það þurfi að vinna að húsnæðismálum Alþingis áfram. En áform um byggingu nýs þinghúss eru af þeirri stærðargráðu að það verður ekki ráðist í það næstu árin. Það er mjög fallegt hús og fer vel finnst mér hér á þessari torfu, en það er seinnitímamál.

Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð en ég styð eindregið þessa tillögu án þess að það dragi á neinn hátt úr framtíðaráformum um aðstöðu fyrir þinghald hér í gamla miðbænum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tilkynning frá utanríkisráðherra.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Sl. þriðjudag fór ég þess á leit við hæstv. forseta að mega gera hv. Alþingi grein fyrir þeim atburðum sem urðu föstudaginn 7. apríl sl., þegar kjarnorkuknúinn sovéskur kafbátur sökk, og enn fremur gera Alþingi grein fyrir þeim upplýsingum sem aflað hefur verið um þetta mál sem með ýmsum hætti getur varðað íslenska lífshagsmuni.

Föstudaginn þann 7. apríl, kl. 11.41 að Greenwich-meðaltíma, kom upp eldur í sovéskum kjarnorkuknúnum kafbáti af svokallaðri MIKE-gerð samkvæmt flokkunarkerfi Atlantshafsbandalagsins. Báturinn var smíðaður árið 1983. Hann var staddur á Vestur-Barentshafi, um 180 km suðvestur af Bjarnarey, 500 km frá Noregsströndum, 1600 km frá Íslandsströndum. Báturinn var á alþjóðlegri siglingaleið.

Samkvæmt upplýsingum norska landvarnarráðuneytisins barst neyðarskeyti frá bátnum um þremur stundarfjórðungum síðar eða um kl. 12.30. Báturinn var þá á yfirborði sjávar en talið er að hann hafi verið neðansjávar þegar eldur kom upp. Samkvæmt norskum heimildum lögðu þrjú sovésk skip og tvær flugvélar þegar af stað í átt að slysstaðnum þegar líða tók á föstudaginn. Mikill eldur mun hafa komið upp í einum hluta bátsins. Fyrir hádegi tók eldurinn að dreifast til fleiri hluta skipsins. Sprenging varð í honum og báturinn fékk á sig slagsíðu. Áhöfnin hóf þá að yfirgefa bátinn sem byrjaði að sökkva. Sovésk stjórnvöld fullyrða að þá hafi þegar verið búið að slökkva á kjarnaofni bátsins. Báturinn sökk síðan kl. 17.15 og er dýpið á þessum slóðum talið 1500–1600 metrar. Búist er við því að báturinn liðist í sundur en tveir kjarnaofnar sem eru í bátnum eru taldir það sterkbyggðir að þeir standist þrýsting á þessu dýpi.

Kafbáturinn er búinn tundurskeytum og eru tvö þeirra samkvæmt sovéskum upplýsingum með kjarnahleðslum. Talið er ólíklegt að þau skeyti og kjarnaofnarnir muni valda geislavirku úrfelli.

Mörgum úr áhöfninni tókst að yfirgefa bátinn áður en hann sökk, en talið er að 42 áhafnarmenn hafi farist og 27 komist lífs af. Sovésk yfirvöld afþökkuðu hjálp Norðmanna við björgunaraðgerðir sem boðin var. Talsmaður norska landvarnarráðuneytisins, Erik Sendstad, sagði að Sovétmenn hefðu hafnað boði þeirra Norðmanna um að svokallaðar SEA-KING-þyrlur frá norskum flugvelli um 370 mílur frá slysstaðnum kæmu til hjálpar, en hann neitaði að láta uppi álit um það hvort Norðmönnum hefði verið kleift að bjarga fleiri mannslífum. En samkvæmt sovéska dagblaðinu Komsomolskaja Pravda er því haldið fram að ef þetta boð hefði verið þegið hefði það örugglega dugað til þess að bjarga fleiri mannslífum. Þess skal getið að utanrrh. hefur fyrir hönd ríkisstjórnarinnar flutt utanríkisráðherra Sovétríkjanna samúðarkveðjur vegna þessa mannfalls.

Daginn eftir að þessi tíðindi gerðust, þ.e. laugardaginn 8. apríl, létu norsk stjórnvöld taka sýni úr sjónum á slysstað til þess að kanna hvort þar væri geislamengun að finna og samkvæmt síðustu upplýsingum finnst þar engin slík mengun. Sýnin voru tekin strax á laugardag og niðurstöðum rannsókna á hinum fyrstu sýnum var lokið á aðfaranótt mánudagsins kl. 3 og á því voru þessar niðurstöður byggðar. Hins vegar hefur verið frá því skýrt að komið hafi verið fyrir á hafsbotni í grennd við kafbátinn útbúnaði til þess að halda áfram mælingum.

Þess skal getið að upplýsingar voru að berast í dag frá þeirri stofnun norska ríkisins sem nefnist Statens Institutt for Strålhygiene. Þar er gerð nánari grein fyrir niðurstöðum af sýnatöku og rannsóknum á þeim og mér hefur skilist að hæstv. heilbrrh. muni gera grein fyrir þeim niðurstöðum hér á eftir. Ég læt mér því nægja í þessari greinargerð að vísa til þessara niðurstaðna sem staðfesta það sem nú þegar hefur

verið sagt að geislavirkni hafi ekki mælst umfram náttúrleg mörk samkvæmt þessum rannsóknum, en ég legg áherslu á það að menn bíða enn eftir niðurstöðum af seinni sýnatökum og ég geri ráð fyrir því að heilbrrh. geri nánari grein fyrir því hér á eftir, enda þær upplýsingar á hans verksviði þar sem Geislavarnir ríkisins heyra undir hann.

Það er staðreynd að sovésk stjórnvöld sinntu ekki samningsbundnum skuldbindingum sínum um tilkynningarskyldu í þessu tilviki. Þær upplýsingar sem íslensk stjórnvöld fengu í hendur á föstudagskvöldið eru þess vegna fyrst og fremst byggðar á tvennum heimildum, þ.e. annars vegar upplýsingum frá varnarliðinu hér á Íslandi en þó fyrst og fremst á upplýsingum sem komnar eru frá norskum stjórnvöldum fyrir milligöngu norska utanríkisráðuneytisins.

Um leið og íslenskum stjórnvöldum barst vitneskja um þessa atburði á föstudagskvöldið 7. apríl, þá var það mat okkar á þeim upplýsingum að ekki væri yfirvofandi hætta á ferðum fyrir Íslendinga og hafsvæðið umhverfis landið. Um leið og sæmilega áreiðanlegar upplýsingar höfðu borist hafði utanrrn. þegar samband við varnarliðið og var í tíðum samtölum við fulltrúa þess, sem og við sendiráð Sovétríkjanna hér í Reykjavík, við utanríkisráðuneytið í Osló og síðan sendiráð Bandaríkjanna í Reykjavík og sendiráð Noregs í Reykjavík. Óskað var eftir nákvæmari og ítarlegri upplýsingum frá öllum þessum aðilum um þetta mál. Þá var einnig haft samband við Geislavarnir ríkisins og Hafrannsóknastofnun og þær beðnar um að meta ýmsa þætti þeirra upplýsinga sem voru að berast föstudagskvöldið. Utanrrh. gerði forsrh. grein fyrir tíðindunum sem aftur hafði samband við dómsmrh. sem mun hafa kvatt almannavarnaráð saman eða óskað eftir því að það kæmi saman og mun það hafa gerst á aðfaranótt laugardagsins.

Það er rétt að upplýsa það hér að beint skilvirkt samband er á milli varnarliðsins, Landhelgisgæslunnar, Almannavarna, lögreglunnar og varnarmálaskrifstofu. Komi til hættuástands að mati varnarliðsins þá hefur það samstundis samband við þessar stofnanir og almannavarnakerfi þeirra fer þá strax í gang. Ekki þótti ástæða til að stíga það skref miðað við þær upplýsingar sem borist höfðu eins og síðar kom á daginn. Á tíunda tímanum um kvöldið náði varnarmálaskrifstofan sambandi við utanrrh. og upplýsti hann um málið og um svipað leyti náðist einnig í helstu yfirmenn utanrrn.

Utanrrh. var jafnóðum gerð grein fyrir þeim upplýsingum sem bárust um slysið, m.a. hvar og hvenær slysið varð og það mat tilkvaddra dómbærra aðila að ekki stafaði bráðri hættu af því gagnvart íslenskum hagsmunum og eins að talið var þá þegar að einhver mannbjörg hefði orðið. Fréttatilkynning var send Ríkisútvarpinu á aðfaranótt laugardags og önnur fréttatilkynning var gefin út um málið á laugardag. Vakt var í ráðuneytinu og samband við upplýsingaaðila alla helgina.

Samkvæmt heimild íslenska sendiráðsins í Osló gerði sendiráð Sovétríkjanna fyrst opinberlega grein fyrir málinu kl. 04.20 laugardaginn 8. apríl, níu klukkustundum eftir að atburðurinn hafði átt sér stað. Þar var um að ræða skilaboð frá Gorbatsjov, forseta Sovétríkjanna, til Gro Harlem Brundtland forsætisráðherra Noregs. Opinberlega hafa samkvæmt þessari heimild Norðmenn lýst óánægju með hversu seint Sovétmenn gerðu grein fyrir málinu og hefur Stoltenberg, utanríkisráðherra Noregs, m.a. látið þá skoðun sína í ljósi í fjölmiðlum.

Johan Jörgen Holst, varnarmálaráðherra Noregs, sagði á laugardagsmorgni 8. apríl að sovéskir embættismenn hefðu fullvissað sig um það að engin hætta væri á geislamengun frá bátnum. Anna Alvik, yfirmaður neyðarráðs norsku stjórnarinnar, þ.e. svokallaðs „aksjons utvalg ved atomulykke", sagði einnig á fréttamannafundi að hún lýsti þessum atburði sem „ikke kritisk". Þessi nefnd, „aksjons utvalg ved atomulykke", var kvödd saman kl. 24, þ.e. á miðnætti föstudaginn 7. apríl í Osló.

Það er ekki fyrr en á laugardagsmorgun sem Gorbatsjov Sovétleiðtogi kemur boðum áleiðis til forsrh. Noregs, Gro Harlem Brundtland, um það að tekist hefði að slökkva á kjarnaofni kafbátsins áður en hann sökk og fullyrti að ekki væri ástæða til að óttast geislamengun. Í skeytinu voru einnig staðfestar ýmsar fréttir af slysinu eins og t.d. að kafbáturinn hefði sokkið, manntjón hefði orðið, tímasetningar og fleira. Milli kl. 10 og 11 á föstudagskvöldið var samkvæmt mínum fyrirmælum haft samband við sendiherra Sovétríkjanna á Íslandi og hann beðinn um að koma þegar í stað á framfæri við íslensk stjórnvöld þeim upplýsingum sem Sovétmenn hefðu fram að færa um þetta mál. Það var ekki fyrr en kl. 13.40 laugardaginn 8. apríl eða um 15 klukkustundum síðar sem utanrrn. barst fyrst tilkynning frá sovéska sendiráðinu. Það var reyndar fréttatilkynning Tass-fréttastofunnar um málið og var samhljóða orðsendingu Gorbatsjovs til Gro Harlem Brundtland, forsætisráðherra Noregs, og eins og síðar er orðið upplýst, orðsendingum til forseta Bandaríkjanna og forsætisráðherra Bretlands. Þessi fréttatilkynning var samtímis send til íslenskra fjölmiðla.

Eins og áður er vikið að var þá um kvöldið haft samband við Geislavarnir ríkisins og stofnunin beðin um álitsgerð um málið strax á grundvelli þeirra upplýsinga sem þá voru fyrir hendi. Í greinargerð sem síðan var tekin saman, og dagsett er þriðjudaginn 11. apríl, af hálfu Geislavarna segir, með leyfi forseta:

„Ekki er hægt að leggja raunhæft mat á afleiðingar slyssins fyrr en Sovétmenn veita upplýsingar um kjarnakljúfinn og brennsluefnið, svo og um kjarnaflaugarnar. Fremur ólíklegt verður að telja að þeir veiti slíkar upplýsingar vegna þeirrar leyndar er hvílir yfir þeim. Yfirlýsingar Sovétmanna gefa til kynna að brennsluefnið leysist ekki upp í sjónum svo og að hlífarnar umhverfis kjarnakljúfinn séu traustar. Mikilvægt er að utanrrn. afli upplýsinga frá Norðmönnum um þær spurningar varðandi kjarnakljúfinn og brennsluefnið sem þeir hafa óskað eftir svörum við frá Sovétmönnum."

Á miðvikudagsmorgun, gærmorgun kl. 9, kvaddi utanrrh. sendiherra Sovétríkjanna á sinn fund. Á þeim fundi flutti ég sendiherra Sovétríkjanna enn samúðarkveðjur fyrir hönd íslensku ríkisstjórnarinnar vegna dauðsfallanna. En það sem gerðist á þeim fundi var annars í aðalatriðum þetta: Ég lýsti mikilli óánægju íslensku ríkisstjórnarinnar með það að svo langur tími skyldi líða frá því að slysið á sér stað án þess að sovésk stjórnvöld sæju ástæðu til að tilkynna þeim þjóðum sem augljósra hagsmuna áttu að gæta um slysið, sem og að svo langur tími skyldi líða frá því að af hálfu íslenska utanrrn. er leitað til sovéska sendiráðsins með kröfu um upplýsingar þar til þær berast. Jafnframt lýsti ég því yfir að því færi fjarri að þær upplýsingar væru nægilegar. Jafnframt spurðist ég fyrir um það hvort rétt væri hermt að sovésk stjórnvöld hefðu afþakkað boð um hjálp sem borist hefði, og vitnaði þar til norskra heimilda. Meginatriðið væri hins vegar það að enn skorti mikið á að sovésk stjórnvöld hefðu fullnægt sjálfsagðri og reyndar samningsbundinni tilkynningarskyldu sinni, skyldu sinni um að koma á framfæri við hið alþjóðlega samfélag ítarlegum upplýsingum sem dygðu til þess, m.a. fyrir vísindamenn annarra þjóða, að reyna að leggja sjálfstætt mat á þær upplýsingar og gildi þeirra.

Ég óskaði þess vegna eindregið eftir því að sovéski sendiherrann leitaði eftir því hið fyrsta við yfirboðara sína að slíkar upplýsingar yrðu látnar í té, tæknilegar upplýsingar, m.a. um tegund kjarnakljúfs, brennsluefni og fleiri tæknileg atriði. Jafnframt hvað sovésk stjórnvöld hygðust gera strax á næstunni til þess að rannsaka hugsanlegar afleiðingar slyssins sem og hver væru áform sovéskra stjórnvalda að því er það varðaði að reyna að ná flakinu af hafsbotni og þá að sjálfsögðu kjarnakljúfinum sjálfum og eins þeim eldflaugum sem upplýst var að væru hlaðnar kjarnaoddum. Ég skýrði sendiherranum frá því að ég hefði fyrir alllöngu síðan gengið eftir því við bandarísk stjórnvöld að fá greinargerð um öryggi og slysatíðni að því er varðaði kjarnorkuknúna bandaríska kafbáta og mér hefði nýlega borist slík greinargerð sem ég mundi gera ráðstafanir til þess að birta. Ég sagði í framhaldi af því að ég óskaði hér með eftir því að sendiherrann hefði milligöngu um það að af hálfu sovéskra stjórnvalda yrði okkur látin í té sams konar greinargerð um öryggisferil að því er varðaði sovéska kjarnaknúna kafbáta, slysatíðni o.s.frv.

Ég skýrði sendiherranum frá því að ég hefði í hyggju að flytja Alþingi tilkynningu um málið og veita þar þær upplýsingar sem utanrrn. byggi yfir og óskaði þess vegna eindregið eftir því að þess yrði freistað að fá þessar upplýsingar frá sovéskum stjórnvöldum áður en þessar umræður hæfust. Það skal tekið fram að þessar upplýsingar hafa ekki borist.

Þess skal getið að þriðjudaginn 11. apríl birtist í sovéskum fjölmiðlum viðtal við Dimitri Yasov, varnarmálaráðherra Sovétríkjanna, um þetta mál. Í þessu viðtali fullyrðir varnarmálaráðherrann að geislavirkunarmengun af völdum slyssins sé útilokuð, eins og þar segir orðrétt, og að eyðilegging, eins og það er orðað, „destruction", á kafbátnum sjálfum sé einnig, eins og þetta er orðað í enska textanum „ruled out".

Nú er þess að geta að áleitnar spurningar hljóta að vaka í hugum manna um það hvað gerist, hvaða afleiðingar þetta kunni að hafa á næstunni og í framtíðinni jafnvel þótt menn treysti því, bæði samkvæmt sovéskum heimildum og eins rannsóknum t.d. Norðmanna, að það sé ljóst að ekki sé um að ræða mengun eins og mælinganiðurstöður gefa til kynna nú. En til þess að geta gengið úr skugga um það verða að berast ítarlegar upplýsingar frá Sovétmönnum sem enn hafa ekki borist, t.d. um brennsluefnið. Þess skal getið að af hálfu Norðmanna hefur einnig frá og með mánudagi, þ.e. 10. apríl, verið gengið eftir þessum upplýsingum og ég vitna hér til orðsendingar sem norsk stjórnvöld hafa komið á framfæri og norska sendiráðið í Moskvu afhenti sovéskum yfirvöldum. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

Hinn 10. apríl, þremur dögum eftir að slysið átti sér stað, afhenti norska sendiráðið í Moskvu sovéskum yfirvöldum erindi þar sem óskað var eftir upplýsingum varðandi kjarnaofna og tækjabúnað kafbátsins. Lögð var áhersla á eftirfarandi atriði:

1. Tegund kjarnaofnsins.
2. Afkastagetu ofnanna, þeir eru reyndar tveir, það er rétt að það komi fram.
3. Brennsluefni, þ.e. úraníum 235 og/eða plútoníum 239, hversu mikið auðgað það er.
4. Heildarmagn hins kjarnakleyfa efnis um borð.
5. Lýsingu á umbúnaði ofnanna.
6. Lýsingu á framleiðslueiningunni sjálfri.
7. Lýsingu á hlífum umhverfis ofnana.
8. Kæliefni, tegund, hitastigi og þrýstingi.
9. Hversu mikið af brennsluefninu innan borðs hafði verið notað.
10. Brennsla ofnanna á síðustu 14 dögum, mæld í megawatt-sólarhringum.

Spurningum þessum hefur enn ekki verið svarað. Norðmenn segjast jafnvel ekki eiga von á að Sovétmenn svari þeim öllum í bráð. Að sögn Geislavarna ríkisins er nauðsynlegt að öll framangreind atriði verði upplýst áður en unnt er að segja til um mögulega mengun á hafsvæðinu í framtíðinni.

Getgátur hafa verið uppi um að kafbáturinn hafi haft nýja tegund kjarnaofna innan borðs sem full reynsla hafi ekki verið komin á og að Sovétmönnum sé í mun að halda upplýsingum um þá leyndum. Sódíum og síðar natríum hafa til þessa verið einu kæliefnin sem notuð hafa verið. Margir hafa hins vegar leitt getum að því að Sovétmenn hafi nú fundið aðferð til að kæla kjarnaofnana með efnunum bísmút og blýi. Sé svo er þeim mun erfiðara að segja til um áhrif slyssins og þeim mun meiri nauðsyn á því að þær upplýsingar sem norsk stjórnvöld hafa krafið Sovétmenn um berist refjalaust.

Eins og ég sagði áður fer það mjög mikið eftir því hvaða upplýsingar er að fá um brennsluefnið sjálft hvernig menn meta áhættuna að því er framtíðina varðar. Það getur tekið 100–200 ár að mati vísinda-

manna áður en ryðgun er komin á það stig að efnin leysist út í hafið. Brennsluefnið dreifist þá bæði lárétt og lóðrétt en berst síðan með yfirborðsstraumum. Það geti falið í sér staðbundna aukningu á mengun, en þynning í svo gríðarlegu vatnsmagni mun hins vegar að öllum líkindum valda því að ytri geislun, þ.e. mælanleg í hafinu sjálfu verði hverfandi. Ég tek það skýrt fram að þetta er einungis mat vísindamanns sem við höfum haft samband við, en hann tók það jafnframt skýrt fram að niðurstöður um þetta fengjust engar með óyggjandi hætti öðruvísi en að fá milliliðalausar og refjalausar upplýsingar frá sovéskum stjórnvöldum.

Þess skal getið að af minni hálfu verður gerð um það tillaga á ríkisstjórnarfundi að íslenska ríkisstjórnin áskilji sér rétt til kröfu um skaðabætur vegna þessa máls vegna hugsanlegrar geislamengunar, ef hún kann að berast inn í íslenska fiskveiðilögsögu. Það er sjálfsögð varúðarráðstöfun. Þess skal einnig getið að íslenskir söluaðilar hafa fengið kröfur um að upplýsa með óyggjandi hætti þessa aðila um allar staðreyndir málsins í því skyni að fullvissa þá um það að engin hætta sé á mengun í íslensku umhverfi og íslenskum afurðum. Og ef ég skil rétt, þá hafi borist tilkynning um það að japönsk stjórnvöld hafi hert á slíkum kröfum. Þessum upplýsingum hefur verið svarað eftir réttum niðurstöðum af mælingum og það er með hliðsjón og vísan til þessa sem ég tel rétt að Íslendingar áskilji sér sinn rétt til skaðabóta í víðtækasta skilningi fyrir fram.

Virðulegi forseti. Það er ekki mikla vitneskju að fá um óhöpp um borð í sovéskum kjarnorkuknúnum kafbátum. Þó er talið að á síðustu 26 árum hafi 8 óhöpp orðið í slíkum bátum. Þessi atvik hafa ekki öll fengist staðfest af sovéskum yfirvöldum. Sem dæmi má nefna að kafbátur fórst undan ströndum Spánar árið 1970 og í október 1986 varð sprenging um borð í sovéskum janki-báti svokölluðum á Atlantshafi og hann sökk 600 mílur austur af Bermúda. Tveir bandarískir kjarnorkuknúnir kafbátar hafa sokkið, þ.e. US-Fresher og US-Scorpion. Geislamælingar hafa reglulega verið gerðar á slysstöðunum báðum og sýna þær að þrátt fyrir að bátarnir hafi skemmst mikið komst geislavirkt efni ekki út í umhverfið. Eina geislavirknin sem mældist var af völdum tæringar í kælikerfi. Þessi geislavirkni var minni en náttúrleg geislavirkni á hafsbotni.

Ég vék að því áðan að ég hefði fengið yfirlýsingu eða greinargerð frá bandaríska flotanum um öryggi við starfrækslu kjarnorkuknúinna skipa í bandaríska flotanum. Í þessari greinargerð er fullyrt að öryggismál kjarnorkuknúinna herskipa í eigu Bandaríkjamanna séu mjög öflug og það er fullyrt að aldrei hafi átt sér stað kjarnorkuslys í 35 ára sögu slíkra kjarnorkuknúinna skipa. Tæknibúnaði þessara skipa er lýst, öryggiskerfum o.s.frv. Þessar upplýsingar sé ég ekki ástæðu til að lesa hér úr ræðustól á Alþingi, heldur mun gera ráðstafanir til þess að þær verði birtar almenningi.

Þess skal síðan getið að Sovétríkin og Bandaríkin undirrituðu árið 1971 samning um kjarnorkuslys, Nuclear Accidents Measures Agreement, þar sem ríkin skuldbinda sig til að tilkynna hvort öðru strax þegar kjarnorkuslys verður. Og það er við ákvæði þess samnings sem er átt þegar sagt er að Sovétríkin hafi í þessu tilviki brugðist tilkynningarskyldu sinni samkvæmt samningsskuldbindingum. Alþjóðlegur samningur sem stórveldin urðu strax aðilar að var einnig undirritaður í september 1986 í kjölfar Tsjernóbíl-slyssins þegar Rússar viðurkenndu ekki í þrjá daga að slys hefði orðið. Sendu þeir hins vegar síðar Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni í Vín afar ítarlega og opinskáa sýrslu upp á 380 síður.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess hér um leið og ég upplýsi þetta mál að efna til umræðu um pólitískt mat á afleiðingum. Ég læt mér nægja að segja að þetta atvik minni okkur enn einu sinni á nauðsyn þess að knýja á um gagnkvæma samninga um afvopnun og eftirlit með vopnabúnaði á og í höfunum. Að öðru leyti vísa ég til þess að hv. alþm. gefst gott tilefni til að ræða þau mál nánar þegar umræða fer fram í byrjun næstu viku um skýrslu utanrrh. til Alþingis.

Ég vil geta þess að lokum að af hálfu stjórnvalda hefur rækilega verið farið ofan í saumana á viðbragðakerfi okkar Íslendinga af þessu tilefni og sérstakur fundur hefur verið boðaður með öllum þar til bærum aðilum. Frumkvæði að þeirri fundarboðun hefur varnarmálaskrifstofa utanrrn. og á þann fund hafa verið boðaðir fulltrúar frá dómsmrn., Almannavörnum, Geislavörnum, Landhelgisgæslu, Hafrannsóknastofnun og lögregluyfirvöldum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég hef ekki út af fyrir sig miklu að bæta við það sem fram hefur komið í skýrslu hæstv. utanrrh. um mál þetta og atburði, en vil þó segja vegna þess sem fram kom hjá honum að Geislavörnum ríkisins hafa í dag borist upplýsingar um rannsóknir á vegum hliðstæðrar stofnunar í Noregi.

Eins og fram kom í ræðu hæstv. utanrrh. bentu fyrstu niðurstöður mælinga Norðmanna ekki til þess að geislavirk efni hafi borist í hafið frá kafbátnum og samkvæmt skeyti sem barst í dag, dagsett 13. apríl kl. 9 í morgun, þá segir þar að þessi norska stofnun hafi móttekið átta sýni sem tekin hafi verið á 1600 metra dýpi. Þá þegar höfðu fjögur þessara sýna verið rannsökuð ítarlega og sýndu þau ekki nein merki þess að geislavirk efni gætu skrifast á þetta slys. Í skeytinu segir einnig að hinar prufurnar verði rannsakaðar frekar í dag og megi vænta endanlegrar niðurstöðu á morgun, en þó þurfi lengri tíma og frekari rannsóknir til þess að heildarniðurstöður liggi fyrir. En allt bendir sem sagt til þess að ekki sé um að ræða neina geislavirkni enn sem komið er sem rekja megi til slyssins.

Að öðru leyti langar mig aðeins að nefna það í sambandi við afskipti Geislavarna ríkisins af þessu máli, þ.e. möguleika Geislavarnanna til að fylgjast

með því sem kann að gerast og þeirri þróun sem nauðsynlegt er að fylgjast vel með, ekki síst fyrir okkur Íslendinga, að þá hafa rannsóknarstofur Geislavarna ríkisins því miður ekki enn verið teknar í notkun. Geislavarnirnar hafa nýlega flutt í nýtt húsnæði og það tókst því miður ekki að ljúka við það að fullu á seinasta ári, en nú er unnið við það að fullbúa þessar rannsóknarstofur og þá á að vera hægt að taka í notkun þann fullkomna búnað sem við höfum þar til afnota. Vonandi verður því verki lokið á miðju þessu ári eða um mánaðamót júní/júlí. Það má einnig nefna það að fyrir þessum framkvæmdum eru fjárveitingar í ár þannig að það er séð fyrir endann á því verki og verður auðvitað reynt að hraða því eins og kostur er. En við höfum ekki nægjanlegar bakgrunnsupplýsingar um geislavirkni á hafsvæðum umhverfis Ísland eins og við hefðum þurft að hafa í dag. Það hefur verið að störfum starfshópur á vegum samgrh. þar sem fulltrúar frá Siglingamálastofnun og Geislavörnum ríkisins hafa átt samstarf og hafa undirbúið tillögur um það, hvernig hægt sé að standa að slíkri upplýsingaöflun og rannsóknum á hafsvæðinu hér umhverfis Ísland. Til þess að geta nú þegar búið okkur betur hvað þetta varðar þarf að veita fjárveitingu til tækjabúnaðar hjá Geislavörnunum sem er svo sem ekki stór upphæð en þó 1100–1200 þús. kr., rúm milljón, og auk þess þarf að útbúa skip Hafrannsóknastofnunarinnar til þess að þau geti auðveldlega tekið sýni á hafsvæðinu hér í kring. Þá ættum við að geta aflað okkur miklu betri grunnupplýsinga og síðan auðvitað fylgst með þeirri þróun sem hér kann að verða.

Eins og fram kom hjá hæstv. utanrrh. hefur það þegar gerst að komið hafa aðvaranir um það að hertar kröfur kunni að verða gerðar til þeirra vottorða sem krafist er af Geislavörnum ríkisins varðandi okkar sjávarafurðir. Það er auðvitað mjög mikilvægt að við getum gefið slík vottorð vegna þess að þær fáu mælingar sem fram hafa farið gefa til kynna að geislavirkni hér sé með því lægsta sem gerist og mun minni en hjá flestum þeim þjóðum sem við eigum í samkeppni við um markað fyrir sjávarafurðir og það er mikilvægt að við getum gefið slík vottorð sem treysta má og auðvitað er vonandi að svo verði áfram eins og hingað til hefur verið, að þetta slys hafi ekki í för með sér alvarlegar afleiðingar.

Þá langar mig einnig að nefna að það er nauðsynlegt að gera samninga við nágrannaþjóðirnar um að Íslandi verði tafarlaust tilkynnt um slys sem þessi. Það mun ekki vera í gildi slíkur samningur milli Íslands og nágrannaþjóðanna, en um það hefur verið rætt áður og það þarf að hrinda því í framkvæmd að gengið sé endanlega og formlega frá slíkum samningi á milli Íslands og nágrannaþjóða.

Að lokum, virðulegi forseti, vil ég aðeins segja það að hvað lýtur að Geislavörnum ríkisins er ljóst að ef okkur tekst nú á næstu vikum að búa þá stofnun betur en er í dag, og hvort heldur er mun stofnunin að sjálfsögðu halda áfram að fylgjast með málinu að því er lýtur að hennar verksviði og gefa stjórnvöldum upplýsingar um framvindu mála, fylgjast með því sem er að gerast hjá Norðmönnum og að sjálfsögðu reyna að koma þeim upplýsingum hið fyrsta á framfæri.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon): Virðulegur forseti. Þetta óhapp hefur enn minnt okkur Íslendinga á það hversu mikið við eigum í húfi þar sem eru auðlindir hafsins. Það minnir okkur líka á það eða dregur athyglina að því hvernig við stöndum að þeim málum og hvernig við erum í stakk búin til þess að fylgjast með og grípa til ráðstafana ef þessari mikilvægustu auðlind okkar er á einhvern hátt ógnað.

Sú stofnun íslensk sem fer með þau mál er tengjast mengun hafsins og varnir gegn því er mengunarvarnadeild Siglingamálastofnunar og hún heyrir enn sem komið er, samkvæmt núgildandi stjórnskipun landsins hvað sem verður nú á næstunni, undir Siglingamálastofnun og samgrn. Þar hefur að sjálfsögðu verið fylgst með þessu máli og eins og hér kom reyndar fram í máli hæstv. heilbrrh. er starfandi á vegum samgrn. samstarfsnefnd þeirra aðila sem sérstaklega tengjast mælingum og rannsóknum á mengun hafsins. Þar er fyrst og fremst um að ræða mengunarvarnadeild Siglingamálastofnunar, Geislavarnir ríkisins og sérfræðinga Hafrannsóknastofnunar.

Ég gerði ráðstafanir til þess að þessi nefnd kæmi saman svo fljótt sem verða mætti eftir að þetta óhapp varð og óskaði eftir því að sérstaklega yrði farið yfir það á fundi nefndarinnar hvort unnt væri og hvað til þyrfti að unnt væri að flýta þeirri ákvörðun, sem reyndar hafði þegar verið tekin, um að hefja reglubundnar mælingar á mengun hafsvæðanna hér í kringum landið. Það er einfaldast að segja það eins og er að um reglubundnar mælingar sem standa undir því nafni hefur í raun ekki verið að ræða og þetta minnir okkur enn einu sinni á þá þörf að við sjálfir komum okkur upp tækjabúnaði, mannafla og þekkingu til þess að geta fylgst með ástandi hafsvæðanna hér, mælt mengun og brugðið við ef atvik af þessu tagi koma upp. Ég hygg að það muni skýrast þegar í næstu viku og hér hafa reyndar þegar komið fram upplýsingar hvað snertir þann búnað sem Geislavarnir þurfa til þess að geta sinnt þeim hluta málsins, þ.e. mælingum á geislavirkni. Einnig eru í athugun möguleikar okkar á samstarfi við aðrar þjóðir á þessu sviði, bæði varðandi mælingar á geislavirkni og reyndar á fleiri mengunarvöldum. Það er alveg ljóst að það er áhugi á því hjá ýmsum öðrum þjóðum að styðja við bakið á okkur Íslendingum um að annast reglubundnar mælingar á þessu hafsvæði. Þar á meðal munu frændur vorir Svíar vera tilbúnir til þess að taka þátt í kostnaði af því tagi með okkur.

Að lokum, virðulegur forseti, vil ég leyfa mér að bera fram þá frómu ósk að þetta atvik verði til þess að við tökum á okkur nokkra rögg, Íslendingar, og breytum því sem lengst af hafa verið orð í athafnir, þ.e. því sem við höfum oft og tíðum fjallað um og haldið um ræður, að við viljum mikið á okkur leggja til að berjast gegn mengun hafsins og afstýra óhöpp-

um af þessu tagi og öðrum sem ógnað geta vistkerfinu á okkar hafsvæðum. Ég vil leyfa mér að vona að þetta hvetji okkur til að fara að breyta þeim orðum, svo fróm og ágæt sem þau eru, í athafnir og tökum frumkvæði í að berjast gegn mengun hafsins af hvaða toga sem er.

Því hefur stundum verið fleygt undanfarna daga að hin nýju landhelgismál okkar Íslendinga snúist um hvalveiðar. Ég hef ekki tekið undir það sjónarmið, en ég er tilbúinn til að taka undir það að hin nýju landhelgismál og hið nýja landhelgisstríð okkar Íslendinga gætu á næstu árum og áratugum snúist um baráttuna gegn mengun hafsins. Auðvitað er það til lítils fyrir okkur að hafa náð að færa út landhelgina og náð fullveldi okkar og þjóðarrétti viðurkenndum, hvað snertir efnahags- og auðlindalögsögu okkar, ef við náum ekki að verja hana og halda henni þannig að hún skili okkur þeim verðmætum sem við lifum af.

Því tel ég að þetta eigi ekki síst að vera okkur áminning og hvatning um að við þurfum að gera meira en tala um þessa hluti og ég veit ekki hvaðan frumkvæðis ætti að vera að vænta í þeim málum sem snúa að baráttu gegn mengun hafs ef ekki frá Íslandi.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Við erum hér að ræða stórmál. Það slys sem varð suðvestur af Bjarnarey á föstudaginn var er mjög stórt mál þótt geislamengun eftir þetta óhapp hafi ekki verið staðfest og það er sannarlega ástæða til þess og þó fyrr hefði verið að taka það til umræðu á Alþingi. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir þá skýrslu sem hann hefur gefið þinginu um viðbrögð við þessu slysi og þær aðgerðir sem hann hefur haft í frammi til að afla fyllri upplýsinga um það sem þarna gerðist og þá alveg sérstaklega um þann búnað og þau efni sem eru um borð í flakinu af þessum kjarnorkukafbáti svo að Íslendingar geti lagt mat á hættuna sem þarna er á ferðinni í þeirri tímasprengju sem hvílir á hafsbotni langt undir yfirborði sjávar.

Það er nauðsynlegt fyrir okkur að átta okkur á því að það þarf að ganga fast fram þegar bornar eru upp kröfur um upplýsingar þegar kjarnorkuiðnaðurinn á í hlut. Menn þekkja það væntanlega að óvíða er leyndarhjúpurinn jafnmikill og í kjarnorkuiðnaði. Þar nægir að benda á kjarnorkuiðnað til raforkuframleiðslu, kjarnorkuver sem vel eru þekkt hér á landi, og þann leyndarhjúp sem hvílir yfir þeim óhöppum sem þar hafa orðið. Hvað þá þegar um hernaðarhagsmuni er að ræða eins og í sambandi við þennan kjarnorkukafbát sem snerta allan búnað, herbúnað á sjó og tengjast kjarnorkuvopnum og kjarnakljúfum sem knýja skip og kafbáta. Ég tel að þær kröfur sem hæstv. ráðherra hefur borið fram við sovésk yfirvöld séu í fyllsta máta réttmætar og þar eigum að ganga mjög ákveðið fram og krefjast svara. Við eigum ekki að láta okkur nægja að sovésk yfirvöld svari norskum stjórnvöldum þeim spurningum sem norsk yfirvöld og norskar stofnanir höfðu borið fram og hæstv. ráðherra rakti hér. Við eigum að fara fram á að fá svör við þeim spurningum beint til okkar. E.t.v. fólst það í orðum hæstv. ráðherra og samtölum við sendiherra Sovétríkjanna, ég tók ekki alveg nógu vel eftir hvað hann sagði um það efni í sinni ræðu hér áðan.

Ég tel að þetta atvik kalli á að við Íslendingar leitum sem fyllstra upplýsinga um það sem er að gerast í höfunum í kringum okkur, hér upp við strendur landsins, í sambandi við vígtólin sem þar eru á ferð allt í kringum landið. Að við áttum okkur á, hafi menn ekki gert það nú þegar, þeirri geigvænlegu hættu sem hagsmunum okkar þjóðar er búin vegna þessa herbúnaðar. Ferðir kjarnorkuknúinna kafbáta, sovéskra, bandarískra og frá öðrum ríkjum eins og Frakklandi og Bretlandi, er staðreynd hér í norðurhöfum. Tölur yfir þessi fley, ef nota má það skáldlega heiti yfir þessar vígvélar, eru nokkuð á reiki. Mér er ekki kunnugt um að NATO hafi t.d. gefið upp opinberlega fjölda kafbáta í sínu liði sem á ferðum eru í heimshöfunum og margt fleira er óljóst í þessu efni. Varsjárbandalagið hefur samkvæmt nýlegum upplýsingum hjá starfsmönnum Öryggismálanefndar talið kjarnorkukafbátana sín megin á norðurslóðum eða í Evrópu vera um 228 talsins en hjá NATO 200. Þetta eru þeirra tölur, e.t.v. ýktar og rangsnúnar, en frá Atlantshafsbandalaginu hafa ekki komið fram hliðstæðar tölur.

Við skulum gera okkur í hugarlund hvað það þýddi fyrir okkur ef atburður af því tagi sem gerðist um 1600 km norðaustur af landinu sl. föstudag hefði orðið í grennd við Ísland á fiskimiðum á Selvogsbanka eða austur við Hvalbak svo að dæmi séu tekin. Hvar værum við stödd í umræðunni um þessi mál ef við færðum atburð af þessu tagi svolítið nær okkur? Ætli það hefði ekki verið tilefni til snarpra viðbragða á Alþingi Íslendinga og af hálfu íslenskra stjórnvalda hver sem í hlut hefði átt? Þetta eru atburðir sem geta gerst hvenær sem er, geta yfir okkur dunið eins og málum er nú háttað varðandi umferð kjarnorkuknúinna farkosta á hafinu í grennd við landið. Kjarni þessa máls er því í rauninni, jafnhliða því sem leitað er sem fyllstra upplýsinga og reynt að svipta leyndarhjúpnum sem tengist þessum atburði, þessum kjarnorkukafbáti og búnaði hans og gerð, að Ísland taki nú á sig rögg og knýi á um það af alvöru að hafnar verði viðræður milli kjarnorkuveldanna og risaveldanna með bátttöku annarra ríkja um afvopnun á höfunum. Það má ekki dragast marga daga að vart verði viðbragða og stefnumótunar af hálfu íslenskra stjórnvalda í þá átt. Að íslensk stjórnvöld geri þær kröfur að sínum, sem tillögur liggja fyrir um á Alþingi og margsinnis hafa verið ræddar á þingi á undanförnum árum, að stefna okkar ætti að vera sú að hafa um það frumkvæði að afvopnunarviðræður hæfust varðandi heimshöfin og alveg sérstaklega varðandi norðurslóðir.

Ég minni á það að sl. mánudag var lögð fram í þinginu till. til þál. um kjarnorkuafvopnun á norðurhöfum flutt af fjórum hv. alþingismönnum úr fjórum þingflokkum. Ég vil leyfa mér að rekja efni þeirrar tillögu, með leyfi virðulegs forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hafa frumkvæði að því að kveðja hið fyrsta saman alþjóðlega ráðstefnu til að ræða um afvopnun á höfunum og undirbúa samningaviðræður með sérstöku tilliti til kjarnorkuafvopnunar á norðurhöfum. Jafnframt verði leitað eftir því við ríki sem eiga kjarnorkukafbáta og kjarnorkuknúin skip í norðurhöfum að þau takmarki umferð þeirra í grennd við Ísland og að aðrar tiltækar ráðstafanir verði gerðar til að bægja frá hættu af geislamengun vegna slysa og óhappa."

Í rökstuðningi fyrir þessari tillögu er minnt á fjölmörg slys og óhöpp sem vitað er um og upplýsingar liggja fyrir um að orðið hafi fyrir utan hin fjölmörgu tilvik sem tekist hefur að þegja yfir af hlutaðeigandi ríkjum og hernaðaryfirvöldum. Í rauninni finnst manni óþarfi að rökstyðja slíka tillögu með mörgum orðum og ég ætla að spara mér það hér og nú. Svo sjálfsagt virðist manni, miðað við það sem er í húfi, að þessi stefna verði opinber stefna íslenskra stjórnvalda og að þau reki af sér slyðruorð sem safnast hafa fyrir á mörgum árum. Íslensk stjórnvöld hafi um það frumkvæði að ýta á eftir um slíkar afvopnunarviðræður, ýti á eftir að þau kjarnorkuveldi sem halda úti herbúnaði í norðurhöfum takmarki umferð þeirra í grennd við Ísland. Það hlýtur að vera lágmarkskrafa af okkar hálfu.

Hæstv. ráðherra minntist á það í sinni ræðu að hann hefði óskað eftir upplýsingum frá bandarískum hernaðaryfirvöldum um mat þeirra á hættunni af herskipum og kafbátum Bandaríkjahers. Hæstv. ráðherra vitnaði lauslega í það yfirlit og boðaði að við mundum fá að sjá það. Ég segi um það að það er ágætt og sjálfsagt að fá greinargerðir frá bandarískum hernaðaryfirvöldum. En við skulum ekki ætla okkur þá dul að það sé mikið á þeim byggjandi í sambandi við öryggisbúnað og áhættu varðandi herkost þeirra megin. Það væru blindir menn sem gerðu það mat að sínu miðað við þann leyndarhjúp sem er haldið yfir þessum málum, bæði í austri og í vestri. Þetta yfirlit sem ég hef barið augum frá flotamálastjórn Bandaríkjahers á Atlantshafi er hið kyndugasta plagg en kemur ekki á óvart. Þar er á röskum tveimur síðum nánast gert ekkert úr hættu af umferð herkosts á þeirra vegum, en þess er svo getið undir lokin að að vísu hafi nú sokkið tveir kjarnorkuknúnir kafbátar í eigu Bandaríkjahers og þeir tilgreindir eins og hæstv. ráðherra nefndi. Einnig er á það bent að því sé nú fyrir að þakka að herskipin og kafbátarnir séu hreyfanleg og að því leyti miklu betur sett en kjarnorkuver á landi. Það liggur við að hægt sé að brosa að þeim málflutningi sem þarna er á ferðinni en málið er miklu alvarlegra en svo að maður geti leyft sér það.

Ég vil nefna í þessu samhengi að vegna kjarnorkukafbátsslyssins við Bjarnarey hafa hagsmunaaðilar í Noregi í fiskiðnaði og fiskveiðum lýst þungum áhyggjum sínum undanfarna daga yfir því hvað kunni að gerast í tímans rás þótt geislamengun hafi ekki verið staðfest. Þeir benda réttilega á að enginn veit hvænær hún getur orðið og áhættan fyrir norska hagsmuni og annarra ríkja sem byggja sitt á auðlindum hafsins er auðvitað afar mikil eftir sem áður. Þetta er auðvitað tekið fram í þeirri greinargerð sem hæstv. ráðherra vitnaði til í sínu máli frá Geislavörnum ríkisins þar sem segir m.a., með leyfi virðulegs forseta:

„Hér á landi hefðu skapast alvarlegir erfiðleikar ef kafbáturinn hefði farist á hafsvæðunum umhverfis landið, í fyrsta lagi vegna þess að rannsóknastofur stofnunarinnar fyrir geislamælingar eru ekki enn tilbúnar og í öðru lagi vegna þess að hvorki liggja fyrir nægilegar bakgrunnsupplýsingar um geislavirkni á hafsvæðunum umhverfis Ísland né um geislavirkni í sjávarafurðum." Þetta varðar óhapp þar sem raunverulega er ekki um mælanlega geislavirkni að ræða eins og ekki hefur enn orðið varðandi þetta slys, hvað þá ef til slíks kæmi.

Af því sem fram kom í máli hæstv. ráðherra vil ég nefna eitt sérstaklega. Hann vék að því að upplýsingar hefðu borist sér nokkuð seint um þetta efni og ástæðurnar fyrir því væru m.a. þær, eftir því sem fram kom í máli hæstv. ráðherra, að það er hið svokallaða varnarlið, bandaríska herliðið hér á Íslandi, sem er ætlað það hlutverk að tilkynna íslenskum stjórnvöldum og íslenskum yfirvöldum um atburði af þessu tagi. Íslensk stjórnvöld virðast byggja á því að fá tilkynningar frá Bandaríkjaher um atburði af þessu tagi. Íslenskar stofnanir eins og Almannavarnir ríkisins, Landhelgisgæslan og Geislavarnir eru háðar því að fá upplýsingar frá herliðinu bandaríska. Það er sá meginöryggisventill sem stjórnvöld virðast byggja á í þessu máli eftir því sem fram kom í máli hæstv. ráðherra. Ég er ekki þar með að segja að stjórnvöld vilji ekki taka við sér ef fréttirnar bærust eftir öðrum leiðum, en í þessu tilviki var á því byggt og það virðist vera meginregla að við fáum upplýsingar um atburði af þessu tagi eftir þessum leiðum.

Ég minnti á leyndarhjúpinn hjá kjarnorkuveldunum í sambandi við allt sem lýtur að kjarnorkumálum og kemur m.a. fram í því að Atlantshafsbandalagið neitar að veita upplýsingar um það hvort kjarnorkuvopn séu um borð í skipum sem eru á ferð um höfin og leita til hafna í aðildarríkjum Atlantshafsbandalagsins. Hvernig dettur nokkru ríki í hug að byggja viðbúnað sinn á því sérstaklega að fá upplýsingar frá þessum hernaðaryfirvöldum varðandi slík efni? Auðvitað eigum við ekki að hafna slíkum upplýsingum þegar og ef þær berast, en við eigum ekki að teysta á þær sem meginupplýsingaleið um þessi mál og skiptir þá engu þótt samningar kunni að vera um það eins og hæstv. ráðherra vék að, lægju fyrir milli risaveldanna tveggja um upplýsingaskyldu.

Ég hygg ég hafi tekið eftir því í máli hæstv. ráðherra að það samningslega brot sem Sovétríkin hafa gert sig sek um varði samning sem gerður er á milli Sovétríkjanna og Bandaríkjanna sérstaklega en ekki með þátttöku annarra ríkja. Þetta er auðvitað gersamlega ófullnægjandi, í fyrsta lagi að sjálfsögðu að þessi samningur skuli brotinn í svo viðamiklu máli en að ekki skuli vera til alþjóðasamningur um slíka tilkynningarskyldu, og við Íslendingar eigum að reisa

kröfuna um það á alþjóðavettvangi, m.a. í ljósi þessa atburðar, að hið fyrsta verði gerður alþjóðasamningur um slíka tilkynningarskyldu.

Það er þannig margt, virðulegur forseti, sem tengist þessu stóra máli sem kallar á frekari athuganir og upplýsingaöflun af hálfu íslenskra stjórnvalda og viðbrögð af hálfu íslenskra stjórnvalda. Ég tel að *hluti af því máli snerti upplýsingar um fortíðina, mat* á þeirri hættu sem er fólgin í umferð kjarnorkuknúinna skipa og kafbáta með tilheyrandi vopnabúnaði um heimshöfin og alveg sérstaklega það sjálfsagða og brýna frumkvæði sem við biðjum íslensk stjórnvöld um að sýna til þess að knýja á um afvopnunarviðræður varðandi herbúnaðinn á heimshöfunum. Þar eru norðurslóðir okkur nærtækastar. Atburðurinn við Bjarnarey á að vera okkur nægjanlegur, nægjanleg áminning hér og nú, til þess að slík krafa verði reist, til þess að hæstv. utanrrh. beri hana fram á alþjóðavettvangi, til þess að hann beri fram óskina um að alþjóðleg ráðstefna verði kvödd saman, gjarnan hér á Íslandi, til þess að hefja slíkar viðræður, ræða um eðli málsins og undirbúning og að slík ráðstefna verði haldin hið allra, allra fyrsta.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir að gefa okkur þær upplýsingar sem hann hefur lagt hér fram í dag, um það slys sem hefur verið töluvert í fjölmiðlum undanfarið. Margt alvarlegt hefur komið fram í þeim upplýsingum hæstv. utanrrh. Alvarlegast er það hversu litlar upplýsingar liggja fyrir um þetta slys. Það er ámælisvert og mjög alvarlegt að Sovétmenn skuli leyfa sér að halda leyndum upplýsingum sem þeim er skylt að gefa eftir því sem ráðherrann upplýsti. Að vísu var mér ekki ljóst hvort í því fólst skylda gagnvart Íslendingum til að gefa upplýsingar en eftir því sem hann segir nú var það einungis til Bandaríkjanna.

Ég vil taka undir það með hv. þm. 2. þm. Austurl. Hjörleifi Guttormssyni að mér finnst nauðsynlegt að við knýjum á um að slíkar upplýsingar verði gefnar okkur ekki síður en öðrum. Að vísu hefur nú komið fram að þessi samningur er óskaplega lítils virði ef ekki er farið eftir honum eins og hér er upplýst að Sovétmenn gerðu ekki í þessu tilfelli. Mér finnst alveg sjálfsagt að Íslendingar mótmæli þessum seinagangi sem þarna er. Það er kannski erfitt fyrir okkur vegna þess að við erum ekki aðilar að neinum samningi en mér finnst þetta vera mjög alvarlegt mál af hálfu Sovétmanna. (**Utanrrh.:** Því var mótmælt við sendiherra Sovétríkjanna á Íslandi.) Það er mjög ánægjulegt að heyra það að því hafi verið mótmælt.

Eldsneyti í kjarnorkukafbátum er venjulega úraníum 235. Það er að vísu ekki upplýst hvort það hafi verið í þessum kafbáti en það er það venjulegasta. Úraníum 235 hefur langan helmingunartíma og er ekki mjög hættulegt, ekki eins hættulegt og mörg önnur geislavirk efni eins og t.d. plútóníum ef það er brennsluefni í þessum ofni. Við brennsluna myndast ýmis efni, svo sem barium og strontíum, sesíum, joð og fleiri, eins og kom hér fram, en þessi efni eru sérstaklega hættuleg lífverum. Þó að úraníum sjálft sé ekki verulega hættulegt, þá eru þessi dótturefni sem koma fram við brennsluna mjög hættuleg ef þau berast inn í lífverur. Þau eru mjög geislavirk og ganga inn í lífkeðjuna og eru t.d. tekin upp í stað kalks (kalsíums) inn í beinin og mörg önnur lífeðlisfræðileg ferli í lífverum þannig að þau eru verulega hættuleg. Það er því ástæða til að óttast mjög ef þessi efni berast út í sjóinn. Það fer því eftir því hversu langt var síðan eldsneytið var tekið og hversu mikið af efni þarna er um að ræða, þessum stórhættulegu brennsluefnum. Ef brennslan hefur farið úr böndum í ofninum, þ.e. ef algjör brennsla hefur orðið er málið alvarlegra en annars. Því er haldið fram af Sovétmönnum að þeim hafi tekist að stöðva ofninn og ég vona svo sannarlega að svo sé. Það er ýmislegt sem bendir til að svo sé þar sem ekki hefur mælst geislavirkni í sjónum á hafsbotni á því dýpi sem kafbáturinn er. Ég tel samt sem áður að ástæða sé til þess að trúa ekki endilega öllu sem þarna hefur verið sagt. Nógu alvarlegt er slysið þó að engin kjarnorkuvopn hefðu verið í kafbátnum. Nú hefur það verið upplýst að þar hafi verið kjarnorkuvopn, og þá skiptir auðvitað máli hvort þar er um að ræða odda með úraníum eða plútóníum. Það hefur að því er virðist ekki verið upplýst frekar en annað í þessu máli. Ef plútóníum er í kjarnaoddunum er það miklu hættulegra heldur en ef um úraníum er að ræða þó að hættan sé mikil í öllu falli. Plútóníum er sérstaklega hættulegt ef það berst inn í lífverur. Þess vegna er það mikið hættulegra.

Það er ekki langt síðan hörmulegt kjarnorkuslys varð í *Tsjernóbíl í Sovétríkjunm*. Þá varð uppi fótur og fit sem eðlilegt er og mikil hræðsla greip um sig vegna þeirrar hættu sem geislunin vegna slyssins gæti haft í för með sér. Ef þetta slys er borið saman við *Tsjernobílslysið er fyllsta ástæða til þess að hafa* áhyggjur. Talað var um að u.þ.b. 10% af heildareldsneytinu hefði sloppið út í andrúmsloftið í slysinu í kjarnorkuverinu í Tsjernobíl. Það orkuver er um 1000 mw., þannig að ef reiknað er með að 10% af eldsneytinu hafi sloppið út má gera ráð fyrir að þarna hafi orðið u.þ.b. 100 mw. geislamengun. Ef um kjarnorkukafbát hefði verið að ræða og ef þessi bátur væri 50 mw., sem má telja líklegt eftir þeim upplýsingum sem liggja fyrir, þá væri um að ræða helmingi minni mengun en var frá Tsjernobíl ef allt fer út í hafið. Þetta er því ekkert smámál sem þarna er á ferðinni.

Að vísu er því haldið fram að þarna sé ekki mikil hætta á ferðinni vegna þess að engin efni sleppi út. Við vitum hins vegar ekkert hvað þarna mun gerast. Við vitum ekki hvenær kafbáturinn leysist upp. Við vitum ekki hve langan tíma það tekur. Við höfun engar upplýsingar um það hversu þykkt er í bátnum, hversu miklar líkur er á því að það taki hann mörg ár að leysast upp. Ef þetta tekur nógu langan tíma *minnkar hættan smátt og smátt vegna þess að helm*ingunartíminn er ekki svo ýkja langur. Hins vegar þurfum við allar þessar upplýsingar til þess að geta

gert okkur grein fyrir hversu mikil hætta er þarna á ferðinni.

Þess ber einnig að geta að geislamengun í hafinu berst mjög hægt burtu frá mengunarstaðnum og ef hún berst út í sjóinn hefur hún mjög alvarleg áhrif vegna þess að hún er mikil á litlu svæði ef borið er saman við mengunarslys í andrúmsloftinu þó að ég sé alls ekki að gera lítið úr þeim slysum sem verða í andrúmsloftinu. Og það vekur eiginlega furðu hve lítið er gert úr þessu slysi af sovéskum yfirvöldum og af fleirum, ef ég skil rétt, því að hæstv. ráðherra upplýsti áðan að norsk rannsóknarstöð hefði gert lítið úr hættu á mengum af völdum þessa slyss. Ég held nefnilega að fyllsta ástæða sé til að hafa miklar áhyggjur af því sem þarna hefur gerst.

Það getur vel verið að hættan sé ekki mikil á næstu mánuðum eða jafnvel árum, en með tímanum má búast við að það berist einhver mengun út í hafið og auðvitað höfum við ákveðnar skyldur við framtíðina. Við getum ekki horft fram hjá því sem þarna er að gerast.

Það kom einnig fram hjá hæstv. ráðherra að mörg óhöpp hefðu orðið í kafbátum. Hann talaði um átta óhöpp í sovéskum kafbátum og að einn kafbátur hefði sokkið — þetta eru nú bara þær upplýsingar sem liggja fyrir, það getur vel verið að það séu enn fleiri bátar sem þarna hafa sokkið — og tveir bandarískir kjarnorkukafbátar hefðu einnig sokkið. Það er því ekkert lítið sem þarna er á ferðinni ef út í hafið berst geislavirkt efni í einhverjum mæli. Þannig að þetta er ekki lítið alvarlegt. Þótt þetta slys sé mjög alvarlegt er greinilegt að þarna hafa orðið slys fyrr og við getum alveg eins átt von á fleirum í framtíðinni.

En hvað er þá til ráða? Hvað getum við gert? Það breytir litlu, því miður, þó að upplýsingar um slys og umfang þeirra berist fljótt og vel til allra aðila sem er auðvitað lágmarkskrafa. En það eina raunhæfa sem hægt er að gera til að koma í veg fyrir slys af þessu tagi er að banna alla umferð kjarnorkuknúinna kafbáta og skipa hér við land til að byrja með og beita síðan öllum áhrifum okkar á alþjóðavettvangi til algjörrar kjarnorkuafvopnunar og notkunar kjarnorku til að knýja kafbáta og skip.

Ég heyrði ekki betur en að hæstv. ráðherra væri sama sinnis. Hann sagði hér áðan í umræðunni að nauðsynlegt væri að knýja á um gagnkvæma samninga um afvopnun á höfunum, og ég er honum fyllilega sammála. Það verður hins vegar að gera eitthvað í málinu. Það er ekki nóg bara að segja að maður hafi áhuga. Á seinasta löggjafarþingi var lagt fram frv. af hv. þáv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, núv. hæstv. landbrh., um hvernig bæri að standa að friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum. Sú sem hér talar var meðflutningsmaður að frv. Ég tel fyllilega tímabært að við tökum á okkur rögg og vinnum að því að friðlýsing Íslands fyrir kjarnorkuvopnum verði að veruleika. Okkur ber skylda til að taka þetta mál föstum tökum og hafa um það frumkvæði á alþjóðavettvangi að ræða afvopnun á höfunum.

Það var einnig minnst á hér fyrr í umræðunni till. til þál. sem lögð hefur verið fram hér á Alþingi um að fela ríkisstjórninni að hafa frumkvæði í þessum málum. Ég vænti þess að Alþingi og ríkisstjórn taki sig á varðandi þessi mál og leggi lóð á vogarskálar til að bægja þeirri miklu hættu frá sem felst í kjarnorkunni og þá m.a. með því að samþykkja þessa tillögu og fleiri aðgerðir í sömu átt.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu. Ég vil einungis þakka hæstv. utanrrh. fyrir þá skýrslu sem hann hefur gefið sem ég tel mjög nauðsynlegt að einmitt sé gefin á þessum stað og raunar þakka ráðherrunum öllum fyrir þær upplýsingar sem þeir hafa veitt okkur.

Ég og við hér getum sjálfsagt ekki annað en treyst því að allt það sem upplýst hefur verið sé rétt, og það veit ég, og að aflað hafi verið þeirra upplýsinga sem unnt var að fá og að ráðuneytið og ekki síst varnarmáladeild hafi þar unnið vel að málum. Auðvitað er eitthvað kannski dulið fyrir okkur og það er þá jafnframt dulið fyrir ráðherranum, býst ég við, og varnarmálaskrifstofu.

Ég fagna því líka að það er upplýst að það er náið samstarf með varnarmálaskrifstofunni, auðvitað, og ráðuneytinu við varnarliðið og eins koma þar til Almannavarnir, Landhelgisgæsla og Geislavarnir ríkisins og svo framvegis. Að sjálfsögðu eiga allir þessir aðilar að starfa náið saman. Og auðvitað fáum við hvergi áreiðanlegri upplýsingar en einmitt frá okkar bandalagi, merkasta bandalagi og mikilvægasta í sögu landsins, Atlantshafsbandalaginu. Þaðan fáum við auðvitað fyrst og fremst upplýsingar. Og við fáum auðvitað, Íslendingar, engar upplýsingar sem þeir ekki geta aflað. Við erum nú ekki meiri menn en það og við skulum ekki halda að við stjórnum alheiminum og fáum einhverjar upplýsingar til dæmis frá Ráðstjórnarríkjunum sem aðrar Atlantshafsbandalagsþjóðir ekki fá og við getum lagt réttara og mikilvægara mat á það en þeir sem kunnáttumenn eru. En ég endurtek þakkir fyrir það sem upplýst hefur verið.

Að því er varðar ummæli hæstv. samgrh. um það að við ættum að einbeita okkur að því að berjast gegn mengun hafsins og hafa að því frumkvæði, eins og hann orðaði það, og það ætti að vera okkar landhelgisbarátta, við höfum haft það frumkvæði og ekki í litlu. Að vísu er alþjóðaréttur ekki enn svo ríkulegur að hægt sé að fylgja fram fullkomnu eftirliti og fullkomnu banni, t.d. við mengun hafsins. Þó eru viðamikil réttindi þegar komin til framkvæmda. Þannig er það t.d. að við höfum fullveldisrétt, ekki bara yfir 200 mílna efnahagslögsögu. Við höfum fullveldisrétt yfir 350 mílum t.d. á Reykjaneshrygg, yfir botninum. Við eigum botninn. Í bókstaflegri merkingu má enginn henda þar neinu í hafið sem sekkur til botns og það má enginn snerta botninn nema með okkar leyfi, t.d. má ekki stunda þar botnvörpuveiðar eins og gert hefur verið í stórum stíl. Við getum, ef rétt væri á málum haldið og vel fylgt

eftir, náð slíkum réttindum í samvinnu við Breta, væntanlega Íra og Færeyinga og Dani, á öllu Rockallsvæðinu. Það liggur fyrir nú og hefur gert í meira en eitt ár. Og bæði hæstv. núv. utanrrh. og fyrirrennari hans vita að Norðmenn a.m.k. eru reiðubúnir til þess í samvinnu við okkur og Dani að loka svo til öllu svæðinu frá Svalbarða suður til Færeyja sem enn er opið milli Jan Mayen og Noregs og Íslands, Jan Mayen og Íslands annars vegar og Noregs hins vegar og svo Dana við Grænland. Það liggur fyrir og ég held að það sé ekkert launungarmál að Stoltenberg, utanríkisráðherra Noregs, hafi fyrir meira en ári síðan greint frá því að Norðmenn væru sammála okkar röksemdafærslu og okkar sérfræðinga um það að hafsbotnsréttindin á þessu svæði að réttum lögum, eftir reglum Hafréttarsáttmálans, tilheyrðu Norðmönnum, Íslendingum og Dönum. Það er meira en ár síðan að bæði Stoltenberg og Kåre Willoch, formaður utanríkismálanefndar Noregs, upplýstu þetta. Það hafa tveir fundir embættismanna verið haldnir og það var gert ráð fyrir að sá þriðji yrði haldinn nú í marsmánuði sl. Hann hefur ekki enn verið haldinn.

Það eru þessi mál sem auðvitað ber fyrst og fremst að leggja áherslu á, að knýja fram okkar réttindi, því að strandþjóðirnar ráða þróun hafréttarins og þær eru allar á fleygiferð að helga sér hafsbotnsréttindin. Sá sem gerir það fyrst tryggir auðvitað sinn rétt betur en sá sem dokar við vegna þess að það er alþjóðastofnun á ferðinni sem eftir Hafréttarsáttmálanum getur helgað sér þessi réttindi ef aðrir hafa ekki unnið sér þann þegnrétt og notað sína lagalegu heimild.

Þetta er okkar landhelgisbarátta. Ég er alveg innilega sammála hæstv. samgrh. um það, þetta á að vera okkar landhelgisbarátta. Hún er alls ekki búin, það er fjarri því og það eru auðvitað norðurslóðirnar sem við eigum fyrst og fremst að hugsa um. Við vorum svo gæfusöm að samþykkja einróma á Alþingi hina merku tillögu frá 23. maí 1985 sem enn er í fullu gildi. Hún tekur til hafsins frá Grænlandsströndum og alls svæðisins frá Grænlandsströndum og landsvæðanna til Úralfjalla. Nú nota bæði Atlantshafsbandalagsþjóðirnar og Varsjárbandalagsþjóðirnar þetta sama hugtak, það á að afvopnast frá Atlantshafi til Úralfjalla. Þetta er stefna sem við erum búin að hafa í fjögur ár og við eigum að halda þessari ályktun mjög á lofti hvar og hvenær sem við getum. Við eigum einmitt að beina okkar kröftum að því að friða þetta svæði sem mest eða eins og alþjóðalög frekast leyfa. Siglingar eru að vísu enn þá frjálsar utan 12 mílna, hver sem þróunin svo verður. Því er friðlýst Ísland og friðlýstar 200 mílur náttúrlega ekkert nema orðið eitt þó við gengjum til slíks. Friðlýsing og einhvers konar hlutleysi er nokkuð sem ég held að ansi fáir Íslendingar treysti á. Ég held að við verðum að treysta á sameiningarmátt okkar bandamanna ef við eigum að ná einhverjum árangri. Það veit ég að hæstv. utanrrh. skilur enda hefur hann margsinnis í þessum ræðustól og víðar haldið dyggilega uppi hinum íslenska málstað með ötulu samstarfi innan Atlantshafsbandalagsins og stuðningi við þetta merkasta bandalag Íslandssögunnar.

Jóhann Einvarðsson:

Hæstv. forseti. Ég vil eins og aðrir hér þakka báðum hæstv. ráðherrum fyrir þá skýrslu sem var gefin um þá atburðarás sem varð eftir slysið rétt norðan við Bjarnarey. Auðvitað getur slíkt slys eða óhapp sem þarna átti sér stað haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir okkar þjóð og efnahagslíf og verður auðvitað að gera allt sem hægt er til að koma í veg fyrir að slíkt geti endurtekið sig. Það sem vekur mann samt til umhugsunar eftir þetta tiltekna tilfelli er náttúrlega það tillitsleysi sem mér finnst að sovésk yfirvöld hafi sýnt, ekki einungis vegna okkar sem búum í nágrenni við þetta hafsvæði og byggjum allt okkar á fiskistofnum þess heldur einnig gagnvart þeim mannslífum sem þarna hefur e.t.v. verið fórnað með því að þiggja ekki þá aðstoð sem fram var boðin af Norðmönnum.

Þetta hlýtur að vekja okkur til umhugsunar um það hvað gæti hafa gerst ef þetta óhapp hefði verið í stærri mælikvarða, t.d. ef ekki hefði verið unnt að loka kjarnaofninum.

Meðan við höfum svona mikla umferð, bæði í hafinu og yfir okkur af kjarnorkuknúnum skipum, kafbátum og e.t.v. flugvélum með slík vopn, hlýtur það að vera okkar stærsta ósk að koma í veg fyrir slíkt. Ég er ekki viss um að okkur takist alveg á næstunni að koma á fullkominni afvopnun þessarar tegundar vopna, þó að ég voni auðvitað að það takist sem allra fyrst. Að gefnu þessu tilefni tel ég að við ættum að beita okkur fyrir því á alþjóðavettvangi að kalla saman fund þeirra aðila sem búa við norðanvert Atlantshafið og eiga verulegra hagsmuna að gæta til að ræða um það á hvern hátt ætti að bregðast við óhöppum sem þessum. Í fyrsta lagi til að tryggja björgun mannslífa sem þar yrðu í hættu, sama frá hvaða þjóð slíkt skip eða kafbátur væri, og síðast en ekki síst til að reyna að koma í veg fyrir þá mengun sem hætta er á við slík tilfelli.

Auðvitað ætti þegar að vera hafið samstarf stórveldanna og fleiri aðila um það að reyna að bjarga kafbátnum af hafsbotni. Ég minnist þess að fyrir nokkrum árum síðan missti bandarísk flugvél flugskeyti, eða einhvern slíkan hlut sem hlaðinn var kjarnorkuoddi, í hafið og Bandaríkjamenn gerðu mjög fljótlega ráðstafanir til þess að reyna að bjarga honum af hafsbotni. En þegar þeir komu voru Rússarnir búnir að fjarlægja hann. Út af fyrir sig var það mjög gott að það skyldi takast en í tilfellum þegar um slíka stóratburði er að ræða, eins og þegar kafbátur sekkur á þetta miklu dýpi, þá hlýtur að þurfa samvinnu allra aðila sem tækni og fjármagnsgetu hafa til björgunar. Það finnst mér að ætti að vera lærdómur okkar af þessu slysi og ég held að íslensk yfirvöld hafi staðið vel að þessu máli miðað við þær aðstæður sem við höfum hér til þess að afla upplýsinga sem nauðsynlegar eru til þess að yfirvöld geti gert sér grein fyrir því hvort til einhverra sérstakra ráðstafana þyrfti að grípa. En við ættum að kalla saman fund þeirra aðila sem gerst vita og hafa verulegra hagsmuna að gæta

hér í nágrenni við okkur til þess að vera viðbúnir því að takast á við slík óhöpp með eins konar almannaverndarnefnd eða -ráði.

Ég vil svo aftur þakka ráðherrum skýrslu þeirra.

Ragnhildur Helgadóttir:

Frú forseti. Um leið og ég þakka fyrir skýrslugjöf hæstv. ráðherra langar mig til að draga fram tvö atriði sem ég vil sérstaklega styðja og hvetja til að unninn verði bráður bugur að.

Það er orðið alllangt síðan ríkisstjórnin samþykkti að hefja reglubundnar geislamælingar hér á landi og í umhverfi landsins, nánar tiltekið í maí 1986. Þá lá það fyrir að við áttum kost á mjög mikilsverðum stuðningi Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar og þá var Geislavörnum ríkisins falið að hefja undirbúning að þessu, en sú stofnun átti kost á samvinnu við Alþjóðakjarnorkumálastofnunina. Það hefur svo legið fyrir, eins og fram kom í ræðu hæstv. heilbrmrh., að í desember 1987 höfðum við þegið tækniaðstoð frá þessari umræddu stofnun, Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni, tækjabúnað að upphæð um 25.000 bandaríkjadala. Þá var áætlað að sá stuðningur við þessar mælingar gæti numið 11 millj. ísl. kr. Það var líka ljóst að við þurftum ekki að leggja til þessarar starfsemi nema brot af þessari upphæð. Eitt af þeim skilyrðum sem þurftu að vera fyrir hendi til þess að unnt væri að nýta verðmæt tæki sem Alþjóðakjarnorkumálastofnunin lét Íslendingum í té var húsnæðisaðstaða og nokkur vinnukraftur með fagþekkingu á þessu sviði. Í því tvennu var aðalkostnaður okkar fólginn. Mönnum þótti þetta einsýnt eftir að menn urðu reynslunni ríkari eftir kjarnorkuslysið í Tsjernóbíl. En svo hefur brugðið við, eftir því sem fram kom í máli hæstv. heilbrmrh. hér áðan, að rannsóknarstofan hefur ekki enn komist í gagnið. Með öðrum orðum, við höfum ekki verið manneskjur til þess að taka við þessari aðstoð sem við höfðum þegið frá Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni, mikilsverðri tækniaðstoð og framlagi í tækjabúnaði, því að við höfum ekki gengið frá þeim viðbúnaði sem við annars höfum. Í framhaldi af þessari ákvörðun ríkisstjórnarinnar 1986 var unnið að því að útvega húsnæði sem Geislavarnir ríkisins hafa flutt í, en mig undrar það stórlega sem hæstv. heilbrmrh. upplýsti, að þetta væri ekki enn komið í gagnið. Ég hrökk við því ég hafði ekki spurst fyrir um þetta nýlega. Annað heyrðist mér í umræðum um þáltill. á Alþingi í desember 1987 en þá taldi ráðherra að húsnæðið yrði tilbúið á næstu mánuðum. Ég sé ekki betur en að hæstv. núv. utanrrh. sé nú þeirri reynslu ríkari eftir að hafa fengið upplýsingar um þetta hörmulega slys, þetta kafbátsslys, að hann hljóti að styðja það nú að frá þessum búnaði húsnæðisins verði gengið, en mér sýnist allt benda til að eitthvað hafi skort á stuðning fjmrh. þegar þetta var á döfinni á Alþingi og í ríkisstjórninni þá.

Þetta vil ég leggja sérstaka áherslu á því þarna er um að ræða starfsemi sem við þurfum ekki að leggja í nema brot af kostnaðinum. Við lyftum ekki litla fingri til að nota þá fagþekkingu sem við höfum í landinu til þess arna. Þeir hagsmunir sem við höfum vegna útflutningsverðmæta sem við framleiðum eru ekki svo litlir fyrir utan heilsufarshagsmuni landsmanna allra og nágranna okkar. Það þarf ekki frekari orðum um þetta að fara. Þetta er annað af þeim atriðum sem ég vildi sérstaklega draga fram. Ég er ekki í nokkrum vafa um að þingmenn eru tilbúnir til að styðja þetta af því afli sem þeir geta. Hitt atriðið sem ég vildi minnast á er að mér þykir það mjög mikilsvert sem fram kom í máli hæstv. utanrrh. að það þurfi að koma á miklu greiðara skipulagi um upplýsingagjöf milli innlendra aðila. Það sýnist vera alveg ljóst og ég hef ekki trú á öðru en að Almannavarnir ríkisins og aðrar þær stofnanir sem mengunarslys gætu heyrt undir hafi þegar einhvers konar viðbúnaðarnet á pappírnum hjá sér. En það er einhver möskvi í því neti sem ekki er heill eða einhver hlekkur í keðjunni sem þarf að splæsa saman með einhverjum hætti. Það er ljóst því að Almannavarnir ríkisins fengu ekki upplýsingar um þessi mál fyrr en eftir dúk og disk og þá var alveg ljóst að mælingar lágu ekki nægilega glöggar fyrir. Þetta vekur auðvitað fjöldamargar aðrar hugleiðingar en ég ætla ekki að fara út í þá sálma, það hafa aðrir þingmenn gert. En þessi tvö atriði eru algjörlega ljós og eiga að vera tiltölulega auðveld fyrir Íslendinga sjálfa að leysa.

EFRI DEILD

78. fundur, föstudaginn 14. apríl, kl. 1 miðdegis.

Um þingsköp.

Frv. til laga um breytingar á umferðarlögum.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það kom fram í umræðum um þingsköp sl. miðvikudag að formaður þingflokks Alþfl. hafði uppi mjög ég vil segja harðorð ummæli í minn garð vegna þess að ég hefði að tilefnislausu, sem var innihald hans orða en ekki orðrétt, tafið fyrir því að frv. til umferðarlaga kæmist til nefndar á fundi sl. þriðjudag. Það kom jafnframt fram á þeim fundi að forseti deildarinnar lagði mjög hart að mér að falla frá því að taka þátt í umræðunum og óskaði þess ásamt formanni þingflokks Alþfl. að ég léti það athugasemdalaust að umræður gætu haldið áfram þótt ég gæti ekki verið við þær til þess að þetta frv. gæti sem fyrst komið til nefndar og hægt væri að afgreiða það úr allshn., en þar væri fyrir frv. til breytinga á umferðarlögum. Mér fannst sem það væri mjög mikill áhugi á bak við þessi ummæli, bæði formanns þingflokks Alþfl. og hjá forseta deildarinnar, þannig að ég skildi það svo að það lægi á að koma frv. til breytinga á umferðarlögum til nefndar. Það kemur mér því mjög á óvart hversu neðarlega á

dagskránni þetta frv. er og ég spyr hæstv. forseta hvort ekki sé hægt að flýta því að málið sé tekið til umræðu þannig að hægt sé að taka það fyrir helst um leið og lokið er afgreiðslu þeirra mála sem hér bíða 2. umr. áður en önnur frv. sem eru hér til 1. umr. eru tekin fyrir.

Það er öldungis rétt hjá formanni þingflokks Alþfl. að umferðarlögin þurfa lagfæringar við. Mér finnst sanngjarnt að forseti deildarinnar reyni með þessum hætti að greiða fyrir frv. formanns þingflokks Alþfl. til þess að hann verði kyrrari í sæti sínu og ánægðari í daglegum störfum hér í þinginu.

Forseti (Jón Helgason):

Það var vegna beiðni hv. 6. þm. Reykn. sem ég var að reyna að ýta áfram þessu máli á þriðjudagskvöld. En það er búið að ræða það áður svo ég geri það ekki frekar. Hins vegar hafa komið fram beiðnir um að fleiri fyrstuumræðumál komi eins fljótt og hægt er á dagskrá þannig að það er ekki hægt að verða við öllu, en ég vonast til að deildarmenn séu samtaka um að reyna að greiða fyrir framgangi mála hér í dag eins og kostur er.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég er sammála því. Það liggur hérna líka fyrir frv. sem hv. 8. þm. Reykn. að ég hygg og hv. 14. þm. Reykv. hafa flutt um breytingu á lögum um söluskatt. Þetta frv. hefur líka verið tekið til 1. umr. en umræðunni frestað. Ég vil mjög taka undir það með forseta að hægt verði að ljúka umræðunni um söluskattinn og umræðunni um frv. til breytinga á vegalögum áður en farið er að taka á dagskrána frv. sem ekki er byrjað að ræða í deildinni. Það er mjög óheppilegt ef svo fer að ekki vinnst tími til að ljúka umræðu um þessi tvö mál í deildinni nú í dag. Það er samkomulag um að deildarfundi ljúki fyrir kl. 5 þannig að við höfum aðeins tæplega fjórar klukkustundir til að ræða þau mál sem hér liggja fyrir. Það eru hér mjög umdeild og flókin mál á dagskránni. Ég legg áherslu á að ég er sammála því sem formaður þingflokks Alþfl. sagði um umferðarlögin, sammála þeim mikla þunga sem forseti deildarinnar lagði á umferðarlögin og vil að það komi alveg skýrt fram að við sjálfstæðismenn leggjum mjög mikið upp úr því að hægt sé að ljúka þeirri umræðu nú á þessum fundi.

Aðför, frh. 2. umr.

Stjfrv., 111. mál (heildarlög). — Þskj. 114, n. 834, brtt. 835.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.–10. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 835,1 samþ. með 13 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
12.–98. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 835,2 samþ. með 14 shlj. atkv.
99.–108. gr., svo breyttar, samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Félagsmálaskóli alþýðu, frh. 1. umr.

Stjfrv., 430. mál. — Þskj. 790.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til félmn. með 14 shlj. atkv.

Brottfall laga á sviði menntamála, 2. umr.

Stjfrv., 371. mál. — Þskj. 694, n. 836.

Frsm. menntmn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Menntmn. þessarar hv. deildar hefur fjallað um frv. það sem hér um ræðir og skilað áliti á þskj. 836.

Hér er um að ræða frv. til laga um að fella niður ýmis lög sem þjónað hafa tilgangi sínum, lög á sviði þeirra málaflokka sem menntmrn. fer með. Það var samstaða um það í nefndinni að mæla með samþykkt frv. eins og það liggur fyrir. Það er að vísu eftirsjá í ýmsum af þessum lögum, eins og lögum um friðun héra og fleira, en engu að síður létu nefndarmenn sig hafa það að mæla með því að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir.

Guðmundur Ágústsson og Halldór Blöndal voru fjarverandi við afgreiðslu málsins, en undir þetta nál. skrifa, auk þess sem þetta mælir, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Jón Helgason, Skúli Alexandersson og Valgerður Sverrisdóttir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.–9. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Dýralæknar, 2. umr.

Stjfrv., 343. mál (búseta héraðsdýralækna, dómnefnd o.fl.). — Þskj. 622, n. 850.

Frsm. landbn. (Skúli Alexandersson):

Herra forseti. Nefndin hefur fjallað um þetta frv. og leggur til að það verði samþykkt.

Þorv. Garðar Kristjánsson og Karvel Pálmason voru fjarverandi afgreiðslu málsins. Aðrir nefndarmenn standa að afgreiðslu þess og eins og ég hef áður sagt mæla með samþykkt þess.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Áfengislög, 2. umr.

Stjfrv., 176. mál (leyfi til áfengisveitinga o.fl.). — Þskj. 628 (sbr. 616), n. 851.

Frsm. allshn. (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. allshn. um frv. til breytinga á áfengislögum nr. 82 1969, með síðari breytingum.

Nefndin fjallaði um þetta mál á fundi sínum. Á fund nefndarinnar komu Ólafur Haukur Árnason áfengisvarnaráðunautur, Höskuldur Jónsson forstjóri ÁTVR og Ólafur Ólafsson landlæknir.

Frv. þetta fjallar fyrst og fremst um breytingar sem stafa af breytingum á skipan sveitarstjórnarmála, að niður falla sýslunefndir og einnig vegna fleiri minni háttar breytinga, m.a. þess að bjór er kominn til sölu. Enn fremur um að eftirlit með vínveitingahúsum og leyfisveitingar fyrir vínveitingum færast frá dómsmrn. til lögreglustjóra.

Í umræðu kom fram frá Höskuldi Jónssyni, forstjóra Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, að Áfengisverslunin er nú að hefja herferð um auglýsingar á útsölustöðum með varnaðarorðum vegna ölvunar við akstur og fleira. Einnig kom fram í viðræðum nefndarinnar ábending eða upplýsingar frá landlækni um að Bandaríkjamenn væru nú búnir að setja í lög skyldu til viðvörunar á öllum áfengisumbúðum, vegna neyslu þeirra fyrir þungaðar konur, þar sem jafnvel lítil neysla áfengis er talin valda skaða á fóstrum, þ.e. á andlegu atgjörvi þeirra.

En þetta frv. fjallar í sjálfu sér ekki um þau atriði og ræði ég það því ekki frekar.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það var afgreitt frá hv. Nd.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.–10. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Frv. til laga um breytingar á umferðarlögum.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það liggur fyrir beiðni um að ljúka þeim málum sem áður hafa verið til 1. umr. Ég ítreka aftur að það féllu mjög þung orð í minn garð í sambandi við frv. til laga um breytingar á umferðarlögum sl. þriðjudag. Ég óska eftir því að forseti deildarinnar sýni í dag með stjórn deildarinnar að hann hafi meint það sem hann sagði þá. Það er ekki hægt að koma einn daginn og áfellast þingmenn fyrir að þeir óski eftir því að kynna sér frv., síðan kemur nýr dagur og nýr fundur í deildinni og þá eru þau frv. sem liggur svo mjög á ekki tekin til umræðu og svo virðist enn í dag sem hæstv. forseti ætli ekki að afgreiða þetta frv. Ég sé ekki að það hafi verið ástæða þá til að leggja svo hart að mér sl. þriðjudag af forseta ef algerlega á að hundsa þetta núna.

Ég vil líka minna á að þess hefur verið óskað af mér að frv. til laga um breytingu á lögum um söluskatt verði tekið fyrir í deildinni. Mér var sagt af forseta að þess væri beðið að hæstv. forsrh. kæmi til landsins þannig að hann gæti verið viðstaddur framhaldsumræður um söluskattsfrv. og formaður Borgfl., Júlíus Sólnes, hefur sagt mér að hann vænti þess að forsrh. verði hér í deildinni til þess að hægt verði að fylgja eftir þeim fsp. sem nauðsynlegt var að bera fram í kjölfar ræðu hans hér fyrir viku. Þess vegna vil ég spyrja forseta að því hvort það standi ekki að hæstv. forsrh. komi hingað í deildina og verði fyrir svörum varðandi söluskattsfrv. þannig að við getum rætt þau atriði sem búið var að impra á hér fyrir viku og hann veiti þau svör sem ég skildi forseta svo að hann hefði lofað að veita þegar hann kæmi til landsins á nýjan leik og fundur yrði haldinn í deildinni.

Vöruhappdrætti Sambands íslenskra berklasjúklinga, 1. umr.

Stjfrv., 369. mál (gildistími rekstrarheimildar). — Þskj. 692.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegur forseti. Í fjarveru dómsmrh. mæli ég fyrir frv. um breytingu á lögum um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga þar sem gert er ráð fyrir því að heimild til handa SÍBS til að reka happdrætti þetta, sem rennur út í ágústlok 1989, verði framlengd í tíu ár í viðbót, til ársloka 1999.

Þetta er frv. sem þegar hefur sætt meðferð í hv. Nd. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn. trúi ég.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég vil auðvitað með öllum hætti greiða fyrir því að framlengt sé leyfi til SÍBS til

happdrættisrekstrar, en vil nota þetta tækifæri til að spyrja hæstv. ráðherra hvað líði þeim hugmyndum sem fram hafa komið, ég hygg í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, að minnsta kosti liggur það fyrir að í nefnd sem ég átti sæti í í tíð síðustu ríkisstjórnar þar sem rætt var um virðisaukaskatt voru uppi þær hugmyndir af hálfu fulltrúa Alþfl. og fulltrúa Framsfl. að virðisaukaskattur yrði lagður á happdrættismiða. Nú hefur sú nefnd sem á að endurskoða lögin um virðisaukaskatt ekki komið saman, en ég hygg að það hljóti að liggja í augum uppi að ríkisstjórnin hafi áður en hún lagði þetta frv. fram rætt um það og metið hvort hún telji rétt og skynsamlegt að virðisaukaskattur verði lagður á happdrættismiða eins og ég veit að ýmsir framsóknarmenn og alþýðuflokksmenn telja sjálfsagt að gert sé. Mér er sagt að það hafi komið upp hugmyndir um það á nýjan leik í fjmrn. nú í sambandi við síðustu fjárlög og vil því spyrja hæstv. menntmrh. hvort ekki sé óhætt að treysta því að happdrættin fái að vera í friði fyrir aukinni skattheimtu ríkissjóðs. Það er ekki einleikið hversu víða þessi ríkisstjórn reynir að komast ofan í vasann hjá fólki, fyrirtækjum og félagasamtökum. Skattbyrðin er svo mikil orðin á þessu ári að það er talið að í henni felist 7% kjaraskerðing. Afrakstur happdrættismiðanna hefur fram að þessu runnið til menningarmála og líknarmála fyrst og fremst og íþróttamála. Nú er að vísu svo komið á þessu ári að ríkisstjórnin hefur seilst í peningahappdrætti Háskólans og er farin að nota þá í almennan rekstur Háskólans sem ekki hefur komið fyrr fyrir og er auðvitað algert brot á öllu velsæmi svo að ekki sé meira sagt. Ég tel þess vegna mjög mikils vert að það liggi fyrir áður en þessu máli er vísað til nefndar að ríkisstjórnin hafi enga þanka uppi um að leggja virðisaukaskatt á happdrættin.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Því er til að svara að skattlagning á happdrætti var ekki rædd í tengslum við framlagningu þessa frv. Það kunna að vera uppi hugmyndir um það í núverandi ríkisstjórn að það verði gert, um það veit ég ekki neitt og hef ekki rannsakað svo hjörtun og nýrun í einstökum stjórnarþingmönnum að ég geti svarið fyrir það að eitthvert frjókorn af þeim hugmyndum kunni að finnast á þeim slóðum, en málið var ekkert rætt í tengslum við þetta frv. Þetta er einfaldlega um það að framlengja starfsleyfi til handa SÍBS til að reka happdrætti.

Í öðru lagi er mér kunnugt um að hæstv. dómsmrh. hefur haft í undirbúningi frv. til þess að sett verði heildarlöggjöf um starfsemi happdrætta hér á landi. Undirbúningur að þessu hygg ég að hafi hafist í tíð forvera hans, bæði í tíð hæstv. núv. viðskrh. og hæstv. núv. forseta efri deildar, þannig að þessi vinna er örugglega í gangi varðandi undirbúning að frv. að heildarlöggjöf um starfsemi happdrætta hér á landi, en skattlagning happdrætta í tengslum við þetta frv. sem hér er á dagskrá var aldrei rædd í ríkisstjórninni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og allshn. með 11 shlj. atkv.

Umferðarlög, frh. 1. umr.

Frv. EG, 375. mál (gildistími ökuskírteina o.fl.). — Þskj. 706.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Þegar þessu máli var frestað á síðasta fundi hafði ég beðið um orðið. Ég ætlaði ekki að tala langt mál varðandi þetta frv. heldur aðeins staðfesta það sem kom fram í máli flm., hv. 3. þm. Vesturl., að það var í raun og veru samkomulag okkar á milli þar sem við vorum bæði að vinna að frv. um breytingu á umferðarlögum en ég hafði gengið frá mínu frv. að við mundum flytja þessi frv. sitt í hvoru lagi, þ.e. að hann legði fram sérstakt frv. þó að það fjalli um sama atriði og er í frv. sem ég flyt ásamt fleiri hv. þm. þessarar deildar og þá er það fyrst og fremst varðandi öryggisbelti í aftursætum bifreiða.

Ég vil þess vegna lýsa stuðningi mínum við frv. sem hér er til umræðu og ég vil sérstaklega lýsa ánægju minni með b-liðinn í 5. gr., þ.e. varðandi börn og öryggisbúnað í bifreiðum, sem vantaði í raun og veru inn í okkar frv. Að öðru leyti sé ég ekki annað en þau atriði sem tekið er á í frv. séu öll til bóta.

Þetta vildi ég aðeins láta koma fram við 1. umr., hæstv. forseti.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Hér í þessu frv. er hreyft ýmsum þáttum sem varða umferðarlögin og eru sumar greinar frv. skýlaus bót á umferðarlögunum eins og þau liggja nú fyrir. Um aðrar greinar er það að segja að þær þarfnast frekari útskýringa hv. flm. sem ég veit að hann mun greiðlega gefa á eftir og enn vil ég vekja athygli á því að þetta frv. kemur ekki inn á ýmis atriði umferðarlaga sem kannski hefði verið rétt að breyta eða a.m.k. tel ég nauðsynlegt að séu rædd þannig að á hverjum tíma sé til umræðu hvað gera megi til að draga úr slysum og greiða fyrir öryggi í umferðinni.

Ég vek athygli á því að meðaltjón í umferðarslysum er um 30–40 þús. kr. á hvert heimili í landinu þannig að það er mjög mikilvægt að þjóðfélagið sem heild reyni að stuðla að því með öllum hætti að greiða fyrir því að umferðin sé örugg og dragi úr slysatíðni. Ég vil sérstaklega leyfa mér að lýsa því yfir að ég telji að sú ákvörðun hafi verið vafasöm að hverfa frá þeirri reglu að lögregla skuli gefa skýrslu um árekstra og umferðarslys og tel raunar nauðsynlegt að fyrri háttur sé upp tekinn í þeim efnum. Ég vil í því sambandi vekja athygli á að hv. 6. þm. Reykn. hefur í sérstöku frv. sem liggur fyrir deildinni og er nú til athugunar í allshn. lagt til sérstaka rannsóknarnefnd umferðarslysa. Með því að þessi rannsóknarskylda er

tekin af lögreglunni er um leið verið að kippa grundvellinum undan því að slysarannsóknir geti farið fram í landinu og þá fæ ég um leið ekki séð að sú ágæta nefnd sem hv. þm. leggur til að skipuð verði hafi nægileg gögn til að vinna úr þar sem þær upplýsingar sem hún hefur muni verða mjög fátæklegar. Á þetta hefur verið bent utan þings og ég veit að hv. 6. þm. Reykn. og hv. 3. þm. Vesturl. eru kunnugir þeim málum og kunnugri þeim málum en ég.

Sjálfur þekki ég dæmi um að vegfarendur hafa kallað lögregluþjón til og staðið í þeirri meiningu að það muni tryggja eðlilegar upplýsingar og eðlilega skýrslugerð um viðkomandi umferðarslys, en síðan hefur komið í ljós að þær bókanir sem lögreglan hefur haft hjá sér hafa reynst haldlitlar og raunar gagnslausar við upplýsingar um orsakir slyss. Ég hygg því að nauðsynlegt sé að rannsóknarskylda lögreglunnar sé tekin upp á nýjan leik. Það mun gera hvort tveggja í senn, tryggja réttlátari meðferð umferðarmála en nú er og það verður nauðsynleg forsenda fyrir rannsóknum á orsökum umferðarslysa að slíkar rannsóknir geti farið fram með öruggum hætti.

Ég vek í öðru lagi, herra forseti, athygli á því að í 7. gr. frv., sem er breyting á 92. gr. umferðarlaga, er gert ráð fyrir að orðin „við starfa sinn" falli brott í þessu samhengi, en 92. gr. umferðarlaganna hljómar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Auk slysatryggingar ökumanns samkvæmt lögum um almannatryggingar skal eigandi skráningarskylds vélknúins ökutækis tryggja ökumann þess og gildir sú vátrygging fyrir hvern ökumann sem tækinu stjórnar. Vátryggingin skal tryggja bætur vegna slyss sem ökumaður kann að verða fyrir við starfa sinn allt að 10 millj. kr. vegna hvers einstaks tjónsatburðar. Vátryggt skal hjá sama vátryggingarfélagi og ábyrgðartryggir ökutækið." Svo hljóðar 1. mgr. lagagreinarinnar, en í frv. er gert ráð fyrir að niður falli orðin „við starfa sinn" og er það skýrt svo í greinargerð:

„Í lagagreininni er eiganda skráningarskylds vélknúins ökutækis ætlað að tryggja ökumann þess. Skal vátryggingin tryggja bætur vegna slyss sem ökumaður kann að verða fyrir við starfa sinn. Þessi orð „við starfa sinn" hafa valdið tryggingamönnum erfiðleikum við túlkun ákvæðisins. Lagt er til að þau falli niður, enda vandséð hvaða tilgangi þau áttu upphaflega að þjóna."

Þessi skýring við 7. gr. frv. kann við fyrsta yfirlestur að sýnast fullnægjandi. Það er þó ekki svo í mínum huga.

Það er svo um óvenjulegar bifreiðar eða bifreiðar sem búnar eru margvíslegum tækjum að hvert eitt nýtt tæki getur boðið upp á meiri slysahættu en ella mundi. Við getum tekið sem dæmi þegar við aflvél bifreiðarinnar eru tengd margvísleg tæki sem eru látin vinna, t.d. til að lyfta tækjum upp á vörubílspall eða þegar vagnar eru tengdir við bifreiðar. Það er hægt að minna á að oft geta slys orðið við viðgerðir. T.d. eru mörg dæmi þess þegar menn eru að huga að ýmsu sem varðar t.d. vörubifreiðapalla. Banaslys hafa hlotist af því að pallar hafa dottið niður og þar fram eftir götunum. Það er hægt að ímynda sér að bílstjórar verði fyrir slysum við hleðslu eða afhleðslu ökutækja sinna. Svo er líka hægt að hugsa sér að starf bifreiðastjórans sé mjög þröngt, að sú trygging sem kveðið er á um í 92. gr. eigi einungis að tryggja ökumanninn þegar hann situr við stýrið og bíllinn er á hreyfingu. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að hv. þm. geri gleggri grein fyrir því en hann hefur gert hvað hann eigi við og hver hugsun hans sé þegar hann leggur til að orðin „við starfa sinn" falli brott. Ég tek að vísu undir það að ef hugsun hv. þm. er sú að rétt sé að tryggja atvinnubílstjóra sérstaklega fyrir slysahættu sem skapast af margvíslegum störfum utan við sæti ökumanns, þá er auðvitað sú hugsun á bak við það að það gæti orðið til þess að lækka iðgjöld á almenningi almennt. Það er tilhneiging vátryggingarfélaga til að koma til móts við atvinnubílstjóra og þau fyrirtæki sem hafa margvíslegan rekstur með höndum og þess vegna er sú hætta alltaf fyrir hendi að einhver hluti af þeim þunga sem kemur af því að vátryggja hættulegan atvinnurekstur lendi á hinum almenna borgara. Auðvitað er sú hætta fyrir hendi.

Nú sé ég ekki, hæstv. forseti, mikinn tilgang í því að reyna að spyrja hv. flm. út úr og má kannski einu gilda þegar hann er ekki við, en hér er verið að tala um mjög þýðingarmikið ákvæði umferðarlaganna þar sem er ákvæði um slysatrygginguna og ég ítreka það til að það komi alveg skýrt fram að ég óska eftir því við flm. þessa frv. að hann geri rækilega grein fyrir því hvaða hugsun er á bak við að niður falli orðin „við starfa sinn", hvort hann sé með þessu að þrengja þann tryggingarrétt sem atvinnubílstjórar hafi nú eins og ég skil að hann sé að gera og ég spyr að því hvort hans hugsun sé sú að tryggingin eigi einungis að taka til bílstjóranna þegar þeir eru í sínu sæti sem ökumenn en ekki þegar þeir gegna öðrum þeim störfum sem bifreiðastjórar hljóta að gegna sem ráðnir eru til þjónustu hjá fyrirtækjum og hafa atvinnu af því að aka annarra manna bifreiðum. Skiptir þá litlu máli hvort við erum að tala um sendibíla, vörubíla, hvort við erum að tala um sendibílastöðvar, hvort viðkomandi vinnur hjá ríki eða bæ eða úti á hinum almenna vinnumarkaði. Það er auðvitað mikið öryggisatriði hvernig frá þessum málum er gengið og nauðsynlegt að sú nefnd sem tekur málið til meðferðar afli sér nákvæmrar vitneskju um hvaða afleiðingar þessi breyting hefur fyrir öryggi ökumannsins.

Ég get fallist á að það eru viss rök fyrir því að ekki skuli blandað saman uppgjöri vegna t.d. torfærubíla, strætisvagna, vörubíla og svo venjulegra fólksbifreiða sem einstaklingar eiga, einkabifreiða, að áhættuflokkarnir eigi að skiptast í grófum dráttum eftir því til hvers bílarnir eru notaðir sem ég hygg að muni valda því að almenn bifreiðaiðgjöld muni lækka á borgurunum.

Ég hafði satt að segja búist við því að hæstv. dómsmrh. mundi hreyfa þessum málum á þessu þingi, umferðarlögunum. Sumar af þeim greinum sem hv. þm. leggur til að breyta hér eru þess eðlis að eðlilegast hefði verið að það hefði komið fram í frv.

frá hæstv. dómsmrh. og hefði verið unnið að endurskoðun umferðarlaganna og að frv. af nefnd sem hann skipaði. Ég er þakklátur hv. þm. fyrir að taka þetta frumkvæði. Það er t.d. alveg ljóst að brtt. úr aðrein í frárein sem felst í 1. gr. frv. er til mikilla bóta. Ég er sammála hv. þm. um að menn séu ekkert of góðir til að endurnýja ökuskírteini sitt innan tíu ára. Ég hygg að það kunni líka að vera til bóta, sem felst í 3. gr. frv., að lækka þann farm sem gert er ráð fyrir í 50. gr. úr 5 tonnum í 3,5 tonn og er sammála því. Ég er líka þakklátur hv. þm. fyrir 8. gr., en það var nauðsynlegt að fylgja eftir þeim hæstaréttardómi sem fallið hefur varðandi ölvun við akstur með þeim hætti sem hér er gert.

Á hinn bóginn eru tvö atriði sem frv. fjallar ekki um og nauðsynlegt er að gera sérstaklega að umtalsefni og raunar fleiri en tvö. Í fyrsta lagi tel ég að það komi mjög til greina að allir hljólreiðamenn séu með öryggisbúnað á höfði. Ekki aðeins þeir hjólreiðamenn sem eru tíu ára eða yngri heldur að það verði gert að almennri skyldu að hjólreiðamenn hafi öryggishjálm, en það er rétt hjá hv. þm. að um það er ekki fjallað í þessu frv. heldur í frv. sem hv. 6. þm. Reykn. flutti, en hann tók það fram hér sl. þriðjudag að unnið yrði að athugun á þessum frv. báðum samtímis í allshn.

Ég hef aflað mér upplýsinga um að þau slys sem verða vegna reiðhjóla eru vegna höfuðáverka og ég þakka því hv. þm. fyrir að hafa flutt það frv., en tel það eigi að ganga lengra, tel að hjólreiðamenn eigi almennt að vera skyldaðir til þess að vera með öryggishjálm, það eigi sem sagt ekki að binda það við tiltekinn aldur heldur gera það að almennri skyldu.

Ég vek í annan stað athygli á því að mjög veruleg hætta stafar af því úti á þjóðvegum landsins að engar fastar reglur hafa mótast um það hér á landi hvað sé aðalbraut og hvað ekki. Þannig hefur oft komið til þess fyrir dómstólum að mál hafa risið vegna þess að menn hafa talið sig vera í rétti á stofnbrautum eða þjóðbrautum sem á hinn bóginn hafa ekki átt réttinn gagnvart vegum sem hafa komið inn á þjóðbrautir eða stofnbrautir og veit ég að hv. þm. eru því sammála.

Ég hygg ég fari rétt með það að í Danmörku sé sú regla að á svokölluðum T-vegamótum skuli sú stofnbraut eða þjóðbraut sem kemur inn á aðra vera í órétti þannig að aðalrétturinn fylgi þeirri braut sem er bein. Þettta getur á hinn bóginn líka valdið margvíslegum ruglingi. Ég minni á að í Nd. er nú frv. frá hv. þm. Inga Birni Albertssyni þar sem hann leggur til að því sé slegið föstu að hringvegurinn sé hvarvetna aðalbraut. Þetta er mál sem nauðsynlegt er að taka til gagngerðrar athugunar og velta fyrir sér hvernig eigi að ákveða almennar reglur sem vegfarendur geta stuðst við varðandi þetta sérstaka atriði, T-vegamótin.

Sumir menn sem ég hef talað við um þessi mál eru þeirrar skoðunar að sjálfsagt sé að taka þessa reglu upp, aðrir hafa dregið í efa réttmæti þess og er auðvelt að benda á vegamót víðs vegar um landið þar sem hvort tveggja getur átt við og er hægt að fara í öll kjördæmi landsins raunar þessum orðum til staðfestingar, en fyrir dómstólum liggja alltaf ákveðin slysamál sem bíða úrskurðar vegna misskilnings og óvissu sem varðar einmitt þetta atriði, hvar rétturinn liggur.

Ég vek í annan stað athygli á því að í umferðarlögum er því slegið föstu að menn skuli ekki gjalda þess ef slys verður þó þeir hafi ekki öryggisbelti eins og lög segja til um. Í máli sem risið hefur út af þessu atriði hefur komið fyrir að tveir einstaklingar hafa lent í árekstri, báðir bílar skemmst viðlíka mikið, annar bílstjórinn hafði öryggisbelti en hinn ekki og það var dæmt svo að sá sem var í öryggisbeltinu skyldi greiða hinum slysabætur sem ekki hafði það. Mátti þó færa mjög rík rök fyrir því að slysabæturnar hefðu orðið mun minni og e.t.v. engar ef sá ökumaður hefði verið með öryggisbelti eins og lög segja til um. Þarna háttar með öðrum orðum þannig til að sá sem hafði öryggisbeltið var látinn gjalda þess gagnvart þeim sem hann mætti vegna þess að önnur atvik voru honum í óhag. Nú má vera að þetta sé rétt og hef ég ekki aðrar tillögur um það að flytja en vil hins vegar vekja athygli á þessu atriði.

Í síðasta lagi hlýt ég að vekja athygli á því að lausaganga stórgripa sérstaklega, hesta einkum og sér í lagi, veldur miklu óöryggi úti á vegum landsins og er mikil spurning hvort ekki sé orðið knýjandi að setja strangar reglur um að stórgripum verði að halda innan girðinga þannig að þeir geti ekki leikið lausum hala og hlaupið í veg fyrir bifreiðar á almennum stofnbrautum eða þjóðbrautum. Ég vil ekki ganga jafnlangt vegna sauðfjárins, vil þó minna á að misjöfnu gegnir um vegina. Ég ber það t.d. ekki saman hvaða öryggis ég tel að nauðsynlegt sé að gæta á vegum eins og t.d. undir Hafnarfjalli eða ef við tölum um stofnbraut sem liggur yfir Möðrudalsöræfi eða yfir heiðar landsins. Á slíkum stöðum má auðvitað búast við búfé að sumarlagi, en ég hygg að nauðsynlegt sé að setja miklu strangari og harðari reglur varðandi þær stofnbrautir þar sem umferð er hröðust og vegurinn að öðru leyti þannig úr garði gerður að menn aka mjög greiðlega og gjarna yfir þeim mörkum sem lög heimila án þess að ég sé að mæla því sérstaklega bót.

Ég hef svo ekki meira um þetta að segja. Ég vænti þess að þetta frv. nái fram að ganga á þessu þingi og ég vil líka taka undir að það frv. sem hv. 6. þm. Reykn. flutti nái fram að ganga. Ég tel að það sé nauðsynlegt. Efasemdir mínar eru meiri varðandi það frv. sem hv. þm. Ingi Björn Albertsson hefur flutt, en tel þó nauðsynlegt að hugað sé að því hvort ekki sé tímabært að setja almennar reglur um það hvar rétturinn liggur úti á þjóðbrautum landsins, hvort við eigum að taka upp svokölluð T-vegamót eða láta hægrihandarregluna vera allsráðandi eins og nú er.

Flm. (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Ég fagna miklum og skyndilegum áhuga hv. þm. Halldórs Blöndals á umferðarmál-

um og umferðaröryggismálum. Það er vissulega af hinu góða. Og ég þakka honum einnig góðar undirtektir við þetta frv. mitt. Það fór að vísu svo í ræðu hv. þm. að hann blandaði saman ýmsum atriðum úr frv. sem hv. þm. Salome Þorkelsdóttir er 1. flm. að og þessu frv., en hann spurði nánar tiltekið um eitt atriði sérstaklega og ég skal leitast við að svara því. Það er 7. gr. þessa frv. sem fjallar um tryggingamál: „Vátryggingin skal tryggja bætur vegna slyss sem ökumaður kann að verða fyrir allt að 10 millj. kr. vegna hvers einstaks tjónsatburðar."

Hv. þm. óskaði frekari skýringa á þessu. Breytingin felst í því að felld eru niður orðin „við starfa sinn" vegna þess að það hafa komið í ljós ýmis álitamál. En tilgangur þessa ákvæðis í umferðarlögunum er einungis sá að tryggja ökumenn við akstur. Orðin „við starfa sinn" hafa leitt til þess að það hafa risið margs konar álitamál. Hvernig á t.d. að bregðast við því ef ökumaður klifrar upp á háfermda bifreið og dettur þaðan niður og verður fyrir slysi? Þá er það auðvitað slysatrygging hans hjá atvinnurekandanum sem á að bæta það tjón. Þessi trygging í umferðarlögunum er eingöngu hugsuð fyrir ökumanninn í akstri, þ.e. við akstur bifreiðarinnar. Þessi breyting er lögð til til þess að taka af tvímæli og gera þetta ákvæði skýrara.

Það er alveg hárrétt að það eru mörg önnur atriði í umferðarlögunum sem mætti hugsa sér að breyta og þyrfti jafnvel að breyta, en ég taldi skynsamlegra að hafa þessi atriði ekki mjög mörg. Ég gæti talið upp ein 10–12 atriði til viðbótar og það gætu fleiri hv. þm., en kaus að láta hér við sitja. En mér er auðvitað ljóst að margt má þar betur fara og skal ekki, virðulegi forseti, hafa þessi orð fleiri.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég sé mig knúna til að koma í ræðustól og svara nokkru sem hv. 2. þm. Norðurl. e. fjallaði um varðandi það frv. sem ég ásamt fleirum hv. þingdeildarmönnum hef þegar mælt fyrir og komið er til hv. allshn. og bið velvirðingar á því að það mál er ekki til umræðu, en tengist þó óbeint því sem hér er verið að fjalla um.

Ég þakka í fyrsta lagi hv. 2. þm. Norðurl. e. fyrir að hafa vakið athygli á þessu frv. og sýnt því svo mikinn áhuga sem raun ber vitni og sem fær nú meiri umræðu en þegar ég mælti fyrir því fyrir nokkrum dögum og fékk enga umræðu hér í hv. deild. Það er af hinu góða. En hann gerði athugasemdir við 3. gr. þess frv. um að dómsmrh. skuli skipa sérstaka rannsóknarnefnd umferðarslysa. Ég leyfi mér hér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa greinina. Næsta setning er svohljóðandi:

„Í nefndinni skulu eiga sæti fimm menn með sérfræði- og tækniþekkingu sem varðar slysalækningar, umferðarskipulag, bifreiðaeftirlit, löggæslu- og tryggingamál. Nefndin starfar undir eftirliti Umferðarráðs."

Ég held að það sé mikill misskilningur hjá hv. 2. þm. Norðurl. e. að halda að þarna eigi að fara að setja á laggirnar nefnd sem á að taka að sér hlutverk umferðarlögreglu. Það er byggt á algjörum misskilningi. Hér er verið að tala um nefnd á sama grunni og nefndir sem ég er viss um að hv. 2. þm. Norðurl. e. er mér sammála um að eru mjög nauðsynlegar, svo sem rannsóknarnefnd sjóslysa annars vegar og rannsóknarnefnd flugslysa hins vegar. Það er þess konar rannsóknarslysanefnd sem hér er verið að fjalla um en ekki að þessi nefnd eigi að taka að sér hlutverk lögreglu. Slík nefnd er hugsuð í þeim tilgangi að komast að raun um hvað hafi valdið tilteknu slysi og þá er fyrst og fremst verið með í huga alvarlegu slysin, stóru slysin þegar og ef þau verða í umferðinni, að það sé hægt að gera sér grein fyrir því hvað hafi orsakað slysið og hvað sé þá til bóta til að koma í veg fyrir slíkt. Þetta er sem sagt ætlað til að geta betur unnið forvarnarstarf til þess að fækka alvarlegum slysum eins og ég þóttist skilja og skynja að hv. 2. þm. Norðurl. e. er sammála okkur um að sé mjög brýnt.

Annars vegar minntist hann á hitt atriðið í frv., því fyrra, og það er varðandi börn tíu ára og yngri sem skuli nota hlífðarhjálma þegar þau hjóla á reiðhjólum eða eru reidd. Ég get alveg verið sammála hv. þm. um að það væri æskilegt að allir hjólreiðamenn notuðu slíka hjálma og ég efast ekki um að margir geri það, en þarna er fyrst og fremst verið að líta raunsætt á hlutina. Ég held að ef það tækist að koma því í lög að tíu ára og yngri börn, sem er stærri áhættuhópur en þeir sem eru eldri og öruggari á reiðhjólum, notuðu hlífðarhjálma væri nokkuð unnið. Og auðvitað er engum bannað að nota slíka hjálma. Hér er stuðst við þær reglur sem gilda í öðrum löndum þar sem þetta þykir sjálfsagt og engum dettur annað í hug en að börn noti slíka hjálma.

Ég taldi nauðsynlegt, hæstv. forseti, að fjalla um þessi tvö atriði, þó þau séu ekki í þessu frv. eins og ég sagði áðan, vegna þeirra athugasemda sem komu fram hjá hv. 2. þm. Norðurl. e.

Ég vil svo ljúka máli mínu með því að minna á að hér erum við að fjalla um eitt af þeim málum sem koma til kasta Alþingis og eru hafin yfir öll flokksbönd, góðu heilli. Hér erum við að fjalla um umferðaröryggismál og þau snerta sérhvern einstakling ungan sem gamlan og þar með fjölskylduna alla. Ég held að það mættu margir hafa í huga að umferðaröryggismál eru fjölskyldumál. Þetta eru mál sem foreldrar ættu að láta sig varða, hvernig búið er að börnum á leiðinni á milli heimilis og skóla svo dæmi sé tekið, hvernig er búið að þeim í umferðinni á þeim umferðaræðum sem þau þurfa að ferðast daglega eftir sem gangandi vegfarendur.

Ég vildi aðeins ítreka þetta, hæstv. forseti. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég hef eitthvað komist klaufalega að orði áðan ef ummæli mín voru skilin þannig að ég hafi gert athugasemdir við efnisatriði frv. hv. 6. þm. Reykn. Þvert á móti vakti ég athygli á því að það

ákvæði frv. að taka upp hlífðarhjálma fyrir reiðhjól væri mjög þarflegt. Mér var hins vegar bent á það af manni sem þekkir vel til í tryggingamálum að það væri æskilegra, ef hægt er, að ganga skrefið lengra. Ég er hv. þm. alveg sammála um að það er betra að þetta taki til 10 ára barna heldur en ekki og lagði áherslu á það. (Gripið fram í.) Hitt sagði ég um rannsóknarnefnd umferðarslysa að forsendan fyrir því að slík nefnd gæti unnið vel úr sínum málum, væri sú að glöggar upplýsingar lægju fyrir um tildrög umferðarslysa og árekstra í umferðinni. Ég hélt því fram líka vegna ábendinga frá mönnum sem kunnugir eru og hafa af því daglega atvinnu að fylgjast með umferðarslysum, að upplýsingar um tildrög þeirra og ástæður eru ekki jafnöruggar og áður og raunar mjög af skornum skammti eftir að sú regla var afnumin að lögreglan gæfi skýrslu á slysstað eða árekstrarstað. Þannig að athugasemd mín hné ekki að því að ástæðulaust væri að stofna nefndina, síður en svo. Athugasemd mín laut að því að ég vildi breyta framkvæmd laganna þannig að lögreglan gæfi skýrslu um árekstra eins og áður þannig að umferðarnefndin, slysarannsóknanefndin hefði öruggari grunn, hefði öruggari forsendur fyrir sínu starfi og betri upplýsingar að byggja á í störfum sínum. Það var að því sem athugasemd mín laut en ekki hinu að draga úr nauðsyn þess að nefndin yrði skipuð.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Framhaldsskólar, 1. umr.

Stjfrv., 454. mál (rekstrarkostnaður, skólanefndir o.fl.). — Þskj. 814.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á lögum um framhaldsskóla, nr. 57/1988, og mun nú fara yfir frv. grein fyrir grein.

Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir því að taka af tvímæli varðandi starfsemi framhaldsdeilda við grunnskóla en það lagaákvæði núgildandi laga hefur í raun og veru ekki verið nægilega skýrt þannig að það hefur komið til túlkunardeilna milli ráðuneytisins og einstakra forráðamanna framhaldsskóla, einkum á Vesturlandi og tel ég því nauðsynlegt að hér verði tekin af öll tvímæli.

Um leið og menn lesa 1. gr. frv. er æskilegt að lesa 11. gr. þar sem segir að menntmrn. geti heimilað stofnun og starfrækslu framhaldsdeildar við grunnskóla. Námstilhögun og námsframboð í framhaldsdeildum skal vera undir faglegri stjórn þeirra framhaldsskóla er menntmrn. ákveður, o.s.frv.

Í 2. gr. frv. eru tekin af tvímæli varðandi orðalag um stofnkostnað við byggingu heimavista og þar er einnig ákvæði þar sem gert er ráð fyrir því að ríkissjóður geti með samþykki Alþingis ákveðið að greiða hærra hlutfall stofnkostnaðar við byggingu framhaldsskóla þegar í hlut eiga fámenn og févana byggðarlög en ekki er gert ráð fyrir því að slík undanþáguákvæði geti tekið til hinna stærstu og öflugustu sveitarfélaga.

Í 3. gr. frv. er kveðið nánar á um hlutverk samstarfsnefndar framhaldsskóla en samstarfsnefnd framhaldsskólanna er undir forsæti menntmrh. og kemur saman einu sinni eða tvisvar á ári eftir atvikum og aðstæðum. Hér er gert ráð fyrir því að nefndin skipuleggi samstarf framhaldsskóla og fjalli m.a. um verkaskiptingu, samvinnu um fagstjórn svo og önnur mál sem snerta samstarf skóla. Hér er gert ráð fyrir því að menntmrh. geti skipt nefndinni í hópa til að fjalla um samstarf, verkaskiptingu og skipulag skóla í einstökum landshlutum eða um einstaka málaflokka, en eins og kunnugt er nær nefndin yfir landið allt. Hér er gert ráð fyrir því, og það er á bak við þennan málslið, að unnt verði að efna til sérstaks samstarfs t.d. eftir kjördæmum eða svæðum innan kjördæma. *Dæmi um hið síðarnefnda er t.d. samstarf framhaldsskólanna á Suðurlandi, annarra en framhaldsskólans í Vestmannaeyjum og dæmi um hið síðarnefnda væri t.d. samstarf framhaldsskólanna á höfuðborgarsvæðinu sem næði þá yfir framhaldsskólana í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði og Garðabæ.*

2. mgr. þessarar greinar lýtur í raun og veru að sama ákvæðinu, sem sagt að stuðla að sem bestu samstarfi framhaldsskólanna um námsframboð og innritun, verkaskiptingu eftir atvikum. Það er lögð á það áhersla í greininni að reglugerð um þessi mál verði því aðeins sett að haft hafi verið samráð við forráðamenn framhaldsskólanna, skólanefndir og skólastjórn.

Í 4. gr. frv. er gert ráð fyrir því að skólanefnd verði skipuð til fjögurra ára í senn og í henni sitji sjö menn. Tveir fulltrúar kosnir af starfsmannafundi, einn fulltrúi kosinn af nemendum skólans, þrír tilnefndir af hlutaðeigandi sveitarfélagi eða samtökum sveitarfélaga í viðkomandi landshluta og einn fulltrúa skipar ráðherra án tilnefningar. Gert er ráð fyrir því að nefndin kjósi sér formann sjálf, þ.e. það er ekki miðað við að ráðherra skipi formann eins og er í núgildandi lögum.

Í 2. mgr. 4. gr. er gert ráð fyrir því að tveir eða fleiri skólar í sama kjördæmi eða landshluta geti sameinast um eina skólanefnd. Það er hægt að nefna mörg dæmi um *það hvað þetta gæti verið æskilegt þar sem* framhaldsskólar starfa svo að segja hlið við hlið og æskilegt væri að um heildarstjórn þeirra yrði að ræða sameiginlega.

Í 5. gr. frv. er gert ráð fyrir því að í stað orðsins „skólaráð" komi: skólastjórn, og inn í hana komi áfangastjóri þegar hann starfar við skólann til viðbótar þeim sem voru í skólaráði samkvæmt lögunum eins og þau eru í dag.

Í 6. gr. er kveðið á um hlutdeild kennarafundar í skólastarfi. Það þótti nauðsynlegt að kveða nánar á

um kennarafundina og að þeir kæmu við sögu við stefnumörkun skólans og námsskipan.

Í 7. gr. eru gerðar nokkrar breytingar að því er varðar ráðningu starfsmanna framhaldsskólanna. Það er fyrst að skólanefnd ráði kennara, námsráðgjafa og skólasafnverði og ekki er gert ráð fyrir setningu þessara starfsmanna eins og verið hefur. Hins vegar gangi menntmrh. frá skipun þessara starfsmanna þegar um það er að ræða.

Þá er í frv. gert ráð fyrir að skólameistari einn ráði stundakennara og aðra starfsmenn. Einnig ræður skólameistari aðstoðarskólameistara, áfangastjóra og deildarstjóra að höfðu samráði við skólanefnd. Hér er með öðrum orðum um að ræða ákvæði sem styrkir verulega skólameistarann frá því sem er í gildandi lögum jafnframt því sem í 2. gr. frv., svo sem ég rakti áðan, er gert ráð fyrir því að hlutverk skólanefndanna sé skilgreint.

Í 8. gr. eru sett inn tvö ný starfsheiti þar sem bætt er við námsráðgjöfum og skólasafnvörðum en hlutverk námsráðgjafa mun fara vaxandi á komandi árum. Þeir eru raunar og verða örugglega áður en langur tími líður taldir ein mikilvægasta starfsstétt skólastarfsins í landinu, bæði í grunnskólum og framhaldsskólum, og þeir eru sérstaklega nefndir til sögunnar hér í 8. gr. frv.

Verulegar breytingar eiga sér stað á 9. gr. frv. þar sem felld eru niður þau ákvæði sem eru nú í lagagreininni að nemendum sé skylt að stunda fornám í einstökum námsgreinum samkvæmt námsskrá hafi þeir ekki náð tilskildum árangri. Ástæðan fyrir því að við fellum þetta niður í þessari tillögu til hv. Alþingis er ósköp einfaldlega sú að við teljum að ákvæðið sé í ósamræmi við ákvæði greinarinnar að öðru leyti, um að allir eigi rétt á að hefja nám í framhaldsskóla sem lokið hafa grunnskólanámi.

Þá er í þessari grein fellt niður ákvæði um heimild til að setja lágmarkskröfur til inngöngu í ákveðna námsáfanga. Þetta ákvæði þótti heldur ekki í samræmi við rétt nemenda til náms og að skólinn yrði að gefa nemendum kost á námi við hæfi hvers og eins eftir því sem tök eru á og námsráðgjöf ætti að beita fremur en að setja almennar hömlur.

Í 10. gr., sem er ein veigamesta grein þessa frv., eru ákvæði 32. og 34. gr. laganna sameinuð í eina grein. Það eru brott felld ákvæði þess efnis að framlög á hvern nemanda skuli vera sem næst jafnhá hvar sem er á landinu og að framlagið skuli ákveða sem tiltekna upphæð á hvern nemanda árlega eins og þetta er í gildandi lögum.

Rekstur framhaldsskólanna í landinu er margvíslegur hvað varðar nemendafjölda, húsnæði, samsetningu náms og allar ytri aðstæður þannig að jafnaðarframlag eins og miðað hafði verið við mundi koma afar illa niður á sumum skólum, einkum litlu skólunum og verkmenntaskólunum og það mundi valda stórfelldri röskun í skólastarfi.

Þá er í frv. sett inn ákvæði þess efnis, sem er mjög mikilvægt atriði, að það skuli gerður samningur milli menntmrn. og hvers skóla um tilhögun á greiðslum til skólanna af fjárlagalið þeirra. Með þessari breytingu er að því stefnt að skólarnir taki á sig aukna rekstrarábyrgð og að vaxandi hluti fjárveitinga verði greiddur beint til skólanna eftir því sem aðstæður leyfa.

Hér er um að ræða eina mikilvægustu grein frv. og að mörgu leyti þá erfiðustu. Þegar við lögðum upphafleg drög að frv. fyrir skólameistara þá lögðu þeir á það áherslu að ákvæði frv. væru mikið skýrari að því er varðar aðskilnað launakostnaðar og rekstrarkostnaðar. Við teljum hins vegar, og ég er þeirrar skoðunar, að það ákvæði sem hér er inni um skýlausa lagaskyldu ráðuneytisins til að gera samning um málin við skólana, að það ákvæði sé í raun og veru svo gott sem verða má og með því móti eigi að vera tryggt að fjármunirnir skili sér til skólanna refjalaust. Hins vegar kannast ég við þær röksemdir sem uppi eru í framhaldsskólunum að þarna eigi að kveða enn þá skarpar að orði í greininni sjálfri, og það getur verið álitamál, en þessi texti er settur hér á blað að bestu manna yfirsýn og að höfðu nánu samráði við fjölda skólameistara og milli skólameistara annars vegar og fjármáladeildar menntmrn. hins vegar. Ég verð að segja það að ég tel að það sé eitt af mikilvægustu atriðunum í stjórnsýslu menntamála almennt að stuðla að því að á milli fjármáladeildar ráðuneytisins og þeirra sem fara með peninga fyrir þess hönd úti í skólakerfinu ríki sem best traust og grundvöllur þess getur ekki orðið betri en sá að gerður sé samningur um þessi mál í einstökum atriðum á milli skólanna og ráðuneytisins.

Í 11. gr. er svo kveðið á um stofnun og starfrækslu framhaldsdeilda við grunnskóla eins og ég gat um áðan og að þær starfi á sama hátt og aðrar framhaldsdeildir. Um þetta er það að segja að það er verulegur þrýstingur á ráðuneytið að heimila stofnun framhaldsskóla, sjálfstæðra framhaldsskóla, víðs vegar í landinu. Ég hef verið tregur til að fallast á slíkt og hef reyndar ekki fallist á eina einustu beiðni af þessu tagi, heldur hef ég lagt á það áherslu að framhaldsdeildirnar við grunnskólana séu undir faglegri forustu framhaldsskólanna á viðkomandi svæði. Það tel ég ákaflega mikilvægt.

Þetta frv. inniheldur ekki fleiri efnisatriði, virðulegi forseti. Hér var dreift frumvarpsdrögum fyrir mistök sem ég ber ábyrgð á, þar sem inni var ákvæði þess efnis að farið skyldi með Verslunarskólann og Samvinnuskólann eins og aðra framhaldsskóla. Um það náðist ekki viðhlítandi samkomulag á þessu stigi málsins og þess vegna var sú grein felld út úr frumvarpsdrögunum og er því ekki í frv. eins og það liggur hér fyrir.

Ég vænti þess, virðulegi forseti, að um þetta frv. geti tekist sæmileg samstaða hér á hv. Alþingi og legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Það er um þetta frv. eins og ýmis önnur frv. sem ríkisstjórnin hefur lagt fram á Alþingi nú síðasta dag þingsins sem til þess er heimild að þau

bera þess merki að ekki er mjög til þeirra vandað og greinilegt að breytingar á frv. hafa verið að berast inn á skrifstofur ráðuneytanna alveg fram á síðasta dag. Það sést m.a. á því að ekki aðeins er það frv. til laga sem hér liggur fyrir prentað upp heldur er það endurprentað upp eins og hér segir á því þskj. sem ég er með og hef ég raunar ekki hugmynd um hvort þetta er frv. nr. 2 eða 3. Væri kannski rétt að segja önnur útgáfa eða þriðja útgáfa á þessu plaggi.

Í öðru lagi vil ég vekja athygli á því að í grg. — ég hygg að það sé svo líka þó þetta sé endurprentað upp, já það er rétt — kemur ekkert fram um það hver hafi samið frv. né hvernig það sé undirbúið eða tilkomið og er ástæða til að spyrja hæstv. ráðherra hvort hér sé um hans einkahugmyndir að ræða eða hvort hugmyndirnar hafi komið frá embættismönnum eða skólamönnum og þá hvaða skólamönnum, með öðrum orðum hvaða orsakir lágu til þess að hæstv. ráðherra taldi sér nauðsynlegt að leggja þetta fram nú á síðasta degi þingsins. Loks vil ég spyrja hæstv. menntmrh. hvort skólameistarar hafi látið í té álit sitt á þeim atriðum sem hér koma fram í frv.

Ég vil taka það fram að ég tel frv. vera mikla afturför að því leyti að það dregur úr sjálfstæði skólanna, því frumkvæði sem ég tel að nauðsynlegt sé í framhaldsskólunum og á það einkum við um fjárhagslega kafla frv. eins og ég kem nánar að hér á eftir.

En áður en ég fer að ræða einstakar greinar frv. er óhjákvæmilegt að minna á það að nú stendur yfir verkfall kennara. Og eftir þeim síðustu fréttum sem ég hef fengið blasir ekki beint við að samningsstaða sé í augsýn. Ég vil í því sambandi vekja athygli á ummælum sem hæstv. forsrh. viðhafði á fundi í Kópavogi í gær og skýrt er frá í DV í dag. En þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar láglaunafólk í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Verkamannasambandinu sýnir þann skilning sem það hefur gert á stöðu þjóðarbúsins þá er sorglegt að háskólamenn skuli koma með kröfur eins og þessar. Það er alveg sama hvort þær fela í sér 70 eða 30% hækkun, en hún er einhvers staðar á því bili, þá er það vitfirring. Þjóðarbúið þolir ekki slíka hækkun," segir hæstv. forsrh.

Nú hafði mér skilist að samningamálin hefðu e.t.v. verið komin í einhvern þann farveg að búast mætti við því að samningar gætu tekist en á hinn bóginn er það öldungis ljóst að ummæli af þessu tagi eru síst til þess fallin að greiða fyrir því að samningar geti tekist á milli ríkisvaldsins og opinberra starfsmanna sem hér eiga hlut að máli, háskólamenntaðra manna. Að vísu hygg ég að það sé rétt að uppi séu hugmyndir um að reyna að semja við Kennarasambandið, semja fyrst við þá kennara sem eru í grunnskólanum og reyna að geyma hina þangað til á eftir og veit ég ekki hvernig úrvinnsla þess máls er nú. Ég skal ekki biðja hæstv. menntmrh. að bera ábyrgð á óheppilegum ummælum hæstv. forsrh. Það er samkomulag á milli mín og hæstv. forseta að sá þáttur umræðunnar sem lýtur að hæstv. forsrh. skuli bíða næsta máls þegar við förum að ræða söluskattinn og þegar við förum að ræða það háa matarverð sem er hér á landi, og blandast auðvitað ekki beint inn í það frv. sem hér liggur fyrir. Þó ég minnist þess þegar grunnskólafrv. lá fyrir á sínum tíma að einn af þingmönnum Vesturl. gerði skreiðarútflutning sérstaklega að umræðuefni.

En mín spurning til hæstv. menntmrh. er þessi: Hvernig hyggst hæstv. menntmrh. leysa úr vandamálum þess unga fólks sem nú getur ekki lokið prófum ef kennaraverkfallið dregst á langinn? Má þá búast við því að hæstv. menntmrh. grípi til þess ráðs að láta miðsvetrareinkunn eða vetrareinkunn gilda þar sem hún liggur fyrir? Og þá kannski með þeim fyrirvara að þeir nemendur sem þess óska og komast ekki áfram geti tekið haustpróf eða með einhverjum öðrum hætti látið á það reyna að þeir hafi bætt ráð sitt? Það er augljóst að eitthvað af þessu tagi er hægt að gera þar sem gamla bekkjarkerfið er við lýði. En í framhaldsskólum sumum er líka um að ræða sérstök áfangapróf sem gefa tiltekin réttindi og get ég ekki almennilega séð að hægt sé að leysa það mál með einföldu ráðherrabréfi. Ég held að það sé nauðsynlegt í tengslum við þetta mál að hæstv. menntmrh. geri deildinni nokkra grein fyrir því hvernig kjaradeilan við kennara stendur. Það er nauðsynlegt að spyrja hann jafnframt um það hvort hann hafi gert ráðstafanir til þess að nemendur verði ekki fyrir mjög miklum óþægindum. Og síðast en ekki síst, spyrja hann að því hvort það komi til greina í hans huga að ekki verði samið við kennara fyrr en á hausti komanda þannig að ríkisstjórnin geti kannski talað um bættan fjárhag ríkissjóðs fyrir næstu áramót þar sem tekist hafi að skera kennaralaunin niður um þriðjung á þessu ári vegna kjaradeilu þeirra við ríkissjóð. Ég held að það sé mikilvægt að fá þetta fram um leið og ég ítreka það sem ég sagði áðan að það er auðvitað afskaplega óheppilegt þegar forsrh. landsins talar um vitfirringu í sambandi við þá kjaradeilu sem nú er uppi.

Varðandi einstakar greinar frv. vil ég segja þetta: Ekki liggur ljóst fyrir hver er tilgangurinn með 1. gr. frv. þar sem það er ótvírætt í núgildandi lögum um framhaldsskóla með orðalaginu „við grunnskóla sem menntmrn. heimilar" að það tekur til framhaldsdeilda við grunnskólana. Það er ljóst að heimildin til að reka framhaldsdeildir í grunnskóla tekur bæði til þeirra deilda sem heimilaðar hafa verið og þeirra sem munu verða heimilaðar. Ég hygg að best fari á því fyrir hæstv. menntmrh. að láta þríprenta frv. og fella niður þessa 1. gr. Ef hann á hinn bóginn telur að einhver merkingarmunur sé á 1. gr. frv. og lögunum eins og þau liggja nú fyrir, þá er nauðsynlegt að um það komi gleggri upplýsingar en nú liggja fyrir.

Í lögunum segir, með leyfi hæstv. forseta: „Enn fremur framhaldsdeildir við grunnskóla sem menntmrn. heimilar."

Í brtt. hæstv. menntmrh. segir: „Enn fremur framhaldsdeildir við grunnskóla sem menntmrn. hefur heimilað og mun heimila." Ég hygg, hæstv. forseti, að það sé mikil spurning hvort ekki sé nauðsynlegt að ég biðji um úrskurð forseta deildarinnar um það

hvort í þessu felist einhver breyting, efnisbreyting, hvort það sé kannski rétt að vísa þessari grein frá af því að hún sé þarflaus og óþörf og óþingleg. Þetta stenst nú sennilega ekki hjá mér því auðvitað má alltaf lagfæra orðalag í lögum. Svo þetta er nú kannski ekki alveg rétt. En hitt liggur fyrir (**EgJ:** Það er nú betra að hafa þetta á hreinu.) að greinin er óþörf úr þessu.

Ég hélt satt að segja fyrst, þegar ég sá fyrstu útgáfu frv., að þá hefði hæstv. menntmrh. tekið eftir því að greinarnar voru 13 og þess vegna hafi hann viljað bæta við einni grein, því hæstv. ráðherra er hjátrúarfullur, og búið til einhverja grein til þess að ná 14. greininni. Nú er hins vegar búið að strika grein út þannig að greinarnar eru aftur orðnar 13, þannig að nú er þess vegna óhætt að sleppa þessu.

Við 2. gr. frv. eru brtt. í tveim stafliðum. Í staflið a er ákvæði um að ríkið greiði allan stofnkostnað við byggingar heimavistar en um það er skýrt ákvæði í 6. mgr. 3. gr. núgildandi laga. Mér sýnist ákvæðið eins og það er alveg ótvírætt, en út af fyrir sig er ekkert á móti því að skerpa það enn frekar. En tæplega virðist að tilefni sé til sérstakrar lagasetningar. Í staflið b í 2. gr. er heimild til ríkissjóðs með samþykki Alþingis að greiða hærra hlutfall stofnkostnaðar en 60% þegar í hlut eiga fámenn og févana byggðarlög. Ákvæði af þessu tagi kann að eiga rétt á sér, en hins vegar er ákvæðið mjög óljóst og spurning í hvers valdi það er að meta hvenær um stærstu og öflugustu sveigarfélögin er að ræða. Spurning er t.d. hvort Akureyri gæti fallið undir þetta undanþáguákvæði. En með nýju framhaldsskólalögunum eru lagðar allþungar byrðar á Akureyri þar sem tveir öflugir framhaldsskólar, Menntaskólinn á Akureyri og Verkmenntaskólinn, eru í því byggðarlagi.

Um 3. gr. er það að segja að hún fjallar um samstarfsnefnd framhaldsskóla. Er þar kveðið nánar á um verkefni slíkrar samstarfsnefndar og jafnframt að menntmrh. sé heimilt að skipta landinu í framhaldsskólasvæði.

Ég minni á í þessu sambandi að á síðasta þingi flutti Alþb. brtt. við framhaldsskólafrv. þess efnis að landinu yrði skipt upp í fræðsluumdæmi á framhaldsskólastigi eins og á grunnskólastigi, en þær tillögur náðu ekki fram að ganga. Var talið ástæðulaust að flækja svo mjög stjórnsýslu hinna tiltölulega fáu framhaldsskóla í landinu. Þess vegna hlýtur sú spurning að vakna hvort hér sé verið að endurtaka þessa hugmynd og opna leið fyrir slíkt þunglamalegt stjórnsýslukerfi varðandi framhaldsskólana.

Ég vil í framhaldi af þessu minna á að umræða einmitt um þetta atriði hefur gengið í gegnum umræður um framhaldsskólann og umræður um skólamál ár eftir ár og hefur það jafnan verið svo að Alþb. hefur verið mikill miðstýringarflokkur að þessu leyti, hvort sem við rifjum upp umræðurnar sem voru hér í deildinni fyrst á áttunda áratugnum eða förum í þær umræður um framhaldsskólann sem orðið hafa síðar. Hitt væri fróðlegt að fá að vita hvernig Alþfl. og Framsfl. muni bregðast við þessari brtt., hvort svo sé komið að þeir séu líka búnir að taka hornbeygju þarna eins og í skattamálunum og séu nú annarrar skoðunar um þetta mikilvæga ákvæði framhaldsskólalaganna eins og þingmenn þessara tveggja flokka hafa fullkomlega breytt um skoðun t.d. varðandi ýmis mjög þýðingarmikil ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt og ýmis önnur lög sem hafa gengið aftur nú á þessu þingi sem maður hélt satt að segja að maður væri búinn að koma í sæmilega gott horf á síðasta þingi.

En það er auðvitað ekki bara í þessu frv., það er á mörgum sviðum öðrum sem maður verður var við það að baráttan stendur ekki um það hvað Framsfl. eða Alþfl. vilji, heldur stendur baráttan um það hvort Sjálfstfl. tekst að toga þessa flokka inn á sínar brautir eða hvort Alþb. tekst að toga þá inn á sínar. Þeir eru svona eins og kólfurinn í klukkunni þessir tveir flokkar til hægri og vinstri og vinstri og hægri eftir atvikum. Og það undarlega við þessa flokka er það, gagnstætt því sem er um kólfinn, að stundum geta þeir farið hringsnúning og alltaf til vinstri. En það er auðvitað óhugsandi um venjulegar Borgundarhólmsklukkur sem eru ágæti annarra klukkna.

Um 4. gr. frv. er það að segja að þar er fjallað um skipan skólanefnda. En einmitt í þeim efnum hefur hæstv. menntmrh. sýnt mikla þráhyggju. Hefur hennar orðið vart alveg frá fyrsta degi eftir að hann settist í stólinn. Þá hefur hann verið að hugsa um þessar skólanefndir framhaldsskólanna sí og æ og sýknt og heilagt. Samkvæmt núgildandi lögum eiga að sitja í skólanefndum fimm menn, þ.e. fjórir tilnefndir að hlutaðeigandi sveitarfélagi eða sveitarfélögum og jafnframt einn sem menntmrh. skipar án tilnefningar og er formaður. Með þessum skólanefndum var fyrirhugað að treysta samstarf við borgarana í viðkomandi sveitarfélögum og hefur það gefið góða raun þar sem slíkt hefur tíðkast. Samkvæmt þessu ákvæði nú eiga sveitarstjórnir að skipa minni hluta skólanefnda, þ.e. þrjá af sjö, en síðan starfsmenn tvo, nemendur einn og svo ráðherra einn. Með því eru fulltrúar fólksins í viðkomandi byggðarlögum komnir í minni hluta í skólanefndir en skólanefndir orðnar nefndir starfsmanna, nemenda og menntmrh. Ekki hefur það gefist vel þar sem slíkar starfsmannanefndir hafa náð yfirtökum í stjórn stofnana. Nægir þar að nefna stjórnir spítalanna eins og t.d. Borgarspítala og hafa einmitt miklar umræður staðið um það á síðustu dögum í tengslum við frv. um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Vert er að benda á að gert er ráð fyrir því að 8. gr. laganna verði breytt, en þar er fjallað um verkefni skólanefnda. Þar er í 1. mgr. tilgreint að skólanefnd og skólameistari ákveði námsframboð með samþykki menntmrn. Hér er fyrst og fremst átt við það að skólanefnd, þ.e. nefnd fulltrúa sveitarfélaganna á staðnum, fjalli um það hvers konar nám er í boði í hverjum framhaldsskóla fyrir sig. En það er auðvitað mikið hagsmunamál fólksins í hinum ýmsu byggðarlögum. Ég nefni sem dæmi framhaldsdeildina á Dalvík, þar sem tekin hefur verið upp kennsla bæði í

skipstjórnarfræðum og eins í fiskvinnslu, sem er auðvitað mjög nauðsynlegt þar sem fiskveiðar og fiskvinnsla er mjög ríkur þáttur í atvinnulífi einmitt Eyfirðinga, og raunar ekkert kjördæmi á landinu sem dregur meiri þorsk að landi en einmitt þetta.

Þá er í 2. mgr. 8. gr. laganna fjallað um afskipti skólanefndanna af fjárlögum og fjármálastjórnun skólanna. Á hinn bóginn er í lögunum gert ráð fyrir að skólaráð, en það er vettvangur skólameistara, kennara og nemenda, verði skólameistara til aðstoðar við ýmiss konar faglega stjórnun skólans.

Þá er í 4. gr. einnig gerð sú breyting að menntmrh. skipi ekki formann skólanefndar heldur velji nefndin sér formann til tveggja ára í senn. Það er rökstutt með því að þetta auki á lýðræðislegan hátt sjálfstæði skólans. Mikið vafamál er að þetta verði til bóta þegar haft er í huga hvernig skólanefndir verða skipaðar ef þessi brtt. nær fram að ganga.

Þá er það einnig nýmæli í 4. gr. að nú er gert ráð fyrir að tveir eða fleiri skólar í sama kjördæmi geti sameinast um eina skólanefnd og talið að það geti stuðlað að nánara samstarfi skóla en verið hefur. Við undirbúning framhaldsskólafrv. sem varð að lögum á sl. vori var þetta einmitt mikið rætt, en niðurstaðan varð sú að hafa eina skólanefnd við hvern skóla, einmitt til að tryggja sjálfstæði skólanna. Enginn vafi er á því að t.d. í Reykjavík gætu embættismenn vel hugsað sér að skipta einungis við eina skólanefnd framhaldsskólanna og sama kann vafalaust að vera á stöðum eins og t.d. á Akureyri, en það stríðir mjög gegn þeim hugmyndum sem lágu að baki framhaldsskólalögunum um aukið sjálfstæði hvers skóla fyrir sig.

Í 5. gr. er sú breyting að í staðinn fyrir orðið „skólaráð" komi: skólastjórn, þ.e. einungis er breytt nafni á skólaráðinu, en hlutverki þess er ekki breytt. Hins vegar sýnist vafamál að nauðsynlegt sé að halda skólaráði eða skólastjórn í þessu formi ef skólanefndirnar verða skipaðar eins og lagt er til í 4. gr. Þá hefur enn fremur verið gert ráð fyrir að inn í skólaráð eða -stjórn komi áfangastjóri ef hann starfi við skólann og er að sjálfsögðu ekkert við það að athuga.

Í núgildandi 11. gr. framhaldsskólalaga segir, með leyfi forseta, um almenna kennarafundi: „og verksvið þeirra skal ákvarðað í reglum sem menntmrn. setur". Í 6. gr. þessa frv. er nánar skilgreint hvert vera eigi hlutverk kennarafundar og geri ég enga athugasemd við það.

Í 7. gr. er lagt til að fjórar nýjar málsgreinar komi inn í 12. gr. framhaldsskólalaga. En þar er gert ráð fyrir að menntmrh. setji eða skipi skólameistara framhaldsskóla að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólanefnda og er ekki gerð tillaga um að breyta því. Menntmrh. á samkvæmt lögunum að setja eða skipa fasta kennara að fengnum tillögum skólanefndar eða skólameistara viðkomandi skóla. Skólameistari ræður stundakennara og aðra starfsmenn í samráði við skólanefnd. Hér er sú breyting hins vegar gerð að skólameistari á að ráða kennara, námsráðgjafa og skólasafnverði að fengnum tillögum skólanefndar, en felld er niður setning þessara starfsmanna, eins og verið hefur til þessa. Hins vegar á menntmrh. að ganga frá skipun þeirra þegar um það er að ræða. Mjög er óljóst samkvæmt þessu ákvæði hvaða munur eigi að vera á ráðningu og setningu kennara, og þarf að fá nánari skýringar hjá ráðherra á því ákvæði.

Inn í greinina er bætt ákvæði þess efnis að skólameistari ráði aðstoðarskólameistara til fimm ára í senn, áfangastjóra til fjögurra ára og deildarstjóra til tveggja ára að höfðu samráði við skólanefnd. Hér er um nýtt ákvæði að ræða en áður var gert ráð fyrir að skólameistari réði aðra starfsmenn í samráði við skólanefnd. Ekki er gert ráð fyrir tímabundinni ráðningu í núgildandi lögum.

Við 8. gr. geri ég ekki athugasemd.

Í 9. gr. er fjallað um inntökuskilyrði í framhaldsskóla, en 16. gr. laganna hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Allir, sem lokið hafa grunnskólanámi eða hlotið jafngilda undirstöðumenntun, eiga rétt á að hefja nám í framhaldsskóla að fullnægðum kröfum um starfsþjálfun þar sem hennar er krafist. Nemendum er skylt að stunda fornám í einstökum námsgreinum samkvæmt ákvæðum í námsskrá hafi þeir ekki náð tilskildum lágmarksárangri.

Nemandi, sem orðinn er 18 ára gamall, getur hafið nám við framhaldsskóla án þess að fullnægja inntökuskilyrðum samkvæmt þessari grein nema að því er varðar starfsþjálfun. Heimilt er að setja lágmarkskröfur til inntöku í tiltekna námsáfanga. Inntaka nemenda í skóla er á ábyrgð skólameistara."

Í frv. menntmrh. er gert ráð fyrir að í fyrri málsgreininni falli niður setningin „Nemendum er skylt að stunda fornám í einstökum námsgreinum samkvæmt ákvæðum í námsskrá hafi þeir ekki náð tilskildum lágmarksárangri." Enn fremur er ráðgert að niður falli setningin „Heimilt er að setja lágmarkskröfur til inntöku í tiltekna námsáfanga."

Er ekki svo að eftir endurprentanirnar allar sé þetta svo? (**Menntmrh.:** Það er rétt.) Rökstuðningur með þessu er að það þyki ekki í samræmi við ákvæði greinarinnar um að allir eigi rétt á að hefja nám í framhaldsskólum að geta skyldað nemendur til að stunda fornám í einstökum námsgreinum og það þyki ekki í samræmi við rétt nemenda til náms og að skólinn verði að gefa nemendum kost á námi við hæfi hvers og eins að setja hugsanleg skilyrði um lágmarkskröfur eingöngu í ákveðna námsáfanga.

Með þessu er með öðrum orðum verið að afnema allar hömlur á inngöngu manna í framhaldsskóla en ég held að það geti haft mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér og er það reyndar mjög í ósamræmi við umræður meðal skólamanna sem fara fram einmitt þessa dagana, m.a. í Tímanum 11. apríl sl. Gagnrýni skólamanna hefur fremur beinst að því að lögin sem sett voru séu of opin, þ.e. of litlar hömlur á inntöku manna í framhaldsskóla. Í Tímanum segir svo um þetta atriði, með leyfi hæstv. forseta:

„Í viðtölum sem Tíminn átti við nokkra forsvarsmenn í framhaldsskólunum kom fram að þeir eru

ekki ýkja hrifnir af þessari nýbreytni, fyrst og fremst vegna þess að ekki er gert ráð fyrir neinum breytingum á fjárveitingum til skólanna eða meiri fjölbreytni í námsvali sem mundi hugsanlega höfða til þeirra nemenda sem hefðu sýnt slakan árangur og takmarkaðan áhuga á bóklegu námi. Einnig er talið að þetta nýja fyrirkomulag valdi því að unglingar slái slöku við námið vitandi það að engin inntökuskilyrði eru fyrir hendi. Þó verður að telja fullvíst miðað við þróun undanfarinna ára að framhaldsskólarnir muni taka mið af einkunnum nemenda ef þeir fjalla um þær umsóknir sem berast.

Í einum menntaskólanna fengust þær upplýsingar að brottfall úr námi á fyrsta námsári væri á bilinu 20–30% og er ljóst að því lægri einkunnir sem nemandi hefur á grunnskólaprófi því meiri líkur eru á að hann hverfi frá náminu. Telja því margir þetta slæma breytingu á lögunum sem geri ungu fólki engan greiða. Það sólundi einu ári til einskis við að komast að því að bóklegt framhaldsskólanám er ekki við þess hæfi. Á sínum tíma var einn megintilgangur með grunnskólaprófinu að veita forspá um möguleika viðkomandi nemanda í bóknámi.

Hinir sömu telja að vandinn sé raunverulega sá að ekki hefur verið til nám við hæfi þeirra einstaklinga sem ekki hafa náð grunnskólaprófunum og með þessum nýju lögum sé vandanum velt yfir á framhaldsskólana í stað þess að taka á honum í ráðuneytinu. Leiðin til að leysa þennan vanda sé ekki sú að fella niður inntökuskilyrðin. Vandinn verði áfram óleystur því ekki er gert ráð fyrir að skólarnir breyti kennsluháttum sínum eða að settar verði á fót nýjar námsbrautir.

Þegar fyrstu fjölbrautarskólarnir voru settir á stofn var boðið upp á nám sem höfðaði til þeirra sem höfðu takmarkaðan áhuga á hefðbundnu bóknámi eða langskólanámi. Þessar brautir eru að mestu leyti horfnar í dag og telja margir ástæðuna fyrir því að foreldrar leggi hart að börnum sínum að sækja hefðbundið bóknám í framhaldsskólunum. Í þessu sambandi hefur verið nefnt að leggja þurfi meiri áherslu á námsráðgjöf fyrir unglingana."

Svo mörg voru þau orð.

Ég vil aðeins bæta því við, herra forseti, sem ég hef raunar oft tekið fram áður í sambandi við umræður um skólamál hér í deildinni og í sameinuðu þingi, að ég taldi á sínum tíma og tel enn að það hafi verið mikil skyssa að leggja niður gamla gagnfræðaskólann eins og hann var. Þá var svo komið að 4. bekkurinn hafði fest í sessi, fengið sérstakan tilgang, almennan tilgang innan skólakerfisins sem ekki var áður og hafði sama gildi og landspróf, tekið úr 3. bekk.

Ég man að á þeim árum, árunum áður en nýju grunnskólalögin gengu í gildi, hafði sá merki skólamaður Jón Á. Gissurarson starfrækt svo árum skipti sérstaka bekkjardeild fyrir þá nemendur sem voru verst undir það búnir að fara í framhaldsnám og hafði honum tekist að hjálpa mjög mörgum einstaklingum til að ná góðum þroska einmitt með þeirri sérstöku áherslu sem hann lagði á það að sinna þeim nemendum sem verst voru settir. Ég skal ekki fara frekar út í þá sálma hér en aðeins minna á það að ég tel að með því að samþykkja frv. hæstv. menntmrh. eins og það liggur nú fyrir sé stigið skref aftur á bak. Þá sé í raun og veru verið að reyna að fela vanda sem blasir við í þjóðfélaginu og öllum er kunnur.

Í 10. gr. eru lagðar til veigamiklar breytingar á kaflanum um fjárhagslegan rekstur framhaldsskóla. Veigamesta breytingin er sú að samkvæmt núgildandi lögum er rekstrarkostnaði framhaldsskóla skipt í tvo meginþætti, þ.e. launakostnað sem nánar er skilgreindur og annan rekstrarkostnað. Gert er ráð fyrir að launakostnað greiði ríkissjóður beint til starfsmanna en rekstrarframlagið greiðist fyrir fram til skóla ársfjórðungslega. Hér er um mjög veigamikið atriði að ræða til að tryggja fjárhagslegt sjálfstæði skólanna og gera skólastjórnendur ábyrga fyrir hinum fjárhagslega rekstri. Gríðarleg áhersla var lögð á þetta atriði af skólameisturum og skólastjórnendum. Nú er þessu fjárhagslega sjálfstæði kippt af skólunum og í raun gert ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi frá því sem verið hefur en þó aðeins bætt inn ákvæði þess efnis að gerður skuli samningur milli menntmrn. og hvers skóla um tilhögun á greiðslum til skólanna af fjárlagalið þeirra. Gefur auðvitað auga leið að ekkert yrði samþykkt í þeim efnum annað en það sem menntmrn. og væntanlega fjmrn. leggja til.

Vitað er að embættismenn, bæði í menntmrn. og fjmrn., voru mjög andvígir þessu ákvæði en í gegnum alla meðferð málsins tókst að halda því inni, m.a. vegna ötullar baráttu skólameistaranna og er því ljóst að hér hafa embættismennirnir náð yfirtökum og ráðherra fórnar fjárhagslegu sjálfstæði skólanna í þessari tillögu.

Þá er og gert ráð fyrir að afnumið verði það ákvæði að framlög ákveðinna nemenda skuli vera sem næst jafnhá hvar sem er á landinu og að framlögin skuli ákveða sem tiltekna upphæð á hvern nemanda árlega. Þetta atriði var mjög umrætt þegar lögin voru til meðferðar á Alþingi á sl. vetri og óttuðust sumir að fámennari skólar mundu gjalda þessa ákvæðis, en í 34. gr. laganna, sem nú á að afnema, er kveðið á um það að taka þurfi tillit til sérstakra aðstæðna og skuli veitt sérgreint framlag til að mæta þeirri þörf.

Nú er sem sagt lagt til að afnema þessar leiðbeiningar í lögunum um fjárframlög til skóla og það algjörlega lagt á vald fjárveitingavaldsins. Það er viðkomandi ráðuneytis og Alþingis að ákveða rekstrarkostnað fyrir hvern skóla.

Ég vek sérstaka athygli á því að í athugasemd í kaflanum þar sem fjallað er um 10. gr. segir að í upphafi sé stefnt að því að rekstrarframlag, annað en kennslulaun, laun fastra starfsmanna og meiri háttar viðhalds- og stofnkostnaður, yrði greitt hverjum skóla fyrir fram. Um þetta eru ekki stafkrókar í lagagreininni sjálfri. Þvert á móti hlýtur að verða að skilja hana svo að engin skuldbinding sé um slíkar fyrirframgreiðslur þar sem bein ákvæði í lögunum um það efni eru afnumin.

Þessi breyting er í andstöðu við allan málflutning

núverandi ráðherra um nauðsyn þess að auka sjálfstæði skólastofnana.

Í 11. gr. er gert ráð fyrir að ný grein komi inn í lögin, þ.e. grein sem fjalli um starfrækslu framhaldsdeilda við grunnskóla og samkvæmt athugasemdum er helsta nýmælið í henni að ákveðið er að framhaldsdeildir skuli vera undir faglegri stjórn framhaldsskóla til að tryggja samræmingu á námsframboði og samstarfi milli nálægra skóla.

Þegar frv. var til meðferðar voru ýmsir skólamenn, þar á meðal skólameistarar framhaldsskólanna, andvígir því að sett yrði inn í lögin ákvæði um framhaldsdeildir grunnskóla og báru því m.a. við að of mikil freisting væri á hinum ýmsu stöðum að setja framhaldsdeildir sem mundu útþynna framhaldsmenntunina og gera það að verkum að hinir eiginlegu framhaldsskólar sem sinntu því hlutverki eingöngu yrðu undir í baráttunni og nám þeirra yrði útþynnt.

Við nánari athugun er ég ekki viss um að þessi rök skólameistaranna standist þannig að ég tel að það sé frekar til bóta að setja í lögin ákvæði um framhaldsdeildir við grunnskóla því enginn vafi er á því að það er vaxandi áhugi á því á hinum ýmsu stöðum úti á landi að halda nemendum í heimabyggð a.m.k. fyrstu tvö árin í framhaldsskóla. Þetta er þó mjög umdeilt.

Í 13. gr. er gert ráð fyrir að felld séu úr gildi ákvæði 5. gr. laga um Heyrnleysingjaskóla og er ekkert við það að athuga miðað við þær skýringar sem gefnar eru í athugasemdunum.

Umræðu frestað.

Um þingsköp.

Umræða um söluskattsfrumvarp.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Þó mér þyki leitt að trufla hér umræðu um jafnmikilvægt mál og framhaldsskólana get ég þó ekki látið hjá líða að vekja athygli á því að það bíður hér umræða um söluskatt á matvæli og lækkun hans, þ.e. það frv. sem við tveir þm. Borgfl. í Ed. höfum lagt fram. Við höfum beðið rólegir alla vikuna eftir því að reyna að ná tangarhaldi á hæstv. forsrh. til að fá hann hingað í deildina til að svara nokkrum spurningum en hann, eins og öllum er kunnugt, er mjög önnum kafinn maður og mjög erfitt að ná tali af honum. Maður fréttir gjarnan af honum á mjög merkilegum fundum úti í bæ. Nú virðist atburðarásin farin að líkjast eilítið þeirri sömu atburðarás og var hér fyrir rúmlega ári síðan þegar hæstv. forsrh. hélt mikla fundi úti um borg og bý og lýsti því yfir að Róm væri að brenna og ríkisstjórnin væri kolómöguleg og allt sem hún gerði væri fyrir neðan allar hellur. Þess vegna tel ég mjög brýnt að við getum fengið að halda þessari umræðu um lækkun á söluskatti á matvælum áfram en ég tek undir og ítreka það að mér þykir leitt að þurfa að trufla hér umræðu um þetta mikilvæga mál.

Forseti (Guðrún Agnarsdóttir):

Forseti hefur fullan hug á því að taka það mál sem hv. þm. talaði um á dagskrá um leið og þessu máli er lokið og ég vona að hv. þm. sætti sig við það að þessari umræðu verði haldið áfram enda býst ég ekki við að hún verði mjög löng.

Framhaldsskólar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 454. mál (rekstrarkostnaður, skólanefndir o.fl.). — Þskj. 814.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil reyndar leyfa mér að fagna því að hæstv. forsrh. skuli geta verið viðstaddur þessa umræðu um framhaldsskóla sem ég tel mjög mikilvæga. Það er nauðsynlegt að við komumst til þess að ræða skólamál og menntamál þjóðarinnar sem oftast, en ég skal reyna að vera ekki mjög langorð því ég skil líka óþolinmæði hv. 7. þm. Reykn. vegna þess að umræða um frv. hans um söluskatt hefur nú dregist á milli margra funda.

Um þetta leyti árs í fyrra fjölluðum við hér á Alþingi um frv. til laga um framhaldsskóla sem lagt var fram af þáv. hæstv. menntmrh. Birgi Ísl. Gunnarssyni. Allir gátu verið sammála um það að fyrir löngu var orðið tímabært að setja einhvers konar rammalög um framhaldsskólastigið þótt skoðanir væru vissulega skiptar um efni þess frv. sem síðar var afgreitt sem lög frá Alþingi 9. maí sl.

Við kvennalistakonur gagnrýndum ýmsa þætti frv. og fluttum brtt. við ýmsar greinar þess. Það er dálítið kaldhæðnislegt að um það leyti sem málið var til umfjöllunar í Nd., upp úr miðjum apríl sl., stóðu kennarar í harðvítugri kjarabaráttu en reyndar var fóturinn settur fyrir þá í það skiptið. Nú þegar við tökum til umfjöllunar frv. hæstv. núv. menntmrh. um breytingar á framhaldsskólalögunum hafa kennarar enn og aftur neyðst út í harða deilu við ríkisvaldið um kjör sín og eins og allir vita eru þetta ekki fyrstu tvö skiptin sem slíkar deilur koma upp á síðustu árum. Eins og þingheimur allur veit eru margir nemendur framhaldsskólans nú fórnarlömb slíkra deilna í fjórða skiptið á námstíma sínum og ábyrgð á þeim deilum lýsi ég algjörlega á hendur stjórnvöldum þessa lands.

Og hvernig skyldi nú standa á þessum stöðugu deilum? Jú. Ár eftir ár hafa kennarar reynt, lengst af með hógværð og þolinmæði að leiðarljósi, að fá leiðréttingusinna mála og ástæða er til að undirstrika að kennarar eru ekki einungis að hugsa um sinn eigin hag í þeim efnum. Stéttin sem heild ber hag nemenda fyrir brjósti ekki síður en eigin hag og þar af leiðandi framtíð þjóðarinnar. Það virðist hins vegar sama hver er í forsvari fyrir ráðuneyti mennta- og fjármála, ekki er á kennara hlustað. Maður óttast að stefni í enn frekara neyðarástand í haust en hingað til en eins og menn vita er þar ekki úr háum söðli að detta. Fleiri hundruð leiðbeinendur við störf, langt frá því að

jafnrétti til náms hafi náðst, og ekki styttist bilið ef svo fer sem horfir.

Í svari hæstv. menntmrh. við fsp. minni í haust um hlutfall kennara og leiðbeinenda í fræðsluumdæmum landsins kemur m.a. fram að sums staðar á landinu er hlutfall leiðbeinenda við kennslu á framhaldsskólastigi hærra en kennara. Í Austurlandsumdæmi eru leiðbeinendur í 57,5% stöðugilda, á Norðurlandi vestra eru þeir í 61% stöðugilda en í Reykjavík í 28%.

Þetta hlýtur að vekja upp spurninguna um jafnrétti til náms eftir búsetu og vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. menntmrh. með hvaða hætti hann og hans ráðuneyti hugsi sér að stuðla að því að kennarar fáist til starfa í skólum landsins um allt land, bæði í haust og svo og í framtíðinni. Ég lýsi áhyggjum mínum af því ástandi sem enn einu sinni hefur skapast í skólunum og þeirri ábyrgð lýsi ég algjörlega á hendur stjórnvöldum eins og ég tók hér fram áðan.

Frá því árið 1985 hafa komið út þrjár skýrslur sem allar fjalla um sama efnið, þ.e. kennarastarfið, menntunina sem krafist er til að sinna því starfi og kjör kennaranna.

Í febrúar 1985 kom út fyrsta skýrslan sem ég nefni hér. Þá höfðu kennarar í Hinu íslenska kennarafélagi gripið til þess örþrifaráðs að segja upp störfum sínum frá og með 1. mars. Skýrsla þessi er unnin á vegum menntmrn. og fjallar um endurmat á störfum kennara. Í henni kemur í ljós að kennarar hafa haft rétt fyrir sér öll undanfarin ár. Kröfur til kennara á báðum skólastigum hafa aukist til muna á meðan þeir hafa stöðugt dregist aftur úr í launum.

Ég get eiginlega ekki stillt mig um að nefna eitt dæmi sem ég heyrði í gær frá fundi BHMR-félaganna sem nú standa í verkfalli en þar flutti Þyrí Árnadóttir, kennari við Hagaskólann í Reykjavík, ræðu og tók þar eitt lítið dæmi um sín eigin kjör. Hún byrjaði að kenna í september 1973 eftir að hafa lokið prófi við Kennaraskóla Íslands og tveggja ára viðbótarnámi við kennaraháskóla í Danmörku. Maður hennar er tæknifræðingur og vinnur úti á almennum vinnumarkaði og nám tæknifræðinga er u.þ.b. jafnlangt og nám hennar á þessu stigi. Þegar heim kom voru laun hans 50.000 samkvæmt gömlu krónutölunni og hennar laun voru rétt tæpar 50.000 kr. Um þær mundir sem þau komu heim kostaði mjólkurlítrinn 20 kr. og bensínlítrinn 23 kr. Fyrir mánaðarlaunin á þessum tíma gat hún keypt 2500 lítra af mjólk og 2174 lítra af bensíni. Húsaleiga fyrir góða þriggja herbergja íbúð á þessum tíma var um 10 þús. kr. eða ⅓ af byrjendalaunum kennarans.

En hver skyldu byrjunarlaun kennara nú að loknu BA-prófi og uppeldis- og kennslufræði vera? Jú, þau eru 58.932 kr. Og hvað getur þessi nýútskrifaði kennari keypt fyrir laun sín? Hún fær 990 lítra af mjólk eða rúmlega 1500 lítrum minna en kennarinn með sambærilega menntun sem hóf kennslu á byrjendalaunum árið 1973. Og bensínlítrarnir í dag, reyndar eftir olíukreppu, eru 1345 eða 800 færri en árið 1973.

En hvað hefur orðið um laun tæknifræðingsins? Tæknifræðingurinn, sem hefur starfað á almennum markaði samfleytt síðan 1973 eins og sá kennari sem ég tala hér um, fær nú 122.379 kr. í grunnlaun. Kennarinn hefur 71.016 eftir jafnlangan tíma í starfi. Munurinn á launum þeirra í dag er 52.363 þannig að það er einsýnt að tæknifræðingurinn getur keypt næstum því helmingi fleiri mjólkurlítra en kennarinn fyrir launin sín. Þetta er mjög augljóst og alvarlegt dæmi um það hvernig búið er að kennarastéttinni.

Langar mig af þessu tilefni til að spyrja hæstv. menntmrh. hvaða tillögur til lausnar þeirri deilu sem nú er uppi hann hafi sem ábyrgur fagráðherra þessa málaflokks.

Ef ég vík aftur að skýrslunum sem hafa komið út á undanförnum árum vil ég minna á skýrslu OECD þar sem hinn rauði þráður er að bæta þurfi kjör og starfsskilyrði kennara. Hinir erlendu sérfræðingar OECD eru sammála um að fátt ef nokkuð eitt sér hafi meira að segja um gæði skóla og skólastarfs en einmitt kennararnir sjálfir. Í nóv. 1987 birtist enn ein skýrsla um starfskjör framhaldsskólakennara ásamt tillögum. Sú skýrsla var unnin af sérstakri starfskjaranefnd sem skipuð var fulltrúum fjmrh., menntmrn. og Hins íslenska kennarafélags. Í henni er að finna ýmsar tillögur til úrbóta og í greinargerð í upphafi skýrslunnar segir, með leyfi forseta:

„Margt bendir til þess að skólastarf á framhaldsskólastigi sé ekki í eins góðu horfi og æskilegt væri og virðist hafa hallað undan fæti í þessu efni síðustu árin. Til staðfestingar þessu má m.a. benda á athuganir sem gerðar voru sl. vetur á kennslu í íslensku og stærðfræði í framhaldsskólum. Skýrslur um niðurstöður þessara athugana hafa nýlega verið gefnar út. Brýnt er að snúa þessari þróun við og gera til þess viðeigandi ráðstafanir, bæði í launamálum kennara og einnig hvað varðar starfsskilyrði þeirra."

Þetta eru upphafsorð greinargerðarinnar og ekki er ágreiningur um niðurstöður þessarar skýrslu frekar en aðrar þær sem fram hafa komið.

Síðan þessi skýrsla var gefin út hafa enn einu sinni verið gerðir óviðunandi kjarasamningar kennurum til handa vorið 1987. Það hefur gerst æ ofan í æ að kennarar hafa gengið aftur til starfa sinna í trausti þess að ýmis loforð sem stjórnvöld hafa gefið verði haldin. Loforðasúpan er nú orðin þunnfljótandi og heldur næringarlítil og ekki í neinum takt við þáltill. hæstv. heilbrmrh. um manneldis- og neyslustefnu Íslendinga.

Veturinn 1985 þegar kennarar í Hinu íslenska kennarafélagi sáu ekki aðra leið út úr sínum vandræðum en að segja upp störfum og yfirgefa skólana fóru fram miklar viðræður milli kennara og ríkisvaldsins og ég ætla, með leyfi forseta, sérstaklega þar sem hæstv. forsrh. er hér staddur, að vitna til tveggja bréfa sem þá voru skrifuð, annars vegar bréfs sem hæstv. þáv. fjmrh. Albert Guðmundsson skrifaði og hins vegar annars bréfs sem hæstv. núv. forsrh. skrifaði til staðfestingar á því sem segir í bréfi Alberts. En þetta bréf er stílað til formanns launamálaráðs BHMR, dags. 20. mars, og í því vill fjmrh. taka eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Fjmrh. afhenti fulltrúum Hins íslenska kennarafélags í gær yfirlýsingu sem vísar til bókunar ríkisstjórnarinnar frá 12. mars 1985 um samstarf á sviði kjararannsókna í þeim tilgangi „að tryggja eðlilegt samræmi í kjörum milli ríkisstarfsmanna og manna í sambærilegum störfum á hinum almenna vinnumarkaði“.“

Formaður launamálaráðs BHM, Stefán Ólafsson, hafði áhuga fyrir að fá nánari skilgreiningu hæstv. forsrh. á þessum orðum í bréfi fjmrh. og hér kemur staðfesting forsrh. á bréfi fjmrh. og þar segir, með leyfi forseta:

„Þú spyrð hvernig ég skilji eftirgreint atriði í samþykkt ríkisstjórnarinnar.

Tilgangur slíkra kjararannsókna yrði að tryggja eðlilegt samræmi í kjörum milli ríkisstarfsmanna og manna í sambærilegum störfum á hinum almenna vinnumarkaði. Með tilvísun til síðari samþykkta ríkisstjórnarinnar, m.a. þess efnis að laun fyrir dagvinnu skuli lögð til grundvallar, sýnist mér að ekki þurfi vafi á að leika. Yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar ber að skilja svo að ætlunin er að tryggja ríkisstarfsmönnum sömu heildarkjör og menn hafa við sambærileg störf og ábyrgð, m.a. að dagvinnulaun verði hin sömu og þegar borin eru saman laun sem eru fyrir fulla dagvinnu aðeins og tekið tillit til hlunninda hvers konar.“

Bréf þetta er undirritað af núv. hæstv. forsrh., Steingrími Hermannssyni. Hann hefur á þessu tímabili sleppt úr einu ári sem forsrh. og því vil ég leyfa mér að beina spurningu minni til hans hér og nú hvort hann telji að þetta hafi tekist og sérstaklega í ljósi yfirlýsinga hans frá fundum í gærkvöldi þar sem talað er um óraunhæfar og vitfirrtar kröfur háskólamanna.

Hæstv. menntmrh. hefur ferðast um landið og vil ég leyfa mér að hrósa þeim vinnubrögðum hans. Ég tel þau til fyrirmyndar, að gefa foreldrum og kennurum og öllum þeim sem áhuga hafa á skólamálum tækifæri til þess að koma og ræða málin, en ég get auðvitað ekki látið hjá líða að geta þess sem leið að þær verða lítt trúverðugar þessar fundaferðir um landið og orð hans um að ná þjóðarsátt í mennta- og menningarmálum ná skammt ef ekki verða bætt kjör þeirra sem framar öllum bera ábyrgð á að mennta uppvaxandi kynslóð frá degi til dags. Enn síður verða þessar ferðir trúverðugar ef í kjölfarið fylgja niðurskurðarbréf hæstv. fjmrh. og vil ég leyfa mér í tilefni af þeim spyrja hæstv. menntmrh. ef hann þá getur svarað því sem ég vonast til og vænti að hann geti fyrir hönd síns ráðuneytis: Samkvæmt bréfum þessum er gert ráð fyrir 4% niðurskurði á launakostnaði skólanna frá áramótum síðustu. Þegar bréfið barst höfðu skólar þá þegar gert sínar áætlanir og stundaskrár fyrir vorönnina þannig að ekki varð aftur snúið með það sem þegar hafði verið ákveðið og vil ég því spyrja hvort skólar muni neyðast til að skera niður um 8% frá haustönninni og ef svo er, með hvaða hætti menntmrh. telur það fært, sérstaklega líka með tilliti til þess að við erum hér að fjalla um frv. þar sem gert er ráð fyrir að fjölga í skólunum með því að afnema þau inntökuskilyrði sem hingað til hafa verið í gildi og ég vænti þess að gert sé ráð fyrir að af þeirri ákvörðun, ef að lögum verður, hljótist nokkur aukakostnaður miðað við venjulegar áætlanir. En það gengur ekki lengur að kennarar þurfi að eyða öllum hléum, sem þeim gefast til endurmenntunar, undirbúnings og hvíldar, til að vinna aðra launaða vinnu til að sjá sér og sínum farborða.

Láglaunastefnan gagnvart kennarastéttinni hefur þegar orðið menntakerfi þjóðarinnar dýrkeypt að ekki sé talað um þau áhrif sem kjör hennar og annarra sérmenntaðra stétta hafa á viðhorf ungs fólks til menntunar. Í stjórnarsáttmálanum segir, með leyfi forseta:

„Góð menntun er undirstaða framtíðarlífskjara þjóðarinnar.“

Áferðarfalleg setning sem við þekkjum eflaust öll, en nú vil ég spyrja hæstv. menntmrh. hvernig ríkisstjórnin ætlar að koma áformum sínum um að skapa öllum skilyrði til góðrar menntunar og þar með bættra framtíðarlífskjara ef svo gengur áfram sem nú virðist stefna. Og hvað verður gert við skýrslu starfskjaranefndar frá árinu 1987? Verður henni stungið undir stólinn eins og hinum? Og svo vil ég spyrja: Hvernig getur hæstv. menntmrh. séð fyrir sér lausn þeirrar deilu sem nú virðist vera að komast í hnút? Er hann áhyggjulaus af þeim málum? Ég lýsi miklum áhyggjum mínum af þeim. En mér hefur þótt bera dálítið á áhyggjuleysi stjórnvalda núna þessar vikurnar eftir að verkföll háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna skullu á, og ég velti því fyrir mér í gær hvort áhyggjuleysi stjórnvalda endurspeglist e.t.v. í fréttum fjölmiðla þessa dagana þar sem næsta lítið er fjallað um stöðuna í menntamálum þjóðarinnar og gagnvart þessu menntaða háskólafólki.

Í gær var t.d. skemmtileg mynd framan á DV af krökkum sem voru að dimmittera eins og venjan er að stúdentsefni geri síðasta kennsludag fyrir próf. Í texta með myndinni var þess ekki getið á einn eða annan hátt að e.t.v. mundu þessir krakkar alls ekki ljúka prófum í vor. Sams konar frétt birtist í Tímanum í morgun og aðeins er talað um dimmissjón sem gleðilegan viðburð sem á sér stað á vori hverju. Í tilefni þessa vil ég líka spyrja: Hvernig hyggst menntmrh. leysa mál þeirra nemenda sem ljúka eiga prófum í vor, þ.e. lokaprófum frá framhaldsskóla, og hver verður staða skólanna gagnvart því að taka inn nýjan árgang í haust ef ekki tekst að útskrifa þá nemendur sem ljúka eiga prófum í vor?

Ég taldi óhjákvæmilegt, hæstv. forseti, að minnast á þetta áður en ég fjallaði um frv. sem slíkt því það er alveg sama hvernig lög um framhaldsskóla eru í gildi og reyndar aðra skóla í menntakerfi okkar ef engin leið er til þess að fylgja þeim eftir. Á þessari stundu get ég ekki betur séð en að framhaldsskólakerfið sé að hruni komið. Og ef svo er, ég vona reyndar að svo sé ekki og vona að úr þessari deilu leysist til frambúðar, sé ég ekki að örfáar lagabreytingar geti skipt þar sköpum á þessari stundu.

Ég ætla aðeins að víkja hér að helstu greinum frv.

(Gripið fram í.) Er tímatakmörkun á ræðutíma hér í dag? Ég hélt að svo væri ekki samkvæmt þingsköpum.

Ég get lýst stuðningi við ýmsar greinar frv. Í 1. gr. frv. segir um framhaldsdeildir að þar verði tekin af tvímæli og það er reyndar nauðsynlegt að ljóst sé hver staða þeirra er. Í 2. gr. er talað um að ríkissjóður greiði kostnað við byggingu heimavistar og vil ég fagna því og vona að ríkissjóður standi sig vel í því að byggja heimavistir víðs vegar um landið og þá ekki síst hér á höfuðborgarsvæðinu því að hér standa aðeins örfá rými til boða fyrir nemendur á framhaldsskólastigi þó að námsbrautir séu hér miklu fleiri en í nokkru öðru fræðsluumdæmi. Það er auðvitað einsýnt að svo muni verða um alla framtíð að það verður ekki hægt að bjóða upp á sérhæfðustu og fámennustu námsbrautirnar nema á einum stað í þessu landi.

Varðandi 3. gr. tel ég mjög mikilvægt að þessi samstarfsnefnd komist á og að fjallað sé nánar um verkaskiptingu hennar og hlutverk, en ég sakna þess þarna að sjá ekki neitt um faggreinafélög vegna þess að félög hinna ýmsu faggreina eru mjög starfsöm. Ég veit að þau hafa verið að gera samstarfssamninga við menntmrn. á undanförnum mánuðum og hafa tekið þátt í samstarfi við ráðuneytið sem slíkt og ég hefði gjarnan viljað sjá að þau ættu einhverja beina aðild hér að samkvæmt lögunum. Eins vildi ég varpa þeirri hugmynd fram og jafnvel spurningu til hæstv. menntmrh. hvort ekki væri ástæða til að þeir sem tækju að sér formennsku í slíkum faggreinafélögum fengju einhver laun þar sem þessi samningur er þó kominn á á milli ráðuneytisins og þeirra eða jafnvel kennsluafslátt sem ég teldi öllu betra því að formenn faggreinafélaga, séu þau virk, hafa mikið starf með höndum.

Í 4. gr. er fjallað um skólanefnd sem var reyndar stærsta ágreiningsefni okkar kvennalistakvenna við ríkisstjórnina sem lagði fram frumvarpið hér í fyrra. Við vildum draga úr valdi pólitískt kjörinna fulltrúa og gæta betur faglegra sjónarmiða. Hér er komið til móts við það að nokkru leyti með því að gefa fulltrúum starfsmanna og nemendum kost á að eiga aðild að skólanefndinni. Það er auðvitað alltaf erfitt að finna nákvæmlega hvað er besta fyrirkomulagið á stjórn hinna ýmsu stofnana í þjóðfélaginu. Hér segir að þrír fulltrúar skuli tilnefndir af hlutaðeigandi sveitarfélagi eða samtökum sveitarfélaga í viðkomandi landshluta. Ég velti því fyrir mér fyrst af öllu þegar ég sá þetta, fyrst á annað borð er gert ráð fyrir þeim, sem e.t.v. er ekki óeðlilegt þar sem þau eiga þar hlut að máli, hvort ekki væri hætta á því, með því að þeir eru aðeins þrír, að fulltrúar þeirra pólitísku flokka sem eru í minni hluta á hverjum tíma ættu enga aðild að skólanefndum.

Eins er það svo að víða hafa mörg sveitarfélög sameinast um stofnun framhaldsskóla og miðað við þetta hér, ef halda á fulltrúunum inni áfram frá sveitarfélögunum, fækkar þeim mjög. En ég ætla að kynna mér málið betur í nefnd þar sem mér gefst tækifæri til þess í menntmn. þessarar deildar.

Varðandi 5. gr. þar sem kveðið er á um hverjir skuli sitja í skólastjórn velti ég því sömuleiðis fyrir mér hvort ekki væri frekar ástæða til að námsráðgjafi sæti í skólastjórn en áfangastjóri og vildi spyrja hæstv. menntmrh. hver sé ástæðan fyrir því, vegna þess að eftir því sem mér er best kunnugt um hafa áfangastjórar og aðstoðarskólameistarar mjög líkan starfsvettvang en í skólastjórn eru tekin fyrir mál sem geta varðað einstaka nemendur og þeirra mál og þá teldi ég jafnvel mjög gott að námsráðgjafi væri í skólastjórninni.

Ég fagna 11. gr., þ.e. 6. gr. hér í þessu frv., þar sem segir um kennarafundi að þeir skuli fjalla um stefnumörkun, um námsskipan, kennsluhætti og aðra starfsemi, eins og segir þar. Þetta tel ég mjög til bóta þar sem það verkefni var nánast ætlað skólanefndinni hér samkvæmt þeim lögum sem í gildi eru.

Þá vildi ég spyrja hæstv. menntmrh. varðandi 7. gr. Þar er kveðið á um ráðningar við skólana. Það er mjög gjarnan notað gegn kennurum og öðrum ríkisstarfsmönnum núna að þeir búi við mikið atvinnuöryggi. Það segir hér í þessari 7. gr. að menntmrh. skipi kennara. En samkvæmt mínum skilningi jafngildir skipun, ef hún er ekki tiltekin til einhvers ákveðins árafjölda, æviráðningu. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar stendur, með leyfi forseta: „Æviráðning embættismanna verður afnumin." Vildi ég því aðeins spyrja um þetta, hvort það gildi ekki um kennara og skólameistara þar sem hér er ekki tiltekinn sá tími sem þeir eru skipaðir í störf sín.

Ég tel til bóta að sett skuli ákvæði í reglugerð um menntun og starfssvið námsráðgjafa og skólasafnvarða eins og fram kemur í 8. gr. Síðan komum við að 9. gr. þar sem er fjallað um inntökuskilyrði. Varðandi það atriði deildum við áhyggjum í fyrra, ég og hæstv. núv. menntmrh., þar sem við gátum aldrei fengið skýr svör um það hver væru skilyrði fyrir inngöngu nemenda í framhaldsskólann og hvort ætti að bjóða þar upp á sérkennslu fyrir þá sem af ýmsum ástæðum geta ekki fylgst með eða tekið þátt í því hefðbundna námi sem boðið er upp á nú. Ég hef borið fram fsp. um þetta mál til hæstv. menntmrh. sem væntanlega verður svarað í Sþ. á næstunni þannig að ég ætla ekki að fara nánar út í það núna. Við fáum væntanlega líka betri upplýsingar um það í menntmn. þessarar deildar.

Ég tel líka mjög til bóta að það skuli vera gerðir samningar milli menntmrn. og skóla um greiðslur því að oft hefur það gerst að greiðslur dragast úr hömlu og það er aumt að þurfa að sitja í skóla þar sem jafnvel síminn er lokaður og ekki hægt að hringja út úr húsinu vegna þess að það berast ekki peningar. Ég held að allt sem dregur mörkin hvað varðar skyldu ráðuneytisins við skólana sé til bóta, að skerpt sé á slíku.

Ég ætla síðan að lokum enn að spyrja hæstv. menntmrh. spurningar. Hér í fyrra frv. sem við fengum var 13. gr. um skólanefndir Samvinnuskólans og Verslunarskólans og sakna ég þess nú að sjá ekki hæstv. menntmrh. og velti fyrir mér hvort hann heyri

til mín. Ég spyr hvers vegna hæstv. menntmrh. sá ástæðu til þess að fella út 13. gr. sem upphaflega var um skólanefndir Samvinnuskólans og Verslunarskóla Íslands.

Þá vildi ég einnig spyrja varðandi framhaldsdeildir. Þær eru, eins og fram kom í máli hv. síðasta ræðumanns, umdeildar meðal manna. Þetta er ein leiðin til þess að gefa ungmennum kost á að vera lengur í sinni heimabyggð, en það verður þá auðvitað að vera tryggt að það sé verið að bjóða þeim upp á sama nám og að það sé verið að bjóða upp á kennara með menntun í þeim greinum til kennslu við framhaldsdeildirnar. En ég vildi spyrja hæstv. ráðherra. Það segir hér í frv. að nánari reglur verði settar um lágmarksfjölda nemenda og ég ætlaði að spyrja um hugmyndir hans: Hver á sá lágmarksfjöldi að vera? Á að miða við þá hópastærð sem nú er krafist við framhaldsskólana eða eru einhverjar aðrar tölur um framhaldsdeildir í hugum manna?

Ég vil að lokum, hæstv. forseti, ítreka spurningar mínar til hæstv. menntmrh.:

1. Með hvaða hætti hyggst menntmrh. beita sér fyrir því að kennarar fáist til starfa við skóla landsins í haust og í framtíðinni?
2. Hvaða tillögur hefur menntmrh. sem ábyrgur fagráðherra skólamála til lausnar þessari deilu?
3. Hvernig ætlar ríkisstjórnin að stuðla að góðri menntun þjóðarinnar þannig að framtíðarlífskjör okkar séu tryggð?
4. Hvað hyggst menntmrh. gera við skýrslu starfskjaranefndar frá 1987? Hvernig er ætlunin að vinna úr henni og hvenær má vænta niðurstaðna?
5. Hvernig verða mál þeirra nemenda sem ljúka eiga prófum á framhaldsskólastigi nú í vor leyst ef deilan dregst enn á langinn?
6. Hvernig verður staða skólanna í haust gagnvart því að taka inn nýja nemendur ef núverandi árgangar útskrifast ekki?

Síðan vildi ég ítreka spurningu mína, ef hann getur svarað mér, varðandi niðurskurðarbréfið um 4% niðurskurð á launakostnaði við skólana. Þýðir það að skólarnir þurfi að skera niður um 8% í haust?

Og síðast vildi ég spyrja hæstv. menntmrh. um það hver afstaða hans sé til kröfu BHMR um þriggja ára samning. Þar læt ég lokið máli mínu, virðulegur forseti, en ítreka og minni á spurningar mínar til hæstv. forsrh. sem ég vænti þess að ég fái svör við hérna líka á eftir.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Meining mín var ekki að fara út í umræður um kjaramál kennara. Ég tel farsælast að þau mál verði rædd og krufin til mergjar við samningaborðið en ekki hér í umræðum um frv. til laga um framhaldsskóla.

Ég hef að sjálfsögðu jafnmiklar áhyggjur og hv. 6. þm. Vesturl. af kjörum kennara og því hvað kennarar hafa þurft að hrökklast frá kennarastarfi til annarra starfa, en samt tel ég ekki rétt þegar þetta mál er rætt að fara út í efnislega umræðu um þessi samningsmál.

Mitt mál verður ekki langt hér. Það sem ég ætlaði aðallega að gagnrýna í frv. er það að ekki skuli koma fram hvaðan þessar tillögur eru upprunnar. Koma þær frá menntmrn., frá Skólastjórafélaginu, kennurum eða kannski beint frá Alþb.? Mér finnst vítavert af hálfu menntmrh. að upplýsa ekki í frv. hver hafi unnið þessar tillögur og þá hvaða mat þessir aðilar, og þá sérstaklega skólamenn, leggi á einstakar greinar frv. Ég vil taka hér fram að á síðasta þingi voru samþykkt lög um framhaldsskóla og í menntmn., þar sem ég sat, var almenn ánægja með að þáv. menntmrh. skyldi hafa lagt fram frv. Flestir voru sammála um að það frv. væri spor í rétta átt, en þó voru ýmsar raddir um það að einstök ákvæði væru ekki nógu góð. Nú eru aðeins nokkrir mánuðir liðnir frá því að það frv. var samþykkt og svo miklar breytingar sem hér er mælt fyrir um vekja undrun mína.

Ég ætla ekki, eins og fyrri ræðumenn, að tíunda álit mitt á einstökum greinum þessa frv., ég ætla að bíða með það til 2. umr. og fá þær forsendur sem ég tel nauðsynlegar frá kennurum, frá skólastjórum og frá öðrum aðilum sem þessi mál varða áður en ég læt mína skoðun beint í ljós.

Ég tel hins vegar, eins og ég sagði þegar frv. um framhaldsskóla var til umræðu, að það yrði ekki langt að bíða að brtt. yrðu settar fram þegar þingmaður úr öðrum stjórnmálaflokki settist í stól menntmrh. þar sem hér er um mikið og erfitt pólitískt mál að ræða.

Ég vil sem sagt bíða með það að ræða um einstök atriði þessa frv. þangað til ég hef heyrt rödd þessara aðila, en ég á sæti í hv. menntmn. þar sem þetta mun eflaust verða krufið til mergjar.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þær umræður sem hér hafa farið fram og þær málefnalegu athugasemdir sem hér hafa komið fram í þessari umræðu.

Í fyrsta lagi spurði mig hv. 2. þm. Norðurl. e. hvernig ætti að leysa þau mál sem um er að ræða í skólakerfinu ef verkfallið dregst mjög á langinn.

Svarið er ósköp einfaldlega það: Við höfum ekki gengið frá þeim málum í einstökum atriðum vegna þess að við höfum verið að gera okkur vonir um og gerum okkur vonir um að samningar takist fyrir þann tíma að enn frekari vandræði skapist í skólunum. Þess vegna höfum við ekki farið út í það að skipuleggja viðbrögð í einstökum atriðum. Þegar til þess kæmi, ef svo illa færi, þá munum við auðvitað gera það með viðtölum við Kennarasamband Íslands og Hið íslenska kennarafélag og Bandalag kennarafélaga og Skólameistarafélag Íslands. Þannig hljóta niðurstöður í þeim efnum að verða. Ákvarðanir í þeim efnum verða ekki til öðruvísi.

Hugmyndir um þessi mál hafa auðvitað nokkuð staðnæmst við samræmdu prófin að undanförnu, hvernig á því yrði tekið. Þar eru fræðilega séð — ég sagði fræðilega, það eru ekki mínar tillögur og heldur ekki mínar ákvarðanir — uppi ýmsir möguleikar. En ég tel að það sé ekki tímabært nú að slá því föstu

hvernig að hlutum verður þar staðið í einstökum atriðum. Ég ítreka það sem fram hefur komið í viðtölum mínum við Bandalag kennarafélaga, Hið íslenska kennarafélag og Kennarasamband Íslands að á þeim málum yrði tekið í samvinnu við þessi stéttarsamtök.

Í annan stað innti hv. 2. þm. Norðurl. e. eftir því hvernig við myndum bregðast við ef verkfallið stæði fram eftir öllu árinu. Ég segi alveg eins og er að ég hef gert mér vonir um það og geri það enn að samningar takist þannig að ekki þurfi til slíks að koma.

Þá kem ég næst að efnislegum athugasemdum hv. 2. þm. Norðurl. e. Það er rétt hjá honum að í 1. gr. og fyrri mgr. 2. gr. er um að ræða áherðingu frá því sem er í gildandi lögum. Hv. þm. spurði: Hvernig á að meta það hvað er fámennt sveitarfélag og hvað ekki, þegar ákveðin er aukin kostnaðarhlutdeild ríkisins við byggingu framhaldsskóla? Svarið er: Það er Alþingi sem metur það eins og kemur fram í greininni. Það hlýtur að vera Alþingi. Og Alþingi hlýtur þá að meta bæði stærð sveitarfélagsins og getu, en líka önnur skylduverkefni sem sveitarfélagið kann að hafa á framhaldsskólastigi. Það er rétt, sem hv. 2. þm. Norðurl. e. nefndi, að með þeim breytingum sem verða á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga frá næstu áramótum, þá breytist myndin í þessu efni verulega. En vert er að benda á af því hann nefndi Akureyri að ríkið mun yfirtaka rekstur Verkmenntaskólans þar eins og annarra framhaldsskóla. Hv. þm. nefndi sérstaklega 3. gr. frv. og sagði: „Hér er um að ræða aukna miðstýringu frá því sem verið hefur.“ Ég vísa því algjörlega á bug. Hér er verið að flytja vald og ákvörðunarrétt út til fræðsluumdæmanna og héraðanna sjálfra.

Í núgildandi lögum segir að það skuli starfa samstarfsnefnd framhaldsskólanna undir forustu menntmrh. Það er ein nefnd fyrir allt landið. Hér er gert ráð fyrir því að unnt sé að mynda nefndir eftir kjördæmum, eftir svæðum og eftir umdæmum, eftir því sem aðstæður leyfa í hverju umdæmi. Auðvitað hefði verið æskilegt að við hefðum getað staðið þannig að málum að vera með sama stjórnkerfi fyrir öll kjördæmi. Það er ekki hægt vegna þess að aðstæður að því er varðar framhaldsskólann í kjördæmunum eru svo mismunandi. Þess vegna er ekki hægt að setja eina allsherjarreglu. Þess vegna er lögð áhersla á það í þessari grein að undirstrika grundvallaratriðin og hvernig með skuli fara í meginatriðum.

Í 4. gr. er einnig um það að ræða að það er verið að flytja vald til starfsmanna skólanna, það er verið að flytja vald til þeirra og þeirra sem búa á svæðunum. Í máli hv. þm. Danfríðar Skarphéðinsdóttur kom fram að þetta væri erfitt mál með hliðsjón af því að sums staðar hefðu fleiri sveitarfélög komið nálægt þessu en annars staðar, t.d. á Vesturlandi eru þau mjög mörg, eins og menn þekkja og hv. þm. þekkir. Þetta er auðvitað afar flókið mál og afar erfitt. Ég kann ekki neina endanlega rétta formúlu í þessu efni. Ef menn geta fundið hana þá er að koma fram með hana. En ég held að þetta sé sú skásta miðað við stöðuna eins og hún er nú.

Ég ætla aðeins að víkja að 3. gr. frv. þar sem hv. þm. Danfríður Skarphéðinsdóttir spurði sérstaklega um faggreinafélögin, hvernig þau gætu komið inn í þessa mynd. Ég veit ekki hvernig. Þau eru mjög mörg og yrði mjög skrýtið ef fulltrúar allra faggreinafélaganna kæmu inn í samstarfsnefndina. Ekki er það það sem hv. þm. er að leggja til. Er þá hv. þm. að leggja það til að einhver fulltrúi sameinaðra faggreinafélaga komi þarna inn? Það má skoða. Út af fyrir sig má skoða það að þarna komi inn fulltrúi frá kennarasamtökunum til þess að vera þarna á vettvangi. En ég undirstrika að hér er fyrst og fremst um að ræða samvinnu skólanna um praktísk úrlausnarefni eins og námsframboð, áfangaskiptingu, verkaskiptingu og fleira þess háttar.

Varðandi 5. gr. frv. þá nefndi hv. þm. Danfríður Skarphéðinsdóttir það sérstaklega hvort námsráðgjafar ættu að koma þarna við sögu. Það getur út af fyrir sig komið til greina að námsráðgjafi, einn í hverjum skóla, komi við sögu inn í skólastjórn af þessu tagi. En á því máli hefur ekki verið tekið og það er ekki verið vísvitandi að útiloka þá. Ef það hefur legið í spurningu hv. þm. þá er það misskilningur. Hér er eingöngu um það að ræða að við tökum áfangastjórana inn en tökum hins vegar inn ákvæði í frv. um að námsráðgjafar og skólasafnverðir skuli vera til í framhaldsskólum og að verkefni þeirra sé skipulagt með sérstökum hætti á hverjum tíma.

Í 7. gr. frv. er síðan fjallað um ráðningu og hv. 2. þm. Norðurl. e. gerði ekki athugasemd við hana, en hv. þm. Danfríður Skarphéðinsdóttir vitnaði til stjórnarsáttmálans og spurði: Af hverju er þetta fólk æviráðið? Er það ekki í ósamræmi við stjórnarsáttmálann? Svarið getur verið já við þeirri spurningu, að það sé það. En aftur á móti eru þetta kjarasamningaatriði. Og það verður ekki gengið frá málum af þessu tagi öðruvísi en í samningum við hlutaðeigandi stéttarfélög.

Báðir hv. þm. sem hér töluðu, og gerðu aðallega athugasemdir við frv., gerðu sérstakar athugasemdir við 9. gr. frv. Það er eðlilegt að upp komi spurningar í þeim efnum. Hvað erum við að gera að því er þetta varðar? Við höfum núna frá því á sl. hausti verið að fara yfir allt inntak framhaldsskólanámsins með tilliti til þess að endurskipuleggja það og gefa þar möguleika á miklu fjölbreyttara námsframboði en hefur verið kostur á á undanförnum árum.

Við gerum ráð fyrir því samkvæmt niðurstöðu þessarar nefndar, að svo miklu leyti sem hún liggur fyrir, að í haust hefjist tilraun með þetta breytilega námsframboð, styttri námsbrautir, í a.m.k. tveimur framhaldsskólum. En ég segi það eins og er þetta er mál sem krefst svo mikils tíma að það er útilokað að keyra það inn í allt framhaldsskólakerfið í haust. Auðvitað hefðu menn þurft að byrja á að skipuleggja þessa hluti fyrir löngu, og áður en lögin um framhaldsskóla voru sett. Það var ekki gert og þess gjöldum við núna sem þýðir það að það verður að vera víða áfram forskólanám eins og verið hefur í einhverjum framhaldsskólum en ég tel að það sé lagalega rangt að gera það að skyldu.

Menn tala mikið um það að þetta fyrirkomulag þýði það að fjölga muni gífurlega í framhaldsskólunum. Í framhaldsskólunum í landinu eru núna á milli 15 þús. og 16 þús. nemendaár. Af þessum framhaldsskólanemum er mjög mikill fjöldi fólks sem er á fyrsta ári. Á fyrsta ári í framhaldsskólanum er einn og hálfur árgangur. Það er verulegur fjöldi fólks í framhaldsskólanum í dag sem kemst ekki áfram, sem er fastur, sem spólar eins og það er stundum kallað. Ef við hefðum það fyrirkomulag að tveir þriðju hlutar nemenda í framhaldsskólanum lykju fjögurra ára námi og einn þriðji tveggja ára námi þá væru innan við 14.000 nemendaár í framhaldsskólunum í landinu. Þannig að þó að við gerum ráð fyrir því að allir fari í framhaldsskóla, allir, en að námið verði skipulagt og boðið upp á sveigjanlegri, opnari og fjölbreytilegri námsbrautir en þar eru núna, þá þýðir það í raun og veru ekki dýrari framhaldsskóla en rekinn er í dag. Það þýðir ekki dýrari framhaldsskóla.

Þessar niðurstöður sem við erum núna að vinna úr í ráðuneytinu höfum við rætt við forráðamenn einstakra framhaldsskóla núna á undanförnum vikum og það er mikill áhugi á að taka þessi verkefni inn í þessum framhaldsskólum.

Ég er þeirrar skoðunar að í staðinn fyrir það að nota gamla einkunnakerfið sem svipu á fólk sé mikið vænlegra að vera með skipulagða námsráðgjöf hvort sem það er í grunnskólum eða framhaldsskólum. Þetta gamla einkunnakerfi sem menn hafa í raun og veru smátt og smátt verið að breyta samræmdu prófunum í, gagnstætt því sem stóð til, hefur ekki skilað miklum árangri. Það að leiðbeina nemendum og benda þeim á brautir og kosti sem eru til innan framhaldsskólakerfisins við hæfi hvers og eins, er örugglega mikið vænlegra heldur en þessar gömlu einkunnasvipur.

Í sambandi við breytt námsframboð framhaldsskólans kemst ég ekki hjá því að taka það fram að því aðeins getur það náð tilætluðum árangri að um það náist samkomulag við atvinnulífið í landinu. Það verður að opna fyrir það að nemendur á framhaldsskólastigi geti stundað margvíslega blöndu af námi, bæði verklegu og bóklegu, allt frá því að vera með 100% verklegt nám yfir í það gagnstæða. Það er brýn nauðsyn að breyta þessari einhliða áherslu á bóknámið sem hefur verið í skólunum, hefur orðið þessu unga fólki fjötur um fót og í raun og veru í mörgum tilvikum hrakið það frá skólum til lífstíðar.

Hv. þm. Halldór Blöndal vék síðan sérstaklega að 10. gr. og er það að vonum. Hún er sú grein sem örugglega veldur mestum deilum. Ég vil taka það fram, herra forseti, að af minni hálfu stendur ekki til að breyta þeim reglum sem gert er ráð fyrir í núgildandi lögum að því er varðar rekstrarframlög til framhaldsskólans. Ég held hins vegar að það sé vænlegra og stuðli að meira sjálfstæði framhaldsskólanna að gerður sé samningur við hvern skóla fyrir sig um allar greiðslur. Ég held að það sé vænlegra en núgildandi kerfi.

Varðandi fyrirspurn hv. þm. Danfríðar Skarphéðinsdóttur um 11. gr. frv. vil ég ekki á þessu stigi svara því hver þessi lágmarksfjöldi yrði. Hann verður að vera í samræmi við almennar reglur um lágmarksfjölda í áföngum eins og þær kunna að verða settar á hverjum tíma.

Hv. þm. Danfríður Skarphéðinsdóttir beindi til mín mörgum spurningum og ég segi alveg eins og er að ég hefði alveg getað þegið það að fá þær áður en umræðan hófst. Ég sá að hv. þm. var með þetta skrifað hjá sér og ég kannast ekki við að ég hafi verið svo viðskotaillur hér við stjórnarandstöðuna í þessari deild að ekki sé óhætt að rétta mér blöð með skrifuðum textum. En ég skal reyna að svara eftir bestu getu.

Í fyrsta lagi spurði hv. þm. um það í þessu sambandi hvað menntmrh. hefði lagt til varðandi þá deilu sem stendur yfir. Með hvaða hætti, er fyrsta spurningin, hyggst menntmrh. beita sér fyrir því að kennarar fáist til starfa við skóla landsins í haust og í framtíðinni? Þetta er náttúrlega afar létt og þægileg spurning í knöppum tíma í hv. deild. En í þessum efnum höfum við auðvitað — og af því að hún minntist á leiðbeinendur og stöðuna úti á landi, hvað við hefðum gert í þeim efnum? Ýmislegt. Ég ætla að nefna eitt dæmi. Við erum að undirbúa það sem heitir dreifð og sveigjanleg kennaramenntun. Við erum að flytja Kennaraháskólann út á land. Við höfum ákveðið að taka upp starfsleiknináms fyrir grunnskólakennara þannig að í því verða á þessu og næsta ári 240 grunnskólakennarar. Við höfum ákveðið að hefja sérkennslunám fyrir sérkennara á Norðurlandi á þessu ári, sams konar og hefur verið núna að undanförnu á Austurlandi. Þetta hefur verið gert og þetta eru mjög stór atriði. Hins vegar þýðir ekki fyrir einn eða neinn að ætlast til þess að núv. menntmrh. leysi þessi mál hér og nú. Það er verið að vinna að þessum málum með þeim hætti m.a. sem ég hef gert grein fyrir og get gert grein fyrir ítarlegar þegar aðstæður leyfa.

Í öðru lagi er spurt: Hvaða tillögur hefur menntmrh. sem ábyrgur fagráðherra skólamála til lausnar þeirri kjaradeilu sem nú stendur yfir? Svarið er þetta: Auðvitað hlýtur kjaradeilan að því er kennarana varðar að taka mið af öðrum kjaradeilum og öðrum samningum sem gerðir hafa verið og kunna að verða gerðir. Ég get út af fyrir sig sagt það sem mína skoðun að ég tel að það hefði verið heppilegt frá sjónarmiði menntmrn. ef það tækist að gera heildarsamning við kennarastéttina í landinu, m.a. um kjör kennara og skólaþróunina almennt til lengri tíma. Ég tel að þetta gæti í raun og veru verið geysilega stórt og þýðingarmikið mál til þess að lyfta kjörum og sjálfsvirðingu kennarastéttarinnar í landinu.

Í þriðja lagi spyr hv. þm.: Hvernig ætlar ríkisstjórnin að stuðla að góðri menntun þjóðarinnar þannig að framtíðarlífskjör okkar séu tryggð? Ég held satt að segja að ég verði eiginlega að fá að ræða þetta við hv. þm. í annan tíma. Um þetta má segja svo fjölda, fjölda margt. Við höfum að undanförnu verið að fara yfir öll skólamál í þessu landi: forskóla, leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla, endurmenntun,

háskóla. Og ég vil segja það við hv. þm.: Góð menntun þjóðarinnar í framtíðinni verður aldrei tryggð öðruvísi en að þjóðin eigi sér skólamálastefnu sem hún hefur sameinast um og það er það sem menntmrn. er að gera núna um þessar mundir. Það er verið að skapa eins og kostur er þjóðarsamstöðu um skólamálastefnu sem er til styrktar hvort heldur er í sókn eða vörn.

Hvað hyggst menntmrh. gera við skýrslur starfskjaranefndar frá 1987? Svarið er þetta: Þessar skýrslur starfskjaranefndar á auðvitað að taka upp á borðið í tengslum við þá kjarasamninga sem nú er verið að ræða um og það þarf að ganga þannig frá hlutum í þeim kjarasamningum, hvenær sem þeir verða gerðir, að það séu skýrir hlutir sem menn eru að tala um og þannig að menn eigi ekki eftirkaup hver við annan um þá samningsniðurstöðu sem kann að verða.

Í fimmta lagi er spurt: Hvernig verða mál þeirra nemenda sem ljúka eiga prófum í framhaldsskóla leyst ef deilan dregst enn á langinn? Ég tel mig þegar hafa svarað þessari fyrirspurn.

Í sjötta lagi er spurt: Hvernig verður staða skólanna í haust gagnvart því að taka inn nýja nemendur ef núverandi (Gripið fram í). — Já, það er í raun og veru sama spurningin.

Loks er spurt: Hver er afstaða ráðherrans til hugmynda um þriggja ára kjarasamning? Ég segi það alveg eins og er að ef það væri hægt að ná samkomulagi um þriggja ára kjarasamning, þá vildi ég gjarnan sjá eitthvað slíkt gerast. Hins vegar er alveg ljóst að það hefur verið gerður samningur við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og það er útilokað annað fyrir fjmrh. en að hafa hliðsjón af þeim samningi þegar hann er að ræða við Bandalag háskólamanna eða önnur samtök.

Varðandi niðurskurðinn sem hv. þm. spurði um er því til að svara: Ég hef sent öllum framhaldsskólum í landinu bréf þar sem bent er á ýmsar leiðir varðandi sparnað í framhaldsskólunum. Sömuleiðis hef ég sent fræðslustjórum bréf um þetta efni. Mér er fullkomlega ljóst að það er erfitt að ná fram þessum markmiðum á árinu 1989, en við munum reyna það eins og kostur er. Við munum auðvitað taka tillit til séraðstæðna þar sem um þær er að ræða og hlusta á röksemdir, en við reynum auðvitað að knýja fram þennan sparnað eins og Alþingi hefur ákveðið og byggist m.a. á því að menn hafa ekki treyst sér til að leggja á viðbótarskatta, viðbót við það sem komið er — og finnst víst mörgum nóg um — og menn hafa heldur ekki treyst sér til þess að benda á aðrar leiðir varðandi sparnað í skólakerfinu eða annars staðar í ríkisbúskapnum þannig að þessi dómur er yfir okkur og við munum reyna að framkvæma hann eins og kostur er.

Umræðu frestað.

Um þingsköp.

Fyrirspurn til forsætisráðherra, umræða um söluskattsfrumvarp.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins gera athugasemd við það að ég beindi hér fyrirspurn til hæstv. forsrh. áðan og vildi gjarnan fá henni svarað ef mögulegt væri.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrir mitt leyti harðlega mótmæla því að þessari umræðu verði fram haldið með þeim hætti sem hún hefur haldið áfram hér. Það var búið að lofa okkur því, þm. Borgfl. í Ed., að hér færi fram umræða um lækkun söluskatts á matvælum og af því tilefni báðum við um að hæstv. forsrh. yrði viðstaddur þá umræðu. Hann gekk hér í salinn rétt eftir kl. hálfþrjú en á sama augnabliki setti hæstv. varaforseti deildarinnar það mál á dagskrá sem hér hefur verið til umræðu. Svo virðist sem hér hafi verið eitthvert sjónarspil á ferðinni. Að það hafi verið búið að panta fjölda áheyrenda á áheyrendapalla til að vera viðstadda hér allsherjar kjaramálaumræðu kennara í tengslum við umræðu um framhaldsskólafrv. sem er allt annað mál. Ég ætla ekki að draga úr mikilvægi þess að ræða hér kjaramál kennara. Ég er sjálfur kennari og ég er að fara í verkfall sem háskólakennari 28. apríl nk. ef ekki verður búið að ná samningum við Félag háskólakennara fyrir þann tíma svo að dæmi sé tekið. En engu að síður tel ég að sú umræða sem hér átti að fara fram um söluskatt, þ.e. lækkun söluskatts á matvælum, sé ekki síður mikilvæg því að kannski hefði verið hægt að ná fram kjarabót handa bæði kennurum og öðrum launþegum í landinu ef því hefði verið sinnt betur að hlusta á okkur borgaraflokksmenn þegar við vildum fara í það að lækka bæði skatta og þá einkum söluskatt á matvælum til þess að ná fram einhverjum raunhæfum kjarabótum.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins um þingsköp af gefnu tilefni. Þegar ég sat sem varaforseti í stól forseta hér áðan þá var það samkvæmt samkomulagi við hv. 7. þm. Reykn. að umræðu um söluskatt var frestað af því að hæstv. forsrh. var ekki kominn á fundinn. En í sama vetfangi og ég hafði tekið annað mál á dagskrá gekk hæstv. forsrh. í salinn. Það var algjör tilviljun og varð ekki við neitt ráðið um ferðir hæstv. forsrh. Alla vega ekki af minni hálfu.

Söluskattur, frh. 1. umr.

Frv. GuðmÁ og JúlS, 334. mál (skattþrep). — Þskj. 603.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst þakka virðulegum forseta fyrir þann úrskurð hans að heimila hér að umræða um frv. okkar þingmanna Borgfl. í Ed. á þskj. 603, um breytingu á lögum um söluskatt, þ.e. um lækkun á söluskatti á matvæli. Ástæðan fyrir því að við lögðum mikla áherslu á það að þessi umræða færi fram hér í dag var sú að við höfum viljað ná fundi forsrh. og fá að spyrja hann nokkurra spurninga, en eins og alþjóð er kunnugt er hæstv. forsrh. mjög umsetinn maður og önnum kafinn í sínu starfi og erfitt að fá hann hingað á vorn fund. Hann er oft á ferðalögum eins og alþjóð veit.

Þegar við skildum við þessa umræðu hér í síðustu viku, þá hafði ég áhyggjur af því að mér virtist sem hæstv. forsrh. hefði ekki sett sig nógu vel inn í það frv. sem við vorum með til umræðu og langar mig til að rifja það aðeins upp hvað málið snerist um og ég ætla því, með leyfi hæstv. forseta, að lesa 1. gr. frv. en hún hljóðar svo:

„Á eftir 1. mgr. 2. gr. laganna komi ný málsgrein svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal aðeins greiða 12% söluskatt af eftirtöldum vöruflokkum: fiski og fiskmeti, kjöti og unnum kjötvörum, mjólk og mjólkurafurðum, eggjum, brauði, grænmeti og ávöxtum. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar málsgreinar, svo og um bókhald og söluskattsframtal þeirra sem versla með þessar vörur."

Hæstv. forsrh. taldi að þetta mundi kosta ríkissjóð 3,7 milljarða kr., ef farið væri út í slíka breytingu sem við leggjum til, en ég vildi vekja athygli á því að samkvæmt þeim upplýsingum sem við höfum fengið og reyndar lágu fyrir þegar þessi mál voru til athugunar í janúar sl., þá er um mun lægri upphæð að ræða eða um það bil 2,5 milljarða kr. Í því sambandi er athyglisvert að velta fyrir sér, eins og ég hef reyndar vakið athygli á áður úr þessum ræðustóli, að minnkandi sala á bifreiðum og hugsanlega minnkandi áfengisneysla, sem ber að fagna, virðist valda því að ríkissjóður verði fyrir tekjutapi sem er um það bil þessi upphæð sem við erum að tala um hér. En ég hef ekki séð einn einasta ráðherra í hæstv. ríkisstjórn lýsa neinum áhyggjum út af því að ríkissjóður verði fyrir því tapi.

Í janúar sl. áttu fulltrúar Borgfl. í viðræðum við formenn og fulltrúa stjórnarflokkanna um samstarfsgrundvöll fyrir nýja ríkisstjórn með aðild Borgfl. Í þeim viðræðum lögðum við áherslu á nokkra punkta, sem við kölluðum reyndar umræðugrundvöll, sem lýstu hugmyndum Borgfl. bæði í skattamálum og ýmsum öðrum málaflokkum. Því miður slitnaði upp úr þessum viðræðum þar sem ekki náðist samkomulag um að fara þá leið sem við lögðum til og mig langar til að lýsa hér í örstuttu máli strax á eftir.

Okkar hugmynd var einfaldlega sú að í stað þess að bíða kjarasamninga og fara út í hefðbundna kjarasamninga með miklum krónutöluhækkunum — sem þá var útlit fyrir og reyndar hefur orðið raunin á þegar samningurinn við BSRB er skoðaður, en það lætur nærri að hann muni þýða um 10% launahækkun til opinberra starfsmanna innan vébanda BSRB á árinu eða á samningstímanum og reyndar er um það að ræða að stórir hópar innan BSRB fá allt að 20% hækkun á launum á samningstímabilinu — þá töldum við eðlilegast á þeim tímapunkti í viðræðunum í janúar að það yrði reynt að ná samkomulagi við launþegasamtökin í landinu um allsherjar kjarasátt sem byggði á beinum og óbeinum skattalækkunum til að auka eða tryggja umsamið kaupmáttarstig í stað krónutöluhækkana. Því miður hafa nýgerðir kjarasamningar við BSRB kannski eyðilagt þessa leið, en þó mundum við vilja benda öllum hv. þm. á að enn þá ber að reyna að fara þessa leið því að ef við ætlum að halda áfram á hefðbundinni braut með því að semja um miklar launahækkanir í krónutölu, þá erum við náttúrlega að fara inn í nýja verðbólguholskeflu, þá höldum við áfram á þeirri sjálfsmorðsbraut sem hæstv. ríkisstjórn leiðir okkur á.

Ein af þeim hugmyndum sem við lögðum til var að söluskattur á hefðbundnum innlendum matvælum og innfluttum ávöxtum og grænmeti yrði færður til sama horfs og var fyrir alþingiskosningarnar 1987. Reyndar vorum við tilbúnir að fara málamiðlunarleið, þ.e. að lækka söluskattinn um helming í stað þess að fella hann alveg burtu þó að það hefði kannski verið miklu betra og eðlilegra vegna þess að verð matvæla á Íslandi er svo óheyrilega hátt að það hlýtur að þurfa að fara út í harkalegar aðgerðir til þess að ná hér niður verðlagi og verði á matvælum. Því flytjum við þetta frv. til laga um breytingu á lögum um söluskatt sem gerir ráð fyrir því að söluskattur á hefðbundnum innlendum matvælum og innfluttum ávöxtum og grænmeti verði lækkaður í 12%.

Þá lögðum við einnig til að eignarskattsauki, þ.e. stóreignaþrepið sem sett var á um sl. áramót yrði lækkað og fellt niður hjá tekjulágum einstaklingum og ellilífeyrisþegum. Sömuleiðis lögðum við til að vörugjald yrði endurskoðað til lækkunar. Við lögðum til að vörugjald yrði fyrst um sinn lækkað í 5%, þ.e. svo fljótt sem auðið yrði, þegar á þessu ári og í staðinn yrði athugað að setja á lága ytri tolla á fullunnar vörur frá svæðum þar sem ekki er um að ræða viðskiptasamninga sem hindra slíkt. Enn fremur voru ræddar hugmyndir þar að lútandi að setja 10% jöfnunargjald á innfluttar iðnaðarvörur, m.a. skip frá löndum sem Noregi sem stunda ólöglega samkeppni við íslenskan iðnað með ríkisstyrkjum. Þá lögðum við til að það yrði lagður sérstakur sykurskattur eða sykurtollur á allan sykur, hvort sem hann er fluttur inn sem hráefni eða sem hluti af efnainnihaldi vöru. Með þessum aðgerðum ætluðum við að ríkissjóður yrði skaðlaus þótt vörugjaldið yrði lækkað úr 9% í 5%. Síðan var það hugmynd okkar að á næsta ári yrði vörugjaldið fellt niður.

Við bentum einnig á þann möguleika að hækka skattleysismörk í takt við það kaupmáttarstig lág-

tekjuhópa sem samkomulag næðist um. T.d. gæti það verið að kaupmáttur fyrir lágtekjuhópa sem var á miðju síðasta ári héldist óbreyttur.

Þá yrði að sjálfsögðu eftir föngum reynt að draga úr ríkisrekstri og umsvifum ríkisins og miða aðgerðir við að halli á ríkissjóði yrði sem minnstur. Við vissum fullvel að það yrði vart hjá því komist að einhver halli yrði á ríkissjóði, enda verður hann hvort sem er vegna aðgerða í efnahagsmálum og reyndar vegna þeirra samninga sem eru í vændum. Það er í raun búið að gefa leiðina þar með samningunum við BSRB. Ég held að það hljóti allir að gera sér ljóst hvernig það fer að lokum, samningar allra launþega í landinu munu hækka um að meðaltali 10% a.m.k.

Þetta voru í stórum dráttum þær hugmyndir sem við lögðum fram varðandi það að reyna að ná kjarasátt við öll launþegasamtökin í landinu með því, í stað þess að fara út í krónutöluhækkanir, að lækka skatta með þeim hætti sem ég hef hér lýst. Þá gerðum við einnig ráð fyrir að það yrði ekki umflúið að endurskoða gengisskráningu íslensku krónunnar með tilliti til þess að útflutningsframleiðslan og samkeppnisiðnaðurinn yrði reistur úr þeirri öskustó sem bæði sjávarútvegsfyrirtækin og iðnaðarfyrirtækin eru í þessa stundina. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að við verðum að fara að gera það upp við okkur hvort við ætlum að reisa atvinnulífið við í þessu landi eða við ætlum að lofa því að lognast endanlega út af. Ég tel að ekki sé um annað að ræða, en það verður að tryggja að útflutningsframleiðslan og samkeppnisiðnaðurinn sé rekinn með hagnaði, a.m.k. 2–4% hagnaði. Það þýðir ekkert að vera að tala um neitt annað. Annaðhvort höldum við uppi atvinnu í landinu sem borgar sig eða við getum bara hreinlega gefið þetta allt upp á bátinn. Kannski ættum við bara að gera það, hætta þessu, semja við eitthvert stórt bandarískt fyrirtæki um að taka að sér stjórn þessa lands og senda alla þingmenn heim á biðlaun í ein þrjú ár. Kannski ættum við að leita eftir beinum samningum við General Motors eða eitthvert álíka stórt fyrirtæki og fela þeim stjórn landsins og fara á biðlaun á meðan. Athuga hvort þeim takist ekki betur.

Ég held að í þessu tilliti hefði verið miklu einfaldara að lækka gengið með einni gengisfellingu þegar það hefur verið reiknað nákvæmlega út hversu stór hún þyrfti að vera til þess að útflutningsfyrirtækin og samkeppnisiðnaðurinn færi að skila hagnaði og tengja það þeirri kjarasátt sem ég hef verið að lýsa hér á undan. Síðan verður að sjálfsögðu að skrá gengi krónunnar eftirleiðis þannig að útflutningsframleiðslan borgi sig, þ.e. að fyrirtæki sem standa í útflutningsframleiðslu verði rekin með hagnaði og að sjálfsögðu verður einnig að hafa hliðsjón af þeim mikla viðskiptahalla sem við búum við.

Þá lögðum við enn fremur til að allar vísitölubindingar yrðu afnumdar. Í stað þeirra teljum við að vel geti komið til greina að heimila að nota gengisviðmiðun, bæði í sambandi við innlán og útlán banka og annarra peningastofnana, þannig að einstaklingum verði boðið upp á það að stofna til sparireikninga sem í raun eru tengdir hvaða gjaldmiðli sem vera skal. Þá gætu vaxtakjörin verið í samræmi við þau vaxtakjör sem gilda í viðkomandi landi. Eins mætti haga útlánum á sama hátt, að bæði einstaklingum og fyrirtækjum væri boðið upp á að taka lán sem væru tengd einhverjum erlendum gjaldmiðli eða gjaldeyriskörfu og/eða alþjóðlegum reiknieiningum, svo sem SDR eða ECU og þá þeim vaxtakjörum sem gilda fyrir viðkomandi mynt eða gjaldeyriskörfu. Þetta er ekkert óeðlilegt með hliðsjón af því að mest allt lánsfé sem er í umferð hér á landi er hvort eð er af erlendum uppruna.

Þá teljum við sjálfsagt að leyfa einstaklingum og fyrirtækjum að taka erlend lán án ríkisábyrgðar og eiga erlend bankaviðskipti að vild undir eftirliti Seðlabankans og áfram verði reynt að halda vöxtum innan hóflegra marka. Ég held að þessi fyrri ábending, um að leyfa einstaklingum og fyrirtækjum að taka upp erlend bankaviðskipti og taka erlend lán að vild án ríkisábyrgðar, sé orðin mjög nauðsynleg til þess að fyrirtæki sem standa í útflutningsframleiðslu sitji við sama borð og samkeppnisaðilar og samkeppnisfyrirtækin erlendis.

Þá höfum við líka bent á eitt atriði enn, en það lýtur að húsnæðismálunum. Við teljum að sá málaflokkur þurfi að fara í gagngera endurskoðun. Ég bendi t.d. einfaldlega á þetta: Er það eitthvert vit að ætla að fara að dæla 14 milljörðum út í einstaklingsbundnum lánum á einu ári í því ástandi sem þjóðfélagið er í þessa stundina? Væri ekki hægt að ná betri árangri t.d. með því að taka aðeins hluta af þeirri upphæð, þó ekki væri annað, svo sem eins og 5 milljarða kr. og nýta betur? Tökum sem dæmi að 5 milljarðar kr. af þeirri heildarupphæð, sem á að fara til einstaklingsbundinna útlána á vegum húsnæðislánakerfisins, væru teknir frá og Húsnæðisstofnun falið í samvinnu við sveitarfélög og launþegasamtök að láta byggja leigu- og eignaríbúðir með stórútboði á verktakamarkaði. Að við sæjum kannski gerast annað eins ævintýri og gerðist hér fyrir rúmlega 20 árum síðan þegar samið var um að byggja 1200 íbúðir á vegum launþegahreyfingarinnar og ríkisstjórnarinnar sem öllum ætti að vera kunnugt og allir hljóta að muna eftir.

Eins og ég sagði virðist því miður sá samningur sem var gerður við opinbera starfsmenn innan vébanda BSRB útiloka þær leiðir sem ég hef verið að lýsa hér. Ég vildi þó spyrja hæstv. forsrh. hvort það sé algjörlega útilokað að nota það sem samkomulagsatriði í komandi kjarasamningum að lækka söluskattinn með þeim hætti sem við höfum lýst þegar á þessu ári. Og enn fremur vildi ég spyrja: Nú kom það fram í samningunum sem gerðir voru við BSRB, að mig minnir, að lofað var að verð matvæla skyldi ekki hækka, þ.e. verð á heföbundnum landbúnaðarafurðum, það sem eftir er ársins. Ég vildi fá nánari skýringar á þessu ef hæstv. forsrh. hefur þær á reiðum höndum.

Þá vil ég enn fremur spyrja: Er hæstv. forsrh. með

einhverjar tillögur á prjónunum um það með hvaða hætti matarverð skuli lækkað, þ.e. hyggst ríkisstjórnin yfirleitt hafa einhverjar áhyggjur af því og koma með einhverjar raunhæfar tillögur í því efni að matarverð lækki á Íslandi? Vill hæstv. forsrh. t.d. leyfa innflutning á kartöflum og kjúklingum til þess að þó með þeim hætti væri hægt að lækka matvælaverð?

Nú kom það fram hér í blöðum í gær eða fyrradag, að mig minnir, að í tilraunaskyni hefur verið heimilaður innflutningur á smjörlíki. Nú er smjörlíki hluti af matarkostnaði okkar. Það hefur reyndar alltaf vakið furðu mína hvers vegna það ríkir og hefur ríkt innflutningsbann á smjörlíki. Smjörlíki er að minni vitund ekki landbúnaðarafurð. Smjörlíki er iðnaðarvara. Og nú vil ég spyrja hæstv. forsrh.: Brýtur það ekki í bága við fríverslunarsamning þann sem við höfum gert við Fríverslunarbandalag Evrópu að banna innflutning á smjörlíki?

Þá langar mig að lokum að spyrja hæstv. forsrh. hvort honum sé kunnugt um að söluskattur á matvæli hafi orðið þess valdandi að innheimta á söluskatti hafi gengið betur og orðið skilvirkari en hún var áður. Ég gleymi því seint þegar við hlustuðum hér á ræður fyrrv. hæstv. fjmrh., núv. hæstv. utanrrh., þegar hann stóð hér í ræðustól í þessari virðulegu deild og tíundaði að með því að breikka söluskattsstofninn og fækka undanþágum yrði söluskattskerfið í fyrsta lagi skilvirkara, í öðru lagi einfaldara og í þriðja lagi réttlátara. Hefur þetta gengið eftir? Er söluskattskerfið orðið skilvirkara við það að leggja fullan söluskatt á matvæli? Hefur söluskattskerfið orðið réttlátara við það að leggja söluskatt á matvæli? Og hefur söluskattskerfið orðið einfaldara við það að leggja söluskatt á matvæli?

Ég held að ég þurfi ekki að hafa þessi orð mín fleiri í þessari atrennu.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Hv. þm. Júlíus Sólnes taldi að ég hefði ekki kynnt mér þetta frv. nægilega vel og það má rétt vera. Hins vegar er sú kostnaðartala sem fram kom hjá honum nokkuð nálægt því sem ég var með. Ég var að vísu með kornvörurnar með í því sem ég taldi, þ.e. kostnaður ríkissjóðs ef söluskattur af kjötvörum, mjólkurvörum, grænmeti og kornvörum lækkaði í 12% er 3,7 milljarðar að mati Þjóðhagsstofnunar og af því eru kornvörur með um 900 milljónir, þannig að ef þær eru frádregnar eru þetta um 2,8 milljarðar.

Hv. þm. var þarna með aðra upptalningu eins og egg og fleira þess háttar og það er alveg hárrétt að ég hef ekki haft tækifæri til að láta meta þá hluti, en ég efa ekki að þær tölur sem hv. þm. var með eru réttar svo að mér sýnist nú þarna vera bitamunur en ekki fjár.

Hv. þm. spurði hvort slík lækkun kæmi ekki til greina sem liður í kjarasamningum. Ég vil upplýsa hv. þm. um það að í þeim mörgu viðræðum sem við höfum átt við aðila vinnumarkaðarins og í þessu tilfelli fyrst og fremst fulltrúa ASÍ höfum við nefnt, og þeir líka, flest þau atriði sem hv. þm. var með áðan, alveg sérstaklega lækkun á matvælum.

Ég held ég megi hins vegar segja að það var ekki ágreiningsefni að í tengslum við skammtímasamning væri slíkt varla í myndinni og væri þá miklu eðlilegra að sú leið væri nánar athuguð í tengslum við lengri samning sem gæti fylgt í kjölfar skammtímasamnings. Eins og menn vita var það ákvörðun ASÍ að ganga ekki til viðræðna við vinnuveitendur um langtímasamning nú, heldur misjafnlega stuttan samning, þannig að það var ekki ríkisstjórnarinnar að hafa áhrif á þau mál og var reyndar ákveðið að ríkisstjórnin gerði ekki tilraun til að hafa áhrif á þau mál hve þessi samningur yrði stuttur eða langur.

Hv. þm. minntist á ýmislegt fleira í þessu sambandi eins og t.d. hækkun á persónuafslætti í sambandi við tekjuskattinn og reyndar hefur það verið sett efst á blað af fulltrúum Alþýðusambands Íslands og ég hef ekki séð betur en að það verði sett ofar en lækkun á verði matvæla þó að ég sé fyrir mitt leyti hlynntari því síðara. Staðreyndin er sú að með hækkun á persónuafslætti er stofnað til verulegra útgjalda hjá ríkissjóði. Til að ná upp 1% kaupmætti með hækkun á persónuafslætti verður kostnaður ríkissjóðs einn og hálfur milljarður sem er afar dýr leið í þessu sambandi. Ég held að það megi nú segja það að þegar saman eru teknir þeir ýmsu liðir sem hv. þm. nefndi, sem ég tel alla mjög umræðuverða, skiptir náttúrlega kostnaður ríkissjóðs mörgum milljörðum, lækkun á söluskatti á matvæli 2,5 eða 2,8 eða hvað menn vilja hafa það, hækkun á persónuafslætti 1–2 milljarðar eftir því hvað menn eru að tala þar að sjálfsögðu um mikið o.s.frv. Slíka liði verður því að taka í nánum tengslum við fjárlagagerð ársins eða a.m.k. þá að afla tekna að einhverju leyti á móti. Hv. þm. taldi að hér skipti ekki öllu máli þetta tekjutap, það yrði hvort eð er, en ég held að sé ágreiningslaust að það verður meira ef með einu pennastriki eru ákveðnar slíkar lækkanir.

Hv. þm. rakti hér allítarlega viðræður sem fóru fram á milli fulltrúa ríkisstjórnar og fulltrúa Borgfl. og ýmsar þær tillögur sem þar komu fram sem, vil ég líka segja, eru allar umræðuverðar, svo vissulega, og hafa margar verið áfram í þeirri vinnu sem er hjá ríkisstjórninni í t.d. undirbúningi fyrir virðisaukaskattinn og fleira sem er á næsta ári. Meginniðurstaðan, svo að ég ljúki þessu um kjarasamninga, varð hins vegar sú, að höfðu fullkomnu samráði við ASÍ, að svona stórir liðir ættu frekar að tengjast lengri samningi sem gæti fylgt í kjölfar þess sem nú er gerður og þá frekar um áramót.

Hv. þm. ræddi einnig um matvælaverð almennt og leiðir til að lækka það, aðrar en lækkun söluskatts. Ég vil segja það fyrst að ég er honum 100% sammála um mikilvægi þess að lækka hér matvælaverð. Hins vegar verður þar eflaust að velja ákveðin matvæli til lækkunar og sá listi sem talinn er upp í frv. er t.d. góð viðmiðun í því sambandi.

Það er rétt hjá hv. þm. að viðskrh. ákvað að leyfa innflutning á 20 tonnum af smjörlíki, við skulum segja til reynslu. Hins vegar er ekki ljóst undir hvern

það í raun og veru heyrir. Samkvæmt lögum frá 1934 fellur verslun með smjörlíki undir landbrh. Hins vegar er spurning hvort innflutningurinn fellur undir landbrh. Þetta er reyndar verið að athuga. Ég vil segja um þetta allt saman að ég tek í fyrsta lagi undir það sem hv. þm. sagði um þá erfiðleika sem íslenskur iðnaður á í og varnaðarorð hans í því sambandi, að þar má vitanlega ekki fljóta að feigðarósi og sérstaklega í þeirri miklu opnun sem er núna í alheimsviðskiptum þurfum við að gæta okkar þar afar vel og athuga hvers konar varnir við getum reist gegn því að iðnaður, hvort sem hann er skipaiðnaður eða húsgagnaiðnaður eða fataiðnaður eða ullariðnaður eða smjörlíkisgerð, verði lögð í rúst. Ég er mjög eindregið þeirrar skoðunar að við verðum að skoða það vandlega yfir línuna, og ég held að á undanförnum allmörgum árum höfum við ekki gert það nægilega vel þó að þessir erfiðleikar séu að koma meira í sviðsljósið nú, svo að um leið og menn ákveða að leyfa t.d. frjálsan innflutning á smjörlíki verða menn að gera sér grein fyrir því að okkar tiltölulega litlu smjörlíkisgerðir keppa eflaust illa við margfalt stærri erlendar og leggjast þá niður. Ég hef heyrt suma menn sem töluvert eru ráðandi segja, farið hefur fé betra, um ýmsan iðnað. Ég er því ekki sammála. Ég held að allur íslenskur iðnaður sé þarfur og við eigum að fara varlega í það að taka ákvarðanir sem augljóslega leggja hann í rúst. Allar þjóðir sem núna eru t.d. að ræða um nánari tengsl við Evrópubandalagið gera þetta leynt og ljóst nema kannski við Íslendingar.

Í sambandi við kartöfluinnflutninginn gildir svipað að verulegu leyti því að þar er um fjölmenna stétt manna að ræða sem á þessu lifir. Þarna vaknar náttúrlega spurningin hver framtíðarsýn okkar er fyrir íslenskt þjóðfélag. Ég hef einmitt skilið hv. þm. svo að hann vilji líta þar miklu lengra en skammtímasjónarmið gera og ég held að menn verði að gera það á mjög breiðum grundvelli og taka til allra þessara hluta og það kunni að verða svo að þá verðum við að þola, um einhvern tíma, kannski ætíð, að greiða eitthvert gjald fyrir það að vera með sjálfstæðan iðnað og sjálfstæða framleiðslu á ýmsum sviðum.

Ég gæti rætt um þetta að sjálfsögðu mikið lengur en ég vona að ég hafi svarað þessum helstu spurningum sem komu fram, kannski nokkuð almennum orðum. Ríkisstjórnin er með þessa hluti alla í athugun, m.a. í sambandi við virðisaukaskattinn sem á að taka upp um áramótin. Það hafa verið fundir og eru að hefjast mjög miklir fundir um framkvæmd á virðisaukaskattinum og þar eru tvö þrep í virðisaukaskatti mjög til umræðu.

Hv. þm. vildi fá að vita mínar tillögur í því sambandi. Ég tel ekki eðlilegt að ég sé að koma með tillögur hér í því áður en þessi vinna er unnin. Hins vegar hef ég hvað eftir annað tjáð mig fylgjandi því að það verði a.m.k. vandlega athugað að setja upp tvö þrep og þá hærra þrep fyrir annan varning og þar með mætt a.m.k. hluta af tekjutapi ríkissjóðs.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég er ekki sammála hæstv. forsrh. um það að ástæða hafi verið til þess að draga á langinn lækkun matvæla vegna þess að uppi voru hugmyndir um skammtímasamninga milli Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og ríkisstjórnarinnar. Ég held að við hljótum að vera sammála um það öll hér í deildinni að matarverð hér er óhugnanlega hátt eins og var rækilega rætt í Sþ. nú í vikunni og það bitnar ekki aðeins á lífskjörum manna. Þegar við erum að tala um laun hér á landi, þá eru almenn laun fyrst og fremst lág vegna þess hversu almennar nauðsynjar eru dýrar. Þess vegna hefði það áreiðanlega greitt mjög fyrir því að hægt hefði verið að draga á langinn samningagerð um nýjar kauphækkanir ef ríkisstjórnin hefði komið til móts við fólkið í landinu með því að draga úr matarskattinum, með því að lækka matarverð í landinu, með því að lækka verð á margvíslegri opinberri þjónustu og síðast en ekki síst með því að draga úr þeirri óhugnanlegu skattheimtu sem hér er.

Það er hins vegar alveg ljóst að umræður um almenna kjarasamninga á hinum frjálsa vinnumarkaði voru komnar mjög skammt og það sýnir betur en flest annað þá miklu erfiðleika sem hinn almenni vinnumarkaður á við að stríða nú að verkalýðsleiðtogar sem sæti eiga í atvinnumálanefnd Alþýðusambandsins hafa lýst því yfir, síðast nú í Dagblaðinu í dag, að þeir telji óhjákvæmilegt að til gengisfellingar komi.

Ég vil vekja athygli á því að á fundi í Kópavogi í gærkvöldi lýsti hæstv. forsrh. því yfir að sjávarútvegurinn væri ekki aflögufær og lét þess jafnframt getið að ef þær launahækkanir sem Bandalag starfsmanna ríkis og bæja hefur nú samið um mundi ganga almennt yfir í þjóðfélaginu þýddi það að afkoma fiskvinnslunnar yrði verri um 1,5–2%. Ég hygg að ég fari rétt með það að talað sé um að þessi kjarasamningur jafngildi um 13% hækkun á launum í frystingunni.

Nú sé ég á þessum tölum að hæstv forsrh. er eitthvað neðar. Hann virðist telja að þessir samningar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja þýði innan við 8% hækkun á launum í fiskvinnslu. Það er þó ekki aðalatriðið heldur hitt að í þeim tölum sem fram koma hjá hæstv. forsrh. gerir hann ráð fyrir því að hlutur sjómanna verði óbættur. Þessi tala, 1,5–2%, þýðir með öðrum orðum að hann reiknar ekki með því að þessi launahækkun gangi yfir til sjómanna því ef svo væri, þá væru tölurnar hærri. Þá værum við að tala um að það kostaði fiskvinnsluna þrisvar sinnum meira. Ef tölurnar 1,5–2% eru réttar, þá mundum við tala um 4,5–6% þyngingu fyrir fiskvinnsluna.

Það alvarlega við ástandið í sjávarútvegsmálum er ekki aðeins þetta heldur hitt að í ummælum hæstv. forsrh. í Kópavogi kemur fram í fyrsta lagi að hann gerir ekki ráð fyrir því að endurgreiðsla á uppsöfnuðum söluskatti haldi áfram eftir að maímánuður er allur, eftir þeim upplýsingum sem hér eru í Morgunblaðinu. Ég var að sjálfsögðu ekki á þeim fundi en eftir blaðafregnum að dæma gerir hann ráð fyrir því

að endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti ljúki í maímánuði og jafnframt talar hann um að nú standi fyrir dyrum að hætta niðurgreiðslum á fiski í maí, en þó sé hugsanlegt að halda þeim áfram fram í júlímánuð. Skulum við hugsa okkur að sú verði niðurstaðan að halda þessum niðurgreiðslum áfram fram í júlímánuð, en þá verðum við þó að skilja ummæli hæstv. forsrh. svo að greiðslum úr Verðjöfnunarsjóði frystiiðnaðarins ljúki. Þetta tvennt, að hætta greiðslum á uppsöfnuðum söluskatti og greiðslum úr Verðjöfnunarsjóðnum, þýðir þyngingu um 6%. Samkvæmt mati forsrh. bætist það við 1,5–2% og þessi 8,5% sem við tölum þarna um, sem er mat hæstv. forsrh., eiga síðan að bætast við það tap sem nú er þegar fyrir hjá fiskvinnslunni. Það þarf heldur ekki að taka það fram að eftir að lánskjaravísitölunni var breytt um áramótin, þá mælir hún verðbólguna með öðrum hætti en áður. Launin koma inn með miklu meiri þunga en áður. Þannig er verðbólgan nú í kringum 31–32% þó að lánskjaravísitalan hafi einungis hækkað um 27,5% t.d. nú í marsmánuði. Hins vegar mun launahækkunin koma með tvöföldum þunga inn í lánskjaravísitöluna, almenn launahækkun í landinu, þannig að þó svo að í kjölfar almennra kjarasamninga fylgi hvorki lækkun á gengi krónunnar og það verði heldur ekki um það að ræða að hækkunin gangi út í vöruverðið, þá mun það eftir sem áður valda því að lánskjaravísitalan hækkar verulega eða sem svarar þriðjungi þegar í stað af launahækkunum. Við sjáum því fyrir okkur að hækkunin á lánskjaravísitölunni mun halda áfram og það er óraunhæft að ímynda sér að lánskjaravísitalan verði undir 30% á næstu mánuðum sem þýðir þá, eins og ég skil hæstv. forsrh., að glíman við fjármagnskostnaðinn muni halda áfram og eftir því að dæma virðist mér sem ríkisstjórnin hafi tvo mánuði til þess að hugsa sig um. Það var þannig í síðustu ríkisstjórn að hæstv. forsrh., sem þá var utanrrh., hótaði þáv. forsrh. stjórnarslitum hvað eftir annað eftir svo og svo stuttan tíma, en nú sé ég ekki betur en hann sé farinn að hóta sjálfum sér.

Ég vil líka minna á það að síðast þegar þetta mál var hér til umræðu lýsti hæstv. forsrh. því yfir að af 31 fyrirtæki sem væru til athugunar hjá Hlutafjársjóði væri búið að athuga umsóknir 15 fyrirtækja og þessi 15 fyrirtæki þyrftu 2 milljarða í sinn hlut ef vel ætti að vera. Ríkisábyrgð á hlutabréfum í Hlutabréfasjóði tekur einungis til 600 millj. kr. Það er því óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. forsrh. hvort hann hafi í hyggju að auka ríkisábyrgðina á aðildarbréfum að Hlutafjársjóðnum upp í 4 eða 5 milljarða, því minna virðist ekki duga ef maður reiknar með því að þau 16 fyrirtæki sem upp á vantar þurfi jafnmikið til sín og hin 15 sem búið er að athuga. Ég þarf ekki að taka fram að B-deildarbréf Hlutabréfasjóðs eru svo skrýtnir og óvissir pappírar að engir trúnaðarmenn stofnana geta tekið við slíkum pappírum án þess að fyrir því liggi beinar heimildir frá Alþingi því að það eru slíkir áhættupappírar að ríkisstjórnin treystir sér ekki einu sinni sjálf til að leggja til að ríkisábyrgðin verði veitt. Ef hún teldi að pappírarnir væru einhvers virði, þá kostaði það auðvitað ekki neitt að veita ríkisábyrgina. En auðvitað er það ríkisábyrgð, þó með öðrum hætti sé, ef sjóðir eins og Fiskveiðasjóður, Iðnlánasjóður, Byggðasjóður eða ríkisbankar eiga að kaupa aðildarbréfin í B-deildinni, fyrirtæki, stofnanir og bankar sem hafa ríkisábyrgð. Ef ætlast er til að þeir kaupi B-deildarbréfin, þá er ríkisstjórnin beinlínis að segja: Við kærum okkur ekki um að bera ábyrgðina. Við ætlum ekki að leggja til við Alþingi að þessi ábyrgð verði veitt. En þeir menn sem hafa verið kjörnir í bankaráðin og í stjórnirnar eru ekkert of góðir til þess að taka á sig ábyrgðina. Þeir eiga að taka áhættuna af þessu og skömmina ef þessir peningar fást ekki endurgreiddir. Ég get því ekki séð að menn sem vilja bera ábyrgð á sínum stofnunum geti undir nokkrum kringumstæðum tekið við pappírum sem ríkisstjórnin sjálf treystir sér ekki til að leggja til hér á hinu háa Alþingi að hafi ríkisábyrgð. Spurningar mínar til hæstv. forsrh. lúta þá að tvennu:

1. Hyggst hæstv. forsrh. láta slag standa með Hlutafjársjóðinn eða hyggst hann leggja til að Alþingi samþykki frekari ábyrgðir á aðildarbréfum að Hlutabréfasjóðnum en nú eru í lögum?

2. Hvað á hann við þegar hann talar um að engar stórar kollsteypur verði á gengi krónunnar? Í þessum ummælum felst að sjálfsögðu að hann er að boða gengissig, gengisaðlögun, gengisfellingu eða eitthvað þvílíkt nú á sumri komanda, jafnvel í næstu viku. Það á með öðrum orðum að lækka gengi krónunnar nú á næstu mánuðum, en það á ekki að vera kollsteypa. Það má auðvitað segja að það sé ekki kollsteypa á gengi krónunnar þótt sú ríkisstjórn sem nú situr sé búin að fella gengið fjórum sinnum, sína ögnina í hvert skipti. Það getur vel verið að það sé ekki kollsteypa. En það er nokkuð mikið þegar þetta er allt lagt saman. Spurningin hlýtur því að vera sú: Ef ríkisstjórnin treystir sér ekki til að leggja það til að greiðslur úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins haldi áfram og ef ríkisstjórnin treystir sér ekki til að leggja það til að greiðsla á uppsöfnuðum söluskatti haldi áfram og ef ríkisstjórnin hefur gert sér grein fyrir því að bæði saltfiskverkun og frysting eru rekin með miklum halla — og verður vaxandi halli, það verður tveggja stafa tala ef kjarasamningarnar ganga í gegnum launakerfið í heild — ætlar ríkisstjórnin sér þá að láta þar við sitja, láta fyrirtækin tapa því litla sem eftir er eða hyggst ríkisstjórnin grípa til einhverra mikilla aðgerða?

Ég geri mér ekki alveg grein fyrir því hvort hæstv. forsrh. er búinn að tala um það í ríkisstjórninni að efna til kosninga nú á hausti komanda og að ríkisstjórnin muni þá leggja það undir dóm kjósenda hvort kjósendur vilji hafa þessa ríkisstjórn áfram, að Framsfl., Alþfl. og Alþb. séu búnir að ná svo vel saman, það sé komin svo góð samvinna á milli þessara þriggja flokka að hæstv. forsrh. muni óhræddur rjúfa þing og boða til kosninga sem um það snerust hvort ríkisstjórnin vildi stjórna aðeins áfram. Það væri fróðlegt að fá eitthvað um það efni. Ég segi nú svona sem sjálfstæðismaður að það yrði gaman að

slíkum kosningum. (Gripið fram í.) Já, honum þykir vænt um það, hv. 4. þm. Vestf. þegar vitnað er í Gísla sögu Súrssonar og sagt: Nú renna öll vötn til Dýrafjarðar. Í pólitískum skilningi renna öll vötn nú til Sjálfstfl., enda sá ég að það hýrnaði yfir hv. þm. þegar ég tók þessa líkingu og hann fann hversu satt það var sem ég var að segja. Ég vil með öðrum orðum til að stytta mál mitt leggja áherslu á þessi þrjú atriði:

Í fyrsta lagi: Það hefði verið skynsamlegt fyrir ríkisstjórnina að lækka verð á matvörunum strax og reyna með þeim hætti að ná samkomulagi við aðila vinnumarkaðarins og opinbera starfsmenn um það að láta kjarasamninga liggja til haustsins.

Ég vil í öðru lagi spyrja hæstv. forsrh. hvort hann telji að 600 millj. dugi í Hlutabréfasjóðnum.

Ég vil í þriðja lagi inna hæstv. forsrh. eftir því hvort hann telji að það sé hægt að koma við þeirri hagræðingu og þeim sparnaði í samkeppnisiðnaðinum og sjávarútveginum að ekki þurfi neitt að leiðrétta tekjuhliðina hjá þessum atvinnugreinum, að sjávarútvegurinn geti staðið sig, geti haldið uppi fullri atvinnu í sjávarplássunum þó svo að tekjurnar séu fyrst lækkaðar um 6%, sem nemur greiðslum úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins sem er uppsöfnun á söluskattinum, og fiskiðnaðurinn þar fyrir utan geti tekið á sig ómældar launahækkkanir sem ekki er sýnt hvernig verða en ég fullyrði að eru verulegar.

Í fjórða lagi hvort sjávarútvegurinn eigi að taka á sig þann aukna fjármagnskostnað óbættan sem beinlínis leiðir af kjarasamningunum ef þeir ganga yfir hinn almenna vinnumarkað.

Það er mat hæstv. sjútvrh. að atvinnufyrirtækin geti ekki tekið á sig þessar launahækkanir. Hæstv. sjútvrh. hefur lýst því yfir í Sþ. að launahækkanirnar hljóti að ganga út í verðlagið og hæstv. sjútvrh. hefur jafnframt lýst því yfir að sjávarútvegurinn sé ekki aflögufær um eina einustu krónu.

Hitt er allt saman óvissara hverjar eru hugmyndir hæstv. iðnrh. um iðnaðinn, samkeppnisiðnaðinn. Það var svo að heyra á honum að samkeppnisiðnaðurinn gæti tekið ögn af byrðum á sig til viðbótar við það sem fyrir liggur.

Flm. (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þær umræður sem hér hafa verið nú og undanfarna daga, aðallega í síðustu viku, um frv. það sem ég flyt ásamt hv. 7. þm. Reykn. um breytingu á lögum um söluskatt. Það stóð nú ekki til að þetta frv. gæfi tilefni til almennrar umræðu um efnahagsmál, vaxtamál og gjaldeyrismál, en að sjálfsögðu kemur margt inn í þetta frv. þar sem þetta eitt sér hefur áhrif á aðra þætti.

Ég vil taka það skýrt fram hér að þær tölur sem koma fram í frv. eru unnar úr gögnum Þjóðhagsstofnunar, sem hún lagði fram í janúar upp á 2 milljarða 539 millj., og segja það að þetta miðast við eitt ár. Verði þetta frv. að lögum núna í apríl eða maí þá lækkar þessi fjárhæð að sjálfsögðu sem því nemur. Ef gildistökuákvæði laganna verður 1. júní þá er þarna ekki um að ræða nema 1,2–1,3 milljarða þannig að þær tölur sem fram komu í ræðu hæstv. forsrh. gætu því verið villandi.

Það var annað sem ég vildi koma inn á og það er staða iðnaðar hér á landi. Ég vil svara því sem kom fram í ræðu hæstv. forsrh. við fyrirspurn hv. þm. Júlíusar Sólnes. Ástæðan fyrir því hvað staða íslensks iðnaðar er slæm er ekki innflutningurinn heldur sú hvað fyrirtækjum sem starfa í samkeppnisiðnaði eru búin óviðunandi rekstrarskilyrði af hálfu ríkisvaldsins. Það er aðalatriðið. Það er ekki það hvort fyrirtækin geti framleitt og á viðunandi verði miðað við erlenda samkeppni ef skilyrðin eru þau sömu. Í mínum huga er of einfalt að segja að banna eigi innflutning vegna þess að hér eigi að halda uppi atvinnu. Þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið, m.a. af þessari ríkisstjórn, hafa einungis miðast við það að halda útflutningsatvinnugreinunum gangandi, en iðnaðarfyrirtækin hafa þurft að súpa seyðið af þeim ráðstöfunum.

Við sjáum þetta mjög vel þegar litið er á annan iðnað en smjörlíkisiðnað eins og tilefni var í þessari umræðu. Má þar nefna sælgætisiðnað, húsgagnaiðnað og fleira. Allur þessi iðnaður á undir högg að sækja vegna þess hve gengisskráningin er röng og hvað þau fyrirtæki sem starfa að þessum iðanði búa við erfið skilyrði, bæði varðandi skatta og það að gengið er þeim mjög óhagstætt.

En ég vil ítreka það, sem ég sagði hér í upphafi, að ég þakka þessa umræðu og vona, þar sem hæstv. forsrh. er nú búinn að lesa frv., að hann taki það til gaumgæfilegrar athugunar. Vonandi má það verða tilefni til umræðu í hæstv. ríkisstjórn og verða að lögum á þessu þingi.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Aðeins út af orðum hv. síðasta ræðumanns og flm. frv. þá vil ég vekja athygli á því að við töluðum báðir, hv. þm. Júlíus Sólnes og ég, um lækkun á ársgrundvelli, eða ég skildi það svo þegar hann ræddi um 2,8 milljarða og það gerði ég að sjálfsögðu einnig.

En það sem hv. þm. sagði um erfiðleika iðnaðarins, þá tek ég undir það með honum að ég held að iðnaðurinn hafi þolað miklu verr fastgengistímann 1987–1988 því að hann naut ekki þess að hafa mesta afla í sögu þessarar þjóðar eins og sjávarútvegurinn hafði, um 15% meira aflaverðmæti en að meðaltali á áratugnum 1980 til dagsins í dag. En það er samt ekki hægt að segja að þessi ríkisstjórn hafi ekkert gert til aðstoðar iðnaðinum. Hún er búin að fella gengið um hvorki meira né minna en nálægt 15% þegar hvað reiknast ofan á annað. Það er satt að segja nokkuð meiri gengisfelling en ég hefði viljað sjá og við erum vitanlega í dag að súpa seyðið af því með verðbólgu og það kemur vitanlega öllum samkeppnisiðnaðinum til góða. Engu að síður er það eflaust rétt að raungengið, sérstaklega frá iðnaðinum séð, er of hátt.

Út af orðum hv. þm. Halldórs Blöndals þá verð ég að segja það við herra forseta þessarar hv. deildar að mér er það satt að segja orðin hulin ráðgáta hvernig

er hægt að stofna til almennrar umræðu um algjörlega óskyld mál undir næstum því hvaða máli sem er. Vitanlega er mér bæði ljúft og skylt að koma hér og svara fyrirspurnum um söluskatt þó að segja megi að það sé frekar fjmrh. þegar um söluskatt er verið að ræða. Nú hefur verið ákveðin utandagskrárumræða í Alþingi á mánudaginn um afkomu fiskvinnslunnar, gengisfellingar o.s.frv., sem er náttúrlega endurtekning á því sem við höfum rætt hér í allan vetur og ekkert nema gott um það að segja.

Hv. þm. stóð upp og sagðist ekki sammála mér um vissa hluti. Það er alveg áreiðanlega rétt en það var um lækkun á matarskatti nú í sambandi við samninganna. Við vorum sammála um að setja matarskattinn á og höfum síðan verið ósammála um allt og það kæmi mér afar mikið á óvart ef við værum sammála um eitt atriði eins og málin standa nú. Við samþykktum matarskattinn. Þessi ríkisstjórn er að leita leiða til að lækka verð á matvælum, annaðhvort með lækkun matarskatts eða eftir öðrum leiðum. Það er til alvarlegrar umræðu í ríkisstjórninni og þótt því miður að við misstigum okkur með því, við hv. þm. sameiginlega, að setja matarskattinn á, þá tekst þessari ríkisstjórn vonandi að bakka eitthvað út úr þessu háa matvælaverði.

Síðan hóf hv. þm. að ræða gamalkunn málefni, um sjávarútveginn, um Hlutafjársjóðinn o.s.frv. Ég sagði að 31 fyrirtæki hefði sótt um aðstoð úr Hlutafjársjóðnum, það hefði farið fram gróf athugun á 15 fyrirtækjum og væri talið að það þyrfti að færa til þeirra um 2 milljarða samtals, ekki bara úr Hlutafjársjóðnum heldur líka úr Atvinnutryggingarsjóðnum, úr hagræðingardeild Atvinnutryggingarsjóðsins o.s.frv. þannig að þetta hefur eitthvað misskilist. Ég held að ég megi fullyrða að það kemur ekki til mála að Hlutafjársjóðurinn leggi inn 2 milljarða í hlutafé í þessi fyrirtæki. Það er ekkert um það að ræða. Ég get því alls ekki svarað því á þessari stundu hvort nauðsynlegt kann að verða að auka að A-skírteinin sem njóta ríkisábyrgðar eitthvað umfram þær 600 milljónir sem þar eru. Það liggur ekkert fyrir um það á þessari stundu.

Ég vil alls ekki gera svo lítið úr B-hluta skírteinum eins og hv. þm. gerir því að það liggur þegar fyrir að ýmsir bankar og sjóðir munu tapa umtalsverðu fjármagni ef til gjaldþrota þessara fyrirtækja kemur og það er engin ástæða til þess að ríkissjóður fari að ábyrgjast hlutafjáraðild slíkra sjóða eða slíks fjármagns sem væri að öðru leyti tapað. Þetta er náttúrlega hlutur sem stjórn Hlutafjársjóðsins mun væntanlega taka upp við viðkomandi sjóði og síðan meta.

Hv. þm. sagði að ég hefði sagt að ljúka mundi greiðslum úr Verðjöfnunarsjóði og uppsöfnuðum söluskatti í lok maí. Ég sagði einnig að þar væri nokkurt fjármagn til til viðbótar og kæmi til greina að framlengja eitthvað greiðslur úr Verðjöfnunarsjóði. Það er hlutur sem verður athugaður mjög gaumgæfilega þegar betur liggur fyrir þróun verðlags á erlendum mörkuðum og þannig heildarstaða atvinnugreinarinnar. Ég vil fullvissa hv. þm. um það að með þessu er fylgst mjög náið og líklega nánar en nokkru sinni fyrr. Það er gert af hálfu Þjóðhagsstofnunar alveg sérstaklega og verður eflaust nokkuð til umræðu hér á mánudaginn.

Þessi ríkisstjórn hefur sannarlega engan hug á því að frystingin verði rekin með vonlausu tapi. Hins vegar er fjölmargs að gæta í því sambandi og fullyrðingar í dag um gengislækkun eða gengisfellingu eru alls ekki tímabærar. Ef allt fer á hinn versta veg, eins og ég sagði á þessum umræddu fundi í gær, engin verðhækkun erlendis o.s.frv., þá mun ríkisstjórnin taka upp viðræður um það, m.a. við aðila vinnumarkaðarins, hvernig eigi að mæta því. Þá getur vel verið að það þurfi að láta gengið eitthvað breytast og þá getur vel verið að talið verði skynsamlegt að verka á móti áhrifum þess á einhvern þann máta sem hér er verið að tala um. En það er bara alls ekki tímabært á þessari stundu að vera að fullyrða eitt eða annað um það atriði.

Hv. þm. spurði að því hvort láta ætti sjávarútveginn bera kostnaðaraukann, bæði af launasamningum og af hækkun fjármagnskostnaðar. Ríkisstjórnin vinnur að því að ná lækkun á fjármagnskostnaði eins og frekast er unnt og það var tekið skref núna um daginn með lækkun raunvaxta um hálfan af hundraði og fleiri skref verða tekin í náinni framtíð. Mæling á verðbólgu núna sýnir lækkun úr 3,2 í 2,2 í þessum mánuði og allt bendir til þess að verðbólga muni lækka áfram í næsta mánuði. Það er mat þeirra sem um þau mál fjalla svo það er á réttri leið. Þarna verður því að byggja á heildarmati á afkomu sjávarútvegsins en ekki á einstökum þáttum í því sambandi.

Ég sá ekki að aðrar beinar spurningar væru til mín. Hv. þm. talaði um 13% launahækkun hjá sjávarútveginum. Meðaltalshækkun á launum í þjóðfélaginu til áramóta, ef framkvæmd verður eins og í samningum ríkisins við BSRB, er um 8,5%. Það er vissulega aðeins umfram það sem þjóðhagsáætlun gerir ráð fyrir og veldur því eitthvað meiri erfiðleikum en þar kom fram. Meðalhækkunin hjá ríkisstarfsmönnum — ég skal lýsa þessu aðeins nánar af því að ég sé að hv. þm. setur upp spurningarmerki — meðalhækkunin hjá ríkisstarfsmönnum er 9,5% sem byggir á því að meðallaun þar eru 55 þús. kr. Meðallaun í þjóðfélaginu eru hins vegar 66 þús. kr. þannig að meðalhækkunin verður á grundvelli þessara meðallauna 8,5% ef framkvæmd er á þann máta. Hins vegar er náttúrlega mörgum samningum ólokið, vinnuveitendur standa í samningum o.s.frv. Þetta er aðeins vísbending um það hver þessi launahækkun gæti orðið miðað við það meðaltal sem er hjá BSRB.

Ég skal ekki lengja þennan fund. Mér skilst að eigi að ljúka hér klukkan fimm og læt þessu máli mínu lokið.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Bara örstutt athugasemd hér að lokum. Ég vil þrátt fyrir allt fyrir mína hönd og 1. flm. þessa frv., hv. 5. þm. Reykv., þakka fyrir þessar

umræður og góð og greið svör frá hæstv. forsrh. Mig langar bara til að benda hæstv. forsrh. á eitt atriði sem mér finnst hann einhvern veginn ekki hafa alveg náð að fá á hreint í þessari umræðu. Það er að það var byggt inn í fjárlögin ákveðið svigrúm til launahækkana. Síðan hefur þetta svigrúm verið nýtt í samningum við opinbera starfsmenn svo að sjálfsögðu einhver viðbót þar sem samningar við opinbera starfsmenn hafa farið eilítið fram úr þeim viðmiðunartölum sem voru byggðar inn í fjárlögin. Þess vegna sagði ég: Var ekki nær að nota þetta svigrúm allt saman þegar tækifæri var til þess að ná þeirri kjarasátt sem ég var að lýsa með því að fara út í lækkanir á beinum og óbeinum sköttum í staðinn? Það er nú ljóst að nú verða svipaðar launahækkanir bæði hjá launþegum á hinum almenna vinnumarkaði og opinberum starfsmönnum. Ég á ekki von á því að Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna muni sætta sig við minni launahækkanir en BSRB-menn hafa fengið, svo mikið er víst, þannig að þegar upp er staðið að lokum fæ ég ekki betur séð en að það verði samið um verulegar launahækkanir yfir alla línuna og við stefnum hér út í eina holskefluna enn og verðbólgubál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framhaldsskólar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 454. mál (rekstrarkostnaður, skólanefndir o.fl.). — Þskj. 814.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég hafði beint einni spurningu til hæstv. forsrh. og þar sem ég sá að hann gekk úr húsinu án þess að ég hefði fengið svar þá hefði ég gjarnan kosið ef mögulegt væri að hann svaraði mér nú.

Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir hans svör við fyrirspurnum mínum og vangaveltum varðandi þetta frv. En heldur voru svör hans um kjaradeilu kennara rýr. Ég vil aðeins taka fram að varðandi 5. gr., þar sem ég svona velti upp þeirri hugmynd hvort námsráðgjafar ættu e.t.v. að sitja í skólastjórn, þá gerði ég alls ekki ráð fyrir að verið væri að útiloka þá. Vangaveltur mínar snerust um það að starfssvið skólastjóra og áfangastjóra eru mjög skyld þannig að mér sýndist að það væri kannski nóg að hafa annan þeirra í skólastjórninni og hafa námsráðgjafann í staðinn en ég veit það hins vegar að það er mjög algengt að námsráðgjafar sitji sem áheyrnarfulltrúar í skólastjórnum. Þetta var bara hugmynd sem ég var að velta vöngum yfir.

Ég tek undir það með hæstv. ráðherra að það hefði þurft að huga mun fyrr að því að skapa skilyrði fyrir alla nemendur án tillits til námsgetu þeirra að eiga aðgang að framhaldsskólunum en það þarf auðvitað að gerast með góðum undirbúningi.

Ég vil að lokum ítreka enn og aftur fyrirspurn mína til hæstv. forsrh. og hefði mjög gjarnan viljað fá svar frá honum við þeirri fyrirspurn sem ég beindi til hans. (**Forseti:** Ég skal láta athuga hvort forsrh. er í húsinu.)

Ég vil aðeins ítreka spurningu mína til hæstv. forsrh. sem ég bar hér fram fyrr í dag við umræðu þessa máls þar sem ég las upp bréf forsrh. frá 23. mars 1985, en vegna yfirlýsingar í þessu bréfi gengust kennarar inn á það að ganga inn í skólana þegar þeir höfðu sagt upp störfum sínum. Hér segir í lok bréfsins, með leyfi forseta:

„Yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar ber að skilja svo að ætlunin er að tryggja ríkisstarfsmönnum sömu heildarkjör og menn hafi sambærileg störf og ábyrgð, m.a. að dagvinnulaun verði hin sömu þegar borin eru saman laun sem eru fyrir fulla dagvinnu aðeins og tekið tillit til hlunninda hvers konar."

Nú vildi ég spyrja: Hvað líður þessum fyrirætlunum ríkisstjórnarinnar? Þetta hlýtur að vera í gildi enn þá því að það eru þessar kröfur sem háskólamenntaðir ríkisstarfsmenn eru að fara fram á núna í viðræðum við ríkisvaldið.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég er sömu skoðunar og þegar ég ritaði þetta bréf að svona samanburður sé mjög eðlilegur og æskilegur. Eins og tekið er fram í þessu bréfi er m.a. talað um að taka tillit til aðstæðna. Ég viðurkenni að svona samanburður er afar erfiður því að aðstæður eru svo breytilegar, atvinnuöryggi og fjölmargt fleira sem spilar þarna inn. En eftir því sem ég best veit var þessi skýrsla unnin og ég veit ekki betur en hún sé til meðferðar í þeirri umræðu sem núna fer fram. Ég hef ekki komið að þessu máli síðan og get ekki sagt nánar um það hvernig það horfir nú, en ég hef þó grun um að það sé mat manna á ýmsum atriðum sem þarf að bera saman sem sé eitthvað misjafnt og við því var náttúrlega að búast.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

NEÐRI DEILD

80. fundur, föstudaginn 14. apríl, kl. 1 miðdegis.

Jöfnun á námskostnaði, 3. umr.

Stjfrv., 175. mál. — Þskj. 589.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Leigubifreiðar, 1. umr.

Stjfrv., 438. mál (heildarlög). — Þskj. 798.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um leigubifreiðar, en það er á þskj. 798, 438. mál. Frv. þetta er samið á vegum samgrn. í samráði við helstu hagsmunaaðila. Gildandi lög um leigubifreiðar, lög nr. 36/1970, hafa staðið óbreytt í 19 ár að undanskilinni minni háttar breytingu á lögunum sem gerð var með lögum nr. 47/1988 og 66. gr. laga nr. 108/1988. Athugun á réttarstöðu leigubifreiðastjóra leiddi í ljós að heildarendurskoðun á lögunum var orðin tímabær.

Vandamálin hafa verið leyst með sífelldum breytingum á reglugerðum um leigubifreiðar vegna þess að lögin hafa hvergi nærri verið nægjanlega fastmótuð og víðtæk. Það er árangur þessarar heildarendurskoðunar sem birtist í frv. Markmið frv. er, rétt eins og markmið laganna frá 1970, að koma góðri skipan á málefni leigubifreiðastjóra og að gæta hagsmuna almennings sem nýtur þjónustu leigubifreiða.

Meginefni laga nr. 36/1970 svo og fyrri laga um sama efni eru heimildir til að takmarka fjölda leigubifreiða á viðkomandi svæðum, en þetta á við um fólksbifreiðar, vörubifreiðar og sendibifreiðar. Þróun mála hefur orðið misjöfn eftir því um hvaða flokk bifreiða er að ræða. Sendibifreiðar hafa í mjög fáum tilvikum notið takmörkunar þar sem stéttarfélög sendibifreiðastjóra hafa yfirleitt ekki óskað eftir takmörkun. Um vörubifreiðar gegnir öðru máli. Víðast hvar á landinu eru í gildi takmörkunarreglugerðir fyrir vörubifreiðar. Takmarkanir á fjölda sendibifreiða og vörubifreiða eru framkvæmdar með þeim hætti að taka ekki fleiri menn inn í félögin en reglugerð segir til um, þ.e. félögin sjálf ráða því hverjir bætast við í stéttina eða hversu margir öðlast rétt til að stunda leiguakstur á þessu sviði. Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel hjá vörubifreiðastjórum, en minni reynsla hefur fengist af því hjá sendibifreiðastjórum.

Framvinda mála hvað leiguaksturinn á fólksbifreiðum snertir hefur orðið með öðrum hætti. Þar eru takmörkunarreglugerðir í gildi hjá félögum sem staðsett eru í nokkrum hinna stærri kaupstaða, þar á meðal ein reglugerð fyrir höfuðborgarsvæðið í heild. Á hinn bóginn er takmörkun á fjölda fólksbifreiða til leiguaksturs ekki framkvæmd af stéttarfélögum fólksbifreiðastjóra heldur með útgáfu atvinnuleyfa sem opinberar nefndir annast á hverju félagssvæði. Þetta atvinnuleyfakerfi hefur tíðkast hjá fólksbifreiðastjórum allar götur síðan 1956 þegar takmörkunarreglur voru teknar upp, sbr. lög nr. 25 frá 1955. Þetta kerfi er nú orðið mjög fast í sessi og um það gilda ítarleg ákvæði í takmörkunarreglugerðum sem sífellt gerast flóknari.

Í gildandi lögum um leigubifreiðar, lögum nr. 36 1970, segir ákaflega lítið um hvernig takmörkun á fjölda leigubifreiða skuli hrundið í framkvæmd, þ.e. hvort félögin eigi að gera það sjálf eða opinberar nefndir eigi að gera það með útgáfu atvinnuleyfa. Í lögunum segir aðeins að með reglugerð skuli kveðið á um ráðstöfun atvinnuleyfa, enda verði fyrir það girt að leyfin geti orðið verslunarvara. Að þessu leyti eru lögin ófullkomin og í reynd á eftir tímanum. Lögin hafa þó ætíð verið skilin á þann veg að þau útiloki ekki takmörkun á fjölda leigubifreiða án atvinnuleyfa svo sem tíðkast hefur með vörubifreiðar og sendibifreiðar.

Nauðsynlegt er að lögfesta skýr ákvæði um þær takmörkunaraðferðir sem þróast hafa og ekki er ástæða til að bregða út af í meginatriðum. Á það ber einnig að líta að atvinnuleyfi til leiguaksturs fólksbifreiða er mjög eftirsótt og leyfishafar líta á þau sem mikilvæg persónuleg réttindi. Því er mjög æskilegt að setja í lög glöggar grundvallarreglur um atvinnuleyfin, en láta þar eigi reglugerðarákvæðin ein nægja. Þannig má líka forðast deilur um hvort reglugerðarákvæði um atvinnuleyfi eigi næga stoð í lögum, en deilur um þetta efni hafa nokkrum sinnum orðið tilefni dómsmála.

Umboðsmaður Alþingis, sem hefur að gefnu tilefni gert nokkra athugun á atvinnuleyfamálum fólksbifreiðastjóra, segir í bréfi til samgrh. dags. 13. okt. 1988, með leyfi forseta:

„Af því tilefni tek ég enn fremur fram að ég tel ástæðu til að lög um leigubifreiðaakstur verði tekin til rækilegrar endurskoðunar í heild. Í þessari endurskoðun verði m.a. fjallað um það hvaða skilyrðum menn þurfa að fullnægja til þess að geta fengið og haldið leyfum til leigubifreiðaaksturs, og um nýtingu slíkra atvinnuleyfa."

Ýmis fleiri atriði en hér að framan greinir kalla á endurskoðun laga um leigubifreiðar og skal í því efni vísað til helstu nýmæla sem frv. felur í sér, en þau eru:

Leiguakstur fólksbifreiða, vörubifreiða og sendibifreiða er skilgreindur, sbr. 1. gr. og I. kafla frv. Í gildandi lögum er aðeins skilgreindur leiguakstur vörubifreiða. Þá er gerður greinarmunur á framkvæmd takmörkunar eftir því hvort um er að tefla annars vegar vörubifreiðar og sendibifreiðar eða hins vegar fólksbifreiðar. Með þessu er venjubundin framkvæmd mála staðfest. Bifreiðastjórar sem njóta þess að fjöldi leigubifreiða í atvinnugrein þeirra er takmarkaður eru skyldaðir til að vera félagsmenn í einu og sama stéttarfélagi á viðkomandi svæði. Gert er þó ráð fyrir því og að því mun vikið að heimilt sé að veita tímabundna undanþágu frá þessu ákvæði til aðlögunar vegna þeirra svæða þar sem annað fyrirkomulag hefur tíðkast. Grundvallarreglur eru settar um atvinnuleyfi til leiguaksturs fólksbifreiða en þær hefur alveg skort í gildandi lögum. Í því efni er tekið mið af tilmælum umboðsmanns Alþingis. Þá er skýrt fram tekið að þeim sem ekki hafa atvinnuleyfi sé bannað að taka að sér að stunda leiguakstur á fólki. Þetta er nauðsynlegt til að veita leyfishöfum viðunandi réttarvernd. Sett eru skilyrði fyrir því að geta öðlast atvinnuleyfi og haldið því og eru þau nokkru víðtækari en tíðkast hafa í reglugerðum. Veitt er

heimild til að halda námskeið fyrir umsækjendur um atvinnuleyfi til leiguaksturs fólksbifreiða og til að auka hæfni umsækjenda og framkvæma síðan faglegt mat á hæfni þeirra með prófum. Lagt er til að atvinnuleyfi falli úr gildi við 70 ára aldur atvinnuleyfishafa, en heimilt verði að hækka þetta aldursmark í allt að 75 ár með reglugerð. Sett eru ákvæði um skipan og hlutverk umsjónarnefndar sem áður voru eingöngu í reglugerð. Jafnframt eru gerðar nokkrar efnisbreytingar á þessum ákvæðum. Kveðið er á um skyldu til að hafa gjaldmæla í leigubifreiðum, þ.e. fólksbifreiðum og sendibifreiðum. Ákvæði um þetta efni voru nýlega felld brott úr umferðarlögum þar sem þau voru talin eiga betur heima í lögum um leigubifreiðar.

Þá er gert ráð fyrir að samgrn. setji í framhaldi af lagasetningunni tvær reglugerðir um nánari framkvæmd laganna, aðra fyrir fólksbifreiðar en hina fyrir vörubifreiðar og sendibifreiðar. Þá er einnig ætlunin að hætta útgáfu svæðisbundinna reglugerða og styðjast við almennar reglugerðir sem taki til landsins alls, en vegna hinna fjölmörgu svæðisbundnu reglugerða hefur skort á samræmi hluta á þessu sviði.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta frv., en vísa að öðru leyti til greinargerðar frv. þar sem aðdragandi málsins er rakinn og öll helstu efnisatriði skýrð frekar en ég hef gert hér í stuttri framsöguræðu. Ég vænti þess að hv. deild og hv. Alþingi sjái sér fært að afgreiða þetta mál þannig að það geti orðið að lögum á þessu þingi. Stutt vera mín í samgrn. hefur mjög sannfært mig um það að það sé mikil þörf á að koma fastmótaðri skipan á þessi mál og setja þar skýrari reglur í lög þannig að ekki þurfi að styðjast við endalaus reglugerðarákvæði sem sum hver kunna að hafa veika stoð í þeim gömlu lögum sem við höfum búið við á þessu sviði og augljóslega þarfnast sárlega endurskoðunar, enda væri annað óeðlilegt jafnmikil breyting og orðið hefur á aðstæðum öllum á gildistíma núgildandi laga. Má þar nefna bæði almennar breytingar, fólksfjölgun hér á höfuðborgarsvæðinu og ýmislegt fleira sem gerir að verkum að óhjákvæmilegt er að taka þessi málefni fastari tökum. Niðurstaðan varð reyndar sú eftir tiltölulega skamma skoðun á þessum málum sl. haust að enn ein reglugerðarútgáfan mundi ekki ná takmarki sínu og koma þeirri skipan á þessi mál sem nauðsynlegt væri heldur dygði ekkert minna til en heildarendurskoðun laganna sem hér liggur svo fyrir. Og þó um heildarendurskoðun sé að ræða er þetta ekki meiri lagabálkur en svo að ég bind miklar vonir við að hv. Alþingi sjái sér fært að afgreiða þetta mál og gera að lögum á yfirstandandi þingi.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. samgn.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Mig langar til að gera eitt atriði í þessu frv. sérstaklega að umtalsefni þó svo færa megi rök fyrir því að ýmis önnur atriði þess að því er varða takmarkanir á leyfum til leiguaksturs séu óþörf.

Ég ætla hins vegar ekki að gera neinar athugasemdir við þau ákvæði og þá reynslu sem af því er fengin að takmarka réttindi manna til leiguaksturs við úthlutanir tiltekinna leyfa heldur hyggst ég víkja að ákvæði 5. gr. frv. um skyldu manna til að vera í sama stéttarfélagi á ákveðnu félagssvæði.

Ráðherra vék að þessu atriði í framsögu sinni og lét þess jafnframt getið að í 14. gr. frv. er ákvæði þar sem gert er ráð fyrir því að heimilt sé að láta aðra skipan mála haldast til bráðabirgða að því er þetta varðar á tilteknu svæði eftir nánari fyrirmælum í reglugerð. Reyndar segir einnig í 8. gr. frv. að það sé eitt af skilyrðum til að geta öðlast atvinnuleyfi að menn séu félagsmenn í hlutaðeigandi stéttarfélagi fólksbifreiðastjóra eða sæki um inngöngu í það.

Ég tel að hér sé verið að leggja óþarfa hömlur á félagafrelsi manna með því að gera þeim sem þessi leyfi fá skylt að vera í ákveðnum stéttarfélögum. Ég tel að það séu engin almannaheill sem knýi á um það að eftir að menn hafi fengið þessi leyfi — og að því gefnu að það fyrirkomulag sem verið hefur í þeim efnum haldist — það sé engin nauðsyn sem knýi á um að skylda aðila, hugsanlega gegn vilja sínum, til þess að vera í ákveðnu stéttarfélagi.

Hins vegar tel ég nokkuð augljóst að langflestir ef ekki allir þeir sem hér eiga hlut að máli telji hagsmunum sínum best borgið með því að vera í slíku stéttarfélagi og væntanlega þá aðeins í einu félagi. Ég hygg að niðurstaðan yrði sú samkvæmt frjálsu vali manna sem hér eiga hlut að máli. Ef einhverjir hins vegar telja það ekki þjóna sínum hagsmunum að vera í slíku félagi eiga þeir auðvitað að hafa rétt til þess að hafna slíkri aðild.

Því nefni ég þetta að ástæðan fyrir þessu ákvæði í frv. er eflaust málaferli sem stofnað var til fyrir nokkru og dómur upp kveðinn í Hæstarétti í desembermánuði sl. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að það væri ekki andstætt stjórnarskránni að lögbinda skylduaðild að félögum. Hins vegar taldi Hæstiréttur í því máli sem þar var um að ræða að í því tilfelli hafi ekki verið fyrir hendi lagaheimild til slíkrar skyldu þar sem skylduaðildin byggðist á reglugerðarákvæði en ekki lagaheimild.

Ég tel að vísu mjög umdeilanlegt hvort stjórnarskrá íslenska geti heimilað umrædda skylduaðild að nokkrum félögum. Ég vitna í því sambandi m.a. til ákvæða í mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem segir í 20. gr., með leyfi forseta: „Engan mann má neyða til að vera í félagi." Sambærileg ákvæði er að finna í mannréttindasáttmála Evrópuráðsins. Þó svo að þessir samningar hafi ekki lagagildi á Íslandi höfum við engu að síður tekið undir þessi ákvæði með aðild okkar að þessum samningum. Ég hygg að það hljóti að vera gagnkvæm réttindi allra frjálsborinna manna annars vegar að gerast aðilar að félögum og bindast samtökum um að verja sína hagsmuni og hins vegar að taka ekki þátt í stofnun félaga og standa utan við félagasamtök ef menn telja það betur þjóna sínum hagsmunum.

Frelsið til að stofna félög með öðrum um áhuga- og baráttumál sín er mjög mikils virði, en það hlýtur

jafnframt að vera nokkurs virði að vera ekki skyldaður til þátttöku í félagi, ekki síst ef menn telja að það félag berjist gegn hagsmunum sínum eða gangi með öðrum hætti ekki erinda sem viðkomandi eru þóknanleg. Mér sýnist að hérna sé nokkuð rökrétt samhengi á milli. Auðvitað er þetta miklu meira og stærra mál en varðar þetta tiltekna frv. Þetta er mál sem hefur *miklu víðara samhengi og snertir miklu fleiri* þætti í samfélaginu en hér er verið um að ræða. Ég á ekki von á að það muni í sjálfu sér hafa mjög mikla „praktíska" þýðingu hvort það ákvæði sem ég hef gert að umtalsefni nær fram að ganga eða ekki.

En ég tel að hér sé um að ræða töluvert prinsippmál sem er ástæða til að gera að umtalsefni af þessu gefna tilefni. Ég tek það fram að það stéttarfélag sem hér er um að ræða, leigubifreiðastjórafélagið Frami í Reykjavík, er aukaatriði að þessu leyti þó að t.d. það dómsmál sem ég gerði að umtalsefni hafi snert það félag. Hér er um að ræða ákveðin grundvallaratriði, grundvallarmannréttindi, sem snerta rétt manna til þátttöku í félagi og rétt manna til að hafna þátttöku í félagi.

Í Stjórnskipun Íslands, eftir Ólaf heitinn Jóhannesson, er nokkuð vikið að félagafrelsi og þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Þó að almennt sé viðurkennt að félagafrelsi sé óhjákvæmilegt skilyrði fyrir lýðræðisstjórnarháttum er því ekki að neita að ýmsum þykir sem félagasamtök, einkanlega hagsmunasamtök stétta, séu orðin eins konar ríki í ríkinu og þykir sumum sem þau séu orðin ofjarl ríkisvaldsins. Er sú þróun orðin mörgum mönnum áhyggjuefni."

Það er gamalt umræðuefni og eflaust deiluefni hvernig túlka beri ákvæði ýmissa annarra laga um svokallaða skylduaðild að félögum. Ef menn túlka það svo í öðrum lögum um einhver önnur málefni að þar sé um að ræða skylduaðild tel ég slíkt rangt og að slíkum lögum eigi þá að breyta. Ég tel að það sé ekki röksemd fyrir að taka upp slík ákvæði í lög um leigubifreiðastjóra að þannig sé t.d. háttað um Stéttarsamband bænda eða önnur slík samtök. Ég tel að það ætti frekar að snúa sér að því að innleiða félagafrelsið á þeim vettvangi þar sem slík ákvæði kunna að vera fyrir hendi.

Þetta vildi ég sagt hafa, herra forseti, um þessi atriði. Mér er ljóst að um þetta eru skiptar skoðanir. Ég þykist vita að þau stéttarfélög sem eiga hlut að máli varðandi þetta frv. leggi áherslu á ákvæðin eins og þau eru í frv. En ég tel að hér séu hins vegar aðrir og ríkari hagsmunir á ferðinni, þ.e. þau tilteknu mannréttindi að geta sjálfur valið sér þau félög sem menn kjósa að eiga aðild að, og ég tel að þeir hagsmunir séu ríkari og vegi þyngra í þessu máli.

Að öðru leyti ætla ég aðeins í lokin, herra forseti, að vekja athygli á tveimur bréfum sem þingmönnum hafa borist um þetta frv. Annað er frá launþegum starfandi við leigubifreiðaakstur þar sem þeir telja *hugsanlega hagsmunum sínum ekki nægjanlega vel* borgið í þessu frv. Hitt er bréf sem borist hefur ásamt ljósriti af tilmælum frá umboðsmanni Alþingis að því er varðar skýr mörk í verkaskiptingu leigubifreiðastjóra og sendibifreiðastjóra. Nú hef ég ekki haft aðstöðu til að taka afstöðu til þessara bréfa. Ég vænti þess að þó að hæstv. samgrh. leggi áherslu á að hraða afgreiðslu málsins gefi samgöngunefnd sér tóm til að kanna þessi tvö erindi sem þingmönnum hafa borist, auk þess sem ég legg að sjálfsögðu ríka áherslu á það að *þeim ákvæðum sem ég hef hér gert að umtalsefni*, einkum í 5. og 8. gr., verði breytt.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég tek undir með hæstv. samgrh. að það er tímabært að taka til heildarendurskoðunar þessi lög og hygg að hann sé með um margt ágætt frv., en ég vil þó gera að umræðuefni eins og tvö atriði í frv.

Það er í fyrsta lagi þar sem kemur að því í 8. gr. að þeir einir sem fullnægja tilgreindum skilyrðum geti öðlast atvinnuleyfi. Þar segir í 4. lið „hafa fullnægjandi heilbrigðisvottorð". Mig langaði að spyrja hvað felist í þessari kröfu. Nú er það svo að margir sem þessa atvinnu stunda búa við skerta heilsu og orku að takmörkuðu leyti, en hafa alla burði og hafa reynst þrátt fyrir það vel í þessu starfi, að aka leigubifreið. Þýðir þessi krafa að nú standi til að vísa þessu fólki frá þessum störfum ef það býr við skerta orku að einhverju leyti eða er hér átt við að menn séu ekki með smitandi sjúkdóm eða með einhvern þann bráðasjúkdóm að hætta stafi af? Um þetta vildi ég spyrja.

Síðara atriðið sem ég vildi minnast á við þessa umræðu er í 9. gr., en þar stendur: „Atvinnuleyfi fellur úr gildi við andlát leyfishafa. Þó má dánarbú *hans eða eftirlifandi maki nýta leyfið í eitt ár* þar á eftir." Ég hygg að hér sé um allmikla styttingu á tímanum að ræða. Ég hygg að það hafi verið þrjú eða fjögur ár í gildandi lögum. Ég er þeirrar skoðunar að það sé fullstuttur tími sem eftirlifandi maki hafi í þessu tilfelli, eitt ár.

Í þriðja lagi vildi ég minnast á V. kaflann og 10. gr., en þar er rætt um skipun umsjónarnefnda fólksbifreiða. Þar er um allverulega breytingu að ræða þar sem nú er lagt til að í þessum nefndum verði eingöngu þrír menn en voru t.d. á höfuðborgarsvæðinu fimm áður: „Hver nefnd skal skipuð þremur mönnum. Hlutaðeigandi stéttarfélag fólksbifreiðastjóra tilnefnir einn nefndarmann, annan tilnefnir Samband ísl. sveitarfélga og hinn þriðja skipar ráðherra án tilnefningar og er hann formaður nefndarinnar." Þarna eru sem sagt tveir felldir út, fulltrúi launþega og fulltrúi sveitarfélagsins.

Nú er það svo að t.d. á þessu svæði eru líklega af 600 leigubílstjórum einir 150 launþegar sem stunda þennan akstur að atvinnu. Ég tel að þarna sé gengið á tillögurétt þessara manna. Fyrir utan að fella eigi burtu fulltrúa sveitarfélagsins er ég þeirrar skoðunar að við séum í sífellu að hverfa að miðstýringu, að þeir aðilar sem þessum málum ráði séu allfjarri vettvangi. *Ég tel miklu eðlilegra að viðkomandi sveitarfélag* skipi fulltrúa í þessa nefnd. Ég sé ekki að það sé stór munur á nefndum hvort þær séu þriggja eða fimm

manna hvað hraða í störfum varðar. Ég teldi eðlilegt að hér væri um fimm manna nefnd að ræða, að áfram ættu launþegar fulltrúa í þessum nefndum svo og viðkomandi sveitarfélög.

Ég verð að segja að þó að svæðið nái yfir fleiri en eitt sveitarfélag vorkenni ég mönnum ekki mikið í sveitarstjórnum að tala saman og koma sér saman um fulltrúa í slíka nefnd. Ég sé ekki að menn þurfi hér á Alþingi að taka þann kaleik af sveitarstjórnunum eða telja að það sé til bölvunar og valdi deilum.

Það eru þessi atriði sem ég vildi minna á og biðja hv. samgn. að taka til athugunar í sínum störfum þegar hún fer yfir frv.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Það er enginn vafi á að það er tímabært að setja ný lög um leigubifreiðar. Sjálfsagt verður um þetta mál eins og mörg önnur ágreiningur um viss atriði.

Hv. þm. Geir H. Haarde gerði að umtalsefni 5. gr. Þetta getur verið álitamál. En hvernig hefur þetta verið? Sá sem hér stendur var fyrir 27–28 árum formaður eins slíks félags. Þá voru það reglur í félaginu að það urðu allir að vera í félaginu sem höfðu atvinnuleyfi. Þó ég þekki það ekki nógu vel, er búinn að gleyma hvernig það er í Frama, hygg ég að það sama hafi gilt. Það er líka athyglisvert og það þyrfti þá að vera gagnkvæmt að þeir sem eru launþegar t.d. í Frama hafa ekki full félagsréttindi. Þeir eru aukafélagar. Þeir hafa að vísu málfrelsi og tillögurétt, en þeir eru aukafélagar. Þeir hafa engin réttindi, ekki lífeyrisréttindi nema borga sjáfir og engin réttindi. Ástæðan fyrir því að menn fara út í þetta er fyrst og fremst að með því að vera launþegi nokkur ár hefur það verið svo að þeir hafa setið fyrir atvinnuleyfum. Það er ekki góður kostur að vera á bíl sem annar á, en það eru þessi réttindi sem menn sækjast eftir. Því miður get ég ekki lesið annað út úr þessu frv. en að þessi réttindi séu líka af þeim tekin. Við það vil ég staldra.

Ég sé ekki betur en það hafi verið, þó það komi ekki fram í greinargerð, einhverjir skrifstofumenn og kannski einhverjir úr forustuliði félaganna sem hafi samið þetta frv. og ég vil ekki trúa því að óreyndu að hæstv. samgrh. hafi sett sig nógu vel inn í öll þau atriði sem eru í frv.

Það er athyglisvert að hópur af þessum launþegum átti fund með fulltrúa úr samgrn. í október sl. Það var Ragnhildur Hjaltadóttir, hin ágætasta kona, en hún hefur sýnilega ekki verið með höndina á frv. þegar það var samið því að eftir því sem mér er gefið upp af launþegum bifreiðastjóranna var þeim heitið því að það yrði ekki felldur út réttur þeirra til að tilnefna mann í þessa umsjónarnefnd eða réttur þeirra ef þeir væru búnir að vera launþegar um tíma. Ég harma þessi mistök. Að vísu hef ég ekki rætt við Ragnhildi um þetta, en þetta er í þeim skjölum sem mér hafa borist í hendur.

Ég held líka að þessir réttindalausu menn, sem þeir eru, verði að hafa talsmann einmitt í þessari nefnd og þeir verði að hafa möguleika á því að fylgjast með hvernig unnið er. Ég mælist með fullri vinsemd til að ráðherrar beiti sér til að breyta þessu aftur í fimm manna nefnd. Mér þykir eðlilegt að þeir bætist við frá borginni og frá launþegahópnum. Þeir eru líka um 150 af 600. Þeir eru ¼ af starfandi bifreiðastjórum í þessari grein. Þeir haldi áfram og séu ekki sviptir möguleikanum eða réttinum, vil ég segja, til að fá atvinnuleyfi ef þeir hafa verið launþegar um einhvern tiltekinn árafjölda eða þá þeir sem hafa lengstan starfstíma. Ég held að sé óhjákvæmilegt að breyta þessu tvennu.

Ég staldra líka við í 8. gr. að hafa fullnægjandi heilbrigðisvottorð. Mér finnst að það þurfi að skilgreina betur. Þeir sem eru með skerta starfsorku en eru þó taldir fullkomlega hæfir til að gegna slíku starfi ættu að fá það metið. Hins vegar getur ástand þeirra heilsufarslega verið þannig að það sé ekki forsvaranlegt að láta þá aka leigubíl. En mér finnst vandi að skilgreina þetta atriði.

Ég fer ofan í þetta vegna þess að ég hef dálitla reynslu í þessum málum. Ég starfaði við þetta sjálfur og hef verið, eins og ég sagði, formaður nokkuð stórs félags í nokkur ár. Ef það yrði breyting á þessum atriðum væri vel og ef það felst í 5. gr. að launþegahópur leigubílstjóra ætti þá, ef ég skil þetta rétt, að fá full réttindi í þessum félögum. En það er bara ekki nóg að setja það í lög. Ég hygg að það sé erfitt að eiga við að slíkum lögum yrði framfylgt eins og harkan er í þessu. Þess vegna þarf að gæta hluts þessara manna.

Ég mun ekki setja fótinn fyrir þetta mál. Ég vona að það sé hægt að taka tillit, og verði gert af ráðherra fyrst og fremst og þá samgöngunefndunum, til þessara manna og skilgreina það atriði sem ég minntist á í sambandi við heilbrigðisvottorðin.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég mun ekki hafa mörg orð um fyrirliggjandi frv. um leigubifreiðar. Ég skil mjög vel að frv. sé lagt fram um þetta mál, enda hygg ég og veit að hæstv. samgrh. er mér sammála og sjálfsagt allir fyrrv. samgönguráðherrar um að það er sjálfsagt með óþægilegustu málum að úthluta leyfum til leigubifreiðastjóra þar sem úti hefur verið haldið takmörkunum þannig að aðeins fáir komast að, en margir vilja komast í þetta starf.

Ég hef stundum velt fyrir mér hvort hugsanlegt væri að breyta algerlega um kerfi og hef þá í huga sendibílastöðvarnar þar sem allt annað kerfi gildir og opinberir aðilar þurfa ekki að koma að þessu máli með sama hætti heldur eru stöðvarnar myndaðar með samstarfi eigenda sendibíla sem síðan takmarka fjöldann sjálfar og virðist það hafa gefist allsæmilega að því er ég best veit. Mér er hins vegar ljóst að það kerfi sem sniðið er fyrir leigubílaaksturinn er mjög gamalt og hefur unnið sér sess og þess vegna er nauðsynlegt að taka á þessu máli.

Ég vil taka undir það, sem kom fram hjá hv. 17. þm. Reykv., að við löggjafarstarfið verður hv. Alþingi að gæta sín á því að brjóta ekki mannréttinda-

ákvæði. Við getum ekki látið okkur í réttu rúmi liggja félagafrelsi og rétt manna til að vera í eða vera ekki í félögum. Þetta er auðvitað grundvallaratriði sem getur dregið dilk á eftir sér ef ekki er vel til vandað í upphafi. Það hefur verið rætt um það við mig af ýmsum aðilum sem láta sig þetta mál skipta að ekki hefur verið haft samband við alla hagsmunaaðila í öllum skilningi við gerð frv. Ég tek undir það, sem hér hefur komið fram hjá þeim sem kalla sig launþega í þessari stétt, að ekki virðist hafa verið haft samband við þá nema að mjög takmörkuðu leyti og þeir halda því fram að brotið hafi verið á þeim samkvæmt samtölum við fulltrúa samgrn.

Ég vil jafnframt benda á að hv. alþm. hafa fengið bréf sem er dags. 10. apríl og undirritað af Sigurði Sigurðarsyni fyrir hönd Sendibíla hf. Þar koma fram sjónarmið þeirra sem staðið hafa að því fyrirtæki og starfa í sínu eigin félagi. Tek ég undir þau sjónarmið sem koma fram frá hv. 17. þm. Reykv. varðandi það mál. Mér finnst þess vegna, virðulegi forseti, nauðsynlegt að beina þeim tilmælum til hv. nefndar að tekið sé sérstaklega á þessum málum og kallaðir til nefndarinnar fulltrúar þessara hópa sem hafa skrifað hv. alþm. bréf og tek undir það sem aðrir hafa sagt um það efni, ekki síst síðasti ræðumaður, hv. 6. þm. Norðurl. e. Hér inni eru a.m.k. tveir fulltrúar úr hv. samgn., þeir hv. þm. Ingi Björn Albertsson og hv. þm. Guðni Ágústsson, og ég veit að þeir hafa hlustað á umræður og geta komið þessu til skila.

Það kom dálítið á óvart að hlusta á ræðu hv. síðasta ræðumanns. Hv. 6. þm. Norðurl. e. er stuðningsmaður ríkisstjórnarinnar. Hann er sá maður sem gerði hæstv. forsrh. kleift að mynda núv. ríkisstjórn með minnstum mögulega meiri hluta á Alþingi. Fyrr í vetur hafa farið fram umræður um stöðu hv. þm. Stefáns Valgeirssonar gagnvart þessari ríkisstjórn og komið fram ... (Gripið fram í.) Það er á dagskrá að ræða hér um leigubifreiðar og ég er ekki að ræða um hv. síðasta ræðumann þó hann hafi einhvern tíma verið leigubílstjóri, það er öllum kunnugt, heldur vegna stöðu hans gagnvart ríkisstjórninni vegna ummæla sem hann viðhafði í sinni ræðu áðan. Það sem mér kom á óvart var að hv. þm. ekki einungis gaf það í skyn heldur bókstaflega sagði það í sinni ræðu að hann hefði ekki séð þetta frv. áður en það var lagt fram. Hann sagðist ekkert hafa vitað um ef ég skil hann rétt ... (**SV:** Nei. Þú skilur allt vitlaust.) Jæja, en hann kom fram með athugasemdir við frv. og sagði að hann hefði ekki haft hugmynd um að viss atriði væru í frv. Þetta gefur mér tilefni til þess við þessa umræðu, og lái mér hver sem vill, að spyrjast fyrir um það hvort enn standi sá samningur við hv. þm. Stefán Valgeirsson og milli hans og hæstv. ríkisstjórnar að hv. þm. sjái stjfrv. áður en þau eru lögð fram eða hvort það sé eins og manni sýnist af þeim umræðum sem hér hafa farið fram að hv. þm. styðji ríkisstjórnina nánast nákvæmlega sama hvað að honum sé rétt. Maður hefur það á tilfinningunni eftir að hafa hlustað á hv. þm. að ekkert sé við hann rætt um stjórnarfrumvörp. Þess vegna langar mig, og það þarf ekki að taka langan tíma og alls ekki að tefja umræðuna hér, að spyrja hv. þm. að því hvort hann hafi samþykkt efnisatriði þeirra stjórnarfrumvarpa sem lögð hafa verið fram í tonnatali eða a.m.k. í stórum bunkum á síðustu dögum.

Auðvitað, virðulegur forseti, er þetta ekki beinlínis á dagskrá. En það hlýtur að vera á dagskrá hv. Alþingis á hverjum einasta degi í hverju einasta máli hvort hæstv. ríkisstjórn hefur tilskilinn meiri hluta á þingi. Hv. þm. hefur sagt það fyrr á þessu þingi í haust að hann áskilji sér rétt til að skoða og samþykkja stjórnarfrumvörp áður en þau eru lögð fram. Ég vil fá það staðfest, það þarf ekki langa ræðu um það, hvort sú regla sé enn í gildi því að ræða hv. síðasta ræðumanns gaf vissulega til kynna að svo væri ekki þar sem hann gerði athugasemd við stjórnarfrv. og sagði að það hefði ekki verið haft samband við sig um tiltekið efnisatriði frv. Þannig skildi ég hann þegar hann sagði að Ragnhildur Hjaltadóttir hefði ekki sagt sér frá því að frv. hefði breyst í meðförum þannig að nú væru aðeins samkvæmt frv. þrír í nefndinni í stað fimm eins og ráðgert hefði verið.

Á þessu vildi ég af þessu tilefni fá skýringar því að það hefur þýðingu að vita á hverjum tíma hver staða hæstv. ríkisstjórnar er, ekki síst með tilliti til stuðnings hv. þm. Stefáns Valgeirssonar sem er lífankeri þessarar ríkisstjórnar á meðan aðrir hv. þm. úr öðrum flokkum en svokölluðum stjórnarflokkum hafa ekki með afgerandi hætti lýst yfir stuðningi við núv. ríkisstjórn.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Það er eins og fyrri daginn með hv. 1. þm. Reykv. Hann á ákaflega erfitt með að skilja það sem menn segja og ef hann hefur einhverja möguleika að snúa út úr því eða heldur að hann hafi það notar hann tækifærið.

Það sem ég sagði hér var að ég hefði fengið bréf í gær frá bílstjórunum þar sem þeir segja mér frá þeim fundi sem þeir héldu og þar sem fyrir hönd samgrn. mætti Ragnhildur Hjaltadóttir. Hv. 1. þm. Reykv. þarf ekki að hafa áhyggjur því að ég fæ öll þingskjöl og þetta frv. eins og mörg önnur eru lögð fram með mínu samþykki, en ég áskil mér rétt til að flytja eða fylgja brtt. Er þetta nóg fyrir þingmanninn? Skilur hann þetta? (**FrS:** Er þetta almenna reglan?) Þetta er regla hjá mér nema ég hafi miklar athugasemdir við frv. Ég hef stöðvað frv. Er þetta nóg? (**FrS:** Alveg nóg.)

Málmfríður Sigurðardóttir:

Herra forseti. Þetta frv. er eitt þeirra sem koma í skæðadrífu þingmála þessa dagana. Manni gefst eiginlega ekki tími til að kynna sér þau eins vel og þyrfti. Ég verð nú að segja það að ég hef ekki getað kynnt mér þetta eins vel og ég hefði viljað og ég vil fara fram á að Kvennalistinn eigi áheyrnarfulltrúa í samgn. þegar þetta kemur til umfjöllunar þar.

En mér sýnist að hér sé verið að setja skýrari reglur um eitt og annað sem sennilega er full þörf á að gera

og í fljótu bragði er eiginlega ekki nema tvennt sem ég hefði viljað gera athugasemd við og hvort tveggja er í rauninni búið að nefna. Ég vil láta í ljós þá skoðun okkar kvennalistakvenna að þessum málum þurfi að breyta frá því sem er í frv. Það er þá fyrst í 9. gr. í sambandi við atvinnuleyfið sem fellur úr gildi við andlát leyfishafa. Þó má dánarbú hans eða eftirlifandi maki nýta leyfið í eitt ár.

Í þeim lögum sem nú eru í gildi hefur eftirlifandi maki leyfi til að nýta atvinnuleyfið í þrjú ár og getur sótt um að nýta það í eitt ár í viðbót. Mér er tjáð að slíkri beiðni hafi yfirleitt aldrei verið hafnað. Rökstuðningurinn fyrir hugsuninni á bak við þetta var sá að vegna lélegra lífeyrissjóða, sem leigubifreiðastjórar hefðu aðgang að, væri þetta gert til að létta undir með eftirlifandi maka og í öðru lagi væri þetta líka vegna þess að það væri kannski þörf á að nýta hugsanlega nýkeypta bifreið. Þá væri þetta í rauninni sanngirnismál. Ég sé ekki að það hafi neitt breyst í þjóðfélaginu nú sem réttlætti brottfall þessara réttinda ekknanna.

Í öðru lagi var það að mér sýnist að hér sé eiginlega gengið á rétt launþega eða þeirra sem aka leigubifreiðum og taka laun fyrir hjá eigendum. Þeir hafa litið á það þannig að þeir ættu rétt á að hafa einhvern umsagnarrétt um t.d. úthlutun atvinnuleyfa og slíkt og þeir ættu rétt á því að fá aðila í umsjónarnefnd fólksbifreiða. Mér sýnist að þetta sé sanngirnismál fyrir þá.

Að öðru leyti hef ég á þessari stundu ekki neitt frekar við þetta að athuga. Eins og ég segi hefur mér ekki gefist tími til að skoða þetta neitt nálægt því nógu vel. En ég ítreka að ég óska eftir því að Kvennalistinn fái að hafa áheyrnarfulltrúa í samgn.

Benedikt Bogason:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að fagna þessu frv. Það er lengi búin að vera þörf á því að þessi mál séu tekin föstum tökum. Eins og kom fram hjá hv. 6. þm. Norðurl. e. sem hefur langa reynslu í þessum málum á leigubílaakstur sér mjög langa forsögu og þróun allt frá því að fyrstu bílarnir komu rétt eftir aldamótin og upp í það að hér mynduðust bílastöðvar. Við eigum glæstar sögur af huguðum brautryðjendum sem ég veit t.d. að hv. 17. þm. Reykv. þekkir mjög vel til.

En það sem ég vildi strax af eigin reynslu og sérstaklega kannski á síðari árum benda hæstv. samgrh. á er að hér er um mjög vandasama lagasmíð að ræða og nauðsynlegt að líta til margra átta eins og hefur komið áður fram hjá hv. alþm. Það hafa komið upp viðkvæm erfið mál sem reynt hefur verið að leysa með reglugerðum og breytingum á reglugerðum sem hafa þá oft ekki náð yfir nema lítinn hluta af málinu.

Ég vil nota tækifærið og taka mjög sterklega undir það sem hv. 17. þm. Reykv. sagði í sambandi við skyldu til að vera í stéttarfélagi. Að sjálfsögðu ber að huga að hvers eðlis hvert félag er. En við verðum að athuga að kjarni leigubílaakstursins í dag er að þetta eru atvinnurekendur, þetta eru menn sem eiga sín eigin atvinnutæki, og hins vegar eru það launþegar sem oft stíga sín fyrstu spor á framtíðarbraut leigubílstjórans sem launþegar hjá öðrum.

Hér fyrr á árum var talsvert um það, kannski fyrir 30–40 árum, að menn héldu sig við það að vera launþegar alla ævi í þessu starfi og m.a. mótaðist á tímabili mikil þörf á sterku stéttarfélagi, en þá grundvallarreglu — og hv. þm. vísaði til mannréttindasamþykktar Sameinuðu þjóðanna — um að þvinga menn til að vera í félögum tel ég varhugaverða. Mín skoðun er sú að félögin eigi að vera fyrir einstaklingana en ekki öfugt.

Það er annað hér sem víkur að því sem ég sagði áðan og mér finnst svolítið viðkvæmt vegna fyrri þróunar og kannski núverandi stöðu. Í 7. gr. stendur í 2. mgr.: „Grundvöllur atvinnuleyfanna er að sérhver leyfishafi eigi fólksbifreið og hafi það að aðalatvinnu að aka henni sjálfur.“ Þetta er ekki í samræmi við stöðuna núna í þjóðfélaginu vegna þess að ýmsir hafa farið inn á þá braut, til þess að geta haft öruggari og betri tæki undir höndum, að kaupa sér bíla af vanefnum eða eignast bíla á kaupleigusamningum. Væntanlega kemur að því að þessar kaupleigur hérna fari að mannast upp í að hætta okurstarfsemi og taka upp siði annarra þjóða þar sem vextir í slíku fyrirbrigði eru yfirleitt lægri en á lánum. En það hefur verið öfugt hérna. Ég mundi eindregið mæla með að þetta yrði ekki sett sem skilyrði. Það er einmitt vegna launþega sem eru búnir að afla sér réttinda og eru að byrja. Þá geta þeir haft tækifæri til að leigja sér bíl á sérstökum samningum án þess að eiga hann formlega og þar með haft undir höndum bæði öruggara og betra tæki.

Bæði hv. 5. þm. Suðurl. og 6. þm. Norðurl. e. hafa bent á skilyrðið um fullnægjandi heilbrigðisvottorð í 8. gr. Ég hef skilið það þannig að á undanförnum árum hafi úthlutunarnefnd unnið þannig að bifreiðastjórar með skerta starfskrafta en fullnægjandi að öllu leyti sem bílstjórar hafi að öðru jöfnu gengið fyrir eftir þessu kerfi. Ég tel að það beri að hafa í huga að menn með þannig skert starfsskilyrði geta verið fyrsta flokks bílstjórar á allan hátt en geta kannski ekki unnið algenga vinnu.

Síðan kemur 9. gr. Þar er enn þá eitt viðkvæmt mál. Það er að atvinnuleyfi fellur úr gildi við 70 ára aldur leyfishafa. Heimilt er með reglugerð að hækka þetta aldurstakmark í allt að 75 ár. Ég hef tilhneigingu til að vilja hreinlega miða við 75 ár samkvæmt því sem mér er tjáð af bílstjórum, að það sé miklu eðlilegri viðmiðun, miðað við stöðuna og heilsufar almennt í dag. A.m.k. mætti hafa það í huga að þetta sé auðvelt og það þurfi ekki að sækja um hjá einhverjum stóra bróður eða stóra hálfbróður til að fá þennan rétt.

En síðan kem ég að öðru atriði þessa máls í næstu málsgr. Atvinnuleyfi fellur úr gildi við andlát leyfishafa. Þetta er mjög ranglátt og ég veit mörg dæmi þess sjálfur hvað þetta hefur komið virkilega illa niður á fjölskyldum sem hafa e.t.v. misst möguleikana á að framfleyta sér við þessi hörðu kjör.

Það er sagt þarna: „Þó má dánarbú hans eða

eftirlifandi maki nýta leyfið í eitt ár þar á eftir.“ Mig minnir að þetta hafi verið eins og hv. 7. þm. Norðurl. e. sagði samkvæmt reglugerð alveg fram til 1983, að það hafi verið hægt að framlengja þetta með pappírsvinnu og hlaupum niður í ráðuneyti í eitt ár í senn upp í þrjú ár. En eftir því sem ég best veit var þetta fellt úr gildi 1983 þannig að það var þrengt. En í þessu sambandi vil ég segja það, hæstv. samgrh., að eins og þetta hefur verið á Íslandi fram til þessa hafa leigubílstjórar, til þess að geta haft nægjanlega afkomu til að reka atvinnutæki sitt, endurnýja það og veita sér eðlileg lífskjör, unnið vinnudag sem er kannski ekki 10 tímar, kannski ekki 12 tímar, hann getur verið 16 tímar og jafnvel heilu sólarhringarnir. Menn verða að sæta lagi um helgar og liggja yfir markaðnum. Fjölskyldur, sérstaklega eiginkonur bílstjóra, hafa í mörgum tilfellum helgað sig og aðlagað sig þessari vinnu og alltaf verið tilbúnar með matinn og kaffið allan sólarhringinn þegar verið er að taka næturvaktir. Þess vegna segi ég: Þetta þarf að skoðast miklu betur. Ég hefði mælt með því að miðað við það velferðarsjónarmið sem nú ríkir og skilning í þjóðfélaginu ættu þær hreinlega að halda þessum réttindum þannig að eftirlifandi hafi möguleika á að gera bílinn út eða fara að aka sjálfur, að sjálfsögðu. Ég held að á ýmsum öðrum stöðum í þjóðfélaginu mundi koma illa út ef ekkjur eða eftirlifandi maki misstu öll réttindi við andlát maka. Ég held að hugarfarið í þjóðfélaginu sé þannig að fólk vill heldur stuðla að því að þjóðfélagið hjálpi til að komast yfir svona áföll í lífinu.

Ef ég tek nú þetta saman get ég fallist á að maður sem er orðinn 75 ára ætti að eiga þess kost að gera út bifreið sína eða þá að leggja inn leyfi sitt. Lífeyrisréttindi margra þeirra sem eru á þessum aldri núna eru ansi léleg og þeir standa illa að vígi til að bjarga sér eftir 70 eða 75 ára aldur ef þeir missa atvinnutækið. Við andlát leyfishafa tel ég að makinn ætti að eiga valkost. Ef um dánarbú væri að ræða og það er enginn eftirlifandi maki finnst mér eðlilegt að þetta falli niður en þegar það er spurning um eftirlifandi maka finnst mér að það ætti að vera opið eins lengi og makinn óskar sér að nýta leyfið.

Síðan er það annað atriði í þessu sem mér hefur verið bent á. Þegar þannig stendur á að annaðhvort fyrir aldurs sakir eða við dauða maka þurfi að selja bifreiðina ásamt tilheyrandi tækjabúnaði væri athugandi hvort það ætti ekki eitthvað að greiða fyrir því þannig að þeir sem bíða eftir úthlutun hefðu vissar skyldur að kaupa útgerðina af þeim sem eru að missa af þessu.

Að öðru leyti langar mig til í góðu að benda hæstv. 1. þm. Reykv. á að einhvers staðar stendur að „hógværir munu landið erfa“.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir:

Herra forseti. Ég kem hingað fyrst og fremst til að taka undir með þeim sem hér hafa talað. Ég skil það eiginlega ekki hvers vegna fulltrúi launþega er settur út úr þessari nefnd og ég hvet hæstv. samgrh. mjög mikið til að svipta þá ekki þessum réttindum. Þeir eru aukafélagar í bifreiðastjórafélaginu Frama og eiga þar nánast engan rétt nema hafa málfrelsi á fundum og hafa leyfi til fundasetu. Ég get ómögulega fundið neina ástæðu fyrir því að það sé nauðsynlegt að þeir fari þar út og ég mæli mjög eindregið með að þetta atriði sé endurskoðað.

Hv. 17. þm. Reykv. og reyndar líka 1. þm. Reykv. voru með vangaveltur um skylduaðild að stéttarfélögum sem ég hugsa kannski að hafi vaknað upp við þetta orð, aukafélagar. Ég er á annarri skoðun en þeir með skylduaðild. Ég held að hún sé óhjákvæmileg. Ég held að hún sé nauðsynleg til að tryggja rétt launþegans. Ég held að annars gæti farið svo að hann nyti alls ekki þeirra réttinda sem þó eru tryggð í kjarasamningum. Kjarasamningar eru annað og meira en samningar um tímakaup. Það er samið um alls konar réttindi verkafólks. Ég óttast að ef þetta væri afnumið væri illa komið hans réttindum á margan hátt.

En hitt er annað að það væri kannski full ástæða til að athuga einmitt mannréttindi svokallaðra aukafélaga hvar sem þeir eru. Mér finnst þau oft vera af skornum skammti. Fólk borgar til síns launþegafélags, hvaða félag sem þar er í raun og veru, án þess að hljóta nokkur réttindi út á það. Ég held að það vær mikið meiri ástæða til að athuga að allir sem ættu aðild að launþegafélögum nytu líka fullra réttinda.

Ég held að ég sé ekkert að eyða lengri tíma í þetta, en ég hefði gaman af að setjast einhvern tíma niður með hv. 17. þm. Reykv. og við ræddum svolítið betur okkar sjónarmið í þessu því það er ábyggilegt að það er þarft mál að skoða þetta betur, bæði þá agnúa sem því fylgja og þá kosti einnig.

En ég er alveg hiklaust á þeirri skoðun að það þurfi að vera skylduaðild að stéttarfélagi fyrir þá sem eru á vinnumarkaði og sú skylduaðild þurfi að vera launþeganna vegna fyrst og fremst.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þetta lengra.

Matthías Á. Mathiesen:

Herra forseti. Ég vil aðeins láta þá skoðun mína í ljós að það frv. sem hér er til umræðu fái afgreiðslu á yfirstandandi þingi. Þetta mál hefur verið til umfjöllunar hjá samgrn. í 2–3 undanfarin ár og hjá þeim sem við þessa löggjöf eiga að búa einnig. Það hafa komið upp ákveðin vandamál í þeim efnum og það þarf að ganga frá því og koma þessum hlutum í það horf sem skynsamlegast er talið.

Hér hafa komið fram ýmis sjónarmið, vissar ábendingar sem nefndin kemur til með að skoða og virða fyrir sér og meta, en ég legg á þetta áherslu og þar sem málinu verður væntanlega vísað til samgn. þar sem ég á sæti mun ég gera mitt til þess að svo geti orðið.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég tek undir það með hv. 16. þm. Reykv. að það kann að vera óeðlilegt að skylda leigubílstjóra til að eiga tækin

sem þeir aka á í orðsins fyllstu merkingu. Umráðaréttur væri kannski það sem þyrfti að vera þannig að menn gætu keypt ökutækin eins og hann benti á með kaupleigu. Ég tek undir að það þyrfti að skoða.

Varðandi félagsaðildina komum við að þessu gamla vandamáli sem sífellt er til umræðu um skylduaðild, en jafnframt um réttarstöðu þeirra sem vinna hjá leigubílstjórunum. Það er nefnilega þannig að Frami er verkalýðsfélag, launþegafélag í þeirri merkingu sem við leggjum oft í það orð. Það sama gildir um vörubílstjórana. (Gripið fram í.) Er það rétt að það gildi ekki um Frama? Er Frami ekki í ASÍ? Þá rangminnir mig, en þar sem ég hélt að svo væri hefði sú staða komið upp að menn yrðu launþegar hjá launþegum og það er kannski stóra vandamálið í þessu að ef leigubílstjórar eru í launþegafélagi er sérkennileg staða komin upp ef menn geta síðan orðið launþegar hjá þessum launþegum. Slík réttarstaða yrði nokkuð flókin. En hér upplýsist með frammíkalli og ég vona að það sé rétt að Frami sé ekki launþegafélag í þeim skilningi, en ég stóð í þeirri meiningu að svo væri. Ég bið hæstv. ráðherra um að staðfesta það því það er hann sem kallar fram í og segir að svo sé ekki.

Að allra síðustu finnst mér ástæða til að taka undir að málið fái afgreiðslu á þessu þingi, en það verður að gæta þess að afgreiðslan sé þannig að öll sjónarmið komist að því að yfir því hefur verið kvartað af hálfu þeirra sem skrifað hafa alþingismönnum bréf og ég tel að hv. samgn. geti auðveldlega kallað til sín þá menn sem hafa verið tilnefndir í þessum umræðum.

Hv. 16. þm. Reykv. sagði að hógværir mundu landið erfa. Ég vil taka undir með honum og öðrum þeim sem hafa látið sér slík orð um munn fara, en benda jafnframt á að það er óþarfi að sýna þá hógværð að kalla hv. 1. þm. Reykv. hæstv. 1. þm. Reykv. meðan ég leyfi mér að kalla hv. 16. þm. Reykv. einungis hv. 16. þm. Reykv. En ég þakka samt það að hann skuli veita mér þá sérstöku virðingu umfram alla aðra óbreytta þingmenn að vera kallaður hæstvirtur.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka þær umræður sem hér hafa orðið og ágætar ábendingar og þau sjónarmið sem hér hafa verið sett fram. Það er alltaf gagnlegt að fá þau fram strax við 1. umr. mála þannig að hv. nefnd geti kynnt sér þau sjónarmið sem hv. alþm. í fyrri deild setja fram.

Ég byrja á því að taka það fram til að fullvissa menn um það að við samningu þessa frv. hefur að sjálfsögðu verið reynt eins og kostur er að kynna sér og hlusta á sjónarmið ólíkra hagsmunahópa. Menn mega alls ekki rugla því saman við hitt að það er svo oft þannig að það reynist ekki unnt að taka tillit til allra þeirra sjónarmiða, enda stangast þau stundum á þegar ólíkir hagsmunahópar eiga í hlut. Ég leyfi mér að fullyrða að það hefur verið reynt að þræða eftir því sem kostur er milli ólíkra sjónarmiða og ólíkra hagsmuna þannig að flestir geti sæmilega við unað.

Það er alltaf hin erfiða list þegar verið er að setja lög sem koma inn á og snerta hagsmuni ólíkra hagsmunaaðila og hagsmunahópa sem vissulega á við hér og ég vona vissulega að menn átti sig á því að upp að því marki sem óskir eða áhugamál hinna einstöku aðila voru ólík hljóta menn auðvitað að þurfa að þræða þar einhvers staðar á milli.

Hv. þm. Geir H. Haarde kom fyrstur ræðumanna og gerði að umtalsefni 5. gr. frv. þar sem vikið er að svonefndri skylduaðild eða þeirri setningu frv. að á félagssvæði þar sem takmörkun er í gildi skuli bifreiðastjórar í sömu grein vera í sama stéttarfélagi. Ég vek athygli manna á þessu orðalagi. Hér er um að ræða að þar sem viðkomandi félag óskar eftir því að takmörkun sé sett á um fjölda þeirra sem stunda þennan akstur og réttindi þeirra sem í greininni eru og starfa á viðkomandi svæði þannig vernduð verði þessi kvöð í gildi.

Í þessu sambandi er kannski rétt að vekja athygli á því, eins og reyndar kom hér fram í frammíkalli og ræðu síðasta ræðumanns, hv. 1. þm. Reykv., að orðið „stéttarfélag“ ætti með vissum hætti að vera innan gæsalappa. Það er kannski nær að segja að hér sé átt við tiltekin hagsmunasamtök eða skipulagssamtök þeirra sem starfa í greininni á viðkomandi svæði. Hér er alls ekki um að ræða stéttarfélag í skilningi þess að um verkalýðsfélag sé að ræða.

Ég held að menn sjái ekki aðra leið betri en að binda þessi hlunnindi eða þessi réttindi sem takmörkun af því tagi sem kveðið er á um í 5. gr. felur í sér, menn sjái ekki vænlegri leið til að skipuleggja hana en þá að allir í viðkomandi starfsgrein og viðkomandi svæði séu í einu og sama félagi.

Hér er um það að ræða að tiltekin hlunnindi eða réttindi eru bundin kvöð. Kvöðin í þessu tilviki er sú að allir séu aðilar að sama skipulagsfélagi um starfsemina. Ég held að það verði ekki fært fram með neinum gildum rökum að þetta sé brot á félagafrelsi stjórnarskrárinnar. Það eru fjölmörg dæmi um að réttindi eða hlunnindi af þessu tagi eða öðru tagi séu bundin kvöðum og þar á meðal er félagsaðild. Ég hygg að það megi finna þessi dæmi víða. Ég man eftir frá fyrri tíð m.a. umræðum um hvort réttlætanlegt væri að skylda alla nemendur tiltekinna skóla til að vera félagsmenn í skólafélögum, t.d. námsmenn í Háskóla Íslands að vera félagsmenn í stúdentaráði eða öðru slíku. Niðurstaða manna hefur held ég orðið sú að þar sem menn ættu frjálsa völ um hvort menn gerðust félagsmenn að viðkomandi félagsskap, tækju á sig þær kvaðir sem félagsaðildinni fylgja, fengju í staðinn tiltekin hlunnindi og tiltekin réttindi, þá stæðist þetta af því það er ekki um það að ræða að það eigi að ganga út á götur og torg í Reykjavík eða á Akureyri og velja af götunni tiltekna menn og skipa þeim inn í þetta félag. Hér er ekki um þvingaða aðild að félagsskapnum að ræða af því tagi.

Það samspil sem hér er væntanlega á ferðinni er spurningin um atvinnufrelsi manna annars vegar og félagafrelsi hins vegar og það má út af fyrir sig segja að ef við lítum svo á að hver einasti landsmaður eigi

að hafa rétt til að stunda leiguakstur og það falli undir atvinnufrelsi að svo sé sé samhengi bundinnar félagsaðildar og atvinnufrelsis orðið þannig að það varði þessi ákvæði stjórnarskrárinnar. En nú er það bara ekki svo að aðgangur manna að atvinnu af hvaða tagi sem er sé frjáls heldur er hann bundinn bæði ýmiss konar réttindum og oft og tíðum ýmiss konar takmörkunum eins og menn þekkja. Nægir að minna á t.d. aðgang að sjósókn o.s.frv. eins og þeim hlutum er nú háttað. Ég er þeirrar skoðunar og ég held að það komi fljótt í ljós ef málin eru skoðuð að þær takmarkanir sem hér eru á ferðinni séu í engu ólíkar þeim sem viðgangast mjög víða í okkar samfélagi og víða í okkar atvinnulífi. Menn geta svo ef þeir vilja haft uppi um það almenna umræðu hvort þetta sé yfirleitt gott fyrirkomulag eða rétt. Ég skildi vangaveltur hv. 17. þm. Reykv. meira á þessum almennu nótum og geri út af fyrir sig engar athugasemdir við það þó að menn ræði þetta í því samhengi, en leyfi mér að fullyrða að það frv. sem hér er til umræðu sé hvorki betra né verra, þrengra né rúmara hvað þetta snertir en ýmis löggjöf af þessu tagi.

Ég held að það þurfi ekki að fara ofan í röksemdirnar fyrir því að skipuleggja þessa starfsemi. Þær eru vel kunnar og þekktar, ekki bara hér á Íslandi heldur nánast alls staðar annars staðar. Almannahagsmunir krefjast þess yfirleitt að flutningastarfsemi af þessu tagi sé skipulögð. Hún er nánast alls staðar skipulögð í heiminum og þar koma ýmsir hlutir inn, bæði öryggissjónarmið, réttarvernd gagnvart þeim sem vinna í viðkomandi grein, líka trygging þess að almenningur sem notar þjónustuna fái þá þjónustu sem hann á heimtingu á og borgar fyrir. Niðurstaðan er yfirleitt sú að það sé erfitt að halda uppi þessari þjónustu nema hún sé skipulögð með einhverjum hætti.

Hv. 5. þm. Suðurl. Guðni Ágústsson gerði líka nokkur atriði frv. að umtalsefni, þar á meðal hlut sem fleiri komu inn á og er 4. tölul. 8. gr. frv. þar sem segir að eitt af skilyrðunum fyrir því að menn geti öðlast og haldið atvinnuleyfi til leiguaksturs sé að menn hafi það sem kallað er fullnægjandi heilbrigðisvottorð. Ég skil mjög vel að menn vilji gjarnan fá umræðu um hvað við er átt nánar og þetta er eitt af þeim atriðum sem væntanlega yrðu betur útfærð í reglugerð. Hér er fyrst og fremst vísað til þess að menn séu svo líkamlega hraustir að þeir geti sinnt þessu starfi með eðlilegum hætti og því sem starfinu fylgir, svo sem að aðstoða farþega með farangur og fleira af því tagi, en alls ekki, og það vil ég undirstrika, átt við það og það er ekki ætlunin að fólk sem kann að búa við einhverja fötlun en er þrátt fyrir hana kleift að stunda þetta starf sé útilokað eða því meinað það, síður en svo. Ég legg þann skilning í þetta ákvæði og vil skýra þetta þannig hér og það er hugsun þeirra sem að frv. standa að einmitt verði hægt á grundvelli þessa orðalags frv. að skýra og draga mörkin á milli þeirrar fötlunar og þess heilbrigðis sem til þarf að stunda þetta starf og á þeim grundvelli sé m.a. hægt að taka tillit til þess að tilteknum hópum fatlaðra hentar þetta starf. Þá lít ég svo á að lögin um málefni fatlaðra og þau ákvæði sem þar er að finna um vissan forgang fatlaðs fólks til þeirra starfa sem það getur sinnt eigi hér við. Það leiðir af sjálfu sér að mínu mati og þarf ekki frekari orðlengingar um það. Ég vísa þess vegna í þau lagaákvæði um samspil atvinnuréttinda og atvinnustöðu fatlaðra gagnvart þessum lögum og legg á það áherslu að það er einmitt ætlunin á grundvelli þessarar greinar laganna að skýra þá með reglugerðum mörkin þarna á milli og leggja grundvöll að því að fatlaðir geti eftir atvikum haft vissan forgang að störfum á þessu sviði eftir því sem við verður komið og skynsamlegt þykir.

Í gildandi lögum hefur verið heimild til undanþágu frá öðrum almennum skilyrðum um leyfisveitingu til að veita fötluðum forgang og þær heimildir hafa verið nokkuð nýttar á undanförnum árum þannig að einhver hluti þeirra umsækjenda sem á hverjum tíma hafa fengið úthlutað atvinnuleyfum hefur komið úr hópi fatlaðra, en ég hygg að það þurfi að fara yfir allt skipulag þeirra hluta og þar á meðal hverjir skuli þá mæla með því hvaða einstaklingar úr hópi þeirra sem sækja um og þannig er háttað til með skuli þá njóta forgangs.

Svo hefur verið nokkuð að því vikið að hlutur svonefndra leiguliða sé slakur í þessu frv. og þeirra réttindi minni en verið hefur. Ég hygg að svo sé nú ekki ef vitnað er til gildandi laga. Hins vegar geta menn rætt um hvernig þetta frv. kemur út í samanburði við þær venjur sem verið hafa og réttarstaða þessa hóps hefur fyrst og fremst byggst á vegna þess að gildandi lagaákvæði eru ákaflega fátækleg hvað þetta snertir. Hins vegar hafa bæði þær reglugerðir sem í gildi hafa verið og þær heðir sem notaðar hafa verið haft áhrif. Ég vil aðeins ræða þetta atriði nánar þar sem ýmsir af þeim sem hér töluðu komu inn á það, hv. þm. Stefán Valgeirsson, hv. 16. þm. Reykv. og fleiri.

Hér er lögð til nokkuð breytt skipan hvað varðar aðgang að atvinnuleyfum og skilyrði til þess að öðlast þau. Ég vek þar athygli á 5. tölul. 8. gr. laganna þar sem segir að eitt af skilyrðunum fyrir því að öðlast atvinnuleyfi sé að viðkomandi hafi starfsreynslu við akstur á fólki. Með öðrum orðum, allir þeir sem hafa starfsreynslu við akstur á fólki, þeir sem hafa keyrt leigubifreiðir, þeir sem hafa keyrt strætisvagna, þeir sem hafa keyrt fólksflutningabifreiðir, eru bærir til að sækja um atvinnuleyfi til leiguaksturs. Þetta er líkara því fyrirkomulagi sem var hér fyrir alllöngu að því er mér er tjáð af aðilum sem þekkja málin frá þeirri tíð og eru kannski einhverjir hér inni sem geta borið um það.

Á síðari árum hafa hins vegar málin þróast í þann farveg, einkum hér á höfuðborgarsvæðinu, að eingöngu þeir sem leyst hafa af starfandi leigubílstjóra, svonefndir leiguliðar, hafa orðið gjaldgengir til að sækja um atvinnuleyfi og þá hefur starfsaldur eða starfsreynsla þeirra við þann akstur, við þær afleysingar verið lögð til grundvallar. Réttarstaða þess hóps hefur verið mjög bág. Ég tek undir það sem hér

er sagt. Ég held að hún hafi verið mjög bág, bæði varðandi það sem hér var nefnt, að þessir aðilar hafa ekki verið fullgildir félagsmenn í sínum samtökum heldur átt þar einhvers konar aukaaðild og ég tel það síst til fyrirmyndar, og ýmislegt fleira mætti nefna. Ég bendi á að eins og þetta hefur þróast hafa menn ekki átt neinn annan kost, hafi þeir viljað afla sér aðstöðu til að sækja um og fá úthlutað atvinnuleyfi til leiguaksturs, en að stunda þennan afleysingaakstur og taka því sem þar hefur boðist. Það hefur orðið nánast eina leið manna til að komast í hóp leigubifreiðastjóra, a.m.k. hér á þessu svæði. Ég held að það þurfi ekki að fjölyrða um að það hefur ekki sett þennan hóp í mjög sterka stöðu. Réttarstaða hans hefur vægast sagt verið veik af þessum ástæðum. Þeir hafa ekki haft sterka stöðu til að semja um sín kjör né starfsskilyrði að öðru leyti og held ég að þetta liggi í hlutarins eðli. Hér er sem sagt lögð til veruleg breyting á þessu sem opnar það meira þannig að fleiri aðilar sem hafa starfsreynslu á þessu sviði, þ.e. almennt við akstur á fólki, verða nú gjaldgengir og þar með verður það væntanlega svo að sú sérstaða sem hópur svonefndra leiguliða hefur haft að undanförnu minnkar. Þar er líka komin skýringin á því að gert er ráð fyrir breytingum m.a. í umsjónarnefndunum sem fjallað er um í 10. gr. Þar er fyrst og fremst verið að reyna að einfalda málin. Ástæðan fyrir því að samband sveitarfélaga er látið tilnefna þar inn menn í staðinn fyrir einstök sveitarfélög er sú að mörg svæðin spanna fjöldamörg sveitarfélög, jafnvel þannig að engin sérstök samtök viðkomandi sveitarfélaga eru fyrir hendi til að tilnefna menn í umsjónarnefndinar. Eftir sem áður hafa bæjarfélög eða héraðsnefndir sitt að segja um skipulag þessara mála og bendi ég þar á 4. gr. þar sem það er m.a. tekið fram að forsenda takmörkunar leigubifreiða á félagssvæði sé sú að til komi meðmæli viðkomandi bæjarstjórna eða héraðsnefnda. Það ákvæði er sérstaklega sett í vald þeirra aðila á heimaslóðum.

Varðandi það sem hér var nefnt um að breytingar hefðu orðið á frv. frá því að fundur átti sér stað með fulltrúum leiguliða í samgrn. í haust og hefur þá margnefnd Ragnhildur Hjaltadóttir verið nefnd til sögunnar sem einn af fundarmönnum, þá hygg ég að þar gæti nokkurs misskilnings því að ef ég man atburðarásina rétt var sá fundur haldinn til að ræða reglugerðardrög sem þá voru til umfjöllunar og ætlunin hafði verið að setja til að reyna að koma á betra skipulagi þessara mála. Í framhaldi af þeim fundi og fljótlega eftir það varð það hins vegar að ráði að ekki dygði minna til en heildarendurskoðun laganna sem slíkra. Nefnd reglugerðardrög voru þá lögð til hliðar og rykfalla þau nú í skúffu og bíða þess að lyktir ráðist hvað snertir það lagafrv. sem hér er nú til umræðu. Ég hygg að þar sé ruglað saman annars vegar samráði sem var í gangi um þau reglugerðardrög og þar munu úthlutunarnefndirnar hafa verið skipaðar eins og var nefnt í umræðunni, enda var þá um talsvert annað fyrirkomulag að ræða. Það hefur síðan orðið útkoman eftir þá vinnu sem lögð hefur verið í undirbúning frv. að leggja til talsvert öðruvísi fyrirkomulag og þar með skýrist sá munur sem hér er á. Menn geta síðan haft á því sínar skoðanir hvort það sé heppileg breyting eða ekki og mér finnst sjálfsagt að taka þau sjónarmið til skoðunar.

Ég vil þó segja vegna þeirra breytinga sem hér eru lagðar til og varða stöðu leiguliða að ég er tilbúinn að beita mér fyrir því og tel koma til greina að taka upp í frv. ákvæði til bráðabirgða eða auka við 14. gr. frv. hvað snertir þann hóp leiguliða sem nú er fyrir hendi starfandi og hefur starfsreynslu vegna þess að það er augljóst mál að þeir hafa undanfarið verið að afla sér starfsreynslu og leggja á sig akstur til að auka möguleika sína á því að fá úthlutað starfsleyfum. Þar með tel ég komin rök fyrir því að veita þeim hópi sem nú er fyrir hendi og hefur aflað sér tiltekinnar starfsreynslu forgang við úthlutun leyfa fyrst um sinn með bráðabirgðaákvæði í lögunum eða heimild til að setja slík ákvæði í reglugerð. Það tel ég eðlilegt að hv. samgn. ræði og ég hygg að með slíku ákvæði mætti leysa þann ágreining sem ella kynni að verða um þetta atriði. Síðan kæmu komandi aðilar á þessu sviði til með að búa við ákvæði laganna eins og þau yrðu gagnvart framtíðinni.

Ég hef fullan hug á því og lýsi mig reiðubúinn að reyna að tryggja að réttur þeirra manna sem nú teljast leiguliðar og hafa aflað sér starfsreynslu þegar verði ekki fyrir borð borinn og það var reyndar ætlunin að reyna að sjá fyrir því í frv.

Ég held ég hafi reyndar farið í gegnum það helsta nema ef vera skyldi það ákvæði sem nokkuð hefur verið rætt og varðar 9. gr. og hv. 7. þm. Norðurl. e. og hv. 16. þm. Reykv. komu inn á, þ.e. spurninguna um hversu lengi dánarbú látins leyfishafa skuli hafa rétt til að nýta leyfið. Þar er í frv. sett inn eitt ár. Hér hafa verið færð fram þau sjónarmið að eðlilegra væri að hafa þetta þrjú ár eða sambærilegan tíma og verið hefur. Ég hygg að það megi út af fyrir sig færa rök fyrir ýmsu að þessu leyti. Það fer nokkuð eftir því hvaða augum maður lítur þessi atvinnuleyfi. Ég kýs að líta á þau sem réttindi bundin viðkomandi einstaklingi sem hann hefur aflað sér. Réttindi eins og skipstjórnarréttindi eru réttindi viðkomandi einstaklings og ganga ekki í arf né eru nýtanleg dánarbúi. Hér er þó að hluta til um atvinnurekstur fjölskyldu að ræða, það er ljóst, m.a. fjárfestingu í bifreið, og auðvitað getur háttað þannig til að þessi rekstur, þetta atvinnuleyfi sé undirstaða atvinnu fjölskyldu og það er sjálfsagt að taka nokkurt tillit til þess. Ég hygg hins vegar að menn lendi í vissum ógöngum ef menn hafa þetta tímabil mjög langt. Ég spyr til að mynda: Ef maki leyfishafa á fimmtugsaldri verður fyrir því að fyrirvinna fjölskyldunnar, leyfishafi, fellur frá, hvaða munur er þá í raun og veru á því að rökstyðja annars vegar að makinn skuli hafa heimild til að nýta leyfið í þrjú ár eða hins vegar að hann skuli hafa heimild til að nýta það t.d. til 67 ára aldurs, þar til kemur að venjulegum eftirlaunaaldri viðkomandi einstaklings? Þetta dæmi tek ég til þess að benda mönnum á að menn geta lent í vissum ógöngum ef menn fara að láta

þennan tíma verða mjög langan. Ég hygg að eðlilegast sé að líta á þetta tímabil sem visst aðlögunarskeið vegna óvæntra breytinga sem kunna að verða á högum fjölskyldna þegar svona háttar og hefði talið eðlilegt að þetta sé á tímabilinu eitt til tvö eða þrjú ár. Það finnst mér sjálfsagt að ræða og er þá eitt atriðið enn sem hv. samgn. hlýtur að taka til skoðunar.

Ég fagna því, sem kom fram hjá talsmanni Kvennalistans, að þær kvennalistakonur vilja fá áheyrnarfulltrúa í samgn. til að fjalla um þetta mál og tel það sjálfsagt og fagna áhuga þeirra á því að greiða götu þessa máls eins og ég vil gjarnan skilja þessa ósk.

Varðandi það mál sem hv. 16. þm. Reykv. kom inn á og snertir aldursmörkin, hvort þar sé eðlilegra að miða við 70 eða 75 ár, þá er það eitt atriðið enn sem auðvitað má færa ýmis rök fyrir. Mér finnst aðalatriðið að fá þá hugsun viðurkennda að í þessu tilliti sem fjöldamörgum öðrum sé eðlilegt að miða við tiltekin aldursmörk, tiltekin starfslok. Síðan eigi einfaldlega að skilgreina þau og draga mörkin að bestu manna yfirsýn og m.a. taka þar tillit til hluta eins og lífeyrisstöðu viðkomandi hóps, atvinnuástands og öryggissjónarmiða að sjálfsögðu. Hér er náskylt atriði á ferðinni því sem á við um til að mynda starfslok flugmanna og fjöldamargra annarra stétta sem hafa ábyrgðarmikil störf með höndum þar sem öryggi bæði sjálfra þeirra og annarra er í húfi. Það eru mér ekki heilög mörk þessi aldursmörk sem þarna eru sérstaklega tilgreind, en mér finnst mikilvægt að afla þeirri grundvallarhugsun stuðnings að það sé eðlilegt *að miða við tiltekin mörk og tiltekin starfslok í* þessari starfsgrein.

Ég þakka hv. 1. þm. Reykn. stuðning og áhuga á því að greiða götu frv. að lokinni vandaðri skoðun og vona að sem flestir geti sameinast um það. Ég segi svo að lokum að ég bið hv. þm. að láta sér ekki koma á óvart þó einhver óróleiki kunni að verða í tengslum við meðferð þessa máls hér á Alþingi. Það er einfaldlega svo að hér er á ferðinni tiltölulega viðkvæmt hagsmunamál sem snertir ýmsa hópa og ég hef sjálfur áþreifanlega orðið var við í meðferð þessara mála að það er, svo ekki sé nú fastara að orði kveðið. Ég hygg að það sé ekki skynsamlegt að taka mikið meira upp í sig en að segja: Það hættir nokkuð til óróleika í kringum þessi mál þegar þau eru til umfjöllunar.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég gleymdi einu atriði áðan í máli mínu. Það er í sambandi við 10. gr. Þar stendur: „Samgrh. skipar umsjónarnefndir fólksbifreiða." Það er ekki nefnt neitt um tímamörk í því efni. Er það á meðan menn lifa eða til hve langs tíma á að skipa þessa nefnd? Þarf ekki að huga að því atriði í væntanlegum lögum? Ég fann það ekki í frv.

Ég sagði ekki að það væri verið að breyta lögum í þessu efni. Það er verið að semja hér frv. sem á að verða að lögum sem er að breyta þeim starfsreglum *sem hefur verið farið eftir í þessu máli í nokkrum* tilvikum. Það er málið. Ég fagna því að hæstv. samgrh. ætlar að reyna að beita sér fyrir því að leysa málið með því að setja bráðabirgðaákvæði. Ég er ekki alveg ánægður með það en tel það út af fyrir sig ásættanlega lausn. En með þó einu skilyrði. Það er að á sama tíma hafi launþegarnir mann í nefndinni. Það er ekki hægt að bjóða þeim upp á að þeir fái ekki að fylgjast með hvernig er unnið að þessum málum. Það er sýnilegt að félagið t.d. í Reykjavík, Frami, setur þá hjá. Þeir eru aukaaðilar. Þeir hafa að vísu málfrelsi og tillögurétt, en svo er það búið.

Ég vil með fullri vinsemd biðja hæstv. ráðherra að hugleiða þessi mál aðeins betur. Það er alveg rétt að *það er mikill draugagangur í kringum þetta mál.* Það var það í haust. Ég varð heldur betur var við það líka. Þá var verið að tala um að setja reglugerð, en sum af þeim atriðum sem þeir voru að reyna að hafa áhrif á og telja sig hafa fengið vilyrði fyrir eru komin inn í þetta frv. Það er málið.

Í sambandi við 9. gr., þ.e. að atvinnuleyfi fellur úr gildi við andlát leyfishafa, þá held ég að eiginlega þyrfti að vera þarna ákvæði um að þetta væri metið, jafnvel hverju sinni. Það er oft og tíðum sem kannski ekki er ástæða til þess að atvinnuleyfið sé áfram. Það er ekki alveg augljóst mál. En ef fyrirvinna fjölskyldu fellur frá og þessi fjölskylda hefur kannski ung börn er hastarlegt að svipta hana möguleika á því að halda rekstrarleyfinu á meðan hún er að komast yfir erfiðasta hjallann. T.d. ef þannig er ástatt að þessi fyrirvinna er með fleiri börn, fleiri en eitt barn a.m.k. Ég vil að það sé litið á mannlega þáttinn í þessu líka og það sé haft til hliðsjónar.

Ég ætla ekki að hafa þetta fleiri orð, en ég vænti þess að þetta verði skoðað og reynt að leysa málið án átaka og ég vona að ég þurfi ekki að koma með brtt. við 2. umr. við þetta mál.

Landbúnaðaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Það er líka einlæg von mín að við getum náð sem mestu og víðtækustu samkomulagi um frv. Það varðar miklu, ekki síst þegar viðkvæm hagsmunamál fjölmennra hópa úti í þjóðfélaginu eiga í hlut, að Alþingi nái að standa sem mest saman um afgreiðslu þeirra mála.

Ég minnist frá fyrri árum, ég leyfi mér að taka svo til orða, er orðinn svo gamall, þegar við hv. 6. þm. Norðurl. e. vorum að vinna í málum sem tengdust réttindum skipstjórnarmanna. Þar voru líka mjög viðkvæm mál á ferð. Það reyndist nauðsynlegt að taka af skarið þar í ákveðnum hlutum, en það er líka nauðsynlegt að reyna að gera það af mildi og leggja sig eftir því að ná samkomulagi, um það erum við örugglega alveg hjartanlega sammála. Þess vegna er ég meira en fús til og skal beita mér fyrir því að það verði farið vandlega yfir allar þær ábendingar og athugasemdir sem hafa komið fram í umræðunni sem og erindi utan úr þjóðfélaginu frá hagsmunaaðilum þrátt fyrir að ég telji að frv. hafi í undirbúningsvinnunni verið unnið af mikilli samviskusemi og reynt að *taka tillit til sem allra flestra sjónarmiða.* (Gripið fram í.) Nei, það er svo að engir eru alvitrir og ekki einu sinni í samgrn. þó að það fari nærri því.

En varðandi ákvæði 10. gr. er það hárrétt hjá hv. 6. þm. Norðurl. e. að þar eru ekki tímaákvæði hvað varðar starfstíma umsjónarnefndanna. Það er sjálfsagt að athuga hvort ekki sé eðlilegt að það komi inn í lögin eða hvort nægjanlegt sé að vísa til þess að í reglugerð skuli kveðið nánar á um starfssvið umsjónarnefndanna. Þar gætu komið inn ákvæði um tímalengd þeirra eða hversu lengi þær skyldu starfa hverju sinni.

Í sambandi við að bráðabirgðaákvæði verði sett til að tryggja réttarstöðu þeirra leiguliða sem nú eru starfandi og hafa starfsreynslu, þá er sjálfsagt að athuga þar með hvort þeir eigi ekki jafnframt að fá þá aðild að því þegar leyfum verður úthlutað á þeim grundvelli.

Að síðustu varðandi ákvæði 9. gr. um að eftirlifandi maka eða dánarbúi sé heimilt að nýta atvinnuleyfi við andlát leyfishafa. Þau vandamál sem þar er fyrst og fremst við að glíma eru bundin af ákvæðum 7. gr. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Atvinnuleyfi er bundið við nafn. Leyfishafa er óheimilt að selja atvinnuleyfi, leigja það út eða ráðstafa því á annan hátt."

Hér er auðvitað verið að tryggja eins og kostur er að atvinnuleyfið sjálft sem slíkt verði mönnum ekki að féþúfu ef svo má að orði komast, að menn selji það ekki, leigi það eða geri út á það eða ráðstafi því um langan tíma með óeðlilegum hætti. Leyfið er bundið einstaklingi og eru starfsréttindi hans. (Gripið fram í.) Já, síðan kemur að því sem við ræddum áður um þær aðstæður sem upp koma þegar leyfishafi fellur frá og hafi hann verið fyrirvinna sinnar fjölskyldu o.s.frv. er eins og reyndar hér er gert ráð fyrir nauðsynlegt að gefa þar tiltekinn aðlögunartíma. Okkar er í raun það vandasama verkefni að skilgreina hversu langur hann á að vera.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vörsluskylda búfjár á Reykjanesskaga, 1. umr.

Stjfrv., 466. mál. — Þskj. 827.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Hér er á ferðinni frv. sem er ekki ýkja mikið að vöxtum, en á sér þó nokkurn aðdraganda og þó nokkra sögu, sem sagt þá að um langan tíma hefur verið á því mikill áhugi að takmarka lausagöngu búfjár hér á landsvæðunum í kringum höfuðborgarsvæðið og á Reykjanesskaganum. Fjöldamargar samþykktir og ályktanir hafa á undanförnum árum og áratugum verið gerðar í þessu sambandi. Þannig má minna á að sýslunefnd Gullbringusýsu hefur oftar en einu sinni ályktað um þetta efni, síðast 7. júlí 1988. Þá var samþykkt svohljóðandi tillaga þar, með leyfi forseta:

„Sýslunefnd Gullbringusýslu skorar ítrekað á stjórnvöld að beita sér fyrir því að Gullbringusýsla verði friðuð fyrir lausagöngu búfjár. Sýslunefnd Gullbringusýslu vill vekja athygli á því að samkvæmt afsalsbréfi landbrh. dags. 29. september 1941 er sýslunefnd Gullbringusýslu eigandi að beitarrétti í landi Krýsuvíkur." Þar með þykist sýslunefndin hafa nokkuð um það mál að segja sem eðlilegt má telja.

Í samræmi við þessa framangreindu tillögu sýslunefndarinnar skrifaði landgræðslustjóri landbrn. bréf 28. júlí 1988 og gaf þá út eftirfarandi umsögn, með leyfi forseta:

„Mál þetta er mjög athyglisvert og brýnt, þar sem ástand gróðurs á Reykjanesi er yfirleitt óviðunandi og þrátt fyrir verulega fækkun sauðfjár á þessu svæði kemur sauðfjárbeitin í veg fyrir að gróðri fari þar fram sem skyldi. Verst er ástandið í útlandi Krýsuvíkur og þarfnast það svæði tafarlausrar friðunar. Ljóst er að ef unnt verður að framkvæma bann við lausagöngu búfjár á umræddu svæði væri það fordæmi fyrir fleiri slíkar aðgerðir sem því miður er víða þörf á.

Það er brýnt að taka mál þetta föstum tökum og ná víðtækri samstöðu um aðgerðir. Starfsmenn stofnunarinnar eru reiðubúnir til þess að starfa með landbrn. að framgangi þessa máls."

Ég ætla ekki að rekja sögu þessa máls frekar. Ég bæti því þó við að ýmsir fleiri aðilar, svo sem Samtök sveitarfélaga á Suðurnesjum, Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og félagasamtök hafa ályktað í sambærilega veru og það er líka mikill áhugi á þessu efni hjá skógræktarfélögum sem eru með starfsemi á svæðinu, ýmsum útvistarfélögum og fleiri aðilum.

Búfjárhald á þessu landsvæði hefur nokkra sérstöðu. Það heyrir til undantekninga að fjölskyldur hafi eina lífsviðurværi sitt af sauðfjárbúskap og fjárfjöldi er ekki orðinn meiri en svo að það á að vera mjög viðráðanlegt með viðráðanlegum kostnaði að gera þær ráðstafanir sem þarf til þess að það búfjárhald sem er á svæðinu geti árekstralaust haldið áfram á þar til afgirtum svæðum án þess að um lausagöngu á öllu svæðinu sé að ræða. Það er einmitt meginefni frv. að kveða á um bann við lausagöngu eða kveða á um vörsluskyldu búpenings á Reykjaneskaga vestan girðingar sem lögð yrði úr höfuðborgarsvæðinu við svonefnt Kaldársel um Kleifarvatn og í sjó við Krýsuvík. Þá yrði skylt að hafa allt búfé, eins og segir í 1. gr. frv., á þessu svæði, sem ekki væri geymt í húsum, í öruggri vörslu á landi viðkomandi eigenda eða innan sérstakra beitarhólfa allt árið. Síðan er vikið að því að girðingar skuli verða löggirðingar o.s.frv.

Þetta er við að bæta að í landbrn. eða á vegum þess hefur starfað nefnd og hefur hennar hlutverk verið að reyna að ná samkomulagi um tilhögun búfjárhaldsins ef af þessari takmörkun á lausagöngu yrði og nefndin hefur fundað með búfjáreigendum og sveitarfélögum á svæðinu. Þar eiga einkum í hlut þrjú sveitarfélög, Hafnarfjörður, Vatnsleysustrandarhreppur og Grindavík. Ég held að fullyrða megi að góðar vonir standi til þess að samkomulag geti tekist við alla þessa aðila um tilhögun búfjárhalds á svæðinu innan sér-

stakra beitarhólfa sem Landgræðsla ríkisins, Vegagerðin, landbrn. og fleiri aðilar muni standa að að koma upp og halda síðan við, e.t.v. í samstarfi við samtök sveitarfélaganna á svæðinu. Ég held að það væri ánægjulegur áfangi í þessum efnum ef þessar framkvæmdir ná fram að ganga. Lagasetningin er fyrst og fremst að mínu mati nauðsynleg til að leggja þessa almennu kvöð á, ekki bara gagnvart nútíðinni og líðandi stund heldur og gagnvart framtíðinni þannig að þeir sem vilja hafa búpening sér til ánægju og yndisauka eða e.t.v. viðurværis í framtíðinni á þessu svæði viti að hverju þeir ganga að því er varðar þessa vörsluskyldu.

Þetta mun einnig geta haft tiltekin áhrif á réttarstöðu þeirra sem eiga búpeninginn og er líka eðlilegt. Um þá aðila, sem vonandi ná fullu samkomulagi um framkvæmd þessara mála nú um stundir, getur orðið breyting á, nýir komið til og aðrir horfið í burtu. M.a. þess vegna er nauðsynlegt að festa þessa breytingu í sessi með varanlegum hætti og í raun og veru dugar lagasetning ein til.

Það er alveg ljóst að því mun fylgja nokkur kostnaður að koma til móts við óskir fjáreigenda á þessu svæði og ýmsum mun þykja nokkuð í lagt þegar reiknaðar verða út og metnar til kostnaðar þær girðingar sem mun að líkindum þurfa til að ná um þetta mál samkomulagi. En ég hygg að þeim fjármunum sé vel varið ef takast megi að koma þessari breytingu á í sæmilegum friði þannig að allir geti vel við unað. Að því hefur sem sagt verið unnið og það er einlæg von mín að það takist og þá megi áform sem lengi hafa verið rædd um takmarkanir og lausagöngu á þessu landsvæði ná fram að ganga, en eins og menn sjá er í 4. gr. frv. gert ráð fyrir gildistöku laganna 1. janúar 1990.

Að lokinni þessari umræðu, herra forseti, legg ég svo til að málinu verði vísað til hv. landbn.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég tel út af fyrir sig að sú regla sé ótvíræð að stjórnarfrumvörp njóti viss forgangs, en samt er það svo að það getur verið forvitnilegt að fá um það fréttir hvort vænta megi að tekin verði á dagskrá í dag mál sem hafa verið hér nokkuð lengi. Þar á ég við 6. og 7. málið sem hér eru á dagskránni. Ég vildi fá upplýsingar hjá forseta hvort vænta megi þess að það yrði tekið á dagskrá eða ekki.

Forseti (Óli Þ. Guðbjartsson):

Eins og öllum má ljóst vera eru þessi mál á dagskrá og ætlun forseta er að láta dagskrána ganga fram eins og númeraröðin segir til um. Þess er vænst að sem flest mál nái fram að ganga á fundinum.

Matthías Á. Mathiesen:

Herra forseti. Ég vildi aðeins koma að örfáum athugasemdum í sambandi við frv. til l. um vörsluskyldu búfjár á Reykjanesskaga. Sennilega er hér um að ræða einstakt frv. og þess vegna ástæða til að gæta mjög að. Mér er hins vegar fullkomlega ljóst að sú er þróunin í þeim málum sem hér er um fjallað, þ.e. búfjárhaldi á þessu svæði, að það hefur farið mjög minnkandi og eins og fram kom í ræðu hæstv. landbrh. heyrir það til undantekninga að fjölskyldur hafi lífsviðurværi af sauðfjárbúskap á þessu svæði. Engu að síður er það samt sem áður og þess vegna verður að mínum dómi að gæta mjög vel að.

Hjá hæstv. landbrh. kom fram hvaðan athugasemdir hafi borist í sambandi við þessi mál, það er frá Grindavíkurbæ, Vatnsleysustrandarhreppi og Hafnarfjarðarbæ, svo og frá samtökum sveitarfélaga. Hinu er heldur ekki að leyna að önnur sveitarfélög í næsta nágrenni, að vísu ekki í suður heldur í norður, hafa sínar efasemdir í þessum málum og hafa látið það frá sér fara að næst yrði sett á eitthvað slíkt í sambandi við vörsluskyldu búfjár, ekki á Reykjanesskaga heldur í sveitarfélögunum norðan Reykjavíkur, þ.e. Mosfellsbæ, Kjalarnesi og Kjós og kannski svo áfram.

Ég vildi að þessi athugasemd mín kæmi hér fram. Á meðan þetta mál er til umfjöllunar í þeirri nefnd sem það fer til, sem er landbn. þessarar hv. deildar, teldi ég æskilegt að kannað yrði hvort ekki væri hægt að ná samkomulagi á milli landbrn. og þeirra sveitarfélaga sem hér um ræðir og það yrði ólögbundið samkomulag sem gert yrði.

Ég vildi aðeins koma þessum sjónarmiðum á framfæri og svo þeirri athugasemd minni að reynt yrði að kanna til hlítar hvort ekki væri hægt að ná frjálsu samkomulagi á milli þessara sveitarfélaga því hér er verið að setja lög sem aðeins eiga að gilda um vissa þjóðfélagsþegna en ekki aðra.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég vil við þessa umræðu gera ýmsar athugasemdir við það lagafrv. sem hér er lagt fram. Ég varð dálítið undrandi á ræðu ráðherrans, hvers vegna hann ber slíkt frv. fram, þar sem hann margítrekaði í annarri hverri setningu að samkomulag mundi blasa við við bændur á þessu svæði um að sauðfé og búfé öllu yrði beitt í sérstök hólf.

En nokkur orð vildi ég segja um frv. og athugasemdir við það. Að vísu kann svo að vera að einhverjir segi sem svo: Hvað varðar þingmann Sunnlendinga um málefni í Gullbringusýslu, enda tekur hv. þm. Kristín Halldórsdóttir undir það. En þannig verða málin ekki sett upp. Hingað erum við kosin til að vinna að lagagerð og vaka yfir velferð fólksins hvar sem það býr í landinu, tryggja að á sem flestum sviðum búi ein þjóð í þessu landi, tryggja að ýmis gömul boðorð lagagerðar séu í heiðri höfð.

Einn vitrasti þingskörungur Íslendinga til forna sagði það mikilvægt að hafa ein lög og einn sið í landinu og að ef vér slítum í sundur lögin, þá munum vér og slíta í sundur friðinn, sagði hann. Annar sagði: Með lögum skal land byggja en ólögum eyða. Trúlega átti Njáll ekki við það að við skyldum setja lög um alla skapaða hluti heldur hitt að lögin væru skýr, almenn og næðu jafnt yfir alla en ekki ólög um einstaka hópa eða menn. Því tel ég að Alþingi Íslendinga verði jafnan að gæta þess að ganga ekki of langt í lagagerð.

Oft veltir lítil þúfa þungu hlassi. Með þessu frv. er

farið út á nýjar brautir, hæstv. ráðherra, sem gætu reynst Alþingi hættulegar og gefa upp boltann með nýjum og harkalegum hætti að mínu viti. Í stað þess að með lögum séu skapaðir farvegir sem gilda jafnt um allt og alla er farið út á þá viðsjárverðu braut að setja sérstök lög um einstaka hópa og fólk á einstökum landsvæðum.

Ég er ekki andstæðingur þess að Alþingi setji í lög heimildir sem hægt er að nota af einhverjum sérstökum ástæðum sem upp kunna að koma. Slík heimildarákvæði eru reyndar allvíða í lögum og fullkomlega eðlileg. Þá geta sveitarstjórnir gripið til þeirra eða einstakar stofnanir. Allir þekkja verksvið Hafrannsóknastofnunar. Sú stofnun grípur oft til lokunar hólfa til að friða smáfisk. Þetta er gert tímabundið og samkvæmt heimild í lögum.

Samkvæmt búfjárræktarlögum er sveitarstjórnum heimilt að takmarka lausagöngu búfjár og það sem kannski er athyglisverðast á þessu löggjafarþingi hér er það að á sama tíma og hæstv. ráðherra flytur hér stjfrv. um sérstök lög á eigendur búfjár í Gullbringusýslu er hér í þinginu annað frv. um breytingar á búfjárræktarlögum þar sem lagt er til að gefa sveitarstjórnum víðtæka heimild til að skylda eigendur búfjár til að hafa búfé, þar með talið sauðfé, í vörslu allt árið eða tiltekinn hluta ársins. Þessi heimild á að ná til alls lögsagnarumdæmisins eða afmarkaðra hluta þess. Hér liggur því fyrir lagafrv. þar sem þeim í Gullbringusýslu væri gefin heimild til að beita slíkum lögum.

Er þetta frv. um sérstök lög fyrir Gullbringusýslu flutt vegna þess að hæstv. ráðherra og ríkisstjórn vantreysta sérstaklega sveitarstjórnum á þessu svæði? Eða hefur borist bænaskrá til hæstv. ráðherra um að knýja fram slíka lagasetningu? Hann flutti hér að vísu bænaskrá frá látnum valdhöfum því ég veit ekki betur en að sýslunefndir hafi þegar verið afhausaðar af hálfu Alþingis og séu ekki lengur til sem slíkar. (**Gripið fram í:** Mennirnir gætu verið lifandi.) Það kann að vera að þeir séu á lífi og vonandi er svo.

Er bænaskráin komin frá Landgræðslu ríkisins? Enga trú hef ég á því. Ég þekki störf Landgræðslunnar það vel og veit að þrátt fyrir að hún hafi ýmsar heimildir til að takmarka eða stöðva beit á viðkvæmum svæðum hefur þessi merka stofnun sjaldan þurft að grípa til lagaákvæða til að koma sínum vilja í framkvæmd. Landgræðslan hefur átt gott með að ná samkomulagi við búfjáreigendur. Hitt er svo kannski vandamál Landgræðslunnar, sem og landnýtingarráðunautar Búnaðarfélags Íslands, að þá vantar beitarþolsmat frá landnýtingardeild Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Það sem við ræddum hér í gær, að vísindamenn greinir á um rannsóknaraðferðir og hagnýtt gildi niðurstaðna, um að samræma þau sjónarmið á milli stofnana sem heyra undir hæstv. ráðherra, er mikilvægt. Ræða mín í gær snerist um það efni. Þá reis hér einmitt upp hv. 3. þm. Norðurl. e. og taldi mig með þeirri gagnrýni vera að ráðast á Rannsóknastofnun landbúnaðarins með ómaklegum hætti en ég var að minna á vaxandi ágreining á milli landnýtingardeildar RALA annars vegar og Búnaðarfélags Íslands og Landgræðslunnar hins vegar. Um aðrar deildir RALA fjallaði ég ekki og tel mig hafa rætt hvarvetna á málefnalegum grundvelli og fremur verið að reyna að fá þessar þrjár stofnanir sem þessi mál varða til að samræma málflutning sinn og vildi að ráðherrann setti niður þær deilur sem nú eru uppi og gerði kröfur um að hér verði þegar til beitarþolsmat af öllum afréttum landsins, byggt á traustum vísindalegum grundvelli. Ég fann það auðvitað í máli ráðherrans í gær að hann skildi það að ágreiningurinn er óheppilegur, að það var líka einstakt miðað við alla umræðu að það skuli aðeins vera til ítala um beit á sauðfé af fimm afréttum á Íslandi. Ég tel þess vegna mikilvægt að Búnaðarfélag Íslands og Landgræðslan fái í hendur hagnýtar tölur og fagleg rök um beitarþol frá annars hinni ágætu stofnun sem RALA er.

Þessar skoðanir hafa ekki orðið til í mínum kolli. Ég hef fengið í hendur og las hér úr ályktun búnaðarþings í gær þar sem það í rauninni sendi bænaskrá til ráðherrans sem ég vænti nú þrátt fyrir daufleg svör í gær að hann muni svara þegar fram í sækir.

Það er nú svo, svo að ég snúi mér aftur að hafinu, að Hafrannsóknastofnun kemur með tölur byggðar á vísindalegum grundvelli um hversu mörg tonn má veiða af fiski og fyrirskipar oft skyndilokanir. Af hverju er til ítala eingöngu af þessum fimm afréttum sem ég var að minnast á? Bændurnir þurfa á þessum tölum að halda.

Ég veit ekki hvað ég á að fara langt í þessari umræðu en ég er þeirrar skoðunar og vil ítreka það að ég tel að hér sé farið út í mjög hættulega lagagerð.

Ég er með hér í höndunum bréf frá Landgræðslunni og bændunum í Gullbringusýslu sem þeir hafa skrifað til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins um að þeir fái í hendur tölur um hversu mörgu sauðfé þeir megi beita. Þeir skrifuðu þetta bréf fyrir fimm árum síðan. Svar hefur ekki borist enn og hafa þó þessir menn farið um svæðið því að mér skildist í umræðunum í gær að þeir hefðu farið til Grænlands til sérstakrar úttektar á jöklunum þar, þannig að mér datt í hug að þeir hefðu alla vega haft tækifæri til að skila bréfinu af sér.

Ég óttast að hér ætli Alþingi að stíga óheillaskref í lagasetningu. Bænum mun fjölga um að fá sett lög á náungann ef hann fer í taugarnar á einhverjum þröngum hópi. Kannski fer hundurinn Nonni sem er í eigu hæstv. forsrh. í taugarnar á einhverjum íbúum í Garðabæ eða Tanni borgarstjórans í Reykjavík í taugarnar á einhverjum íbúum hér í Reykjavík því að mér skilst að auki að sá hundur sé nokkuð herskár. Koma þá ekki í framhaldi af svona lagasetningu einhverjir hópar sem biðja Alþingi um að setja lög um það að hundahald verði bannað í þessum bæjarfélögum? Er ekki nær að fylgja hinu fyrra frv. sem þú, hæstv. ráðherra, lagðir fram hér miklu fyrr í vetur, að gefa sveitarstjórnunum heimild til þess að grípa til aðgerða um að banna lausagöngu o.s.frv., en að taka einstakt svæði og einn lítinn hóp manna og setja á hann sérstök lög.

Hér flutti varnarðarorð hv. 1. þm. Reykn. Matthías Á. Mathiesen. Hann sagði í rauninni sannleikann í þessu máli. Hvar verður nú staðar numið? Er þetta ekki fyrsta hólfið sem verða sett á lög? Svo kemur hópurinn og biður um að kjördæmið allt búi við slík lög. Síðan koma hópar áfram og fara í stríð við ýmsa aðila í mínu kjördæmi, að það verði nú sett í lög að menn í Þingvallasveitinni eigi ekki kindur, í Grímsnesinu og Grafningnum, í öllu landnámi Ingólfs o.s.frv. Ég tel að hér séum við að fara inn á mjög hættulega braut og er í rauninni undrandi á því að jafnréttsýnn maður og hæstv. landbrh. hefur nú reynst í mörgum málum skuli vilja knýja slíkt mál hér í gegnum þingið því að hann lagði þetta mál fyrst fram hér á Alþingi í fyrradag. Það stóð til að það kæmi til umræðu í gær. Slíkur er hraðinn, þrátt fyrir samkomulagið sem hann prédikaði að væri að nást við bændurna eða búfjáreigendurna í Gullbringusýslu.

Ég er þeirrar skoðunar að kærleikurinn og það að leita samkomulags við náunga sinn sé mjög mikilvægt atriði. Hv. Alþingi má ekki vera svo ákaft í lagasetningu að af hljótist deilur og átök. Hafa menn gleymt boðskap prestsins frá því að Alþingi var sett í haust? Eða var hæstv. landbrh. ekki í kirkjunni þegar hann flutti þau mikilvægu varnaðarorð?

Ég er hræddur um að ef við fetum þessa braut að setja lög á einstaka hópa munum við búa hér við mikil ólög í þessu landi og lögregluríki áður en varir og það muni rjúfa frið í millum manna. Ég er líka hræddur um það að ef þetta gerist í Gullbringusýslu verði samstarf og samvinna við bændastéttina rofin í þessu mikla hagsmunamáli allra þeirra sem áhuga hafa á gróðurverndarmálum. Það er ekkert mikilvægara nú en að þjóðarsátt í gróðurverndarmálum náist fram. Bændurnir eru í dag líklegir til að verða sterkustu hlekkirnir í þeirri keðju sem þarf að mynda í þessum efnum. Þeir hafa til þess fullan vilja. Þeir hafa víða hafið umfangsmikið sjálfboðastarf í þessum efnum. Þeir hafa af því mikla hagsmuni að uppblástur landsins verði stöðvaður. Og það er kannski þeim mun merkilegra að ráðast nú með miklum hávaða sérstaklega að því atriði að kenna búfé um allan uppblástur. (**Gripið fram í:** Hver er að ráðast að því.) Það eru ýmis öfl í þessu samfélagi. Það er ekki hæstv. ráðherra sem það hefur gert. Ef við lítum 4–5 ár aftur í tímann, þá voru hér u.þ.b. 900 þús. vetrarfóðraðar ær á Íslandi. Nú hygg ég að það séu um 500 þús. vetrarfóðraðar ær. Það hefur því orðið mikil fækkun og það sem meira er að í öllum afréttum, ég fullyrði í öllum afréttum, er færra fé en beitarþolstölur hafa verið gefnar upp um, þannig að þarna sýnist mér að við séum á réttri leið og þurfum ekki svo mjög að sakast við búsmalann í þessum efnum, enda er það nú náttúran sem á sjálfsagt stærri þátt, og örugglega, í þeim uppblæstri sem orðið hefur í þessu landi. Ég vil því hvetja þá nefnd sem fær þetta mál í hendur til að minnast þess sem ég hef hér bent á, að annað frv. frá hæstv. ráðherra liggur frammi á þessu þingi sem fjallar um að gefa sveitarstjórnum heimild. Um það mál hefur búnaðarþing fjallað og mælt með samþykkt þess, þannig að ég geri það nú að tillögu minni að við göngum ekki svo hart fram í lagagerð hér á þessu þingi að það kunni að leiða til þess að við sjáum ekki út úr vandamálum sem kunna að rísa.

Ég gerði það nú að gamni mínu til þess að sjá hversu mikil ofbeit væri í Gullbringusýslu að ég leit á vigtarseðla bændanna. Það virðast ekki vera vanhöld í blessuðu fénu sem þarna gengur því að ég hygg að sauðfé þarna sé jafnvænt og hjá hinum bestu ræktunarmönnum. Ég gæti trúað því t.d. að það sé vafi hvort sauðfé hv. 2. þm. Norðurl. v. sé vænna því ég held að meðalvigt á þessu svæði sé 17–18 kg sem er geysimikið og segir manni auðvitað þá sögu að nóg er að bíta af góðum grösum í þessum ágætu högum sem enn eru í Gullbringusýslu.

En ég ítreka mína skoðun, göngum ekki langt í lagagerðinni, ráðumst ekki að litlum hópum, gefum ekki fordæmi sem mun koma í fangið á okkur þegar frá líður.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Ég skal ekki tefja umræður. Mig langar aðeins til að koma augnablik inn í þessar umræður hér. Auðvitað er það alveg ljóst og ég tel það að sjálfsögðu nauðsynlegt að herða aðhald að búfjárhaldi á Reykjanesi. Við þurfum ekki annað en að horfa bara á svæðið, hvað fer þar fram. Það er flugvöllurinn, alþjóðaflugvöllur með öllu því brölti sem er í kringum hann og herstöð og annað slíkt og síðan er hraðbrautin og blasir augljóslega við að búfjárbeit á þessu svæði er augljóslega stórhættulegt atriði sem ætti fyrir löngu að vera búið að stemma stigu við. Í þriðja lagi er náttúrlega alveg ljóst að hvað sem við segjum um fjölda fjár o.s.frv. er ekkert óeðlilegt að farið verði að athuga það í raun og veru að leggja niður a.m.k. ræktun sauðfjár á þeim svæðum sem síst eru til þess fallin og ég veit eiginlega ekki hvernig stendur á því að vinur minn Guðni Ágústsson fær svona mikinn þunga á dilkum þarna því að aldrei sé ég þarna nema mjög rýrar skepnur í kringum Reykjanesbrautina.

Það var nú ekki þetta sem ég ætlaði að tala um þó að ég bæti því við að það getur vel verið að það sé e.t.v. furðulegt að bera fram frv. eða ætla að setja sérlög endilega um þetta atriði. Þess vegna verður manni fyrst í hug af hverju ekki er hægt að ná samkomulagi við aðila á svæðinu um að framkvæma úrbætur eða fella niður búskap á þessu svæði með því að gera þá aðrar ráðstafanir til þess að bæta þeim þá breytingu sem því kann að fylgja.

Ég ætlaði að spyrja hæstv. ráðherra um eitt vegna þess að í landbn. Nd. er einmitt frv. til laga um breytingu á búfjárræktarlögum sem hv. 5. þm. Suðurl. benti réttilega á. Það er frv. sem ég skildi sem formaður nefndarinnar að við ættum að reyna að ná samkomulagi um að drífa í gegnum þingið áður en því lýkur. Það er samkomulagsmál að því leyti til að fulltrúar bænda hafa mælt með því eins og segir í ályktun búnaðarþings 1989 og í raun og veru er það kjarni málsins að þarna er verið að herða á vissum

þáttum í þessum málum með því að veita öryggi sem mér skilst að sé það sem skiptir höfuðmáli að því er varðar Reykjanesskaga, að sveitarstjórnum er samkvæmt þessu nýja frv. heimilt, til að auka öryggi umferðar á þjóðvegum og hindra ágang búfjár, að ákveða að eigendum búfjár, þ.e. sauðfjár, geita, nautgripa og hrossa sé skylt að hafa það í vörslu allt árið eða tiltekinn hluta ársins. Heimild þessi er víðtæk, hún nær til annaðhvort alls lögsagnarumdæmisins eða tiltekins hluta umdæmisins eftir því sem menn álíta hentugast að koma þessum málum í öryggi. Ég vil einnig benda á það að í gildi eru í landinu lög nr. 44/1964, um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum. Það er víða farið stíft eftir þeim lögum, þau veita að hluta til þetta öryggi þó að þau séu umdeild. Það hefur ekki tekist á undanförnum árum að endurskoða þessi lög þannig að þau yrðu enn þá víðtækari og með enn þá meiri heimildir til að setja skorður við búfjárhaldi í þéttbýli, en mér skilst að þetta frv., 373. mál Nd. á þskj. 703, geri þetta virkara ef að lögum verður. Mér finnst því spurning hvort endilega þarf að gera þetta frv. að lögum sem hér er verið að fjalla um ef hitt verður að lögum á þessu þingi. En ég skildi það svo að þetta mál, sem ég var að lýsa nú, hefði forgang hér í gegnum þingið og alla vega túlka ég það þannig í landbn. Nd.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Svo ég víki fyrst að máli síðasta ræðumanns þá er það vissulega rétt að það frv. um breytingar á búfjárræktarlögum sem hann nefndi mundi fela í sér til handa einstökum sveitarfélögum svæðisins sambærilega heimild og hér er í raun og veru verið að lögfesta gagnvart öllu svæðinu. Sá er kannski fyrst og fremst munurinn á að lögin um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum eins og þau eru duga ekki í þessu tilviki þar sem sveitarhreppar eiga einnig hlut að máli. Þó svo að frv. til breytingar á búfjárræktarlögunum, hið fyrra af tveimur sem reyndar hefur verið lagt fram á þessu þingi, yrði lögfest, þá væri þar fyrst og fremst um heimildir til handa hverju og einu sveitarfélagi að ræða. Vissulega væri svo hægt að hugsa sér að þau næðu að koma sér öll saman um aðgerð af þessu tagi, og þá ekki einungis innan Gullbringusýslu heldur yfir fleiri sýslur sem hér eiga hlut að máli þar sem hluti af landi Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Bessastaðahrepps falla hér einnig undir.

En hér hefur orðið hin fróðlegasta umræða. Að vísu óttast ég að hv. 1. þm. Reykn. hafi ofurlítið misskilið mitt mál út frá því hvernig hann hagaði orðum sínum. Ég var einmitt að reyna að rekja það að góðar vonir stæðu til þess að fullt samkomulag tækist um framkvæmd þessara aðgerða og nefndi þar til þau sveitarfélög sem aðallega eiga hlut að máli vegna þess að um búfjárhald, eitthvert umtalsvert búfjárhald er þar að ræða, þ.e. í Hafnarfirði, Vatnsleysustrandarhreppi og Grindavík. Þegar hefur verið gengið frá bráðabirgðasamkomulagi við Hafnfirðinga um tilhögun búfjárhalds á þeirra vegum. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur ákveðið að reyna að takmarka sauðfjárfjöldann við 300 fjár og taka þátt í að girða sérstakt beitarhólf í Krýsuvík fyrir sauðfé Hafnfirðinga og það rúmast innan þeirrar áætlunar sem hér er á ferðinni. Sömuleiðis liggur nánast fyrir samkomulag við Vatnsleysustrandarhrepp um tiltekið beitarhólf. Reyndar var beitarhólf fyrir vor- og haustbeit, sem þeir nýta sér, girt á sl. ári og Landgræðslan tekur þátt í að reka og bera á og væntanlegt beitarhólf á miðjum skaganum, sem yrði þá sameiginlega til afnota fyrir fé Vatnsleysustrandarhrepps og Grindvíkinga, kemur að fullu til móts við óskir þær sem sauðfjáreigendur á Vatnsleysuströnd hafa að mér er tjáð. Þannig á ekkert að vera í veginum hvað samkomulag snertir gagnvart þeim. Þá eru Grindvíkingar einir eftir og það er ekki launungarmál að mestur tími hefur farið í að ræða þeirra hagsmuni í þessu sambandi en ég hef góðar vonir um að nú hafi fundist lausn sem þeir geta sætt sig við og felur í sér allstórt beitarhólf á miðjum skaganum sem staðsett yrði samkvæmt nánari ákvörðun heimamanna og í samráði við Landgræðsluna og þá eftir þeim meginlínum að reyna að halda sem mestu af verðmætu beitarlandi innan hólfsins en leggja það að öðru leyti þannig að illa farið land lendi ekki nema eftir því sem óhjákvæmilegt er inn í beitarhólfið.

Það þarf líka að leggja þetta hólf með það í huga að á svæðinu eru mikilvæg útivistarsvæði sem eðlilegt er að reyna að halda sem fjærst girðingum eða öllu heldur að girðingarnar liggi sem fjærst þeim hlutum útivistarsvæðanna sem verðmætastir og fjölsóttastir eru. Ég hef á því fulla trú að með góðra manna hjálp náist fullt samkomulag um tilhögun þessara mála gagnvart þeim aðilum sem nú halda búfé á svæðinu. Og það er einmitt ætlunin að tryggja það samkomulag. En ég kom einnig inn á það að auðvitað mun slík lagasetning hafa í för með sér varanlegri kvöð á íbúum þessa svæðis heldur en næst fram með einföldu samkomulagi við núverandi fjáreigendur. Og það bið ég menn að hafa í huga að hér er verið að reyna að slá margar flugur í einu höggi og ná fram varanlegri friðun þessa svæðis, m.a. með umferðaröryggi í huga og breytta landnotkun, til að koma til móts við mjög vaxandi kröfur íbúa á þessu mesta þéttbýlissvæði landsins um að einhver tiltekin landsvæði verði tekin frá til annars konar landnýtingar heldur en búfjárbeitar. Og vegna þess að hv. 5. þm. Suðurl. Guðni Ágústsson var að tala um nauðsyn þess að ná samkomulagi og sátt með þjóðinni um gróðurverndarmálin, þá tek ég undir það og ég vil leyfa mér að halda því fram að nokkuð hafi verið unnið að þeim hlutum einmitt í landbrn. upp á síðkastið.

Ég lít á þessa aðgerð sem lið í því að skapa sátt milli þéttbýlisbúanna og bændanna í landinu um skynsamlegt samkomulag um landnýtingu og ég bið hv. ræðumann að hafa það í huga að í augum margra þéttbýlisbúanna er annars konar landnýting en búfjárbeit líka mjög mikilvæg, t.d. útivist, ræktun, skógrækt og annað af því tagi.

Hér er ætlunin að friða stórt landsvæði og þá

verður það þannig að menn geta til að mynda plantað trjám eða sett niður kartöflur hvar sem er á þessu svæði án þess að þurfa að girða utan um það sérstaklega og þeir geta varanlega treyst því að það fyrirkomulag verði á haft. (**GuðnÁ:** Hvað um fordæmisgildi?) Vill nú ekki hv. þm. leyfa mér að komast í gegnum spurningarnar hverjar fyrir sig. Ég held þess vegna að ef ekki er unnt að ná fram samkomulagi og festa í sessi með lagasetningu, sem sæmilegur friður getur tekist um, samkomulagi um landnýtingu af þessu tagi þar sem ákveðið landsvæði er friðað, búfjárhaldinu er haldið innan tiltekinna afmarkaðra beitarhólfa sem samkomulag tekst líka um, þá verði erfitt að eiga við þessi mál annars staðar í landinu. Það verð ég að segja. Á þessu landsvæði búa 120–150 þús. manns, sem auðvitað sækja útiveru og tómstundir á þetta landsvæði hér í kringum þéttbýlið, og því finnst mér það nærtækast að reyna að ná samkomulagi af þessu tagi um landnýtinguna hér á skaganum. Og þar sem búskapurinn á þessu svæði er orðinn jafntakmarkaður og raun ber vitni, skiptir orðið jafnlitlum sköpum og raun ber vitni í afkomu svæðisins, þá tel ég, hv. þm., að um svo sérstakar aðstæður og sérstakt tilvik sé að ræða að það séu mikil mistök að halda hér ræður um fordæmisgildi þessara aðgerða gagnvart öðrum landshlutum þar sem um gjörólíkar aðstæður er að ræða. Og ég bið hv. þm. Guðna Ágústsson að hugleiða það hvort hann sé með ræðuhöldum af þessu tagi endilega að gera bændastéttinni og öðrum landsvæðum greiða.

Ég vil einmitt leggja á það mikla áherslu að af minni hálfu felst ekki á nokkurn hátt fordæmisgildi í þessari sérstöku aðgerð gagnvart öðrum svæðum landsins vegna þess að hér er einfaldlega um svo sérstakar aðstæður, gjörólíkar aðstæður að ræða því sem annars staðar gerist. Því ætti hv. þm. að átta sig á.

Það þarf í raun og veru ekki að nefna annað til sögunnar en umferðarþungann á vegunum sem liggja um þetta svæði. Hann er margfaldur á við það sem nokkurs staðar annars staðar þekkist á landinu og það er einn veigamikill þáttur í þessum aðgerðum að friða þær miklu umferðaræðar og afnema lausagöngu búfjár meðfram vegunum, Reykjanesbraut og öðrum vegum sem hér eiga hlut að máli. Það er orðið alveg ljóst og um það var reyndar þegar komið samkomulag að það yrði að girða Reykjanesbraut af. Það mundi kosta tugi kílómetra af girðingum, kostnaðarsamar girðingar sem ekki mundu nýtast til nánast nokkurrar friðunar lands nema samkomulag og aðgerð af þessu tagi geti gengið eftir. Menn eiga fyrst og fremst um það tvennt að velja að girða Reykjanesbraut af eins og hún leggur sig með umtalsverðum girðingum — og það verður gert náist ekki fram aðgerð af þessu tagi sem unnið hefur verið að í landbrn. í vetur og hér er flutt frv. um til að festa í sessi. (Gripið fram í.) Ástæðan fyrir því, hv. þm., að þetta frv. er lagt fram nú er sú að þó að það hafi verið samþykkt af öllum þingflokkum stjórnarliðsins fyrir jól, þar á meðal Framsfl., sem mér skilst að hv. 5. þm. Suðurl. tilheyri, alla vega talar hann stundum þannig að manni dettur í hug að hann sé í Framsfl. Ástæðan fyrir því að það er ekki lagt fram fyrr en nú er sú að það komu um það óskir til mín að reynt yrði að ná fram samkomulagi um þetta mál áður en lagafrv. yrði lagt fram í þinginu. Það var nokkur óánægja, og það vil ég viðurkenna hreinskilnislega, það var nokkur óánægja með það að farið var af stað með lagaundirbúning áður en samkomulag hafði tekist. Ég reyndi að koma til móts við þær óskir og þá óánægju m.a. með því að stöðva þetta lagafrv., þó að heimild væri til komin að leggja það fram, og setja í það vinnu, sérstaka vinnu, að reyna að ná samkomulagi við viðkomandi sveitarstjórnir og búfjáreigendur á svæðinu. Og ég endurtek einu sinni enn að ég tel nú mjög góðar líkur á því og nánast leyfi mér að fullyrða að það muni takast fullt samkomulag við þessa aðila.

Úr því að hv. 1. þm. Reykn. er nú kominn í salinn þá vil ég endurtaka það sem ég sagði og svaraði þar með hans orðum hér fyrr í umræðunni að það er ekki svo að ágreiningur standi við þá aðila sem ég nefndi hér í ræðu minni, sveitarfélögin Hafnarfjörð, Grindavík og Vatnsleysustrandarhrepp og Samtök sveitarfélaga á Suðurnesjum, þvert á móti liggur fyrir samkomulag við suma þessa aðila og/eða er í burðarliðnum gagnvart öðrum. Og einmitt Samtök sveitarfélaga á Suðurnesjum hafa verið mjög áhugasöm um þessa friðun og ályktað í þá veru sem og hin látna sýslunefnd Gullbringusýslu eins og reyndar hv. 5. þm. Suðurl. orðaði það. Honum vil ég líka svara með því að benda á 2. bls. í grg. með frv. þar sem einmitt er vitnað í bréf frá landgræðslustjóra og ég hygg að þar komi fram afstaða Landgræðslunnar svo ekki verði um deilt.

Ég held þá að ég hafi svarað flestu því sem hér hefur verið drepið á í umræðunni. Ég vil leggja á það áherslu aftur að auðvitað er hér ekki um það að ræða að verið sé að hefja með einhverjum hætti — mér liggur við að segja undir fölsku flaggi eða með laumulegum hætti — einhverja mikla vegferð sem eigi að leiða til lagasetningar af þessu tagi úti um hvippinn og hvappinn. Þvert á móti. Ég vona að það sé tekið mark á þeim orðum mínum að þessi lagasetning er algjörlega sérstök, bundin við þessa aðgerð og þær sérstöku aðstæður sem hér eru uppi á þessu svæði. Svo er það nú líka þannig, hv. 5. þm. Suðurl. og aðrir góðir áheyrendur, að Alþingi Íslendinga verða ekki sett fordæmi með lagasetningu. Það Alþingi sem situr á hverjum tíma fer með löggjafarvaldið, gerir það sem því sýnist og setur þau lög sem því sýnist, óháð öllum fordæmum. Löggjafarvaldið er hjá Alþingi hvers tíma og því verður ekki breytt. Þar með er það svo að allt okkar ráð er í hendi þess að þeir menn sem vinna að löggjafarstarfinu á hverjum tíma kunni fótum sínum forráð og fari með löggjafarvaldið með viturlegum hætti. Þess vegna held ég að það sé ekki nokkur ástæða til að óttast það að þó að lög séu sett af þessu tagi á hinu ágæta herrans ári 1989, þá muni einhverjir misvitrir löggjafar framtíðarinnar nota sér það til ógæfusamlegra verka eins og mér

fannst látið liggja að í orðum hv. 5. þm. Suðurl. Fjarri fer því.

Ég endurtek það svo að ég lít á þessa aðgerð sem hluta af því og vonandi lið í því, sem ég hef örugglega jafnmikinn áhuga á og hv. 5. þm. Suðurl., að takast megi að skapa miklu meiri sátt meðal þjóðarinnar um landnýtinguna hvort sem á ferðinni er búskapur, skógrækt, útivist, ferðamennska eða hvers konar landnýting sem í hlut á. Þar er mikið verk að vinna og ég vil líka binda vonir við það að hið nýja umhverfismálaráðuneyti og vinna að landnýtingaráætlun fyrir alla þjóðina geti orðið burðarásar þeirrar viðleitni í framtíðinni að skapa þessa þjóðarsátt sem sannarlega er þörf á á þessu sviði.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég verð að gera smáathugasemdir við ræðu hæstv. ráðherra og spyrja hann enn frekar um ýmis atriði.

Hann sagði hér áðan að hann hefði á tímabili dregið frv. til baka, hann hefði komið með það fyrir jól og þá hefði það farið í þingflokka en þá hefði hann dregið að sér höndina vegna þess að málið var á viðkvæmu stigi í samningagerðinni við búfjáreigendur á svæðinu. Nú spyr ég: Er frv. flutt með vitund og vilja búfjáreigenda í Gullbringusýslu? Hefur ráðherrann á fundi með þeim rætt um það, þegar hann var að semja, að hann muni eigi að síður leggja frv. fram? Og hvað hefur það að segja þar sem samkomulag virðist nú ekki enn þá liggja á borðinu? Raskar það möguleikum á samkomulagi? Eða verður kannski ekkert hugsað um að semja þegar búið verður að koma þessu í lög? Ég spyr.

Hann ræddi um að þetta mál hefði farið í þingflokka. Það er rétt. Hafi ráðherra ekki vitað það fyrr þá greiddi ég atkvæði gegn því í mínum þingflokki að þetta mál yrði lagt fram sem stjórnarfrumvarp af þeirri einföldu ástæðu sem ég hef hér rakið í dag að ég er andstæðingur slíkrar lagasetningar.

Ráðherrann gerði mikið úr því og sagði mönnum að taka mark á orðum sínum að hér væri um sérstök lög að ræða og að það gæfi ekkert fordæmi fyrir framtíðina og að löggjafarvaldið yrði hjá Alþingi. En ég hef nú ekki betur séð en að hér skapist farvegir nýrra vinnubragða á mörgum sviðum. Það er stundum eins og hlutirnir hér eins og annars staðar í veröldinni og úti í þjóðfélaginu verði að tísku og að opna litla gjá eða skarð í stíflu þýði að það komi flóð. Ég ítreka því þá skoðun mína að ég óttast mjög að þetta skapi fordæmi og þetta skapi einmitt kröfur um það að fólk geti heimtað lög um hina ólíklegustu þætti.

Það hafa fleiri komið að því efni hér við þessa umræðu, þar á meðal hv. 1. þm. Reykn. Síðan finnst mér það undarlegt sem kemur bæði fram í máli ráðherrans og víðar, að það er eins og búfé og útivera fari alls ekki saman. Búfé og útivera fer mjög víða ágætlega saman. Ég sé ekkert athugavert við það þar sem ég tjalda þó að sauðfé sé í nágrenninu. (**Gripið fram í:** Það er heldur skárra.) Það er heldur skárra. Það var öðruvísi hér áður fyrr þegar mannýgir tuddar voru í högum en nú eru þeir sem betur fer horfnir þannig að ég tek nú ekki mark á þessu.

Þrátt fyrir samkomulagið sem ráðherrann ræddi um að væri þegar að líta dagsins ljós þá eyddi hann heilmiklum tíma í það í ræðu sinni að hann gerði þetta til þess að friða Reykjanesbraut. Það væri stór þáttur í málinu. En verður hún ekki friðuð um leið og búið er að ná samkomulaginu? Fyrir utan hitt að ég hygg að það sé í lögum að Vegagerðinni ber skylda til að girða af aðalumferðaræðarnar í landinu. Síðan er það kannski spurning hvað verður um það búfé sem kann að slæðast inn á þetta friðaða svæði. Aldrei verður það stöðvað þannig að það mun halda áfram að gerast.

Ég vil að lokum ítreka það að hv. nefnd sem fær málið til umfjöllunar skoði það frá öllum hliðum og ekki síst frá þeirri hlið að hér eru menn að opna dyr að nýstárlegri og óvenjulegri lagasetningu, lagasetningu sem aldrei hefur átt sér stað með þessum hætti í 1000 ára sögu Alþingis.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Ég svara hv. 5. þm. Suðurl. játandi. Ég held það og veit að búfjáreigendum er vel kunnugt um tilvist þessa frv. Ég get hins vegar að sjálfsögðu ekki fullyrt að þeir séu því allir samþykkir eða endilega allir ánægðir með það. Bæði sveitarstjórnirnar og búfjáreigendur, eða a.m.k. ákveðnir forsvarsmenn þeirra vissu mjög vel um það að þetta frv. yrði lagt fram. Síðast á fundi í Grindavík á sunnudaginn var rökstuddi ég það einmitt hvers vegna ég teldi æskilegt að frv. yrði lagt fram þrátt fyrir og samhliða því að samkomulag tækist. Ég get út af fyrir sig farið með helstu röksemdirnar fyrir því einu sinni enn ef menn vilja og þar er náttúrlega sú mikilvægust, sem ég hef hérna nefnt einum þrisvar eða fjórum sinnum, að ætlunin er að þetta verði varanleg friðunaraðgerð. Það má auðvitað segja að með vissum hætti sé verið að gera skagann að tilteknum fólkvangi eða friðlandi hvað þetta snertir, að lausaganga búfjár verði þá með varanlegum hætti afnumin. Og þá liggur það þannig að komandi íbúum Reykjanesskaga, sem e.t.v. vilja taka upp búfjárhald á svæðinu, verða þá ljósar þessar kvaðir. Þá þarf ekki nýja samninga við hvern og einn þeirra, þeir verða sem sagt bundnir af hinum almennu ákvæðum laganna. Þannig er það nú einfaldlega þegar lög eru sett sem ná fram í tímann og binda hendur eða takmarka umsvif komandi kynslóða jafnvel ef svo ber undir.

Varðandi það að hér sé farið inn á nýja braut hvað það snertir að lögin snerti eingöngu tiltekið landsvæði eða atvinnugrein á tilteknu svæði, þá er það held ég alls ekki tilfellið að það hafi aldrei áður verið gert að setja lög sem taka til tiltekins landsvæðis eða tiltekinna hópa. Ég nefni mjög nærtækt dæmi sem hér hefur komið upp í umræðunni. Lög um takmörkun á búfjárhaldi í þéttbýli er auðvitað löggjöf sem kemur eingöngu við ákveðinn hluta landsmanna, þ.e. þá búfjáreigendur sem búa í þéttbýli en ekki hina. Þá

voru sveitarfélögum fengnar lagaheimildir til að grípa til ýmiss konar takmarkandi aðgerða o.s.frv.

Það þarf víst ekki að rifja upp fyrir hv. þm. þau dapurlegu dæmi þegar hér eru sett lög trekk í trekk á ákveðnar starfsstéttir sem eru t.d. í kjaradeilum. Ætli hv. 5. þm. Suðurl. hafi verið — nei, hann hefur sennilega ekki verið kominn á Alþingi þegar Framsfl. t.d. studdi það að sett væru lög á flugfreyjur sem voru þá að berjast fyrir því að fá kaupið sitt hækkað. Það voru nú bærilega lög sem snertu tiltekinn hóp fólks. Það held ég nú. Þau voru a.m.k. nógu varanleg hvað þær vinnudeilur snerti.

En þannig er það auðvitað að löggjöf og lagasetning er í eðli sínu afar fjölbreytileg og ég held að í 1100 ára sögu landsins — af því að hv. þm. fór nú svo langt aftur eða langleiðina það, vitnaði m.a. í Njál á Bergþórshvoli og fleiri ágæta menn — þá mundu nú finnast ærið mörg fordæmi fyrir flestu, held ég, sem mönnum dytti í hug í lagasetningu ef það væri allt saman kembt, þannig að ég held að það sé ekki rétt og alls ekkert skynsamlegt og engin ástæða til að vera að gera þessa lagasetningu að einhverju tímamótaverki eða fordæmi sem skáki öllu öðru út og sé alveg einstæð í sögu löggjafar á Íslandi. Svo er ekki. Hér er um tiltölulega einfalda aðgerð að ræða sem á að festa í sessi með löggjöf. Það er nú allt og sumt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Grunnskóli, frh. 1. umr.

Frv. ÞÞ o.fl., 309. mál (kynning á menningarstarfsemi). — Þskj. 564.

Flm. (Þórhildur Þorleifsdóttir) (frh.):

Virðulegur forseti. Þetta á nú víst að heita framhald 1. umr. en svo háttaði til þegar þetta mál var tekið á dagskrá að kominn var þingflokksfundatími og höfðu allir yfirgefið þingsal.

Flm. ásamt mér að þessu frv. sem ég mæli hér fyrir eru Ragnhildur Helgadóttir, Guðrún Helgadóttir, Guðmundur G. Þórarinsson, Óli Þ. Guðbjartsson og Árni Gunnarsson. Frv. þetta hljóðar upp á að bætt sé við 43. gr. laga um grunnskóla.

Í 1. gr. birtist tilgangur greinarinnar sem er sá að gefa nemendum á grunnskólastigi kost á því að kynnast menningarstarfsemi af ýmsu tagi. Önnur meginatriði greinarinnar eru að skólayfirvöldum sé skylt að gangast fyrir því að listamenn og fræðimenn heimsæki skóla og að þessi starfsemi fari fram á skólatíma og verði að vera nemendum að kostnaðarlausu.

Nú eru eflaust einhverjir þeirrar skoðunar að efni þessarar greinar eigi heldur heima í reglugerð en í lögum, en ég tel fulla ástæðu til að starfsemi af þessu tagi eigi sér stoð í lögum svo mjög sem þessum þætti uppeldis er ábótavant í skólakerfinu. Ekki er þó viljaeða áhugaleysi skólayfirvalda eða skólafólks um að kenna, heldur einmitt því að hvergi er í lögum gert ráð fyrir skipulögðu starfi af þessu tagi.

Vissulega eru margir kennarar með góða viðleitni og fara t.d. með börnin á söfn eða aðrar viðlíka stofnanir og einstöku sinnum er reynt að fá listamenn í heimsókn í skóla en allt er þetta frekar af vilja en mætti. Fjárveitingar til þessara hluta eru litlar sem engar og ekki einu sinni innan skólatíma, hvað þá ef verið er með einhverja slíka tilburði utan reglubundins skólatíma. Þá er það einungis áhugi eða fjárráð hvers nemanda eða foreldra sem ræður úrslitum. En áhuginn sprettur ekki af sjálfu sér. Hann þarf að vekja.

Í I. kafla grunnskólalaga, sem ber heitið „Markmið og skólaskylda", segir svo í 2. gr., með leyfi forseta:

„Skólinn skal temja nemendum víðsýni og efla skilning þeirra á mannlegum kjörum, umhverfi, á íslensku þjóðfélagi, sögu þess og sérkennum, og skyldum einstaklingsins við samfélagið."

Þarna er nú svo sem ekki fast að orði kveðið um hvernig þessum tengslum skuli háttað og ekki eitt orð að finna um tengsl þeirra við íslenska menningu eða list. Nú látum svo vera. Markmiðslýsing er e.t.v. ekki það sem mestu veldur um hvernig á er haldið. En í V. kafla laganna, sem fjallar um starfstíma grunnskóla, námsefni og kennsluskipan, segir svo í í a-lið 42. gr., með leyfi forseta:

„Ákvæði skulu sett um þroskun fagurskyns, listhneigðar og hagleiks með kennslu í tónmennt, myndmennt og handíðum."

Þrátt fyrir þessa lagagrein er mikil brotalöm í framkvæmd.

Í upphafi þings haustið 1987 bað ég ásamt fleirum um skýrslu um stöðu list- og verkmenntagreina sem ekki leit dagsins ljós á því þingi og var því beiðnin ítrekuð í haust og nú í gær birtist þessi skýrsla hér á borðum þingmanna. Eðlilega hef hvorki ég né aðrir haft mikinn tíma enn þá til þess að kynna mér skýrsluna en af því að dæma sem ég hef kynnt mér í henni og eins sú vitneskja sem ég hef af tali við marga kennara og skólastjóra og ekki síst við námsstjóra í viðkomandi greinum, þá er í rauninni hraksmánarlegt ástand í kennslu þessara greina í skólum landsins. Því miður. Bæði er nú það að mikið vantar upp á að allir nemendur fái þá kennslu sem gert er ráð fyrir í lögum, mikið er um að aðstöðu til að kenna þessar námsgreinar vanti og fjöldi kennara í þessum námsgreinum, þar sem þær yfirleitt eru kenndar, eru réttindalausir. Allt þetta veldur því að það er ástæða til þess að hafa þungar áhyggjur af framgangi þessara greina í íslenska skólakerfinu og þarf vonandi ekki að lýsa því hér hversu mikilvægar þær eru fyrir íslenskt þjóðfélag.

Færri og færri velja sér kennslu í þessum greinum að starfi og lagðar hafa verið niður kennaradeildir innan listaskólanna. Þetta á sér auðvitað m.a. skýringu í launum kennara, og því deila þeir náttúrlega með öðrum kennurum, en að auki búa þær greinar sem viðkomandi kennurum er ætlað að kenna við

talsvert virðingarleysi innan skólakerfisins. Þetta eru greinar sem ævinlega eru í jaðri stundataflna, nemendur þurfa iðulega að koma aftur í skóla til þess að sækja tíma í þessum greinum, þetta eru aukagreinar sem skipta ekki miklu máli og virðing nemenda fer eftir því. Auk þess eru þetta þegar kemur í efri bekki grunnskóla valgreinar þannig að skilaboðin eru augljós til nemenda að þetta sé eitthvað sem þeir þurfi ekki að leggja mikla stund á.

Þó eru nú kennarar í þessum greinum oft að reyna að berjast fyrir viðgangi þeirra og sérstaklega verður að geta tónlistarkennara sem margir hverjir halda uppi kóra- og hljómsveitarstarfsemi af miklum myndarbrag. En þeir eiga við ramman reip að draga og er einungis undir þeirra eigin áhuga og þreki komið hvernig til tekst.

Reglubundnar heimsóknir listamanna hafa verið aflagðar að mestu og um skólasýningar í leikhúsum gildir það sama. Því er ekki furða þó maður álíti að þörf sé á lagasetningu um starfsemi eins og þá sem umrætt frv. gerir ráð fyrir því þó að ekki sé gott ástand í áðurnefndum greinum, lista- og verkmennt, er þó erfiðara að víkjast undan að bæta um betur þegar lagastoð er fyrir hendi.

En eins og ég sagði áðan: Áhugi sprettur ekki af engu, hann þarf að vekja og það þarf að byrja strax á því starfi. Það uppeldi á að byrja strax á unga aldri og starfið þarf að vera markvisst.

Í drögum að aðalnámsskrá grunnskóla segir svo, með leyfi forseta, í kafla um hlutverk og meginmarkmið:

„Kjölfesta hverrar þjóðar er menning hennar. Í menningararfi íslensku þjóðarinnar frá landnámi til samtímans teljast tengsl við landið og hafið umhverfis það, náttúru þess og auðlindir, sögu lands og þjóðar, þjóðtunguna, bókmenntir, verkmenningu, listir, vísindi, lýðræði, kristinn sið, trú og þjóðhætti. Grunnskóli þarf að efla vitund um menningararfleifð þessa og standa traustan vörð um menningu þjóðarinnar. Mikilvægt er að í skólastarfi sé stuðlað að þátttöku nemenda í framvindu og mótun menningar."

Í sama kafla segir líka:

„Til þess að nemendur finni tilgang með námi sínu þurfa að vera skýr tengsl milli þess náms sem fram fer í skólanum og þeirrar reynslu sem þeir fá utan skóla."

Nokkuð víða er í þessum drögum að aðalnámsskrá minnst á list- og verkmenningu og skapandi starf og það gildi sem það hefur fyrir einstaklinginn. Allt er þetta góðra gjalda vert ef framkvæmd væri eftir því.

Flest annað en íslensk saga og menning á greiðan aðgang að íslenskum börnum. Ég hef oft gert hér að umtalsefni barnaefni t.d. í sjónvarpi, en hlutur þess í mótun íslenskra barna er ákaflega mikill. M.a. hef ég borið fram fsp. hér á Alþingi um barnaefni í íslensku sjónvarpi og svör við þeirri fsp. voru ekki beint til þess að vekja manni bjartsýni um framgang íslenskrar menningar. Erlent efni var yfirgnæfandi, teiknimyndir á teiknimyndir ofan, popppættir með erlendu efni. En sjónvarpið er auðvitað ekki eitt um hituna. Það má nefna blöð, myndabækur og myndablöð með erlendum fígúrum, erlend myndbönd. Eina íslenska myndefnið fyrir börn, sem mér er kunnugt um að sé til á íslensku, er Strumpamyndir með íslensku tali. Er það nú von að börnin hafi áhuga á þessu öllu. Hann er jú vakinn. Efninu er haldið að þeim og svo draga vitgrannir og skammsýnir menn þá ályktun að börnin vilji þetta eitt, á þessu hafi þau áhuga. Það verður að spyrna við fótum og vekja áhuga barna á öðru. Ekki að útiloka hitt, það væri álíka heimskulegt og þröngsýnt og sú einhliða áhersla sem nú er t.d. í sjónvarpi.

Ég tel mig tala af töluverðri reynslu þegar ég fullyrði að hrifnæmi og skilningur barna á list og menningu eru lítil takmörk sett. Þau hafa mikla innlifunarhæfileika og það er mikill misskilningur að börn þurfi alltaf einhverja sérstaka barnalist eða barnamenningu. Fegurðarskyn og innsæi er þeim ekkert framandi og þau njóta þess að hrífast, tilfinningar dýpka og um leið skilningur á sjálfum sér og öðrum. Þau skilja kannski ekki allt en þau skynja þeim mun frekar. Skilningurinn kemur seinna svo framarlega sem skilyrði eru fyrir hendi.

Þá sjaldan að listamenn eru fengnir til að koma í skóla til að lesa upp, en meira held ég að það sé ekki nú til dags, eru þakklæti nemenda og hrifningu lítil takmörk sett. Þau mæta sum hver brynjuð, ákveðin í að láta sér leiðast yfir þessu hallæri, t.d. ljóðalestri, en fyrr en varir breytist stemmningin. Og þegar skólastjórar og kennarar kveðja þessa listamenn fylgja oftar en ekki óskir um að þeir gætu komið sem oftast, en ævinlega bera þeir auðvitað við því sama, sömu hindrununum: það vantar peninga, það þarf að taka af því litla fé sem þeir fá til félagsstarfsemi og þar eru margir um hituna.

Sjálf hef ég líka talsverða reynslu af því að ferðast um landið með leiksýningar. Við fórum yfirleitt í skóla með smákynningu á verkinu, sýndum nemendum búninga, lékum smáatriði og sungum, ef þannig háttaði til, og töluðum um verkið og höfundinn. Undantekningarlaust mættu svo til allir nemendur á sýningu um kvöldið þó þeir þyrftu því miður að borga. Það var búið að vekja áhugann. Þessar ferðir lögðust því miður af vegna fjárskorts því úthaldi hvers einstaklings er takmörk sett.

Nemendur hafa stundum fengið að fylgjast með undirbúningi og æfingum á sýningum og það sama gerist, áhuginn vex með hverri æfingu. Og umræður eftir sýningar eru líka vinsælar. Ég hef líka kennt leiklist og framsögn í skólum og sett upp skólasýningar og tugir nemenda taka þátt í slíkri starfsemi að eigin frumkvæði í sínum frítíma og áhuginn er mikill. Og þá láta einmitt skólayfirvöld gjarnan í ljósi þá skoðun að þau vildu að starfsemi af þessu tagi ætti sér fastan sess í skólastarfi og væri ekki undir því komin að nemendur þyrftu að gera það af eigin áhuga utan hefðbundins skólatíma.

Ég geri mína persónulegu reynslu hér að umtalsefni en þessari reynslu deili ég með mörgum öðrum. Við sem staðið höfum í þessu vitum að enginn vandi er að vekja áhuga og viðhalda honum ef aðstæður leyfa. List og menning er ekki eitthvert leiðindafyrir-

bæri fyrir fáa útvalda. En oft eru það að lokum einhverjir útvaldir sem njóta, þ.e. þeir sem hafa vegna aðstæðna fengið að kynnast og njóta og þroska með sér áhuga. En það er hart barist um tíma barna og unglinga og margt sem glepur. Því þarf skólinn að koma miklu sterkar inn, ekki bara til að einstaklingarnir læri fyrir sjálfa sig að njóta hluta heldur ef við ætlum að lifa hér í landi sem sjálfstæð þjóð því eins og sagði í kaflinum sem ég las upp áðan úr námsskránni: Kjölfesta hverrar þjóðar er menning hennar — menning í víðasta skilningi þess orðs.

Ég ætla, með leyfi forseta, að lesa svolítinn kafla úr grg. þar sem ég held að komi gleggst fram þörfin fyrir starfsemi af þessu tagi í skólakerfinu:

„Íslenskt samfélag hefur tekið stakkaskiptum á nokkrum áratugum, vonandi til hins betra, en er enn í örri breytingu og svo mun verða áfram. En þessar breytingar hafa jafnframt haft ýmislegt það í för með sér sem veikir stoðir sjálfstæðis okkar. Áður erfðist reynsla, menning og tunga frá einni kynslóð til annarrar með „eðlilegum" hætti í starfi og leik. Nú hafa þessi tengsl rofnað vegna breyttra samfélagshátta. Staða heimilis og fjölskyldu hefur veikst og aðrir þættir í uppeldi nýrra kynslóða orðið að sama skapi mikilvægari."

Þarna held ég að sé í rauninni að finna kjarna málsins, eins og ég sagði áðan, og sýnir fram á nauðsyn þess að á þessu máli sé tekið.

Framkvæmd þessa frv. er að sönnu ekki að öllu leyti auðveld. Það skal vel viðurkennt og ekki verður það gert án einhvers tilkostnaðar. En það má ná langt með útsjónarsemi og hagræðingu og samvinnu við stofnanir, einstaklinga og stéttarfélög.

Hér í grg. lét ég fylgja með nokkur dæmi um hvernig standa mætti að framkvæmd frv., en ítreka eins og sagt er þar að þetta eru einungis nokkrar hugmyndir til þess að menn geti betur glöggvað sig á því hvað hér er átt við. T.d. er þar í fyrsta lagi talað um að nemendur fari í leikhús og þá flokka ég undir það allt sem þar fer fram, hvort sem leikið er, sungið eða dansað. Það háttar nú þannig til að það eru alltaf nokkrar æfingar undir lok æfingatíma þar sem allt á að vera með eðlilegum hætti, þ.e. eins og ætlast er til að það verði þegar áhorfendur koma, tækniatriði hafa verið útfærð svo sem eins og ljós, búningar, gervi og annað slíkt. Á þessar æfingar er enginn vandi að koma með nemendur og mundi meira að segja vera listamönnunum í sýningunni til góða því að eins og oft er kvartað yfir, þá er einn þáttur sýningarinnar og ekki minnstur sem aldrei er hægt að æfa fyrr en á frumsýningu, þ.e. samskipti listamannanna við áhorfendur. Sama gildir auðvitað um tónleika. Þar eru lokaæfingar þar sem lokaárangur á að hafa náðst. En það þarf ekki endilega að vera alltaf með þeim hætti að það sé einungis lokaárangur sem börn eða unglingar sjá. Þau hafa líka gagn og gaman af því að koma á æfingar og sjá að mikil vinna liggur að baki árangurs hverju sinni.

Í öðru lagi nefni ég sams konar starfsemi um landið allt, þ.e. að nemendur séu sóttir heim víðs vegar um landið. Það hefur mikið dregið úr slíkum ferðum og stofnanir jafnvel eins og Þjóðleikhús rækja ekki einu sinni lögboðnar skyldur. Vissulega fylgir mikill kostnaður þessum ferðum og er það höfuðástæðan fyrir því að þær hafa lagst af. Einstaklingsframtakið dugir ekki til. Það er auðvitað ódýrara að fara með tónleika af ýmsu tagi eða dagskrár, en með ýmsum ráðum er hægt að draga úr kostnaði, t.d. með því að jafnframt því að troða upp í skólum sé líka leikið, sungið eða spilað eða hvað það nú er fyrir aðra íbúa sveitarfélagsins en nemendur um kvöldið. Þá slærðu tvær flugur í einu höggi og minnkar tilkostnað við hverja sýningu og vantar ekki nema herslumun á að svona ferðir beri sig. Ferðalög, húsaleiga og ekki síst auglýsingar eru mjög dýrar og ef þessi kostnaður dreifist á fleiri sýningar, þá minnkar hann að sama skapi á hverja.

Eftir þessum sömu nótum er síðan hægt að feta sig niður þennan lista og ég ætla sannarlega ekki að fara að staldra þar við hvert atriði, en ég ætla m.a. að nefna hér atriði nr. 9, vinnustofur úti á landi, þar sem myndlistarmenn og listamenn gætu dvalist um tíma, nemendur fengið að heimsækja þá á vinnustofur og þeir gætu komið í skóla og kynnt sína starfsemi. Það sama gildir auðvitað um fræðimenn sem vinna á ýmsum stofnunum. Það á að vera hægt að undirbúa sýningar sem sérstaklega geta vakið áhuga eða starfsmenn safnsins eiga að vera tilbúnir að taka á móti unglingum og börnum og leiðbeina þeim um safnið hverju sinni. Eins gætu þeir ferðast um og kynnt ýmislegt sem þeir eru að fást við og það er oft mjög auðvelt að tengja það verkefnum eða einhverju því sem börnin eru að fást við í sínu námi. Það er ljóst að það er ódýrara að standa að þessari starfsemi, hvort sem það er með heimsóknum í söfn og aðrar slíkar stofnanir eða að fá aðra fræðimenn inn í skólana, því að það er auðvitað um miklu færri einstaklinga að ræða sem þurfa að ferðast til og frá og miklu minni kostnaður sem fylgir ferðum þeirra.

Ég vil líka nefna að það er mjög áríðandi ef af svona yrði að þetta yrðu samþættuð verkefni, t.d. að fræðimaður sé með fyrirlestur um eitthvert ákveðið efni og listamaður lesi úr verkum sem tengjast fyrirlestrinum, t.d. úr þjóðsögum, kvæðum eða fornbókmenntum og tónlist sem tengist viðfangsefninu og fleira í þeim dúr. Það er líka áríðandi að unnið sé í skólanum áfram að þeim verkefnum sem börnum eru kynnt með þessum hætti og það er hægt að gera með alls konar úrvinnslu í verkefnum. Það getur gerst í íslenskukennslu, sögu, líffræði og samfélagsfræði, tungumálakennslu og einnig í list- og verkmenntagreinum. Af nógu er að taka.

Góð samvinna við lista- og fræðimenn og stofnanir og stéttarfélög annars vegar og skólayfirvalda og hins opinbera hins vegar er nauðsynleg til að vel til takist því að eins og segir í lok grg., með leyfi forseta, að skírskota verður „til ábyrgðar allra, ein-

staklinga, félaga og stofnana á uppeldi nýrrar kynslóðar og varðveislu menningar okkar, tungu og arfleifðar, menningarstarfsemi allri til styrktar, sjálfstæði okkar til varnar og þjóðinni til heilla."

Ég óska eftir því að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til hv. menntmn.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Mér finnst í rauninni ánægjulegt, þegar þetta frv. til laga um breytingar á lögum nr. 63 1974, um grunnskóla, með síðari breytingum, kemur hér loks til umræðu í hv. deild, að þá skuli svo hátta til að í pósthólfum okkar þingmanna þennan sama dag kemur endurskoðað eða í rauninni frv. til laga um breytingu á þessum sömu lögum, nr. 63/1974, um grunnskóla, prentað sem handrit að vísu, frá hæstv. menntmrh. Það sést því að það er á ýmsum stöðum sem verið er að vinna að endurskoðun þessarar merku löggjafar.

Löggjöf okkar um skólahald hér á landi stendur gjarnan í mínum huga í fjórum meginköflum svona þegar litið er á tímann. Elsta löggjöf okkar hygg ég að sé frá 1907 þegar skólaskyldan var lögleidd. Næsti kafli er í kringum 1930 þegar samþykkt munu hafa verið hér lög um yfirstjórn fræðslumála og þeim síðan 1936 fylgt eftir með frekari löggjöf. Þriðji kaflinn er svo frá 1946 þegar enn eru sett lög og þá var merkasta nýmælið að landsprófið var lögleitt og í rauninni mikil löggjöf um skipan fræðslumála um allt land. Landspróf miðskóla sem slíkt hafði ómæld áhrif. Menntaskólar voru þá einungis tveir í landinu, hér í Reykjavík einn og einn á Akureyri og landsprófið átti síðan eftir að auka mjög fjölda nemenda hvaðanæva að af landi til framhaldsnáms sem þrýsti aftur á um fjölgun skóla á framhaldsskólastigi. Síðan er það 1974 að grunnskólalög eru sett, þau sem hér er nú verið að leggja grunn að endurskoðun á, lög nr. 63 1974.

Það var í rauninni ákaflega sögulegur dagur þegar grunnskólalögin voru sett. Það mun hafa verið 21. maí, á lokadegi þess þings sem þá sat. Þingrof var í þann mund og ekki færri en 23 lög, held ég, sem voru samþykkt þá þessa frægu nótt sem þetta gekk yfir. En aðdragandi hafði verið allmikill að setningu grunnskólalaganna, undirbúningur um langan tíma og mér er í fersku minni hvernig þar var að staðið. Það var óvenjulegt, held ég, í þann tíma að þannig væri staðið að verki. Nefnd hafði setið að störfum alllengi. Hún hafði farið um allt land, svo að segja í hvert fræðsluumdæmi, haldið fundi með skólafólki, haldið fundi með sveitarstjórnarmönnum og haldið almenna borgarafundi um þessa væntanlegu löggjöf. Það náðist síðan fram að fá þessa löggjöf samþykkta við að vísu misjafnan fögnuð hér á Alþingi. Sumum þótti þá að hér væri allt of nákvæmlega í sakirnar farið. Þarna væri verið að setja lög út í hörgul um hvaðeina sem menn ættu að gera og ekki að gera í íslenskum grunnskólum.

Ef ég á að svara fyrir mig, sem hef starfað allan þennan tíma að heita má síðan við þessa löggjöf og hafði nú starfað raunar áður við skóla á þessu stigi, þá verð ég að segja það að mér finnst reynslan af grunnskólalöggjöfinni í það heila tekið góð. Það sem mér finnst skipta þarna mestu máli er í rauninni kannski það sem kemur fram í 2. gr. grunnskólalaganna þar sem fjallað er um hlutverk grunnskólans. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Hlutverk grunnskólans er í samvinnu við heimilin að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun.

Starfshættir skólans skulu því mótast af umburðarlyndi, kristilegu siðgæði og lýðræðislegu samstarfi.

Skólinn skal temja nemendum víðsýni og efla skilning þeirra á mannlegum kjörum og umhverfi, á íslensku þjóðfélagi, sögu þess og sérkennum og skyldum einstaklingsins við samfélagið.

Grunnskólinn skal leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins.

Grunnskólinn skal veita nemendunum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni og temja sér vinnubrögð sem stuðli að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska.

Skólastarfið skal því leggja grundvöll að sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfa hæfni þeirra til samstarfs við aðra."

Samkvæmt þessari grein grunnskólalaganna er markmiðið ekki lítið og vissulega háleitt.

Nú er það auðvitað öllum ljóst að það er komið víða við í þessu starfi og það frv., sem hér er lagt fram og 1. flm. var rétt í þann mund að ljúka við að mæla fyrir, grípur á einni grein og henni ekki lítilli sem tengd er 43. gr. núverandi laga. 43. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta, eins og lögin eru í dag:

„Í öllum skólum á grunnskólastigi skal nemendum gefinn kostur á að taka þátt í tómstunda- og félagsstarfi á vegum skólans eftir því sem aðstæður leyfa, sbr. 72. gr. Í félagsstarfi skal m.a. að því stefnt að nemendur verði færir um að taka að sér félagsleg störf í þjóðfélaginu. Heimilt er skólastjórum að fela einum eða fleiri kennurum að annast sérstaklega þennan þátt skólastarfsins og lækkar við það að sama skapi kennsluskylda þeirra.

Skólastjórar grunnskóla skulu árlega gera fræðslustjóra grein fyrir hversu varið var tómstunda- og félagslífi í skóla þeirra á næstliðnu skólaári. Menntmrn. gengst fyrir námskeiðum fyrir þá kennara er með þessi mál fara í skólum og sér um að gefnar séu út leiðbeiningar þeim til stuðnings."

Frv. sem hér er til umræðu gengur út á það að bæta þremur nýjum málsgreinum við þessa 43. gr. laganna, þ.e. 6.–8. mgr. Kjarninn í þessum greinum er í fyrsta lagi að í öllum skólum á grunnskólastigi sé nemendum gefinn kostur á að kynnast menningarstarfsemi af ýmsu tagi. Það er fyrsta meginatriðið. Annað meginatriðið er að skylda skólana, skólastjóra og kennara, til þess að þeir gangist fyrir því að listamenn og fræðimenn heimsæki skóla til að kynna nemendum íslenska menningu, sögu og arfleifð. Og

þriðja atriðið, og það er í rauninni ekki þýðingarminnst, það er lögð á það sérstök áhersla að þessi starfsemi fari annars vegar fram á skólatíma, þ.e. á starfstíma skólanna, og að hinu leytinu að þessi starfsemi verði nemendum að kostnaðarlausu.

Nú hefur það vitaskuld viðgengist lengi í íslenskum skólum og kannski ekki alltaf bundið sérstakri löggjöf hverju sinni að listkynning, liststarfsemi og ég tala nú ekki um kynni af ýmiss konar starfsháttum fræðimanna hafa verið bundin íslenskum skólum. En það verður að segjast eins og er að þessi þáttur hefur því miður og mjög gjarnan orðið aftarlega miðað við aðra starfsemi skólanna. Það kann vel að vera að það sé af kostnaðarástæðum, en ég býst þó við að að sumu leyti sé það vegna mismunandi áherslu sem hinir ýmsu einstaklingar leggja á þennan þátt. Ástæðan fyrir því að hér er um mjög brýnt mál að ræða held ég hins vegar að komi í rauninni best fram í því sem minnt er á hér í grg. sem með frv. fylgir, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Áður erfðist reynsla, menning og tunga frá einni kynslóð til annarrar með „eðlilegum" hætti í starfi og leik. Nú hafa þessi tengsl rofnað vegna breyttra samfélagshátta. Staða heimilis og fjölskyldu hefur veikst og aðrir þættir í uppeldi nýrra kynslóða orðið að sama skapi mikilvægari." Þarna held ég að sé í rauninni fjallað um kjarna málsins, það er þetta rof sem hefur orðið á milli þessara tveggja meginaðila sem annast uppeldi æsku, þ.e. heimilis og hins vegar skóla, og það er þarna sem þarf að tengja á milli í rauninni að nýju og ekki síst að leita til annarra stofnana og aðila en skólans og heimilisins og þá í þessu tilfelli ýmiss konar liststofnana og slíkra aðila sem starfa á þeim vettvangi.

Ég held það sé heldur engin ástæða til þess að draga fjöður yfir það að þarna geta að ýmsu leyti fallið saman hagsmunir, a.m.k. eins og aðstæður eru í okkar þjóðfélagi í dag, og þá á ég við það atriði að með ýmsum starfsstéttum sem sinna listrænu starfi er ekki um of auðugan garð að gresja hvað verkefni snertir og ef hægt er að bæta þar úr og verða æskunni að liði í leiðinni er ekki nokkur vafi að það eru spor í rétta átt.

Að lokum vildi ég leggja á það áherslu að ég held að það sé alveg augljóst mál að á ungum aldri, hvort sem menn eru á grunnskólaaldri eða framhaldsskólaaldri, þá eru menn móttækilegir vel fyrir hvers konar listflutningi og njóta hans ekki síður en á öðrum aldursskeiðum ævinnar og af þeirri ástæðu held ég að það sé meira en tímabært að tillaga af þessu tagi sé hér flutt.

Það gladdi mig þegar ég fletti handriti hæstv. menntmrh. hér áðan, sem var í pósthólfinu, að í tillögum hans við 42. gr. gengur hann í rauninni til móts við eitt af þremur atriðum sem hér eru lögð til. Hann leggur til að í 43. gr. sé bætt inn þessari mgr. að varðandi listflutning sé um að ræða lið í daglegu starfi og utan venjulegs skólatíma, þannig að þarna er um að ræða af hálfu hæstv. menntmrh. þó alltént spor í þessa átt sem hér er lagt til.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég þakka flm. þessa frv. fyrir það að taka þetta mál hér á dagskrá og sömuleiðis fyrir þær ræður sem hér hafa verið fluttar, bæði af hv. þm. Þórhildi Þorleifsdóttur og hv. þm. Óla Þ. Guðbjartssyni.

Staðreyndin er sú að það er komið að þeim tíma í þróun skólamála hér á landi að við verðum mjög alvarlega að velta því fyrir okkur hvort þær áherslur, sem við höfum haft þar, innan hins þrönga ramma viðmiðunarstundaskrárinnar, eru endilega réttar. Við höfum í þeim efnum lagt mikla áherslu á bóklegar greinar og eins og fram kemur af skýrslu sem ég lét dreifa hér í þinginu í gær eða fyrradag hafa greinar eins og verkmenntagreinar, myndmennt, heimilisfræði, verið hornreka af margvíslegum ástæðum. Ein ástæðan er sú að það vantar sérmenntaðan kennara, önnur ástæðan er sú að það vantar aðstöðu, þriðja ástæðan er sú að það vantar pláss í námsskrá. Og þegar pláss vantar í námsskránni hljóta menn að velta því fyrir sér hvort hugsanlegt er að ganga á eitthvað af því sem þar er og flytja þar til áherslur. Ég tel að það komi vel til greina að athuga það. Ég held að þetta rof í okkar menningarlegu þróun, sem hv. síðasti ræðumaður ræddi um, kalli á öðruvísi áherslur en verið hafa.

Ég held að það sé brýnna núna en það hefur lengi verið áður að skólinn taki við ýmsum þeim þáttum sem áður þótti sjálfgefið að börn hefðu með sér í heimanmund. Þar er ég að tala um verkmennt af ýmsu tagi og heimilisfræði. Ég held að það sé einnig þannig að ef við viljum telja okkur til menningarþjóða, sem við viljum gera, eigum við að gera listnám af margvíslegu tagi að gildum þætti í öllu skólastarfi. Skólinn er til þess að ala upp menningarverur, fólk sem getur notið menningar og skapað menningu síðar á lífsleiðinni.

Ég held reyndar að ef vel á að vera í þessu efni þurfum við að eignast hér einsetinn skóla. Við þurfum að ná því að lengja skóladaginn, einkum hjá yngstu börnunum, og við þurfum að nota þá lengingu fyrst og fremst til þess að sinna listnámi af margvíslegu tagi, verknámi af ýmsu tagi og heimilisfræði.

Við höfum látið gera á því úttekt í menntmrn. hvað það kostar að ná einsetnum skóla, lengdum skóladegi og fara með tímann hjá yngstu börnunum upp í 35 tíma á viku. Kostnaðurinn við það á ári er á milli 450 og 500 millj. kr. og til samanburðar má geta þess að kostnaður við grunnskólann í heild er núna 4800 millj. kr. Hér er því auðvitað augljóslega um að ræða verulega aukningu á kostnaði við grunnskólakerfið í landinu og þess vegna höfum við nálgast þetta þannig í greinargerð frá menntmrn., sem verður dreift til þingmanna núna næstu sólarhringa ef það hefur ekki þegar verið gert, að gera ráð fyrir að þetta komi til framkvæmda í áföngum á nokkrum árum. Við höfum þar talað um fjögur ár, fimm ár eða sex ár og aðalatriðið í mínum huga er kannski ekki árin heldur hitt að menn setji sér þetta markmið mjög eindregið. Og um leið og menn setja sér þetta markmið verður

jafnframt að taka ákvörðun um það hvernig tíminn verður notaður í skólanum. Það er ljóst að í yngstu árgöngunum verður ekki um hefðbundna bekkjarkennslu að ræða fyrst og fremst, heldur margvíslega starfsemi sem er blanda af leik og námi.

Við höfum á undanförnum mánuðum unnið að því sem við köllum stefnumótun í skólamálum, ekki vegna þess að hér hafi ekki verið til stefna í skólamálum, heldur vegna þess að við viljum ná því sem við köllum þjóðarsamstöðu um íslenska skólann og þar leggjum við í raun og veru áherslu á þrjá þætti í vinnubrögðum.

Í fyrsta lagi höfum við farið yfir allar þær tillögur sem fyrir hafa legið um breytingu á lögum og reglugerðum, m.a. grunnskólalögunum, og raðað þeim saman í frv. til laga um breytingu á grunnskólalögunum sem ég hef látið dreifa til hv. þm. Þetta frv. hróflar ekki við grundvallaranda grunnskólalaganna. Við teljum að grunnskólalögin séu góð. Við erum þarna hins vegar að taka á ýmsum þáttum eins og t.d. lengri skóladegi og námsráðgjöf og sjálfstæði fræðsluumdæmanna svo að eitthvað sé nefnt.

Annar þátturinn í aðferðum okkar við að nálgast þessa stefnumótun er sá að við höfum sent út fyrirspurnir til 450–500 skóla og foreldrafélaga og kennarasamtaka í landinu þar sem við spyrjum um meginverkefni í skólamálum á næstu 10 árum. Við höfum verið að fá inn svör núna að undanförnu og félagsvísindadeild Háskólans er að vinna úr þeim. Síðan verða þær niðurstöður sendar út aftur og skólamenn og aðrir sem vilja koma nálægt þessari könnun og beðnir hafa verið um það verða beðnir um að raða þeim verkefnum sem oftast eru nefnd í forgangsröð.

Þriðja meginaðferðin sem við höfum í þessu stefnumótunarstarfi er sú að við höfum haldið fundi með skólafólki og foreldrafélögum allt í kringum landið. Við höfum þegar heimsótt hátt í 100 skóla og menningarstofnanir á þessum sex mánuðum og við höfum þegar haldið 14 sérstaka grunnskólafundi víðs vegar í landinu.

Þegar þessari yfirferð er lokið, þegar svörin liggja fyrir úr seinni umferð þessarar umræðu, þegar fjallað hefur verið um drögin að grunnskólalögunum víðs vegar í landinu, við munum senda þau til umsagnar víðs vegar um land, þegar allt þetta liggur fyrir teljum við að þegar líður á þetta ár munum við geta átt góðan efnivið í heildarstefnumótun í skólamálum sem er til þess fallinn að skólinn geti bæði sótt fram og varið sig þegar þannig stendur á. Ég tel að það frv. sem hér liggur fyrir sé mikilvægur þáttur inn í þessa umræðu og ég tel að það skipti miklu máli hvernig það er rökstutt, bæði af hv. þm. Þórhildi Þorleifsdóttur og ekki síður hv. þm. Óla Þ. Guðbjartssyni sem er þekktur skólamaður og kann þessi mál afar vel.

Ég tek sem sagt undir meginefni málsins og legg á það áherslu að því verði haldið til haga í skólamálaumræðu komandi mánaða.

Flm. (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég kem hér í stólinn rétt til þess að þakka fyrir þær undirtektir sem málið hefur fengið hér í hv. deild. Ég er alveg sammála því sem hæstv. menntmrh. segir hér um þær áherslur sem eru í íslensku menntakerfi, þ.e. hvort þær eru endilega réttar og hvort við þurfum ekki að taka þær til rækilegs endurmats, ekki síst þegar það er fram undan — hvort sem verður byrjað á því næsta ár eða hvort það dregst lengur, þá er alveg ljóst að það stefnir í það að skóladagur verði lengdur hjá íslenskum skólabörnum og það má ekki verða neinum tilviljunum háð hvaða fög það verða sem þá hreppa það pláss sem skapast á stundaskrá. Það verður sjálfsagt hart barist þar um hverja stund og ég efa ekki að flestir vilja ná fram sem mestri lengingu eða aukningu í sínum greinum, en það er mjög mikilvægt þess vegna að það sé búið að marka þessa stefnu áður en til þessarar lengingar kemur þannig að það verði ekki neinum tilviljunum háð hvað þar fær forgöngu.

Ég held að sú áhersla sem verið hefur á bóknámi og tækni- og raunvísindanámi í skólum sé engin tilviljun. Það var vissulega þörf á þessu. Þjóðfélagið, eins og það hefur verið, í örri breytingu, hefur þurft á fólki að halda sem ræður yfir mjög góðri tækni- og raunvísindaþekkingu og það var í rauninni athyglisvert að fylgjast með því hvernig, mér liggur við að segja geta nemenda breyttist við það að kröfur breyttust í skólakerfi. Ég hugsa að við þekkjum flest goðsögnina um stærðfræðinga, það átti að vera meðfædd gáfa eingöngu. Annaðhvort voru menn stærðfræðingar eða voru ekki stærðfræðingar. Svo brá hins vegar skyndilega við þegar allt í einu varð miklu meiri eftirspurn eftir fólki með slíka þekkingu að miklu fleiri lögðu á þessa braut og reyndust vera stærðfræðingar, hvort sem það er nú meðfædd gáfa eða ekki. Á sama máta held ég að þurfi að fara að bregðast í dag við e.t.v. of mikilli tækni- og raunhyggju. Það kann alltaf að vera þannig að það myndist einhvers konar hugmyndafræðileg slagsíða í skólakerfum og í hugmyndakerfum, en ég held að það sé fyllilega tímabært núna að reyna aðeins að milda þann tæknilega hugsunarhátt sem því miður hefur orðið e.t.v. einum of ríkjandi í okkar þjóðfélagi og er auðvitað alls ekki því einu um að kenna að skólakerfið standi þannig að málum, heldur eru náttúrlega miklu, miklu fleiri þættir sem þar grípa inn í. En þörfin fyrir breyttar áherslur og aukið vægi svokallaðra húmanískra faga í skólakerfi er mikil.

Ég held líka að við megum ekki vera of sein að bregðast við ýmsum breytingum eins og t.d. notkun fjölmiðla og því hve þeir eiga stóran þátt núna í uppeldi og mótun barna. Ég held að við megum ekki bíða of lengi með að bregðast við þessu ástandi, heldur verðum við þarna að reyna að vera svo framsýn að við sjáum, svona eins og hægt er, fyrir fram hvaða afleiðingar það muni hafa þegar í rauninni íslensk börn hafa um árabil fengið sáralítið íslenskt efni, t.d. í fjölmiðlum sem þau sitja við löngum stundum. Við megum ekki ímynda okkur að

það sé meðfætt að skyndilega, einhvern tíma þegar sjónvarpsglápinu sleppir eða þegar það minnkar, fái þau áhuga á öllu því sem íslenskt er. Þann dag sem ekki nægilega margir hafa á því áhuga hvað íslenskt er, og hvað íslensk menning, íslensk tunga, íslensk arfleifð og saga er, er þjóðfélagið allt í stórri hættu.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Mér þykir rétt að árétta stuðning við frv. Raunar kemur hann fram í því að ég er meðflm. að málinu sem mér þykir vera afar gott mál og brýnt. Það er í sjálfu sér ekki nýmæli í íslensku skólastarfi en hins vegar hefur starfsemi af þessu tagi verið nokkuð háð áhuga þeirra sem stjórna eða kenna í hverjum skóla fyrir sig, svo og fjárhagsgetu þegar á það hefur reynt. Ég hygg að unnt sé að framkvæma það sem hér er lagt til án mjög mikils tilkostnaðar og því hygg ég að hæstv. menntmrh. ætti ekki á neinn hátt að hafa af því áhyggjur að hér væri um stóran kostnaðarlið að ræða sem ekki væri leggjandi í. Ég held þvert á móti að að því leyti til sem þarf sérstakar fjárveitingar í þessu skyni sé það einmitt stuðningur við slíka viðleitni að þessar hugmyndir séu festar í löggjöfina. Hér er ekki verið að tíunda nein smáatriði eða hversu framkvæma skuli í einstökum atriðum, heldur einungis verið að styðja stefnumörkun sem raunar er fyrir löngu komin fram. Ég minnist þess að það eru mörg ár, áratugir, síðan komið var á starfsemi á vegum menntmrn. sem hét Listkynning í skólum. Það var vissulega vaxtarbroddur sem vert var að styðja við. Má svo sannarlega festa slíkt í lögum þannig að það sé öruggt að skólabörn fari ekki á mis við þann þátt lífsins sem birtist í liststarfsemi ýmiss konar og menningarstarfi utan skólanna. Þess vegna hygg ég að það sé góð hugmynd sem einmitt kom fram hér í máli hv. 1. flm., í framsöguræðu hennar og raunar í umfjöllun hennar um málið, að hér geti verið um það að ræða að börn fái aðgang að æfingum leikverka stöku sinnum. Slíkt hlýtur að vera ódýrara í framkvæmd en ýmsar aðrar leiðir. En það kemur heldur ekki í staðinn fyrir fullbúnar leiksýningar. Slík starfsemi mundi vissulega kynna börnum betur hvaða vinna og hvaða baksvið er að ýmsum þeim verkum sem unnin eru til þess að auka lífsgleði manna og auðga líf þeirra með því að veita þeim aðgang að listinni og auka skilning þeirra á því sviði.

Ég hygg með öðrum orðum að hér sé um mál að ræða sem þarf ekki að vera mjög kostnaðarsamt í framkvæmd, en hins vegar erum við hér að fjalla um þá hlið á uppeldi ungs fólks sem ég hygg að sé nauðsynleg, ekki bara í okkar þjóðfélagi, heldur í öllum þjóðfélögum og afar mikilvæg til þess að sjá heiminn í víðara ljósi en menn mundu gera ef þeir væru einungis á skólabekknum og sæju lítið þar út fyrir. Mér virðist með öðrum orðum vera hér um sjálfsagt mál að ræða og mig furðar næstum á því hve umræðurnar leiða í ljós að menn séu þenkjandi yfir því sem hér er lagt til. Frumvarpið er einungis um það að festa í lögin það sem við höfum séð oft í framkvæmd þó í of litlum mæli hafi verið. Við viljum auka þessa starfsemi og gera hana fjölbreyttari eftir því sem föng eru á í hverjum skóla.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Greiðslur úr ríkissjóði umfram heimildir, 1. umr.

Frv. GHH og PJ, 322. mál. — Þskj. 583.

Flm. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það er að vísu heldur hvimleitt að þurfa að mæla hér fyrir máli í hálftómum þingsalnum þegar orðið er áliðið á aukaþingdegi eins og nú er. En hvað um það. Ég mæli hér fyrir frv. sem við Pálmi Jónsson, hv. 2. þm. Norðurl. v., höfum flutt um meðferð greiðslna úr ríkissjóði umfram fjárlagaheimildir.

Frv. er flutt í þeim tilgangi að setja í lög almennar reglur um meðferð slíkra greiðslna þegar þær þola ekki bið eftir nýjum fjárlögum. Engar slíkar reglur eru nú í gildi og hvergi að finna í lögum beina heimild til greiðslna úr ríkissjóði umfram fjárlög. Í stjórnarskrá lýðveldisins er hins vegar gert ráð fyrir því að Alþingi samþykki fjáraukalög fyrir hvert fjárlagaár eftir á vegna greiðslna umfram fjárlög það árið. M.a. segir í 41. gr. stjórnarskrárinnar að ekkert gjald megi greiða af hendi úr ríkissjóði nema til þess sé heimild í fjárlögum eða fjáraukalögum.

Því er ljóst að gert er ráð fyrir því í stjórnarskránni að nauðsynlegt kunni að vera að inna af hendi greiðslur umfram fjárlög enda komi til atbeini Alþingis eftir á, enda var það væntanlega ljóst þeim sem stjórnarskrána sömdu, eins og það er mönnum ljóst á okkar dögum, að ógerlegt er að gera svo nákvæmar áætlanir um tekjur og gjöld ríkissjóðs að aldrei geti neinu skeikað og því er nauðsynlegt að fyrir hendi sé ákveðið svigrúm til að mæta breyttum aðstæðum.

Á undanförnum árum hafa við og við orðið nokkrar umræður í þjóðfélaginu og á Alþingi um hið svokallaða aukafjárveitingavald fjmrh., þ.e. heimildir ráðherra til að leyfa greiðslur úr ríkissjóði umfram það sem kveðið er á um í fjárlögum. Slíkar umræður hafa venjulega orðið þegar einhver einstök slík ráðstöfun hefur þótt sérstaklega gagnrýni verð eða óeðlileg af einhverjum ástæðum, en ég vil taka það fram að frv. sem ég mæli hér fyrir er ekki tilkomið vegna einhverra einstakra slíkra dæma. Frv. er flutt vegna þess að fyrir hendi er almenn nauðsyn á því að setja eðlilegar reglur um þessi mál, auka áhrif fjárveitingavaldsins, þ.e. Alþingis, á greiðslur úr ríkissjóði á fjárlagaárinu og draga þar með úr því valdi sem einn einstaklingur, fjmrh. á hverjum tíma, hefur haft til að heimila greiðslur úr ríkissjóði upp á sitt eindæmi.

Það er jafnframt augljóst mál að það er ávinningur að því fyrir fjmrh. á hverjum tíma og starfsmenn hans í fjmrn. að hafa ákveðnar reglur til að fara eftir varðandi þessi mál, hafa reglur til að fara eftir um meðferð og afgreiðslu erinda af þessu tagi. Ég tel

raunar líklegt að það eitt að setja skýrar reglur um meðferð aukafjárveitinga muni draga úr ásókn í slík framlög umfram fjárlagaheimildir. Ég hygg að vinnulag eins og það sem hér hefur tíðkast um áratugaskeið varðandi greiðslur umfram fjárlög og vald fjmrh. í því efni þekkist hvergi í ríkjum sem Íslendingar vilja bera sig saman við. Raunar er mjög margt fleira sem snertir meðferð hinna opinberu fjármála sem úrelt er orðið og lít ég svo á að það málefni sem þetta frv. fjallar um sé aðeins einn liður umbóta á þessu sviði sem sumpart eru þegar hafnar og komnar til framkvæmda en sumpart bíða enn.

Sumar þær breytingar sem nauðsynlegt er að gera kalla hins vegar á breytingar á stjórnarskránni, en ákvæði hennar um meðferð opinberra fjármála, endurskoðun þeirra, fjáraukalög og fleira eru mörg hver löngu úrelt orðin. Nægir í því sambandi að nefna dæmi sem þingmenn þekkja vel og lýtur að því að ríkisreikningur skuli ekki ganga til sömu þingnefndar og fjárlög og fjáraukalög. Sú sjálfsagða breyting getur ekki komið til framkvæmda nema stjórnarskránni verði breytt.

Ég tel að flestir hv. alþm. séu sammála okkur flm. þessa frv. um nauðsyn þess að um meðferð svokallaðra aukafjárveitinga verði sett lög er auki aðild Alþingis að afgreiðslu slíkra fjárveitinga. Og það er auðvitað ekkert nýtt að þessi mál séu rædd hér á hv. Alþingi þótt frv. sem þetta hafi ekki áður verið flutt að því er best er vitað. Þannig rifjaði hæstv. þáv. fjmrh. Albert Guðmundsson það upp í fjárlagaræðu sinni fyrir árið 1984 að á árinu 1983 hafi margar ríkisstofnanir verið búnar með fjárveitingu alls ársins löngu fyrir mitt ár, enda hefðu verið ýmis dæmi þess að fjárveiting til stofnana og ráðuneyta á fjárlögum ársins 1983 hefði verið lægri en raunverulegur kostnaður var 1982 samkvæmt ríkisreikningi. Síðan sagði þáv. hæstv. fjmrh. orðrétt í umræddri fjárlagaræðu, með leyfi forseta:

„Þetta ástand hefur ekki aðeins skapað óþægindi og óvissu fyrir alla hlutaðeigandi, heldur einnig grafið undan því fjárhagslega aðhaldi sem fjárlögin eiga að veita þeim sem fjárveitingar hljóta. Útilokað hefur verið að breyta greiðsluáætlunum í alvöru í þessu skyni. Loks hefur þetta ástand leitt til þess að hjá einum manni, fjmrh., hefur safnast mikið og óeðlilegt geðþóttavald. Þetta vald birtist í aukafjárveitingum sem fjmrh. hefur vald til að heimila. Með þessu valdi er Alþingi í raun svipt hluta fjárveitingavaldsins þótt seint og um síðir sé flutt frv. til fjáraukalaga sem í raun er ekki hægt að gera breytingar á. Í þessu efni er mál til komið að sporna við fótum og takmarka þetta óþingræðislega vald."

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga fyrir árið 1982 segir einnig um þetta efni, með leyfi forseta:

„Ríkisendurskoðun telur mjög mikilvægt að fjárlög séu þannig afgreidd á Alþingi að þau sýni raunverulegan vilja Alþingis um fjárveitingar til einstakra viðfangsefna og að fjárlög séu marktæk til stjórnunar á ríkisbúskapnum. Þá telur Ríkisendurskoðun enn fremur að kveða verði fastar á um heimildir framkvæmdarvalds til ákvarðana um aukafjárveitingar en gert er nú. Ríkisendurskoðun vill benda á að lausn á þessu máli gæti verið að Alþingi tæki fjárlög til endurmats innan fjárlagaársins."

Af þessum tilvitnunum má sjá að umræða um þessi mál er síður en svo ný af nálinni. Yfirskoðunarmenn ríkisreiknings 1987, en ræðumaður er einn þeirra, víkja einnig að þessum málum í skýrslu sinni til Alþingis í desember sl. og segja m.a., með leyfi forseta:

„Að því er veitingu aukafjárveitinga varðar er ljóst að mjög skortir skýrar reglur um þau efni sem tryggi jafnt eðlileg áhrif og eftirlit fjárveitingavaldsins og svigrúm framkvæmdarvaldshafa til að mæta breyttum aðstæðum á fjárlagaárinu. Óviðunandi er fyrir Alþingi sem fjárveitingavald að unnt sé t.d. að taka ákvarðanir um nýja starfsemi á vegum hins opinbera eða um sérstök framlög úr ríkissjóði án aðildar þess eða atbeina. Rétt er þó að hafa í huga að óhjákvæmilegt er fyrir fjmrh. að hafa visst svigrúm til að mæta ófyrirséðum útgjöldum, t.d. vegna launa- og verðlagsbreytinga. Yfirskoðunarmenn telja eðlilegt og í samræmi við aðrar umbætur síðustu ára í meðferð ríkisfjármála og við endurskoðun ríkisútgjalda að Alþingi setji í lög skýrar reglur um afgreiðslu aukafjárveitinga innan fjárlagaársins."

Frv. það sem hér er mælt fyrir er í samræmi við þau sjónarmið sem hér hefur verið vitnað til. Um hitt, hvernig þessum málum er nákvæmlega fyrir komið í smáatriðum, geta e.t.v. verið skiptar skoðanir, en þeir sem hafa viljað tjá sig um þessi mál virðast sammála okkur flm. um nauðsyn skýrra reglna í þessu efni.

Í frv. því sem hér er til umræðu er tekin sú meginstefna að greina á milli greiðslna umfram fjárlög eftir því hvort um er að ræða verkefni sem eru á fjárlögum eða ekki. Í 1. gr. frv. er þannig fjallað um verkefni sem fé er veitt til á fjárlögum. Þar er kveðið á um að fjmrh. geti því aðeins heimilað greiðslu úr ríkissjóði umfram heimildir fjárlaga að skapast hafi greiðsluþörf sem ekki þoli bið en felli fyrirvaralausa greiðsluskyldu á ríkissjóð vegna lögboðins viðfangsefnis eða samnings. Heimildin er enn fremur bundin því skilyrði að beiðni um greiðslu berist frá viðkomandi fagráðherra og hann taki þar með ábyrgð á greiðslunni að sínu leyti.

Hér getur verið um að ræða greiðslur vegna breytinga í verðlags- og launamálum, samningsbundinna hækkana eða t.d. vegna dóma sem skylda ríkissjóð til ákveðinna greiðslna. T.d. má nefna að launahækkanir samkvæmt nýgerðum kjarasamningi ríkisins og BSRB mundu, að því marki sem þær kunna að leiða til greiðslna umfram fjárlög, falla undir ákvæði þessarar greinar.

Eðlilegt verður að telja að framkvæmdarvaldið geti án fyrirframsamþykkis Alþingis brugðist með þeim hætti sem greinin gerir ráð fyrir og án tafar við breyttum aðstæðum á fjárlagaárinu enda er hér um að ræða breytingar sem nauðsynlegar eru til að

standa við þau umsvif og þau áform sem Alþingi hefur ákveðið með hinum upphaflegu fjárlögum. Á grundvelli þessarar greinar væri hins vegar ekki hægt að stofna til aukinna umsvifa eða aukins framkvæmdamagns frá því sem fjárlög ákveða.

Í 2. gr. frv. er kveðið á um annars konar greiðslur umfram fjárlög sem til greina gætu komið. Þær gætu í fyrsta lagi verið til viðfangsefna á vegum ríkisins sem ekki eru á fjárlögum. Í öðru lagi styrkir til aðila sem ekki njóta framlags fyrir á fjárlögum og loks hækkanir á framlögum sem eru á fjárlögum þótt ekki sé um að ræða lögbundinn styrk eða stuðning.

Frv. gerir ráð fyrir því að beiðnir um greiðslur af þessu tagi verði að hljóta formlegt samþykki fjvn. Alþingis til að þær megi inna af hendi. Greinin hefur það m.a. í för með sér að ekki verður unnt að koma á fót nýjum stöðum eða nýrri starfsemi með aukafjárveitingu án atbeina Alþingis. Ekki verður heldur hægt að veita styrki eða framlög með aukafjárveitingum án atbeina þingsins eða hækka styrki eða framlög til þeirra sem slíks njóta fyrir á fjárlögum.

Ég vil leyfa mér að nefna aftur nýgerða kjarasamninga ríkisins og BSRB í þessu sambandi. Þær hækkanir á niðurgreiðslum sem ríkisstjórnin virðist hafa samið um við BSRB í tengslum við þennan samning mundu falla undir 2. gr. frv. og koma til kasta fjvn. Alþingis áður en af þeim gæti orðið. Sama er að segja um það sérstaka 15 millj. kr. framlag sem fjmrh. hefur lofað að verja til landgræðslu og skógræktar í því skyni að efla sumaratvinnu skólafólks. Þar er um að ræða fyrirheit sem samkvæmt frv. væri ekki hægt að standa við nema með þeim atbeina fjvn. Alþingis sem 2. gr. frv. gerir ráð fyrir.

Flm. þykir eðlilegt að fela fjvn. Alþingis þetta vald, enda fjallar nefndin um fjárlög ríkisins og undirbúning þeirra hér á Alþingi. Gera má ráð fyrir að sú tilhögun sem frv. gerir ráð fyrir kalli á nokkrar breytingar á störfum nefndarinnar því hún yrði að koma saman til formlegra funda til að afgreiða beiðni samkvæmt 2. gr. frv. Breytt starfstilhögun nefndarinnar vegna þessa og hugsanlegir fundir hennar utan þingtímans, t.d. að sumarlagi, er þó ekki áhorfsmál að mati flm.

Rétt er að taka það skýrt fram að þótt fjvn. fengi þetta vald í hendur sem frv. gerir ráð fyrir hefði Alþingi sjálft auðvitað síðasta orðið og þyrfti eftir sem áður að samþykkja fjáraukalög vegna allra greiðslna umfram fjárlög ársins. Í öðru frv. flm. er einmitt gert ráð fyrir því að gera það að lagaskyldu að þingið fái frumvörp til fjáraukalaga og ríkisreikning mun fyrr til meðferðar en verið hefur og skylt verði að leggja þessi mál árlega fyrir Alþingi, frv. til fjáraukalaga á vorþingi og ríkisreikning svo skjótt sem verða má, ekki síðar en á haustþingi eftir fjárlagaárið.

Því má raunar bæta við að ég teldi það eðlileg framtíðarvinnubrögð í þessu efni að Alþingi tæki fjárlög ríkisins fyrir tvívegis á hverju ári, í fyrra skiptið við setningu þeirra fyrir áramót en í síðara skiptið fyrir þinglok á vorin. Mundi þá tekið tillit til allra breytinga sem orðið hefðu á forsendum og aðstæðum. Þessi háttur er víða hafður á í nálægum löndum og vil ég í þessu sambandi einnig benda á þá tilvitnun frá Ríkisendurskoðun vegna fjárlaga ársins 1982 sem ég nefndi hér að framan.

Í 3. gr. frv. er tekið fram að varði fjárþörf umfram fjárlagaheimildir atriði sem lög nr. 97/1974 taka til skuli um þau útgjöld fara samkvæmt ákvæðum þeirra laga. Hér er um að ræða lög um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismála ríkisstofnana og er eðlilegt að ákvæði þeirra standi óbreytt. Rétt er í þessu sambandi að vekja einnig athygli á því að frv. mun ekki, verði það að lögum, raska þeim ákvæðum í fjárlögum hverju sinni er veita fjmrh. heimild til að breyta tekju- og gjaldaliðum verði samþykkt ný lög frá Alþingi er hafi í för með sér útgjöld úr ríkissjóði.

Í 4. gr. frv. er fjmrh. lögð á herðar sú skylda að leggja þegar í upphafi árs fram á Alþingi skýrslu um greiðslur sem heimilaðar hafa verið samkvæmt ákvæðum þess á árinu næst á undan. Verður að telja þetta eðlilega kvöð.

Herra forseti. Ég hef nú gert grein fyrir efnisatriðum frv. og þeim meginsjónarmiðum sem liggja að baki framlagningu þess. Ég tel víst að langflestir þm. sem hafa hugleitt eða kynnt sér þessi mál séu sammála meginefni þess og ég leyfi mér að vona að frv. fái velviljaða meðferð í hv. fjh.- og viðskn. enda hefur formaður nefndarinnar, hv. 1. þm. Norðurl. v., bent á nauðsyn umbóta í þessu efni í þeim drögum að nýjum þingskapalögum sem hann hefur kynnt þingheimi samhliða frv. sínu til stjórnskipunarlaga. Ég tel að vísu ekki rétt að setja ákvæði um þetta efni í þingskapalög, heldur tel ég eðlilegra að um þetta efni séu sett sérstök lög eins og hér er gerð tillaga um þar sem nákvæmlega er kveðið á um meðferð þessara mála. Vænti ég að nefndin kanni það vel og vandlega.

Ég vil að lokum leyfa mér, herra forseti, að leggja til að máli þessu verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir er hægt að skoða út frá tveimur sjónarhornum. Annars vegar út frá þeim venjum sem verið hafa í íslensku samfélagi og vissulega má segja að ef horft er á það út frá þeim venjum þá væri það lagabót. Hins vegar ber einnig að skoða frv. út frá stjórnarskránni sjálfri og þeim ákvæðum sem þar er að finna. Þetta frv., þó samþykkt yrði, hlyti að sitja uppi með þá kvöð eins og öll önnur lagafrv. Alþingis að mega ekki brjóta í bága við stjórnarskrána. Ef það gerir svo er sú venja í þessu landi og velflestum lýðræðislöndum að dómstólar eiga að skera úr um hvort lögin séu í samræmi við stjórnarskrána. Vissulega eru til lönd þar sem þessu er á annan veg farið eins og t.d. Frakkland þar sem þingið sjálft viðheldur þeirri venju að ef það samþykkir ekki einhvern hlut þá sé það sjálfkrafa túlkun þeirra á stjórnarskránni.

Ég verð að segja eins og er að hér eru greinar sem

vekja hjá manni þá spurningu hvort íslenska þingið eigi að fá minni völd en breska þingið fékk árið 1837. Með leyfi forseta, þá tel ég þetta mál svo stórt að það verði ekki undan því komist að vitna í stjórnskipunarlög og í þessu tilfelli ætla ég að vitna í Stjórnskipun Íslands, annan hluta, eftir Ólaf heitinn Jóhannesson. Svo segir á bls. 302, með leyfi forseta:

„Fjárforráð þinganna í núverandi mynd sinni eiga upptök sín í Englandi. Þar hélt þingið því fram, eins og raunar víðar, að konungur gæti ekki lagt á skatta án samþykkis þess. Varð konungur að beygja sig fyrir þessum skilningi og viðurkenna hann, fyrst 1628 að því er varðaði beina skatta, og 1689 um skatta almennt. Síðar fékk þingið einnig smám saman viðurkennt, að það ætti ákvörðunarvald um útgjöld ríkisins, og má segja að við valdatöku Viktoríu drottningar árið 1837 hafi þingið að fullu fengið fjárveitingarvaldið í sínar hendur."

Ef við tækjum nú upp á því að samþykkja það frv. sem hér liggur fyrir blasir það við að við værum komnir með rétt íslenska þingsins aftur fyrir þetta tímabil. Með leyfi forseta ætla ég að lesa hér örlítið áfram:

„Í 14. gr. frönsku réttindayfirlýsingarinnar frá 1789 var því lýst yfir, að borgararnir ættu rétt til þess, annaðhvort sjálfir eða með kjörnum fulltrúum, að ákveða hverjir skattar væru nauðsynlegir, og skyldu eiga rétt á að fylgjast með notkun skattanna, að ákvarða um hæð þeirra, innheimtu og hversu lengi skattlagningarheimild skyldi gilda. Í stjórnarskránni frá 3. sept. 1791 var kveðið skýrt á um ákvörðunarvald löggjafans um tekjur og gjöld ríkisins. Skattarnir skyldu og ákveðnir af löggjafarþinginu fyrir eitt ár í senn, og ráðherrarnir áttu í byrjun þings ár hvert að leggja fram áætlun um útgjöld ríkisins. Svipuð fyrirmæli voru tekin upp í síðari stjórnarskrár í Frakklandi, þó að ekki væri þeim alltaf stranglega fylgt í framkvæmd framan af.

Flestar Evrópuþjóðir fylgdu síðan fordæmi Frakka og tóku upp í stjórnarskrár sínar ákvæði um fjárstjórnarvald þjóðþinganna. Slík fjárlagaákvæði voru t.d. tekin upp í stjórnarskrá Belgíu frá 1831, en þau urðu aftur aðalfyrirmynd ákvæðanna í dönsku grundvallarlögunum 1849. Fjárlagaákvæði íslenzku stjórnarskrárinnar frá 1874 voru síðan aðallega sniðin eftir hinum endurskoðuðu grundvallarlögum frá 1866.

Aðalreglan er nú sú, að löggjafarþingin verði fyrirfram að gefa samþykki sitt til tekjuöflunar og útgjalda ríkisins."

Það sem fyrst og fremst er tekist á um er það hvort fjárlagafrv. er frv. sem áætlar tekjur og ákveður útgjöld eða hvort fjárlagafrv. er frv. sem áætlar tekjur og áætlar útgjöld. Það er því rétt að hafa það alveg á hreinu hvað sagt er í stjórnskipunarlögum, þeirri sömu bók, um þetta atriði. Ég vil með leyfi forseta lesa upp úr þeim af bls. 310:

„Um skýringu fjárlaga fer yfirleitt eftir almennum lögskýringarreglum. Þó verður að hafa í huga séreðli fjárlaga. Flestir tekjuliðir og margir útgjaldaliðir eru áætlunarupphæðir. Fjárhæð flestra tekjugreina fer mjög eftir árferði og öðrum ófyrirsjáanlegum atvikum."

Ef við flettum svo á bls. 309 er einnig rétt að fá alveg á hreint hvað verið er að tala um:

„Fjárlögum á að halda hreinum. Þar á því ekki að setja reglur, sem heima eiga í lögum, enda þótt með þeim sé í engu hreyft við eldri löggjöf. Þar eiga aðeins að vera tekjuáætlanir og útgjaldaheimildir." — Tekjuáætlanir og útgjaldaheimildir.

Það er þá rétt að kanna, með leyfi forseta, hvað stjórnarskráin segir nákvæmlega um þetta atriði. Ég vil lesa upp 41. gr., með leyfi forseta:

„Ekkert gjald má greiða af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum."

Textinn er svo stuttur, textinn er svo skýr að hvert einasta mannsbarn með eðlilega greind hlýtur að skilja við hvað er átt. Það má ekkert greiða úr ríkissjóði nema það sé samþykkt í fjárlögunum fyrir því eða að búið sé að gefa út fjáraukalög sem samþykki greiðsluna. (**Gripið fram í:** Fyrir fram?) Fyrir fram.

Þá ætla ég, með leyfi forseta, til að undirstrika þetta alveg sérstaklega, að lesa hér upp úr Stjórnskipun Íslands, öðrum hluta, eftir Ólaf heitinn Jóhannesson. Kaflinn fjallar um fjáraukalög og á bls. 313 segir:

„Fjárlög eru samin áður — og stundum löngu áður — en fjárhagstímabilið hefst. Er því ómögulegt að áætla fjárhæðir þeirra svo nákvæmlega, að engu skeiki. Óhjákvæmilegt getur því verið að fara fram úr fjárveitingum fjárlaga. Auk þess getur brýn nauðsyn orðið á útgjöldum, sem ekki hafa verið séð fyrir, er fjárlög voru samin og því eigi ráðgerð þar. Til að bæta úr þessu heimilar 42. gr. stjórnarskrárinnar svokölluð fjáraukalög, sem að réttu lagi hefðu átt að heita aukafjárlög. Ætlun stjórnarskrárgjafans hefur uggglaust verið sú, að heimildar til fjárveitingar væri aflað fyrirfram hverju sinni, annaðhvort í fjárlögum eða fjáraukalögum. Framkvæmdin hefur þó orðið nokkuð önnur. Fjáraukalög eru jafnan samþykkt eftir á, og eru teknar upp í þau þær fjárveitingar, sem stjórnin hefur innt af hendi á liðnu fjárhagstímabili umfram fjárlagaheimild eða án heimildar í fjárlögum. Hefur þannig myndazt sú venja, að heimild eftir á fyrir fjárveitingum væri nægileg, og oftlega eru þá af hendi inntar fjárgreiðslur umfram það, sem leyft er í fjárlögum, stundum í samráði við fjárveitinganefnd, en einnig oft án samráðs í því trausti, að Alþingi samþykki fjárveitinguna eftir á í fjáraukalögum. Framlagning fjáraukalagafrumvarps eftir á, er oftast í reyndinni aðeins skýrslugjöf um fjárgreiðslur úr ríkissjóði, en samþykkt fjáraukalaganna felur auðvitað í sér syndakvittun ríkisstjórninni til handa."

Og hverjir þurfa syndakvittun, herra forseti? Þeir einir sem brotið hafa af sér. Liggur það ekki ljóst fyrir? Þeir einir þurfa syndakvittun sem brotið hafa af sér. Það fer ekkert á milli mála að þó að hann geri hér skilmerkilega grein fyrir því hvernig framkvæmdarvaldið ár eftir ár hefur brotið stjórnarskrána þá er honum fullkomlega ljóst að um klárt stjórnarskrárbrot er að ræða og ríkisstjórnin þarf syndakvittun.

Þingið hefur látið beygja sig ár eftir ár og samþykkt hvaða greiðslu sem fjmrh. hefur dottið í hug að inna af hendi. Þetta er því miður skuggaleg staðreynd.

Þá komum við að þeim lið sem verður einnig að athuga sem er það merkilega að samkvæmt venju getur það gerst að svo oft sé hægt að brjóta lög að lögbrotið verði að lögum, herra forseti. Það er merkileg staðreynd að þannig geta hlutirnir gerst. En með leyfi forseta vildi ég enn lesa upp úr Stjórnskipun Íslands, fyrri hluta, bls. 116:

„Eins og áður er sagt, er hugsanlegt, að efni stjórnarskrárákvæðis breytist eitthvað fyrir venju. Eigi er heldur útilokað, að viðauki við efni stjórnarskrár helgist af venju, og að hann fái með þeim hætti gildi sem stjórnskipunarlög. Hafa dæmi þessa verið nefnd hér að framan, sbr. t.d. þingræðisregluna. Augljóst er, að hér verður að gera sérstaklega strangar kröfur til venjunnar, bæði til aldurs hennar, festu og efnis. Það hljóta því að verða algerar undantekningar, að raunverulegar stjórnarskrárbreytingar eigi sér stað af þessum sökum. En það er sem sagt ekki útilokað, og verður því að hafa þann möguleika í huga, þegar rætt er um stjórnarskrárbreytingar. Auðvitað getur ágreiningur risið um það, hvort venja hafi breytt stjórnarskrárákvæði. Er það hlutverk dómstóla að skera úr þeim ágreiningi, ef málið kemur til þeirra kasta."

Hér er ekki neinn millivegur til. Ef framkvæmdarvaldið fæst ekki af frjálsum og fúsum vilja til að virða stjórnarskrána í þessum efnum er um ekkert annað að ræða hjá óbreyttum þingmanni en að láta reyna á það fyrir Hæstarétti Íslands hvort stjórnarskráin er í gildi eða hvort venjur hafa breytt henni. Það væri alveg makalaust ef aðalbaráttumál þinganna við framkvæmdarvaldið frá elstu tíð hefði breyst hér í þessu landi vegna sinnuleysis þingsins. Enn er framkvæmdarvaldið ekki öruggara með sig en svo að það lætur samþykkja þessar aukafjárveitingar eftir á. Kannski endar það með því að þeir telja að þess þurfi ekki heldur með, það sé hægt að koma þeirri venju á.

Við vorum nú að glíma við að samþykkja ríkisreikning frá 1979. Það má vera að hann sé ekki enn samþykktur, að hann sé enn í nefndinni. Kannski hafa menn hugsað sér að koma þeirri reglu á og breyta stjórnarskránni þannig að það þurfi ekkert að samþykkja þennan blessaðan ríkisreikning. Mér er það ljóst að auðvitað getur þurft að breyta fjárlögum. Það er hárrétt hjá flutningsmönnum frv. að það getur þurft að breyta fjárlögum en það er ekkert sem bannar að gefa megi út tvenn fjáraukalög, þrenn eða fern eða fimm fjáraukalög. Það er hægt að gefa þau út sem bráðabirgðalög en þetta er köld ákvörðun um að áður en framkvæmdarvaldið greiðir þá skuli vera búið að birta lögin. Haldið þið að sumt af því sem í dag liggur fyrir sem aukafjárveitingagreiðslur hefði farið í gegnum Alþingi hefði þurft að afla samþykkis fyrir fram? Ég segi nei. Svo mikla virðingu ber ég fyrir þessu þingi og þeim sem hér eru að það er alveg öruggt að margt sem þar hefur farið í gegn hefði aldrei verið samþykkt af þinginu. Hitt er svo allt annað mál að þegar menn eru komnir í þá stöðu hvort dæma eigi menn fyrir landsdómi eða samþykkja hlutina eftir á, veita þeim syndaaflausn, þá verða menn mildir. Þá er eins og mönnum finnist að það sé alveg voðalegt að fara að gera ráðherranum þetta.

Það vil ég hafa alveg á hreinu að mín harka í þessu máli stafar ekki af því að ég treysti þeim ráðherra sem nú fer með þessi mál verr en öðrum. Kannski treysti ég honum betur til þess að sitja á kassanum en mörgum öðrum. En eigum við að koma íslenskum ráðherrum í þá stöðu að blekið sé ekki þornað af fjárlagafrv. þegar hver sendinefndin eftir aðra er komin niður í fjmrn. til að biðja um aukafjárveitingu? (**Fjmrh.**: Oft á dag.) Allt kunningjaliðið frá vinkonunum í kvenfélaginu og félagarnir í nánustu félögum, hvort sem það eru Oddfellowar, frímúrarar, hestamenn eða aðrir, eru mættir. Hringingar á nóttunni byrja að dynja yfir hann. Ætlar hann virkilega ekki að veita aukafjárveitingu fyrir þessu eða hinu? Svo þegar fer að nálgast kosningar og Jón Jónsson þingmaður af þessu svæði kemur til ráðherra og segir: Heyrðu, vinur minn, það er pottþétt að ég fell fái ég ekki fjárveitingu til þess að koma þessu í höfn fyrir kosningar. — Er þetta staðan sem menn vilja að fjmrh. sé staddur í? Eða vilja menn að það endurtaki sig aftur sem gerðist 1987 þegar fjmrh. Íslands, formaður Sjálfstfl., var settur í þá erfiðu stöðu að eiga að semja við opinbera starfsmenn undir þeim þrýstingi að hann væri óvinur þeirra og óvinur launþega ef hann ekki skrifaði upp á kjarasamningana? Hvað gerist? Auðvitað gaf hann eftir. Auðvitað gaf hann eftir með þeim afleiðingum að verðbólgan fór á fljúgandi ferð. Hefði ekki verið betri staða fyrir hann að geta sagt: Þið sjáið það svart á hvítu, ég hef ekki heimildir til að skrifa undir þetta samkvæmt fjárlögunum, þetta verður að fara fyrir Alþingi Íslendinga því ef þessir samningar eru samþykktir þýðir það að segja verður upp stórum hluta af ríkisstarfsmönnum vegna þess að það er ekki hægt að greiða þeim laun út árið? Hvor staðan hefði verið betri? Menn verða að gera það upp við sig að það er ekki bara til góða fyrir fjmrh. að hafa þetta vald. Það er líka mesti dragbíturinn á hann og líklegra til þess en allt annað að verða þess valdandi að halli verði á fjárlögunum.

Ég vil segja það hér og nú að ég er sannfærður um að það verður aldrei vit í fjármálastjórn í þessu landi fyrr en við virðum þetta stjórnarskrárákvæði og fjmrh. getur sagt við þessar sendinefndir: Ég hef ekki þetta vald. Ég hef vald til að gefa út fjáraukalög, leggja þau fyrir þingið eða fyrir ríkisstjórn og gefa út sem bráðabirgðalög. Ég mun meta það þar hvort ég tel rétt að taka þessa beiðni inn eða ekki. Hérna erum við að tala um kjarna málsins. Og hver er svo staðan? Hvað var talað um seinustu fjárlög? Hvað var talað um? Var talað um að það ætti að afgreiða þau með 8 milljarða halla þegar menn töluðu fyrir því hér í þinginu? Snerist umræðan um það? Nei. Umræðan snerist ekki um það. Það var talað um hallalaus fjárlög, ef ég man rétt, af þáv. fjmrh. Jóni Baldvini Hannibalssyni.

En hvað gerist? Hefði Alþingi staðið frammi fyrir því að það ætti að samþykkja fjárlög með 8 milljarða halla hefði það framkvæmt slíka samþykkt? Eða hefðu menn þá fengist til að gera sér grein fyrir því að það yrði þá að leggja á skatta í samræmi við þetta, ef útgjöldin voru svona brýn? Auðvitað hefði Alþingi Íslendinga aldrei látið sér detta í hug að samþykkja hér fjárlög með 8 milljarða halla. Menn hefðu gert það upp við sig annaðhvort að skera niður eða hækka skattana. Og það er náttúrlega sú krafa sem verður að gera til fjmrh., að þeir hafi karlmennsku til þess að óska eftir því við þingið að það séu lagðir á skattar í samræmi við þau útgjöld sem þeir leggja til. En það er ákaflega auðveld aðferð að leggja fyrir þingið snarvitlaus fjárlög, hugmyndir um allt of litla tekjustofna, og moka svo bara út aukafjárveitingum og ætla að láta framtíðina borga, láta framtíðina borga.

Ég segi það enn og aftur. Ég hef ekki nokkra trú á því að hægt sé að koma á eðlilegri hagstjórn í þessu landi nema þessu verði breytt. Og ég verð að segja það eins og er að fyrst þegar ég hóf umræður um þetta í mínum þingflokki, þá fannst mér eins og ráðherrarnir teldu að þetta væri persónuleg aðför að þeim, ef ætti að fara að virða stjórnarskrána. Það væri alveg voðaleg frekja að fara fram á þetta. Það lá við að menn lýstu því yfir að þeir væru þá bara hættir. Ég veit ekki hvort þeir hefðu hætt í pólitík. En það er nú svo að það er sagt að einu sinni hafi í þeim þingflokki komið yfirlýsing frá Eysteini Jónssyni á þann veg að hann væri bara hættur sem fjmrh. ef þingflokkurinn samþykkti einhvern ákveðinn hlut. Og þá hafi Jónas spurt: Pöhö, má þá treysta því? Og ég segi nú bara alveg eins og er: Ef ráðherrar landsins telja það slíka aðför að sér að þeir vilji bara hætta ef eigi að fara að virða stjórnarskrána spyr ég eins og Jónas: Má þá treysta því?

Málmfríður Sigurðardóttir:

Herra forseti. Við höfum nú hlustað hér á lærða og langa ræðu og maður verður eiginlega feiminn við að fara upp í ræðustól þegar erindið er einungis að segja bara ósköp hversdagslega að maður sé þessu máli heldur hlynntur því að mér skilst helst að hv. 2. þm. Vestf. telji mál þetta stjórnarskrárbrot og þá setur að manni hroll. Ætlar maður að styðja mál sem er brot á stjórnarskránni?

En ég ber nú það traust til hv. 17. þm. Reykv. að ég álít að hann hafi rannsakað áður en hann lagði frv. fram, að það stangaðist ekki á við stjórnarskrána. Hins vegar skildist mér það líka á hv. 2. þm. Vestf. að það væri eiginlga hægt að teygja og toga stjórnarskrána býsna mikið til. Það væri hægt jafnvel að láta hefðir gilda og venjur um ýmis atriði hennar og þá fer nú að syrta í álinn ef ekki er einu sinni hægt að treysta stjórnarskránni.

Frv. sem liggur hér frammi er fyrst og fremst til að þrengja þann ramma sem útgjöldum ríkisins er settur því að eins og við vitum hafa undanfarin ár verið ýmsar aukagreiðslur úr ríkissjóði sem ekki hafa verið heimildir fyrir í fjárlögum. Það er síður en svo að það sé heppilegt þó að það sé vitanlega oft og tíðum óhjákvæmilegt. Og mér sýnist þetta í rauninni hið þarfasta mál, ekki síst vegna þeirrar umræðu sem hefur verið hér í vetur um aukafjárveitingar og framúrkeyrslu á fjárlögum sem á síðustu árum hefur verið með þeim hætti að fólki hefur ekki aðeins verið nóg boðið, því hefur verið ofboðið.

Greinargerðin sem þessu frv. fylgir segir í rauninni allt sem um það þarf að segja og ég þarf ekki að draga það frekar fram. Markmiðið er að setja skýrar reglur um vald fjmrh. til að veita aukafjárveitingar og binda í lög reglur um það hvernig skuli standa að því að heimila óhjákvæmilegar greiðslur úr ríkissjóði umfram gildandi fjárlög þegar greiðslur þola ekki bið eftir nýjum fjárlögum. Sú staða getur oft komið upp og hefur oft komið upp. Og það þarf ekki að rekja það frekar hvaða ástæður geta verið fyrir því því það er öllum kunnugt. Það er deginum ljósara að það er brýn þörf að um þessi mál gildi skýrar og ákveðnar reglur og ótvíræðar sem hindra ótímabæran fjáraustur og óráðsíu því að æðstu ráðamenn þjóðarinnar eiga ekki að þurfa að komast í þá aðstöðu að þeir séu gagnrýndir fyrir slíka hluti.

Mér virðist að með frv. hafi tekist að ná fram skýrum ramma um það mál sem það tekur til. Þó virðist mér að í 2. gr. hefði ef til vill verið ástæða til að hafa ákvæði um að samþykkis Alþingis yrði að leita ef upp kemur beiðni um umframgreiðslu á þeim tíma sem þingið situr því að ég felli mig ekki við það, ef á að þrengja þessar reglur, að það sé gengið fram hjá Alþingi þegar unnt væri að ná e.t.v. samþykki þess. Hins vegar finnst mér það mjög eðlilegt að fjvn. hafi það með höndum að ákveða það hvernig skuli farið með þessar greiðslur. Og varðandi þá meginstefnu frv. að greina milli greiðslna umfram fjárlög eftir því hvort um er að ræða verkefni sem er á fjárlögum eða ekki sýnist mér að í lagatextanum hafi tekist að setja þessar reglur og það muni þá ekki vera svo mjög torvelt fyrir framkvæmdarvaldið að fara eftir þeim. Það hefur frá upphafi verið skoðun Kvennalistans að við meðferð sameiginlegra fjármuna okkar allra eigi að gæta hagsýni og ráðdeildar og frv. er vissulega skref í þá átt að svo megi takast. Og ég held að ég megi lýsa því yfir hér að þetta frv. styðjum við þó að við höfum kannski eitthvað að athuga við einstakar greinar þess.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég fagna frv. sem hér er fram komið og þeirri umræðu sem hefur orðið um það vegna þess að ég tel að við séum hér að fjalla um grundvallaratriði sem varðar það hvort á að reka þá stefnu að viðhalda jafnvægi og hvort það er hlutverk stjórnvalda að viðhalda jafnvægi eða eyða og eyða eins og gert hefur verið án þess að reyna í alvöru að viðhalda jafnvægi.

Það hefur komið fram hér að stjórnarskráin setur Alþingi ákveðnar starfsreglur og það fer ekkert á milli mála í 41. gr. að ekkert gjald má greiða af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalög-

um. Alþingi hefur samþykkt fjárlög undanfarin ár og það hefur verið farið fram úr þeim fjárlögum. Mér var því spurn þegar ég byrjaði hér sl. haust hvar heimildir væru fyrir aukafjárveitingum undanfarin ár. Ég fékk hvergi svör, en stuttu síðar voru lögð hér fram frumvörp um aukafjárlög fyrir öll árin, alla leið aftur til 1979 ef undan er skilið árið 1980. Ég verð að segja það alveg eins og er að mér var talsvert brugðið.

Það stoðar kannski ekki mikið að vera að gagnrýna það sem liðið er. Spurning dagsins er þessi: Á að breyta um vinnubrögð? Og þetta fram komna frv. sem hér er lagt fram miðar að því að taka upp nýjar starfsreglur og ég fagna því. Enn fremur hefur nýlega verið lögð fram hér í Alþingi skýrsla Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga árið 1988 og þar kemur fram að gjöld umfram tekjur á sl. ári hafi numið 7,2 milljörðum kr. og greiðsluafkoma ríkissjóðs hafi verið neikvæð um 4,2 milljarða. Enn fremur kemur fram að fjölgun reiknaðra stöðugilda á A-hluta ríkissjóðs á árinu 1988 hafi numið um 280 stöðugildum umfram það sem fjárlög gera ráð fyrir. Ég verð að segja það að svona vinnubrögð í stjórnun hjá framkvæmdarvaldinu geta náttúrlega ekki gengið. Löggjafarvaldið verður bara að koma til skjalanna og knýja á um að unnið verði með markvissari hætti að eftirliti með framkvæmd fjárlaga.

Við vitum það öll að það er langt síðan íslenska bankakerfið tók upp þann góða sið, og þar hefur venjulega ríkt góður agi, að gera upp á degi hverjum, en nú er svo komið að það er gert upp beint, um leið og bankaviðskipti fara fram. Ekki er ég kannski að tala um að það liggi fyrir hér á morgnana hvernig útkoma ríkissjóðs var í gær, en það væri alla vega góður áfangi ef hægt væri núna á tölvuöld að gera upp mánaðarlega og að Alþingi, svo að ekki sé talað um fjvn., fengi mánaðarlegar skýrslur um það hvernig gengi að framkvæma fjárlög og þá er í lagi að gerð væri mánaðar rekstraráætlun um starfsemi ríkissjóðs á öllum sviðum. Mörg fyrirtæki gera slíkar rekstraráætlanir og ég tel ekkert óeðlilegt að hér verði breytt um vinnubrögð og farið að gera upp mánaðarlega.

Ég minnist þess, af því að ég nefndi skýrslu Ríkisendurskoðunar hér áðan, að í september í fyrra var verið að ræða um það hvort hallinn á fjárlögum eða hagnaðurinn, ég man ekki hvort það var, yrði 600 millj. Síðan var verið að grínast með það fram undir áramót að í hvert skipti sem hæstv. fjmrh. opnaði munninn hækkaði rekstrarhalli fjárlaganna um einn milljarð og útkoman varð síðan 7–8 milljarða halli. Svona bókhald gengur bara alls ekki upp. Löggjafarvald þjóðarinnar á heimtingu og fullan rétt á því að fá að fylgjast með, svo að ekki sé talað um fjvn., að fá að fylgjast með hvernig gengur að framfylgja fjárlögunum. Það er lögð mikil vinna í fjárlög og óhemju kostnaður og þetta er efnahagsstefna viðkomandi ríkisstjórnar hver sem hún er, og löggjafanum er skylt að fylgjast með því að fjárlög séu framkvæmd, ekki í bókstaflegri merkingu, heldur í meginmarkmiði í samræmi við það sem stefnt er að.

Enn fremur vil ég að það komi fram að ég álít að það hafi brugðist undanfarin ár sem ég tel vera meginsjónarmið í sambandi við rekstur, hvort sem það er ríkissjóður eða eitthvað annað eða sveitarfélag. Það er meginhlutverk þeirra sem ábyrgð bera á þeim rekstri að viðhalda jafnvægisástandi, þ.e. að tekjur séu í samræmi við gjöld. Með því á ég við að það er hlutverk að viðhalda jafnvægisástandi þannig að jafnvægi sé milli þess sem hægt er að gera og þess sem gert er.

Þær auknu álögur og auknu skattar sem voru lagðir hér á sl. haust og fram undir áramót voru allir saman í þá átt að auka ójafnvægi, voru því mjög alvarlegs eðlis að mínu mati. Á sama tíma og það var ljóst að þorskafli dróst saman um 10% sem þýddi auðvitað minnkað framboð af fjármagni, þá voru auknir skattar og álögur á atvinnulífið þrátt fyrir allt tal um það að það væri verið að mynda hæstv. núv. ríkisstjórn til þess að bjarga atvinnuvegunum. Er nú ekki mikið sagt þó að maður segi að hægri höndin viti ekki hvað sú vinstri er að gera. Og ekki finnst mér hægt að ætla raunverulega nokkrum manni að þeir hafi vitað hvað þeir voru að gera. Ég tel því að þetta frv. sem hér er lagt fram sé í þá veru að það stefni að því að viðhalda því jafnvægi eða þeirri efnahagsstefnu sem stjórnvöld ætla sér að framfylgja og taka stefnu um að gera.

Það verður erfitt að drepa verðbólguna í landinu ef ekki verða tekin upp markvissari vinnubrögð en hingað til hafa tíðkast. Ég fagna því þessu frv. því eðlileg hagstjórn verður að taka mið af staðreyndum um það að jafnvægi verður að vera á milli þess sem menn vilja gera og þess sem hægt er að gera. Það er algjört grundvallaratriði að farið verði að vinna eftir þessum markmiðum, en ekki að hér sé skapað ójafnvægi með of miklum sköttum og of miklu ryksugi, ef það má notað það orð, ríkissjóðs á fjármagnsmörkuðum og síðan sé hrópað: frjálshyggja, frjálshyggja, vegna þess að frjálsræðið endurspeglar auðvitað ástandið sem skapað er á fjármagnsmörkuðum. Hófleg eftirspurn eftir fjármagni er því rétta leiðin til þess að lækka fjármagnskostnaðinn en ekki einhverjar ofbeldisaðgerðir með þvinguðum hætti eins og í austantjaldsríkjum.

Hæstv. forseti. Ég fagna fram komnu frv. Ég tel það vera í mjög jákvæða átt og vona að lokum að breytt verði um vinnubrögð í framtíðinni.

Flm. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. 7. þm. Norðurl. e. og hv. 5. þm. Austurl. fyrir góðar undirtektir við það frv. sem hér er til umræðu. En ég vil líka þakka hv. 2. þm. Vestf. fyrir hans framlag til þessarar umræðu þó að það hafi verið svolítið á öðrum nótum en þetta frv. gaf tilefni til að mínum dómi. Ræða hv. 2. þm. Vestf. var ein samfelld fordæming á því hvernig framkvæmd þessara mála hefur verið — ekki undanfarnar vikur eða mánuði, missiri eða ár, heldur áratugi. Og ég er þeirrar skoðunar að færi hann í það dómsmál, sem hann talaði um að þyrfti að fara í til þess að fá úr því skorið hvort aukafjárveitingar stæðust stjórnarskrá, hvort sem það væri fyrir almennum dómstóli eða fyrir landsdómi, þá mundi hann tapa því máli.

Ég hygg að sú venja sem hann gat um sjálfur í ræðu sinni í sambandi við framkvæmd þessara mála sé orðin það rík að það sé rétt, sem hann las upp úr Stjórnskipun Íslands eftir Ólaf heitinn Jóhannesson, að hún jafnist á við lagaheimild, enda hefur þingið sjálft hvað eftir annað samþykkt þessa framkvæmd meira og minna athugasemdalaust með því að samþykkja fjáraukalögin eftir á. Það sem þetta frv. hins vegar gengur út á er að takmarka þessa framkvæmd, setja um hana reglur og sporna við, setja hömlur við framkvæmd sem hefur verið hömlulaus. Ég hygg að þegar grannt er skoðað, þá stefni þetta frv. í þá átt sem hv. 2. þm. Vesturl. segir að framkvæmdin eigi að vera. Það stefnir að því að girða fyrir misnotkun á valdi sem stjórnarskráin felur Alþingi, að takmarka fjáraustur úr ríkissjóði umfram fjárlagaheimildir og að tryggja atbeina fyrst fjvn. en síðan auðvitað Alþingis sjálfs svo skjótt sem verða má að slíkum afgreiðslum.

Ég reyndar gat þess í framsöguræðu minni að ég teldi eðlilegt að koma þeirri framtíðarskipan á, þegar þingið verður í stakk búið til þess, að fjárlög verði hér tekin upp tvívegis á hverju ári þannig að á vorþingi áður en þingi er slitið komi allar nýjar fjárbeiðnir sem borist hafa frá því að fjárlög voru afgreidd um áramót til meðferðar þingsins sjálfs og hljóti þar afgreiðslu. Það er raunar í samræmi við það sem hv. þm. Málmfríður Sigurðardóttir gat um og er í samræmi við þá framkvæmd sem tíðkast víða um lönd.

Hins vegar lít ég svo á að það sé nauðsynlegt eins og sakir standa að setja nú í lög reglur um þessa framkvæmd, ekki vegna einhverra einstakra ráðstafana sem einhverjir fjármálaráðherrar fyrr eða síðar kunna að hafa gripið til heldur vegna þess að það er í samræmi við almenna þróun og umbætur í þessum málum og það ber almenna nauðsyn til þess að um þessi mál séu skýrar og alhliða reglur í lögum.

Ég las reyndar sjálfur upp þá stjórnarskrárgrein sem hv. 2. þm. Vestf. gerði að umtalsefni sem er á þá lund að ekki megi greiða af hendi fé úr ríkissjóði nema til þess sé heimild í fjárlögum eða fjáraukalögum. Vissulega er ekki með þessu frv. gert ráð fyrir því að Alþingi tapi eða missi eitthvert vald sem það hefur áður haft samkvæmt stjórnarskrá. Einmitt þvert á móti er verið að sporna við framkvæmd sem að mörgu leyti hefur verið óeðlileg og ámælisverð þó hún hafi verið látin óátalin, m.a. af Alþingi sjálfu.

Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja þetta. Á dagskrá þessa fundar er annað frv. þessu nátengt sem við sömu flm. höfum flutt og ég mun fjalla nánar um þetta þegar það kemst til umræðu. Ég sakna þess hins vegar að fjmrh. skuli ekki hafa haft aðstöðu til þess að tjá sig um þetta mál þó hann hafi verið hér í þingsalnum áðan, en það er orðið áliðið. Þessi fundur hefur staðið í rúmar fimm klukkustundir og hann er þar að auki á aukaþingdegi, á föstudegi, þannig að það er skiljanlegt að menn geti ekki dvalið hér mjög lengi fram eftir.

En ég vænti þess að þessari umræðu megi halda áfram þegar 323. mál, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, með síðari breytingum, kemst til umræðu.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég held að það sé rétt að gera grein fyrir því að í fjvn. hefur umræða farið fram um aukafjárveitingar. Þar hefur á fundi með ráðherra verið rætt um þessa hluti og sá sem hér stendur gert honum grein fyrir því að hann telji að þær séu stjórnarskrárbrot og þær beri að afnema með öllu.

Það er búið að samþykkja það í fjvn. að fá frá Háskólanum mann á fund nefndarinnar sem ætlað er að gera grein fyrir því hvort hann telji að texti stjórnarskrárinnar, eins og hann er skráður, haldi velli eða hvort búið sé að breyta þessu með hefðum. Sé búið að breyta því með hefðum, þá verður að sjálfsögðu að taka um það ákvörðun af Alþingi hvort við, eitt allra þinga, ætlum að samþykkja það að framkvæmdarvaldið fái í hendur vald sem önnur þing óumdeilanlega hafa.

Ég lít svo á að í þessum efnum verði aldrei samin nein málamiðlun. Annaðhvort er fjárveitingavaldið Alþingis eða það er framkvæmdarvaldsins. Mér er ekki ljóst hvernig Alþingi Íslendinga getur haldið eðlilegri reisn gagnvart öðrum þjóðþingum ef það ætlar að afsala sér þessu valdi. Ég ætla því ekki að fara út í efnislega umræðu um það hvort — ef sú ákvörðun væri tekin að þingið afsalaði sér þessu valdi — þá bæri að setja upp lagatexta eins og hér er lagt til. Ég vil hreinlega ekki trúa því á þessu stigi að menn telji að þessu landi, með ekki fleiri íbúum, sé óstjórnandi nema fjmrh. hafi opið tékkhefti til útskrifta eins og honum sýnist. Því að menn verða að gera sér grein fyrir því að það sem hér er heimilað, samkvæmt þessum hugmyndum sem hér liggja fyrir, eru örugglega yfir 90% af öllum aukafjárveitingum sem fjmrh. veitir í anda þess sem hér er verið að tala um. Þær eru til framkvæmda sem einhverra hluta vegna er litið svo á að ekki þoli bið, launahækkana sem samið hefur verið um eða verðbólgu.

Á fjmrh. að hafa frjálsar hendur um hvaða laun hann semur um? Og segja svo bara fimm mánuðum seinna: Þetta er samningsbundið. Ég verð að greiða þetta. Er það það sem menn eru að leggja til? Ég hreinlega trúi því ekki. Ég hreinlega trúi því ekki að mönnum detti það í hug.

Þess vegna geri ég ráð fyrir því að þegar álit Háskólans liggur fyrir, þá verði rétt að taka aftur upp þráðinn við fjmrh. í þessum efnum og þá verður líka að meta það hvort menn una stjórnarskrárbreytingu sem átt hefur sér stað samkvæmt hefðum, ef það yrði þá niðurstaðan, eða hvort menn vilja gera tilraun til að breyta stjórnarskránni í samræmi við þann texta sem er í henni. Það verður að segjast eins og er að það er dálítið óþægilegt þegar maður vinnur eið að stjórnarskránni ef maður veit ekki hvort hinn skrifaði texti hennar er hinn rétti andi eða hvort búið er að gerbreyta henni með því að brjóta hana fram til þess dags sem menn vinna eiðinn. Ég held þess vegna að það sé alveg á hreinu að það hljóti að vera mjög þröngur rammi hefða sem getur gert það að verkum að það breyti stjórnarskránni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

61. fundur, mánudaginn 17. apríl, kl. 2 miðdegis.

Minning Brynjólfs Bjarnasonar.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Brynjólfur Bjarnason, fyrrverandi alþingismaður og ráðherra, andaðist í Hróarskeldu í Danmörku í gærmorgun, 16. apríl, níræður að aldri.

Brynjólfur Bjarnason var fæddur 27. maí 1898 á Hæli í Gnúpverjahreppi. Foreldrar hans voru hjónin Bjarni, síðar bóndi á Neistastöðum, Ölvisholti og loks Eyði-Sandvík í Flóa, Stefánsson bónda í Núpstúni í Hrunamannahreppi Þórðarsonar og Guðný Guðnadóttir bónda í Forsæti í Landeyjum Magnússonar. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík vorið 1918. Haustið 1918 fór hann til náms í náttúrufræði við Kaupmannahafnarháskóla og var þar til 1923, lauk prófi í forspjallsvísindum 1919 og síðar fyrrihlutaprófi í náttúrufræði. Síðan las hann heimspeki við Berlínarháskóla 1923–1924. Hann var stundakennari við Kvennaskólann í Reykjavík 1926–1936 og við Ungmennaskólann í Reykjavík nýstofnaðan, síðan Gagnfræðaskólann í Reykjavík (Ingimarsskólann) 1928–1932. Ritstjóri Verkalýðsblaðsins var hann 1930–1935. Alþingismaður var hann 1937–1956, var þingmaður Reykvíkinga 1942–1946, en fyrr og síðar landskjörinn alþingismaður, sat á 24 þingum alls. Menntamálaráðherra var hann frá 21. október 1944 til 4. febrúar 1947. Hann var skipaður árið 1942 í milliþinganefnd um tryggingamál, kosinn 1943 í milliþinganefnd til að fjalla um launakjör alþingismanna, átti sæti í skilnaðarnefnd 1944. Í tryggingaráði var hann 1944–1946, 1952–1953 og 1956–1963, í stjórn Sjúkrasamlags Reykjavíkur 1950–1978.

Brynjólfur Bjarnason var erlendis við nám á umbrotatímum að lokinni heimsstyrjöldinni fyrri, tímum umbyltinga í þjóðfélagsmálum og lífsviðhorfum, róttækni í stjórnmálum og efnishyggju. Hann hreifst af kenningum kommúnista og skömmu eftir heimkomuna stofnaði hann með samherjum sínum Jafnaðarmannafélagið Spörtu sem var félag kommúnista innan Alþýðuflokksins. Kommúnistaflokkur Íslands var stofnaður árið 1930 og var Brynjólfur formaður hans frá upphafi til 1938 er Sameiningarflokkur alþýðu — Sósíalistaflokkurinn var stofnaður. Hann var formaður miðstjórnar þess flokks 1938–1951 og í miðstjórn flokksins og framkvæmdanefnd til 1962, formaður miðstjórnarinnar 1938–1949 og formaður framkvæmdanefndarinnar 1960–1962.

Störf Brynjólfs Bjarnasonar á Alþingi mótuðust af flokksforustu hans. Hann var einn helsti málsvari hans innan þings og utan, í ræðu og riti. Ræður hans voru hnitmiðaðar og vandaðar bæði að efni og orðfæri og skörulega fluttar. Hann var víðlesinn og fjölfróður, gerhugull og stefnufastur. Hann var ráðherra menntamála í nýsköpunarstjórninni, sem svo var kölluð, og gekkst þá meðal annars fyrir setningu nýrra víðtækra og áhrifaríkra laga um skólakerfi og fræðslumál. Hann var að eðlisfari hæglátur hugsjónamaður, stundaði útivist á öræfaferðum og sat við skriftir, ritaði framan af einkum um stjórnmál, en eftir að hann lét af þingstörfum var heimspeki aðalfræðasvið hans. Nöfn nokkurra helstu rita hans eru vísbending um viðfangsefni hans. Með storminn í fangið er safn af ritgerðum og ræðum um stjórnmál, en um heimspeki og skyld efni skulu nefnd: Gátan mikla, Vitund og verund, Á mörkum mannlegrar þekkingar, Heimur rúms og tíma. Ævistarf hans einkenndi framan af hörð barátta um þjóðfélagsmál, en síðustu áratugina heimspekileg hugsun um gátur mannlegrar tilveru.

Ég vil biðja þingheim að minnast Brynjólfs Bjarnasonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum].

Heimild til að ganga til samninga um kaup á Hótel Borg, frh. fyrri umr.

Þáltill. GHelg o.fl., 470. mál. — Þskj. 831.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv. og til fjvn. með 41 shlj. atkv.

Gjafsóknarreglur, síðari umr.

Þáltill. FÞ, 25. mál. — Þskj. 25, n. 854.

Frsm. allshn. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Hér liggur fyrir á þskj. 854 nál. um till. til þál. um gjafsóknarreglur sem er 25. mál þessa þings. Flm. þess er Friðjón Þórðarson.

Nefndin hefur rætt tillöguna á fundum sínum, en þessi tillaga er endurflutt frá síðasta þingi. Umsagnir bárust frá Sýslumannafélagi Íslands, Dómarafélagi Reykjavíkur, Dómarafélagi Íslands, Lögmannafélagi Reykjavíkur og Samtökum gjaldþrota einstaklinga. Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt tillögunnar. Fjarverandi við afgreiðslu málsins var Karl Steinar Guðnason. Aðalefni þáltill. er að auðvelda efnalitlu fólki að ná rétti sínum að lögum.

Friðjón Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég sé ástæðu til að þakka hv. allshn. fyrir afgreiðslu á þessari till. til þál. um gjafsóknarreglur. Þessi tillaga var flutt á síðasta þingi, en kom ekki til umræðu. Tillagan snertir endurskoðun á einum kafla einkamálalaganna nr. 85

1936. Þó að þau lög væru merk á sinni tíð og séu raunar enn er ekki úr vegi að líta á þessar reglur eftir rúma hálfa öld, en þær snerta að mínum dómi mikilvægan þátt þessara mála. Við vitum að allir eru jafnir fyrir lögunum, en það þarf líka að auðvelda efnalitlu fólki að ná rétti sínum að lögum. Að því lýtur þessi till. Ég ítreka þakkir mínar til hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 869).

Innflutningur á vörum á fölsuðum upprunaskírteinum, síðari umr.

Þáltill. IBA, 85. mál. — Þskj. 87, n. 855.

Frsm. allshn. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Hér liggur fyrir nál. á þskj. 855 um till. til þál. um aðgerðir til að koma í veg fyrir innflutning á vörum á fölsuðum upprunaskírteinum, en þessi tillaga var jafnframt flutt á síðasta þingi. Hana flytur Ingi Björn Albertsson.

Nefndin hefur rætt tillöguna á fundum sínum. Umsögn barst frá Sambandi ísl. samvinnufélaga. Nefndin er sammála um að afgreiða tillöguna með eftirfarandi breytingu:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er hafi það hlutverk að leita leiða til þess að koma í veg fyrir innflutning á vörum á fölsuðum upprunaskírteinum. Nefndin skili tillögum eigi síðar en 15. okt. 1989."

Karl Steinar Guðnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Aðrir nefndarmenn skrifa nafn sitt undir þetta nál.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að þakka nefndinni fyrir jákvæða og mjög vel viðunandi niðurstöðu. Jafnframt vil ég benda þingheimi á að eftir aðeins fjögurra daga tilveru hefur þingflokkur frjálslyndra hægrimanna fengið mál samþykkt hér á þingi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 855 (ný tillgr.) samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 870).

Tilhögun þingfundar.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseta láðist að geta þess í upphafi þessa fundar að að lokinni afgreiðslu 4. dagskrármáls hefjast umræður utan dagskrár sem hv. 1. þm. Suðurl. hefur óskað eftir og munu fjalla um ástandið í efnahags- og kjaramálum. Sú umræða var leyfð skv. síðari mgr. 32. gr. laga um þingsköp og því er tími ómældur.

Iðgjöld vegna bifreiðatrygginga, síðari umr.

Þáltill. SkA og MF, 112. mál. — Þskj. 115, n. 856.

Frsm. allshn. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Hér liggur fyrir nál. á þskj. 856 um till. til þál. um iðgjöld vegna bifreiðatrygginga, sem allshn. hefur rætt á fundum sínum, en þessi tillaga er enn fremur endurflutt frá síðasta þingi. Þá bárust umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Félagi ísl. bifreiðaeigenda, Neytendasamtökunum og Sjóvátryggingarfélagi Íslands. Flutningsmenn till. eru Skúli Alexandersson og Margrét Frímannsdóttir.

Nefndin er sammála um að afgreiða tillöguna með eftirfarandi breytingu:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til þess að draga úr kostnaði við bifreiðatryggingar hér á landi, þannig að tryggingaiðgjöld bifreiða verði sambærileg við það sem gerist í nágrannalöndum."

Þáltill. var mjög ítarleg og kom inn á marga þætti þeirra háu tryggingariðgjalda sem ríkja í þessu landi. Við teljum eðlilegt að endurskoða þetta í heild sinni og samþykktum þetta því svo breytt.

Fjarverandi afgreiðslu var Karl Steinar Guðnason, en aðrir nefndarmenn skrifa undir tillöguna svo breytta.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. nefnd fyrir að hafa fjallað um þessa tillögu og reyndar fært hana í nýjan búning sem að sumu leyti ætti kannski að þjóna tilgangi hennar. En ég vil leggja áherslu á nú þegar ég vænti þess að till. verða samþykkt að ríkisstjórnin taki mið af því hver tillgr. var og verði fjallað um það á nokkuð markvissan hátt hvernig háttað er með tryggingagjöld bifreiða hér á landi.

Svo vil ég líka þakka nefndinni og hv. þingi fyrir að samþykkja vonandi þessa tillögu án þess að nokkur nýr þingflokkur hafi verið stofnaður í sambandi við það.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 856 (ný tillgr.) samþ. með 35 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 871).

Um þingsköp.

Breytingar á dagskrá og skýrsla utanríkisráðherra.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég kveð mér hljóðs um þingsköp vegna þeirra upplýsinga sem fram hafa komið um breytingar á dagskránni. Eftir því sem mér skilst er búið að flytja skýrslu um utanríkismál eitthvað til, en það hefur nú verið gert trekk í trekk hingað til. Í upphafi var samkvæmt starfsáætlun Alþingis talað um að skýrslan yrði rædd 16. og 17. mars. Því var breytt fjótlega í samráði við þingflokka og átti að vera í síðustu viku. Síðan var því breytt aftur og var talað um að hún yrði í dag og á morgun. Ég var mjög hlynnt þeirri ákvörðun hæstv. forseta að hafa skýrsluna á góðum tíma í mars eins og var gert ráð fyrir samkvæmt starfsáætlun og hefði reyndar kosið að umræða um utanríkismál færi fram miklu fyrr, jafnvel í upphafi þingsins. Slíkt hefði e.t.v. komið í veg fyrir þær mörgu en nauðsynlegu umræður utan dagskrár sem hafa farið fram í vetur.

Það er alveg ljóst að skýrslu utanrrh. var skilað mjög seint. Hún barst þingflokkum sem handrit sl. miðvikudag þannig að auðvitað höfðum við frekar lítinn tíma til að kynna okkur það sem í henni stóð. Aðalatriðið í þessu máli er þó að okkur gefist tími til að ræða utanríkismál og skýrslu utanrrh. í góðu tómi og því vil ég spyrja virðulegan forseta hvernig fyrirhugað sé að standa að umræðunni, hvenær hún eigi að fara fram og í hve langan tíma. Ég legg áherslu á að það verði gert á eðlilegum starfstíma þingsins og vildi þess vegna varpa fram þessum spurningum þar sem mér er ekki alveg ljóst hvernig að þessu á að standa.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill upplýsa að gefnu tilefni og mjög svo eðlilegu tilefni að vissulega var það vilji forseta þingsins að umræða um utanríkismál færi fram samkvæmt verksáætlun þingsins, en ekki reyndist unnt að fá skýrslu um utanríkismál fyrr en rétt nýlega og svo nýlega að yfir því var kvartað að hv. þm. gæfist of stuttur tími til að kynna sér efni hennar, auk þess sem hæstv. utanrrh. er ekki viðstaddur í dag sem ekki var vitað fyrir helgi. Því hefur ekki tekist að láta þessa umræðu fara fram og ekki heldur í dag eins og til stóð vegna fjarveru m.a. hæstv. ráðherra. Nú hefur verið boðaður fundur með þingflokksformönnum kl. 4.30 í dag til að ræða þá truflun sem orðið hefur á áætlun þingsins. Eina ráðið sýnist vera að halda þessa umræðu á morgun ef þingflokksformenn geta fallist á það vegna þess að á miðvikudaginn verður hæstv. ráðherra ekki í landinu. Forsetum hefur verið nokkur vandi á höndum að fá þetta til að koma heim og saman og við hörmum það að sjálfsögðu.

Síðan bættist við að hv. 1. þm. Suðurl., formaður Sjálfstfl., óskaði eftir að fá að ræða við hæstv. forsrh. um ræðu sem hann flutti í síðustu viku og ýmislegt fleira. Við því var orðið þannig að sú umræða hefst nú þegar umræðu um þingsköp lýkur.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég þakka svör forseta. Það er gott að fá upplýst hvernig þessum málum er háttað. En ég vek athygli á því að það var gert ráð fyrir tveim dögum í umræðu um skýrslu utanrrh. á sínum tíma og ég man ekki betur en í fyrra hafi líka verið tveir dagar sem hafi farið í það. Ég ótttast, þó ég sé ekki að lýsa því yfir að það taki endilega tvo daga núna, að það verði knappur tími að gera ráð fyrir að við ljúkum umræðu á morgun um skýrslu um utanríkismál. Ég vil koma því á framfæri við þessa umræðu.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti deilir þeim áhyggjum og þeim ótta með hv. 12. þm. Reykv., en það verður að fara sem fara vill. Náist ekki að ljúka þessari umræðu á morgun verður vitaskuld að halda henni áfram á næsta þingfundi. Það er alveg ljóst. En það verður ekki hægt nk. miðvikudag og verður það því að bíða lengur.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég vil nú taka undir með hv. 12. þm. Reykv. í sambandi við ábendingar af hennar hálfu varðandi umræðu um utanríkismál og líka það, sem fram hefur komið hjá hæstv. forseta, að þetta setur þingstörfin í dálítinn vanda þegar svo stór mál eins og umræða um skýrslu utanrrh. fær ekki rúm í dagskránni eftir því sem ráð er fyrir gert, skýrslan raunar mjög seint fram komin miðað við það sem þyrfti að vera. Þó mun hún hafa borist þingflokkum um miðja síðustu viku í handriti og hefði kannski þess vegna mátt ræða málið á þessum degi.

Það kemur á óvart ef umræðan er flutt til vegna fjarvistar hæstv. utanrrh. sem er í landinu á þessum degi. Ég var á fundi þar sem hann var í utanrmn. þingsins í morgun svo að ég skil ekki í því að það hefði hindrað umræðuna hér í dag. En aðalatriðið er að þessi mál, utanríkismálin og skýrsla ráðherrans fái eðlilegt pláss í dagskrá þingsins eins og ég heyri raunar að er hugur forseta og það hefur verið gert ráð fyrir tveimur dögum til þessarar umræðu. Ég vona að það verði svigrúm til þess og tel ekki rétt að stefna að næturfundi um málaflokk af þessu tagi, ekki síst vegna þess að þingmenn eru önnum kafnir yfir daginn og upplýst hefur verið að hæstv. ráðherra sé að fara úr landi á miðvikudag, líklega miðvikudagsmorgni, og þarf sjálfsagt að fá smáhvíld einnig eins og þingmenn aðrir. Ég bið þingflokksformenn að taka tillit til þessa þegar þeir ráða ráðum síðar í dag um þennan þátt með forsetum.

Umræður utan dagskrár.

Ástandið í efnahags- og kjaramálum.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir það svigrúm sem hér hefur verið gefið til að ræða utan

dagskrár þingfundarins í dag viðhorf í efnahags- og atvinnumálum, ekki síst í ljósi frétta af ræðu hæstv. forsrh. á fundi framsóknarfélaga í Kópavogi sl. fimmtudagskvöld.

Það er svo að það hefur reynst býsna erfitt að fá fram hér á hinu háa Alþingi skýr svör af hálfu hæstv. ríkisstjórnar um stefnu hennar í efnahags- og atvinnumálum og fá fram umræður um þær aðgerðir sem ég hygg að flestir séu sammála um að nauðsynlegar séu til að tryggja eðlilegan rekstur útflutnings- og samkeppnisatvinnuvega landsmanna. Ráðherrar hæstv. ríkisstjórnar hafa mjög svo færst undan því að eiga hér á hinu háa Alþingi umræður um þessi efni og öll stefnumörkun af þeirra hálfu hefur verið býsna óskýr í umræðum hér á Alþingi. Það eru því nokkur tíðindi þegar hæstv. forsrh. heldur ræðu í flokksfélagi sínu og lýsir þar viðhorfum og viðfangsefnum á næstu tveimur mánuðum og svo því sem að hans mati blasir við á haustdögum.

Morgunblaðið greindi sl. föstudag frá meginefni þessarar ræðu. Í tilvitnunarmerkjum er haft beint eftir hæstv. forsrh., með leyfi forseta, svohljóðandi: „Það hvernig tekst að fá fjármagnsmarkaðinn til að hjálpa okkur að ráða fram úr erfiðleikunum mun ráða framtíð þessarar ríkisstjórnar. Ef það mistekst og það verða stórir erfiðleikar í haust held ég að ríkisstjórnin hafi gengið þessa braut til enda. Þá óttast ég að það verði líklega kosningar og að þeim loknum mjög róttækar aðgerðir með mjög mikilli gengisfellingu og lögbindingu fjölmargra þátta í þjóðfélaginu", er orðrétt haft innan tilvitnunarmerkja eftir hæstv. forsrh.

Hér er komið beint að ýmsum kjarnaþáttum efnahags- og atvinnumálaumræðunnar upp á síðkastið. Hæstv. forsrh. segir að það muni ráðast á næstu tveimur mánuðum hver verði endalok hæstv. núv. ríkisstjórnar. Hann segir síðan að hann óttist að til kosninga komi í haust ef þessir næstu tveir mánuðir skili ekki þeirri niðurstöðu sem hann væntir. Það er eftirtektarvert að hæstv. forsrh. talar um að hann óttist kosningar fremur en að hann búist við þeim og ég hygg að flestir hv. þm. geri sér grein fyrir því hvers vegna hann notar það orð.

Þá talar hæstv. forsrh. um stórfellda gengisfellingu sem blasi við í haust og kveður þar við nokkuð annan tón en í yfirlýsingum hæstv. ríkisstjórnar og einkanlega kveður þar við nokkuð annan tón en hjá hæstv. fjmrh. sem öðrum fremur virðist hafa mótað efnahags- og atvinnustefnu þessarar hæstv. ríkisstjórnar.

Og í þriðja lagi segir hæstv. forsrh. að þá óttist hann að lögbinda þurfi fjölmarga þætti í þjóðfélaginu án frekari skýringar þar á. En í ljósi allra aðstæðna kemur mönnum ugglaust fyrst í hug að fyrsti þátturinn sem lögbinda eigi í haust ef næstu tveir mánuðir ganga ekki fram svo sem hugur hæstv. forsrh. helst kýs sé að þá þurfi að lögbinda laun. Vafalaust koma þar til fjölmargir aðrir þættir eins og hæstv. forsrh. gefur til kynna með þessari yfirlýsingu, en það fer ekki milli mála að með þessum yfirlýsingum, sem reyndar hefur verið greint frá í öðrum fjölmiðlum efnislega samhljóða, hafa verið sögð býsna stór orð og um leið viðurkenning á því ástandi sem nú er í efnahags- og atvinnumálum.

Hæstv. forsrh. segir að glíman við fjármagnskostnaðinn verði prófsteinn á stjórnina og svo er að skilja að spurningin sem þjóðin stendur frammi fyrir um þróun mála á næstu tveimur mánuðum snúist um hvort hæstv. ríkisstjórn nær markmiðum sínum í þeim efnum á þessum tveimur næstu mánuðum.

Það vekur hins vegar athygli að frá hæstv. ríkisstjórn hafa ekki, hvorki hér inni á hinu háa Alþingi né á fundum flokksfélaga ríkisstjórnarflokkanna, komið fram neinar hugmyndir eða tillögur um nauðsynlegar aðgerðir vegna rekstrarhalla höfuðatvinnuvega þjóðarinnar. Engin áform virðast vera uppi samkvæmt því sem hæstv. ráðherrar hafa sagt um aðgerðir á næstu tveimur mánuðum til að bæta rekstrarstöðu höfuðatvinnugreinanna. E.t.v. er einmitt þetta það athyglisverðasta við Kópavogsræðu hæstv. forsrh. Þar er að vísu minnst á vanda sjávarútvegsins en það er ekki einu orði vikið að því að prófsteinn hæstv. ríkisstjórnar á næstu tveimur mánuðum séu aðgerðir til að rétta við hallarekstur atvinnuveganna.

Að vísu kemur fram hjá hæstv. forsrh. að nauðsynlegt sé að grípa til aðgerða gegn því atvinnuleysi sem nú er að grípa um sig og öllum er ljóst að er afleiðing þeirrar stjórnarstefnu sem fylgt hefur verið undanfarna mánuði. Í því efni hefur hæstv. forsrh. minnst á að grípa þurfi til aðgerða alveg á næstunni og hann hefur látið að því liggja að þær eigi að vera fólgnar í auknum opinberum framkvæmdum. Er það svo að eina ráð hæstv. ríkisstjórnar til þess að koma í veg fyrir eða draga úr því mikla atvinnuleysi sem nú er að grafa um sig sé að auka opinber umsvif? Sér hæstv. ríkisstjórn enga möguleika á því að treysta atvinnu fólks í landinu með því að örva atvinnulífið sjálft sem skapar verðmætin sem íslenska þjóðin lifir á? Á að ráðast til atlögu við þann vágest sem atvinnuleysið er með nýrri skattlagningu til þess að auka opinberar framkvæmdir? Telur hæstv. ríkisstjórn ekki að nóg sé að gert í þeim efnum að fara ofan í kassa atvinnufyrirtækjanna og vasa launafólksins í landinu að því er skattheimtu varðar á þessu ári? Eða er það ætlun hæstv. ríkisstjórnar að standa undir þessum framkvæmdum og ráða bót á atvinnuleysinu með erlendum lántökum? Þetta eru spurningar sem Alþingi á rétt á að fá svör við fyrst hæstv. ríkisstjórn hefur varpað þessum bolta upp utan Alþingis. En flest bendir til þess að einmitt í þessum töluðu orðum hæstv. forsrh. komi fram það sjónarmið, sem hæstv. fjmrh. hefur verið að boða í allan vetur, að hin raunverulega uppspretta verðmætanna í þjóðfélaginu felist í ríkisumsvifunum en ekki afrakstri atvinnuvega landsmanna, sjávarútvegs og iðnaðar, sem skapa útflutningsverðmætin.

Sú yfirlýsing sem hér hefur verið vitnað til vekur þar að auki upp ýmsar aðrar spurningar sem nauðsynlegt er að fá svör við. Er það svo og ber að skilja þær yfirlýsingar sem fjölmiðlar hafa flutt fregnir af frá

fundi hæstv. forsrh. á þann veg að ríkisstjórnin ætli sér ekkert að gera til að ráða bót á rekstrarhalla atvinnuveganna fyrr en eftir kosningar í haust? Á ekkert að gera fyrr en í haust og á ekkert að gera fyrr en að afstöðnum kosningum? Ég hygg að það séu margir í þessu þjóðfélagi sem bíði eftir skýrum svörum um þetta. En fréttir af ræðu hæstv. ráðherra bera með sér að sá sé hugur hæstv. ríkisstjórnar, enda er það þá staðfesting á þeim boðskap sem hæstv. fjmrh. hefur flutt að undanförnu.

Ef það er svo að hæstv. forsrh. sér stórfellda gengislækkun fyrir sér í haust, hvers vegna er þá ekki gripið til aðgerða nú þegar fyrst þessi aðstaða er þegar ljós á haustdögum? Nú er flestum alþingismönnum um það kunnugt að því lengur sem aðgerðir í efnahagsmálum eru dregnar, þeim mun erfiðari verða aðgerðirnar. Þeim mun lengur sem það er dregið að breyta gengi krónunnar þegar það er fyrirsjáanlegt að það þarf að gera, því meiri þarf gengislækkunin að verða. Nú hygg ég að flestir séu mjög einhuga í því að það skiptir mjög miklu máli að stilla gengisbreytingum í hóf og fara þar fram af mikilli aðgæslu. En er ekki alveg augljóst ef það er fyrir séð að það þarf að framkvæma stórfellda gengislækkun í haust að það er betra að ráðast til atlögu við vandann nú þegar, gera aðgerðirnar þannig auðveldari og ekki eins sársaukafullar?

Þá er ástæða til að spyrja hæstv. forsrh. að því hvort hyggilegt sé nú þegar kjarasamningar standa fyrir dyrum á milli launþega á almennum vinnumarkaði að hóta með lögfestingu kjarasamninga á hausti komanda. Aðilar að kjarasamningum á almennum vinnumarkaði ræða eðlilega í ljósi þeirra kjarasamninga sem hæstv. ríkisstjórn hefur gert við opinbera starfsmenn um samninga fram á haust. Þær viðræður eru tæpast hafnar enn. En er það skynsamlegt, þegar flestir vænta þess að báðir aðilar að þessum kjarasamningum sýni fulla ábyrgð, að hóta með því að lögfesta kaupgjald og binda kjarasamninga með lögum þegar væntanlegur samningur rennur út á haustdögum? Er það svo að hæstv. ríkisstjórn hafi tekið ákvörðun um að flytja slíka hótun nú þegar viðkvæmir kjarasamningar á almennum vinnumarkaði eru að hefjast?

En kjarninn í því sem hæstv. forsrh. þarf að svara hér í dag er spurningin um það hvort hann ætlast til þess að atvinnufyrirtækin í landinu gangi til kjarasamninga á þeim grundvelli sem lagður hefur verið í samningum við opinbera starfsmenn án þess að nokkrar ráðstafanir séu gerðar til að leiðrétta þann verulega hallarekstur sem nú hefur staðið mánuðum saman bæði í sjávarútvegi og iðnaði. Þetta er kjarnaspurningin til hæstv. forsrh.: Er það stefna þessarar hæstv. ríkisstjórnar að ætlast til þess að slíkir kjarasamningar séu gerðir án frekari efnahagsráðstafana eða ætlast hæstv. ríkisstjórn til þess að atvinnuvegirnir bíði með kjarasamninga fram á haustið þegar hæstv. forsrh. óttast að grípa þurfi til stórfelldrar gengisfellingar? Eiga launþegar á almennum vinnumarkaði að bíða aðgerða í þágu atvinnuveganna fram á haustið? Eru það skilaboðin sem hæstv. ríkisstjórn vill flytja fólkinu í landinu? Þau eru í samræmi við það sem hæstv. fjmrh. hefur látið frá sér fara að undanförnu, en er það svo að stjórnarflokkarnir allir og þar á meðal hæstv. forsrh. hafi tekið þá stefnu upp? Ef svo er ekki þarf hæstv. ríkisstjórn að gera grein fyrir því hvernig atvinnuvegirnir eiga að gera slíka kjarasamninga án frekari efnahagsráðstafana til að styrkja stöðu atvinnufyrirtækjanna.

Hér eiga allar höfuðatvinnugreinar landsmanna hlut að máli. Sjávarútvegurinn á við sérstakan vanda að etja sem oft hefur komið til umræðu hér á hinu háa Alþingi á undanförnum mánuðum. Iðnaðurinn á ekki við minni vanda að glíma um þessar mundir. Það má segja að hæstv. ríkisstjórn hafi komið fram með alveg einstökum hætti gagnvart iðnaðinum í landinu og auðvitað fer ekki hjá því að langvarandi millifærslur og uppbætur til hluta sjávarútvegsins skekkja aðstöðuna á milli atvinnugreina. Það myndast misvægi á milli sjávarútvegs og iðnaðar sem óhjákvæmilegt er að leysa. Ætlast hæstv. ríkisstjórn til þess að iðnaðurinn gangi til þessara kjarasamninga án þess að skýr svör fáist um það hvernig þessum mismun verður eytt? Þó að ekki sé meira spurt.

Ferðamannaþjónustan hefur verið vaxandi atvinnugrein. Hún hefur hins vegar átt við vaxandi rekstrarerfiðleika að etja. Fram undan er aðalvertíð ferðamannaþjónustunnar. Mestu tekjumöguleikar ferðamannaþjónustunnar eru yfir sumarmánuðina. Á ekki að skapa henni möguleika til tekjuaukningar með almennum efnahagsráðstöfunum fyrr en aðalferðamannatímabilinu er lokið í haust? Á þá að grípa til stórfelldrar gengislækkunar sem ferðamannaþjónustan getur ekki notið í auknum tekjum en fær aðeins í bakið með því að skrúfa upp erlendar skuldir hennar?

Auðvitað höfum við orðið fyrir ýmsum ytri áföllum og margur sá vandi sem við er að etja í dag skrifast ekki á reikning hæstv. ríkisstjórnar, en það breytir ekki þeirri staðreynd að við þeim aðstæðum þarf að bregðast. Á síðasta ári gerðist það hvort tveggja og reyndar að hluta til á árinu þar á undan að bandaríkjadollarinn féll og verð á erlendum mörkuðum var að falla mánuðum saman og sú skriða stöðvaðist reyndar ekki fyrr en sl. haust. Slíkar breytingar á ytri aðstæðum kalla fram taprekstur, en við þeim þarf á hinn bóginn að bregðast með almennum ráðstöfunum.

Við sérstakan vanda var að etja á þessum tíma vegna þess að samtímis þurfti íslenska þjóðin að bregðast við ofþenslu í hagkerfinu. Með öðrum orðum: um leið og við mættum ytri áföllum þurfti að bregðast við almennri ofþenslu í hagkerfinu sem gerði þá baráttu um margt erfiðari en ella hefði verið. Þar af leiðandi urðu vextir um tíma mjög háir vegna þess að það var nánast eini þátturinn sem spyrnti gegn ofþenslunni. Sá árangur náðist þó að umframeftirspurn eftir vinnuafli upp á 3000–4000 störf var komin í jafnvægi sl. haust. En svo hafa mál gengið til eftir að vinstri stjórn jafnréttis og félagshyggju tók við

völdum að jafnvægið sem hafði náðst eftir að umframeftirspurn hafði verið upp á 3000–4000 störf hefur nú snúist við þannig að menn tala nú um mjög alvarlegar horfur á atvinnuleysi og sérstakar ráðstafanir til þess að bregðast við því. Jafnvægisárangurinn hefur sem sagt gengið í þá átt eftir að núverandi stjórn var mynduð að við þurfum að glíma við vaxandi atvinnuleysi.

Með því að ekki náðist samkomlag sl. haust um raunhæfar aðgerðir til að bæta rekstur atvinnuveganna hefur stöðugt sigið á ógæfuhliðina. Það hefur verið gripið til skuldbreytinga. Þær aðgerðir voru auðvitað nauðsynlegar. Á hinn bóginn hefði mátt gera þær með miklu einfaldari og skilvirkari hætti í gegnum þá sjóði og banka sem fyrir eru þannig að þær hefðu fyrr komið að notum og með betri og meiri árangri. En skuldbreytingar af þessu tagi breyta ekki rekstrarstöðu fyrirtækjanna. Þær létta undir að því er greiðslustöðuna varðar, en þær breyta ekki rekstraraðstöðunni.

Vextir urðu býsna háir á þeim tíma sem unnið var gegn ofþenslu. Meðan ofþensla er í hagkerfinu og viðskiptahalli safnast upp verður ekki undan því vikist að vextir vinni þar á móti, en um leið og verðbólga lækkar og dregur úr viðskiptahalla er unnt að ná vöxtum niður á eðlilegt stig á nýjan leik.

Sá árangur hafði þegar náðst í fyrrahaust að lækka nafnvexti mjög verulega og fyrst framan af, fyrstu vikur núv. hæstv. ríkisstjórnar hélt sú þróun áfram. Raunvextir hafa hins vegar ekki lækkað fyrr en síðustu vikur, ekki vegna þess að hæstv. ríkisstjórn hafi gripið til þeirra aðgerða sem hún hefur nú helst boðað í þeim efnum að stýra vöxtum með handafli, heldur fyrst og fremst vegna þess að markaðsaðstæðurnar hafa breyst. Að vísu er hér ekki um mikla raunvaxtalækkun að ræða, en auðvitað er hún mjög mikilvæg í þá veru að koma á jafnvægi, koma á aðstæðum þar sem atvinnulíf og sparendur geta búið við eðlilegt vaxtastig. En þetta hefur fyrst og fremst gerst vegna þess að ríkissjóður hefur ekki náð að fjármagna sínar lántökur á almennum markaði hér innan lands. Spariskírteini ríkissjóðs hafa með öðrum orðum ekki selst. Fyrir því er nú miklu meira framboð af peningum í bankakerfinu og það hefur áhrif til lækkunar á vexti.

Þetta leiðir hins vegar hugann að því: Hvað ætlar hæstv. ríkisstjórn að gera í þeim efnum? Hvernig ætlar hún að mæta lántökuþörf ríkissjóðs? Ætlar hún að gera það með sérstöku átaki á innlendum markaði á síðari hluta ársins? Það mun draga mjög úr mögulegum atvinnufyrirtækjanna til lántöku á innlendum markaði og vafalaust þrýsta á vextina á nýjan leik upp á við. Eða ætlar hún að fjármagna lántökuþörf ríkissjóðs með erlendum lánum? Við vitum nákvæmlega hvaða afleiðingar það hefur. Það kallar á meiri viðskiptahalla, ýtir undir verðbólgu og þrýstir á endanum vöxtunum upp á nýjan leik. Hvað ætlar hæstv. ríkisstjórn að gera í þessu efni? Það skiptir mjög miklu máli fyrir þá þróun sem fram undan er. Ekki bara afkomu ríkissjóðs. Það hefur bein áhrif á efnahagsstarfsemina í heild sinni og afkomu atvinnuveganna.

Þjóðhagsstofnun hefur nú svarað fyrirspurnum frá Vinnumálasambandi samvinnufélaganna og Vinnuveitendasambandi Íslands um ýmis atriði sem þessir aðilar standa frammi fyrir eftir að gerðir hafa verið kjarasamningar við opinbera starfsmenn. Þar kemur fram mat á þeim kauphækkunum sem nú þegar hefur verið samið um. Það er mat Þjóðhagsstofnunar að samningar við opinbera starfsmenn þýði 9,5% kauphækkun, en um 8,5% fyrir alla launþega í landinu. Ef þessir samningar eru hins vegar færðir yfir á sjávarútveg og iðnað má reikna með að kauphækkunin verði ekki minni en hefur gerst hjá lægst launuðu opinberu starfsmönnunum. Hún hlýtur af þeim sökum að verða einhvers staðar á bilinu 9–10%, enda reiknar Þjóðhagsstofnun með því í afkomuútreikningum sínum.

Það er athygli vert að Þjóðhagsstofnun telur að heildarútgjöld ríkissjóðs aukist um 500 millj. kr. vegna nýrra kjarasamninga, en áður hafði hæstv. fjmrh. talið að þeir hefðu engan útgjaldaauka í för með sér umfram það sem áður hafði verið áætlað í fjárlögum.

Nú hefur hæstv. fjmrh. staðfest að hér sé um að ræða upphæð sem sé innan við skekkjumörk og reikna megi með auknum tekjum þar á móti svo að á þessu stigi verður ekki gerður neinn ágreiningur um þá niðurstöðu að þessir samningar við opinbera starfsmenn séu í samræmi við áætlanir fjárlaga.

Þjóðhagsstofnun greinir svo frá því hver sé afkoma sjávaútvegsins við þær aðstæður sem við búum við í dag. Þar kemur fram að Þjóðhagsstofnun metur það svo að veiðar og vinnsla séu rekin með 5½% halla og þar af sé halli á frystingu um 7%. Nú hefur verið ágreiningur um þessr tölur lengi á milli Þjóðhagsstofnunar og forustumanna atvinnuveganna sem líta svo á að halli í rekstri frystiiðnaðarins sé a.m.k. 8, jafnvel 10%. Sá ágreiningur stafar fyrst og fremst af því að Þjóðhagsstofnun reiknar með lægri ávöxtunarkröfu en í raun hefur verið í gildi um alllangt skeið og það er mat margra talsmanna atvinnuveganna að Þjóðhagsstofnun hafi ekki að fullu tekið tillit til þeirra tollahækkana sem hafa orðið á saltfiski að undanförnu. Þessar tvær skýringar eru sennilega meginástæðan fyrir þeim mismun sem er á mati atvinnugreinarinnar sjálfrar og Þjóðhagsstofnunar.

Í júnímánuði áætlar Þjóðhagsstofnun að veiðar og vinnsla verði með 7½% halla og frystingin með 8–9% halla. Þar við bætist sú skekkja sem talsmenn atvinnuveganna hafa bent á. Og við lok samningstíma, ef kjarasamningar opinberra starfsmanna verða færðir yfir á atvinnulífið í heild, verði halli á rekstri frystingarinnar orðinn 10½%. Þessar tölur tala mjög skýru máli.

Hæstv. forsrh. hefur tekið fram að sérstakar uppbætur í gegnum Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins verði búnar í maí, þær kunni að endast fram í júní, og sömuleiðis verði uppbótum í formi endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti einnig lokið í maímánuði.

Það er því augljóst að hér standa menn frammi fyrir stórum og mjög alvarlegum spurningum. Uppbótakerfið er á þrotum innan örfárra vikna og gerðir hafa verið kjarasamningar við opinbera starfsmenn sem bætast við hallarekstur atvinnuveganna.

Hæstv. forsrh. hefur að undanförnu haldið því fram að ástæðulaust sé fyrir hæstv. ríkisstjórn að gefa svör við spurningum hér á hinu háa Alþingi og við spurningum forustumanna atvinnuveganna og launþega um áform ríkisstjórnarinnar um aðgerðir í atvinnumálum og efnahagsmálum vegna þess að hann reikni með verulegum verðhækkunum á erlendum mörkuðum og að fjármagnskostnaður eigi eftir að lækka. Lítum aðeins á þessi tvö atriði sem eru einu haldreipi hæstv. forsrh. í umræðunni um það sem gerast á á næstu tveimur mánuðum. Fram hefur komið að engar líkur eru taldar á því að almennar verðhækkanir verði á Bandaríkjamarkaði. Að undanförnu er mönnum svo ljóst að til að mynda saltfiskframleiðslan hefur átt við erfiðleika að etja á Evrópumarkaði, ekki gert samninga í Portúgal í byrjun árs eins og venja er.

Nú kann það að vera svo að á næstu mánuðum geti sú aðstaða styrkst að einhverju leyti og vonandi fer það svo að samningsaðstaðan á Evrópumarkaði styrkist eitthvað, en hæpið er að það verði umfram þau áföll sem menn hafa tekið á sig að undanförnu og varla er við því að búast að það geri meira en að vega upp það sem menn hafa orðið að mæta með tollahækkunum innan Evrópubandalagsins. Með hliðsjón af því að Þjóðhagsstofnun hefur að mati forustumanna atvinnuveganna ekki metið þessar breytingar að fullu er þess ekki að vænta að umtalsverðar breytingar geti orðið á afkomutölum atvinnuveganna samkvæmt mati Þjóðhagsstofnunar þó að þarna verði einhver styrking. En öll skulum við vona að Evrópumarkaðirnir styrkist eitthvað.

Þess er að vænta að fjármagnskostnaður geti haldið áfram að lækka. Þó eru ýmsar blikur í þeim efnum ef engar breytingar verða á stjórnarstefnunni. Ef hæstv. ríkisstjórn ætlar að halda áfram á sömu braut og fjármagna til að mynda allar lántökur ríkissjóðs erlendis hefur það mjög fljótlega áhrif á viðskiptahalla og aftur á verðbólgu og vaxtastig í landinu. Við þessu hefur hæstv. ríkisstjórn engin svör gefið.

Á það er svo að líta að um það bil ⅔ af öllum lánum fiskvinnslunnar eru erlend lán og 2% lækkun á raunvaxtastigi mundi því tæplega bæta stöðu fiskvinnslunnar um meira en ½% og væri það þó býsna mikill árangur. Með öðrum orðum: jafnvel þó að hæstv. ríkisstjórn mundi með öllu afnema raunávöxtun á næstu tveimur mánuðum mundi það ekki duga til að bjarga rekstri sjávarútvegsins fyrir utan að það mundi setja fjármagnsmarkaðinn á hvolf og drepa niður allan sparnað í þjóðfélaginu og þannig mjög fljótlega koma atvinnuvegunum í koll. En jafnvel þetta mundi ekki duga á næstu tveimur mánuðum. Þessi tvö atriði, sem hafa verið helstu bjarghringir hæstv. forsrh. í umræðunum að undanförnu, sýnast því ekki vera sú björgun sem hæstv. ráðherra er að leita að eða sá happréttisvinningur sem hann bíður eftir.

Ríkissjóði var gefið svigrúm með 7 milljarða skattahækkunum til að auka útgjöld sín og standa undir þeim launahækkunum sem nú hefur verið samið um. En atvinnulífinu er enn haldið í spennitreyju. Því hefur ekki verið gefið svigrúm til að ganga til kjarasamninga á sama grundvelli og hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstjórn hafa gert að því er varðar opinberar framkvæmdir og ber þó öllum saman um að þar sé um hógværa kjarasamninga að ræða, einhverja þá hógværustu sem um getur í manna minnum.

Hæstv. fjmrh. hefur verið ólatur við að senda atvinnulífinu og starfsfólki atvinnufyrirtækjanna í landinu kveðjur eftir þá kjarasamninga sem hann hafði forustu um að gera. Í viðtali við Ríkisútvarpið 7. apríl segir hæstv. fjmrh., með leyfi forseta: „Þeir eiga sjálfir að gera sína kjarasamninga miðað við sitt bú. Þessir kjarasamningar sem ég hef gert eru í samræmi við markmið og stöðu ríkisbúskaparins og það fyrirtæki, ef má orða það svo, sem er ríkissjóður Íslands og þeir eiga að gera kjarasamninga í samræmi við sín fyrirtæki."

Og síðan spyr fréttamaður Ríkisútvarpsins þannig: „Ríkisstjórnin ætlar ekki að hlaupa undir bagga hjá fiskvinnslunni til að liðka fyrir samningum?" Og hæstv. fjmrh. svarar: „Fiskvinnslan á sjálf að gera sína samninga og þessi samningur skekkir á engan hátt þeirra möguleika vegna þess að hann er í samræmi við markmið þjóðhagsáætlunar og forsendur fjárlaga sem fiskvinnslan mótmælti ekkert á sínum tíma."

Og síðar segir hæstv. fjmrh.: „Nú er það verkefni hinna sem hafa samningsréttinn hjá sér að gera sinn samning. Þeir axli sína ábyrgð þar á sama hátt og ég og ríkisstjórnin höfum axlað okkar ábyrgð hér og náð niðurstöðu sem er í samræmi við okkar markmið og þá er rétt að þeir glími við það að ná niðurstöðu einir og sjálfstætt í samræmi við sín markmið."

Þessi boðskapur verður ekki skilinn á annan veg en þann að hæstv. fjmrh. telji óþarft að grípa til aðgerða í þágu atvinnuveganna til að leysa þá úr þeirri spennitreyju sem þeir eru í og að starfsfólk atvinnufyrirtækjanna, hvort sem það er í iðnaði, sjávarútvegi, verslun, landbúnaði eða þjónustu, hvort sem það eru fiskverkakonurnar, konurnar í iðnfyrirtækjunum eða afgreiðslukonurnar, af því að hæstv. fjmrh. er tamt að tala um laun kvenna, megi bara bíða því atvinnufyrirtækin eigi að gera kjarasamninga miðað við rekstrarafkomu sína. Reksturinn er í stórum halla. Eru þetta þau svör sem hæstv. ríkisstjórn ætlar að gefa? Er þetta boðskapurinn sem hæstv. forsrh. ætlar að senda þjóðinni?

Hæstv. sjútvrh. sagði á Alþingi í umræðum í síðustu viku að það yrði að breyta gengi krónunnar ef atvinnuvegirnir ættu að geta gert samninga af því tagi sem ríkissjóður hefur gert. Hann orðaði það að vísu svo, enda hógvær maður, að gengið yrði að síga. En í þeim töluðu orðum felst að hans mati að breyta þurfi

gengi krónunnar til þess að atvinnuvegirnir geti gert þennan samning og reyndar til þess að þeir geti haldið áfram rekstri án nýrra kostnaðarhækkana. Hæstv. fjmrh. sté í stólinn á hinu háa Alþingi um leið og hæstv. sjútvrh. hafði látið þessi ummæli falla og endurtók fyrri yfirlýsingar um að ekkert ætti að gera til að bæta rekstur atvinnuveganna.

Nú hefur hæstv. forsrh. talað á fundi í Kópavogi og látið að því liggja að næstu tveir mánuðir skeri úr um endalok hæstv. ríkisstjórnar. Því er óhjákvæmilegt að hann gefi nú skýr svör við þeim spurningum sem hér hljóta óhjákvæmilega að vakna. Yfirlýsingar hæstv. forsrh. á Kópavogsfundinum benda til þess að hann taki undir með hæstv. fjmrh. en ekki með hæstv. sjútvrh. En hann segir samt að eðlilegt sé að atvinnuvegirnir semji um sömu kauphækkanir og ríkissjóður hefur gert eftir að hafa fengið tækifæri til að ganga í vasa skattborgaranna og kassa atvinnufyrirtækjanna og hremma þar 7 milljarða kr.

En spurning dagsins er þessi, hæstv. forsrh.: Eiga atvinnufyrirtækin að ganga til þessara samninga án aðgerða? Hvernig eiga þau að ganga til slíkra samninga ef engar ráðstafanir verða gerðar til þess að rétta við hallarekstur inn? Eða á að skilja boðskapinn á þann veg að þessir aðilar eigi að bíða með gerð kjarasamninga fram á haustið? Og er það stefna hæstv. ríkisstjórnar að hallarekstrinum verði haldið áfram fram á haustið?

Þessar spurningar eru tiltölulega einfaldar. En það verður ekki lengur vikist undan því að gefa skýr svör. Tími uppbótanna og millifærslnanna er að líða. Aðilarnir standa frammi fyrir því hvort þeir eiga að gera kjarasamninga eða ekki og þess vegna er kallað eftir þessum svörum í dag. Ég vænti þess að það komi annar boðskapur en sá að hæstv. ríkisstjórn ætli að bíða eftir happdrættisvinningnum. Við lifum ekki á því, við gerum ekki kjarasamninga á því og við sköpum ekki ný verðmæti í atvinnulífinu á því að bíða eftir einhverjum happdrættisvinningi. Þess vegna er það von mín að hæstv. forsrh. gefi skýrari svör en hæstv. ríkisstjórn hefur getað gefið fram til þessa.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Það er sjálfsagt að hafa það hv. þm. til afsökunar að hann var ekki á umræddum fundi, hann var ekki á þeim fundi sem hann gerir að umræðuefni og byggir á slitróttum fréttum í Morgunblaðinu og öðrum fjölmiðlum af þeim fundi. Þar er sleppt eins og ætíð er fjölmörgu sem þó skiptir miklu máli.

Sem dæmi um hlut sem var sleppt vil ég nefna að á þessum fundi stóð upp forstjóri frystihúss á Vestfjörðum, Magnús Guðjónsson, og ég heyrði greint frá því að umræður urðu af afkomu þess frystihúss, en þessi forstjóri greindi einnig frá því að 13. júní á sl. ári hefði páv. hæstv. forsrh. heimsótt þetta frystihús og þegar hann hefði farið hefði hann fullvissað staðarmenn um að þeir þyrftu ekki að óttast neitt, hann mundi kippa þessu í lag um leið og hann kæmi suður.

Allir þekkja þá sorgarsögu að efndirnar urðu þær að skipuð var forstjóranefnd og hún starfaði vel, en ráð hennar voru síðan að engu höfð, því miður, og ætla ég ekki að rekja allt sem í kringum það var. (Gripið fram í.) Hv. þm. talar eflaust á eftir. Má ég ekki biðja hann að þegja þar til. — Á þessum fundi rakti ég ítarlega stefnu ríkisstjórnarinnar í atvinnu- og efnahagsmálum, gerði grein fyrir því að ríkisstjórnin hefði sett sér að vinna þjóðarbúið upp úr þeim erfiðleikum sem það er í án þess að kæmi til kollsteypu eftir kollsteypu sem oft hefur verið í okkar þjóðarbúskap. Á þessum fundi rakti ég hvað í þessu felst. Ég rakti hvernig nauðsynlegt er að allir þeir hinir fjölmörgu þættir sem áhrif hafa á afkomu efnahagslífsins og þjóðarbúsins yrðu færðir til réttara horfs. Þetta höfum við rætt hér hvað eftir annað.

Einn mikilvægasti þátturinn að mati ríkisstjórnarinnar er fjármagnskostnaðurinn og ég efa ekki að hv. þm. hafa heyrt í fréttum upp á síðkastið aftur og aftur hvernig gífurlegur fjármagnskostnaður á síðasta ári hefur kollsteypt fyrirtæki eftir fyrirtæki.

Ég er ekki í nokkrum vafa um að við ráðum aldrei svo vel fer við okkar efnahagslíf eða komum því á sæmilega lygnan sjó nema við fáum breytt þeirri peningastefnu sem hér hefur verið fylgt. Hv. þm. sagði áðan í ræðu sinni að vextir hefðu orðið háir um tíma á meðan nauðsynlegt var til að vega á móti þenslu í þjóðfélagi. Tókst það? Það held ég ekki, hv. þm. Öll merki og allar tölur sýna að þrátt fyrir háa vexti var þensla á uppgangstímum sjávarútvegsins 1985–1987 meiri en dæmi eru til áður. T.d. sýna þær tölur sem Þjóðhagsstofnun hefur látið frá sér fara að fjárfesting í hlutum eins og vélum og tækjum þrefaldaðist á þessu tímabili og langmest af þessum vélum og tækjum var fjármagnað af kaupleigum sem hér spruttu upp eins og gorkúlur. Þar voru vextirnir jafnvel töluvert hærri en þeir sem hv. þm. er að tala um í bankakerfinu. Eða ber þenslan á höfuðborgarsvæðinu þess merki að þessir háu vextir hafi spornað við? Hér er að færustu manna mati verslunarhúsnæði svipað og í 500 þúsund manna borg. Og af því að hv. þm. minntist á atvinnuleysi veit ég að hv. þm. gerir sér grein fyrir því að sú aukning á atvinnuleysi sem hér er nú er á höfuðborgarsvæðinu, m.a. vegna þeirra fjölmörgu fyrirtækja sem eru að stöðvast eða hafa stöðvast. Dregið hefur hins vegar úr atvinnuleysi í landsbyggðunum og m.a. er víða um landið mikill skortur á fólki í fiskvinnsluna, þær undirstöðugreinar sem hv. þm. í ræðu sinni áðan augljóslega og réttilega bar mjög fyrir brjósti.

Staðreyndin er sú að við erum að súpa hér seyðið af frjálshyggju undanfarinna þriggja ára, af þeim háu vöxtum sem áttu nokkurn veginn sjálfkrafa að draga úr fjárfestingunni en gerðu það alls ekki og menn bera nú sárt enni eftir um land allt. Að mati þessarar ríkisstjórnar er ákaflega mikilvægt að snúa þessari þróun við og við viðurkennum að það er ekkert auðvelt verk, en þó hefur nokkuð áunnist. M.a. hafa raunvextir lækkað í fyrsta sinn um langa tíð fyrir aðgerðir þessarar ríkisstjórnar og ríkisstjórnin stefnir að því að raunvextir lækki enn töluvert meira á næstu

tveimur mánuðum, hefur sett sér þá áætlun að raunvextir verði í lok maí, byrjun júní, orðnir 5% á ríkistryggðum bréfum og lánum sem eru samsvarandi í bankakerfinu. Fyrsta skrefið var stigið fyrir nokkrum dögum í þessari ætlun ríkisstjórnarinnar. Ríkisstjórnin hefur einnig lagt fyrir Seðlabankann að innlánsvextir lækki og að bundnir innlánsvextir lengist, þ.e. að það verði ekki heimilt að binda innlán nema þau séu til eins árs eða lengri tíma. Sömuleiðis hefur ríkisstjórnin lagt fyrir Seðlabankann að lengja smám saman útlán þannig að útlán verði ekki bundin nema þau séu til þriggja ára eða lengri tíma.

Þetta er út af fyrir sig ákaflega svipað og hv. þm. sem forsrh. lagði til þegar hann vildi lengja lán sem ekki væru bundin upp í, ef ég man rétt, fjögur ár eins og þá var um talað en urðu síðan tvö ár. Ríkisstjórnin hefur lagt fyrir Seðlabankann ákveðna áætlun og hefur lagt fyrir Seðlabankann að nota þær heimildir sem Alþingi hefur nýlega samþykkt ef nauðsyn krefur til að ná fram þessum áætlunum.

Það er rétt, sem hv. þm. sagði, að það eru ýmis merki þess að slakni nú á peningamarkaðnum og vitanlega mun það verða til liðs í þeirri viðleitni að lækka vexti og ber að fagna því.

Ég gæti út af fyrir sig sagt ýmislegt fleira um þennan fjármagnskostnað, m.a. tekið heils hugar undir það sem formaður Félags ísl. iðnrekenda hefur sagt aftur og aftur um það fjármagnsokur sem íslenskur iðnaður býr við. Hann hefur upplýst m.a. að lánveitingar til iðnaðarins og fyrirgreiðsla banka er fyrst og fremst bundin við kaup á víxlum, þ.e. viðskiptavíxlum með afföllum sem þegar þessi ágæti maður upplýsti alþjóð um okrið samsvöruðu u.þ.b. 40% í vöxtum. Þeir hafa væntanlega lækkað eitthvað síðan.

Ég er þannig sannfærður um að fátt verður betur gert íslenskum atvinnuvegum en að losa þá úr þessum eftirstöðvum frjálshyggjunnar.

Ég lýsti þessu og ýmsum öðrum atriðum sem ríkisstjórnin er að fást við á þessum fundi og sem allt hefur komið fram á fundum Alþingis, m.a. þeirri áætlun að draga muni úr verðbólgu þegar líður á árið og dregur úr áhrifum þeirra gengisfellinga sem hafa verið fyrr í tíð þessarar ríkisstjórnar sem eru satt að segja alls ekki litlar, samtals tæplega 14 af hundraði þegar hvað reiknast ofan á annað, og er þá mjög farið að nálgast það sem hv. stjórnarandstæðingar boðuðu fyrir áramótin. Ef ég man rétt boðuð þeir 15% gengisfellingu. Gengisfellingar allt frá því að fellt var um 6% snemma á síðasta ári eru orðnar töluvert yfir 30 af hundraði og þykir það satt að segja ekki lítið. M.a. þær miklu uppfærslur gengismunar og vaxtakostnaður sem kom fram í reikningum fyrirtækjanna eru afleiðingar af þessari miklu gengisfellingu sem þó var til stofnað til að aðstoða eða bæta rekstur þessara fyrirtækja. Það sýnir enn einu sinni að gengisfellingar einar sér eru langt frá því að vera nægar til þess að koma rekstri fyrirtækjanna á réttan rekspöl.

Nýlega ræddi ég við nokkra frystihúsamenn um afkomu í greininni og mér þótti athyglisvert, þegar þeir höfðu lagt fyrir mig reikninga síðasta árs, þegar þeir sögðu: Í guðanna bænum farið varlega með gengisfellingar. Hjá öllum þessum þremur fyrirtækjum hafði efnahagsreikningurinn snúist við vegna þess að gengisuppfærslur voru svo miklar að þær voru margfalt meiri en uppfærslur eigna, eignir að verulegu leyti kannski afskrifaðar og aðeins heimilaðar um ákveðinn hundraðshluta af skattayfirvöldum. Þetta sögðu þeir út af fyrir sig þrátt fyrir það að þeir hefðu eitthvað meiri tekjur og þeir lögðu allir áherslu á: Dragið úr fjármagnskostnaðinum númer eitt, tvö og þrjú og komið verðbólgunni niður.

Ég gerði einnig grein fyrir því á þessum fundi að fram undan væri eflaust alda atvinnuleysis. Ég hef komið nokkuð inn á það hér, en skal fara um það nokkrum fleirum orðum. Ég gerði grein fyrir því að ríkisstjórnin mundi, eins og sérhver ríkisstjórn hlýtur að gera, fjalla um það ástand. Á vegum þessarar ríkisstjórnar hafa farið fram langtum tíðari athuganir á atvinnuástandi en áður hefur verið. Þjóðhagsstofnun er nú að hefja enn eina athugun á þróun þeirra mála og vænti ég að niðurstöður af þeirri athugun liggi fyrir innan tíu daga til tveggja vikna.

Í því sem nú er hefur komið fram það, sem sýndi sig í síðustu athugun Þjóðhagsstofnunar, að veikleikinn í atvinnuástandinu var þá og hefur orðið fyrst og fremst á höfuðborgarsvæðinu af þeim ástæðum m.a. sem ég minntist á áðan. Ríkisstjórnin mun fjalla um þetta á fundi sínum á morgun og eflaust næstu fundum og mun skoða allar leiðir til að draga úr þessu atvinnuleysi. Ríkisstjórnin ákvað þegar í tengslum við samninga BSRB að veita 15 milljónir kr. til atvinnuaukningar fyrir skólafólk, en það koma u.þ.b. 10.000 manns inn á vinnumarkaðinn eftir u.þ.b. mánuð. Hins vegar er alveg ljóst að ef um á að muna þarf meira til að koma og er sjálfsagt að stuðla að því eins og frekast er unnt að þetta fólk fái sér atvinnu við undirstöðuatvinnuvegina, en eins og ég sagði áðan er víða um land svo farið, m.a. á Vestfjörðum, að þar er mikill skortur á vinnuafli í undirstöðuatvinnuvegunum. Grunur minn er hins vegar sá að æðimargir muni fremur kjósa og af eðlilegum ástæðum að finna sér vinnu í sinni heimabyggð og því þarf að leita þar miklu fleiri ráða.

Við reisum ekki við þau verslunarfyrirtæki sem eru að stöðvast, sem eru að stöðvast beinlínis vegna þess að þau hafa verið allt of mörg. Framboðið af slíku verslunarplássi hefur verið allt of mikið og það er í raun og veru ekkert um annað að ræða en að úr því dragi þótt sársaukafullt muni reynast. Hins vegar getur ríkisstjórnin að höfðu samráði t.d. við fjvn. stuðlað að því að hraðað verði byggingum á þessu svæði þannig að ekki slakni svo á byggingarvinnu sem að vísu eru ekki enn þá komin fram mjög mikil merki um, en margir óttast að muni fylgja í kjölfar þess að sala á iðnaðar- og verslunarhúsnæði hefur algjörlega stöðvast. Ríkisstjórnin mun skoða alla þróun þessa máls og mun verða með áætlun um hvernig úr þessu megi draga á næstu vikum.

Hv. þm. ræddi töluvert um afkomu sjávarútvegsins

og það gerði ég einnig á umræddum fundi. Ég gerði þar grein fyrir stöðu og þróun fiskvinnslunnar á mjög svipaðan hátt og kemur fram í skýrslu Þjóðhagsstofnunar. Hv. þm. gerði grein fyrir afkomunni sem hann taldi vera í dag, en hins vegar láðist honum að taka þá með þær greiðslur úr Verðjöfnunarsjóði sem greiddar eru nú. Hv. þm. fór með þær tölur úr skýrslu Þjóðhagsstofnunar sem má orða að séu afkoman í dag að frádregnum greiðslum úr Verðjöfnunarsjóði og greiðslu uppsafnaðs söluskatts. (**ÞP:** Enda á sjávarútvegurinn að borga það samkvæmt lögum.) Ja, það getur verið, en það er ekki afkoman í dag og sjávarútvegurinn greiðir það að sjálfsögðu ekki nema í fyrsta lagi að Verðjöfnunarsjóður reynist fær um að greiða þá skuld sem ég hygg að sé vafasamt á næstu árum. Auk þess hefur hæstv. sjútvrh. lýst þeirri skoðun sinni að greiðsla verði ekki úr Verðjöfnunarsjóði heldur hljóti ríkissjóður að taka á sig þessa greiðslu og um það er engin deila innan ríkisstjórnarinnar nema einhverjir stórkostlegir hlutir gerist í afkomumálum fiskvinnslunnar.

Ég gerði grein fyrir þeim hugsanlegu hækkunum sem gætu orðið á sjávarafurðum erlendis, m.a. gerði ég reyndar grein fyrir því að það hefur aldrei verið gert ráð fyrir neinum umtalsverðum hækkunum á Bandaríkjamarkaði. Á Bandaríkjamarkaði hafa þau tíðindi orðið að Kanadamenn hafa reyndar heldur lækkað verð sitt á flökum eftir að þeir komu aftur inn á markaðinn af fullum krafti eftir mikið verkfall sem þar var. Hins vegar hefur dollarinn hækkað og að því leyti bætt nokkuð afkomu þeirra fyrirtækja sem selja á Bandaríkjamarkað. Í Evrópu eru hins vegar ýmis merki þess að þar muni verð á sjávarafurðum fara hækkandi. Norðmenn eru nú að stöðva veiðar sínar á þorski og verður ekki meiri þorskur veiddur þar að öllum líkindum fyrr en í september eða síðar. Sömuleiðis eru mjög háværar raddir um rányrkju í Norðursjónum. Þar hefur verið dregið úr kvóta sem nemur hundruðum þúsunda tonna eða samtals í veiðum í Evrópu og er uppi háværar raddir um mikla rányrkju og nauðsyn að grípa til róttækra ráðstafana til að vernda þann stofn.

Allir þeir sem ég hef rætt við um verðlagsþróun í Evrópu spá því að þar verði hækkanir, hver einasti maður sem er þessum málum vel kunnugur. Hins vegar hefur enginn treyst sér að segja nákvæmlega hvað þær verða miklar eða hvenær þær verði því að sumarmánuðirnir eru oft erfiðir í þessu sambandi. Ég hugsa að staðreyndin sé jafnframt sú að það fari mjög mikið eftir því hve skynsamlega við Íslendingar höldum á okkar útflutningsmálum með ferskan fisk. Þar er nú unnið að samkomulagi á milli veiða og vinnslu og væntanlega sér það samkomulag dagsins ljós. Ég vona og tel afar mikilvægt að á grundvelli þess samkomulags verði hægt að halda framboði á ferskum fiski þannig að ekki leiði til stórfellds verðfalls á Evrópumarkaði og sömuleiðis að nægur fiskur verði hér heima til vinnslu.

Þetta hygg ég mjög mikilvægt í tengslum við þá verðlagsþróun sem fram undan kann að vera í Evrópu. Það neitar því enginn, þvert á móti, allir sem staðfesta að líkleg sé hækkun á verði í Evrópu. Hvers vegna eigum við þá á þessari stundu að vera með háværar upphrópanir um 15% gengisfellingu eins og lesa má í dagblöðum? Það held ég að sé hin mesta firra.

Vitanlega er alveg ljóst að ef þetta bregst hlýtur ríkisstjórnin að skoða mjög ítarlega stöðu fiskvinnslunnar og samkeppnisiðnaðarins einnig í landinu. Samkeppnisiðnaðurinn hefur fengið síðan þessi ríkisstjórn tók við eins og fiskvinnslan 13,3% gengisfellingu þegar hvað er reiknað ofan á annað. Vonandi hefur það eitthvað bætt afkomu samkeppnisiðnaðarins. Ef sýnir sig þegar lokið er greiðslum úr Verðjöfnunarsjóði að verðhækkanir duga ekki til að mæta því sem þarf að mæta mun þessi ríkisstjórn leggja þau spil á borðið. Ég skýrði frá því á þessum fundi að þá mun ríkisstjórnin ræða þau mál við aðila vinnumarkaðarins og ég efa ekki, miðað við þann ríka skilning sem virðist vera á þeim málum nú beggja vegna borðsins hjá aðilum vinnumarkaðarins, að þá geti menn fundið leiðir út úr þeim vanda. Ég tek undir með hv. þm. að það er vitanlega ekki unnt að reka grein eins og fiskvinnsluna langtímum saman með stórfelldu tapi og vitanlega leitt að svo lengi var hún sem tölurnar sýna á síðasta ári rekin með stórfelldu tapi þrátt fyrir að fyrri ríkisstjórn greip til gengisfellingar, fyrst 6% og síðan 10%. Það dugði eins og allir vita hvergi nærri til.

Ef mistekst að ráða við alla þessa hluti, eins og t.d. fjármagnsmarkaðinn og verðbólguna, atvinnuleysi og fleira, skal ég fyrstur manna viðurkenna að þessari ríkisstjórn hefur mistekist sitt ætlunarverk. Ég hef aldrei farið leynt með mínar skoðanir ef þær eru slíkar og tel sjálfsagt að viðurkenna það. En það sem Morgunblaðið sleppti af þessum fundi í Kópavogi var að ég lýsti því að ég væri mjög bjartsýnn á að þetta mundi takast. Því var sleppt. Ég er það enn. Ég er það enn m.a. vegna þeirra hógværu samninga sem tekist hafa og hv. þm. lýsti og ég er það m.a. vegna þess hve ríkan skilning ég finn hjá aðilum beggja vegna borðsins, t.d. Verkamannasambandinu, á erfiðleikum fiskvinnslunnar. Og ég er það vegna þess að ég tel viljann hjá þessum aðilum til að leysa þessi mál án þess að þola kollsteypur. Ég er það m.a. vegna þess að vitanlega gera þessir menn sér grein fyrir að með þeim samningum sem verið er að gera er verið að draga úr kaupmætti, enda er ekki um annað að ræða. Við getum ekki haldið hér uppi kaupmætti eins og hann varð þegar uppgangurinn var mestur 1987 þegar aflaverðmæti í sjávarútvegi var 15% meira en meðaltal á þessum áratug. Það sýnir sig nefnilega að þessum mönnum er það fullt eins vel ljóst og öðrum og vonandi hv. stjórnarandstæðingum að úr kaupmætti hlýtur að draga þegar þjóðartekjur fara minnkandi eins og gerðist í ár, afli fer minnkandi um 6% að verðmæti og þjóðartekjur um líklega 2–2,2%. Þetta satt að segja eykur bjartsýni mína, þessi skilningur almennings á því að vitanlega hlýtur að draga úr kaupmætti þegar svo er ástatt.

Það er út af fyrir sig dálítið athyglisvert að árið 1987, þegar við náðum þessum toppi í aflaverðmæti, voru þjóðartekjur okkar Íslendinga um 21.500 dollarar á hvert mannsbarn og við vorum þá næstir Svisslendingum, sem voru með rúmlega 24.000 á hvert mannsbarn, af öllum viðmiðunarlöndum Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París. Enn þá athyglisverðara sýnist mér þó hitt, að þetta árið vörðu Svisslendingar til einkaneyslu hjá sér rúmlega 62% landsframleiðslunnar. Mig minnir að það hafi verið 14.500 dollarar á hvert mannsbarn. En við Íslendingar vorum þar rétt á eftir Svisslendingum og vörðum 67,8% landsframleiðslunnar í einkaneyslu sem undirstrikar að við tökum allt of mikið af landsframleiðslunni til einkaneyslunnar. Við gerum það. Þrátt fyrir að hér eru fjölskyldur sem þarfnast meiri tekna er heildardæmið svona. Einhvers staðar er svo mikið tekið út að við tökum meira en nokkurt annað land sem ég gat séð í fljótum yfirlestri á þessari skýrslu af viðmiðunarlöndum Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París út úr okkar landsframleiðslu til einkaneyslu. (**FrS:** Er ráðherrann farinn að lesa skýrslur frá þeirri stofnun?) Já, þegar þær eru almennt um samanburð á milli landa geri ég það, kæri frændi.

Þannig er það að við höfum farið offari, held ég að sé algjörlega ljóst, í því sem við höfum tekið til alls konar eyðslu og til fjárfestingar sem ég rakti áðan lauslega og gæti nefnt um það miklu fleiri dæmi en þau sem ég nefndi.

Ég skal ekki lengja þessa umræðu mjög. Ég hef vonandi gert nokkra grein fyrir þessum umrædda fundi. Ég vonast til þess að hv. þm. komi á minn næsta fund og þá getum við rætt málin bæði þar og síðan á Alþingi og þá þarf ekkert að fara á milli mála. Ég legg á það ríka áherslu í lok þessara orða að þessi ríkisstjórn mun alls ekki sofa á verðinum eins og stundum hefur verið gert heldur fylgist með því frá degi til dags og viku til viku hvernig staða atvinnuveganna er og er tilbúin að gera í samráði við þá aðila sem þarna eiga stærstra hagsmuna að gæta þær ráðstafanir sem dugi til að skapa undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar viðunandi rekstrargrundvöll. Það er hins vegar stefna og skoðun þessarar ríkisstjórnar að farsælla sé að ná því smátt og smátt en örugglega en með stórum gengisfellingum og þeim kollsteypum sem því fylgja.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka málshefjanda, hv. 1. þm. Suðurl., fyrir að hefja máls á mikilvægum atriðum sem fram komu á Kópavogsfundinum hinum síðari sem haldinn var í síðustu viku. Hvað svo sem fram fór á þeim fundi og hvaða yfirlýsingar voru gefnar er það alveg ljóst að þrjú hugtök skiluðu sér einkar vel út í fjölmiðlana og það er það sem við sem ekki sækjum félagsfundi Framsfl. fáum um þennan fund að vita. En þessi þrjú hugtök eru gengisfelling, vitfirring, kosningar.

Ég vil í upphafi máls míns minna á umræður um efnahagsmál sem fram hafa farið hér í þingsölum hvað eftir annað í vetur og reyndar ekki að óþörfu. Það eru margar ástæður fyrir þörfinni að taka þessi mál upp aftur og aftur. En fyrst og fremst er ástæðan sú að þjóðina skortir skýr og greinargóð svör frá hæstv. ríkisstjórn að ekki sé talað um raunhæfar aðgerðir. Hæstv. ráðherrar hafa hvað eftir annað samþykkt að koma til slíkra umræðna hingað í þingsali, en þeim hefur láðst að gefa fullnægjandi svör við þeim spurningum sem brenna á þjóðinni. Hafa fram bornar spurningar ýmist verið hunsaðar eða þeim svarað af þvílíku virðingarleysi að ekki er hægt við að una. Á sama tíma gefa sömu ráðherrar ýmsar yfirlýsingar á fundum vítt og breitt um landið eins og reyndar er tilefni þessara umræðna í dag og hafa notað utandagskrárumræður á Alþingi sem málfundaæfingar fyrir sjálfa sig.

Með þessum sífelldu tilraunum til undankomu hafa þeir enn og aftur gefið tilefni til að knýja á svör í dag. Ég minni á að fólkið í þessu landi á heimtingu á að fá svör við grundvallarspurningum sem varða líf þess og hag.

Ég sé ekki ástæðu til að endurtaka efni þeirra umræðna sem hafa farið fram oft að undanförnu um þessi mál. Minni hins vegar á umræðu sl. mánudag sem fram fór að beiðni hv. þm. Þórhildar Þorleifsdóttur um efnahags- og kjaramál. En þar sem við þær umræður sem og hinar fyrri var heldur fátt um svör af hálfu ríkisstjórnarinnar ætla ég að nota tíma minn hér í dag til að hnykkja á þeim spurningum sem við höfum hvað eftir annað borið fram en hingað til hefur það jafnvel verið svo að hæstv. ráðherrar ríkisstjórnarinnar hafa kvartað undan skorti á spurningum við þær umræður sem hafa farið fram. Ég vonast til að úr þessu verði bætt í dag og skýr svör verði gefin og ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að vitna í Morgunblaðið sl. mánudag þar sem haft er eftir hæstv. forsrh.:

„Það hvernig tekst að fá fjármagnsmarkaðinn til að hjálpa okkur að ráða fram úr erfiðleikunum mun ráða framtíð þessarar ríkisstjórnar. Ef það mistekst og það verða stórir erfiðleikar í haust held ég að ríkisstjórnin hafi gengið þessa braut til enda."

Nú vildi ég leyfa mér að spyrja hæstv. forsrh. hvernig ríkisstjórnin ætli að ná tökum á fjármagnsmarkaðnum. Þó vextir hafi lækkað lítillega virðist margt vera óunnið enn og langt í land. Síðan er þráfaldlega talað um hagræðingu í bankakerfinu og vildi ég af því tilefni spyrja: Með hvaða hætti hyggst ríkisstjórnin ná fram þeirri hagræðingu, hvort fyrirhugaðar séu fleiri aðgerðir en lækkun vaxta og hagræðing bankakerfisins og hvers konar aðgerðir þá varðandi bankakerfið?

Það er svo að meðan ríkisstjórn jafnréttis og félagshyggju hefur setið og við stjórnarskiptin hafði hún uppi ýmsar yfirlýsingar um jafnréttið og félagshyggjuna sem hér skyldi ráða ríkjum, en fyrstu aðgerðir urðu eins og menn muna að lögbinda kjarasamninga og setja á launafrystingu. Um áramótin máttum við sitja undir því að ríkisstjórnin komst upp með að afgreiða lög sem hækkuðu skattþrepið og lækkuðu persónuafsláttinn. Ég vil því spyrja hæstv. forsrh. nú:

Hve mikið fé hefur verið fært frá skattborgunum til fyrirtækja frá Atvinnutryggingarsjóði, Verðjöfnunarsjóði og eftir öðrum opinberum farvegum?

Varðandi stöðu fyrirtækjanna vildi ég spyrja hversu mörg fyrirtæki enn bíða afgreiðslu Atvinnutryggingarsjóðs eða Hlutafjársjóðs. Ég vildi einnig spyrja hvort ætlunin sé að flytja meira fé til fyrirtækjanna og ef svo er hvar er ætlunin að taka það fé. Það kemur fram núna, þegar vinnuveitendur og Alþýðusamband Íslands fara að ræða kjarasamninga sín á milli, að það virðist ekki vera mikið svigrúm hjá fyrirtækjunum og það er búið í vetur og að undanförnu að veita miklu fé til þeirra frá skattborgununum sem við munum reyndar vonandi fá svar við á eftir hversu mikið er. En ég vil spyrja líka: Hvaða fyrirætlanir hefur ríkisstjórnin um að treysta rekstrargrundvöll atvinnufyrirtækjanna og með hvaða hætti er ætlunin að búa fyrirtækjunum þá starfsaðstöðu sem þau þarfnast? Ég minni á að það er ekki lengur hægt að bæta stöðugt skuldastöðu þeirra, það verður að bæta rekstrargrundvöll þeirra, og það hefur þráfaldlega komið fram í umræðum um þessi mál.

Ég nefndi þrjú hugtök sem fram komu á Kópavogsfundinum. Eitt af því var vitfirring. Langaði mig til að spyrja hæstv. forsrh. við hvað hann á þegar hann líkir kröfugerð þeirra BHMR-félaga sem nú eru í verkfalli við vitfirringu. Hverjar telur hann vera kröfur þeirra og á hvaða forsendum byggir hann útreikninga sína?

Það kemur einnig fram í yfirlýsingum frá Kópavogsfundinum og hefur lítillega verið rætt hér fyrr í dag að ríkisstjórnin hyggst grípa til aðgerða til að draga úr atvinnuleysi. Ég vil fá skýrari svör við því til hvaða aðgerða ríkisstjórnin hyggst grípa í því skyni. Það kom reyndar fram í máli hæstv. forsrh. að eitt atriðið er samningur eða hluti af samningi BSRB um 15 millj. til landgræðslu sem veita á til að útvega skólafólki atvinnu sem kemur í þúsunda tali út á vinnumarkaðinn og er jafnvel komið núna vegna verkfalls kennara. Margir hafa sennilega endanlega gefist upp á skólanum og eru komnir út á vinnumarkaðinn. En það var gerður samningur um að verja 15 millj. til landgræðslu og mig langaði til að fá um það upplýsingar hér hvaða reglum á að beita við úthlutun þessa fjár, t.d. með tilliti til þess að skipta því á milli landshluta og hvað er áætlað að þessar 15 millj. veiti mörgum unglingum vinnu.

Sú ríkisstjórn sem nú situr hefur á sér orð fyrir að vera óvinsælasta ríkisstjórn allra tíma. Það kom því svo sem ekki á óvart að hæstv. forsrh. skyldi nefna kosningar, enda eins og margoft hefur komið fram er meiri hluti hennar afar veikur ef hann er þá yfirleitt fyrir hendi í öllum málum. Það er svo sem ekki að furða að ríkisstjórnin skuli vera svo óvinsæl sem raun ber vitni ef marka má skoðanakannanir. En ég spyr hæstv. forsrh. vegna þess að síðan í haust hafa farið fram hálfgerðar stjórnarmyndunarviðræður, ja, stjórnarmyndunarviðræður formlega a.m.k. einu sinni ef ekki oftar, hvort ríkisstjórnin hyggist reyna að styrkja sig með liðstyrk t.d. frá næstminnsta þingflokknum sem nú er orðinn, þ.e. Borgfl.

Ég vil aðeins koma inn á það sem hæstv. forsrh. minntist á áðan um atvinnuástandið og að það sé mismunandi eftir því um hvaða landshluta er að ræða og má vera að það sé rétt. Víðar mun þó vera um atvinnuleysi að ræða. En hann nefndi það að leita þyrfti að nýjum atvinnutækifærum í heimabyggðum þar sem fólk væri ekki reiðubúið að flytjast á milli staða. Get ég eiginlega ekki stillt mig um að nefna eitt dæmi um það hvers vegna fólk er ekki tilbúið að flytja sig um set. Eins og þingheimur veit hefur hæstv. félmrh. reynt að koma á umbótum í húsnæðiskerfinu, en ein grundvallarforsendan fyrir því að fólk vilji koma til annarra staða er að það geti gengið að húsnæði. Ein lausnin var sú að bjóða upp á ýmist félagslegar eða almennar kaupleiguíbúðir, en lög um þær tóku gildi á sl. ári. Nú rakst ég á dögunum á auglýsingabækling frá Akureyrarbæ um kaupleiguíbúðir og segir í upplýsingabæklingnum, með leyfi forseta:

„Með kaupleiguíbúðum hyggst Akureyrarbær:

1. Gefa ungu fólki kost á kaupleigukjörum í upphafi búskapar.

2. Auðvelda stækkandi fjölskyldu að auka við sig húsnæði.

3. Gefa aðkomnu fólki kost á leigukjörum framan af veru sinni á Akureyri.

4. Laða fólk með ferskar hugmyndir og frumkvæði í atvinnumálum til bæjarins.

5. Laða fólk með menntun og verkkunnáttu sem skort hefur til bæjarins."

Þetta lítur mjög vel út og hér er skemmtileg mynd af nýju húsi sem þar stendur til að byggja og þar verða til sölu eða leigu kaupleiguíbúðir. En það renna tvær grímur á marga þegar þeir fara að hugsa til þess hvort þeir muni geta eignast eða leigt húsnæði í slíkum húsum því að hér stendur um úthlutunarreglur, með leyfi forseta: „Umsækjandi skal hafa nægar tekjur til að standa straum af kostnaði við kaupleigu á íbúðum, en til þess þarf a.m.k. 110.000 til 130.000 kr. fjölskyldutekjur á mánuði." Vil ég benda á að nú hafa nýverið verið gerðir kjarasamningar við BSRB þar sem stór hluti félagsmanna fær innan við 50.000 kr. í kaup á mánuði. Margir eru aðeins ofar en örugglega innan við 70.000 kr. Þær tekjur duga þó til þess að fólki er hafnað í verkamannabústaði þannig að það er mjög mikill fjöldi fólks sem ekki einu sinni á þess kost að kaupa eða leigja þessar kaupleiguíbúðir. Ég nefni þetta sem dæmi um þá skekkju sem er í öllu okkar efnahagskerfi og minni á t.d. að þeir háskólamenntuðu ríkisstarfsmenn sem nú eru að fara fram á bætt launakjör eru að gera kröfu um byrjunarlaun upp á 71.000 kr. rúmar. Ekki hafa þeir væntanlega mikla möguleika til þess að komast í almenna kaupleiguíbúð. Ekki eru þeir nógu tekjulágir til að komast í verkamannabústað og það þarf ekki að minna á að í þeim hópi sem hefur í kaup á milli 50.000 og 70.000 kr. eru margar konur sem hafa eitt til tvö börn á framfæri sínu og eru eina fyrirvinnan. Þær eiga ekki möguleika þarna. Það er ekki von til þess að fólk flytjist á milli landshluta ef það mögulega kemst hjá

því eða er í einhverju því húsnæði sem er heldur hagstæðara annars staðar.

Ég lýsti því í upphafi að okkur hefðu þótt fremur fátækleg svör í umræðum um efnahagsmálin að undanförnu. Til að tryggja það að það kæmu einhver svör við þeim spurningum sem ég hef hér fram borið mun ég afhenda hæstv. forsrh. þær á blaði á eftir. Ég minni á að þetta aðgerðarleysi er að verða óþolandi. Það vita konur best allra manna að þegar illa árar í heimilisbúskapnum þýðir ekki að sitja undir eldhúslampanum og stara í gaupnir sér.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Mig undrar ekki þó að hv. 1. þm. Suðurl. biðji um utandagskrárumræður til að ræða ástandið í þjóðfélaginu. En mig undrar að hann skuli tala þannig að það sé allt af völdum þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr. Heldur hann virkilega að það sé hægt að endurtaka það nógu oft þannig að fólk fari að trúa því að umskiptin til hins verra hafi orðið með tilkomu þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr? Hvernig var viðskilnaður hjá fyrrv. forsrh. þegar hann fór frá í lok september sl.? Það hefur verið sagt frá því í blöðum og hér á Alþingi sem dæmi um hvernig umskiptin voru að eitt fyrirtæki sem hefði þénað 80 millj. 1986 og 1987 hefði tapað 90 millj. á fyrstu mánuðunum 1988. Ef nokkurn tímann hefur átt við að segja að það hafi verið móðuharðindi af mannavöldum á landsbyggðinni á það við ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar. En hvernig var þetta? Hvernig voru umskiptin?

Þegar ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar tók við völdum voru vextir á ríkisvíxlum 20%, en voru komnir upp í 41,3% í desember og fóru upp í 43% í febrúar á sl. ári. Auðvitað er þetta skýringin, fyrst og fremst þetta, á því hvernig fór. Það þýðir ekki fyrir hv. 1. þm. Suðurl., fyrrv. forsrh., eða aðra að ætla að hlaupa frá þessu og reyna að láta fólk gleyma sögunni. Það er þýðingarlaust.

Ég vil segja við síðasta hv. ræðumann að það er á ábyrgð okkar allra hvernig fer í þjóðmálum. Hv. kvennalistakonur bera sína ábyrgð eins og við hin. Það er ekki hægt að skorast undan því eða neita. Hver og einn þingmaður í þessari stöðu getur haft áhrif á úrslit mála hér og gert kröfur um breytingar og komið þeim e.t.v. fram. Við erum kjörin öll til að reyna að fylgja þeirri stefnu fram sem við boðuðum fyrir síðustu kosningar en ekki að setja kosningaloforðin niður í skúffu og loka henni þegar búið er að telja eða þora ekki að taka á málum og bera ábyrgð.

Ég sagði þegar ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar var mynduð að fyrrv. stuðningsmenn Þorsteins Pálssonar bæru allir ábyrgð á hvernig farið hefði. Á sama hátt bærum við ábyrgð á ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar. En áður en lengra er haldið vil ég minna á að í mars 1988 skrifaði ég opið bréf til þings og þjóðar til að lýsa því hvernig ástandið væri og hverju við hefðum lofað. Ég ætla að koma með sýnishorn af því til upprifjunar. Það er nauðsynlegt að rifja upp til þess að menn athugi hvernig þróunin hefur verið.

Það var sem sagt í mars 1988, þegar ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar var búin að koma vöxtunum, ríkisvöxtunum upp í 43%, að ég sagði:

> Flokkarnir gáfu fyrirheit
> um félagslegt jafnrétti í raun,
> bæta aðstöðu í bæjum og sveit,
> borga lífvænleg laun,
> lækka verðbólgu og lánakjör,
> loforðin mörg og góð.
> Íhaldsstjórn var svo ykkur vör.
> Eftir stóð þjóðin hljóð.
>
> Fjármagnið sýgur framleiðsluna
> og fátækan almenning.
> Skattinn fræga á matinn muna
> margir sem kjósa á þing.

Umræðan í þessari ríkisstjórn var á þessa leið allan tímann. Ég rifja upp hvað ég sagði í áramótagrein minni, í lok hennar, gagnvart þeirri ríkisstjórn sem situr nú og ég ber að hluta til ábyrgð á. Og ég tek eftir því að það er fátt um ráðherra inni þegar þessi umræða um alvarlegustu mál þjóðarinnar ber á góma. Ég hef ekki séð nokkurn ráðherra t.d. Alþfl. hér inni og ég sé engan ráðherra nú. Ég sé þá ekki eða sjáið þið þá? Í lok þessarar greinar sagði ég, ég mun rifja upp, það stendur þannig, með leyfi forseta:

„Ég sagði við myndun ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar að hægt væri að tryggja meiri hluta í báðum deildum Alþingis fyrir þeim málum sem nauðsynlegt væri að lögfesta ef þau væru á annað borð þannig að ég gæti staðið að samþykki þetta. Galdurinn er sá að meta aðstæður og einstaklinga og draga réttar ályktanir af stöðu mála, sem sagt heilbrigð skynsemi.

Ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar þarf engu að kvíða ef hún stendur við stjórnarsáttmálann og tekur verulega skref á fyrstu mánuðum þessa árs til réttlætisáttar. Náist ekki samstaða um það innan ríkisstjórnarliðsins er hætt við miklum átökum á vinnumarkaðnum og nýrri kollsteypu, vaxandi verðbólgu, meira misrétti eða áframhaldandi misrétti, þar með atvinnuleysi.

Því þarf að taka á málum strax, koma hjólum framleiðslunnar af stað og tryggja henni rekstrargrundvöll. Endurskoða allt tekjuöflunarkerfi hins opinbera með það að markmiði að jafna lífskjörin og lífsaðstöðuna og fella niður matarskattinn af innlendri matvælaframleiðslu. Ef þjóðin sér og finnur að stjórnað er í anda jafnréttis og félagshyggju verður öllum kröfum stillt í hóf. En hér verða verkin að tala. Þá verður kröfum stillt í hóf og fyrir hendi verður meiri hluti í báðum deildum Alþingis fyrir slíkum breytingum. Því stendur þjóðin á krossgötum. Framleiðslan og fyrirvinnufólkið í landinu mun sækja rétt sinn með verkföllum og hörðum kosningum á þessu ári ef ríkisstjórn og Alþingi tekur ekki á málum af raunsæi."

Þetta var sagt um síðustu áramót. Það hafa að vísu verið stigin skref til réttlætisáttar, en þau hafa því miður verið of fá. Það er ekki enn þá komið neitt verulegt skref í sambandi við lækkun vaxtanna og sannleikurinn er sá að grundvöllurinn sem framfærsluvísitalan er byggð á er hrein vitleysa. Það er

hrein vitleysa að ef áfengi eða hvers kyns slíkar vörur hækka í innkaupum hækki skuldir launþeganna. Gengur þetta upp? Gengur það upp að miða meðaltekjurnar við langtum hærri laun, eins og gert var, en t.d. fyrirvinnustéttirnar sem ég kalla svo búa við? Verður ekki að haga þannig málum til að lágmarkstekjurnar dugi fyrir raunverulegri framfærslu og aðrar þjóðhagsstærðir séu miðaðar einmitt við það? Verður það ekki að vera krafan? Geta virkilega hv. alþm. ekki samþykkt að fara þá leið? Eins og kom fram í þessum orðum sem ég las upp úr áramótagrein minni er komin reynsla á það að allt sem fyrrv. ríkisstjórn gerði í sambandi við tekjuöflunarbreytingar ríkisins hafi reynst illa og þarf að endurskoða og stokka það allt saman upp með það að markmiði að jafna lífsaðstöðuna í landinu.

Ég sé að hæstv. forsrh. er kominn inn, en það er eini ráðherrann. Ég vil segja við hann að það er alveg rétt, sem var haldið fram eða sagt eftir honum á Kópavogsfundinum, að á næstu tveim mánuðum verður að gerast meira en hefur gerst á hinum mánuðunum. Ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar verður að komast upp úr hjólförunum hans Þorsteins Pálssonar, líka með afturhjólin.

Ég er ekki viss um að það náist hóflegir samningar nema verði tekið til greina t.d. að endurskoða hinn illræmda matarskatt. Þegar Þorsteinn Pálsson, hv. 1. þm. Suðurl., var forsrh. var ekki verið að hugsa um ferðamannaþjónustuna þegar var verið að sprengja upp vextina. Það er orðið núna þegar hann ber ekki ábyrgð. En hann getur ekki eða aðrir þingmenn sem stóðu að þeirri ríkisstjórn þvegið hendur sínar eins og Pílatus forðum gerði.

Nei, það verður að endurskoða þessar vísitölur. Ef á að byggja lánskjaravísitöluna á því. Það er ekki eðlilegt að launafólk uni því að fjármagnið sé vísitölutryggt ef launin eru það ekki. Það hljóta menn að sjá og skilja jafnvel þó þeir berjist fyrir hagsmunum fjármagnsins en ekki fyrirvinnufólksins eða hins fátæka manns nema fyrir kosningar.

Ég ætlast til þess að sú ríkisstjórn sem ég styð reyni að koma sér saman um að gera eitthvað raunhæft og ég mun gera mitt til að reyna að ýta á bílinn upp úr skorningunum hans Þorsteins Pálssonar.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég sé að uppi á pöllum er einn af ráðherrum Alþb. og væri kannski tilbreyting í því að bjóða honum að ganga í salinn. Hann er hálfeinmanalegur, hæstv. forsrh. Það er eins og enginn vilji deila áhyggjunum með honum þessa stundina nema fjórða hjólið á vagninum, hv. 6. þm. Norðurl. e. Stefán Valgeirsson, og er það vel við hæfi því þó nokkur orðalagsmunur hafi verið á ræðum þessara tveggja hv. þm. leyndist engum sem hér var inni að málflutningurinn var sá sami. Í öllum aðalatriðum voru þeir sammála, þessir tveir hv. þm., og greinilegt að þeir draga mjög dám hvor af öðrum og hafa svo sem rétt svipaðar skoðanir á atvinnulífi og efnahagsmálum. Það er þess vegna óþarfi að svara hv. 6. þm. Norðurl. e. sérstaklega, en ég vil þó óska honum til hamingju með að hann skuli hafa fundið sinn gamla formann, Steingrím Hermannsson, á nýjan leik og óska honum til hamingju með að hann hefur nú ríkisstjórn sem hann er svo ánægður yfir að hann sá ástæðu til að standa sérstaklega upp í Sþ. til að leggja blómsveig yfir herðar hæstv. forsrh., kom á eftir honum hingað upp í ræðustólinn þegar hæstv. forsrh. var nýbúinn að lýsa því yfir að auðvitað væri rætt um það í ríkistjórninni hvern einasta dag sem yfir gengi, að öldur atvinnuleysis væru að ganga yfir þetta þjóðfélag. Ég ræddi um, sagði hæstv. forsrh., að fram undan væri eflaust alda atvinnuleysis. Og það er fróðlegt að heyra þann gamla hv. 6. þm. Norðurl. e. taka undir með hæstv. forsrh. að þetta er bara minni háttar mál. Þetta er svo sem ekki neitt sérstakt til að hafa áhyggjur út af. Það er náttúrlega ekki neitt sérstakt fyrir hv. 6. þm. Norðurl. e., sem telur sig einkaþingmann þeirra á Raufarhöfn, þótt hann lesi í sínu gamla málgagni, Degi, nú að þar sé atvinnuleysi meira en þekkst hafi eftir að skráning atvinnuleysisdaga var upp tekin. Og það má vera líka að í huga hæstv. forsrh. sé Akureyri ekki hluti af strjálbýlinu eða dreifbýlinu, en einmitt í flokksblaði hans á Akureyri, Degi, er það skýrt tekið fram að atvinnuleysi sé vaxandi á Akureyri og sé þar meira en verið hafi síðan skráning atvinnuleysis hafi verið tekin upp. Um þetta tvennt eru þessir tveir menn sammála að sé eðlilegt ástand. Þetta finnst þeim mikið batamerki ef ég skil hæstv. forsrh. rétt. En af því að hæstv. fjmrh. er kominn í salinn er óhjákvæmilegt að spyrja hann einnar spurningar og hún er þessi: Er það rétt, sem hæstv. forsrh. sagði hér áðan, að ríkisstjórnin hefði í hyggju að taka upp viðræður við fjvn. um að hraða opinberum framkvæmdum á þeim stöðum á landinu þar sem atvinnuleysi verður tilfinnanlegast á næstu vikum eða mánuðum? Það er óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. fjmrh. hvort þetta mál hafi verið tekið upp við formann fjvn. og hvernig þessar umræður yfir höfuð standi. Ég treysti því að hæstv. fjmrh. komi hér í stól á eftir og geri grein fyrir þeim hugmyndum sem uppi eru innan ríkisstjórnarinnar um að flýta með þessum hætti opinberum framlögum til hinna ýmsu framkvæmda, en eins og þeir heyrðu sem hér voru inni rökstuddi hæstv. forsrh. þessa tillögu með því að illa gengi nú að selja verslunar- og iðnaðarhúsnæði og þess vegna kynni svo að fara að hið opinbera yrði að grípa inn í.

Hæstv. forseti. Ég hafði beðið aðalforseta þingsins að sjá svo um að hæstv. félmrh. gæti komið í þingsalinn. Hæstv. forsrh. fór mjög mörgum orðum um atvinnuleysið í landinu og er nauðsynlegt að hæstv. félmrh. sé viðstaddur af þeim sökum. (**Forseti:** Forseti verður að tilkynna hv. 2. þm. Norðurl. e. að samkvæmt töflu mun hæstv. félmrh. ekki vera í húsinu. En hugsanlega hafa verið gerðar ráðstafanir til að gera henni viðvart og mun forseti athuga það.)

Hæstv. forseti. Ég bað um það fyrir stundu eða svo að forseti þingsins gerði ráðstafanir til að ná í hæstv. félmrh. og var mér þá sagt að hann væri væntanlegur

þannig að það væri mjög gott ef hægt væri að ná í hann.

Ég vil fyrst, hæstv. forseti, víkja að forstjóra frystihússins á Þingeyri sem hæstv. forsrh. vitnaði í áðan, en ég vil líka minna á að samkvæmt ummælum sem hann viðhafði á fundinum í Kópavogi og endurómuðu í morgunútvarpi Ríkisútvarpsins var í rauninni það eina sem hæstv. forsrh. hafði við þann mann að segja að hann hefði átt að gefa sitt fyrirtæki upp til gjaldþrotaskipta fyrir þrem árum. Það var ekki hægt að skilja hæstv. forsrh. öðruvísi. Ég get þess vegna vel skilið að hann skuli hafa verið pínulítið beiskur yfir því að þeir á Þingeyri skyldu hafa látið í ljósi einhverjar vonir um að formaður Sjálfstfl. kynni e.t.v. að geta komið útgerðinni á Þingeyri til hjálpar, en eins og við munum var lítils stuðnings að vænta frá formanni Framsfl. á þeim dögum, enda munum við eftir því að í októbermánuði lýsti hann því yfir á fundi Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna að hann hefði verið uppi í fílabeinsturni utanrrn. og af þeim sökum ekki haft hugmynd um það sem var að gerast í sjávarútveginum hér á landi og átti það jafnt við um Vestfirði sem aðra hluti. En hitt vil ég spyrja hæstv. forsrh. um svo að ekki fari á milli mála: Bar að skilja ummæli hans svo að þessi maður, þessi forstjóri frystihússins á Þingeyri, hafi sagt við hann að formaður Sjálfstfl. hafi ekki staðið við sín orð? Var það það sem hæstv. forsrh. var að segja áðan? Ég held að það sé óhjákvæmilegt að hæstv. forsrh. reyni að svara þessu. Hann gaf í skyn í ræðustól áðan að svo hefði verið. Hann talaði um þennan mann og í sömu andránni ræddi hann um að fyrrv. forsrh. hefði ekki verið maður fyrir sínum orðum. Ég sé að hæstv. forsrh. er að skrifa niður. Það er eins um þetta atvik nú og ýmis önnur, að þegar maður biður hæstv. forsrh. að standa við sín stóru orð, segja já eða nei, er það þögnin sem svarar manni. Það er mjög auðvelt alltaf að slá úr og í. Það er auðvelt að bera fyrir sig menn fyrir vestan stundum og menn í Kópavogi stundum og stundum menn í Keflavík. En hitt er erfiðara að vera maður fyrir því sem maður segir á hverjum tíma. Ég rifja það upp af þessu tilefni að þegar verið var að ræða um heræfingarnar hentaði hæstv. forsrh. að segja og tala um það að í ágústmánuði sl. hefði hann verið önnum kafinn við að mynda ríkisstjórn, en þegar ég spurði hann um nú á haustdögum hvort hann hefði þá verið að mynda ríkisstjórn kom hann upp í þennan ræðustól og sagði að hann hefði ekki verið farinn að tala um það einu einasta orði á þeim ágústdögum sem hann í þessu samhengi sagðist hafa verið að mynda ríkisstjórnina. Hvað eru líka nokkrir dagar milli vina? Hvað er ein tímasetning svo sem í þessu samhengi? Ég sé að hæstv. forsrh. brosir yfir endurminningunni. En hitt get ég sagt honum að það er ekki broslegt, hvorki hér á landi né annars staðar, þegar þeir menn sem komast til æðstu metorða gera sig seka um að vinna á bak við þá menn sem þeir hafa bundist trúnaðartrausti við, sem þeir hafa skuldbundið sig til að vinna með að lausn á þeim erfiðleikum sem steðja að þjóðinni hverju sinni, þegar það kemur svo í ljós löngu síðar að þeir hafa verið að vinna á bak við þá og hafa verið að reyna að grafa undan þeim árangri sem ella hefði getað orðið af þeirra samstarfi. Ég hygg að það sé líka nauðsynlegt að vita vegna þess að hæstv. forsrh. fór enn einu sinni að tala um gömlu nefndina, um niðurfærsluna: Hvernig stóð á því að hæstv. forsrh. hefur ekki mátt heyra minnst á þessa niðurfærsluleið nokkru sinni síðan, aldrei? Hann hefur talað um það hér í ræðustólnum og hann talaði um það í Nd. fyrir skömmu að matarverðið væri hátt hér á landi. Rökstuðningur hans fyrir því í Nd. að ekki mætti lækka matarverðið nú, að það mætti ekki daga úr opinberum gjöldum og sköttum á algengustu neysluvörur nú væri sú að BSRB hefði verið að tala um skammtímasamninga. Er nokkur maður hér inni sem efast um að við værum betur stödd í þessu landi nú ef ríkisstjórnin hefði gengið fram fyrir skjöldu, hefði dregið úr skattheimtunni, hefði gefið fjölskyldunum eitthvað til baka af þeim 150 þús. kr. viðbótarsköttum sem lagðir voru á hverja fjögurra manna fjölskyldu í landinu um síðustu áramót, þó það hefði ekki verið nema 10%, hæstv. forsrh., sem hefðu verið gefnar til baka af þessum 150 þús. sem voru teknar af fjölskyldunni um síðustu áramót hefði e.t.v. verið hægt að komast hjá því nú að semja um peningahækkun á laun.

Skammtímasamningar, sagði hæstv. forsrh. Mér heyrist samt núna að hann sé ekki reiðubúinn að svara einu einasta orði, ekki einu einasta orði síendurteknum fyrirspurnum formanns Sjálfstfl. áðan um það hvernig hann hyggist bregðst við þeim vanda sem sjávarútvegurinn stendur nú frammi fyrir.

Hæstv. sjútvrh., staðgengill hæstv. forsrh., sagði í þeim stól sem ég stend í núna meðan hæstv. forsrh. var erlendis um daginn að þessir samningar væru óraunhæfir. Hann sagði að það væri ekki hægt að semja um að þessar launahækkanir gengju yfir hinn almenna vinnumarkað án þess að þær færu inn í verðlagið og kæmu fram í nýrri verðbólgu og án þess að það kæmi til nýrrar gengisfellingar. Þessa yfirlýsingu gaf hæstv. sjútvrh., varaformaður Framsfl., Halldór Ásgrímsson, meðan hæstv. forsrh. var erlendis. Nú spyr ég enn hæstv. forsrh.: Er hann sammála varaformanni sínum? Er hann sammála staðgengli sínum um það að ekki sé hægt að láta laun úti á hinum almenna vinnumarkaði hækka um eina einustu krónu án þess að það fari út í verðlagið, án þess að því verði mætt með nýrri gengisfellingu? Er hægt að segja já eða nei við því? Eða á að reyna að standa upp á eftir og reyna að snúa sig út úr þessu? Á að reyna að tala um eitthvað allt, allt annað? Á að fara að reyna að kenna Þorsteini Pálssyni um tapið núna? Hæstv. forsrh. sagði áðan að það væri alveg skelfilegt ef fyrirtæki í sjávarútvegi töpuðu langtímum saman og hann bætti við að fyrirtæki í sjávarútvegi hefðu tapað í tíð síðustu ríkisstjórnar þegar Þorsteinn Pálsson var forsrh. Kannski hann sé í þessum fílabeinsturni enn, hæstv. forsrh., ef hann heldur að sjávarútvegsfyrirtækin hafi skilað hagnaði. Hann er að tala um það að hann sé alltaf að lesa

reikningana. Hann segist dag hvern velta fyrir sér því mikla atvinnuleysi sem nú blasir við. Sýnast honum reikningarnir sýna hagnað? Skila fyrirtækin hagnaði? Og hverju skyldi vera um að kenna?

Hæstv. forsrh. talar ekki um rangt skráð gengi. En hann kennir ýmsu öðru um. Hann var áðan að tala um að hann hefði skoðað reikningana hjá fyrirtækjunum á sl. ári og hann sagði með mikilli hneykslan að það hefði verið svo mikill fjármagnskostnaður þá sem hefði valdið tapinu. En í allt, allt öðru samhengi rétt á eftir sagði hann að þessi mikli fjármagnskostnaður væri tilkominn vegna gengisfellinga á sl. ári sem efnt hefði verið til að beiðni þeirra manna sem vinna við fiskvinnsluna og fyrir fiskvinnslufyrirtækin þannig að sá fjármagnskostnaður sem til er orðinn vegna gengisfellingarinnar sé þess vegna borinn uppi og meira til af þeim auknu tekjum sem þessi sömu fyrirtæki fá í gegnum það að íslenska krónan hefur lækkað, erlendi gjaldmiðillinn hefur hækkað í verði. Þannig hrynur þessi spilaborg með mikla fjármagnskostnaðinn, hrynur undir eins og farið er að skoða og farið er að hlusta. Það stendur ekkert eftir nema þetta eitt að hæstv. forsrh. og hv. þm. Stefán Valgeirsson eru sammála um að gengið skipti svo sem ekki máli. Það sé gott að geta huggað sig við að einhvern tíma kannski síðar muni hækka eitthvað af fiski í Evrópu þó svo engar vonir séu um slíkt í Ameríku og þó svo allar horfur séu á því nú að olíuverð fari fremur hækkandi en lækkandi sem auðvitað kemur ekki sjávarútveginum til góða.

Hæstv. forsrh. var að tala um að fiskur á Evrópu færi að hækka. Það eru þrjár vikur síðan hann lýsti því yfir í Ed. að saltfiskvinnslan væri rekin með hagnaði. Það er ekki lengra síðan. Mig langar að spyrja hæstv. forsrh.: Hefur Þjóðhagsstofnun metið til fulls öll þau áföll sem saltfiskvinnslan hefur orðið fyrir? Er hugsanlegt að staða saltfiskvinnslunnar sé kannski ofmetin í skýrslum Þjóðhagsstofnunar? Má það vera? Hvar er það annars staðar sem hæstv. forsrh. hugsar sér að fá vinninginn? Sakir standa þannig núna að mönnum hefur verið ráðlagt að salta ekki, verið beint frá því að verka í saltfisk. Þannig er nú ástandið þar. Það er ekkert bjart fram undan og það þýðir ekkert að vera að tala um að það sé bjart fram undan. Og það þýðir ekkert fyrir hæstv. forsrh. alltaf að segja: Síðasta ríkisstjórn var verri en þessi ríkisstjórn. Hann er búinn að vera í fimm eða sex síðustu ríkisstjórnum og hann hefur alltaf komið í hverri nýrri ríkisstjórn og sagt: Ég ber enga ábyrgð á því sem gert var í síðustu ríkisstjórn. Áðan var hann að tala eins og honum kæmi ekki við það sem hafi gerst í síðustu ríkisstjórn í sjávarútveginum. Hver var sjútvrh. þá? Var Þorsteinn Pálsson sjútvrh.? Var sjálfstæðismaður sjútvrh.? Ef sjávarútvegsmálin fóru úr böndunum og ekki var hugsað um málefni sjávarútvegsins í síðustu ríkisstjórn, hverjum stóð það þá næst að hugsa um málefni sjávarútvegsins? Átti varaformaður Framsfl. eitthvað skylt við sjávarútveginn þá? Á hann eitthvað skylt við hann núna? Má vera að enginn sjútvrh. hafi eins lengi setið í því sæti í jafnlangvarandi hallarekstri og varaformaður Framsfl.? Má það vera? Það væri gaman að fá einhver svör við því.

Hitt er alveg rétt að hv. þm. Stefán Valgeirsson var á móti síðustu ríkisstjórn. En hæstv. forsrh. þóttist þó vera með henni á meðan hann sat í henni þó hann reyni að kenna henni um eftir á.

Ég tók eftir því, hæstv. forseti, að hæstv. forsrh. talaði um það áðan að það væri merki um að það slaknaði á peningamarkaðnum sem hjálpaði til við að lækka vexti og ber að fagna því, sagði hæstv. forsrh. Hvernig stendur á því að það slaknar á peningamarkaðnum? Er hugsanlegt að það sé vegna þess mikla vonleysis sem nú hefur gripið um sig í atvinnulífinu? Það er ekki bara hér í Reykjavík, það er út um allt land sem menn eru hikandi við að fara í framkvæmdir nú vegna þess að þeir óttast það sem fram undan er og gera sér ekki grein fyrir því hvernig ríkisstjórnin hyggist mæta erfiðleikum jafnvel næstu mánaða.

Ég hafði gaman af því þegar hæstv. forsrh. var áðan að tala um að e.t.v. mundi sjávarútvegurinn geta bjargað sér vegna þess að einhverjar óvæntar og miklar fiskhækkanir kynnu að koma sem björguðu fyrirtækjum í sjávarútvegi. Þetta var fróðlegur kafli vegna þess að á fundi Ed. sl. föstudag lagði hæstv. forsrh. sérstaka lykkju á leið sína til að víkja að því að iðnaðurinn, samkeppnisiðnaðurinn hefði farið jafnvel verr út úr fastgengistímabilinu en sjávarútvegurinn vegna þess að það hafi engar ytri aðstæður komið þeim iðnaði til hjálpar. Nú var svo að heyra á hæstv. forsrh. í aðra röndina að hann teldi að iðnaðurinn væri ekki aflögufær af þessum sökum. Hið sama er hæstv. forsrh. farinn að segja núna um sjávarútvegsinn, sennilega eftir að hæstv. sjútvrh. hefur tekið hann í kennslustund í afkomu sjávarútvegsins.

Hæstv. forsrh. segir að hvorki samkeppnisiðnaðurinn né sjávarútvegurinn þoli launahækkanir. Stundum segir hann það. Hann segir líka í öðru orðinu að hann sé mjög bjartsýnn vegna þeirra hógværu samninga sem tekist hafa við ríkisstarfsmenn og hann talar svo um forustu verkalýðshreyfingarinnar, forustu Alþýðusambands Íslands að hún vilji leysa kjaramálin án þess að fara út í kollsteypu. Í framhaldi af því lýsti hæstv. forsrh. því yfir að kjarasamningarnir nú væru ekki samningar um kjarabætur heldur væru þetta samningar um kjaraskerðingu og talaði síðan um að einkaneysla okkar Íslendinga væri meiri en í öðrum löndum. Hann kallaði hana eyðslu og talaði um að yrði að draga verulega úr einkaneyslunni eins og nú er komið.

Þetta vekur undir eins tvær spurningar. Fyrsta spurningin er þessi: Ber að skilja orð hæstv. forsrh. svo að ríkisstjórnin treysti sér ekki til að standa við það markmið að kaupmætti fyrsta ársfjórðungs ársins 1989 verði haldið það sem eftir er ársins?

Í öðru lagi verða orð hæstv. forsrh. ekki skilin öðruvísi en svo að hann telji æskilegt að kjarasamningarnir á hinum frjálsa vinnumarkaði dragist fram á haustið. Hann talaði um það sem firru að í blöðunum væru uppi háværar upphrópanir um 15% gengisfellingu og leyndi sér ekki að í þessum ummælum var

hann fyrst og fremst að gefa þeim fulltrúum Alþýðusambands Íslands, þeim verkalýðsleiðtogum Alþýðusambands Íslands sem starfa úti á landsbyggðinni áminningu um að þeir hefðu ekki hagað sér skynsamlega og þeir skyldu ekki treysta því að ríkisstjórnin mundi rétta hag sjávarútvegsins ef til almennra kjarasamninga kæmi á hinum almenna vinnumarkaði.

Ég hygg að ekki þýði að ítreka fsp. hv. 1. þm. Suðurl. og spyrja hæstv. forsrh. enn: Hvað hyggst ríkisstjórnin gera nú í sumar? Hyggst ríkisstjórnin greiða fyrir því að kjarasamningar geti tekist á hinum frjálsa vinnumarkaði sem verði á svipuðum nótum og gerðir hafa verið við opinbera starfsmenn? Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera 1. júní eftir að greiðslur á uppsöfnuðum söluskatti falla niður og hvað ætlar hæstv. forsrh. sér þegar greiðslur úr Verðjöfnunarsjóði frystingarinnar falla niður í júlímánuði? Það er hreinn útúrsnúningur hjá hæstv. forsrh. þegar hann talar um að ekki beri að taka þessar millifærslur inn í afkomu sjávarútvegsins. Auðvitað er afkoma sjávarútvegsins þeim mun verri sem millifærslunum nemur ef maður vill gera dæmið upp með eðlilegum hætti.

Ég veit ekki, hæstv. forseti, hvort ástæða sé til að segja mikið meira. Ég vil að vísu láta í ljós undrun mína yfir því að einungis hæstv. forsrh. skuli vera í salnum þegar hér fer fram efnahagsumræða og ráðherrum átti að vera ljóst að sú umræða færi fram. Það sýnir eitt með öðru hvernig þessi ríkisstjórn lítur á sjálfa sig að hún þykist ekki þurfa að standa fyrir svörum, hvorki þegar þjóðin spyr né þingið, í sambandi við þau málefni sem varða daglegt líf borgaranna í landinu sem margir hverjir eiga í kjarabaráttu og verkföllum, margir unglingar geta ekki lokið sínum prófum og aðrir ganga um atvinnulausir. Þegar þessi umræða er í þingsalnum þykjast ráðherrar í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar ekki þurfa að mæta í þinginu.

Ég tók eftir því að hæstv. forsrh. lauk ræðu sinni áðan með því að segja: Þessi ríkisstjórn mun alls ekki sofna á verðinum heldur verður fylgst með því frá degi til dags hvernig staða atvinnuveganna er. Hann lýsti þeirri skoðun sinni að það sé farsælla að ná viðeigandi rekstrargrundvelli smátt og smátt en örugglega fremur en vera með kollsteypur. Telur hæstv. forsrh. að mikið hafi áunnist síðan hann settist í það sæti? Hefur hæstv. forsrh. fetað þennan veg smátt og smátt en örugglega? Er hæstv. forsrh. ánægður með þennan gang og finnst honum hann bara hafa staðið sig vel? Er það kannski ástæðan fyrir því að ómögulegt er að fá hann til að svara einföldum spurningum, eins og þessari: Hvað á að gerast þegar ekki eru til meiri peningar í Verðjöfnunarsjóði frystingarinnar? Hvað ætlar hæstv. forsrh. að gera til þess að þær kjarabætur sem opinberir starfsmenn hafa fengið geti gengið út yfir þjóðfélagið? Og síðast en ekki síst: Hvað átti hæstv. forsrh. við þegar hann sagði í *Morgunblaðinu 8. apríl sl.*, *með leyfi hæstv.* forseta: „En ég hef sagt það allan tímann að hinn almenni vinnumarkaður þurfi að vera á undan og hafa frumkvæðið. Þess vegna þykir mér það mjög slæmt að aðilar hans hafa dregið lappirnar allan þennan tíma eins og gerst hefur." — Svo mörg voru þau orð. Hvað átti hæstv. forsrh. við þegar hann talaði um að hinn frjálsi vinnumarkaður hefði dregið lappirnar? Var hann með þessu að segja að fyrirtækin væru rekin með hagnaði og væru aflögufær? Hvað var hann að reyna að gefa í skyn? Og ef hann er þeirrar skoðunar að fyrirtækin hafi verið aflögufær og ef hann er þeirrar skoðunar að hinn almenni vinnumarkaður hafi dregið lappirnar, af hverju kemur hann þá ekki upp hingað og segir að svo sé? Af hverju ítrekar hann það ekki hér í ræðustólnum? Er eitthvað verra að segja það hér heldur en í einkasamtali við Morgunblaðið? Hvað hefur breyst síðan þetta var sagt við Morgunblaðið?

Ég leyfi mér að skilja hæstv. forsrh. svo að hann kæri sig kollóttan hvernig gengur í atvinnulífinu. Ég leyfi mér að skilja hæstv. forsrh. svo að honum standi á sama um það þó hér komi uppi alvarlegar vinnudeilur á hinum almenna vinnumarkaði og ég leyfi mér að skilja hann svo að það þýði hvorki fyrir atvinnurekendur né launþega að ganga á fund hans né þessarar ríkisstjórnar til þess að spyrjast fyrir um það með hvaða hætti ríkisstjórnin kynni að vilja greiða fyrir því að þær kjarabætur sem gengið hafa til opinberra starfsmanna gangi líka til hins almenna verkamanns, á sjónum og í frystihúsinu, í hinum almennu störfum verkamanna. Ef maður gæti vænst þess að svörin yrðu önnur þá hefði hann ekki notað *þennan munnsöfnuð „að draga lappirnar"*. Þá hefði hann valið önnur orð. Það er þessi fyrirlitning á því sem gerist utan Stjórnarráðsins sem er það sorglega við þessi ummæli. Og það er eftirtektarvert að einn af verkalýðsleiðtogunum hér í þinginu, hv. 3. þm. Vestf. Karvel Pálmason, sá einmitt ástæðu til þess í Ed. að snupra hæstv. fjmrh. sérstaklega fyrir þau óviðeigandi ummæli sem hann hafði látið falla gagnvart hinum almenna vinnumarkaði, gagnvart fólkinu úti á landsbyggðinni og þeim mönnum sem þar eru að reyna að standa fyrir rekstri.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, hæstv. forseti, en ég ítreka það sem ég sagði: Það er auðvitað tilgangslaust að spyrja hæstv. forsrh. efnislegra spurninga um grundvallaratriði sem varða kjarasamningana, samningsgrundvöllinn úti í þjóðfélaginu, sem varða undirstöðuatvinnugreinarnar, sjávarútveg og iðnað. Þeim verður ekki svarað. Hvorki beint né óbeint, heldur farið að tala um annað. Og fyrirlitning ríkisstjórnarinnar er slík að ráðherrar hans láta sig einu gilda hvað það er sem hann segir hér inni í þingsalnum, hvort hann talar um það í þetta skipti að ríkisstjórnin eigi að fara frá eftir tvo mánuði eða tíu. Þeir láta sig einu gilda. Þeir vita sem er að þó hæstv. forsrh. sé að reyna að hóta sjálfum sér með því að ríkisstjórnin eigi að falla eftir tvo mánuði þá tekur hæstv. forsrh. ekki mark á þeim orðum sjálfs sín.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Sú utandagskrárumræða sem hér hefur farið fram og hefur átt að snúast um stefnu ríkisstjórnarinnar í skatta- og launamálum og efnahagsmálum er auðvitað mjög þörf og ég þakka hv. 1. þm. Suðurl. fyrir að hefja hana en hitt er að þjóðin hefur vafalaust ekki áhuga á að heyra þá stefnu því svo er hún í molum. Því hefði verið betra að tala sem minnst um hana, enda hefur það verið svo að hæstv. forsrh. hefur talað lítið um stefnuna enda engin stefna hjá núverandi ríkisstjórn.

Þegar menn tala um efnahagsmál þá mega menn ekki gleyma veigamesta atriðinu í efnahagsmálum og það er þætti ríkisins. Nú hafa verið gerðir kjarasamningar við hluta af opinberum starfsmönnum sem þýða kauphækkanir upp á 9,5% að mati Þjóðhagsstofnunar og það segir sig sjálft að það hefur auðvitað áhrif á atvinnulífið, á fyrirtækin og á allt þjóðarbúið. Þegar núverandi ríkisstjórn lét samþykkja skattastefnu sína hér í þinginu með stuðningi stuðningsforeldra sinna hér í þinginu, þá voru ekki nokkur efni til þess að gera slíkt. Menn voru að taka fé sem ekki var til. Það var verið að ráðast á fyrirtækin í landinu og fólkið í landinu og taka fé þar sem ekki var til. Þetta auðvitað hefnir sín, það er ekki nokkur vafi. Þegar maður er upplýstur um það að í rekstri ríkissjóðs hafi ríkisstjórnin farið fram úr á árinu 1988 upp á tæplega 6,5 milljarða samkvæmt verðlagsbreytingum og raunaukningu, þá sér maður auðvitað hvar vandinn liggur. Hann liggur í rekstri ríkissjóðs. Ríkisendurskoðun hefur gefið skýrslu um þetta. Og af því að hæstv. fjmrh. er genginn í salinn þá spyr ég: Hvað hyggst hæstv. fjmrh. gera til þess að koma í veg fyrir eyðslu ríkissjóðs umfram það sem ætlað er á fjárlögum? Og hvað hyggst hæstv. forsrh. gera til að lina þá áþján sem ríkisstjórnin hefur lagt á þjóðina með núverandi sköttum og er meginatriði þegar við erum að ræða um þessi mál nú?

Núverandi skattastefna hefur orðið til þess að það hefur dregið úr atvinnu. Það hefur orðið atvinnuleysi. Fyrirtæki eiga í erfiðleikum og þetta hefur miklu meiri áhrif en nokkur önnur atriði nú. Og þegar við sjáum fram á það á sama tíma að það eru í vændum gífurlegar hækkanir á olíuverði, sem hafa hvað mest áhrif á afkomu þjóðarbúsins, þá er ljóst að það er vá fyrir dyrum.

Hæstv. fjmrh. hefur lýst því yfir með skýrum hætti að atvinnufyrirtækin í landinu verði að bjarga sér sjálf. Ríkissjóður sé búinn að bjarga sér með því að leggja á hærri skatta og muni því ná tekjum til að standa fyrir sínum útgjöldum, en atvinnufyrirtækin, sem eru grundvöllur þjóðlífsins, þau geti bjargað sér sjálf. Fjmrh. hefur þannig lýst því yfir með skýrum hætti að atvinnufyrirtækin megi fara á hausinn. Það skipti engu máli ef ríkið geti bara haldið sínu. Og þá er spurningin þessi: Ef atvinnufyrirtækin, þar á meðal okkar mikilvægustu atvinnufyrirtæki sem er fiskvinnslan, fara á hausinn, hvað verður þá eftir handa ríkinu og hvar á þá að taka peningana? Það vita allir sem fást við umræðu um íslenskt efnahagslíf að án þess að undirstöðuatvinnuvegirnir gangi stöðvast hjólin mjög fljótlega. Þess vegna er það ósvinna að hafa þá stefnu í frammi sem hér hefur komið fram. Sú lesning sem maður hefur eftir hæstv. forsrh. í sambandi við afkomuna á næstu tveimur mánuðum er ekki traustvekjandi.

Hæstv. forsrh. sagði hér í ræðu sinni að hann vonaðist til að það yrðu hækkanir á fiski okkar, aðallega á Evrópumarkaði. Það er auðvitað ágætt að eiga von á hækkun, en þegar litið er til þess að fyrirtæki í sjávarútvegi eru stödd þannig að það er nánast um þjóðnýtingu á þeim að ræða, þá vitum við að þau þola ekki öllu lengur það ástand sem er nú eftir langvarandi tap. Eigið fjármagn þessara fyrirtækja er víða orðið ekkert eða minna en ekkert og slík fyrirtæki geta ekki staðið undir taprekstri til lengdar. Það er því nokkuð ljóst að það verður að grípa til róttækra ráðstafana.

Ég hef haft trú á því að „pennastrikið" hans Alberts væri tiltækt. Menn hafa oft hlegið að því en sannleikurinn er sá að e.t.v. er það eina aðferðin sem gengur í dag, að það sé slegið striki yfir ákveðinn hluta skuldanna þannig að fyrirtækin geti byrjað á núlli. Það er hins vegar ekki hægt að gera eins og nú hefur verið gert að stofna hvern sjóðinn á fætur öðrum sem aðeins framlengir þá skuldasöfnun sem hefur átt sér stað í atvinnulífinu.

Hæstv. forsrh. sagði hér að verslunarfyrirtæki væru of mörg og það væri sársaukafullt að þau yrðu lögð af hvert á fætur öðru en það þyrfti að gerast. Ég er ekki sannfærður um að það hefði þurft að loka mörgum verslunarfyrirtækjum ef skattheimta ríkissjóðs hefði verið með öðrum hætti. Það er ekki nokkurt vafamál að núverandi skattar á verslunar- og skrifstofuhúsnæði og eignarskattar koma mjög við mörg þau fyrirtæki sem fást við verslun. Ég hef séð dæmi um það að gamalgróin fyrirtæki, sem hafa átt skuldlausar eignir og hafa verið rekin með myndarbrag, eiga nú í erfiðleikum vegna þessara skatta. Það er einnig ljóst að þetta hefur áhrif á sumarvinnu fólks sem hefur fengið vinnu við þessi fyrirtæki mörg undanfarin ár. Það er því ekki hægt að segja það að sú tillaga, sem hér kom fram um að leggja 15 milljónir fram til að draga úr atvinnuleysi fyrir skólafólk, leysi mikinn vanda. Það leysir sáralítinn vanda. Þegar farið er að framkvæma eða vinna hluti með þessum hætti þá erum við komnir aftur til þeirra tíma þegar bæjarfélög og ríkið voru að borga mönnum fyrir að vinna atvinnubótavinnu og það er ekki til framfara eins og tímarnir eru í dag.

Ég vil segja það að heimilin í landinu eiga fyrst og fremst í erfiðleikum út af stefnu núv. ríkisstjórnar. Þegar þeir 7 milljarðar voru lagðir á umfram skatta á síðasta ári þá var það ljóst að það mundi bitna á heimilunum í landinu og atvinnurekstrinum. Þetta hefur nú komið fram. Það er því ekki skrýtið þó að fólkið í launþegahreyfingunni sé með háværar kröfur. Forustumenn launþegahreyfingarinnar hafa gert sér ljóst að launin duga ekki lengur til að reka heimilin. Þegar hver fjögurra manna fjölskylda verð-

ur að borga 150 þús. kr. aukalega í skatta á ári þá kemur það auðvitað niður á þeim rekstri. Það er ekki nóg að segja hér í þinginu að menn verði að minnka einkaneysluna. Það er engin niðurstaða. Fólkið í landinu á kröfu á því að ríkisstjórnin minnki skattana því þá væri hægt að semja á allt öðrum grundvelli en hefur verið samið núna. Og ég er sannfærður um það að ríkisrekstrinn, sem hefur aukist allverulega, er til ófarnaðar.

Það verður að minnka þennan mikla yfirdrátt ríkisins á fjármagni og tekjum því ríkið hefur dregið til sín tugi milljarða umfram það sem eðlilegt getur talist. Það hefur valdið samdrætti í atvinnulífi, samdrætti sem hefur orðið til þess að fyrirtækin eru á hausnum. Og það er krafa að hæstv. forsrh. beiti sér fyrir því að ríkið skeri niður útgjöldin til samræmis við það sem Alþingi hefur ákveðið en fari ekki langt fram yfir þau mörk sem Alþingi ákveður hverju sinni því að það er aðalvandi þjóðarinnar. Og við getum litið til þess að það voru um 6,5 milljarðar sem var farið fram úr ákvörðunum Alþingis á sl. ári, eða 9%. Ef svo verður í ár eru hér miklar upphæðir á ferðinni sem er ekki hægt að verja. Ríkið verður að ganga á undan með góðu fordæmi og skera niður sín útgjöld á þeim liðum þar sem mest hefur verið farið fram úr á undanförnum árum og hjá þeim ráðuneytum þar sem farið hefur verið margfalt fram úr því sem fjvn. og hv. Alþingi hefur ákveðið. Það gengur ekki eins og hefur verið hér í ríkisrekstrinum að menn geti farið milljarða fram úr og næsta ár er það tekið inn í fjárlagaliðinn og síðan halda menn áfram að fara fram úr og fá alltaf hærri og hærri fjárhæðir. En þeir sem reka sín fyrirtæki hjá ríkinu og eru innan fjárlaga fá alltaf minna og minna í hlutfalli við hina sem reka illa fyrirtækin. (**Gripið fram í:** Þetta er hárrétt.) Þetta er meginatriði í stjórnun íslenska ríkisins, og það verður að taka á þessum málum fyrst og fremst. Og ef á þeim væri tekið væri staðan í atvinnumálum, launamálum og afkomu þjóðarinnar góð. (**Forseti:** Forseti vill vekja athygli hv. 11. þm. Reykn. á því að nú er komið að þeim tíma sem þingflokksfundir eiga að hefjast og því vildi ég spyrja hvort hv. þm. vill fresta ræðu sinni eða hvort hann er kominn að lokum ræðu sinnar þannig að fundi verði frestað.) Hæstv. forseti. Ég hef í raun nær lokið máli mínu og held að ég muni gera það þegar í stað. — [Fundarhlé.]

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Í tilefni af þeirri umræðu sem hér hefur farið fram í dag langar mig til að minna hæstv. forsrh. á það og hæstv. forseta að enn þá hefur ekki verið lokið við að ræða hér skýrslu um stöðu og rekstur fiskvinnslufyrirtækja sem beðið var um 31. október á síðasta ári. Það tók tvo mánuði að fá þessa skýrslu gerða, hvort sem það var af einhverju tregðuvandamáli í kerfinu, eða hvað það var veit ég ekki. Síðan er þetta tekið til umræðu hér tveimur til þremur mánuðum eftir það. Nú er komið á fjórða mánuð. Ætli eigi að líða sex mánuðir, ætli það verði niðurstaðan, frá því að níu þingmenn biðja um skýrslu um stöðu fiskvinnslufyrirtækja þangað til málið verður rætt hér á hæstv. Alþingi? Þetta finnst mér alveg dæmalaust. Og þetta finnst mér einmitt dæmi um það hvernig framkvæmdarvaldið hundsar Alþingi Íslendinga, um upplýsingar um stöðu mikilvægustu atvinnugreinar Íslendinga. Ég leyfi mér að mótmæla þessum drætti og þessum vinnubrögðum. Þetta á ekki að þurfa að taka svona marga mánuði á tölvuöld. Þetta er bara alveg fyrir neðan allar hellur. Alþingi Íslendinga á fullan rétt á því og við alþingismenn að fá að vita sem fyrst um stöðu fiskvinnslufyrirtækja, en opinberlega hefur komið fram hvernig hún muni vera. En að vera að taka þetta hér til umræðu og eiga síðan eftir að ræða það enn þá frekar, svona löngu eftir að beðið er um það, það er bara fyrir neðan allar hellur.

Ég má enn fremur til með að minna á það að ég hef lagt fram fsp. til hæstv. forsrh. um það hver eiginfjárrýrnun fyrirtækja í sjávarútvegi hafi orðið á árinu 1988, vegna þess að fram hafa komið alls konar útgáfur af þeirri stærð. Ráðherra hefur greint á um upplýsingar um eiginfjárrýrnun hjá fyrirtækjum á síðasta ári. Það er nauðsynlegt að öll tvímæli verði tekin af í þessu efni. Enn fremur var spurt hver yrði eiginfjárrýrnun fyrirtækja í sjávarútvegi á yfirstandandi ári miðað við núverandi efnahagsleg skilyrði. Það er þýðingarmikið að þessari spurningu verði svarað þannig að löggjafarsamkoma þjóðarinnar geti fengið upplýsingar um það hvað framkvæmdarvaldið er að aðhafast.

Ég verð að minna hæstv. forsrh. á það eina ferðina enn að þessi eiginfjárrýrnun samrýmist ekki stjórnarskrá landsins. Eignarrétturinn er friðhelgur samkvæmt stjórnarskránni og stjórnvöld eru skyldug til að skapa þessari atvinnugrein sómasamleg skilyrði, þau skilyrði að þessi fyrirtæki geti þrifist án þess að þurfa að vera í einhverjum öndunarvélum og á gjörgæsludeildum hjá kerfinu.

Ég er að tala, hæstv. forsrh., um meðalfyrirtæki. Það detta mörg aftur af samt sem áður þó svo að meðalfyrirtæki fái komist af án þess að þurfa að vera á þessum gjörgæsludeildum. Það er raunverulega alveg hræðilegt til þess að vita þar sem þessi hæstv. núv. ríkisstjórn jafnréttis og félagshyggju var mynduð til þess að bjarga atvinnulífinu eftir því sem hún sagði. Og það var helst og er enn þá rætt aðallega um að lækka fjármagnskostnað. Auðvitað þarf að lækka fjármagnskostnað en veit hægri höndin ekki hvað sú vinstri gerir? Mér er spurn. Leiða skattahækkanir hæstv. ríkisstjórnar fyrir áramót til lækkunar á fjármagnskostnaði? Að soga fé út úr fyrirtækjum sem var verið að tala um að þyrfti að bjarga þannig að þau þyrftu að taka enn þá meiri lán, taprekstur inn yrði enn þá meiri. Leiðir það til lækkunar á fjármagnskostnaði? Það leiðir til stórkostlegrar eftirspurnar eftir lánsfé. Hvernig getur svona gengið upp? Það er ekki mikið sagt þó að maður segi að hægri höndin viti ekki hvað sú vinstri gerir. Einhvern tímann var sagt: Skipstjóri vill sigla en byr hlýtur að ráða. Það er ekki nóg að tala alltaf um að bjarga atvinnulífinu og gera

síðan ekki þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til þess að atvinnulífið fái bjargað sér sjálft.

Hæstv. forsrh. sagði hér í dag að kaupleigufyrirtæki hefðu sprottið upp eins og gorkúlur og verslunarhúsnæði hefði sprottið upp. Af hverju gerist svona lagað? Það er ekki fólkinu að kenna sem gerir þetta. Það er stjórnvöldum að kenna. Þau hafa ekki skapað rétt efnahagsleg skilyrði. Þá kemur alls konar spákaupmennska sem afleiðing af rangri efnahagsstefnu.

Hæstv. forsrh. varð tíðrætt um það og er tíðrætt um það að nú sé verið að súpa seyðið af einhverri frjálshyggju. Ég botna ekki í svona tali. Ég verð að segja það. Til sjós nota menn loftvog, dýptarmæli og radar til að vita hvar þeir eru staddir, en í vestrænum ríkjum hefur frjálsræðið verið innleitt til þess að sýna fram á það að frjálsræði á mörkuðum er nokkurs konar mæling, sýnir þá mönnum hvar þeir eru staddir. En mér heyrist helst eftir þessum kenningum að ef þetta er allt saman frjálsræðinu að kenna er það sem sagt allt saman mælingunni að kenna. Mælingin sýnir einfaldlega hvernig efnahagsstjórnin er. Mælingin sýnir það að eftirspurn eftir fjármagni er allt of mikil. Og hvers vegna er eftirspurn eftir fjármagni svona mikil? M.a. vegna gífurlegs tapreksturs atvinnuveganna sem soga til sín fjármagn með vanskilum og nýjum lántökum. Ekkert af því sem hæstv. forsrh. er að tala um gengur raunverulega upp.

Nú standa yfir kjarasamningar. Þeir kjarasamningar eru að verulegu leyti bein afleiðing af skattahækkunum sem velt var yfir á launþega um áramót. Þar veit hægri höndin enn ekki heldur hvað sú vinstri var að gera. Og eðlilega snýst fólk til varnar gegn þessum skattahækkunum til að laga kjör sín. En það hlýtur flestum að vera ljóst að þeir kjarasamningar sem nú er verið að gera eru allir saman innistæðulausar ávísanir og raunverulega bara draumórar. Þetta er nátturlega einhvers konar nauðvörn fólks sem er að reyna að verja sig fyrir ágangi kerfisins.

Mig langar til að spyrja hæstv. forsrh.: Hverjar eru í dag t.d. tillögur Seðlabankans í efnahagsmálum? Ég hef alltaf litið svo á að Seðlabankinn væri einhvers konar ráðgjafi hjá framkvæmdarvaldinu og framkvæmdaraðili á vissum sviðum peningamála undir stjórn ríkisvaldsins. Hverjar eru tillögur Seðlabankans í dag til að koma á jafnvægisástandi? Og enn fremur langaði mig til að spyrja hæstv. forsrh.: Er honum ekki ljóst að það er hlutverk ríkisvaldsins að koma jafnvægisástandi á í efnahags- og atvinnumálum? Ekki með einhverjum ofbeldisaðgerðum, heldur með því að skapa þau skilyrði þannig að t.d. á fjármagnsmörkuðum sé heildareftirspurn eftir fjármagni í samræmi við heildarframboð. Það er raunverulega ekki hægt, eins og ég hef sagt hér áður, að ætla hæstv. ráðherrum svo illt að þeir hafi ekki hugmynd um hvað þeir hafa verið að gera síðustu mánuði. Það er bara öldungis ekki hægt. Þeir ætluðu sér að leysa vanda atvinnuveganna, en niðurstaðan er sú að allt er komið í miklu verri stöðu en þegar þeir tóku við. Það er búið að skuldbreyta, það er verið að skuldbreyta en það er skuldbreytt á röngu gengi. Og hvað á svoleiðis gildra að þýða? Setja þessi fyrirtæki í þá gildru að taka við erlendu lánsfé á röngu gengi svo að loksins þegar menn neyðast til að viðurkenna það að gengið er rangt skráð fá fyrirtækin þetta framan í sig. Staðan verður enn þá verri en nokkru sinni fyrr. Það er ekki hægt að ætla það að mönnum hafi verið þetta ljóst því raunverulega trúi ég því nú að menn vilji vel og ætli sér að reyna að gera vel, en að neita að viðurkenna þá almennu hagfræði sem notuð er á Vesturlöndum, því botna ég ekki í. Hvaða vísindi eru það sem eiga að koma í staðinn? Því hefur aldrei verið svarað almennilega. Það er algjörlega óþolandi fyrir fólk í atvinnulífinu að búa við svona óvissu eins og er þessa dagana. Hvað gerir ríkisstjórnin á morgun? Hvað gerir hún hinn daginn? Hvernig verður gengið eftir einn mánuð? Hvernig verður gengið eftir tvo mánuði? Það er ekki hægt að reka fyrirtæki, hæstv. forsrh., með svona eintóma óvissu út um allt, og enga kjölfestu.

Ég vil líka spyrja að því hvort hæstv. forsrh. sé það fyllilega ljóst að það er skylda stjórnvalda að skapa fyrirtækjum landsins eðlileg rekstrarskilyrði. Samkvæmt lögum um Seðlabankann er skylda að skrá gengi krónunnar þannig að afkoma undirstöðuatvinnuvega þjóðrinnar sé tryggð í útflutnings- og samkeppnisiðnaði. Er hæstv. forsrh. þetta ljóst? Mér sýnist að mönnum geti varla verið ljóst hvað þeir eru að gera. Sem dæmi er hækkun tekjuskatta, með leyfi hæstv. forseta. Það er nýkomið hér fram útreiknað af Vinnuveitendasambandi Íslands að hækkun tekjuskatta á sjávarútvegsfyrirtæki er 69%. Þetta eru fyrirtækin sem menn eru að tala um að fara að bjarga. Ef það skyldi nú koma fyrir að menn þénuðu í þessu til að reyna að rétta eiginfjárstöðuna við þá ætlar ríkissjóður að hirða 70%. Það á sem sagt ekki að vera hægt að mynda eigið fé í sjávarútvegi. (Gripið fram í.) Ég vil leyfa mér að líkja eiginfjárstöðu atvinnuvega landsmanna við stofnstærð nytjastofna okkar. Rýrnandi stofnar eru ávísun á versnandi lífskjör og rýrnandi eiginfjárstaða atvinnulífsins er ávísun á versnandi lífskjör og rýrnandi kaupmátt.

Það má segja um hæstv. ríkisstjórn að hún geti sagt eins og postulinn forðum: Það góða sem ég gjöra vil það geri ég ei, en það illa sem ég vil ekki gjöra það gjöri ég.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna orða hv. 5. þm. Austurl. um að ekki sé lokið umræðu um skýrslu forsrh. um stöðu og rekstur fiskvinnslufyrirtækja vill forseti upplýsa að það er alveg rétt. Þeirri umræðu varð að fresta vegna þess að beðið hafði verið um umræðu utan dagskrár um heræfingar varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Síðan hefur það háð því að umræðan gæti haldið áfram að við misstum einn dag sem var sumardagurinn fyrsti og hér í dag hafa farið fram umræður utan dagskrár einnig þannig að ég mun reyna að sjá til þess að á næsta reglulega fundi í sameinuðu Alþingi verði reynt að ljúka þessari umræðu um stöðu og rekstur fiskvinnslufyrirtækja.

Friðrik Sophusson:

Þessi umræða sem hér fer fram utan dagskrár er að sjálfsögðu eðlileg í ljósi síðustu viðburða. Þá er átt við annars vegar þá kjarasamninga sem ríkisstjórnin ber ábyrgð á og gerðir voru við starfsmenn ríkis og bæja og hins vegar ummæli og ræðu hæstv. forsrh. á almennum stjórnmálafundi í Kópavogi eins og hv. ræðumenn við þessa utandagskrárumræðu hafa minnt á fyrr í umræðunni. Meginspurningarnar sem komu fram hjá hv. 1. þm. Suðurl., sem hóf þessa umræðu, voru þær hvort eðlilegt sé að líta á kjarasamninga BSRB sem leiðandi samninga, hvort ætlast sé til þess að þeir samningar gangi yfir atvinnulífið, verði ráðandi fordæmi fyrir þá samninga sem eftir er að gera og sé svo, hvort ríkisstjórnin ætli að grípa til aðgerða til þess að leiðrétta og tryggja eðlileg rekstrarskilyrði fyrir útflutningsgreinarnar. Þessi svör þurfa að fást nú sem allra fyrst, annars er ljóst að ekki er hægt að ganga til slíkra samninga og ef engin svör fást nú á næstunni ber að skilja það sem skilaboð til atvinnulífsins um að hæstv. ríkisstjórn ætlist ekki til að samið verði á almenna vinnumarkaðinum nú á næstunni.

Það er augljóst að hæstv. ríkisstjórn hefur kosið að bera ábyrgð á stefnunni í kjaramálum um þessar mundir. Það hefur komið fram bæði hjá hæstv. forsrh. og einnig hjá hæstv. utanrrh. að með því að hæstv. ríkisstjórn hefur tekið að sér að semja við opinbera starfsmenn áður en samið var á almenna launamarkaðinum, vinnumarkaðinum, en auðvitað er miklu æskilegra að samið sé fyrst á almenna launamarkaðinum eins og kom fram í þeirra áliti, þá þýðir það væntanlega að hæstv. ríkisstjórn hefur tekið á sig ábyrgð á þessari stefnu. Nú er það ljóst og það hefur margoft komið fram í þessum umræðum, svo og í öðrum umræðum um þessi mál, að miðað við ástandið eins og það er í dag eru færðir til fjármunir í þessu þjóðfélagi, til ákveðinna aðila í útflutningi, þá á ég við frystinguna fyrst og fremst, og þessar millifærslur eða tilfærslur þýða u.þ.b. 5–6% bætta afkomu í frystingunni. Þá á ég við aðallega þá fjármuni sem ganga til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins og til viðbótar má nefna niðurgreiðslu á rafmagni þótt ekki sé minnst á endurgreiðslu söluskatts en það má halda því fram með þó nokkrum rökum að nokkur hlutur þeirrar endurgreiðslu sé í raun nokkurs konar millifærslur til sjávarútvegsins. Það hefur komið fram frá talsmönnum hæstv. ríkisstjórnar að gera megi ráð fyrir að þeir fjármunir sem hæstv. ríkisstjórn ætlaði til uppbóta til frystingarinnar, eða til útflutnings á frystum fiski í gegnum Verðjöfnunarsjóð, gangi til þurrðar í júnímánuði. Nú er miður apríl. Það mun þýða að þessir peningar dugi í einn og hálfan mánuð í viðbót. Það liggur ekkert fyrir um það hvað taki þá við og hæstv. ríkisstjórn fæst ekki til að svara því. Það eina sem hægt er að draga út úr hæstv. ríkisstjórn með töngum er að hæstv. ríkisstjórn vonast til þess að verð á frystum afurðum hækki á Evrópumarkaði. Með öðrum orðum: stefna hæstv. ríkisstjórnar byggist á vonum einstakra hæstv. ráðherra um það að hallæri í fiskiðnaði annars staðar leiði til hækkaðs verðs í Evrópu. Þetta er satt að segja heldur rýr stefna.

Þá má benda á og það kom fram hjá hæstv. sjútvrh. og hefur komið fram í öðrum opinberum heimildum að ef fram heldur sem horfir mun fjármagn úr saltfisksdeildinni ganga til þurrðar í lok þessa árs og er þá gengið út frá óbreyttu verði. Þetta liggur fyrir í umræðunni, samt fæst hæstv. ríkisstjórn ekki til að segja frá því, hvorki hér á þingi né við atvinnulífið, hvort hæstv. ríkisstjórn ætli að bregðast við hugsanlegum kjarasamningum með þeim aðgerðum að rekstrarskilyrði verði tryggð í fiskvinnslunni.

Það er ljóst og liggur fyrir og hefur komið fram í skýrslu Þjóðhagsstofnunar til Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna, en sú skýrsla er dagsett 14. apríl 1989, að það hefur verulega þýðingu til hins verra fyrir afkomu í sjávarútvegi ef kaup er hækkað um það sama og gerðist í samningum við BSRB. Ég mun ekki leggja dóm á það hve afkomurýrnunin verður mikil af þeim sökum en það kemur fram mjög skýrlega í þessari skýrslu að ef, eins og í töflu sem kemur fram í þessari skýrslu, hvort tveggja gengur fram að ekki verði til fjármunir í Verðjöfnunarsjóði né heldur verður átt við að breyta gengi meira en áætlað var, þá geti farið svo að halli á frystingu verði 10,5%. Nú er auðvitað öllum ljóst að slíkt getur ekki gengið og það er einmitt þess vegna að þess er óskað að hæstv. forsrh. svari hér tiltölulega einföldum spurningum um atriði sem blasa við en hæstv. ríkisstjórn þverskallast við að svara.

Það hefur minna farið fyrir umræðu um iðnaðinn í þessari umræðu en þó var bent á það af hv. 1. þm. Suðurl. að nú þegar hefur það gerst að mörg iðnfyrirtæki hafa orðið að hætta starfsemi sinni og í lauslegu mati Þjóðhagsstofnunar er gert ráð fyrir því með því að miða við veltutölur samkvæmt söluskattsskýrslum sem bendi til þess að iðnaðarframleiðsla hafi dregist saman um 6%, verslun um 3–4% og þjónusta um 2–3%. Þetta þýðir auðvitað að þau fyrirtæki sem ekki hafa fengið sérstaka fyrirgreiðslu eins og sum fyrirtækja í útflutningi, reyndar bæði í iðnaði, þó einkum í fiskvinnslu og þá sérstaklega í frystingunni, en þau fyrirtæki í iðnaði sem hafa þurft að hlíta gengisstefnu ríkisstjórnarinnar hafa auðvitað brugðið á það ráð að loka og það framkallar m.a. atvinnuleysi, ekki síst hér á suðvesturhorni landsins.

Það liggur þess vegna alveg skýrt fyrir að hæstv. ríkisstjórn á ekki nema tveggja kosta völ. Annar kosturinn er að auka enn á erlendar lántökur eða skatta, sækja þannig nýja fjármuni til þess að greiða með sumum útflutningsfyrirtækjum eða að fella gengi íslensku krónunnar og viðurkenna þá staðreynd að gengi krónunnar er of hátt skráð.

Þessar umræður hér í dag áttu að leiða í ljós hvort hæstv. ríkisstjórn hefði rætt um slíkt, hvort lægju fyrir einhverjar áætlanir um það hvað gera skuli. Svörin eru engin. Það eru sömu gömlu svörin: Við ætlum okkur að leita allra leiða. — Það eru sömu svörin og komu fram í haust þegar spurt var um þessi sömu

tilteknu atriði en það er ekki nýtt að menn hafi vitað að þeir fjármunir, þær 800 milljónir, sem áttu að ganga til Verðjöfnunarsjóðs og gengu til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, mundu ganga til þurrðar nú um þetta leyti árs.

Það var hins vegar athyglisvert að hlusta á tvo hæstv. ráðherra ríkisstjórnarinnar, annars vegar hæstv. fjmrh. sem hefur verið kallaður eins konar „háyfirráðherra" ríkisstjórnarinnar og hins vegar hæstv. sjútvrh. sem þá var starfandi forsrh., þegar þeir tóku þátt í umræðum um mál af þessum toga fyrir viku. Hæstv. sjútvrh. lýsti því yfir þá að hæstv. ríkisstjórn yrði að bregðast við með því að breyta gengi vegna þeirra samninga sem gerðir hefðu verið við BSRB. Hæstv. fjmrh. var hins vegar annarrar skoðunar. Og nú, áður en ég aðeins vitna orðrétt til ræðna þessara tveggja hæstv. ráðherra, langar mig til að spyrja hæstv. forsrh. hvort hann sé fremur á skoðun hæstv. fjmrh. eða á skoðun hæstv. sjútvrh. Og nú vil ég, með leyfi hæstv. forseta, fá að vitna til örfárra setninga sem komu fram í ræðum þessara tveggja hæstv. ráðherra.

Hæstv. fjmrh. sagði í annarri af sínum ræðum orðrétt: „Það er tómt mál um það að tala af hálfu forustumanna atvinnurekenda að vera að biðja hér um þróun frjálsra samskiptahátta á hinum ýmsu mörkuðum í okkar hagkerfi, bæði peningamarkaði, þjónustumarkaði og vinnumarkaði, ef menn eru ekki reiðubúnir fyrst að axla þá ábyrgð sem felst í því frelsi en verða ætíð í upphafi í hverri samningalotu til þess að biðja um sífellda fundi í Stjórnarráðinu." — Og síðar í þessari ræðu segir hæstv. fjmrh., þessari þingræðu sem flutt var fyrir nákvæmlega viku: „Það er ekkert tilefni til gengisbreytinga í þeim kjarasamningi sem gerður hefur verið við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, ekki neitt." — Og enn síðar segir hann: „Að tengja gengisbreytingar við kjarasamninga BSRB, eins og hv. fulltrúar Sjálfstfl. hafa hér gert, er algjörlega út í hött. Hvers vegna? Jú, vegna þess að í samningum opinberra starfsmanna er verið að semja um sérstakar hækkanir hjá þeim lægst launuðu í gegnum krónutölureglu, hækkanir hjá fólki sem hefur í heildarlaun 40–50 þús. kr. á mánuði." — Og síðan segir, og loks, hæstv. fjmrh.: „Væri krónutölureglunni beitt í sjávarútveginum í launakerfi fiskvinnslunnar með sama hætti og gert er í kjarasamningum BSRB er engin ástæða fyrir fiskvinnsluna til að biðja um gengisfellingu á grundvelli þessa kjarasamnings." — Hér lýkur tilvitnunum í ræðu hæstv. fjmrh. sem hann flutti hér í Sþ. fyrir nákvæmlega viku í fjarveru hæstv. forsrh. Og mér finnst full ástæða til þess að spyrja hæstv. forsrh. sem á að teljast yfirmaður og forustumaður þessarar hæstv. ríkisstjórnar sem hér situr nú að völdum: Er hann sammála því sem kemur fram í þessum tilvitnuðu ummælum? Er hann sammála hæstv. fjmrh. um það að þótt þessi kjarasamningur verði látinn gilda yfir atvinnulífið þurfi ekki að gera breytingar á gengi þrátt fyrir það? Ef hæstv. forsrh. er sammála því, hvað telur hann þá að þurfi að gera í staðinn til þess að rekstrarskilyrði fiskvinnslunnar í landinu séu viðunandi og ekki megi búast við lokun fjölmargra fyrirtækja á næstu vikum og mánuðum?

Staðgengill hæstv. forsrh., Halldór Ásgrímsson sjútvrh., var hér viðstaddur þá umræðu sem ég hef vitnað til. Skoðun hans var talsvert önnur en skoðun hæstv. fjmrh. Hann sagði, með leyfi forseta, orðrétt, og ég hef hér ræður hæstv. ráðherra sem ég hef fengið hjá ræðuritun þannig að ég les orðrétt úr ræðum viðkomandi hæstv. ráðherra. Hæstv. sjútvrh. sagði: „Það hefur orðið ofan á að gerður hefur verið samningur milli BSRB og ríkisins. Auðvitað er sá samningur leiðandi að vissu leyti þó ekki sé þar með sagt að launabreytingar hjá öðrum eigi að vera nákvæmlega þær sömu." — Og síðar segir hæstv. ráðherra: „En aðalatriðið er þó það sem hv. 1. þm. Suðurl. Þorsteinn Pálsson spurði mig um sem var nánast það hvort eitthvert svigrúm væri til þess í sjávarútveginum að greiða samsvarandi hækkanir á launum og nú hefur verið ákveðið að greiða hjá ríkinu. Svarið við því er einfaldlega nei." — Þetta er úr ræðu hæstv. sjútvrh. sem síðar sagði: „Það er metið svo að ef þær launahækkanir sem þarna hafa orðið mundu verða samsvarandi hjá fiskvinnslunni, þá mundi þetta tap aukast um u.þ.b. 2%, þ.e. í sjávarútveginum í heild, án þess að tekið sé tillit til þeirra óbeinu áhrifa sem verða að sjálfsögðu í atvinnuvegunum, þ.e. ýmis önnur laun hækka og þar af leiðandi þjónusta. Það liggur því í sjálfu sér alveg fyrir að sjávarútvegurinn er þess ekki umkominn að taka á sig frekari launahækkanir." — Og enn segir hæstv. þáv. starfandi forsrh. og sjútvrh. orðrétt, með leyfi forseta: „Mér dettur ekki til hugar að halda því fram að á sama tíma og verulegar kostnaðarhækkanir eiga að verða í landinu sé hægt að lofa því að genginu sé haldið algjörlega stöðugu. Hvað þá að fara að gera um það samning við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja því það mætti einfaldlega túlka slíkan samning þannig að það væri gerður samningur við þau samtök að atvinnulífið skyldi endanlega fara yfir um. Auðvitað gerir enginn slíkan samning og á enginn að biðja um það."

Ég vek athygli á því, virðulegur forseti, þegar ég les þetta, að hér er hæstv. sjútvrh. að vitna til þess að forseti eða formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja hefur haldið því fram að hann hafi tryggingu fyrir því frá hæstv. ríkisstjórn, frá hæstv. fjmrh. og væntanlega hæstv. forsrh. líka, að ekki verði efnt til gengisbreytinga né verðhækkana vegna þess samnings sem gerður var við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. Og það er full ástæða til þess að spyrja hæstv. forsrh.: Tók hann þátt í einhvers konar viðræðum við forustumenn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja sem gerði það að verkum að forustumenn þeirra samtaka máttu halda að hæstv. ríkisstjórn mundi ekki hreyfa gengi íslensku krónunnar ef skrifað væri undir þá samninga sem skrifað var undir á milli fjmrh. og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja?

Formaður BSRB hefur gefið slíkt sterklega í skyn en hér í þessari ræðu sem ég hef verið að vitna til og

hæstv. sjútvrh. flutti fyrir viku er sagt að slíkt sé algjörlega út í bláinn. Reyndar notar hann ekki orðið „vitfirra" eins og sumir hafa notað um kröfur Bandalags háskólamanna en merkingin er mjög skýr í orðum hæstv. sjútvrh.

Síðar í þessari ræðu segir hæstv. sjútvrh. að launþegar verði að gera sér grein fyrir þeirri einföldu staðreynd að hækkun launa muni hafa áhrif á verðlag og er auðvitað með þessum tilvitnuðu orðum að gera því skóna að hreyfa verði gengi og slíkar gengisfellingar hafi óhjákvæmilega áhrif á verðlag og þá auðvitað fyrst og fremst verðlag innfluttrar vöru. Og síðar í sinni ræðu, með leyfi forseta, segir hæstv. sjútvrh.: „Það er alveg ljóst að eitthvert gengissig hlýtur að verða á árinu 1989" — og gerir síðan grein fyrir því, og segir loks orðrétt: „Starfsskilyrði sjávarútvegsins þola ekki neinar hækkanir um þessar mundir."

Virðulegur forseti. Ég hef vitnað hérna orðrétt til ræðna tveggja hæstv. ráðherra sem allir þeir sem hlusta á sjá að stangast á. Annar hæstv. ráðherrann, yfirforingi, að eigin áliti a.m.k., þessarar hæstv. ríkisstjórnar segir: Það þarf engar gengisfellingar vegna þess samnings sem gerður hefur verið við BSRB jafnvel þótt hann verði lagður til grundvallar í fiskvinnslunni og öðrum þáttum atvinnulífsins. Hins vegar kemur varaformaður Framsfl., hæstv. sjútvrh., talar þar sem starfandi forsrh. og segir: Auðvitað verður að svara þessum kjarasamningi með gengisfellingu ef þessi samningur, sem hann telur að sé leiðandi fyrir atvinnulífið, verður ráðandi við gerð frekari kjarasamninga. Það er lágmarkskrafa að þegar hæstv. forsrh. kemur upp í ræðustól síðar í kvöld og svarar þeim spurningum sem til hans er beint fari hann ekki eins og köttur í kringum heitan graut eins og hann gerði í sinni ræðu í dag heldur svari því skýrt og skilmerkilega hvorum ráðherranum hann er sammála. Hlýðir hann þeim sem telur sig vera yfirmann í ríkisstjórninni, hæstv. fjmrh., eða er hann sammála hæstv. sjútvrh. og varaformanni Framsfl.? Ef hann er sammála sínum eigin flokksmanni og samráðherra, hæstv. ráðherra Halldóri Ásgrímssyni, verður hæstv. forsrh. auðvitað að svara til viðbótar þeim spurningum sem til hans hefur verið beint hér í umræðunum í dag, en hann kom sér hjá að svara þeim í sinni ræðu. Það er ekki verjandi í sex mánuði í röð að hlusta á hæstv. forsrh. segja það í ræðustól að verið sé að leita ýmissa leiða. Það er kominn tími til þess að hann segi hvað hæstv. ríkisstjórn hyggist gera miðað við þær forsendur sem hæstv. ríkisstjórn hefur sjálf gefið sér í þessum málum, en það er sá samningur sem hæstv. ríkisstjórn gerði við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja.

Hæstv. forsrh. sem er talinn með hugrakkari mönnum, meira að segja með hugrakkari þingmönnum og ráðherrum, hefur þann sið að þegar komið er að kjarna málsins og deilt er um þessi mál í þingsölum þá segir hann: „Þetta er allt frjálshyggjunni að kenna." Nú hefur það stundum vafist fyrir hæstv. forsrh. að svara því hvað sé frjálshyggja þegar hann er spurður þeirrar spurningar. Satt að segja, og það veit hæstv. ráðherra og man af fundum hér í bænum, finnst fólki afar kyndugt þegar hann er að reyna að svara spurningunni hvað sé frjálshyggja. Hann sagði á fundi sem ég sat að frjálshyggja væri það sama og stjórnleysi. Þegar reynt hefur verið að þröngva hæstv. forsrh. til að svara nákvæmar hefur hann gjarnan sagt: „Ja, sko frjálshyggjan, það er þessi óhefti markaður, þessir verðbréfasjóðir, verðbréfafyrirtæki og kaupleigufyrirtæki." Ég man ekki betur en að í stefnuræðu hæstv. forsrh. legði hann alveg sérstaka áherslu á það í haust að ná böndum á þennan markað. Hvaða bönd voru þetta? Jú, böndin voru þau að koma frumvarpi til laga um verðbréfasjóði í gegnum þingið.

Nú væri gaman að spyrja: Ætli þetta hafi tekist? Já, hæstv. ríkisstjórn lagði fram frumvarpið og fyrir nokkrum vikum var það samþykkt. Með öðrum orðum: þessi frjálshyggja sem hæstv. forsrh. hefur verið að tala um er ekki lengur til staðar einfaldlega vegna þess að nú hefur verið komið böndum á verðbréfamarkaðinn. Nú getur hæstv. forsrh. ekki skákað í því skjólinu að kenna einhverjum verðbréfafyrirtækjum og verðbréfasjóðum, einhverjum „gráa markaði", um það hve illa gengur að hemja vextina í landinu. Við skulum aðeins líta nánar á þetta. Kann að vera að það séu einhverjir fleiri sem séu frjálshyggjumenn í þessu þjóðfélagi? Jú, hæstv. ráðherra hefur ráðist á aðra. Hann hefur söðlað sinn hest eins og Don Kíkóti forðum og hefur valið sér vindmyllur. Það er Seðlabankinn og það eru bankarnir í landinu. Hæstv. forsrh., ásamt samráðherrum sínum, gekk meira að segja svo langt að biðja um fund með meiri hluta bankaráða ríkisbankanna til þess að koma böndum á ríkisbankana og koma þannig í veg fyrir óeðlilega vexti í landinu. Hvaða menn voru þetta? Voru það ekki frjálshyggjupostularnir? Hver skyldi vera formaður bankaráðs Búnaðarbankans, annars ríkisbankanna? Er það ekki aðalfrjálshyggjumaður þjóðarinnar? Maðurinn sem myndaði meiri hluta í bankaráði Búnaðarbankans. Hver skyldi vera formaður bankaráðs Búnaðarbankans? Jú, það er hv. þm. Stefán Valgeirsson. Þetta er nú frjálshyggjuliðið sem hæstv. forsrh. er að berjast við.

Nei, ég held að hæstv. forsrh. ætti að átta sig á því að það er út í bláinn og það trúir því ekki nokkur maður lengur þegar hann heldur því fram að öll vandamál sem upp hafa komið að undanförnu séu frjálshyggjunni að kenna. Það er öðru nær. En hæstv. ráðherra sér sér leik á borði. Hann kallar til vitnis ýmsa menn úr atvinnulífinu og segir sem svo: Hvað segja iðnrekendur? Eru þeir ekki sammála mér? Hvað sagði formaður Félags ísl. iðnrekenda? Sagði hann ekki eins og ég að vextir væru allt of háir, fjármagnskostnaður væri allt of mikill? Jú, formaður iðnrekenda hafði tekið undir það með hæstv. forsrh. að fjármagnskostnaður væri mikill í landinu. Í raun hefur enginn neitað því. En af hverju sleppti hæstv. forsrh. að nefna að formaður Félags ísl. iðnrekenda hafi sagt nýlega á aðalfundi þess félags að það þyrfti

að fella gengið um u.þ.b. 10–12% þannig að eitthvert vit kæmist í rekstrarskilyrði iðnaðarins og útflutningsgreinanna? Af hverju sleppti hæstv. forsrh. þessu? Það er vegna þess að hann kýs að velja sumt af því sem menn segja til þess að leiða fram sem vitni fyrir því að hann hafi rétt fyrir sér en sleppir öðru sem er óþægilegra fyrir hans málstað. Í þessu býr kjarkur hæstv. ráðherra. Þetta er hugrekkið, þetta er krafturinn, mátturinn og dýrðin.

Ég held nefnilega að það sé rétt, sem ýmsir hagfræðingar halda fram, meira að segja stjórnmálamenn og menn úr flokki hæstv. forsrh., að í raun og veru geti ríkisvaldið með allt öðrum hætti haft áhrif á vaxtastigið í landinu. Þar kem ég að ríkisskuldabréfunum. Af hverju lækkar ekki hæstv. ríkisstjórn vextina af ríkisskuldabréfunum? Nú hafa bankarnir lækkað sína raunvexti um ½%. Það liggur fyrir að „grái markaðurinn", verðbréfamarkaðurinn, hefur lækkað vexti hjá sér, þ.e. þar ríkir að sjálfsögðu lögmál framboðs og eftirspurnar. En af hverju dregur ríkisstjórnin lappirnar? Af hverju ákveður ekki hæstv. forsrh. að lækka vexti af ríkisskuldabréfunum niður í 5%? Það er aðeins eitt svar við því. Svarið er það að ríkisskuldabréfin seljast ekki í dag og mundu enn þá síður seljast ef vextirnir yrðu lækkaðir. En ég skal kenna hæstv. forsrh. mjög gott ráð og hann má nota það jafnvel þótt ég gauki því hér að honum, enda erum við frændur eins og komið hefur fram í umræðunni og miklir vinir og ég veit að hann þiggur gott ráð. Ráðið er að lækka vexti af ríkisskuldabréfunum niður í 5% og ef þau seljast ekki þá á bara að skera niður ríkisútgjöldin á móti. Ég er alveg sannfærður um að þá mundu vextir almennt lækka, verðbólgan hjaðna og ríkisstjórnin fengi verðugt verkefni og verkefni við sitt hæfi að skera niður ríkisútgjöldin á móti. Þá gæti hæstv. ráðherra sýnt hugrekki sitt og hugmyndaauðgi og slegist í för með hæstv. fjmrh. sem hefur haft þá hugmyndaauðgi að skera laun ríkisins niður um 4% án þess að það komi að nokkru niður á þjónustunni. Við vorum að hlusta á sjónvarpið áðan þar sem verið var að segja frá því að verið væri að loka deildum á sjúkrahúsinu á Húsavík og það er búið að loka í auknum mæli deildum á öllum sjúkrahúsum landsins. Nei, það er ekki samdráttur í þjónustu. Þessu ráði vil ég beina til hæstv. forsrh. því að þetta ráð er alveg óbrigðult. Það er dálítið erfitt að fara eftir því, ég skal viðurkenna það. En það er alveg ljóst að þetta er ráð sem dugir.

Ég held samt sem áður, virðulegur forseti, að hæstv. forsrh. muni ekki þiggja þetta ráð. Hann mun halda áfram að berja höfðinu við steininn, hann mun halda áfram að ráðast á vindmyllurnar og kenna frjálshyggjunni um, ráðast á bankakerfið, Seðlabankann, finna andskota í þessu horni og hinu horninu og segja: Þetta er allt þeim að kenna. Ég vildi gera þetta vel, ég ætlaði mér að gera þetta vel, það voru bara hinir sem komu í veg fyrir það. Hann hefur nefnilega trú á því að það sé hægt að nota handafl gegn markaðslögmálunum.

Nú langar mig, virðulegur forseti, til þess aðeins að vitna til greinar í blaði sem ég las ekki alls fyrir löngu þar sem fjallað er um yfirlýsingu hæstv. ríkisstjórnar frá 6. febr., en það er einmitt í þeirri yfirlýsingu sem kom fram það loforð hæstv. ríkisstjórnar að lækka vexti niður í 5%. Þetta er ekki nýtt loforð, þetta er loforð frá því 6. febr. og var reyndar það eina sem þá kom fram sem menn tóku eftir. Nú hefur hæstv. ríkisstjórn sagt að þetta eigi að gerast í lok maí ef ég man rétt. Í þessari grein, sem ég ætla nú að vitna til, segir, með leyfi forseta, að það veki athygli hvað ekki var sagt í yfirlýsingu frá hæstv. ríkisstjórn frá 6. febr. Síðan segir:

„1. Það er ekkert minnst á jafnvægi í þjóðarbúskapnum í heild, þ.e. framboð og eftirspurn á öðrum mörkuðum en peningamarkaðnum. Það skiptir sköpum hvað er að gerast á vinnumarkaðnum og vörumörkuðum því markmið um atvinnustig eða viðskiptahalla verður að skoða í samhengi við markmið í peningamálum.

2. Hvergi er minnst á verðbólguna berum orðum. Þess er getið að veita verði sérstakt aðhald þegar verðstöðvun sleppir.

3. Gengisstefnan hlýtur að skipta sköpum varðandi verðbreytingar, en ekki er minnst á samspil gengisþróunar og peningamagnsbreytinga. Hvað þá að þetta sé samningsatriði við ákvörðun fiskverðs.

4. Treyst er á ýtrasta aðhald í ríkisrekstrinum þannig að ekki þurfi að hafa áhyggjur af ríkishalla. Hvort tveggja er að hann virðist alltaf vera vanmetinn og falin skekkja í fjárlögum auk þess sem kjarasamningar eru á næsta leiti sem ráða úrslitum um framvindu efnahagsmála á næstunni."

Síðan segir í beinu framhaldi í þessari grein:

„Maður fær það á tilfinninguna að verið sé að villa um fyrir lesandanum á ýmsan hátt." — Svo ég skjóti því hér inn þá er verið að vitna til lesenda frv. sem kom í kjölfar febrúaryfirlýsingar hæstv. ríkisstjórnar. — „Látið er í veðri vaka að Seðlabankinn geti lækkað raunvexti með sölu á spariskírteinum ríkissjóðs gegn 5% raunvöxtum óháð verðbólgu og væntingum fólks. Ríkissjóður getur auðvitað náð þessu markmiði fyrir sitt leyti með því að gefa út skírteini sem seljast ekki. Raunvextir lækka hins vegar ekki fremur en verðbólgan með einfaldri ríkisstjórnarsamþykkt. Það er verið að ruglast á orsök og afleiðingu og finna sökudólga í lánastofnunum og Seðlabanka fyrir háum raunvöxtum. Til þess að raunvextir lækki þarf að snúa dæminu við. Það verður að byrja á því að ákveða fjárlög og áætla erlendar lántökur og peningaframboð í landinu í heild með tilliti til þess að heildareftirspurn í þjóðfélaginu sé í samræmi við heildarframboð þannig að ákveðnu markmiði í verðlagsmálum sé náð. Þetta gerist með því að breyta peningaframboði af hálfu Seðlabankans með reglum um bindiskyldu og lausafjárhlutfall og með sölu spariskírteina með þeim vöxtum sem með þarf til þess að ná tilteknu sölumarkmiði. Á venjulegum markaði getur fyrirtæki annaðhvort ákveðið verð vöru sinnar eða það magn sem það vill selja á tilteknu verði. Þegar bæði verð og magn er ákveðið er nánast

um tilboð að ræða fremur en markaðsstarfsemi. En það er einmitt þess vegna sem svo mörgum stjórnmálamönnum er illa við markaðinn, það er erfitt fyrir þá að ráða yfir honum eða ákveða með lögum að hann skuli láta að vilja þeirra." Hér lýkur lestrinum og ég vildi sérstaklega vitna til þessara síðustu orða: „En það er einmitt þess vegna sem svo mörgum stjórnmálamönnum er illa við markaðinn, það er erfitt fyrir þá að ráða yfir honum eða ákveða með lögum að hann skuli láta að vilja þeirra."

Þetta mundi maður nú kalla svívirðilega árás á hæstv. forsrh. Hér er, eins og allir lesendur sjá, verið að löðrunga þá hæstv. ráðherra sem halda því fram að hægt sé að stýra vöxtum með þeim ráðum sem hæstv. forsrh. hefur undir rifi hverju. Hvaða fjárans frjálshyggjumenn skyldu svo skrifa þetta? Hannes Hólmsteinn Gissurarson eða einhver þaðan af verri? Nei, þetta er úr blaði sem gefið er út af samvinnuhreyfingunni. Kannast hæstv. ráðherra við hana? Nei, hann hefur ekki heyrt á hana minnst, hann heldur bara áfram að lesa í sínum ljóðum. Vona ég það að þegar hann hefur lesið þau muni hann eitthvað af þessum ljóðum sem hann er að lesa og læri eitthvað af þeim. Kannski er þetta eins konar æfing. Ég man að þegar ég var í barnaskóla var mér sagt að maður gæti aukið á minni sitt með því að læra ljóð utanbókar og með því að fara með þau aftur og aftur. Hæstv. forsrh. er kannski að fara að slíkum ráðum og les síðan ljóð baki brotnu vegna þess að einhver hefur bent honum á að það væri gott ráð við minnisleysi. Og leyfi ég hæstv. ráðherra að halda áfram ljóðalestrinum því að margt óþarfara hefur hann gert um ævina en að lesa ljóð eftir góðskáld íslensku þjóðarinnar.

Mig langar nú til þess að víkja að því hvort hæstv. forsrh. kannist við að það sé halli í viðskiptum við útlönd. Getur það verið að hæstv. ríkisstjórn afgreiði lög frá Alþingi og áætlanir sem geri ráð fyrir verulegum viðskiptahalla? Mig langar líka til þess að víkja að því og spyrja hæstv. forsrh. hvort hann hafi heyrt þær kenningar að þegar mikill viðskiptahalli sé þá stafi það m.a. af því að gengi krónunnar sé rangt skráð? Hafi hann heyrt á þetta minnst og jafnvel áttað sig á þessum staðreyndum, sem sumir vilja kalla svo, þá langar mig að spyrja hæstv. forsrh. að því hvernig hann hefur hugsað sér að leysa úr þessum málum fyrir íslensku þjóðina. Ég veit ekki hvort hæstv. forsrh. áttar sig á því að á hverjum einasta degi — og þá tel ég sunnudaga og laugardaga með, jóladag og páskadag og sumardaginn fyrsta og alla daga ársins — munar u.þ.b. 30–40 millj. á því að endar nái saman í þessum búskap Íslendinga. Með öðrum orðum: við erum á hverjum degi að auka erlendar lántökur um 30–40 millj. kr. Hefur hæstv. forsrh. einhvern tímann hugsað út í þetta? Hefur hæstv. forsrh., þegar hann er að fjalla um þessi mál, gert sér í hugarlund hvernig hann ætlar að leysa þetta? Ef hann hefur gert það þætti mér vænt um að hann segði frá því á hinu háa Alþingi vegna þess að þetta er hluti af því stóra máli sem við erum að ræða hér í dag. Þetta er hluti af því hvernig þessi þjóð á að framfleyta sér án þess að taka sífellt meiri erlend lán. Það er einmitt það sem hæstv. ríkisstjórn hefur gert. Hún hefur leyst þannig til bráðabirgða úr sárustu vandræðum fyrirtækjanna með því að slá fjármagn erlendis til þess að borga með vörunum sem við flytjum til útlendinga. Ef hæstv. ráðherra trúir því að slíkt gangi upp legg ég til að við hv. þingmenn skrifum til akademíunnar úti á Norðurlöndum og förum fram á að hæstv. forsrh. fái Nóbelsverðlaunin í hagfræði ef hann heldur að þessi eilífðarvél geti gengið upp. En þar sem ég veit að hæstv. forsrh. þekkir þessi mál og kannast við þau óska ég eftir því að hann ræði um það við okkur hvernig hann hyggst í nafni ríkisstjórnarinnar, nú þegar ljóst er að ríkisstjórnin hefur tekið á sig ábyrgð af kjarasamningum, annars vegar leiðrétta rekstrargrundvöll útflutningsgreinanna og þar með íslensku þjóðarinnar gagnvart öðrum löndum í kjölfar þeirra kjarasamninga sem hann ber ábyrgð á. Þetta er nú ekki flóknara en það.

Hæstv. forsrh. hefur stundum í vetur, og ég hef nokkuð vikið að því í mínu máli, virðulegur forseti, sagt að það sé allar meinsemdir að finna í frjálsræðinu og frjálshyggjunni og hann lét að því liggja í sinni stefnuræðu í haust að nú yrði vikið frá þessum frjálshyggju- og frjálsræðisúrræðum sem hefðu verið notuð á Vesturlöndum. Það mátti skilja að við værum svo sérstakir Íslendingar að í raun og veru þössuðu engar hagfræðiformúlur hjá okkur.

Nú langar mig til þess að spyrja hæstv. ráðherra að því hvort hann telji að það sé lakari mold í jörðinni fyrir austan jarntjald en fyrir vestan jarntjald, hvort það sé munurinn á Austur- og Vestur-Þýskalandi, Póllandi og Frakklandi, Ungverjalandi og Austurríki, þ.e. að annars vegar sé allt miklu lakara, verra fólk, lakari mold og minni málmar? Eða getur það verið að þjóðirnar fyrir vestan jarntjald hafi náð betri lífskjörum vegna þess að kerfið sem byggist upp á frjálsræðinu og frjálsa markaðinum hafi gefið betri raun vegna þess að almenningur fyrir vestan jarntjald á þess kost að velja sér markmið og leið að þeim markmiðum? Því hefur það verið aðall allra ríkisstjórna sem hafa setið á Vesturlöndum á síðasta áratug, hvort sem það eru ríkisstjórnir íhaldsmanna, krata eða framsóknarmanna, svo ég nefni nú flokksbræður hæstv. forsrh. sem hann þingar stundum með og eiga aðild að ríkisstjórnum víðs vegar um Evrópu, að auka frjálsræðið. Þetta hefur einmitt gert það að verkum að ríkisstjórnirnar í Evrópubandalaginu treysta sér nú til þess sameiginlega að lýsa yfir að komið verði á sameiginlegum innri markaði þar sem frjálst flæði verði á fjármagni og mannafla á milli landa. Þetta byggist nákvæmlega á þeirri hugmynd að frjálsræðið geti gefið eitthvað í aðra hönd. Austur í Moskvu situr aðalvinur hæstv. forsrh., Gorbatsjov, og hann er farinn að skilja þetta — hann er farinn að skilja þetta. Meira að segja í Póllandi eru menn farnir að skilja hlutina. En á Íslandi situr ríkisstjórn undir forsæti hæstv. forsrh. en undir hugmyndafræðilegri stjórn hæstv. fjmrh. og þessi ríkisstjórn ætlar að fara einhverjar sérstakar leiðir, allt aðrar leiðir en allir

aðrir fara. Heldur hæstv. ráðherra að hann viti miklu betur en allir aðrir í Vestur-Evrópu hvernig eigi að fara að? Heldur hann að það gildi einhver önnur lögmál hér á landi en þar? Trúir hann því virkilega að handaflsstjórn hans sé vitrænni en stjórn þeirra þjóðarleiðtoga sem hafa valið veg frelsisins á Vesturlöndum? Af orðum hæstv. forsrh., sem hann hefur sífellt endurtekið þegar hann er að bera frjálshyggjuna fyrir sig, má ráða og halda að hann vilji fara einhverja allt aðra leið. Ég spyr hæstv. forsrh.: Átti að skilja hann svona á sínum tíma í haust eða var þetta bara misskilningur? Þorir hann að koma í ræðustól og segja okkur að í raun og veru sé það besta sem við getum gert að haga okkar hagstjórn með sama hætti og aðrar vestrænar þjóðir, þ.e. að auka frjálsræðið en ekki draga úr því?

Um þetta snýst í raun og veru allt þetta mál. Það snýst nákvæmlega um þetta. Það snýst um það hvort við ætlum að hafa stjórnarfar sem byggir á jafnvægi í þjóðarbúskapnum en lætur framboð og eftirspurn ráða, lætur ákvarðanir í hendur þeirra sem stunda kaupin á eyrinni, hvort sem það eru launþegaforingjar, atvinnurekendur eða menn í viðskiptum sín á milli, og lætur síðan þá sem eiga fjármagn og hina sem þurfa á því að halda um að taka ákvarðanirnar — eða hvort hæstv. ráðherra Steingrímur Hermannsson heldur að hann hafi miklu meira vit á þessum málum en allir hinir. Svo einfalt er þetta mál. Við göngum ekki einu sinni svo langt í þessari umræðu að fjalla um þetta. Það sem við biðjum hann um að segja okkur er einfaldlega það, þar sem hann skrifaði með vinstri hendinni undir kjarasamninga og ber ábyrgð á þeim ásamt sinni ríkisstjórn: Hvað ætlar hann að gera með þeirri hægri þegar að því kemur að bera ábyrgð á afleiðingum sinna eigin verka? Þetta er sáraeinföld spurning. Og svar eins og það að það sé verið að leita allra leiða og að hæstv. forsrh. vonist til þess að hallæri í Noregi leiði til hækkaðs verðs í Evrópu er ekki boðlegt á hinu háa Alþingi. Því skora ég á hæstv. forsrh. að hreinsa nú einu sinni til, skora ég á kjarkmanninn sjálfan að koma í ræðustól og segja skýrt og skorinort hvaða álit hann hefur á þessu öllu saman.

Hæstv. fjmrh. er ekki hérna þannig að hæstv. forsrh. getur svarað þessu þess vegna. Hæstv. fjmrh. kom hér um daginn þegar hæstv. forsrh. var erlendis og þá þorði hann að gefa út hver væri stefna ríkisstjórnarinnar. Nú er komið að því að spyrja: Þorir hæstv. forsrh. að segja okkur frá því hvað eigi að gerast í þeim málum sem hér eru til umræðu eða ætlar hann að bíða eftir því að hæstv. fjmrh. segi það fyrir hann?

Júlíus Sólnes:

Hæstv. forseti. Við eyðum nú orðið nánast hverjum mánudegi í það að ræða um efnahagsmál og hið bágborna ástand sem ríkir í atvinnumálum þjóðarinnar. Fyrir okkur sem erum nýir þingmenn er næsta broslegt að heyra fyrrverandi stjórnarþingmenn skora á hæstv. forsrh. að bjarga málum og koma með leið út úr þeim ógöngum sem hv. þm. Sjálfstfl. ásamt fleirum sáu um að koma atvinnulífinu og efnahagsmálum þjóðarinnar í í tíð stjórnar Þorsteins Pálssonar. Það er mjög broslegt að verða vitni að þessum umræðum og ég verð alltaf meira og meira undrandi, sem tiltölulega nýr þingmaður, að fylgjast með þessum deilumálum þingmanna í gömlu flokkunum. Þetta gerir ekkert annað en að skýra enn betur fyrir mér þá staðreynd sem blasir við að gömlu flokkarnir fjórir, Sjálfstfl., Framsfl., Alþfl. og Alþb., ég undanskil engan, hafa sameiginlega komið þjóðinni út í þær ógöngur sem hún er í þessa stundina. Rót hins illa er komin til vegna þeirrar óstjórnar sem þessir fjórir flokkar hafa leitt yfir okkur með alls kyns samsteypustjórnum sem þeir hafa myndað. Ég get ítrekað það einu sinni enn að ég sé ekki hvað hefur gerst við það þótt nokkrum ráðherrum Sjálfstfl. hafi verið skipt út fyrir nokkra ráðherra Alþb., það hefur nánast ekki gerst neitt því ástandið hefur ekki skánað, svo mikið er víst. Þar get ég tekið undir með þeim hv. þm. Sjálfstfl. að ástandið hefur ekki skánað við að skipta út nokkrum hæstv. ráðherrum Sjálfstfl. fyrir nokkra hæstv. ráðherra Alþb. Hins vegar held ég að við sem hér höfum setið síðan þing kom saman eftir kosningarnar 1987 munum vel eftir því að ástandið var ekki björgulegt þá 14 mánuði sem ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar var við völd, svo mikið er víst.

Hins vegar er það aðalvandamálið, og það er áhyggjuefni mitt og vonandi allra þingmanna sem starfa á hinu háa Alþingi, hvernig komið er fyrir okkur, hvernig komið er fyrir þjóðfélaginu, hvernig komið er fyrir fólkinu sem býr hér í landinu og hvernig komið er fyrir atvinnulífinu. Ég fæ ekki betur séð en að við séum á einhvers konar sjálfsmorðsbraut sem leiðir okkur til glötunar, sem leiðir okkur til þess þjóðargjaldþrots sem hæstv. forsrh. hefur oft minnst á. Að vísu er það þannig að mjög margir fara þessa sjálfsmorðsferð á fyrsta farrými í miklum lúxus, það er önnur saga. Það er nefnilega mjög athyglisvert að hjá blessuðum ráðuneytunum ríkir lúxus, enda minnist ég þess í tíð fyrri ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar við áramótin 1987–1988 að þar máttum við stjórnarandstöðuþingmennirnir verða vitni að því að útgjöld á vegum ráðuneytanna voru aukin allt frá 70% upp í ríflega 100%. Það er því engin launung á því að á þessari sjálfsmorðsferð okkar fara a.m.k. ráðherrarnir hæstv. og allt liðið í kringum þá, þ.e. hjarðirnar inni í ráðuneytunum, þessa ferð á fyrsta farrými.

Það eru mjög margir aðilar í þessu þjóðfélagi sem fylgja með í ferðinni á fyrsta farrými. Það er eins og að stór hluti þjóðarinnar virðist hafa borið ágætlega björg úr býtum miðað við þetta ástand en svo eru aðrir hópar þjóðfélagsins sem bera minna úr býtum og búa nánast við sult og seyru. Því miður er það að verða staðreynd að það búa tvær þjóðir í þessu landi. Því er kannski ekki alveg fráleitt að velta fyrir sér hverjir það eru sem lifa hér sultarlífi. Það er að sjálfsögðu fiskvinnslufólkið, lágtekjufólkið og ekki má gleyma öllu fólkinu sem vinnur lágtekjustörf á höfuðborgarsvæðinu. Það er nefnilega mikill mis-

skilningur að lágtekjuhóparnir séu allir utan höfuðborgarsvæðisins. Ég vildi bara minna hv. þingmenn á það að e.t.v. eiga lágtekjuhóparnir erfiðustu kjörin á sjálfu höfuðborgarsvæðinu. Svo vildi ég bæta við einum hópi enn, það er að vísu ekki fólk, og það eru fyrirtækin í útflutningsframleiðslunni sem lifa sultarlífi.

Hvað ætlar þessi þjóð að gera? Þessi þjóð er búin að koma sér upp alls kyns lúxuskerfum sem hún stendur engan veginn undir. Það skal ekki agnúast út í það að við höfum byggt upp mjög öflugt og gott velferðarkerfi og við höfum byggt upp mjög gott skóla- og menntakerfi. Skal síst lastað að það skuli hafa tekist. Það verð ég að viðurkenna að þar hafa gömlu flokkarnir sameiginlega staðið að og það er kannski eitt af því besta sem þeir hafa komið um kring. Hins vegar vaknar spurningin hvort þetta fámenna þjóðfélag hér á norðurhjara veraldar hafi efni á þessum lúxuskerfum sem gömlu flokkarnir hafa komið á. Það mun vera stutt í land að hér verði kominn háskóli á svona einum tíu, tuttugu stöðum á landinu og það er væntanlega gert ráð fyrir því að við komum upp óperuhúsum á einum tíu, tuttugu stöðum. Allir vita hvernig heilsugæslukerfið hefur verið, það eru kannski ekki nema 10 km á milli fullkominna heilsugæslustöðva í litlum fámennum sveitarfélögum þar sem sveitarfélögin hafa ekki einu sinni efni á því að borga ræstingarkostnaðinn í þessum lúxusheilsugæslustöðvum. Óráðsían í þessum kerfum er svo yfirgengileg að það skal engan undra þótt þjóðfélagið í heild sinni eigi erfitt með að láta enda ná saman. Þannig væri e.t.v. best að við færum að taka okkur tak á hinu háa Alþingi og reyna sameiginlega að finna leiðir til þess að ráðast að höfuðmeinsemdinni sem er sú, að þjóðin öll, hæstv. ráðherrarnir eru í broddi fylkingar og að mörgu leyti atvinnuvegirnir og atvinnufyrirtækin, er á þessari sjálfsmorðsbraut á lúxusfarrými óráðsíunnar.

Svo ég víki að efni þessarar utandagskrárumræðu. Það eru fyrst og fremst ummæli hæstv. forsrh. á svokölluðum Kópavogsfundi, en það er nú eins og öllum er kunnugt sem hafa kynnt sér Íslandssöguna að Kópavogsfundir hafa verið mjög afdrifaríkir í sögu þjóðarinnar. Svo virðist sem hæstv. forsrh. sé kominn í sama ham og hann var í um miðbik árs 1988 þegar hann var nánast kominn í stjórnarandstöðu í þeirri stjórn þar sem hann sat sem virðulegur utanrrh. Það er að vísu orðið hálfraunalegt að horfa upp á það ef þetta ætlar að enda á sama hátt, þ.e. að hæstv. forsrh. er nánast í bullandi stjórnarandstöðu á fundum utan hins háa Alþingis og talar gegn þeirri stjórn sem hann sjálfur leiðir. Það er raunaleg saga ef það ætlar að endurtaka sig.

Ég get ekki látið hjá líða að rifja upp aðdragandann að stjórnarslitunum í september 1988, en ástandið nú og atburðarásin er óneitanlega farin að minna allverulega á þá atburði er þá gerðust. Eins og virðist vera orðin föst regla í öllum þeim samsteypustjórnum sem gömlu flokkarnir mynda þá endar þetta á einn veg, allt er komið í kalda kol og hefst þá upp mikið missætti og hæstv. ráðherrarnir koma sér ekki saman um eitt eða neitt og finna engar leiðir út úr ógöngunum. Ég minnist þess að sumarið 1988 var gripið til þess ráðs af fyrrv. hæstv. forsrh., Þorsteini Pálssyni, að kalla saman svokallaða forstjóranefnd og formaður hennar, bjargvætturinn, varð að þjóðhetju um skeið því að fólkið í landinu gerði sér grein fyrir að það væri ekki hjá hæstv. ráðherrum sem hægt væri að líta eftir leiðum fyrir þjóðina út úr ógöngunum heldur væri meiri von til þess að einhverjir menn úti í bæ, þ.e. menn úr atvinnulífinu, kynnu kannski að koma með leiðina. Ég man vel að sú leið sem þá var lögð til, svokölluð niðurfærsluleið, var mjög umdeild og ég og mínir flokksfélagar vorum sannfærðir um að hún væri ekki fær. Það er hins vegar margt sem á milli má sjá að farin sé sú leið sem nú er verið að fara, þ.e. að ríkisvaldið gangi á undan í því að gera verðbólgusamninga og ætla síðan atvinnulífinu að apa þá eftir. Vitandi að það atvinnulíf, sem er ætlað að gera slíka verðbólgusamninga, er voru gerðir við opinbera starfsmenn, er að meginhluta til rekið með bullandi tapi. Samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar hefur komið fram að muni atvinnulífið þurfa að gera svipaða samninga og gerðir voru við opinbera starfsmenn verði t.d. veiðar og fiskvinnsla reknar með um 10% tapi. Ég vildi því gjarnan spyrja hæstv. forsrh.: Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera til þess að treysta rekstrargrundvöll fiskvinnslufyrirtækja, útgerðarfyrirtækja og útflutningsframleiðslunnar yfirleitt, og þar vil ég síst af öllu undanskilja iðnaðarfyrirtækin, ef þessum atvinnurekstri er ætlað að gera álíka samninga og gerðir voru nú við opinbera starfsmenn?

Þá langar mig til að rifja upp það sem við lögðum til þegar við gengum til viðræðna við núverandi stjórnarflokka í janúar sl. Við bentum á að ef hægt væri að finna einhverja leið til að bjarga þessu þjóðfélagi, þ.e. bjarga atvinnulífinu frá því þjóðargjaldþroti sem virðist blasa við, yrði að finna einhverjar leiðir til þess að koma á kjarasátt í landinu. Við lögðum til að inn í viðræðurnar yrðu dregnir forsvarsmenn launþegasamtakanna og það yrði reynt til þrautar að sjá hvort ekki mætti ná þó ekki væri nema hálfri niðurfærsluleið, þ.e. að engar krónutöluhækkanir mundu eiga sér stað á árinu en í stað þess yrðu skattar lækkaðir á móti þannig að það kaupmáttarstig sem hægt væri að semja um mundi nást með þeim hætti. Þar settum við efstan á blað sjálfan matarskattinn. Við lögðum til að matarskatturinn yrði að verulegu leyti felldur niður en vorum reiðubúnir til þess að sætta okkur við að söluskattur á heföbundnum innlendum matvælum og innfluttu grænmeti og ávöxtum yrði færður niður úr 25% í 12%, sem þýddi að kaupmáttur mundi aukast sem næmi 2½%. Þá bentum við á að sú leið væri vel fær að hækka skattleysismörk og hugsanlega auka skattbyrði á hærri tekjum. Eins mætti skoða fleiri möguleika til þess að koma til móts við launþegana í landinu, einkum þó lágtekjufólkið, til að gera eina allsherjar kjarasátt um það að engar krónutöluhækkanir á launum yrðu á þessu ári. Með þessu móti hefði verið hægt að ná niður raungengi krónunnar. Við

gerðum okkur líka grein fyrir því í janúar að það yrði ekki komist hjá því að fella gengi krónunnar. Þess vegna hlaut að þurfa að koma ein allsherjarlausn, þ.e. það þurfti að reikna dæmið í heild sinni, hvernig væri hægt að lækka skatta til þess að ná því kaupmáttarstigi sem hægt væri að sættast á við fulltrúa og forsvarsmenn launþegahreyfingarinnar, að því gefnu að það yrði að fella gengið um hugsanlega 10–15% til að koma útflutningsframleiðslunni í gang. Á þetta var ekkert hlustað og því endaði þetta að sjálfsögðu með því að við slitum þessum viðræðum, enda höfum við engan áhuga á því og ég lýsi því hér yfir, fyrir hönd míns flokks, að við höfum engan áhuga á því að taka þátt í ríkisstjórn sem ekkert vill gera, sem ætlar bara að halda áfram þeirri moðsuðu sem nú er við lýði, þ.e. láta bara reka á reiðanum og svo getur þetta allt farið einhvern veginn til fjandans. Við höfum engan áhuga á því að vera tengdir slíkri ríkisstjórn.

Ég held að við ættum kannski að tala eilítið minna og reyna að vinna meira að því hvernig hægt er að finna einhverja leið út úr þessum ógöngum. Svo mikið er víst að þetta gengur einfaldlega ekki lengur, að vera á þessari sjálfsmorðsbraut sem við höfum verið á undanfarið, ég mundi segja allar götur frá kosningum 1987.

Það er að verða þannig að ungt fólk er farið að hugsa sér til hreyfings. Það er farið að flýja þetta land því að það spyr: Hvernig í ósköpunum er ætlast til að við höfum áhuga á því að búa í slíku þjóðfélagi sem þessu? Enda hefur mér verið tjáð að nú séu langar biðraðir hjá öllum sendiráðum norrænna þjóða í Reykjavík þar sem ungt fólk er með fyrirspurnir um atvinnumöguleika í nágrannalöndunum okkar á Norðurlöndunum. Því miður er margt sem bendir til þess að við séum að sigla inn í ekki ósvipað ástand og ríkti á krepputímabilinu 1967–1969 þegar mjög stór hluti vinnufærra manna yfirgaf landið og leitaði eftir vinnu á hinum Norðurlöndunum og það væri sorglegt ef það ætti eftir að endurtaka sig. Því miður veit ég ekki hvort búast má við að nokkurra lausna sé að vænta hjá hæstv. ríkisstjórn og jafnvel þó svo að hún yrði stokkuð upp og einhverjir aðrir flokkar kæmu þar inn er því miður sú sorglega staðreynd ljós að það eru allar líkur á því að ekkert frekar jákvætt mundi gerast við það. Ég veit ekki einu sinni hvort nýjar alþingiskosningar mundu skila nokkrum árangri í þessa veru. Það virðist því miður vera svo að stjórnmálamenn úr gömlu flokkunum hafa gjörsamlega misst stjórn á hlutunum. Þeir ráða í raun og veru ekkert við það verkefni sem er að stjórna þesari 250 þúsund manna þjóð í Norður-Atlantshafinu.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég get ekki stillt mig um það áður en ég sný mér að hinni alvarlegu hlið þessa máls að víkja örfáum orðum að hv. 1. þm. Reykv. Hann talaði hér lengi og talaði hér strítt áðan. Hann talaði um frelsið, það frelsi sem hans flokkur berðist fyrir og það frelsi sem markaðurinn byði upp á og það frelsi sem alls staðar væri verið að stefna að í kringum okkur. Þá verður honum litið á hæstv. forsrh. og sér hvar hann situr við að lesa í ljóðabók. Og hvað segir svo hv. 1. þm. Reykv.? Jú. Ég ætla að leyfa hæstv. forsrh. að lesa áfram. En auðvitað leit hann svo á að hann þyrfti leyfi frá 1. þm. Reykv. til þess að mega lesa. Það var nú frelsið sem hann ætlaði hæstv. forsrh., lestrarleyfi. Lestrarleyfi skyldi það vera frá 1. þm. Reykv. Er nú heil brú í þessari rökhyggju? Mér finnst að mikið vanti á að hugsunin sé eðlileg hjá manni sem telur að hann sé baráttumaður frelsisins, en lítur jafnframt á það sem verkefni sitt að ráða því hvort hæstv. forsrh. les eða ekki.

Ég get ekki stillt mig um það að víkja örfáum orðum að því ágreiningsefni sem hér er fyrst og fremst klifað á fram og til baka. Það er spurningin um það hvort rétt hafi verið að gera samninga við BSRB áður en aðilar á hinum frjálsa vinnumarkaði voru búnir að semja. Nú er það svo að það hefur ekki gilt nein sérstök regla um þetta. Það er hins vegar athyglisvert að aðilar á hinum frjálsa vinnumarkaði voru búnir að leggja línurnar. Þeir gerðu það með fiskverðsákvörðun. Það var samið um hækkun á fiskverði um 8½%. Gerðu þeir sér virkilega grein fyrir því þegar þeir ákváðu þetta að auðvitað hlaut að verða litið svo á af hálfu annarra aðila að þar með væri stefnan að einhverju leyti mörkuð? Og þetta var ekki samþykkt með atkvæðum seljenda og oddamanni. Þetta var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Er það rökrétt að halda því fram að hinn frjálsi markaður hafi ekki verið búinn að taka ákveðna ákvörðun í þessum efnum? Ég held að fróðlegt sé að rifja það upp að hv. 1. þm. Suðurl. hefur verið reyndur af þessu þjóðfélagi sem framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands, sem fjmrh. og sem forsrh. og gera örlitla úttekt á því hvernig hann stóð að verki á þessum ýmsu tímum þegar hann gegndi hinum ólíku embættum.

Þegar ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstfl., sem komst til valda 1983, markaði sína efnahagsstefnu lagði hún fram bráðabirgðalög um launamál. Þau eru dagsett 17. maí 1983. Með þeim bráðabirgðalögum var það samstaða á milli þessara flokka að nema úr gildi eitt og annað í kjarasamningum sem gerðir höfðu verið á milli ASÍ og samtaka atvinnurekenda undir stjórn Þorsteins Pálssonar. Þessir kjarasamningar voru taldir það ábyrgðarlausir og verðbólguhvetjandi að Sjálfstfl. greiddi atkvæði með því að rjúfa þá. Áður hafði Þorsteinn Pálsson, í viðræðum í sjónvarpi fyrir kosningarnar, lýst því yfir að samningarnir væru ábyrgðarlausir. Og þessir samningar voru teknir úr sambandi. Einn af þeim sem greiddi þessu atkvæði kemur hér í dyrnar, hv. 2. þm. Norðurl. e. (**HBl:** Er það His Master's Voice sem talar núna?) Og það var ekkert hik á honum. Hann var ekkert að biðja um nafnakall. Nei, það var ekkert hik á honum að staðfesta það að þessir samningar væru svo vitlausir að það yrði að rjúfa þá með bráðabirgðalögum.

Jæja. Telja menn að þessi hv. 1. þm. Suðurl. hafi efni á því að koma hér upp í ræðustól og tala um það að aðrir geri óábyrga samninga? Hver hefði verð-

bólgan orðið hefði verið siglt eftir þessum samningum, hv. 1. þm. Suðurl.? Hver hefði hún orðið?

En það vill svo til að það reyndi seinna aftur á hæfni hv. 1. þm. Suðurl. til að semja sem fjmrh. og það var fyrir kosningarnar 1987. Þá samdi hann við opinbera starfsmenn. Þeir samningar áttu eftir að kosta ríkisstjórn hans fall. Þetta veit hann. Þeir samningar voru framkvæmdir af manni sem var orðinn hræddur vegna kosninganna sem fóru í hönd. Það var stöðugt látið glymja á honum, það vantaði ekki, að hann væri óvinur launþega. Og hafði hann þrek til að standa þannig að þeim málum að þeir samningar væru raunhæfir? Nei, það brast þrekið og hann skrifaði upp á gjörsamlega óraunhæfa kjarasamninga.

Við skulum örlítið víkja að því hvað hæstv. fyrrv. utanrrh. Geir Hallgrímsson hafði að segja í umræðum um efnahagsmál á Alþingi Íslendinga á 17. fundi Sþ. 1984. Þar er verið að tala um bráðabirgðalögin þar sem ákveðið var að rjúfa áður gerða samninga. Hann segir svo, með leyfi forseta:

„Á Alþingi hinn 26. okt. sl. komst ég svo að orði í umræðum um þetta efni hér á Alþingi, og með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa það orðrétt upp:

„Afstaða okkar er í stuttu máli sú að við sjálfstæðismenn stöndum að ákvæðum bráðabirgðalaganna og berum ábyrgð á þeim og munum þess vegna standa að samþykkt frv. þess sem flutt er til staðfestingar þeirra. En það liggur í augum uppi að við teljum eðlilegt og sjálfsagt að frv. fái þinglega meðferð og kannað sé hvort rétt er að falla frá eða breyta því ákvæði frv. að nýir samningar um kaupgjald taki ekki gildi fyrr en 1. febrúar nk., enda sé markmiði ríkisstjórnarinnar í baráttunni gegn verðbólgu engu síður náð.

Hæstv. forsrh. hefur áður gefið efnislega sams konar yfirlýsingu hér á Alþingi og við báðir raunar einnig á samráðsfundi með aðilum vinnumarkaðarins. Á þeim samráðsfundi með aðilum vinnumarkaðarins lögðum við áherslu á það sem ég hef sagt hér í þessum fáu orðum mínum að aðilar hæfu strax viðræður um gerð nýrra kjarasamninga svo að unnt væri að komast að niðurstöðu þar að lútandi — niðurstöðu sem einkum taki mið af tveimur höfuðþáttum: Í fyrsta lagi, að grundvöllur verði lagður að framfarasókn atvinnuveganna sem til þess skapaði skilyrði að bætt yrðu launakjör í landinu með raunhæfum hætti og í öðru lagi, að nýir kjarasamningar bæru fyrst og fremst merki þess að menn kæmu sér saman um að bæta kjör hinna lægst launuðu í þjóðfélaginu."

Ég skal svo leiða hjá mér efnislegar umræður að öðru leyti, en vil leggja áherslu á að allir þingmenn leggist nú á eitt og flýti afgreiðslu þessa frv. til staðfestingar bráðabirgðalaganna svo að skýrar línur myndist og aðilar vinnumarkaðarins, eftir atvikum í samráði og samstarfi við ríkisstjórnina, geti snúið sér að því að leysa málin með tilvísun til þess hve alvarlegt ástand blasir við þjóðinni."

Hvað er hæstv. þáv. utanrrh. Geir Hallgrímsson að segja? Hann vill fá ábyrga kjarasamninga í staðinn fyrir þá kjarasamninga sem núv. 1. þm. Suðurl., þáv. framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands, Þorsteinn Pálsson, skrifaði undir. Það er merkilegur hlutur að þegar þetta er gert er auðvitað verið að undirstrika það að aðilar vinnumarkaðarins höfðu ekki gert með sér raunhæfa kjarasamninga. Þeir höfðu gert með sér svo verðbólguhvetjandi kjarasamninga að menn töldu að þjóðarvoði stafaði af. Það er ekki skrýtið þó að annar foringinn fyrir þeim kjarasamningum, þ.e. þáv. framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands, telji sér skylt að leiðbeina nú um hvernig eigi að standa að kjarasamningum.

Í umræðum utan dagskrár 11. apríl 1984 tekur hv. 1. þm. Suðurl. til máls og flytur ræðu um efnahagsmál. Ég hygg að ekki sé hægt að víkjast undan því, herra forseti, að lesa, með leyfi forseta, þó nokkurn hluta af þessari ræðu:

„Þessi ríkisstjórn var ekki mynduð til þess að missa tök á stjórn ríkisfjármálanna og þar af leiðandi mun hún auðvitað takast á við það verkefni sem við blasir nú, að tryggja greiðslujöfnuð á rekstri ríkissjóðs. Það er óhjákvæmileg forsenda efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar að það takist að halda gengi krónunnar tiltölulega stöðugu. Það er meginástæðan fyrir þeim árangri sem náðst hefur í baráttunni við verðbólguna að gengi krónunnar hefur verið tiltölulega stöðugt síðan efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar voru gerðar á sl. vori. Þeirri stefnu verður að sjálfsögðu fram haldið.

En hitt má öllum vera ljóst, svo sem hæstv. forsrh. hefur bent á, að verulegur halli á rekstri ríkissjóðs mundi nú eins og áður, þegar Alþb. hafði stjórn ríkisfjármála með höndum, leiða til óðaverðbólgu. Þess vegna er óhjákvæmilegt að takast á við þennan vanda.

Það er rétt sem hv. 3. þm. Reykv. bendir á að afleiðingarnar af því að ekki yrði tekist á við vandann mundu hafa kjaraskerðingu í för með sér. Þannig gengu mál fyrir sig meðan ríkisfjármálin voru undir stjórn Alþb. Það er alveg hárrétt að þetta mundi gerast aftur ef ekki yrði tekist á við vandann. Það er af þeim sökum að við mundum fara af leið í baráttu okkar gegn verðbólgunni og við mundum ekki tryggja það kaupmáttarstig sem við höfum leitast við að halda þrátt fyrir veruleg áföll í þjóðarbúskapnum sem okkur er óhjákvæmilegt að takast á við þetta verkefni.

En það er ekkert hlaupið að því að ná saman endum í þessum efnum. Eðlilegt er að það taki nokkurn tíma að finna lausn sem leiðir okkur ekki af braut í baráttu okkar fyrir efnahagslegu jafnvægi. Öllum má vera ljóst að við þessar aðstæður er útilokað að mæta öllum þessum vanda með niðurskurði á útgjöldum ríkisins. Meginhluti ríkisútgjaldanna er á sviði heilbrigðis- og tryggingamála og menntamála. Við ætlum okkur ekki í einu vetfangi að standa þar að slíkum niðurskurði að hann jafnaði þessi met. Það er ekki í samræmi við okkar markmið og mundi ekki þjóna þeim hagsmunum sem við erum að vinna að. Þess vegna getur niðurskurður á útgjöld-

um ríkisins ekki leyst þennan vanda að öllu leyti, en hann er óhjákvæmilegur að hluta.

Þess vegna komumst við ekki hjá því að einhverju leyti að afla nýrra tekna. Við komumst heldur ekki hjá því að neytendur opinberrar þjónustu taki aukinn þátt í þeim kostnaði og svo kann að fara að að einhverju leyti verði að auka erlendar lántökur til þess að endar nái saman. Auðvitað er það erfitt verk að ganga frá ríkisfjármálum með þeim hætti. En þetta eru hinar köldu staðreyndir sem menn hafa fyrir augunum og þessi mál verða auðvitað ekki leyst öðruvísi en að menn viðurkenni þær og bregðist við í samræmi við það.

En að lokum er rétt að undirstrika og leggja á það ríka áherslu að stefna ríkisstjórnarinnar og stjórnarflokkanna í efnahagsmálum er óbreytt. Það verður hér eftir sem hingað til meginforsendan fyrir því að ná efnahagslegu jafnvægi að halda gengi krónunnar tiltölulega stöðugu. Frá því verður ekki vikið."

Hvaða úrræði eru það sem þarna er drepið á? Jú, það er talað um aukna skattheimtu. Það er talað um að það eigi að hafa hallalausan ríkisrekstur. Náði hæstv. fyrrv. fjmrh., núv. 1. þm. Suðurl., þessu markmiði þegar hann var fjmrh.? Ekki varð ég var við það. Það var dúndrandi halli á ríkisrekstrinum, alveg dúndrandi halli. Það tókst miklu betur til hjá Albert Guðmundssyni þegar hann var fjmrh. að láta gjöld og tekjur passa. Það var mikill munur á. En núna þegar við stöndum vissulega í erfiðleikum, þá vantar ekki að hv. 1. þm. Reykv. lætur sem hann hafi ráð undir hverju rifi. Allt það sem kemur fram í þeim hugmyndum sem hér eru settar fram af Þorsteini Pálssyni, hv. 1. þm. Suðurl., í þeirri ræðu sem ég las upp, það telur núv. 1. þm. Reykv. hreint rugl. Það er merkilegur hlutur að þessir menn skuli tolla í sama stjórnmálaflokki miðað við þá upplausn sem er í hlutunum nú á dögum.

Ég verð að segja það eins og er að það er dálítið hvimleitt þegar stjórnmálamenn festast á sama hátt og gerist einstaka sinnum með grammófónplötur í ákveðnu fari og það dynur alltaf það sama. Þá 14 mánuði sem Þorsteinn Pálsson, hv. 1. þm. Suðurl., var forsrh. þá dundi það stöðugt: Höldum genginu föstu, höldum genginu föstu, höldum genginu föstu. Útlærður páfagaukur hefði ekki skilað þessu hlutverki betur að tilkynna þetta til þjóðarinnar. Og hvað er það sem dynur í dag stöðugt af hálfu Þorsteins Pálssonar, hv. 1. þm. Suðurl., í stjórnarandstöðunni? Fellum gengið, fellum gengið, fellum gengið, fellum gengið. Þetta dynur stöðugt og undir þennan kór tekur mjög kröftuglega hv. 1. þm. Reykv. Það hefði kannski verið betra að blanda þessu örlítið saman og hafa ekki þennan söng svona einhliða eins og hann hefur verið. Mér finnst nefnilega að það sé eins og hv. 1. þm. Suðurl. hafi gleymt því sem hann þó boðaði gjarnan í fjölmiðlum þegar hann var spurður um efnahagsmál og það var: Efnahagsmálin eru ekki eitthvað sem leyst er í eitt skipti fyrir öll heldur stöðugt viðfangsefni.

Ég hygg þess vegna að íslenskri þjóð sé það ágætlega ljóst að það er ekki meiri ábyrgð í þeirri umræðu sem stjórnarandstaðan heldur hér uppi heldur en var í þeim samningum sem gerðir voru annars vegar af fjmrh. hv., Þorsteini Pálssyni, eða framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambands Íslands, Þorsteini Pálssyni. Og það öngþveiti sem skapaðist í ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar er verkefni sem tefur fyrir að leysa. Sem betur fer þróast þó hlutirnir á betri veginn, enda binda menn sig ekki fasta hvorki við það að hér skuli skilyrðislaust vera haldið föstu gengi krónunnar eða hitt að það eigi ekki að gera neitt annað en að fella gengi krónunnar.

Einar Kr. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Hér lauk máli sínu rétt í þessu annar af tveimur talsmönnum ríkisstjórnarinnar hér í kvöld. Það var aðeins eitt sem var athyglivert í ræðu hv. þm. sem raunar var líka áberandi í ræðu hæstv. forsrh. og það var þessi dæmalausa háværa æpandi þögn um þau meginatriði sem spurt var um hér í kvöld og hafa gengið sem rauður þráður í gegnum umræðu allra annarra hv. þm. sem talað hafa í þessari umræðu.

Kjarni málsins er sá að málsvörn ríkisstjórnarinnar í þessum umræðum hefur verið þögnin og tilraun til þess að breiða yfir veikan málstað með því að fara sem köttur í kringum heitan graut í hvert sinn sem komið var að kjarna málsins eða tilraun til þess að drepa málinu á dreif og komast hjá því að ræða kjarna þess. Þetta er gömul aðferð í málflutningi, þetta er gömul aðferð þegar menn skiptast á skoðunum og stundum áhrifarík aðferð. En ég held að þessi þögn talsmanna ríkisstjórnarinnar hér í kvöld hafi verið svo hávær að hún hafi ekki gert annað en það að vekja athygli á þeim rýra málstað, því rýra haldreipi sem stjórnarstefna ríkisstjórnarinnar er í efnahags- og atvinnumálum.

Hv. 2. þm. Vestf. Ólafur Þórðarson nefndi það að hér hefði fyrr í vetur verið komist að samkomulagi um fiskverð sem fól í sér meðaltalshækkun upp á um 8½%. Ég vil benda á það að næstliðið 1–1½ ár hafði fiskverð í landinu nær ekkert hækkað. Fiskverðsákvörðunin í vetur var tilraun við ákaflega þröng skilyrði til þess að reyna að komast að sátt, sátt sem vissulega kostaði fiskvinnsluna útgjöld en fól jafnframt í sér ákveðin fyrirheit og ákveðnar aðgerðir til þess að mæta þessu og var mat manna á þessum tíma að væri hin skynsamlegasta ákvörðun miðað við allar forsendur sem menn höfðu fyrir sér. Þess vegna er aldeilis fráleitt að halda því fram að fiskverðsákvörðunin í vetur sé á einhvern hátt vísbending eða stefnumörkun um kaupgjaldsmál síðar á árinu. Öðru nær var fiskverðshækkunin aðeins veikburða tilraun til þess að mæta þeim verðlags- og kaupgjaldshækkunum sem orðið höfðu í þjóðfélaginu almennt. Þetta er það sem máli skiptir.

Hitt er það að það var á margan hátt fróðlegt að hlýða á upplestur hv. 2. þm. Vestf. úr ræðum formanna Sjálfstfl. og vonandi er þetta vísbending um það sem koma skal að hv. þm. lesi með velþóknun úr

ræðum formanna Sjálfstfl. þegar fram í sækir. Ég saknaði bara eins í þessum annars ágæta upplestri og það var upplestur úr hans eigin ræðum, ræðunum frá því í fyrra, lýsingunum á vandamálum atvinnulífsins, lýsingunum á viðskiptahallanum, lýsingunum á gegndarlausum erlendum lántökum, lýsingunum á ríkissjóðshallanum sem allir sjá að er fyrirsjáanlegur á þessu ári o.s.frv. Það skorti vissulega í ræðu hv. 2. þm. Vestf.

Ræða hæstv. forsrh. var eins og allir heyrðu að mestu leyti endursögn úr ræðu sem hann flutti í Kópavogi. Ég býst við því að þessi endursögn hafi verið tilraun til þess að útskýra blaða- og fjölmiðlafréttir um síðustu helgi af þessari ræðu sem vissulega vakti töluverða athygli. Þrátt fyrir að upplesturinn hafi verið æðilangur og endursögnin töluvert ítarleg, þá var ekki hægt að segja það að endursögnin hafi í einhverju skýrt málflutning ríkisstjórnarinnar. Öðru nær. Ég hygg að þessi endursögn hafi verið álíka góð tilraun til þess eins og að fá véfréttina í Delfí til slíkrar endursagnar. Sannleikurinn er sá að þrátt fyrir þessa löngu umræðu í dag og kvöld og þrátt fyrir að umræða af svipuðu tilefni hafi átt sér stað fyrr í síðustu viku, þá er alveg jafnóljóst hver stefnumörkun ríkisstjórnarinnar er gagnvart höfuðatvinnuvegum þjóðarinnar. Menn eru alveg jafnnær eða jafnfjær því að vita svör hæstv. ríkisstjórnar við áleitnum spurningum fólks og forráðamanna fyrirtækja við því hvað muni gerast á næstu dögum, vikum og mánuðum.

Á að skapa grundvöll til þess að atvinnulífið í landinu geti greitt sambærilegar kauphækkanir og BSRB samdi um við ríkisvaldið? Er kannski forsrh. sammála þeim orðum fjmrh. sem birtust í Morgunblaðinu laugardaginn 8. apríl, með leyfi hæstv. forseta: „Þessi kjarasamningur er í samræmi við þau markmið sem við settum okkur í búskap íslenska ríkisins. Hann er þess vegna fullkomlega ábyrgur út frá því fyrirtæki, ef ég má nota það orð, sem mér og ríkisstjórninni er ætlað að reka. Nú er það verkefni hinna, sem eru á hinum frjálsa vinnumarkaði, að gera frjálsa kjarasamninga sem eru í sams konar samræmi við þá ábyrgð sem þeir eiga að gæta í sínum fyrirtækjum," sagði Ólafur Ragnar Grímsson.

Er forsrh. sammála þessari skoðun fjmrh.? Er forsrh. reiðubúinn til þess að endurtaka þessi orð hæstv. fjmrh. og gera þau að sínum, beina líka þessum skilaboðum eða frýjunarorðum til fólksins í atvinnulífinu í landinu, til forráðamanna þeirra fyrirtækja sem nú eru að birta ársreikninga sína með jafnvel tugum prósenta tapi? Bara þessa helgi voru birtar fréttir í útvarpinu af uppgjöri tveggja mjög vel rekinna sjávarútvegsfyrirtækja sem hvort um sig sýndi á annað hundrað millj. kr. tap. Þó ber að játa að annað þessara fyrirtækja er fyrirtæki sem hefur verkað töluvert mikinn saltfisk og ætti þess vegna miðað við allar þær rekstrarlegu forsendur sem hafa ríkt í þeirri grein að skila örlítið betri afkomu. En þarna held ég að sé einfaldlega komin í hnotskurn staða dreifbýlisatvinnuveganna, sjávarútvegsins, dreifbýlisverslunarinnr og landbúnaðarins, komin þarna í ljós í hnotskurn í uppgjöri þessara tveggja ágætu og vel reknu fyrirtækja.

Það fer ekkert á milli mála að þegar núv. hæstv. ríkisstjórn var mynduð gerðu ýmsir menn sér miklar vonir. Menn höfðu gert sér það í hugarlund í framhaldi af stóryrtum yfirlýsingum margra fylgismanna ríkisstjórnarinnar að nú yrðu á alger stakkaskipti í rekstrarskilyrðum sjávarútvegsins, útflutningsgreinanna og samkeppnisiðnaðarins í landinu. Það var ástæða til þess að ætla að það yrðu þarna stakkaskipti og mér er mætavel kunnugt um það að mjög margir, hvar í stjórnmálaflokki sem þeir stóðu, bjuggust við því að menn yrðu varir við það að ný stjórnarstefna hefði verið leidd til öndvegis í landinu. Menn voru þolinmóðir í byrjun, bjuggust við einhverjum tíma sem núv. ríkisstjórn þyrfti til að skapa þessi skilyrði. En árangurinn hefur látið á sér standa. Ég ætla ekki að gera lítið úr því sem gert hefur verið. Ég ætla ekki að gera lítið úr því að það hafi haft að segja að fella gengið. Ég ætla ekki að gera lítið úr því að skuldbreytingar og sumir kalla skuldskeytingar, þar á meðal sumir góðir vinir hæstv. forsrh. skuldskeytingaráform, og verk ríkisstjórnarinnar hafi ekki haft eitthvað að segja. Vitaskuld hefur það haft að segja og vitaskuld er þetta ákveðinn grunnur, skuldbreytingin, ef mönnum síðan þóknast að byggja ofan á hann. En skuldbreytingin ein og sér nægir ekki. Hún nægir til þess að gefa fyrirtækjunum ákveðið andrými, en ef rekstrarskilyrðin sjálf breytast síðan ekki, þá sækir óðara í sama farið. Skuldbreytingin getur verið nokkur grundvöllur, en hún er ákaflega þýðingarlítil ef taprekstrinn heldur áfram. Því hafa menn kynnst í gegnum árin í sjávarútvegi að skuldbreytingarnar eru ótrúlega fljótar að étast upp í taprekstri nokkurra ára.

Það er einmitt þetta, þessi vonbrigði út af því hve ráðstafanirnar hafa reynst rýrar í roðinu og ótrúlega seinar að skila árangri, það eru þessi vonbrigði sem eru nú að koma fram hjá æðimörgum fyrrverandi stuðningsmönnum hæstv. ríkisstjórnar.

Og það er ekki tilviljun að sá kurr fer vaxandi sem hefur verið að myndast meðal stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar. Og það er athyglivert að þegar eru farin að sjást þess dæmi að hollir og dyggir framsóknarmenn treysta sér ekki lengur til þess að starfa undir merkjum Framsfl. vegna þess að þeir sjá ekki að efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar sem Framsfl. veitir pólitíska forustu, að sú efnahagsstefna komi heim og saman við hagsmuni þeirra og þeirra byggðarlaga. Það eru því miður til dæmi af mönnum með þessar brostnu vonir sem trúðu einlæglega þessari einföldu heimsmynd sem dregin var upp við starfslok síðustu ríkisstjórnar, sem sé þeirri að Sjálfstfl. væri þröskuldur í vegi þess að tekið væri með ábyrgð og festu á vanda útflutningsgreinanna og samkeppnisiðnaðarins. Þeir voru til sem trúðu þessari einföldu heimsmynd.

En nú er reynslan einfaldlega að leiða annað í ljós. Það hefur ekki komið fram sannfærandi efnahags-

stefna sem gæti gefið þessum mönnum vonir. Því hefur farið svo að jafnvel einlægustu framsóknarmenn treysta sér ekki lengur til þess að veita þessari ríkisstjórn lið né jafnvel flokki sínum sem þeir þó hafa ævinlega fylgt.

Ég verð að segja það eins og er að það er ákaflega lítil huggun í því fólgin fyrir fólkið sem starfar í framleiðsluatvinnuvegunum að hlýða á vonir hæstv. forsrh. um það að fiskverð í Bretlandi og í Evrópu kunni að hækka. Menn gera ekki út á vonirnar lengi. Menn greiða ekki launin út á vonirnar lengi og menn geta ekki lifað endalaust í voninni. Ekki síst vegna þess að við vitum að nú þegar eru ýmsar blikur á lofti á öðrum mjög stórum fiskmörkuðum okkar. Ég leyfi mér að vitna til ummæla ekki ómerkari manns en Magnúsar Friðgeirssonar, framkvæmdastjóra Iceland Seafood Corporation í Bandaríkjunum, sem er sölufyrirtæki Sambandsins, en hann segir svo orðrétt í Tímanum laugardaginn 15. apríl 1989, með leyfi forseta:

„„Það er heldur dauft hljóðið í sjávarafurðamönnum almennt í landinu. Menn eru að koma út úr mjög erfiðu ári, sem 1988 var og menn sjá ekki verulega uppsveiflu á árinu 1989 neyslulega séð enn sem komið er," sagði Magnús Friðgeirsson. Hann sagði að ótrúlega mikil neikvæð umræða hefði verið um sjávarafurðir upp á síðkastið þar sem umræða um mengunarmál hefði átt stóran hluta að. Bæði vegna olíuslyssins við Alaska og einnig vegna þess að kastað hefur verið notuðum áhöldum og umbúðum frá sjúkrahúsum í hafið sem væri sums staðar farið að reka upp á strendur. „Þetta hefur haft gífurlega mikil áhrif á fiskneysluna í Bandaríkjunum," sagði Magnús."

Og enn er vitnað til hans og þar segir enn fremur orðrétt í Tímanum, með leyfi hæstv. forseta:

„Magnús sagði aðspurður að út af fyrir sig væri hægt að selja meira af þorskflökum en þá væri það spurningin um verðlag. Það verðlag sem við þurfum að fá fyrir okkar íslensku framleiðendur er ekki fáanlegt á markaðnum, nema kannski í það litlu magni að það leysir ekki okkar þörf fyrir að selja."

Þetta er sá veruleiki sem blasir við okkar fisksölumönnum á erfiðasta markaði í heimi, þeim markaði sem við í gegnum tíðina höfum reitt okkur á og hefur ævinlega, þegar til lengri tíma er litið, skilað okkur mestum árangri. Þetta er sá markaður sem við megum síst við að tapa niður, enda sýnir reynslan okkur það að ef halda á uppi skynsamlegu markaðsstarfi í sjávarútvegi þá þýðir ekki að leggja öll sín egg í eina körfu. Það er þess vegna ekki neitt svar til íslensks sjávarútvegs að segja sem svo: Nú skuluð þið bara fara að beina ykkar framleiðslu inn á Evrópumarkað því þar er einhverrar fiskverðshækkunar von. Fyrir nú utan það að reynslan hlýtur náttúrlega að kenna okkur það að ef við dengjum stórauknu framboði af fiski inn á Evrópumarkað þá getur afleiðingin ekki orðið nema ein, þ.e. fiskverðslækkun. Ég held að við ættum að hafa í fersku minni dæmið frá 1981 þegar illa stóð á í íslenskum sjávarútvegi, íslenskum frystiiðnaði. Ég held að menn muni ekki gleyma því á Vestfjörðum ráðleggingunum sem þeir fengu þá um það að verka nú bara í skreið. Þar væri afraksturinn að finna. Skömmu síðar hrundi skreiðarmarkaðurinn og skreiðarframleiðendur í landinu stóðu uppi með óleystan vandann og þrátt fyrir endalaus fyrirheit, endalaus fyrirheit um að sá vandi yrði leystur þá stendur hann jafnóleystur enn. Fyrirtækin í landinu hafa orðið að bera skaðann af því og það er einn hluti þess vanda sem við er að glíma í dag.

Ég held þess vegna, virðulegi forseti, að við ættum að gjalda varhug við þeim málflutningi að treysta um of á verðhækkanir á einum markaði. Það er ekki góð sölumennska þegar til lengdar lætur.

Það mætti hafa ákaflega mörg orð um þá stöðu sem við erum nú í, þá stöðu sem ríkisstjórnin stendur frammi fyrir og þá greinilegu sundrungu sem fram kemur í málflutningi einstakra ráðherra og einstakra talsmanna hennar. Ég skil það í sjálfu sér vel að talsmenn Alþb. hafi kosið að vera sem fjærstir þessari umræðu. Þeirra sneypa er svo algjör eftir að hafa talað með þjósti í garð íslensks launafólks, talað í þeim dúr að íslenskir launamenn á almennum vinnumarkaði mættu éta það sem úti frysi. Ég veit að út um allar byggðir landsins er þessum ummælum mætt með viðeigandi hætti og verður mætt með viðeigandi hætti. Ummæli hæstv. fjmrh. lýsa afstöðu hans og verða lengi í minnum höfð. Og vonandi berast þau sem víðast sem varnaðarorð fyrir íslenska þjóð um þann hugsunarhátt sem ríkir nú í Alþb., flokki Lúðvíks Jósepssonar.

Ég vil að lokum sérstaklega vara við þeirri tilhneigingu sem mér hefur fundist koma fram og hefur raunverulega komið fram hjá hæstv. forsrh., þegar hann hefur sagt sem svo að það sé ástæða til þess að bregðast nú með sérstökum hætti, með sérstakri aukningu ríkisútgjalda, með sérstakri þensluaukningu við þeim vanda sem upp er kominn í atvinnumálum til að mynda hér á höfuðborgarsvæðinu. Ég vil minna á það að umræðan allt fram á þetta ár í efnahags- og atvinnumálum okkar hefur snúist um það hvernig leysa bæri þann vanda sem skapaðist í útflutnings- og samkeppnisgreinum vegna þenslunnar í landinu. Vegna þess að einstakar atvinnugreinar gætu í krafti þenslunnar yfirboðið kaupgjald og verðlag, velt kostnaðaraukningu sinni út í verðlagið og yfirboðið þessar atvinnugreinar.

Ég óttast það að ef nú á að fara að grípa til einhverra sérstakra ráðstafana til þess að hleypa af stað þenslu á ný þá verði afleiðingin sú að við stöndum aftur frammi fyrir þeim vanda sem við töldum verstan í fyrra, sem er sá að hér fari af stað fölsk þensla sem komi fyrr eða síðar efnahags- og atvinnulífinu í koll. Auðvitað þarf að taka á því vandamáli sem er atvinnuleysið sem nú þegar er farið að skjóta upp kollinum í landinu og er orðið miklu meira og alvarlegra en við höfum séð í langan tíma. Það verður hins vegar ekki gert með neinum þensluaðgerðum. Það verður gert með almennum efnahagsaðgerðum sem fela það í sér að skapa hér jákvætt

rekstrarumhverfi, þannig að hér verði jafnvægi á atvinnumarkaðnum og jafnvægi milli atvinnugreina. Það er engin lausn á vanda þess fólks sem nú gengur atvinnulaust að skapa á ný eitthvert misvægi á milli atvinnugreina og misvægi á milli landshluta. Það er ekki nein lausn. En ég óttast að sú lausn, sem svo er kölluð, mundi geta af sér fleiri vandamál og yrði til þess að við stæðum frammi fyrir sömu erfiðleikum og við vorum að glíma við á síðasta ári og olli svo alvarlegum búsifjum í rekstri undirstöðuatvinnugreinanna.

Virðulegi forseti. Ég og fleiri höfðum vænst þess að umræðan hér í kvöld gæti greitt úr spurningum sem hafa verið ofarlega á baugi síðustu daga, ekki bara meðal stjórnmálamanna heldur meðal alls almennings. Þeirri spurningu hvernig hæstv. ríkisstjórn hyggist bregðast við aðsteðjandi vanda. Í fyrsta lagi þeim vanda sem við er að glíma nú þegar og er óleystur. Í öðru lagi þeim vanda sem fyrirsjáanlegt er að skapist þegar lýkur greiðslu úr Verðjöfnunarsjóðnum og þeim tímabundna uppsafnaða söluskatti sem nú er verið að greiða út. Enn fremur höfðum við vænst þess að í þessari umræðu kæmi fram með hvaða hætti ríkisstjórnin hygðist bregðast við þeirri nýju stöðu sem komin er upp í kjaramálum og með hvaða hætti ríkisstjórnin, ef hún þá á annað borð hygðist grípa til þess að auðvelda atvinnulífinu í landinu að bjóða fram sambærilegar kjarabætur og opinberir starfsmenn eru nú að fá.

Ég vænti þess að þegar hæstv. forsrh. tekur til máls hér á eftir þá mæti hann ekki til leiks með þá háværu þögn sem einkenndi allt of mikið ræðu hans hér áðan, heldur komi fram skýr svör við þessum áleitnu spurningum sem þjóðin bíður í ofvæni eftir svörum við.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Það er í sjálfu sér óþarfi að fara mörgum orðum um niðurstöðu þessarar umræðu sem hér hefur farið fram í dag. Hæstv. forsrh. hefur engin svör veitt við þeim spurningum sem hér voru bornar fram. Og ég hygg að það verði margir fyrir vonbrigðum jafnvel þó að ýmsir hafi gert sér grein fyrir því að þessi hæstv. ríkisstjórn væri komin að falli. Ég hygg að jafnvel sá þriðjungur kjósenda sem í síðustu skoðanakönnun taldi sig enn vera reiðubúinn að styðja hæstv. ríkisstjórn hafi orðið fyrir miklum vonbrigðum með ræðu hæstv. forsrh. sem í reynd fól í sér yfirlýsingu um það að hæstv. ríkisstjórn ætlaði ekkert að aðhafast til þess að bæta rekstrarstöðu atvinnuveganna, að hæstv. forsrh. ætlaði í reynd að beygja sig undir ögranir hæstv. fjmrh. í garð atvinnuvega landsmanna. Það hefur verið eftirtektarvert í þessari umræðu hér í dag að enginn af samráðherrum hæstv. forsrh. hefur treyst sér til að taka þátt í umræðunni, enginn þeirra hefur treyst sér til að hlýða á þessa umræðu, þeir eru allir fjarverandi umræðu um mesta lífshagsmunamál þjóðarinnar í dag. Hæstv. forsrh. hefur ekki fengið einn einasta utan Ólaf Þ. Þórðarson úr liði stjórnarflokkanna til þess að koma hér upp og veita sér liðsinni. Og hvernig var ræða hv. 2. þm. Vestf.? Hún var einn samfelldur reiðilestur yfir fyrri ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar.

Hv. 2. þm. Vestf., sá eini sem varð við kalli hæstv. forsrh. um að koma hér upp, notaði þannig tækifærið til þess að ráðast á fyrri ríkisstjórn Steingríms Hermannsson, formanns Framsfl., en viðhafði við það þá aðferð sem Sovétmenn notuðu þegar þeir þurftu að koma höggi á Kína á sínum tíma, að skamma Albaníu. En boðskapur hv. þm. fór ekki fram hjá nokkrum manni. Það fór ekki fram hjá nokkrum manni að hverjum hv. 2. þm. Vestf. var að sneiða.

Hæstv. forsrh. eyddi þó nokkrum tíma í að koma sér undan að svara fyrirspurnum hér í umræðunni í dag. Hann minnti á að í upphafi þessarar umræðu hefði verið sleppt að geta um forstjóra frystihúss á Þingeyri sem hefði tjáð hæstv. núv. forsrh. að forveri hans hefði gefið fyrirheit um aðgerðir á sl. hausti. Ég fór í heimsóknir í ákaflega mörg fiskvinnslufyrirtæki sl. sumar í öllum kjördæmum landsins, sennilega mikinn meiri hluta allra fiskvinnslufyrirtækja í landinu. Ég hafði þá trú þá að Framsfl. væri tilbúinn til þess að standa að nauðsynlegum aðgerðum til þess að bæta rekstrarstöðu undirstöðuatvinnuvega landsmanna. Því miður brást sú von. Framsfl. hafði áhuga á öðru en að standa að raunhæfum aðgerðum til þess að bæta rekstrarstöðu undirstöðuatvinnuveganna. Og það eru fleiri en ég sem urðu fyrir vonbrigðum með það. Það er greinilegt á þeim frásögnum sem forsrh. ber sjálfur af fundum sínum á vegum flokksfélaganna í framsókn að helstu forustumennirnir þar hafa líka orðið fyrir vonbrigðum.

Hæstv. forsrh. fór nokkrum orðum um það að ekki hefði tekist að vinna gegn þenslu, spurði hér með nokkrum þjósti hvort það hefði tekist á árunum 1985–1987. Ég tek heils hugar undir þá gagnrýni sem fólst í þeirri spurningu. Það tókst ekki á þeim árum. En í tíð fyrri ríkisstjórnar var byrjað að beita aðhaldsaðgerðum með þeim árangri að umframeftirspurn eftir vinnuafli upp á 3000–4000 störf var komin í jafnvægi sl. haust. Það getur tekið á að vinda ofan af þenslu. Og það hlýtur að kosta sársauka. Það kostaði m.a. það að vaxtastigið í landinu varð um tíma hærra en góðu hófi gegnir þegar til lengri tíma er litið. En það var nauðsynlegt að beita slíkum aðgerðum til að ná þessu jafnvægi. Það tókst að koma jafnvægi á. Nú hefur núv. hæstv. ríkisstjórn snúið því jafnvægi yfir í hættu á verulegu atvinnuleysi.

Hæstv. forsrh. sagði svo að það eina sem hefði valdið sjávarútveginum erfiðleikum væri vaxtastefnan. Hæstv. forsrh. er gjarn á að minna þjóðina á það að hann gleymi ýmsu úr núliðinni tíð. Man ekki hæstv. forsrh. að á síðasta ári gerðist það hvort tveggja að bandaríkjadollari féll og verð á erlendum mörkuðum var stöðugt að lækka frá upphafi árs og þangað til á haustmánuðum? Ætli þetta hafi ekki valdið sjávarútveginum neinum búsifjum? Ætli þetta hafi ekki valdið neinum erfiðleikum í sjávarútveginum? Auðvitað var það erfitt að þurfa að mæta ytri áföllum af þessu tagi á sama tíma og glíma þurfti við afleiðingar ofþenslu. Auðvitað gerði það vandann

erfiðari, auðvitað kallaði það á meira úthald en ella hefði verið. En það brást hjá forustu Framsfl. Og nú er hæstv. forsrh. að hreykja sér af því að ríkisstjórnin ætli að koma í framkvæmd ákvæðum um takmörkun á verðtryggingu útlána til skamms tíma, sem ákvarðanir voru teknar um fyrir ári síðan. Það er tæplega stórmannlegt að koma hingað í dag og státa af því einu.

Og heldur var hæstv. forsrh. seinheppinn þegar hann tók dæmi um frjálshyggjuna og vitnaði í formann Iðnrekendafélagsins sem lýst hafði okri í víxilviðskiptum. Það er satt og rétt að formaður Iðnrekendafélagsins hefur oft bent á þann viðskiptamáta sem viðgengst í samskiptum bankastofnana við atvinnufyrirtækin í víxlaviðskiptunum. En ætli það eigi einhverjar rætur að rekja til breytinga á bankalögunum frá 1986? Nei.

Hæstv. forsrh. er gjarn á að vitna í ónafngreinda menn. Ég get sagt hæstv. forsrh. og rifjað upp fyrir honum vegna þess að löngu áður en bankalög voru sett barst það mál í tal á ríkisstjórnarfundi í fyrri ríkisstjórn hans. En þá var einn af forustumönnum í atvinnurekstri landsmanna, forstöðumaður fyrir stórum atvinnurekstri, sem hafði haft orð á því að Búnaðarbankinn gerði hvorki meira né minna en 80% ávöxtunarkröfu í víxilviðskiptum við hans fyrirtæki undir bankaráðsforustu hv. þm. Stefáns Valgeirssonar og áður en vaxtafrelsislögin tóku gildi.

Með öðrum orðum: Þessir óeðlilegu viðskiptahættir með víxla, sem ég hygg að Búnaðarbankinn hafi innleitt og aðrir bankar tekið upp á eftir honum, eiga ekkert skylt við þessi lög og lýsa einungis seinheppni hæstv. forsrh. í aumlegri varnarræðu hér í dag.

Hæstv. ráðherra gat í engu svarað þeirri einföldu spurningu sem hér hefur verið borin fram: Með hliðsjón af verulegum halla í rekstri sjávarútvegs og iðnaðar ætlast hann til að atvinnufyrirtækin geri kjarasamninga um þær launahækkanir sem ríkisstjórnin hefur gert við opinbera starfsmenn? Eða ætlast hann til að atvinnufyrirtækin skjóti þeim málum á frest fram á haust og að starfsfólkið í atvinnufyrirtækjum og á almennum vinnumarkaði fái ekki launahækkun til samræmis við það sem hæstv. ríkisstjórn hefur mælt opinberum starfsmönnum? Er til of mikils mælst að hæstv. forsrh. svari þessari spurningu?

Hæstv. sjútvrh. hafði kjark til þess að segja að þetta væri ekki hægt án aðgerða. En hæstv. forsrh. virðist ætla að taka hér undir ögranir hæstv. fjmrh. og segja við atvinnuvegina: Þetta eigið þið að gera án aðgerða. Þið eigið að semja miðað við þá stöðu sem þið eruð í. Og hver er sú staða? Ekki síst vegna þess að bæði hv. 2. þm. Vestf. og hv. 6. þm. Norðurl. e. hafa vikið að því hver rekstrarstaða fiskvinnslunnar var á síðasta ári. Þegar fyrrv. ríkisstjórn ræddi sl. haust um aðgerðir til þess að rétta við stöðu atvinnuveganna, þá var að mati Þjóðhagsstofnunar 6% halli, 5–6% halli á veiðum og vinnslu. Það lá fyrir þeirri ríkisstjórn tillaga um aðgerðir í efnahagsmálum sem hefði komið rekstri veiða og vinnslu í jafnvægi, upp á núllpunktinn, hefði komið rekstri frystingarinnar upp á núllpunktinn, úr 5–6% halla. En Framsfl. kaus að ná öðrum pólitískum markmiðum en þeim að standa að slíkum aðgerðum í þágu atvinnuveganna. Og hver voru þau markmið? Markmiðið var að gera hæstv. fjmrh. að stjórnanda í efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar. Og hver er afleiðingin af því? Í hvaða sporum stöndum við í dag? Við stöndum í þeim sporum að rekstur á veiðum og vinnslu er enn í 5–6% halla miðað við stöðuna í dag. Með öðrum orðum: Við höfum eytt öllum þessum vetri án þess að nokkuð raunhæft hafi verið gert til þess að bæta rekstur útflutningsframleiðslunnar.

Ég tek það enn og aftur fram að það var nauðsynlegt að standa að skuldbreytingum þó rétt hefði verið að gera það með öðrum hætti en hæstv. ríkisstjórn gerði. En hún hefur ekkert gert til þess að bæta rekstrarstöðu útflutningsframleiðslunnar. Að mati Þjóðhagsstofnunar stöndum við enn í sömu sporum. Og hverjar eru svo spár Þjóðhagsstofnunar um framhaldið? Spá Þjóðhagsstofnunar er sú að hallinn á veiðum og vinnslu verði kominn upp í 7–8% í júní og upp í 10% næsta haust. Og er nú Þjóðhagsstofnun ekki þekkt fyrir að draga upp dökkar spár, hvorki fyrir þessa hæstv. ríkisstjórn né aðrar.

Þjóðhagsstofnun hefur metið þær aðstæður sem fiskvinnslan stendur frammi fyrir, metið þá kjarasamninga sem hún stendur frammi fyrir og hæstv. ríkisstjórn hefur óskað eftir að hún gerði án frekari aðgerða og umhverfi fiskvinnslunnar að öðru leyti. Með öðrum orðum er niðurstaðan sú að í haust verður halli fiskvinnslunnar orðinn 10% í staðinn fyrir 5–6%. Hann verður orðinn tvöfalt meiri en fyrir ári síðan. Það er spá Þjóðhagsstofnunar í dag í svarbréfi til Vinnuveitendasambandsins og Vinnumálasambands samvinnufélaganna að það verði í haust afraksturinn af ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, vinstri stjórn jafnréttis og félagshyggju, að hallarekstur sjávarútvegsfyrirtækjanna verði orðinn tvöfalt meiri en fyrir ári síðan. Og hæstv. forsrh. segir: Það á ekkert að gera. Það er eina svarið sem hann gefur. Og það er niðurstaða þessarar umræðu.

Það hefur verið sýnt fram á það með skýrum rökum hér í dag að þó að rétt kunni að vera að einhver styrking verði á Evrópumarkaði, þá breytir það engu í grundvallaratriðum um rekstrarniðurstöðu sjávarútvegsins, enda viðurkennt og ekki mótmælt að í því afkomumati sem nú liggur fyrir hafi verið vanmetin þau áföll sem saltfiskvinnslan hefur orðið fyrir að undanförnu. Og það hefur komið skýrt fram að jafnvel þó að hæstv. ríkisstjórn næði vöxtunum meira niður, þá mundi það ekki breyta þessari niðurstöðu. Nafnvextirnir hækka dag frá degi. Raunvextirnir á verðtryggðum lánum hafa verið að lækka lítið eitt síðustu vikur vegna þess að hæstv. ríkisstjórn hefur misst tökin á því að fjármagna ríkissjóð innan lands og stefnir núna ríkissjóði í stórfelldar erlendar lántökur og hæstv. forsrh. hefur engin svör getað gefið við því hér í dag hvernig á að mæta þessari nýju

aðstöðu ríkissjóðs sem er ástæðan fyrir því að það hefur komið nokkur slaki á fjármagnsmarkaðinn og vextir lækkað lítið eitt. Meginástæðan. Allir vita hver afleiðingin verður ef ekki verður tekið til hendi í þessu efni. Engin svör. Algjört ráðleysi. Þetta er sá boðskapur sem hæstv. forsrh. vill að berist frá hæstv. ríkisstjórn, frá Alþingi út til þjóðarinnar. Enginn árangur í að bæta rekstrarstöðu fiskvinnslufyrirtækjanna, vaxandi halli og ef fram heldur sem horfir, tvöfalt meiri halli í haust þegar ríkisstjórnin heldur hugsanlega upp á eins árs afmæli sitt. Það er spádómur Þjóðhagsstofnunar um afrek þessarar hæstv. ríkisstjórnar. Hæstv. forsrh. kemur upp til þess eins að taka undir ögranir hæstv. fjmrh. í garð atvinnulífsins og starfsfólksins sem vinnur hjá fiskvinnslufyrirtækjunum og í iðnfyrirtækjunum og í verslununum og í ferðamannaþjónustunni. Finnst nú ekki hæstv. forsrh. að það sé kominn tími til að gefa hér skýrari svör?

Það er til óskaplega lítils að gefa um það yfirlýsingar að á næstu tveimur mánuðum verði úr því skorið hver endalok þessarar stjórnar verða. Það er til ósköp lítils fyrir hæstv. forsrh. að vera að hóta sjálfum sér með þessum hætti og það er hálfbarnalegt þegar hv. 6. þm. Norðurl. e. er að flýja yfirlýsingar sínar með því að taka undir sjálfshótun hæstv. forsrh. í þessu efni. Það er kallað á skýr svör við þeim spurningum sem hér hafa verið bornar fram. Og það þýðir ekkert að ætla að koma sér undan því að svara með því að segja: Ef verðið hækkar ekki, þá ætlum við að leggja spilin á borðið fyrir launþega og forustumenn í atvinnurekstrinum. Þau spil liggja á borðinu í dag, hæstv. forsrh. Þau liggja á borðinu í dag frá Þjóðhagsstofnun, skýrt og skilmerkilega skráð. Aðilar vinnumarkaðarins sem eiga að ganga til kjarasamninga vita nákvæmlega hvað er í þeim spilum. Og það er ögrun að segja: Við ætlum að ræða það hvað stendur á þessum spilum einhvern tíma í sumar því þessir aðilar standa frammi fyrir því í dag hvort fólkið á almennum vinnumarkaði á að fá sömu kjarabætur og opinberir starfsmenn. Það þýðir ekkert að segja við þetta fólk: Við ætlum að svara ykkur einhvern tíma í sumar. Það veit hvað stendur á spilunum. Það lokar ekki augunum fyrir staðreyndum þó að hæstv. ríkisstjórn kjósi að gera það í lengstu lög.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Miklir mælskumenn eru það sem hér hafa talað í dag og kvöld og þykir mér mikil synd að alþjóð skuli ekki hafa fengið að hlusta á þessar ræður eða þéttsetinn salur Alþingis og ég get jafnframt sagt að mikil er gæfa mín að hafa fengið að hlusta á þetta í nokkuð marga klukkutíma. Að vísu er það svo að ég hef heyrt þessar ræður líklega 10 sinnum ef ekki oftar á þessu Alþingi. Ég varð ekki var við að nokkur skapaður hlutur nýr kæmi fram. Þess er krafist að ég lýsi hér yfir úr ræðustól að gengið skuli fellt. Menn hafa rakið það hér að engar aðgerðir komi að nokkru gagni, hvað sem gert er og svo er þessu venjulega lokið með því að segja: Við krefjumst þess að forsrh. lýsi því yfir hvað skuli gert eða með öðrum orðum að gengið skuli fellt.

Ég mun hvorki lýsa hér yfir gengisfellingu né óhreyfanlegu gengi. Hv. síðasti ræðumaður hélt að vísu genginu föstu hátt í ár og sumir hafa sagt að þá hafi nú fyrst keyrt um þverbak í 20% verðbólgu. Ég mun hvorki lýsa þessu yfir hér né við formann BSRB. Gengi er hlutur sem hver ríkisstjórn hlýtur að meta á hverri stund eftir því sem staðan er og ég held að hv. þm. sem hafa nú stundum borið ábyrgð hljóti að skilja það mætavel að yfirlýsing um gengisfellingu á ekki við á þessari stundu.

Ég get upplýst hv. þm. um það að ég hef átt og á enn í ágætum viðræðum við aðila vinnumarkaðarins, bæði vinnuveitenda megin og launþega megin. Sömuleiðis hafa verið fundir með fulltrúum ríkisstjórnarinnar. Þeir hafa lagt fram sín gögn og sínar hugmyndir um þá hluti sem mætti gera til að stuðla að kjarasamningum. Og ég geri fastlega ráð fyrir að þær viðræður haldi áfram. Það hefur verið hlé á þeim núna í nokkra daga en ég átti viðræður sl. laugardag við nokkra fulltrúa vinnuveitenda og tjáði þeim að að sjálfsögðu væri ríkisstjórnin reiðubúin til að fjalla um þau mál þegar dregur að því að þeir geri kjarasamninga. Ríkisstjórnin gerir að sjálfsögðu ekki kjarasamninga fyrir aðila vinnumarkaðarins. Það gera þeir sjálfir. Þeir gera sína kjarasamninga. Það hafa þeir sem betur fer gert lengi. Þeir hafa hins vegar iðulega komið til ríkisvaldsins, bæði þessarar ríkisstjórnar og margra fyrri, lagt þar spilin á borðið og farið fram á vissa hluti og það má vel vera að þeir geri það nú. Þeir hafa ekki gert það enn, en það má vel vera að þeir geri það. Við eigum því eitt sameiginlegt, ég og hv. síðasti ræðumaður, við höfum báðir orðið fyrir miklum vonbrigðum. Ég varð ekki var við neitt nýtt sem kom fram í þessum snjöllu ræðum. Ég varð ekki var við neinar spurningar sem slíkar nema þessa: Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera? eftir formála sem hefur falið í sér að ekkert kæmi til greina nema gengisfelling. Nú þykir mér það dálítið einkennilegt þegar búið er að fella gengið um 13,3% þegar hvað er reiknað ofan á annað frá því í september og það þykir nú töluverð gengisfelling. Engu að síður skilst mér á hv. þm. Kristni Péturssyni, sem hér talaði áðan, að staða útflutningsatvinnuveganna væri engu betri nú en hún var þegar þessi ríkisstjórn tók við. Hefur þá yfir 13% gengisfelling engin áhrif haft til bóta? Fróðlegt væri út af fyrir sig að vita það.

Hér er að vísu viðurkennt að skuldbreytingin hafi verið þörf þó að hv. þm. sem hér talaði áðan, og hefur kannski okkar mesta reynslu í þessari grein, leyfði sér að kalla þá skuldbreytingu, sem hann sjálfur sótti um og fékk fyrir sitt fyrirtæki, skuldskeytingu. Ég kann heldur illa við slíka uppnefningu á því sem er verið að gera. Hv. 1. þm. Suðurl. viðurkenndi að hér hefði verið um nauðsynlega aðgerð að ræða þótt öðruvísi mætti að henni standa. En sem betur fer hefur þetta lagfært stöðu frystihúsanna mjög.

Hv. þm. hér áðan, ég man ekki hver það var, minntist á tvö frystihús sem nýlega hefðu verið í

fréttum og hefðu sýnt mikinn halla á síðasta ári. Ef þarna er um að ræða þau tvö frystihús sem ég heyrði skýrt frá í fréttum, þá kom fram í viðtali við forstöðumenn þessara frystihúsa að hallinn var nokkurn veginn upp á krónu sá sami og fjármagnskostnaður var meiri á síðasta ári en á árinu áður. Þ.e. gengisuppfærsla og vextir höfðu hækkað svona gífurlega mikið og miklu meira heldur en tekjufærslan. Maður spyr sjálfan sig þegar maður heyrir þær lýsingar í raun hvað er að marka slíkan efnahagsreikning? Ég er ekki að gera lítið úr rekstrarerfiðleika þessara fyrirtækja. Langt frá því. Mér er ljóst að hann var mjög mikill á síðasta ári. Ég veit að hv. þm. veit það að framlegð hjá fyrirtækjum í ár t.d. er stórum betri en hún var á síðasta ári og ber það vitanlega merki um nokkurn bata vegna þeirra gengisbreytinga m.a. og fleiri aðgerða sem til hefur verið gripið.

Ég held að menn eigi að fara varlega í það að krefjast eingöngu gengisbreytinga, meiri gengisuppfærslu, meiri vaxta. Ég held að það þurfi miklu fleiri og víðtækari aðgerðir með ef gengisbreytingar eiga að koma að notum fyrir þau fyrirtæki sem eru með svona miklar skuldir og þar sem skuldirnar færast upp á þennan máta.

Hv. þm. Friðrik Sophusson tók upp sína gömlu plötu að verja frjálshyggjuna. Ég vil aðeins segja við hv. þm. að það er mikill munur á frjálshyggju og frjálsræði, mjög mikill munur. (**FrS:** Hver er munurinn?) Og hv. þm. hefur aftur og aftur krafist þess að fá að vita hvers vegna frjálshyggjan sé ekki jafngóð hér og í Evrópulöndunum. Ég skal aðeins nefna eitt atriði — eða reyndar væri fróðlegt að vita það frá hv. þm.: Getur hv. þm. nefnt mér nokkurt land þar sem frjálshyggjan er og þar sem verðtryggt er fjármagn? Getur hv. þm. nefnt mér nokkurt einasta land þar sem það er gert? Ég held að það út af fyrir sig eyðileggi það frjálsræði sem hér ríkir á fjármagnsmarkaðnum. Öll lönd sem ég hef kynnst eru með strangar reglur um t.d. meðferð greiðslukorta. Hér eru engar reglur til um slíkt og fjölmargt fleira af þessu tagi mætti nefna. Í öllum þeim löndum sem ég hef fengið tölur frá kemur t.d. fram að vaxtamunur í bankakerfinu er miklu, miklu meiri hér en nokkurs staðar annars staðar, eða með öðrum orðum meira óhagræði í bankakerfinu en annars staðar tíðkast. Allt er þetta til þess að draga mjög úr styrk og hæfni í raun og veru bankakerfisins til þess að standa undir þeim skyldum sem því er ætlað.

Hv. þm. Kristinn Pétursson spurði m.a. um tillögu Seðlabankans í efnahagsmálum. Þær eru ekki til sem ég hef séð — hann er nú víst ekki hér inni, hv. þm. — Því miður. Þær hef ég ekki séð. Ég skal ekki fara lengra út í það. Eins og ég sagði áðan voru ekki neinar slíkar markvissar spurningar heldur fyrst og fremst endurtekning á því sem hér hefur verið talað um í allan vetur: Fellið gengið, fellið gengið. Hvað ætlar ríkisstjórnin að fella gengið mikið?

Hv. þm. Danfríður Skarphéðinsdóttir kom hins vegar með nokkrar skriflegar spurningar sem ég skal leitast við að svara eins og ég get með nokkuð litlum fyrirvara. En spurningarnar eru m.a. þessar: Hvernig ætlar ríkisstjórnin að ná tökum á fjármagnsmarkaðnum? Hv. Alþingi hefur aðstoðað ríkisstjórnina við það og m.a. styrkt verulega 9. gr. seðlabankalaganna sem heimilar að ákveða hóflega raunvexti. Þingið hefur líka breytt 8. gr. seðlabankalaganna ef ég man rétt, ég held að það hafi verið 8. gr. sem gerir fært að koma miklu fremur böndum á verðbréfamarkaðinn heldur en áður var o.s.frv., eins og rætt hefur verið hér á mörgum fundum á hinu háa Alþingi. Þetta gerir ríkisstjórninni auðveldara, þó aldrei skuli ég segja að það sé auðvelt, að ná tökum á fjármagnsmarkaðnum. Ríkisstjórnin mun einnig beita ríkisskuldabréfum og ríkislántökum til þess að fá lækkun vaxta. Og ríkisstjórnin á í viðræðum við lífeyrissjóðina sem hafa satt að segja tekið því allvel að standa að lækkun raunvaxta.

Hv. þm. spyr einnig: Með hvaða hætti hyggst ríkisstjórnin ná fram hagræðingu í bankakerfinu? Þetta hélt ég að væri nú öllum kunnugt. Það er margsinnis tilkynnt að ríkisstjórnin eða viðskrh. vinnur að því að ná sameiningu Útvegsbankans og einkabankanna og hefur sérstaklega í því sambandi verið rætt um sameiningu Útvegsbankans, Verslunarbankans og Alþýðubankans. Viðskrh. hefur tjáð ríkisstjórninni að hann telji að úrslit muni fást í þessu máli í þessum mánuði.

Eru fyrirhugaðar fleiri aðgerðir en lækkun vaxta af hagræðingu bankakerfisins og hvers konar hagræðingu á hann við? Svo kemur áfram: Hvaða áform um aðrar hagræðingar eru uppi? Ef þar er átt við bankakerfið, þá vil ég vekja athygli á því að bankarnir eru undir sjálfstæðri stjórn og með því að lækka útlánsvexti hljóta bankarnir að leita leiða til að draga úr sínum vaxtamun auk þess sem innlánsvextir fara væntanlega einnig lækkandi eins og ég reyndar kom aðeins inn á í ræðu minni hér í dag. Og ég vek athygli á því að a.m.k. einn banki, þ.e. Landsbankanum, hefur valið þá leið að fá erlenda ráðgjafa til þess að ráðleggja um hagræðingu í bankanum. Þetta hefur af sumum verið gagnrýnt. Það geri ég alls ekki. Ég tel þetta mjög virðingarverða viðleitni til þess að lagfæra rekstur þess banka og ég held að þetta geti orðið afar mikilvægt. Ég hygg að það kunni að sannast að glöggt er gests augað og vitanlega hljóta þannig bæði bankaráð og bankastjórnir sem eru ábyrgar fyrir daglegum rekstri viðkomandi banka að leita leiða til hagræðingar.

Hve mikið fé hefur verið fært frá skattborgurum til fyrirtækja frá Atvinnutryggingarsjóði, Verðjöfnunarsjóði og öðrum opinberum farvegum? Ja, hvernig sem þetta er nú, þá hefur ekkert fé enn þá verið fært frá skattborgurunum og kannski gætu menn spurt sig að því, hve mikið fé hefur verið fært til skattborgaranna frá þessum atvinnuvegum eða til bankanna o.s.frv. Ég er reyndar að láta skoða það hvernig tilfærslur hafa orðið á fjármagni í þjóðfélaginu nú og hef þegar fengið það upplýst að hagnaður viðskiptabanka og helstu sjóða á árinu 1988 var 1 milljarður 460 millj. kr. eftir skatta. Skattar eru á áttunda

hundrað milljóna þannig að fyrir skatta var hagnaður bankakerfisins og sjóðanna um 2,2 milljarðar kr. Það telst nú álitleg upphæð og þegar þess er til viðbótar gætt að bankarnir hafa lagt í afskriftareikninga á áttunda hundrað millj. kr. þá er að þessu öllu saman lögðu um 3 milljarða að ræða í viðskiptabönkunum og hjá helstu sjóðum landsmanna. Hvaðan skyldi þetta fjármagn vera komið? Að sjálfsögðu frá lántakendum, það þarf ekki að fara mörgum orðum um það, m.a. frá þeim atvinnuvegum sem hér hafa einkum verið til umræðu í dag, þ.e. frá útflutningsatvinnuvegunum áreiðanlega að töluverðu leyti. Í þessum upplýsingum eru ekki þær upphæðir sem hafa verið greiddar sparifjáreigendum sem vitanlega hafa átt að fá arð af sínu sparifé, en ég tel ekki ólíklegt að það sé um einhverjar upphæðir af svipuðum stærðargráðum að ræða svo að það hefur æðimikið fjármagn verið flutt frá þessum fyrirtækjum til banka og sjóða og sparifjáreigenda.

En spurningin er ekki um það, það skiptir víst ekki máli, heldur hvað sé flutt í gegnum Atvinnutryggingarsjóð og Verðjöfnunarsjóð. Atvinnutryggingarsjóður skuldbreytir og hv. þm. er þá að gera ráð fyrir því að þær skuldbreytingar verði ekki greiddar og hljóti að greiðast af öðrum. Við höfum ekki gert ráð fyrir því. Við höfum gert ráð fyrir því að þeim atvinnufyrirtækjum sem skuldbreytinguna fá verði skapaður rekstrargrundvöllur og þau geti endurgreitt þessi lán, m.a. vegna þess að þau eru til miklu lengri tíma en þau lán eru sem skuldbreytt er. En þann 15. þ.m. hafði Atvinnutryggingarsjóður skuldbreytt 2 milljörðum 558 millj. kr. og af því var borgað út í reiðufé 648 millj. kr., þ.e. hluti af þeim tveimur milljörðum sem Atvinnutryggingarsjóður hefur til ráðstöfunar að þessu leyti. Til viðbótar þessu hefur Atvinnutryggingarsjóður veitt lán, hagræðingarlán upp á 342 millj. kr. Það eru lán sem veitt eru iðulega t.d. þar sem fyrirtækin — og þau eru sem betur fer nokkuð mörg — eru að sameinast, eru að vinna að hagræðingu sjálf því að í þessari atvinnugrein eru margir mjög dugandi menn sem svo sannarlega líta ekki bara til ríkisvaldsins og biðja um gengisfellingar, heldur eru a.m.k. einnig að vinna að umtalsverðri hagræðingu í sínum greinum. Það má nefna staði eins og Þorlákshöfn, Ólafsfjörð og ýmsa fleiri. Í slíkum tilfellum hefur fyrirtæki fengið hagræðingarlán til að stuðla að auknu hlutafjár eða annarri hagræðingu í viðkomandi fyrirtæki.

Hv. þm. spurði, ef ég man rétt, einnig að því hvað umsóknirnar væru margar. Ég hef ekki alveg síðustu tölur, en ég hygg að það séu mjög nálægt 217 umsóknir sem hafa borist til Atvinnutryggingarsjóðs. Fyrir um það bil 10 dögum hafði 71 umsókn verið afgreidd jákvætt, þetta er að vísu eftir minni, en ég held að það fari nokkuð nálægt, og rúmlega 40 verið neitað. Ég hygg að núna sé þetta hlutfall að rúmlega 80 hafi fengið jákvæða afgreiðslu en um það bil 50 hafi fengið neitun og ekki talin fullnægja þeim kröfum sem Atvinnutryggingarsjóður gerir um rekstrarskilyrði o.s.frv.

Frá Hlutafjársjóði sem einnig var spurt um hafa engar afgreiðslur orðið enn, en þar var auglýst eftir umsóknum. 31 sótti um. Allmikið af þeim umsóknum munu ekki fullnægja þeim skilyrðum sem lög setja Hlutafjársjóði og skal ég ekki segja hvernig endanleg greining á þessum umsóknum verður eða hve mörg fyrirtæki bíða afgreiðslu. Það er auðvelt að reikna það út af því sem ég hef nú sagt. Ég óttast að æðimörg þeirra fyrirtækja sem bíða hjá Atvinnutryggingarsjóði fullnægi ekki þeim reglum sem þar eru settar. Þó skal ég ekkert um það segja á þessari stundu.

Er ætlað að flytja meira fé til fyrirtækjanna? Ef svo er, hvaðan á að taka það? Enn er talað um að flytja fé. Í skuldbreytingunni eru 5 milljarðar heimilir, en það er ekki nema helmingurinn af því sem hefur verið notaður enn, og þar að auki tveir milljarðar í reiðufé og þar hefur tæplega helming verið ráðstafað. Í Hlutafjársjóði er um það að ræða að færa fé frá bönkum og sjóðum sem kjósa að breyta skuldum í hlutafé og enn vil ég mótmæla því að þar sé um fjármagn skattborgaranna að ræða eins og orðað er í spurningunni. Þarna hljóta að fara fram samningar við viðkomandi skuldheimtumenn og um það get ég ekki sagt á þessari stundu. Þær viðræður munu aðeins vera að hefjast.

Hvaða fyrirætlun hefur ríkisstjórnin um að treysta rekstrargrundvöll atvinnufyrirtækjanna? Með hvaða hætti er ætlunin að búa fyrirtækjunum þá starfsaðstöðu sem þau þarfnast? Þetta er nú það sem við höfum verið að ræða hér í nokkra daga og menn telja sig ekki fá glögg svör við og ég efa ekki að hv. þm. tekur undir í þeim kór. Ríkisstjórnin hefur fellt gengið um 13,3% frá því að hún tók við. Hún hefur hins vegar skuldbreytt eða stuðlað að þeirri skuldbreytingu sem ég las upp áðan upp á 2,5 milljarða, svo að ég endurtaki þá tölu, og gert er ráð fyrir að skuldbreyta um annað eins til viðbótar. Hlutafjársjóðnum er samkvæmt lögunum a.m.k. ætlað að breyta í hlutafé með ríkisábyrgð 600 millj. kr. og von okkar er að breyting í hlutafé geti orðið töluvert meiri en það. Skal ég ekki hafa fleiri orð um þetta.

Hvað á hæstv. forsrh. við þegar hann líkir kröfugerð þeirra BHMR-félaga sem nú eru í verkfalli við vitfirringu? Ég á við það að hvort sem þessi krafa er upp á 70% hækkun eins og samningsmenn ríkisins halda fram eða 50% eða 30% eins og samningsmenn BHMR halda fram, þá er hún út úr öllu korti og víðs fjarri því sem þetta þjóðfélag getur staðið að í minnkandi afla og minnkandi þjóðartekjum og á sama tíma og þeir sem lægst hafa launin í þjóðfélaginu, sem ég veit að hv. þm. ber mjög fyrir brjósti, láta sér nægja þá launahækkun sem hér hefur verið talað um og meira að segja ýmsir stjórnarandstæðingar hafa kallað mjög hóflega og var kallað áðan af formanni Sjálfstfl. ótrúlega hógværa samninga sem þar hafa verið gerðir. Og ég trúi varla öðru en hv. þm. sé sammála mér um það að engin ríkisstjórn gæti samið við þá sem eru þó í hærri hluta launaskalans um launahækkanir á þessu stigi eins og nú er ástatt. Það gæti ekki nokkur ríkisstjórn.

Sjöunda spurning: Til hvaða aðgerða hyggst ríkisstjórnin grípa í því skyni að draga úr atvinnuleysi? Ríkisstjórnin er ekki búin að taka þær ákvarðanir. Ég nefndi 15 milljónir sem hefði verið veitt til þess að stuðla að atvinnu unglinga í skógrækt og landgræðslu nú í sumar. Ríkisstjórnin hefur hins vegar ekki tekið ákvarðanir um hitt. Ég hef upplýst fyrr á fundinum að um það mun verða rætt á næstu fundum og núna er enn ein ítarleg úttekt hafin á því hvar þetta atvinnuleysi er. Það hefur aukist fyrst og fremst hér á höfuðborgarsvæðinu, sums staðar dregist saman á landsbyggðinni, sums staðar staðið í stað á milli mánaða, en aukningin hefur fyrst og fremst verið hér á höfuðborgarsvæðinu. Ríkisstjórnin mun, ef svo heldur fram sem horfir að þessu leyti, hafa samráð t.d. við fjvn. ef ráðstafa þarf fjármagni til þess að draga úr atvinnuleysi.

Hvaða reglum verður beitt til að skipta þeim 15 millj. sem samið var um í BSRB-samningunum í landgræðslu? Því miður, hv. þm., ég hef ekki svar við þeirri spurningu, hef satt að segja ekki hugmynd um það, en treysti mjög vel þeim sem með landgræðslu- og skógræktarmál fara til þess að skipta þessu þannig að sem jafnast komi niður á landshluta.

Virðulegi forseti. Ég skal ekki eyða meiri tíma þessarar hv. deildar. Ég veit að hv. sjálfstæðismönnum þykir ég ekki hafa svarað sínum markvissu og ágætu spurningum, en það verður þá að hafa það.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Það er alveg rétt hjá hæstv. forsrh. að hann hefur ekki svarað þeim markvissu spurningum sem til hans hefur verið beint. Ég efast heldur ekki um að hæstv. forsrh. hefur a.m.k. um tíu sinnum hlustað á þau viðhorf sem hafa komið fram í okkar ræðum. Við getum því miður ekki haldið því fram að við höfum tíu sinnum hlustað á svör við þeim fyrirspurnum sem komið hafa fram í okkar ræðum.

Hæstv. ráðherra gerði lítið úr orðinu „skuldskeyting" og taldi það orð vera fundið upp til þess að gera grín að aðgerðum ríkisstjórnarinnar. Ég vil aðeins segja frá því að hugtakið skuldskeyting er hugtak sem notað er í lögfræði, hefur alveg ákveðna merkingu þar og er einmitt ein af þeim aðgerðum sem hæstv. ríkisstjórn hefur gripið til. Hugtakið hefur enga merkingu til góðs eða ills, er aðeins lýsing á því hvað gerist þegar skipt er um skuldara í ákveðnum samningum um fjármuni.

Hæstv. ráðherra varð heldur svarafátt þegar rætt var um svokallaða frjálshyggju, sagði að frjálshyggja væri ekki það sama og frjálsræði en fór ekki nánar út í þá sálma. Ég lái honum það ekki því að ég held að hæstv. forsrh. hafi ekki hugmynd um hvort það sé munur á þessum hugtökum né heldur hver hann er. Það hefur margoft komið fram þegar hæstv. forsrh. hefur verið spurður um þessi atriði að þá hefur hann ekki hugmynd um hvað hann er að tala um þegar hann tekur sér í munn hugtakið frjálshyggja. Helst var að skilja á hans máli að munurinn á því sem væri hér á landi og annars staðar væri að hér á landi væru fjárskuldbindingar verðtryggðar en annars staðar ekki. Ég veit ekki hvort það átti að skilja hann svo að það væri frjálshyggja að verðtryggja fjárskuldbindingar. Ef það er svo, þá vil ég rifja það upp fyrir hæstv. forsrh. að það var ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar sem fann þetta upp og setti í lög, í lög nr. 13 1979, sem stundum kallast Ólafslög í höfuðið á Ólafi Jóhannessyni, fyrrv. formanni Framsfl.

Það liggur fyrir, virðulegi forseti, eftir þessar umræður að hæstv. ríkisstjórn hefur viðurkennt að hún beri ábyrgð á þeim samningum sem gerðir hafa verið við starfsmenn ríkis og bæja. Það liggur líka fyrir eftir þessar umræður og þær umræður sem fóru fram fyrir viku síðan að þessir kjarasamningar eru leiðandi samningar fyrir aðra sem eiga eftir að gera kjarasamninga sín á milli. Hæstv. ráðherra hefur ekki fengist til að svara þeim meginspurningum sem til hans var beint. Hann hefur farið undan í flæmingi, nefnt það til sögunnar að gengið hafi verið fellt í nokkrum áföngum um 13,3% á síðustu sex mánuðum en nefndi það ekki í sinni ræðu að verðbólgan hér nú síðustu þrjá mánuðina er um 30%, ef þessir þrír mánuðir eru teygðir upp til árs eða verðhækkanir á þessum þremur mánuðum eru teygðar upp til árs. Þetta liggur fyrir.

Hæstv. ráðherra fæst ekki til að svara spurningum. Hann fæst ekki einu sinni, virðulegur forseti, til þess að svara því hvort hann sé fremur sammála hæstv. sjútvrh. en hæstv. fjmrh. því að hæstv. sjútvrh. hefur þó sagt að það komi ekki til greina annað en að hreyfa gengi íslensku krónunnar ef kjarasamningar BSRB koma til með að ganga yfir atvinnulífið í heild. Hæstv. forsrh. fæst ekki til að svara þessari meginspurningu um það hvort ríkisstjórnin muni sjá til þess að rekstrarskilyrði atvinnulífsins verði ekki verri þótt þessir hóflegu kjarasamningar við BSRB verði fyrirmynd annarra kjarasamninga.

Niðurstaðan úr þessum umræðum er sú, að hæstv. ráðherra vill ekki svara. Það viljaleysi verðum við að skilja svo að hæstv. ríkisstjórn hafi enga stefnu í þessum málum. Hún hefur ekki komið sér saman um það hvað hún ætlar að gera eða hæstv. ráðherrar hafa ekki komið sér saman um það hvað hún hyggst gera þrátt fyrir það að allar forsendur liggi á borðinu. Hæstv. ríkisstjórn hefur enga stefnu. Það er sá dómur sem liggur fyrir eftir þessar umræður hér í kvöld.

EFRI DEILD

79. fundur, þriðjudaginn 18. apríl, kl. 2 miðdegis.

Framhaldsskólar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 454. mál (rekstrarkostnaður, skólanefndir o.fl.). — Þskj. 814.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Söluskattur, frh. 1. umr.

Frv. GuðmÁ og JúlS, 334. mál (skattþrep). — Þskj. 603.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Aðför, 3. umr.

Stjfrv., 111. mál (heildarlög). — Þskj. 863 (sbr. 114).

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Brottfall laga á sviði menntamála, 3. umr.

Stjfrv., 371. mál. — Þskj. 694.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Dýralæknar, 3. umr.

Stjfrv., 343. mál (búseta héraðsdýralækna, dómnefnd o.fl.). — Þskj. 622.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Áfengislög, 3. umr.

Stjfrv., 176. mál (leyfi til áfengisveitinga o.fl.). — Þskj. 628 (sbr. 616).

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 879).

Innflutningur búfjár, 2. umr.

Stjfrv., 411. mál (fósturvísar í kýr). — Þskj. 771, n. 867.

Frsm. landbn. (Skúli Alexandersson):

Herra forseti. Landbn. deildarinnar hefur tekið fyrir frv. um innflutning búfjár. Nefndin hefur fjallað um frv. þetta sem felur í sér að landbrh. verði veitt heimild til að leyfa flutning fósturvísa úr kúm í Sóttvarnastöð ríkisins í Hrísey í kýr á landi.

Nefndin fékk á sinn fund Pál A. Pálsson yfirdýralækni og mælti hann með samþykkt frv.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt.

Undir nál. skrifa, auk mín, Guðrún Agnarsdóttir, Egill Jónsson, Valgerður Sverrisdóttir, Þorv. Garðar Kristjánsson, Karvel Pálmason og Jón Helgason.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Loftferðir, 1. umr.

Stjfrv., 439. mál (vinnuumhverfi áhafna). — Þskj. 799.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um loftferðir, nr. 34/1964.

Í frv. er lagt til að við loftferðalögin verði bætt nýjum kafla sem fjalli um vinnuumhverfi áhafna loftfara. Er tilgangurinn fyrst og fremst sá að tryggja bættan aðbúnað, hollustuhætti og öryggi áhafna um borð í loftförum og að skipulagt eftirlit verði haft með vinnuumhverfi þessara stétta eins og annarra í þjóðfélaginu.

Að undanförnu hefur töluverð umræða farið fram um heilsufar og vinnuaðstöðu flugfreyja og flugþjóna. Eins og kunnugt er gilda almennu lögin um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, frá

1980, ekki um störf áhafna loftfara. Er því hvergi til skipulagt samskiptanet milli þeirra og flugrekenda um bætt vinnuumhverfi né eftirlit með þessum málum. Lögin frá 1980 voru samin með hliðsjón af norrænum lögum. Flugmálayfirvöld og vinnueftirlit í Danmörku, Svíþjóð og Noregi, sem áttu viðræður um samræmingu á löggjöf þessara landa um vinnuumhverfi áhafna loftfara, komust að þeirri niðurstöðu að ákvæði um þetta efni ættu heima í loftferðalögum frekar en almennum lögum. Að höfðu samráði við félmrh. er ég einnig þeirrar skoðunar. Kostir þess eru m.a. þeir að ákvæði um vinnuumhverfi eru sniðin að hinum sérstöku þörfum flugsins og að eftirlit með framkvæmd á málefnum áhafna verður á einni hendi.

Í frv. þessu er höfð hliðsjón af almennu lögunum frá 1980, og almennum ákvæðum þeirra, um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustað. Einnig er höfð hliðsjón af norrænum lögum, einkum hinum dönsku, um sama efni. Frv. byggir á því meginsjónarmiði að eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi áhafna um borð í loftförum verði sem mest innan vinnustaðanna sjálfra og áhafnir og flugrekendur skipuleggi sameiginlega úrbætur og ráðstafanir um borð í loftförum undir eftirliti loftferðaeftirlits Flugmálastjórnar. Það gerir ráð fyrir sérstökum öryggistrúnaðarmanni starfsmanna í fyrirtækjum þar sem fimm starfsmenn eru í áhöfn eða fleiri og enn fremur öryggisnefnd sem skipuleggur aðgerðir varðandi bætt vinnuumhverfi um borð í loftförum og annast fræðslu starfsmanna um þessi efni.

Í öryggisnefndinni eiga sæti fulltrúar starfsmanna og flugrekenda. Er það í samræmi við það meginsjónarmið frv. sem ég gat um áðan að mál sem varðar vinnuumhverfi verði best leyst innan vinnustaðanna sjálfra. Til að tryggja góð og varanlega tengsl ráðuneytis og Flugmálastjórnar við hagsmunaaðila er í frv. lagt til að stofnað verði vinnuverndarráð fyrir flugstarfsemi sem ráðherra skipar. Það er hliðstætt því ráði sem stofnað var með breytingum á dönsku loftferðalögunum frá 1983 og kallast „Arbejdsmiljöråd for luftfart". Ráðið er ráðgefandi fyrir ráðherra í vinnuumhverfismálum áhafna.

Með samþykkt þessa frv. verður stigið stórt skref í þá átt að bæta vinnuumhverfi áhafna og þeirra sem við flugið starfa. Og ég bind vonir við að með þessari skipan mála komist á eðlilegt eftirlit og eðlilegt skipulag á þessu sviði og þær stéttir sem við flugið starfa og einkum áhafnir flugvéla verði þá jafnsettar öðrum í þjóðfélaginu hvað þessi sjálfsögðu atriði snertir.

Að lokinni þessari umræðu, herra forseti, legg ég svo til að málinu verði vísað til hv. samgn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til samgn. með 13 shlj. atkv.

Jarðræktarlög, 1. umr.

Stjfrv., 463. mál (framlög ríkissjóðs). — Þskj. 824.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á jarðræktarlögum nr. 56/1987. Frv. gerir ráð fyrir því að breytt sé tveimur greinum í gildandi jarðræktarlögum og er breyting þessi lögð til eftir þá reynslu sem fengist hefur af framkvæmd gildandi laga nú hin síðustu ár og í ljósi breyttra aðstæðna. Snertir breyting þessi ákvæði gildandi laga um framlög ríkissjóðs til jarðabóta. Rétt er að vekja athygli á því að með frv. fylgir áætlun um breytingar á heildarframlögum ríkissjóðs til jarðræktarlaga, annars vegar miðað við óbreytt lög og hins vegar miðað við að frv. þetta næði fram að ganga. Eins og þar kemur fram má gera ráð fyrir að breytingar þessar hafi í för með sér allt að 50 millj. kr. lækkun á framlögum ríkissjóðs milli ára miðað við framkvæmdir eins og þær voru á fyrra ári. Vakin er sérstök athygli á því að kostnaðartölur eru þar miðað við verðlag ársins 1988 en samanburðartölur í athugasemdum við 2. gr. frv. miðast við verðlag ársins 1986, þ.e. þær verðtölur sem eru í gildandi jarðræktarlögum. Nauðsynlegt er, vegna samanburðar, að menn geri sér grein fyrir þessum mun. Þessi háttur er hafður á til að sýna sem gleggsta mynd af þeim breytingum sem verða á framlögum ríkissjóðs ef af samþykkt frv. verður.

Í 1. gr. þessa frv. er lögð til breyting á núgildandi 7. gr. jarðræktarlaga en þar er fjallað um skilyrði þess að framkvæmdir njóti framlags samkvæmt lögum. Breytingin hefur þá meginbreytingu í för með sér að gert yrði ráð fyrir að sækja þyrfti fyrir fram um öll jarðræktarframlög og enginn geti reiknað með framlagi fyrr en menn hafa fengið það skriflega samþykkt eða skriflegt svar þar um. Mundu þá loforð um framlög byggjast á samþykktum fjárlögum sem gerði kleift að greiða framlögin mjög fljótt eða tiltölulega fljótt eftir að framkvæmdum lyki. Hér er um talsvert mikla grundvallarbreytingu að ræða og mundu þá útgjöld samkvæmt þessari grein og lögum þessum færast til sambærilegs forms við flesta aðra fjárlagaliði að því leyti til að fyrir lægi áætlun um útgjöldin við fjárlagagerðina vegna framkvæmda komandi árs en ekki yrði um eftiráuppgjör að ræða með þeim hætti sem undanfarið hefur verið og gildandi lög gera ráð fyrir.

Það má því segja að útgjöldin hvað ríkissjóð snertir mundu með þessum hætti færast yfir á staðgreiðslugrunn og ætti það að sjálfsögðu einnig að koma þeim sem framlaganna njóta til góða.

2. gr. frv. gerir ráð fyrir talsverðum breytingum á ákvæðum 10. gr. jarðræktarlaganna. Þar er fjallað um, eins og kunnugt er, ríkisframlög til hinna einstöku framkvæmda og eru helstu breytingarnar eftirfarandi:

Felld eru niður framlög á vélgrafna skurði og klóræsi nema í tengslum við endurræktun, sömuleiðis framlög á nýræktir, girðingar um ræktuð lönd og til

kölkunar túna. Þó er mikilvæg undantekning þar frá sem er heimild til framlaga vegna nýræslu og nýræktar þar sem sérstakar ástæður mæla með. Þar er fyrst og fremst átt við þau tilvik þar sem skilyrði til endurræktunar eru alls ekki fyrir hendi eða endurræktun er sannanlega óhagstæðari en nýrækt.

Þessi breyting er gerð til samræmis við þær breyttu aðstæður að þörfin fyrir að brjóta nýtt land og rækta ný tún er við þær aðstæður sem hinn hefðbundni búskapur býr nú við hvað framleiðslumál snertir ekki talin sú sem áður var. Því sé eðlilegt að leggja áherslu á að endurrækta og nýta það land sem þegar hefur verið brotið og gera ekki ráð fyrir framlögum til nýræktar eða nýrrar framræslu á landi nema í þeim tilvikum sem endurræktunarmöguleikar eru ekki fyrir hendi eða eins og áður sagði sannanlega óhagstæðari en nýrækt.

Þá er gert ráð fyrir að framlög ríkissjóðs lækki úr 70% kostnaðar við framræslu vegna endurræktunar í 55%.

Gert er ráð fyrir að felld verði niður framlög til nýræktar en framlög til endurræktunar lækkuð. Framlög til endurræktunar voru áður 19.000 kr. á hektara á þurrkuðu mýrlendi en 13.000 kr. á hektara á þurrlendi en verða nú 12.000 kr. á hektara án tillits til jarðvegsgerðar.

Lagt er til að framlag til korn- og fræakra verði hækkað úr 6500 kr. í 8000 kr. á hektara þegar um frumræktun er að ræða. Þetta er gert til þess að hvetja menn til að brjóta land og fara út í þessa ræktun. Hún hefur verið vaxandi undanfarin ár eins og kunnugt er og þar er á ferðinni vaxtarsproti sem sjálfsagt þykir að hlúa að og reynt er að sýna þann vilja í verki með því að hækka þarna nokkuð framlög til korn- og fræakra þegar um frumræktun er að ræða.

Þá er lagt til að framlag til byggingar á votheyshlöðum lækki úr 670 kr. í 447 kr. á hvern rúmmetra.

Vakin er sérstök athygli á því nýmæli að gert er ráð fyrir að heimilt sé að greiða sambærileg framlög eftir öðrum viðmiðunum en rúmmetrafjölda samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Er tilgangurinn sá að gera ekki upp á milli mismunandi byggingar- eða tækniaðferða sem bændur nota til þess að varðveita búfjáráburð ef báðar aðferðirnar skila jafngóðum árangri. T.d. yrði samkvæmt þessu mögulegt að veita jafnt framlag til bónda sem byggir vélgengan kjallara og annars sem byggir þró með dælubúnaði ef báðar geymslurnar rúma ársáburð eftir 30 kýr þótt rúmmetrafjöldinn sé ekki sá sami.

Þetta eru helstu breytingar sem frv. hefur í för með sér á jarðræktarlögunum, annars vegar 7. og hins vegar 10. gr. Að öðru leyti eru ákvæði óbreytt.

Ég hygg að ekki sé ástæða til að rekja í löngu máli hér aðdraganda frv. Hann á að vera hv. þingdeildarmönnum nokkuð kunnur. Um það hafa farið fram þegar á þessum vetri umræður, bæði í tengslum við afgreiðslu fjárlaga og eins hér í hv. Ed. svo að ég man eftir. Meginástæðan er að undanfarin ár hafa ekki verið veitt framlög á fjárlögum nægjanleg til þess að standa við skuldbindingar gildandi jarðræktarlaga. Þess vegna hafa myndast þar umtalsverðar skuldir við bændur og ég hygg að það sé samdóma álit manna að það sé óheppileg þróun og öllum sé fyrir bestu að reyna að hafa löggjöfina í því formi að pólitískur vilji sé fyrir hendi til þess að greiða fram þau framlög, þá fjármuni sem framkvæmd laganna kostar ár frá ári.

Í tengslum við þessa lagasetningu er, eins og hv. þingdeildarmönnum mun jafnframt kunnugt, áformað að taka ákvarðanir um að gera upp þær skuldir sem fyrir liggja vegna framkvæmda fyrri ára og yrði það byggt á heimildum þar til í lánsfjárlögum sem nýlega hafa verið afgreidd frá hinu háa Alþingi.

Að lokinni þessari umræðu, herra forseti, legg ég svo til að frv. verði vísað til hv. landbn. deildarinnar.

Egill Jónsson:

Herra forseti. Við eigum það víst sammerkt, ég og hæstv. landbrh., að vera slæmir af kvefi og má kannski vera að umræðan beri þess einhver merki.

Frv. sem hér er til umræðu, frv. til laga um breytingar á jarðræktarlögum, er tímamótafrumvarp. Ég hygg að frá því að jarðræktarlögin voru samþykkt árið 1923 hafi boðskapur frv. eða þeirrar endurskoðunar sem fram hefur farið á þeirri löggjöf verið í öllum tilvikum með allt öðrum hætti en á sér stað núna. Hér er boðaður samdráttur og hér er boðuð kyrrstaða í stað þess að við endurskoðun jarðræktarlaganna hverju sinni hefur verið leitast við að leggja grundvöll að þróun í íslenskum landbúnaði, betri ræktun og bættum búskaparháttum. Frá þessu er nú horfið. Í þessu felast tímamót. Og hér kemur raunar fleira til því að endurskoðun jarðræktarlaganna hefur jafnan verið borin uppi af bændum landsins. Venjulega hafa samtök þeirra átt frumkvæði að þeirri endurskoðun og svo merkilegt sem það kann nú að virðast hefur niðurstaðan venjulega verið sú, og alla tíð sem ég veit til sem er nú orðið nokkurt árabil, að þannig hefur verið frá þessum málum gengið að Alþingi hefur fallist á þau í meginatriðum. Stundum hefur verið tekið upp samráð á milli starfandi landbrh. og bændanna við þessi störf þannig að menn hafa að sjálfsögðu virt skoðanir hver annars og þá um leið hefur það auðveldað að bera það fram sem mestu varðaði og gæti þá náð fram á Alþingi. Hér er líka horfið frá þeim vinnubrögðum sem hafa gilt í þessum efnum.

Hæstv. landbrh. lagði fyrir síðasta búnaðarþing frv. til laga um breytingar á jarðræktarlögunum. Búnaðarþing afgreiddi tillögur um þetta erindi hæstv. landbrh. og tók mið af þeim áherslum sem þar komu fram. Það vill nú meira segja svo til að ég var í hópi þeirra búnaðarþingsfulltrúa sem fjölluðu um málið á búnaðarþingi. Og eins og reyndar afgreiðsla búnaðarþings ber með sér og greinilega kemur fram í greinargerð sem fylgdi afgreiðslu þingsins var þar ekki talin nein þörf á því að gera breytingar á jarðræktarlögunum og það var meira að segja rökstutt en það var aftur leitast við nú eins og áður að virða hin pólitísku sjónarmið, ráðandi sjónarmið eins og þau voru hér og eru hér á Alþingi, og meira að

segja tók ég þátt í þessari sáttargjörð af hendi bændasamtakanna þó að ég sé í stjórnarandstöðu hér á Alþingi.

Nú hafa menn aftur á móti fengið að sjá niðurstöðuna af þessari viðleitni búnaðarþings. Tillögur þingsins voru að engu hafðar, engu sem nokkru máli skipti. Prælatökin voru eftir sem áður bundin í frv. eins og þau koma fram á því þingskjali sem við ræðum hér á þessum degi.

Það er vissulega eftirtektarvert að í frv. eins og það er lagt hér fram koma ekki fram neinar skýringar. Þar er þagað þunnu hljóði yfir því hver sé ástæðan fyrir þessum breytingum. Það er mjög óvenjulegt. Hæstv. landbrh. vill af augljósum ástæðum ekki tala um þá hluti og svo einkennilegt sem það kann að virðast hefur maður helst heyrt það manna á milli hér í þinginu að það sé verið að þóknast Alþfl. með þessari frumvarpssmíð. Það vill nú svo til að Alþb. á bæði landbrh. og fjmrh. og þykir engum mikið þótt hv. formaður landbn. Ed. Alþingis fari nokkuð að ókyrrast því að sú var tíðin að Alþb. boðaði breytta og betri tíma með auknum áhrifum þess í málefnum bændanna í landinu og hinna dreifðu byggða. Ég hygg að víða megi finna dreifimiða um þau efni og öll munum við eftir því hvað menn voru stórir í sniðum þegar var verið að fjalla hér um búvörulögin á árum áður og hvað Alþb. ætlaði að koma miklu og mörgu góðu til leiðar í málefnum landbúnaðarins þegar kæmi að því. Hér eru efndirnar, herra forseti.

Ég hygg að aðalástæðan fyrir þessum mikla áhuga hæstv. landbrh. á að koma fram breytingum á jarðræktarlögunum sé leifar af gamalli umræðu, leifar af umræðunni frá þeim tíma sem landbúnaðarvörur söfnuðust hér upp en þá var jafnan um það talað að það væri ekki í samræmi við það að ríkisvaldið styddi að aukinni framleiðslu með því að styrkja jarðræktarframkvæmdir. Og ég hygg að það megi fá tölulegar staðreyndir fyrir þessu.

Í afgreiðslu búnaðarþings á erindi landbrh. kemur það fram að jarðræktarkostnaður við jarðræktarlögin hefur farið stöðugt minnkandi ár frá ári. Þannig nam sá kostnaður árið 1984 347 millj. kr. en á sl. ári 162 millj. Þetta er miðað við verðlag síðasta árs. Þessi kostnaður hefur minnkað um 200 millj., meira en helming á fimm árum. Og það er athyglisvert að árið 1984 var kostnaður við jarðræktarlögin á verðlagi þess árs 145 millj. kr. Á sl. ári var sambærilegur kostnaður á verði ársins 1988 162 millj. kr. Það hefur dregið úr þessum kostnaði um verðlagshækkanirnar sem hafa orðið á fimm árum.

Ég er ekki viss um að hæstv. landbrh. hefði látið þvæla sér út í það að flytja þetta dæmalausa frv. ef hann hefði haft fyrir því að kynna sér staðreyndir í þessum efnum. (Gripið fram í.) Það fer vel á því, enda er auðvelt að finna fordæmin því að hv. formaður landbn. Ed. fór með sitt lið til þess að vera við umræður á búnaðarþingi í morgun. Sá einstæði atburður hefur nú gerst að búnaðarþing hefur verið kvatt saman til aukafundar til þess að fjalla um þau mál sem hér eru til meðferðar á Alþingi og eiga það sammerkt, landbúnaðarmálin, að óskir búnaðarþings hafa að engu verið virtar nálega í öllum þeim málum. (Gripið fram í.) Það er grundvallaratriði að menn skilji hvernig þessi þróun hefur orðið á síðustu árum og það er barnaskapur, hreinn barnaskapur, að halda það að menn séu að brjóta land til ræktunar eða byggja upp í sveitum landsins í öðrum tilgangi en að bæta búreksturinn. Ef menn ættu virkilega að fara yfir þau mál, þá er það orðið áhyggjuefni, það er orðið virkilegt áhyggjuefni, að framkvæmdir í sveitum landsins eru ekki í neinu samræmi við þörfina og nauðsynlegt viðhald á þeim eignum sem þar eru. Og það er áhyggjuefni að hæstv. landbrh. sem fer með þessi mál skuli ekki átta sig á því hvert stefnir í þessum efnum. Það hafa nefnilega átt sér stað mjög mikilvægar og eftirtektarverðar breytingar í búskaparháttum í íslenskum landbúnaði á síðustu árum.

Það styttist nú í það að framleiðsla í hefðbundnum greinum landbúnaðarins verði í samræmi við markaðsþörfina hér innan lands og við þau markmið eiga bændur landsins að standa. Það er líka eftirtektarvert að framleiðsluvörur í hefðbundnum greinum, bæði mjólkurvörur og dilkakjöt, hafa lækkað á síðustu árum. Það hefur dregið úr kostnaði við þessa framleiðslu og til bændanna kemur núna minni hluti af hverri framleiðslueiningu en áður var. Þetta hygg ég að fáir hafi gert sér ljóst að á sama tíma og bændur eru að aðlaga framleiðslu sína að breyttum framleiðslumarkmiðum og þurfa þar af leiðandi að taka á móti mörgum óþægilegum ákvörðunum hefur búvöruverðið samt lækkað. Og af hverju ætli þetta hafi átt sér stað? Af því að þar hafa menn verið að spara. Það er t.d. komið svo nú að innflutningur til landbúnaðarins mælist varla. Hann er orðinn svo lítill. Ég get tekið sem dæmi að kjarnfóðurinnflutningur hefur minnkað um sem svarar 500 ársverkum á fimm árum. Það er af þessari ástæðu sem búvörurnar lækka í verði. Það er af því að bændur landsins hafa vald á því að búa í þessu landi. Það er svo annað mál að í þessum efnum eru mikil verkefni óunnin, m.a. í bættri ræktun, í meiri tækni og betri byggingum. Þess vegna er það mikilvægt fyrir bændur landsins að fá vitneskju um það hvernig ríkisstjórnin mætir þeirri þörf og þeirra vilja í þessum efnum. Það kemur hér fram í frv. til breytinga á jarðræktarlögunum.

Í rauninni er þetta frv. til jarðræktarlaga alveg óskiljanlegt og ég veit satt að segja ekki hvert fordæmin eru sótt. Ég hef leyft mér að kalla þetta pólsku aðferðina þar sem menn ákveða sáningardag kornsins og uppskerudaginn líka, alveg án nokkurs einasta tillits til þess hvernig viðrar og niðurstaðan er sú að í þessu einu allra gjöfulasta landbúnaðarlandi veraldarinnar sveltur fólkið. Það er margt í þessu frv. sem minnir á þessi vinnubrögð, t.d. það dæmalausa ákvæði sem kemur fram undir lið III þar sem bændum er gefinn kostur á því að fá jarðabótaframlag með því að sækja um það til landbrh. Því á að fylgja fimm ára búrekstraráætlun og rökstudd meðmæli frá sveitarstjórn og búnaðarsambandi. Hvernig í ósköpunum dettur íslenskum mönnum í hug að setja svona inn í

lagatexta? Það er mér algjörlega óskiljanlegt. Hvernig skyldi ræktunarástandið vera í landbúnaði ef menn hefðu viðhaft þessi vinnubrögð? (**Gripið fram í:** Er það ekki með samþykki flokksins?) Ég geri ráð fyrir að samþykki flokksins sé ekki tilgreint þarna vegna þess að landbrh. er alþýðubandalagsmaður. Annars hefði það áreiðanlega verið bundið við samþykki flokksins.

Ég tók svo eftir að hæstv. landbrh. sagði áðan að það ætti að hækka framlag til kornræktar og frærækt ar og ekki einu sinni þetta sagði hæstv. landbrh. satt. Ég má kannski minna á það frá umræðum fyrr á þessum vetri að þá hafði hæstv. landbrh. orð á því að inn í nýju fyrirheitin, inn í nýja frv. og nýju jarðræktarlögin, mundu verða færð ýmis ákvæði sem gengju til móts við nýjar áherslur og nýja tíma í landbúnaði. Þetta er kannski í þá veru. En því miður er þetta ekki einu sinni sannleikur því að svo vill til að það liggur fyrir að korn- og frærækt er tæpast framkvæmanleg hér á landi öðruvísi en að jafnframt fari fram kölkun landsins. Hún er afnumin. Og þar er um að ræða miklu meiri skerðingu en nemur þeirri krónuhækkun sem landbrh. var að státa hér af áðan.

Það er kannski út af fyrir sig líka athyglisvert, ekki síst á þessu kalda vori þegar snjór hylur enn þá og klaki flestöll tún á Íslandi og vænta má þar af leiðandi meiri og minni kalskemmda á ræktunarlandinu á næsta sumri, að þá skuli að tilhlutan ríkisstjórnarinnar vera tekið út það ákvæði sem reynsla og rannsóknir sýna að er haldbærast til þess að koma í veg fyrir slíkan vágest. Það er engin tilviljun hvað flónskan ræður hér miklu í þessum efnum.

Svo er það vissulega í samræmi við kerfið og flokkinn og allt það, sem er kannski vert að segja hér frá bara rétt til gamans, að nú á að fara að taka út jarðabætur á sex vikna fresti svo að bændur geti fengið þær greiddar, svo að segja staðgreiðslu eins og hæstv. landbrh. sagði hér áðan. Og þetta eru menninirnir að skipuleggja sem hafa verið að draga úr þeim stuðningi, þótt lítill hafi verið, sem búnaðarsamböndin hafa fengið fyrir að vinna þessi verk. Nú á að gera út lið á sex vikna fresti til þess að taka út jarðabætur. Þá vantar ekki peningana. (**Gripið fram í:** Þetta er misskilningur hjá hv. ræðumanni.) Ég hef ekki ætlast til þess að hæstv. landbrh. skildi þennan texta því að hann er, eins og reyndar flestöll frumvörp sem hann hefur dreift og samið, með þeim hætti að það er tæpast þinglegt að leggja það fram hér á Alþingi.

Nú vill svo til, af því að hæstv. landbrh. var að rifja það hér upp að ástæðan fyrir því að jarðræktarlögunum væri breytt væri sú að fjármagn hefði skort til greiðslu á þeim verkefnum sem þar eru tilgreind. Sannleikurinn er hins vegar sá að ef við tökum frá síðasta ár þegar hæstv. núv. landbrh. lagði fram ásamt öðrum ráðherrum ríkisstjórnarinnar frv. til fjárlaga hefðu fjárlagatölurnar eða meira að segja fjárlagafrumvarpstölurnar orðið nógu háar. T.d. var á fjárlögum fyrir 1988 141 millj. kr. til greiðslu á kostnaði við jarðræktarframlögin og með venjulegri verðlagsuppfærslu hefði sú tala í ár gert meira en að dekka kostnaðinn við framkvæmdir síðasta árs. Það er nefnilega ríkisstjórnin og hæstv. landbrh. sem hefur bilað og það er ekkert sem segir fyrir um það að þó að frv. verði samþykkt verði ekki um sams konar vanda að ræða ef við verðum með ríkisstjórn og landbrh. sem bilar í ekki stærri málum en hér um ræðir. Það er að vísu hægt að verja sig með fjárlagatölunni eins og hér er gert, en það er engin vissa að hún verði neitt í samræmi við það sem bændur landsins vinna, rækta og bæta jörðina. Það gæti vel verið að hægt væri að koma svipuðum skikki á og var gert í Póllandi hér á árum áður með því að gera það saknæmt athæfi að vinna land til ræktunar. En svo er ekki enn orðið á Íslandi og auðvitað munu bændur, íslenskir bændur, halda áfram að rækta og bæta jörðina þó að þeir hafi ekki leyfi til þess frá einhverjum landbrh. Skárra væri það. Þess vegna er það algjör misskilningur að þessi háttur, þessi skipan mála, tryggi að bændur fái greiddar þær umbætur sem þeir vinna að. Það er algjör misskilningur.

Það sem er allra verst við þetta frv. og þann málflutning sem því hefur fylgt er að það er svo erfitt að finna ásetninginn og rökin fyrir því, önnur en það eitt að draga úr framförum, draga úr þróunarstarfsemi, draga úr umbótum, koma í veg fyrir það að íslenskir bændur geti haldið áfram að bæta sína ræktun og laga sína búskaparhætti.

Herra forseti. Það er ekki mikil ástæða fyrir mig að fjölyrða mikið meira um þetta mál. Ég hef áður sagt það við hæstv. landbrh. að ég skyldi ekki verða til þess að tefja afgreiðslu þess hér á Alþingi og við það ætla ég að standa. Ég var bundinn af því samkomulagi sem við gerðum okkar á milli á búnaðarþingi um það að fylgja þessu máli fram á grundvelli þeirra tillagna sem við gerðum þar og ætla ég ekki að leyna því að þar fannst mér of langt gengið.

Nú hefur hins vegar verið slegið á þá sáttarhönd íslenskra bænda af hæstv. landbrh. Tillögur búnaðarþings eru þar af leiðandi ekkert lengur til umræðu í þessu dæmi. Ég er ekkert bundinn af þeim lengur þó að ég eigi þar sæti. Þeim skynsamlegu leiðum sem þar voru lagðar til hefur nú verið stungið undir stól af pólsku sérfræðingunum sem hafa gengið frá frv. og þess vegna er mín afstaða óskaplega einföld og skýr. Ég er á móti þessu frv. Það er líka ekki svo langt síðan við endurskoðuðum jarðræktarlögin. Það var gert árið 1987 og það er skemmri tími frá þeirri endurskoðun en verið hefur í annan tíma þegar jarðræktarlögunum hefur verið breytt. Það standa því engin efni til þess að breyta jarðræktarlögunum núna. Við erum með góð jarðræktarlög og þau taka fullkomlega tillit til þeirra aðstæðna sem eru í landbúnaðinum núna eins og tölurnar sem ég las hér áðan bera ljóst vitni um. Breytingar á jarðræktarlögunum eru því óþarfar. Þau hafa ekki kallað eftir meira fjármagni heldur það gagnstæða, og þau gera það fyrst og fremst að verkum að menn geta búið betur á Íslandi. Það er grundvallaratriði. Þess vegna fagna ég því að hæstv. landbrh. skyldi hafna tillögum búnaðarþings. Það var

gengið of mikið til móts við þessi sjónarmið hæstv. landbrh. Það er hins vegar annað mál að ég er ánægður yfir því að hafa mætt óskum og viðhorfum hæstv. landbrh. með þeim hætti sem búnaðarþing gerði. Það er þess vegna svo miklu auðveldara að berjast á móti jarðræktarlögunum núna eins og þau eru hér fram sett.

Ég verð að segja það eins og er að ég á býsna erfitt með að hugsa mér það að þetta frv. til breytinga á jarðræktarlögunum verði samþykkt á Alþingi og þrátt fyrir það að Alþb. fari nú bæði með málefni landbúnaðarins þar sem stóra stundin var nú upprunnin og menn ætluðu að færa hlutina til betri vegar í svo stórum stíl, þrátt fyrir þetta allt saman og þrátt fyrir það að Alþb. hafi líka fjmrh., það er stutt á milli höfuðbýlanna á alþýðubandalagsbænum að því er þetta mál varðar, þá náttúrlega sleppa framsóknarmenn ekkert út um bakdyrnar í þessum efnum. (**Gripið fram í:** Það eru engar bakdyr.) Þeir sleppa ekkert út um bakdyrnar í þessum efnum. (**Gripið fram í:** Þeir eru ekkert á leiðinni þangað.) Ég hefði kannski gleymt að rifja þetta upp nema af því að hér til hliðar við mig er hv. þm. Stefán Guðmundsson og mér er alveg fullkomlega ljóst hver hugur hans er til bændanna í þessu landi. Og hér að baki mér er hæstv. fyrrv. landbrh. sem gekk frá jarðræktarlögunum með mér árið 1987. Það er nú skárri félagsskapurinn sem þessir heiðursmenn eru í ef þeir eru búnir að gleyma gjörðum sínum frá þessum árum. Og mér finnst það satt að segja léttvægt þegar alltaf er verið að kenna Alþfl. um þessi mál, ekki meiri bógur en hann er nú. Ég þekki þar góða menn sem ég á eftir að sjá að gangi á móti þessum málum, mann eins og t.d. hv. þm. Karvel Pálmason sem á sæti í landbn. Ed. Alþingis. (**Gripið fram í:** Hann er búinn að samþykkja þetta.) Hann hefur ekkert samþykkt í þessum efnum. Ég satt að segja treysti því að heilbrigð skynsemi fái að ráða við afgreiðslu þessa máls og menn hætti að byggja afstöðu sína á því sem var fyrir fjórum, fimm eða sex árum þegar þeir tímar eru gjörbreyttir og búið er að breyta vinnubrögðum með tilliti til þess sem síðar hefur breyst. Það er mér því satt að segja algjörlega hulin ráðgáta hvernig hæstv. landbrh., bóndasonur af góðum ættum norðan úr Þistilfirði eins og ég hef oft sagt áður, ætlar að kuðla þessu máli hér í gegn á Alþingi.

En ég skal standa við það eina sem ég hef lofað í þessum efnum og það er það að ég skal ekki tefja afgreiðslu þessa máls. Hún er að því leyti ákaflega einföld að ég er á móti þessu frv. og get með sáralitlum fyrirvara lagt fram nál. þar sem þessu fjárlagafrv. verði hafnað. En jafnvel þótt svo gæfulega tækist nú til hefur náttúrlega hæstv. landbrh. og Alþb. reist sér þann minnisvarða sem því er verðugur í þessu máli.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég er ekki komin hér til að taka þátt í neinni leiksýningu eða til þess að reyna að feta í fótspor aðalleikarans, hv. 4. þm. Austurl., heldur langaði mig aðeins til þess við 1. umr. um þetta frv. að koma á framfæri athugasemd við lið IX í 2. gr. frv. sem er um ræktun skjólbelta þar sem segir að framlag vegna skjólbeltaræktunar skuli nema 75% af kostnaði við trjáplöntukaup.

Nú er það svo að það gerist æ algengara að bændur og aðrir þeir sem eru að koma upp skjólbeltum noti plast og stiklinga til þessarar ræktunar. Árin 1983–1988 voru gerðar ítarlegar tilraunir með ræktun skjólbelta. Tilraunir þessar miðuðu að því að finna hagkvæmar og hraðvirkar ræktunaraðferðir. Niðurstöður liggja fyrir og sýna að ræktun skjólbelta þar sem notað er plast og stiklingar er bæði ódýrari og hraðvirkari en sú aðferð að nota trjáplöntur við slíka ræktun. Með þeirri aðferð opnast líka möguleiki fyrir bændur til þess að vinna að ræktuninni á öðrum tíma en á vorin, t.d. sumar og haust, sem ekki er hægt ef notaðar eru trjáplöntur. Ef þessi grein frv. fer hér í gegn óbreytt þýðir það að þessi nýja aðferð, sem nú þegar er mikið notuð af bændum, er ekki styrkhæf. Breyta þyrfti greininni t.d. á þann hátt að í stað orðanna 75% kostnaðar við trjáplöntukaup komi: 75% af ræktunarkostanði. Þar með væri séð til þess að ræktun með stiklingum og plasti, en plastið er stærsti kostnaðarliðurinn, yrði styrkhæf.

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins koma þessari ábendingu á framfæri hér og vona að hv. landbn. taki hana til athugunar við umfjöllun um málið.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka þá umræðu sem hér hefur orðið. Hv. 4. þm. Austurl. var nú í nokkrum ham og sá ekki á honum, eins og reyndar var kallað hér fram í af ýmsum, að hann væri kvefaður. Þvert á móti mætti ætla að hann hefði sjaldan verið við betri heilsu.

Umfjöllun hv. þm. var að mestu leyti almenns eðlis og kom ekki með beinum hætti inn á einstök efnisatriði frv. þannig að ég sé í sjálfu sér ekki ástæðu til að svara því mjög mörgum orðum. Ég hygg að þessi minni háttar endurskoðun á jarðræktarlögum geti naumast talist þau gríðarlegu tímamót og straumhvörf í íslenskum landbúnaði sem hv. þm. lét nú að liggja í ræðu sinni. Það er hins vegar ljóst og er hv. 4. þm. Austurl. auðvitað mun betur kunnugt en ræðumanni að það hefur mikið breyst á Íslandi og í íslenskum landbúnaði síðan 1923 og það hefur reyndar heilmikið breyst í þessum efnum á ekki lengri tíma en frá síðasta áratug. Og ég hygg að fyrst og fremst sé um það að ræða hér að verið sé í áföngum að aðlaga löggjöf landbúnaðarins að þeim breytingum sem við því miður óhjákvæmilega stöndum frammi fyrir í þessum efnum og ekki verða umflúnar og ekki hverfa þó að hér séu haldnar ágætar ræður á Alþingi, jafnvel hér í hv. Ed.

Einu verð ég þó að andmæla og þykir mér miður að hv. 4. þm. Austurl. skyldi leggja þann þunga í skoðun sína að álit búnaðarþings hefði að engu verið haft í þessum efnum og jafnvel öðrum að svo miklu leyti sem það var sett fram á þinginu sem haldið var hér fyrr í vetur. Það er ekki rétt hjá hv. 4. þm. Austurl.

Frv. eins og það var lagt fyrir búnaðarþing var síðan breytt til að koma til móts við þau sjónarmið sem hv. búnaðarþing setti fram. Menn geta um það deilt hvort þar hafi verið gengið nógu langt í átt til þeirra sjónarmiða og auðvitað er hægt að halda því fram og eðlilegt að búnaðarþingsfulltrúi eins og hv. 4. þm. Austurl. ku vera, sem nýtur þess víðtæka trausts í sínu heimabyggðarlagi að vera ekki einungis kosinn á Alþingi heldur og á búnaðarþing, hafi vonað að álit búnaðarþings væri í einu og öllu tekið upp í frv. Hér liggur hins vegar fyrir í formi stjórnarfrv. sú málefnalega niðurstaða, sú málamiðlun sem aðilar að þessu ríkisstjórnarsamstarfi gátu orðið sammála um, og mikið fleira þarf ekki um þau orð að segja.

Ég ætla ekki að fara að lýsa einu eða öðru yfir um það hvort hér sé á ferðinni sú óskaniðurstaða sem landbrh., bóndasonur að norðan eins og kom fram hjá hv. 4. þm. Austurl. — (**EgJ:** Af góðum ættum.) Já, af ágætum ættum þar á ofan. Það er nú skoðun hv. 4. þm. Austurl. Ég ætla ekki að fara að gerast dómari í þeirri sök, en ég held að þær séu nú misjafnar eins og víðar, ættir mínar. — eða hvernig ég hefði endilega viljað hafa þetta. Staðreynd málsins er sú að um þetta náðist samkomulag, þessar breytingar. Það var tekið tillit til sjónarmiða búnaðarþings. Þannig var sett inn heimildarákvæði, liður III, sem hv. 4. þm. Austurl. gerði nú reyndar að umtalsefni, og var til að koma til móts við þau sjónarmið að það væri óheppilegt að með öllu féllu út úr lögunum heimildir til að styrkja nýrækt og nýjan skurðgröft og á það get ég að sjálfsögðu fallist að þannig getur hagað til að það sé eðlilegt og það sé hagkvæmara en að reyna að nýta áður ræktað land í vissum tilvikum og þá sé rétt að hafa heimildir í lögum til þess. Sú aðferð var valin að hafa þetta almennt heimildarákvæði en ekki setja inn fasta upphæð sem heimilt væri að ráðstafa í þetta verkefni á hverju ári eins og búnaðarþing lagði til. Sá er munur á þessari afgreiðslu og hinni.

Hinu þoka ég ekki frá og held því fram hvar og hvenær sem er og ef ég man rétt hef ég grun um að ég hafi eitthvað látið að því liggja í ræðu minni á einmitt þessu nefnda búnaðarþingi. Ég tel auðvitað að menn verði að horfast í augu við breyttar aðstæður og það eru breyttar aðstæður í hinum hefðbundna búskap hvað það snertir að það horfir ekki til framleiðsluaukningar. Þvert á móti hefur þar orðið samdráttur og e.t.v. stöndum við frammi fyrir jafnvel áframhaldandi samdrætti þar, til að mynda í sauðfjárrækt. Þess vegna eru ekki sömu rök og áður voru fyrir því að brjóta nýtt land og grafa nýja skurði, þurrka nýtt votlendi á Íslandi, a.m.k. ekki til kjöt- og mjólkurframleiðslu, hinna hefðbundnu greina. Og þá verða menn að taka því og laga sig að því.

Ég held líka að megi segja að þær aðstæður sem við búum við þarna séu að ýmsu leyti sambærilegar við það sem sjávarútvegurinn hefur mátt mæta nú á hinum síðari árum þegar ýmsir helstu fiskstofnar okkar hafa orðið fullnýttir. Þá hefur einmitt skapast þar mikil umræða um að þá beri að reyna að nýta betur þá fjárfestingu sem fyrir er en ekki auka á hana, ekki kaupa ný skip, ekki stækka flotann. Hér má segja að að verulegu leyti sé um sambærilegar aðlögunaraðstæður að ræða. Það er mikill misskilningur hjá hv. 4. þm. Austurl. að með því sé boðuð stöðnun eða afturför í íslenskum landbúnaði þó að áherslan færist frá því að brjóta nýtt land og þurrka nýtt votlendi yfir í það að nýta betur það land sem fyrir er, færa áhersluna yfir í endurræktun. Ég er einmitt þeirrar skoðunar, og því hef ég heyrt marga fagmenn í þessari grein halda fram, að á undanförnum árum og jafnvel áratugum hafi menn einmitt gert of lítið af því að betrumbæta sína ræktun, endurnýja hana og endurnýja stofna á túnum o.s.frv. vegna þess að áherslan hafi kannski legið um of á því að rækta nýtt og brjóta nýtt land og þess vegna kann þetta einmitt að vera af skynsamlegum ástæðum góð þróun.

Ég endurtek það að það var sjálfsögðu farið yfir álit búnaðarþings hvað þetta frv. snerti sem og þau önnur sem þar var fjallað um og ég fullyrði að það var eftir því sem samstaða tókst um reynt að taka tillit til þeirrar afstöðu sem þar kom fram, bæði varðandi jarðræktarfrv., skógræktarfrv. og þau mál önnur sem búnaðarþing lét til sín taka og liggja nú hér fyrir hinu háa Alþingi. Má þá líka nefna mál sem hér er á dagskránni og verður rætt síðar, búfjárræktarlög sem að stofni til voru samin af starfsnefnd sem búnaðarþing setti niður.

Hv. landbn. mun svo að sjálfsögðu fá þessi frumvörp til umfjöllunar og að sjálfsögðu fjalla um m.a. álit búnaðarþings og það er auðvitað Alþingis að segja síðasta orðið í þessum efnum. Það vitum við báðir, ég og hv. 4. þm. Austurl. Hér liggur hins vegar fyrir sú málefnalega niðurstaða sem samstaða tókst um að leggja fram í formi stjórnarfrumvarps.

Það er alveg rétt hjá hv. 4. þm. Austurl. að opinber framlög til þessa málaflokks, jarðræktarframlög, hafa lækkað að raungildi mikið á undanförnum árum, en aðstæður hafa líka breyst verulega í landbúnaðinum eins og ég hef þegar rakið og fjármunum er nú frekar varið til annarra hluta, þeirra að laga framleiðsluna að markaðsaðstæðum og jafnvel draga þar saman. Landbrh. er ágætlega að sér um það hvert stefnir í þessum efnum, en það væri e.t.v. ástæða til að spyrja hv. 4. þm. Austurl., vegna orða sem hann lét hér falla, hversu vel hv. 4. þm. Austurl. er að sér um það til að mynda hvert stefnir í sauðfjárbúskapnum um þessar mundir, því að ég verð þá því miður að upplýsa hv. þm. um það að það er ekki rétt, sem kom fram í hans máli, að það horfi til þess að jafnvægi náist milli hins innlenda markaðar og framleiðslunnar hér í þeirri búgrein. Því miður er það ekki svo. Og það kann vel að fara svo að ég upplýsi hv. Alþingi innan tíðar um þá að ýmsu leyti alvarlegu þróun sem þar hefur verið og er að eiga sér stað. Þar eru hin stóru og alvarlegu mál íslenskrar bændastéttar og íslensks strjálbýlis á ferðinni að mínu mati. Það eru hin stóru mál, hv. 4. þm. Austurl. Og þar vona ég að ég eigi liðstyrk þinn vísan þegar að því kemur að taka á þeim hlutum.

Ég held að ég þurfi þá ekki að hafa þetta mikið

fleiri orð en ég vil þá koma að því sem hv. 4. þm. Suðurl. vék hér að og taka það fram að ég tel það þarfa ábendingu og rétt að skoða hvort ekki sé einmitt nauðsynlegt að breyta ákvæðum liðar IX í frv., um framlög til skjólbelta, þannig að hægt sé að styrkja þessa starfsemi miðað við nýjustu tækni og framfarir á því sviði. Þessi nýjasta tækni á þessu sviði er mun stórtækari en áður var og gerbreytir í raun og veru og nánast byltir möguleikum manna til skjólbeltaræktunar í stórum stíl. Að sjálfsögðu er það rétt og ég mun beita mér fyrir því að hv. landbn. taki þetta atriði sérstaklega til skoðunar.

Hv. 4. þm. Austurl. gerði nokkuð úr áhrifamætti Alþfl. í þessu máli. Ég vil þá bara upplýsa hv. 4. þm. Austurl. um það að Alþfl. á í sjálfu sér ekki sérstaklega aðild að þessu að öðru leyti en því að þingflokkur Alþfl. samþykkti að frv. í þessari mynd yrði lagt fram sem stjórnarfrumvarp. Meira er ekki um það að segja.

Síðan var ákveðinn kafli ræðu hv. þm. mér með öllu óskiljanlegur og hv. þm. er e.t.v. tilbúinn til að útskýra hann fyrir mér nánar. (**Gripið fram í:** Ég skal gera það.) Það var Pólландskaflinn. Aftur og aftur kom Pólland upp í máli hv. þm. Það getur vel verið að honum sé Pólland sérstaklega kært og hugleikið og hann sofni út frá því á kvöldin og vakni til þess á morgnana að hugsa um Pólland. Það er ekki svo með mig. Mér fannst orðræður hv. þm. um þetta svona heldur víxlaðar og í raun óskiljanlegar og málinu óviðkomandi með öllu, og hef ég ekki meira um það að segja.

En ákveðnar staðreyndir fáum við ekki umflúnar og þessar eru helstar ástæður þessa frv., ef hv. þm. vill fá að heyra það einu sinni enn sem reyndar hefur verið margoft sagt, bæði hér við þessa umræðu og fyrr í vetur, annars vegar þær breytingar sem eru og hafa verið að eiga sér stað í íslenskum landbúnaði og gera það að sjálfsögðu að verkum að rétt er og nauðsynlegt að endurskoða ýmislegt í sambandi við ráðstöfun opinberra fjármuna til stuðnings þessari atvinnugrein eins og annars staðar þar sem breytingar af þessu tagi eru að eiga sér stað, í sjávarútvegi, iðnaði o.s.frv. Þetta er önnur meginástæðan. Frammi fyrir hinni meginástæðunni stöndum við báðir, ég og hv. 4. þm. Austurl., að síðustu ríkisstjórnir sem við höfum nú stutt á víxl hafa ekki og fjárveitingavaldið hefur ekki haft vilja til þess að setja í fjárlög nægjanlegar fjárhæðir til þess að standa undir framkvæmd jarðræktarlaganna að óbreyttu. Það eru staðreyndir, heldur kuldalegar en staðreyndir samt, sem við stöndum frammi fyrir. Og ég er þeirrar gerðar, hv. 4. þm. Austurl., að ég nenni ekki að reyna að fela vandann fyrir mér eða velta honum á undan mér óleystum til handa þeim sem kannski eiga að taka við mínum verkum síðar. Ég vil þá frekar standa frammi fyrir hlutunum eins og þeir eru. Ég er tilbúinn að axla þær óvinsældir sem það kann að hafa í för með sér. Og að sjálfsögðu ætlast ég ekki til þess að bændastéttin, eða búnaðarþing eða aðrir aðilar séu sérlega hamingjusamir með það að lagafrv. af þessu tagi er komið hér fram. En það byggir á þeim staðreyndum sem ekki verða umflúnar. Þær eru meginástæður þess að frv. er flutt. Og ég vil halda mig við raunveruleikann og vinna samkvæmt honum en gera enga tilraun til að fela hann sjónum né velta vandanum yfir á einhverja aðra sem eiga að taka við verkum mínum í framtíðinni.

Egill Jónsson:

Herra forseti. Að því leyti get ég verið þakklátur hæstv. landbrh. að hann lýsti því hér yfir að það væri Alþingi sem mundi afgreiða þetta jarðræktarlagafrumvarp. Það var þannig helst á honum að skilja að það gæti nú farið svo að það yrði ekki eins ógeðfellt þegar búið væri að fjalla um það hér á þinginu eins og það er núna. Ef ég hef skilið hæstv. landbrh. rétt þá er þetta þó heldur í áttina.

Varðandi það sem hann hins vegar sagði hér, og var að tala um leiðréttingar í þeim efnum, um að ekki hefði verið tekið tillit til óska búnaðarþings, þá stend ég við það sem ég sagði í þeim efnum. Búnaðarþing bað hvergi um lið III eins og hann er hérna í jarðræktarlagafrumvarpinu. Það orðaði það ekki. Búnaðarþing bað um óbreytta löggjöf að þessu leyti. Búnaðarþing breytti þessu og Alþingi breytti þessu árið 1987 með því að færa til sömu upphæðar framlög á óbrotið eða fyrrum brotið land. Það var afstaða búnaðarþings þá og hún var lögfest. Það er því alveg grundvallarmisskilningur og það er hvergi minnst á það að búnaðarþing óski eftir að tekin verði upp einhver skömmtunarúthlutun á pólska vísu á ræktun í landinu.

Mér er eiginlega alveg óskiljanlegt hvað hæstv. landbrh. á erfitt með að átta sig á grundvallaratriðunum í þessu máli. Hæstv. ráðherra talar um það að önnur þörf sé fyrir ræktun nú en áður var. Þetta eru nú meiri vísindin. Þetta eru nú aldeilis vísindi. Hvað skyldi ræktunin vera mikil miðað við það sem var hér á árum áður? Sannleikurinn er nefnilega sá að það er ekki nema undir vissum kringumstæðum sem bændur brjóta land til ræktunar núna. Ég geri ráð fyrir að það sé svona ⅕ til ⅓ hluti af því sem var hér á árum áður sem hefur verið ræktað á síðustu árum. En það eru bara aðstæður fyrir hendi sem kalla á nákvæmlega sömu þörf nú í dag eins og var fyrir fimm, sex eða sjö árum. Nákvæmlega sömu aðstæður, t.d. þegar ungir menn taka við búum, þegar menn eru að hefja búskap, t.d. þar sem lönd og ræktun hafa verið í niðurníðslu og heppilegra er að bæta úr með því að byggja á nýrri ræktun. (**SkA:** Þá nota þeir ákvæði III. gr.) Þar fyrir utan væri svo kannski ástæða til þess að vekja aðeins athygli hæstv. landbrh. á því að menn hafa verið að leita eftir því að finna betri leiðir til endurræktunar á túnum en verið hafa. T.d. hafa menn á Norðurlöndum farið út í það að spara vinnslu- og ræktunarkostnað vegna þess hve orkukostnaðurinn verður þá mikill og þess í stað hafa menn verið að þróa upp sérstakar sáðvélar sem fella niður fræið og fella niður kalkið án þess að umbylta landinu. Það er fjarri því að ég sé að segja að við

eigum að taka upp þessar aðferðir, við höfum ekki prófað þær, nema lítillega hér í okkar landbúnaði, en sem betur fer þá má kannski ætla að það finnist ráð í þeim efnum. Það er alveg hárrétt, sem hæstv. landbrh. segir hér, að við þurfum að stórbæta túnin okkar. Og við stefndum nú ekki hærra í þeim efnum á búnaðarþingi með okkar tillögum en að það næðust fram breytingar í þeim efnum eins og á hálfri öld. Það væri hægt að umskapa túnin eins og á einum 50 árum. Þetta er nú það sem við lögðum til. Þannig að því meira sem hæstv. landbrh. upplýsir hug sinn í þessum efnum þá kemur betur í ljós þessi stóri misskilningur sem *þetta mál gengur fyrir*.

Hann segir það, hæstv. landbrh., að þetta sé niðurstaða ríkisstjórnarinnar. Hann hefur ekki sagt að þetta sé niðurstaða stjórnarflokkanna, og það þótti mér vænt um að hann skyldi ekki segja. Og hann sagði það sem meira var að Alþingi hefði lokaorðið. Kannski verður þá lokaorðið þar að afgreiða ekki frv. Ég sé að hv. formaður landbn. Ed. horfir mikið og hlustar vel og það er góðs viti.

Ég endurtek það svo einu sinni enn sem ég sagði hér áðan að hæstv. landbrh. er ekki að fyrirbyggja það að það geti skort greiðslur til að gera upp jarðræktarframlög við bændur. Það er síður sen svo að hann sé að fyrirbyggja það. Ræktunin og starfið kemur til með að ganga áfram þrátt fyrir þessi þrælalög, þessi pólsku þrælalög. Auðvitað munu náttúrlega bændur landsins halda áfram að rækta og bæta jörðina. Það fæst kannski það góð reynsla út úr búfjártalningu með lögregluvaldi að hæstv. landbrh. ætli að útfæra það víðar, m.a. í sambandi við ræktunarmálin. Það hefur frést að það standi sums staðar illa á í loðdýrabúskapnum, þannig að það sé erfitt að telja um þessar mundir. *Það mundi væntanlega ekki baga í* sambandi við að mæla túnin. (**SkA:** Með lögregluvaldi.) Með lögregluvaldi. Þannig að það getur vel verið að með einhverjum slíkum aðferðum, þrælaaðferðum, að banna mönnum að rækta, standi ekki endar út af. En auðvitað gerist það undir öðrum kringumstæðum því að þó það sé að sjálfsögðu skelfilegur hlutur ef bændur fá ekki greidd jarðræktarframlögin, ekki meiri peningur en það er, er það þó enn skelfilegra ef þeir hætta að rækta og bæta jörðina. Og það sýnir afturhaldshugsunina í þessu öllu saman að þróunarverkum og umbótum eigi nú að ljúka.

Eins og ég hef margoft sagt hér hafa bændur fellt þá þörf að breyttum aðstæðum og það þarf ekki neinn boðskap um það, hvorki frá hæstv. landbrh. né neinum öðrum. Þeir breyttu sínum markmiðum frá því sem áður var strax eftir að þeir fengu ramma til þess að vinna eftir. Svo get ég sagt hæstv. landbrh. það í lokin að ég er alveg hreint óhræddur að tala við hann um hvert stefnir í framleiðslumálum landbúnaðarins. Og mér er alveg fullkomlega ljóst að í sauðfjárræktinni er þar vandi fyrir dyrum. En það breytir ekki því að það eigi að auka á þann vanda, það eigi að skapa enn meiri vanda með því að draga fyrir þróunarstarfsemi í landbúnaði. Það skiptir máli og þar skilur á milli skoðana minna og hæstv. landbrh. Að það á ekki að halda því stöðugt áfram að þjarma þeim mun meira að þessari grein því meira sem bændur landsins leggja sjálfir á sig, eins og hæstv. landbrh. er hér að tala fyrir. Svo er hins vegar fyrir að þakka og ég vil vekja athygli á því og undirstrika það alveg sérstaklega að ekki var gert ráð fyrir að jafnvægi næðist í þessum málum fyrri en árið 1992. Og það er að sjálfsögðu ýmislegt sem á eftir að breytast og fer náttúrlega mikið eftir því hvernig verður farið með þau mál hér í landinu.

Ég geri ráð fyrir, ef svo fer sem hefur verið mikið imprað á af stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar, að *það eigi að fara að flytja inn kjúklingakjöt, niðurgreitt kjúklingakjöt*, (**SkA:** Og smjörlíki.) geti hæglega farið svo að það dragi þannig úr kindakjötsneyslunni hér í landinu að til vandræða horfi. (**SkA:** En frelsið á smjörlíkinu?) Það er alveg það gagnstæða. Ykkar gjörðin er sú sama að því leyti. (**SkA:** Með smjörlíkið og frelsið?) Þannig að það er sannarlega hárrétt hjá hæstv. landbrh. að það er að ýmsu að hyggja í þeim efnum. Það er ekkert víst að það standi á mér, eins og hæstv. landbrh. var að tala um hér áðan, að hjálpa til við að fá bærilegustu niðurstöðu í þeim efnum. Það stóð heldur ekki á mér að fá líðanlega niðurstöðu gagnvart jarðræktarlögunum. Það stóð heldur ekki á félögum mínum á búnaðarþingi að sú niðurstaða fengist. Það stóð á ríkisstjórninni. Og þegar menn eru að kalla til liðs við sig aðra menn, sem út af fyrir sig er ekki nema eðlilegt því að auðvitað eigum við margir skyldur í þessum efnum þótt við sitjum ekki sömu megin við stjórnarborðið, þá þýðir það ekki þegar menn bila sjálfir þegar mest á reynir, eins og í sambandi við jarðræktarlögin, búfjárræktarlögin, skógræktarlögin og reyndar allt það *sem við lögðum vinnu í á búnaðarþingi*. Það *þýðir* ekki að ætla að kalla menn til liðs við sig og fá stuðning þegar menn bila sjálfir. (**Gripið fram í:** Þá þurfa menn nú mest á því að halda.) Það þjónar ekki tilgangi. Og það er af þeirri ástæðu sem ég sagði hér áðan að jarðræktarlögin eins og þau komu frá búnaðarþingi, af því að nú hefur reyndar verið upplýst að ríkisstjórnin hafi hafnað því í heild sinni, að frv. er ekki orðið samningsgrundvöllur. Landbrh. hæstv. verður því að treysta á stuðningslið ríkisstjórnarinnar við að koma málinu áfram. Það er búið að skella dyrum á ýmsa þá sem gjarnan hefðu viljað vera hæstv. landbrh. til liðs í þessu máli. Þannig verður það í fleiri málum sem varða íslenskan landbúnað að ef forustan heldur áfram að bregðast með sama hætti og nú hefur gerst og þrátt fyrir öll stóru orðin og miklu fyrirheitin þýðir ekki að kalla á bændur landsins til stuðnings, hvorki þann sem hér talar né annan.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins, 1. umr.

Stjfrv., 464. mál (stjórn, bókhald o.fl.). — Þskj. 825.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Framleiðnisjóð landbúnaðarins, nr. 89 frá 17. des. 1966, sbr. lög nr. 77/1972. Þetta er þskj. 825.

Frv. inniheldur fimm greinar og felur hin fyrsta í sér breytingu á stjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins. Ákvæði laganna frá 1966 og 1972 eru nokkuð úr sér gengin hvað þetta atriði snertir þar sem m.a. er gert ráð fyrir því í gildandi lögum að stofnun sem lögð hefur verið niður, Framkvæmdastofnun Íslands, tilnefni mann í stjórn. Fleira má til nefna sem gerir það að verkum að eðlilegt hlýtur að teljast að þessum ákvæðum sé breytt.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 89 frá 17. des. 1966 tilnefna eftirtaldir aðilar einn mann í stjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins: Búnaðarfélag Íslands, Stéttarsamband bænda, stjórn Búnaðarbanka Íslands og stjórn Framkvæmdastofnunar Íslands. Frv. þetta gerir ráð fyrir að fjölgað verði um tvo fulltrúa í stjórn sjóðsins þannig að sameinað Alþingi kjósi þrjá menn hlutbundinni kosningu, sem er nýmæli, stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins tilnefni einn fulltrúa í stað stjórnar Búnaðarbankans áður og Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda tilnefni hvort sinn fulltrúa. Þá hefur Framkvæmdastofnun ríkisins verið lögð niður og Byggðastofnun tekið við ýmsum verkefnum hennar.

Framleiðnisjóði landbúnaðarins er nú, eins og menn vita, tryggt fjármagn úr ríkissjóði sem ákveðið hlutfall af heildarverðmæti búvöruframleiðslunnar, eða 4% skv. 2. mgr. 37. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Er það breyting frá því sem gilti fyrir gildistöku búvörulaganna. Jafnframt hefur fjmrn. nú tekið beinan þátt í gerð búvörusamninga ríkisstjórnar og Stéttarsambands bænda. Með tilliti til allra þessara breytinga og þess viðamikla hlutverks sem Framleiðnisjóði landbúnaðarins og stjórn hans hefur verið fengið þykir rétt að breyta ákvæðum um stjórn sjóðsins þannig að sameinað Alþingi kjósi þrjá menn í stjórn. Þetta tryggir m.a. það, sem oft hefur verið bent á, að bæði stjórn og stjórnarandstaða eigi tryggðan aðgang að þessari sjóðsstjórn.

Þá þykir eðlilegt og sjálfsagt að stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins tilnefni fulltrúa í stjórn Framleiðnisjóðs í stað stjórnar Búnaðarbankans áður m.a. vegna þeirra breytinga sem urðu á yfirstjórn bankans við gildistöku laga um viðskiptabanka, nr. 86/1985. Það hlyti að teljast óeðlilegt að stjórn Búnaðarbankans færi áfram með þetta hlutverk.

Breytingar þær sem um er fjallað í 2., 3. og 4. gr. frv. og lúta aðallega að breytingum á 5. og 6. gr. núgildandi laga, að því er varðar umsjón með sjóðnum og endurskoðun reikninga hans, verða að teljast eðlilegar í framhaldi af þeim breytingum sem lagðar eru til á skipan stjórnar sjóðsins, sbr. 2. gr. núgildandi laga og 1. gr. þessa frv. Fordæmum fyrir því að sjóðir af þessu tagi sem tengjast atvinnuvegum séu í umsjón Byggðastofnunar hefur farið fjölgandi og má þar nefna ákvæði bráðabirgðalaga nr. 82 frá 28. sept. 1988, um Atvinnutryggingasjóð útflutningsgreina. Af ýmsum öðrum ástæðum má einnig telja rök fyrir því að tengja Framleiðnisjóð enn frekar Byggðastofnun en nú er. Má þar m.a. nefna það hlutverk sem Framleiðnisjóði er falið, þ.e. að stuðla að atvinnuuppbyggingu í sveitum með því fjármagni sem honum er ætlað á grundvelli búvörulaganna.

Síðan eru í frv. ákvæði sem lúta að því að Ríkisendurskoðun skuli annast endurskoðun reikninga Framleiðnisjóðs. Þar eru á ferðinni ákvæði sem hafa verið að koma inn í löggjöfina síðan Ríkisendurskoðun færðist undir Alþingi og má telja eðlilegt að það endurskoðunarhlutverk sé þar til heimilis.

Að öðru leyti tel ég að einstakar greinar frv. þarfnist ekki frekari skýringa því hér er í raun og veru ekki um veigamiklar breytingar að ræða. Fyrst og fremst er um að ræða eðlilega aðlögun stjórnar og starfrækslu Framleiðnisjóðs að breyttum tímum og aðstæðum. Vonast ég því til þess að frv. fái greiðan framgang í gegnum hið háa Alþingi og að lokinni þessari umræðu, herra forseti, legg ég til að málinu verði vísað til hv. landbn.

Egill Jónsson:

Herra forseti. Ég tel að sjálfsögðu fullkomlega eðlilegt að lögin um Framleiðnisjóð landbúnaðarins séu endurskoðuð. Það er hárrétt, sem fram kom í máli hæstv. landbrh., að það hafa ekki verið gerðar breytingar á þeim lögum frá því fyrir þann tíma sem sjóðurinn tók við því mikilvæga hlutverki sem hann hefur núna.

Ég á sæti í þeirri nefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar og ég sé ekki neina ástæðu til þess að fjalla hér efnislega um málið í heild sinni. Ég vil t.d. hafa fyrirvara á því að það eigi að hýsa Framleiðnisjóð landbúnaðarins hjá Byggðastofnun. Menn vita að hún er á margan hátt að verða hálfgert eyðibýli og hennar verkefni eru komin til annarra sjóða þó svo að ágætir menn hafi þar farið með forræði mála. Eins hef ég efasemdir um að fulltrúi Stofnlánadeildar landbúnaðarins eigi að vera í stjórn sjóðsins. Það er langt síðan fulltrúi Búnaðarbankans hefði átt að vera farinn út úr sjóðsstjórninni og ég vil fá að skoða það nánar hvort einhver sérstök efni standi til þess að fulltrúi Stofnlánadeildarinnar sé þarna innan húss.

Að öðru leyti er eðlilegt að þetta mál fái greiða leið í gegnum þessa umræðu og það skýrist svo hver niðurstaðan verður úr nefndarstarfinu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Búfjárrækt, 1. umr.

Stjfrv., 465. mál (heildarlög). — Þskj. 826.

Landbúnaðaráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Enn mæli ég fyrir frv. sem tengist landbúnaðinum og búfjárræktinni og mun hv. landbn., sem ég mun leggja til að fái frv. til skoðunar að lokinni þessari umræðu, hafa ærið að starfa á næstunni.

Frv. því er ég hér mæli fyrir er ætlað að koma að hluta til í stað gildandi laga um búfjárrækt, þ.e. laga nr. 31 frá 1973. Frv. felur í sér talsverðar breytingar frá núgildandi lögum, en við gerð þess voru einkum höfð að leiðarljósi tvö markmið. Í fyrra lagi að þannig verði að hlutunum staðið að sett verði sérstök lög um búfjárhald og í öðru lagi verði sett almenn löggjöf um búfjárræktarstarfið sérstaklega. Því er ekki í frv. að finna sérstaka kafla um einstakar búfjártegundir svo sem er í gildandi lögum. Gert er ráð fyrir að þau ákvæði gildandi laga sem fjalla um búfjárhald, svo sem um forðagæslu, ásetning og því um líkt, haldi gildi sínu í núgildandi mynd og verði síðan að stofni til uppistaðan í löggjöf um búfjárhald sem nú er til endurskoðunar og verður vonandi flutt á næsta Alþingi.

Fyrsti kafli frv. fjallar um tilgang laganna og yfirstjórn, annar kafli um skipan búfjárræktar og þriðji kafli um verndun séreinkenna í íslensku búfé og um útflutning búfjár. Vakin er sérstök athygli á því að ítarleg greinargerð fylgir frv. ásamt áætlun yfir kostnað ríkissjóðs við framkvæmd á frv. sem prentuð er sem fylgiskjal.

Sem helstu nýmæli í frv. þessu má nefna að í 2. mgr. 4. gr. frv. er gert ráð fyrir því að ráðherra geti viðurkennt einstök búgreinasamtök til þess að fara með verkefni er snerta viðkomandi búgrein sérstaklega. Ákvæði þetta á sér hliðstæðu í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, og veitir hún svigrúm til þess að framkvæmd búfjárræktarlaga geti fylgt þróun félagskerfis landbúnaðarins ef hún verður sú að búgreinasamtök eflist á næstu árum og áhugi verði fyrir því að þau taki aukinn þátt í búfjárræktarverkefnum.

Ákvæði í 5. gr. frv. um skipun búfjárræktarnefnda og heimild til að mynda fagráð eru nýmæli frá gildandi búfjárræktarlögum. Með þessum nýmælum eru bein áhrif starfandi bænda í viðkomandi búgrein á mótun og framkvæmd ræktunarstarfsins verulega aukin frá því sem verið hefur. Er búfjárræktarnefndum ætlað að hafa það hlutverk að skipuleggja og veita forustu ræktunarstarfi vegna einstakra búfjártegunda. Gert er ráð fyrir að þessar nefndir séu skipaðar fimm mönnum hver. Þó er heimilt að þeir verði þrír eða sjö ef sérstakar ástæður mæla með því. Gert er ráð fyrir að tveir nefndarmanna séu bændur í viðkomandi grein og kosnir af sínum búgreinasamtökum séu þau starfandi en ella af búnaðarþingi og Stéttarsambandi bænda, einn maður af hvorum aðila. Tveir aðilar skulu vera starfandi héraðsráðunautar kosnir af búnaðarþingi en einn starfandi landsráðunautur tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands. Jafnframt er gert ráð fyrir að mynduð verði svokölluð fagráð vegna einstakra búfjártegunda og að ráðherra geti falið þeim að taka við verkefnum sem búfjárræktarnefndum eru falin í þessu frv.

Einu skilyrðin sem frv. setur um aðila að fagráðum, svo mögulegt sé að fela þeim verkefni búfjárræktarnefndanna, er að bæði búgreinasamtök í viðkomandi grein og Búnaðarfélag Íslands séu aðilar að þeim. Tilgangurinn með myndun fagráða er sá að ná saman fulltrúum frá viðkomandi búgreinum og þeim stofnunum sem fara með fagmál greinarinnar til þess að fjalla sameiginlega um fagsvið hennar og taka sameiginlegar ákvarðanir um stefnumótun og framkvæmd þeirra faglegu málaflokka sem tilheyra viðkomandi grein. Á þann hátt má ætla að best samstaða náist um skipan rannsókna, leiðbeininga og kennslu varðandi hverja búgrein og mannafli og fjármagn nýtist sem best til þess að ná auknum árangri í búskapnum.

Í 6. gr. frv. er hlutverk þessara búfjárræktarnefnda tilgreint. Er þeim m.a. ætlað að móta ræktunarstarfið, gera tillögur um innflutning erlendra búfjárkynja, vera til ráðuneytis við leiðbeiningar, kennslu og rannsóknir og gera áætlanir vegna búfjárræktarstarfs búnaðarsambandanna.

Í 12. gr. frv. felst viðamikil breyting frá gildandi lögum þar sem greinin hefur að geyma skýr ákvæði um greiðslur úr ríkissjóði til einstakra þátta búfjárræktarinnar. Þau ákvæði er að finna í flestum köflum gildandi laga. Í 12. gr. er hins vegar gert ráð fyrir að búfjárræktarnefndin geri verk- og kostnaðaráætlun á grundvelli upplýsinga frá búnaðarsamböndunum. Verði áætlanir þessar lagðar fyrir landbrh. áður en að gerð fjárlaga kemur hverju sinni ásamt greinargerð um starfsemi liðins árs. Fjárveitingar verði ákvarðaðar með hliðsjón af tillögum búfjárræktarnefndanna og þar með tekin afstaða til þess hvaða verkefni á sviði búfjárræktar verði unnin fyrir fé úr ríkissjóði á komandi ári. Þegar fjárlög liggja fyrir skal landbrn. greina frá hvernig búfjárræktarframlög komandi árs skiptast milli búnaðarsambanda og til hvaða starfsemi þau skuli renna.

Þrátt fyrir þau ákvæði sem nú eru í lögum nr. 31 1973 um þessi framlög hafa þau ekki skilað sér sem skyldi vegna síðasta árs og í fjárlögum fyrir árið 1989 er einungis gert ráð fyrir greiðslu á launahluta ríkissjóðs til frjótækna af þeim greiðslum sem lögin kveða á um. Greiðsluskyldan er í sumum tilfellum tekin af eða talin vera það með öðrum lögum, auk þess sem þessi ákvæði laganna þykja ekki lengur falla að ríkjandi aðstæðum.

Ákvæði 13. gr. frv. er ætlað að koma í stað ákvæða í gildandi lögum sem fjalla um búfjársýningar og afkvæmasýningar á búfé. Greinin fjallar um mat á búfé og búfjárafurðum. Þar er kveðið á um að skylt sé að gefa búfjáreigendum kost á mati á búfé og búfjárafurðum með reglulegu millibili og eigi sjaldnar en fjórða hvert ár. Gert er ráð fyrir að hlutaðeigandi

búfjárræktarnefndir setji reglur um þetta mat sem nái bæði til búfjárins og afurða af því. Undir þetta mat falla afkvæmadómar, kjötsýningar og sýningar á loðskinnum og fleiru. Gert er ráð fyrir að ráðunautar skuli annast matsstörf og kostnaður, annar en launa- og ferðakostnaður, greiðist af þeim búnaðarsamböndum sem í hlut eiga. Gert er ráð fyrir að þeim aðilum sem fyrir sýningum standa sé heimilt að innheimta gjald af eigendum þeirra gripa sem dæmdir eru. Upphæð slíkra gjalda verður þó að vera samþykkt af ráðherra. Getur ákvæði þetta ráðið úrslitum um það hvort félítil samtök geti staðið fyrir myndarlegum búfjársýningum með tilheyrandi kostnaði, svo sem tölvuskráningu og útgáfu sýningarskráa.

Í 14. gr. frv. felast nýmæli frá gildandi lögum. Greinin kveður á um að óheimilt sé að flytja úr landi tímgunarhæft búfé, sæði eða fósturvísa án leyfis landbrn. Leita skal álits Búnaðarfélags Íslands og yfirdýralæknis áður en útflutningsleyfi er veitt. Jafnframt er í sömu grein kveðið á um að þeim félögum og samböndum sem fara með búfjárræktarmál skuli áskilinn forkaupsréttur að kynbótagripum sem verðmætir þykja og fyrirhugað er að flytja úr landi, af hvaða búfjártegund sem er. Slíkt ákvæði er nú aðeins til í lögum um útflutning hrossa. Verði forkaupsréttar neytt er skilyrt að verð skuli vera það sama og tilgreint var þegar sótt var um útflutningsleyfi.

16. gr. frv. fjallar um skipan og hlutverk genbankanefndar Íslands fyrir búfé, en hliðstæð nefnd hefur verið starfandi án sérstakrar stoðar í lögum. Þessari nefnd er ætlað eftirlitshlutverk með því erfðaefni sem til er hjá íslensku búfé, villtum landdýrum og ferskvatnsfiskum og að gera tillögur um ráðstafanir til verndunar þeirra tegunda, stofna og eiginleika sem kunna að vera í útrýmingarhættu.

Ég hef nú tæpt á helstu nýmælum frv. en að lokum skal vakin sérstök athygli á að gera má ráð fyrir hlutfallslega meiri þörf fyrir leiðbeiningarþjónustu í búfjárrækt og landbúnaði almennt séð en verið hefur undanfarið og kemur það m.a. til af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi vegna nýrra greina í búfjárrækt, loðdýrarækt ar, fiskeldis og fleiri þar sem hlutaðeigandi bændur hafa ekki getað aflað sér viðunandi þekkingar á þeim skamma tíma sem ýmsar nýbúgreinar hafa orðið að þróast á. Ætla má þó að þessi aukna þörf fyrir leiðbeiningar geti verið tímabundin fyrir einstakar nýbúgreinar. Í öðru lagi er ekki unnt að draga hlutfallslega úr leiðbeiningarþörf í hefðbundnum búgreinum miðað við minnkandi framleiðslu eða umfang í þeim greinum. Sá vandi sem felst í að þurfa að takmarka framleiðslu mjólkur og kindakjöts og fleiri afurða hefur oft skapað þörf fyrir auknar faglegar leiðbeiningar og ráðgjöf.

Herra forseti. Ég hef lokið við að skýra helstu nýmæli frv. og hvaða breytingar það felur í sér frá gildandi löggjöf. Það er von mín að með þessari tilhögun, þ.e. að skipta núverandi búfjárræktarlagabálki í tvennt og setja annars vegar sérstaka löggjöf um búfjárræktarstarfið, kynbætur og búfjárrækt og hins vegar almenn ákvæði um búfjárhald, vörslu búfjár og annað því tilheyrandi, komist betri skipan á þessi mál en verið hefur. Ég hygg að þetta búfjárræktarfrv. sé í ýmsum greinum ítarlegra og skýrara en gildandi lagaákvæði og meira í samræmi við þær aðstæður sem nú eru uppi og taldar vera fram undan í búfjárræktarstarfinu. Þá eru einnig með frv. dregnar hreinni línur milli verkaskiptingar opinberra aðila annars vegar og hinna faglegu samtaka hins vegar og á það einnig við um kostnaðarþátttöku eða aðild ríkisins að því að greiða kostnað vegna þessara starfa. Þar er í meginatriðum um óbreytta þátttöku ríkisins að ræða í búfjárræktarstarfinu, þó að nokkuð breytt tilhögun sé á hvað snertir vinnslu á fjárlagatillögum og hvernig fjárveitingar eru ákvarðaðar til þessara verkefna. Þátttaka ríkisins í launagreiðslum vegna búfjárræktarstarfsins yrði óbreytt, en ýmis smærri framlög, svo sem til verðlauna, yrðu felld niður og yrðu hluti af hinum almenna starfskostnaði búnaðarsambandanna.

Að lokinni þessari umræðu, herra forseti, legg ég til að frv. verði vísað til hv. landbn. Ég endurtek óskir mínar til hv. landbn. um farsælan og góðan árangur í starfi á næstu dögum þar sem nefndinni hafa með afgreiðslu í deildinni í dag verið falin mörg verkefni, og vonandi einnig afgreiðsla þessa frv., og mikið er í húfi að störf nefndarinnar skili farsælum niðurstöðum.

Egill Jónsson:

Herra forseti. Það væri vissulega hægt að flytja langt mál um það frv. til búfjárræktarlaga sem hér er til umræðu. Mér finnst vert að vekja athygli á því að einmitt á þessum degi fara sérstaklega fram fundir á búnaðarþingi vegna þessa frv., en meðan búnaðarþing sat að störfum fyrr á þessum vetri kom fram ósk um það frá hæstv. landbrh. að búnaðarþing endurskoðaði búfjárræktarlögin í samráði við Búnaðarfélag Íslands. Þetta frv. er að nokkrum hluta árangur þess starfs og um það fjallar búnaðarþing á þessum degi og trúlega einnig á morgun. Ég ætla því að bíða með að lýsa skoðunum mínum í smáatriðum að því er frv. varðar.

Mér virðist hins vegar við fyrstu sýn að frv. sé meingallað. Það er með eindæmum illa unnið, eins og þeir hafa komist að sem hafa lesið það yfir, og býr yfir þeim megingalla að byggja á því að draga vald — og vona ég nú að hæstv. landbrh. megi heyra mál mitt — frá bændum landsins og fagstofnunum landbúnaðarins upp í landbrn. Þetta held ég að sé óskaplega óheillavænleg þróun.

Í öðru lagi að þrátt fyrir það að ríkisvaldið ætli sér stærri hlut í stjórn þessara mála ætlar það líka að spara fjármagn til þessara verkefna. Hér er um að ræða gífurlega verðmæt störf í þróunarferli íslensks landbúnaðar og þær greiðslur sem hafa gengið til þessara verkefna af hendi ríkisvaldsins eru smámunir einir saman, hreinir smámunir. Við búum við ágæt búfjárræktarlög. Það þyrfti þó e.t.v. að breyta þeim eitthvað með tilliti til nýrra búgreina og reyndar liggja fyrir um það tillögur, og það standa að sjálf-

sögðu engin efni til þess að breyta búfjárræktarlögum til verra horfs en áður var. Ég hygg að sú breyting sem hér er lögð til muni stefna í þá átt og það með afar ótvíræðum hætti. Eins og jarðræktarlögin er þetta þáttur í stjórnarstefnunni og eins og þau boðar þetta nýja tíma í viðskiptum ríkisvaldsins og bændanna í landinu.

Eins og hér hefur komið fram verður að sjálfsögðu fjallað um þetta frv. í þeirri nefnd sem ég á sæti í undir góðri og traustri forustu og þar mun ég að sjálfsögðu koma mínum skoðunum á framfæri. Svo að ég endurtaki það sem ég sagði í upphafi mun ég að sjálfsögðu hafa þar til hliðsjónar þá niðurstöðu sem fæst á búnaðarþingi sem ég veit að verður vel grunduð. Meðal annars af þessum ástæðum ætla ég ekki að hafa orð mín fleiri nú en skýri afstöðu mína betur síðar.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Þetta frv. er búið að vera til umfjöllunar í landbn. deildarinnar þó að ekki sé búið að vísa því þangað. Það hefur verið farið yfir frv. og við höfum fengið aðstoð landbrh. við að fara yfir frv. með okkur. Landbúnaðarnefndarmenn beggja deilda fóru síðan á búnaðarþing sem fjallaði um frv. í morgun og í framhaldi af því var fundur með búfjárræktarnefnd búnaðarþings og nefndarmönnum landbúnaðarnefndanna í hádeginu í dag úti í Þórshamri. Umfjöllun um þetta mál er því í mjög góðum gangi og notalegum gangi, vil ég segja. Það er mjög ánægjulegt að geta skoðað mál eins og þetta í tengslum við umfjöllun sem var á búnaðarþingi í morgun og fjalla síðan áfram um það eins og gert var á fundi með búfjárræktarnefnd og búnaðarmálastjóra í hádeginu í dag.

Ég held og veit það reyndar að frv. er framfaraspor. Í því eru sjálfsagt einhverjir hlutir sem þarf að breyta eins og venjan er og oftast nær þarf að gera í nefndum þingsins. Ég held að farið hafi verið af stað með undirbúningsvinnu í nefndunum á réttan máta og málið skoðað á breiðum grundvelli, en ekki aðeins á þann veg að ráðuneytismenn upplýstu nefndarmenn um hvað verið væri að fjalla um heldur kom það beint úr grasrótinni, þ.e. bændurnir sjálfir hafa komið til umfjöllunar um málið.

Ég ætla ekki að fara að fjalla um frv., en vildi aðeins láta þetta koma fram. Ég get þó tekið undir einn þátt, sem bæði hv. 4. þm. Austurl. benti á og fram kom í umræðum á búnaðarþingi og í nefndarspjallinu, sem er að ég tel það óþarfa tilætlun ráðherra að hafa áhrif á félagaskipun landbúnaðarins, mér finnst það ekki af hinu góða. Ég hef tilfinningu fyrir því að þarna séu þættir sem mætti breyta á þann veg að ríkisábyrgðin á búfjárræktinni verði minni en ætlast er til í frv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Þingfararkaup alþingismanna, 1. umr.

Frv. JHelg o.fl., 469. mál (biðlaun). — Þskj. 830.

Flm. (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 45 frá 1980, um þingfararkaup alþingismanna.

Í umræðum á Alþingi við setningu ákvæða um biðlaun alþingismanna kom fram sú skilgreining á biðlaunum að þar væri ekki um að ræða kaup heldur væru þau greidd til þess að mönnum gæfist tóm til að fá sér aðra vinnu til að framfleyta sér og sínum á. Af þeim sökum er það ljóst að miklu máli skiptir fyrir aðstöðu manna til nýrra starfa hvort þeir afsala sér þingmennsku áður en kjörtímabili lýkur og ráða þá sjálfir hvenær þeir hætta störfum eða starfstíma lýkur vegna þess að þeir eru ekki endurkjörnir í alþingiskosningum, þ.e. hvort þeir segja sjálfir upp starfinu eða er sagt því upp af öðrum.

Hins vegar hefur komið í ljós að orðalag gildandi laga gerir ekki nægilegan greinarmun á þessari gjörólíku aðstöðu. E.t.v. stafar það af því að það sé ekki einfalt að finna orðalag sem tryggir þennan greinarmun án þess að skerða æskilegan og sjálfsagðan rétt. Vænti ég þess að hv. nefnd, sem fær þetta mál til meðferðar, athugi hvort finna megi æskilegra orðalag á efni frv. en þar kemur fram. Frv. er flutt í samráði við þá hæstv. forseta Alþingis sem sæti eiga í hv. Nd.

Að öðru leyti tel ég að efni frv. sé auðskilið og legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. KP o.fl., 443. mál (heilsutjón vegna læknisaðgerðar). — Þskj. 803.

Flm. (Karvel Pálmason):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. á þskj. 803 um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67 1971, með síðari breytingum. Flm. að þessu frv. eru 12 hv. þingdeildarmenn, sem er meiri hl. í hv. deild, og eru auk þess sem hér talar hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir, Egill Jónsson, Jón Helgason, Margrét Frímannsdóttir, Guðmundur Ágústsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Jóhann Einvarðsson, Karl Steinar Guðnason, Skúli Alexandersson, Júlíus Sólnes og Danfríður Skarphéðinsdóttir.

1. gr. þessa frv. um breytingu á gildandi lögum um almannatryggingar er svohljóðandi:

„Aftan við 34. gr. laganna bætist svohljóðandi málsgrein:

Verði maður fyrir varanlegu heilsutjóni, sem nemur a.m.k. 10% örorku samkvæmt læknisfræðilegu mati, vegna læknisaðgerðar eða vegna mistaka starfsfólks, sem starfar samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skal Tryggingastofnun ríkisins bæta það tjón á sama hátt og vinnuslys. Landlæknir og tryggingayfirlæknir skulu sameiginlega meta hvort um bótaskylt tilfelli er að ræða og ákveða örorkustigið. Leggja má úrskurð þeirra fyrir tryggingaráð samkvæmt ákvæði 7. gr."

Þetta er sú breyting sem lögð er til og er hún að mínu viti og flm. mjög einföld breyting. Ég hygg að sú stutta grg. sem fylgir frv. segi kannski meira en mörg orð að öðru leyti um það hvað hér er á ferðinni. Ég hygg að rétt sé að ég lesi þessa stuttu grg. en hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Frv. þetta til laga um breytingu á almannatryggingalögum er flutt til þess að bæta að hluta úr brýnni þörf.

Alkunna er að einstaklingar geta orðið fyrir heilsutjóni af aðgerðum lækna, ýmist vegna bótaskyldra mistaka eða vegna þess að aðgerð hefur ekki heppnast nógu vel þótt eigi sé um að ræða bótaskyld atvik, eða vegna mistaka heilbrigðisstétta. Slíkt tjón hafa einstaklingar yfirleitt orðið að bera sjálfir óbætt hingað til.

Í svari heilbr.- og trmrh. við fyrirspurn frá 1. flm. þessa frv. á Alþingi 8. des. 1988 kemur fram að í ráðuneyti hans liggja drög að tillögum um tryggingasjóð sjúklinga en auðséð er að það mál nær ekki fram að ganga á þessu þingi enda um mjög viðamikið mál að ræða.

Með frv., sem hér er flutt, er farin sú millileið að ætlast er til að Tryggingastofnun ríkisins greiði á sama hátt og hún bætir vinnuslys það tjón sem verður af læknisaðgerðum eða mistökum við læknisaðgerðir. Hér er ekki um að ræða bætur samkvæmt almennu skaðabótareglunni, sem geta orðið mjög háar, heldur bætur eins og Tryggingastofnun ríkisins greiðir nú fyrir vinnuslys. Ekkert er því til fyrirstöðu að sjúklingur geti höfðað bótamál á hendur þeim sem ábyrgð bera á læknisaðgerð og fengið hærri bætur ef það mál vinnst. Fjárhæð sú, sem Tryggingastofnun mundi hafa greitt, kæmi þá til frádráttar og gæti Tryggingastofnun ríkisins endurkrafið hana. Ákvæði þessu er ætlað að standa þangað til viðameira frumvarp um tryggingasjóð sjúklinga verður tekið upp í almannatryggingalögin.

Landlækni og tryggingayfirlækni er sameiginlega falið að meta hvort um bótaskylt tilfelli er að ræða og eins að ákveða örorkustigið. Hvort tveggja má teljast eðlilegt þegar litið er til þess að úrskurð þeirra má leggja fyrir tryggingaráð skv. 7. gr. eins og hún verður ef samþykkt verður stjórnarfrumvarp sem nú liggur fyrir Alþingi þar að lútandi."

Þetta segir að mínu viti kannski mest um það hvað hér er á ferðinni. Allir vita hv. þingdeildarmenn um það að mistök eiga sér stað, mannleg mistök geta alltaf átt sér stað. Þau geta átt sér stað hjá læknum eins og öðrum mönnum og við því er kannski oft ekkert að gera. Allt til þessa hafa viðkomandi einstaklingar sem orðið hafa fyrir slíku annaðhvort orðið að bera það tjón sem af því leiðir sjálfir eða orðið að fara dómstólaleiðina sem tekur yfirleitt frá a.m.k. einu upp í fjögur, fimm eða sex ár. Það er auðvitað sú leið sem almenningi í landinu er nánast meinað að fara bæði vegna tíma sem hún tekur og ekki síður vegna þeirra fjármuna sem þar þarf að inna af hendi til þess að ganga í gegnum slíkt mál.

Það þarf líka mikið þrek til þess að ganga í gegnum slíka málsmeðferð. Það þykist ég geta metið sjálfur af eigin reynslu hversu slíkt kann að vera erfitt. Það er því full þörf á því að bæta það ástand sem við búum nú við og þó hér sé vissulega um lítið skref að ræða, þá er þetta þó skref sem gæti orðið mörgum til bjargar og hjálpar sem kynnu að lenda í þessum raunum hér eftir.

Ekki skal ég um það segja, enda ekki gott, hversu miklar fjárhæðir hér kynni að vera um að ræða. Vonandi yrðu þær sem minnstar, að sem minnst af slíku gerðist. Við lauslega skoðun væri ekki ólíklegt að ætla að einstaklingur sem lenti í svona mundi geta fengið greiðslu allt frá 100 þús. upp í 500 þús. kr. samkvæmt þessu. Við skulum vona að það verði ekki mörg slík tilfelli á ári sem kæmu til í þessum tilvikum. En við skulum segja að það væru 10, 15, 20 tilfelli. Þá sjá menn af þessum upphæðum að hér er ekki um að ræða fjárhagslega mikið spursmál fyrir Tryggingastofnun eða ríkissjóð. Hér er um að ræða nokkrar milljónir ef til þessa kæmi til að létta göngu þeirra sem hafa hrakist á þessum vegum eða kynnu að hrekjast á þeim eftir að þetta næði fram að ganga.

Ég þykist vita, og tel mig hafa fundið þau viðbrögð hjá hv. þm., að það muni ekki á því standa að þetta frv. nái fram að ganga, enda er málið mjög einfalt og að ég best fæ séð engir gallar eða hnökrar sem koma í veg fyrir það að málið geti fengið fljóta meðferð hér í gegnum þingið. Við höfum hér í dag verið að ræða þrjú eða fjögur stórmál frá hæstv. ríkisstjórn sem ætlast er til að gangi í gegnum þingið á þeim tíma sem eftir er, mál sem mörg hver eru óskoðuð og eiga eftir að fá mikla umfjöllun. Ef það á að gerast, og þó svo væri ekki, þá tel ég að þetta mál hér sé þess eðlis, sé slíkt réttlætismál, siðferðislegt réttlætismál að Alþingi geti ekki látið það slys koma fyrir að það verði ekki samþykkt á þessu þingi.

Ég sagði áðan að grg. þó stutt væri segði kannski mest um þetta mál. Ég sá í DV á laugardaginn viðtal við hæstv. heilbr.- og trmrh. sem ég vissi ekki annað um og veit ekki annað um enn en hann sé meðmæltur þessu máli og vilji það skoða. Þar er stór fyrirsögn sem segir, með leyfi forseta: „Hótanir alþýðuflokksmanna eru mikið umhugsunarefni, segir Guðmundur Bjarnason heilbrigðisráðherra." Í þessu viðtali segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Það er auðvitað mikið umhugsunarefni að einstakir þingmenn Alþfl. og þar með taldir ráðherrar skuli ítrekað nota svona aðferðir, þá á ég við að málflutningur þeirra byggist á slíkum hótunum til að knýja mál fram og þeir treysti ekki á að efnislega séu

málin það góð að þau séu stuðningsins verð eins og er."

Ég þykist raunar vita að hæstv. ráðherra muni ekki hafa átt við þetta mál sem hér er nú til umræðu. Ég þekki hann að öllu góðu og veit ekki annað en að hann sé hlynntur því að bót verði ráðin á því ástandi sem nú ríkir að því er þetta varðar.

Síðar í þessu viðtali, ef ég gríp aðeins víðar niður, þá er spurt: „Af hverju gat heilbrigðisráðherra ekki stutt þetta?" Og svarið er: „Í fyrsta lagi má segja að ég hef tekið þá afstöðu að taka ekki inn breytingar á almannatryggingalögunum sem varða bótarétt. Þess í stað hef ég vísað í endurskoðun sem nú er í fullum gangi og viljað fá slík ákvæði inn í þá heildarendurskoðun bótaákvæðanna sem nú er unnið að."

Svo vill nú til eins og hv. þingdeildarmenn vita og hér kemur fram að í gangi er endurskoðunarnefnd til þess að endurskoða öll almannatryggingalögin. Ég fullyrði að þar hefur mjög lítið starf verið unnið. Á sl. ári var ekki haldinn neinn fundur í níu mánuði í þeirri nefnd. Lítið hefur verið gert í þeirri nefnd það sem af er þessu ári. Og án þess að ég sé að setja út á þetta út af fyrir sig, þá segir þetta okkur það að það verður löng bið á því að við fáum breytingu í þessa veru fyrir þá sem hér er verið að tala um í gegnum þetta endurskoðunarkerfi. Ég held því að menn eigi ekki að bera slíku við. Hér er tiltölulega einföld aðgerð til þess að bæta úr brýnni þörf og það veit ég raunar að Alþingi mun gera. Ég treysti á það að þingmenn og þar með Alþingi vilji styðja þessa einstaklinga sem þarna kæmu til með að verða fyrir slíku — ég segi kæmu til, vonandi verður það enginn — og þingið muni sjá til þess að þetta verði afgreitt.

Það hefur líka verið sagt við mig, og það held ég að komi fram í viðtali við hæstv. heilbrrh., að tæknilegir annmarkar kynnu að verða á því að þetta gæti gerst. Ég veit ekki um neina tæknilega annmarka á því að vinnuslysin séu greidd út eða bætur vegna þeirra eins og lögin gera ráð fyrir. Eina viðbótin við þann kafla, við 34. gr. ef ég man rétt, er sú að inn komi 10% greiðsla ef fólk verður fyrir örorkutapi sem er yfir það. Og það er að sjálfsögðu metið eins og er gert ráð fyrir í greininni, þannig að ég tel ekki að nein tæknileg vandamál geti komið til tals að því er varðar framkvæmd á þessum þætti. Auðvitað er mér ljóst að þegar menn ganga lengra en hér er um að ræða, stíga stærra skref sem þarf trúlega miklu meiri umhugsun og vangaveltur, þá kunna tæknileg vandamál að koma upp. En í svona einfaldri aðgerð sé ég engin tæknileg vandamál sem gætu komið í veg fyrir að þetta mál gengi allt saman eins og hér er gert ráð fyrir.

Eins og hér hefur komið fram áður, þá er nú til meðferðar í Nd. Alþingis frv. frá ríkisstjórninni um breytingar á almannatryggingalögunum. Trúlega er það komið til nefndar þar. Ég vildi mjög gjarnan að þetta mál hefði samflot að því er það frv. varðar og gæti verið afgreitt hér á svipuðum tíma vegna þess að ég held að þetta fari saman og líka vegna þess að það er beinlínis vitnað í að ef það frv. nær fram að ganga, þá sé það enn frekari trygging fyrir því að hægt sé að framkvæma þetta frv. eins og hér er lagt til. Ég vil sem sagt ítreka það að í mínum huga, og ég þykist vita flestra flm., eiga ekki að þurfa að verða nein tæknileg vandamál sem hindri að þetta geti náð fram að ganga. Ég treysti því að hæstv. heilbr.- og trmrh., sem nú er kominn hér í salinn, greiði götu þessa máls. Ég veit að honum er ljóst hversu mikil þörf er á þessu. Ég var, hæstv. ráðherra, að greina frá því áðan að hér væri ekki um peningaspursmál gagnvart Tryggingastofnun eða ríki að ræða. Hér gætu menn verið að tala um einhvers staðar á bilinu 4, 6 eða 8 millj., í verstu tilfellum, og það ríður ekki baggamuninn á rekstri Tryggingastofnunar ríkisins þó að reynt sé með þessum hætti að létta göngu þeirra sem verða fyrir svona áföllum og þurfa eins og nú er ástatt að fjármagna eða tapa því öllu, bæði andlega og líkamlega og síðan fjárhagslega til viðbótar ef svo illa tekst til eins og kannski allt of oft hefur gerst, ekki bara hér, trúlega einnig annars staðar, vegna þess eins og ég sagði að alls staðar geta mannleg mistök átt sér stað.

Ég ítreka þá sérstöku ósk mína að þetta mál fái greiða götu í gegnum þingið. Sumir hafa haldið því fram að ég væri stóroröur í þá veru að þetta mál fengi afgreiðslu. Svo kann vel að vera. Ég hygg þó að ef menn skoða þetta mál, skoða þörfina fyrir það, nauðsynina á því að það verði gert, þá komist menn að raun um það að það er nauðsynlegt að gera eitthvað í þá veru sem hér er lagt til og þetta gæti verið þokkaleg byrjun á því að koma til móts við það fólk sem hér kynni að vera um að ræða.

Ég ítreka síðan að ég vonast sérstaklega eftir því að málið verði samferða frv. hæstv. heilbr.- og trmrh. sem er í Nd., líklega ekki komið úr nefnd, og legg síðan til, virðulegur forseti, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og heilbr.- og trn.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er til umfjöllunar frv. til l. um breytingu á lögum um almannatryggingar, sem hv. 1. flm., 3. þm. Vestf., hefur nú mælt fyrir og hann flytur ásamt 11 öðrum hv. þm. þessarar deildar. Það eru sem sagt tólf þingmenn efri deildar sem flytja þetta frv. Þar sem ég er ekki einn af meðflm. frv., enda ekki verið til mín leitað um það, þótti mér rétt að gera grein fyrir afstöðu minni til frv.

Ég lít svo á að þetta sé réttlætismál, þetta sé sanngjarnt mál og mér sýnist það vera einfalt í sniðum og ætti að vera auðvelt að leysa þetta mál, a.m.k. eins og fram kemur í grg., að þessu ákvæði er ætlað að standa þangað til viðameira frv. um tryggingasjóð sjúklinga verður tekið upp í almannatryggingalögin.

Nú sýnist mér að það felist nú viðurkenning á því af hendi hæstv. heilbr.- og trmrh. að það sé þörf á að finna lausn á tilvikum sem þetta frv. fjallar um þar sem hann hefur upplýst í svari við fyrirspurn 1. flm. þessa frv. að það liggi drög að tillögum um þennan

tryggingasjóð í hans ráðuneyti. Mér sýnist að þetta sé sanngjarnt og ætti ekki að vera erfitt að fara þessa millileið sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Ég vildi aðeins, hæstv. forseti, láta viðhorf mitt koma fram hér, eins og ég sagði áðan. Þar sem svo margir hv. þingdeildarmenn eru meðflm. að þessu frv. þá mætti skilja það svo að það sé ekki fullur stuðningur við það hér og þess vegna vildi ég lýsa stuðningi mínum við málið.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Eins og fram hefur komið í umræðum þessum, þó ég því miður hafi ekki heyrt þær allar, ég heyrði því miður ekki nema hluta af framsögu 1. flm., hv. 3. þm. Vestf., þá höfum við áður í vetur átt viðræður hér í þinginu um mál skyld þessu sem hér er hreyft og hér er flutt frv. til laga um og var það út af fyrirspurn hv. þm. um tryggingasjóð sjúklinga.

Það er rétt, eins og fram kemur í grg. með frv. þessu, að í heilbrmrn. liggja drög að tillögum um tryggingasjóð en þær tillögur þurfa að fá miklu betri meðferð og umfjöllun. Þær hafa verið til umsagnar hjá bæði ríkislögmanni og fleiri aðilum og á þeim umsögnum sem nú nýlega hafa borist kemur í ljós að aðilar hafa ýmislegt við málið að athuga eins og það er þar sett fram svo að það er ljóst — og auðvitað reyndar af öðrum ástæðum einnig, kannski fyrst og fremst þeim hversu skammt er nú til þingloka — að slíkt frv. verður ekki flutt á þessu þingi.

Í öðru lagi vil ég segja það um breytingar á lögum um almannatryggingar, sem ég hef nú reyndar látið koma fram nokkrum sinnum áður í umræðum í þingi hér í vetur, að þau lög eru í heildarendurskoðun og þess vegna hef ég kosið að vísa t.d. öllum hugmyndum um breytingar á reglum um bætur hvers konar til þeirrar heildarendurskoðunar þannig að tryggara sé að fyllsta samræmis sé gætt milli einstakra bótaflokka, bótaþátta og þeirra atriða sem menn eru að setja inn í löggjöfina vegna þess að þegar eitt atriði er tekið út úr og ekki skoðað í fullu samhengi við annað sem þar er á ferðinni, þá er hætt við misræmi.

Hins vegar er líka vitað að í þinginu er þrátt fyrir þessar yfirlýsingar mínar frv. sem ég hef flutt um breytingar á þessari löggjöf sem vörðuðu nokkur tæknileg atriði sem við töldum nauðsynlegt að koma fram í vetur og ég vona enn að takist að afgreiða fyrir þinglok. En þar var ekki tekið á einstökum bótaþáttum þannig að eftir sem áður stendur sú meginstefna mín eða skoðun að taka ekki einstaka bótaþætti út úr þeirri heildarendurskoðun sem er í gangi og ég hef von um enn þá að takist að ljúka í sumar þannig að hægt verði að leggja það fyrir næsta þing.

Nú er hins vegar ljóst að hér er til umræðu frv. sem hefur fengið hljómgrunn og eins og kom fram kom hjá hv. seinasta ræðumanni eru margir þingdeildarmenn sem hafa gerst flm. að frv. þannig að það á greinilega mikinn stuðning í þinginu. Þess vegna er sjálfsagt og eðlilegt að skoða þetta mál og taka það fyrir sérstaklega.

Ég vil þó gera nokkrar athugasemdir, hef reyndar látið hafa það eftir mér og rætt það við 1. flm. frv. að ég telji að ef samþykkja eigi þetta frv. eða efnislega það sem hér er verið að ræða um á þessu þingi, þá þurfi að gera á frv. nokkrar breytingar.

Þar vil ég í fyrsta lagi nefna það að hér hefur flm. sett inn prósentutölu sem er 10% örorkuviðmiðun sem er þá ekki í samræmi við annað sem er um rætt í þeirri grein sem hann vill þó bæta þessari málsgrein inn í, en þar er talað um að örorkubætur greiðist ekki ef örorkutapið er metið minna en 15%. Þetta er í fyrsta lagi eitt dæmið um þá hættu sem er á misræmi milli þátta þegar menn taka málið ekki fyrir í heild, heldur einn og einn þátt svona út úr. Þetta hefði ég í fyrsta lagi viljað að nefndin liti á. Nú getur vel verið að viðmiðunin eigi að vera 10% en þá ætti hún kannski að vera það við allt sem þarna er verið að fjalla um, ekki bara þennan eina þátt bóta sem hér er rætt um sérstaklega.

Í öðru lagi vil ég geta þess að flm. fellir þetta, sem sjálfsagt er eðlilegt, undir slysatryggingar. Þetta fellur undir IV. kafla almannatryggingalöggjafarinnar sem fjallar um slysatryggingar. Þá er spurning hvort ákvæði um þessar bætur sem hér er fjallað um ættu ekki að koma undir 29. gr. laganna þar sem segir: „Slysatryggðir samkvæmt þessum kafla eru" — og svo kemur upptalning á nokkrum atriðum og þar ætti hugsanlega þessi skilgreining að koma að auki. Nú eru þetta út af fyrir sig tæknileg atriði en ekki efnisleg. En þetta finnst mér að nefndin ætti að skoða líka ef samkomulag er um að afgreiða málið.

Í þriðja lagi vil ég nefna það að ég tel mjög orka tvímælis hvort landlæknir á að vera matsaðili eða ákvörðunaraðili um örorkustig eins og hér er kveðið á um. Það er verið að gera þetta að hluta af þeim bótaskilmálum sem falla undir Tryggingastofnunina og þá finnst mér eðlilegt að það séu tryggingalæknar Tryggingastofnunarinnar og síðan tryggingayfirlæknir sem fjalla um málin eins og um önnur bótaskyld mál, m.a. vegna þess að ég tel að landlæknir gæti þurft að koma að þessu máli eins og svo fjölmörgum öðrum á öðru stigi. Hann gæti t.d. þurft að hafa afskipti af þessum málum eða málum skyldum þeim sem hér er verið að fjalla um, auðvitað sem landlæknir í krafti síns embættis og einnig sem formaður læknaráðs samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu. Ég tel því að það orki mjög tvímælis að hans sé getið hér sérstaklega.

Og svo að lokum, sem er kannski minnsta atriðið í sjálfu sér, það er seinasti málsliðurinn þar sem segir: „Leggja má úrskurð þeirra [þ.e. landlæknis og tryggingayfirlæknis] fyrir tryggingaráð samkvæmt ákvæði 7. gr." Er þá vitnað til þess frv. sem er til meðferðar í Nd. Það á auðvitað almennt við um öll ágreiningsmál, ef það frv. verður samþykkt, öll ágreiningsmál, sem skjólstæðingar Tryggingastofnunarinnar telja sig þurfa að fá úrskurð um, að það má leggja þau fyrir tryggingaráð verði það frv. samþykkt og þess vegna í sjálfu sér óþarfi að geta sérstaklega um það hér í þessari grein hvað þennan einstaka þátt bóta varðar.

Þetta vildi ég láta koma fram og jafnframt láta það vera alveg ljóst í þessari hv. deild að ég hef ekki á móti því að deildin fjalli ítarlega um málið og menn átti sig vel á því hvort ástæða er til þess að taka þetta út úr núna og samþykkja þetta frv. Hv. 1. flm. nefndi hugsanlegar kostnaðartölur. Ég held að það sé mjög óvisst og nánast alveg útilokað að gera sér nokkra grein fyrir því hvað þetta kunni að kosta. Vonandi er ekki um að ræða stórar tölur. Flm. nefndi aðeins örfáar milljónir en því miður vitum við ekki um það. Þetta gæti auðvitað orðið meira en ég er ekki að segja að það sé aðalatriðið heldur hvort mönnum finnst rétt og eðlilegt að taka þetta inn hér og nú í stað þess að bíða eftir þeirri heildarendurskoðun sem er í gangi. Verði það hins vegar ofan á held ég að hv. heilbr.- og trn. verði að taka frv. til endurskoðunar með tilliti til þeirra athugasemda sem ég hef hér sett fram sem eingöngu eru þó tæknilegar.

Karl Steinar Guðnason:

Hæstv. forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir er flutt vegna brýnnar nauðsynjar. Það mættu allir hér og reyndar allir landsmenn hafa fylgst með þeim umræðum sem átt hafa sér stað um mistök sem hafa gerst við læknisaðgerðir. Auðvitað er það svo að í heilbrigðisstétt gerast mistök sem annars staðar en í þessu tilviki er það þannig að einstaklingar verða fyrir þessu sem oft og tíðum eiga mjög um sárt að binda, fólk sem á því erfitt með að leita réttar síns en þetta frv. er flutt til að auðvelda fólki að ná rétti sínum. Auðvitað má finna að ýmsu í frv. en tónninn er réttur, hann er skýr. Hann segir það að örorka, sem verður vegna mistaka sem hafa átt sér stað, verði metin og fyrir hana fáist bætur líkt og gerist í öðrum slysatilvikum.

Ég minnist þess oft að þegar hafa komið fram brtt. við almannatryggingalöginm, þá koma heilbrigðis- og tryggingamálaráðherrar í ræðustól og segja að það sé ekki tímabært, það sé verið að endurskoða lögin. Þetta hef ég heyrt á hverju einasta þingi. En því miður hefur góðum málum verið vísað til svefns á þessum forsendum. Ég er ósáttur við slík vinnubrögð og tel að það megi samþykkja mál sem þetta. Þingmenn eiga ekki að láta segja sér svona hluti, ekki nema það séu mjög brýn rök fyrir því. Ég sé engin sérstök rök fyrir því að geyma þetta mál og legg því á það mikla áherslu að frv. verði samþykkt og ég skora á ráðherra að leggja sitt til þess að Nd. samþykki það líka þannig að þetta mál verði að lögum.

Auðvitað má breyta til á næsta þingi og auka rétt þeirra sem verða fyrir mistökum enn meira. Það er nú einu sinni svo að hér á löggjafarþinginu setjum við lög ár eftir ár og breytum lögum ár eftir ár vegna þess að við viljum lagfæra þjóðfélagið og gera það manneskjulegra.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég er meðflm. að þessu máli og fyrst og fremst vegna þess að ég tel að hér sé um sanngirnismál að ræða. Það eru ekki margir einstaklingar sem lenda í slíkum óhöppum sem lýst er í grg. og reyndar í málsgrein frv. sem betur fer. En vandi þeirra getur verið mikill og honum hefur í raun alls ekki verið sinnt sem skyldi hér á landi hingað til. Það er þekkt víða erlendis að heilbrigðisstarfsfólk þarf að tryggja sig gagnvart slíkum mistökum. Það getur þó gengið út í öfgar. Hér er ekki um slíkt að ræða. Hér er fyrst og fremst um það að ræða að samfélagið tryggi þeim einstaklingum bætur sem fyrir slíkum óhöppum verða.

Ég tel að sú leið sem hér er stungið upp á sé mjög vel fær. Hún er eins og hér er sagt einungis ætluð um stuttan tíma þar til frekari löggjöf verður sett af hálfu stjórnvalda, t.d. um tryggingasjóð sjúklinga eða hver önnur leið sem verður valin. Ég held að þetta mál geti mjög vel náð fram að ganga á þessu þingi og engan veginn réttlætanlegt að heildarendurskoðun á almannatryggingalöggjöfinni verði látin tefja afgreiðslu þess.

Það er reyndar til mikils vansa hversu langan tíma hefur tekið að endurskoða þá löggjöf og ég vil minna hæstv. ráðherra á fsp. sem einmitt liggur fyrir þessu þingi, þ.e. það er spurst fyrir um það hvenær þessari endurskoðun muni ljúka. Fjölmörg mál koma hér inn á hverju þingi þar sem verið er að reyna að bæta almannatryggingalöggjöfina. Nær öllum er vísað til þeirrar nefndar sem stundar endurskoðunina. Hún hefur tekið allt of langan tíma og ég hlýt að skora á hæstv. ráðherra að hvetja það ágætis fólk og veita því póltíska byr til að ljúka þessu starfi. Ég held að það sé fyrst og fremst spurning um pólitíska vilja til þess að ljúka endurskoðuninni en ekki elju þess fólks sem hefur verið valið til þessara verka nú sem er allt ágætis fólk og hefur að ég held fullan hug á málinu.

Hvað varðar tæknilega útfærslu, þá er ég viss um að heilbr.- og trn. deildarinnar getur komið sér saman um og fundið niðurstöðu sem allir sætta sig við í þessum efnum. Það er aukaatriði í sjálfu sér undir hvaða lagagreinar þetta heyrir svo lengi sem bæturnar verða viðunandi fyrir þá sem lenda í slíkum óhöppum.

Ég ætla ekki að lengja mál mitt í þetta sinn en styð eindregið að eitthvað verði gert til að bæta úr í þessum efnum og skora á hæstv. ráðherra að beita sér fyrir því líka.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Ég er meðflm. að þessu frv. og segi það sama og hv. 6. þm. Reykv. sagði hér áðan að ég er með því vegna þess að ég lít á þetta sem sanngirnismál. Þetta er nokkuð sérstakt mál hér í deildinni. Það eru tólf flm. að því. Þetta er mál sem kemur hér inn og er lagt fram af almennum þingmönnum, ekki af ríkisstjórn eða ráðherrum. Og það er tilætlun okkar allra sem flytjum þetta frv. og ég vænti þess jafnvel fleiri hv. þingdeildarmanna, enda er það komið í ljós, að þetta frv. verði afgreitt sem lög frá þessu þingi.

Mér finnst sú yfirlýsing sem hæstv. heilbr.- og trmrh. gaf hér áðan líka vera á þann veg að ráðherrann væri fyrst og fremst að benda á ákveðnar breytingar á frv. á þann veg að það félli betur að þeim

lögum sem fyrir eru, allt á jákvæðan hátt. Og ég tek engan veginn ræðu hans á þann veg að hann hafi verið að leggja það til að þetta mál yrði ekki afgreitt sem lög á þessu þingi.

Ég skora á þá ráðherra sem hér eru staddir að standa að því að þetta mál verði afgreitt. Það mundi án efa setja skemmtilegri svip á þetta þing að það væri svona gott þingmannamál til afgreiðslu innan um öll ráðherra- og ríkisstjórnarmálin.

Flm. (Karvel Pálmason):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. sem hér hafa tjáð sig og tekið mjög undir þetta frv. Margir þeirra eru meðflm. en þó hafa fleiri bæst í hópinn og lýst yfir stuðningi. Það segir auðvitað talsvert meira en það sem frv. gerði þegar það var lagt fram.

Út af því sem hæstv. ráðherra sagði, þá gat ég um það í framsögunni varðandi endurskoðunarnefndina að ég hef fullkomnar heimildir fyrir því að þar gangi verk hægt, í heildarendurskoðun á almannatryggingalögunum. Þar var ekki haldinn fundur í níu mánuði á sl. ári. Ekki í níu mánuði. Og það mun lítið hafa verið gert þar það sem af er þessu ári. Þetta segir okkur það að við getum ekki beðið eftir þessari endurskoðun að því er þetta mál varðar, enda er þetta mál líka flutt með það í huga að þetta sé bara skref. Það er ekkert sem kemur í veg fyrir það, ef endurskoðunarfrumvarpið verður fyrir Alþingi að hausti, að þá geti þetta horfið og nýtt komið í staðinn.

Ég held að hugarfarið skipti líka miklu hvernig á þessu máli er tekið. Mér er sem ég sæi viðhorf þeirra einstaklinga sem orðið hafa hart úti í svona tilvikum ef Alþingi hafnaði svona máli eða saltaði það. Hvernig halda þá hv. þm. að hugarfar hjá almenningi í landinu yrði til Alþingis?

Ég lít svo á að það hafi allt of lengi gerst og kannski heldur það áfram að gerast að það séu einvörðungu stjfrv. sem eiga að samþykkjast hér á Alþingi. Slíkt er ekkert þingræði. Hér eiga auðvitað allir þingmenn sama rétt. Það eru ekki bara ráðherrar sem eiga að fá sín mál fram. Það á hver og einn þingmaður fullan rétt á því ef menn á annað borð vilja kalla þetta þingræði hér.

Það kom fram hjá hæstv. ráðherra að það er augljóst að endurskoðunarmálið kemur ekki fram á þessu þingi. Það var mér líka ljóst þegar ég fór að vinna að þessu, ég var lengi búinn að velta þessu fyrir mér. Ég er kannski sá einstaklingur sem getur trútt um talað í þessum efnum, þó það sé fullt af einstaklingum sem eru miklu, miklu verr settir eftir svona heldur en ég. Ég veit það sjálfur hvað það tók á mig sem einstakling að ganga í gegnum kerfið til þess að reyna að ná réttarbót. Og ég fullyrði að það eru hreinar undantekningar sem halda það út að fara dómstólaleiðina til þess að ná sínum rétti í svona málum. Það getur Alþingi auðvitað ekkert unað við.

Það var líka hvati að því að ég lagði þetta fram og legg jafnmikla áherslu á að málið verði afgreitt, að ég er ekkert viss um að að hausti verði jafnjákvæður ráðherra í stóli í heilbr.- og trmrn. eins og sá sem situr nú. (Gripið fram í.) Ég sagði ég er ekkert viss um. (**GHG:** Íhaldið sér um það.) Það kann vel að vera að svo verði. En þá held ég að það væri enn þá meiri þörf á því að koma þessu til skila núna og ná því fram. (**Gripið fram í:** Ef íhaldið verður ...?) Nei, ef hann verður horfinn úr stólnum. Það var það sem ég tók hjá hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni. (Gripið fram í.) (**GHG:** Hv. þm. skildi mig alveg rétt.) Já er það ekki? (**GHG:** Íhaldið mun sjá um það örugglega.) Að hann verði þarna? (**GHG:** Að þetta mál, sem hv. þm. er að fjalla um ...) Nú, það var svoleiðis já. Það var með þeim hætti, já, já. (Gripið fram í.) Það getur nú gert það núna. Það þarf ekki haustið til þess, þannig að við þurfum ekkert að bíða, enda veit ég að Sjálfstfl., vonandi allur, (**Gripið fram í:** Að sjálfsögðu.) þannig að ég tali virðulega um þann flokk, Sjálfstfl. allur hér á þingi mun styðja þetta mál. (**Gripið fram í:** Að sjálfsögðu.) En ég taldi þetta samt öruggara af því að menn eru farnir að vera með ýmsar hrakspár í garð hæstv. ríkisstjórnar, m.a.s. ráðherrarnir sjálfir. Ég taldi því tryggara, á meðan við höfum þó jákvæðan mann í stólnum í ráðuneytinu, að vera búinn að koma þessu í höfn. Verði einhverjir betri þá ganga þeir lengra að hausti þegar hitt málið kemur.

Ég held, hæstv. ráðherra, að kannski ættu þingmenn, ég tala nú ekki um ríkisstjórnina, að venja sig meira á það að leggja fram einföld mál sem allir skilja og vita hvað þýða, í staðinn fyrir að flækja það allt í fleiri blaðsíðna bókum sem enginn botnar upp eða niður í. Ég held að þetta mál sé svo einfalt að það geti enginn verið í vafa um hvað það þarf að þýða og hvaða áhrif það geti haft.

Varðandi það hvort örorkan á að vera 10% eða 15%, það er ekki meginmálið í mínum huga. Það kann vel að vera samræmingaratriði að hafa það 15% eins og vinnuslysatryggingin er. Ég skal ekkert fullyrða um það. Ég tel hins vegar, það er mín persónulega skoðun, að í þessum tilvikum sem ekki hefur verið tekið tillit til allt til þessa þá eigi menn kannski að hafa lægra örorkustigið heldur en hærra og fara með það niður í 10%. Ég held að þetta fólk eigi fullan rétt á því að það sé ekki endilega bundið við það að það sé eitthvert annað prósentustig í einhverju öðru tilviki. Hvort landlæknir á að vera þarna? Ég tel það mjög eðlilegt vegna þess að ýmsar kvartanir koma til landlæknis undir svona tilvikum. Þá á hann að vera betur inni í málinu heldur en einhver annar. Og hann á líka að bera ábyrgð á því. Ég tel því að þessir tveir embættismenn séu þarna í þessu tilviki á réttum stað, það séu þeir sem þetta eiga að annast og síðan sé hægt að skjóta þeim úrskurði, ef hann er ekki viðunandi að mati viðkomandi einstaklings, til tryggingaráðs.

Það kann vel að vera að það megi fella burtu síðustu línuna í frvgr., þetta sé allt saman fyrir hendi þar. Ef svo er þá hef ég ekki á móti því. En ég held að landlæknir og tryggingayfirlæknir séu þeir embættismenn sem þarna eiga að vera. Ég er ekki viss um að það væri endilega rétt að hafa bara tryggingayfirlækni einan. Ég held að hitt sé miklu skikkanlegra að hafa það með þessum hætti.

Ég vil minna hv. þm. á það, þó leiðinlegt sé nú að vera að tala um sjálfan sig í þessum efnum, að ég get tekið dæmi af sjálfum mér. Ég varð út af fyrir sig ekkert hart úti fjárhagslega. Það hefur margur, kannski flestir, orðið miklu verr úti fjárhagslega út úr svona málum heldur en ég. Mér finnst það of mikil tilætlunarsemi hjá samfélaginu að auk líkamlegu þjáninganna og hinna andlegu bætist líka við fjárhagslegar áhyggjur. Nóg er nú um hitt að mínu viti og allt of margir sem fá ekkert út úr slíkum málum. Það má nánast segja að okkar kerfi, dómskerfið, geri þetta fólk öreiga auk hinna líkamlegu og sálarlegu þjáninga eins og málin hafa verið hér rekin á undanförnum árum.

Ég hefði ekki viljað standa í því sjálfur að flytja svona frv. ef mitt mál hefði ekki verið komið í höfn þannig að ég hygg að mér verði ekki borið það á brýn að þarna sé verið að vinna fyrir mig. Þetta er fyrir þá sem koma á eftir, hafa verið vanræktir, en þarf að taka tillit til.

Ég ítreka það mjög og bið menn að hugsa um það í alvöru hvaða hugarfar mundi ríkja til Alþingis hjá almenningi ef menn gerðu tilraun til þess að salta þetta mál, ég tala nú ekki um að drepa það. Nógu lágt hefur mér heyrst og fundist ris Alþingis vera þó að ekki verði gert frekar í þeim málum með því að slá þessu máli á frest.

Ég heiti því á þingmenn og veit raunar að menn munu sameinast um það að gera þetta frv. að lögum. Þó einhverjar breytingar kunni á því að verða í meðferð hv. nefndar, þá er ég raunar viss um það að hjarta allra þingmanna kemur til með að slá með þeim sem kunna að verða fyrir þessu í framtíðinni.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Mér fannst ástæða til þess vegna orða hæstv. heilbrmrh. að bæta hér við smáathugasemd inn í þessa umræðu. Hæstv. ráðherra talaði um að hann teldi óheppilegt að gera breytingar eða taka einstök atriði út úr heildarlöggjöf, og þá eins og hér er verið að ræða um almannatryggingalögin. Ég er hreint ekki sammála þessu. Ég tel einmitt það vera oft mjög áhrifaríkt og gagnlegt að taka einstök atriði sem eru þýðingarmikil í viðkomandi löggjöf og leggja fram breytingar á þeim. Við höfum reynslu af slíkum litlum, einföldum frv. Ég gæti sjálf nefnt dæmi um slíkt. Ég hef flutt hér frv. lítil og stutt sem hafa látið lítið yfir sér en hafa farið hérna í gegnum þingið og fengið umræðu. Ég get nefnt kosningar á laugardögum í staðinn fyrir sunnudaga. Ég get nefnt stimpla fyrir blinda við að kjósa, breytingar á umferðarlögunum, bílbeltamálið, ljósafrumvarpið o.s.frv. Allt eru þetta atriði sem hafa farið hér í gegnum þingið einmitt kannski vegna þess að þau hafa verið tekin út úr heildarlöggjöf. Ég er því ekki sammála hæstv. ráðherra um að það geti verið óheppilegt að taka slík atriði út úr löggjöfinni og ég vildi koma þessu hér á framfæri.

Flm. (Karvel Pálmason):

Virðulegur forseti. Það er aðeins örstutt sem ég gleymdi áðan út af því hvar þetta ætti að lenda. Ég tel líklegt að þetta geti greiðst sem sjúkrabætur svo það sé í samræmi við það sem gert er varðandi vinnuslysin. Og þeir sem ég hef ráðfært mig við telja að það muni eiga þar best heima. (Gripið fram í.) Já, það er allt í lagi, það er best að það komi til skila allt sem hér er sagt. En þetta gæti fallið undir sjúkratryggingarnar. Þetta er auðvitað einn af þeim þáttum sem nefndin kemur til með að skoða. Ég treysti því alveg að nefndin komi þessu þannig til skila að við það verði unað þar til endurskoðuð útgáfa af almannatryggingalögunum sér þar dagsins ljós, hvenær sem það kann að verða.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu. Það er aðeins út af því sem kom fram hjá hv. 6. þm. Reykn. Það sem ég lét falla um það að ég teldi óheppilegt að gera einstakar breytingar á löggjöfinni á náttúrlega alls ekki við almennt um alla löggjöf og það á ekki heldur við um það óháð því hvernig stendur á í einstökum tilvikum. það sem ég var að vitna til núna var það sem ég hef látið falla hér á þingi í vetur út af því að við erum að endurskoða löggjöf um almannatryggingar, sem er mjög viðamikil og flókin löggjöf. Ég tek undir það með öðrum hv. þm. sem hér hafa talað að það er sannarlega tímabært að endurskoða löggjöfina. Það hefur verið oft í gangi áður en því miður dagað uppi. Og vegna ummæla hv. 9. þm. Reykn. Karls Steinars Guðnasonar, sem taldi að lítið væri að gerast í málinu, þá vil ég upplýsa hann um það og aðra hv. þm. að svo er ekki. Hins vegar lágu nefndarstörf nokkuð niðri seinni hluta síðasta árs. Þetta geta sjálfsagt þingmenn sem hér eiga sæti í hv. deild og eiga sæti í þessari endurskoðunarnefnd borið um líka. Það stafaði auðvitað af ýmsu. Það voru stjórnarskipti og það var kannski ekki hægt við því að segja þó að nokkurt uppihald yrði á nefndarstörfum. En eftir áramót hefur nefndin unnið af nokkrum krafti og auk þess hefur formaður og starfsmaður nefndarinnar verið að vinna þó að ekki væru títt haldnir fundir. Og það ég best veit, samkvæmt upplýsingum frá formanni nefndarinnar, er lífeyristryggingakaflinn nú nánast fullbúinn, þannig að það hefur miðað verulega. Ég vona að það verði hægt að standa við það markmið að klára þessa endurskoðun í sumar, eins og ég hef lýst yfir áður, og það markmið sem er í stjórnarsáttmála núv. ríkisstjórnar að endurskoða löggjöfina og ljúka þeirri endurskoðun í sumar. En þetta kemur auðvitað allt saman fram í svari mínu við fyrirspurn sem búið er að minna á að liggur fyrir þinginu og kemur sjálfsagt fyrir í næsta fyrirspurnatíma þingsins og ég reyni þá að gera nánar grein fyrir því án þess að eyða tíma í það hér og nú.

En það var aðeins þess vegna sem ég taldi og hef haft það á orði að það mætti vísa svona breytingum á þessa heildarendurskoðun, m.a. til þess að eitt stang-

aðist ekki á við annað í löggjöfinni. Það sem ég lét falla hér í umræðunum áðan var fyrst og fremst nokkrar tæknilegar ábendingar, en síður en svo að ég legðist nokkuð gegn því að þetta frv. yrði afgreitt ef deildin væri sammála um það og nefndin kæmist að þeirri niðurstöðu að það væri hægt að koma þessu í gegn nú, þá ætla ég síður en svo að leggjast gegn því máli. Ég hef lýst því yfir áður í umræðum við hv. 1. flm., eins og kom hér fram áðan líka, að við höfum verið að vinna að hliðstæðu máli, þessum svokallaða tryggingasjóði sjúklinga. En það mál er miklu stærra og viðameira og bíður a.m.k. um sinn. Ég get vel fallist á það að menn skoði þetta í fullri alvöru og reyni að fá málið afgreitt.

Ég held að það sé nauðsynlegt að skoða nokkur tæknileg atriði, sem ég hef þegar nefnt og ætla ekki að endurtaka, en jafnframt að minna á það að þessar breytingar sem frv. gerir ráð fyrir eru við slysatryggingakafla almannatryggingalöggjafarinnar. Ég held reyndar að það sé ekkert athugavert við að það sé einmitt þar. En það þarf þá hins vegar að taka tillit til þess hvað varðar aðra þætti.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegur forseti. Ég fagna því að hæstv. ráðherra skuli hafa tekið af skarið um afstöðu hans og framsóknarmanna til þessa máls. Því að þó að nokkrir ágætir framsóknarmenn séu á þessu frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, þá var mér ekki alveg ljóst eftir fyrstu ræðu ráðherra hvert raunverulega stefndi með þetta mál. Ég þarf ekki að taka af tvímæli um hug sjálfstæðismanna til þess. Hv. þm. Salome Þorkelsdóttir hefur talað hér fyrir okkar hönd og lýst yfir stuðningi við þetta mál jafnframt þeim sem skrifa upp á þetta frv. Sjálfstfl. styður því eindregið að þetta frv. til laga verði samþykkt á yfirstandandi þingi og komi til framkvæmda sem fyrst.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 12 shlj. atkv.

Tollalög, 1. umr.

Stjfrv., 461. mál (aðaltollhöfn á Egilsstöðum). — Þskj. 822.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Mér er sérstök ánægja að mæla fyrir þessu frv. sem felur í sér breytingar á tollalögunum. Við umræðu um það mál sem hér var til umræðu áðan var sagt að það ætti að flytja lítil og einföld frv. sem allir skildu og það er margt satt í því. Þetta stjfrv. sem hér er til umræðu er einmitt eitt af þeim frv. sem eru lítil og einföld og allir geta skilið á svipstundu.

Í frv. er annars vegar verið að leggja til að Egilsstaðir verði gerðir að aðaltollhöfn og hins vegar að heimilt verði að reka verslanir með tollfrjálsar vörur á Akureyrar- og Egilsstaðaflugvelli. Svo sem kunnugt er eru allar framkvæmdir við Egilsstaðaflugvöll miðaðar við að flugvöllurinn geti í framtíðinni þjónað sem alþjóðaflugvöllur í millilandaflugi. Í ljósi þessa hlutverks flugvallarins er eðlilegt að Egilsstaðir verði gerðir að aðaltollhöfn, en í því felst að heimilt er að veita förum í utanlandsferðum fyrstu og síðustu afgreiðslu hér á landi á viðkomandi stað. Auk þess má hvers konar tollmeðferð vöru fara þar fram.

Þó að frv. sé einfalt er kannski rétt að geta þess til skýringar að meginmunurinn á aðaltollhöfn og tollhöfn er sá að samskipta- og brottfararleyfi eru aðeins gefin út frá aðaltollhöfnum. Slík leyfi eru ekki gefin út í tollhöfnum, en þar má hins vegar afferma ótollafgreiddar vörur, geyma þær og tollafgreiða án sérstakra heimilda. Skipan aðaltollhafnar er lögbundin en ákvarðanir um tollhafnir eru teknar með reglugerð.

Það er einnig rétt að geta þess að ýmsir aðilar í ferðamannaiðnaði telja vaxandi líkur á beinu millilandaflugi milli Akureyrar annars vegar og Egilsstaðaflugvallar hins vegar og umheimsins. Í þessu frv. er lagt til að heimilað verði að flugvöllum þessum verði bætt í flokk þeirra flughafna þar sem reka má verslanir með tollfrjálsar vörur, svonefndar fríhafnarverslanir, en fyrir í þeim flokki eru Keflavíkurflugvöllur og Reykjavíkurflugvöllur. Ein af ástæðum þess að margir aðilar í ferðamannaiðnaði telja vaxandi líkur á beinu flugi með erlenda ferðamenn til Akureyrar og Egilsstaða er að hægt er að gera þær ferðir ódýrari fyrir erlenda ferðamenn ef millilendingu í Reykjavík og gistingu þar er sleppt, enda séu margir ferðamannahópar sem fyrst og fremst hafa áhuga á náttúrufegurð og merkisstöðum á Norðausturlandi, Norðurlandi og Austurlandi og er kærkomið fyrir þá að geta þess vegna flogið beint til Akureyrar og Egilsstaða. Jafnframt yrði það veigamikið skref í uppbyggingu landsbyggðarinnar og byggðaþáttar ferðamannaiðnaðarins að geta þróað beint millilandaflug og beina farþegaflutninga með ferðamenn milli Akureyrar og umheimsins og Egilsstaða og umheimsins.

Rétt er þó að taka fram að engar ákvarðanir hafa verið teknar um rekstur fríhafna á þessum stöðum, en eðlilegt þykir að þær heimildir séu fyrir hendi ef á þarf að halda.

Að svo mæltu, virðulegi forseti, mælist ég til þess að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Söluskattur, 1. umr.

Frv. DS og GA, 462. mál (námsbækur). — Þskj. 823.

Flm. (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum. Frv. þetta er á þskj. 823 og meðflutningsmaður minn er hv. 6. þm. Reykv. Guðrún Agnarsdóttir.

Frv. gerir ráð fyrir að felldur verði niður söluskattur af námsbókum. Við umræðu um söluskattsfrumvarp um síðustu áramót komu fram ýmsar athugasemdir við það frv. sem þá var afgreitt og hæst bar þar auðvitað umræðuna um matarskattinn, sem svo hefur verið nefndur. Það voru auðvitað fjöldamörg önnur atriði sem þingmenn voru ósammála um en allir flokkar í þáverandi stjórnarandstöðu mótmæltu matarskattinum og ýmsu öðru harðlega og það gerðum við kvennalistakonur einnig.

Það vakti t.d. furðu okkar að afruglarar skyldu vera án söluskatts meðan söluskattur lagðist á matvæli og bækur. Nú er ástand ríkissjóðs talið vera dapurlegt og því höfum við verið hæverskar með flutningi þessa frv. og förum aðeins fram á að söluskattur verður felldur niður af námsbókum.

Þann 15. des. sl. svaraði hæstv. fjmrh. fyrirspurnum sem ég bar fram í Sþ. Í fyrsta lagi, með leyfi forseta: „Hverju námu söluskattstekjur af námsbókum árið 1987?“ Og í öðru lagi: „Hverju nema áætlaðar söluskattstekjur af námsbókum árið 1988?“ Í svari hæstv. fjmrh. kom fram að söluskattstekjur ársins 1987 á námsbókum voru um 45–55 millj. kr. og voru á þeim tíma áætlaðar 60–70 millj. kr. árið 1988.

Í greinargerð með frv. segir, með leyfi forseta: „Frumvarpi þessu er ætlað að draga úr þeim mikla kostnaði sem námsfólk hefur vegna kaupa á námsbókum.

Meginverkefni Námsgagnastofnunar er að semja námsefni og sjá nemendum á grunnskólastigi fyrir námsbókum. Sú stofnun hefur búið við mikið fjársvelti um áraraðir og hefur því reynst erfitt að sinna því hlutverki sem henni er ætlað. Það gerist því æ algengara að nemendur, einkum í efri bekkjum grunnskólans, þurfi að kaupa bækur sínar sjálfir. Þess eru dæmi að grunnskólanemendur hafi keypt námsbækur fyrir allt að því 10 þús. kr. á yfirstandandi skólaári.

Í mörgum nágrannalanda okkar tíðkast það að nemendum er séð fyrir bókum þar til þeir ljúka prófum framhaldsskóla, enda eru stjórnvöld víða farin að líta svo á að nám á framhaldsskólastigi sé í raun skyldunám. Hér á landi nýtur útgáfa námsbóka fyrir framhaldsskólastigið engra styrkja af hálfu yfirvalda og er kostnaður nemenda við bókakaup því umtalsverður. Þess eru dæmi að námsbækur nemenda fyrir eina önn kosti allt að því 20 þús. kr. þetta skólaárið.

Það er nánast einsdæmi meðal þjóða að lagður sé söluskattur á námsbækur. Niðurfelling hans mundi draga verulega úr kostnaði nemenda við kaup á námsbókum, jafna möguleika þeirra til náms og lækka hlut bókakostnaðar við útreikninga á framfærslu þeirra nemenda sem njóta námslána.“

Þegar skólar voru að hefja kennslu sl. haust var nokkuð fjallað um upphaf skólaársins og birtust þá m.a. viðtöl við nemendur. Langar mig að vitna til eins slíks viðtals sem ég rakst á í Þjóðviljanum 9. sept. sl., en þar segir einn nemandi, með leyfi forseta:

„Hugsaðu þér bara þá staðreynd að ég er á síðasta ári í Menntaskólanum við Hamrahlíð og ég þarf að borga rúmlega 16 þús. kr. fyrir námsbækurnar fyrir aðeins eina önn. Þetta er hrikalegt dæmi fyrir utan allan annan kostað. Það er liðin tíð, ef hún hefur þá einhvern tíma verið, að skólinn sé einhver vin í eyðimörkinni. Kaldar staðreyndir efnahagslífsins blasa við okkur hvar sem er og þróunin virðist öll vera í þá átt að við erum látin borga allar hækkanir sem verða á verði námsbóka. Jafnrétti til náms óháð fjárhag og búsetu eru bara orðin tóm. Veruleikinn er því miður allt annar.“

Það eru eflaust allir sammála um að í því þjóðfélagi sem við búum má nám aldrei verða munaður fárra. Sú var eitt sinn tíðin að menntunin var forréttindi fárra og blásnauður unglingspiltur grúfði sig niður á milli þúfnakollanna þegar ríks manns synirnir riðu hjá á leiðinni suður í Latínuskólann. Á þeim tíma leyfðu stúlkur sér ekki einu sinni að fella tár yfir slíku svo fjarlægt var að þær nytu réttinda til mennta. Nú á dögum á menntabrautin að vera öllum aðgengileg óháð kyni eða búsetu.

Við höfum töluvert fjallað um skólamál í hv. deild í vetur. Lagt hefur verið fram frv. til laga um jöfnun á námskostnaði og hefur það verið afgreitt frá deildinni og fagna ég því og vona að það verði að lögum nú í vor. Eins og fram hefur komið í umræðu um það mál hefur svokallaður dreifbýlisstyrkur nemenda rýrnað mjög á undanförnum árum og það er óhjákvæmilega baggi á mörgum fjölskyldum, ekki síst úti á landsbyggðinni, að þurfa að senda nemendur sína í skóla. Í vetur mun fullt fæði við heimavist Menntaskólans á Akureyri kosta 110 þús. kr. og við það bætist húsaleiga. Þeir sem komast á heimavist teljast heppnir og sleppa með 10.400 kr. fyrir tveggja manna herbergi, en mjög margir þurfa hins vegar að leita út á almennan leigumarkað þar í bæ og einnig í öðrum bæjum, þó að víða hafi verið gert átak í að reisa heimavistarhúsnæði fyrir nemendur. Ástandið er þó allra verst hér á höfuðborgarsvæðinu. Ég hef minnst á það oft í máli mínu um skólamál í vetur að það sé fyrir neðan allt velsæmi hvernig að þessum málum er staðið á höfuðborgarsvæðinu, sem er þó sá staður á landinu sem býður upp á flestar námsbrautir og margir nemendur verða að sækja hingað þrátt fyrir fjölgun skóla og námsbrauta í heimabyggðum.

Það hefur borið nokkuð á því á undanförnum árum að framhaldsskólanemendur og nemendur á æðri skólastigum hafi þurft að stunda vinnu samhliða námi

sínu. Það hafa verið gerðar margar skyndikannanir við framhaldsskóla landsins og í ljós kemur að vinnuálag margra nemenda er óhóflegt. Mig langar til, með leyfi forseta, að vitna aðeins til könnunar sem gerð var í Menntaskólanum við Sund 10. nóv. 1987 þar sem lagður var spurningalisti fyrir alla nemendur skólans, sem þá voru 795, og var svörun 89,7%. Einmitt vegna þessarar könnunar fluttu þingmenn allra flokka till. til þál. á síðasta þingi um að könnun yrði gerð á launavinnu framhaldsskólanema, en það var hv. 10. þm. Reykn. Kristín Halldórsdóttir sem hafði frumkvæði að þeim tillöguflutningi. Í framsögu með þeirri tillögu segir hún, með leyfi forseta:

„Það sem stingur í augu þegar litið er á niðurstöður þessarar könnunar er sú staðreynd að á öllum aldursstigum vinna stúlkurnar talsvert meira en strákarnir, enda þótt þeir eyði svo samkvæmt könnuninni töluvert meira fé að jafnaði vikulega en stúlkurnar. Þetta minnir okkur á þá staðreynd að stúlkur eiga yfirleitt síður kost á vellaunaðri sumarvinnu og verða því hugsanlega að bæta sér það upp á þennan hátt."

Frv. sem ég mæli hér fyrir er eitt örlítið skref í þá átt að jafna aðstöðu nemenda á öllum skólastigum. Það fer auðvitað ekki hjá því að fyrst og fremst er þetta til hagsbóta fyrir þá sem þurfa að fara um langan veg til að sækja skóla, að ekki sé talað um þegar margir unglingar frá sömu fjölskyldu þurfa að yfirgefa heimili sín.

Þá vil ég einnig minna á að ár eftir ár hefur það gerst að framlag til Lánasjóðs ísl. námsmanna er skert. Það hlýtur að vera mjög brýnt að reyna að draga úr kostnaði nemenda á þeim skólastigum þar sem námslán eru veitt til þess einmitt að draga úr námslánaþörfinni. Eitt atriði í því sambandi að mínu mati er að draga úr bókakostnaðinum. Það kemur til góða fyrir ríkissjóð á öðrum stað, en þar gildir auðvitað það sama og með hina að það verður líka að gera átak í húsnæðismálum nemenda, sjá þeim fyrir húsnæði á hagstæðara verði en nú þekkist.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð mín fleiri að sinni en legg til, virðulegi forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar að lokinni þessari umræðu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Söluskattur, 1. umr.

Frv. MF, 456. mál (vélar til garðyrkju). — Þskj. 816.

Flm. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 10 frá 1960, um söluskatt, með síðari breytingum. Hljóða breytingarnar þannig, með leyfi forseta:

„1. gr. Við A-lið 1. mgr. 6. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 1/1988, bætist nýr töluliður er orðist svo:

23. Sérhæfðar vélar og tæki til garðyrkju eftir nánari ákvörðun fjmrh.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Greinargerðin sem er stutt hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir mikla aukningu á framleiðslu á afurðum úr gróðrarstöðvum stendur sú framleiðslugrein frammi fyrir vanda vegna aukinnar samkeppni frá innfluttri vöru. Má nefna að á árinu 1988 lækkuðu tollar verulega á innfluttu grænmeti, blómum, pottaplöntum og annarri sambærilegri vöru.

Með frv. þessu er stefnt að því að styrkja stöðu búgreinarinnar með því að lækka gjöld af aðföngum og fjárfestingarvörum, jafnframt því að veita garðyrkju sem búgrein sambærilega fyrirgreiðslu og aðrar greinar landbúnaðar njóta."

Virðulegi forseti. Það þarf í sjálfu sér ekki að bæta miklu við þessa grg. þó að hún sé stutt, en við þær breytingar sem gerðar voru á lögum um söluskatt á síðasta þingi var gert ráð fyrir að söluskattur á sérhæfðum vélum og tækjum fyrir landbúnað væri felldur niður eða lækkaður. Greinargóð upptalning á þessum tækjum er í lögum um söluskatt og ætla mætti að sú upptalning næði til allra greina innan landbúnaðarins en því er þó ekki þannig varið.

Tæki sem notuð eru í sama tilgangi, t.d. til áburðardreifingar, bera ekki sama nafn innan hinna ýmsu búgreina, nefnast öðru nafni t.d. í hefðbundnum búskap en hjá garðyrkjubændum. Af þeim ástæðum njóta þeir bændur ekki sömu kjara og aðrir bændur innan landbúnaðarins og hefur það komið fyrir æ ofan í æ að þar sem um niðurfellingu á söluskatti á vélum og tækjum innan hefðbundnu búgreinanna er að ræða nær hún ekki yfir þau tæki sem notuð eru í svipuðum tilgangi í garðyrkjubúskap vegna þess að tækin heita ekki sömu nöfnum og falla því ekki undir þá upptalningu sem er í lögum um söluskatt.

Frv. er flutt sem tilraun til þess að leiðrétta kjör þeirra sem vinna við garðyrkju og felur í sér að felldur verði niður söluskattur á vélum og tækjum samkvæmt nánari ákvörðun fjmrh. Um upptalningu í frv. er ekki að ræða og er það vegna þess að stuttur tími er til þingloka og erfitt að vinna úr þeim gögnum sem fyrir liggja og bera saman við gildandi lög, en ráðherra hefur hins vegar fallist á að það verði skipuð nefnd strax að loknu þingi, ef frv. fæst samþykkt hér, til að ráða bót á þessu og færa í átt til réttlætis.

Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Eiginlega svaraði nú hv. 4. þm. Suðurl. því sem ég ætlaði að spyrja hér um. Þar sem það er formaður þingflokks Alþb. sem flytur þetta frv. og fjmrh. gekk hér út úr salnum akkúrat þegar hér var flutt fyrra söluskattsfrv. sem hv. 6. þm. Vesturl. mælti hér fyrir áðan, um að fella niður söluskatt af námsbókum, þótti mér ástæða til að vekja athygli á þessu og ætlaði að spyrja um það hvort hæstv. fjmrh. væri samþykkur því að fella niður söluskatt sem þessi tvö frumvörp fjalla um sem ég í raun og veru vil taka undir og er vissulega sammála að eru þörf, bæði tvö. Þó að ég hafi ekki tekið hér til máls varðandi frv. hv. 6. þm. Vesturl. vil ég við þetta tækifæri lýsa stuðningi við það.

En kannski er full ástæða til þess að fá hæstv. fjmrh. hér inn í deildina til þess að upplýsa okkur um hans viðhorf til þessara mála. Það er ekki það sama að skipa nefnd til þess að athuga þessi mál eða að vera sammála þessu frv. sem ég tel vera af hinu góða og í raun og veru réttlætismál.

Forseti (Guðrún Agnarsdóttir):

Forseti mun kanna hvort hæstv. fjmrh. er í húsinu og getur mætt á fundinn.

Flm. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Aðeins til þess að upplýsa nánar um nákvæmlega þetta atriði, þá hefur frv. verið flutt með vitund stjórnar samtaka garðyrkjubænda og þessi niðurstaða sem varð, að ég flytti frv. í því formi sem það er, er með samþykki þeirra og hæstv. fjmrh. Þessi listi liggur þegar fyrir með öllum þeim nöfnum sem ég nefndi hér áðan og hann er langur, mörg blöð, en hæstv. ráðherra hefur lýst yfir fullum vilja sínum til þess að setja vinnu í það strax ef af samþykkt frv. verður.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Þetta frv. lætur ekki mikið yfir sér en það er réttlætismál eins og fleiri mál sem hér hafa verið á dagskrá í dag og bætir stöðu innlendrar framleiðslu í samkeppni við erlenda og það er mikils virði fyrir íslenskan landbúnað og íslenskt þjóðfélag og þykir mér að ekki veiti af á þessum síðustu tímum að minna á það.

Ég lýsi yfir stuðningi við frv. og vonast til þess að það geti náð fram að ganga á þessu þingi.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Ja, nú er svolítið gaman. (Gripið fram í.) Já, fyrir utan það að sjónvarpið — ég hélt að þeir mundu nú hætta um leið og konurnar færu hér úr ræðustólnum. (**DS:** Þeir eru vanir að gera það þessir íslensku.) Já, þeir eru vanir að gera það. En nú er gaman segi ég enn á ný.

Fyrir rúmu ári síðan komu stjórnarliðar hér hver á fætur öðrum, sem þá voru, og útlistuðu það fyrir hv. alþm. hvað það væri nú fjarstæðukennt að vera með alls konar undanþágur frá söluskatti. Það yrði þess vegna að leggja á matarskatt o.s.frv. Hér koma síðan tvö frumvörp hvort á fætur öðru um ósk um undanþágu. (**KP:** Þetta átti nú ekki við alla stjórnarliðana áðan.) Ekki kannski alveg alla, en það er nú sama. Þetta sýnir það að í þingmannahópnum eru bjartsýnismenn sem trúa á það að nú sé orðin breyting á, kominn fjmrh. sem er alveg til í það og veit það að það skiptir ekki svo miklu máli þó það sé svolítið af undanþágum. Það er alveg jafnauðvelt að innheimta söluskatt þó að svo sé og við vitum það að það hefur því miður allt of lítil breyting orðið á innheimtu söluskattsins þó að það hafi verið fallið frá undanþágunum. Það hefur sem sagt verið lagður á matarskattur og fleiri þættir söluskatts verið teknir inn í eða fleiri vörugreinar teknar og lagður á söluskattur. Mér finnst gaman að þessu að það skuli vera að koma hvert frv. á fætur öðru um það að byrja nú á blessuðum undanþágunum sem eru svo sjálfsagðar og mörg góðu málin og margir góðu þættirnir sem eru á þann veg að það er sjálfsagt að undanþiggja þá söluskatti. Og ég sem formaður landbn. tek nú sérstaklega undir það seinna, að undanþiggja sérstaklega garðyrkjuáhöld, og að það sé ekki nein mismunun á milli landbúnaðargreina, alveg sjálfsagður hlutur. Og ekki síður náttúrlega í sambandi við kennslubækurnar. (Gripið fram í.) Ja, það hefur kannski ekki verið athugað alveg nógu vel að muna eftir því, en við getum athugað það á morgun að koma með frv. um að undanþiggja hann. Þá fer þetta nú að komast allt í lag og þá förum við að geta hætt við þennan matarskatt.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna þessari umræðu sem fram fer einmitt um undanþágur. Það er eflaust rétt sem fram hefur komið að rétt væri að undanþiggja ýmislegt fleira, en ég get lýst stuðningi við frv. sem hér var mælt fyrir af hv. 4. þm. Suðurl. Hún kom inn á hugtak sem við tölum oft um þegar við ræðum um landbúnað, þ.e. hefðbundinn búskap, og ég held að það sé kominn tími til að við förum að bæta fleiri greinum inn í þennan hefðbundna búskap. Við þurfum á því að halda því að það þarf að fjölga búgreinum og þess vegna sé ég ekki neitt því til fyrirstöðu að þessi hefðbundni búskapur, sem ég tel garðyrkjubúskapinn vera, njóti sömu undanþáguákvæða og okkar rótgróni, hefðbundni íslenski búskapur.

Ég fagna því sérstaklega að hæstv. fjmrh. er kominn hér í salinn og vissulega þætti mér sem óbreyttum hv. þm. gott að hafa slíkt samband við fjmrh. að ég vissi fyrir fram um hverjar undirtektir yrðu við þeim málum sem ég kann að finna upp á að flytja hér í þessari hv. deild, en ég þakka þær stuðningsyfirlýsingar sem komu varðandi mitt mál, bæði frá hv. 6. þm. Reykn. og einnig 4. þm. Vesturl. og vænti þess að heyra viðhorf hæstv. fjmrh., fyrst hann er kominn hér í salinn, til beggja þessara frv.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég hafði hugsað mér að taka aftur til máls vegna þess að hæstv. fjmrh. er hér mættur og ég vildi gjarnan aðeins hinkra við ef ég mætti ... (**Forseti:** Forseti hefur gert ráðstafanir til þess að biðja hæstv. ráðherra að koma í salinn.) Hann er eitthvað upptekinn í símanum, sá ágæti hæstv. ráðherra. — Það er svolítið erfitt, hæstv. forseti, að ná hæstv. fjmrh. hér inn. (**Forseti:** Það hafa verið sendir tveir þm. til þess að ná í hæstv. ráðherra. Hann hlýtur að fara að koma og er að ljúka símtali.) — Þetta fer að verða ræða á við þá sem var haldin hér á sínum tíma í hv. Nd. mig minnir að hún hafi verið í 20 mínútur. (**Forseti:** Forseti vill biðja hv. þm. að sýna biðlund. Ráðherra hlýtur að fara að koma og e.t.v. gæti hv. þm. gert fyrirspurn til ráðherra sem hann gæti svarað þegar hann kæmi inn.)

Hæstv. forseti. Ástæðan fyrir því að ég kom hér aftur í ræðustól var sú að ég hafði hér fyrr á fundinum gert athugasemdir við það að hæstv. fjmrh. gekk út úr þessari hv. deild akkúrat um leið og farið var að mæla hér fyrir söluskattsfrv. sem hv. 6. þm. Vesturl. flutti. Síðan hefur það gerst að hér hefur verið mælt fyrir öðru frv. um breytingu á lögunum um söluskatt sem hv. 4. þm. Suðurl. flytur en hann er jafnframt formaður þingflokks Alþb. Þess vegna þótti mér áhugavert að fá að heyra viðhorf hæstv. fjmrh. til þeirra frv. sem hér hafa verið flutt varðandi söluskattsmálin, um að fella niður söluskatt af tilteknum vörutegundum.

Það kom fram hér í máli hv. 4. þm. Vesturl. áðan að nú væri líklega kominn í stól fjmrh. ráðherra sem teldi það ekki eftir sér eða þætti það af hinu góða að fjölga þessum undantekningum varðandi söluskattinn. (Gripið fram í.) Ja, mér fannst mega skilja á hans orðum að hann teldi að núv. hæstv. fjmrh. hefði góðan skilning á því að það væri ekkert athugavert við það að fella niður söluskatt á ýmsum góðum málum. Og þess vegna þótti mér forvitnilegt að fá að heyra viðhorf hæstv. fjmrh. til frv. sem hér er flutt því að ég tel að það sé ekki nóg að skipa einhverja nefnd til að skoða þetta, heldur væri mjög æskilegt að fá að heyra hvort hann er sammála því að felldur verði niður söluskattur á þeim tilteknu vörum sem hér er verið að ræða um og þá væri líka gott að heyra um leið hvort það sé þá nokkurt mál að lækka matarskattinn svonefnda.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það er skiljanlegt að hv. þm. Salome Þorkelsdóttir skuli hafa áhuga á frv. sem hér er til umræðu. Það er nú þannig til komið að hv. þm. Margrét Frímannsdóttir hefur verið mikill baráttumaður fyrir hagsmunum garðyrkjubænda og tekið forustu fyrir þeim málum og leitt að Sjálfstfl. skuli hafa misst af henni. Það sem við ræddum um í þessum efnum er það að mér finnst sanngjarnt og eðlilegt að sams konar reglur gildi um garðyrkjubændur og aðra bændur í landinu, framleiðsluvörur þeirra eins og annarra bænda, og samræming á þeim reglum sem gilda um garðyrkju sem atvinnugrein og búgrein eins og um aðra þætti landbúnaðar. Það er sú vinna sem ég er alveg reiðubúinn að eiga samvinnu við þingið um að verði unnin á grundvelli frv. sem hér hefur verið flutt. (**SalÞ:** Má skjóta inn þessu með námsbækurnar og matarskattinn?) Ég er alveg reiðubúinn að ræða við hv. þm. Salome Þorkelsdóttur um matarskattinn, hef gert það oft, útskýrt það mjög rækilega fyrir hv. þm. og öðrum þingmönnum Sjálfstfl. Ég lýsti því yfir hér fyrr í vetur að það væri skoðun mín að sú breyting væri eðlilegust þegar virðisaukaskattur yrði tekinn hér upp í lok ársins í tveimur þrepum og hafa þá lægra þrep á algengum matvælum. Ég hef síðan tekið eftir því að það hefur nýlega orðið stefna Sjálfstfl. og ég fagna því að Sjálfstfl. skuli hafa tekið undir þessi stefnumál Alþb. núna á þessu þingi.

Karl Steinar Guðnason:

Frú forseti. Það eru undur og stórmerki að gerast í þessari hv. þingdeild. Hér kemur hvert frv. á fætur öðru um undanþágur og niðurfellingu á söluskatti mitt í umræðunni um það að tekjur ríkissjóðs mættu vera meiri, tekjur ríkissjóðs væru kannski ekki nægar. Það væri kannski ástæða til þess að leggja í púkkið. Það væri ágætt að fá felldan niður söluskatt af vörum til sjávarútvegs, tógi og lyfturum og öðru slíku, það er hægt að halda svona áfram. Hér hefur verið talað um námsbækurnar og það hefur verið talað um garðyrkjuáhöld, garðyrkjutæki o.s.frv. Það væri ástæða til að fá viðbrögð við þessu. Og í framhaldi af þessum viljayfirlýsingum væri fróðlegt að vita hvort menn vita hvað þetta kostar. Hafa menn gert sér grein fyrir því hvað þetta kostar sem menn eru að tala svona ljúflega um? Ég er þeirrar skoðunar að undanþágur eigi að vera sem allra fæstar. Undanþágur skapa hvers konar spillingu og vitleysu, misgengi og klíkuskap. Hér kemur fólk upp líka sem hefur skoðanir eftir árum, eftir því á hvaða tíma ársins þeir taka afstöðu til mála. Þetta er allt mjög fróðlegt. Ég spyr um meiri fróðleik og það er: Hvað kostar þetta?

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Til að forða misskilningi, þá ætla ég að endurtaka það sem ég sagði hér áðan. Ég tel eðlilegt að það sé ákveðið samræmi í skattlagningu á búgreinum. Ég tel garðyrkju vera búgrein eins og sauðfjárbúskap, nautgriparækt og aðrar þær atvinnugreinar þar sem menn yrkja jörðina og fá af því ávöxt með ýmsum hætti. Hér er eingöngu verið að tala um samræmingu á þeim reglum sem gilda um hinar ýmsu búgreinar. (Gripið fram í.) Ég tjáði mig ekkert um það, sagði ekki orð um það og vænti þess að hv. þm. hafi skilið það. Ég sagði ekki orð um það.

Varðandi sjávarútveginn vil ég vekja athygli hv. þm. á því að það er endurgreiddur söluskattur til sjávarútvegs sem nemur ærið hárri upphæð og er með hærri upphæðum í ríkisfjármálunum á hverju ári, endurgreiðsla á söluskatti til sjávarútvegs.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Í umræðunum hér áðan hefur fjmrh. sennilega ekki heyrt til okkar þar sem hann var upptekinn við annað, en það voru bornar fram spurningar um viðhorf hans til þessara frumvarpa beggja. Þær fjalla um sama lagabálkinn. Bæði frumvörpin eru stutt, einföld og skiljanleg alveg eins og tollalögin sem við fjölluðum um hérna áðan. Þá var hæstv. fjmrh. því miður ekki staddur hér, en ég benti m.a. á það í máli mínu að með því að afnema söluskatt á námsbókum mætti e.t.v. spara ríkissjóði á öðrum sviðum. Ég bendi á þann mikla fjölda nemenda sem er t.d. núna inni á fyrsta ári framhaldsskólans. Það mun vera einn og hálfur árgangur. Ef nemendur þyrftu ekki að vinna svo mikið sem þeir gera þessi árin, þá má búast við að námið gengi heldur hraðar og það hlýtur að vera ódýrara fyrir ríkissjóð. Ég benti líka á það að afnám á söluskatti á námsbókum mundi lækka útreikningana á framfærslu til þeirra sem námslána njóta og það sparar ríkissjóði væntanlega líka eitthvað. Ég hef ekki tölur um það en það kom fram í svari hæstv. fjmrh. við fyrirspurn minni í vetur að tekjur ríkissjóðs af söluskatti af námsbókum voru 45–55 millj. árið 1987.

Ég vil knýja á um að fá svör frá hæstv. fjmrh. um viðhorf hans til þessa frv. um afnám söluskatts á *námsbækur og ítreka það, sem ég tók fram áðan*, að auðvitað voru menn mjög ósáttir við marga þá þætti sem lagður var söluskattur á í fyrra. Bækur voru einn af þeim en því hefur verið lýst fyrir okkur í vetur að heldur eru horfurnar slakar fyrir ríkissjóð og þess vegna ákvað ég að stíga þetta skref um afnám söluskatts af námsbókum í hógværð og af ábyrgð og ég vænti þess að heyra einhver svör frá fjmrh. um hans viðhorf til þessa.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Það er skiljanlegt að hæstv. fjmrh. sé í nokkrum vanda, enda kom það skýrt í ljós þegar hv. 9. þm. Reykn. Karl Steinar Guðnason stóð upp. Ég held að það væri ágætt að hv. þm. Skúli Alexandersson hlýddi á það sem ég ætla að segja hér á eftir vegna ummæla hæstv. fjmrh. En ég skil vel að *honum líði ekki vel*, hæstv. ráðherra, þegar hann situr undir ræðu hv. þm. Karls Steinars Guðnasonar eftir að hafa gefið þá yfirlýsingu að Alþb. sé reiðubúið til að ganga inn á stefnu Sjálfstfl. í sambandi við tveggja þrepa virðisaukaskattskerfi þegar það verður upp tekið 1. janúar 1990. Það vill nefnilega svo til að hæstv. ráðherra sat ekki hér í Ed. þegar þetta mál var til umræðu þannig að hann veit ekki gjörla hvað þar gerðist þegar verið var að afgreiða þetta frv. á þinginu. Það sem gerðist er einfaldlega það að upp kom mjög alvarlegur ágreiningur einmitt um þetta atriði sem menn hafa flokkað undir matarskattinn en er raunverulega miklu stærra mál. Þegar virðisaukaskattsfrv. var hér til afgreiðslu í deildinni kom fram mjög sterk skoðun ýmissa hv. þm. og þar á meðal þingmanna Sjálfstfl. um að það væri algjör krafa af þeirra hálfu að þegar virðisaukaskattsfrv. eða lögin kæmu til framkvæmda, þá væri búið að breyta þeim þannig að það yrði tveggja þrepa kerfi.

Niðurstaða þess máls varð sú, eins og hv. þm. vita og kunna sem hér voru viðstaddir, að það var ákveðið að vísa því til nefndar sem skyldi gera tillögu m.a. um þessa breytingu ásamt fleiri atriðum sem hv. þm. vildu láta athuga í sambandi við framkvæmd þessara laga. Ég bið aðra hv. þm. um að standa upp og leiðrétta mig ef þetta reynist rangt. Það var fyrir frumkvæði sjálfstæðismanna að þetta atriði var tekið inn sérstaklega og það var yfirlýst stefna okkar sjálfstæðismanna að við ætluðum að koma því í kring að *virðisaukaskatturinn* skyldi verða tveggja þrepa skattur, þar sem væri lægra skattþrep á matvörum. Við töluðum hér um 10–12%. Það gerðu líka aðrir hv. þm. Það er því algjör misskilningur hjá hæstv. ráðherra að Sjálfstfl. hafi misst nokkuð af forustunni. Það sem hefur gerst er það að Alþb., þegar það komst til valda, gefur núna yfirlýsingu þegar það er við völd að þetta skuli gert. En þá kemur náttúrlega stóra spurningin og það kom greinilega fram í ræðu hv. þm. Karls Steinars: Hæstv. ráðherra hefur ekki enn þá talað við hæstv. utanrrh. og enn síður við hæstv. viðskrh. þannig að þetta mál er alls ekki í höfn þótt Alþb. vildi nú styðja þessa stefnu Sjálfstfl. og hv. þm. Skúla Alexanderssonar, ef ég man rétt. Hér er því öruggur meiri hluti fyrir þessu. Nú hvet ég hæstv. ráðherra til að tryggja það að þessi stefnuyfirlýsing hans verði að raunveruleika með því að hæstv. *ríkisstjórn samþykki það að hér skuli koma tveggja* þrepa virðisaukaskattskerfi til framkvæmda 1. janúar 1990. Þar með er það staðfest að sú stefna sjálfstæðismanna, sem m.a. varð stjórn Þorsteins Pálssonar að falli, kemur til framkvæmda, þ.e. að það verður lægri skattur á matvælum. Það er einnar stjórnar virði að koma slíku máli í höfn, segi ég, þannig að ég fagna þessum ummælum hæstv. ráðherra og ég treysti því að hann verði þá jafnskeleggur og við sjálfstæðismenn vorum, við létum m.a. brotna á þessu sl. haust þegar stjórn Þorsteins Pálssonar fór frá. En nú reynir á höfðingja Alþb. Ég segi höfðingja. Nú reynir á ríkisstjórn jafnréttis og félagshyggju. Nú reynir á það að hún sýni það í verki að hún ætli að lækka kostnað matvæla, þ.e. lækka það sem launafólk þarf að greiða fyrir rándýr matvæli.

Ég skal ekki fjölyrða um þetta atriði, en þó er þetta *mjög þýðingarmikið* vegna þess að það er alveg rétt, sem fram hefur komið hér í ræðum manna, að þessar undanþágur — það mátti ekki tala um undanþágur hér sl. vetur, það er alveg rétt, eins og kom hér fram í ræðum þingmanna áðan. Það var bannorð þegar verið var að fjalla um virðisaukaskattsfrv. Algert bannorð. Þetta var allt svo einfalt og skýrt, bara ein skattprósenta. Búið. Afgreitt. Engar undanþágur. Engin spilling. Hvað er nú það, hv. þm. Karl Steinar Guðnason? Var einhver að tala um utanríkisþjónustuna? Ég var ekki að því, þannig að ef menn vilja fara að tala hér um klíkuskap og spillingu, þá er allt í lagi að bjóða upp í dans. Jú, það er sjálfsagt að bjóða upp í dans, vegna þess, hv. þm. Karl Steinar, þó að hér

komi fram frv. eins og frá hv. þm. Margréti Frímannsdóttur um undanþágur m.a. í þeim tilgangi sem þetta frv. felur í sér, þá þarf ekki að felast í því nein spilling. Það getur verið heilbrigt sjónarmið um það sem er raunsætt og nauðsynlegt til þess að menn geti stundað sína atvinnustarfsemi í þessu landi. Það vill oft gleymast þegar menn eru að einfalda það og flytja hér inn nýjar kenningar, sérstaklega frá Norðurlöndum þar sem alþýðuflokksmenn hafa ráðið miklu, þá vilja menn gleyma því hvar þeir búa. Það getur verið að Ísland þurfi eins og önnur ríki að skoða sína stöðu gagnvart sínu atvinnulífi og þeim störfum sem fólk stundar hérlendis eins og gerist úti í hinum stóra heimi. Ef menn halda það enn þá eftir alla þá umræðu sem hér hefur farið fram og ég segi, eftir öll þau gögn sem hafa verið lögð á borð þingmanna um það hvernig þessum málum er háttað, m.a. í Evrópubandalaginu sem er orðið sáluhjálparatriði hjá sumum hv. þm. að einblína á þegar þeir eru að fjalla hér um skattamál og atvinnumál í þinginu, ef menn halda það að þar séu ekki undanþágur, þar séu ekki greiddir styrkir eða niðurgreitt vöruverð, þá er það hinn mesti misskilningur.

En það er hægt að einfalda mál þannig og segja að vegna þess að þetta þyki gott í Danmörku, þar skilst mér að sé ein prósenta í virðisaukaskatti, þá þurfi Íslendingar að gera það einnig. En þá skulum við víkja til Englands sem er nú innan Evrópubandalagsins. Þar er enginn virðisaukaskattur á matvörum. Er það ekki rétt, hæstv. fjmrh.? (**Fjmrh.:** Það er tveggja þrepa virðisaukaskattur í Englandi.) Það er enginn virðisaukaskattur á sumum tegundum matvæla. Ég upplýsi þá hæstv. fjmrh. um það. Þetta er mjög þýðingarmikið, að hæstv. fjmrh. hafi í huga þannig að við getum kannski farið í svipað og tíðkast í Bretlandi að sleppa allri skattlagningu á ákveðnum tegundum matvæla. Ég er reiðubúinn til að ræða það. Ég er reiðubúinn til þess að ræða það, ef það t.d. gæti komið þannig út að íslenskur landbúnaður yrði betur samkeppnisfær við aðrar greinar sem keppa í sölu á matvælum. Ég tel að það eigi að skoða þetta mjög gaumgæfilega. Ég legg áherslu á að það verði skoðað mjög gaumgæfilega af því að landbúnaðarvara er mjög þýðingarmikil fyrir okkur Íslendinga, sérstaklega sú sem framleidd er í landinu með tilliti til byggðajafnvægis og allrar uppbyggingar í landinu í heild. Ég veit að hv. framsóknarmenn eru sammála mér um þetta atriði. (**StG:** Við munum líka eftir . . .) Að sjálfsögðu, hv. þm. Stefán Guðmundsson. Það munum við einmitt. Við erum jarðfastir, gerum okkur grein fyrir þessu.

En ég var satt að segja að vona það að hv. þm. Karl Steinar væri búinn að átta sig á því að það sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir er að gera, sem er nú ekki stórt mál út af fyrir sig, og þó, það kemur þarna inn á þetta prinsippatriði sem menn voru búnir að binda sig við illu heilli á síðasta þingi að menn viðurkenna það sem stenst ekki. Þess vegna segi ég fyrir mitt leyti að ég vil mjög gjarnan skoða þetta frv. hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur í því ljósi sem það er hér fram lagt og mun auðvitað taka afstöðu til þess hér síðar í atkvæðagreiðslu eftir því hvernig meðferð það fær í nefnd. En mér finnst alveg sjálfsagt að við höfum það hugfast og ég vil undirstrika það og ég vona að það sé hægt að treysta því að hæstv. fjmrh. standi nú við þau orð, verði hann í ríkisstjórn — það er aftur annað mál — en verði hann í ríkisstjórn, þá standi hann við það að leggja hér fram frv. til l. sem felur í sér breytingu á lögum um virðisaukaskatt sem kemur til framkvæmda 1. janúar 1990 sem felur það í sér að það verður mun lægri skattur á matvælum. Við sjálfstæðismenn munum auðvitað skoða það frv. og það fer náttúrlega eftir því hvort prósentan verður há eða lág hvaða afstöðu við tökum, en í prinsippinu getum við stutt þetta vegna þess að þetta var okkar tillaga sem hæstv. ráðherra vill núna tileinka sér og Alþb. ætlar að standa að.

En það kemur í ljós hvort hæstv. ráðherra hefur þrek til þess að standa við þessi orð, en hugsanlega reynir ekki á það. Ég er nú ekki svo viss um það að þessi hæstv. ríkisstjórn lifi það að koma þessum lögum í framkvæmd 1. jan. (**Gripið fram í:** Það geturðu bókað.) og þá kemur það væntanlega í hlut okkar hinna, sem verðum þá væntanlega hér, að tryggja það og ég veit að hv. þm. Karvel Pálmason mun styðja þetta dyggilega. Þetta kemur sér vel einmitt núna (**KP:** Ertu viss um að ég verði hér?) þegar verkalýðshreyfingin er að gera sína samninga að tryggja það að verkalýðurinn fái þessa lækkun á vöruverði sem fælist í því að lækka þennan umdeilda skatt.

Flm. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég kem hér aðeins til þess að ítreka fyrri orð mín vegna þess að það hafa komið fram spurningar um það hvað þessi niðurfelling kosti. Niðurfelling á söluskatti á ákveðnum aðföngum fyrir landbúnað á sér stað núna. Garðyrkjubændur búa hins vegar við það að þurfa að sækja sérstaklega um niðurfellinguna vegna þess að tæki sem söluskattur er felldur niður af innan hefðbundinna landbúnaðargreina eru söluskattsskyld innan garðyrkjunnar. Má t.d. nefna að skítadreifari, áburðardreifari sem heitir allt öðru nafni hjá garðyrkjubændum, nýtur niðurfellingar innan hefðbundinna búgreina en ekki hjá garðyrkjubændum. Þeir hafa því ekki setið við sama borð og aðrir innan landbúnaðarins og það er vegna þess sem frv. er fram borið. Hér er ekki um neina spillingu að ræða, enda er spilling falin í einhverju sem maður vill ekki koma með upp á yfirborðið, en hér er verið að draga það upp á yfirborðið að garðyrkjubændur sitja ekki við sama borð og aðrir hvað varðar niðurfellingu á söluskatti og aðföngum fyrir garðyrkju. Þeir sitja heldur ekki við sama borð og aðrir hvað varðar samkeppni og innflutning á þeim vörum sem þeir framleiða. Það er bannað að flytja inn vörur sem framleiddar eru innan hefðbundinna búgreina. Það er hins vegar ekki bann við innflutningi þeirrar vöru sem garðyrkjubændur framleiða, því miður. Með þessu frv. er aðeins verið að

reyna að grynnka á því óréttlæti sem þeir búa við og verið að setja inn í lög það sem í raun og veru er þegar að hluta framkvæmt.

Ég ætla ekki að fara að bera saman niðurfellingu á söluskatti og fyrirgreiðslu innan ýmissa atvinnugreina, en ég er sannfærð um að garðyrkjubændur kæmu vel út úr þeim samanburði. Þeir hafa ekki fengið þá fyrirgreiðslu hér hvorki hjá þessari ríkisstjórn né öðrum sem á undan hafa setið að þeir þoli ekki að samanburður sé gerður hvort sem er úr ræðustól á Alþingi eða annars staðar.

Þetta frv. lætur ekki mikið yfir sér en ég vona að hv. þm. þessarar deildar styðji það vegna þess að hér er um réttlætismál að ræða.

Karvel Pálmason:

Virðulegi forseti. Það hvarflar stundum að manni hér undir umræðum að maður sé orðinn hálfruglaður. Hér kemur nú nánast í sömu vikunni upp hver þingmaðurinn á fætur öðrum sem studdu matarskattinn á sínum tíma en vilja nú fara að breyta. Nú vilja menn undanþágu. Ég man ekki betur en hv. 14. þm. Reykv. Guðmundur H. Garðarsson hafi staðið í ströngu hér að greiða atkvæði með matarskattinum. Og ég man ekki betur en framsóknarmenn hafi gert það líka. Eini svarti sauðurinn í stjórnarflokkunum þá gagnvart matarskattinum var sá sem hér stendur. Svo koma menn núna ... (**SalÞ:** Sem koma upp á yfirborðið.) sem koma upp á yfirborðið? Já. Ekki er það nú betri skýring, að menn hafi bara róið undir einhvers staðar, ekki verið að láta skoðunina koma í ljós. Það er slæmt fyrir hv. þm. ef þeir eru allt annarrar skoðunar en þeir segja. (**SalÞ:** Hefur komið í ljós.) Já, núna. (**SalÞ:** Nei, líka áður.) Nei, hún hefur ekki komið í ljós því að hefðu t.d. sjálfstæðismenn staðið gegn matarskattinum, þá hefði hann ekki verið lagður á. Hefðu framsóknarmenn gert það, þá hefði hann ekki verið lagður á. Því miður voru of margir þingmenn Alþfl. sem stóðu að því. (**GHG:** Og börðust fyrir honum.) Ég sagði of margir. En það var þó ein undantekning. Og nú eru menn að komast að raun um það að þessi eini hafði þá rétt fyrir sér. Núna rúmu ári síðar. Þannig að ég fer að halda það oft og tíðum, enda kannski kominn á þann aldur, að maður sé farinn að ruglast hér innan dyra.

En það var ekki þetta sem ég ætlaði aðallega að tala um. Ég ætla að bæta aðeins inn í umræðuna um undanþágumálin. Ég veit ekki betur en að það liggi á borði hæstv. fjmrh. — og þó hann tali í símann, þá veit ég að hann heyrir með hinu eyranu — ég veit ekki betur en það liggi á borði hæstv. fjmrh. undirskriftaóskir um það að fella niður söluskatt af nudd- og baðstofum. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Hvernig hyggst hann taka á því máli? Ég held að það eigi vel við hér í þessari umræðu, ég tala nú ekki um þegar slík ósk er komin fram á undirskriftalistum. Auðvitað mætti telja til fleira en hér hefur verið talað um sem félli undir það að það þyrfti að mismuna. Menn geta notað hvaða orð sem þeir vilja, hvort þeir telja það klíkuskap eða hvað. En það þyrfti að mismuna. Það er töluvert af slíkum tilvikum sem er nauðsynlegt kannski að mismuna með.

Ég skal ekki, virðulegi forseti, lengja þetta. En ég vildi gjarnan fá upplýsingar um það frá hæstv. fjmrh. hvort hann hefur þennan undirskriftalista undir höndum og sé svo, hvernig hann hyggst þá á honum taka og afgreiða það.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég hlýt að nota tækifærið og koma hér upp þegar söluskattsmálin eru almennt til umræðu. Ég vil byrja á því að taka undir með hv. 6. þm. Vesturl. og styðja það frv. sem hér er til umræðu, einmitt taka undir það að hér er um að ræða búgrein sem e.t.v. er að verða hefðbundin búgrein hér á Íslandi.

Ég hlýt einnig að ítreka fyrirspurn til hæstv. fjmrh. og biðja hæstv. forseta um að reyna nú að draga hann í salinn. Hann hefur tilhneigingu til þess að draga sig til hliðar, í hlé. (**SkA:** Hann getur notað annað eyrað.) Kannski er honum hvimleitt að ræða þessi mál. Það væri mjög gott ef hv. þingflokksformaður Alþb. gæti haft áhrif á hann til að taka þátt í umræðum.

Hæstv. forseti. Ég vona bara að hæstv. forseti Sþ. frétti ekki af því að hæstv. fjmrh. hafi einhverjum öðrum mikilvægari hnöppum að hneppa en að taka þátt í skyldustörfum sínum á þingi. En ég hlýt að ítreka ósk um það að hæstv. ráðherra birtist hér fljótlega svo hann tefji ekki þessa umræðu úr hófi. (**Forseti:** Það er velkomið að fresta fundi á meðan á þessu stendur. Ég hef gert ráðstafanir til þess að ná í fjmrh. Það hefur ekki tekist.) Ég er nú þolinmóð, hæstv. forseti. Ég hlýt að doka aðeins við.

Ég held að hæstv. ráðherra þurfi að gera sér grein fyrir því að söluskattsmálið, hvort sem um er að ræða einstakar undanþágur við það sem maður mundi kalla smáliði eða undanþágur fyrir matvæli sem er meginefni og aðalatriði fyrir launþega þessa lands — og ég hlýt að fara fram á það að hæstv. ráðherra taki þátt í þessari umræðu því að hér er um mjög mikilvægt mál að ræða.

Í fyrsta lagi vil ég byrja á því að fagna því að hann er genginn í salinn og má vera að því að taka þátt í þessum skyldustörfum sem hér fara fram. Í öðru lagi vil ég ítreka þá fyrirspurn sem hv. 6. þm. Vesturl. bar fram um það hvern hug hæstv. ráðherra bæri til þess máls sem hún flutti hér, þ.e. að afnema söluskatt af námsbókum.

En ég vil nota tækifærið og þá fyrst og fremst vegna þess að hæstv. ráðherra er viðstaddur og vegna þess að matarskatturinn illræmdi hefur borist í tal. Sl. fimmtudag gerði ég fyrirspurnir til hæstv. viðskrh. um verð á matvælum. Fyrirspurnirnar voru svohljóðandi:

1. Er það rétt að verð á matvælum sé mun hærra hér á landi en í helstu nágrannalöndum okkar? Þessu svaraði hæstv. ráðherra játandi.

2. Ef svo er, hve mikill er sá munur og hverjar eru helstu ástæður fyrir slíkum verðmismun á lífsnauð-

synjum? Hyggst viðskrh. grípa til ráðstafana til þess að eyða eða draga úr honum? Hæstv. ráðherra lagði fram, ja bráðabirgðakönnun mundi ég vilja nefna hana, þar sem var verðsamanburður á matvælum í Glasgow, Reykjavík og Osló. Glasgow var tekin sem ódýr borg, Osló var tekin sem dýr borg og það kom í ljós að það var verulegur verðmunur á sumum tegundum matvæla. Nú hef ég ekki þessar niðurstöður hér við höndina og get því ekki vísað til þeirra. En munurinn var það mikill að það skipti verulegu máli.

Þó var verra að hæstv. ráðherra var í raun ekki með neinar uppástungur eða ráðagerðir um að draga úr þessum kostnaði. Ég þarf ekkert að segja hæstv. fjmrh. um það hversu íþyngjandi fyrir pyngju heimilanna söluskattur á matvæli er. Ég þarf heldur ekki að minna hæstv. ráðherra á það, að í Bretlandi þar sem hæstv. ráðherra þekkir vel til er enginn söluskattur á matvæli sem keypt eru út úr búð. Hvað sem segja má um stjórnarfar í því landi að öðru leyti, þá hafa stjórnvöld þar haft rænu á því að virða þessa grundvallarþörf, að setja ekki söluskatt eða virðisaukaskatt á matvæli. Síðan eru önnur Evrópulönd sem hafa annaðhvort söluskatt eða virðisaukaskatt og þau hafa tvö þrep a.m.k., sum fleiri og þá sérstaklega hvað varðar undanþágur eða lægri skatt á matvæli.

Því heyrðist fleygt hér á dögunum fyrir nokkrum vikum, áður en kjarasamningar fóru í hönd, að e.t.v. yrði lækkun matarskatts notuð sem einhvers konar ráðstöfun, einhvers konar tilraun til þess að koma til móts við launafólk. (**Gripið fram í:** Skiptimynt?) Skiptimynt, já, e.t.v. skiptimynt. Síðan hefur ekkert heyrst um þetta frekar. Ég vil því taka undir með öðrum sem hér hafa talað á undan mér og spyrja hæstv. fjmrh., því að málið hlýtur að vera ekki síst í hans höndum: Hyggst hann gera ráðstafanir til þess að lækka eða fella niður matarskattinn? Þessi skattur er íþyngjandi og óþolandi fyrir launþega í þessu landi.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það er alveg sjálfsagt að endurtaka enn einu sinni það sem ég hef oft sagt um þetta efni á undanförnum vikum og mánuðum þó að ég telji það kannski ekki mjög gagnlegt að verja tímanum með þeim hætti, en ég skal gera það fyrst þess hefur verið óskað. (**GHG:** Það er þingræðið.) Já, já. En þingræðið þarf nú ekki endilega að felast í því að menn séu alltaf að bera sömu spurninguna upp aftur og aftur, mánuð eftir mánuð og fá alltaf sömu svörin, heldur felst þingræðið í því að menn móti sameiginlega stefnu og skiptist á skoðunum í þeim efnum og síðan að þingmenn greiði atkvæði eftir samviskusinni, hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson. (**GHG:** Það gera þeir alltaf.) Það er nú ekki að heyra á ýmsum þingmönnum Sjálfstfl. að þeir hafi gert það hér á sínum tíma. En það er önnur saga.

Það var alltaf ljóst þegar þessi ríkisstjórn var mynduð að það var af þeim flokkum sem að henni stóðu ekki talinn grundvöllur til þess að breyta í veigamiklum atriðum ákvæðum um söluskatt og það voru ýmis rök fyrir því sem ég flutti hér í þinginu á sínum tíma. Jafnframt var því lýst yfir að þegar virðisaukaskattur yrði tekinn upp, þá yrði rætt um það með hvaða hætti hann yrði. Þar kemur til greina að hafa hann í einu þrepi og líka að hafa hann í fleirum. Það eru á þessu skiptar skoðanir eins og hv. þm. vita.

Ég hef sagt það hér áður og segi það enn að þó að ýmsir þingmenn telji sjálfsagt að hafa virðisaukaskatt í fleiri þrepum, þá hefur mér þótt skorta á — virðulegi forseti, er hægt að fá þingmanninn Guðrúnu Agnarsdóttur hér inn í salinn? Hún hefur kannski ekki áhuga á þessum svörum? — Það er ánægjulegt að enska sjónvarpsstöðin hefur pakkað saman grænjunum þannig að við getum haldið umræðunni áfram. En ég vænti þess að hv. þm. hafi áhuga á að heyra svarið við þeirri spurningu. (**GA:** Mikinn.) Já, fyrst búið er að skila grænjunum sem farið var með upp í ræðustólinn hérna áðan.

Eins og ég sagði hér áðan, þá hef ég sagt það hér áður og get sagt það hér enn einu sinni að mér hefur fundist nokkuð skorta á að þeir þingmenn, sem leggja ríka áherslu á að virðisaukaskatturinn sé í fleiri en einu þrepi, séu þá reiðubúnir að horfast í augu við það að við það verði framkvæmdin dýrari. Þá þarf að ráða fleira fólk í skattkerfið og Alþingi þarf þá að vera reiðubúið til þess að fjölga um allmarga tugi þeim starfsmönnum sem þarf í skattkerfið til þess að tryggja rétta framkvæmd skattsins í þeirri mynd. Ég hef hins vegar tekið eftir því að það hefur verið mikil gagnrýni á fjölda starfsmanna hjá hinu opinbera, bæði á þessu sviði og öðrum. Nú er það t.d. þannig að eins og þingið hefur gengið frá fjárlögunum er ekki nægilegur fjöldi starfsmanna til þess að undirbúa virðisaukaskattinn svo að vel sé, þannig að það er eitt af því sem við stöndum sameiginlega frammi fyrir að þurfa að ráða bót á. (**SalÞ:** Það var óforsjálni af hálfu hæstv. ráðherra.) Nei, það var nú ekki óforsjálni af hálfu hæstv. ráðherra heldur var einfaldlega ekki nægilega skýr og eindreginn vilji þeirra sem stóðu að samþykkt frv. á sínum tíma að gera þær ráðstafanir sem þurfti og þess vegna m.a. varð að seinka gildistöku skattsins. Hins vegar hefur verið ákveðið að setja á laggirnar nefnd með fulltrúum allra þingflokka til þess að fylgjast með þessum undirbúningi og ræða þau efnisatriði sem hér eru til umræðu. Ég held að allir þingflokkar hafi nú skipað sinn fulltrúa. Mér er að vísu ekki kunnugt um fulltrúa Kvennalistans en ég reikna með að það sé búið að velja hann einnig. En aðrir þingflokkar eru búnir að skipa sinn fulltrúa og nefndin kemur saman til síns fyrsta fundar á morgun.

Það er rétt hjá hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur að í tengslum við langtímakjarasamning var nefnt að verðlagning og skattlagning matvæla væri einn af þeim þáttum sem þar kæmu til greina að ræða. Ástæðan fyrir því að það mál hefur ekki verið ofarlega á dagskrá undanfarnar vikur er ekki eitthvert áhugaleysi eða slæmur vilji, heldur einfaldlega sú staðreynd, sem ég vænti að þingmanninum sé

kunnug, að það voru gerðir skammtímasamningar og þeir renna út áður en árið er á enda. Þess vegna var ekki eðlilegt að taka upp þennan þátt í gerð þeirra samninga. Hins vegar eins og kemur fram í yfirlýsingu sem fylgdi kjarasamningnum sem gerður var við BSRB, þessum tímamótasamningi í þágu kvenna á Íslandi, er skýrt tekið fram að skattamálin eru eitt af þeim fjölmörgu atriðum sem verða rædd í sumar og haust í viðræðum milli ríkisstjórnarinnar og samtaka launafólks og ég vænti þess að fulltrúar þingflokka muni hafa góðar aðstæður til þess að fylgjast með þeirri umræðu.

Þetta hefur nú svo sem allt verið sagt áður, að vísu ekki þetta með BSRB-samninginn sem tímamótasamning í þágu kvenna, en rétt að árétta það enn á ný að svo sé. (**Gripið fram í:** Það hefur verið sagt áður.) Já. Það er rétt. Það hefur verið sagt áður. Ég bið forláts á því að það hefur verið sagt áður, en góð vísa er aldrei of oft kveðin. Það er mjög merk grein í Þjóðviljanum í dag eftir formann Sjúkraliðafélagsins sem svarar þar hv. þm. Kvennalistans, Þórhildi Þorleifsdóttur, og rekur mjög rækilega hvernig þessir kjarasamningar eru í þágu kvenna. Þar er sett fram sú ósk til forustu Kvennalistans að þær taki nú upp stuðning við þennan kjarasamning í þágu hagsmunabaráttu kvenna.

Ég vænti þess að málin séu þá enn á ný nokkru ljósari, en er auðvitað reiðubúinn að halda þessum umræðum áfram ef óskað verður. Ég vil að lokum segja það að þetta hagsmunamál garðyrkjubænda sem hér er til umræðu er auðvitað þannig vaxið, eins og ég hef sagt áður og tek undir þau sjónarmið sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson var hér með, að það er eðlilegt að það sé sambærileg skattlagning hjá atvinnugreinum. Það sjónarmið sem ég hef að leiðarljósi varðandi þetta frv. er að ég tel garðyrkjubændur, eins og aðra bændur, eiga að búa við hliðstæð kjör og gilda varðandi landbúnaðarstarfsemi almennt.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Til þess að engin hætta sé nú á því að hv. 3. þm. Vestf. haldi að hann sé orðinn eitthvað ruglaður, þá held ég að það sé rétt að það komi fram af hálfu Framsfl. hér, fyrst hv. þm. eru farnir að tala nokkuð í flokkum, að Framsfl. samþykkti þennan matarskatt hér um árið. Það er rétt. En það var gert af einni ástæðu kannski sérstaklega og með einu skilyrði.

Ástæðan var sú að með því var talið að næðist fyrir skattsvik, söluskattssvik, eða okkur var talin trú um það. Þetta var ein ástæðan fyrir því að við samþykktum matarskattinn. Nú hefur það hins vegar sýnt sig að skil á söluskatti hafa svo til ekkert breyst við þetta. Skilyrðið var aftur á móti það að íslensk matvæli eða landbúnaðarvörur hækkuðu ekki í verði við þetta, þ.e. söluskatturinn yrði niðurgreiddur hvað því næmi og það er vegna þess hversu mikla áherslu við leggjum á að matvara sé framleidd í landinu eins og hv. 14. þm. Reykv. kom inn á áðan og reyndar tengist því frv. sem hér er á dagskrá. En umræður eru orðnar nokkuð almennar. Þetta vildi ég að kæmi fram því að þannig er í stjórnarsamstarfi margra flokka að þá er ýmislegt sem þarf að láta yfir sig ganga og út úr því kemur sjaldnast stefna eins flokks og það er beinlínis hættulegt þegar stjórnarsinnar fara að tala um það sem út úr slíku samstarfi kemur sem stefnu síns flokks. Stefna Framsfl. hefur verið tvö stig í virðisaukaskatti ef hv. þm. skyldu ekki vita það og þess vegna leyfi ég mér nú að vona að af því verði þegar þessi margumtalaði virðisaukaskattur verður tekinn upp.

Ég vil svo segja það vegna þeirrar umræðu sem hér fór fram áðan um að verð væri hærra hér á matvælum en í nágrannalöndum okkar að ekki er hægt að neita því að svo er, en á því getur líka verið sú skýring að íslenska krónan sé ekki rétt skráð.

Eins verð ég, vegna þess að hér er verið að tala um undanþágur frá söluskatti og að búgreinar eigi helst allar að njóta sama réttar af hálfu stjórnvalda, að minnast á búgrein eina sem er nokkuð í umræðunni og nefnist loðdýrarækt. Þar á að heita að söluskattur sé endurgreiddur en það hefur þó ekki verið að fullu og síðast þegar það var gert er ég hrædd um að staðið hafi verið það illa við þá endurgreiðslu að ekki hafi lengur verið talað um hana sem endurgreiðslu á söluskatti, heldur einhvers konar stuðning við loðdýraræktina sem síðan er svo fjallað um í fjölmiðlum sem einhvern stórkostlegan peningaaustur í þá búgrein sem er ekki annað en endurgreiðsla á söluskatti og þar illa fram fylgt því sem um hafði verið samið, að loðdýraræktin skyldi njóta, þ.e. að fá söluskatt endurgreiddan sem samkeppnisgrein.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég verð að biðjast afsökunar á því að ég gleymdi hér fsp. frá hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur og hv. þm. Danfríði Skarphéðinsdóttur (**KP:** Og fleirum.) varðandi söluskatt á bókum. Hv. þm. Karvel Pálmason segist hafa borið fram einhverjar fsp. sem ég hef greinilega misst af. Þær voru varðandi? (**KP:** Varðandi ósk í ráðuneytinu um niðurfellingu á söluskatti á nudd- og baðvörum.) Já. Enn fremur fsp. frá hv. þm. Karvel Pálmasyni varðandi ósk í ráðuneytinu um söluskatt á nudd- og baðstofum.

Varðandi söluskatt á skólabókum þá tel ég, eins og ég hef sagt áður, að það sé flóknara og stærra mál en svo að ég sé reiðubúinn að lýsa yfir stuðningi við það frv. sem hér er til afgreiðslu og vona að það svar sé nægilega skýrt.

Varðandi söluskatt af nudd- og baðstofum og erindi í ráðuneytinu er mér ekki nákvæmlega kunnugt um það. Ég veit þó að það hefur borist erindi varðandi íþróttastöðvar og líkamsræktarstöðvar þar sem bent er á það að ekki sé greiddur söluskattur af starfsemi íþróttafélaga og ýmissi annarri líkamsrækt af því tagi og þar er líka á ferðinni samræmingaratriði, kannski líkt og það sem er hér til umræðu og snertir tiltekna búgrein. Ég hef lýst því yfir við hæstv. heilbrrh. að ég sé reiðubúinn að skoða það hvort

æskilegt sé að annar háttur sé hafður á varðandi söluskatt af líkamsræktarstarfsemi almennt séð, svo að tryggt sé að það sé ákveðin samræming þar á milli og að það fari ekki eftir því í hvaða íþróttahús menn fara sér til heilsubótar, hvort menn greiði af því söluskatt eða ekki, en því máli hefur hins vegar ekki verið lokið.

Karl Steinar Guðnason:

Hæstv. forseti. Þessar umræður hafa farið á víð og dreif og mörg spekin verið sögð. Þó gat ég ekki að mér gert að hugsa til Biblíunnar þegar hv. 14. þm. Reykv. kom hér upp, barði sér á brjóst og sagði óbeinum orðum: „Ó, guð, þakka þér fyrir að ég skuli ekki vera svo vondur maður sem hinir hér.“ (**GHG:** Hver gerði það?) Deildi mönnum niður í jarðbundna menn og ójarðbundna og sagði að aðrir væru óverðugir. (Gripið fram í.) En þetta var allt mjög athyglisvert og vert að minnast þess.

Þetta litla frv., sem fjallar um garðyrkjuáhöld, hefur orðið tilefni þessarar umræðu. Ég tel út af fyrir sig ekki ástæðu til að amast við þessu frv. Það er í samræmingarátt, eins og sagt hefur verið, en ég hef bent á það líka að það væri ástæða til þess fyrir sjávarútveg að samræming ætti sér stað þar einnig. Ég minni á að söluskattur er aðeins endurgreiddur af frystingu og saltfiski og er þá ærið mikið eftir. Mér heyrðist svona eggjahljóð í hæstv. fjmrh. þegar minnst var á frv. um garðyrkjuáhöldin og datt þá í hug að nú væru allir taumar lausir, hægt væri að fella þetta allt niður og leita samræmingar út um víðan völl. Mjög fannst mér það athyglisvert. Ég hef hins vegar áhyggjur af því að tekjur ríkisins verði ekki nógu miklar fyrir skólahald og sjúkrastofnanir og annað slíkt og þess vegna hef ég haldið í það að það þyrfti tekjustofna til að greiða það. En fyrst þessi gósentími er kominn að það megi leita samræmingar út í hið óendanlega er ástæða til þess að kætast hér á hv. Alþingi.

En inn í þessa umræðu hefur einnig blandast söluskattur af öðru tagi og það sem hefur orðið mér til mestrar undrunar í þeim umræðum er það að sjálfstæðismenn sem með glöðu geði samþykktu skatta á alla þessa þætti í síðustu ríkisstjórn (**GHG:** Það er ekki rétt.) hafa allt í einu aðra skoðun á málinu. (**GHG:** Það er þetta sem er ekki rétt.) Og svo virðist sem árstíðaskipti séu á þessum skoðunum. Það kemur önnur árstíð innan tíðar og þá hlýtur skoðunin að verða önnur. Það er því ekkert að marka hver niðurstaðan verður í vor. (**Gripið fram í:** Það er komið vor.) Já, eða sumar, svo kemur haust, þá kemur önnur skoðun, og svona heldur þetta áfram ef að líkum lætur. Ástæðan fyrir því að Sjálfstfl. fór úr ríkisstjórn var ekki söluskatturinn. Það er bara sýndarmennska. Ástæðan fyrir því að Sjálfstfl. fór úr ríkisstjórn var átakanlegt kjarkleysi til að leysa efnahagsmál þjóðarinnar. (Gripið fram í.) Það var eina ástæðan. Síðan fundu menn upp alls konar tylliástæður eftir að þeir sáu að þeir höfðu enga stöðu vegna þess að atvinnulífið krafðist þess að menn hefðu skoðanir á því hvernig ætti að leysa vanda þess. (**Salþ:** Nú er kjarkurinn fyrir hendi eða hvað?) Kjarkurinn er fyrir hendi og ég bendi t.d. á það að Sjálfstfl. og Vinnuveitendasambandið spáðu því að um þetta leyti yrði 10–20 þús. manna atvinnuleysi. (**GHG:** Það voru 5000.) Og allt niður í 5000 var spáin, allt niður í 5000. Sem betur fer, og ég met það mikils, hefur tekist að koma í veg fyrir það og sjálfsagt vegna þess að það eru aðrir sem hafa tekið til starfa í ríkisstjórn, önnur ríkisstjórn.

En ég segi það aftur að menn skyldu ekki treysta mikið á svona yfirlýsingar um það að menn vilji fella niður skatta út og suður þegar þeir eru komnir í stjórnarandstöðu. Það breytist allt. Það er reynslan með Sjálfstfl. Það breytist allt þegar þeir komast í ríkisstjórn. (Gripið fram í.) Þá fara þeir ofan í buddu láglaunamannsins og samþykkja nýja og nýja skatta með glöðu geði.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Þetta litla og góða frv. hefur komið til leiðar heilmikilli umræðu í deildinni. Það sýnir hverju góð þingmannafrv. geta áorkað. Kannski ég eigi að segja bæði þessi frv. Ég vil ekki draga úr því að frv. hv. þingkonu Danfríðar Skarphéðinsdóttur hafi haft svolítil áhrif á þetta líka. Umræðan hefur hins vegar farið dálítið vítt og breitt og meira að segja er kominn inn í umræðuna nýgerður launasamningur við BSRB, tímamótasamningur, sérstaklega þó í sambandi við kvenfólk, sem ég geri ráð fyrir að verði frekari umræða um hér á eftir og ýmislegt fleira. Ég tek svo sem undir með hv. 3. þm. Vestf. að maður má vera svolítið hissa að heyra ýmsar skoðanir sem hér koma upp og ýmsar fullyrðingar. Það var hér t.d. í ræðu hv. 6. þm. Reykv. Guðrúnar Agnarsdóttur. Hún var með ýmsar upplýsingar um söluskatt á matvælum hingað og þangað í heiminum eins og það væri eitthvert undur og furður að það væri ekki söluskattur á matvælum í Englandi. Það er nú ekki nema rúmt ár síðan var enginn söluskattur á matvælum á Íslandi og þá var það stefna Alþb. sem kom því til leiðar. Var það ekki 1978 að afnuminn var söluskattur á matvælum? Og það stóð allar götur þar til um áramót í fyrra að matarskatturinn var tekinn upp með stuðningi hv. framsóknar- og alþýðuflokksþingmanna hér í deildinni nema hv. þm. Karvels Pálmasonar. Þá var það skoðun þessara hv. þm. að það ætti að vera matarskattur og nú eru þeir komnir með þá skoðun að hann sé af hinu vonda og ég hef ekki heyrt fyrr en núna á síðustu dögum að þessir sem sátu að fyrri stjórn hafi verið alveg ákveðnir í því að það ættu að vera tvö þrep í virðisaukaskatti. Það er ekki fyrr en núna alveg á síðustu dögum að sú skoðun kemur fram.

Við í Alþb. höfum aftur á móti verið að lemja á þessu og talið þetta sjálfsagðan og nauðsynlegan hlut og jafnvel að það ætti enginn virðisaukaskattur að vera á matvælum. (**Salþ:** En ætluðuð þið ekki inn í ríkisstjórn?) Við ætluðum inn í ríkisstjórn og við fórum inn í ríkisstjórn og felldum niður söluskatt á

matvælum, fórum með pomp og pragt inn í ríkisstjórnina 1978 og felldum niður söluskatt — (**GHG:** 1978?) 1978. (**GHG:** Já, ekki 1988.) 1978. — og felldum niður söluskatt af matvælum. (**GHG:** En hvað um 1988?) Við tókum náttúrlega við hroðalegu búi 1988 og því miður hefur ekki verið hægt að koma því til leiðar enn að fella niður eða minnka matarskattinn. En það bíður síns tíma og þegar við erum komin út úr þeim vandræðum sem fyrri ríkisstjórn og fyrri ríkisstjórnir höfðu skapað okkar þjóðfélagi má vera að það takist að lenda á þann veg að matarskatturinn verði felldur niður. Eitt tel ég nokkurn veginn alveg víst að núverandi ríkisstjórn mun ekki fara af stað með virðisaukaskatt nema í tveimur þrepum.

Það má lengi halda áfram að ræða um þessa hluti, viðskilnað fyrri ríkisstjórna og stöðuna í dag, en það er kannski ekki alveg rétt að fara beinlínis út í það. En þó að fyrrv. ríkisstjórn talaði um það að það þyrfti að hreinsa til og það mætti ekki vera mikið af undanþágum frá söluskatti, þá er þetta enn ótrúlega mikið og ótrúlega miklar undanþágur. Þess vegna er frv. sem hér er til umræðu, frv. um það að undanþiggja garðyrkjuáhöld ýmiss konar söluskatti vitaskuld réttlætismál. Og vonandi fær það góða leið hér í gegnum þingið, fyrst hér í gegnum hv. deild, síðan í gegnum Nd. og verður að lögum áður en þingið fer heim í vor.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti, aðeins örfá orð. Það má segja, eins og komið hefur fram hér, að þetta litla að því er virðist saklausa frv. um garðyrkjumál sé orðið að þessari litlu þúfu sem velti þunga hlassinu, en auðvitað er það í samhengi við skattlagningu almennt. Þess vegna hefur þessi umræða vaknað og hún hefur vaknað ekki síst vegna þess að það eru margir sem hafa miklar áhyggjur af því og sumir a.m.k. hafa ekki vonda samvisku og samþykktu ekki matarskattinn á sínum tíma og vilja gjarnan breyta. Og ég verð að segja það að mér finnst það heldur aumingjaleg afsökun fyrir því að leggja hann ekki niður að það þurfi að fjölga starfsmönnum á skattstofunni eða í fjmrn. til þess arna. Ég held ekki að þessir starfsmenn, þessir embættismenn sem ég hygg að séu margir hverjir háskólamenntaðir ríkisstarfsmenn, séu svo hátt launaðir að það verði nein byrði fyrir ríkissjóð miðað við það hver ávinningur það er fyrir launþega að vera án þessa skatts. Ég held að það sé til þess vinnandi. Hins vegar þekki ég röksemdafærsluna í því máli, nefnilega að starfsfólki ríkisskattstjóra var íþyngt með breytingum sem voru keyrðar yfir þá starfsmenn eins og þjóðina á allt of stuttum tíma með allt of litlum undirbúningi. Það kann að vera að það þurfi þess vegna að verða einhver frestur á þannig að hægt sé að ná höndum utan um málið og vinna almennilega að því þannig að úr því verði ekki einhver óskapnaður sem enginn fær ráðið við. Ég get fallist á það og skilið það, en þó að það þurfi að fjölga um nokkra starfsmenn finnst mér það vera heldur aumingjaleg rök, ég verð nú að segja eins og er, og ég vil fá að heyra eitthvað metnaðarfyllra frá þessum fjmrh. en að hann ætli kannski að dúlla sér við þetta í haust. Hvað sagði ekki hæstv. ráðherra hér á dögunum? Ekki man ég það svo að ég geti vitnað í það orðrétt sem hann sagði um þáv. fjmrh. en hann átti víst ekki að geta sýnt þjóðinni andlit sitt vegna þess glæps sem hann hafði drýgt að draga þennan skatt yfir þjóðina. Ég vil fá að heyra eitthvað metnaðarfyllra frá hæstv. ráðherra og ég veit að það þarf að ná meira fé í ríkissjóð eins og hv. 9. þm. Reykn. sagði. Það þarf fé til þess að reka skólakerfið eins og hæstv. núv. forseti deildarinnar sagði. Auðvitað þarf fé til að reka skólakerfið. Ég hef sjálf ásamt Danfríði Skarphéðinsdóttur borið inn metnaðarfullar tillögur um grunnskólann eða frv. sem eru dýr. Ég geri mér grein fyrir því. Það skiptir hins vegar meginmáli hvernig maður skattleggur og hverja maður skattleggur, hæstv. fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson. Það skiptir meginmáli og ég þarf ekkert að segja þessum ráðherra stjórnar félagshyggju og jafnréttis neitt um það. Hann hlýtur að vita það og ef hann ekki veit það á hann ekkert að sitja þar sem hann situr.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka nú guði fyrir það að enn skuli vera hér þingræði, virkt, ég var farinn að óttast það um tíma að hæstv. fjmrh. mundi geysast upp og flytja hér klukkutíma ræðu eða lengri.

Ég ætla að fá að bera af mér eða réttara sagt gera hér athugasemd við ræðu hv. þm. Karls Steinars Guðnasonar, sem situr núna í forsetastóli, út af ummælum hans og hvernig hann hagaði orðum sínum áðan í sambandi við það sem ég hafði sagt hér fyrr í dag. Það er ansi hart, svo ekki sé meira sagt, ef þingmenn mega ekki skýra satt og rétt frá því sem þeir hafa sagt hér í deildinni og aðhafst án þess að á þá sé ráðist með þeim hætti sem hv. þm. gerði áðan og líkti mönnum, ja, ég ætla ekki að hafa það eftir. Ég vona að hv. þm. sem situr nú sem hæstv. forseti eigi eftir að iðrast orða sinna að vitna þannig til Biblíunnar. En hann um það. Ég verð að segja það, hæstv. forseti, það er mjög hart að vita það að sumir hv. þm. Alþfl. hér í þessari deild gjörsamlega umturnast í hvert einasta skipti sem það er rifjað upp með hvaða hætti söluskattur var samþykktur hér á hinu háa Alþingi á síðasta þingi og með hvaða hætti þáv. hæstv. fjmrh. keyrði hér í gegnum deildir þingsins frv. til laga um virðisaukaskatt.

Ég endurtek það hvernig núv. formaður Alþfl., þáv. hæstv. fjmrh. og núv. hæstv. utanrrh., keyrði hér í gegnum þingið, í gegnum stjórnarflokkana þáverandi, Framsfl. og Sjálfstfl., hvernig hann keyrði í gegn söluskattsfrv. og seinna virðisaukaskattsfrv. Þá gerðist það í deildinni, og það var það sem ég var að rifja upp hér áðan, og hv. þm. þoldi ekki að heyra það, þá gerðist það að ég ásamt fleiri sjálfstæðismönnum, við risum hér upp í deildinni, og einn hv. alþýðuflokksmaður, Karvel Pálmason, við risum hér upp í deildinni þegar við vorum búnir að láta hafa okkur í það að samþykkja til bráðabirgða söluskatt-

inn, hann átti að gilda til 1. júlí 1989 en þegar við sáum hvert stefndi í sambandi við virðisaukaskattsfrv., þá risum við hér upp í deildinni og mótmæltum. (Gripið fram í.) Og við gerðum meira en að mótmæla. (Gripið fram í.) Ég mótmælti virðisaukaskattsfrv. og ég greiddi því ekki atkvæði. (**KSG:** Söluskattsfrv.) Virðisaukaskattsfrv. Ég held að hv. þm. ætti að lesa þingtíðindin. Ég greiddi atkvæði með söluskattsfrv. Það er rétt. Það var bráðabirgðaráðstöfun sem átti að vera til 1. júlí. Það gerði ég með þeim fyrirvara að þegar virðisaukaskattsfrv. sem varð að lögum kæmi til framkvæmda 1. júlí þá yrði annað skattþrep vegna matvæla, lægra. Ég veit að margir hv. þm. sem eru hér inni minnast þess sem þá gerðist. Ég held því að hv. þm. ætti að spara sér það að vitna í Biblíuna með þeim — ég vil segja óviðeigandi hætti, eins og hann gerði hér áðan. Ef hann þorir ekki að heyra sannleikann þá er það verst fyrir hann.

Ég vil svo segja það að þegar hv. þm. Karl Steinar leyfir sér að segja það að það sé ekkert að marka Sjálfstfl. og sjálfstæðismenn í sambandi við mál hér á þingi. Ég mótmæli þessu. Ég mótmæli því. Það hefur verið annað hljóð í strokknum hjá ágætum þingmönnum Alþfl. þegar þeir hafa þurft að leita til okkar sjálfstæðismanna um samstarf á hinum ýmsu sviðum. En það er von að þeir örvænti í þeirri stöðu sem þeir eru komnir í í dag. En það fannst mér athyglisvert að þegar hv. þm. Karl Steinar talaði og úthrópaði Sjálfstfl., þá hrópaði hæstv. fjmrh.: Heyr, allt rétt. Og hæst kallaði hann fram í þegar hv. þm. Karl Steinar sagði að það væri ekkert atvinnuleysi hér á Íslandi, eða ekki sem teljandi væri. Það væru engir 5000 eða 10.000 atvinnuleysingjar. En er ekki nóg að það séu 2500–3000? (Gripið fram í.) Er það ekki nóg fyrir verkalýðsforingja Alþfl. að það skuli vera 2500 manns á skrá nú þegar? Og stefnir í það, hv. þm., að það verði ekki 2500 innan mánaðar, það verða 7000–8000 þegar unga fólkið kemur úr skólunum til þess að leita sér að atvinnu. Hvað hefur hæstv. ríkisstjórn gert í þeim efnum að tryggja þessu fólki atvinnu í sumar? Ég held að hv. þm. Karl Steinar, verkalýðsforingi, ætti að tala varlega. (Gripið fram í.) Hvað sagði hv. þm.? (**MF:** 15 millj. í landgræðslu.) Ég vildi óska þess að þessar 15 milljónir mundu duga til þess að tryggja það að öll þessi ungmenni sem eru að koma inn á vinnumarkaðinn fengju atvinnu. En því miður verð ég að segja það að reynslan kennir mér það að það dugar lítið að setja 15 millj. í landgræðslu til þess að forða því atvinnuleysi sem við stöndum frammi fyrir. (Gripið fram í.) Ég veit að hv. þm. Margrét Frímannsdóttir veit að það sem ég er að segja um atvinnuástand og framtíðarhorfur í þeim efnum er miklu, miklu alvarlegra heldur en hæstv. ríkisstjórn vill viðurkenna. (**KP:** Hvar skyldi þessi landgræðsla verða?) Hún verður örugglega ekki á Vestfjörðum, hv. þm. Karvel Pálmason, þannig að unga fólkið þar mun ganga um atvinnulaust ef ekki verður stefnubreyting.

Virðulegi forseti. Ég skal ekki misnota það að ég er kominn hér upp í þriðja skipti, en ég mótmæli því og ég harma það að jafnágætur maður og hv. þm. er, Karl Steinar, að hann skuli ekki hafa tekið eftir því að það eru 2500 manns á atvinnuleysisskrá. Einu sinni var ég staddur á fundi verkalýðssamtakanna í Bretlandi og þar stóð upp merkur breskur verkalýðsleiðtogi. Og hann sagði í umræðum um atvinnuleysi: Það að einn maður gengur atvinnulaus er nóg fyrir mig. Það er 100% fyrir þann einstakling sem lendir í þeirri ógæfu. (Gripið fram í.) Þegar Sjálfstfl. stjórnaði hér þá var ekki atvinnuleysi. Það veit hv. þm. Karl Steinar, en því miður þegar flokkar „jafnréttis og félagshyggju" tóku völdin, þá gleymdu þeir að standa við það sem þeir lofuðu, að tryggja undirstöður atvinnulífsins. Þeir gleymdu því og þeir hafa ekki gert neinar ráðstafanir til þess að tryggja stöðu atvinnuveganna. Við hlupum ekki frá neinum vanda vegna þess að vandinn var lítill þá borið saman við það hvernig hann er í dag.

En það var annað sem réði því sérstaklega hvers vegna Alþfl. fór út úr ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar og við skulum ekki ræða það hér á þessu stigi. (**Fjmrh.:** Þetta var nú engin ríkisstjórn.) Ég skil það vel að hæstv. fjmrh. skuli vera ánægður með þessa ríkisstjórn en ég skil það ekki að hann sem formaður Alþb. skuli láta sér það í léttu rúmi liggja að það skuli vera 2500 atvinnuleysingjar á hávertíðinni og það stefnir í 5000–6000 manna atvinnuleysi innan tíðar. Ég skil ekki í hvaða heimi hæstv. ráðherra lifir. Ég segi það bara eins og er. Ég held að hæstv. ráðherra ætti að koma hér út í sjávarþorpin með okkur sem erum þó í tengslum við atvinnulífið og kynna sér það hvaða örvænting er þar meðal fólks sem lifir og starfar í sjávarútvegi og fiskiðnaði. Það er ekki nóg að stofna sjóði, Atvinnutryggingarsjóð og Hlutabréfasjóð, eða hvað það heitir, sem duga svo ekki til þess að tryggja undirstöður atvinnulífsins.

Nei, virðulegi forseti, ég mótmæli því hvernig talað hefur verið um afstöðu einstakra þingmanna hér í deildinni eins og það hafi ekki gerst. Ég vil einnig mótmæla því að við sjálfstæðismenn séum sá flokkur sem fari ofan í buddu fátæka mannsins. Það var ekki Sjálfstfl. sem ákvað þá skatta sem núv. ríkisstjórn hefur verið að leggja á fólkið í landinu. (**Fjmrh.:** Alla skatta sem eru á í dag.) Ekki var það Sjálfstfl. sem hafði frumkvæði um það að hækka hér bensín. Ekki er það Sjálfstfl. sem hefur verið að leggja á og hækka vörugjald á ýmsum veigamiklum vöruflokkum sem leggst með fullum þunga á neytendur í landinu, ég tala nú ekki um unga fólkið sem er að reyna að eignast íbúð, þar skiptir það hundruðum þúsunda hvað íbúðaverð hefur hækkað vegna hækkunar á vörugjaldi. Þetta flokkast kannski ekki undir það að fara ofan í buddu fátæka mannsins. Það er kannski ekki sama hver gerir það.

En að lokum, virðulegi forseti, vil ég segja að mér fannst sérstaklega eftirtektarvert hjá hv. þm. Skúla Alexanderssyni þegar hann sagði að þessir þrír flokkar sem núna standa að ríkisstjórninni, þ.e.

Framsfl., Alþfl. og Alþb., þegar þessi hv. þm. sagði: „Við tókum við hroðalegu búi 1988.“ Ég ætla að staldra við það og ljúka *mínu máli með því að segja* þetta:

Hæstv. páv. fjmrh., Jón Baldvin Hannibalsson, núv. hæstv. utanrrh., sem hefur mikið að gera í utanríkismálum þó hann fylgist nú ekki vel með varnar- og öryggismálum, það er annað mál, hann sagði á miðju síðasta ári að hallinn á ríkissjóði yrði ekki nema svona í kringum 800–1000 millj. kr. Flest þau plögg og skýrslur sem hann lagði fyrir ríkisstjórnina sem við, þáverandi stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar, fengum að sjá bentu til þess að þetta væri staðreynd. En hvað kom svo í ljós hjá þessum ágæta fjmrh.? Mér hefur skilist á hæstv. núv. fjmrh. að sá vandi sem hann hafi þurft að glíma við sem við fengum ekki að vita um, sem vorum þó stjórnarstuðningsmenn hæstv. páv. fjmrh., að vandinn hafi ekki verið 800–1000 millj. heldur 3000–4000 millj. kr. Þetta er rétt, hv. þm. Karl Steinar Guðnason. Staðreyndin er sú að við vorum með fjmrh. í fyrrv. ríkisstjórn sem hafði ekki hugmynd um það hvað leið fjármálum ríkisins. *Þetta var á ábyrgðarsviði þessa* manns. Og það er ekki hægt að ásaka aðra ráðherra sem voru í páv. ríkisstjórn fyrir það ef einstakir ráðherrar, eins og þessi ágæti ráðherra, leyndi menn því hvernig ástandið var raunverulega orðið í ríkisfjármálum. Þetta er hið hroðalega bú sem núv. hæstv. fjmrh. þurfti að taka við af formanni Alþfl.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það eru aðeins örfá orð vegna orða hv. þm. Guðrúnar Agnarsdóttur sem lét að því liggja að það stæði eitthvað á því að Alþb. léti verkin tala. Það er mikill misskilningur. Alþb. hefur í ágætri samvinnu við launafólk nýlega staðið hér fyrir kjarasamningum sem eru fyrst og fremst í þágu láglaunafólks og kvenna. Það eru verk sem tala skýru máli þó að Kvennalistinn hafi hins vegar kosið að horfa fram hjá þeirri staðreynd. Það hefur einnig komið fram í þeim skattamálum sem við höfum beitt okkur fyrir að það eru fyrst og fremst þeir sem betur geta borið byrðarnar sem hafa hlutfallslega verið látnir taka þær og þess vegna auðvitað hafa ýmis hagsmunasamtök þeirra sem auðugir eru í þessu þjóðfélagi ráðist gegn skattastefnu ríkisstjórnarinnar.

Ég ber hins vegar þá von í brjósti að það komi sú tíð að Kvennalistinn hætti bara að tala og fari að verða reiðubúinn til þess að gera eitthvað í því að breyta þjóðfélaginu vegna þess að við sem stöndum nú í þessu eldhúsi gerum okkur grein fyrir því að það er ekki nóg að segja að það þurfi að vaska upp, menn þurfa að vera tilbúnir að gera það. Það sem hefur skort á með Kvennalistann er að hann hafi verið tilbúinn að vaska upp en ég vona að það fari nú að breytast og að hann ásamt okkur hinum verði tilbúinn að taka þátt í því að breyta þjóðfélaginu í verki í stað þess að tala bara um það að breyta þjóðfélaginu vegna þess að því miður breytist þjóðfélagið ekki bara við töluð orð heldur verður að aðhafast ýmislegt í þeim efnum og vonandi getum við þess vegna átt þá samleið einhvern tímann þó að því miður hafi ekki orðið mikið úr því á þessum vetri að Kvennalistinn hafi verið tilbúinn að taka þátt í því með okkur að gera róttækar breytingar á þessu þjóðfélagi en hafi frekar kosið að standa með Sjálfstfl.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Athugasemd mín verður örstutt. Hæstv. fjmrh. talaði um eldhús hér áðan. Vissulega veit Kvennalistinn og konur vita það að það þarf að vaska upp í eldhúsinu og konur kaupa ekki einnota umbúðir sem er hent strax að notkun lokinni. Þær vaska upp nefnilega og taka til til lengri tíma.

Ég verð að lýsa óánægju minni með þau svör sem hæstv. ráðherra gaf hér áðan við fyrirspurn minni, sem var hér ítrekuð af hv. 6. þm. Reykv. Hv. 6. þm. Reykn. hafði líka innt hann eftir svari við þessari sömu spurningu sem varðar námsbækurnar. Hann telur að þetta sé mjög flókið og stórt og viðamikið mál. Hann hefur samt nú þegar svarað fyrirspurn minni frá því 15. des. sl., um það hversu háa upphæð *er hér um að ræða þannig að það liggur fyrir í fjmrn.* hversu mikil sala fer fram á námsbókum hér.

Ég ætla aðeins að lokum, hæstv. forseti, að vitna til viðtals sem ég rakst á í Morgunblaðinu í september sl. við Sigurð Svavarsson sem hefur mikla reynslu af kennslu og er kennslubókaritstjóri Máls og menningar og flokksbróðir hæstv. fjmrh., þar sem hann segir: „Ég held að Ísland sé eina landið í heiminum sem innheimtir neysluskatt af námsbókum, sem er hneyksli.“ Og það er kannski spurningin hér: Telur fjmrh. það verjandi að leggja söluskatt á námsbækur? Það getur verið að það séu einhverjar flækjur í því að framkvæma það að afnema hann en það hlýtur að vera hægt að svara fyrirspurn minni um skoðun hæstv. fjmrh. um þetta efni.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er rétt að ég hef þegar talað tvisvar en ég ætla að gera meira en örstutta athugasemd því að hv. 14. þm. Reykv. hafði þegar talað tvisvar þegar hann hélt langa ræðu í þriðja sinn, svo að ég ætla að leyfa mér að brjóta þingsköpin svolítið, eins og fleiri hv. þm. hafa gert hér í kvöld, enda hefur umræðan hér farið út um víðan völl og langt út fyrir það frv. sem hér er í raun og veru til umræðu sem er á þskj. 816.

En tilefni þess að ég kom nú hér í ræðustólinn í þriðja sinn voru athugasemdir eða ummæli hæstv. fjmrh. líklega fyrir svona fimm ræðum síðan eða eitthvað svo, en mér þykir ég þurfa að gera smáathugasemd. Þó vil ég skjóta því inn áður að það furðar mig hversu oft hæstv. fjmrh. telur sig hafa þörf fyrir það að þakka og vekja athygli á því að þeir kjarasamningar, sem nú nýlega hafa verið gerðir, séu einhverjir sérstakir kvennalaunasamningar. Þetta er svo sjálfsagður hutur að það er ekki nokkur ástæða til þess að vera að þakka sér þetta sí og æ. Það var tímabært að lagfæra launakjör hinna lægst launuðu

sem eru fyrst og fremst konur eins og allir vita. (**Fjmrh.**: Alveg sammála því.)

Hér hefur komið fram, m.a. í máli hv. 6. þm. Reykv., en hún sagði í upphafi sinnar ræðu ef ég man rétt, að e.t.v. væri þessi grein, þ.e. garðyrkjan, að verða hefðbundin búgrein á Íslandi. Ég tel mig þekkja nokkuð vel til þessarar búgreinar og ég verð því miður að hryggja hana og fleiri hér sem hafa e.t.v. haft þá hugmynd, að því miður er þessi búgrein hreint ekki að verða hefðbundin búgrein nema síður væri vegna þess að hún á undir högg að sækja.

Hæstv. fjmrh. sagði í sinni ræðu að hann væri í sjálfu sér ekkert hissa á því að ég hefði áhuga á þessu frv. Hann sagði það ekki en meinti að mér væri málið skylt og það er hárrétt. Þess vegna hef ég m.a. lýst stuðningi við þetta frv. vegna þess að ég þekki til þessara mála eins og hann veit og var að ýja hér að.

En þetta er ekki í fyrsta sinn sem ég styð hv. 4. þm. Suðurl. þegar hún flytur mál sem varða þessa búgrein sem hér er verið að fjalla um eða þessa stétt innan landbúnaðarins sem eru garðyrkjubændur. Ég hef ætíð stutt hana heils hugar í slíkum málum og tekið undir þau mál sem hún hefur flutt í þeim efnum.

Það er ekki skrýtið þó að hv. 4. þm. Suðurl. hafi áhuga á og þekkingu á málefnum garðyrkjubænda. Sú stétt er einmitt fjölmennust í kjördæmi hv. þm., Suðurlandskjördæmi. Það er í raun og veru garðyrkjubændastéttarkjördæmið. Þeir eru fáir annars staðar á landinu, einmitt kannski vegna þeirra erfiðleika sem þessi stétt á við að etja. Þess vegna þótti mér það eiginlega tímamótayfirlýsing hjá hæstv. fjmrh., sem mig langar til þess að þakka honum fyrir, þegar hann lýsti því yfir að hann teldi að garðyrkjubændur ættu að njóta sömu fyrirgreiðslu og annar landbúnaður. Ég vona svo sannarlega að hann viti hvað hann er að tala um. Þetta er nefnilega sú búgrein innan landbúnaðarins sem nýtur yfirleitt engrar fyrirgreiðslu frá því opinbera. Það er ekki um að ræða niðurgreiðslur eða annað slíkt þegar garðyrkjubændur eru annars vegar og þá er ég að tala um gróðurhúsabændur eða ylhúsarækt eins og það var stundum kallað.

Þetta vildi ég nú aðeins leggja hér áherslu á og jafnframt að segja honum það að það er nefnilega þannig að sumir, jafnvel sjálfstæðismenn, geta unnt öðrum þingmönnum að flytja góð mál og stutt þá í því og það hafa ekki orðið mér nein vonbrigði eða að ég telji mig hafa misst af einhverju frumkvæði varðandi það að flytja hér mál fyrir garðyrkjubændur eins og hann var að ýja hér að í sínu máli í þessari ræðu sem ég var að vitna til. Það er mikill misskilningur. Sjálfstfl. hefur ekkert verið að harma neitt slíkt. En ég styð svo sannarlega öll slík góð mál sem flutt eru hvaðan sem þau koma.

Þetta fannst mér nauðsynlegt einu sinni enn að leggja áherslu á. Það hvarflaði að mér: Margur heldur mig sig, að geta aldrei tekið undir það sem gott kemur frá öðrum en sjálfum sér.

Forseti (Guðrún Agnarsdóttir):

Ég vil aðeins geta þess vegna orða hv. 6. þm. Reykn. að það er ekki nema von að þingmenn og aðrir ruglist hér í ræðuröðinni, svo margar hafa ræðurnar verið og mörg málin sem hafa farið hratt í gegn, en hv. 14. þm. Reykv. talaði í annað sinn í þessu máli þegar hann talaði hér áðan. En hann tók reyndar til máls í öðrum málum hér áðan svo að það kann að vera að það hafi ruglast.

Karl Steinar Guðnason:

Hæstv. forseti. Ég má til með að segja hér nokkur orð. Ég hef í fyrri ræðum mínum lagt áherslu á það að sjávarútvegurinn er mjög illa staddur og þyrfti á samræmingu og leiðréttingum að halda í sínum erfiðu málum. Ég sagði hér áðan að stjórnarandstaðan hefði orðið fyrir miklum vonbrigðum vegna þess að spár hennar um að atvinnuleysi 10–20 þúsund manns hefðu ekki orðið að veruleika. Ég endurtek það að það hafi verið átakanleg vonbrigði hjá foringjum stjórnarandstöðunnar og þykir það miður ef hv. 14. þm. Reykv. ætlar að halda því fram að ég eða aðrir vilji á nokkurn hátt gera lítið úr því atvinnuleysi sem þó varð, en ég hef lagt áherslu á það að það var svo langtum minna en stefndi í þegar Sjálfstfl. fór frá. Ég tel að það hafi náðst mjög verulegur árangur og þar sem ég þekki gerst til vantar alls staðar fólk í vinnu í dag.

Hins vegar hefur komið hér fram að nú hefur verið vísað af stjórnarandstöðunni í ástandið á Bretlandi hjá frú Thatcher þar sem atvinnuleysi er upp í 15% og það ríki tekið sem dýrðarríkið sem koma skal í flestum málum, a.m.k. skattamálum. En síðan var vikið að því að stjórnarandstaðan, sem nú er og var í ríkisstjórn fyrir nokkrum vikum síðan, hafi ekki vitað neitt um það hvernig fjármálum ríkisins var komið. Ég verð að lýsa því yfir að umkomuleysi þeirra ráðherra sem þurftu að fara frá hefur verið afskaplega mikið að hafa ekki fylgst með, hafa ekkert haft um það að gera hvort þeir greiddu atkvæði með sköttum.

En ég trúi því, svo að ég vitni aftur í Biblíuna, að það sé ástæða til að fyrirgefa þeim því þeir hafi ekki vitað hvað þeir voru að gjöra.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

NEÐRI DEILD

81. fundur, þriðjudaginn 18. apríl, kl. 2 miðdegis.

Tilhögun þingfunda.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Áður en gengið er til dagskrár skal á það minnt að gert er ráð fyrir atkvæðagreiðslum um fimmleytið um

þau mál sem þá geta komið til atkvæða samkvæmt þeim verklagsreglum sem við höfum sett okkur, en að öðru leyti vil ég benda á að dagskráin er nokkuð löng, enda liggur ýmislegt fyrir þinginu og þingdagarnir sem eftir eru frekar færri en fleiri og fer víst fækkandi. Ég vil biðja hv. deild vera við því búna að hér verði fundir fram eftir degi og í kvöld eftir því sem nauðsyn ber til til að þoka málum áfram. Þá mundi ég kannski vilja hafa fyrirvara um að það kæmi til álita að vera með atkvæðagreiðslu aftur undir kl. 7 ef þá stendur fundur eða í fundarlok.

Jöfnun á námskostnaði, frh. 3. umr.

Stjfrv., 175. mál. — Þskj. 589.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 880).

Leigubifreiðar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 438. mál (heildarlög). — Þskj. 798.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til samgn. með 25 shlj. atkv.

Vörsluskylda búfjár á Reykjanesskaga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 466. mál. — Þskj. 827.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til landbn. með 24 shlj. atkv.

Grunnskóli, frh. 1. umr.

Frv. ÞÞ o.fl., 309. mál (kynning á menningarstarfsemi). — Þskj. 564.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til menntmn. með 27 shlj. atkv.

Greiðslur úr ríkissjóði umfram heimildir, frh. 1. umr.

Frv. GHH og PJ, 322. mál. — Þskj. 583.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

Náttúruvernd, 2. umr.

Stjfrv., 414. mál (landverðir). — Þskj. 774, n. 864, brtt. 865.

Frsm. menntmn. (Ragnar Arnalds):

Herra forseti. Menntmn. deildarinnar hefur fjallað um frv. til l. um breytingu á lögum um náttúruvernd. Í frv. þessu er kveðið svo á að í þjóðgörðum og friðlýstum svæðum sem eru í umsjá Náttúruverndarráðs starfi landverðir er annist þar eftirlit og fræðslu.

Í frv. stóð einnig: „Náttúruverndarráð heldur námskeið fyrir landverði.“ Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að ástæðulaust sé að slá því föstu að Náttúruverndarráð haldi þessi námskeið. Það kunni að vera aðrir aðilar sem heppilegri séu til þess, í öllu falli ekki ástæða til að binda það í lögum heldur hafa það laust og óbundið hverjir slík námskeið halda.

Að öðru leyti er nefndin sammála frv. og mælir með samþykkt þess með breytingu sem hún flytur á þskj. 865.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 865 (ný 1. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Samningar um réttarstöðu skrifstofu ráðherranefndar Norðurlanda, 1. umr.

Stjfrv., 422. mál. — Þskj. 782.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Með frv. því sem hér liggur fyrir óskar ríkisstjórnin heimildar hins háa Alþingis til staðfestingar tveggja norrænna samninga. Annars vegar er um að ræða samning um réttarstöðu skrifstofu ráðherranefndar Norðurlanda í Kaupmannahöfn og stjórnarnefndar Norðurlandaráðs í Stokkhólmi sem undirritaður var í Osló 13. maí 1987.

Með þessum samningi er skrifstofu ráðherranefndar Norðurlanda og stjórnarnefndar Norðurlandaráðs veitt sjálfstæð réttaraðild með sömu lögaðild og aðrir lögaðilar. Í samningnum er einnig kveðið nánar á um

friðhelgi og sérréttindi skrifstofanna. Réttarstaða starfsliðs skrifstofanna er einnig skilgreind.

Við gildistöku þessa samnings falla úr gildi lög nr. 92/1973, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda samning milli Norðurlanda um skrifstofur ráðherranefndar Norðurlanda og réttarstöðu þeirra, ásamt viðbótarbókun um skrifstofu stjórnarnefndar Norðurlandaráðs og réttarstöðu hennar. Hins vegar er um að ræða samning milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um réttarstöðu norrænna stofnana og starfsfólks þeirra sem undirritaður var í Stokkhólmi 9. des. 1988.

Samningurinn nær til 43 norrænna stofnana, þar af eru tvær staðsettar á Íslandi, þ.e. Norræna húsið og Norræna eldfjallastöðin. Markmið samningsins er að setja samning um réttarstöðu þessara stofnana og laun og starfsskilyrði starfsfólks þeirra. Sérhverri norrænni stofnun sem norræna ráðherranefndin hefur komið á fót er veitt sjálfstæð réttaraðild með sömu lögaðild og aðrir lögaðilar í landinu þar sem hún hefur aðsetur. Í samningnum er auk þess fjallað um ráðningu, starfstíma, leyfi fastra útistarfsmanna frá störfum og lífeyrisréttindi starfsfólks norrænna stofnana. Nánar verður kveðið á um launa- og starfsskilyrði starfsfólks í erindisbréfi og starfsreglum sem norræna réttarnefndin eða sá sem hún tilnefnir ákveður.

Þessi samningur leysir af hólmi Norðurlandasamning um réttarstöðu starfsfólks við norrænar stofnanir sem undirritaður var í Reykjavík 31. jan. 1977.

Herra forseti. Ég legg til að loknum umræðum að þessu frv. verði vísað til allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga, 1. umr.

Stjfrv., 203. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 852 (sbr. 839).

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Eins og kunnugt er hafa lengi staðið yfir umræður um nauðsyn breyttrar verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga. Sveitarstjórnarmenn hafa lagt mikla áherslu á þetta mál og stjórnmálaflokkarnir hafa lýst yfir þeim vilja sínum að aukin verkefni og völd verði að færa til sveitarfélaganna. Árið 1972 voru gerðar talsverðar breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga samhliða breytingum á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og árið 1975 voru gerðar minni háttar breytingar á verkaskiptingunni. Síðan hefur lítið gerst í þessu efni þrátt fyrir miklar umræður um málið.

Á árinu 1987 má segja að það hafi orðið nokkur þáttaskil í þessum málum, en þá kom út bókin „Samstarf ríkis og sveitarfélaga" sem hafði að geyma álit og tillögur tveggja nefnda sem voru skipaðar af þáv. félmrh. Alexander Stefánssyni og þáv. fjmrh. Þorsteini Pálssyni. Hér var um að ræða heildartillögur um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga ásamt tillögum um breytingar á fjármálalegum samskiptum þessara aðila. Við vinnu sína höfðu nefndirnar einkum til hliðsjónar:

1. Álitsgerð verkaskiptanefndar ríkis og sveitarfélaga frá 1980, en þessi nefnd var skipuð 1976 af Gunnari Thoroddsen þáv. félmrh.

2. Skýrslu samninganefndar um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga frá 1983, en nefndin var skipuð 1982 af Svavari Gestssyni þáv. félmrh.

3. Samþykkt stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga um verkaskiptamálið frá apríl 1985.

Nefndirnar settu sér fjögur meginmarkmið í tillögugerð sinni:

1. Að sveitarfélögin skuli einkum hafa með höndum verkefni sem ráðast af staðbundnum þörfum og þar sem ætla má að þekking á aðstæðum ásamt frumkvæði heimamanna leiði til betri og ódýrari þjónustu en ríkið annist fremur verkefni sem hagkvæmara er að leysa á landsvísu.

2. Að gera verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga skýrari og einfaldari og að hver málaflokkur falli eftir því sem kostur er aðeins undir einn aðila.

3. Að saman fari frumkvæði, framkvæmd og fjárhagsleg ábyrgð á stofnkostnaði og rekstri.

4. Að sveitarfélögin verði fjárhagslega sjálfstæð og minna háð ríkisvaldinu en nú er.

Við undirbúning fjárlagafrv. fyrir árið 1988 ákvað þáv. ríkisstjórn að taka á því ári fyrsta skrefið í heildarendurskoðun á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Frv. um þetta efni var lagt fram á Alþingi í byrjun desember 1987. Afgreiðsla frv. dróst á langinn og í tengslum við efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar í mars var það lagt til hliðar og málinu frestað.

Í nóvember 1987 skipaði ég nefnd til að undirbúa næsta skref í flutningi verkefna milli ríkis og sveitarfélaga og til að fjalla um uppgjör og eignatilfærslur sem því tengjast. Nefnd þessi var skipuð fulltrúum frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og þeim ráðuneytum sem mest samskipti hafa við sveitarfélögin. Nefnd þessari var ætlað að starfa á grundvelli nefndarálitanna frá 1987. Þegar ljóst var hver yrðu afdrif verkaskiptafrv. sem lagt var fram desember 1987 var nefndinni falið að yfirfara verkaskiptamálið að nýju og undirbúa framlagningu lagafrv. í heild sinni nú í haust. Nefndin gekk frá drögum að áliti um miðjan október sem þá var kynnt fyrir viðkomandi ráðherrum, ríkisstjórn og Sambandi ísl. sveitarfélaga. Rætt var við fjölda sveitarstjórnarmanna og könnuð viðhorf þeirra til málsins. Með tilliti til þessa og gagnrýni á fyrri tillögur lagði nefndin til nokkrar breytingar frá fyrri tillögum. Helstu breytingarnar voru:

1. Sveitarfélögin greiði 40% af stofnkostnaði framhaldsskóla, en þetta er í samræmi við lög um framhaldsskóla sem samþykkt voru á sl. ári. Fyrri

tillögur gerðu ráð fyrir að ríkið greiddi allan stofnkostnað.

2. Lagt var til að fallið verði frá áformum um að færa styrki til íþrótta- og æskulýðsfélaga alfarið til sveitarfélaga.

3. Gert er ráð fyrir að stofnkostnaði við heilsugæslustöðvar og sjúkrahús verði skipt þannig að sveitarfélögin greiði 40% en allur reksturskostnaður verði greiddur af ríkinu. Í fyrri tillögum var reiknað með að ríkið greiddi stofn- og reksturskostnað sjúkrahúsa en sveitarfélögin stofn- og reksturskostnað heilsugæslustöðva.

4. Lagt er til að hlutverki Framkvæmdasjóðs aldraðra verði breytt og núverandi verkefni hans flytjist að hluta til sveitarfélaga eins og bygging dvalarheimila og íbúða fyrir aldraða.

Seinna var tekin sú ákvörðun að fella niður tillögur verkaskiptanefndar varðandi byggðasöfn.

Nefndin ítrekaði fyrri tillögur um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga í sambandi við breytingar á verkaskiptingunni. Þar er lagt til að veitt verði sérstök framlög til sveitarfélaganna með þrennum hætti:

1. Framlög til stofnframkvæmda, svo sem grunnskóla, dagvistarheimila, félagsheimila, íþróttamannvirkja og vatnsveitna.

2. Framlag til reksturs grunnskóla í dreifbýli, svo sem akstur, gæsla í heimavist, mötuneytiskostnaður.

3. Framlög vegna breyttrar verkaskiptingar, svo sem ýmis rekstrarframlög, t.d. vegna tónlistarskóla o.fl.

Nefndin lagði mikla áherslu á að upphæð þessara framlaga yrði við það miðuð að hagur hinna minni og vanmegnugri sveitarfélaga yrði betri eftir breytingar á verkaskiptingunni.

Á undanförnum árum hefur myndast veruleg skuld ríkissjóðs við sveitarfélögin vegna kostnaðarþátttöku ríkissjóðs í ýmsum framkvæmdum á vegum sveitarfélaganna. Samkvæmt lauslegri áætlun menntmrn., sem gerð var seint á sl. ári, var reiknað með að skuld vegna framkvæmda við íþróttamannvirki, félagsheimili, dagvistarheimili og grunnskóla mundi vera um 1 milljarður 65 millj. um sl. áramót. Uppgjör þessara skulda er eitt af þeim atriðum sem taka þarf á við breytingar á verkaskiptingunni. Nefndin lagði til að skuldir ríkissjóðs við sveitarfélögin verði gerðar upp með sem jöfnustum greiðslum á eigi lengri tíma en fjórum árum eftir að breytingar á verkaskiptingunni taka gildi.

Helstu breytingar frá gildandi lögum sem lagðar eru til í frv. eru eftirfarandi:

1. Felld verður niður 15% þátttaka sveitarfélaga í stofnkostnaði nokkurra stofnana fyrir fatlaða.

2. Felld verði niður sérstök framlög til vatnsveitna í fjárlögum.

3. Felld verði niður þátttaka sveitarfélaga í rekstri sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva.

4. Hlutfall sveitarfélaga í stofnkostnaði sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva verði 40% í stað 15%.

5. Framlög sveitarfélaga til sjúkrasamlaga verði felld niður og sjúkratryggingar verði alfarið verkefni ríkisins.

6. Framlög sveitarfélaga til atvinnuleysistryggginga verði felld niður.

7. Ríkissjóður greiði alfarið kostnað við rekstur fræðsluskrifstofa.

8. Sveitarfélög greiði allan reksturskostnað grunnskóla að undanskildum kennslulaunum.

9. Sveitarfélög greiði allan stofnkostnað grunnskóla.

10. Felld verði niður þátttaka ríkisins í stofnkostnaði íþróttamannvirkja á vegum sveitarfélaga.

11. Felld verði niður þátttaka ríkisins í byggingu félagsheimila.

12. Bygging dagvistarheimila fyrir börn verði alfarið verkefni sveitarfélaga.

13. Felld verði niður þátttaka ríkisins í launakostnaði tónlistarskóla.

14. Felld verði niður framlög sveitarfélaga til sýsluvega.

15. Felld verði úr gildi sérstök lög um landshafnir og þess í stað gildi um þær almenn hafnalög.

Til viðbótar við framantaldar breytingar hefur verið lagt fram frv. til l. um málefni aldraðra sem felur í sér breytingar varðandi Framkvæmdasjóð aldraðra, en lög nr. 92/1982, um málefni aldraðra, falla úr gildi um næstu áramót.

Í mati á áhrifum breyttrar verkaskiptingar á fjármál sveitarfélaga eru einnig teknar með breytingar sem felast í nýjum lögum um framhaldsskóla. Í heild felur frv. í sér verulegan tilflutning verkefna frá ríkinu til sveitarfélaganna. Þar á móti kemur að létt er af sveitarfélögunum miklum útgjöldum þar sem eru framlög til sjúkratrygginga og atvinnuleysistrygginga. Sveitarfélögin hafa greitt stórfé til þessara verkefna án þess að hafa nánast nokkuð með framkvæmd þeirra að gera.

Samhliða þessu frv. er lagt fram frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga. Í þeim kafla frv. sem fjallar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga er lagt til að veitt verði sérstök framlög til sveitarfélaga vegna breytinga á verkaskiptingunni í samræmi við þær tillögur sem ég hef hér áður rakið. Þessi framlög eru við það miðuð að þau bæti dreifbýlissveitarfélögunum að fullu upp þann kostnaðarauka sem þau verða fyrir vegna breytinga á verkaskiptingunni. Þar er fyrst og fremst um að ræða aukinn kostnað við rekstur grunnskóla og tónlistarskóla. Mun ég gera nánari grein fyrir þessu þegar ég mæli fyrir tekjustofnafrv. sem væntanlega verður rætt hér síðar í dag. Í því frv. eru ákvæði um hvernig þessum framlögum verður háttað.

Einnig hafa verið samin drög að reglugerð um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga þar sem kveðið er nánar á um einstök atriði. Þessi drög verða lögð fram í nefnd þeirri sem fær frv. til meðferðar.

Í meðförum Ed. voru gerðar nokkrar breytingar á frv. Þar er fyrst og fremst verið að taka tillit til eindreginna óska Sambands ísl. sveitarfélaga.

Veigamestu breytingarnar eru þær að lagt er til að haldið verði óbreyttri kostnaðarskiptingu við byggingu sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva, þ.e. að ríkið greiði 85% og sveitarfélög 15%. Einnig er lögð til sú breyting varðandi uppgjör ríkisins á skuldum við sveitarfélögin að komið verði upp sérstakri úrskurðarnefnd til að skera úr ágreiningi sem upp kann að koma milli ríkis og sveitarfélaganna varðandi þessi uppgjör.

Nefndin verði skipuð þremur mönnum, einum tilnefndum af menntmrh., einum tilnefndum af Sambandi ísl. sveitarfélaga og oddamanni tilnefndum af Hæstarétti.

Aðrar breytingar sem gerðar voru í Ed. eru minni háttar.

Herra forseti. Ég hef rakið hér í stuttu máli aðdragandann að því að þetta frv. er lagt fram, hvernig staðið var að samningu þess og hvert aðalefni þess er. Frá því að frv. var lagt fram hefur farið fram á því mjög viðamikil kynning meðal sveitarstjórnarmanna um land allt. Á aðalfundi fulltrúaráðs Sambands ísl. sveitarfélaga sem haldinn var í síðasta mánuði var samhljóða samþykktur stuðningur við frv. með nokkrum breytingum sem stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga hafði áður lagt til. Fulltrúaráðið er ekki neinn þröngur eða afmarkaður hópur. Þar sitja 34 fulltrúar úr öllum kjördæmum landsins. Þeir eru frá litlum sveitarfélögum og stórum, frá dreifbýlis- og þéttbýlissveitarfélögum. Ég veit ekki til að sveitarstjórnarmenn hafi áður náð slíkri samstöðu í jafnstóru og veigamiklu máli. Félmn. Ed. náði einnig algerri samstöðu um afgreiðslu málsins og því ber sérstaklega að fagna.

Verkaskiptafrv. og tekjustofnafrv. munu ef þau verða að lögum marka þáttaskil í samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Þess vegna tel ég að sú samstaða sem náðst hefur um þetta mál sé mjög mikilvæg og ég vænti þess að sú nefnd sem fær þetta mál til meðferðar afgreiði það fljótt þannig að það geti orðið að lögum á yfirstandandi þingi.

Herra forseti. Ég legg að lokinni þessari umræðu til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Það er orðið fyllilega tímabært að skýrari og ákveðnari skil séu gerð á milli verkefna ríkis annars vegar og sveitarfélaga hins vegar og það er ánægjulegt að þessi mál skuli nú vera komin svo langt að samstaða virðist nokkurn veginn vera orðin um þessi mál. Svo virðist sem í stórum dráttum séu fulltrúar sveitarfélaganna og ríkisvaldsins ánægðir með niðurstöðuna.

Á síðasta löggjafarþingi kom fram frv. um breytta verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga eins og hæstv. félmrh. gerði grein fyrir áðan, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Þá var ég ein af þeim sem gagnrýndu það frv. þar sem ég taldi það ekki vera nægilega vel undirbúið og á margan hátt orkaði sú stefna sem birtist í því mjög tvímælis. Helsta ástæða fyrir gagnrýni minni var að þá átti aðallega að flytja verkefni til sveitarfélaganna frá ríkinu án þess að ríkið tæki nokkur verkefni af sveitarfélögunum í staðinn. Þetta hefur verið bætt í þessu frv. þar sem nú er allur pakkinn, ef maður getur sagt svo, tekinn í einu, þ.e. að það eru bæði tekin fyrir þau verkefni sem á að flytja frá sveitarfélögum yfir á ríkið og frá ríkinu yfir til sveitarfélaganna. Þetta tel ég til mikilla bóta og var ein stærsta gagnrýnin á frv. eins og það var lagt fram í fyrra.

Ég gagnrýndi einnig fjármögnunarþátt verkaskiptingarinnar sem frv. tók til í fyrra þar sem ég taldi hana vera í lausu lofti. Það er að vísu ekki búið að mæla fyrir því frv. sem nær til þess þáttar, en það er ekki hægt að horfa fram hjá því að það verður að líta á fjármögnunarþátt breytinganna. Það virðist nú hafa náðst nokkurn veginn samkomulag um hvernig því máli skuli háttað. Ég á að vísu eftir að kynna mér það mál nánar, sem ég hef sjálfsagt tækifæri til í félmn. deildarinnar, en það var ljóst í fyrra að ekki var búið að ákveða hvernig ætti að haga fjármögnun sveitarfélaganna á þeim þáttum sem þau áttu að taka yfir þar sem Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fær tekjur sínar af söluskatti, en það er búið að ákveða að taka upp virðisaukaskatt frá næstu áramótum og þess vegna þyrfti að gera ráð fyrir tekjum eins og er búið að gera þá ráð fyrir núna til þess að Jöfnunarsjóður hefði einhverjar tekjur til að geta gegnt hlutverki sínu. Það er til bóta frá því í fyrra.

Á síðasta ári höfðum við heldur ekki fengið nein drög að reglugerð varðandi fjárframlög til jöfnunar milli sveitarfélaga og vona ég að það liggi fyrir núna í félmn. hvernig meiningin er að standa að þeim jöfnuði milli sveitarfélaga sem ég tel nauðsynlegt að verði framkvæmdur um leið og skil á milli verkefna ríkisins og sveitarfélaganna eiga sér stað. Ég gagnrýndi einnig að frv. hefði ekki verið sent til kynningar og umsagnar sveitarstjórna eða annarra aðila og álit þeirra lá ekki fyrir í fyrra. Ég hef ekki kynnt mér hvernig staðið hefur verið að þeim þætti núna, en ég vænti þess að það hafi verið betur að kynningu staðið en var gert í fyrra og ef það hefur ekki verið gert er hægt að bæta úr því á stuttum tíma.

Einnig var merkilegt að þeir sem komu á fund nefndarinnar í fyrra voru andvígir þeim breytingum sem fólust þá í frv. Ég vona að það hafi verið annað hljóð í strokknum núna, alla vega í Ed. Við í Nd. eigum eftir að kynna okkur hvaða afstöðu fólk hefur til einstakra þátta frv.

Einstökum köflum frv. eins og t.d. um byggðasöfn hefur að því er mér sýnist verið breytt til þess horfs sem ég tel vera til bóta. Það sem ég er mjög óánægð með varðandi einstaka þætti frv. er X. kafli sem fjallar um breytingu á lögum nr. 112/1976 um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn, með síðari breytingum.

Ég hef miklar efasemdir um að þær breytingar sem þar er gert ráð fyrir séu af hinu góða. Ég tel að ríkið eigi að greiða hlut í menntun sem fer fram á forskólastiginu rétt eins og í annarri menntun svo sem eins og í grunnskólanum. Ég tel menntun fyrir forskólabörn

ekkert síður mikilvæga en grunnskólamenntunina. Það er því spurning hvort þessi breyting á verkaskiptingunni hefði ekki verið betri á þann veg að ríkið greiddi laun starfsmanna sem fræða börnin og að sveitarfélögin byggðu yfir starfsemina eins og gert er ráð fyrir með grunnskólana, að sveitarfélögin taki yfir byggingu skólanna en ríkið kosti laun starfsmanna. Ég hefði talið eðlilegt að það sama gilti í þessu tilfelli.

Það þarf að velta fyrir sér hvert sé markmiðið yfirleitt með dagvistarheimilunum. Þau eru nefnilega ekki bara einhverjir geymslustaðir. Þau hafa mjög mikilvægu uppeldislegu hlutverki að gegna. Ég tel að allt það uppeldisstarf sem fer fram á dagvistarheimilum sé mikilvægt og þess vegna tel ég eðlilegt að meðhöndla þá menntun á sama hátt og gert er annars staðar í skólakerfinu, sérstaklega varðandi grunnskóla. Ég tel slæmt hversu skörp skil eru á milli forskólans og grunnskólans.

Ég vil benda á að á þinginu í fyrra lögðu þingmenn Kvennalistans fram frv. um átak í byggingu dagvistarheimila. 1. flm. var Sigríður Lillý Baldursdóttir. Það átak gerði ráð fyrir að það yrði stofnaður sjóður þannig að ⅓ í sjóði kæmi frá sveitarfélögum, ⅓ frá ríkinu og ⅓ frá atvinnurekendum. Ég tel eðlilegt að það verði gert átak í uppbyggingu dagvistarheimila þó að það komi ekki beinlínis þessum lögum við hvernig síðar verður staðið að því eftir að búið er að gera ákveðið átak í uppbyggingu dagvistunarheimila, en ég ítreka að ég tel nauðsynlegt að ríkið hafi yfirumsjón með menntun forskólabarna ekki síður en annarra.

Ég vil, með leyfi forseta, lesa upp úr umsögn Arnalds Bjarnasonar, bæjarstjóra í Vestmannaeyjum, sem sent var félmn. Nd. í fyrra varðandi þetta mál, en hann segir svo:

„Mjög er rætt um hve nauðsynlegt er að laða fólk til starfa í undirstöðuatvinnugreinum og að til þess þurfi að laga kjör þess fólks. Bæjarfélag sem Vestmannaeyjar byggir sína afkomu á sjósókn og fiskvinnslu. Svo er um marga þéttbýlisstaði á landsbyggðinni. Enginn vafi er á hvar undirstöðuverðmæti þessa þjóðfélags eru sköpuð. Fiskvinnslumannafli byggir einkum á konum sem vinnuafli. Það er því afar mikilvægt viðkomandi launþegum, framleiðslufyrirtækjum, bæjarfélaginu og þjóðarbúinu að nægilegt framboð vinnuafls sé til staðar. Mikilvægur liður í því er að heimili geti vistað börn hér í öruggu og þroskandi umhverfi, m.a. á dagvistarstofnunum. Það er því spurning hvort sé í samræmi við þjóðarhag að ríkissjóður dragi sig úr aðild að uppbyggingu dagvistarstofnana."

Ég vildi koma þessu á framfæri vegna þess að ég er sammála því sem þarna kemur fram og tel að það þurfi á einhvern hátt að tryggja þá mikilvægu menntun sem þarna fer fram og ekki að rasa um ráð fram um breytingar á núgildandi lögum. En burt séð frá kostnaðarskiptingunni, sem að sjálfsögðu er mjög mikilvæg, sýnist mér að með frv. sé gert ráð fyrir að niður falli öll fagleg umsjón menntmrn. Ég legg áherslu á hve mikilvægt uppeldislegt hlutverk barnaheimilanna er, eins og ég sagði áðan, og þess vegna þarf að kanna mjög nákvæmlega hvernig þessu verður fyrir komið og gæta þess að ekki verði dregið úr því faglega hlutverki sem dagvistarheimilunum er falið í þessum málum.

Fóstrufélag Íslands hefur gert athugasemd við þetta atriði og hefur varað við að draga úr hlutverki menntmrn. hvað varðar yfirumsjón með uppeldis- og menntunarmálum forskólabarna. Ég tel varhugavert að draga úr þessu mikilvægi eins og þarna virðist eiga að gera og reyndar er enn frekar, ef ég ber saman frv. eins og það var lagt upphaflega fyrir og eins og Ed. hefur afgreitt það, dregið úr mikilvægi menntmrn. í þessu sambandi. Í janúar sl. skipaði menntmrh. nefnd um nýskipan forskólastigsins og var nefndinni falið að kanna bæði faglega og kostnaðarlega þætti varðandi forskólastigið. Mér kemur því á óvart þar sem þetta er stjórnarfrv. að það skuli ekki vera tekið tillit til þess starfssviðs sem þessi nefnd hefur fengið, að endurskoða lög um dagvistarheimili. Ég inni eftir því hvernig samvinna hafi verið þarna milli menntmrn. og þeirra sem standa að breytingum á þessum lögum. Þetta er um X. kafla laganna, en ég vildi einnig gera að umtalsefni XI. kafla sem fjallar um tónlistarskóla. Þar er gert ráð fyrir breytingu á fyrirkomulagi varðandi tónlistarskóla. Ég hef miklar efasemdir um að þarna sé rétt á málum haldið.

Fyrir ekki löngu skipaði menntmrn. nefnd sem átti að fjalla um málefni tónlistarskólanna með tilliti til áforma um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og eitt af því sem nefndin átti að fjalla um var að treysta fjárhagslega og faglega stöðu tónlistarskóla.

Í skýrslunni stendur, með leyfi forseta, á bls. 2 þar sem talað er um hvernig best verði að þessum málum staðið: „Um leiðir til að tryggja sem bestan rekstrargrundvöll tónlistarskóla náðist hins vegar ekki samkomulag [í þessari nefnd sem skipuð var] um það hvort flytja eigi tónlistarskóla alfarið yfir til sveitarfélagana. Því höfnuðu fulltrúar tónlistarkennara og skólastjóra alfarið og töldu að samstarf ríkis og sveitarfélaga eins og nú er væri að líkindum besta fyrirkomulagið í rekstri tónlistarskólanna sem völ væri á. Segja þau að tónlistarfólk í öðrum löndum líti á fyrirkomulagið hérlendis sem fyrirmynd sem ætti að taka upp í öðrum löndum og víða hefðu skólastjórar og kennarar tekið upp baráttu fyrir þessu kerfi í sínum löndum. Á hinn bóginn töldu fulltrúar sveitarfélaganna og fulltrúar félmrn. að heppilegast væri að fela þetta verkefni sveitarfélögum, m.a. vegna þess að þá færi saman frumkvæði, framkvæmd og fjárhagsleg ábyrgð auk þess sem það væri stór liður í fyrirliggjandi verkaskiptingarfrv. og gæti stefnt því í hættu ef úr yrði."

Mér þykir slæmt ef afstaða fulltrúa sveitarfélaganna og félmrh. helgast fyrst og fremst af því að þeir óttast að þessu frv. sé stefnt í voða þó að fyrirkomulagið haldist óbreytt að því er varðar tónlistarskóla.

Á bls. 4 í sömu skýrslu stendur, með leyfi forseta: „Hærra hlutfall nemenda í tónlistarskólum af íbúa-

fjölda þekkist ekki annars staðar í heiminum. Draga má þá ályktun að tónlistariðkun íslenskra ungmenna komi að hluta til í stað annarrar iðkunar erlendra ungmenna."

Ég þarf ekki að tíunda það hér hversu tónlistaruppeldið er mikilvægt og tel að við eigum að gera allt til þess að reyna að koma í veg fyrir að afturför verði á þessu sviði að því er þetta varðar. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um hversu tónmennt í grunnskólum landsins er illa fyrir komið og að ástandið er mjög slæmt þar. Í sömu skýrslu kemur fram að af 216 grunnskólum í landinu er tónmennt einungis kennd í 141 skóla. Þetta er allsendis óviðunandi. Aðeins 55% nemenda á skólaskyldualdri, þ.e. í 1.–8. bekk, hljóta lögboðna fræðslu í tónmennt, en 45% hlutu enga fræðslu í greininni. Ég held að það þurfi að endurskoða þennan kafla laganna með tilliti til þess sem kemur fram í skýrslu frá menntmrn. frá því í mars 1989. Einnig hafa borist áköll frá m.a. samtökum tónlistarskólastjóra sem mótmæla fyrirhuguðum breytingum og benda á að í fyrra tóku undir þeirra málstað þúsundir Íslendinga sem sendu þingmönnum undirskriftir að því er þetta varðaði. Þeir telja að núverandi rekstrarfyrirkomulag sé það besta sem hægt er að hugsa sér, a.m.k. í bili. Ég held að við eigum ekki að rasa um ráð fram og endurskoða þetta ákvæði.

Það er ekki eingöngu tónlistarfólk sem hefur áhyggjur því að ég er einnig með sams konar yfirlýsingu frá bæjarstjórn Selfoss og fleiri og fleiri hafa lýst áhyggjum sínum vegna þessa ákvæðis.

Auðvitað er um mikið fjárhagslegt spursmál að ræða. Það er talað um að þarna séu miklir peningar á ferðinni, en ég bendi á að það vafðist ekki fyrir Ed. að breyta kostnaðarskiptingu varðandi heilsugæslustöðvar úr 40% í 15% frá sveitarstjórnum þannig að það hlýtur að vera heilmikill peningur þar sem hefur verið fluttur á milli án þess að það hafi vafist mikið fyrir þeim. Ég hef ekki kynnt mér nákvæmlega hversu mikið fé felst í þeirri breytingu, en ég held að það þurfi að skoða vandlega hvort ekki er hægt að finna aðrar leiðir til að jafna þennan kostnað ef það er það sem fólk er aðallega að hugsa um.

Ég vona að við fáum tækifæri til að kynna okkur þessi mál gaumgæfilega og er ástæða til að gera það því að þrátt fyrir þá annmarka sem komu fram í frv. í fyrra töldu mjög margir sveitarstjórnarmenn að það væri ástæða til að samþykkja frv. eins og það var þá óbreytt. Það hafa komið fram mjög margar breytingar að því er ég tel til bóta á frv. Það er að vísu dálítið slæmt hvað við fáum það seint frá Ed. Ég skal gera mitt í nefndinni til að reyna að flýta afgreiðslu þessa máls, en auðvitað verðum við að gaumgæfa þessi mál ekki síður en önnur sem til okkur er vísað.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Þetta mál, sem hér er til umræðu, er mörgum hv. alþm. gamall kunningi, frv. til l. um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Ég hygg að málið sé að verulegu leyti undirbúið á vegum næstseinustu hæstv. ríkisstjórnar þó að það hafi að vísu ekki komið fram fyrr en á vegum þeirrar seinustu í desembermánuði 1987. Eins og fram kom hjá seinasta hv. ræðumanni kom þar að vísu einungis fram hluti þessa máls, þ.e. fyrri hluti af þeim breytingum sem hér er verið að undirbúa.

Nú er málið hins vegar lagt fram öðru sinni og þá fyrst fyrir hv. Ed. í heilu lagi á grundvelli þeirrar vinnu sem tvær nefndir a.m.k. höfðu unnið áður að. Á ýmsa lund hefur nú málið samt sem áður breyst í meðförum eins og gefur að skilja og ég ætla mér ekki þá dul í þessari umræðu að fara yfir þær breytingar allar heldur ætla ég mér að lýsa skoðun minni í fáum orðum sem er nákvæmlega sú sama og þegar þetta mál var til umræðu á seinasta þingi. Í fyrsta lagi er ég í grundvallaratriðum ósammála vinnubrögðum af þessu tagi þar sem um er að ræða að taka nánast fyrirmynd frá því sem er venjulega árlega við afgreiðslu fjárlaga á hverju ári. Þingmenn þekkja allir bandorminn sem þar er um að ræða eða réttara sagt lánsfjárlögin sem tengd eru fjárlagagerðinni. Hér er um að ræða þau vinnubrögð að það er í bandormslíki sem fjöldi lagabálka er sneiðskorinn ef svo má segja. Það er farið inn í þau á hinum ýmsu stöðum og er í sjálfu sér ekkert að furða þó að ýmislegt misjafnt komi út við slík vinnubrögð.

Þetta er það fyrsta sem ég vil taka fram. Ég er ósammála vinnubrögðum af þessu tagi. Ég tel að það sé miklu eðlilegra að taka viðkomandi lög til gagngerðrar endurskoðunar í heild út frá þeirri lagasetningu sem þar er lögð til grundvallar, en ekki uppskurður af því tagi sem hér er um að ræða, enda mun það sjálfsagt koma fram í umfjöllun um tekjustofnana hér rétt á eftir að það kemur ýmislegt skrýtið þar fram.

Við fljótlegan yfirlestur á frv. eins og það liggur núna fyrir sýnist mér að það hafi hrakist að sumu leyti af leið meira að segja frá því það var lagt fram í haust. Ef ég gríp niður í III. kafla er í 4. gr. talað um kostnaðarskiptingu við byggingu og búnað heilsugæslustöðva. Nú er hér lagt til að kostnaðarskiptin séu 85% frá ríki en 15% frá sveitarfélögum eins og gildandi löggjöf er. Í haust var hins vegar lagt til að kostnaðarhlutinn yrði 60:40 og það segir sig sjálft að þarna hefur eitthvað í millitíðinni gerst sem hrakið hefur frá fyrri áformum.

Hér er hins vegar um að ræða mjög veigamikla breytingu þar sem um er að ræða tilhögun í 5. gr. um að rekstrarkostnaður heilsugæslustöðva greiðist 100% úr ríkissjóði. Þetta er mikil breyting.

En lítum þá á hvernig menn ætlast til að hér verði haldið á stjórnarþættinum. Er þá gert ráð fyrir að sá aðili sem borgar hafi að verulegu leyti með stjórnun að gera? Að vísu er sporið stigið að minni hyggju nokkuð í rétta átt í 6. gr. þar sem gert er ráð fyrir að ráðherrar skipi stjórnir heilsugæslustöðva, einn eftir tilnefningu starfsliðs stöðvarinnar, en þrjá kosna af hlutaðeigandi sveitarstjórnum og einn án tilnefningar. Ég er sammála því spori sem þarna er stigið, en ég tel hins vegar að það sé of skammt vegna þess að ég

held að tengslin á milli þeirra aðila sem fara með kostnaðinn og eiga síðan að sjá um reksturinn eigi að vera meiri. Ég tel að þetta sé fráleitt eins og það er, að sá sem fer með 85% hluta af kostnaðinum hafi nánast ekkert með stjórnunina að gera.

Ég ætla ekki að fara mjög náið í margar greinar. Ég ætla hins vegar að geta tveggja annarra atriða sem ég er mjög mótfallinn. Það er annars vegar í VI. kafla frv. og hins vegar í XI. kaflanum. Ef ég fer fáeinum orðum um VI. kaflann finnst mér koma þar nokkuð vel fram gallinn við vinnubrögð af þessu tagi við lagasmíð. Hér segir, með leyfi hæstv. forseta, í 31. gr. í frv. sem er um breytingu á lögum um grunnskóla nr. 63/1974, með síðari breytingum, að 12. gr. þeirra laga eigi að orðast svo:

„Fræðsluráð fjallar um og fer með sameiginleg málefni sveitarfélaga á sviði fræðslumála í hlutaðeigandi fræðsluumdæmi. Fræðsluráð skal vera fræðslustjóra til ráðuneytis um dagleg störf hans."

Ég er nú þeirrar skoðunar að þetta sé lagasmíð sem næði aldrei tilgangi og sé bókstaflega óframkvæmanlegt að aðili eins og fræðsluráð geti verið fræðslustjóra til ráðuneytis um dagleg störf hans. Þetta þekkja í rauninni allir sem nálægt þessum málum hafa komið og meta svona grein með sjálfum sér, hugsa ég. Síðan segir:

„Fræðsluráð getur falið fræðslustjóra að annast framkvæmdastjórn fyrir ráðið. Fræðsluráð hefur samvinnu við skólanefndir og samræmir störf þeirra í umdæminu. Það fer að öðru leyti með þau málefni sem hlutaðeigandi sveitarstjórnir fela þeim eða ákveðin kunna að vera í reglugerðum settum samkvæmt lögum þessum."

Hér er um fræðsluráðin á allt annan veg gripið á máli en raunveruleikinn er í dag, en löggjöfin er. Mig langar aðeins til þess, með leyfi hæstv. forseta, að lesa 1. mgr. um fræðsluráð samkvæmt þessari sömu grein í gildandi grunnskólalögum. Þar segir:

„Fræðsluráð hefur með höndum eftirtalin verkefni:

1. Það fer með stjórn fræðslumála innan umdæmis síns í umboði menntmrn. og sveitarstjórna sem hlut eiga að máli."

Þarna er reginmunur á. Fræðsluráðin hafa í dag það verkefni í umboði annars vegar ráðuneytisins og hins vegar sveitarstjórnanna sem heildar á viðkomandi svæði að hafa meginumsjón og stjórn þessara mála. Hér, eins og lagt er til í 31. gr. í þessu frv., er gert ráð fyrir að minnka verksvið fræðsluráðanna og þynna þau að verulegu leyti út.

En svo kemur það furðulega fram. Í gær held ég að það hafi verið, þá kom í hólf hv. þm. frá núv. hæstv. menntmrh. frv. til l. um breytingu á þessum sömu lögum sem er að vísu prentað sem handrit. Það er ráðherra í hæstv. ríkisstjórn sem nú situr, samstarfsráðherra hæstv. félmrh. sem flytur þetta frv., að vísu var það hæstv. forsrh. sem flutti málið á síðasta þingi. Þá kveður við allt annan tón um nákvæmlega þessa sömu grein. Þá er ekki verið að leggja til að fræðsluráð fjalli um og fari með sameiginleg málefni sveitarfélaga á sviði fræðslumála. Nei, þá er stefnan miklu nær löggjöfinni eins og hún er. Þetta sýnir vinnubrögð af þessu tagi. Þegar svona bandormsfrumvarp er í meðferð sem grípur inn í hin ýmsu lög og lagabálka er ekkert óeðlilegt við að þá komi hnökrar í ljós sem geta verið verulega alvarlegir. Í handriti núv. hæstv. menntmrh. segir um þessa sömu grein:

„Fræðsluráð markar stefnu um fræðslumál í hlutaðeigandi fræðsluumdæmi í samvinnu við fræðslustjóra. Verkefni þess eru m.a. að sjá um að gerðar séu áætlanir um fræðslumál í umdæminu, fylgjast með framkvæmd skyldunáms í viðkomandi umdæmi og samræma og hafa eftirlit með störfum skólanefnda. Fræðsluráð fer að öðru leyti með þau málefni sem hlutaðeigandi sveitarstjórnir eða menntmrn. fela þeim eða ákveðin verða í reglugerðum settum samkvæmt lögum þessum."

Þarna er lagt til að málin séu í svipuðum anda og löggjöfin er frá 1974, en eins og hér er lagt til samkvæmt þessu er lagt til að málin fari í allt annan farveg.

Þá kem ég að því atriði þessara mála í 34. gr. sem ég er mest mótfallinn. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Gerð skólamannvirkja er undirbúin heima í héraði af sveitarstjórn í samráði við skólanefnd." Þessu er ég vitaskuld sammála. En næsta lína er þessi: „Stofnkostnaður grunnskóla greiðist af sveitarfélögum." Þetta er grundvallaratriðið sem ég er ósammála rétt eins og á síðasta þingi og ég býst við því að búi menn við það kerfi sem hér er í uppsiglingu hvað þennan þátt snertir muni víða hrikta í og þá sérstaklega hjá fámennu sveitarfélögunum og þar muni verða um að ræða spor aftur á bak. Ég geri mér ekki alveg grein fyrir því hvers vegna það er, en nánast alls staðar þar sem maður grípur niður í þessu kerfi, samvinnu ríkis og sveitarfélaga, að þar sem annar aðilinn fer með málin að öllu leyti, kostnaðinn að öllu leyti, virðist fara illa. Við þekkjum úr umræðum fyrr á þessu þingi að nánast allar stórar húseignir sem eingöngu eru á vegum ríkisins grotna niður. Við þekkjum reynsluna af því þegar viðhald skólahúsnæðis var flutt 100% yfir til sveitarfélaganna. Reynslan af því er mjög slæm. Ég geri mér ekki fulla grein fyrir af hverju það er, en mig grunar að það sé vegna þess að þegar menn eiga hlutdeild í byggingum eða viðhaldi með öðrum, hvort sem það er ríkið eða sveitarfélagið, sé það hvati fyrir hvorn aðila fyrir sig til að láta sinn hlut ekki eftir liggja. Þegar um er að ræða að annar aðilinn hefur verkefnið eingöngu með hendi virðist yfirleitt fara illa.

Ég vil geta þess í framhjáhlaupi varðandi 42. gr. að þar er lagt til að kostnaður við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu greiðist 100% úr ríkissjóði. Því er ég hjartanlega sammála. Það hefur verið illa haldið á þeim málum í langan tíma og það er vegna þess að þarna er um ósamræmi að ræða miðað við aðra starfsemi í skólunum.

Þá vildi ég vekja athygli á VII. kafla laganna. Þar er um að ræða breytingu á íþróttalögum nr. 49/1956. Þar sýnist mér vera stigið spor í rétta átt miðað við það

sem lagt var til í þessu efni á seinasta þingi og ég fagna því.

63. gr. þessa frv. og raunar allur X. kaflinn fjallar um dagvistarheimili og ég vil leyfa mér að taka undir það sem kom fram hjá seinasta hv. ræðumanni um áhyggjur út af því að það er lagt einungis til að menntmrn. skuli í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga setja reglugerð um almenn ákvæði um húsnæði og búnað dagvistarheimila sem falla undir þessi lög. Það er sjálfsagt að menntmrn. setji ákvæði um húsnæði og búnað. En ég vil taka undir það, sem kom fram hjá seinasta ræðumanni, hv. 12. þm. Reykv., að auðvitað á þessi reglugerð einnig að taka til rekstrar í sömu heimilum. Það er ekki eðlilegt að ráðuneytið sleppi hendinni af jafnveigamiklum þætti og rekstri í yngsta hluta fræðslumálanna ef tekið er tillit til nemendanna.

Þá kem ég að seinni þættinum sem ég vildi leggja þyngsta áherslu á í máli mínu þar sem ég er mjög mótfallinn frv. Það er varðandi XI. kaflann um breytingu á lögum nr. 75 frá 1985, um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Í 66. gr. segir, með leyfi hæstv. forseta: „Stofnkostnaður tónlistarskóla greiðist af stofnendum hans“ og í 67. gr.: „Sveitarfélög sem reka tónlistarskóla greiða launakostnað kennara og skólastjóra.“

Eins og þessum málum er háttað í dag er um að ræða helmingaskipti og flestir sem að þessum málum hafa komið eru ánægðir með þá skipan. Af þeirri ástæðu sé ég ekki hvaða nauður rekur til að breyta kerfinu. En ef því er á annað borð breytt fyndist mér að breytingin ætti að ganga í þveröfuga átt, þ.e. að launakostnaður kennara og skólastjóra sem starfa við tónlistarskóla ætti að vera á vegum ríkisins alveg eins og hvarvetna annars staðar í okkar skólakerfi. Ég sé ekki hvaða munur á að vera á því eða hvers vegna það á að setja einmitt þessa skóla, sem eru einna viðkvæmastir í rekstri, í þá óvissu sem hér mundi fylgja.

Ég ætla að segja frá því, hæstv. forseti, að ég mun fara þess á leit fyrir Borgfl. að Borgfl. fái áheyrnarfulltrúa í félmn. þessarar hv. deildar, ekki síst með tilliti til meðferðar þessa máls, og ég býst við því að sá fulltrúi muni leggja til brtt. a.m.k. við tekjustofnaþáttinn í þessu efni.

Að svo mæltu hef ég lokið máli mínu.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Herra forseti. Það frv. sem liggur fyrir til laga um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á sér langan aðdraganda eins og reyndar er rakið í grg. með frv. Ég held mér sé óhætt að fullyrða að breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga hafi verið eitt aðalumræðuefni meðal sveitarstjórnarmanna í áratugi og það starf sem endurspeglast í frv. hefur farið fram í tíð margra ríkisstjórna og á m.a. rætur allt aftur til nefndar sem skipuð var árið 1976 af Gunnari Thoroddsen þáv. félmrh.

Markmið með þessu starfi hefur fyrst og fremst verið að gera samskipti ríkis og sveitarfélaga einfaldari, að auka fjárhagslegt sjálfstæði sveitarfélaganna og fella saman annars vegar fjárhagslega ábyrgð og hins vegar ábyrgð á framkvæmdum og rekstri. Það sem fyrst og fremst hefur vakað fyrir áhugamönnum um að auka verkefni sveitarfélaganna er sú valddreifing sem í því felst, þ.e. að færa valdið frá miðstýrðum ráðuneytum í Reykjavík og út til fólksins í hinum dreifðu byggðum sem fara með sveitarstjórnarvaldið. Það eru fjöldamörg verkefni sem eru svo staðbundin að það er mun eðlilegra að sveitarfélögin fari með þau mál en með þau sé farið í ráðuneytum hér í Reykjavík.

Ég vil geta þess strax í upphafi að ég er í meginatriðum sammála því frv. sem hér liggur fyrir og ég fagna því að það skuli vera komið þetta langt og vonast sannarlega til að frv. geti orðið að lögum á þessu þingi. Ég vil í þessu sambandi m.a. vitna til fulltrúaráðsfundar Sambands ísl. sveitarfélaga, sem haldinn var á Akureyri 30. og 31. mars sl., þar sem fjallað var um þetta frv. og reyndar hefur það verið gert áður á fundum Sambands ísl. sveitarfélaga, en niðurstaðan varð sú að fundurinn mælir einróma með því að þetta frv. verði að lögum.

Þegar ég segi „þetta frv.“ á ég við frv. eins og það lítur nú út eftir þær breytingar sem gerðar hafa verið á því í Ed. Eins og frv. var lagt fram upphaflega voru ýmsir agnúar á því og Samband ísl. sveitarfélaga gerði tillögur um ýmsar breytingar og mér sýnist að Ed. hafi tekið þær brtt. flestar ef ekki allar til greina, enda var sá fyrirvari gerður í samþykkt Sambands ísl. sveitarfélaga að þær brtt. sem sambandið hafði lagt til yrðu teknar til greina. Mér sýnist reyndar í lokaundirbúningi þessa máls að sú nefnd sem vann á vegum ráðuneytanna að lokafrágangi frv. hefði átt að hafa nánara samband við sveitarfélögin eða samtök þeirra því að það er ljóst að sveitarfélögin voru ekki höfð nægilega vel með í ráðum við endanlega gerð frv. Ég tel hins vegar að nú hafi verið úr þessu bætt og að frv. eins og það liggur nú fyrir sé fullkomlega ásættanlegt.

Í jafnflóknu máli og hér er um að ræða eru ýmis álitaefni og það er alveg ljóst að menn líta þá málaflokka sem hér er verið að fjalla um nokkuð mismunandi augum. Ég vil með nokkrum orðum rekja helstu álitaefni sem hér eru uppi og hvernig þau hafa verið leyst nú eins og fram kemur í frv. eins og það hefur komið frá Ed.

Eitt af því sem tekist var á um þegar frv., að vísu miklu takmarkaðra frv., var lagt hér fram á Alþingi á sl. vetri var hvernig ætti að fara með íþróttamannvirki, en þá var í upphaflegri gerð gert ráð fyrir að íþróttamannvirki ættu alfarið að verða verkefni sveitarfélaga. Nú hefur náðst í því máli allgóð sátt að ég tel. Íþróttasamtökin voru andvíg þessari breytingu og óttuðust hana, en nú hefur verið gerð sú sátt og það er aðalreglan að íþróttamannvirki eru verkefni sveitarfélaga hvort sem þau eru í þágu sveitarfélagsins eða stofnana þess eins og t.d. skóla eða íþróttahreyfingarinnar. Hins vegar er gert ráð fyrir að áfram starfi sérstakur íþróttasjóður sem Alþingi veiti árlega fé til og að fé úr þessum sjóði verði ráðstafað til bygginga íþróttamannvirkja á vegum hinna frjálsu félagasam-

taka, þ.e. íþróttafélaganna sjálfra og samtaka þeirra. Með því held ég að hafi náðst friður um þennan þátt málsins og því sé fullkomlega ásættanlegt hvernig þetta mál hefur verið leyst.

Varðandi framhaldsskólana hefur það einnig verið álitaefni hvernig fara ætti með verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, bæði um stofnkostnað og rekstur þeirra, en í frv. sem hér liggur nú fyrir er haldið þeirri reglu sem mótuð var með lögunum um framhaldsskóla sem sett voru á Alþingi á sl. vori, þ.e. gert er ráð fyrir því að framhaldsskólarnir verði alfarið á kostnað ríkisins að því er rekstur snertir, en stofnkostnaður skiptist á milli ríkis og sveitarfélaga þannig að sveitarfélögin greiði 40% og ríkið 60%. Ég hygg að um þetta fyrirkomulag hafi náðst mjög góð samstaða eins og frv. raunar ber vott um þar sem ekki var hróflað við þeirri niðurstöðu sem varð um þetta efni á sl. vetri.

Varðandi grunnskólana hefur mikið verið rætt um hvernig með þá skuli fara í þessari verkaskiptingu. Nefndarálitið sem þetta frv. er að miklu leyti byggt á gerði ráð fyrir að bygging grunnskóla yrði verkefni sveitarfélaga, rekstrarkostnaður annar en kennslulaunin verkefni sveitarfélaga, en rekstur fræðsluskrifstofu, þar með sálfræðiþjónustu, væri verkefni ríkisins. Ástæðan fyrir því að nauðsyn hefur verið talin á að breyta núverandi verkaskiptingu er að hún er mjög flókin og uppgjörið á milli ríkis og sveitarfélaga um rekstur og stofnkostnað grunnskóla eru einnig afar erfið. Þar koma upp mörg álitamál. Mér hafa sagt fróðir menn að telja megi á fingrum annarrar handar þá sérfræðinga sem kunna að gera upp þessi flóknu fjármálasamskipti ríkis og sveitarfélaga. Það gefur auga leið að slíkt fyrirkomulag er aldrei farsælt.

Niðurstaðan í frv. er í stórum dráttum sú að það er lagt til að verkefni ríkisins verði að sjá að mestu um hinn uppeldisfræðilega þátt skólastarfsins, en hlutur sveitarfélaga verði að standa straum af kostnaði við umgjörð þess starfs, þ.e. aðbúnað og aðstöðu. Ríkissjóður greiðir því laun vegna kennslu, stjórnunar og starfa á skólasöfnum, við skólaráðgjöf og við yfirstjórn fræðslumála. Þetta felur í sér að ríkið greiðir laun skólastjóra og kennara og þann kostnað sem leiðir af kjarasamningum við samtök þeirra eins og áður, en auk þess allan kostnað við rekstur fræðsluskrifstofa og ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu sem áður var greiddur að hluta af sveitarfélögum. Sveitarfélög kosta ein byggingu grunnskóla samkvæmt þessu frv. Auk þess er gert ráð fyrir að sveitarfélögin beri ein kostnað af nokkrum rekstrarþáttum sem áður voru greiddir eða endurgreiddir að hluta úr ríkissjóði, þ.e. launum vegna gæslu og mötuneytis nemenda í heimavistum, heimanakstri, skrifstofustörfum, tækjavörslu og félagsstörfum, kostnað vegna skólaaksturs, heilsugæslu, húsaleigu og tryggingar fasteigna.

Jafnhliða þessum tilfærslum er gert ráð fyrir áherslubreytingum í stjórnum grunnskóla einmitt til samræmis við þessar tilfærslur verkefna, þ.e. vissar áherslubreytingar í stjórnun grunnskóla. Til þess er auðvitað að rekja það frumvarpsákvæði sem síðasti hv. ræðumaður gerði að umtalsefni, þ.e. það er gert ráð fyrir að það verði breyting á starfsemi fræðsluráðanna. Það er mjög eðlilegt að þessi breyting verði gerð á samskiptum ríkis og sveitarfélaga, þ.e. það er ekki gert ráð fyrir að fræðsluráðin fari með stjórn fræðslumála í umboði menntmrn., enda ekki gert ráð fyrir að menntmrn. hafi nein áhrif á kjör manna til starfa þar. Hins vegar verða fræðslustjórarnir alfarið starfsmenn menntmrn. og fulltrúar þess. Ég held að reynslan sýni að það fyrirkomulag sé til bóta.

Um þetta hafa ýmsir haft efasemdir og talið að byggingar grunnskóla séu svo stórt og mikið verkefni að það sé varhugavert að afhenda það alfarið sveitarfélögunum vegna þess hversu þau eru fjárhagslega mismunandi í stakk búin. Aðalatriðið er að fámennari og vanmegna sveitarfélög fái þennan aukakostnað borinn uppi af Jöfnunarsjóði sveitarfélaga svo að þau verði jafnrétt eftir sem áður. Mér sýnist að í þeim reglugerðardrögum sem samin hafa verið um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, sem félmn. Ed. fékk til athugunar og ég reikna með að félmn. þessarar deildar fái enn fremur til athugunar, sé vel fyrir þessu séð. Þar er gert ráð fyrir því að hin minni sveitarfélög fái uppi borinn aukakostnað sem af því leiðir að standa fyrir kostnaðarsömum skólabyggingum.

Ég get hins vegar fullkomlega tekið undir undrunarorð hv. síðasta ræðumanns, hv. 6. þm. Suðurl., þar sem hann vakti athygli á að til okkar þingmanna hefði nú verið dreift sem handriti frv. til l. um breytingar á grunnskólalögum frá hæstv. menntmrh. Þetta frv. hefur ekki verið lagt fram á Alþingi, en það var lagt í hólf okkar alþingismanna til skoðunar og þar er farin nokkuð önnur leið. Það frv. gengur að ýmsu leyti á svig við ákvæði þess frv. sem hér liggur fyrir. Samband ísl. sveitarstjórna hefur líka gert veigamiklar athugasemdir við þau frumvarpsdrög og fór eindregið fram á það við hæstv. ráðherra að hann biði með að leggja það frv. fram þar til búið væri að afgreiða verkaskiptingarmálið sem mundi þá leggja grundvöll að stjórnunarþætti grunnskólanna í nýju frv. til l. um grunnskóla. Engu að síður hefur ráðherra kosið að afhenda okkur þetta til athugunar sem handrit, en ég tel að það frv. þurfi að samræmast þessum lögum ef Alþingi samþykkir þetta frv. nú fyrir vorið.

Tónlistarskólarnir hafa verið mikið umræðuefni og tónlistarskólarnir hafa reyndar verið mesta deiluefnið varðandi þetta verkaskiptingarfrv. Aðstandendur tónlistarskólanna, bæði skólastjórar og kennarar, hafa verið áhyggjufullir um framtíð tónlistarskólanna ef þetta yrði niðurstaðan. Ég held að áhyggjur þeirra og sú umræða sem fram hefur farið endurspeglist mjög vel í niðurstöðum af nefndaráliti þar sem sérstök nefnd sem fjallaði um tónlistarskóla á vegum menntmrn. skilaði skýrslu um málefni tónlistarskólanna með tilliti til áforma sem uppi eru um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Í niðurstöðunni segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Eins og fram kemur í skipunarbréfi nefndarinnar er nefndinni ætlað að fjalla um málefni tónlistarskólanna með tilliti til áforma sem uppi eru um breytta

verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Meginverkefni hennar er að fara yfir málefni tónlistarskólanna með það að markmiði að treysta fjárhagslega og faglega stöðu þeirra og skal miðað við að hún versni ekki frá því sem nú er samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum. Nefndarmenn eru allir sammála um að nauðsynlegt sé að hlúa að öflugri tónlistarfræðslu hér á landi og að stefna beri að auknu samstarfi á milli grunnskólanna og tónlistarskólanna. Tónmenntafræðslan í grunnskólum á undir högg að sækja og þarf að efla hana verulega. Í tónlistarskólum víðs vegar um allt land hefur hins vegar blómgast lifandi og öflugt tónlistarstarf og má reyndar telja að það komi að hluta til í stað tónmenntafræðslu grunnskólanna. En þar sem um 85% grunnskólanemenda sækja ekki nám í tónlistarskólum er ljóst eins og áður sagði að nauðsynlegt er að efla tónmenntafræðslu grunnskólanna, en um leið gætu skapast forsendur fyrir skýrari hlutverkaskiptum milli skólanna og möguleiki á að flytja hluta af fræðslu tónlistarskólanna í grunnskóla.

Þó að allir nefndarmenn væru sammála um gott starf tónlistarskólanna og að stöðu þeirra mætti ekki breyta til hins verra er ekki samkomulag um með hvaða hætti það væri best gert. Eins og áður hefur verið lýst, þá telja tónlistarmenn að fyrirkomulagið í dag sé það besta sem þekkist í heiminum og sé því heppilegast til að tryggja áfram blómlega starfsemi tónlistarskólanna. Fulltrúar sveitarfélaga og félmrn. töldu hins vegar að farsælla yrði að færa reksturinn í hendur sveitarfélagana. Rökstuðning á báða bóga má m.a. finna í kafla 3.2. um rök með og á móti tilflutningi og einnig í sameiginlegu áliti fulltrúa tónlistarskólastjóra og fulltrúa tónlistarskólakennara, sbr. fskj. 9, og sameiginlegu áliti fulltrúa félmrn. og fulltrúa Sambands ísl. sveitarfélaga."

Þetta er úr niðurstöðum þessa nefndarálits og í lokamálsgreinum þessa niðurstöðukafla segir, með leyfi forseta:

„Nefndarmenn eru sammála um að ef tekin er ákvörðun um að flytja tónlistarskólana alfarið til sveitarfélaga sé mikilvægt að tryggja að vel verði að þeim tilflutningi staðið. Lögð verði áhersla á fjárhagslega og faglega stöðu þeirra, réttindi tónlistarkennara, góða yfirstjórn sem getur veitt skólunum upplýsingar og safnað tölfræðilegum upplýsingum um ýmis atriði og fleira. Því þykir rétt að skipa strax nefnd til að endurskoða lögin í heild eins og er gert ráð fyrir í verkaskiptafrv. og fara betur ofan í kjölinn á þessum málum. Formaður telur að með tilliti til þessa komi sterklega til greina að þessi hluti verkaskiptingarfrv. komi ekki til framkvæmda fyrr en í ársbyrjun 1991, en óháð því hvort breytingar á verkaskiptingu koma til framkvæmda eða ekki var samdóma álit nefndarmanna að nauðsynlegt væri að endurskoða frv. um tónlistarfræðslu, auka stöðu námsstjóra úr hálfu í heilt stöðugildi, sama gildir um námsstjóra í tónmennt grunnskóla, og efla tölfræðilega úrvinnslu, fjármálalegt eftirlit og upplýsingastreymi tónlistarskólanna."

Þetta er úr þessu nefndaráliti og eins og sjá má eru menn ekki alveg sammála um hvar best sé að staðsetja tónlistarskólana í kerfinu.

Ég er þeirrar skoðunar að sveitarfélögunum sé fullkomlega treystandi fyrir tónlistarskólunum. Mér er alveg ljóst að lögin sem oft er vitnað til um þátttöku ríkisins í rekstri tónlistarskóla, þ.e. 50% greiðsla af launakostnaði, hafa gert mikið gagn. Ég held hins vegar að það gagn sé mjög ofmetið í þessari umræðu. Við megum ekki gleyma því að um það leyti sem þau lög voru sett var vaxandi mikill áhugi almennings í landinu á auknu tónlistarnámi fyrir börn og unglinga og sá áhugi er alveg óháður því hvort þessi lög voru sett á Alþingi eða ekki. Sveitarfélögin hafa eiginlega haft allt frumkvæði varðandi byggingu tónlistarskóla vítt og breitt um landið og reyndar má ekki gleyma heldur ýmsum einstaklingum í héraði sem hafa haft mikinn áhuga á þessum málum.

Það kemur fram í þeim gögnum sem við höfum fengið að sveitarfélögin greiða víða mun meira en helming launakostnaðar. Sá kennslustundafjöldi sem menntmrn. miðar við hefur ekki fylgt auknum umsvifum margra tónlistarskóla.

Það er hins vegar annað mál og umhugsunarefni hvernig stendur á því að þróunin hefur frekar verið í átt til sjálfstæðra tónlistarskóla en að tónlistarfræðslan hafi farið inn í grunnskólana. Nú vitum við að sums staðar á landinu starfa hinir sjálfstæðu tónlistarskólar í húsnæði grunnskólanna og tónlistarskólarnir og grunnskólarnir samhæfa sínar stundaskrár þannig að það vekur spurningar hvers vegna menn hafa farið þessa leið frekar en setja þetta inn í grunnskólana. Mér býður í grun að þarna eigi launamál einhvern hlut að máli án þess að ég vilji fullyrða neitt um það eða fara nánar út í það hér. En það er ekki ólíklegt að niðurstaðan verði sú þegar sveitarfélögin taka við þessu í jafnríkum mæli og raun ber vitni að það verði lögð meiri áhersla á tónlistarfræðslu grunnskólanna sem ríkið tekur þá þátt í með launakostnaði en í hinum sjálfstæðu tónlistarskólum. Aðalatriðið er hins vegar að þannig sé frá málum gengið að minni sveitarfélögin, þau sveitarfélög sem minna mega sín, þurfi ekki að draga úr þessari starfsemi og mér sýnist að með reglugerð sem drög hafa verið gerð að um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og félmn. Ed. fékk til athugunar sé mjög vel séð fyrir þessum þætti. Þar er alveg tekið af skarið um að sérstök framlög til sveitarfélaga með innan við 700 íbúa skuli miða við 50% af eðlilegum kennslukostnaði. Það á að vera tryggt að minni sveitarfélögin fái áfram 50% af kennslukostnaði þannig að þau verði örugglega jafnsett eftir sem áður. Síðan er gert ráð fyrir auknum tekjum sveitarfélaganna almennt til að standa undir þessum kostnaði þannig að ég held að vel sé fyrir honum séð og ítreka og hef þá í huga allt það frumkvæði og þann áhuga sem sveitarstjórnirnar sjálfar hafa haft varðandi byggingu og rekstur tónlistarskóla vítt og breitt um landið.

Ég óttast að ef farið verður að hræra í þessum kafla geti ýmislegt fleira fylgt á eftir og við stefnum þessu frv. þannig í hættu því að eins og við sjáum á því fskj.

sem fylgir upphaflegu frv. á bls. 32 á þskj. 276 er á því fskj. mat á áhrifum breyttrar verkaskiptingar á fjármál sveitarfélaga á ársgrundvelli miðað við núverandi tillögur. Þeim hefur að vísu nokkuð verið breytt, sérstaklega varðandi stofnkostnað heilsugæslustöðva, en þá er sú upphæð sem stendur við tónlistarskólana ærið stórt hlutfall af þeim heildarupphæðum sem við erum að tala um þannig að það er ljóst að væntanlega þyrfti að taka til heildarendurskoðunar fjármálasamskipti sveitarfélaganna ef við tækjum tónlistarskólana út úr.

Byggðasöfnin áttu að verða verkefni sveitarfélaga samkvæmt því nefndaráliti sem frv. er byggt á, en því hefur nú verið breytt og er gert ráð fyrir að núverandi tilhögun varðandi byggðasöfn sé óbreytt. Menn hafa líka vikið af þeirri breytingu sem gerð var á heilsugæslustöðvum. Þær áttu að verða verkefni sveitarfélaganna samkvæmt nefndaráliti, bæði stofn- og rekstrurskostnaður, en því hefur nú verið breytt. Í frv. eins og það var upphaflega lagt fram var gert ráð fyrir að stofnkostnaður við heilsugæslu og sjúkrahús skiptist í hlutföllunum 40%:60% milli sveitarfélaga og ríkis, en reksturskostnaður greiddur af ríki, en nú hefur stofnkostnaðarhlutfalli verið breytt í Ed. þannig að það er 85% ríki og 15% sveitarfélög.

Dagvistarmálin eru líka málaflokkur sem hefur verið álitaefni í þessu sambandi. Ég tel hins vegar að á meðan við höfum ekki tengt betur saman en við höfum gert forskóla og grunnskóla séu dagvistarmál mjög eðlilegt verkefni sveitarfélaga og ég geri ekki athugasemdir við þann kafla frv.

Herra forseti. Ég vildi strax við þessa umræðu lýsa þessari skoðun minni á þessu máli. Þingflokkur Sjálfstfl. hefur rætt frv. mjög ítarlega og þingflokkurinn vill greiða fyrir afgreiðslu þess á þessu þingi. Ég tel að með þessu frv. eins og það lítur út nú hafi náðst viðunandi sátt í mörgum erfiðum og flóknum málum þar sem sveitarfélög og ríki þurfa að hafa samskipti. Ég tel jafnframt að með þessu frv. sé vel tryggt að hagsmunir hinna minni og veikbyggðari sveitarfélaga séu hafðir í huga og þeim borgið og því tel ég rétt að afgreiða þetta mál á þessu þingi.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það mál sem hér er til umræðu og komið frá hv. Ed. er að stofni til gamall kunningi sem ræddur var í hv. þingdeild fyrir rösku ári, en liggur nú fyrir í nokkuð breyttu formi og áhersla lögð á það af stjórnvöldum og samtökum sveitarfélaga að frv. þetta nái fram að ganga á þessu þingi.

Það verður að segjast að mál þetta er nokkuð seint komið til hv. deildar, miðað við áform um að ljúka störfum Alþingis 6. maí eða þar um bil, miðað við hvað hér er viðamikið mál á ferðinni og mér fannst nokkuð sérkennilegt að það skyldi valin önnur þingdeild en fjallaði um mál þetta í fyrra allítarlega þegar hæstv. ráðherra lagði málið fyrir Alþingi í breyttu formi á yfirstandandi þingi. Þar með er ég ekki að segja að ástæða sé til að vantreysta hv. Ed. að fjalla um mál af þessu tagi, síður en svo. Hún hefur haft málið með höndum og fjallað um það ítarlega og vandlega eins og orðað er í nál. félmn. hv. Ed. Vil ég trúa því að það standi undir nafni sem þar segir. Engu að síður hefði ég talið hitt farsælla, miðað við það að hér fór fram bæði ítarleg umræða um þessi mál og ítarleg athugun á vegum félmn. þessarar hv. deildar á síðasta þingi, að málið kæmi hér fram og sé til fyrstu vinnslu áfram á vegum þingsins.

Þetta minnir okkur á annað frv. sem liggur fyrir hv. þingdeild, nýlega flutt frv. um breytingu á stjórnskipan, breytingu á stjórnarskrá, starfsháttum Alþingis, flutt af hv. 1. þm. Norðurl. v., allviðamikið frv. sem ég er meðflm. að ásamt fleirum, þar sem m.a. er gert ráð fyrir að Alþingi starfi í einni málstofu. Ef sú skipan væri komin á væru athugasemdir af því tagi sem ég nefni hér óþarfar.

Það blasir við sú ánægjulega staðreynd að veruleg breyting hefur orðið til bóta á þessu máli frá því sem var á síðasta þingi. Satt að segja var framlagning þessa máls í fyrra dæmigert flaustursverk. Átti það a.m.k. við um mjög marga þætti málsins eins og þeir lágu fyrir og var það þó kynnt á þeim tíma sem afskaplega fullkomin smíð af þeim sem að málinu stóðu, bæði hæstv. ráðherra og náttúrlega þeim sem skipað höfðu þær nefndir sem undirbjuggu málið á þeim tíma. Það var heldur í hneykslunartón sem talað var við okkur sem þá andmæltum ýmsu í því frumvarpi sem þá lá fyrir yfir okkar aðfinnslum á þessari ágætu smíð sem lögð hafði verið fyrir þingið. En það kom á daginn þegar farið var að skoða málið og ræða að álitamálin voru mörg og ágallarnir margir og það fóru að heyrast raddir, ekki bara hér á Alþingi heldur víða um land, sem tóku undir. Leiddi það til þess að þetta stjórnarfrumvarp þáv. hæstv. ríkisstjórnar varð strand í þinginu sem betur fór og fór til endurvinnslu og er nú komið til baka í breyttu formi og búið að taka tillit til margra atriða sem ábendingar voru gefnar um, m.a. af þáv. minni hl. félmn. sem tíundaði marga ágalla í sínu nál. Mikið af þeim hefur nú verið sniðið af, en samt er það svo að gera hefði mátt betur. Enn eru þættir í frumvarpinu, einnig eftir meðferð og breytingar í hv. Ed., sem að mínu mati hefði átt að sníða af þessu máli til þess að ég geti verið sáttur við uppbyggingu þess og lögfestingu. Á það raunar við um marga sem tjáð hafa sig um þetta mál bæði á þingi og utan þings.

Þetta snýr að þáttum sem gerðir hafa verið að umtalsefni hér af hv. ræðumönnum, hv. þm. sem hér hafa talað um málið. Fram hafa komið í máli þeirra, bæði hv. 12. þm. Reykv. Kristínar Einarsdóttur og hv. 6. þm. Suðurl. Óla Þ. Guðbjartssonar ábendingar um breytingar sem æskilegt væri að gera á frumvarpinu. Ég deili sumum af áhyggjum þeirra og vildi sjá breytingar varðandi vissa þætti sem að var vikið í þeirra máli.

Ég vil áður en ég vík að þessum atriðum, virðulegur forseti, segja að hugmyndafræðin að baki þessu verkaskiptingarmáli, sem við köllum svo, er umdeilanleg, m.a. þau hreinu skipti sem er lögð áhersla á í rökstuðningi þeirra sem unnið hafa að þessum

málum af hálfu sveitarstjórna og af hálfu ríkis á umliðnum árum. Sú röksemdafærsla er ekki fullgild að mínu mati fyrir breytingum á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, ekki í öllum greinum, þó hún geti verið til hliðsjónar og geti átt rétt á sér að vissu marki.

Ég er alveg sannfærður um að sameiginleg fjármögnun ríkis og sveitarfélaga á mörgum þáttum sem eru framkvæmdalega á verksviði sveitarstjórnanna, sveitarfélaganna og tilheyra þeim, sveitarfélögin taka við þeim og nýta viðkomandi stofnanir og mannvirki, að stuðningur ríkisins og þátttaka ríkisins í þeim framkvæmdum mörgum hefur verið mjög til heilla og til þess fallin að bæta félagslega stöðu og framkvæmdalega stöðu í sveitarfélögunum víða um land.

Það eru tiltölulega léttvæg rök þegar litið er til ýmissa þeirra þátta þegar fram er fært að kostnaðaruppgjör sé flókið og þvælist fyrir mönnum, sé tafsamt, oft á eftir og ríkið standi þar ekki við sinn hlut. Margt af þeirri gagnrýni á rétt á sér, m.a. er það vegna þess að ráðuneytin virðast ekki ráða við að gera hlutina upp sem skyldi, sveitarsjóðirnir kannski ekki heldur, og af því hafa skapast ýfingar milli aðila og þrýstingur á það frá þeim sem halda um fjármálin að breyta reglunum og reyna að einfalda skiptin. Það er alveg sjálfsagt að reyna að taka tillit til slíkra þátta. En við skulum ekki gleyma þeirri þýðingu, þeirri örvun, sem þátttaka ríkisins, m.a. í framkvæmdum sveitarfélaganna, kostnaðarleg þátttaka, hefur verið, sú örvun og sú trygging að vissu leyti fyrir jöfnuði á aðstöðu fólks víða á landinu, vegna þessara samskipta. Þessar ábendingar vildi ég gera varðandi það sem ég kalla hugmyndafræðina að baki frv.

Ég vil líka nefna, sem varðar almennt þetta mál, að ég er dálítið smeykur um að við það uppgjör sem hér á að fara fram og tíundað er í frumvarpinu á bls. 32, frumvarpinu eins og það var lagt hér fyrir, sem er mat á áhrifum breyttrar verkaskiptingar á fjármál sveitarfélaganna á ársgrundvelli eða við tillögurnar eins og þær voru samkvæmt frumvarpinu, séu sveitarfélögin í landinu að láta hlunnfara sig dálítið. Niðurstöðutölurnar eru að vísu þannig að sveitarfélögin eiga að hagnast á þessum skiptum sem nemur 639 millj. kr., ef ég hef tekið rétt eftir, lækkun á þeirra útgjöldum er tæpir 2 milljarðar en hækkunin röskar 1300 millj. kr., en þess ber að gæta að viðmiðunartíminn, það árabil sem notað er til þess að komast að þessari niðurstöðu, hefur ekki verið sveitarfélögunum sérstaklega hagkvæmt ef litið er til fjárveitinga af hálfu ríkissjóðs til framkvæmda í landinu, sameiginlegra framkvæmda ríkis og sveitarfélaganna.

Ef litið er til áranna 1983–1987, sem ég hygg að komi inn í þetta uppgjör, þessa útreikninga og þessa viðmiðun, þá var það engin glæsiframmistaða hjá ríkisvaldinu á þeim tíma varðandi fjárveitingar til sameiginlegra framkvæmda ríkis og sveitarfélaga í landinu. Það voru ansi dapurleg ár varðandi ýmsar af þeim framkvæmdum sem ganga inn í þetta uppgjör. Ég er smeykur um að sveitarfélögin eigi eftir kannski að uppgötva það þó seinna verði að dæmið er ekki eins fallegt eins og það blasir við á þessum útreiknuðu tölum og hefði verið æskilegt að líta til lengri tíma í sambandi við þau skipti, til ára þegar ríkisvaldið stóð sig betur en verið hefur um árabil í þessum efnum varðandi fjárveitingar til sameiginlegra framkvæmda ríkis og sveitarfélaga. Við breytum því sjálfsagt ekki hér og nú, en ég leyfi mér að gefa þessa ábendingu og kannski hefur hæstv. félmrh. eitthvað um málið að segja, þetta atriði.

Ég vil þá víkja að tveimur þáttum þessa máls þar sem ég hef sérstakar athugasemdir að gera og vildi sjá breytingar á þessu frumvarpi frá því sem fyrir liggur frá hv. Ed. Það eru þau atriði sem snerta tónlistarfræðsluna í landinu, þær breytingar frá gildandi lögum sem þar er verið að gera þar sem verið er að strika út þátttöku ríkisins í launakostnaði tónlistarskólanna í landinu. Ég efast um að þar sé á ferðinni breyting sem sé eftirsóknarverð miðað við þá fræðslu sem þarna á sér stað, þá þýðingarmiklu fræðslu, tónlistarfræðsluna. Hér liggur fyrir sérstakt nefndarálit frá menntmrn., nýlega komið í hendur þingmanna, dags. 28. mars 1989, sem ber þessum áhyggjum vitni af hálfu þeirra sem annast þessa fræðslu, kennaranna og skólastjóranna og þeirra sem næstir eru vettvangi. Að vísu kemur hitt á móti að sveitarfélögin, fulltrúar þeirra sem veita þessu frumvarpi bakstuðning, hafa skrifað upp á þetta, vilja taka áhættuna. En ég tel að þeir séu að stíga rangt skref varðandi þennan þátt mála. Kannski eigum við hér á Alþingi að segja sem svo: Látum þá bera áhættuna eftir að hafa skrifað upp á þessar tillögur. En það er nú einu sinni Alþingi sem er ætlað að líta til með heildarhagsmunum í landinu og bera ábyrgð á lagagerð. Þess vegna hljótum við að taka þessi mál hér til verulegrar athugunar minnug þess upp á hvað var skrifað af fulltrúum sveitarstjórna varðandi frumvarpið sem lá fyrir á síðasta þingi, að vísu með fyrirvörum frá nokkrum. En heildarmyndin sem kynnt var okkur þá var sú að sveitarfélögin vildu endilega fá það lögfest sem þar var á ferðinni. Það kom að vísu í ljós að þau höfðu ekki fengið málið til athugunar, ekki til umsagnar eða eðlilegrar skoðunar á þeim tíma. Úr því hefur verið bætt að nokkru leyti. En ég hefði viljað sjá að þetta frumvarp hefði farið formlega frá Alþingi til umsagnar í öllum sveitarstjórnum á landinu, en ekki bara til nokkurra útvalinna stjórna landshlutasamtaka sveitarfélaga. Þó svo að Samband ísl. sveitarfélaga hafi komið málinu á framfæri við öll sveitarfélög að ég vænti var það ekki með formlegum hætti frá félmn. Ed. Ég held að það hefði verið gott að hver einasta sveitarstjórn á landinu hefði þurft að bregðast við og fjalla um málið og senda Alþingi viðbrögð sín, til þess líka að hafa farið yfir málið og átt þess kost að kynna sér málið með formlegum hætti og koma með viðbrögð til þingsins.

Ég vara við því, virðulegur forseti, að stefnt sé að því að lögfesta þá breytingu sem hér er boðuð í sambandi við tónlistarfræðslu í landinu og vísa til þeirra fjölmörgu álitsgerða sem liggja fyrir, bæði á síðasta þingi og nú, í sambandi við þetta mál, m.a. í umræddu nefndaráliti.

Hinn þátturinn sem ég vík hér að snertir dagvistarstofnanirnar og þær breytingar sem verið er að gera þar sem ganga ekki í þá átt sem ég hefði viljað sjá varðandi þessa mjög svo þýðingarmiklu starfsemi sem þyrfti að vera komin í allt annað horf lagalega séð og hvað snertir rekstur en raun ber vitni. Þá ætla ég ekki að gera að sérstöku umtalsefni þann yfirþyrmandi skort á dagvistarstofnunum víða um land og afleiðingar þess, afleiðingarnar sem það hefur fyrir börnin í landinu, fyrir fjölskyldurnar í landinu og fyrir konur í landinu alveg sérstaklega. En hér er verið að varpa þessum þætti nánast að fullu og öllu yfir til sveitarfélaganna með örlitlum varnagla varðandi umsjón af hálfu menntmrn. í frvgr. þar sem sérstaklega er vikið að byggingum. Það er 60. gr. frumvarpsins þar sem segir, með leyfi forseta: „Bygging og rekstur dagvistarheimila er í verkahring sveitarfélaga. Menntmrn. skal hafa með höndum umsjón og eftirlit með dagvistarstofnunum og vera sveitarstjórnum til ráðuneytis um þessi mál. Samþykki menntmrn. og hlutaðeigandi sveitarstjórnar þarf til að setja á stofn dagvistarheimili."

Þarna er að vísu ríkinu og menntmrn. lagðar nokkrar skyldur á herðar, en mér er nokkuð til efs að aðstaða ríkisvaldsins og ráðuneytis til íhlutunar um málefni dagvistarstofnana verði með þeim hætti sem nauðsyn krefur og æskilegt væri eftir að fjárhagslegum afskiptum af þessum stofnunum er lokið af hálfu ríkisins, en sem kunnugt er hefur verið veittur styrkur til byggingar dagvistarheimila og er það reiknað út sem 59 millj. kr. kostnaðarauki fyrir sveitarfélögin, en þau framlög hafa verið mjög svo skorin við nögl af ríkisvaldinu á mörgum umliðnum árum þrátt fyrir áætlanir og áheit um annað.

Ég vildi sjá þessum málum fyrir komið með allt öðrum hætti en hér er gert ráð fyrir og vísa í því sambandi, virðulegur forseti, til þáltill. sem ég flutti á síðasta þingi varðandi löggjöf um forskólastig og áætlun um uppbyggingu dagvistarstofnana. Þar er dregin upp mynd af þeim breytingum sem ég hef í huga og tel nauðsynlegt að gerðar verði. Kjarni þess máls er að mótuð verði löggjöf og framkvæmdir á grundvelli löggjafar um sérstakt forskólastig sem taki til dagvistarstofnana, taki til aðstöðu barna frá því að fæðingarorlofi foreldra lýkur, væntanlega verður það eitt ár innan tíðar, taki til aldursskeiðsins frá eins árs eða svo og þar til að skólaskylda hefst, varði sem sagt börn á aldursbilinu eins til sex ára eða þar um bil og þau eigi lögum samkvæmt rétt á góðri dagvistun með uppeldi og menntun við hæfi.

Á vegum menntmrn. starfar nú nefnd sem vinnur að þessu máli samkvæmt ákvæðum í stjórnarsáttmála núv. ríkisstjórnar, að móta löggjöf um forskólastig á svipuðum grunni að ég hygg og gert var ráð fyrir í þeirri þáltill. sem ég er hér að vitna til. Ég hefði talið að það væri eðlilegt að haga kostnaðarþátttöku ríkisins varðandi þetta væntanlega skólastig með hliðstæðum hætti og varðandi grunnskólann í landinu, þ.e. að ríkið kosti starfsmenn dagvistarstofnana, starfsmenn forskóla eins og hann er skilgreindur hér, þar sem öll börn hafi rétt til dvalar og uppeldis og að öðlast menntun við hæfi. Það er breyting sem ég vænti að Alþingi eigi eftir að gera þó að það verði ekki nú í sambandi við þessi efni þó að ég hafi sannarlega talið æskilegt að unnt væri að tengja það nú þegar, málið væri þannig undirbúið að það væri unnt að tengja það nú þegar lagabreytingum varðandi verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Það er fram á of mikið farið eins og málið liggur fyrir, en samt sem áður væri æskilegt a.m.k. að styrkja til muna íhlutunarþátt og skyldur ríkisins í sambandi við þennan þátt mála, dagvistarstofnanirnar.

Ég læt, virðulegur forseti, þessar ábendingar nægja varðandi þennan þátt, en mig langar að nefna áður en ég lýk máli mínu einn þátt í breytingum sem gerðar voru á frv. frá því að það var lagt fram fyrr á þinginu sem snertir 4. gr. laganna, kostnað við byggingu og búnað heilsugæslustöðva þar sem breyting hefur orðið á kostnaðarhlutfalli og það hefur verið fært til baka til fyrra horfs í sambandi við hlutdeild ríkisins. Ég teldi æskilegt að fyrir lægi í þingnefnd a.m.k. yfirlit um hvar þessi mál eru á vegi stödd í sambandi við byggingu heilsugæslustöðva, hvaða meginrök eru fyrir því að halda núverandi horfi sem vel getur átt fullan rétt á sér og tillaga þar að lútandi mun vera komin frá stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga. En ég vek einnig athygli þeirra sem fá þetta mál til umfjöllunar á þeirri tilhögun sem gert er ráð fyrir varðandi stjórn þessara stöðva samkvæmt 6. gr. frv. með breytingum sem hv. Ed. gerði á greininni varðandi stjórn heilsugæslustöðvanna þar sem gert er ráð fyrir að meiri hluti stjórnar sé kosinn af hlutaðeigandi sveitarstjórn þrátt fyrir þessa kostnaðarhlutdeild og að ríkisvaldið eigi þarna aðeins einn fulltrúa sem ráðherra skipar. Ég er ekki að segja að þetta geti ekki átt rétt á sér, en það er mjög eðlilegt að ríkið tryggi sér öruggan eftirlitsrétt og íhlutunarrétt í sambandi við meðferð mála af þessu tagi sem fjármagnaður er að svo háu kostnaðarhlutfalli af hálfu ríkisins, en hitt er ofur eðlilegt að sá fulltrúi þekki vel til og sé tilnefndur af heimavettvangi eins og gert er ráð fyrir varðandi þann eina fulltrúa sem ráðherra tilnefnir samkvæmt málinu eins og það liggur fyrir, samkvæmt 6. gr.

Ég ætla ekki á þessu stigi máls að taka hér fyrir fleiri þætti varðandi frv. Ég tek fram að ég tel að hér hafi verið gerðar mjög verulegar og veigamiklar lagfæringar á þessu máli frá því að við skildum við það á síðasta þingi í hv. þingdeild og ætla ekki að taka tíma til að tíunda þau mörgu efni sem breytt hefur verið, bæði stór og smá fjárhagslega séð en þýðingarmikil, einnig hin minni háttar hvað snertir fjárhagslegan þátt eins og t.d. varðandi byggðasöfnin sem eru ekki lengur inni í þessu máli en var ætlað að flytjast alfarið yfir á verksvið sveitarfélaganna samkvæmt málinu eins og það lá hér fyrir á síðasta þingi.

Ég vænti þess að frv. fái afgreiðslu og verði lögfest þrátt fyrir þann skamma tíma sem eftir er af starfstíma þingsins. Það er mjög æskilegt og nauðsynlegt að reyna að koma þessu máli fram að mínu mati. Hitt

verður svo að vera verkefni þingsins á seinni stigum, eftir að málið hefur að athuguðu máli verið afgreitt frá þinginu sem lög og þá væntanlega með breytingum eins og ég hef vikið að, að fylgjast með þessu máli áfram. Þetta verður enginn lokapunktur varðandi verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og nauðsynlegt að þróa þau mál til sem bests vegar fyrir alla aðila, ríkið og sveitarfélögin en umfram allt fyrir fólkið í landinu, þá sem eru njótendur og þolendur þeirra ákvarðana sem teknar eru að þessu leyti. Það geta verið mín lokaorð að sinni um þetta mál, virðulegur forseti.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Mér þykir hlýða að segja örfá orð í sambandi við þetta mál, frv. til l. um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, ekki af því að ég ætli að ræða það efnislega, enda er það óþarfi af minni hálfu. Þetta hefur verið eitt af baráttumálum sveitarfélaga í áratugi og það vill svo einkennilega til að ég hef tengst þessum umræðum og meðferð málsins á vegum sveitarfélaga allt frá árinu 1966. Ég fór að rifja upp fyrir stuttu að það ár byrjuðu afskipti mín af þessu máli, enda verið í nærfellt öllum þeim nefndum sem skipaðar hafa verið til að fjalla um verkaskiptamál ríkis og sveitarfélaga alveg frá fyrstu tíð. Það vill einnig þannig til að ég var í nefndum sem sömdu lögin um tekjustofna sveitarfélaga 1972 og aftur 1980 þannig að ég þekki baráttuna í kringum þetta mál. Það hefur verið mín meining frá fyrstu tíð og í gegnum þá reynslu sem ég hef öðlast um áratugina að breyta þyrfti þessum málum þannig að þessi skipting milli ríkis og sveitarfélaga að því er varðar fjármögnun og verkefni væri skýr og einföld, en eigi að síður hefur reynslan orðið sú að það hefur ekki tekist eins vel og menn vonuðu á þessum áratugum að koma þessu máli í höfn þrátt fyrir að það má ekki vanmeta að mörgum stórum og góðum áföngum hefur verið náð til að reyna að skýra þessi mál á undanförnum árum.

Allir vita hvernig hefur gengið til síðari árin og öllum hv. þm. er það kunnugt. Það var gerð tilraun til að koma hluta af þessu máli í höfn á síðasta þingi, en það mistókst af þeirri eðlilegu ástæðu að það var slitið úr tengslum við aðalmálið þannig að það var eðlilegt að kasta því í bréfakörfuna og byrja upp á nýtt með þeim heildarverkatilflutningi sem er lagður til í þessu frv. Ég þarf ekki að rekja það, það byggir fyrst og fremst á nál. um samstarf ríkis og sveitarfélaga sem kom í apríl 1987 frá þeirri ríkisstjórn sem ég átti sæti í sem félmrh. og var sent öllum sveitarstjórnarmönnum landsins og ýmsum aðilum, öllum þingmönnum og öðrum sem höfðu áhuga fyrir að kynna sér þessi mál. Þar voru lagðar fram tillögur bæði í sambandi við verkatilflutning og eins tekjustofna sem frv. sem hér liggur fyrir byggir á í öllum aðalatriðum.

Ég vil segja fyrir hönd Framsfl. að þingflokkurinn samþykkti frv. á sínum tíma og leggur áherslu á að það verði örugglega afgreitt sem lög á þessu þingi. Hins vegar get ég ekki látið hjá líða að taka undir gagnrýni sem hér hefur komið fram um að það er ákaflega óeðlilegt og óheppilegt í meðferð málsins að leggja þetta stóra og fyrirferðarmikla mál fram í Ed. Án þess að draga í efa hæfni hv. þm. í Ed. var það ákaflega óheppilegt að láta ⅓ af þingmönnum Alþingis hafa svona stór og viðamikil mál allan þingtímann, en síðan á þingdeildin þar sem eiga sæti ⅔ hlutar þingmanna að afgreiða slíkt mál á einni viku. Þetta var óheppilegt. Hins vegar má það ekki verða til þess að tefja þetta mál eða gera tilraun til að breyta því frá því sem Ed. gekk frá því því það væri sama og gera tilraun til að koma í veg fyrir að málið fái lokaafgreiðslu á þessu þingi. Þess vegna vara ég mjög við því, þó að menn geti rökstutt ýmis atriði sem hefði verið kannski æskilegt að gera öðruvísi en frv. með breytingum í hv. Ed. gerir ráð fyrir, að þingmenn ætlist til þess að verði hægt að gera breytingar á þessum mikla lagabálki og raunar tekjustofnalögunum einnig á þeim örfáu dögum sem við eigum eftir að vera að þingstörfum. Ég vil segja þetta í upphafi til þess að láta koma fram hver okkar afstaða er og við munum reyna að tryggja að þetta mál verði afgreitt sem lög á þessu þingi. Annað má ekki koma fyrir. Það er búið að ræða þessi mál svo mikið á undanförnum árum og ekki síst á 2–3 síðustu mánuðum að við megum ekki láta okkur henda það að þrátt fyrir ýmis ákvæði sem mætti rökstyðja að væri hægt að gera á annan hátt sé komið í veg fyrir að þetta þing afgreiði þetta mál.

Ég skil vel afstöðu margra sveitarfélaga sem komu að máli við þingmenn og sendu okkur ályktanir o.s.frv. og hafa vissan kvíða fyrir framvindu málsins. Þar á ég sérstaklega við sveitarfélög í dreifbýli sem eðlilega kvíða fyrir því að þau ákvæði sem eru í tekjustofnafrv. tryggi ekki nægjanlega að þær sveitarstjórnir lendi ekki í vandræðum í sambandi við rekstur á skóla og ekki síst við byggingu skólamannvirkja o.s.frv. og að aðstaða þeirra sem er miklu verri en í þéttbýlinu verði, ekki síst til lögbundinna verkefna, ekki að fullu bætt í gegnum Jöfnunarsjóð. Þetta verður löggjafinn að tryggja með því að ef það kemur í ljós að þau ákvæði sem eru í þessum báðum frumvörpum nægja ekki til þess að veita þessa tryggingu verður að bregðast við því hratt og eðlilega á næsta þingi sem verður eftir að slík umræða kæmi fram sem ég sé ekki enn að þurfi að óttast en vissulega getur þetta alltaf komið upp.

En það sem ég tel að sé mestur vandinn í meðferð þessa máls, sem er náttúrlega ærinn því eftir að þessi lög eru samþykkt er framkvæmdin aðalatriðið, og uppgjörsmálin. Ég get tekið undir það með hv. 2. þm. Austurl. að auðvitað eru þær upphæðir sem eru lagðar til grundvallar sem fskj. með frv. kannski ekki alveg 100%. Það væri til mikils ætlast ef svo væri. En alla vega eru þarna, tel ég, viss atriði sem löggjafinn þarf að vera á verði um að verði ekki til þess að hlunnfara sveitarfélögin, ekki síst þau sem minna mega sín vegna þess að það er komið í ljós í meðferð fjárlagaafgreiðslu að sveitarfélög telja sig í mörgum tilfellum eiga jafnvel meira inni hjá ríkissjóði t.d. í

sambandi við uppgjör á skólamannvirkjum og ýmsum sameiginlegum verkefnum en viðkomandi ráðuneyti telja. Þetta á ekki hvað síst við í sambandi við menntmrn. Þetta er mjög viðkvæmur þáttur í þessu verkaskiptamáli sem þarf að fylgjast gaumgæfilega með og vera á verði um að þarna sé ekki verið að fremja óréttlæti því að auðvitað ætlumst við til þess að með þessari breytingu sé öryggi allra sveitarfélaga tryggt í sambandi við ákvæðin um Jöfnunarsjóðinn. Þessu verður virkilega að fylgjast vel með og ég tel alveg sjálfsagt að við fáum í hendur drög að reglugerð um framkvæmd þeirra mála og ekki síst þennan þátt sem mest hefur verið deilt um og sveitarstjórnir víða í landinu kvíða mest fyrir í framkvæmd.

Eins og ég sagði áðan ætla ég ekki að fara út í efnislega umræðu um þetta, en það verður sjálfsagt tækifæri til að ræða þetta vel í félmn. Nd. sem þarf að hraða þessu máli í gegn. Ég hef samúð með tónlistarmönnum, en ég held samt að áhyggjur þeirra séu óþarfar ef — ég segi ef — framkvæmd þessa ákvæðis sem er í verkaskiptafrv. verður fylgt eftir með eðlilegum hætti. Það er ekkert vafaatriði, sem kom fram hjá hv. 2. þm. Reykv., að víða um landið hafa menn rekið tónlistarskóla og reka tónlistarskóla og reyna að nýta það fjármagn sem er fólgið í grunnskólalögunum til reksturs slíkra skóla. Þar af leiðandi kemur í opinberri umsýslu ekki fram kannski hið rétta í sambandi við hvernig þetta er miðað við gildandi lög því menn reyna að nota sér grunnskólalögin til að reka tónlistarskóla. Það eru víða dæmi um þetta. En ég held samt sem áður að það verði að treysta sveitarfélögunum, sem um árarаðir hafa verið að berjast fyrir þessu máli, og samtökum þeirra til þess að standa þannig að málum að vera fullfær um að taka við þeim rekstri sem hér er lagt til í sambandi við frv. Komi hins vegar í ljós að svo verði ekki eru tónlistarfræðslan og tónlistarskólarnir svo mikilvægur hlekkur í menningu okkar þjóðar að við hljótum að snúast til varnar fyrir þann málaflokk ef annað kemur í ljós í sambandi við þá tillögu sem hér er verið að gera. Ég vek athygli á því að samkvæmt núgildandi lögum hefur alls ekki verið þannig haldið á þessu máli að það væri beinlínis hægt að hrópa húrra fyrir framvindu tónlistarfræðslunnar í landinu almennt þó að þar hafi verið ágætt starf unnið.

En ég legg aðaláherslu á það í þessum fáu orðum mínum að ég held að við getum ekki séð aðra leið færa, þrátt fyrir þann ágalla í meðferð þingsins að láta ⅔ þingmanna ekki fá þetta mál nema í örfáa daga, en hlutast þannig til um þessi mál í sameiningu að þetta verði afgreitt án þess að gera á því miklar breytingar því að breytingar héðan af á þessu þingi eru óraunhæfar að því leyti til að þá er málinu stefnt í beina hættu og það má ekki ske. Við björguðum því fyrir horn í fyrra með því að taka ekki hluta af því sem hafði í raun og veru enga fótfestu, en nú erum við með allt málið eða aðalþætti þessara samskiptamála og þess vegna tel ég lífsnauðsyn fyrir sveitarfélögin í heild að það verði afgreitt sem lög á þessu þingi því það mun auka sjálfstæði sveitarfélaga, fjárhagslegt öryggi þeirra og byggðarlaganna um leið ef rétt er á haldið og því verður að fylgjast með að svo verði gert.

Eggert Haukdal:

Herra forseti. Það ber vissulega að fagna þeirri miklu samstöðu sem nú hefur náðst um afgreiðslu þeirra verkaskipta- og tekjustofnafrumvarpa sem hér eru til umræðu hvort á eftir öðru. Þar sem frumvörp þessi eru nátengd mun ég fjalla um þau bæði í máli mínu.

Það hefur tekið langan tíma að ná þessum árangri og það er kannski ekki óeðlilegt miðað við hversu sveitarfélögin í landinu eru misjafnlega sett hvað varðar stærð og aðstæður. Af þeirri ástæðu hefur skort samstöðu meðal sveitarstjórnarmanna. Minni sveitarfélögin hafa óttast um hag sinn kæmi til breytinga. En það hefur tekist að leysa þennan ágreining með farsælu starfi margra góðra manna.

Með samþykkt frumvarpanna er komið á hreinni skilum í verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaganna og með ákveðinni verkaskiptingu og úrbótum á tekjustofnum er valdið fært heim í hérað. Að mínum dómi á valdið að vera hjá ríkinu og sveitarfélögunum. Það vantar ekkert millistig. Um hin stærri mál sem minni sveitarfélög geta ekki leyst ein er eðlilegt að fleiri sveitarfélög taki höndum saman og við höfum mörg dæmi um slíka samvinnu sem víða hefur gefist vel og mun fara vaxandi.

Í öllum ágreiningi sem er uppi á hv. Alþingi í hinum stærri málum eru þessi mál og málalok sem ljós í myrkrinu. Það ber að þakka og það sem veldur þessu er fyrst og fremst góð forusta stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga þar sem í sitja þaulreyndir sveitarstjórnarmenn úr flestum flokkum. Einnig ber að þakka réttsýnum mönnum úr ráðuneytum. Góð samstaða þessara manna gerir að verkum að allir stjórnmálaflokkarnir á Alþingi taka fullt tillit til þeirra.

Of lengi er búið að tala um þessi mál án þess að koma þeim í framkvæmd. Hefði málið farist fyrir eitt árið enn er hætt við að langt væri í land. Þvert á móti blasa nú við mikil tímamót í þessum málum. Menn hafa verið hræddir við að ekki væri nógu vel séð fyrir minni sveitarfélögunum þegar þetta spor yrði stigið svo sem fyrr kom fram í máli mínu. En ég vil trúa því að breytingar á Jöfnunarsjóðnum muni koma í veg fyrir að hin smærri verði út undan. Komi hins vegar upp mismunun í framkvæmd sem þarf að leiðrétta er þess að vænta að það verði lagfært með jafnbreiðri samstöðu og nú liggur fyrir. Það er ástæða til að undirstrika að það var búið að leggja í þetta verk áravinnu og það var orðin nauðsyn að árangur færi að koma í ljós svo sem nú er að verða. En að mörgu leyti hefur undirbúningur þessa máls verið til fyrirmyndar þótt leiðin sé orðin löng að þessu marki.

Varðandi verkaskiptafrv., sem er mjög mikilvægt fyrir sveitarfélögin og styrkir vitund þeirra í hlutverki sínu, vil ég segja þetta:

Hér er tekið á flestum þeim verkefnum sem fram að þessu hafa valdið spennu og erfiðleikum í sam-

skiptum þessara tveggja stjórnvalda, ríkis og sveitarfélaga. Veigamestu verkefnin sem flutt verða á milli aðila eru bygging grunnskóla og rekstur annar en kennslulaun. Hér er um mjög mikla breytingu að ræða sem margir hafa óttast að sveitarfélögin réðu ekki við, en samkvæmt nýrri skiptingu Jöfnunarsjóðs, m.a. til stofnframlaga, eiga minni sveitarfélög greiðari aðgang að fé til stofnframlaga en áður og reikna má með að hærri upphæð fari til þessara mála í dreifbýli en áður. Rekstur framhaldsskóla fer alfarið til ríkisins, en aðilar standa áfram saman að byggingu um 40%:60%.

Rekstur tónlistarskóla flyst til sveitarfélaga sem hér eftir greiða kennslulaun í þeim skólum er uppfylla skilyrði laga og er sveitarfélögum séð fyrir tekjum til að standa undir þessum kostnaði, þeim minni frá Jöfnunarsjóði, þeim stærri með auknum fjárráðum, m.a. vegna niðurfellingar greiðslna til sjúkratrygginga. Vonandi setja sveitarfélögin áfram metnað sinn í að reka tónlistarskólana með myndarbrag.

Miklar breytingar eru gerðar á þeim málum sem falla undir heilbr.- og trmrn. Sveitarfélög utan höfuðborgarsvæðisins lögðu á það mikla áherslu að rekstur heilsugæslunnar færðist alfarið til ríkisins og bentu m.a. á misvægi í kostnaði þar sem samrekstur sjúkrahúsa og heilsugæslu væri til staðar. Á þetta hefur verið fallist og jafnframt að halda óbreyttri kostnaðarskiptingu í uppbyggingu heilbrigðismannvirkja, 85:15%. Mestu millifærslurnar í fjármunum felast þó í yfirtöku ríkisins og Atvinnuleysistryggingasjóðs á allri sjúkratryggingunni sem samanlagt gæti numið um 1400 millj. kr. á næsta ári. Hér er um að ræða kostnað sem sveitarfélögin hafa ekki nein umráð yfir og hefur vaxið allt að því stjórnlaust undanfarið. Hér hefur kostnaður við tannlækningar vegið þungt.

Gert er ráð fyrir uppgjöri milli ríkis og sveitarfélaga varðandi útistandandi byggingarskuldir vegna skólamannvirkja, dagvistunarheimila og íþróttamannvirkja. Það er mjög mikilvægt mál og mikið í húfi að rétt sé að staðið. Gert er ráð fyrir að uppgjör taki fjögur ár.

Í stuttu máli má segja um verkaskiptafrv. að það sé við það miðað að efla sjálfsvitund og sjálfstjórn heimamanna og um leið eru gerðar til þeirra auknar kröfur. Sveitarfélögin fagna þessari þróun og munu vonandi sýna að þau eru þessum vanda vaxin. En ríkisstjórn á hverjum tíma má heldur ekki hér eftir skerða Jöfnunarsjóðinn með þeim hætti sem of oft hefur verið gert.

Varðandi tekjustofnafrv. vil ég segja þetta:

Í allri umræðunni um breytta verkaskiptingu hafa menn óttast að ekki yrði gengið nógu vel frá tekjustofnum, svo og uppgjörsmálum milli ríkis og sveitarfélaga. Fram að þessu hefur ráðstöfunarfé Jöfnunarsjóðsins farið til almennra framlaga sem hafa verið jöfn krónutala á hvern íbúa. Aðeins 6% af ráðstöfunarfé sjóðsins hefur farið í tekjujöfnun milli sveitarfélaganna.

Samkvæmt frv. er Jöfnunarsjóði gerbreytt og sjóðurinn gerður að virkilegum jöfnunarsjóði sem nú á að veita framlög til sérstakra verkefna og jöfnunarframlög til sveitarfélaga utan höfuðborgarsvæðisins, samanlagt um 750 millj. kr. ef þessi breyting gengur fram. Í frv. er lagt til að almennu framlögin hverfi, en stærstur hlutur gangi til að greiða sveitarfélögunum framlög vegna breytinga á lögunum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga svo og til jöfnunarframlaga, en þau hefðu þurft að vera fimmföld á síðasta ári ef vel hefði átt að vera. Nú er ætlað samkvæmt frv. að verja hluta af þessu fé til að standa undir eðlilegri þjónustu hjá minni þéttbýlissveitarfélögum sem ekki hafa nægilegar tekjur til að sinna henni. Verkaskiptaframlögin munu fyrst og fremst ganga til dreifbýlissveitarfélaga til að bæta þeim aukinn kostnað sem þau verða fyrir vegna breyttrar verkaskiptingar. Lögð er áhersla á að sveitarfélögin eigi ekki að vera verr sett en áður. Það er meginmálið. Og 16. gr. frv. um tekjustofna segir fyrir um að hagur sveitarfélaganna verði ekki lakari eftir breytingarnar en áður var. Markmiðið ætti auðvitað að vera að hann yrði betri, en það mun koma í ljós.

Úthlutun framlaga úr Jöfnunarsjóði á að vera í höndum nefndar þar sem fjórir af fimm nefndarmönnum eru tilnefndir af stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga. Vert er enn að undirstrika að með setningu reglugerðar samkvæmt lögunum um nýtingu tekjustofna verður að tryggja hag þeirra sveitarfélaga sem minnstu getuna hafa til að takast á við þau verkefni sem koma í þeirra hlut.

Herra forseti. Ég á sæti í félmn. þessarar hv. deildar sem fær þetta mál til meðferðar og mun þar taka þátt í ásamt öðrum nefndarmönnum að hraða meðferð þessara mála þannig að þau verði lögfest á þessu þingi.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Eins og glögglega hefur komið fram í þessum umræðum og raunar í greinargerð með frv. á þetta mál sér langan aðdraganda. Þetta hefur verið flókið mál og býsna erfitt viðskiptis eins og þessi langi aðdragandi sýnir. Ég held að það sé óhætt að taka undir það með síðasta ræðumanni, hv. 3. þm. Suðurl., að þaulreyndir sveitarstjórnarmenn hafa lagt í það mikla vinnu og alúð að ná saman um það málefni sem hér er nú á dagskrá. Það hefur að sjálfsögðu ekki verið vandalaust verk vegna þess hve staða sveitarfélaganna er misjöfn í landinu og þá um leið hagsmunir þeirra.

Ég ætla ekki að ræða þetta mál mikið efnislega, en þó segja almennt um það að ég tek undir það, sem hefur komið fram í þessum umræðum, að þetta mál á orðið svo langan undirbúningstíma að það væri ákjósanlegt að fá það afgreitt á þessu þingi. Ég sé ekki betur en eftir þær breytingar sem gerðar hafa verið á frv. í hv. Ed. sé það í því horfi að um það ætti að geta tekist sæmileg samstaða.

Auðvitað er það svo með mál af þessu tagi að þar er alltaf eitthvað sem einstökum þingmönnum og einstökum sveitarstjórnarmönnum sýnist að mætti betur

fara og verður svo lengi, en það er þó ekki hægt að segja slíkt án þess að leggja á það áherslu að hvað sem lagasetningu líður er það þó framkvæmdin sem ekki minnstu máli skiptir og svo er um ýmsa þætti þessa máls.

Með tilliti til þessara orða minna ætla ég ekki að teygja tímann með því að telja upp hvað mér hefði þótt betur fara um þennan eða hinn þátt málsins, hvort þessi atriði eða hin ættu frekar að vera í höndum ríkis eða sveitarfélaga eða hjá þessum aðilum sameiginlega, en aðeins ítreka það, sem ég hef sagt, að ég held að þetta mál sé búið að vefjast það lengi fyrir að það væri ákjósanlegt að ná því fram.

Mig langaði aðeins að víkja örlítið að einum til tveimur þáttum málsins, en það er í sambandi við frv. um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, þ.e. um XIV. kafla frv., um kostnaðaruppgjör milli ríkissjóðs og sveitarfélaga. Ég vil taka fram að ég hefði vitaskuld kosið að þessi þýðingarmikli kafli frv. væri skýrari og þar væri fastar að orði komist en hér kemur fram. Það kemur fram að ríkissjóður skuli greiða sveitarfélögum og félagasamtökum framlög vegna áfallinna skuldbindinga ríkissjóðs við byggingu þeirra mannvirkja sem nú færast yfir til sveitarfélaganna, þ.e. mannvirkja eins og grunnskóla, íþróttamannvirkja, félagsheimila, vatnsveitna o.s.frv. miðað við stöðu framkvæmda í árslok 1989. Skal þó þátttaka ríkissjóðs í framkvæmdum sem unnar eru á árinu 1989 ekki fara fram úr því sem nemur framlögum þeirra á fjárlögum þessa árs. Þetta uppgjör ríkisins á að fara fram á árunum 1990–1993.

Ýmislegt er auðvitað óljóst miðað við þessa grein, 74. gr., um þetta uppgjör. Það er til að mynda óljóst hvernig þetta uppgjör á að taka til framkvæmda sem unnar hafa verið, þ.e. bygginga sem reistar hafa verið og fé hefur ekki verið veitt til á fjárlögum, en vel stæð sveitarfélög hafa eigi að síður reist byggingar í krafti sinnar aðstöðu og að sjálfsögðu vegna þess að þeirra hefur oftast verið full þörf. Ég vek á því athygli að fyrir mér a.m.k. er nokkuð óljóst hvort gera á upp af hálfu ríkissjóðs meinta skuld ríkisins í slíkum mannvirkjum. Enn fremur kemur ekki fram hvort í öllum þessum framkvæmdaþáttum á að gilda verðtrygging á meintum skuldum ríkissjóðs eða ekki. Væri kannski ástæða til vegna þess hve hér er um þýðingarmikið atriði að ræða í slíku uppgjöri að það væri tekið fram í lögunum sjálfum. Það er svo að sumar greiðslur vegna mannvirkja eru samkvæmt gildandi reglum verðtryggðar en aðrar ekki og ég fæ ekki betur séð en að þegar sett eru almenn lög eins og þessi um nýja verkaskiptingu og uppgjör vegna meintra skulda ríkissjóðs í framkvæmdum væri eðlilegt að sama regla gilti um uppgjör vegna allra þátta, þ.e. að um verðtryggingu væri að ræða. Þetta sýnist mér hins vegar óljóst miðað við það hvernig frv. lítur út eftir afgreiðslu hv. Ed.

Ég held að það séu ekki nein tvímæli á því að það er rétt einnig, sem fram kom í máli hv. 1. þm. Vesturl., að í sumum greinum greinir sveitarfélögin og ríkið á um hvað skuld ríkisins sé mikil og þau mál þarf vitaskuld að leysa. Hér er gert ráð fyrir nefnd sem hefur það verkefni að fjalla um ágreiningsefni sem varða þessi uppgjörsmál og er það vitaskuld vel.

Mér sýnist að það skipti sem sagt mjög miklu hvernig á þessum lagaákvæðum er haldið í framkvæmd og hvernig reglugerð verður varðandi þennan kafla sem sett verður. Bæði skiptir það miklu fyrir sveitarfélögin og einnig fyrir ríkissjóð sem þarna á greiðslur að inna af hendi.

Í fylgifrumvarpi um tekjustofna sveitarfélaga er gert ráð fyrir verulegum breytingum, þar á meðal miklum breytingum á ákvæðum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Ég sé ástæðu til að fagna þeim breytingum og bera enn lof á fulltrúa sveitarfélaganna fyrir það að um þessar breytingar virðist hafa náðst samkomulag og vera nokkur friður. Ég vek hins vegar á því athygli að þessi þáttur málsins er ekkert síður mikilvægur af ýmsum orsökum. Í fyrsta lagi vegna þess að sveitarfélögin, einkanlega hin smærri þeirra, eru afar misjafnlega á vegi stödd með fjárfestingu í þeim framkvæmdum sem hafa verið kostaðar sameiginlega af ríki og sveitarfélögum en færast nú algjörlega yfir til sveitarfélaga. Sum minni þéttbýlissveitarfélög eru jafnvel þannig í stakk búin að þar eru ekki til dagvistarheimili eða leikskóli og slíkar framkvæmdir standa e.t.v. fyrir dyrum. Miðað við þá stöðu er ljóst að þau þurfa áfram að njóta sérstakrar aðstoðar til að koma slíkum þáttum áfram og getur það gerst samkvæmt þeim ákvæðum sem hér er ráðgert að lögfesta varðandi Jöfnunarsjóðinn. Á þessu er mikil þörf því að ef allt í einu væri skorið á slíka samfélagslega aðstoð liggur ljóst fyrir að sum sveitarfélög væru þar með beitt ranglæti sem vonandi tekst að koma í veg fyrir með þeim ákvæðum sem er að finna í tekjustofnafrumvarpinu.

Enn fremur, eins og fram kom í ágætri ræðu hv. 3. þm. Suðurl., er rekstrarstaða og fjárhagsleg staða almennt séð sveitarfélaganna afar misjöfn og þar á meðal ýmissa hinna smærri, t.d. strjálbýlissveitarfélaga, og miðað við núgildandi kerfi í þessum málum er það svo að sum strjálbýlissveitarfélög verja jafnvel upp undir 90% af tekjum sínum til skólareksturs og er þá lítið eftir til annarra hluta. Við það að grunnskóli, bæði fjárfesting og rekstur að mestu leyti, þ.e. allt annað en laun starfsmanna, færist yfir til sveitarfélaganna mætti ætla að hlutur þeirra sveitarfélaga þyngdist ákaflega mikið sem svo eru í stakk búin fyrir og nauðsynlegt að hafa gát á því að þeirra hlutur sé ekki skilinn eftir þannig að þau fái aðstoð til að rísa undir þessum nýju skyldum sínum.

Ég held að það sé einnig varðandi fjárfestingarliðina í þessu frv. um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga afskaplega glöggt hvað getur komið út fyrir einstök sveitarfélög er fara t.a.m. allt í einu í óhjákvæmilegar framkvæmdir við nýja vatnsveitu og nú falla niður styrkir hins opinbera sem hafa verið á vegum félmrn., 50% styrkur til þeirra framkvæmda. Ef ekki væri um sérstaka aðstoð á vegum Jöfnunarsjóðsins til slíkra verka að ræða má búast við að slíkar framkvæmdir yrðu einstökum sveitarfélögum bein-

línis ofviða vegna þess að vatnsveituframkvæmdir í litlu sveitarfélagi geta verið mjög dýrar, jafnvel svo að þar sé um að ræða meiri kostnað en sem nemur öllum tekjum sveitarfélagsins í eitt til tvö ár. Það er óhjákvæmilegt að þessa sé gætt.

En þó að bæði uppgjörskaflinn og eins sá kafli tekjustofnafrumvarpsins sem fjallar um hvernig hagsmunum hinna smærri sveitarfélaga verði mætt séu ekki ákaflega skýrir verður að treysta því að á málum verði þann veg haldið að það fari svo í raun að sveitarfélögin standi ekki lakar eftir en áður eins og segir í 16. gr. tekjustofnafrumvarpins sem hv. þm. Eggert Haukdal hefur vitnað til á undan mér.

Virðulegur forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu, vildi aðeins láta örfá orð falla varðandi uppgjörskafla þessa frumvarps og þá misjöfnu stöðu sem við blasir hjá sveitarfélögunum, einkanlega hinum smærri, að þessu frumvarpi lögfestu og lýsa því yfir að ég tel rétt að lögfesta þessi frumvörp í trausti þess að framkvæmdin megi takast svo að hin litlu sveitarfélög, bæði hin minnstu og eins þau sem eru fyrir neðan meðalstærð, verði ekki lakar sett en áður. Þó að það taki sig ekki beint út í lagatexta hvernig því verði náð verður að ætla að framkvæmd laganna hljóti að taka mið af þessu markmiði.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Þetta mál er svo mikilvægt að mínum dómi að ég má til að segja um það örfá orð. Aðdragandi þess er orðinn mjög langur. Við sem hér erum inni getum sennilega ýmsir bent á að við höfum einhvern tímann verið í nefnd sem fjallaði um þetta málefni. En svo stórt sem það er og varðar miklu er þetta enn eitt dæmi um mál sem kemur frá Ed. undir þinglok og búið er að sníða í svo nákvæman búning að það má helst engu hagga svo að ekki sé hætta á því að það strandi á þinginu.

Það er leitt ef svo skyldi vilja til því að þetta mál þarf sannarlega að ná landi. Það er búið að velkjast svo lengi. Ég ætla mér þess vegna að koma örfáum athugasemdum á framfæri þannig að við getum glöggvað okkur á því, bæði á þessari stundu og eins jafnvel vitnað í það síðar meir ef vonir okkar rætast ekki. Ég held stundum að áhugasamir og ágætir forsvarsmenn sveitarfélaganna leggi of mikla áherslu á að þar sé sami málaflokkurinn allur á sömu hendi. Að því leyti er ég á margan hátt sammála hv. 2. þm. Austurl., hæstv. forseta, þar sem hann ræddi um hugmyndafræði þessa máls.

Ég vil koma á framfæri einni athugasemd eða fleirum þannig að hv. þm. festi sér það í minni því sannarlega ala menn nokkurn ugg í brjósti úti um byggðir landsins hvernig þessum málum vindur fram. Það er sérstaklega óttinn við að enn halli á strjálbýlið sem vekur mönnum þennan ugg í brjósti.

Ég ætla að leyfa mér að vitna í bréf frá skólastjórum sveitaskóla á Vesturlandi frá því í febrúar sl., taka upp eina setningu, með leyfi hæstv. forseta. Þar segir svo: „Verði frumvarp þetta að lögum er ástæða til að halda að enn breikki bil þeirra nemenda er stunda nám í dreifbýli og þéttbýli.“ Við skulum vona að þessi ótti sé ástæðulaus, en eigi að síður er rétt að hafa þetta hugfast.

Þá hefur verið minnst á tónlistarskólana. Satt að segja eru þeir orðnir svo njörvaðir inn í þetta verkaskiptafrumvarp að það verður sennilega erfitt að hagga þar nokkru svo að ekki fari allt út böndunum. En að mínum dómi hafa tónlistarskólar úti um land þróast á undanförnum árum á mög skemmtilegan hátt að mörgu leyti. Lögin um tónlistarskóla, þar sem kveðið er svo á að kaup kennara skuli greitt að hálfu af ríkinu, eru kannski ekki svo geysimikill stuðningur. Eigi að síður hefur það þar sem ég þekki til haft þau áhrif að heimamenn hafa hugsað sem svo: Fyrst ríkið býður þennan stuðning skal hlutur okkar ekki eftir liggja. Upp úr þessu samstarfi ríkis og heimamanna hefur á ýmsum stöðum vaxið blómlegt tónlistarlíf. Ég viðurkenni hins vegar að löggjöf um þetta efni þarf að endurskoða, enda eru þessi mál núna í deiglunni. En það er greinilegt að í þessu máli hefur stuðningur ríkisins orðið mikill hvati til dáða á þessu sviði.

Við skulum vona að þessi æskilega þróun haldi áfram og þá er að vitna í hv. 3. þm. Suðurl. sem sagði í sinni ræðu áðan: Vonandi leggja sveitarfélögin metnað sinn í það að reka tónlistarskólana vel. — Þetta verðum við að vona. En til þess þarf stuðning.

Það sýnir áhyggjur manna í þessum efnum t.d. að fyrir nokkrum dögum skuli leiðari í einu dagblaði bera yfirskriftina „Tónlistarskólar í hættu“. Þar er lýst áhyggjum þeirra sem hafa áhuga á þessum málum. En þarna verðum við sennilega einnig að vona að vel fari.

Það var minnst áðan á Jöfnunarsjóðinn og það var minnst á styrk við vatnsveituframkvæmdir. Það er hverju orði sannara að á undanförnum árum hafa sveitarfélögin notið góðs stuðnings við vatnsveituframkvæmdir. Ég minnist þess að allt frá árinu 1947 hefur verið talið að þessi stuðningur væri í allgóðu lagi. Nú taka sveitarfélögin við þessum verkefnum og þá er enn að vona að þau geti sinnt þeim, enda munu þessi mál, lán til vatnsveituframkvæmda, vera efst á baugi hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

Einhver ágætur áhugamaður og frammámaður í samtökum sveitarfélaga sagði í mín eyru um daginn að þetta frumvarp táknaði sættir milli strjálbýlis og þéttbýlis eða að sættir milli strjálbýlis og þéttbýlis hefðu náðst með þessu máli. Mikið væri ánægjulegt ef svo væri. En að sjálfsögðu verðum við að ástunda það, alþingismenn, að jafna rétt fólksins til sjálfsbjargar í lífsbaráttu þess hvar sem það á heima á landinu. Og við verðum auðvitað að leggja áherslu á öðru fremur að bera sáttarorð milli strjálbýlis og þéttbýlis. Við skulum vona að þetta frumvarp sé spor í þá átt.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Hæstv. forseti. Ég skal ekki verða til að tefja umræður um þetta mál, en ég hlýt þó að standa upp og þakka þá umfjöllun sem það hefur fengið. Því ber

vissulega að fagna að svo virðist að jafnbreið samstaða sé um þetta mál í hv. Nd. og var í Ed. Það er vissulega ánægjuefni í svo stóru efni sem þetta er að um það sé svo góð samstaða milli stjórnar og stjórnarandstöðu.

Það hafa líka komið fram hjá ýmsum ábendingar um það sem menn telja að betur mætti fara og það er ekki skrýtið í svo stóru máli sem þessu að menn telji að ýmislegt geti orkað tvímælis og álitaefnin séu einhver, en ég held þó, eins og hér hefur komið fram hjá mörgum, að þetta mál hafi fengið svo ítarlega skoðun og eigi sér svo langan aðdraganda að menn geti vænst þess að góðar vonir standi til þess að það skili árangri fyrir sveitarfélögin. Ég hygg líka að það sem greiði götu málsins á þingi sé að hér liggur fyrir, sem ekki lá fyrir á síðasta þingi, heildarmynd af þessu máli, þ.e. bæði frumvarpið um verkaskiptinguna og um tekjustofna, sem og að fyrir þær nefndir þingsins sem um þetta mál fjalla verða lögð drög að reglugerð varðandi Jöfnunarsjóðinn.

Af því sem fram hefur komið í máli einstakra ræðumanna tel ég mega ráða að þetta mál hafi fengið mjög mikla kynningu. Það var vissulega sent til allra sveitarstjórna og það hafa verið haldnir fundir á vegum Sambands ísl. sveitarfélaga og félmrn. með flestum ef ekki öllum landshlutasamtökunum.

Ég sé ekki ástæðu til þess, hæstv. forseti, að fara ofan í einstök atriði sem hafa verið nefnd í dag. Menn hafa sett fram áhyggjur að því er varðar tónlistarskólana, að því er varðar grunnskólana svo dæmi séu nefnd.

Ég nefni að það kom fram í máli hv. 6. þm. Suðurl. að hann hefur áhyggjur af hlut grunnskólanna í þessari breytingu og orðaði það svo að hrikta muni í hjá fámennari sveitarfélögunum. Ég hygg þó að þegar litið er til þeirra draga að reglugerð sem liggur fyrir og verður send hv. félmn., þar sem fram kemur ítarleg sundurliðun á því hvernig þessum framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga verði háttað, bæði að því er varðar bundin framlög, sérstök framlög og jöfnunarframlög, komi vel fram einmitt í þeim reglugerðardrögum að það er lögð sérstök áhersla á að hlutur fámennari sveitarfélaganna sé ekki fyrir borð borinn.

Ég vil nefna það sérstaklega, sem væntanlega kemur einnig fram þegar við ræðum frumvarp um tekjustofnana í þessu sambandi, að jöfnunarframlög eru í raun margfölduð við þessa breytingu. Það er um að ræða fimmföldun að því er varðar jöfnunarframlögin. Að því er varðar sérstök framlög sem fara til þess að bæta fámennari sveitarfélögum upp kostnaðarsamar stofnframkvæmdir og aðstoða dreifbýlissveitarfélög til að standa undir auknum rekstrarkostnaði við grunnskóla og tónlistarskóla, þá er um verulega háar fjárhæðir að ræða, eða til viðbótar nálægt 350 millj. kr. Að auki ber á það að líta að hlutir eins og sjúkratryggingar og atvinnuleysistryggingar hafa verið þung byrði fyrir hin smærri sveitarfélög en er nú létt af þeim. Allt þetta verða menn að hafa með í myndinni þegar menn skoða dæmið í heild sinni.

Ég tel fullvíst að það hafi verið lögð sérstök áhersla á það við samningu þessa frumvarps og við smíði reglugerðardraganna að hagur dreifbýlissveitarfélaganna sé ekki fyrir borð borinn. Enda er það beinlínis tekið fram í drögunum að reglugerð að áhersla sé á það lögð að hagur dreifbýlissveitarfélaganna verði ekki lakari eftir verkaskiptinguna en áður var. Það er auðvitað grundvallaratriði sem við verðum að ganga út frá.

Að því er varðar dagvistarheimilin, sem nokkuð hafa verið nefnd, þá ber ég ekki kvíðboga fyrir því að þessir veigamiklu málaflokkar, þ.e. dagvistun og tónlistarskólarnir, séu ekki vel settir í höndum sveitarfélaganna. Við skulum líta á það að varðandi tónlistarskólana t.d. hefur frumkvæðið og forræði í þeim málum raunverulega verið hjá sveitarfélögunum. Ríkið hefur einungis komið inn að því er varðar hálf kennslulaunin, en sveitarfélögin hafa haft forræði í málinu að því er varðar reksturinn. Að því er varðar dagvistarheimilin þá hefur rekstur verið hjá sveitarfélögunum og stofnkostnaðurinn áður skipst milli ríkis og sveitarfélaga.

Ég hygg að sá ótti, sem fram hefur komið um að það mundi draga úr faglegri umsjón menntmrn. við þessa breytingu, sé ástæðulaus og vitna til þess að í lögum um dagvistarheimili kemur eftirfarandi fram, með leyfi forseta: „... að ráðuneyti skal hafa í þjónustu sinni starfsmann sem lokið hefur námi í Fósturskóla Íslands eða í sambærilegum skóla og hlotið framhaldsmenntun. Auk þess skal hann hafa reynslu í uppeldisstarfi. Þessi starfsmaður skal athuga allar umsóknir um húsaskipan og rekstur dagvistarheimila áður en leyfi er veitt. Ber honum að hlutast til um að fullnægt sé öllum ákvæðum sem lög þessi og reglugerðir mæla fyrir um varðandi byggingu og rekstur dagvistarheimila. Hann skal vera stjórnendum dagvistarheimila til ráðuneytis um starfsemi heimilanna og annast eftirlit með þeim.“ Þessi grein stendur eftir óbreytt þrátt fyrir þessa breytingu.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að ræða frekar um þetta mál. Mér gefst tækifæri til þess þegar rætt verður um frumvarpið um tekjustofnana. Ég vil þó nefna hér í lokin að það kom fram viss ótti hjá sumum þingmanna sem hér töluðu að því er varðar uppgjörsmálin. Ég held að reynt hafi verið að sjá fyrir því eins og kostur er á þessu stigi málsins. Það liggur fyrir lausleg áætlun um skuldastöðu ríkissjóðs og er hún áætluð tæplega 1100 millj. kr. og síðan er lagt til að komið verði upp sérstakri úrskurðarnefnd til að skera úr ágreiningi sem upp kann að koma á milli ríkis og sveitarfélaga að því er varðar þessi uppgjör. Nefndin á að vera skipuð þrem mönnum, einum tilnefndum af menntmrh., einum af Sambandi ísl. sveitarfélaga og oddamanni tilnefndum af Hæstarétti. Ég tel mjög mikilvægt að slíkt sé fyrir hendi ef ágreiningur kemur upp í þessum málum.

Herra forseti. Ég þakka svo þær umræður sem hér hafa orðið og fagna þeirri samstöðu sem virðist vera í sjónmáli um að þetta mál verði að lögum á þessu þingi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til félmn. með 27 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 1. umr.

Stjfrv., 204. mál (heildarlög). — Þskj. 838.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga. Frv. var samið af nefnd sem ég skipaði í maí sl. til þess að endurskoða lög um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 73 26. nóv. 1980, með síðari breytingum. Í nefndinni áttu sæti þrír fulltrúar tilnefndir af Sambandi ísl. sveitarfélaga, þrír tilnefndir af þingflokkum ríkisstjórnarinnar, einn tilnefndur af fjmrh. og einn tilnefndur af félmrh.

Núgildandi tekjustofnalög eru að meginstofni til frá árinu 1972, en þá voru gerðar á þeim talsvert viðamiklar breytingar samhliða nokkrum breytingum á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Fyrstu árin eftir 1972, þ.e. eftir breytingarnar á lögunum, var hagur sveitarfélaganna mun betri en áður og svigrúm þeirra til framkvæmda meira. Þegar kom fram um 1980 fór hagur þeirra versnandi. Ástæðurnar fyrir þessu voru einkum tvíþættar. Áttundi áratugurinn var tími mikillar uppbyggingar víða um land. Sveitarfélögin voru þar engin undantekning. Þau byggðu skóla, heilsugæslustöðvar, dvalarheimili fyrir aldraða, íþróttahús, dagvistarheimili og þannig mætti halda áfram að telja. Þegar þessar stofnanir komu í rekstur jók það mjög útgjöld sveitarfélaganna. Sveitarfélögin urðu þannig við kröfum íbúanna um stóraukna þjónustu án þess að tilsvarandi tekjuauki kæmi á móti. Tekjustofnar sveitarfélaganna voru að langmestu leyti óverðtryggðir. Sveitarfélögin fóru því mjög illa út úr þeim árum þegar verðbólgan var mikil. Verðbólgan kom miklu fyrr fram í útgjöldum en tekjum. Svigrúmið sem var í tekjustofnalögum til að jafna slíkar sveiflur var of lítið. Sveitarfélögin byggðu sínar fjárhagsáætlanir, sem afgreiddar eru í byrjun árs, á áætlunum ríkisvaldsins um verðbólguþróun út árið. Þegar í ljós kom á miðju ári eða síðar að verðbólgan varð miklu meiri en spáð var var of seint að ákvarða hærri álagningu og lítið svigrúm til að draga saman útgjöld á árinu. Þetta eru helstu ástæður fyrir því að fjármálum margra sveitarfélaga er nú svo komið sem raun ber vitni.

Það má segja að einna mest áberandi núna í fjármálum sveitarfélaganna og tekjustofnamálum þeirra séu hversu misjafnlega þau eru á vegi stödd fjárhagslega. Annar hluti sveitarfélaganna, þar sem meira en helmingur íbúafjölda landsins býr, er skuldlítill og með mikið framkvæmdarfé. Hinn hluti sveitarfélaganna er að vísu mismunandi illa staður en mörg þeirra mjög skuldug með lítið eða ekkert framkvæmdarfé. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur að mjög litlu leyti gegnt hlutverki sem raunverulegur jöfnunarsjóður. Aðeins 6% af tekjum sjóðsins hafa í raun gengið til jöfnunar. Meginhluti tekna hans hefur farið í framlög sem hafa verið jöfn á íbúa hvar sem er á landinu og hvernig sem viðkomandi sveitarfélag hefur verið á vegi statt fjárhagslega. Þetta er sú mynd sem blasti við við endurskoðun tekjustofnalaganna.

Helstu breytingar frá gildandi lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem lagðar eru til í frumvarpinu eru þessar:

1. Aðstaða sveitarfélaga til álagningar fasteignaskatts verði jöfnuð og undanþágum frá álagningu skattsins fækkað.

2. Tekjuöflun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði breytt þannig að meginhluti tekna hans verði ákveðið hlutfall af tekjuskattsstofni í staðgreiðslukerfinu sem renni beint í sjóðinn í stað ríkisframlaga eins og nú er. Greiðslum úr sjóðnum verði breytt þannig að almennu framlögin verði felld niður, en þau hafa numið um ⅔ af útgjöldum sjóðsins. Þess í stað verði útgjöldum sjóðsins skipt í þrennt.

Það eru í fyrsta lagi bundin framlög sem ganga til Sambands ísl. sveitarfélaga, Landshlutasambands sveitarfélaga, Lánasjóðs sveitarfélaga og Innheimtustofnunar sveitarfélaga. Í öðru lagi sérstök framlög sem gangi til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, til að greiða úr sérstökum fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga og til að bæta sveitarfélögum upp aukinn kostnað vegna breytinga á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Í þriðja lagi komi svo jöfnunarframlög til að bæta sveitarfélögunum upp lágar tekjur í samanburði við sambærileg sveitarfélög líkt og verið hefur með núverandi aukaframlög. Framlögum þessum yrði einnig varið til að jafna aðstöðu sveitarfélaga vegna mismikilla verkefna. Fólksfækkunarframlög verði felld niður en upphæðin sem til þeirra hefur verið varið gangi til að hækka jöfnunarframlög. Lagt er til að heildartekjur Jöfnunarsjóðsins lækki samhliða því sem útgjöld sveitarfélaganna lækka vegna breytinga á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Jafnframt er lagt til að stórhækkaður verði sá hluti ráðstöfunarfjár sjóðsins sem varið er til jöfnunar á milli sveitarfélaga. Áætlun um tekjur og gjöld Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga miðað við þessa tillögu fylgir með frumvarpinu á fylgiskjali II.

Útsvarskafli laganna verður aðlagaður staðgreiðslukerfinu og lögum um tekjuskatt og eignarskatt mun betur en nú er. Fyrr á þessu ári var sú breyting gerð á þessum kafla að afnumin voru afskipti ráðherra af ákvörðun um álagningar- og innheimtuprósentu útsvara og beitingu 10% álagsheimildar á útsvör. Þessar ákvarðanir eru því nú alfarið í höndum sveitarfélaga. Ákvæði um mismunandi gjaldflokka aðstöðugjalda verða afnumin og hámarksálagning verði 1,3%, en hver sveitarstjórn geti síðan ákveðið mismunandi gjaldflokka eftir tegund atvinnurekstrar. Undanþágum frá álagningu gjaldsins verði fækkað.

Ég tel ekki ástæðu til að rekja hérna einstakar greinar frumvarpsins en vísa til framsöguræðu minn-

ar í efri deild. Ég tel hins vegar rétt að gera nokkra grein fyrir hver áhrifin verða á fjárhagslega stöðu sveitarfélaganna ef þær breytingar koma til framkvæmda sem lagðar eru til í frumvarpinu. Ég tel rétt að skoða þær breytingar einnig í tengslum við þær breytingar sem nýlega hafa verið gerðar varðandi útsvörin. Staðgreiðslukerfið og þær breytingar sem gerðar hafa verið á tekjustofnalögum í tengslum við það hafa verið mikill ávinningur fyrir sveitarfélögin með þrennum hætti. Í fyrsta lagi er verðtrygging þessa langgildasta tekjustofns sveitarfélaganna mjög þýðingarmikil. Í öðru lagi mun innheimtan í mörgum tilfellum batna verulega og síðast en ekki síst mun hámarksálagning útsvara, nú 7,5%, gefa sveitarfélögunum mun meiri tekjur en áður.

Breytingar þær sem lagðar eru til í frumvarpinu varðandi fasteignaskattinn stefna fyrst og fremst að því að jafna aðstöðu sveitarfélaganna. Þær hafa engin áhrif í Reykjavík og lítil eða engin áhrif í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Áhrifin úti á landsbyggðinni munu að sjálfsögðu fara eftir því hvernig sveitarfélögin koma til með að nýta sér þennan aukna tekjumöguleika. Fasteignamatið hefur verið mjög mismunandi en þó langsamlega hæst hér á höfuðborgarsvæðinu. Miðað við sömu nýtingu álagningarhlutfalls og verið hefur á höfuðborgarsvæðinu er ljóst að sú breyting, sem lögð er til í frumvarpinu, getur gefið mörgum sveitarfélögum rýmri tekjur af fasteignasköttum en nú. Breytingarnar varðandi aðstöðugjöldin munu fyrst og fremst koma þeim sveitarfélögum til góða þar sem atvinnureksturinn hefur að miklu leyti verið í lægri gjaldflokkunum, en gjaldflokkarnir hafa verið fjórir, sá lægsti 0,33% og sá hæsti 1,3%. Fastlega má gera ráð fyrir því að sveitarfélögin muni nýta sér mjög misjafnlega þá heimild sem frumvarpið gerir ráð fyrir í þessu efni.

Varðandi Jöfnunarsjóðinn er rétt að undirstrika sérstaklega þá breytingu að lagt er til að næstum því fimmfalda þá upphæð sem ætluð er til að verja til jöfnunar milli sveitarfélaga. Breytingarnar á Jöfnunarsjóðnum eru því mjög stór þáttur í þeim breytingum sem lagðar eru til með frumvarpinu. Ég tel rétt að rekja þessar breytingar nokkuð nánar eins og þær koma fram í frumvarpinu og drögum að reglugerð sem nefndarmenn í félmn. munu fá í hendur.

Meginhluti af ráðstöfunarfé sjóðsins hefur verið varið til almennra framlaga sem hafa verið sama krónutala á alla íbúa hver sem staða sveitarfélaganna hefur verið. Aukaframlögin hafa aðeins numið 6% af ráðstöfunarfé sjóðsins og hefur þessi upphæð gengið til tekjujöfnunar milli sveitarfélaga. Nú er lagt til að almennu framlögin falli niður en að meginhluti af tekjum sjóðsins gangi til að greiða sveitarfélögunum framlög vegna breytinga á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og til jöfnunarframlaga. Á sl. ári voru aðeins um 80 millj. kr. til ráðstöfunar til jöfnunarframlaga en samkvæmt frumvarpinu hefði þetta verið um fimm sinnum hærri upphæð, eða tæpar 400 millj. kr. Lagt er til að hluti af þessari upphæð gangi til sveitarfélaga sem skortir tekjur til að halda uppi þeirri þjónustu sem eðlilegt má telja að sveitarfélög af þeirri stærð veiti, þ.e. til útgjaldajöfnunar. Þessi framlög mundu einkum ganga til minni þéttbýlissveitarfélaga. Í reglugerðardrögunum er gert ráð fyrir að reynt sé að meta þjónustustig sveitarfélaganna og greiðslur þessar miðaðar við það. Lagt er til að verkaskiptingarframlögin gangi hins vegar fyrst og fremst til dreifbýlissveitarfélaga til að bæta þeim upp aukinn kostnað sem þau verða fyrir vegna breyttrar verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga. Það er lögð mikil áhersla á að tryggja að þessi sveitarfélög verði betur sett en áður. Við samanburð á kostnaðartölum frá menntmrn. og þeim tölum sem gert er ráð fyrir að verja til þessa verkefnis er alveg ljóst að vel er fyrir þessu séð.

Rétt er einnig að benda á ákvæði 16. gr. frumvarpsins þar sem segir að framlögin skuli miðuð við að hagur þessara sveitarfélaga verði ekki lakari eftir breytingar á verkaskiptingunni en áður var. Þetta tel ég mjög þýðingarmikið. Við úthlutun framlaga úr Jöfnunarsjóðnum þarf að ákveða hvaða kröfur á að gera um nýtingu tekjustofna sveitarfélaganna. Í reglugerðardrögunum er gert ráð fyrir því að félmrn. gefi út í nóvember ár hvert í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga reglur um þessa nýtingu tekjustofnanna. Ég held að þetta sé mjög góð leið. Það er mjög erfitt að binda þessar reglur fastar til margra ára en hins vegar er alveg nauðsynlegt að þær liggi fyrir árlega þegar sveitarfélögin útbúa fjárhagsáætlanir sínar.

Í frumvarpinu er lagt til að tillögur að úthlutun framlaga úr Jöfnunarsjóðnum verði í höndum nefndar þar sem fjórir af fimm nefndarmönnum verða tilnefndir af Sambandi ísl. sveitarfélaga. Reglugerðardrögin eru nú til umfjöllunar hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga og dreifbýlisnefnd sambandsins.

Félmn. Ed. lagði til nokkrar breytingar á frv. Hún lagði til að megintekjustofn Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði ákveðið hlutfall af tekjum ríkissjóðs af beinum og óbeinum sköttum en ekki ákveðið hlutfall af tekjuskattsstofni eins og lagt er til í frumvarpinu. Reiknað er með sömu tekjum sjóðsins við þessa breyttu viðmiðun. Nefndin lagði einnig til að horfið væri frá fyrirætlunum um að fækka undanþágum frá álagningu aðstöðugjalda. Aðrar breytingar sem nefndin lagði til voru minni háttar.

Megininntak tekjustofnafrumvarpsins er að auka tekjur sveitarfélaga, jafna aðstöðu þeirra og að auka ákvörðunarvald þeirra um nýtingu eigin tekjustofna. Eins og ég hef rakið er breytt hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga stór liður í þessu.

Við samningu frumvarpsins var haft náið samráð við sveitarfélögin. Fjórir af átta nefndarmönnum sem sömdu frumvarpið eru stjórnarmenn í Sambandi ísl. sveitarfélaga. Frumvarpið hefur verið kynnt ásamt verkaskiptafrumvarpinu á fundum sveitarstjórnarmanna um allt land. Aðalfundur Sambands ísl. sveitarfélaga lýsti samhljóða yfir stuðningi við frumvarpið og félmn. Ed. náði samstöðu um afgreiðslu málsins.

Virðulegur forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa um þetta frumvarp fleiri orð nema tilefni gefist til. Ég legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. félmn. að lokinni þessari umræðu.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Það frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga sem hér liggur fyrir til umræðu hefur þegar fengið mjög ítarlega meðhöndlun í efri deild og á síðasta þingi. Það er auðvitað ekki hægt að ræða þetta frumvarp án þess að komið sé inn á efni þess frumvarps sem hér var rætt áðan. Ég kaus að ræða það ekki sérstaklega og tel ekki ástæðu til að hafa þessa ræðu mjög langa.

Ég tel að það sem hér er til umræðu sé auðvitað grundvöllurinn fyrir því að verkaskiptingin, sem nú er ákveðin, nái fram að ganga og takist. Að vísu hefðu þurft að vera skýrari ákvæði um skuldaskil í fyrra frumvarpinu og hvernig á að fara með uppgjör á einstökum hlutum. Eins og allir vita er fjárhagur misjafn hjá sveitarfélögum og stærðir þeirra misjafnar og ég held að í þessu frumvarpi sé tekið tillit til þess á margan hátt. Í fljótu bragði virðist það nokkuð vel gert, þó að það hljóti að koma í ljós síðar hvort þetta hefur heppnast vel eða ekki.

Ég vil vekja athygli á mjög athyglisverðri nýjung um fasteignagjöld í 3. gr. frv. Hækka á fasteignagjöld á landsbyggðinni og virðist það vera með samþykki sveitarstjórnarmanna um allt land. Ég vil ekkert segja um það að öðru leyti en því að það er náttúrlega ekki á gjöld fólksins í landinu bætandi. Ég vil sérstaklega benda á þetta ákvæði sem verður til þess að fasteignagjöld munu hækka á landsbyggðinni. Ég hef heyrt það áður að sveitarstjórnarmenn leggi áherslu á að þeir fái sambærileg fasteignagjöld miðað við sambærilegar eignir og að því leyti til held ég að þetta ákvæði jafni þann aðstöðumun sem hefur verið milli höfuðborgarinnar og landsbyggðarinnar. Ég vil einnig benda á það í þessu sambandi að væntanlega verður tekið tillit til sömu breytinga í sambandi við eignarskatta, þ.e. að sömu eignarskattar verði greiddir fyrir sambærilegar eignir hér og greiddir eru úti á landi. Þá er ákvæði hér í 4. gr. sem ég hef verið að athuga. Þar stendur, með leyfi forseta: „Eigandi greiðir skattinn nema um leigujarðir og leigulóðir sé að ræða.“ Þetta skarast að vísu á við fyrri liðina og er spurning hvort þeir sem eru með leigulóðir, t.d. frá bæjum, eru undanþegnir sköttum af því.

Ég vil sérstaklega koma að 5. gr. sem er um það hverjir eru undanþegnir fasteignaskatti. Í gömlum lögunum var gert ráð fyrir því að frjáls félög sem rækju félagsheimili til ýmiss konar félagsstarfsemi væri undanþegin þessum sköttum og þá sérstaklega tekið fram að þau sem væru styrkt samkvæmt reglum Félagsheimilasjóðs væru undanþegin fasteignasköttum. Það er ekki í þessum ákvæðum hér og ég tel mikilsvert að það sé lagt til í þessari hv. deild að það verði tekin af öll tvímæli um að frjáls félög sem eiga sín félagsheimili verði áfram undanþegin fasteignagjöldum. Ég veit það að mörg þeirra bera ekki þau miklu gjöld þó að þau geti rekið sín félagsheimili með sæmilegum hætti og því tel ég brýnt að tekin verði af öll tvímæli um þetta. Ég vil nefna sem dæmi að ýmiss konar félög hafa byggt yfir sína starfsemi og reka hana með myndarskap. Þau hafa verið undanþegin þessum gjöldum en munu greiða mjög há fasteignagjöld í framtíðinni. Það hefur að vísu verið komið til móts við þau í nokkrum atriðum í hv. Ed. en ég held að það væri nokkuð til bóta að taka af tvímæli um þetta. Í 5. gr. stendur: „... og húsum sem einvörðungu eru notuð til tómstundaiðju sem viðurkennd eru af hlutaðeigandi sveitarstjórn.“ Þetta er auðvitað mjög teygjanlegt ákvæði og gæti skapað nokkra óvissu. Ég held að það væri betra að taka af öll tvímæli og nota þau gömlu og góðu lagaákvæði sem voru fyrir til þess að þau félög sem hafa ekki þurft að greiða fasteignagjöld af sínum félagsheimilum njóti þess áfram.

Ég vil líka gagnrýna 7. gr. Þar stendur, með leyfi forseta: „Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í tvö ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum sem á eigninni hvíla.“ Ég held að menn verði að geta treyst því að hafi þeir veðkröfur á 1. veðrétti, 2. o.s.frv., þá standi þær veðkröfur fyrir framan skattakröfur, en nú virðist vera tilhneiging til að láta þær ganga fram fyrir allar aðrar kröfur. Ég tel að fella eigi út þessa 7. gr. og það verði að fylgja venjulegum reglum um veðkröfur í fasteignum.

Í III. kaflanum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga eru margvísleg ákvæði um tekjur Jöfnunarsjóðsins og ýmiss konar fyrirmæli um það með hvaða hætti þeirra er aflað. Ég vil ekki gera það að umræðuefni sérstaklega en held að það hljóti að koma í ljós við framkvæmd þessara laga hvort um fullnægjandi tekjuöflun er að ræða og með hvaða hætti.

Í 26. gr. IV. kafla hljóðar 5. mgr. svo, með leyfi forseta:

„Nú kemur í ljós að tekjur sveitarsjóðs hrökkva ekki fyrir útgjöldum og er þá sveitarstjórn heimilt að hækka útsvar frá því sem ákveðið var skv. 1. mgr. um allt að 10%. Á sama hátt getur sveitarstjórn lækkað útsvar um allt að 10%.“

Ég verð að segja eins og er það væri nú betra að sveitarstjórnir gætu ekki hækkað útgjöldin með þessum hætti. Ég tel að það ætti að binda hámark á útsvar þannig að sveitarstjórnir geti ekki hækkað það en geti hins vegar lækkað það. Þeim verður þar með skylt að reka sín sveitarfélög með þeim hætti sem hagkvæmast gæti orðið og gætu ekki hækkað sínar álögur.

Ég ætla ekki að ræða þetta nánar en tel að í heild sé þetta frv. til bóta og það verði ábyggilega meiri friður í framtíðinni um skýrari verkaskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga. Með frv., ef að lögum verður, verður skipan mála ljósari og hver eigi að borga ákveðna þætti í rekstri sveitarfélaga. Það er miklu heilbrigðara og skynsamlegra að sveitarfélögin ráði sínum framkvæmdum sjálf og geti farið út í þær samkvæmt þeim tekjustofnum sem þau hafa. Ég vil því lýsa ánægju minni í heild með þetta frv.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Þetta frv. sem hér er til umræðu, frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga, er vitaskuld hluti þeirrar heildar sem hér var fyrr á dagskránni, frv. til laga um verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Ég ætla mér ekki við þessa umræðu að fara mjög náið út í þetta mál. Hins vegar finnst mér mestu skipta í þessu sambandi breytingin sem fyrirhuguð er með þessu frv. á Jöfnunarsjóðnum. Eins og segir í athugasemdum með frv. er greiðslum úr sjóðnum breytt þannig að almennu framlögin verða felld niður, en þau hafa verið megineinkenni þessa sjóðs frá upphafi vega og hafa numið um ⅔ hlutum af útgjöldum sjóðsins fram að þessu. Þau eiga að heyra sögunni til. Þess í stað verði útgjöldum sjóðsins skipt í þrennt. Í fyrsta lagi eru það bundin framlög, í annan stað sérstök framlög og í þriðja lagi jöfnunarframlög. Bundnu framlögin sem hér er um að ræða verða samkvæmt þessu röskur þriðjungur sjóðsins. Mynd á bls. 17 í fskj. II. með frv. gefur eiginlega gleggsta mynd af þessu. Þar er sett upp dæmi sem sýnir að gert er ráð fyrir að tekjur sjóðsins verði á árinu 1988 um 1100 millj. kr. Röskur þriðjungur, eða 32,2%, eiga að fara í bundin framlög. Til Sambands ísl. sveitarfélaga fara 1,75%, til landshlutasamtaka sveitarfélaga 2%, til Lánasjóðs sveitarfélaga 6,1%. Þetta er nú tiltölulega lítið af þessum röska þriðjungi, en það vekur sérstaka athygli að Innheimtustofnun sveitarfélaga á í þessu dæmi að fá um 220 millj. kr. af þessum 354. Það held ég að sé út af fyrir sig nokkurt áhyggjuefni hversu drjúgur hluti fer til þess hluta.

Gert er ráð fyrir að sérstöku framlögin verði um þriðjungur þessa verkefnis Jöfnunarsjóðs, eða 32,1%. Þessi sérstöku framlög eru vegna sameiningar sveitarfélaga, vegna 90. gr. sveitarstjórnarlaga, en ekki er raunar gerð frekari grein fyrir því í þessu dæmi, til kostnaðarsamra stofnframkvæmda um 8% og síðan vegna verkaskiptanna annars vegar 15,5% í fyrri hluta sérstakra framlaga og síðan 7,3%. Þá er eftir röskur þriðjungur af verkefni Jöfnunarsjóðs, eða 35,6%, og það eru jöfnunarframlögin. Þau framlög samsvara í rauninni því sem áður voru kölluð aukaframlög Jöfnunarsjóðs og voru framlög vegna þeirra sveitarfélaga sérstaklega sem báru skarðan hlut frá borði hverju sinni, höfðu lægri meðaltekjur en sambærileg sveitarfélög á hverjum tíma. Mér finnst þetta vera meginefni þessa máls, þ.e. breytingin á Jöfnunarsjóðnum.

Ég vildi aðeins í þessari stuttu ræðu minni fjalla um einn þátt þessa máls, en það er 17. gr. sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Að afloknum sveitarstjórnarkosningum skipar félmrh. fimm manna ráðgjafarnefnd til fjögurra ára sem gera skal tillögur til ráðherra um framlög skv. c-, d- og e-lið 13. gr. og skv. 14. gr. Fjórir nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga en einn án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti."

Hvert á nú að vera hlutverk þessarar stjórnskipuðu nefndar sem skipuð er eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar? Meginhlutverk nefndarinnar er ráðgjöf til ráðherra um útdeilingu þess fjár sem hér er um að ræða sem að því er mér sýnist virðist vera um það bil ⅓ hlutar Jöfnunarsjóðsins og rösklega það, þ.e. sérstöku framlögin og jöfnunarframlögin. Þessi stjórnskipaða nefnd á að fjalla um það hér suður í Reykjavík og útdeila þessu fé og vitaskuld á grundvelli reglugerðar á ári hverju.

Nú er það svo að útdeiling Jöfnunarsjóðs hefur auðvitað verið héðan í Reykjavík, annars vegar samkvæmt höfðatölureglunni og hins vegar aukaframlögin. Ég held að það væri mjög til bóta ef frv. nær fram að ganga, sem ég í rauninni efast ekkert orðið um, ef þessari 17. gr. yrði breytt og þetta skiptingarvald yrði flutt frá ráðuneytinu til landshlutanna að einhverju leyti. Ég vildi kynna hér hugmynd að brtt. hvort sem hún kæmi fram í félmn. Nd. eða á seinni stigum þessa máls. Jafnvel er hugsanlegt að hún gæti að langmestu leyti komið fram í reglugerð, en hugmyndina að breytingum vildi ég hér með kynna. Ég tel að það mætti orða þetta eitthvað á þessa lund:

Framlög skv. c-, d- og e-lið 13. gr. og b-lið 14. gr. skiptist af félmrn. á milli kjördæma samkvæmt hlutfalli íbúa dreifbýlissveitarfélaga í hverju þeirra.

Þarna væri um það að ræða að gróf skipting á þessu fé á hverju ári færi fram á milli kjördæma. Seinni hlutinn yrði síðan eitthvað í þessa veru: Stjórnir samtaka sveitarfélaga í viðkomandi kjördæmum eða dreifbýlisnefndir á vegum þeirra sjái síðan um nánari skiptingu á milli einstakra sveitarfélaga.

Þeir sem nær eru vettvangi, þeir sem betur þekktu til á hverjum stað ættu þannig hér hlut að máli en ekki einungis fimm menn í Reykjavík sem ætluðu að grandskoða hjörtun og nýrun í þessu efni. Ég held að það væri slæmur kostur.

Eins og ég sagði áðan þá kann vel að vera að hægt sé að koma þessari hugmynd betur fyrir í reglugerð og síðan í framkvæmd. Mér kæmi ekki á óvart ef það næði fram að ganga að það gæti þýtt það að samtök sveitarfélaga út um allt land fengju í sinn hlut vegna þessa starfs, sem yrði árlegt, um 2% hærra hlutfall í tekjum en hér er gert ráð fyrir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til félmn. með 26 shlj. atkv.

Endurbætur forsetasetursins á Bessastöðum, 1. umr.

Stjfrv., 432. mál. — Þskj. 792.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um endurbætur og framtíðaruppbyggingu forsetasetursins á Bessastöðum. Þetta mál á nokkurn aðdraganda. Ljóst hefur verið lengi að viðhaldi forsetasetursins og þeirra bygginga sem þar eru hefur verið mjög ábótavant.

Ég held að það megi fullyrða að settar hafa verið nokkrar upphæðir af og á til allra óhjákvæmilegustu viðhaldsaðgerða, eins og t.d. nýlega til lagfæringar á gólfi í Bessastaðastofu sem var orðið mjög sigið og varla þar bjóðandi inn nokkrum manni. Skipulagt átak í þessum málum var hins vegar gert af fyrrv. ríkisstjórn og forsrh. þeirrar ríkisstjórnar skipaði svokallaða Bessastaðanefnd, mig minnir að það hafi verið í lok ársins 1987 eða seint á því ári. Formaður þeirrar nefndar er 1. þm. Reykn., hv. þm. Matthías Á. Mathiesen. Á vegum þeirrar nefndar hefur síðan farið fram ítarleg úttekt á staðnum og hefur komið í ljós að ástand staðarins er í raun langtum verra en menn höfðu gert sér grein fyrir. Svo vill oft fara þegar viðhald hefur verið vanrækt eins og vissulega er komið í ljós í þessu tilfelli.

Nefndin hefur látið gera úttekt á staðnum öllum og fylgir hér með greinargerð húsameistara ríkisins, Þorsteins Gunnarssonar arkitekts og Ístaks hf. um endurreisn forsetasetursins að Bessastöðum.

Ég vil taka það fram að hér er um greinargerð og hugmyndir arkitektanna fyrst og fremst að ræða sem ekki hefur verið tekin endanleg afstaða til. Mér þykir sjálfum ýmsar þær upphæðir sem þar eru nefndar mjög háar og vissulega nauðsynlegt að þær verði endurskoðaðar allar saman og það veit ég að nefndin hefur haft í huga og unnið að. En það breytir ekki hinu að flestöll hús á Bessastöðum og umhverfi eru í því ásigkomulagi að til skammar er og verður alls ekki lengur við svo búið.

Eftir þær viðgerðir sem fóru fram á fyrstu hæð var hugað að efri hæð eða rishæð Bessastaðastofu og í ljós kom að hún má heita nánast ónýt af vatni og vindum og veðrum. Áætlun var gerð um lagfæringu hæðarinnar. Sú áætlun er eins og hér kemur fram upp á 55 millj. kr. Ég lét yfirfara hana og sá verkfræðingur sem það gerði telur að draga megi nokkuð úr þeirri upphæð, e.t.v. niður í 40–45 millj. kr. Engu að síður má öllum vera ljóst að þarna er um afar stórt verkefni að ræða.

Á fjárlögum þessa árs er gert ráð fyrir 12 millj. kr. til þessa verkefnis en heimild til að taka lán til viðbótar þannig að vinna megi samfellt að verkefninu, enda annað óhjákvæmilegt því að þegar þak og innrétting þar uppi verður rifið þarf nánast að byggja yfir Bessastaðastofu og þannig fær mannvirkið að sjálfsögðu ekki staðið til lengdar.

Nýlega kom formaður fjvn. og formaður Bessastaðanefndar ásamt fleirum í heimsókn til Bessastaða. Það höfðu reyndar bæði fyrrv. forsrh. og núv. gert ásamt fjármálaráðherrum og fleirum. Ég held að það megi segja að eftir síðustu heimsókn komust menn að þeirri niðurstöðu að ekki væri um annað að ræða heldur en að hefjast þarna myndarlega handa og reyna að ljúka þessu stóra verki sem alla vega er upp á einhver hundruð milljóna. Ég vil ekki slá neinni endanlegri upphæð fastri því, eins og ég sagði, þá áætlun sem liggur fyrir frá arkitektunum þarf vandlega að endurskoða. Í því sambandi varð niðurstaða manna sú að nauðsynlegt væri að aðgreina þetta frá forsetaembættinu því að jafnvel þær viðgerðir sem þar hafa farið fram, sem þó hafa ekki verið nema lítill hluti af heildinni, hafa hleypt öllum fjármálum embættisins úr skorðum og ekki eðlilegt að blanda þessu tvennu saman. Niðurstaðan varð því sú að flytja sérstakt frumvarp um endurbætur og framtíðaruppbyggingu forsetasetursins á Bessastöðum.

Samkvæmt stjórnarráðslögum fellur framkvæmd á Bessastöðum undir forsrn. og hér er gert ráð fyrir því að heildaráætlun um nýtingu lands og uppbyggingu mannvirkja á Bessastöðum verði lokið fyrir árslok 1990 og gert ráð fyrir því að forsrh. skipi þriggja manna nefnd sem annast undir yfirstjórn ráðuneytisins áætlunargerð samkvæmt lögum þessum. Nefndin sjái með sama hætti um framkvæmdir samkvæmt lögunum og geri fjárhagsáætlanir við undirbúning fjárlagagerðar.

Meginatriði þessa frv. eru sem sagt þessi að aðskilja viðgerð á forsetasetrinu frá forsetaembættinu sjálfu, að setja það í fast form og ákveða með þessum lögum að ráðast til þess verks og ljúka því á næstu árum, en að sjálfsögðu eru allar fjárveitingar í þessu skyni háðar samþykki Alþingis og verða þá lagðar fyrir nauðsynlegar áætlanir. Fjárveitingar hljóta að vera á fjárlögum hvers árs.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að hafa um þetta lengra mál. Hér fylgir töluverð greinargerð með þar sem menn geta kynnt sér nánar þær hugmyndir sem þarna eru uppi og sjá á þeirri greinargerð að þar er ekkert hús í raun undan skilið frá þessari viðgerð. En ég vil að lokum leggja áherslu á það að að mínu mati þarf þó að athuga enn mjög náið þær áætlanir sem þarna eru gerðar o.s.frv. og hvernig menn hugsa sér að nýta Bessastaði fyrir forsetasetur í framtíðinni.

Ég legg svo til að máli þessu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Herra forseti. Þann 15. mars sl. fór fjvn. að Bessastöðum í þeim tilgangi að skoða ástand húsa staðarins. Og ég held að það sé ekki of mælt að við urðum öll undrun slegin að sjá hversu illa þessi hús eru komin og augljóst að nú verður að hafa hraðar hendur til að koma í veg fyrir frekari hrörnun og hefjast handa um endurbætur.

Við Íslendingar eigum ekki margar gamlar byggingar og ef notaður væri mælikvarði þeirra þjóða þar sem byggingarlist hefur staðið með blóma um aldir, þá eigum við engar. Við þróuðum að vísu sérstaka byggingarlist miðaða við innlend aðföng og aðstæður, en þau efni voru forgengileg svo sem allir vita og

þau fáu hús sem við eigum frá fyrri tíð ættum við að kappkosta að varðveita. Við getum ekki leyft okkur þann kotungshugsunarhátt að telja að þjóðin hafi ekki efni á því og ég neita því ekki að endurbygging Bessastaðastofu er kostnaðarsöm, a.m.k. eins og hún liggur fyrir í þeirri skýrslu sem fylgir frv., en það er nú kannski álitamál hvort þær tölur standast allar. En hins er líka að geta að tölur hafa tilhneigingu til að hækka í meðförum hjá okkur svona yfirleitt.

Þó að endurbygging Bessastaðastofu kunni að verða dýr og kostnaðarsöm, þá verðum við að hafa þann metnað að sjá til þess að aðsetur æðsta embættismanns þjóðarinnar sé með þeirri reisn sem hæfir. Og núverandi ástand Bessastaða er langt frá því að vera við hæfi. Á þessu höfuðsetri íslensku þjóðarinnar verður allt að vera með þeim hætti, allur húsakostur, umgengni og skipulag, að það sé landi og þjóð til sóma svo lengi sem æðsti maður þjóðarinnar situr þar.

Saga Bessastaða, þar sem um langt skeið var ein af menntastofnunum þjóðarinnar, gefur einnig fullkomlega tilefni til þess að þar sé hlúð að minjum og haldið uppi reisn staðarins.

Sú áætlun um uppbyggingu sem hér liggur fyrir kann að vaxa mönnum í augum vegna kostnaðar og því hefur verið talið rétt að fara þá leið að fjallað yrði um hana á Alþingi og þar en ekki annars staðar yrði ákvarðað hvernig að þessari uppbyggingu yrði staðið. Það er skoðun mín að þannig eigi að standa að þessu máli en ekki gefa framkvæmdarvaldinu sjálfdæmi og ekki að standa þannig að að veita aukafjárveitingar í þetta verk, á þann veg sem hefur nú mjög verið gagnrýnt í seinni tíð. En eins og ég sagði áðan, þá er ástand húsa á Bessastöðum nú með þeim hætti að það verður að bregðast við ef á að afstýra frekari skemmdum en orðnar eru og að eyðileggist þá í leiðinni kostnaðarsamar viðgerðir sem unnar hafa verið.

Ég tel bæði rétt og nauðsynlegt að uppbygging og viðhald fasteignarinnar á Bessastöðum sé aðskilin frá fjárhag skrifstofu forseta Íslands. Þær nauðsynlegu og kostnaðarsömu framkvæmdir sem verða þar á næstu árum ef af samþykkt þessara laga verður, og trúlega hvort sem er, það er óeðlilegt að þær séu tengdar daglegum rekstri embættisins. Það verður einnig að teljast mikilvægt að gerð sé heildaráætlun um hvernig nýta skuli Bessastaðajörðina í framtíðinni og hvaða mannvirkjum skuli ætlaður staður þar og hvaða starfsemi. Þar getur margt komið til greina svo sem rannsóknaraðstaða fyrir fræðimenn og þá er höfð í huga nýting á bókasafni Bessastaða í leiðinni.

Það er skoðun mín að með því að setja lög um endurbætur og uppbyggingu á Bessastöðum vinnist fyrst og fremst tvennt: Í fyrsta lagi það að gengið verði að þessu verki með skipulegum hætti, árlega lagt fé til framkvæmda og viðhalds og í öðru lagi það að friður verði um þetta mál og það unnið eftir áætlun. Mér virðist að frv. taki til þeirra þátta sem huga þarf að og það væri unnið gott verk ef takast mætti að afgreiða það á þessu þingi.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Það frv. sem hér liggur frammi, um endurbætur og framtíðaruppbyggingu forsetasetursins á Bessastöðum, er að sjálfsögðu gott mál á sinn hátt. En það er ýmislegt sem verður að staldra við í þessu máli. Það er í fyrsta lagi svo að ég tel að það ætti ekki að veita fé til þessara framkvæmda fyrr en þá með fjárlögum fyrir árið 1990 því að það má nú sjá þegar að fjárlög fyrir árið 1989 eru brennd því marki að þar ná endar tæpast saman og ekki á það bætandi að enn einn liðurinn verði settur í gang sem sér ekki fyrir. Í öðru lagi er það mikilsvert að slíkar framkvæmdir verði boðnar út ef til kæmi. Ég held að það væri ekki fjarri lagi að það mætti gera með álíka hætti og hér er lýst í framkvæmdaáætlun að öðru leyti en því að ég tel að ekki ætti að byrja á þeirri framkvæmdaáætlun fyrr en árið 1990, ef þingið samþykkir.

Ég vil vekja athygli á því að þarna eru e.t.v. framkvæmdir fyrir 250–300 millj. Hér í þinginu hefur verið rætt um að kaupa Hótel Borg fyrir aðrar litlar 300 millj. og endurbætur með því. Þetta eru auðvitað miklir peningar, þetta er mikið fé. Ég held að fólkið í landinu vilji gjarnan að það sé aðeins staldrað við áður en lagt verður út í hverja framkvæmdina á fætur annarri. Við erum hér með óklárað verkefni eins og Þjóðarbókhlöðu. Við erum með ýmis önnur verkefni sem ekki hefur verið lokið við og ég tel að það ætti að fara mjög hægt í þessar framkvæmdir. Það er ljóst að við verðum að huga að forsetaembættinu og því setri sem þar er. En þessi áætlun, sem hér liggur fyrir, er þó gríðarmikil og þar er verið að taka ákvörðun um nýbyggingar og miklu víðfeðmari uppbyggingu heldur en áður hefur verið talið nauðsynlegt, auk þess að endurbyggja gömlu húsin. Því tel ég að það verði að fara varlega í þetta og skoða mjög náið hvort þörf sé á að fara fyrst og fremst svona hratt í þessar framkvæmdir, í öðru lagi hvort endilega þarf að fara í þessar nýframkvæmdir sem hér eru boðaðar. Ég vil benda á að það má vel vera að við þurfum að búa vel að forsetaembættinu, en hitt er að þessi hús hafa þjónað okkur býsna vel lengi og þrátt fyrir það að bæta megi viðhald á þeim, þá sé það minna mál en fara að hefja nýbyggingar á miklum byggingum þarna, sem er alveg ljóst að á að fara út í, og að fara að gera það með þessum hætti.

Það að fara að leggja út í enn einar miklar framkvæmdir vildi ég nú staldra við eins og við sögðum hér áðan. Ég held að við ættum að huga að því að við séum ekki að setja hér af stað hvert verkefnið á fætur öðru án þess að það séu fjármunir til fyrir því. Ég vil bara spyrja að því hvort leggja eigi á nýjan skatt, kannski sérstakan eignarskatt í viðbót við þann sem er fyrir til þess að ljúka þessum framkvæmdum. Það væri fróðlegt að vita hvort hæstv. forsrh. ætlar að leggja á sérstakan skatt eða hvort hann ætlar að taka það af einhverjum öðrum framkvæmdum. Ég held að það sé full ástæða til þess að við spyrjum okkur þeirrar spurningar, þegar verið er að fara út í dýrar og miklar framkvæmdir við þetta eins og annað, hvort

við höfum í rauninni ráð á því að leggja út í slíkar framkvæmdir.

Með það að leiðarljósi að fjárlög og eyðsla ríkissjóðs hafa vaxið gífurlega á undanförnum árum, þá verður að staldra við. Og jafnvel þó að um sé að ræða forsetaembættið og Bessastaði, þá verðum við líka að staldra við þar. Það er kominn tími til að þingmenn geri sér grein fyrir því að það er komið að mörkum þess sem fólkið í landinu þolir og þetta verður ekki gert með öðrum hætti en þeim að auka skattana. En ef menn hafa það í huga að skera niður eitthvert annað verkefni þá vildi ég gjarnan fá að heyra það.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Ég vil fyrst og fremst fagna því að hæstv. ríkisstjórn skuli hér hafa flutt frv. til laga um endurbætur og framtíðaruppbyggingu á Bessastöðum. Það er orðið kunnugt að viðhald þeirra merku húsa hefur ekki farið fram um alllangan tíma með þeim hætti sem nauðsynlegt hefði verið. Bessastaðir sem forsetasetur og þjóðareign þurfa líka að taka uppbyggingu og aðlögun að nýjum aðstæðum og auknu hlutverki í ljósi breyttra tíma.

Eins og fram kom hjá hæstv. forsrh. var að undangenginni athugun þessara mála skipuð sérstök nefnd í samráði við forseta Íslands til þess að gera tillögur um uppbyggingu Bessastaða og endurbætur. Hv. 1. þm. Reykn. hefur veitt þeirri nefnd forstöðu. Ég tel að það sé sérstakt fagnaðarefni fyrir Alþingi hversu mikla rækt forseti Íslands hefur lagt við Bessastaði og sögu þeirra og það sé skylda löggjafarsamkomunnar nú að taka myndarlega á málefnum Bessastaða varðandi þá nauðsynlegu uppbyggingu sem þar blasir nú við.

Það er augljóst að þetta verkefni þarf að skilja frá almennum rekstri forsetaembættisins. Bessastaðir eru meira en bara forsetasetur. Þeir eru þjóðareign. Bessastaðastofa er þjóðarhús. Það er skynsamlegt að ákveða þessar framkvæmdir með sérstakri löggjöf. Það kostar auðvitað fjármuni en ég er þeirrar skoðunar að við höfum miklum skyldum að gegna við Bessastaði. Þeir eiga djúpar rætur í íslenskri sögu. Þeir eru tákn hins forna konungsveldis erlendra yfirráða um leið og þeir eru tákn hins unga íslenska lýðveldis. Þeir eru líka tákn merkilegra atburða í bókmenntum og menningarsögu Íslendinga og skólasögu Íslendinga. Við höfum þess vegna margs konar skyldur við Bessastaði og fyrir því tel ég brýnt og mikilvægt að þær ákvarðanir séu nú teknar sem hér eru gerðar tillögur um í frv. hæstv. ríkisstjórnar sem marka ramma um þær framkvæmdir sem nauðsynlegar eru. Mitt mat er það að í þær þurfi að ráðast af reisn og myndarskap, en ég treysti um leið þeim sem verkstjórn verður falin að gæta þeirrar hógværðar og þess látleysis sem um leið eiga að einkenna Bessastaði í ljósi sögunnar.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Ég tel ástæðu til að lýsa yfir sérstökum áhuga fyrir því að þetta mál fái framgang á þessu þingi. Það er búið að vera undanfarin ár mjög leiðigjarnt hvað það hefur lent í undandrætti að gera nauðsynlegar aðgerðir á byggingum að Bessastöðum og það kemur kannski til af því að þessu hefur verið blandað saman og er miðað við núverandi aðstæður blandað saman við embættisrekstur forseta Íslands, sem er óeðlilegt því að þarna er um að ræða hús sem allir viðurkenna að eiga mikla sögu og sjálfsagt fáir Íslendingar sem eru þess sinnis að það eigi að hætta við þá uppbyggingu sem þarna þarf að fara fram. Þess vegna finnst mér eðlilegt að aðskilja uppbyggingu Bessastaðabústaðar frá rekstri á embætti forseta Íslands. Því á alls ekki að blanda saman í fjárfestingum.

Ég tel, miðað við það sem hefur komið fram í meðferð fjvn. á undanförnum árum og allt til þessa dags, að það hafi þurft að taka endanlega ákvörðun um það hver stefnan ætti að vera í uppbyggingu staðarins. Og ég tel að miðað við það sem kom fram í ferð fjvn. til Bessastaða núna í síðasta mánuði hafi fjárveitinganefndarmenn áttað sig á því að það verður ekki undan því vikist að taka ákvörðun um það hér á hv. Alþingi hvernig með málið verður farið því að það er greinilegt að hér er ekki um neinar smáaðgerðir að ræða. Það liggur alveg fyrir. Við sáum það með eigin augum hvernig ástand þessa húsnæðis sem á að hýsa æðsta embætti þjóðarinnar er í raun og veru þegar farið er að skoða það. Það er hörmulegt. Það er í raun og veru vansi fyrir þjóðina að horfa á það að æðstu þjóðhöfðingjar heimsins, fyrir utan alla aðra virðulega gesti sem þarna koma, þurfi að bera augun á ástand þessara mannvirkja. Það er alls ekki verjandi, það er til vansa fyrir þjóðina.

Þess vegna finnst mér einmitt þetta frv. sem hér liggur fyrir tímabært og tel það skyldu Alþingis að afgreiða það á þann veg að þarna verði tekin ákvörðun um að hefjast handa sem ekki verði látin drabbast niður í meðferðinni á næstu árum. Það verður að gera það þannig að sú fjárhagsáætlun, sem gerð verður fyrir verkið í heild, verði marktakandi og Alþingi um leið tilbúið að fjármagna það á eðlilegan máta.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

Umhverfismál, 1. umr.

Stjfrv., 417. mál (umhverfisráðuneyti). — Þskj. 777.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Umhverfismálin eiga langa sögu. Viðleitni til að skipa þeim í ákveðinn farveg hefur í raun staðið allan þennan áratug. Ég held að langflestar ríkisstjórnir ef ekki allar hafi ætlað sér að koma þeim málum þannig fyrir að sómi sé sýndur. Fjöl-

margar nefndir hafa starfað, fjölmörg frumvörp hafa verið samin og tillögur gerðar, drög hafa verið gerð á vegum ríkisstjórna að þáltill. þar sem stefnu hefur átt að marka að þessum málum og þannig mætti lengi telja. Frumvörp hafa verið lögð fram hér á hinu háa Alþingi, bæði af stjórnarliðum og sömuleiðis af stjórnarandstöðu, en hafa ekki náð fram að ganga.

Ég lít svo á að þetta sé alls ekki merki um áhugaleysi af hálfu alþm. heldur er þetta fyrst og fremst merki um það að þarna er um að ræða viðkvæm mál sem koma við næstum því alla þætti í þjóðlífinu. Hitt er svo staðreynd að með hverju ári hefur orðið mikilvægara að skipa þessum málum þannig að viðunandi sé. Þessi ríkisstjórn ákvað því og setti í sinn stjórnarsáttmála eins og þar segir, með leyfi forseta: „Ríkisstjórnin mun fela einu ráðuneyti að samræma starfsemi hins opinbera að umhverfismálum og komi það til framkvæmda innan árs." Jafnframt eru í stjórnarsáttmála talin upp ýmis verkefni sem nauðsynlegt er talið að falli undir slíkt ráðuneyti eða samræmda stjórn þessara mála.

Það kom í hlut minn sem forsrh. að vinna að framkvæmd þessarar samþykktar stjórnarflokkanna og ákvað ég að gera það með því að setja menn í að skoða öll þau frv. eða a.m.k. sem flest þeirra frumvarpa sem hafa verið samin og þær greinargerðir sem hafa verið samdar, þingsályktunartillögur og það sem flutt hefur verið hér á Alþingi, og ég leitaði ásamt þeim mönnum leiða til þess að rata meðalveginn sem vissulega er oft erfitt, en ég hygg að sé þó hvað erfiðast í þessu mjög viðkvæma máli af mörgum sem ég hef fengist við.

Þetta frv. sem hér liggur fyrir er niðurstaða af þessari vinnu, samkomulagsmál meðal stjórnarflokkanna og þó vil ég leggja á það ríka áherslu að það eru ýmsir sem vilja annaðhvort ganga lengra, leggja fleira undir eitt ráðuneyti heldur en hér er gert ráð fyrir og hins vegar eru aðrir sem telja að hér sé viðkvæmum málum hreyft og m.a. fært frá ákveðnum fagráðuneytum til þessa fyrirhugaða umhverfisráðuneytis.

Meginatriði þessa máls eru þau að gert er ráð fyrir því að eitt ákveðið ráðuneyti annist yfirstjórn umhverfismála eins og getið er um í 2. gr. þessa frv. Meginsviðin verði varnir gegn mengun á landi, í lofti, í ferskvatni og sjó, verndun náttúru, þar með talið eftirlit með ástandi gróðurs, útivistarmál og friðun og verndun villtra dýra og fugla. Hér er því skapaður sá rammi að umhverfisráðuneytið eigi að fjalla um hið ytra umhverfi, en t.d. ekki áhrif á manninn af spillingu umhverfis eða af eiturefnum sem þar kunna að finnast svo eitthvað sé nefnt. Mikilvægt er að hafa þetta í huga. Til að gera ráðuneytinu kleift að annast þetta verkefni er í síðari greinum, einkum í II. kafla, tekið fram hvað skuli annars vegar færa til þessa ráðuneytis. Eins og segir í 8. gr. skal færa þangað mengunarvarnadeild Hollustuverndar ríkisins, mengunarvarnadeild Siglingamálastofnunar, Náttúruverndarráð og embætti veiðistjóra.

Hér er hreyft ýmsum málum sem orka tvímælis, eins og t.d. að kljúfa Hollustuvernd ríkisins þannig að færa mengunarvarnadeild, og þeir eru allmargir sem telja að skynsamlegra sé að flytja Hollustuverndina alla. Þá er að sjálfsögðu komið inn á það svið sem í þessu frv. er ekki falið umhverfisráðuneytinu, þ.e. áhrif á hollustu mannsins.

Ég vil hins vegar taka það fram að ég tel vel koma til greina ef sú yrði niðurstaða í nefnd eftir að hafa athugað þetta mál, að ekki sé rétt að kljúfa þarna í sundur þannig að eiturefnadeild eða varnir gegn eiturefnum, sem eru einnig í Hollustuverndinni, féllu þarna einnig undir, ef mönnum sýnist svo.

Í 7. gr. frv. er jafnframt talin upp framkvæmd ýmissa laga sem mundu við samþykkt þessa frv. falin umhverfisráðuneyti. Það er í fyrsta lagi lög um náttúruvernd, lög um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, lög um dýravernd, lög um fuglaveiðar og fuglafriðun, lög um eyðingu svartbaks, lög um eyðingu refa og minka, lög um friðun hreindýra og eftirlit með þeim, lög um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi og lög um landgræðslu, að því leyti sem tekur til eftirlits með ástandi gróðurs.

Hér er fyrst og fremst um að ræða ýmis friðunarlög sem falla undir menntmrn. og það gerir að sjálfsögðu eins og nú er Náttúruverndarráð, þannig að mjög mikið er frá menntmrn. fært yfir til þessa umhverfisráðuneytis sem hér er lagt til að sett verði á fót.

Í þessari upptalningu er, eins og ég las áðan, um að ræða eftirlit með ástandi gróðurs. Í því felst m.a. að ákveða beitarþol. Hér er enn um það að ræða að skilið er á milli að ákveða beit og hins vegar að lagfæra gróður lands, þ.e. uppgræðsla lands er í þessu tilfelli ekki flutt yfir til umhverfisráðuneytis. Um þetta hefur oft verið rætt og í ýmsum þeim tillögum sem liggja fyrir er gert ráð fyrir því að færa landgræðsluna alla eins og hún er til umhverfisráðuneytis og jafnvel skógrækt. Hér er tekin sú afstaða að eðlilegt sé að viðkomandi fagráðuneyti, sem hefur þarna mjög stórra hagsmuna að gæta, annist nauðsynlega uppgræðslu og stuðli þannig að því að land, sem kann að vera takmarkað fyrir beit af ákvörðun umhverfisráðuneytisins, verði á ný opnað fyrir umferð bústofns og beit.

Ég fyrir mitt leyti, eftir að hafa rætt um þetta við fjölmarga aðila, tel að hér sé farin skynsamleg meðalbraut að þessu leyti, að mörgu leyti eðlilegt, þar sem hagsmunir eru stórir eins og ég sagði, í þessu tilfelli hjá landbúnaðinum, að það ráðuneyti sem fjallar um landbúnaðarmál sjái sér hag í því að bæta gróður vegna landbúnaðarins sem er þar að sjálfsögðu meginnotandi.

Einnig hafa heyrst þau sjónarmið að umhverfisráðuneyti hefði ekkert með gróðurvernd að gera. Það tel ég satt að segja hinar öfgarnar í þessum málum því að í umhverfismálum okkar er gróðurvernd að öllum líkindum stærsta vandamálið. Sá gífurlegi uppblástur sem hér hefur orðið fer vitanlega ekki fram hjá neinum manni, enda hef ég og eflaust allir orðið var við mjög aukinn skilning á einmitt nauðsyn þess að taka gróðurmálin og gróðurverndina mjög föstum tökum.

En auk þeirra mála sem þannig eru beinlínis falin þessu umhverfisráðuneyti, þá er í 9. gr. gert ráð fyrir því að stofna til samstarfsnefndar með þeim ýmsu ráðuneytum sem þarna eiga hagsmuna að gæta og þar eru talin upp iðnrn., sjútvrn., félmrn., landbrn. og samgrn. Menn hafa nefnt að þarna ætti heilbrrn. að vera með og það má vel vera. Ég hef ekkert við það að athuga. Það sem réði því að það er ekki með þarna var fyrst og fremst það að gert er ráð fyrir því að frá heilbrrn. flytjist mengunarstarfsemi þess. En ég tel alveg sérstaklega ástæðu til þess að heilbrrn. verði með ef Hollustuverndin öll flyttist þarna yfir. En það er út af fyrir sig smáatriði í þessu og hlutur sem sú nefnd sem þetta fær þarf að athuga.

Í þessari 9. gr. eru talin upp fjölmörg lög sem mundu falla undir samstarf það sem hér er stofnað til eða með öðrum orðum, eins og fram kemur í þessum II. kafla, þá er hér farin þessi leið sem báðar hafa verið til umræðu: annars vegar að fela umhverfisráðuneytinu mjög víðtækt vald yfir fjölmörgum verkefnum fjölmargra ráðuneyta og hins vegar að hafa það laust í reipum og meira samstarfsvettvang. Hér er farin sú millileið að fela ráðuneytinu nauðsynleg grundvallarmál, en síðan að hafa samstarf um fjölmörg önnur verkefni. Ráðuneytinu er einnig ætlað að annast rannsóknir og fræðslu. Vil ég þar sérstaklega geta 13. gr. þar sem segir:

„Umhverfisráðuneytið skal reglubundið afla vitneskju um ástand lífrænna auðlinda og gera tillögur um skynsamlega nýtingu þeirra með tilliti til langtímahagsmuna þjóðarinnar."

Ég veit það að sumir hafa spurt og kannski óttast að þarna sé verið að grípa á óeðlilegan hátt inn í nýtingu náttúruauðæfa landsins sem eru að sjálfsögðu falin ákveðnum ráðuneytum, eins og t.d. nýting auðlinda sjávar sjávarútvegsráðuneytinu og nýting orkulinda landsins iðnaðarráðuneytinu. Hér er alls ekki um það að ræða, eins og greinilega kemur fram í grg. með frv., heldur eingöngu að ráðuneytið veki athygli á þróun þessara auðlinda reglubundið og það getur varla verið nokkrum til skaða að svo sé gert, heldur náttúrlega sjálfsagt að hlutlaus aðili sem fjallar um umhverfismál birti reglulega skýrslur um þróun þessara mála.

Ég vil síðan vekja athygli á ákvæði til bráðabirgða þar sem gert er ráð fyrir að lög þessi verði endurskoðuð innan tveggja ára frá gildistöku. Það er tvímælalaust óhjákvæmilegt því hér er um svo mikið og stórt mál að ræða sem reynsla verður að nokkru að skera úr hvernig best er fyrir komið hér hjá okkur Íslendingum. Sömuleiðis er hér ákvæði sem skyldar umhverfisráðuneyti að beita sér fyrir breytingu á ýmsum lögum sem eru gildandi, t.d. um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, um eiturefni og hættuleg efni, um varnir gegn mengun sjávar, um landgræðslu og kemur þá að því sem ég nefndi áðan um skiptingu þeirra verkefna sem þessi lög í dag fela ákveðnum ráðuneytum.

Með frv. fylgir allítarleg grg. þar sem saga þessa máls er að nokkru rakin og einnig drepið á ýmsa andstöðu sem hefur komið fram við meðferð málsins hér á Alþingi eða í nefndum við fyrri hugmyndir um skipan þessara mála. Ætla ég ekki að lengja þessa framsögu með því að fara í það.

Ég vil hins vegar að lokum segja að umhverfismálin eru e.t.v. mikilvægasta mál þessarar þjóðar þegar til lengri tíma er litið. Reyndar á það við miklu fleiri þjóðir en þessa þjóð. Þau eru augljóslega að verða eitt mikilvægasta mál mannkyns. Mjög kemur fram í stöðugt vaxandi meðferð þessara mála að við Íslendingar sitjum þar hreinlega eftir. Við erum ætíð í erfiðleikum með að ákveða hvaða fulltrúar skuli sækja hina fjölmörgu fundi um umhverfismál og um svið umhverfismála sem varðar okkur mjög. Ég þarf að sjálfsögðu ekki að minna hér á þau hættumerki sem blasa við mannkyni almennt, eins og t.d. eyðingu ósonlagsins eða gróðurhúsaáhrifin eða kjarnorkuna og kjarnorkumengun sem við Íslendingar höfum m.a. nú nýfarið verið mjög minntir á.

Við Íslendingar eigum hins vegar því láni að fagna að hin almenna mengun umhverfisins, nema þá helst gróðureyðingin, hefur ekki enn þá sótt okkur mjög heim. Við getum enn þá talað um hreinan sjó og hreint land, hreint vatn, hreint loft þó að allt sé þetta að vísu mjög miklum takmörkunum háð. Það sér t.d. hver maður sem á góðum degi lítur hér í kringum sig í Reykjavík á þá gulu slæðu sem hér liggur yfir. Hún er hér þrátt fyrir það að búið er að ráðast í kostnaðarsamar aðgerðir til að hreinsa úrgang frá Áburðarverksmiðju ríkisins, og vitnar fyrst og fremst um stóraukna umferðarmengun hér á þessu svæði. Og þó að við státum af hreinum sjó og hreinu vatni þá eru þar sannarlega mengunarhættur.

Ég er þeirrar skoðunar að ef við höldum rétt á þessum málum og getum með sanni sagt að hér sé hreint umhverfi, hér sé hreinn sjór, hreint vatn og hreint loft og haldið á gróðurmálum þannig að til fyrirmyndar sé, þá geti það orðið eitt mikilvægasta einkenni þessa lands og í fjölmörgu tilliti. Ég er sannfærður um það að eins og umhverfismálin og heilsurækt og þau mál fara sem eldur í sinu um heiminn þá selur ekkert betur okkar afurðir en að geta auglýst þær frá hreinu landi. Í því sambandi þurfum við Íslendingar að sjálfsögðu að hafa sýnt að við erum að taka á þeim málum af fullri ábyrgð og fullri festu. Og í þeirri viðleitni er þetta frumvarp lagt fram.

Ég tel að við Íslendingar eigum að taka forustu á fjölmörgum sviðum umhverfismála á Norður-Atlantshafinu. Ég tel t.d. mjög viðeigandi að við stofnum til ráðstefnu hér á landi, og það fyrr en seinna, um hafið sem við byggjum á okkar afkomu, um hreint haf og tökum þar ekki aðeins fyrir, þó að afar mikilvæg sé, t.d. hugsanleg mengun frá kjarnorkukafbátaslysum, einnig frá kjarnorku sem streymir út í hafið í nágrannalöndum okkar og berst hingað, heldur einnig hvers konar önnur óhreinindi sem því miður er varpað í hafið í dag og reynum að ná samstöðu með löndunum hér í kringum okkur um að halda Norður-Atlantshafinu hreinu. Ég nefni þetta sem mjög verð-

ugt verkefni fyrir íslenska þjóð og sem mikilvægt skref í þá átt að gera umhverfismálin að aðalsmerki þessarar þjóðar. Við eigum að geta kynnt okkur á alþjóðavettvangi sem umhverfisverndunarmenn. Það er áreiðanlega eitthvert það allra mikilvægasta sem við Íslendingar getum gert þegar til framtíðar er litið og líklega ómælanlegt hvað slík viðleitni og slíkt viðhorf getur haft í för með sér fyrir þessa þjóð bæði efnahagslega og mannlega.

Þetta frv. er lagt fram í þeirri viðleitni og þeirri von að höggva megi á hnútinn, menn sætti sig við að fara hér meðalleið og ákveði þá heldur að skoða þegar að endurskoðun málsins kemur hvort lengra eða skemmra á að ganga. Grunur minn er nú sá að þá verði frekar um það fjallað hvort lengra eigi að ganga.

Ég vil, herra forseti, ekki lengja þessa umræðu, það eru svo mörg mál á dagskrá og þó að mjög hefði verið ánægjulegt að flytja um þetta miklu lengra mál og geta um þær fjölmörgu hættur sem að okkur steðja, þá vona ég að ég hafi komið að meginþáttum þessa máls og mér hafi tekist að leggja áherslu á að hér er af hálfu ríkisstjórnarinnar lögð fram málamiðlun í málinu í þeirri von að samstaða geti tekist hér á hinu háa Alþingi um mál sem ég veit að allir hv. alþm. eru sammála um að er mjög mikilvægt.

Ég vil svo, herra forseti, leggja til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Matthías Á. Mathiesen:

Herra forseti. Ég get verið sammála hæstv. forsrh. þegar hann segir að við séum hér að fjalla um eitt af þýðingarmestu málunum sem eru til umfjöllunar í dag. Ég get líka verið sammála honum um það að við séum hér að fjalla um eitt með viðkvæmari málum sem eru á dagskrá, ekki aðeins hér hjá okkur heldur úti í hinum stóra heimi. Þess vegna furða ég mig á því ef hæstv. forsrh. í raun og veru meinar það sem mér fannst koma fram í hans ræðu að hann ætlaði Alþingi Íslendinga að fjalla um þetta mál, komast að niðurstöðu og afgreiða það sem lög frá Alþingi á þeim stutta tíma sem eftir er af þinginu nú í vor.

Það er rétt, sem fram kom hjá hæstv. forsrh., að þetta mál hefur verið á dagskrá ríkisstjórna á undanförnum árum og er kominn nú nærri hálfur annar áratugur frá því að málið var fyrst tekið upp af þáv. ríkisstjórn sem Geir Hallgrímsson veitti forsæti. Það hefur síðan verið til umfjöllunar en ekki hefur náðst samstaða um það með hvaða hætti og hvernig þessum hlutum skyldi fyrir komið.

Á þessu þingi hafa verið til umfjöllunar fyrst till. til þál., 150. mál þingsins, um umhverfisráðuneyti, síðan frv. til l. um samræmda stjórn umhverfismála, 230. mál þingsins. Annars vegar er í tillögu á þskj. 159, 150. máli, gerð grein fyrir því með hvaða hætti flm. telja rétt að stofnað sé til umhverfisráðuneytis sérstaklega, sérstaks ráðuneytis, og hvernig skuli unnið að þeirri löggjöf, því frumvarpi sem fyrir þingið yrði lagt. Ég verð að segja að þegar sú tillaga er lesin, hvort sem menn eru henni sammála eða ekki, þá er undirbúningurinn og vinnan sem lögð hefur verið í þá tillögu með þeim hætti að það frumvarp sem hér er til umræðu stenst ekki samanburð.

Ég vík þá að frv. á þskj. 431, 230. máli þingsins, sem nokkrir þingmenn Sjálfstfl. hafa flutt. Þáltill. er flutt af þingmönnum Kvennalistans. Það frv. er nokkuð breytt frv. sem unnið var af ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar og lagt fram á síðustu dögum þings vorið 1988. Á því hafa verið gerðar nokkrar breytingar. Mín skoðun er sú að það frv. sem hæstv. forsrh. talar hér fyrir standist ekki samanburð við það frv., enda var undirbúningur þess frv. með þeim hætti að haft var samráð við fjölmarga aðila, við öll ráðuneyti, við fjölmargar og flestallar stofnanir sem þar höfðu að gæta atriða sem þýðingu hafa. Þannig var reynt að ná með því frv. eins víðtæku samkomulagi og mögulegt var um samræmda stjórn umhverfismála. Í því frv. er gert ráð fyrir að einu ákveðnu ráðuneyti sé breytt þannig að það taki til sín ákveðin atriði og verði umhverfisráðuneyti. Þar er gert ráð fyrir nánu samstarfi allra þeirra ráðuneyta sem með umhverfismálin fara, en öll stjórnum mála sett undir eina stjórn sem skipuð yrði fulltrúum allra þeirra ráðuneyta sem um þessi mál fjalla, en sá ráðherra sem hér er gert ráð fyrir, umhverfis- og samgönguráðherra eða samgöngu- og umhverfisráðherra, honum er ætlað að bera ábyrgð á þessum málaflokki og þegar um ágreining væri að ræða þá skæri hann úr.

Hér er farin sú leið sem flestir þeirra aðila sem fjölluðu um þessi mál töldu rétt að fara. Vissulega var það ekki ágreiningslaust það frv. sem ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar vann að af þriggja manna nefnd undir forustu Sigurðar M. Magnússonar, en á frv. voru gerðar breytingar sem einmitt tóku tillit til þess, þeirra atriða, þeirra ábendinga sem fram höfðu komið.

Þegar um er að ræða frv. til l. um umhverfismál þá erum við að fjalla um þýðingarmikinn þátt í íslensku stjórnkerfi. Við erum að fjalla um hluta af Stjórnarráði Íslands. Og eins og öllum er ljóst er umhverfismálum í dag víða þannig fyrir komið að um er að ræða nokkuð miklar breytingar á stjórnlögum og þess vegna mjög þýðingarmikið að að þessu sé unnið með þeim hætti að ekki sé þar rasað um ráð fram. Það er ekki aðeins að verið sé að fjalla um stjórnkerfið, Stjórnarráðið, heldur er líka verið að ræða um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, hvernig annars vegar ríkið sinnir hlutunum og hins vegar hvernig sveitarfélögunum er ætlað að sinna sínum þáttum í stjórnkerfinu. Það hlaut því að verða nauðsynlegt fyrir hæstv. forsrh. og þann sem vann að samningu þessa frv., það hlaut að vera nauðsynlegt fyrir hann og ráðuneytið að gera sér grein fyrir með hvaða hætti litið væri á þær hugmyndir sem til umfjöllunar voru, hvort heldur það var í sjálfu Stjórnarráðinu eða að um var að ræða samskipti ríkis og sveitarstjórna.

Það er ljóst af öllum þeim viðbrögðum sem átt hafa sér stað síðan þetta frv. var lagt fram að hvorugt hefur verið gert. Það er ljóst að í einstökum ráðuneytum,

og einstakir ráðherrar hafa látið í umfjöllun hafa eftir sér þau orð, hefur þetta frv. ekki verið til umfjöllunar, annars vegar á milli forsrn. og einstakra ráðuneyta. Það er enn fremur ljóst af viðbrögðum sveitarstjórnaraðila að við samtök þeirra hefur ekki verið haft samband þannig að frv. er samið í forsrn. án þess að haft sé samband við þá aðila sem hér skipta máli.

Ef frv. sem slíkt er virt fyrir sér þá verð ég að leyfa mér að segja að það er illa unnið og mér finnst ekki að það sé virðingu Alþingis samboðið að forsrn. leggi fram frumvarp — forsrh. er ekki hér, er sagt. Hann hefur eitthvað brugðið sér frá og getur haft kannski ástæðu til þess að hafa þurft að bregða sér frá. En ég vænti þess að forseti kanni hvort forsrh. sé langt undan. — Ég tel að frv. sé þannig úr garði gert að það sé fyrir neðan virðingu Alþingis að það sé borið fram af ríkisstjórn og ætlast til þess að það nái hér fram að ganga.

Ég hef aldrei séð í frv. aðra eins lagaupptalningu þar sem ætlað er að „fela einu ráðuneyti", eins og það er orðað, „að stofna til samstarfs á milli stofnana" og síðan talin upp nokkur kippa laga sem fjalla um hinar einstöku stofnanir.

Hæstv. forsrh. vék hér að 9. gr. frv. og taldi upp þær stofnanir sem gert er ráð fyrir að samstarf verði á milli og hann vék að 7. gr. En allt er þetta með þeim hætti að hver sá sem les og virðir fyrir sér þessa hluti verður mjög hissa. Þó verður manni nú á að spyrja, og ég hefði gjarnan viljað geta spurt hæstv. forsrh. að því þegar hann væri kominn hvar og hvernig stæði á þeim ákvæðum sem sérstaklega vikið er að í 5. gr. frv. (**Forseti:** Það skal fram tekið að hæstv. forsrh. tjáði mér að hann þyrfti að bregða sér frá í fimm mínútur og ég hef þegar gert ráðstafanir til þess að fylgst verði með því að hann standi nokkurn veginn við það.)

Á meðan við hinkrum eftir hæstv. forsrh. vil ég víkja að frv. sem slíku og gera samanburð og benda á að samræmið á milli 1. og 2. gr. þess er ekki fyrir hendi. Það sér hver sem les þessar greinar og nánast gefur þetta strax tilefni til að gera sér grein fyrir því að sá sem hefur samið frv. gerir sér ekki grein fyrir því hvar og með hvaða hætti þau málefni eru sem fjalla á um í frv. til laga um umhverfismál. Það virðist vera meginatriði frv. að sett sé á stofn umhverfisráðuneyti og það skiptir engu máli hvort menn hafa gert sér grein fyrir því með hvaða hætti eitt slíkt umhverfisráðuneyti skuli starfa, með hvaða hætti málefni skuli flutt úr einu ráðuneyti yfir til umhverfisráðuneytis, heldur, númer eitt, tvö og þrjú, verði stofnað umhverfisráðuneyti og einhver lög endurskoðuð, þessi lög jafnvel endurskoðuð innan tveggja ára, og ekki með nokkrum hætti hægt að átta sig á hvernig starfsskiptingin skuli verða.

Hæstv. forsrh. tók hér áðan sem dæmi Hollustuvernd ríkisins. Það er gert ráð fyrir að hluti af henni heyri til umhverfisráðuneytinu og annar hluti ekki. Í dag fer Hollustuvernd með eftirlit varðandi mengunarmál og heilbrigðismál. Hér er gert ráð fyrir að þetta verði klofið upp.

Þannig væri hægt að rekja fjölmörg atriði sem sýna fram á með hvaða hætti unnið er að frv., að þeir aðilar sem standa að því gera sér enga grein fyrir því hvernig framkvæmd þessara mála skuli vera. Það er m.a. ætlast til þess að þetta verði að lögum fyrir 1. sept. á þessu ári og það er gert ráð fyrir því í bráðabirgðaákvæði frv. hvernig stöðuheimildum skuli deilt upp. Það segir í ákvæði til bráðabirgða, 2. tölul.:

„Stöðuheimildir mengunarvarnadeildar Hollustuverndar ríkisins, mengunarvarnadeildar Siglingamálastofnunar, Náttúruverndarráðs og embættis veiðistjóra skulu frá gildistíma laganna heyra undir umhverfisráðuneyti."

Þarna er gert ráð fyrir því að ákveðnar stöður hjá ákveðnum stofnunum skuli heyra undir umhverfisráðuneyti en aðrar stöður skuli heyra undir þau ráðuneyti sem viðkomandi stofnanir heyra undir.

Þannig er tekið fram í ákvæðum til bráðabirgða að umhverfisráðuneytið skuli í samráði við viðkomandi fagráðuneyti láta semja frumvörp til laga um eftirtalda málaflokka: Um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit er skilji að þau ákvæði laga nr. 81/1988 er sérstaklega varða mengun og umhverfisvernd og færi framkvæmd þeirra undir ráðuneytið. Um eiturefni og hættuleg efni er skilji að þau ákvæði og færi undir ráðuneytið. Um varnir gegn mengun sjávar er geri ráð fyrir að eftirlit með mengun sjávar færist undir ráðuneytið. Um landgræðslu er geri ráð fyrir að eftirlit með ástandi gróðurs færist undir ráðuneytið.

Þannig er ljóst að frv. er ekki ætlað að samræma umhverfismálin. Miklu frekar er verið að gera frv. sem skapar að mínum dómi árekstra og erfiðleika í stað þess — eins og fram kemur í því frv. sem ég gat um áðan á þskj. 431, þar sem samræmd er stjórn umhverfismála.

Ég vék að því hér áðan, hæstv. forsrh., að ég hefði ekki séð frv. unnin fyrir Alþingi með þeim hætti sem þetta frv. er gert og þar sem upp eru talin fjölmörg lög og ætlast til þess að ráðuneytið, eftir að það hefur tekið til starfa, geri einn og annan hlut í sambandi við þetta. En ég ætlaði þó að víkja sérstaklega að 5. gr. frv. sem sýnir betur en nokkuð annað að þeir sem fjalla um þetta, hafa samið þetta, hafa ekki gert sér grein fyrir því um hvað þeir voru að fjalla. Í 5. gr. stendur:

„Umhverfisráðuneyti fer með framkvæmd eftirfarandi sérlaga um varnir gegn mengun og meðferð hættulegra efna: Lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, er varða mengunarvarnir. Lög um varnir gegn mengun sjávar af olíu og hættulegum efnum, nr. 77/1966, nr. 20/1972, nr. 20/1973, nr. 53 1973, nr. 14/1979, nr. 67/1981 og nr. 14/1984."

Í lögum nr. 32 frá 5. maí 1986 eru öll þessi lög numin úr gildi. Bráðabirgðaákvæði þeirra laga segir: „Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 77/1966 [og nú geta menn borið saman], lög nr. 20/1973, lög nr. 53/1973, lög nr. 67/1981 og lög nr. 14/1984."

Mér er ekki alveg ljóst hvernig ráðuneytinu er ætlað að stjórna þessum málum eftir lögum sem þegar hafa verið felld úr gildi.

Í 9. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir, og það er gott að hæstv. heilbrmrh. er kominn í salinn, að stofnað skuli til samstarfsnefndar umhverfisráðuneytis, iðnrn., sjútvrn., félmrn., landbrn. og samgrn. Það hvarflar ekkert að mönnum að heilbrmrn. þyrfti að vera í þessu samstarfi. Ég veit ekki hvort hæstv. heilbrmrh. hefur gert sér grein fyrir þessu en mér sýnist, a.m.k. ef Hollustuvernd ríkisins á að sinna þessum málum og að hluta til vera með eftirlit heilbrigðis og þá undir heilbrmrn. og að hluta til undir umhverfisráðuneytinu, að þá verði að sjálfsögðu fulltrúi heilbrmrn. að vera í þessu samstarfi.

Mér sýnist af þessu að hér hafi verið ákaflega hroðvirknislega að málum staðið. Mér er hins vegar ljóst og ég veit að hæstv. forsrh. hefur áhuga á þessum málum. Ég hefði hins vegar talið miklu skynsamlegra ef hann hefði tekið upp samstarf við þá aðila sem hann áður hafði verið í samstarfi við og m.a., á ábyrgð hans flokks, unnu að frv. sem ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar lét vinna og ef menn töldu ástæðu til þess hefði verið reynt að ná fram einhverjum þeim breytingum sem menn töldu að þyrfti að ná fram til þess að þeir gætu sætt sig við það fyrirkomulag sem þar er gert ráð fyrir.

Spurningin er svo: Hvernig hefur þessu frv. verið tekið og hvert er álit þeirra aðila sem fjalla um þessi mál? Það er ekki langt síðan að hér var til umræðu till. til þál. um umhverfisráðuneyti og henni vísað til atvmn. Sþ. og hún send til umsagnar. Þær umsagnir sem þangað bárust um sérstakt ráðuneyti, grundvallað á þeim hugmyndum sem fram komu í grg. með tillögunni, voru neikvæðar og ég ætla með leyfi forseta að lesa úr bréfi frá Heilbrigðiseftirliti Eyjafjarðar. Það er framkvæmdastjóri þess, Valdimar Brynjólfsson, sem undir ritar en í bréfinu segir svo, með leyfi forseta:

„Nýlega hefur verið lögð mikil vinna í að koma á fót svæðisbundnu heilbrigðiseftirliti í landinu. Nokkrum erfiðleikum hefur valdið að sum svæði eru fámenn og dreifbýl og hefur reynst erfitt að koma eftirlitinu á vegna kostnaðar þó ekki sé um nema einn starfsmann að ræða.“ (**Forseti:** Eins og hv. ræðumanni er kunnugt hefur þegar verið boðað að fram fari atkvæðagreiðsla tíu mínútur fyrir sjö og forseti hefur áhuga á að standa nokkurn veginn við það þó að hann hafi ekki einblínt það á klukkuna að hann hitti nákvæmlega á það, heldur er aðeins komið fram yfir þann tíma. Ég verð því að óska eftir því við ræðumann, ef hann getur ekki lokið af máli sínu á næstu mínútunni, að hann geri hlé á máli sínu og taki aftur til máls þegar fundi verður fram haldið klukkan hálfníu.) Ég mun þá fresta ræðu minni, herra forseti. – [Fundarhlé.]

Virðulegi forseti. Ég var kominn þar í ræðu minni þar sem ég vildi vekja athygli á því hver væri afstaða ýmissa þeirra sem eiga að búa við þessa löggjöf og hvaða ábendingar þeir hafa gert. Það vill svo vel til að fyrr á þessu þingi hafði verið fjallað um tillögu um umhverfisráðuneyti sem þingmenn Kvennalistans fluttu og sú tillaga hafði verið send til umsagnar og mjög margir sem þetta mál snertir höfðu látið til sín heyra. Mér finnst að það sem fram kemur í þessum umsögnum, sem að verulegu leyti eru neikvæðar, hefði mátt verða til þess að leiðbeina forsrn. við samningu frv. En það er síður en svo að það hafi orðið af því sem sést í frv. til laga um umhverfismál.

Ég vék að því sem framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Eyjafjarðar ritaði allshn. Sþ., en þar segir, með leyfi forseta:

„Nýlega hefur verið lögð mikil vinna í að koma á fót svæðisbundnu heilbrigðiseftirliti í landinu. Nokkrum erfiðleikum hefur valdið að sum svæði eru fámenn og dreifbýl og hefur reynst erfitt að koma eftirlitinu á vegna kostnaðar þó að ekki sé nema um einn starfsmann að ræða. Stærstu þættir slíks eftirlits eru matvælaeftirlit og umhverfiseftirlit. Ef þessir málaflokkar væru aðskildir gæti orðið mjög erfitt að halda uppi svæðisbundnu eftirliti í hvorum flokknum um sig. Tengsl milli þessara málaflokka eru það mikil að *ýmsir erfiðleikar sköpuðust ef þau tengsl væru rofin.*“ — Dæmi um tengslin eru rakin á fylgiblaði sem fylgdi þessari greinargerð. — Hann heldur síðan áfram: „Ég beini þeirri áskorun til háttvirtrar þingnefndar að samþykkja ekki tillöguna um umhverfisráðuneyti nema öll þessi mál hafi verið krufin til mergjar og metið hvað vinnst og hvað tapast. Ekkert gagn er að breyta breytinganna vegna heldur verða þær að skila árangri í umhverfismálum. Ekki má eingöngu líta á fallegt skipurit nýs umhverfismálaráðuneytis heldur verður að líta á skipurit umhverfismála *í heild sinni og tengsl þeirra* við aðra málaflokka.“

Dæmi um tengslin eru rakin á fylgiblaði og þar er t.d. sérstaklega vikið að vatni, þ.e. hvernig matvælaeftirlitið kemur þar að og hvernig umhverfiseftirlitið kemur þar að. Þar segir, með leyfi forseta: „Vatnið er notað til drykkjar, matvælaframleiðslu og hreingerninga og því afar þýðingarmikið að það sé hreint og heilnæmt og eftirlit sé haft með því.“ Þetta er þáttur matvælaeftirlitsins en síðan kemur þáttur umhverfiseftirlitsins, þar segir: „Eftirlit er haft með umhverfi og frágangi vatnsbóla og veitukerfa til þess að tryggja að ekki berist í þau úr náttúrunni efni eða óhreinindi, þar með taldar heilsuspillandi örverur.“ Þannig er vikið að skolpi, þannig er vikið að sorpi, þannig er vikið að meindýrum og vargfuglum og þannig er vikið að hreinlæti og þrifnaði utan húss. Eins og segir í þessu bréfi: „Hér er verið að slíta í sundur í stað þess að samræma.“

Í bréfi frá Hollustuvernd ríkisins, sem enn fremur barst allshn. Sþ. varðandi umrædda till., er vikið að hlutunum með nokkuð svipuðum hætti. Þar er sérstaklega bent á hvernig ætlunin sé að slíta í sundur og skilja að starfsemi sem í dag er hjá einum og sama aðilanum og með hvaða hætti þessi tengsl komi til með að verða ef af slíku yrði, þ.e. stofnun umhverfisráðuneytis. Þar er vikið nákvæmlega að sömu hlutum

og bent á hvernig þessi dæmi komi til með að vera ljós og marki iðulega mörk sem eru á milli þessara eftirlitssviða og þau vandamál sem koma til með að rísa ef af þessu yrði.

Eftir að frv. kom fram var haldinn aðalfundur Heilbrigðisfulltrúafélags Íslands. Þar var hæstv. heilbr.- og trmrh. viðstaddur, þar voru þessi mál til umfjöllunar og þar var gerð ályktun sem ég vildi mega lesa. Reyndar mun ég lesa allt bréfið sem sent var fulltrúum þingflokka í gær, með leyfi forseta:

„Á aðalfundi Heilbrigðisfulltrúafélags Íslands, sem haldinn var þann 15. apríl sl., var rætt um frumvarp til laga um umhverfismál sem nýlega hefur verið lagt fyrir Alþingi, þ.e. á 111. löggjafarþingi 1988–1989.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, herra Guðmundur Bjarnason, flutti erindi á fundinum og kynnti hann þar m.a. frumvarpið. Að lokinni ítarlegri umræðu og umfjöllun um efni frumvarpsins, þar sem fram kom m.a. að fundarmenn teldu ekki ráðlegt að skipta upp núverandi starfsemi Hollustuverndar ríkisins milli tveggja ráðuneyta og óttuðust að nægjanlegs samhengis yrði ekki gætt í umhverfiseftirliti, var eftirfarandi samþykkt gerð:

Aðalfundur Heilbrigðisfulltrúafélags Íslands, haldinn 15. apríl 1989, gerir eftirfarandi ályktun til Alþingis:

Fundurinn fagnar hugmyndum um samræmingu stjórnar umhverfismála en varar við afgreiðslu frumvarps að lögum um umhverfismál á svo skömmum tíma sem er til þingloka. Nauðsynlegt er að lagabreytingar sem lúta að umhverfiseftirliti haldist í hendur við slíkar breytingar og að jafntengdir málaflokkar og heilbrigðiseftirlit, umhverfiseftirlit og mengunarvarnaeftirlit séu undir yfirstjórn eins ráðuneytis. Virðingarfyllst, Guðmundur H. Einarsson formaður."

Það ber fyrst að vekja athygli á því að hæstv. heilbr.- og trmrh., einn ráðherra ríkisstjórnarinnar, situr þennan fund, gerir grein fyrir þessu frv. og niðurstaða fundarins er þessi samþykkt. Hvað segir þetta okkur? Segir þetta okkur að það hafi verið þannig unnið að þessu máli í upphafi að samstarf hafi verið haft við þau ráðuneyti sem fara með mjög þýðingarmikla þætti í umhverfismálum, í eftirliti heilbrigðis og í eftirliti mengunar? Ég segi nei.

Í öðru lagi skal bent á að hér tala þeir aðilar, sem hafa unnið að þessum málum og haft með höndum heilbrigðiseftirlitið sem unnið er á vegum sveitarstjórna, vara við afgreiðslu þessa frv. Það liggur auðvitað í augum uppi að þeir fagna samræmingu á stjórn umhverfismála en þeir vekja einmitt athygli á því að frv. gengur þvert á samræmingu.

Ef horft er á landgræðslumálin og þau skoðuð sérstaklega liggur ljóst fyrir að hér er verið að kljúfa þau mál í herðar niður. Þar kemur gróðurverndin til með að vera klofin frá Landgræðslunni þannig að þessi stofnun kemur til með að heyra undir tvö ráðuneyti. Við skulum gera okkur grein fyrir því að eins og frv. er samið gildir alls ekki það sama um meðferð auðlinda landsins og auðlinda hafsins. Það er farið sitt í hvora áttina. Hér er ekki um að ræða samræmingu, hér er ekki um það að ræða að ná saman og fá yfirstjórn þessara mála með þeim hætti að samstarf um umhverfismálin verði eins og við öll gjarnan viljum.

Hæstv. forsrh. lýsti í sinni ræðu vilja sínum og framtíðarsýn um hvaða þýðingu við gætum haft sem þjóð sem getur skýrt frá ýmsu í sambandi við hreint loft og hreint vatn sem aðrar þjóðir geta ekki. Við ættum að hafa forustu í umhverfisvernd á ýmsum sviðum, þar á meðal því að tryggja hafið í kringum okkur. Hann vék að því að ekki væri úr vegi að við stæðum fyrir ráðstefnu um hafið og mengun þess, þ.e. hvaða leiðir væru til þess að forðast slíka mengun. Ég vil aðeins benda á að næstu nágrannar okkar hafa verið í samstarfi einmitt um þessa hluti og árið 1985, ef ég man rétt, var einmitt haldin ráðstefna hér og 1987 var framhald hennar í Færeyjum, en Færeyingar, Grænlendingar, Danir og Norðmenn eru og voru í þessu samstarfi. Ráðstefnan hér fór fram á vegum ríkisstjórnarinnar undir forustu þáv. iðnrh., Alberts Guðmundssonar, og fjölluðu umræðurnar um verndun hafsins, verndun fiskstofnanna og með hvaða hætti hægt væri að koma í veg fyrir þann skaða sem oft á sér stað undir einum eða öðrum kringumstæðum í sambandi við hafið.

Þegar frv. er lesið og menn gera sér grein fyrir því hvernig að þessu máli er staðið liggur ljóst fyrir að ríkisstjórnin er nánast að fálma út í loftið. Kannski er það til þess að beina athyglinni frá einhverju öðru sem við er að glíma, einhverjum erfiðleikum sem hún á við að glíma. Ég sagði það áðan að ég teldi það fyrir neðan virðingu Alþingis að slíkt frv. væri lagt fyrir þingið og því ætlað að fjalla um þetta mál og ég tala nú ekki um að afgreiða það sem lög á þeim tíma sem eftir er af þinginu. Hér hefðum við getað haft nokkurn tíma fyrir umfjöllun í sambandi við þetta mál, þ.e. frv. um samræmda stjórn umhverfismála. Ég veit að að því máli hefur verið staðið í hv. samgn., sem því var vísað til, með þeim hætti sem þinglegt er og ef ríkisstjórnin kysi að ná fram einhverju í þessum efnum væri miklu skynsamlegra að mínum dómi að gerð yrði tilraun til þess að ná því frv. fram til samþykktar, jafnvel athuga það hvort samstaða næðist um einhverjar þær breytingar sem lagt væri til að gerðar yrðu.

Mér er ljóst og ég þekki það að það eru athugasemdir við það frv. og þær hafa komið fram. Ég segi: Það væri miklu skynsamlegra ef ríkisstjórninni væri alvara í því að reyna að ná fram á þessu þingi lagasetningu um stjórn umhverfismála að menn sneru sér að því og gerðu þá hluti.

Við skulum átta okkur á því að frv. er að vissu leyti að breyta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á sama tíma og við erum hér í dag að ræða um frv. um breytta skipan verkaskiptingar á milli ríkis og sveitarfélaga. Eins og þetta frv. er hefur það ekki verið borið undir þau samtök sem svo mjög hafa fjallað um það mál. Það hefur ekki síður tekið langan tíma að ná fram

samstöðu í þeim málum en í þessu máli sem hér er um að ræða því að eins og fram kom hér hjá hæstv. félmrh. í dag hefur litlu verið áorkað í þeim málum síðan árið 1975, en það er einmitt sama ár og upphafið var á því að fjallað var um umhverfismál í ríkisstjórn.

Við leggjum á það áherslu að það sé náið samstarf við sveitarfélögin, að sjálfsögðu, og þau samtök sem eiga hagsmuna að gæta í þessum efnum. Það hefur verið gert. Reynt hefur verið að ná þeirri samstöðu eins og mögulegt hefur verið og það er sjálfsagt hægt að gera það enn þá betur og erum við sjálfstæðismenn sér í lagi fúsir til þess að standa að því.

Herra forseti. Ég hef gert grein fyrir sjónarmiðum varðandi frv. sem hér er til meðferðar. Það er skoðun *mín* að *ríkisstjórnin hafi ekki* lagt fram frv. sem er þess eðlis að það væri með einum eða öðrum hætti ávinningur að fá það samþykkt. Ég er þeirrar skoðunar að hér sé æðimikið sem vantar á. Það hefur komið fram af hálfu þeirra sem við þessa löggjöf ættu að búa, ef hún yrði samþykkt. Þeirra sjónarmið hafa komið fram og eru þau flestöll í þá veru að hér sé farið inn á ranga braut, hér sé verið að kljúfa upp stofnanir í stað þess að reyna að ná samræmingu, ná skipulagi á umhverfismálin, þannig að öll ráðuneyti og allar stofnanir sem um þetta fjalla geti verið í samstarfi þar um. Bara það að hér er ekki ætlað að heilbrmrn. komi til samstarfs um umhverfismál, ráðuneytið sem fer með heilbrigðiseftirlit í landinu. Ég er svo furðu lostinn að svona skuli gera gerst, fyrir nú utan það sem ég benti á að hér er þessu nýja ráðuneyti ætlað að starfa samkvæmt lögum sem eru löngu úr gildi felld. Það er ekki allra að muna hvað Alþingi hefur samþykkt en það má þá a.m.k. fletta því upp og átta sig á því þannig að svona hlutir séu ekki gerðir.

Þessu máli verður að sjálfsögðu eftir þessa umræðu vísað til nefndar og ég mun a.m.k. beita mér fyrir því við þann formann sem þar situr að hann leiti álits þeirra mörgu aðila sem ég vil segja að þetta mál komi við til þess að fá þeirra skoðanir og þeirra sjónarmið og ég trúi því að þegar það verður allt saman komið til skila komist menn að þeirri niðurstöðu að það sé miklu betra að láta frv. daga hér uppi en að halda áfram. Það a.m.k. gerir ekki neinn skaða. Það er þá ekki annað en að það er skjalfast hvernig menn hugðust ætla að standa að hlutunum en það var þó komið í veg fyrir það.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Við fjöllum hér um afar tímabært málefni sem er stjfrv. til laga um umhverfismál, *mál sem lengi hefur verið* beðið eftir af þeim sem vilja koma nútímalegri skipan á stjórnsýslu landsins í sambandi við málaflokk sem er sífellt að vaxa að þýðingu, bæði vegna aðstæðna og vaxandi skilnings almennings á mikilvægi umhverfismálanna.

Ég fagna því að frv. er hér fram komið og þakka hæstv. forsrh. fyrir það að hann skuli hafa beitt sér fyrir því samkomulagi í ríkisstjórn um þetta mál sem liggur að baki flutningi frv. Ég geri mér alveg ljóst að það hefur ekki verið einfalt mál að ná saman um þá endurskipulagningu á stjórnsýslunni sem gert er ráð fyrir hér í sambandi við stofnun sérstaks ráðuneytis sem fari með umhverfismál. Um þetta hafa staðið allnokkrar deilur um langan tíma og í þeim hafa ekki síst tekið þátt ýmsir embættismenn í stjórnkerfinu sem hafa viljað halda sem mest óbreyttu ástandi, hver og einn að vernda sinn skækil, og stjórnmálamenn, sem vissulega bera ábyrgð á því að málin hafa verið í því horfi sem raun ber vitni og ekki hafa náðst fram nauðsynlegar breytingar á stjórnskipan landsins að þessu leyti, hafa tekið þátt í þessu og bera alla ábyrgð á því að ekki hefur náðst fram nauðsynleg endurskoðun og endurskipan þessara mála.

Ég vil út af fyrir sig ekki gera lítið úr neinum sjónarmiðum sem fram koma varðandi þetta mál fremur en önnur. Öll geta þau verið gild út frá sjónarhóli þess sem fyrir þeim mælir en hitt ætti að vera öllum ljóst að skipan þessara mála, eins og henni er komið hjá okkur, er ekki aðeins úr tengslum við það sem þyrfti að vera, nauðsynlega endurskipulagningu þessara mála, heldur er hún farin að bitna mjög tilfinnanlega á meðferð á okkar undirstöðuþáttum, þ.e. á umhverfinu í landinu, meðferð auðlinda í landinu, mengun í okkar umhverfi og mörgum fleiri þáttum sem eru farnir að segja til sín hér í vaxandi mæli, að ekki sé talað um þátttöku okkar á alþjóðavettvangi í því átaki sem nú er ákall um um heim allan að *þjóðir leggist á eitt um* að beita sér í, þ.e. fyrir umhverfisvernd í víðu samhengi.

Þetta er miklu meira alvörumál en svo að menn geti leyft sér út frá skammsýnum sjónarmiðum eða með því að líta aðeins á einn þátt í einu að standa í vegi fyrir nauðsynlegum breytingum á stjórnskipan í landinu til þess að ná sem bestum árangri á þessu sviði. En sú er staðan hér, um það verður tæpast deilt, og því er afar mikil nauðsyn á að það takist að ná fram þeirri breytingu sem felst í þessu frv. og þyrfti þó að ganga að mínu mati mun lengra í ýmsum greinum í sambandi við verksvið þessa ráðuneytis og tengsl þess við rannsóknastofnanir og fleiri aðila.

Ég tel hins vegar að þeir efnisþættir, þau málefni, sem ætlað er að leggja undir þetta ráðuneyti, eins og það birtist okkur hér í frv., séu nógu margir til þess að ráðuneytið hafi ærið verksvið, ærið verk að vinna, og hitt er tiltölulega auðvelt, að auka þar við í ljósi reynslu og endurskoðunar á þessum málum eins og gert er ráð fyrir í ákvæðum til bráðabirgða með frv. þar sem gert er ráð fyrir að lögin verði endurskoðuð innan tveggja ára frá gildistöku.

Ég vil nefna hér aðeins til sögu málaflokka sem ég teldi að þyrftu að koma þarna undir umhverfisráðuneyti til viðbótar við það sem upp er talið í þessu frv., en það er alveg sérstaklega einn þáttur, býsna stór og gildur þáttur, sem ég sakna úr þessu málasafni sem á að fela umhverfisráðuneyti en það eru skipulagsmálin. Það eru skipulagsmál, Skipulagsstjórn ríkisins og lög þar að lútandi, sem að mínu mati ættu tvímælalaust að falla undir umhverfisráðuneyti, og þó að hann sé góðra gjalda verður, sá litli vísir að þessum

málum, þ.e. í sambandi við landnýtingarskipulag, sem gert er ráð fyrir að falli undir umhverfisráðuneyti, er þar samt allt of skammt gengið að mínu mati. Þetta þarf að athuga við endurskoðun væntanlegra laga, á þeim tíma sem gert er ráð fyrir að þau gildi þangað til endurskoðun fer fram. Ég geri mér ljóst að þarna er um málamiðlun að ræða að þessu leyti frá þeim sjónarmiðum sem borin hafa verið fram og ég hef m.a. lagt til lengi í sambandi við undirbúning þessa máls í mínum þingflokki og hefði talið að skipulagsmálin ættu heima á verksviði þessa ráðuneytis.

Það mætti einnig, virðulegur forseti, nefna marga fleiri þætti sem rök má færa fyrir að væri betur komnir undir umhverfisráðuneyti en þar sem þeir eru nú vistaðir. Ég get nefnt þar sem dæmi lög um geislavarnir, að hluta til a.m.k. Það sem snýr að geislun í umhverfinu ætti að mínu mati að falla undir umhverfisráðuneyti, en hins vegar er ákveðinn þáttur sem snýr að þeim málum sem tengist þáttum sem ekki er endilega réttmætt að fella undir umhverfisráðuneyti, ekki kannski frekar en vinnuumhverfi og vinnueftirlit, þ.e. innra umhverfi eins og það er stundum kallað, vinnustöðu, sem hér er ekki gerð tillaga um að falli undir umhverfisráðuneyti, ekki fremur en eftirlit með matvælum og slíkum þáttum. En geislun, geislamengun umhverfis, ætti að réttu, að mínu mati, að vera á verksviði þessa ráðuneytis.

Ég nefni hér einnig lög um landgræðslu. Ég er þeirrar skoðunar að Landgræðsla ríkisins og lögin um landgræðslu og það sem fellur undir þau ætti að vera á verksviði umhverfisráðuneytis en ég geri mér ljóst að það er andstaða við það, m.a. hjá bændum, ákveðin tortryggni sem ríkir gagnvart því að fella lögin um landgræðslu, taka þau frá landbrn. og flytja þau til umhverfisráðuneytis. Og ég segi: Það er vel hægt að búa við það. Það er ekkert sáluhjálparatriði að þetta gerist núna. Menn geta farið yfir þessi mál og íhugað á allra næstu árum og áttað sig betur á því hvort það er ekki skynsamlegt að auka þarna við með þessum hætti.

Ég gæti nefnt líka lög um skógvernd og skógrækt. Það er margt sem vísar til þess a.m.k. að skógverndin væri ekki síður en landgræðslan og gróðurverndin felld undir umhverfisráðuneyti. En þetta er einnig þáttur sem er ekki sáluhjálparatriði, út frá mínum bæjardyrum séð, að komi nú með í þennan pakka sem ætlunin er að falli undir umhverfisráðuneyti og til slíkrar málamiðlunar er ég fyllilega fús vegna þess að ég tel það svo þýðingarmikið að menn nái því nú að stíga þetta skref í endurskipulagningu á starfsháttum stjórnsýslunnar, á Stjórnarráði Íslands, að það sé fullkomlega hægt að standa að því þó að þessir þættir náist ekki nú inn í þá heildarmynd sem ég hefði talið að ætti að reyna að efna í undir þessu ráðuneyti.

Það mætti lengja þennan lista, virðulegur forseti, sem kæmi til greina að fella undir umhverfisráðuneytið, en ég ætla ekki að bæta hér að sinni við mörgum fleiri þáttum. Ég vil þó nefna rannsóknastofnanir eins og Náttúrufræðistofnun Íslands. Ég sé það ekki að gert sé ráð fyrir því að hún verði færð frá menntmrn. undir umhverfisráðuneyti, en ég teldi það mjög eðlilegt, mjög eðlilegt að stofnun sem á að afla grundvallarupplýsinga um náttúru landsins, auk þess að hafa með hendi sýningarsafn varðandi íslenska náttúru, yrði felld undir umhverfisráðuneyti, svo og náttúrufræðisöfn víðs vegar um landið.

Og þannig mætti lengur telja. Ég bendi á í sambandi við verksvið þessa ráðuneytis, sem raunar er að vikið í frv. en ekki kannski með nógu skýrum hætti, meðferð á alþjóðasamningum varðandi umhverfisvernd og þátt þessa ráðuneytis í að undirbúa slíka samninga og fylgja þeim eftir. Þarna er um að ræða þátt sem tengist auðvitað meðferð utanríkismála landsins og þarna þarf að skapa samvinnu og samstarf við utanríkisráðuneytið með sem bestum hætti.

Í nágrannalöndum okkar tek ég eftir að umhverfisráðuneyti eru falin mjög víðtæk réttindi eða skyldur, hvort sem menn kjósa að kalla það, í sambandi við alþjóðlega samninga og umhverfisráðherrar grannlandanna undirrita slíka samninga marga hverja og þá ekki endilega utanrrh. viðkomandi lands. En þetta er að sjálfsögðu unnið og ákvarðað í samráði utanríkisráðuneytis og umhverfisráðuneytis. Hér hef ég dæmi m.a. frá Danmörku og frá Noregi.

Varðandi þann þátt sem hér var vikið að, m.a. í máli hv. síðasta ræðumanns — sem ég sé að ekki fylgist hér með þessari umræðu, hann er ekki viðstaddur og geri ég enga kröfu til þess — en hann vék að því að það væri ekki samræmi í því að umsjá með gróðri, gróðurverndin, skyldi falla undir umhverfisráðuneyti en hið sama gilti ekki varðandi hafið og lífríki hafsins. Ég er út af fyrir sig alveg sammála hv. 1. þm. Reykn. í því að það er æskilegt að ná þarna samræmi í framtíðinni, þ.e. að fela umhverfisráðuneyti að fylgjast með og sjá um stjórnun á meðferð auðlinda hafsins, hinna lífrænu auðlinda hafsins. Og á nákvæmlega sama hátt tek ég undir það að gróðurverndin, almennar reglur um nýtingu á gróðri landsins, á að vera undir stjórnun umhverfisráðuneytis. Þetta á sem sagt að mínu mati að gilda um meðferð náttúruauðlindanna, almennar reglur um meðferð náttúruauðlindanna, og mat á þoli þeirra og nýtingu á að falla undir umhverfisráðuneyti. En stjórnun á nýtingunni á grundvelli þeirra reglna sem settar eru er eðlilega komin undir viðkomandi fagráðuneyti, þ.e. atvinnumálaráðuneyti. Það er engin ástæða til þess að ætla að taka undir umhverfisráðuneyti alla þætti sem að þessu lúta varðandi nýtinguna, alls ekki. Og til þess að menn átti sig kannski betur á því hvað ég er að fara í þessum efnum skulum við líta til landbúnaðarins, til gróðurverndar og landbúnaðar.

Mat á gróðri landsins, mat á nýtingu, þ.e. beitarþoli eins og við stundum köllum það, hvað er óhætt að nýta og bjóða landinu í sambandi við nýtingu, það er eðlilegt að umhverfisráðuneyti annist slíkt mat og móti slíkar reglur. Slíkar reglur eiga að endurspeglast í landnýtingarskipulagi, í skipulagi landsins, svæðaskipulagi landsins og vera festar þar. Og á grundvelli slíkra reglna, slíks skipulags byggt á rannsóknum og

þekkingu og samkomulagi, það á að setja undir umhverfisráðuneyti. En notkun bændanna, þ.e. landbúnaðurinn sem slíkur sem framkvæmdur er á grundvelli slíks skipulags á að falla undir atvinnumálaráðuneytið, undir landbrn. Þarna eiga ekki að þurfa að vera árekstrar ef rétt er að málum staðið.

Þegar ég segi þetta þá geng ég út frá því að skipulagsmálin verði felld undir umhverfisráðuneytið þar sem þau eiga heima. Svæðaskipulag, aðalskipulag og landsskipulag, allt þetta verði fellt undir umhverfisráðuneytið. Í því endurspeglist nýting landsins til landbúnaðar, til útivistar, til verndunar varðandi sérstök verndarsvæði og til annarra nota. Í skipulaginu á að endurspeglast það samkomulag sem menn gera um nýtingu landsins.

Þetta sem ég hef sagt hér í sambandi við auðlindina gróður á einnig að gilda um aðrar auðlindir eins og ferskvatn og um auðlindir sjávarins. Nýtingin, útfærslan á henni og eftirlit með henni, t.d. til hafsins, á að falla undir ráðuneyti atvinnumálanna, sjútvrn. Þetta gæti hins vegar þýtt það að verulegir þættir, ef ekki allt sem tengist Hafrannsóknastofnuninni, ætti að færa undir umhverfisráðuneyti í framtíðinni. Meginþættirnir, rannsóknarþættirnir og það sem lýtur að mati á auðlindinni og hvað er óhætt að taka úr henni, ætti í framtíðinni að færa undir umhverfisráðuneyti. Það er ekki lagt til hér, menn ganga ekki það langt og ég segi: Við skulum una því, ég get átt þátt í þeirri málamiðlun hér og nú að ekki verði gengið lengra að sinni í þessum efnum.

Það er líka alveg ljóst að við eigum mikið starf óunnið í rannsóknum og mati á landinu og auðlindum þess, náttúruauðlindum lands og sjávar, til þess að geta ákvarðað skipulag og fest þau efni í formlegt skipulag. Þarna er mjög mikið starf fram undan sem þarf að vinna. Og það er m.a. vegna þess að þetta liggur ekki fyrir sem menn geta verið að ýtast á á óljósum forsendum um það hvað er hér til umræðu, hvert eigi að leggja ákvarðanavald eða undirbúning að ákvörðunum í stjórnsýslunni varðandi einstaka þætti mála.

Hv. 1. þm. Reykn. sem hér talaði áðan var að hengja sig í formsatriði af ýmsu tagi sem snúa að þessu máli. Hann var að gagnrýna þetta frv. sem hér liggur fyrir vegna þess, sem hann fullyrti og ég hef ekki athugað frekar og tek trúanlegt, að það séu vissir formgallar, t.d. varðandi tilvitnun í lög, þar hafi önnur lög tekið við af þeim lögum sem vísað er til og þau hafi verið felld úr gildi. Svo þetta getur ekki verið neitt ásteytingarefni. Þetta eru tæknileg mistök ef það er rétt sem á var bent, sem ég vefengi ekki, sem er mjög auðvelt að leiðrétta. Þetta skiptir auðvitað engu máli varðandi efni máls en er auðvitað verkefni fyrir þingið að ganga frá með sómasamlegum hætti. Sama gildir um það ef menn telja að ekki sé nógu langt gengið í sambandi við samráðsákvæði skv. 9. gr. frv., þ.e. þátttöku ráðuneyta í Stjórnarráðinu í samstarfsnefnd. Ég get alveg tekið undir það að mér finnst ekkert óeðlilegt þó að heilbrrn. bættist í þann hóp ráðuneyta sem þar eru nefnd. Þetta getur ekki verið deilumál út af fyrir sig, þetta skiptir ekki neinu meginmáli varðandi það sem hér er lagt til: að stofna sjálfstætt umhverfisráðuneyti.

Það sem liggur hins vegar að baki málflutningi hv. 1. þm. Reykn. — og við ræddum hér í þinginu um daginn þegar hann mælti fyrir frv. sem hann er 1. flm. að ásamt nokkrum öðrum hv. þm. Sjálfstfl. hér í deildinni, þá ræddum við það, það liggur fyrir, sjónarmið mín m.a. til þess máls í þeirri umræðu. Ég vil ekkert vera að gera lítið úr þeim vilja sem þar er til samræmingar á þessum málum en ég er hins vegar ósammála þeim sem flytja þetta mál, að þetta sé einhver lausn á stjórnsýsluvandanum varðandi umhverfismálin. Það er mjög langt frá því og það væri mjög lítill ef nokkur fengur í því að breyta til með þeim hætti sem þarna er lagt til af sjálfstæðismönnunum.

Ég sagði það við þá umræðu, og hv. 1. þm. Reykn. henti það á lofti, að ég hefði getað talið þetta til einhverra bóta fyrir 10 árum síðan eða svo ef við hefðum verið að fjalla um frv. af því tagi sem hann er 1. flm. að. Árið 1979 hefði ég talið að það gæti verið til álita að stíga skref í þá átt, en núna, þegar þessi vandi á að vera hverjum manni ljós og menn ættu að hafa haft tíma til að átta sig á þörfinni á að færa þessi mál saman í stjórnsýslunni til að ná árangri og koma í veg fyrir óhöpp og slys og tryggja eðlilega meðferð þessara mála inn á við og út á við, þá eiga menn ekki að vera að fjalla um mál með þeim hætti sem þarna er gert. Það er tímaskekkja, svo notað sé orð sem hefur fallið í sambandi við önnur mál.

Ég er satt að segja mjög undrandi á talsmönnum Sjálfstfl. að ætla að bíta í skjaldarrendur og verja úrelta stjórnsýslu og berjast fyrir breytingum sem ekki skipta neinu máli og leysa engan vanda eins og þeir eru að leggja til í sambandi við þetta mál. Ég er mjög undrandi á því ef Sjálfstfl. ætlar að fara að festa sig í því að vilja ekki standa að myndun sjálfstæðs ráðuneytis í Stjórnarráði Íslands varðandi þennan gífurlega þýðingarmikla málaflokk, breytingu sem væri til samræmis við það, breytingu sem fæli í sér skref sem nágrannalöndin hafa tekið fyrir mörgum árum, fyrir áratugum síðan sum hver. Hvar eru menn staddir sem eru að búa sig í það að leggjast gegn, ef ég hef skilið mál hv. 1. þm. Reykn., þeirri endurskipan mála sem felst í stofnun sjálfstæðs umhverfisráðuneytis á Íslandi?

Ég verð að segja það að mikil er ábyrgð manna sem ætla að bregða fæti fyrir slíkar breytingar. Mikil er ábyrgð þeirra manna ef það yrði niðurstaðan. Ég vil ekki trúa því hér og nú að það sé ásetningur þingmanna Sjálfstfl. að fara að leggjast gegn þessum nauðsynlegu breytingum. Það væri mikil skammsýni og það væru mikil mistök. Og ég vona sannarlega að það eigi ekki eftir að henda hér á Alþingi að menn bregði fæti fyrir þær breytingar sem loks hefur nú náðst samstaða um innan ríkisstjórnar og vilji um að ná þar fram breytingum sem ganga að vísu of skammt í mörgum greinum en eru þó þess virði að skrefið sé stigið.

Hér fyrr á þinginu fluttu þm. Kvennalistans till. til þál. um umhverfisráðuneyti. Ég hef einhvers staðar fjallað um það mál, tók nú ekki þátt í umræðu um það af því að ég var staddur erlendis þegar málið var rætt, en ég taldi þetta gott mál eins og það var fyrir lagt, efnislega gott. Það sem lagt var til að fært yrði undir umhverfisráðuneyti, í öllum aðalatriðum skynsamlegar tillögur, réttmætar tillögur og mikið af því sem þar er verið að leggja til í þeirri tillögu sem liggur fyrir þinginu er tekið með inn í það frv. sem hér er til umræðu. Það skortir að vísu á þætti eins og skipulagsmálin sem ég hef verið að benda á hér í mínu máli að ættu með réttu heima í þessum pakka undir umhverfisráðuneyti og er ég þar alveg sammála tillögu Kvennalistans um það efni að eðlilegt væri að skipulagsmálin væru þarna einnig með.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta mikið meira, virðulegur forseti. Ég tek undir það sem kom fram hjá hæstv. forsrh. þegar hann mælti hér fyrir þessu máli varðandi þýðingu þess að við tökum okkur á og setjum okkur markmið í sambandi við þennan stóra þátt mála, verndun okkar umhverfis. Hann benti réttilega á að þar eru gæði í hættu þó að við séum á hátíðarstundum að lofa það að við búum við skárri hlut heldur en nágrannalöndin sum hver, þau sem hafa orðið mest fyrir barðinu á iðnaðarmengun sem við höfum losnað við að vissu marki, en þá er það samt svo að bæði loft, láð og lögur eru í verulegri hættu á Íslandi. Loft og lögur fyrir mengun, landið einnig og að auki þeirri röskun sem fylgt hefur í kjölfar búsetu í landinu um aldir, vegna þess að fyrri kynslóðir ekki réðu við það eðlilega og höfðu ekki efni á því, til að halda lífi, halda velli í landinu, að nýta það með þeim hætti sem við erum nú að gera kröfur um í sambandi við gróðurverndina svo dæmi sé tekið.

Hæstv. forsrh. minnti í sínu máli á þann þátt umhverfisröskunar og hættu í okkar umhverfi sem er hvað stærstur og við erum minnt á nú býsna oft, óþyrmilega oft, en gott er það samt að við erum minnt á það, og það er hættan af kjarnorkunni, hættan af geislavirkni, hættan af óhöppum og slysum svo ekki sé talað um hildarleiki sem tengjast notkun kjarnorkuvopna.

Þetta og allt annað sem tengist baráttunni fyrir umhverfisvernd þarf að vera framarlega á dagskrá Alþingis Íslendinga. Við þurfum að leita hér sammælis um þessi efni. Við þurfum að reyna að ná fram hér á þessu þingi þeim brýnu endurbótum á stjórnkerfi landsins sem varða umhverfismálin og þar er þetta frv. sem hér er til umræðu stórt skref í rétta átt.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég get tekið undir það með hæstv. forsrh. og síðasta ræðumanni að umhverfismálin eru eitt alvarlegasta og þýðingarmesta málið sem við stöndum frammi fyrir. En halda menn, hæstv. forsrh., hv. síðasti ræðumaður, halda þeir að þau mál verði leyst með einhverju sérstöku ráðuneyti? Halda menn það?

Meðan ég var fjarverandi var verið að undirbúa þetta mál og við fylgdumst með þeirri umfjöllun sem var undanfari þess frv. sem við erum að ræða um. Auður Eiríksdóttir, sem hér átti sæti í fjarveru minni, leitaði til ýmissa sérfræðinga í sambandi við þetta mál og ritaði hæstv. forsrh. bréf sem ég mun lesa hér upp, með leyfi forseta. Þetta bréf er ritað 16. mars og þar segir að frumdrög að frv. um umhverfismál hafi verið yfirfarin og einnig hafi verið haft samráð við nokkra aðila sem hafa þekkingu á ræktun og umhverfismálum.

Við teljum ekki ástæðu til að stofna sérstakt umhverfisráðuneyti af eftirtöldum ástæðum:

1. Nýtt ráðuneyti eykur miðstýringu í þjóðfélaginu og hleður á sig starfsfólki.

2. Óeðlilegt er að aðskilja í stjórnkerfinu ákvörðunartöku um nýtingu auðlinda og verndun sömu auðlinda. Þetta mundi leiða til togstreitu milli ráðuneyta. Eðlilegast er að eitt og sama ráðuneyti vegi og meti hvort tveggja.

3. Umhverfismálin hér á landi eru önnur en þau sem nágrannalönd okkar eru að kljást við og því er ekki sjálfgefið að skipulag þeirra í umhverfismálum henti okkur. Við viljum hins vegar vekja athygli á eftirtöldum atriðum:

1. Umhverfismálin hérlendis verða ekki leyst á ráðuneytisstigi heldur á stofnunarstigi og hjá einstaklingum.

2. Gera þarf verulegar breytingar á skipulagi og starfsháttum stofnana er tengjast umhverfisvernd, t.d. með breyttu starfslagi Náttúruverndarráðs.

3. Ráðuneytin geta hugsanlega ráðið sér umhverfismálafulltrúa til að sinna umhverfismálum.

4. Færa þarf ákvörðunartöku í umhverfisvernd út til héraðanna með breyttu skipulagi.

5. Efla þarf fræðslu um umhverfismál.

6. Hlúa þarf að starfi almannasamtaka um umhverfisvernd.

Þannig hljóðaði þessi niðurstaða sem sá starfshópur fjallaði um á vegum þeirra samtaka sem ég er hér fulltrúi fyrir.

Nú kom fram í ræðu hæstv. forsrh. að það væri kominn tími til að taka á þessum málum og það mátti skilja það á máli hans að þetta frv. leysti vandann. Ég held að það bréf sem frú Auður Eiríksdóttir skrifaði ráðherra lýsi viðhorfi almennings úti á landi.

Hv. 1. þm. Reykn. las bréf frá heilbrigðisfulltrúum sem voru að þinga hér í Reykjavík, en búnaðarþing, aukaþing, stendur nú yfir í Bændahöllinni. Þeir höfðu tal af mér nokkrir í dag í matartímanum og þeir sögðu: Við höfum ekki heyrt í neinum sem er ekki undrandi á grg. um málið. Og þeir sögðu: Þetta er að okkar dómi hið versta mál. Hið versta mál. Og hvað eiga þeir við? Það er hér t.d. umfjöllun um 6. gr. en þar stendur m.a., með leyfi forseta:

„Gróður- og jarðvegseyðing er mesta umhverfismál á Íslandi allt frá landnámi. Ofnýting beitilanda og önnur átroðsla viðkvæmra landsvæða hefur haldið áfram fram á síðustu ár þrátt fyrir stórbætta vísindalega þekkingu. Líkur eru á því að landbætur og

landvernd hafi gengið lakara en efni hafa staðið til, m.a. vegna mismunandi hagsmuna og ólíkra markmiða þeirra ráðuneyta og stofnana sem að þessum málaflokki koma. Hér er lagt til að ráðuneyti umhverfismála hagnýti sér ákvæði um skipulagsskyldu landsins alls til að efla stefnumótun í landgræðslu og endurheimt landgæða. Á skipulagsstigi má oft sjá fyrir og leysa árekstra milli ólíkra sjónarmiða og hagsmuna, svo sem mannvirkjagerðar, nýtingar gróðurs og umhverfisverndar."

Það er víðar í þessari grg. orðalag sem hefur leitt það af sér að fulltrúar á búnaðarþingi eru undrandi, fyrst og fremst yfir grg., og yfir því hvernig að þessum málum er staðið. Hér stendur t.d. þessi setning: „Enn fremur má benda á að fyrri frv. endurspegli ekki nægilega að uppblástur og landeyðing hefur verið mesta umhverfisvandamál á Íslandi allt frá landnámi." Út úr þessu má lesa að jafnvel eldgos og veðrátta séu af völdum landbúnaðarins á undanförnum árum og öldum. Fulltrúum á búnaðarþingi er ofboðið því að þeir lesa út úr þessari grg. hvert stefnir í þessum málum. Og þeir spyrja: Hvernig stendur á því að geislavarnir eru ekki inni í þessu umhverfismálafrv.? Þeir spyrja: Hvers vegna eru sjávarútvegsmálin, verndun hafsins, ekki í þessu frv.? Og halda menn að t.d. kjarnorkuslysi eða geislamengun verði bjargað með þessu umhverfismálaráðuneyti? — Ég sé að hv. 2. þm. Austurl. er að hrista höfuðið. Ég er ekki vísindamaður á þessu sviði eins og hann, en ég vil segja það að ég hygg að hann muni heyra það austur á landi að fólk þar er hissa á þessu frv. eins og það er fram sett og ekki síst á grg.

Ég ætla ekki að fullyrða um samþykktir búnaðarþings, hverjar þær verða. Það er verið að fjalla um málið nú. En sú nefnd sem fær þetta mál fær sjálfsagt þær samþykktir. Og mér er tjáð að búnaðarsambönd-in séu að hugleiða fjöldafundi út af þessu máli. Búnaðarþing var áður búið að fjalla um þetta mál og þeir segja, a.m.k. sumir af þeim, að frv. sé öllu lakara en þau drög sem þeir sáu að þessu frv. Um það get ég ekki dæmt, því að þó ég læsi það á spítalanum, þá las ég það ekki það vel að ég geti dæmt um það efni.

En ég skora á hæstv. forsrh. að hugleiða þetta mál vel. Auðvitað viðurkenni ég að ástæðan fyrir því hvernig bændur taka þessu er sú umfjöllun sem hefur verið í þjóðfélaginu um landbúnaðarmál að undanförnu. Þegar slík stjórn, sem er talin stjórn jafnréttis og félagshyggju, leggur fram slíkt frv. alveg í andstöðu við bændastéttina, þá er þeim nóg boðið. Þetta er það sem fyllir mælinn. Og hvers vegna eiga ekki landshlutarnir, fólkið úti í byggðunum, fulltrúar þeirra, að fjalla um t.d. mál gróðurverndar og landgræðslu? Eru það ekki þeir fyrst og fremst sem fylgjast með ásigkomulagi landsins og þekkja það? Þeir eru tortryggnir út í ýmsa af þeim sem hafa próf upp á einhver vísindi í þessu efni og koma endrum og eins út um land en fylgjast ekki nægilega með áhrifum frá veðráttunni frá einu ári til annars.

Eins og ég hef lesið hér upp þá var það afstaða minna samtaka sem ég er fulltrúi fyrir að þau eru á móti þessu frv. í þeim búningi sem það er, en telja að það sé hægt að taka á þessum málum með öðrum hætti og eru einnig hrædd um það að þetta nýja ráðuneyti verði eins og var í Noregi, það stækkaði og stækkaði og var orðið eitt umfangsmesta ráðuneytið þar á tímabili, en það verði ekki til þess að þessi mál lagist hjá okkur. Það séu aðrar leiðir a.m.k. jafngóðar, þ.e. samstarf ráðuneytanna við fólkið sem býr um landið, og þá á ég aðallega við þann þátt sem snýr að landbúnaði. Aðallega við þann þátt. — Já, hv. 2. þm. Austurl. hristir höfuðið og í skjóli, eða ég veit ekki hvað á að segja, hann er vísindamaður á þessu sviði. En hver er í raun og veru vísindamaður? Vísindamaður er sá sem hefur þekkingu á þeim málum sem hann fjallar um en ekki á prófum. Það er ekki einhlítt.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu frv. til l. um umhverfismál og hefur það mál æði oft komið hér til umræðu í hv. deild á undanförnum árum með einum eða öðrum hætti. Það er augljóst að stofnun umhverfismálaráðuneytis verður samþykkt í framtíð og má reikna með að menn geri það, enda er þessi málaflokkur sá sem hlýtur hvað mesta umfjöllun nú þessa dagana í öllum heiminum. Hér er því mál sem tekur til allra. Fólk almennt hefur mikinn áhuga á þessum málum, hvort sem um er að ræða mengun eða gróðurvernd eða vernd náttúru. Það er ekki nokkur vafi á því að um þetta verður að fjalla af ýtrustu nákvæmni og ekki má gleyma neinum þætti.

Þeir hv. þm. sem hér hafa talað hafa fjallað mjög ítarlega um þetta og komið inn á marga mjög áhugaverða þætti í þessu sambandi, bæði hv. 1. þm. Reykn. og hv. 2. þm. Austurl., með þeim hætti að það er auðséð að þeir hafa kynnt sér þessi mál mjög náið, og ég tel að margt af því sem þeir sögðu þurfi nánari umfjöllun.

Ég vil ræða um það atriði að þessi mikli málaflokkur skuli hér vera lagður fram en það vantar sárlega einn þátt í þetta frv. Það er kostnaðaráætlun. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt þegar svona viðamikill lagabálkur er lagður fram er lýtur að svo umfangsmiklum viðfangsefnum eins og hér eru talin upp, þeir mörgu lagabálkar, sem eru að vísu ekki allir í gildi, sem hér koma fram. Það hlýtur að vera mjög brýnt að lögð sé fram nákvæm kostnaðaráætlun um hvað það kostar að setja á laggirnar umhverfismálaráðuneyti og hvað áætlað er að það muni vaxa í framtíðinni því ef maður les efni þessa frv. sem er þó ekki mikið að vöxtum, þá er alveg ljóst að það mun kosta verulegar upphæðir. Og áður en kostnaðaráætlun verður gerð tel ég að það sé ekki tímabært að afgreiða málið. Í öðru lagi verður að hafa það í huga að það tæki þá ekki gildi fyrr en í fyrsta lagi um næstu áramót og verði þá tekið inn á fjárlög sem kostnaðarliður. Það hlýtur að teljast mjög mikilvægt að við getum afgreitt lög hér með áætlunum um hvað þau kosta og hvað það muni þýða fyrir fjárhag ríkisins að láta slíkt frv. fá lagagildi.

Ég get hins vegar sagt að auðvitað er mjög brýnt að þessi málaflokkur fái þá umfjöllun hér á þinginu sem nauðsyn er og þá verði litið til þeirra mörgu þátta sem í honun felast og litið til þess hvort ekki er hægt að sameinast um að afgreiða hér lög sem við gætum sameinast um að ættu að falla undir þennan málaflokk.

Ég vil benda á það að til eru ýmsir sáttmálar, sem við höfum að vísu ekki gerst aðilar að enn, en fjalla um þessa málaflokka, sem hafa verið samþykktir bæði hjá Evrópuráðinu og fleiri samtökum og væri nauðsynlegt að skoða þá, bæði hvað varðar verndun dýrategunda t.d. og ýmsa þætti sem snúa að þessum lögum. Það er líka ljóst að þessi málaflokkur kemur inn á ýmis verksvið sem áður hafa heyrt undir önnur ráðuneyti og það hefur verið andstaða gegn því hjá mörgum þeim aðilum sem málið snertir. Um það skal ekki fjallað hér eða fullyrt á þessu stigi hvort það er rétt eða rangt. Hins vegar verður að líta til þess þegar slíkt mál er afgreitt hvort það er til bóta eða ekki til bóta.

Þá eru líka nýjungar í þessu frv. Það er verið að setja kostnað yfir á aðila með þeim hætti sem ráðuneytið ákveður. T.d. segir í 10. gr.: „Könnun skal kostuð af framkvæmdaraðila, nema ráðuneytið ákveði annað.“ Og í 11. gr. segir: „Á sama hátt fer um annan iðnrekstur.“ Þetta eru allt ákvæði sem krefjast nákvæmrar íhugunar og menn verða að meta hvort eiga að standa í lögum með þessum hætti.

Ég vil líka benda á að í 18. gr. er ráðuneytinu falið það vald að leggja á dagsektir, allt að 50.000 kr. á dag og láta vinna verk á kostnað aðila, ef ekki er sinnt fyrirmælum þess. Ég tel að þetta eigi ekki að heyra undir ráðuneytið með þessum hætti heldur eigi að fela það dómstólum að kveða upp úr um það hvort að aðilum ber skylda til að sinna þessum lögum eða ekki.

Ég vil síðan stuttlega benda á það að Heilbrigðisfulltrúafélag Íslands hefur gert samþykkt um frv. og í bréfi til þingflokks frjálslyndra hægrimanna sem er dagsett í gær, segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Á aðalfundi Heilbrigðisfulltrúafélags Íslands sem haldinn var 15. apríl sl. var rætt um frv. til laga um umhverfismál sem nýlega hefur verið lagt fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–1989. Heilbr.- og trmrh., hr. Guðmundur Bjarnason, flutti erindi á fundinum og kynnti hann þar m.a. frv. Að loknum ítarlegum umræðum og umfjöllun um efni frv., þar sem kom fram að fundarmenn teldu ekki ráðlegt að skipta núverandi starfsemi Hollustuverndar ríkisins milli tveggja ráðuneyta og óttuðust að nægilegs samhengis yrði ekki gætt í umhverfiseftirliti, var eftirfarandi samþykkt gerð:

„Aðalfundur Heilbrigðisfulltrúafélags Íslands, haldinn 15. apríl 1989, gerir eftirfarandi ályktun til Alþingis:

Fundurinn fagnar hugmyndum um samræmingu stjórnar umhverfismála, en varar við afgreiðslu frv. að lögum um umhverfismál á svo skömmum tíma sem er til þingloka. Nauðsynlegt er að aðrar lagabreytingar sem lúta að umhverfiseftirliti haldist í hendur við slíkar breytingar og jafntengdir málaflokkar og heilbrigðiseftirlit, umhverfiseftirlit og mengunarvarnaeftirlit séu undir yfirstjórn eins ráðuneytis.“„

Undir þetta skrifar Guðmundur H. Einarsson formaður.

Ég vil taka undir það sem stendur hér. Það er auðvitað mjög nauðsynlegt að ekki sé afgreitt hér svo viðamikið frv. án þess að slíkar breytingar séu tengdar öðrum þáttum sem lúta að þessu og eru ekki allir reifaðir hér. Því væri nauðsynlegt að málið væri miklu ítarlegar unnið.

Ég vil einnig benda á það að þetta frv. er þannig úr garði gert að það þyrfti að koma töluvert nákvæmar fram í því um ýmsa þætti. Ég tel líka að á skaðabótaákvæði og dagsektaákvæði og önnur slík ákvæði í frv. þyrfti að líta nánar áður en þau eru afgreidd hér sem lög frá hinu háa Alþingi.

Ég held að allir séu sammála um það út af fyrir sig að umhverfismál eru mjög nauðsynleg, en það verður auðvitað að fara saman að samræmd niðurstaða sé í þessu og ég vil benda á það að þetta frv. nær því tæpast. Hins vegar það svo að það þarf að liggja fyrir mjög nákvæm áætlun um kostnað við slíka málaflokka. Og ég hef hugmynd um það að frv., því að ég hef lauslega farið yfir það, muni kannski kosta 200 millj. eða jafnvel 300 millj. á ári, lágmark. Hér liggur ekki fyrir neitt um það mannahald sem þarf til að framkvæma þessi lög. Hér liggur ekki fyrir neitt um rekstur sem þyrfti að vera með, rannsóknarstofum og ýmsu fleiri. Það liggur ekki fyrir nein kostnaðaráætlun um rekstur þessa ráðuneytis og um fræðslustarfsemi sem hér er gert ráð fyrir og það liggur ekki fyrir nein kostnaðaráætlun um eftirlit og viðurlög sem þó jaðra við að vera ólögleg í þessu frv.

Ég tel því mjög nauðsynlegt að sú nefnd sem fær þetta til umfjöllunar fari mjög ítarlega yfir frv., kanni einstaka þætti þess og leggi fram kostnaðaráætlun. Það verði lögð fram kostnaðaráætlun um hvað það kostar árið 1990, árið 1991 o.s.frv., þannig að við sjáum hvað við erum að samþykkja. Það er kominn tími til að Alþingi og alþm. standi þannig að gerð laga og frumvarpa héðan að ekki sé verið að samþykkja hér viðamikil frv. sem kosta geysilega mikið án þess að fyrir liggi nákvæm kostnaðaráætlun og ítarleg dagsetning á því hvernig það muni eiga sér stað.

Að öðru leyti get ég sagt að í meginefni er ég auðvitað samþykkur því að þessi málaflokkur verði tekinn undir sérstakt ráðuneyti. Frv. sem liggur hér fyrir með þessu, um breytingu á Stjórnarráði Íslands, er síðan annar hluti þess sem má ræða um því að þar eru breytingar sem varða allt aðra hluti og mun ég ræða það þegar það frv. kemur hér til umræðu, en ég vil ítreka það að þetta frv. verður að fá mjög ítarlega umfjöllun og leita verður umsagna miklu fleiri aðila en hefur verið gert áður. Þá verði kannað, eins og hér hefur reyndar verið reifað af hv. 2. þm. Austurl., t.d. með alþjóðasamninga sem utanrrn. hefur með að gera, framkvæmd þeirra og með hvaða hætti við stöndum að því að þeir séu teknir hér í notkun.

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Verndun lífs, viðhald þess og efling gengur eins og rauður þráður í gegnum stefnuskrá Kvennalistans, hvaða málaflokka sem um er að ræða og það er því bæði eðlilegt og rökrétt að umhverfismál skipi veglegan sess í þeirri stefnuskrá. Við höfum reynt að sinna þessum málaflokki hér á Alþingi með fyrirspurnum og tillöguflutningi, og það hefur frá upphafi verið okkar stefna að nauðsynlegt væri að skipa umhverfismálum nýjan og verðugri sess í stjórnkerfinu, en skipan þeirra nú er í sem allra stystu máli algjör glundroði. Sérstakt ráðuneyti umhverfismála hefur því verið okkar krafa og við höfum reynt að ýta *því máli áleiðis með ýmsum hætti, nú* síðast með flutningi tillögu þar sem fram kemur hvernig við hugsum okkur skipan slíks ráðuneytis. Einnig höfum við flutt fjölmargar fyrirspurnir og tillögur sem ég ætla reyndar ekki að tíunda hér, en þær varða m.a. fræðslu um umhverfismál, umgengni um náttúru landsins, mengun, endurnýtingu o.fl. o.fl.

Hæstv. núv. ríkisstjórn hefur nú á síðustu vikum fengið nafnbótina „óvinsælasta ríkisstjórn allra tíma". Að mínum dómi á hún skilið harða gagnrýni fyrir verk sín sem í mörgu samrýmast ekki þeirri nafnbót sem hún sæmdi sig sjálf, þ.e. „ríkisstjórn jafnréttis og félagshyggju". En hvað sem því líður má hún þó eiga það að hún hefur sýnt ögn meiri áhuga á *umhverfismálum en fyrirrennarar hennar, en þá* verður þess nú jafnframt að geta að það þurfti ekki fjarska mikið til að skara þar fram úr.

Ég lét þess reyndar getið í umræðum um þáltill. okkar í febrúar sl. að núv. ríkisstjórn væri e.t.v. ögn líklegri til þess að gera eitthvað raunhæft í þessum málum, en átti nú reyndar ekki við annað en það að hver ný ríkisstjórn væri annarri líklegri til þess vegna vaxandi umræðu og áhuga og skilnings almennings sem skilar sér í miklum þrýstingi frá almenningi til þess að taka á þessum málum, en sem betur fer er hann nú æ meðvitaðri um nauðsyn þess að taka hraustlega á.

Hér er nú til umræðu merkur áfangi í sögu umhverfismála að mínum dómi, stjfrv. um sérstakt ráðuneyti umhverfismála sem ég var satt að segja ekki svo bjartsýn að vonast eftir á þessu þingi. Svo mikilvægt finnst okkur kvennalistakonum þetta skref að það meira en hvarflaði að mér að segja nú aðeins amen og hallelúja og loka algjörlega augum, eyrum og munni fyrir agnúum sem óneitanlega eru á þessu þingmáli. Og þó er þetta í rauninni stutt skref.

Það þarf auðvitað ekki að segja hv. alþm. sem fylgjast vel með hér á Alþingi og lesa öll þingmál frá upphafi til enda hvernig við kvennalistakonur hefðum viljað hafa þetta skref. Það kemur fram í þáltill. okkar á þskj. 159, um umhverfisráðuneyti, en umræður um þá tillögu fóru fram eins og ég sagði áðan í febrúar sl., 16. febr. ef ég man rétt. Í því þingmáli er að finna óskir okkar og tillögur um skipan umhverfismála og við leyfum okkur að álíta að þetta þingmál okkar hafi skilað a.m.k. þeim árangri að ýta þessu máli áfram inni í stjórnkerfinu. Við gerum okkur mætavel grein fyrir því að það verður torsótt að koma á þeirri skipan sem við vildum helst sjá á þessum málum þar sem margir mundu telja með því gengið á sína hagsmuni og ég hygg að umsagnir sem borist hafa um það mál til nefndar, sem hefur þetta mál til umfjöllunar, sýni það og sanni. Við áttum ekki von á öðru.

Við teljum t.d. nauðsynlegt í framtíðarskipulagi þessara mála að skilja að mat og eftirlit með auðlindum okkar annars vegar og hagnýtingu þeirra hins vegar. Hið síðarnefnda á heima í ráðuneyti eða ráðuneytum atvinnumála. Ég hygg raunar að best *væri að það væri eitt ráðuneyti atvinnumála, um það* eru víst ekki allir sammála, en matið og eftirlitið í sérstöku ráðuneyti umhverfismála og þessa skoðun höfum við sett fram hér áður. Ég ætla hins vegar ekki að eyða tímanum í það nú að ræða leið Kvennalistans. Hún fékk töluverða umfjöllun á sínum tíma og er til meðferðar í viðeigandi nefnd.

Það sem hér er nú til umræðu er samkomulag núv. stjórnarflokka eftir vafalaust nokkra umfjöllun á stjórnarheimilinu og verður að álykta sem svo að ekki verði lengra komist að sinni, því miður. Og það skal strax fram tekið að kvennalistakonur hafa ákveðið að styðja frv., eindregið, og vilja gera sitt til þess að tryggja því framgang, helst nú fyrir þinglok, jafnvel þótt við þyrftum að bæta nokkrum vikum við áætlaðan *þingtíma svo að hv. þm. gefist ráðrúm til* þess að kynna sér málið sem best og sníða af því tæknilega agnúa, svo sem bent hefur verið á hér í umræðunum. Það var m.a. bent á hér í 5. gr. að þar væru talin upp lög sem öll væru úr gildi fallin sem er vitaskuld óþörf handvömm í frágangi frv. sem ég vænti að um hafi verið fjallað af lögfræðingum og fróðum embættismönnum.

Ég rakst einnig á annað svipaðs eðlis í 9. gr. þar sem nefnd eru lög um skipulag ferðamála, nr. 60 1976. Ég get ekki meint annað en þarna sé átt við lög sem féllu úr gildi þegar við settum lög um ferðamál vorið 1985. Þetta eru vitaskuld tæknileg atriði en engin efnisatriði og við ættum að geta lagfært þetta án mikillar fyrirhafnar.

Sömuleiðis tek ég undir það að rétt er að reyna að gera sér grein fyrir kostnaði við þetta frv. en ég hygg nú að hv. síðasti ræðumaður hafi gert of mikið úr þeim kostnaði sem frv. hefði í för með sér þar sem ekki er verið að tala hér um neitt bákn, ég verð nú að segja það, og einungis tilflutning ákveðinna starfa og stofnana sem þegar eru fyrir hendi í stjórnkerfinu. Á þessu stigi tel ég því að verði um ákaflega lítinn kostnaðarauka að ræða. Og hvað þetta varðar held ég að við verðum að horfa á þetta mál frá fleiri hliðum. Ég hygg að við séum ekki aðeins hér að tala um kostnað, heldur erum við að tala um að byrgja brunninn ef svo má segja. Við verðum að fara að taka á þessum málum því að slys af því tagi sem hugsanlegt væri að hindra með meiri og betri stjórnun mundu kosta okkur margfalt meira en fyrirbyggjandi aðgerðir sem þetta ráðuneyti gæti tekið á.

En við teljum þetta frv. sem sagt tvímælalaust til framdráttar og stuðnings nauðsynlegri þróun í umhverfismálum. Þarna getur skapast hinn nauðsynlegi grunnur fræðslustarfsemi í þessum málaflokki t.d., og þarna er einnig lagður grunnur að samræmdu átaki í mengunarvörnum, svo og alhliða náttúruvernd.

Virðulegi forseti. Nú sakna ég hæstv. forsrh. Ég hafði hugsað mér að bera þó ekki væri nema eina spurningu fram við hæstv. forsrh. sem mælti fyrir þessu frv. hér áðan. Hann var hér í þingsal áðan og ég varaði mig ekki á því að hann hefði ekki þrek til að sitja hér undir umræðunni og var einmitt komin þar í mínu máli að ég hafði hug á að spyrja hann spurningar. (**Forseti:** Það hafa verið gerðar ráðstafanir til að gera hæstv. forsrh. viðvart.) Ef ég mætti þá bara bíða því að ég ætlaði ekki að hafa mikið fleiri orð um þetta. (**Forseti:** Já, velkomið.)

Já, ég var komin þar máli mínu að ég lýsti því yfir að við teldum frv. tvímælalaust til framdráttar og stuðnings nauðsynlegri þróun í umhverfismálum þar sem hér væri lagður nauðsynlegur grunnur að fræðslustarfsemi og samræmdu átaki í mengunarvörnum og alhliða náttúruvernd. En aðrir þættir kunna að verða þyngri í vöfum þar sem mikilvægar stofnanir verða eftir í sínum gömlu ráðuneytum, eins og t.d. Skipulag ríkisins sem, eins og fleiri hafa reyndar minnst á hér í þessari umræðu, við söknum sárlega úr þessu frv. Ég hlýt líka að nefna Landvernd og Skógrækt, Orkustofnun og fleiri og fleiri stofnanir sem nefndar eru m.a. í okkar þingmáli sem ég drap á hér áðan. En við þessu er erfitt að segja á þessu stigi. Það varð, eins og ég sagði áðan, greinilega ekki komist lengra.

Og nú er ég einmitt komin þar að í máli mínu að ég má til með að reyna að ná eyrum hæstv. forsrh. Það er a.m.k. eitt sem er afar bágt að skilja, hvers vegna ekki er ætlaður staður í því umhverfisráðuneyti sem hér er lagt til að stofnað verði. Það á svo augljóslega heima þar og ég hefði haldið að væri engin fyrirstaða með. Þar á ég við Náttúrufræðistofnun Íslands. Umhverfisráðuneyti á samkvæmt frv. að hafa m.a. mjög ákveðið rannsóknarhlutverk, svo sem m.a. kveðið er á um í III. kafla frv. sem að vísu er ekki ítarlegur. En þeir aðilar eða stofnanir sem flytja á undir sérstakt ráðuneyti umhverfismála eru allir frekar eftirlitsaðilar heldur en beinlínis frumkvæðisaðilar í rannsóknum. Slík stofnun er hins vegar Náttúrufræðistofnun og virðist einboðið að slík stofnun falli undir umhverfisráðuneyti og það virðist svo sjálfsagt að ég hlýt að spyrja hvers vegna það er ekki gert í þessu frv. Hvað stóð í vegi fyrir því að Náttúrufræðistofnun væri ætlaður staður í umhverfisráðuneyti? Ég tel alveg nauðsynlegt að fá svar við því frá hæstv. forsrh.

Ég ætla að stilla mig um að orðlengja um aðrar stofnanir sem við hefðum viljað sjá þarna þó það sé vissulega freistandi því ég vil leggja áherslu á það jákvæða í þessu frv. og fer ég nú að halda að ég sé einna jákvæðust af öllum þeim sem hér hafa talað. En þetta er svo miklu betra heldur en annað það sem komist hefur svona langt eftir borðum framkvæmdarvaldsins að það væri að mínu mati slys ef við bærum ekki gæfu til að stíga þetta skref núna.

Umhverfismál eru langtímahagfræði — ég bið menn að taka eftir því — þau eru langtímahagfræði og framtíð okkar er beinlínis undir því komin að við göngum í lið með náttúrunni í stað þeirrar ofnýtingar auðlinda, gróðureyðingar, útrýmingar dýrategunda og mengunar sem nú ógna tilvist okkar. Við verðum að snúa vörn í markvissa og skipulega sókn og til þess þarf samræmt átak undir einni stjórn. Þess vegna styðjum við kvennalistakonur það skref sem hér á að stíga þótt við hefðum kosið að það væri stærra.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég vil hér í upphafi taka undir margt af því sem hæstv. forsrh. sagði í máli sínu þegar hann mælti fyrir þessu frv. Hann taldi að við ættum mikla möguleika að geta okkur gott orð í heiminum að störfum umhverfismála. Þetta er rétt. Hreinleikinn og hin óspillta náttúra gerir þetta að verkum. Hann taldi baráttuna við örfoka land okkar stærsta umhverfisvandamál. Undir það skal einnig tekið en minnt á að skilningur á þessu vandamáli hefur vaxið á síðustu árum. Nú eru allir reiðubúnir að leggja sig fram til baráttunnar við að stöðva gróðureyðinguna. Því er nú mikilvægt að taka ekki kollhnís í þessum málaflokki sem mundi leiða af sér deilur.

Ég fann það vel að hæstv. forsrh. þekkir vel hvar kvikan liggur í málinu. Hann gaf það að vísu til kynna að hann vill málið fram og telur að hér sé þræddur hinn gullni meðalvegur til að samræma sjónarmið. Hugmenn gera sér ekki alltaf grein fyrir því hvað tíminn er naumur. „Betri er krókur en kelda“ og engin leið er að reyna ekki að samræma sjónarmið hinna mörgu sem þetta mál varðar. Atvinnuvegirnir, sveitarfélögin, stofnanirnar og áhugamannahóparnir munu vilja fjalla um málið og gera athugasemdir. Margir yrðu ósáttir og jafnvel reiðir ef keyrslan væri slík hér í gegnum þingið.

Hæstv. forseti. Hér er lagt fram á síðustu dögum þessa þings þetta stjfrv. um umhverfismál. Um þetta mál sem mörg önnur eru skiptar skoðanir, eins og ég sagði, þó flestir geti tekið undir að á ýmsum sviðum þarf að samræma stjórn umhverfismála. Ég er þeirrar skoðunar að rétt hafi verið hjá ríkisstjórninni að leggja þetta mál fram á þessu þingi, koma því til nefndar og út til hinna ýmsu aðila sem þetta mál varðar til umfjöllunar og umsagnar. Ég tel hæpið að heppilegt geti talist að afgreiða málið sem lög frá þessu þingi. Ekki það að starfsöm nefnd getur auðvitað með vinnu sniðið mestu vankantana af þessu frv. og svo hitt, sem hér hefur komið fram í máli manna, ef menn vilja lengja þinghaldið.

Ég tel að þrátt fyrir að margt sé gott að segja um þetta frv., þá sé með það eins og önnur mannanna verk, ýmislegt sem beinlínis orkar tvímælis sem hér er lagt til. Vil ég benda á nokkur atriði sem ég geri athugasemdir við. Að vísu vil ég fyrst segja það að ég er dálítið hræddur við þá kröfu sem nú er uppi um að

fjölga ráðuneytum. Sérstakt ráðuneyti um hvern málaflokk, eitt um umhverfismál, annað um öryggismál, það þriðja um jafnréttismál o.s.frv. Það er stundum spurning hverju þessi litla þjóð hefur efni á, hvað hún getur á mörgum sviðum fetað í fótspor milljónaþjóðanna. Umsvif stjórnsýslunnar á Íslandi hafa vaxið hröðum skrefum á síðustu árum og eru nú til húsa á þúsundum fermetra hér í borginni. Ég hefði talið réttara að fækka ráðuneytum og tel að ráðherrar ættu alls ekki að vera fleiri en 5–7 á Íslandi.

Mér sýnist að þrátt fyrir mergð ráðherra þurfi hver og einn á tveimur til þremur aðstoðarmönnum að halda. Fyrir utan það hvað auðveldara hlýtur að vera að ná samstöðu um málefni með fimm eða sjö mönnum en þegar þeir eru orðnir níu, ellefu eða þrettán eins og einhverjir eru að leggja til sem væri nú ógæfa. Ég hygg að það væri oft léttari störfin hjá hæstv. forsrh. í Stjórnarráðshúsinu ef þeir væru örlítið færri. En þetta var nú útúrdúr. En varnaðarorð um það vandamál sem er að gerast og hefur verið að gerast á síðustu árum. Yfirbyggingin vex. Hefur ekki starfsmönnum ríkisins fjölgað um tvo til fjóra hvern virkan dag í mörg ár?

Um frv. sjálft vil ég segja þetta: Hér er um mikla byltingu að ræða þar sem endurskoða þarf lög og reglur í stórum stíl, færa til mannafla, hreyfa til fjárveitingar sem eru markaðar ákveðnum stofnunum. Ég tel því að gildistíminn, sem lagt er til í frv. að verði 1. sept., sé fullnærri ef hægt á að vera að koma þessu öllu í kring með skaplegum hætti. Sumarið er ódrjúgur vinnutími bæði út frá fjárveitingum og allri þeirri uppstokkun sem þarf að fara fram. Því hefði verið eðlilegra að miða gildistöku við áramót.

Hér er gert ráð fyrir að kljúfa margar stofnanir, taka frá þeim verkefni og færa yfir í hið nýja ráðuneyti. Við erum t.d. nýbúnir að endurskoða lög um hollustuhætti. Hér er lagt til að nátengd svið eins og heilbrigðis-, umhverfis- og mengunarvarnaeftirlit heyri undir tvö ráðuneyti. Það má spyrja: Er heppilegt til árangurs að taka upp slíkt fyrirkomulag? Enn fremur: Hver verður staða starfsmanna nýstofnaðs umhverfismálaráðuneytis á meðan starfsmenn þess eiga að vinna að sínum málum en sækja bakhjarl og stoð í lög sem yrðu í endurskoðun?

Samkvæmt frv. á að endurskoða lögin innan tveggja ára en fullvíst má telja að endurskoðun lagabálkanna taki mun lengri tíma en tvö ár. Verður ekki einhver ringulreið ef við breytum hlutunum svona snöggt? Mér sýnist að hér sé enn fremur stefnt að aukinni miðstýringu, kannski hættulegri ofstjórnun úr ráðuneyti þar sem ráðuneytið sjálft og lögreglan eru tíundaðar sem aðaleftirlitsaðilar eins og fram kemur hér í frv., en þá er það um eftirlit og viðurlög, að auk umhverfismálaráðuneytis og löggæsluaðila á hverjum stað hafa heilbrigðisnefndir, heilbrigðisfulltrúar, skipulagsnefndir, byggingarnefndir og byggingarfulltrúar, náttúruverndarnefndir, gróðurverndarnefndir og eftirlitsmenn o.s.frv. þetta með höndum.

Þeir sem í dag fara með heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit eru heilbrigðisfulltrúar sem starfa á vegum sveitarfélaga og í umboði fagnefnda. Við skulum átta okkur á því. Það tel ég að hafi reynst gott fyrirkomulag og kannski ódýrast af öllu dýru. Mörkin eru oft óljós á milli eftirlitssviða, því er mikilvægt að yfirumsjón sé á hendi einnar stofnunar og eins ráðuneytis að mínu viti. Ég tel því vafasamt að taka mengunarvarnir frá heilbrmrn., frá yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins. Ég óttast að slíkt fyrirkomulag skapaði árekstra og reyndar er ég í engum vafa eftir að hafa starfað í stjórn Hollustuverndar í fjögur ár. Ég legg því áherslu á að þingnefndin kanni sérstaklega hvort ekki sé rétt að jafntengdir málaflokkar og heilbrigðiseftirlit, umhverfiseftirlit og mengunarvarnaeftirlit sé undir yfirstjórn eins ráðuneytis.

Það vill svo til að ég er hér með í höndunum umsögn um þáltill. sem hér hefur verið flutt, en hún kemur frá forstöðumanni Heilbrigðiseftirlitsins, Þórhalli Halldórssyni. Þar finnst mér vera glögg dæmi um ágreining sem gæti komið upp ef menn færu þá leið að kljúfa mengunarvarnir frá Heilbrigðiseftirlitinu. Við skulum skoða það dæmi, en hann segir:

„Verði hins vegar gerð sú breyting á núgildandi löggjöf að mengunarvarnir verði settar undir nýtt ráðuneyti og aðskilið frá Hollustuvernd ríkisins lítur málið öðruvísi út. Að samþykktri slíkri tillögu gæti heilbrigðisfulltrúi úti á landi staðið frammi fyrir því að rannsóknarniðurstöður á neysluvatni tiltekins þéttbýlisstaðar bentu til þess að vatnið væri efnamengað. Heilbrigðisfulltrúi teldi líklegast að efnamengun stafaði frá gömlum sorphaug í nágrenni vatnsbólsins. Heilbrigðisfulltrúi gerði sér grein fyrir því að hér væri stórmál í uppsiglingu, bæði fjárhagslega og pólitískt. Hann teldi því nauðsynlegt að ráðfæra sig við sitt fagráðuneyti. En hvað er hans fagráðuneyti í þessu tilfelli? Er það heilbrmrn. vegna mengaðs drykkjarvatns eða er það ráðuneyti umhverfismála vegna sorphaugsins sem grunaðs mengunarvalds?

Vandamál geta einnig komið upp á annan hátt. Kjötvinnslufyrirtæki er staðsett úti á landi á tilteknu eftirlitssvæði. Heilbrigðisfulltrúi hefur gert kröfu til fyrirtækisins um að lóð þess yrði lögð bundnu slitlagi til að hindra að óhreinindi bærust inn í matvælafyrirtækið. Enn fremur að fyrirtækið gengi þannig frá sínu frárennsli að óþrifnaður stafaði ekki af fyrir umhverfið, m.a. með því að setja fitugildru á frárennslislögnina. Eigandi kjötvinnslufyrirtækisins telur að heilbrigðisfulltrúa sé ekki stætt á þessum kröfum og vill neyta réttar síns um málskot til stjórnar Hollustuverndar ríkisins, sérstakrar úrskurðarnefndar skv. 30. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, eða þá væntanlega samsvarandi aðilja, samkvæmt lagagrein í nýjum lögum um umhverfisvernd. Það getur orðið erfitt fyrir atvinnurekendur ef þeir vilja neyta réttar síns á þennan hátt að ákveða til hvors stjórnvaldsins þeir eiga að snúa sér.

Þá má enn fremur gera ráð fyrir því að ágreiningur geti komið upp milli þeirra sem sitja annars vegar í stjórn Hollustuverndar ríkisins eða úrskurðarnefnd

samkvæmt lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit eða hins vegar þeirra sem fyrirhugað umhverfismálaráðuneyti mun væntanlega skipa í sína úrskurðarnefnd um réttmæti niðurstöðunnar."

Hér hef ég rætt þetta að ég tel mjög erfitt að kljúfa þetta upp. Ég tel, og það hefur komið hér fram í því sem menn hafa lesið í ályktunum frá heilbrigðisfulltrúum, að eðlilegt sé að slíkt heyri undir eitt ráðuneyti.

Ég vil minnast á annan þátt þessa frv. sem snýr að gróðurvernd, gróðureftirliti og uppgræðslu. Ég er andstæðingur þess að kljúfa Landgræðslu ríkisins í tvennt. Í 7. gr. segir að umhverfismálaráðuneyti fari með lög um landgræðslu, að því leyti sem tekur til eftirlits með ástandi gróðurs. Ég tel heppilegt að gróðurverndin, gróðureftirlitið og uppgræðslan, heyri undir eitt og sama ráðuneytið og það sé fagráðuneytið. Ég tel enn fremur að þetta fyrirkomulag hafi reynst allvel.

9. gr. fjallar um að stofna samstarfsnefndir margra ráðuneyta við hið nýja umhverfismálaráðuneyti. Undir þá grein hefði ég þó talið eðlilegt að setja lög um landgræðslu að því leyti sem tekur til eftirlits með ástandi gróðurs. Þar sæti landbúnaðurinn t.d. við sama borð og sjávarútvegurinn um verndun fiskimiða, verndun hvalveiða, verndun hvala og sela, en það er lagt til að sjávarútvegurinn verði þarna með í þessari 9. gr. en ekki þessir þættir sem snerta landbúnaðinn. En þessir málaflokkar heyra áfram undir sjútvrn. en lúta formlegri samvinnu við umhverfismálaráðuneyti.

Ég hef alltaf talið rétt að þeir sem auðlindir nota beri ábyrgð á skynsamlegri nýtingu þeirra og varðveislu. Ég tel að viðkomandi atvinnumálaráðuneyti eigi að bera ábyrgð á rannsóknum á þeim auðlindum sem það stýrir nýtingu á. Allt annað er í mínum huga að skapa árekstra og búa út flókið kerfi sem nær ekki, því miður, árangri.

Landgræðslan er fyrst og fremst framkvæmdastofnun sem hefur það að markmiði að stöðva jarðvegs- og gróðureyðingu. Rækta upp örfoka land og vernda gróður landsins. Verndun gróðurs byggist á náinni samvinnu og gagnkvæmum trúnaði við eigendur eða umráðahafa landsins. Ég óttast að verði eftirlit með ástandi gróðurs tekið af Landgræðslunni og fært yfir í umhverfismálaráðuneyti skapi það vandamál. Ég óttast að verði þessi breyting gerð þá nái sjónarmið þeirra fram sem vilja stjórna gróðurverndarmálum með lögum og tilskipunum án samráðs við bændur. Bændurnir hafa treyst Landgræðslunni fyrir landi sínu og laðast til samstarfs við hana. Bændurnir hafa látið tugþúsunda hektara af landi undir friðuð landgræðslusvæði. Þessari þróun má ekki raska, þessa samvinnu má ekki setja í neina áhættu eins og mér sýnist að mundi eiga sér stað yrði frv. að lögum óbreytt.

Ég tel enn fremur að rannsókn á gróðurlendum og mat á beitarþoli eigi einnig að heyra undir fagráðuneyti. Eins ber ég efa í brjósti að láta lög um eyðingu refa, minka og fugla heyra undir hið nýja ráðuneyti. Lög um dýravernd einnig. Ég vil koma þessum athugasemdum að við þessa umræðu. Ég þykist hafa bent hér á svo stór vafaatriði að það væri óskynsamlegt að afgreiða þetta mál á þeim tveim vikum sem nú eru eftir af boðuðu þinghaldi.

Ég óttast að verði málið afgreitt með þessum hætti, þá verði árekstrar víða og þetta ráðuneyti yrði á stuttum tíma mikið bákn og að auki á mörgum sviðum veikt að fást við hin stóru verkefni. Ég legg því til að tíminn fram að næsta þingi verði nýttur til að ná samstöðu þeirra mörgu aðila er þessi mál varða. Því sumri væri að mínu viti vel varið. Og þegar við kæmum hér til þings á haustdögum tækjum við upp þráðinn á nýjan leik og ættum að geta afgreitt skynsamleg lög áður en næsta jólafrí þingmanna hefst.

Benedikt Bogason:

Virðulegi forseti. Ég ætla að reyna að stytta mál mitt, þetta er það yfirgripsmikið mál, ekki bara á landsvísu heldur eitt af stærstu málum sem menn eru að takast á við núna hjá Sameinuðu þjóðunum og raunverulega allir eru sammála um að sé stórt og mikið. En varðandi orð síðasta ræðumanns langar mig bara til að segja að það er nú búið að vera að dunda við þetta síðan 4. mars 1975 og komin mörg frumvörp. Sum hefur dagað uppi og önnur hafa verið lögð fyrir þing og dagað þar uppi í þrasi. Ég held að það gæti verið ágætis dægradvöl svona eftir að þing hefst næsta haust að dunda við að ræða um umhverfismál fram undir 10. des. þegar öll stjfrv. fara að streyma inn. Þetta er svo umfangsmikið mál. Það væri sjálfsagt nóg að gera með það.

En það sem ég vildi segja er að mér finnst þetta frv. eins og það horfir við mér afskaplega tímabært og í mínum augum í stórum dráttum mjög gott. Það er einfalt og það er skýrt og það býður raunverulega upp á að ganga til lausnar, finnst mér, taka til greina ýmislegt sem ræðumenn hafa sagt hér. Það er kveðið á um það í ákvæðum til bráðabirgða að lögin skuli endurskoðuð innan tveggja ára frá gildistöku. Við endurskoðun skal sérstaklega huga að frekari samræmingu einstakra þátta umhverfismála og stofnana er sinna verkefnum á þessu sviði. Það má segja að sumar athugasemdir í viðkvæmum málum sem fram hafa komið hér eru ættaðar beint úr hagsmunaholum ráðuneyta og stofnana sem aldrei vilja sleppa neinu og eru alltaf að bæta við sig. Það er ábyggilega hægt að samþykkja þetta frv. og draga þá úr einhverjum atriðum í því og láta bíða í tvö ár en taka þau þá síðar fyrir eftir nánari úrvinnslu. Einnig er hægt að bæta við einhverju sem gleymdist. Ég fyrir mitt leyti teldi ávinning að því ef svo vel tækist til að hægt væri að ná þessu í gegn og við borgaraflokksmenn erum fylgjandi þessu. Við höfum mikið rætt þessi mál á okkar fundum og vorum einmitt að endurflytja till. til þál. núna sem ekki er komin fram til umræðu en fékk ekki neina áheyrn eða afgreiðslu í fyrra. Páltill. skírskotar einmitt til þess sem næst okkur stendur og er kannski stærsta hliðin á þessum mengunarmálum okkar. Sem betur fer erum við hér í miðju Atlantshafi þannig sett

að af hinum risastóru vandamálum sem blasa við í þéttbyggðu iðnríkjunum og stórborgunum höfum við hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu aðeins smjörþefinn, en þó þefinn, og strendurnar hér í kring eru orðnar svo mengaðar að ekki er hægt að synda í hafinu. Menn hafa látið sig hafa það allt of lengi að demba skolpinu niður í fjöru. Þar safnast það upp og er beinlínis hættulegt en talið er að það eigi e.t.v. þátt í útbreiðslu inflúensu eða farsótta, þótt ég treysti mér ekki til þess að fullyrða um það. En okkar till. mundi falla að þessu. Það eru allir þm. Borgfl. plús Hreggviður Jónsson sem endurflytja þetta og ég ætla að leyfa mér að lesa þessa tillögu þó að hún sé ekki á dagskrá hérna, því að hún mundi falla svo greinilega inn í þessa umræðu.

„Alþingi ályktar að fela félmrh. í samráði við Samtök ísl. sveitarfélaga og viðkomandi sveitarfélög að láta gera samræmda könnun á ástandi frárennslis- og sorpmála í öllum þéttbýlisstöðum á landinu, svo og þeim stöðum utan þéttbýlis þar sem atvinnustarfsemi eða annað getur leitt af sér mengun."

Þarna tel ég að sé stærsta áþreifanlega mengunin sem við þurfum að takast á við og ég tek undir þau orð forsrh., sem hann sagði hér fyrr í dag, það að við stuðlum að því að hér verði hreint og tært loft og hreint land ætti að vera þjóðarstolt okkar af því að við getum ráðið þessu. En í mínum augum hefur þetta miklu meiri þýðingu. Þetta er kannski lykillinn að þeim „gígantísku" möguleikum sem við höfum í matvælaframleiðslu þegar á næstu árum. Mengunarvargurinn er orðinn svo gífurlega grimmur hérna allt í kringum okkur, bæði vestan hafs og austan, að í vaxandi mæli er almenningur farinn að skoða það hvaðan varan er og hvort hann geti búist við að hún sé frá svæðum sem ekki eru menguð.

Eitt mitt fyrsta verkefni þegar ég kom frá námi var að fást við frárennslisvandamál einmitt á þéttbýlisstöðum úti á landi. Ég rak augun í frétt í DV í dag um ullarþvottastöðina í Hveragerði. Þar er búinn að vera vaxandi vandi síðan 1962 að smám saman hefur frárennslið frá Hveragerði steindrepið allan fisk í Varmá alltaf með jöfnu millibili og ofan í skolpið og heita vatnið kemur þessi efnamengun. Það er skýlaust reglugerðarbrot, svona iðnfyrirtæki eiga að „neutralisera" efni áður en þau sleppa þeim frá sér.

Það sem mér finnst skipta máli í þessu sambandi, og tekið er á í þessu frv., eru hinar geysilega mismunandi áherslur í sambandi við þessi mál. Það er stundum verið að gera úlfalda úr mýflugu, en að öðru leyti eins og ég hef komið inn á, eru stóralvarleg mál látin drasla. Ég man eftir því að verk hefur verið stöðvað og beðið með að brúa einhverja eyðivoga af því að einhverjir menn, frá Náttúruverndarráði sennilega, þurfa að rannsaka hvort þarna sé eitthvert lífríki, einhverjar marflær eða eitthvað slíkt sem gætu eitthvað truflast á geðheilsunni við hávaðann eða jafnvel orðið að flytjast um set. Þetta hefur verið gert í fúlustu alvöru.

En á sama tíma skeður það, þegar tæknilega er verið að gera stórkostlega betrumbót á Stór-Reykjavíkursvæðinu í sambandi við að losna við sorp, að þá á að demba öllu sorpi til pökkunar á einn stað 300–400 metra frá íbúðahverfi og viðkvæmum iðnaði. Fólkið sem býr þarna varð skelfingu lostið og eigendur fyrirtækja sömuleiðis. Þetta var tæknilega mjög sannfærandi mál, en það gleymdust ýmsir þættir aðrir en bara þessir hátæknilegu. Sem betur fer er þetta leyst þannig að þessu er komið fyrir á grófu iðnaðarsvæði í Hafnarfirði.

Svo var það nýjasta. Við íbúar í Árbæ höfðum dálítið samráð við Kjalnesinga því að þar átti þá að urða þetta, urða það sem kæmi úr böggunarstöðinni. Þar fannst urðunarstaður í mýri í Álfsnesi sem í fljótu bragði gat tekið við heilmiklu. En þegar farið var að skoða þetta nánar og horfa til framtíðar, þá á einmitt þjóðvegurinn í framtíðinni að liggja um Geldinganes og þarna fram hjá, þannig að þessi staður mundi blasa við, þessi starfsemi og Kjalarnesið, sem var metið sem nokkuð gott til þess að urða með tilliti til þess að það mundi ekki menga grunnvatn, var nálægt sjó og bratt niður, það var merkt inn á kort sem mjög hagstætt. En guð minn almáttugur! Þetta eru allt heimalönd. Hvaða bóndi vildi fá 10–20 stóra flutningabíla fulla af sorpi, að vísu bögguðu, rétt í hlaðvarpanum hjá sér? Enginn held ég. En hliðstæð vandamál blasa við víða. Við heyrðum t.d. um sorpbrennslustöðina frá Ísafjarðarsvæðinu sem öðru hverju blæs sínum reyk yfir fólkið og fiskiðnaðinn í Hnífsdal. Svona eru mörg, mörg dæmi þannig að það er mjög aðkallandi að þessi mál séu samræmd. Ég tala sérstaklega um þessa hlið málanna sem snúa kannski fyrst og fremst að sveitarfélögum vegna þess að ég er kunnugastur því. Þess vegna var minn hugur fyrir einu til tveimur árum þannig að það ætti að reyna að samræma þetta sem mest undir félmrn. En þá komu aftur kröfur frá heilbrmrn., einhverjir voru að láta sér detta í hug samgrn. og þá kom hugmynd um sjútvrn. Við höfum heyrt hérna um landbrn. og það snýr náttúrlega að gróðurverndinni og slíkum málum.

Ég vil benda á að það er ekkert langt síðan það var bara eitt atvinnumálaráðuneyti. Nú eru þau þó þrjú. Og árið 1903 var bara eitt, Íslandsráðuneytið. Það er ósköp eðlilegt að það verði ákveðin þróun í þessum málum og við verðum aðeins að horfa á það hvernig þróunin er og hvað er heppilegt. En í stórum dráttum og miðað við þá umræðu sem ég hef heyrt hér í dag, þá tel ég að það ætti vel að vera hægt að afgreiða þetta frv. ef allir leggjast á eitt og, eins og hv. 10. þm. Reykn. benti á, eru með jákvæðum huga. Þessi mál eru þess eðlis að það hljóta allir að vera með jákvæðum huga þegar verið er að leita eftir framförum á þessum sviðum því að þetta er það sem skiptir öllu máli fyrir framtíðina.

Ég ætla ekki að vera að orðlengja þetta. Ég vil bara endurtaka þá skoðun mína að það væri vel þess virði að menn legðu á sig að reyna að koma þessu frv., með einhverjum breytingum, í gegnum þingið núna fyrir vorið.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Það frv. sem hér er á dagskrá fjallar um mikilvægan málaflokk og ég tek undir orð hæstv. forsrh. um þetta mál, sem hann sagði í sínum inngangsorðum, að málið væri mikilvægt en það væri jafnframt viðkvæmt og vandasamt. Það segir okkur að við þurfum að vanda vel þá lagasetningu sem afgreidd verður frá Alþingi um þetta mál hvort sem það verður nú á þessu þingi, sem ég hef nú ekki trú á, eða síðar.

Við Íslendingar stærum okkur af því að við búum við hreint loft og hreint vatn, við búum við ómengað láð og lög og ég held að við getum vel lagt okkar lóð á vogarskálina í samstarfi við aðrar þjóðir og fulltrúa annarra þjóða um það að leitast við að halda á þessum málum af skynsemi og berjast gegn mengun og spjöllum á náttúrufari. Okkur ber þó auðvitað ekki síst skylda til að vinna allt hvað við getum gegn mengun hafsvæðanna í kringum Ísland sem eru okkur dýrmætust af öllu. Ég sem sagt tek undir þau orð sem hæstv. ráðherra sagði um þessi efni og tel að við Íslendingar eigum að leggja okkar lóð á þessa vogarskál í samstarfinu við fulltrúa annarra þjóða.

Hæstv. ráðherra sagði að þetta frv. væri samkomulagsmál stjórnarflokkanna þó svo væri að sumir vildu ganga lengra og aðrir skemmra. Nú hafa hér talað þrír hv. þm. stjórnarflokkanna: Hv. 2. þm. Austurl., sem nú situr hér í forsetatól, sem mælti mjög eindregið og ákaft með þessu máli. Hv. þm. Guðni Ágústsson sem lagðist gegn afgreiðslu málsins á þessu þingi og taldi upp ýmsa vankanta málsins með hógværum orðum en fullum rökum. Og það var eðlilegt að hv. þm. Guðni Ágústsson talaði af hófsemi um þetta mál þar sem það er flutt af forsrh. í ríkisstjórn sem hann styður og af formanni hans eigin flokks. En hér talaði einnig hv. þm. Stefán Valgeirsson, guðfaðir hæstv. núv. ríkisstjórnar, og lagðist gegn þessu máli og fann því ýmislegt til foráttu. Þannig að þó svo að hæstv. forsrh. hafi hér sagt að þetta frv. væri flutt sem samkomulagsmál stjórnarflokkanna, þá er samkomulagið ekki betra en þetta. Það er eitthvað bogið við þetta samkomulag.

Þá er það spurningin hvort þeim þýðingarmikla málaflokki sem hér er verið að fjalla um sé best fyrir komið með því að stofna um hann nýtt ráðuneyti og hvort það sé forsenda fyrir því að á þessum málum verði haldið á þann hátt að til betri áttar horfi en verið hefur hingað til. Þetta tel ég mikið vafamál.

Þegar rætt er um það að stofna nýtt ráðuneyti, þá getur ekki farið hjá því að því fylgi verulegur kostnaður, því fylgi aukin umsvif, því fylgi það að báknið bólgni út, eins og hér hefur verið vikið að af nokkrum ræðumönnum, og það er að sjálfsögðu nauðsynlegt að gefa þeim þætti málsins gaum.

Ég tek eftir því að þessu stjfrv. fylgir ekki áætlun eða grg. um aukinn kostnað sem af því muni hljótast. Hæstv. forsrh. ætti þó að vera manna kunnugast að það er skylt samkvæmt lögum og hæstv. forsrh. ætti að muna eftir því að það er skylt samkvæmt lögum nr. 13/1979, lögum sem alla tíð síðan þau voru afgreidd hafa verið nefnd Ólafslög og kennd við fyrrv. forsrh. og formann Framsfl., Ólaf heitinn Jóhannesson, þann mæta mann.

Ég hlýt að átelja þau vinnubrögð hæstv. forsrh. sem eru ekki einsdæmi fyrir hann í þessari hæstv. ríkisstjórn að flytja hér stjfrv. sem ekki uppfylla þá lagaskyldu að með þeim fylgi úttekt Fjárlaga- og hagsýslustofnunar á því hvaða kostnaður muni fylgja ef frv. yrðu samþykkt. Þessi vanræksla er alvarlegt mál. Það getur verið verjandi að stofna til nýrrar meðferðar mála og nýrrar löggjafar sem hefur í för með sér kostnað, vel má vera að slík mál séu það þýðingarmikil að við sættum okkur við það að auka kostnað í ríkiskerfinu. En það er þó ekki kannski aðalatriðið, heldur hitt að hér á hinu háa Alþingi vanrækir hæstv. ríkisstjórn og einstakir ráðherrar hæstv. ríkisstjórnar að framfylgja því sem lög kveða á um og það er vitaskuld ekki við hæfi að Alþingi sætti sig við slíkt. Það er ekki við hæfi. Ég vil því vekja á þessu athygli sem ég hef gert við fleiri stjfrv. Og það er eins og hæstv. ráðherrum sumum komi slíkar athugasemdir og slík gagnrýni á óvart, sem er furðulegt.

Ég held að það sé a.m.k. mikið vafamál að nokkur þörf sé á því að stofna nýtt ráðuneyti um þennan málaflokk og ég held að það sé stórlega ofsagt, sem hér hefur verið sagt af sumum ræðumönnum sem mælt hafa með þessu, að ekki sé hægt að hafa stjórn á umhverfismálum án þess að stofnað sé um það nýtt ráðuneyti. Það hafa komið fram tillögur og verið fluttar hér inni á Alþingi þess efnis að um slík mál megi fjalla undir yfirstjórn sérstakarar stjórnardeildar í tilteknu ráðuneyti og síðan samstarfsnefnd á milli ýmissa ráðuneyta sem um slík mál fjalla. Ég held að það fyrirkomulag og jafnvel núverandi fyrirkomulag eigi ekki að koma í veg fyrir það að Íslendingar geti með fullum rétti sent sína fulltrúa á ráðstefnur um þennan málaflokk á alþjóðavettvangi og það sé hártogun og útúrsnúningar að halda því fram að það komi í veg fyrir það að við getum tekið á þessum málum eða sent okkar fulltrúa til alþjóðasamstarfs um umhverfismál með fullum sóma og fullum rétti þó ekki sé til ráðuneyti sem kallast umhverfismálaráðuneyti. Þetta vil ég segja hér alveg hiklaust.

Ef litið er á þetta frv. eins og það liggur fyrir, þá var það rætt hér ítarlega af hv. 1. þm. Reykn. og er ekki ástæða til að ég fjalli um það í jafnítarlegu máli og hann gerði hér fyrr í dag. Það blasir þó við að þetta frv. er mjög hroðvirknislega unnið.

Hv. 1. þm. Reykn. Matthías Á. Mathiesen benti á það hér fyrr í dag að eigi færri en sjö lagabálkar, sem eiga að falla undir þetta nýja ráðuneyti samkvæmt þessu frv., eru allir úr gildi fallnir. Og hv. þm. Kristín Halldórsdóttir bætti einum lagabálkinum við. Þetta sýnir auðvitað fljótfærni, hroðvirkni og ókunnugleika á málum að leggja fram lagafrv. með þessum hætti. Og ég hlýt að taka það fram að mér þykir það leitt að hæstv. forsrh. landsins skuli leggja fram frv. sem byggt er á slíkum mistökum. Mér þykir það bara leitt. En frv. er auðvitað hroðvirknislega unnið á

margan annan máta heldur en þennan. Málfar á þessu frv. er sums staðar með ólíkindum þannig að ýmsar setningar þess eru óskiljanlegar eða lítt skiljanlegar. Hér segir til að mynda í 2. gr. frv., með leyfi forseta:

„Umhverfisráðuneytið skal efla alhliða umhverfisvernd, varnir gegn óæskilegum umhverfisáhrifum og vernda eftir kostum þau lífsgæði sem felast í óspilltri náttúru landsins," o.s.frv. — „vernda eftir kostum þau lífsgæði". Ef ætti að ráða í þetta orðalag þá þýðir það líklega einna helst það að vernda ætti lífsgæði eftir því hvað þessi lífsgæði séu miklum kostum búin. Það kemur ekkert fram í málsgreininni hvort það á að vernda fremur þau lífsgæði sem eru miklum kostum búin eða þau sem eru kostarýr. En allt er þetta í rauninni rugl í lagatextanum.

Í síðustu málsgrein þessarar sömu greinar, 2. gr. frv. segir:

„Umhverfisráðuneytið fer með rannsóknir og framkvæmd alþjóðasamninga um mengun og önnur umhverfismál". — Ráðuneytið fer með rannsóknir og framkvæmd alþjóðasamninga. Ég veit ekki hvers vegna þetta umhverfismálaráðuneyti á að fara með rannsóknir á alþjóðasamningum.

Í 3. gr., sem ekki er ástæða til að hafa neitt málfarslega út á að setja, segir: „Sporna skal ætíð gegn skaðlegum umhverfisáhrifum". Þetta er nokkuð fortakslaust að orði kveðið og ef framfylgja ætti slíku afdráttarlaust þá ætti auðvitað að stöðva umferð ökutækja sem brenna olíu, því „sporna skal ætíð við skaðlegum umhverfisáhrifum". Hæstv. forsrh. hristir höfuðið en lagatexta á að setja upp með þeim hætti að það megi skilja hann bókstaflega en ekki setja upp lagatexta sem táknar eitthvað allt annað en orðanna hljóðan sýnir. Það er hroðvirkni að ganga svo frá frv. sem flutt er af hæstv. forsrh. að lagatexti sé ýmist svo afdráttarlaus að hann verði vitleysa eða þá óskiljanlegur að málfari til.

Ég ætla ekki að nefna hér fleiri dæmi um málfar eða slíkar ambögur og vankanta í texta en þær eru sannarlega ýmsar í grg. og sumar setningar þar, eins og ég sagði, lítt eða ekki skiljanlegar. Ég mundi því ráðleggja hæstv. forsrh. að finna sér prófarkalesara sem gæti aðstoðað við það að koma þingmálum á blað á sæmilegri íslensku.

Þetta er nú það fyrsta sem blasir við um búning þessa frv. og það kemur náttúrlega ekkert við þeim þýðingarmikla málaflokki sem hér er verið að fjalla um. En það greiðir ekki fyrir því að frv. af þessum toga renni í gegnum þingið þegar ekki er meira vandað til undirbúnings.

Ég vil segja það um megininntak og efni þessa frv. að ég tel að eftirlit og mat á náttúruauðlindum, verndun þeirra, eigi að lúta sömu yfirstjórn og nýting. Ég tel að það eigi að vera meginsjónarmið. Það sjónarmið kom einnig fram hjá hv. 5. þm. Suðurl. hér rétt áðan. Það er að mínum dómi meginsjónarmið að saman fari ábyrgð, yfirstjórn á eftirliti, mati, verndunaraðgerðum, aðgerðum til náttúrufarslegra bóta og síðan nýtingu á þeim auðlindum sem náttúran gefur okkur, en ekki eins og hér er lagt til varðandi einn þátt þessara mála og lagt hefur verið til hér t.d. af hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur, að skilja þetta að. Það felur í sér mikla hættu á árekstrum, það flækir mál í stjórnsýslunni. Það er lagað til þess að skapa tortryggni á milli aðila ef yfirstjórn slíkra mála er skilin í sundur, klofin í herðar niður.

Það er svo, hvort sem menn vilja svo vera láta eða ekki, að þeir sem nýta náttúruauðlindir eiga mest í húfi að þær gangi ekki til þurrðar. Ég tel því að það sé ekki sanngirni í því sem segir hér í grg. frv., í athugasemdum við 7. gr., þar sem segir: „Með vistun gróðurverndar í ráðuneyti umhverfismála er stuðlað að auknu hlutleysi og sterkari stöðu gagnvart hagsmunaaðilum í landbúnaði." Þetta er sagt af vanþekkingu og skilningsleysi á því að þeir sem nýta náttúruauðlindir af hálfu landbúnaðarins eiga sjálfir mest í húfi um að þær gangi ekki til þurrðar. Það er því mín skoðun afdráttarlaust að nýting á auðlindum, bæði auðlindum landsins og auðlindum hafsins, eigi að lúta sömu yfirstjórn og eftirlit, mat og takmörkun á notkun slíkra auðlinda.

Ég hygg að sá merki stjórnmálamaður, forsætisráðherra Noregs, Gro Harlem Brundtland, hafi komist að sömu niðurstöðu í starfi sem hún vann að þessum málum í samstarfi við fulltrúa annarra þjóða og skilaði um það allmerkri skýrslu.

Ég held að menn eigi ekki að gera sér leik að því að setja upp kerfi sem er vísast til að hleypa málum í bál og brand, heldur að vinna að því að yfirstjórn mála, hvort sem er til hafsins eða landsins, hafi alla þá þræði í hendi sér sem geti leitt til þess að stjórn verði markviss á þessum málum. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta efni, en þetta er grundvallaratriði í máli af þessu tagi. Það er líka grundvallaratriði að kljúfa ekki að óþörfu í herðar niður starfsemi sumra annarra stofnana, eins og hér er gert og rækilega var skýrt af hv. 1. þm. Reykn. svo sem eins og að því er varðar heilbrigðiseftirlit og hollustuvernd, og erfitt að kljúfa sundur stofnanir sem þurfa að vinna saman að fleiri sviðum síns verkefnis.

Það leiðir af þessu sem ég hef hér sagt að ég tel það rangt að fella undir þetta ráðuneyti eftirlit með ástandi gróðurs. Ég tel það rangt. Það eftirlit á áfram að vera undir yfirstjórn landbrn. Það eru getsakir út í bláinn sem hér hafa fallið af munni tveggja ræðumanna að deilur um þetta efni séu sprottnar af skæklatogi embættismanna, eins og hæstv. forseti lét sér um munn fara í sinni ræðu. Það eru getsakir út í bláinn vegna þess að skæklatog embættismanna um þetta efni er ekki það sem máli skiptir, heldur að koma þessum málum fyrir þannig að þau séu í heillegum farvegi. Og það skiptir líka meira máli að hafa frið við fólkið í landinu, það fólk sem hefur lífsbjörg sína af að nýta auðlindir lands og sjávar.

Ég tel að í þessum málaflokki sé ekki óeðlilegt að fjallað sé t.d. um friðun dýra og fugla, það er ekki óeðlilegt, en ég hlýt að benda á, eins og hv. þm. Guðni Ágústsson, að embætti veiðistjóra er af allt öðrum toga og eyðing refa, minka og vargfugls er allt

annað en fuglaveiðar og fuglafriðun. Eyðing vargfugls, minka og refa er til þess að þessum dýrum fjölgi ekki óhóflega, hafi ekki of óheillavænleg áhrif í náttúrunni og einnig hitt og ekki síður að landbúnaðurinn geti haft sæmilegan frið fyrir þessum vágestum. Og það er allt annað mál að halda slíkum dýrum í skefjum með eyðingu en að sinna þeim málaflokkum sem fjalla um friðunaraðgerðir. Þetta á því ekkert þar heima, hvort sem um er að ræða ráðuneyti eða stjórnarráðsskrifstofu.

Ég sé hér í 6. gr. að umhverfismálaráðuneyti skal ekki hafa forgöngu um gerð landnýtingaráætlunar o.s.frv. Og hvort sem hér er um að ræða ráðuneyti eða stjórnarráðsskrifstofu tel ég það vera viðfangsefni sem falli mjög að þessum málaflokki. Ég teldi það vera hlutverk samstarfsnefndar á vegum nokkurra ráðuneyta undir yfirstjórn umhverfismálaskrifstofu að vinna að gerð slíkrar landnýtingaráætlunar. Það hefur oft og lengi verið um það rætt að gera slíka áætlun. Ég hygg að það hafi á seinni árum verið samþykkt um það þál., en að því efni var einnig sterklega vikið í áliti nefndar sem ég átti sæti í undir forustu Eysteins Jónssonar, nefndar sem undirbjó tillögu um landnýtingar- og landgræðsluáætlun sem kölluð var „þjóðargjöf". Að því efni var þar sterklega vikið enda þótt þeirri nefnd ynnist ekki á þeim tíma tóm til að ljúka því verkefni. En í slíkri landnýtingaráætlun þarf að gera sér grein fyrir því til einhvers árafjölda hvernig við skiptum landinu eftir nýtingarþáttum. Í fyrsta lagi gætum við sagt: Við erum að áætla hvað við þurfum af landi undir þéttbýli, undir mannvirki, við skulum segja vegi, virkjanir, flugvelli, önnur samgöngumannvirki o.s.frv., opinber mannvirki. Og það fer býsna mikið land undir mannvirki. Við þurfum að taka frá land til útivistar. Það kæmi fram í slíkri landnýtingaráætlun hvað af landinu ætti að vera í þjóðgörðum og útivistarsvæðum, sumarbústaðalöndum o.s.frv. sem sérstaklega væri ætlað til útivistar fyrir þéttbýlisbúa, þannig að þeir gætu notið hollra samvista við landið og náttúru þess. Það kæmi einnig fram hvaða land væri áætlað að taka til skógræktar, svo að dæmi sé tekið, en ekkert síður kæmi það einnig fram hvaða land við ætluðum áfram að nota til landbúnaðar og jafnvel annars atvinnurekstrar. Þetta teldi ég verðugt verkefni fyrir samstarfsnefnd á vegum nokkurra þeirra ráðuneyta sem að slíku máli koma, undir yfirstjórn og forræði umhverfismálaskrifstofu. Umhverfismálaráðuneyti tel ég óþarft að setja á stofn.

Þegar slík tillaga hefði verið lögð fyrir og e.t.v. samþykkt hér á Alþingi tel ég að það segði sig sjálft að þá ætti forræði fyrir því landi sem ætlað væri að nota til landbúnaðar, þar á meðal til skógræktar, að vera hjá landbrn., og þá allir þættir málsins en ekki kljúfa það sundur eða tæta í sundur eins og hér hefur verið talað um.

Þetta er að mínum dómi þýðingarmikið viðfangsefni og ég tek undir það með t.d. 2. þm. Austurl. og hv. 10. þm. Reykn. að þetta kemur vitaskuld mjög nálægt skipulagsmálum og get ekki annað en sagt að þetta viðfangsefni, sem er eitt hið þýðingarmesta í starfi slíkrar stofnunar sem hér er verið að fjalla um, tengist auðvitað mjög skipulagsmálum. En þó að þetta sé mikilvægt þá eru auðvitað mengunarmálin öll enn þá þýðingarmeiri. Hér talaði hv. þingmaður Benedikt Bogason og ræddi um frárennslismál og sorpeyðingu. Og það þarf auðvitað ekkert umhverfismálaráðuneyti til þess að sinna þeim málum. Það er hægt að gera í stjórnardeild í einu tilteknu ráðuneyti. Enn fremur ræddi hann um marflær sem truflast hefðu á geðsmunum. Það þarf auðvitað ekkert umhverfismálaráðuneyti til þess að koma ró á þeirra geðslag. Um leið og hv. þm. Benedikt Bogason ræddi um þessa þætti málsins og lagði eindregið til að frv. yrði samþykkt í flaustri og stofnað nýtt ráðuneyti hefði ég því viljað segja honum það ef hann hefði verið hér inni í salnum áfram að það þarf auðvitað ekkert sérstakt og nýtt ráðuneyti til að fást við þessa þætti sem voru aðalatriðin í hans máli.

Ég held kannski að ekki sé ástæða fyrir mig að flytja um þetta mikið lengra mál. Ég hef lýst mínum skoðunum á þessum efnum. Ég vil gjarnan rifja það upp, eins og hv. þm. Stefán Valgeirsson, að í morgun var kallaður saman aukafundur búnaðarþings. Hvers vegna? Til þess að ræða tvö mál sem fram hafa verið lögð af hálfu hæstv. ríkisstjórnar.

1. Búfjárræktarlög.
2. Umhverfismál.

Hvers vegna skyldi búnaðarþing vera kallað saman til aukafundar sem er óvenjulegt? Tæplega til þess að lýsa einhverjum sérstökum fögnuði yfir framlagningu þessara tveggja frv. hæstv. ríkisstjórnar. Ég veit auðvitað ekki hver niðurstaða þar verður en víst var að þessir forsvarsmenn landbúnaðarins voru þess sinnis þegar þeir komu saman til fundar í morgun að þessi mál væru með þeim hætti að þeir vildi leggja í þann kostnað og þá fyrirhöfn að koma saman til fundar hér í Reykjavík á afbrigðilegum tíma, til aukafundar sem er óvenjulegt, til þess að ræða þessi mál og snúast til varnar.

Hæstv. forsrh., formaður Framsfl., mætti vel muna eftir því að undir hans forsjá og af honum sjálfum eru flutt þau frv. hér á hinu háa Alþingi sem knýja forsvarsmenn bændastéttarinnar til að koma saman til aukafundar hér í Reykjavík á afbrigðilegum tíma. Og ég tel það ekkert lítilsvert að muna eftir slíku. Hér hefur verið vitnað í gögn frá öðrum fundum. Enn hafa ekki komið nein gögn frá því búnaðarþingi sem hófst í morgun og stendur væntanlega ekki í marga daga. En ég tel, eins og hér hefur raunar komið fram hjá mörgum ræðumönnum, þar á meðal tveimur af fulltrúum stjórnarliðsins, að þetta frv. sé með þeim hætti að það væri í raun og veru stórkostleg vanvirða að afgreiða það nú í flaustri á þeim dögum sem eftir eru af þessu þingi. Ég þarf ekki að ítreka hvers vegna. Það þarf að endursemja frv. Stefna þess í sumum greinum er röng. Frv. klýfur stofnanir í herðar niður. Það er líklegt til að efna til ófriðar og það er í rauninni skaðræðisverk að halda á þann hátt á málum varðandi jafnþýðingarmikinn málaflokk og hér er á ferðinni.

Hæstv. ráðherra sagði hér áðan að þetta mál ætti sér

langan aðdraganda og væri þess vegna kominn tími til að það yrði afgreitt, en það er ekki sama hvernig það er afgreitt. Ég leyfi mér að benda hæstv. ráðherra á það að hér í dag var á dagskrá annað stjórnarfrumvarp sem átti sér mjög langan aðdraganda, aðdraganda í umræðu meðal stjórnmálamanna sem líklega er ekki skemmri en 30 ár. Frumvarp um nýja verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Það er vandasamt mál, það er viðkvæmt mál, en það er þýðingarmikið mál. Eftir þrotlausa vinnu af hálfu forustumanna sveitarstjórnarmanna sjálfra og af pólitískum forustumönnum sem gegnt hafa starfi félmrh. á mörgum undanförnum árum hefur í megindráttum tekist að ná þessu frv. saman með þeim hætti að það er sátt um það. Og það er betra að standa að verki með þeim hætti um hina bestu og þýðingarmestu málaflokka en að hlaupa upp til handa og fóta í þinglok með frv. sem er hrákasmíð og ætla sér að knýja það í gegn á því sama þingi. Það væri eitt hið mesta óráð sem nú væri hægt að gera og um leið bjarnargreiði við þennan málaflokk.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég vil þakka þá umræðu sem hefur orðið um þessi mál og þakka ábendingar hv. sjálfstæðismanna. Það er sjálfsagt að taka það til greina og lagfæra svo að betur megi fara. Það er hárrétt að í 5. gr. eru talin upp lög sem hafa verið sameinuð að ég hygg í lögum nr. 32/1986 sem er einnig getið í þessari sömu grein. Þar hafði mönnum yfirsést að þessi lög voru numin úr gildi um leið, þó að vísu ekki öll eins og kom fram í upplestri hv. þingmanns. Einnig er sjálfsagt ef menn eiga erfitt með að skilja einstakar setningar í frv., sem ég fyrir mitt leyti tel auðskilið, að breyta því þannig að allir geti skilið það, jafnvel hv. þm. sem talaði hér áðan. Það er sjálfsagt að verða við því. Þetta eru hins vegar tæknileg atriði og er helst lýst með því að menn sjá auðveldar flísina í annarra auga en bjálkann í eigin.

En ég vil heldur koma að efni þessa máls. Hér hafa allir lýst sig mjög hlynnta, það vantar ekki, umhverfisvernd. Hins vegar hefur sá stuðningur, eins og svo lengi áður, allan þann tíma sem ég hef kynnst þessum málum, bráðum í tvo áratugi, hjá sumum einkennst af því að menn segja sem svo: Jú, endilega hreint. Það ber að taka á þessum málaflokki af mikilli festu, en í guðanna bænum látið mig í friði. Ég skal sjá um gróðurverndina eins og ég hef gert í gegnum aldirnar, ég skal sjá um refina eins og ég hef gert o.s.frv. o.s.frv. Ég er þeirrar skoðunar að við verðum að hverfa frá þessari hugsun. Ég efa það ekki að margir sem þannig flytja sitt mál meina vel. En staðreyndin er sú að það hafa í gegnum árin og aldir verið svo miklir hagsmunaárekstrar hjá þeim sem eiga að nýta auðlindir þessa lands og þeim sem vilja vernda eða telja nauðsynlegt að vernda meira en gert hefur verið. Og ég held að hjá því verði í raun aldrei komist, því miður. Við mennirnir erum nú einu sinni þannig að oft gætir meira kapps en forsjár. Hér hefur verið bent á það að gert er ráð fyrir að kljúfa í sundur vissar stofnanir og sannarlega orkar það tvímælis. Ég er fullkomlega til umræðu um það. Margir vilja flytja landgræðsluna alla yfir til umhverfisráðuneytis, enda þar um að ræða eitt hið allra mesta umhverfisvandamál þessarar þjóðar. Ég hygg að enginn neiti því sem vísindamenn hafa bent á með miklum rökum að hér hefur land eyðst svo ótrúlegt er, ekki aðeins skógar eyðst, heldur stór hluti af gróðurmold landsins fokið á sjó út. Og menn þurfa náttúrlega ekki að fara lengra en hér í nágrenni Reykjavíkur, ég tala nú ekki um upp í óbyggðir. Menn sem aka t.d. Kaldadal eða Uxahryggi, sem er alfaraleið, og horfa á moldarbörðin þar og suðféð standa þar undir hljóta að vakna til umhugsunar um að þar stangist á annars vegar landnýting og landvernd. Hér er sem sagt fylgt þeirri kenningu að betra sé að aðskilja þessa hluti og það er grundvallaratriði. Hve lengi má ekki halda áfram ef við segjum að vernd og framkvæmd verði að vera á einni hendi. Umhverfisráðuneyti er vissulega ætlað að gera athugasemdir við t.d. mengun frá verksmiðjum, jafnvel hafa heimild til að fresta byggingu slíkra verksmiðja ef mengunarhætta er talin mikil. Er það þá hugsun þeirra sem þannig mæla að fella eigi undir umhverfisráðuneytið verkefni iðnaðarráðuneytis í þessu sambandi, t.d. í sambandi við ýmsar stórframkvæmdir á sviði iðnaðar? Enginn hefur að vísu nefnt það hér, en af hverju má ekki gera það eins og hvað snertir nýtingu gróðurs og annarra náttúruauðlinda?

Ég skal viðurkenna að það var mjög til umhugsunar og athugunar hvort ekki ætti að færa Hollustuverndina alla og ég sagði í framsöguræðu minni að ég teldi vel koma til greina að færa Hollustuverndina alla. Hins vegar er umhverfisráðuneytið þá einnig með innra umhverfi á sínum höndum og ákveðið var að draga línuna þannig að þetta ráðuneyti, a.m.k. til að byrja með, þangað til menn hefðu fengið nokkra reynslu, fjallaði um ytra umhverfið. En þetta þarf ekki að vera ásteytingarsteinn. M.a. hefur hæstv. heilbrmrh. lýst því yfir að hann sé fús að færa Hollustuverndina alla til umhverfisráðuneytis ef það verður talið eðlilegra í meðförum Alþingis. Ég mun sannarlega ekki leggjast gegn því.

Ég ætla ekki að fjalla um frv. þeirra sjálfstæðismanna. Ég lít á það þannig að það beri að taka viljann fyrir verkið. Ég er því hins vegar algerlega mótfallinn. Ég tel orka mjög tvímælis að fela í lögum þremur ráðuneytum að fara með yfirstjórn eins málaflokks og spyr hvort það stangist ekki á við það grundvallaratriði í íslensku stjórnarfari að sérhvert ráðuneyti fari með óskipt yfirráð síns málaflokks. Það þekkja allir að íslensk ríkisstjórn er ekki fjölskipað stjórnvald. Hér er í raun verið að stíga skref í þá átt með því að fela þremur ráðuneytum yfirstjórn þessa mikilvæga málaflokks.

Annars ætla ég ekki að gera lítið úr því frv. Ég hef lesið það, las það strax og það kom fram, og gæti bent þar á mörg atriði sem ég er algerlega mótfallinn og kannski farið um svipuðum orðum og hv. síðasti ræðumaður fór um það frv. sem hér er.

Mér þykir afar leitt að þeir menn sem telja sig

líklega fremstu málsvara bænda hér á hinu háa Alþingi hafa snúist svo öndverðir gegn frv., hv. síðasti ræðumaður og hv. þm. Stefán Valgeirsson og Guðni Ágústsson. Því miður verð ég að segja að af margra ára afskiptum mínum af málefnum landbúnaðarins hefur það æðioft einkennt málsvara þeirrar greinar að þeir hafa lagst gegn óhjákvæmilegum breytingum og með því móti að mínu mati iðulega skapað landbúnaðinum miklu meira tjón en gagn. Það hefur ekki verið þeirra ætlan, langt frá því, og ég met þeirra viðleitni. En vitanlega verður landbúnaðurinn eins og allar aðrar greinar í þessu þjóðfélagi að breytast með þeim breytingum sem verða á hans umhverfi og þá er ég að tala um umhverfi í mjög víðri merkingu, umhverfi sem markaðsmál, sem sölumöguleika, sem fjárhagsmál og fjölmargt fleira. Það væri afar leitt ef bændasamtökin í landinu hugsa sér að snúast gegn því að mikilvægasta umhverfismálið verði tekið undan þeirri samræmdu stjórn sem hér er leitast við að koma á fót.

Hv. þm. Kristín Halldórsdóttir spurði um Náttúrufræðistofnun Íslands. Þetta var til umræðu og kemur vel til greina. En eins og um svo fjölmargt annað urðum við varir við vissa andstöðu á þessu stigi og var ákveðið að láta það bíða. Um Geislavarnir ríkisins gildir nokkuð svipuðu máli. Það var líka til umræðu. Hér var tekin sú stefna að taka sem allra minnst af þeim málum sem virtust mæta andstöðu á þessu stigi. En ég vil taka fram að það voru eftir því sem ég best veit allmargir sem töldu að Náttúrufræðistofnun Íslands ætti fyrr eða síðar að færast undir þetta ráðuneyti.

Ég hef einnig á borðinu hjá mér tillögur frá jarðfræðingum sem gera ráð fyrir stofnun Jarðfræðistofnunar Íslands og leggja til að sú stofnun komi undir umhverfisráðuneyti. Það tel ég skynsamlega tillögu og hljóti að koma mjög til álita þegar skipan þessara mála er tekin til endurskoðunar eins og gert er ráð fyrir í frv. Hér er um að ræða tvær stofnanir, Náttúrufræðistofnun Íslands — Jarðfræðistofnun er enn ekki til sem slík — og Geislavarnir ríkisins sem sannarlega, ef samstaða er um, kemur til greina að færa strax undir umhverfisráðuneyti til viðbótar því sem ég hef sagt um Hollustuverndina í heild sinni. En menn verða þá um leið að gera sér grein fyrir því að þá er verið að útvíkka starfsemi þessa ráðuneytis í upphafi frá því sem hér er gert ráð fyrir og nær það þá til þess sem stundum er kallað innra umhverfi og til heilsu manna.

Það er rétt að ég komi aðeins inn á umræðu um Hollustuverndina. Í fyrri athugun á þessum málum var innan Hollustuverndarinnar mjög rík andstaða gegn því að hún færðist til umhverfisráðuneytis. Mér hefur heyrst sú andstaða vera miklu minni nú. Hins vegar eru ýmsir sem telja að þá eigi hún að fara öll. Þar með hefði umhverfisráðuneytið t.d. með höndum að fylgjast með eiturefnum í matvælum sem flytjast til landsins og ýmsum sem um þetta fjölluðu, m.a. mér, fannst við vera komnir þá töluvert út fyrir þann ramma sem þessu ráðuneyti var settur í því upphafsskrefi sem hér er ætlað að stíga.

Ég sé ekki ástæðu til að lengja þessa umræðu mikið. Það voru bornar brigður á að hér væri um samkomulagsmál að ræða innan ríkisstjórnarinnar. Ég skal viðurkenna að sú andstaða sem kom fram, a.m.k. hjá hv. þm. í mínum flokki, kom mér á óvart því að skýrt er tekið fram í stjórnarsáttmála að skipa skuli þessum málum undir eitt ráðuneyti. Meira að segja segir í stjórnarsáttmála, með leyfi forseta, um verkefni slíks ráðuneytis að „gerð verði landnýtingaráætlun sem tekur til hvers konar notkunar lands. Jafnframt verði gert átak í gróðurvernd með svæðaskipulagi er miðar að endurheimt landgæða, m.a. með endurskoðun laga varðandi stjórnun beitar þannig að hún sé í samræmi við landgæði.“ Hér er beinlínis tekið fram í því samkomulagi sem við gerðum þegar ríkisstjórnin var mynduð að m.a. beitin eigi að falla undir þessa samræmdu stjórn. Því skal ég viðurkenna að sumt af því sem kom fram hér áðan hjá hv. þm. Guðna Ágústssyni kom mér á óvart. Ég hafði fengið ábendingar frá hv. þm. Stefáni Valgeirssyni sem er kannski þarna líka við taflborðið, en ég sá mér ekki fært að taka þær til greina vegna þessa ákvæðis sem ég las m.a. úr stjórnarsáttmála.

Menn hafa sagt að ég hafi lagt á það áherslu að málið verði afgreitt á þessu þingi. Ég teldi æskilegt að það væri afgreitt á þessu þingi, en ég hef ekki sett það sem eitthvert sérstakt áhersluatriði og því síður skilyrði af minni hálfu. Alþingi hefur fjallað um þessi mál töluvert í vetur og reyndar gert það iðulega áður og alþm. eru mjög vel kunnugir þessum málum þannig að ég teldi það enga ofætlan að afgreiða málið. Ég efast mjög um að þingi verði lokið fyrir 6. maí. Mér sýnist satt að segja þeir dagar sem fram undan eru allt of fáir til að ljúka þeim mörgu málum sem liggja fyrir og þætti mér ekki ólíklegt þó að þinghald drægist töluvert fram í maí. Ekki það að ég sé að gera tillögu um slíkt. Það fer bara eftir því hvað þingið telur sér fært að afkasta miklu. Við höfum svo iðulega setið hér fram í maí að ég trúi varla að nokkur geri við það athugasemd. Það væri að mínu mati verulegur kostur ef þá mætti afgreiða málið og nota sumarið til að undirbúa stofnun umhverfisráðuneytis á haustdögum.

Aðeins að lokum. Hv. síðasti ræðumaður gerði réttilega athugasemd við það að ekki fylgir kostnaðaráætlun. Að vísu var um það rætt og voru mjög breytilegar tölur sem komu úr þeirri athugun. Það fer svo gífurlega mikið eftir því hvað menn ætla umfang þessa ráðuneytis mikið í upphafi. Mín hugmynd var þegar þessi hugmynd kom á blað, það voru mörg drög samin að þessu máli, að umhverfisráðuneyti yrði sett á fót frá og með áramótum og þá lægi fyrir fyrir fjárlagagerð ítarleg áætlun um kostnað. Eins og fram kemur í frv. er fyrst og fremst um að ræða tilfærslur og að því leyti ekki fjölgun í starfsliði sem að þessu vinnur í hinum ýmsu stofnunum, en það er augljóst að starfsmenn ráðuneytisins verða einhverjir og þeim fylgir að sjálfsögðu kostnaður og má því segja að kostnaður við þetta sé bundinn við rekstur hinnar almennu skrifstofu umhverfisráðuneytis.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Hæstv. forsrh. sagði að sér hefði komið mín afstaða á óvart. Ég hygg að hún hafi í sjálfu sér ekki þurft að koma mjög á óvart. Í fyrsta lagi velti ég upp ýmsum atriðum við þessa umræðu sem ég tel að sé í frv. lagt til að sé skipað með öðrum hætti en ég tel heppilegt. Í öðru lagi hygg ég að hann minnist þess að í þingflokknum efaðist ég um að væri heppilegt að leggja frv. fram á þessu þingi þar sem svo væri áliðið og væri kannski betra að nýta tímann til að ná samstöðu um málið eins og ég hef hér rakið.

Hæstv. forsrh. minntist á stjórnarsáttmálann. Auðvitað stendur eitthvað í þessum stjórnarsáttmálum. Ég er ekki búinn að vera hér lengi en ýmislegt stóð í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar og eitthvað stendur í þessum sáttmála. Mér finnst ráðherrarnir oft gjarnir að grípa sáttmálann þegar þeim hentar en hirða lítt um það þó að við þingmenn minnum á ýmislegt sem í sáttmálanum stendur af þeim málum sem á okkur brenna.

Forsrh. hefur hér sjálfur sagt að það gæti vel verið hægt að fallast á sum þau atriði sem ég hef minnst á, einnig t.d. um Hollustuverndina, að það væri heppilegra að hún færi þá öll til umhverfisráðuneytis. (**Forsrh.:** Og landgræðslan öll.) Já, og landgræðslan öll. Hann hefur minnst á þessi atriði. Ég sagði í upphafi að ég fyndi vel að hann skildi kvikuna í þessu máli. Þess vegna fagna ég því en þetta er flókið og vandasamt til ákvörðunar. Ég gat þess að ég teldi mjög eðlilegt að þetta mál fengi þinglega meðferð í nefndum og jafnframt að ég teldi heppilegt að menn ræddu þetta mál af fullri hreinskilni við ýmsa aðila sem það varðar, við sveitarfélögin, við ýmsar stofnanir, við ýmsa áhugamannahópa. Það kann vel að vera að við höfum tíma til þess á þessu þingi. Ég ætla samt að efast um það.

Hæstv. forsrh. Þetta er mín skoðun og hún hefur ekkert farið dult, hvorki í þingflokknum né annars staðar, þannig að í sjálfu sér þurfti það ekki að koma á óvart.

Matthías Á. Mathiesen:

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður. Ég fæ ekki séð að í frv. því sem við flytjum nokkir sjálfstæðisþingmenn sé fyrirkomulag með þeim hætti að það fari ekki heim og saman við þau lög sem gilda um Stjórnarráð Íslands. Miklu frekar er að með ýmsu í því frv. sem hæstv. forsrh. hefur hér talað fyrir sé verið að koma hlutunum þannig fyrir að ein stofnun eigi að heyra undir fleiri en eitt ráðuneyti og þar af leiðandi geti komið til þeirra árekstra sem ætlað er að fyrirbyggja með því að tryggja að ráðuneytin fari alfarið með stjórn ákveðinna stofnana.

Að því vék forsrh. að hann gæti vel hugsað sér, og á það hefði verið bent hér áðan, að að Hollustuvernd færi alfarið til umhverfisráðuneytis og þá vék hann að landgræðslu, landvernd og landgræðslu. Ég spyr: Er þá ekki í samræmi við það að verndun hafsins, hvort heldur er vegna mengunar eða verndunar fiskistofna, fari alfarið undir það ráðuneyti sem hér er talað um til þess að það sé sambærilegt og samræmi í stjórn þessara mála?

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórnarráð Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 418. mál (umhverfisráðuneyti, aðstoðarráðuneytisstjórar o.fl.). — Þskj. 778.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Frv. þetta er að hluta fylgifrv. með því frv. sem hér hefur verið rætt í kvöld um umhverfismál. Þó eru í því nokkur atriði sem eru sérstök og varða ekki umhverfismálin.

Ég vil geta þess í upphafi að í tíð ríkisstjórnarinnar 1983–1987 var unnið mjög ítarlega að endurskoðun laga um Stjórnarráð Íslands, enda margt orðið þar úrelt og þarfnast endurskoðunar. Frv. var samið og lagt fyrir Alþingi ásamt frv. um umboðsmann Alþingis m.a., en afgreiðsla náðist ekki. Þetta frv. hefur verið til endurskoðunar í tíð þessarar ríkisstjórnar og hafa unnið að því tilvaldir menn. Þeirri endurskoðun er alls ekki lokið. Hins vegar þótti ástæða til að taka út úr þeirri endurskoðun fáein atriði sem ég ætla að nefna nú.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að í upptalningu ráðuneyta bætist umhverfisráðuneyti. Þetta er nauðsynlegt ef frv. um umhverfismál verður samþykkt og þarfnast ekki frekari skýringa.

Þá er ákveðið í 2. gr. að ráðherra sé heimilt að skipta ráðuneyti í skrifstofur og starfsdeildir eftir verksviðum, en í gildandi lögum er hins vegar þannig kveðið á að ráðherra sé heimilt að skipta ráðuneytum í starfsdeildir eingöngu, þ.e. ekki í skrifstofur og starfsdeildir heldur í starfsdeildir eingöngu. Staðreynd er hins vegar sú að með árunum hefur ráðuneytunum verið skipt í skrifstofur og eru nú í reynd margar skrifstofur í sumum ráðuneytum. Því er hér í raun um leiðréttingu á lögum að ræða eða verið að færa lög að því sem er. Vitanlega geta menn þá spurt: Var þá heimilt að skipta ráðuneytum í skrifstofur? Um þetta var rætt töluvert í ríkisstjórninni 1983–1987 og niðurstaða varð sú að í lögunum banni það út af fyrir sig ekkert og því talið heimilt að svo yrði gert.

Í gildandi lögum segir að skrifstofustjóri skuli gegna störfum ráðuneytisstjóra í forföllum. Nú eru skrifstofustjórar í ýmsum ráðuneytum orðnir margir og því er í 3. gr. lagt til að ráðherra verði heimilt að skipa skrifstofustjóra eða deildarstjóra í viðkomandi ráðuneyti sem aðstoðarráðuneytisstjóra eða með öðrum orðum að gegna því starfi sem hinn eini skrifstofustjóri ráðuneytisins gegndi áður.

Jafnframt er í þessu frv. afnumin forsetaskipun deildarstjóra og skrifstofustjóra. Nú er svo að stór hluti starfsmanna ráðuneyta er forsetaskipaður því deildarstjórum hefur fjölgað mjög. Þetta er óþarfi og

í raun orkar mjög tvímælis. Hér er lagt til að forsetaskipaðir verði aðeins ráðuneytisstjóri og aðstoðarráðuneytisstjóri. Jafnframt er lagt til að slíkir menn verði skipaðir aðeins til sex ára í senn. Þar með er æviskipun afnumin og er þetta í samræmi við þær breytingar sem verið er að gera í flestum stjórnarstofnunum og ég hygg almennt viðurkennt.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð. Ég held að þessar breytingar skýri sig prýðilega sjálfar. Ég tel mikilvægt að þetta mál fáist í gegn á þessu þingi. Ef umhverfismálin nást ekki í gegn má vitanlega samþykkja þetta frv. en fella út 1. gr. um umhverfisráðuneyti. Ég tel að hinar breytingarnar séu mikilvægar vegna skipulagsbreytinga sem hafa verið gerðar og verið er að gera í stjórnarráðinu.

Ég legg til, herra forseti, að frv. þessu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Það frv. sem hér er lagt fram til laga um breytingu á lögum nr. 73 frá 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands, felur í sér nokkrar breytingar sem hafa ekki verið áður og hæstv. forsrh. hefur talið upp að stórum hluta. Það er staðfesting á því að starfslið og skipting ráðuneytanna er með miklu víðtækari hætti en áður hefur verið og í rauninni ekkert nema staðfesting á orðnum hlut, en við vitum að síðan lög um stjórnarráðið voru sett, allt frá 1904 þegar fyrstu ráðherrarnir tóku hér til starfa, hefur lagasetning um stjórnarráð verið næsta óbreytt.

Það er líka ljóst að ráðuneytin hafa verið misjafnlega mörg í gegnum árin og ýmiss konar verkaskipting hefur verið við lýði. Þó hafa heiti ráðuneytanna yfirleitt gefið nokkra vísbendingu um hver málefni heyra undir hvert og eitt þeirra. Vegna ummæla hæstv. forsrh. áðan má minna á að verkaskipting milli ráðuneyta hefur byggst að nokkru leyti á lögum en að nokkru leyti á eðli máls og hefur starfsskipting á milli ráðherra stundum verið eftir venju. En líka er ljóst að það hefur stundum verið svo að sama ráðuneyti hefur getað heyrt undir fleiri ráðherra, en það er ekki nýtt og hefur æðioft gerst þannig að sama ráðuneyti heyri undir fleiri ráðherra.

Ég vil hins vegar gera að umræðuefni þá breytingu að forseti Íslands skuli veita embætti ráðuneytisstjóra og aðstoðarráðuneytisstjóra til sex ára í senn. Ég veit ekki hvort er til bóta að skipa embættismenn með þessum hætti þó ég viti ekki hvort það eigi endilega að æviráða menn. Hitt er annað mál að það getur skapað nokkra óvissu við ráðningu manna ef þeir eiga von á að fá þokann sinn eftir sex ár. Í litlu þjóðfélagi eins og á Íslandi er, þar sem atvinnumöguleikar eru takmarkaðir þrátt fyrir allt, getur þetta skapað ákveðið vandamál fyrir þá menn sem taka slík störf að sér og ekki víst að þeir eigi möguleika á því að fá önnur störf sem eru sambærileg, hvorki innan stjórnkerfisins né hjá einkaaðilum. Það er því spurning hvort þetta er til bóta eða ekki. Hitt er annað mál að það getur skapast visst vandamál þegar menn eru æviráðnir og eru búnir að starfa í geysilangan tíma í sama ráðuneytinu. Hér er vandmeðfarið mál. Ég vildi skjóta því til hæstv. forsrh. hvort ekki væri rétt að breyta orðalagi með þeim hætti að embættin séu veitt til sex ára í senn og séu þá endurnýjuð að þeim tíma loknum ef svo ber undir. Ég veit ekki hvað er hægt að gera í þessu, en ég sé vissar takmarkanir á þessu máli og viss vandamál geta skapast við framkvæmd laganna.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Mér finnst undarlega staðið að málum í sambandi við þetta frv. Eins og forsrh. gat réttilega um var 1983, að mig minnir, skipuð sérstök nefnd til að endurskoða lögin um stjórnarráðið. Afrakstur þeirrar nefndar var m.a. tvö frv. sem náð hafa fram að ganga, hvort tveggja þjóðþrifamál, annað um umboðsmann Alþingis og hitt um tilfærslu Ríkisendurskoðunar frá fjmrn. undir Alþingi. Um skipulag stjórnarráðsins sjálfs voru hins vegar meiri deilur. Þó svo að þau lög sem samþykkt voru 1969 og tóku gildi 1. janúar 1970 hafi verið mjög merkur lagabálkur er ljóst að eitt og annað er úrelt orðið í þeim efnum og nauðsynlegt að laga æðstu stjórn landsins, Stjórnarráð Íslands, að breyttum aðstæðum á ýmsum sviðum.

Forsrh. upplýsti í framsöguræðu sinni að sú endurskoðun sem hafin var 1983 stæði enn yfir að þessu leyti til og væru menn á hans vegum að vinna að henni. Hins vegar hefði borið brýna nauðsyn til að flytja sérstakt frv. um tvö atriði. Hið fyrra er um hið ráðgerða umhverfismálaráðuneyti og hið síðara er um að búa til sérstaka stöðu aðstoðarráðuneytisstjóra í ráðuneytunum.

Varðandi fyrra atriðið vildi ég eingöngu taka undir með mínum félögum úr Sjálfstfl. sem hér hafa talað í kvöld um það mál. Ég tel að ef eitthvað er þá eigi að fækka ráðuneytunum en ekki að fjölga þeim og það sé röng stefna að taka eitt slíkt mál og búa til utan um það nýtt ráðuneyti án þess að því fylgi þá heildarendurskoðun alls stjórnarráðsins. Ég tel að rangt sé að taka þetta mál úr því skipulagslega samhengi sem stjórnarráðslögin eiga að vera í.

Að því er varðar hinar greinar frv., sem snerta skrifstofustjóra og aðstoðarráðuneytisstjóra í ráðuneytunum, verð ég að segja að engin knýjandi nauðsyn er augljós fyrir því að taka það mál út úr þeirri endurskoðun sem hafin er og sem forsrh. hefur boðað að væntanlega muni ljúka — ja, ég skildi hann þannig að það yrði á þessu ári og þá væntanlega flutt heildarlöggjöf um stjórnarráðið. Það er þannig að þó að í sumum ráðuneytunum séu fleiri en einn skrifstofustjóri er alveg ljóst hver þeirra það er sem er staðgengill ráðuneytisstjóra. Hann nýtur þess meira að segja sérstaklega í launum, ef ég man rétt, eftir því sem ég best þekki til frá minni veru í stjórnarráðinu. A.m.k. er enginn vafi á því hver skrifstofustjóranna er staðgengill ráðuneytisstjórans. Auðvitað er heldur enginn vafi á því að sú skipan sem upp var tekin hér á árinu 1984, ef ég man rétt, fyrst í menntmrn. og síðan annars staðar, að hafa fleiri en einn skrifstofustjóra,

er lögleg. Hún var meira að segja heimiluð af sama forsrh. og nú situr. Á því getur ekki leikið neinn vafi þó svo að ég geti hiklaust tekið undir að það er eðlilegra að hafa um það skýr ákvæði í lögunum. En ég sé ekki að það kalli á sérstaka löggjöf í þeim önnum sem eru í þinginu á síðustu dögum fyrir sumarleyfi að drífa slíkt mál í gegn. Það vantar þá einhverjar haldbærari skýringar á því.

Hitt er svo annað mál að efnisatriði frv. að öðru leyti, eins og t.d. það að afnema forsetaskipun deildarstjóra og annarra aðila en ráðuneytisstjóra og hugsanlega aðstoðarráðuneytisstjóra, er til bóta. Það er alveg rétt, en það kallar heldur ekki á sérstakt frv. á þessum tíma. Mér finnst vanta haldbæra skýringu á nauðsyn þess að samþykkja frv. nú og það meira að segja svo mikilli nauðsyn að jafnvel þó að það mál sem er kynnt sem aðalatriði málsins, umhverfismálin, sem þetta er fylgifrv. við að hluta til, nái ekki fram að ganga þá skuli afgangurinn af þessu litla frv. eiga að ná fram að ganga.

Mér þykir þetta heldur kyndugt og ekki góð vinnubrögð þegar verið er að fjalla um jafnmikilvægan lagabálk og stjórnarráðslögin. Slík lög á að sjálfsögðu að setja í heilu lagi en ekki að vera að kroppa í þau hingað og þangað eftir atvikum á hverjum tíma.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Vegna athugasemdar hv. þm. Hreggviðs Jónssonar vil ég segja að það er ekki sé ég unnt að setja beinlínis í lögin eins og mátti skilja af orðum hans að viðkomandi aðila skuli endurskipa. Hins vegar er ekkert í þessu sem bannar að þeir verði endurskipaðir og ég efa ekki að sú verður raunin ef um er að ræða menn sem hafa staðið sig vel í sínu starfi. Sem betur fer á það við langflesta sem til þessa starfa hafa ráðist.

Hins vegar, eins og ég sagði áðan, er þróunin að æviskipa ekki menn, heldur ekki í stjórnarráði og stofnunum ríkisins, þannig að reka megi þessar stofnanir sem fyrirtæki þar sem menn eru ekki æviráðnir. Hér er lagt til að skipað verði í sex ár í senn, eitt og hálft venjulegt kjörtímabil, og er það nokkru lengri tími en yfirleitt hefur verið þar sem breytt hefur verið frá æviráðningu.

Út af orðum hv. síðasta ræðumanns. Ég sé ekkert athugavert við að lagfæra einstaka hluta stjórnarráðslaganna. Ég sé alls ekki að það þurfi að vera skilyrði að flytja þau í heild sinni þegar um lagfæringar er að ræða sem hv. þm., að því að ég skildi hann, lýsti sig í raun samþykkan, eins og t.d. að hverfa frá forsetaskipun deildarstjóra. Staðreyndin er sú að deildarstjórum hefur fjölgað gífurlega í stjórnarráðinu. Ég held að því verði varla neitað að í mörgum tilfellum hafa menn verið skipaðir deildarstjórar af launaástæðum. Ég er því mótfallinn að deildarstjórar séu forsetaskipaðir og tel það í raun hreinsun á lagabálki sem er að mörgu leyti mjög mætur og mjög góður og þarf að vanda mjög til. Ég sé ekki að þessi breyting t.d. ein út af fyrir sig spilli neinu.

Um það að augljóst sé hvaða skrifstofustjóri eigi að gegna störfum ráðuneytisstjóra. Það hefur ekki verið svo í öllum ráðuneytum og hafa reyndar komið ábendingar frá ráðuneytum um nauðsyn þess að taka þar af skarið. Ég er ekki að segja að þetta megi ekki gera og ég hef reyndar hugleitt það að þetta kunni að mega gera með reglugerð frá forsrh. Það er alls ekki útilokað mál. Hins vegar er þetta útvíkkað aðeins þannig að staðgengill geti verið hvort sem er skrifstofustjóri eða deildarstjóri því að þau tilfelli eru til að deildarstjóri kann að vera talinn hentugri að gegna slíku starfi. Ég tel því þessi mál mikilvæg þó að stjórnarráðið geti búið við það áfram að breyta jafnvel engu í stjórnarráðslögunum. Við reyndum það í fjögur ár og það eru enn þá mjög mörg atriði þar sem eru umdeild og ég er ekki búinn að sjá fyrir endann á og er ekkert viss um að ljúki á þessu ári. Þess vegna var talið eðlilegt að leita eftir þessum breytingum og athuga hvort þingið væri reiðubúið að gera þessar breytingar. Satt að segja taldi ég þetta óumdeild atriði og kom mér því á óvart að hv. þm. leggst gegn þeim.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. HJ og IBA, 310. mál (eignarskattur af íbúðarhúsnæði). — Þskj. 571.

Flm. (Hreggviður Jónsson):

Hæstv. forseti. Nú er runninn upp nýr dagur og við þingmenn höfum þurft að búa við það að vera á löngum fundum bæði í dag og í gær. Hér er orðið fátt hv. þm. þó að það sé einvalalið sem er inni þessa stundina og hæstv. ráðherrar horfnir á braut. Reyndar hafa ekki margir látið sjá sig í deildinni í dag.

Hér liggur fyrir til umræðu frv. til l. um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekju- og eignarskatt, með síðari breytingum. Flm. er auk mín Ingi Björn Albertsson hv. 5. þm. Vesturl.

Breytingarnar eru þær að í 1. gr. í þessu frv. segir:

„Við lögin bætist ný grein er verður 85. gr. og orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 83. gr. og 84. gr. skal íbúðarhúsnæði til eigin nota vera undanþegið álagningu eignarskatta.

2. gr.: Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda um álagningu eignarskatts á árinu 1989 á eignir í árslok 1988.

Ákvæði til bráðabirgða: Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 2. gr. laga nr. 49/1986, um þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu, með síðari breytingum, skal sérstakur eignarskattur við álagningu á árinu 1989 ekki taka til íbúðarhúsnæðis til eigin nota."

Þetta frv. skýrir sig sjálft. Hér er verið að leggja til í fyrsta lagi að íbúðarhúsnæði til eigin nota verði undanþegið álagningu eignarskatts. Á þessu þingi

hafa komið fram ein þrjú frumvörp sem ganga í þessa veru. Tvö hafa verið frá hv. fyrrv. þm. Albert Guðmundssyni um ákvæði til að minnka eignarskatta á eldra fólki og öryrkjum og eitt er frá hv. þm. Kvennalistans þar sem er rætt um að ef annað hjóna falli frá greiði eftirlifandi maki eignarskatt eftir sömu reglum og ef um hjón væri að ræða meðan hann situr í óskiptu búi. Þessi frumvörp eru mjög takmörkuð og ná raunverulega ekki þeim tilgangi að koma sem flestum til góða. Þetta frv. nær hins vegar til allra.

Ég vil drepa á að ég hef komist að þeirri frumlegu niðurstöðu að einhleypingar eru líka fólk. Á þá leggst sami skattur og á ekkjur og ekkjumenn og ef litið er til þess að hjón greiða samkvæmt núgildandi lögum verulega minni skatta lítur dæmið þannig út: Ekkjumaður sem býr á svæði 1, ef maður lítur á greinargerð, og hefur verið í hjónabandi í 25 ár og einhleypingur sem hefur haft sama gjaldstofn til eignarskatts í dæmi 1, ef við lítum í greinargerð sem fylgir, hefur á sama tíma greitt 3 millj. 340 þús. 750 kr. í eignarskatt umfram hjónin. Þessi hjón sem voru barnlaus hafa alltaf unnið úti, ákváðu því að leggja mismuninn á eignarskattinum fyrir. Þau keyptu ríkisskuldabréf sem hafa borið 7% vexti þar sem ekki er gert ráð fyrir verðbólgu. Þar sem á þau leggjast ekki skattar áttu hjónin því í varasjóði 8 millj. 451 þús. 672 kr. þegar konan féll frá.

Ef tekin eru dæmi af þingmönnum mætti spyrja: Hvaða rök mæla með öðrum sköttum á menn sem eru einhleypir, fráskildir eða ekkjumenn þegar sú staðreynd blasir við að það fer einkanlega eftir landsvæðum, hvar húseignir standa, hvernig eignarskattar eru lagðir á menn? Ég hef undir höndum töflur yfir hver mismunurinn er og sannleikurinn er sá að það er geysilegur munur á því hvar á landinu fólk býr hvernig eignarskattar leggjast á.

Í umræðum í dag kom fram að í stjórnarfrv. um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga er lagt til að það verði jafnaður aðstöðumunur á milli dreifbýlis og höfuðborgarsvæðisins með þeim hætti að fasteignagjöld verði hækkuð úti á landi. Og þá má spyrja: Væri ekki rétt að eignarskattar væru lækkaðir á þessu svæði eða felldir niður eins og hér er lagt til þannig að þessi aðstöðumunur hverfi?

Það viðurkenna allir þörfina á að eignast þak yfir höfuðið. Hér á Íslandi er þörfin brýn og brýnni en hvar annars staðar. Húsnæði hér er oft haft rýmra en í löndum þar sem hægt er að vera úti við stóran hluta ársins. Þá hefur aukinn frítími og fleiri tómstundir almennings kallað í æ ríkara mæli á stærra húsnæði til að sinna þessum þörfum. Sú breytta húsagerð sem við stöndum frammi fyrir er orðin staðreynd, er afleiðing víðtækra þjóðfélagsbreytinga sem eru einn þeirra þátta sem gera nútímafólki kleift að búa hér á landi. Sú stefna að háskatta íbúðarhúsnæði er stórt skref aftur á bak. Fólk sem byggir hús leggur allt sitt undir og er oft í áratugi að basla við þessa erfiðu fjárfestingu. Hér er ekki um eignir að ræða sem gefa ávöxtun eins og t.d. ríkisskuldabréf sem þó eru skattlaus. Íbúðaskatturinn er þó fyrst og fremst árás á venjulegt fólk sem hefur með ráðdeild borgað skuldir sínar með skilum og hefur hug á að búa vel eftir að hafa lagt á sig ómælt erfiði við að eignast eigið húsnæði. Sú stefnubreyting að háskatta íbúðarhúsnæði með sérstökum íbúðaskatti er óréttlætanleg og því er lagt til í þessu frv. að hann verði af lagður.

Með núverandi íbúðaskatti er höggvið til rótar að sjálfseignarstefnu í íbúðarhúsnæði á Íslandi. Það hefur verið aðaleinkenni varðandi íbúðarhúsnæði hér að fólk eigi húsnæðið sjálft. Nú er horfið frá þessari stefnu og eignaupptaka hafin með sérstökum íbúðaskatti sem er einstakur fyrir vestrænt ríki. Hvergi í vesturheimi er lagður sérstakur háskattur á íbúðarhúsnæði eins og hér er gert. Á hitt má og minna að þetta er sama aðferð og kommúnistar notuðu m.a. í Tékkóslóvakíu og Búlgaríu til að leggja eignir fólks undir ríkið.

Ég lagði fram fyrirspurn á þinginu nýlega til hæstv. viðskrh. um skatt á íbúðarhúsnæði í löndum OECD. Í svari hæstv. viðskrh. kemur ekkert fram um þennan skatt vegna þess að hæstv. viðskrh., sem ekki er hér nú, hefur ekki talið sér fært að svara þeim spurningum sem lagðar voru fyrir hann. Því hef ég ekki þær tölur á hraðbergi sem ég hugðist hafa með hér um álagningu á sköttum á íbúðarhúsnæði í vestrænum heimi, en það er ljóst að skattar á íbúðarhúsnæði eru hvergi hærri en hér. Má vera að hæstv. viðskrh. hafi ekki þorað að svara fyrirspurninni með þeim hætti sem spurningarnar voru lagðar fyrir hann vegna þess að hann hafi ekki viljað láta sjást hve geysilega háir skattar eru hér á ferðinni.

Það er því ljóst að núverandi skattakerfi gengur mjög á svig við þá stefnu sem hefur ríkt hér varðandi íbúðarhúsnæði á undanförnum áratugum og er verið að taka upp eignir fólks með mjög hörðum aðgerðum sem bitna fyrst og fremst á fólki í Reykjavík og á Reykjanesi.

Með samþykktum á lögum um tekju- og eignarskatt á Alþingi rétt fyrir jólin var þessi stefnubreyting ákveðin — og það er verst að stuðningsforeldrar ríkisstjórnarinnar skuli ekki vera hér í þinginu lengur. Þeir hefðu getað sagt kjósendum frá því af hverju þau studdu þessa skatta og kjósendur hefðu ábyggilega viljað fá svör við því af hverju svo var.

Ég hef nokkrum sinnum í ræðum á hv. þingi komið inn á þessi mál, en með þessu frv. liggur frammi mjög ítarleg greinargerð um þetta og það er mjög athyglisvert að eignarskattar á húsum eru nánast fyrst og fremst lagðir á nokkur byggðarlög sem eru hér í nágrenninu, Seltjarnarnes, Reykjavík, Kópavog, Garðabæ og Hafnarfjörð. Þessi svæði bera hæstu eignarskattana á íbúðarhúsnæði og mun hærri en á öðrum stöðum. Það væri til mikilla bóta að fella þessa skatta niður því að það er fyrst og fremst verið að skattleggja þetta svæði. Væri fróðlegt að sjá upplitið á hv. landsbyggðarþingmönnum ef þeir þyrftu að bera sömu skatta og þingmenn sem eiga eignir á þessu svæði og sérstaklega á það við um einhleypinga sem bera gífurlega háa skatta sem taka engu tali. Ég get nefnt að það munar þúsundfaldri upphæð t.d. hvort

ég mundi búa á þessu svæði eða hvort ég byggi t.d. í sveit með hv. formanni þingflokks Framsfl. Ef ég ætti eign sem væri í kringum 10 millj. yrðu skattar mínir í kringum 170 þús. kr. hér, en hjá hv. formanni þingflokks Framsfl. 17 þús. kr. af sambærilegri eign. Menn sjá að það er þúsundfaldur munur þarna. Þetta eru miklir peningar þegar maður lítur til þess að það eru sömu tekjur sem liggja á bak við sömu vinnu. Hér er verið að mismuna gífurlega fólki og skattar sem hér hafa verið lagðir á eru með þeim hætti að það hlýtur að verða hitamál í næstu kosningum. Ég tel að fólkið á því svæði sem fær hæstu skattana hljóta að gera uppreisn gegn þessu.

Það er einnig svo mikill mismunur á öðrum sviðum í sambandi við eignarskatta. Ég minni á að skuldabréf ríkissjóðs eru bæði tekju- og eignarskattsfrjáls. Ég minni á dæmið sem ég nefni í greinargerð þar sem maðurinn sem á 140 millj. í ríkisskuldabréfum greiðir enga skatta, hvorki eignarskatta né tekjuskatta, en maðurinn sem á 14 millj. í einbýlishúsi skuldlaust borgar 325 þús. í eignarskatta aðeins. Það er því ljóst að mismunurinn er gífurlega mikill og þennan mismun verður að bæta með einhverjum hætti og laga. Ég tel því að það verði að leggja til að þessir skattar verði felldir niður af íbúðarhúsnæði.

Eins og ég sagði hér áður hafa komið fram frumvörp um takmörkun á eignarsköttum fyrir sérstaka hópa. Það nær ekki nægilega langt og tekur ekki til ýmissa aðila sem eiga þó ekkert minni rétt á því að eiga einhverjar eignir en aðrir.

Þegar eignarskattar eru lagðir á með þessum hætti er komin ný staða upp á Íslandi. Það er verið að koma í veg fyrir að nokkur maður geti átt íbúðarhúsnæði en stuðla að því að menn geti fjárfest í tapi ríkissjóðs með því að kaupa ríkisskuldabréf sem eru skattfrjáls. Þetta er alröng stefna. Annars vegar er verið að hegna fólki fyrir að eiga skuldlausar íbúðareignir og hins vegar er verið að verðlauna menn fyrir að fjárfesta í tapi ríkissjóðs.

Þá má minna á að með þessu mun leiga á íbúðum hækka verulega á komandi árum og komandi ári vegna þess að fjárrenta íbúðarhúsnæðis sem er í leigu þarf að vera gífurlega há til að ná svipaðri útkomu og fjárfesting í skuldabréfum. Leigan hlýtur að hækka allverulega. Þetta er ekki til bóta. Eins og við vitum er leigan þegar orðin töluvert há og það er ekki til bóta að hún skuli hækka með þessum hætti.

Menn hljóta að koma sínum eignum í eitthvað annað en fasteignir í framtíðinni. Á landi eins og Íslandi er það ekki til bóta. Það hefði verið nær að fella niður eignarskatt af íbúðarhúsnæði þannig að menn fjárfestu þá frekar í því og það væri til ódýrt leiguhúsnæði. Það verður ekki með þeim hætti sem hér hefur verið lagt á og er ósvinna að ríkisstjórnin skuli hafa ákveðið með stuðningsforeldrum sínum að leggja á þennan skatt og sem nánast eignaupptaka, svo háir eru þeir orðnir.

Það er fróðlegt að sjá að þegar einhleypingur borgar 255 þús. í skatta á Stór-Reykjavíkursvæðinu borgar sami einstaklingur af sömu eign í dreifbýli 12 þús. kr. Hér er um svo mikla margföldun að ræða að það er alveg ótrúlegt. Það er umhugsunarefni hvort fólkið hér, einstaklingarnir á þessu svæði eiga að leggja til samfélagsins með þessum hætti gífurlegar fjárhæðir fram yfir það sem eðlilegt getur talist með skattlagningu.

Það er leiðinlegt til þess að vita að hæstv. ráðherrar skuli hafa flúið þingsali og raunverulega til háborinnar skammar að þingmönnum skuli boðið upp á það að flytja mál sitt þegar er langt liðið á næsta dag. Það má segja að slík frumvörp hefðu kannski átt það skilið að menn ræddu þessi mál af alvöru. En stjórnarliðar hafa greinilega tekið þá stefnu að það sé best að láta þingmenn stjórnarandstöðunnar flytja sín mál, sérstaklega ef þau koma eitthvað við kaunin á þeim, á þeim tíma þegar bæði fréttamenn og þingmenn sem flestir eru ekki viðstaddir og ráðherrarnir víðs fjarri. Ég held að það ætti að taka það til athugunar hvort ætti ekki frekar að hafa það þannig að fyrir stjórnarfrumvörpum væri mælt á þessum tíma og ráðherrarnir fengju að kynnast því hvernig væri að vera allan daginn hér og flytja svo sín frumvörp á nóttunni. Það væri tilbreyting að við þingmennirnir fengjum að flytja okkar frumvörp á eðlilegum tímum, en hæstv. ráðherrar fengju að flytja þau þegar væri farið að líða á nóttina.

Ég vil í þessu sambandi sérstaklega undirstrika að það væri hægt að halda miklu lengri ræðu hér um þessi mál því nægar eru tölurnar og nægar eru upplýsingarnar um þetta. En það hlýtur að vera komið að þeim mörkum að almenningur geti ekki sætt sig við að það sé verið að taka upp eignir með þessum hætti og sérstaklega það misvægi eftir því hvar menn búa sem er orðið ógnvænlegt.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég tek undir það sem kom fram hjá hv. fyrri flm. þess frumvarps sem er til umræðu. Það er harla sérkennilegt að taka þátt í þessari umræðu ásamt virðulegum forseta og fimm stjórnarandstöðuþingmönnum sem hafa eirð í sér til að sitja á þessum fundi sem hefur staðið yfir í alllangan tíma eða allt frá því kl. 2 í dag með stuttu matarhléi. Enn eru eftir á dagskránni átta mál. Það er rétt, sem kom fram hjá hv. þm., að það er vítavert virðingarleysi við þingmenn stjórnarandstöðunnar að ætlast til þess að þeir mæli fyrir málum á þessum tíma, ekki síst þegar það er haft í huga, virðulegur forseti, að hæstv. ríkisstjórn hefur þurft á undanförnum dögum að reiða sig á atkvæði stjórnarandstöðuþingmanna til að koma stjórnarfrumvörpum til nefnda. Nú er það svo að rétt áður en sá frestur rann út sem samkvæmt þingsköpum er ætlaður til þess að hægt sé að leggja fram frumvörp og þau fái afgreiðslu lagði ríkisstjórnin fram á hv. Alþingi heilan bunka af frumvörpum sem flestallir vita að fá ekki afgreiðslu nema sum hver. Þessi frumvörp eru þess eðlis að hv. stjórnarþingmenn hafa haft nægan tíma til að kynna sér efni þeirra. Hins vegar hafa stjórnarandstöðuþingmenn ekki haft tækifæri til þess með sama hætti. Þess vegna

verða oft langar umræður um stjórnarfrumvörpin, stundum eins og tveggja tíma umræður, jafnvel um frumvörp sem í raun eru aðeins lögð fram til sýningar á yfirstandandi þingi. Síðan mega stjórnarandstöðuþingmenn una því að standa í ræðustól í tómum þingsal. Hæstv. ráðherrar hafa ekki minnsta áhuga á að ræða við stjórnarandstöðuna um margvísleg málefni sem snerta þar á meðal skattamál eins og það frumvarp sem hér er til umræðu.

Frumvarpið, 310. mál þingsins, er liður í þeirri viðleitni að hlífa fólki við óhóflegum eignarsköttum, einkum þó einstaklingum eins og skýrt og greinilega kom fram í málflutningi hv. fyrri flm. frumvarpsins. Stjórnarandstöðuþingmenn hafa flutt ýmis önnur frumvörp sem líta má á sem sams konar viðleitni, viðleitni til að hlífa því fólki sem sýnt hefur ráðdeild, sparað sér fjármuni til þess að eignast þak yfir höfuðið.

Það hlýtur að vera æðisérkennilegt nú, þegar í ljós hefur komið hve mikil eignarskattshækkunin varð sem hæstv. ríkisstjórn beitti sér fyrir um síðustu jól, að hæstv. fjmrh. sér ekki sóma sinn í því að vera viðstaddur umræður um þetta mál og nokkur önnur mál er varða eignar- og tekjuskatta og eru hér á dagskrá og hafa reyndar verið lögð fram sum hver fyrir mörgum vikum.

Í grg. með þessu frumvarpi er nákvæmlega vikið að því hvert misræmi er á milli eignarskattsgreiðenda eftir því hvar á landinu þeir búa. Grg., sem er mjög vel unnin, á að sjálfsögðu fullt erindi í umræður á Alþingi þar sem hæstv. ríkisstjórn á a.m.k. einn fulltrúa, og þá eðlilega hæstv. fjmrh., viðstaddan við umræðurnar. En virðingarleysi hæstv. ríkisstjórnar við stjórnarandstöðuna er með þeim hætti að stjórnarandstöðuþingmönnum er ætlað að standa í ræðustól að nóttu til og tala yfir örfáum öðrum stjórnarandstöðuþingmönnum auk hæstv. forseta sem hér situr sjálfsagt eingöngu vegna þess að hann getur ekki hlaupið úr forsetastólnum því þá væri ekki hægt að halda fundi áfram. (**Forseti:** Forseti tekur fram að hann hlýðir með athygli á mál ræðumanns.) Mér þykir vænt um það, virðulegur forseti, að hæstv. forseti skuli hlýða með athygli á þetta mál sem ég skil þá svo að hæstv. forseti muni koma þeim sjónarmiðum, sem komið hafa fram í þessari ræðu og ræðu hv. þm. sem nýverið lauk máli sínu, til þeirra aðila sem bera ábyrgð á störfum þingsins.

Ég vil, virðulegur forseti, taka undir efnisatriði þessa frumvarps. Það er kannski ekki aðalatriðið hvernig breyta skuli lögum til að koma til móts við þau sjónarmið sem hér eru til umræðu. Aðalatriðið er að með lagabreytingum verði skattaáþján vikið af því fólki sem eftir síðustu skattalagabreytingar ríkisstjórnarinnar þarf að borga verulegar upphæðir, mjög ósanngjarnar upphæðir í eignarskatta. Þetta vildi ég, virðulegur forseti, láta koma fram við 1. umr. þessa máls. Í mínu máli felst ekki að ég taki afstöðu til þess hvort nota eigi þá aðferð sem hér er lögð til eða hvort finna megi aðrar aðferðir betri. Eitt er ljóst og það er að hæstv. ríkisstjórn verður að endurskoða lög um tekjuskatt og eignarskatt með tilliti til þeirra viðhorfa sem fram koma í þessu frumvarpi.

Flm. (Hreggviður Jónsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. 1. þm. Reykv. fyrir undirtektir við þetta frumvarp og veit að ég mun eiga stuðning sjálfstæðismanna í því að taka til hendinni á þessum vettvangi og reyna að lagfæra þau mál sem eru augljóslega komin í blindgötu. Það verður ekki lengur unað við með þessum hætti. Þá vil ég einnig taka undir það sem hv. þm. sagði um hvernig málum er komið hér á þingi og hvernig okkur stjórnarandstöðuþingmönnum er ætlað að standa um miðja nótt og flytja mál okkar. Við það verður ekki búið í rauninni. Það má vel vera að við bregðum kannski á leik fyrir hæstv. ríkisstjórn á næsta þingfundi á morgun og með þeim hætti að þeir verði varir við að stjórnarandstaðan getur beitt sér þegar um stjórnarfrumvörp er að ræða svo að þeir sýni stjórnarandstöðunni einhverja virðingu í málflutningi hennar og við þau frumvörp sem hún hefur lagt fram.

Ég vil svo að lokum, hæstv. forseti, leggja til að þessu frumvarpi verði vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ríkisbókhald, ríkisreikningur og fjárlög, 1. umr.

Frv. GHH og PJ, 323. mál (fjáraukalög). — Þskj. 584.

Flm. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég verð að taka undir það, sem hér hefur komið fram hjá síðustu ræðumönnum, að það er gjörsamlega óviðeigandi að vera hér að mæla fyrir frumvörpum sem eiga erindi við ákveðna ráðherra á þessum tíma sólarhrings og að þeim fjarstöddum. Við höfum hins vegar fallist á, við þingmenn sem eigum mál á dagskrá, að ljúka þeim á þessum fundi með tilliti til þess hve dagskrá þingsins er orðin þröng núna á síðustu dögum fyrir þinglausnir. Hitt er annað mál að þessi málsmeðferð og þessi framkoma gagnvart stjórnarandstöðuþingmönnum skapar e.t.v. ákveðið fordæmi. Einhvern tímann kemur að því að hér verða stjórnarskipti, einhvern tímann kemur að því að aðrir menn ráða ferðinni í stjórn þingsins en nú er. Þá er ágætt fyrir núv. stjórnarandstöðu að vera búin að fá fordæmi um hvernig hæstv. núv. ráðamenn telja eðlilegt að skipa þessum málum.

Herra forseti. Það frv. sem ég mæli fyrir, 323. mál þingsins, frv. til laga um breytingu á lögum nr. 52 1966 um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, með síðari breytingum, er í raun og veru eins konar fylgifrumvarp máls sem við hv. þm. Pálmi Jónsson höfum flutt og varðar meðferð greiðslna úr

ríkissjóði umfram fjárlagaheimildir. Fyrir því frumvarpi mælti ég sl. föstudag, en þar er gert ráð fyrir að hið svokallaða aukafjárveitingavald fjmrh. verði verulega takmarkað og aðild Alþingis að slíkum greiðslum að sama skapi aukin.

Það frv. sem hér er til meðferðar er ekki flókið mál og lætur ekki mikið yfir sér, en í því er hins vegar að finna ákvæði sem sömuleiðis horfa til hreingerningar í ríkisfjármálum og í meðferð þessara mála bæði hjá framkvæmdarvaldinu og hér á Alþingi.

Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir því að endurskoðaðan ríkisreikning skuli leggja fyrir Alþingi svo fljótt sem verða megi á næsta ári eftir reikningsárið, þ.e. fjárlagaárið. Það þarf ekki að fara mörgum árum um það að á þessu ákvæði er brýn þörf, ekki síst í ljósi þess að við höfum hér á Alþingi í vetur verið að fjalla um margra ára gamla ríkisreikninga.

2. gr. gerir ráð fyrir að í þau lög sem hér er lagt til að verði breytt komi ný grein um að frumvarp til fjáraukalaga skuli leggja fram á vorþingi eftir fjárlagaárið og skuli fjáraukalög afgreidd á Alþingi á almanaksárinu áður en ríkisreikningur er samþykktur.

Í almennum lögum er ekki að finna nein ákvæði um fjáraukalög og reyndar eru einu ákvæðin um fjáraukalög sem er að finna í íslenskum lögum í stjórnarskránni. Þar er aðeins lauslega á þau minnst, en ekkert kveðið á um hvernig með þau skuli farið, hvort það komi til greina að afgreiða fleiri en ein fjáraukalög fyrir hvert fjárlagaár eða með hvaða hætti slík löggjöf komi til kasta Alþingis. Þar sem ekki er um að ræða ákvæði um fjáraukalög í þeim lögum sem hér er gert ráð fyrir að verði breytt, lögum nr. 52/1966, er í 3. gr. frv. lagt til að fyrirsögn þeirra laga orðist þannig að fjáraukalaga verði þar *jafnframt getið* auk *ríkisbókhalds, ríkisreiknings* og fjárlaga.

Í 4. gr. frv., herra forseti, er lagt til að lögin taki þegar gildi og gildi um afgreiðslu fjáraukalaga og *ríkisreikning fyrir árið* 1988.

Það skal tekið fram að frumvarp þetta var lagt fram í þinginu 7. mars og þá var enn þá tími til þess að ljúka afgreiðslu fjáraukalaga og ríkisreiknings fyrir árið 1988 eins og lögin gera ráð fyrir, en ugglaust er það nú orðið of seint þannig að þessu ákvæði þyrfti væntanlega að breyta.

Ég leyfi mér, virðulegur forseti, að vitna til athugasemda yfirskoðunarmanna ríkisreiknings fyrir árið 1987, en ræðumaður er einn í þeirra hópi. Í athugasemdum þessum, sem útbýtt var á Alþingi í desember sl., segir m.a. um þær tafir sem orðið hafa á framlagningu ríkisreiknings og fjáraukalaga á undanförnum árum og um nauðsyn þess að breyta þar til, með leyfi forseta:

„Yfirskoðunarmenn telja jafnframt eðlilegt að þeirri reglu verði komið á að fjáraukalög liðins árs verði afgreidd á Alþingi samhliða fjárlögum komandi árs. Slík regla auðveldar allan samanburð milli ára, auk þess sem eldri ríkisreikningar og frumvörp til fjáraukalaga fyrir löngu liðin ár veita hvorki framkvæmdarvaldshöfum tilskilið aðhald né gera fjárveitingavaldinu nægilega vel kleift að fylgjast með afleiðingum ákvarðana sinna.“

Síðar í sömu athugasemdum segir að einnig komi til álita að flýta framlagningu frumvarps til fjáraukalaga á ári hverju þannig að það verði jafnan lagt fram í upphafi hvers árs vegna þeirra umframútgjalda ársins á undan sem Alþingi hefði ekki sjálft heimilað. Endurskoðaður ríkisreikningur kæmi síðan til samþykktar Alþingis á haustþingi og hugsanlega önnur fjáraukalög ef endurskoðun leiddi í ljós að þeirra gerðist þörf.

Frv. sem hér er til umræðu gerir ráð fyrir að farin verði seinni leiðin af þeim tveimur sem yfirskoðunarmenn hafa drepið á og fjáraukalög verði hér lögð fram í upphafi hvers árs fyrir nýliðið ár, enda er ekkert tæknilega því að vanbúnaði. Það er raunverulega hrein hneisa að þessari reglu skuli ekki hafa fyrir löngu verið komið á. Öðru máli gegnir hins vegar um ríkisreikninginn sjálfan því það er tímafrekara verk að endurskoða hann og ganga þannig frá honum að hann sé hæfur til framlagningar. Þess vegna er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að hann komi fram á Alþingi ekki síðar en á haustþingi á árinu eftir reikningsárið. Bæði þessi skjöl verði síðan afgreidd á Alþingi og frá þeim gengið með formlegum hætti áður en fjárlög komandi árs hljóti afgreiðslu. Þetta mundi t.d. þýða að það yrði að afgreiða fjáraukalög fyrir árið 1988 og að samþykkja ríkisreikninginn fyrir árið 1988 hér á Alþingi áður en þingið gæti afgreitt fjárlög fyrir árið 1990.

Herra forseti. Þó að þetta sé ekki efnismikið mál þá tel ég þetta sjálfsagt umbótamál í ljósi þeirrar óreglu sem tíðkast hefur í þessum efnum. Þetta veitir visst aðhald, bæði framkvæmdarvaldinu og *þinginu sjálfu og er þar að auki tæknilega einfalt mál* og auðunnið. Ég tel því, herra forseti, ólíklegt að það fyrirfinnist á Alþingi einhver pólitísk andstaða við þetta mál. Hitt er annað hvort hæstv. fjmrh. þóknast að leggja blessun sína yfir frv. af þessu tagi. Ég hygg þó að vel færi á því að hann og stjórnarliðið í heild sinni gerðu það.

Ég skal ekki orðlengja frekar um þetta litla frv. Ég hafði satt að segja vænst þess þegar frv. til laga um meðferð greiðslna umfram fjárlagaheimildir var til umræðu að geta átt um það orðastað við fjmrh. sem þá var hér í salnum. Það lánaðist ekki því hann þurfti að yfirgefa fundinn og er ekki hér eins og öllum mun ljóst vera. Ég vænti þess að hv. fjh.- og viðskn. beiti sér fyrir því, með eða án samþykkis fjmrh., að frv. þetta nái fram að ganga.

Að svo mæltu leyfi ég mér að leggja til að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það gerist nú áliðið og það liggur við að við stjórnarandstöðuþingmenn viðhöfum eintal sálarinnar hér í þingstól því að stjórnliðar virða okkur ekki þess að vera viðstaddir. Það kann að

vera að engin skylda eða hefð sé fyrir viðveru þegar svona stendur á en ég vil þrátt fyrir það álíta það eðlilega mannasiði.

Varðandi þetta mál sem hér er til umræðu þá er ég sammála öllu því sem hv. síðasti ræðumaður sagði. Þetta er umbótamál og það skýrir sig í rauninni sjálft. Við höfum haft í vetur til umfjöllunar margra ára gamla ríkisreikninga, svo gamla að það hefur snjóað yfir þá í minningunni. Atriði sem mismunandi skoðanir voru á áður og ollu deilum á sínum tíma hafa fyrnst. Slík meðferð mála er mjög óheppileg. Það varðar miklu að það sé fjallað um mál eins og ríkisreikning og fjáraukalög sem næst þeim tíma sem þau taka til. Því aðeins næst sú nauðsynlega viðmiðun sem þörf er að veita, því aðeins næst að veita handhöfum framkvæmdarvaldsins það aðhald sem nauðsynlegt er. Því lengri tími sem líður frá lokum fjárlagaárs, og þar með gerðum hlut, því lakari verður aðstaða fjárveitingavaldsins til þess að fylgjast með framkvæmdum og afleiðingum ákvarðana sinna.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir að lögbundin verði sú skylda að leggja fyrir Alþingi frv. til fjáraukalaga á vorþingi næst á eftir því fjárlagaári sem fjáraukalögin ná til. Skylt verði sömuleiðis að leggja fram endurskoðaðan ríkisreikning á sama ári og ljúka afgreiðslu fjáraukalaga og ríkisreiknings áður en fjárlög komandi árs verða samþykkt. Þetta tel ég mjög nauðsynlegt og til bóta. Nútíma tölvutækni hefur gerbreytt allri aðstöðu til bókhalds þannig að á þeim vettvangi gengur allt hraðar en fyrir fáum árum og því eru engin vandkvæði á að koma þessu í framkvæmd.

Eins og hv. flm. tók fram þá er þetta frv. samferða öðru frv. um meðferð greiðslna úr ríkissjóði umfram fjárlagaheimildir. Þessi frumvörp eiga samleið og ég sé engin vandkvæði á því að það geti orðið pólitísk samstaða um þau. Ég held að allir hljóti að viðurkenna nauðsyn þess að hreinsað sé til í kerfinu eins og þessi frumvörp miða bæði að.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja mál þetta öllu meira en vil lýsa yfir stuðningi mínum við þetta frv. sem ég tel til mikilla bóta. Sannarlega er kominn tími til að ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga verði löguð að nútímanum og gerð með þeim hætti að Alþingi og fjárveitingavaldinu verði gert kleift að fylgjast með störfum framkvæmdarvaldisns og hvernig farið er með fjármuni ríkisins. Ef litið er á nýlega skýrslu Ríkisendurskoðunar sést að á síðasta ári fór framkvæmdarvaldið nærri 6,5 milljörðum kr. fram úr fjárlögum og þá er ekki tekin með verðbólguþróun þar fram yfir. Það er því alveg öruggt að tími er kominn til að höfð sé þumalskrúfa á framkvæmdarvaldinu, séð til þess að fjárlög séu haldin og að eyðsla framkvæmdarvaldsins verði takmörkuð allverulega. Skattar þeir sem hafa verið lagðir á núna í vetur eru náttúrlega afleiðing af því að framkvæmdarvaldið hefur fengið að leika lausum hala og þar eru menn ekki ábyrgir gerða sinna, hafa getað eytt úr ríkishítinni eins og þá lysti án þess að nokkur sækti þá til ábyrgðar. Því vil ég lýsa stuðningi við frv. og ætla að vona að það náist samstaða um það á hinu háa Alþingi að þessu máli verði komið í nýtískufarveg og þetta mál verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Frádráttur vegna fjárfestingar í atvinnurekstri, 1. umr.

Frv. FrS o.fl., 331. mál (hámark frádráttar). — Þskj. 600.

Flm. (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 600 frv. til laga um breytingu á lögum nr. 9/1984, um frádrátt af skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, með síðari breytinum. Ásamt mér eru flm. hv. þm. Matthís Bjarnason, Geir H. Haarde, Birgir Ísl. Gunnarsson og Kristinn Pétursson.

Frv. þetta er annars vegar flutt í tengslum við þáltill. sem er 330. mál þingsins og hins vegar við frv. um breytingu á sömu lögum og er 332. mál þingsins. Frv. er tiltölulega einfalt. Það gerir ráð fyrir því að hámarksfjárhæðir í 2. málsl. 1. mgr. 2. gr. laganna hækki verulega, en samkvæmt lögunum eru framlög manna til atvinnurekstrar frádráttarbær frá skattskyldum tekjum innan þeirra marka og með þeim skilyrðum sem greinir í þeim lögum. Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að í stað fjárhæðarinnar 45.900 kr. komi 250.000 kr. og í stað 91.800 kr. komi 500.000 kr. Hér er um að ræða frádrátt sem samkvæmt lögunum má nota sem nemur aukningu á fjárfestingu í atvinnurekstri. Þessi upphæð uppfærð er nú talin vera annars vegar 72.000 kr. og hins vegar 144.000 kr. og hærri upphæðin á þá við þegar um hjón er að ræða. Þessar fjárhæðir eru miðaðar við síðustu áramót.

Í greinargerð með þessu frv. er sagt frá því að hve miklu leyti þessar heimildir hafa verið notaðar á undanförnum árum. Þar má einnig lesa að frádráttarákvæðin hafa veruleg áhrif á kaup manna á hlutabréfum samkvæmt lögunum. Þetta sést best á því að fjöldi þeirra sem nýttu sér frádráttarheimildina var talsverður þar til kom að árinu 1987, þ.e. framtalsárinu 1988, þegar um mikinn samdrátt var að ræða vegna þess að það ár var skattlaust í þeim skilningi sem öllum þingmönnum er kunnugt.

Þar sem ég mun ekki flytja langa framsöguræðu um næsta mál á dagskrá, sem er flutt í tengslum við þetta, tel ég rétt við þessa umræðu að gera nokkra grein fyrir þeim tillögum sem fram hafa komið af hálfu flm. Vil ég benda á þann rökstuðning sem vísað er til í greinargerð frv. en sá rökstuðningur kemur fram á þskj. 599 í greinargerð með till. til þál. um að örva viðskipti á hlutabréfamarkaði. Flm. þeirrar tillögu

eru hinir sömu og þess frv. sem nú er til umræðu. Í þeirri tillögu er gert ráð fyrir því að Alþingi feli ríkisstjórninni að gera tillögur um ráðstafanir til að örva viðskipti á hlutabréfamarkaði hér á landi og að þær tillögur verði tilbúnar fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Það er ljóst að tiltölulega háir raunvextir samhliða mikilli skuldsetningu fyrirtækja hafa í för með sér að atvinnulífið á erfitt með að mæta áföllum hér á landi. Við þessar aðstæður verður rekstrarvandi fyrirtækja ekki leystur með greiðslufresti eingöngu eða nýjum lántökum. Þar þarf að koma til aukið framtaksfé eða áhættufé, hlutafé í hlutafélögum.

Þau lög sem hér er verið að leggja til að breytt verði voru samþykkt árið 1984 og var þeim ætlað að greiða götuna fyrir hlutafjárkaupum almennings. Þessi lög fólu í sér þrenns konar möguleika á frádrætti frá skattskyldum tekjum. Í fyrsta lagi var það með innborgunum á stofnfjárreikninga fyrir þá sem síðan hugðust setja á fót eigin atvinnurekstur, í öðru lagi með kaupum á hlutabréfum í félögum sem fullnægja ákveðnum skilyrðum og að þessi kaup yrðu frádráttarbær frá skatti að ákveðnu marki og í þriðja lagi með því að kaup á hlutabréfum fjárfestingarfélaga, sem sérstaklega eru mynduð til fjárfestingar á áhættufé atvinnufyrirtækja, yrðu frádráttarbær á sama hátt. Árangurinn af þessari viðleitni hefur talsvert látið á sér standa og ýmsir halda því fram að lögin gangi of skammt. Þá hefur einnig reynst óhagkvæmara fyrir fyrirtækin að afla fjár með sölu hlutabréfa en að taka lán eða selja skuldabréf.

Þessi sjónarmið, sem hér hefur verið lýst og fram koma m.a. í greinargerðinni með þáltill. sem vísað er til í grg. með frv., hafa fengið byr undir báða vængi í ýmsum nágrannalöndum okkar, svo sem í Frakklandi, Bretlandi, Belgíu og Ítalíu. Í lok greinargerðarinnar er síðan bent á ýmis atriði sem heppilegt væri að breyta í íslenskri löggjöf til þess að örva hlutabréfamarkað. Þar er í fyrsta lagi getið um það að fjárhæðir þær, sem nú eru frádráttarbærar frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, verði auknar verulega eins og kemur fram í þessu frv. Í öðru lagi að söluhagnaður af hlutabréfum verði skattfrjáls í þrepum eftir tiltekinn lágmarkseignarhaldstíma, t.d. þrjú ár. Í þriðja lagi að skattleysismörk vegna eignarskatts verði hækkuð og unnið að því að allar eignir verði meðhöndlaðar eins gagnvart eignarskatti. Í fjórða lagi að fyrirtæki verði hvött með skattalegum aðgerðum til að bjóða út hlutabréf til almennings. Í fimmta lagi að arður allt að 15% af heildar eigin fé fyrirtækis í árslok verði skattfrjáls hjá móttakanda en frádráttarbær án takmörkunar hjá greiðanda. Í sjötta lagi að reglugerðir lífeyrissjóða verði endurskoðaðar þannig að lífeyrissjóðum verði heimilt að kaupa hlutabréf eftir ákveðnum reglum, en þetta er að sjálfsögðu stórmál. Í áttunda lagi er bent á það í lok greinargerðarinnar með ályktunartillögunni að til þess að fyrirtæki skrái hlutabréf sín frekar en nú er gert á Verðbréfaþingi Íslands þurfi að breyta 74. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Í lögunum segir að opinberlega skráð hlutabréf skuli metin til eignarskatts á síðast skráðu gengi í árslok. Til greina kemur að hafa skattfrádráttarreglur laganna nr. 9 frá 1984 rýmri fyrir fyrirtæki sem eru skráð á verðbréfaþinginu. Það er auðvitað afar nauðsynlegt að skráning á hlutabréfum og gengi bréfanna verði sem almennust því að það eykur að sjálfsögðu öryggið í viðskiptum með bréfin.

Með tillögunni hef ég leyft mér að birta I. kafla úr skýrslu um þróun hlutabréfamarkaðar á Íslandi sem á sínum tíma var samin af Enskilda Securities, en það fyrirtæki hefur einstæða reynslu í norrænum hlutafélagarekstri og á hlutabréfamörkuðum og hefur verið ráðgjafi ýmissa fyrirtækja og hlutabréfamarkaða, einkum á Norðurlöndum.

Það væri vissulega ástæða til að benda á mörg atriði sem koma fram í þessari skýrslu sem Seðlabanki Íslands og lönþróunarsjóður áttu forgöngu á sínum tíma um að unnin yrði. Ég mun ekki gera það í þessari ræðu minni, til þess gefst varla tími. Þó vil ég benda á nokkur atriði sem koma fram í þessum I. kafla skýrslunnar til rökstuðnings við þau frumvörp sem ég hef leyft mér að flytja ásamt nokkrum öðrum og hér eru til umræðu.

Það kemur fram í skýrslunni að mörg fyrirtæki skulda allt of mikið miðað við eiginfjárstöðu að áliti þeirra sem skýrsluna hafa samið vegna þess að þau hafa átt greiðan aðgang að lánsfé undanfarin ár.

Fyrirtækið telur að hlutabréfamarkaðurinn mundi þannig opna nýja leið til að styrkja eiginfjárstöðu íslenskra fyrirtækja. Þá er enn fremur bent á að bein fjárfesting í atvinnulífinu gegnum hlutabréfamarkaði mundi verða til að veita atvinnulífinu meira aðhald og gera það hagkvæmara í rekstri, auk þess sem raunhæfari markaðsaga yrði beitt við val fjárfestingar.

Enn fremur var bent á að setja þurfi lagaramma um núverandi markað. Þá verður hægt að sjá til þess að hann þróist og vaxi á heilbrigðan hátt en slíkur rammi ætti að fela í sér sanngjarnar reglur um viðskiptahætti til að tryggja hagsmuni fjárfestisins og annarra markaðsaðila. Virkur hlutabréfamarkaður mundi skapa vettvang þar sem fjárfestar gætu náð fram hagnaði eða tapi á fjárfestingum sínum. Með því að beina öllum viðskiptum með opinberlega skráð hlutabréf á einn markað mundi vera mögulegt að liðka markaðinn og auðvelda kaup og sölu hlutabréfa. Virkur innlendur markaður ásamt traustum reglum um hann mundi líklega hvetja til erlendra fjárfestinga í íslenskum fyrirtækjum þegar fram líða stundir og leiða til nýrrar fjármagnsuppsprettu.

Það er bent rækilega á það í skýrslu fyrirtækisins um hlutabréfamarkað hér á landi að lífeyrissjóðirnir ráði u.þ.b. 50% af því fé sem fyrir hendi er til fjárfestingar í verðbréfum á Íslandi. Það ber að minna á að fyrir liggja tilbúin frumvarpsdrög um lífeyrissjóði. Í þeim frumvarpsdrögum sem ekki hafa verið lögð fram á yfirstandandi þingi í frumvarpsformi er gert ráð fyrir að lífeyrissjóðum sé heimilt að fjárfesta allt að 5% af árlegu greiðsluflæði sínu í

hlutabréfum. Þetta gæti þýtt á yfirstandandi ári að verulegar fjárhæðir gætu gengið til hlutabréfakaupa til þess að styrkja og efla atvinnulífið hér á landi.

Í skýrslu Enskilda Securities er vikið mjög ítarlega að skattlagningarreglum. Ég mun ekki ræða það sérstaklega hér en bendi þó á að í tillögum fyrirtækisins er bent á að stimpilgjald sé mjög hátt vegna útgáfu nýrra hlutabréfa, eða 2%. Þetta geri það að verkum að fyrirtæki hiki við útgáfu nýrra hlutabréfa og færi ekki upp hlutafjáreign til núvirðis. Lagt er til í tillögum fyrirtækisins að þessi hlutfallstala lækki niður í 0,5%.

Af þessu tilefni, virðulegur forseti, vil ég benda á að fyrir þessu þingi liggur frv. frá hv. þm. Guðmundi G. Þórarinssyni á þskj. 743, sem nákvæmlega fjallar um þetta atriði, þar sem lagt er til að fyrir stimplun hlutabréfa sem gefin eru út af félögum með takmarkaða ábyrgð skuli greiða ½% af fjárhæð bréfanna. Þetta er í stíl við tillögur fyrirtækisins og vil ég leyfa mér nú að taka undir þau sjónarmið sem komu fram í því frv. og fagna því að það skuli vera lagt fram af hálfu stjórnarþingmanns sem væntanlega ber að skilja svo að möguleiki sé á að koma því frv. fram á yfirstandandi þingi.

Í lok I. kafla skýrslunnar sem birtist sem fskj. með þáltill. á þskj. 599 sem ég hef gert hér að umræðuefni til rökstuðnings við þau frv. sem hér eru til umræðu, segir m.a. orðrétt, með leyfi forseta:

„Við teljum að brýnasta verkefnið á íslenska hlutabréfamarkaðinum sé að hvetja til aukinnar eftirspurnar. Tvö mikilvægustu atriðin í þessu sambandi eru annars vegar hin skattalega meðferð hlutabréfa og hins vegar afstaða lífeyrissjóða til fjárfestingar í hlutabréfum."

Það er einmitt þetta, virðulegur forseti, sem verið er að reyna að gera með því frv. sem hér liggur fyrir til umræðu, þ.e. að hvetja til aukinnar eftirspurnar og á það vil ég leggja áherslu.

Það vekur auðvitað athygli að hæstv. núv. ríkisstjórn hefur ekki sýnt þessum málum neinn áhuga þrátt fyrir tilvist þeirrar skýrslu sem ég hef vitnað hér til. Það kemur ekki fram í stjórnarsáttmála ríkjandi stjórnar að hún hafi áhuga eða skilning á þessu málefni andstætt því sem fyrrv. stjórn hafði en í stjórnarsáttmála þeirrar ríkisstjórnar var bent á þetta sem eitt af meginmálum til þess að koma til móts við þarfir atvinnulífsins.

Einu tilburðir núv. ríkisstjórnar til að fjalla um hlutabréf eru þeir sem koma fram í hugmyndum ríkisstjórnarinnar en þær eru orðnar að lögum um Hlutafjársjóð Byggðastofnunar. Þar var tekin hugmynd frá stjórnarandstöðunni, reyndar frá Kvennalistanum, og þeirri hugmynd misþyrmt allverulega í meðferð meiri hlutans. Ég tel því miður að með slíkri misþyrmingu sé hætta á því að hlutafjárkaup og hlutafjársjóðir fái á sig slæmt orð því að með hugmyndinni um Hlutafjársjóð Byggðastofnunar er verið að þvinga fram hlutabréfakaup frá kröfuhöfum fyrirtækja í veikri stöðu með því að veita ríkisábyrgð á hlut þeirra kröfuhafa sem kaupa sér hlutdeildarbréf í Hlutafjársjóðnum og létta skuldum af fyrirtækjunum í staðinn.

Núv. ríkisstjórn byggir stefnu sína í málefnum atvinnulífsins fyrst og fremst á millifærslum og auknum erlendum lántökum. Þetta er vitanlega gert til að falsa gengi íslensku krónunnar um tímabundið skeið og leiðir enda til óæskilegrar skekkju í efnahagslífinu.

Það er athyglisvert, virðulegur forseti, að á hverjum degi eru teknar að láni erlendis 30–40 millj. ísl. kr. til þess að brúa bilið á milli gjalda og tekna í þjóðarbúskapnum. Þetta er órækasti vitnisburðurinn um þá stefnu sem hæstv. ríkisstjórn fylgir. Hún lætur undir höfuð leggjast að styrkja eiginfjárhlutfall fyrirtækjanna en ýtir undir nýjar lántökur, nýjar skuldbreytingar. Eins og allir vita er það skammgóður vermir ef ekki er á sama tíma séð fyrir öðrum þörfum, svo sem þeim að auka eiginfjárhlutfallið annars vegar og að tryggja eðlilegan rekstrargrundvöll hins vegar.

Það var athyglisvert sem kom fram hjá Helga Bergs, formanni stjórnar þessa nýja sjóðs, þegar hann var spurður að því hvað gerðist ef fyrirtækin lentu í vandræðum í framhaldi af aðgerðum Hlutafjársjóðsins. Hann sagðist ætla að þau vandamál gætu komið upp aftur síðar og þá yrði að grípa til nýrra ráðstafana. Þetta rifja ég upp hér til þess að benda á að jafnvel þeir, sem standa að aðgerðum hæstv. ríkisstjórnar og eru í fótgönguliði hennar, hafa ekki meiri trú á aðgerðum hæstv. ríkisstjórnar en svo að þeir telja að þessi vandamál komi upp innan tíðar aftur í atvinnulífinu.

Það er nefnilega mikill munur á annars vegar lánsfé og hins vegar hlutafé. Fyrirtæki þurfa að greiða höfuðstól lánsfjárins til baka en hlutaféð verður áfram í fyrirtækinu þótt hlutabréfin skipti um eigendur.

Markmiðið með auknum hlutabréfaviðskiptum er í fyrsta lagi, eins og margoft hefur komið fram í minni ræðu, að auka eiginfjármyndun og hvetja fyrirtæki til slíks í stað þess að taka sífellt ný lán. Það er kannski athyglisvert í þessu sambandi, ekki síst fyrir þá sem eru áhugasamir um stöðu iðnaðarins í landinu, að hlýða á að árið 1981 er talið að eiginfjárhlutfallið í iðnaði hafi verið 45%, árið 1986 hafi það fallið niður í 30% og á síðustu tveimur árum hefur enn hallað á ógæfuhliðina.

Í öðru lagi er það markmiðið að dreifa hinu efnahagslegu valdi í hendur sem flestra og gera sem flesta að eignamönnum, gera einstaklingana fjárhagslega sjálfstæðari en þeir eru í dag.

Í þriðja lagi mundi fjölgun hluthafa, einkum ef þeir kæmu úr röðum launþega, hafa í för með sér almennari og betri skilning á atvinnurekstri, en slíkt getur dregið úr árekstrum og tortryggni milli atvinnurekenda og launþega.

Í fjórða lagi vil ég nefna að aukin hlutafjáreign myndar meira aðhald að stjórnendum. Gengisskráning og markaðsverð hlutabréfa er eins konar mælistika á árangur fyrirtækjanna.

Í fimmta lagi vil ég nefna til sögunnar að hlutabréfaeign gæti orðið nýr sparnaðarkostur fyrir al-

menning. Með því að fjölga slíkum kostum er hægt að auka heildarsparnaðinn og þess ber að geta í þessu viðfangi að sums staðar mun u.þ.b. fjórðungur sparnaðar vera fólginn í hlutabréfaeign.

Í sjötta lagi vil ég nefna að virkur hlutabréfamarkaður er ein af forsendum einkavæðingar opinberra fyrirtækja ef slík fyrirtæki eiga að seljast á almennum markaði en ekki einstökum einkaaðilum. Á þetta vil ég leggja sérstaka áherslu því að hæstv. ríkisstjórn hefur nýlega lagt fram frv. um það að gera Ríkisprentsmiðjuna Gutenberg að hlutafélagi í eigu ríkisins sem síðan í framtíðinni, og þá með samþykki Alþingis, væri hægt að selja öðrum. Ef hlutabréfamarkaður væri virkur á Íslandi, væri hægt að selja þetta fyrirtæki mörgum aðilum á gangverði en í dag er þess varla kostur, enda hefur ríkisvaldið oftast gripið til þess ráðs þegar um sölu á fyrirtækjum eða hlutabréfum í fyrirtækjum er að ræða að selja það einstökum völdum aðilum, annaðhvort starfandi fyrirtækjum eða launþegum hjá viðkomandi fyrirtækjum.

Í sjöunda lagi vil ég minna á, ekki síst vegna umræðna um innri markað Evrópubandalagsins, að frjáls hlutabréfaviðskipti mundu ýta undir sameiningu fyrirtækja, stækka rekstrareiningarnar og auka samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja. Þetta er æskilegur undirbúningur undir það frjálsa fjármagnsflæði sem mun eiga sér stað í Evrópu eftir 1992 og hlýtur að ná til Íslands fyrr eða síðar. Byggi ég þá skoðun mína ekki eingöngu á hugmyndum sem uppi eru innan Evrópubandalagsins heldur ekki síður þeim hugmyndum sem samþykktar hafa verið á fundum norrænna ráðherra.

Á síðustu árum hafa orðið miklar breytingar á fjármagnsmarkaðnum. Stærsta breytingin er vitanlega sú að nú hafa lánastofnanir og aðrir aðilar sem stunda fjármagnsviðskipti frelsi til að ákveða vexti á almennum markaði. Þessi breyting hefur að ég tel óhikað orðið til góðs, einkum og sér í lagi vegna þess að þetta hefur minnkað hólfaskiptinguna á íslenskum fjármagnsmarkaði, samræmt vexti og svokallað okur eins og það var skilgreint áður í íslenskum lögum er horfið að mestu. Því miður hefur á undanförnum vikum og missirum þess gætt, einkum og sér í lagi hjá æðstu mönnum íslensku þjóðarinnar, að grípa þurfi til svokallaðra handaflsaðgerða, en þeim aðgerðum er ætlað að lækka vexti án tillits til þess hvernig markaðurinn er hverju sinni. Slíkar tilhneigingar eru að sjálfsögðu hættulegar og afturhvarf til grárrar forneskju.

Ég minni á það að á undanförnum vikum hefur átt sér stað barátta á milli tveggja hæstv. ráðherra í þessu máli, annars vegar hæstv. forsrh., sem beita vill handafli enda maður sterkur og af kraftamönnum kominn, og hins vegar Jóns Sigurðssonar, hæstv. viðskrh., sem um árabil hefur kynnt sér íslensk efnahagsmál meira og betur en flestir aðrir. Hæstv. viðskrh. vill fara hægar í sakirnar og viðurkennir að tilvera markaðarins getur leitt til bættra lífskjara. Hæstv. forsrh. trúir hins vegar á mátt sinn og megin. Vonandi verða þær heimildir sem hæstv. ríkisstjórn hefur leitað eftir í þessu sambandi ekki notaðar og treysti ég á að hæstv. viðskrh. muni ekki beita þeim.

Nú er nýbúið að setja lög til að tryggja starfsgrundvöll verðbréfasjóða og verðbréfafyrirtækja. Ég fagna þeirri löggjöf. Jafnframt ég fagna því að lög um kaupleigu hafa verið sett. Ég tel það af hinu góða. Hins vegar harma ég að hæstv. ríkisstjórn skuli ekki enn hafa snúið sér að því að setja eðlileg lög og eðlilegan hvata í lög til þess að koma á hlutabréfamarkaði. Það er nauðsynlegt að örva, ekki eingöngu eftirspurnina eins og gert er ráð fyrir í þessu litla frv. sem ég er hér að mæla fyrir, heldur einnig framboð á hlutabréfum.

Ég minni á í lokin að þeir aðilar sem langmestu fjármunina hafa á milli handanna eru lífeyrissjóðirnir. Þeir eiga fæstir þess kost að kaupa hlutabréf vegna hindrana í lögum og reglum eins og svo glögglega kom fram í umræðum um Atvinnutryggingarsjóð og Hlutafjársjóð Byggðastofnunar. Mér sýnist þess vegna vera full ástæða til þess að hæstv. fjmrh. dusti rykið af þeim frumvarpsdrögum sem fyrir liggja í skúffu fjmrn. um lífeyrissjóðina en einmitt í því frv. er gert ráð fyrir að lífeyrissjóðir geti varið 5% af því fjármagni sem þeir hafa til ráðstöfunar á ári hverju til hlutafjárkaupa.

Árið 1987 var talið að þessir fjármunir, sem lífeyrissjóðirnir með þessum hætti hefðu yfir að ráða, væru 50 millj. og gera má ráð fyrir því að sú upphæð sé nú talsvert hærri. Þannig fengist verulegt fé til hlutafjárkaupa. Ég held að það væri mjög gott ef lífeyrissjóðirnir, sem standa eiga undir lífskjörum hinna öldruðu í framtíðinni, tækju að sér nauðsynlega áhættu í atvinnulífinu, því atvinnulífi sem í framtíðinni er ætlað að standa undir bættum lífskjörum þeirra sem eiga að vinna fyrir iðgjöldum þeirra sem þá eru komnir að ævikvöldi.

Þessi frv. sem ég hef leyft mér að leggja fram á hinu háa Alþingi fjalla fyrst og fremst um eftirspurnarhliðina. Mér er ljóst að þau eru ekki víðtæk en lögfesting þeirra mundi þó þegar hafa sín áhrif að áliti þeirra sem best þekkja til þessara mála.

Að svo mæltu, virðulegur forseti, vil ég leyfa mér að fara fram á að þessu máli verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Frádráttur vegna fjárfestingar í atvinnurekstri, 1. umr.

Frv. FrS o.fl., 332. mál (ónýtt frádráttarheimild og ný hlutabréf). — Þskj. 601.

Flm. (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta frv. því að ég rökstuddi efnisatriði þess um

leið og ég flutti framsöguræðu fyrir því máli sem síðast var til umræðu hér á þessum fundi í hv. Nd.

Frv. gerir ráð fyrir því að útvíkka nokkuð heimildir sem nú eru fyrir hendi í lögum nr. 9/1984 og má greina þessar heimildir í tvennt: Annars vegar það sem kemur fram í 1. gr. frv. og beinist að því að færa megi á milli ára þá fjárhæð umfram frádráttarmörk sem lagt er til að verði í 2. gr. laganna. Hins vegar er gert ráð fyrir því að þegar nýtt hlutafé er boðið út í starfandi hlutafélagi þurfi ekki að vera fyrir hendi þau skilyrði um lágmarksfjárhæð hlutafjár og lágmarksfjölda hluthafa sem um getur í þessum lögum sem lagt er til að breytt verði. Hins vegar er áfram það skilyrði fyrir hendi að engar hömlur verði lagðar á viðskipti með þessi nýju hlutabréf.

Mér er ljóst, virðulegur forseti, að 2. gr. frv. kann að orka tvímælis, en eftir miklar vangaveltur varð niðurstaðan sú af hálfu flm. að leggja frv. fram í þessum búningi í þeirri von að fyrirtæki, lítil hlutafélög sem þyrftu á auknu hlutafé að halda, gætu nýtt sér þessa heimild og smám saman síðan vaxið upp í þá stærð að teljast almenningshlutafélög og falla þá algjörlega innan ramma laganna nr. 9/1984 og síðan gætu slík hlutafélög látið skrá hlutabréf sín á Verðbréfaþingi Íslands eða á almennum hlutafjármarkaði.

Ég tel ástæðulaust, virðulegur forseti, að fara mörgum orðum um þetta frv. Ég hef þegar flutt nokkuð ítarlega ræðu með síðasta máli sem hér var til umræðu en legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu sent til hv. fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lyfjadreifing, 1. umr.

Frv. GuðnÁ, 379. mál (lyfsöluleyfi). — Þskj. 717.

Flm. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að leggja hér fram frv. til laga um breytingu á lögum um lyfjadreifingu. Þetta er 379. mál þessa þings. Þar segir:

„1. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Lyfsöluleyfi má veita einstaklingum, samvinnufélögum, bæjar- og sveitarfélögum sem standa að rekstri heilsugæslustöðvar og Háskóla Íslands samkvæmt ákvæðum þessarar greinar."

Hér er lögð til talsverð breyting eða að frá núgildandi lögum sé réttur samvinnufélaga aukinn, en í núgildandi lögum segir:

„Samvinnufélög þau er öðlast hafa leyfi til að reka lyfjabúð fyrir gildistöku laga þessara halda leyfi sínu áfram."

Þar var réttur þeirra mjög takmarkaður við þetta verkefni. Ég tel óréttlátt að gera upp á milli rekstrarforma. Ég tel að félög fólksins hafi ekki reynst verr í atvinnurekstri en einstaklingsfyrirtækin.

Þar sem nú er komið fram frv. um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga þar sem lagt er til að rekstrarkostnaður heilsugæslustöðva greiðist úr ríkissjóði mætti jafnvel hugsa sér að það gæti verið ríkið sem eins ræki þessar lyfjaverslanir.

Með þessu frv. er lagt til að réttur samvinnufélaga til að reka lyfjabúðir verði efldur. Enn fremur er lagt til að bæjar- og sveitarfélög öðlist rétt til að reka lyfjabúðir. Með þessari breytingu flyst lyfjasala úr höndum lækna og hlýtur það að vera æskilegt eigi fullkominn trúnaður að ríkja. En svo mun allvíða vera háttað að þeir hafa með höndum rekstur lyfjabúða.

Lyfjasala er yfirleitt hagstæð rekstrareining. Smásöluálagning á lyfjum er há og rekstur lyfjabúða einfaldari í sniðum en áður var þar sem lyfjagerð fer þar ekki fram nema í mjög litlum mæli, aðeins 2% af heildarsölu lyfjabúða eru nú framleidd í lyfjabúðinni. Stærstur hluti lyfja er nú keyptur í lyfjabúðirnar frá heildsölu í stöðluðum formum og umbúðum sem ekki má rjúfa.

Ég vil hér máli mínu til stuðnings vitna í grein um heilbrigðismál eftir Ólaf Ólafsson landlækni sem birtist í fyrra í ritinu Sveitarstjórnarmálum. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í heilbrigðiskerfinu hefur þróun kostnaðar orðið sú, að nær enginn getur greitt þjónustuna að fullu, t.d. er kostnaður við einfaldan botnlangaskurð yfir 100 þús. kr. Þar af leiðandi greiðir ríkið mestalla þjónustuna. Á sömu leið er þessu farið í lyfjamálum. Lyfin eru orðin það dýr, að fæstir hafa efni á að greiða að fullu fyrir lyfjameðferð við smávægilegum kvillum, enda greiðir ríkið langt yfir 90% af lyfjakostnaði einstaklinga.

Með hliðsjón af þessari þróun, þ.e. að ríkið greiðir meira en 9/10 af kostnaðinum, liggur beinast við, að opinberir aðilar eigi og reki lyfjabúðirnar. Þar eð hagnaður af lyfsölu er góður, ýtir það á, að lyfsalan verði hluti af heilsugæslunni. Í héraði með 1000 manna byggð, þar sem lyfsalan er rekin af sveitarstjórn (heilsugæslu) dugar hagnaður af sölunni til þess að greiða hlut sveitarfélagsins í rekstri heilsugæslunnar, þ.e. laun ritara, afgreiðslustúlku í lyfjabúð, hreingerningu og allar rekstrarvörur.

Svipuð tillaga sem þessi hefur áður litið dagsins ljós. A.m.k. einu sinni strandaði framkvæmdin á, að ríkið var ekki í stakk búið til þess að kaupa lyfjabúðirnar. Nú er það tillaga mín, að sveitarfélögum verði veitt heimild til þess að kaupa lyfjabúðir. Breytingin verði í áföngum, og þess vegna verður kostnaði dreift. Sveitarfélög eru ekki síður í stakk búin til þess að standa að fjármögnun og lántöku við yfirtöku lyfjabúða en einstaklingar. Með ákvæði um faglegt eftirlit lyfjafræðinga með allri lyfjaafgreiðslu er séð fyrir því, að gæði lyfjaþjónustunnar séu tryggð. Því er lagt til:

1. Að lögum um lyfjadreifingu verði breytt á þann veg, að sveitarfélög eigi forgangsrétt á því að kaupa og reka lyfsölu eftir því sem lyfsöluleyfin renna út.

2. Að lyfsala verði undir faglegri stjórn lyfjafræðinga. Við minni lyfjabúðir skal heimilt að ráða lyfjafræðing sem ráðgefandi eftirlitsaðila.

3. Að lyfjagerð verði aðeins leyfð í þeim lyfjabúðum og útibúum, sem lyfjafræðingar stjórna.
4. Að sala vissra vandmeðfarinna lyfja verði einungis heimil í lyfjabúðum, þar sem fastráðnir lyfjafræðingar starfa."

Það er enginn vafi á því að víða er hagnaðurinn mikill af rekstri lyfjabúða og því ekki óeðlilegt, miðað við það sem ég hef hér sagt, að hagnaður af þessum rekstri renni til þjónustu við fólkið og komi því til góða. Því hef ég flutt þetta frv. og vænti þess að það fái hér þinglega meðferð og að að þessari umræðu lokinni verði málinu vísað til heilbr.- og trn. Nd.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. MálmS o.fl., 394. mál (umönnunarbætur). — Þskj. 737.

Flm. (Málmfríður Sigurðardóttir):

Herra forseti. Við Íslendingar teljum okkur búa í velferðarþjóðfélagi, státum okkur af löggjöf sem tryggi hag þeirra sem minna mega sín, sjúkra, aldraðra og öryrkja. Og víst er það að reginmunur er á aðstöðu þeirra frá því sem var áður en almannatryggingum var komið á fót, en lengi má gera betur en vel. Sífellt koma í ljós göt í kerfinu og jafnvel mismunun.

Þingkonur Kvennalistans hafa á undanförnum árum lagt fram fjölmörg mál til endurbóta á tryggingalöggjöfinni. Í umræðum hefur þeim yfirleitt verið tekið vel og þá vísað til þess að nú starfi nefnd að endurskoðun á almannatryggingalögum og sé þessum málum best fyrir komið í þeirri endurskoðun. Þessi títtnefnda endurskoðun hefur hins vegar staðið yfir á annan áratug og gerast nú ýmsir langeygir eftir verkalokum nefndarinnar, ekki síst þeir sem hafa bundið vonir við að fá leiðréttingu eða úrbætur á kjörum sínum í kjölfar nefndarstarfsins.

Lög um almannatryggingar, sem nú eru í gildi, kveða svo á að greiða megi maka elli- og örorkulífeyrisþega makabætur allt að 80% af grunnlífeyri og tekjutryggingu ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Við höfum kosið að binda þetta í lög.

Nú er það svo að fleiri en makar kunna að hafa tekið að sér umönnun elli- eða örorkulífeyrisþega, t.d. börn, tengdabörn, skyldmenni eða jafnvel vandalausir sem eru á sama heimili og sá sem umönnunarinnar nýtur. Við kvennalistakonur teljum eðlilegt að sá sem annast elli- eða örorkulífeyrisþega og getur ekki af þeim sökum stundað vinnu sér til framfæris hljóti einhverjar bætur vegna þess. Við kjósum að nefna það umönnunarbætur.

Sú stefna hefur að undanförnu rutt sér til rúms að rétt sé að elli- og örorkulífeyrisþegar njóti aðhlynningar í heimahúsum svo lengi sem þeir óska og fært telst. Flestir una sér best og líður best á eigin heimili og í því umhverfi sem þeir hafa vanist. Örorka fólks er af mismunandi orsökum og aðstaða þeirra sem annast þá mjög breytileg. Nefna má dæmi um móður sem er bundin við gæslu á þrítugum geðsjúkum syni. Hann er ekki nógu „veikur" til að fá inni á stofnun en þarf þó stöðuga gæslu. Hann hefur fullar örorkubætur og á þeim verða þau bæði að lifa því að hún getur ekki stundað vinnu og er algjörlega bundin við að gæta hans. Flestir ættu að geta skilið hvílík kjör þessu fólki eru búin og alls staðar er komið að luktum dyrum hjá því opinbera ef leitað er eftir stuðningi. Kerfið nær ekki til þessa fólks og fleiri slík dæmi má nefna.

Það er kostnaðarsamt fyrir ríkissjóð að vista einstakling á elliheimili eða sjúkrastofnun. Daggjald fyrir einstakling á elliheimili var 1. jan. 1989 1593 kr. Daggjald á hjúkrunarstofnunum var þá 2799 kr. þar sem það var lægst og 6353 kr. þar sem það var hæst. 1. jan. 1989 voru 80% af grunnlífeyri og tekjutryggingu 22.030 kr. á mánuði eða um 735 kr. á dag. Af þessum tölum má sjá að þó að almannatryggingar greiddu aðstandendum slíka upphæð sem 80% af grunnlífeyri og tekjutryggingu vegna umsjár einstaklings sem annars yrði að vera á stofnun sparaðist ríkinu samt sem áður mikið fé. Oft og tíðum leggur fólk hart að sér við að hafa ellihruma eða farlama ættingja í heimahúsum og við teljum sanngirnismál að hið opinbera komi til móts við þá. Því höfum við lagt fram á Alþingi frv. um að 13. gr. almannatryggingalaganna orðist svo:

„Maki eða annar heimilisfastur einstaklingur, sem annast elli- eða örorkulífeyrisþega og getur af þeim sökum ekki stundað vinnu utan heimilis, á rétt á umönnunarbótum er nemi allt að 80% af grunnlífeyri og tekjutryggingu.

Sá sem annast hefur elli- eða örorkulífeyrisþega í a.m.k. fimm ár samfleytt getur við lát hans eða lok umönnunar öðlast rétt til lífeyris hliðstæðum ekkjulífeyri njóti hann ekki greiðslna frá lífeyrissjóði eða Tryggingastofnun ríkisins og sé af einhverjum ástæðum ekki fær um að stunda vinnu utan heimilis.

Hafi einstaklingur ekki getað stundað vinnu vegna umönnunar elli- eða örorkulífeyrisþega samfleytt undanfarin fimm ár á hann rétt á styrk til starfs- eða endurmenntunar, samkvæmt mati tryggingaráðs, í því skyni að fá atvinnu á ný til að framfleyta sér þegar umönnunarstarfi lýkur."

Foreldraekkjur nefna Norðmenn uppkomið fólk sem hefur búið heima og hugsað um sjúka eða fatlaða foreldra eða foreldri sem ekki getur komist af án hjálpar. Yfirleitt eru þetta konur. Við lát foreldris eða umönnunarlok af öðrum ástæðum, svo sem vistun á sjúkrastofnun, er þetta fólk tíðum mjög illa sett í lífsbaráttunni. Algengt er til sveita að þessar foreldraekkjur sitji á jörð sem hefur lítinn sem engan fullvirðisrétt og er því verðlítil eða verðlaus eign. Yfirleitt eru það fullorðnar konur og ógiftar en ekki færar um að reka búskap án aðstoðar. Þær hafa oftar en ekki einangrast inni á heimilinu við einhæf störf og treysta sér ekki út á almennan vinnumarkað vegna

ókunnugleika við launuð störf en eru ekki komnar á ellilífeyrisaldur. Sjaldan geta þær talist öryrkjar en lenda milli stafs og hurðar í kerfinu þrátt fyrir það að þær með umönnunarstörfum sínum hafi án efa sparað ríkinu stórfé. Þessu frv. er ætlað að rétta hlut þessara einstaklinga og veita störfum þeirra viðurkenningu.

Ákvæðið um styrk til starfs- eða endurmenntunar handa þeim sem langtímum hafa verið bundnir innan heimilis við umönnun sjúkra, aldraðra eða öryrkja eru til þess að auðvelda þeim að framfleyta sér af eigin rammleik. Við samningu frv. hefur verið stuðst við norsk tryggingalög og tekið mið af því hvernig þar er staðið að bótum til þeirra sem frv. er ætlað að ná til.

Að lokinni umræðu, herra forseti, vil ég mælast til þess að frv. yrði vísað til heilbr.- og trn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kosningar til Alþingis, 1. umr.

Frv. KH o.fl., 416. mál (kosningarréttur). — Þskj. 776.

Flm. (Kristín Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir 416. máli þessa löggjafarþings um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 80/1987. Það er á þskj. 776 og meðflytjendur eru hv. þingkonur Málmfríður Sigurðardóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir og Kristín Einarsdóttir. Frv. er í þremur greinum sem hljóða svo, með leyfi forseta:

„1. gr. 1. gr. laganna orðast svo:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis eiga allir sem:

1. eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram,
2. eiga íslenskan ríkisborgararétt og
3. eiga eða hafa átt lögheimili hér á landi.

2. gr. 2. tölul. 15. gr. orðast svo:

Þá sem uppfylla skilyrði 1. og 2. tölul. 1. gr. og eiga ekki lögheimili hér á landi en hafa átt það, sbr. 3. tölul. 1. gr. Skulu þeir færðir á kjörskrá þar sem þeir áttu síðast heimilisfesti samkvæmt þjóðskrá. Séu liðin meira en átta ár frá því íslenskur ríkisborgari átti lögheimili hér á landi, talið frá 1. des. næstum fyrir kjördag, skal hann sækja sérstaklega um að vera færður á kjörskrá í því sveitarfélagi þar sem hann átti síðast lögheimili áður en hann fór af landi brott. Slíka umsókn skal endurnýja á átta ára fresti ef lögheimili er áfram erlendis. Sótt skal um á eyðublaði, útgefnu af Hagstofu Íslands, sem fáanlegt skal vera hjá Hagstofunni og erlendis á skrifstofum sendiráða Íslands, fastanefnda, sendiræðisskrifstofum og skrifstofum kjörræðismanna.

3. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi.“

Virðulegi forseti. Rétturinn til að kjósa fulltrúa á Alþingi og í sveitarstjórnum heyrir til almennum mannréttindum í lýðræðisþjóðfélagi. Þann rétt ber stjórnvöldum að tryggja öllum þjóðfélagsþegnum með sem allra minnstum takmörkunum. Kosningarrétturinn hér á landi er samkvæmt núgildandi lögum bundinn við 18 ára aldur, íslenskan ríkisborgararétt og lögheimili hérlendis eða hafa átt það á síðustu fjórum árum, talið frá 1. des. næstum fyrir kjördag.

Þessi tímamörk koma nokkuð misjafnt niður á Íslendingum búsettum erlendis þar sem misjafnlega hart er gengið eftir því að menn skrái lögheimili eftir því hvaða lönd eiga í hlut. Milli Norðurlandanna er þetta allt í föstum skorðum meðan fólk kemst upp með meiri losarabrag vegna dvalar í ýmsum öðrum löndum og með það eru landar okkar á Norðurlöndunum að vonum heldur óhressir. Svo er heldur ekki alveg sama hvað menn eru að bardúsa þar ytra því að námsmönnum líðst að dveljast þar lengur en fjögur ár án þess að missa kosningarrétt hér heima og er sú túlkun nokkuð frjálsleg og rúm, sem er reyndar mjög gott, enda er oft erfitt að gera greinarmun á eiginlegu skólanámi og verklegu námi.

Fyrir alþingiskosningarnar 1987 héldu námsmannafélög og Íslendingafélög á Norðurlöndunum fundi í Osló, Kaupmannahöfn, Stokkhólmi og Gautaborg og buðu fulltrúum allra framboða að kynna þar stefnu sína og fræðast um þau mál sem Íslendingum á erlendri grundu liggja þyngst á hjarta. Þetta var ákaflega fróðleg og skemmtileg ferð og margt sem bar á góma. Eitt af því var kosningarréttur Íslendinga erlendis og var auðfundið að flestum var verulega annt um þennan rétt og þótti hart að missa hann eftir aðeins fjögurra ára búsetu erlendis. Sumir virtust líta á þessa takmörkun sem ákveðna höfnun að heiman og það er hún að vissu leyti. Þetta ákvæði svo og misjafnar reglur og formsatriði eftir löndum valda og viðhalda mismunun sem er afleit að mati flytjenda þessa frv.

Til þess að hreyfa þessu máli bar sú sem hér stendur fram fsp. til dómsmrh. á síðasta þingi um afleiðingar þessa ákvæðis og um hvort uppi væru áform um að bæta stöðu Íslendinga búsettra erlendis hvað þetta varðar. Í umræðum á Alþingi um þessa fsp., en afrit af þeim er birt sem fskj. með þessu frv., kom fram áhugi margra þingmanna og þáv. dómsmrh. til þess að gera þær breytingar á kosningalögunum sem tryggðu betur rétt Íslendinga erlendis til að greiða atkvæði við alþingiskosningar. Síðan hefur hins vegar ekkert komið fram sem staðfestir vilja framkvæmdarvaldsins í því efni og eru það vissulega vonbrigði eftir viðbrögðin í fyrrnefndum umræðum.

Kvennalistakonur hafa því lagt fram þetta frv. hér á Alþingi um það að fella þessi tímamörk um lögheimili alveg niður eins og fram kemur í 1. gr., en eina breytingin sem fram kemur í 1. gr. frv. er við 3. tölul. greinarinnar og felur í sér að íslenskir ríkisborgarar, 18 ára og eldri, sem búsettir eru er-

lendis og eiga ekki lögheimili hérlendis öðlast nú kosningarrétt hafi þeir átt lögheimili á Íslandi áður en þeir fóru af landi brott.

Um 2. gr. er það að segja að hún skýrir sig náttúrlega að flestu leyti sjálf, en í 15. gr. kosningalaganna, sem þarna er gerð tillaga um breytingu á, er fjallað um það hvar og hvernig kjósendur skuli færðir á kjörskrá og í 2. tölul. þeirrar greinar er fjallað um þá sem ekki eiga lögheimili hér á landi. Þó að í 1. gr. þessa frv. sé lagt til að lögheimili erlendis takmarki ekki kosningarrétt íslenskra ríkisborgara þykir þó rétt að gera mönnum skylt að staðfesta þann rétt með vissu millibili til þess að kjörskráin verði sem áreiðanlegust. Í þessari grein er lagt til að það sé gert á átta ára fresti.

3. gr. þarfnast ekki skýringar þar sem hún fjallar aðeins um gildistöku frv.

Virðulegi forseti. Kosningalögunum var síðast breytt árið 1987, en þau hafa nú um nokkurt skeið verið til umfjöllunar í sérstakri stjórnarskrárnefnd og sér engan veginn fyrir endann á því starfi enn þá. Kosningar geta orðið fyrirvaralítið eins og við þekkjum og er hart til þess að vita ef löggjafinn hefur þá ekki rétt hlut íslenskra ríkisborgara á erlendri grundu. Það er að okkar mati óþarfi, að ekki sé meira sagt, að refsa þeim fyrir búsetu erlendis, enda er staðreyndin sú að flestir flytja aftur heim til Íslands með dýrmæta reynslu og þekkingu sem nýtist ekki aðeins þeim sjálfum heldur einnig landi og þjóð.

Nú er vissulega ekki aðeins orðið áliðið á nóttu heldur áliðið þings en vel mætti þó afgreiða þetta frv. *ef áhugi og vilji væri fyrir hendi. Nútímafólki finnst* kosningarréttur inn jafnsjálfsagður og andrúmsloftið sem við teygum að okkur. Þess er þó hollt að minnast að ekki eru mörg ár liðin síðan þessi sjálfsagði réttur var eingöngu bundinn við kyn og ákveðna stöðu í þjóðfélaginu. Það var þannig ekki fyrr en árið 1920, eða fyrir tæpum mannsaldri, að konur fengu loks fullgildan kosningarrétt á við karla. Því hafa konur ekki gleymt og munu ekki gleyma og e.t.v. þess vegna skilja þær mætavel réttmæta ósk Íslendinga búsettra erlendis um að fá að varðveita kosningarréttinn hérlendis svo lengi sem þeir eru íslenskir ríkisborgarar.

Virðulegi forseti. Að lokinni umræðu um þetta frv. legg ég til að því verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. KH o.fl., 429. mál (ónotaður persónuafsláttur barna o.fl.). — Þskj. 789.

Flm. (Kristín Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Þetta er 429. mál þessa þings og meðflm. eru hv. þingkonur Kvennalistans hér í Nd.: Þórhildur Þorleifsdóttir, Kristín Einarsdóttir og Málmfríður Sigurðardóttir. Frv. er í þremur greinum sem hljóða svo, með leyfi forseta:

„1. gr. Við 2. mgr. A-liðar 68. gr. laganna bætist svohljóðandi málsliður:

Einstæðum foreldrum er heimilt að nýta á sama hátt ónotaðan persónuafslátt barna sinna sem eiga hjá þeim lögheimili.

2. gr. Við 83. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Falli annað hjóna frá greiðir eftirlifandi maki eignarskatt eftir sömu reglum og um hjón væri að ræða meðan hann situr í óskiptu búi.

3. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 1. gr. koma til framkvæmda 1. júlí 1989, en ákvæði 2. gr. gilda um álagningu eignarskatts á árinu 1989 á eignir í árslok 1988."

Virðulegi forseti. Í þessu frv. eru lagðar til tvær breytingar á lögunum um tekjuskatt og eignarskatt.

Sú fyrri felur það í sér að einstæðir foreldrar geti nýtt ónotaðan persónuafslátt barna sinna en samkvæmt núgildandi lögum er aðeins hægt að færa ónotaðan persónuafslátt á milli hjóna, þ.e. eins og segir hér í athugasemdum við 1. gr. að í A-lið 68. gr. laganna er ákveðið um að bæta megi 80% af ónotuðum persónuafslætti annars hjóna við persónuafslátt hins þegar fundinn er tekjuskattur framteljanda. Sem sagt aðeins á milli hjóna og er þannig í raun gert upp á milli sambúðarforma. Hér er lagt til að einstæðir foreldrar *geti nýtt ónotaðan persónuafslátt barna sinna með* sama hætti og til þess liggja gild rök að mati flytjenda.

Flest ungt fólk stundar nú nám fram eftir aldri til undirbúnings lífsstarfi sínu og nýtur á meðan margháttaðrar aðstoðar frá foreldrum, svo sem ókeypis fæðis og húsnæðis og annarrar aðstoðar hjá foreldrum. Slíkt þykir öllum sjálfsagt, en er misjafnlega auðvelt eftir aðstæðum. Mörgum einstæðum foreldrum er það erfitt og jafnvel ókleift og er þetta ákvæði fyrst og fremst ætlað til þess að auðvelda þeim þetta hlutverk.

Auðvitað má segja að ganga hefði mátt enn þá lengra því að vissulega er um margs konar annað sambúðarform að ræða, t.d. systkini. Við völdum að ganga ekki lengra að þessu sinni en að binda þessa heimild við einstæð foreldri og börn þeirra.

*En þess má svo geta að á sínum tíma voru kvenna*listakonur andvígar þessu ákvæði um millifærslu persónuafsláttar á milli hjóna og vildu heldur nýta það fé sem þannig er fært til til hækkunar barnabóta, enda í mörgum tilfellum einmitt um það að ræða að annað foreldrið er tekjulágt eða tekjulaust þar sem það helgar sig umönnun eigin barna. Sú skoðun hefur ekki átt upp á pallborðið hér en margir deila með okkur þeirri skoðun að ósanngjarnt sé að gera upp á milli sambúðarforma. Um þetta hefur að vísu ekki mikið verið ritað, en þeim mun fleiri, sérstaklega einstæðar mæður, hafa haft samband við okkur og vafalaust fleiri hv. þm. um þetta atriði.

Ég minni á það að einstæður faðir ritaði kjallara-

grein í DV í október sl. sem tók á þessu atriði og skýrði hvernig þessi mismunun kemur niður á honum og syni hans. Freistandi væri að lesa hana upp hér fyrir hv. þm., en bæði er nú orðið áliðið og eins er þetta til á prenti svo að hv. þm. geta kynnt sér það. Ég læt mér því nægja að vitna lítillega í bréf frá sama manni, en því fylgdi jafnframt ljósrit af fyrrnefndri grein, svo og gögn frá ríkisskattstjóra sem eru svör við fyrirspurnum greinarhöfundar, Herberts Guðmundssonar. Þetta bréf er dags. 20. des. 1988 og er stílað til áhrifamanna í skattamálum. Og yfirskriftin er: „Skattalögin fela í sér hróplega mismunun." Hann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Eins og staðfest er í svari RSK [sem er ríkisskattstjóri] við fyrirspurnum mínum er skattþegnum í sömu eða líkri stöðu og ég er í hróplega mismunað í gildandi skattalögum þegar gerður er samanburður við sams konar fjölskyldu í öðrum innbyrðis tengslum. Mér telst til ef ég nota raunverulegar tölur um mig og son minn á þessu ári að við borgum um það bil 125 þús. kr. hærri beina skatta á árinu en ef sonur minn væri eiginkona mín og aðstæður að öðru leyti þær sömu. Að auki nýt ég ekki húsnæðisbóta, enda utan þess kerfis á meðan ég hef ekki efni á að veita mér eigin húsnæði.

Eftir birtingu meðfylgjandi kjallaragreinar hafði fjöldi fólks samband við mig, flest sem ég þekki hvorki haus né sporð á með nákvæmlega sömu sögu á bakinu og í mörgum tilfellum enn þá hrikalegri, þar sem um fleiri börn er að ræða. Ég hef hins vegar ekki orðið var við viðbrögð ráðamanna í skattamálum og þar sem mér sýnast fyrirhugaðar skattabreytingar enn ætla að auka á greinda mismunun hlýt ég að vekja athygli ykkar á þessu máli hér og nú. Tæpast hefur það verið ætlun Alþingis að standa fyrir málum á þann veg sem hér um ræðir. Ég hlýt því að vona að í það minnsta verði þessari mismunun aflétt og vissulega væri það þinginu til sæmdar að bæta þeim skaðann sem orðið hafa fyrir barðinu á svo hróplegri mismunun í skattheimtu og hér um ræðir."

Síðan vekur hann athygli á þeim hringlanda sem er ríkjandi við greiðslu mæðralauna, barnabóta og meðlaga og allt eru þetta réttmætar ábendingar sem ástæða væri til að fjalla um en koma kannski ekki akkúrat við þessu máli. En ég vildi vitna til þessa bréfs máli mínu til stuðnings því að ég tel að hér sé um afar mikilvægt sanngirnismál að ræða sem ég vona að flestir hv. þm. séu okkur flytjendum þessa frv. sammála um.

Síðari breytingin í þessu frv. sem fram kemur í 2. gr. þess varðar skattlagningu á eignir, en í desember sl. samþykkti Alþingi lög um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt þar sem m.a. var tekin upp ný þrepaskipting í eignarskatti. Er nú miðað við 7 millj. kr. eign hjá einstaklingi og þar af leiðandi 14 millj. kr. eign hjá hjónum. Það er vissulega álitamál hvort þessar viðmiðunartölur eru réttar og hvort ekki væri eðlilegra að hafa þrepið hlutfallslega hærra hjá einstaklingum en hjónum. Hins vegar er það að dómi flytjenda þessa frv. ekkert álitamál að tvöföldun eignarskattsstofns annars hjóna við fráfall hins er óréttlæti og baggi sem margir fá ekki risið undir. Það verður að teljast heldur kaldranaleg kveðja frá yfirvöldum við slíkar aðstæður að neyða eftirlifandi maka til algjörrar uppstokkunar á heimilishögum fyrr en viðkomandi er sjálfur tilbúinn til þess. Oft er um eldra fólk að ræða sem á erfitt með að horfast í augu við allt það umstang og viðbrigði sem fylgja búsetuskiptum og þarf miklu lengri umþóttunartíma en skattalöggjöfin gefur færi á. Sé um yngra fólk að ræða eru oft börn á framfæri eftirlifandi sem æskilegt er að þurfi ekki að þola búseturöskun ofan á aðra erfiðleika tengda foreldramissinum. Þá má minna á að mjög margar konur í þessari aðstöðu hafa lágar tekjur og eru jafnvel ekki í lífeyrissjóði.

Rétt er að minna á það að kvennalistakonur greiddu atkvæði gegn frv. um tekjuskatt og eignarskatt í desember sl. og töldu það algjöra óhæfu að auka svo grimmilega skatta á almennt launafólk, ekki síst þar sem launafólki var þá haldið í fjötrum launafrystingar og samningsbanns. Annað mál er það að við lýstum okkur hlynntar hækkun skatta á eignir umfram hófleg mörk en töldum þau mörk sem fjmrn. setti of lág. Þau voru að vísu hækkuð í meðförum þingnefndar, en e.t.v. ekki nægjanlega. Um það má vitaskuld alltaf deila. En frekari leiðrétting fékkst hins vegar ekki á þeim allt of skamma tíma sem alþm. fengu til þess að fjalla um þessar breytingar á tekjuskatts- og eignarskattslögunum og sérstakt vandamál ekkna og ekkla var algjörlega skilið eftir. Ef ég man rétt, þá var það aðeins mjög lauslega rætt í tengslum við þessar breytingar og ég er sannfærð um að mjög margir hv. þm. hreinlega gerðu sér ekki grein fyrir afleiðingum þessarar lagasetningar.

Því miður gerist það nú ár eftir ár, í desemberönnunum sérstaklega, að keyrðar eru gegnum þingið vanhugsaðar breytingar á tekjuöflunarkerfi ríkisins til þess að reyna að fá réttar niðurstöður úr fjárlagadæminu. Oftast bíður það svo nýrrar ríkisstjórnar að leiðrétta mistökin sem höfundar vilja ekki kannast við. Eins og ég sagði má endalaust deila um það hvað teljast megi eðlilegar og hóflegar eignir og eins hvort ekki væri t.d. sanngjarnt að hafa eignarskattsþrepið hærra hjá einstaklingum hlutfallslega en hjónum. Hins vegar er það ekkert álitamál að tvöföldun eignarskattsstofns annars hjóna við fráfall hins sem leitt getur til meira en tvöfalt hærri skattgreiðslna af sömu eign er óréttlæti og baggi sem margir fá ekki risið undir. Mig undrar raunar að fjmrn. skuli ekki hafa séð sóma sinn í því að leiðrétta þetta augljósa ranglæti. — Og er nú hæstv. fjmrh. og annarra ábyrgðarmanna á þessum málum sárt saknað hér í salnum. Þó að hv. þm. sé ætlað að hafa þrek til næturfunda, þá virðist það sama ekki gilda um ráðherra. — Því verður tæpast trúað að það hafi verið ætlun yfirvalda að beita ekkjur og ekkla skattpíningu af þessu tagi, þ.e. að nota tækifærið við fráfall annars hjóna til að krefja hitt um meira en tvöfalt hærri skatt af sömu eign heldur en þau greiddu sameiginlega áður, þ.e. beinlínis að græða á dauða manna.

Vissulega eru möguleikar í skattalögunum á að taka tillit til aðstæðna við tilfelli sem þessi, en þeir möguleikar duga hvergi til. Þessi aðför að ekkjum og ekklum sem hv. Alþingi slysaðist til að samþykkja í desember sl. hefur að vonum orðið mörgum tilefni heilabrota og hneykslunar og ýmsir hafa vakið máls á þessu við þá sem hér stendur, m.a. lögfræðingur með margra ára reynslu af skiptingu dánarbúa og aðstoð við eftirlifandi maka. Við kvennalistakonur sáum ekki aðra lausn betri en lögð er til í þessu frv., þ.e. að við fráfall annars hjóna verði álagning skatta á sömu eign áfram með sama hætti og um hjón væri að ræða svo lengi sem eftirlifandi maki situr í óskiptu búi.

Virðulegi forseti. Ég tel mig hafa gert grein fyrir þessu frv. Það hefði sannarlega mátt fara miklu fleiri orðum um þetta og hefði auðvitað verið æskilegt að hér væru fleiri viðstaddir, og þá ekki síst þeir sem hafa betri tök á að framkvæma þann vilja sem hér kemur fram. En við því er ekkert að segja annað en það að halda áfram að reyna að vinna málinu brautargengi.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Batnandi konum er best að lifa. Það er ánægjulegt að Kvennalistinn, sem hefur ekki verið þekktur fyrir mjög öfluga andstöðu við eignarskatta, skuli hafa tekið þetta mál sem hér er til umræðu upp á sína arma.

Hér í þinginu liggur reyndar fyrir annað frv., sem hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir hefur flutt ásamt mér og fleiri þingmönnum, sama efnis og 2. gr. þess frv. sem hér er til umræðu. Auðvitað er það staðreynd að eignarskattsákvæði þess frv., sem hér var samþykkt fyrir jólin, var hneyksli þá, er hneyksli núna og verður enn þá meira hneyksli þegar það rennur upp fyrir fólki í sumar hvað hér raunverulega skeði, þegar fólk fær skattseðlana í hendur því að eignarskattsálagningin hefur ekki farið fram og það er fjöldi manns sem gerir sér enga grein fyrir því hvað í þessum lögum felst.

Eitt af þeim nýmælum sem tekið var upp í sambandi við skattlagningu á eignir hér fyrir jólin var þetta sérstaka stóreignaþrep sem svo var kallað. Við sjálfstæðismenn og reyndar ýmsir fleiri mótmæltum því mjög harðlega. Kvennalistinn gerði það hins vegar ekki og mér heyrðist á máli hv. flm. að álitamálið sem hún teldi vera í þessu sambandi væri það hvort þessi mörk ættu ekki að vera eitthvað hærri. Ég man það vel að við sameinuðumst um það hér í hv. fjh.- og viðskn. fyrir jólin að þrýsta á um að fá þessi mörk hækkuð með þeim árangri að þau voru hækkuð úr 6 millj. í 7 fyrir einstaklinga. Þegar útreikningar voru reknir framan í stjórnarliðið til þess að sýna þeim fram á það svart á hvítu hvers konar gríðarlegar hækkanir hér væru á ferðinni, þá féllust þeir á að hækka þetta um 1 millj. Hins vegar er það svo að tiltekinn hópur fólks, ekklar og ekkjur, fer alveg sérstaklega illa út úr þessu dæmi og reyndar verr en allir voru búnir að átta sig á þegar frv. var hér til meðferðar.

Ég skrifaði grein í Morgunblaðið í janúar og benti m.a. á þetta og mig minnir að dæmið sem ég hafi tekið hafi verið um hjón sem áttu 10 millj. kr. eign. Af þessari eign þurftu þessi hjón að borga 64 þús. kr. á að giska í eignarskatta áður en þessar lagabreytingar náðu fram að ganga. Eftir að annar aðilinn fellur frá þarf sá sem eftir lifir að borga 150 þús. kr. af sömu eign. Meira en tvöfalt hærri skatt. Þetta er vegna þess að fríeignarmark annars aðilans fellur niður og það þarf að borga fullan skatt af 2,5 millj. sem ekki var áður meðan þær voru í eign þess aðila sem fallinn er frá og þar að auki fara nú 3 millj. af þessum 10 í hið sérstaka stóreignaþrep, en ekkert fór í það þrep áður á meðan hér var um að ræða tvo aðila með 5 millj. kr. eign hvor fyrir sig.

Auðvitað er þetta ekkert annað en hrein svívirða og hreint hneyksli að svona mál skuli fara hér í gegnum þingið. Ég er ekkert undrandi á því að kvennalistakonum, sem hafa ekkert sérstaklega verið andvígar eignarskattinum, skuli ofbjóða. En ef að líkum lætur mun fjmrh. og hans fylgisveinar hér í þinginu láta sér fátt um finnast.

Ég tel að það séu afar litlar líkur á því að hægt sé að ýta stjórnarliðinu til þess að gera hér einhverja bragarbót þannig að hér verður fjöldi fólks í sumar sem mun vakna upp við vondan draum. Kannski vakna einhverjir úr stjórnarliðinu upp við vondan draum þegar þeim verður ljós ábyrgðin á því sem þeir hafa samþykkt í þessum lögum sem afgreidd voru fyrir jólin.

Ég gat um það, herra forseti, að Ragnhildur Helgadóttir ásamt þremur öðrum þingmönnum Sjálfstfl. hefði flutt frv. sama efnis og 2. gr. þess frv. sem nú er til meðferðar. Þar er að vísu eilítið önnur útfærsla tæknilega. Brtt. þar er við 81. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt en ekki 83. gr. Um þetta má sjálfsagt ræða en ég tel víst að þarna sé hægt að finna samkomulagsgrundvöll vegna þess að það sem fyrir flm. beggja frumvarpanna vakir er það sama, þ.e. að koma í veg fyrir það að með eignarsköttum sé sérstaklega níðst á fólki sem missir maka sinn á þeim tíma þegar það gerist, þegar fólk býr í óskiptu búi og á sér einskis ills von af hálfu yfirvalda. Ég tel því að það megi auðveldlega sameina þessi frv. í hv. fjh.- og viðskn. ef vilji er fyrir því á annað borð hjá stjórnarliðinu. En eins og ég segi þá efast ég mjög um að svo sé.

Hinn þátturinn í þessu frv. sem mælt hefur verið fyrir snýr að ónotuðum persónuafslætti barna einstæðra foreldra. Eins og mörgum er kunnugt er hér um að ræða vandamál, ekki síst hjá þeim sem hafa unglinga á framfæri sem ekki vinna nægilega mikið til þess að eyða öllum sínum persónuafslætti. En unglingar eru gjarnan mun frekari til framfærslu en minni börn og því er hér um að ræða oft og tíðum mikla framfærslubyrði sem ekkert er komið til móts við í sköttum eins og þó er gert við minni börnin t.d. í sambandi við barnabætur.

Ég vil vekja athygli á því að á síðasta þingi flutti María E. Ingvadóttir, sem þá sat á þingi sem varamaður, frv. sem var efnislega á svipaða lund, þar sem gert var ráð fyrir að heimilt yrði fyrir framteljanda að nýta óráðstafaðan skattafslátt barna sinna eldri en 16 ára sem lögheimili ættu hjá framteljanda. Í því frv. sem nú er til umræðu er hins vegar gert ráð fyrir því að einstæðum foreldrum einum verði heimilt að nýta ónýttan persónuafslátt barna sinna og ekki tekið fram að þau skuli vera yfir 16 ára að aldri. Mig minnir reyndar að börn undir þessum aldri hafi ekki sérstaklega mikið af persónuafslætti til ráðstöfunar, en það er annað mál og mun þá koma fram í nefndinni ef þarna er tæknilegur galli.

En hitt finnst mér kannski ekki síður merkileg stefnubreyting hjá Kvennalistanum sem hér kom fram í framsöguræðu og eins í grg., að sérsköttunarhugmyndin er víkjandi, a.m.k. að sinni, og Kvennalistinn treystir sér til þess að flytja tillögur sem ganga út á áframhaldandi samsköttun að þessu leyti til.

Í því sambandi vildi ég vekja athygli á því að einn af varaþm. Sjálfstfl., Sólveig Pétursdóttir, hefur flutt frv. í Ed. um að hækka það hlutfall persónuafsláttar sem unnt er að flytja á milli hjóna, en það er nú eins og kunnugt er 80% persónuafsláttar þess maka sem ekki nýtir sinn afslátt. Hins vegar er ljóst að bæði er slík breyting, úr 80% í 100%, kostnaðarsöm fyrir ríkissjóð og eins er það náttúrlega matsatriði hvar eigi að draga þessi mörk vegna þess að óneitanlega fylgir því ákveðið hagræði og ákveðinn sparnaður ef annar maki er heimavinnandi. Það fylgir því ýmis kostnaður þegar bæði hjón vinna utan heimilis sem kannski er ástæða til þess að taka tillit til í þessu viðfangi. Það er því margt sem þarf að huga að þegar þessi mál eru skoðuð og réttilega er persónuafsláttur barna eða unglinga sem ekki nýtist eitt af því eins og fram kemur í því frv. sem hérna er til umræðu.

Nú þurfa menn ef vilji er fyrir því að koma til móts við eitthvað af þessu að gera það upp við sig hvað skiptir mestu máli. Ég tel náttúrlega alveg tvímælalaust að það komi ekkert annað til greina en að fella niður þessi fráleitu eignarskattsákvæði sem samþykkt voru hér í vetur. Þau eru með slíkum endemum að þau fá ekki staðist og raunar á það við um hið nýja stóreignaskattsþrep líka að mínum dómi, ekki bara áhrifin varðandi ekkjur og ekkla, og margt, margt annað í þessum lögum sem þingið glaptist til þess að samþykkja hér fyrir jólin.

En þegar kemur hins vegar að spurningunni um að verja fjármunum til þess að hækka persónuafslátt, þá verða menn að setjast niður og gera það upp við sig hvernig þeim peningum er best varið. Er hægt að hugsa sér einhver aldursmörk í því efni miðað við t.d. 16–18 ár? Eða á að ganga lengra í átt til þess að minnka þann mun sem kemur fram í 80%-reglunni sem ég gat um áðan og sem Sólveig Pétursdóttir hefur gert tillögu um að fella niður og fara með í 100%? Mér finnst það kannski ekki aðalatriði á þessu stigi hvaða afstöðu menn taka til þess.

Mér finnst mikilvægt að hér skuli vera frv. um þetta atriði og að það skuli komin upp umræða á þessum grundvelli og ég tel alveg sérstaklega mikilvægt og jákvætt að það skuli vera Kvennalistinn sem fitjar upp á því.

Hitt er náttúrlega orðin venja að þegar óbreyttir þingmenn leyfa sér að flytja frv. um þessi efni og dirfast að fara fram á umræður um það, þá sjá náttúrlega ráðherrar, eða sá ráðherra sem er ábyrgðarmaður þessara mála, hæstv. fjmrh., ekki neina sérstaka ástæðu til þess að vera viðstaddir, enda lúrir hæstv. fjmrh. eflaust á sínu græna eyra nú þegar klukkan er að verða hálfþrjú.

Ég skal ekki, herra forseti, lengja þetta mál umfram það sem orðið er. Ég teldi mjög brýnt og þarft ef hægt væri í fjh.- og viðskn. að sameina þessi tvö frv., 429. mál og 444. mál, sem Ragnhildur Helgadóttir og fleiri hafa flutt að því er varðar skattlagningu á ekkjum og ekklum. Ég teldi það mikið framfaramál. Ég er jafnframt mjög hlynntur því að þetta sem snýr að einstæðum foreldrum og skattafslætti barna eða unglinga verði sérstaklega skoðað. En ég geri mér grein fyrir því að það er væntanlega mun kostnaðarsamara fyrirtæki og þar að auki ekki hlutur sem beinlínis er hægt að kenna núverandi ríkisstjórn um því að þetta er ekki eitt af því sem hún kom inn í lögin um tekjuskatt og eignarskatt. Hins vegar er full ástæða til þess að ræða það mál og kanna með hvaða hætti er unnt að koma til móts við þá aðila sem þarna er um að ræða sem vissulega búa oft við mjög erfiða og þunga framfærslubyrði án þess að nokkuð sé komið til móts við þá að því er varðar skatta.

Ég vil síðan leyfa mér að vona, herra forseti, að hv. fjh.- og viðskn., þó hún sé nú önnum kafin um þessar mundir, gefi sér tóm til að taka afstöðu til þessara mála því að hér er hreyft málum sem vissulega eiga fullan rétt á sér og stjórnarliðið, fjmrh. og fylgismenn hans og stuðningsmenn hér á þinginu, yrðu menn að meiri ef þeir tækju þau til greina, ekki síst það atriði er varðar skattlagningu á ekkjur og ekkla og þau mistök og það hneyksli sem hér varð í því sambandi fyrir jólin.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Það er nú að bera í bakkafullan lækinn að vera að taka til máls núna þegar klukkan er orðin rétt um hálfþrjú, en þó verður ekki hjá því komist að lýsa yfir stuðningi við frv. í meginefnum.

Ég er búinn að ræða um þessa eignarskatta fram og til baka hér nokkrum sinnum í þinginu síðan þeir voru samþykktir og vil minna á það að þegar þetta frv. var samþykkt hér gerði ég grein fyrir atkvæði mínu, einn þm. hér í þinginu, og var þá með útreikninga á því hvað þetta þýddi. Ég hafði reyndar gert mér vel grein fyrir því að hér var um verulegar hækkanir að ræða og kemur það fram í bókun sem ég gerði þá þegar frv. var samþykkt.

Ég vil rétt undirstrika það sem ég sagði áðan, að ég hef komist að þeirri frumlegu niðurstöðu að einhleypingar eru líka fólk og þó að ekkjur og ekklar eigi auðvitað allan rétt má ekki gleyma því að það er stór

hópur sem er einhleypingar og bera sama skatt og ekkjur og ekklar og eru oft kannski með jafnstórar eignir og umrætt fólk og ekkert hærri tekjur. Meginniðurstaðan er hins vegar sú í sambandi við eignarskattana og stóreignaskattinn að svæðið sem við erum nú á, frá Seltjarnarnesi og til Hafnarfjarðar, er aðalsvæði þessa skatts og fer hann lækkandi síðan um byggðir landsins, hærri í þéttbýli og nær enginn þegar kemur í strjálbýli. Ég tók sem dæmi áðan að ef við tökum hv. formann þingflokks Framsfl., sem fellur undir þessar breytingar sem hv. 10. þm. Reykn. mælti fyrir, mundi hann ekki bera mikla eignarskatta þó að hann sé ekkill vegna þess að á hans svæði bera eignir sáralitla skatta í samanburði við svæðið hér. Og ég minntist á t.d. dæmi úr Morgunblaðinu um eignarskatta en þar er munur á einstaklingi hér og einstaklingi í hans byggðarlagi þúsundfaldur, þ.e. hann mundi greiða 17 þús. í því byggðarlagi en hér í Reykjavík eða á Reykjanesi eru það 172 þús. af sambærilegri eign upp á 10,7 millj. og er þá reiknað með að bíll sé inni í því. Það er því ljóst að þetta er fyrst og fremst spurningin um það hvar menn búa hvort húseignir bera eignarskatta eða ekki. Sambærilegt húsnæði ber mjög háa skatta hér á þessu svæði en enga skatta víða í strjálbýli þannig að mönnum er mismunað stórlega með íbúðarhúsnæði í huga og þetta er held ég meginniðurstaðan. Síðan er það þessi mismunur á milli einhleypinga og hjóna sem er allt upp í rúmlega 2000-faldur miðað við sambærilega eign þannig að hér er um gífurlega mikla mismunun að ræða og verður ekki fram hjá því litið. Ég held því að menn ættu að sameinast um það að breyta eignarsköttum af íbúðarhúsnæði í þá veru að íbúðir og íbúðarhúsnæði beri sem minnsta skatta, helst enga, og beri þá a.m.k. sambærilega skatta um allt land því að ef það hefði legið fyrir að sambærilegir skattar hefðu lagst á sambærilegt húsnæði úti á landsbyggðinni hefði þetta aldrei verið samþykkt. Það eru staðreyndir málsins. Það er því mikilvægt að því sé komið til skila til kjósenda hér á Reykjanesi og Reykjavíkursvæðinu að þetta er skattur á þetta svæði, fyrst og fremst. Og það verður að lækka þennan skatt.

Flm. (Kristín Halldórsdóttir):

Hæstv. forseti. Af einlægri samúð með virðulegum forseta og þeim fáu hv. þm. sem enn eru hér í húsinu, svo og því starfsliði sem er bundið hér vegna málgleði okkar og vinnusemi, skal ég vera ákaflega stuttorð, en ég vildi þó ekki láta það hjá líða að þakka hv. 17. þm. Reykv. og hv. 11. þm. Reykn. fyrir þátttöku þeirra í þessari umræðu og orð þeirra.

Ég vildi aðeins minnast á örfá atriði. Hv. 17. þm. Reykv. talaði um gleðilega stefnubreytingu hjá Kvennalistanum. Hér er í rauninni alls ekki um stefnubreytingu að ræða. Ég minnti reyndar á það í máli mínu að kvennalistakonur hefðu verið andvígar því á sínum tíma að tekin yrði upp þessi millifærsla á ónotuðum persónuafslætti milli hjóna og til þess lágu ákveðnar ástæður sem kannski er of langt mál að fara nákvæmlega út í hér, en við vildum m.a. nota þetta fé sem þarna er fært á milli frekar til þess að hækka barnabætur, en auk þess var þetta að okkar dómi prinsippmál sem okkur finnst varða sjálfstæði kvenna. En það fór nú svo að við urðum rækilega undir með þá skoðun hér í þinginu og virðist enginn vilji fyrir því að hlusta á nein rök þeirri stefnu til stuðnings.

En eitt var það m.a. sem við færðum fram í þeirri umræðu og það er sú staðreynd að heimili er ekki sjálfstæð skatteining og því óeðlilegt að líta á þetta sem eina heild, en ef svo væri gert hlytum við að taka tillit til þess að heimili eru samansett á ýmsan máta. Það eru ekki bara hjón, það eru ekki bara karl og kona í sambúð, sem okkur finnst mega veita þennan rétt, heldur er um fleiri sambúðarform að ræða og hér er tekið á einu slíku sambúðarformi. Það er, eins og ég sagði áðan, kannski ástæða til þess að taka fleiri sambúðarform inn í þetta en okkar hugsun var sú að þarna sviði sárast, þarna væri sárust neyðin, og þar eð þetta ákvæði væri greinilega orðið nokkuð fast þarna og yrði ekki úr þessum lögum vikið vafalaust á næstunni væri mjög óréttlátt að a.m.k. einstæðir foreldrar gætu ekki nýtt persónuafslátt barna sinna sem hjá þeim eiga lögheimili til þess að létta þeim róðurinn í lífinu.

Ég mundi eftir frv. Maríu Ingvadóttur og ætlaði raunar að minnast á það hér í ræðu minni, en það vill nú margt gleymast svona á næturfundum. Ég reyndi sjálf að ýta við því frv. þegar það var til meðferðar í þingnefndinni í fyrra, en það var ekki vilji fyrir því þá, enda þótt flokkssystkini hennar væru þá í stjórn. Og það kom mér svolítið á óvart að það skyldi ekki vera þá meiri áhugi fyrir því á stjórnarheimilinu að hlusta á hennar mál. Hún var að vísu með ofurlítið öðruvísi tillögu en hér er gerð eins og hv. 17. þm. Reykv. minnti á áðan. Engu að síður mundi ég eftir því og hefði gjarnan minnst á það.

Eins er með mál þeirra sjálfstæðismanna fjögurra sem hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir er 1. flm. að. Það er svolítið önnur leið en mér finnst sjálfsagt að þessi tvö mál séu skoðuð og afgreidd um leið og þótti miður að hv. 1. flm. þess þingmáls skyldi ekki vera hér viðstödd svo að við gætum rætt þetta í samhengi.

Hvað varðar svo síðara atriðið, þ.e. í 2. gr. sem enn þá meiri umræða hefur nú orðið um, hefði sannarlega mátt rökstyðja það í miklu lengra máli en mér fannst tilefni til og ég bjóst við að áhugi væri fyrir, en ég vil sérstaklega benda á umfjöllun í Morgunblaðinu, bæði 22. mars sl. þar sem fjallað var um þetta í frétt og síðan útfært í súluriti og töflu í Morgunblaðinu 7. apríl sl. Þar eru tekin fjögur dæmi um breytingu á eignarsköttum af sömu eign við fráfall annars hjóna. Þetta eru talandi dæmi sem ekki hafa verið hrakin, mér vitanlega, og ég bendi hv. þm. á að kynna sér þau dæmi.

Aðeins varðandi það sem hv. 11. þm. Reykn., en hann er kunnur fyrir baráttu sína gegn ekki síst eignarsköttum, vakti máls á, að einhleypingar eru líka fólk eins og hann sagði hér áðan. Ég vil þó benda

honum á mjög áberandi og sláandi mun á einhleypingum og ekkjum og ekklum, að einhleypingar verða ekki einhleypingar á jafnsviplegan og snöggan hátt eins og ekklar og ekkjur verða ekklar og ekkjur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

80. fundur, miðvikudaginn 19. apríl, kl. 2 miðdegis.

Söluskattur, frh. 1. umr.

Frv. MF, 456. mál (vélar til garðyrkju). — Þskj. 816.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Innflutningur búfjár, 3. umr.

Stjfrv., 411. mál (fósturvísar í kýr). — Þskj. 771.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Vaxtalög, 2. umr.

Stjfrv., 239. mál (fjárfestingarlánasjóðir, dráttarvextir, okur o.fl.). — Þskj. 678, n. 848, brtt. 849.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar um frv. til l. um breytingu á vaxtalögum sem hingað er komið eftir umfjöllun í Nd. Nál. er á þskj. 848 og undir það ritar sá sem þetta mælir auk Valgerðar Sverrisdóttur og Jóhanns Einvarðssonar, en Margrét Frímannsdóttir var fjarverandi við lokaafgreiðslu málsins.

Til viðræðna við nefndina komu m.a. þeir Bjarni Bragi Jónsson og Yngvi Örn Kristinsson frá Seðlabanka Íslands, Stefán Pálsson frá Sambandi viðskiptabanka, Sigurður Hafstein frá Sambandi ísl. sparisjóða og Pétur Blöndal frá Kauphingi.

Ég sé, herra forseti, að í nál. 2. minni hl. sem hér hefur verið dreift fjölrituðu er sagt að fram hafi komið að erfitt kynni að vera að túlka ýmis ákvæði frv. Ég minnist þess raunar ekki sérstaklega að lögð væri þung áhersla á það atriði hjá þeim gestum sem komu á fund nefndarinnar. Það var raunar bent á ýmis atriði í frumvarpsgreinunum sem mætti túlka með fleiri en einum hætti, en það voru sumt af því reyndar ákvæði sem lengi hafa staðið í vaxtalögum og eru ekki ný af nálinni.

Það kom líka fram hjá ýmsum þeirra sem nefndin kallaði til fundar við sig að þeir höfðu í rauninni ekki athugasemdir að gera við málið eftir að tekið hafði verið tillit til ýmissa ábendinga sem þeir höfðu látið fram koma við umfjöllun málsins hjá fjh.- og viðskn. Nd.

Tilgangurinn með þeim breytingum sem hér er verið að gera er einkum og sér í lagi að gera orðalag greinilegra og taka af tvímæli, orða nákvæmar en verið hefur t.d. ákvæði um töku dráttarvaxta. Svo eru breytingar samkvæmt ábendingum stjórnar Lögmannafélagsins og nýr kafli um vaxtakjör opinberra fjárfestingarlánasjóða.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa um þetta mörg orð. Það varð samkomulag um það í nefndinni að gera eina brtt., þ.e. við 7. gr. laganna eins og þau nú eru eftir umfjöllun í Nd., og sú breyting er í rauninni viðaminni en þskj. gæti gefið tilefni til að halda. En brtt. er að finna á þskj. 849 og hún er við svokallaða misneytingargrein, en upphaf hennar hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hver sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi hagnýtir sér á óréttmætan hátt fjárþröng viðsemjanda síns eða aðstöðumun þeirra að öðru leyti til þess að áskilja sér vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu“ o.s.frv. Sú breyting sem hér er lagt til að gerð verði er að bæta inn aðeins þremur orðum sem þarna voru, þ.e. orðunum „á óréttmætan hátt“.

Ég tel óhjákvæmilegt og ég held að það sé skoðun allrar nefndarinnar að þessi orð „á óréttmætan hátt“ standi í þessari grein vegna þess að auðvitað má með nokkrum sanni segja að þegar skuldari í greiðsluþröng er að semja við skuldareiganda sé skuldareigandi að hagnýta sér fjárþröng viðsemjandans með samningum. Þess vegna er alveg óhjákvæmilegt og nauðsynlegt vegna efnis og inntaks þessarar greinar að þarna komi inn orðin „á óréttmætan hátt“ til þess að taka af öll tvímæli. Raunar finnst mér að að þessum orðum slepptum sé hæpið að greinin fái staðist frá sjónarmiði og þess sem kalla mætti almenna skynsemi.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa um þetta fleiri orð, en 1. minni hl. fjh.- og viðskn. leggur til að frv. verði samþykkt með brtt. sem er að finna á þskj. 849.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Herra forseti. Það er rétt að við skrifum þrír nefndarmenn undir minnihlutaálit sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Á fundi nefndarinnar komu fulltrúar Seðlabanka, viðskiptabanka og sparisjóða. Fram kom að erfitt

kynni að vera að túlka ýmis ákvæði frv. Bjarni Bragi Jónsson lýsti þeirri skoðun Seðlabanka að affallaviðskipti gætu haldið áfram þrátt fyrir lögfestingu frv.

Enda þótt ýmislegt sé við þessa lagasmíð að athuga vill minni 2. hl. ekki beita sér gegn frv. og lætur því afgreiðslu þess afskiptalausa."

Raunar má skjóta því inn í að við tjáðum okkur, a.m.k. ég, reiðubúna til að greiða fyrir því að málið *fengi eðlilega þinglega meðferð og mun auðvitað* gera það.

„Danfríður Skarphéðinsdóttir sat fundi nefndarinnar og er samþykk nál. þessu. Undirskrift: Eyjólfur Konráð Jónsson, Halldór Blöndal, Júlíus Sólnes."

Að því er varðar ummæli um að erfitt gæti verið að túlka ýmis ákvæði féllu á nefndarfundi orð eins og þessi, kannski sum í léttum tón, en engu að síður féllu þau þar: Við getum túlkað hvað séu vextir í viðskiptabönkum, en getum ekki túlkað hvað séu hóflegir vextir hjá verðbréfasjóðum þar sem þeir starfa með verðbréfakaupin. Virðist ekki ljóst hvernig eigi að skilja ákvæðið „viðmiðun við" og „samsetning fjármagns" og það væri glufa í hugsuninni. — Þetta eru bara sýnishorn af *því sem fram kom á þessum* nefndarfundi. Það kom raunar líka fram og það var hjá Sigurði Hafstein að illskiljanlegt væri orðalagið „almennir óbundnir sparisjóðsvextir", hvað það þýddi. Þess vegna er fullkomlega rétt að það kom fram þarna að ýmis ákvæði væri erfitt að skilja og við það stend ég og ég held að það hljóti allir, þegar þeir rifja upp þennan fund, að muna eftir þessu.

En ég skal ekkert vera að fárast yfir þessu. Eins og nál. ber með sér ætlum við ekki að standa í vegi fyrir því að þetta frv. verði lögfest og við styðjum þá brtt. *sem formaður nefndarinnar gerði grein fyrir áðan.*

Sannleikurinn er auðvitað sá að vaxtaflækjan í þjóðfélaginu er búin að vera með eindæmum. Ég nefni þetta ekki frjálsa vexti. Það er öðru nær. Það er hvergi held ég á vestrænum löndum jafnmikil afskiptasemi af vaxtakjörum og einmitt á Íslandi. Það er ekki um neitt frjálsræði þar að ræða. En ég held kannski að þetta frv. eitt út af fyrir sig breyti þar litlu um og það er auðvitað lögfest á ábyrgð ríkisstjórnarflokkanna ef það verður hér samþykkt.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Sem áheyrnaraðili í þessari nefnd skrifaði ég undir það nál. sem nú hefur verið *mælt fyrir, en ég vil að það komi fram að í Nd. lýstu* þingkonur Kvennalistans stuðningi sínum við meginmarkmið frv. og það vil ég líka gera. Frv. miðar að því að koma í veg fyrir ósanngjarna vaxtatöku og misneytingu í lánsviðskiptum, sbr. 7. gr., og nokkrar greinar miða fyrst og fremst að því að taka af tvímæli. En ástæðan fyrir því að ég un sitja hjá við afgreiðslu málsins er sú að ég tel nokkurn vafa leika á um að ákvæði frv. tryggi að takast megi að fylgja þeim markmiðum.

Eins og fram kom í máli hv. síðsta ræðumanns er afar ólíklegt að frv. dragi á nokkurn hátt úr svokölluðum affallaviðskiptum sem oft eru mjög mikil og virðast algerlega háð aðstæðum á fjármagnsmarkaðnum. Með hliðsjón af þeim athugasemdum og efasemdum um að markmið þess nái fram að ganga munum við sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Júlíus Sólnes:

Hæstv. forseti. Þetta frv. til l. um breytingu á vaxtalögum er eitt fjölmargra frumvarpa, sem hafa verið lögð fram hér á hinu háa Alþingi eftir áramótin, sem virðast hafa það hlutverk að reyna að ná niður raunvöxtum í þjóðfélaginu, ná því markmiði að við getum séð fram á að hér yrðu hóflegir vextir, bæði hjá banka- og peningastofnunum svo og á verðbréfamarkaði.

Við þingmenn Borgfl. höfum margoft lýst efasemdum okkar um að þessum markmiðum verði náð. Bæði er um það að ræða að oft á tíðum er verið að gera smávægilegar orðalagsbreytingar á ýmsum greinum í gildandi lögum sem við sjáum ekki í reynd að muni skipta miklu máli. Oft og tíðum er um meinlausar breytingar að ræða þannig að þær eru út af fyrir sig ekki þess eðlis að það sé ástæða til að vera á *móti þeim eða leggjast gegn þeim breytingum sem* hafa verið gerðar bæði á bankalögum, lögum um Seðlabanka Íslands og hér nú á vaxtalögum.

Hins vegar mundi ég vilja undirstrika hér og leggja á það áherslu að það er löngu orðið tímabært að endurskoða alla fjármálastefnu og banka- og peningakerfi þjóðarinnar. Blandast margir fleiri þættir inn í það dæmi. M.a. höfum við oft rætt um sjálfa lánskjaravísitöluna og verðtryggingu fjárskuldbindinga. Ég hef ekkert farið dult með að ég tel að við séum þar á rangri braut, þ.e. með hvaða hætti við höfum ákveðið að reyna að tryggja að skuldir brenni ekki upp á verðbólgubáli, en það var hugmyndin með lánskjaravísitölunni á sínum tíma að koma í veg fyrir það.

Ég hef alla tíð verið mjög andvígur því að binda hluti við vísitölur vegna þess að ég held að það leysi í sjálfu sér ekki eitt eða neitt. Ég man vel eftir því á 8. áratugnum þegar laun voru vísitölubundin og hækkuðu alltaf í takt við allar verðlagshækkanir sem voru reiknaðar út þá reglulega. Það má vel vera að það hafi verið gott mál að launþegar fengu alltaf bætur þegar verðlag hækkaði, en eins og öllum er kunnugt átti það sinn þátt í því að viðhalda verðbólgubálinu. Það var nákvæmlega sem væri ausið olíu á verðbólgueldinn. Alveg á sama hátt virkar lánskjaravísitalan að mínum dómi. Hún verkar sem olía á verðbólgueldinn.

Ég hef talið að mun skynsamlegra væri að fara þá leið að taka upp gengisviðmiðun bæði á útlánum og innlánum. Þá gætu aðilar sem t.d. leituðu eftir útlánum í bönkum fengið að velja þá gjaldeyristegund sem þeir vildu binda útlánið við. Síðan gætu menn íhugað að vaxtastigið á slíku útláni fylgdi í stórum dráttum þeim vaxtakjörum sem eru í því landi sem væri ákveðið að miða við. Ef t.d. útlán fylgdi breskum pundum eða dönskum krónum yrði tekið mið af því vaxtastigi sem er í viðkomandi löndum.

Þetta gæti verið fyrsta skrefið í á átt að heimila frjáls erlend bankaviðskipti sem ég tel að sé orðin brýn nauðsyn til að brjóta upp það úrelta og forstokkaða bankakerfi sem við búum við. Það virðist því miður ekki geta sinnt því hlutverki að vera sá bakhjarl sem atvinnulífið verður að geta treyst á til þess að hér þróist og dafni eðlilegt atvinnulíf og fyrirtækin hafi aðgang að þeirri aðstoð og þeirri hjálp sem bankakerfi í hverju einasta landi hlýtur að eiga að veita. Þess vegna munum við ekki í sjálfu sér leggjast gegn þessu frv. eins og reyndar kemur fram í nál., en ég ritaði undir það án nokkurs fyrirvara, en ég vil ítreka það, sem ég hef hér verið að segja, að við teljum ekki að þetta muni leysa eitt eða eitt í sjálfu sér. Þetta eru meinlausar breytingar, að sumu leyti kannski óþarfar. Það er miklu meira sem þyrfti að gera hér til að fá einhvern botn í okkar kolröngu peninga- og fjármálastefnu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 9:2 atkv.
2.–6. gr. samþ. með 9:2 atkv.
Brtt. 849 (ný 7. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 9:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Veiting ríkisborgararéttar, 2. umr.

Stjfrv., 370. mál (síðara frv.). — Þskj. 693, n. 874, brtt. 875.

Frsm. allshn. (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. frá allshn. um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Nefndin hefur rætt frv. og farið yfir mikinn fjölda umsókna sem bárust nefndinni til viðbótar við þau nöfn sem stóðu á frv. á þskj. 693. Niðurstaðan í störfum nefndarinnar varð sú að leggja til brtt. á þskj. 875 um að 34 nýjum nöfnum verði bætt við frv.

Það má segja að þeir aðilar skiptast í nokkurn veginn tvo jafna hópa. Í fyrsta lagi er það fólk frá Víetnam sem flust hefur hingað í boði ríkisstjórnarinnar. Það eru ættingjar þess fólks sem komið var hingað áður á sama hátt og hafði fest hér rætur og var veittur ríkisborgararéttur fyrir nokkrum árum eftir að það hafði dvalið fimm ár hér á landi. Sömu reglu var nú beitt við þessa ættingja, sem höfðu flestir verið hér í full fimm ár, að leggja til að þeim verði veittur ríkisborgararéttur. Björn Friðfinnsson ráðuneytisstjóri hefur verið sérstakur trúnaðarmaður þessa fólks og hann gefur því hin bestu meðmæli.

Hinir einstaklingarnir eru víða að komnir, en öll uppfylla þau þær reglur sem allshn. og Alþingi hefur notað við veitingu ríkisborgararéttar. Þó eru þarna nokkrir aðilar sem ekki uppfylla þau skilyrði fyrr en síðar á árinu, en þó allir fyrir þann tíma sem væntanlega nýtt frv. verður lagt fram á næsta þingi.

Eftir að nefndin hafði afgreitt brtt. og fjallað um málið bárust henni nöfn þriggja nýrra einstaklinga sem virðast geta verið í þessum hópi og mun nefndin leggja fram brtt. við 3. umr. um að taka þau þá inn. En nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeirri brtt. sem fram er borin á þskj. 875.

Guðmundur Ágústsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 875 samþ. með 11 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

EFRI DEILD

81. fundur, miðvikudaginn 19. apríl, að loknum 80. fundi.

Vaxtalög, 3. umr.

Stjfrv., 239. mál (fjárfestingarlánasjóðir, dráttarvextir, okur o.fl.). — Þskj. 894.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 9:2 atkv. og endursent Nd.

Veiting ríkisborgararéttar, 3. umr.

Stjfrv., 370. mál (síðara frv.). — Þskj. 895, brtt. 896.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. allshn. (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Eins og ég gat um við 2. umr. málsins leggur allshn. nú fram brtt. á þskj. 896 um að við 1. gr. frv. verði bætt þremur nýjum nöfnum. Það er í fyrsta lagi Óli Anton Bieltvedt, framkvæmdastjóri í Reykjavík, í öðru lagi Steven John Rodgers, iðnaðarmaður í Reykjavík, og í þriðja lagi Ahn-Dao Tran, kennari í Reykjavík.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þessari breytingu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 896 samþ. með 13 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Heimild til að leyfa Köfunarstöðinni hf. innflutning á skipum, 2. umr.

Stjfrv., 419. mál. — Þskj. 779, n. 893.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. samgn. (Karvel Pálmason):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. samgn. þessarar hv. deildar vegna frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að leyfa Köfunarstöðinni hf., Dýpkunarfélaginu hf., Slysavarnafélagi Íslands og Íslenska úthafsútgerðarfélaginu hf. innflutning á skipum. Nefndarálitið er eftirfarandi:

„Nefndin hefur athugað frumvarpið og rætt við fulltrúa úr samgönguráðuneytinu. Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins.

Egill Jónsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins vegna annarra skyldustarfa en er samþykkur áliti þessu."

Undir þetta skrifa Karvel Pálmason, Jón Helgason, Stefán Guðmundsson, Skúli Alexandersson með fyrirvara, Þorv. Garðar Kristjánsson og Guðmundur Ágústsson.

Það er rétt að geta þess að nefndarmenn ræddu talsvert þetta mál og voru um það sammála að þarna bæri, eins og auðvitað í öðrum málum, að fara með gát og voru þess sinnis að þetta yrði að skoða allítarlega. Menn hnutu sérstaklega um orðið sem stendur í næstsíðustu málsgr., þ.e. í 4. gr., varðandi fiskiskip. Menn töldu jafnvel að verið væri hér að opna fyrir veiðum annarra en Íslendinga í landhelgi og ræddu það allmikið.

Þetta mál var rætt við siglingamálastjóra og honum gert ljóst hver hugur nefndarmanna var og er. Hann taldi hins vegar að vegna þeirrar stofnunar sem hann stýrir og tæknilegra framkvæmda þyrfti þetta að vera með þessum hætti. En honum er alveg ljóst hvert álit nefndarinnar er að því er varðar þetta mál.

Það voru uppi um það hugmyndir að flytja brtt. við þennan þátt frv., en frá því var horfið vegna þess að menn töldu vegna afstöðu siglingamálastjóra að það væri rétt að hafa þetta með þessum hætti. En að sjálfsögðu ítrekum við þá skoðun okkar að það verði farið með fullri gát í þessum efnum og það er sérstaklega áréttað.

Ég geri ráð fyrir að hv. þm. Skúli Alexandersson muni gera grein fyrir sínum viðhorfum á eftir, en ég vildi taka þetta sérstaklega fram vegna þess að nefndin var að mér fannst mjög einhuga um að hér yrði að skoða mál mjög vel.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Ég hafði reyndar gert grein fyrir skoðun minni á þessu máli við 1. umr., en ég skrifaði undir nál. og er samþykkur því að þetta mál verði afgreitt. Ég vil samt undirstrika það, sem ég sagði við 1. umr., að ég tel mjög vafasamt að það sé verið að leyfa innflutning á skipum til nýtingar fiskistofna einhvers staðar og einhvers staðar út um heiminn. Þegar þeim rekstri verður hætt er vitaskuld hætt við því að slík skip komi hingað heim og þá verður óskað eftir því að þau fái að veiða innan íslenskrar landhelgi.

Það er þó tekið fram í þessu frv. að þeim sé það algerlega óheimilt og þar af leiðandi liggur beint fyrir að það yrði aldrei gert öðruvísi en með lagabreytingu. Ég óttast að ef slík staða kæmi upp yrði breytt lögum vegna þess að ég hef sérstaklega fundið fyrir því að það er ótrúlega mikill þrýstingur bak við þetta mál. Þrír ráðherrar hafa lagt sig fram í því að fá málið samþykkt. Ef svo kæmi upp að þetta skip þyrfti að koma hingað heim til Íslands til þess að fyrirtækið tapaði ekki stóru og þyrfti að heimila því veiðar, þá væru þessir þrír ráðherrar og kannski einhver ákveðinn hópur í kringum þá þó nokkuð mikið skuldbundinn þeim eins og hefur komið fram í öðrum málum og það yrði farið inn á þann vettvang að leyfa skipinu að veiða innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi.

Það kom ekki alveg í ljós í nefndinni hvers lags skip þetta væri. Að sumu leyti væri þó nokkuð ákveðið hvaða skip þetta er af því að það væri þegar búið að gera samning um skip. Ég man ekki alveg hvert nafnið var. Ég átti von á því að fá afrit af því bréfi sem nafn skipsins kom fram í, Romano eða Romanoff eða eitthvað slíkt. En það kom engan veginn fram hvernig skip þetta er, hvort þetta er eingöngu verksmiðjuskip eða hvort þetta er skip eins og sum stóru verksmiðjuskipin eru sem geta jöfnum höndum stundað veiðar og tekið afla frá öðrum skipum, eru svo afkastamikil að þau ekki aðeins afkasta þeim afla sem þau fiska sjálf heldur taka afla frá öðrum skipum eins og ætlað er með þetta skip.

Eins og ég sagði áðan skrifaði ég upp á þetta nál. með fyrirvara og fyrirvari minn er sá að ég ítreka enn um síðustu málsgr. 4. gr. að ég er efins um að það verði staðið við hana ef illa fer í þessum rekstri. En þrátt fyrir að ég efist um að svo verði gert árétta ég að þrátt fyrir það treysti ég því að sú sé meiningin og þess vegna beiti ég mér ekki gegn málinu.

Frsm. samgn. (Karvel Pálmason):

Herra forseti. Aðeins örfá orð út af því sem fram kom hjá hv. 4. þm. Vesturl. Skúla Alexanderssyni.

Ég leit svo á innan nefndarinnar að menn hefðu þá skoðun að hér væri einvörðungu um að ræða verksmiðjuskip. (**SkA:** Hvaðan eru upplýsingar um það?) Ég leit svo á að nefndin væri að taka afstöðu til slíkra hluta. Ég vil að það komi fram af minni hálfu. Hér ekki verið að tala um veiðiskip heldur verksmiðjuskip sem tekur við afla frá öðrum. Ég vil að þetta sé alveg á hreinu að því er mig varðar a.m.k. Ég leit svo á að nefndin væri um þetta sammála og hefði a.m.k. miklar áhyggjur af því ef hér væri verið að tala um veiðiskip. Ég held að þetta þurfi að liggja alveg hreint fyrir og a.m.k. ég sem nefndarmaður lít svona á málið.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Ég fagna því að formaður nefndarinnar hefur þennan skilning á málinu og get tekið undir að nefndarmenn hafi haft þessa skoðun. En eftir þeim upplýsingum sem við fengum frá fulltrúum úr ráðuneytinu var búið að gera samning við aðila að mig minnir úti í Hollandi eða Belgíu um eitthvert skip sem við fengum ekki fullnaðarupplýsingar um hvernig væri byggt, hvort það væri eins og við vitum að eru mörg hver af þessum verksmiðjuskipum, þannig byggt að vera bæði veiðiskip og verksmiðjuskip til að taka afla af öðrum skipum. Ég held því miður að það sem verið er að samþykkja hérna sé ekki svo bindandi að ráðherra geti ekki eftir að þetta hefur verið samþykkt samþykkt innflutning á stærra skipi en verksmiðjutogararnir okkar eru, þ.e. svipað og við höfum heyrt að Færeyingar hafi verið með, mjög stór skip sem geti tekið afla frá öðrum og Rússarnir eru með, og ekki sé hægt að útiloka að hann leyfi slíkt. Þess vegna óttast ég ef illa fer um þennan rekstur að svo geti farið að eftir eitt úthald þar vestra eða tvö komi eigendur þessa skips til Íslands og óski eftir því að fá að nýta sína veiðimöguleika innan íslenskrar fiskveiðilögsögu. En eins og ég sagði áðan er lokamálsgr. 4. gr. á þann veg að það verður að fá samþykki Alþingis til þess og ég treysti því að Alþingi muni koma í veg fyrir það þó að einhverjir valdaaðilar í þjóðfélaginu reyndu að koma því áleiðis að það yrði leyft.

Frsm. samgn. (Karvel Pálmason):

Herra forseti. Ég er ekki hissa á því þó að menn hafi áhyggjur af svona máli, enda full ástæða til þess. En hafi ég skilið þetta rétt er það mál sem við erum að tala um núna, 4. gr., einvörðungu komin hér í frumvarpsformi vegna þess að skipið er eldra en 12 ára. Heimildir til skipa sem eru yngri virðast vera fyrir hendi það ég best veit og eins og ég kynnti málið. Ef þetta skip hefði verið yngra en 12 ára hefði ekkert frv. þurft að koma fram um þetta. Þetta hefði trúlega verið gert án þess að Alþingi hefði haft hugmynd um það. Þetta er samningur sem er gildandi og a.m.k. ekki það ég viti til að ég hafi haft áhrif á hann að einu eða neinu leyti en trúlega aðrir sem eru búnir að vera lengur á þingi.

Ég ítreka að minn skilningur er sá að hér er einvörðungu um að ræða verksmiðjuskip. Ég hlýt að líta svo á að ef aðrir nefndarmenn ekki andmæla því sé nefndin um það sammála og ég treysti því að það verði tekið tillit til ákvarðana nefnda hér á Alþingi eins og þær leggja málin fyrir hverju sinni. Ef það verður annað um að ræða segi ég a.m.k. fyrir mig: Þá mun ég ekki bera ábyrgð á slíku.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, 2. umr.

Stjfrv., 408. mál (fjárfestingar í öðrum atvinnurekstri). — Þskj. 769, n. 889.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. iðnn. (Karl Steinar Guðnason):

Hæstv. forseti. Iðnn. hefur fjallað um málið og kallaði til fundar við sig forstjóra Járnblendiverksmiðjunnar, Jón Sigurðsson. Á fundinum var rætt á hvern hátt það frv. sem hér liggur fyrir getur orðið til styrktar því atvinnulífi sem fjallað er um að verksmiðjan taki þátt í.

Það kom fram í máli hans að mjög margt er á döfinni, að fyrirhugað er að Járnblendiverksmiðjan taki þátt í því að búa til lífvænlegan rekstur. Hann nefndi mörg dæmi um það og sagði líka að óskaplega margir hefðu nálgast verksmiðjustjórnina í því skyni að fá styrk til verkefna eða til að fá þátttöku verksmiðjunnar í ýmsum verkefnum. Hann nefndi þar t.d. ræktun Miðjarðarhafsfisks í 25–30 gráðu vatni sem er þá affallsvatn eða á Kaliforníuskel sem lifir við 14–15 gráðu hita. Hann sagði frá því að hagnaður á verksmiðjunni hefði sl. ár orðið 487 millj. kr. Í ár væri kominn 270 millj. kr. hagnaður og líklegt að á miðju ári muni hagnaðurinn nema þeirri upphæð sem var á síðasta ári.

Þá var og rætt um rafmagn til verksmiðjunnar og að verksmiðjan greiðir lægra rafmagnsverð en t.d. álverið. Hann upplýsti að samningur járnblendisins við Landsvirkjun er þannig gerður að komist eignarhlutfall verksmiðjunnar yfir 40% breytist samningurinn á þann hátt að rafmagnsverðið hækkar. Það gerðist einmitt um áramótin og munu því greiðslur til Landsvirkjunar verða hærri en á síðasta ári.

Það kom og fram að það rafmagn sem Járnblendiverksmiðjan fær er varaafl og oft hefur komið fyrir þegar illa hefur árað í rafmagnsbúskap okkar Íslendinga að rafmagnið hefur verið tekið af með örskömmum eða engum fyrirvara.

Eignarhlutfall ríkisins í verksmiðjunni er 55%.

Útlendingar eiga afganginn eða Elkem, norskt fyrirtæki, og Sumitomo, japanskt fyrirtæki, og hugsunin með þessu frv. er að halda arðinum innan landsins. Ef arðurinn yrði greiddur út færu 45% af honum til útlanda, en með því móti sem er greint í frv. mun takast að fjárfesta í þekkingu, fjárfesta í fólki og stjórnun, en Járnblendiverksmiðjan og starfsliðið þar hefur náð undraverðum árangri hvað varðar tækni, hvað varðar ýmsar framfarir á þeim sviðum. Var það að heyra á nefndarmönnum að menn binda miklar vonir við frv., verði það að lögum, binda miklar vonir við hlutverk Járnblendiverksmiðjunnar sem er sennilega það fyrirtæki í dag hér á Íslandi sem stendur hvað best og á hvað besta möguleika að koma til hjálpar öðrum atvinnugreinum hér á landi.

En niðurstaða nefndarinnar varð mjög samhljóða og hún er sú að nefndin mælir með samþykkt frv.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Ég vil aðeins fagna því hve hv. iðnn. þessarar deildar hefur afgreitt þetta mál fljótt og vel og kynnt sér málið rækilega svo sem fram kom í máli frsm. og formanns nefndarinnar, hv. 9. þm. Reykn. Hér er vissulega um merkilegt mál að ræða. Hér er um að ræða fyrirtæki sem á sínum tíma var mjög umdeilt, svo umdeilt að nafnkunnir menn gerðu sér sérstaka ferð á hendur til að reisa níðstöng á þeim stað þar sem þessi verksmiðja er nú risin og skapar mikil verðmæti og malar gull. En sem betur fer eru allar deilur löngu hjaðnaðar um þetta fyrirtæki og það tjón og þann skaða sem það ætti að valda. Þarna eru mengunarvarnir til mikillar fyrirmyndar, þarna er aðbúnaður starfsfólks með ágætum. Þetta fyrirtæki er þannig úr garði gert að það fellur vel að landinu, stingur ekki í augu, og þarna ríkir sömuleiðis hið ágætasta andrúmsloft milli starfsmanna og stjórnenda þannig að ég hygg að óvenjulegt sé og til mikillar fyrirmyndar. Þetta er vinnustaður sem gaman er að heimsækja.

Með þessu frv. er opnuð leið til að nota hluta af þeim arði sem í okkar hlut kemur af þessu fyrirtæki eða þann arð sem í okkar hlut kemur. Forustumenn þessa fyrirtækis hafa haft mörg spjót úti í þeim efnum og kannað margar leiðir og eru með margar nýjungar í sínum fórum og á könnunar- og athugunarstigi. Þeir hafa þar sýnt athyglisvert og áhugavert frumkvæði á ýmsum sviðum þannig að öðrum mætti verða til eftirbreytni.

En það sem ég hygg þó að hér skipti mestu máli er það að hér er opnuð leið til að nýta þann arð sem þetta fyrirtæki skilar, sem þessi góðu árin vissulega er mjög mikill á íslenskum mælikvarða, til að nýta hann okkur til hagsbóta og þá vil ég segja: ekki síst því svæði og því héraði til hagsbóta og framfara í ýmsum efnum þar sem þessi verksmiðja er staðsett.

Ég vona, herra forseti, að þetta mál fái hinn greiðasta gang í gegnum þingið.

Alþt. 1988. B. (111. löggjafarþing).

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Vöruhappdrætti Sambands íslenskra berklasjúklinga, 2. umr.

Stjfrv., 369. mál (gildistími rekstrarheimildar). — Þskj. 892, n. 692.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. allshn. (Jón Helgason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til l. um breytingu á lögum um vöruhappdrætti fyrir Samband ísl. berklasjúklinga frá allshn.

Sambandi ísl. berklasjúklinga var heimilað að stofnsetja og reka vöruhappdrætti með lögum frá Alþingi árið 1949. Síðan hefur sú heimild verið tvívegis framlengd um tíu ára skeið og nú er í fjórða sinn lagt fram slíkt frv. á Alþingi sem felur í sér að Samband ísl. berklasjúklinga fái að reka þetta happdrætti til ársloka ársins 1999.

Allshn. er sammála um að mæla með afgreiðslu frv. eins og það hefur verið lagt fram.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Hafnalög, 1. umr.

Frv. MF, 431. mál (bókhald Hafnabótasjóðs). — Þskj. 791.

Flm. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. á þskj. 791 um breytingu á lögum nr. 69/1984, hafnalögum. Þar segir í 1. gr.:

„35. gr. laganna orðist svo:

Hafnamálastofnun ríkisins annast í umboði ráðherra vörslu, daglega afgreiðslu og bókhald Hafnabótasjóðs."

2. gr. er um gildistöku laganna 1. janúar 1990.

Í grg. segir svo, með leyfi forseta:

„Í núgildandi hafnalögum er 35. gr. svohljóðandi:

„Seðlabanki Íslands annast í umboði ráðherra vörslu, daglega afgreiðslu og bókhald Hafnabótasjóðs og veitir sjóðnum aðstoð við öflun lánsfjár."

Breytingin er í því fólgin að Hafnamálastofnun ríkisins yfirtekur þau verkefni sem Seðlabanki Íslands hefur annast fyrir Hafnabótasjóð. Tilgangur breytinganna er að gera starfsemi sjóðsins einfaldari og skilvirkari auk þess að spara rekstrarútgjöld.

Í raun er ekki verið að tala um svo mikla breytingu því að hingað til hefur stór hluti vinnunnar við Hafnabótasjóð verið unninn á Hafnamálastofnun. Í því sambandi má nefna að fjárveitingar ríkissjóðs til sjóðsins fara í gegnum stofnunina (fjárlagaliður 10-333). Þá hefur Hafnamálastofnun undirbúið og unnið upp tillögur um úthlutun úr sjóðnum, enda liggja þar fyrir upplýsingar um fjárhag hafnanna svo og þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru. Að lokinni úthlutun hafa lán og styrkir í flestum tilfellum aftur farið í gegnum Hafnamálastofnun eftir að sveitarstjórnir hafa veitt stofnuninni umboð til að reka mál sín hjá Seðlabankanum. Í mörgum tilfellum hefur Hafnamálastofnun, í samráði við sveitarstjórnir, greitt af lánum í sjóðnum og notað til þess fjármuni sem stofnunin hefur legið með fyrir hafnirnar. Hafnamálastofnun ætti þannig að hafa jafngóða möguleika og Seðlabankinn á að annast innheimtu afborgana af lánum.

Væntanlega leiðir þessi breyting til sparnaðar því að Hafnamálastofnun telur að ekki þurfi vinnuafl nema sem svarar um hálfu stöðugildi til að annast rekstur sjóðsins. Þá mundi breytingin spara sveitarstjórnarmönnum og öðrum ráp milli stofnana í Reykjavík."

Eins og fram kemur í grg. er breytingin sem hér er lögð til aðeins sú að Hafnamálastofnun annist þau störf sem lúta að vörslu, afgreiðslu og bókhaldi Hafnabótasjóðs, en þau störf eru í dag hjá Seðlabanka Íslands. Hingað til hefur þó stærsti hluti starfa við Hafnabótasjóð verið hjá Hafnamálastofnun sem lítur á það sem hluta af þeirri þjónustu sem stofnunin veitir sveitarfélögum að reka mál þeirra er varða sjóðinn.

Hafnamálastofnun er líka sú stofnun sem besta þekkingu hefur um hafnir landsins, ástand þeirra og efnahag svo og þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru, raðar í forgangsröð framkvæmdum eftir því hve brýn þörfin er. Hafnamálastofnun hefur líka upplýsingar um fjárhagslega getu sveitarfélaganna, metur láns- eða styrkþörf þeirra vegna framkvæmda við hafnarmannvirki og gerir tillögur þar um.

Eftir að úthlutun úr Hafnabótasjóði fer fram þar sem haft er fullt samráð við fulltrúa Hafnamálastofnunar hafa lán og styrkir úr Hafnabótasjóði í flestum tilvikum farið aftur í gegnum Hafnamálastofnun vegna þess að fulltrúar sveitarfélaganna kjósa að veita stofnuninni umboð til þess að reka mál sín. Það er auðvitað m.a. til þess að spara sér ferðir til Reykjavíkur en ekki síður vegna þess að um allar stærri hafnarframkvæmdir á vegum sveitarfélaga og fjármögnun þeirra er haft samráð við Hafnamálastofnun og hefur samstarf sveitarfélaga við stofnunina verið með ágætum.

Á vegum Hafnamálastofnunar eru því lán og styrkir Hafnabótasjóðsins til sveitarfélaga sótt og einnig hefur stofnunin séð um að greiða af þeim lánum sem sjóðurinn veitir og oft notað til þess hluta af þeim fjármunum sem sveitarfélögin fá úthlutað á fjárlögum hverju sinni og fara í gegnum Hafnamálastofnun, en þó ætíð haft fullt samráð við sveitarfélögin.

Það fyrirkomulag sem hér er verið að leggja til hvað varðar daglega umsýslu sjóðsins mun því verða bæði sveitarfélögunum og Hafnamálastofnun til hægðarauka.

Í öðru lagi má gera ráð fyrir að verði þessi breyting samþykkt muni hún hafa í för með sér verulegan sparnað. Að mati Hafnamálastofnunar þarf ekki vinnuafl nema sem svarar hálfu stöðugildi til þess að annast rekstur sjóðsins. Eins og áður er komið fram sinna starfsmenn Hafnamálastofnunar í dag að mestu leyti vinnunni í kringum úthlutun úr sjóðnum og reyndar öllu sem viðkemur sjóðnum öðru en vörslu, hluta afgreiðslu og bókhaldi. Fyrir þessa þjónustu hefur Hafnamálastofnun ekki verið með neina gjaldtöku. Það verður hins vegar ekki sagt um þá þjónustu sem Seðlabankinn veitir og hér er lagt til að breyting verði á.

Árið 1986 var framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs 12 millj. kr. Samkvæmt ríkisreikningi fyrir 1986 tók Seðlabankinn fyrir þá þjónustu sem hann veitti varðandi sjóðinn það ár í laun og launatengd gjöld 1 millj. og 45 þús. kr. Önnur rekstrargjöld voru 511 þús. Samtals 1 millj. 566 þús. kr.

Árið 1987 var framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs 15 millj. Kostnaður vegna reksturs sjóðsins í Seðlabankanum var: Laun og launatengd gjöld 1 millj. 649 þús. og 600 kr. Önnur rekstrargjöld 681 þús. 940 kr. — 2 millj. 331 þús. kr.

Ef við lítum nánar á þennan kostnað Seðlabankans við að reka sjóðinn 1987 skiptist hann þannig: Föst laun 986.900 kr., sem sagt um 82.000 í fastar mánaðargreiðslur. Föst yfirvinna 33.000. Önnur yfirvinna 426.300. Greidd yfirvinna á mánuði rúmlega 38.000 kr. Ökustyrkur er 36.700, en það gerir, ef miðað er við krónur á km borgaðar hér á hv. Alþingi í dag, um 1735 km. En þetta var árið 1987 þannig að greiddir km hafa verið enn fleiri. Launatengd gjöld eru svo 166.600 kr. Annar kostnaður, hlutur sjóðsins í húsaleigu, ljósum, hita og ræstingu Seðlabankans, er 625.700, prentun og pappír 56.240, en það er hærri upphæð en t.d. Grunnskólinn á Stokkseyri notaði sama ár fyrir prentun og pappír.

Launakostnaður við sjóðinn, þennan litla sjóð sem úthlutar örfáum tugum milljóna á ári, ef tekin eru greidd föst laun og yfirvinna og skipt niður á tólf mánuði, eru um 120 þús. mánaðargreiðslan og eru það nokkuð há laun greidd fyrir bókhald fyrir þennan litla sjóð þrátt fyrir að öll vinna við úthlutun fer fram hjá allt öðrum aðila en þeim sem tekur launin.

Að mati Hafnamálastofnunar er þetta ásamt allri þeirri vinnu sem fram fer í dag hjá þeirri stofnun varðandi Hafnabótasjóðinn aðeins starf sem nemur hálfu stöðugildi. Auk þess er, að mínu mati, veruleg hagræðing fyrir þá aðila sem skipta við sjóðinn, þ.e.

sveitarfélögin, ef umsýsla sjóðsins er á einum og sama stað.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. samgn. þessarar deildar.

Júlíus Sólnes:

Hæstv. forseti. Ég tel að hér sé hreyft mjög merkilegu máli og ég mundi vilja koma þeirri ábendingu á framfæri að það er ekki bara í þessu einstaka tilviki að það væri ástæða til að athuga með hvaða hætti vörslu ýmissa sjóða er háttað. Það er nefnilega alveg rétt, sem hér hefur komið fram í máli hv. 4. þm. Suðurl., flm. þessa frv. *Mér er mjög til efs að varsla ýmissa* sjóða sé í réttum höndum hjá Seðlabankanum og hvort það sé raunverulega í þágu þeirra sjóða og hagsmuna þeirra að vörslurétturinn sé hjá Seðlabanka Íslands.

Ég hef t.d. áður vakið máls á því hvort það væri ekki rétt að endurskoða vörslurétt yfir byggingarsjóðum ríkisins en þar er ástandið ekki ósvipað, þ.e. að *Seðlabanki Íslands hefur með vörslu byggingar*sjóða ríkisins að gera, bæði Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna, meðan Húsnæðisstofnun ríkisins sér um alla þá vinnu sem er því samfara að taka á móti lánsumsóknum og veita lán og stýra sjóðunum. Nú veit ég ekki og hef reyndar ekki upplýsingar um það hvað umsýsluþóknun er mikil sem greidd er Seðlabanka Íslands fyrir að hafa með vörslu *byggingarsjóða ríkisins að gera, en mér kæmi* ekki á óvart að hún væri umtalsverð.

Þess vegna held ég að það væri rétt og gott að skoða þessi mál í heild sinni og íhuga vandlega hvort ekki væri betra og réttara að láta stjórnir sjóðanna sjálfar um að ákveða hvar varsla sjóðanna skuli vera þannig að hagsmunum sjóðanna sé best borgið hverju sinni. Þetta vildi ég sagt hafa.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til samgn. með 13 shlj. atkv.

Áfengislög, 1. umr.

Frv. EG o.fl., 376. mál (viðvörunarmerki á umbúðum). — Þskj. 707.

Flm. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Ég leyfi mér að mæla hér fyrir frv. sem ég flyt ásamt fimm öðrum þingmönnum úr öllum *flokkum að undanskildum hinum nýstofnaða* þingflokki. (**VS:** Hann á ekki fulltrúa í deildinni.) — Já, sem á ekki reyndar fulltrúa hér í deildinni þannig að það er sjálfgert. En þetta frv. er um breytingu á áfengislögum, nánar tiltekið á 13. gr. laganna. Til að skýra nú frá því hvernig það er tilkomið, þá vaknaði umræða um það fljótlega eftir að ákveðið var að leyfa hér á landi sölu á áfengu öli að rétt væri að prenta á umbúðir ölsins, hvort sem það væru dósir eða flöskur, aðvörun þess efnis að neysla áfengis og akstur fari ekki saman. Ýmsir aðilar höfðu uppi viðleitni til að ná þessu fram, en við athugun málsins kom m.a. í ljós að talið var að á skorti um það að fyrir væri ótvíræð heimild um að koma slíkum merkingum á með tilliti til gildandi áfengislaga, þ.e. að í lögunum væri ekki ótvíræð heimild til að gera það.

Þetta frv. er flutt til að taka af tvímæli um það og frv. gerir raunar ráð fyrir því að allar áfengisumbúðir skuli merktar með þessum hætti og þó að það segi ekki í frv. geri ég það að tillögu minni hér að þegar þetta mál kemur til meðferðar í nefnd verði þessu breytt á þann veg að hér verði um viðtækari aðvörun að ræða, þ.e. að það komi einnig fram að þunguðum konum verði ráðlagt að neyta ekki áfengis þar sem það geti valdið fósturskemmdum.

Nú er þess skemmst að minnast að það eru ekki mjög mörg ár síðan umræða fór fram hér á hinu háa Alþingi um merkingar á sígarettupökkum og tóbaksumbúðum. Þá var því fundið flest til foráttu, það væri erfitt og dýrt og ekki hægt að fá hina erlendu framleiðendur til að sinna sérkröfum svo lítils markaðar sem Ísland er. Allt reyndist þetta rangt. Þessar merkingar eru fyrir hendi. Menn greinir svo hins vegar á um hvort þær hafi áhrif eða ekki. Ég er þeirrar skoðunar að þær hafi tvímælalaust áhrif þó þau séu kannski illmælanleg eða merkjanleg.

Allar sömu röksemdir verða vafalaust hafðar uppi um að merkja áfengi með þessum hætti, það muni kosta mikið og sé erfitt í framkvæmd. En ég segi sem svo: Auðvitað kostar þetta eitthvað, en það er þá allt í lagi að bæta því við verð hverrar áfengisflösku sem seld er. Það er ekkert á móti því. Ekki nokkur skapaður hlutur.

Eftir að ég hafði samið frv. og fengið á það *meðflm.* bárust mér í hendur mjög athyglisverðar upplýsingar frá Bandaríkjunum þar sem er löggjöf sem tekur raunar til eiturlyfja af ýmsu tagi, frá árinu 1988. Í þessari eiturlyfjalöggjöf er sérstakur kafli um áfengi. Þar er ráð fyrir því gert að í Bandaríkjunum verði frá og með 18. nóv. á þessu herrans ári 1989 sett aðvörun frá stjórnvöldum á hverja einustu áfengisflösku og hverja einustu bjórdós eða bjórflösku sem seld er í Bandaríkjunum. Þeir ganga svo langt, Bandaríkjamenn, samkvæmt því sem ég les þessi lög að það er farið niður í allt að 0,5% áfengisinnihald miðað við rúmtak. Slíkir drykkir sem innihalda meira en 0,5% af alkóhóli miðað við rúmtak eru taldir áfengi og skulu merktir samkvæmt þessu. Eftir 18. nóv. verður því aðvörun á öllum áfengisumbúðum í Bandaríkjunum sem í lauslegri þýðingu hljóðar svo:

Aðvörun frá stjórnvöldum. Landlæknir Bandaríkjanna segir að konur ættu ekki að neyta áfengis á meðgöngutíma vegna hættu á fósturskemmdum. Og í öðru lagi: Áfengisneysla skerðir hæfileikann til að aka bíl, stjórna vélum og kann að valda heilsutjóni. — Svo mörg eru þau orð.

Nú er rétt að geta þess að eftir að þetta frv. var lagt

fram var annað frv. til breytinga á áfengislögum til meðferðar hjá hv. allshn. þessarar hv. deildar. Á fund nefndarinnar kom Höskuldur Jónsson, forstjóri Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Óhjákvæmilega barst efni þessa frv. í tal við hann. Hann hafði margt um það að segja. Hann taldi í fyrsta lagi ekki alveg ljóst hvort lagabreytingu þyrfti til að koma slíkum merkingum við. Í öðru lagi lýsti hann nokkrum efasemdum um gildi slíkra merkinga. Hann benti þá í þriðja lagi á að þetta kostaði talsvert mikla peninga sem e.t.v. og kannski örugglega væri betur varið á annan hátt. Hann rakti einnig ýmis önnur atriði í mjög greinargóðri og skilmerkilegri frásögn á þessu máli og varð það niðurstaðan að hann sem forstjóri áfengiseinkasölu ríkisins mundi senda allshn. Ed. greinargerð um málið.

Hvað sem menn segja um ágæti slíkra merkinga er ég sannfærður um að þær hafa áhrif og ég hef ekki heyrt þau rök sem sannfæra mig um að þetta sé svo dýrt að það sé nánast óframkvæmanlegt. Ég held að alveg eins og Alþingi Íslendinga hefur samþykkt að vara við því heilsutjóni sem tóbaksneysla hefur í för með sér eigi að gera það sama varðandi áfengið. Kemur mér þá í hug að á þessum sama fundi hv. allshn. var Ólafur Ólafsson landlæknir og hann skýrði nefndarmönnum einmitt frá nýjum niðurstöðum rannsókna þess efnis að aðeins lítil áfengismagn gæti valdið fósturskemmdum og kannski mætti segja greindarskerðingu hins ófædda, aðeins mjög lítið áfengismagn snemma á meðgöngutímanum gæti haft þetta í för með sér, miklu minna áfengismagn en læknar hefðu áður talið. Hann taldi að nú væri orsakasambandið milli áfengisneyslu snemma á meðgöngutíma og fæðingargalla eða fósturskemmda sannað í nýjum rannsóknum svo óyggjandi væri. Þannig skildi ég a.m.k. hans orð.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa um þetta fleiri orð, en legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

EFRI DEILD

82. fundur, miðvikudaginn 19. apríl, að loknum 81. fundi.

Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, 3. umr.

Stjfrv., 408. mál (fjárfestingar í öðrum atvinnurekstri). — Þskj. 769.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Vöruhappdrætti Sambands íslenskra berklasjúklinga, 3. umr.

Stjfrv., 369. mál (gildistími rekstrarheimildar). — Þskj. 892.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 902).

Heimild til að leyfa Köfunarstöðinni hf. innflutning á skipum, 3. umr.

Stjfrv., 419. mál. — Þskj. 779.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Náttúruvernd, 1. umr.

Stjfrv., 414. mál (landverðir). — Þskj. 881.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á lögum um náttúruvernd. Hér er um að ræða fremur einfalt mál sem gerir ráð fyrir því að inn í náttúruverndarlögin verði skotið ákvæðum um landverði til þess að unnt verði að setja síðan reglugerð um starfssvið þeirra, skyldur og meginverkefni.

Landverðir hafa unnið á vegum Náttúruverndarráðs í um það bil 15 ár. Hlutverk þeirra hefur stöðugt verið að vaxa eftir því sem ferðamannastraumur til landsins hefur aukist og þeirri þróun, stórfelldri

fjölgun ferðamanna til landsins, hefur Náttúruverndarráð reynt að mæta fyrir sitt leyti með ráðningu landvarða á ýmsa helstu ferðamannastaði.

Landverðir starfa nú á vegum Náttúruverndarráðs á allmörgum svæðum, þjóðgörðunum í Skaftafelli og Jökulsárgljúfrum, við Mývatn, í Herðubreiðarlindum, Öskju, Landmannalaugum, Hvannalindum, Dyrhólaey, á Hveravöllum og á Hornströndum. Á sumum landsvæðum hafa landverðir fast aðsetur yfir sumartímann en á öðrum ekki, t.d. á Hornströndum. Landverðir hafa verið sérstaklega þjálfaðir af Náttúruverndarráði, en á vegum ráðsins hafa verið haldin viðamikil námskeið fyrir verðandi landverði sem lokið hefur með prófi.

Náttúruverndarráð og Landvarðafélag Íslands hafa á undanförnum árum lagt á það ríka áherslu að kveðið verði á um starfsmenntun og starfssvið landvarða í reglugerð. Í núgildandi lögum um náttúruvernd er hins vegar ekki kveðið á um störf landvarða og þar af leiðandi ekki unnt að setja starfssviði þeirra mörk með reglugerð.

Í frv. því sem hér er lagt fram er gerð tillaga um svipaða skipun varðandi landverði og nú gildir um leiðsögumenn, sbr. lög nr. 60/1976, um skipulag ferðamála. Verður ekki séð að nein rök séu fyrir því að gerðar séu minni kröfur til starfshæfis og menntunar landvarða en gerðar eru til leiðsögumanna í þeim efnum þótt kröfur til landvarða verði að hluta til aðrar eðli málsins samkvæmt.

Ég vænti þess, herra forseti, að þetta frv. fái skjóta meðferð hér á þinginu og verði að lögum í vor þannig að unnt verði hið allra fyrsta að setja þær reglugerðir sem Náttúruverndarráð leggur áherslu á og Landvarðafélagið einnig í þessum efnum. Það skiptir okkur Íslendinga miklu máli að hér sé vel á málum haldið. Starf landvarða er gríðarlega mikilvægt í allri okkar viðleitni til að vernda og gæta náttúru landsins. Ekki síður er það og mikilvægur starfi að leiðbeina fólki um dýrmætustu náttúruperlurnar og gera almenningi kleift að njóta þeirra.

Að lokinni þessari umræðu legg ég svo til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

82. fundur, miðvikudaginn 19. apríl, kl. 2 miðdegis.

Umhverfismál, frh. 1. umr.

Stjfrv., 417. mál (umhverfisráðuneyti). — Þskj. 777.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 23:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓE, ÓÞG, PP, RA, SighB, StH, SJS, AðB, AS, ÁrnG, FÞ, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, HG, JóhS, JónS, JSS, KE, KH, KJóh.

nei: ÓÞÞ.

MálmS, PJ, SV, BB, BÍG, EH, FrS, GHH, HJ, IBA, KrP greiddu ekki atkvæði.

7 þm. (EKG, MÁM, RH, ÞP, ÞÞ, JBH, JK) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Miðað við núverandi skipan á ráðuneytum þykir mér eðlilegt að þetta heyri undir félmrn. og teldi að þetta ætti að fara til félmn. Ég segi því nei.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Það var fundur í þessari hv. deild til kl. að verða þrjú í nótt. Frá kl. 12 á miðnætti til kl. 3 í nótt var ætlast til þess að nokkrir stjórnarandstöðuþingmenn fylgdu úr hlaði sínum frumvörpum. Enginn ráðherra úr hæstv. ríkisstjórn var viðstaddur. Tveir þingmenn stjórnarflokkanna voru við. Nú kl. 2, þótt boðaðar hafi verið atkvæðagreiðslur, hefur stjórnarmeirihlutinn á þingi ekki bolmagn til þess að koma málum til nefndar eða á milli umræðna. Ég tel að það sé ástæða til að vekja athygli á því að það er ekki einungis ætlast til þess að stjórnarandstöðuþingmenn séu hér einir á nóttunni við að flytja ræður um eigin frumvörp, heldur er einnig ætlast til þess að þeir liðki til fyrir hæstv. ríkisstjórn þannig að hún geti komið sínum eigin frumvörpum til nefnda og á milli umræðna. Þrátt fyrir þá litlu virðingu sem hæstv. ríkisstjórn og stuðningsmenn hennar sýna stjórnarandstöðunni á Alþingi tel ég ekki ástæðu til þess að greiða atkvæði gegn því að þetta mál fari til nefndar, en kýs að sitja hjá og greiða ekki atkvæði.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Við þingmenn stjórnarandstöðunnar, þingmenn Sjálfstfl. og Kvennalista sátum hér og vorum að ræða mál stjórnarandstöðunnar til kl. þrjú í nótt. Okkur var boðið upp á það að hæstv. ráðherrar voru hér fjarstaddir og ekki nema tveir stjórnarþingmenn. Það er ljóst að þessi ríkisstjórn hefur ekki bolmagn til að koma sínum málum í gegn nema með hjálp stjórnarandstöðunnar. Það er einnig ljóst að það virðingarleysi sem hún sýnir stjórnarandstöðunni gefur ekki tilefni til þess að stjórnarandstaðan sé að liðka fyrir málum stjórnarinnar þegar svo er farið með mál eins og hér var gert í nótt. Þingmaðurinn greiðir ekki atkvæði.

Stjórnarráð Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 418. mál (umhverfisráðuneyti, aðstoðarráðuneytisstjórar o.fl.). — Þskj. 778.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. HJ og IBA, 310. mál (eignarskattur af íbúðarhúsnæði). — Þskj. 571.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 38 shlj. atkv.

Ríkisbókhald, ríkisreikningur og fjárlög, frh. 1. umr.

Frv. GHH og PJ, 323. mál (fjáraukalög). — Þskj. 584.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 35 shlj. atkv.

Frádráttur vegna fjárfestingar í atvinnurekstri, frh. 1. umr.

Frv. FrS o.fl., 331. mál (hámark frádráttar). — Þskj. 600.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 35 shlj. atkv.

Frádráttur vegna fjárfestingar í atvinnurekstri, frh. 1. umr.

Frv. FrS o.fl., 332. mál (ónýtt frádráttarheimild og ný hlutabréf). — Þskj. 601.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 36 shlj. atkv.

Lyfjadreifing, frh. 1. umr.

Frv. GuðnÁ, 379. mál (lyfsöluleyfi). — Þskj. 717.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 35 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Frv. MálmS o.fl., 394. mál (umönnunarbætur). — Þskj. 737.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 35 shlj. atkv.

Kosningar til Alþingis, frh. 1. umr.

Frv. KH o.fl., 416. mál (kosningarréttur). — Þskj. 776.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 34:1 atkv. og til allshn. með 34:1 atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. KH o.fl., 429. mál (ónotaður persónuafsláttur barna o.fl.). — Þskj. 789.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 34 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Kvöld- og næturfundir.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Eins og kom fram í atkvæðagreiðslu hér áðan hafa þingstörf verið með óvenjulegum hætti. Störfin hér í Nd. Alþingis eru orðin umhugsunarefni fyrir óbreytta þingmenn stjórnarandstöðunnar þegar þeir eru látnir sitja hér og starfa hér í deild um miðjar nætur og aðeins nokkrir hv. þm. viðstaddir þá umræðu. Óvirðing í garð þingmanna er algjör. Það hefði verið ómaksins vert fyrir hæstv.

fjmrh., ef ég nefni hann sem dæmi, að koma úr „Undralandi" sínu í ráðuneytinu og hlusta á raddir þingmanna til tilbreytingar.

Hæstv. forseti. Ég vil spyrja: Er það boðlegt að ætla stjórnarandstöðunni tíma um miðjar nætur til að koma skoðunum sínum á framfæri? Er þetta boðlegt kjósendum okkar sem ætlast til þess að þarfir þeirra séu teknar til umfjöllunar á alvarlegan hátt en ekki að þingmönnum sé ætlað að ræða við hvern annan eins og hér var í nótt?

Þótt ágætt sé að fá fram sjónarmið Kvennalistans og Sjálfstfl., eins og í nótt, hefði verið nauðsyn að heyra frá hæstv. ráðherrum um þau mál sem voru til umræðu. Þingræðið er í hættu og vinnubrögð ríkisstjórnarmeirihlutans eru líkari einræði en lýðræði. Ég spyr hæstv. forseta hvort honum þyki þau vinnubrögð sem voru höfð í frammi í nótt boðleg og þá hvort ekki sé ástæða til þess að skipta um tíma fyrir stjórnarandstöðufrv. og þingmannafrv. þannig að ráðherrar geti talað fyrir sínum málum á nóttunni en almennir þingmenn á daginn. Því mætti ætla að áhugi ríkisstjórnarinnar yrði meiri á að mæta hér í þinginu ef tekið yrði tillit til stjórnarandstöðunnar.

Ég vil spyrja hæstv. forseta hvort taka megi mark á ummælum hæstv. forsrh. hér í gærkvöldi, hvort ætla megi að þing verði a.m.k. fram undir miðjan maí og jafnframt vil ég vekja athygli á að hæstv. forsrh. talaði um að ekki væri nein sérstök ósk að fá afgreidd lög um umhverfisráðuneyti nú á þessu þingi og jafnvel að svo væri um fleiri mál ríkisstjórnarinnar.

Ég spyr því: Hvaða mál leggur ríkisstjórnin áherslu á að afgreiða fyrir þinglausnir? Og ég spyr forsrh.: Hvaða mál leggur hann áherslu á að þingið afgreiði fyrir þinglausnir, þannig að hægt sé að taka önnur mál hennar af dagskrá?

Hæstv. forseti. Ég óska eftir svörum við þessu.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegur forseti. Vegna spurninga hv. þm. vil ég upplýsa að ég kom beint á þennan fund af fundi með forsetum þingsins og formönnum þingflokka. Þar gerði ég grein fyrir því að ríkisstjórnin vildi hafa samráð um það hvaða mál yrðu afgreidd miklu frekar en að vera að setja upp einhverja úrslitakosti um afgreiðslu mála. Þar var allt í hinu besta bróðerni og ákveðið að ræða aftur um þetta nk. mánudag og það mun verða gert.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Í tilefni orða hv. 11. þm. Reykn. og fyrirspurnar til forseta, þá er það nú reyndar mín tilfinning þó að ég hafi ekki fyrir augum nein töluleg gögn að ekki sé öllu meira um næturfundi nú í þessari deild á þessu þingi heldur en hafi verið á undanförnum þingum. En eins og ég segi: Um það hef ég ekki töluleg gögn. Mér reyndari menn kunna kannski betur frá því að greina.

Vitaskuld er ljóst að hætt er við að eitthvað þunnskipaðra verði á nætur- og kvöldfundum heldur en á þeim fundum sem haldnir eru á venjulegum tíma. Hins vegar tel ég mig sem forseta hafa gert talsmönnum flokkanna og framsögumönnum mála í gær grein fyrir því hvernig ég mæti aðstæður til þess að menn fengju að mæla fyrir málum sínum með hliðsjón af því álagi sem er í deildinni. Ég taldi mig hafa náð samstöðu um það eða það var a.m.k. stórmótmælalaust að því er mér sýndist að það verklag yrði viðhaft sem síðan varð ofan á, að leitast við að tæma þá dagskrá sem fyrir fundinum lá í gær.

En ég vil vitaskuld af þessu tilefni hvetja þingmenn til þess að sækja þingfundi vel þegar þeir eru haldnir og leitast við af fremsta megni að sitja þingfundi hvenær sólarhringsins sem til þeirra er boðað þó að ég telji það skyldu mína að leitast við að þeir standi ekki fram á nætur nema í algjörum undantekningartilvikum.

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Oft heyrist stjórnarandstöðunni brugðið um ábyrgðarleysi, hún líti á hlutverk sitt fyrst og fremst svo að hún sé hávær gagnrýnisaðili og sé helst upp á móti öllu sem stjórnin aðhafist og geri, en minna fer fyrir því að stjórnarliðum sé brugðið um ábyrgðarleysi og virðingarleysi sem þeir, því miður, sýna skoðunum og tillöguflutningi stjórnarandstæðinga. Um leið og ég vil þakka hæstv. forseta fyrir það sem hann hefur gert til þess að gera okkur kleift að mæla fyrir málum okkar hér á þinginu, sem hann hefur gert í góðu samkomulagi við okkur, þá tek ég fyllilega undir gagnrýni sem fram hefur komið hér í dag hjá hv. 1. þm. Reykv. og hv. 11. þm. Reykn. Það var ekki boðlegt stjórnarandstöðunni það virðingarleysi sem ríkisstjórnin og stjórnarþingmenn sýndu stjórnarandstæðingum sem þeir iðulega bregða um skort á tillögum og innleggi í umræðu hér á Alþingi, að hún hafi ekkert fram að færa annað en háværa gagnrýni og skammir. En þegar við síðan leggjum fram þingmál og mælum fyrir þeim hér á Alþingi þá skortir á virðingu stjórnarliða fyrir þeim tillögum sem við höfum fram að færa. Ég vildi því taka undir það sem hér hefur verið sagt um þetta mál.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég hef setið á nokkuð mörgum þingum vegna þess að áður en ég hóf hér fasta þingsetu þá droppaði ég alloft inn sem varamaður. Ég minnist þess að í umræðu um rétt þingmanna stóð Lúðvík Jósepsson mjög fastur á því sem stjórnarandstæðingur á sínum tíma að stjórnarandstaðan léti ekki bjóða sér tvo kvöldfundi í röð og hafði það fyrir fasta reglu að hafa þann ófrið ef mönnum datt það í hug að menn viku undan. Ég kannast ekki við það að hafa nokkurn tíma sýnt málefni frá stjórnarandstöðuþingmanni óvirðingu, hvorki þegar það hefur verið unnið í nefndum eða hér á þinginu og tek ekki slíkum athugasemdum. En mér finnst að það sé orðin mjög skaplaus stjórnarandstaða sem lætur bjóða sér það að tala fyrir málum sínum um miðjar nætur og að hafa hér kvöldfundi, kvöld eftir kvöld.

Náttúruvernd, 3. umr.

Stjfrv., 414. mál (landverðir). — Þskj. 881.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Sjúkraliðar, 2. umr.

Stjfrv., 229. mál (verkstjórn og starfsábyrgð). — Þskj. 427, n. 886, brtt. 887.

Frsm. heilbr.- og trn. (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. sem liggur hér frammi á þskj. 886 og er nál. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 58/1984, um sjúkraliða.

Þetta frv. er samið í samræmi við loforð við kjarasamninga við sjúkraliða og var til þess flutt að ákveða frekar stöðu sjúkraliða innan heilbrigðiskerfisins. Ég hygg að fá frv. hafi fengið meiri umfjöllun úti í þjóðfélaginu heldur en þetta frv. þar sem það var sent til yfir 60 aðila, það var sent öllum sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum, námsbrautum í fjölbrautaskólum og fleirum og fleirum og yfir 60 umsagnir hafa borist.

Það var ljóst frá upphafi að ágreiningur var um frv. eins og það leit út í fyrstu. Nefndin fékk til fundar við sig aðila frá Sjúkraliðafélaginu og Hjúkrunarfræðingafélaginu og til fundar við nefndina komu þær Kristín Guðmundsdóttir, Ólafía Ingvarsdóttir, Margrét Kristinsdóttir og Solveig Halblaub frá Sjúkraliðafélaginu, Sigþrúður Ingimundardóttir, Pálína Sigurjónsdóttir, Svava Aradóttir, Sonja Sveinsdóttir og Ólína Torfadóttir frá Hjúkrunarfélaginu og Laura Sch. Thorsteinsson frá Félagi háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga.

Nefndin reyndi sem kostur var að samræma þau sjónarmið sem hvor aðili um sig hafði á málinu og á þskj. 887 er brtt. við fyrstu tvær málsgreinar hins upphaflega frv. sem ég vil leyfa mér að lesa, með leyfi hæstv. forseta. Það hljóðar svo:

„Sjúkraliði starfar á hjúkrunarsviði og vinnur undir stjórn þess hjúkrunarfræðings sem fer með stjórn viðkomandi stofnunar, deildar eða hjúkrunareiningar og ber ábyrgð á störfum sínum gagnvart honum.

Þar sem hjúkrunarfræðingur hefur ekki fengist til starfa að undangenginni auglýsingu getur sjúkraliði borið ábyrgð á störfum sínum gagnvart þeim sérfræðingi sem hlotið hefur viðurkenningu heilbrrn. Þó skal slík skipan ekki standa lengur en eitt ár í senn og er þá skylt að auglýsa á ný eftir hjúkrunarfræðingi.

Komi upp ágreiningur um ráðningu sjúkraliða skv. 2. mgr. skal ráðuneytið skera úr um þann ágreining."

Eins og þeir sem kunnugir eru þessu frv. sjá er hér reynt að koma til móts við báða aðila. Það þarf ekki að leita heimilda ráðuneytis hverju sinni sem sjúkraliði starfar á stofnun þar sem ekki er hjúkrunarfræðingur. Á hinn bóginn er tryggt að gert sé ráð fyrir að ævinlega sé leitað eins og kostur er að hjúkrunarfræðingi en eins og menn vita þá gerist það oftlega, og ekki síst utan Reykjavíkursvæðisins, að ekki er hjúkrunarfræðingur fáanlegur á stofnun og sjúkraliðar verða því að fara í þeirra störf að eins miklu leyti og lög leyfa.

Formanni nefndarinnar, sem hér stendur, var síðan falið að bera þessa lausn undir báða aðila og ég hafði tal af bæði formanni Sjúkraliðafélagsins og formanni Hjúkrunarfélags Íslands og báðir aðilar sætta sig við þessa lausn. Þess vegna hefur nefndin lagt til að þannig verði frá málinu gengið. Undir nál. skrifa Guðrún Helgadóttir, Jón Sæmundur Sigurjónsson, Geir H. Haarde og Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, en Guðmundur G. Þórarinsson, Jón Kristjánsson og Ragnhildur Helgadóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Við vonum að við yfirferð þessa máls í hv. Ed. fari menn enn á ný ofan í þetta mál og ráðgist við þá aðila sem um niðurstöður þessa máls hafa deilt. Ég legg því til að málið fái afgreiðslu hér í þessari deild og komist sem fyrst til Ed. og hljóti þar með afgreiðslu á þessu þingi.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég get ekki látið hjá líða að segja nokkur orð um tilurð þessa máls. Þannig hagar til að Kvennalistinn á ekki fulltrúa í heilbr.- og trn. en við höfum þar áheyrnarfulltrúa sem er sú sem hér stendur og hefur einu sinni verið boðuð á fund hjá heilbr.- og trn. þar sem aðilar frá bæði Félagi sjúkraliða og hjúkrunarfélögunum mættu til viðtals við nefndina.

Það varð strax ljóst að þarna bar talsvert mikið í milli og málið var kannski miklu víðtækara heldur en kemur fram í þessu frv., snerist að miklu leyti um starfssvið sjúkraliða og hver réttindi þeirra og skyldur væru og menntunarmál sjúkraliða og margt fleira tengdist þessu máli.

Ég vil líka taka það fram að til viðbótar við þennan fund, sem haldinn var á vegum heilbr.- og trn., höfum við í Kvennalistanum haft náið samstarf við báðar stéttir sem hér eiga hlut að máli og reynt að glöggva okkur á því hvað þarna ber í milli og hvað mætti til sátta verða. Ég hef ítrekað beðið um að vera kölluð á fundi hjá heilbr.- og trn. og formaður nefndarinnar hefur jafnítrekað gefið loforð um að ég yrði kölluð þangað en nú er hér allt í einu komin brtt. inn á borð til þingmanna ásamt nál. frá nefndinni og var ég hvergi nærri þegar sá fundur var haldinn, var ekki boðuð á hann og þar af leiðandi hefur mér ekki gefist kostur á að bera þessa lausn undir þessi stéttarfélög og vildi gjarnan gera það áður en málið verður til lykta leitt endanlega hér í deildinni. Og fyrst annað hefur ekki dugað til, þá vil

ég fara fram á það héðan úr ræðustól að ég verði framvegis boðuð á fundi nefndarinnar þannig að mér gefist kostur á að fylgjast með þessu mjög svo viðkvæma máli.

Frsm. heilbr.- og trn. (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil upplýsa það að ég er ekki starfsstúlka hér í stofnuninni og boða ekki fundi í nefndum. Sem formaður nefndarinnar læt ég boða til nefndarfunda og ég hélt að það lægi alveg ljóst fyrir hverjir ættu að verða boðaðir í hvert skipti og ekki þyrfti margsinnis að ítreka það. Mér þykir það afar leitt ef það hefur farið svo að hv. 18. þm. Reykv. hefur ekki verið boðaður til funda en ég mun framvegis sýnist mér verða að ganga á eftir því í hvert skipti að svo sé.

Hins vegar vil ég taka fram að ég er búin að hafa samband við þessi stéttarfélög og niðurstaðan varð sú að því yrði ekki mótmælt, satt að segja eru sjúkraliðar harla ánægðir með þessa niðurstöðu, hjúkrunarfræðingar e.t.v. ekki eins ánægðir, en svona eins og maður gæti orðað það, höfðu ekki við það athugasemd þó að málið færi svona til hv. Nd. á ný. Því held ég að það sé ástæðulaust að hv. þm. fari fram á frestun á þessu máli. Við skulum ekki gleyma því að málið á eftir að fara í hv. Ed. og þar hafa auðvitað báðir aðilar alla möguleika á að koma til nefndarinnar til viðræðna þannig að ég mundi nú vilja fara fram á það til að flýta fyrir gangi málsins að um það yrðu greidd atkvæði í dag og því hleypt upp til hv. Ed.

Fyrir liggur gífurlegt efni sem hefur borist út af þessu máli og það er auðvitað sjálfsagt að láta það fylgja málinu til Ed. Ég sé ekki að það verði málinu til framdráttar að stranda hér. Það er þá eðlilegra að það strandi í síðari deild ef það stendur til að stöðva málið sem ég held satt best að segja, eftir viðræður mínar við þessa tvo formenn, Kristínu Á. Guðmundsdóttur og formann Hjúkrunarfélagsins, að ekki sé ástæða til. Þetta vildi ég sagt hafa.

En ég vil ítreka að ég harma það að hv. þm. skyldi ekki vera boðaður til fundar en ég skal reyna að stimpla það inn í vitund þeirra sem til nefndarfunda boða að það beri að boða hv. þm. til funda.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Eins og fram hefur komið hjá hv. frsm. heilbr.- og trn. er hér um mál að ræða sem olli töluverðum ágreiningi. Og þó að það láti ekki mikið yfir sér þetta litla frv., aðeins tvær greinar og sé ekki langt, þá er það svo að þegar tekið er á réttindamálum þá vill það oft verða viðkvæmt mál og einkum viðkvæmt milli stétta.

Frv. var flutt, eins og fram hefur komið, í framhaldi af bókun sem fylgdi kjarasamningi frá því í fyrra og reyndar var það ítrekuð bókun frá árinu 1987 og taldi ég bæði nauðsynlegt og eðlilegt að standa við það og reyna að fylgja því fram.

Við umfjöllun málsins hér í þinginu hjá hv. heilbr.- og trn. kom í ljós að ágreiningur var töluverður og þó kannski einkum það að atriði eða ákvæði í 2. mgr. 1. gr. frv. kunnu að rekast á við lög um heilbrigðisþjónustu og starfsréttindi hjúkrunarfræðinga. Þess vegna var talið eðlilegt og nauðsynlegt að gera á þessu nokkrar breytingar sem fram koma í brtt. nefndarinnar.

Ég vil þakka nefndinni fyrir það að hafa lagt í þetta frv. mikla vinnu og lagt sig fram um það að reyna að ná um þetta samkomulagi. Auðvitað er það ljóst að málsaðilar eru kannski ekki fullkomlega sáttir þegar svo mikið ágreiningsmál hefur verið til umfjöllunar en eins og fram hefur komið hjá hv. formanni nefndarinnar og framsögumanni þá láta menn það þó, ef það má orða það svo, yfir sig ganga, þ.e. sætta sig við þessa niðurstöðu eins og þeir geta. Og ég vænti þess að sjúkraliðar hafi fengið fram meginatriði úr því sem þeir lögðu mest upp úr í sambandi við kjarasamningana og það sem fram kom í bókuninni, að kveða skýrar á um ábyrgð á störfum þeirra, að sjúkraliðarnir sjálfir beri ábyrgð á störfum sínum og það er skýrt kveðið á um það í greininni eins og hún liggur nú hér fyrir samkvæmt brtt. nefndarinnar.

Ég vil fara fram á það eins og hv. formaður heilbr.- og trn. að mál þetta fái áfram gang í gegnum þingið, það verði ekki stöðvað hér í þessari deild nú að fengnum þeim upplýsingum hjá hv. formanni að haft hefur verið samband við formenn þessara tveggja félaga sem málið mest varðar og það fái síðan eðlilega og nauðsynlega umfjöllun í Ed. því þangað á það eftir að fara. Samkvæmt starfsáætlun þingsins lifir skammt eftir, mörg frv. til afgreiðslu og ef upp kemur nú þar eins löng og ítarlega umfjöllun um málið eins og í Nd. þá er það mjög í hættu að það fáist afgreitt á þessu þingi, en ég tel að það sé alveg nauðsynlegt til þess að þó seint sé þá sé nú staðið við þessa bókun sem sjúkraliðunum var gefin við kjarasamningana bæði í fyrra og hittiðfyrra. Ég fer þess vegna eindregið fram á það við hv. þm. Þórhildi Þorleifsdóttur að hún falli frá þeirri kröfu sinni um að málið sé stöðvað hér og nú, en það má auðvitað taka það aftur til skoðunar og verður að sjálfsögðu gert við meðferð í Ed.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil taka það fram að ég fór ekki fram á frestun á málinu. Þetta er 2. umr. sem hér er og ég bað einungis um að það ráðrúm mundi veitast að maður gæti haft samband við viðkomandi stéttarfélög, ekki það að ég rengi orð formanns nefndarinnar heldur hitt að mér finnst það nokkuð endasleppt að geta ekki sjálf aflað mér þeirra upplýsinga sem ég gjarnan vildi. Mér var ekki ljóst að það var ætlunin að taka málið til 3. umr. hér í dag. En ef svo er, ef talið er að ég muni með þeirri beiðni minni tefja málið, þá mun ég að sjálfsögðu fallast á þá málsmeðferð að málið nái fram að ganga áfram til Ed. Þar eigum við fulltrúa í heilbr.- og trn. og ég vona að fulltrúi Kvennalistans þar geti þá unnið þá vinnu sem ég hafði hugsað mér að gera hér í Nd.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 887 samþ. með 25 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Aðför, 1. umr.

Stjfrv., 111. mál (heildarlög). — Þskj. 863 (sbr. 114).

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. þessu fyrir hönd dómsmrh. sem er fjarverandi. Ég vek athygli á því að frv. þetta er fylgifrumvarp með frumvarpi um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds sem er nú til meðferðar í allshn. þessarar deildar og þarf að sjálfsögðu að vera þar til meðferðar um svipað leyti.

Eins og fram kemur er frv. samið sem þáttur í heildarendurskoðun löggjafar um dómstólaskipan og réttarfar á héraðsdómsstigi og tengist því fyrrnefndu frv. eins og ég sagði áðan. Það frv. gerir ráð fyrir umfangsmiklum breytingum eins og ég veit að hv. þm. er kunnugt.

Þessu frv. er í fyrsta lagi aðallega ætlað að leysa af hólmi tvenn lög um aðfarargerðir, annars vegar lög um aðför, nr. 19 frá 4. nóv. 1987, og hins vegar lög um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, nr. 29 frá 16. des. 1985. Að auki tekur frv. til efnis sem dreifð fyrirmæli í enn eldri réttarheimildum hafa gilt um eins og sjá má í upptalningu sem fylgir þessu frv. Þannig að hér er þó ekki síst um að ræða eins konar hreinsun og samræmingu á fjölmörgum eldri ákvæðum sem um aðför gilda.

Í þessu frv. eru þó veigamikil efnisatriði eða breytingar sem tengjast þeirri umfangsmiklu endurskoðun dómkerfisins sem ég gat um í upphafi míns máls. Veigamesta breytingin frá núgildandi lögum sem lögð er til í þessu frv. snýr að eðli aðfarargerða en sú breyting tengist nánar tiltekið því hverjir fari með þær. Er miðað við að sýslumenn, sem frv. til laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði ráðgerir að hafi með höndum hlutverk umboðsmanna framkvæmdarvaldsins í héraði, fari með framkvæmd aðfarargerða sem stjórnvaldsathafnir. Héraðsdómstólum er jafnframt ætlað veigamikið hlutverk við aðfarargerðir samkvæmt frv. þessu, bæði við undirbúning þeirra og við úrlausn réttarágreinings sem rís við þær en reglur frv. fela ekki í sér að sýslumenn fari á neinn hátt með dómsvald í þessum efnum og er það sjálfsagt í samræmi við þær umfangsmiklu breytingar og aðskilnað sem þessi vinna stefnir að.

Fyrir utan þessa veigamestu efnisbreytingu þá eru í frv. ýmis atriði sem annaðhvort má nefna minni háttar breytingar eða lagfæringar og þar sem skýrar er tekið fram en nú liggur fyrir í lögum um ýmis atriði aðfarargerða.

Í fyrsta lagi hefur lögfesting frv. í för með sér nokkra fjölgun aðfararheimilda frá því sem nú gildir.

Í öðru lagi, eins og fram kemur í 2. og 3. gr., koma fram reglur um aðild að aðfarargerðum. Er í 2. gr. mælt fyrir um hverjir eigi rétt til að krefjast aðfarargerða eða m.ö.o. hverjir geti verið gerðarbeiðendur.

Í þriðja lagi eru í 2. kafla frv. aðallega reglur um aðfararfrest. Verulegar breytingar eru lagðar þarna til frá gildandi lögum. Af þeim má nefna að ráðgert er með 5. gr. að afnumin verði skylda til að birta dóma eða úrskurði fyrir gerðarþola til að marka upphaf aðfararfrests.

Í fjórða lagi vil ég nefna að í 3. kafla frv. koma fram reglur um aðfararbeiðnir og undirbúningsaðgerðir fyrir aðfarargerðir. Í 10. gr. er regla um efni aðfararbeiðna sem felur nokkra breytingu í sér frá gildandi ákvæðum 3. gr. aðfararlaga. Einnig koma fram fyrirmæli í 2. mgr. 10. gr. um fylgigögn með aðfararbeiðnum svo að nokkuð sé nefnt.

Í fimmta lagi vil ég nefna að í 4. kafla frv. er fjallað um upphafsaðgerðir við aðför. Í 19. gr. er kveðið á um innbyrðis rétthæfi aðfararbeiðna ef fleiri en ein hafa borist á hendur sama gerðarþola.

Í sjötta lagi vil ég nefna að í 5. kafla frv. er fjallað um framkvæmd aðfarar, en þar er að finna almennar reglur sem ná til allra afbrigða aðfarargerða án tillits til hvort um fjárnám er að ræða eða aðför til að fullnægja annarri skyldu gerðarþola.

Í sjöunda lagi vek ég athygli á því að í 6. kafla frv. koma fram reglur um það í hverjum eignum gerðarþola megi gera fjárnám. Ákvæði kaflans fela talsverða breytingu í sér frá núgildandi reglum. Af þeim má helstar nefna að í 38. gr. er horfið frá meginreglu gildandi laga að meta þurfi til verðs eignir sem fjárnám er gert í, en í framkvæmd hefur lengi heyrt til undantekninga að ekki sé lýst yfir af hálfu aðila að gerðinni að þeir falli frá því að mat eða virðing eigna fari fram. Það má segja að með þessari breytingu er verið að færa lögin til þess horfs sem venjur hafa skapað.

Í áttunda lagi er kveðið á um réttaráhrif fjárnáms á vörslu eigna sem fjárnám hefur verið gert í og er það í 7. kafla frv. Þá má nefna að í 8. kafla eru lagðar til reglur um sérstök skilyrði fyrir því að fjárnámi verði lokið án árangurs og er með þeim hætti leitast við að vernda stöðu gerðarþola í þessum efnum, en þessu hefur verið mjög ábótavant.

Í tíunda lagi vil ég nefna að í 9. kafla er að finna reglur sem taka til heimildar til endurupptöku fjárnámsgerðar og til framkvæmdar við þær aðstæður.

Í ellefta lagi nefni ég að í aðfararlögum er ekki vikið að þeim sérstöku lögum sem varða fjárnám til fullnustu kröfum um dagsektir sem lagðar hafa verið á gerðarþola til að knýja hann til efnda á skyldum til tiltekinna athafna. Er í 10. kafla leitast við að bæta úr vöntun lögfestra reglna um þetta atriði. Efnisregl-

ur kaflans bera að nokkru í sér tillögur um lögfestingu reglna sem hafa þótt gilda í framkvæmd í þessu sambandi, en ýmis mikilvæg nýmæli er þó einnig þar að finna.

Þá nefni ég í tólfta lagi að í 11. kafla frumvarpsins eru reglur sem koma í stað fyrirmæla II. kafla aðfararlaga um aðför til fullnustu krafna um annað en peningagreiðslur en slíkar aðfarargerðir eru fátíðar í framkvæmd.

Í þrettánda lagi vil ég geta þess að í 12. kafla frv. koma fram reglur sem taka til útburðar- og innsetningargerða án undangengins dóms eða réttarsáttar. Almennar lögfestar reglur hafa ekki verið fyrir hendi um þetta atriði og er mikilvægt að úr því verði bætt.

Í fjórtánda lagi vil ég nefna að V. þáttur frv. hefur að geyma reglur um meðferð mála fyrir héraðsdómi sem varða ágreining um aðfarargerðir. Mismunandi reglur eru lagðar hér til eftir því á hvaða stigi gerðarinnar ágreiningurinn rís.

Loks vil ég í fimmtánda lagi nefna að fyrirmæli 14. kafla frv. fjalla um bótaábyrgðir vegna óréttmætrar aðfarargerðar eða rangrar framkvæmdar hennar, en reglur hafa ekki verið fyrir hendi í lögum um þetta efni.

Herra forseti. Ég hef hér rakið meginatriði þessa frumvarps. Ég endurtek að þetta er fylgifrumvarp með öðru máli sem þegar er komið til deildar og mikilvægt að það sé þar í meðferð um leið. Þetta er mjög stórt mál og þó það sé aðeins einn angi af enn mikilvægari endurskoðun dómskerfisins er það í sjálfu sér mjög mikilvæg lagfæring sem hér er lögð til. Legg ég til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Brottfall laga á sviði menntamála, 1. umr.

Stjfrv., 371. mál. — Þskj. 694.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir gagnmerku frumvarpi um brottfall ýmissa laga á sviði menntamála sem þeir í hinu háa menntmrn. hafa samið og hafa af sínum vísdómi komist að því að öll þau lagaákvæði sem um getur í 1.–8. gr. frv., sem er á þskj. 694, þjóni ekki tilgangi lengur í Lagasafni Íslands og hafi þar ekki neinu hlutverki að gegna og vilja því að þau falli brott. Með þessu skal stuðlað að nauðsynlegri lagahreinsun í lagasafninu, en útgáfa lagasafnsins er nú í undirbúningi.

Ég hirði ekki að rekja þessi lagafrumvörp öll. Mér skilst að hæstv. menntmrh. hafi flutt bráðskemmtilega ræðu í Ed. um afnám laga um friðun héra og fleira í þeim dúr og vísa í framsöguræðu ráðherrans í hv. Ed.

Hv. menntmn. Ed. fjallaði um málið og varð sammála um að leggja til að frumvarpið yrði samþykkt og virðist því hér ekki vera ágreiningur uppi um það að brottfall þessara laga úr lagasafninu sé tímabært orðið.

Að lokinni þessari umræðu legg ég svo til að frv. verði vísað til hv. menntmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til menntmn. með 24 shlj. atkv.

Dýralæknar, 1. umr.

Stjfrv., 343. mál (búseta héraðsdýralækna, dómnefnd o.fl.). — Þskj. 622.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 77 frá 1. okt. 1981 um dýralækna, með síðari breytingum.

Frv. felur í sér breytingar á 2. og 5. gr. gildandi laga. Í 1. gr. frv. eru gerðar þær breytingar á 2. gr. laganna að aftur verði tekin upp í lögin ákvæði sem féllu brott við síðustu endurskoðun og gera ráð fyrir að landbrh. ákveði búsetustað héraðsdýralækna, en samkvæmt gildandi lögum er í raun enginn aðili sem getur tekið slíka ákvörðun vegna brottfalls þessara ákvæða úr lögunum á sínum tíma við síðustu endurskoðun.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir heimild til að ráða dýralækni án fastrar búsetu til að gegna dýralæknisþjónustu í forföllum eða þegar sérstakt annríki eða vanda ber að höndum í einstökum héruðum. Það er mikil þörf á því að hafa slíkan dýralækni tiltækan þar sem oft ber við bæði vegna veikinda, forfalla og annarra ástæðna að héraðsdýralæknar geta ekki gegnt störfum sínum um lengri eða skemmri tíma. Í núgildandi lögum eru engin ákvæði sem tryggja starfsemi dýralæknis án fastrar búsetu og er það bagalegt jafnmargir og héraðsdýralæknar eru nú orðnir og því ávallt hætta á nokkrum forföllum.

Í þriðja lagi er í 1. gr. gert ráð fyrir að við Tilraunastöð Háskólans í meinafræði á Keldum starfi að jafnaði tveir dýralæknar með sérþekkingu. Ákvæði þetta var á sínum tíma sett til að tryggja að við stofnunina, sem fæst að verulegu leyti við rannsóknir á dýrasjúkdómum, störfuðu ætíð sérmenntaðir dýralæknar. Þetta ákvæði þykir eðlilegt af faglegum ástæðum í rekstri þessarar stofnunar.

2. gr. gerir ráð fyrir smávægilegum breytingum á núgildandi 5. gr. laganna, svo og því að það nýmæli sé tekið upp í 2. mgr. að ráðherra skipi þriggja manna nefnd sem hafi það hlutverk að meta hæfni umsækjenda um héraðsdýralæknisembætti og geri tillögu til ráðherra um röð umsækjenda. Við röðun umsækjenda er þá gert ráð fyrir því að nefndin geti auk hæfni manna byggt á reynslu, ívilnun vegna starfa í afskekkt-

um héruðum og fleiru slíku, samkvæmt nánari útfærslu í starfsreglum sem gert er ráð fyrir að ráðherra setji nefndinni. Ákvæði þetta er í raun mjög hliðstætt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, varðandi starfsskilyrði og veitingu embætta til annarra lækna.

Það er jafnframt nýmæli í 1. mgr. að skipun yfirdýralæknis sé tímabundin og gildi lengst í sex ár. Að öðru leyti eru ákvæði greinarinnar efnislega samhljóða núgildandi lögum.

Ég hygg að þessar breytingar séu annars vegar nauðsynlegar lagfæringar á lögunum vegna þeirra ákvæða sem þar féllu fyrir borð við síðustu endurskoðun laganna og hins vegar það nýmæli sem lýtur að veitingu héraðsdýralæknisembætta og heimild til að setja þar upp stöðunefnd og taka tillit til reynslu manna og ívilna þeim vegna starfa í strjálbýlishéruðum. Það er mat manna að með þessu verði betur staðið að þeirri framkvæmd að veita dýralæknisembætti, item að það örvi unga dýralækna til að taka að sér þjónustu í strjálbýlum héruðum, en eins og kunnugt er hafa þó nokkur þeirra verið auð og óskipuð undanfarin ár og er það bagalegt.

Af þessum ástæðum öllum er lögð á það mikil áhersla að frumvarp þetta verði að lögum á yfirstandandi þingi og hv. Ed. hefur þegar afgreitt það frá sér með samhljóða nefndaráliti.

Að lokinni þessari umræðu legg ég svo til að frv. verði vísað til hv. landbn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til landbn. með 24 shlj. atkv.

Afnám ýmissa laga um iðnaðar- og orkumál, 1. umr.

Stjfrv., 298. mál. — Þskj. 546.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um afnám ýmissa laga um iðnaðar- og orkumál sem er á þskj. 546 eins og frv. kemur frá hv. Ed.

Eins og kunnugt er er áformuð útgáfa lagasafns á þessu ári og því hefur þeim tilmælum verið beint til ráðuneyta að þau hefðu frumkvæði um það að fella út gildi lög sem ekki hafa neina þýðingu lengur.

Ég flutti slíkt frv. varðandi úrelt lög á sviði viðskiptamála á síðasta ári og flyt nú þetta frv. um brottfall úreltra laga á sviði iðnaðar- og orkumála. Í þessu frv. eru talin upp ellefu lög sem að mínu áliti eru með öllu úrelt, en auk þess eru í grg. talin upp nokkur lög sem kalla mæti einnota lög, þ.e. lög sem áttu á sínum tíma við einstaka framkvæmd sem löngu er lokið. Auðvitað er óþarfi að halda áfram birtingu slíkra laga í lagasafni frekar en þörf er á að birta þar fjárlög hvers árs. En auðvitað er ekki rétt að fella slík lög úr gildi athugunarlaust. Markalínan er hér sums staðar mjög óljós, en í þessu frv. er við það miðað að fella niður úrelt lög sem hafa að geyma opna heimild fyrir ríkisstjórnina til fjárráðstafana eins og t.d. að stofna tunnuverksmiðju. Hins vegar er hér í grg. einfaldlega gerð tillaga um að hætt verði að birta lög sem fjalla um einstakar aðgerðir eins og t.d. að taka á leigu geymsluhús Tunnuverksmiðju Siglufjarðar sf., svo ég taki eitt dæmi.

Virðulegur forseti. Í athugasemdum við einstakar greinar er getið röksemda fyrir brottfalli viðkomandi laga og ætla ég ekki að hafa um það fleiri orð. Ég legg til að þessu frv. verði að lokinni umræðunni vísað til hv. iðnn. og 2. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til iðnn. með 24 shlj. atkv.

Hlutafélag um Sementsverksmiðju ríkisins, 1. umr.

Frv. FrS, 333. mál. — Þskj. 602.

Flm. (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Ég leyfi mér að flytja frv. til laga um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins. Þetta er 333. mál þingsins og frv. er að finna á þskj. 602. Þetta frv. er ekki flókið að gerð og reyndar þekkja hv. þm. frv. frá fyrri tíð. A.m.k. þrisvar sinnum hafa verið flutt frv. þessa efnis á hinu háa Alþingi. Í eitt skiptið var reynt á fylgi frv. í hv. Ed. Þar féll það frv. sem lagt var fram. Nú hefur frv. verið breytt. Fyrst var því breytt í tíð síðustu ríkisstjórnar og lagt þá fyrir þáv. stjórnarflokka og fjallað um frv. ásamt nokkrum forráðamönnum Sementsverksmiðjunnar og bæjarstjórnarfulltrúum á Akranesi. Að því samráði loknu var frv. enn breytt á sl. hausti af þeim sem höfðu unnið að undirbúningi málsins, en það voru menn tilkvaddir af iðnrn.

Þær breytingar sem hafa orðið á frv. frá því að það var sýnt stjórnarflokkum síðustu ríkisstjórnar er að orðalag í 2. gr. er víkkað. Þar segir nú að félaginu sé heimilt að gerast eignaraðili í öðrum hlutafélögum eða sameignarfélögum. Þetta er ákvæði sem heimilar Sementsverksmiðjunni, ef af verður, að hefja rekstur um skylda starfsemi og taka þátt í ýmsum þróunarverkefnum. Þetta er samsvarandi ákvæði og hæstv. iðnrh. hefur beitt sér fyrir að verði tekið upp í lög um Járnblendiverksmiðjuna og er ákaflega eðlilegt að fyrirtæki á borð við þetta geti á grundvelli reynslu sinnar og þekkingar tekið þátt í annarri starfsemi en beinlínis þeirri að framleiða sement.

Þá er í öðru lagi 3. gr. frv. ný, en í henni er tekið fram að heimili og varnarþing félagsins skuli vera á

Akranesi en henni sé hins vegar heimilt að starfrækja útibú á öðrum stöðum. Þetta er tekið fram í frv. vegna þess að aðaleigur Sementsverksmiðjunnar eru á Akranesi og eðlilegt að heimili félagsins verði í þeim kaupstað.

Þá er 6. gr. frv. ný, en hún breytir frv. talsvert frá því sem það var í tíð síðustu ríkisstjórnar. Þar segir nú, með leyfi forseta: „Verði hlutabréf ríkissjóðs í Sementsverksmiðjunni boðin til sölu, öll eða að hluta, skal leita samþykkis Alþingis fyrir þeirri sölu."

Þess skal getið að án samþykkis Alþingis er stjórnvöldum heimilt að selja hlutabréf þótt atbeini Alþingis þurfi að koma til ef um sölu á fasteignum er að ræða, enda eru hlutabréf skilgreind sem lausafé og margoft hafa stjórnvöld selt hluti ríkisins í einstökum hlutafélögum. Hér er gert ráð fyrir að Alþingi hafi um þetta mál að segja, t.d. í formi þingsályktunar.

Þess skal getið, virðulegur forseti, að hæstv. núv. iðnrh. hefur látið það koma fram, og má benda á fylgiskjal með stefnuræðu hæstv. forsrh. í því sambandi, að ætlunin hafi verið að leggja fram frv. þessa efnis í vetur, en frv. strandaði í meðförum samstarfsflokka Alþfl.

Í umræðum sem urðu um sams konar frv., um Ríkisprentsmiðjuna Gutenberg, lagði ég fram ákveðnar spurningar til hæstv. iðnrh. fyrir hönd Alþfl. og spurðist fyrir um hvort hugsanlegt væri vegna forsögu málsins og yfirlýstrar stefnu þingflokks Alþfl. að Alþfl. fengist til að styðja þetta frv., en það gæti orðið til þess að frv. yrði samþykkt á yfirstandandi þingi.

Í raun er enginn efnislegur munur á þessu frv. og frv. um ríkisprentsmiðjuna Gutenberg. Þetta frv. er unnið að tilhlutan iðnrn. af sömu mönnum og þeim sem gerðu drög að frv. um ríkisprentsmiðjuna Gutenberg, en það voru þeir Jafet Ólafsson, fyrrv. starfsmaður iðnrn., nú útibússtjóri Iðnaðarbankans í Reykjavík, og Sigurður B. Stefánsson, hagfræðingur og forstöðumaður Verðbréfamarkaðs Iðnaðarbankans.

Í grg. með þessu frv. er sagt hvað í raun breytist. Það er bent á að verði þessi formbreyting á rekstri verksmiðjunnar breytist eftirtaldir þættir:

1. Ábyrgð ríkissjóðs á rekstri verksmiðjunnar takmarkast við hlutafjáreign, en fjárhagsleg ábyrgð stjórnenda eykst.

2. Skattgreiðslur munu breytast nokkuð, aðallega þannig að verksmiðjan greiðir aðstöðugjald í stað landsútsvars. Einnig mundi verksmiðjan greiða eignarskatt og hugsanlega tekjuskatt.

3. Um 20 starfsmenn Sementsverksmiðju ríkisins munu vera í Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna og verða réttindi þeirra tryggð, en lífeyrissjóðsmál annarra starfsmanna breytast ekki.

4. Þá verður stjórn verksmiðjunnar kosin á aðalfundi en ekki kosin af Alþingi eins og nú er.

5. Fyrirtækið mun enga sérstöðu hafa fram yfir önnur fyrirtæki í landinu. Ýmsir kostir þess að reka fyrirtækið sem hlutafélag nýtast og er þeim sérstaklega lýst í grg., einkum og sér í lagi kaflanum þar sem það er rökstutt að þessu ríkisfyrirtæki verði breytt í hlutafélag. Stundum er það nefnt einkavæðing og er þá verið að vísa til þess sem hefur gerst í nágrannalöndum okkar, kannski mest áberandi í Bretlandi en einnig í öðrum löndum þar sem markvisst hefur verið unnið að því að koma fyrirtækjum í ríkiseign yfir til einkaaðila, ekki síst fyrirtækjum sem eiga í samkeppni við önnur fyrirtæki, en þess ber að geta að Sementsverksmiðja ríkisins á í samkeppni við innflutt sement þótt verðyfirburðir Sementsverksmiðjunnar séu þeir að ekki hefur komið til meiri háttar innflutnings og reyndar er um mjög lítinn innflutning að ræða nema þegar beðið er um sérstakt sement, en það gerist í örfáum tilvikum.

Það er ástæða til þess, virðulegur forseti, að benda á 4. gr. frv. Það kann að vera að það sé óþarfi að taka síðari málsliðinn upp í lagatexta og gildir þá það sama um frv. sem nú er til meðferðar hjá hv. iðnn. um ríkisprentsmiðjuna Gutenberg, en þessi málsliður orðast svo í frv., með leyfi forseta: „Ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, á því ekki við um þá starfsmenn."

Hér er verið að vísa til þess að fastráðnir starfsmenn Sementsverksmiðjunnar munu samkvæmt fyrri málslið þessarar greinar halda sínu starfi hjá hinu nýja fyrirtæki og þess vegna gildi ekki 14. gr. laga nr. 38/1954 um þessa starfsmenn eins og gerast mundi ef þeim yrði sagt upp, en þá er það skylda ríkisvaldsins að leita að sams konar störfum annars staðar í ríkisrekstrinum en greiða biðlaun ella.

Ég tel, virðulegur forseti, að þetta frv. eigi að verða samferða frv. um ríkisprentsmiðjuna Gutenberg, það sé í raun enginn eðlismunur á þessum tveimur fyrirtækjum sem réttlæti að annað frv. sitji eftir en hitt verði samþykkt á yfirstandandi þingi.

Ég bendi á að það atriði, sem mestum ágreiningi hefur valdið, það er sala hlutabréfanna, er nú í höndum Alþingis. Mér þykir þetta eðlileg ráðstöfun og vísa til þess að nauðsynlegt er að mínu áliti að bjóða út hlutabréf í fyrirtæki á borð við þetta á almennum hlutabréfamarkaði, en því miður vantar nokkuð á að um virkan hlutabréfamarkað sé að ræða á þessu landi. Það gerist venjulega þannig þegar stjórnvöld selja fyrirtæki að þau eru seld annaðhvort einstökum einkaaðilum, oftast starfandi fyrirtækjum, eða starfsmönnum viðkomandi fyrirtækja. Ég tel að heppilegra sé í þessu tilviki að selja hlut ríkisins í Sementsverksmiðju ríkisins, þegar Alþingi samþykkir það, með þeim hætti að bjóða út hluta hlutabréfanna á almennum markaði þegar fram líða stundir og sá markaður verður virkur, en það hefur verið stefna sumra stjórnmálaflokka að koma á slíkum markaði til að freista þess að auka eiginfjárhlutfall íslenskra fyrirtækja. Því miður hefur núv. hæstv. ríkisstjórn ekki haft döngun í sér til að fylgja fram þeirri stefnu. Það væri vissulega ástæða til þess við þessa umræðu að spyrja hæstv. iðnrh. að því hvort hæstv. ríkisstjórn hyggist halda áfram því starfi sem hófst með þeirri skýrslu sem Enskilda Securities vann á sínum tíma, annars vegar fyrir Seðlabanka Íslands og hins vegar

fyrir Iðnþróunarsjóðinn. Báðar þessar stofnanir heyra nú undir hæstv. iðnrh., annars vegar iðnrn. og hins vegar viðskrn.

Ég vona, virðulegur forseti, að hæstv. ráðherra geti staðfest stuðning Alþfl. við frv. og ég vona jafnframt að hann hafi notað tímann frá því að við ræddum saman hér um frv. til laga um ríkisprentsmiðjuna Gutenberg og geti nú svarað þeirri fyrirspurn, sem ég beindi til hans þá, hvort Alþfl. gæti stjórnarsamstarfsins vegna tekið þátt í að afgreiða þetta frv., jafnvel þótt aðrir stjórnarflokkar treystust ekki til að greiða því atkvæði. Ástæðan fyrir þessari fyrirspurn er einfaldlega sú að þetta frv. er í eðli sínu nákvæmlega eins og frv. um ríkisprentsmiðjuna Gutenberg sem hefur verið flutt á Alþingi sem stjfrv. og mun væntanlega fá afgreiðslu á yfirstandandi þingi.

Ég vil síðan mælast til þess að að lokinni þessari umræðu verði frv. sent til hv. iðnn.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegur forseti. Það kom fram hjá hv. 1. þm. Reykv. að það frv. sem hann mælir hér fyrir er í reynd samið á vegum iðnrn. Það er ekkert launungarmál að þetta frv. ásamt frv. um að breyta ríkisprentsmiðjunni Gutenberg í hlutafélag var lagt fram af hálfu iðnrh., þ.e. þeim sem hér stendur, til þingflokka stjórnarflokkanna með beiðni um að athugað skyldi hvort flytja mætti sem stjfrv. Eins og þessari hv. þingdeild er kunnugt kom fram fyrir ekki löngu sem 410. mál þingsins frv. til l. um að breyta ríkisprentsmiðjunni Gutenberg í hlutafélag. Þegar það mál var rætt bar á góma nokkuð af því sem hv. 1. þm. Reykv. hreyfir hér enn með spurningum sínum.

Það er rétt hjá hv. 1. þm. Reykv. að þeir annmarkar sem voru á frv. sem áður hafa verið samin um þetta efni hafa að mestu verið sniðnir af því frv. sem hér er nú sýnt. Það var frumskilyrði fyrir því að ná samkomulagi um breytingar á rekstrarformi Sementsverksmiðjunnar að hið nýja fyrirtæki ætti lögheimili og varnarþing á Akranesi, að í upphafi ætti ríkið öll hlutabréfin í félaginu og í þriðja lagi að félaginu væri frjálst að taka þátt í annarri atvinnustarfsemi en sementsframleiðslu og loks að ekki mætti selja bréfin nema með samþykki þingsins.

Þetta eru atriði sem þarf að virða og ég veit að hv. 1. þm. Reykv. veit af reynslunni að það er ekki auðhlaupið að því að ná samkomulagi um þetta mál, það fékk hann að reyna í fyrri stjórn þar sem honum tókst ekki að ná samkomulagi um frv. um þetta efni.

Ég sé ekki á þessu stigi máls ástæðu til að lýsa neinu yfir um stuðning eða andstöðu við þetta mál. Ég hef lýst aðdraganda þess að frv. hefur ekki komið fram sem stjfrv. Það er ekki af því að Alþfl. hafi hafnað því sem stjfrv. heldur hafa það verið aðrir flokkar sem að stjórninni standa. Það má vera að það verði ekki auðhlaupið að því nú fremur en fyrr að ná um þetta samkomulagi. Ég tek það fram að ég tel fyrst og fremst vera hagkvæmnismál hvernig best sé að haga þessum rekstri.

Eins og kom fram í máli hv. 1. þm. Reykv. gegnir hér nokkuð öðru máli en um ríkisprentsmiðjuna. Ríkisprentsmiðjan er að sínu leyti í samkeppni við margar aðrar prentsmiðjur á þeim markaði sem hér er fyrir prentverk. Hins vegar er Sementsverksmiðjan með mikla sérstöðu. Hún nýtur sem næst einkasöluaðstöðu vegna fjarlægðarverndar og aðgangs að hráefni og í skjóli sérstakra laga starfar hún hér ein að þessari framleiðslu. Þess vegna orkar breyting á rekstrarformi hennar fremur tvímælis, og þess vegna mikil ástæða til að gaumgæfa málið vandlega. Ég held að það sé affarasælast að þetta mál fái þingmeðferð, því verði vísað til nefndar og sent til umsagnar allra þeirra sem málið varðar og fái þar eftir eðlilega þingmeðferð.

Út af því sem kom fram í lok ræðu hv. 1. þm. Reykv. um þörfina fyrir að efla hér á landi hlutabréfamarkað og að sala á hlutabréfum í ríkiseign gæti stuðlað að því að slíkur markaður myndaðist, þá vil ég taka fram að ég tel það framfaramál að efla hér hlutabréfaviðskipti. Það er unnið að þeim málum m.a. í framhaldi af þeirri skýrslu sem hv. 1. þm. Reykv. nefndi að samin hefði verið af enska fyrirtækinu Enskilda Securities á vegum Seðlabankans og Iðnþróunarsjóðs. Það er ljóst að það sem mestu ræður um það hvort hér kemst á fót hlutabréfamarkaður og hér eflast viðskipti með hlutabréf er skattmeðferð hlutabréfa og arðs af hlutabréfum í samanburði við önnur form sparnaðar. Þær reglur þarf að samræma, en það er einmitt á verkefnaskrá þessarar stjórnar að samræma skattlagningu af hvers konar eignatekjum. Það er mikilvægur liður í málinu, en að því er lýtur að öðrum þáttum málsins, um skipulag viðskiptanna, má líka segja að frv. sem nýlega varð að lögum um verðbréfasjóði og verðbréfaviðskipti leggi á vissan hátt grundvöll að hlutabréfaviðskiptum einnig, þar á meðal starfsemi hlutabréfasjóða. Hér er í gangi þróun sem þessi ríkisstjórn hefur sannarlega lagt sitt af mörkum til að megi halda áfram jafnt og þétt landinu til farsældar.

Flm. (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir að taka þátt í þessari umræðu. Það er hins vegar athyglivert að ekki taka til máls fulltrúar þeirra stjórnarflokka sem lagt hafa stein í götu þessa frv. sem hæstv. ráðherra ætlaði að flytja sem stjfrv. á yfirstandandi þingi.

Ég get ekki fallist á að sú sérstaða Sementsverksmiðjunnar að njóta fjarlægðarverndar sé svo mikil að hún réttlæti að menn geri mun á henni annars vegar og ríkisprentsmiðjunni Gutenberg hins vegar. Staðreyndin er sú að innflutningur á sementi er frjáls. Það eru íslenskir umboðsmenn sem hafa umboð fyrir sement sem framleitt er í nágrannaríkjunum og þeir sem byggja hús og önnur mannvirki hér á landi geta flutt inn sement ef þeim sýnist.

Rekstur verksmiðjunnar hefur hins vegar verið ágætur og leitt til þess að hún hefur talsverða yfirburði og nánast er eingöngu notað sement frá Sem-

entsverksmiðjunni eins og margoft hefur komið fram í þessum umræðum.

Ég fagna því að hæstv. ráðherra telur ástæðu til þess að málið fari til nefndar og fáist sent þar til umsagnar og fái síðan eðlilega þingmeðferð. Ég ítreka enn á ný að enn er tími til þess fyrir Alþfl., þingmenn hans, og aðra þingmenn ríkisstjórnarinnar hæstv. sem eru hlynntir þessu máli að koma málinu áfram og þá á grundvelli nefndarstarfsins.

Ég er sammála hæstv. ráðherra um hlutabréfamarkaðinn, að honum þarf að koma á. Ég hef hins vegar saknað þeirrar vinnu sem hefði þurft að fara fram miklu ákveðnar en gert hefur verið og þá einkum í ráðuneytum hæstv. ráðherra. Hann fjallaði hér um skattmeðferð hlutafjár. Ég minni á að í nótt voru umræður um þau mál án þess að nokkur hæstv. ráðherra væri við til að taka þátt í þeim umræðum þar sem ítarlega var fjallað um hlutabréfamálefni, þar sem rætt var um mál sem eru 321. og 322. mál þingsins og fjalla um skattmeðferð á grundvelli laga nr. 9 frá 1985 um frádrátt frá tekjuskatti og tekjum þegar um er að ræða kaup á hlutabréfum. Þar komu fram ýmis þau rök sem mæla með breytingum á skattmeðferð hlutabréfa til þess að ýta undir eftirspurnaráhrifin á hlutabréfamarkaðnum. Margt fleira þarf til að koma. Ég minni á að hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson hefur flutt frv. sem gerir ráð fyrir því að stimpilgjöld af skráðum hlutabréfum verði lækkað úr 2% í ½%, en það er alveg í samræmi við þau sjónarmið sem koma fram í skýrslu Enskilda Securities sem minnst hefur verið á í þessari umræðu. Það er þess vegna áhugi ekki bara í einum heldur tveimur, þremur og jafnvel fjórum stjórnmálaflokkum á því að örva hér viðskipti á hlutabréfamarkaði og fullur skilningur á að slíkt getur leitt til þess að auka eigið fjármagn í fyrirtækjum, en það er auðvitað ein stærstu rökin fyrir því að örva hér hlutabréfaviðskipti.

Það frv. sem við erum að ræða í dag er dæmi um hvernig hægt er að taka opinbert fyrirtæki, ríkisfyrirtæki, ákveða að breyta því í hlutafélagsform og síðar með samþykki Alþingis að selja bréfin smám saman á hlutabréfamarkaðinum.

Ég sakna þess, virðulegur forseti, að enginn úr þeim flokkum sem stöðvað hafa framgöngu þessa máls skuli taka til máls við þessa umræðu og lít á það sem rökþrot af þeirra hálfu.

Þá vil ég í lokin taka undir með hæstv. ráðherra að full ástæða var til að setja lög um verðbréfaviðskipti hér á landi. Þau lög hafa nú verið sett og mikil og víðtæk samstaða tókst um það mál. Hæstv. ráðherra hefur nú lýst því yfir að í framhaldi af þessu verði hægt að vinna að virkari hlutabréfamarkaði hérlendis. Ég minni hæstv. ráðherra á það að hann lýsti því fyrr í umræðum á yfirstandandi þingi að hann teldi að samþykkt frv. um verðbréfaviðskipti væri einnig forsenda þess að leyfa mætti kaup á verðbréfum erlendis og sagðist hann þá mundu beita sér fyrir breytingum á þeim leikreglum sem gilda um þau verðbréfakaup.

Nú hefur hæstv. ráðherra hér á vordögum tækifæri til að staðfesta t.d. í þessari umræðu eða einhvern næstu daga hvernig og hvort hann hyggst standa við sín fyrri ummæli.

Virðulegur forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð öllu fleiri. Ég skil hæstv. ráðherra svo að hann og hans flokkur séu sammála efnisatriðunum í þessu frv. Ég skil hann svo að hann sé stuðningsmaður þess að þess verði freistað í nefndarstörfum að ná frv. fram og ég vænti þess að hæstv. ráðherra beiti sér fyrir því að frv. nái fram að ganga, enda eru mörg fordæmi fyrir því að frv. stjórnarandstöðuþingmanna hafi náð fram að ganga með atbeina ríkisstjórnarflokka. Mér finnst þá full ástæða til þess að á það sé reynt hvort Alþfl. sé í handjárnum Alþb. og framsóknar í þessu máli, ekki síst með tilliti til þess að ekki einn einasti maður úr þeirra röðum hefur haft kjark eða þor til að lýsa skoðunum sínum við þessa umræðu málsins.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til iðnn. með 24 shlj. atkv.

Starfslaunasjóður leikhúslistafólks, 1. umr.

Frv. ÞÞ o.fl., 445. mál. — Þskj. 805.

Flm. (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um starfslaunasjóð leikhúslistafólks. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Kristín Einarsdóttir, Kristín Halldórsdóttir og Málmfríður Sigurðardóttir.

Í 1. gr. frv. er kveðið á um að stofnaður skuli sjóður er nefnist Starfslaunasjóður leikhúslistafólks. Hlutur sjóðsins er að stuðla að nýsköpun og eflingu íslenskrar leiklistar með því að gera leikhúslistafólki kleift að helga sig eingöngu rannsóknum, skriftum og öðru sem lýtur að undirbúningi leiksýninga áður en til uppsetningar kemur, hvort heldur er einum sér eða í samvinnu við aðra. Stofnfé sjóðsins skal vera 15 meðalárslaun rektors við Háskóla Íslands og greiðast úr ríkissjóði.

Það er vert að taka fram að sjóður af þessu tagi á sér þegar fordæmi því að í hálfan annanáratug hefur verið við lýði launasjóður rithöfunda sem var samþykktur með lögum árið 1975 og árið 1987 var stofnaður vísir að starfslaunasjóði myndlistamanna og frv. um starfslaunasjóð tónskálda hefur einu sinni verið lagt fyrir Alþingi.

Þetta er einfalt frv. og þarfnast ekki mikilla útskýringa umfram þann þátt í leikhússtarfsemi sem útskýrður er í greinargerð, þ.e. sú undirbúningsvinna sem í rauninni er nauðsynleg fyrir hverja leiksýningu, að fleiri en nú er fái aðstöðu til þess að vinna þessa vinnu og ekki endilega alltaf í tengslum við sýningar sem setja á upp í beinu framhaldi. Það er mjög líklegt

að íslensk leiklist súpi nú þegar seyðið af því hve fáir geta í rauninni sinnt þessu starfi eins og nauðsyn krefur. Það kemur t.d. fram í greinargerð hversu margir félagar eru í Félagi ísl. leikara og Félagi leikstjóra og hversu fáir það eru sem njóta einhvers konar starfsöryggis eða launa. Það má t.d. nefna að úr Félagi leikstjóra eru það einungis tveir sem í raun er gefinn kostur á að vinna við þessa starfsgrein. Allir aðrir, þ.e. um það bil 66 félagar, eru að þessu í mjög stopulu starfi og eftir því hvað til fellur hverju sinni og þá sjaldnast að eigin frumkvæði vegna þess að í þeim stofnunum þar sem fjármumir eru fyrir hendi til að setja upp leiksýningar eru mjög fáir sem halda um valdataumana og úthluta verkefnum oftar en ekki að fólki óspurðu og útdeila peningum til verkefna þannig að listamennirnir sjálfir geta afskaplega lítið haft um það að segja hvað þeir vinna, fyrir hverja og hvenær. Vanalega er það þá þannig að þegar þeir taka til starfa hefur verkefnið þegar verið ákveðið og þá verður að ýta því úr vör sem fyrst og lítill tími gefst til raunverulegs undirbúnings.

Miðstýring er orð sem við kvennalistakonur höfum ekki lýst miklum stuðningi við og viljum raunar valddreifingu þar sem henni verður með nokkru móti við komið. Kannski er miðstýring hvergi eins óæskileg og í allri listastarfsemi. En svo háttar því miður til hér á landi að leiklistarmálum er afskaplega miðstýrt og fáir sem þar hafa nokkuð um að segja.

Það skiptir oft sköpum fyrir hverja sýningu fyrir sig hvernig staðið er að undirbúningi hennar og hversu mikill tími hefur þar gefist til alls konar undirbúnings og forvinnu og sá undirbúningur getur verið mjög margháttaður. Það þarf iðulega að kynna sér sögulegan bakgrunn, menningarlegan og trúarbrögð, sögu, lífsháttu fólks, jafnvel feril eldri leikrita innan lands og utan. Þannig eru verkefnin óþrjótandi sem í rauninni þarf að huga að áður en ýtt er úr vör, en jafnnauðsynlegt er líka að aðstaða geti skapast til leitar og nýsköpunar sem er ekki endilega ætlað að nýtast beint í einni ákveðinni sýningu en til þess gefst ákaflega lítill kostur hér á landi. Eins og ég sagði áðan held ég að íslensk leiklist sé þegar að súpa seyðið af því ástandi og er því miður að fá á sig æ meira mark framleiðslu og afþreyingar fremur en skapandi, leitandi listar.

Það hefur samt verið tekin sú ákvörðun, m.a. hér á Alþingi, að hér á landi skuli einhvers konar leiklist viðhöfð, en kannski ekki fylgt eftir að sama skapi hvernig því skuli framfylgt og litlir fjármunir til umráða nema innan stofnana sem eru ákaflega bundnar í lagaviðjar og lítið svigrúm þar eins og ég sagði nema fyrir þá sem eru á valdastólum hverju sinni.

Menn hafa núna áhyggjur af húsnæði Þjóðleikhússins og ekki ætla ég að draga úr því að þar þurfi mikilla viðgerða við, en hitt má ekki gleymast að það skiptir þó sköpum hvað fram fer innan veggja þessara stofnana og ef raða þarf í forgangsröð hygg ég að starfið innan veggjanna sé meira áríðandi en byggingin sjálf þó að það sé ljóst að ef byggingin hrynur verður lítið um starfsemina. Að sama skapi og menn hafa núna áhyggjur af útliti og ástandi Þjóðleikhúss held ég að það sé líka ástæða til að hafa áhyggjur af innra ástandi. Því hefur verið slegið upp í blöðum undanfarið hvernig aðsókn þar hefur minnkað, án þess að ég vilji gera aðsóknartölur að einhverjum endanlegum mælikvarða á árangur leikhúss. Þá er ljóst að það er ekki bara í Þjóðleikhúsi heldur víðar við vanda að glíma. Leiklistin er í aukinni samkeppni við aðra fjölmiðla og afþreyingu sem því miður, eins og ég sagði áðan, leikhús flokkast of oft undir. Sjálf hneigist ég til að halda að orsaka sé líka að leita í árangri og því hvernig staðið er að vinnu í þessum stofnunum, hversu mjög hún gengur eftir venjubundnum og hefðbundnum leiðum þar sem listamennirnir eru oftar en ekki settir í nokkurs konar framleiðsluhlutverk.

Annað er að í íslenskum menningararfi, í sögu okkar og bókmenntum af ýmsu tagi eigum við óþrjótandi sjóði og uppsprettu viðfangsefna sem því miður hefur allt of lítið verið sinnt. Þó hefur það oftar en ekki sýnt sig að þegar efniviður hefur verið sóttur í innlendan menningararf hafa áheyrendur kunnað vel að meta það og greinilegt að þjóðin sækir í slíkt efni. Það er ekki nokkur vafi á að ef nokkrum einstaklingum á ári gæfist kostur á að vinna að ýmiss konar undirbúningi og rannsóknum, skriftum, formleit, tilraunum, efnisleit í friði án þess að þurfa að gera það í stopulum frístundum mundi fljótlega sjást af því mikill árangur bæði í innra starfi stofnana og leiklistarstarfsemi utan stofnana og í getu listamanna og í sýningum eða dagskrám sem af því starfi mundu spretta. Það eru allt of margar hugmyndir sem liggja óbættar hjá garði sem mundu líta dagsins ljós ef svo færi að einhverjir fengju þessa aðstöðu stuttan tíma hverju sinni.

Af 285 félögum í Félagi ísl. leikara eru einungis 73 sem eru fastráðnir við leikhússtofnanir og þá eru innifaldir leikarar, söngvarar, dansarar, leikmynda- og búningahönnuðir. Það er e.t.v. álíka fjöldi sem starfar tímabundið eða verkefnabundið við þessar sömu stofnanir eða utan þeirra að verkefnum sem til falla hverju sinni, en stór hluti félagsmanna fær aldrei aðstöðu til nokkurra starfa án þess að í rauninni nokkurn tíma hafi fengist úr því skorið að það fólk sé óhæft til starfa heldur er eftirspurnin ekki eins mikil og framboð.

Fyrir nokkrum árum var stofnaður Leiklistarskóli Íslands og nú stendur fyrir dyrum líklega listaháskóli af einhverju tagi án þess að það sé komið endanlega fram í dagsljósið hvernig þeim skóla verði háttað. En það er vert að geta þess að kostnaður hins opinbera við hvern nemanda í Leiklistarskóla Íslands mun vera einn sá hæsti sem um getur í íslensku menntakerfi svo að það er harla illa með þá peninga farið ef jafnvel helmingur úr hverjum árgangi dæmist utan garðs áður en hann fær nokkru sinni að sýna hvað í honum býr og svo er um fjöldamarga aðra úr öðrum stéttum innan leikhússins. Þar að auki má líka geta þess um það fólk sem hefur af leiklist fulla vinnu, hvort sem

það er fastráðið eða er svo eftirsótt til starfa að það hefur fulla atvinnu af þessu þó lausráðið sé, að ég hygg að margt af því mundi kjósa að geta einstöku sinnum fengið þann frið sem til þarf til íhygli sem er undirstaða sköpunar því að hún gerist ekki í flýti eða óróa þeim sem einkennir störf allra þeirra sem þurfa ekki bara að sinna einu starfi heldur tveimur og e.t.v. fleiri á hverjum degi.

Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð fleiri í þetta sinn. Eins og ég sagði er þetta frv. einfalt og skýrir sig að mestu leyti sjálft. Ég vek einungis athygli á því að þarna er samt gert ráð fyrir að fólk þurfi á einhvern hátt að hafa unnið til þess að fá starfslaun af því tagi sem um er rætt því að menn þurfa að vera fullgildir meðlimir í öðru hvoru félaganna, Félagi ísl. leikara eða Félagi leikstjóra á Íslandi, og hafa unnið við tiltekinn fjölda sýninga í svokölluðum viðurkenndum leikhúsum, en það er þegar hefð fyrir því hvað flokkast sem viðurkennd leikhús. Einnig er ákvæði um að sá sem hljóti starfslaun skuli ekki gegna föstu starfi á meðan hann nýtur þeirra. Það er einungis sanngirniskrafa að þeir sem, eins og sumir orða það, sitja þegar við kjötkatlana geti ekki bætt á sig án þess að þurfa að láta eitthvað í staðinn.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu óska ég eftir því að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til menntmn. með 24 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

83. fundur, miðvikudaginn 19. apríl, að loknum 82. fundi.

Heimild til að leyfa Köfunarstöðinni hf. innflutning á skipum, 1. umr.

Stjfrv., 419. mál. — Þskj. 779.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að leyfa Köfunarstöðinni hf., Dýpkunarfélaginu hf., Slysavarnafélagi Íslands og Íslenska úthafsútgerðarfélaginu hf. innflutning á skipum. Svo háttar til að skv. 25. gr. laga um eftirlit með skipum nr. 51/1987 er óheimilt að flytja inn til landsins skip sem eldri eru en tólf ára. Alls engin undanþáguheimild er í þessum lögum frá ákvæðinu og þarfnast innflutningur skipa eldri en tólf ára og skráning þeirra hér á landi því sérstakrar lagaheimildar. Hennar er verið að leita með frv. þessu.

Í 1.–4. gr. laganna eru þeim aðilum sem upp eru taldir í fyrirsögn frv. heimilaður innflutningur á mismunandi sérhæfðum skipum, þ.e. Köfunarstöðinni hf. innflutningur á flotpramma, Dýpkunarfélaginu innflutningur á dýpkunarpramma, Slysavarnafélagi Íslands innflutningur á sérhæfðu björgunarskipi og Íslenska úthafsútgerðarfélaginu er í 4. gr. heimilaður innflutningur og/eða skráning á sérhæfðum verksmiðjumóðurskipum eða fiskiskipum til veiða í erlendri lögsögu.

Í því sambandi er rétt að vekja athygli á 3. mgr. 4. gr., en þar segir að skipum sem skráð verða samkvæmt heimild í 1. og 2. mgr. sé óheimilt að stunda fiskveiðar eða vinnslu sjávarafla í íslenskri fiskveiðilögsögu.

Hér er á ferðinni skráning skipa til að nýta samning okkar Íslendinga við Bandaríkjamenn um fiskveiði- og fiskvinnsluheimildir í bandarískri fiskveiðilögsögu.

Öll þessi tilvik eru sérstaks eðlis og þykir því réttlætanlegt að leita lagaheimildar til undanþágu frá annars þeim ágætu lögum, sem allir eru sammála um að halda í heiðri, að heimila ekki innflutning skipa til landsins eldri en tólf ára. Óþarft er að taka fram að forsenda þess að af skráningu skipanna geti orðið á Íslandi er að þau fullnægi að öllu leyti íslenskum öryggiskröfum og mun Siglingamálastofnun ríkisins sjá um að svo verði áður en skipin fást skráð á Íslandi.

Rétt er að geta þess að samgn. hv. Ed. hefur þegar afgreitt frv. hingað samhljóða.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. samgn.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Vegna þess að það kom ekki fram í máli hæstv. ráðherra langar mig til að spyrjast fyrir um hvort sérstakt tilefni sé til að fá þetta mál afgreitt með hraði í gegnum þingið, hvort tilefni sé til þess vegna þess að þeir aðilar sem nefndir eru í frumvarpinu séu í þann veginn að flytja inn slík skip sem hér eru nefnd eða hvort þetta sé almenn og rúm heimild sem geti hugsanlega orðið notuð einhvern tímann í framtíðinni. Ef einhvern þeirra aðila sem hafa óskað leyfis að flytja inn skip skortir lagaheimild til þess að þau verði skráð þá er rétt að það komi hér fram. Þess vegna eru þessar fyrirspurnir fram bornar.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Það háttar nokkuð mismunandi til um einstök tilvik sem þetta frv. snertir. Hér hefur verið fylgt þeirri venju sem skapast hefur og á sér alllangt fordæmi í sambandi við undantekningar frá hinni almennu reglu um bann við innflutningi skipa

eldri en tólf ára. Í lögunum um eftirlit með skipum eru ekki neinar undanþáguheimildir og því hefur yfirleitt verið farin sú leið að safna saman nokkrum tilvikum þar sem réttlætanlegt hefur þótt að heimila frávik frá hinni almennu reglu og flytja síðan, þegar nokkur slík tilvik væru komin til, sérstakt frv. um lagaheimild til varanlegrar skráningar skipanna hér. Þegar Siglingamálastofnun hefur viðurkennt að skipin standist í einu og öllu íslenskar kröfur hefur bráðabirgðainnflutningur skipanna verið heimilaður og þau gjarnan verið komin til landsins þegar lagaheimildar hefur verið aflað og þau síðan með varanlegum hætti skráð hér.

Í einu tilvikinu háttar svo til að útgerðaraðilinn, þ.e. Íslenska úthafsútgerðarfélagið, þarf að taka ákvörðun innan fárra sólarhringa um hvort það nýti sér hagstætt kauptilboð sem því hefur borist og að sjálfsögðu mundi það auðvelda fyrirtækinu að taka þá ákvörðun ef fyrir lægi að lagaheimild væri þegar komin til skráningar þessa sérhæfða skips hér á landi.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Ég þakka upplýsingar hæstv. ráðherra og tel svör hans fullnægjandi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til samgn. með 26 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Frumvarp til stjórnarskipunarlaga.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Hér er tekið á dagskrá frv. til stjórnarskipunarlaga, en eins og kunnugt er eru ákvæði stjórnarskrárinnar með þeim hætti að þegar Alþingi hefur samþykkt frv. til breytinga eða viðauka á stjórnarskránni ber að rjúfa Alþingi þegar í stað. Nú háttar svo til að í allmörg ár hefur starfað stjórnarskrárnefnd, að ég hygg samkvæmt ályktun Alþingis, og allir þingflokkar hafa átt aðild að nefndinni. Það frv. sem hér er flutt er flutt af helstu forustumönnum ríkisstjórnarflokkanna sem sitja utan ríkisstjórnar ásamt fjórum öðrum hv. þm. Það er flutt af formanni þingflokks Framsfl. sem veitir núv. hæstv. ríkisstjórn formlega forustu, það er flutt af hæstv. forseta sameinaðs Alþingis og forseta þessarar hv. deildar. Ætla má með því hverjir flm. eru að ríkisstjórnarflokkarnir leggi á það mikla áherslu að taka málin úr höndum stjórnarskrárnefndar sem þeir eiga aðild að því að nauðsyn beri til að afgreiða á þessu þingi tillögur til breytinga og viðauka á stjórnarskránni sem aftur mundu leiða til tafarlauss þingrofs.

Áður en þessi umræða hefst þykir mér þó nauðsynlegt með tilliti til þess að ríkisstjórnin stefnir að þinglausnum 6. maí og mörg mál eru enn óafgreidd að fá upplýsingar um það frá flm. og hæstv. ríkisstjórn hvort það er ætlan flm. og hæstv. ríkisstjórnar að afgreiða frv. á þessu þingi og rjúfa þá þing þegar í stað. Ég tel að það sé mikilvægt að fyrir því sé full vissa áður en umræðan hefst hver ætlan flm. og hæstv. ríkisstjórnar er í þessu efni.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Það er ekki ætlan okkar að knýja á um afgreiðslu málsins á þessu þingi. Það er von okkar að þetta mál nái lokaafgreiðslu á þingi 1991 fyrir kosningar.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. 1. flm. frv. til breytinga á stjórnarskipunarlögum hefur upplýst að það sé ekki ætlan flm. að fá frv. samþykkt á þessu þingi. Þetta vekur mikla athygli. Í fyrsta lagi í ljósi þess að hér er verið að taka mál úr höndum nefndar sem þingflokkarnir allir hafa staðið að og hefði maður ætlað að það hefði því einungis gerst að flm. teldu nauðsynlegt að flýta afgreiðslu málsins.

Í annan stað vek ég athygli á því að fyrir þinginu liggur fjöldi mála sem ég hygg að ríkisstjórnin, jafnvel að því er varðar stjfrv., hefði áhuga á að yrðu samþykkt. Það liggur hér fyrir fjöldi mála sem þingmenn telja nauðsynlegt að Alþingi afgreiði og fái samþykkt og verið er að halda fundi næturlangt til að ræða slík mál. Hér hefur verið upplýst að hæstv. ríkisstjórn hefur enn ekki gert upp við sig eða komið sér saman um hvaða mál hún ætlar að leggja fram sem forgangsmál eða óska eftir að Alþingi samþykki. Forseti Sþ. hefur lýst því yfir að því fari víðs fjarri að öll mál hæstv. ríkisstjórnar nái fram. Hæstv. forsrh. hefur í dag í umræðum um þingsköp lýst því yfir að það komi ekki til greina að ríkisstjórnin ákveði hvaða stjfrv. nái fram að ganga, þar verði stjórnarandstaðan að hafa jafnmikið eða kannski meira um að segja.

En aðalatriðið er að það er skammur tími til stefnu og mörg mál sem bæði hæstv. ríkisstjórn og þingmenn vilja fá afgreidd á þessu þingi. Það kallar á langa fundi í deildum þingsins og mikil störf í þingnefndum. En þá er tekinn tími til umræðna um mál sem flm. lýsa yfir að eigi ekki að afgreiða. Ég mótmæli stjórn á þinginu að þessu leyti til og óska eftir því að hæstv. ríkisstjórn, sem á að hafa verkstjórn hér á hendi, komi fram og geri grein fyrir því hvaða mál það eru af hennar hálfu sem hún vill fá afgreidd og það sé reynt að haga þingstörfum á þann veg að þau mál séu tekin til umræðu sem flm. telja eðlilegt að verði afgreidd.

Þessi sjónarmið vil ég að komi fram og enn á ný óska eftir því að ríkisstjórnin hæstv. reyni að koma sér saman um þetta efni.

Ég vil svo inna hv. 1. flm. eftir því hvort það sé svo mikill vilji flm. að koma í veg fyrir að frv. verði samþykkt að þeir muni til þess að koma í veg fyrir þingrof greiða atkvæði gegn því verði það borið undir atkvæði í hv. deild til þess að koma í veg fyrir þingrof.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Það kemur mér satt best að segja mjög á óvart að því sé mótmælt að forseti hafi stuðlað að því að það mætti mæla fyrir þessu máli. Ég hef haft þá reglu að leitast við af fremsta megni að þingmenn hefðu tækifæri til að reifa sín mál, ekki bara stjfrv. heldur líka þmfrv., hef lagt mig eftir því og ætlan mín er sú að þingmenn fái allir tækifæri til að mæla fyrir þeim frv. sem fram eru lögð og það gildir þá ekki síður um þetta frv. en önnur.

Það hefur verið farið eftir númeraröð með þeim undantekningum einum að um það hafi verið samið sérstaklega að það yrði ekki gert að því er varðar þmfrv. Samkvæmt þeirri reglu er nú komið að þessu máli. Ég hélt að þingdeildarmenn hefðu áhuga á að ræða þetta mál hvort sem það yrði útrætt eða ekki eins og önnur þmfrv. Mitt mat var það og reyndar að höfðu samráði við fulltrúa allra flokka að æskilegt væri að sú umræða færi ekki öðruvísi fram en þannig að færi gæfist fyrir einn fulltrúa, a.m.k. í fyrstu lotunni, frá hverjum flokki að taka til máls. Það er með hliðsjón af þessu sem ég hef hagað störfum mínum og ég taldi mér trú um, ég þóttist þess fullviss að ég væri að fara að óskum þingmanna með því að koma þessu svo fyrir. Mig furðar ef þessu starfslagi mínu er mótmælt.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Það var ástæðulaust að gera athugasemdir við að þetta mál væri tekið á dagskrá fyrr en í ljós kom að 1. flm. lýsti því yfir að það væri ekki ætlan flm. að það yrði samþykkt á þinginu og fyrir liggur að hér er mikill málafjöldi sem þingdeildin þarf að fjalla um þar sem um er að ræða mál sem bæði hæstv. ríkisstjórn og viðkomandi flm. leggja áherslu á að verði afgreidd og þingið er komið í tímaþröng. Það er einungis í þessu ljósi sem ég geri athugasemdir og tel að þau mál sem ætlunin er að afgreiða á þessu þingi hljóti að hafa forgang, bæði í umræðum og í störfum nefnda.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég hlýt að taka undir með hv. 1. þm. Suðurl. um flest það sem hann hefur hér sagt. Ég er meðflm. þessa frv. og ég held að þetta mál sé öllum hv. þm. allvel kunnugt og þarfnist ekki mikillar skýringar á þessu stigi málsins. Það kom mér þess vegna nokkuð á óvart þegar virðulegur forseti þessarar deildar minntist á að æskilegt væri að einn þingmaður frá hverjum flokki talaði í 1. umr. um málið. Ég óska eftir, úr því það mun vera fyrirætlan, að vera þar með. En það verður að segjast eins og er að ég bað hv. 1. þm. Norðurl. v., þegar ég heyrði að til stæði að mæla fyrir þessu máli í dag, að fresta því fram yfir helgi þar sem ég hefði ekki haft þann tíma sem ég þá vildi hafa til að undirbúa ræðu mína. Það kemur mér því enn á óvart að hér eigi nú að tala fyrir málinu án þess að ég hafi verið látin um það vita. Ég vildi til málamiðlunar fara fram á það við hv. 1. flm. og hæstv. forseta að þessari umræðu verði þá frestað a.m.k. til næsta reglulegs fundar og vona að það skaði ekki málið á nokkurn hátt.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Að undangengnum bollaleggingum hefur niðurstaðan reyndar orðið sú að geyma sér umræðu um það dagskrármál sem hér var ætlunin að taka á dagskrá, en jafnframt sammæltust þeir sem í samtölunum tóku þátt um það að slík umræða gæti þá farið fram og ætlaðar til þess tvær klukkustundir á miðvikudag nk. Forseti mun leitast við að það geti átt sér stað og jafnframt er þá gert ráð fyrir að sá fundur gæti byrjað kl. eitt.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það er út af fyrir sig ekki óvanalegt að mál séu lögð fram til kynningar á Alþingi seinni part vetrar miðað við að þau séu svo tekin til afgreiðslu á þinginu því næsta. Í þessu tilfelli væru menn þá að hugsa um að gera þetta að lögum 1990. Nú hefur aftur á móti komið fram hjá flm. að fyrirhyggjan í þessu máli er slík að þeir gera ekki ráð fyrir því að það fari í gegnum þingið þá heldur 1991. Í ljósi þess sýnist mér að það sé mjög rýmilegt ef þannig standa mál að hægt sé að taka miðjan dag hjá þinginu til umræðu undir mál sem ætlunin er af hálfu flm. að verði að lögum 1991 miðað við að stjórnarandstaðan er höfð á fundum eftir miðnætti við að flytja sín mál.

Verslunaratvinna, 1. umr.

Stjfrv., 441. mál (heildarlög). — Þskj. 801.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um verslunaratvinnu sem er á þskj. 801. Frv. er árangur af starfi nefndar sem skipuð var til þess að taka til endurskoðunar núgildandi lög um verslunaratvinnu sem eru nr. 41 frá árinu 1968.

Á þeim 20 árum sem liðin eru frá því að þessi lög voru sett hafa, eins og okkur er öllum ljóst, orðið miklar breytingar í verslunarstarfseminni og svo miklar að nauðsyn var orðin á heildarendurskoðun þeirra laga. Jafnframt hefur einnig á þessu árabili vaxið fram venjubundin framkvæmd við beitingu á ýmsum undanþáguheimildum sem felast í núgildandi lögum. Það var því orðið mikilvægt að festa í löggjöfina þau raunverulegu skilyrði sem krafist hefur verið til þess að menn geti fengið verslunarleyfi og spara þannig ýmiss konar skriffinnsku vegna útgáfu á verslunarleyfum.

Nefndin sem samdi frv. var skipuð hinn 27. apríl 1987 af þáv. viðskrh. Matthíasi Bjarnasyni. Í nefndinni sátu fulltrúar frá Félagi ísl. stórkaupmanna, frá Kaupmannasamtökum Íslands, frá Sambandi ísl. samvinnufélaga, frá Neytendasamtökunum og svo formaður nefndarinnar sem skipaður var af viðskrh.

Þetta frv. sem hér liggur fyrir hv. Nd. er í meginatriðum eins og nefndin skilaði því til ráðherra en það var á sl. hausti, nema hvað 20. gr. frv. hefur verið bætt inn í þetta frv. en það er í fullkomnu samræmi við tillögur nefndarinnar. Þetta er í IV. kafla frv. sem fjallar um „frjáls uppboð" eins og það er nefnt.

Meginbreytingarnar sem frv. felur í sér er að grundvallarskilyrði þess að einstaklingar og lögaðilar geti leyst til sín verslunarleyfi verður framvegis að um sé að ræða skráðan atvinnurekstur í firmaskrá. Jafnframt er lagt til að verslunarleyfunum verði skipt í félagsbundin leyfi annars vegar og einstaklingsbundin leyfi hins vegar eða að leyfin veiti það sem kallað er „full verslunarréttindi", þ.e. að leyfið nái jafnt til smásöluverslunar sem heild- og umboðssöluverslunar. Það er því lagt til að fallið verði frá núgildandi fyrirkomulagi en samkvæmt því er krafist sérstaks leyfis eftir því um hvers konar verslunarrekstur er að ræða. Það er ljóst að slík aðgreining hefur alls ekki lengur sömu þýðingu og áður og mörkin á milli smásöluverslunar og heildverslunar eru orðin miklu óljósari en áður var, „fljótandi" eins og oft er sagt. Það er því eðlilegt að verslunarleyfin verði eins konar og veiti full verslunarréttindi nema aðrar takmarkanir séu settar með lögum.

Í I. kafla frv. er að finna almenn ákvæði sem marka m.a. lögunum gildissvið. Í II. kafla frv. er jafnframt fallið frá þeirri stefnu að í núgildandi lögum er ákveðið að lögbinda réttinn til verslunarleyfis við tiltekin menntunarskilyrði. Það verður að telja að þessi ákvæði hafi ekki lengur rauverulegt gildi vegna þeirrar framkvæmdar sem lengi hefur tíðkast, að veita mjög almennar og víðtækar undanþágur frá þessum menntunarskilyrðum. Hér er því lagt til að almennt verði fallið frá slíkri kröfu. Í II. kafla frv. eru hins vegar settar ýmsar almennar reglur sem einstaklingar og félög þurfa að uppfylla til að geta leyst til sín verslunarleyfi og þau skilyrði verður að telja raunhæf.

Auðvitað er með þessu alls ekki verið að segja að góð almenn menntun þeirra sem fást við verslunaratvinnu sé ekki eftir sem áður mjög mikilvæg og auðvitað mun slík menntun og undirbúningur ráða miklu um það hvernig verslunaraðilum tekst að standast þá samkeppni sem ríkir yfirleitt í þessari atvinnugrein.

Í III. kafla frv. eru ákvæði um útgáfu verslunarleyfa og skráningu þeirra sem fram skal fara hjá firmaskrárritara eða hlutafélagaskrá. Það er gert ráð fyrir að verslunarréttindaskrá sú sem þessir aðilar halda samkvæmt ákvæðum frv. verði tölvufært þannig að greiður aðgangur verði að henni og hún geti með því móti sinnt sem best þörfum viðskiptalífsins. Þá er lagt til að ávallt verði sýnt á starfsstöð hverrar verslunar hver sé rétthafi verslunarleyfisins vegna þess verslunarreksturs sem þar fer fram, en slík ákvæði eru náttúrlega fyrst og fremst til hagsbóta fyrir neytendur og aðra viðskiptavini verslunarinnar sem geta þá séð hver er ábyrgur fyrir rekstrinum.

Í IV. kafla frv. eru nokkur nýmæli varðandi smásöluverslun utan fastra starfsstöðva eða um svonefnda farandsölu. Í frv. er lagt til að sveitarstjórnir á hverjum stað geti sett almennar reglur um slíka sölustarfsemi, enda standi ákvæði laga því ekki í vegi og slíkar reglur hljóti staðfestingu ráðherra. Samkvæmt gildandi lögum er það háð mati lögreglustjóra í hverju umdæmi hvort farandsala er leyfð en eðlilegra þykir að sveitarstjórnir kveði á um slíkt með almennum samþykktum ef þörf er talin fyrir slíkar reglur.

Í V. kafla frv. er svo gert ráð fyrir þeirri nýbreytni að verslunarleyfishafar geti á eigin vegum efnt til frjáls uppboðshalds á lausafjármunum samkvæmt sérstöku leyfi í hvert skipti. Leyfum til uppboðshalds hefur um langt skeið verið þröngur stakkur skorinn og það hefur einungis verið heimilt opinberum uppboðshöldurum að halda slík uppboð. Þetta á þó ekki við um listaverkauppboð, en um þau uppboð og leyfisveitingar þeirra vegna gilda, eins og kunnugt er, sérstök lög. Frjáls uppboð á ýmsum varningi er söluaðferð sem oft kann að vera heppilegur kostur fyrir seljendur og kaupendur og til þess fallinn að stuðla að aukinni fjölbreytni í verslunarstarfseminni. Telja verður að þau ákvæði í tilskipun frá 16. des. árið 1693 er gilt hafa um þessa söluaðferð eigi ekki lengur við og því rétt, samhliða setningu þeirra ákvæða sem hér er gerð tillaga um í V. kafla frv., að fella úr gildi ákvæði í þessari tilskipun frá árinu 1693 er standa í vegi fyrir því að fleiri en opinberir uppboðshaldarar annist þau uppboð sem frv. fjallar um.

Í VI. og VII. kafla frv. eru svo ákvæði sem varða viðurlög við brotum og þar eru líka gildistökuákvæði sem ekki er þörf á að skýra frekar en þar er gert. Rétt er þó að nefna það úrræði frv. að séu skilyrði þau sem frv. gerir ráð fyrir að lögfest verði og varða verslunarleyfin ekki uppfyllt kann það að varða missi á verslunarleyfinu. Þetta er mikilvægt ákvæði og þessu úrræði yrði unnt að beita samkvæmt kröfu viðskiptamanna eða samkvæmt sjálfstæðri ákvörðun firmaskrárritara. Það er að mínu áliti mjög mikilvægt að það verði kannað vandlega hvort þau viðurlög að svipta starfsleyfi komi til greina í ýmsum fjárhagsbrotamálum, skattsvikamálum og öðrum slíkum málum og er nú reyndar fjallað um það á vegum bæði dómsm.- og viðskrn. og mætti líta á þetta í því ljósi.

Virðulegi forseti. Ég hef nú lýst meginatriðum þessa frv. til nýrra laga um verslunaratvinnu og ætla ekki að orðlengja frekar um frv.

Ég legg til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. fjh.- og viðskn. og 2. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

84. fundur, miðvikudaginn 19. apríl, að loknum 83. fundi.

Sjúkraliðar, 3. umr.

Stjfrv., 229. mál (verkstjórn og starfsábyrgð). — Þskj. 898.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, 1. umr.

Stjfrv., 408. mál (fjárfestingar í öðrum atvinnurekstri). — Þskj. 768.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga á þskj. 768 um breytingu á lögum nr. 18 frá 11. maí 1977, sbr. lög nr. 45 frá 11. maí 1982 og lög nr. 95 frá 28. maí 1984, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, eins og þetta frv. kemur frá hv. Ed.

Þetta frv. er flutt til þess að heimila Íslenska járnblendifélaginu að taka þátt í öðrum atvinnurekstri en bræðslu á kísiljárni. Frv. byggir m.a. á hugmyndum sem hafa verið ræddar í stjórn félagsins og sem framkvæmdastjóri þess hefur rætt við aðra hluthafa og þeir hafa fyrir sitt leyti fallist á. Það er kjarni þessa máls að lagt er til að hlutafélaginu Íslenska járnblendifélaginu hf. verði heimilað að tryggja vöxt fyrirtækisins með arðvænlegum fjárfestingum í öðrum greinum atvinnurekstrar, annaðhvort með þátttöku í öðrum félögum eða með stofnun dótturfyrirtækja.

Í lögum nr. 18/1977 er tekið fram að verksmiðjan skuli reist og rekin til að framleiða kísiljárn og til að hafa með höndum þá framleiðslu og tengdan atvinnurekstur. Í samræmi við þetta var tilgangur hlutafélagsins skilgreindur í 3. gr. samþykktar þess á þennan hátt, og með leyfi hæstv. forseta vitna ég til samþykktarinnar: „að byggja, eiga og reka verksmiðju á Íslandi til framleiðslu á kísiljárni og að hafa um hönd alla starfsemi eða viðskipti sem atvinnurekstur þessi þarfnast eða honum fylgir.“

Frá því ákvarðanir um byggingu kísiljárnverksmiðjunnar voru fyrst teknar hafa ýmsar forsendur þessa iðnaðar breyst mikið, bæði að því er varðar framboð á kísiljárni á heimsmarkaði og eftirspurn eftir því. Eins og nú standa sakir er ekki talið tímabært eða ráðlegt að ráðast í stækkun verksmiðjunnar með viðbótarofni eða ofnum. Afkoma félagsins er hins vegar mjög góð um þessar mundir og því þykir eðlilegt að leggja til að verksvið félagsins verði rýmkað og að þeir fjárhags-, tækni- og stjórnunarburðir sem fyrirtækið hefur yfir að ráða og eru miklir verði nýttir á fleiri sviðum en þeim sem í upphafi var ætlast til. Á þennan hátt gæti Járnblendifélagið orðið virkur þátttakandi að atvinnurekstri í landinu, ekki síst í sínu heimahéraði, bæði í nýiðnaði og rekstri sem þar er fyrir. Meðal nýiðnaðarverkefna sem notið gætu góðs af þekkingu og fjármagni í félaginu eru t.d. þróunarverkefni á sviði efnistækni, málmbræðslu og endurvinnslu málmúrgangs þar sem fyrirtækið hefur góðar forsendur til að verða að liði og getur komið upp nýrri og arðvænlegri framleiðslu. Ég nefni þetta eingöngu sem dæmi því ég tel alls ekki að félagið eigi að vera bundið af því að fjárfesta eingöngu í iðnaðarfyrirtækjum.

Þetta frv. á sér í reynd mjög ánægjulegt tilefni sem er það að þarna hefur myndast svo mikill rekstrarafgangur bæði í fyrra og sýnilega á þessu ári að það er vandasamt viðfangsefni hjá félaginu að festa þennan arð í nýjum fjárfestingum sem geti skilað félaginu, fyrirtækinu og öllum landsmönnum góðum arði.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta mál en legg áherslu á að þetta mál nái fram að ganga á þessu þingi og legg til að málinu verði vísað til hv. iðnn. og 2. umr. að lokinni þessari umræðu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til iðnn. með 22 shlj. atkv.

Innflutningur búfjár, 1. umr.

Stjfrv., 411. mál (fósturvísar í kýr). — Þskj. 771.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um innflutning búfjár, 411. mál Ed. á þskj. 771. Þetta frv. er ekki mikið að vöxtum. Það felur í sér að við 19. gr. laganna bætist ný málsgr., er verði 7. málsgr., svohljóðandi:

„Landbúnaðarráðherra getur, að fengnu samþykki yfirdýralæknis, heimilað að flytja fósturvísa (frjóvguð egg eða fóstur á frumstigi) úr kúm í Sóttvarnastöð ríkisins í Hrísey í kýr í landi.“

2. gr. frv. hljóðar svo: „Lög þessi öðlast þegar gildi.“

Svo háttar til að yfir hefur staðið heildarendur-

skoðun laganna um innflutning búfjár og drög að endurskoðuðum lögum liggja nú fyrir í landbrn. í frumvarpsformi. Þar er hins vegar um allviðamikinn málaflokk og vandasama lagasetningu að ræða og hefur orðið að ráði að vinna það frv. betur og leggja fyrir Alþingi hið næsta.

Vegna þeirra aðstæðna sem nú eru uppi í Sóttvarnastöð ríkisins í Hrísey, þar sem senn lýkur einangrun holdanautastofnsins og nauðsynlegt er að fara að huga að framræktun stofnsins í landi og ljúka einangrunardvölinni fyrir þann stofn sem þar er nú, gæti reynt á það lagaákvæði sem hér er flutt frv. um og jafnvel þegar á þessu ári. Þess vegna væri æskilegt að fá þessa lagaheimild því í eldri lögum fyrirfinnst ekki heimild til að flytja erfðaefni stofnsins úr Hrísey í land með þessum hætti af þeirri einföldu ástæðu að sú tækni sem hér er á ferðinni hafði ekki rutt sér til rúms þegar lögin um innflutning búfjár voru síðast endurskoðuð. Hér er því um einfalt atriði að ræða sem gæti flýtt fyrir því að einangrun stofnsins í Hrísey lyki jafnvel eftir eitt ár ef frv. þetta nær að verða að lögum á yfirstandandi þingi.

Að lokinni þessari umræðu, herra forseti, legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

SAMEINAÐ ÞING

62. fundur, föstudaginn 21. apríl, kl. 10 árdegis.

Aðalnámsskrá fyrir grunnskóla, ein umr.

Skýrsla menntmrh., 82. mál. — Þskj. 691.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forseta og þingflokkunum fyrir að fallast á beiðni mína um að þetta mál yrði tekið hér fyrir á þessum degi, einnig skýrslubeiðanda, hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarssyni.

Ég mun í framsögu um þetta mál víkja fyrst að aðdraganda þess, síðan að nokkrum breytingartillögum og niðurstöðum sem nú liggja fyrir í skólaþróunardeild menntmrn., gera grein fyrir stöðunni nú og loks nokkrum almennum áhersluatriðum.

Á þskj. 84 lögðu hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson o.fl. þingmenn Sjálfstfl. fram beiðni til menntmrh. um skýrslu um undirbúning og efni aðalnámsskrár grunnskóla. Þegar skýrslubeiðnin lá fyrir fór ég þess á leit við skólaþróunardeild menntmrn. að hún tæki saman texta í skýrslu og sá texti er birtur á því þingskjali sem hér er til umræðu og hann geri ég að mínum orðum.

Í grunnskólalögum er gert ráð fyrir að menntmrn. gefi aðalnámsskrá grunnskóla út ekki sjaldnar en fimmta hvert ár. Námsskráin sem nú er í gildi er frá árunum 1976 og 1977. Hún var gefin út í smáheftum sem hvert um sig fjallaði um eina námsgrein eða skyldar greinar. Auk þess var svonefndur almennur hluti gefinn út í sérhefti. Námsskrár í stærðfræði og líffræði voru ekki gefnar út um leið og aðalnámsskráin 1976.

Með aðalnámsskrá grunnskóla 1976 má segja að skilningur manna á orðinu námsskrá hafi breyst. Í grunnskólalögum frá 1974 er talað um aðalnámsskrár sem gefur í skyn að um fleiri námsskrár geti verið að ræða. Í öðru lagi breytast áherslur með þessari námsskrá. Mun meiri áhersla er lögð á markmiðin og markgreinar en áður og dregið úr nákvæmum fyrirmælum um námsefni.

Í þriðja lagi er sérstaklega fjallað um almenn markmið sem sameiginleg eru öllum námsgreinum eða sinna þarf utan venjulegrar kennslu og í fjórða lagi eru þar fyrirmæli um hvernig skuli kennt og hvernig skólastarfið skuli skipulagt.

Aðalnámsskráin frá 1976 og 1977 átti að koma út endurskoðuð 1981–1982 samkvæmt lögunum en ekki varð af því heldur var ákveðið að hún skyldi halda gildi sínu óbreytt áfram. Árið 1983 voru gefin út drög að almennum hluta aðalnámsskrár. Á þeim tíma var gert ráð fyrir almennum hluta aðalnámsskrár í einu hefti og að námsskrá hverrar greinar yrði gefin út sem sérhefti. Í þessum drögum að almennum hluta aðalnámsskrár var fjallað mjög ítarlega um kennslu og kennsluaðferðir. Drögin voru send fjölmörgum aðilum til kynningar og umsagnar, m.a. í hvern grunnskóla og til alþm. Tiltölulega fáar umsagnir bárust þá.

Þegar að því kom að lagfæra námsskrárdrögin á grundvelli umsagna sem borist höfðu kom upp sú staða að menntmrh. féllst ekki á veigamikil stefnuatriði og áherslur í drögunum. Þess vegna og í framhaldi af því má segja að málið hafi legið niðri um nokkurt skeið eða allt til ársins 1986 að skriður komst á málið þegar menntmrh. fól starfsfólki skólaþróunardeildar menntmrn. að semja ný drög að aðalnámsskrá fyrir grunnskóla. Sá háttur var hafður á að fá starfshóp til að semja kafla um hverja námsgrein undir stjórn viðkomandi námsstjóra. Í starfshópunum voru starfandi kennarar og sérfræðingar í viðkomandi grein. Almenni hlutinn var í raun saminn að nýju af starfsfólki deildarinnar. Nýju uppkasti að aðalnámsskránni í heild var svo skilað til ráðherra 24. ágúst 1987. Þá var m.a. lagt til að aðalnámsskráin yrði gefin út í einni bók í stað smáhefta fyrir hverja námsgrein og send til umsagnar á nýjan leik.

Næsti áfangi verksins var að lagfæra nokkur atriði sem ráðherra gerði athugasemdir við og taldi að leggja þyrfti áherslu á og koma bókinni í umsagnarútgáfu. Til að hafa yfirumsjón með því verki setti ráðherra sérstaka ritnefnd sem hafði m.a. það hlutverk að samræma framsetningu og skera úr um ágreiningsefni. Í ritnefndinni voru aðstoðarmaður ráðherra, skrifstofustjóri skólamálaskrifstofu og deildarstjóri skólaþróunardeildar menntmrn.

Ný drög að aðalnámsskrá voru síðan gefin út í umsagnarútgáfu í júlí 1988. Þar var lögð áhersla á nokkur veigamikil atriði. Sum þeirra urðu ágreiningsefni og tilefni umræðu og athugasemda.

Hinn 2. ágúst 1988 voru þessi drög send fjölmörgum aðilum til umsagnar. Umsagnarfrestur var til ágústloka en var síðan framlengdur. Mikil umræða fór fram um drögin að aðalnámsskrá á tímabilinu frá septemberbyrjun sl. og fram í miðjan október 1988 og telur starfsfólk skólaþróunardeildar að um 1800 kennarar og annað starfsfólk skólanna hafi tekið þátt í þessum umræðum sem fram fóru í öllum fræðsluumdæmum á tímabilinu 1. sept. og fram í miðjan október 1988.

Á kynningarfundum þessum fór fram málefnaleg umræða og gagnleg um málin og fram komu ýmsar ábendingar um margt sem betur mátti fara, viss áhersluatriði voru gagnrýnd en öðru var fagnað. Um miðjan október, þegar hefðbundnum haustþingum kennara lauk, lágu fyrir miklar og gagnlegar upplýsingar, bæði í skriflegum umsögnum og í samantekt af umræðum á haustþingum og á fundum með aðilum.

Þegar ég kom í menntmrn. seint í september 1988 og fyrstu dagana í október 1988 átti ég viðræður við starfslið skólaþróunardeildar um þessi mál og starfsfólk skólaþróunardeildarinnar vann úr þeim gögnum sem komin voru og úrvinnslunni var skilað til mín 1. nóv. 1988. Þessari greinargerð skólaþróunardeildar fylgdu ítarlegar tillögur um lausn á ágreiningsefnum og tillögur um lagfæringar á drögunum í ljósi undangenginnar umræðu. Var þá miðað við og lögð á það áhersla af minni hálfu og af hálfu skólaþróunardeildar að ná sem bestri sátt um aðalnámsskrána í heild og tekið tillit til þeirra ábendinga sem fram komu í skriflegum umsögnum og umræðum, einkum meðal kennara.

Við úrvinnsluna kom í ljós að skiptar skoðanir voru um ýmis grundvallaratriði og áherslur og snerist umræðan einkum um níu álitamál sem óhjákvæmilegt reyndist að taka til meðferðar áður en ný námsskrá yrði staðfest og gefin út.

1. Er aðalnámsskrá reglugerð eða leiðbeiningarrit?
2. Er rétt að taka af skarið um ákveðna kennsluhætti í aðalnámsskrá og lýsa þar dæmum um kennsluaðferðir?
3. Skilgreining á hugtakinu „fræðsla“ og áhersla á fræðsluhlutverk grunnskóla. Er munur á fræðsluhlutverki skóla og uppeldishlutverki skóla?
4. Foreldrar, vald þeirra og skyldur. Hver er hlutur skóla í uppeldi og mótun? Hve mikil áhrif geta foreldrar haft eða eiga að hafa á skólastarf?
5. Blöndun — röðun í bekki og námshópa. Á námsskrá að taka af skarið eða skólastjórar og kennarar?
6. Námsmat — ein eða tvær viðmiðanir? Er rétt að aðalnámsskrá mæli gegn samanburði við aðra?
7. Er tímabært að skylda skóla til að gera starfsáætlanir/skólanámsskrár? Er gerð skólanámsskrár innifalin í vinnutíma kennara?
8. Er rétt að fella viðmiðunarstundaskrá inn í aðalnámsskrá?
9. Á aðalnámsskrá að heimila undanþágur frá skyldunámi í einstökum greinum?

Þetta voru þau álitamál sem upp komu varðandi vinnuna við aðalnámsskrá í menntmrn. og í framhaldi af því að starfsmenn skólaþróunardeildar gerðu mér grein fyrir þessum málum skipaði ég samráðshóp sem átti að starfa með skólaþróunardeildinni við að yfirfara drögin frá júlí 1988. Í skipunarbréfi þessa starfshóps var tekið fram að hópnum væri ætlað að vinna með starfsfólki skólaþróunardeildar að lagfæringum á drögum að aðalnámsskrá og fylgjast með framgangi verksins. Einnig var hópnum ætlað að fjalla um álitamál, m.a. þau sem ég taldi hér áðan, sem komið hafa upp í umræðum og umsögnum um drögin og gera tillögur um lausn á álitamálum.

Í samráðshópnum voru tveir fulltrúar frá Bandalagi kennarafélaga, fulltrúi frá Kennaraháskóla Íslands, Háskóla Íslands, Félagi skólastjóra og yfirkennara, fræðslustjórum og þar voru einnig tveir fulltrúar frá foreldrafélögum, einn frá foreldrafélagi grunnskóla í þéttbýli og einn frá foreldrafélagi grunnskóla í dreifbýli.

Margir fundir og ítarlegir voru haldnir um þessi mál. Þar voru álitamálin ítarlega rædd og þar komu fram ábendingar og tillögur um breytingar.

Samstarfshópurinn kom athugasemdum sínum einnig á framfæri milli funda. Starfsfólk skólaþróunardeildar lagfærði texta, samdi á ný og bætti við nýjum textum jafnharðan. Reynt var til hins ýtrasta að koma til móts við sem flest sjónarmið og ná sem allra víðtækastri samstöðu um lokagerð aðalnámsskrár grunnskóla.

Í öllum meginatriðum féllust fulltrúar samráðsaðila á tillögur skólaþróunardeildar um það hvernig unnt væri að leysa áðurnefnd álitamál. Við lagfæringar á drögunum var reynt að færa umfjöllun um þau til þess horfs sem flestir gætu sætt sig við. Samkomulag varð um það hvernig yrði tekið á þessum tilteknu álitamálum í vinnunni sjálfri og það tel ég í raun og veru það allra mikilvægasta, virðulegur forseti, að undirstrika í þessari umræðu, að það varð samstaða í skólaþróunardeildinni og við samráðshópinn um úrlausn allra þeirra álitamála sem helst voru talin geta staðið í vegi þess að um aðalnámsskrána næðist samstaða, heildarsamstaða ekki aðeins í þessum hópum, heldur einnig úti í hinum almenna skóla í landinu.

Í fyrsta lagi varð samstaða um að líta á meginmarkmið, megininntak og grundvallaratriði varðandi kennslu, námsmat og aðstöðu sem „bindandi starfsramma“, eins og það er kallað í drögunum sem ég dreifði hér fyrir nokkru til hv. alþm., en aðra þætti sem skýringar og ábendingar.

Í öðru lagi varð samkomulag um að líta á þær kennsluaðferðir sem öðrum fremur stuðla að því að ná meginmarkmiðum, sbr. 2. gr. grunnskólalaga, sem bindandi viðmiðun, þ.e. með öðrum orðum, það sem er bindandi í þessum efnum eru auðvitað stjórnarskrá landsins og lög landsins. Á því á textinn að byggjast.

Í þriðja lagi varð samkomulag um að skilja ekki í sundur fræðslu og uppeldi, heldur fella hvort tveggja undir umfjöllun um menntun.

Í fjórða lagi varð samkomulag um að skýra betur og leggja áherslu á uppeldisskyldur og uppeldisrétt foreldra. Ekki þótti unnt að draga mjög skarpar línur á mörkum heimila og skóla.

Í fimmta lagi varð samkomulag um að setja fram skýr tilmæli um að skipa nemendum með mismikla námsgetu saman í bekki.

Í sjötta lagi varð samkomulag um að draga verulega úr áherslu á samanburð við aðra nemendur þegar árangur er metinn og leggja þunga á þann tilgang námsmats að vera leiðsögn og örvun í námi.

Í sjöunda lagi var samstaða um að mæla eindregið með því að hver skóli geri ítarlegar starfsáætlanir og skólanámsskrár.

Í áttunda lagi varð samstaða um að fjalla almennt um skiptingu tíma milli námsgreina en ætla ákvörðunum um hlutföll milli námsgreina og námssviða stað í sérstakri auglýsingu.

Í níunda lagi varð samstaða um að gera ráð fyrir undanþágum frá skyldunámi, t.d. á trúarlegum eða siðfræðilegum forsendum, í samræmi við uppeldisrétt foreldra. Hvatt er til þess að skýrar reglur verði settar um undanþágur og að réttur nemenda til menntunar sé virtur með því að sjá þeim fyrir sambærilegum tækifærum til menntunar og þroska.

Í raun og veru er mjög erfitt að bera saman annars vegar drögin sem send voru út í júlí 1988 og hins vegar drögin eins og þau liggja nú fyrir. Þó má nefna þar nokkur atriði sem hafa í raun og veru komið fram þegar í þeirri upptalningu á því sem full samstaða er um. Ég tel þess vegna ekki ástæðu til þess að fara út í þann samanburð í einstökum atriðum nema sérstök tilefni gefist til hér í umræðunni.

Þegar skólaþróunardeildin og samráðsnefndin lögðu þessar tillögur fyrir menntmrh. fylgdi m.a. bréf frá Bandalagi kennarafélaga um afstöðuna til aðalnámsskrár sem ég tel rétt að lesa hér, virðulegi forseti.

„Nú þegar skólaþróunardeild menntmrn. og samvinnunefnd um aðalnámsskrá grunnskóla hefur lokið störfum vilja fulltrúar Bandalags kennarafélaga í nefndinni taka fram eftirfarandi:

Bandalag kennarafélaga þakkar þann skilning sem fram hefur komið gagnvart athugasemdum og ábendingum kennarasamtakanna við fyrstu drög endurskoðaðrar aðalnámsskrár frá 1976 er þau komu til umsagnar sl. haust. Fulltrúar Bandalags kennarafélaga fagna því að í samstarfinu sem nú er að ljúka hafa verið teknar til greina athugasemdir Bandalags kennarafélaga við þau álitamál sem fyrir lágu þegar starfið hófst 2. des. sl.

Í umræðum og starfi samstarfshópsins hafa óhjákvæmilega komið upp ýmis ný álitamál sem ekki hefur unnist tími til að fjalla um og leiða til lykta. Bandalag kennarafélaga leggur áherslu á að við næstu endurskoðun aðalnámsskrár verði haft samráð við samtök kennara og m.a. tekið á þeim málum. Bandalag kennarafélaga væntir þess að við endanlega útgáfu þessarar aðalnámsskrár reynist unnt að láta fylgja atriðisorðaskrá og orðskýringar eða að öðrum kosti að slíkt verði gefið út sem fylgirit síðar.

Með aðalnámsskrá fyrir grunnskóla marka stjórnvöld stefnu um nám og starf í grunnskólum landsins. Fulltrúar Bandalags kennarafélaga vilja ítreka að til þess að stefnumörkun námsskrárinnar verði ekki orðin tóm og að unnt verði að byggja upp skólastarf í samræmi við þær kröfur sem fram eru settar í fyrirliggjandi drögum verður m.a. að fækka nemendum í fjölmennum bekkjardeildum, efla og bæta grunnmenntun og endurmenntum kennara, efla og styrkja starfsemi Námsgagnastofnunar, auka tíma til kennslu, koma á samfelldum skóladegi og einsetnum skóla.

Það er því ljóst að eigi skólastarf að vera í samræmi við þá stefnu sem sett er fram í drögum að aðalnámsskrá grunnskóla verður að auka verulega fjármagn til skólastarfs í landinu."

Þetta var umsögn Bandalags kennarafélaga um aðalnámsskrána frá 6. mars 1989.

Þegar ég fékk aðalnámsskrána í hendur fór ég að sjálfsögðu yfir efni hennar og eftir þá yfirferð hafa verið gerðar örfáar breytingar á ýmsum köflum námsskrárinnar. Meginhlutinn af því eru orðalagsbreytingar og lagfæringar af slíku tagi, en að auki er um að ræða eftirfarandi atriði sem ég sendi frá mér til skólaþróunardeildar í tillöguformi og skólaþróunardeild féllst á mínar tillögur í flestum atriðum en ekki öllum en í raun og veru í öllum meginefnisatriðum.

Í fyrsta lagi er sú breyting að inn í almenna kaflann, kafla 2, er bætt tilvitnun í stjórnarskrá lýðveldisins um trúfrelsi hér á landi og stöðu þjóðkirkjunnar samkvæmt stjórnarskránni. Mér fannst ástæða til að festa þau atriði sem í stjórnarskránni eru um þessi mál inni í aðalnámsskránni þannig að þar færi ekkert á milli mála, hvorki að því er varðar trúfrelsi né heldur að því er varðar stöðu þjóðkirkjunnar samkvæmt stjórnarskránni.

Í öðru lagi var ákveðið að fara þess á leit við prófessora í guðfræðideild Háskóla Íslands að lesa yfir kaflann um kristin fræði. Prófessor Jón Sveinbjörnsson gaf umsögn um þennan kafla og hann lagði til að meiri áhersla yrði lögð á lestur Biblíunnar í bókmenntalegum skilningi. Þetta þýðir í raun og veru meiri áherslu á biblíusögur í skólum en kaflinn í drögunum gerir ráð fyrir og hefur sú ábending verið tekin inn í drögin eins og þau líta út nú.

Í þriðja lagi fór ég fram á það við Eirík Rögnvaldsson cand. mag. að hann læsi sérstaklega yfir kaflann um íslenskunám og hann gerði það og gerði ekki sérstakar efnislegar breytingartillögur við hann.

Í fjórða lagi fór ég þess á leit við Eirík Rögnvaldsson cand. mag. að hann læsi yfir almenna hlutann og íslenskukaflann og lagfærði málfar og framsetningu. Baldur Hafstað íslenskukennari í Kennaraháskóla Íslands las öll drögin yfir og leiðrétti áður en þau voru gefin út sem fylgiskjal með skýrslu til Alþingis.

Í fimmta lagi var gerð örlítil breyting á kaflanum

um jafnréttisfræðslu. Kaflinn var lagfærður og meiri áhersla lögð á jafnrétti í starfsfræðslu. Það á að vera betur tryggt að starfsfræðsla geri stúlkum og drengjum og karla- og kvennastörfum jafnhátt undir höfði.

Í sjötta lagi var skerpt áhersla á Íslandssögu með því að færa hana framar í upptalningum í köflunum um samfélagsfræðikennslu.

Í sjöunda lagi var ákveðið að semja atriðisorðaskrá. Tilvísanir þar um verða inni í textanum og vísa til atriðisorðaskrár sem mun fylgja gagninu að lokum.

Í áttunda lagi var ákveðið að færa sund inn í viðmiðunarstundaskrá sem hluta af skólaíþróttunum.

Í níunda lagi, að því er varðar viðmiðunarstundaskrá, þá er ljóst að hún verður óbreytt í eitt ár til viðbótar. Hún verður gefin út endurskoðuð um næstu áramót og rökin eru fyrst og fremst þessi: Við viljum koma námsskránni út og hefja umræðu um 19. kafla námsskrárinnar en á henni byggist tímaskipting og áherslur á einstakar greinar.

Við útgáfu aðalnámsskrárinnar mun ég skrifa formála og drög að honum eru á þessa leið, með leyfi forseta:

Þegar barnið gengur fyrst í skóla verða kaflaskipti í lífi þess. Mörg börn hafa að vísu verið í gæslu áður á dagheimilum eða hjá dagmæðrum en í skólanum birtist aðili sem hefur áhrif á lífsviðhorf barna í 10 ár a.m.k., kannski mikið lengur. Skólinn er því einn þýðingarmesti starfsvettvangur samfélags okkar. Skólinn er allt í senn: Uppeldisstaður og leikstaður, atvinnulíf og mannlíf. Það skiptir öllu máli að vel sé gert við börnin í skólanum. Til þess að svo megi verða þarf skólinn að vera lifandi hluti af umhverfi sínu og starfið í skólanum þarf að geisla frá sér lífi til umhverfisins. Skóli án tengsla við veruleika barnsins er enginn skóli eða í besta lagi vondur skóli.

Í skólanum þarf að útbúa börnin fyrir framtíðina. Þar þarf að opna hugi þeirra, stuðla að sjálfstæðri hugsun og sjálfstæðum vinnubrögðum þannig að þau verði fær um að glíma við dagleg viðfangsefni, fær um að líta vítt yfir sviðið og loks fær um að miðla öðrum af reynslu sinni.

Aðalnámsskrá grunnskóla er mikilvægt skjal. Hún á að hjálpa kennurum og foreldrum til þess að átta sig á heildarsamhengi skólastarfsins. Aðalnámsskráin getur þannig verið eins konar vinnubók kennara og ætlunin er reyndar að þeirri hugsun verði fylgt eftir í verki með útgáfu handbóka um þau efni sem aðalnámsskráin tekur fyrir.

Aðalnámsskráin byggist í fyrsta lagi á lögum landsins og stjórnarskrá, í annan stað á þeirri reynslu sem fengist hefur í skólanum á undanförnum árum og áratugum. Í þriðja lagi er reynt eins og kostur er að taka tillit til umhverfisins bæði hér heima og erlendis.

Aðalnámsskrá grunnskóla verður aldrei endanleg bók. Hún þarf stöðugt að vera í endurskoðun. Um leið og þessi námsskrá er gefin út er t.d. ætlunin að hefja þegar athugun á ýmsum þáttum hennar áfram. Þannig á námsskráin að vera í senn grundvöllur undir starfi í dag en um leið verður að opna framtíðinni veg inn í námsskrána með skipulegum hætti. Þessi námsskrá tekur við af námsskránni frá 1976.

Starfsfólk skólaþróunardeildar menntmrn. hefur unnið mikið verk og gott, oft reyndar við afar erfiðar aðstæður. Sl. haust var svo ákveðið að kalla til samstarfsnefnd sem var skipuð fulltrúum foreldra, kennarasamtaka Háskólans og Kennaraháskólans. Þannig hefur verið reynt að opna fyrir flest sjónarmið til þess að undirstrika strax í vinnunni þann lýðræðislega grundvöll sem námsskráin byggir á. Námsskráin er sett með auglýsingu og hefur því samkvæmt grunnskólalögum og venjum reglugerðargildi en hún er óvenjuleg reglugerð vegna þess að menntmrh. hefur kosið að fela samstarfsnefndinni og skólaþróunardeildinni úrslitatrúnað við afgreiðslu allra helstu ágreiningsmála. Þetta er gert til þess að leggja áherslu á faglegan grunn námsskrárinnar og um leið til þess að fjarlægja hið pólitíska framkvæmdarvald svo sem kostur er þó ráðherra beri ábyrgð á vinnunni á útgáfu reglugerðarinnar að lokum svo sem venja er. Vonandi verður þessi afstaða leiðarljós við smíði námsskrárinnar framvegis.

Það á að vera stöðugt verkefni fræðsluyfirvalda að tryggja sem allra bestan frið um íslenska skóla og leggja áherslu á að leita að samnefnara sem flestir geta unað við. Það á að vera þjóðarsamstaða um skólann og námsskráin ber þess vitni. Þar er lögð áhersla á að sætta mörg ólík sjónarmið. Það má aldrei gerast að samningur þjóðarinnar og fræðsluyfirvalda verði rofinn í þágu þröngra sérsjónarmiða.

Þetta voru drög að inngangi að aðalnámsskrá sem ætlunin er að menntmrh. skrifi.

Ég vil kannski geta þess að lokum að það var eitt atriði sérstaklega sem ég lagði áherslu á og átti nokkrar viðræður við skrifstofustjóra skólaþróunardeildar um og það snertir uppsetningu á skyldum skólans gagnvart samfélaginu sem kemur nokkuð víða fram. Þar er í textanum, t.d. á bls. 12, talað um skyldur við ríkið. Ég óskaði eftir því við starfslið skólaþróunardeildar að þetta yrði fellt niður og í staðinn yrði talað um skyldur við einstakling og samfélag. Ég tel að þetta sé mjög mikilvægt atriði að draga hér fram við þessa umræðu, þannig að ég dragi ekkert undan af því sem okkur hefur farið á milli, mér og starfsliði skólaþróunardeildarinnar.

Ég tel, virðulegi forseti, að ég hafi þá gert grein fyrir meginatriðum þessa máls. Ef menn fletta þeim drögum að aðalnámsskrá sem hér liggja fyrir er auðvitað fjölda fjöldamargt þar sem væri ástæða til að ræða almennt hér. Ég bendi t.d. á 17. kaflann, Aðrir námsþættir, þar sem fjallað er um almenn mannréttindi, félagsmál í skólum, fíknivarnir og ýmsa fleiri mikilvæga þætti, jafnréttisfræðslu, umferðarfræðslu og umhverfisfræðslu, um tölvur í grunnskólum og fleira. Og ég bendi einnig á 18. kaflann sem er mjög mikilvægur kafli. Hann er um skipulag og samvinnu í skólastarfi þar sem fjallað er um hlutverk skólastjórnenda, hlutverk kennara, umsjónarkennara, námsráðgjöf sem hlýtur að verða vaxandi þáttur í þróun

skólans á komandi árum, skólanámsskrá sem ætlunin er að undirbúa og þarf auðvitað að verða til, skólanámsskrá fyrir hvern einasta skóla, skólaþróun, samvinnu nemenda, samvinnu heimila og skóla sem er mjög veigamikill þáttur í þessum drögum að aðalnámsskrá sem hér liggja fyrir, og samvinnu við foreldra sem skiptir mjög miklu máli en þar erum við í raun og veru m.a. auðvitað bundin eins og annars staðar af grunnskólalögunum þar sem á takmarkaðan hátt er fjallað um þátt foreldranna í skólastarfi, of takmarkaðan að mínu mati. Síðan er kafli hér undir 18. kafla sem fjallar um skóla- og heimabyggð sem er mjög mikilvægur kafli að mínu mati þar sem tekið er á þeim málum sem lúta að stöðu nemandans, barnsins, unglingsins, í sínu nánasta umhverfi og að námsefni verði ekki með þeim hætti eða kennsla að það stuðli að því að slíta þær rætur sem nemandinn í grunnskólanum á við sitt nánasta umhverfi.

Um einstaka aðra kafla mætti út af fyrir sig ýmislegt segja en ég ætla að vísa til þess almenna sem ég hef sagt um það efni og segja það að lokum að ég tel að það sé mjög mikilvægt að það hefur tekist samkomulag við hlutaðeigandi aðila um útgáfu á þessari aðalnámsskrá. Margt í þessum textum er öðruvísi en einstakir aðilar í þessu verki hefðu viljað sjá. Víða ber textinn þess merki að hér er verið að ná saman mjög ólíkum sjónarmiðum. En um þetta gagn, sem við getum kallað eins konar mannréttindaskrá nemenda í grunnskólum, á að vera þjóðarsamstaða. Annars gerir það ekki það gagn sem aðalnámsskráin á að gera.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. þá skriflegu greinargerð sem hann hefur lagt hér fram og flutt hér framsöguræðu fyrir nú í þessari umræðu hér í dag.

Þegar núv. hæstv. menntmrh. tók við embætti lýsti hann nánast stríði á hendur því starfi sem unnið hafði verið í menntmrn. til undirbúnings aðalnámsskrá grunnskóla. Fann hann því starfi flest til foráttu og hefur raunar gert svo með ákveðnu millibili, allt fram á þennan dag. Síðast í Þjóðviljanum þann 8. mars sl. mátti lesa eftirfarandi haft eftir hæstv. menntmrh., með leyfi forseta:

„Drög að aðalnámsskrá grunnskóla liggja nú á borði menntmrh. sem hyggst gefa þau út fyrir mánaðarlok svo að þau verði lögð til grundvallar í skólastarfi á ári komanda. Þetta kom fram í máli Svavars Gestssonar menntmrh. á Alþingi í fyrradag. Í samtali við Þjóðviljann sagði hann nýja aðalnámsskrá lengi hafa verið í deiglunni og eitt helsta bitbein manna í skólaumræðu undanfarinna ára. Forverar hans í embætti menntmrh. hefðu farið offari í því máli. Hópur manna er vann að nýrri aðalnámsskrá hefði verið rekinn frá störfum haustið 1984 og síðan hefði málið verið í eins konar biðstöðu. Menntmrh. fyrri stjórnar, Birgir Ísleifur Gunnarsson, hefði síðan ætlað að þræla út aðalnámsskrá án nægilegs samráðs við samtök kennara og foreldra og nauðsynlegar skólastofnanir. Sjálfur hefði Svavar haft annan hátt á. Það hefði verið hans fyrsta verk í menntmrn. að fela fulltrúum kennara, foreldra, Háskólans og Kennaraháskólans, auk skólaþróunardeildar ráðuneytisins, að leggja drög að nýrri aðalnámsskrá grunnskóla. Þessi drög væru sem sé til reiðu nú og yrðu óbreytt að aðalnámsskrá grunnskóla."

Hér lýkur tilvitnun í þessa grein í Þjóðviljanum þann 8. mars sl. og þessi grein endurspeglar ummæli sem ráðherrann hefur viðhaft nánast frá fyrsta degi eftir að hann settist inn í menntmrn.

Nú er það vitað að innan Alþb. eða í nánum tengslum við það hafa verið ýmsir sérvitringar í skólamálum, fólk sem gerst hefur málsvarar fyrir ýmsum tískustefnum í skólamálum sem hafa átt upptök sín hjá ýmsu róttæku fólki erlendis. Yfirlýsingar hæstv. menntmrh. vöktu því ugg margra og urðu m.a. tilefni til þess að ég, ásamt allmörgum þm. Sjálfstfl., óskaði eftir því á þskj. 84 að menntmrh. gæfi skýrslu um undirbúning og efni aðalnámsskrár fyrir grunnskóla og þessi skýrslubeiðni var orðuð svo, með leyfi forseta:

„Á vegum menntmrn. hefur að undanförnu verið unnið að aðalnámsskrá grunnskóla. Fyrir liggur prentuð tillaga að námsskrá (júlí 1988) sem send var til umsagnar og athugunar ýmissa aðila. Núverandi menntmrh. hefur opinberlega gefið yfirlýsingu þess efnis að hann sé ósammála mikilvægum efnisatriðum tillögunnar. Nauðsynlegt er að fram fari opin umræða um slíkan ágreining áður en gengið er endanlega frá námsskrá. Með tilvísun til 30. gr. laga um þingsköp Alþingis er því óskað eftir því við menntmrh. að hann gefi Alþingi ítarlega skýrslu um hvernig að undirbúningi námsskrár hefur verið staðið og hver séu þau meginatriði sem hann gerir að ágreiningsefni í þeirri tillögu að námsskrá sem nú liggur fyrir og hverjar séu tillögur hans í þeim efnum.

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á fundi í sameinuðu Alþingi þegar henni hefur verið útbýtt."

Þessi skýrslubeiðni var dagsett 2. nóv. 1988.

Þessi skýrsla er nú hér til umræðu og hæstv. ráðherra hefur gert grein fyrir henni í framsöguræðu hér á undan.

Áður en ég ræði efni skýrslu hans og reyndar þau drög að aðalnámsskrá sem fylgdu skýrslunni og þingmönnum var afhent fyrir páska vil ég láta þess getið að þótt ekki hefði verið þessi aðdragandi að skýrslubeiðninni, þ.e. þessi undarlegi málflutningur hæstv. menntmrh., hefði ég talið mjög eðlilegt að óska eftir slíkri skýrslu því að aðalnámsskrá er svo stefnumarkandi um skólastarf og skólahald í landinu að nauðsynlegt er að fram fari opin, almenn umræða um slíka námsskrá áður en hún er sett.

Áður en ég vík efnislega að skýrslu hæstv. ráðherra og þeim drögum að aðalnámsskrá grunnskóla sem hér liggja fyrir vil ég aðeins fara nokkrum orðum um málsmeðferð að gefnu tilefni.

Þrátt fyrir fyrri orð hæstv. ráðherra um að þræla hafi átt út aðalnámsskrá án nægilegs samráðs við

samtök kennara og foreldra og nauðsynlegar skólastofnanir svarar hann sjálfur þessari gagnrýni í þeirri skýrslu sem hann hefur lagt hér fram fyrir Alþingi. Í skýrslu hans er ítarlega rakin sú vandaða meðferð sem aðalnámsskrá grunnskóla hefur fengið í menntmrn. og er það fyrst og fremst að finna á bls. 2 og 3 í skýrslu hæstv. ráðherra.

Þar er rakið hvernig starfsfólk skólaþróunardeildar vann í starfshópum með starfandi kennurum og sérfræðingum að undirbúningi einstakra kafla aðalnámsskrár en það starf leiddi til þess að ný drög að aðalnámsskrá voru gefin út í umsagnarútgáfu í júlí 1988. Þessi drög voru þann 2. ágúst 1988 send allmörgum aðilum til umsagnar. Eru þeir taldir upp í skýrslu ráðherrans. Þar er bæði um að ræða einstaka skóla, samtök kennara og fleiri aðila. Síðan segir orðrétt í skýrslu hæstv. ráðherra:

„Umsagnarfrestur var til ágústloka. Þegar umsagnarfresturinn rann út höfðu mjög fáar umsagnir borist. Skriflegar umsagnir og athugasemdir voru að berast fram í miðjan október.

Ráðuneytið heimilaði að kennsla yrði felld niður í einn dag haustið 1988 og skyldi honum varið til þess að kynna námsskrárdrögin, ræða þá stefnumörkun sem þar kom fram og fá fram álit sem flestra skólamanna á henni. Skólaþróunardeild ráðuneytisins skipulagði þá umfjöllun í samráði við fræðslustjóra og stjórn kennarasambands hvers fræðsluumdæmis. Í flestum tilvikum var kynning á drögunum og umræða um þau felld að eða inn í svokölluð haustþing kennara. Lætur nærri að um 1800 kennarar og annað starfsfólk skóla hafi tekið þátt í þessum umræðum sem fram fóru í öllum fræðsluumdæmum á tímabilinu 1. sept. og fram í miðjan október.

Þar eð drögin í heild voru aðeins gefin út í mjög takmörkuðu upplagi lét ráðuneytið prenta kynningarbækling sem dreift var til allra þátttakenda á þingunum og notaður í umræðu. Bæklingurinn inniheldur allan almennan hluta draganna og útdrátt úr námsgreinaköflunum.

Á kynningarfundum með kennurum fór víðast hvar fram málefnaleg og gagnleg umræða. Fram komu ábendingar um ýmislegt sem betur mátti fara, viss áhersluatriði voru gagnrýnd en öðrum fagnað.

Um miðjan október, þegar hefðbundnum haustþingum kennara lauk, lágu fyrir miklar og gagnlegar upplýsingar, bæði í skriflegum umsögnum og í samantekt af umræðum af haustþingum og fundum með ýmsum aðilum."

Af þessu má sjá að sú kynning sem fram fór á námsskránni áður en hæstv. núv. menntmrh. settist í þetta sæti var mjög ítarleg og það gefur auðvitað auga leið að allar þær athugasemdir og ábendingar sem fram komu á þessum almennu kennarafundum um land allt gáfu tilefni til ýmissa lagfæringa sem auðvitað var meiningin að gera í menntmrn.

Að þessu leyti voru vinnubrögð núv. hæstv. menntmrh. þegar hann tók við í engu frábrugðin því sem fyrirhugað hafði verið af minni hálfu í ráðuneytinu.

Þetta þótti mér rétt að taka fram um vinnubrögð við undirbúning námsskrár til að svara þeim stóryrðum sem hæstv. ráðherra hefur víðs vegar á opinberum vettvangi látið sér um munn fara þegar hann hefur verið að fjalla um undirbúning aðalnámsskrár í menntmrn.

Mér finnst sjálfsagt að geta þess hér einmitt vegna stóryrða hæstv. ráðherra að þessi skýrsla sem hann hefur hér lagt fram er rituð af hófsemi og hlutlægni og gerir, að vísu á stuttaralegan hátt, ágæta grein fyrir ýmsum helstu atriðum þess ágreinings um efni aðalnámsskrár í grunnskóla sem uppi hefur verið.

Það vekur þó athygli að í skýrslunni er ekki getið um nokkrar mikilvægar efnislegar úrfellingar úr fyrri drögum. Þar af leiðandi er heldur engin skýring gefin á ástæðunum fyrir þessum úrfellingum og þau vinnubrögð í sambandi við skýrslugerð hæstv. ráðherra vil ég gagnrýna.

Þegar ég tók við embætti menntmrh. sumarið 1987 lágu fyrir drög að nýrri aðalnámsskrá. Efnislega tóku þau mjög fram fyrri námsskrá, þ.e. 1976 og 1977, og fyrri drögum frá 1983. T.d. var samfélagsfræðin mjög breytt í samræmi við tillögur nefndar sem fór sérstaklega í saumana á þeirri námsgrein. Samt vantaði ýmislegt í drögin og eftir ítarlega yfirferð í menntmrn. var það sameiginleg niðurstaða að vinna enn frekar í þessu máli og leggja áherslu á nokkur atriði sem ég vil rekja nokkuð hér.

1. Hafnað var þeirri stefnu sem áður var ríkjandi að menntmrn. fyrirskipaði í námsskrá ákveðnar aðferðir við nám og kennslu í skólum eða tæki þar afstöðu til ákveðinna sálfræðikenninga um nám og þroska barna og unglinga. Ákveðið var að fela skólunum og kennurum fullt faglegt sjálfstæði. Aðalnámsskrá er fyrirmæli um meginefnisþætti kennslu og önnur mikilvægustu atriði skólastarfs, en það væri síðan verkefni einstakra skóla og kennara að ákveða skipulag skólastarfsins og aðferðir við kennslu. Slíkt gæti verið breytilegt innan skóla og milli skóla. Skólunum var ætlað að semja eigin skólanámsskrá á grundvelli aðalnámsskrár.

2. Tekin voru af tvímæli um það að skólinn hefði mikilvægu fræðsluhlutverki að gegna, miðlun þekkingar væri eitt af stærstu verkefnum skólans en slík miðlun hlyti að vera í samræmi við nútímahugmyndir og kennslutækni. Jafnframt yrði að leggja áherslu á að nemendur væru ekki óvirkir móttakendur þekkingar heldur virkir aðilar sem yrðu einnig að geta leitað þekkingar á sjálfstæðan hátt og þjálfast í sjálfstæðum vinnubrögðum og ályktunum.

3. Skýrt væri kveðið á um uppeldisábyrgð og uppeldisrétt foreldra og reynt að skýra í hverju uppeldisstarf í skólum væri fólgið. Þetta var talið mikilvægt fyrir bæði nemendur og foreldra og kennara en sem kunnugt er hefur mikið verið rætt um aukið uppeldishlutverk skólans án þess að skýrt komi fram í hverju þetta hlutverk væri fólgið né heldur hvernig gæta mætti þess að skólarnir færu ekki inn á vettvang fjölskyldna og heimila í þessu efni.

4. Íslensk menning, menningararfur og bók-

menntir, þjóðarsaga og tunga fengu aukið vægi. Í samfélagsfræði eða samfélagsgreinum var t.d. gert ráð fyrir því að nemendur öðluðust yfirlitsþekkingu á sögu Íslendinga og kynntust uppruna og þróun vestrænnar menningar sérstaklega. Þar með má heita að sagt hafi verið skilið við ýmis grundvallaratriði í samfélagsfræðiverkefninu svokallaða sem hafist var handa um á árunum upp úr 1970. Ákveðið var að hverfa frá afdráttarlausum fyrirmælum um samþættingu sögu, átthagafræði, landafræði og félagsfræði í eina námsgrein og veita hverjum og einum skóla rétt til að haga skipulagi þess náms eftir eigin mati. Námið gæti verið algjörlega greinabundið og þar með t.d. Íslandssaga sjálfstæð námsgrein eða samþætt að hluta eða öllu leyti.

5. Ætlast var til að samstarf foreldra og skóla yrði aukið verulega og kveðið á um rétt foreldra til að fylgjast með námsframvindu barna sinna og námsefni skólans og skipulagi skólastarfsins.

6. Kveðið var á um ýmis réttindi nemenda og foreldra þeirra varðandi vitnisburð um einkunnir nemenda. Fallist var á að megintilgangur námsmats væri leiðsögn og örvun en jafnframt væri eðlilegt að viðmiðun yrði ekki sleppt. Þess vegna var talað um að foreldrar fengju upplýsingar um stöðu barna sinna í samanburði við aðra nemendur. Tekið var skýrt fram að hér væri ekki verið að veita upplýsingar um einstaka aðra nemendur, enda er það óheimilt, heldur stöðu viðkomandi nemanda í hópnum, skólanum o.s.frv. Þetta er raunar sá háttur sem hafður hefur verið á málum víðast hvar í skólum alla tíð.

7. Talið var nauðsynlegt að taka fram í almenna hluta aðalnámsskrárinnar að um ýmis viðfangsefni skólastarfsins væru skiptar skoðanir, bæði meðal almennings og skólamanna. Grunnskólinn væri skóli allra landsmanna og foreldrar yrðu því að geta treyst vandaðri og óhlutdrægri umfjöllun um álitamál og ólíkar lífs- og stjórnmálaskoðanir þegar slíkt bæri á góma í tengslum við námsefni. Hafa bæri hugfast að hlutverk grunnskólans væri ekki að enduróma umræður um einstök dægurmál í þjóðfélaginu, aldrei mætti beita nemendum í deilum er snertu starf eða starfslið skóla.

Þessi áhersluatriði sem hér hafa verið nefnd voru að sjálfsögðu mjög ítarlega rædd bæði í skólaþróunardeild og á öllum kynningarfundum með kennurum og öðrum umsagnaraðilum.

Þá er komið að kjarna málsins: Hvernig eru þau drög sem nú hafa verið lögð fram? Hvaða breytingar hafa verið gerðar á fyrri drögum? Er aðalnámsskráin ásættanleg eins og hún lítur nú út?

Í fæstum orðum sagt eru gerðar mun minni breytingar á fyrri drögum en vænta hefði mátt í ljósi stóryrtra yfirlýsinga hæstv. ráðherra. Mjög róttækar áherslubreytingar er tæpast að finna en þó eru í hinum nýju drögum ýmis atriði sem ekki eru til bóta og boða afturför. Nokkrar aðrar breytingar, svo sem aukin útlistun ákveðinna þýðingarmikilla þátta, breytt efnisröð og ákveðin viðbótarefni, eru hins vegar tvímælalaust til bóta.

Það sem auðvitað skiptir mestu máli í þessu sambandi er að þau drög sem lögð hafa verið fram eru mikil og ánægjuleg framför miðað við gildandi námsskrá og drögin frá 1983 og miðað við að nú situr í stóli menntamálaráðherra maður sem ætla mætti að ýmsir svokallaðir vinstri uppeldisfræðingar hefðu mikil áhrif á.

Í mínum huga er niðurstaðan til marks um þá miklu afstöðubreytingu á vettvangi skólamála sem leitt hefur af þeim miklu umræðum sem orðið hafa um ýmsa mikilvæga þætti á undanförnum árum.

Áður en ég vík að þeim drögum sem hér liggja fyrir og þeim breytingum sem þar er að finna vil ég sérstaklega láta í ljós ánægju mína yfir því að ráðherra Alþb. skuli leggja fram aðalnámsskrá þar sem fyrsta áhersluatriðið varðandi starfshætti grunnskóla er orðað eins og hér segir:

„Starfshættir grunnskóla skulu mótast af gildum lýðræðislegs samstarfs, kristilegs siðgæðis og umburðarlyndis."

Ég fagna því sérstaklega að þessi hæstv. ráðherra skuli leggja jafnmikla áherslu á kristilegt siðgæði og kristilegt umburðarlyndi og fram kemur í þessari námsskrá.

Þetta segi ég vegna þess að þetta er gamalt deilumál hér á hv. Alþingi. Þetta kom fram þegar lögin um grunnskóla voru sett. Þá var flutt brtt. þess efnis að starfshættir skólans skyldu mótast af kristilegu siðgæði en í atkvæðagreiðslu um þá tillögu voru ýmsir alþýðubandalagsmenn henni mjög andvígir en hún var samþykkt á Alþingi engu að síður. Batnandi mönnum er best að lifa í þessu efni eins og öðrum.

Vil ég nú víkja að þessum nýju drögum að aðalnámsskrá grunnskóla og þeim helstu breytingum sem þar er að finna. Vil ég fyrst bera hin nýju drög saman við þau sjö meginstefnuatriði sem ég rakti hér áðan:

1. Drögin tryggja talsvert faglegt sjálfstæði skóla en til að fá fullvissu um það verður að lesa drögin vandlega. Yfirlýsing um það efni er ekki gefin með jafnafdráttarlausum hætti og í fyrri drögum þar sem hana var að finna í formála, heldur er vikið að efninu á víð og dreif í einstökum köflum. Það vantar sem sagt ákveðna stefnuyfirlýsingu um aukið faglegt sjálfstæði skólanna. Þetta kom sem sagt fram í formála að fyrri drögum. Hæstv. ráðherra las fyrir okkur formála sem hann hyggst skrifa við aðalnámsskrá grunnskóla en af lestri hans hér áðan varð ekki fundið að í formála hans væri með jafnafdráttarlausum hætti og í fyrri formála kveðið á um faglegt sjálfstæði skóla.

Í nokkrum atriðum er þó gert ráð fyrir minna faglegu sjálfstæði skóla en í fyrri drögum. Eitt slíkt varðar röðun nemenda í bekkjardeildir. Í fyrri drögum var það t.d. talið leiða af ákvörðun um fullt sjálfstæði skólanna til að skipuleggja skólastarfið að ákvörðun um röðun í bekki eða námshópa færi alfarið eftir mati skólanna sjálfra. Í gildandi námsskrá er röðun í bekki eftir námsgetu beinlínis bönnuð en í framkvæmd hafa skólarnir ekki alltaf getað virt það ákvæði og um talsverða röðun eftir námsgetu er að ræða í efri bekkjum grunnskóla.

Hugsunin í fyrri drögum var ekki sú að hvetja til röðunar í bekki eftir námsgetu einni og sannarlega ekki eftir gamla fyrirkomulaginu þar sem nemendum var raðað í bekki eftir lestrarfærni í upphafi skólagöngu, heldur að gera skólunum kleift að hafa sveigjanlega og breytilega skipan á blöndun nemenda, t.d. eftir aldri, námshæfileikum, námsgreinum, viðfangsefni hverju sinni o.s.frv.

Í skýrslunni til Alþingis segir skólaþróunardeild að það hafi verið niðurstaða í nýju drögunum að setja fram skýr tilmæli um að skipa nemendum með mismikla námsgetu saman í bekki. Hér gætir ónákvæmni því í drögunum segir aðeins um þetta atriði: „Æskilegt er að ólíkir nemendur séu saman í bekkjardeildum. Því ber að forðast einhæfa röðun í bekki eða hópa til lengri tíma, t.d. út af getu, hæfileikum eða kynferði."

Um þetta ætti ekki að þurfa að vera ágreiningur og ber í því sambandi að veita orðalaginu „til lengri tíma" eftirtekt en það gefur skólunum verulegt svigrúm. Þó eru tilmæli af þessu tagi ekki í samræmi við fyrirheit um faglegt sjálfstæði skóla og lýsa vantrausti ráðherra og ráðgjafa hans á dómgreind og faglegri hæfni kennara og skólastjórnenda.

2. Miðlun þekkingar skipar veglegan sess í hinum nýju drögum. Þekkingarmiðlun í skólum hefur verið mikið deiluefni og nánast verið bannorð hjá ýmsum svokölluðum róttækum skólamönnum sem hafa haft horn í síðu miðlunarþekkingar og staðreyndanáms og valið því ýmis hnjóðsyrði eins og t.d. ítroðslu og innrætingu.

Nú er um það rætt í hinum nýju drögum að nemendur þurfi að öðlast margvíslega þekkingu, m.a. um manninn sjálfan, sögu og samtíma, listir, menntir og náttúru.

Annars staðar í sama kafla segir: „Með fræðslu er átt við miðlun og öflun þekkingar og að gefa nemendum kost á margháttaðri reynslu sem þeir geta lært af." Á enn öðrum stað segir: „Kennsla beinist að því að hjálpa nemendum að tileinka sér þekkingu og skilning, að móta sér skoðanir og viðhorf og ná leikni og færni á tilteknum sviðum. Forðast ber einhliða áherslu á ákveðna þætti á kostnað annarra."

Ég læt í ljós ánægju mína yfir því að þekkingarmiðluninni skuli vera gert jafnhátt undir höfði og raun ber vitni í þessum námsskrárdrögum og tel að með þessu sé girt fyrir að grillur um að lærdómur skipti ekki máli í skólum nái að festast í sessi.

3. Uppeldisréttur og uppeldisábyrgð foreldra nýtur viðurkenningar í nýju drögunum en þar segir m.a.: „Ábyrgð og réttur foreldra til uppeldis barna sinna er grundvallaratriði í mannréttindasamþykktum sem Íslendingar eru aðilar að. Í samvinnu skóla við heimilin verður að virða þennan rétt foreldra."

Ég læt í ljós ánægju yfir hvernig á þessu atriði er tekið.

4. Telja verður að íslensk tunga, menning og þjóðarsaga skipi áfram veglegan sess í aðalnámsskránni. Þó geta verið skiptar skoðanir um hlut málfræði í drögunum. Er ekki gert ráð fyrir henni sem sjálfstæðum námsþætti fyrr en nemendur eru komnir í 7. bekk, þ.e. 13 ára. Beygingarfræði þarf að vísu að flétta inn í íslenskukennsluna í 3.–6. bekk en breytingin frá fyrri drögum felst í því að henni er ekki lengur ætlað að vera markviss hluti af ritþjálfun og ritleikni. Hlýtur það að merkja minni áherslu á málfræði og er það í andstöðu við ummæli hæstv. menntmrh. í nýlegum sjónvarpsþætti um nauðsyn aukinnar málfræðikennslu í skólum.

Aftur á móti er ánægjulegt að sjá að fallist hefur verið á þær breytingar á viðfangsefnum í samfélagsfræðum og skipulagi námsgreina sem fyrri drög gerðu ráð fyrir. Er það sérstaklega fróðlegt í ljósi þess að það voru alþýðubandalagsmenn sem voru helstu málsvarar samfélagsfræðiverkefnisins 1983–1984 og reyndar allar götur síðan.

5. Samstarf foreldra og skóla skipar mikilvægan sess í nýju námsskránni og um það efni er víða notað sama orðalag og í fyrri drögum. Talað er um ábyrga aðild foreldra að skólastarfi og eigi skólinn að hafa frumkvæði í því efni. Þá er fjallað um rétt foreldra til að fylgjast með skólastarfi og gengi barna sinna eins og í fyrri drögum.

6. Um námsmat er umfjöllunin þokukennd og ekki ljóst hvað fyrirmælin þýða þar í framkvæmd. Meginbreytingin er sú að réttur foreldra til að fá upplýsingar um stöðu barna sinna í samanburði við aðra nemendur er ekki lengur fyrir hendi. Þetta virðist þýða að foreldrar geti ekki fengið að vita hver geta barna þeirra er í samanburði við önnur börn, t.d. í 4. bekkjardeild. Námsmat á að grundvallast á einstaklingnum sjálfum en ekki í samanburði við aðra.

Þetta virðist þýða að t.d. ákveðin einkunn á hreinu þekkingarprófi, í sögu eða náttúrufræði t.d., merki ekki það sama hjá nemendum. Hér er um ákveðna jöfnunarþráhyggju að ræða sem orðið hefur vart í okkar skólakerfi á undanförnum árum. Ég hygg að slík vinnubrögð við námsmat séu ekki í samræmi við óskir foreldra og geti leitt til mjög ranglátrar niðurstöðu. Ég hvet því hæstv. ráðherra til að huga vel að þessu og vil reyndar fá fram skýr svör og ákveðin frá honum um það hvort ofangreind túlkun sé rétt varðandi þennan þátt námsskrárinnar. Og ef svo er þá er þetta eitt af þeim atriðum sem ég tel að þurfi að endurskoða og breyta í þeirri námsskrá sem nú liggur hér fyrir.

7. Eins og ég gat um áðan var talið nauðsynlegt í drögunum frá því í júlí að taka fram í almenna hluta námsskrárinnar að um ýmis viðfangsefni skólastarfs væru skiptar skoðanir, bæði meðal almennings og skólamanna. Grunnskólinn væri skóli allra landsmanna og foreldrar yrðu því að geta treyst vandaðri og óhlutdrægri umfjöllun um álitamál og ólíkar lífs- og stjórnmálaskoðanir ef slíkt bæri á góma í tengslum við námsefni. Hafa bæri hugfast að hlutverk grunnskólans væri ekki að enduróma umræður um einstök dægurmál í þjóðfélaginu, aldrei mætti beita nemendum í deilum er snertu starf eða starfslið skóla. Þetta er allt fellt úr nýju drögunum. Ráðherra verður því að

svara því hér í þessari umræðu hvers vegna það er gert. Eiga foreldrar ekki að geta treyst óhlutdrægri umfjöllun um ólíkar lífs- og stjórnmálaskoðanir í skólum? Væri ekki ástæða til að leiða dægurmálaflugur í þjóðfélaginu hjá sér ef þær tengjast ekki beint ákveðnu námsefni og væri ekki sjálfsagt réttlætismál að deilur um starf og starfslið skóla, t.d. deilur um kjaramál kennara eða ráðningar skólastjóra, bitni ekki á börnum, þ.e. að tryggt sé að kennarar beiti ekki börnum fyrir sig í slíkri baráttu en slíkt hefur því miður gerst nokkrum sinnum á undanförnum árum. Um þetta þarf ráðherra að gefa ákveðnar skýringar.

Ég gat þess áðan að í skýrslu hæstv. ráðherra væri ekki getið um nokkrar mikilvægar efnislegar úrfellingar úr fyrri drögum. Engin skýring hefur heldur verið gefin á ástæðum fyrir þessum úrfellingum. Ég hef reyndar þegar nefnt dæmi um slíkt, en til viðbótar vil ég nefna eftirfarandi dæmi:

1. Í fyrri drögum stóð í kafla um menningu og þjóðerni á bls. 13. „Um leið og skólinn glæðir með nemendum þjóðrækni og heilbrigðan þjóðernismetnað verður að reyna að forðast þröngsýn þjóðernisviðhorf." Hvers vegna var þetta fellt út? Ég óska svara frá hæstv. ráðherra um það. Er þjóðrækni og heilbrigður þjóðernismetnaður bannorð hjá menntmrh. Alþb.?

2. Í fyrri drögum stóð í kafla um einstaklingsvitund og félagsþroska: „Skólunum ber að fræða nemendur um að samkeppni annars vegar og samvinna hins vegar getur verið jafnholl og þroskandi hvort sem er í námi, leik eða starfi. Keppni og samvinna útiloka ekki hvort annað heldur geta farið saman."

Hvers vegna var þetta fellt út? Ég sá í Þjóðviljanum á sínum tíma að Bandalag kennarafélaga hefði krafist þess, en rökstuðningurinn var ekki sannfærandi. Endurspeglast ekki í þessu ákveðnir fordómar alþýðubandalagsmanna í garð þess þjóðfélags sem við lifum í?

3. Í fyrri drögum stóð í kafla um skóla og þjóðfélag á bls. 17 að grunnskólinn ætti m.a. að kenna nemendum að virða hefðir og siði þjóðarinnar. Þetta er fellt út og í staðinn sagt: „Hefðir og siðir breytast stöðugt og nýir vinna sér sess." Sýnir þetta ekki fullmikið skilningsleysi á skólanum sem kjölfestu á umrótstímum? Felst umburðarlyndi skólans í siðferðislegri tómhyggju? Þetta eru spurningar sem hljóta að leita á hugann þegar efnisbreytingar af þessu tagi hafa verið gerðar á drögum aðalnámsskrár.

Í sömu efnisgrein var minnst á þýðingu mannréttinda, einstaklings- og atvinnufrelsis fyrir heill einstaklinga og samfélags. Orðin „einstaklings- og atvinnufrelsi" hafa verið strokuð út. Ég hlýt að spyrja: Þó að einstaklings- og atvinnufrelsi sé ekki á stefnuskrá Alþb., og reyndar gagngert unnið gegn því af Alþb., er það þvílíkt grundvallaratriði í okkar þjóðfélagi að grunnskólinn getur ekki látið það fram hjá sér fara og því verður hæstv. ráðherra að gefa skýringu á þessu.

4. Í fyrri drögum stóð m.a. um markmið og viðfangsefni í náttúrufræðikafla að nemendur ættu að öðlast þekkingu og læra að afla sér þekkingar, bæði með beinni reynslu og hjálp gagna. Nú hefur málsgreininni verið breytt og er ekki ætlast til að nemendur öðlist neina þekkingu. Í náttúrufræðikaflanum er að öðru leyti aðeins gert ráð fyrir þekkingu í tvennu samhengi, að nemendur tileinki sér þekkingu á því sviði sem líklegt er að komi að notum í daglegu lífi og öðlist þekkingu á nokkrum náttúrufræðihugtökum. Þetta er á bls. 146 og 153. Þetta er auðvitað alls ónóg fræðsla. Þurfa nemendur ekki að öðlast einhverja þekkingu á náttúru landsins, plöntum og dýrum, jafnvel þótt hún komi ekki daglegri hagnýtingu við? Hér eimir enn eftir af þeirri þráhyggju að skólinn eigi ekki að miðla þekkingu.

Eitt nýmælið í nýju drögunum er mannréttindafræðsla. Orðrétt segir á bls. 237: „Mannréttindafræðsla með einum eða öðrum hætti hefur verið og verður áfram hluti einstakra námsgreina, svo sem samfélagsfræði, sögu, landafræði, félagsfræði, íslensku og erlendra mála. Til að tryggja enn betur fræðslu um mannréttindi og að þau einkenni skólastarfið er nauðsynlegt að þau verði sjálfstæður þáttur í náminu. Ætla verður þessari fræðslu tíma og tengja hana sem eðlilegast öðrum námsþáttum og daglegu lífi skólanna." Síðan er gerð grein fyrir helstu þáttum mannréttindafræðslunnar og markmiðum hennar. Nú er það alls ekki aðfinnsluvert að skipa fræðslu um mannréttindi veglegan sess í skólum. Hins vegar sýnist lýsingin á þessum nýja námsþætti, sem er á bls. 236–238, benda til þess að hér sé kominn hugsanlegur vettvangur fyrir ýmislegt vinstra brölt sem ýmsir stjórnmálasinnaðir vinstri menn í skólum hafa haft tilhneigingu til þess að troða inn í skólana, enda er mannréttindafræðslunni ætlað að vera geysilega víðfeðm. Til hennar telst friður og afvopnun, þróun og umhverfisvernd, efnahagsleg þróun og velferð fyrir utan réttaröryggi, félagafrelsi og mál- og trúfrelsi, svo að nokkuð sé nefnt. Athyglisvert er að hugtök eins og einstaklingsfrelsi, atvinnufrelsi og tjáningarfrelsi virðast vera bannorð í þessum drögum.

Vissulega er það ágætt að hæstv. menntmrh. hefur ekki fyrirskipað friðarfræðslu eins og ýmsir vinstri uppeldisfræðingar og forustumenn kennarasamtaka hafa lengi verið að panta, en hin víða skilgreining mannréttindafræðslunnar gefur sem fyrr segir svigrúm til að fara með stjórnmál inn í skólana með þeim hætti sem foreldrum kann að mislíka. Þegar einnig er búið að stroka út fyrirvara um óhlutdrægni í umfjöllun um ólíkar lífs- og stjórnmálaskoðanir, eins og ég benti á fyrr í máli mínu, er hætt við að freistingin verði enn sterkari.

Virðulegi forseti. Ég hef nú í nokkuð ítarlegu máli rætt þau drög að aðalnámsskrá grunnskóla sem hæstv. menntmrh. hefur dreift hér á Alþingi og jafnframt þá skýrslu sem hann hefur gefið og er tilefni þessarar umræðu. Þó að ég hafi í máli mínu komið fram með ýmsar aðfinnslur við efni þessarar aðalnámsskrár grunnskóla vil ég ítreka það sem ég sagði áðan að ég tel að í þessari námsskrá sé mikil og ánægjuleg framför miðað við gildandi námsskrá og

drögin frá 1983 sem þá voru á borði ráðherra og ég tel jafnframt að í þessari aðalnámsskrá sé fólgin mikil afstöðubreyting á vettvangi skólamála sem hefur leitt af þeirri þjóðfélagsumræðu sem farið hefur fram um skólamál á undanförnum árum.

Ég vil líka ítreka að þrátt fyrir stór orð hæstv. ráðherra á opinberum vettvangi undanfarnar vikur og mánuði eru þær breytingar sem gerðar hafa verið á drögunum frá því í júní 1988 ekki mjög stórvægilegar ef frá eru talin þau atriði sem ég hef hér sérstaklega gert að umtalsefni og ég tel nauðsynlegt að hæstv. ráðherra hugi betur að áður en hann gengur endanlega frá þessari námsskrá.

Hæstv. ráðherra gat í máli sínu hér áðan um einar níu breytingar sem hann hefur þegar gert á námsskránni. Það var erfitt að átta sig á því í þeirri upptalningu hans nákvæmlega hver þau efnisatriði væru, enda er erfitt að fjalla um það nema maður hafi slíkan texta skrifaðan fyrir framan sig. Mér sýndist þó í fljótu bragði að þar væri ekki um neinar stórvægilegar breytingar að ræða og sennilega frekar til bóta en hitt það sem hann taldi upp án þess að ég þó vilji leggja á það endanlegan dóm fyrr en ég hef séð þann skrifaða texta.

Þegar aðalnámsskrá hefur nú verið sett er að sjálfsögðu mjög mikilvægt að unnið verði að viðmiðunarstundarskrá eins og hæstv. ráðherra gat um í máli sínu og að hún liggi fyrir sem allra fyrst þannig að hægt verði að nota hana við skipulag kennslu í grunnskólum þegar á næsta skólaári.

Ég ítreka, og þar erum við sammála ég og hæstv. ráðherra, að námsskrá þarfnast stöðugrar endurskoðunar eftir því sem þjóðfélagið breytist, enda gera grunnskólalög ráð fyrir því að námsskrá sé gefin út á fimm ára fresti en það hefur liðið allt of langur tími frá því að síðasta námsskrá kom út þar til nú hillir undir nýja námsskrá.

Ég vil að lokum geta þess, virðulegi forseti, að mér er auðvitað kunnugt um, bæði frá því að ég sat í menntmrn. og ég hef fylgst með því reyndar eftir að ég fór þaðan, að skólaþróunardeild ráðuneytisins hefur unnið gífurlega gott og merkilegt verk varðandi undirbúning aðalnámsskrár. Ég held mér sé óhætt að segja að þar er valinn maður í hverju rúmi og þetta fólk sem þar starfar hefur tekið þetta viðfangsefni mjög alvarlega, hefur tekið það föstum tökum. Mér finnst sérstök ástæða til þess að þakka starfsfólki skólaþróunardeildar og ég er sannfærður um að ef atbeina þess hefði ekki notið í jafnríkum mæli og raun ber vitni værum við ekki farnir að sjá hilla undir að ný aðalnámsskrá yrði gefin út.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Það eitt hvernig til þessa þingfundar er stofnað og hvenær hann ber upp er því miður talandi dæmi um stöðu menntunar og menningarmála í landinu. Það var ekki gert ráð fyrir því að þingfundur yrði þennan dag og virtist sem flestir þingmenn hefðu reiknað með að svo yrði ekki. Jafnvel var það svo á miðvikudaginn að ljóst var að fjölmargir þingmenn höfðu þegar lýst því yfir að þeir væru uppteknir við önnur verkefni eða yrðu utan bæjar eða annað slíkt þannig að ljóst var að þessi fundur var ekki tekinn mjög alvarlega. Ég verð að segja að ég á bágt með að sjá að ef hér væri á dagskrá einhverjar álíka, eigum við að kalla það áætlanir í einhverjum verklegum framkvæmdum eða einhverju sem lyti að peningamálum væri þannig að málum staðið. Ég efast ekki um að þá væru fleiri hér viðstaddir.

Það virðist nánast sem svo að hér sé stofnað til fundar til þess að tveir hæstv. ráðherrar, annar fyrrv., hinn núv., geti ræðst við og ekkert nema gott um það að segja en spurning hvort það hefði ekki bara átt að gerast undir hlýlegri og persónulegri aðstæðum en hér úr ræðustól á Alþingi með nokkrar hræður í sal þannig að samskiptin væru eðlilegri og líkari því sem gerist í öðrum mannlegum samskiptum.

Það plagg sem hér er til umræðu er auðvitað aðalnámsskrá grunnskóla. Þó að það sé orðað svo að það sé skýrsla um undirbúning og efni aðalnámsskrár fyrir grunnskóla þá liggja þessi drög fyrir og þau hljóta að vera viðfangsefnið.

Ekki ætla ég mér að blanda mér í nánast innanhúsdeilur, við skulum segja í menntmrn., eða milli tveggja ráðherra. Það er svo sem eðlilegt að þá greini á um eitthvað svo ólíkar forsendur sem þeir hafa. Og báðir njóta þeir þess að hafa verið og að vera innanbúðarmenn og geta þess vegna deilt um atriði sem kannski eru ekki öðrum eins ljós og þeim.

Eftir því sem ég hef vit til og hef aflað mér upplýsinga um eru þessi drög að aðalnámsskrá sem hér eru lögð fram hið merkasta plagg og löngu tímabært. Er með þessari aðalnámsskrá e.t.v. komin sú stoð sem grunnskólalögin gera ráð fyrir, þ.e. að þarna styður hvað annað, að þau markmið sem sett eru í lögunum eru þarna útfærð í nánari skilgreiningum. Og ef maður ber þetta tvennt saman er greinilegt að þar stefnir að sama marki.

Það mætti eflaust fara mörgum orðum um einstaka kafla þessa plaggs, bæði hvað varðar almenn markmið og síðan hverja námsgrein, en þar held ég, þegar kemur að námsgreinunum, að þurfi meiri faglega þekkingu en ég þykist hafa yfir að ráða og get lítið sagt annað en það að við lestur er greinilegur metnaður í hverju orði og hverri grein og tilgangur alls staðar mjög góður, þ.e. alls staðar er lögð mikil áhersla á þroska einstaklings og að nám skuli miðast við hæfni einstaklings og getu og reynt að koma til móts við hvern nemanda með sem fjölbreyttustum hætti sem er útlistað mjög vandlega fyrir hverja grein.

En eins og ég sagði, mér finnst umfjöllun um hverja grein vera frekar það sem fagfólk tekst á um og finnur e.t.v. á því einstaka annmarka, bæði í lýsingu námsefnis og markmiða. Fyrir leikmann kemur þetta allt mjög vel fyrir sjónir og ég hef í rauninni engu við það að bæta eða út á að setja að svo komnu máli.

Hitt kemst maður ekki hjá að hugleiða við lestur þessarar skýrslu eða þessarar námsskrár, hversu óralöng leið virðist vera frá þeim orðum sem þar standa

og þeim veruleika sem við svo búum við í skólastarfi. Ég á sjálf mörg börn í skóla, náttúrlega ekki í öllum aldursflokkum en mörgum, og ég verð því miður að segja það að ég mundi ekki kannast við þetta sem lýsingu þess náms sem börnin stunda, því miður. Með því er ég ekki að kasta rýrð á það starf sem hér hefur verið unnið og þau orð sem hér hafa verið sett á blað því að vissulega er markmið til að stefna að göfugt og þarft. Ég vona því að orð mín skiljist ekki á þann veg að það sé eins og hver annar hégómi að setja niður á blað þau markmið sem maður vill ná einhvern tíma í framtíðinni. Það breytir því þó ekki að maður verður hugsi við lestur þessarar námsskrár og það er ekki laust við að örlítið vonleysi eða jafnvel svartsýni nái nokkrum tökum á manni þegar maður sér í rauninni hversu óralangt er í land með að eins vel sé staðið hér að menntun eins og við sjálfsagt flest vildum, a.m.k. í orði, hvernig svo sem er nú staðið að framkvæmd.

Ég fékk fyrir nokkrum dögum í hendur skýrslu frá hæstv. menntmrh. sem ég hafði að vísu beðið eftir í hátt á annað ár. Sú skýrsla er um stöðu lista- og verkmenntagreina, heimilisfræði og íþróttakennslu í skólum landsins. Sú skýrsla segir margt og merkilegt um það ástand sem ríkir í skólamálum þó að hún vissulega taki aðeins á hluta námsefnis í skólum, en í þeim greinum sem þarna um ræðir er ástandið slíkt að það er til háborinnar skammar. Þarna er þó um að ræða fög sem fá veglegan sess hér í þessari námsskrá og er síst gert lægra undir höfði en öðrum fögum. Og í raun þegar maður les þann kafla sem heitir „Hlutverk og meginmarkmið grunnskóla" sem fjallar almennt um starfshætti skólanna, skólann og tengsl hans við samfélagið, menningu og þjóðfélag og skólann sem vettvang menntunar og þroska nemenda, markmið menntunar og heilbrigða ábyrgð í umgengni við líf og umhverfi. Í þessum kafla er aftur og aftur lögð áhersla á örvun ýmissa þeirra eiginleika sem ekki verða e.t.v. mældir endanlega, hvorki í einkunnum né peningum, en eru þó bæði hér í þessum drögum og víða annars staðar talinn sá grundvöllur sem sé æskilegur bæði fyrir einstaklinga og þjóðfélag eða samfélag. Þeir eiginleikar, svo sem eins og samábyrgð, skilningur á umhverfi og öðrum þegnum þjóðfélagsins, þroskun sköpunargáfu, örvun fagurskyns o.s.frv., hér mætti finna orð þar að lútandi á hverri síðu, verða kannski best þroskaðir einmitt með kennslu í þeim greinum sem ég taldi upp áðan en fara svo halloka eins og raun ber vitni í skólakerfinu.

Fróðlegt væri að vísu að fá sams konar upplýsingar um aðrar greinar, en þá væri náttúrlega um að ræða gagngera heildarúttekt á skólakerfinu öllu. Slíkt er ekki auðvelt viðfangs og auðvitað er engin tilviljun að ég og aðrir skýrslubeiðendur leituðu eftir upplýsingum einmitt í þessum greinum. Það er auðvitað gert vegna þess að það vita allir sem eitthvað til þekkja hversu skarðan hlut þær bera frá borði. Ég nefni þetta einungis sem dæmi um það hve langt er á milli orðs og æðis. Það er auðvitað margt sem veldur, þessar greinar eru e.t.v. kostnaðarsamar, þær útheimta sérstaka aðstöðu í skólanum, aðstöðu til kennslu og þær útheimta líka sérþekkingu kennara. En samkvæmt þessari skýrslu er miklu ábótavant í öllum þessum þáttum.

Það er annað sem vekur athygli við lestur þessarar námsskrár og það er þær ströngu kröfur sem gerðar eru til kennara. Það er í rauninni nærri endalaus listi ef maður dundaði sér við það dágóða stund að skrifa niður þau lýsingarorð sem koma fyrir þegar verið er að lýsa þeim eiginleikum sem góður kennari á að búa yfir. Því eru engin takmörk sett hversu fullkominn hann skal vera, bæði sem einstaklingur og faglega. Svo nokkur dæmi séu tekin, af handahófi í þeirri röð sem þau birtust við lestur námsskrárinnar:

Hann á m.a. að vera jákvæður, hlýlegur, traustvekjandi, hjálpsamur, hvetjandi, skilningsríkur, hugmyndaríkur. Hann á að sinna hverju barni sem einstaklingi, kynna sér persónulega hagi hans, vandamál, getu, hæfileika og áhuga og sinna síðan hverjum nemanda í samræmi við þessa þekkingu á honum sem einstaklingi. Hann á að ganga á undan með góðu fordæmi í öllum hlutum. Hann þarf að vera jafnréttissinnaður, víðsýnn. Hann má ekki mismuna nokkrum, hvorki eftir kynferði, búsetu, litarhætti, trúarbrögðum eða félagslegri stöðu. Hann á að hafa gott og náið samstarf við heimili og foreldra. Hann á að taka virkan þátt í allri skipulagningu innra starfs skólans. Sín eigin störf skal hann sífellt endurmeta. Hann á að endurmennta sig, fylgjast vel með. Hann á stöðugt að endurskoða og endurmeta bæði með tilliti til þarfa einstaklings og þjóðfélags og svo mætti lengi áfram telja.

Ef þessu er öllu safnað saman þá er nánast mættur þarna sá fyrirmyndareinstaklingur sem við vildum gjarnan sjá, ekki bara sem kennara heldur alls staðar. (**Gripið fram í:** Og á Alþingi.) Á Alþingi m.a. Sem sagt: Mjög jákvæðir og góðir, mannlegir eiginleikar og faglegir.

En þá verður manni aftur hugsað til þess hvernig þetta er svo metið í raun. Því það er nú einu sinni svo að þegar kemur svo að því fyrir þjóðfélagið að meta þennan einstakling sem við gerum allar þessar kröfur til, þegar kemur að því að meta hann til fjár, þá er útkoman harla lítil og ekki til að státa af. Kannski er það bara þannig að okkur gengur svona illa að meta nokkra eiginleika sem ekki verða, eins og ég sagði áðan, mældir annaðhvort í stigum eða með einhverjum öðrum áþreifanlegum og skiljanlegum hætti.

Ég efast satt að segja um að það sé nokkur stétt sem við leggjum aðra eins ábyrgð á eins og kennarastéttin. Við höfum nánast afhent kennurum stóran hluta uppeldis barna okkar og þar af leiðandi framtíð þessa lands. Kennarar hafa unnið og vinna enn gríðarlega óeigingjarnt og mikið starf til þess að rísa undir þeim kröfum sem við gerum til þeirra og til að rísa undir þeirri ábyrgð sem þeim er lögð á herðar.

Þeir leggja mikið af mörkum til að móta og þróa skólastarf og reyna að breyta og bæta, nemendum

og samfélaginu öllu til hagsbóta. Þetta hafa þeir oftar en ekki unnið af áhuganum einum og ábyrgðartilfinningu en ekki vegna þess að þeir hafi setið við það löngum stundum á góðum launum.

Íslenskir kennarar eiga í dag í kjarabaráttu og þess sér engin merki í viðbrögðum stjórnvalda við þeirri kjarabaráttu að þau kunni að meta alla þá eiginleika og alla þá þekkingu sem þeim er ætlað að hafa hér í þessu plaggi. Því hlýtur maður að spyrja: Hvar og hvernig á að koma þessu öllu til framkvæmda? Hvar er tíminn? Hvar eru peningarnir? Hvar er aðstaðan? Hvar er viljinn?

Nú hefur það verið svo að nú um langt skeið, einn og hálfan áratug, að það fjármagn sem fer í skólastarf á Íslandi er nokkurn veginn óbreytt hlutfall af því fé sem er til skiptanna. Það hlutfall hefur verið nánast óbreytt núna um mjög langan tíma þrátt fyrir síaukna kröfur sem við gerum öll til menntunar, þrátt fyrir aukna nauðsyn þess að vel sé að verki staðið í síbreytilegu og flóknu samfélagi sem gerir miklar þekkingarkröfur til einstaklinganna og miklar kröfur um hæfni og getu þeirra þegar til starfa kemur. Þrátt fyrir að þetta hlutfall hafi verið nánast óbreytt svo lengi, þá er núna boðaður niðurskurður, 4% niðurskurður, án þess að nokkrar upplýsingar hafi fengist um það hvar þessi niðurskurður eigi að koma fram.

Nú er ég ekki að lasta það að til skóla séu gerðar kröfur jafnt og til allra annarra um það að halda vel á fjármálum og að alls staðar þar sem því verði við komið sitji sparnaður og hagsýni í fyrirrúmi. En í fyrsta lagi hafa engar yfirlýsingar verið gefnar um það hvar eigi að skera niður og í öðru lagi finnst manni ekki þannig ástatt í íslenskum skólum að þeir megi við miklum niðurskurði. Þvert á móti verður krafa flestra í samfélaginu sterkari og sterkari um lengingu skóladags.

Hér hafa hvað eftir annað verið nefndar tölur um hvaða kostnaður t.d. fylgdi því að kom hér á einsetnum samfelldum skóladegi, sem er manni nánast hulin ráðgáta af hverju hefur ekki verið komið á fyrir löngu. Það hefur engri annarri þjóð dottið í hug að standa þannig að menntun að það væri einhver íhlaupastarfsemi nokkra klukkutíma á dag. En það getur ekki verið á dagskrá á næstunni að koma þarna til móts við þarfir nemenda, foreldra og samfélagsins alls, því ekki verður það gert með 4% niðurskurði. Maður eygir því ekki, a.m.k. ekki í náinni framtíð, nokkra möguleika á því að þessi aðalnámsskrá verði mikið meira heldur en fögur orð á bók.

Ég vil ítreka aftur að ég lasta það alls ekki að plagg sem þetta skuli samansett og skuli gefið út öllum til halds og trausts en einungis undirstrika aftur að það varpar skýru ljósi á þann reginmun sem þarna er á milli markmiða og raunveruleikans.

Ég held ég þurfi ekkert í rauninni að fjölyrða meira um orsakir þess hversu mikill munur er þarna á orði og æði því að í raun og veru kemur það allt að sama punkti hvort sem það birtist í of stórum bekkjum, of litlum húsum, of lítilli aðstöðu, of fáum kennurum, of fáum kennurum með réttindi í viðkomandi greinum o.s.frv., allt dregst þetta saman í einn punkt að lokum og það er hvaða fjármagn skólarnir hafa til umráða. Og þar eru ekki nein teikn á lofti um meiri peninga í bráð, nema síður sé.

Glöggt dæmi um það hvernig kennarar hafa reynt að bregðast við við vondu ástandi er t.d. sú gífurlega vinna sem kennarar leggja í gerð námsefnis sökum þess hve mikill skortur er á góðum námsgögnum. En það fer ekki fram hjá manni sem foreldri sem fær daglega mörg börn heim úr skóla með verkefnin í töskunni að þetta er, ef hægt er að orða það þannig, heimatilbúið að stórum hluta til. Endalaus blöð, blöð og aftur blöð, fjölrituð, ljósrituð, og þar af leiðandi eru þau hvorki falleg á að horfa eða skemmtileg að handfjatla vegna þess hvað þetta er gert af miklum vanefnum, en eru þó viðbrögð við ástandi og það auðvitað jákvæð viðbrögð og jákvæð viðleitni, en talandi dæmi um hve illa er komið þegar einhvers konar pappírsframleiðsla frá degi til dags eru úrræði sem kennarar verða að grípa til í æ ríkara mæli. Auðvitað er það alltaf svo að kennarar búa til námsefni og búa til verkefni, en ég held að þetta blaðaflóð sem við foreldrar þekkjum núna á heimilunum sé ekki jákvæð birtingarmynd þess að kennarar stuðli að því að námsefni sé lifandi og síungt, heldur dæmi um neyðarúræði. Fyrir utan að maður hugsar stundum sem svo: Hvar eiga börnin að læra að handfjalla bækur ef ekki er lengur um það að ræða að þau fái bækur í skólum til að hafa á milli handanna og lesa frá upphafi til enda? Hvar eiga þau þá að læra það á þessum ljósvakatímum?

Ég ætla ekki að vera að tíunda hér lengur þá ágalla sem finna má á skólakerfi og framkvæmd þess eða ágæti þessa plaggs, en vil einungis ítreka hér að lokum að það þjóðfélag er á villigötum sem metur ekki undirstöðu sína meira en raun ber vitni og þá dugir ekki að setja einhver orð niður á blað.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Hér liggur fyrir eitt merkasta mál þessa þings og ég vil taka undir margt af því sem hv. síðasti ræðumaður, 18. þm. Reykv., hefur sagt hér. Það ætti að vera lýðum ljóst að aðalnámsskrá grunnskóla er undirstaða allrar framvindu í þessu þjóðfélagi, en það er ekki nóg að aðalnámsskráin sé vel úr garði gerð, heldur verður að vera möguleiki á að framkvæma hana. Það er auðvitað óþarfi að lengja þessa umræðu með því að lýsa því hvernig ástandið í skólamálum er í dag hér í landinu. Sú þróun hefur átt sér stað á löngum tíma að laun kennara hafa lækkað ár frá ári og svo er nú komið, eins og yfirstandandi kjaradeila ber merki, að þessi mál eru komin í óleysanlegan hnút. Í þeim löndum sem lengst eru komin í allri tækniþróun og hafa náð mestum árangri í að efla efnahag sinn, eins og t.d. Japanar hafa gert, þar er kennsla virtasta starf í þjóðfélaginu og vel launað. Þar er séð um að kennsla sé eins góð og verða má. Auðvitað fer þetta saman við þá framvindu sem orðið hefur þar í landi og er mjög athyglisverð fyrir margra hluta sakir.

Hið gagnstæða hefur gerst þar sem kennsla hefur dregist aftur úr, t.d. í Bandaríkjunum þar sem menn búa nú við að því er talið er samkvæmt þeirra eigin sögn um 20% ólæsi. Við sjáum hver þróunin er að verða þar eins og í öllum hnignandi þjóðfélögum þar sem verkin sýna merkin: slakleg heilbrigðisþjónusta, dapurlegt skólakerfi, mismunun í aðstöðu manna til menntunar. Þessi þróun er það hættulegasta sem fyrir nokkurt þjóðfélag getur komið. Ef við rekjum sögu-una höfum við séð ríki rísa og falla og þó að við höldum kannski að menning okkar sé gulltryggð um alla tíð getur það auðvitað alveg eins gerst nú á tímum eins og það hefur gerst áður. Þess vegna held ég að hinar vestrænu þjóðir eigi að hafa sterklega í huga að efla sem vera má mennt og menningu í löndum sínum ef ekki á illa að fara. En um þetta mætti náttúrlega ræða í marga daga og það var ekki erindi mitt hér upp í þennan stól að fara í gegnum alla þessa stóru námsskrá. Um hana má margt gott segja. Annað tel ég að orki meira tvímælis, en það er mikill fengur að henni og væntanlega verður framhald á umræðu um hana.

Mér þótti kyndugt að heyra athugasemdir hv. 2. þm. Reykv. og fyrrv. hæstv. menntmrh., einkum athugasemdir hans um eitthvað sem heitir róttækt og ekki róttækt og vinstri menn í kennslumálum. Mér þótti þessi umræða ærið gamaldags og úrelt orðin. Ég held að það skilji ekki mikið á milli þeirra manna og kvenna sem fást við kennslu í landinu um hverjar meginhugmyndir skuli liggja að baki menntunar lít-illa barna í þessu landi og ég held að það greini ekki mikið á milli hvaða lífsviðhorf sem menn hafa tileink-að sér og hvaða pólitískar skoðanir. Ég held að við eigum ekki að leiða þessa umræðu í þá veru.

En erindi mitt upp í þennan stól var fyrst og fremst að snúa mér að væntanlegri viðmiðunarstundaskrá. Á síðasta þingi flutti ég hér till. til þál. um könnun á stöðu handmenntakennslu í grunnskólum eftir gildis-töku laga um grunnskóla, nr. 63/1974. Ég ætla að leyfa mér að lesa hana, með leyfi hæstv. forseta, en hún hljóðaði svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nefnd til að kanna áhrif laga um grunnskóla frá 21. maí 1974 á handmenntakennslu grunnskólabarna.

Nefndinni skal jafnframt falið að gera tillögur um fyrirkomulag handmenntakennslu í framtíðinni með tilliti til breyttra þjóðfélagshátta og reynslu síðustu ára.

Nefndin skili skýrslu fyrir árslok 1988 og skal hún lögð fram í sameinuðu Alþingi. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði."

Skýrsla þessi var lögð fram eins og beðið var um fyrir árslok 1988, en af einhverjum ástæðum hefur hún ekki verið lögð fram sem merkt þingskjal heldur var dreift í hólf alþingismanna og margir hafa þar af leiðandi séð hana.

Tilgangur minn með þessari beiðni um könnun var einfaldlega sá að eins og allir vita var tekin upp sú stefna með grunnskólalögunum 1974 að drengir og stúlkur skyldu fá sams konar kennslu í handmennt og handavinnu og er auðvitað ekkert nema gott eitt um það að segja. En það sem gerðist var einfaldlega það að þar með minnkaði um helming sá tími sem var til að kenna börnunum handmennt í staðinn fyrir að það hefði auðvitað orðið að auka við kennslu. Þetta hefur orðið til þess, eins og við öll vitum, að engin mynd er í raun og veru á þessari kennslu í grunnskólanum í dag. Og ég held að handavinnukennarar séu fyrstu menn til að viðurkenna það.

Með tillögu minni fékk ég leyfi hv. þáv. varaþm., Arndísar Jónsdóttur kennara, til að birta grein sem hún skrifaði í Morgunblaðið 8. mars 1988 og þar segir hún, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er erfitt að fallast á réttmæti þess að skerða gamalgróna og hagnýta námsgrein eins og hand-mennt um helming með lagaboði. Þetta hefur nú samt víðast hvar gerst með grunnskólalögunum. Þar er gert ráð fyrir að drengir og stúlkur fái sama námsefni í handmennt. Greinin er þannig að ekki er hægt að kenna stórum bekkjardeildum í einu. Þá er farið að skipta bekkjunum í tvennt eftir stafrófsröð og kennarinn verður að kenna sama námsefnið tvisvar sama veturinn og kemst því helmingi skemur með nemendurna. Það gleymdist að auka tímafjöld-ann í greininni.

Hvaða afleiðingar hefur svo þessi helmings niður-skurður? Árangurinn hlýtur að verða að sama skapi minni. Kennarinn situr uppi með særðan metnað og ónotaða þekkingu. Þessi tiltekna námsgrein reynist líka svo viðkvæm í framkvæmd að þegar þrýsta á öllum til að læra það sama verður ástandið þannig að greinin leggst niður."

Svo mörg voru þau orð og ég hygg að fjölmargir handavinnukennarar hafi haft af þessu miklar áhyggjur. Sannleikurinn er sá að það er kannski fátt nauðsynlegra sérhverri manneskju en að kunna að nota á sér hendurnar. Í fyrsta lagi: Í okkar þjóðfélagi þar sem við erum að reyna að brjóta okkur leið til vaxandi iðnaðar og iðnaðarframleiðslu hefur mönn-um orðið það ljóst að það er ákaflega erfitt fyrir fullorðið fólk að tileinka sér formskyn og efnisþekk-ingu. Slíkt þarf að koma með grunnskólakennslu. Á það hefur margoft verið bent að það sé ákaflega erfitt að taka við fólki t.d. inn í iðnskólana sem litla eða lélega kennslu hefur fengið í teikningu og grunn-handavinnu. Í öðru lagi er fátt manneskjunni nauð-synlegra með vaxandi frítímum en að geta séð sjálfri sér fyrir afþreyingu. Og það er fátt dapurlegra en að sjá fullorðið fólk sem hefur ráð á öllum sínum tíma sem aldrei hefur vanist því eða lært það að vinna í höndunum, að búa eitthvað til sem er sérhverri manneskju mjög nauðsynlegt og eðlilegt.

Ég vil þess vegna fara fram á það við hæstv. menntmrh. að hann sjái svo til þegar farið verður að vinna að stundaskrá að fyrir því sé séð að þessi tími til handmenntakennslu verði tvöfaldaður. Því aðeins er eitthvert vit í því að kenna piltum og stúlkum sömu handavinnu, og ég er hreint ekki ósammála því þó að ég hafi nú reyndar svona innst í hjarta mínu vissar efasemdir um að það henti öllum börnum, hvort sem

er drengjum eða stúlkum. Séð hef ég drengi sem hafa þjáðst og kvalist yfir handavinnu sem stúlkur lærðu áður einar þannig að til greina kæmi að mínu viti að leyfa börnunum aðeins meira valfrelsi í þessum efnum. Í meginatriðum er það ágætt að bæði drengir og stúlkur læri það sama, en ég held að í undantekningartilvikum ætti að vera unnt að leyfa börnunum sjálfum að velja.

Þessi mál þekkir hæstv. menntmrh. mjög vel og eins og skýrslan sem varð til vegna tillögu minnar ber með sér, þá er niðurstaðan auðvitað þessi og sú hin sama sem hv. varaþm. Arndís Jónsdóttir lýsti í grein sinni, þannig að um það held ég að sé ekki ágreiningur. Ég hef átt fundi með handmenntakennurum um þessi mál og ég held að enginn hafi mótmælt því að ástæða væri til þess að gera hérna bragarbót.

Annað er það sem vissulega er áhyggjuefni í grunnskólanámsskránni og það er tónmenntin. Það er auðvitað óþolandi að einungis sum börn eigi kost á því að læra á hljóðfæri. Við vitum það öll sem mörg börn eigum að það er ekki heiglum hent að kosta þá kennslu, einkum og sér í lagi ef börnin eru mörg. Það er auðvitað dýrt og það segir mér enginn að það sé ekki mikill fjöldi Íslendinga sem einfaldlega hefur ekki ráð á að leyfa börnum sínum að læra á hljóðfæri. Og við það verður auðvitað ekki búið að það séu forréttindi hinna efnameiri að læra á hljóðfæri sem að mínu viti þjónar að mörgu leyti sama tilgangi og handmenntakennsla, en hann er að það er hverri manneskju dásamleg þekking og kunnátta að geta leikið á hljóðfæri sér og öðrum til ánægju og þarf þá ekki að gera ráð fyrir að allir verði einhverjir tónlistarsnillingar heldur fyrst og fremst geti handleikið hljóðfæri sér og öðrum til ánægju. Ég skora á hæstv. menntmrh. að reyna að róa að því öllum árum að að a.m.k. grunnmenntun í tónlist færist inn í grunnskólann sem eðlileg skyldunámsgrein þar. Ég held að það hljóti að vera það sem koma skal.

Að öðru leyti er svo sem ekki tími til að segja mikið meira. Það er alveg hárrétt, sem fram kom hér hjá hv. 18. þm. Reykv., að það eru miklar kröfur gerðar til kennara og í sívaxandi mæli hafa kennarar tekið að sér uppeldi barnanna okkar. Við höfum langflestar íslenskar konur farið út á vinnumarkaðinn, enda er það sjálfsagður þáttur í lífi hverrar fjölskyldu að þar sem tveir eru um rekstur heimilisins þurfi báðir að vinna utan heimilis. Öll þekkjum við þá byltingu sem það hefur haft í för með sér varðandi umönnun barna, aldraðra og hinna sjúku og þarf ekki að fjölyrða um það.

Það má kannski þess vegna segja þegar maður les innganginn að þessu mikla riti, að víst er þar talað fallegum orðum um samvinnu skóla og foreldra. Þó er þetta kannski meira óskhyggja heldur en raunveruleiki. Sannleikurinn er sá að börnin eru ekkert með foreldrum sínum nú orðið. Við höfum ekki í nógu miklum mæli einsetinn skóla eins og við öll vitum og sú kalda staðreynd blasir við okkur að börnin koma snemma dags heim úr skólanum og eru ein heima lungann úr deginum, horfandi náttúrlega oft á einhver afþreyingarefni t.d. í vídeói, sjónvarpi og annað slíkt — og svo skulu menn ekkert vera að undrast það þó að börnin hafi lakari málþroska en við höfðum hér á árum áður. Börnin læra einfaldlega ekki málið nema það sé fyrir þeim haft. Þetta hefur auðvitað haft það í för með sér að það er búið að einangra aldurshópa. Gamla fólkið býr út af fyrir sig, foreldrarnir eru úti að vinna og börnin eru ein heima þannig að ef einhvern veginn á að koma til móts við þessa þróun og ef við ætlum að reyna að halda í, kannski þegar öllu er á botninn hvolft það eina sem við eigum, íslenska mennt og menningu, þá verður að vinna að því að skólinn verði einsettur og börnin séu í skólanum jafnlengi og foreldrarnir eru úti að vinna. Annað er gjörsamlega óraunhæft. Og það er ekki hægt að ætlast til þess að kennarar, sem kenna allt of mörgum börnum í bekkjum fyrir allt of lítil laun, eigi auk þess að ganga börnunum í foreldrastað. Það verður að sjá fyrir því að börnin séu í skólanum við nám og starf eðlilegan vinnudag eins og foreldrarnir.

Ég fæ ekki séð að örþreyttir foreldrar sem koma kannski heim milli 6 og 7 á kvöldin séu til stórræðanna til að ræða við kennara eða börnin um hvernig skólahaldi skuli háttað. Ég er ansi hrædd um að það verði að teljast mannlegt að fólk hafi ekki mikla afgangsorku til þess þegar löngum vinnudegi er lokið. Þannig hangir þetta auðvitað saman, námsskrá grunnskóla hverju sinni verður auðvitað að fylgjast með og fylgja þróun þjóðfélagsins eins og það er hverju sinni. Og það er tómt mál að búa til námsskrá nú eins og námsskrá hefði getað litið út fyrir 30 árum. Hún á að þjóna allt öðru þjóðfélagi, allt öðrum heimilisháttum og framan í það verður auðvitað að horfa. Það er því mikið á kennara landsins lagt um þessar mundir og miklar kröfur til þeirra gerðar, en e.t.v. gera stjórnvöld ekki jafnmiklar kröfur til þeirrar aðstöðu og þess aðbúnaðar sem þau leggja landsins börnum til og fjölskyldunum í landinu.

Það er auðvitað sorglegt til þess að vita að við skulum ræða þetta hér yfir galtómum þingsölum. Það er eins og það vilji gjarnan fylgja umræðum um mennt og menningu, listir og annað slíkt, að hv. þm. gufa upp undir þeim umræðum.

En vissulega er mikill fengur að þessari námsskrá og ég vil aðeins lýsa þeirri ósk minni að ég vona að hæstv. menntmrh. beri gæfu til þess að eitthvað af þessu verði mögulega framkvæmt með eflingu Námsgagnastofnunar, með bættum launakjörum kennara, með bættum húsakosti og bættum aðbúnaði til þess að framkvæma það sem hér er lagt af stað með.

Ég ætla ekki að taka lengri tíma, hæstv. forseti. Það er, eins og ég sagði áðan, hægt að ræða þetta í marga daga en ég efast ekki augnablik um að allt hv. Alþingi, þrátt fyrir farsæla fjarveru að þessu sinni, sé reiðubúið til að standa saman um það að verulegt átak verði gert í menntamálum í landinu, heldur fyrr en seinna, áður en illa er farið.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þær umræður sem hér hafa farið fram, þær lýsa miklum áhuga á því máli sem hér er verið að ræða. Þó að það vanti auðvitað þó nokkuð marga þingmenn þá tel ég ástæðu til þess að þakka áhuga þeirra og framlag sem hér hafa verið í dag, bæði með því að hlýða á umræður og með því að taka þátt í þeim.

Ég vil reyndar fyrst byrja á því, því miður, að valda hv. 2. þm. Reykv. vonbrigðum og segja við hann að undir þessum dagskrárlið er ég ekki tilbúinn að tala um þessi mál undir formerkjunum sérvitringar, grillur, vinstri sjónarmið. Ég tel að við höfum ágætan tíma til þess að gera það við ýmis önnur tækifæri og ég held satt að segja að það sé alla vega ekki ástæða til þess að halda þeirri umræðu mikið lengur áfram. Fyrir mér hefur aldrei vakað neitt annað en það með aðalnámsskrá grunnskóla að reyna að skapa um hana sem allra víðtækasta samstöðu. Ég hef sagt það og ég segi það enn að ég tel að það sé ekki hlutverk menntmrh. að troða inn sérsjónarmiðum. Það er hans hlutverk að leita að samnefnara við jafnmikilvægt grundvallaratriði og hér er á ferðinni.

Hv. 2. þm. Reykv. vék aðeins að vinnubrögðunum og taldi að þau hafi orðið eins og hann ætlaði að hafa þau. Það er ágætt ef það er þannig. Munurinn er kannski sá að það varð til ritnefnd á hans vegum, á sl. ári trúi ég, en síðan eftir að ég kom þarna inn, hún var í raun og veru aflögð, en í staðinn varð til samstarfsnefnd og skólaþróunardeildin fékk að ég tel eins mikið vægi og henni ber og ég tel að þessi niðurstaða sem liggur fyrir efli skólaþróunardeildina sem faglega sjálfstæðan aðila gagnvart ráðherranum á hverjum tíma og ég tel að það skipti mjög miklu máli. Ég tel reyndar að það sé álitamál hvort skólaþróunardeildin á að vera með jafneindregnum hætti inni í ráðuneytinu eins og hún er núna og lúta þannig boðvaldi ráðherrans frá degi til dags, en skólaþróunardeildin á auðvitað að vera til. Það er engin spurning um það.

Varðandi önnur atriði sem hv. 2. þm. Reykv. nefndi þá vil ég segja það að mér fannst hann leita vandlega að því að finna ágreiningsmál. Hann fann í raun og veru mjög fá og ég fagna því. Hann fagnaði því í sinni ræðu að ég skyldi hlýða lögum að því er varðar grundvallaratriði grunnskólans og ég vil hugga hann með því að ég reyni yfirleitt að leggja á það áherslu þegar ég er að vinna svona gögn að hlýða lögum í öllum meginatriðum. Þannig verða nú ráðherrar einu sinni að vinna, jafnvel þó þeim finnist lögin alla vega, sem á reyndar ekki við um grunnskólalögin í mínu tilviki, vegna þess að ég tel að þau séu góð lög í öllum meginatriðum þó auðvitað megi finna á þeim marga galla sem komið hafa í ljós í rás tímans.

En hv. þm. nefndi ýmis atriði sem ég gæti fyrir mitt leyti algjörlega fallist á að ætti að velta aðeins fyrir sér. Ég bendi á að þessi mál eru til áframhaldandi skoðunar. Það er ekki búið að læsa neinu. Þetta er ekki þannig að það muni standa óbreytt um aldur og eilífð, langt frá því, þetta er stöðugum breytingum undirorpið og þær ábendingar, sem hér hafa komið fram í dag, bæði frá hv. 2. þm. Reykv., hv. 13. þm. Reykv. og hv. 18. þm. Reykv., eru allt athugasemdir sem eru góðar og gildar og eru um leið og þær hafa verið látnar falla hér orðnar hluti af þeirri skólamálaumræðu sem fram fer um þetta gagn á komandi árum.

Ég vil aðeins víkja að einstökum atriðum í máli hv. 2. þm. Reykv. og segja fyrst þetta varðandi faglegt sjálfstæði. Það er auðvitað mjög stranglega ítrekað í plagginu alls staðar og það er á mörgum stöðum komið inn á það. Það er líka í innganginum sem ég las hér upp áðan lögð á það alveg sérstök áhersla og lögð áhersla á faglegt sjálfstæði skólaþróunardeildar annars vegar og hið pólitíska framkvæmdarvald í höndum ráðherrans hins vegar. Ég held að það skipti mjög miklu máli að það takist að greina þarna á milli eins og kostur er. Ég er algjörlega sammála hv. þm. um það og hann mér, að það á að stuðla að faglegu sjálfstæði skóla og skólamanna og skólaþróunardeildarinnar líka. Ég tel reyndar að það eigi að ganga mjög langt í því að því er varðar sjálfstæði skólanna yfirleitt, hvort sem um er að ræða fagleg málefni eða t.d. fjárhagsleg málefni.

Ég tel t.d. að það eigi að leggja á það áherslu, eins og fram kemur reyndar í drögum að grunnskólafrv. sem hefur verið dreift til þingmanna, að sjálfstæði fræðsluumdæmanna sé meira en það er núna o.s.frv. Það er því enginn ágreiningur um það nema hv. þm. langi til að vera ósammála mér um eitthvað þá getur hann út af fyrir sig kannski reynt það á þessu sviði, en ég held að það sé í raun og veru mjög erfitt. Ég held að það sé enginn ágreiningur um þetta.

Hins vegar er það alveg rétt að í þessum drögum eins og þau liggja fyrir er dálítið tekið á þessu máli með röðun nemenda í bekkjardeildir eftir getu og það er heldur lagst gegn því í þessu plaggi eins og það liggur hér fyrir. Það er alveg hárrétt. Það er skoðun skólaþróunardeildarinnar að það sé rangt að raða nemendum í bekki eftir getu eins og gert var þegar við vorum í skóla flest sem hér erum inni í þessum sal. Ég er sammála skólaþróunardeildinni um þetta sjónarmið, og reyndar ekki aðeins henni heldur öllum samtökum skólamanna í þessu landi. Það kann að vera að á milli okkar sé ágreiningur að því er þetta varðar, milli mín og hv. þm., en ég fullyrði að þau sjónarmið sem þarna koma fram í aðalnámsskránni eins og drögin líta út núna eiga mjög víðtækan stuðning svo að segja allra skólamanna í landinu.

Hv. þm. vék síðan að ýmsum einstökum atriðum öðrum, t.d. málfræðinni. Hann sagði: Það er minni áhersla á málfræði. Ég vísa þessu á bug. Hún er meiri. Gallinn við plaggið er kannski sá að það er svo langt. Menn þurfa að lesa það víða til að sjá hvar áherslurnar á hlutina eru. Að því er málfræðina varðar vísa ég t.d. á mjög ítarlegan kafla um hana á bls. 98–99 í skjalinu þar sem er mjög rækilega tíundað málfræðin sem undirstöðugrein í íslenskunni og er í raun og veru gengið mikið lengra þar en áður hefur verið gert.

Að því er varðar þjóðerniskennd og þjóðernis-

metnað. Hv. þm. vék að því og hafði um það svipuð orð af einhverjum ástæðum og Guðmundur Magnússon í blaðagrein í Morgunblaðinu fyrir nokkru, að þar væru felldar niður setningar um þau atriði. Það er í raun og veru ekki rétt heldur. Það kann að vera að einhverjar setningar hafi verið fluttar til, en ég fullyrði að þær áherslur sem eru á þjóðlegar hefðir, þjóðernismetnað, þær eru mjög ákveðnar á t.d. bls. 10 og 11 í skjalinu.

Að því er varðar atvinnulífið, sem hv. þm. kom inn á, þá er mikið víðar fjallað um það í þessu skjali eins og það lítur út núna en áður var. Ég bendi á bls. 260 „Tengsl skóla og heimabyggða", bls. 255 „Náms- og starfsráðgjöf", ég bendi á tengsl þess við jafnréttisfræðsluna á bls. 242 og gæti nefnt fleiri atriði í þessum efnum. Og af því að hv. þm. var að víkja aðeins að því að einstaklingsvitund, það sérstaklega væri fellt úr, þá vil ég benda á að það er undirstöðuatriði í raun og veru í öllum köflum þessa skjals að tilgangurinn með þessu sé sá að koma hverjum einasta einstaklingi til nokkurs þroska. Og í plagginu hefur orðið sú breyting frá þeim drögum sem liggja hér fyrir, eins og ég sagði áðan, að við lítum svo á að hér eigi að vera um að ræða ekki aðeins almenna tillitssemi við einstaklinginn og rétt hans og skyldur, líka til að reisa sig í samfélaginu, heldur er þarna líka lögð áhersla á tengsl hans og skólans við samfélagið en ekki ríkið. Það er líka breyting. Það er grundvallarbreyting. Það er áherslubreyting.

Þetta vildi ég segja, en að öðru leyti endurtaka að ég þakka hv. þm. fyrir það innlegg sem hann var með og skora á hann að hjálpa til við það, sem ég veit að hann gerir af fremsta megni, að reyna að halda vel á málum þessarar námsskrár í umræðunni í framtíðinni.

Varðandi það sem hv. þm. Þórhildur Þorleifsdóttir sagði, þá er ég alveg 100% sammála henni um það að auðvitað er langur, langur vegur á milli þess sem við getum gert núna og þess sem sums staðar stendur þarna, þ.e. að því er varðar hin ýtrustu markmið. Það er engin spurning að þar er langt á milli orða og athafna. Hins vegar eins og hv. þm. sagði er hér um að ræða mikilvæga stoð grunnskólalaga og það er mjög gott fyrir ráðuneytið að þetta skjal skuli vera að verða til sem viðspyrna til þess að sækja á varðandi endurbætur í skólastarfi á komandi árum. En þetta er auðvitað bara eitt. Það þarf margt, margt fleira. Þess vegna höfum við sagt sem svo: Við erum hérna með drög að aðalnámsskrá grunnskóla. Við erum með drög að nýjum grunnskólalögum. Við höfum spurt skólafólk allt í kringum landið hver eigi að vera forgangsverkefni næstu árin og þegar þessir þættir eru allir komnir saman þá sé ég það þannig fyrir mér að við getum þegar líður á þetta ár átt mjög heillega íslenska skólastefnu sem er mjög víðtæk samstaða um á sömu forsendum og aðalnámsskráin byggir á og allt þetta geti síðan orðið enn þá þéttari viðspyrna fyrir skóla og menntakerfið til þess að reisa sig. Af því að eins og við höfum stundum sagt: Við lítum þannig á að menntakerfið sé undirstöðuatvinnugrein. Þar er verið að fjalla um börnin. Þar er verið að fjalla um framtíðina og þess vegna þurfum við að ná þeim svip á menntamálin að menn séu þar með meginatriði en ekki afgangsstærð í höndunum.

Og þá get ég komið að ýmsum atriðum sem nefnd voru t.d. í ræðu hv. 13. þm. Reykv. Guðrúnar Helgadóttur og hv. þm. Þórhildar Þorleifsdóttur. Hvaða atriði eru það sem við þurfum að fá þarna fyrst af öllu? Við þurfum auðvitað að geta lengt skóladaginn. Þjóðfélagið er þannig að það er kallað á það að börnin geti verið lengur í skólanum. Hver stund til viðbótar í viðmiðunarstundaskrá fyrir árgang kostar 8 millj. kr. Það að lengja skólann allan, þannig að það séu minnst 35 tímar á viku, það kostar tæplega 500 millj. kr. á ári en heildarframlög í grunnskólann eru 4800 millj. kr. á ári. Mönnum virðast þetta vera alveg risavaxnar upphæðir. Ég leyfi mér stundum í umræðum um þetta að benda á það sem er að gerast hér og þar t.d. í þessari borg. Það er verið að tala um það að við þurfum að byggja í landinu 400–500 nýjar kennslustofur til að ná þessu marki. Það er mikið. Það er erfitt. Staðreyndin er hins vegar sú að ef — segjum að þeir fjármunir sem fara í ráðhúsið hefðu verið notaðir í skólamál, þá hefði verið hægt að byggja allar þær nýju kennslustofur sem Reykjavík þarf til þess að hafa einsetinn skóla. Þannig að þetta eru allt spurningar um það hvernig við röðum hlutunum niður, hver er forgangsröðin. Til þess hins vegar að ná skólanum inn í þessa forgangsröð þarf heildarstefnumótunin að vera til og það er það sem við erum að reyna að vinna að.

Annað úrslitaatriði, og ekkert númer tvö heldur eitt af forgangsatriðunum varðandi framtíð skólans, eru auðvitað líka kjör kennara eins og hv. þm. Þórhildur Þorleifsdóttir og hv. þm. Guðrún Helgadóttir minntu á. Auðvitað er það meginþáttur í almennilegri skólaþróun að kennarar gangi glaðir og sáttir til sinna verka. Það er undirstöðuatriði. Auðvitað er það alveg ljóst.

Ég hef hins vegar sagt og ég segi það enn — og ég hef sagt þetta mjög oft á undanförnum árum: Til þess að lyfta kennarakjörunum til lengri tíma þarf að eiga sér stað heildarátak í þágu þessa skólastarfs því þarna er ég að tala um að lyfta í raun og veru kennarakjörunum umfram það sem kannski annars staðar gerist af því að þeir eru að sinna þessari undirstöðuatvinnugrein. Auðvitað hefur það verið þannig á undanförnum árum að þessi grein, eins og reyndar flestar uppeldisgreinar, hefur verið vanrækt í þjóðfélaginu, það hefur ekki verið hægt að mæla þær á þann kvarða sem er tekinn gildur í þjóðfélaginu. Í skólunum eru menn ekki að framleiða loðnumjöl, þeir eru ekki á kennarastofunum að selja verðbréf og þegar menn eru ekki að framleiða slíka útflutningsvöru eða selja verðbréf, þá eiga menn erfitt með að finna mælikvarðana, en samt er þetta undirstaðan. Ég hef litið þannig til að ef við næðum utan um þessa þætti og okkur tækist að lyfta þeim í heild þá hlytu kjör kennaranna að verða veigamikill þáttur þar inni.

Ég tek líka 100% undir það sem hv. þm. Þórhildur

Þorleifsdóttir sagði varðandi námsgögnin. Þar erum við í miklum vanda stödd. Námsgagnastofnun kostar ríkið á ári um 200 millj. kr. Það vantar mjög mikið af námsgögnum. Við erum að vinna í þeim málum núna í ráðuneytinu, í nefnd sem var skipuð að ósk Námsgagnastofnunar um að efla hana og námsbókaútgáfuna yfirleitt. En þarna stöndum við eins og í hinum málunum frammi fyrir fjármunum. Hvaða fjármunir eru það sem við höfum til skiptanna? Ég hef orðað það þannig að við þurfum að færa skólann ofar á forgangslista þjóðfélagsins. Við höfum líka orðað það þannig að við þurfum að færa námsefnin ofar, námsefnisgerðina ofar á forgangslista skólakerfisins í landinu en verið hefur.

Hv. þm. Þórhildur Þorleifsdóttir sagði: Það er óbreytt hlutfall sem hefur farið til skólamála af ríkisútgjöldum á undanförnum árum, og það er alveg rétt. Ríkisútgjöld hafa hins vegar náttúrlega vaxið í hlutfalli og í samræmi við hagvöxt undanfarinna ára þannig að það er ekki hægt að segja að það sé algjör stöðnun þarna. (**ÞÞ:** Forgangsröðun.) Í forgangsröðinni. Það má út af fyrir sig segja það. Spurningin er þá hvaða afl við höfum til að gefa skólanum þannig að hann þrýsti sér aðeins framar sem þýðir þá væntanlega að það er á kostnað einhvers annars. En ég hef oft sagt það á undanförnum árum að hér er um að ræða mál sem á að reyna að ýta framar og ofar í þessa forgangsröð.

Ég vil svo taka undir það sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir sagði hér varðandi listgreinarnar, handmenntagreinarnar. Ég nefni líka heimilisfræðina. Það er alveg augljóst mál að þjóðfélagið hefur breyst svo mikið og staða heimilanna til þess að kenna börnunum eitt og annað hefur breyst svo mikið að það kallar á öðruvísi nálgun í skólanum en áður var talið sjálfsagt mál. Þess vegna finnst mér að ef menn eru ekki tilbúnir til þess að fjölga stundum í viðmiðunarstundaskránni með auknum útgjöldum ríkisins til skólamála, þá komi til greina að breyta áherslunum innan viðmiðunarstundaskrárinnar fyrir handmennt, heimilisfræði og listgreinar.

Ég held að við þurfum að halda þannig á þessu og átta okkur á að við erum ekki að ala hér upp fólk fyrst og fremst fyrir atvinnuvegina eins og það er stundum kallað. Við erum hér að ala upp menningarverur, fólk sem kann að skapa list og njóta listar og menningar. Þess vegna þurfum við að taka t.d. tónlistarmálin taki.

Hv. þm. hafa séð skýrsluna sem við dreifðum hér í næstsíðustu viku um þau mál þar sem það kemur fram að tónlistarfræðslan í grunnskólanum hjá okkur er í rusli. Og það er auðvitað ekki hægt að líða þessa hluti til langframa og það má segja reyndar um fleiri greinar. Ég tel að sú skýrsla, sem hér kom í tilefni af tillöguflutningi hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur og í tilefni af fsp. og skýrslubeiðni hv. þm. Þórhildar Þorleifsdóttur og fleiri, sé dæmi um það hvernig hægt er með tiltölulega skýrum hætti þó að það taki dálítinn tíma að varpa ljósi á tiltekin vandamál í tilteknum þáttum þjóðfélagsins. Og það er alveg augljóst af þessum skýrslum að þarna er um verulegan vanda að ræða og það góða við þær er líka það að mínu mati að maður sér dálítið af hverju þessi vandi er. Hann er t.d. líka vegna þess að menntun kennara í þessum greinum hefur ekki verið forgangsmál á undanförnum árum svo að ekki sé nú fastar að orði kveðið.

Ég vænti þess að ég hafi svarað þeim spurningum sem til mín var beint. Ég játa það alveg að ég tók ekki við þessu plaggi frá skólaþróundardeildinni fyrr en 6. mars og hafði í raun og veru ekki séð það áður nema drögin þegar ég kom í ráðuneytið. Ég vildi ekki sem pólitískur fulltrúi í ráðuneytinu vera að skipta mér af þessum þáttum í einstökum atriðum. Þess vegna er það alveg augljóst mál, og ég verð að játa það að ég get ekki í öllum tilvikum svarað fyrir hverja einustu setningu eða aukasetningu í plagginu, enda er þetta samkomulagsplagg eins og ég sagði áðan. Ég vona og er þess fullviss að ef við komum því frá okkur núna á næstunni, þá er það gott og það er nauðsynlegt og það ber að þakka þeim sem að því hafa unnið. En þar með er málið ekki tæmt. Auðvitað verður haldið áfram. Þetta verður stöðugt í skoðun, virðulegi forseti.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Hæstv. forseti. Það er nú liðið að lokum þessarar umræðu, enda hefur hún staðið í bráðum tvo og hálfan klukkutíma. Hún hefur verið fróðleg og ánægjuleg og í sjálfu sér ekki mjög mörg atriði sem ég þarf að taka fram nú að lokum.

Hv. 13. þm. Reykv., hæstv. forseti Sþ., og hæstv. menntmrh. töluðu bæði um það að ekki væri við hæfi að nota í umræðu eins og þessari orð eins og vinstri sjónarmið eða grillur eða vinstri menn í skólastarfi og hv. 13. þm. Reykv. sagði að hér væri um að ræða gamaldags og úrelt sjónarmið. Ég fagna sérstaklega þessari yfirlýsingu bæði hæstv. forseta og hæstv. menntmrh. vegna þess að ég er henni alveg sammála. En ég fagna henni sérstaklega frá fulltrúum þess flokks sem hafa einmitt beitt sér fyrir sjónarmiðum af þessu tagi, en baráttumenn þeirra sjónarmiða hafa sjálfir stimplað sig sem róttæka skólamenn. Þess vegna fagna ég því að umræðan sé komin á að stig að þeir sem dýpst hugsa um þessi mál af hálfu stjórnmálamanna séu farnir að sjá að þetta er úrelt sjónarmið og gamaldags.

Við skulum taka dæmi. Ég minntist á í minni ræðu svokallað samfélagsfræðiverkefni sem hér var mjög í tísku upp úr árunum 1970 og hefur verið jafnvel allt fram á þennan dag, þar sem ákveðið var að samþætta allmargar námsgreinar, þ.e. sögu, átthagafræði, landafræði og félagsfræði og samkvæmt þeirri samþættingu var ekkert til sem hét Íslandssaga og ekkert til sem hét íslensk landafræði. Þetta átti allt að samþætta eftir ákveðnum tískustefnum sem uppi voru. Það gekk meira að segja svo langt að það var heill árgangur sem komst upp í gegnum grunnskólann sem lærði ekkert í landafræði annað en mjög ítarlega um Tansaníu að mig minnir. Það stóð þannig á að menn töldu að nóg væri að læra ítarlega landa-

fræði um eitthvert eitt land og síðan væri hægt að yfirfæra þann skilning yfir á önnur lönd og einhvern veginn stóð þannig á að það var Tansanía sem varð fyrir valinu það árið og heill árgangur fór upp án þess að læra annað í landafræði.

Þetta er auðvitað ýkt mynd en þegar farið var að finna að þessu og þegar menn brugðust til varnar, áhugamenn um skólamál, þá áttu þessar kenningar og þessar hugmyndir sér fyrst og fremst skjól í Þjóðviljanum. Menn sem gengu fram undir nafni Alþb., menn sem gengu fram undir því nafni að þeir væru róttækir skólamenn, vildu koma á breytingum og byltingum á skólakerfinu áttu sér þarna skjól. Það er ekki nema örstutt síðan að þessi umræða komst raunverulega á það stig sem hún er núna, að menn eru fallnir frá þessu að meira eða minna leyti. Þess vegna fagna ég því sérstaklega að báðir þessir hv. ræðumenn telja að hér sé um úrelt sjónarmið að ræða og gamaldags, að þeir sem gengu fram undir merkjum róttækni hafi ekki haft erindi sem erfiði og sjónarmið þeirra eigi ekki lengur upp á pallborðið.

Þess vegna tel ég einmitt að þessi, ja, viðhorfsbreyting getum við sagt fólks í Alþb. hafi gert það að verkum að það var hægt að ná jafnvíðtækri samstöðu um aðalnámsskrá grunnskóla eins og raun ber vitni um. Ég fellst að vísu ekki á þá skoðun hæstv. ráðherra að ég hafi hér verið sérstaklega að leita eftir ágreiningi um þetta mál eða um þau drög sem hér liggja fyrir.

Ég kom fram með athugasemdir um nokkur atriði. Sumum af þeim svaraði hæstv. ráðherra. Ég geri mér auðvitað fullkomlega grein fyrir því að í umræðu eins og þessari er ekki hægt að ætlast til þess að hann svari öllum spurningum eða athugasemdum sem fram koma um jafnítarlegt og faglegt plagg og hér er á ferðinni. Ég set þetta þó fyrst og fremst fram til þess að hann hugleiði það betur, hann skoði þau atriði sérstaklega sem ég gerði að umtalsefni. Ég vil ítreka eitt atriði sem hann gerði ekki að umtalsefni í sinni seinni ræðu og það er atriðið um óhlutdræga umfjöllun í skólanum sem er fellt út í þessu plaggi en ég held að sé afar mikilvægt, að þjóðfélagið, foreldrar geti treyst því að grunnskólinn endurómi ekki einstök dægurmál í þjóðfélaginu og menn megi treysta því að fullkomin óhlutdrægni ríki í grunnskólunum og að ekki megi beita nemendum í deilum er snerta starf eða starfslið skóla. Ég segi þetta t.d. að gefnu tilefni varðandi Ölduselsskóla. Ég ætla ekki að fara að rifja það mál upp hér, en ég hef séð skrifuð gögn og skýrslur sem benda til þess að óhlutdræg umfjöllun um þá deilu sem þar fór fram hafi alls ekki átt sér stað, a.m.k. hjá hluta af kennaraliði skólans. Nemendur hafi verið beittir þar ákveðnum þrýstingi. Þetta finnst mér mjög mikilvægt að fram komi í aðalnámsskrá og ég bið hæstv. ráðherra um að hugleiða það atriði sérstaklega.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég skal fyllilega taka undir það sem hæstv. ráðherra sagði að það er æskilegt að sem víðtækust samstaða náist í þjóðfélaginu öllu og meðal stjórnmálamanna um atriði eins og aðalnámsskrá grunnskóla og ég heiti hæstv. ráðherra mínum stuðningi í því að þessi námsskrá, sem nú kemur út fljótlega, hljóti þann sess í þjóðfélaginu sem henni ber.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Aðeins út af þeirri athugasemd hjá hv. þm. sem kom þarna fram að lokum sem ég heyrði nú ekki í hans fyrri ræðu varðandi óhlutdrægni í umfjöllun, þá vil ég láta það koma fram að eitt af því sem ég óskaði eftir við skólaþróunardeildina var að það yrði tekið inn í kaflann um skólastarfið sjálft áhersla á það að nemendur m.a. og skólastarf þurfi ekki að líða fyrir átök sem kunna að verða í skólunum á hverjum tíma. Þá var ég að tala af fenginni reynslu bæði vegna átaka í einstökum skólum og átaka sem hafa orðið og geta alltaf orðið, m.a. á vinnumarkaði. Ég tel því að þessi ábending hv. þm. sé góð og gild og henni hafi raunar þegar verið haldið til haga þó ég hafi ekki náð henni þannig að ég gat ekki svarað henni í fyrri svarræðu minni hér áðan.

Hv. þm. vék aðeins að almennum viðhorfum í þessu efni varðandi aðalnámsskrá grunnskóla. Ég get út af fyrir sig sagt það fyrir mig að það kemur iðulega fyrir að ég kýs að endurmeta mín viðhorf í ýmsum efnum. Ég hef ekki öðlast hinn endanlega sannleika eða réttu trú frekar en aðrir og ef hv. þm. telur að ég hafi skipt um skoðun á einhverjum sviðum, þá getur vel verið að svo sé. Það sem ég átti nú hins vegar við í fyrri svarræðu minni hér áðan var ósköp einfaldlega það að ég var að hvetja til þess að við reyndum í umræðu um þessi mál að skyggnast víðar og gæta þess að detta ekki ofan í gamlar skotgrafir sem eru nú óðum að lokast víða að mér sýnist.

Efnisskrá.

Aðalnámsskrá fyrir grunnskóla (82. mál) 5763.
Aðför (111. mál, heildarlög) 5509, 5739.
Afnám ýmissa laga um iðnaðar- og orkumál (298. mál) 5743.
Almannatryggingar (394. mál, umönnunarbætur) 5697, 5732.
Almannatryggingar (443. mál, heilsutjón vegna læknisaðgerðar) 5534.
Áfengislög (176. mál, leyfi til áfengisveitinga o.fl.) 5510.
Áfengislög (376. mál, viðvörunarmerki á umbúðum) 5725.
Brottfall laga á sviði menntamála (371. mál) 5509, 5741.
Búfjárrækt (465. mál, heildarlög) 5529.
Dýralæknar (343. mál, búseta héraðsdýralækna, dómnefnd o.fl.) 5509, 5742.
Endurbætur forsetasetursins á Bessastöðum (432. mál) 5622.
Framhaldsskólar (454. mál, rekstrarkostnaður, skólanefndir o.fl.) 5508.
Framleiðnisjóður landbúnaðarins (464. mál, stjórn, bókhald o.fl.) 5527.
Frádráttur vegna fjárfestingar í atvinnurekstri (331. mál, hámark frádráttar) 5688, 5731.
Frádráttur vegna fjárfestingar í atvinnurekstri (332. mál, ónýtt frádráttarheimild og ný hlutabréf) 5694, 5731.
Gjafsóknarreglur (25. mál) 5434.
Greiðslur úr ríkissjóði umfram heimildir (322. mál) 5578.
Grunnskóli (309. mál, kynning á menningarstarfsemi) 5577.
Hafnalög (431. mál, bókhald Hafnabótasjóðs) 5722.
Heimild til að ganga til samninga um kaup á Hótel Borg (470. mál) 5434.
Heimild til að leyfa Köfunarstöðinni hf. innflutning á skipum (419. mál) 5717, 5728, 5753.
Hlutafélag um Sementsverksmiðju ríkisins (333. mál) 5744.
Iðgjöld vegna bifreiðatrygginga (112. mál) 5436.
Innflutningur á vörum á fölsuðum upprunaskírteinum (85. mál) 5435.
Innflutningur búfjár (411. mál, fósturvísar í kýr) 5510, 5711, 5762.
Jarðræktarlög (463. mál, framlög ríkissjóðs) 5512.
Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði (408. mál, fjárfestingar í öðrum atvinnurekstri) 5720, 5727, 5761.
Jöfnun á námskostnaði (175. mál) 5577.
Kosningar til Alþingis (416. mál, kosningarréttur) 5699, 5732.
Leigubifreiðar (438. mál, heildarlög) 5577.
Loftferðir (439. mál, vinnuumhverfi áhafna) 5510.
Lyfjadreifing (379. mál, lyfsöluleyfi) 5695, 5732.
Minning Brynjólfs Bjarnasonar 5433.
Náttúruvernd (414. mál, landverðir) 5578, 5728, 5735.
Ríkisbókhald, ríkisreikningur og fjárlög (323. mál, fjáraukalög) 5684, 5731.
Samningar um réttarstöðu skrifstofu ráðherranefndar Norðurlanda (422. mál) 5578.
Sjúkraliðar (229. mál, verkstjórn og starfsábyrgð) 5735, 5761.
Starfslaunasjóður leikhúslistafólks (445. mál) 5750.
Stjórnarráð Íslands (418. mál, umhverfisráðuneyti, aðstoðarráðuneytisstjórar o.fl.) 5674, 5731.
Söluskattur (334. mál, skattþrep) 5509.
Söluskattur (456. mál, vélar til garðyrkju) 5551, 5711.
Söluskattur (462. mál, námsbækur) 5549.
Tekjuskattur og eignarskattur (310. mál, eignarskattur af íbúðarhúsnæði) 5678, 5731.
Tekjuskattur og eignarskattur (429. mál, ónotaður persónuafsláttur barna o.fl.) 5701, 5732.
Tekjustofnar sveitarfélaga (204. mál, heildarlög) 5615.
Tilhögun þingfunda 5436, 5576.
Tollalög (461. mál, aðaltollhöfn á Egilsstöðum) 5547.
Um þingsköp 5437 (breytingar á dagskrá og skýrsla utanrrh.); 5732 (kvöld- og næturfundir); 5755 (frv. til stjórnarskipunarlaga).
Umhverfismál (417. mál, umhverfisráðuneyti) 5628, 5729.
Umræður utan dagskrár 5438 (ástandið í efnahags- og kjaramálum).
Vaxtalög (239. mál, fjárfestingarlánasjóðir, dráttarvextir, okur o.fl.) 5711, 5716.
Veiting ríkisborgararéttar (370. mál, síðara frv.) 5715, 5716.
Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga (203. mál, breyting ýmissa laga) 5579.
Verslunaratvinna (441. mál, heildarlög) 5758.
Vörsluskylda búfjár á Reykjanesskaga (466. mál) 5577.
Vöruhappdrætti Sambands íslenskra berklasjúklinga (369. mál, gildistími rekstrarheimildar) 5722, 5728.
Þingfararkaup alþingismanna (469. mál, biðlaun) 5534.

SAMEINAÐ ÞING

63. fundur, mánudaginn 24. apríl, kl. 2 miðdegis.

Lengd skólaárs og samfelldur skóladagur, síðari umr.

Þáltill. BÍG o.fl., 89. mál. — Þskj. 91, n. 907.

Frsm. félmn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 907 um till. til þál. um lengd skólaárs og samfelldan skóladag frá félmn.

Nefndin hefur rætt tillöguna á mörgum fundum og sendi hana til umsagnar. Svör bárust frá eftirtöldum: Fjárlaga- og hagsýslustofnun, fræðslustjóra Austurlandsumdæmis, fræðslustjóra Vesturlandsumdæmis og fræðsluskrifstofu Suðurlands. Fræðslustjórar taka undir þær hugmyndir sem fram komu í tillögunni.

Leitað var upplýsinga í menntmrn. um vinnu í ráðuneytinu að þeim málum sem tillagan fjallar um. Sem svar barst nefndinni skýrsla sem bar heitið „Lenging skóladags og einsetinn grunnskóli", unnin af vinnuhópi sem menntmrh. skipaði, útgefin í mars 1989. Þar koma fram marghátt aðar upplýsingar um stöðu þessara mála og að áformað sé að skipa nefnd til að fjalla um leiðir til að koma á samfelldum skóladegi.

Einnig barst nefndinni handrit að frv. til l. um breytingu á lögum um grunnskóla þar sem m.a. er gert ráð fyrir að skólahúsnæði skuli miða við einsetinn skóla, þ.e. 22. gr., og að reglulegur starfstími grunnskóla skuli vera níu mánuðir á hverju skólaári sem meginregla.

Í ljósi þessa og í trausti þess að áfram verði unnið af atorku að því að koma á samfelldum skóladegi og eðlilegum starfstíma skóla á ári hverju mælir nefndin með því að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Þetta er gert á Alþingi 19. apríl 1989, undirritað af öllum fulltrúum í félmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. á þskj. 907 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 33 shlj. atkv.

Efling atvinnu fyrir konur í dreifbýli, síðari umr.

Þáltill. USt o.fl., 93. mál. — Þskj. 96, n. 904.

Frsm. félmn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nál. félmn. um till. til þál. um að efla atvinnu fyrir konur í dreifbýli.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og sendi hana til umsagnar. Svör bárust frá eftirtöldum: Búnaðarfélagi Íslands, Byggðastofnun, Heimilisiðnaðarfélagi Íslands, Iðntæknistofnun Íslands, Kvenfélagasambandi Íslands og Stéttarsambandi bænda. Þessir aðilar taka jákvætt undir efni tillögunnar og að æskilegt sé að átak sé gert eins og þar er lagt til.

Með vísan til þess sem fram kemur í nefndaráliti um 131. mál, um úrbætur í atvinnumálum kvenna, leggur nefndin til að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Þetta er gert á Alþingi 19. apríl 1989, undirritað af fulltrúum í félmn. En það álit sem varðar 131. mál kemur fram einnig á dagskrá þessa fundar og er prentað í nefndaráliti.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. á þskj. 904 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 38 shlj. atkv.

Verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða, síðari umr.

Þáltill. HG, 108. mál. — Þskj. 111, n. 905, brtt. 906.

Frsm. félmn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nál. frá félmn. um till. til þál. um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða, en það er prentað á þskj. 905:

„Nefndin hefur fjallað um tillöguna og sent hana til umsagnar. Svör bárust frá eftirtöldum: Landsvirkjun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúruverndarráði, Orkustofnun, Skipulagi ríkisins og Stéttarsambandi bænda. Allir taka þessir aðilar jákvætt undir meginefni tillögunnar.

Í umsögnum Landsvirkjunar og Orkustofnunar kemur m.a. fram að erfitt sé að meta áhrif virkjunar á umhverfið fyrr en frumhönnun eða yfirlitsrannsókn hefur farið fram. Slíkt mat geti verið tímafrekt og kostnaðarsamt. Skipulagsstjórn telur mjög æskilegt að rannsókn á umhverfisáhrifum þeirra orkumannvirkja, sem helst komi til greina að ráðast í á næstu áratugum, verði hraðað.

Stéttarsamband bænda leggur áherslu á að við gerð áætlunarinnar verði haft samráð við landshlutasamtök og viðkomandi sveitarstjórnir.

Nefndin mælir með því að tillagan verði samþykkt með breytingu sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Þetta er gert á Alþingi 9. apríl 1989 og undirritað af fulltrúum í félmn.

Brtt. sem vísað er til er á þskj. 906 við till. til þál. um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða og þar er lagt til að tillögugreinin orðist svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa á vegum Náttúruverndarráðs í samráði við yfirvöld orkumála áætlun um verndun vatnsfalla og

jarðhitasvæða, fossa og hvera. Drög að slíkri áætlun verði lögð fyrir Alþingi til kynningar fyrir árslok 1990 og áætlunin fullbúin til staðfestingar síðar."

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 906 (ný tillgr.) samþ. með 37 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 913).

Úrbætur í atvinnumálum kvenna, síðari umr.

Þáltill. UK o.fl., 131. mál. — Þskj. 138, n. 903.

Frsm. félmn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Á þskj. 903 er að finna nál. frá félmn. um till. til þál. um úrbætur í atvinnumálum kvenna. Nefndarálitið er svohljóðandi:

„Nefndin hefur fjallað um tillöguna á mörgum fundum og sendi hana til umsagnar. Svör bárust frá eftirtöldum: Iðntæknistofnun Íslands, Jafnréttisráði, Landssambandi iðnverkafólks og Stéttarsambandi bænda. Þessir aðilar taka jákvætt undir efni tillögunnar og geta ábendinga um efni hennar. Jafnréttisráð telur æskilegt að menntmrn. eigi fulltrúa í þeirri nefnd sem tillagan gerir ráð fyrir vegna náms- og starfsráðgjafar. Landssamband iðnverkafólks telur æskilegt að í nefndinni eigi sæti fulltrúar frá samtökum launþega.

Vegna ákvæða í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar þess efnis að „sérstakt átak verði gert til að auka fjölbreytni í atvinnu kvenna á landsbyggðinni" leitaði nefndin upplýsinga hjá forsrn. um vinnu að þessu máli á vegum stjórnvalda. Svar ráðuneytisins er dagsett 12. apríl 1989 og fylgdi því minnisblað frá félmrn. sem haft hefur málið með höndum. Þar kemur fram að 10. febrúar sl. kvaddi ráðuneytið til fundar ýmsa aðila, þar á meðal fulltrúa landb.- og iðnrn., til að fjalla um nefnt ákvæði í sáttmála ríkisstjórnarinnar. Á þessum fundi voru menn sammála um að rétt væri að ráða starfsmann til nokkurra mánaða til að safna saman upplýsingum og framkomnum hugmyndum um úrbætur, svo og að athuga hugsanlega fjármögnun aðgerða. Að lokinni slíkri undirbúningsvinnu verði tekin ákvörðun um næstu skref og er minnst á nefndarskipan í því sambandi. Þrjú ráðuneyti hafa lýst sig reiðubúin til þátttöku í starfi í samræmi við fram komnar ábendingar á fundinum.

Nefndin tekur undir ábendingar í þingsályktunartillögunni og telur brýnt að til sérstakra aðgerða verði gripið nú þegar til að ná fram úrbótum í atvinnumálum kvenna, ekki síst á landsbyggðinni. Í því sambandi vísar nefndin til þess að nú er hlutfallslega meira atvinnuleysi hjá konum en körlum í flestum kjördæmum og fer vaxandi. Þá sýna tölur úr manntali á síðustu árum að konur eru orðnar til muna færri en karlar í flestum landsbyggðarkjördæmum. Fábreytni í atvinnumöguleikum veldur án efa nokkru um þessa þróun.

Um leið og nefndin hvetur til átaks til úrbóta í atvinnumálum kvenna og með vísan til aðgerða sem í undirbúningi eru hjá stjórnvöldum, m.a. með ráðningu starfsmanns og nefndarskipun, er lagt til að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Þetta er gert á Alþingi 19. apríl 1989 og að þessu standa allir fulltrúar í félmn. Sþ.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. á þskj. 903 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 39 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Fyrirspurn um útflutning á ísfiski í gámum.

Matthías Á. Mathiesen:

Virðulegi forseti. Fyrir rúmum mánuði eða 22. mars var útbýtt á Alþingi fsp. til utanrrh. um útflutning á ísfiski í gámum frá undirrituðum. Í 31. gr. þingskapa segir til um með hvaða hætti alþingismenn fá svör frá ráðherrum við þeim fyrirspurnum sem fram eru bornar. Mér sýnist að hér sé komið nokkuð langt fram úr þeim tímasetningum sem þar eru tilgreindar og vildi mega mælast til þess við virðulegan forseta að gerð yrði gangskör að því að þessari fsp. yrði svarað.

Í öðru lagi vildi ég víkja að því við virðulegan forseta hvort ekki yrði þá í leiðinni farið yfir þær aðrar fyrirspurnir sem hafa verið fluttar hér á þingi til þess að það gæfist tími til að fá þeim svarað áður en kemur að lokadögum þings sem oft og tíðum eru mjög erfiðir og þá gjarnan látið sitja á hakanum eitthvað slíkt, en ég teldi því miður farið ef þingmenn fengju ekki fyrirspurnum sínum svarað.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Að þessum orðum töluðum vill forseti upplýsa að sú gangskör sem hv. þm. hefur beðið um að gerð yrði hefur þegar verið gerð. Einungis þrem fyrirspurnum sem beðið hafa óeðlilega langan tíma hefur ekki verið svarað. Fyrirspurnir sem ósvarað er eru óvenjulega fáar og flestar mjög svo nýframlagðar.

En ég tek undir með hv. 1. þm. Reykn.: Þessi umrædda fsp. hefur beðið allt of lengi og það hefur þegar verið ítrekað að svar bærist.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Í tilefni af fyrirpurn hv. 1. þm. Reykn. varðandi svör við áður framlagðri fsp. hans um gámaútflutning o.fl. vil ég einfaldlega biðja hv. þm. afsökunar á því að það hefur dregist úr hömlu að svar yrði fram borið. Ég ber að sjálfsögðu á því fulla ábyrgð. Ástæðan er fyrst og fremst sú, þó að gengið

hafi verið eftir þessari vinnu, að um hefur verið að ræða veikindi og síðan fjarvistir umræddds starfsmanns. Ég hafði reyndar beðið hann um að hafa samband við hv. þm. til að skýra hvers vegna þetta hefði dregist um leið og ég gekk eftir því að gangskör yrði að því gerð að vinna að undirbúningi svarsins. En ég endurtek að sjálfsagt er að biðja hv. þm. velvirðingar á þessum drætti sem að verulegu leyti kann að stafa af óviðráðanlegum ástæðum.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill upplýsa að nú bíða 15 fyrirspurnir skriflegs svars. Þar af eru eins og ég áður sagði þrjár orðnar mjög gamlar, þ.e. þingmál 16, 17 og 70, en hinar eru mjög nýleg mál sem bera númerin 488. mál, 493. mál, 479. mál, 474. og 475. mál og 449. og 399. mál, 359. mál, 350. mál, 329. mál, 308. mál, 260. mál. Hv. þm. sjá að hér er um tiltölulega nýframlögð mál að ræða nema þessi þrjú. Ég vænti þess að svör berist við þeim svo fljótt sem unnt er.

Ragnhildur Helgadóttir:

Frú forseti. Mig langar til þess fyrst verið er að knýja á um að hraða svörum við fyrirspurnum þingmanna að minna á fsp. sem við bárum fram allir þingmenn sem eru í Evrópuráðsnefnd Alþingis og þess efnis að við fengjum upplýsingar um hvaða sáttmálar Evrópuráðsins hefðu þegar verið fullgiltir, hvaða sáttmálar hefðu verið samþykktir en ekki fullgiltir og hvers vegna og það er aðalatriðið. Í sjálfu sér er afar einfalt svarið við því hvaða sáttmálar hafa verið fullgiltir. En það sem við þurfum að fá að vita er fyrst og fremst þetta: Hvers vegna hafa ekki verið fullgiltir þeir samningar sem við höfum þegar samþykkt? Við þurfum að geta svarað því, þegar við erum spurð. Þetta skiptir verulegu máli vegna þess að margir þessara sáttmála taka ekki gildi í aðildarríkjunum fyrr en tiltekinn fjöldi ríkja hefur fullgilt þá. Það er því nauðsynlegt að fá svar við þessu og orðnar margar vikur síðan þessi fsp. kom fram. Auðvitað geta ráðuneytin skipt á sig að einhverju leyti svörum við þessu, en ég vonast til þess að hæstv. utanrrh. knýi á um það að svar við þessu fáist allra næstu daga.

Matthías Á. Mathiesen:

Virðulegi forseti. Hæstv. utanrrh. hefur gert grein fyrir vissum atriðum sem að sjálfsögðu geta haft þau áhrif að svar við slíkum fyrirspurnum tefjist og þau komi ekki í tæka tíð. En ég vænti þess að hann sjái til þess að svar við þessari fsp., sem er orðin meira en mánaðar gömul, gæti verið hér á dagskrá á fimmtudaginn í næsta fyrirspurnatíma.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tek undir með þeim hv. þm. sem hér hafa talað og ítreka beiðnir sínar um svör við fyrirspurnum. Það vill svo til að þær tvær fyrstu sem forseti nefndi áðan, mál þessa þings nr. 16 og 17, voru bornar fram af mér og þar sem ég sé að hæstv. fjmrh. er staddur hér nú vil ég ítreka að þessar fyrirspurnir liggja enn og þeim er ósvarað og ég vænti þess að fá svör við þeim hið allra fyrsta.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég vil geta þess vegna orða síðasta ræðumanns að í ljós hefur komið að það krefst mjög ítarlegrar fræðilegrar vinnu að veita svör við þeim spurningum sem hún bar fram á sínum tíma. Ég hef ítrekað óskað eftir því við Þjóðhagsstofnun að sú vinna verði unnin, en ég hef jafnframt fengið greinargerðir frá Þjóðhagsstofnun um að það taki mjög langan tíma og krefjist töluverðs hluta af starfskröftum stofnunarinnar að veita svör við þeim fyrirspurnum. Það er hins vegar ætlun okkar að leggja fram fyrir þinglok ákveðna greinargerð og svar þar sem annars vegar verða veitt svör þau sem liggja fyrir, en að öðru leyti gerð grein fyrir þeirri umfangsmiklu vinnu sem þarf því miður að reiða af hendi til að veita svör af þessu tagi. Það er þess vegna ekki um að ræða að ráðuneytið sé vísvitandi að draga hv. þm. á svörum heldur þvert á móti að fsp. er því miður það veigamikil og gögnin liggja ekki fyrir í þeirri mynd að hægt sé að svara henni á skömmum tíma. Þannig er það með sumt af því sem óskað er eftir svörum við hér á hv. Alþingi.

Utanríkismál.

Skýrsla utanrrh., 482. mál. — Þskj. 862.

Einnig eru til umræðu:

Norræna ráðherranefndin 1988–1989.

Skýrsla Jóns Sigurðssonar samstarfsráðherra, 494. mál. — Þskj. 908.

Norrænt samstarf 1988–1989.

Skýrsla Íslandsdeildar Norðurlandaráðs, 478. mál. — Þskj. 847.

Alþjóðavinnumálaþingið í Genf 1988.

Skýrsla félmrh., 487. mál. — Þskj. 876.

Evrópuráðið.

Skýrsla íslensku þingmannanefndarinnar, 484. mál. — Þskj. 868.

Alþjóðaþingmannasambandið.

Skýrsla Íslandsdeildar, 132. mál. — Þskj. 139.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Skýrsla utanrrh. um utanríkismál þjónar einkum þríþættum tilgangi. Hún er grundvöllur almennra umræðna á hinu háa Alþingi um stefnuna í utanríkismálum og framkvæmd hennar. Hún á að vera almennt yfirlit um framkvæmd utanríkisstefnunnar. Loks er hún handhæg heimild fyrir þá sem vilja kynna sér nánar málsmeðferð og framkvæmd einstakra mála.

Skýrslan er að þessu sinni talsvert ítarlegri en oftast áður og henni fylgja fleiri fylgiskjöl til þess að auka heimildargildi hennar. Fremst í skýrslunni er að þessu sinni útdráttur þar sem dregin eru saman grundvallaratriði utanríkisstefnunnar og gerð grein fyrir aðalatriðum sem nánar er fjallað um í köflum þar á eftir.

Vert er að vekja athygli á því að í skýrslunni er fjallað um gang mála allt frá því að seinasta skýrsla var lögð fram og rædd á Alþingi 25. febr. á sl. ári eða á starfstíma tveggja utanrrh.

Í þessari ræðu mun ég alls ekki fjalla um öll efnisatriði skýrslunnar heldur takmarka mál mitt við meginatriði, en vísa að öðru leyti til ítarlegri upplýsinga sem er að finna í skýrslunni. Það sem ég geri hér að umtalsefni er eftirfarandi: Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar um utanríkismál. Bætt samskipti austurs og vesturs. Lokaskjal Vínarfundar ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu. Afvopnunarmál, sérstaklega spurningar varðandi samninga um takmörkun vígbúnaðar, eftirlit og traustvekjandi aðgerðir á höfunum. Sameinuðu þjóðirnar og lausn svæðisbundinna deilumála. Öryggis- og varnarmál. Utanríkisviðskipti. Hafréttarmálefni. Og áformaðar breytingar á skipulagi og starfsháttum utanríkisþjónustunnar.

Í málefnasamningi núv. ríkisstjórnar er fjallað um stefnu stjórnarinnar í utanríkismálum svofelldum orðum: „Markmið utanríkisstefnu Íslendinga er að treysta sjálfstæði landsins og hagsmuni þjóðarinnar í alþjóðlegum samskiptum. Að því verður unnið með virkri þátttöku í alþjóðlegu samstarfi."

Hér er vísað til aðildar Íslendinga að alþjóðasamtökum eins og Sameinuðu þjóðunum, Atlantshafsbandalaginu, Fríverslunarsamtökum Evrópu, Norðurlandaráði og fleiri fjölþjóðasamtökum, en aðild þjóðarinnar að þessum samtökum og ýmsum öðrum setur samskiptum okkar við aðrar þjóðir hina ytri umgjörð. Í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar er leiðunum að þessu markmiði lýst með eftirfarandi hætti:

„Með aukinni aðstoð og samvinnu við þróunarríki. Með stuðningi við baráttu fyrir mannréttindum hvar sem hún er háð. Með því að stuðla að friðsamlegri og bættri sambúð þjóða. Með virkri þátttöku í umræðum um mannréttindamál og kjarnavopnalaus svæði í okkar heimshluta. Áhersla verður lögð á að auka þekkingu Íslendinga á vígbúnaðarmálum, sérstaklega á hernaðarumsvifum á Norður-Atlantshafi til þess að leggja óháð mat á öryggismálefni landsins og nálægra svæða. Með því að hvetja til og taka þátt í alþjóðlegu samstarfi um umhverfismál, sérstaklega um mengunarvarnir á Norður-Atlantshafi. Með því að búa íslenskt atvinnulíf undir þær breytingar sem verða á viðskiptaháttum og efnahagsstjórn í Evrópubandalaginu á næstu árum. Sérstaklega verður unnið að því að laga íslenskt efnahagslíf að hinum nýju aðstæðum og tryggja viðskiptastöðu íslenskrar atvinnustarfsemi án aðildar að bandalaginu.

Ríkisstjórnin áréttar áður yfirlýsta stefnu Alþingis að hér á landi skuli ekki vera kjarnavopn. Ríkisstjórnin mun ekki gera nýja samninga um meiri háttar hernaðarframkvæmdir og skipti Íslendinga við varnarliðið verða endurskipulögð."

Þó þessi orð séu fá lýsa þau í raun og veru risavöxnum verkefnum í alþjóðasamstarfi. Þeirri stefnu sem fram kemur í þessum knapporða málefnasamningi hef ég leitast við að framfylgja þann tíma sem ég hef verið utanrrh. Stefnan byggir á sömu grundvallaratriðum í öryggis- og varnarmálum og aðrar ríkisstjórnir hafa í reynd fylgt sl. 40 ár, þ.e. með skuldbindingum sínum, með aðildinni að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamingnum við Bandaríkin. Hins vegar má merkja breyttar áherslur í veigamiklum málum í ljósi gerbreyttra ytri aðstæðna.

Það sem yfirgnæfir allt annað í mati manna á samskiptum þjóða þessi missirin eru þær breytingar sem nú eru á byrjunarskeiði í Sovétríkjunum og annars staðar í Mið- og Austur-Evrópu og kenndar eru við perestrojku og glasnost, kerfisbreytingu, opnun, endurnýjun.

„Við erum nú vitni að sögulegu fráhvarfi frá hugmyndaarfi rússnesku byltingarinnar og upplausn þess stjórnkerfis sem þjóðir Sovétríkjanna hafa búið við í meira en 70 ár. Þetta eru endalok rússnesku byltingarinnar. Þetta er punkturinn aftan við þann kafla Evrópusögunnar og veraldarsögunnar sem seinni heimsstyrjöldin ól af sér. Hvaða ástæður sem áður voru fyrir því að líta á Sovétríkin sem ógnvekjandi hernaðarandstæðing, þá eru þær ástæður nú að líða undir lok."

Þessi orð eru tilfærð orðrétt eftir George Kennan, en hann lét þau falla í vitnaleiðslum utanríkismálanefndar öldungadeildar Bandaríkjaþings í umræðum um framtíð samskipta Bandaríkjanna og Sovétríkjanna. Þessi orð hins aldna diplómats lýsa hinum miklu sögulegu þáttaskilum í hnotskurn. Þau eru ekki síst merkileg fyrir það að höfundurinn hefur af samtíðarmönnum verið útnefndur höfuðsmiður eða arkitekt bandarískrar utanríkisstefnu eftir stríð.

Það þjóðfélagskerfi sem þróaðist í Sovétríkjunum eftir byltingu og byggði á hugmyndaarfi Lenins og síðar Stalíns einkenndist af einokun alls valds, efnahagslegs, hernaðarlegs og pólitísks í höndum forustusveitar eins flokks og að lokum eins manns. Að lokum umhverfðist þetta þjóðfélag í lögregluríki sem var haldið saman með miskunnarlausri valdbeitingu ríkisvalds og kostaði að lokum tugi milljóna mannslífa. Þetta kerfi fól í sér afnám mannréttinda fyrir þjóðir Sovétríkjanna og Mið- og Austur-Evrópu. Lýðræðisríkjum Vesturlanda birtist þetta þjóðfélagskerfi sem háskaleg hernaðarógnun við lýðræði, mannréttindi og pólitískt sjálfsforræði þjóða.

Atlantshafsbandalagið, varnarbandalag lýðræðisríkjanna, var andsvar þeirra við þessari hernaðarógnun. Átökin milli austurs og vesturs á tímum kaldastríðs voru því sprottin af hugmyndafræðilegum rótum. Vestræn ríki töldu sig nauðbeygð að efla samtakamátt sinn með hliðsjón af dapurlegri reynslu á millistríðsárunum, að efla samtakamátt sinn til

varnar helstu gildum vestrænnar siðmenningar, til varnar mannréttindum, lýðræði og frelsi.

Það sem við nú upplifum er að þetta tröllaukna alræðiskerfi er að hruni komið innan frá. Fram er kominn á sjónarsviðið nýr leiðtogi í Sovétríkjunum sem hefur haft andlega djörfung og dug til að viðurkenna efnahagslegt og siðferðilegt gjaldþrot hins stalíníska valdbeitingarkerfis. 70 árum eftir rússnesku byltinguna eru Sovétríkin risi á brauðfótum í efnahagslegu tilliti. Þetta hernaðarlega stórveldi getur naumast brauðfætt þegna sína, langvarandi skortur á neysluvarningi virðist óleysanlegur, iðnaður er í mörgum greinum úreltur, framleiðni er mjög lág og tæknileg stöðnun blasir við.

Allt er þetta hispurslaust viðurkennt af hinum nýju leiðtogum Sovétríkjanna og forustumönnum kommúnistaflokka í löndum eins og Ungverjalandi og Póllandi. Boðaðar eru nýjar hugmyndir sem fela í sér algert fráhvarf frá hugmyndaarfi sovétkommmúnismans. Þær fela í sér nálgun við hugmyndir vesturlandabúa um valddreifingu í efnahagslífi, fjölræði í stjórnmálum, aukna virðingu fyrir mannréttindum og frjálsræði í mannlegum samskiptum. Nái þessar hugmyndir að festa rætur þýða þær einfaldlega að kalda stríðinu er lokið, að hinn hugmyndafræðilegi ágreiningur sem varð undirrót kalda stríðsins heyri brátt sögunni til. Það táknar söguleg þáttaskil.

Sú tvískipting Evrópu sem seinni heimsstyrjöldin ól af sér er á undanhaldi. Forsendur vígbúnaðarkapphlaupsins allt frá stríðslokum, þ.e. ótti og gagnkvæm tortryggni, eru að bresta. Vonir hinna bestu manna beggja vegna hins gamla járntjalds snúast um það að á næstunni takist traustir samningar sem tákna ekki einasta stöðvun vígbúnaðarkapphlaupsins heldur stórtæka afvopnun á flestum sviðum.

Hinn nýi leiðtogi Sovétríkjanna, Mikhail Gorbatsjov, á flestum öðrum mönnum fremur heiður skilinn fyrir að hafa skapað pólitískar forsendur fyrir stöðvun vígbúnaðarkapphlaups, nýjum áföngum í afvopnunarmálum og vonum um friðsamlega sambúð þjóða. Enginn leiðtogi á Vesturlöndum hefur kveðið upp úr um það með jafnafdráttarlausum hætti og forsætisráðherra Breta, leiðtogi breskra íhaldsmanna, frú Margaret Thatcher. Hún hefur hvergi dulið hrifningu sína á djarfmannlegum hugmyndum og pólitískum kjarki sovétleiðtogans. Sá sem hér stendur er sammála forsætisráðherra Breta í þessu mati hennar á þessum sögulegu umskiptum.

Breytingarnar í átt til mannúðlegra stjórnarfars í Sovétríkjunum og bandalagsríkjum þeirra eru meginástæðan fyrir því að nú horfir friðvænlegar í heiminum en nokkru sinni eftir seinni heimsstyrjöld. Hugmyndafræðilegur ágreiningur hefur ekki lengur sama vægi í samskiptum ríkja og áður. Fyrirhugaður leiðtogafundur Sovétmanna og Kínverja í næsta mánuði er t.d. til marks um þetta. Sá fundur gæti ráðið miklu um framvindu mála í Asíu, fjölmennustu álfu heims, á næstu árum.

En við skulum ekki gleyma því að sá árangur sem náðst hefur á síðustu fjórum árum í samskiptum austurs og vesturs á ekki síður rót sína að rekja til pólitískrar samstöðu aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins sl. fjóra áratugi. Innan bandalagsins hefur ríkt fullur einhugur um grundvallarstefnu þess sem byggir annars vegar á festu og árvekni á sviði varnarmála og hins vegar á vilja til að leysa ágreiningsmál og draga úr tortryggni með pólitískum samningum. Áþreifanlegasti ávöxtur þessarar stefnu á undanförnum árum tel ég að hafi verið samningurinn frá því í desember 1987 um að útrýma heilum flokki kjarnaflauga, en framkvæmd þess samnings er þegar vel á veg komin.

Atburðir innan Sovétríkjanna á síðasta ári benda til þess að Gorbatsjov hafi treyst sig í sessi innan sovéska valdakerfisins og aflað hugmyndum sínum traustara fylgis. En þrátt fyrir að stöðu leiðtogans virðist ekki ógnað ríkir enn veruleg óvissa um framkvæmd umbótastefnunnar. Aukið frjálsræði á sviði upplýsinga og mennta samfara auknum borgaralegum réttindum virðist hafa leyst úr læðingi öfl sem lengi hefur verið haldið í skefjum og ekki verður séð fyrir endann á hvar þau láti staðar numið. Þjóðernisátök í Ngorno Karabach, kröfur um sjálfstæði þjóðanna við Eystrasalt, óeirðir í Georgíu, þetta og margt fleira vekur upp áleitnar spurningar um þanþol sovéska stjórnkerfisins. Í efnahagsmálum blæs ekki byrlega. Tilraunir til að losa um hömlur hafa til þessa lítinn árangur borið. Framleiðni er enn í lágmarki, framleiðsla hátæknivöru og neysluvarnings af skornum skammti, halli er verulegur og vaxandi á fjárlögum, erlend skuldasöfnun fer vaxandi.

Ástæða þess að ég legg sérstaka áherslu á þróunina innan Sovétríkjanna er einfaldlega sú að árangurinn af umbótaviðleitni sovétleiðtogans innan lands ræður úrslitum um það hvort sá aukni sveigjanleiki sem einkennt hefur sovéska utanríkisstefnu að undanförnu verður viðvarandi eða ekki. Engum blandast hugur um að setja má samasemmerki milli perestrojku innan Sovétríkjanna og þess frumkvæðis sem leiðtogi Sovétríkjanna hefur tekið á ýmsum sviðum afvopnunarmála, sbr. hina merku ræðu hans á allsherjarþinginu hinn 7. des. sl. Til þess að ná félagslegum og efnahagslegum markmiðum sínum heima fyrir þurfa Sovétmenn vafalítið að draga mjög úr hernaðarútgjöldum og tryggja aukinn stöðugleika í alþjóðamálum. Það sem sérfróðir menn á Vesturlöndum fyrst og fremst óttast er að perestrojkan hafi þegar vakið mun meiri væntingar um bætt lífskjör meðal alls almennings í Sovétríkjunum en hún geti staðið við í verki á næstu árum. Vonbrigði af því tagi gætu leitt til afturhvarfs til fyrri stjórnarhátta. Það er þó mat flestra sérfræðinga að það þyki ólíklegt. Flestum leiðtogum Vesturlanda er það yfirvættis ljóst að það er þjóðum Vesturlanda augljóslega í hag að umbætur sovétleiðtogans skili árangri.

Ég bendi á það í skýrslu minni að áhrifanna af umbótaviðleitni Gorbatsjovs hafi gætt mjög greinilega í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu, ekki síst í Ungverjalandi og Póllandi. Í Ungverjalandi hefur átt sér stað nokkuð stöðug þróun í átt til markaðsbúskapar í efnahagsmálum. Ungverjar hafa jafnvel sýnt

áhuga á aðild að Fríverslunarsamtökum Evrópu. Í opinberri heimsókn minni til Póllands í desember á sl. ári varð ég þess mjög áþreifanlega var að stjórnvöld líta svo á að byltingarkenndir straumar leiki nú um ríki Mið- og Austur-Evrópu og þau muni eftirleiðis í sívaxandi mæli ráða málum sínum sjálf. Formleg viðurkenning yfirvalda í Póllandi á lögmæti verkalýðssamtakanna Samstöðu í sl. viku er sérstakt ánægjuefni sem væntanlega mun leiða til þess að vestræn ríki aðstoði Pólland í auknum mæli. Þingkosningar í Póllandi í júní nk. marka annan merkan áfanga á braut til aukins lýðræðis.

En viðbrögð Austur-Evrópuríkja við perestrojku hafa þó engan veginn verið einhlít. Bæði Tékkar og Austur-Þjóðverjar hafa lýst því yfir að þeir muni fara sínar eigin leiðir. Í Tékkóslóvakíu er það vitanlega kaldhæðni örlaganna að Sovétmenn skuli hafa knúið þar á um breytingar sem núverandi stjórnvöld voru sett til með vopnavaldi að kæfa í vöggunni fyrir liðlega 20 árum.

Í Rúmeníu hefur orðið um afturför að ræða. Þar eru frumstæðustu mannréttindi gróflega fótum troðin. Ég hef tvisvar á þessu ári séð tilefni til að vekja athygli á erlendum vettvangi á ítrekuðum mannréttindabrotum Rúmena og Tékka, annars vegar við lok Vínarfundar ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu 17. jan. sl. og hins vegar við upphaf viðræðna um niðurskurð hefðbundinna vopna og traustvekjandi aðgerðir sem hófust í Vín þann 9. mars sl.

Ég hef litið svo á að Ísland ásamt öðrum vestrænum lýðræðisríkjum eigi að leggja höfuðáherslu á það sjónarmið að ekki beri að aðskilja öryggismál og aðra þætti í samskiptum austurs og vesturs, einkum og sér í lagi mannréttindi. M.ö.o.: ríki Austur-Evrópu geta ekki vænst þess að vestræn ríki gangi til samninga við þau um verulegan niðurskurð vígbúnaðar án þess að jafnframt verði fullt tillit tekið til þess hvort samningsbundin grundvallarmannréttindi eru í heiðri höfð eða ekki.

Margt hefur áunnist. Í skýrslu minni kemur eigi að síður fram að ég tel ástæðu til hóflegrar bjartsýni og áframhaldandi varfærni af hálfu vestrænna ríkja um sinn. Óvissuþættirnir eru enn margir. Vert er að hafa hugfast að grundvallarvandinn í samskiptum austurs og vesturs er enn óleystur. Þrátt fyrir glasnost býr meiri hluti íbúa Mið- og Austur-Evrópu við viðvarandi afleiðingar harðstjórnar og ófrelsis. Yfirlýsingar Sovétmanna um að í framtíðinni muni vígbúnaður þeirra einungis miðast við varnarþarfir og að dregið verði úr útgjöldum til hermála eru vissulega mikið fagnaðarefni, en efndirnar eru enn langt undan. Yfirburðir Sovétmanna á sviði hefðbundinna vopna í Evrópu eru gífurlegir. Á sviði skammdrægra kjarnavopna eru yfirburðir þeirra jafnvel margfalt meiri. Uppbygging sovéska norðurflotans hefur haldið áfram óhindrað enn sem komið er og enn bendir ekkert til að Sovétmenn hafi dregið úr framleiðslu langdrægra kjarnavopna eða stýriflauga á lofti eða í sjó.

Tilgangur minn með þessum viðvörunarorðum er ekki sá að gera lítið úr friðarvilja sovétleiðtogans. Það sem fyrir mér vakir er einungis að árétta það sjónarmið að svara þarf ýmsum mikilvægum spurningum áður en komist verður að endanlegri niðurstöðu um markmið þeirra og áætlanir. Við þær aðstæður sem ég nú hef lýst tel ég að mat okkar á varnarþörf Vesturlanda eigi ekki að byggjast á óskhyggju fyrst og fremst heldur á raunsæju mati á þeim hættum og þeim tækifærum sem við okkur blasa.

Stefna varnarbandalags vestrænna lýðræðisríkja hefur í fjóra áratugi stuðlað að friði og stöðugleika í okkar heimshluta. Ég teldi afar óskynsamlegt í sama mund og árangur þrautseigju þessara ríkja er fyrst að koma í ljós að hvika frá þeirri stefnu í grundvallaratriðum nú.

Lokaskjal þriðja framhaldsfundar ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu, sem á íslensku er skammstafað RÖSE, lauk í Vínarborg 19. janúar. Þetta skjal er tvímælalaust hið mikilvægasta sem frá þeim samskiptaferli hefur komið eftir að Helsinkisamkomulagið var samþykkt. Það er ekki einungis efnismikið heldur er í því að finna jafnvægi í umfjöllun um þau mörgu svið sem tekin eru fyrir á framhaldsfundum ráðstefnunnar og ber að leggja áherslu á að þessi mismunandi svið eru ekki sjálfstæð heldur mynda þau eina órjúfanlega heild. Frá sjónarmiði Íslendinga skipta mannréttindi höfuðmáli. Í lokasamþykkt Helsinki-ráðstefnunnar 1975 var gert ráð fyrir því að þátttökuríkin gætu ekki blómstrað án þess að hverjum einstaklingi verði gert kleift að þroskast óhindraður og frjáls.

Í Vínarskjalinu er að finna skýr og skilmerkileg ákvæði á mannlega sviðinu þar sem m.a. er fjallað um rétt hvers einstaklings til þess að ráða ferðum sínum, rétt hans til þess að veita og fá fræðslu í trúarbrögðum, aðgang að upplýsingum, sameiningu fjölskyldna, bein persónuleg samskipti milli trúaðra og trúfélaga, frelsi frá gerræðislegum handtökum, fangelsunum og útlegð og að fyrir hendi séu ákveðnar lausnir fyrir einstaklinga sem telja að réttindi þeirra hafi verið brotin og réttindi minnihlutahópa, svo að fátt eitt sé nefnt. Þessi sáttmáli hefur reyndar verið kallaður hinn nýi mannréttindasáttmáli Austur-Evrópu.

Við fögnum meginatriðum í kaflanum um mannréttindin í Vínarskjalinu, í fyrsta lagi fundunum þremur um mannlega þáttinn innan ráðstefnunnar um öryggi og samstarf Evrópubúa og í öðru lagi hvernig staðið skuli að upplýsingaskiptum og leyst skulu vandamál varðandi mannréttindi, undirstöðuatriði frelsis og mannlegra samskipta. Með þessu eru sett á laggirnar eins konar eftirlitskerfi með mannréttindum og ekki veitir af eins og dæmin sanna því miður.

Í ræðu minni á lokafundi Vínarfundarins gagnrýndi ég harðlega meðferð á friðsamlegum mótmælendum í Prag. Ríkisstjórnin mótmælti handtöku Vacslav Havels og fleiri friðsamlegra mótmælenda og í ræðu Íslands við upphaf tveggja öryggisfunda í Vín 6. mars var dómum yfir Havel og félögum hans enn

mótmælt. Þá hafa fulltrúar Íslands harðlega gagnrýnt framferði Rúmeníu gagnvart minnihlutahópum þar í landi, einkum af ungverskum uppruna.

Textar sem samþykktir eru á fundum RÖSE hafa ekki lagagildi, en þeir hafa pólitískt og siðferðislegt gildi. Við munum því gera okkar til þess að veita það aðhald í þessum efnum sem dugir. Meginmunurinn er sá að mannréttindi eru ekki lengur innanríkismál hvers ríkis eða ríkisstjórnar þannig að ríkisstjórnir, almannasamtök og einstaklingar í öðrum ríkjum geta lagt fram kærur vegna mannréttindabrota og gert það í fullum rétti og krafist þannig réttar síns.

Það ber að fagna þeirri jákvæðu þróun sem átt hefur sér stað á vettvangi mannréttindamála innan Ráðstjórnarríkjanna, í Póllandi og Ungverjalandi, en betur má ef duga skal eins og dæmin frá Rúmeníu og Tékkóslóvakíu sanna.

Meðal þess sem ákveðið var í lokaskjali Vínarfundarins eru tvennar viðræður sem hófust í Vín 6. mars, annars vegar um traustvekjandi aðgerðir á hernaðarsviðinu, en í þeim taka þátt 35 ríki, þ.e. ríki Atlantshafsbandalagsins, Varsjárbandalagsins og hin hlutlausu ríki Evrópu. Hins vegar fóru af stað viðræður ríkja Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins um jafnvægi á sviði hefðbundins herafla í Evrópu. Fyrsta lota beggja viðræðna stóð yfir fram að páskum og einkenndist af mjög jákvæðu andrúmslofti. Eru ástæðurnar m.a. þær að að því er varðar hinar traustvekjandi aðgerðir ríkir ánægja með framkvæmd Stokkhólmsskjalsins og í afvopnunarviðræðunum hafa tilkynningar Austur-Evrópuríkja um einhliða niðurskurð hefðbundins herafla haft mjög jákvæð áhrif. Austur og vestur lögðu fram ítarlegar tillögur á fyrstu dögum viðræðnanna beggja. Hefur þeim verið dreift til allra þingmanna í utanrmn. Síðan fór fyrsta lota umræðnanna á báðum þessum samræðuferlum fyrst og fremst í útskýringar á þeim tillögum.

Í erindisbréfi viðræðnanna um niðurskurð hefðbundinna herja er mjög skýrt tekið fram að þar eigi ekki að fjalla um kjarnavopn, sjóheri og efnavopn. Vonast er til að hægt verði að semja um niðurskurð ákveðinna tegunda vopna. Einkum er um að ræða vopn sem eru til þess gerð að gera skyndiárásir, hernema og halda landsvæði.

Tillögur Atlantshafsbandalagsríkja hafa að geyma útfærðar hugmyndir um róttæka fækkun skriðdreka, stórskotaliða og brynvarinna farartækja, en á þeim sviðum hafa ríki Varsjárbandalagsins mikla yfirburði. Í tillögum Varsjárbandalagsríkjanna sjö er bætt við orustuþotum í fremstu víglínu og orustuþyrlum. Í lok fyrsta tímabils samkvæmt þeim tillögum yrði þessi vígbúnaður bandalaganna tveggja 10–15% undir núverandi mörkum Atlantshafsbandalagsins. Í lok annars tímabils yrði enn skorið niður um 25% og á þriðja tímabilinu, 1997–2000, yrði enn frekari niðurskurður. Jafnframt yrði þá eingöngu um varnarmátt herja í Evrópu að ræða. Búið væri m.ö.o. að útrýma árásar- og hernámsgetunni.

NATO-ríkin vilja ræða um orustuflugvélar og þyrlur síðar en leggja fyrst áherslu á fækkun skriðdreka, stórskotavopna og brynvarinna farartækja sem nota má til liðsflutninga, en á þeim sviðum hefur Varsjárbandalagið mikla yfirburði eins og áður sagði. Lagt er til af Atlantshafsbandalagsríkjunum að skriðdrekum verði fækkað um 50% og verði þeir 40 þús. í Evrópu, 20 þús. í eigu Atlanthafsbandalagsins og sami fjöldi í eigu Varsjárbandalagsríkja. Ekkert eitt land mætti eiga meira en 12 þúsund skriðdreka. Enn fremur mætti ekkert ríki hafa meira en 3.200 skriðdreka utan landamæra sinna.

Þrátt fyrir allt er töluvert margt sameiginlegt eða tiltölulega líkt í tillögum bandalaganna tveggja og lofar það góðu í þessum viðræðum sem leystu af hólmi svonefndar MBFR-viðræður, en þær höfðu staðið samfellt með litlum árangri í 15 ár. Engin tímamörk eru gefin fyrir fram varðandi lok þessara afvopnunarviðræðna í Vín.

Ráðstefna ríkjanna 35 í Vín um traustvekjandi aðgerðir er oft kölluð Stokkhólmur II, enda á hún samkvæmt Vínarskjalinu frá því í janúar sl. að byggja á og víkka út þann árangur sem náðist í Stokkhólmsskjalinu frá því í september 1986. Fyrstu tillögur bera þess auðvitað merki. Stefnt er að því að ráðstefnunni í Vín um traustvekjandi aðgerðir ljúki fyrir 4. framhaldsfund RÖSE sem hefst í Helsinki 24. mars árið 1992.

Á fyrsta degi samningaviðræðnanna um traustvekjandi aðgerðir 9. mars sl. lögðu ríki Atlantshafsbandalagsins og ríki Varsjárbandalagsins fram tillögur sínar um nýjar traustvekjandi aðgerðir. Traustvekjandi aðgerðir á hernaðarsviðinu voru samþykktar í lokasamþykktinni í september 1975, t.d. varðandi tilkynningarskyldu vegna fjölmennra heræfinga. Í Madridskjalinu frá 1983, en enn meira í Stokkhólmsskjalinu frá því í september 1986 voru stigin stór skref varðandi traustvekjandi aðgerðir til þess að minnka tortryggni og þar af leiðandi hættu á ófriði. Þetta var gert með auknu upplýsingaflæði og gagnsæi svokölluðu, transparency, tilkynningarskyldu vegna fámennari heræfinga og herflutninga en áður, ákvæðum um eftirlitsmenn og síðast en ekki síst skyndieftirliti svo að fátt sé nefnt. Á þessu skal byggja áfram í Vín.

Ef frá eru talin atriði í tillögum Varsjárbandalagsríkjanna um traustvekjandi aðgerðir að því er varðar sjó- og flugheri er margt sameiginlegt í tillögum austurs og vesturs. Í Stokkhólmsskjalinu var tilkynningarskyldan vegna landgönguæfinga samþykkt og miðast hún við 3000 hermenn. Jafnframt var þar stigið fyrsta skrefið varðandi traustvekjandi aðgerðir á höfunum því samþykkt var að flotaæfingar sem tengjast heræfingum á landi í Evrópu skuli tilkynna — lítið skref en þýðingarmikið þó. Sameiginlegt með tillögum austurs og vesturs er m.a. mikil áhersla á gegnsæi á hernaðarsviðinu, hvort sem það er kallað transparency í því fyrrnefnda eða glasnost í því síðarnefnda, upplýsingaskipti, betri aðstöðu eftirlitsmanna, beinar viðræður yfirmanna herja, enn lægri tölur varðandi tilkynningarskyldu um heræfingar og margt fleira.

Virðulegi forseti. Í skýrslu minni kemur fram að vel

hefur miðað á öðrum sviðum afvopnunar. Framkvæmd fyrsta afvopnunarsamningsins á sviði kjarnavopna, samningsins um útrýmingu meðaldrægra kjarnavopna, miðar samkvæmt áætlun. Árangur hefur náðst í viðræðum um helmingsfækkun langdrægra kjarnavopna. Unnið er að allsherjarbanni við efnavopnum og vonir við það bundnar að samningar frá miðjum áttunda áratugnum um takmarkað bann við tilraunum með kjarnavopn taki gildi innan tíðar. Það kemur glöggt fram í skýrslu minni að ég tel að hinir ótvíræðu yfirburðir Sovétmanna á sviði hefðbundinna árásarvopna, þar með talið skriðdreka- og stórskotaliðs, séu ein höfuðorsökin fyrir því að ekki hefur enn tekist að eyða tortryggni í samskiptum austurs og vesturs hingað til á tímabilinu eftir stríð. Þess vegna tókst um það fullt samkomulag milli Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins að í þeim afvopnunarviðræðum sem nú standa yfir í Vín skuli samningar um jafnvægi á sviði hefðbundinna herja hafa forgang. Um það ríkir því ekki ágreiningur í samskiptum austurs og vesturs að forgangsröð afvopnunarviðræðna skuli nú vera þessi: Meiri háttar niðurskurður herja og hefðbundinna vopna á meginlandi Evrópu, jafnhliða samningar um helmings niðurskurð á langdrægum kjarnavopnum og jafnframt allsherjarbann við framleiðslu, geymslu og notkun eiturefnavopna.

Á sama hátt og tortryggni og fjandskapur getur leitt til vígbúnaðarkapphlaups þjóða í milli er gagnkvæmt traust ein af forsendum þess að afvopnunarsamningar beri tilætlaðan árangur. Af þessum sökum er aldrei raunhæft að aðskilja afvopnunarmál og aðra þætti alþjóðamála í heild sinni. Við gerð afvopnunarsamninga er því nauðsynlegt að taka mið af því pólitíska andrúmslofti sem ríkjandi er hverju sinni. Einnig verður að gæta þess að tilraunir til að bæta sambúð ríkja með afvopnunarsamningum verði ekki á kostnað réttmætra öryggishagsmuna. Í skýrslu minni vek ég einmitt athygli á því að innan Atlantshafsbandalagsins er nú unnið að því að móta verkefnaskrá í afvopnunarmálum með sérstöku tilliti til varnarþarfa bandalagsríkjanna í heild.

Slysið á Vestur-Barentshafi 7. apríl sl. er eldur kviknaði í kjarnorkuknúnum sovéskum árásarkafbáti og hann sökk er Íslendingum áminning um þá hættu sem lífríki sjávarins kringum landið getur stafað af aukinni umferð kjarnorkukafbáta. Hinn 13. apríl sl. gerði ég Alþingi ítarlega grein fyrir afskiptum íslenskra stjórnvalda af kafbátsmálinu. Slysið hefur orðið kveikja að umræðum um vígbúnaðareftirlit á höfunum umhverfis Ísland, bæði hér á landi og í grannlöndum okkar. Hér er um að ræða hvort tveggja í senn vistfræðilega hagsmuni og öryggishagsmuni íslensku þjóðarinnar. Íslendingum er það augljóst lífshagsmunamál að vernda lífríki hafsins sem þjóðin byggir afkomu sína á. Mengun þekkir engin landamæri. Baráttan gegn mengun hafsins krefst þess vegna náins samstarfs við grannþjóðir okkar sem svipaðra hagsmuna eiga að gæta. Við þurfum að leita alþjóðlegs samstarfs um aðgerðir til að koma í veg fyrir losun úrgangs- og eiturefna í hafið. Það eru einnig lífshagsmunir okkar Íslendinga að samkomulag náist um aðgerðir til að koma í veg fyrir vistfræðileg slys sem svipt gætu í einu vetfangi stoðunum undan íslensku efnahagslífi. Gagnkvæmir samningar um fækkun eða útrýmingu ákveðinna tegunda kjarnorkuknúinna kafbáta og kjarnorkuvopna á og í höfunum mundi stuðla að þessu markmiði.

Eitt meginhlutverk varnarstöðvar Atlantshafsbandalagsins hér á landi er einmitt að hafa eftirlit með ferðum kjarnorkuknúinna kafbáta á Norður-Atlantshafi, þar á meðal árásarkafbáta af því tagi sem um var að ræða 7. apríl sl., þrátt fyrir að óhappið hafi átt sér stað utan íslenska eftirlitssvæðisins.

Á hinn bóginn er einnig brýnt að menn hafi hugfast að varnir Íslands eru að verulegu leyti undir því komnar að unnt sé að vernda siglingaleiðir yfir Norður-Atlantshaf á hættu- og ófriðartímum. Hömlur við starfsemi sem ætlað er að þjóna þessu markmiði mundu stríða gegn íslenskum öryggishagsmunum. Að þessu leyti má segja að örlög Íslendinga séu samofin örlögum bandamanna þeirra í Vestur-Evrópu. Án þeirrar samstöðu sem Ísland leggur af mörkum í varnarsamstarfi vestrænna lýðræðisríkja væri Evrópa lítt verjanleg ef til ófriðar kæmi. Sömuleiðis má færa fyrir því rök að ef ekki tækist að tryggja liðs- og birgðaflutninga til meginlands Evrópu á ófriðartímum yrði þess skammt að bíða að öryggi Íslands yrði alvarlega ógnað.

Það leiðir m.a. af legu Íslands við nyrðri jaðar þessarar lífæðar Atlantshafsbandalagsins að Íslendingar hljóta að móta hugmyndir sínar um vígbúnaðareftirlit á og í höfunum í samráði við bandalagsþjóðir sínar í Atlantshafsbandalaginu. Án slíks samráðs og án fulltingis þeirra ríkja sem eiga og stýra ferðum kjarnorkuknúinna skipa og kafbáta er borin von að tillögur um efnið beri árangur. Ég hef áður lýst þeirri skoðun minni að Íslendingar eigi nú að taka frumkvæði að því ásamt grannþjóðum sínum og bandalagsþjóðum að hefja undirbúning að næsta áfanga afvopnunarmála sem ætti að stefna að gagnkvæmum samningum um stöðvun vígbúnaðarkapphlaups á höfunum, fækkun kjarnorkuknúinna skipa og takmörkun á umferð með kjarnavopn á höfunum, traust eftirlit með vígbúnaði og traustvekjandi aðgerðir í líkingu við þær sem þegar hefur náðst samkomulag um í Vínarviðræðunum.

Ljóst er að við Íslendingar höfum tvenns konar hagsmuna að gæta þar sem vígbúnaður á höfunum er annars vegar, umhverfishagsmuna og öryggishagsmuna. Til áréttingar þeirri skoðun minni að þessir hagsmunir þurfi ekki að rekast á vil ég geta þess að innan vébanda Atlantshafsbandalagsins er ýmislegt á döfinni eða hefur þegar verið gert sem stuðlað gæti að því að draga úr þeirri ógn sem lífríkinu kann að stafa af vígbúnaði á og í höfunum.

Í fyrsta lagi er nú unnið að samningi um 50% niðurskurð langdrægra kjarnavopna í START-viðræðunum svonefndu en slíkur samningur mundi hafa í för með sér verulega fækkun kjarnorkukafbáta á

norðurhöfum að öllum líkindum. Sökum þess hve sjóherir eru hreyfanlegir mundi ekki vera raunhæft að semja um svæðisbundinn niðurskurð. Fækkun á norðurhöfum verður því að eiga sér stað innan ramma allsherjarsamnings um afvopnun á höfunum, en talið er að um 30% þeirra 50 þús. kjarnavopna sem til eru séu á skipum og í kafbátum. Í skýrslu minni vek ég máls á því að það sé sérstakt hagsmunamál Íslendinga að START-viðræðurnar beri ávöxt. Ekki er síst mikilvægt að START-samningarnir verði til þess að skorður verði reistar við langdrægum stýriflaugum sem flutt geta kjarnavopn, en Sovétmenn eru um þessar mundir að þróa nýja gerð þessara flauga.

Á sviði sjóherja hefur fjölmargt verið gert nú þegar til að draga úr spennu og efla traust. Má t.d. nefna árlegar tilkynningar Atlantshafsbandalagsins og einstakra aðildarríkja um æfingar, samningsbundnar viðvaranir til sjó- og fluglíða vegna umsvifa sem stafað gæti hætta af, alþjóðlegan fjarskiptabúnað og sérstaka miðstöð stórveldanna frá 1987 sem ætlað er að draga úr hættunni á átökum með kjarnavopnum. Árið 1972 gerðu Bandaríkjamenn og Sovétmenn einnig samning um aðgerðir til að koma í veg fyrir slys á höfunum, en hann skuldbindur samningsaðila til að forðast athæfi sem talist gæti ögrandi og kveður á um reglur sem gera eiga samningsaðilum kleift að athafna sig án árekstra. Bretar, Frakkar og Vestur-Þjóðverjar hafa þegar gert hliðstæða samninga við Sovétmenn og í undirbúningi eru samningar Sovétmanna og Norðmanna.

Þrátt fyrir að vígbúnaðareftirliti á og í höfunum hafi þannig verið sinnt með ýmsum hætti fer því víðs fjarri að nóg hafi verið að gert. Sú hætta blasir við að umtalsverður árangur í samningsbundinni afvopnun á meginlandi Evrópu geti freistað stórveldanna til að auka vígbúnað sinn á sjó og í höfunum í staðinn. Ég er því þeirrar skoðunar að Íslendingar eigi í samstarfi við nánustu bandalagsþjóðir sínar að taka sérstakt frumkvæði í þessum málum. Um leið munum við hafa hugfast að öryggi íslensku þjóðarinnar á hættu- eða ófriðartímum er því háð að unnt sé að vernda siglingaleiðir yfir Norður-Atlantshafið, hvort heldur er til aðfanga eða útflutnings þjóðarinnar.

Vitað er að á vegum varnarmálaráðuneyta einstakra ríkja Atlantshafsbandalagsins hefur þegar verið unnið talsvert starf við að meta hugmyndir og tillögur um aðgerðir til að draga úr hættu á vígbúnaði á og í höfunum og auka gagnkvæmt traust í samskiptum ríkja. Meðal slíkra hugmynda má nefna takmarkanir á flotaæfingum, bann við ákveðnum tegundum vopna um borð í kafbátum og takmarkanir á fjölda annarra vopna, lokun svæða fyrir umferð kjarnorkuknúinna skipa, tilkynningarskyldu vaðandi umferð slíkra skipa, gagnkvæmir eftirlitsaðilar verði við æfingar, samið verði um gagnkvæmar samskiptareglur, gagnkvæmar reglur um öryggisútbúnað, gagnkvæmar viðræður um búnað, aðferðir og hegðunarmynstur.

Sérfróðum aðilum ber saman um að framkvæmd og eftirlit afvopnunar á og í höfunum sé eðli málsins samkvæmt einn flóknasti og vandmeðfarnasti þáttur afvopnunarviðræðna. Engum stendur þó nær en þeim þjóðum sem beinlínis byggja afkomu sína á lífríki hafsins að knýja á um að slíkar samningaviðræður verði undirbúnar og að þær hefjist. Það er m.a. tilgangur nýbirtra tillagna um endurskipulagningu utanríkisþjónustunnar að fela sérstökum starfsmönnum þjónustunnar frumkvæði og ábyrgð á slíku undirbúningsstarfi, bæði að því er varðar alþjóðasamstarf að vörnum gegn mengun hafsins sem og að þessum þætti afvopnunarmála. Það er gert með vísan til þeirrar yfirlýstu stefnu að íslenska ríkið hafi í þjónustu sinni sérfróða aðila til að leggja sjálfstætt mat á öryggishagsmuni þjóðarinnar út frá bæði tæknilegum og pólitískum forsendum.

Í framhaldi af þessu vek ég athygli á því að í fyrirlestri í Kanada þann 19. mars sl. hefur varnarmálaráðherra Noregs, Johan Jörgen Holst, látið í ljós þá skoðun að tími sé til kominn að taka afstöðu til tillagna um verulega fækkun og jafnvel algert bann við umferð kjarnorkuknúinna árásarkafbáta í höfunum. Í umræddum fyrirlestri lýsir norski varnarmálaráðherrann þeirri skoðun sinni að sovéskir kafbátar séu sérstök ógnun við verndun siglingaleiða yfir Atlantshafið milli Bandaríkjanna og Evrópu. Verndun þessara siglingaleiða verði enn þá mikilvægari eftir að samkomulag hafði tekist um niðurskurð hefðbundins herafla í Evrópu. Bann við umferð kjarnorkuknúinna árásarkafbáta eða fækkun þeirra muni draga úr ógninni við að halda þessum siglingaleiðum opnum og stuðli þannig að auknu öryggi bandalagsþjóða. Varnarmálaráðherrann heldur því fram að það hljóti að vera báðum bandalögunum í hag að ná fram gagnkvæmum heildarsamningum um minni vígbúnað á og í höfunum og eftirlit með honum, ekki með svæðisbundnum samningum heldur heildarsamningum sem falli inn í afvopnunarviðræðurnar í heild. Undir þessi orð varnarmálaráðherra Norðmanna tek ég mjög eindregið.

Burt séð frá ráðstöfunum sem gerðar hafa verið til að hafa áhrif á uppbyggingu sjóherja og starfsemi þeirra hefur kafbátsslysið við Bjarnarey orðið til að vekja spurningar um öryggisbúnað kjarnorkukafbáta og hugsanleg áhrif af völdum geislavirkni ef slys verða. Ég tel afar mikilvægt að Íslendingar séu í aðstöðu til að meta slíka hættu sjálfir og geti fjallað um þessi mál af yfirveguðu raunsæi.

Í greinargerð með þáltill. um kjarnorkuafvopnun á norðurhöfum, sem fram kom á Alþingi nýlega, var fullyrt að talið væri að á árunum 1965–1977 hefðu orðið 380 slys og hættuleg atvik sem tengdust kjarnavopnum bandarískra sjóhersins. Mér er ókunnugt um hvaðan flm. tillögunnar höfðu þessar upplýsingar, enda er heimilda ekki getið. Samkvæmt heimildum bandarískra sjóhersins sem utanrrn. hefur aflað sér hafa orðið mun fleiri atvik, „incidents", eða 628 talsins á tímabilinu 1965–1986. Það sem flm. hefur hins vegar láðst að gera grein fyrir er skilgreining sjóhersins á hugtakinu „atvik" eða „incident". Þegar

sjóherinn talar um atvik á hann við ósamræmi, galla eða frávik sem ekki skapar hættu og krefst þess ekki að yfirmenn hafi afskipti af. Slík atvik eða „incidents" geta átt sér stað þar sem raunveruleg kjarnavopn eiga í hlut en þau geta einnig átt við um eftirlíkingar eða tilraunabúnað þar sem engin kjarnavopn koma nærri. Dæmi um atvik í hópi þeirra 628 atvika sem ég nefndi hér á undan eru rispa á málningu æfingaskotbúnaðar, sprunginn hjólbarði flutningatækis eða þegar vélflauta gefur ástæðulausa viðvörun og sjálfvirkur eldslökkvibúnaður fer af stað af litlu tilefni.

Óhætt er því að fullyrða að þær upplýsingar sem fram koma í greinargerð flm. umræddrar tillögu gefa óraunhæfa og ýkta mynd af kjarnorkuóhöppum sem átt hafa sér stað hjá bandaríska sjóhernum. Ekki er vitað um nein óhöpp með kjarnavopn hjá bandaríska sjóhernum sem ógnað hafa óbreyttum borgurum eða náttúrlegu umhverfi. Bæta má því við að samkvæmt greinargerð sem yfirmaður flotastjórnar Atlantshafsbandalagsins lét utanrrn. í té að ósk utanrrn. í febrúar sl. og nýlega hefur verið dreift til íslenskra fjölmiðla í íslenskri þýðingu, þá hefur aldrei átt sér stað kjarnorkuslys á þeim 35 árum sem kjarnorkuknúin skip hafa verið í notkun. Frá árinu 1955 hafa kjarnorkuknúin skip bandaríska flotans siglt 78 millj. sjómílur og hefur notkun þeirra á kjarnaofnum verið metin sem 3500 svokölluð kjarnaofnaár.

Í samtali mínu við sendiherra Sovétríkjanna á Íslandi fyrr í mánuðinum óskaði ég eindregið eftir því að Sovétmenn létu okkur í té hliðstæða greinargerð að því er varðar öryggi og slysatíðni sovéska kjarnorkukafbátaflotans, en því miður hefur sú greinargerð ekki borist.

Ég vil einnig nota tækifærið og koma því á framfæri að samkvæmt upplýsingum sem sendiráð Íslands í Osló hefur eftir norska varnarmálaráðuneytinu hyggjast Norðmenn á næstunni birta leynilega skýrslu frá árinu 1986 um hugsanlegar afleiðingar af slysum á kjarnorkukafbátum. Í skýrslunni er fjallað um öryggisbúnað, hvort tveggja kjarnaofna og kjarnaeldflaugar, um borð í kafbátum og komist að þeirri niðurstöðu að möguleikarnir af geislavirkni frá sokknum kafbáti á hafsbotni séu eins og þar segir „óverulegir".

Ástæða þess að ég vek svo rækilega athygli á þessum staðreyndum er ekki sú, alls ekki sú að ég vilji gera lítið úr þeirri hættu sem lífríki hafsins kann að stafa af kjarnorkuslysi á norðurhöfum, þvert á móti. Ég tel að Íslendingar eigi að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að draga úr hugsanlegum vístfræðilegum slysum af völdum kjarnorkuknúinna kafbáta á hafsvæðunum kringum landið. Ég lít á það sem skyldu íslenskra stjórnvalda að gera allt sem í þeirra valdi stendur á alþjóðavettvangi til þess að veitt verði það aðhald sem dugir í þessum efnum.

Ég hef einnig beitt mér fyrir því að skipulagsmál sem lúta að viðbrögðum við slíkum slysum verði endurskoðuð hér innan lands. Að frumkvæði utanrrn. hefur þegar verið efnt til funda ráðuneytisins með fulltrúum dómsmrn., lögreglustjórnar, Landhelgisgæslu, Almannavörnum og Geislavörnum til þess að gera úrbætur á boðleiðum innan stjórnkerfisins.

Ég leyfi mér að minna á að alþjóðasamningar um umhverfisvernd hafa litla þýðingu ef framkvæmdina skortir. Mikilvægt er því að tryggja að gerðir samningar séu virtir í hvívetna. Vegna atviksins á Vestur-Barentshafi 7. apríl sl. vil ég benda á að samningur Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar, sem Sovétríkin eru aðili að, kveður á um skyldu ríkja til að tilkynna um sérhvert slys þar sem geislavirk efni berast út eða eru talin geta borist út yfir landamærin til annarra ríkja. Sovétmenn töldu sig hins vegar ekki bundna þessu ákvæði þar eð þeir töldu sjálfir útilokað að hætta af völdum geislavirkni væri á ferðinni. Atvikið sýnir því að einstök ríki kunna að líta svo á að þeim sé í rauninni í sjálfsvald sett að meta hættuna af slíkum slysum. Til þess að úr þessu verði bætt hef ég litið svo á að frekari umræður ættu að eiga sér stað á alþjóðavettvangi um hugsanlegar afleiðingar kjarnorkuslysa. Ég tel eðlilegt að málið verði t.d. tekið upp í umhverfismálanefnd Atlantshafsbandalagsins sem ég vík stuttlega að í skýrslu minni. Ég vil einnig benda á að í ráði er að halda sérstaka ráðstefnu um umhverfismál á höfunum á vegum þessarar nefndar í Osló síðar á þessu ári.

Dæmi um alþjóðlegt samstarf á vettvangi umhverfismála sem miklar vonir eru bundnar við í framkvæmd er Vínarsamningurinn um verndun ósonlagsins. Alþingi hefur nú til umfjöllunar þáltill. um staðfestingu Vínarsamningsins um verndun ósonlagsins og Montreal-bókun um efni sem valda rýrnun á ósonlaginu. Ósonþynningin hækkar hitastig í lofthjúpi jarðar. Menn eru almennt sammála um að áhrif þess verði þegar til lengdar lætur síst minni en þau áhrif sem verða vegna aukinnar geislunar.

Norðurlöndin hafa látið sig varða eyðingu ósonlagsins. T.d. samþykkti norræna ráðherranefndin áætlun um aðgerðir til að draga úr notkun efna sem eyða ósonlaginu á fundi sínum í Stokkhólmi 7. okt. 1987. Aukaþing Norðurlandaráðs samþykkti í Danmörku 16. nóv. 1988 áætlun sem leggur til að gengið verði hraðar fram í að draga úr notkun ósoneyðandi efna en gert er ráð fyrir í áætlun ráðherranefndarinnar. Það er yfirlýstur vilji núv. ríkisstjórnar að taka umhverfismálin fastari tökum en verið hefur hingað til. Stjórnarfrumvarp um sérstakt umhverfismálaráðuneyti er til marks um það sem og önnur mál, um svæðisbundna gróðurvernd, fjarlægingu einnota umbúða, endurvinnslu brotamálma o.fl.

Virðulegi forseti. Áhrifanna af batnandi sambúð stórveldanna hefur gætt ekki síst þar sem unnið hefur verið að lausn ýmissa langvarandi svæðisbundinna deilumála. Samkomulagið um brottflutning sovésks herliðs frá Afganistan, sem undirritað var í Genf í apríl í fyrra, hlýtur að teljast til stórviðburða ársins. Brottflutningurinn hófst 15. maí og lauk fyrir tilsettan tíma. Fullyrða má að endalok hersetu Sovétmanna í landinu hafi orðið til að bæta andrúmsloftið í

alþjóðamálum verulega, en það spilltist mjög við innrás Sovétmanna í Afganistan 1979.

Endir hefur hins vegar ekki verið bundinn á borgarastyrjöldina í landinu. Leppstjórn Sovétmanna í Kabúl stendur mjög höllum fæti og er talið líklegt að hersveitum Muhajeddins takist áður en langt um líður að steypa henni af stóli. Höfuðverkefnið í Afganistan er nú hins vegar fyrst og fremst að reisa landið úr rústum styrjaldarinnar. Talið er að sovéski herinn hafi skilið eftir sig ótölulegan fjölda jarðsprengja í landinu. Enn fremur er brýnt að finna lausn á vanda afganskra flóttamanna. Þeir eru nú meira en 5 millj. manna, þar af meiri hlutinn búsettur í Pakistan. Ríkisstjórn Íslands hefur ákveðið að leggja fram sitt fjárframlag til að styrkja hjálparstarfið í Afganistan á árinu.

Hinn 18. ágúst sl. gerðust þau stórtíðindi í styrjöld Írana og Íraka að íranska stjórnin tilkynnti að hún hefði fallist án skilyrða á ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 598 20. júlí 1987 um vopnahlé í Persaflóastríðinu. Fram að þeim tíma höfðu friðarumleitanir engan árangur borið vegna þess að Íranir settu alltaf það skilyrði fyrir friðarviðræðum að Írakar yrðu fordæmdir og þeim refsað fyrir að eiga upptök að stríðinu. Talið er að samtals um 1,5 millj. manna hafi farist í þessari átta ára tilgangslausu styrjöld og að kostnaður beggja ríkja af stríðinu hafi verið um það bil 200 milljarðar bandaríkjadala.

Farið er að hilla undir lausn Namibíumálsins, en þáttaskil urðu í því máli hinn 28. desember á sl. ári þegar þríhliða samningur var undirritaður af Angóla, Suður-Afríku og Kúbu annars vegar og tvíhliða samningur milli Angóla og Kúbu hins vegar. Samningsaðilar féllust á að framkvæmd ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 435 skyldi hefjast þann 1. apríl sl. Ályktunin felur í sér áætlun um frjálsar kosningar í Namibíu undir eftirliti Sameinuðu þjóðanna og að landið verði sjálfstætt með friðsamlegum hætti. Einnig sömdu ríkin um brottflutning kúbanskra hermanna frá Angóla. Sameinuðu þjóðirnar voru ekki aðilar að samningunum tveimur þar sem þær hafa ekki viðurkennt þá kröfu Suður-Afríku að brottflutningur kúbanskra hermanna frá Angóla sé skilyrði fyrir sjálfstæði Namibíu.

Þegar þinghlé var gert á 43. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 22. des. sl. var ákveðið að Palestínumálið yrði áfram á dagskrá 43. allsherjarþingsins. Málið kom að nýju á dagskrá er kosningar fóru fram um dómara í alþjóðadómstólinn í Haag þann 18. þ.m. er Saudi-Arabía fór fram á að Palestínumálið yrði tekið fyrir að nýju á þinginu. 26 lönd fluttu ályktunartillögu um málið sem fól í sér fordæmingu á aðgerðum Ísraela vegna atburða er urðu í bænum Nahali þann 13. apríl sl. er óbreyttir borgarar létust og særðust í átökum við ísraelska herinn.

Ég taldi nauðsynlegt að taka undir fram komnar óskir um að ísraelsk stjórnvöld haldi herliði sínu svo í skefjum að það valdi ekki manndrápum á varnarlausum borgurum sem aftur hafi neikvæð áhrif á möguleikann á friðsamlegri lausn á þessu erfiða deilumáli. Ég fól því fastanefnd okkar hjá Sameinuðu þjóðunum að greiða þessari tillögu atkvæði en flytja jafnframt viðaukatillögu við ályktunina þar sem báðir deiluaðilar voru hvattir til að forðast ofbeldisverk sem gætu stofnað tilraunum til að ná varanlegum friði í hættu. Tillagan var í svipuðum dúr og anda og t.d. ályktanir Evrópuráðsins um sama málefni fyrr. Nauðsyn bæri til að báðir aðilar virtu grundvallarréttindi hvors annars, þar á meðal tilverurétt Ísraels og réttinn til að búa innan öruggra og viðurkenndra landamæra og hins vegar afdráttarlaus viðurkenning á sjálfsákvörðunarrétti Palestínumanna og sá réttur yrði virtur. Varafastafulltrúi Íslands hvatti og til þess að alþjóðleg friðarráðstefna um Mið-Austurlönd yrði kölluð saman með beinni þátttöku allra hlutaðeigandi aðila. Þessari viðaukatillögu Íslands var vísað frá og lýsir það best þeirri hörku og óbilgirni sem einkennir þessi átök. Tillaga Íslands hlaut hins vegar stuðning 23 ríkja vesturlandahópsins svokallaða, þar á meðal stuðning allra Norðurlandaþjóðanna.

Við þau atriði er fram koma í skýrslu minni um Mið-Austurlönd hef ég því að bæta að íslensk stjórnvöld hafa fylgt þeirri reglu að viðurkenna aðeins ríki en ekki ríkisstjórnir sérstaklega. Það ríki sem palestínska þjóðarráðið lýsti yfir hefur ekki hlotið þjóðréttarhæfi og alþjóðlega viðurkenningu. Það uppfyllir ekki sett skilyrði fyrir viðurkenningu samkvæmt viðteknum alþjóðalögum.

Við Íslendingar höfum stutt hugmyndina um að alþjóðleg friðarráðstefna verði haldin til að koma á varanlegum friði í Mið-Austurlöndum. Þar verði ályktanir öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 242 og 338 lagðar til grundvallar lausn til friðar. Í þeim felst viðurkenning á lögmæti og rétti allra ríkja á svæðinu til að lifa innan öruggra landamæra. Aðeins friður getur tryggt öryggi. Virða verður tilverurétt Ísraelsríkis jafnt og rétt Palestínumanna til að búa í friði og öryggi og rétt þeirra til sjálfsákvörðunar.

Til að forðast misskilning um afstöðu Perezar, formanns verkamannaflokksins í Ísrael, eins og henni er lýst neðst á bls. 31 í skýrslu minni vil ég taka fram að Perez hefur ekki sagt beint að hann vilji viðræður við PLO-samtökin. Hann hefur hvatt til viðræðna við Palestínuaraba, en liggur þó sjálfsagt í augum uppi að það er það sem hann á við. Á undanförnum dögum hafa reyndar borist út fréttir um beinar viðræður Ísraelsmanna og PLO í Kaíró.

Á undanförnum árum hefur oft verið haft á orði að Sameinuðu þjóðunum hafi mistekist að uppfylla þær vonir sem við þær voru bundnar í upphafi. Víst er að sú framtíðarsýn um alþjóðaöryggi sem birtist í stofnskrá samtakanna hefur enn ekki orðið að veruleika. En viðhorf manna til Sameinuðu þjóðanna virðast smám saman vera að breytast. Árangur sá sem orðið hefur nýlega á vettvangi svæðisbundinna deilumála hefur aukið trú manna á hlutverk samtakanna og glætt þau nýju lífi. Ánægju vekur að friðargæslusveitum Sameinuðu þjóðanna skuli á síðasta ári hafa verið veitt friðarverðlaun Nóbels.

Virðulegi forseti. Stefna Íslendinga í öryggis- og

varnarmálum, sem er grundvallaratriði en byggist á aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu og á varnarsamningum við Bandaríkin, hefur reynst farsæl í framkvæmd. Frelsi okkar, fullveldi og sjálfsákvörðunarréttur hefur verið tryggt og við höfum notum friðar í okkar heimshluta í bráðum hálfa öld. Í skýrslu minni er ítarlega greint frá starfsemi varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli og starfsemi íslenskra stofnana þar. Samskiptin við varnarliðið hafa verið með eðlilegum hætti, en þau samskipti eru og hljóta ávallt að vera pólitískt viðkvæm og krefjast sífelldrar árvekni. Engum stendur það nær en sjálfum okkur að fylgjast með og tryggja að varnaráætlanir varnarliðsins séu í samræmi við þarfir okkar á hverjum tíma. Við verðum að geta lagt á það sjálfstætt mat. Einnig tel ég sjálfsagt að halda áfram að byggja upp þekkingu Íslendinga sjálfra á tæknisviðum þannig að við getum sjálfir annast ýmsa þá starfsemi tengda vörnum landsins sem Bandaríkjamenn hafa annast til þessa. Að þessu er nú unnið á vegum Ratsjárstofnunar. Einnig er í burðarliðnum að undirbúa Íslendinga til ábyrgðarstarfa við þróun og rekstur hugbúnaðar fyrir hið nýja ratsjárkerfi sem verið er að setja upp. Um það efni vísa ég til skýrslu minnar þar sem fjallað er ítarlega um alla þætti varnarsamstarfsins.

Varðandi framkvæmd varnarsamningsins þykir mér rétt að vekja athygli á tveimur málum. Nú er lokið viðamiklum rannsóknum á mengun vatnsbóla á Suðurnesjum, en rannsóknir þessar hófust í framhaldi af olíumengunarslysi frá árinu 1987 í Ytri-Njarðvík. Á grundvelli niðurstaðna þessarar rannsóknar var efnt til viðræðna við fulltrúa bandarískra stjórnvalda um byggingu nýrrar vatnsveitu á Suðurnesjum. Þeim viðræðum er nú lokið og fyrir liggja samningsdrög um framkvæmdina og fjármögnun hennar, en samningsdrögin bíða endanlegrar staðfestingar stjórnvalda. Framkvæmdir munu hefjast þegar á þessu vori og að því er stefnt að þeim verði lokið á yfirstandandi ári.

Þá skal þess getið að endanlegar ákvarðanir hafa verið teknar varðandi áform um fyrirhugaðar æfingar varaliðs bandaríska landhersins hér á landi á sumri komanda. Umrædd áform urðu sem kunnugt er tilefni langra og ítarlegra umræðna hér á hv. Alþingi fyrr í þessum mánuði. Að lokinni rækilegri athugun á forsögu málsins, á markmiðum æfinganna og fyrirkomulagi hefur utanrrh. ákveðið að heimila að æfingarnar fari fram, en jafnframt tilkynnt bandarískum stjórnvöldum um breytingar á framkvæmdinni sem hér segir:

Varaliðið mun ekki koma til landsins fyrr en 20. júní. Jafnframt hefur þátttakendum í æfingunni verið fækkað um sem svarar þriðjungi þannig að fjöldi þátttakenda er nú minni en verið hefur í ýmsum æfingum sem áður hafa farið fram á varnarsvæðunum. Þá hefur verið ákveðið að fram fari sérstök prófun á samhæfingu fjarskiptakerfa almannavarna og varnarliðsins. Loks hefur það verið tilskilið að allar upplýsingar og áætlanir um slíkar æfingar í framtíðinni verði tilkynntar strax á byrjunarstigi til utanrrn. þannig að ráðuneytið geti í tæka tíð lagt sjálfstætt mat á markmið og framkvæmd slíkra æfinga og tekið endanlegar ákvarðanir um hvort þær verði og þá hvar í samræmi við íslenska öryggishagsmuni. Þess skal getið að þessi ákvörðun hefur verið tilkynnt og rædd við formenn samstarfsflokkanna í ríkisstjórn.

Meginatriði málsins er að nauðsynlegt er, ef nokkurt vit á að vera í þjálfun þessa liðs sem eingöngu miðar að undirbúningi þess að það geti varið landið á hættutímum, að liðið fái tækifæri til að kynnast staðháttum hér á landi. Um er að ræða venjubundna æfingu sem fram fer innan varnarsvæðanna sjálfra og á engan hátt er ögrandi og langt innan við þau mörk hvað mannafla varðar að tilkynna þurfi æfinguna samkvæmt Stokkhólmssamkomulagi RÖSE-ríkjanna.

Til þess að efla öryggi lands og þjóðar á hættutímum er áfram unnið að gerð varnaráætlana sem taka mið af íslenskum hagsmunum og staðháttum. Í vinnslu er úttekt á þeim stöðum á Íslandi sem nauðsynlegt er að vernda á hættutímum. Það er hlutverk íslenskra stjórnvalda að móta áætlanir um hvernig varnarliðið og varalið þess, sem staðsett mun verða hér á landi, verði nýtt ef á þarf að halda. Unnið er að gerð samstarfssamnings milli Landhelgisgæslu og varnarliðs þannig að tryggt sé að Landhelgisgæslunni nýtist sem best vinna og framlag varnarliðsins á slíkum hættutímum. Á þetta við m.a. um björgunaraðgerðir, björgunaræfingar, upplýsingar um ferðir skipa, tundurduflavarnir eða neyðarráðstafanir. Einnig er unnið að undirbúningi á samræmingu neyðaráætlana lögreglunnar við áætlanir varnarliðsins til að hindra að þær muni geta rekist á og til að aðgreina og samhæfa starfssvið hvors aðila um sig. Eitt brýnasta verkefnið er þó samræming neyðaráætlana Almannavarna og varnarliðsins og er það mál nú til nákvæmrar athugunar bæði hjá Almannavörnum og varnarmálaskrifstofu. Undir það fellur notkun sjúkrahúsa, fjarskiptatækja, vega- og flutningatækja og skipti á upplýsingum. Við gerð þessara varnar- og neyðaráætlana er tekið mið af því hvernig slíkum neyðaráætlunum er háttað í grannríkjum okkar, annars staðar á Norðurlöndum og innan annarra ríkja Atlantshafsbandalagsins.

Í samningum við bandarísk stjórnvöld um endurnýjun ratsjárkerfisins sem nú stendur yfir hefur verið lögð mikil áhersla á að Íslendingar tækju sjálfir yfir sem mest af störfum á sviði tækniþjónustu við ratsjárkerfið. Sem kunnugt er hafa íslenskir tæknimenn nú tekið yfir rekstur og viðhald ratsjárstöðvanna á Stokksnesi og Miðnesheiði og munu þessir íslensku tæknimenn vera undir það búnir að annast algerlega rekstur og viðhald hinna fjögurra nýju ratsjárstöðva sem nú eru í byggingu og leysa af hólmi eldri tvær stöðvarnar á næstu tveimur árum. Nýja ratsjárkerfið verður af fullkomnustu gerð sem til er í heiminum og er kjarninn í því viðamikið tölvukerfi, hið fyrsta sinnar tegundar. Ákveðið er að Íslendingar annist hugbúnaðarþjónustu fyrir þetta tölvukerfi.

Í desember sl. var stofnað sérstakt fyrirtæki, Kögun hf., sem mun sem undirverktaki Ratsjárstofnunar annast þessa hugbúnaðarþjónustu. Stofnun þessa fyrirtækis, Kögunar hf., átti sér nokkurn aðdraganda. Leitað var samstarfs og samvinnu við Félag ísl. iðnrekenda og Þróunarfélag Íslands til að laða saman öll þau íslensk fyrirtæki sem að hugbúnaðarmálum vinna til að búa svo um hnúta að sú þekking sem íslenskir sérfræðingar munu öðlast við störf að hugbúnaði ratsjárkerfisins nýtist sem best á öllum sviðum íslensks atvinnulífs. 37 hugbúnaðarfyrirtæki mættu til stofnfundar Kögunar hf. og mun hluthöfum hafa farið ört fjölgandi. Hugbúnaður ratsjárkerfisins verður unninn í svokölluðu ADA-forritunarmáli og er mér tjáð að þegar íslenskir sérfræðingar hafa tekið þátt í þróun hugbúnaðar fyrir ratsjárkerfið og tekið við rekstri þess megi gera ráð fyrir að Íslendingar verði komnir í fremstu röð á þessu sviði hugbúnaðar í heiminum. Fullvíst má telja að þessi þekking muni nýtast á ýmsum sviðum íslensks atvinnulífs og að þessi þekking verði sjálf síðar verðmæt útflutningsvara. Höfð hefur verið samvinna við Háskóla Íslands um nauðsynlega undirbúningsmenntun verk- og tölvufræðinga og er stefnt að því að kennslu í ADA-forritunarmáli verði hleypt af stokkunum í Háskóla Íslands á næsta ári.

Eins og fram kemur í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar verða samskipti Íslendinga við varnarliðið endurskipulögð. Ég hef þegar á þessu þingi svarað fyrirspurn frá hv. þm. Geir Haarde um hvað felst í þessari endurskipulagningu. Eitt af þeim atriðum var að halda áfram athugunum fyrrv. utanrrh. á því með hvaða hætti verktöku fyrir varnarliðið verði best fyrir komið. Ég hef margsinnis í ræðu og riti bent á að núverandi fyrirkomulag þarfnist endurskoðunar og í utanrrn. hafa þau mál verið til ítarlegrar umfjöllunar.

Eftir viðræður við eignaraðila Aðalverktaka hefur náðst samkomulag sem markað getur viss tímamót í sögu varnarliðsframkvæmda. Á aðalfundi Aðalverktaka sem haldið var nú nýlega var staðfest breyting á samþykktum félagsins sem m.a. felur í sér að fjölga verður í stjórn um einn þannig að fulltrúar ríkisins verða þar framvegis tveir. Ríkisvaldið hefur eftir þessar breytingar tvo af fimm stjórnarmönnum og er annar þeirra stjórnarformaður. Jafnframt var bókuð á sama fundi viljayfirlýsing um að teknar verði upp viðræður um breytingar á eignaraðild að fyrirtækinu. Með þessari samþykkt hafa áhrif ríkisvaldsins á stjórn varnarliðsframkvæmda verið aukin verulega sem er í alla staði eðlilegt þar sem Aðalverktakar njóta einokunaraðstöðu í skjóli ríkisvalds. Í framhaldi af þessu verða teknar upp viðræður um hugsanlegar breytingar á eignaraðild og eignarhlutföllum og er það von mín og vissa að um þau atriði geti tekist viðunandi samkomulag.

Virðulegi forseti. Utanríkisviðskipti öðlast stöðugt meiri hlutdeild í utanríkisstefnu Íslands. Íslendingar hafa eins og allir vita mjög einhæft hagkerfi þar sem afkoma okkar er mjög háð fiskveiðum og sölu sjávarafurða og það því mjög viðkvæmt fyrir sveiflum bæði á sjávarafla og á útflutningsmörkuðum. Í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar er vikið sérstaklega að því markmiði að búa íslenskt atvinnulíf undir þær breytingar sem verða á viðskiptaháttum og efnahagsstjórn í Evrópubandalaginu á næstu árum. Sérstaklega verður unnið að því að laga íslenskt atvinnulíf að hinum nýju aðstæðum og tryggja viðskiptaaðstöðu íslenskrar atvinnustarfsemi án aðildar að bandalaginu eins og þar segir.

Hvað varðar önnur viðskiptasvæði okkar hefur því verið hreyft við Bandaríkjamenn að taka upp viðræður um fríverslunarsamning milli landanna. Enn fremur er mikill áhugi á að efla viðskipti við Austurlönd fjær, einkum Japan sem nú þegar er orðið þýðingarmikill útflutningsmarkaður. Lögð verður áhersla á að fylgjast sem best með breytingum sem boðaðar hafa verið á viðskiptaháttum í ýmsum Austur-Evrópuríkjum sem kunna að hafa veruleg áhrif á utanríkisverslun þeirra, en eins og kunnugt er hefur verslun við nokkur ríki Austur-Evrópu verið mikilvægur þáttur í utanríkisviðskiptum okkar.

Það hefur ekki farið fram hjá neinum að síðan Lúxemborgaryfirlýsing ráðherra EFTA-ríkja og utanríkisráðherra Efnahagsbandalagslandanna og framkvæmdastjórnar þess var gefin út árið 1984 hefur EFTA og hinn fyrirhugaði innri markaður Evrópubandalagsins verið sívaxandi þáttur í utanríkisstefnu okkar. Í fjárlögum yfirstandandi árs er gert ráð fyrir nokkuð auknum fjármunum vegna sívaxandi starfs í sambandi við samninga ríkja EFTA og Evrópubandalagsins. Gera má ráð fyrir því að samningsgerð og samskipti við Evrópubandalagið verði þýðingarmikið atriði í utanríkisstefnu Íslendinga þar til áætluninni um að koma á sameiginlegum innri markaði þess lýkur í árslok árið 1992.

Í júní á sl. ári í tíð forvera míns var efnt til ráðherrafundar EFTA í Tampere í Finnlandi. Á fundi ráðherranna með Willy de Clercq, þeim fulltrúa í framkvæmdastjórn EB sem sá um utanríkismál bandalagsins á þeim tíma, var ítrekaður vilji til aukins samstarfs milli þessara tveggja viðskiptaheilda í Evrópu. Þá voru ákveðin ný forgangsverkefni samstarfsins. Með þessum nýju forgangsverkefnum nálguðust formleg samstarfsverkefni EFTA og Efnahagsbandalagsins þriðja tug talsins og í dag eru þau þessi: Endurbætur og einföldun upprunareglna. Gagnkvæm viðurkenning á prófunum og vottun gæðakerfa. Höfundarréttur á sviði hugbúnaðar og iðnaðar. Afnám viðskiptatruflandi ríkisstyrkja. Útboð opinberra innkaupa. Afnám útflutningstakmarkana. Jöfnunargjald á iðnaðarvörur sem í eru landbúnaðarhráefni og falla undir fríverslunarsamninga. Auðveldari viðskipti með tilkomu aukinnar tölvuvæðingar. Verndun höfundarréttar á hálfleiðurum, tölvukubbum. Lögsaga og fullnusta dóma. Vöruábyrgð. Ólögmætar eftirlíkingar vöru. Fjármagnsþjónusta. Fjármagnshreyfingar. Umflutningsreglur, þ.e. svokallað transit. Umhverfismál. Menntun og starfsþjálfun. Rannsóknir og þróun. Skattlagning einstaklinga og óbeinir skattar. Neytendamál. Ný

tækni og þjónusta. Fyrirtækjalöggjöf. Fjarskiptamál. Heilbrigðisreglugerðir vegna dýra og plantna. Samgöngur, einkum flugsamgöngur og sjóflutningar. Eftirlit með flutningi fólks milli landa og einföldun landamæraeftirlits.

Á Tampere-fundinum var enn einu sinni til umræðu alger fríverslun með fisk og sjávarafurðir innan EFTA. Á fundinum var ákveðið að koma á fót nefnd hátt settra embættismanna til að undirbúa tillögur um slíka fríverslun og á nefndin að skila lokaskýrslu á ráðherrafundi EFTA Í Kristianssand í Noregi í júní nk. Nefndin hefur haldið nokkra fundi og á fundi hennar í marsbyrjun hafði náðst samstaða um flest atriði málsins nema þá kröfu Finna að lax og Eystrasaltssíld kæmi ekki undir fríverslun. Þessar fisktegundir eru veigamesti þáttur þeirra veiða. Þetta var óaðgengilegt vegna þess að það hefði haft í för með sér kröfur annarra ríkja um hliðstæð frávik frá fríverslun með fisk og aðrar sjávarafurðir.

Á leiðtogafundi EFTA í Osló 14.–15. mars sl. voru þessi deilumál tekin fyrir og útkljáð. Samkomulag náðist um að tryggja að fríverslun með fisk og aðrar sjávarafurðir verði komið á og komi til framkvæmda 1. júlí árið 1990 með fáeinum tímabundnum undantekningum.

Í janúar sl. flutti Jacques Delors, forseti framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins, ræðu á Evrópuþinginu þar sem hann vék að hugmyndum sínum um enn frekara samstarf EFTA og Efnahagsbandalagsins þar sem hann taldi að um tvo kosti væri að ræða, annars vegar að halda sig við núverandi samskiptahætti, þ.e. tvíhliða samskipti Efnahagsbandalagsins við hvert EFTA-ríkjanna út af fyrir sig, hins vegar að ganga til mun víðtækara samstarfs en áður var talið koma til greina. Í því efni verði lögð áhersla á hinn pólitíska þátt á sviði efnahagsmála, félagsmála, fjármála og menningarmála eða á sem flestum sviðum nema í öryggismálum og stjórnmálum.

Á sl. ári höfðu Norðmenn boðað til leiðtogafundar EFTA-ríkjanna í mars 1989 til að ræða framtíðarsamstarf EFTA-ríkjanna og samskipti þeirra við Evrópubandalagið. Viljayfirlýsing leiðtogafundar Evrópubandalagsríkjanna á Rhodos í desember árið 1988 um nánara samstarf við EFTA og fyrrnefnd ræða Delors urðu til þess að leiðtogafundur EFTA-ríkjanna fjallaði ítarlegar um eflingu innviða EFTA og framhald samskipta samtakanna við Evrópubandalagið. Í viljayfirlýsingu fundarins kom fram að EFTA-ríkin væru reiðubúin að efna til könnunarviðræðna við Efnahagsbandalagið um alla þætti innri markaðar bandalagsins, þ.e. óhindruð vöruviðskipti, þjónustuviðskipti, fjármagnsþjónustu og flutning fólks milli landa að því marki sem unnt væri.

Í ræðu sinni á leiðtogafundinum undirstrikaði hæstv. forsrh., Steingrímur Hermannsson, að Íslendingar væru reiðubúnir til samninga um fullt frelsi í vöruviðskiptum, en hefðu ýmsa fyrirvara um hin atriðin þrjú vegna einhæfs efnahagslífs og fámennis þjóðarinnar. Hins vegar væru þeir reiðubúnir til fullrar þátttöku í ýmsum öðrum málaflokkum þar sem stefnt væri að nánari samvinnu, m.a. á sviði vísinda, menntunar og umhverfismála.

Utanríkisráðherrar EFTA-ríkjanna og ríkja Efnahagsbandalagsins héldu síðan fund í Brussel 20. mars sl. Þar kom fram almennur vilji til að efla samstarfið og hefja könnunarviðræður sem fyrst. Jafnframt var ákveðið að efna á ný til ráðherrafundar fyrir árslok til að fylgja þeim málum eftir. Á þessum fundi tók ég fram í ræðu minni að með fullu frelsi í viðskiptum milli EFTA og Efnahagsbandalagsins ættu Íslendingar að sjálfsögðu við að slíkt frelsi næði einnig til allra sjávarafurða.

Fimmtudaginn 20. apríl sl. átti ég viðræður við Frans Andriessen, meðlim framkvæmdastjórnar Efnahagsbandalagsins sem fer með utanríkismál. Umræðurnar snerust einkum um hvað tæki við í samskiptum EFTA og EB í framhaldi af Oslóaryfirlýsingu leiðtoga EFTA-ríkjanna og utanríkisráðherrafundi EFTA og EB í Brussel í sl. mánuði. EFTA-ráðið hefur nú með formlegum hætti tilkynnt að það sé tilbúið að hefja óskuldbindandi viðræður á grundvelli Oslóaryfirlýsingarinnar. Næstkomandi föstudag verður sett á laggirnar sérstök nefnd æðstu embættismanna beggja aðila til að kortleggja og skipuleggja þessar viðræður til loka ársins. Stefnt er að því að setja á laggirnar fjóra starfshópa embættismanna og sérfræðinga til að fjalla um „frelsin fjögur", þ.e. vöruviðskipti, þjónustuviðskipti, fjármagnsmarkað og vinnumarkað. Tveir til þrír starfshópar verði síðan settir á laggirnar til að fjalla um ný samstarfsverkefni, t.d. vísindarannsóknir, æðri menntun, mengunarvarnir o.fl. Þessir starfshópar hafa fyrst og fremst þau verkefni á sinni könnu að skilgreina viðfangsefnin og lýsa tillögum um lausnir, þar með talið um lagaleg atriði, skipulagsmál, eftirlit með framkvæmd og aðferðir við úrskurð ágreiningsefna. Að því er stefnt að þessu undirbúningsstarfi verði lokið fyrir októberlok og niðurstöðurnar verði þá lagðar fyrir sameiginlegan utanríkisráðherrafund EFTA og Efnahagsbandalagslandanna í seinni hluta nóvembermánaðar á þessu ári. Þessi skjótu viðbrögð af hálfu Efnahagsbandalagsins við Oslóaryfirlýsingunni þýða að miklar kröfur verða gerðar til forustu Íslendinga fyrir ráðherranefnd EFTA-ráðsins á seinni hluta þessa árs.

Á árinu var sett á fót samstarfsnefnd allra ráðuneyta undir forustu utanrrn. til að mæta stöðugt vaxandi fjölda verkefna sem tengjast samstarfi EFTA-ríkjanna við Efnahagsbandalagið. Hlutverk samstarfsnefndarinnar er að tryggja að verkefnunum sé sinnt eins og þörf er á. Í þessu sambandi hefur útflutningsráð tekið að sér að vera tengiliður við atvinnulífið. Á árinu var enn fremur stofnuð nefnd þingmanna til að gera tillögur til Alþingis um stefnu íslenskra stjórnvalda í málefnum EFTA og Evrópubandalagsins. Hefur hún sent frá sér nokkrar greinargerðir um ýmsa þætti þessara mála og gert er ráð fyrir lokaskýrslu nú í vor.

Á árinu 1988 miðuðu Uruguay-viðræður GATT, Alþjóðatollamálasamkomulagsins, fyrst og fremst að

því að leggja grunn að samningagerð aðildarríkjanna sem vonast er til að hefjist síðari hluta yfirstandandi árs og ljúki fyrir árslok 1990. Í þessum viðræðum bíða mörg mál úrlausnar, en eins og fram kom á ráðherrafundi GATT í Montreal í desember sl. eru það einkum landbúnaðarmál sem hafa reynst erfið viðfangs. Í Montreal var m.a. rætt um þrjár leiðir til að draga úr viðskiptahindrunum með landbúnaðarafurðir.

1. Skammtímaaðgerðir sem miða að því að frysta og jafnvel lækka styrki til landbúnaðar.

2. Langtímaaðgerðir sem miða að því að fella niður innan ákveðins tíma alla beina styrki til landbúnaðar.

3. Að samræma heilbrigðisreglugerðir til að koma í veg fyrir að þær verði notaðar sem dulbúin viðskiptahindrun.

Samkomulag náðist ekki um þessi atriði í Montreal, en í Genf 5.–9. apríl sl. náðist samkomulag sem felur m.a. í sér:

1. Skammtímaaðgerðir grundvallist á tímabundnum ráðstöfunum sem gildi þar til þessum viðræðum lýkur í árslok 1990 og á þeim tíma verði styrkir til landbúnaðar ekki auknir frá því sem verið hefur.

2. Samkomulag um það langtímamarkmið að semja um að draga úr styrkjum og vernd landbúnaðar í áföngum.

3. Samkomulag varð um að aðildarríkin setji sér það langtímamarkmið að samræma heilbrigðislöggjöf í landbúnaði.

Þegar litið er á þróun viðskipta á árinu 1988 kemur í ljós að vöruskiptajöfnuður var óhagstæður um hálfan milljarð kr., en var óhagstæður um 2 milljarða kr. á árinu 1987. Þessi halli varð þrátt fyrir að aukning yrði á útflutningi um 1,8% og innflutningur drægist saman um 1% reiknað á föstu gengi. Heildarverðmæti vöruútflutnings nam 61,7 milljörðum kr. en vöruinnflutningur 62,2 milljörðum. Vaxtajöfnuður varð neikvæður hins vegar um 8,2 milljarða kr. og halli á þjónustuviðskiptum í heild um 9 milljarðar kr. Í árslok er áætlað að heildarviðskiptajöfnuður sem tekur til vöru og þjónustu hefði verið neikvæður um 9,5 milljarða kr. eða um það bil 3,7% á landsframleiðslu, en var 3,5% árið 1987.

Nokkur samdráttur varð í útflutningi sjávarafurða og landbúnaðarafurða árið 1988, en hins vegar varð talsverð aukning á útflutningi iðnaðarvara sem aðallega stafar af mikilvægi framleiðslu áls og kísiljárns samhliða verulegri verðhækkun þessara vara. Talsverð verðhækkun varð á mjöli og lýsi frá árinu á undan, en heildarverðmæti útfluttra sjávarafurða lækkaði lítillega á árinu. Á undanförnum árum hefur hlutdeild í útflutningi til Evrópubandalagsins og Japan aukist til verulegra muna, en jafnframt hefur hlutdeild Bandaríkjanna og Austur-Evrópulanda farið minnkandi og hlutdeild EFTA-landanna verið nokkuð stöðug. Þannig jókst hlutdeild Evrópubandalagsins frá árinu 1985, og eru þá Portúgal og Spánn meðtalin, en þau gerðust aðilar að Efnahagsbandalaginu 1. janúar 1986, úr 48,9% í 58,9% árið 1988. Jafnframt jókst hlutfall Japans í útflutningi Íslendinga á þessum tíma úr 4,9% árið 1985 í 7,6% 1988. Á sama tímabili minnkaði hlutur Bandaríkja Norður-Ameríku úr 27% í 13,6% og landa Austur-Evrópu úr 7,8% 1985 í 5,5% 1988. Vegna hagstæðrar gengisþróunar og verulegra verðhækkana á ýmsum sjávarafurðum hefur útflutningur til Japans aukist til muna á undanförnum árum. Þróun gengismála í Bandaríkjunum hefur allt frá árinu 1985 verið hins vegar óhagstæð á sama tíma sem þróun helstu mynta Evrópu hefur verið hagstæð. Þar að auki lækkaði verð á frystum flökum í Bandaríkjunum verulega á árinu 1988 sem leiddi til aukins útflutnings á Evrópumarkað.

Þetta eru meginskýringar á þeim breytingum sem orðið hafa á undanförnum fjórum árum í hlutdeild einstakra viðskiptasvæða í útflutningi Íslendinga. Þessi þróun sýnir augljóslega hversu þýðingarmikið er að hafa í huga hagsmuni okkar á öllum þessum viðskiptasvæðum.

Virðulegi forseti. Hvalamálið hefur sem fyrr verið í brennidepli, einkum vegna þeirra söluerfiðleika sem skapast hafa á Þýskalandsmarkaði fyrir lagmeti vegna áróðursherferðar grænfriðunga á hendur okkur og þrýstingi sem þau samtök hafa beitt stjórnendur ýmissa fyrirtækja sem átt hafa viðskipti við okkur. Þótt ýmsum hafi þótt teflt á tvær hættur í þessu máli af hálfu íslenskra stjórnvalda hefur ekki verið hvikað frá þeirri stefnu að lokið skuli við vísindaáætlun okkar á þessu ári. Þannig verður unnt á ársfundi Alþjóðahvalveiðiráðsins á næsta ári að taka afstöðu til veiðibanns þess er gildir um hvalveiðar í atvinnuskyni grundvallað á vísindalegum upplýsingum á ástandi hvalastofna.

Mikil vinna hefur verið leyst af hendi í samvinnu utanrrn. og sjútvrn. þessu máli tengt. Þannig sátu í síðustu viku fulltrúar þessara ráðuneyta ásamt sjútvrh. ráðstefnu um sjávarspendýr í Þórshöfn í Færeyjum. Ráðstefna þessi tengist þeirri ráðstefnu sem haldin var hér í Reykjavík í byrjun sl. árs. Á ráðstefnunni var ákveðið að efla samvinnu landa við Norður-Atlantshaf um verndun og skynsamlega nýtingu sjávarspendýra.

Um hvalamálið vil ég að lokum aðeins segja að merkt samkomulag náðist við Bandaríkjamenn í júní sl., en með því var tryggt að bandarísk stjórnvöld mundu ekki gefa út staðfestingarákæru á grundvelli svonefndra Pelly-viðaukalaga. Stefnt er að því í samræmi við þetta samkomulag að halda samráðsfund með bandarískum vísindamönnum til að fara yfir niðurstöður af rannsóknarstarfi okkar á síðustu vertíð.

Ég vek einnig athygli þingheims á því tímamótasamkomulagi sem tókst um skiptingu loðnustofnsins milli okkar, Grænlendinga og Norðmanna, en því samkomulagi fagna ég sérstaklega.

Virðulegi forseti. Að undanförnu hefur verið unnið á vegum utanrrn. að undirbúningi breytinga á skipulagi og starfsmannahaldi utanríkisþjónustunnar. Markmiðið með fyrirhuguðum breytingum er að

aðlaga starfsemi utanrrn. með markvissari hætti þeim breytingum sem orðnar eru á verksviði ráðuneytisins og aðsteðjandi utanaðkomandi breytingum. Þessar áætlanir hafa verið kynntar í ríkisstjórn og á fundi utanrmn.

Fjölþjóðasamvinna eykst ár frá ári. Mörg af fyrirsjáanlegum vandamálum nánustu framtíðar eru þess eðlis að þau verða ekki leyst nema með alþjóðlegu samstarfi. Af þeim verkefnum sem aðkallandi er að Íslendingar sinni betur ber hæst verndun lífríkis Atlantshafsins og í nánum tengslum við það undirbúning samninga um afvopnun á og í höfunum og eftirlit með framkvæmd slíkra samninga. Miðað við þá tiltölulega litlu fjármuni sem Íslendingar veita til utanríkisþjónustu er unnt að fullyrða að vel hafi verið unnið á hennar vegum að því að gæta hagsmuna Íslands í veigamestu þáttum alþjóðlegs samstarfs. Ytri kringumstæður valda því að beina verður nú auknum fjármunum og mannafla til að vinna að forgangsverkefnunum eins og t.d. samstarfinu innan EFTA og EB, afvopnunarmálum og alþjóðlegu samstarfi gegn umhverfismengun. Þess vegna er nauðsynlegt að styrkja þá þætti í starfsemi ráðuneytisins sem varða langtímastefnumörkun og vinnu að lausn forgangsverkefna í alþjóðlegu samstarfi. Innan ráðuneytisins hefur því verið unnið að ýmsum breytingum og skipulegum starfsháttum til að aðlaga störf að nýjum viðhorfum og verkefnum og endurmeta eldri störf þannig að forgangsröð verkefna nýti sem best takmörkuð fjárframlag til utanríkisþjónustunnar.

Innan íslenska stjórnkerfisins hafa utanríkisþjónustunni verið falin ný viðamikil verkefni með þeirri ákvörðun að fela utanrrn. framkvæmd utanríkisverslunar. Þetta endurmat lýsir sér í því að aukin áhersla verður framvegis lögð á eftirfarandi starfsþætti: Utanríkisviðskipti hafa flust til utanrrn. með formlegum hætti. Samskiptin við EFTA og Efnahagsbandalagið kalla á eflingu viðskiptaskrifstofu. Að óbreyttum lögum ber utanrrn. ábyrgð á veitingu útflutningsleyfa. Áform eru uppi um að breyta þessu. Það gerir hins vegar meiri kröfur til viðskiptaskrifstofu um stefnumótun í útflutnings- og markaðsmálum og nánari samvinnu við aðra innlenda aðila á því sviði, t.d. sjútvrn. varðandi fiskvinnslustefnu. Nauðsyn samstarfs útflutningsaðila og ráðuneytis um markaðsöflun, viðskiptaþjónustu og kynningarstarf kallar á eflingu viðskiptaskrifstofu og fjölgun viðskiptafulltrúa við sendiráð á helstu markaðssvæðum. Aukin sérhæfing er æskileg innan alþjóðaskrifstofu, bæði til að leggja aukna áherslu á samskipti við einstök ríki og alþjóðastofnanir og einnig til að vinna kerfisbundið að stefnumótandi langtímaverkefnum. Hér ber hæst aukna áherslu á afvopnunarmál og baráttuna gegn umhverfismengun. Leggja þarf aukna áherslu á fjármálastjórn og kostnaðareftirlit í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnar í ríkisfjármálum. Leggja þarf aukna áherslu á upplýsinga-, fræðslu- og kynningarstarf, t.d. um hvalamál, en þó ekki síður meðal almennings innanlands að því er varðar mikilvæg mál, svo sem eins og Efnahagsbandalags- og EFTA-mál, öryggis- og varnarmál og afvopnunarmál. Leggja ber aukna áherslu á virka starfsmannastjórn, auk þess sem nauðsyn ber til að móta grundvallarreglur um starfstíma sendimanna erlendis og endurnýjun á starfsreynslu þeirra heima í ráðuneyti.

Æskilegt er að styrkja hlutverk aðalráðuneytis við stefnumótun og stýringu sendiráða erlendis þannig að starfsmönnum þyki ekki síður fengur að starfsreynslu í ráðuneytum en í sendiráðum og eins vegna þeirrar samtvinnunar pólitískra og viðskiptatengdra starfa sem sendiráðin í auknum mæli verða að sinna. Til að þjóna þessum markmiðum er óhjákvæmilegt að draga saman seglin varðandi starfsemi sumra sendiráða en leggja aukna áherslu á starfsemi annarra. Á næstunni verða gerðar ýmsar breytingar á mönnun starfa í utanríkisþjónustunni sem renna stoðum undir þær breyttu áherslur sem hér hefur verið lýst.

Virðulegi forseti. Ég vona að mér hafi tekist að draga fram meginatriði skýrslunnar og þýðingarmestu viðfangsefni utanríkisþjónustunnar þessi missirin. Mér er ljóst að í skýrslunni er að finna fjölmargt annað sem þarft væri að ræða. Ég vona að hv. þm. taki þau mál eins og þeim þykir nauðsynlegt til umræðu. Ég mun leitast við að svara spurningum af fremsta megni sem fram kunna að koma.

Að lokum læt ég í ljós þá ósk að þessir tveir dagar verði mikilvægir fyrir utanríkisstarfsemina sjálfa, að héðan komi ýmsar mikilvægar ábendingar sem komið gætu að gagni í starfi utanríkisþjónustunnar á næstu missirum.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég legg hér fram til umræðu á þskj. 908 skýrslu um störf norrænu ráðherranefndarinnar á síðasta starfstímabili, þ.e. á milli þinga Norðurlandaráðs, en ég gegni störfum samstarfsráðherra í núverandi ríkisstjórn Í ráðuneyti Þorsteins Pálssonar gegndi hv. 1. þm. Reykn., Matthías Á. Mathiesen, þeim störfum. Samstarfsráðherra til aðstoðar er skrifstofa Norðurlandamála í utanrrn. Þar eru tveir starfsmenn.

Í skýrslunni sem liggur fyrir þingheimi er gerð grein fyrir nokkrum mikilvægum þáttum í starfi ráðherranefndarinnar á síðustu missirum, en þessi missiri hafa einmitt verið tími breytinga og nýsköpunar í norrænni samvinnu. Norræn samvinna hefur á þessum tíma í vaxandi mæli beinst að því að styrkja stöðu Norðurlanda út á við.

Ég vil annars vegar nefna sérstaklega aukna áherslu á umhverfismál sem m.a. kom fram á aukaþingi Norðurlandaráðs um þau efni, en þingið var haldið á Helsingjaeyri í Danmörku um miðjan nóvember sl. Þar var samþykkt norræn umhverfisverndaráætlun og sérstök áætlun um varnir gegn mengun sjávar.

Hins vegar vil ég sérstaklega minnast á stóraukna umfjöllun á vettvangi Norðurlandaráðs um afstöðu Norðurlandaríkja gagnvart þeim breytingum sem

verða í Evrópu vegna þróunarinnar innan Evrópubandalagsins. Sérstakt aukaþing Norðurlandaráðs verður haldið um efnið Norðurlönd og Evrópa næsta haust.

Sífellt fleiri umhverfisslys hafa snert Norðurlandabúa á undanförnum árum. Ég nefni Tsjernóbíl-kjarnorkuslysið, ég nefni ofvöxt þörunga við vesturströnd Skandinavíu í fyrravor, ég nefni skógardauða og súrnun vatna, vaxandi tíðni sjúkdóma sem rekja má til óheilnæms umhverfis, offjölgun vöðusels og fjölgun sníkjudýra í fiski. Ég nefni mengun sjávar sem við vorum svo rækilega minnt á fyrir nokkrum dögum þegar kjarnorkuknúinn og kjarnorkuvopnaður kafbátur fórst á norðurslóðum. Hér þarf tafarlausar og markvissar aðgerðir og þær eru þegar hafnar á vegum Norðurlandaráðs og ráðherranefndarinnar. Ég minni á samþykktir aukaþingsins á Helsingjaeyri í nóvember sl. um mengun sjávar, en þar var þó aðeins fjallað um fyrstu skrefin. Hér heima þurfum við að ná markvissari stjórn á umhverfisvernd og stjfrv. um umhverfisráðuneyti er þáttur í því.

Fyrir okkur Íslendinga er baráttan gegn mengun sjávar hin nýja landhelgisbarátta. Í þeirri baráttu er Norðurlandasamstarfið mjög mikilvægur vettvangur. Á næsta þingi Norðurlandaráðs hér í Reykjavík að ári verður mál málanna endurskoðun á norrænu áætluninni um varnir gegn mengun sjávar. Við Íslendingar verðum að búa okkur vel undir það verk.

Varðandi afstöðu Norðurlanda gagnvart þeim breytingum sem verða nú í Evrópu, einkum myndun svonefnds innri markaðar Evrópubandalagsríkja árið 1992, er þess að geta að sérstakur starfshópur á vegum samstarfsráðherranna vinnur nú að áætlun þar sem grunnur verður lagður að þeim ákvörðunum sem taka verður á næstu árum og þeim aðgerðum sem grípa þarf til til þess að styrkja stöðu Norðurlanda í stjórnmála- og efnahagsþróun Vestur-Evrópu. Niðurstöður þessa starfshóps munu liggja fyrir í lok maímánaðar eða í byrjun júnímánaðar í mynd starfsáætlunar fyrir árin 1989–1992. Ráðherranefndin mun svo leggja fram endanlega tillögu um starfsáætlun um þessi viðfangsefni fyrir aukaþing Norðurlandaráðs sem háð verður á Álandseyjum í nóvember nk.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, við þetta tækifæri að rekja einstök atriði í skýrslu minni og þaðan af síður mun ég freista þess að segja ítarlega frá yfirlitsskýrslu ráðherranefndarinnar um árið 1988, en sú skýrsla var send Norðurlandaráði í desember 1988 og er 341 blaðsíða að lengd. Þar er gerð ítarleg grein fyrir hinni fjölþættu norrænu samvinnu. Á árinu setti það mikinn svip á starfsemina að norræn samvinna beinist nú í vaxandi mæli út á við vegna þróunarinnar í Evrópu og að umhverfismálum eins og ég hef þegar nefnt, en jafnhliða hefur hin hefðbundna starfsemi sem snertir nær öll svið þjóðlífsins haldið áfram af fullum krafti.

Á 37. þingi Norðurlandaráðs, sem haldið var dagana 27. febr. til 3. mars 1989 í Stokkhólmi, voru bornar upp tíu ráðherranefndartillögur.

1. Tillaga um norrænan samning um almannaskráningu.
2. Tillaga um norrænan samning um vinnuvernd.
3. Tillaga um samstarfsáætlun á sviði neytendamála.
4. Tillaga um framkvæmdaáætlun um norrænt samstarf á sviði jafnréttismála.
5. Tillaga um framkvæmdaáætlun um varnir gegn krabbameini.
6. Tillaga um endurskoðaða norræna ferðamálaáætlun.
7. Tillaga um efnahagsáætlun Norðurlanda 1989–1992 með heitinu „Öflugri Norðurlönd".
8. Tillaga um áætlun um norræna orkumálasamvinnu árin 1989–1992.
9. Tillaga um samstarfsáætlun um sjávarútvegsmál.
10. Tillaga um breytingar á menningarmálasamningnum.

Allar þessar tillögur voru vandlega undirbúnar af embættismannanefndum ráðherranefndarinnar, auk þess sem viðkomandi fastanefndir Norðurlandaráðs fjölluðu um þær. Á 37. þinginu í Stokkhólmi voru tillögurnar allar samþykktar. Í skýrslunni sem dreift hefur verið í þinginu á þskj. 908 er þessum tíu tillögum lýst í örstuttu máli. Ég mun ekki fjalla frekar um efni þeirra en vísa til skýrslunnar.

Þá kem ég að því að í ráðherranefndinni hefur verið um það fjallað að hvaða verkefnum skuli einkum unnið í því skyni að styrkja Norðurlöndin inn á við og þar verður áherslan lögð á þessi atriði:

1. Norðurlönd sem heimamarkað, þ.e. halda áfram því starfi að ryðja úr vegi tálmum gegn viðskiptum milli Norðurlandanna.
2. Norðurlönd sem sameiginlegan markað fyrir flutningaþjónustu.
3. Eflingu norræns samstarfs á sviði menningar- og menntamála, og loks
4. þegnréttindi Norðurlandabúa, þ.e. gagnkvæm réttindi þeirra sem upprunnir eru í öðru Norðurlandaríki en því ríki sem þeir búa í.

Þetta eru þau mál sem snúa að því að efla innviði hins norræna samstarfs, en þá hefur ráðherranefndin einnig fjallað um hvernig best megi tryggja áhrif Norðurlandanna á þróun mála í Evrópu á þeim sviðum þar sem þau hafa verið í fararbroddi. Ég nefni þar fyrst og fremst umhverfisvernd, vinnuvernd og neytendamál, en þessi þrjú verksvið verða þau sem Norðurlöndin sameiginlega munu leggja áherslu á til þess að hafa áhrif á þá þróun sem verður í Evrópu á næstu árum. Þetta felur alls ekki í sér að Norðurlöndin muni ekki hvert fyrir sig og um farveg EFTA freista þess að ná sem bestum árangri á viðskiptasviðinu og Norðurlandasamvinnan kemur alls ekki í stað þeirra leiða til þess að treysta sem best samband okkar við önnur Evrópuríki heldur eru þetta þau þrjú svið sem samstarfsráðherrarnir hafa komið sér saman um og Norðurlandaráð að séu vænlegust og best til þess fallin að Norðurlönd geti mótað þá þróun sem verður í Evrópu á næstu árum.

Virðulegi forseti. Ég mun ekki orðlengja frekar um starf norrænu ráðherranefndarinnar á liðnu ári, en

minni á að við hljótum öll, sem Norðurlönd byggjum, einhuga að taka þátt í efnahagssamvinnu Vestur-Evrópuríkja. Við verðum jafnframt að kappkosta að dragast ekki aftur úr stórþjóðunum á sviði tækni og vísinda. En við verðum jafnframt að slá skjaldborg um hina norrænu þjóðfélagsgerð sem á rætur sínar í sameiginlegum menningararfi, lýðræðishefð og umhyggju fyrir þeim sem minna mega sín í lífsbaráttunni. Ég vona að skýrsla mín sýni að norræna ráðherranefndin hafi haft þetta að leiðarljósi í sínum störfum.

Ólafur G. Einarsson:

Hæstv. forseti. Með nokkrum orðum fylgi ég úr hlaði ársskýrslu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs um norrænt samstarf 1988–1989, þ.e. máli nr. 478.

Íslandsdeild hefur sl. átta ár lagt fram á Alþingi ársskýrslur sem að jafnaði hefur verið fjallað um með skýrslu utanrrh. Í fyrra lagði svo Matthías Á. Mathiesen, þáv. samstarfsráðherra Norðurlanda, í fyrsta sinn fram ársskýrslu um störf ráðherranefndar Norðurlanda, en þar sem þá var skammt til þinglausna var hún ekki tekin á dagskrá. Ég vil því fagna því sérstaklega að ársskýrsla Jóns Sigurðssonar samstarfsráðherra skuli vera tekin á dagskrá og til umræðu nú. Það hefur lengi verið ósk Íslandsdeildar að á Alþingi verði árlega sérstök umræða um störf Norðurlandaráðs. Bæði teljum við fulltrúar í Norðurlandaráði skyldu okkar að lýsa fyrir Alþingi störfum okkar á norrænum vettvangi og eins að bjóða þeim þingmönnum sem ekki sitja í Norðurlandaráði til umræðna og skoðanaskipta. Eins er það mikilvæg ástæða að störf Norðurlandaráðs tengjast í auknum mæli störfum þjóðþinga og ráðuneyta Norðurlanda þannig að markmiðunum verður ekki náð nema með atbeina þeirra gegnum löggjöf og markvisst samstarf.

Íslandsdeild Norðurlandaráðs skipa nú auk mín hv. þm. Páll Pétursson, Eiður Guðnason, Þorsteinn Pálsson, Hjörleifur Guttormsson, Óli Þ. Guðbjartsson og Valgerður Sverrisdóttir. Auk þeirra áttu þar sæti á starfsárinu þau Guðrún Helgadóttir fram til 16. des. sl., en þá tók Hjörleifur Guttormsson þar sæti, og Sverrir Hermannsson sem lét af þingmennsku sl. vor og þá um leið af störfum í Norðurlandaráði. Við störfum Sverris í Norðurlandaráði tók þá Friðjón Þórðarson til 16. des. þegar Þorsteinn Pálsson tók við.

Deildin skipti þannig með sér verkum að við Páll Pétursson sitjum í forsætisnefnd ráðsins og hann auk þess í félags- og umhverfismálanefnd og ég í fjárlaga- og eftirlitsnefnd. Eiður Guðnason situr í laganefnd og gegnir þar formennsku og situr einnig í fjárlaga- og eftirlitsnefnd. Þorsteinn Pálsson og Hjörleifur Guttormsson sitja í efnahagsmálanefnd og Hjörleifur auk þess í ritstjórnarnefnd tímaritsins Nordisk kontakt. Valgerður Sverrisdóttir situr í menningarmálanefnd og gegnir þar varaformennsku og Óli Þ. Guðbjartsson í ssamgöngumálanefnd og ritstjórnarnefnd Nordisk kontakt.

Íslandsdeild hélt á starfsárinu 15 reglulega fundi. Jón Sigurðsson samstarfsráðherra bauð deildinni til eins fundar til kynningar á starfi ráðherranefndarinnar og deildin hélt þrjá fréttamannafundi. Í tilefni samstarfsáætlunar ráðherranefndarinnar um umhverfismál og varnir gegn mengun sjávar boðaði Íslandsdeild til fundar með íslenskum sérfræðingum um mengunarmál, sjávarlíffræði o.fl. Um fundahöld Íslandsdeildar að öðru leyti vísa ég til skýrslunnar sjálfrar.

Í Norðurlandaráði starfa sex fastanefndir.

Laganefnd, sem Eiður Guðnason er formaður fyrir, fjallar um lagasamræmingu og norrænt samstarf um löggjafarmál, starfsreglur ráðsins og fundarsköp, jafnréttismál, mál sem varða flóttamenn og neytendamál. Samkvæmt tilmælum laganefndar, sem samþykkt voru á þingi Norðurlandaráðs 1987, var kvennaráðstefnan Nordisk forum haldin í Osló á liðnu sumri með 10 þús. þátttakendum og samtímis henni opinber jafnréttisráðstefna. Á starfsárinu afgreiddi nefndin sjö þingmannatillögur, m.a. um málefni flóttamanna, eftirlit með viðskiptabanni á Suður-Afríku, takmörkun útflutnings hættulegs varnings sem ekki er leyfð sala á á Norðurlöndum og jafnréttismál á alþjóðavettvangi. Eiður Guðnason er 1. flm. tveggja þeirra síðast nefndu. Nefndin afgreiddi og frá sér þrjár ráðherranefndartillögur sem voru samþykktar.

Menningarmálanefnd, þar sem Valgerður Sverrisdóttir er varaformaður, hefur lagt ríka áherslu á framkvæmd norrænu samstarfsáætlunarinnar um menningarmál, en nokkuð hefur þótt skorta á um fjárveitingar til að ná markmiðum áætlunarinnar. Hefur mörgum þótt samstarfið um menningarmál hafa undanfarið fallið í skuggann fyrir samstarfinu um efnahagsmál nú þegar þörfin væri hvað mest að standa vörð um norræna menningu og samstarf á sviði vísinda og menntamála. Auk þess leggur nefndin mikla áherslu á samstarf við Evrópubandalagið á sviði vísinda og menntamála. Um það samstarf var fjallað á námsstefnu sem nefndin hélt í Sönderborg á Jótlandi á liðnu hausti. Nefndin samþykkti á starfsárinu tilmæli um að Nordjob yrði tryggður starfsgrundvöllur, en erfiðlega hefur gengið að tryggja því mikilvæga verkefni starfsgrundvöll. Norræna félagið hefur sinnt þessu verkefni með prýði, en framtíð þessa starfs er auðvitað undir því komin að áframhaldandi fjárframlög fáist.

Ég stikla á stóru um störf nefndanna, en helstu mál félags- og umhverfismálanefndar voru tillögur um varnir gegn mengun sjávar og umhverfismál sem komið höfðu frá ráðherranefnd og þingmönnum.

Í ljósi aðsteðjandi alvarlegra mengunarvandamála var kallað saman aukaþing Norðurlandaráðs í nóvember til að afgreiða tillögur þessar í stað þess að bíða til aðalþingsins um mánaðamót febrúar–mars. Á aukaþinginu urðu allsnarpar deilur um hvort samþykkja ætti tillögur ráðherranefndar um samstarfsáætlun gegn mengun sjávar. Sumum þótti, þar á meðal meiri hl. félags- og umhverfismálanefndar, tillagan ganga það skammt að skynsamlegra væri að sam-

þykkja hana ekki á aukaþinginu heldur beina þeim tilmælum til ráðherranefndarinnar að leggja fram endurbætta tillögu á aðalþinginu. En tillaga ráðherranefndarinnar var þó samþykkt. Hingað til hefur það verið nánast óþekkt að tillögur séu afgreiddar án þess að um þær sé nánast alger samstaða. Þetta er þó að breytast og er afleiðing þess að störf í Norðurlandaráði eru að verða pólitískari. Menn setja markið hærra og af því leiðir að ekki er alltaf mögulegt að sætta sjónarmið allra.

Af málum samgöngumálanefndar nefni ég sérstaklega tillögu um norræna gagnabanka, tillögu sem flutt var af Óla Þ. Guðbjartssyni og Guðrúnu Helgadóttur og samþykkt á 37. þingi ráðsins. Auk þess fjallaði nefndin um tillögur um norrænt ferðakort fyrir ungt fólk og um ferðamál almennt, um norrænan ökukennaraskóla o.fl.

Efnahagsmálanefnd hafði m.a. til umfjöllunar tillögur um samstarf stéttarfélaga í fjölþjóðlegum fyrirtækjum og um norrænt samstarf um alþjóðleg málefni. Auk þess fjallaði nefndin um samstarfsáætlanir ráðherranefndarinnar um orkumál, sjávarútvegsmál og efnahagsmál sem allar voru svo samþykktar á þingi ráðsins. Það var tillagan um efnahagsmál sem hæst bar, enda er sú tillaga afar víðfeðm. Hún er samstarfsáætlun um efnahagssamstarf norrænu ríkjanna fyrir árin 1989–1992. Fjárveitingar til starfsemi samkvæmt áætluninni verða 250 millj. danskra króna, en stór hluti þeirra aðgerða sem framkvæma á samkvæmt áætluninni verður þó ekki verðsettur, t.d. fyrirhugaðar breytingar á fjármagnsmarkaði ríkjanna. Segja má að áætlunin sé stærsta átakið til þessa sem stefnir að því að gera ríki Norðurlanda hæfari til að mæta þróuninni innan Evrópubandalagsins. Það er því mikilvægt að áætluninni sé fylgt af festu af stjórnvöldum hérlendis.

Fjárlaga- og eftirlitsnefnd fjallaði á starfsárinu um tvær tillögur frá ráðherranefnd Norðurlanda, fjárlögin og ársskýrslu ráðherranefndar. Ráðherranefnd reiknar með 3% árlegri aukningu norrænu fjárlaganna og er fjárlaga- og eftirlitsnefnd sátt við þá aukningu að því tilskildu að vikið verði frá henni ef á daginn kemur að mikilvæg verkefni verði ekki fjármögnuð innan þess ramma. Á aukaþingi ráðsins í haust var tekin afstaða til fjárlaga ársins 1989. Þau verða 611 millj. danskra króna. Af öðrum verkefnum má nefna að gerð var úttekt á starfsemi Norræna hússins í Reykjavík og gerðar margar tillögur til úrbóta.

Umræður á 37. þingi ráðsins mörkuðust annars vegar af þeirri umræðu sem á sér stað alls staðar á Norðurlöndum um þróunina í Evrópubandalaginu og aðgerðir á norrænum grundvelli til undirbúnings þeim breytingum og hins vegar af þeim viðamiklu tillögum sem lágu fyrir þinginu, bæði frá ráðherranefndum og þingmönnum. Samstarfsráðherra gerði hér grein fyrir ýmsum mikilvægum ráðherranefndartillögum sem þingið samþykkti og sé ég ekki ástæðu til að endurtaka neitt af því sem hæstv. ráðherra þar sagði. En það er kannski vert að geta þess að þrjár þeirra tillagna sem þar voru nefndar eru til komnar fyrir frumkvæði íslenskra fulltrúa, þ.e. samkomulagið um þjóðskrá og samstarfsáætlanir gegn krabbameini og um sjávarútvegsmál. Ýmsar mikilvægar þingmannatillögur voru og samþykktar á þessu þingi, en ég vil ekki tefja tímann á að telja þær upp hér og nú.

Umræður í Norðurlandaráði hafa á undanförnum missirum snúist mjög um alþjóðamál, þ.e. ýmis mál utan Norðurlanda en sem áhrif hafa á Norðurlönd. Þann 9. des. 1987 skipaði forsætisnefnd Norðurlandaráðs sérstaka alþjóðamálanefnd eða samvinnunefnd um alþjóðamál. Umboð nefndarinnar var mjög víðtækt og í stærstu dráttum þetta: Nefndin skyldi meta þörfina á samræmdu norrænu framlagi til alþjóðasamvinnu á sviði umhverfismála, þróunarmála, menningarmála og jafnréttismála, einnig í sambandi við fíkniefnamál. Nefndin skyldi og leggja mat á samráð fulltrúa Norðurlanda í alþjóðastofnunum. Hún skyldi huga sérstaklega að norrænu efnahagssamstarfi á alþjóðavettvangi innan OECD og innan GATT. Hún skyldi kanna sérstaklega hvaða þýðingu mismunandi afstaða landanna hefur á norrænt samstarf, til Evrópubandalagsins, EFTA og annarra evrópskra samstarfssamtaka og hún skyldi kanna hvernig norrænt samstarf fer fram á áður nefndum sviðum og leggja fram tillögur um aðgerðir. Þessi nefnd var skipuð tíu fulltrúum, tveim frá hverju Norðurlandaríkjanna. Af okkar hálfu sátum við Páll Pétursson í þessari nefnd. Nefndin skilaði ítarlegri skýrslu til forsætisnefndar Norðurlandaráðs þann 2. des. 1988 og átti þar með starfi hennar í raun að vera lokið. Umboð nefndarinnar var hins vegar framlengt til næsta hausts og skyldi hún á þessu tímabili sérstaklega fjalla um og ganga frá lokaskýrslu um Norðurlönd í Evrópu 1989–1992. Hún skyldi leggja mat á hverjar breytingar þróunin í Evrópubandalaginu hefur á hið norræna samstarf og norræn sjónarmið varðandi samvinnu við Evrópubandalagið og hvað Norðurlönd geta lagt af mörkum til að hafa áhrif á þessa þróun.

Í skýrslu sinni lagði nefndin m.a. til að stofnuð yrði sérstök ráðherranefnd utanríkisviðskiptaráðherra Norðurlanda og ný fastanefnd til að fjalla um utanríkismál. Það varð ekki samstaða um þá tillögu og hún kom ekki til afgreiðslu á þinginu í Stokkhólmi í byrjun marsmánaðar sl.

Alþjóðanefndin lagði höfuðáherslu á mál er vörðuðu þróunina í Evrópu. Það er álit hennar að samræming á sem flestum sviðum á Norðurlöndum styrki þau í samskiptum við aðrar þjóðir í Vestur-Evrópu. Nefndin leggur höfuðáherslu á að Norðurlandaríkin búi sig undir að geta hafið samstarf við Evrópubandalagið um afmörkuð málefni þegar forsendur eru fyrir hendi. Sem dæmi um slík málefni nefnir hún í lokaskýrslu sinni samstarfsáætlun Evrópubandalagsins um rannsóknir, nemenda- og kennaraskiptaáætlunina og stöðlunarstarf Evrópubandalagsins auk starfs þess á sviði neytendamála. Nefndin gerði víðtæka könnun á norrænu samstarfi í alþjóðastofnunum. Þar

kom fram að samstarf norrænna fulltrúa í alþjóðastofnunum er lengst á veg komið í GATT og UNESCO. Nefndin um alþjóðamál lagði til að staða samstarfsráðherra Norðurlanda og staðgengla þeirra yrði styrkt til muna.

Það er alveg ljóst að þær miklu breytingar sem nú eiga sér stað í Evrópu með innra markaði Evrópubandalagsins 1992 hafa mikil áhrif á Norðurlönd. Jafnljóst er að Norðurlönd með sínar 23 milljónir íbúa geta í sameiningu haft meiri áhrif út á við en hvert eitt landanna út af fyrir sig getur. Hér er því enn einn þátturinn í hinu norræna samstarfi sem ástæða er til að rækta.

Fyrirhugað er að halda í nóvember nk. eins dags aukaþing í tengslum við haustfundi ráðsins til að fjalla um tillögur alþjóðanefndarinnar og væntanlega ráðherranefndartillögu um Norðurlönd á alþjóðavettvangi. Það gaf góða raun í fyrra að taka mengunarmálin til ítarlegrar umræðu á aukaþingi og eigi er síður þörf nú að bregðast skjótt við ef ná á norrænni samstöðu um það á hvaða sviðum beita á kröftum sameiginlega til áhrifa, samstarfs eða samræmingar við Evrópubandalagið. Um þetta eru flestir fulltrúar í Norðurlandaráði sammála. Jafnvel þótt svo geti farið að fleiri norræn ríki sæki um aðild að Evrópubandalaginu eru hagsmunir ríkjanna þeir að komast sameiginlega nokkuð áleiðis. Það er einnig yfirlýst stefna norrænu ríkjanna allra að samskipti þeirra við Evrópubandalagið fari í fyrsta lagi fram á vettvangi EFTA, í öðru lagi skulu Norðurlandaríkin koma fram sameiginlega gagnvart Evrópubandalaginu og í þriðja lagi komi til tvíhliða samninga. Það er mín skoðun að þegar til kastanna komi til samninga verði þeir a.m.k. hvað Íslendinga varðar tvíhliða. Það rýrir þó ekki gildi þess að hafa samflot með öðrum norrænum þjóðum um samræmingu og undirbúningsvinnu.

Næsta þing Norðurlandaráðs verður haldið hér í Reykjavík dagana 26. febrúar til 2. mars 1990. Það liggur mikil vinna á bak við skipulagningu og framkvæmd 1000 manna fundar sem stendur yfir í 5–6 daga. Þessi vinna er þegar hafin af okkar hálfu. Norðurlandaráðsþingin hafa verið haldin til þessa í Þjóðleikhúsinu auk þess sem fundaraðstaða hefur verið víðar um borgina, í Alþingishúsinu og Borgartúni 7.

Vegna þeirra endurbóta sem fram eiga að fara á Þjóðleikhúsinu getur það ekki orðið fundarstaður á næsta þingi Norðurlandaráðs. Viðræður standa nú yfir við borgarstjórann í Reykjavík annars vegar um leigu á hinu nýja Borgarleikhúsi og hins vegar við forstjóra Háskólabíós um Háskólabíóið sem mögulegan fundarstað. Bæði þessi hús koma til greina en athugun stendur enn yfir á því hvort húsið er hagkvæmara og síðan kemur að því að ræða um leiguskilmála.

Hæstv. forseti. Eins og kunnugt er sitja sjö alþingismenn í Íslandsdeild Norðurlandaráðs, kjörnir til eins árs í senn í sameinuðu Alþingi. Við höfum um margt ólíkar pólitískar skoðanir. Við höfum hins vegar átt mjög gott samstarf á vettvangi Norðurlandaráðs, unnið í sameiningu að framgangi mála. Ég þykist vita að fulltrúar Alþingis í Norðurlandaráði séu mér sammála þegar ég segi að samstarfið hefur verið svo sem best varð á kosið. Sem formaður Íslandsdeildar ráðsins þakka ég fyrir þetta samstarf og læt máli mínu lokið um skýrslu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs um norrænt samstarf 1988–1989.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Í samræmi við 5. tölul. 19. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hefur verið tekin saman skýrsla um 75. alþjóðavinnumálaþingið sem haldið var árið 1988. Í stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er kveðið á um þá skyldu stjórnvalda að gera löggjafarsamkomu hlutaðeigandi aðildarríkis grein fyrir samþykktum vinnumálaþingsins. Frá því að aðild Íslands að ILO var samþykkt á 27. þingi stofnunarinnar sem haldið var í París 1945 hefur þetta verið verkefni félmrh. og félmrn.

Því miður hafa sjaldnast orðið umræður um þessa skýrslu eða aðild okkar að Alþjóðavinnumálastofnuninni sem er eina stofnunin sem lifir Þjóðabandalagið, stofnuð árið 1919, og er meðal merkustu sérstofnana Sameinuðu þjóðanna ef ekki sú merkasta. Hún hefur tvímælalaust náð miklum árangri í að auka félagslegt réttlæti í heiminum og áhrif hennar á vinnumálalöggjöf og samskipti aðila vinnumarkaðarins eru ljós öllum þeim sem um þau mál fjalla.

Sameinuðu þjóðirnar og sérstofnanir þeirra hafa átt undir högg að sækja á undanförnum árum. Starfshættir hafa verið gagnrýndir og mörgum hefur fundist skrifræðið vera mikið, pappírsframleiðslan yfirþyrmandi og árangur ekki í samræmi við alla fyrirhöfnina og kostnaðinn.

Því er ekki að neita að þessi gagnrýni er ekki út í bláinn. En því má ekki gleyma að ef við erum ekki ánægð með starfsemi þessara stofnana, þá ber okkur skylda til þess að gera okkar tilraun til að breyta ástandinu á þann veg sem við viljum. Til þess gefast fjöldamörg tækifæri. En þá verða menn að vita hverju þeir vilja breyta.

Annars hygg ég að ýmsum kynni að bregða við ef þessar stofnanir yrðu lagðar niður. Sannleikurinn er sá að þær hafa þrátt fyrir allt reynst sá vettvangur þar sem sérstaklega smáríki hafa getað haft áhrif á stórveldin og þar með á gang alþjóðamála og þær eru umræðuvettvangur þar sem fulltrúar ríkja geta skipst á skoðunum á jafnréttisgrundvelli.

Virðulegi forseti. Áður en ég fer efnislega í skýrsluna um 75. alþjóðavinnumálaþingið sem hér er til umræðu langar mig til að nota tækifærið og fara nokkrum orðum um skipulag og starfshætti Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Einmitt núna stendur stofnunin á nokkrum tímamótum. Fyrir skömmu tók nýr forstjóri við stjórn hennar og síðar á árinu eru 70 ár liðin frá því 1. alþjóðavinnumálaþingið var haldið.

Samkvæmt 2. gr. stofnskrár ILO skulu fastastofnanir vera: allsherjarþing fulltrúa frá þeim ríkjum sem aðild eiga, stjórnarnefnd og Alþjóðavinnumálaskrifstofan. Alþjóðavinnumálastofnunin sker sig á ýmsan

hátt frá öðrum sérstofnunum Sameinuðu þjóðanna. Þessi sérstaða kemur glöggt fram í 3. gr. stofnskrárinnar um allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Þar kemur fram að fjórir fulltrúar frá hverju aðildarríki skulu eiga sæti á þinginu. Tveir skulu vera fulltrúar hlutaðeigandi ríkisstjórnar, annar hinna tveggja fulltrúi atvinnurekenda en hinn fulltrúi launafólks viðkomandi ríkis.

Í 5. tölul. skuldbinda aðildarríki sig til að tilnefna fulltrúa og ráðunauta aðila vinnumarkaðarins í samráði við heildarsamtök atvinnurekenda og launafólks. Litið er á það þríhliða samstarf sem fram fer innan vébanda Alþjóðavinnumálastofnunarinnar á milli ríkisstjórna, atvinnurekenda og launafólks sem eitt af grundvallaratriðunum í starfseminni.

Meginviðfangsefni alþjóðavinnumálaþingsins er afgreiðsla alþjóðasamþykkta. Þær taka til allra þátta atvinnulífsins og félagslegs öryggis, svo sem félagafrelsis, vinnuumhverfis, vinnu, starfsmenntunar og þjálfunar, misréttis á vinnumarkaðnum og vinnu barna svo að fátt eitt sé nefnt. Hluti samþykktanna er um aðbúnað skipverja.

Í samþykktum ILO eru settar fram lágmarkskröfur. Með fullgildingu samþykktar skuldbindur aðildarríki sig til að uppfylla kröfurnar sem í flestum tilvikum snerta rétt þegnanna til félagslegs öryggis, t.d. til öruggrar afkomu, vinnuumhverfis sem er skaðlaust heilsu þeirra o.s.frv. Að öðrum þræði fjalla samþykktirnar um skyldu aðildarríkis til að afla á markvissan hátt upplýsinga um þróunina á vinnumarkaðnum, t.d. um atvinnuleysi, framboð atvinnu, vinnutíma o.s.frv.

Eitt af aðalhlutverkum stjórnarnefndarinnar er að samþykkja starfsáætlun fyrir Alþjóðavinnumálaskrifstofuna sem hefur aðsetur í Genf. Helstu verkefni skrifstofunnar samkvæmt stofnskrá eru að annast rannsóknir á ýmsum þáttum félagsmála, einkum þeim sem snerta atvinnuhætti og samskipti aðila vinnumarkaðarins. Hún undirbýr þing, ráðstefnur og sérfræðingafundi með því að safna gögnum og semja skýrslur um þau málefni sem eru til umfjöllunar hverju sinni. Alþjóðavinnumálaskrifstofan annast upplýsingamiðlun og veitir marghátta þjónustu. Innan skrifstofunnar er m.a. að finna deildir sem sérhæfa sig í málefnum sem snerta hollustu og öryggi á vinnustöðum, þjálfun og endurmenntun, samvinnumál, svo að fátt eitt sé nefnt. Skrifstofan stendur fyrir fjölbreytilegri útgáfustarfsemi á bókum, tímaritum og hagskýrslum.

Alþjóðavinnumálaskrifstofunni er stjórnað af aðalforstjóra og þremur varaforstjórum. Auk aðalskrifstofunnar í Genf eru starfræktar svæðaskrifstofur í Afríku, Ameríku og Asíu. Starfsfólk er samtals um 3000 og tæpur helmingur þess á skrifstofunni í Genf.

Fyrr í ræðu minni gat ég þess að málefni ýmissa alþjóðastofnana hafi verið töluvert til umfjöllunar á síðustu árum. Auk þeirra atriða sem ég nefndi hafa orðið og eru að eiga sér stað margvíslegar breytingar sem ekki er auðvelt að sjá fyrir endann á. Dæmi um þetta kemur fram í skýrslu íslensku þingmannanefndarinnar í Evrópuráðinu um störf 40. þings Evrópuráðsins. Þar er fjallað um framtíð Evrópuráðsins í ljósi þeirra breytinga sem eru að eiga sér stað með sífellt nánara samstarfi aðildarríkja Evrópubandalagsins. Þetta samstarf getur einnig haft áhrif á starfsemi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

ILO sem og aðrar alþjóðastofnanir hafa á undanförnum árum sætt nokkurri gagnrýni ýmissa ríkja fyrir það að fjalla um málefni sem falla utan verksviðs hennar. Norðurlöndin hafa staðið þétt saman um þá stefnu að alþjóðastofnanir sinni sínum sérstöku viðfangsefnum. Þetta gildir ekki síst um Alþjóðavinnumálastofnunina og vil ég geta þess að um þessar mundir er unnið að samningu minnisblaðs til forstjóra ILO þar sem fram koma sjónarmið Norðurlandanna á því hvaða verkefni stofnunin eigi einkum að beita sér fyrir á næstu árum.

Í drögum að þessu minnisblaði er lögð áhersla á skipulagsbreytingar á Alþjóðavinnumálaskrifstofunni í Genf sem m.a. felast í virkari stjórnun og meiri samvinnu á milli hinna ýmsu deilda skrifstofunnar. Samkvæmt drögunum telja Norðurlöndin að starf ILO eigi fyrst og fremst að beinast að því að ná samstöðu um staðla á vinnumarkaðnum. Draga eigi fram atriði sem snúa að réttlátari skiptingu í þjóðfélaginu og varða heiðarlega samkeppni fyrirtækja. Einnig ber ILO að ganga fram fyrir skjöldu og benda á mikilvægi vinnu og atvinnuréttinda sem forsendu fyrir þróun á sviði efnahags- og félagsmála. Loks eigi stofnunin að efla tæknisamvinnu á milli aðildarríkjanna til að styrkja atvinnulífið.

Af hálfu Íslands hefur verið bent á mikilvægi þess að stofnunin leggi meiri áherslu á að auðvelda aðildarríkjunum að vinna betur að starfsmenntun launafólks, einkum með tilliti til þeirra breytinga sem eiga sér stað í atvinnulífinu samfara nýrri tækni. Einnig að meiri áhersla verði lögð á jafnrétti kynjanna á vinnumarkaðnum, einkum að því er varðar kaup og kjör.

Virðulegi forseti. Ég mun víkja með nokkrum orðum að skýrslu minni um 75. alþjóðavinnumálaþingið.

Helstu viðfangsefni þingsins voru upplýsingar og skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta og tillagna, öryggi og hollustuhættir í byggingariðnaði, aukin atvinna og vernd gegn atvinnuleysi, endurskoðun samþykktar nr. 107 um vernd frumbyggja, atvinna í dreifbýli, kynþáttaaðskilnaðarstefnan í Suður-Afríku.

Í nefnd um upplýsingar og skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta og tillagna var fjallað um skýrslu sem hefur að geyma athugasemdir sem sérfræðinganefnd ILO hafði gert við framkvæmd aðildarríkjanna á fullgiltum alþjóðasamþykktum. Að þessu sinni var gerð ein athugasemd við framkvæmd Íslands á alþjóðasamþykkt. Sérfræðinganefnd ILO hefur um árabil gert athugasemd við 81. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, um agavald skipstjóra, og telur að ákvæði greinarinnar séu ekki í samræmi við samþykkt nr. 105 um afnám nauðungarvinnu. Í skýrslu Íslands um framkvæmd samþykktarinnar sem félmrn. hefur tek-

ið saman er bent á að ákvæðið sé fyrst og fremst byggt á því ríkjandi sjónarmiði í íslensku þjóðfélagi að tryggja beri öryggi sjómanna og annarra sjófarenda eins og kostur er. Markmið þess væri að tryggja að skipstjóri eða sá sem er í hans stað geti komi skipi í örugga höfn eða var þegar hættu ber að höndum eða bjarga skipi og mönnum að öðru leyti úr háska. Í skýrslu sérfræðinganefndar ILO kemur fram að hún hefur kynnt sér skýringar íslensku ríkisstjórnarinnar. Nefndin tekur fram að tilvik eins og þau sem lýst er í skýrslu Íslands falli utan ramma samþykktar nr. 105 og leggur til að ákvæði 81. gr. sjómannalaganna verði afmarkaðri eða greinin felld út úr lögunum eins og gert hefur verið í nokkrum löndum þar sem hliðstæð ákvæði hafa verið í gildi. Það er ljóst að verði ekki gerð gangskör að því að breyta ákvæðunum mun þetta málefni koma til kasta þingnefndarinnar fyrr eða síðar. Þess má geta að félmrn. hefur gert samgrn., sem fer með málefni sjómanna, grein fyrir framvindu málsins.

Þingið afgreiddi tvær merkar alþjóðasamþykktir. Önnur fjallar um öryggi og hollustu í byggingariðnaði. Markmið hennar er að draga úr fjölda slysa í byggingariðnaði með ýmsum verndar- og varnaraðgerðum, t.d. í sambandi við meðferð tækja og annars búnaðar sem notaður er í byggingariðnaði. Hér er um að ræða mjög áhugaverða alþjóðasamþykkt og verður það tekið til athugunar hvort ekki sé rétt að leitað verði eftir heimild til þess að hún verði fullgilt af hálfu Íslands.

Hin alþjóðasamþykktin er um atvinnuuppbyggingu og vernd gegn atvinnuleysi. Samþykktinni er ætlað að koma í stað eldri samþykkta um atvinnuleysisbætur, m.a. samþykktar um bætur eða styrki til þeirra sem eru atvinnulausir gegn vilja sínum og er hún frá árinu 1934. Eldri samþykkt er því komin til ára sinna og þótti á mörgum sviðum úrelt.

Ástæða er til þess að vekja athygli á samþykkt um aukna atvinnu og vernd gegn atvinnuleysi. Þar er m.a. kveðið á um bótatímabilið í atvinnuleysi og að það megi takmarka fyrsta greiðslutímabil bóta við 26 vikur í hverju tilviki atvinnuleysis eða við 39 vikur á hverju 24 mánaða tímabili.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þessa skýrslu frá 75. alþjóðavinnumálaþinginu í Genf 1988 og læt máli mínu lokið.

Ragnhildur Helgadóttir:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að fagna því að allar þessar skýrslur skuli vera teknar til umræðu nú í dag um leið og skýrsla utanrrh. Það er nýbreytni í störfum Alþingis og ég hygg að hún sé mjög til bóta. Það er æskilegt að þingmenn fái yfirsýn á einum og sama fundinum yfir þá alþjóðlegu starfsemi sem Alþingi tekur þátt í.

Ísland hefur verið í Evrópuráðinu frá árinu 1950. Það var stofnað árið 1949 og er meðal þeirra stofnana sem byggðu á grunni sem fólst í voninni um betri og friðsælli heim eftir að menn höfðu upplifað heimsstyrjöldina síðari og ríkin höfðu barist blóðugum og hroðalegum bardaga í návígi einmitt á þeim stöðum Evrópu þar sem nú standa höfuðstöðvar þessa víðtæka samkomulags. Það var þess vegna með táknrænum hætti sem einmitt Strasbourg var valin sem eins konar höfuðborg Evrópu til að hýsa hið víðtæka samstarf stjórnmálamanna sem þar átti að fara fram.

Höfuðstofnanir Evrópuráðsins eru þingið, ráðherranefndin og mannréttindadómstóllinn. Þingið hét í fyrstu Ráðgjafarþing Evrópuráðsins, en heitir núna Þingmannasamkoma Evrópuráðsins eða einfaldlega þing Evrópuráðsins Þetta hefur valdið því að menn rugla mjög mikið saman Evrópuþinginu sem er þing Evrópubandalagsins í Brussel og svo aftur á móti þessu sem vinnur með allt öðrum hætti og öðruvísi er til kosið. Þessi ruglingur milli stofnana verður enn þá meiri vegna þess að öðru hvoru heldur þing Evrópubandalagsins, sem heitir Evrópuþingið, sínar ráðstefnur eða þing í Strasbourg líka. Evrópubandalagið hefur tekið upp sama fánann og sama einkennissönginn sem er hvorki meira né minna en stefið úr 9. sinfóníu Beethovens sem við heyrum stundum sunginn við hinn fagra texta Schillers, Óðinn til gleðinnar.

Þessi atriði nefni ég hér í byrjun til að leggja strax áherslu á það sem við stöndum andspænis núna og er vaxandi tilhneiging til þess að menn rugli saman þessum tveimur stofnunum og þá um leið því sem felur í sér vissa hættu, vil ég segja, fyrir hagkvæmni í vinnubrögðum, en hún felst í tvíverknaði þessara stofnana og raunar fleiri alþjóðlegra stofnana sem ég mun koma nánar að á eftir. Ég hygg að fyrir þessu séu reyndar ástæður sem er ekki þörf á að þegja yfir þegar stjórnmálamenn tala saman, en ég held að hér sé viss hagsmunapólitík embættismanna á ferðinni líka. Við getum ekki horft fram hjá því að á bak við þessar stofnanir er mjög mikið skrifstofuveldi þannig að það eru hundruð manna sem hafa atvinnuhagsmuni af því að verkefni þessara stofnana séu sem mest. Ég sé ekki betur en að þess gæti í vaxandi mæli að slíkir hagsmunir gægist fram á milli þeirra tillagna sem stundum eru til umræðu meðal stjórnmálamanna, en einmitt þetta, að Evrópubandalagið virðist hafa vaxandi tilhneigingu til þess að fara inn á ýmis svið sem eru ekki efnahagssamstarf í venjulegum skilningi, virðist tákna það að þarna sé á ferðinni tilhneiging skrifstofuveldisins til að vaxa og vaxa og treysta sjálft sig í sessi. Það er einmitt þetta sem hefur valdið því að tilhneigingar hefur orðið vart meðal voldugra þjóða sem eru í því bandalagi til að undirstrika þörf þjóðanna til þess að halda sérkennum sínum og sjálfstæði. Það er einmitt sú þörf sem ég tel og fullyrði að sé algerlega virt í stofnskrá og starfi Evrópuráðsins og það er einmitt það atriði sem gerir að verkum að ríkin geta sótt styrk við eigið sjálfstæði með því að taka með virkum hætti þátt í slíku starfi. Þegar ég segi „að taka með virkum hætti þátt í slíku starfi" kem ég líka að atriði sem ég tel að við þurfum að athuga með nokkurri sjálfsgagnrýni hér á Íslandi. Ég tel að ýmsir þættir Íslands í þessu starfi hafi verið allt of dauflegir og þeim ekki nægilega vel sinnt.

Þetta eru nokkuð hörð orð, en óneitanlega finnst mér skjóta skökku við þegar smáþjóð sem hefur haft mjög mikla hagsmuni af slíku samstarfi sinnir því þó ekki betur en svo að á sameiginlegum fundum stjórnarnefnda þingsins og ráðherranefndarinnar gerist það hvað eftir annað ráðherramegin við borðið að sæti Íslands er hrópandi autt, úr sæti Íslands er hrópandi þögn. Það eru nokkur önnur ríki sem hafa stundum átt þar autt sæti. Það hefur þó ekki verið nema eitt í senn svo að ég hafi séð og það hefur annaðhvort verið Malta, Kýpur eða Liechtenstein. Ég hygg þó að þau ríki eigi nokkuð hægt um vik oft og tíðum vegna nálægðar, en þar er líka um ríki að ræða sem eru enn minni en við og Kýpur hefur sína pólitísku innbyrðis erfiðleika eins og kunnugt er. Slíku er ekki til að dreifa í þeim mæli sem þar, en þar deila þjóðabrot innbyrðis.

Ég hygg m.ö.o. að Ísland þurfi af ráðherrahliðinni að bæta þarna mjög þátttöku sína og sjá til þess að málum þeim sem Ísland vill láta fylgja fram sé fylgt eftir í ráðuneytinu. Mér er ljóst að þetta er erfiðara en t.d. er í Norðurlandasamstarfinu vegna þess að ráðherranefndin í Evrópuráðinu hefur þann galla, vil ég segja, að það eru utanríkisráðherrarnir einungis sem eru ráðherranefndin. Í Norðurlandaráðinu er tvenns konar eðli ráðherranefndarinnar, ef svo má segja. Annars vegar samstarfsráðherrarnir og svo hins vegar fagráðherrarnir sem hittast innbyrðis á reglulegum fundum. Þetta veldur því að hið faglega verk nær miklu skjótar fram inn í þjóðþingin.

Ég leyfi mér að benda á þetta hér ef vera mætti að okkar ráðherra gæti staðið að tillögugerð um að Evrópuráðið ynni að því að breyta þessu fyrirkomulagi sem ég held að gæti verið mjög til bóta. Jafnvel þó að það væri ekki gert með jafnformlegum hætti og er í Norðurlandaráði held ég að við gætum ýmislegt gert til að ná betur inn á svið fagráðuneytanna. Þessar tillögur og hugmyndir mínar mótast vissulega af því að mér er enn ofarlega í huga starf og kynni af Norðurlandaráði, bæði þingmannahlið þess og ráðherrahlið, og mér virðist sem það sé alveg augljóst að þessar stofnanir, Evrópuráðið annars vegar og Norðurlandaráð hins vegar, geti töluvert lært hvor af annarri og samhæft krafta sína. Það er samt ekki fyrr en á þessu ári sem það verður til fulls hægt að nýta það samstarf sem fer fram innan Norðurlandaráðs aftur í Evrópuráðinu vegna þess að það er fyrst nú í vor sem Finnland gengur í Evrópuráðið. Finnland hefur talið sér pólitískt mjög örðugt að gerast reglulegur aðili að Evrópuráðinu, en það verður nú og verður það mjög ánægjulegur viðburður, sérstaklega fyrir okkur Norðurlandabúa sem þarna störfum. Þetta er í fyrsta sinn sem öll ríki Norðurlandaráðs eiga fulltrúa í Evrópuráðinu. Ég vonast sannarlega til þess að það verði til að styrkja samstarf Norðurlandanna á þeim vettvangi.

Í íslensku nefnd Alþingis á þingi Evrópuráðsins eiga samkvæmt reglum ráðsins sæti þrír þingmenn og þrír til vara. Bæði aðal- og varamenn geta þó tekið þátt með fullum réttindum í málefnanefndum ráðsins. Þingmenn í nefndinni eru auk mín Guðmundur G. Þórarinsson og Kjartan Jóhannsson sem aðalmenn og varamenn Ragnar Arnalds, Hreggviður Jónsson og Kristín Halldórsdóttir.

Þetta árið hefur Ísland átt sæti í stjórnarnefnd ráðsins og átt einn af varaforsetum Evrópuráðsþingsins. Það hefur kallað á meiri vinnu en er e.t.v. þegar við erum utan stjórnar ráðsins. Núna eiga eftir nýjum reglum þrjú Norðurlandanna sæti í stjórnarnefndinni en voru áður tvö þeirra þannig að þetta sæti hefur verið til skiptis á hendi ríkjanna.

Formenn sendinefnda allra þátttökuríkjanna eiga sæti í svokallaðri fastanefnd, en hún hefur allmikið vald. Hún getur gert samþykktir og afgreitt tillögur í stað þingsins þegar það situr ekki. Hún hefur eins konar bráðabirgðalagavald án þess þó að þau bráðabirgðalög þurfi að taka aftur til umfjöllunar á þinginu þannig að sú heimild er ekki notuð nema þegar nauðsyn ber til á milli þinganna. Þingið kemur saman þrisvar sinnum á ári og starfar 5–6 daga í senn. Auk þess er haldið svonefnt aukaþing einu sinni á ári, en þá er ekki sameinað þing með venjulegum hætti heldur felst það starf í því að allar nefndirnar koma saman á sama tíma og sinna sameiginlegum verkefnum eftir því sem unnt er á milli nefndafunda en ekki með formlegum hætti eins og þingið.

Þessi aukaþing, sem hafa verið haldin á sumrin, eru yfirleitt haldin utan Strasbourgar. Hins vegar er það svo samkvæmt reglum ráðsins að þingið á að halda í Strasbourg. Nefndirnar eiga líka að halda sína fundi í Frakklandi, en hafa heimild til þess að halda einn fund á ári utan Frakklands. Heimildirnar til þess að halda fundi utan Frakklands eru skiljanlegar. Það er til þess að kynna staðhætti annarra landa og líf annarra þjóða fyrir þingmönnum eftir því sem unnt er með heimsóknum í önnur lönd og líka til þess að hér verði ekki einungis um franska stofnun að ræða heldur fyrst og fremst evrópska stofnun.

Þingið skiptir með sér verkum í nokkrum nefndum. Þær heita efnahagsnefnd, þar sem sæti eiga Ragnar Arnalds og til vara Guðmundur G. Þórarinsson, laganefnd, Kjartan Jóhannsson og til vara Ragnhildur Helgadóttir, menntamálanefnd, Guðmundur G. Þórarinsson og til vara Ragnar Arnalds, landbúnaðarnefnd, Kjartan Jóhannsson, og það skal tekið fram að landbúnaðarnefnd þingsins er jafnframt sjávarútvegsnefnd, heilbrigðis- og félagsmálanefnd, Ragnhildur Helgadóttir og til vara Kristín Halldórsdóttir, og nefnd um samskipti við lönd utan Evrópuráðsins, Kristín Halldórsdóttir, nefnd um tengsl þingsins út á við, Hreggviður Jónsson, þingskapa- og fjárlaganefnd, Ragnar Arnalds, og stjórnmálanefnd, Ragnhildur Helgadóttir, vísinda- og tækninefnd, Kjartan Jóhannsson, skipulags- og sveitarstjórnarmálanefnd, Guðmundur G. Þórarinsson, og flóttamannanefnd, Guðmundur G. Þórarinsson.

Hv. þm. sjá af þessari upptalningu að það er ljóst að við verðum að velja og hafna í þátttöku í störfum í þessum nefndum og einungis af fæð okkar er ljóst að við getum ekki sinnt öllum þessum nefndum sem

skyldi, en ég tel að við þurfum að sinna þeim enn betur en við nú gerum. Sannleikurinn er sá að svo mikið starf hvílir á hv. alþm. að þeir hafa e.t.v. ekki sinnt nefndarstörfunum eins vel og skyldi.

Nú mætti þetta hljóma nokkuð gagnrýnilega í eyrum hv. þm. Í þessu felst þó ekki gagnrýni á þingmenn heldur í raun og veru það að þessi nefnd hefur enga ritaraaðstoð og enga sérfræðiaðstoð. Það segir sig sjálft að það er orðin brýn þörf fyrir Alþingi að við þingið starfi skrifstofa, starfsmaður eða starfsmenn, sem veiti þeim nefndum þingsins sem sinna alþjóðlegu starfi faglega aðstoð. Það er heldur dapurleg aðstaða fyrir okkur að finna að allar þær þjóðir, sem taka þátt í þessum störfum með okkur, hafa unnið vandað málefnastarf fyrir nefndafundina, hafa slíka aðstoð. Ég held að þetta þyki sjálfsagt í öllum þjóðþingum. Nú er spurning hvort unnt væri að skipuleggja mál með þeim hætti hér í okkar stofnun, hér á Alþingi að við gætum haft slíka aðstoð.

Til fyrirmyndar er í þessu sambandi að nú hefur verið ráðinn starfsmaður til að aðstoða nefndir þingsins við vissa undirbúningsvinnu sem þar er unnin. Þó að hann sé einn finn ég að þetta er mjög mikill aðstöðumunur. Ef eitthvað slíkt væri gert fyrir þær nefndir sem sinna alþjóðlegu samstarfi tel ég að við stæðum miklu betur að vígi til að nýta okkur það sem fer fram í þeim alþjóðastofnunum sem við erum aðilar að og til þess að geta sjálf staðið betur að því sem við leggjum þar fram.

Þegar ég lít inn í hliðarherbergið minnist ég þess að t.d. hefur orðið mjög mikil framför í aðstoð við Íslandsdeild Norðurlandaráðs og ég sé það í hillingum að þeir sem sinna Evrópusamtökunum, bæði Evrópuráði og ég geri ráð fyrir eflaust EFTA-þingmannasamtökum, alþjóðaþingmannasamtökunum líka, fengju slíka aðstoð.

Ég hef kosið, frú forseti, að fara nokkrum orðum um vissa þætti sem standa ekki í þessari skýrslu. Það sem ég hef verið að segja eru meira hugleiðingar sem byggjast á reynslu minni þetta rúma ár sem ég hef starfað í sendinefnd Alþingis á þingi Evrópuráðsins og mér þykir alveg augljóst að við þurfum að standa að vissum breytingum til þess að starf okkar beri meiri árangur og verði að enn meira gagni heima á Íslandi. Vanmet ég þó ekki á neinn hátt þann árangur sem hefur orðið og birst í ýmsum störfum í stjórnkerfi okkar á liðnum árum.

Ég vík í örfáum orðum að einstökum málefnum sem borið hafa hæst á liðnu ári. Fram hafa farið mikilvægar umræður um Evrópustefnu í flugmálum, um sjónvarp, sérstaklega á milli samliggjandi landa, notkun sjónvarps í kosningabaráttu, vernd gegn mengun Norðursjávar, tillögur um fjölskyldustefnu, um fræðslu og þjálfun fyrir atvinnulífið og tillögur um menntun og menningu sem byggist á sameiginlegri evrópskri arfleifð.

Á þessu ári hefur borið hátt umræður um tengsl við lönd utan Evrópuráðsins, einkanlega um vaxandi samskipti við Austur-Evrópu. Það er ljóst að bæði núverandi forseti þings ráðsins, Louis Jung, og framkvæmdastjóri ráðsins, Marcelino Oreja, hafa sýnt þeim samskiptum mjög mikinn áhuga og þann tíma sem ég hef tekið þátt í þessu starfi hefur vaxið skilningur minn á nauðsyn þessara tengsla vegna þess að vaxandi áhersla er á umhverfismálum sérstaklega sem eins og hér hefur verið orðað margsinnis virða engin landamæri eða mismunandi stefnur eða mismunandi hugsjónir heldur er þar um málefni að ræða sem nauðsynlegt er að ná samstarfi við Austur-Evrópuríkin um. Ég hygg að þeir tveir forustumenn sem ég nefndi hafi náð verulegum árangri í því efni jafnframt því sem öll þau samskipti hafa verið mjög til umræðu frá pólitísku sjónarmiði. Menn hvetja jafnframt til árvekni og varfærni í þeim samskiptum en fyllsta raunsæis.

Málefni Ísraels og palestínskra flóttamanna hafa verið til umræðu í Evrópuráðinu. Mannréttindabrotin í Rúmeníu, sem sumir kalla landbúnaðarstefnu Rúmeníu, trúfrelsi í Austur-Evrópu og griðland fyrir flóttamenn. Það má spyrja: hvers vegna eru samtök, sem þessi lönd eru ekki aðilar að, að ræða um slík mál? Ég held að það sé engum blöðum um það að fletta að ályktanir Evrópuráðs hafa mikil áhrif gagnvart stjórnum þessara landa, einkanlega eftir að viss samskipti hafa verið tekin upp með óformlegum hætti við forustumenn þeirra.

Ég leyfi mér að vísa til skýrslunnar sjálfrar um greinargerð um einstök málefni að öðru leyti og ég hef vikið að hvernig Evrópuráðsstarfið rekst stundum með nokkrum hætti á starf annarra Evrópustofnana, einkum Evrópubandalagsstarfið, en það eru einmitt samskiptin við það sem þurfa að fara í fastari farveg til þess að hagkvæmni verði sem mest í samskiptum Evrópuríkjanna innbyrðis og verkaskipting greinilegri. Ég hygg að það ætti að verða unnt að ná samkomulagi um það milli þessara ríkja, en það er ekki unnt nema þingmenn og ráðherrar leggist þar á eina sveif og vinni að því. Þess vegna vil ég vekja sérstaka athygli á þeirri hugmynd, sem ég nefni í lok skýrslunnar, að e.t.v. verði framtíðarfyrirkomulagið í samstarfi þessara stofnana, Evrópubandalagsins og Evrópuráðsins, það að Evrópuráð verði eins konar efri deild sem kosið er til á þjóðþingum aðildarríkjanna og sinni þeim störfum sem því er ætlað í reglum Evrópuráðsins, þ.e. ekki viðskiptasamvinnu með venjulegum hætti og ekki varnarmálum, og hins vegar sé svo neðri deild þessa þings, sem sé Evrópuþingið þar sem kosið er beinum kosningum í aðildarríkjunum.

Ég nefndi að Evrópuráðið sinnti ekki varnarmálum. Ég vil þó vekja athygli á því að þingmenn Evrópuráðsins frá nokkrum aðildarríkjum mynda Evrópubandalagið sem fjallar um varnarmál Evrópuríkjanna. Þetta er stofnun sem ég veit með vissu að Íslendingar hafa lítið skipt sér af og vissu satt að segja harla lítið um í fyrra ef ég má orða það svo. Ég á þá auðvitað ekki við alla Íslendinga, en það var algerlega ljóst t.d. þegar nefnd kom í fyrra frá Vestur-Evrópubandalaginu, sem er varnarmálasamvinna, að við vorum harla lítið kunnug þessu starfi og

íslenska ríkisstjórnin var ekki í neinu sambandi við þessa stofnun. Ég varpa þeirri hugmynd fram að við óskum eftir áheyrnaraðild að Vestur-Evrópubandalaginu. Það er kannski eðlilegra að fjalla um það í hinum almennu umræðum um skýrslu utanrrh. síðar, en ég nefni þetta atriði í sambandi við Evrópuráðið vegna þess að Vestur-Evrópubandalagið er grein á þess meiði. Það eru eingöngu Evrópuráðsþingmenn sem eru í Evrópusamtökum þessum.

Að lokum, frú forseti. Evrópuráðið á 40 ára afmæli 5. maí nk. Ég leyfi mér að óska þess að það takist að minnast þess með verðugum hætti hér á landi, ekki með neinum íburði en með þeim hætti að menn skilji hve mikilvæg starfsemi fer fram í Evrópuráðinu til verndar mannréttindum, menningu og félagslegum réttindum manna. Ég vonast til þess að hv. Alþingi, forseti þingsins, sjái sér fært að minnast þess afmælis úr forsetastóli hinn 5. maí ef þingfundur verður þá. Sú nefnd sem hafði með höndum undirbúning þessa afmælis hafði talið að þinginu yrði jafnvel lokið um það leyti, en nú horfa mál svo að þá muni þing enn þá standa og ég vonast til þess að Alþingi minnist þess með viðeigandi hætti.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Ég fagna því með sama hætti og síðasti ræðumaður að nú skuli gefið færi á því í umræðum á Alþingi að ræða alþjóðleg samskipti sem þingmenn eru aðilar að og að hér skuli teknar til umræðu skýrslur sem nú liggja fyrir um það efni. Ég tel að það sé sjálfsögð skylda þeirra alþingismanna sem þátt taka í alþjóðlegu samstarfi í nafni Alþingis að þeir geri grein fyrir ferðum sínum og þeim fjármunum sem til slíks samstarfs er varið. Það er sömuleiðis einnig mikilvægt að sá ávinningur sem af slíku samstarfi kann að vera renni ekki óskiptur til þeirra einstaklinga sem þátt taka í þessu samstarfi heldur einnig til Alþingis sem stofnunar í hvers umboði þingmenn sækja fundi og ráðstefnur erlendis.

Á vegum Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins liggja fyrir tvö þingskjöl, 139 og 911 sem hér var dreift í dag.

Ég hyggst ekki, virðulegi forseti, gera mikla efnisgrein fyrir því starfi sem unnið hefur verið á vegum Íslandsdeildarinnar, enda kemur það allt glöggt fram í þessum tveimur þingskjölum. Það er aftur á móti mikilvægt að þeir þingmenn sem óska þess að gera athugasemdir eða koma með ábendingar um það starf sem hér hefur verið unnið hafi til þess grundvöll og hann liggur nú fyrir í þessum skjölum.

Alþjóðaþingmannasambandið verður 100 ára á þessu ári. Það var stofnað 1889 af þingmönnum frá níu ríkjum og í þeirra hópi voru bæði þingmenn frá Ungverjalandi og Bretlandi, en það er einmitt í þessum tveimur ríkjum sem heiðbundin þing samtakanna eru haldin á þessu ári. Sambandið hefur frá upphafi mjög beitt sér í alþjóðlegri friðarviðleitni og átti á sínum tíma þátt í stofnun Alþjóðadómstólsins í Haag. Í lögum sambandsins segir að markmið þess sé að stuðla að persónulegum tengslum milli fulltrúa hinna ýmsu þjóðdeilda og þjóðþinga og sameina þá í átaki til að efla og treysta fulltrúalýðræði í aðildarríkjum sambandsins. Þingmannasambandið hefur sérstaklega beitt sér til verndar mannréttindum til verndar einstakra þingmanna og starfar sérstök nefnd á vegum þess að því málefni. Hún hefur það verkefni að fylgjast með brotum gegn þingmönnum og reyna að fá þingmenn leysta úr haldi hafi þeir verið fangelsaðir án dóms og laga.

Nú starfa 112 þjóðdeildir innan vébanda Alþjóðaþingmannasambandsins, en það er ástæða til að nefna það að einungis hluti þeirra er lýðræðislega kjörinn með þeim hætti sem við þekkjum hér á Íslandi, en þó svo sé hefur sambandið reynst vettvangur fyrir formleg og óformleg skoðanaskipti um hin ýmsu alþjóðamál óháð því með hvaða hætti þingmenn eru kjörnir til starfa á sínu heimaþingi. Venjulega eru haldin tvö aðalþing á ári hverju eins og kemur fram í þeim skýrslum sem lagðar hafa verið fram. Þar eru tekin fyrir tvö fyrir fram ákveðin umræðuefni og síðan eitt sem ákveðið er á þinginu sjálfu og skal ég ekki rekja þau að því er varðar þau þing sem haldin hafa verið frá því að síðast fóru fram kosningar og ný Íslandsdeild var skipuð.

Þeir sem starfa í Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins um þessar mundir eru hv. þm. Geir Gunnarsson, Júlíus Sólnes, Kristín Einarsdóttir, Ólafur Þ. Þórðarson og Sighvatur Björgvinsson, auk þess sem hér talar. Ritari deildarinnar er Ólafur Ólafsson deildarstjóri.

Við höfum talið að nauðsynlegt væri að eiga samstarf við ýmsar aðrar þjóðdeildir innan sambandsins og Íslandsdeildin hefur verið aðili bæði að norrænu samstarfi og samstarfi annarra Vesturlanda. Þannig er um þing Alþjóðaþingmannasambandsins að þeim svipar í ríkum mæli, eins og ýmsir þingmenn hér inni þekkja sem sótt hafa þessi þing, til allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna að því leyti til að þarna eru á annað hundrað ríki sem eiga sína fulltrúa og samskiptum deilda og samstarfi svipar mjög til þess sem gerist á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Þannig starfar íslenska þjóðdeildin mjög náið með vestrænum þjóðum sem eiga með sér ákveðinn samráðsvettvang, 26 talsins, auk þess sem þingmenn úr hinum norrænu deildum hittast reglulega og ráða ráðum sínum.

Á síðasta þingi, sem haldið var í Búdapest í síðasta mánuði, var sérstaklega fjallað um réttindi barna og fyrirhugaðan sáttmála Sameinuðu þjóðanna um það málefni, auk þess sem rætt var um kynþáttaaðskilnaðarstefnuna og málefni minnihlutahópa í einstökum ríkjum. Þar var sérstaklega vikið að því vandamáli sem upp er komið í Rúmeníu og sem hæstv. ráðherra vék að og einnig síðasti ræðumaður. Þannig stendur á að þingmenn vestrænna ríkja hafa neitað að mæta til fundar í Rúmeníu til þess að eiga þar orðastað við þingmenn annarra ríkja sem aðild eiga að ráðstefnunni um öryggi og samvinnu í Evrópu, RÖSE-ráðstefnunni svokölluðu. Þetta er nánar rakið í

skýrslunni sem og það frumkvæði norrænu deildanna að senda ríkisstjórnum sex ríkja bréf sem gerst hafa ber að mannréttindabrotum gegn þingmönnum og krefjast þess að á þeim málum verði ráðin bót.

Þess má geta einnig að á síðasta þingi, sem haldið var í Búdapest, tóku vestrænir þingmenn sérstaklega upp hótanir íranskra stjórnvalda í garð breska rithöfundarins Salomons Rushdie, fordæmdu þær hótanir og lögðu að þeim fulltrúum íranska þingsins sem mættir voru á þinginu að beita sér fyrir afturköllun þessaara hótana. Þessum tilmælum var hins vegar svarað þannig að hér væri um réttmætar „hótanir" að ræða því að hér væri um að ræða það að viðkomandi aðili hefði brotið íslömsk lög sem við lægi dauðarefsing og hér væri því verið að fullnægja ákvæðum í íslömskum refsirétti.

Þannig koma fram á þingum Alþjóðaþingmannasambandsins ýmis mál sem uppi eru í heimsmálum á hverjum tíma og það hefur reynst ágætur vettvangur til þess að skiptast á skoðunum um málefni sem á dagskrá eru þó svo þær samþykktir sem gerðar eru séu að sjálfsögðu ekki bindandi fyrir ríkin sem þarna eiga aðild, eða einstaka þingmenn.

Ég nefni sem dæmi að fyrir nokkrum missirum var á dagskrá þingsins umfjöllun um stríðið milli Írana og Íraka. Þar náðist samkomulag um ályktun sem ég er ekki í nokkrum vafa um að hafði mjög jákvæð áhrif í þá átt að leiða þessi lönd að samningaborði sem og varð nokkrum mánuðum síðar.

Ég vil að lokum geta þess, virðulegi forseti, að í undirbúningi hafa verið starfsreglur fyrir Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins. Ég tel eðlilegt að þingið setji deild sem þessari ákveðnar reglur til að vinna eftir, enda er það í samræmi við lög sambandsins. Það er auðvitað skilyrði fyrir því að samfella sé í starfi sem þessu að starfað sé eftir ákveðnum reglum sem Alþingi hefur sett og vænti ég þess að um slíkar reglur geti náðst samkomulag annaðhvort á þessu þingi eða þegar í upphafi næsta þings.

Ég mun ljúka máli mínu nú, virðulegi forseti, og fagna því að þessi mál skulu tekin á dagskrá. Það er ekki þar með sagt að það þurfi að eyða miklum tíma í að ræða þessar skýrslur. Aðalatriðið er að þær liggi frammi þannig að áhugamenn um þessi mál geti kynnt sér hvað gert hefur verið í nafni Alþingis á erlendum vettvangi í þessu samstarfi.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Nú verður þessum fundi bráðlega frestað, en áður en sú frestun fer fram vil ég fara fram á að hv. þm. gefi eins og tveggja mínútna hlé svo að forseti geti tilkynnt hvernig fundahaldi verði háttað áfram. — [Fundarhlé.]

Ég bið afsökunar á hversu langt þetta hlé varð, en eftir viðræður við fulltrúa allflestra þingflokka hefur orðið niðurstaðan að í kvöld verður ekki fundur, en á morgun verða fundir í deildum frá kl. 2 til 3. Þá hefjast að nýju umræður um utanríkismál og standa þar til þeim lýkur og hafa menn fallist á að fyrir það verði girt að sú umræða fari yfir á miðvikudag.

Umræðu frestað.

EFRI DEILD

83. fundur, þriðjudaginn 25. apríl, kl. 2 miðdegis.

Félagsmálaskóli alþýðu, 2. umr.

Stjfrv., 430. mál. — Þskj. 790, n. 909, brtt. 910.

Frsm. félmn. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 909 um frv. til l. um félagsmálaskóla alþýðu frá félmn.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund til viðræðna um málið Björn Þórhallsson frá ASÍ og Sigurveigu Sigurðardóttur frá BSRB og mæltu þau bæði með samþykkt frumvarpsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með brtt. sem flutt er á sérstöku þingskjali. Hér er ekki um efnislega breytingu að ræða heldur er verið að gera 5. gr. frv. skýrari.

Undir nefndarálitið skrifa allir nefndarmenn og ég tel skylt að skýra frá því líka, það kom fram í máli Sigurveigar Sigurðardóttur frá BSRB, að félagar í BSRB fagna því sérstaklega að eiga aðild að félagsmálaskólanum með þessu frv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 910 samþ. með 12 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
6.–9. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Sjúkraliðar, 1. umr.

Stjfrv., 229. mál (verkstjórn og starfsábyrgð). — Þskj. 898.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 58/1984, um sjúkraliða, sem er 222. mál Nd. og hefur þegar fengið þar afgreiðslu. Í lögum nr. 58/1984 um sjúkraliða, þar sem m.a. er fjallað um starfsheiti sjúkraliða og réttindi þeirra og skyldur, segir það eitt í 5. gr. laganna að sjúkraliðar skuli aðeins starfa undir stjórn og á ábyrgð hjúkrunarfræðings. Á þennan hátt er sjúkraliðum ætlað að starfa sem aðstoðarmenn hjúkrunarfræðinga og að fullu á þeirra ábyrgð. Mikillar óánægju hefur gætt hjá

sjúkraliðum vegna þessa. Hafa sjúkraliðar talið að fyllsta ástæða sé til þess að sjúkraliðar geti starfað sem aðstoðarmenn annarra sérfræðinga en hjúkrunarfræðinga, t.d. lækna, þroskaþjálfa, iðjuþjálfa, sjúkraþjálfara svo að eitthvað sé nefnt, og enn fremur, sem er kannski meginmálið, að þeir eigi að starfa á eigin ábyrgð þótt störfin séu unnin undir stjórn sérfræðinga.

Við gerð kjarasamninga vorið 1987 komu fram kröfur af hálfu Starfsmannafélags ríkisstofnana fyrir hönd Sjúkraliðafélags Íslands um endurskoðun laga nr. 58/1984, um sjúkraliða, með hliðsjón af því sem hér hefur verið drepið á. Þá gaf þáv. heilbr.- og trmrh., Ragnhildur Helgadóttir, vilyrði fyrir því að þessi þáttur laganna um sjúkraliða yrði endurskoðaður sérstaklega í samráði við félagið. Í bókun með samningunum frá apríl 1987 kom eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Við undirbúning samningsins kom fram að heilbrmrn. muni fyrir október 1987 í samvinnu við samningsaðila vinna að breytingum á lögum og reglugerðum er snerta störf sjúkraliða."

Ekki tókst að standa við bókun þessa á tilskildum tíma og var hún því endurnýjuð við gerð kjarasamninga á sl. ári.

Á undanförnum mánuðum hefur ráðuneytið unnið að þessu ákvæði samkomulagsins í samráði við Sjúkraliðafélag Íslands. Að tilhlutan ráðuneytisins var útbúið frv. til l. um breytingu á lögum um sjúkraliða sem tekur mið af því að sjúkraliðar starfi undir stjórn tiltekins hjúkrunarfræðings, en beri ábyrgð á störfum sínum sjálfir gagnvart þeim hjúkrunarfræðingi. Nokkurrar óánægju gætti með frv. þegar það var lagt fyrir Alþingi, bæði af hálfu sjúkraliða og hjúkrunarfræðinga. Í athugasemdum við lagafrv. sem liggur fyrir Alþingi kemur fram í lokamálsgr. að samstaða hafi náðst um frv. þetta við stjórn Sjúkraliðafélag Íslands. Ráðuneytið var þeirrar skoðunar að samstaða hefði náðst um frv., þ.e. stjórn Sjúkraliðafélagsins hefði sætt sig við efnið eins og það lá þá fyrir, þar sem með frv. væri stefnt að því að skilgreina betur starfssvið og ábyrgð sjúkraliða og opna fyrir möguleika til starfa þeirra án þess að hjúkrunarfræðingar séu til staðar. Það kom hins vegar á daginn að félagið taldi sig ekki hafa fallist á frv. eins og það var lagt fram á þinginu og sendi ráðuneytinu og heilbrigðis- og trygginganefndum þingsins athugasemdir sínar þar um.

Heilbr.- og trn. Nd. hefur flutt brtt. við frv. og hefur sú brtt. verið samþykkt af Nd. Eftir þá breytingu hljóðar 1. gr. frv. svo, með leyfi forseta:

„Sjúkraliði starfar á hjúkrunarsviði og vinnur undir stjórn þess hjúkrunarfræðings sem fer með stjórn viðkomandi stofnunar, deildar eða hjúkrunareininga og ber ábyrgð á störfum sínum gagnvart honum. Þar sem hjúkrunarfræðingur hefur ekki fengist til starfa að undangenginni auglýsingu getur sjúkraliði borið ábyrgð á störfum sínum gagnvart þeim sérfræðingi sem hlotið hefur viðurkenningu heilbrmrn. Þó skal aldrei ráða sjúkraliða til þessara starfa lengur en til eins árs í senn og er þá skylt að auglýsa aftur eftir hjúkrunarfræðingi. Komi upp ágreiningur um ráðningu sjúkraliða skv. 2. mgr. skal ráðuneytið skera úr um þann ágreining."

Í brtt. þeirri sem heilbr.- og trn. flutti við frv. er reynt að taka tillit til óska bæði Sjúkraliðafélagsins og hjúkrunarfélaganna. Ég tel að Sjúkraliðafélagið eða vona það a.m.k. geti sætt sig við frv. með þeim breytingum sem heilbr.- og trn. Nd. lagði til, enda fullnægt því meginskilyrði bókunarinnar að sjúkraliðar beri sjálfir ábyrgð á störfum sínum. Með þessu verður sjúkraliðum einnig gert mögulegt að starfa við heilbrigðisstofnanir án þess að þar starfi hjúkrunarfræðingur að uppfylltum ákveðnum skilyrðum um auglýsingu eins og fram kemur í greininni eins og hún hljóðar nú, en samkvæmt gildandi lögum er sjúkraliðum óheimilt að starfa sem slíkum öðruvísi en á staðnum sé hjúkrunarfræðingur sem ekki eingöngu hefur með stjórn þeirra að gera heldur ber fulla ábyrgð á störfum þeirra.

Ég tel rétt að það komi hér einnig fram að frv. var upphaflega kynnt fyrir stjórnum hjúkrunarfélaganna, þ.e. Hjúkrunarfélagi Íslands og Félagi háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga. Stjórnir þessara félaga ásamt hjúkrunarforstjórum stærri sjúkrahúsanna í Reykjavík og á Akureyri hafa komið athugasemdum sínum við frv. á framfæri við heilbr.- og trn. þingsins auk þess sem heilbr.- og trn. bárust fjölmargar umsagnir. Ef ég man rétt úr framsöguræðu hv. frsm. nál. í Nd. voru þær umsagnir um eða yfir 60 talsins. Í brtt. heilbr.- og trn. Nd. er reynt að taka tillit til þeirra athugasemda sem þar komu fram.

Herra forseti. Að svo stöddu sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um frv. þetta, en ítreka að frv. er lagt fram til að standa við gefin fyrirheit við gerð kjarasamninga.

Ég legg til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. um breytingu á lögum nr. 58/1984, um sjúkraliða. Eins og fram kemur í frv. sjálfu var í kjarasamningi í apríl 1987 gerður samningur á milli páv. heilbr.- og trmrh. og sjúkraliða um að sjúkraliðum yrðu tryggð ákveðin réttindi. Eftir því sem mínar upplýsingar ná til voru ákveðnar hugmyndir þar í gangi um hvaða atriði ætti að bæta og breyta í þeim lögum sem þá voru.

Nú hefur komið í ljós að hér hefur verið lagt fram frv. og það hefur ekki að öllu leyti verið haft samráð við Sjúkraliðafélag Íslands um þessar breytingar og að upp hefur komið mikill ágreiningur á milli Sjúkraliðafélagsins og hjúkrunarfræðinga um hvernig á að haga þessum málum.

Það er eitt að semja í kjarasamningi um ákveðna skipan og síðan að koma henni í gegnum Alþingi. Ég skal viðurkenna það að þetta er mikið vandamál, en hins vegar ber að hafa gát á því þegar samið er að vita fyrir fram hvernig og hvort þær breytingar nái fram eða ekki.

Það sem ég hef aðallega á móti frv. eins og því hefur verið breytt er að nú er gert ráð fyrir því að það þurfi að margauglýsa stöður sé ekki hjúkrunarfræðingur til staðar hjá viðkomandi stofnun eða viðkomandi deild. Þetta getur haft í för með sér mikil óþægindi og leiðir líka hugann að því af hverju þarf alltaf að vera að rígbinda störf eftir stöðuheitum og eftir menntun. Af hverju má ekki líta á störfin sem slík? Nú er ekki mikill munur á störfum hjúkrunarfræðinga og störfum sjúkraliða. Eini munurinn á þessum tveimur starfsstéttum er titillinn og hvaða menntun liggur að baki.

Eins og staðan hefur verið á mörgum sjúkrastofnunum hefur verið mjög erfitt að fá hjúkrunarfræðinga til starfa og því hefur verið notast við sjúkraliða og þeir hafa ekki getað sinnt störfum sínum almennilega og jafnvel ekki fengið stöðu sem nauðsynlegt hefur verið að manna út af því að hjúkrunarfræðingur hefur ekki verið til staðar.

Ég mun ekki hafa þessi orð mín fleiri að sinni, en ég á seturétt í hv. heilbr.- og trn. og mun ræða þetta mál frekar þar. Ég vona svo sannarlega að þetta frv., sama hvernig það kemur út, verði að lögum á þessu þingi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 14 shlj. atkv.

EFRI DEILD

84. fundur, þriðjudaginn 25. apríl, að loknum 83. fundi.

Félagsmálaskóli alþýðu, 3. umr.

Stjfrv., 430. mál. — Þskj. 924.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 405. mál (aðildarskilyrði o.fl.). — Þskj. 761, n. 915.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Á þskj. 915 liggur fyrir nál. frá hv. fjh.- og viðkn. þessarar deildar um frv. til l. um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum. Þegar nefndin fjallaði um þetta frv. fékk hún á sinn fund Indriða H. Þorlaksson frá stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins svo og Benedikt Sigurðsson, Gunnar Egilson og Sæbjörn Jónsson frá Starfsmannafélagi Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Frv. það sem hér um ræðir felur í sér ýmis atriði til breytinga á lögunum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Einkum er þar verið að gera hluti skýrari og taka af tvímæli og í frv. eru eingöngu þau atriði sem fullkomið samkomulag var um milli fulltrúa stjórnar ríkisins og þeirra starfsmannafulltrúa sem sæti eiga í stjórn sjóðsins. Atriði sem ágreiningur var um voru lögð til hliðar og bíða frekari athugunar.

Það er megintilgangur þessa frv. að tryggja að starfsmenn Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sem fram til miðs síðasta árs hafa greitt í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins en hafa hins vegar ekki notið réttinda úr sjóðnum vegna þess að ákvæði um aðild þeirra hafa ekki verið nægilega skýr í lögunum, þannig að þeir sem borga í sjóðinn eins og starfsmenn Sinfóníuhljómsveitarinnar eigi þar líka réttindi. Samkomulag er um að sá tími sem þeirra lífeyrissjóðsgreiðslur hafa farið í Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda verði að þessu frv. samþykktu litinn sem óslitinn greiðslutími þannig að þeir missa í engu í sínum réttindum.

Innan fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar var fullkomin samstaða um að mæla með því að frv. verði samþykkt óbreytt. Danfríður Skarphéðinsdóttir sat fund nefndarinnar og er samþykk þessu áliti, en fjarstaddur var hv. þm. Halldór Blöndal.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.–10. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

85. fundur, þriðjudaginn 25. apríl, kl. 2 miðdegis.

Veiting ríkisborgararéttar, 1. umr.

Stjfrv., 370. mál (síðara frv.). — Þskj. 897.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar. Hér er um mál að ræða sem er öllum hv. deildarmönnum vel kunnugt og fyrst og fremst athugað í þeim nefndum sem fjalla um þetta mál, þ.e. allshn. Ed. og Nd. Þannig háttar til að

allmörg nöfn hafa bæst við í meðförum nefndar í Ed. og vænti ég þess að mál þetta verði tekið til meðhöndlunar svo fljótt sem verða má í hv. nefnd.

Ég vil að lokinni þessari umræðu leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

86. fundur, þriðjudaginn 25. apríl, að loknum 85. fundi.

Vaxtalög, ein umr.

Stjfrv., 239. mál (fjárfestingarlánasjóðir, dráttarvextir, okur o.fl.). — Þskj. 894.

Umræðu frestað.

Íslensk málnefnd, 2. umr.

Stjfrv., 415. mál (nefndarmenn). — Þskj. 775, n. 922, brtt. 923.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. menntmn. (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Menntmn. Nd. hefur fjallað um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 80/1984, um Íslenska málnefnd, og hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt þess frv. með brtt. sem fluttar eru á þskj. 923.

Aðalbreytingin er sú að lagt er til að í Íslenskri málnefnd eigi sæti fimmtán menn í staðinn fyrir nítján eins og gert var ráð fyrir í frv. eins og það upphaflega var lagt fram og jafnframt fækki þeim nefndarmönnum sem ráðherra skipi án tilnefningar úr átta fulltrúum í þrjá, en einn aðili bætist við þá sem tilnefna í nefndina, þ.e. Hagþenkir sem er félag höfunda fræðirita.

Það var talið eðlilegra að fækka nokkuð nefndarmönnum, ekki síst með tilliti til þess að það voru nokkuð óljósar hugmyndir í frv. um hverjir ættu að skipa þau sæti sem nú er gerð tillaga um að fækka. Nefndin komst að þessari niðurstöðu eftir m.a. að hafa rætt við formann málnefndar og forstöðumann hennar, þ.e. þá Kristján Árnason og Baldur Jónsson. En við leggjum til að frv. verði samþykkt með þessari breytingu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 923 samþ. með 25 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
2.–8. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Heimild til að leyfa Köfunarstöðinni hf. innflutning á skipum, 2. umr.

Stjfrv., 419. mál. — Þskj. 779, n. 919.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. samgn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nál. sem prentað er á þskj. 919 frá samgn. um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa Köfunarstöðinni hf., Dýpkunarfélaginu hf., Slysavarnafélagi Íslands og Íslenska úthafsútgerðarfélaginu hf. innflutning á skipum.

Nefndin hefur fjallað um frv. og er sammála um að mæla með samþykkt þess.

Gert á Alþingi 24. apríl 1989. Undir þetta rita allir fulltrúar í samgn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Endurbætur forsetasetursins á Bessastöðum, 2. umr.

Stjfrv., 432. mál. — Þskj. 792, n. 920.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á þskj. 920 er prentað nál. frá fjh.- og viðskn. sem hefur fjallað um frv. og mælir með samþykkt þess.

Stefán Valgeirsson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur þessu áliti.

Undir þetta rita auk mín Árni Gunnarsson, Ragnar Arnalds, Einar Kr. Guðfinnsson, Kristín Halldórsdóttir og Guðmundur G. Þórarinsson.

Við leggjum sem sagt til að frv. til laga um endurbætur og framtíðaruppbyggingu forsetasetursins á Bessastöðum verði samþykkt. Í þessu felst m.a. að

heimilt er að taka lán allt að 50 millj. kr. innan lands á árinu 1989 til að mæta kostnaði samkvæmt lögum þessum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
2.–8. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Brottfall laga á sviði menntamála, 2. umr.

Stjfrv., 371. mál. — Þskj. 694, n. 921.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. menntmn. (Ragnar Arnalds):

Herra forseti. Menntmn. deildarinnar hefur fjallað um frv. til laga um brottfall ýmissa laga á sviði menntamála. Þetta frv. er þáttur í átaki sem gert er til lagahreinsunar. Satt best að segja var okkur nefndarmönnum óneitanlega nokkur söknuður í ýmsum lögum sem þarna eiga að hverfa úr sögunni. Má sem dæmi nefna lög um friðun héra. En við treystum okkur ekki til að standa gegn því að sú hreinsun sem hér á sér stað fari fram þó að svona ágæt blóm hverfi úr lagasafninu og mælum því með samþykkt frv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
2.–9. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Háskóli Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 224. mál (dómnefndir og veiting embætta). — Þskj. 408, n. 882 og 884, brtt. 883, 885.

Frsm. meiri hl. menntmn. (Ragnar Arnalds):

Herra forseti. Nefndin hefur haft til umfjöllunar frv. til laga um breytingu á lögum nr. 77/1979, um Háskóla Íslands, sbr. lög nr. 8/1985.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. nefndarinnar mælir með því að frv. verði samþykkt með einni tiltekinni breytingu, en minni hl. skilar séráliti og annarri brtt.

Það sem hér er umdeilt er það hvernig haga skuli skipun í embætti þegar um er að ræða prófessora, lektora og dósenta við Háskóla Íslands og hver eigi að vera hlutur ráðherrans í því sambandi. Samkvæmt því frv. sem hér liggur fyrir og hefur verið afgreitt frá Ed. er gert ráð fyrir að Háskólinn hafi aukið forræði þessara mála en ráðherrann hafi nokkurs konar neitunarvald þannig að ef hann fellir sig ekki við niðurstöðu viðkomandi háskóladeildar getur hann neitað að fara að vilja hennar og verður þá að taka málið upp að nýju í Háskólanum. Vissulega getur þetta leitt til nokkurs þráteflis, en þykir þó eftir atvikum að dómi þeirra sem undirbúið hafa málið af hálfu Háskólans vera skref fram á við og er því mælt með því að frv. verði samþykkt af okkur sem erum í meiri hl. menntmn.

Þó þykir okkur rétt að taka upp hugmynd sem kom fram við umræðurnar í Ed. og er á þá leið að dómnefndarmenn skuli eftir því sem við á uppfylla hin sérstöku dómaraskilyrði einkamálalaganna. Dómnefndarmönnum er fengið í hendur mikið vald og reyndar stóraukið vald með þessari nýju skipan mála og því þykir eðlilegt að ljóst sé að þeir séu ekki tengdir málinu á einn eða neinn hátt, hvorki hagsmunalega séð né venslaðir þeim sem í hlut á. Í samræmi við þetta flytjum við brtt. á þskj. 883, sem ég hygg að sé full samstaða um, á þá leið að dómnefndarmenn skuli eftir því sem við á uppfylla hin sérstöku dómaraskilyrði einkamálalaga.

Frsm. minni hl. menntmn. (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir felur í sér breytingu á þeim reglum sem hafa gilt um ráðningar við Háskóla Íslands. Það gefur auga leið að það er nauðsynlegt að slíkar reglur séu skýrar, þær séu líklegar til að hindra ágreining og að tryggt sé að umsækjendur um störf við Háskóla Íslands fái réttláta meðferð. Mér finnst mjög vafasamt að frv. þetta tryggi þessi markmið. Ég harma reyndar að það virðist hafa verið mikil fljótaskrift á þessu frv. Því hefur verið breytt bæði í Ed. og nú er aftur lagt til að breyta því í Nd. og er auðvitað nauðsynlegt að vanda verk eins og þetta betur en hæstv. menntmrh. hefur gert varðandi frv. Ég nefni sem dæmi að í Ed. hafði hæstv. menntmrh. frumkvæði að því að kveðið var á um með skýrum hætti að ráðherra hefði algert neitunarvald ef honum féllu ekki í geð tillögur Háskóla Íslands um einstakar ráðningar og þá ætti að byrja alveg upp á nýtt.

Ég, sem skipa minni hl., get ekki fallist á frv. eins og það liggur fyrir og flyt því brtt. á sérstöku þskj. Í Ed. flutti minni hl. menntmn. þar, þ.e. Halldór Blöndal 2. þm. Norðurl. e., brtt. á þskj. 639.

Meiri hl. menntmn. hefur hins vegar tekið upp aðra brtt. hv. þm. Halldórs Blöndals, brtt. sem skiptir mjög miklu máli og ég fagna að samstaða skuli vera um. Sú brtt. felur í sér, ef að lögum verður, að skylt er hér eftir að dómnefndarmenn uppfylli hin sérstöku dómaraskilyrði einkamálalaganna, þ.e. séu ekki í of miklum tengslum við umsækjendur, engir hagsmunir séu þar á ferð og fleiri slík skilyrði sem upp eru tekin í einkamálalögunum. Ég fagna þessu mjög vegna þess að einmitt hafa risið upp varðandi embættaveitingar við Háskóla Íslands deiluefni þar sem talið var að þessa hefði ekki verið nægilega gætt. Því

er mjög ánægjulegt ef um það næðist samkomulag á hv. Alþingi að skilyrði eins og þessi yrðu sett inn í lög.

Hin brtt. sem ég hef tekið upp og hef flutt á þskj. 885 felur í sér þá breytingu að í stað þess að ráðherra sé skylt að fylgja tillögum meiri hluta deildarfundar þurfi nú aukinn meiri hluta til þess að ráðherra sé skylt að fylgja tillögum Háskólans. Það eru æðimörg dæmi um að eitt eða tvö atkvæði skilji að umsækjendur í atkvæðagreiðslum á deildarfundum og virðist þá oft tilviljun ráða hver verður ofan á. Þess vegna hef ég ekki talið rétt að ráðherrann sé bundinn í slíkum tilvikum og eðlilegt að matið sé þar lagt í hans hendur. Þess vegna hef ég lagt til að aukinn meiri hluti, þ.e. ⅔ viðstaddra á deildarfundi, þurfi að greiða umsækjanda atkvæði, þ.e. niðurstaða deildarfundar sé alveg ótvíræð til að hendur ráðherra séu bundnar.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Það er aðeins örstutt greinargerð fyrir afstöðu minni í sambandi við aðra þessara tillagna og raunar örfá orð um þær báðar.

Ég tel afar vafasamt ákvæðið í frv. eins og það er um hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að ráðherra sé skylt að veita manni embætti, þau séu of ströng í frv. eins og þau eru núna á þann veg að ráðherra sé ekki unnt að grípa inn í ef um hugsanlega hlutdrægni væri að ræða í garð umsækjanda. En ég held að við því sé séð með fyrri brtt. á þskj. 883, sem felur það í sér að skylt sé að veita embætti ef meiri hluti dómnefndar mæli með, enda sé tryggt að dómnefndarmenn uppfylli hin sérstöku dómaraskilyrði sem hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson gerði grein fyrir áðan. Ég tel að frv. stórbatni við þessa breytingu.

Hins vegar er ég haldin efasemdum í sambandi við skylduna til að veita embætti ef meiri hluti eða jafnvel aukinn meiri hluti háskóladeildar mælir með. Þetta þýðir að það er í raun og veru aukið vald deildarinnar sjálfrar í sambandi við embættaveitingu. Þetta getur í sumum tilfellum verið afar hæpið þegar litið er til þess að sumar deildir Háskólans eru þannig saman settar að það embætti sem veita á er í fagi sem er allsendis óskylt þeim greinum sem meiri hluti deildarmanna hefur með höndum. Þess vegna tel ég rétt að leggja í slíkum tilvikum meira upp úr dómnefndaráliti að öðru jöfnu.

Það er ljóst að þessi ákvæði koma fyrst og fremst til framkvæmda í þeim undantekningartilvikum þegar árekstrar verða milli þessara aðila. En ég tel afar hæpið að binda skyldu ráðherra við þennan meiri hluta deildarfundar þegar búið verður að lögleiða skyldu ráðherra til að veita embætti í samræmi við niðurstöðu meiri hluta dómnefndar sem uppfylli hin sérstöku dómaraskilyrði. Með því tel ég að vel sé fyrir málinu séð. En í raun og veru hefði verið eðlilegast að láta hitt atriðið bíða til síðari skoðunar þessara laga. Ég geri þó enga formlega tillögu í þessu efni. Mér er ljóst að málið þarf eins og fleiri að fá afgreiðslu nú. En ég vil benda á að ég tel að þarna séum við að fara inn á braut sem getur verið varhugaverð.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 883 samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 885 felld með 12:14 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 19:4 atkv.
2. gr. samþ. með 20:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

87. fundur, þriðjudaginn 25. apríl, að loknum 86. fundi.

Íslensk málnefnd, 3. umr.

Stjfrv., 415. mál (nefndarmenn). — Þskj. 926.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Heimild til að leyfa Köfunarstöðinni hf. innflutning á skipum, 3. umr.

Stjfrv., 419. mál. — Þskj. 779.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 934).

Endurbætur forsetasetursins á Bessastöðum, 3. umr.

Stjfrv., 432. mál. — Þskj. 792.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Brottfall laga á sviði menntamála, 3. umr.

Stjfrv., 371. mál. — Þskj. 694.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 933).

Háskóli Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 224. mál (dómnefndir og veiting embætta). — Þskj. 931.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og endursent Ed.

Stimpilgjald, 1. umr.

Frv. GGÞ, 396. mál (hlutabréf). — Þskj. 743.

Flm. (Guðmundur G. Þórarinsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga á þskj. 743 um breytingu á lögum um stimpilgjald nr. 36/1978. Frv. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. málsl. 1. mgr. 21. gr. laganna orðist svo:

Fyrir stimplun hlutabréfa, sem gefin eru út af félögum með takmarkaða ábyrgð, skal greiða ½% af fjárhæð bréfanna.

Lög þessi öðlast þegar gildi."

Um þetta frv. þarf ekki að fara mörgum orðum. Með því er lagt til að stimpilgjald hlutabréfa lækki úr 2% af fjárhæð bréfanna sem nú er í ½%.

Einmitt um þessar mundir hafa miklar umræður verið í þjóðfélaginu um nauðsyn þess að auka eigið fé fyrirtækja. Fyrir þinginu liggur þáltill. um að örva viðskipti á hlutabréfamarkaði og þar er vísað til skýrslu sem Iðnþróunarsjóður og Seðlabanki Íslands létu vinna um úttekt á málefnum hlutabréfamarkaðar, skýrslu sem unnin er af Enskilda Securities Ltd. í London. Það liggja því fyrir þinginu veigamikil rök ásamt með frv. um breytingar á skattameðferð hlutafjár þannig að ekki er ástæða við þessa umræðu að tefja umræðu eða fara frekar út í málalengingar vegna þeirra mála. Ég vil þó sérstaklega benda á eitt atriði í viðbót við þau sem fram koma í nefndum skjölum, en það er einmitt þegar skattameðferð hlutafjár er borin saman við aðra skattameðferð að til að mynda er tap á sölu hlutabréfa ekki frádráttarbært við skattuppgjör eins og tap á sölu eigna.

Einmitt nú þegar eigið fé atvinnuveganna hefur rýrnað mjög, ekki síst útflutningsatvinnugreina og samkeppnisgreina, er mjög nauðsynlegt að hvetja menn til að auka eigið fé sinna fyrirtækja. Lánsfé er dýrt, vextir eru háir og allt ber að sama brunni. En auk annarra atriða er mjög dýrt að auka eigið fé, auka hlutafé einmitt vegna stimpilgjalda. Fyrirtæki sem eykur hlutafé sitt um 50 millj. greiðir 1 millj. kr. í ríkisstjóð í stimpilgjöld af hlutabréfunum.

Aðeins til skýringar vil ég taka eitt dæmi úr raunveruleikanum. Fyrirtæki sem tekur 25 millj. kr. lán greiðir af því láni áður en það fær það í hendur ef um er að ræða erlent lán um 10% eða 2,5 millj. til ríkisins í formi lántökugjalds, stimpilgjalds og lántökuskatts af erlendu láni eða um 2,5 millj. af 25 millj. í beina skatta til ríkisins. Þar að auki, ef sú leið er valin að verja þessum 25 millj. til aukningar á eigin fé fyrirtækisins, verður fyrirtækið að greiða 500 þús. af þessari upphæð í stimpilgjöld til ríkisins sem þýðir að skattheimtan við þessa öflun lánsfjár til eigenda til þess að auka eigið fé í fyrirtækinu nemur um 3 millj. kr.

Ég hygg að einmitt nú við þær aðstæður sem ríkja í þjóðfélaginu sé sérstök ástæða til að hvetja fyrirtækin til að auka hlutafé. Því er lagt til með þessum frumvarpsflutningi að stimpilgjald verði lækkað í ½%.

Herra forseti. Ég legg til að loknum umræðum að þessu máli verði vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Friðrik Sophusson:

Herra forseti. Ég get verið mjög stuttorður. Ég nota þetta tækifæri til að lýsa yfir eindregnum stuðningi við framkomið frv. Guðmundar G. Þórarinssonar, hv. 10. þm. Reykv., því það er allt rétt sem kemur fram í grg. Ég tek undir öll þau atriði sem hann nefndi í sinni ræðu og minni á að fyrir þinginu liggja þrjú mál sem ég ásamt nokkrum öðrum hv. þm. Sjálfstfl. hef flutt. Eitt þeirra er þáltill. sem enn hefur ekki fengist rædd, en tvö eru frv. sem varða breytingar á lögum til að liðka fyrir hlutabréfasölu og liðka fyrir viðskiptum með hlutabréf. Það er rétt hjá hv. flm. frv. að það er mjög nauðsynlegt að auka eigið fé fyrirtækja með aðgerðum á borð við þær sem nefndar eru í þeim frv. og því sem kemur fram í frv.

Ég skora þess vegna á hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar að taka jákvætt á þessu máli og hraða því að þetta mál ásamt hinum tveimur sem ég hef nefnt geti orðið að lögum á yfirstandandi þingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. RH o.fl., 444. mál (eignarskattur eftirlifandi maka). — Þskj. 804.

Flm. (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Frv. á þskj. 804 er flutt af fjórum þingmönnum Sjálfstfl. og tilgangur þess er að láta afnema ekkjuskattinn svonefnda. Við viljum láta afnema hið hróplega ranglæti sem birtist í því þegar fólk missir maka sinn að þá lendi það allt í einu í miklu hærri skatti af sömu eign og það hafði áður greitt af með maka sínum. Stundum ber svo við að skatturinn meira en tvöfaldist á eftirlifandi maka þó að gjaldþolið sé auðvitað stórlega minnkað eins og ekki þarf að útskýra. Þessu ranglæti var komið á í vetur í jólaönnunum og menn sáust ekki fyrir í stuðningi sínum við blessaða ríkisstjórnina sem er óðum að verða óvinsælli og óvinsælli. Þá þótti mönnum þetta nauðsynlegt en hafa áttað sig síðar því að fleiri frv. hafa komið fram um nánast sama efni. M.a. sama daginn og þetta frv. var lagt fram, þann 11. þessa mánaðar, var lagt annað frv. fram sem tók til þessa að öðru leytinu til, en að hinu leytinu til nýtingar persónufrádráttar. Um það efni var einnig flutt frv. á sl. vori. Það var flutt af Maríu Ingvadóttur, sem sat á þingi sem varaþingmaður, og var þá að sjálfsögðu við þágildandi skattalög.

Ég bendi á að þetta frv. er að forminu til flutt við 81. gr. laganna sem fjallar um skattlagningu hjóna þegar innheimtur er eignarskattur. Það er formsatriði hvort greinin er flutt við það ákvæði eða 83. gr., en með því að flytja breytinguna við 81. gr. næst fram að ákvæðið tekur einnig yfir ógift sambúðarfólk og þess vegna töldum við að með því að orða það við þá grein næðum við tilganginum betur. Enn fremur næðum við því marki líka að þá héldist áfram sama fríeignarmarkið, ef svo má segja, þannig að skatturinn af eigninni yrði óbreyttur.

Auðvitað er aðalatriðið að eignarskatturinn er í eðli sínu afar ranglátur. Það er margbúið að skattleggja fólkið, fyrst tekjurnar svo í óbeinu sköttunum þegar keypt er byggingarefni þannig að sama spýtan er skattlögð aftur og aftur og aftur í lífi fólks og seinast þegar það fellur frá í erfðafjárskatti. (**Forseti:** Nú er klukkan orðin þrjú og ég verð að biðja hv. þm. um að ljúka máli sínu á hálfri mínútu eða svo ellegar halda fram máli sínu síðar ef hann kýs það frekar.) Þetta eru harðir kostir, herra forseti, en með því að ég veit að það þarf að hafa hraðar hendur til að málið fái umfjöllun í fjh.- og viðskn. um leið og sams konar skattamál sem var lagt fram sama dag veit ég að þetta þarf að gerast ef forseti er staðráðinn í því að slíta fundi Nd. nú. Ég geri ráð fyrir að annars liði einhver dagafjöldi til þess að það gengi. Ég vonast til þess að hann líti svo á að þessar tvær þrjár seinustu setningar mínar fjalli um þingsköp, enda gera þær það þó að þær séu inni í þessari sömu ræðu og þess vegna reiknist þær ekki mér til frádráttar.

Ég leyfi mér að leggja til að málinu sé vísað til fjh.- og viðskn. og það litla skref sem hér er lagt til að stigið verði verði samþykkt í þeirri nefnd. Hér er gengið skemmra en í mörgum frv. sama efnis. Það er gengið svo skammt að ég tel siðferðilega óframbærilegt að fella þetta mál. — Og að sjálfsögðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

64. fundur, þriðjudaginn 25. apríl, kl. 3 miðdegis.

Utanríkismál, frh. umr.

Skýrsla utanrrh., 482. mál. — Þskj. 862.

Einnig eru til umræðu:

Norræna ráðherranefndin 1988–1989, frh. umr.
Skýrsla Jóns Sigurðssonar samstarfsráðherra, 494. mál. — Þskj. 908.

Norrænt samstarf 1988–1989, frh. umr.
Skýrsla Íslandsdeildar Norðurlandaráðs, 478. mál. — Þskj. 847.

Evrópuráðið, frh. umr.
Skýrsla íslensku þingmannanefndarinnar, 484. mál. — Þskj. 868.

Alþjóðaþingmannasambandið, frh. umr.
Skýrsla Íslandsdeildar, 132. mál. — Þskj. 139, 911.

Alþjóðavinnumálaþingið í Genf, frh. umr.
Skýrsla félmrh., 487. mál. — Þskj. 876.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Eins og kunnugt er stóð til að halda hér fund fram eftir kvöldi í gær, en vegna beiðni nokkurra þingmanna varð ekki unnt að halda þeirri áætlun. Forseti vill því fara þess á leit við hv. þm. að þeir reynist samvinnuþýðir um að það náist að ljúka þessum fundi hér í kvöld, ella raskast dagskrá allrar vikunnar. Þess vegna er það beiðni forseta að menn reyni sem unnt er að stilla svo máli sínu í hóf að þeir sem á mælendaskrá eru nái að tala hér í dag, og verður haldið áfram eins lengi og unnt er.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að færa forseta þakkir fyrir þá ákvörðun sem hér var tekin um skipan

þessarar umræðu um skýrslu utanrrh. sem hófst hér í sameinuðu þingi í gær.

Sú skýrsla sem hæstv. ráðherra hefur lagt fram er að flestu leyti með hefðbundnu sniði. Þó ber hún þess merki að hæstv. ráðherra hefur lagt á það sérstaka áherslu að þessu sinni að hafa skýrsluna nokkru meiri að vöxtum en venja er til. Nú er það ekki alltaf svo að samhengi sé á milli magns og gæða en það verður heldur ekki sagt í þessu tilviki að skýrslan sé efnisrýrari en jafnan áður.

Ef fyrst er vikið að hinni almennu stefnumörkun og grundvallaratriðum utanríkisstefnunnar, þá er fyrst að líta á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, stjórnarsáttmálann, þann kafla sem fjallar um utanríkismál og hæstv. ráðherra birtir í upphafi skýrslunnar. Þar segir að markmið utanríkisstefnu Íslendinga séu að treysta sjálfstæði landsins og gæta hagsmuna þjóðarinnar í alþjóðlegum samskiptum. Síðan er talið upp í nokkrum málsliðum með hvaða hætti hæstv. ríkisstjórn ætlar að vinna að þessum markmiðum. Það vekur athygli að í stefnuyfirlýsingu hæstv. ríkisstjórnar kemur hvergi fram með hvaða hætti hún ætlar að vinna að þeim grundvallaratriðum sem legið hafa að baki utanríkisstefnu Íslendinga í fjóra áratugi. Til að mynda er í þessari upptalningu ekki vikið einu orði að aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og ekki vikið einu orði að varnarsamstarfi Íslands og Bandaríkjanna. Óhætt er að fullyrða að engin ríkisstjórn hefur verið mynduð á síðari tímum þar sem jafnótraustur málefnalegur grundvöllur liggur að baki utanríkisstefnunnar. Það hlýtur að vekja athygli bandamanna okkar og samherja að mynduð skuli ríkisstjórn á Íslandi þar sem fram kemur að hæstv. ríkisstjórn þorir ekki eða getur ekki sett á blað tilvísanir í grundvallaratriði utanríkisstefnunnar. Allt vekur þetta upp ýmsar spurningar, gerir stjórnarstefnuna ótraustari og er til þess fallið að rýra álit okkar út á við. En það skiptir auðvitað meginmáli að við sýnum stefnufestu og öryggi í málflutningi gagnvart öðrum þjóðum. Sennilega á þetta við um allar þjóðir en ekki síst fámennar þjóðir eins og við Íslendingar erum.

Þó að þannig standi á um málefnasáttmála hæstv. ríkisstjórnar þá verður að taka það fram að hæstv. utanrrh. hefur í störfum sínum og þar á meðal í þeirri skýrslu sem hér liggur fyrir freistað þess í flestum efnum að fylgja eftir þeirri grundvallarstefnu sem mörkuð hefur verið og víðtæk samstaða er um meðal Íslendinga að fylgja. Hann hefur einnig í flestum atriðum, að því er grundvallarstefnuna varðar, aðlagast hinum breyttu tímum og nýju viðhorfum í alþjóðasamskiptum, meiri þíðu, vilja til gagnkvæmrar afvopnunar á grundvelli gagnkvæmra samninga og í samræmi við skuldbindingar okkar við bandalagsþjóðirnar. Þannig eru á vissan hátt mótsagnir í ótraustri yfirlýsingu hæstv. ríkisstjórnar þar sem bæði Framsfl. og Alþfl. hafa verið að kaupa Alþb. til samstarfs með málamiðlunum í yfirlýsingum um utanríkismál. En ég ítreka að mér sýnist að í flestum grundvallaratriðum hafi hæstv. utanrrh. staðið við markmið okkar og að því er varðar framkvæmdir á utanríkisstefnunni í flestum efnum fylgt þar eðlilegri stefnu í samræmi við það sem á undan er gengið, þó að í nokkrum atriðum, og það nokkuð alvarlegum að því er varðar framkvæmd utanríkisstefnunnar, hafi orðið misbrestur á sem ástæða er til að víkja hér að síðar.

Það vekur einnig athygli að hæstv. utanrrh. gerir ekki í skýrslu sinni og gerði ekki í framsöguræðu sinni hér í gær fyrir þessari skýrslu neina grein fyrir þeim mikla ágreiningi sem er innan ríkisstjórnarinnar og hefur komið fram opinberlega milli stjórnarflokkanna um afstöðuna í utanríkismálum og afstöðu til einstakra framkvæmdaatriða. Hér er ekki einasta um að ræða ágreining sem hefur komið fram hér innan lands heldur hafa ráðherrar hæstv. ríkisstjórnar dregið þennan ágreining fram á alþjóðavettvangi. Allt veikir þetta þá festu sem nauðsynleg er að baki utanríkisstefnu fámennrar þjóðar og rýrir um leið álit okkar á alþjóðavettvangi.

Það er býsna kynlegt að í málefnasamningi skuli ekki vísað til aðildarinnar að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamstarfsins við Bandaríkin. Aðildin að Atlantshafsbandalaginu felur í sjálfu sér grundvallaratriði utanríkisstefnunnar. Þegar hún var ákveðin þá stigum við ný skref í afstöðu okkar til annarra þjóða. Framan af eftir að fullveldi fékkst fylgdu Íslendingar hlutleysisstefnu. Í styrjöldinni og kjölfar hennar stóðu menn frammi fyrir breyttum aðstæðum og þegar útþenslustefna Sovétríkjanna varð ljós tóku Íslendingar ákvörðun um að tengjast bandalagi lýðræðisþjóðanna til þess að tryggja varnir landsins og til þess að taka sameiginlega þátt í sókn og vörn lýðræðisþjóðanna fyrir frelsi og mannréttindum.

Við tökum þannig afstöðu á alþjóðavettvangi. Um leið og við gætum sjálfstæðis og fullveldis Íslendinga og öryggishagsmuna okkar, þá tökum við afstöðu á alþjóðavettvangi með þeim þjóðum sem standa vörð um frelsi, lýðræði og mannréttindi og það höfum við gert með aðildinni að Atlantshafsbandalaginu. Starf Atlantshafsbandalagsins hefur borið mikinn árangur í 40 ár og óhætt er að fullyrða að óskir og vonir þeirra sem að stofnun þess stóðu hafa í flestum atriðum ræst og það sem mestu máli skiptir er það að staðfesta Atlantshafsbandalagsins hefur tryggt frið í álfunni í 40 ár.

Þrátt fyrir þessar augljósu staðreyndir og þrátt fyrir það að tveir af þremur stjórnarflokkanna styðji aðild að Atlantshafsbandalaginu hefur ekki tekist að fá tilvísun til þessa grundvallarþáttar utanríkisstefnunnar inn í málefnasáttmála hæstv. ríkisstjórnar.

Hæstv. utanrrh. hefur eigi að síður í störfum sínum og með þeirri skýrslu sem hér er lögð fram sýnt að hann hefur í engu hvikað frá þeim grundvallaratriðum sem fylgt hefur verið og það er auðvitað mikilvæg staðreynd í þessari umræðu þrátt fyrir þann veikleika sem fram kemur í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Það fer ekkert á milli mála að það er fyrst og fremst staðfesta Atlantshafsbandalagsríkjanna sem ráðið

hefur úrslitum um þá gleðilegu þróun sem átt hefur sér stað á alþjóðavettvangi undanfarin ár. Við Íslendingar hljótum að fagna því enn að rekja má upphaf þeirrar þróunar til fundar forseta Bandaríkjanna og leiðtoga kommúnistaflokks Sovétríkjanna sem haldinn var hér í Reykjavík. Þar reyndi verulega á lýðræðisríkin í Atlantshafsbandalaginu þegar háværar kröfur komu fram um einhliða afvopnun og svæðabundna afvopnun sem bornar voru fram af svokölluðum friðarhreyfingum. En sú stefna Atlantshafsbandalagsins að semja af styrkleika hefur borið árangur, að treysta varnirnar en vera um leið tilbúið til þess að semja hefur skilað árangri.

Ef við víkjum svo að einstökum atriðum að því er varðar framkvæmd utanríkisstefnunnar og utanríkismálanna og þeirra verkefna sem nú falla undir utanrrn. sem eru orðin býsna viðamikil og einstökum ágreiningsatriðum á milli stjórnarflokkanna, þá vil ég fyrst koma að þeirri umræðu sem átt hefur sér stað um svonefndar skipulagsbreytingar í utanrrn.

Hæstv. ráðherra hefur í umræðu að undanförnu gert allmikið úr skipulagsbreytingum í ráðuneytinu þó að takmarkaðar upplýsingar hafi enn verið gefnar um þau efni. Svo virðist sem hér sé fyrst og fremst um að ræða mannabreytingar. Það fer auðvitað ekki hjá því að þær hljóta, eins og að þessum málum hefur verið staðið, að tengjast mjög innanbúðarmálum Alþfl. Hér á ég sérstaklega við þær breytingar sem gerðar hafa verið í tengslum við skipan nýs fastafulltrúa Íslands hjá Fríverslunarsamtökunum.

Fyrir tveimur árum eða svo tók nýr fastafulltrúi við því starfi, einmitt í þeim tilgangi að undirbúa forustu Íslands í Fríverslunarsamtökunum en að því kemur nú á miðju þessu ári. Nú hefur einn af forustumönnum Alþfl., fyrrv. formaður flokksins, einn af fáum forustumönnum Alþfl. sem enn er fulltrúi frjálslyndra viðhorfa, verið skipaður til þess að taka við þessu starfi. Ég ætla ekki að gagnrýna þá skipan vegna þess manns sem í hlut á. Ég tel að hv. þm. Kjartan Jóhannsson sé hinn hæfasti maður til þess að takast á við það verkefni. Hitt vil ég gagnrýna hvernig hæstv. ráðherra stendur að þessum breytingum og hvaða tíma hann velur til að gera breytingar á þessu veigamikla embætti þegar við erum að taka við forustu í Fríverslunarsamtökunum um nokkurra mánaða skeið. Það hefði ekki verið gagnrýniefni ef þetta hefði gerst fyrir nokkrum mánuðum síðan eða ári síðan eða í lok þess tíma þegar forustu Íslands í samtökunum lýkur. En það er líklegt að þetta veiki stöðu Íslands og sýni hringlandahátt þegar við erum að takast á við viðamikið verkefni. Og það er vandasamt verkefni fyrir fámenna þjóð eins og okkur að takast á við þetta forustustarf, ekki síst þegar fyrir dyrum standa umfangsmiklar viðræður Fríverslunarsamtakanna við Evrópubandalagið. Það er þessi þáttur málsins sem ég tel vera gagnrýniverðan, að gera hér á breytingar aðeins nokkrum vikum áður en þessi forusta fellur í okkar hlut. Ég tel það bera vott um hringlandahátt og það kunni að rýra traust okkar út á við þó að ég vilji endurtaka að ég ber fyllsta traust til hv. þm. Kjartans Jóhannssonar sem bráðlega tekur við þessu mikilvæga starfi, en hjá því verður auðvitað ekki litið að þessar breytingar á þessum tíma hljóta að tengjast meir hagsmunum Alþfl. en hagsmunum utanríkisþjónustunnar.

Hæstv. núv. utanrrh. gerði það að tillögu sinni meðan hann var fjmrh. í síðustu ríkisstjórn að sendiráð á Norðurlöndunum yrðu lögð niður og jafnvel einnig sendiráðið í París. Nú er það svo að það er ekki alveg óþekkt að ábyrgðarlitlir fjármálaráðherrar hendi fram sparnaðartillögum af ýmsu tagi í vissu þess og kannski öllu fremur í trausti þess að viðkomandi fagráðherrar stöðvi framgang þeirra. Þeir koma svo gjarnan eftir á og segja sem svo: Sjáið, ég hafði sparnaðartillögur fram að færa en það voru hinir vondu eyðsluseggir sem komu í veg fyrir þetta.

Nú stendur svo á að hæstv. ráðherra varð utanrrh. aðeins örfáum vikum eftir að þessar tillögur um sparnað og skipulagsbreytingar í utanríkisþjónustunni voru lagðar fram af honum sem fjmrh. En á þeim tíma sem hann hefur gegnt stöðu utanrrh. hafa engar tillögur verið gerðar um skipulagsbreytingar í þessu efni og sýnir það auðvitað fyrst og fremst að hér var um að ræða af hans hálfu marklausar yfirlýsingar. Á hinn bóginn er það mín skoðun að margt bendi til þess að það megi hagræða í utanríkisþjónustunni og skipa málum á þann veg að við getum nýtt fjármuni með öðrum hætti. Samstarf Norðurlandaþjóðanna hefur verið að þróast á undanförnum árum og áratugum og tekið miklum breytingum. Ég hygg að varla sé unnt að finna dæmi um jafnnáið samstarf þjóða í milli eins og hér á sér stað. Þetta samstarf má segja að sé grasrótarsamstarf, það eru varla til þau samtök fólks á Norðurlöndum sem hafa ekki með sér norrænt samstarf af einu eða öðru tagi og samskipti stjórnvalda hafa þróast á þann veg, auk starfa Norðurlandaráðs sem þingmannasamkomu, að samskipti stjórnvalda milli ríkisstjórna landanna fara að mestu leyti fram beint á milli ráðuneyta og í gegnum ráðherranefndir Norðurlandaráðs.

Þessi þróun er ánægjuleg. Hún hlýtur hins vegar að vekja upp spurningar um það hvort við getum þá ekki hagrætt á öðrum sviðum þessa samstarfs. Með öðrum orðum sýnist mér að við höfum náð það langt í Norðurlandasamstarfinu að það megi nú endurskoða hina gömlu og hefðbundnu samskiptaleið ríkisstjórna þar sem ríkisstjórnarerindi og stjórnvaldserindi á milli landa fara í gegnum sendiráðin. Þess vegna teldi ég að það kæmi fyllilega til álita nú, ekki að Ísland stígi einhliða skref af því tagi sem hæstv. utanrrh. lagði til meðan hann var fjmrh., heldur að við tækjum það upp við Norðurlandaþjóðirnar, samstarfsþjóðir okkar innan Norðurlandaráðs, að þær legðu allar niður sendiráðin hver hjá annarri. Í þess stað væri unnt að setja upp sameiginlegar skrifstofur, litlar þjónustuskrifstofur við einstaklinga í hverju ríki þar sem Norðurlandaþjóðirnar sameinuðust um eina skrifstofu í höfuðborgunum til þjónustu við einstaklingana. En stjórnvaldserindum og málefnum ríkisstjórna yrði í þeim mæli sem verið hefur fram til þess

og í auknum mæli beint í gegnum viðkomandi ráðuneyti.

Þetta mundi sýna styrk Norðurlandasamstarfsins. Þetta mundi sýna hversu langt við hefðum náð í samstarfi þessara þjóða. Þetta mundi sýna hversu gott og traust þetta samstarf er en um leið mundi þetta svara eðlilegum kröfum um að fyllstu hagræðingar sé gætt og aðgæslu að því er varðar kostnað í svo umfangsmiklu starfi á milli þjóða. Með þessum hætti væri svo unnt að skapa svigrúm til annarra átaka sem brýn eru í utanríkisþjónustunni, ekki síst eftir að utanrrn. hefur fengið það verkefni að hafa utanríkisviðskipti með höndum.

Ég hygg að þessir hagsmunir séu líka mjög brýnir hjá hinum Norðurlandaþjóðunum sem allar eru að sækja fram í viðskiptum við aðrar þjóðir og þurfa að skapa fjárhagslegt svigrúm, eins og við, til þess að treysta viðskiptastöðu okkar á nýjum mörkuðum. Með þessu gætum við skapað svigrúm, að mínu mati, til þess að koma upp sendiráðum á þeim svæðum þar sem við teljum að við getum haslað okkur völl í viðskiptum og fundið nýja markaði til þess að treysta útflutning Íslendinga.

Hæstv. ráðherra gerir allgóða grein í skýrslunni fyrir þeim störfum sem unnin hafa verið varðandi aðlögun okkar að hinum nýja Evrópumarkaði. Í flestum efnum sýnist mér að þau mál séu í góðum farvegi. Það þarf ekki að fara um það mörgum orðum að nýjar aðstæður skapast í Evrópu með innri markaði Evrópubandalagsins 1992. Það er fullljóst að það skiptir Íslendinga miklu máli að fylgjast með í þeirri þróun, verða ekki að hornrekum í þeirri miklu þróun til nánari samvinnu og meiri samskipta á milli þjóða. Lífskjör Íslendinga eru undir því komin að við tökum þátt í þessu samstarfi. Það skiptir hins vegar miklu máli hvernig við aðlögum okkur að þessum nýju aðstæðum og hver staða okkar verður þar á endanum.

Mér sýnist eðlilegt að við fylgjum fríverslunarþjóðunum svo langt sem komast má í viðræðum við Evrópubandalagið. Við gerðum á sínum tíma mjög hagstæðan samning við bandalagið. Nú hafa aðstæður breyst. Nýjar þjóðir eru komnar inn í Evrópubandalagið, mikilvægar viðskiptaþjóðir Íslendinga. Við þurfum líka að auka samráð okkar og samskipti við Evrópuþjóðirnar á öðrum sviðum, svo sem á sviði vísinda, mennta og umhverfismála.

Í meginatriðum sýnist mér því að hér hafi verið farið af stað með eðlilegum hætti. Það er mikilvægt að við tökum upp viðræður við Evrópubandalagið, skýrum okkar afstöðu og freistum þess með öllum ráðum að ná sem hagstæðustum samningum fyrir okkur þegar þar að kemur, þó að ég um leið taki undir það að aðild að bandalaginu er ekki á dagskrá. Hitt vekur hins vegar upp spurningar hvernig samstarfi hæstv. ráðherra og ríkisstjórnarflokkanna hefur verið varið að því er þennan undirbúning varðar.

Það má segja að núv. ríkisstjórn reki svokallaða fyrirvarapólitík að því er varðar mikilvæg samskipti okkar við aðrar þjóðir. Þetta á bæði við um stefnumörkun Norðurlandaráðs að því er varðar efnahagssamvinnu þeirra og hina nýju stefnumörkun sem leiðtogar EFTA-ríkjanna ákváðu á fundi sínum í Osló fyrir ekki löngu síðan. Þessi fyrirvarapólitík hefur hins vegar valdið deilum innan ríkisstjórnar Íslands og hlýtur að vekja upp nokkrar spurningar um stöðu okkar í þeim viðræðum sem fram fara og stöðu Íslands sem forusturíkis á næstu mánuðum í fríverslunarsamtökunum, í viðræðum þeirra við Evrópubandalagið.

Hæstv. utanrrh. tók það fram eftir fundinn í Osló að sú samþykkt sem þar var gerð hefði verið einróma og Íslendingar ætluðu að taka fullan þátt í umræðum um þau atriði sem þar bæri hæst, svo sem frjálsræði fyrir fjármagn, þjónustu, vinnuafl og vörur. Hæstv. utanrrh. tók sem sagt fram af sinni hálfu eðlilega að Ísland stæði að þeirri stefnumörkun sem fram kæmi í yfirlýsingunni þó að öllum sé auðvitað ljóst að Fríverslunarsamtökin eru ekki yfirríkjabandalag þar sem meiri hluti getur bundið minni hluta. Hæstv. viðskrh. ítrekaði þetta svo í kjölfar fundarins á fundi iðnrekenda. Það er athyglivert að Alþfl. hefur þannig ítrekað viðhorf sín, frjálslynd viðhorf sín í efnahags- og viðskiptamálum að því er varðar samstarf við aðrar þjóðir, en hefur svo á hinn bóginn gengið hér erinda Alþb. í að hneppa íslenskt efnahagslíf í meiri fjötra og meiri miðstýringu. En það sýnist nú vera innanbúðarmál Alþfl. en snerta ekki beint umræður um afstöðu okkar til utanríkismála og utanríkisviðskipta.

Hæstv. forsrh. hefur síðan margítrekað að ríkisstjórn hans hafi fyrirvara um öll þau atriði til aukins frjálsræðis sem hæstv. utanrrh. hefur sagt að Ísland standi að. Nú er það svo að það er í sjálfu sér ekki einkamál okkar Íslendinga hvernig hæstv. ríkisstjórn stendur að þessu málum, ekki síst í ljósi þess að forustan í Fríverslunarsamtökunum er að koma í okkar hlut innan fárra vikna.

Það hlýtur að ryra álit okkar út á við og vekja upp spurningar bandalagsþjóða okkar um traust Íslendinga og trúverðugleika þegar hæstv. ríkisstjórn talar með þessum hætti, einn ráðherra í austur og hinn í vestur. Og það hlýtur að veikja forustu hæstv. utanrrh. í Fríverslunarsamtökunum þegar forsrh. hans hæstv. lýsir annarri afstöðu til þeirra viðræðna og til þeirra markmiða með viðræðunum sem hæstv. utanrrh. á að leiða í samtölunum við Evrópubandalagið. Þetta er gagnrýnivert. Það skiptir með öðrum orðum mjög miklu máli, bæði vegna hagsmuna okkar í því að ná sem bestum samningum við Evrópubandalagið og eins með tilliti til álits okkar út á við, að ríkisstjórn Íslands á hverjum tíma komi fram heilsteypt í svo mikilvægum málum þannig að ekki síst forusta okkar í slíkum samtökum verði ótvíræð og óumdeild. En sýnt þykir að við þetta þurfum við að búa meðan núv. hæstv. ríkisstjórn situr.

Annað atriði sem ágreiningur hefur komið upp um innan þessarar hæstv. ríkisstjórnar lýtur að afvopnun og hugmyndum um fækkun kjarnorkuvopna og þeim umræðum sem fram hafa farið um kjarnorkuvopna-

laus svæði. Það er ekki svo lítið atriði varðandi heilsteypta stefnu Íslendinga í þessu efni, öryggishagsmuni okkar og skuldbindingar við bandalagsþjóðir, að fá megi heilsteypta stefnu frá hæstv. ríkisstjórn.

Nú vil ég ítreka enn á ný að mér sýnist að hæstv. utanrrh. hafi af sinni hálfu fylgt fram stefnu í fullu samræmi við það sem áður hefur gerst, í fullu samræmi við breytta tíma, þíðu og vilja til afvopnunar, í fullu samræmi við þá nýju strauma sem eru að skapast í samskiptum þjóða um leið og hann ítrekar og einmitt með því að ítreka þá stefnu sem Atlantshafsbandalagið hefur fylgt.

Í skýrslunni segir hæstv. utanrrh.:

„Viðræður eru nýlega hafnar, annars vegar um niðurskurð hefðbundinna herja á svæðinu frá Atlantshafi til Úralfjalla og hins vegar um frekari traustvekjandi aðgerðir. Fyrri viðræðurnar verða öðru fremur prófsteinninn á raunverulegan friðarvilja Sovétmanna í næstu framtíð, en allt frá stríðslokum hefur ójafnvægi á sviði hefðbundinna herja í Evrópu verið Sovétmönnum í vil, verið ein helsta undirrót erfiðleika í samskiptum austurs og vesturs. Ég hef áður lýst áhuga á því að gengið verði til samninga um afvopnun á höfunum þegar viðræður um niðurskurð hefðbundinna herja og traustvekjandi aðgerða á landi hafa borið tilætlaðan árangur."

Á öðrum stað segir hæstv. utanrrh.:

„Ég vil ítreka í ljósi þeirra umræðna sem átt hafa sér stað hérlendis um hættuna af kjarnavopnum á og í höfunum að START-viðræðurnar taka einnig til stýriflauga á og í höfunum sem flutt geta kjarnavopn. Það er því sérstakt hagsmunamál Íslendinga að viðræður þessar beri ávöxt."

Og í kaflanum um kjarnavopnalaus svæði tekur hæstv. utanrrh. skýrt fram að sá vinnuhópur embættismanna, sem nú starfar á vegum ríkisstjórna Norðurlandanna, taki þar til skoðunar grundvallarskuldbinding þeirra ríkja sem eiga aðild að Atlantshafsbandalaginu og stefnu þeirra ríkja sem hlutlaus eru.

Hér tekur hæstv. utanrrh. alveg skýrt og greinilega á málum og ég er í einu og öllu sammála þeirri stefnumörkun sem þar kemur fram. Það fer ekkert á milli mála að sá árangur sem náðst hefur á þessu sviði er vegna þessarar staðfestu Atlantshafsbandalagsins sem hér hefur verið lýst. Við eigum auðvitað mikilla hagsmuna að gæta Íslendingar, að fækkun kjarnorkuvopna taki einnig til hafsvæðanna. Þar kemur til sú staða að lífsafkoma okkar er byggð á fiskveiðum og við viljum gæta þess svo sem frekast er kostur að kjarnavopn leiði ekki til umhverfisslysa á mikilvægum fiskimiðum. Þetta höfum við jafnan lagt ríka áherslu á. Ég gerði það á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins fyrir rúmu ári síðan og aftur á afvopnunarþingi Sameinuðu þjóðanna sl. sumar, og núv. hæstv. utanrrh. hefur ítrekað þessa stefnu og undir hana vil ég taka.

En nú bregður svo við að fyrir ekki alllöngu fór hæstv. fjmrh. í ferð til Moskvu. Í fréttatilkynningu var sérstaklega tekið fram að þar hefði hann rætt viðskiptamál við sovésk stjórnvöld. Ýmsir hljóta að spyrja: Hvers vegna fer hæstv. fjmrh. til Moskvu til þess að ræða um viðskiptamál sem heyra undir hæstv. viðskrh. og hæstv. utanrrh.? Varla hefur það stafað af öðru en því að honum hefur fundist sem þessir tveir hæstv. ráðherrar í ríkisstjórn Íslands stæðu ekki að viðskiptaviðræðum við sovésk stjórnvöld svo sem Alþb. líkaði og því hefur hæstv. fjmrh. þótt nauðsynlegt að taka fram fyrir hendur þessara tveggja ráðherra og hefja sérstakar viðræður að eigin frumkvæði og eigin hálfu við sovésk stjórnvöld.

En í beinu framhaldi af ferð sinni til Moskvu heldur hæstv. fjmrh. ræðu á sérstökum fundi í Osló þar sem hann varpar fram hugmyndum um afvopnunarviðræður sem ganga að ýmsu leyti þvert á stefnu hæstv. utanrrh. og stefnu bandalagsþjóða Íslendinga.

Sovétstjórnin sá ástæðu til þess að fagna sérstaklega þessu frumkvæði Ólafs Ragnars Grímssonar fjmrh., þessu frumkvæði Íslendinga og tók sérstaklega fram að þessar síðustu yfirlýsingar Íslendinga á sviði utanríkismála væru í samræmi við ræðu Mikhaíls Gorbatsjovs í Múrmansk í október 1987 er hann bauð norrænum ríkjum að ræða löngu tímabærar spurningar á sviði öryggismála, eins og þar segir.

Nú er það svo að engin Norðurlandaþjóðanna hljóp inn á þetta viðræðutilboð Gorbatsjovs á sínum tíma. Og fyrstu jákvæðu viðbrögðin koma þá frá fjmrh. Íslands og þau eru greinilega á þann veg flutt að Sovétstjórnin hefur talið sig geta túlkað þau sem yfirlýsingu íslensku ríkisstjórnarinnar. Í fregnum norskra fjölmiðla frá þessari ráðstefnu er gjarnan vísað til tillögu Íslands og talað um íslenskt frumkvæði.

Viðbrögð á þessari ráðstefnu við frumkvæði hæstv. fjmrh. um mótun nýrrar utanríkisstefnu fyrir Íslendinga voru að vísu misjöfn og Johan Jörgen Holst, varnarmálaráðherra Noregs, tók þeim fálega og vísaði til þess að Atlantshafsbandalagið er flotabandalag, en Varsjárbandalagið landveldi og Atlantshafsbandalagið hefur m.a. af þeim sökum lagt áherslu á að stuðla beri að jafnvægi landherja í Mið-Evrópu.

Hér er komið upp enn eitt málið þar sem ágreiningur er á milli stjórnarflokkanna sem fer ekki einungis fram hér innan lands heldur er færður á erlendan vettvang. Og nú er það spurning mín til hæstv. utanrrh.: Er hann sáttur við þetta frumkvæði hæstv. fjmrh. sem gengur þvert á þá stefnu sem hann sjálfur hefur lýst og eðlilegt er að Ísland fylgi í samræmi við stefnu sína og skuldbindingar við bandamenn? Ef hann er ekki sáttur við að hæstv. fjmrh. móti þannig sérstaka utanríkisstefnu fyrir hönd íslensku ríkisstjórnarinnar, hefur hann þá gert ráðstafanir til þess á erlendum vettvangi að gera öðrum ríkisstjórnum grein fyrir því að hæstv. fjmrh. talar ekki fyrir hönd íslensku ríkisstjórnarinnar og það sem hann gefur til kynna að sé sérstakt frumkvæði Íslendinga og Sovétstjórnin hefur fagnað sé ekki stefna íslensku ríkisstjórnarinnar? Eða hefur hæstv. ráðherra gert ráðstafanir til þess að eyða þeirri óvissu sem með þessu hefur verið sköpuð og treysta um leið ásjónu Íslands í

samfélagi þjóðanna? Því að auðvitað er þetta enn eitt dæmið um það hvernig álit Íslands er rýrt út á við þegar utanríkisstefna þjóðarinnar er kynnt með svo ólíkum hætti af ráðherrum í hæstv. ríkisstjórn.

Ég ætla ekki hér að fara mörgum orðum um hvalveiðimálið sem hefur verið býsna viðkvæmt og erfitt mál. Á sínum tíma tók Alþingi þá ákvörðun að mótmæla ekki hvalveiðibanninu en hefja vísindalegar rannsóknir á hvölum og í fyrri ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar var mótuð stefna um vísindaveiðar og þeirri vísindaáætlun á að ljúka á þessu sumri.

Ég er þeirrar skoðunar að þessari vísindaáætlun sem mótuð var á sínum tíma og fyrri ríkisstjórn fylgdi eigi að ljúka. Veiðunum hefur verið hagrætt eftir aðstæðum og í kjölfar samninga við aðrar þjóðir, sérstaklega við Bandaríkjamenn þannig að við höfum fylgt sveigjanlegri framkvæmd á þessari stefnu. En hæstv. samgrh. hefur gert athugasemdir við þessa stefnu og í viðtali við Þjóðviljann segir hann svo, með leyfi forseta:

„Ég lít svo á að stefna þessarar ríkisstjórnar í hvalveiðimálum sé ekki útrætt mál. Það hefur verið rætt á nokkrum fundum í stjórninni, m.a. að minni ósk, því ég vil meina að þessi ríkisstjórn eigi enn eftir að gera upp sína afstöðu í raun til þess hvernig haldið verði á þessum málum í framtíðinni. Það er ekki sjálfgefið að stefna fyrri ríkisstjórnar verði óbreytt stefna þessarar ríkisstjórnar."

Nú vil ég inna hæstv. utanrrh. eftir því hvort hæstv. samgrh. hafi fylgt þessu máli eftir, hvort hæstv. ríkisstjórn hafi fjallað um þessa stefnu sem hæstv. samgrh. mælir hér fyrir að því er ég skil af hálfu Alþb. í ríkisstjórninni og hvort vænta megi nýrra átaka á milli stjórnarflokkanna um þetta efni.

Um hvalveiðimálið vil ég svo aðeins segja það til viðbótar að hæstv. ráðherra gerði býsna mikið mál úr því á dögunum að sérfræðingur Bandaríkjastjórnar, dr. Evans, hefði komið í bakið á Íslendingum í viðræðum sínum við japönsk stjórnvöld. Björn Bjarnason ritstjóri hefur með viðræðum við Evans og starfsmenn viðskrn. í Bandaríkjunum sýnt fram á í blaðagrein að upphlaup hæstv. ráðherra um þetta efni virðist hafa verið á hæpnum forsendum byggt og þess vegna hefði kannski verið ástæðulaust af hálfu hæstv. ráðherra að fjalla um það með þeim hætti sem gert er í skýrslunni á bls. 61 og taka fremur tillit til nýrra upplýsinga í málinu.

Það er svo að ekki síst fámenn þjóð þarf oft að taka upp og gæta hagsmuna sinna af býsna miklum krafti og það gagnvart bandamönnum okkar ekkert síður en öðrum. Það höfum við gert í samskiptum okkar við Bandaríkin. Það gerðum við þegar deilan stóð um flutningana til varnarliðsins. Það gerðum við þegar deilurnar stóðu vegna hugsanlegrar staðfestingarkæru Bandaríkjanna. En það getur rýrt okkar stöðu ef við hrópum úlfur, úlfur þegar ekki er raunverulegt tilefni til. Og því geri ég þessa athugasemd við þessa grein í skýrslunni. Að öðru leyti vænti ég þess svo sem fram hefur komið að núverandi vísindaáætlun verði lokið, en brýnt er að Íslendingar gefi út skýra stefnu um það hvað við skuli taka. Ég teldi ekki, og hef lagt á það áherslu áður, að það væri eðlilegt að Alþingi fjallaði um það mál og mótaði þá stefnu.

Þá ætla ég að víkja nokkrum orðum að svokölluðu varaflugvallarmáli. Um það fóru fram miklar umræður hér í þinginu að frumkvæði hv. 1. þm. Norðurl. v. og ætla ég ekki að endurtaka þær umræður hér og nú, aðeins að draga fram nokkur höfuðatriði í þessu máli.

Það lá fyrir í ágústmánuði á sl. sumri að yfirvöld Bandaríkjahers voru tilbúin til þess að fallast á öll skilyrði Íslendinga um þennan flugvöll, með hvaða hætti hann yrði rekinn, að þar yrði ekki vopnaviðbúnaður né hermenn á friðartímum. Þessi atriði komu öll fram í viðræðum við bandarísk yfirvöld á sl. sumri. Hæstv. utanrrh. fékk þau svo staðfest í vetur sem leið í bréfi frá aðalframkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins. Hæstv. ráðherra hefur lýst vilja sínum til þess að sú forkönnun á hugsanlegum varaflugvelli verði gerð. Þetta hefur sætt andmælum af hálfu Alþb. fyrst og fremst.

Fyrir ekki alllöngu greindi Þjóðviljinn frá því að fyrirætlanir hæstv. utanrrh. í þessum efnum hefðu verið brotnar með öllu á bak aftur. Í tvígang hygg ég að hæstv. ráðherra hafi verið inntur eftir því í umræðum hér á Alþingi hvort þessi staðhæfing sé rétt, að Alþb. hafi brotið fyrirætlanir hans í þessum efnum á bak aftur. Hæstv. ráðherra hefur látið hjá líða að svara þessum spurningum. Ég vil því ítreka þá spurningu hvort þessi fullyrðing er rétt. Ef svo er ekki, þá vil ég inna hæstv. ráðherra eftir því hvort hann sé reiðubúinn að standa að samþykkt þáltill. hér á þessu þingi um það að Alþingi sé því samþykkt að hæstv. utanrrh. heimili þessa forkönnun.

Svo virðist sem hæstv. utanrrh. sé að láta undan þrýstingi Alþb. að því er varðar þetta mál. Þó að fram hafi komið að hæstv. ráðherra hafi í meginefnum fylgt grundvallarstefnu Íslendinga og tekið þátt í aðlögun hennar að nýjum og breyttum tímum, þá hefur það verið í huga margra að svo kynni að fara að Alþb. mundi nota stöðu Alþfl. til þess að knýja hæstv. utanrrh. til undanhalds í ýmsum efnum varðandi framkvæmd þessarar stefnu og varðandi framkvæmd þeirra áforma sem hann hefur lýst. Og grunsemdir eru uppi um það að hæstv. ráðherra muni ekki treysta sér til þess vegna andstöðu Alþb. og forneskjulegra hugmynda þeirra í varnarmálum, sem eru að daga uppi í nútímaþróun í alþjóðlegum samskiptum, að framkvæma stefnu sína. Þess vegna eru þessar spurningar ítrekaðar.

Hæstv. ráðherra vék hér að heræfingum sem einnig hafa verið til umræðu hér á Alþingi og fyrirhugaðar eru á sumri komanda. Hann greindi frá því að hann hefði tekið ákvörðun um að fækka þátttakendum um þriðjung. Augljóst er af þessu að hæstv. ráðherra er að byrja að bogna fyrir hótunum Alþb. Í skýrslu hæstv. ráðherra kemur ekki annað fram en hann telur þessar æfingar eins og þær hafa verið kynntar eðlilegar og sjálfsagðar og það er því augljóst að hér hefur átt sér stað breyting, skyndileg breyting á afstöðu

hæstv. ráðherra. Það er augljóst að hann er að láta undan þrýstingi Alþb.

Nú sýnist mér málið snúa á þann veg að einu gildi fyrir Alþb. hvort þátttakendur í þessum æfingum verða tvöfalt fleiri en síðast eða þrefalt fleiri. Auðvitað hefði Alþb. ekkert farið að hlaupa úr ríkisstjórn þó að æfingarnar hefðu farið fram með þrefalt fleiri þátttakendum í staðinn fyrir tvöfalt fleiri en síðast. Auðvitað hefði Alþb. setið sem fastast. Einstaka þingmenn Alþb. hafa verið að gefa til kynna að það kunni að hafa áhrif á afstöðu þeirra til hæstv. ríkisstjórnar ef þessar heræfingar verða leyfðar. Öllum má vera ljóst að hér er um að ræða marklausar hótanir. Öllum má vera ljóst að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, sem hefur gefið þetta til kynna, heldur áfram stuðningi sínum við hæstv. ríkisstjórn hvort sem hæstv. ráðherra leyfir tvöfalt fleiri þátttakendur eða þrefalt fleiri þátttakendur í þessum heræfingum. Hæstv. ráðherra var þess vegna alveg óhætt stólsins vegna að leyfa þessar heræfingar með þeim hætti sem hann hafði áður lýst að væru eðlilegar og sjálfsagðar. En staðreyndirnar tala hér skýru máli. Hæstv. ráðherra er að byrja að gefast upp fyrir hótunum Alþb. og það er ástæða til þess að hafa nokkrar áhyggjur af framvindu utanríkismálanna og framkvæmd utanríkisstefnunnar ef þessar hótanir halda áfram og ef hæstv. ráðherra heldur áfram að bogna fyrir þeim.

Þá komum við aftur að upphafinu, sem sagt því að í málefnasamningi þessarar ríkisstjórnar er mjög ótraustur grundvöllur fyrir utanríkisstefnunni eins og hún hefur verið framkvæmd um áratugi og það kann að veikja stöðu hæstv. ráðherra þegar fram í sækir ef fram heldur sem horfir.

Hæstv. ráðherra gerði svo nokkra grein fyrir fyrirhuguðum breytingum á stjórn og hugsanlega eignaraðild að Aðalverktökum. Hann tók fram að nú ætti að auka þátt ríkisins í þessu fyrirtæki sem haft hefur einkarétt að mestu á framkvæmdum á vegum varnarliðsins og nú þegar hafa Aðalverktakar samþykkt að fjölga ríkisfulltrúum um einn. Stjórnarformaður, að ég hygg, frekar en forstjóri fyrirtækisins, segir í viðtali við Morgunblaðið í dag að þetta breyti ákaflega litlu og skipti ekki sköpum. En hæstv. ráðherra talaði einnig um að til stæði að breyta eignaraðildinni. Af því sem hann sagði má helst ráða að hann sjái það helst til ráða að auka hlutverk og þátttöku ríkisins í þessu fyrirtæki.

Það fer eftir öðru að helstu lausnir sem Alþfl. sér um þessar mundir er að auka þátttöku og umsvif ríkisins í atvinnurekstri. Miklu nær hefði verið að mínu mati að hugsa þetta mál að nýju og koma framkvæmdum á Keflavíkurflugvelli í þann farveg að þær fari fram á grundvelli almennra útboða með frjálsum aðgangi íslenskra verktakafyrirtækja.

Ég hygg að það hafi verið eðlilegt á sínum tíma að standa að málum með þessum hætti þegar verktakaiðnaður á Íslandi var veikburða og tryggja þurfti varnarliðinu að það gæti átt samskipti við traust fyrirtæki. Nú hefur íslenskum verktakafyrirtækjum vaxið fiskur um hrygg, þau eru fyllilega fær um að takast á við hin vandasömustu og mestu verkefni. Þess vegna hefði ég talið að það væri kominn tími til þess að endurskoða fyrirkomulag varnarliðsframkvæmda í því ljósi að þær gætu farið fram á grundvelli almennra útboða sem er hin almenna stefna sem íslenska ríkið rekur að því er varðar eigin framkvæmdir.

Nú segja ýmsir sem svo: Ja, þá töpum við nokkrum spóni úr aski okkar, þá þurfa íslensk fyrirtæki að keppa um þessi verkefni og hagnaðurinn verður þar af leiðandi minni. Mín skoðun er sú að það verði að tryggja sérhverju fyrirtæki eðlilegan ágóðahlut. Ekkert vel rekið fyrirtæki tekur að sér verkefni á grundvelli útboðs nema það telji sig hafa af því nokkurn ágóða. Það er hin eina rétta og eðlilega viðmiðun í þessu efni. Öll önnur sjónarmið um ágóða af slíkum framkvæmdum eru óeðlileg að mínu mati. Þess vegna hefði átt að vera kominn tími til að huga að frekari breytingum í þessu efni. Það er auðvitað ljóst að um þetta er ágreiningur í flestum stjórnmálaflokkum, bæði í Sjálfstfl. og ég vænti einnig í Alþfl. og Framsfl. En að mínu áliti er kominn tími til að hugsa um þessi mál frá nýjum sjónarhóli og ástæða til þess að inna hæstv. utanrrh. eftir því frekar hvaða áform hann hafi uppi í þessu efni.

Frú forseti. Niðurstaða mín er sú að það sé enn á ný staðfest í þessari umræðu að starfsgrundvöllur hæstv. ríkisstjórnar að því er varðar utanríkismál eins og fleiri þættir er ótraustur og til þess fallinn að veikja utanríkisstefnu Íslands. Hæstv. ráðherra hefur á hinn bóginn staðið eðlilega að framkvæmd utanríkisstefnunnar í flestum atriðum að því er varðar grundvallarþætti, en alvarlegir þættir hafa komið upp varðandi einstök framkvæmdaatriði og ég hef hér vikið að nokkrum þeirra. Og ástæða er til þess að hafa áhyggjur af framhaldinu ef hæstv. ráðherra ætlar í fleiri atriðum að beygja sig fyrir vilja Alþb.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Síðast þegar við ræddum skýrslu utanrrh. hafði verið að birta til í samskiptum risaveldanna og í afvopnunarmálum. Þessa sáust einnig merki í utanríkisstefnu okkar Íslendinga. Þáv. utanrrh. í ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar, Steingrímur Hermannsson, hafði sýnt það á nokkrum sviðum að hann tæki tillit til, þessarar þróunar, t.d. með afstöðu á alþjóðavettvangi. Ákvarðanir hans höfðu með jákvæðum hætti tekið mið af ályktun Alþingis frá 23. maí 1985 og hann sýndi nokkra djörfung með því að breyta um áherslur á ýmsum umdeildum sviðum. Þegar svo ný ríkisstjórn var mynduð sl. haust, sem telur sig sjálfkjörinn málsvara jafnréttis og félagshyggju, reiknuðu ýmsir með að verulega yrði tekið til hendinni á sviði utanríkismála. Margir reiknuðu með því að þessi ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar og með aðild Alþb. yrði a.m.k. ekki eftirbátur grannþjóða okkar á Norðurlöndum sem sumar hverja lúta stjórn sósíaldemókrata. Þessar vonir hafa nú hins vegar brugðist með hrapallegum hætti og snúist upp í andhverfu sína á mörgum

mikilvægum sviðum eins og ég mun víkja að hér á eftir.

Við ræðum hér skýrslu utanrrh. og utanríkismál í tengslum við hana, seint á þingi miðað við það sem áætlað var. Samkvæmt starfsáætlun Alþingis var ætlunin að ræða utanríkismál um miðjan marsmánuð en síðan hefur umræðunni verið seinkað tvívegis. Ég hefði talið það æskilegt að umræða um skýrslu utanrrh. færi fram mun fyrr á þinginu, jafnvel í upphafi þings, svo ljóst sé hvernig utanrrh. hyggst fara með stefnu ríkisstjórnarinnar í þessum mikilvæga málaflokki.

Það hefur verið áberandi í vetur hve oft ákvarðanir utanrrh. hafa orðið tilefni til umræðna utan dagskrár vegna afstöðu hans á alþjóðavettvangi. Í þeim efnum hefur hann talið mikilvægast að nota vald sitt m.a. til að greiða atkvæði á vettvangi Sameinuðu þjóðanna með þeim hætti sem fullyrða má að sé í andstöðu við meirihlutavilja þjóðarinnar. Það sem honum finnst greinilega skipta mestu máli er að hans persónulegu viðhorf komist á framfæri. Að hlusta á aðra virðist ekki vera hans sterka hlið, hvað þá heldur að taka mið af því sem aðrir segja eða skoðunum annarra.

Stefna núv. ríkisstjórnar í utanríkismálum með hæstv. utanrrh. í broddi fylkingar hefur verið að láta sem þíðan í samskiptum stórveldanna sé ekki staðreynd og því sé engin ástæða til að einhver merki sjáist um þá þíðu í afstöðu Íslands til alþjóðamála né í því sem er að gerast í vígbúnaði hér á landi.

Hernaðarumsvif hafa aukist verulega hérlendis á seinni árum. Nýjar vígvélar, olíuhöfn, ratsjárstöðvar og flugskýli sem þola kjarnorkuárás bera vott um þá staðreynd að Ísland er nú notað sem víghreiður. Ísland er einn möskvinn í hernaðarneti stórveldanna. Á undanförnum árum höfum við flækst æ fastar í því neti. Nú er kominn tími til að snúa við blaði.

Við lestur skýrslu utanrrh. er varla hægt að segja að maður fyllist bjartsýni, hernaðarhyggjan er þar allsráðandi. Varla er þar að finna vott af afvopnunareða friðarvilja heldur frekar þvert á móti. Ráðherrann telur jafnvel að rétt sé að Atlantshafsbandalagið endurnýi birgðir skammdrægra kjarnavopna. Þetta er að vísu í samræmi við yfirlýsta stefnu Atlantshafsbandalagsins en við heyrum nú að Þjóðverjar séu að mótmæla þessari stefnu og segi að það sé ekki í samræmi við vilja almennings í Vestur-Þýskalandi að endurnýjun verði á kjarnorkuvopnabirgðum bandalagsins. Og sams konar fréttir berast nú frá Belgíu. Við Íslendingar megum á sama tíma búa við það að ríkisstjórnin mælir með frekari kjarnorkuvígvæðingu. Er þá e.t.v. komin skýringin á því hvers vegna ráðherrann hæstv. vildi ekki greiða atkvæði hjá Sameinuðu þjóðunum gegn frekari tilraunum með kjarnorkuvopn og uppsetningu kjarnavopna.

Hvað segir Alþb. um þessa frammistöðu sem það ber ábyrgð á í ríkisstjórninni? Hefur orðið stefnubreyting á þeim bæ? Á undanförnum árum hafa utanríkisráðherrar verið spurðir um það hvort á Íslandi séu eða muni verða staðsett kjarnavopn. Svörin hafa verið misjafnlega óljós. Síðast fyrir nokkrum vikum spurði ég hæstv. utanrrh. með hvaða hætti því hefði verið komið á framfæri á alþjóðavettvangi að á Íslandi megi ekki staðsetja kjarnavopn. Hann svaraði fyrirspurn minni á þann veg að ljóst er að íslensk stjórnvöld hafa aldrei komið því á framfæri með ótvíræðum og formlegum hætti á alþjóðavettvangi að hér megi ekki staðsetja kjarnavopn. Og þá að sjálfsögðu ekki flytja þau inn á íslenskt yfirráðasvæði, þ.e. á íslenskt land eða landhelgi. Þetta er í fyllsta samræmi við það sem ráðamenn hjá NATO halda fram og augljóst af hernaðaráætlunum sem herstöðin er hluti af. Ísland er því ekki kjarnorkuvopnalaust svæði eins og reynt hefur verið að telja okkur trú um og skiptir engu máli þótt íslenskir ráðherrar segi það á fundum eða í hanastélsboðum með kollegum sínum á erlendri grund að Íslendingar vilji ekki hafa kjarnavopn í landi sínu. Yfirlýsingar íslenskra ráðherra virðast því eingöngu vera gerðar til að slá ryki í augu fólks.

Þótt lítið fari fyrir afvopnunar- og friðarvilja af hálfu íslensku ríkisstjórnarinnar vekja afvopnunarviðræðurnar í Vín vissar vonir um að árangur geti orðið í afvopnun á landi. Það er hins vegar verulegur galli á þeim viðræðum að alls ekki virðist mega ræða um afvopnum í höfunum á þessum fundum. Eftir upplýsingum íslenskra embættismanna sem starfa að þessum málum að dæma er fyrst og fremst um að kenna tregðu innan NATO að afvopnun í höfunum er ekki til umræðu á Vínarfundi eða annars staðar. Það hlýtur að vera okkur sérstakt kappsmál að afvopnunarviðræðurnar takmarkist ekki við landher eingöngu heldur nái til allra þátta vígbúnaðar. Ég tel eðlilegt að Ísland hafi frumkvæði í þessum málum og krefjist tafarlausra viðræðna um þessi mál. Við getum alls ekki sætt okkur við að bíða eftir því hvenær stórveldunum þóknast að byrja að ræða þessi mál.

Fyrsta merki um stefnu ríkisstjórnarinnar í afvopnunarmálum birtist í ákvörðun hæstv. utanrrh. mánuði eftir að þing kom saman sl. haust. Þá ákvað ráðherrann hæstv. að í atkvæðagreiðslu hjá Sameinuðu þjóðunum skyldi Ísland ekki styðja tillögu um kjarnorkuafvopnun, svokallaða frystingu kjarnavopna. Sú ákvörðun var í fullu ósamræmi við þann vilja sem komið hefur fram, bæði hér á Alþingi og ekki síður annars staðar í þjóðfélaginu. Þar kaus ráðherrann að nota vald sitt til að taka afstöðu án þess að taka tillit til skoðana meiri hluta þjóðarinnar.

Annar herflugvöllur er algjör nauðsyn, var það næsta sem yfir okkur dundi frá ráðherranum. Herflugvöllur sem hann segir að sé í raun ekki herflugvöllur. Engin herflugvél muni koma þar nema í neyðartilvikum og ef komi til styrjaldar. Ef þessi svokallaði varaflugvöllur verður byggður mun varla líða langur tími þangað til herflugvélar og dátar þurfa að æfa sig í að nota völlinn því annars er ekkert gagn að honum. Og ætli þess yrði langt að bíða að sérstakt herlið þyrfti að æfa varnir gegn árás á hervöllinn og átta sig á aðstæðum hér á landi eins og talið er nauðsynlegt að varalið herliðsins á Keflavíkurflugvelli gerir nú í sumar?

Það næsta sem dundi yfir íslenskan almenning voru fréttir um mikla heræfingu sem hefjast ætti á þjóðhátíðardaginn. Að vísu var fljótlega borið til baka að heræfingin sjálf byrji þann dag heldur var látið nægja að kveðja liðið út í minningu Jóns Sigurðssonar. Þessum háu herrum hefur e.t.v. verið bent á að skothríð á fæðingardegi hans þætti Íslendingum ekki viðeigandi. En eðli og umfang heræfinganna breytist ekki þótt dagurinn sé fluttur til eða dátunum fækkað um þriðjung eins og hæstv. ráðherra greindi frá í ræðu sinni í gær. Eftir sem áður verða þetta tvöfalt umfangsmeiri heræfingar þessa varaliðs en áður hafa farið fram hér á landi.

Hvernig getur það farið saman við óskir Íslendinga um afvopnun á höfunum að hér skuli eiga að fara fram einhverjar umfangsmestu heræfingar frá stríðslokum? Er það dæmi um friðarvilja okkar að leyfa slíkar heræfingar? Getur það verið að öll ríkisstjórnin standi að baki þessari ákvörðun? Og ég spyr enn: Hefur orðið stefnubreyting hjá Alþb. hvað varðar þessi mál?

Utanrrh. reynir í skýrslu sinni að gera lítið úr þessum fyrirhuguðu heræfingum. Hann telur að þúsund manna heræfing skipti ekki neinu máli, sé bara smáæfing og því taki varla að ræða hana. Sú fækkun dátanna sem kunngerð var í gær er líklega gerð til þess að auðveldara sé fyrir Alþb. og hluta Framsfl. að kyngja stóru yfirlýsingunum. Segja má að sú staðreynd að búið er að veita leyfi til heræfinganna komi alls ekki á óvart því ekki virðist mega hrófla við Bandaríkjamönnum og hernaðarbrölti þeirra hérlendis. Ráðherra virðist vaða í þeirri villu að heræfingin sé liður í því að þjálfa óbreytta Bandaríkjamenn í að verja okkur Íslendinga. Það þarf ekki að kafa djúpt í þessi mál til að sjá að tilvist þessa varaliðs er auðvitað liður í vörnum Bandaríkjanna og hefur ekkert með varnir almennings á Íslandi að gera. Það sama gildir auðvitað um bandaríska herliðið sem er hér á landi. Hvernig dettur líka nokkrum manni í hug að þessir menn sem hingað koma í framhaldi af þjóðhátíðinni og ætla að dvelja innan hergirðingarinnar við æfingar kynnist í raun aðstæðum hér á landi? Þeir eru auðvitað hingað komnir til að æfa sig að verja herstöðina sem er talin mikilvægur hlekkur í vörnum Bandaríkjanna.

Kvennalistakonur eru andvígar hugarfari hermennskunnar. Okkur ber að stöðva allar hernaðarframkvæmdir hér á landi þegar í stað og stefna að friðlýsingu Íslands án vígbúnaðar. Við verðum að gera það upp við okkur hvert við stefnum. Í mínum huga er enginn vafi á því hvert við eigum að stefna og ég er sannfærð um að meiri hluti þjóðarinnar er mér sammála. Notum komandi vordaga og þjóðhátíðina til að uppræta hugarfar hermennskunnar í stað þess að ala á því eins og nú er gert af íslenskum stjórnvöldum.

Fyrir fáeinum dögum vorum við óþyrmilega minnt á kjarnorkuvígbúnaðinn í höfunum þegar sovéskur kafbátur fórst suður af Bjarnarey. Slys eins og þarna átti sér stað er því miður ekkert einsdæmi því eins og fram hefur komið hafa orðið mörg hundruð meiri og minni háttar slys af þessu tagi.

Ég tók eftir því að ráðherrann talaði um að takmarka þyrfti ferðir kjarnorkuknúinna kafbáta sem nota ætti til árása. Ég vil benda hæstv. ráðherra á að ef bátur eða skip er kjarnorkuknúið getur orðið meiri háttar mengunarslys þó ekki séu vopn um borð í bátnum. Brýna nauðsyn ber því til að við gerum eitthvað raunhæft í málunum. Nú er kominn tími til athafna.

Á sama tíma og ráðherrann ákvað að Íslendingar styddu ekki tillögu um stöðvun kjarnorkuvígbúnaðarins gerði hann okkur að algjöru viðundri með því að styðja ekki tillögu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna um fordæmingu á hermdarverkum Ísraelsmanna á hernumdu svæðunum. Varla þarf að fara mörgum orðum um það sem hefur verið að gerast fyrir botni Miðjarðarhafs undanfarna mánuði. Það er algjörlega óviðunandi að við Íslendingar stöndum hjá og látum sem ekkert sé frammi fyrir slíkum voðaverkum.

Á þingi Sameinuðu þjóðanna nýverið urðu ákvarðanir ráðherrans fyrir hönd Íslands tilefni þess að maður þurfti enn einu sinni að skammast sín í þessu máli. Ráðherrann hæstv. virðist ekki geta metið það á hlutlausan hátt hvað Ísraelsmenn eru að gera fólki á þessu svæði. Hvers eiga börn að gjalda sem þarna eru myrt í hundraðatali fyrir að kasta grjóti að hermönnum gráum fyrir járnum? Lítur ráðherra hæstv. á aðgerðir barnanna sem hryðjuverk sem megi leggja að jöfnu við þau hryðjuverk sem eiga sér stað á þessu svæði af hálfu Ísraelsmanna?

Nú hafa Palestínumenn lýst yfir stofnun sjálfstæðs Palestínuríkis. Í tengslum við það lýstu þeir yfir viðurkenningu á Ísraelsríki með vísan til samþykktar Sameinuðu þjóðanna nr. 181 frá 1947 og samþykktar öryggisráðsins nr. 242 og 338. Fyrri afstaða PLO til þessara samþykkta var talin hafa staðið í vegi fyrir að hægt væri að hefja umræður um lausn á deilunum fyrir botni Miðjarðarhafs. Fljótlega kom í ljós að Ísraelsmenn töldu þessar yfirlýsingar ekki nægjanlegar og þrjóskast enn við að fallast á viðræður þar sem PLO er viðræðuaðili. Í skýrslu utanrrh. segir m.a. um þennan atburð, með leyfi forseta:

„Ríki þetta fékk þegar í stað viðurkenningu flestra arabaríkja þótt fullyrða megi að slík viðurkenning sé í andstöðu við viðurkenndar reglur og venjur í þjóðarétti."

Hvað á ráðherrann við með „flest arabaríki"? Hafa engin önnur ríki viðurkennt Palestínuríki og enn fremur hafa ekki öll arabaríkin gert það? Hvað er átt við með þessu orðalagi? Samkvæmt mínum heimildum hafa a.m.k. 87 ríki viðurkennt hið nýja ríki. Það væri fróðlegt að vita hvað ráðherrann á við með því orðalagi sem þarna kemur fram. Einnig vil ég inna hæstv. ráðherra eftir því í hvaða viðurkenndu reglur og venjur hann er að vitna í þessu sambandi. Mér fannst ekki ljóst á ræðu hans í gær hvað þar væri átt við.

Annars finnst mér allur kaflinn um Miðausturlönd

bera vott um mikla vanþekkingu á því sem þar er að gerast. Það mætti halda að ráðherrann hafi lítið sem ekkert fylgst með framvindu mála þar. Vonandi fer ráðherrann að láta sér segjast í þessu máli sem og fleirum svo við þurfum ekki að fyrirverða okkur enn frekar en orðið er vegna afstöðu Íslands á alþjóðavettvangi. Í því sambandi vil ég minna á að nú er til meðferðar í utanrmn. tillaga um málefni Palestínu og vonandi getum við fljótlega tekið af skarið um stefnu Alþingis varðandi þetta mál.

Eitt stærsta mál fyrir þjóð eins og okkur Íslendinga eru samskiptin við aðrar þjóðir. Þessi samskipti eru bæði mikil og margþætt og varða margs konar samstarf, svo sem á sviði vísinda, menningar og viðskipta. Í þessu samstarfi og samvinnu er mikilvægt að við höldum vöku okkar, missum ekki fjárhagslegt sjálfstæði og seljum ekki landið og sjálfstæði okkar í hendur útlendinga. Fáar þjóðir eru eins háðar viðskiptum við aðrar þjóðir og við Íslendingar. Við erum mjög háð innflutningi en höfum fyrst og fremst okkar dýrmætu sjávarafurðir til að selja til útlanda. Sífellt stærri hluti útflutnings okkar fer til landa Evrópubandalagsins en útflutningur til Bandaríkjanna hefur jafnframt dregist saman. Mikilvægt er fyrir okkur að líta til fleiri markaða þannig að við höfum ekki öll eggin í sömu körfunni.

Það er yfirlýst stefna Kvennalistans að aðild að Evrópubandalaginu komi ekki til greina. Með aðild að slíku bandalagi mundu Íslendingar fórna yfirráðum yfir auðlindum sínum og efnahagsmálum og þar með sjálfstæði sínu.

Aðild okkar að EFTA getur haft verulega þýðingu fyrir samskipti okkar við Evrópubandalagið. Okkur er nauðsyn á að hafa góð samskipti við Evrópubandalagið og EFTA-þjóðirnar, en við verðum að gæta þess vandlega að fórna ekki sjálfsákvörðunarrétti þjóðarinnar.

Á fundi forsrh. EFTA-landanna í Osló í síðasta mánuði samþykktu ráðherrarnir að efla samtökin og vinna að því að auka samvinnu við EBE. Á þessum fundi náðist sá mikilvægi árangur að samþykkt var fríverslun með fisk innan EFTA. Íslenski forsrh. gerði fyrirvara við ályktun Oslóarfundarins að því er varðaði afnám á hömlum á sviði fjármagnshreyfinga, þjónustu og fólksflutninga. Þessi fyrirvari var mjög eðlilegur í ljósi þess hve lítið og viðkvæmt íslenskt efnahags- og peningakerfi er. Athyglisvert er að viðskrh. í ríkisstjórninni virðist ekki taka mark á orðum þess ráðherra sem fer með forsæti í ríkisstjórninni og hefur hann ítrekað sagt í ræðu og riti að Íslendingar hafi samþykkt yfirlýsingu Oslóarfundarins án fyrirvara. E.t.v. veit hæstv. viðskrh. ekki betur. En hvað með hæstv. utanrrh.?

Ég tel mikilvægt að það komi fram við þessa umræðu hvort hæstv. utanrrh. tekur mark á fyrirvara hæstv. forsrh. Þetta er sérstaklega mikilvægt þar sem utanrrh. fer með þessi mál fyrir hönd Íslands og mun fyrir Íslands hönd verða í forsæti EFTA seinni helming þessa árs. Ég vil ítreka þetta þar sem fram kom í máli hv. síðasta ræðumanns að hann telur að enginn fyrirvari hafi þarna verið gerður og hefur greinilega allt aðra skoðun á þessum málum en hæstv. forsrh., og ég m.a.

Ein af þeim fréttum sem vöktu ugg meðal þjóðarinnar voru frásagnir af því að hæstv. sjútvrh. hefði á fundi með fulltrúum Evrópubandalagsins hafið máls á því að Íslendingar væru til viðtals um veiðiheimildir við flota Evrópubandalagsins innan íslenskrar fiskveiðilögsögu. Þar fór ráðherrann inn á hættulega braut. Ég vil nota tækifærið til að vara við slíku frumhlaupi og vona að þarna hafi verið um mistök að ræða sem komi ekki fyrir aftur.

Nýlega kynnti hæstv. utanrrh. svokallaðar skipulagsbreytingar á utanríkisþjónustu í utanrmn. sem trúnaðarmál. Ég er nú þeirrar gerðar að ég tek hátíðlega þann trúnað sem mér er sýndur og geri það einnig í þetta skipti. Mér skildist að ráðherrann væri að sýna okkur í utanrmn. tillögur sínar til þess að hlusta á það sem við hefðum um tillögur hans að segja og jafnvel taka tillit til þess, hafa samráð eins og gert er ráð fyrir að ríkisstjórnin hafi við utanrmn. Trúnaðarmálið birtist svo nokkrum dögum seinna í Alþýðublaðinu. Ég held að rétt sé að taka til endurskoðunar hugtökin trúnaðarmál og samráð að því er varðar samskipti utanrmn. og hæstv. utanrrh.

Þegar skipulagsbreytingar ráðherrans eru skoðaðar nánar kemur í ljós að þær eru í raun ekkert annað en umbúðir utan um þá ákvörðun að enn einn alþm. fari í sendiherrastöðu. Ég tel það með öllu óviðunandi að alþingismenn eigi á þennan hátt að ganga inn í stöður, hvort sem er innan utanríkisþjónustunnar eða annars staðar, og þannig sé gengið jafnvel fram hjá reyndu fólki á viðkomandi sviði. Oft virðast þessar ráðningar frekar verða til þess að losa sæti eða vera liður í einhverjum hrossakaupum, jafnvel til að reyna að leysa upp stjórnmálaflokka. Hættulegt er ef slík sjónarmið eiga að vera ráðandi þegar mat er lagt á hver skuli hljóta ákveðin störf. Í endurskipulagstillögum ráðherrans, sem, eins og ég sagði áðan, birtust í Alþýðublaðinu, er einnig talað um að þessi viðbót við sendiherrastöður muni ekki þýða fjölgun starfsmanna utanríkisþjónustunnar. Þetta hlýtur að þýða að fækkun mun verða í starfsliðinu á öðrum stöðum. Ekki hefur enn verið upplýst hvar það verður, en við fáum þá væntanlega að heyra það í Alþýðublaðinu fljótlega.

Framlög Íslendinga til þróunarmála hafa verið skammarlega lág og eru það enn þrátt fyrir nokkra raunhækkun samkvæmt fjárlögum í ár. Þau eru samt langt frá að ná því marki sem Alþingi setti sér í ályktun á 107. löggjafarþingi. Þá var samþykkt ályktun um aðm stefnt skyldi að því að framlag Íslands til uppbyggingar í þróunarríkjum verði 0,7% af þjóðarframleiðslu. Það er því lítil reisn yfir því framlagi sem rennur til þessara mála þetta árið. Ég vil benda á það að á seinni árum hefur aðstoð við þróunarríkin í æ ríkara mæli beinst að aðstoð við konur. Ástæðan er ekki síst sú að þeir sem hafa starfað í þessum löndum gera sér betur og betur grein fyrir því mikilvæga hlutverki sem konur gegna í þessum þjóðfélögum, sem og öðrum.

Við afgreiðslu fjárlaga í janúar sl. lögðum við kvennalistakonur til að framlag til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands yrði hækkað til að hægt yrði að ljúka við Kvennahúsið í Mindelo á Grænhöfðaeyjum. Þetta hús á að vera skóli og þjálfunarstöð fyrir konur, en eins og kunnugt er er aðstaða kvenna á eyjunum vægast sagt afar erfið. Sameinuðu þjóðirnar hafa einnig lagt áherslu á hlutverk kvenna í því að stuðla að friði í heiminum. Ein af þeim tillögum sem samþykktar hafa verið á þingum Sameinuðu þjóðanna tengist yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna frá 1982 um þátttöku kvenna í því að stuðla að friði í heiminum. Í tillögunni kemur fram hvatning til ríkisstjórnar til að kynna yfirlýsinguna og koma á framfæri boðskap hennar. Ég hef ekki orðið vör við framkvæmd þessarar tillögu hér á landi. Valdbeiting, ofbeldi og virðingarleysi við það sem lífsandann dregur hefur um of verið ríkjandi í stjórn heimsins. Að baki liggur hugarfar sem er í hrópandi andstöðu við menningu kvenna sem þiggur lífskraft sinn frá endurnýjun lífsins, verndun þess og viðhaldi. Það er því engin tilviljun að Sameinuðu þjóðirnar leggja áherslu á þátttöku kvenna í friðarstarfi. Út um allan heim starfa friðarhreyfingar sem að mestum hluta eru bornar uppi af konum. Auðvitað eru karlar þar einnig virkir þátttakendur.

Hlutverk kvenna á öllum sviðum þjóðfélagsins er mikilvægt, en hlutverk þeirra að stuðla að friði í heiminum er nýr tónn í friðarbaráttu og við hann bindum við miklar vonir. Við verðum að rísa gegn þeirri hernaðarhyggju sem mótar afstöðu þeirra sem fara með völdin. Við getum ekki falið örfáum mönnum líf okkar og framtíð. Því tökum við afstöðu með þeim sem vinna að friði í heiminum og stefnum að friðlýsingu Íslands án vígbúnaðar í heimi án hernaðarbandalaga.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er alltaf nokkur viðburður þegar utanríkismál eru tekin hér til umræðu á Alþingi Íslendinga og hér hefur það gerst að það er ekki aðeins að hæstv. utanrrh. hafi lagt fram og flutt skýrslu sína, heldur hafa komið fram yfirlitsskýrslur um ýmsa aðra þætti utanríkismála, varðandi norræna samvinnu, varðandi Evrópuþingið, Evrópuráðið og varðandi Alþjóðaþingmannasambandið svo að eitthvað sé nefnt. Það ber að fagna því að skilað er inn á Alþingi yfirliti um þátttöku Íslendinga í alþjóðastarfi með þessum hætti, en hitt er jafnljóst að í umræðum hér á Alþingi sem skammtaður er takmarkaður tími að sjálfsögðu verður ekki stiklað nema á nokkrum þáttum þeirra mála sem fyrir þingið eru lögð í þessum skýrslum og sem vert væri að koma að.

Ég þakka allt þetta framlag sem hér liggur fyrir þó að vissulega sé þar að finna skoðanir og álitamál sem gætu verið umræðuverð og athugasemda verð. Ég mun hér í mínu máli fyrst og fremst fjalla um skýrslu utanrrh. og það sem tengist henni, svo og ræðu hæstv. ráðherra hér í Sþ. í gær, þó að ég hefði gjarnan kosið að geta varið nokkrum tíma til umræðu um samstarf Íslendinga á öðrum vettvangi, svo sem í Norðurlandaráði þar sem ég á sæti. Ég mun þó víkja nokkrum orðum að þeim þætti síðar í ræðu minni.

Ég vænti þess, virðulegur forseti, að hæstv. utanrrh. sé hér nærri vegna þess að margt í mínu máli snýst um framlag hans hér, bæði skýrslu og ræðu sem hann flutti hér í gær við upphaf þessarar umræðu.

Ég vil taka það fram að sitthvað af því sem fram kom hjá hæstv. utanrrh. var mér ánægjuefni og gott á að hlýða. Þar komu fram ýmis atriði sem bera vott um það að hæstv. ráðherra er að reyna að leggja sig fram um það að endurmeta stefnuna í utanríkismálum út frá sínum forsendum, út frá athugun á breyttri heimsmynd og margt af því sem hann sagði þar að lútandi var að mínu mati réttmætt, réttmætar ábendingar sem vekja vonir um það að einnig hann — ég segi einnig hann — sé reiðubúinn til þess að taka þátt í þeirri sjálfsögðu og nauðsynlegu endurskoðun á íslenskri utanríkisstefnu, mati okkar á þessum þáttum og öllu sem því tengist.

Ég segi þetta hér vegna þess að Alþfl., sem hæstv. ráðherra er formaður í, hefur verið mjög treginn í þessum efnum. Hann hefur verið mjög nálægt Sjálfstfl. og stundum hef ég þurft að orða það svo að Alþfl. væri jafnvel kaþólskari en páfinn þar sem Sjálfstfl. er í hlutverki páfans í sambandi við sérstaklega mat á öryggishagsmunum Íslands. En það er smávottur af því hjá hæstv. utanrrh. að hann sé að byrja að endurmeta þessa þætti og ég fagna því sérstaklega.

Ég tel að í fyrri hluta ræðu hans sem hann flutti hér í gær hafi komið fram vísbendingar um þetta, en hitt er annað mál að margt í hans máli, varðandi þessa þætti, er óðruvísi en ég vildi leggja mat á hlutina og þarf kannski engan að undra það. Ég mun leyfa mér hér að gera fáeinar athugasemdir varðandi þetta almenna svið, þetta almenna mat á utanríkishagsmunum okkar, með tilliti til breytinganna í umheiminum.

Hæstv. ráðherra vitnaði snemma í máli sínu í gær í George Kennan sem hann með réttu taldi mikilsvirtan aldinn diplómat sem hefði lagt mikið til mótunar bandarískrar utanríkisstefnu eftir stríð. Hann gat þess sérstaklega að það væri mat George Kennans að ekki væri lengur ástæða til að líta á Sovétríkin sem hinn ógnvekjandi hernaðarandstæðing. Hvaða ástæður sem hafi verið fyrir því áður fyrr séu þær ástæður nú að líða undir lok. Þetta eru orð án beinnar tilvitnunar í ræðu ráðherrans hér í gær.

Það er athyglisvert að hæstv. ráðherra skuli einmitt leiða George Kennan fram í sambandi við þessa breytingu á mati á aðstæðum nú. Ég efa ekki að hæstv. utanrrh. muni það, þó að hann hafi kannski ekki verið fullveðja þegar þessir atburðir urðu sem marka upphaf að utanríkisstefnu eftirstríðsáranna, en það var einmitt á þeim tíma sem George Kennan gerði sig mjög gildandi í sambandi við bandaríska utanríkisstefnu. Hann hefur stundum verið talinn höfundur Marshall-áætlunarinnar, en hann hefur líka verið talinn höfundur innilokunarstefnu Bandaríkj-

anna í sambandi við hernaðarmálefnin á þessum tíma, „strategy of containment", sem svo hefur verið kölluð. Og George Kennan var einn af þeim sem vöruðu við stofnun Atlantshafsbandalagsins á sínum tíma. Hann varaði við endurvígvæðingu á eftirstríðsárunum undir forustu NATO. Þetta man hæstv. utanrrh. efalaust. Og hann taldi ekki að stofnun NATO væri skynsamleg ákvörðun og að hún gæti leitt til vígbúnaðarkapphlaups sem einnig varð raunin á þó að ég sé ekki að fara hér í sagnfræðilegt yfirlit á því hver átti þar upptökin.

Ég vil líka nefna það hér að George Kennan, sem hér var leiddur fram í gær af hæstv. utanrrh., benti skýrt og ákveðið á hættuna af endurvígvæðingu Þýskalands. Og hann má með vissum hætti teljast höfundur hugmyndarinnar um kjarnorkuvopnalaus svæði því að hann var þeirrar skoðunar að það ætti að reyna að halda kjarnorkuvopnunum utan Mið-Evrópu, utan Þýskalands sérstaklega, þannig að hæstv. utanrrh. getur ekki leitt George Kennan fram sem sérstakan talsmann fyrir þeirri stefnu sem hann var að halda hér fram í áframhaldi sinnar ræðu, þ.e. nauðsyn þess að Atlantshafsbandalagið var stofnað fyrir 40 árum og þeirra klisja sem við þekkjum nú hér og kunnum nærri því utan að um hlut þessa bandalags í varðveislu friðar og frelsis o.s.frv. o.s.frv. Þetta vildi ég segja um þetta mat hæstv. utanrrh. sem ég held að hann þurfi að endurskoða með því m.a. að lesa George Kennan betur en hann virðist hafa gert eftir því sem fram kom í máli hans hér í gær.

Ég er hins vegar alveg sammála hæstv. utanrrh. í því að þær þjóðfélagsbreytingar sem eru að gerast og hafa verið að gerast undanfarin ár í Austur-Evrópu vekja sannarlega vonir, ekki aðeins um breytt andrúmsloft, heldur um breytta tíma ef þær ná fram að ganga sem við að sjálfsögðu vonum, og það mikla framlag, sem fram hefur komið úr þeirri átt og hæstv. utanrrh. tíundaði, til afvopnunar til þess að taka fast og ákveðið á afvopnunarmálum og það með svo ákveðnum hætti að Atlantshafsbandalagið og talsmenn þess hafa verið í mestu vandræðum að taka á móti kröfunum úr austri varðandi afvopnun og hafa snúist þar til varnar. Það hefur verið dregið upp hér í skýru máli af ráðherra eftir ráðherra á undanförnum árum, m.a. núv. hæstv. forsrh. sem kvartaði undan því sérstaklega á vettvangi NATO meðan hann fór með utanríkismál á Íslandi að þeir væru bara alltaf í vörn fyrir þessari stöðugu friðarsókn Gorbatsjovs úr austri og NATO þyrfti að taka sig á og það er einn þáttur málsins. Það er ekki aðeins Varsjárbandalagið, þar sem breytingar hafa verið að gerast sem ber að fagna, heldur er það líka Atlantshafsbandalagið sem þarf að taka sig á í þessum málum og ég mun koma að síðar í mínu máli.

Hæstv. ráðherra féll í þá gryfju í máli sínu hér í gær að fara út í það að rekja talnalegan samanburð og samanburð á vopnum og vopnakerfum sem skýringar á því m.a. að Atlantshafsbandalagið hefur ekki viljað fallast á að taka upp formlegar viðræður um afvopnun á höfunum, er ófáanlegt til þess enn sem komið er, og í sjónvarpskvikmynd sl. fimmtudag um hernaðinn á höfunum í nokkuð góðri kvikmynd sem dró fram kjarnann í sóknarstefnu Bandaríkjahers, m.a. á norðurslóðum og NATO, hafði fyrrverandi yfirmaður þar, Lee Bagget, þessi orð uppi í lok þáttarins, varðandi þennan þátt, þetta atriði, vígvæðinguna á höfunum: „Hvort sem verður af viðræðum um flotastyrk á höfunum eða ekki er þó víst að af því verður ekki í fyrirsjáanlegri framtíð. Það er vegna þess að það er háð því að Sovétmenn dragi úr hefðbundnum vopnabúnaði á landi, en þar hafa þeir gífurlega yfirburði." Þetta sagði þessi yfirmaður Atlantshafsflotans, aldinn maður sem talaði þarna í þessari sjónvarpskvikmynd, og við heyrðum enduróminn af sömu rökum frá hæstv. utanrrh. hér í gær.

Það er margt sem um þetta mætti segja og þennan tæknilega samanburð á vopnakerfum. Ég er alls ekki að draga eitt eða neitt í efa, hvorki af því sem fram hefur komið hjá Varsjárbandalaginu eða Atlantshafsbandalaginu í þessum efnum vegna þess að ég er ekki í færum um að meta það sjálfstætt og vil ekki leggja neitt orð í belg um það hvor aðilinn hafi þar rétt fyrir sér. Þar greinir á um tölur, en þar greinir alveg sérstaklega á um mat á vopnakerfunum, getu þeirra, því sem kalla mætti gæði þó að mér sé illa við að tala um gæði í sambandi við vopn, „quality" á enskunni. Það dylst auðvitað engum og er viðurkennt bæði af Sovétmönnum og Bandaríkjamönnum að vopnabúnaður Sovétríkjanna og Varsjárbandalagsins stendur tæknilega langt að baki vopnabúnaði Atlantshafsbandalagsins. Þetta endurspeglast m.a. í eina stóra afvopnunarsamningnum varðandi kjarnorkuvígbúnað sem gerður hefur verið, INF-samningnum um fækkun og eyðingu meðaldrægra eldflauga, því að þar undirgangast Sovétríkin að leggja margfalt fleiri kjarnaodda í púkkið til afvopnunar samkvæmt þeim samningi vegna þess að þeir viðurkenna það sjálfir og gagnaðilinn að tölurnar segja ekki nema hálfa sögu af eintökum vopna. Þetta gildir um öll þessi kerfi og hér mátti heyra í ræðu hæstv. ráðherra í gær að hann var iðulega að skjóta þessu inn að Sovétríkin væru nú að þróa þarna ný vopn og nýjan búnað, sérstaklega í sambandi við höfin. Hann talaði um nýja gerð stýriflauga sem Sovétmenn væru að þróa. Hvað um Tomahawk-stýriflaugar Bandaríkjanna í bandarísku árásarkafbátunum? Hefur hæstv. utanrrh. kynnt sér hvenær sú þróun fór fram, hvenær Tomahawk-stýriflaugarnar voru settar í bátana, hvenær sá vopnabúnaður var þróaður og tekinn í notkun? Við skulum fara varlega í það að vera að trúa áróðurstölum risaveldanna varðandi vopnabúnað og eintök og reyna að meta hlutina dálitið út frá heilbrigðri skynsemi og okkar forsendum eins og við hljótum og eigum a.m.k. að meta þessi mál. Það finnst mér skorta nokkuð á og við eigum sannarlega ekki að vera að binda trúss okkar þar við hernaðarstjórn Atlantshafsbandalagsins þegar um grundvallarhagsmuni Íslendinga er að ræða í sambandi við afvopnun.

Ég hlýt að nefna í því sambandi alveg sérstaklega

eitt atriði sem fram kemur í skýrslu hæstv. utanrrh. en það er þar sem hann í skýrslu sinni víkur að skammdrægum eldflaugum í Evrópu. Ég var satt að segja mjög hissa og varð fyrir miklum vonbrigðum þegar ég sá það á blaði hjá hæstv. utanrrh. að hann teldi að óskynsamlegt væri að útiloka endurnýjun skammdrægra eldflauga Atlantshafsbandalagsins í Vestur-Þýskalandi. Hvernig má það vera að við hér uppi á Íslandi ætlum að fara að leggjast á sveif með örgustu haukunum í NATO í sambandi við endurnýjun skammdrægra eldflauga með þeim hætti sem þarna kemur fram á sama tíma og löndin í Mið-Evrópu, sem á að troða þessum vopnabúnaði upp á, þessum nýju og margefldu skammdrægu flaugum, neita að taka við þeim, þegar Genscher utanríkisráðherra Vestur-Þjóðverja liggur á hnjánum vestur í Washington hjá hinum nýja hermálaráðherra Bandaríkjanna, Cheney og segir: Takið þið þennan kaleik frá okkur. Það var síðast í gær eða í morgun sem utanríkisráðherra Vestur-Þýskalands var í viðræðum við hermálaráðherra Bandaríkjanna og bað um þetta. Hvað sagði Cheney? Hann sagði nei. Þið skuluð sko taka við þessum nýju margefldu, skammdrægu flaugum sem eiga að draga þrefalt lengra en þær sem fyrir eru. Þið skuluð taka við þeim þó að það sé ekki okkar að leggja land undir þær. Og Bandaríkin sögðu nei við þessu, en hér á Alþingi Íslendinga stöndum við frammi fyrir þeirri staðreynd að utanrrh. landsins styður ekki þessa kröfu, kröfu sem tekið er undir af Atlantshafsbandalagsríkjum eins og Danmörku, af Belgíu og öðrum ríkjum Atlantshafsbandalagsins í Mið-Evrópu þó að ekki hafi öll lagst á þá sveif. Ég tala nú ekki um talsmenn sósíaldemókrata í Evrópu sem eru eindregnir í þessum efnum og meira að segja Holst, varnarmálaráðherra Noregs, hefur lagst á þá sveif, auðvitað hikandi vegna þrýstingsins að vestan, en gert það samt.

Ég vona að í þessum umræðum dragi hæstv. utanrrh. þetta mat sitt og þessi orð sín til baka. Það væri smávegis innlegg í afvopnunarmálin og í afvopnunarumræðuna. Það væru athafnir af Íslands hálfu því að atkvæðin eru vegin þó að atkvæðavægið sé misjafnt á vettvangi NATO og ég er út af fyrir sig ekki að blanda mér í uppgjörið í þeim klúbbi, en mér er ekki sama hvernig íslenskir stjórnmálamenn standa að málum í þeim efnum.

Að mínu mati, virðulegur forseti, eiga megináherslurnar í utanríkisstefnu Íslendinga að vera að Ísland segi sig úr Atlantshafsbandalaginu og taki upp hlutleysisstefnu, óháð togstreitu stórveldanna, að erlent herlið fari sem fyrst af landi brott, að land okkar og umhverfi þess verði friðlýst gegn kjarnorkuvopnum og gegn umferð kjarnorkuknúinna skipa, kafbáta og flugvéla sem borið geta kjarnavopn, að íslensk stjórnvöld beiti sér af alefli fyrir afvopnun á höfunum, sérstaklega á norðurslóðum, að norrænt samstarf sé eflt og samvinna okkar við grannþjóðirnar, Færeyinga og Grænlendinga, að Ísland standi utan viðskiptabandalaga en leiti tvíhliða samninga við slík bandalög og einstök ríki um fríverslun og félagsleg og menningarleg samskipti, að baráttan fyrir umhverfisvernd verði snar þáttur í utanríkisstefnu þjóðarinnar, alveg sérstaklega fyrir verndun hafsins gegn mengun og rányrkju.

Þessi áhersluatriði sem ég hef nefnt hér eru nokkur þau helstu í stefnu Alþb. í utanríkismálum, en því miður eru þau ekki nema að litlu leyti ríkjandi stefna í utanríkismálum Íslendinga, ekki enn sem komið er.

Það er því miður, þegar litið er til einstakra þátta í skýrslu utanrrh. varðandi þessi mál, heldur fátt að finna af þeim baráttumálum sem ég nefndi hér. Á mörgum sviðum er unnið og talað í öfuga átt. Ísland er enn njörvað í hernaðarbandalag og utanrrh. syngur enn, þrátt fyrir þær hugrenningar sem við heyrðum hér í gær, sérstakan dýrðaróð um NATO, telur sér það kannski sérstaklega skylt í tilefni fertugsafmælisins.

Það er verið að festa herstöðvarnar í sessi hér á Íslandi, í raun á öllum landshornum, með uppbyggingu hernaðarratsjárstöðva sem gerðar hafa verið að eins konar landvættum nútímans af þeim flokkum sem bera ábyrgð á tilkomu þeirra hér á eyjunni okkar hvítu þar sem AWACS-flugvélarnar, tvær að staðaldri, ratsjárvirki, eru svífandi yfir í háloftunum. Bandaríkjunum er að takast það þessi árin sem herráð þeirra einsetti sér við lok síðustu heimsstyrjaldar, að gera Ísland að útvarðstöð í hernaðarneti Norður-Ameríku til langframa. Við erum hér til að vera, sagði McVadon, yfirmaður heraflans á Keflavíkurflugvelli, á hátíðarfundi hjá Varðbergi og Samtökum um vestræna samvinnu, fyrir skemmstu. Og hann trúir því, en það hlýtur að vera umhugsunarefni fyrir okkur Íslendinga, í ljósi þeirrar þróunar sem nú er að ganga yfir heiminn, hvort við ætlum að láta þetta gerast. Herstöðvarnar hér eru að mati Bandaríkjahers ómissandi í sóknarstefnu bandarískra flotans og ef til kjarnorkuátaka kæmi við Sovétríkin í norðurhöfum.

Það hefur í reynd ekkert verið gert til þess af Íslands hálfu enn sem komið er á alþjóðavettvangi að bægja kjarnorkuhættunni frá landinu og koma af stað samningaviðræðum um afvopnun á höfunum. Flokkur hæstv. utanrrh. hefur því miður ekki borið gæfu til þess, ekki einu sinni lagst á sveif með krataflokkum á öðrum Norðurlöndum í baráttunni fyrir því að Ísland verði lýst kjarnorkuvopnalaust svæði, baráttu sem háð er undir forustu Ankers Jörgensen, fyrrv. formanns danska Jafnaðarmannaflokksins. Í þessu efni er það, eins og á fleiri sviðum afvopnunarmála, Alþb. sem á samleið með jafnaðarmannaflokkum og vinstri flokkum í nágrannalöndunum. Í afstöðunni til NATO, herstöðvanna og kjarnorkuvígbúnaðarins er því miður fátt eitt sjáanlegt sem greinir að Alþfl. og Sjálfstfl., enda spara talsmenn Sjálfstfl. ekki traustsyfirlýsingarnar á hæstv. utanrrh. í umræðum hér á Alþingi. Þó verð ég að segja það að í ræðu hæstv. utanrrh. hér í gær komu fram atriði sem vekja vonir um það að formaður Alþfl. sé að taka þessi mál til endurskoðunar með þeim hætti að hann kunni, ef vel tekst til um þessar umþenkingar og endurmat Alþfl.,

að losa um böndin við Sjálfstfl. sem hafa verið það í rauninni sem hefur njörvað Ísland í þá stöðu í hernaðarumsvifunum á norðurslóðum sem er staðreynd enn í dag.

Því miður eru hernaðarmálefnin ekki einu málefnin sem okkur greinir á um, okkur hæstv. utanrrh. En ég legg á það mjög mikla áherslu að þessi mál snerta þannig grundvallarhagsmuni okkar Íslendinga, öryggishagsmuni, að á það verður að leggja ríka áherslu að um þau fari fram opnar umræður hér á Alþingi í utanrmn. þingsins og úti í þjóðfélaginu til þess að sem flestir geti orðið þátttakendur í þeirri endurskoðun utanríkisstefnunnar sem er orðin knýjandi nauðsyn fyrir okkur Íslendinga.

Ég vil víkja hér, virðulegur forseti, frá hernaðarmálefnunum um sinn og nefna hér samskiptaþættina sem snúa að utanríkisviðskiptum í framtíðinni og stöðu Íslands gagnvart viðskiptabandalögum, en á því sviði er margt að gerast og mikil nauðsyn á því að við Íslendingar kunnum fótum okkar forráð, leggjum í það vinnu af alúð að átta okkur á því hverjir okkar hagsmunir eru í þessum efnum, hvert beri að stefna.

Haldinn var fundur forsætisráðherra og utanríkisráðherra EFTA-ríkjanna í Osló um miðjan marsmánuð. Á þeim fundi voru til umræðu samskipti EFTA-ríkjanna við Evrópubandalagið og stefna EFTA-ríkjanna í þeim samskiptum. Þannig vill til að hæstv. utanrrh. á að sitja við borðsendann í ráðherraráði EFTA á seinni hluta þessa árs. Þar mun leggjast mikið starf og mikil ábyrgð á hæstv. utanrrh. og það skiptir máli m.a. af þessum ástæðum en einnig vegna þess að við erum aðilar í EFTA og þátttakendur í starfi innan EFTA, þá þurfum við að leggja okkur fram um það að ná fram sem skýrastri stefnumörkun að þessu leyti. Ég hef lýst yfir áhyggjum yfir því hér við umræður utan dagskrár á Alþingi í aðdraganda fundarins í Osló að það væri ekki nægur samhljómur í máli íslenskra forustumanna í þessum efnum. Síðan hefur verið rætt um þessi málefni, bæði í utanrmn. og í ríkisstjórn, og ég vænti þess að þeim ágreiningi og mismunandi áherslum sem uppi voru milli ráðherra íslenskra í sambandi við túlkun á Oslóaryfirlýsingu EFTA-ríkjanna hafi verið eytt og það verði tryggt að íslenska ríkisstjórnin verði samstiga í sambandi við málsmeðferð á vettvangi EFTA og gagnvart Evrópubandalaginu.

Þingflokkur Alþb. tók þessi mál til sérstakrar umræðu á sínum vettvangi í framhaldi af Oslóarfundinum. Í ályktun þingflokks Alþb. 20. mars sl. var tekið eindregið undir fyrirvara forsrh. Íslands, Steingríms Hermannssonar, sem hann gerði í ræðu sinni snemma eða við upphaf EFTA-fundarins í Osló. Í þessari samþykkt þingflokks Alþb. segir m.a., með leyfi virðulegs forseta:

„Þau atriði sem að mati þingflokksins þarf sérstaklega að gæta að og varða sérstöðu Íslands eru:

1. Að Ísland afsali sér engu valdi í eigin málum til ákvarðana innan EFTA.

2. Að ekki verði gerðar breytingar á núverandi skipan á flutningi fjármagns, þjónustu og vinnuafls nema ljóst sé að það hafi jákvæð áhrif á íslenskt efnahagslíf og samfélag. Jafnframt er nauðsynlegt að allar breytingar sem gerðar kunna að verða byggist á nákvæmri skoðun á raunverulegum íslenskum aðstæðum.

3. Að kröfur annarra EFTA-ríkja um aðlögun að innri markaði Evrópubandalagsins og um náin tengsl við bandalagið verði ekki til að binda hendur Íslendinga, m.a. varðandi samskipti við aðra heimshluta."

Síðan er í þessari ályktun tekið fram varðandi ýmis atriði sem snerta óhefta fjármagnsflutninga sérstaklega, en þau mál eru eitt af því viðsjárverðasta í sambandi við þær breytingar á efnahagskerfinu þar sem Ísland þarf sannarlega að gæta sín. Ég ætla ekki að vitna hér frekar orðrétt eða með beinum hætti í þessa ítarlegu samþykkt þingflokks Alþb. en það er gott vegarnesti sem aðrir þingflokkar mættu taka til eftirbreytni, að marka stefnu fyrir sitt leyti í þessum málum.

Á vettvangi Evrópustefnunefndar Alþingis, nefndar sem stundum er svo kölluð, hefur verið mikið fjallað um þessi mál. Þar hefur eðlilega verið tekist á um þessi mál. Þar er ekkert útkljáð enn sem komið er. Þar er stefnumörkunin eftir, en að því verður væntanlega unnið á næstu vikum og mánuðum að þoka þeim málum lengra og tel ég það skipta mjög miklu máli að slík vinna verði lögð fram. En ég vil segja í þessu samhengi: Við eigum ekki, þrátt fyrir þýðingu EFTA-samstarfsins og viðskiptalega þýðingu samskipta okkar við Evrópubandalagið, að einblína á þessi samskipti ein og sér. Við eigum á þessum vegamótum, sem eru með vissum hætti að verða í viðskiptalegum efnum í heiminum, að taka okkar viðskiptalegu hagsmuni í heild til gaumgæfilegrar endurskoðunar og endurmats. Við eigum að átta okkur á því hvað okkur er fyrir bestu upp á framtíðina, í þeirri framtíð sem við getum kortlagt og þar er ég sannfærður um að það skiptir miklu að við horfum einnig til annarra svæða viðskiptalega séð, til okkar hagsmuna varðandi önnur svæði, Norður-Ameríku, Austur-Evrópu, Austur-Asíu, svo að nokkur séu nefnd, en heimurinn allur þarf að vera undir í þessum efnum. Í rauninni þyrfti þetta að vera meginviðfangsefnið núna og ég hvet mjög eindregið til þess að í þetta víðtæka mat verði lögð vinna nú áður en íslenskir ráðherrar og íslenska embættismannakerfið fer á bólakaf í EFTA- og EB-samskiptunum. Þar er auðvelt að drukkna í verkefnunum og gleyma því sem utan við liggur. Þess vegna á þetta endurmat um nýjar leiðir varðandi viðskiptalega hagsmuni Íslands og samskipti landsins út á við að vera forgangsmál á næstu vikum og mánuðum varðandi mat á okkar viðskiptalegu tengslum. Það má margt gott segja um það sem hefur verið í undirbúningi varðandi EFTA-málefnin, en ég óttast að þar gleymi menn sér. Það er líka ákveðin rómantík, svo að maður noti það orð um þá viðskiptalegu hætti og hagsmuni sem þarna eru á ferðinni — þá hefur árið 1992 orðið til þess, það hefur prentast svo fast inn í heilabúið á valdamönnum í Vestur-Evrópu að ég er ansi smeykur um að þeir

gleymi að litast um sem vert væri og séu of uppteknir af þessum hagsmunum sem eru vissulega mjög stórir og athugunar verðir.

Þessi mál eru einnig uppi á norrænum vettvangi og býsna fyrirferðarmikil í norrænu samstarfi. Það var eitt meginviðfangsefni síðasta Norðurlandaráðsþings í Stokkhólmi að fjalla um þessi efni, m.a. efnahagsáætlun Norðurlanda. Í sambandi við það mál gerði hæstv. fjmrh. fyrir Íslands hönd skýran fyrirvara við undirbúning þeirrar áætlunar og það er af þeirri sjálfsögðu varúð að við eigum eftir að fara yfir málið hér heima fyrir. Við eigum eftir að átta okkur á því hvernig við ætlum að bregðast við breyttum aðstæðum, tryggja samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs, hagsmuni þjóðarinnar sem best í viðskiptalegu tilliti.

Það hefur verið kunngert að einn af okkar alþingismönnum, raunar formaðurinn í EB-nefnd Alþingis, hafi af hæstv. utanrrh. verið kvaddur til þess að fara að sinna þessum verkum á öðrum vettvangi, hv. þm. Kjartan Jóhannsson, sem væntanlegur sendiherra landsins í Genf. Ég óska honum að sjálfsögðu alls hins besta á þeim vettvangi, alls hins besta, en ég hlýt að segja það jafnframt, af því að það er mín skoðun og varðar ekki hv. þm. Kjartan Jóhannsson né neina einstaklinga, að ég tel ekki skynsamlegt að vera að kveðja alþingismann eftir alþingismann út af þingi til verkefna í utanríkisþjónustunni sem sendimenn og sendiherra. Ég hef gert grein fyrir því opinberlega áður og það er mín skoðun sem ég hef ekki beðið minn flokk um að skrifa upp á og ég tala hér sem þingmaður og einstaklingur um þetta efni. En mér finnst að það hljóti að vera umhugsunarefni fyrir Íslendinga og Alþingi Íslendinga hvort það er skynsamlegt og eðlilegt og hvetjandi fyrir starf hér á Alþingi að Alþingi sé eins konar biðsalur fyrir væntanlega sendiherra og bankastjóra. Ég segi nei. Alþingi er vettvangur út af fyrir sig, löggjafarvald og fjárveitingavald og aðhald að framkvæmdarvaldinu. Við eigum ekki að vera að upptaka hugi manna hér á Alþingi með því að þeir séu að vinna sig upp í störf af þessu tagi þó að ég geti vissulega tekið undir að slíkir hæfileikamenn sem hér eru geti nýst í þeim störfum sem annars staðar, en þetta er fagleg vinna sem kallar á sveigjanleika og traust í samskiptum, óháð pólitískum viðhorfum og pólitísku mati.

Ég ætla þá, virðulegur forseti, að víkja aðeins frekar að samskiptum okkar út á við að því er snertir afstöðu á alþjóðavettvangi til afvopnunarmála sérstaklega þó að ég hafi gert það að umtalsefni hér áður, alveg sérstaklega í sambandi við skammdrægu eldflaugarnar. Ég verð að segja það og hef raunar sagt það hér áður á Alþingi, í umræðum utan dagskrár í nóvembermánuði sl., að það urðu mér mikil vonbrigði að sjá það gerast undir merkjum ríkisstjórnar sem ég veiti stuðning hér á þingi að Ísland væri að stíga skref til baka í sambandi við afvopnunarmálin á alþjóðavettvangi, að það væri að koma annar og herskárri andi og blær yfir nafn Íslands á vettvangi Sameinuðu þjóðanna undir merkjum ríkisstjórnar sem ég hafði ákveðið að styðja í septembermánuði sl. Sitthvað af því sem hæstv. utanrrh. hefur gert á þeim vettvangi hefur verið storkandi fyrir samstarfsaðilana. Það er ekki hægt að orða það öðruvísi. Sumar af ákvörðunum hans þar eru ekki í samræmi við þá sýn og það mat varðandi bætt andrúmsloft sem þó mátti heyra hér í ræðu hæstv. ráðherra í gær að hann vildi reyna að taka með inn í sitt heildarmat. Látum vera óraunsæjar og rangar staðhæfingar um stefnu og hlut NATO á liðnum árum. Ég hef þegar rætt það nokkuð, en það er verra þegar íslenskir ráðherrar, hverjir sem þeir eru, skipa sér öfugu megin í sveit í deilumálum sem haft geta mikla þýðingu á alþjóðavettvangi.

Ég bendi í því samhengi á afstöðu hæstv. ráðherra á vettvangi Sameinuðu þjóðanna í atkvæðagreiðslu um margrædda tillögu um stöðvun kjarnorkuvígbúnaðarins, frystingu, tillögu sem borin hefur verið fram á vettvangi Sameinuðu þjóðanna árum saman og beinist m.a. gegn þeirri gífurlegu viðbót kjarnavopna sem áformuð er af NATO m.a. og Bandaríkjastjórn sérstaklega. Þar á ég m.a. við endurnýjun skammdrægu flauganna í Evrópu. Hæstv. ráðherra lét Ísland sitja hjá við atkvæðagreiðslu um þessa tillögu og hann var eini utanríkisráðherrann á Norðurlöndum sem ekki studdi hana. Í skýringu við afstöðuna lét hann koma fram að með tilliti til þess árangurs sem nýlega hefði náðst í afvopnunarmálum teldi hann þessa ályktun ekki jákvætt framlag til yfirstandandi afvopnunarviðræðna. Þetta eru rökleysur að mínu mati. En þær komu því miður fleiri fram í umræðum um þetta mál hér í nóvember sl. án þess að ég ætli að fara lengra út í þá sálma. Ég vil ekki trúa því að það sé samhengi á milli þessarar afstöðu og þeirra orða sem lesa má í skýrslu hæstv. ráðherra, að vilja ekki slá striki yfir endurnýjun skammdrægu flauganna þó að leiða mætti rök að því að þarna væri samhengi á milli. Ég vona að hæstv. ráðherra beri gæfu til þess að endurmeta þessa afstöðu áður en þessi mál koma á nýjan leik fyrir á vettvangi Sameinuðu þjóðanna ef hann gegnir þá því ábyrgðarmikla starfi sem hann nú hefur með höndum.

Tillaga um stöðvun allra tilrauna með kjarnorkuvopn kom einnig til atkvæða á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Einnig sú tillaga hlaut ekki stuðning Íslands og Ísland var eitt Norðurlanda um það að greiða þessari tillögu ekki atkvæði. Í skýrslu hæstv. ráðherra er að finna yfirklór vegna þessarar afstöðu, ofarlega á bls. 17, og ég verð að segja það að mér finnst það sæta furðu að það skuli vefjast fyrir íslenskum ráðherrum að taka þátt í því að greiða atkvæði með tillögu af þessu tagi, um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn.

Nokkuð svipað má sjá í sambandi við umræðu um geimvopn í þessari skýrslu. Þó er það svo að hæstv. ráðherra tók jákvætt undir till. til þál. sem ég hef flutt hér í Sþ. með hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur á undanförnum mörgum þingum og ég geri mér von um það að hann verði með stuðningsmönnum þess máls við afgreiðslu þess, væntanlega nú fyrir lok þessa þings. Verði það niðurstaðan, þótt með eitt-

hvað breyttu orðalagi væri, ætla ég ekki að áfellast ráðherrann fyrir það að orðalag varðandi geimvopnin og ABM-sáttmálann í því samhengi sem sjá má í skýrslu hans sé mér ekki að skapi.

Ég þarf held ég ekki að eyða mörgum orðum að því hér að geimvopnaáætlun Reagans forseta, stjörnustríðsáætlunin, er nú í rauninni að verulegu leyti afskrifuð vestan hafs. Það er sem sagt að koma á daginn að það sem við höfum mælt hér fyrir þing eftir þing eftir þing á Alþingi Íslendinga, þar sem við höfum varað við þessum áforum, bent á ummæli virtustu sérfræðinga, innlendra og erlendra, og stjórnmálamanna eins og Samuels Nunns á Bandaríkjaþingi, á við fyllstu rök að styðjast og það standa vonir til þess að Bandaríkjastjórn hin nýja eigi hlut að því að draga þarna úr og jafnvel að kistuleggja stjörnustríðsáformin margumtöluðu.

Ég vil þá, virðulegur forseti, víkja svolítið nánar að vígbúnaðarmálunum á höfunum sérstaklega. Sá þáttur vígbúnaðarkapphlaupsins sem snýr að okkur Íslendingum er meira en nokkuð annað ógnin af kjarnavopnum á og í höfunum og umferð kjarnorkuknúinna skipa og kafbáta. Á þetta vorum við minnt þegar sovéski kjarnorkukafbáturinn sökk við Bjarnarey 7. apríl sl. sem gert var að umtalsefni af hæstv. ráðherra við umræðuna hér í gær, en það hafa orðið kjarnorkuslys síðan sem ekki hafa vakið þá athygli sem eðlilegt væri og sýnir með öðru hvernig risaveldin bæði leggja sig fram um að halda lokinu yfir upplýsingum og umræðu um þessa miklu vá. Til hvers er ég að vitna? Sprenginganna um borð í bandaríska herskipinu Iowa 350 km norðaustur af Puerto Rico hér á dögunum. Þar létust ekki 42, eins og gerðist í sovéska kafbátnum, í sprengingunni í honum, heldur 47 manns. Og ætli kjarnorkuvopn hafi þar hvergi verið nærri? Þetta er eitt fullkomnasta herskip Bandaríkjaflota og hvað best búið vopnum, endursmíðað, síðast 1982 eða 1983, og með vissu búið tugum kjarnaodda, tugum kjarnavopna sem þar eru um borð, hvað þá á heræfingum eins og þarna var um að ræða. En ekki orð um þetta mál. Kannski hæstv. utanrrh. eigi eftir að fá frá yfirherstjórn Bandaríkjanna yfirlýsingu jafnvel í einhverju formi um þetta mál svipað og hann hefur dregið fram hér í umræðunum um þessi efni, en ég er nokkuð viss um það að í þeirri yfirlýsingu verður hvorki játað né neitað tilvist kjarnavopna um borð í Iowa í nefndu tilviki því að það er hin yfirlýsta stefna Bandaríkjastjórnar, hvað sem á gengur varðandi kjarnavopn, umræðu um þau, hvað sem líður kröfum einstakra þjóðríkja um það að þau vilji ekki sjá þau. Þetta eitt er óruggt, hvorki að játa né neita tilvist þessara vopna.

Hæstv. ráðherra vék hér að þessum málum, sem sannarlega var ástæða til, í ræðu sinni í gær. Og hann sagði þar margt rétt og vel meint og ég tek undir varnaðarorð hans, hvert og eitt sem féll í þessum málum, og nauðsyn þess að við Íslendingar höfum þarna varann á og beitum frumkvæði umfram allt til að verja okkar lífshagsmuni að þessu leyti. En það var einn þáttur í ræðu hæstv. ráðherra sem vakti mér nokkra undrun þar sem hann í ræðu sinni kom að till. til þál. sem ég er 1. flm. að ásamt þremur öðrum hv. þm. varðandi afvopnun á norðurhöfum, kjarnorkuafvopnun á norðurhöfum. Og hæstv. ráðherra, þessi tillaga um afvopnun liggur hér fyrir sameinuðu þingi og gerir ráð fyrir því að ríkisstjórnin hafi frumkvæði að því að kveðja hið fyrsta saman alþjóðlega ráðstefnu til að ræða um afvopnun á höfunum og undirbúa samningaviðræður með sérstöku tilliti til kjarnorkuafvopnunar á norðurhöfum. Fleira kemur fram í þessari tillögu, m.a. um viðbrögð við hugsanlegri geislamengun og að leitað verði eftir því við kjarnorkuveldin að þau takmarki umferð kjarnorkuknúinna skipa og kafbáta í grennd við Ísland. Vonandi er þetta tillaga sem allt Alþingi Íslendinga, allir á Alþingi geta tekið undir fullum hálsi.

Í grg. með þessari þáltill. er m.a. að finna, þetta er tiltölulega stuttorð grg. miðað við stærð málsins, tilvísun í skýrslur frá Bandaríkjaher í sambandi við slys og óhöpp á liðnum árum í sambandi við kjarnorkuvígbúnaðinn. Þar segir orðrétt, virðulegur forseti:

„Á árunum 1965–1977 er talið að orðið hafi 380 slys og hættuleg atvik sem tengdust kjarnorkuvopnum bandarískra sjóhersins. Helstu orsakir slíkra slysa og bilana eru raktar til mannlegra mistaka og bilana í tækjabúnaði."

Hæstv. ráðherra innti mig sérstaklega eftir því, þó að hann nafngreindi mig ekki en væntanlega var því beint til mín sem 1. flm. þessa máls, hverjar heimildirnar séu fyrir þessu og hæstv. ráðherra hagaði orðum sínum með þeim hætti að það mátti túlka þau svo eða skilja svo að hann væri að gera lítið úr þessari ábendingu, lítið úr þessum heimildum. Ég verð að segja það að það kom mér á óvart að hæstv. ráðherra teldi ástæðu til þess hér í umræðunni að fara að draga þessi efni hér inn með þeim hætti sem hann gerði. Auðvitað er sjálfsagt að leita heimilda og auðvitað má gera þá kröfu til flm. hér á Alþingi að þeir bendi á heimildir sínar í sambandi við þessi efni og það skal fúslega gert að því er þetta varðar.

Þannig er mál með vexti að Bandaríkjaher og bandarísk yfirvöld hafa engu síður en sovésk haldið upplýsingum um slys og óhöpp í sínum kjarnorkuvopnabúnaði undir lás og slá eins og þau mögulega hafa getað og það er auðvitað ekki boðlegt, ég verð að segja það, virðulegur forseti, að koma hér inn á Alþingi með greinargerð sem tengist þessum málum eins og gert var hér í umræðu um sovéska kjarnorkukafbátinn sem sökk 9. apríl sl., greinargerð frá SACLANT sem hæstv. ráðherra lagði hér inn í umræðuna, komna frá yfirflotastjórn Bandaríkjanna þar sem nánast er ekkert gert úr hættunni af þessum kjarnorkuvopnabúnaði. Reikna menn með því að þetta sé eitthvað sem liggur á lausu nema þannig fari að óhöppin verði það mikil að það verði ekki þagað yfir þeim? Þá heimild sem hér er um að ræða varðandi þennan fjölda slysa og óhappa hef ég þegar afhent hæstv. utanrrh. Hún er bréf frá bandarísku

kvekarasamtökunum, „American friend service committee", frá 21. jan. 1986, með fylgiskjölum, þar sem dregin eru fram þau slys og óhöpp og tilvik sem vitnað er til í þessari þáltill. Og hvernig ætli þau séu komin í hendur þessara bandarísku samtaka? Jú, það gerðist í krafti „Freedom of Information Act", lagaskyldunnar um upplýsingar sem Bandaríkin búa svo vel og eiga í sínu lagasafni og ég hef hvatt hér til aftur og aftur á Alþingi Íslendinga að yrði lögfest með ekki ómarkverðari hætti og helst með fyllri hætti hér í íslenskum lögum. Það láku út upplýsingar um að heimildir lægju fyrir um þessi efni og það var sótt og þessi bandarísku samtök fengu aflétt þagnarskyldunni yfir þessum slysum og óhöppum á nefndu tímabili, um 30 að meðaltali á ári hverju.

Og hvernig brást þá herinn við? Jú, þeir eru ekki svo galnir á þeim bæ. Þeir brugðust þannig við að segja: Jú, jú. Hérna liggur þetta fyrir og þetta eru svo sem ekki svo mikil leyndarmál. Það er meira að segja ekki allt talið og síðan dengdu þeir út lista yfir 680. Lengdu listann, lengdu tímabilið og felldu inn rispurnar á málningu á kafbátum eða skipum sem hæstv. utanrrh. gat um hér í gær til þess að gera lítið úr þessum upplýsingum.

Virðulegur forseti. Ef það væri ekki með tilliti til tímans sem okkur er skammtaður hér, af því að við höfum víst lofað að ljúka þessari umræðu fyrir þingtíma á morgun, hefði ég talið ástæðu til þess að lesa hér upp upplýsingar og heimildir um þessi óhöpp og slys, mörg hver hin alvarlegustu sem orðið hafa í tengslum við bandarískan vopnabúnað. Ég skal hafa það í styttra lagi með tilliti til þeirra mörgu sem þurfa að komast að í þessari umræðu. Ég vil hins vegar nefna heimildir í þessum efnum. Þetta má m.a. lesa í dagblaðinu Þjóðviljanum þann 9. júlí 1987 þar sem er að finna grein úr gagnmerkum greinaflokki eftir Vigfús Geirdal sem ég leyfi mér nú að kalla sérfræðing í vígbúnaðarmálum og afvopnunarmálum því að ég hygg að það séu fáir hér á Íslandi sem búa yfir jafnmikilli þekkingu og heimildasafni um þau málefni og hann sem hefur lagt mjög mikið fram til þessarar umræðu og ritað um það margar greinar í blöð. Þar er m.a. fjallað um þessar upplýsingar sem þá voru nýlega fram komnar og ég er viss um það að hæstv. ráðherra af tilefni þessarar umræðu á eftir að útvega sér þessar upplýsingar, fara yfir þær og draga þær fram. Þar er m.a. gerð grein fyrir því hvernig Bandaríkjaher flokkar þessi óhöpp. Þetta gengur undir ýmsum nöfnum eins og Nuclear flash eða kjarnablossi sem er óhapp af fyrstu gráðu, hið hættulegasta, hugsanleg kjarnorkusprenging sem skapað gæti hættu á kjarnorkustyrjöld milli risaveldanna. Síðan er það í öðrum flokki svokalluð „Broken Arrow" eða brotin ör, sem er notað um alvarleg slys án þess að um stríðshættu væri að ræða. Síðan eru þrír aðrir flokkar, lægri áhættuflokkar, í sambandi við þessi slys og óhöpp.

Það vill svo til og er greint frá einmitt í þessum upplýsingum að það hafa ekki orðið færri en 32 brotnar örvar samkvæmt þessari flokkun Bandaríkjahers í sambandi við slys tengd kjarnorkuvígbúnaði Bandaríkjaflota. Og það væri hægt hér á Alþingi að taka tíma við annað tækifæri til að fara yfir þessi efni. Það er margt vandmeðfarið í þessum málum, hæstv. utanrrh. Ég man ekki betur en hæstv. ráðherra nefndi hér sprungna hjólbarða sem dæmi um eitthvað lítils háttar, svona rispur á málningu og sprungna hjólbarða. Ætli sprungnir hjólbarðar á sprengjuþotum sem bera kjarnorkuvopn og gera út frá flugvélamóðurskipum séu ekki hættuleg tilvik? Ætli það hafi ekki gerst einmitt af þeim sökum að hjólbarðar hafa sprungið á slíkum þotum, að þær hafa farið fyrir borð? Um það hef ég heimildir, hæstv. utanrrh. Við skulum vara okkur á því að draga niður í sambandi við umræður um þessi mál, gera lítið úr hættunni. Það er allt of stórt mál til þess að við getum leyft okkur það hér á Alþingi Íslendinga.

Auðvitað eigum við ekki að mikla fyrir okkur hættur. Það er víst nógu geigvænlegt útlitið í heiminum, þó að við gerum það ekki og margt sem heldur fyrir okkur vöku, en því miður er það svo að þar er af allt of, allt of mörgu að taka. Og ég segi við hæstv. utanrrh.: Gerum nú gangskör að því hér á Alþingi Íslendinga og af hálfu íslenskra stjórnvalda, gerum kröfu til samstarfsaðila í Atlantshafsbandalaginu um það að við fáum tryggingu fyrir því að Ísland verði virt sem kjarnorkuvopnalaust svæði, að hingað verði hvorki flutt til lengri tíma kjarnorkuvopn eða flutt til skamms tíma kjarnorkuvopn. Gerum þá skýlausu kröfu til bandarískra stjórnvalda, til bandarískrar herstjórnar, að ekkert slíkt komi inn á íslenskt yfirráðasvæði, lofthelgi eða landhelgi, eins og hæstv. utanrrh. Geir Hallgrímsson gerði í orði í ágætis yfirlýsingu hér á Alþingi Íslendinga, ef ég man það rétt, 16. apríl 1985. En það er bara einn galli á gjöf Njarðar. Málinu er ekki fylgt eftir. Það er bara tekið trúanlegt, það er tekið á móti þeirri ófrávíkjanlegu stefnu bandarísku herstjórnarinnar, og gengur yfir NATO, allt NATO-liðið, að hvorki játa né neita tilvist kjarnorkuvopna um borð í herskipum eða flugvélum.

Ég sat við borðið í utanrmn. þegar þar gekk á milli „top secret"-plagg sem William nokkur Arkin færði hingað til Íslands í desembermánuði 1985 líklega, þó að ég muni það ekki alveg nákvæmlega, og varð tilefni mikillar umræðu, þar sem fram kom heimild Bandaríkjaforseta til þess að flytja hingað til Íslands á neyðartímum 48 B-57-kjarnadjúpsprengjur til þess að setja um borð í Orion-flugvélarnar sem eru gerðar út frá Keflavíkurflugvelli. Líkurnar á því að þetta sé gert árlega af Bandaríkjaforseta eru mjög miklar. Tökum þessi mál alvarlega. Brjótum í blað að þessu leyti, bægjum frá Íslandi þeirri stöðugu vá sem yfir okkur býr vegna þátttöku okkar og flækju í þessu kjarnorkuvígbúnaðarneti. Losum okkur úr því. Verum menn til þess. Það er of seint ef illa fer og hættan dynur yfir. Þá er það um seinan.

Við heyrum um það, hæstv. utanrrh., m.a. nú á nýliðnum vetri, að það séu áform uppi um það hjá bandarísku herstjórninni að auka flotaheimsóknir

hingað til Íslands, m.a. til þess að venja skip úr fastaflota Atlantshafsbandalagsins við birgðastöðvarnar hér í Hvalfirði og væntanlega í Helguvík og kannski að venja Íslendinga við komu slíkra skipa og heimsóknir sem vissulega hafa átt sér stað á liðnum árum en í mjög takmörkuðum mæli og í minni mæli um skeið eftir yfirlýsingu hæstv. fyrrv. utanrrh. Geirs Hallgrímssonar sem ég nefndi áðan. En í „Aviation Week & Space Technology", tímariti sem vitnað var til í umræðu hér um daginn, frá 14. nóv. sl., er að finna yfirlýsingar frá McVadon, yfirmanni herliðsins á Keflavíkurflugvelli í þessa átt, að það eigi að auka flotaheimsóknir af þessu tagi.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvað liggur fyrir í þessum efnum? Hvað getur hæstv. utanrrh. upplýst okkur um varðandi hugsanlegar heimsóknir úr fastaflota Atlantshafsbandalagsins eða annarra herskipa hingað til lands? Það eru ekki bara stóru skipin sem borið geta kjarnorkuvopn, sem eru „nuclear capable" eins og það er orðað á enskunni, bera búnað fyrir kjarnorkuvopn og til að leysa þau úr læðingi með öllu saman.

Hleypum ekki slíkum farkostum inn í íslenska landhelgi. Hvaða athuganir hafa farið fram á afleiðingum þess ef illa fer í tengslum við komur slíkra skipa til landsins, til höfuðborgar landsins, Reykjavíkur, og til annarra staða? Ég hvet hæstv. ráðherra vegna þess að hann hefur sýnt áhuga í þessum málum, eins og kom fram í máli hans hér í gær, til þess virkilega að taka á í þessum efnum varðandi kjarnorkuvopnin og hlutdeild Íslands í kjarnorkuvopnabúnaðinum sem er grunnþáttur samofinn þeim vopnabúnaði sem hér er, því miður.

Aðildin að NATO, þessu fertuga friðarbandalagi, svo að ég noti hér orð eins helsta talsmanns Sjálfstfl. í utanríkismálum, hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar. Hann kallar þetta gjarnan mesta friðarbandalag allra tíma þegar hann ... (**EKJ:** Eitt merkasta bandalag Íslandssögunnar.) Og merkasta bandalag Íslandssögunnar. Svo kært er það honum að hann er búinn að taka þetta inn í Íslandssöguna. Þetta bandalag er býsna fyrirferðarmikið í skýrslu hæstv. ráðherra, bæði í yfirlitskafla og í sérkafla skýrslunnar. Umfjöllunin um þetta hernaðarbandalag er hins vegar með nokkrum vandræðablæ sem hægt er að skilja í ljósi þeirrar stöðu sem málefni þess eru komin í. Óvinarímyndin hefur bliknað mikið vegna þjóðfélagsbreytinga, m.a. austan járntjalds og í sumum fylgiríkja Sovétríkjanna í þeim heimshluta. Frumkvæðið í afvopnunarmálum hefur komið úr þeirri átt undir forustu Gorbatsjovs og NATO hefur ekki reynst þess megnugt að byggja upp trúverðuga ímynd og svör við þessari óvæntu sókn úr austri.

Sú stefna Bandaríkjanna að knýja önnur aðildarríki NATO til að taka á sig aukinn kostnað vegna vígbúnaðar hefur fengið lítinn hljómgrunn við þessar aðstæður í hinum bandalagsríkjunum sem ætlað er að axla byrðarnar. Ágreiningurinn um nýjar skammdrægar flaugar í Vestur-Þýskalandi, sem ég hef minnst hér á, hefur leitt til mikilla vandræða í samskiptum aðildarríkjanna og einnig hefur ágreiningur um viðskiptamál milli Evrópubandalagsins og Bandaríkjanna ekki orðið til að bæta andrúmsloftið þvert yfir Atlantshafið. Ókrýndur forustumaður hernaðarbandalagsins, hinn nýi forseti Bandaríkjanna og stjórn hans, sætir nú vaxandi ámæli vegna seinagangs í stefnumótun í afvopnunarmálum og raunar fleiri þáttum alþjóðamála. Þessi þróun hefur leitt til þess að nýtt hugtak er æ meir notað í stjórnmálaumræðunni. Það eru ekki bara austur-vestur málefni, heldur vestur-vestur málefni. Og þau eru vissulega umræðuverð og bera vott um þær breyttu aðstæður sem við erum að ræða hér í tengslum við þessa skýrslu hæstv. ráðherra. Þessi nýju viðhorf sem blasa við NATO fá hins vegar mjög takmarkaða umfjöllun í skýrslu hæstv. ráðherra. Þess í stað er þar að finna allt of margar gamlar uppbakaðar lummur.

Það er, virðulegur forseti, afvopnunin í reynd sem máli skiptir, bæði í hefðbundnum herafla og í kjarnorkuvígbúnaði, og þar vantar enn þá margt á að hlutirnir hreyfist í rétta átt á heildina litið. Í þeim efnum hefur NATO af engu frumkvæði að státa, því miður. Þvert á móti hefur bandalagið sýnt tennurnar meir en áður á vissum sviðum, m.a. með mestu sjóheræfingum eftirstríðsáranna á Noregshafi sem þátttaka var í frá herstöðvum hér á landi, þ.e. hinni svokölluðu Teamwork-æfingu í september sl.

Ég vil spyrja hæstv. utanrrh. alveg sérstaklega vegna vopnabúnaðarins hér á landi og vegna þess að hann dró upp í umræðunni hér æfingarnar í Noregi. Þegar rætt var um heræfingarnar hér um daginn, væntanlegar heræfingar á Miðnesheiði, dró hann upp heræfingarnar í Norður-Noregi sem tengdust Teamwork-æfingunum í september 1988. Það liggur fyrir að það var veruleg þátttaka í þessum mestu sjóheræfingum á norðurslóðum frá herstöðvum á Íslandi. Og það liggur fyrir skjalfest, m.a. í margnefndum greinum, greinasafni í Aviation Week, frá 14. nóv. sl., að þarna var um mikla þátttöku frá herstöðvunum hér að ræða og það var komið hingað með hervélar og liðssafnað til þátttöku í þessum heræfingum. Í tengslum við þær var flogið inn yfir Ísland, æft árásarflug inn yfir Vatnajökul, víðs fjarri hinum svokölluðu varnarsvæðum, af herflugvélum frá nýjustu flugvélamóðurskipum Bandaríkjaflota sem lágu hér í hafinu utan við. Ég spyr hæstv. utanrrh.: Er það með vitund og vilja íslenskra stjórnvalda að bandarísk stjórnvöld taka að því er virðist án sérstakra heimilda inn herbúnað til þátttöku í heræfingum af þessu tagi? Og það er staðhæft af bandarískum heryfirvöldum að þeir þurfi enga sérstaka heimild til þess að auka hér á vígbúnaðinn og vopnabúnaðinn í landinu í sambandi við heræfingar. Þetta er það mikilvægt atriði að um það þurfa að liggja fyrir upplýsingar hér á Alþingi Íslendinga. (Gripið fram í.) Hv. þm. Eyjólfur Konráð óskar eftir að taka til máls hér úr sal og ég ætla að heimila honum það fyrir mitt leyti. Hvað sagði hv. þm.? (**EKJ:** Ég var að spyrja hvort þú ætlaðir að gleyma heræfingunum ykkar

núna og varaflugvellinum?) Hv. þm. spyr um heræfingarnar okkar og hann spyr um varaflugvöllinn, spyr hvort það eigi ekki að ræða. Ég skil það mjög vel að það er áhugaefni hv. þm. að ég ræði það efni, væntanlega kemur hann að því hér á eftir því að það brennur greinilega mjög á hv. þm.

Ég skal verða við þessari ósk hv. þm. því að það er sannarlega ekki ætlun mín, virðulegur forseti, að láta óræddan þann þátt sem snertir hernaðarumsvifin hér á landi og ég var raunar kominn þar í ræðu minni að fjalla um þátttöku herbúnaðar, hervéla frá Íslandi í tengslum við viðamestu heræfingar sem fram hafa farið á norðurhöfum sl. haust.

Í VII. kafla skýrslunnar er fjallað um hernaðarumsvifin hér sérstaklega. Þeir þættir tengjast náið þeirri hugmyndafræði sem hefur verið umræðuefni hér af minni hálfu í sambandi við réttlætingu erlendra herstöðva hér og herfræði Bandaríkjanna á norðurslóðum. Á bls. 10 í skýrslu hæstv. utanrrh. er að finna kafla um þessi efni þar sem segir m.a., virðulegur forseti:

„Fyrirrennarar mínir í starfi hafa á undanförnum árum leitast við að auka hlutdeild Íslendinga við þróun áætlana varðandi varnir landsins, svo og við starfrækslu ratsjár- og fjarskiptastöðva. Samfara þessu hafa Íslendingar leitast við að gerast virkari aðilar að Atlantshafsbandalaginu. Haldið verður áfram á sömu braut í tíð núv. ríkisstjórnar."

Það má vissulega til sanns vegar færa að nokkrir íslenskir starfsmenn hafa tekið við af bandarískum í því ratsjárkerfi sem hér er í uppbyggingu og fóðra herstjórnina hér og í Bandaríkjunum með upplýsingum sem koma frá þessum búnaði. Aukin hlutdeild Íslendinga við þróun áætlana varðandi svokallaðar varnir landsins er hins vegar þjóðsaga sem hefur verið rækilega afhjúpuð í umræðunni um heræfingarnar sem hér hafa verið mjög á dagskrá frá því að fréttir bárust um áætlanir þar að lútandi í tengslum við þjóðhátíðardaginn hér á Íslandi. Það gerði raunar sjálfur utanrrh. þegar hann staðfesti þau ummæli varnarmálaskrifstofunnar — og raunar Tómasar Stone stærðfræðikennara sem stýrir því varaliði Bandaríkjahers sem hingað á að koma til æfinga — að engar slíkar áætlanir lægju fyrir varðandi svæði hérlendis utan herstöðvanna. Hvenær halda menn að frumkvæði hafi komið frá Íslendingum um byggingu einstakra hernaðarmannvirkja hérlendis, t.d. styrktra flugskýla og stjórnstöðvar til að gera herstjórninni á Miðnesheiði kleift að halda út í eina viku eða svo í kjarnorkustyrjöld, eftir að afgangurinn af mannabyggð hér við Faxaflóa væri eyddur af geislavirkni? Auðvitað eru slíkar hugmyndir ekki ættaðar frá Íslendingum. Ég hlýt að segja sem betur fer.

Í fskj. 14 með skýrslu hæstv. utanrrh. er reynt að láta líta svo út sem íslensk stjórnvöld hafi með auknum afskiptum af skipulagi varna sem boðuð voru í skýrslu utanrrh. til Alþingis í apríl 1984 verið hvatning til betra skipulags og þjálfunar á þeim herafla sem ætlað er til að annast varnir Íslands eins og það er kallað. Þetta hafði leitt til ákvörðunar um það varalið sem hingað á að koma til æfinga í þriðja sinn í júní nk. Einnig hér er um goðsögn að ræða, söguskýringu sem orðið hefur til eftir á. Fyrir liggur að John Lehman, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna á þessum tíma, greindi frá varaliðinu svokallaða í fyrsta sinn við yfirheyrslur í hermálanefnd Bandaríkjaþings í mars 1983 og þá í tengslum við sóknarstefnu bandaríska flotans á Norður-Atlantshafi og í norðurhöfum. Í viðtali við þjálfara varaliðsins og yfirmenn herliðsins á Keflavíkurflugvelli, sem m.a. birtist í Aviation Week í nóvember sl., kemur ljóst fram að varaliði þessu er einvörðungu ætlað það hlutverk að verja hernaðarmannvirki í sjálfri herstöðinni og þá sérstaklega gegn hugsanlegum skemmdarverkasveitum sem af Rússunum eru kallaðar „Spetsna" og er einnig að finna upplýsingar um í nefndu bandarísku tímariti.

Í umræðum um varaliðið hefur þannig verið staðfest það sem herstöðvaandstæðingar hafa ætíð bent á að herstöðvarnar hér hafa ekkert með vernd eða varnir Íslendinga, íslenskra borgara að gera heldur eru liður í allt öðru samhengi sem er sóknarstefna Bandaríkjanna í norðurhöfum og aðrir hernaðarhagsmunir risaveldisins og fleiri aðila innan NATO. Það eru herstöðvarnar og herbúnaðurinn sem hér er sem dregur að stórfellda hættu fyrir íslenskan almenning ef til alvörunnar drægi, mestu sjóorustu sögunnar hér norður af landinu sem brugðið var upp í sjónvarpskvikmyndinni sem Albert Jónsson, starfsmaður Öryggismálanefndar, átti þátt í að gerð var og sýnd var í sjónvarpinu á fimmtudaginn í síðustu viku, þessa hildarleiks m.a. sem þar var gerður að umtalsefni og ég ætla ekki að fara nánar út í.

Það er hins vegar nú allra síðustu árin, 40 árum eftir stofnun NATO og 38 árum eftir komu hersins að íslenskum utanríkisráðherrum fer að líða eitthvað illa undan því og fara að klóra sér í höfðinu út af því að blekkingin um að verið sé að verja Íslendinga blasir við hverjum manni. Nú í miðri þíðunni í alþjóðamálum þegar jafnvel yfirmenn herliðsins og þeir sem þeim tengjast eru opinskátt farnir að tala um innrás í Ísland sem fjarlægan möguleika, þá er rokið upp til handa og fóta til að samþætta starfsemi bandaríska herliðsins hér og íslenskra stofnana allt frá Almannavörnum til lögreglu og Pósts og síma.

Utanrrh. greindi frá því í umræðunni um heræfingarnar hér á Alþingi um daginn og um það má lesa á bls. 89 í skýrslu hans að slík samþætting herliðs og íslenskra stofnana hefur verið undirbúin á undanförnum árum og einnig í tengslum við þetta svokallaða U.S. Army Forces Iceland sem á að koma til að sprikla hér á Miðnesheiði í júnímánuði nk., í lengnættinu í júní um Jónsmessuleytið.

Það er upplýst af hæstv. ráðherra að Tómas stærðfræðikennari óski sérstaklega eftir því að fá að æfa þetta varalið sitt hér í tengslum við íslenska aðila utan varnarsvæða af tilefni heimsóknarinnar hér í júní. Og ég spyr hæstv. ráðherra vegna yfirlýsinga hans hér í gær um það að dregið skuli um þriðjung úr þessum heræfingum: Hvað er það tölulega, hæstv. ráðherra,

sem hér er á ferðinni? Við hvað er miðað? Hér var tíundað upp á hundrað og upp á tug, hvað um var að vera þegar við ræddum þessi mál hér utan dagskrár um daginn. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra veiti hér upplýsingar sambærilegar um hvað hér er á ferðinni, en alveg sérstaklega spyr ég hæstv. ráðherra um þær hugmyndir varðandi hliðaræfingu í samþættingu við innlendar stofnanir sem hann ræddi um í því samhengi og sagði, að hann teldi sjálfur að væri skynsamlegt og æskilegt að ætti sér stað. Er meiningin að fara út í slíkar hliðaræfingar? Hvers konar æfingar? Hverjir eiga að taka þátt í þeim? Ég tel það skipta miklu máli að það verði upplýst hér því að ég tel þetta eitt hið hættulegasta í sambandi við þróun mála hér ef það á í vaxandi mæli að fara að gera herliðið, fasta herliðið og varahersveitir sem hingað koma að þátttakendum í starfi íslenskra aðila í sjálfsögðum almannavörnum hérlendis, starfi sem íslenskar stofnanir eiga einar og sér að bera ábyrgð á, vera mótandi um og taka að sjálfsögðu þátt í og allt of lítið hefur verið gert af undir íslenskri forustu á liðnum árum. Ég spyr hæstv. ráðherra um það hvort Tómas stærðfræðikennari ætli sér um leið og hann æfir varaliðið sitt hér í glímunni við hugsanlegar skemmdarverkasveitir á berangrinum á Miðnesheiði, hvort kerfi okkar, þessara innfæddu, á vegum sómakærra embættismanna yfir nefndum stofnunum og ég ætla ekki að fara að nafngreina hér, hvort það sé sæmilega smurt þannig að þeir ráði við það verkefni að senda fólk af Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu austur fyrir heiði og fari síðan í það verkefni að hjálpa til við að kljást við skemmdarverkasveitirnar hugsuðu í Hafnarfjarðarhraunum. Er það meiningin í tengslum við þetta mál?

Ég vænti þess að hæstv. utanrrh. sé ekki á því spori. Ég tel að sú yfirlýsing sem hæstv. ráðherra gaf hér í gær um samdrátt í þessum heræfingum sé auðvitað skref í rétta átt, en hún er ekki nægjanleg. Spurningin er: Inn í hvaða samhengi er verið að tala? Hæstv. utanrrh. sagði okkur að í tengslum við þetta yrði óskað fyllri upplýsinga um hvers væri að vænta í framtíðinni með góðum fyrirvara. Ef þessi samdráttur er gerður af einhverri sérstakri tillitssemi við þá dáta sem hingað eiga að koma og leyfa þeim að sprikla einu sinni enn og svo búið, ef það er liður í þessari ákvörðun, þá tel ég að hér sé um markvert og athyglisvert skref að ræða, ef við eigum síðan að vera lausir mála við æfingar af því tagi í staðinn fyrir stigmögnun slíkra æfinga. Það er spurningin að rata í rétta átt, hæstv. utanrrh., að hlusta á þá ⅔ hluta íslensku þjóðarinnar sem svöruðu því í skoðanakönnun, eins og kunngert var í gær, að þeir væru andvígir þessum heræfingum, tækju undir með þeim sem segja: Burt með þetta brölt af Íslandi.

Ég vænti þess, virðulegur forseti, að menn fari að staldra við og hæstv. utanrrh. í þeim hópi og fari að velta því fyrir sér hvert sá grái leikur, sem þessar heræfingar m.a. eru þáttur í, er að bera okkar íslenska samfélag. Framhald á þessum þáttum gæti leitt til dapurlegrar niðurstöðu, ég tala nú ekki um vaxandi samþætting á herlífi og starfsemi herliðs og þjóðlífs á Íslandi. Það voru stigin mikilsverð skref í þessu samhengi, m.a. 1974 þegar ákveðið var að loka herliðið af meira en gert hafði verið. Það var farsælt skref. Opnum ekki þessar gáttir á nýjan leik. Ísland hefur haft þá ánægjulegu sérstöðu að vera laust við hernaðaranda og heraga. Jafnframt blundar á bak við kannski óttinn að eigin þjóð, samlandar sem eru andstæðrar skoðunar með öllum þeim sem átta sig á hættunum sem fylgja uppskiptingu annars vegar í herlið, lokuð kerfi, og hins vegar frjálst þjóðlíf, hefur kannski átt vissan þátt í því að menn hafa hikað við að fara inn á þessa braut samþættingar herliðs, herlífs og þjóðlífs hérlendis. Ég hlýt að vænta þess og gera kröfu til þess að þetta skref, sem hæstv. utanrrh. var að kunngera hér í gær, verði ekki lokaorð hans í sambandi við þessi mál. Ég mun fara yfir þau efni og meta þau út frá því sem fram kemur hér í þessum umræðum og síðan á vettvangi þings og stjórnar landsins um þessi mál.

Þessi umræða sem hér hefur farið fram, m.a. í tengslum við þessar heræfingar, kallar á það að farið sé ofan í saumana á starfsháttum svonefndrar varnarmálaskrifstofu og varnarmálanefndar og það þótt fyrr hefði verið. Ég hef borið fram um það kröfur einnig í utanrmn. og ég vænti þess að upplýsingar verði þar fram reiddar því að til þess er sannarlega ástæða af tilefni þessarar umræðu. Undir það tek ég og tek þá jafnframt undir með hæstv. forsrh. og fleirum sem rætt hafa þessi mál hér á Alþingi.

Ég ætla, virðulegi forseti, ekki að taka hér sérstakan tíma í það að ræða um hugmyndirnar varðandi varaherflugvöll á Íslandi. Þar er um að ræða hugmyndir um framkvæmd sem engan veginn rúmast innan stjórnarsáttmála íslensku ríkisstjórnarinnar. Þar væri um slíkt stórmál að ræða, ef menn ætluðu að gera athafnir úr orðum í sambandi við forkönnun mála og hvaðeina sem að undirbúningi slíks málefnis lýtur, að hæstv. utanrrh. gerir sér væntanlega grein fyrir því hvaða afleiðingar slíkt mundi hafa fyrir það samstarf sem hann er þátttakandi í um ríkisstjórn landsins. (**EKJ:** Hverjar eru þær?) Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson er að verða bráðlátur (**Gripið fram í:** Það er engin furða.) að komast hér í ræðustól og ég skal fara að stytta mál mitt, virðulegur forseti, svo að hann og fleiri hv. þm. komist hér að til þess að ræða mál, enda á ég þess kost að taka hér þátt í umræðu síðar.

Ég vil hins vegar í sambandi við varaflugvöllinn vekja athygli á því að það hafa komið fram rangar upplýsingar og rangar staðhæfingar varðandi undirbúningsþætti þess máls, m.a. að því er varðar stöðu mála á vettvangi NATO og Mannvirkjasjóðs NATO varðandi þennan varaflugvöll. Samkvæmt þeim upplýsingum sem fram hafa verið reiddar liggur ekkert fyrir um þátttöku NATO í þessum hugsanlega flugvelli og yfirlýsingar frá Wörner, aðalframkvæmdastjóra NATO, að þessu leyti, sem er eitt af fylgiskjölunum með þessari skýrslu hæstv. utanrrh., eru auðvitað markleysa því að þessi framkvæmdastjóri

NATO getur varla haft mikið um mál að segja sem ekki er búið að taka á dagskrá á þeim vettvangi. Það væri hins vegar full ástæða til þess að ræða um þann þrýsting í kostnaðarlegri þátttöku, þann þrýsting af hálfu Bandaríkjanna sem endurspeglast einmitt í þessu varaflugvallarmáli. Það tengist þeirri staðreynd að herstöðvarnar hér eru að mati yfirherstjórnar Bandaríkjanna hluti af CONUS-kerfinu. Hvað er það? Það er Continental U.S., skammstöfun á því, meginland Norður-Ameríku, Bandaríkin. Það er sótt um *fjárveitingar til framkvæmdanna hér sem hluta í* vörnum meginlands Bandaríkjanna.

Þau mál, virðulegi forseti, sem ég hef tæpt á hér, hef ég ekki mikið fleiri orð um tímans vegna þó að hér væri þörf á að segja mjög margt fleira. Þegar núv. ríkisstjórn var mynduð sl. haust, þá væntum við sem veittum henni brautargengi þess, a.m.k. að því er Alþb. varðaði, að hún framfylgdi utanríkisstefnu sem væri í einhverjum takt við tímann, endurspeglaði m.a. kröfuna um slökun og afvopnun og stöðvun kjarnorkuvígbúnaðarins svo að dæmi séu tekin. (Gripið fram í.) Hér innan lands yrði a.m.k. ekki um aukningu á hernaðarumsvifum að ræða og leitast yrði við að leggja óháð mat á öryggismálefni landsins í stað einhliða mötunar vestan um haf. Þetta er m.a. að finna í stjórnarsáttmálanum, hæstv. utanrrh., óháð mat á öryggishagsmunum landsins. Hvað hefur verið aðhafst af hálfu hæstv. ráðherra hvað snertir þennan þátt málefnasamnings ríkisstjórnarinnar? Ég inni hæstv. ráðherra eftir því.

Niðurstaðan eftir rösklega hálfs árs störf þessarar ríkisstjórnar valda mér vissulega vonbrigðum á mörgum sviðum að því er meðferð utanríkismálanna varðar og það á væntanlega við um fleiri en mig, fleiri samstarfsaðila en okkur alþýðubandalagsmenn í ríkisstjórninni. Ég tek það hins vegar fram að margt af því sem hér kom fram hjá hæstv. utanrrh. vekur vonir um það að á þessu geti orðið breyting, en á það verður þó að sjálfsögðu að reyna. Hæstv. utanrrh. þarf með samstarfsaðilum sínum í ríkisstjórn að fara yfir sviðið, því að það er fátt eitt talið í málefnasamningi ríkisstjórnar, til þess að stilla saman um stefnuna í þessum geysilega þýðingarmikla málaflokki sem hæstv. ráðherra fer með. Og það hlýtur að vera áhugaefni þeirra sem vilja treysta þetta stjórnarsamstarf að stefnan í utanríkismálum verði í einhverju samræmi við væntingar þeirra sem veita þessari ríkisstjórn stuðning, jafnt hér á Alþingi sem úti í þjóðfélaginu. Þar gæti hæstv. utanrrh. lagt mikið af mörkum og ég vænti þess að í framhaldi af þessari umræðu sjáum við þess nokkur merki og að hæstv. ráðherra beiti sér fyrir því með samstarfsaðilunum að taka með öðrum hætti á mikilvægum þáttum þessara mála heldur en raun ber vitni á undanförnum mánuðum.

Ég segi hæstv. utanrrh. það alveg hreint út að ég tel það varða afar miklu í sambandi við störf þessarar ríkisstjórnar að meðferð utanríkismálanna verði í takt við þær breyttu aðstæður sem skapast hafa í alþjóðamálum og þá hagsmuni Íslendinga sem við blasa, öryggishagsmuni, m.a. að því er varðar vígbúnaðinn á höfunum og hættuna af kjarnorkuvá.

Ég skal, virðulegur forseti, ekki taka hér fleiri þætti mála til umræðu þótt ástæða væri til og margt sé órætt af því sem ég vildi sagt hafa. Íslensk utanríkisstefna þarf að taka mið af því að Ísland verði á ný óháð ríki, herlaust land og friðlýst, land friðsamrar þjóðar sem býr í sátt við umhverfi sitt.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti hlýtur að hafa talað óskýrt hér áðan. Á fundi sem haldinn var í gær varð samkomulag um að þessari umræðu lyki á þessum degi. Ef allir þeir tíu ræðumenn sem hér eru á mælendalista tala í 1½ tíma lýkur þessari umræðu kl. 9 í fyrramálið. Ég vil biðja menn að hugsa um það hvort ekki er hægt að reyna að hafa hemil á mælsku sinni þannig að allir þeir sem hafa tilkynnt sig á mælendaskrá fái að láta skoðanir sínar í ljós.

Benedikt Bogason:

Virðulegi forseti. Ég skal reyna að hafa hemil á mælsku minni. Nú í ár eru 45 ár síðan við Íslendingar öðluðumst fullt sjálfstæði og tókum þar með í eigin hendur alla stjórn utanríkismála okkar. Heimsstyrjöldin síðari var í algleymingi. Ísland hersetið af bandamönnum en gamla herraþjóðin, Danir, mátti þola hersetu Þjóðverja. Stríðinu lauk ári síðar og heimurinn sat eftir á rústum dauða og eyðileggingar. Siðmenningin hafði beðið skipbrot. En ekki átti fyrir sigurvegurunum eða öðrum að liggja að setjast á friðarstól. Upp hófst kalda stríðið, einkum milli ofríkisstefnu kommúnistaríkjanna undir harðstjórn Stalíns og hins vestræna heims sem smám saman hafði þroskast frá fyrri tíma nýlendukúgunar.

Allt fram undir síðustu ár hafa þjóðir heims orðið að búa við ógnarjafnvægi stigvaxandi vopnakapphlaups, að loksins er tekið að rofa til og veruleg slökun orðið. Enn þá búa þjóðir heims við það ástand að aðeins hluti sprengjubirgða kjarnorkuveldanna getur þurrkað út allt mannkyn auk alls kyns stórvirkra drápstækja, svo sem sýkla- og efnavopna. Hefðbundnar byssur og sprengjur, skriðdrekar og byssubátar eru nú aðeins barnaleikföng marskálkanna í samanburði við ósköpin og sverð og spjót fyrri alda eins og naglasköfur þótt iðulega yrði mikið mannfall við notkun þeirra. En eitt er víst: Milli heimsstyrjaldanna tveggja á öldinni liðu aðeins 22 ár, en nú hefur liðið tvöfaldur sá tími án þess að stríðsátök hér og þar um heim hafi náð að breiðast út.

Á sama tíma og fyrrnefnd spenna hefur ríkt hér á jörðu hafa orðið meiri tækniframfarir en í allri mannkynssögunni áður. Þessar framfarir hafa m.a. leitt til þess að almenn samskipti milli þjóða hafa margfaldast, menningarleg sem viðskiptaleg. Óbreyttir borgarar ferðast heimshorna á milli og viðskipti blómgast milli andfætlinga á jörðinni, samanber vaxandi viðskipti okkar við Japana.

Inn í þessa þróun sem á undan er lýst lendum við Íslendingar, tæplega búnir að rjúfa aldalanga ein-

angrun hér norður við Dumbshaf. Samhliða hraðri uppbyggingu frá því að heita bjargálna til þess velferðarríkis sem við búum við í dag höfum við orðið að fastmóta okkar stefnu gagnvart umheiminum sem svo að segja hefur hvolfst yfir okkur á þessum tíma. Við höfum orðið að mæta „læpuskaps ódyggðum eikjum með flæða", eins og skáldið sagði, í ríkulegum straumum. En hvernig hefur til tekist? Nokkuð vel, finnst mér, ef á heildina er litið.

Eftir bitra reynslu heimsstyrjaldarinnar hurfum við frá hlutleysisstefnu 1949 og skipuðum okkur í hóp vestrænna lýðræðisríkja er við gengum í NATO. Í kjölfarið gerðum við svo varnarsamning við Bandaríkin 1951. Þetta var að sjálfsögðu hitamál í umróti kalda stríðsins, en mikill meiri hluti þjóðarinnar vildi fara þessa leið þá og æ síðan.

Snörp andstaða herverndarandstæðinga fyrstu árin hefur smám saman veikst, Keflavíkurgöngur orðið þreyttari og fámennari og hafa svo lagst af nú síðustu ár. Stefna stjórnvalda hefur verið að forðast sem mest árekstra vegna veru varnarliðsins og æ fleiri Íslendingar viðurkennt nauðsyn á vörnum í válegum heimi. Á hinn bóginn hefur verið mikil tregða hjá stjórnvöldum að gera ýmsar breytingar miðað við breyttar forsendur, svo sem í sambandi við verktakavinnu og tengingu almannavarna við varnarkerfi NATO. Það má segja að við svo að segja stukkum inn á vettvang heimsmálanna er við gerðumst fullgildir aðilar að Sameinuðu þjóðunum 19. nóv. 1946. Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna var undirritaður 26. júní 1945 í San Francisco, í lok ráðstefnu þar, og gekk í gildi 24. október sama ár.

Þjóðabandalagið sem stofnað var eftir fyrri heimsstyrjöld reyndist gagnslaust þegar á reyndi, en nú skyldi gengið þannig frá hlutunum að til gagns mætti verða. Það hefur svo sannarlega orðið þó að oft hafi blásið á móti. Grundvallaratriðin felast í sáttmálanum sem ég ætla að lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„Vér hinar Sameinuðu þjóðir staðráðnar í

að bjarga komandi kynslóðum undan hörmungum ófriðar sem tvisvar á ævi vorri hefur leitt ósegjanlegar þjáningar yfir mannkynið,

að staðfesta að nýju trú á grundvallarréttindi manna, virðingu þeirra og gildi, jafnrétti karla og kvenna og allra þjóða hvort sem stórar eru eða smáar,

að skapa skilyrði fyrir því að hægt sé að halda uppi réttlæti og virðingu fyrir skyldum þeim er af samningum leiðir og öllum heimildum þjóðréttar að stuðla að félagslegum framförum og bættum lífskjörum án frelsisskerðingar,

og ætlum í þessu skyni að sýna umburðarlyndi og lifa saman í friði svo sem góðum nágrönnum sæmir,

að sameina mátt vorn til að varðveita heimsfrið og öryggi,

að tryggja það með samþykkt grundvallarreglna og skipulagsstofnun að vopnavaldi skuli eigi beita nema í þágu sameiginlegra hagsmuna og starfrækja alþjóðaskipulag til eflingar fjárhagslegum og félagslegum framförum allra þjóða

höfum við orðið ásáttar um að sameina krafta vora til að ná þessu markmiði.

Því hafa ríkisstjórnir vorar, hver um sig, fyrir milligöngu fulltrúa er saman eru komnir í borginni San Francisco og lagt hafa fram umboðsskjöl sín er reynst hafa í góðu og réttu lagi komið sér saman um þennan sáttmála hinna Sameinuðu þjóða og stofnað hér með alþjóðabandalag sem bera skal heitið hinar Sameinuðu þjóðir."

Utanríkisstefna okkar hefur verið í samræmi við sáttmála Sameinuðu þjóðanna og svo er enn. Í bakgrunni er hin nána samvinna Norðurlandanna svo og þátttaka í ýmsum samtökum Evrópuþjóða.

Virðulegi forseti. Ég hef reynt hér í almennum orðum að lýsa þeim grundvelli sem blasti við okkur borgaraflokksfólki er við mótuðum stefnu okkar í utanríkismálum fyrir kosningarnar 1987 og áréttuðum á landsfundi um haustið.

Nú þegar skýrsla hæstv. utanrrh., Jóns Baldvins Hannibalssonar, er til umræðu tel ég rétt, með leyfi forseta, að lesa helstu atriðin úr utanríkisstefnu okkar undir fyrirsögninni „Alþjóða- og öryggismál".

„Gæta þarf fullrar reisnar í samskiptum Íslendinga við aðrar þjóðir, læra það besta af þeim og miðla því besta frá okkur til þeirra á öllum sviðum mannlegra samskipta. Ísland á samstöðu með öðrum vestrænum þjóðum vegna menningar og sögu þjóðarinnar.

Mikilvægt er að taka þátt í samstarfi Sameinuðu þjóðanna og norrænni samvinnu.

Efla þarf viðskipta- og tækniþátt utanríkisþjónustunnar. Í ljósi örra framfara í allri samskiptatækni ber að hafa skipulag utanríkisþjónustunnar í stöðugri endurskoðun. Þess sé gætt að fjölga kjörræðismönnum á helstu markaðssvæðum þjóðarinnar og fleiri kjörræðismenn tilnefndir á væntanlegum markaðssvæðum.

Ísland er aðili að varnarbandalagi vestrænna þjóða, NATO. Eðlilegt er að varnarsamningurinn við Bandaríkin verði endurskoðaður með reglulegu millibili. Lögð verði ríkari áhersla en áður á almannavarnir og öryggismál Íslendinganna sjálfra í varnarsamstarfinu. Almannavörnum ríkisins verði gert kleift að sinna lögboðnum verkefnum sínum og nægur sérhæfður starfsmannafjöldi verði tryggður til þess.

Hjálpar- og björgunarsveitum verði tryggður starfsvettvangur, t.d. með niðurfellingu aðflutningsgjalda á búnaði. Auk þess skulu starfsskilyrði Landhelgisgæslu og lögreglu bætt og starfsemi þeirra tryggð. Komið verði á fót sameiginlegri þjálfunarstöð allra aðila sem vinna að almannavörnum.

Stuðlað verði að eðlilegum viðskiptum varnarliðsins við Íslendinga, t.d. með því að þeir kaupi framleiðsluvörur og þjónustu af Íslendingum. Alþingi beiti sér fyrir því að öll verktakastarfsemi á Keflavíkurflugvelli verði tekin til endurskoðunar.

Sjálfsagt er að taka þátt í öllum umræðum um afvopnunarmál er leitt geta til varanlegs friðar og eyðingar kjarnorkuvopna.

Borgfl. fagnar fram komnum hugmyndum um

alþjóðlegt friðarsetur á Íslandi. Borgfl. fagnar samkomulagi stórveldanna um fækkun gereyðingarvopna og árangri þeim sem þegar hefur náðst í afvopnunarmálum. En jafnframt lýsir flokkurinn sérstökum áhyggjum af stóraukinni hættu sem leiðir af umferð með kjarnorkuvopn á úthöfunum. Því hvetur Borgfl. til þess að Íslendingar beiti sér fyrir því að koma í veg fyrir umferð með kjarnorkuvopn um Norður-Atlantshaf. Mengunarslys í úthöfum eru slík ógn að einskis má láta ófreistað til að koma í veg fyrir þau."

Þrátt fyrir margvíslegar sveiflur á flestum sviðum stjórnmála hefur ríkt stefnufesta og verið sæmilegur friður um utanríkismálin. Þessi skýrsla hæstv. utanrrh. ber með sér að ekki er um neina grundvallarbreytingu að ræða frá stefnu fyrri ríkisstjórnar. Skýrslan er mjög ítarleg og vel úr garði gerð sem slík. Í stórum dráttum fellur stefnan í utanríkis- og varnarmálum að stefnu okkar í Borgfl., enda kannski auðvelt að fóta sig í þeirri slökun sem orðið hefur í alþjóðamálum allt frá árinu 1985. Þau langþráðu straumhvörf hafa glætt vonir heims um nýrri og betri veröld þótt ógnir kjarnorkuvígbúnaðar, efna- og sýklavopna og sívaxandi mengun valdi þungum áhyggjum. Auk þess er það mörgum áhyggjuefni að vaxandi skuldasöfnun þróunarríkja við iðnríki hefur nú á þessum áratugum smám saman leitt til þess að allar efnahagslegar framfarir hafa stöðvast víða í þróunarríkjunum, sem eiga fullt í fangi með að greiða vexti, hvað þá afborganir af uppsöfnuðum ríkisskuldum. En þessi staða gæti valdið alvarlegri kreppu víða um lönd, ekki síst í iðnríkjunum sjálfum.

Það fer vel á því að á 40 ára afmæli mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna á liðnu ári skuli aukin mannréttindi fylgja vígbúnaðarslökun og efnahagsframförum í sumum ríkjum Austur-Evrópu. Og það er tímanna tákn að sósíaldemókratískur utanrrh., vinstra megin við miðju með marxískum bakgrunni, skuli í skýrslu sinni (neðst á bls. 8) hafa fengið beint í æð í heimsókn sinni í Póllandi opinskáa viðurkenningu á því að miðstýrt hagkerfi marx-leninismans, sem þröngvað var upp á Pólverja á árunum eftir stríð, væri höfuðástæðan fyrir efnahagslegum ógöngum þeirra nú.

Við fögnum þeim ásetningi að auka þróunaraðstoð við vanþróaðar þjóðir, fikra sig að því 0,7% markmiði, þ.e. 0,7% af þjóðarframleiðslu sem OECD, Efnahags- og framfarastofnun Norður-Evrópu, þ.e. lönd OECD hafa sett sér. Hins vegar þarf að marka ákveðna stefnu um hvernig aðstoðin er veitt, að við veitum þjóðunum hlutdeild í þekkingu okkar og reynslu í þeim efnum sem við skörum fram úr, svo sem allt varðandi útgerð og fiskvinnslu, orkunýtingu, vatnsöflun o.fl., með því að kosta sérfræðinga og búnað á staðinn en forðast að senda peninga nema um neyðarhjálp sé að ræða og þá fremur íslensk matvæli og fatnað.

Hvalamálið hefur mætt mikið á okkur Íslendingum og þrátt fyrir deildar skoðanir um vísindaáætlun okkar er ljóst að við verðum nú að fylgja fast eftir stefnu þeirri sem ríkisstjórnin hefur fylgt, mæta ofbeldi grænfriðunga með festu í hvala- og selamálum. Hins vegar ber okkur að virða baráttu þessara samtaka fyrir bættu umhverfi. Við eigum allt undir því að okkur takist að halda hvers konar mengun frá fiskimiðum okkar, landi, legi og lofti. En það hefur komið fram hjá erlendum vinum okkar og viðskiptavinum að allt of lítið hefur verið gert af hálfu stjórnvalda á Íslandi til að kynna málstað okkar erlendis. Á þessu ætti ríkisstjórnin að gera bragarbót, t.d. með því að kaupa kvikmynd Magnúsar Guðmundssonar um grænfriðunga og dreifa henni sem víðast. Af hverju ekki að ráða hann til að skipuleggja kynningarherferð? Hann virðist kunna það vel.

Aukin hlutdeild okkar í þróun áætlana varðandi varnir landsins er mikilvægt mál, svo og þátttaka okkar í rekstri ratsjár- og fjarskiptastöðva. Einnig er leitast við að auka virkni okkar í starfi Atlantshafsbandalagsins, auka fræðslu og upplýsingar, hætta öllum feluleik og beina athyglinni að almannavörnum fólksins í landinu gegn hvers konar vá. Endurnýja þarf form verktöku fyrir varnarliðið og auka kaup varnarliðsins á íslenskum vörum og þjónustu. Sérstaklega þarf að færa alla hönnun mannvirkja til Íslendinga. Við þekkjum best aðstæður í okkar landi og getum leyst öll almenn tæknimál.

Bygging fullkomins varaflugvallar á vegum NATO á Íslandi virðist hálfgert feimnismál hjá ríkisstjórninni, sennilega vegna þröngra sjónarmiða sumra alþýðubandalagsmanna eins og kom reyndar fram hjá síðasta ræðumanni — og skilst mér að hann hafi talað bara mjög stutt um það mál miðað við allt sem hann hefði viljað sagt hafa. En könnun á málinu ætti engan að skaða.

Það skref að færa utanríkisviðskiptin til utanrrn. árið 1987 var framfaraspor. Við þróun hins nýja fyrirkomulags er nauðsynlegt að hafa í huga það yfirlýsta markmið ríkisstjórnarinnar að laga íslenskt atvinnulíf að breyttum viðskiptaháttum vegna sameiginlegs markaðar Efnahagsbandalagsins og tryggja viðskiptastöðuna, ekki síst í gegnum EFTA, en án þess að ganga í bandalagið. Stórefla þarf viðskipti við lönd utan Efnahagsbandalagsins og kanna möguleika á fríverslunarsamningi við Bandaríkin.

Lega landsins á miðju Atlantshafi hefur gífurlega kosti varðandi viðskiptamöguleika í allar áttir. Innganga í EB mundi í einu vetfangi stórskaða þá stöðu auk ýmissa annarra grundvallaratriða varðandi frelsi og menningu smáþjóðar sem ég ætla ekki að fara út í að sinni. Í stórum dráttum verðum við með dugmiklu sölu- og markaðskerfi að ná jákvæðum viðskiptajöfnuði næstu árin. Grundvöllur þess er að sjálfsögðu einnig efnahagslegt jafnvægi innan lands. Það þarf að afnema alla sjálfvirkni vísitalna og skrá gengið rétt miðað við stöðu innlends samkeppnisiðnaðar, ekki síður en við stöðu útflutningsgreina þannig að atvinnurekstur geti skilað hagnaði hér á landi og sitji við sama borð og erlendir keppinautar. Ef þetta er gert kvíði ég engu um nánustu framtíð Íslands.

Virðulegi forseti. Ég hef stiklað á stóru varðandi

skýrslu utanrrh. sem er eins og áður sagði vel úr garði gerð. Það er meginatriðið í öllum erlendum samskiptum okkar að við Íslendingar erum í engu eftirbátar nágrannaþjóða og því fyrr sem við losum okkur við arf okkar frá fyrri tíma yfirráða Dana, minnimáttarkenndina, þeim mun hressari verðum við. Fámennið og strjálbýlið sem fyrir nokkrum áratugum var okkur fjötur um fót í alþjóðlegri samkeppni er nú á tímum upplýsingaskipta og hugvits kostur. Hagkvæmni stærðarinnar á iðnaðaröld nýtist aðeins að takmörkuðu leyti í dag. Því getum við búið okkur og afkomendum okkar glæsta framtíð ef við aðeins kunnum fótum okkar forráð.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Skýrsla um utanríkismál sem hér hefur verið lögð fram og rædd er auðvitað á hverju ári hér í þinginu er stórviðburður. Á sl. ári tók ný ríkisstjórn við völdum undir forsæti Steingríms Hermannssonar og hefur hún nú setið í nokkra mánuði. Þeirri utanríkisstefnu sem þessi stjórn hefur framfylgt hefur í meginatriðum svipað til stefnu fyrri ríkisstjórna þrátt fyrir að gerð hefur verið hörð atlaga af einum stjórnarflokknum að þessari stefnu.

Í þessari skýrslu er rætt mjög náið um ýmis atriði sem okkur varðar töluvert mikið um. Þar er fyrst til að taka samskipti austurs og vesturs og þá rætt sérstaklega um hin nýju viðhorf sem skapast hafa til þessara mála eftir að Sovétmenn hafa beygt af og gert sér ljóst að aðeins með því að hafa samvinnu við Vesturlönd og hafa samvinnu á öllum sviðum við vesturlandabúa er hægt að ná friði og framförum í heiminum og þá sérstaklega í Sovétríkjunum.

Það tímabil sem núna er og má rekja til þíðu í þessum samskiptum er mikið gleðiefni fyrir alla þá sem unna friði í heiminum og óska eftir því að sem flestar þjóðir byggju við velsæld og frið eins og við á Vesturlöndum.

Á þessu tímabili hafa mörg merk mál komið fram auk þessa. Ég minni á í þessu sambandi að á liðnu ári voru 40 ár frá því að mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna var samþykkt á allsherjarþinginu. Þessi yfirlýsing er einhver merkasta yfirlýsing sem hefur verið samþykkt á þessari öld og er grundvöllur þess að fólk geti lifað í sátt og samlyndi alls staðar í heiminum. Sú samstaða sem skapast hefur á Vesturlöndum og myndað hefur varnarbandalag NATO hefur hnykkt á þessari yfirlýsingu og það hefur orðið kjörorð okkar á Vesturlöndum að menn starfi eftir mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna. Allt fram á þennan dag hefur verið töluvert um brot á þessum sáttmála og það er fagnaðarefni að það virðist vera aukinn skilningur á því víða um heim að mannréttindi þurfi að virða.

Ég vil í þessari ræðu líka minnast á að í ályktunum á ráðstefnum um öryggi og samvinnu í Evrópu, sem hafa verið, eru mannréttindi áréttuð. Það er mikilsvert að við hér á Íslandi stöndum fremstir í flokki hvar sem augað eygir í þessum málum og við krefjumst þess jafnt við okkar vinaþjóðir sem og aðrar að mannréttindi verði virt. Ég minni á ummæli Búkovskí sem voru í Morgunblaðinu fyrir fjöldamörgum árum þegar hann sagði: Það er engin slökun án mannréttinda. Ég held að þessi ummæli séu grundvöllur þess að við getum starfað að þessum málum í framtíðinni. Það er engin slökun án mannréttinda og það er heldur engin þíða án mannréttinda. Þess vegna leggjum við áherslu á að mannréttindi verði virt alls staðar í heiminum og þær vonir sem nú hafa vaknað við að fólki er leyft að kjósa að hluta til víða í Austur-Evrópu nú standa og falla með því hvort mannréttindi verða virt í framtíðinni. Sé svo þurfum við engu að kvíða. Það er því mikilsvert að við tökum mjög hart á þessum málum og stöndum í fararbroddi hvað þetta varðar.

Um utanríkisstefnu okkar má segja að hún spegli annars vegar innanríkismál okkar og hins vegar hagsmunamál okkar gagnvart öðrum þjóðum. Á þessu tímabili hefur eitt mál þó sérstaklega verið hitamál og það er svokallað hvalamál og sýnist mönnum sitt hvað um það. En hitt er alveg ljóst, að Íslendingar verða að fá að ráða sínum málum sem mest sjálfir. Þeir geta hins vegar ekki litið fram hjá því að þetta mál snýr öðruvísi við fjölda fólks á Vesturlöndum og víðar.

Ég vil líka undirstrika það mál sem hefur komið til þingsins um mengun og má vísa í því sambandi til þess slyss sem varð í norðurhöfum er kjarnorkukafbátur Sovétmanna sökk. Það hlýtur að vera mikið atriði í okkar utanríkisstefnu á næstunni að krefjast þess að það verði leitað allra ráða og alþjóðlegrar samvinnu um að ná þessum kafbáti upp þannig að hann muni ekki menga höfin á næstu árum eða næstu hundruðum ára þegar þau efni sem eru í honum sleppa út. Það hlýtur að verða okkar krafa að svo verði gert.

Ég vil einnig minna á að hafréttarmál eru stór hluti af okkar utanríkisstefnu og við hljótum að hafa frumkvæði í þeim málum eins og við höfum haft á undanförnum áratug. Það er krafa okkar að við stöndum í fararbroddi þar, bæði hvað varðar Rockall og svæðin út af Jan Mayen á milli Noregs og Íslands. Til þeirra þjóða sem við þurfum að ræða við um þetta hljótum við að gera kröfur um þessi svæði og ganga frá því til frambúðar.

Þá hljótum við að fagna því að 40 ár hafa liðið í okkar farsæla öryggis- og varnarbandalagi NATO með þeim hætti að það hefur ríkt friður á Vesturlöndum og mesta velsæld sögunnar hefur ríkt á Vesturlöndum frá upphafi. Ég tel að við hljótum að halda áfram á sömu braut, starfa með okkar vinaþjóðum. Það hefur sýnt sig í þessu starfi að máttur NATO hefur orðið til þess að stefnan hefur breyst hjá Sovétmönnum, það hefur orðið þíða. Styrkur NATO í hernaðaruppbyggingu hefur sýnt Sovétmönnum að þeir verða að slaka á, því að samtakamáttur vestrænna ríkja hefur kennt þeim að þeir geta ekki lengur haldið viðstöðulaust áfram að byggja upp hernaðarmátt sinn. Það er komið að endamörkum þeirrar stefnu. Nú verða þeir að gefa eftir, enda hafa þeir margfalt meiri hernaðartól undir höndum og heri en

vestræn ríki hafa nokkru sinni haft. Ég legg áherslu á hér að við höldum áfram þessu samstarfi og þá skulum við ekki víkjast undan því að taka á okkur skyldur í þessu sambandi. Þá eigum við að vinna að því að svokölluð forkönnun á varaflugvelli fari fram. Ég vonast til þess að hæstv. utanrrh. muni beita sér fyrir því að svo verði þannig að við getum lagt til enn einn hlekkinn í trausta samvinnu um varnir hinna vestrænu ríkja sem styrkir okkur og eykur lýðræðið í þeim ríkjum sem eru austan tjalds og víða í heiminum. Þetta eru staðreyndir sem við getum ekki gengið fram hjá.

Í þessu sambandi minni ég á fsp. sem ég lagði fram í þinginu núna í vetur um Mannvirkjasjóð Atlantshafsbandalagsins þar sem kemur fram að full aðild að honum og greiðslur í sjóðinn eru smámunir miðað við það ef við gerðumst þátttakendur í Mannvirkjasjóði NATO, fullir aðilar, höfum við eigið frumkvæði í þessari mannvirkjagerð og yfirumsjón með öllum mannvirkjum og framkvæmdum hér. Ég teldi að það væri mikið framfaraspor að forræði okkar á framkvæmdum sem hér hafa verið væri algert í stað þess að það væri í höndum Bandaríkjamanna.

Ég hafði ekki hugsað mér að halda langa ræðu þó af geysimörgu sé að taka, en ég ætla að minnast á utanríkisviðskipti. Það er ljóst að utanríkisviðskipti Íslands eru einhver mikilvægasti þátturinn sem snýr að okkur, einkum vegna þess hve efnahagslíf okkar er einhæft og við erum háð fiskveiðum. Þess vegna hljótum við að leggja áherslu á þjónustu við útflutningsfyrirtæki, bæði á sviði fiskvinnslu og iðnaðar, til að auka hlutdeild okkar í heimsmarkaðnum. Í því sambandi þykir mér rétt að minna á tvö atriði.

Annars vegar hljótum við að koma inn á að Efnahagsbandalagið verður æ sterkara. Nú höfum við sérstaka nefnd í þinginu til að athuga þau mál. Það er þó svo að ég tel að við þurfum ekki að hræðast það afl og óttast svo mjög. Ég held að ef við stöndum fastir á okkar, bæði hvað varðar réttindi til fiskveiða fyrir okkur og önnur atriði, munum við ná þeim samningum sem við getum treyst að séu okkur hagstæðir. Það er því ekki eins mikil ástæða og margir halda til að vera hræddir um að við missum af lestinni ef við hröðum okkur ekki. Ég held að við getum farið okkur hægt því að reynslan hefur sýnt að smáríki eiga alltaf betri samningsaðstöðu en stórveldi þegar um slíka hluti er að ræða. Ég minni á Lúxemborg og Lichtenstein sem dæmi um ríki sem hafa náð geysigóðum samningum þó að þau haldi sínu sjálfstæði. Einnig má minna á Mónakó sem er smáríki en hefur afskaplega hagstæða samninga við Frakkland á öllum sviðum. Þetta eru staðreyndir. Ég held að þegar við lítum til þess að við erum smáríki getum við verið nokkuð rólegir, miklu rólegri en grannar okkar á Norðurlöndunum sem eru miklu stærri þjóðir og hafa miklu meira að kvíða en við.

Þá vil ég minnast á að það hefur komið fram, hefur reyndar komið fram áður opinberlega og kom fram í morgun á fundi utanrmn., að Sovétmenn hafaýjað að því óbeint að þeir muni óska eftir fiskveiðirétti í okkar fiskveiðilögsögu. Ég tel að það sé alveg fráleitt alveg eins og við Efnahagsbandalagið. Þess vegna er mikilsvert að við ljáum ekki máls á því að ræða um þessi réttindi og stöndum þar einhuga.

Það er af mörgu að taka hvað varðar afvopnun og takmörkun vígbúnaðar og væri hægt að halda langa ræðu um það. En ég fagna þeim árangri sem þegar hefur náðst um niðurskurð meðaldrægra kjarnaflauga og vonast til þess að það verði haldið áfram á sömu braut.

Ég minni líka á hinar ýmsu viðræður sem hafa átt sér stað hvað varðar efnavopn og hefðbundin vopn, sem eru allar mikilsverðar viðræður. Ég tel að þetta sé á réttri leið.

Ég held að það sé ljóst að utanríkisstefnan hefur á þessu ári verið nokkuð góð frá okkar hálfu og hefur verið haldið ágætlega á málum. Skýrslan sem hæstv. utanrrh. ber fyrir okkur í Alþingi er nokkuð ítarleg og góð og grípur á flestum þeim málum sem okkur skipta. Ég þakka hversu hún er vel unnin og grípur á held ég flestu sem ég hefði viljað ræða hér.

Ég ætla ekki að hafa þetta öllu lengra nú, en undirstrika þó að við höldum okkar stefnu sem líkastri og hún hefur verið og treystum okkar viðskiptasambönd við allar þær þjóðir sem við höfum viðskipti við og jafnframt treystum okkar sambönd við okkar vinaþjóðir í NATO. Það er fróðlegt að lesa um ýmsa þætti eins og ég sagði í þessari skýrslu. Ég held að ég muni ekki hafa mál mitt öllu lengra, en þakka utanrrh. sérstaklega aftur fyrir ágæta skýrslu og að hann skuli vera svo hægri sinnaður eins og skýrslan ber með sér.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Í allan þennan áratug hefur verið samfelld stefna í varnarmálum og öryggismálum landsins. Allir utanríkisráðherrar á þeim tíma hafa haldið þar vel á málum. Raunar má segja að stefnan hafi strax verið mörkuð fyrir 40 árum með þátttöku okkar í stofnun Atlantshafsbandalagsins, þess bandalags sem ég hef leyft mér að kalla mikilvægasta bandalag Íslandssögunnar. Kannski mætti líka segja mikilvægasta bandalag heimssögunnar því að hvað hefði nú gerst ef vestræn ríki hefðu ekki stöðvað Ráðstjórnarríkin þegar þau voru að byrja sína hernaðarstefnu, yfirlýst heimsyfirráð? Það er verið að brosa að því að ég kalli þetta mikilvægasta bandalag Íslandssögunnar. Ég held ég breyti því bara, mikilvægasta bandalag mannkynssögunnar að líkindum því að menn geta nú gert sér í hugarlund þær hörmungar sem mannkynið hefði gengið í gegnum ef Ráðstjórnarríkin hefðu getað komið fram áformum sínum um að ná heimsyfirráðum. (Gripið fram í.) Nei, þú mátt eiga það. Að þessu máli ætla ég að víkja nánar nokkru síðar, en vil strax þakka hæstv. utanrrh. fyrir skýrslu hans og fyrir staðfestu hans í því að halda á málum með sama hætti og gert hefur verið þennan áratug allan. Raunar segir í skýrslu ráðherrans:

„Utanríkisstefna sú sem fylgt hefur verið hefur

reynst þjóðinni farsæl og á það jafnt við öryggis- og varnarmál sem viðskiptamál" og síðar: „Fyrirrennarar mínir í starfi hafa á undanförnum árum leitast við að auka hlutdeild Íslendinga í þróun áætlana varðandi varnir landsins, svo og við starfrækslu ratsjár- og fjarskiptastöðva. Samfara þessu hafa Íslendingar leitast við að gerast virkir aðilar að Atlantshafsbandalaginu. Haldið verður áfram á sömu braut í tíð núv. ríkisstjórnar."

Það er ljóst að ríkisstjórnin öll verður að standa á bak við þá stefnu. Hann leggur sýnilega sitt starf að veði þar, að hann muni ekki og þar með ekki ríkisstjórnin hvika frá þeirri stefnu sem fylgt hefur verið. Í framhaldi af þessu er talað t.d. um varaflugvöll á Íslandi og það geta menn lesið sér til um.

En hér ætla ég að skjóta því inn í að ég frétti í gær mikil ótíðindi og einstök tíðindi. Svo er mál með vexti að í eftirmiðdaginn hringdi vikublað í mig, Pressan mun það heita, kemur víst út á fimmtudögum eða svo, eitthvað í tengslum við Alþfl. held ég, og ég spurður þeirrar spurningar hvernig mér lítist á kröfugerð Ráðstjórnarríkjanna um veiðiréttindi innan okkar fiskveiðitakmarka í tengslum við viðskipti. Og ég hvái auðvitað: Hvað ertu að segja? Og þetta er endurtekið að það séu ákveðnar kröfur af hálfu Ráðstjórnarríkjanna í samningaviðræðum við okkar embættismenn um það að Ráðstjórnarríkin fái hér veiðiheimildir.

Ég hef fengið það staðfest hjá hæstv. utanrrh. og hann hefur leyft mér að skýra frá því að slíkar kröfur hafi komið fram í viðræðum og hljóti þess vegna að verða til skoðunar. Þegar mér var ljóst í gær að þetta var ekki einhver bóla svaraði ég mjög skýrt og skorinort og menn þurfa ekkert að spyrja að því hvert það svar var. Ég sagði: Það kemur aldrei til greina að þeir fái að veiða svo mikið sem einn einasta titt innan okkar fiskveiðimarka. Og það sem meira er: Þeir eiga að hverfa af 150 mílna beltinu utan 200 mílnanna á Reykjaneshrygg. Við eigum 350 mílur á Reykjaneshrygg og það á að gera þeim grein fyrir því strax að ef þeir halda áfram veiðum þar verði þeir teknir. Þeir hafa verið að veiðum og veiða karfa þar, austantjaldstogarar, jafnvel tugum saman.

En ástæðan til þess að ég tek þetta fram í upphafi ræðu minnar, hæstv. forseti, er sú, að hæstv. fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson var fyrir skömmu í Ráðstjórnarríkjunum og þegar hann kom heim greindi hann frá því að hann hefði átt viðræður við ráðamenn þar og þar á meðal um viðskiptamálefni. Ég óska eftir því, hæstv. forseti, að reynt verði að fá þann vaska mann, hæstv. fjmrh., til að koma hér þó seinna væri í kvöld til þess að það sé hægt að spyrja hann að því hvort það hafi borið á góma í þessum viðræðum hans við stjórnvöld í Ráðstjórnarríkjunum, viðræðum um viðskiptamál eins og hann greindi frá í fjölmiðlum, hæverskur að vanda, að ráðstjórnarþjóðirnar fengju veiðiréttindi á Íslandi og hverju hann hefði þá svarað. Þessar spurningar ætla ég að bera fyrir hæstv. ráðherra og ég veit að hann telur ekkert eftir sér að koma í kvöld og svara því hver hans afstaða hafi verið.

Ég hygg að um leið og við fáum svona fréttir beri að kveða þær í kútinn. Við gerðum það þegar illu heilli var farið að ýja að því að það gætu verið einhverjir möguleikar á því að Evrópubandalagsþjóðir fengju að veiða hér fyrir innan. Það var kveðið niður á stundinni. Það kemur ekki til greina. Það vita það allir að íslenska þjóðin leyfir það aldrei. Það er rétt að gera stjórnvöldum í Ráðstjórnarríkjunum grein fyrir þessu strax. Ég vil svo sannarlega og við öll áreiðanlega auka samskipti við Ráðstjórnarríkin eins og þróunin er þar nú og hafa þau sem víðtækust. En að ætla sér að gefa þeim einhverjar vonir um að þeir fái að veiða innan okkar landhelgi er það versta sem við getum gert af því að það getum við aldrei leyft þeim og þeir yrðu þá bara fyrir vonbrigðum. Þeir eiga rétt á því að fá að vita strax að það kemur aldrei til greina. Öll önnur heiðarleg viðskipti — og öll heiðarleg viðskipti, það á ekki að segja önnur, vegna þess að það eru engin heiðarleg viðskipti að við gefum þeim auðlindir okkar — munum við með glöðu geði eiga við Ráðstjórnarríkin, ekki síst í von um að þar séu að verða betri tímar og þá fyrir okkur um leið og heiminn allan.

Þetta innskot vildi ég hafa nú og veit að hæstv. forseti kemur óskum mínum á framfæri og við fáum þá meira um þetta að vita þegar á kvöldið líður.

Við Íslendingar höfum verið svo gæfusamir að okkur tókst að ná allsherjarsamkomulagi um mikilvægustu málefni mannkyns, afvopnunar- og öryggismál, með ályktun Alþingis frá 23. maí 1985. Það er ekki lítils virði fyrir smáþjóð að hafa slíka algera samstöðu um öryggismál sín sem er óbreytt þennan tíma, í fjögur ár nú rétt, og verður væntanlega áfram. Við heyrum að vísu eina og eina hjáróma rödd, en þessi ályktun stendur og það er mikilvægt að menn geri sér grein fyrir inntaki hennar. Hún hefur stundum verið svolítið rangtúlkuð, en ég nota þetta tækifæri til að víkja að ályktuninni og greinargerð sem henni fylgdi. Með leyfi forseta les ég úr þingtíðindum þegar mál þetta var til umræðu 23. maí 1985. Þar var undirritaður frsm. utanrmn. og flutti boð hennar allrar og les ég nú úr þessari framsöguræðu:

„Ekki var í lítið ráðist þegar allir stjórnmálaflokkar sem fulltrúa eiga á Alþingi Íslendinga ákváðu í fyrravetur að freista þess að nefna til fulltrúa sem könnuðu hvort þess kynni að vera kostur að ná sameiginlegri niðurstöðu um eina ályktunartillögu er varðaði afvopnunar- og kjarnorkumál í stað þess að bitist yrði um þær margar. Þingi lauk þá án þess að þessar tilraunir bæru fullan árangur. Nú á þessu þingi var talið rétt að skipuð yrði undirnefnd til að fjalla um afvopnunarmálin og skilaði hún áliti í tillögu til hv. utanrmn. 6. þ.m. Þar hefur tillaga þessi verið samþykkt óbreytt eftir nokkrar umræður, en þó með skýringum sem mér er falið að greina hér frá svo að forðast megi allan hugsanlegan misskilning." — Síðan kemur þessi greinargerð frá utanrmn.

„Allmiklar umræður urðu í utanrmn. um fyrri málsl. 6. mgr. ályktunartillögunnar og skilning á honum. Ýmsum hugmyndum var varpað fram um

orðalagsbreytingar, en á það var fallist að halda orðalagi undirnefndarinnar óbreyttu, en formanni falið að koma á framfæri fyrir hönd nefndarinnar" — ég endurtek: falið að koma á framfæri fyrir hönd nefndarinnar — „eftirfarandi skýringum er hann mælti fyrir tillögunni:

1. Sá landfræðilegi skilningur væri réttur að Norður-Evrópa næði a.m.k. yfir Norðurlönd, eyjar á norðanverðu Atlantshafi og Norður-Þýskaland, þ.e. Norður-Evrópusléttuna, og allt frá Grænlandi til Úralfjalla.

2. Sá skilningur sem fram kæmi í eftirfarandi hugmynd um breytingu á upphafi 7. mgr. væri réttur" — og hann er svona: „Um leið og Alþingi áréttar þá stefnu Íslendinga að á Íslandi verði ekki staðsett kjarnorkuvopn hvetur það til þess að könnuð verði samstaða um og grundvöllur fyrir samningum um kjarnorkuvopnalaus svæði í Norður-Evrópu sem nái til aðildarríkja Norður-Atlantshafsbandalagsins, Varsjárbandalagsins og hlutlausra ríkja, jafnt á landi, í lofti sem á hafinu eða í því. Samningur þessi verði liður í samkomulagi til að draga úr vígbúnaðarspennu." — Síðan lýkur þessari greinargerð, en ræðu heldur áfram:

„Samkomulag er um það í utanríkismálanefnd að með tillögunni sem hér er lögð fram sé lokið afgreiðslu fjögurra tillagna um afvopnunar- og kjarnorkumál sem fyrir nefndinni hafa legið, en þær tillögur þekkja allir hv. alþm."

Það er í sjálfu sér kannski ekki neitt mikilvægt málefni að við skyldum fyrstir tala um svæðið frá Grænlandi segjum við nú, en nú er talað raunar bæði af Atlantshafsbandalaginu og Varsjárbandalaginu um svæðið frá Atlantshafi til Úralfjalla. Það er orðið það svæði sem nú er verið að tala um þegar um allsherjarafvopnun er að ræða. En ekki meira um þetta.

Mig langar að gagnrýna eitt í skýrslu hæstv. utanrrh. og ræðu hans í gær og það var að gera ekki hafréttarmálunum betri skil en raun varð á. Mér finnst að það hefði mátt taka betur á málum þar og hraustlegar. Þess er að gæta að norðurslóðir svonefndar, þ.e. svæðið frá Jan Mayen, til Noregs og alla leið frá Svalbarða til Færeyja, það hafsbotnssvæði, geta Íslendingar, Norðmenn og Danir helgað sér í sameiningu, en það hefur ekki verið fylgt nægjanlega vel eftir í því efni þó að við vitum að æðstu ráðamenn í Noregi séu sammála þeim skoðunum sem við höfum sett fram og okkar sérfræðingar um það með hvaða hætti við getum helgað okkur þessar norðurslóðir allar eða svo til allar. Með þeim hætti gætu þjóðirnar hér á norðurslóðum helgað sér allt hafsvæðið frá Noregsströndum og Skotlandsströndum og allt til Kanada ef samvinna er höfð og vel og hraustlega tekið á málum og allt er það eftir réttum reglum hafréttarins.

Ég hef heldur ekki verið ánægður með vinnubrögð okkar ráðamanna varðandi Rockall-hásléttu. Við vitum að hæstv. forsrh. hitti forsrh. Breta, Margaret Thatcher, í nóvembermánuði hygg ég að það hafi verið. Hún óskaði eftir því, eftir að þau höfðu rætt þetta mál eftir kortum af þessu svæði, að fá bréf frá okkar forsrh. Það dróst eina þrjá mánuði að það bréf yrði sent sem auðvitað átti að senda samdægurs eða næsta dag eða þá í síðasta lagi á þriðja degi því að ráðherrann hafði í fórum sínum öll þau gögn og vel til reidd sem þurfti til að senda þetta bréf. Það þurfti ekki að taka nema litla stund að ganga frá því.

Þá er um Reykjaneshrygg að ræða sem ég vék að áðan. Þar eigum við Íslendingar 350 mílna hafsbotnsréttindi. Það getur enginn maður gert neinar kröfur á því svæði nema við og getur enginn mótmælt eða þau mótmæli væru einskis virði að við verjum þessi réttindi okkar, ef svo má segja, að við hindrum aðrar þjóðir í því að veiða á þessu svæði.

Enn er eitt í sambandi við hafréttarmálin og fiskveiðimálin yfirleitt, að Færeyingar rányrkja íslenskan lax algerlega í blóra við hafréttarsáttmálann. Að vísu er ekki unnt að neita að svokölluð Atlantshafslaxveiðiverndunarstofnun eða eitthvað slíkt var stofnuð hér í Reykjavík 1982. Fáir vissu nú af því að það væri á döfinni. Þar var ákveðið að heimila Færeyingum þvert ofan í ákvæði hafréttarsáttmálans ákveðnar veiðar á laxi í sjó. Engir hafa leyfi til að veiða lax í sjó aðrir en þeir sem hafa stundað það um langan aldur og það verður að vera efnahagslegt áfall fyrir viðkomandi ríki ef þær veiðar eru stöðvaðar. Þess vegna var það ógæfuspor sem stigið var 1982, en því verðum við sjálfsagt að gleyma. En stofnunin getur auðvitað dregið til baka þessar heimildir. Nú þegar Norðmenn hafa endanlega bannað allar veiðar á laxi í sjó eru Grænlendingar einir eftir og svo Færeyingar. Grænlendingar hafa sögulegan rétt til einhverra veiða á laxi og þess vegna verður annaðhvort að bæta þeim að hætta við þær veiðar eða þá að þeir geri það bótalaust sem ég tel ekki endilega sanngjarnt. En Færeyinga á að neyða til þess ef þeir ekki gera það með góðu að hætta þessum veiðum og við Íslendingar höfum alla möguleika til þess vegna þess að við leyfum þeim veiðar á öðrum fisktegundum og það er heldur ekki neitt tjón fyrir Færeyinga að hætta þessum veiðum. Þvert á móti eru Færeyjar mjög vel fallnar til hafbeitar og væri hægt að hafa við þá samvinnu um framleiðslu á seiðum þannig að þeir gætu stundað hafbeit og laxveiðar á okkar hafsvæði á norðurslóðum yrðu þar með endanlega bannaðar, laxveiðar í sjó.

Þessum verkefnum þurfa stjórnvöld að sinna. Ég gat um þetta á fundi í utanrmn. í morgun og eftir það veit ég að báðir hæstv. ráðherrar sem ég hér gagnrýni, og er eðlilegt að ég geri það hér af því að ég gerði það í nefndinni, munu taka þessi mál föstum tökum og við sameinast um það. Það er orðin tíu ára barátta Íslendinga í hafréttarmálum sem er loks að ljúka með fullnaðarsigri. Það er hægt að vinna sigur á norðurslóðum og á Reykjaneshrygg höfum við þegar sigrað og á Rockall-hásléttu í góðri samvinnu við Breta, Íra, Dani og Færeyinga. Það er enginn vafi á því, en auðvitað þarf að fylgja málinu eftir.

Sannleikurinn er sá að allt frumkvæði í þessum

hafréttarmálum hefur komið frá Íslendingum í heilan áratug og við vorum þeir fyrstu ég held þjóða heims til þess að hagnýta í verki ákvæði hafréttarsáttmálans og fara út í að helga okkur hafsbotnsréttindin og við eigum að halda þeirri forustu. Þess vegna er ekkert hægt að tala um það nú að við Íslendingar förum að taka einhverja forustu í hafréttarmálum, hvorki á norðurslóðum né annars staðar. Við höfum haft hana í heilan áratug með margítrekuðum einróma samþykktum Alþingis Íslendinga og þeim samþykktum ber að fylgja fram til fullnaðarsigurs.

Það er beðið um að við styttum okkar mál og ég skal þess vegna reyna það þó að ótalmargt sé sem ég gjarnan vildi víkja að. Ég kemst þó ekki hjá því að nefna aðeins Evrópubandalagið og samstarfið við Evrópuþjóðirnar sem er hið mikilvægasta. Það var líka gæfuspor að við Íslendingar skyldum sameinast um að ljá ekki máls á aðild að bandalaginu á þessu stigi a.m.k., að það væri alls ekki á dagskrá. Í ferð utanrmn. til Strasbourg og Brussel haustið 1987 var þetta margítrekað og við vorum öll sem þar vorum, fulltrúar allra íslenskra stjórnmálaflokka, sammála um að rétt væri að greina helstu ráðamönnum Evrópubandalagsins frá því að Ísland væri ekkert um það bil að sækja um neina aðild, það mál væri yfirleitt ekki á dagskrá og um það væru allir sammála.

Ég er ekki í minnsta vafa um að þeir sem ráðið hafa í Evrópubandalaginu að undanförnu og ráða nú vilja að Ísland fái áfram að vera Evrópuríki, það sé Evrópuríki og fái að vera það, og við munum njóta allra bestu kjara, einmitt að við ýjum aldrei að því að við ætlum eða getum orðið þar bandalagsþjóð. Þess vegna þarf að varast að gefa nokkuð í skyn í því efni.

Evrópustefnunefndin sem Alþingi ákvað að setja á stofn í fyrra hefur starfað vel undir góðri forustu hv. þm. Kjartans Jóhannssonar og ferðaðist nú fyrir skemmstu til Genfar og Brussel og þar skýrðust mál auðvitað. Bæði gátum við skýrt okkar sjónarmið og heyrt hvað bandamenn okkar, ég kalla þá það, höfðu um málin að segja.

Ég vil sérstaklega fagna því að hæstv. forsrh. hélt mjög vel á málum okkar í Osló varðandi fríverslun með fisk í EFTA. Ráðherrann og reyndar utanrrh. líka áttu langa og mikla fundi með Evrópustefnunefndinni svokölluðu um þessi málefni. Þar varð niðurstaðan sú að hæstv. forsrh. ætti alveg til síðustu stundar á þessum fundi í Osló að halda til streitu þeim kröfum okkar að fríverslun yrði í EFTA vegna mikilvægis þess að ná þar fríverslun með samningum við EBE. Ráðherrann gerði þetta og mér skilst að það hafi verið síðustu fimm mínútur þessara funda þar sem málin voru leyst með því að Finnar, sem voru einir orðnir eftir með þvergirðingshátt, féllust á fríverslunina, en þeir voru að reyna að halda þeirri stefnu fram að hún yrði ekki tekin inn í ályktunina vegna einhverra smásíldarveiða við einhverjar eyjar þar og einhverra veiða á laxi í sjó sem verið er alls staðar að banna hvort sem er þannig að við þurftum ekki að hafa neitt samviskubit af því að vera harðir í horn að taka og fylgja fast eftir okkar málum þar. Það var sem sagt gert með ágætum af ráðherrunum og í fullu samráði við Evrópustefnunefndina þar sem málin voru rækilega rædd og lagðar fram tillögur og menn skiptust á skoðunum um það hvaða aðferðum ætti að beita til þess að ná þessu fram þannig að þessum þvergirðingshætti lyki.

Um Evrópubandalagið er svo margrætt og merkilegir hlutir þar að gerast. Það er rétt, sem hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir sagði, að það er að verða mikið skrifstofuveldi í Evrópubandalaginu og í þessum alþjóðastofnunum. Það er lítið eða ekkert við því að segja. Það mikilvægasta kannski við Evrópubandalagið af öllu mikilvægu er að héðan í frá geta ekki hættulegar styrjaldir byrjað milli tveggja þjóða í Vestur-Evrópu. Það er útilokað með þeim samtökum sem þarna hafa orðið. Það eitt ætti að gera auðveldara t.d. að bægja frá dyrum ráðamanna í Rússlandi öllum ótta um að styrjaldir sem hæfust í Vestur-Evrópu, eins og hefur nú æðioft gerst á liðnum öldum, mundu síðar bitna á þjóðum austar í álfunni.

Menn skulu ekki halda að Evrópubandalagið verði heilagt og þar verði ekkert barist. En sem betur fer verður það ekki hægt með vopnum. En það verður barist með blýöntum og skrifstofuveldið verður þar vafalaust mjög mikið.

Um ferns konar frelsi, frelsin fjögur þykir mér nú varla geta verið íslenska en ferns konar frelsi, er alltaf talað. Ég tel satt að segja að við eigum ekki svo mjög að óttast frelsi til fjármagnsflutninga og jafnvel þjónustu. Ég á ekki von á því að erlent fjármagn mundi streyma hingað til lands þó að menn fengju að flytja það hingað inn. Ég held að við höfum verið á höttunum eftir fjármagni alltaf frekar en hitt að við þyrftum að forðast það. Ég er ekki hræddur við það. Sannleikurinn er sá að það kom fram bæði í Genf og Brussel þegar við töluðum þar við ráðamenn og embættismenn að það er ekki lengur talað um fjármagnsmarkað EB, jafnvel ekki fjármagnsmarkað Evrópu í heild, ekki fjármagnsmarkað Evrópu, New York-kauphallar og Tókíó-kauphallar. Þeir tala um heimsmarkað. Þeir kalla það glóbal-markað. Þegar kominn er heimsmarkaður með fjármagnið, sem allt gengur meira og minna í gegnum tölvur og telex og hvað þetta nú allt saman heitir sem ég kann lítið á, eru fjármagnsflutningar orðnir alþjóðlegir og það stöðvar þá enginn nema sá sem ætlar sér að verða langt, langt aftur úr öllum öðrum í þróun á þessu mikilvæga sviði. Þess vegna held ég að við þurfum ekki að vera með mikinn ótta í sambandi við fjármagnsflutninga og ég held heldur ekki með þjónustu. En það vinnst tími til að ræða það allt nánar síðar.

Ég get varla lokið máli mínu öðruvísi en að heiðra hv. þm. Hjörleif Guttormsson. Hann er ekki í salnum, en engu að síður ætla ég ... (Gripið fram í.) Það mætti kalla á hann, já. (**Forseti:** Ég vil upplýsa að hv. 2. þm. Austurl. er farinn úr húsinu.) Já, já. Það er líka allt í lagi. Ég festi bara nokkur kveðjuorð í þingtíðindum og kem svo boðum á framfæri við hann persónulega. En ég get líka lofað því að flytja fyrir

hann boð til vinar míns Geirs Hallgrímssonar, fyrrum utanrrh. Það var eins og enginn vissi hvað átt hefði fyrr en o.s.frv. Hann talaði um ágætisyfirlýsingar Geirs Hallgrímssonar hinn 16. apríl 1985, hann man dagsetningar sem ég geri illa, og taldi þær sem sagt hafa verið mjög merkar og athyglisverðar og bæri að halda á loft. Því ætla ég að koma á framfæri.

En að því er varðar afstöðu Alþb. veit ég varla hver hún gæti verið. Alþýðubandalagsmenn sjást ekki í umræðum um utanríkismál. Hæstv. menntmrh. kom aðeins inn í nokkrar mínútur. Auðvitað er hæstv. forseti hér og hlýtur að sitja í sínum stól í embættiserindum og mundi kannski vera hér þó að það væri ekki nauðsynlegt. Ég held kannski ekki að þeir séu alveg hættir að hafa áhuga á utanríkismálum eða t.d. varnarmálum.

En ég man ekki betur en hæstv. utanrrh. hafi sagt fyrir nokkrum dögum að honum kæmi ekki á óvart að Alþb. færi að styðja Atlantshafsbandalagið. Er það ekki rétt? Ég mundi vona að þeir gerðu það bara opinskátt. Ég veit að margir alþýðubandalagsmenn styðja NATO og fara ekki dult með það, kannski ekki endilega þó varnarliðið, en jafnvel það þekkist. Það væri mjög ánægjulegt ef sú þróun yrði rétt sem hæstv. utanrrh. spáir og víst skal ég verða fyrstur manna til að fagna því, enda er ljóst að það getur ekki verið til hagsbóta fyrir neina vestræna þjóð, neina lýðræðisþjóð að þetta bandalag riðlaðist eins og sakir standa í heiminum í dag. Allt okkar traust verðum við að leggja á samstöðu í þessu mikilvæga bandalagi.

En annars var ræða þessa hv. þm., sem fjarverandi er, hvort tveggja í senn, haltu mér, slepptu mér og svo jafnvel að hann hældi hæstv. ráðherra. „Það var að vísu eitt í ræðu ráðherrans sem vakti mér nokkra undrun", varð honum að orði. En ég get ósköp vel skilið að þeim alþýðubandalagsmönnum gangi dálítið erfiðlega að fóta sig þar til þá að þeir gera sér grein fyrir því að þeir vilji vera í hópi annarra Íslendinga sem vilja af festu og skynsemi halda á okkar mikilvægustu málum, þ.e. öryggis- og sjálfstæðismálunum.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér hefur verið fjallað um hið stóra samhengi vítt og breitt og ég tel mjög nauðsynlegt að við fáum til þess tíma að fjalla um svo mikilvægan málaflokk sem utanríkismálin eru í sínu víðasta samhengi, en þar eð hv. 12. þm. Reykv. Kristín Einarsdóttir hefur fjallað hér nokkuð um skýrslu utanrrh. og gert grein fyrir og minnt á stefnu Kvennalistans í utanríkismálum hef ég valið að takmarka mál mitt við samskipti við þau lönd sem standa okkur næst í landfræðilegu og menningarlegu tilliti þar sem skýrsla um Norðurlandasamstarf og reyndar ýmsar fleiri skýrslur eru einnig til umræðu á dagskránni.

Í fyrra var í fyrsta skipti lögð fram hér á Alþingi skýrsla um Norðurlandasamstarfið og með henni skýrsla Íslandsdeildar Norðurlandaráðs sem til þess tíma hafði verið hluti af skýrslu utanrrh. Á síðasta þingi vannst ekki tími til að ræða þær skýrslur, en markmiðið með því að leggja fram sérstakar skýrslur um þetta samstarf var að árlega yrði efnt til umræðna um norrænt samstarf hér á Alþingi. Þetta árið ætlaði það greinilega ekki að takast og því eru Norðurlandaskýrslurnar og ýmsar fleiri nú til umræðu samhliða skýrslu utanrrh.

Umfang Norðurlandasamstarfsins hefur aukist með ári hverju og hefði að mínu áliti verið heppilegra ef tekist hefði að ná því markmiði að ræða skýrslurnar um það sérstaklega og vona ég að það takist á næsta þingi.

Það kom fram í máli hæstv. viðskrh., sem nú gegnir stöðu samstarfsráðherra um störf norrænu ráðherranefndarinnar, að eitt af meginverkefnum norræna samstarfsins sé að löndin styrki innviði sína og innbyrðis tengsl á hinum ýmsu sviðum, ekki síst efnahagslega, vegna þeirrar þróunar sem nú er í Evrópu og einnig á sviði umhverfismála. Ég tel nauðsynlegt að sú heild sem Norðurlöndin mynda stilli saman strengi sína og þau reyni sameinuð að hafa áhrif á þróun mála í Evrópu um leið og þau styrkja sig innbyrðis.

Nú er það svo að ekki eiga allir þingflokkar á Alþingi fulltrúa í Norðurlandaráði þannig að þingmenn eiga þess ekki allir kost að taka beinan þátt í því mikilvæga og fjölbreytilega starfi sem þar fer fram. Sú skýrsla sem við höfum til umfjöllunar vakti að vissu leyti forvitni mína. Þó ég telji mig fylgjast nokkuð vel með og fjölmiðla gera Norðurlandasamstarfi ágætis skil vakna upp margar spurningar og maður kemst að raun um að þarna fer fram mjög mikið starf. Mér taldist til að flestar nefndir haldi 8–9 fundi á ári sem þýðir að þær hittast nánast mánaðarlega. Það hefði verið mjög gott að við hefðum getað tekið langan eftirmiðdag í að ræða þessi mál og fá svarað ýmsum spurningum.

Ég ætla að afmarka mál mitt enn frekar við einn anga af Norðurlandasamstarfinu, vestnorræna þingmannaráðið, sem var stofnað árið 1985 í Nuuk á Grænlandi. Á þeim vettvangi fer fram mikilvægt norrænt samstarf með þátttöku fulltrúa frá öllum þingflokkum. Í vestnorrænum löndum búa fámennar þjóðir sem eiga margt sameiginlegt og þá e.t.v. fyrst og fremst það hversu einhæft efnahagslíf þær búa við og hversu háðar þær eru þeim auðlindum sem hafið hefur að geyma.

Á árlegum fundum vestnorræna þingmannaráðsins er mikil áhersla lögð á umhverfismálin og vil ég í því sambandi minna á tillögur sem samþykktar voru á síðasta fundi ráðsins á Grænlandi sl. sumar og nú munu vera til umfjöllunar í hv. utanrmn. Er það von mín að þær verði afgreiddar fyrir þinglok þannig að við þurfum ekki að taka þær upp að nýju á fundinum sem fyrirhugaður er hér á landi í sumar.

Þar eð tillögur ráðsins hafa hingað til ekki verið bornar sérstaklega upp á þjóðþingum landanna hefur framkvæmd þeirra ekki verið vandkvæðalaus og mun hafa slæm áhrif á framtíð ráðsins og starfsemi þess ef ekki verður úr bætt. Vil ég því nota þetta tækifæri,

reyndar fyrir allt að því tómum þingsal, til að skora á hæstv. ríkisstjórn að gera átak til að hrinda ályktunum þessum í framkvæmd.

Í máli hæstv. viðskrh. kom fram að á næsta Norðurlandaráðsþingi væri ætlunin að endurskoða norræna áætlun um varnir gegn mengun sjávar. Því fagna ég að sjálfsögðu og get í því sambandi ekki látið hjá líða að minna á eina af ályktunum vestnorræna þingmannaráðsins frá síðasta ári sem fjallar einmitt um aukið samstarf og samræmingu þessa starfs meðal þjóðanna hér í útnorðri.

Hæstv. viðskrh. talaði líka um efnahagsmálin og þá þróun sem við stöndum nú frammi fyrir og nauðsyn þess að Norðurlöndin styrktu sig innbyrðis til að standa sameinuð gagnvart þeirri sterku heild sem innri markaðurinn verður. Í tilefni af þeim orðum hans vil ég reyndar minna á enn aðra tillögu vestnorræna þingmannaráðsins sem gerir ráð fyrir nánara samstarfi þjóðanna í markaðs- og útflutningsmálum.

Það væri vissulega hægt og mjög áhugavert að minnast á marga fleiri þætti norræns samstarfs en hér hafa komið fram en við vitum öll að tíminn er ekki ótakmarkaður og ætla ég aðeins að minnast á einn þátt til viðbótar áður en ég lýk máli mínu.

Það veldur a.m.k. okkur konum og trúlega mörgum körlum líka áhyggjum hversu hægt gengur að ná raunverulegu jafnrétti kynjanna. Í skýrslu samstarfsráðherrans er kafli um framkvæmdaáætlun um norrænt samstarf á sviði jafnréttismála. Í honum kemur fram að formlegt samstarf á sviði jafnréttismála hófst árið 1974. Síðan hefur verið gerð jafnréttisáætlun og hún endurskoðuð árið 1982 og nú liggur fyrir sérstök framkvæmdaáætlun um norrænt samstarf á sviði jafnréttismála fyrir árin 1989–1993. Ég get verið sammála meginviðfangsefni áætlunarinnar, þ.e. hlutverk kvenna í efnahagsþróuninni eins og þar segir, með leyfi forseta, og leiðir til að auðvelda konum og körlum með fjölskylduábyrgð að taka þátt í atvinnulífinu. Ekki virðist nú reyndar körlum með fjölskylduábyrgð hafa reynst erfitt að taka þátt í atvinnulífinu. Það sýna allar þær kannanir sem hafa verið gerðar hér á landi. Það væri e.t.v. frekar ástæða til að hvetja karla og auðvelda þeim að taka á sig raunverulega fjölskylduábyrgð. Samkvæmt framkvæmdaáætluninni er ráðgert að stofna til afmarkaðra rannsóknaverkefna þar sem sérstök áhersla verður lögð á athuganir á kjörum kvenna og karla á vinnumarkaðnum og leita leiða til að draga úr launamisrétti. Ég tel vart þörf á að við Íslendingar leggjum miklu meiri vinnu í kjararannsóknir en nú þegar hefur verið gert. Við eigum miklar upplýsingar sem allar staðfesta það eitt að ekkert er eftir nema það að leiðrétta kjör kvenna. Vona ég að jafnréttis- og félagshyggjuríkisstjórnin leggist ekki undir feld heldur grípi til raunhæfra aðgerða hvort sem er hér heima eða á norrænum samstarfsvettvangi.

Að lokum, virðulegi forseti, sé ég ástæðu til þess að minnast aðeins á norrænu kvennaráðstefnuna og jafnréttisráðstefnuna sem haldnar voru fyrir tilmæli norrænu ráðherranefndarinnar sl. sumar. Þetta tel ég að hafi verið mjög jákvætt framtak. Ráðstefnurnar gáfu konum í þessum löndum tækifæri til að fræðast og skiptast á skoðunum, skiptast á reynslu og hafa vafalítið orðið til þess að styrkja konur sem áttu þess kost að taka þátt og efla þannig samstöðu sína.

Ég minni samt á að ef fullkomið jafnrétti á að ríkja á slíkri ráðstefnu verður að sjá til þess að allir sem hana sækja geti tjáð sig og skilji það sem fram fer. Fram kemur í skýrslu um Norðurlandasamstarfið að innan Norðurlandaráðs sé nú um það rætt hvort ekki sé rétt að koma á laggirnar túlkaþjónustu þannig að Íslendingar geti talað sitt móðurmál eins og hinar þjóðirnar. Vona ég að niðurstaða fáist sem fyrst úr þeirri umræðu. Það er mín skoðun að ef við ætlum að gefa fólki frekari tækifæri til samstarfs verði alla vega að hafa þann möguleika opinn að fólk geti sótt námskeið og ráðstefnur á vegum Norðurlandaráðs og þeim sem þess þurfa standi til boða túlkaþjónusta.

Friðjón Þórðarson:

Virðulegi forseti. Svo sem kunnugt er tóku Íslendingar í raun alla stjórn mála sinna í eigin hendur 10. apríl 1940 og hafa staðið á eigin fótum síðan. Í hartnær hálfa öld hefur þjóðin siglt sinn sjó og tekið hverja ákvörðunina annarri veigameiri í utanríkismálum. Segja má að utanríkisstefna sú sem fylgt hefur verið hafi reynst þjóðinni farsæl. Hygg ég að um það séu flestir á einu máli. Ef litið er í málefnasamninga eða sáttmála þeirra ríkisstjórna sem komið hafa til valda hér á landi síðustu áratugina verður að segja að ákvæði þeirra um utanríkismál og utanríkisstefnu eru harla keimlík hvaða flokkar sem staðið hafa að ríkisstjórn.

Hér er til umræðu skýrsla hæstv. utanrrh. til Alþingis 1989 um utanríkismál. Skýrsla þessi er efnismikil og margþætt. Hún ber með sér hversu ör þróun og mikil útþensla hefur orðið í erlendum samskiptum á liðnum áratugum. Þess er auðvitað enginn kostur að fjalla ítarlega um alla þætti þessara miklu mála. Ég verð því að láta nægja að sinni að minnast á örfá atriði í fáum orðum.

Að því er varðar samskipti austurs og vesturs er þess getið að þíðunnar í samskiptum stórveldanna hafi gætt um víða veröld. Minnir þetta orðalag nokkuð á fyrstu hlutleysisyfirlýsingu sem gefin var fyrir Íslands hönd sumarið 1809 í Reykjavík, en þar segir m.a. um utanríkismál: „Ísland hefur frið um alla veröld." Fagna Íslendingar að sjálfsögðu slíkum vorblæ minnugir hins fræga fundar leiðtoga risaveldanna í Höfða við sundin blá.

Þó að nú sé friðvænlegra í heimsbyggðinni en oft áður er þó vafalaust full ástæða til hóflegrar bjartsýni og aðgæslu í öryggismálum. Það er ánægjulegt að nú skuli hafa rofað til í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna. Í þeirri alþjóðlegu sveit og samstarfi vilja allir Íslendingar vera. Svo var þó ekki þegar tillaga um aðild að Sameinuðu þjóðunum var samþykkt á Alþingi. Þá greiddu sex þingmenn atkvæði á móti tillögunni og átta sátu hjá. En þetta heyrir nú sögunni til.

Nú eru rúm 40 ár liðin frá því að Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna var samþykkt á allsherjarþinginu en á henni byggjast allir helstu alþjóðasamningar um mannréttindi sem síðar hafa verið gerðir.

Hinn 4. apríl sl. voru liðin 40 ár frá því að Atlantshafssáttmálinn var undirritaður í Washington. Þess er sérstaklega getið í skýrslu ráðherra að jafnan hafi ríkt einhugur þar á bæ um þá tvíþættu stefnu bandalagsins sem byggir á festu og árvekni á sviði varna annars vegar og vilja til að draga úr tortryggni og leysa ágreining með pólitískum samningum hins vegar. Hvað sem öðru líður hefur góður friður verið ríkjandi í þessum byggðum heimsins sl. 40 ár.

Í utanríkisviðskiptum eru ný viðhorf á döfinni, m.a. hvað varðar EFTA og Evrópubandalagið, sem fróðlegt verður að fylgjast með og geta haft stórvægileg áhrif á þjóðarbúskapinn allan. Þar opnast nýjar víddir og margs konar möguleikar.

Starfsemi Evrópuráðsins var með hefðbundnum hætti á liðnu ári, stendur þar, en einnig þau kunnu samtök undirbúa nú fertugsafmæli sitt.

Samvinna Norðurlandanna er víðfræg á alþjóðavettvangi. Oft er litið á Norðurlönd sem eina heild, enda fylgja þau ríki, svo sem kunnugt er, sömu stefnu í mörgum málum út á við og hafa nána samvinnu sín á milli á heimavelli.

Ein þeirra mála sem hæst ber um þessar mundir í norrænu samstarfi eru umhverfismálin. Þau skipta miklu máli í norðurhöfum og varða raunar gjörvalla heimsbyggðina. Á aukaþingi Norðurlandaráðs sem haldið var í Helsingör í Danmörku í nóv. sl. var samþykkt tillaga ráðherranefndar Norðurlandanna um umhverfismál. Innan vébanda norrænnar samvinnu starfa sveðisbundin samtök, svo sem þau er ná yfir Ísland, Færeyjar og Grænland eða hið svokallaða útnorður, en hlutverk þeirra er að annast samstarf þjóðþinga Færeyinga, Grænlendinga og Íslendinga og vinna að auknu samstarfi um sameiginleg hagsmunamál þjóðanna.

Þess má geta að hinn 1. maí. nk. verða liðin tíu ár síðan lögin um heimastjórn Grænlendinga tóku gildi og þeir fengu að miklu leyti yfirráð sinna mála.

Flutt hefur verið hér á Alþingi till. til þál. um ályktanir vestnorræna þingmannaráðsins 1988. Það er 169. mál þingsins. Fyrri umræðu um þá tillögu er lokið og um hana er nú fjallað í utanrmn. Tjáði formaður þeirrar nefndar mér í dag að nefndin mundi mjög bráðlega ganga frá ályktun í því máli. Verða því ekki höfð fleiri orð um hana að sinni.

Þá hefur Íslandsdeild Norðurlandaráðs lagt fram skýrslu mikla um norrænt samstarf frá mars 1988 til mars 1989, þingmál nr. 478. Þetta er að sjálfsögðu mikil greinargerð enda samstarfið fjölskrúðugt og umfangsmikið. Þar er m.a. greint frá aukaþingi Norðurlandaráðs á Helsingjaeyri 16. nóv. 1988, en þar voru til umræðu, eins og áður segir, og sérstakrar meðferðar tillögur um umhverfismál og varnir gegn mengun sjávar. Og svo er auðvitað sagt frá 37. þingi Norðurlandaráðs í Stokkhólmi sem haldið var um mánaðamótin febrúar–mars.

Enn má nefna hér þingmál nr. 484 á þskj. 868. Það er skýrsla um störf 40. þings Evrópuráðsins frá íslensku þingmannanefndinni í Evrópuráðinu.

Þá er og skylt að nefna skýrslu Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins sem er 132. mál þessa Alþingis, lögð fram á haustþingi, en framhaldssögu í þeim málum má lesa á þskj. 911.

Geta má þess að nú er nýbúið að leggja fram á þingi skýrslu Jóns Sigurðssonar hæstv. samstarfsráðherra um norræn málefni um störf norrænu ráðherranefndarinnar á árunum 1988–1989.

Svo að haldið sé ögn áfram má loks minnast á skýrslu um þátttöku Íslands á 43. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna sl. haust en þeirri skýrslu var dreift meðal þingmanna snemma á þessu ári. Þar er m.a. gerð stutt grein fyrir ekki færri en 138 málum sem fjallað var um á allsherjarþinginu.

Af þeim dæmum sem nú hafa verið nefnd má glöggt sjá að þátttaka Íslands í alþjóðasamskiptum er orðin harla víðtæk og margbrotin. Utanríkisþjónustan hefur í mörg horn að líta og starfsfólk hennar vinnur mikilvæg störf. Spyrja má reyndar hvort allt þetta umstang sé ekki orðið of viðamikið og kostnaðarsamt fyrir fámenna eyþjóð við ysta haf. Því er til að svara að hér sem annars staðar verður auðvitað að gæta hófs og sparnaðar eins og frekast verður við komið. Það er ekki alltaf nauðsynlegt að elta uppi hvern einasta fund sem haldinn er með ærnum kostnaði þó að skylt sé að halda svo á málum að sóma lands og þjóðar sé gætt í hvívetna.

Það er sjálfsögð og eðlileg krafa af hálfu þjóðarinnar að farið sé vel með opinbert fé. Sagan hefur kennt okkur að það er dýrt að vera fátækur en það er líka dýrt að reka frjálst og fullvalda þjóðarbú af þeirri reisn sem hæfir og vera ber. Og það er hlutfallslega miklu dýrara þegar um er að ræða fámenna þjóð í strjálbýlu landi sem halda verður til jafns við fjölmennar stórþjóðir um allt sem lýtur að ríkisrekstri, velferðarmálum og þjónustu við þegnana eins og almennt er krafist nú á tímum.

Sé enn spurt hvaða ávinning Íslendingar hafi haft af erlendum samskiptum frá stofnun lýðveldis nægir í raun og veru að nefna Sameinuðu þjóðirnar og landhelgismálið, sögu þess og sigra á sviði hafréttarmála. Þó að hafréttarsáttmálinn hafi ekki enn verið fullgiltur nema af 38 aðilum má þó segja að hann sé orðinn allsherjarviðmiðun og ákvæði hans tekin upp í löggjöf margra ríkja, en hann öðlast gildi eftir að 60 aðilar hafa fullgilt hann.

Sagt er að síðasta allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna hafi einkennst af bjartsýni um framtíðina og þann árangur sem nú er í augsýn við lausn margra þeirra heimsvandamála sem stofnunin hefur glímt við undanfarin ár. Almenna umræðan hafi einkennst af hófsemi og ekki slík afaryrði með mönnum eins og oft áður. Þetta eru að sönnu fagnaðar-

tíðindi sem minna á þann anda og þær vonir sem svifu yfir vötnunum þegar allsherjarþingið var haldið í Lake Success á Long Island í New York haustið 1949, fyrir 40 árum, þó að vandamálin þar væru bæði mörg og stór og framtíðarhorfur óvissar og ískyggilegar á margan hátt.

Þegar nú er horft til framtíðar tel ég mestu máli skipta að íslenska þjóðin móti og fylgi áfram stefnu í utanríkismálum sem er hafin yfir þras dægurmála sem við verðum að hafa og búa við hér heima, stefnu sem meginhluti þjóðarinnar getur fylgt og leitt fær til farsældar, bæði heima fyrir og út á við á alþjóðavettvangi.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Áður en ég kem að efni þeirrar skýrslu eða þeirra skýrslna sem hér eru til umræðu hefði ég gjarnan viljað segja eitt eða tvö orð um vinnubrögðin og skipulag vinnunnar hér.

Það var upphaflega svo að ætlunin var að halda kvöldfund hér í gærkvöldi en síðan var fallist á beiðni ákveðinna þingmanna um að sá fundur yrði ekki haldinn í gær heldur yrði umræðunni haldið áfram í dag og henni lokið í kvöld. Ég veit ekki um ástæðurnar fyrir ósk þessara hv. þm. fyrir frestun á umræðunni, en hafi hún eingöngu verið sú að þeir hafi talið að fjölmiðlar mundu ekki veita máli þeirra svo ríka athygli í gærkvöldi sem gerast mundi í dag leyfi ég mér að lýsa því yfir að það er að mínu mati ekki næg ástæða til frestunar. En um þetta verður auðvitað ekkert fullyrt.

Ég vildi í öðru lagi víkja að því að ég held að brýnt sé orðið að við hv. þm. endurskoðum þær vinnureglur sem við fylgjum þegar ræddar eru skýrslur af þessu tagi. Ég held að reynslan hér í dag hafi sannað það enn einu sinni svo að ekki verður um villst hversu brýnt er að breyta þessum reglum. Hér talaði einn hv. þm. hátt í tvo klukkutíma. Hér á ég við hv. 2. þm. Austurl. Hjörleif Guttormsson. Hann er því miður ekki í salnum svo að ég get ekki beint orðum mínum til hans. En þegar ræðutími er takmarkaður að því leytinu til að þessum umræðum á að ljúka í kvöld eða nótt eða fyrir fundartíma á morgun, eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson orðaði það hér í dag þegar hann hótaði því líka að taka aftur til máls hér síðar, verður þetta auðvitað umhugsunarefni, að einn þingmaður skuli tala hátt í tvo klukkutíma um þetta mál. Í ræðu hans var fátt sem vakti athygli og ekkert nýtt. Raunar heyrðum við hann flytja þessa ræðu hér fyrir fáeinum vikum þegar til umræðu voru fyrirhugaðar æfingar varaliðs á vegum varnarliðsins á Miðnesheiði. Þá flutti hann okkur þessa ræðu. Hann hefur flutt hana hér einu sinni eða tvisvar á ári í mörg undanfarin ár, svo lengi sem ég hef átt sæti á hinu háa Alþingi, og þar var eins og ég segi fátt sem vakti athygli og ekkert nýtt.

En það sem mér þykir taka í hnúkana er tillitsleysið gagnvart öðrum þingmönnum, það voru margir á mælendaskrá, hið fullkomna tillitsleysi sem þessi hv. þm., Hjörleifur Guttormsson, sýnir öðrum þingmönnum með ræðuflutningi á borð við þann sem hann ástundar í umræðum af þessu tagi þegar hann talar aldrei skemur en í hálfa aðra klukkustund og stundum töluvert mikið lengur. Hann hafði mörg orð um það hér í ræðu sinni í dag að hann gæti ekki sagt allt sem honum lá á hjarta vegna þess að hann ætlaði að taka tillit til þeirra tilmæla að menn styttu mál sitt og talaði bara í tæpar tvær klukkustundir.

Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt, virðulegi forseti, að þær reglur sem gilda um umræður um skýrslur af þessu tagi, skýrslu utanrrh. og fleiri skýrslur, verði endurskoðaðar, að umræður um þær verði með þeim hætti að flokkarnir komi sér fyrst saman um það hversu löngum tíma skuli verja til umræðnanna, við getum sagt 10 klukkustundum eða 12 klukkustundum eða eitthvað nærri því laginu, að flokkarnir komi sér saman um heildartímann. Síðan komi flokkarnir sér saman um skiptingu þessa tíma milli flokkanna. Þingflokkarnir hver um sig komi sér síðan saman um skiptingu tímans innbyrðis milli sinna þingmanna og talsmanna. Ég held að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hafi enn einu sinni sannað fyrir okkur hér í dag hversu ómögulegt þetta fyrirkomulag er sem nú er við lýði, þegar hann sýnir samþingismönnum sínum þessa dæmalausu ókurteisi sem hann gerir ár eftir ár. Víst skal það viðurkennt að ýmsir aðrir þingmenn vildu gjarnan tala á öðrum tíma en á kvöld- eða næturfundum þegar hér er fátt um fólk í salnum og við bætist kannski líka að fjölmiðlar sýna þeim málum minni áhuga sem koma hér fram seint á kvöldum eða nóttum. Ég held, virðulegi forseti, að nú sé mjög brýnt að við breytum þessum reglum þó ekki sé nema bara vegna þess hvernig hv. þm. Hjörleifur Guttormsson fer fram í þessum umræðum. Mér þykir vænt um að hann skuli hafa komið hér í salinn og hlýtt á þessi orð mín.

Virðulegi forseti. Það er ekki ágreiningur um þá meginstefnu sem fylgt hefur verið í utanríkismálum hér á landi undanfarna áratugi. Þorri þjóðarinnar stendur að baki þeirri stefnumótun og þeirri stefnu sem þar er fylgt. Það er aðeins einn stjórnmálaflokkur, Alþb., að sumu leyti Kvennalisti líka — en ég sé að það er enginn hv. þm. þess stjórnmálaflokks hér í salnum nú um stundir þannig að ekki er svo auðvelt við þær að ræða. En Alþb. hefur sérstöðu í utanríkismálum, hefur þar dagað uppi eins og nátttröll á heiði, misst jarðsamband og veruleikaskynjan og sem betur fer er það svo að áhangendum og fylgjendum þeirrar stefnu í utanríkismálum fer óðum fækkandi.

Ég hlýddi á nokkurn hluta ræðu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar. Hann talaði þar um kjarnorkuslys, alvarlegt mál sem ástæða er til að gefa fyllsta gaum. Hins vegar kom mér það nokkuð spánskt fyrir sjónir að heyra hann tala um sprenginguna sem varð um borð í bandarísku herskipi þar sem 47 sjóliðar biðu bana eins og þar hefði orðið kjarnorkuslys. Ég veit ekki hvort hv. þm. hefur einhverjar upplýsingar sem við hin höfum ekki um að þarna hafi orðið kjarnorkuslys en þetta er auðvitað óábyrgur og ómerkilegur málflutningur í hæsta máta. Það hefur ekkert komið

fram sem betur fer sem bendir til þess að neitt slíkt hafi átt sér stað, ekkert. Og ég endurtek: Sem betur fer. Og það er ómerkilegt að reka hér hræðslupólitík í lagi eins og hv. þm. gerði, að gefa í skyn að þarna hafi orðið miklu alvarlegra og válegra slys en varð. Nóg var nú samt.

Mér þótti það líka skrýtið að heyra þennan hv. þm. vitna í orð Williams Arkins, sem starfar hjá einhvers konar rannsóknastofnun svokallaðri vestur í Bandaríkjunum, eins og þar væri um heilagan sannleika að ræða. Þetta er maðurinn sem kom því inn hjá fréttamönnum Ríkisútvarpsins á sínum tíma að hann hefði örugga vitneskju um það að á Keflavíkurflugvelli væru geymd kjarnorkuvopn. Þetta er maðurinn sem kom hér svo ári síðar og sagði við okkur allmarga þingmenn niðri í þingflokksherbergi Framsfl.: Því miður, herrar mínir, mér þykir það ákaflega leitt, en þetta var allt saman rangt sem ég sagði hér í fyrra. Svo kemur hv. þm. Hjörleifur Guttormsson og vitnar í þennan svokallaða fræðimann eins og þar sé um óskeikula heimild að ræða.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson og raunar hv. þm. Kristín Einarsdóttir ræddu bæði um varaflugvöll sem hér hefur borið á góma og er eðlilega fjallað um í þessum umræðum. Hv. þm. sagði og eftir honum var haft í útvarpi að ef utanrrh. hæstv. léti fara fram þá forkönnun sem um er talað mundi það mál valda stjórnarslitum. Ég trúi því ekki fyrr en ég heyri þau orð töluð úr munni einhvers ábyrgari talsmanns Alþb. en hv. 2. þm. Austurl. er í þessum efnum því að auðvitað trúir því ekki nokkur maður að Alþb. láti það varða stjórnarslitum þó að hæstv. utanrrh. gegni þeirri sjálfsögðu skyldu sinni, að ég tel, að láta slíka forkönnun fara fram. Ég tel það ekkert álita- eða áhorfsmál. Það ber að gera. Það er mín skoðun. Engum sem þekkir sögu Alþb. í stjórnarsamstarfi við aðra flokka flýgur það í hug að Alþb. mundi láta slíka könnun valda stjórnarslitum, og ég segi sem betur fer. Þar fengi þó skynsemin að ráða enda þótt hv. þm. Hjörleifur Guttormsson tali á annan veg.

Hv. þm. Kristín Einarsdóttir, sem ég sé að er komin hér í salinn, talaði um frumhlaup hæstv. sjútvrh., að hann skyldi hafa vogað sér að ræða sjávarútvegsmál og mál sem varða fiskveiðar við einhverja af talsmönnum Efnahagsbandalagsins. Raunar voru nú fleiri sem höfðu um þetta stór orð á sínum tíma þegar hæstv. sjútvrh. gegndi þeirri sjálfsögðu skyldu sinni að ræða þessi mál við ýmsar af þeim þjóðum sem við eigum mikil viðskipti við og þar sem við eigum margvíslegra hagsmuna að gæta. Ég man ekki betur en hv. 1. þm. Suðurl. hafi haft um þetta ýmis orð í blaðaviðtölum og dæmt það mjög hart. Ég er satt að segja alveg hissa á þessum ummælum hv. þm. vegna þess að ég sé nákvæmlega ekkert athugavert við það að sjávarútvegsráðherra okkar Íslendinga ræði þessi mál við aðrar þjóðir. Það var ekki verið að falbjóða eitt eða neitt. Það var ekki verið að bjóða það sem við höfum engum að bjóða, það sem er ekki til skiptanna fyrir okkur og dugar okkur ekki, er ekki til sölu eða falboðið öðrum. Þess vegna finnst mér þetta fráleit og óréttmæt gagnrýni á hæstv. sjútvrh. og ég sé ekki hvað það getur skaðað, hvern það getur skaðað eða hvernig það má til nokkurs tjóns verða að fulltrúi okkar ræði þessi mál við aðrar þjóðir. Mér finnst satt að segja það að gagnrýna það og hafa á móti því svo ótrúleg þröngsýni og svo ótrúleg skammsýni að það er með ólíkindum, enda hef ég ekki heyrt hv. 1. þm. Suðurl., eftir þessa fyrstu hrinu þegar þetta bar að, nefna þetta á nafn. (**ÞP:** Gagnrýnin beindist að forgjöf forsrh.) Ég held að allir hafi skilið hvað hv. 1. þm. Suðurl. var að fara þegar hann gagnrýndi sjútvrh., en það ber auðvitað að meta að hann sá að sér, hann sá að þetta var rangt, að þetta var ekki réttmætt. Auðvitað ber ekkert að hafa á móti því að við ræðum við aðrar þjóðir en það er kannski bara í stíl við þá einangrunarstefnu, stefnu einangrunar og afturhalds, sem bæði Kvennalistinn og Alþb. fylgja í utanríkismálum, að hafa á móti því að talað sé við aðrar þjóðir.

Þá gagnrýndi hv. þm. Kristín Einarsdóttir þær gjörðir hæstv. utanrrh. að hann skyldi hafa fengið stjórnmálamenn til liðs við utanríkisþjónustuna og til starfa þar. Það er auðvitað ekkert nýtt. Það hefur gerst oft áður í áranna rás og það er ekkert sérislenskt fyrirbæri. Ef menn horfa til landanna hér í kringum okkur er það mjög algengt að menn sem sinnt hafa stjórnmálum taka við störfum í utanríkisþjónustu.

Það var helst að heyra á málflutningi hv. þm. Kristínar Einarsdóttur að það eitt að menn hefðu setið á Alþingi og starfað þar um skeið gerði þá í rauninni óhæfa til annarra starfa því að hún sagði: „Svo eru þingmenn jafnvel teknir fram fyrir aðra starfsmenn." Nú veit ég ekki hvað hv. þm. hugsar sér þegar hún hættir störfum á Alþingi eftir reglum Kvennalistans. Sjálfsagt bíður hennar eitthvert starf einhvers staðar í opinbera kerfinu, sumir hafa lag á því að láta geyma sér störf og það getur auðvitað verið réttmætt í einhvern tíma. Það getur ekki verið réttmætt í langan tíma. Ég held að það sé mjög rangt og í grundvallaratriðum, ég vil næstum segja hættuleg skoðun, að halda því fram að þeir menn sem sinnt hafa hér trúnaðarstörfum á Alþingi séu til annarra starfa óhæfir að þingsetu lokinni. Ég held hins vegar að það hafi þvert á móti gefið góða raun í afar mörgum tilvikum að fá menn úr stjórnmálalífi til þátttöku t.d. í starfi utanríkisþjónustunnar, það hefur gefið góða raun í grannlöndum okkar, það hefur gefið góða raun hér líka og sé hreint ekkert sem mælir gegn því að alþingismenn geti gengið til ýmissa starfa, t.d. á vegum hins opinbera, þótt ekki hafi þeir gengið upp þann hefðbundna tröppugang stofnananna sem hv. þm. virðist telja forsendu þess að menn geti starfað í utanríkisþjónustunni t.d. (Gripið fram í.) Ég hlýddi á mál hv. þm. í dag og það var mjög auðvelt að skilja hvað hún var að fara.

Það væri vissulega freistandi, virðulegi forseti, að víkja hér að ýmsum atriðum öðrum í skýrslu utanrrh. Ég mun ekki gera það í ljósi þess að ég ætla ekki að tala mjög lengi.

Á bls. 60 er fjallað um hvalamálið í þessari skýrslu

ráðherra. Ég vil bara lýsa þeirri skoðun minni hér skýrt og skorinort að við eigum að ljúka við þá vísindaáætlun sem nú er í gangi, hiklaust. Og þar eiga engar vöflur að vera á okkur. Við höfum ekki kynnt okkar málstað svo sem vera ber. Ég hef oft vakið athygli á því áður hér á hinu háa Alþingi. Þar þurfum við að gera betur. Þar hefur einstaklingur sýnt athyglisvert framtak, Magnús Guðmundsson kvikmyndagerðarmaður, sem vakið hefur mikla athygli. Hið opinbera þarf þar að fylgja á eftir miklu betur en gert hefur verið.

Hv. þm. Friðjón Þórðarson, sem talaði hér áðan, vék að störfum Vestnorræna þingmannasambandsins. Ég átti þar sæti um nokkurt skeið en verð satt að segja að lýsa nokkrum vonbrigðum með það starf sem þar átti sér stað, ekki vegna þess að þar hafi ekki verið vel og skynsamlega unnið og samþykktar hinar ágætustu tillögur, heldur vegna þess að við sátum þarna á fundum, samþykktum tillögur um ýmisleg efni, sendum þær síðan stjórnvöldum í þessum þremur löndum, Færeyjum, Grænlandi og Íslandi, og síðan var nákvæmlega ekkert með þær gert. Þarna vantar einhvern hnykk til þess að a.m.k. sé höfð uppi viðleitni til þess að framkvæma þau mál sem þessar samþykktir fjalla um vegna þess að þau eru ekki öll flókin eða viðamikil eða kosta mikið fé í framkvæmd. Sumt af þessu er tiltölulega einföld mál og satt að segja verður ekki annað séð en að það sé kannski fyrst og fremst áhugaleysi, viljaskortur, eða það að þetta lendir með einhverjum hætti uppi á milli í embættismannakerfinu og lítið verður úr framkvæmdum.

Hér liggja einnig fyrir til umræðu, virðulegi forseti, tvær skýrslur aðrar, þ.e. skýrsla Norðurlandaráðsdeildar um norræna samstarfið og skýrsla samstarfsráðherra Jóns Sigurðssonar um Norðurlandasamstarfið innan ráðherranefndanna.

Nú mætti um þetta langt mál hafa og margt segja en norrænt samstarf verður jafnan fyrir nokkurri gagnrýni og henni harðastri frá þeim sem þekkja það minnst. Ég lýsi hiklaust þeirri skoðun að þetta samstarf hefur reynst okkur gagnlegt og gott og í rauninni verjum við til þess sáralitlu fjármagni, of litlu vegna þess að við fáum það margfalt til baka. Þetta norræna samstarf er nú að ýmsu leyti á tímamótum. Það er á tímamótum vegna þess að í Evrópu er að gerast ákaflega ör þróun sem ég þarf ekki að fara mörgum orðum um hér, svo mikið sem hún hefur verið rædd hér á ýmsum stigum, og auðvitað verðum við sem störfum á vettvangi Norðurlandaráðs og í hinu norræna samstarfi að fylgjast þar með, fylgjast vel með því sem þar er að gerast og hafa áhrif á þá þróun sem á sér stað í Evrópu og beina henni inn á þær brautir sem við viljum fara eftir því sem við höfum vald og krafta til og aðlaga okkur að þeim breytingum sem eru að eiga sér stað.

Umræður um alþjóðamál setja í æ ríkara mæli mark sitt á starfið í Norðurlandaráði og hefur sú breyting gerst býsna fljótt og á mjög skömmum tíma í rauninni. Sem dæmi um mál sem hafa beinlínis svipt okkur í norræna samstarfinu inn í alþjóðlegt samstarf eru umhverfismálin þar sem vandamálin virða auðvitað engin landamæri og þar hefur Norðurlandaráð að ýmsu leyti tekið athyglisvert frumkvæði sem fylgja þarf eftir af fullri festu. Íslendingar hafa þar unnið vel og skipulega, leyfi ég mér að segja, og það hefur borið árangur og bar sérstaklega árangur á aukaþinginu um umhverfismál sem haldið var á Helsingjaeyri sl. haust. Og það er öruggt mál að umhverfismálin mun bera hátt í umræðum á þingi Norðurlandaráðs sem fram fer í Reykjavík árið 1990.

Nefnd sem skipuð hefur verið innan Norðurlandaráðs, sem forsætisnefndin skipaði, nefnd um alþjóðleg samskipti sem stundum er kennd við formann sinn Karin Söder, hefur skilað áliti um það hvernig fjalla skuli um alþjóðleg samskipti á vettvangi Norðurlandaráðs. Um álit nefndarinnar er ekki fullkomin samstaða innan þingflokkanna í Norðurlandaráði eða flokkahópanna eins og stundum er sagt. Þar hefur komið í ljós nokkur ágreiningur um það hvort skipa skuli sérstaka nefnd til að fjalla um þessa hluti. Því máli hefur nú verið vísað til laganefndar Norðurlandaráðs og enn fremur fjalla þingflokkarnir í ráðinu um þessi efni.

Þar sem sá er þetta mælir gegnir nú formennsku í laganefndinni kemur þetta mál óneitanlega til kasta hans og hér er um mál að ræða sem erfitt kann að reynast að leysa þannig að í fullri sátt sé því ágreiningur er um ýmis atriði sem væntanlega leysist þó og vonandi í haust.

Laganefnd Norðurlandaráðs fjallar um mál sem varða samræmingu löggjafar, hún fjallar um neytendamál, jafnréttismál og málefni flóttamanna. Til meðferðar í nefndinni er nú tillaga um jafnréttismál sem ég hef flutt, jafnréttismál á alþjóðavettvangi, um það að Norðurlandaráð beiti sér fyrir aukinni samvinnu Norðurlandanna í þeim alþjóðastofnunum sem fjalla um jafnréttismál og jafnframt fyrir því að styrkja þær stofnanir sem fyrir eru á þessu sviði eins og alþjóðakvennanefndina í Vínarborg og jafnvel stefna að því að á vegum Sameinuðu þjóðanna starfi sérstök stofnun sem fjalli eingöngu um jafnréttismál í framhaldi af þeim ráðstefnum sem Sameinuðu þjóðirnar hafa beitt sér fyrir í þeim efnum.

Þá er um það fjallað líka í nefndinni hvernig megi fylgja eftir því ágæta starfi sem unnið var á Nordisk Forum þar sem komu 10.000 norrænar konur sl. sumar í Osló. Þá vildi ég einnig geta um tillögu, sem samþykkt var á síðasta þingi Norðurlandaráðs og verið hafði til meðferðar í laganefndinni, um bann við útflutningi á hættulegum varningi frá Norðurlöndunum. Það er nefnilega svo að eitthvað hefur verið um það að ýmiss konar varningur, sem ekki er leyfður til sölu eða neyslu á heimamörkuðum hér, hefur verið fluttur út til annarra landa og nú hefur Norðurlandaráðið tekið afstöðu gegn slíku.

Annað mál sem er til meðferðar nú innan Norðurlandaráðs og ágreiningur er um er það hvaða reglum skal fylgja í sambandi við kosningar í trúnaðarstörf í ráðinu. Vinstri sósíalistar eða kommúnistar eiga nú

ekki lengur fulltrúa í forsætisnefnd ráðsins og gætir auðvitað lítillar ánægju í þeirra hópi með þá niðurstöðu. Þrátt fyrir miklar samningaumleitanir á síðasta þingi tókst ekki að ná samkomulagi um þetta mál. Forsætisnefndinni tókst ekki að leysa það og hefur því nú verið vísað til laganefndar sem fengið hefur það hlutskipti að gera tillögur að nýjum kosningareglum í Norðurlandaráði og hvernig endurspegla megi valdahlutföllin í ráðinu með sem raunhæfustum hætti í forsætisnefndinni og ýmislegt fleira í því sambandi og á nefndin að hafa skilað áliti um það fyrir 1. okt. í haust.

Ég hef þá drepið á nokkur þeirra mála sem eru efst á baugi á vettvangi laganefndar í Norðurlandaráði.

Mig langar aðeins að lokum, virðulegi forseti, að víkja nokkrum orðum að menningarmálaþættinum, en það samstarf hefur lengi verið okkur mikilvægt og kannski mikilvægast.

Í mörg ár hefur sjónvarpssamvinna, einkum sjónvarpssamvinna um gervihnött, verið til umræðu í Norðurlandaráði. Það mál er nú nánast að engu orðið vegna þess að samstaða tókst ekki. Hins vegar eiga Norðurlandabúar margir hverjir kost á því að horfa á þetta 12–20 sjónvarpsrásir frá öðrum löndum, en enga norræna. Að vísu er það svo að búið er að skjóta Tele-x-hnettinum á loft sem átti að þjóna sem sjónvarpshnöttur fyrir austurhluta Norðurlanda, en þar er ekkert sjónvarp, og hnötturinn svífur á sínni braut eða á sínum stað öllu heldur því að hann er kyrr yfir miðbaugi, verkefnalítill, en notast þó sem fjarskiptahnöttur. Þetta er ein sorgarsaga. Ég held að samt sé ekki of seint að snúa vörn í sókn í þessu máli vegna þess að það eru auðvitað mörg tækifæri til þess að leigja sjónvarpsrásir í ýmsum gervihnöttum og koma á fót norrænni sjónvarpsrás þar sem væru kannski fyrst og fremst fréttir, íþróttir og kvikmyndir. Ég held að þetta væri tiltölulega einfalt, gæti orðið vinsælt efni og gæti fært Norðurlöndin nær hvert öðru. Ég held að þetta þurfi ekki að vera svo ákaflega dýrt og ég held að þetta sé raunhæf hugmynd.

Annað atriði í þessu sambandi vil ég nefna og það er að fagna þeirri ákvörðun samstarfsráðherranna, sem tekin var í tengslum við þingið í Stokkhólmi, að stofnsetja norrænan sjónvarps- og kvikmyndasjóð með 30 millj. kr. framlagi. Þar á auðvitað eftir að koma til enn meira fjármagn þannig að sjóðurinn geti gefið það af sér að hann verði einhvers megnugur í gerð efnis fyrir kvikmyndahús og sjónvarp. Þar fullyrði ég að er gott mál á ferð sem við eigum áreiðanlega og íslensk kvikmyndagerð eftir að njóta góðs af á komandi árum.

Eitt atriði enn vildi ég nefna og það er hið svokallaða Nordjob eða vinnuskiptaáætlun fyrir ungt fólk á Norðurlöndunum, framtak eða hugmynd sem upphaflega kom frá svokallaðri Gyllenhammar-nefnd. Þetta hefur tekist ákaflega vel en hins vegar vil ég nefna það hér og leggja á það áherslu að stjórnvöld þurfa að styðja betur við bakið á þessu framtaki og láta nokkurt fé af hendi rakna þannig að við getum rækt okkar skyldur í þeim efnum, Íslendingar, og ungt fólk héðan eigi þess kost að fara til sumarstarfa á Norðurlöndum og norrænir unglingar að koma hingað til starfa. Það eru góðir sumarskólar sem borga sig vel.

Þá vildi ég að lokum, virðulegur forseti, aðeins nefna það að ég hef nokkrum sinnum vakið máls á því að ég tel nú brýnt að við Íslendingar njótum raunverulegs jafnréttis í Norðurlandaráði þannig að við getum, ef við viljum, talað íslensku á fundum og þingum ráðsins og það verði síðan þýtt jafnóðum eins og gert er með finnsku. Það er auðvitað alveg staðreynd sem er augljós að við höfum fæst okkar hinar norrænu tungur svo á takteinum að við getum stokkið blaðalaust upp í ræðustól til andsvara þegar á þarf að halda, þó að við gerum það, og þá vill það nú stundum verða svo að maður segir ekki það sem maður vildi sagt hafa, heldur segir maður það sem maður getur sagt. Mér er alveg ljóst að innan íslensku Norðurlandaráðsdeildarinnar er ekki endilega einhugur um þetta mál. En jafnrétti er í rauninni ekki nema milli þeirra þriggja þjóða sem tala hin skyldu mál og kannski Finna sem geta talað sitt móðurmál ef þeir vilja og það er þýtt jafnóðum, bæði á nefndarfundum og þingunum, en Færeyingar, Grænlendingar og Íslendingar, og raunar Samar líka, þurfa að tala önnur mál en sitt eigið og það háir mönnum hvort sem menn viðurkenna það fúslega eða ekki, því að, eins og ágætur maður sagði við þann sem þetta mælir, helmingurinn af andlegu orkunni fer stundum í það bara að þýða. Við stöndum því ekki jafnfætis og við sitjum ekki við sama borð og ég mun fylgja þessu máli eftir innan íslensku nefndarinnar. Reynist það ekki hafa meiri hluta þar gerist auðvitað ekkert frekar í málinu, en ég hygg að þetta sé nú samt mál sem fyrr eða síðar muni ná fram að ganga.

Jóhann Einvarðsson:

Hæstv. forseti. Ég vil eins og fyrri ræðumenn þakka hæstv. utanrrh. fyrir mjög greinargóða skýrslu um utanríkismál sem hann hefur lagt fyrir Alþingi. Eins og fram kemur í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar, sem fjallar um stefnu stjórnarinnar í utanríkismálum, er markmið utanríkisstefnu Íslendinga að treysta sjálfstæði landsins og gæta hagsmuna þjóðarinnar í aðþjóðlegum samskiptum. Að því verður unnið með virkari þátttöku í alþjóðlegu samstarfi.

Þessum markmiðum verður m.a. náð með aukinni aðstoð og samvinnu við þróunarríki, með aðstoð við baráttu fyrir mannréttindum hvar sem hún er háð, með því að stuðla að friðsamlegri og bættri sambúð þjóða með virkari þátttöku í umræðum um afvopnunarmál og kjarnorkuvopnalaus svæði í okkar heimshluta, áhersla verður lögð á að auka þekkingu Íslendinga á vígbúnaðarmálum, sérstaklega á hernaðarumsvifum á Norður-Atlantshafi, til að leggja óháð mat á öryggismál landsins og nálægra svæða, með því að hvetja til og taka þátt í alþjóðlegu samstarfi um umhverfismál, sérstaklega um mengunarvarnir á Norður-Atlantshafi, með því að búa íslenskt atvinnulíf undir þær breytingar sem verða á viðskiptaháttum

og efnahagsstjórn í Evrópubandalaginu á næstu árum. Sérstaklega verði unnið að því að laga íslenskt efnahagslíf að hinum nýju aðstæðum og tryggja viðskiptastöðu íslenskrar atvinnustarfsemi án aðildar að bandalaginu.

Ríkisstjórnin áréttar áður yfirlýsta stefnu Alþingis, að hér á landi skuli ekki vera kjarnorkuvopn. Ríkisstjórnin mun ekki gera nýja samninga um meiri háttar hernaðarframkvæmdir og skipti Íslendinga við varnarliðið verða endurskipulögð.

Í skýrslu hæstv. utanrrh. er komið inn á flest svið utanríkismála og málefni utanríkisviðskipta.

Hæstv. forseti. Ég mun ekki í ræðu minni koma inn á nema nokkur þeirra atriða enda hefur hæstv. utanrrh. gert þeim góð skil í ræðu sinni en á nokkur mun ég drepa.

Aukið traust í samskiptum ríkja Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins hefur þegar borið ávöxt í afvopnunarmálum. Framkvæmd fyrsta afvopnunarsamningsins á sviði kjarnavopna, samningsins um meðaldræg kjarnavopn, miðar samkvæmt áætlun. Árangur hefur náðst í viðræðum um helmingsfækkun langdrægra kjarnavopna og unnið er að allsherjarbanni við efnavopnum. Þá eru og nýlega hafnar viðræður annars vegar um niðurskurð hefðbundinna herja á svæðinu frá Atlantshafi til Úralfjalla og hins vegar um frekari traustvekjandi aðgerðir. Þegar þessum árangri hefur verið náð þarf að halda áfram og ganga til samninga um afvopnun á höfunum strax og viðræður um niðurskurð hefðbundinna herja og traustvekjandi aðgerðir á landi hafa borið tilætlaðan árangur. Ég held að þetta sé mjög brýnt verkefni, ekki síst með tilliti til þess slyss sem varð norður af Bjarnarey þegar sovéskur árásarkafbátur af MIKE-gerð sökk þar, en hann var útbúinn bæði kjarnaofni og kjarnorkuvopnum. Það hlýtur að vera brýn nauðsyn fyrir okkur Íslendinga sem byggjum allt okkar líf á auðlindum hafsins að gengið verði til samninga um gagnkvæma afvopnun á höfunum og ekki síður að allar varnir sem mögulegar eru verði viðhafðar til að forða mengun í höfunum.

Íslendingar ættu að hafa frumkvæði að því að kalla til fundar þá aðila sem búa hér við norðanvert Atlantshafið og reyna að ná samkomulagi um að þegar í stað þegar slík óhöpp eiga sér stað séu þau tilkynnt milliliðalaust til allra þeirra aðila sem máli skipta og björgunaraðgerðir verði þegar í stað hafnar til þess að ná upp þeim hlutum sem falla til botns og gætu hugsanlega valdið mengun.

Á þriðja framhaldsfundi ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu, sem haldinn var í Vín, var samþykkt ítarlegt lokaskjal. Í því voru m.a. áréttaðar ýmsar grundvallarreglur mannréttinda og kveðið á um sérfræðingafundi fram að næsta framhaldsfundi sem hefst í Helsinki 1992. Á Vínarfundinum var einnig lagður grundvöllur að traustvekjandi aðgerðum og niðurskurði hefðbundinna vopna. Eins og fram kom í ræðu hæstv. utanrrh. þekkir mengun engin landamæri og barátta gegn umhverfisspjöllum útheimtir alþjóðasamstarf sem Íslendingar eiga að fara í fararbroddi fyrir. Allt okkar efnahagslíf og möguleikar til áframhaldandi búsetu á landinu byggist á því að tryggt sé svo vel sem kostur er að mengun verði ekki hér í Norður-Atlantshafinu. Þess vegna legg ég ríka áherslu á að Ísland hafi forgöngu um allar þær aðgerðir sem mögulegar eru til þess að koma í veg fyrir slíkt.

Hvalamálið hefur verið í brennidepli hér á landi í mörg ár. Við höfum þurft að berjast við fjársterk samtök sem hafa beitt sér með efnahagsþvingunum gegn okkur, en sem betur fer höfum við verið nokkuð einhuga í þessu máli og höfum staðið af okkur marga byljina. Ég er sannfærður um að forusta hæstv. sjútvrh. hefur ekki síst verið þess valdandi að staða okkar í þessu erfiða máli, sem bæði varðar nýtingu sjávarspendýra og baráttuna gegn efnahagsþvingunum, hefur borið árangur. Sýnist mér að árangur sé nú að koma í ljós og mál séu að snúast okkur frekar í hag en lengi leit út fyrir að verða mundi. Það er nauðsynlegt að geta lokið þeirri vísindaáætlun sem við höfum gert í samráði við Alþjóðahvalveiðiráðið, þannig að unnt verði að leggja niðurstöður þeirra rannsókna fyrir fund hjá Alþjóðahvalveiðiráðinu sem stefnt er að að halda á næsta ári.

Á undanförnum árum hefur að forgöngu íslenskra utanríkisráðherra hlutdeild Íslendinga aukist í þróun áætlana um varnir landsins, m.a. með yfirtöku okkar á rekstri ratsjár- og fjarskiptastöðva, og um leið höfum við leitast við að verða virkari aðilar að Atlantshafsbandalaginu. Í mínum huga er það ljóst að við höfum ekki getað tekið þann þátt í þessu starfi sem þurft hefði. Nú sér þó fram á að menn eru hér á landi að öðlast þá þekkingu og menntun sem er nauðsynleg til þess að gerast þarna virkir aðilar.

Ég tel brýna nauðsyn til þess að meðan við erum aðilar að Atlantshafsbandalaginu og höfum gert samning við Bandaríkjamenn um að vera með varnarlið hér á landi séum við virkir aðilar í skipulagi þess starfs sem þar er unnið og eigum að leitast við að taka að okkur sem mest af þeim störfum sem ekki eru talin hernaðarleg og er þegar kominn góður vísir að því með yfirtöku ratsjár- og fjarskiptastöðvanna sem nú er stefnt að að verði reknar eingöngu af íslenskum starfsmönnum. Og hugbúnaður sá sem þær munu nota er hannaður af íslenskum hugvitsmönnum sem sýnir hvers við erum megnugir. Það er e.t.v. á fleiri sviðum sem við getum tekið að okkur slík verkefni.

Hæstv. forseti. Það kom fram í ræðu hæstv. utanrrh. að hann hefur gefið leyfi sitt til þess að æfing sú sem fyrirhuguð hafði verið hér í júnímánuði nk. á vegum varaliðs Bandaríkjahers hér á varnarsvæðunum hefur verið ákveðin. Ég held að ráðherra hafi náð þar lausn sem allir ættu að geta unað við, þ.e. um þriðjungs fækkun í því liði sem hingað kemur og að fresta um nokkra daga hvenær hún á að hefjast. Miðað við þessa niðurstöðu hæstv. utanrrh. virðist æfingin eiga að vera af svipaðri stærðargráðu og fyrri æfingar sem hér hafa verið.

Ég ítreka það sem ég hef áður sagt í þessum stól, að meðan samningur við Bandaríkjamenn um að annast

varnir landsins er í gildi er nauðsyn til þess að það varalið sem hugsanlega þyrfti að kalla til á tímum spennu eða stríðsástands sé kunnugt staðháttum hér á landi þó svo að að sjálfsögðu sé rétt að hafa þær æfingar í sem mestu lágmarki en þó þannig að þær komi að fullu gagni.

Það hefur verið í athugun að gera breytingar á tilhögun verktöku fyrir varnarliðið. Það er sjálfsagt að endurskoða allt fyrirkomulag á nokkurra ára fresti en ég vara við miklum breytingum á því fyrirkomulagi sem verið hefur í gildi. Það hefur að ýmsu leyti gefið góða raun. Íslenskir aðalverktakar eru sterkt fyrirtæki sem hefur verið fært um að annast allar nýframkvæmdir á vegum varnarliðsins og vara ég við því að þessi markaður verði opnaður að fullu, m.a. með heimild til Bandaríkjamanna að bjóða beint út öll verk. Ég er hræddur um að slík tilhögun mundi valda undirboðum milli verktaka í von um aukna verkaðild. Þá má ekki gleyma þeim hundruðum manna sem starfa á vegum Íslenskra aðalverktaka og öðrum íslenskum verktökum á varnarsvæðinu. Öll óvissa í verkefnum þessara fyrirtækja veldur hugarangri hjá starfsfólkinu. Það traust sem það hefur haft til þeirra verktakafyrirtækja sem nú starfa hefur gert það að verkum að margt af þessu starfsfólki hefur unnið hjá þeim í áravís, jafnvel áratugi. Þá þarf einnig að hafa í huga að varnarsvæðið og öll Suðurnes eru í reynd eitt atvinnusvæði og fullt frelsi til útboða mundi valda því að hugsanlega færu stórir hlutar af þessum verkum til stórra verktaka sem flyttu starfsfólk að til einstakra verkþátta og síðan burt og það öryggi sem starfsfólkið hefur haft og getað treyst á verður ekki fyrir hendi. En hafa ber í huga við heimildir til varnarliðsins til nýverka að ekki séu miklar sveiflur á milli ára.

Vegna þeirra mengunarslysa sem orðið hafa á varnarsvæðunum, m.a. mengun vatnsbóla af olíuleka eða öðrum ástæðum, verður að herða allt mengunareftirlit á þeim svæðum og nauðsynlegt er að hraða uppbyggingu nýrra vatnsbóla sem annað geti Keflavík, Njarðvík og flugvallarsvæðinu og e.t.v. öðrum stöðum á Suðurnesjum þar sem mengun sú sem fundist hefur getur skaðað allt vatnslagnakerfi á þessu svæði sem og torveldað og jafnvel sett í rúst ýmsan atvinnurekstur á Suðurnesjum og þá á ég ekki síst við fiskeldi og fiskiðnað.

Hæstv. forseti. Miklar umræður hafa verið um varaflugvöll vegna óska Mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins til þess að láta fara fram forkönnun á hugsanlegri staðsetningu varaflugvallar á Íslandi. Slíkur varaflugvöllur mundi líka gagnast fyrir allt millilandaflug sem fram fer frá Keflavíkurflugvelli. Sú forkönnun er nauðsynleg til þess að bera saman þá valkosti sem eru með hagsmuni Íslendinga að leiðarljósi. Í því sambandi má benda á að varaflugvöllur þarf að vera staðsettur á öðru veðursvæði en á Keflavíkurflugvelli. Varaflugvöllur þarf og að geta annað stærstu farþega- og fraktflugvélum sem þekktar eru í dag og hann þarf einnig að geta verið nauðsynlegur varaflugvöllur fyrir vélar varnarliðsins þannig að ef veður breytast skjótt þá eigi þær, sem og íslenskar flugvélar, möguleika á öðrum flugvelli við slíkar aðstæður. Slíkur flugvöllur þarf, eins og ég sagði áðan, að vera staðsettur á öðru veðursvæði en á Keflavíkurflugvelli og hann þarf að geta annað allri innlendri og erlendri flugumferð. Hann þarf að vera útbúinn öllum þeim öryggisatriðum sem nauðsynleg eru á slíkum stað, bæði slökkviliði, flugumsjón, varaeldsneyti og öðru slíku. Það er nauðsynlegt að þessi könnun fari fram svo valkostirnir séu ljósir. Þó ekki séu nú fyrirhuguð kaup íslenskra flugfélaga á vélum af stærstu gerð, hvorki til farþega- eða fraktflutninga má minna á að flug Flying Tiger flugfélagsins sem flytur fiskafurðir til fjarlægra markaða hefur gefið góða raun og mun aukast, enda krafa flestra fiskmarkaða, ekki síst í fjarlægari Austurlöndum um ferskleika afurðanna. Svo mikil aukning hefur orðið á síðustu árum á fiskeldi og útflutningi ferskra fiskafurða að þetta flug hlýtur að aukast mjög mikið, vonandi bæði á vegum þess og innlendra flugfélaga.

Hæstv. forseti. Með því að heimila slíka forkönnun mundi það styrkja rétt og hagkvæmt mat á staðarvali fyrir varaflugvöll hér á landi og þá er ég ekki síst með hagsmuni Íslendinga í huga.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á að aukin verði aðstoð og samvinna við þróunarríkin. Undir það tek ég heils hugar. Ég tel að það sé ekki vansalaust að velferðarríki eins og Ísland skuli ekki taka á myndarlegan hátt þátt í aðstoð við þróunarríkin eins og t.d. hin Norðurlöndin. Tímabundnir efnahagsörðugleikar hér á landi eru þar engin afsökun.

Í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar er sérstaklega vikið að því markmiði að búa íslenskt atvinnulíf undir þær breytingar sem verða á viðskiptaháttum og efnahagsstjórn í Evrópubandalaginu á næstu árum. Sérstaklega verður unnið að því að laga íslenskt atvinnulíf að hinum nýju aðstæðum og tryggja viðskiptastöðu íslenskrar atvinnustarfsemi án aðildar að bandalaginu. Á vegum Alþingis hefur verið starfandi svokölluð EB-nefnd til að gera úttekt á þeim möguleikum og breytingum sem nauðsynlegar kunna að verða á íslensku atvinnu- og efnahagslífi við þær breytingar sem augljóslega verða þegar innri markaður EB verður fullmótaður í árslok 1992. Skýrsla þessarar nefndar er væntanleg innan fárra vikna og er ljóst að hún verður góður grundvöllur fyrir þá vinnu sem mun verða viðamikill þáttur í utanríkisstefnu Íslendinga og mikið verður rædd hér á hinu háa Alþingi þegar þar að kemur. Jafnframt er verið að vinna að því að efla mjög viðskiptatengsl við þjóðir utan Evrópubandalagsins. Vegna væntanlegrar formennsku Íslands hjá EFTA á síðari hluta þessa árs er ljóst að Ísland verður leiðandi afl innan EFTA-ríkjanna gangvart þeim samningum sem fram undan eru gagnvart Efnahagsbandalaginu. Og að sjálfsögðu erum við reiðubúin að taka þátt í þeim samningum með óbundnar hendur en opnum huga gagnvart öllum atriðum.

Rétt er að árétta orð Steingríms Hermannssonar

forsrh. þegar hann lýsti því yfir að Íslendingar væru reiðubúnir að semja um fullt frelsi í vöruviðskiptum en hann hefði ýmsa fyrirvara um hin atriðin þrjú, þ.e. þjónustuviðskiptin, fjármagnsflutninga og flutninga fólks milli landa, m.a. vegna einhæfs efnahagslífs og fámennis þjóðarinnar. Hins vegar værum við reiðubúin til fullrar þátttöku í ýmsum öðrum málaflokkum sem stefnt er að nánari samvinnu um, m.a. á sviði vísinda, mennta- og umhverfismála.

Hæstv. forseti. Utanrrh. hefur nú nýverið kynnt hugmyndir sínar um endurskipulagningu á starfsemi utanrrn. Endurskipulagning á skipulagi ráðuneytisins er mjög brýn, ekki síst eftir að utanríkisviðskiptin voru flutt úr viðskrn. yfir í utanrrn. en ljóst er að mjög aukin áhersla verður á næstu mánuðum og árum lögð á viðskiptastörf í sendiráðum Íslands erlendis.

Hæstv. forseti. Samstarf okkar við erlendar þjóðir einkennist fyrst og fremst af þátttöku í nokkrum alþjóðlegum stofnunum. Í fyrsta lagi þátttöku okkar hjá Sameinuðu þjóðunum, í öðru lagi í Norðurlandasamvinnunni og í þriðja lagi í samstarfi innan Atlantshafsbandalagsins auk Evrópuráðsins. Ég er sannfærður um að nauðsyn beri til þess að styrkja aðild okkar að þessum alþjóðasamtökum og efla okkar starf á þeim vettvangi og gera okkur gildari þar en við höfum verið.

Við eigum að taka meiri þátt í alþjóðlegu samstarfi en við höfum gert. Það er ljóst, og ekki síst eftir leiðtogafund þeirra Reagans og Gorbatjovs sem haldinn var hér í Reykjavík, að það er hlustað á okkur Íslendinga þó þetta sé lítið eyríki í Norður-Atlantshafinu. Allt slíkt starf krefst mikils mannafla og kostar mikið fé og auðvitað verður að reyna að gæta hófs í því sem öðru. En ég er sannfærður um að við getum haft áhrif til góðs, þjóð sem alin er upp við lýðræði lengur en nokkrar aðrar þjóðir í veröldinni og höfum aldrei farið með ófrið gegn annarri þjóð. Allt slíkt starf mun styrkja stöðu okkar í alþjóðlegum viðskiptum.

Hæstv. forseti. Ég vil ítreka þakkir mínar til hæstv. utanrrh. fyrir ítarlega og greinargóða skýrslu um utanríkismálefni sem hann hefur lagt hér fyrir Alþingi og er hér til umræðu og læt máli mínu lokið.

Ragnhildur Helgadóttir:

Frú forseti. Ég vil leyfa mér að spyrja hvort hæstv. utanrrh. sé væntanlegur á fundinn og ef svo er þá hvenær.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegur forseti. Ég vildi taka undir orð hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur. Það er alls ekki við hæfi að hæstv. utanrrh. skuli ekki vera viðstaddur þegar verið er að ræða skýrslu hans. Ég ítreka það vegna mikilvægis þeirra mála sem hér eru á ferðinni að hæstv. utanrrh. verði boðaður á þennan fund.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Vegna þeirra athugasemda sem hér hafa fallið vildi ég taka það fram að hæstv. utanrrh. er bundinn við önnur skyldustörf skamma hríð á þessu kvöldi, er hér væntanlegur í þingsalinn, innan fárra mínútna, vil ég vona. Ég er hér á meðan einkum vegna þess að við því var búist að á þessum fyrsta klukkutíma eftir að þingfundur hófst að nýju yrði m.a. rætt um Norðurlandamálefni en þau eru hér m.a. á dagskrá. En að sjálfsögðu mun ég líka taka þau boð og fyrirspurnir og athugasemdir sem kynnu að berast hæstv. utanrrh. meðan hann er fjarri.

Ragnhildur Helgadóttir:

Frú forseti. Ég bar fram þessa einföldu spurningu um það hvenær hæstv. utanrrh. væri væntanlegur vegna þess að mér dettur ekki í hug annað en að hæstv. ráðherra ætli sér að vera viðstaddur umræðuna um sína eigin skýrslu og sitja fyrir svörum eftir því sem þarf við slíkt tækifæri. Ég hlýt að undrast skipulagið á þessari vinnu. Mér finnst það með ólíkindum. Annars vegar finnst mér það óvirðing við hæstv. utanrrh. að láta þessa umræðu fara fram að honum fjarstöddum þegar hann er bundinn við önnur skyldustörf. Ég undrast skapstillingu hæstv. utanrrh. að láta bjóða sér slíkt. Á hinn bóginn er það líka óvirðing við Alþingi að umræðan fari fram án þess að sá sem til hennar stofnaði, hæstv. ráðherra, sé viðstaddur. Og svo ég nefni annan hv. þm. sem sýnir mikla skapstillingu, þá þykir mér það vera formaður utanrmn. sem hér flutti ítarlega og ágæta ræðu. Sjálfur formaður utanrmn. þarf að flytja sína ræðu að fjarstöddum hæstv. utanrrh. Nú má það vel vera að það hafi verið samkomulag þeirra í milli að svo skyldi verða en óneitanlega lítur þetta ákaflega einkennilega út.

Ég hlýt að gagnrýna það að þingstörfin skuli þá ekki hafa verið skipulögð með þeim hætti að hafa frekar deildarfundi í kvöld og byrja fyrr í dag á utanríkismálaumræðunni þannig að hæstv. ráðherra hefði getað sinnt þeim störfum sem hann þarf á þeim tíma sem hann þarf. Ég gagnrýni það alls ekki að hann þurfi þess. Ég gagnrýni hins vegar skipulagið á vinnubrögðunum. Ef hæstv. ráðherra er væntanlegur innan skammrar stundar, eins og hæstv. viðskrh. sagði, þá vil ég leggja það til við hæstv. forseta að hún geri örlítið hlé á fundinum. Það yrði þá hlé til sameiginlegrar kvöldkaffidrykkju eins og tíðkaðist hér í þingæsku minni en slíkt fyrirkomulag hafði afskaplega góð áhrif á þingheim og samkomulag stjórnar og stjórnarandstöðu. Vil ég stinga upp á því að þessi tilraun verði gerð.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Svo sem á hefur verið bent er auðvitað ekkert athugavert við það að gera örstutt fundarhlé. Það er alveg hárrétt. En hæstv. viðskrh. hefur skýrt frá því að hæstv. utanrrh. er bundinn við önnur skyldustörf og ætlaði að vera kominn hér í húsið um þetta leyti og er sjálfsagt alveg að koma. En hitt er líka rétt og nauðsynlegt að fram komi í þessari umræðu, að það var ætlunin að umræðum um þessa skýrslu, sem hófust í gærdag, yrði haldið áfram á

kvöldfundi í gærkvöldi. En frá því var horfið vegna eindreginna óska ákveðinna þingmanna og þá hefði ekki þurft að koma til þess, að ég hygg, að utanrrh. hefði þurft að vera við skyldustörf annars staðar. En það er auðvitað ekkert á móti því að gera örstutt hlé á umræðunni og bíða þess að hæstv. ráðherra komi hér í húsið. Það getur varla dregist í mjög margar mínútur.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég get skilið það að hæstv. utanrrh. hafi ýmsum hnöppum að hneppa og sé oft upptekinn á kvöldin en verð þá jafnframt að lýsa furðu minni á því, ég vil segja skipulagsleysi að það skuli efnt til fundar að kvöldi dags um jafnmikilvægt mál og skýrsla utanrrh. er. Ég get ekki fallist á það að þessi umræða fari fram með þeim hætti eins og hér er stefnt að, að við hv. þm., sem höfum ekki verið að flytja hér langar skýrslur eða ræður, fáum hér aðeins nokkrar mínútur eða næturfundi fram eftir allri nóttu til að fjalla um þessi veigamiklu mál. Ég mótmæli þeirri aðferð í sambandi við þessi mál. Það ber eiginlega keim af því að ekki sé óskað eftir því að þingmenn fjalli yfirleitt um þessa veigamiklu þætti sem hér eru á ferðinni að undanskildum örfáum þingmönnum sem flytja þessar meginskýrslur og meginræður fyrir hönd flokkanna. En ég get skilið það og er ekki að gagnrýna hæstv. utanrrh. fyrir það, virðulegi forseti, að hann skuli ekki geta verið hér. En við aðrir þingmenn hefðum e.t.v. getað sagt hið sama.

Ég vil vekja athygli á því að það er búið að boða til funda í nefndum, m.a. í einni nefnd sem ég á sæti í, kl. 8 í fyrramálið, þannig að það er náttúrlega í hæsta máta óviðeigandi að ætlast til þess að við komumst að klukkan tólf, eitt eða tvö í nótt til að fjalla um þessi mál og eigum svo að mæta á erfiðum nefndarfundum strax í fyrramálið, þannig að ég vil jafnvel óska eftir því, virðulegi forseti, að þessum umræðum sé þá frestað. Ég geri ráð fyrir því að hv. þm. hafi nægan tíma til að vera á þingi og sitja á þingi út maí. Við erum hér, ég vil segja starfsmenn þjóðarinnar í ákveðnum skilningi og teljum það ekki eftir okkur að fjalla um málefni þjóðarinnar eins og þörf krefur. Það er hægt að víkja að því, virðulegi forseti, með öðrum hætti en aðeins í sambandi við utanríkismálin.

En ég skal halda mig við efnið, virðulegi forseti. Ég skal halda mig við efnið. Ég hafði nefnilega hér fram að færa ákveðnar spurningar til hæstv. utanrrh. sem ég held að hæstv. viðskrh. geti ekki svarað þótt hann vildi og það nægir mér ekki að hæstv. viðskrh. skrifi niður mínar spurningar. Þær eru bæði margar og flóknar og snúa að málum eins og öryggis- og varnarmálum sem eru mjög flókið viðfangsefni núna þessa stundina eins og allir vita. Það eru atriði varðandi Evrópubandalagið sem er mjög brýnt að hæstv. utanrrh. svari hér og geri betur grein fyrir en kemur fram í skýrslu og ræðu ráðherra.

Síðan vil ég, virðulegi forseti, fá að vita hvernig núv. hæstv. utanrrh. stendur að málum eins og viðræðum um afvopnunarmál. Hvaða skipulag er á þessum viðræðum af hálfu Íslendinga? Hverjir taka þátt í þeim o.s.frv.? Og ég vil einnig vita hvað hæstv. utanrrh. gefur sér góðan tíma til þess að setja sig inn í þessi mikilvægu mál sem afvopnunarmál eru.

Síðan er það ekki síður mikið atriði fyrir okkur þingmenn og þjóðina alla að fjallað sé um það hvernig skipulagi utanrrn. sé háttað. Þar hefur greinilega orðið á mjög mikil breyting á aðeins einu ári sem krefst þess að Alþingi Íslendinga ræði það ítarlega hvort utanrrn. eins og það er skipulagt nú geti raunverulega staðist. Og þá vík ég að því atriði, virðulegi forseti, sem ég tel að þurfi að vera sérstök umræða um, þ.e. hvort ekki sé orðið tímabært að skipta þessu ráðuneyti upp í fleiri ráðuneyti þannig að veigamiklir málaflokkar, eins og t.d. varnar- og öryggismálin, afvopnunarmálin o.s.frv., fái þá umfjöllun sem þörf krefur við nútímaaðstæður.

Þetta eru atriði, virðulegi forseti, sem ég vil leyfa mér að vekja athygli á að er nauðsynlegt að fjalla um hér að hæstv. utanrrh. viðstöddum. Ég legg því til að þingmenn athugi það gaumgæfilega að þeir gefi sér góðan tíma til þess að fjalla um þessi mál. Þinghald haldi áfram, ekki til 6. maí heldur jafnvel til loka maímánaðar. Það er full þörf á því.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill ítreka það sem áður hefur fram komið að til stóð að þessi umræða færi fram í gærkvöldi. Vegna óska tveggja þingmanna var fallist á að fresta henni þar til í kvöld. Hæstv. utanrrh. hafði fyrir mörgum vikum ráðstafað tíma sínum í kvöld. Hann mun hins vegar koma hingað á hverri stundu. Það var samið um það að þessari umræðu lyki hér í kvöld og henni mun ljúka hér í kvöld. Það verður enginn frestur gefinn hér og menn geta talað um þingsköp eins og þeir vilja þangað til ráðherra kemur. — Og næstur hefur beðið um orðið um þingsköp hv. 2. þm. Austurl. sem var annar þeirra tveggja þingmanna sem olli því að þessari umræðu var frestað í gær. Það er lífsins ómögulegt fyrir forseta að semja hvað eftir annað við fulltrúa þingflokkanna og síðan stendur aldrei nokkur hlutur sem sagður hefur verið. Það er ákveðið að þessari umræðu ljúki hér í kvöld. Hér er viðstaddur hæstv. viðskrh. sem jafnframt er samstarfsráðherra um Norðurlandamálefni og það er engum neitt að vanbúnaði að halda fundi hér áfram.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það var nú óskað eftir því af málshefjanda hér, hv. 3. þm. Reykv., að það yrði upplýst af forsetum þingsins hvað ylli því að hæstv. ráðherra væri fjarverandi þessa umræðu. Ég var ekkert hissa á því þó beðið væri um slíkar upplýsingar, en þær hafa ekki verið veittar. Það hefur hins vegar komið fram í kvöld, það hefur flogið fyrir að hæstv. ráðherra hafi verið mjög vant við látinn og búinn að binda sig við önnur skyldustörf. Það er auðvitað mjög illa til fundið að þannig standi á þegar hann mælir hér fyrir skýrslu og síðan er samið hér um

starfstíma. En mér er tjáð að hæstv. ráðherra hafi verið að gegna brýnum skyldustörfum sem mundu flokkast undir tengsl við vestræna samvinnu. Samtök um vestræna samvinnu voru að kveðja einhvern af ágætum yfirmönnum svokallaðs varnarliðs á Íslandi eða mönnum honum tengdum. Og það er auðvitað orðið dálítið sérkennilegt hlutskipti Alþingis Íslendinga að vera að ræða utanríkismál að hæstv. ráðherranum fjarstöddum við skyldustörf af því tagi. En hver og einn verður að meta það hvað sé brýnt í þeim efnum.

Mér fannst þetta vera orðið hálfgert feimnismál hér í þessari þingskapaumræðu, en ég hef þetta fyrir satt. En hæstv. ráðherra er nú kominn og ég ætla ekki að tefja hér með því að ræða þetta frekar.

Vegna ummæla hæstv. forseta um það að ég hafi verið annar tveggja þingmanna sem hafi sérstaklega óskað eftir því að þessi umræða færi ekki fram í gærkvöldi heldur á fundi í dag, þá er það nú málum blandið. Ég ætla ekki að fara að orðlengja það mikið meira, en ég óskaði eftir því hér á dögunum, þegar þessari umræðu var frestað öðru sinni að hún færi fram á eðlilegum starfstíma þingsins eftir ítrekaðar frestanir og ég tók því undir það að mér fyndist eðlilegt að þessi umræða héldi áfram í dag og yrði kvöldfundur í kvöld til þess að ljúka henni og hafði þá ekki hugmynd um það að hæstv. utanrrh. væri vant við látinn. Það lá ekki fyrir þegar þau mál voru rædd.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill upplýsa að þeir ræðumenn sem hér hafa talað meðan hæstv. utanrrh. var fjarverandi gerðu það að höfðu samráði við forseta þingsins.

Ragnhildur Helgadóttir:

Frú forseti. Það skal vera örstutt. Það er einungis til þess að fyrirbyggja vissan misskilning í sambandi við samningagerð hæstv. forseta um fundahaldið nú í kvöld. Formaður þingflokks sjálfstæðismanna, hv. þm. Ólafur G. Einarsson, tjáði mér í dag að þegar hann tók þátt í þessari samningsgerð hefði hann ekki haft minnstu hugmynd um að aðalforsenda þessa samnings væri bara hreint ekki fyrir hendi, sem sé sú að hæstv. utanrrh. yrði við umræðuna. Þetta vil ég að komi fram til þess að ekki líti svo út að sjálfstæðismenn hafi brugðist einu eða neinu í þessu samkomulagi. Auðvitað verða forsendur að vera fyrir hendi. Það var einungis þetta, frú forseti.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég óska eftir því að okkur hv. þm. sé sýnd svona sæmileg kurteisi og það sé ekki talað niður til okkar hv. þm. Það er hægt að stjórna hér og hafa aga á liðinu án þess að gera það með þeim hætti sem stefnt var að hér áðan af hv. forseta. Ég óska eftir því að það verði ekki tíðkað hér meira í framtíðinni. Þá verður að mæta því með viðeigandi hætti.

Ég vil, virðulegi forseti, taka það fram út af þessu svokallaða samkomulagi sem gert var og taka undir orð hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur að meginforsenda þess að þetta samkomulag gæti staðist sem formaður þingflokks Sjálfstfl. gerði byggðist auðvitað á því að hæstv. utanrrh. væri viðstaddur og mér var ekki frekar en hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur kunnugt um að hann yrði ekki viðstaddur hér í kvöld vegna annarra skyldustarfa. Þess vegna leyfði ég mér að óska eftir því að þessum umræðum yrði framlengt þar til hann væri viðstaddur.

Nú hefur hæstv. ráðherra mætt í salinn og fagna ég því og þá getur umræðan auðvitað haldið áfram.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill vekja athygli á því að vegna staðsetningar forsetastóls er forseta ógerlegt annað en að tala niður til hv. þingheims. Umræðum um þingsköp er lokið og hæstv. utanrrh. er kominn til þings.

Ragnhildur Helgadóttir:

Frú forseti. Ég sé ástæðu til þess að fagna hæstv. utanrrh. sérstaklega og dáist að röskleika hans að vera kominn á milli staða svo skjótt sem raun ber vitni og sýnir það þá ánægjulegu staðreynd að hæstv. ráðherrum er það annt um málaflokka sína að þeir séu viðstaddir þegar um þá er fjallað og þá vafalaust reiðubúnir til að svara fyrirspurnum okkar.

Mig langar til þess að fara aðeins örfáum almennum orðum um skýrsluna sem fyrir liggur, þakka fyrir hana og lýsa yfir ánægju með það að hún hefur mikið heimildagildi. Hún lýsir mjög ákveðið að því er mér virðist afstöðu hæstv. ráðherra til mikilvægs þáttar utanríkismála, þ.e. hins vestræna samstarfs sem hér hefur raunar verið vikið að af öðrum ástæðum. En einmitt það atriði setur mjög svip sinn á þessa skýrslu eins og það atriði hefur sett svip á íslenska utanríkisstefnu sl. 40 ár. Þetta vekur aftur á móti hugleiðingar um samstarfsandann í hæstv. ríkisstjórn. Það er ljóst að visst orðalag í samstarfssáttmála ríkisstjórnarinnar byggist á því að ríkisstjórnin er ekki samstíga um þetta mikilvæga efni. Það sýna dæmin næstum því daglega nú um þessar mundir. Það er ljóst að þeir sem eru lengst frá hæstv. utanrrh. í afstöðu sinni til hins vestræna samstarfs samt þeir sem ráða ferðinni í ríkisstjórninni og það eru þeir sem halda ríkisstjórninni saman með því að þeir geta sett ýmiss konar kosti sem gengið er að, annaðhvort í raun og veru eða þá að svo lítur út sem gengið hafi verið að þeim. Þeir sem eru lengst frá hæstv. ráðherra í sjónarmiðum að þessu leyti, alþýðubandalagsráðherrarnir, þeir geta með nokkrum hætti sagt að hér sé hæstv. utanrrh. að stíga skref í rétta átt, þeir séu sem sé að draga hann til sín með einhverjum hætti. Ljótt er ef satt er, en ég held að það sé ekki einu sinni misskilningur hjá þeim. Þetta er látið í veðri vaka vegna áhuga þess flokks á því að sitja í ríkisstjórninni hvernig sem hún er og hvaða stefnu sem hún hefur þrátt fyrir allt í afstöðunni til vestrænnar samvinnu.

Mér kemur í hug saga sem oft er sögð börnum eða var a.m.k. sögð börnum þegar ég var lítil stúlka, og það er sagan um Loðinbarða. Það var verulegur

hrollur farinn að fara um mann þegar komið var þar í sögunni er Loðinbarði sagði: Hvort viltu að ég beri þig eða dragi? Það var sem sé enginn kostur góður og það er heldur ekki í þessari ríkisstjórn. Alþýðubandalagsmennirnir geta þess vegna verið í hlutverki Loðinbarða. Hinir flokkarnir í ríkisstjórninni eru á valdi þeirra, hvort sem þeim líkar betur eða verr, hvort sem þeir eru bornir eða dregnir í því samstarfi.

Þetta hljómar kannski eins og langt sótt líking en svo er ekki t.d. ef við bara lítum á fregnir í blöðunum í dag. Hér fór fram fyrir skömmu síðan umræða um heræfingar Atlantshafsbandalagsins, varnarliðsins og varaliðsins og þá féllu þung orð í ræðum hæstv. ráðherra Alþb. Ég var að lesa ræðu hæstv. samgrh. í þeim umræðum. Hann fullyrðir að það minnsta sem unnt sé að bjóða Íslendingum sé að segja það skýrt og skorinort við Bandaríkjamenn að við þessar heræfingar verði hætt. Sami hæstv. ráðherra birtist á sjónvarpsskermi í gærkvöldi, brosti feimnislega og sagði: Ja, það væri náttúrlega best ef þessar æfingar færu ekki fram, en eins og málin horfa nú, þá má segja að það sé stigið skref í rétta átt. Svo mörg voru þau orð. Í þessa veru talaði hæstv. ráðherra. Það var svo sem ekki lengur alveg fráleitt að þessar æfingar færu fram af því að nú hafði hæstv. utanrrh. fækkað þátttakendum með einhverjum hætti sem enn hefur ekki verið útskýrður. Það var eitt þeirra atriða sem ég ætlaði að leyfa mér að spyrja hæstv. ráðherra um: Hvert er hið raunverulega umfang þessara æfinga? Hvort er hér um að ræða fækkun úr 1200 niður í 800 eða fækkun úr 1000 niður í 666 eða fækkun úr 1800 niður í 1200? Eða hvaða fjöldi er það sem um er verið að tala?

Nú er það ekki svo að ég spyrji vegna þess að það breyti í raun og veru afstöðu minni til þess hvort þessar æfingar fara fram eða ekki, heldur skiptir það máli eins og það sem olli umræðunni hér um daginn um heræfingarnar, en það var þetta: að ríkisstjórn Íslands væri trúverðug í umfjöllun sinni um þetta mál, að menn ekki einungis segðu það sama heldur einnig meintu það sama. Alþingi á kröfu á því að þetta mál sé útskýrt því að við viljum taka þátt í þessu samstarfi með fullri reisn og fullri ábyrgð. Við vitum það að ábyrgðin felur í sér skuldbindingar, felur í sér það raunsæi að við viljum sjálf leggja eitthvað af mörkum til þess að það starf, sem unnið er til þess að stuðla að öryggi í vörnum landsins, beri árangur. Það þarf ekki að fara um það fleiri orðum. Það atriði var ítarlega rætt um daginn. En merking þessa, sem hæstv. ráðherra hefur sagt, er ekki ljós. Það kom fram í máli fleiri þingmanna hér í dag, m.a. þess hv. þm. sem nú gengur hér um gólfið, hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar. Þessi hv. þm., sem er helsti talsmaður Alþb. í utanríkismálum, en Alþb. veitir meginstuðninginn við ríkisstjórnina. Talsmaður þess flokks í utanríkismálum veit ekki hvað þetta þýðir. Það kom fram í ræðunni í dag. Okkur hinum, stjórnarandstæðingum, er jafnmikil nauðsyn á því að vita um hvað raunverulega er verið að tala í þessu sambandi. Og jafnglöggleg og hæstv. ráðherra gerði grein fyrir þessum málum um daginn — og það skal honum þakkað hve greinargóðar upplýsingar hann gaf þá í einstökum atriðum um einstaka þætti, dagsetningar, tölur, fjölda, eftir því sem við getum búist við að vopnlausar manneskjur hafi yfirleitt þekkingu á að skýra. Ég tel að hæstv. ráðherra hafi skýrt þetta ákaflega vel um daginn. Þess vegna tel ég mig mega vænta þess að við fáum jafngóðar skýringar nú.

En eins og málið lítur út núna, þá er ekki annað að sjá en að hæstv. ráðherra hafi slegið verulega af hinni ákveðnu stefnu sem hann hafði hér á dögunum þegar utandagskrárumræðurnar fóru fram og mun það væntanlega vera fyrir áhrif hv. 2. þm. Austurl. og hans flokkssystkina. Tæplega getur annað verið. Einhver sinnaskipti hafa þarna orðið. Ég verð að segja það að jafnmikið traust og ég ber almennt til hæstv. utanrrh. þegar vestræn samvinna er annars vegar, og ég hafði haldið að hann hefði kjark til að fylgja þeirri stefnu fram í einu og öllu, þá sýnist mér að þarna hafi komið upp það sama og ég reyndar hef séð í öðrum vissum þáttum í þessu stjórnarsamstarfi, m.a. í því hvernig til stjórnarinnar var stofnað, að veruleg frávik hafa verið frá þessari festu. Ég tel það miklu varða að við getum treyst stefnufestu og sá meiri hluti þjóðarinnar sem ég tel vera fyrir því að traustlega sé á þessum málum haldið eigi á því kröfu að hér sé alveg ljóst og greinilega talað um hlutina af hálfu hæstv. ráðherra.

Við vitum það að ríkisstjórnin hefur verið í verulegri hættu og er það alltaf öðru hvoru, og hvernig á annað að vera um ríkisstjórn sem er í þeirri aðstöðu að það hrynur af henni fylgið meðal almennings. Þá skilur maður að það þarf að grípa til ýmiss konar ráðstafana til að hrista einhvern veginn saman þá fáu sem fylgja henni enn þá. En það verður þó að vera með þeim hætti að skiljanlegt sé um hvað er verið að tala þegar mikilvægir hagsmunir eins og varnarhagsmunir landsins eru til umræðu og að ráðherra leggi það skýrt fyrir um hvað nýtt hefur verið samið eða hvað hefur nýtt verið ákveðið í því sambandi.

Ég nefndi þetta strax því að þetta var dæmi um það hvar ríkisstjórnin var innbyrðis mjög ósammála. Það er vitanlega svo um fleiri atriði í utanríkismálum, eða svo lítur út, en það er á vissum sviðum í afstöðunni til Evrópusamstarfsins, til þess hvernig hugsað er að víkka út samstarfið milli Evrópubandalagsins og EFTA eða hvaða stefna verður tekin í þeim málum. Þar er auðvitað mikill ágreiningur milli stjórnarflokkanna.

Ég vona, eins og skilja má af þessum hugleiðingum mínum, að enginn bilbugur verði á hæstv. utanrrh. eða ríkisstjórninni í heild í afstöðunni til hins vestræna samstarfs og aðildarinnar að Atlantshafsbandalaginu og að varnarsamstarfinu. Rökin fyrir hinu vestræna samstarfi hafa verið rétt. Það hefur hið 40 ára gamla starf Atlantshafsbandalagsins sýnt. Það væri mjög illa farið að sá hlekkur í þeirri keðju sem Ísland er, yrði á einhvern hátt veikari því að þar má telja víst að okkar litla land skipti meira máli en ætla mætti af stærð þess og valdi í veröldinni.

Í skýrslu hæstv. utanrrh. ítrekar hann það sem segir í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar um stefnu stjórnarinnar í utanríkismálum með þessum orðum sem þar eru skráð, með leyfi hæstv. forseta:

„Markmið utanríkisstefnu Íslendinga eru að treysta sjálfstæði landsins og gæta hagsmuna þjóðarinnar í alþjóðlegum samskiptum. Að því verður unnið með virkri þátttöku í alþjóðlegu samstarfi." Síðan eru talin upp hin einstöku atriði en ekki áréttað í þessu sambandi hvernig samstarfinu við Atlantshafsbandalagið eigi að vera háttað.

Vissulega erum við öll sammála um það að markmiðið sé að treysta sjálfstæði landsins og gæta hagsmuna þjóðarinnar í alþjóðlegum samskiptum. Einn af þeim þáttum sem hljóta að teljast til þess starfs að gæta hagsmuna í alþjóðlegum samskiptum og að gæta sjálfstæðis landsins hlýtur að vera sá að gæta varna landsins og öryggis ef út af ber í annars friðsamlegri sambúð ríkja hér á þessu svæði heimsins. Þess vegna er það að ég vil undirstrika einu sinni enn að aðildin að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamstarfið er liður í því starfi sem fram fer til að treysta sjálfstæði landsins. Og það væri mikið ábyrgðarleysi að ætla sér að varðveita sjálfstæði landsins án þess að taka þátt í samstarfi með öðrum ríkjum til þess að treysta varnir landsins.

Í því sambandi skiptir líka máli að þá erum við ekki einungis að hugsa um okkur sjálf. Við skulum segja það alveg feimnislaust að í samstarfi við önnur ríki erum við að tala um sameiginlega hagsmuni. Það eru ekki einkahagsmunir okkar, til þess getum við aldrei ætlast, heldur fara okkar hagsmunir saman með hagsmunum annarra þjóða og það er sómi fyrir Íslendinga að taka þátt í samstarfi sem fram fer til þess að varðveita frið og samstöðu meðal lýðræðisríkja eins og gert hefur verið með starfi Atlantshafsbandalagsins. Þetta held ég að við eigum að hafa í huga og minnast þessa þegar nátttröllin rísa upp öðru hvoru og telja hina mestu ófriðarhættu felast í samstarfinu innan Atlantshafsbandalagsins. Slíkt er auðvitað fráleitt og fæstir hlusta á slíkt lengur nema af gömlum vana eins og svo sem þegar maður hlustar á í útvarpinu eitthvert lag sem maður er orðinn svolítið leiður á, en maður slekkur ekki á því. Það er svona huggulegt að heyra þennan klið stundum og gerir ekkert til á meðan þorri þjóðarinnar heldur sönsum að þessu leyti og sýnir því skilning hver nauðsyn er að sinna þeim störfum og sinna því samstarfi, sem við höfum tekið hér þátt í, af fullri ábyrgð og fullri reisn.

Ég hef farið hér nokkrum orðum um Atlantshafsbandalagið. Það er kunnara en frá þurfi að segja að stundum hafa komið upp á Bandaríkjaþingi raddir um að draga beri úr fjárframlögum til sameiginlegra varna Bandaríkjanna og Evrópu og þá einkanlega til Evrópu. Það hafa stundum komið gagnrýnisraddir í þá átt. Við vitum auðvitað ekki hver þróunin í þessu verður á næstu árum. Þess vegna er það að ég vil ítreka hugmynd sem ég setti fram hér í gær í sambandi við skýrsluna um Evrópuráðið, að ég er þeirrar skoðunar að íslenska ríkisstjórnin ætti að æskja áheyrnaraðildar fyrir Ísland að Vestur-Evrópubandalaginu. Það er lítill vafi á því að þýðing Vestur-Evrópubandalagsins fer vaxandi með nánari samvinnu Evrópuríkja. Vestur-Evrópubandalagið var, eins og ég sagði í gær, stofnað á sínum tíma til þess að hafa umræðuvettvang fyrir Evrópuríkin um varnarmál en varnarmálaþátturinn er ekki á verkefnaskrá Evrópuráðsins. Þess vegna eru þessi mál rædd í Vestur-Evrópubandalaginu. Menn spyrja kannski: Hví hefur heyrst svo lítið um þetta bandalag? Það var stofnað á sínum tíma, á undan Atlantshafsbandalaginu. Síðan lagðist starfsemi þess að mestu niður þegar Atlantshafsbandalagið tók við þessum verkefnum, en það var endurvakið nú fyrir nokkrum árum. Ég tel að þar fari fram mjög mikilvægar pólitískar umræður sem snerta sameiginleg varnarmál Vestur-Evrópuríkjanna og því er það að ég tel skipta máli fyrir Íslendinga að geta fylgst þarna með. Hér var um að ræða samstarf milli Breta og nokkurra ríkja á meginlandinu. Norðmenn fengu áheyrnaraðild að þessu bandalagi í fyrra. Þetta er atriði sem þarf að kanna og ég vonast til þess að utanrrh. beiti sér fyrir því að ráðuneytið geri athugun á þessu sérstaklega og hvort við ættum ekki þarna að feta í fótspor Norðmanna og gerast áheyrnaraðilar til að kynna okkur þetta starf betur. Það er ljóst að Vestur-Evrópubandalagið virðist hafa meiri og meiri þýðingu í stefnumörkun í varnarmálum Evrópu.

Þá langar mig til að víkja að spurningu um annað efni og hún er þessi: Hver eru rökin fyrir endurskipulagningunni í utanríkisþjónustunni eins og ætlað er að hún verði? Og í öðru lagi um það efni: Fór fram sérfræðileg úttekt á rekstri ráðuneytisins? Í þriðja lagi: Fór fram sérfræðileg úttekt á rekstri utanríkisþjónustunnar? Ef svo var, er þá hugmyndin um endurskipulagningu í samræmi við niðurstöðu þeirrar úttektar? Og enn: Hver var sá galli í núverandi fyrirkomulagi sem leiddi til niðurstöðunnar um endurskipulagningu? Ástæðan til þess að ég spyr er sú, hreinskilnislega sagt, að ég kem ekki auga á rökin ef þau eru þá augljós og allt lítur þetta svo út í mínum augum sem þarna hafi verið hrært rækilega í og við það látið sitja. Það kann vel að vera að slík aðgerð, það einungis að hræra í og breyta til, hafi tilgang í sjálfu sér, en ég sé hann ekki.

Þá langar mig til að víkja að hinum breyttu viðhorfum vegna hraðrar þróunar í samstarfi Evrópuríkja, einkanlega á vettvangi Evrópubandalagsins og í því sambandi að samstarfinu milli EFTA-ríkjanna og aðild EFTA að viðræðum við Evrópubandalagið. Ég verð að segja það eins og er að mér þykir með ólíkindum hve ræða sú sem Jacques Delors hélt í janúarmánuði um hugsanlegt nánara samstarf við EFTA-ríkin hefur fljótt farið að velta ýmsum boltum á undan sér sem fara sístækkandi að því er virðist. Ég er ekki laus við þann grun að Jacques Delors hafi ekki sjálfur gert sér afskaplega nákvæma grein fyrir því hvernig hann vildi haga ýmsum þáttum í samstarfi EFTA og Evrópubandalagsins þegar hann setti fram sínar hugmyndir þar að lútandi í janúarmánuði. Ég er

heldur ekki viss um það að hann hafi gert sér svo nákvæma grein fyrir því hvað var meiningin að láta felast í því sem stundum er kallað hin félagslega vídd, eða „social dimension" eins og þeir segja í þessu samstarfi, enda kom það í ljós nú á dögunum þegar íslenska Evrópustefnunefndin heimsótti m.a. Evrópubandalagið og ræddi við nokkra embættismenn þess að við gátum ómögulega fengið svar við þeirri spurningu hvað menn hugsuðu sér að fælist raunverulega í þessari margumræddu félagslegu vídd. Og mér er nær að halda að þeir viti það ekki enn. Ég held að þarna hafi menn dottið ofan á nokkrar hugmyndir sem hafi hljómað nokkuð vel. Það átti að ná samstarfi á ýmsum áhugaverðum sviðum mannlífsins, í félagsmálum, hinni þjóðfélagslegu velferð, í mennta- og menningarmálum, vinnumarkaðsmálum, umhverfismálum o.s.frv.

Mér líður ekki úr minni að ég spurði á fundi um það hvernig menn hygðust ná samstarfi um þessa félagslegu vídd, hvað fælist í þessu. Og þá fékk ég þau hreinskilnislegu svör að það væri ekki ljóst. Það í fyrsta lagi segir okkur það að það er ekki tímabært að rjúka neitt ekki upp til handa og fóta út af því. Í öðru lagi kom það fram að það væri hugmyndin, það leiddi af sjálfu sér að nánara samstarf á efnahagssviðinu, sameiginlegur markaður hlyti að leiða til þess að margar reglur sem kæmu til greina í samskiptum manna þyrfti að samræma, svo sem eitt og annað á tryggingasviði, á sviði vinnumarkaðar og fleira. Það var þó óljóst hvort þetta ætti að gera með því að búa til nýja sérstaka samninga, búa til einn nýjan sérstakan samning um félagslegt öryggi fyrir Evrópubandalagið eða þá einfaldlega að taka upp Evrópuráðssamninginn um félagslegt öryggi sem er búinn að vera til árum saman. Það er nýlega búið að ganga frá breytingum á þeim samningi. Það kom nú kannski þrátt fyrir allt til greina að nýta þann samning og allt það geysilega starf sem að baki honum liggur. Og það fer fram samstarf núna um þessar mundir. Það var fyrir nokkrum dögum fundur um þetta efni í Hollandi. Hann sátu þeir sem þátt tóku í félagsmálanefnd Evrópuráðsins og nokkrir sérfræðingar sem og samsvarandi nefnd frá Evrópubandalaginu.

Ég segi frá þessu hér til þess að sýna hve óralangt frá raunverulegri framkvæmd þessi mál eru, hvílíkt óhemjustarf á eftir að vinna til þess að við getum talað um að þarna sé raunverulega eitthvert samræmingarstarf í gangi á þessu sviði. Sama má segja um fleiri þætti. Okkur er tíðrætt um samstarfið í menntamálum. Nú vil ég taka fram áður en ég held lengra að ég tel það mjög æskilegt og af hinu góða fyrir okkur og öll þessi lönd að það samstarf sem þegar er orðið á grundvelli sáttmála, t.d. um félagslegt öryggi Evrópuríkja, allra Evrópuríkjanna sem taka þátt í Evrópuráðinu, sé tekið upp og innleitt með enn rækilegri hætti í Evrópubandalaginu og sé þá opið fyrir þá sem vilja taka þátt í því og sömuleiðis tel ég mjög æskilega og til góðs samvinnuna um menntamál, þó að því tilskildu að hún verði ekki til þess að loka fyrir þeim sem utan bandalagsins standa. Það er ekkert nýtt, upp fundið í Brussel, að koma á samstarfi milli Evrópuríkja um aðgang að háskólum eða viðurkenningu prófskírteina eða sérþekkingar. Þetta er starf sem er búið að kosta margra ára vinnu í flestum Evrópulöndum. Þetta er e.t.v. lengst komið innbyrðis milli Norðurlanda, en svo langt er þetta samt frá því að verða veruleiki milli Evrópulandanna og hlýtur að vera jafnvel innbyrðis milli Evrópubandalagslandanna, sem þó eru komin verulega áleiðis með Erasmus-áætlun sína sem er um samstarfið á háskólasviðinu, að því fer svo fjarri að slík framkvæmd nái einu sinni til heilla ríkja innan bandalagsins. T.d. í Þýskalandi, við þekkjum það sem eitthvað höfum komið nálægt menntmrn. eða samstarfi Háskóla Íslands við önnur lönd, að það er t.d. svo að það hefur hvað eftir annað komið í ljós gagnvart íslenskum stúdentum að próf héðan í vissum greinum eru ekki viðurkennd nema við tiltekna háskóla í Þýskalandi. Háskólinn í München viðurkennir alls ekki það sama og háskólinn í Karlsruhe og innbyrðis milli ýmissa skóla í Þýskalandi ganga skírteinin ekki. Sama er að segja um fleiri lönd svo að menn sjá af þessu hve langt er í land með það að menn séu að tala um raunverulega samræmingu.

Hver er þá niðurstaða mín af þessum bollaleggingum? Er tilgangurinn að vera neikvæð út í þetta samstarf? Sá er ekki tilgangurinn. Tilgangurinn er sá að undirstrika það að efnahagssamstarfið sé bundið við efnahagssamstarfið, það fari ekki inn á öll mögulegu svið þjóðlífsins, að menn séu ekki að reyna að gleypa sólina, það er of erfitt í einum bita. Menn séu ekki að reyna að leysa öll vandamál mannlegs lífs á einu bretti. Það er miklu skynsamlegra að snúa sér að þeim þáttum sem við raunverulega getum haft yfirsýn yfir og sem skipta máli til þess að ná skynsamlegri niðurstöðu í beinhörðum viðskiptum landanna. Hinir þættirnir eru þegar í vinnslu í öðrum stofnunum þar sem bæði Evrópubandalagsríkin og EFTA-ríkin eiga hvort sem er samstarf.

Það er enn önnur ástæða til þess að ég fer orðum um þetta atriði og hún er sú að nú þegar Ísland tekur við formennsku í EFTA-ráðinu, þá þykir mér það skipta máli að Ísland athugi þessi atriði sérstaklega vel, að við göngum ekki í þá gildru að styðja sem allra víðtækast samstarf á sem flestum sviðum í stofnunum sem eru ekki með samstarf í þeim greinum, heldur einbeitum okkur að því að ná árangri á þeim sviðum sem hægt er að fást við og sem við verðum að ná árangri á til að tryggja hagsmuni okkar og raunar samstarfsþjóða okkar í viðskiptamálum.

Áður en ég vík að öðru vil ég svo sannarlega óska utanrrh. Íslands alls góðs í því vandasama starfi sem hann tekst á hendur þegar hann tekur við formennsku í EFTA-ráðinu og í sambandi við slíkar heillaóskir tel ég ekki síður ástæðu til þess að óska þeim hv. þm. sem annaðhvort hefur þegar verið útnefndur sendiherra eða verður það mjög fljótlega við sömu stofnun líka alls góðs í sínum störfum. Ég þekki hans störf að góðu. Ég tel hins vegar ástæðu til að undirstrika þetta. Við skulum ekki búa til enn eitt

báknið. Við skulum nýta þessi bákn sem hafa möguleikana, sérfræðiþekkinguna og við eigum aðgang að og okkar sérfræðingar eiga aðgang að þátttöku í með litlum tilkostnaði, eins og Evrópuráðið. Það er atriði sem kannski hefur ekki þótt sérstaklega kurteislegt að vera að ræða en það skiptir okkur máli, að við nýtum það samstarf sem okkur býðst með tiltölulega litlum tilkostnaði. Með þessu er ég þó alls ekki að segja að við eigum aðeins að horfa á það atriði. Í því sambandi vil ég sérstaklega nefna eina stofnun sem ég tel að við raunar sinnum of lítið, en það er OECD. Þar þurfa okkar menn að vísu að taka þátt í störfum með fullum tilkostnaði eins og í öðrum stofnunum nema Evrópuráðinu þar sem greitt er fyrir sérfræðingana. OECD er ein þeirra stofnana sem vinna svo frábæra sérfræðivinnu að þar væri þó ekki áhorfsmál að taka meiri þátt í störfum. Ég nefni svið eins og t.d. heilbrigðisþjónustuna. Þar er unnið frábært starf sem getur verið til mikillar leiðbeiningar í sambandi við kostnað í heilbrigðisþjónustunni. Einnig í sambandi við kostnað og árangur í rekstri tryggingakerfis í ljósi breyttra aldurshlutfalla í íbúafjölda ríkjanna. Með öðrum orðum, þar byggja menn á nýjum tölfræðilegum upplýsingum og þróun sem sumpart þegar er orðin eða menn geta af faglegri þekkingu reiknað nokkuð fram í tímann. Á þessu vil ég vekja athygli að í þessu starfi gætum við tekið árangursríkari þátt. Við höfum séð að við höfum haft verulegt gagn af slíku samstarfi á menntamálasviðinu, og mér þykir það nægilegt dæmi að nefna í þessu sambandi og sams konar verk væri hægt að vinna á fleiri sviðum.

Mér er sjálfri farið að þykja, frú forseti, sem ég sé komin í þann farveg sem ég hugsaði um þegar hæstv. ráðherra flutti ræðu sína að sennilega væri hæstv. utanríkisráðherra ekkert mannlegt óviðkomandi en þegar ég fór að athuga málið sá ég hve mjög utanríkismálin tengdust mörgum sviðum og einkanlega þegar þess er gætt að hið alþjóðlega samstarf sem við tökum þátt í tengist hinum margvíslegustu sviðum.

Hæstv. ráðherra lagði sérstaka áherslu á tvennt sem ég hef ekki minnst á. Annars vegar umhverfismálasamstarf almennt og umhverfismálastarf hér á landi svo og viðskiptamál. Það gleður mig að hæstv. ráðherra leggur áherslu á það, ef ég skil hann rétt, að það sé ekki síst hlutur okkar Íslendinga sjálfra sem þarf að styrkja og bæta. Hvað við getum sjálf lagt af mörkum sem hefur þýðingu ekki einungis fyrir okkur heldur og fyrir umhverfi okkar allt.

Þess vegna tek ég mjög eindregið undir orð hans í sambandi við umhverfismálin og ekki síst það sem veit að mengunarrannsóknum á höfunum sem við erum öðru hvoru minnt á, með óþyrmilegum hætti þó, hvaða þýðingu hefur fyrir okkur, bæði fyrir líf og heilsu fólks í landinu og ekki síður fyrir útflutningshagsmuni landsins. Beinlínis fyrir lífsbjörg þessa lands.

Frá því máli vil ég svo flytja mig yfir í umfjöllun um utanríkisviðskiptin og sérstaklega eitt atriði sem hæstv. ráðherra hefur undirstrikað. Það er þáttur sem ég tel að of sjaldan sé tekinn verulegum tökum á Alþingi, enda er Alþingi kannski ekki sá aðalstaður sem ætti um það að fjalla en það er hins vegar verkefni sem Alþingi má aldrei loka augunum fyrir og er þetta: Til þess að ná árangri í utanríkisviðskiptum þurfum við Íslendingar ekki síst að gera hreint fyrir okkar eigin dyrum, ef svo má segja, og það er ekki síst hér á heimavettvangi sem við þurfum að gá að hlutunum. Svo maður orði það eins og ég gæti ímyndað mér að viðskiptafræðingar eða hagfræðingar mundu orða það: Það þarf að styrkja samkeppnishæfni íslenskra útflutningsgreina. Ég sé að hv. þm. sem er hagfræðingur kinkaði kolli og ég leyfi mér að skilja það svo að ég hafi notað rétt hugtak. — Það er samkeppnishæfni. Og hví skyldi ég vera að minnast á þetta í sambandi við umræður um utanríkismál? Það er ósköp einfaldlega vegna þess að mín skoðun er sú að á hverjum íslenskum útflytjanda hvíli næstum því meiri ábyrgð en á einstökum útflytjendum í miklu stærri og fjölmennari ríkjum.

Ég held að sú vara sem er íslensk og keypt á erlendum markaði, af henni sé e.t.v. það sem íslenskt er metið. Ef hún er gölluð held ég að það sé stærri skaði heldur en einungis það sem maður verður fyrir ef hann kaupir gallaða vöru úr búð. Miklu stærri skaði verður ef heilu vörusendingarnar eða hluti af stórum vörusendingum úr mikilvægum útflutningsgreinum eru gallaðar. Þær draga úr áliti, ekki aðeins á þeim sem selja þá vöru heldur á allri íslenskri framleiðslu. Þetta kemur e.t.v. fyrir vegna þess að það er varla hægt að segja að Íslendingar séu orðnir að fullu iðnvædd þjóð. Við höfum e.t.v. ekki enn þá vanið okkur af þeirri hugsun að við getum einfaldlega sótt gull í greipar Ægis eða með einhverjum hætti það sem við höfum kallað lifað á landsins gæðum. Við teljum að það sem tryggi afkomuna sé e.t.v. einungis að ná auðlindunum með einhverjum hætti í fangið en hugsum ekki alla leiðina, þ.e. að allt verði að vera frágengið í þeim búningi sem best er á þeim mörkuðum sem harðastar kröfurnar gera.

Þess vegna styð ég eindregið að því starfi sem unnið er á vegum utanrrn. og beinist að markaðsmálum erlendis sé í vaxandi mæli beint að því að veita aðhald til þess að auka samkeppnishæfni útflutningsvaranna. Þetta hygg ég að sé verkefni sem skili sér margfalt ef vel er að því staðið.

Að lokum, frú forseti, eitt lítið atriði í sambandi við norræna samvinnu. Hv. þm. Eiður Guðnason, 3. þm. Vesturl., vék að ýmsum atriðum í norrænni samvinnu, m.a. tveimur atriðum í sambandi við menningarsamstarfið. Það er nú varla hægt að minnast ógrátandi á norræna sjónvarpshnetti svo það er best að gera það ekki. Það mál fór út um þúfur. Ég held að við séum orðin of sein með það vegna þeirrar þróunar sem hefur orðið annars staðar í heiminum og út um alla Evrópu, það sé í sjálfu sér ekki lengur á dagskrá. En hitt vil ég nefna að ég er innilega ósammála hv. þm. um það að við eigum að stefna að því að nota einungis ástkæra ylhýra málið á fundum erlendis, m.a. í norrænu samstarfi, og fá það þýtt jafnharðan eins og Finnar gera. Hvað gerist með

Finna sem eru ekki sænskumælandi eða mæla einhverja norræna tungu? Þeir einangrast meira og minna í samskiptum við annað fólk í hinu norræna samstarfi. Það er engan veginn nóg í slíku samstarfi að koma í ræðustól á hundrað manna fundi, flytja þar fimm mínútna ræðu og búið. Menn verða að geta tjáð sig, skilið annað fólk og látið skilja sig, geta náð persónulegu sambandi við starfsbræður og systur frá öðrum löndum. Í því er gildi þessa samstarfs fólgið. Í því er fólginn möguleikinn til ótrúlega auðveldra upplýsingaskipta um mikilvæg þingmál og miðlun þekkingar. Því held ég að við ættum að láta af því að hafa nokkrar meiri háttar áhyggjur af því þó að við tölum okkar skandinavísku, skóladönskuna okkar með íslenskum framburði eða hvað sem það nú er sem við tölum. Það er algjörlega ljóst að þetta mál sem Íslendingar tala, skandinavíska, er fullkomlega gjaldgengt í norrænu samstarfi. Það skilja allir Íslendingana betur en t.d. Svíar skilja Dani. Það er miklu skynsamlegra að tala sína skandinavísku og láta skilja hana heldur en að tala sama málið næstum því, eins og Danir og Svíar virðast gera stundum, og skilja svo ekki hvor annan. Ég hef því ekki meiri háttar áhyggjur af því að það muni fara allur kúfurinn af orku hv. þm. í þessu samstarfi í það að koma frá sér nokkurra mínútna svari á skandinavísku í ræðustól. Ég hef m.a. heyrt hv. þm., sem nú vill fara að láta kosta upp á þýðingar fyrir okkur jafnharðan, margsinnis flytja ræður í Norðurlandaráði og eftir atvikum svara fyrir sig fullum hálsi. Mér hefur bara ekki dottið í hug annað en að það væri gjörsamlega áreynslulaust eða áreynslulítið fyrir hann. Auðvitað er það erfiðara að vinna á öðrum tungumálum en sínu eigin. Mér dettur ekki í hug að halda öðru fram. Það er miklu meiri áreynsla. En við breytum því ekki að okkar móðurmál er tungumál sem 250.000 manneskjur í heiminum skilja. Ef við ætlum ekki að einangrast í samstarfi við annað fólk verðum við að hlíta því að það kostar vinnu að vera fámenn þjóð sem vill halda uppi sjálfstæðri menningu og varðveita sitt eigið tungumál sem við vissulega viljum gera. Það kostar okkur þá vinnu að við verðum að leggja á okkur að læra eitthvað af öðrum tungumálum, enda er blessuðum börnunum ekki vorkennt það í grunnskólanum þegar þau byrja litlu greyin 10 og 11 ára gömul að læra erlend tungumál og með ágætum árangri.

Ég held því að við ættum ekki að vera að fara inn á sömu braut í þessum þýðingarmálum og þær þjóðir sem tala tungumál sem eru í raun og veru ekki norræn. Þó að finnska þjóðin sjálf sé vissulega í hinni norrænu þjóðafjölskyldu þá er finnskan ekki norrænt tungumál að uppruna. Það vitum við og það væri einkennilegt ef við, sem erum eina þjóðin á Norðurlöndum sem hefur ekki gleymt tungunni sem var töluð þar til forna, ættum að fara að láta túlka. Það væri laglegur ósigur. Ef menn ekki treysta sér til að tala þessa skandinavísku, svo fögur eða ófögur sem hún er, þá tali þeir bara íslensku óþýtt. Ég er á móti tilkostnaði eins og þessum sem hv. 3. þm. Vesturl. nefndi. Óska að öðru leyti norrænu samstarfi vitaskuld alls hins besta.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Það er óneitanlega ærið sérkennilegt í umræðum um skýrslu utanrrh. tiltekinnar ríkisstjórnar að verulegur fundartími skuli fara í að hlýða á ræður meintra stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar um þessa skýrslu og um gjörðir og athafnir utanrrh. Eitt af því sem hæstv. núv. ríkisstjórn hefur kallað yfir sig er að hafa Alþb. með sér í ríkisstjórn en ég skal koma nánar að því eilítið síðar.

Mætti ég ekki minna forseta á það að hv. 8. þm. Reykv. Eyjólfur Konráð Jónsson bar fram þá ósk fyrir kvöldmat í dag að kallað yrði á hæstv. fjmrh. sem hefur nú látið töluvert til sín taka á erlendum vettvangi í eigin nafni og Íslands eftir atvikum. Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson bað um að fá fjmrh. á fundinn til þess að geta lagt fyrir hann spurningar um utanríkismál. Ég bara rétt minni á þetta, virðulegi forseti, því að nú eru sennilega liðnir einir sex eða sjö tímar síðan þessi ósk var fram borin.

Ég vil byrja umfjöllun mína um ræðu og skýrslu utanrrh. með að fagna þeirri almennu greiningu á alþjóðamálum sem þar kemur fram. Hún er í höfuðatriðum í samræmi við þá afstöðu og greiningu á þessum málum sem flestir stuðningsmenn Sjálfstfl., Alþfl. og Framsfl. hafa fylgt í mjög langan tíma, að breyttu breytanda að vísu. Ég nefni lítið dæmi úr þessari skýrslu þessu til áréttingar, en á bls. 8 í skýrslunni segir m.a., með leyfi forseta: „Allt frá stríðslokum hefur ójafnvægi á sviði hefðbundinna herja í Evrópu Sovétmönnum í vil verið helsta undirrót erfiðleika í samskiptum austurs og vesturs." Ég ætla ekki að lesa lengra hér en það var þessi tilvitnun fyrst og fremst en síðan er önnur á bls. 52 um markmið Íslendinga í öryggis- og varnarmálum sem er auðvitað full ástæða til að taka undir. Þar segir að hornsteinn stefnu Íslands í öryggis- og varnarmálum sé þátttaka okkar í varnarsamstarfi vestrænna þjóða. Tilgangur þess samstarfs hafi ætíð verið að tryggja frið í okkar heimshluta og innan ramma varnarsamningsins við Bandaríkin frá 1951 höfum við lagt fram okkar skerf til varnarsamstarfs ríkja Atlantshafsbandalagsins.

Það eru auðvitað grundvallaratriði sem þessi sem ástæða er til þess að undirstrika og sem full samstaða er um með utanrrh. og til að mynda okkur sjálfstæðismönnum, þó svo að raddir aftan úr forneskju heyrist nú því miður enn á hv. Alþingi þegar komið er að þessum málum. Atlantshafsbandalagið hefur starfað í 40 ár. Það hefur uppfyllt þær kröfur sem til þess voru gerðar og þær vonir sem við það voru bundnar hafa ræst. Fyrir tilverknað þessa bandalags og þess frjálsa samstarfs lýðfrjálsra ríkja sem þar er að finna er skriður kominn á raunverulegar viðræður um afvopnun og á sínum tíma tókst að halda aftur af þeim öflum í álfunni sem vildu leggja undir sig og brjóta á bak aftur frjáls lýðræðissamfélög í Evrópu.

Um þetta er ekkert deilt í dag nema á fundum einhverra sérvitringa sem koma saman til þess að halda upp á gamlar endurminningar um þessi mál. Það er engu að síður ástæða til þess að árétta þetta, m.a. vegna þeirrar 100 mínútna ræðu sem hv. þm. Hjörleif-

ur Guttormsson, stuðningsmaður þessarar ríkisstjórnar, flutti um þetta efni. Það hlýtur að vera erfitt að vera alþýðubandalagsmaður og stuðningsmaður ríkisstjórnarinnar og hæstv. núv. utanrrh. og þurfa að skrifa upp á þau ummæli sem standa í skýrslu utanrrh. á bls. 10, með leyfi forseta:

„Fyrirrennarar mínir í starfi hafa á undanförnum árum leitast við að auka hlutdeild Íslendinga við þróun áætlana varðandi varnir landsins svo og við starfrækslu ratsjár- og fjarskiptastöðva. Samfara þessu hafa Íslendingar leitast við að gerast virkari aðilar að Atlantshafsbandalaginu. Haldið verður áfram á sömu braut í tíð núv. ríkisstjórnar." Ég fagna þessu. Ég get ekki annað en skilið að það sé erfitt að vera alþýðubandalagsmaður með sjónarmið hv. 2. þm. Austurl. og þurfa að bera ábyrgð á þessum skrifum og þessari stefnumörkun sem í þeim felst.

Það fer þó ekki hjá því að hv. 2. þm. Austurl. og hans skoðanabræður hafi einhver áhrif á störf utanrrh. Það kom fram varðandi ákvörðun ráðherra um æfingar varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli og þess varaliðs sem hingað á að koma komi til ófriðar, að ráðherrann hefur vikið frá fyrri áformum að því er virðist eingöngu til þess að koma til móts við Alþb., nema hann sé þá líka að koma til móts við forsrh. sinn og koma honum út úr þeirri klípu sem ummæli hans um þetta efni höfðu óneitanlega komið honum í. Það er nú búið að fjalla um þetta fyrr í umræðunum. Ég skal ekki gera þessar æfingar að frekara umtalsefni en litlu verður Vöggur eflaust feginn og Alþb. getur þá tuggið á því beini sínu sem utanrrh. hefur í það kastað að varaliðinu sem kemur til Íslands í júní hafi verið fækkað um hvorki meira né minna en 200 manns.

Hins vegar mun væntanlega fljótlega á það reyna hvort áhrifamáttur Alþb. nær lengra en til þess að takmarka þátttökuna í þessum æfingum varnarliðsins. Það mun á það reyna hvort neitunarvald Alþb. í ríkisstjórninni nær til að mynda til þess að koma í veg fyrir þá forkönnun á alþjóðlegum varaflugvelli í samstarfi við Mannvirkjasjóð Atlantshafsbandalagsins sem ákvörðun þarf að taka um innan tíðar. Ég minni á að við nokkrir þingmenn höfðum flutt þáltill. um að Alþingi taki af skarið í þessu máli og hreinlega feli utanrrh. að heimila þessa forkönnun til að það leiki enginn vafi á því hver vilji Alþingis er í þessum málum hvað svo sem einstakir þingmenn Alþb. láta frá sér fara um þetta efni. Ég treysti því að utanrrh. láti ekki Alþb. kúga sig í því máli þó svo hann hafi gefið eftir að hluta til varðandi æfingarnar fyrirhuguðu í júní og, eins og ég sagði, þá eflaust líka til þess að bjarga forsrh. sínum úr klípu.

Virðulegi forseti, þegar verið var að fjalla um skýrslu þáv. utanrrh. í fyrra gerði ég nokkuð að umtalsefni í ræðu minni með hvaða hætti atkvæði Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum hafði verið varið í nokkrum málum sem þá komu til umfjöllunar. Ég rakti það í mjög ítarlegu máli hvernig afstaða hafði verið tekin til einstakra tillagna hjá Sameinuðu þjóðunum og færði rök fyrir því að sú stefnubreyting sem virtist vera orðin hjá íslensku ríkisstjórninni frá því sem var í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar væri óábyrg. Því var í engu svarað af hálfu þáv. utanrrh. nema með einhverjum almennum orðum þegar farið var rækilega yfir hverja einustu tillögu sem ég gerði athugasemdir við. Hins vegar hefur hæstv. núv. utanrrh. svarað þessu fyrir sitt leyti í verulegum mæli með því að breyta afstöðu Íslands aftur í fyrra horf, a.m.k. að því er varðar þær tillögur þar sem afstöðubreytingin var einna fáránlegust. Ég nefni sem dæmi tillögu, sem ég lagði reyndar fram fyrirspurn um í þinginu í fyrra, frá Úkraínu og fleiri ríkjum. Þó að Úkraína sé ekki sjálfstætt ríki á hún aðild að Sameinuðu þjóðunum af sögulegum ástæðum. Þar urðu hrapalleg mistök að mínum dómi í fyrra sem utanrrh. hefur nú leiðrétt og ég fagna því.

Sama er að segja um nokkur önnur mál eftir því sem ég fæ séð í fljótu bragði en þó ekki öll því að í a.m.k. tveimur eða þremur tilvikum hefur utanrrh. haldið sig við þá afstöðu sem forveri hans tók jafnvel þó að samstarfsríki okkar innan Atlantshafsbandalagsins hafi tekið aðra afstöðu. Ég nefni hér til að mynda tillögu nr. 43/78e, stöðvun kjarnorkuvopnakapphlaupsins og kjarnorkuafvopnun sem flutt er af Argentínu, Bangladesh og fleiri ríkjum. Þar vorum við á móti í hittiðfyrra. Því var breytt í fyrra yfir í hjásetu og þannig hefur það verið í haust þó svo að Noregur og flest NATO-ríki hafi verið á móti.

Nú er að vísu erfitt að fjalla um þessi mál löngu eftir að þessar atkvæðagreiðslur eru um garð gengnar og kannski ekki hægt um vik að vera með gagnrýni eftir á þegar menn hafa ekki aðgang að upplýsingum um leið og málin eru afgreidd. Það er þó auðvitað þannig um flest þau mál sem snerta afvopnun — og það veit ég að ráðherrann er mér sammála um — að þá eiga lýðræðisríkin innan Atlantshafsbandalagsins auðvitað samleið.

Hér er önnur tillaga sem Tékkóslóvakía hefur flutt, tillaga nr. 43/78c, um alþjóðlega samvinnu um afvopnun. Þar kemur fram að ráðherrann hefur ekki látið sér nægja að sitja hjá heldur hefur hann stutt þessa tillögu þó svo að öll NATO-ríki önnur en Noregur og Danmörk hafi annaðhvort setið hjá eða verið á móti. Ísland var til skamms tíma á móti þessari ályktun, enda tel ég að um hana eigi við sömu röksemdir og um tillögu Úkraínu og fleiri aðila sem ég gat um áðan og hef rætt nokkrum sinnum á Alþingi. Ég furða mig því hvernig hér hefur verið staðið að málum og að þetta skuli hvergi hafa komið fram fyrr en í þessari skýrslu um þátttöku Íslands á síðasta þingi Sameinuðu þjóðanna.

Mér finnst engu að síður mikilvægast að ráðherrann skuli hafa tekið undir gagnrýni mína frá því í fyrra einfaldlega með því að breyta atkvæði Íslands aftur þegjandi og hljóðalaust yfir í það sem það var, þannig að það fari ekkert á milli mála að í fyrra hafi þarna verið um ákveðin mistök að ræða.

Ég hafði hugsað mér að víkja örlítið að utanríkisviðskiptum og alþjóðlegum viðskiptamálum. Hér segir í skýrslu ráðherra með leyfi forseta: „Á alþjóðlegum vettvangi munu Íslendingar taka þátt í sam-

starfi á ýmsum sviðum með það að markmiði að stuðla að auknu frelsi í viðskiptum hvar sem því verður við komið." Þetta er auðvitað mjög jákvæð og eðlileg yfirlýsing og stefnumörkun af Íslands hálfu þó svo að síðar komi í ljós að við þetta eru þó alls kyns undarlegir fyrirvarar.

Má ég, með leyfi forseta, vitna hér í skýrslu utanrrh. á öðrum stað, en á bls. 48 segir: „Með markvissum aðgerðum til að lækka tollmúra og draga úr öðrum viðskiptahindrunum aukast viðskipti þjóða á milli öllum til hagsbóta." Mikið rétt, hárrétt, nákvæmlega rétt. Þetta eru almenn sannindi sem við hljótum öll að taka undir. Aukning alþjóðaviðskipta, t.d. frá því í lok síðustu heimsstyrjaldar, er eitt af því og sennilega það sem hefur mest bætt lífskjörin í heiminum. Aukin verkaskipting þjóða í milli hefur gert þjóðunum kleift að hagnýta framleiðsluþætti sína á mun hagkvæmari hátt en ella væri. Það eru augljós sannindi að engir eiga meira undir slíkri verkaskiptingu og þeirri hagkvæmni sem henni fylgir en þau ríki sem eru eins háð utanríkisviðskiptum og verslun og við Íslendiangar.

Í framhaldi af þessu, virðulegi forseti, er á bls. 13 í skýrslu ráðherra vikið að fundi leiðtoga EFTA-ríkjanna sem haldinn var í Osló fyrir skömmu. Þar er því lýst hvernig yfirlýsing fundarins hljóðar. Þar segir m.a. að EFTA-ríkin séu tilbúin að efna til könnunarviðræðna við Evrópubandalagið um alla þætti innri markaðar bandalagsins, þ.e. óhindruð vöruviðskipti, þjónustuviðskipti, fjármagnsflutninga og flutning fólks milli landa að því marki sem unnt væri. Sömuleiðis er því lýst á bls. 45 með dramatískum hætti að Íslendingar hafi ákveðið að setja fyrirvara við alla yfirlýsingu leiðtogafundar EFTA þar til ljóst væri að fríverslun með fisk næðist fram og í yfirlýsingunni yrði tekið fram og fallist á fríverslun með sjávarafurðir innan EFTA. Hér segir, með leyfi forseta: „Þessum fyrirvara var haldið til streitu og á lokamínútum þessa fundar samþykktu Finnar ..." Þar með var hindruninni rutt úr veginum og væntanlega fallið frá fyrirvaranum.

Málið er nú engu að síður það, virðulegi forseti, og það kemur aftur fram á bls. 13 að Steingrímur Hermannsson forsrh. gerir í ræðu sinni „ýmsa fyrirvara" um hin atriðin þrjú, þ.e. þjónustuviðskipti, fjármagnsflutninga og flutning fólks milli landa að því marki sem unnt væri vegna einhæfs efnahagslífs og fámennis þjóðarinnar. Hins vegar væru þeir reiðubúnir til fullrar þátttöku í ýmsum öðrum málaflokkum o.s.frv. Mér er spurn, virðulegi utanrrh. Hvernig getur maður sem gerir fyrirvara við yfirlýsingu út af tilteknu atriði, fær sínu framgengt að því er varðar það atriði, síðan gert fyrirvara við alla yfirlýsinguna? Hvers konar vinnubrögð eru það? Slík vinnubrögð tíðkast ekki í samskiptum manna á meðal eða í samskiptum einstakra hópa, hvað þá í samskiptum ríkja.

Ef maður les saman yfirlýsingu EFTA-fundarins, sem er birt sem fskj. V í skýrslunni, bls. 69 og ræðu hæstv. forsrh. á bls. 71 er ekki að sjá að verið sé að tala um sama hlutinn. Það er ekki að sjá að hæstv. forsrh. sé yfirleitt að tala um þetta plagg. Ég verð að lýsa alveg sérstakri undrun og furðu minni á því hvernig þessar yfirlýsingar hafa verið túlkaðar sem einhver sérstakur allsherjarfyrirvari Íslands við þessa mikilvægu EFTA-yfirlýsingu sem gengur nákvæmlega út á þau sömu stefnumið um frjálsa verslun og alþjóðaviðskipti og ég var að lesa upp úr skýrslu utanrrh. Ég verð að lýsa furðu minni á almennum fyrirvara af hálfu forsrh. um þessa merkilegu yfirlýsingu.

Ég get hins vegar tekið undir að haldbær rök séu fyrir því að Íslendingar vilji gá að sér að því er varðar frjáls viðskipti með fjármagn, vinnuafl og jafnvel þjónustu, þó að það sé nú langsóttara. Hvað segir þá í yfirlýsingunni sjálfri, virðulegi ráðherra? Þar segir í 11. lið: „Við gerum ráð fyrir því að samningaviðræður mundu leiða til samkomulags að svo miklu leyti sem það er mögulegt um óhindraðan flutning á vöru, þjónustu, fjármagni eða fólki með það að markmiði að koma á einu samræmdu evrópsku efnahagssvæði." Að svo miklu leyti sem það er mögulegt. Hvað heitir þetta orðalag á íslensku? Þetta er fyrirvari. Þetta er almennur fyrirvari inni í skjalinu sem allir gera, að svo miklu leyti sem það er mögulegt, að svo miklu leyti sem það hentar hverju ríki og aðstæðum á hverjum stað. (**Utanrrh.:** Just.) Just, virðulegi ráðherra. Hvað á það að þýða af hálfu forsrh. Íslands og af hálfu utanrrh. að taka það upp í skýrslu sína að það sé fyrir utan þetta einhver almennur fyrirvari við öll meginatriði málsins? Hvað á það eiginlega að þýða, virðulegi ráðherra? Hvers lags misskilningur er þá hér á ferðinni?

Ef það er svo, eins og lýst er í skýrslunni, að Íslendingar hafi gert fyrirvara um að afgreiða þetta mál vegna þess að ekki tókst að fá samþykki um frjálsa verslun með sjávarafurðir, þá er það auðvitað hneisa að halda sig við fyrirvarann eftir að fallið er frá því skilyrði, eftir að það mál hefur náð fram að ganga. Og ef það er svo að menn vilja engu að síður hnykkja á sérstöðu Íslands að því er varðar frelsi í flutningum fjármagns, fólks og þjónustu á milli landa, þá á auðvitað að gera það í undirbúningsvinnunni.

Ég geri ráð fyrir því að fulltrúar Íslands við samningu þessa skjals hefðu með hægu móti getað hnykkt á þessum fyrirvara í yfirlýsingunni sjálfri sem ég var að lesa ef ástæða hefði verið talin til þess, „að svo miklu leyti sem það er mögulegt" og að svo miklu leyti sem það hentar aðstæðum í hverju landi, hverju ríki. Þetta eru auðvitað eðlileg og rétt vinnubrögð að standa þannig að málinu, gera það við undirbúning málsins, en koma ekki síðan eftir á og flytja einhverja ræðu, sem manni sýnist að sé um eitthvert allt annað mál heldur en þetta skjal, vera svo uppi með einhverja fyrirvara út og suður og standa svo upp og segja: Ja, það vita allir að við erum svo sérvitrir hér á Íslandi, eins og hæstv. forsrh. hefur látið hafa eftir sér.

Nei, það er kannski eilítil ósanngirni, virðulegur forseti, að vera að beina spjótum sínum að utanrrh.

vegna þessa, því að hann hefur ekki flutt þessa ræðu sem hér er vitnað til eða hér er birt á bls. 71. Þetta er ræða forsrh. Íslands, en ekki utanrrh. Mér býður í grun að utanrrh. sjálfum finnist þetta ekki allt of þægilegt eða t.d. viðskrh., en þeir hafa báðir tjáð sig um þetta efni.

En ég tel þessi vinnubrögð afar ámælisverð og síst til þess fallin að auka traust eða hróður Íslendinga í þessu samstarfi. Það ber nú mjög vel í veiði að væntanlegur fastafulltrúi hjá EFTA skuli enn vera hér á meðal vor og heyra þessi ummæli mín, því að ég veit vel að hefði hann t.d. átt aðild að samningu þessa skjals, eða í framtíðinni þegar til þess kemur, þá hefði honum auðvitað verið fulltreystandi til þess að koma inn í sjálfa yfirlýsinguna öllu því sem við Íslendingar vildum sagt hafa um þessi mál og þeim fyrirvörum sem við teljum nauðsynlegt að gera. En þessi vinnubrögð sem ég var að lýsa ná auðvitað engri átt að mínum dómi og rýra traust okkar og álit út á við. Ekki bara í þessum tiltölulega litla og þrönga EFTA-hópi heldur einnig í víðara samhengi.

Læt ég nú útrætt um þessi atriði en mig langar hins vegar, virðulegur forseti, án þess að ætla nú að tefja þessa umræðu mjög mikið, að víkja eilítið að afvopnunarviðræðunum í Vínarborg, sem menn hafa vikið hér að, og afstöðu Íslendinga til þess fundar og undirbúningi fyrir þann fund. Þannig er að í janúar sl. undirrituðu sendiherrar viðkomandi ríkja eða settu stafi sína við sérstaka dagskrá fyrir þennan fund. Það voru miklar og strangar samningaviðræður sem leiddu að lokum til þess að um dagskrána náðist samkomulag. Og eins og ráðherrann sagði réttilega í sinni ræðu í gær og segir réttilega í sinni skýrslu er ekki gert ráð fyrir því að í þessum viðræðum um fækkun hefðbundinna vopna á meginlandi Evrópu verði fjallað um kjarnorkuvopn né heldur sjóheri eða efnavopn.

Mönnum verður tíðrætt um þessar mundir um nauðsyn þess að fækka kjarnorkuvopnum á höfunum og minnka sjóherina, draga úr vopnabúnaði á höfunum. Það er út af fyrir sig auðvitað mjög verðugt umræðuefni og keppikefli. Auðvitað er það svo að okkur Íslendingum ber að huga vel að umhverfismálum og mengunarvörnum, en okkur ber jafnframt að gera greinarmun á umhverfismálum og öryggismálum. Það hygg ég að sé jafnframt ljóst og röksemdir fyrir umhverfisvörnum og mengunarvörnum verður jafnframt að meta í ljósi öryggis- og varnarhagsmuna.

Því geri ég þetta að umtalsefni hér, virðulegur forseti, að það vakti undrun ýmissa að í nafni utanrrh. Íslands þegar þessi ráðstefna hófst var flutt ræða þar sem í voru ummæli sem komu mönnum nokkuð á óvart að þessu leyti til, vegna þess að hér er um að ræða ráðstefnu þar sem dagskráin er alveg ákveðin og umsamin fyrir fram — og ég hef hana hér í höndunum. Það kom mönnum nokkuð á óvart að í nafni íslenska utanrrh. skyldi fitjað upp á umræðuefni sem segir skýrt og skorinort í dagskránni að sé ekki til umræðu.

Spurningin er þá sú hvers vegna utanrrh. hafi látið sendiherra sinn í þessum viðræðum gera tillögu um umræður um afvopnun á höfunum þótt sá sami sendiherra hafi u.þ.b. mánuði áður undirritað samkomulagið um dagskrána, þar sem skýrt er tekið fram að þetta mál sé ekki til umræðu á fundinum.

Í öðru lagi vaknar sú spurning hvort utanrrh. hafi greint sínum samstarfsmönnum innan Atlantshafsbandalagsins, kollegum sínum í NATO, frá þessari tillögu sinni áður en hún var nefnd í þessari ræðu, eins og áskilið er í samþykktum bandalagsins um pólitískt samstarf og samráð á hinu pólitíska sviði. Nú hafði t.d. utanrrh. tækifæri til þess á venjubundnum fundi utanríkisráðherra Atlantshafsbandalagsins í Brussel í desember að gera grein fyrir þeim hugmyndum og tillögum sem hann hefði hér að lútandi. Og ég vil fá svar við því hvort hann kynnti þessa tillögu t.d. á þeim vettvangi þegar hann var þar á ferð eða við önnur tækifæri sem hann hefur haft til þess að hitta sína starfsbræður innan Atlantshafsbandalagsins.

Nú svo vaknar auðvitað líka sú spurning hver hafi orðið viðbrögðin við þessari tillögu, bæði frá bandalagsríkjum okkar og öðrum sem taka þátt í ráðstefnunni, þ.e. Varsjárbandalagsríkjunum, hver hafi orðið viðbrögðin formleg eða óformleg frá öðrum aðilum. Ég er ekki, virðulegi forseti, mikið í sambandi við erlenda diplómata en ég hef engu að síður verið spurður út í þetta mál. (**Utanrrh.:** Hver spurði?) Það var sendimaður NATO-ríkis hér á Íslandi. Okkur náskyldur. Og ég vek athygli á því að í Morgunblaðinu 21. mars ritar Hreinn Loftsson lögfræðingur grein þar sem þetta er rakið og átalið.

Nú vil ég taka það skýrt fram að ég er ekki né væntanlega Hreinn Loftsson, sem ég vitna í, er auðvitað ekki andvígur því að um þessi mál verði talað og samið þegar þar að kemur. Athugasemdir okkar lúta hins vegar að málsmeðferðinni. Við erum í samstarfi frjálsra bandalagsríkja sem hafa komið sér saman um ákveðið pólitískt samráð. Við heyrum það í fréttunum í dag m.a. hvernig Þjóðverjar, þegar þeir eru ósammála t.d. Bandaríkjamönnum, eiga við þá viðræður áður en mál sem ágreiningur er um eru kynnt annars staðar sem formleg tillaga. Í því tilfelli eru þýsku stjórnvöldin andvíg því að skammdræg kjarnorkuvopn í Evrópu verði endurnýjuð, en Bandaríkjamenn og hæstv. utanrrh. Íslands, að því er kemur fram í þessari skýrslu, eru þeirrar skoðunar að rétt sé að endurnýja þessi vopn, eða í það minnsta telur utanrrh. Íslands að það komi vel til greina — og ég er honum sammála um það, en það er náttúrlega ekki það sem skiptir máli hér. Þessi spurning er um vinnubrögð, hún er um málsmeðferð, hún er um að standa þannig að málum innan bandalagsins að Ísland komi ekki bandalagsríkjum sínum að óvörum með tillöguflutningi sem skapar óvissu, vekur tortryggni og spurningar. Þess vegna spurði ég ráðherrann að því hvort hann hefði notfært sér hið pólitíska samráð innan bandalagsins til þess að kynna þetta mál.

Ég hygg að ráðherrann sé mér sammála um það að hið pólitíska samráð innan bandalagsins sé kjörinn

vettvangur og réttur vettvangur til skoðanaskipta um þetta efni og auðvitað er það á þeim vettvangi sem við Íslendingar eigum að beita okkur í þessu máli. Það er auðvitað þar sem á fyrst að telja Atlantshafsbandalagsríkin á okkar band og síðan á þetta bandalag að koma sameinað til viðræðna við gagnaðila um fækkun vopna á höfunum. En við skulum nú engu að síður gá að einu, ekki síst vegna frammíkalls hv. 2. þm. Austurl., að hvað sem líður nú frómum óskum hans og okkar hinna hér á hv. Alþingi þá verða það engar slíkar óskir sem munu ráða úrslitum um það hvort kjarnorkuvopnum fækkar hér í höfunum í kringum Ísland. Það er því miður ekki þannig. Og þessu máli verður ekkert komið áleiðis nema með samkomulagi þeirra ríkja sem eiga þessi vopn. Það er kjarni málsins. Einhver tillaga í Osló eða Moskvu um einhverja alþjóðlega ráðstefnu hér á Íslandi um þessi efni er auðvitað út í bláinn vegna þess að vopnum fækkar ekki nema þau ríki sem eiga þau og stjórna þeim komi sér saman um að fækka þeim.

Þá kem ég að því, eins og réttilega er vikið að í skýrslu utanrrh., að í Genf eiga sér nú stað svokallaðar START-viðræður þar sem stórveldin eru að ná samkomulagi um hvorki meira né minna en 50% niðurskurð á langdrægum kjarnavopnum. Það hefur nú einhvern tímann þótt muna um minna. Það á að vera okkar krafa gagnvart okkar bandalagsríki, Bandaríkjunum, að inni í þessum 50% niðurskurði sé veruleg fækkun kjarnavopna á hafsvæðinu hér í kringum Ísland. Þá kröfu eigum við að gera gagnvart okkar bandalagsríki, að þeir beiti sér fyrir því að sú fækkun geti orðið. Þar er verið að tala um þessi mál í alvöru. Og þar er reyndar, að því er manni skilst, mjög langt komið með að ná samkomulagi um mjög mikilvægan texta í þessu efni.

Ég vek athygli á þessu og undirstrika það sem fram kemur í skýrslu ráðherrans, einmitt um mikilvægi þessara viðræðna. Það á að vera okkar krafa að START-viðræðurnar leiði til raunhæfs niðurskurðar á langdrægum kjarnavopnum, ekki bara á landi eða í flugvélum heldur sömuleiðis í kafbátum hér á svæðinu í kringum Ísland.

En að gera því skóna að í þessum efnum sé það eina sem gildir að halda nógu fjölmennar alþjóðlegar ráðstefnur ríkja, sem ekki ráða yfir þessum vopnum, það er bara ósköp einfaldlega misskilningur að mínum dómi.

Ég skal ekki orðlengja frekar um þetta en ég tel að sú ræða sem flutt var í nafni utanrrh. og þetta mál sem ég hef verið að fjalla um sé afar ógætilegt. Ég ætla ekki að fara sterkari orðum um það en að segja að þessi málsmeðferð og þessi vinnubrögð sem ég hef gagnrýnt séu afar ógætileg gagnvart því samstarfi sem við erum aðilar að en ekki síður og auðvitað enn fremur gagnvart þeim gagnaðilum sem þarna er verið að semja við.

Ég treysti því að við utanrrh. séum innst inni á sama máli um þessi efni þó svo að þarna greini á um málsmeðferð. En það er mjög mikilvægt að rækta það samstarf og það samráð sem fyrir hendi er innan Atlantshafsbandalagsins í þessum efnum eins og aðrar þjóðir gera sem standa að þessu samstarfi með okkur.

Ég hef ekki hugsað mér að hafa þetta mikið lengra, virðulegi forseti. Það er margt forvitnilegt í skýrslu utanrrh., þó svo að ræða hv. 2. þm. Austurl. væri að sínu leytinu miklu fróðlegri því að hún lýsti svo ótrúlega forneskjulegum viðhorfum á okkar dögum að mér finnst. Ég skal ekki fara frekar út í það. En ég vil leyfa mér að andmæla því sem hv. 2. þm. Austurl. sagði hér um varnarmálaskrifstofu utanrrn. og starfsmenn hennar. Ég tel að það fólk sem þar starfar og hefur gert á undanförnum árum hafi rækt sitt starf afar vel og það sé fullkomlega tilhæfulaust að vera hér á Alþingi sí og æ með einhverjar beinar eða óbeinar árásir á þá starfsemi sem þar fer fram. En það kom fram bæði í ræðu hv. 2. þm. Austurl. og t.d. í ræðu hv. 1. þm. Norðurl. v. hér í umræðum á Alþingi fyrir nokkru síðan.

Ég skal ekki hafa þetta mikið lengra. Ég bíð eftir því með nokkurri athygli að sjá hinar nýju starfs- og skipulagsreglur sem utanrrh. hefur kynnt varðandi utanrrn. Hann hefur að því er fréttir herma t.d. ákveðið að sendiherrar skuli ekki gegna störfum lengur en til 65 ára aldurs á erlendri grund. Og án þess að ég sé að gagnrýna það á einn eða neinn hátt þá er það undarleg tilviljun að það skuli vera eitt hans síðasta embættisverk áður en þessi ákvörðun er tekin að skipa í embætti sendiherra sem er að verða 66 ára. En ég veit að sá sendiherra er reyndar í fullu fjöri enn og mun eflaust gegna — og örugglega gegna sínum skyldum og störfum af alúð og samviskusemi þrátt fyrir þennan aldur. Það vekur því þá spurningu hvort þessi nýja regla hjá utanrrh. sé hugsuð til hlítar.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Hv. 8. þm. Reykv. hefur kvatt sér hljóðs um þingsköp en áður en hann tekur til máls vill forseti taka fram að það hafa verið gerðar ítrekaðar tilraunir til að finna hæstv. fjmrh. Það hefur því miður ekki tekist. Ég get upplýst að hann mun vera á fundi einhvers staðar í Reykjavík ef hv. þm. er einhvers virði að vita það.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Það er gott að vita til þess að hæstv. fjmrh. er hér í bænum einhvers staðar, en það nægir mér nú eiginlega ekki. Ég óskaði þess við forseta fyrir rúmum fimm klukkutímum eða skömmu fyrir kvöldmatarleyti að komið yrði á framfæri við hæstv. fjmrh. ósk um að hann kæmi hingað og honum yrði birt það erindi sem hann ætti hér. En þannig eru málavextir að það hefur spurst út að í viðræðum við forustumenn Ráðstjórnarríkjanna um viðskiptamálefni hafi þeir krafist þess, sumir segja jafnvel að það væri harkaleg krafa af þeirra hálfu, að þeir fengju veiðiréttindi innan íslenskra fiskveiðitakmarkana í sambandi við viðskiptasamning við þá.

Spurningin sem ég bað hæstv. forseta að bera hæstv. utanrrh. var sú hvort þessar kröfur hefðu

komið fram í viðræðum þeim sem hann auglýsti rækilega að hann hefði átt við ráðamenn í Ráðstjórnarríkjunum í marsmánuði sl. og ef þær hefðu komið fram hver svör hans eða viðbrögð hefðu verið. Ég tel algjörlega nauðsynlegt að fá úr því skorið áður en þessum umræðum lýkur hvort það hafi verið í viðræðum við hæstv. fjmrh. sem þessar kröfur voru fram bornar af hálfu ráðamanna í Ráðstjórnarríkjunum og svör hans við því, hvað hann sagði þessum mönnum, hvernig hann tók þessum kröfum þeirra eða tilmælum. Ekki veit ég orðalagið, en mér hefur verið sagt að það a.m.k. nálgaðist kröfur.

Ef það er ekki nokkur leið að finna manninn, hvorki með starfsliði þingsins né jafnvel lögreglu, það var nú einu sinni gert um miðja nótt að finna forseta með ... (**GHelg:** Ekki um miðja nótt.) Jæja, en hæstv. forseti kannast við það atvik. En það er nú ekki neitt grín á ferðinni í þessu efni. Ég vil fá þessi svör áður en þessari umræðu lýkur. Kannski getur hæstv. utanrrh. eitthvað frætt okkur um málið. Ég heyrði að hann greip hér fram í eða eitthvað heyrðist í honum um það, að kannski gæti hann einhverju svarað. Það væri til bóta, en hitt er þó sjálfsagt að finna manninn. Það getur ekki verið að fjmrh. landsins feli sig svo rækilega þegar ekki er einu sinni komin nótt eins og hæstv. forseti sagði og ég legg til að það verði nú gerð ... (**Utanrrh.:** ... samningafundur hjá BHMR?) Já, t.d. ef það væri nú vitað, þá ætti nú einhver úr fjölskyldu t.d. þeirra manna sem þar sitja að hafa hugboð um hvar þeir væru.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti vill taka fram að nýlega var haft samband við heimili hæstv. fjmrh. og þar liggja fyrir honum skilaboð um að hafa samband við Alþingi þegar hann kemur heim og þar sem nú er miðnætti þá held ég að það hljóti nú að styttast í það að hæstv. fjmrh. skili sér heim. Og jafnvel gæti svo farið að hann birtist hér áður en umræðunni lýkur þar sem enn eru nokkrir á mælendaskrá þannig að það er ljóst að umræðum mun ekki ljúka alveg strax.

Matthías Á. Mathiesen:

Virðulegi forseti. Það er fyrst í framhaldi af því sem fram kom hjá hv. 8. þm. Reykv. þar sem hann óskaði eftir nærveru hæstv. fjmrh. hér og vék m.a. að því að einhvern tíma hefði það verið gert að sent hefði verið eftir þingmanni af formanni þingflokks. Það vill svo vel til að það var einmitt núv. hæstv. fjmrh. sem þá var formaður þingflokks Alþb. ef ég man rétt, og það var einmitt virðulegur forseti sem þá þurfti að koma til atkvæðagreiðslu. Eftir virðulegum forseta var sendur lögreglubíll og auðvitað kom forseti, þáv. þingmaður, hingað í salinn til þess að sinna sínum skyldustörfum. Það væri því ekkert óeðlilegt þó að kannski væri svarað í sömu mynt þegar svona stendur á. En það er jafnvel búist við því að hæstv. fjmrh. komi hér. Ég minnist þess fyrir nokkuð löngu síðan þó að hér stóð í ræðustól einn af stjórnarandstæðingum þá og gerði kröfu til þess að þáv. fjmrh. kæmi hér. Ég man það að það var um hálfþrjúleytið að næturlagi sem hann kom hér samkvæmt kröfu þeirra sem hér voru að tala og var þá mættur.

En ég vildi einmitt út af þessari umræðu og þeim athugasemdum sem fram komu frá hv. 8. þm. Reykv. leyfa mér að segja það að þegar fram fara umræður um utanríkismál samkvæmt skýrslu utanrrh., þá tel ég að það sé í verkahring forustumanna þeirra flokka sem í ríkisstjórn sitja að vera í þingsal, vera hér viðstaddir við þessa umræðu. Það er þeirra þingskylda að sitja þingfundi. Hér er um að ræða málefni sem vissulega eru með þeim hætti að þar talar stundum ekki ein rödd fyrir hönd ríkisstjórnar, ekki tvær, heldur þrjár, svo að það er ekki óeðlilegt að þingmenn hefðu áhuga á því að heyra hvað hæstv. forsrh., formaður Framsfl., hefði að segja um ákveðin atriði, hvað hæstv. fjmrh., formaður Alþb., hefði að segja um ákveðin atriði. En ég geri ekki ráð fyrir því að á þessari umræðu verði gerð breyting, en ég veit að forseti mun e.t.v. síðar sjá svo til að þegar slíkar umræður fara fram, þá séu þeir aðilar hér í þingsal sem bera ábyrgð á þeirri ríkisstjórn sem starfar í landinu.

Ég er ekki með þessu móti að kasta neinni rýrð á hv. 2. þm. Austurl. sem hér hefur talað sem fulltrúi Alþb. og haft sínar skoðanir, sín sjónarmið. Síður en svo. Heldur hitt að við erum hér á Alþingi Íslendinga. Það er verið að ræða ein þýðingarmestu mál einnar ríkisstjórnar, utanríkismál, og þá eru forustumenn ríkisstjórnarinnar ekki hér til staðar til að fjalla um þessa hluti.

En það er mjög margt sem hefur verið til umræðu hér eftir ræðu hæstv. utanrrh. og út frá þeirri skýrslu sem hann hefur lagt fram. M.a. hefur verið bent á að það hefur vakið athygli að þegar núv. ríkisstjórn var mynduð, þá var í stjórnarsáttmálanum látið hjá líða að víkja einu orði að þátttöku Íslendinga í því fjölþjóðlega samstarfi sem verið hefur undirstaða utanríkisstefnu þjóðarinnar í meira en 40 ár. Ástæðan er að sjálfsögðu augljós. Það eru friðkaupin við Alþb. sem hafa verið slík að það er ákveðið að minnast ekki á Sameinuðu þjóðirnar, minnast ekki á norrænt samstarf til þess að þögnin um Atlantshafsbandalagið yrði ekki of æpandi í stjórnarsáttmálanum. Áhrif Alþb. á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um utanríkismál koma þó gleggst fram í lokaorðum hennar þar sem fram kemur sú ætlan ríkisstjórnarinnar að stöðva eðlilega þróun, — ég segi stöðva eðlilega þróun varnarsamstarfs okkar við ríki Atlantshafsbandalagsins.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem samstarfsflokkar Alþb. í ríkisstjórn láta undan og fallast á skilyrði sem sá flokkur hefur sett fyrir stjórnarþátttöku og varða þennan þýðingarmikla málaflokk. Slík skilyrði hafa þó yfirleitt verið höfð í sérstökum leynisamningum og utanríkisráðherrum viðkomandi ríkisstjórna hefur þó ekki þótt ástæða til að taka leynimakkið of hátíðlega og talið, eins og glöggt kemur fram í skýrslu þáv. utanrrh. Ólafs Jóhannessonar árið 1983, þar sem segir að liðssveitir Bandaríkjanna séu fyrst og

síðast hér til varnar- og eftirlitsstarfa í þágu okkar sjálfra og þá að sjálfsögðu jafnframt þeirra þjóða sem við erum í varnarbandalagi með.

Ólafur Jóhannesson lét ekki sitja við orðin tóm og það er skemmst að minnast framgöngu hans þegar hann kom í veg fyrir að Alþb. tækist að stöðva nauðsynlegar nýframkvæmdir og endurnýjun á búnaði varnarliðsins. Þegar núv. hæstv. utanrrh. fylgdi skýrslu sinni úr hlaði sl. mánudag kom þessi tvískinnungur vel fram en hann fann sig einmitt knúinn til sérstakra orðskýringa og las það í eyður stjórnarsáttmálans sem undir eðlilegum kringumstæðum hefði átt að standa þar berum orðum. Hann neyddist m.a.s. til að horfa fram hjá lokayfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um utanríkismál þegar hann fullyrti í ræðu sinni að ríkisstjórnin fylgdi í raun sömu stefnu í öryggis- og varnarmálum og allar íslenskar ríkisstjórnir hafa fylgt sl. 40 ár.

Það staðfestir í raun og veru fátt betur en þetta þann ágreining sem er innan ríkisstjórnarinnar um stefnuna í öryggis- og varnarmálum og gerir hæstv. utanrrh. erfitt um vik að láta athafnir fylgja orðum. Það verður hins vegar ekki fram hjá því gengið að í skýrslu utanrrh. kveður við nokkuð annan tón en í framangreindri stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Til marks um þetta má vitna í þau orð utanrrh. í skýrslunni að utanríkisstefna sú sem jafnan hefur verið fylgt hafi reynst þjóðinni farsæl og eigi það jafnt við um öryggis- og varnarmál sem viðskiptamál. Undir þetta skal tekið. Hann segir í skýrslunni að haldið verði áfram að auka hlutdeild Íslendinga í þróun áætlana varðandi varnir landsins svo að Íslendingar geti gerst virkari aðilar að Atlantshafsbandalaginu. Þessi stefna var mörkuð í ráðherratíð sjálfstæðismanna í utanrrn., m.a. með þeirri skipulagsbreytingu að stofnuð var sérstök varnarmálaskrifstofa og skipaðir varnarmálafulltrúar til þess að fylgjast með þessum málaflokki.

Ég efast ekki um að félagar hæstv. utanrrh. í núv. ríkisstjórn fagni þessum stuðningi við stefnumörkun okkar sjálfstæðismanna. Það kemur og fram í skýrslu utanrrh. stuðningur við stefnu Atlantshafsbandalagsins í afvopnunarmálum. Þetta er lofsvert þegar hafður er í huga félagsskapur utanrrh. í núv. ríkisstjórn. En enn sem komið er virðist hæstv. utanrrh. þó ekki treysta sér að fullu til þess að sýna félögum sínum í verki að hann sé í raun og sanni stuðningsmaður Atlantshafsbandalagsins eins og forverar hans gerðu, sem störfuðu við svipuð skilyrði og hann, og ég vitnaði í hér að framan.

Eins og marga rekur eflaust minni til, þá sagði þáv. utanrrh., Steingrímur Hermannsson, í skýrslu sinni til Alþingis í fyrra að hann vonaðist til þess að Ísland gæti orðið miðstöð umræðu um ýmis vandamál heimsins. Við fleiri tækifæri lét hann í ljós áhuga á því að hér á landi yrði sett á laggirnar stofnun þar sem reynt yrði að kryfja til mergjar helstu vandamál heimsbyggðarinnar og leysa þau. Það var ekki ljóst með hvaða hætti hann hugsaði sér þessa stofnun, t.d. að hve miklu leyti hún kæmi inn á verksvið Sameinuðu þjóðanna eða kannski að hún tæki alfarið yfir öll verk Sameinuðu þjóðanna. Sjálfur sýndi hann fram á haldleysi eigin hugmynda með ótímabærum og illa ígrunduðum yfirlýsingum varðandi hin ýmsu málefni, t.d. vandamálin fyrir botni Miðjarðarhafs. Ekki jók sú frammistaða álit á getu hæstv. þáv. utanrrh. til að leysa ýmis vandamál heimsins og ekki eykur nú frammistaða hans sem forsrh. í núv. ríkisstjórn tiltrú á honum sem heimsleiðtoga, enda er talið að gott minni sé ein forsenda þess að menn nái árangri. Það er hins vegar augljóst að núv. utanrrh. hefur raunsærri hugmyndir um ráðstöfun þeirra takmörkuðu fjármuna sem við getum lagt til þessa málaflokks. Hann ætlar utanríkisþjónustunni öðru fremur, eins og fram kemur í skýrslunni, að þjóna íslenskum hagsmunum í viðskiptum og í varnar- og öryggismálum. Þetta er skynsamlegt og í samræmi við þá stefnu sem flestir forverar hæstv. utanrrh. hafa fylgt.

Þá boðar hæstv. utanrrh. að utanríkisþjónustan verði efld til að sinna viðskiptahagsmunum þjóðarinnar og er það mjög í samræmi við þá stefnu sem áður hefur verið fylgt í ráðuneytum utanríkis- og viðskiptamála. Það á hins vegar enn eftir að koma í ljós hver framkvæmdin á að vera og með hvaða hætti hæstv. utanrrh. hyggst efla utanríkisþjónustuna að þessu leyti og hvort það verður yfirleitt um annað og meira að ræða en að hygla sínum eigin flokksmönnum.

Eitt eiga þeir þó sameiginlegt, núv. hæstv. utanrrh. og hæstv. fyrrv. utanrrh., en það er yfirlýsingagleðin sem kemur fram í þeirri áráttu að fara utan, berja sér á brjóst, gefa stórkarlalegar yfirlýsingar, koma síðan heim og segja eins og karlinn sagði sem varð undir í slagnum: Sjáið þið nú hvernig ég tók hann.

Ég vík að fundi norrænna utanríkisráðherra í Þórshöfn á dögunum þar sem utanrrh. Íslands var mættur ásamt fríðu föruneyti. Þá sá danski utanríkisráðherrann ástæðu til þess að verðlauna hann fyrir eina slíka yfirlýsingu með gjöf sem honum þótti við hæfi. Það mun hafa verið undirmálskarfi.

En spurningin er: Þjónar það íslenskum hagsmunum að haga málflutningi sínum þannig að fulltrúar annarra þjóða sem við eigum samstarf við svari fyrir sig með slíkum hætti? Ég segi: Svari hver fyrir sig.

Hér hefur verið vikið að kaflanum um afvopnunarmál og ég hef áður getið þess að í skýrslu utanrrh. er víða að finna stuðning við stefnu Atlantshafsbandalagsins í afvopnunarmálum og í öryggis- og varnarmálum. Þetta er vissulega jákvætt, enda hefur sú stefna gefist vel og tryggt frið í okkar heimshluta í 40 ár. Ég vil sérstaklega vekja athygli á því raunsæi sem felst í þeim ummælum hæstv. utanrrh. að yfirburðir Varsjárbandalagsins yfir Atlantshafsbandalaginu á sviði hefðbundins vígbúnaðar og skammdrægra kjarnavopna séu gífurlegir og skapi mikla ógn fyrir aðildarríki Atlantshafsbandalagsins í Mið-Evrópu. Skammdrægu kjarnavopnin eru talin verða úrelt um miðjan næsta áratug og segir hæstv. utanrrh. í skýrslu sinni, eins og hér hefur verið bent á áður, að ekki ætti að útiloka þann möguleika að birgðir Atlantshafs-

bandalagsins verði endurnýjaðar við núverandi aðstæður. Þetta er athyglisverð afstaða og það væri virkilega ástæða til þess að spyrja hæstv. forsrh. og spyrja hæstv. fjmrh. hvort um þessa afstöðu sé einhugur í ríkisstjórninni. Ég efast um að svo sé.

Sjálfur vona ég að árangur geti orðið það mikill í viðræðunum á milli austurs og vesturs sem eru nýhafnar í Vínarborg um hefðbundinn vígbúnað annars vegar og traustvekjandi aðgerðir hins vegar að í kjölfar þeirra geti hafist viðræður um niðurskurð vígbúnaðar á öðrum sviðum svo sem hvað snertir skammdræg kjarnavopn. Þá er einnig ástæða til þess að taka undir með utanrrh. að viðræðurnar í Vínarborg eru nokkur prófsteinn á raunverulegan friðarvilja Sovétmanna.

Eins og flestum er kunnugt taka viðræðurnar um hefðbundnu vopnin við af viðræðum um gagnkvæma fækkun og jafnvægi í herjum í Mið-Evrópu, MBFR-viðræðunum svonefndu sem staðið höfðu frá því árið 1973 og ekki skilað árangri. Í viðræðunum í Vín er samkomulag um að þar skuli ekki fjallað um m.a. vígbúnað á höfunum. Að vísu hafa Sovétmenn hvað eftir annað reynt að fá sjóheri inn í dagskrá Vínarfundarins eins og hér hefur verið bent á. En það hefur verið stefna Atlantshafsbandalagsins að ójafnvægi á sviði hefðbundins vígbúnaðar sé svo gífurlegt í Evrópu að nauðsynlegt sé að draga úr því áður en viðræður um önnur mál hefjast.

Ríki Varsjárbandalagsins mynda eina landfræðilega heild og hafa því miklu betri möguleika en ríki Atlantshafsbandalagsins til að flytja heri og vopn með skömmum fyrirvara. Atlantshafsbandalagið er hins vegar flotabandalag og þarf nauðsynlega að tryggja örugga samgönguleið yfir Atlantshafið. Það verður að vega upp ójafnvægi á sviði hefðbundins vígbúnaðar, m.a. með öflugum flota. Það skilja engir betur en Íslendingar hve mikilvægt það er að nánustu viðskipta- og samstarfsþjóðir okkar tryggi með okkur frjálsar siglingar á höfunum. Þetta þekkjum við úr margra alda sögu okkar eyju.

Hér fyrr í kvöld var vikið að ræðu utanrrh. Íslands við upphaf Vínarfundanna og þeim ummælum sem gátu gefið til kynna að Íslendingar tækju undir það sjónarmið Sovétmanna að flotamál skyldu rædd þar á næstunni sem ekki er í samræmi við þá mörkuðu stefnu sem samkomulag er um innan Atlantshafsbandalagsins og við Íslendingar höfum tekið þátt í að móta, m.a. á fundi utanrrh. bandalagsins hér í Reykjavík árið 1987. Í skýrslu utanrrh. kemur á hinn bóginn fram stuðningur við stefnu ríkja Atlantshafsbandalagsins í þessu efni, þ.e. að fyrst verði að sjást árangur í viðræðunum um hefðbundinn vígbúnað áður en menn ræða önnur mál, þar á meðal flotamálin. Ástæða er til að undirstrika þessa forgangsröðun málefna sem nýtur stuðnings utanrrh. að því er fram kemur í skýrslunni.

Ýmsir íslenskir stjórnmálamenn hafa í ræðu og riti reifað hugmyndir ekki ósvipaðar þeim sem fram komu í frægri ræðu Gorbatsjovs Sovétleiðtoga sem hann hélt í Murmansk í október 1987. Ég vil hvetja menn til að gæta að sér í þessum efnum því þegar grannt er skoðað kemur í ljós að tilgangur Sovétleiðtogans virðist vera sá að veikja samstöðu ríkja Atlantshafsbandalagsins með því að höfða til ákveðins hóps þeirra og blanda saman, eins og hér hefur verið bent á, umhverfismálum og öryggismálum. Þannig er hugsað að veikja varnir Atlantshafsbandalagsins á siglingaleiðinni yfir Atlantshafið.

Ég skil skýrslu hæstv. utanrrh. svo að hann vilji áfram treysta samstöðu ríkja Atlantshafsbandalagsins og koma í veg fyrir að rekinn verði fleygur í það með vanhugsuðum tillögum af þessu tagi. Norræn ríki innan Atlantshafsbandalagsins eru hluti af varnarsvæði þess og reynslan kennir að samstaðan færir okkur nær raunhæfum markmiðum í afvopnunarmálum. Saga meðaldrægu kjarnavopnanna í Evrópu er besta dæmið um það að ríki Atlantshafsbandalagsins nota samtakamátt sinn til að tryggja öryggi og frið við eins lágt stig vígbúnaðar og frekast er unnt.

Ekki þarf að taka það fram að við Íslendingar styðjum heils hugar allar raunhæfar tilraunir til afvopnunar, en til þess að unnt sé að ræða þessi mál af hreinskilni, þá verða menn að gera sér ljósa grein fyrir grundvallarstaðreyndum. Ófriðarhættu verður ekki bægt frá með einhliða afvopnun vestrænna ríkja. Þvert á móti kynni hún að aukast ef út á þær brautir yrði farið.

Þótt víða komi fyrir í skýrslu utanrrh. rökstuðningur fyrir stefnu sem ég er sammála er ástæða til að ætla að ekki ríki einhugur um hana innan þeirrar ríkisstjórnar sem hann á sæti í. Af þeim sökum virðist hann eiga í erfiðleikum með að hrinda í framkvæmd tilteknum þáttum stefnunnar, sem verða prófsteinn á það hvort hann þorir að fylgja þeirri stefnu á borði sem hann styður í orði í skýrslu sinni til Alþingis.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki flytja hér of langa ræðu þar sem orðið er áliðið kvölds, en ég vildi gera grein fyrir störfum þeirrar nefndar sem tekur þátt í þingmannasambandi NATO eða Atlantshafsbandalagsins. En áður en ég geri það vildi ég víkja örfáum orðum að því sem gerðist hér fyrr í umræðunni í kvöld. Það var þegar hv. þm. Eiður Guðnason ræddi um hv. þm. Hjörleif Guttormsson.

Ég verð að segja eins og aðrir þingmenn hafa sagt hér fyrr í kvöld eftir þessa ræðu hv. þm. Eiðs Guðnasonar að það var, ég vildi jafnvel segja hálfskelfilegt að hlusta á það hvernig þessir stjórnarþingmenn tala hver við annan. Það er skelfilegt að verða vitni að því að hér komi hver stjórnarþingmaðurinn á fætur öðrum og tali með þeim hætti sem þeir gera í þessum málum, sem eru varnar- og öryggismál sérstaklega, sem og í öðrum málum hér á þessu háa þingi.

Það er furðulegt raunverulega að þetta stjórnarsamstarf skuli enn vera við lýði. Þegar maður hlýðir á þessa þingmenn, þá hlýtur maður að spyrja sjálfan sig að því: Hvernig geta þessir menn starfað að jafnalvarlegum málum og varnar- og öryggismálum með þeim

hætti að það sé traustvekjandi? Maður hlýtur að efast um það að hæstv. utanrrh., sem sér nú ekki sóma sinn í því að sitja hér inni, (Gripið fram í.) já, ég tek eftir því hæstv. ráðherra. Það er ekki traustvekjandi að hlusta á það að aðalstuðningsmenn hæstv. utanrrh. skuli tala eins og þeir gera í varnar- og öryggismálum og utanríkismálum almennt. Hér koma málsmetandi þingmenn í Alþb. og tala þvert gegn þeirri stefnu sem hæstv. utanrrh. boðar bæði í sínu plaggi um utanríkismál, sem hefur verið lagt hér fram, skýrsla Jóns Baldvins Hannibalssonar utanrrh. til Alþingis, sem og gegn því sem hæstv. ráðherra segir í sínum ræðum hér. Það hlýtur að vera lágmarkskrafa bæði okkar hv. þm. sem og Íslendinga almennt að þeir fái að vita hvar þeir raunverulega standa í þessum málum. Hver er raunveruleg stefna þessarar ríkisstjórnar í utanríkismálum? Hver er raunveruleg stefna þessarar ríkisstjórnar í varnar- og öryggismálum? Eða er eitthvað að marka það sem hæstv. ráðherrar yfirleitt segja?

Það virðist vera þannig t.d. í þeim málum sem hér eru til umræðu að þar hafi alþýðubandalagsmenn neitunarvald. Frá því var skýrt í fréttum í kvöld að einn hv. þm., Hjörleifur Guttormsson, hefði lýst því yfir að ef hæstv. utanrrh. léti framkvæma svokallaða forkönnun í sambandi við hugsanlegan varaflugvöll þá mundi það varða stjórnarslitum, þá mundi stjórnin fara frá, þá nyti hún ekki lengur stuðnings. Ég skildi það þannig af fréttunum. Þar sem hv. þm. hlýtur að vigta töluvert í sínum flokki, þá mundi Alþb. ekki lengur vera í þessari ríkisstjórn. Þetta er náttúrlega mjög alvarlegt mál, ekki aðeins fyrir hæstv. utanrrh. því að ríkisstjórnir koma og fara og hann hefur kannski ekki lag á því að koma sér aftur í ríkisstjórn, það er annað mál. En það er náttúrlega mjög alvarlegt mál ef alþýðubandalagsmenn geta stöðvað eðlilegar varnarframkvæmdir.

Ef svo er þá hlýtur það að leiða hugann að því að með þeim hætti eru þeir beint eða óbeint að styðja svokallaða Norðurlandaáætlun Gorbatsjovs sem hann kynnti á sínum tíma í Murmansk árið 1986 varðandi afstöðu og stefnu Sovétríkjanna til Norðurlandanna og hver væri hans skoðun og Sovétríkjanna um það með hvaða hætti Norðurlöndin ættu að haga sinni utanríkisstefnu og utanríkismálum. En í stuttu máli má segja það að samkvæmt svokallaðri Norðurlandaáætlun Gorbatsjovs er lögð áhersla á það að framkalla ákveðið hlutleysi, ákveðið varnarleysi af hálfu vestrænna þjóða í Norður-Atlantshafi.

Nú vitum við það allir, og það hefur margoft komið fram í ræðum manna hér í dag og hæstv. utanrrh. veit það mjög vel, að NATO-ríkin hafa rekið svokallaða varnarstefnu í sínum hermálum ef ég mætti orða það þannig, sérstaklega hér á Norður-Atlantshafi, en Sovétríkin hafa hins vegar byggt upp og rekið ákveðna sóknarstefnu. Um það vitna bæði framkvæmdir Sovétmanna á Kola-skaganum sem og athafnir þeirra í Norður-Atlantshafi. Þess vegna hlýtur maður að spyrja hæstv. utanrrh. að því hvort hann hafi ekki kynnt sér þessa svonefndu Norðurlandaáætlun Gorbatsjovs sem birtist í margumtalaðri ræðu sem var flutt í Murmansk árið 1986 og hann hefur áréttað og ítrekað í ræðum sínum á sl. ári. Maður hlýtur að spyrja hæstv. utanrrh. að því hvort hann vilji ekki greina frá því hér í umræðunni í hverju þessi áætlun er fólgin því það er auðvitað liður í því, til þess að skapa tiltrú og öryggi í þessum málum, að þá hljóti utanrrh. að vera vel upplýstur um ráðagerðir þessa annars mesta herveldis heimsins, sérstaklega þar sem það snertir okkur Íslendinga svo mjög.

En meginkjarni þessarar stefnu er einmitt að framkalla ákveðið hlutleysi í norðurhöfum og einnig að framkalla ákveðna stöðvun í öllum varnarframkvæmdum innan NATO-ríkjanna, ekki aðeins hér á Íslandi heldur einnig í Noregi. Þessi stefna miðar sérstaklega að því að gera hafið milli Íslands og Noregs og Íslands og Grænlands hlutlaust svæði í þeirri merkingu að Sovétríkin hafi frjálsan aðgang að því að sigla þar um óáreitt á sama tíma sem unnið er að því að brjóta niður eftirlitsmöguleika og varnarmöguleika vestrænna þjóða. Það er mjög mikilvægt, þar sem það kemur nú fram í þessu plaggi hæstv. ráðherra um utanríkismál að aðild Íslands að NATO sé eiginlega hornsteinn utanríkisstefnu Íslendinga og grundvallaratriði og meginforsenda, eins og hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir kom mjög vel að í ræðu sinni hér áðan.

Samstarfið hefur gengið vel innan Atlantshafsbandalagsins. Það vitum við öll. En það er náttúrlega mjög alvarlegt mál ef menn vegna innlendrar valdabaráttu leyfa sér þann munað, ég segi þann munað, að vera með innan ríkisstjórnar menn eða stuðningsmenn sem ég vil segja óafvitandi — því að ég ætla þeim það ekki að þeir gangi erinda Sovétríkjanna á Íslandi, alls ekki, þá skuli vera menn sem raunverulega eru að framkalla þá niðurstöðu sem Norðurlandaáætlun Sovétríkjanna felur í sér. Það er mjög alvarlegt mál og snertir m.a. margumtalaðan varaflugvöll sem ég mun víkja að hér á eftir.

Það hefur ekki mikið verið vikið að því í sambandi við þessa skýrslu að hlutverk Atlantshafsbandalagsins er annað og meira en að sinna hermálum. Það sem hefur gerst á síðustu árum sérstaklega er að innan NATO hefur að sjálfsögðu verið unnið að því að efla varnir og öryggi, en hins vegar hefur verið lögð aukin áhersla á það að þessi ríki ynnu saman á sviði stjórnmála, efnahagsmála, einnig í tengslum við vísindi og einnig hefur verið lögð áhersla á það að auka almenn samskipti. Þetta er öllum hv. þm. kunnugt um. En eftir sem áður er náttúrlega meginþunginn í samstarfi NATO-þjóðanna á sviði varnar- og öryggismála.

Til þess að undirstrika þessar, ég vil segja breyttu áherslur fyrir utan varnar- og öryggismálin, þá er hægt að nefna það að það hafa átt sér stað aukin samskipti á öðrum sviðum, t.d. eru tíðari ráðherrafundir um mikilvæg mál sem varða bæði innri mál og samstarf NATO-ríkjanna sjálfra og í öðru lagi í sambandi við afstöðu þeirra til annarra ríkja, svo sem til Varsjárbandalagsins, í sambandi við samninga um eldflaugar og fleira og í þriðja lagi hafa NATO-ríkin

aukið sitt samstarf til þess að framkalla sameiginlega afstöðu í viðræðum um samninga varðandi afvopnunarmál, eyðingu kjarnorkuvopna o.fl.

Þingmannasamband NATO, sem hefur ekki látið mikið að sér kveða innan bandalagsins til þessa, hefur núna á síðustu árum stóreflt sína starfsemi. Það hefur ekki komið mikið fram í umræðum á hinu háa Alþingi í gegnum árin í hverju starf þessa þingmannasambands væri fólgið.

Þingmannasambandið var stofnað 14. júlí 1955 og Ísland var aðili frá upphafi og hefur jafnan átt aðild að því. Fyrstu fulltrúar Íslands á fundum þingmannasambandsins voru Jóhann Hafstein, Guðmundur Í. Guðmundsson og Björn Björnsson, en núverandi fulltrúar eru Guðmundur H. Garðarsson, Jóhann Einvarðsson og Karl Steinar Guðnason og til vara eru þingmennirnir Salome Þorkelsdóttir og Ingi Björn Albertsson. Aðalstöðvar þingmannasambandsins eru í Brussel og er starfsemin í stórum dráttum þannig að það kemur saman tvisvar á ári, vor og haust, en á haustfundum fer raunverulega fram aðalþinghaldið og stendur yfir í viku. En það sem hefur gerst á síðari árum, og er mikil breyting frá því sem áður var, er að þingmannasambandið hefur stóreflt alla sína starfsemi á milli þessara tveggja meginþinghalda og gerist það í starfi nefnda sem ég mun víkja að hér á eftir. Einnig hefur svokölluð fastanefnd, sem er stjórn þingmannasambandsins, reglulega fundi sem við Íslendingar getum því miður ekki tekið þátt í sem skyldi. En Ísland á einn fulltrúa í fastanefnd eins og öll önnur NATO-ríki nema hin stærri sem eiga tvo fulltrúa, þ.e. hin fjölmennari ríki, eins og Bandaríkin, Bretland, Frakkland, Ítalía og Vestur-Þýskaland, eiga tvo fulltrúa í fastanefndinni en hin ríkin einn.

Þessi fastanefnd sem starfar, eins og ég sagði áðan, mjög mikið á milli þinghalda hefur starfsliði á að skipa og hefur sínar aðalstöðvar í Brussel og starfar sjálfstætt, þ.e. starfar ekki á vegum eða í sambandi við NATO sem slíkt. Á fundum fastanefndar er fjallað um það hvernig unnt er að auka samstarfið innan NATO-ríkjanna og til þess eru m.a. notaðar starfsnefndir, en þær hinar helstu eru: Stjórnmálanefnd, efnahagsnefnd, félags- og menningarmálanefnd, öryggis- og varnarmálanefnd og vísindanefnd.

Virðulegi forseti. Ég er að gefa hér munnlega skýrslu sem ég fer nú að ljúka. Í þessum nefndum eru fulltrúar Íslands að sjálfsögðu. Í stjórnmálanefnd er Jóhann Einvarðsson, formaður utanrmn. Alþingis. Í efnahagsnefnd er Guðmundur H. Garðarsson. Í félags- og menningarmálanefnd er Karl Steinar Guðnason. En varamennirnir, Ingi Björn Albertsson er í öryggis- og varnarmálanefnd og Salome Þorkelsdóttir í vísindanefnd.

Þessar nefndir hittast mjög oft, starfa mjög skipulega og hafa starfsmönnum á að skipa, bæði föstum starfsmönnum sem og tilkvöddum sérfræðingum og á vegum þeirra eru margar undirnefndir. M.a. er mjög þýðingamikil nefnd núna að störfum sem fjallar um samskipti austurs og vesturs. Í tengslum við þá nefnd hefur m.a. verið efnt til sérstakra ferða fulltrúa fastanefndar til Austur-Evrópuríkjanna, svo sem til Póllands og Tékkóslóvakíu og fram undan er ferð til Moskvu, til þess að ræða þar við ráðamenn. Þá er undirnefnd í viðskiptamálum sem er talin mjög mikilvæg í sambandi við samskipti Norður-Ameríkuríkjanna, þ.e. Bandaríkjanna og Kanada, annars vegar og Vestur-Evrópuríkjanna hins vegar og inn í þær viðræður koma mjög mikið Evrópubandalagsmál. Þá er undirnefnd í svokölluðum afvopnunarmálum o.s.frv.

Ég gat um það, virðulegi forseti, að því miður hefðum við Íslendingar ekki getað tekið sem skyldi þátt í störfum þessara nefnda vegna takmarkaðs fjár. Það hefur verið fjárskortur sem hefur takmarkað þátttöku okkar, en ég vil undirstrika það, virðulegi forseti, að þingmannasamband NATO er orðin mjög virk stofnun og er það miður að við Íslendingar skulum ekki geta tekið þátt í störfum þess sem skyldi.

Ég vil einnig skýra frá því að fastanefnd hefur það fyrir reglu að halda fundi sína í hinum ýmsu NATO-ríkjum til skiptis. Á næsta ári mun fastanefndarfundur verða haldinn hér á Íslandi, þ.e. í Reykjavík, og er stefnt að því að sá fundur verði í apríl árið 1990. Á þessum fundi munu að sjálfsögðu fastanefndarmenn mæta ýmsir, en einnig munu koma með þeim sérfræðingar. Þessi fundur mun verða allfjölmennur eða um 100 manns. Meðal hinna erlendu aðila verða ýmsir áhrifamiklir stjórnmálamenn frá NATO-ríkjunum og munu þeir sitja á þessum fundi undir forsæti breska þingmannsins Patricks Duffy sem er núverandi forseti þingmannasambandsins.

Ég vil, virðulegi forseti, ljúka þessari munnlegu skýrslu minni með því að segja að það mun verða lögð hér fram á þessu þingi ítarleg skrifleg skýrsla um þátttöku okkar á þessum vettvangi. Það hefur víst ekki verið venja hingað til en það mun verða gert eftirleiðis.

Ég vil svo víkja nokkrum orðum, virðulegi forseti, að öðrum atriðum og ég vildi gjarnan að hæstv. utanrrh. væri viðstaddur. (**Utanrrh.:** Hann heyrir það.) Ég skal segja þér, hæstv. utanrrh., að ég nenni ekki að tala við menn í gegnum dyr. Ég hef aldrei gert það og ætla ekki að byrja á því. — Já, ég skil hvers vegna hæstv. ráðherra vill vera þarna. En ég vil helst geta horft framan í hann þegar ég legg fyrir hann spurningar.

Virðulegi forseti. Ég vildi gjarnan fá að leggja hér nokkrar spurningar fyrir hæstv. utanrrh. og óska eftir því að hann svari þeim hér á eftir.

Fyrsta spurningin sem ég vildi leggja fyrir hæstv. ráðherra er á þá leið að ég spyr hvort hæstv. utanrrh. ætli að láta yfirlýsta andstæðinga NATO í áratugi kúga sig til að þjóna þeim neikvæða málstað að koma í veg fyrir að sú forkönnun verði gerð um varaflugvöll á Íslandi sem ég veit að hugur ráðherra stendur til. Ég notaði þarna orðið kúga vegna þess að það er staðreynd. Það hefur aldrei verið farið dult með það að varaflugvöllur, sem er náttúrlega nauðsynlegur vegna alþjóðaflugs á friðartímum og við sem höfum verið að berjast fyrir því að slíkur flugvöllur yrði

byggður hér á landi höfum aldrei farið dult með það og höfum gert okkur grein fyrir því allan tímann að slíkur varaflugvöllur mundi auðvitað þjóna varnarmarkmiðum NATO á Íslandi ef þörf krefur. Það er því rétt, sem andstæðingar NATO segja, að með því að byggja þennan flugvöll er auðvitað verið að styrkja varnarkerfi Atlantshafsbandalagsins í Norður-Atlantshafi. En með því að koma í veg fyrir það að þessi flugvöllur verði byggður er verið að tryggja framkvæmd svonefndrar Norðurlandaáætlunar Sovétríkjanna, sem ég gat um áðan, sem er að hindra það að Ísland geti tekið þátt í þeim vörnum og þeim öryggishagsmunum sem breyttar aðstæður krefjast. Það er fyrst og fremst fólgið í því að með því að hafa hér varaflugvöll, þá styrkjum við möguleika NATO til þess að hafa hér nauðsynlegt eftirlit með því sem er að gerast í Norður-Atlantshafi, sérstaklega á milli Íslands og Noregs og Íslands og Grænlands.

Sá hörmulegi atburður sem átti sér stað við Bjarnarey fyrir nokkrum vikum, þegar sovéskur kafbátur fórst þar, undirstrikar nauðsyn þess að auka eftirlit í norðurhöfum, þannig að við þurfum ekki að eiga von á því að vakna einn góðan veðurdag upp við það að sovéskir kafbátar séu innan íslenskrar landhelgi án þess að nokkur hafi hugmynd um það. Það er því nauðsynlegt að fá það upplýst hvort hæstv. ráðherra ætlar að láta, eins og ég sagði og undirstrika, yfirlýsta andstæðinga NATO koma í veg fyrir það að þessi forkönnun eigi sér stað.

Ég tel að ef ráðherra ætlar ekki að hafast neitt að í þessu máli annað en að mæla hér fögur orð eða tala tvírætt, þá jafngildi það því að verið sé að reka fleyg í varnaruppbyggingu NATO-ríkjanna og þar með hafa andstæðingar þessa samstarfs frá upphafi náð þeim árangri sem að er stefnt. Það getur einnig hugsanlega stórskaðað samningsstöðu NATO-ríkjanna í samningum við Varsjárbandalagið um afvopnun eða eyðingu kjarnorkueldflauga. Þessi staða styrkir nefnilega stöðu Sovétríkjanna og veikir stöðu Atlantshafsbandalagsins.

Ég vil einnig spyrja hæstv. utanrrh. að því hvernig hann hyggist efla þá starfsemi í utanrrn. er lýtur að varnar- og öryggismálum. Ég vil undirstrika það eins og hv. þm. Geir H. Haarde gerði áðan að í minni spurningu felst ekki gagnrýni á núverandi starfsmenn ráðuneytisins sem fjalla um þessi mál. Ég vil láta styrkja þeirra stöðu og þeirra starfsemi og ég vil láta framkalla það skipulag á þessum málum að þessir starfskraftar sem og fleiri sem nauðsynlega þarf til að kveðja geti sinnt þessum málum sem skyldi.

Þá vil ég einnig spyrja hæstv. ráðherra að því hvernig hann ætli að fara að því að tryggja það að Íslendingar hafi eðlilegan aðgang að upplýsingum er máli skipta fyrir okkur um umsvif NATO og Varsjárbandalagsins í Norður-Atlantshafi. Ég tel að það séu ekki nægilegar upplýsingar fyrir hendi um það.

Einnig vil ég spyrja hæstv. ráðherra að því hvort hann hafi í huga að tryggja það að Íslendingar fái eðlilega þátttöku í sameiginlegum viðræðum NATO við Varsjárbandalagið í þeim málum sem skipta máli fyrir bandalagið í heild og svo okkur Íslendinga sérstaklega. Við skulum hafa það í huga að þær viðræður sem hafa átt sér stað í Evrópu um þessi mál á undangengnum árum geta framkallað breytt vægi ríkja og landsvæða og þá er mikilvægt að við Íslendingar gerum okkur grein fyrir því í hverju breytingarnar eru fólgnar.

Undirrót alls þess sem við tölum um varnar- og öryggismál er auðvitað sú að við leggjum áherslu á það að tryggja frið og öryggi. Við sem höfum stutt aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu allt frá því að Ísland gekk í NATO árið 1949 teljum að við höfum tekið þátt í því að tryggja frið og öryggi á okkar svæðum, þ.e. í Evrópu og á Norður-Atlantshafi, þannig að það er fyrst og fremst sú forsenda sem ýtir undir okkur að á þessum málum sé haldið með öðrum hætti í framtíðinni, þ.e. við breyttar aðstæður sé nauðsynlegt að við Íslendingar komum að þeim með þeim hætti sem ég hef áður lýst. Ég tel að það vanti mikið á að svo sé og vil m.a. undirstrika það að eins og utanrrn. hefur þróast er það gjörsamlega útilokað að einn ráðherra geti haft umsjón með öllum þeim þáttum sem þar koma við sögu. Og ósjálfrætt læðist að manni sá grunur að varnar- og öryggismál mæti þar afgangi. Ég sagði að það læðist að manni sá grunur að svo sé, en því miður hafa dæmin sýnt, eins og gerðist hér um daginn þegar umræddur kafbátur fórst, þá kom í ljós að utanrrn. og hæstv. ráðherra voru alls ekki undir það búnir og höfðu ekki þær upplýsingar sem nauðsynlegt og æskilegt hefði verið að þeir hefðu haft. Það var eitthvert sambandsleysi þar á ferðinni sem er bæði hættulegt og óæskilegt.

Þá eru hérna spurningar í sambandi við utanríkisviðskipti. En áður en ég kem að því finnst mér eðlilegt að varpa fram spurningum í sambandi við utanrrn. Eins og skýrsla um utanríkismál ber með sér er utanrrn. orðið mjög stórt og viðamikið ráðuneyti. Og þá kemur upp sú spurning: Er það yfirleitt framkvæmanlegt fyrir einn og sama ráðherrann að hafa yfirumsjón með og fjalla um

1. almenna utanríkisþjónustu,
2. að fylgjast með því sem gerist í sambandi við alþjóðastofnanir sem Íslendingar eru aðilar að,
3. að fylgjast með öllu því er viðkemur utanríkisviðskiptum,
4. að fylgjast með öllu því er lýtur að varnar- og öryggismálum,
5. að fylgjast með öllu er lýtur að hafréttarmálum,
6. að fylgjast með því sem er að gerast í tengslum við Evrópubandalagið

á sama tíma sem viðkomandi maður, og það vill svo til að núv. hæstv. utanrrh. sem situr hér á Alþingi er einnig þingmaður, og hann er einnig formaður í stjórnmálaflokki. En ég vil taka skýrt fram, að það gæti alveg eins verið svipað ástatt um einhvern úr öðrum flokki eins og hæstv. utanrrh. þannig að

spurningin er ekki persónubundin við hann í þessu starfi. Maður sér það fyrir sér í öðrum flokkum að sá möguleiki gæti einnig komið upp að það væri formaður úr öðrum flokki í sæti utanrrh. og þarf ekki að fara langt aftur í tímann til þess að finna slík dæmi.

Ég spyr: Er þetta framkvæmanlegt? Er það framkvæmanlegt að einn maður, einn ráðherra sé með öll þessi svið á sinni ábyrgð? Er það framkvæmanlegt?

Ef maður lítur á vægi þessara þátta — ég hef nú talað um varnar- og öryggismálin töluvert, mönnum er tíðrætt um þau — tökum þá utanríkisviðskiptin. Það þarf ekki að fara langt frá þeim málaflokki til þess að koma að Evrópubandalagsmálunum. Það er nýverið búið að gefa út nokkur rit um Evrópubandalagið sem þingnefnd hefur staðið að. Þar að baki er mikil vinna.

Ég veit að núv. hæstv. utanrrh. er hæfileikamaður á ákveðnum sviðum. En samt leyfi ég mér að efast um að hann geti fylgst svo vel með öllum þessum málum að fullnægjandi sé. Eitthvað hlýtur að láta undan og ég verð að segja, og það á því miður við hjá fleiri ráðherrum en núv. hæstv. utanrrh., að einhvern veginn læðist sú hugsun að mér að sá þáttur, sem utanrrn. á að fjalla um, sem hefur orðið út undan sé fyrst og fremst varnar- og öryggismál og það er mjög alvarlegt mál svo ekki sé meira sagt.

Ég vildi gjarnan heyra skoðun hæstv. utanrrh. á þessu, hvort ekki sé tímabært að stokka hér eitthvað upp og breyta til. Það er hægt að stofna ný ráðuneyti án þess að efna til þess með ærnum tilkostnaði. Það er hægt að færa til menn og færa saman. Það mætti t.d. hugsa sér að í tengslum við það að setja á laggirnar sérstakt varnar- og öryggismálaráðuneyti mætti sameina það dómsmálum og löggæslu þannig að úr því yrði nokkurs konar innanríkis- og öryggismálaráðuneyti sem væri rökrétt. Ég veit að hæstv. utanrrh. er maður sem horfir fram í framtíðina og kærir sig nú ekki um að sitja að málum þannig að þau séu ekki framkvæmd. Það væri gaman að heyra skoðanir hans á þessari hugmynd.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að utanríkisviðskiptum, en áður en ég geri það, vil ég segja, virðulegi forseti, að það er ekkert furðulegt þótt hv. þm. séu hér kvöld eftir kvöld eða dag eftir dag að fjalla um skýrslu utanrrh. vegna þess að málaflokkarnir bjóða upp á það. Ef við bara ræðum um utanríkisviðskiptin ein út af fyrir sig, þá erum við að tala um inn- og útflutning. Við erum að tala um grundvallarforsendur þess að Ísland geti þróast með þeim hætti sem nútímamenn gera kröfur um. Nú er svo komið að það er búið að vista utanríkisviðskiptin alfarið í utanrrn., þ.e. bæði inn- og útflutningsviðskiptin. Og þá vaknar upp sú spurning: Til hvers var verið að flytja þetta allt í utanrrn.? Ég fæ ekki svör við því í þessari skýrslu utanrrh. Sá kafli sem lýtur að utanríkisviðskiptum er afskaplega fróðlegur svona almennt um utanríkisviðskipti. Þetta er eins og menn taka saman hjá útflutningssamtökunum. Það er hægt að segja góða sögu af því að þegar þau eru búin að búa til sínar skýrslur og senda þær í ráðuneytin og í opinberu stofnanirnar, þá er stundum hringt aftur í viðkomandi fyrirtæki og þau eru spurð um það hvort ekki sé hægt að gera hlutina einhvern veginn öðruvísi en gert hafi verið því eitthvað verða embættismennirnir að hafa sér til dundurs.

En ég spyr hæstv. utanrrh. Þessi skýrslugerð var að mig minnir upphaflega í Landsbankanum þegar Jóhannes Nordal var þar hagfræðingur bankans fyrir nokkrum áratugum. Síðan fluttist það í Seðlabankann. Svo fór það í Þjóðhagsstofnunina en núna er þetta komið í utanrrn. Það er allt gott um skýrslugerðir að segja í sambandi við utanríkisviðskipti, en það sem skiptir máli í sambandi við utanríkisviðskipti er að þau séu framkvæmd með eðlilegum hætti. Og þá er spurningin: Er verið að byggja hér upp bákn, kerfi, búa til stöður, búa til skrifstofuveldi? Er verið að stefna að því að auka afskipti hins opinbera af utanríkisviðskiptum? Um hvað snýst þetta tal sumra manna um aukið frelsi í viðskiptum, aukið útflutningsfrelsi? Hér áður fyrr börðust sumir gegn sölusamtökunum og töldu þau of stór, þar væri saman komið of mikið vald, of mikið skipulag. En mér sýnist að nú sé búið að færa þetta stjórnunarvald, ef það er hægt að orða það þannig, upp í ráðuneyti undir hæstv. utanrrh. Að vísu hefur núv. hæstv. utanrrh. ekki verið ráðherra í þessu máli nema í nokkra mánuði. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra að því hvort það sé meining hans að auka afskipti hins opinbera af þessum málum. Ég tel það mjög hættulega þróun og hún verði mjög neikvæð.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna. En ég hef nú lagt fyrir ráðherrann nokkrar spurningar. Ég ætlast til þess að hann svari þeim með þeim hætti að svör hans séu skýr. Það er grundvallaratriði að fá að vita það hvort hæstv. ráðherra ætlar að láta Alþb. beygja sig í því sem ég veit að hugur hans stefnir til sem er að það verði byggður hér varaflugvöllur sem þjóni Íslendingum sérstaklega. Á sama tíma gerum við okkur grein fyrir því að slíkur flugvöllur er þeirrar gerðar að hann þjónar varnarhlutverki Íslands innan Atlantshafsbandalagsins. Þetta veit hæstv. ráðherra. Því óska ég eftir því að fá skýr svör við því hvort hann ætlar að láta framkvæma þessa forkönnun eða ekki.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það eru nú liðnar 6–7 klukkustundir síðan ég tók hér þátt í umræðunni og hefur margt verið sagt síðan. Þetta hafa verið fróðlegar umræður sem hér hafa farið fram. Menn hafa lýst viðhorfum sínum til margra þátta sem tengjast þeim skýrslum sem hér hafa verið fram lagðar og við eigum eftir að heyra hér á eftir í hæstv. utanrrh., væntanlega áður en þessari umræðu lýkur, vegna þess að allnokkrar fyrirspurnir hafa verið fram bornar til hans.

Það eru fáein atriði hér sem fram hafa komið í máli manna sem ég tel ástæðu til að víkja að af minni hálfu og síðan eru það tvö atriði sem ég vildi nefna sem ég ræddi ekki sérstaklega í máli mínu fyrr í umræðunni. Það er lítillega um það sem snýr að utanríkisþjónust-

unni og síðan að mannréttindamálum og þá m.a. í ljósi atburða í Palestínu.

Hér var áðan flutt ræða af hv. 14. þm. Reykv. sem talaði sem mjög ötull stuðningsmaður Atlantshafsbandalagsins eins og raunar þeir fimm hv. sjálfstæðisþingmenn aðrir sem tjáð hafa sig hér í umræðunni og mun þeim áreiðanlega hlýna um hjartaræturnar sem kynnu að óttast eitthvað um hag þessa fertuga bandalags að heyra þann málflutning sem hér hefur verið uppi hafður og ætla ég ekki að kasta neinni rýrð á hann. Þar er mælt út frá því sjónarhorni sem þessir hv. þm. líta á málin.

Það kom fram í máli hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar að hann hefði beyg af því, og það gildir raunar um ýmsa fleiri sem hér hafa talað, t.d. hv. 17. þm. Reykv. Geir H. Haarde, að þeir hafa mikinn beyg af því að áhrif Alþb. á mótun utanríkisstefnunnar séu veruleg og háskaleg að þeirra mati og á ýmsa vegu, m.a. að því er snýr að hugsanlegum framkvæmdum eða framkvæmdum sem þeir telja nauðsynlegar og hafa sjálfsagt heyrt rætt um á vettvangi NATO og víðar að óskað er eftir af ýmsum hér á landi til að auka hér hernaðarumsvifin.

Það er nú svo að í ríkisstjórnum reyna menn að ná saman um ákveðin sjónarmið. Ég hefði sannarlega kosið að áhrifa Alþb. gætti meira formlega og með beinum hætti hvað snertir stjórnarsáttmála og einnig hvað snertir stjórnarákvarðanir til þessa á utanríkismálin og það kom fram held ég nokkuð skýrt í fyrri ræðu minni hér við umræðuna.

Ég bendi hins vegar á að um sitthvað af því sem fram hefur komið hjá hv. talsmönnum Sjálfstfl. hér í umræðunni má segja að þar er nú kannski nokkuð langt seilst að vilja gera það allt að sjónarmiðum Alþb. eða Alþb. eins í ríkisstjórn, hvað þá á Alþingi. *Ég vænti þess að menn hafi lagt hér við hlustir þegar* aðrir hv. þm. töluðu. Ég tók t.d. eftir því að margar áherslur komu fram hjá hv. 12. þm. Reykv. Kristínu Einarsdóttur sem falla mjög að þeim sjónarmiðum sem ég ber í brjósti í sambandi við þróun mála varðandi utanríkisstefnu Íslands. Og ég hygg að ef fleiri hv. framsóknarmenn hefðu tekið hér til máls, þá hefðu einnig komið fram sjónarmið sem eru ekki fjarri þeim viðhorfum sem ég hef mælt hér fyrir þannig að það er nú engan veginn svo að Alþb. geti eitt, og ég segi sem betur fer, að Alþb. geti eitt helgað sér sjónarmið af því tagi sem hv. þm. Sjálfstfl. hafa verið að eigna því, t.d. varðandi varaflugvöll.

Halda hv. þm. að það sé ekki andstaða við hugmyndina um varaherflugvöll á Íslandi annars staðar en í röðum Alþb.? Hafa hv. þm. Sjálfstfl. ekki heyrt í talsmönnum Kvennalistans hér á Alþingi og heyrt ályktanir þeirra og áherslur, flokks sem hefur mælt meira fylgi í landinu heldur en Alþb. á þessu kjörtímabili? Hafa hv. þm. ekki heyrt í mörgum framsóknarmönnum, svo að dæmi séu tekin, sem mæla mjög eindregið gegn þessari framkvæmd? Og það bæði úr röðum yngri manna í þeim flokki og eldri manna og reyndra manna í þeim flokki, manna sem hafa nú ekki verið taldir í hópi þeirra sem ætla að reyna að koma fram Norðurlandaáætlun Gorbatsjovs hér á Íslandi, voru m.a.s. farnir að tala áður en Gorbatsjov setti fram sín sjónarmið í Murmansk sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson hefur lofað mér að koma á framfæri en ekki efnt enn þá því að hann hefur rætt þessi áhyggjumál sín í utanrmn. þingsins — og ég leyfi mér að nefna það eftir að hann hefur fært það hér inn í þingsali Alþingis — og lýst þar þungum áhyggjum ekki aðeins vegna mín heldur vegna hv. þm. sem séu undir sterkum áhrifum af þessari Murmansk-ræðu Gorbatsjovs.

Sá maður, sem ég ætlaði að nefna þarna til sögunnar úr röðum eldri manna úr Framsfl., er Þórarinn Þórarinsson, fyrrum ritstjóri Tímans, sá maður sem ég fræddist meira af en nokkrum öðrum varðandi alþjóðamál í æsku og fram eftir ævi vegna þess að hann var mjög ötull að miðla fróðleik og þýða greinar um þessi efni í það heimilisrit sem helst barst inn á mitt heimili fyrir utan Ísafold og Vörð, en það var dagblaðið Tíminn og þótti mér það mjög fróðlegt og lærdómsríkt. Ég hef lesið það frá þessum ritstjóra, í seinni tíð einnig, að hann hefur varað mjög sterkt og eindregið við öllum hugmyndum um varaflugvöll. Hann þekkir til innan búðar hjá Atlantshafsbandalaginu og hefur ekki verið talinn þar sitja á sérstökum svikráðum við það bandalag, þó ég segi ekki að hann sé heittrúaður í þeim efnum eins og ætla mætti af málflutningi sumra hér á Alþingi. En ég mæli þessi orð vegna þess hvað menn hafa einfaldað þessa umræðu mikið og ætlað að varpa henni bara inn á borð Alþb., þar séu þessir voðamenn sem vilji koma í veg fyrir þessa nauðsynjaframkvæmd að sumra mati. Málin eru sem betur fer ekki þannig. Sem betur fer.

En það er víða farið að gæta áhrifa Gorbatsjovs aðalritara, og forseta víst, er hann orðinn. Þeirra er víða farið að gæta. Eftir að ég talaði við umræðuna hér í dag greip ég niður í málgagn hæstv. utanrrh., eitt af þessum fáu beinu flokksmálgögnum á Íslandi, Alþýðublaðið frá 25. apríl 1989. Þar er grein sem fjallar um hinn margumræddda sokkna sovéska kafbát. Og hvað lesum við þar? Þar lesum við eftirfarandi, með leyfi virðulegs forseta, varðandi þessi mál:

Johan Jörgen Holst, en sá er varnarmálaráðherra í Noregi, hefur lýst yfir áhuga sínum á því að gera tvíhliða samning við Sovétríkin um ferðir kjarnorkuvopnaskipa og -kafbáta svipað og stórveldin hafa rætt um. Stórveldin hafa viðrað bann á kjarnorkuvopnum í kafbátum nema langdrægar kjarnaflaugar sem þýddi að kafbátar stórveldanna þyrftu ekki að sigla nálægt ströndum hvers annars. — Ég kem því hér að, það er sérstakt áhyggjuefni hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar einmitt að þeim verði bægt frá landi, að þeir fái ekki að fara inn í landhelgina ef ég hef skilið hv. þm. rétt eins og hann talaði hér áðan. En það er einmitt þarna á dagskrá hjá Holst. — Holst hefur lýst yfir vilja sínum til að gera samning við Sovétmenn um öryggisráðstafanir hvað Noregsstrendur varðar.

Hvernig líst nú hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni

á? Og hvað segir hæstv. utanrrh. um þetta? Er þarna ekki einmitt komin hugmynd sem tengist þeim atriðum sem hæstv. ráðherra gerði að umtalsefni með verðugum hætti í ræðu sinni þar sem ráðherrann kom betur að þessu máli, gekk lengra en ég hafði þorað að vona fyrir fram í sambandi við nauðsynina á að ná fram afvopnun á höfunum? Hann er að vísu enn í þessu NATO-hafti í sambandi við að segja eftir Vín, eftir RÖSE, ekki fyrr, ekki fyrr á dagskrá, ekki líkur á að ná formlegum viðræðum, en hann er samt með einum og öðrum hætti að leita leiða, það heyrði ég í hans máli, til þess að taka á þessu efni. Og það er sérstök ástæða til að fagna því. Hér er hjá ... (Gripið fram í.) Ekki starfsbróður hans, það er ekki svo komið, hv. 14. þm. Reykv., að hann sé orðinn starfsbróðir Johans Holst í Noregi. Við erum ekki komnir með þetta hermálaráðuneyti hérna enn þá, en þarna er einmitt að finna mjög merkilegar og athyglisverðar hugmyndir. Hvernig væri það einmitt að hér á næstunni verði teknar upp viðræður, eins og við fjórir hv. þm. erum að leggja til í þáltill. um kjarnorkuafvopnun í norðurhöfum, verði teknar upp viðræður við kjarnorkuveldin um það að þoka kafbátaflota sínum og herskipum sem fjærst landi, út úr landhelginni með vissu, út úr efnahagslögsögunni í framtíðinni? Þetta væri raunhæft skref. Þetta væri raunverulegt. Og þarna er að finna vísi að þessari stefnu hjá varnarmálaráðherra Noregs, ef ég skil málgagn hæstv. utanrrh. rétt, og þar er vitnað í Arbeiderbladet frá 12. apríl ef ég hef tekið rétt eftir. Það er ekki langt síðan það birtust um þetta fréttir sem hefur verið ótrúlega hljótt um hér í fjölmiðlum á Íslandi vegna þess að þetta eru tíðindi sem þarna eru á ferðinni, þessar hugmyndir varnarmálaráðherra Noregs.

Auðvitað tengist þetta líka þeim hrolli sem fór hér um hv. 17. þm. Reykv. í umræðunni í dag þegar hann var að álasa hæstv. utanrrh. fyrir afar ógætilegt framferði á Vínarfundinum þegar hann var hafinn hér í fyrra mánuði, 6. mars, og haldin var ræða í nafni hæstv. ráðherra. Þá leyfði hæstv. utanrrh. Íslands sér að láta talsmann sinn við setningu fundarins impra á því að það væri áhugamál Íslendinga að Íslendingar vildu í náinni framtíð sjá teknar upp samningaviðræður um traustvekjandi aðgerðir sem snertu hafið og að það væri sérstakt áhugaefni okkar að koma af stað eða sjá upp teknar viðræður að þessu leyti. Hvernig má það vera að það setji hroll hér að talsmönnum á Alþingi Íslendinga og að utanrrh. landsins verði fyrir ákúrum fyrir þá sök svokallaða að taka upp þetta brýna hagsmunamál landsins á alþjóðafundi suður í Vín? Þó hann hafi fengið orð í eyra frá bandamönnum, sem svo eru taldir vera, sem ekki vilja, sem standa í veginum fyrir því að þessar umræður séu upp teknar og segja: Ekki núna. Ekki í fyrirsjáanlegri framtíð, segja aðmírálarnir. Og ég býst við að hann segði það, sá sem hann var að kveðja í kvöld, McVadon, yfirmaður herliðsins í Keflavík. Hann mundi sennilega taka undir það. Og ef það væri komið þetta hermálaráðuneyti sem hv. 14. þm. Reykv. er að leggja til hér í sérstakri þáltill. á Alþingi (**GHG:** Öryggis- og varnarmálaráðuneyti.) þá hefðum við nú þó haft utanrrh. hér og aðmírállinn hefði getað gert honnor fyrir raunverulegum hermálaráðherra Íslands sem hv. 14. þm. Reykv. telur að þyrfti að koma hér til þess að halda utan um hlutina, til þess að allt fari ekki á dreif. Því að það er aðaláhyggjuefni hv. 14. þm. Reykv. að hér liggur bara allt saman meira og minna galopið. Það er hið stóra áhyggjuefni þingmannsins að það sem snýr að hinum svokölluðu öryggismálum fari bara hér út um víðan völl, sé á dreif hjá óvönduðum aðilum sem séu að ganga erinda Gorbatsjovs hér uppi á Íslandi. Það hafa nú fallið orð víðar hér en á Alþingi.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að fara nánar út í þessa sálma svo fróðlegt sem það væri og ekki að elta ólar við það sem hér hefur verið sagt, margar mjög sérkennilegar staðhæfingar í sambandi við vígbúnaðarkapphlaupið, stýriflaugar, aukinn vígbúnað. Ég vil þó aðeins minna hv. þm. á hinar nýju flaugar sem Bandaríkjaher er að búa sig í að þróa, Scram-flaugarnar sem meiningin er að komi í F-111 þoturnar í Bretlandi, Scram-T-flaugarnar, 1300 talsins er óskatalan til þess að koma í 200 herþotur í Bretlandi, F-111. Og það eru uppi verulegar áhyggjur hjá þeim innan Bandaríkjaþings, sem vilja horfa á málin raunsætt og hafa raunverulegan áhuga á afvopnun, að þessi þróun setji INF-samninginn um meðaldrægar flaugar í mikla hættu. Lesið um þetta, hv. alþm., lesið um þetta í blöðunum, um þessa þróun og áhyggjur manna vestur í Bandaríkjunum og í Evrópu út af þessari þróun, aukningu vígbúnaðarins, nýjar flaugar í aukinn flota langdrægra sprengjubotna á grund í Bretlandi sem Margrét Thatcher hefur lýst yfir að hún er reiðubúin að fjölga úr 160 upp í 200 talsins eða svo. Svo eru menn hér að tala um aukinn vígbúnað hinum megin, rétt að fylgjast með því. Það eiga menn að gera grannt. En menn skulu skoða hlutina í eigin garði og í bakgarðinum hjá sér líka.

Þá vildi ég, virðulegur forseti, leyfa mér aðeins að víkja að utanríkisþjónustunni þó ég dræpi aðeins á einn þátt þess máls hér í umræðu fyrr í dag. Hæstv. utanrrh. hefur kynnt utanrmn. Alþingis tillögur um breytingar á skipulagi og starfsmannahaldi utanríkisþjónustunnar. Svo fór, eins og drepið hefur verið á hér í umræðunni, að umrætt flokksmálgagn, Alþýðublaðið, birti þessar hugmyndir sem voru kynntar okkur sem trúnaðarmál á laugardaginn var þannig að þar liggur fyrir megnið af þessu. Ég veit ekki hvort fréttamenn hafa ekki trúað Alþýðublaðinu eða ekki lesið það, en það hefur lítið farið það ég hef heyrt út um þetta þannig að þetta er kannski enn þá trúnaðarmál að mestu.

Varðandi þessar tillögur tel ég að það sé allt of skjótráðið að ætla að fara að ganga frá þessum skipulagsbreytingum hér og nú af einum ráðherra í ríkisstjórn Íslands án undangenginnar verulegrar umræðu og athugunar máls, t.d. í utanrmn. Alþingis og hér á Alþingi, því að auðvitað á að ræða svona stórmál hér á Alþingi. Það eru þarna mörg álitamál

að mínu mati og það segi ég einfaldlega sem áhugamaður um það að við getum náð fram sem bestri, hagkvæmastri og virkastri utanríkisþjónustu. Við erum á þessu sviði allt of lítilvirkir. Við búum allt of illa að þessari þjónustu okkar. Hún er ekki skipulögð samkvæmt réttum áherslum. Hún er auðvitað eins og kerfi vilja þróast og að því leyti tek ég alveg undir með hæstv. utanrrh. Það er full þörf á að fara yfir þetta og athuga um breytingar. Það er alveg ljóst að það er breytinga þörf. Þessu kerfi hefur kannski ekki verið breytt mikið á undanförnum árum og þó hafa þarna orðið breytingar sem við skulum taka með í umræðuna og geta verið full rök fyrir að viðhalda og taka inn í þetta nýja kerfi að athuguðu máli.

Ég vil segja það að formleg skipan þessara mála, t.d. varðandi sendiráð, að það er ekkert á móti því að fara yfir það hvar núverandi sendiráð eru starfandi og hvort það er rétt að breyta þeirri skipan og fjölga sendiráðum. Alveg sjálfsagt að athuga breytingar á því sviði. Hv. 1. þm. Suðurl. viðraði hér hugmyndir að þessu leyti. Þær á einnig að taka inn í athugun þessa máls að mínu mati. Ég er ekki að taka afstöðu til þeirra hér með. Alls ekki. En hæstv. utanrrh. hefur fyrst og fremst gert tvær tillögur varðandi skipan sendiherra. Hann hefur fjölgað sendiherrum um einn nú þegar, eða gerir það með skipan væntanlegs fastafulltrúa í Genf og kallar þá þann sendiherra sem fyrir er þar heim, ef ég hef skilið málið rétt. Þar fjölgar sendiherrum um einn. Síðan boðar hæstv. utanrrh. fjölgun sendiherra í Brussel, þar verði sjálfstæður sendiherra hjá Evrópubandalaginu auk sendiherra hjá Atlantsbandalaginu því að hann reiknar ekki með því að leggja það af þó að ófriðvænlegt sé þar innan búðar þessa stundina núna á 40. árinu. Enn þá gerir hann ráð fyrir sendiherra þar áfram, hjá NATO. Þetta eru breytingar sem ég er ekkert sannfærður um að séu réttar áherslur. Ég er ekkert sannfærður um það þó að það sé alveg ljóst að það þarf að styrkja starf sem lýtur að Evrópubandalaginu, athugun mála hjá því ekki síst hér heima, á heimavettvangi, og þær byrðar sem á okkur leggjast í EFTA á þessu ári og það aukna starf sem þar fer fram. Það kallar auðvitað á aðstoð.

En samhliða þessum tillögum, auk tilfærslna hér innanvert hjá ráðuneytinu, þá boðar hæstv. ráðherra að það verði ekki fjölgað mannafla. Það á að vera bara status quo, ef ég hef skilið málið rétt, nema það er fjölgað í efri lögunum en fækkað í neðri lögunum, hjá aðstoðarfólkinu á neðri þrepunum. (**GHG:** Þetta er þróunin.) Já, hv. 14. þm. Reykv. Ég er nú ekki alveg viss um að þetta séu réttar áherslur eða þær séu framkvæmanlegar til þess að ná fram þeim árangri sem ég er viss um að hæstv. ráðherra stefnir að. Ég lýsi sem sagt efasemdum en ég er sannarlega reiðubúinn til umræðna um þessi mál og tel að þau séu fullkomlega þess virði að á þau sé litið, einnig tillögur hæstv. ráðherra, að sjálfsögðu, ég er alls ekki að hafna þeim öllum með þessum orðum mínum. Reglan um að kalla heim sendimenn 65 ára verður náttúrlega ekki tekin alvarlega eftir það sem gerst hefur í þeim efnum nýverið, ekki alvarlega í bókstaflegum skilningi kannski en þar með getur hugmyndin átt rétt á sér.

Varðandi svo hverjir eru valdir til starfa þá hef ég lýst mínum sjónarmiðum að því leyti að ég tel ekki að Alþingi eigi að vera uppeldisstofnun fyrir utanríkisþjónustuna frekar en fyrir fjármálastofnanir eða bankana í landinu. Ég er bara einfaldlega þeirrar skoðunar að það eigi ekki við. Það eigi ekki heima. Alþingismenn eiga ekkert að vera í meiri vandræðum að framfleyta sér þó að þeir hverfi út af þingi heldur en aðrir þegnar í þjóðfélaginu og þurfa enga öryggispalla í þeim efnum. Þeir eiga að geta notið sín, eiga að vera eftirsóttir ef þeir hafa vakið á sér einhverja athygli hér á Alþingi með jákvæðum hætti, sem flestir væntanlega gera, þá ættu þeir ekki að vera í vandræðum með að fá verkefni við hæfi úti í þjóðfélaginu. Þeir hljóta að vera eftirsóttir fyrst menn hafa svona mikla trú á þeim í utanríkisþjónustuna og í bankana. Eru þeir þá ekki eftirsóttir annars staðar? En það er bara ekki á réttum stað að vera að taka menn hér út af vettvangi Alþingis og tengja þá inn í framkvæmda- og fjármálavald í landinu og þar með þeim pólitísku tengslum sem þeim fylgja. Það er málið. Við þurfum fagleg vinnubrögð í þessum stofnunum og í utanríkisþjónustunni og þau verða best tryggð með því að veita því liði, vel menntuðu og vel þjálfuðu, aðhald, góðu fólki og starfsmöguleika á þeim vettvangi.

Ég tek það fram að ég tala hér ekki fyrir minn flokk. Þar eru skiptar skoðanir í þessum efnum, en þetta eru sjónarmið sem ég held að sé réttmætt að heyrist hér á Alþingi og vil ekkert liggja á þeim. (**EKJ:** Þú talar einn fyrir flokkinn hér. Þú hlýtur að tala fyrir hann úr því að hinir mæta ekki.) Hv. þm. Eyjólfur Konráð. Ég tala hér sem alþýðubandalagsmaður. (Gripið fram í.) Já, ég geri það sem þingmaður Alþb.

En nú ætla ég að víkja mér, virðulegur forseti, að því sem ég ætla að gera að síðasta þætti í mínu máli, en það er um mannréttindamál og í tengslum við það málefni Palestínumanna.

Í skýrslu hæstv. utanrrh. er farið á allnokkrum stöðum yfir ýmsa þætti mannréttindamála og ég tek undir þær áherslur sem þar er að finna í þessum efnum. Þó ég sé ekki að vega og meta þar hvert orð, þá tek ég undir þær áherslur sem þar eru fram settar og undir það að við hér á Alþingi Íslendinga og Íslendingar í sínu starfi á alþjóðavettvangi eiga hvarvetna að reisa kröfuna um fyllstu mannréttindi, að mannréttindi séu virt og staðið sé við alþjóðasamninga að því leyti. Það er t.d. ósköp upp á að horfa, og hefur auðvitað verið lengi, í sambandi við málefni þjóða í Austur-Evrópu hvernig mannréttindamálum hefur þar verið fyrir komið, hvaða skrípamynd hefur ríkt þar í þeim efnum. Og þó að þar horfi til betri vegar núna seinustu árin, þá fer því víðs fjarri að þau mál sé þar í því horfi sem við teljum frambærilegt, hvað þá fyrirmynd og það er fullkomlega réttmætt að reisa kröfur á alþjóðavettvangi um það að þar verði úr bætt.

Það er t.d. ömurlegt upp á að horfa hvernig staða mála er í því ríki Rúmeníu, tiltölulega gjöfulu landi að ég hefði haldið, þar sem traðkað hefur verið á mannréttindum með þeim hætti sem menn hafa fengið nokkrar fregnir um og réttmætt er að benda á það hér bæði í skýrslu og hér í umræðum á Alþingi og gjarnan mættu koma hér fram þingmál því máli til stuðnings og víðar. En það eru fleiri svæði í heiminum þar sem á skortir og við megum ekki gleyma.

Hæstv. utanrrh. víkur að málefnum Mið- og Suður-Ameríku, rómönsku Ameríku í alllöngum kafla í sinni skýrslu og segir þar margt réttmætt varðandi stöðu mála. En mér finnst samt á skorta að þar séu mannréttindamálin tekin til umræðu og lýst á þá þætti á þann hátt sem ástæða væri til, á það hvernig fasistastjórnirnar og herstjórnirnar í ýmsum löndum rómönsku Ameríku traðka á mannréttindum. Í skjóli hverra? Þar eru það ekki Rússar. Þeir eru víst farnir að verða forgöngumenn fyrir mannréttindum að sagt er sums staðar í Austur-Evrópu seinni árin. (Gripið fram í.) Það eru ekki Rússar. En ætli þá sé ekki að finna öfluga aðila þar norðanvert í álfu sem við teljum hér margir hverjir okkar fremstu bandamenn, Bandaríki Norður-Ameríku, sem eru bakhjarlinn á bak við herforingjastjórnirnar sem halda fólkinu í fangelsum, pólitískum föngum svo hundruðum skiptir fyrir utan alla þá sem hverfa sporlaust.

Eigum við ekki að reyna að hafa samræmi í málflutningi okkar hér á Alþingi og kröfum okkar að þessu leyti? Ég sakna þess að það sé gert. Það eru hafðir út undan heilir heimshlutar þar sem þessi mál eru í mjög slæmu horfi. Þau lönd sem hafa verið að reyna að reisa sig með sjálfstæðum hætti undan oki amerísks imperialisma, ameríkskrar heimsvaldastefnu sem svo mætti kalla, þar sem auðhringarnir eru hinn raunverulegi drottnunarvaldur og njóta stuðnings erlendrar þjónustu til þess að tryggja völd sín og áhrif, ætli við þekkjum ekki dæmin? Ætli menn séu búnir að gleyma Chile og fleiri ríkjum af því tagi.

En svo aðeins Palestínu í þessu samhengi, virðulegur forseti. Fyrir þinginu liggur till. til þál. um málefni um deilur Ísraels og Palestínumanna. Sú tillaga hefur verið rædd í utanrmn. en ekki enn afgreidd, en að því er stefnt að reyna að ganga frá þeirri tillögu hér til þingsins fljótlega og ég vænti að svo verði. Þar er verið að fjalla um mál sem hlýtur að brenna meira en flest önnur efni á heimsbyggðinni, þeim sem fylgjast með og vilja reyna að vera stuðningsmenn mannréttinda og friðarberar í heiminum. Ég ætla ekki að fara að hefja langt mál. Það er þarflaust að draga upp mynd hér af því sem þar hefur verið að gerast. Við erum minnt á það daglega í fréttum. Núna um helgina 34 særðir, nokkrir fallnir, 34 særðir, 13 börn, fjögurra, sex, átta ára. Börn sem höfðu leyft sér að taka upp steina, að sagt var, gegn byssustingjum. Þetta eru fregnirnar sem við fáum hér daglega í gegnum fjölmiðlana um það sem er að gerast á herteknum svæðum. Við þurfum að muna eftir þessu fólki, þessu landlausa fólki sem þarna er að berjast fyrir sínum frumréttindum. Við eigum að minnast þeirra hér á Alþingi Íslendinga og ályktа um málefni þeirra áður en þinginu lýkur. Ég treysti því að svo verði.

Ísland hefur sem betur fer tekið þátt í að styðja þessi efni á vettvangi Sameinuðu þjóðanna í ýmsum ályktunum, þó ekki alltaf sem skyldi, en t.d. í ályktunum núna á yfirstandandi þingi, t.d. ályktun nr. 43 176 sem fjallar um málefni Palestínumanna og er samþykkt allsherjarþingsins um málefni Palestínu og Mið-Austurlanda. Þessa ályktun studdi Ísland á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, sem betur fer, og þar er að finna áherslur ekki ósvipaðar þeim sem við mælum fyrir sem berum fram þáltill. sem utanrmn. nú fjallar um, þar á meðal fyrir þátttöku PLO á jafnréttisgrundvelli í þeirri alþjóðlegu friðarráðstefnu sem boða skal til samkvæmt þessari ályktun og einnig er gert ráð fyrir í þáltill. sem ég tengi þessari umræðu hér. Þar er einnig vitnað til, auk ályktana öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 242 og 338, til lögmæts þjóðarréttar palestínsku þjóðarinnar. Og þar er einnig vitnað til öryggis, að tryggt verði öryggi allra ríkja, einnig þeirra sem talað er um í ályktun 181 frá 29. nóvember 1947, innan öruggra og þjóðréttarlega viðurkenndra landamæra. Þetta er allt efni sem við erum að biðja um að Alþingi Íslendinga ályktи um. Og Ísland hefur fyrir tilstuðlan hæstv. utanrrh. stutt þessa ályktun á vettvangi Sameinuðu þjóðanna svo ég treysti því að með þessari tillögu sem þarna liggur fyrir og fleiri tillögum sem um er að ræða, t.d. tillögu nr. 43/58/B þar sem einnig er vikið að þessum málum og stöðu Palestínumanna með þeim hætti sem ég teldi vera sóma að fyrir Alþingi að taka undir.

Ísland er eitt Norðurlanda, virðulegur forseti, og á Norðurlandavettvangi fer fram mikið starf sem ég er þátttakandi í sem aðili að Norðurlandaráði og af því starfi mætti margt læra. Þar reyna íslenskir alþingismenn að leggja sitt af mörkum, hver á sinn hátt. Sumir staldra stutt við á þeim vettvangi, aðrir lengur. Virðulegur forseti Sþ., aðalforseti, hefur átt þar sæti. Ég tók við af henni í Norðurlandaráði. Ég vil nefna það hér að hún flutti þar mál sem fengu framgang og undirtektir og er unnið að á þeim vettvangi, tillögu sem varð tilefni áætlunar um verndun hafsins gegn mengun og var fjallað um á aukaþinginu í Helsingör í nóvember sl. og sérstök áætlun sem er staðfest af Norðurlandaráði um það efni. Og ég leyfi mér að nefna það mál sem hún flutti sem varðar þjóðréttarsamning Norðurlanda, mál sem fékk mjög hraða afgreiðslu á þeim vettvangi og auk þess stuðning við athuganir og rannsóknir á svonefndum Suðurlandsskjálfta. Þetta leyfi ég mér að nefna hér sem árangur af starfi sem núverandi forseti Sþ. stóð fyrir á vettvangi Norðurlandaráðs. Og ef ég færi að tíunda afrek annarra á þeim vettvangi, þá gæti sá listi orðið nokkuð langur, sem betur fer, virðulegur forseti, en ég ætla ekki að lengja hann hér í þessari annarri ræðu minni hér við þessa umræðu.

Ég vil svo aðeins segja það að lokum í máli mínu hér að ég vænti þess að í framhaldi af þessari umræðu og eftir að hafa heyrt í mönnum hér taki hæstv.

utanrrh. meðferð íslenskra utanríkismála til nokkurs endurmats í ljósi þess sem er að gerast á alþjóðavettvangi og í ljósi þeirra óska sem eru úti í samfélaginu á Íslandi. Þær óskir eru með allt öðrum hætti en þau viðhorf sem er verið að tengja hér hernaðarbandalögum og hernaðarumsvifum og menn eru að telja sér trú um að tengist grundvallarhagsmunum Íslendinga, en að mínu mati er það um margt á miklum misskilningi byggt.

Ég vænti þess að það gildi ekki aðeins um hæstv. utanrrh., þó að það skipti hvað mestu á meðan hann gegnir því þýðingarmikla starfi, að hann hlýði á þessar raddir, hann hlýði á þíðuna en ekki á frostbrestina í steingervingum fyrri tíðar. Þeir mega molna niður í þíðunni, þeir bráðna og þeir hverfa. En það er jarðvegurinn sem þarf að spretta upp úr um leið og árangur næst á sviði afvopnunarmála og í að skapa friðvænlegri heim, það er sá jarðvegur sem okkur ber að rækta og yrkja. Það verður vonandi hlutverk okkar Íslendinga að leggja þar lóð okkar á vogarskálir í framtíðinni og það fyrr en seinna með allt öðrum hætti heldur en verið hefur á þeim 44–45 árum sem lýðveldi hefur verið á Íslandi. Sú er mín ósk til þessarar ríkisstjórnar og þeirra sem á eftir fylgja.

Kjartan Jóhannsson:

Frú forseti. Mér finnst tilhlýðilegt að nota þetta tækifæri til þess að fara fáeinum orðum um störf nefndar um stefnu Íslands gagnvart Evrópubandalaginu, nefndar sem Alþingi kaus á sl. vori. Ég vil rifja það upp að nefndin ákvað að skipta starfi sínu í áfanga og birta afraksturinn af vinnu sinni nokkurn veginn jafnharðan og það vannst. Með þessu móti taldi nefndin sig geta stuðlað að og flýtt fyrir umræðum meðal almennings og þeirra sem áhuga hefðu um þessi mál sem henni var falið að fjalla um.

Það er mitt mat að þetta hafi verið rétt ákvörðun hjá nefndinni og hafi skilað nokkrum árangri einmitt í þá veru sem til var ætlast. Svo mikið er víst að umfjöllun og umræða um Evrópumálefnin hefur aukist mjög, ekki bara hér á Alþingi heldur almennt í þjóðfélaginu og í fjölmiðlum.

Þessi afrakstur nefndarstarfsins hefur þegar birst í þremur heftum eða ritlingum sem nefndin hefur gefið út á undangengnum mánuðum eins og alþingismönnum er kunnugt, enda hefur þeim verið dreift hér til alþingismanna. En það er rétt að geta þess að það hefur mikil eftirsókn verið eftir þessum ritlingum af hálfu almennings í landinu og hið prentaða upplag er til þurrðar gengið á hinum fyrstu þeirra. Það styður reyndar þá skoðun að útgáfa þeirra hafi verið tímabær og haft verulegt upplýsingagildi og þá jafnframt stuðlað að umræðu og umfjöllun víðs vegar í þjóðfélaginu eins og ætlunin var.

Nefndin hefur einnig unnið sérstaklega að efni í tvö önnur hefti, annars vegar varðandi atvinnuvegina og það sem þeim tengist beint, þ.e. iðnað, landbúnað, sjávarútveg og samgöngur, og hins vegar um efnahagsmál í víðtækum skilningi, þ.e. efnahagssamvinnu, peningamál og fjármálastjórn, þar með talin skattamál, og von mín er sú að nefndin geti gengið frá þessum bæklingum til útgáfu fljótlega.

Í þessum bæklingum kemur stefnumörkun ekki fram nema að takmörkuðu leyti, en að því leyti sem hún kemur ekki fram né heldur mat á afstöðu Íslands eða tillögur um afstöðu, þá hefur nefndin geymt sér það starf og birtingu þess til síðari tíma. Hugsunin er þá sú að kynna fyrst eftir því sem kostur er hinar ytri aðstæður og þróunina hjá Evrópubandalaginu og meðal þeirra þjóða sem eru félagar okkar í EFTA, en stefnumörkunin bíði þá að því leyti sem hún er ekki kynnt þar til hið almenna yfirlit liggur fyrir.

Í ályktun Alþingis sem ég vitnaði til áðan um stefnu Íslands gagnvart Evrópubandalaginu sem var samþykkt á sl. vori var tiltekið að nefndin sem kjörin var skyldi skila skýrslu um málið til Alþingis fyrir 1. apríl 1989. Reyndin hefur hins vegar orðið sú, eins og liggur í þeim orðum sem hér hafa þegar verið sögð, að skýrslan birtist eiginlega í áföngum. Fyrstu ritlingarnir birtust í nóvember og desember sl., aðrir eru væntanlegir fljótlega og þannig koll af kolli. Þannig má segja að sumum hlutum skýrslunnar hafi verið skilað til alþingismanna fyrir alllöngu, en sumt, og þar með lokaskýrsla, hefur dregist fram yfir hina tilgreindu dagsetningu.

Það er von nefndarinnar að Alþingi virði þessa starfshætti, en verkið í heild hefur verið meira en ætlað var og hefur verkið því ekki unnist hraðar en þetta þrátt fyrir að nefndarmenn hafi setið marga og stranga fundi.

Ég ætla engu að spá um einstaka þætti í stefnumörkuninni þegar þar að kemur. Hingað til hefur hins vegar verið samstaða um það sem nefndin hefur gengið frá, en erfiðir þættir eru reyndar fram undan.

Ég sagði áðan að nefndarmenn hefðu setið marga og stranga fundi en þar á ofan hafa þeir lagt á sig mikla vinnu við að kynna sér þau mál sem hér um ræðir. Þeir hafa lesið ógrynni af skjölum og lagt nefndinni til efni með samningu minnisatriða og efniskafla vegna skýrslugerðarinnar. Sem nefndarformaður kann ég nefndarmönnum þakkir fyrir þetta ötula starf þeirra í nefndinni og fyrir samstarfið það sem liðið er og er þess fullviss að svo verði áfram. Ég nota þetta tækifæri til þess að þakka nefndarmönnum starf þeirra og samstarfið. Og ég geri það núna með hliðsjón af því að það sé ekki víst að mér bjóðist annað hentugt tækifæri til þess á vettvangi sameinaðs Alþingis að færa fram slíkar þakkir.

Ég læt svo lokið að gefa þetta stutta yfirlit um störf nefndar um stefnu Íslands gagnvart Evrópubandalaginu sem mér þótti sem sagt rétt að koma hér á framfæri í þessari umræðu.

Að lokum, frú forseti, vil ég þakka þau vinsamlegu orð sem ýmsir þingmenn hafa hér í þessari umræðu látið falla í minn garð, svo og þær heillaóskir sem þeir hafa borið fram mér til handa vegna nýrra starfa sem ákveðið hefur verið að fela mér á erlendum vettvangi. Ég vænti þess að mega njóta góðs samstarfs við alla þingmenn í þessu nýja starfi eftir því sem tilefni og tækifæri gefst til og þá auðvitað óháð því hvort

þingmenn eru sæmilega sáttir við þessa skipan mála eða hafa á henni gagnstæða skoðun eins og sumir hafa lýst að þeir hafa. Ég vænti sem sagt góðs samstarfs við alla þingmenn.

Ég er auðvitað alls ekki að flytja neina kveðjuræðu. Það er of snemmt. Það lifir enn nokkuð af þingi og margt er óunnið. En ég vildi ekki láta hjá líða að gefa þessa stuttu greinargerð um störf nefndar um stefnu Alþingis og geta þess að ég met mikils bæði þær heillaóskir og þau vinsamlegu ummæli sem þingmenn hafa flutt í minn garð.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Þessar umræður eru orðnar langar og á köflum fróðlegar. Þær hafa staðið núna í samfellt 11 klukkustundir. Það hafa talað hér fulltrúar allra flokka sem setu eiga á Alþingi fyrir utan fulltrúa Framsfl. og Samtaka um félagshyggju og jafnrétti ef ég kann rétt að taka eftir. (**VS:** Framsóknarmaður talaði.) Þá biðst ég afsökunar vegna þess að ég var fjarverandi og vissi ekki af því. Þá skulum við hafa það sem réttara er. Fulltrúi Framsfl. talaði, formaður utanrmn., en af kunnum ástæðum missti utanrrh. af þeirri ræðu.

Það er sumt sem vekur athygli mína öðru fremur við þessar umræður sérstaklega. Ég tek eftir því að það hafa talað hér sex fulltrúar Sjálfstfl. Þeir hafa borið fram urmul af spurningum en flestir sömu spurningarnar. Það vekur athygli mína að fulltrúar Sjálfstfl. í umræðum um utanríkismál hafa á undanförnum árum lagt sérstaka áherslu á það að Íslendingum beri skylda til að leggja sjálfstætt mat á íslenska hagsmuni, sérstaklega íslenska öryggishagsmuni og skipuleggja utanríkisþjónustuna með þeim hætti að þeir séu til þess bærir. Kjarni málsins hefur verið sá að búa okkur betur í stakk til þess að leggja sjálfstætt mat á okkar eigin hagsmuni og framfylgja sjálfstæðri utanríkisstefnu, að sjálfsögðu í samstarfi við bandamenn. Þess vegna finnst mér dálítið merkilegt að í nokkrum þeim tilvikum þar sem Íslendingar hafa lagt sjálfstætt mat á sína eigin hagsmuni, þá heyrist mér af þeirra málflutningi að þeir kveinki sér og kvarti og hafi uppi efasemdir, viðvaranir og jafnvel nokkur frýjuorð til utanrrh. um að nú sé hann kannski að villast af réttri leið. Þetta á t.d. við þá ákvörðun utanrrh., þess sem hér stendur, að draga nokkuð úr fjölda þátttakenda í áformum Bandaríkjanna um heræfingar hér á næsta sumri. Það er nú lítilsvert. En þetta á sér í lagi við þann geysistóra þátt íslenskra utanríkismála sem varðar spurninguna um afvopnun á og í höfum og um traustvekjandi aðgerðir á höfunum. Þar heyrist mér sem þeir kveinki sér einum um of við það að í málflutningi utanrrh. hefur það komið skýrt fram að ég telji það eitt samrýmast lífshagsmunum Íslendinga í þessu máli að Íslendingar taki þar sjálfstætt frumkvæði.

Að öðru leyti er það ekkert launungarmál að í öllum grundvallaratriðum að því er varðar afstöðu til utanríkis- og öryggismála eða samstarfið innan Atlantshafsbandalagsins og nauðsyn varnarsamningsins við Bandaríkin er ekki uppi ágreiningur milli mín og þeirra og vissulega var ég látinn njóta sannmælis að því leyti í þessari umræðu.

Eins er það að mér fannst málflutningur fulltrúa Kvennalistans í þessum umræðum, hv. 12. þm. Reykv., eilítið þversagnarkenndur kannski. Í ræðu hv. þm. kom það fram að hún hefði orðið fyrir vonbrigði með framkvæmd utanríkisstefnu í tíð þessarar ríkisstjórnar og þau vonbrigðu væru allmikil, sér í lagi í samanburði við framkvæmd utanríkisstefnu í tíð fyrri ríkisstjórnar undir forsæti Sjálfstfl. Í máli hennar kom fram að það henti að hún fyriryrði sig fyrir málflutning og afstöðu fulltrúa Íslands á alþjóðavettvangi. Sér í lagi var nefnt sem dæmi um þessi vonbrigði að hernaðarumsvif færu sívaxandi.

Nú er það svo að í tíð þessa utanrrh. og þessarar ríkisstjórnar hafa engar ákvarðanir verið teknar um aukin hernaðarumsvif. Allar ákvarðanir um hernaðarframkvæmdir þær sem unnið er að voru teknar í tíð forvera minna, þar á meðal forvera míns, sem mér heyrðist hv. þm. hins vegar telja allan annan og miklu betri og þekkilegri vegna friðsamlegri tóns í málflutningi eða í framkvæmd utanríkisstefnu.

Það er líka ein þversögnin enn að sumir talsmenn Sjálfstfl. lýstu áhyggjum sínum af því að utanrrh., sá sem hér stendur, kynni hugsanlega að víkja frá einhverjum grundvallarreglum, sæta afarkostum, sætta sig við neitunarvald samstarfsaðila o.s.frv. Engu að síður varð það ljóst á málflutningi þeirra að þeim þótti framkvæmd utanríkisstefnunnar í tíð forvera míns hafa verið mjög svo í skötulíki, órökrétt, ekki byggð á grundvallarsjónarmiðum, þrátt fyrir þá staðreynd að það var í tíð ríkisstjórnar undir forustu Sjálfstfl. Ég hlýt því að álykta að ekki sé það nóg að Sjálfstfl. hafi forustu í ríkisstjórn til þess að tryggja það að sú festa og staðfesta við grundvallarsjónarmið ríki í framkvæmd utanríkisstefnunnar þó að ég minnist þess nú yfirleitt ekki að hafa heyrt þennan málflutning frá hv. þm. meðan þeir voru í stjórnarsamstarfi við fyrrv. utanrrh. Þó voru á því nokkrar undantekningar. Látum nú vera um þennan tón. Það skiptir kannski ekki miklu máli.

Mitt hlutverk hér er fyrst og fremst það að reyna að svara þeim spurningum sem til mín hefur verið beint og það skal ég reyna að gera. Þó má vera að ég geti ekki svarað þeim öllum en reyni þó að gera það eftir bestu samvisku. Fyrst vil ég víkja að þeim spurningum sem til mín var beint af hálfu þeirra sjálfstæðismanna.

Í máli hv. 1. þm. Suðurl. Þorsteins Pálssonar kom fram uggur út af áformum um breytingar á skipulagi utanríkisþjónustunnar. Hann komst að orði eitthvað á þá leið að það væri óráðlegt að skipta um fastafulltrúa hjá EFTA í Genf. Það hefði annaðhvort átt að gerast fyrr eða síðar, bara ekki núna. Nefndi jafnvel að það bæri vott um hringlandaháttt eða væri hugsanlega gert í þágu flokkssjónarmiða.

Ég vík kannski að þessu máli á eftir vegna þess að það voru bornar fram margar spurningar um hugmyndirnar um endurskipulagningu utanríkisþjónust-

unnar. Það kom fram í máli margra, hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur, hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar og fleiri. Ætli ég víki ekki að því út frá spurningum hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur.

Hún spurði: Hver eru rökin fyrir þessari endurskipulagningu? Um það vísa ég einfaldlega í þá skýrslu sem lögð hefur verið fram, lögð, kynnt og rædd í þaula í utanrmn., kynnt í ríkisstjórn, kynnt í utanrmn. þar sem hv þm. á sæti.

Hún spurði: Hverjir voru þeir gallar á starfi þjónustunnar sem kölluðu á endurskipulagningu? Það kemur vel fram í þessum rökstuðningi. Það var galli t.d. að það var engin föst regla um starfstíma sendimanna erlendis. Það er ekki gott og kann ekki góðri lukku að stýra að sendimenn dveljist langdvölum erlendis, jafnvel áratugum saman án þess að vera kvaddir heim. Það er augljóst mál. Það er galli þegar skipulagsbreyting er gerð á stjórnkerfinu og viðskiptamál eru færð yfir til utanrrn. og það eru engar ráðstafanir gerðar til þess að styrkja starf ráðuneytisins á sviði viðskipta þrátt fyrir það. Það er galli á skipulagi ráðuneytisins þegar ytri kringumstæður valda því að stór, viðamikil verkefni, kannski stærstu verkefni sem utanríkisþjónustan hefur fengist við, blasa við fram undan og þá er ég að tala um samskiptin innan EFTA og samstarfið við Efnahagsbandalagið, ef starfskraftar í ráðuneytinu eru ekki undir það búnir, ef stefnumótunarhlutverki ráðuneytisins er ekki sinnt. Þá má það heita galli ef stefnumótunarhlutverkið, kerfisbundin vinna að lausn langtímaverkefna, ef ekki er hægt að sinna því vegna þess að það er ekki næg sérhæfing milli starfsmanna. Það getur hver sem er kynnt sér sem kannar það hversu margir starfsmenn eru t.d. í alþjóðadeild til þess að sinna t.d. málefnum sem varða öryggis- og varnarmál, samstarfi innan Atlantshafsbandalagsins, Sameinuðu þjóðirnar, málefni ýmissa annarra alþjóðastofnana o.s.frv. þannig að það eru ýmsir gallar og það voru ærin rök fyrir þessum breytingum.

Fór fram sérfræðileg úttekt? Sérfræðileg úttekt fór fram að því leyti að það var leitað sérstaklega álitsgerðar að því er viðskiptaþáttinn varðar, sem er hinn nýi þáttur, hjá Útflutningsráði og framkvæmdastjóri Útflutningsráðs skilaði álitsgerð til ráðuneytisins.

Eru niðurstöður um breytingar í samræmi við þær tillögur? Að verulegu leyti eru þær, já, ekki að öllu leyti. Útflutningsráð vildi ganga lengra í því að skipa viðskiptafulltrúa strax, en við verðum auðvitað að starfa innan ramma fjárlaga svo að þess er ekki kostur fyrir utan það að við höfum kannski á því það mat að það er ekki nauðsyn alls staðar.

Ein athyglisverð hugmynd kom fram um þessi mál í ræðu hv. 1. þm. Suðurl., formanns Sjálfstfl. Hann lýsti þeirri hugmynd hvort ekki væri ráð að efna til samstarfs við Norðurlandaþjóðirnar um það að í stað hefðbundinna sendiráða yrðu settar á stofn sameiginlegar þjónustuskrifstofur Norðurlanda. Þetta finnst mér mjög athyglisverð hugmynd og lýsi vilja mínum til þess að skoða hana nánar. Sýnist mönnum svo, að það geti tekist samstaða um það, þá væri ég fyrir mitt leyti tilbúinn að beita mér fyrir því fyrir afgreiðslu næstu fjárlaga að slíkri hugmynd yrði hrundið í framkvæmd.

Það er ástæða til að vekja athygli á því hér að þessi þáttur alþjóðasamstarfsins sem varðar Norðurlandaráð er orðinn geysilega viðamikill í íslensku stjórnkerfi og reyndar í störfum Alþingis. Þess er skemmst að minnast að þegar Norðurlandaráðsþing eru haldin er Alþingi óstarfhæft. Það er verulegur fjöldi hv. þm. sem tekur mikinn þátt í störfum Norðurlandaráðs og er mikið fjarverandi af þeim sökum, en það er þó ekki allt vegna þess að það er einnig orðið svo í helstu ráðuneytum, að mjög margir embættismenn, sumir hverjir sem gegna lykilstörfum, eru í mjög tímafrekum nefndastörfum á vegum Norðurlandaráðs og stöðugum ferðalögum þangað. Með öðrum orðum: Meginþunginn í samstarfi okkar við Norðurlönd fer ekki fram í gegnum utanrrn. og fer ekki fram í gegnum sendiráð. Reyndar er þess að geta að sérstakur ráðherra fer með þessi málefni og þótt Norðurlandaskrifstofan sé vistuð í utanrrn., þá má heita svo að utanrrn. sem slíkt hafi ekki tengsl við þetta starf. Það fer fram á öðrum vettvangi. M.a. af þessum ástæðum — að Norðurlandasamstarfið fer lítið sem ekkert fram í gegnum sendiráðin og í annan stað vegna þess að viðskiptasambönd okkar við Skandinavíu eru með þeim hætti að þau eru ákaflega einhliða, við flytjum ákaflega mikið inn frá Norðurlöndum, en útflutningur þangað er lítill og viðskiptajöfnuður okkar við þau er mjög óhagstæður, nálægðin hins vegar slík að það er ekki sérstök nauðsyn á sérstakri þjónustu opinberra aðila vegna fyrirgreiðslu á mörkuðum þar — þá er eiginlega niðurstaðan sú að ég tek fyllilega undir það með formanni Sjálfstfl. að það sé tímabært að skoða hvort þessum samskiptum eigi ekki að haga með öðrum hætti. Menn eiga nefnilega að hafa opin augu fyrir því að þetta þarf ekki allt saman alltaf að vera í sama forna farinu.

Að verulegu leyti er hlutverk sendiráða á Norðurlöndum hlutverk fógetaskrifstofa, þ.e. að annast þjónustu, kerfisþjónustu við þá landa okkar sem þar eru búsettir sem reyndar eru orðnir býsna margir. Ég hef ekki töluna á reiðum höndum, eitthvað tæplega 4000 manns í Svíþjóð einni. Ætli það séu ekki a.m.k. 5000 manns í Danmörku og eitthvað lægri tala í Noregi. Einföld fógetaþjónusta, og þá á ég við fyrirgreiðslu eins og varðandi barnsburð, fæðingarvottorð, hjúskaparskilríki, skilnaðarpappíra og annað slíkt, er kannski tímafrekasti parturinn í þessu. Hvers vegna þá ekki að setja á stofn þjónustukontór, draga saman seglin þarna að því er varðar það að halda úti sendiráðum með formlegum hætti til þess að geta lagt aukna áherslu á starfsemi sendiráða eða á aðra þætti í utanríkisþjónustunni sem eru brýnni og meira aðkallandi? Með öðrum orðum: Jákvæð hugmynd, athyglisverð tillaga og allrar athygli verð.

Það var spurt hverju sætti um fyrirvara hæstv. forsrh. að því er varðaði Oslóaryfirlýsinguna og hvort þetta væru fyrirvarar við fyrirvara, eins og fram kom í máli ýmissa fulltrúa Sjálfstfl., þeirra á meðal hv. 1.

þm. Suðurl. og hv. 17. þm. Reykv. Mér finnst vera búið að eyða óhemjumiklu púðri í þetta mál af nánast engri ástæðu. Oslóaryfirlýsingin var samþykkt einróma af öllum EFTA-ríkjunum. Það er alveg á hreinu. Það er jafnljóst að EFTA-ríkin eru í samstarfi á grundvelli fríverslunarsamnings og starfsreglur þess þar eru með þeim hætti að ekkert eitt ríki getur í atkvæðagreiðslu borið annað ofurliði. Það er jafnframt ljóst að Oslóaryfirlýsingin er ekki um annað heldur en að ríkin bindast sammælum um að efna til óskuldbindandi viðræðna og í þeim eru fyrirvarar. Það er líka ljóst að leiðtogar annarra EFTA-ríkja hafa lýst sérstöðu ríkja sinna með ýmsum hætti. Það reynir ekkert á hvort við Íslendingar setjum í alvöru sérstaka fyrirvara fyrr en vinnunni er þannig komið að við höfum eitthvað til þess að taka afstöðu til á grundvelli einhverra konkret mála eða málsniðurstaðna sem fyrir okkur eru lögð. Þannig að þau orð sem látin eru falla um þetta eru mestan part óþörf og lýsa óþörfum áhyggjum.

Það var spurt um í sambandi við ferð hæstv. fjmrh. til Moskvu og viðræður þar við stjórnvöld hvort utanrrh. væri sáttur við frumkvæði Ólafs Ragnars Grímssonar. Ég hef ekkert um það að segja. Ólafur Ragnar Grímsson nýtur ferðafrelsis. Hann var í Moskvu sem formaður, að ég hygg, alþjóðasamtaka, Parliamentarians for Global Action, og hann notaði tækifærið til viðræðna við sovéska ráðamenn. Það tel ég alveg sjálfsagðan hlut. Ég bað embættismenn mína um það að undirbúa hann fyrir fundinn, gefa honum upplýsingar um viðskipti Íslands og Sovétríkjanna og hann gaf greinargóða skýrslu um þær viðræður þegar hann kom til baka. Ég tek það fram að íslenskir ráðamenn aðrir sem fara til Sovétríkjanna hafa að sjálfsögðu rætt við sovéska ráðamenn og gefið um það skýrslur.

Hvort fjmrh. hafi talað í nafni ríkisstjórnar á ráðstefnu í Osló? Svarið við því er alveg ljóst. Hann tók það sjálfur skýrt fram í þeim umræðum að hann talaði ekki í nafni ríkisstjórnar, heldur væri hann að lýsa hugmyndum sem væru hans eigin, en þær hugmyndir voru um það að ef áhugi væri á því meðal ríkisstjórna á Norðurlöndum, þá teldi hann skynsamlegt að efna til ráðstefnu til þess að undirbúa hugmyndir og tillögur, kveðja þar til vísindamenn, stjórnmálamenn og fleiri aðila til þess að undirbúa hugmyndir og tillögur um nýja áfanga að því er varðar afvopnun í og á höfum. Ég hef ekkert við það að athuga, ekki nokkurn skapaðan hlut.

Þá vík ég að því hvað kom fram í frásögn og skýrslu hæstv. fjmrh. að því er varðaði viðræðurnar um viðskiptamál. Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson beindi þeirri spurningu til hæstv. fjmrh. og ég vil gjarnan svara því hér fyrir hans hönd, þrátt fyrir það að mér skilst að það hafi glumið hér í eyrum landsmanna í alla nótt eða seinustu klukkutímana að fjmrh. væri eftirlýstur að svara þýðingarmiklum spurningum á Alþingi, en hann hefur ekki komið í leitirnar enn. Því er til að svara að fjmrh. lagði fram í ríkisstjórn greinargerð þar sem hann skýrði frá þessum viðræðum sínum. Nú man ég ekki nákvæmlega hversu marga hann ræddi við, en mig minnir að hann hafi rætt við aðstoðarsjávarútvegsráðherra og aðstoðarutanríkisviðskiptaráðherra.

Eitt meginumræðuefnið var að sjálfsögðu af hálfu Sovétmanna að útskýra perestrojku, hvar hún væri stödd, hvaða breytingar væru í aðsigi og hvernig þær breytingar hefðu áhrif á fyrirkomulag utanríkisviðskipta. Á það var bent að valdið ætti nú að færast frá miðstjórnarkerfinu í Moskvu til lýðveldanna og til fyrirtækja í lýðveldum og því aðeins gætu þessir aðilar gert bindandi samning um utanríkisviðskipti að þeir öfluðu sjálfir þess gjaldeyris sem þyrfti. Þetta þýddi að því er varðaði sjávarútveginn að þau ein fyrirtæki gætu verslað með fiskafurðir við Íslendinga sem sjálf hefðu til þess gjaldeyristekjur og þau gætu ekki aflað þeirra gjaldeyristekna nema með því að gera það í einhvers konar samstarfi við viðskiptalöndin. Þar kæmi ýmislegt til greina sem upp var talið, þar á meðal t.d. sameiginleg aðild að útgerðarfyrirtækjum, sameiginlegar veiðar á vannýttum stofnum en sér í lagi væri eitt grundvallarskilyrði fyrir slíkum viðskiptum í framtíðinni og það væru veiðiheimildir innan íslenskrar fiskveiðilögsögu. Og á það var lögð mikil áhersla. Fjmrh. gerði rækilega grein fyrir því þegar hann fylgdi skýrslu sinni úr hlaði að þetta hlyti að valda okkur verulegum áhyggjum að því er varðaði framtíð viðskipta af þessu tagi og vegna þess að það er að mínu mati svo að þótt að þessu hafi verið ýjað almennt séð með vísan til þess sem kynni að gerast í framtíðinni, þá held ég að þetta hafi verið í fyrsta sinn a.m.k. að því er ég best veit sem það var sett fram með jafnafdráttarlausum og ákveðnum hætti af jafnáhrifamiklum mönnum í sovéska stjórnkerfinu.

Um viðbrögð fjmrh. var það að segja að hann gerði viðmælendum sínum skilmerkilega grein fyrir því að þetta væri ekki á dagskrá að því er varðaði íslensk stjórnvöld því sú stefna væri ríkjandi að við værum ekki til viðtals um slíkt og hefðum hafnað slíkum kröfum frá Efnahagsbandalaginu árum saman.

Hv. 1. þm. Suðurl. spurði með vísan til hvalamálsins hvað tæki við eftir að við hefðum lokið okkar lokaári núverandi vísindaáætlunar. Ég hef ekki svar við því. Sú stefna hefur ekki verið mótuð.

Þá vék hann að undarlegri ritsmíð eftir aðstoðarritstjóra Morgunblaðsins þar sem aðstoðarritstjórinn var eitthvað að reyna að bera blak af manni sem heitir Bill Evans og er starfandi í viðskiptaráðuneyti Bandaríkjanna. Sá maður fór í ákveðnum erindum bandarískra stjórnvalda til Japans og gerði Japönum þar ákveðið tilboð sem fór í bága við samkomulag sem Bandaríkjastjórn hafði við okkur gert. Um þetta höfum við öruggar heimildir og staðfestar heimildir, bæði innan japanska stjórnkerfisins og þess bandaríska. Við andmæltum þessu. Það var við það kannast og málið var látið niður falla þannig að athugasemdir Björns Bjarnasonar af því tilefni voru einfaldlega ekki teknar gildar og það er skýringin á því hvers vegna hlutirnir eru orðaðir með þeim hætti sem gert er í skýrslunni.

Það er mikið spurt um varaflugvöll og það er spurt hvort Þjóðviljinn fari með rétt mál um það að áform utanrrh. hafi verið brotin á bak aftur og svo koma frýjuorðin, *hvort utanrrh. ætli að láta kúga sig*, og það eru látnar uppi grunsemdir um það að kannski megi ekki treysta utanrrh. í þessu máli o.s.frv. Og hvað er um þetta mál að segja? Ég hef lýst því skýrt og skilmerkilega að ég geri ráð fyrir því, nema því aðeins að fram komi einhverjar veigamiklar röksemdir sem breyti þeirri afstöðu minni, að veita þessa heimild. Ég hef hins vegar ekki tekið þá ákvörðun og mun ekki taka hana í bráð.

Spurt er hvort ég geti ekki lýst yfir stuðningi við þál. sem leiði í ljós álit Alþingis í því efni. Mitt svar við því er ósköp einfaldlega það: Ég þarf enga þál. til þess að skora á sjálfan mig að framkvæma hlut sem ég er fylgjandi að því er mig varðar persónulega.

Það er hins vegar ekki ástæðulaust að spyrja til baka út frá þessum hugmyndum um varaflugvöll hvernig á því stóð, þegar sjálfstæðismenn fóru með bæði samgöngumál og utanríkismál, að þeir létu ekki þessa könnun fara fram og hvernig á því stóð að páv. samgrh. Matthías Bjarnason tók, af ástæðum sem mér er ókunnugt um hverjar voru, þá ákvörðun að verja 1 millj. kr. til þess að láta fara fram könnun hér innan lands á vegum innlendra aðila. Ég held a.m.k. *að þeir sem ætla að hafa uppi stór frýjuorð í minn* garð geti sparað sér þau. Ég gekk nefnilega hreint til verks í þessu máli og í ljósi þeirra orða sem í stjórnarsáttmála standa, og slík orð ber að virða og standa við, að ekki skuli í stjórnartíð þessarar ríkisstjórnar efnt til meiri háttar nýrra hernaðarframkvæmda, þá gekk ég úr skugga um það að afla allra upplýsinga sem fáanlegar væru um þetta mál og m.a. rækilega að fara ofan í saumana á því hver væru skilyrði Mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins og Atlantshafsbandalagsins yfirleitt. Og ég hef fært á það sönnur sem ekki hafa verið hraktar að þetta mannvirki, ef byggt yrði, yrði ekki notað nema sem venjulegt samgöngumannvirki á friðartímum. Um það færi síðan á ófriðartímum svo að um það yrði gerður samningur og það þýðir að þetta mannvirki yrði notað á ófriðartímum á nákvæmlega sama hátt og flest önnur samgöngumannvirki og flest önnur mannvirki sem við kunnum upp að telja. Þetta hef ég gert. Þetta var ekki gert í stjórnartíð sjálfstæðismanna og þar með er borðið hreint að því leyti að það er ekki verið að brjóta neinn stjórnarsáttmála þótt forkönnunin yrði heimiluð.

Er þetta partur af einhverri Norðurlandaáætlun Gorbatsjovs? Nei. Hvað gerist ef niðurstaðan yrði sú að þetta yrði ekki heimilað? Það gerist það eitt að Atlantshafsbandalagið mundi þá byggja þetta mannvirki annars staðar. Það mundi ég harma ef svo færi. Ég met málið svo að mannvirkið yrði þar miklum mun verr komið.

Um heræfingar. Er hann nú byrjaður að bogna? Er hann að láta undan? Boðar það einhver sinnaskipti? Er verið að slá af? spyrja sjálfstæðismenn. Hvers vegna svona spurningar? Af hverju svona fáfengilegar spurningar? Staðreyndir málsins eru ósköp einfaldlega þessar: Bandaríkjamenn höfðu uppi áform um það að hér færu fram heræfingar þar sem virkir *utanaðkomandi þátttakendur væru 1040 manns, 800 í* varaliði og 240 úr stórfylki fastaliðs Bandaríkjanna í Kaliforníu. Þar fyrir utan margir eftirlitsaðilar og stjórnendur.

Áformin voru auðvitað löngu kynnt og voru þekkt úr tíð forvera minna. Spurningin var hins vegar sú hvort við ætluðum að leggja eitthvert sérstakt mat á það sjálfir hvort þessar æfingar færu fram, hvenær þær færu fram, hvar þær færu fram, hvernig þær væru skipulagðar, hvaða markmiðum þær þjónuðu o.s.frv. Mér skilst að af hálfu forvera minna hafi aldrei verið lagt sjálfstætt mat á það heldur hafi vinnubrögðin verið þau að áformin hafi verið tilkynnt og vinnureglan síðan verið sú, og hún er algeng innan NATO, að ef ekki eru gerðar athugasemdir þá er litið á það sem ákvörðun eða samþykki. Og eftir því sem ég best veit hafa aldrei verið gerðar athugasemdir eða framkvæmt sérstakt mat á slíkum áformum eða beiðnum fyrr en nú.

Ég vitnaði til þess áðan að sjálfstæðismenn hafa haft orð á því að þeir vildu að við fylgdum sjálfstæðri utanríkisstefnu, hefðum til þess burði að leggja sjálfstætt mat á svona hluti. Til þess vildum við koma okkur upp sérfræðingum. Ég er algjörlega sammála því. En hvers vegna þá að gagnrýna það þegar slíkt mat er framkvæmt og íslenskur utanrrh. kemst að slíkum niðurstöðum? Ákvörðunin var sú að breyta *tímanum. Það mál vel vera að ég hefði haft uppi óskir* um að breyta honum enn frekar og ég hefði haft lengri aðdraganda að því máli, en það var ljóst að það var ekki unnt nema með því að kollvarpa þá öllu því mikla undirbúningsstarfi sem hafði verið lagt í þetta mál. Það vildi ég ekki gera. Ég fækkaði þátttakendum eftir að hafa kannað það mjög rækilega hvort slík fækkun mundi í nokkru raska eða koma í veg fyrir að tilgangur, markmið æfinganna gæti skilað sér. Hvers vegna að vera að fækka? Jú, hvers vegna ekki? Ef æfingarnar geta farið fram og skilað sínum árangri þrátt fyrir fækkun, hvers vegna ekki að verða við óskum sem eru bornar uppi hér af samstarfsaðilum og á Alþingi um það að Íslendingar gefi slíkt merki frá sér að það verði reynt að hafa hóf og hemil á slíkum æfingum jafnvel þó að þær séu að vísu svo smáar í eðli sínu að þær séu ekki tilkynningaskyldar? Ja, það er allt í stakasta lagi, heyri ég.

Það hefur eiginlega vakið athygli mína að það hefur lítið sem ekkert verið rætt um samskiptin við varnarliðið út frá því sem þarna hefur verið sagt í skýrslunni um Aðalverktaka. Þar var þó undantekning hv. þm. Benedikt Bogason sem vék að því máli. (Gripið fram í.) Já, er það. Ég harma það að ég hef misst af hinni merku ræðu formanns utanrmn.

Ég hef lýst þeirri skoðun minni að núverandi fyrirkomulag verktöku í þágu varnarliðsins sé óeðlilegt og ég hygg að það séu ekki pólitískar forsendur í landinu fyrir því að halda því kerfi óbreyttu mikið lengur. Þetta mál hefur lengi verið til umræðu. Ég

minnist þess að við alþýðuflokksmenn beindum mjög mörgum og ítarlegum spurningum til þáv. hæstv. utanrrh. um Aðalverktaka á sínum tíma. Þá var lögð fram hér skýrsla um það mál. Í tíð forvera minna hefur verið unnið að tillögugerð um hvað skuli gera, hvaða breytingar eigi að framkvæma og ég hef að sjálfsögðu notað tímann til þess að skoða þær tillögur allar og kynna mér starfsemi Aðalverktaka, reyna að leggja mat á það hvernig ástandið er, hvernig kerfið er og þær tillögur sem fram hafa komið um breytingar.

Aðalverktakar eru risavaxið fyrirtæki, fjárhagslega voldugt. Það er sameignarfyrirtæki samsteypuverktaka, Sameinaðra verktaka, annars verktakafélags sem Reginn heitir og kennt er við samvinnumenn og ríkisins. Ríkið á einungis fjórðung í þessu fyrirtæki. Þetta fyrirtæki hefur hlaðið upp miklum auð í skjóli milliríkjasamnings, samnings sem íslenska ríkið gerði við annað ríki. Eiginfjárstaða þess er gríðarlega sterk. Það á geysilega fjármuni víða í hinu íslenska fjármálakerfi. Þeir menn sem þessu fé stýra hafa gríðarlegt vald og það getum við kannski kallað dulið vald og spurning hvort það er ábyrgt vald. Tillögurnar sem uppi hafa verið um að breyta þessu hafa verið margar, allt frá tillögum t.d. verktaka um það að það eigi að afnema svona kerfi og opna verktakamarkað sem formaður Sjálfstfl. lýsti sem t.d. sínum hugmyndum. Það hafa líka verið tillögur um það að skipta þessu fyrirtæki upp, að slíta þessu sameignarfyrirtæki, að stofna almenningshlutafélag um þetta. A.m.k. hafa menn verið að leita að leiðum til þess að opna þetta fyrirtæki, annaðhvort fyrir þátttöku almennings í landinu nú eða opna það með eðlilegum hætti fyrir starfsemi annarra verktaka o.s.frv. Hér hefur aðeins verið gert tvennt að svo stöddu eftir sex mánaða aðdraganda og það er að tekist hefur samkomulag um það að ríkið fær tvo fulltrúa í stjórn og jafnframt er kunnugt að það er gert ráð fyrir því að ríkið ráði sérstakan forstjóra að þessu fyrirtæki. Jafnframt hefur verið bókað að aðilar séu sammála um að taka upp viðræður um breytingar á eignaraðild og eignarhlutföllum í þessu fyrirtæki. Þar með er málið komið nokkuð á rekspöl og það gæti orðið upphaf að breytingum sem eru löngu, löngu tímabærar og skipta mjög miklu máli. Ég held að gallinn við þá skoðun sem formaður Sjálfstfl. lýsti, að opna bara þarna fyrir almennan verktakamarkað, sé svo augljós að það sé ekki unnt að leysa málið á þeim grundvelli.

Ég hef þegar svarað fyrirspurnum hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar um viðræður við Sovétmenn þar sem þeir hafa sett fram sínar hugmyndir um veiðiheimildir í íslenskri lögsögu og svör við því. Að því er varðar hafréttarmálin, þar sem kom fram gagnrýni að við hefðum ekki fylgt nægilega vel eftir því frumkvæði sem við höfum haft annars vegar á norðurslóðum, þ.e. varðandi það að ná samkomulagi um skiptingu gráa svæðisins þar og svo hins vegar að því er varðaði Rockall, þá vil ég samt sem áður taka það fram að þetta mál hefur ekki legið í láginni, sbr. það sem um það er sagt í skýrslunni og sbr. bréfaskriftir forsrh. við forsrh. Breta.

Að því er varðar boðaða og áformaða fundi með embættismönnum og sérfræðingum út af norðurslóðamálinu, þá er það svo að ég ræddi það mál t.d. við Uffe Elleman Jensen í opinberri heimsókn og viðræðum við danska utanríkisráðherrann sem m.a. taldi sig þá vera í erfiðri stöðu meðan deilur þeirra og Norðmanna væru í gangi. Upplýst hefur verið af forsrh. að Norðmenn væru nokkuð hikandi í þessu máli, m.a. vegna þess að þeir eiga í nokkuð erfiðum viðræðum við Sovétmenn á Barentshafi og það hafi nokkur áhrif á þetta.

Að því er varðar Rockall, þá er það svo að ein ástæðan fyrir því að fundi nr. 2, milli embættismanna um það mál, var frestað er sú að samkvæmt mati vísindamanna okkar sjálfra, þá liggja ekki fyrir endanlegar niðurstöður sem þeir eru að bíða eftir, ég er að vitna í Guðmund Pálmason hjá Orkustofnun, en þeirra sé hins vegar að vænta. En þær þurfa að liggja fyrir áður en embættismannafundur verður haldinn aftur. Ég vil því árétta að það er kannski ekki alveg sanngjarnt að segja að menn hafi lagt upp laupana. Málunum hefur verið haldið vakandi og ég held að ég geti fullyrt að þau verði ekki látin niður falla. Hins vegar má kannski segja að drátturinn að því er þetta varðar á því að íslenskir vísindamenn telji sig tilbúna til þess að setjast þarna að samningaborðinu nægilega vel undirbúnir, það er þá okkar verkefni núna að reka á eftir því.

Hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir hreyfði þeirri hugmynd hvort ekki væri orðið tímabært að Íslendingar gerðust aðilar að Vestur-Evrópusambandinu, West-European Union sem er m.a. sameiginlegur umræðuvettvangur um varnarmál. Það mál hefur verið rætt í ráðuneytinu og ég mundi jafnvel orða það svo að það væri í skoðun. Ég er því sammála að það væri vafalaust þarft. Spurningin er hins vegar sú hvort við erum að dreifa kröftunum um of vegna þess að verkefnin sem við er að fást eru ærin.

Að því er varðar spurningar hv. þm. Geirs H. Haarde, þá hef ég þegar svarað þessum spurningum um varaflugvöll.

Spurningar sem varða atkvæðagreiðslur í Sameinuðu þjóðunum, ég hef svo oft fjallað um það að ég held ég þurfi ekki að rekja það í löngu máli.

Fyrirvara að því er varðar Oslóaryfirlýsingu. Því hefur þegar verið svarað.

En þá er eftir hið stóra mál sem varðar afvopnun í höfunum þar sem mér var borið á brýn að við hefðum farið fram afar ógætilega og reyndar kannski jafnvel rofið trúnað við samstarfsaðila okkar með þeim orðum sem látin voru falla í ræðu utanrrh. í Vín sem embættismaður flutti. Það kemur skýrt fram í skýrslu utanrrh. að það var samkomulag bæði innan Atlantshafsbandalagsins og reyndar við Varsjárbandalagið um grundvöll afvopnunarviðræðnanna í Vín, þ.e. að þær skyldu snúast um afvopnun að því er varðaði heri og venjulegan vopnabúnað. Það er skýrt tekið fram í skýrslunni að við erum ekki að gera ágreining um það

eftir á. Það sem við gerðum hins vegar var það að segja: Það er augljóst lífshagsmunamál Íslendinga að næsti áfangi afvopnunarviðræðna snúist um afvopnun á og í höfunum. Það var skýrt tekið fram í þessari ræðu að við gerðum okkur fulla grein fyrir þeim mun sem er á Varsjárbandalagi og Atlantshafsbandalagi að því er varðar það að annað er fyrst og fremst meginlandsbandalag, hitt er byggt á sjóflutningum milli tveggja heimsálfa og má þess vegna kalla Atlantshafið líflínu þar á milli, full grein gerð fyrir þeirri sérstöðu. En engu að síður var því haldið fram að lífshagsmunir Íslendinga krefðust þess að Atlantshafsbandalagið, þó það hafi ekki verið sagt í þessari ræðu, að Atlantshafsbandalagið eða við í samstarfi við bandamenn okkar legðum á það áherslu að næsti áfangi afvopnunarviðræðna snerist um þessi mál. Hvers vegna vera að orða þetta við upphaf afvopnunarviðræðna sem ekki snerust um þetta? Það er vegna þess að í hinum almennu ráðherraræðum voru menn ekki bara að fjalla um afvopnunartillögurnar sem fyrir lágu. Menn töluðu um fjöldann allan af öðrum þáttum afvopnunarmála. Þannig ræddi t.d. utanríkisráðherra Sovétríkjanna um aðgerðir Sovétmanna að því er varðaði eiturefnavopn. Það gerði utanríkisráðherra Bandaríkjanna líka. Hann hélt sig ekki við þetta eina umræðuefni þannig að við það var út af fyrir sig ekkert að athuga.

Það sem mér finnst skrýtið er það að þegar fullur þriðjungur af ræðu utanrrh. snýst um þetta mál, og ræðan nokkuð löng, og þegar þessum málum eru gerð svona rækileg skil í skýrslu utanrrh., þá skuli viðbrögðin vera fyrst og fremst þau að spyrja hvort það hafi verið brot á formalisma að einhver orð voru uppi höfð í ræðu í Vín, þar sem ekki var reyndar annað sagt heldur en að við óskuðum eftir því að í náinni framtíð yrði þetta meginmálið.

Við erum hér að fjalla um gríðarlega stórt mál. Og sá sem segir: Við viljum leggja sjálfstætt mat á íslenska hagsmuni, hann getur ekki sagt: Við framseljum það í hendur öðrum þótt bandamenn séu og sættum okkur við það að láta slík mál niður falla, ræða þau ekki. Ég vitna til þess að forveri minn, Geir Hallgrímsson, fyrrv. utanrrh., hafði árið 1984 uppi sterkari orð en ég gerði þarna af þessu tilefni um að það væri sérstakt áhugamál og hagsmunamál Íslendinga. Spurningin um það hvernig við ætlum að fara fram í þessu máli, hvort við ætlum að gera það í samvinnu við bandalagsþjóðir okkar, þetta stendur alveg skýrum stöfum í mínum málflutningi og minni skýrslu, að við eigum að taka þetta mál upp innan Atlantshafsbandalagsins. Og af því að þar er verið að vinna að endurskoðun á varnarmálastrategíu Atlantshafsbandalagsins undir hugtakinu Comprehensive Concept, þá ber okkur að sjálfsögðu skylda til að koma þeim hugmyndum á framfæri.

Ég spyr fulltrúa Sjálfstfl. sem fyrst og fremst hafa uppi þennan málflutning: Hver er þeirra stefna í þessu máli? Hvaða afstöðu hafa þeir til þess máls sem snýst um traustvekjandi aðgerðir á höfum og afvopnun á og í höfunum? (Gripið fram í.) Ég spyr að gefnu tilefni. Hefur Sjálfstfl. mótað sér afstöðu í þessu efni? Talar Sjálfstfl. einum rómi í þessu máli? (Gripið fram í.) Ég spyr sjálfstæðismenn, talsmenn Sjálfstfl. í þessari umræðu: Hver er afstaða Sjálfstfl. til þessa máls? Og ég vek athygli á því ... (**GHH:** Hvernig væri að svara spurningum ...?) Já, ég var að svara þeim. Og ef ég þarf að endurtaka það, þá skal ég gera það.

Í fyrsta lagi er því yfirlýst að við munum vinna að undirbúningi að stefnumótun í samstarfi við samstarfsmenn.

Í annan stað var það sagt í þessari ræðu, og ekki brot á neinum reglum, að við óskuðum eftir því og legðum á það áherslu að í náinni framtíð yrði þetta næsti áfangi afvopnunarmála.

Síðan var spurt: Hefur hæstv. utanrrh. kannski fengið einhverjar athugasemdir? Það kom nefnilega fram í ræðu hv. þm. Geirs H. Haarde að hann hefði verið spurður út um þetta af fulltrúa ríkis sem ekki var nefnt. Já, það er nefnilega rétt. Það hafa verið gerðar athugasemdir við þetta. Það er ekki fullkomin eining um þetta mál og ekkert óeðlilegt við það.

Ég er t.d. spurður, svo að ég víki að tengdu máli: Hver er afstaða íslensku ríkisstjórnarinnar til spurningarinnar um endurnýjun skammdrægra kjarnavopna? Og í skýrslu minni stendur að við teljum það ekki útilokað. Hver eru tengslin þarna á milli?

Í fyrsta lagi er það ljóst að af hálfu vestur-þýskra stjórnvalda og í Vestur-Þýskalandi hefur verið lýst miklum áhyggjum út af þessu máli af þeirri einföldu ástæðu að verði þessar flaugar endurnýjaðar, þá er ætlunin að þær verði á þýsku landi. Ríkisstjórn Kohls kanslara er veik og hún hefur haft uppi málflutning um það að það eigi ekki að taka afstöðu til þessa máls strax. Vel má vera.

Ef afvopnunarviðræðurnar í Vín skila árangri í samræmi við þær vonir sem vaktar hafa verið þegar tillögur beggja bandalaga liggja nú fyrir og ef sá árangur verður fyrr heldur en svartsýnustu menn ætla, þá hefur það auðvitað áhrif á þessa spurningu. Því að hvers vegna þarf Atlantshafsbandalagið og hefur þurft hingað til að reiða sig á kjarnavopn og þá m.a. skammdræg kjarnavopn? Það er vegna hinna massívu yfirburða Varsjárbandalagsins í hefðbundnum vopnum sem eru byggð m.a. á árásarherfræði, þ.e. þetta er vopnabúnaður, bæði yfirburðir að magni og mannafla byggður á kenningu um leifturssókn, töku lands og það að halda landi. Ef sá tími er kominn og hann verður staðfestur í afvopnunarsamningunum í Vín, að það takist að ná jafnvægi í hefðbundnum vopnabúnaði, þá breytir það auðvitað þessum þætti hernaðarstrategíu Atlantshafsbandalagsins. Þess vegna er það ósköp rökrétt að við segjum: Það á ekki að byrja á því í þessum samningaviðræðum að segja: Þær verða ekki endurnýjaðar. Það á að áskilja sér réttinn til þess að meta það þegar búið er að leggja prófstein á afvopnunarvilja Sovétríkjanna í Vín.

Og Íslendingar eiga sérstaklega að fylgjast vel með þessu máli vegna þess að ef því er yfir lýst að þær verði felldar niður, þá skulu menn ekki velkjast í vafa

um það að hætta er á því að ef ekki þessum flaugum sjálfum heldur þá öðrum skammdrægum flaugum verði komið fyrir í höfunum. (**GHG:** Það er yfirlýst.) Nei, nei, það er ekkert yfirlýst. (**GHG:** Jú. Það hefur víst komið fram.) Ja, það hefur margt komið fram í því máli. Ég get út af fyrir sig vitnað í tiltölulega nýlegt viðtal við Johann Jörgen Holst, varnarmálaráðherra Noregs, í Arbeider-blaðinu í Noregi í fyrri viku þar sem hann vitnar til þess að af hálfu þýskra stjórnvalda — hann vitnar að vísu í opinbera embættismenn — þá hafi því sjónarmiði verið hreyft að nær væri að koma þessum flaugum fyrir í hafinu.

Til þess að ekkert fari nú á milli mála í þessu máli, þá vil ég endurtaka: Utanrrh. Íslands lét sendiherrann í afvopnunarviðræðunum í Vín hafa uppi þessi orð til þess að það yrði heyrum kunnugt að við teldum að næsti áfangi í afvopnunarviðræðum ætti að fjalla um þessi mál. Var búið að greina starfsbræðrum utanrrh. frá þessari tillögu? Svarið við því er þetta: Forverar mínir þrír hafa innan Atlantshafsbandalagsins og annars staðar á alþjóðavettvangi og á vettvangi Sameinuðu þjóðanna lýst þessu sem meginhugamáli og hagsmunamáli Íslendinga. Og það er rétt að það komi fram líka að í viðræðum mínum við utanríkisráðherra Bandaríkjanna í ársbyrjun var þetta eitt af helstu umræðuefnum okkar, þar sem ég lýsti því mjög ákveðið yfir að þetta væri sérstakt hagsmuna- og áhugamál Íslendinga. Og fram kom af hans hálfu að þrátt fyrir alla eðlilega fyrirvara Bandaríkjanna að því er varðaði takmörkun á flotauppbyggingu Atlantshafsbandalagsins miðað við líflínu Atlantshafsbandalagsins, þá teldi hann ekkert því til fyrirstöðu að kanna vissa þætti þess máls eins og t.d. takmarkanir á Cruise Missiles um borð í kafbátum. Að sjálfsögðu um leið og athugasemdir bárust eða fyrirspurnir um það í hverju þessi stefnumótun væri fólgin, þá var þeim fyrirspurnum svarað rækilega innan Atlantshafsbandalagsins og ég veit ekki betur en þau svör hafi þótt fullnægjandi.

Ég varði miklum hluta af ræðu minni til þess að fjalla um þessi mál. Ég vitnaði m.a. í Johan Jörgen Holst, varnarmálaráðherra Noregs, og ég vísa til þess sem um það sagði í minni ræðu, þar sem ég vitnaði í fyrirlestur sem hann flutti í Kanada þar sem hann gerir grein fyrir mörgum hugmyndum sem þurfi að kanna um þessi mál. Ég hika ekkert við að segja að það er eðlilegt að land eins og Ísland og að land eins og Noregur sinni þessum málum sérstaklega, hafi af þeim meiri áhyggjur en kannski önnur lönd, hafi með sér náið samráð um að skiptast á skoðunum um þessi mál og leggi jafnvel jafnframt fram vinnu sérstaklega til þess að meta rækilega allar fram komnar hugmyndir og tillögur sem eru skoðunar verðar um þetta.

Þetta er allt unnt að gera án þess að rjúfa samstöðu innan Atlantshafsbandalagsins eða kollvarpa nauðsynlegu öryggi Atlantshafsbandalagsins á Norður-Atlantshafsleiðinni. Að sjálfsögðu — og það kemur skýrt fram í mínu máli — gerist það því aðeins að hér verði um að ræða gagnkvæma samninga og lausnin getur ekki byggst á svæðisbundnum lausnum. En ég minni á að í ræðu minni er lýst hugmyndum og tillögum sem fram hafa komið eitthvað 10–15 talsins og ég vitna í fyrirlestur Johans Jörgens Holst, viðtöl við hann. Það er reyndar hægt að vitna í annað. Það er hægt að vitna í ályktun þingmannasambands NATO, sem ég man ekki betur en hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson segði að væri mjög virt stofnun. (**GHG:** Já.) Já, mjög virt stofnun og ályktar sérstaklega um nauðsyn þess að ... (Gripið fram í.) Það stendur í ályktun þingmannasambandsins, án þess að ég sé að þýða það: „Urges the North-Atlantic Alliance to explore naval confidence building measures.“ Og auðvitað eigum við að gera það. (**GHG:** Það er undirnefnd í þessu meira að segja.) Einmitt. Gott. Þá er það fram komið.

Virðulegi forseti. Hv. þm. Matthías Á. Mathiesen fann að því að í stefnuyfirlýsingu núv. ríkisstjórnar væru ekki upp talin þau alþjóðasamtök sem eru nánast ramminn utan um milliríkjasamstarf okkar og þar á meðal er Atlantshafsbandalagið ekki nefnt á nafn. Það er alveg rétt. Það er ekki nefnt á nafn. En Sameinuðu þjóðirnar eru heldur ekki nefndar á nafn og Norðurlandaráð, m.a.s. sjálft Norðurlandaráð er ekki nefnt á nafn, hvað þá heldur samtök eins og Fríverslunarsamtök Evrópu eða þess háttar. Það er bara ekki talað um svoleiðis. Það liggur hins vegar alveg ljóst í orðanna hljóðan að við ætluðum okkur að halda áfram að starfa í þessum samtökum, Atlantshafsbandalaginu, Sameinuðu þjóðunum, Norðurlandaráði, Fríverslunarsamtökunum og m.a.s. ýmsum öðrum alþjóðasamtökum þannig að það er nú ekki mikill mælikvarði á stefnuna.

Ég held að frýjuorð sem hann fór með um það að hæstv. fyrrv. utanrrh., Ólafur Jóhannesson, hafi sko ekki látið beygja sig í samstarfi við Alþb. þegar það var með kröfur um að stöðva nýframkvæmdir, eigi ekki sérstakt erindi við mig. Ég beini enn þeirri spurningu til baka til þeirra sjálfstæðismanna: Hvað dvaldi orminn langa þegar þeir fóru með utanríkis- og samgöngumálin og ákváðu af einhverjum mér óskiljanlegum ástæðum að breyta þeirri könnun þá sem snerti varaflugvöll í 1 millj. kr. framkvæmd og innlenda framkvæmd. Þeir sem hafa uppi frýjuorð nú mættu líta í eigin barm.

Athugasemd hæstv. fyrrv. utanrrh. um undirmálskarfann hans Uffe Ellemans Jensen fannst mér í hæsta máta ósmekkleg vegna þess að þegar íslenskur utanrrh. segir það fullum fetum í viðtali við danska fjölmiðla að hann hafi ekki orðið var við stuðning danskra stjórnvalda eða ríkisstjórna Norðurlanda við málstað Íslendinga eða norðurhjarabúa í hvalveiðimálum er svarið að danskur utanríkisráðherra leggur á borð undirmálskarfa í öskju og segir það sem tákn um stuðning dönsku ríkisstjórnarinnar við íslenskan málstað. Og hann fékk reyndar verðug svör. Hann fékk þau svör að við þessari smánargjöf væri ekki tekið af þeirri einföldu ástæðu að ég vissi ekki til þess að danskur utanríkisráðherra hefði nokkurn kvóta í færeyskri fiskveiðilögsögu, fyrir utan það að við sem

atvinnumenn þægjum ekki undirmálsfisk, sem ætti að fleygja fyrir borð, af amatörum sem væru að gutla kvótalausir út um Ballarhaf og dugði það svar bærilega. Og ef hæstv. fyrrv. utanrrh. vildi með orðum sínum taka undir málflutning Dana í þeim málum, þá veit ég ekki hvert hann var að fara. Ég held að hann hafi ekki vitað það sjálfur.

Ég hef þegar svarað spurningum hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar að því er varðar varaflugvöll. Spurninguna um það hvort mér sé kunnugt um Murmansk-ræðu Gorbatsjovs og hvað í henni fólst, þá er svarið já. Hv. þm. hefur gert grein fyrir því sjálfur.

Spurningunni um utanríkisviðskiptin, hvort til standi að gera utanríkisviðskiptaskrifstofuna í utanrrn. að einhverju bákni, þá er svarið nei. Þar starfa núna í fullu starfi fjórir menn. Einn sinnir einkum og sér í lagi Austur-Evrópuviðskiptum, einn sinnir einkum og sér í lagi EFTA- og EB-málum og er jafnframt ritari EB-nefndar, einn sinnir einkum og sér í lagi veitingu útflutningsleyfa og einn almennum störfum. Þetta er nú ekki mikið bákn. Það eru ekki áform um að gera þetta að neinu bákni. Það eru uppi áform um það að útflutningsleyfin eða öllu heldur stýringin ef hún á einhver að vera á útflutningi á gámafiski og ferskum fiski fari úr ráðuneytinu. En þar hefur verið lýst ýmsum hugmyndum um aflamiðlun. Það hefur líka verið lýst eftir fiskvinnslustefnu. Að þessu máli er unnið innan ráðuneytisins í samstarfi við sjútvrn. og aðra aðila. Engu að síður er gert ráð fyrir því að leyfaveitingin sjálf sé í höndum ráðuneytis og svo er hérna enn spurningin um eflingu á eftirliti. Ég tel það mjög æskilegt að stuðla að auknu útflutningsfrelsi og það hafa verið stigin ákveðin skref í þá átt. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að reynslan kenni mönnum oft að það er verið að stýra mörkuðum og það kann að þurfa að gera það. Hitt er svo niðurstaðan af skipulagshugmyndum okkar að það er brýn nauðsyn á því að efla þann þátt í starfi viðskiptaskrifstofunnar sem lýtur að stefnumótun og að því er stefnt með skipulagsbreytingunum.

Hvernig er ætlunin að auka starf að varnar- og öryggismálum? spurði hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson. Það er í fyrsta lagi gert með því að væntanlegur er heim starfsmaður, sérstakur varnarmálafulltrúi, sem hefur orðið nokkra starfsreynslu í störfum sínum á vegum Atlantshafsbandalagsins. Í annan stað með því að auka sérhæfingu í alþjóðaskrifstofu og fela þar sérstökum starfsmanni að fást við afvopnunarmál.

Hvernig hyggjumst við taka þátt í afvopnunarviðræðum? Sérstakur sendiherra hefur sinnt þeim sem aukastarfi hingað til. Áform eru uppi um það að fela sérstökum starfsmanni hjá fastanefnd Íslands hjá NATO að sinna þeim málum framvegis.

Hvaða skoðun hef ég á þeim hugmyndum sem hv. þm. hefur lýst varðandi stofnun sérstaks varnarmálaráðuneytis eða nýjum hugmyndum sem hann nú lýsti um sérstakt sameinað ráðuneyti innanríkis- og öryggismála, þar með talið löggæslu- og dómsmál? Ég hef ekki tekið fyrir fram afstöðu til þess. En ef ég er spurður hvort núverandi kerfi dugi, þ.e. að einn maður geti út af fyrir sig sinnt þeim verkefnum sem utanrrh. nú sinnir, þá er ég þeirrar skoðunar að öllu samanlögðu að það geti hann vel. Það geti hann hins vegar með því að framkvæma þær hugmyndir sem lýst hefur verið um endurskipulagningu og meiri sérhæfingu.

Í raun og veru má hins vegar spyrja ef verið er að hreyfa hugmyndum um sérstakt varnar- og öryggismálaráðuneyti: Þarf ekki að ganga lengra? Er kannski verið að ýja að því að nauðsynlegt sé að taka upp stofnun á innlendum her eða innlendri varnarstarfsemi? Eða búa á bak við það einhverjar aðrar hugmyndir umfram þær sem ég hef þegar lýst um aukna þátttöku Íslendinga í varnarsamstarfinu?

Hv. þm. Benedikt Bogason vék að verktökunni fyrir varnarliðið og spurði sérstaklega: Er ekki ástæða til þess að Íslendingar taki í auknum mæli í sínar hendur hönnun á framkvæmdum? Það er mál sem mér þykir vert að skoða en viðurkenni að athygli minni hefur ekki verið beint að því sérstaklega hingað til.

Hv. þm. Hreggviður Jónsson lýsti þeirri skoðun sinni að miðað við upplýsingar um tilkostnað gæti verið skynsamlegt af Íslendinga hálfu að gerast fullgildir meðlimir að Mannvirkjasjóðnum og ég er reyndar sammála honum í þeirri skoðun.

Ég er ekki sammála þeim sem létu þau orð falla að ræða hv. 2. þm. Austurl. væri einhver sérstök fornaldarspeki. Mér þótti ræðan á margan hátt athyglisverð, ítarlega rökstudd. Það er alveg ljóst að við erum ekki skoðanabræður í öllum málum, ég og hv. 2. þm. Austurl., en ég kann hins vegar vel að meta það þegar menn leggja mikla vinnu í sinn málflutning og reyna að færa rök fyrir sínum málum. Það sem hann sagði um endurmat á alþjóðamálum var um margt athyglisvert. Það gæti verið gaman að ræða það í góðu tómi með meiri tíma við hv. þm. en ég ætla að spara mér það í þetta skiptið.

Ég vil vekja athygli á því af því að hv. þm. komst svo að orði að Alþb. væri sá flokkur sem ætti í ýmsum málum meiri samleið með krataflokkum, jafnvel meiri samleið heldur en Alþfl. íslenski. Þá vona ég að það stefni að því, það stefni hægt og örugglega í þá átt. Ég vek samt athygli hans á því að flestallir jafnaðarmannaflokkar í Evrópu eru eindregnir stuðningsmenn Atlantshafsbandalagsins. Sama gildir reyndar um flokka sem ekki eru í alþjóðasambandi jafnaðarmanna. Það á við um ítalska Kommúnistaflokkinn. Einmitt vegna þess að þeir hafa tekið afstöðu sína til Sovétríkjanna til endurmats og gerðu það fyrir löngu síðan.

Það er ákaflega fróðlegt fyrir jafnaðarmenn í Vestur-Evrópu að heyra það beint og millilíðalaust af vörum forustumanna kommúnistaflokka í Austur-Evrópu, hvort heldur er í Póllandi eða í Ungverjalandi eða jafnvel hjá sumum talsmönnum perestrojku í Sovétríkjunum, að þeir séu reyndar allir saman lýðræðissinnaðir jafnaðarmenn nú til dags. Það er hugmyndaþróun sem hv. þm. kannast við og það er

ein meginástæðan fyrir því að það er svolítið friðvænlegra í heiminum. Og við getum gert okkur vonir um að undirrót kalda stríðsins, sem var kúgunarkerfið sovéska og ótti manna við það á Vesturlöndum, fari að breytast. Um það vona ég að við hv. þm. getum verið að verulegu leyti sammála.

Að því er varðar einstakar spurningar, þá hef ég þegar svarað spurningunni um afstöðu *mína til* endurnýjunar skammdrægra kjarnaflauga.

Ég held að það sé ekki sérstök ástæða til þess að fara út í upprifjun á fyrri rökræðum um afstöðu til einstakra tillagna hjá Sameinuðu þjóðunum. Hv. þm. endurtók sínar röksemdir. Ég gerði rækilega grein fyrir því á sínum tíma hvaða rök væru fyrir minni afstöðu og ég hef ekki breytt þeirri afstöðu í neinu.

Hv. þm. gaf í skyn, ef ég skildi hann rétt, að slysið um borð í Iowa hefði hugsanlega verið kjarnorkuslys. Ég hef ekki þær heimildir. Reyndar held ég að það sé hreinlega ekki upplýst. Ég held að það hafi verið sett upp nefnd til þess að kanna það mál. Hún hefur ekki skilað sínum niðurstöðum. En sjónar- og vitundarvottar voru einfaldlega ekki til frásagnar. Þetta var hörmulegt slys og óþarfi að orðlengja um það úr því að það hefur út af fyrir sig ekki verið upplýst.

Að því er varðar spurninguna um incidents, sem svo hafa verið kallaðir, og varðar bandaríska flotann, *þa höfum við svolítið skipst á skoðunum.* Í ræðu minni vék ég að því máli og vitnaði þar í opinberar upplýsingar sem við höfðum óskað eftir að fá frá bandaríska flotanum, höfðu verið þýddar á íslensku og birtar í íslenskum blöðum. Þar er því haldið fram að þessir atburðir hafi verið mun fleiri en sagt var í grg. með þáltill., en hins vegar vantaði skilgreiningu þar á því til hvaða hluta þetta tæki. Nú hefur hv. þm. Hjörleifur Guttormsson afhent mér heimild sína sem eru gögn frá fulltrúum félagsskapar sem heitir American Friend Service Committee, þ.e. frá félagsskap kvekara og einstaklingi í þeim félagsskap sem hefur fjallað um þessi mál og er, ef ég skil rétt, formaður friðarfræðslunefndar á vegum kvekara. Nú er það út af fyrir sig fróðlegt að kynnast því með hvaða hætti þessar upplýsingar frá bandaríska flotanum voru opinberaðar, en þær upplýsingar sem hér liggja fyrir breyta engu um það sem ég fullyrti eftir hinum opinberu heimildum, að það er ekki um að ræða neitt atvik sem getur kallast kjarnorkuslys í þeim skilningi að það hafi orðið til þess að spilla náttúrulegu umhverfi þannig að mælanleg áhrif hafi verið greind. Í þeim skilningi lít ég svo á að orðalag í grg. hv. þm. *með tillögunni sé villandi vegna* þess að það verður ekki lesið á annan hátt en þann að þarna hafi verið um að ræða meiri háttar slys og raunveruleg kjarnorkuslys þannig að ég held að við þurfum út af fyrir sig ekki að deila um þetta, ekki á grundvelli þessara upplýsinga sem enn eru fram komnar.

Hv. þm. spurðist fyrir um það hvort bandalagsríki okkar hefðu til þess heimild að beina flugvélum t.d. sem taka þátt í flotaæfingum yfir íslenskt land án heimildar íslenskra stjórnvalda eða að flytja inn í landið t.d. flugvélar til viðbótar við liðskost varnarliðsins. Fordæmið var það að t.d. við hina miklu flotaæfingu úti fyrir ströndum Noregs 1988, þá flugu flugvélar sem tóku þátt í þeim æfingum lágflug yfir Vatnajökul. Um það mál er það að segja að það var tilkynnt á sínum tíma og ekki brugðist við á þann veg að gera athugasemdir. Þær flugu lágflug sem er óvenjulegt og það er mat embættismanna að að sjálfsögðu *getum við synjað um slíkt, en verðum þá* að gera það af sérstökum ástæðum, þannig að mitt svar er það að það sé ekki sjálfgefið að menn hafi slíkar heimildir og íslensk stjórnvöld hljóta að áskilja sér rétt til þess að hafa um það seinasta orðið.

Þá spurði hv. þm. um hina svokölluðu hliðaræfingu, þ.e. það sem varðar það sem vikið er að í skýrslunni, þ.e. æfingu sem á að hafa það hlutverk að prófa fjarskiptakerfi og fjarskiptatengsl. Það er ekkert fleira um þá æfingu að segja. Hún hefur þetta hlutverk. Í henni felst samprófun á fjarskiptakerfum varnarliðsins og fjarskiptakerfi Almannavarna og hún fer fram á sama tíma og þær æfingar sem áður hefur verið greint frá. Að öðru leyti vísa ég til þeirra upplýsinga sem í skýrslunni eru um samþættingu eða tengsl varðandi viðbragðaáætlanir íslenskra stjórnvalda og samþættingu þeirra við samsvarandi áætlanir á vegum varnarliðs.

Hv. þm. vék talsvert að skipulagi utanríkisþjónustunnar. *Hann hefur lýst* þeirri skoðun sinni að hann telji að þar eigi ekki að vera við störf aðrir en svokallaðir karríer-diplómatar, þ.e. embættismenn, og að stjórnmálamenn eigi ekki erindi inn í utanríkisþjónustuna. Ég er algjörlega öndverðrar skoðunar. Ég held að utanríkisþjónustan hefði mjög gott af því að fá í sínar raðir menn með reynslu víðar að og mörg störf innan hennar séu af því tagi að þeim væri ekki síður sinnt með þeim hætti. Ég held að það þurfi hvort tveggja til og deili út af fyrir sig ekki frekar um það. Það er ósköp eðlilegur skoðanaágreiningur.

Þá er að lokum spurningin um mannréttindamál og það að vera sjálfum sér samkvæmur og afstöðuna til Palestínu. Ég vek athygli á því að þegar Saudi-Arabía og fleiri ríki báru upp fordæmingartillögu seinast í tilefni af mannfórnum sem urðu í átökum á milli Ísraelshers og óvopnaðra borgara, þá gerðist það að minni ósk að fulltrúi Íslands flutti viðaukatillögu. Viðaukatillagan var efnislega á þá leið að skora á deiluaðila að forðast ofbeldisverk sem gætu spillt tilraunum til friðsamlegrar pólitískrar lausnar.

Ég verð að segja fyrir mig að það er til marks um það hvílík harka og hvílíkt ofstæki er ríkjandi í *málflutningi* um þetta *mál* að slíkri tillögu skuli hafnað. Hún er auðvitað með vísan til ályktana og tillagna eiginlega allra þeirra aðila sem hafa komið að þessum deilumálum á undanförnum árum. Ég vísa til Evrópuráðs, *ég vísa til utanríkisráðherra* Bandaríkjanna, til Alþjóðasambands jafnaðarmanna. Tillagan er augljóslega ekki um annað en að skora á aðila í nafni mannúðar og umburðarlyndis að forðast ofbeldisverk til þess að spilla ekki ófriðvænlegu ástandi frekar en orðið er. Henni er hins vegar lýst sem einhliða fordæmingu, sem er óskiljanlegt og út í hött

og tæplega 100 aðildarríki Sameinuðu þjóðanna fella slíka tillögu. Það gefur mér til kynna að umræðurnar sjálfar og forsendurnar fyrir þessum umræðum séu varla með felldu, varla eins og þær ættu að vera.

Ég held að allar ásakanir um það að Íslendingar hafi á alþjóðavettvangi í afstöðu sinni til þess máls gert sig seka um tvöfeldni — við erum reiðubúnir til þess að fordæma mannréttindabrot hver sem þau fremur, hvar sem er. En eins og ég hef sagt: Fordæmingin er ekki nóg. Ef menn vilja leysa slík mál, þá held ég að fordæmingarvaðallinn í málflutningnum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna oft og tíðum sé síst af öllu til þess fallinn að leysa nokkurt mál. Þvert á móti held ég að hann verki oft sem olía á ófriðarelda.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Í 38. gr. þingskapalaga er forseta gefin heimild til, ef umræður dragast úr hófi, að úrskurða ræðutíma hvers þingmanns og hvenær umræðum skuli ljúka. Forseti hefur aldrei gripið til þessarar heimildar fyrr, en með tilliti til þeirra anna sem fram undan eru á morgun og þess að hér eru inni hv. þm. sem eiga að vera komnir hingað aftur kl. 8 í fyrramálið mun forseti nú úrskurða að þessum umræðum skuli lokið kl. 20 mínútur yfir 3. Þeir hv. þrír þingmenn sem beðið hafa um að gera athugasemd hafa tvær mínútur til þess og fyrstur tekur til máls hv. 17. þm. Reykv.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Naumt er nú skammtað en ég skal enga athugasemd gera við það. Ég hafði nú hugsað mér að sýna forseta, þeim sjö þm. sem hér eru inni og þeim embættismönnum sem hér eru í hliðarherbergjum þá tillitssemi að vera afskaplega stuttorður.

Ég kem hér upp vegna þeirrar viðkvæmni sem kom fram í máli hæstv. ráðherra vegna þeirrar athugasemdar sem ég gerði við ræðu sem flutt var í hans nafni á Vínarfundinum margumrædda. Ástæðan fyrir því að ég kvaddi mér hér hljóðs er sú tilraun hans að skýla sér á bak við ummæli páv. hæstv. utanrrh., Geirs Hallgrímssonar, við setningu Stokkhólmsráðstefnunnar 1984. Þetta er mikill misskilningur og þetta er mikil, mér liggur við að segja ósvífni. Það sem Geir Hallgrímsson gerði réttilega var það að hann vakti athygli á þeirri hættu, þeirri umhverfishættu, mengunarhættu sem Íslendingum getur stafað af slysum vegna kjarnorkuslysa á höfunum. Það er kunnur sannleikur.

Það sem ég var að gera athugasemd við var hins vegar, eins og ég tók fram, málsmeðferð, vinnubrögð í sambandi við þetta mál, ekki síst í ljósi þess sem ráðherrann segir sjálfur um hið pólitíska samráð innan Atlantshafsbandalagsins á bls. 18 í skýrslu sinni þar sem talað er um að nú sé verið að vinna að mótun allsherjarstefnu í afvopnunarmálum. Hvernig væri þá að reyna að koma þessu máli þar inn, hæstv. ráðherra?

Ég er hérna með þessa ræðu Geirs Hallgrímssonar og önnur gögn í þessu máli, en ég fæ ekki tóm til þess að koma nánar inn á þetta. En ég vil bara ítreka það sem ég sagði áðan: Gerum greinarmun á umhverfismálum og öryggismálum. Við skulum ekki vera með neina myrkfælni í þessu. En hvernig stendur á viðkvæmni utanrrh.? Er það vegna þess, eins og svar hans bendir til, að hann hafði ekkert samráð um þetta? Hann vísar bara í almennar yfirlýsingar forvera sinna þriggja um þetta, samanber það sem ég segi um Geir Hallgrímsson, en hann hefur ekki haft neitt samráð um þetta við aðildarríkin innan Atlantshafsbandalagsins á réttum vettvangi og hann er eitthvað viðkvæmur fyrir því að það hefur eitthvað verið ýtt í hann út af þessu máli. Hann hefur fengið einhverjar athugasemdir sem greinilega hafa farið fyrir brjóstið á honum og út af fyrir sig skil ég það vel.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins þakka hæstv. utanrrh. fyrir það að upplýsa okkur nú að nokkru a.m.k. um það mál sem ég spurðist fyrir um, þ.e. þessa frétt að harkalegar kröfur væru af hálfu Ráðstjórnarríkjanna til veiðiheimilda innan íslenskrar efnahagslögsögu ef samningar ættu að nást, almennir viðskiptasamningar. Hæstv. ráðherra orðaði það svo að veiðiheimildir hefðu verið settar sem eitt grundvallaratriði fyrir því að samningarnir gætu tekist. Það er því nánast réttthermi að það hafi verið harkalegar kröfur sem fram hafa verið settar.

Nú langar mig að biðja hæstv. utanrrh. að sjá til þess að hv. utanrmn. fái greinargerð þá sem hann segir að hæstv. fjmrh. hafi lagt fram í ríkisstjórn, að utanrmn. fái þá greinargerð í hendur, helst sem allra fyrst. Það má þá koma því til einstakra nefndarmanna, en lögum samkvæmt ber ríkisstjórninni að bera undir utanrmn. utanríkismál almennt og þá einkum og sér í lagi auðvitað alvarleg utanríkismál. Ég tel það eitt mjög alvarlegt mál að mikið viðskiptaríki okkar skuli gera slíka kröfu og ég held að það verði að skoðast mjög rækilega hver okkar viðbrögð verða við slíkri kröfugerð.

Ég skal ekki orðlengja um þetta. Það er einföld ósk að við fáum að sjá þessa greinargerð sem lögð var fram í ríkisstjórninni væntanlega fyrir einum mánuði eða einum og hálfum mánuði eða svo. Ég fagna því að upplýsingar hafa fengist um þetta dularfulla mál. Það er sem sagt rétt að í þessum viðræðum, sem fjmrh. átti úti í Moskvu við ráðamenn þar, hafi Sovétmenn sett fram þessar kröfur um að þeir fengju veiðiheimildir ef samningar ættu að takast á sviði viðskipta.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir svör hans við þeim spurningum sem lagðar voru fyrir hann. En ég vil að gefnu tilefni, virðulegi forseti, taka fram: Í sambandi við hugmyndir um sérstakt innanríkis- og öryggismálaráðuneyti varpaði hæstv. utanrrh. því fram hvort verið væri að ýja að því að stofna innlendan her. Ég svara þessu alfarið neitandi. En ástæðurnar fyrir því að ég minntist á það að til greina

kæmi að tengja þetta löggæslu og dómsmálum eru þessar:

Í fyrsta lagi: Löggæslan er í niðurníðslu. Það er mjög alvarlegt mál. Dómsmál, framkvæmd þarfnast endurskoðunar. Það getur verið rökrétt að sameina í einu ráðuneyti dóms-, löggæslu- og varnarmál. Það er margt skylt með þessum málaflokkum og þau varða sérstaklega vernd og öryggi borgaranna, bæði inn á við og út á við.

Virðulegi forseti. Í sambandi við varaflugvöll og forkönnun, þá vil ég undirstrika það sem hæstv. utanrrh. sagði orðrétt: „Ég geri ráð fyrir því að veita þessa heimild, en ég mun ekki gera það í bráð." Þar með hefur hæstv. ráðherra lýst því yfir sem handhafi þessa valds í núv. ríkisstjórn að hann muni láta framkvæma þessa forkönnun.

Í þriðja lagi, virðulegi forseti, vil ég taka það fram í sambandi við þau orð hæstv. ráðherra þegar hann talaði um fækkun meðaldrægra eldflauga á meginlandi Evrópu að það er augljóst mál og hefur komið fram í yfirlýsingum og ræðum áhrifamanna erlendis innan NATO-ríkjanna að þá muni vægi varna færast norður á bóginn, þ.e. út á höfin eins og kom fram í ræðu ráðherra. Þetta er atriði sem við Íslendingar verðum að gera okkur ljóst.

Ég vil svo að lokum, virðulegi forseti, segja það að ég er því fylgjandi að samráð sé gott á milli Norðmanna og Íslendinga í sambandi við þróun varnar- og öryggismála í Norður-Atlantshafi.

EFRI DEILD

85. fundur, miðvikudaginn 26. apríl, kl. 2 miðdegis.

Háskóli Íslands, ein umr.

Stjfrv., 224. mál (dómnefndir og veiting embætta). — Þskj. 931.

Frsm. menntmn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Menntmn. þessarar hv. deildar hefur komið saman til fundar og fjallað um þá breytingu sem gerð var á frv. í meðförum Nd. en breytingin felst í því að inn komi setning svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Dómnefndarmenn skulu, eftir því sem við á, uppfylla hin sérstöku dómaraskilyrði, sbr. 36. gr. l. nr. 85/1936."

Þau skilyrði sem hér um ræðir eru einkum þau sem varða skyldleika eða tengsl og þessu er ætlað að koma í veg fyrir hugsanlega hagsmunaárekstra. Menntmn. þessarar hv. deildar leggur til að frv. verði samþykkt eins og það kom frá Nd.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 957).

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 405. mál (aðildarskilyrði o.fl.). — Þskj. 761.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil lýsa því yfir að ég er fylgjandi frv. eins og það hefur verið lagt fram og fram hefur komið hér fyrr við afgreiðslu þessa máls, en því miður lét ég undir höfuð leggjast, þegar verið var að fjalla um þetta fyrr, að ræða um ákveðin atriði í sambandi við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins sem ég tel alveg nauðsynlegt að taka hér upp við 3. umr. og vekja alveg sérstaka athygli á.

Þannig er mál með vexti, virðulegi forseti, að ég lagði fram fsp. í Sþ. til fjmrh. um það hvort hann hefði ekki í hyggju að leggja fram frv. til laga um starfsemi lífeyrissjóða. Þó að það sé e.t.v. ekki viðeigandi í þessari deild að kvarta undan því að svar hafi ekki borist við þessari fsp. verð ég samt, virðulegi forseti, þar sem þetta er mín deild, að minnast á þetta mál. Hér er um mjög stórt mál að ræða sem tengist óneitanlega afgreiðslu þessa frv. því eins og við vitum hefur verið í bígerð undanfarin ár að lagt yrði fyrir hið háa Alþingi frv. til laga um starfsemi lífeyrissjóða sem felur í sér ákveðnar grundvallarbreytingar í lífeyriskerfi landsmanna. Ég vil þess vegna, virðulegi forseti, nota þetta tækifæri og varpa því fram og óska eftir því við virðulegan forseta hvort hann geti ekki á fundum forseta þingsins, deilda og Sþ., fyrir hönd þessa deildarþingmanns lagt áherslu á það og ýtt verði við því að hæstv. fjmrh. svari þessari fsp.

Ég vek alveg sérstaka athygli á því að mikil umræða hefur verið um lífeyrissjóðsmál á liðnum vetri. Í þeirri umræðu hefur verið, vil ég segja, vegið oft og tíðum mjög að þeim lífeyrissjóðum sem starfa úti í hinu svokallaða frjálsa atvinnulífi og fólki verið talin trú um það að þeir mundu ekki geta staðið við skuldbindingar sínar. Það kann að vera rétt í sumum tilvikum, en einmitt umrætt frv., sem ekki hefur enn verið lagt fram og mun liggja í skúffu fjmrh., vekur athygli á eða réttara sagt bendir á leiðir til þess að mæta þessu vandamáli. En það vandamál snýr ekki aðeins að þeim sem eru úti í atvinnulífinu heldur ekki síður að ríkinu.

Við erum að afgreiða frv. sem felur í sér auknar skuldbindingar fyrir Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Ég vil þess vegna, virðulegi forseti, vekja athygli á því að þegar verið er að fjalla um þessi mál erum við að auka á skuldbindingar og skyldur hins opinbera til þess að greiða lífeyrisbætur til viðbótar þeim skuldbindingum sem nú þegar eru fyrir hendi.

Ef farið er fljótt yfir sögu er óhætt að segja það að lífeyriskerfi þjóðarinnar sé þríþætt. Það eru almannatryggingar sem þeir eiga aðgang að sem hafa engar lífeyrissjóðstryggingar. Það eru lífeyrissjóðir atvinnulífsins, þ.e. þess fólks sem starfar á samningssviði ASÍ annars vegar og Vinnuveitendasambandsins og Vinnumálasambands samvinnufélaganna hins vegar og svo er það lífeyriskerfið sem snýr að opinberum starfsmönnum, hvort sem það eru starfsmenn sem starfa á vegum ríkisins eða á vegum sveitarfélaga eða banka. Það kerfi er algjört toppkerfi miðað við það sem er hjá öðrum. Í sambandi við þessa fullyrðingu mína vekja athygli á því að með því fyrirkomulagi sem tíðkast í sambandi við lífeyrisgreiðslur til opinberra starfsmanna á grundvelli samninga þeirra við ríkið er samþykkt hér á Alþingi á hverju þingi í fjárlögum að greiða verulegar uppbætur á þennan lífeyri. Eins og hv. þm. muna var samþykkt í fjárlögum á þessu þingi að greiða með Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna hvorki meira né minna en 1100 millj. kr. vegna þessara skuldbindinga. Á sama tíma er mjög fjallað um það, ég vek athygli á því, í ýmsum stjórnarblöðum sérstaklega, og ráðist að þeim sem eru í forsvari fyrir lífeyrissjóðum atvinnulífsins, að það vanti mikið upp á að þeir geti staðið við sínar skuldbindingar og þess vegna skuli þeir líka hafa sig hæga og ganga að samningum við ríkið í einu og öllu í sambandi við það fjárframlag sem þessir sjóðir sérstaklega leggja til húsnæðismála þjóðarinnar.

Til þess að mæta þessum skuldbindingum, ef það ætti að gerast á sama grundvelli og við verðum að gera sem erum úti í atvinnulífinu og tökum okkar lífeyrisrétt þar þegar þar að kemur, þá vil ég vekja athygli á því að til þess að Lífeyrissjóður opinberra starfsmanna gæti starfað á hliðstæðum grundvelli þyrftu iðgjöld vegna skuldbindinga Lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna að vera 25% en eru í dag 10%. Sem sagt, niðurgreiðslur, eða það sem greitt er með þessum skuldbindingum í fjárlögum hverju sinni, fela í sér hvorki meira né minna en 150% hærri iðgjöld. Á sama tíma verður verkafólk, verslunarmenn og annað launafólk úti í atvinnulífinu að búa við lífeyrissjóði sem það greiðir 10% iðgjöld til og miðað við 3½% ávöxtun má gera ráð fyrir því að í suma sjóðanna vanti allt að 30% til þess að þeir geti staðið við sínar lágmarksskuldbindingar sem eru mun lægri en umsamdar skuldbindingar sem ríkið verður að greiða til opinberra starfsmanna.

Þetta eru atriði, virðulegi forseti, sem hefði verið æskilegt að ræða á hinu háa Alþingi áður en það fer heim og ég harma það að hæstv. fjmrh. skuli ekki hafa séð sér fært að svara því hvort hann ætlar að leggja fram umrætt frv. þannig að hið háa Alþingi geti fjallað um þessi veigamiklu mál. Ég nefni það sérstaklega vegna þess að það er nauðsynlegt fyrir fólkið úti í atvinnulífinu sem býr við lakari kjör hvað væntanlegar lífeyristryggingar áhrærir að það fái að vita hvernig þessum málum er háttað og hvað felist í þessu frv. til þess að leiðrétta þetta misrétti sem ég gat um áðan.

Ég vil þess vegna, virðulegi forseti, leggja áherslu á það — þó það sé kannski ekki alveg viðeigandi undir þessum lið, og þó, við erum að fjalla um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og auknar skuldbindingar vegna hans, og þá er ég ekki að tala á móti því að umræddir aðilar sem hér eru á ferðinni njóti fullra réttinda eins og aðrir opinberir starfsmenn — að það er nauðsynlegt að fara að fjalla um þessi mál á hinu háa Alþingi í samhengi. Það gengur nefnilega ekki lengur, virðulegi forseti, að verið sé að kroppa í þessi mál eins og hér er gert. Ég hef því ákveðnar athugasemdir við það að hæstv. ríkisstjórn skuli vera að leggja fyrir þingið einstök stjórnarfrv. sem lúta að lífeyrisréttindum og Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins án þess að þetta veigamikla frv., sem er raunverulega grundvallarplagg í allri umfjöllun þessara mála, skuli ekki vera lagt fyrir hið háa Alþingi. Ég endurtek þess vegna ósk mína til virðulegs forseta um það að hann ýti nú við hæstv. fjmrh. um það að hann svari minni fsp. þannig að við þingmenn getum þá gert viðeigandi ráðstafanir ef hæstv. fjmrh. ætlar að hundsa það að svara fsp. og ég tala nú ekki um að leggja fram þetta frv. sem er búið að vera í Stjórnarráðinu, í skúffum fjmrh., í tæplega tvö ár.

Forseti (Jón Helgason):

Ég mun koma beiðni hv. 14. þm. Reykv. á framfæri við hæstv. fjmrh.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Íslensk málnefnd, 1. umr.

Stjfrv., 415. mál (nefndarmenn). — Þskj. 926.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Það frv. sem hér um ræðir, 415. mál þingsins, fjallar um breytingu á lögum um íslenska málnefnd og gerir í grundvallaratriðum ráð fyrir þeirri breytingu að það verði nokkuð fjölgað í málnefndinni frá því sem verið hefur, þar verði reynt að kalla til fleiri aðila en kostur hefur verið á samkvæmt gildandi lögum.

Í málnefndinni eru núna fimm menn og hún er í meginatriðum skipuð sérfræðingum þannig að það hefur ekki verið kostur á því að kalla til fleiri aðila úr þjóðfélaginu til að fjalla um íslenskt mál og forsendur þess og þróunar íslenskrar tungu. Þess vegna er hér gert ráð fyrir því að tekið verði upp svipað fyrirkomulag og er í málnefndum grannlanda okkar, að það verði talsvert meiri fjöldi manna sem kallaður verði til starfa í málnefndinni. Gert er ráð fyrir hér í frv. eins og það liggur nú fyrir að nefndin verði skipuð 15 mönnum en innan hennar starfi svo fimm manna stjórn. Það er gert ráð fyrir að þessi nefnd komi saman einu sinni til tvisvar á ári eftir atvikum til að

fjalla um almenna þróun málsins og stefnumótun, en síðan hafi stjórn málnefndarinnar með að gera daglega stjórn mála.

Það er gert ráð fyrir að nefndin verði þannig skipuð að þar verði í fyrsta lagi fulltrúar háskólaráðs, heimspekideildar Háskóla Íslands og Orðabókar Háskólans, en í öðru lagi verði níu nefndarmenn skipaðir samkvæmt tilnefningum örnefnanefndar, Kennaraháskóla Íslands, Ríkisútvarpsins, Þjóðleikhússins, Staðlaráðs Íslands, Samtaka móðurmálskennara, Rithöfundasambands Íslands, Blaðamannafélags Íslands og loks Hagþenkis, félags höfunda fræðirita. Hið síðasta bættist inn í meðförum hv. Nd.

Þá er gert ráð fyrir því að auk þessara sem hér hafa verið taldir verði ráðherra gert að skipa þrjá menn frá öðrum stofnunum, félögum eða samtökum sem fást við málrækt eða hafa mikil áhrif á málfar almennings og skal a.m.k. einn þeirra vera úr röðum íðorðafólks, þ.e. þeirra sem fjalla um margvíslega fræðiorða- og nýyrðasmíði, t.d. á vegum orðanefnda einstakra félaga eins og Verkfræðingafélagsins svo að það félag sé nefnt sem hefur sýnt þessum málaflokki mestan áhuga og verið duglegast við íðorðasmíð.

Grundvallarhugsunin á bak við frv. er auðvitað þessi: Málstaður íslenskrar tungu má ekki aðeins vera málstaður sérfræðinganna. Hann þarf að vera málstaður þjóðarinnar, þarf að ná sem allra víðast út þannig að sem flestir finni til ábyrgðar gagnvart þróun móðurmálsins og þess vegna er þetta frv. flutt. Það er liður í málræktarátaki sem nú stendur yfir og má segja að sé hafið að frumkvæði forseta Íslands með áramótaávarpi hennar. Í framhaldi af því hefur menntmrn. falið, samkvæmt samþykkt ríkisstjórnarinnar, verkefnisstjóra að sinna þessu málræktarátaki og það heitir ekki málræktarátak menntmrn., heldur heitir það málræktarátak 1989 vegna þess að ætlunin er að kalla hérna til fjölmarga aðila, og aðalatriðið er að það fólk sem hefur áhuga á þróun íslensks máls geti náð saman undir einu meginmerki. Við ákváðum að fara ekki að halda hátimbraðar samkomur til vegsemdar tungunni, heldur viljum við fyrst og fremst leggja á það áherslu að setja hér af stað straum, hreyfingu sem vonandi getur síðan gengið sjálf þegar þessu málræktarátaki er lokið. Við gerum ráð fyrir að það standi í meginatriðum núna frá sumarmálum 1989 og fram undir fullveldisdaginn 1. desember. Verkefnisstjórn hefur þegar komið saman. Í henni er fólk frá mjög ólíkum aðilum í þjóðfélaginu, frá fjölmiðlum, bæði prentmiðlum og ljósvakamiðlum, frá sérfræðistofnunum en einnig frá almannasamtökum eins og t.d. Æskulýðssambandi Íslands sem mun í haust beita sér fyrir sérstakri móðurmálsviku sem fer fram í grunnskólum og framhaldsskólum undir kjörorðinu „Íslenskan er málið".

Ég bendi á að þegar frv. var lagt fyrir hv. Nd. var gert ráð fyrir nokkuð fleiri mönnum í málnefndinni en hér er, þ.e. 19 í stað 15. Ég get fyrir mitt leyti alveg fallist á þá breytingu sem Nd. gerði á frv., en ég tek fram að aðalatriðið í mínum huga er kannski ekki fjöldinn heldur það að hin nýja stækkaða málnefnd starfi með þá hugmyndafræði að leiðarljósi að þetta verkefni þurfi að ná sem allra víðast þannig að sem flestir finni til skyldu og ábyrgðar andspænis þróun íslenskrar tungu.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Endurbætur forsetasetursins á Bessastöðum, 1. umr.

Stjfrv., 432. mál. — Þskj. 792.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. um endurbætur á forsetasetrinu á Bessastöðum. Eins og ég hygg að flestum þingmönnum sé ljóst hefur viðhald á Bessastöðum ekki verið eins og nauðsynlegt er og hefur hverjum verið fullljóst sem þangað hefur komið að ýmislegt hefur þar farið úrskeiðis. Nokkurt fjármagn var þó fyrir tveimur eða þremur árum lagt í að endurbæta neðstu hæð Bessastaðastofu. Gólf voru þar orðin mjög sigin og reyndar varla skammlaust að bjóða þangað gestum.

Á þessu málefni í heild sinni var þó ekki tekið fyrr en í tíð síðustu ríkisstjórnar að skipuð var sérstök Bessastaðanefnd til að yfirfara allt ástand staðarins. Sömuleiðis hafa upp á síðkastið ýmsir heimsótt Bessastaði, bæði ráðherrar og fulltrúar fjvn. Það má segja að sameiginleg niðurstaða af þessari athugun hafi orðið sú að alls ekki verði lengur dregið að taka þetta merkilega menningar- og sögulega setur þjóðarinnar til gagngerðrar viðgerðar. M.a. hefur komið í ljós að efri hæð Bessastaðastofu er afar illa farin og má segja að hún sé nánast ónýt. Þar hefur vatn runnið um að því er virðist. Allir máttarviðir og reyndar viðir í heild sinni eru orðnir fúnir og lekur niður á neðri hæð hússins og liggur þar með það undir skemmdum sem nýlega er við gert.

Sama má segja um önnur hús á Bessastöðum. T.d. er hús það sem kennt hefur verið við ráðsmann staðarins hreint ótrúlegt og er nánast furðulegt að það skuli standa uppi. Þetta má vitanlega verða okkur Íslendingum áminning um hvað illa við höfum farið með margar slíkar byggingar og úr því þarf að bæta, en það er út af fyrir sig ekki á dagskrá hér.

Fjvn. ákvað nokkra fjárveitingu til viðgerða á efri hæð Bessastaðastofu, 12 millj. kr., og veitti jafnframt heimild til að taka lán til viðbótar þannig að ljúka mætti þeirri viðgerð. Áætlun hefur verið gerð fyrir þá viðgerð. Sú áætlun er upp á rúmar 50 millj. kr. Ég hef látið skoða hana að nýju og það má vera að nokkuð

megi draga úr þeim kostnaði þó að það sé bitamunur en ekki fjár.

Hins vegar eftir nýlega athugun á málinu í heild sinni varð það niðurstaða, m.a. þeirra úr fjvn. sem þarna komu og fleiri, að rétt væri að flytja sérstakt frv. um endurbætur og framtíðaruppbyggingu forsetasetursins á Bessastöðum. Því til grundvallar liggur m.a. að talið er óhjákvæmilegt að aðskilja þennan kostnað frá rekstri forsetaembættisins og hygg ég að öllum hv. þm. megi vera það ljóst að þessi mikli kostnaður verður varla færður þar til gjalda, a.m.k. nema valdi töluverðum misskilningi um útgjöld þess embættis. Sömuleiðis hefur niðurstaðan orðið sú að rétt sé að vinna að þessum endurbótum hratt og markvisst og hafa þar sem minnsta töf á.

Þetta frv. gerir ráð fyrir því að á árinu 1989 verði heimilt að verja allt að 45 millj. kr. til verkefnisins og mun því verða ráðstafað, eins og hv. fjvn. hafði áður samþykkt, til viðgerða á efri hæð Bessastaðastofu. Jafnframt er ákveðið að gera skuli heildaráætlun um nýtingu lands og uppbyggingu mannvirkja á Bessastöðum og skuli því lokið fyrir árslok 1990 og heimilað er að verja 5 millj. kr. til þess verks. Þetta er afar mikilvægt, bæði fyrir framhald verksins og einnig til þess að þannig megi standa að því að framtíðarsjónarmiða sé gætt.

Sú nefnd sem ég nefndi í upphafi míns máls og hefur fjallað um Bessastaði hefur látið gera lauslega kostnaðaráætlun sem ég ætla ekki að fjalla um hér. Mér þykir sjálfum ýmsir liðir þar mjög háir og tel óhjákvæmilegt að það verði vandlega yfirfarið, enda hefur nefndin aldrei lagt það fram sem neina lokaáætlun um þennan kostnað.

Í samræmi við þetta er ákveðið að framkvæmdaáætlun, ásamt fjárhagsáætlun um verkið í heild, skuli lögð fyrir Alþingi og tekin til meðferðar við gerð fjárlaga og jafnframt ákveðið að þriggja manna nefnd sem forsrh. skipar skuli annast bæði viðhald, eftirlit með verkinu og yfirstjórn verksins og sömuleiðis gerð þeirrar kostnaðaráætlunar sem hér um ræðir.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta. Ég held að þetta mál skýri sig sjálft og sé reyndar þingmönnum flestum kunnugt. Ég leyfi mér að leggja til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð til að styðja þetta mál. Hér er tvímælalaust um brýnt mál að ræða sem Alþingi á að leggja fé til og hefði reyndar mátt sjá sóma sinn í að sinna fyrr. Þær eru nefnilega ekki svo margar, gömlu og sögufrægu byggingarnar sem við Íslendingar höfum hlotið að arfi frá liðnum kynslóðum. Kostnaði við þessa sjálfsögðu viðgerð verður að halda í hófi og fylgjast með því að hann fari ekki úr böndum þó að öllum eðlilegum kröfum sé sinnt. Ég vil leggja ríka áherslu á það að kostnaður við þessa sjálfsögðu viðgerð sé ekki tengdur persónu forsetans eða embætti eins og óheppilega var gert í fjölmiðlum þegar þetta mál kom fyrst upp og almenningi var gert ljóst hversu illa Bessastaðastofa er í raun komin. Þetta mál er í raun ekki hluti af daglegum rekstri forsetaembættisins sem slíks. En ég vil að lokum leggja áherslu á stuðning okkar kvennalistakvenna við þetta mál.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Í framhaldi af þeim orðum sem hér hafa fallið vil ég aðeins lýsa þeirri skoðun minni að hér sé hreyft hinu þarfasta máli og miklu nauðsynjamáli og ég mun beita mér fyrir því að það fái greiðan gang í gegnum hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég gerði víst tillögu um allshn. en þetta mun eiga að fara til fjh.- og viðskn. svo að ég vil breyta þeirri tillögu og tek undir það sem hér hefur jafnframt verið sagt um málið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

EFRI DEILD

86. fundur, miðvikudaginn 26. apríl, að loknum 85. fundi.

Tollalög, 2. umr.

Stjfrv., 461. mál (aðaltollhöfn á Egilsstöðum). — Þskj. 822, n. 948, brtt. 952.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar hefur fjallað um frv. það sem hér er til umræðu um breytingu á tollalögum.

Nál. er að finna á þskj. 948.

Nefndin mælir með því að frv. verði samþykkt með einni brtt. en hana er að finna á þskj. 952. Brtt. er í því fólgin að inn í upptalninguna í 2. gr. frv. verði bætt: Sauðárkróksflugvelli. Sú brtt. byggist á þeirri einföldu forsendu að þá tekur sú heimild sem þar er um fjallað til allra áætlunarflugvalla sem í flugmálaáætlun árin 1988–1991 teljast til fyrsta flokks.

Nefndarmenn voru sammála um að þetta væri eðlileg breyting. Hér er ekki um að ræða ákvörðun um að hefja rekstur eða leyfa rekstur verslana með tollfrjálsar vörur í flugstöðvum á þessum flugvöllum heldur er hér eingöngu um heimildarákvæði til ríkisstjórnarinnar að ræða. Nefndin leggur til að málið verði samþykkt með brtt. á þskj. 952.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 952 samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Náttúruvernd, 2. umr.

Stjfrv., 414. mál (landverðir). — Þskj. 881, n. 949.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. menntmn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Menntmn. þessar hv. deidar hefur fjallað um stjfrv. um breytingu á lögum um náttúruvernd sem afgreitt hefur verið og er hingað komið frá hv. Nd.

Sú breyting sem þetta frv. felur í sér er í þá veru að inn í náttúruverndarlög verði tekið ákvæði um landverði og ráðherra veitt heimild til að ákveða í reglugerð starfssvið þeirra og menntunarkröfur og annað sem því er skylt.

Menntmn. leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það er hingað komið frá hv. Nd.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég vildi við þessa umræðu vekja athygli á því að fyrir nokkru heimilaði landbrn. samkvæmt tillögu Grétars Unnsteinssonar, skólastjóra við Garðyrkjuskóla ríkisins að Reykjum í Ölfusi, að stofnuð skyldi ný braut við skólann, umhverfisbraut og hún tók til starfa á sl. hausti. Markmiðið með þessari braut er að mennta fólk í umhverfisfræði og veita fræðslu í kynnum mannsins á umhverfinu. Námið býr fólk undir að taka að sér starf við umönnun, fræðslu, eftirlit og landvörslu á útivistarsvæðum, stórum sem smáum, í þéttbýli og dreifbýli. Eitt þessara starfa er það sem hér er fjallað um í frv., landvarsla í þjóðgörðum og á friðlýstum svæðum.

Með þessu framtaki Garðyrkjuskóla ríkisins hefur það sannast einu sinni enn að það eru þeir sem erja landið sem fyrst og fremst sýna í verki áhuga fyrir verndun umhverfis og gróðurs. Viðunandi árangri á því sviði verður ekki náð án atbeina þeirra og forustu. En sérstaklega vildi ég vekja athygli á þessu framtaki nú þar sem í frv., eins og það var lagt fram í Nd., var ákvæði um að haldin skyldu námskeið í þessu skyni en vegna þessa frumkvæðis Garðyrkjuskóla ríkisins ætti þess ekki að vera þörf, enda var það ákvæði fellt niður í Nd.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

EFRI DEILD

87. fundur, miðvikudaginn 26. apríl, að loknum 86. fundi.

Tollalög, 3. umr.

Stjfrv., 461. mál (aðaltollhöfn á Egilsstöðum). — Þskj. 955.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Náttúruvernd, 3. umr.

Stjfrv., 414. mál (landverðir). — Þskj. 881.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 958).

NEÐRI DEILD

88. fundur, miðvikudaginn 26. apríl, kl. 1 miðdegis.

Tilhögun þingfundar.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Áður en gengið er til dagskrár skal upplýst að fyrirhugað, um talað og um samið er við fulltrúa stjórnmálaflokkanna að á tímabilinu frá tvö til fjögur geti farið fram umræða um 12. dagskrármálið með nokkuð skipulegum hætti þannig að einn fulltrúi frá

hverjum flokki fái afmarkaðan tíma til þess að taka til máls og verði það fyrsti hluti umræðunnar um þetta mál, en henni yrði svo frestað að því loknu.

Í annan stað skal tekið fram að ekki er fyrirhugaður kvöldfundur, en ég vil biðja þingflokka að virða það ef tekst ekki nákvæmlega að ljúka fundi kl. 4 þó að að því sé stefnt. Enn skal tekið fram að forseti ætlar sér að taka fyrst fyrir, og þá á fyrsta klukkutímanum önnur mál sem hér eru en í þeirri röð að fyrst verði tekin fyrir þau mál sem talin eru ágreiningslaus, og loks að deildarmenn ætli sérstaklega tímann skömmu fyrir kl. 2, seinasta korterið fyrir tvö, fyrir atkvæðagreiðslur í þeim mæli sem þær fara ekki fram jafnóðum.

Hreppstjórar, 2. umr.

Stjfrv., 199. mál (skipun, aðsetur sýslumanns o.fl.). — Þskj. 733, n. 927.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um frv. til laga um breytingu á lögum um hreppstjóra, nr. 32 frá 26. apríl 1965.

Nefndin hefur rætt frv. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Undir nál. rita Jón Kristjánsson, Guðni Ágústsson, Kristinn Pétursson, Kristín Halldórsdóttir, Geir Gunnarsson og Friðjón Þórðarson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Samningar um réttarstöðu skrifstofu ráðherranefndar Norðurlanda, 2. umr.

Stjfrv., 422. mál. — Þskj. 782, n. 928.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta samninga um réttarstöðu skrifstofu ráðherranefndar Norðurlanda og stjórnarnefndar Norðurlandaráðs og um réttarstöðu samnorrænna stofnana.

Þessir samningar voru undirritaðir í Osló 13. maí 1987 og í Stokkhólmi 9. des. 1988 eins og fram kemur í 1. gr. frv.

Nefndin varð sammála um að ekki væri ástæða til þess að tefja það að veita ríkisstjórninni þessar heimildir og leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt. Undir nál. rita Jón Kristjánsson, Guðni Ágústsson, Kristín Halldórsdóttir, Geir Gunnarsson, Kristinn Pétursson og Friðjón Þórðarson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Viðskiptabankar, 2. umr.

Stjfrv., 242. mál (bankaráð, hagsmunaárekstrar o.fl.). — Þskj. 682, n. 916, 929 og 946, brtt. 917.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á þskj. 916 er prentað nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. sem hefur fjallað um frv. og leggur meiri hl. til að það verði samþykkt með þeirri breytingu að 2. gr. frv. verði felld brott. Meiri hl. nefndarinnar telur ástæðulaust að breyta ákvæðum gildandi laga um mannaráðningar við viðskiptabankana.

Brtt. er á þskj. 917 en hún er þess eðlis að Ed. ákvað að taka þarna upp nýja breytingu sem ekki var í upphaflegu frv., þ.e. að rýra völd bankaráða hvað varðar mannaráðningar. Okkur sýndist að það væri ekki í takt við aðra stefnu frv. sem gerir ráð fyrir auknu valdi og aukinni ábyrgð bankaráðanna og leggjum við því til að greinin verði felld brott.

Einar Kr. Guðfinnsson:

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti 1. minni hl. fjh.- og viðskn. og aðfinnslur okkur við frv. eru ýmsar, ekki síst þær að svo virðist sem nokkuð hafi verið flaustrað við undirbúning frv. og fram kemur t.d. í nefndaráliti Sambands ísl. viðskiptabanka að ekki hafi verið haft fyrir því að hafa samráð við þá við undirbúning þessa frv.

Nú er það svo að það má teljast orðin nokkuð almenn regla þegar flókin mál af þessu tagi eru undirbúin að haft sé samráð við þá hagsmunaaðila sem þarna koma að. Í þessu tilviki hefur þó þessi almenna regla verið brotin og er það mjög miður. Hér er um að ræða bæði flókin mál og erfið og tæknileg í ýmsum efnum sem ástæða er til að kalla sérfróða aðila til í því skyni að forðast misskilning og forðast það að setja á blað hugmyndir sem ekki kannski standast þá praktísku meðferð sem málin þurfa að fá.

Fulltrúi Sambands ísl. viðskiptabanka sá enn fremur ástæðu til þess að ítreka þessa aðfinnslu sína á fundi fjh.- og viðskn. Nd. og undir hana tökum við í 1. minni hl. nefndarinnar. Sannleikurinn er sá í sambandi við þetta frv. að sumt í því er býsna meinalaust og skiptir ekki mjög miklu máli um framgang viðskiptabankalaganna og hefur ekki mjög mikla þýðingu um framkvæmd þeirra. Að sumu leyti er hér um að ræða eðlilega lagfæringu vegna stjórnsýslubreyt-

inga og breytinga á núgildandi lögum, en að öðru leyti er hér um að ræða breytingar á lögunum sem fela í sér bæði lakari stjórnarhætti fyrir bankana og meiri rekstrarkostnað og ákaflega vafasamar breytingar sem ég mun víkja frekar að hér á eftir.

Ég vil vekja athygli á því að við myndun núv. ríkisstjórnar var lögð á það höfuðáhersla af ýmsum stuðningsmönnum hennar að nauðsynlegt væri að koma böndum yfir bankakerfið. Ég býst við að þetta frv. sé einn liður í þeirri viðleitni. Það kemur m.a. fram í því að settar eru strangari skorður og nýjar við setu manna í ábyrgðarstöðum bankanna eins og fram kemur í 1. gr. þess. Þarna er að mínu mati um óþarflega strangar skorður að ræða. Í 1. gr. segir svo, með leyfi forseta:

„Hlutafjáreign í fyrirtæki telst þátttaka í atvinnurekstri nema um sé að ræða óverulegan hlut sem ekki ræður úrslitum um stjórnun þess og sem fyrst og fremst telst ávöxtun sparisjár."

Hér er væntanlega verið að reyna að girða fyrir það að til komi hagsmunaárekstrar við stjórnun banka. Ég sé ekki að nauðsynlegt hafi verið að setja inn þetta ákvæði til þess að koma í veg fyrir slíkan hagsmunaárekstur. Miklu heldur sýnist mér að þarna sé einungis verið að koma í veg fyrir það að bankastjórar og aðrir stjórnendur bankastofnana geti átt hlut í fyrirtækjum, burt séð frá því hvort þessi fyrirtæki séu í viðskiptum við viðkomandi banka. Þess vegna held ég að þetta ákvæði, hafi því verið ætlað að koma í veg fyrir hagsmunaárekstur, sé gjörsamlega óþarft og gegni ekki því hlutverki sem því er ætlað.

Það sem hins vegar er auðvitað veigamesta breytingin sem þetta frv. gerir ráð fyrir felst í 2. gr., þ.e. fyrri hluta 2. gr., en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Bankaráð ákvarðar vexti bankans og gjaldskrá þjónustugjalda fyrir einstaka þætti starfseminnar að fengnum tillögum bankastjórnar. Bankaráð fjallar einnig um vexti af skuldabréfum sem bankinn gefur út og þá vexti sem bankinn áskilur sér við kaup á viðskiptavíxlum og viðskiptaskuldabréfum. Við umfjöllun um vexti eða kaupgengi viðskiptavíxla og viðskiptaskuldabréfa skal bankaráð gæta þess að ávöxtunarkrafa bankans sé sambærileg við ávöxtun almennra útlána bankans í hliðstæðum áhættuflokkum."

Hér er eiginlega að tveimur atriðum að hyggja. Annars vegar að því hvert sé hið stranga hlutverk bankaráðanna og hins vegar að síðari hluta málsgreinarinnar. Í umsögn Sambands ísl. viðskiptabanka um þetta atriði er mjög varað við þessu ákvæði, og ég vek athygli á því, því að hér er um að ræða meginþungann í frv. Í fyrsta lagi bendir Samband ísl. viðskiptabanka á að yrði þetta ákvæði að lögum væru stigin skref aftur á bak hvað snertir stjórnunarlega uppbyggingu bankanna. Hér væri verið að leggja á herðar bankaráðanna ekki bara það eðlilega hlutverk að vera stefnumótandi um meginstefnu bankans, heldur er verið að tala um að bankaráðið eigi að taka afstöðu til hinna smæstu sem hinna stærstu mála.

Í áliti Sambands ísl. viðskiptabanka kemur m.a. fram að flokkar innlána og útlána, svo sem verðbréfa sem hver um sig séu bundin sérstökum vaxtakjörum, nema tugum hjá hverjum banka og sama máli gegnir um þjónustugjöld. Tæki maður bókstaflega þessa málsgrein frv. þýddi þetta í rauninni það að bankaráðin yrðu að koma saman miklu oftar en nú er og hafa afskipti af málum sem miklu eðlilegra væri að bankastjórnin sjálf annaðist um, enda segir svo orðrétt í áliti Sambands ísl. viðskiptabanka:

„Ákvæði 1. mgr. 2. gr. frv. felur í sér að bankaráð taki að verulegu leyti að sér framkvæmdastjórn banka, enda eru rekstrartekjur slíkrar stofnunar fólgnar í vaxtamun og þjónustugjöldum. Ákvæðið, ef að lögum verður, mun því torvelda alla stjórnun bankastarfsemi og valda verulegum vafa um hverjir séu ábyrgir fyrir rekstri bankans. Verður ekki annað séð en ákvæðið gangi þvert á 23. gr. viðskiptabankalaga þar sem segir að bankastjórn skuli standa fyrir rekstri banka eins og fyrr greinir. Óvissa af þessu tagi er óviðunandi fyrir eigendur innlánsfjár og bankastarfsmenn."

Hér er vissulega kveðið mjög skýrt að og felldur harður dómur um þessa stjórnarstefnu sem felst í frv. Enn fremur er ástæða til þess að gjalda varhug við síðari hluta setningarinnar í þessari málsgrein þar sem segir svo, með leyfi forseta:

„Við umfjöllun um vexti eða kaupgengi viðskiptavíxla og viðskiptaskuldabréfa skal bankaráð gæta þess að ávöxtunarkrafa bankans sé sambærileg við ávöxtun almennra útlána bankans í hliðstæðum áhættuflokkum."

Hér er bersýnilega verið að gera tilraun til þess að vernda hag seljenda bréfanna og það er í sjálfu sér virðingarverð viðleitni. En hér kemur það einmitt á daginn að þarna hefði verið nauðsynlegt að kveðja til þá menn sem sýsla um þessa hluti á degi hverjum, þ.e. bankastarfsmennina, og ástæða er til þess að vekja athygli á því að Samband ísl. viðskiptabanka telur þessa leið ekki vænlega að því marki sem að er stefnt.

Virðulegi forseti. Það er ekki ástæða til þess að hafa mjög mörg önnur orð um þetta, en ég ítreka það að annars vegar er hér um að ræða almennar breytingar sem ekki er ástæða til þess að agnúast við og hins vegar breytingar sem eru nauðsynlegar vegna breytinga á öðrum lögum. En enn fremur er hér um að ræða veigamikla stefnubreytingu sem 1. minni hl. nefndarinnar telur síst til farsældar.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Kristín Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Það var reyndar fyrir mistök að þessu nál. var dreift svo seint og verður ekki öðru um kennt en önnum og öngþveiti hér og svona í samræmi við það þá er þetta stuttort og vonandi gagnort eins og hæfir nú á dögum.

Nál. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. er á þskj. 946 og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Annar minni hl. getur ekki fallist á þá megin-

breytingu á lögunum sem lögð er til í 1. mgr. 3. gr. frv. að ákvörðunarvald um vexti og þjónustugjöld verði fært frá bankastjórn til bankaráðs. Slíkar ákvarðanir eiga alla jafnan að vera á ábyrgð daglegra stjórnenda bankans, eins og verið hefur, en umfjöllun um heildarstefnu og eftirlit með framkvæmd hennar í höndum bankaráðs. Heimild stjórnvalda, í 9. gr. laga um Seðlabanka Íslands, til að hafa áhrif á vaxtaákvarðanir almennt ætti að vera nægilegur öryggisventill.

Annar minni hl. leggur því til að 1. mgr. 3. gr. verði felld en styður aðrar greinar frv."

Undir þetta ritar Kristín Halldórsdóttir.

Við þetta álit er ekki miklu að bæta nema kannski ítrekun á þeirri skoðun okkar að endanlegt faglegt mat og ákvörðunarvald skuli liggja hjá daglegum stjórnendum bankanna sem vegna stöðu sinnar og daglegra tengsla eiga að vera til þess bærastir.

Það þarf ekkert að lýsa því fyrir þingheimi að bankaráð viðskiptabankanna eru skipuð pólitískt og engin trygging er fyrir því að þar ráði alltaf faglegt mat þótt vitaskuld verði að ætlast til þess. Bankaráð gegnir engu að síður mikilvægu hlutverki sem eftirlits- og ráðgjafaraðili og hefur alveg nægilegt vald að mínu mati, samkvæmt núgildandi lögum.

Um aðra þætti frv. þarf ég ekki að vera margorð. Ég er sammála þeim breytingum sem hér eru lagðar til og miða að því að skýra e.t.v. nokkuð óljós ákvæði laganna, en auk þess er í 4. gr. frv. ákvæði sem á að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í meðferð mála. Það er nauðsynlegt ákvæði, að mínu mati, því að óvíða er í rauninni hættara við hagsmunaárekstrum en einmitt á þessu sviði, árekstrum sem geta haft víðtækar og alvarlegar afleiðingar. Þess vegna er þetta sjálfsagt og þarft ákvæði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sparisjóðir, 2. umr.

Stjfrv., 244. mál (stjórn, hagsmunaárekstrar o.fl.). — Þskj. 683, n. 918 og 930.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Fyrir liggur á þskj. 918 álit meiri hl. fjh.- og viðskn. um frv. til laga um breytingu á lögum um sparisjóði.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt eins og Ed. afgreiddi það.

Undir þetta rita, auk mín, Guðmundur G. Þórarinsson, Ragnar Arnalds og Árni Gunnarsson.

Einar Kr. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það fer ekkert á milli mála að sparisjóðir gegna mjög þýðingarmiklu hlutverki í uppbyggingu atvinnulífs og við aðstoð við einstaklinga í uppbyggingu sinnar starfsemi úti um allt land. Þessar stofnanir, sem hafa þróast í tímans rás, hafa mjög víða orðið veigamikill þáttur í uppbyggingu byggðanna og gegna þess vegna mjög þýðingarmiklu hlutverki.

Á árinu 1985 voru samþykkt merk lög um sparisjóði sem hlotið höfðu rækilegan undirbúning og fengu hér jákvæða meðferð á hinu háa Alþingi og urðu til þess að treysta enn fremur stöðu sparisjóðanna. Víða úti um land, vegna hinnar alvarlegu byggðaþróunar, hefur þessi starfsemi átt nokkuð undir högg að sækja, en engu að síður er það svo að ég hygg að íbúar dreifbýlisins kjósi að áfram verði sparisjóðirnir starfræktir sem hingað til og geti áfram gegnt því hlutverki sem þeim er ætlað.

Ég hygg að því miður verði það ekki sagt um það frv. til laga um breytingu á lögum nr. 87/1985, um sparisjóði, sem hér liggur fyrir, að það þjóni því hlutverki að treysta sparisjóðina í landinu. Því miður ber frv. mjög þess merki að það er samið af mönnum sem standa á sjónarhóli sínum hér í Reykjavík og skilja ekki til fullnustu þær sérstöku aðstæður sem við er að glíma úti á landi og sem litlir sparisjóðir í veikum byggðum þurfa að búa við. Nú er kannski ekki mikið við því að segja þó að frv. af því tagi komi hér inn á þing, en maður hefði kannski getað ætlast til þess að frv. frá ríkisstjórn sem nýtur stuðnings og á líf sitt m.a. undir stuðningi manna sem kenna sig mjög við réttlæti gagnvart dreifbýlinu í landinu tæki mið af sérhagsmunum og séraðstæðum dreifbýlisins í landinu. Það er þó megineinkenni á frv. sem hér er til umræðu að þar er litið fram hjá þessum séraðstæðum og það þrátt fyrir að ítarleg og vönduð greinargerð Sambands ísl. sparisjóða hafi vakið athygli á þessu máli.

Það er annars um þetta frv. að segja að það einkennist eins og hið fyrra frv. um viðskiptabankana annars vegar af því að vera nauðsynleg endurbót á lagaákvæðum sem hljótast af því að öðrum lögum hefur verið breytt, en hins vegar er um að ræða ákvæði sem síst verða til þess að auðvelda nauðsynlega uppbyggingu sparisjóðanna í landinu.

Í þessu sambandi vil ég benda á að hér er, eins og í hinu fyrra frv., einnig verið að reyna að girða fyrir meintan hagsmunaárekstur í starfi sparisjóðanna sem innláns- og útlánsstofnana í landinu, en þar tekst mönnum ekki betur upp en í hinu fyrra tilviki. Í frv. er svo sem í hinu fyrra lögð áhersla á að forráðamenn innlánsstofnana séu ekki eigendur hlutafjár í fyrirtæki sem teljist þátttaka í atvinnurekstri nema um sé að ræða óverulegan hlut sem ekki ráði úrslitum um stjórnun þess og sem fyrst og fremst teljist ávöxtun sparifjár. Þetta ákvæði er að dómi okkar hv. þm. Inga Björns Albertssonar, sem skrifar undir minnihlutaálit 1. minni hl. með mér, fullkomlega óþarft og þjónar ekki þeim tilgangi sem að er stefnt. Hægt er að ná þeim tilgangi með öðrum hætti og raunar er að því stefnt síðar í frv. þó að ekki takist heldur nægilega vel til þar af þeim ástæðum og þeim aðstæðum sem eru í okkar þjóðfélagi.

Nú er það að vísu svo, og ég vil vekja athygli á því,

að í upphaflegu frv. til laga um breytingu á lögum um sparisjóði var gert ráð fyrir því í 4. gr. að sparisjóðsstjórn ein ákvarðaði vexti sparisjóðsins og galdskrá þjónustugjalda fyrir einstaka þætti starfseminnar.

Að ósk Sambands ísl. sparisjóða var hér skotið inn í að sparisjóðsstjórnir ásamt stjórn Sambands ísl. sparisjóða gæti tekið þessa ákvörðun og þetta er mjög til bóta. Ástæðan er sú að á síðustu árum, í harðnandi samkeppni viðskiptabankanna, hafa sparisjóðirnir tekið upp með sér aukið samstarf í því skyni að efla sig og treysta stöðu sína í þessari miklu samkeppni. Sparisjóðasambandið hefur þess vegna fengið nýtt og öflugra hlutverk og það er nú enn treyst með þessu frv. og það er í sjálfu sér mjög til bóta.

Hitt er það að í frv. er fullmikil áhersla á ýmiss konar skýrslugerð, pappírsfargan sem er nú í hróplegri mótsögn við þá umræðu sem fram hefur farið um bankakerfið í landinu og ekki síst af ráðherrum hæstv. ríkisstjórnar. En ég vek athygli á því að í frv. er m.a. gert ráð fyrir að reglur um lánveitingar og ábyrgðir sparisjóða skuli endurskoða árlega, svipað ákvæði er raunar að finna í viðskiptabankafrumvarpinu, þó að flestra manna mati nægði þarna að endurskoða þessar reglur svona eins og á tveggja ára fresti.

En kerfið heimtar sitt og þrátt fyrir einlægan vilja manna til að einfalda það skýtur þarna upp kollinum eins og svo víða annars staðar tilhneiging til þess að gera einfalda hluti flókna og kalla á aukið pappírsfargan og skýrslugerð sem tröllríður okkar þjóðfélagi.

Það eru hér tvö dæmi sem maður finnur í frv. sem einmitt undirstrika það að ekki hefur verið tekið nægilegt tillit til þeirrar sérstöðu sem ríkir í starfsemi sparisjóðanna í landinu. Það er í fyrsta lagi í 5. gr. frv. eins og það var upphaflega lagt fram, en þar segir svo:

„Stjórnarmenn sparisjóðs og varamenn þeirra skulu ekki taka þátt í meðferð máls er varðar viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja sem þeir eiga hlut í, sitja í stjórn hjá, eru fyrirsvarsmenn fyrir eða eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta í. Sama gildir um þátttöku stjórnarmanna í meðferð máls er varðar aðila sem eru þeim tengdir, persónulega eða fjárhagslega."

Hér fer auðvitað ekkert á milli mála að ásetningur löggjafans gæti verið sá, ef þetta yrði samþykkt, að koma í veg fyrir óþarfa hagsmunaárekstra. Og síst skal mælt gegn þeirri viðleitni. Vandinn er bara sá að í starfsemi lítilla sparisjóða í smæstu byggðarlögunum gæti það orðið þrautin þyngri að uppfylla öll þessi skilyrði. Sannleikurinn er sá að í þessum smæstu byggðarlögum er málið ekki svona einfalt eins og það lítur út þegar menn eru að semja slík lög og horfa héðan frá Reykjavík eða í enn þá víðara samhengi. Sannleikurinn er sá að í þessum minnstu byggðarlögum kemur óhjákvæmilega upp sú aðstaða að menn eru tengdir einhverjum böndum. Vel hefði mátt reyna að orða þetta af meiri gætni í því skyni að sníða af þessa agnúa. Málið er þannig að í þessum litlu byggðarlögum tengjast menn margs konar böndum, ekki bara fjárhagslegum, og það er auðvelt, sé til þess vilji, að túlka þessi ákvæði þannig að erfitt verði fyrir sparisjóðsstjórn að taka afstöðu í málum sem þó eru mjög mikilvæg og kalla á að tekin sé afstaða til á vettvangi sparisjóðsstjórnar.

Í 6. gr. frv. er enn fremur um að ræða ákvæði sem ég óttast nokkuð að geti orðið til þess að valda vandræðum þegar fram í sækir. Hér á ég við það ákvæði frv. að við 1. mgr. 71. gr. núgildandi laga bætist svohljóðandi málsliður:

„Sé bókfært virði fasteigna og búnaðar, sem sparisjóður notar til starfsemi sinnar, hærra en sem nemur 65% af eigin fé sparisjóðsins skal hlutfallið fara stöðugt lækkandi á þessu tímabili þar til 65% markinu er náð nema ráðherra veiti að fengnum tillögum bankaeftirlitsins undanþágu til hækkunar á hlutfallinu á tímabilinu."

Að vísu er þarna sleginn varnagli með síðustu setningunni, en að mínu mati hefði þó mátt hafa þetta ákvæði nokkuð almennara.

Ég vek athygli á því að í umsögn sparisjóðasambandsins um þessa grein sérstaklega segir svo, með leyfi forseta:

„Ákvæðinu var ætlað að koma í veg fyrir að banki eða sparisjóður sem uppfyllir ekki 65% hlutfallið stofnaði nýtt útibú, sbr. 2. gr. laganna. Segja má að ákvæðið í þessum tilgangi sé góðra gjalda vert. Hitt er ljóst að fjölmargar peningastofnanir uppfylla ekki ákvæðið í dag en hafa gert áætlanir um að koma því í lag fyrir árslok 1990 þegar aðlögunartími rennur út. Hins vegar er ljóst að almennar fjárfestingar í búnaði og tækjum eru sífellt nauðsynlegar vegna breyttra aðstæðna og tækniþróunar. Túlkað eins og ákvæðið er sett fram nú meinar það öll tækjakaup þeirra innlánsstofnana sem ekki uppfylla 65% markið og er því óraunhæft og jafnvel til skaða."

Ég ítreka það að í sjálfu sér er auðvitað nauðsynlegt að gera strangar kröfur um eigið fé sparisjóðanna, en það má þó ekki ganga út í þær öfgar að hjá minnstu innlánsstofnunum, sem menn í byggðunum kjósa að starfrækja áfram, sé starfsemi þeirra svo þröngt skorinn stakkurinn að þær stofnanir megni ekki einu sinni að endurnýja nauðsynlegan tækjabúnað sem nútímatölvutækni krefst. Þess vegna hefði verið eðlilegt að orða þetta mál með öðrum hætti. En svo mikið liggur við að koma þessu frv. fram og gera það að lögum að ekki var talin ástæða til þess í meðferð nefndar.

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Nefndarfundir eru nú alltíðir og harðir þessa síðustu daga og vilja oft rekast á eins og við öll þekkjum og slíkt vinnulag kemur sérstaklega illa niður á fáliðuðum þingflokkum sem eiga aðeins einn fulltrúa í nefnd eða jafnvel engan. Því getur svo farið að ekki takist allt of vel að setja sig inn í allt sem til umfjöllunar er og afgreitt við slíkar aðstæður og þannig fór það nú svo að ég þurfti að skipta mér á milli nefnda hér einn daginn og þá var m.a. það frv., sem hér er til 2. umr., afgreitt að mér fjarstaddri. Þetta segi ég nú ekki til að álasa hv. formanni

nefndarinnar né starfsmanni nefndarinnar sem höfðu ekki sérstaka ástæðu til þess að ætla að ég hefði neitt við þá meðferð eða afgreiðslu að athuga eða mundi þvælast fyrir afgreiðslu málsins enda er það nú hér í seinni deild. En ég hefði reyndar kosið meiri tíma til að kynna mér þetta mál.

Ég reiknaði með að skila séráliti en hvarf frá því ráði, gafst ekki tími til þess í önnum þessara daga. Það þarf nú heldur ekki að valda neinu hugarangri því í rauninni er ég allsátt við þetta frv. eins og það liggur nú fyrir. Þegar það kom fyrst fram og var til meðferðar í Ed. voru á því augljósir gallar og fyrir séð að það vinnulag sem boðað var um ákvörðun vaxta var í reynd gjörsamlega óframkvæmanlegt á smærri stöðum og víða úti á landi vegna aðstæðna í samgöngum og öðru. Þetta kom skýrt fram í umsögn Sambands íslenskra sparisjóða og það hafa menn staðfest sem eru kunnugir starfsemi sparisjóða úti um landið.

Sú breyting, sem gerð var í hv. Ed. hvað þetta atriði varðar og kemur fram í 6. gr. frv., staðfestir aðeins að því er ég best veit það vinnulag sem nú er ríkjandi í reynd og sem ég held að sé það eina raunhæfa og sem ég get ekki séð neitt athugavert við.

Í frv. eru svo lagðar til breytingar á stjórnarkjöri sem eru nauðsynlegar vegna breytts fyrirkomulags í sveitarfélögum og veit ég ekki til þess að neinn ágreiningur sé um þau atriði, en sömuleiðis er þarna ákvæði að finna sem á að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra sem er sams konar ákvæði og í frv. um viðskiptabanka sem var hér næst á undan til umræðu. Á það hefur verið bent að það geti verið meiri vandkvæðum bundið í fámennum byggðarlögum að uppfylla þetta ákvæði og vissulega skal undir það tekið. Engu að síður er þetta nauðsynlegt markmið, þ.e. að reyna af fremsta megni að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra, sem e.t.v. er einmitt enn frekari hætta á í fámennum byggðarlögum og þá jafnframt enn þá meiri hætta á slæmum afleiðingum slíkra árekstra. Þess vegna tel ég nauðsynlegt að láta á þetta reyna og styð því þetta atriði frv.

Að öðru leyti er ég vanbúin að fjalla frekar um einstakar greinar þessa frv. og þótt ég lýsi mig jákvæða gagnvart því og þeim greinum þess sem ég hef þegar lýst, þá finnst mér ég ekki hafa fengið nægilegt ráðrúm til að átta mig á öllum atriðum þess og afleiðingum þeirra í framkvæmd. Þá vil ég sérstaklega nefna 9. gr. sem mér fannst ekki vera fullrædd áður en þetta frv. var afgreitt frá nefndinni. Og því held ég að rétt sé að sitja hjá við afgreiðslu frv. í heild.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég vildi með örfáum orðum víkja að því sem komið hefur fram í máli hv. 1. þm. Vestf. og hv. 10. þm. Reykn., að tímaskortur hafi bagað menn við meðferð þessa máls í þinginu. Ég ætla að nefna nokkrar einfaldar staðreyndir sem mér virðast benda í gagnstæða átt.

Mörg þau ákvæði sem hv. þm. gerðu að umtalsefni, ég nefni í þessu frv. ákvæðin um að bankaráðsmenn skuli ekki taka þátt í meðferð máls er varða viðskipti þeirra sjálfra o.s.frv. og hliðstætt ákvæði í sparisjóða-frv., hafa reyndar legið fyrir þinginu frá því í fyrra. Í frv. um sama efni sem lagt var fram á 110. löggjafarþingi var ítarlega um þetta fjallað og þetta frv. og þessi frv. sem ég sé ástæðu til að tala um í einu lagi, um viðskiptabanka annars vegar og sparisjóði hins vegar, hafa legið fyrir í þinginu frá því í fyrstu viku febrúar. Það hefur því gefist gott tækifæri til að kveðja til hagsmunaaðila og sérfróða aðila um þessi mál. Sá tími hefur verið notaður til slíkra viðræðna og athugana eins og m.a. kom fram í máli hv. 10. þm. Reykn. og bar það m.a. þann ávöxt að tekið var tillit til séraðstæðna sparisjóðanna með því að vitna í vaxtaákvörðunum til stjórnar Sambands íslenskra sparisjóða til þess að koma til móts við vanda hinna smæstu í þeim samtökum. Þannig er nú það. Þetta mál hefur sem sagt fengið, eftir því sem um er að gera, langa og rækilega meðferð hér í þinginu. Okkur ætti þess vegna ekki að vera neitt að vanbúnaði að ljúka málinu.

Vegna þess sem kom fram hjá hv. 1. þm. Vestf. Einari Guðfinnssyni um vandamál smæstu innlánsstofnananna, þá vildi ég blátt áfram benda á það að tillit til þeirra vandamála eða aðstæðna sem verða í hinum smæstu stöðum getur, og að því vék hv. 10. þm. Reykn., rekist á mikilvægustu ákvæði laganna um innlánsstofnanir, þ.e. lögunum er ætlað að tryggja öryggi innstæðueigenda, að tryggja hagkvæmni í rekstri bankakerfisins og jafnræði þeirra sem þessa starfsemi stunda gagnvart lögunum. Tillitssemi til aðstæðna á einstökum stöðum má ekki brjóta þessi meginatriði í löggjöfinni. Það er nákvæmlega vandamálið og úr þeim árekstri markmiða sem þarna verður stundum hefur verið skorið með samráði við samtök þessara aðila, sérstaklega sparisjóðanna, á þann hátt sem lengst má ganga að mínu áliti.

Tilgangur laganna um banka og sparisjóði er að sjálfsögðu að skapa þessari starfsemi almennan lagaramma sem tryggir þetta þrennt sem ég nefndi, öryggi innstæðueigenda, hagkvæmni í rekstri þessara stofnana og jafnræði fyrir lögunum. Þetta eru svo þungt vegandi ástæður að það er ekki hægt að taka undir með hv. 1. þm. Vestf. þegar hann segir: „Það er eðlilegt að orða öryggisákvæði laganna um sparisjóði öðruvísi en um viðskiptabanka." Þvert á móti segi ég: Það er ekki eðlilegt að orða það öðruvísi. Ef slíkar reglur knýja til breytinga í skipulagi þessara stofnana, þá er það af því að það er þeim ætlað.

Þetta var náttúrlega höfundum þessara laga vel ljóst. Það var beinlínis sú stefnubreyting sem ákveðin var með lögunum um banka og sparisjóði, sem sett voru á árinu 1985, að setja með almennum ákvæðum, eins og t.d. um eiginfjárhlutföll og hlutföll fasteigna og búnaðar af eigin fé, almennar reglur frekar en beinar tilskipanir eða sérstakar ákvarðanir á hverjum stað sem menn yrðu svo að laga sig að. Um þetta hefur verið ítrekað fjallað, m.a. við Samband sparisjóða og niðurstaðan er sú sem hér liggur fyrir þinginu og hefur legið lengi fyrir þinginu. Því tel ég að nú sé komið að því að taka ákvarðanir.

Þættir þessa máls eru tveir í aðalatriðum, annars vegar að girða fyrir hagsmunaárekstra og um það

virðist ríkja nokkuð góð samstaða hér í þinginu að þær breytingar séu nauðsynlegar og gagnlegar og fyrir þann stuðning er ég þakklátur — hins vegar er í fyrri mgr. 3. gr. frv., eins og það liggur hér fyrir deildinni, ákveðið að skilgreina að nýju viðfangsefni bankaráðanna við ákvarðanir á vöxtum. Það er engin tilviljun að þetta er gert á þennan hátt og það er fullkominn misskilningur hjá hv. 1. þm. Vestf. og 10. þm. Reykn. að í þessu felist breyting á valdaskiptingunni milli bankaráðs og bankastjórnar eða á valdframsali bankaráðsins til bankastjóranna sem eru auðvitað þeirra daglegu framkvæmdastjórar. Það er ekki. Megintilgangur breytingarinnar er að skilgreina nákvæmlega hvað felist í orðinu mótun vaxtastefnu eins og það var í ákvæðinu í gildandi lögum.

Það hefur nefnilega komið í ljós að bankaráðin hafa ekki unnið þetta verk á þann hátt sem ætla má og telja má að eðlilegt sé. Þau hafa ekki tekið á öllum þáttum málsins. Ég tel þess vegna nauðsynlegt, og það er megintilgangur þessa hluta frv., að gera það ljóst að bankaráðin eigi í mótun stefnunnar að fjalla um alla þætti í vaxtaákvörðunum, ekki síst þann sem vikið er að í síðasta málsl. 1. mgr. 3. gr. frv. sem varðar breytingar á 4. mgr. 21. gr. laganna. Það má ekki líðast að það sé tvöfalt viðskiptakerfi í bönkunum — sumir mundu kalla það tvöfalt siðferði — að sumir viðskiptamannanna sitji við annað og betra borð en aðrir, þ.e. sumir njóti almennra hlaupareiknings- og víxilvaxtakjara en aðrir sæti afföllum við kaup á viðskiptaskuldabréfum og viðskiptavíxlum þótt þeir séu að öllu leyti jafngóðir viðskiptamenn, jafnlítil eða mikil áhætta fylgi viðskiptum við þá og aðra sem hinna kjaranna njóta. Þetta er meinbugur á framkvæmd vaxtaákvarðana í bönkunum.

Ég bendi hv. 1. þm. Vestf. og 10. þm. Reykn. á það að samtök atvinnuveganna, ekki síst Verslunarráðið og Félag ísl. iðnrekenda, en reyndar líka samtök sjávarútvegsfyrirtækja hafa ítrekað bent á þetta og talið þetta miður fara.

Sú tillaga sem þarna er gerð leysir ekki hvers manns vanda. Hún leysir ekki vaxtaverkina í atvinnulífinu, en hún gefur færi á að taka á þessum málum á sanngjarnan hátt í samræmi við þarfir viðskiptalífsins og atvinnuveganna. Það er ekki búið með þessu að leysa málið en það er þó a.m.k. búið að setja það á réttan stað hverjir beri ábyrgð á stefnumótun í málinu. En ég endurtek: Í þessu felst ekki breyting á verkaskiptingunni milli bankaráðs og bankastjórnar, hverjir taki hinar daglegu framkvæmdaákvarðanir, en fyrst og fremst, og það er aðalatriðið, er þetta skilgreining á því hverjar séu þær vaxtaákvarðanir sem bankaráðin hljóti að móta um stefnu í sínu starfi og fela bankastjórunum til framkvæmdar.

Einar Kr. Guðfinnsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að fagna mjög yfirlýsingu hæstv. viðskrh. sem hann flutti okkur rétt í þessu, að með þessu frv. að lögum um viðskiptabanka fælist ekki breyting á hlutverki bankaráðanna. Hér er náttúrlega um að ræða mjög þýðingarmikla yfirlýsingu sem ég hygg að komi ýmsum þeim sem harðast hafi barist fyrir þessari breytingu sem hér getur að líta mjög á óvart. Ég hygg að það hafi einmitt verið meginhugsunin hjá mörgum þeim sem hafa unnið að þessum breytingum, talað fyrir þeim hér á hinu háa Alþingi og úti í þjóðfélaginu, að það væri verulegur ávinningur að því að breyta svo skilgreiningu á hlutverki bankaráðanna að þau hefðu með höndum annað hlutverk og meira heldur en þeim er ætlað í dag, að vera mótandi um meginstefnu bankans. Hér liggur sem sagt fyrir skilningur bankamálaráðherra, hæstv. viðskrh., á þessu atriði og sá skilningur er í andstöðu við þann skilning sem Samband íslenskra viðskiptabanka lagði í þetta frv. (**Viðskrh.:** Réttara væri að segja Samband íslenskra viðskiptabankastjóra.) Já, ég kýs að uppnefna sambandið ekki eins og hæstv. viðskrh. gerir, (**Viðskrh.:** Það er réttnefni.) en hann er auðvitað frjáls að því.

Kjarni málsins er sá að viðskiptabankarnir eru þessarar skoðunar, hafa túlkað málið þannig. Þetta kannski undirstrikar enn það sem ég sagði í upphafi ræðu minnar hér áðan um viðskiptabankana að nauðsynlegt hefði verið að þetta frv. væri samið með vitund og að einhverju leyti í samráði við Samband viðskiptabankanna. Engum dettur annað í hug en að auðvitað eigi að taka hina pólitísku ákvörðun á eðlilegum vettvangi, en hitt hefði verið nauðsynlegt að þeir aðilar sem gleggst vita um málin og þurfa um þessi mál að fjalla hefðu verið hafðir með í ráðum þó að ákvörðunina hefði að lokum átt að taka hjá ráðherranum og löggjafarsamkomunni. Það hefði a.m.k. getað girt fyrir þann sérkennilega misskilning sem nú virðist vera kominn upp og þá mismunandi túlkun sem er á frv. í huga viðskrh. og í hugum Sambands ísl. viðskiptabanka sem svo heita að réttu.

Varðandi annað atriði sem hæstv. viðskrh. vék að og sneri að meintum hagsmunaárekstrum sem gætu komið upp í litlum byggðarlögum. Ég held að það geri sér allir grein fyrir því að það er alls ekkert einfalt mál að semja gallalausar reglur um þessi atriði og við sem skipum 1. minni hl. höfum lagt áherslu á það að vitaskuld þurfi að koma í veg fyrir slíkan hagsmunaárekstur. En ég held að það þjóni ekki þeim megintilgangi laganna sem hæstv. viðskrh. vék að, að búa þannig um hnútana að þessar innlánsstofnanir, sem gegna svo mikilvægu hlutverki í smæstu byggðarlögunum, geti ekki einu sinni endurnýjað sín veigamestu og nauðsynlegustu tæki vegna svo strangra ákvæða um eignfjárhlutfall sem í lögunum er gert ráð fyrir. Það var þess vegna býsna þýðingarmikið að fram kom í máli viðskrh. að hann teldi að túlka ætti þessi atriði nokkuð rýmilega. Sú heimild sem honum er veitt í frv. til þess að víkja frá þessari almennu reglu er auðvitað mjög grundvallandi, skiptir máli, en þá skiptir líka miklu máli hvernig farið er með hana. Ég vona að þessi yfirlýsing ráðherrans sé á einhvern hátt stefnumótandi fyrir þá framkvæmd sem verður á þessu ákvæði frv. ef að lögum verður.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stimpilgjald, frh. 1. umr.

Frv. GGÞ, 396. mál (hlutabréf). — Þskj. 743.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 29 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. RH o.fl., 444. mál (eignarskattur eftirlifandi maka). — Þskj. 804.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 30 shlj. atkv.

Stjórnarskipunarlög, 1. umr.

Frv. PP o.fl., 468. mál (breytingar á stjórnarskrá). — Þskj. 829.

Flm. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja frv. til stjórnarskipunarlaga ásamt hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur, Kjartani Jóhannssyni, Kristínu Einarsdóttur, Aðalheiði Bjarnfreðsdóttur, Sighvati Björgvinssyni og Hjörleifi Guttormssyni. Frv. er prentað á þskj. 829.

Frv. þetta er flutt í því skyni að unnt sé að breyta þingsköpum Alþingis. Frv. er takmarkað við þær greinar stjórnarskrár er Alþingi varða og ekki er fjallað um aðra þætti stjórnskipunar enda er nefnd undir forustu 1. þm. Vestf. Matthíasar Bjarnasonar að störfum um heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar. Með engu móti má líta á þennan frumvarpsflutning sem vantraust á starf nefndar Matthíasar Bjarnasonar. Ég ber hið besta traust til nefndarinnar en verksvið hennar er vítt og óvíst hvenær hún lýkur störfum. Það er hins vegar brýnt að breyta nokkrum atriðum þingskapa og því er þetta frv. flutt.

Alþingi er elsta og virðulegasta stofnun þjóðarinnar og starfshættir hér eru að mörgu leyti til fyrirmyndar. Þó er unnt að bæta margt og því er það tímabært að kanna hvort ekki geti tekist samstaða um það meðal þingmanna.

Ég hef nú í meira en áratug bent á ýmislegt sem betur mætti fara í starfsháttum stofnunarinnar. Ég hef fundið hljómgrunn fyrir breytingarhugmyndum mínum og ég hef tekið til greina ýmsar ábendingar annarra, m.a. haft hliðsjón af tillögum stjórnarskrárnefndar frá 1983, svo og ábendingum frá einstökum þingmönnum og frá einstökum starfsmönnum Alþingis. Mér er ljóst að ýmis atriði sem hér eru ekki tekin fram gætu átt rétt á sér og kæmu þau þá til athugunar í umfjöllun Alþingis um frv.

Megintilgangur þessa málatilbúnaðar er að styrkja stöðu Alþingis, gera starfsemi þess skilvirkari, málsmeðferð vandaðri og auka afl þess til að fylgjast með því að ákvarðanir þingsins komist í framkvæmd. Í öðru lagi skapar frv. gleggri skil á milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds.

Lagt er til að deildaskipting Alþingis verði afnumin og það starfi í einni málstofu. Rökin fyrir slíkri breytingu eru margvísleg og verða hér aðeins tínd til þau helstu:

Alþingi hefur síðan 1934 (er hið eldra landskjör var aflagt) verið kosið sem ein heild, þ.e. allir þingmenn hafa verið kjörnir á sama hátt og á sama tíma. Eðlilegast verður að telja að þing, sem kosið er sem ein heild, starfi í einni málstofu. Sameinað Alþingi skipar nú þingmönnum til starfa í tveimur þingdeildum en það er einungis arfur frá þeim tíma er skipting þingsins helgaðist af því að valið var til deildanna á mismunandi hátt, fyrst með konungskjöri 1874–1915 og síðan landskjöri 1915–1934. Þar sem hinar sögulegu forsendur deildaskiptingarinnar eru nú horfnar og enginn munur hefur verið í langan tíma á kjöri til deildanna er að mörgu leyti eðlilegt að stigið verði það skref, sem margir vildu taka 1934, og gera Alþingi að einni málstofu.

Ein málstofa mundi skapa meiri festu í störfum Alþingis. Núverandi deildaskipting hefur oftlega leitt til þess að ríkisstjórnir, sem notið hafa stuðnings meiri hluta þingmanna, hafa átt erfitt með að gegna hlutverki sínu vegna þess að þær hafa ekki haft tilskilinn meiri hluta í báðum deildum. Það má færa rök að því að deildaskiptingin sé í andstöðu við þá viðurkenndu grundvallarreglu í lýðræðislegum stjórnkerfum að meiri hlutinn ráði úrslitum mála.

Til þess að hafa meiri hluta í báðum deildum þarf ríkisstjórn nú að njóta stuðnings 33 þingmanna hið minnsta, eða 22 þingmanna af 42 í neðri deild og 11 af 21 í efri deild. Í einni málstofu nægði ríkisstjórn hins vegar einfaldur meiri hluti eða stuðningur 32 þingmanna. Vandinn getur þó verið meiri en þessar tölur sýna því að sú staða gæti hæglega skapast að ríkisstjórn njóti stuðnings fleiri en 33 þingmanna en hafi samt ekki meiri hluta í annarri hvorri þingdeildinni. Þeir erfiðleikar, sem deildaskiptingin getur skapað, eru þó ekki bara fræðilegir heldur hefur tviskiptingin oftlega orðið til þess að veikja ríkisstjórnir og gera þær óstarfhæfar eins og eftirfarandi dæmi sýna:

Eftir kosningarnar 1931 hafði Framsfl. 23 þingmenn af 42, eða hreinan meiri hluta. Vegna landskjörinna þingmanna (eftir eldra kerfi) í efri deild voru atkvæði þar þó jöfn. Ríkisstjórn Tryggva Þórhallssonar hafði því ekki starfhæfan meiri hluta á þingi og fór fljótlega frá völdum.

Þegar minnihlutastjórn Emils Jónssonar var mynduð í árslok 1958 gat hún með hlutleysisstuðningi Sjálfstfl. treyst á 27 þingmenn gegn 25 þingmönnum Framsfl. og Alþb. Samt hafði stjórnarandstaðan

meiri hluta í efri deild. Tvö meginmál stjórnarinnar komust því aðeins í gegn að stjórnarandstæðingar fengust til að styðja þau til skiptis en þingrof var þá fram undan.

Fyrri ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar naut eftir fráhvarf eins þingmanns Samtaka frjálslyndra og vinstri manna árið 1973 stuðnings meiri hluta þingmanna, eða 31 gegn 29. Ríkisstjórnin hafði þó ekki meiri hluta í neðri deild og gat ekki komið þýðingarmestu málum sínum í gegnum þingið. Þetta skapaði alvarlegt ástand fyrir ríkisstjórnina og leiddi til þingrofs og kosninga.

Ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens hafði ekki meiri hluta í neðri deild frá upphafi þings 1982 er einn þingmaður hætti stuðningi við stjórnina, en hún naut þó stuðnings meiri hluta þingmanna. Þetta ástand skapaði margvíslega erfiðleika fyrir ríkisstjórnina fram að þingrofi í mars 1983.

Sú staðreynd að núverandi ríkisstjórn hefur ekki meiri hluta í neðri deild þrátt fyrir að hún hafi stuðning meiri hluta þingmanna hefur valdið ýmsum erfiðleikum fyrir stjórnina og hún orðið að reiða sig á stuðning einstakra þingmanna er standa utan ríkisstjórnarinnar til að koma málum í höfn.

Þá finnast dæmi þess að deildaskipting hafi komið í veg fyrir hugsanlega myndun ríkisstjórnar.

Eftir kosningarnar 2. des. 1979 hafði Sjálfstfl. 21 þingmann, Alþfl. 10 þingmenn, Eggert Haukdal náði kjöri af L-lista, Framsfl. hafði 17 þingmenn og Alþb. 11 þingmenn. Framsfl. og Alþb. stilltu upp sameiginlegum lista við kosningu til efri deildar og náðu 10 mönnum kjörnum eða helmingi deildarmanna og þar með gátu 28 þingmenn útilokað myndun viðreisnarstjórnar sem styddist við meiri hluta í báðum deildum.

Með einni málstofu er hægt að endurbæta starf nefnda Alþingis. Fastanefndum mætti þá fækka úr 23 í 12, auk stjórnsýslunefndar sem gerð er tillaga um að koma á fót. Slík fækkun þyddi jafnframt að hver þingmaður þyrfti ekki að vera í nema u.þ.b. tveimur nefndum og gæti þar af leiðandi rækt mun betur nefndaskyldu sína en nú er mögulegt. Nú þurfa sumir þingmenn að sitja í allt að sex fastanefndum og því er mjög algengt á háannatíma þingsins fyrir jólahlé og þingslit að fundir í nefndum rekist á.

Mjög líklegt er að vinnubrögð í nefndum muni almennt batna með einni málstofu og öll málsmeðferð verða vandaðri. Ein málstofa gerir þá kröfu á hendur nefndarmönnum að þeir athugi mál gaumgæfilega og til fulls þar sem ekki er um það að ræða að hægt verði að koma við breytingum á frumvarpi í síðari nefnd eins og nú er. Eitthvað hefur borið á því, ekki síst þegar nefndarmenn eru undir þrýstingi að hraða afgreiðslu mála, að þeir afgreiði mál úr nefnd án þess að hafa athugað það eins vel og margir þeirra hefðu viljað og treysti þá á það að síðari nefndin muni „lagfæra" þau atriði sem þeim í fyrri nefndinni kynni að hafa yfirsést. Hér er þó oft um mikla sjálfsblekkingu að ræða því að sjaldnast hefur síðari nefnd mikinn tíma til að athuga mál. Tvískiptingin hefur því að dómi margra þingmanna stundum skapað visst „kæruleysi" eða „agaleysi" í nefndastörfum.

Í nýjum þingskapalögum sem fylgja þessu frv. er þó gert ráð fyrir að sé frv. breytt við 2. umr. sé því allajafnan vísað til nefndar á ný til frekari athugunar.

Þá má telja fullvíst að ein málstofa mundi einfalda alla málsmeðferð á Alþingi líkt og gerðist í Danmörku 1953 og Svíþjóð 1971 þegar deildaskipting var afnumin í þjóðþingum þessara ríkja. Afgreiðsla mála verður þó ekki bara einfaldari heldur mun hún öll ganga hraðar en áður, en jafnframt ætti að vera tryggt að málsmeðferðin verði vandaðri, sbr. það sem áður er sagt um störf nefndanna.

Í einni málstofu mun tími ráðherranna nýtast betur en áður þar sem þeir þurfa þá ekki lengur að taka þátt í umræðum um sín mál í tveim deildum.

Þá er það þingflokkum mikið hagræði að einstakir þingmenn fái tækifæri til að sérhæfa sig í einstökum málaflokkum.

Rök þeirra, er vilja viðhalda óbreyttri deildaskiptingu, hafa einkum verið þau að núverandi kerfi tryggi betri umfjöllun um löggjöf en væri möguleg í einni málstofu. Frv. þarf nú að fara í gegnum þrjár umræður og nefndaumfjöllun í tveimur deildum og telja sumir að það fyrirbyggi frekar en einnardeildarkerfi vanhugsaðar ákvarðanir og auðveldi þingmönnum að íhuga brtt. við frv. vandlega. Athuganir sem gerðar hafa verið á störfum Alþingis benda þó ekki til að þessi rök séu mjög sterk. Í reynd er það svo að umfjöllun um frv. fer fyrst og fremst fram í fyrri þingdeildinni. Þegar mál kemur til seinni deildarinnar er yfirleitt ekki um að ræða sambærilega athugun og þá er fór fram í fyrri deildinni. Þegar mál kemur til seinni deildar þá er venjan sú að þingmenn reiði sig þar yfirleitt á að frv. hafi fengið nákvæma athugun í fyrri deild og telja því síður þörf á eins nákvæmri athugun í seinni deildinni. Það er líka staðreynd að oft er ekki mikill tími til að ræða mál í seinni deildinni því að alloft eru stjfrv. lögð fram með það litlum fyrirvara að þegar fyrri deildin er búin að ræða málið þá er lítill tími eftir fyrir seinni deildina til að fjalla um það. Þar sem athugun á frv. fer fyrst og fremst fram í fyrri þingdeildinni má með nokkrum sanni segja að þrátt fyrir deildaskiptinguna fari athugun á löggjafarmálum nú fram líkt og Alþingi starfi í einni löggjafardeild en ekki tveimur.

Það er að vísu hægt að benda á einstök dæmi þess að síðari deild hafi lagfært frv. þegar fyrri deild hefur yfirsést eitthvað sem betur mátti fara. Það verður þó að telja, eins og áður hefur verið bent á, að ef þingið starfar í einni málstofu þá sé líklegt að menn muni athuga mál betur því að þá er ekki hægt að skýla sér á bak við það að síðari deild eigi eftir að athuga málið.

Önnur meginbreyting frv. felst í því að lagt er til að komið verði á fót sérstakri stjórnsýslunefnd er hafi rétt til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða. Ætlunin er að þessi nefnd, ásamt fjvn. og Ríkisendurskoðun, sem nú starfar á vegum Alþingis, sinni einkum eftirliti þingsins með störfum stjórnvalda. Í því skyni er nefndinni veitt vald til að rannsaka mál

að eigin frumkvæði, en jafnframt getur Alþingi falið henni að rannsaka tiltekin mál. Nefndinni er í störfum sínum veitt sams konar vald og rannsóknarnefndir þingdeildanna hafa samkvæmt gildandi stjórnarskrárákvæðum en ákvæðið um rannsóknarnefndir fellur að sjálfsögðu brott. Starfsemi stjórnsýslunefndar verður ekki bara bundin við eftirlit með opinberum aðilum heldur getur nefndin tekið fyrir öll þau mál er hún telur að varði hagsmuni almennings, þ.e. hún hefur rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og skriflegar, af opinberum stofnunum, starfsmönnum, einstökum samtökum eða fyrirtækjum og einstaklingum.

Í þingsköpum yrðu sett nánari ákvæði um störf stjórnsýslunefndar og þar kveðið á um að hún fjalli einnig um tiltekin þingmál líkt og aðrar fastanefndir þingsins. Þannig er eðlilegt að til nefndarinnar sé vísað frv. til stjórnarskipunarlaga, um kosningar til Alþingis og öðrum málum er varða stjórnarskipunar- og stjórnarfarsmálefni.

Ég legg mjög ríka áherslu á það að þessi nefnd verði að beita sér af hófsemi. Hún má ekki starfa fyrir opnum tjöldum og trúnaðarskylda verður að hvíla á nefndarmönnum svo sem nú er t.d. í utanríkismálanefnd.

Þriðja meginbreyting frv. felur í sér að ríkisstjórn er veitt meira aðhald um útgáfu bráðabirgðalaga en nú er. Er í þessu frv. að mestu leyti byggt á tillögu stjórnarskrárnefndar frá því í janúar 1983. Nýmæli er í fyrsta lagi að bráðabirgðalög skulu ætíð lögð fyrir næsta Alþingi þegar í upphafi þings. Ekki er nú um slíka skyldu að ræða heldur fer það eftir ákvörðun ríkisstjórnarinnar hvenær þingtímans bráðabirgðalögin eru lögð fram. Í öðru lagi felst veruleg takmörkun í því ákvæði að hafi Alþingi ekki samþykkt bráðabirgðalögin einum mánuði eftir þingsetningu falla þau úr gildi. Nú falla bráðabirgðalög ekki úr gildi fyrr en við þinglausnir hafi þau ekki áður verið felld. Vegna þessara þröngu tímamarka í frv. um staðfestingu bráðabirgðalaga, svo og til þess að ríkisstjórnir neyðist ekki til þess að beita bráðabirgðalagasetningu af ótta við tafir í þinginu, er nauðsynlegt að setja í þingsköp ákvæði sem tryggi að ríkisstjórn geti með skjótum hætti komið í gegnum þingið „brýnum málum" sem ekki þola neina bið. Er því gerð tillaga um slíkt ákvæði í 36. gr. þingskapa. Með því ákvæði er jafnframt vonast til að dragi úr tilhneigingu ríkisstjórna til þess að gera viðamiklar ráðstafanir með bráðabirgðalögum án formlegs atbeina Alþingis. Þá er í frv. það nýmæli að ef á annað borð þarf að grípa til útgáfu bráðabirgðalaga skal kynna viðkomandi þingnefnd efni þeirra áður en þau eru sett. Stjórnarandstaða fær þannig tækifæri til þess að taka afstöðu til laganna fyrir gildistöku þeirra og gera sjónarmið sín heyrinkunn.

Ég tel ekki unnt að nema brott heimild ríkisstjórnar til þess að setja bráðabirgðalög. Þau atvik geta augljóslega borið að að óhjákvæmilegt sé að setja bráðabirgðalög. Þó verður að gera ráð fyrir að bráðabirgðalagasetningu verði beitt í mun minna mæli en nú er.

Fjórða meginbreytingin fjallar um svokallaðar aukafjárveitingar. Með tilvísun til ákvæða stjórnarskrárinnar um fjáraukalög hafa stjórnvöld verið talin hafa rétt til að heimila greiðslu úr ríkissjóði umfram heimildir fjárlaga. Ætlun stjórnarskrárgjafans hefur ugglaust verið sú upphaflega að heimildar til fjárveitingar væri aflað fyrir fram hverju sinni. Framkvæmdin hefur þó orðið önnur. Fjáraukalög eru jafnan samþykkt eftir á og eru þá teknar upp í þau fjárveitingar ríkisstjórnarinnar á liðnu fjárhagstímabili umfram fjárlagaheimildir. Ýmsum hefur þótt sem ríkisstjórnir hafi farið fullfrjálslega með þetta vald sitt og því eru í frv. sett skýrari ákvæði um þessi efni. Í frv. er kveðið á um að Alþingi geti sett almennar reglur um umframgreiðslur á fjárhagsárinu en jafnan skuli leitað samþykkis fyrir slíkum greiðslum í fjáraukalögum. Í þingsköpum er svo kveðið á um skyldu ríkisstjórnar til að bera undir fjvn. fyrirhugaðar aukafjárveitingar, jafnt milli þinga sem á þingtíma.

Ekki er tiltækilegt að banna algerlega aukafjárveitingar enda getur verið óhjákvæmilegt að þeim sé beitt, en með því fyrirkomulagi sem hér er lagt til er fengin trygging fyrir því að löggjafarvaldinu sé kunnugt um fyrirætlanir um aukafjárveitingar og líkur leiddar að því að þær njóti meirihlutastuðnings á Alþingi, jafnframt því sem fulltrúar stjórnarandstöðu geti komið að sínum athugasemdum.

Fimmta meginbreyting frv. er að þingmaður, sem skipaður er ráðherra, skal láta af þingmennsku meðan hann gegnir ráðherrastörfum en varamaður hans taka sæti á Alþingi þann tíma sem hann er ráðherra. Sams konar skipan mála gildir m.a. í Noregi. Þó að ráðherra láti af þingmennsku mundi hann hafa ýmsar skyldur gagnvart Alþingi. Þannig mundi ráðherra t.d. taka þátt í starfi þingflokkanna eins og verið hefur, svara fyrirspurnum, mæla fyrir þingmálum ríkisstjórnar og taka þátt í umræðum um mál eftir því sem hann hefði hug á. Hann hefði því fullt málfrelsi þótt hann ætti ekki atkvæðisrétt á þinginu.

Ég tel einnig mjög æskilegt að sú venja haldist að ráðherrar séu valdir úr hópi þingmanna.

Meginrökin fyrir þessari breytingu eru einkum þrenns konar. Í fyrsta lagi eru sköpuð gleggri skil en nú er á milli þeirra sem fara með löggjafarvald og þeirra er fara með framkvæmdarvald. Í öðru lagi getur slíkt fyrirkomulag styrkt Alþingi gagnvart framkvæmdarvaldinu. Nú eru að jafnaði 9–11 þingmenn bundnir við ráðherrastörf og hafa því ekki tækifæri nema að takmörkuðu leyti til að sinna eiginlegum þingstörfum. Með breytingunni verður „fullskipað lið" til að sinna löggjafarstörfum og veita ríkisstjórn nauðsynlegt aðhald hverju sinni. Í þriðja lagi mundi þessi breyting verða til mikils hagræðis fyrir ráðherrana því að með nokkrum rétti má segja að þingsetan sé ráðherrum nokkur byrði. Ráðherrastarfið er mjög krefjandi og tímafrekt starf er gerir þá kröfu á hendur þeim sem starfinu gegnir að hann helgi sig því óskiptur. Það mundi því t.d. létta allnokkuð á vinnu ráðherra og gera þeim fært að nýta tíma sinn betur ef þeir þyrftu ekki að sitja alla þingfundi (sem oft geta staðið langt

fram á nætur) eða vera bundnir á þingfundum við atkvæðagreiðslur.

Sjötta meginbreytingin sem felst í frv. er sú að þegar ný ríkisstjórn er mynduð milli þinga (t.d. eftir þingkosningar eða vegna stjórnarslita á yfirstandandi kjörtímabili) skuli þingið kvatt saman innan þriggja vikna frá skipunardegi stjórnarinnar. Rökin fyrir þessari breytingu eru m.a. þau að það sé óeðlilegt að það líði t.d. nær fimm mánuðir frá kosningum í maí og þar til þingið kemur saman í október. Réttast sé, þegar ríkisstjórn hefur verið mynduð, að hún kynni þinginu stefnu sína og að þá sé jafnframt mögulegt að láta reyna á það hvort ríkisstjórnin og stefna hennar njóta trausts þingsins eða það sætti sig a.m.k. við hana um sinn. Þá gæti ríkisstjórn einnig lagt fyrir þingið þau mál sem brýnast væri að fá afgreidd.

Það er æskilegt að starfstími Alþingis verði sveigjanlegri en hann er nú. Þegar mikilvæg mál eru á döfinni gæti Alþingi komið saman og fjallað um þau en síðan væri þinghlé ef ekki væri aðkallandi löggjafarstörfum að sinna.

Það er lagt til að frestur sá er líða má frá þingrofi til kosninga verði styttur úr tveimur mánuðum í 45 daga og að frá þingrofi til samkomudags Alþingis líði hið mesta fjórir mánuðir í stað átta eins og nú er.

Ef frv. þetta um breytingar á stjórnarskránni nær fram að ganga þarf að gera verulegar breytingar á þingsköpum Alþingis. Og í því skyni að útfæra þær hugmyndir, sem í frv. felast, höfum við flm. látið prenta ný þingsköp í fskj. með frv. og reynt að sýna allar breytingar á þeim svo glögglega sem verða má.

Breytingar á þingsköpum, sem hér er gerð tillaga um, stafa að mestu leyti af afnámi deildaskiptingarinnar, en jafnframt eru gerðar ýmsar aðrar breytingar á ýmsum úreltum ákvæðum frá fyrri tíma. En breytingunum má að öðru leyti skipta í fjóra liði:

Í fyrsta lagi fækkar forsetum úr þremur í einn með afnámi deildaskiptingarinnar og varaforsetum úr sex í þrjá. Eðlilegt er því að mynda nýja fjölskipaða stjórn þingsins, sem við leggjum til að kallist forsætisnefnd. Jafnframt er þetta tilefni notað til þess að mynda formlegan vettvang fyrir skipulagningu þingstarfanna, bæði fyrir allan þingtímann og hverja viku. Lagt er til að forseti, varaforsetar og formenn þingflokka skipi forsætisnefndina. Nefndin á annars vegar að fjalla um hin mikilvægustu mál er varða stjórn þingsins og hins vegar að gera starfsáætlanir fyrir þingtímann. Með þessari skipan forsætisnefndar má vænta þess að víðtæk samstaða geti náðst, bæði um stjórn þingsins og afgreiðslu þingmála. Nefndinni er sjálfri ætlað að setja sér starfsreglur en það er ljóst að stjórnarflokkar verða að hafa meiri hluta í nefndinni ef til atkvæðagreiðslu kemur um ágreiningsmál.

Starf forseta yrði óbreytt að mestu leyti og hann fer áfram, ásamt varaforsetum, með daglega stjórn þingsins, en rækilegri ákvæði eru sett um umsjón hans með vinnu þingnefnda og samráð hans við formenn þeirra. Í frv. er staðfest sú venja að kosning forseta gildi til setningar næsta þings.

Í samræmi við almenn viðhorf um skipunartíma æðstu embættismanna er lagt til að skrifstofustjóri þingsins verði kjörinn af þinginu sjálfu og sú kosning gildi til fjögurra ára. Þessi háttur er hafður á sums staðar erlendis.

Í öðru lagi breytist nefndakerfi þingsins verulega. Fastanefndum fækkar úr 23 í 11, auk stjórnsýslunefndar og nýrrar umhverfisnefndar. Nefndasætum fækkar úr 163 í 117 og verða því tæplega tvö nefndasæti að jafnaði á hvern þingmann.

Ákvæði eru sett um stjórnsýslunefnd, að mestu samhljóða stjórnarskrárákvæðinu sem áður var rakið. Sett eru inn ákvæði um að fjvn. skuli fjalla um fyrirhugaðar aukafjárveitingar. Enn fremur eru ákvæði um meðferð skýrslna frá þeim stofnunum sem undir Alþingi heyra, þ.e. Ríkisendurskoðun og umboðsmanni.

Nefndum er ætlað að starfa milli þinga og níu þingmenn sitji í hverri.

Í þriðja lagi eru nokkur nýmæli sem ég vil nefna. Sérstök grein er um þingflokka, en í gildandi þingsköpum eru nálega engin ákvæði um þá. Það er eðlilegt að þeirra sé getið í þingsköpum enda eru þingflokkar mjög mikilvægir í störfum þingsins og þingflokkar stjórnarliðs eiga á hverjum tíma að vera hinar raunverulegu valdastofnanir í þjóðfélaginu.

Viðveruskylda þingmanna á fyrirspurnafundum er afnumin.

Mjög mikilvægur þáttur í starfi Alþingis er málfrelsi þingmanna og það er stolt þessarar stofnunar að þingmönnum er ekki varnað máls ef þeim liggur eitthvað á hjarta. Hér er lagt til að breyta umræðuháttum, ekki til að hefta málfrelsi, heldur til þess að gera umræðu agaðri og markvissari. Samkvæmt frv. er forsrh. heimilað að gera tillögu um takmörkun ræðutíma „þegar brýna nauðsyn ber til". Skal þá ganga til atkvæða um tillöguna umræðulaust. Lagt er til að ræðutími þingmanna og annarra ráðherra en þess sem mælir fyrir stjfrv. verði takmarkaður við átta mínútur og ræðutími framsögumanna meiri og minni hluta nefnda við fimmtán mínútur. Hverjum þingmanni skal þá einungis heimilt að tala einu sinni við hverja umræðu og framsögumanni tvisvar og eigi fleiri en tveimur þingmönnum að framsögumanni meðtöldum frá hverjum þingflokki. Þetta eru sem sagt þær reglur sem við leggjum til að gildi í þessum sérstöku tilvikum.

Þá er lagt til að þingskapaumræðu og umræðum um atkvæðagreiðslu sé skorinn formlegri stakkur, enginn megi tala lengur en tvær mínútur í senn um þingsköp og hver þingskapaumræða megi ekki taka lengri tíma en tíu mínútur.

Nýmæli er það að forseti geti heimilað stuttar athugasemdir strax að ræðu fluttri. Skal þá sá er vill gera athugasemd bera fram ósk um það við forseta. Athugasemd má einungis gera við ræðu en ekki við athugasemd. Hver athugasemd má ekki taka lengri tíma en tvær mínútur og skal ræðumanni heimilt að svara henni á tveimur mínútum. Enginn má gera athugasemdir oftar en tvisvar hverju sinni. Orðaskipti í athugasemdum mega ekki standa lengur en í fimmtán mínútur í einu.

Þetta fyrirkomulag tíðkast í þjóðþingum víða í nágrannalöndum. Það stuðlar að skemmtilegri og frjórri umræðu og gagnlegri orðaskiptum og skapar þingmönnum tækifæri til markvissra athugasemda á réttum stað í umræðunni. Hér er um verulega rýmkun á málfrelsi að ræða frá því sem þingvenja hefur verið hér.

Hvað tímatakmörkum viðvíkur verður að telja heppilegt að alþingismenn temji sér skipulagðan málflutning og skýra hugsun þannig að þeir geti greint frá viðhorfi sínu í stuttu máli.

Herra forseti. Íslendingum er það mjög mikilvægt að störf Alþingis séu markviss og löggjöf öll vönduð. Það er Alþingis að setja lög og gera ályktanir, ríkisstjórnar að hrinda þeim í framkvæmd í umboði Alþingis. Málatilbúnaður þessi stuðlar að minni hyggju að því að gera okkar virðulegu stofnun enn þá hæfari til þess að gegna hlutverki sínu með sóma.

Stjórnarskrárbreytingar eru eðli málsins samkvæmt vandasamar og vonast ég eftir því að þetta frv. fái ítarlega umfjöllun hér á Alþingi og einnig meðal fræðimanna utan stofnunarinnar. Þess vegna er þetta mál flutt áður en kjörtímabil er hálfnað þannig að þinginu gefist gott tækifæri til þess að íhuga málið vandlega. Ég legg til að deildir Alþingis kjósi sérstakar lausanefndir, stjórnarskrárnefndir, sem fjalli um frv. og að það nái afgreiðslu fyrir *næstu kosningar þannig* að það mætti hljóta lokaafgreiðslu á fyrsta þingi að þeim loknum svo sem stjórnarskrárbreytingu ber. Síðan getur Alþingi breytt þingsköpum og hafið störf samkvæmt nýju skipulagi.

Læt ég svo enn og aftur í ljósi þá von mína að um þessar hugmyndir geti skapast breið samstaða af því að hér tel ég að um hið merkasta mál sé að ræða.

Ólafur G. Einarsson:

Herra forseti. Það er út af fyrir sig ástæða til að fagna umræðu um þau ákvæði í stjórnarskrá sem varða Alþingi. Ég get hins vegar ekki annað en tekið undir með þeim sem gagnrýnt hafa aðferðina við að koma þessu máli nú til meðferðar í þinginu. Sú gagnrýni kom fram í þingskapaumræðu sem var hér sl. miðvikudag þegar taka átti málið til umræðu. Hv. 1. þm. Suðurl. vildi vita hvort ætlun flm. frv. væri að fá það samþykkt nú á þessu þingi og ná þannig fram þingrofi og nýjum kosningum. Hv. 1. flm. frv. svaraði því skýrt og skorinort þannig að það væri alls ekki ætlunin og að það ætti heldur ekki að afgreiða það á næsta þingi heldur þarnæsta. Það var því ekki að undra þótt hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni þætti hér vera um meiri fyrirhyggju að ræða en áður hefði sést við flutning mála á Alþingi. Ég hefði vel getað hugsað mér að leggja nokkuð af mörkum og nokkuð að mér til þess að samþykkja a.m.k. einhverjar greinar þessa frv. nú á þessu þingi ef það kynni að vera eina leiðin til að ná fram kosningum nú þegar.

En þótt skammt sé til þinglausna þá virðist sem það sé álit ýmissa forustumanna stjórnarflokkanna að vel sé hægt að hefja umræðu um viðamikið mál sem ekki er ætlunin að afgreiða nú og ekki einu sinni á næsta þingi.

En þessari umræðu varð þó að fylgja sá samningur að ræðutími yrði takmarkaður við fyrsta hluta umræðunnar. Það vekur hins vegar upp spurningar um það hvað lá á með þennan frumvarpsflutning. Það er jú starfandi stjórnarskrárnefnd sem þingflokkarnir eiga aðild að. Það hefur að vísu ekki farið mikið fyrir starfi hennar í opinberri umræðu en hún er samt að störfum undir forustu hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar. Þetta frv. er ekki flutt í samráði við stjórnarskrárnefnd en auðvitað er hverjum og einum þingmanni og þeim saman í hóp heimilt að flytja þau mál sem þeim sýnist. Hv. 1. flm. tók hér fram áðan að það mætti ekki líta á þennan frumvarpsflutning sem vantraust á störf stjórnarskrárnefndar og þá yfirlýsingu ber að sjálfsögðu að meta.

Mér var boðið að gerast meðflm. að þessu frv. Fyrir það er ég þakklátur en ég gat ekki þegið það boð og ástæðurnar voru einkum tvær:

Í fyrsta lagi féll mér ekki við aðferðina. Það gengur ekki að koma til manns með fullgert frv. tveimur til þremur dögum áður en frestur til að leggja fram mál rann út og því ekki tími til að ræða neinar breytingar. En það hefði að vísu mátt vera ásættanlegt ef ekki hefði komið til hin ástæðan að ég er ekki sáttur við öll ákvæði frv. en ég er og hef lengi verið áhugamaður um að ákvæðum stjórnarskrár varðandi Alþingi verði breytt. Þess vegna tek ég þátt í þessari umræðu og hefði viljað leggja mitt af mörkum eins og ég sagði áðan til þess að þetta mál hlyti afgreiðslu nú en fyrir því er sem *sagt ekki áhugi hjá flm.*

Eins og segir í grg. frv. er ætlunin með því í fyrsta lagi að gera alla málsmeðferð á Alþingi nútímalegri og einfaldari, m.a. með því að þingið starfi í einni málstofu. Þessum tilgangi er ég alveg sammála. Ég styð þess vegna heils hugar þau ákvæði frv. sem leiða af þeirri tillögu að Alþingi starfi í einni málstofu. Ég fellst á þau rök sem talin eru fram í grg. frv. með þeirri tillögu og sem renna stoðum undir það að þessu eigi að breyta. Ég þekki vel röksemdir þeirra sem tala gegn þessari breytingu. Þau rök eru mörg hver einnig talin upp í grg. frv. en eins og flm. telja þá tel ég þau rök léttvæg.

3. gr. frv. fjallar um þingrof og fresti sem annars vegar mega líða frá ákvörðun um kosningar og þar til stofnað er til þeirra og hins vegar hvenær þing skuli koma saman hið síðasta frá kosningum. Þessi ákvæði frv. eru til bóta frá því sem er vegna þess að frestir eru styttir en mér þykir hins vegar ekki nægilega langt gengið í hvorugu tilvikinu.

Annars vegar er gert ráð fyrir 45 daga fresti í stað tveggja mánaða frá því þing er rofið og þar til kosningar fara fram. Spurning mín er hvers vegna þurfi 45 daga frest frá því ákvörðun er tekin um

þingrof og þar til kosningar geti farið fram. Mér þykir þetta allt of langur frestur svo ég tali nú ekki um tvo mánuði eins og er nú. Lengi vel var Hagstofunni kennt um að þessi frestur þyrfti að vera svona langur vegna þess að það tæki þennan tíma að gera kjörskrár. Ég trúi því ekki og vísa þar til þess sem aðrar þjóðir geta gert þar sem milljónir manna eru á kjörskrá. Þar er hægt að koma á kosningum á miklu skemmri tíma.

Í öðru lagi hefur því verið borið við að flokkarnir séu ekki tilbúnir með framboð sín. Ég vil leggja það á flokkana að hafa framboð sín ætíð tilbúin og af þeirri ástæðu sé ekki hægt að bera því við að nauðsyn sé á svo löngum fresti. Ég nefni í því sambandi þær aðferðir sem við þekkjum víða í nágrannalöndum okkar þar sem ársfundir flokkanna ákveða framboð, sem sagt framboð eru ákveðin einu sinni á ári, og af þeim ástæðum geta kosningar farið fram hvenær sem er. Með þeirri aðferð sýnist mér að mætti stytta frestina, t.d. þennan frest í 21 dag.

Hitt tímamarkið sem þarna er sett er fjórir mánuðir í stað átta, til þess er Alþingi kemur saman. Þessi frestur er einnig allt of langur að mínu mati en þó til verulegra bóta. Mér sýnist þetta óhæfilega langur tími vegna þess að þegar ríkisstjórn er mynduð eftir kosningar er í sjálfu sér engin vissa fyrir því að hún njóti meirihlutastuðnings eða hlutleysis Alþingis eins og reyndar hv. 1. flm. rakti hér mörg dæmi um áðan. Þetta hefur verið liðið en er ótækt og hefur verið ótækt alla tíð. Mér sýnist þess vegna rétt að stytta þennan frest, t.d. í tvær vikur frá kosningum, að þá skuli þingið koma saman hvort sem ríkisstjórn hefur verið mynduð eða ekki. Ég veit að þessu verður mótmælt einmitt með þeim rökum að svo kunni að vera að ekki hafi verið mynduð ríkisstjórn innan tveggja vikna frá kosningum. Það má vel vera en skiptir ekki máli að mínu mati. Þingið á engu að síður að koma saman, það á að kjósa sér forseta og aðra embættismenn en að því búnu mætti fresta fundum þar til stjórn hefur verið mynduð ef mönnum sýnist svo. Ef eftir þessum hugmyndum væri farið, þá mundi ekki líða lengri tími en 5 vikur frá þingrofi og til þess tíma er nýtt þing kæmi saman.

Það er auðvitað spurt hvers vegna megi ekki líða lengri tími eins og menn hafa sætt sig við til þessa. Ég svara því til að í fyrsta lagi tel ég að þingræðið sé í hættu ef áfram er búið við þessar reglur sem við höfum búið við á undanförnum tíma. Við höfum dæmi um stöðuna sem varð við myndun núv. hæstv. ríkisstjórnar. Ríkisstjórnin var mynduð í lok september, þingið átti að koma saman að vanda 10. okt. og gerði það. Enginn vissi hvort um var að ræða meirihlutastjórn, það var treyst á huldufólk sem að vísu gaf sig svo fram þannig að stjórnin reyndist vera meirihlutastjórn. En slíkt er ekki Alþingi bjóðandi. Alþingi á að fá að tjá sig um stuðning eða hlutleysi við ríkisstjórn sem mynduð er eftir kosningar og það á þingið að gera þegar í stað.

Í þessu samhengi þarf einnig að hafa í huga rétt ríkisstjórna til útgáfu bráðabirgðalaga. Alþingi getur ekki látið bjóða sér það að ný ríkisstjórn, sem ekki er vitað hvort nýtur trausts eða hlutleysis þingsins, byrji á því að gefa út bráðabirgðalög.

Þetta var nú um 3. gr. frv. Auðvitað mætti margt fleira um hana segja og ekki síst vegna þess að þegar er nú komin fram brtt. frá einum hv. flm. frv. Það er að vísu svolítið óvenjuleg aðferð og auðvitað hefði ég t.d. getað verið meðflm. ef ég hefði sætt mig við þá aðferð að flytja svo brtt. við allar þær greinar sem ég er ekki alveg sáttur við bara til þess að vera með. En það er sem sagt komin fram brtt. um það að 24. gr. stjórnarskrárinnar, og 3. gr. frv. falli brott, þ.e. að óheimilt sé að rjúfa þing. Þetta er út af fyrir sig sjónarmið og virkilega þess virði að það sé rætt ofan í kjölinn hér á hv. Alþingi. Þetta er sú regla sem gildir t.d. í Noregi, en er heldur ekki óumdeild þar þótt ég viti ekki til að það sé svo sem neinn sérstakur áhugi fyrir því að breyta þeirri reglu í norska þinginu, en þó er það ekki óumdeilt og hefur oft og tíðum valdið vissum vanda. En engu að síður er ástæða til þess að ræða það hér í þessu samhengi.

Ég kem þá að ákvæðum 5. gr. frv. sem fjallar um réttinn til útgáfu bráðabirgðalaga sem ég hef þegar tjáð mig um að nokkru. Frv. gerir ráð fyrir að verulega sé þrengdur réttur ríkisstjórna til slíkra athafna eins og hv. 1. flm. rakti hér einnig áðan. Allt er þetta til bóta, en ég vil hins vegar stíga skrefið til fulls og afnema algjörlega heimildina til að gefa út bráðabirgðalög. Þingmenn hafa gjarnan gagnrýnt yfirgang framkvæmdarvaldsins eins og það heitir og oftast er sú gagnrýni á rökum reist. En þeir eiga það hins vegar við sjálfa sig og eiga við sjálfa sig að sakast og raunar ekki aðeins um það að framkvæmdarvaldið gangi á rétt löggjafans, heldur verður að viðurkenna það að löggjafarvaldið seilist oft og tíðum inn á svið framkvæmdarvaldsins og það er ekkert betra. Það er á valdi þingsins hvaða heimildir það veitir framkvæmdarvaldinu. Þær heimildir eru allt of rúmar í dag. Löggjafarvaldið á aldrei að framselja. Það hefur hins vegar verið gert en þær heimildir ber að afnema. Meðan löggjafarvaldið gerir það ekki er gagnrýni á framkvæmdarvaldið að þessu leyti marklaus. Það er auðvelt að kalla þingið saman ef nauðsyn krefur að sett sé ný löggjöf í þinghléum. Það eru allt aðrar aðstæður nú en ríktu hér á landi þegar þessi heimild var sett í stjórnarskrána. Samgöngur hafa gjörbreyst, þingið situr miklu lengur en það gerði áður. Raunar kom það ekki saman nema annað hvert ár til kannski nokkurra vikna setu. Og það er ekki bara það að þingið sitji lengur en áður, heldur eru líkur á að þingtíminn lengist með hverju ári sem líður. Allt þetta ber því að sama brunni. Heimildir til útgáfu bráðabirgðalaga eiga ekki að vera í stjórnarskrá. Þær á að afnema með öllu.

Í tillögum flm. að nýjum IV. kafla stjórnarskrárinnar, lið h, er gert ráð fyrir að kosin verði sérstök stjórnsýslunefnd sem svo er kölluð. Hér er um mjög athyglisverða hugmynd að ræða sem ég hef hugsað talsvert um og þekki ákvæðið um í þingsköpum nágrannaþjóða okkar sumra. Hliðstæð nefnd þessari

mun vera hvað athafnasömust í Svíþjóð, en hún er einnig vel þekkt í Noregi. Í Svíþjóð hefur mjög borið á starfi þessarar nefndar í sambandi við rannsókn á Palme-morðinu. Ég hef vaxandi efasemdir um réttmæti slíkrar nefndar, en ég vil athuga þetta með opnum huga og tel sem sagt hugmyndina þess virði að rækilega sé farið ofan í saumana á þessari tillögu.

Hv. 1. flm. tók skýrt fram hér í framsögu sinni að svona nefnd þyrfti að starfa af hófsemi og ekki fyrir opnum tjöldum. Ég er alveg sammála þessari skoðun hv. flm. ef svona ákvæði kemst inn í okkar lög, en ég bendi á að þetta mun einnig hafa verið ætlunin t.d. í Svíþjóð, að stjórnsýslunefndin starfaði þar af hófsemi og ekki fyrir opnum tjöldum, en það hefur farið nokkuð á annan veg. Það með öðru veldur því að ég hef vaxandi efasemdir um réttmæti þessarar nefndar.

Þá eru gerðar tillögur í þessu frv. um að þingmaður sem skipaður er ráðherra láti af þingmennsku á meðan hann gegnir ráðherradómi. Ég er samþykkur þessari tillögu. Með þessu er skilið mjög skýrt á milli löggjafar- og framkvæmdarvaldshafa og það er í samræmi við það sem ég hef áður sagt að beri að gera. Rök sem talin eru upp í greinargerð frv. eru öll til þess að renna stoðum undir þessa ákvörðun og ég skal ekki endurtaka þau. En ýmsu mætti raunar bæta við af röksemdum sem benda til að þessi breyting skuli gerð, t.d. því að ég er sannfærður um að það er auðveldara fyrir þingflokkana að tilnefna hæfa menn utan þings til ráðherradóms, og það tel ég af hinu góða, og er þess vegna ekki alveg sammála hv. 1. flm. sem telur mjög æskilegt að ráðherrar séu valdir úr hópi þingmanna. Ég ætla ekki að gera lítið úr því en tel það ekki nauðsynlegt. Þeir sem kjörnir hafa verið á þing en stendur til boða ráðherradómur verða þess vegna að velja um það hvort þeir vilja vera virkir í löggjafarstarfinu eða í æðstu störfum framkvæmdarvalds. Þeir geti sem sé ekki verið virkir í hvoru tveggja eins og menn eru við núverandi fyrirkomulag. Fyrst og fremst eru mín rök fyrir þessari breytingu þau að með þessu er skilið hvað skýrast á milli löggjafar- og framkvæmdarvaldshafa. Auðvitað eru færð rök á móti þessu eins og t.d. þau að þetta þýði fjölgun þingmanna um þá tölu sem nemur ráðherratölunni hverju sinni, 9, 10 eða jafnvel 11 eftir atvikum. Ég tel þau rök léttvæg miðað við þau rök sem kalla á þessa breytingu.

Í frv. eru nánari ákvæði en í gildandi stjórnarskrá um umframgreiðslur á fjárhagsári þar sem bætt hefur verið við ákvæði þess efnis að Alþingi geti sett almennar reglur um umframgreiðslur á fjárhagsári. Þetta er eflaust til bóta en spurning er hvort nóg sé að gert. Í því sambandi bendi ég á frumvörp þeirra hv. þm. Geirs H. Haarde og Pálma Jónssonar varðandi þetta atriði, frumvörp sem hafa verið flutt á þessu þingi og nú eru til meðferðar í þingnefnd.

Þetta eru þau helstu atriði, herra forseti, sem ég sé ástæðu til að nefna varðandi brtt. frv. við stjórnarskrána. Eins og ég hef þegar tekið fram tel ég þær flestar ef ekki allar til bóta, en sumar ganga ekki nægilega langt, auk þess sem ég hef efasemdir um stjórnsýslunefndina, en útiloka ekki mögulega gagnsemi hennar eins og ég sagði áðan.

Þessu frv. til stjórnarskipunarlaga fylgir til glöggvunar og kynningar, eins og þar segir, frv. til nýrra þingskapalaga, sett upp með mjög skýrum hætti, þar sem eru prentuð gildandi lög annars vegar og sýnt með skáletri hvað brott úr gildandi lögum fellur og svo hin nýju ákvæði í nýju þingskapafrv. Ég sé ekki ástæðu til að tefja umræðuna með því að fara að ræða þennan þátt sérstaklega, þar sem hér er ekki um frv. að ræða á sérstöku þingskjali, en fyrir utan nauðsynlegar breytingar vegna nýrra stjórnarskrárákvæða um þingið er hreyft ýmsum hugmyndum sem ástæða er til að gaumgæfa, svo sem um forsætisnefnd þingsins, breytt ákvæði um ræðutíma og heimild þingmanna til að gera stutta athugasemd við ræðu þegar eftir að hún hefur verið flutt þótt þingmaður sé ekki á mælendaskrá. Þetta fyrirkomulag þekkjum við vel t.d. í Norðurlandaráði og slík ákvæði er að finna í þingsköpum fjölmargra þjóðþinga. Ég er sannfærður um að þessa skipan eigum við að taka upp og tel þessi ákvæði alveg sjálfsögð.

Ég hef ekki um þetta mál fleiri orð, herra forseti. Hér er hreyft þörfu máli eins og kom fram í upphafi máls míns, en ég er ekki alveg sáttur við málsmeðferðina hjá hv. flm. Það stendur hins vegar ekki í vegi fyrir því að við ræðum málið í fullri alvöru. Ég tel hins vegar afar vafasamt margra ástæðna vegna að geyma afgreiðslu svona máls, ekki aðeins til næsta þings heldur þar næsta eins og ætlun hv. flm. er.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Alþingi er hornsteinn frelsis og lýðræðis í landi okkar. Þá staðreynd ætti ekki að þurfa að hafa í frammi innan veggja þessarar stofnunar. Það er því skylda sérhvers alþingismanns að vinna af öllum mætti að því að efla og styrkja þessa stofnun svo að hún megi reynast því verkefni sínu vaxin að tryggja veg og virðingu lands og þjóðar á hverjum tíma. Það verður ekki gert nema tryggt sé að kjörnir fulltrúar og starfsmenn þingsins hafi aðstöðu til að sinna því verðuga verkefni svo að fullur sómi sé að.

Því miður sýnast alþingismenn ekki hafa haldið vöku sinni við að halda vörð um virðingu Alþingis og mikilvægi þeirra starfa sem þar eru unnin ef marka má umræðu manna í milli um störf og starfsmenn Alþingis. Og allt of oft má heyra alþingismenn sjálfa tala með lítilsvirðingu um þingið án þess að leiða hafi verið leitað til þess að bæta störf þess og gera þau markvissari og árangursríkari til hagsbóta fyrir fólkið í landinu.

Öll höfum við rætt um ágalla í störfum þingsins okkar í milli því að vitanlega eru þeir til. En allt of sjaldan eru grundvallaratriði varðandi þrískiptingu valdsins, löggjafarvalds, framkvæmdarvalds og dómsvalds, til umræðu í þingsölum og allt of oft er þess ekki gætt sem skyldi að Alþingi sé tryggt sjálfstæði gagnvart framkvæmdarvaldi og dómsvaldi. Þó hefur nefnd til að endurskoða stjórnarskrána setið að störfum um langt árabil án þess að raunverulegur

árangur hafi orðið að veruleika. Og þó að það frv. sem við höfum lagt fram hér nú yrði samþykkt eru verkefni stjórnarskrárnefndar ærin nóg. Umboðsmaður Alþingis hefur þegar á stuttum starfsferli ritað forsetum þingsins mikið rit um ágalla stjórnarskrár og laga varðandi ákvæði um mannréttindi. Mikið starf er óunnið varðandi þau og fjölmargt annað.

Það frv. sem við höfum lagt fram hér tekur aðeins á fáeinum atriðum sem varða starfsramma þingsins og þau eru vissulega mikilvæg. Hv. 1. þm. Norðurl. v. hefur rakið vel og skilmerkilega hin helstu þeirra og mun ég ekki endurtaka rök 1. flm. Ég er sammála honum í öllum þeim atriðum sem hann hér rakti. Ég tel mikilvægt að deildaskipting Alþingis verði afnumin og það starfi í einni málstofu. Ég held að það fyrirkomulag skapi meiri festu í störfum þingsins, auk þess sem einfaldur meiri hluti yrði betur tryggður. Ég held einnig að nefndir Alþingis mundu starfa markvissar og öruggar með þeirri skipan að þingið væri í einni deild því að það er alveg ljóst að mál hljóta fyrst og fremst umfjöllun í fyrri deild. Við vitum öll að meðferð mála í seinni deild er jafnan ófullkomnari og oft treyst þá á hinn bóginn, þ.e. telji menn við umfjöllun í fyrri deild að ekki hafi gefist nægur tími, þá er treyst á að umfjöllun verði nákvæmari í hinni síðari deild, en oft vilja verða nokkrir vankantar á því.

Þá held ég að það sé hárrétt að tími ráðherra muni nýtast betur ef þingið starfar í einni deild og ég er sammála því að komið yrði á fót stjórnsýslunefnd sem hafi rétt til að rannsaka mikilvæg mál er varða heill og velferð almennings.

Ég held að þriðja meginbreyting frv. eigi rétt á sér sem er að veita ríkisstjórn meira aðhald um útgáfu bráðabirgðalaga. Skoðun mín er sú að þau eigi í fæstum tilvikum rétt á sér nema brýna nauðsyn beri til. Ég tel raunar að sá réttur hafi þráfaldlega verið misnotaður. Þá tel ég sjálfsagt ákvæði að bráðabirgðalög, hafi þau verið sett, verði gerð að lögum sem allra fyrst eftir að næsta þing kemur saman.

Þá tel ég sjálfsagt einnig að ráðherrar séu ekki jafnframt þingmenn heldur taki inn varamann þegar þeir taka við ráðherrastarfi. Þar með held ég að gleggri skil séu gerð á milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds. Það segir sig sjálft að það er afar ankannalegt að ráðherrar hafi atkvæðisrétt á löggjafarsamkomunni og er þar enn einu sinni dæmi um í okkar þjóðfélagi að menn séu settir í það hlutverk að sitja beggja megin borðsins.

Önnur meginatriði þessa frv. hefur hv. 1. flm. getið um og hirði ég ekki um að eyða tíma hv. þm. í að endurtaka það. Meginástæðan til þess að ég er hingað komin í ræðustól er sú að ég vil vekja athygli á brtt. sem ég hef leyft mér að leggja fram við þetta frv., þó að ég sé einn af flm. þess, sem hér liggur frammi á þskj. 945. Við flm. ræddum þetta þegar frv. var í smíðum og ég lýsti áhuga mínum á að setja inn í frv. ákvæði þess efnis að hverju kjörnu þingi skuli skylt að sjá þjóðinni fyrir ríkisstjórn þau fjögur ár sem þingmenn eru kjörnir því að eins og við öll vitum er ákvæði 31. gr. kosningalaga frá 1984, þar stendur skýrum stöfum, með leyfi hæstv. forseta:

„Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegri hlutbundinni kosningu til fjögurra ára."

Það er með öllu óeðlilegt, ekki síst á tímum þar sem ýmsir utanaðkomandi aðilar hafa veruleg áhrif á stjórnmál á hverjum tíma, t.d. sívaxandi fjöldi fjölmiðla, að þinginu sé gert kleift og stjórnmálaflokkunum, ef ég mætti nota það orð, að spekúlera hvenær kosningar skuli halda. Það segir mér enginn að menn freistist ekki til, ef byrlega blæs t.d. í skoðanakönnunum, að menn eygi möguleika á því að styrkja stöðu sína á Alþingi og telji hentugt að nú skuli gengið til kosninga. Þetta er auðvitað bæði afar ólýðræðislegt og óheppilegt í alla staði. Með því að menn gerðu sér grein fyrir því að þeir væru kjörnir alþingismenn til fjögurra ára og þingið sæti þannig óbreytt þann tíma held ég að bæði fyndu þeir miklu sterkar fyrir ábyrgð sinni og það skapaði festu í störfum þingsins, og ekki síður held ég að kjósendur fyndu til meiri ábyrgðar þegar þeir ganga til kjörstaðar heldur en hafa það ævinlega á bak við eyrað að ef illa fari þá séu hæg heimatökin að sjá svo til að nauðsynlegt sé að rjúfa þing og efna til kosninga. Ég held að þetta væri miklu heppilegri kostur. Ef við viljum tala um svo hversdagslega hluti sem kostnað við kosningar þá vitum við öll að almennar kosningar í okkar litla landi eru kostnaðarsamt fyrirtæki, oft mjög erfitt á ákveðnum tímum árs og kemur þar inn enn eitt ólýðræðislegt atriðið þar sem vera kann að fjölmargir landsmenn eigi erfiðara með að komast til kjörstaðar en aðrir og höfum við um það dæmi.

Þá held ég að þeir þingmenn sem kjörnir hafa verið hverju sinni hikuðu frekar við að kljúfa sig út úr þeim fylkingum sem þeir voru kjörnir til Alþingis með og sætu af meiri ábyrgð í félagsskap við þá hópa sem þeir komu með inn á hið háa Alþingi þannig að ég held að flest mæli með því, ekki síst í svo fámennu landi sem okkar, að kosningar fari fram á fjögurra ára fresti og ekki þess á milli nema eitthvað alveg sérstakt komi til svo sem eins og t.d. breyting á stjórnarskránni.

Þetta eru nú meginrök mín fyrir þessari brtt. Þeir hv. meðflm. mínir töldu ekki heppilegt að taka þetta ákvæði inn í það frv. sem hér liggur fyrir á þskj. 829 og barðist ég ekki mikið fyrir því, enda ekki ástæða til. Ég býst við að allir hv. þm. séu samt sammála því að þetta frv. sé fyrst og fremst sett fram til að sýna, til að vekja umræðu og síðan hljóti það meðferð á lengri tíma.

En ég held að hér sé reifað mjög mikilvægt mál sem sérhverjum alþingismanni er skylt að hugsa um mjög gaumgæfilega. Með frv. er frv. til nýrra þingskapalaga. Ég veit satt að segja ekki hversu mikil vinna var í það lögð, átti engan þátt í því og hef aðeins rennt yfir það augum. Eitt veit ég hins vegar af reynslu minni sem forseti þessa þings, að mikla nauðsyn ber til að endurskoða lög um þingsköp. Þau eru satt að segja afar ófullkomin í mörgum tilvikum og í þau vantar mörg ákvæði sem gera forsetum þingsins oft á tíðum

mjög erfitt að stjórna þinginu. Er sannarlega ástæða til þess að endurskoða þau og það leiðir auðvitað af sjálfu ef breyting yrði á stjórnarskránni.

Virðulegi forseti. Ég skal ekki orðlengja um þetta mál. Mér er það mikið áhugamál að þessi þýðingarmiklu mál verði tekin til gaumgæfilegrar endurskoðunar á þeim tíma sem ég á eftir að sitja á Alþingi Íslendinga. Ég hef leyft mér að halda því fram að ég beri virðingu fyrir þessari stofnun, ég tel mig skilja þýðingu Alþingis Íslendinga fyrir land og þjóð og ég mun reyna af öllum mætti að beita mér fyrir því að það verði hafið til þess vegs og virðingar sem það verðskuldar. Og þá er ekki nóg að ræða um hlutina heldur þurfa orðin að verða að verkum. Ég vil þess vegna þakka það frumkvæði sem hv. 1. þm. Norðurl. v. hefur haft um flutning þessa frv., tel ekkert athugavert við að sýna það þó að það sé ekki stjfrv. eins og mér skilst að hér hafi verið kvartað yfir. Aðalatriðið er að þessi mál veki umræðu og ekki aðeins hér í þingsölum heldur meðal þjóðarinnar allrar. Því hversu gáleysislega sem hún leyfir sér oft á tíðum að tala um störf þessarar stofnunar þá má hún vita og verður að vita að án þessarar stofnunar er ekki um að ræða neitt lýðveldi eða lýðræði í þessu landi. Þess vegna held ég að framlagning þessa frv. sé af hinu góða og vona að allir hv. þm. taki þátt í þeim áhuga okkar að reisa störf Alþingis til þess vegs og þeirrar virðingar sem þau verðskulda, jafnt er varðar hv. alþm. svo og starfsmenn Alþingis.

Meira skal ég ekki eyða tíma í að segja á þessu stigi málsins. Ég hvet alla hv. alþm. til að taka þátt í þessari umræðu. Ég hef lokið máli mínu, virðulegi forseti.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Ég tel mjög gagnlegt að það tækifæri gefist sem hér gefst til þess að ræða skipulag starfa á Alþingi og þá þætti stjórnskipunarlaganna sem lítt hafa verið til umfjöllunar hér á þingi að undanförnu því að umræða um þau hefur aðallega snúist um kosningalög.

Eins og fram kemur á þskj. er ég einn flm. að þessu frv. til stjórnarskipunarlaga og tel að þær breytingar sem í því felast séu til mikilla bóta ef að lögum yrðu. Ég vil hins vegar kannski fyrst og fremst nota þetta tækifæri til þess að ræða lítillega störf þingsins, skipulag starfa hér á þingi.

Með þessu frv. fylgir fskj. þar sem er greinargerð um breytingar á þingskapalögum og hugmyndir í þá veru. Og þó ég sé flm. frv. sem slíks þá hef ég ekki sömu skoðanir að því er þær breytingar varðar sem hér eru fram settar. Hér er t.d. hugmynd um að það eigi að mynda fjölskipaða stjórn þingsins. Ég held að það sé rétt að útvíkka það ekki heldur að forsetarnir þrír, sem væru væntanlega aðalforseti og tveir varaforsetar, fari með þessa stjórn. Hins vegar er nauðsynlegt að fá talsmenn eða formenn þingflokka til samráðs um ýmislegt sem varðar skipulag þingstarfanna. En stjórn þingsins og það vald sem á hendi forseta er, er að verulegu leyti stjórnunarlegt og ég held að það sé ekki ástæða til þess að fleiri komi að því heldur en forsetarnir einir eins og nú er reyndar.

Að því er varðar ráðningu skrifstofustjóra þá er mér til efs að það eigi að gerast með kosningu í þinginu. Ég held að sá háttur sem hefur verið á hafður, um það að forsetar ráði hann, geti verið betri. En í þessu samhengi vil ég taka það fram að mín skoðun er sú að forsetar eigi einungis að ráða skrifstofustjóra þingsins og yfirmenn þeirra stofnana sem heyra beint undir þá, þ.e. Ríkisendurskoðunar og umboðsmanns Alþingis, en stjórn starfsmannamála að öðru leyti eigi ekki að vera í höndum forseta heldur í höndum þeirra yfirmanna sem forsetar ráða hvern til síns starfa, þ.e. skrifstofustjóranna og yfirmanna þeirra deilda eða stofnana sem ég rakti hér áðan. Ég held að það sé eðlilegra stjórnskipulag. Ég sé ekki ástæðu til þess að forsetar fari með starfsmannamál og tel það reyndar óheppilegt fyrirkomulag.

Um þingskapalög vildi ég reyndar segja fáein orð til viðbótar. Ég tel að það sé sérstök ástæða til þess að skipulag þingfunda verði tekið til sérstakrar skoðunar. Ég tel að það sé nauðsynlegt að farin sé sú braut að samdar séu áætlanir, vikuáætlanir og ársáætlanir um það hvernig þingfundir séu skipulagðir. Kannski höfum við verið að fikra okkur svolítið inn á þá braut. Ég sé að þær sömu hugmyndir eru hér uppi í því sem varðar breytingar á þingsköpum. En jafnframt því sem við ætlum okkur að gera það þá tel ég líka að það þurfi að vera jákvætt ákvæði um að það skuli að jafnaði semja um heildarræðutíma eða heildarfundartíma sem ætlaður er til einstakra mála. Það sé hin jafnaðarlega regla og það væri þá forseta og þingflokksformanna eða talsmanna flokkanna að ná samkomulagi um það þannig að skipulag þingstarfanna geti verið öruggara og betra en núna er, þar með talinn fjöldi talsmanna í einstökum málum. Ég segi að þetta eigi að gera að jafnaði því mér er auðvitað ljóst að frá því þurfi að gera undantekningar, en ég held að það sé til mikilla bóta að slíkt jákvætt ákvæði kæmi inn í þingsköpin og að þá mætti skipuleggja störf þingsins betur og nýta tíma þingmannanna líka betur. Kannski höfum við verið að fikra okkur í þá áttina, samanber þá umræðu sem nú fer fram og það samkomulag sem varð um hvernig hún skyldi eiga sér stað.

Ég held að það þurfi líka jákvætt ákvæði um skyldur nefnda til að skila nál. á tilteknum tíma sem sjálfsagt verður að fela forseta að ákveða en þá að höfðu samráði við formenn nefndanna og fulltrúa flokkanna. Mín skoðun er sú að í þingsköp ætti að koma jákvætt ákvæði um þetta efni. Ég tel líka að það eigi að gera ráð fyrir föstum atkvæðagreiðslutímum og allt er þetta í þá veru að koma störfum þingsins í fastari skorður.

Þetta vildi ég sérstaklega gera að umræðuefni í þessu samhengi en væntanlega þurfa menn að íhuga útfærsluna á þessu nánar. Ef samið er t.d. um heildarfundartíma fyrir tiltekin mál þá hlýtur það að fylgja með, eins og maður sér að tíðkast sums staðar annars

staðar, að þegar tíminn er liðinn þá fellur aftan af mælendaskránni, þ.e. þeir sem ekki komast að á þeim tíma, ef einhver hefur misnotað tíma, ef ekki tekst að ljúka þessu á tilteknum tíma, þá fellur aftan af mælendaskránni og umræðunni telst vera lokið. Þetta þykir mönnum kannski nokkuð harkalegt en þetta tel ég að sé íhugunarefni.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fjölyrða um það frv. sem hér er í rauninni til umræðu. Ég nota þetta tækifæri til þess að koma á framfæri ýmsum ábendingum varðandi störf þingsins sem ég tel nauðsynlegt að séu rædd og að hér hafi einmitt gefist tækifæri til að ræða. Að því er varðar frv. sjálft hef ég þegar lýst því yfir að ég er ánægður með það framtak sem í því felst og tel að rökstuðningur fyrir því sem í frv. felst sé glöggur og skilmerkilegur, bæði í greinargerðinni með frv. og í framsöguræðu 1. flm. frv., og tel að ástæðulaust sé að bæta þar neinu frekar við.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Það kann að virðast nokkuð djarft af mér sem aðeins hef setið á tveim þingum að gerast meðflm. að því frv. til stjórnarskipunarlaga sem hér er til umræðu. Ég hef hins vegar sannfæringu fyrir því að hér er á ferðinni gott og gagnlegt mál þótt um það hljóti að vera skiptar skoðanir. Það á við um minn þingflokk, Kvennalistann, sem ekki hefur tekið afstöðu til frv. Sjálf gæti ég hugsað mér aðra skipan varðandi einstaka þætti málsins og ég er viss um að enginn einn þingmaður mundi skrifa sama frv. um breytingu á starfsháttum Alþingis á nákvæmlega sama hátt.

Eins og fram kemur í grg. hefur oft komið fram áhugi á að breyta málsmeðferð og starfsháttum Alþingis frá því sem nú er, m.a. í frv. sem dr. Gunnar Thoroddsen, fyrrv. forsrh., flutti sem afrakstur af starfi stjórnarskrárnefndar veturinn 1982–1983. Það varð hins vegar ekki útrætt og enn er að störfum nefnd sem vinnur að endurskoðun stjórnarskrárinnar og þá m.a. á þeim þáttum sem frv. þetta tekur til. Eins og þegar hefur komið fram í máli 1. flm. felst ekki nein gagnrýni af okkar hálfu á störf stjórnarskrárnefndar. Von okkar er sú að flutningur málsins geti fremur orðið til að auðvelda stjórnarskrárnefnd störf með því að skapa umræðu um þær hugmyndir sem hér koma fram því að ekki er stefnt að því að lögfesta þær um sinn. Því má segja að frv. sé hér komið fram fyrst og fremst til kynningar og umræðu.

Mér finnst kjarni þeirra hugmynda sem settar eru fram í frv. koma fram í hinni stuttorðu 6. gr.:

„Alþingi starfar í einni málstofu."

Sú breyting frá núverandi deildaskipan felur í sér mikla einföldun og gefur m.a. kost á að fækka fastanefndum þingsins um nærfellt helming. Þannig geta þingmenn einbeitt sér að vinnu í tveimur nefndum í stað þriggja, fjögurra eða jafnvel fleiri sem þeir eru knúðir til að starfa í vegna deildaskiptingarinnar. Fastanefndirnar eiga samkvæmt meðfylgjandi drögum að lögum um þingsköp að starfa allt árið í stað þess að þær starfa nú aðeins á þingtíma. Í þessu felst, ef að lögum verður, grundvallarbreyting á vinnulagi hér í þinginu og ég hef trú á að hún yrði til mikilla bóta, mundi m.a. skapa mun meiri festu í starfsháttum.

Núverandi deildaskipting er gamall arfur og byggir á allt öðrum forsendum en nú ríkja. Þetta var mönnum ljóst fyrir löngu eins og fram kemur í því að rætt var um að koma þinginu í eina málstofu strax árið 1934, þ.e. fyrir meira en hálfri öld. En tregðulögmálið er lífseigt hér sem annars staðar og vissulega má færa fram gild sjónarmið til stuðnings núverandi skipan. Það sem mér hefur þótt einna ankannalegast við deildaskiptinguna er hinn ójafni fjöldi þingmanna í efri og neðri deild. Af því leiðir m.a. að mál sem fram eru lögð í efri deild fá í fyrstu aðeins skoðun þriðjungs þingmanna. Eins og allir þekkja sem hér starfa fá frv. að jafnaði meiri umræðu og athugun í nefnd í fyrri deild og þetta veitir nokkuð ójafnan aðgang að meðferð mála, ekki síst í þeim lotum sem einkenna um of starfshætti þingsins. Á sama tíma verður meira álag á þingmenn í efri deild vegna nefndastarfa og kemur það ekki síst niður á fámennum þingflokkum. Með því að fækka fastanefndum þingsins verður auðveldara að koma við bættri aðstöðu fyrir þær eins og mikið hefur verið rætt um að gera þyrfti. Mér finnst eitt brýnasta verkefni til úrbóta hér í þinginu vera að gera störf þingnefndanna markvissari, m.a. með því að þær starfi allt árið og hafi frumkvæði að því að taka upp mál til umræðu og athugana á sínum vegum.

Eitt af þeim álitamálum sem eru í þessu frv. er tillagan í h-lið 7. gr. um sérstaka stjórnsýslunefnd. Ég er ekki sannfærð um að við flm. höfum hitt þar naglann á höfuðið en það stafar m.a. af því að á litlu er að byggja varðandi reynslu af þeim rannsóknarnefndum sem heimild er fyrir samkvæmt gildandi lögum.

Ég vænti þess að nokkur almennur stuðningur sé við þau ákvæði frv. að setja meiri skorður en nú er við útgáfu bráðabirgðalaga. Slíkt er a.m.k. eðlilegt frá sjónarhóli þingsins og þörfin fyrir slíkt ákvæði hlýtur að vera minni frá sjónarhóli ríkisstjórna þegar litið er til þess ákvæðis frv. að kalla Alþingi saman eigi síðar en fjórum mánuðum eftir þingrof og þrem vikum eftir skipun nýrrar ríkisstjórnar.

Svipuðu máli gegnir um þær takmarkanir sem tillaga er gerð um að setja varðandi aukafjárveitingar. Í því felst aukið aðhald Alþingis að framkvæmdarvaldinu og ekki mun veita af.

Veigamikil breyting felst í því ákvæði að ráðherra í ríkisstjórn sé ekki um leið þingmaður heldur taki varamaður sæti hans ef hann er valinn úr hópi þingmanna. Við núverandi skipan hafa ráðherrar í raun ekki aðstöðu til að sinna þingskyldu nema að mjög takmörkuðu leyti, a.m.k. ef marka má þá mynd sem hér blasir við daglega. Það er ekki gert ráð fyrir að þeir taki þátt í störfum þingnefnda og í reynd er ekki gerð sama krafa til þeirra um viðveru eins og til annarra þingmanna. Með þessari breytingu skapast einnig skýrari skil á milli löggjafar- og framkvæmdar-

valds sem ég er hlynnt og fram kemur einnig á fleiri stöðum í þessu frv.

Í hugmyndunum um breytingar á lögum um þingsköp eru helstu efnisbreytingar varðandi stjórn þingsins, sem m.a. leiðir af afnámi deildaskiptingar, og reglur til að gefa möguleika á fljótari afgreiðslu stjórnarfrv. með heimildum um skertan ræðutíma þingmanna skv. 36. gr. þessara draga. Ég tel að tillögurnar um svokallaða forsætisnefnd geti orðið til bóta en ljóst er að mikið verður lagt á aðalforseta þingsins í einni málstofu. Aðrar hugmyndir sem fram hafa komið og hv. þm. Kjartan Jóhannsson reifaði hér er alveg sjálfsagt að taka til athugunar.

Hugmyndin um sérstaka hraðbraut fyrir stjfrv. með skertum ræðutíma er mér hins vegar ekki að skapi og ég tel hana raunar varhugaverða. Sama má segja um þær hugmyndir sem síðasti ræðumaður, hv. þm. Kjartan Jóhannsson, kom með hér áðan. Ég tel það mjög mikið vafamál að skerða verulega ræðutíma þingmanna og málfrelsi þar með, þannig að þetta tel ég að þurfi að taka til athugunar. Hins vegar er æskilegt að taka fyrr en seinna upp ákvæði 37. gr., um stuttar athugasemdir við einstakar ræður strax að loknum flutningi þeirra. Það mundi lífga upp á þinghaldið og að líkindum ýta undir viðveru þingmanna undir umræðum.

Eins og ég hef nefnt dæmi um ber ekki að líta á þetta frv. sem fullkomna smíð enda á þingið sjálft eftir að segja sitt orð og er það raunar eitt af markmiðum flm. að ýta undir umræðu um þessi efni, bæði hér í þinginu og annars staðar.

Ég hef trú á að sá rammi sem hér er gert ráð fyrir um þinghaldið yrði til að auðvelda almenningi skilning á störfum þingsins og greiða götu fyrir lýðræðislegum samskiptum löggjafarsamkomunnar og fólksins sem við eigum að starfa fyrir.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir:

Herra forseti. Ég er meðflm. að þessu frv. og raunar eru þeir sem hafa talað á undan mér búnir að segja flest eða allt það sem ég hefði þurft að segja svo að ég þarf ekki að hafa um þetta mörg orð, enda lítt hrifin af löngum ræðum og hefði kannski mátt bæta inn í þetta frv. okkar um þingsköpin að takmarka meira ræðutíma manna þannig að ræður yrðu yfirleitt styttri. En þessu er sjálfsagt ekki gott að koma fyrir í einum lögum.

Ég hef alltaf haft áhuga fyrir því síðan ég fór eitthvað að fylgjast með Alþingi að Alþingi yrði í einni deild. Ég hef satt að segja aldrei skilið þessa deildaskiptingu. Þetta var kannski eðlilegt á meðan hér voru konungskjörnir menn og síðan voru menn kjörnir í landskjöri, en núna síðan farið var að kjósa alla þingmenn jafnri kosningu, þá finnst mér sannarlega mál til komið að breyta til þannig að þingið sé allt í einni deild. Ég er sannfærð um að þetta mundi bæta vinnubrögð mikið á Alþingi. Bæði væri hægt að fullafgreiða mun fleiri mál og vinna þau betur.

Eins og hv. þm. Kristín Einarsdóttir er ég búin að vera stutt á þingi, en það hefur samt ekki farið fram hjá mér að hér eru oft lögð fram mál, sem kannski tekst ekki einu sinni að koma í umræðu, og ef það tekst og þá til nefnda og þar liggja þau. Og til þess að þau komist nokkurn tíma fram verður að taka þau svo upp á næsta þingi. Ég held að það gæfist mun betri tími til að fylgja hverju frv. eftir. Það yrði hægara að afgreiða mál en með þessu lagi, að frv. þurfi að ganga í gegnum þrjár umræður í báðum deildum og fara í nefnd þar að auki.

Annað ákvæði sem mér geðjast mjög vel að í þessu frv. er um takmörkun á bráðabirgðalögum. Bráðabirgðalög hafa satt að segja yfirleitt verið eitur í mínum beinum. Í þeirri umræðu sem hefur komið og við tvenn eða þrenn síðustu bráðabirgðalög, þá er það greinilegt að síðan lýðveldið var stofnað hefur fjöldi þeirra algjörlega gengið út í öfgar. Nauðsynin á að setja þau yfirleitt sýnist með svona breyttum og bættum samgöngum vandséð. Sú hugsun hefur líka fest í almenningi við öll þessi bráðabirgðalög að til þess að stjórnin geti gert eitthvað sé eiginlega nauðsynlegt að senda þingið heim. Það hljóta fleiri að hafa heyrt þetta en ég, að þegar mikið er þjarkað um einhver málefni og hvorki rekur né gengur í þinginu, þá segir almenningur oft: Það þarf að senda þingið heim svo stjórnin geti farið að gera eitthvað. Það fer mjög að minni sannfæringu að þarna er þrengdur mikið þessi rammi. Kannski er nauðsynlegt að hafa möguleika á að gefa út bráðabirgðalög þó það ætti helst ekki að gefa þau út nema til kæmu náttúruhamfarir svo miklar að í raun og veru væri ekki hægt að kalla þingið saman. En þessi rammi er þarna a.m.k. þrengdur svo mjög að bráðabirgðalög ættu ekki að geta verið virk í sama mæli og þau hafa verið.

Þá er lögð þarna meiri áhersla á að þingmenn séu aðeins bundnir sinni sannfæringu. Það er mér mjög að skapi líka og ég tel víst að a.m.k. velflestir þingmenn hafi gengið í gegnum það að þurfa að gera upp á milli sinnar samvisku og sannfæringar og kannski flokksbanda. Vonandi hafa þeir ekki alls staðar þurft að ganga í gegnum neinar galdrabrennur þó þeir gerðu það.

Ég tel að þessar breytingar, ef af verður, séu til mikilla bóta. Auðvitað verður að ræða þær og gefa sér góðan tíma til þess og auðvitað getur fleira komið til en þarna er talað um, en mér sýnist og ég veit að frsm. og 1. flm., hv. alþm. Páll Pétursson, hefur hugsað þetta mál lengi og vel og lagt í það mikla vinnu og árangurinn finnst mér eftir því.

Ég hef svo ekki meira um þetta að segja í bili og læt máli mínu lokið.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér er tekið til umræðu frv. til stjórnarskipunarlaga, um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum. Það er auðvitað fagnaðarefni sem slíkt að taka stjórnarskrá lýðveldisins til umræðu hér í þinginu. En þau vinnubrögð sem hér hafa verið höfð í frammi eru með þeim hætti að það verður ekki sagt að ætlast sé til þess að fjallað sé um þetta mál með vönduðum og

góðum hætti. Þessu er nú dembt yfir okkur af hv. þm. nú í lok þings aðallega til þess að tefja hér þingstörf. Og það svona hvarflaði að manni að hv. þm. Páll Pétursson vilji afhenda þjóðinni stjórnarskrána úr föður hendi og megi búast við bronsstyttu af hv. þm. í Húnavatnssýslunni ef breytingin færi í gegn. En hitt er víst að allir vita að til þess að samþykkja stjórnarskrá verður að rjúfa þing og eiginlega verður að líta á þetta sem vantraust á ríkisstjórnina og segir okkur það að þingmenn stjórnarinnar sem hér eru flm. eru aðýja að því að þeir vildu gjarnan losna við þessa ríkisstjórn og ég fagna því.

Ég vil minna á það að þetta frv. hefur fengið alveg sérstaka umfjöllun í dagskrá umfram önnur þmfrv. Ég minni á það að við sem áttum hér nokkur önnur þmfrv. urðum að tala fyrir þeim að næturlagi hér eina nóttina því að okkur var ekki ætlað annað rými til að ræða þau frv., en nú er þetta tekið inn með alveg nýstárlegum hætti og hér á besta tíma dagsins þegar menn ættu að vera að afgreiða helstu frv. ríkisstjórnarinnar og tekið inn með þeim hætti að það mætti ætla að þetta væri aðalmál þingsins.

Ég vil ekki að öðru leyti segja neitt um framlagningu þessa frv. að þessu leyti. Ég ítreka hér að við erum með elsta löggjafarþing á byggðu bóli og það er því óþarfi fyrir okkur að vera að lepja upp þingsköp og reglur frá einhverjum öðrum löndum eins og t.d. Norðurlöndunum, sem mér sýnist aðallega vera farið í smiðju til, því að við eigum að skapa okkur sérstöðu, halda okkar hefðum og byggja á okkar gömlu stjórnarskrá. Við eigum að hafa í heiðri okkar stjórnarfar og ekkert vera hræddir við að hafa það öðruvísi en hjá öðrum þjóðum. Það er því algjörlega óþarfi að vera að gjörbreyta þessum reglum bara til þess að geta líkst löndum hér í nágrenninu.

Auðvitað má breyta ýmsu í stjórnarskránni, en það er þá miklu nær að við lítum á okkar sérstöðu, okkar hefðir, höldum þær í heiðri og flönum ekki að því að breyta hér í eina málstofu af því að núna um stundir er ástandið þannig að menn eru hræddir við að stuðningsforeldrar ríkisstjórnarinnar kynnu að svíkja.

Það er auðvitað svo að það náttúrlega gleymist hér ýmislegt. Ég vil benda á það að ef breytt væri yfir í eina málstofu og ráðherrar teknir utan stjórnar, þá yrði auðvitað að fækka þingmönnum allverulega og ég er meðmæltur því. Þá yrði að fækka þeim a.m.k. ofan í 50 þannig að ráðherrarnir kæmust fyrir hér í þingsalnum — nema flm. þessa frv. hafi hugsað sér að byggja nýtt þinghús.

Hér hafa mörg mál verið tekin til umræðu í þessu frv. og m.a. færð rök fyrir því að fastanefndum fækki vegna þess að það verður aðeins ein deild. Það má að sjálfsögðu færa rök fyrir því þó að það verði ekki endilega til þess að bæta neitt vinnubrögð því að ef ég skildi 1. flm. rétt, þá þótti honum brýn nauðsyn á því að hægt væri að reka mál með ægihraða í gegnum þingið. Miðað við þau vinnubrögð sem eru í dag í nefndum og hér í þinginu, þá yrðu nú ýmis lög afgreidd á mjög skömmum tíma og án þess að þau fengju nokkra eða góða málsmeðferð. Það er ekkert sjálfgefið að vinnubrögð muni batna við þessar breytingar. Og það er heldur ekki sjálfgefið að það verði einfaldari málsmeðferð á þingi við þessar breytingar. Þó að í Danmörku og Svíþjóð hafi verið gerðar breytingar með þessum hætti, þá þurfum við ekki að hlaupa á eftir þeim eins og hundur í bandi. Það er alveg óþarfi. Út af fyrir sig er það kannski rétt að tími ráðherranna mundi nýtast betur ef þeir væru ekki þingmenn en það bendir allt til þess að þetta frv. sé gert til þess að fjölga þeim mönnum sem eru hér við störf, þ.e. þá yrðu þingmenn, ráðherrar plús varaþingmenn og þá er verið að fjölga hér allverulega. Ég er efins í því að það sé til bóta.

Hér er líka rætt um það að koma eigi á fót sérstakri stjórnsýslunefnd til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða. Auðvitað getur þingið gert þetta í dag en ég er hræddur um að það sé ærið erfitt í ekki stærra landi en þetta að koma hér á fót slíkum nefndum sem eiga að fara að rannsaka hitt og þetta í nágrenni við okkur og ég hef miklar efasemdir um það að við getum framkvæmt það þó að í Bandaríkjunum séu slíkar nefndir, í því stóra og mikla þjóðfélagi. Það er 1 íbúi hér á móti 1000 þar og allt önnur aðstaða.

Svo er hér talað um að með þessu muni ríkisstjórninni verða veitt meira aðhald í setningu bráðabirgðalaga en nú er. Það þarf ekkert að breyta stjórnarskránni til þess. Spurningin er sú hvort þingmenn ríkisstjórnar hverju sinni láta það ganga yfir sig að ríkisstjórn setji bráðabirgðalög með þeim hætti sem er í dag. Það er spurningin. Eða eru þeir bara viljalaust verkfæri í höndum þeirrar ríkisstjórnar sem situr hverju sinni? Þetta er auðvitað spurningin um sjálfstæði þingmanna. Þetta er ekki spurning um lagasetningu. Þessi ákvæði eru í dag í stjórnarskránni. Ef þingmenn segja hingað og ekki lengra við framkvæmdarvaldið, þá gildir það.

Síðan er hér talað um þá breytingu að þingmaður sem skipaður yrði ráðherra skuli láta af þingmennsku meðan hann gegnir ráðherrastörfum. Það er auðvitað í sjálfu sér ágætt. Ég held að það væri að sumu leyti til bóta. En ég vil benda á að við erum að fjölga hér starfsmönnum þá miklu meira og í staðinn fyrir það mundi ég segja að það þyrfti að fækka þingmönnum þannig að hér væru a.m.k. ekki fleiri en 60 menn með ráðherrum í þinginu hverju sinni. Ég held að það væri til mikilla bóta.

Ég vil líka koma hér inn á það sem hér hefur verið rætt æði oft. Það er um aukafjárveitingar og þær fjárveitingar sem eru veittar af framkvæmdarvaldinu á milli þinga. Í stjórnarskránni í dag eru skýr ákvæði um þetta, en viljaleysi þingmanna og þá sérstaklega stjórnarþingmanna hverju sinni hefur verið svo mikið að þeir hafa ekki viljað taka á þessu. Þó eru skýr ákvæði um það í núverandi stjórnarskrá. Það er auðvitað voða fallegt að taka ýmis ákvæði og setja inn í stjórnarskrá og lítur afskaplega vel út gagnvart almenningi. En það er alveg tilgangslaust að hafa falleg og góð ákvæði í stjórnarskrá ef ekkert er farið

eftir þeim. Ég ítreka að það eru mjög skýr ákvæði í núverandi stjórnarskrá um ýmsa þessa þætti en það er bara ekkert farið eftir þeim. Og það er ekki stjórnarskránni að kenna, það er þingmönnunum að kenna. Það er þeirra sök. Það hefur verið gagnrýnt hérna þennan stutta tíma síðan ég kom hér á þingið að það væru ekki haldin ákveðin ákvæði stjórnarskrárinnar. En þau hafa verið sniðgengin og þingmenn hafa látið það ganga yfir sig alveg átölulaust og ég held að það yrði svo áfram.

Ég vil hins vegar koma hér að því sem er meginefni við gerð stjórnarskrárinnar og við framkvæmd hennar. Það er auðvitað þrískipting valdsins í framkvæmdarvald, löggjafarvald og dómsvald. Það er búið að afgreiða hér töluvert mikið af lögum síðan ég kom sem ganga á svig við þessa þrískiptingu valdsins.

Ég minni á það að hér hafa verið afgreidd lög, t.d. svokölluð kvótalög, þar sem ráðuneyti og ráðherra er bæði falið lögregluvald og dómsvald og framkvæmdarvald, allt í senn. Það er náttúrlega ekki út af því að stjórnarskráin sé svo slæm. Það er af því að þingmenn hafa verið viljalausir hér og þar á meðal flm. þessa frv., þeir hafa látið þetta ganga yfir sig. Það sama má segja um ýmis ákvæði sem hér hafa verið samþykkt sem lög, ég hef margoft komið inn á þau ákvæði. En ég vil undirstrika það hér að stjórnarskráin verður aldrei betri en þingmennirnir sem sitja á Alþingi.

Ég vil að lokum koma inn á það að hér er verið að tala um ýmsar breytingar á stjórnarskrá, en þá þurfum við líka að líta á stærsta málið og það varðar kjósendur, það er kosningarrétturinn. Það er krafa manna um eitt atkvæði á móti einu atkvæði. Og það er einnig spurningin um það hvort við eigum að hafa hér einmenningskjördæmi eða ekki. Það er mjög mikilvægt að menn hafi atkvæðisrétt með sama hætti um allt land, það sé eitt atkvæði á móti einu atkvæði og það séu ekki þingmenn kosnir hér með einum á móti fimm í atkvæðum. Ég vil sérstaklega ítreka þetta. Án þess að þessi atriði séu tekin til meðferðar, þá er þetta alveg tilgangslaust.

Ég vil ítreka það, hæstv. forseti, að stjórnarskráin verður aldrei betri en þingmennirnir sem sitja hér. Vilji þeir ekki halda þau ákvæði sem þegar eru í henni í dag þá þýðir ekkert að vera að setja ný ákvæði.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég heyrði það í fréttum hér á dögunum að á leiðinni væri frv. til stjórnarskipunarlaga og þar sem þetta er höfuðmál þings og þjóðar þá fagnaði ég því mjög. En ég varð fyrir mjög miklum vonbrigðum þegar ég sá þetta frv. vegna þess að það kemur ekki inn á neitt annað en stjórn og störf Alþingis. En áður en ég kem betur að því ætla ég aðeins að koma inn á tvö atriði sem hafa komið fram í ræðum manna hér.

Hv. þm. Ólafur G. Einarsson vill stytta alla fresti meira en er í því frv. sem hér er til umræðu. Frá sjónarhóli þéttbýlismannsins væri þetta kannski framkvæmanlegt en frá sjónarhóli og af reynslu þeirra sem eru fulltrúar strjálbýlis og hinna stóru landsvæða er áreiðanlega þessi frestur sem felst í frv. — það má ekki lengra ganga.

Ég vil aðeins koma að einu atriði sem hæstv. fyrsti forseti deildarinnar kom inn á og það er um að takmarka málfrelsi. Ef ég hef skilið hann rétt þá ræddi hann um að það yrði gert með þeim hætti að þegar ákveðinn ræðutími væri búinn þá fengju hinir sem enn þá væru á mælendaskrá ekki orðið. Ég kann ekki við slíkar reglur. Það er allt annað mál að hafa ákveðin tímamörk á ræðumann, ég gæti vel fallist á það, en að taka málfrelsi af þingmönnum jafnvel þó að þeir hafi ekki beðið um orðið fyrsti, annar, þriðji eða fjórði maður, það nær engri átt. Líka vegna þess að umræðan getur snúist þannig að þó að menn hafi ekki ætlað að biðja um orðið þá sjái menn ástæðu til þess að taka til máls.

Ég vil koma aðeins inn á það, þó að ég sé alveg með því að ráðherrar séu ekki þingmenn samtímis, ef svona frv. ætti að verða að lögum t.d. eftir næstu kosningar, ef það ætti að samþykkja það fyrir kosningar og síðan að staðfesta það eftir kosningar, að þá held ég að það þurfi eitthvað að huga að húsakynnum Alþingis.

En út af þeim orðum sem ég lét falla áðan, um vonbrigði mín í sambandi við hvernig þetta frv. er ófullkomið miðað við þörfina, þá vil ég vitna í bréf frá umboðsmanni Alþingis, Gauki Jörundssyni. Hann skrifar 29. des. sl.:

„Forsetar Alþingis. Á grundvelli 11. gr. laga nr. 13 1987 um umboðsmann Alþingis tel ég ástæðu til að vekja athygli á ófullkomnum ákvæðum til verndar mannréttindum í íslenskum lögum.

Ég bendi á, að í íslensku stjórnarskrána vantar almenn ákvæði um veigamikil mannréttindi. Sem dæmi má nefna skoðanafrelsi, jafnrétti, bann við afturvirkum refsilögum, vernd fjölskyldulífs og rétt til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi. Ákvæði íslensku stjórnarskrárinnar um félagsleg mannréttindi eru og fábrotin.

Mörg mannréttindaákvæði íslensku stjórnarskrárinnar eru ófullkomin af ýmsum ástæðum. Ákvæði 63. og 64. gr. um trúfrelsi, 66. gr. um friðhelgi heimilis, 72. gr. um prentfrelsi og 73. gr. um félagafrelsi hefta ýmist í engu eða að takmörkuðu leyti vald löggjafans. Sum mannréttindaákvæði ganga skammt efni sínu samkvæmt. Ákvæði 72. gr. nær þannig aðeins til prentfrelsis en eigi til tjáningarfrelsis almennt. 65. gr. fjallar fyrst og fremst um handtöku, sem er liður í rannsókn refsimála, en frelsi og réttaröryggi almennt nýtur þar ekki verndar. 66. gr. verndar ekki einkalíf manna yfirleitt, heldur takmarkast við ákveðna þætti þess.

Ég vísa einnig til þess, að Ísland er aðili þýðingarmikilla alþjóðasamninga um mannréttindi. Ég nefni hér Evrópuráðssamninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis (Mannréttindasáttmála Evrópu) frá 4. nóv. 1950, ásamt síðari viðaukum, alþjóðasamning um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi (Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna) frá 16. des. 1966, Félagsmálasáttmála Evrópu frá 18. okt.

1961 og alþjóðasamning (Sameinuðu þjóðanna) um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi frá 16. des. 1966. Aðstaðan er hér sú, að íslensk lög ganga a.m.k. að ýmsu leyti skemmra í vernd mannréttinda en þessir sáttmálar. Getur þetta valdið vanda í lagaframkvæmd hér á landi og jafnframt orðið til þess, að íslenska ríkið verði dregið til ábyrgðar fyrir þeim alþjóðastofnunum, sem ætlað er að framfylgja nefndum mannréttindasamningum.

Úrbætur í ofangreindu efni virðast mér einkum geta orðið með tvennum hætti. Fyrst er að nefna endurskoðun mannréttindaákvæða íslensku stjórnarskrárinnar. Legg ég áherslu á, að endurskoðun stjórnarskrárinnar er brýn einnig af öðrum ástæðum, sem ég rek ekki frekar að þessu sinni. Skoðun mín er sú, að setning nýrrar stjórnarskrár hafi dregist úr hófi, að frátöldum breytingum, er varða kosningar til Alþingis.

Ég tel einnig, að mjög kæmi til greina, að umræddir mannréttindasáttmálar eða hlutar þeirra verði teknir í íslensk lög. Þar rísa að vísu ýmis álitamál, er að sumu leyti tengjast annarri víðtækari spurningu um það, hvernig háttað sé tengslum íslensks réttar og alþjóðasamninga, sem Ísland er aðili að, og hvaða stefnu beri að móta á því sviði. Vísa ég um það nánar til meðfylgjandi greinargerðar Stefáns Más Stefánssonar prófessors, sem hann hefur samið á vegum embættis míns.

Á árinu 1989 verður víða minnst merks áfanga í sögu mannréttinda. Að mínum dómi ætti vel við, að ríkisstjórn og Alþingi mörkuðu á því ári þáttaskil, að því er varðar vernd mannréttinda hér á landi."

Svo kemur hér frv. um breytingu á stjórnarskrá þrátt fyrir þessar ábendingar umboðsmanns Alþingis. Og mér er spurn: Það er ekki langt síðan embætti um umboðsmann Alþingis var samþykkt hér á hinu háa Alþingi. Væri nú ekki rétt að efla það embætti í stað þess að fara að kjósa sérstaka nefnd í þeim tilgangi — eins og segir í 42. gr., með leyfi forseta:

„Alþingi kýs stjórnsýslunefnd til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða. Nefndin ákveður sjálf hvaða mál hún rannsakar en jafnframt getur Alþingi falið henni að rannsaka mál er það tiltekur. Nefndin hefur rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og skriflegar, af opinberum stofnunum, starfsmönnum, einstökum samtökum eða fyrirtækjum og einstaklingum."

Ég man ekki betur en að þetta sé hlutverk umboðsmanns Alþingis ef það er skoðað og ég held að umboðsmaður Alþingis sé manna færastur til þess að verða við óskum sem koma frá almenningi og frá Alþingi.

Þó að margt mætti ræða frekar um þetta mál þá ætla ég að láta máli mínu lokið en vil skora á Alþingi og ríkisstjórn að láta nú verða af því að reyna að koma hér fyrir Alþingi frv. til stjórnarskipunarlaga sem felur í sér þau ákvæði sem umboðsmaður Alþingis hefur bent á og önnur ákvæði sem aðkallandi er að setja í stjórnarskrána.

Umræðu frestað.

Skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, 2. umr.

Frv. GGÞ og IBA, 35. mál (vörukaupalán). — Þskj. 37, n. 925.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti fjh.- og viðskn. um frv. til l. um breytingu á lögum um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála. Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt. Frv. felur það í sér að felldar verði úr gildi núverandi takmarkanir á erlendum vörukaupalánum vegna innflutnings. Núgildandi ákvæði kveða á um að ekki megi flytja vörur til landsins nema greiðsla hafi verið innt af hendi eða tryggð með öðrum hætti svo sem með lántöku eða greiðslufresti.

Kristín Halldórsdóttir og Ingi Björn Albertsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins, en undir nál. skrifa auk mín Guðmundur G. Þórarinsson, Ragnar Arnalds, Einar Kr. Guðfinnsson og Árni Gunnarsson.

Þetta frv. er þingmannafrv. flutt af þeim Guðmundi G. Þórarinssyni og Inga Birni Albertssyni og efni þess er sem sagt það að heimilt skuli að flytja vörur til landsins án þess að greiðsla hafi verið innt af hendi, að heimilt verði að beita þar lántökum eða greiðslufresti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umferðarlög, 1. umr.

Frv. PJ o.fl., 460. mál (Bifreiðaeftirlit ríkisins). — Þskj. 821.

Flm. (Pálmi Jónsson):

Herra forseti. Á þskj. 821 er flutt frv. það til breytinga á umferðarlögum sem hér er tekið á dagskrá. Frv. er flutt af þingmönnum úr öllum flokkum nema Alþfl., eins og flokkaskipun var þá hér á Alþingi, þ.e. einum þingmanni úr hverjum hinna flokkanna, en ekki var horfið að því ráði að safna nöfnum að öðru leyti á þetta frv.

Það skal tekið fram að síðan það gerðist hefur einn af stjórnmálaflokkunum klofnað og ef það hefði verið um garð gengið áður en frv. var flutt hefði að sjálfsögðu verið leitað til þingmanns úr núverandi Borgaraflokki.

Frv. þetta er stutt og aðeins tvær greinar ásamt ákvæði til bráðabirgða. Það fjallar um það að fella niður 4. mgr. 65. gr. laganna, þ.e. 3. gr. laga nr. 62 1988, en þetta er sú grein núverandi umferðarlaga sem heimilar ríkissjóði að taka þátt í hlutafélagi til þess að annast þau verkefni sem áður voru á hendi Bifreiðaeftirlits ríkisins.

Í ákvæði til bráðabirgða segir: „Við slit á félaginu „Bifreiðaskoðun Íslands hf." skal dómsmrh. heimilt að semja um kaup á þeim hluta af eignum félagsins sem henta þykir fyrir Bifreiðaeftirlit ríkisins."

Á Alþingi 1987 voru afgreidd ný umferðarlög nr. 50/1987. Þau lög áttu sér alllangan aðdraganda og hafði verið lögð í það mikil vinna að afgreiða þau og undirbúa. Á síðasta þingi var þessum lögum á hinn bóginn breytt þrátt fyrir þá vönduðu lagasetningu sem Alþingi hafði afgreitt árið áður.

Tvö meginatriði þeirra breytinga, sem gerðar voru á síðasta Alþingi í lögum sem samþykkt voru 10. maí 1988, voru þau að upp var tekið svokallað fastnúmerakerfi og síðan heimild sú í 4. mgr. 65. gr. umferðarlaga sem hér er lagt til að falli brott.

Það er skoðun flm. sem að þessu frv. standa að þær breytingar sem gerðar voru á umferðarlögunum á síðasta Alþingi hafi ekki reynst til bóta. Ég vil þó taka fram að hér er ekki lagt til að kippa því til baka sem var önnur meginbreyting þessara laga, þ.e. er varðaði hið svokallaða fastnúmerakerfi enda má segja að skoðun flm. frv. hafi á því atriði verið nokkuð misjöfn.

Ég vil þó taka það fram fyrir mína parta að ég tel að sú breyting hafi síst verið til bóta og þó að það sé ekki stórmál þá er þar mál á ferðinni þar sem tölvukerfi tekur við af öðru sem er mannlegum viðhorfum skiljanlegra. En eigi að síður er það kerfi komið svo langt á veg að ekki þykir rétt að leggja til að því verði kippt til baka.

Varðandi það atriði sem hér er fjallað um, þ.e. að fella niður heimild ríkisins til þess að taka þátt í hlutafélagi sem tekið hefur við hlutverki Bifreiðaeftirlits ríkisins, þá hefur það einnig reynst svo að þessi breyting hefur síst reynst vera til bóta og horfir svo að hún muni ekki reynast til bóta í framtíðinni. Það var mjög látið í veðri vaka þegar verið var að knýja þessa breytingu í gegn að henni mundi fylgja aukið öryggi í meðferð og skoðun ökutækja, hagræðing, sparnaður og bætt þjónusta. Reyndin sýnist ætla að verða nokkuð á annan veg því að ekki verður betur séð en þessu nýja fyrirkomulagi fylgi stóraukinn kostnaður, handahófskennd þjónusta og aukið óöryggi í meðferð þessara mála. Auk þess tel ég að það sé skipulagslega rangt að eftirlit af þessu tagi, sem í raun er í eðli sínu öryggiseftirlit og lögreglueftirlit, sé fært í hendur einkaaðila.

Ég vil láta það koma fram að við flm. þessa frv., a.m.k. flestir hverjir, fluttum mikil varnaðarorð hér á Alþingi áður en þessi lagabreyting var knúin fram og ég greiddi atkvæði gegn þessum breytingum á þeirri tíð. Ég held að allt hafi sannast sem við sögðum þá, öll þau varnaðarorð sem við sögðum þá hafi sannast og meira til. Hygg ég að hverjum og einum, sem kynnst hefur fyrstu göngu þessa fyrirtækis, Bifreiðaskoðunar Íslands hf., og þeim handahófskenndu áætlunum sem þar virðast vera á borðinu um þjónustu við almenning, sýnist að þau varnaðarorð hafi átt fullan rétt á sér og síst verið á þeim vanþörf. Ég hafði til að mynda ekki trú á því að þeir aðilar sem komu þar til sem aðilar að þessu hlutafélagi, svo sem eins og tryggingafélögin, væru nein trygging fyrir því að þjónusta yrði betri, að kostnaður yrði minni eða að meira öryggis yrði gætt. Sú er ekki reynsla af gjaldskrá bifreiðatryggingafélaganna nú að undanförnu að þess mætti vænta.

Ég bendi á að í grg. með þessu frv. eru rakin þau megintilefni sem flm. telja að liggi til þess að þeir sjá sig knúða til þess að flytja þetta frv. Þau eru, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Skráning, skoðun og eftirlit með ökutækjum, sem í eðli sínu er lögreglu- og öryggiseftirlit, á ekki heima í höndum einkaaðila.

2. Þjónusta „Bifreiðaskoðunar Íslands hf." virðist eiga að vera stórum lakari og handahófskenndari en var hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins, enda í sumum atriðum háð geðþóttaákvörðunum fyrirtækisins.

3. Þjónustugjöld hafa verið hækkuð óhóflega, þvert ofan í boðaða hagkvæmni og sparnað.

4. Bílpróf, sem áður voru á vegum Bifreiðaeftirlits ríkisins, eru nú á vegum dómsmrn. og í algerum ólestri, þannig að ungmenni þurfa víða að leggja í stóraukinn kostnað og langferðir til þess að fá að gangast undir bílpróf.

5. Samtímis því að gjaldskrá fyrir veitta þjónustu hefur stórhækkað hefur ríkissjóður verið sviptur tekjustofni því flest ár skilaði Bifreiðaeftirlit ríkisins verulegum tekjum til ríkissjóðs. Þannig voru t.d. tekjur af þjónustugjöldum Bifreiðaeftirlitsins 1986 216 millj. kr., útgjöldin 109,8 millj. og því skilað til ríkissjóðs 106,2 millj. kr."

Ég vil taka það fram að þetta mál, þ.e. starfsemi Bifreiðaskoðunar Íslands hf., er ekki það langt á veg komið að það sé ekki réttlætanlegt að snúa við. Ég tel að miðað við horfur um starfsemi þessa fyrirtækis sé rétt að menn geri sér grein fyrir þeim atriðum sem hér hafa verið talin og samþykki það frv. sem hér liggur fyrir. Ég tel að það sé augljóst að starfsemi Bifreiðaeftirlits ríkisins eins og hún var gat verið þess efnis að það þyrfti að endurskoða hana. Það er auðvitað rétt að geta þess hér að lagaákvæði um Bifreiðaeftirlit ríkisins eru enn óskert í lögunum sjálfum. En ég held til að mynda að það hafi verið eðlilegt, eins og margsinnis var búið að tala um, að hluti af skoðun ökutækja færðist í hendur verkstæða sem til þess væru sérstaklega löggilt eða fengju til þess sérstaka viðurkenningu. Það var því ástæða til þess að huga að breytingum þar. En það var sannarlega ómaklegt sem haldið var fram hér á Alþingi í fyrra að starfsemi Bifreiðaeftirlitsins væri þannig að þar væri haldið á málum á þann hátt að þjónustan væri dýr, hún væri slök og hún hefði ekki í för með sér nægilegt öryggi.

Gjaldskrá, sem gefin hefur verið út af dómsmrn. og er dags. 2. jan. 1989 fyrir hið nýja fyrirtæki, sem og er hér birt sem fskj. II með frv. Hún ber það með sér að nú á að tylla á þessi þjónustugjöld. Hér er einnig prentuð sem fskj. síðasta gjaldskrá Bifreiðaeftirlits ríkisins frá 2. júní 1989. Séu þessar tvær gjaldskrár bornar saman sést að í ýmsum gjaldskrárliðum eru þjónustugjöldin tvöfölduð, öðrum þrefölduð, sumum að vísu hækkuð kannski nokkuð eðlilega, um 20–30% á milli ára, en í einstaka lið jafnvel meira en þrefaldað. Og það er þar ofan í kaupið allsendis óljóst hvers konar ökutæki það eru t.d. sem falla undir

gjaldskrárliðinn „breytt ökutæki", þ.e. ökutæki sem búið er að breyta. Eru það t.d. breytt ökutæki sem settar hafa verið á nýjar hlífar til varnar grjótkasti? Eru það breytt ökutæki sem settur hefur verið á dráttarkrókur? Eða hvaða breytingar eru það sem ráða því að ökutæki fellur undir þennan gjaldskrárlið? En þar kostar einföld skoðun 10 þús. kr.

Þó að þetta sé nú sá gjaldskrárliðurinn sem stingur mest í augu þá hafa eins og áður sagði ýmsir aðrir gjaldskrárliðir hækkað, að vísu sumir eðlilega kannski en aðrir hafa tvöfaldast og sumir þrefaldast. Þegar svo á að halda á málum samtímis því sem þjónustan verður, eins og hér segir, handahófskennd og miklu lakari fyrir þá sem hennar þurfa að njóta en áður var, þá held ég að við eigum ekki að halda áfram með þetta mál. Við eigum að snúa við. Og það er enn tími til þess að það sé gert.

Ég tók eftir því varðandi þann þátt þessara mála sem í sjálfu sér kom ekki Bifreiðaskoðun Íslands við, að til að mynda í vetur var í fyrsta skipti í 60 ár ekki hægt að fá að taka bílpróf á Vestfjörðum. Ungmennum á Vestfjörðum var skipað að koma suður á Akranes til þess að fá að taka bílpróf. Á sumum öðrum stöðum er það svo að það kemur maður langa vegu til þess að gefa ungmennum kost á að taka bílpróf á einum stað fyrir stórt svæði á tilteknum dögum. Allt hefur þetta í för með sér aukin óþægindi, stóraukinn kostnað. Það er óþolandi fyrirkomulag að fyrirskipa ungmennum að fara landsfjórðunga á milli til þess að fá að gangast undir próf sem er jafnsjálfsagt að þau geti tekið í sínum heimahögum nú eins og verið hefur að undanförnu.

Flest sem snertir þetta mál er þessu marki brennt. Það var auðvitað flumbrugangur af Alþingi að fallast á að afgreiða þessi lög á síðasta ári og reynslan hefur orðið með sama hætti.

Ég vil taka það fram vegna þess að við sjálfstæðismenn teljum að ýmis fyrirtæki og ýmis starfsemi og stofnanir eigi að færast úr höndum ríkisins yfir til einkaaðila eða til hlutafélaga, þá á það ekki við um þau atriði og þau fyrirtæki sem eiga að sinna öryggisgæslu, yfirstjórn er varða lögreglu- og öryggismál. Það á ekki heima í höndum einkaaðila. Það á heima í höndum fyrirtækis á vegum ríkisins.

Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja mál mitt. Ég legg til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

65. fundur, fimmtudaginn 27. apríl, kl. 8 síðdegis.

Almennar stjórnmálaumræður (útvarpsumr.).

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Umræðan fer þannig fram að hver þingflokkur fær til umráða hálfa klukkustund. Umræður verða tvær, 20 mínútur í fyrri umferð og 10 mínútur í síðari. Röð flokkanna verður þessi í báðum umferðum: Sjálfstfl., Framsfl., Kvennalisti, Alþfl., Borgaraflokkur, Alþb. og Samtök frjálslyndra hægri manna. Stefán Valgeirsson, 6. þm. Norðurl. e., talar síðastur í fyrri umferð.

Ræðumenn flokkanna verða fyrir Sjálfstfl.: Ólafur G. Einarsson, 2. þm. Reykn., Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v., og Birgir Ísl. Gunnarsson, 2. þm. Reykv., í fyrri umferð en Þorsteinn Pálsson, 1. þm. Suðurl., í þeirri síðari. Af hálfu Framsfl. talar Steingrímur Hermannsson forsrh. í fyrri umferð og Jón Kristjánsson, 3. þm. Austurl., í seinni. Ræðumenn Kvennalista verða í fyrri umferð Kristín Halldórsdóttir, 10. þm. Reykn., og Danfríður Skarphéðinsdóttir, 6. þm. Vesturl., en Guðrún Agnarsdóttir, 6. þm. Reykv., í síðari. Af hálfu Alþfl. tala Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh. og Karl Steinar Guðnason, 9. þm. Reykn., í fyrri umferð og Árni Gunnarsson, 3. þm. Norðurl. e., í seinni umferð. Fyrir Borgaraflokk tala Júlíus Sólnes, 7. þm. Reykn., og Guðmundur Ágústsson, 5. þm. Reykv., í fyrri umferð en Óli Þ. Guðbjartsson, 6. þm. Suðurl., í þeirri síðari. Ræðumenn Alþb. verða Ólafur Ragnar Grímsson fjmrh., Margrét Frímannsdóttir, 4. þm. Suðurl., og Steingrímur J. Sigfússon landbrh. í fyrri umferð en Svavar Gestsson menntmrh. í seinni. Af hálfu Samtaka frjálslyndra hægri manna tala í fyrri umferð Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Vesturl., og Hreggviður Jónsson, 11. þm. Reykn., en Hreggviður Jónsson, 11. þm. Reykn., talar einnig í þeirri síðari.

Hefst nú umræðan og tekur fyrstur til máls hv. 2. þm. Reykn. Ólafur G. Einarsson.

Ólafur G. Einarsson:

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Þegar dregur að þinglausnum er venjan sú að fram fari almennar stjórnmálaumræður á Alþingi. Svo er nú gert í kvöld og gerðir upp reikningarnir við ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar.

Það er ekki úr vegi að hefja umræðuna nú með því að taka hæstv. forsrh. á smáupprifjunarnámskeið. Það er gagnlegt fyrir hann sjálfan og líka fyrir kjósendur. Ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar hefur nú setið að völdum í sjö mánuði. Hvað hefur breyst? Hefur íslenskum atvinnuvegum vegnað betur? Hefur kaupmáttur launafólks vaxið? Hefur verið friður á vinnumarkaði? Hafa skattar lækkað? Hefur atvinna

aukist? Svarið við öllum þessum spurningum er nei, eitt stórt nei.

Hæstv. forsrh. flutti hér svonefnda stefnuræðu ríkisstjórnar sinnar þann 3. nóv. sl. Sú ræða var orðagjálfur, lýsing á ástandi, tal um það sem miður hafði farið í stjórn efnahagsmála og yfirleitt í landsstjórninni. Hann var þar að þvo hendur sínar. Framsókn hafði að vísu verið í stjórn síðustu 17 árin og Steingrímur ráðherra síðustu 10 árin, en þetta hafði bara allt farið öðruvísi en framsókn vildi. Þeir höfðu á hreinu ástæðurnar fyrir því í haust sem leið, þeir Steingrímur og Jón Baldvin, hvers vegna ekki var hægt að starfa með Sjálfstfl. áfram. Sjálfstfl. hafði nefnilega hafnað niðurfærsluleiðinni. Mér er spurn: Hvers vegna var sú leið ekki farin eftir að Sjálfstfl. var ekki lengur í veginum?

Ríkisstjórnin hefur á undanförnum mánuðum glatað ört trausti þjóðarinnar. Um það eru skýrar vísbendingar úr almennri umræðu og skoðanakönnunum. Innbyrðis sundurlyndi hefur birst í sífelldum uppákomum á stjórnarheimilinu og hafa stjórnarliðar lýst því ákaflega vel sjálfir hvaða trú þeir hafi á núverandi stjórn. Hver haldið þið, góðir hlustendur, að hafi mælt þessi orð? Það gerði Steingrímur J. Sigfússon 20. apríl 1988 hér á Alþingi. Ég ætla að gera þau að mínum núna 27. apríl 1989. Þau eiga einkar vel við réttu ári síðar. Þau eiga við ríkisstjórn sem þessi sami Steingrímur á sæti í ásamt félögum sínum Ólafi Ragnari og Svavari, stjórn sem ⅔ hlutar kjósenda kæra sig ekkert um og vilja að fari frá sem fyrst.

Það minnir mig líka á að fylgi Alþfl. er nú talið um 8–9%, hefur fallið úr 15,2% frá því í kosningunum síðast. Þegar Jón Baldvin var að koma Kjartani Jóhannssyni úr formennsku Alþfl. 1984 sagði hann að þeir fyrir vestan hefðu alltaf skipt um skipper þegar viðkomandi hætti að fiska. Fer kannski að styttast í skipstjóratigninni hjá Jóni Baldvin eða verður haldið áfram að hrókera í utanríkisþjónustunni eða öðrum stofnunum ríkisins og koma þeim þannig frá sem eru fyrir?

Já, það er innbyrðis sundurlyndi og uppákomur á stjórnarheimilinu, feigðarmerkin ljós, en flanið heldur áfram. Húsbréfafrumvarpið er ágætt dæmi. Hæstv. ráðherra Jóhanna er gerð út af örkinni. Hvaða mál hefur hún annars flutt án þess að fylgdi hótun um afsögn ef ekki næði fram að ganga? Þetta er eitt þeirra. Ráðherrarnir hafa verið óttaslegnir af tilhugsuninni einni saman um að nú færi að styttast í ráðherradómi. En þeir þurftu aldrei að óttast neitt. Enn virðist það brot eftir í Borgaraflokki sem komið getur til bjargar ef í harðbakkann slær. Já, og svo er það Kvennalistinn, þetta heilsuhæli þeirra sem ekki hafa kjark til að taka afstöðu í pólitík, svo að notað sé aðeins mildara orðalag en gert var um sama efni í skemmtilegum sjónvarpsþætti fyrir skömmu. Frumvörpum má líka alltaf breyta til að þóknast öllum Stefánum Valgeirssonum og Ólum Þ. Þórðarsonum eða hvað þeir nú heita allir þessir sem öðru hverju þurfa að gera sig gildandi. Og auðveldast af öllu er það tvennt að framselja löggjafarvaldið til milliþinganefndar og svo lofa fjárframlögum á næsta ári þegar alveg er öruggt að þeir sem loforðin nú gefa þurfi ekki að standa við neitt vegna þess að þjóðin verður þá búin að afþakka þjónustu þeirra.

Annað dæmi um sundurlyndið eru heræfingarnar væntanlegu í sumar. Þær eru tímaskekkja að dómi forsrh. Hann ræður engu um þær, mundi heldur ekkert eftir þessu, enda ekki um stórmál að ræða í augum utanrrh. En það er núv. utanrrh. sem ræður.

Steingrímur J. Sigfússon lagði til í ríkisstjórninni að hætt yrði við æfingarnar. Jón Baldvin fækkaði í varaliðinu niður í um 800 og sagði þeim að byrja ekki fyrr en 20. júní. Þá var Alþb. ánægt. Með öðrum orðum: Alþb. lyppast niður, Alþfl. missir trúnað, Framsfl. er stikkfrí að vanda. Það er reisn yfir þessu.

Nú standa yfir erfiðar kjaradeilur og staða fiskvinnslufyrirtækja er hrikaleg. Hvað hafa hæstv. ráðherrar til málanna að leggja? Forsrh. segir launakröfur háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna vitfirringu. Fjmrh. hækkar laun BSRB-manna með því einfaldlega að hækka skattana á móti og segir svo atvinnurekendum að semja við sitt fólk um leið og hann leggur drápsklyfjar skattahækkana á atvinnurekstrinn í landinu. Sjútvrh. hlýðir á lýsingu forustumanna Félags sambandsfiskframleiðenda á ástandinu í sjávarútvegi. Að þeirri lýsingu fenginni dettur honum helst í hug að ganga út og hengja sig, eins og hann sagði í ræðu hjá SÍS og sjónvarpað var í gærkvöldi. En það er einmitt það sama og Vilhjálmi Hjálmarssyni datt í hug eftir að hann hafði hlustað á tillögur Ólafs Ragnars í skólamálum meðan Ólafur var í framsókn. Samfellt í níu ár hafa þeir verið sjávarútvegsráðherrar, Steingrímur Hermannsson og Halldór Ásgrímsson. Er nú ekki kominn tími til að leysa þessa menn frá störfum áður en þeir grípa til voðaverka gagnvart sjálfum sér? Og nóg hafa þeir gert öðrum.

Við vitum ekki enn hvenær þinglausnir verða. Forseti þingsins segir 6. maí. Sumir segja að það þurfi eina viku í viðbót, þ.e. til 13. maí. Sá hængur er á framlengingu að dómi sumra að forsrh. verður þá í opinberri heimsókn hjá vinum sínum í Ungverjalandi. „Við framsóknarmenn leggjumst ekki í ferðalög þegar vandi steðjar að," sagði Steingrímur í fyrra þegar til stóð að þáv. forsrh. Þorsteinn Pálsson færi í opinbera heimsókn til forseta Bandaríkjanna. Þeirri heimsókn var frestað. Nú er annar maður forsrh. Engin vandræði á ferðum og heimsóknarlandið sennilega mikilvægara í augum forsrh. en Bandaríkin. Og svo virðist líka öllum standa á sama hvort hann fer eða verður og auðvitað fer hann.

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Hverjir eru kostirnir sem kjósendum eru boðnir? Annars vegar áframhaldandi vinstri stjórn þessara þriggja flokka með tilheyrandi yfirboðum, miðstýringu og fyrirgreiðslupólitík hinna opinberu sjóða og svo hrokafull framkoma ráðherranna. Hins vegar er stjórn Sjálfstfl., festa og stöðugleiki í efnahagsmálum, hógvær og frjálslyndi og félagslegt öryggi, trygg rekstrarstaða atvinnuveganna, forsenda allra framfara í landinu. Sjálfstfl. er það stjórnmálaafl sem gefur von

um bjartari framtíð. Sú von verður að vissu því fyrr sem kosningar verða og Sjálfstfl. leiðir næstu ríkisstjórn.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Á þessum vordögum er kuldalegt um að litast í íslensku þjóðlífi. Vetur konungur heldur völdum sínum óskertum þó að allir viti að hann muni þoka fyrir sumrinu þótt seinna verði en oft áður. En það er einnig kuldalegt um að litast um þessar mundir í efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar og lífsafkomu fólksins í landinu. Ekkert bendir til þess að þar sé bata að vænta.

Þegar ríkisstjórnin var mynduð í lok september sl. sögðu forustumenn hennar að þeir ætluðu að leysa efnahagsvanda þjóðarinnar. Þeir ætluðu að treysta grundvöll atvinnulífsins og þeir ætluðu að treysta stöðu landsbyggðarinnar. Og þeir sögðu líka að lokið væri óvissu og úrræðaleysi í málefnum þjóðarinnar. Skyldi nú þetta hafa gerst?

Þrisvar sinnum hefur ríkisstjórnin gripið til þess sem hún kallar efnahagsráðstafanir. Allar hafa þær ráðstafanir miðast við það eitt að fleyta málum áfram til skamms tíma, sumpart gagnslausar eða gagnslitlar en sumpart mótaðar af því að koma á miðstýrðu uppbóta- og millifærslukerfi í átt við það sem allir voru sammála um fyrir þremur áratugum að hefði runnið sitt skeið til enda. Undirstöðuatvinnuvegir þjóðarinnar verða nú að lúta slíkum millifærslum og pólitískri skömmtunarstjórn fjármuna úr sjóðakerfi sem tildrað hefur verið upp til þess að þar verði teknar ákvarðanir um það hver skuli fá að lifa og hver eigi að deyja. Þetta sjóðakerfi er sett á laggir með ríkisábyrgðum sem nema 8–9 milljörðum kr. og hefur því bakhjarl í nýjum sköttum á þjóðina ef svo heldur fram sem horfir.

Heilbrigður rekstrargrundvöllur virðist horfinn úr orðasafni stjórnarliðsins, enda láta sumir forustumenn þess ótvírætt liggja að því að gjaldþrot og hrun fyrirtækja feli í sér nauðsynlega hagræðingu. Ofan á tæpari atvinnuhorfur en verið hafa í áratugi bætist nú upplausn í kjaramálum.

Fjármál ríkisins fóru úr böndum á síðasta ári eins og allir vita. Við undirbúning fjárlaga fyrir þetta ár tilkynnti Ólafur Ragnar að nú skyldu taka við nýir siðir, jafnvægi í rekstri ríkisins, engar erlendar lántökur til ríkissjóðs en þess í stað sparsemi og aðhald. Jöfnuði átti að ná með nýjum sköttum þrátt fyrir sívaxandi umsvif ríkisins.

Við afgreiðslu fjárlaga var metið að nýir skattar ríkisstjórnarinnar skiluðu ríkissjóði 7,2 milljörðum kr. á þessu ári. Allir eru þeir sóttir í vasa hins almenna borgara og eiga samanlagt að nema 27,9% af landsframleiðslu sem er mun hærra en nokkru sinni áður á þessum áratug. Á sama tíma og tekjur launafólks dragast saman skal það borga meira en áður í ríkissjóð. Og á sama tíma og fyrirtækin eru hvert af öðru að fara á höfuðið eða standa höllum fæti skulu einnig þau borga meira en áður til ríkissjóðs.

Þrátt fyrir það að fjárlög væru afgreidd með jöfnuði og betur þó kynnti ég rækilega í umræðum að forsendur fjárlaganna væru úr lausu lofti gripnar. Þær eru líka þegar brostnar, bæði í verðlags-, launa- og gengismálum. Því er svo komið í aprílmánuði, vegna brostinna forsendna og ákvarðana ríkisstjórnarinnar um útgjöld umfram fjárlög á þessu ári, að nú eru ekki lengur horfur á jöfnuði heldur halla sem nú er áætlað að verði allt að 2,5 milljörðum kr. Er þá ekki tekið tillit til þess að sumir skattapóstar ríkisstjórnarinnar kunna að bresta því fyrirtæki borga ekki skatta þegar þau eru komin á höfuðið og einstaklingar borga ekki skatta ef þeir hafa ekki atvinnu.

Þá er heldur ekki tekið tillit til þess að ríkisstjórnin er sífellt að stefna að auknum ríkisumsvifum, aukinni eyðslu. Hún vill stofna nýtt ráðuneyti, umhverfismálaráðuneyti, og hún vill stofna keðju nýrra dómstóla um allt land. Hvert málið á fætur öðru ber þess vott að miðstýringin og eyðslan eiga að fara vaxandi. Ofan á allt þetta afgreiða stjórnarflokkarnir lánsfjárlög sem fela í sér lántökuheimildir sem nema fast að 40 milljörðum kr. eða sem svarar hálfum fjárlögunum. Skuldabaggarnir eiga sem sé að þyngjast en ekki að léttast.

Ríkisstjórnin sagðist ætla að treysta stöðu landsbyggðarinnar. Meðan ráðherrarnir horfa aðgerðalausir á hallarekstur undirstöðuatvinnuveganna þannig að fiskvinnslan í heild er sögð gjaldþrota er ekki verið að treysta stöðu landsbyggðarinnar heldur þvert á móti. Ef undirstöðuatvinnuvegirnir hrynja, þá hrynur einnig landsbyggðin og þá er stutt í það að yfirbyggingin fari sömu leiðina.

Atvinnuvegirnir verða að fá skilyrði til sæmilegrar afkomu ef landsbyggðin á að geta dafnað og þjóðfélagsbyggingin að standa. Þrátt fyrir þessa hrikalegu stöðu er sífellt verið að vega að atvinnuvegunum með aukinni skattheimtu, minnkandi framlögum hins opinbera og stórhækkuðum þjónustugjöldum stofnana á vegum ríkisins. Stórfelld hækkun á bensíngjaldi og einkum þungaskatti dísilbifreiða kemur harkalega niður á landsbyggðinni, ekki síður fyrir það að nú á að taka 690 millj. kr. af því fé sem innheimtist samkvæmt sérmerktum tekjustofnum Vegagerðar ríkisins beint í ríkissjóðshítina í stað þess að skila þeim til vegaframkvæmda eins og lög kveða á um.

Nú þegar vika er af sumri eru harðindi sem um miðjan vetur. Við þessar aðstæður þykir ríkisstjórninni tilefni til þess að senda bændum sérstakar kveðjur sínar. Nú flytur ríkisstjórnin hvert málið á fætur öðru sem felur í sér árás á bændastéttina. Svo er t.d. um frumvörp er varða jarðrækt, búfjárrækt og hið nýja umhverfismálaráðuneyti þar sem svipta á landbúnaðinn forræði fyrir landsnytjum og jafnvel fyrir bújörðum.

Sjálfstæðismenn hafa flutt tillögur um þann þýðingarmikla málaflokk sem auðvelt er að samræma því grundvallaratriði að eftirlit, verndun og nýting náttúruauðlinda lúti sömu yfirstjórn. Þó kastar tólfunum þegar handhafar framkvæmdarvaldsins, landbrh. og dómsmrh., hefja afskipti af persónufrelsi manna og friðhelgi heimilisins með því að fyrirskipa svokallaða

búfjártalningu sem er eignakönnun hjá einni stétt. Allt er það að því er best verður séð án allra heimilda í lögum.

Virðulegi forseti. Ég sagði í upphafi máls míns að nú væri kuldalegt um að litast. Í hnotskurn blasir við að undirstöður þjóðfélagsins eru að bresta. Landsbyggðin er veikari en nokkru sinni og óvissan er geigvænleg. Til þess að breyta þessu þarf þjóðin nýja forustu, nýja ríkisstjórn. Sú ríkisstjórn getur ekki tekið við fyrr en að loknum kosningum. Þær verða væntanlega fyrr en síðar. Ég treysti því að í þeim kosningum verði fylgi Sjálfstfl. svo öflugt að hann fái þann styrk sem þarf til þess að veita nýja forustu fyrir því endurreisnarstarfi sem nú er nauðsynlegast og verður að ganga fyrir öðru, þ.e. að styrkja undirstöðurnar, að sjá til þess að atvinnuvegirnir nái að blómgast þannig að fólkið í landinu búi við atvinnuöryggi og trú á framtíðina. Einungis á þann hátt verður óvissunni vikið til hliðar. — Gleðilegt sumar.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Já, það er valt, veraldargengið. Það hefur ríkisstjórnin mátt sannreyna. Hún tók við völdum fyrir rúmu hálfu ári með mikinn byr í seglum, enda drupu loforð af hverju strái. Nú er allt breytt. Skoðanakannanir sýna að þetta er óvinsælasta ríkisstjórn sem hér hefur setið og eru engin dæmi um svo snögg umskipti á jafnskömmum tíma.

En hvers vegna hefur þetta farið svona? Allar ríkisstjórnir þurfa að fást við erfið mál og grípa til óvinsælla ráðstafana en hafa samt ekki hrapað jafnlangt niður í almenningsálitinu. Skýringanna er því annars staðar að leita.

Meginástæðan fyrir lágu gengi ríkisstjórnarinnar er sá mikli trúnaðarbrestur sem orðið hefur milli hennar og þjóðarinnar. Í nánast öllum málum hefur ríkisstjórnin í heild, einstakir flokkar og einstakir ráðherrar hegðað sér öðruvísi og framkvæmt annað en þeir höfðu talið fólki trú um að þeir mundu gera. Við skulum fara yfir nokkur dæmi um þetta.

Ég sagði áðan að ríkisstjórnin hefði hafið göngu sína með miklum loforðum. Við stjórnarmyndun báru þeir það fyrir sig að engan tíma mætti missa til að koma atvinnuvegunum til bjargar. Nú eru liðnir sjö mánuðir. Allt hjakkar í sama farinu. Heilum atvinnugreinum er að blæða út, atvinnuleysi hefur haldið innreið sína og allt logar í kjaradeilum. Stóru orðin í upphafi hafa reynst marklaus, orðin tóm. Að tala er sérgrein ráðherranna. Að taka ákvarðanir og framkvæma er ekki þeirra sterka hlið. Þess vegna hefur þjóðin orðið fyrir miklum vonbrigðum. Trúnaðarbrestur hefur myndast.

Tökum fleiri dæmi um orð og efndir. Nú standa yfir víðtæk verkföll, m.a. kennara í framhaldsskólum. Í rauninni hefur verið óvenjuhljótt um þessi verkföll. Í fyrri verkföllum höfum við séð næstum dag hvern mótmælafundi og mótmælagöngur hér í miðbænum. Fremstir í flokki hafa verið ýmsir þingmenn Alþb. Hver man ekki þá Ólaf Ragnar eða Svavar Gestsson standa á kössum eða í ræðustól í fararbroddi kennara eða annarra verkfallsmanna og steyta hnefa gegn fjandsamlegu ríkisvaldi eins og það hefur verið kallað? Nú eru þeir orðnir ríkisvaldið og þeir gerðu alveg eins og Albert, neituðu að greiða út laun fyrir fram til verkfallsmanna. Þá aðgerð kallaði Svavar Gestsson 1984 ruddaskap, löglausa launasviptingu, fádæma óbilgirni, gikkshátt í garð opinberra starfsmanna, svo að vitnað sé í orð Svavars Gestssonar frá 1984. Nú er hann sjálfur menntmrh. og aðili að sams konar aðgerð. Er nokkur furða þótt trúnaðarbrestur verði milli þjóðarinnar og þessara manna?

Á þessum vetri hafa skattar á einstaklinga og fyrirtæki verið hækkaðir um 7 milljarða. Sú ráðstöfun hefur þrengt hag alls almennings og einnig þrengt hag fyrirtækja og dregið úr möguleikum þeirra til þess að bæta kjör fólksins. Meira að segja matarskatturinn er orðinn alveg heilagur. Ég var að fletta í þingtíðindum frá því í fyrra og lesa umræðurnar um matarskattinn. Það vantaði ekki stóru orðin hjá þeim sem nú eru ráðherrar Alþb. Við erum andvíg matarskattinum, burt með matarskattinn, sögðu Svavar Gestsson og Steingrímur J. Sigfússon í þessum umræðum. Nú sitja þeir í ríkisstjórn, una glaðir við sitt og alls ekki má hrófla við matarskattinum. Ólafur Ragnar telur nefnilega ekki enn nóg að gert í hækkun skatta. Þessir menn hafa brugðist trúnaði fólksins.

Lægst er gengi Alþfl. um þessar mundir. Skýringin á því er auðsæ. Hver man ekki formann Alþfl. fyrir síðustu kosningar? Hann hélt 100 fundi vítt og breitt um landið, fór um eins og frelsisriddarinn hugumstóri, boðaði aukna samkeppni í atvinnulífinu og nútímalega viðskiptahætti og sagði miðstýringu í efnahagslífinu stríð á hendur, ekki síst flóknu sjóðakerfi með pólitískri stjórnun. Flokkurinn fékk talsvert fylgi út á þennan frelsisboðskap. En hvað nú? Ástandinu verður best lýst með orðum leiðara Alþýðublaðsins fyrir nokkrum dögum. Þar sagði:

„Meginvandi Alþfl. í dag er hins vegar það rót sem komist hefur á stefnumál flokksins með þátttöku í núv. ríkisstjórn. Alþfl. getur ekki verið sæmdur af stefnu til langs tíma sem miðar að aukinni miðstýringu, vaxandi sjóðakerfi og kerfisspillingu.“

Þetta sagði Alþýðublaðið og bragð er að þá barnið finnur, enda hrynur fylgið af flokknum og forustumennirnir sitja fastir í faðmlögum við Alþb. og framsókn og þora ekki að hreyfa sig af ótta við kosningar. Það hefur orðið trúnaðarbrestur milli kjósenda og Alþfl.

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Þetta kjörtímabil hefur einkennst af ringulreið og óvissu. Raunar lá það þegar fyrir eftir síðustu kosningar að svo mundi verða. Flokkunum hafði fjölgað og þeim fjölgar enn. Og Sjálfstfl. kom ekki nægilega sterkur út. Þess vegna er hver höndin upp á móti annarri í íslenskri pólitík í dag. Þessi ringulreið getur ekki staðið öllu lengur. Að því kemur fyrr en síðar að þjóðin fái í kosningum að stokka upp í stjórnmálun-

um. Skoðanakannanir sýna að Sjálfstfl. er að endurheimta sitt fyrra fylgi. Fólkið finnur að það vantar kjölfestu í íslensk stjórnmál.

Sjálfstfl. hefur ávallt verið boðberi frjálslyndis. Við treystum fólkinu betur en pólitískum miðstýringarskrifstofum. Við setjum manngildið ofar pólitískri ráðstjórn. Við bendum á að einmitt nú höfum við góðan samanburð á glundroðastjórn vinstri flokka í landsmálum annars vegar og sterkri, athafnasamri stjórn Sjálfstfl. í borgarstjórn Reykjavíkur hins vegar. Þar fer saman kraftur og athafnasemi, menningarlíf og mannúð í reynd. Þessi samanburður kallar á sterkari Sjálfstfl. í landsmálum. Það kemur að því fyrr en síðar að fólkið fái að kveða upp sinn dóm. Ég þakka þeim sem hlýddu. — Góða nótt.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Það er að vísu varla þess virði að fjalla um gamanþátt Ólafs G. Einarssonar hér áðan, en þó er kannski rétt að taka þátt í þeirri upprifjun sem hann var með og rifja þá t.d. aðeins upp afskipti hv. sjálfstæðismanna af efnahagsmálum.

Ég veit að menn muna það að í byrjun júní á sl. ári fór þáv. forsrh. Þorsteinn Pálsson í ferðalag til allmargra fiskvinnslufyrirtækja í landinu og það er að sjálfsögðu ekkert nema gott eitt um það að segja. Eins og þá kom fram í fréttum uppgötvaði Þorsteinn Pálsson að staða fiskvinnslunnar var afar erfið. Hann heimsótti m.a. fyrirtæki eitt á Vestfjörðum og fullvissaði stjórnendur þess þegar hann fór um það að það mundu ekki líða nema nokkrir dagar, þá yrði þessu kippt í lag.

Eftir komu sína til Reykjavíkur átti Þorsteinn Pálsson fundi með forustumönnum samstarfsflokkanna. M.a. hitti ég þáv. forsrh. að morgni 25. júlí og hann gerði mér grein fyrir þessari niðurstöðu sinni um alvarlega stöðu útflutningsatvinnuveganna og sömuleiðis að það yrði ekki lengur beðið eftir því að grípa nú alvarlega í taumana.

Við framsóknarmenn fögnuðum þessu og ákváðum samdægurs að taka af krafti þátt í þessari vinnu. Forsrh. skipaði síðan um mánaðamótin júlí–ágúst eða í byrjun ágúst þekkta nefnd leiðandi manna í atvinnulífinu og fól henni að gera tillögur um ráðstafanir í þágu atvinnulífsins. Við framsóknarmenn, og Alþfl. einnig, tókum af krafti þátt í störfum þessarar nefndar. Sjálfstæðismenn höfðu hins vegar ekki tíma til þess og það er kannski rétt að hv. þm. Ólafur G. Einarsson rifji upp hvers vegna það var.

Við framsóknarmenn og sömuleiðis alþýðuflokksmenn féllumst á tillögur nefndarinnar um niðurfærslu, enda treystum við því satt að segja að þær væru gerðar í fullu samráði með þeim aðilum sem höfðu skipað nefndina. Svo reyndist því miður ekki vera. A.m.k. var tillögunum hafnað um leið og sjálfstæðismenn höfðu tíma til þess að líta á þær.

Já, það er alveg hárrétt. Það er oft gott að rifja aðeins upp og þessi upprifjun er sannarlega nauðsynleg. Hún skýrir m.a. hvað varð banamein síðustu ríkisstjórnar og hún er líka umhugsunarverð vegna þess mjög svo verðmæta tíma sem tapaðist í þessum skollaleik ef ég má kalla það svo. Það var dýrmætur tími.

Núverandi ríkisstjórn tók við þjóðarbúinu á elleftu stundu. Stjórnarflokkarnir höfnuðu þá því að fella gengið stórlega og efna til kollsteypu eins og oft hefur verið siður í íslensku efnahagslífi með þeim kjaraskerðingum sem því fylgja. Þeir ákváðu að vinna þjóðarbúið jafnt og þétt út úr erfiðleikunum, markvisst en ekki með kollsteypum. Að því hefur síðan verið unnið bæði með sérstökum og almennum aðgerðum allt frá stjórnarmyndun og miðar að mörgu leyti mjög vel. Það var mat stjórnarflokkanna að miklar skuldir og gífurlegur fjármagnskostnaður atvinnuveganna væri orðinn erfiðasti þátturinn í rekstrinum og kæmi jafnvel í veg fyrir það að hefðbundnar leiðir dygðu til þess að rétta af rekstrargrundvöllinn. Því var ákveðið að ráðast í þá víðtækustu skuldbreytingu sem gerð hefur verið fyrir íslenskt atvinnulíf og þegar hafa verið samþykktar skuldbreytingar hjá Atvinnutryggingarsjóði fyrir 80 útflutningsfyrirtæki og nema þær um það bil 3 milljörðum kr. Hagræðingarlán hafa einnig verið samþykkt sem nema um 350 millj. kr. Hlutafjársjóður hefur jafnframt tekið til starfa og honum er ætlað að breyta skuldum í hlutafé hjá fyrirtækjum sem eru meginstoð atvinnulífs í viðkomandi byggðarlagi. Í fljótu bragði er talið að 15–16 fyrirtæki muni njóta slíkrar fyrirgreiðslu og bæta þannig eiginfjárstöðuna og vænti ég þess að fyrstu aðgerðir hlutafjársjóðsins verði nú mjög fljótlega.

Sumir stjórnarandstæðingar leituðust við að gera starfsemi Atvinnutryggingarsjóðs tortryggilega og tafði það nokkuð fyrir sölu skuldabréfa, en þetta hefur allt breyst. Skuldheimtumenn gera sér grein fyrir því að þarna er um mjög skynsamlega aðgerð að ræða og bréfin seljast vel. Þeim er ljóst að það er mikils virði fyrir þá einnig að bæta greiðslu- og skuldastöðu viðskiptavina sinna. Með þessu hefur greiðslustaða margra fyrirtækja verið stórlega bætt.

Stjórnarflokkunum var að sjálfsögðu ljóst að útflutningsatvinnuvegirnir gátu ekki búið við það háa raungengi íslensku krónunnar sem varð í tíð ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar. Ríkisstjórnin hafnaði því þó að leiðrétta slíkt með stórfelldri gengisfellingu og þeim afleiðingum sem slíkt hefur. Smám saman og markvisst hefur raungengið hins vegar verið leiðrétt og er nú orðið um það bil 15% lægra en það varð hæst í tíð fyrrv. ríkisstjórnar og er þá orðið mjög svipað því sem það var árið 1980.

Um aðrar sérstakar aðgerðir, eins og t.d. greiðslur úr Verðjöfnunarsjóði, ætla ég ekki að ræða hér ítarlega. Þær voru nauðsynlegar til þess að skapa svigrúm til þess að skoða stöðu atvinnuveganna. Þeim lýkur fljótlega. Þeim lýkur á þessu ári og reyndar e.t.v. fljótlega eftir mitt ár, enda er nauðsynlegt að ljúka slíkum greiðslum áður en frjáls verslun með fisk fæst 1. júlí á næsta ári innan Fríverslunarbandalags Evrópu.

Kjarasamningar eru að sjálfsögðu afar mikilvægur

þáttur í þeirri viðleitni stjórnvalda að lagfæra stöðu atvinnuveganna og þjóðarbúsins. Vegna mikils samdráttar í afla á þessu ári og minnkandi þjóðartekna er ljóst að aðeins hógværir samningar samræmast því markmiði að vinna þjóðarbúið út úr erfiðleikunum án stórra skakkafalla. Á þessu hafa flestir launþegar sýnt mikinn og virðingarverðan skilning, ekki síst þeir sem lægri launin hafa. Með tilliti til erfiðleika atvinnuveganna hefði að sjálfsögðu verið eðlilegast að hinn almenni vinnumarkaður leiddi samningana, en því miður tókst það ekki. Eins og staðan var orðin átti ríkissjóður ekki annan kost en að ljúka samningum við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, enda um hógværa og sanngjarna samninga að ræða. Með þeim eru minnkandi þjóðartekjur og erfið staða þjóðarbúsins í raun viðurkennd.

Nú er afar mikilvægt að samningar geti tekist sem fyrst á hinum almenna vinnumarkaði. Í því sambandi er skiljanlegt að samningar þeir sem ríkisvaldið gerði verði hafðir til viðmiðunar. Um samningana hefur ríkisstjórnin átt ágætar viðræður við fulltrúa vinnuveitenda og sömuleiðis við fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar. Ríkisstjórnin er reiðubúin til þess að gera það sem í hennar valdi er til að stuðla að því að samningar megi takast skjótt og mun verða í viðræðum við þessa aðila næstu daga og allt bendir til þess að samningar takist jafnvel um næstu helgi.

Ríkisstjórninni er að sjálfsögðu ljóst að staða atvinnuveganna er afar þröng. Öll úrtök sýna þó að afkoman hefur batnað hjá ýmsum fyrirtækjum. Í sumum tilfellum hefur framlegðin, þ.e. það fjármagn sem er til ráðstöfunar þegar breytilegur kostnaður hefur verið greiddur, tvöfaldast eða jafnvel meira. Þrátt fyrir það þola atvinnuvegirnir í raun sáralitlar kostnaðarhækkanir og verður vitanlega að hafa það í huga.

Samkvæmt spám Seðlabanka Íslands mun raungengi fara hækkandi á ný þegar á árið líður. Það leiðir einfaldlega af þeirri verðbólgu sem er í landinu og af launahækkunum þótt hógværar séu. Hækkun á verðlagi sjávarafurða erlendis mun að öllum líkindum ekki gera meira en að vega upp á móti greiðslum sem nú eru inntar af hendi úr Verðjöfnunarsjóði og þótt hagræðing hjá fjölmörgum fyrirtækjum bæti verulega rekstrargrundvöll þeirra verður að sporna gegn óraunhæfri hækkun raungengis. Það mun ríkisstjórnin gera. Ekki er þó hægt að ætlast til þess að þeir launþegar sem gera hógværa samninga og með þeim taka í raun á sig nokkurn hluta af erfiðleikum þjóðarbúsins og minnkandi þjóðartekjur, þeim sem fram undan eru augljóslega, þurfi að þola frekari kjaraskerðingu. Aðrir verða að bera þær byrðar einnig, ekki síst peningastofnanir og fjármagnseigendur sem hagnast hafa mjög á undanförnum árum. Á síðasta ári var hagnaður viðskiptabanka og helstu sjóða 1 milljarður 462 millj. kr. eftir skatta. Hér er um að ræða um það bil 10% arð af eigin fé sem þætti nú dágott t.d. í sjávarútveginum. Fyrir greiðslu tekjuskatts var hagnaðurinn tæpir 2 milljarðar og þá höfðu hundruð milljóna verið lögð í varasjóði eða verið greidd Seðlabankanum í refsivexti.

Þess má geta að hagnaður Seðlabankans á síðasta ári var um það bil 1100 millj. kr. Að vísu var stór hluti þess gengisuppfærsla. Í þessum tölum eru ekki þær upphæðir sem greiddar hafa verið fjármagnseigendum sjálfum, að sjálfsögðu, eins og t.d. sparifjáreigendum.

Á sama tíma og peningastofnanir og fjármagnseigendur hafa hagnast vel metur Þjóðhagsstofnun hallann á botnfiskveiðum og vinnslu einni saman upp á 1,1 milljarð kr. á síðasta ári. Af þessu má ljóst vera að gífurlegir fjármagnsflutningar hafa átt sér stað frá atvinnuvegunum til peningastofnana og fjármagnseigenda.

Með tilliti til þessa sem ég hef nú rakið er skiljanlegt að ríkisstjórnin hefur talið hvað mikilvægast í endurreisn atvinnulífsins að draga úr hinum gífurlega fjármagnskostnaði. Á því sviði hefur náðst töluverður árangur. Raunvextir í viðskiptabönkum hafa lækkað úr um það bil 9% í 7,25% og ríkissjóður hefur nýlega gengið frá samningum við lífeyrissjóði um 6% raunvexti og lækkandi í 5% 1. júlí nk.

Á grundvelli þeirra auknu heimilda sem Alþingi hefur veitt hefur ríkisstjórnin jafnframt lagt fyrir Seðlabankann áætlun um lækkun bæði innláns- og útlánsvaxta. Þess sjást jafnframt glögg merki að vextir á peningamarkaðnum utan viðskiptabankanna eru mjög lækkandi. Eftirspurn eftir fjármagni hefur farið minnkandi.

Með þetta allt í huga tel ég vafalaust að það markmið muni fljótlega nást að lækka raunvexti af vel tryggðum lánum í 5%. Með þeirri lækkun verðbólgu sem fram undan er spáð skapast jafnframt grundvöllur til þess að afnema lánskjaravísitöluna eins og gert er ráð fyrir í samningi stjórnarflokkanna. Þar með yrði rutt úr vegi einum enn drifkrafti verðbólgunnar.

Í Færeyjum er sögð dæmisaga af fjórum mönnum sem byggðu litla eyju. Einn var stjórnmálamaður, annar námsmaður, sá þriðji var eftirlaunamaður og fjórði var sjómaður. Sjómaðurinn reri daglega og kom að landi með fimm fiska. Stjórnmálamaðurinn, eftirlaunamaðurinn og námsmaðurinn fengu einn fisk hver. Sjómaðurinn hélt eftir tveimur og lagði annan fiskinn í salt. Þegar gera þurfti við netin eða bátinn tók hann af saltfiskbirgðunum, reri til þorpsins og keypti það sem þurfti. Þeim þremur sem í landi voru þótti þeirra hlutur rýr. Þeir vildu fá meiri fisk. Þegar að kosningum kom lofaði stjórnmálamaðurinn að bæta úr þessu yrði hann kjörinn. Hann náði kjöri og efndi sitt loforð þannig að þá fengu stjórnmálamaðurinn, námsmaðurinn og eftirlaunamaðurinn fjóra fiska en sjómaðurinn hélt eftir einum og gat því ekkert lagt í salt. Dag einn kom hann að landi með aðeins fjóra fiska. Netin voru farin að bila og hann átti engan saltfisk til þess að gera við þau. Daginn eftir kom hann með þrjá fiska og daginn þar á eftir kom hann ekki að landi. Báturinn var orðinn fúinn og hann hafði engan fisk átt í salti til þess að kosta viðgerðina.

Þótt vonandi sé ekki eins illa farið hjá okkur eins og fjórmenningunum færeysku óttast ég að meira sé af atvinnuvegunum tekið en þeir þola. Árið 1987 voru

þjóðartekjur okkar Íslendinga á hvern íbúa þær næsthæstu af löndum Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París. Eflaust átti rangt gengi nokkurn þátt í því. Hitt er athyglisverðara að við tókum þá stærra hlutfall þessara tekna til eigin nota, til neyslu einstaklinganna, en nokkur önnur þjóð eða um 65% borið saman við 60% eða lægra hjá flestum öðrum. Óskynsamleg fjárfesting og mikil einkaneysla eiga eflaust stærsta þáttinn í erfiðleikum atvinnulífsins í dag. Þetta kemur fram í miklum viðskiptahalla sem þjóðarbúið þolir ekki lengur. Þegar þannig er ástatt og þjóðartekjur lækka er óhjákvæmilegt að draga úr öllum kostnaðarliðum atvinnuveganna og úr okkar eigin eyðslu. Atvinnulífið verður að halda eftir meiru til reksturs, endurnýjunar og viðhalds. Annars væri hætt við að færi illa eins og hjá fjórmenningunum í Færeyjum.

Því miður eru erfiðleikarnir í þjóðlífinu margir. Þrátt fyrir einhver bestu lífskjör sem nokkur þjóð getur státað af er atvinnulífið í erfiðleikum. Fiskvinnslan hefur búið við afar óstöðugan grundvöll og ekki lært að laga sig að þeim grundvelli þannig að greiða niður skuldirnar þegar aflinn er mikill og sömuleiðis eru augljóslega vandræði í landbúnaðinum vegna uppsafnaðra birgða lambakjöts, og fleira af þessu mætti vissulega nefna eins og t.d. verslunina sem er í þrengingum vegna vonlausrar fjárfestingar og útþenslu og breytinga í verslunarháttum. Með öllum þessum þáttum er að sjálfsögðu mjög vandlega fylgst og ríkisstjórnin vinnur að því að bæta markvisst og án kollsteypu grundvöllinn í atvinnulífinu almennt.

Því fer hins vegar víðs fjarri að þessir erfiðleikar verði leystir með einu pennastriki. Að vísu hefur heyrst að málið væri einfalt. Ríkisvaldið þyrfti aðeins að skrá gengið rétt og í þeim orðum hefur yfirleitt falist að það ætti að fella ríflega og um leið ætti að koma í veg fyrir verðbólgu og að sjálfsögðu að lækka fjármagnskostnað. Ég lýsi eftir tillögum um hvernig þetta allt verði gert á einfaldan máta jafnvel þótt afkoma almennings sé látin liggja á milli hluta.

Sem betur fer er þó ekki allt svo erfitt sem af ofangreindri upptalningu mætti ráða. Allt bendir til þess að endurreisn atvinnulífsins þokist í rétta átt. Það mun takast ef okkur brestur ekki sjálfa þolinmæði og kjark.

Sömuleiðis eru ýmsir ljósir punktar. Í landbúnaðinum er t.d. mjólkurframleiðslan komin í sæmilegt jafnvægi. Fiskeldið lofar góðu, stóriðjan skilar hagnaði, sumar greinar í sjávarútvegi skila viðunandi afkomu og fleira mætti telja. Verðmætast er þó það land og það umhverfi sem við eigum. Það er enn þá tiltölulega óspillt. A.m.k. á ekkert að geta stöðvað okkur í því að koma í veg fyrir frekara tjón á umhverfinu og reyndar bæta það sem úrskeiðis hefur farið. Í stöðugri umfjöllun um erfiðleika þótti mér því ánægjulegt að leggja fram á Alþingi nýlega frv. til laga um umhverfismál. Að þeim málum er búið að vinna í hartnær tvo áratugi. Því miður hefur þó ekki tekist að skipa þeim málum þannig að viðunandi sé. Enn eru umhverfismálin í höndum fjölmargra aðila og yfirleitt þeirra sem náttúruauðlindirnar nýta. Þá er hætt við hagsmunaárekstrum sem von er.

Lagt er til að umhverfismálin verði lögð undir eina stjórn. Þó er gengið eins skammt og frekast er unnt í því að taka heildarþorra málaflokks frá ráðuneytum atvinnuveganna. T.d. er umhverfisráðuneytinu aðeins ætlað að fjalla um og setja reglur um mengun og önnur áhrif á umhverfið frá ýmsum framkvæmdum eða iðnaði án þess að hafa forræði framkvæmdanna sjálfra. Sömuleiðis er því ætlað að fylgjast með gróðri og nýtingu hans, m.a. takmarka beit ef um ofbeit er að ræða, en landbúnaðinum sjálfum er ætlað að annast landgræðsluna, enda eru það ekki síst hagsmunir bænda að vel sé að uppgræðslu staðið. Það veldur mér vonbrigðum að búnaðarþing hefur lagst gegn þessari breytingu. Kemur þar fram þetta gamla viðhorf sem orða má svo: Umhverfisvernd er góð, jafnvel nauðsynleg, en látið okkur bara í friði. Þeir sem þannig hugsa skilja ekki hvað klukkan slær.

Mengun og hvers konar tjón á umhverfi er að verða eitt alvarlegasta vandamál mannkyns. Gífurleg hætta blasir því miður afar víða við. Allir kannast við eyðingu ósonlagsins eða gróðurhúsaáhrifin eða mengun frá kjarnorkunni svo að eitthvað sé nefnt. Það er skylda okkar Íslendinga að taka á skipulegan hátt þátt í að afstýra eyðileggingu umhverfisins. Umhverfismálin eru jafnframt e.t.v. mikilvægasta mál þessarar þjóðar þegar til lengri tíma er litið. Við eigum að vísu því láni að fagna að mengun er lítil í umhverfinu og við getum jafnvel sagt að hér sé tiltölulega hreint land þegar gróðureyðing er frátalin. Þetta er þó reyndar á mörkum. En ef við getum með sanni sagt að hér sé umhverfið hreint og þannig á gróðurmálum haldið að til fyrirmyndar sé, þá mun hreint og gott umhverfi verða eitt mikilvægasta einkenni þessa lands og þá um leið auðlind. Áhugi og áhersla manna um heim allan fer stöðugt vaxandi á þessum þætti. Afurðir frá hreinu landi verða eftirsóttar og reyndar um leið landið sjálft á meðal ferðamanna.

Við Íslendingar eigum að taka virkan þátt í verndun umhverfisins og ekki síst í okkar heimshluta. Við eigum jafnframt að taka forustu á þeim sviðum sem varða okkur mest, t.d. verndun hafsins, og okkur er ekkert að vanbúnaði í þeim efnum fremur en sú forusta sem við áttum við útfærslu landhelginnar.

Góðir Íslendingar. Við verðum að taka fast og markvisst á umhverfismálum áður en óbætanlegt tjón er orðið. Slíka fyrirhyggju hefur skort á fjölmörgum sviðum þjóðlífsins. Allt of oft látum við stjórnast fremur af kappi en forsjá. Við siglum með svo mikinn fisk á erlendan markað að verðið fellur öllum til stórtjóns og fiskvinnslustöðvarnar heima fá ekki nægan afla. Við stækkum flotann þótt við vitum að minna kemur þá í hlut hvers. Við leitum eftir stundarhagnaði með því að vinna meiri fisk úti á sjó þótt um leið sé rekstrargrundvelli kippt undan fiskvinnslustöðvum í landi. Við fjárfestum í verslunar- og skrifstofuhúsnæði að því er virðist án nokkurrar fyrirhyggju og við

kaupum fleiri bifreiðar en nokkur önnur þjóð að meðaltali svo að fáein dæmi séu nefnd. Þessir víxlar eru nú fallnir. Þá verður að greiða. Því miður hljóta þeir einnig að taka þátt í þeirri greiðslu sem enga sök eiga á óráðsíunni. Þjóðfélagið allt líður. Að mínu mati þurfum við Íslendingar nú í nokkur ár að halda mjög aftur af eyðslu okkar og fjárfestingu og leggja alla áherslu á að greiða skuldirnar. Ef við gerum það og leggjum jafnframt áherslu á að skapa traustan grundvöll fyrir atvinnulífið í landinu, byggðan á rannsóknum, vísindum og þekkingu, látum fyrirhyggju og forsjálni ráða, óttast ég ekki um framtíð þessarar þjóðar.

Eftir harðan vetur ráðum við því ekki hvernig sumarið verður. En eftir erfið ár í íslensku þjóðlífi getum við ráðið því sjálf að framtíðin verði góð og björt. Ég óska Íslendingum öllum góðs og gleðilegs sumars.

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Snjallar stökur hafa löngum yljað Íslendingum og ein slík á vel við á þessum degi. Hún er sótt í sjóð Kristjáns frá Djúpalæk og hljóðar svo:

Þó að andi Kári kalt
og krýni landið fönnum
þér mun standa þúsundfalt
þyngri vandi af mönnum.

Ekki veit ég hvenær skáldið orti svo, en nú hitta þessi orð í mark þegar landið okkar er í greipum kuldans og mannlífið í fjötrum stjórnvaldsaðgerða.

En þótt vor náttúrunnar láti á sér standa lætur almanakið ekki að sér hæða, og nú er runninn upp eldhúsdagur á Alþingi, tími tiltektar á heimili stjórnmálanna.

Hugmyndir margra um störf Alþingis mótast vissulega af þeirri mynd sem þeim berst gegnum fjölmiðlana. Sú mynd sýnir því miður fyrst og fremst naggandi rifrildisseggi, en minna fer fyrir fréttum af málefnalegum umræðum sem oft eiga sér þó stað sem betur fer.

Þingmenn stjórnarandstöðu sæta iðulega því ámæli að hafa helst ekkert til málanna að leggja annað en vammir og skammir um ríkisstjórnina. Minna heyrist um virðingarleysi hennar, þ.e. ríkisstjórnarinnar, gagnvart málflutningi þingmanna í stjórnarandstöðu sem oft er með endemum.

Þingmenn í stjórnarandstöðu flytja fjölda góðra mála sem stjórnarflokkarnir nenna ekki að kynna sér né ræða og ýta til hliðar í nefndum þar sem frumvörp ríkisstjórnarinnar hafa allan forgang. Ég þori að fullyrða að ráðherrar hafa ekki hugmynd um efni flestra okkar tillagna, enda þarf mikla eftirgangsmuni til að fá þá til að vera við umræður um annað en eigin mál. Og eftir höfðinu dansa limirnir.

Við leggjum mikla vinnu í undirbúning þingmála sem okkur finnst miklu varða en fáum ekki umræður né afgreiðslu svo sem eðlilegt væri. Áherslumál framkvæmdarvaldsins eru látin sitja fyrir.

Nýlega áttum við nokkrir þingmenn ekki annarra kosta völ til að koma málum okkar til nefnda en að mæla fyrir þeim á næturfundi þar sem ekki voru aðrir viðstaddir en við sjálf sem áttum þar erindi að rækja. Ráðherrar viðkomandi málaflokka fengu sinn nætursvefn ómældan.

Við kvennalistakonur áttum þrjú mál á þeirri dagskrá. Eitt þeirra varðaði réttindi og hag þeirra einstaklinga sem annast aldraða eða öryrkja í heimahúsum. Annað var um afnám takmörkunar á kosningarrétti íslenskra ríkisborgara sem dveljast erlendis. Hið þriðja var um afnám „ekknaskattsins" svokallaða, svo og um heimild til einstæðra foreldra til að nýta ónotaðan persónuafslátt barna sinna.

Þessi mál og mörg fleiri höfum við unnið af kostgæfni og hefðum viljað ræða þau við ráðherra viðkomandi málaflokka. Sérstaklega hefði ég viljað eiga orðastað við hæstv. fjmrh. um þá fáránlegu afleiðingu nýlegra breytinga á lögum um eignarskatt að við fráfall annars hjóna getur eftirlifandi maki orðið að greiða meira en tvöfalt hærri skatta af sömu eign. Það eru kaldranalegar kveðjur frá ríkisvaldinu til þeirra sem um sárt eiga að binda vegna ástvinamissis.

Ég hefði líka viljað heyra það af vörum hæstv. fjmrh. hvort það sé að hans mati í anda jafnréttis og félagshyggju að einstætt foreldri getur ekki nýtt ónotaðan persónuafslátt afkomanda sem hjá því býr og greiðir þar með hærri skatt en maður með sömu tekjur og aðrar aðstæður sambærilegar en getur hins vegar nýtt ónotaðan persónuafslátt maka síns. En þetta mál komst ekki til umræðu fyrr en klukkan var tekin að halla í þrjú að nóttu og allir ráðherrar löngu farnir að sofa, áhugalausir um tillögur einhverra þingmanna sem þar að auki eru í stjórnarandstöðu.

Þannig er nú lýðræðið á höfuðbóli stjórnmálanna.

Freistandi er að nota þessar örfáu mínútur til að tíunda fleiri ósagðar fréttir af störfum Alþingis og rekja ýmis mál okkar kvennalistakvenna sem flest varða bætt kjör, menntun, umönnun og uppeldi og úrbætur í umhverfismálum.

Gaman væri að segja ykkur, hlustendur góðir, frá hugmyndum okkar um eflingu grunnskólans, tillögum um aukinn þátt listmenningar í skólum landsins, um heimilisrekstrarbrautir í framhaldsskólum, um leyfi frá störfum vegna umönnunar barna, um valddreifingu og virkara lýðræði, að ekki sé minnst á þann málaflokk sem er lífsspursmál allra heimsins barna, umhverfismálin, sem við kvennalistakonur höfum mjög látið okkur varða.

En hversu mjög sem mig langar að beina tiltekt eldhúsdagsins að eigin skúffum verður ekki hjá því komist að skurka lítillega í skápum ríkisstjórnarinnar, óvinsælustu ríkisstjórnar í ómunatíð. Þær óvinsældir á hún skilið fyrir að hlaða óréttlátum sköttum á herðar launafólks í fjötrum, fyrir að deila og drottna yfir atvinnurekstri í öngstræti vaxtakreppunnar, fyrir tréhestaviðhorf í hvalamálum og herveldasamskiptum og ekki síst fyrir að eiga stærstan þátt í óvissu og erfiðleikum þeirra sem nú líða fyrir klúður í samningaþófi ríkis og ríkisstarfsmanna.

Reyndar er einfaldast að taka undir með ritstjóra Alþýðublaðsins sem segir í leiðara sínum 31. mars sl.:

„Það þarf að jafna lífskjörin í landinu. Stuðningsfólk þessarar ríkisstjórnar kærir sig ekkert um að heilsugæsla sé dregin saman og sjúku fólki vísað út í buskann. Það vill líka að það sé hlúð að börnunum með margfalt betri aðbúnaði á uppeldisstofnunum og að heimili séu ekki leyst upp vegna óhóflegrar vinnu. Atvinnan í dreifbýlinu og byggðaröskunin ættu sömuleiðis að vera á dagskrá vinstri stjórnar."

Þetta eru ekki orð þingmanns í stjórnarandstöðu heldur leiðarahöfundar Alþýðublaðsins. Og hann endar pistil sinn á þessa leið:

„Ráðherrar góðir. Dragið ykkur út úr ráðuneytunum og bankið upp á hjá fólkinu í landinu."

Mál málanna í dag er þó líklega húsbréfamálið. Afstaða Kvennalistans í því máli hefur mjög verið til umfjöllunar síðustu klukkustundir og er reyndar óljóst enn til hvers hún muni leiða.

Ekki er ólíklegt að einhver hugsi sem svo, hvers vegna í ósköpunum kvennalistakonur hafi nú ekki notað þetta tækifæri til að klekkja á ómögulegri ríkisstjórn, leyft henni að engjast í eigin snöru og jafnvel enda þar sína ævidaga.

En þannig horfir málið einfaldlega ekki við okkur kvennalistakonum. Við höfum frá upphafi verið jákvæðar gagnvart hugmyndinni um húsbréfakerfi með ákveðnum fyrirvörum við ýmsa þætti þess. Fullyrðingar sérfræðinga um áhrif slíks kerfis á íbúðaverð, lánamarkað og efnahagskerfið í heild stangast algjörlega á og er lítið á þeim að græða. Á því verður tæpast breyting á næstu vikum. Eitt er þó deginum ljósara, og þarf ekki álit sérfræðinga til, að eftir sem áður verður stór hópur fólks sem ekki ræður við þau kjör sem bjóðast til húsnæðiskaupa. Það er hagur þessa fólks sem við berum fyrir brjósti.

Við höfum frá upphafi lagt áherslu á nauðsyn þess að taka á húsnæðiskerfinu í heild sinni og þá fyrst og fremst að efla og bæta félagslega íbúðakerfið, bæði fyrir þá sem vilja leigja og kaupa, jafnframt því sem ráðist yrði í fyrirhugaða breytingu á almenna kerfinu. Við höfum því gert kröfur til þess að tekið verði á þessum þætti húsnæðiskerfisins nú þegar og sérstök áhersla lögð á aukningu leiguhúsnæðis og stuðning við leigjendur.

Í öðru lagi viljum við tryggingu fyrir auknu fjármagni til félagslegra íbúða á næstu árum og sem fyrsta skref að ríkisstjórnin tryggi a.m.k. 600 millj. kr. aukningu úr ríkissjóði á næsta ári.

Í þriðja lagi viljum við fá yfirlýsingu um það að hækkun á vöxtum lána frá Byggingarsjóði ríkisins verði ekki afturvirk svo að ekki verði enn einu sinni komið aftan að þeim sem þegar hafa fengið lán og gert sínar áætlanir fram í tímann.

Fréttamaður spurði mig í morgun: Var þetta það lengsta sem þið gátuð teygt ykkur til liðs við ríkisstjórnina? Í spurningu hans fólst reginmisskilningur. Við erum ekki að teygja okkur til liðs við ríkisstjórnina. Við erum að teygja okkur til liðs við fólkið sem mest er út undan í húsnæðiskerfinu. Ef valið stendur um það að kippa fótum undan einni ríkisstjórn eða bæta möguleika fólks til öryggis í húsnæðismálum, þá hljótum við að velja það síðarnefnda. Málefnin skipta meiru en persónur, völd og eiginhagsmunir. Þannig höfum við unnið og þannig munum við vinna.

Ég þakka þeim sem hlýddu og óska landsmönnum gleðilegs sumars að loknum löngum vetri.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Góðir landsmenn. Á þessum svölu en björtu vordögum nálgast sjö mánaða afmæli ríkisstjórnarinnar. Fyrstu mánuðirnir í lífi barns eru ekki aðeins mánuðir mikils þroska og örra framfara, heldur eru þeir líka afgerandi um líf barnsins í framtíðinni. Það sama er ekki hægt að segja um ríkisstjórnina. Hún hefur ekki dafnað í þeim mæli sem búist er við af börnum og engin ástæða til þess að fagna sérstaklega á þessum tímamótum. Enn sem komið er heldur hún varla höfði og sennilega mun hún aldrei standa á eigin fótum.

E.t.v. trúðu margir í upphafi að það hefði verið hugsjónaólgan sem knúði menn til að mynda þessa ríkisstjórn. Þeir ætluðu að bjarga efnahagslífinu sem þeir töldu að mundi hrynja á næstu dögum ef þeirra lausnir ekki kæmu til og hér skyldi síðan draumaþjóðfélagið rísa.

Við kvennalistakonur trúðum ekki á lausnir þeirra. Ekki gátum við vænst mikils af félagshyggjuríkisstjórn sem leyfði sér að hefja feril sinn með launafrystingu og samningsbanni. Það hefur reyndar komið á daginn að djúpt er á hugsjónunum ef þær eru þá einhverjar. Ráðherrarnir, alla vega sumir, hafa verið ferðaglaðir þrátt fyrir ófærð og vond veður. Leiðtogar alþýðuflokkanna tveggja fóru blysför um landið í mesta skammdeginu og menntmrh. hefur verið á hugsjónaskokki milli skóla. Vinnubrögð menntmrh. væru hróss verð ef einhvers staðar sæi þess merki að mörgum ágætum hugmyndum hans hefði verið fylgt eftir. En í kjölfarið fylgja niðurskurðartillögur flokksbróður hans, fjármálaráðherrans. Gera þær heimsóknir hans lítt trúverðugar og eru í andstöðu við þá skólamálastefnu sem hann boðar. Ekki vil ég draga úr nauðsyn þess að hagræða og spara, en það verður ekki gert án samráðs og aðstoðar við þá sem starfa í hinum ýmsu stofnunum. Ég tel það hæpinn sparnað sem kemur niður á menntun og aðbúnaði barna og unglinga, ekki síst á þeim tímum sem við nú lifum þegar skólinn hefur tekið við hlutverki heimila og foreldra í ríkara mæli en áður þekktist. Það er líka alvarleg staðreynd að enn einu sinni hafa kennarar neyðst út í vinnudeilu við ríkið til að knýja á um að fá kjör sín leiðrétt. Ábyrgð á þeirri vinnudeilu lýsi ég algjörlega á hendur núv. ríkisstjórn og fyrri ríkisstjórn. Hvergi birtist menntastefna stjórnvalda betur en í launastefnu þeirra. Í stjórnarsáttmálanum segir að góð menntun sé undirstaða framtíðarlífskjara þjóðarinnar. Ef svo á að verða er nauðsynlegt að gera kjör háskólamenntaðs fólks hjá ríkinu eftirsóknarverð. Nú ríkir ekki aðeins neyðarástand í skólum landsins heldur líka á

heilbrigðisstofnunum og ýmsum öðrum stofnunum sem tryggja öryggi okkar. Það er með öllu óverjandi að í okkar svokallaða velferðarsamfélagi skuli skjólstæðingar þessa fólks þurfa að líða og lífi og heilsu jafnvel stefnt í hættu. Ábyrgðin er stjórnvalda.

En hvað varð um alþýðuleiðtogana tvo? Sáu þeir hvorki né heyrðu á ferðum sínum „á rauðu ljósi" um landið? Var janúarmánuður svo dimmur, skin blysanna svo dauft og veðrahamurinn svo mikill að þeir hvorki sáu né heyrðu. Eða voru ljósin neyðarblys, tendruð í von um að einhver kæmi þeim til bjargar?

„Ríkisstjórnin var mynduð til að leysa bráðan efnahagsvanda sem steðjar að þjóðinni," eins og segir orðrétt í stjórnarsáttmálanum, með leyfi forseta. Og hverjar eru nú lausnirnar? Hér hafa verið stofnaðir sjóðir á sjóði ofan til bjargar atvinnulífinu og ekki vil ég draga úr því að aðgerða hafi verið þörf. Samt stöndum við frammi fyrir tapi, hruni eða gjaldþroti í undirstöðuatvinnugrein okkar með atvinnuleysi og upplausn í kjölfarið, ekki síst úti á landsbyggðinni.

Á meðan þetta dynur yfir hefur skattbyrði landsmanna enn verið aukin, skattprósenta hækkuð um síðustu áramót um leið og persónuafsláttur var lækkaður. Það fer vissulega að verða spurning hversu vandi fólksins og heimilanna í landinu þarf að verða mikill, hversu margir þurfa að vinna myrkranna á milli sjálfum sér til óbætanlegs heilsutjóns, hversu margar fjölskyldur þurfa að missa húsnæði sitt og þola þá óhamingju og upplausn sem því fylgir, eða hve straumurinn á félagsmálastofnanir þarf að verða þungur til þess að stjórnvöld líti á það sem efnahagsvanda þjóðarinnar.

Þrátt fyrir nýgerða kjarasamninga ríkisstarfsmanna sem fólu í sér örlitla viðleitni til launajöfnunar er með öllu óviðunandi að enn í dag skuli samið um laun sem engan veginn duga til framfærslu. Ekki þarf ég að tíunda það að enn þá fylla konur lægstu hópana. Fyrir ári síðan taldi Alþb. það lágmark að fólk fengi 45–50 þús. á mánuði. Nú hefur fjmrh. þess sama flokks hreykt sér af nýgerðum samningum þar sem stórir hópar eru undir 50 þús. þrátt fyrir verðhækkanir og vaxandi verðbólgu.

Þessa dagana eru það ekki bara ráðherrarnir sem leggja land undir fót. Farfuglarnir flykkjast hingað norður eftir og samkvæmt frétt Tímans í gær eigum við von á fleiri ferðamönnum nú í ár en í fyrra. Þjóðin öll bindur miklar vonir við uppbyggingu ferðamannaþjónustu, ekki síst íbúar landsbyggðarinnar sem gætu horft fram á mörg ný atvinnutækifæri, einkum fyrir konur. Síðustu ríkisstjórn tókst að fæla erlenda ferðamenn frá með álagningu matarskattsins og hvergi sér þess stað að til standi að fella niður þann óréttláta og íþyngjandi skatt fyrir okkur landsmenn alla og erlenda gesti okkar þrátt fyrir alla félagshyggjuna. Vinsælir ferðamannastaðir eru auglýstir upp án þess að nægilegt aðhald eða aðstaða sé fyrir hendi, hvað þá að verndunarsjónarmið séu virt. Það stórsér nú á mikilvægum ferðamannastöðum vegna þess m.a. að Ferðamálaráð hefur aldrei fengið sín lögbundnu framlög og því lítið svigrúm gefist til að sinna umhverfisvernd.

Í stjórnarsáttmálanum segir, með leyfi forseta: „Unnið verður gegn umhverfisspjöllum af átroðningi og umferð ferðamanna um viðkvæm svæði." Lögum samkvæmt ætti Ferðamálaráð að fá 110 millj. í ár en fær 28. Þetta er eitt dæmið um þau lög sem sett eru hér á Alþingi en aldrei er hægt að standa við. Það er því vart fyrirsjáanlegt að Ferðamálaráð muni sinna umhverfisvernd eða ýmsum öðrum lögbundnum verkefnum þetta árið. Bættar samgöngur eru ekki aðeins undirstaða byggðar í landinu heldur eitt mikilvægasta atriðið í uppbyggingu ferðamannaiðnaðarins. Enn eitt árið megum við búa við stórskert framlög til vegamála þannig að víða munu krónurnar rétt hrökkva til þess að greiða skuldir vegna framkvæmda síðasta árs. Þetta er eitt dæmi um það hvernig staðið er að atvinnuuppbyggingunni í þessu landi. Ferðamannaiðnaðurinn er þegar orðin drjúg tekjulind og við ætlum okkur enn stærri hlut í henni á næstu árum.

En þau eru mörg önnur, fögur fyrirheit sem finnast í stjórnarsáttmálanum. Eitt er þess efnis að ríkisstjórnin ætli að auka og efla fjölbreytni atvinnulífsins á landsbyggðinni, einkum með tilliti til kvenna. Öll vitum við hvernig er umhorfs í atvinnulífinu, enn eykst atvinnuleysið og alls staðar eru konur í meiri hluta atvinnulausra. Stóraukin atvinnuþátttaka kvenna og breytt staða þeirra í fjölskyldunni skiptir miklu um þróun byggðamála og óhjákvæmilegt er að taka mið af þeirri staðreynd.

Á ráðstefnu Kvennalistans um atvinnumál í dreifbýli á Hvanneyri sl. sumar var athyglisvert hversu hugmyndaríkar og frjóar konur eru og hvernig þær hugsa sér atvinnuuppbyggingu sem hefur í fyrirrúmi samvinnu og tillit til aðstæðna kvenna. Það er lykilatriði í búsetuþróun landsbyggðarinnar að hlustað verði á hugmyndir kvenna og tillit tekið til þeirra. Landsbyggðin er greinilega ekki gæluverkefni þessarar ríkisstjórnar. Nær væri að segja að hún sé olnbogabarn.

Um aldir hefur það verið hlutskipti kvenna að hlúa að lífi og rækta umhverfi sitt. Ekki síst vegna þess hlutverks er konum tamt að líta til framtíðarinnar, hvernig þjóðfélag þær vilja búa börnum sínum. Sú heimsmynd sem blasir við okkur í dag er máluð köldum litum og grófum dráttum. Hernaðarhyggja stórveldanna stíar ekki einungis þjóðum sundur, heldur sundrar hún þeim einnig innbyrðis og leiðir okkur lengra og lengra frá því að leysa vandamál okkar sameiginlega.

Kvennalistinn hefur valið leiðina sem vænlegust er til að mýkja drætti heimsmyndarinnar. Kvennalistinn kom fyrst fram til að vinna að málum kvenna og barna. Æ fleiri gera sér nú grein fyrir að stjórnmál eru umönnun og aðbúnaður fólks og ræktun umhverfisins. Í hugsjónum kvenna felst kraftur og þor til breytinga, til að byggja upp samfélag sem er í jafnvægi við náttúrulegt umhverfi sitt.

Ég óska landsmönnum öllum gleðilegs og gróskumikils sumars.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Gamalreyndur sjávarútvegshöldur sagði í nýlegri blaðagrein að fimm draugar hefðu sótt að sjávarútveginum að undanförnu. Spurning er: Hverjir vöktu upp þessa drauga og hvernig verða þeir kveðnir niður? Við skulum virða fyrir okkur draugagalleríið.

Fyrsti draugur: Minni afli. Annar: Lækkandi verð á erlendum mörkuðum. Þriðji: Skuldsetning frá fyrri tíð, einkum frá þriggja ára einstæðu góðæri. Fjórði: Óhóflegur fjármagnskostnðaur. Fimmti: Heimatilbúin verðbólga langt umfram verðbólgu í viðskiptalöndum.

Það fer ekki fram hjá neinum sem hlýðir á þessar umræður að forustusauðir Sjálfstfl. þykjast nú vera miklir særingameistarar. Þeir fara í tíma og ótíma með sömu særingarþuluna. Patentlausnin er ný gengisfellingarkollsteypa, allra meina bót. Annað hafa þeir ekki til málanna að leggja.

Ég minnist þess hins vegar að þeir voru svo draughræddir undir lokin í tíð fyrrv. ríkisstjórnar að þeir máttu þar vart vatni halda. Formaðurinn lagðist undir feld í Flórída. Varaformaðurinn gróf sig í sand á Kýpur. Heimkomnum ofbauð þeim svo draugagangurinn að þeir hrukku fyrir borð. Ég veit ekki hvort er háðulegra, draughræðslan þá eða mannalætin núna.

En kíkjum nú framan í fortíðardrauga þeirra sjálfstæðismanna og prófum hversu gefst særingarþulan.

Fyrsti draugur, aflasamdráttur: Ekki bætir gengisfelling úr því. Við honum þarf að bregðast með því að sækja aflann með minni tilkostnaði, t.d. með úreldingu fiskiskipa eins og frv. sjútvrh. gerir ráð fyrir. Að þessu á að vinna fyrst og fremst á vettvangi fyrirtækjanna, en í samstarfi við stjórnvöld.

Annar draugur, lækkandi fiskverð erlendis: Gengislækkun fjölgar að vísu krónum í vasa útflytjenda, — í bili. En á móti kemur að hún hækkar höfuðstól skulda skuldsettra fyrirtækja. Hún hækkar verðbólgu, vexti og verð á innfluttum aðföngum jafnóðum. Sumsé: Skottulækning við óbreyttar aðstæður.

Sjálfstæðismenn tala heldur ekki hátt um það að gengisfellingarkollsteypan þeirra mundi rústa lífskjör fólksins í landinu og þar með rjúfa vinnufriðinn sem ríkisstjórnin er nú að tryggja með hóflegum kjarasamningum. Það væri þokkalegt ráð núna í miðjum kjarasamningum að grípa til slíkra óyndisúrræða. Ríkisstjórnin hefur vissulega ekki fylgt fastgengisstefnu. Hún hefur aðlagað gengið í áföngum, án þess þó að efna til kollsteypu eins og forsrh. lagði áherslu á, sem mundi ríða skuldsettum fyrirtækjum að fullu. Markmið hennar er að lækka raungengi í áföngum, þ.e. tilkostnað fyrirtækja í samanburði við keppinauta. Það er vandrataður meðalvegurinn að tryggja viðunandi rekstrargrundvöll og fulla atvinnu, án þess að níðast á lífskjörum þeirra sem verst eru settir.

Ríkisstjórnin hefur reynt að þræða þennan gullna meðalveg með hóflegri gengisaðlögun, með lengingu lána, með lækkun vaxta, með fjárhagslegri endurskipulagningu o.s.frv. Sum fyrirtæki voru svo grátt leikin af draugagangi fortíðar að þeim verður ekki bjargað. Önnur eru að komast á lygnari sjó í rekstri eins og þær tölur tala sínu máli um, sem forsrh. nefndi, um framlegð og afkomu.

Meðaltöl um afkomu í sjávarútvegi eru fyrir margra hluta sakir villandi. Manni sem stendur með annan fótinn í sjóðheitu vatni en hinn frosinn upp að hnjám er býsna kalt — að meðaltali. Afkomutölur taka ekki nægilegt tillit til verðbóta sem greiddar eru á frystan fisk, til skuldbreytinga, til lækkunar vaxta, fyrir utan það að fyrirtæki sem raunverulega eru orðin gjaldþrota draga meðaltölin niður.

Þriðji draugurinn á listanum var skuldsetning fyrirtækjanna frá fyrri tíð — í góðærinu. Leysir gengisfelling þann vanda? Nei, hún mundi ríða mörgum skuldugum fyrirtækjum að fullu. Hún hækkar höfuðstól skuldanna, hún hækkar fjármagnskostnaðinn og hún mundi framkalla þvílík átök á vinnumarkaði að ekki þyrfti um sárt að binda: Sumsé, skottulækning.

Fjórði draugur var óhóflegur fjármagnskostnaður. Gengisfelling þýðir óðaverðbólgu og vaxtasprengingu. Hún mundi því sannanlega gera illt verra. Ríkisstjórnin vinnur samkvæmt áætlun að endurskipulagningu fjármagnsmarkaðar og lækkun raunvaxta. Ríkið gengur á undan með góðu fordæmi í samningum við lífeyrissjóði og með lækkun raunvaxta á spariskírteinum ríkissjóðs úr tæplega 10% í 7,5% og boðar lækkun í 5% innan skamms. Verðbréfafyrirtækin hafa neyðst til þess að lækka vexti. Með lækkandi verðbólgu er stefnt að afnámi verðtryggingar. Með nýrri gengis- og verðbólgukollsteypu mundum við fjarlægjast þessi markmið endanlega. Ráð Sjálfstfl. í þessum efnum eru því líka óráð. Hann reyndist illa í ríkisstjórn og hann reynist óráðhollur í stjórnarandstöðu.

Í þjóðsögunni fitnaði púkinn á fjósbitanum af illum munnsöfnuði, samanber barlóm og bölmóð stjórnarandstöðunnar. Í veruleika samtímans hafa fjármagnseigendur leikið þetta hlutverk púkans á fjósbitanum. En hverjir vöktu upp þann draug og þorðu síðan ekki að horfast í augu við hann? Sá gæfusnauði Galdra-Loftur býr í Valhöll og kennir sig við frjálshyggjutrúboðið. Forustumenn Sjálfstfl. eru nefnilega alltaf að rugla saman frjálslyndi og stjórnleysi. Þeim tókst að virkja verstu öfgar frjáls markaðar í þjónkunarþörf við hagsmuni fjármagnseigenda. Þeir komu óorði á frelsið eins og rónarnir forðum á brennivínið.

Fyrirhyggjuleysið í góðærinu endaði í frjálshyggjuslysi sem atvinnulífið hefur síðan sopið seyðið af. Vextir voru gefnir frjálsir, án þess að sett væri löggjöf um starfsemi verðbréfa- og fjármögnunarleigufyrirtækja; án þess að bankakerfið væri endurskipulagt til þess að draga úr vaxtamun; án þess að sjálfstæðismenn gerðu sér grein fyrir því að hér væri um að ræða lokaðan fákeppnismarkað, þar sem óseðjandi eftirspurn eftir lánsfjármagni mundi sprengja vexti upp yfir öll okurlög; án þess að þeir sjálfstæðismenn gerðu sér grein fyrir afleiðingum gerða sinna: Að ávöxtunarkröfur fjármagnsins urðu að lokum langt umfram það sem heilbrigður atvinnu-

rekstur getur skilað eigendum sínum í arði. Og svo kalla þeir þetta þjóðnýtingu fyrirtækjanna bakdyramegin.

Fyrir nokkrum árum var borgaraleg ríkisstjórn í Svíþjóð. Hún þjóðnýtti meira á fjórum árum en sænskir jafnaðarmenn á 40 árum. Frjálshyggjuliðið í Sjálfstfl. ber alla ábyrgð á fjörbrotum þessara fyrirtækja. En þeir ættu að sjá sóma sinn í því að hafa hægt um sig meðan aðrir sinna björgunarstörfum á slysstað. Það var nefnilega ekki bara að þeir sinntu ekki slysavörnum; þeir bjuggu til slysagildrur. Þeir ættu því ekki að nefna þá snöru í hengds manns húsi sem fjármagnskostnaðurinn er í Valhöll íhaldsins.

Fimmti draugurinn er verðbólgan. Allir vita að gengisfelling virkar sem olía á eld verðbólgu svo að enn reynist særingarþula íhaldsins óráð hið mesta. Verðbólga verður ekki kveðin niður nema með samræmdum aðgerðum á mörgum sviðum, t.d. með því að koma jafnvægi á hinn ginnheilaga peningamarkað og opna hann fyrir erlendri samkeppni.

Alþfl. mun að sönnu láta frýjunarorð þeirra sjálfstæðismanna um stefnubrigð sem vind um eyru þjóta. Við munum ekki hlaupast frá borði þótt eitthvað bjáti á um sinn. Það hvarflar ekki að okkur að leggjast í hugsýki með barlómskórnum. Við munum ótrauðir vinna áfram að því að leysa fjárhagskreppu útflutningsfyrirtækjanna með samstarfsaðilum okkar, án þess að fórna markmiðum um stöðugleika í efnahagsumhverfinu með ótímabærum gengiskollsteypum. Við gerum þetta með skuldbreytingum, með fjárhagslegri endurskipulagningu og samruna fyrirtækja eða endurskipulagningu fjármagnskerfisins og opnun þess og með lækkun vaxta.

Ríkisstjórnin vinnur að því í kyrrþey þessa dagana að skapa forsendur fyrir hóflegum kjarasamningum sem ætlað er að draga úr kaupmáttarfallinu, án þess að stofna atvinnuöryggi í hættu. Þau markmið mundu fjúka út um gluggann ef nú yrði efnt til gengiskollsteypu.

Ég segi, verkin sýna merkin. Málafjöldinn á borðum ykkar hv. þm. sannar að hér er að verki dugleg, athafnasöm umbótastjórn sem hugsar fram í tímann, þótt stjórnarandstaðan vilji æðrast í fortíðinni. Besta dæmið um þetta er húsbréfafrv. félmrh.

Hringlandaháttur Sjálfstfl. í því máli segir allt sem segja þarf um vinnubrögð hans í stjórnarandstöðu. Við undirbúning málsins studdu sjálfstæðismenn húsbréfakerfi dyggilega. Þegar þeir héldu að þeir gætu komið höggi á ríkisstjórn, jafnvel banahöggi, þá hlupu þeir frá sannfæringu sinni. Hvað varðaði þá um þjóðarhag eins og einu sinni var sagt? Hvað varðaði þá um neyð húsbyggjenda ef hægt var að koma fram pólitískum hermdarverkum? En sjaldan er hönd höggi fegin eins og sennilega mun koma á daginn.

Kostir húsbréfakerfisins eru ótvíræðir og það er þýðingarmikið að allur almenningur geri sér grein fyrir því. Aukin innri fjármögnun fasteignaeigenda skapar svigrúm fyrir aukin fjárframlög til félagslega kerfisins. Aukinn hluti íbúðarverðs fæst að láni með tryggum hætti á einum stað. Hin rándýra skammtímafjármögnun hverfur úr sögunni og þar með lækkar greiðslubyrðin. Afgreiðslutími styttist úr allt að 37 mánuðum í 2–3 vikur. Niðurgreiðsla húsnæðiskostnaðar færist yfir í skattakerfið. Vaxtabætur koma þeim einkum til góða sem eiga engar eða litlar eignir fyrir og búa við lágar tekjur, þannig að húsbréfakerfið er tekjujöfnunaraðgerð. Fasteignaviðskipti verða mun einfaldari fyrir fólk á landsbyggðinni þar sem unnt er að fela bönkum á staðnum alla nauðsynlega fyrirgreiðslu. Í stað þess að híma aftast í biðröðinni getur unga fólkið komist að. Hinir eldri geta losnað við skuldlitlar eignir sínar á öruggan hátt. Það nýtir aftur mun betur fjárfestingu í rótgrónum hverfum.

Þeir sem bera ábyrgð á hinu gamla og gjaldþrota húsnæðiskerfi reyna að hræða fólk frá húsbréfakerfinu með tröllasögum um afföll og fóður fyrir gráa markaðinn. Þeir gleyma því hins vegar að staðreyndin er sú að lánsloforð gamla kerfisins, þeirra sem nú eru í biðröðinni löngu, eru seld með miklum afföllum. Hins vegar hafa verið gerðar margvíslegar ráðstafanir til að tryggja að húsbréfin stuðli að lækkun vaxta og hafi jákvæð áhrif á peninga- og fjármagnsmarkað. Húsbréfin seljast á svipuðum vöxtum og spariskírteini ríkissjóðs. Þau eru örugg þar sem þau eru ríkistryggð.

Byggingarsjóður ríkisins og Seðlabanki eru ávallt kaup- og söluaðilar og verðbréfamarkaðinum er óheimilt að kaupa og selja undir opinberlega skráðu gengi. Seljandi húsnæðis getur því strax eftir fasteignaviðskipti selt húsbréf án affalla. Þess vegna er lögfesting húsbréfafrumvarpsins nú þjóðarnauðsyn.

Gamla kerfið hleður upp valköstum af lánsloforðum án tillits til forgangshóps og þarfa og verður fyrr en varir búið að binda milljarða kr. fram til ársins 1991, verði það ekki stöðvað. Lögfesting nú eyðir óvissu kaupenda, seljenda og byggingaraðila. Það væri hins vegar skynsamlegt og vel ásættanlegt að skipa milliþinganefnd þar sem fulltrúar allra flokka hafi áhrif á undirbúning og framkvæmd, enda er það ekkert framsal til framkvæmdarvaldsins og styðst við góð fordæmi frá fyrri ríkisstjórn varðandi undirbúning staðgreiðslu- og virðisaukaskattslaga.

Virðulegi forseti. Þótt sjálfstæðismenn hafi reynst um of draughræddir í ríkisstjórn og særingarþulur þeirra reynst máttlausar í stjórnarandstöðu, þá vona ég alla vega að þeim takist ekki að draga þjóðina með sér ofan í hyldýpi þunglyndiskasts.

Það kemur stundum fyrir góð keppnislið, eins og núv. ríkisstjórn er, að falla svolítið í hugsýki í hálfleik, ef menn hafa orðið að spila varnarleik. Réttu viðbrögðin við því eru hins vegar að endurskipuleggja liðið og bregða á sóknarleik; hvetja liðið til dáða, þannig að það einbeiti sér að því að vinna í seinni hálfleik eins og við munum gera.

Ríkisstjórnin mun sitja út kjörtímabilið, enda ríkir þar góður vinnuandi. Þetta er umbótastjórn sem á mörgum verkum ólokið. Alþfl. má vel við una sína verkaskrá hingað til. Við höfum náð því að lögfesta staðgreiðslukerfi skatta; við komum á samræmdum söluskatti með hækkun skattfrelsismarka og stórlega

auknum fjölskyldubótum. Við náðum fram lögfestingu virðisaukaskatts. Við höfum lögfest kaupleiguíbúðir. Húsbréfamálið er að komast í höfn, verkaskipting ríkis og sveitarfélaga stendur til bóta með nýju frv.; sömuleiðis tekjustofnar sveitarfélaga. Við höfum komið lögum yfir fjármagnsmarkaðinn. Fyrir liggur frv. um aðskilnað dómsvalds og framkvæmdarvalds og á okkar forræði er að vinna kerfisbundið að lækkun vaxta.

Þessi ríkisstjórn hefur náð árangri við erfið skilyrði. Við höfum komið í veg fyrir stöðvun fyrirtækja og fjöldaatvinnuleysi sem frjálshyggjuliðið spáði upp á 10–15 þúsund manns á þessum vordögum. Það hefur tekist í stórum dráttum að tryggja fólki fulla atvinnu. Fram undan eru risavaxin verkefni, stór umbótamál. Fram undan bíður það í ríkisfjármálum að taka upp nýja og réttlátari skattlagningu fjármagns- og eignatekna og leiðrétta þá skattlagningu á eignum, að vinna kerfisbundið að upprætingu skattsvika sem ég treysti eftirmanni mínum, núv. fjmrh. og formanni Alþb., vel til og síðan að vinna kerfisbundið að lækkun ríkisútgjalda. Ótrúlegt nokk, þá hef ég trú á því að það takist betur í þessu stjórnarsamstarfi en hinu fyrra. Við þurfum að koma á nýju, manneskjulegu húsnæðislánakerfi. Við þurfum að vinna að því að sameina lífeyrissjóðina og koma á samræmdum lífeyrisréttindum. Við þurfum að vinna hægt og bítandi að endurskipulagningu í sjávarútvegi, með aflamiðlun, markvissri fiskvinnslustefnu og öflugu markaðsstarfi, í samstarfi okkar innan EFTA og EB. Við eigum að reka sjálfstæða utanríkisstefnu, leggja höfuðáherslu á verndun á umhverfi hafsins og taka frumkvæði að afvopnun á og í höfunum, eins og nýlega hefur verið rætt hér ítarlega á Alþingi.

Virðulegi forseti. Það er í erfiðleikunum sem reynir á menn og flokka. Alþýðuflokksmenn eru staðráðnir í því að hlaupast ekki frá verkum sínum í miðjum klíðum. Það er hlutskipti þessarar ríkisstjórnar að skipuleggja varnarbaráttu við erfiðar kringumstæður, þegar aðrir hlupust frá. Hingað til hefur okkur tekist það stóráfallalítið. Við höfum komið í veg fyrir stöðvun útflutningsgreinanna og við höfum komið í veg fyrir atvinnuleysi. Við eygjum nú vissulega margvísleg batamerki og bjartari tíð fram undan. Hingað til hefur ríkisstjórnin orðið að einbeita sér að lausn skammtímavandamála. Á næstunni gefst betra ráðrúm til þess að undirbúa framkvæmd þeirra þýðinarmiklu umbótamála sem ég nefndi sum hver hér rétt áðan. Þannig mun þessi ríkisstjórn snúa vörn í sókn og sigla skipi sínu heilu í höfn, eftir viðburðaríka og sögulega sjóferð.

Karl Steinar Guðnason:

Frú forseti. Góðir Íslendingar. Nú á fyrstu sumardögum er stormasamt í stjórnmálunum. Ungur námsmaður, sem nýkominn er til landsins, vék sér að mér í gær og sagði: Hvað gengur eiginlega á? Það er allt öfugt frá því í fyrrasumar. Nú er Sjálfstfl. farinn að hamast gegn sköttum sem þeir samþykktu með glöðu geði í fyrra. Þá stóðu þeir á torgum og vörðu skattheimtu á matvæli og annað. Nú hafa þeir skipt um skoðun, bara við það að missa ráðherrastólana. Ég átti langt samtal við þennan unga mann. Honum blöskraði tvískinnungurinn og refsháttur inn í íslenskum stjórnmálum. Hann ræddi við mig um erfiðleika móður sinnar sem hefur nú beðið í um tvö ár eftir húsnæðisláni, um vextina sem væru að sliga vini sína og um það hversu atvinna hefði dregist saman. Þetta er reyndar algengt umræðuefni í dag. Það er hins vegar athyglisvert hvað unga fólkið er næmt á samhengi atburðanna og að það gerir kröfu til þess að stjórnmálin fari ekki niður á það stig sem við blasir.

Það eru liðnir örfáir mánuðir síðan Sjálfstfl. hrökklaðist frá ábyrgð og ríkisstjórnarþátttöku. Um það leyti var að koma í ljós hvað frjálshyggjuævintýri fyrri ára kosta atvinnulífið og alþýðuheimilin í landinu. Í fyrrahaust var atvinnulífið komið að fótum fram. Þau voru mörg varnaðarorðin sem komu frá þeim sem þekkja kviku atvinnulífsins. Þá var forusta ríkisstjórnar í höndum sjálfstæðismanna. Sú forusta reyndist átakanlega úrræðalaus. Þorsteinn Pálsson, þáv. forsrh., vísaði málum frá sér, skipaði svokallaða forstjóranefnd til að leysa málin. Þaðan komu tillögur og uppástungur en sami forsrh. tók ekkert mark á þeim og sat síðan eftir með spurningarmerki í augum.

Sjálfstfl., sem eitt sinn var kenndur við kjölfestu í íslenskum stjórnmálum, hefur allra flokka harðast ákallað frelsi, frelsi í vaxtamálum, frelsi fyrir gráa markaðinn, frelsi þeirra ríku til að ráða málum án tillits til heildarinnar. Því miður var látið undan þessu sérkennilega frelsistali sem síðan hefur birst í stjórnlausu vaxtaokri á gráa markaðinum. Afleiðingarnar hafa birst í gjaldþroti heimilanna og atvinnufyrirtækja. Í reynd er ástandið í dag merki um skipbrot meginhugsjóna Sjálfstfl.

Þegar Sjálfstfl. hafði gefist upp vegna úrræðaleysis var fyrst mögulegt að hefja varnarbaráttunna jafnframt uppbyggingarstarfi. Ríkisstjórnin hefur undanfarna mánuði verið að hreinsa til, hreinsa til í rústunum sem frjálshyggjuævintýrið skildi eftir sig. Það spyr margur hver árangurinn hafi orðið. Ekki skulum við gleyma því að strax í október spáði Vinnuveitendasambandið og helstu forustumenn Sjálfstfl. að um þetta leyti yrðu a.m.k. 10–15 þúsund manns atvinnulausir. Erfiðleikar í atvinnulífinu hafa vissulega orðið til þess að atvinnuleysi var meira í vetur en fyrr. Það er hins vegar mikill árangur að forða því að hrollvekjuspá sjálfstæðismanna rættist.

Í vaxtamálum hefur einnig náðst árangur þótt enn sé fjármagnskostnaður allt of hár. Þegar Sjálfstfl. gafst upp voru nafnvextir yfir 40% en nú eru þeir um 25%. Þegar þeir gáfust upp voru raunvextir 10–12% en eru nú 7–8%. Ríkisstjórnin og við stuðningsmenn hennar teljum alls ekki nóg að gert, en gleymum því ekki að vegna uppgjafar sjálfstæðismanna hefur tekist að stugga við frjálshyggjuófreskjunni. Það hefur nú fyrst tekist með löggjöf að koma höndum á gráa markaðinn. Það er staðreynd að undirstöðuatvinnuvegir okkar hafa barist í bökkum. Er það einkum

vegna fjármagnskostnaðar og verðbólgu sem étið hefur eiginfjárstöðu fyrirtækjanna. Það er oft sagt að það búi tvær þjóðir í landinu. Sjaldan hefur sú fullyrðing átt betur við en nú. Það er eins og stórir hópar landsmanna skilji ekki hver er undirstaða lífskjaranna, skilji ekki að ef sjávarútvegur og fiskvinnsla skila ekki viðeigandi afrakstri eru lífskjörin í hættu. Þeir sem starfa í þessum greinum skynja vandann. Verkafólkið og sjómennirnir sem hafa orðið vitni að lokun fiskvinnsluhúsa og atvinnubrestinum gera sér grein fyrir vandanum.

Skuggi kjaradeilna grúfir yfir þjóðfélaginu. BSRB hefur þegar lokið samningsgerð. Það má vissulega um það deila hvort það er eðlilegt að ríkið gangi á undan í samningagerð þegar undirstöðugreinarnar berjast í bökkum. Hins vegar ber að fagna því að kjarasamningar BSRB marka tímamót að því leyti að *nú náðust fram ýmis merk ákvæði sem lúta* að réttindabaráttu kvenna og launajöfnuði. Sá þáttur er ríkisstjórninni og forustu samtakanna til sóma.

Alþfl. er þeirrar skoðunar að þegar kreppir að í þjóðfélaginu beri að sinna þeim fyrst og fremst sem lægst hafa launin. Alþýðusambandsfélögin hafa staðið í samningaviðræðum í margar vikur. Það er eðlilegt og sjálfsagt að atvinnurekendur gangi nú til samninga. Það verður aldrei þolað að verkafólk fái ekki sömu hækkanir og opinberir starfsmenn. Ríkisstjórnin verður að leggja sitt af mörkum til að liðka fyrir samningum. Annað kostar styrjöld, stríð við það fólk sem undirstöðuna skapar. Þá er það skoðun mín að verkalýðshreyfingin og ríkisvaldið eigi að taka höndum saman við að verja og bæta velferðarkerfið í landinu, gera kjarasáttmála til að styrkja lífskjörin.

Átök um húsnæðismál hafa markað umræðu undanfarinna daga. Langflestir, og þar á meðal ég sem var einn af þeim sem sömdu í kjarasamningum um núverandi húsnæðislánakerfi árið 1986, hafa lýst vonbrigðum sínum með það hvernig kerfið hefur virkað. Það var ekki hugsun okkar að öll þjóðin færi í biðröð eftir láni. Það var ásetningur okkar að framkalla stórkostlegar umbætur. Það tókst að vísu að beina gríðarlega miklu fjármagni í húsnæðislánakerfið en þrátt fyrir það er ástandið skelfilegt.

Nú er beðið eftir láni í allt að 37 mánuði. Flest bendir til þess að óbreyttu að biðtími eftir lánum lengist á næstu tveimur árum. Nú er lánað til fólks óháð þörfum þess, efnahag og eignum. Þá eru lánsloforð seld með miklum afföllum. Alþfl. undir forustu Jóhönnu Sigurðardóttur hefur barist fyrir því að þessu oki verði létt af fólkinu í landinu. Húsbréfakerfið er tákn nýrra tíma, tákn nýrra og betri tíma í þessum efnum. Verði það samþykkt lækkar útborgun í íbúðaviðskiptum úr 75% og niður í 35% af kaupverði. Kaupandi fær 65% íbúðarverðs að láni til allt að 25 ára. Afgreiðslutími lána styttist frá því sem nú er í 2–3 vikur, takið eftir, 2–3 vikur. Húsbréfin auðvelda og einfalda fasteignaviðskipti fólks á landsbyggðinni. Í húsbréfakerfinu felst félagslegur jöfnuður. Stjórnarandstæðingar hafa farið hamförum gegn þessum stórkostlegu úrbótum. Verstur er Sjálfstfl. Þeir fögnuðu þessum breytingum við 1. umr. á Alþingi, en nú hóta þeir að greiða atkvæði á móti.

Andstæðingar Alþfl. hafa sagt málið illa undirbúið og hafa allt á hornum sér. Staðreyndin er sú að ekkert mál sem fram hefur komið á Alþingi í vetur hefur verið betur undirbúið. Það var heilt ár í smíðum. Að gerð þess komu allir stjórnmálaflokkar og aðilar vinnumarkaðarins. Fyrir liggja allar hugsanlegar upplýsingar sem málið varða. Það er skoðun mín að í framtíðinni verði afstaðan gegn þessu framfaramáli tekin sem dæmi um tvískinnung og pólitískan refshátt andstæðinganna. Ég á líka von á því að afstaða Kvennalistans til þessa máls verði metin um allt þjóðfélagið.

Íslenskir aðalverktakar eru eitt stærsta atvinnufyrirtæki í landinu. Það hefur starfað í vernduðu umhverfi einokunar sem hefur valdið óánægju þeirra sem fyllilega valda því að taka að sér þau verkefni sem þeir framkvæma. Hjá þessu fyrirtæki starfar fjöldi fólks sem krefst atvinnuöryggis. Það er sjálfsögð krafa sem Alþfl. mun fylgja eftir. Utanrrh. hefur náð árangri í að breyta fyrirtækinu sem mun skapa jákvæða þróun á starfssvæðinu.

Í umræðum um skýrslu utanrrh. í vikunni kom fram að Sjálfstfl. hefur skipt um skoðun í þessum málum sem öðrum. Nú boðar Sjálfstfl. að í verktöku á Keflavíkurflugvelli skuli ríkja lögmál frumskógarins þar sem frjálshyggjuófreskjan leikur lausum hala, þar sem hver undirbýður verk fyrir öðrum, verktakar koma og fara, starfsfólkið situr uppi atvinnulaust, atvinnuöryggið brestur. Ameríski herinn græðir, allir hinir tapa. Einokun verktakanna er tímaskekkja sem nú er verið að breyta. Ráð sjálfstæðismanna eru líka tímaskekkja Íslendingum til mikillar óþurftar.

Okkur Íslendingum hættir til að sjá tilveruna í svörtu og hvítu. Sjólag hefur verið erfitt undanfarna mánuði en það er víst að fram undan er betri tíð. Svartnættisraus og bölsýni stjórnarandstöðunnar skaðar þjóðfélagið. Það dregur kjark úr fólki. Það hefur neikvæð áhrif á allt mannlíf. Ríkisstjórnin mun áfram beita sér fyrir heilbrigðu atvinnulífi. Það verður leitað á ný mið nýjunga og nýrra tækifæra. Það er verðugt verkefni að auka stóriðju í landinu til að treysta atvinnuöryggið. Í því sambandi er mikil nauðsyn að byggja nýtt álver og huga að nýjum virkjunum til að mæta þörfum framtíðarinnar í raforkuframleiðslu.

Ríkisstjórnin hefur náð árangri, en það er mikið starf fram undan. Nú reynir á samstöðu þeirra flokka sem eru vinstra megin við miðju. Alþfl. og Alþb. hafa áratugi eldað grátt silfur. Það er mikil nauðsyn fyrir launafólk í landinu að liðsmenn þessara flokka lyfti hugum sínum ofar dægurþrasinu, myndi samstæða heild sem verður í framtíðinni valkostur gegn afturhaldi og frjálshyggju. Þá mun takast að móta fylkingu sem hefur velferð heildarinnar í fyrirrúmi. Þá mun velferðarþjóðfélagið ná þeirri reisn sem jafnaðarmenn geta verið stoltir af. Hlutverk okkar jafnaðarmanna er að breyta hinu pólitíska litrófi þannig að félagshyggja verði ofar frjálshyggju þannig að traust

lífskjör og jafnrétti verði ofar pólitískum refshætti eiginhagsmuna og misréttis.

Júlíus Sólnes:

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Íslenska þjóðin hefur mátt gjalda dýru verði stjórnarfarið eftir alþingiskosningarnar 1987. Í einhverju mesta góðæri sem þjóðin hefur lifað frá upphafi vega hefur gömlu flokkunum, Sjálfstfl., Framsfl., Alþfl. og Alþb., nánast tekist að eyðileggja allt atvinnulíf landsmanna. Nú er svo komið að nær öll atvinnufyrirtæki þjóðarinnar, nema bankar og peningastofnanir, eru rekin með tapi. Borgaraflokkurinn spyr: Hvers konar stefna er það sem hefur leitt til þess að útflutningsframleiðslan, hvort sem er í sjávarútvegi eða iðnaði, stendur engan veginn undir sér og verður að vera í gjörgæslu hjá bankastofnunum eftir að allt eigið fé fyrirtækjanna er upp urið? Á hverju er þjóðinni ætlað að lifa? Er það virkilega skoðun manna að við getum lifað á því að selja hvert öðru verðbréf og alls kyns pappíra og hlaupa með innistæður milli banka eftir því sem vextir breytast?

Borgaraflokkurinn telur að hluti af þeim mikla vanda sem steðjar að okkur mitt í góðærinu sé sú óraunsæisstefna sem hefur ríkt í peninga- og ríkisfjármálum. Gömlu flokkarnir hafa gersamlega misst tökin á rekstri ríkisins. Ríkið er orðið að ófreskju sem enginn ræður við. Ríkiskerfið kallar sífellt á aukinn mannafla og útgjöld vaxa stjórnlaust. Hvað ætlum við, 250 þús. Íslendingar, t.d. að reka marga háskóla? Þeir munu nú vera orðnir tíu talsins. Eða hversu mörg hátæknisjúkrahús sem ráða yfir fullkomnari og dýrari tækjabúnaði en öll sjúkrahúsin í stórborginni Los Angeles? Er nema von að ríkissjóður sé orðinn botnlaus hít sem krefst meiri og meiri skatta? Sífellt er verið að leita leiða til að finna upp nýja skatta og auka skattálögur. Bæði núv. ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar og fráfarandi ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar hafa slegið öll met í skattálögum á fólkið og atvinnureksturinn í landinu. Sú síðarnefnda verður lengi í minnum höfð fyrir matarskattinn, eitt mesta pólitíska slys Íslandssögunnar. Borgaraflokkurinn vill stöðva þessa óheillaþróun.

Efnahagsmál þjóðarinnar hafa verið í ólestri svo lengi sem ég man eftir mér. Umræðan á þingi og í kaffistofum landsmanna snýst ávallt um hið sama: Til hvaða ráða á nú að grípa til að koma málum í lag? E.t.v. viljum við hafa þetta svona. Þetta er kannski hluti af þjóðarsálinni. Þetta reddast einhvern veginn, segja flestir. Þegar ástandið er hins vegar orðið þannig að algert hrun virðist fram undan hjá heimilunum og fjölda atvinnufyrirtækja er e.t.v. rétt að staldra við og hugsa: Hvert stefnum við Íslendingar?

Mitt í þessum hremmingum hefur þingið og þjóðin fundið sér eitt mikið deilumál, en það er húsbréfafrumvarp hæstv. félmrh. Það er annars einkennilegt að flest mál sem hæstv. félmrh. flytur í þinginu hafa þann eiginleika að út af þeim fer allt í bál og brand í þjóðfélaginu. Húsbréfamálið er þar engin undantekning. Þingið logar í deilum út af húsbréfunum. Hagsmunasamtök launþega og aðrir hagsmunahópar í þjóðfélaginu eru ýmist mjög andvígir frv. eða hefja það upp til skýjanna. Hæstv. ráðherrann hótar að segja af sér og sprengja ríkisstjórnina nái málið ekki fram að ganga. Forkostuleg vinnubrögð svo að ekki sé meira sagt.

Síðustu fréttir eru svo þær að málið sé nú komið á einn allsherjarprúttmarkað. Kvennalistinn vill kaupa fyrir 600 millj. hér og nefnd hvar án þess að hafa frekari áhyggjur af sjálfu húsbréfafrumvarpinu. Samtök um jafnrétti og félagshyggju vilja kaupa ef aðeins þeir sem eru að kaupa eða byggja sína þriðju eða fjórðu íbúð lenda í húsbréfakerfinu. Þetta er hið versta mál eins og Ragnar Reykás segir.

Það þýðir einfaldlega ekki að ætla að gjörbreyta húsnæðislöggjöfinni í andstöðu við stærstu launþegasamtök landsins. Allar slíkar breytingar verða að gerast með víðtæku samkomulagi þeirra aðila sem málið varðar. Því hlýtur að vera skynsamlegt að vísa málinu til endurskoðunar og frekari athugunar í samráði við aðila vinnumarkaðarins og leggja það svo fram aftur í haust.

En hvað eru svokölluð húsbréf? Við þm. Borgaraflokksins berum mikla ábyrgð á þessari umræðu og þeim tillögum sem hafa verið lagðar fram um fjármögnun húsnæðislána með húsbréfum. Haustið 1987 lögðum við fram viðamikið frv. um sérstakar húsnæðislánastofnanir sem fjármögnuðu húsnæðislán með útgáfu á söluhæfum húsbréfum að danskri fyrirmynd. Þar kom m.a. fram í fyrsta sinn hugtakið „húsbréf" sem þýðing á danska orðinu „boligobligation".

Sem 1. flm. lagði ég mikla vinnu í undirbúning að frv. og fór m.a. í sérstaka ferð til Kaupmannahafnar til að afla mér upplýsinga. Þar heimsótti ég m.a. stærstu húsnæðislánastofnun Danmerkur, Kreditforeningen Danmark, og fékk mjög greinargóðar upplýsingar um danska húsbréfakerfið. Danska húsnæðislánakerfið er talið eitt hagstæðasta og öflugasta húsnæðislánakerfi Evrópu. Biðtími eftir lánum er oft innan við eina viku, þ.e. lánsumsókn sem berst fyrir hádegi á mánudegi er yfirleitt afgreidd til útborgunar á föstudegi í sömu viku. Kerfið er svo öflugt að það getur annað miklu fleirum en Dönum sjálfum. Þannig bjóða danskar húsnæðislánastofnanir húsnæðislán til Þýskalands, Portúgal og til Wales. Þeir dönsku sérfræðingar sem ég átti viðræður við töldu það reyndar vel geta komið til greina að bjóða dönsk húsbréfalán á Íslandi í samvinnu við íslenskar húsnæðislánastofnanir og lýstu sig reiðubúna til að hjálpa okkur við að koma slíku húsnæðislánakerfi á fót á Íslandi.

Við erum því að sjálfsögðu hlynntir að reyna að fjármagna húsnæðislán með húsbréfum, enda vorum við fyrstir til að benda á þessa leið. Það er hins vegar ekki sama hvernig að þessu er staðið. Íslenskt húsbréfakerfi verður að vera þaulundirbúið og í fullu samræmi við þær grundvallarreglur sem gilda um fjármögnun húsnæðislána með húsbréfum. Sú útfærsla á húsbréfakerfinu sem nú liggur fyrir er mein-

gölluð og brýtur í bága við nokkur grundvallaratriði þess húsbréfakerfis sem nágrannalöndin hafa byggt á um margra áratuga skeið. Samkvæmt upplýsingum sem ég hef aflað frá dönskum sérfræðingum telja þeir að með þeirri útfærslu sem hæstv. félmrh. leggur til sé hætta á mikilli verðbólgusprengingu og að verð fasteigna muni hækka verulega. Satt best að segja óttast ég þetta einnig, einkum þegar ég horfi á fulltrúa verðbréfafyrirtækja og fasteignasala mala eins og kettir sem hafa fengið rjóma í skál þegar húsbréfafrumvarpið ber á góma.

Þá eru dönsku sérfræðingarnir sammála okkur um það atriði að ríkið á ekki að hafa forgöngu um að reka húsbréfakerfið. Þeir fórna höndum yfir þeirri hugmynd að hafa húsbréfin með ríkisábyrgð og tala um jafngildi seðlaprentunar eins og reyndar fleiri gagnrýnendur hér á landi. Við viljum að lífeyrissjóðirnir í landinu taki að sér þetta verkefni í samvinnu við launþegasamtökin, banka og tryggingafélög en ekki ríkið. Húsnæðisstofnun ríkisins á að einbeita sér að því meginverkefni að sinna húsnæðisvandamálum lágtekjufólksins, öryrkja og aldraðra og veita almenna ráðgjöf. Eins á stofnunin að veita öllum sem eru að kaupa eða byggja sína fyrstu íbúð hagstæð lán með niðurgreiddum vöxtum. Allir aðrir geta sætt sig við húsnæðislán með venjulegum markaðsvöxtum.

Þá vantar bremsurnar í kerfið. Í nágrannalöndunum er það grundvallaratriði að kaupandi eða seljandi verður að sækja um húsbréfalán. Lánsumsóknin er síðan tekin til afgreiðslu. Ef það er þensla á fasteignamarkaði eða húsbréfin seljast illa er hægt að hægja á útgáfu þeirra í takt við afgreiðslu lánsumsókna. Eins og húsbréfakerfið er skilgreint samkvæmt frv. hleypur seljandinn með eitthvert staðlað fasteignaskuldabréf undirritað af kaupanda upp í Húsnæðisstofnun strax eftir söluna og fær bunka af húsbréfum í staðinn. Hvorki hann né kaupandinn þurfa að sækja um afgreiðslu. Kerfið er hömlulaust. Fyrirtæki geta t.d. látið hlutahafana selja hver öðrum íbúðir sínar til að útvega fjármagn. Þetta einfaldlega gengur ekki. Því verður að laga frv. og breyta því. Það má ekki eyðileggja hina annars ágætu hugmynd um húsbréfalán með flaustri og flumbrugangi. Annars ætti okkur ekki að vera ofviða að leysa húsnæðisvandamál þjóðarinnar á tiltölulega auðveldan hátt. Við erum rík þjóð og ættum ekki að þurfa að búa við meiri húsnæðisvanda en nágrannaþjóðir okkar sem hafa að mestu leyti leyst hann.

Við notum um 14 milljarða kr. til húsnæðislána á einu ári. Hvernig væri að taka hluta þeirrar upphæðar, t.d. 3–5 milljarða kr. árlega, og leysa á 2–3 árum húsnæðisvanda lágtekjuhópa og öryrkja? Hvernig væri að gera stórátak í líkingu við byggingu Breiðholtsíbúðanna á sínum tíma? Byggja 3000 íbúðir af meðalstærð um land allt á næstu þrem árum í samvinnu Húsnæðisstofnunar, sveitarfélaga og hagsmunasamtaka launþega, öryrkja, námsmanna og aldraðra? Þetta er ekki eins stórt vandamál og menn vilja vera láta.

Þá langar mig til að víkja að enn einu atriði í húsnæðismálum okkar en það eru sjálf húsnæðislánin. Í tillögum okkar borgaraflokksmanna kom fram með hvaða hætti væri hægt að gera lánin sjálf aðgengilegri og léttbærari fyrir launafólk með breyttum lánskjörum. Þannig bentum við á lán með afkomutryggingu samkvæmt amerískri fyrirmynd. Það gerist með þeim hætti að húsnæðislánastofnanir í samvinnu við líftryggingafélög bjóða lán þar sem lántakinn er afkomutryggður. Ef greiðslugeta lántakandans minnkar vegna atvinnumissis, heilsutjóns, fráfalls maka eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, greiðir tryggingafélagið mismuninn á greiðslubyrði og greiðsluþoli hans. Hópur þess fólks sem lendir í greiðsluerfiðleikum vegna húsnæðislána fer sívaxandi og greiðsluerfiðleikadeild Húsnæðisstofnunar hefur hvergi undan. Hefði ekki verið nær að taka á þessu vandamáli?

Þessi mál svo og önnur vandamál, svo sem hinar illvígu kjaradeilur, verðum við að sameinast um að leysa án tillits til flokkadrátta og hagsmunahópa. Best væri nú að gera kjarasátt sem tryggir viðunandi kaupmáttarstig lágtekjuhópanna án beinna krónutöluhækkana. Nýgerðir kjarasamningar við opinbera starfsmenn kunna að torvelda þessa leið en sjálfsagt er að reyna hana til þrautar engu að síður. Þessa kjarasátt á að gera með beinum og óbeinum skattalækkunum, með því að fella niður matarskattinn, hækka skattleysismörk hjá lágtekjuhópum og koma í veg fyrir frekari skerðingu kaupmáttar hjá barnafjölskyldum og gamla fólkinu með öðrum mildandi skattaaðgerðum. Þetta verður að gerast í tengslum við nauðsynlega breytingu á gengi íslensku krónunnar svo útflutningsfyrirtækin og fyrirtækin í samkeppnisiðnaði fari að skila hagnaði. Afkoma fólksins skiptir meginmáli svo og afkoma fyrirtækjanna. Afkoma ríkissjóðs hlýtur að vera í þriðja sæti á forgangslistanum enda hag ríkissjóðs best borgið þegar fólkinu og fyrirtækjunum vegnar vel.

Á þeim stutta tíma sem við þingmenn Borgfl. höfum setið á þingi höfum við komið fram með ótal nýstárlegar hugmyndir og bent á nýjar leiðir í efnahags- og þjóðmálum. Við fögnum því að sumar þessara hugmynda, til að mynda húsbréfin, eru farnar að síast inn í gömlu flokkana. Það má öllum vera ljóst að gömlu stjórnmálaflokkarnir eru steingeldir og vantar allan sköpunarkraft. Hagsmunagæslan, kjördæmapotið og valdabaráttan drepur hvern vott af frjórri hugsun. Því er orðið lífsspursmál að nýjar stjórnmálahreyfingar nái öruggri fótfestu í íslenskum stjórnmálum. Annars hjökkum við áfram í sama farinu og búum við endalausa umræðu og kjaftæði um efnahagsvandamál þjóðarinnar.

Ég ætla að biðja ykkur, landsmenn góðir, sem hlýðið á mál mitt að hugleiða þetta. Ég óska ykkur öllum gleðilegs sumars.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Góðir landsmenn. Á eldhúsdegi er vani að stjórnarandstaðan ráðist á ríkisstjórnina og tali um hvað henni hafi mistekist hrapallega við stjórn

landsmála, réttast væri að hún segði af sér og hleypti öðrum að sem hafa lausnir á aðkallandi vandamálum. Stjórnarliðar hins vegar hæla sjálfum sér í hástert og benda á hvað ytri aðstæður séu sérlega erfiðar og hvað þeir tóku við slæmu búi frá fyrri stjórn. Þetta hefur einkennt umræðuna á eldhúsdegi og þessi eldhúsdagur verður eflaust ekkert frábrugðinn.

Borgfl. kom ekki inn í íslensk stjórnmál til þess eins að gagnrýna og þykjast hafa ráð undir rifi hverju. Hann hefur ekki starfað þannig og mun ekki tileinka sér þau vinnubrögð í framtíðinni heldur leitast við að vinna á málefnalegan hátt með hag landsmanna allra að leiðarljósi. Leggur Borgfl. áherslu á að brotist sé út úr þeim vítahring sem einkennt hefur íslensk stjórnmál og byggst á skammtímalækningum og stundargróða. Vill Borgfl. þess í stað huga að framtíðarsýn með þarfir komandi kynslóða í huga og leita lausna í íslenskum veruleika sem hentar þessu litla eyríki langt úti í Atlantshafi.

Það er ekki að tilefnislausu að ég minnist á Borgfl. hér í upphafi ræðu minnar á eldhúsdegi því umræðan um stjórn landsmála hefur hætt að snúast um hag fólksins og þann raunveruleika sem það býr við og tekið meira mið af þörfum einstakra stjórnmálaflokka og hvernig þeir geti komist að kjötkötlunum. Borgfl. var stofnaður til að koma í veg fyrir þessa þróun.

Ég bið ykkur landsmenn að íhuga hvort ekki er kominn tími til að endurskoða um hvað stjórnmál eigi að snúast og hvernig stjórnmálaflokkar eigi að starfa, sérstaklega nú þegar kreppir að í þjóðfélaginu. Á það að vera frumskylda stjórnarandstöðuflokks að koma ríkisstjórn frá með öllum tiltækum ráðum eða á flokkur í stjórnarandstöðu að taka ábyrga og málefnalega afstöðu með hag fjöldans í huga? Þó svo að sú ákvörðun kunni að sýnast varhugaverð fyrir flokkinn sem heild. Eiga þingmenn að sinna kalli sannfæringarinnar eða vera undir járnhæl flokksforustunnar? Á stjórnmálaflokkur að starfa á þeim grunni að fyrirlíta aðra flokka og skoðanir þess fólks sem að þeim stendur? Eða vera tilbúinn til samstarfs sé vilji beggja aðila að vinna að uppbyggingu og framþróun.

Að undanförnu hefur Borgfl. legið undir ámæli fyrir vinnubrögð sín og þá afstöðu að greiða fyrir ákveðnum málum hér á Alþingi. Það hefur svo sannarlega ekki verið sársaukalaust að móttaka þær aðdróttanir. Pólitíkin er svo sannarlega miskunnarlaus og er á villigötum þegar svo er komið að það telst brottrekstrarsök að fylgja skoðunum sínum eftir. Ég trúi því ekki að óreyndu að þessi þjóð vilji harðan flokksaga í stjórnmálum og að tekinn sé af þingmönnum sem hún hefur valið til ábyrgðarstarfa sá réttur að hlíta kalli samviskunnar á örlagastundu.

Borgfl. vill ekki starfa á þeim grunni. Hann stendur þess í stað vörð um rétt einstaklingsins til orða og æðis enda stofnaður gegn ofríki fjórflokkanna sem skipst hafa á um að fara með völd hér á landi og sem hafa keyrt þjóðfélagið í kaf skuldasöfnunar og óstjórnar.

Fyrir réttu ári síðan stóð ég hér í þessum sama ræðustóli og talaði til ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar. Með litlum breytingum gæti ég flutt þá sömu ræðu hér þó svo að ný ríkisstjórn sé komin. Það eina sem er frábrugðið er að nú er kreppa en fyrir ári síðan var þensla og sú ríkisstjórn sem nú situr hefur sett á stóreignaskatt en ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar setti á matarskattinn illræmda. Að öðru leyti eru sömu vandamálin og ráðleysið það sama. Menn skulu ekki lifa í þeim blekkingarheimi að ástandið batni komi Sjálfstfl. til áhrifa. Skyldi einhver vera þeirrar skoðunar þá er hann fljótur að gleyma hvernig umhorfs var við fall fyrri stjórnar.

Landsmenn góðir. Það virðist vera alveg sama hver hinna fjögurra kerfisflokka fer með völdin, þeir svamla allir í sömu súpunni og geta sig hvergi hreyft af ótta við afturhalds- og hagsmunahópa í þeirra eigin flokkum. Þær raddir gerast nú æ háværari að Borgfl. sé á leið í ríkisstjórn. Auðvitað fagnar Borgfl. því traustí sem þjóðin sýnir flokknum, með aðild hans megi vinna sig út úr aðsteðjandi vandamálum. En ríkisstjórn sem hefur þá stefnu í efnahags- og atvinnumálum að gera helst ekki neitt er ekki sú ríkisstjórn sem Borgfl. kýs að eiga aðild að.

Það hefur ekki farið fram hjá neinum að við þjóðinni blasa mikil og brýn vandamál sem verður að takast á við og leysa. Að sjálfsögðu finnur Borgfl. til ábyrgðar sem stjórnmálaflokkur og horfir á með hryllingi. Það sem ber hæst eru þau verkföll sem staðið hafa frá aprílbyrjun og það ástand sem fyrirsjáanlegt er að muni skapast ef hagsmunasamtök verkafólks á hinum almenna vinnumarkaði ákveða að grípa til hliðstæðra aðgerða í næsta mánuði. Hið aukna atvinnuleysi er mikið áhyggjuefni og innreið þess hefur ófyrirséðar afleiðingar. Nú strax er farið að bera á fólksflótta, ekki aðeins frá dreifbýli til þéttbýlis, heldur einnig úr landi. Landsbyggðin hefur orðið verst úti í þeim hremmingum sem dunið hafa yfir og enn meiri byggðaröskun er óhjákvæmileg. Gjaldþrot heimila og fyrirtækja hafa aldrei verið eins stór og eins tíð eins og undanfarna mánuði og engar horfur eru á að þeim fækki að óbreyttri stjórnarstefnu. Við þetta bætist viðskiptahalli, erlend skuldasöfnun og óðaverðbólga og þrátt fyrir meiri skattheimtu en nokkru sinni fyrr er búist við stórhalla á ríkissjóði.

Staðan fram undan er því miður afar dökk og kallar á ráðstafanir til stöðvunar þessarar óheillaþróunar. Miðað við það sem á undan hefur gengið er ólíklegt að ríkisstjórnin ranki við sér svo dæmalaus hafa störf hennar verið að undanförnu. Viljann virðist einnig vanta til að taka á málum með þeim hætti sem dugar. Þjóðin situr uppi með enn eina ríkisstjórnina sem er lifandi dauð og sem hefur ekki hugmynd um hvernig hún eigi að bregðast við aðsteðjandi vandamálum. Alvarlegust er staða fyrirtækja í grunnatvinnugreinunum, fiskveiðum og vinnslu, og svo er komið að ekki þýðir lengur að fella gengið til að rétta stöðu greinanna við. Eigið fé þeirra fyrirtækja er uppurið.

Í samkeppnisiðnaðinum er hvert fyrirtækið á fætur öðru að leggja upp laupana. Heimilin líða skort og

vanskilaskuldir hrannast upp í bankakerfinu. Þjóðargjaldþrot liggur í loftinu.

Það eina sem ríkisstjórnin hefur til málanna að leggja er nýtt húsnæðiskerfi og stóraukin seðlaprentun sem fylgir því í formi húsbréfa.

Það er rétt að kosningar leysa ekki þann vanda sem við er að etja en ef ríkisstjórnin ætlar að keyra hér allt í strand þá er betra að fá kosningar strax og freista þess að fá nýja ríkisstjórn sem þorir að taka á málunum. Við það ástand sem nú ríkir verður ekki búið öllu lengur. Það er mikil synd fyrir launþega þessa lands að þær fórnir sem þeir færðu á tímum launafrystingar skyldu ekki vera nýttar af hálfu ríkisstjórnarinnar til viðreisnar efnahags- og atvinnulífinu. Þess í stað mátti fólkið þola tíðar gengisfellingar, stórauknar skattaálögur, óðaverðbólgu og sér sig nú knúið til þess að fara í verkfall til að fá leiðréttingu sinna mála. Ríkisstjórnin hefur brugðist trausti fólksins í landinu og verður að viðurkenna að hún hafi misst tökin á ástandinu og stjórnarstefnan beðið skipbrot.

Góðir landsmenn. Borgfl. mun hér eftir sem hingað til reynast sverð og skjöldur þeirra sem minna mega sín í þjóðfélaginu og brjóstvörn þeirra sem til hans leita. Í því ástandi sem nú hefur skapast í þjóðmálum er þörf á flokki sem rís ofar og er tilbúinn að leiða þá sem vilja berjast gegn matarskattsflokkunum og byggja hér upp heiðvirt þjóðfélag.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Þegar fyrsta vetri á valdatíma þessarar ríkisstjórnar er að ljúka, þá er rétt að rifja það upp hvernig umhorfs var þegar ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar var að hrökklast frá og Sjálfstfl. og hin grimma og harða frjálshyggja hafði skilið eftir sig sín spor í íslensku þjóðfélagi. Forsvarsmenn atvinnulífsins voru sammála um þann spádóm að við blasti atvinnuleysi 15–20 þúsund manna upp úr áramótum. Á gráa markaðnum geisuðu gróðavindar óheftir og miklu fjármagni var rakað saman til fjármagnseigenda. Bankar og lánastofnanir tóku til sín gróða sem talinn var í mörgum milljörðum. Við blasti stórfelld gengisfelling eða hrikaleg kjararýrnun almennings í landinu, flótti frá landsbyggðinni allt í kring, stöðvun atvinnulífsins hvar sem litið var. Það var við þessar kringumstæður sem Alþb. tók þá ákvörðun að ganga til liðs við tvo flokka úr fyrri ríkisstjórn, flokka sem höfðu gefist upp á hinni hörðu frjálshyggju peningaaflanna og voru nú reiðubúnir að taka með okkur nýjum tökum íslenskt þjóðfélag, tökum félagshyggju og hagsmuna launafólksins í landinu.

Þessi ríkisstjórn kom sér saman strax í upphafi um skýra og afmarkaða verkáætlun. Sú verkáætlun fólst í þremur köflum. Fyrsti kafli hennar var sex mánaða tími verðstöðvunar og -bindingar. Til þess að leysa burtu verstu ógnanirnar sem hin harða frjálshyggja hafði skapað, að strá græðandi smyrslum í hin djúpu sár sem frjálshyggjan hafði skapað í íslensku þjóðfélagi. Þessum fyrsta sex mánaða kafla í verkáætlun ríkisstjórnarinnar er nú lokið með ótrúlega góðum árangri sem ég mun nú koma að innan tíðar.

Annar kaflinn er nú nýhafinn, kafli aðhalds og undirbúnings undir langtímauppbyggingu atvinnulífs á Íslandi, félagslegra framfara og nýrrar sóknar til bættra lífskjara. Þessi millikafli sem við höfum nú hafið nýlega mun að öllum líkindum standa í 6–9 mánuði og gera okkur kleift að undirbúa fyrir árin 1990 og 1991 efnahagsstefnu stöðugleika og nýrra framfara. Þessi ríkisstjórn ætlar sér að skila góðu verki. Hún hefur á sex mánuðum náð ótrúlega miklum árangri. Það miklum árangri að ef lesnar eru hrakspárnar sem Sjálfstfl., Verslunarráðið og Vinnuveitendasambandið fluttu hér mánuðum saman á sl. vetri, þá hljóma þær sem hreinar öfugmælavísur. Og það er nú einu sinni þannig að verkin og staðreyndirnar tala í þessu efni mjög skýru máli.

Í fyrsta lagi: Hvað hefur gerst í atvinnumálunum? Atvinnuleysi 15–20 þúsund manna hefur verið forðað. Hér var myndaður sérstakur skuldbreytingasjóður sem farið var um háðulegum orðum á fyrstu mánuðum en hefur nú sannað svo gildi sitt að enginn dirfist í dag að hallmæla honum. Hann hefur þvert á móti tryggt áframhaldandi starfsemi 80–90 fyrirtækja allt í kringum landið. Hann hefur forðað því mikla atvinnuleysi sem frjálshyggjan hafði skapað. Og í kjölfar hans nýr Hlutabréfasjóður sem á að breyta eignarhaldi fyrirtækjanna, flytja fjármagn frá bönkum og sjóðakerfi þar sem gróðinn hefur verið á undanförnum árum og yfir í atvinnulífið sjálft. Á sama tíma hefur verið knúin fram stórkostleg endurskipulagning í atvinnuvegunum, á sjávarútvegi og fjölmörgum öðrum greinum sem er þegar farin að skila það miklum árangri að framlegð fjölmargra frystihúsa hefur nú breyst úr 6% fyrir áramót í 20–30% nú.

Í öðru lagi vextirnir. Hverjir muna ekki vaxtafárið hér á lokamánuðum ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar þar sem grái markaðurinn malaði til sín stórfelldan gróða? Nú hrynja vextirnir á gráa markaðinum úr 17% í 10%. Hver man ekki 11–12% raunvexti í bankakerfinu og opinbera sjóðakerfinu? Þeir eru nú þegar komnir niður í 7% og nýlega voru gerðir samningar við lífeyrissjóðina sem tryggja að nú þegar eru komnir á 5% raunvextir á þeim hluta lífeyrissjóðafjármagnsins sem tengdur er við raunvextina á evrópskum peningamarkaði.

Og ríkisfjármálin. Vissulega urðum við að leggja á nýja skatta til þess að snúa við hallarekstrinum og erlendri skuldasöfnun sem Þorsteinn Pálsson og Sjálfstfl. höfðu staðið fyrir. En nú þegar er árangur þessa starfs að koma í ljós. Niðurstaðan úr rekstri ríkisins á fyrstu þremur mánuðum ársins sýnir það að ríkissjóður hefur skilað á þessum fyrstu þremur mánuðum 800 millj. kr. umfram í jákvæða niðurstöðu en áætlanir sögðu til um, þ.e. tekjurnar hafa verið um 800 millj. kr. meiri á sama tíma og útgjöldin hafa staðið í stað. Ég er ekki að segja að árið allt verði með svona jákvæðum hætti. En þetta er alla vega góð byrjun á þeirri tilraun að snúa þessari þróun við.

Í þriðja lagi kjaramálin. Alþb. hefur á undanförnum árum barist fyrir launastefnu sem fælist í því að það fólk sem lægst hefði launin hefði forgang, barist fyrir

launastefnu þar sem kjör hinna fjölmennu kvennastétta í landinu væru leiðrétt. Og það er ánægjulegt að okkur hefur nú þegar tekist að gera kjarasamnnga við yfir 20 þúsund launamenn á Íslandi sem staðfesta þessa launastefnu, launastefnu þar sem fólkið með lægstu launin hefur forgang, launastefnu sem staðfestir að kvennastéttirnar á Íslandi hafa fengið mestu réttindin og hagstæðustu bæturnar. Og það er napurt að Kvennalistinn skuli hafa kosið þessa stund til þess að mótmæla slíkum kjarasamningum og krefjast hér á Alþingi sérstakra umræðna utan dagskrár til að berjast gegn þeim kjarasamningum sem fært hafa því fólki með lægstu launin og hinum fjölmennu kvennastéttum á Íslandi mestu kjara- og réttindabót á undanförnum árum. En konurnar í samtökum launafólks hafa talað. Þær hafa samþykkt þessa samninga með 85–95% atkvæða á sama tíma og Kvennalistinn berst gegn þessum konum hér á Alþingi og utan þings. Og það er ánægjulegt að í dag tókst að gera kjarasamning við Félag háskólakennara, kjarasamning sem enn frekar staðfestir þessa launastefnu en felur líka í sér framtíðarumbætur í rannsóknarstarfi, vísindaiðkunum og starfsháttum Háskólans sem lengi munu nýtast þessari þjóð og verða atvinnulífinu og framförunum til góða.

Ég vona að það ágæta fólk háskólaborgara í öðrum stéttarfélögum sem undanfarið hefur háð harða launadeilu muni horfa á þennan samning og í samvinnu við okkur ná þeim árangri á næstu dögum að staðfesta þessa launastefnu sem yfir 20 þúsund manns hafa nú þegar samþykkt, en jafnframt nota tímann til þess að tryggja framtíðaruppbyggingu á sínu eigin starfssviði eins og háskólakennarar ákváðu að gera í dag.

Þannig mætti lengi telja. Þetta er niðurstaðan úr fyrstu sex mánuðunum á þriggja ára verkáætlun þessarar ríkisstjórnar. Það er rétt sem félagar mínir í þessari ríkisstjórn og samstarfsflokkunum hafa sagt hér í kvöld. Það er góður vinnuandi í þessari ríkisstjórn. Þetta er vinnusöm ríkisstjórn sem ætlar sér að ná árangri. Auðvitað eru alltaf mismunandi áherslur eins og ætíð verður þegar þrír flokkar vinna saman. En innan ríkisstjórnarinnar er nægilegur drengskapur, nægilegur heiðarleiki, nægilegur manndómur til að leysa þann ágreining þannig að upphlaupin sem fjölmiðlarnir keppast við að segja frá í hverri viku gleymast innan tíðar og stjórnin heldur áfram viku af viku, mánuð frá mánuði, ári til árs að vinna sín verk með dugnaði, einbeitni og atorku.

Ég vil nota þetta tækifæri hér í kvöld til þess að þakka samstarfsaðilum okkar í ríkisstjórn fyrir góða og drenglundaða samvinnu í þessari ríkisstjórn. Ég vil þakka forsrh. þessarar ríkisstjórnar fyrir góða verkstjórn og góða samvinnu við okkur. Og ég vil þakka forustu Alþfl. einnig fyrir heiðarleika og myndarskap í samvinnu við okkur þótt ágreiningsefnin hafi á stundum verið nokkur. Þannig er það rétt sem utanrrh. sagði hér í kvöld. Við erum staðráðin í því að þessi ríkisstjórn haldi áfram að stjórna landinu. Hún hefur nú þegar lokið fyrsta kaflanum í sinni verkáætlun. Annar kaflinn er nýhafinn og við upphaf nýs áratugar munum við festa þriðja kaflann í sessi. Þá mun þjóðin sjá að hún mun ekki vilja Sjálfstfl. á ný til forustu. Þá mun koma í ljós að fylgi Sjálfstfl. í skoðanakönnunum nú verður jafnskammvinnt og fylgi Kvennalistans í skoðanakönnunum fyrir ári síðan vegna þess að þjóðin vill jafnréttisríkisstjórn sem hefur manndóm og einurð til að veita þessari þjóð nýja forustu inn í traustari framtíð og inn í nýja öld. — Takk fyrir.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegur forseti. Góðir áheyrendur. Það vildi ég að við stæðum hér og töluðum til ykkar við allt aðrar og betri aðstæður en raun ber vitni. Að ástandið í þjóðfélaginu hefði gjörbreyst frá síðasta eldhúsdegi. En því miður, sú er ekki raunin. Vissulega höfum við stigið skref í rétta átt, útlitið er betra núna en það var þegar ríkisstjórnin tók við sl. haust og við blasti gífurlegt atvinnuleysi og lokun fyrirtækja og þá sérstaklega í útflutningsgreinunum. Það eru að vísu til menn á hv. Alþingi sem mála skrattann á vegginn, ólmast hér í ræðustól og segja að ástandið sé verra nú en það var við ríkisstjórnarskiptin og mest eru lætin í beinni sjónvarpsútsendingu.

Staðreyndin er hins vegar sú að aðgerðir ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og peningamálum hafa skilað árangri sem kemur fram í lækkun vaxta á lánsfjármarkaðnum, meira að segja vextir á gráa markaðnum hafa lækkað verulega. Raunvextir af verðtryggðum útlánum bankanna hafa lækkað úr rúmum 9% í septemberlok í 7,25% þar sem þeir eru lægstir. Stefnt er að því að þeir verði enn lægri um mitt sumar. Nafnvextir voru í lok september 30% af óverðtryggðum skuldabréfum. Þeir lækkuðu í kjölfar verðstöðvunar niður í 12% í lok desember. Það er hins vegar ljóst að eftir að verðstöðvun lauk og verðbólga jókst hafa nafnvextir hækkað aftur og við því verður að bregðast. Nýgerður samningur við lífeyrissjóðina stuðlar að enn frekari vaxtalækkun. Lækkun vaxta er mikil kjarabót fyrir heimilin í landinu. Og fyrir mörg fyrirtæki er þetta spurning um líf eða dauða. Ríkisstjórnin verður því að leggja höfuðáherslu á áframhaldandi vaxtalækkun.

Eitt fyrsta verk ríkisstjórnarinnar var að stofna Atvinnutryggingarsjóð til að bjarga illa stöddum fyrirtækjum frá gjaldþroti og lokun og koma þannig í veg fyrir að þúsundir manna misstu atvinnu sína. Þessi bráðabirgðaráðstöfun ríkisstjórnarinnar var gagnrýnd harðlega. Nú eru þessar raddir að þagna, enda veitti sjóðurinn 70 fyrirtækjum aðstoð frá því hann var stofnaður og fram til 15. mars. Skuldbreytinga- og hagræðingarlán sjóðsins námu á þessum tíma 2536 millj. kr. sem þýðir að hvert þessara 70 fyrirtækja hefur fengið að meðaltali um 36 millj. kr. Frá 15. mars er auk þess búið að afgreiða önnur 40 fyrirtæki hjá sjóðnum. Af þessu má sjá að það eru háar upphæðir sem farið hafa til þess að bjarga atvinnulífinu frá því hruni sem við blasti í haust. En björninn er ekki unninn. Ef okkur á að takast að reisa

atvinnulífið varanlega við þá verður ríkisstjórnin að halda vel á spöðunum og horfa til framtíðar, hafa þar að leiðarljósi þá stefnu Alþb. að horfa á landið sem heild og skipuleggja atvinnulífið eftir svæðum í samræmi við landkosti og þá möguleika sem bjóðast á hverjum stað.

Skammtímasjónarmið og skammtímalausnir hafa einkennt vinnubrögð stjórnvalda allt of lengi. Ríkisstjórn eftir ríkisstjórn hefur horft á vanda atvinnulífsins, vanda heimilanna, byggðaröskunina og boðið upp á lausnir til eins árs í senn. Tíminn sem þá hefur unnist til þess að skipuleggja til framtíðar og hefja aðgerðir sem hafa varanlegan bata að markmiði hefur aldrei verið notaður. Þetta er ástæðan fyrir því að fyrirtækin hanga á horriminni. Efnahagsástand þjóðarbúsins er afskaplega bágborið. Og þetta er verkefnið sem núverandi ríkisstjórn hefur til úrlausnar. Hún verður að horfa til framtíðar og vinna samkvæmt því. Það hafa verið stigin skref í rétta átt en mikið verk er óunnið.

Það er í rauninni aldeilis makalaust hvernig tekist hefur á undanförnum árum að sigla málum í strand eins og við búum í góðu og gjöfulu landi sem býður upp á möguleika til fjölbreyttrar atvinnu.

Góðir áheyrendur. Það hefur tekist á undanförnum mánuðum að koma í veg fyrir það gífurlega atvinnuleysi sem við blasti. Vextir fara lækkandi og unnið er að því af krafti að bæta rekstrarskilyrði fyrirtækjanna og koma atvinnulífinu á réttan kjöl.

Á undanförnum vikum hafa verið gerðir kjarasamningar sem vissulega ber að fagna. Þar er þó verki ólokið. Félagar í Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna eru enn í verkfalli og því miður hefur lítið hreyfst í átt að samkomulagi. Stjórnvöld eru að semja við fólk sem gegnir mikilvægu hlutverki í mennta-, heilsugæslu- og rannsóknakerfi landsins í krafti þeirrar menntunar sem það hefur aflað sér. Það þarf ekki að orðlengja mikilvægi þess að samningar náist sem báðir aðilar geta verið sáttir við. Það blasa líka við enn frekari átök á vinnumarkaðnum ef ekki tekst að semja við launþega innan Alþýðusambands Íslands á næstu dögum. Þar er það fólk sem vinnur við sjávarútveginn og aðra undirstöðuatvinnuvegi okkar. Fram kemur í fréttum að afkoma fiskvinnslufyrirtækja hafi aldrei verið eins slæm og á síðasta ári. En þar er ekki launum verkafólksins um að kenna. Reyndar hefur það gerst æ ofan í æ að fiskvinnslufólk hefur orðið að sjá af hluta af launum sínum vegna aðgerða stjórnvalda. Þurft að leggja sinn skerf af mörkum til þess að halda fyrirtækjunum gangandi. Það er almennur rekstrargrundvöllur fyrirtækjanna sem er rangur og á það ber að horfa. Og það er hlutverk ríkisstjórnarinnar að vinna að úrlausnum og bæta skilyrði fyrirtækjanna til rekstrar. Vandamálið er ekki það að fólk fái greidd of há laun fyrir vinnu sína. Því er það rangt að segja að fyrirtækin þoli ekki hækkun launa verkafólks í fiskvinnslu eða annars staðar til jafns á við það sem samningur BSRB við ríkið kveður á um. Með bættum rekstrarskilyrðum og áframhaldandi lækkun vaxta og fjármagnskostnaðar geta fyrirtækin greitt hærri laun. Það sama gildir um ríkið gagnvart starfsmönnum sínum.

Verði áframhaldandi árangur af aðgerðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum þá eykst svigrúm til launahækkana. Því er það eitt af meginmarkmiðum þessarar ríkisstjórnar að bæta rekstur ríkisfyrirtækjanna og tryggja rekstrargrundvöll fyrirtækja í landinu öllu.

Ég óska ykkur gleðilegs sumars og þakka áheyrnina.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Þegar ríkisstjórnin tók við völdum á sl. hausti biðu hennar vissulega erfið verkefni. Það lá fyrir og kom engum á óvart. En þau vandamál sem við er að glíma hafa að vísu að ýmsu leyti reynst stærri og úrlausnarefnin erfiðari en menn höfðu reiknað með. Skýrt dæmi um þetta er sú staða fyrirtækja í útflutningsgreinum sem ársreikningar eru að leiða í ljós um þessar mundir. Eins og rauður þráður gengur í gegnum þá reikninga hinn óheyrilegi fjármagnskostnaður og hin miklu umskipti til hins verra sem í þeim efnum urðu á árunum 1986–1988 í kjölfar frjálshyggjunnar, vaxtabrjálæðisins sem þá hafði verið innleitt. En einnig tala niðurstöðutölur ársins 1988, eins og þær birtast í reikningum fyrirtækjanna, í afkomu heimilanna, skýru máli um það stjórnleysi og aðgerðarleysi sem einkenndi ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar og var að sigla öllu í strand á haustmánuðum sl. Niðurstaðan sýnir að efnahags- og atvinnulíf landsmanna, sérstaklega útflutningsatvinnuvegirnir, voru komnir nær bjargbrúninni, komnir nær hruni en nokkurn gat órað fyrir. Það verður að takast að snúa af þeirri óheillabraut sem frjálshyggjan hafði leitt inn á. Það verður að takast að byggja upp að nýju og styrkja stöðu fyrirtækjanna, bæta afkomu almennings og tryggja atvinnu.

Þessarar ríkisstjórnar bíða einnig mikilvæg verkefni á sviði félags- og menningarmála sem íhaldsblandaðar ríkisstjórnir síðustu ára hafa vanrækt. Breyttar áherslur í utanríkis- og friðarmálum þar sem afvopnun á höfunum og barátta fyrir því að bægja frá íslenskri lögsögu kjarnorkuvopnum og kjarnorkuknúnum farartækjum eru stórmál sem gefa þarf forgang á næstunni.

Á sviði íslensks landbúnaðar hafa skipst á skin og skúrir eins og víða annars staðar. Hið sama má segja um horfurnar fram undan. Þar er sums staðar bjart en annars staðar dekkra. Þær nýju búgreinar sem horft hefur verið til undanfarin ár og vonir stóðu til að skapað gætu störf í stað þeirra sem tapast mundu við samdrátt í hefðbundnum búgreinum hafa mætt miklum erfiðleikum, einkum loðdýraræktin. Segja má að sú grein berjist fyrir lífi sínu þessa mánuðina. Óhagstæð gengisskráning og svimandi hár fjármagnskostnaður leiddu til mikilla erfiðleika þegar við uppbyggingu greinarinnar. Og þegar svo við bættist mikið verðfall framleiðslunnar þarf engan að undra þó að erfiðleikarnir séu miklir. Vonandi duga þær ráðstaf-

anir sem gripið hefur verið til og eru nú að koma til framkvæmda þessar vikurnar til að afstýra hruni greinarinnar.

Í hinum hefðbundna búskap eru það einkum erfiðleikar sauðfjárræktarinnar, fallandi gengi kindakjötsins á innanlandsmarkaði og þeir miklu aðlögunarerfiðleikar sem fylgja samdrætti í framleiðslu sem upp úr standa. Haldi sú þróun áfram sem staðið hefur nær óslitið frá árinu 1982, að innanlandsneysla kindakjöts dragist saman og útflutningsmarkaðir séu jafnóhagstæðir og verið hefur, munu áframhaldandi og miklir erfiðleikar steðja að, ekki aðeins að bændum sem í þessari búgrein starfa, heldur einnig að úrvinnslu- og þjónustuaðilum, þéttbýliskjörnum og heilu landshlutunum. Að mínu mati er því eitthvert albrýnasta hagsmunamál landbúnaðarins og um leið eitt stærsta byggðamálið að snúa þessari öfugþróun við. Því verkefni verður gefinn forgangur á næstunni.

Í mjólkurframleiðslunni er staðan betri. Þar hafa markmið búvörusamningsins um aðlögun framleiðslunnar að innanlandsmarkaði í raun þegar tekist og jafnvel horfir það nú til nokkurrar aukningar frekar en hitt. Í landbrn. er hafin margþætt vinna sem miðar að endurskoðun framleiðslustefnunnar, nýjum áherslum við framleiðslustjórn og undirbúningi viðræðna ríkisvaldsins og bændasamtakanna um framhaldið. Þar eru á ferðinni viðamikil verkefni og ætlunin er að tengja þar saman eftir því sem kostur er í eina heildarstefnu markaðsmál og framleiðslustjórnun, landnýtingarsjónarmið, byggðaþáttinn, hagræðingu í greininni og síðast en ekki síst verður þar að horfa til lífskjara bænda, hinna félagslegu aðstæðna í sveitum og strjálbýli og reyna eins og kostur er að fella þessa þætti saman í eina samstiga heild. Tímans vegna rek ég þessa vinnu ekki nánar en segi það að lokum að miklu varðar að þar fáist farsæl niðurstaða.

Íslenskur landbúnaður stendur frammi fyrir miklum breytingum og er á miklu umrótsskeiði. Slíkar breytingar verða að sjálfsögðu ekki stöðvaðar með valdi. Hitt skiptir miklu máli að þeim sé stýrt með farsælum hætti, að höfð sé stjórn á hraða þeirra og það gleymist ekki að á bak við tölur og prósentur í þessum efnum er lifandi fólk, lífskjör þess og örlög byggðarlaga og heilla landshluta. Kyrrstaða, stöðnun og algjör andstaða við allar breytingar er þó versti kosturinn fyrir íslenskan landbúnað. En það var einmitt boðskapurinn í ræðu Pálma Jónssonar hér áðan. Enginn stöðvar tímans hjól, ekki heldur Pálmi Jónsson, þótt hann sé atgervismaður.

Ótalmörg önnur viðfangsefni væri fróðlegt að ræða hér en flest verður það að bíða betri tíma. Það sem er mörgum bændum líklega efst í huga þessa stundina er erfiður vetur og kalt vor það sem af er og því er ekki að neita að margir bera kvíðboga fyrir komandi sumri hvað grassprettu og heyfeng snertir. Í landbrn. er nú til athugunar hvort unnt sé að grípa til ráðstafana til að auka möguleikana á fóðuröflun í sumar með aukinni framleiðslu grasköggla og e.t.v. á fleiri vegu.

Í stefnuskrá ríkisstjórnarinnar er vikið að því sérstaklega að gera skuli átak til að efla landgræðslu og skógrækt. Í samræmi við þetta tók ríkisstjórnin á dögunum ákvörðun um það að verja nokkurri fjárhæð til þess á sumri komanda að skapa störf fyrir ungt fólk við vinnu á þessu sviði. Ég vil geta þessarar ákvörðunar sérstaklega, ekki vegna þess að hún sé það stór í sniðum að hún skipti sköpum, hvorki í raun um hið stóra átak sem bíður okkar á sviði landgræðslu og skógræktar, né heldur dugir hún ein og sér til að eyða öllum áhyggjum manna af ótryggum atvinnuhorfum skólafólks í sumar. En hún er hins vegar táknræn fyrir vilja ríkisstjórnarinnar á báðum þessum sviðum og verður vonandi metin sem slík.

Á vegum samgrn. er nú hafið starf sem lýtur að því að samræma áætlanir á sviði samgöngumála og stærstu mannvirkjagerðar. Starfshópur undir heitinu „Samgöngur og fjarskipti á nýrri öld" mun vinna að þessu mikilvæga verkefni á næstunni. Góðar samgöngur og samgöngubætur eru ekki síður mikilvægar nú og í raun forsenda þess að einstök landsvæði og landið sem heild verði samkeppnisfært hvað atvinnuhætti og lífskjör snertir í hinum tæknivæddu samfélögum framtíðarinnar. Þannig eru framfarir á sviði samgangna og fjarskipta ekki síður mikilvæg grunnforsenda nú, og verða það á næstu árum, heldur en áður var. Engir eiga þar meira undir en einmitt íbúar landsbyggðarinnar. Þess vegna eru og verða samgöngubæturnar hér eftir sem hingað til eitt allra brýnasta baráttuefni á sviði byggðamála.

Ég lít svo á að eitt af stærstu verkefnum þessarar ríkisstjórnar hljóti óhjákvæmilega að vera að móta nýjar áherslur í byggðamálum. Auðvitað erum við alltaf að fást við byggðamál. Auðvitað eru aðgerðir til að bæta rekstrarstöðu útflutningsatvinnuveganna byggðamál. En það verður jafnframt að taka á hinum félagslegu aðstæðum í dreifbýlinu og skoða samfélög landsbyggðarinnar í heild sinni. Félagsleg þjónusta, verslun, menntunarmöguleikar, menningarlíf og aðrir slíkir þættir mega ekki verða út undan þegar nýjar áherslur í byggðamálum koma til. Það að auka snjómokstur eins og gert var á sl. vetri er vissulega byggðamál. Það að taka skref í átt til jöfnunar á símkostnaði landsmanna eins og gert verður á næstunni er líka byggðamál. Það að færa Skógrækt ríkisins austur á Fljótsdalshérað er byggðamál. En þetta dregur skammt hvert fyrir sig. Hin alvarlega byggðaröskun undanfarinna ára segir okkur að ekkert minna en stórátak, sem tekur á öllum helstu þáttum sem áhrif hafa á byggðajafnvægið, dugar til að snúa straumnum við.

Sú glíma sem nú stendur yfir gegn byggðaröskuninni er örlagarík. Takist að vinna hana og verði það svo að í byrjun næstu aldar búi vaxandi fjöldi fólks, ekki síst ungs og vel menntaðs, á landsbyggðinni sem sé tilbúið til að grípa þá möguleika sem þar bjóðast þurfum við Íslendingar ekki að kvíða framtíðinni. Þar eru miklir möguleikar fólgnir, þar bíða auðlindir og þar eru aðstæður til mikillar verðmætasköpunar sem orðið getur undirstaða velmegunar og vaxtarbroddur framfara á nýrri öld. Lykilorðið í því sam-

bandi eru bættar samgöngur, betri menntun, skilningur á því að byggðamálin snúast einnig um lífskjör og félagslegar aðstæður, og síðast en ekki síst þarf fólk að vera til staðar til að nýta þá miklu möguleika sem Ísland, landið sjálft, og auðlindirnar í hafinu umhverfis hafa upp á að bjóða. Órofin byggðakeðja hringinn í kringum landið er eina örugga tryggingin fyrir því að þeir miklu möguleikar glatist ekki.

Góðar stundir og gleðilegt sumar sem vonandi er á næsta leiti þó að lítið bóli á því enn þá. Ég þakka þeim sem hlýddu.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Nú þegar senn líður að lokum þessa þings er ekki óeðlilegt að litið sé yfir farinn veg og kannað hvernig til hefur tekist. Til þess að gera slíkt hlýtur að vera einfaldast að líta yfir loforðalista ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar og gera á honum snögga athugun, hvort staðið hafi verið við gefin loforð.

Það sjáum við með því að fletta upp í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar sem er að finna í þessum græna bæklingi. Kemur þá fljótlega í ljós að við fá loforð hefur verið staðið. Tökum nokkur dæmi:

Á bls. 9 undir kaflanum Byggðamál segir m.a., með leyfi forseta: „Gerðar verða ráðstafanir til jöfnunar á flutningskostnaði og kostnaði við síma, húshitun og skólagöngu." Kannast nokkur við efndir á þessum loforðum? Nei, auðvitað ekki því þær eru engar.

Þá segir enn fremur í sama kafla, með leyfi forseta: „Unnið verður að því að bæta aðstöðu verslunarfyrirtækja í dreifbýli." Þarna hefur ríkisstjórnin ekki setið aðgerðalaus því hún hefur hækkað skatta á verslunar- og skrifstofuhúsnæði um lítil 100% og telur sig væntanlega með því hafa bætt stöðu verslunarinnar á landsbyggðinni.

Þá ætlaði ríkisstjórnin einnig að treysta atvinnuöryggi í landinu en það fór á sama veg og hjálpin við dreifbýlisverslunina. Hér hefur ekki verið annað eins atvinnuleysi um langan tíma og ef eitthvað er þá fer það vaxandi.

Ríkisstjórnin hefur misst öll tök á verðbólgunni sem nú er komin upp í um og yfir 30%. Það muna e.t.v. einhverjir eftir stefnuræðu forsrh. í haust þar sem hann tilkynnti þjóðinni að verðbólga yrði um 6%. Það þarf ekki að hafa mörg orð um það hver áhrif það hefur á allt efnahagslíf þjóðarinnar að missa enn eina ferðina tökin á verðbólgunni.

Það virðist vera nákvæmlega sama hvar gripið er niður. Alls staðar er þessi óvinsælasta ríkisstjórn allra tíma með allt niður um sig, enda varla von á öðru þar sem minnisleysi hefur gert vart við sig hjá blessuðum hæstv. forsætisráðherranum okkar svo að vart er við því að búast að hann muni hverju hann lofaði þegnum þessa lands, hvað þá hvernig á að stjórna því.

Á síðasta ári talaði hann um að Róm væri að brenna sem svo sannarlega var rétt, enda gerðu allir þá kröfu til hans að fyrst hann gerði sér grein fyrir því gerði hann eitthvað til að slökkva eldana. En einhverra hluta vegna gerði hann það ekki. Hvers vegna veit ég ekki, en hann gæti þó hafa gleymt sér.

Þá hefur sami ráðherra lýst því yfir svona rétt til þess að auka tiltrú lánardrottna okkar erlendis á okkur að aldrei fyrr hafi íslenska þjóðin staðið nær þjóðargjaldþroti.

Nei, það vantar ekki yfirlýsingarnar. Það eru aðgerðirnar sem skortir á. Nú segir hæstv. forsrh. að helsti prófsteinninn á stjórnarsamstarfið sé hvort ríkisstjórninni takist að ná fjármagnskostnaði niður, lækka vexti og ná hagræðingu í bankakerfinu. Þetta muni ráða því hvort þessi ríkisstjórn lifi eður ei og til þessa hefur hæstv. forsrh. ætlað ríkisstjórninni tvo mánuði. Nú er bara sá galli á gjöf Njarðar að vegna fenginnar reynslu tekur ekki nokkur heilvita maður mark á þessum orðum forsrh. Engu að síður verður að spyrja hæstv. ráðherrann hvert sé hið raunverulega takmark hans og hvernig hann ætli sér að ná því. Hvað ætlar hann að ná fjármagnsmarkaðinum langt niður og hvernig? Hvað ætlar hann að ná vöxtum langt niður og hvernig? Og hvar ætlar hann að ná hagræðingu í bankakerfinu og hvernig?

Þá verður enn fremur að spyrja til hvaða aðgerða ríkisstjórnin ætlar að grípa til þess að draga úr atvinnuleysinu og hvernig hún ætlar að mæta fyrirsjáanlegu atvinnuleysi námsmanna. Hvar eiga þeir að fá vinnu og hvernig á að standa undir þeim launagreiðslum?

Ríkisstjórnin virðist treysta alfarið á að fiskverð fari hækkandi, en fari nú svo að það gangi ekki eftir, hvað hyggst ríkisstjórnin þá gera? Það getur ekki gengið endalaust að hafa öll eggin í sömu körfu.

Góðir áheyrendur. Svona er hægt að kasta fram spurningu eftir spurningu til þessarar ríkisstjórnar. Við engri þeirra á hún svar. Og hvers vegna? Jú, vegna þess að hún er með öllu stefnulaus. Í engu máli hefur hún heilsteypta stefnu. Í engu máli eru stjórnarflokkarnir sammála nema e.t.v. því sem ríkisstjórnin boðaði þegar í upphafi ferils síns og hinn þá stolti forsrh. tilkynnti í stefnuræðu sinni, að þessi ríkisstjórn mundi beita fyrir sig mannréttindabrotum.

Ég ætla ekki að eyða frekari tíma á hæstv. forsrh., heldur leyfa mér að fara örfáum orðum um aðra hæstv. ráðherra og þeirra málefni. En áður en ég byrja á því langar mig að vitna hérna til nokkurra orða hæstv. menntmrh. er hann viðhafði í þessum umræðum í fyrra, nánar tiltekið 3. maí 1988, en þá hafði hann þessa skoðun á núverandi samstarfsflokkum sínum, með leyfi forseta:

„Tvöfeldnin, margfeldnin og hræsnin hefur verið megineinkenni Framsfl. í gegnum söguna en nú hefur Framsfl. öðlast keppinaut þar sem er Alþfl. og stendur framsókn víða á sporði í hræsni, tvískinnungi, að ég segi ekki ómerkilegheitum í málflutningi gagnvart kjósendum þessa lands."

Það stóð ekkert á hæstv. menntmrh. að ganga til liðs við þessa tvo flokka sem hann lýsir svo og því er freistandi að spyrja hann hvort sú lýsing sem hér var

eftir honum höfð eigi nú ekki við einn flokk í viðbót, Alþb.

Eins og alþjóð man stóð Alþb. með okkur í stjórnarandstöðunni á síðasta þingi í hatrammri baráttu okkar fyrir afnámi matarskattsins. Og féllu þar mörg stór orð, m.a. þau frá núverandi fjmrh. að hæstv. núv. utanrrh. væri brennimerktur maður þar til hann aflétti matarskattinum. Sá sem brennimerkti og sá hinn sami sem stóð með geislabaug á kassa inni í versluninni Miklagarði og barði sér á brjóst og sagði matarskattinum heilagt stríð á hendur er nú fjmrh. Hann hefur því matarskattinn í hendi sér. En hvað hefur hann gert, þessi fulltrúi bandalags alþýðunnar? Felldi hann matarskattinn niður? Stóð hann við stóru orðin? Nei, ekki aldeilis, heldur þvert á móti, hann krýndi sjálfan sig mesta skattakóng Íslandssögunnar. Minna mátti það nú ekki vera.

Það var því í hróplegu ósamræmi við baráttu okkar gegn matarskattinum, baráttu okkar fyrir lækkun á verðlagi, þegar hluti Borgfl. studdi vörugjaldsfrv. sem varð til þess að verðlag hækkaði enn frekar með tilheyrandi skerðingu kaupmáttar. Það virðist allt vera á sömu bókina lært. Ekki er samstaða um neitt af stærri málum þessarar ríkisstjórnar. Meira að segja einum af dyggustu stuðningsmönnum hennar, herforingja huldufólksins á þingi, Stefáni Valgeirssyni, er farið að ofbjóða aðgerða- og úrræðaleysi stjórnvalda til að mynda í vaxtamálum, og lái ég honum það ekki.

Húsbréfafrumvarp hæstv. félmrh. veldur illvígum deilum og virðist allt eins geta losað okkur við þessa ríkisstjórn fyrr en varir. Um það frv. vil ég aðeins segja að í meginatriðum er ég sammála ráðherra en tel hins vegar að enn séu of margir óvissuþættir varðandi afleiðingar frv. á fjármagnsmarkaðinum. Þess vegna sé rétt að skoða málið ögn betur og leggja það síðan fram á haustþingi, fullunnið, vitandi það að þá er nokkurn veginn full samstaða um málið. Á hinn bóginn er ég innilega sammála ráðherranum í þeirri skoðun hennar að núverandi húsnæðiskerfi er gjörsamlega handónýtt og beinlínis stórhættulegt og get vel skilið að hæstv. ráðherra vilji ekki una því að þurfa að starfa eftir slíku kerfi. Því tel ég að hún eigi nú að brjóta odd af oflæti sínu og doka til haustsins með afdrifaríkar ákvarðanir.

Þá eru uppi erjur í kringum vegáætlun, útvarpslög, heræfingar, stóriðju, varaflugvöll o.s.frv. o.s.frv. Reyndar hefur náðst lending í heræfingamálinu sem sýnir enn og aftur að Alþb. er tilbúið að gleypa hvað sem er til þess að halda sér í ríkisstjórn. Hjá því stendur ekki steinn yfir steini. Öllu hefur verið fórnað fyrir stólana. Nú er í lagi að hermennirnir komi til landsins þar sem búið er að fækka þeim um þriðjung. Ætli NATO fái þá ekki næst að byggja varaflugvöll hér ef flugbrautirnar verða styttar um þriðjung.

Atvinnuvegirnir um land allt eru í rúst og framtíð heilla byggðarlaga er í veði, sjávarútvegurinn rekinn með bullandi halla, iðnaðurinn berst í bökkum, landbúnaðurinn við það að heyra sögunni til, ferðamannaiðnaðurinn, sem er stórlega vanmetinn tekjumöguleiki, látinn reka á reiðanum. Sem sagt: Allt í rúst.

Brunarústir Rómarbrennu hæstv. forsrh. munu verða minnisvarði þessarar ríkisstjórnar.

Ríkisstjórnin hefur ekki náð að bæta rekstrarskilyrði atvinnuveganna þrátt fyrir skuldbreytingar og gengisfellingar enda tæplega við því að búast að rekstrarskilyrði batni þegar á hinn bóginn er verið að stórhækka skatta á fyrirtækin. Þetta skilar sér svo allt í stórauknu atvinnuleysi, gjaldþrotum heimila og fyrirtækja og því sem stjórnin stefnir leynt og ljóst að, hinum eftirsótta ríkissósíalisma.

Í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar segir, með leyfi forseta: „Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir fjórðungs lækkun á raforkuverði til fiskiðnaðar þar sem sólarhrings- og ársnotkun er tiltölulega jöfn."

Mér vitanlega hefur ekki verið staðið við þetta loforð frekar en mörg önnur sem gefin eru í málefnasamningnum og því fyllilega tímabært að stjórnarliðið geri grein fyrir því hér og nú hvort við þetta loforð á að standa og þá hvenær ef svo ólíklega vildi nú til að þeir hafi hugsað sér að efna loforðið.

Svona er nú ástandið þrátt fyrir stóraukna skattheimtu sem virðist hvergi ætla að skila sér enda hallalaus fjárlög hæstv. fjmrh. þegar komin með bullandi halla og verða sennilega þau verstu í manna minnum þegar upp verður staðið. En þrátt fyrir þetta virðist ekki vera nokkur leið fyrir ríkisstjórnina að fara fyrir með góðu fordæmi í aðhaldi og sparnaði. Þeir áforma að eyða og eyða og eyða. Hótel Borg skal keypt og sett í stand fyrir nokkur hundruð milljónir. Stofna á nýtt ráðuneyti sem fylgir að sjálfsögðu verulegur kostnaðarauki o.s.frv. En við fólkið í landinu, allan almenning, er sagt: Það eru engir peningar til. Þið verðið að vera þolinmóð. Þið verðið að herða sultarólina, borða meiri graut o.s.frv. á meðan þeir sem hér ættu að sitja gera þveröfugt. Er nema furða að þessir menn skipi nú óvinsælustu ríkisstjórn sem nokkru sinni hefur setið við völd á Íslandi?

Þá fyrst tekur þó tappann úr þegar kemur að gjalddaga eignarskatts. Þá kemst stór hluti fólks að því hversu gegndarlaus skattheimta ríkisins í raun inni er. Það er sorglegt að það hafi orðið örlög Borgfl. að verða guðfaðir þessarar hryllilegu ríkisstjórnar, að það skuli hafa orðið fyrir tilstilli Borgfl. að tekju- og eignarskattsfrv. var samþykkt hér á þingi fyrr í vetur með þeim afleiðingum að skattleysismörk lækkuðu frá því sem þau hefðu annars verið og eignaupptaka verður hér í stórum stíl vegna hinna gríðarlegu eignarskatta. Ekkjur, ekklar, aldraðir, sjúkir og einstæðir og fleiri munu þá minnast Borgfl. sem hafði það í hendi sér að koma í veg fyrir slysið. Þeir munu minnast þeirra sem samþykktu þetta frv. þegar þeir niðurlútir standa í því að pakka niður eigum sínum og flytjast á brott úr húsnæði því sem þeir með ráðdeild og sparnaði

höfðu komið sér upp en missa vegna þessarar hörmulegu skattpíningar og eignaupptöku. Þessu þótti aðalstjórn Borgfl. rétt að hygla sérstaklega á síðasta fundi sínum.

Ég ætla að nefna hér lítið dæmi um hversu gríðarleg hækkun eignarskattsins í rauninni er. Aðili sem ég hef heyrt frá þurfti að greiða skatta af fasteign sinni árið 1988 að upphæð 93.300 kr. Árið 1989 þarf hann að greiða af sömu eign 222.200 kr. sem er hækkun um 138%. Ekki hafa laun þessa aðila hækkað sem þessu nemur og ekki skilar eignin auknum tekjum sem þessu nemur nema ef síður væri. Hvernig í ósköpunum er þá hægt að réttlæta slíka skattlagningu? Ekki veit ég það en eitt veit ég þó, að hún samræmist á engan hátt stefnuskrá Borgfl. þar sem segir m.a. að skattheimta ríkisins verði gerð einfaldari og réttlátari eða þar sem segir að Borgfl. vilji tryggja öldruðum áhyggjulaust ævikvöld. Og því segi ég að þeir sem ekki fylgja þeirri stefnuskrá sem þeir buðu sig fram undir og kynntu sem skoðun sína og stefnu fóru inn á þing undir fölsku flaggi.

Við hv. þm. Hreggviður Jónsson og ég munum áfram starfa í anda þeirrar stefnu sem Albert Guðmundsson markaði og fram kemur í stefnuskrá Borgfl. Rauði þráðurinn í þeirri stefnu er mannúð og mildi. Það mun einnig verða svo í okkar nýja flokki, Frjálslynda hægri flokknum. Við munum halda áfram að berjast gegn skattpíningarstefnu þessarar ríkisstjórnar og stuðningsmanna hennar hér á þingi sem utan. Hér á þingi eru nú tveir þingflokkar hægra megin við miðju en fimm þingflokkar vinstra megin við miðju. Þetta segir sína sögu um vinstri stefnuna. Hún er stefna sundrungar og óheilinda og þess vegna rúmast hún ekki nema í fjölda smábrota. Frjálslyndir hægri menn munu starfa ötullega að því að leita leiða til þess að losa íslensku þjóðina undan því böli sem þessi ríkisstjórn er jafnframt því sem við munum berjast af alefli gegn þeim ríkissósíalisma sem hér er verið að koma á í einu og öllu.

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Það er mín skoðun að þessi ríkisstjórn verði að fara frá sem allra fyrst því lengi getur vont versnað.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Góðir Íslendingar. Frjálslyndi hægri flokkurinn er mættur til leiks. Það er sumarkoma í íslenskum stjórnmálum og gleðilegt sumar fyrir alla sem una frjálslyndir og víðsýnir við störf og leik.

Hæstv. forseti. Heimilisböl núverandi ríkisstjórnar er þyngra en tárum taki. Þekkingarskortur ráðherra ríkisstjórnarinnar á rekstri og fjármálum er að sliga fólkið, heimilin, fyrirtækin, í landinu. Gælur við verkefni sem ekki eru til fjármunir fyrir. Þau eru leyst með hærri sköttum á tekjur sem ekki eru til. Óraunsæi endurspeglar forsendur kjarasamninga og sífelld átök gjósa upp í röðum stjórnarþingmanna. Þeir sem gleggst þekkja telja að fjármálastefna ríkisstjórnarinnar muni springa í loft upp á haustdögum og jafnvel fyrr. Almenningur er orðinn þreyttur á að vera sífellt skattlagður til að standa straum af kostnaðarsömum verkefnum af óskalista ábyrgðarlausra stjórnmálamanna. Um þessar mundir er verið að afgreiða frá Alþingi Íslendinga nokkur frumvörp sem þýða að lágmarki 1 milljarð í aukin útgjöld fyrir ríkissjóð. Frjálslyndi hægri flokkurinn lýsir allri ábyrgð þessara samþykkta á hendur ríkisstjórninni og stuðningsforeldrum hennar. Skattaáþján, gleðigjafi vinstri manna, er að leggja atvinnulífið og heimilin í landinu í fjötra. Hylling skattastefnu núv. ríkisstjórnar á aðalstjórnarfundi Borgfl. nú nýverið er sorgleg. Sú skattahylling segir allt um ástandið á þeim bæ.

Góðir áheyrendur. Húsnæðiskerfið er brostið og Alþfl. hefur hnuplað hugmynd okkar er stóðum að flutningi frv. um húsbankakerfi með húsbréfunum góðu á síðasta þingi og nú í haust aftur. Húsbréfakerfið sem nú er lagt fram sem stjórnarfrumvarp er þó aðeins léleg eftirlíking, líkt og úr sem götusalar selja gjarnan auðtrúa ferðamönnum. Íslenskir kjósendur láta ekki blekkja sig.

Hæstv. utanrrh. ræddi hér áðan um varnarleik ríkisstjórnarinnar og sagði að hún mundi leika sóknarleik núna í seinni hálfleik. Það má minna hæstv. utanrrh. á að mesti sóknarleikur sem leikinn hefur verið af íslensku landsliði endaði 14:2 fyrir Dani. Best væri fyrir ríkisstjórnarliðið að selja liðið og kaupa nýja leikmenn sem geta leikið með árangri á vettvangi stjórnmálanna.

Hæstv. forseti. Verkföll af mannavöldum hafa nú staðið hér um skeið, verkföll sem komast hefði mátt hjá ef núv. ríkisstjórn hefði kunnað til verka í fjármálum. Gífurleg aukning skatta á öllum sviðum, eingöngu til að standa undir óstjórn og bruðli ríkisins, er komin í algjört hámark. Kjósendur eru búnir að fá nóg. Þegar ég stóð að því að biðja um hækkun um nokkrar milljónir við afgreiðslu síðustu fjárlaga spurðu stjórnarmenn, þingmenn og ráðherrar: Hvar á að afla tekna? Þau rök gat ég fallist á og get enn. Um þrjár leiðir er að ræða, að leggja á meiri skatta, færa fjármagn til innan ramma fjárlaga eða spara í þeim rekstri sem fyrir er. Frjálslyndi hægri flokkurinn leggur áherslu á sparnað og tilfærslur á fjármagni og þar með lækkun skatta. En hvað gera stjórnendur ríkisins, ráðherrarnir, þegar þeir hafa farið marga milljarða fram yfir heimildir fjárlaga? Þeir einfaldlega velta vandanum yfir á heimilin og fyrirtækin í landinu með því að auka skattpíninguna gífurlega. Og það er þetta sem ég kalla verkföll af mannavöldum. Ríkisstjórnin hefur neytt fólkið til verkfalla og gert fyrirtæki gjaldþrota. Ríkissósíalisminn er tekinn við völdum hér á landi á sama tíma og hann er á hröðu undanhaldi í löndum kommúnisma.

Góðir áheyrendur. Ég þakka þeim er á hlýddu.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegur forseti. Góðir Íslendingar. Þegar ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar sagði af sér sögðu ráðherrar í þeirri ríkisstjórn að ástandið í efnahags- og atvinnumálum væri orðið svo alvarlegt að ekki mætti dragast nema nokkra daga að ný ríkisstjórn

settist á valdastóla til að gera ráðstafanir í efnahagsmálum því annars mundu hjól atvinnulífsins stöðvast víða um land. Þetta var grafskriftin sem ráðherrar í ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar tilkynntu þjóðinni samtímis því að þeir sögðu af sér. Ég hygg að þess séu engin dæmi í allri Íslandssögunni að slíkur dómur hafi verið upp kveðinn yfir eigin verkum.

Það er undrunarefni að heyra málflutning sjálfstæðismanna nú með hliðsjón af viðskilnaði fyrrv. ríkisstjórnar sem formaður Sjálfstfl. bar fyrst og fremst ábyrgð á þó að allir þrír flokkarnir sem stóðu að þessari ríkisstjórn séu samábyrgir fyrir verkum hennar. Á sama hátt berum við ábyrgð á ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar sem studdum hana til valda og skrifuðum undir sáttmála um hvernig ætti að komast út úr gjaldþroti frjálshyggjunnar, ríkisstjórn sem margir bundu vonir við, ríkisstjórn sem kenndi sig við jafnrétti og félagshyggju og sem sagðist ætla að skera á okurfjötrana, koma í veg fyrir atvinnuleysi og tryggja atvinnuvegunum sómasamlegan rekstrargrundvöll og síðast en ekki síst jafna lífskjörin og lífsaðstöðuna í þjóðfélaginu.

Hafa athafnir fylgt orðum? Ég sé ekki betur en að tími sé kominn til, og þó fyrr væri, að bretta upp ermar og taka á málum svo að hægt sé að segja með sanni að ríkisstjórnin standi undir nafni sem stjórn jafnréttis. Það er að vísu stórt spor og lofsverð breyting til réttlætisáttar sem stigið var með þeirri kerfisbreytingu að taka upp sömu krónuhækkun á öll laun. Þar rættist 15 ára gamall draumur minn. En hvað um lágtekjufólkið sem sættir sig nú við sömu krónuhækkun og BSRB-fólkið samdi um? Ég vil ekki trúa því að það þurfi að sækja slíka launabót með verkfallsaðgerðum. Það er ekki nóg að skuldbreyta hjá þeim þó að það sé góðra gjalda vert hjá atvinnuvegunum. Það verður að gera ráðstafanir til þess að rekstrargrundvöllur þeirra sé tryggður, annars nær skuldbreytingin ekki tilgangi sínum.

Ég mun ekki ræða um húsbréfin hér. Ég held að allir hv. alþm. ættu að skilja að lágtekjufólkið getur ekki tekið við markaðsvöxtum á þau lán.

Í kosningablaði okkar samtaka sem var gefið út fyrir síðustu alþingiskosningar var því heitið að við mundum endurmeta stefnu okkar í öllum meiri háttar málum miðað við aðstæður í þjóðfélaginu á hverjum tíma. Þessi vinna hefur nú farið fram á síðustu vikum í ýmsum nefndum, með það í huga að verða við óskum ýmissa aðila, að gera tilraun til þess að fylkja liði með það að markmiði að bjóða fram í öllum kjördæmum.

Ég hef skýrt frá því á opinberum vettvangi að t.d. ýmsir þjóðarflokksmenn vildu stuðla að slíku framboði og á síðasta aðalfundi þeirra hafi verið kosin nefnd til þess að taka upp viðræður um slíkt framboð við okkur og fleiri aðila. Mér hefur verið borið það á brýn í fjölmiðlum að ég fari með fleipur eitt um áhuga þjóðarflokksmanna um framboð með okkur í næstu alþingiskosningum. Í Dagblaðinu 25. apríl stendur þetta: „Sveinbjörn Jónsson, oddviti á Suðureyri og annar maður á lista Þjóðarflokksins í síðustu kosningum, sagði í samtali við Dagblaðið að þjóðarflokksmenn á Vestfjörðum mundu berjast með oddi og egg fyrir samstarfi við Samtök um jafnrétti og félagshyggju. „Ef kosningar yrðu á næsta ári legðum við allt í sölurnar til að ná samstarfi við Stefán Valgeirsson. Það var samþykkt á síðasta aðalfundi okkar að hefja viðræður við aðra flokka og til þess kosin nefnd. Samtök um jafnrétti og félagshyggju hafa nánast sömu stefnu og við fyrir utan nokkra áherslupunkta. Og það yrði slys ef við yrðum ekki í sameiginlegu framboði í komandi kosningum.““ Þetta sagði Sveinbjörn Jónsson, oddviti á Suðureyri. Og í fleiri þjóðarflokksmenn væri hægt að vitna.

Ég vil fara yfir nokkur atriði úr okkar stefnuskrá, með leyfi forseta.

Gildismat og þjóðfélagssýn:

Samtökin vilja nýjan hug inn í íslensk stjórnmál sem byggir á heildarsýn og aukinni vitund og viðurkenningu á raunverulegum verðmætum okkar og samábyrgð gagnvart landi og þjóð. Verðmæti okkar liggja fyrst og síðast í okkur sjálfum og tengslum okkar hvers við annað og náttúruna umhverfis okkur. Það þjóðfélagskerfi sem við höfum búið okkur endurspeglar viðhorf okkar og samskiptamáta hvers við annað. Kreppa ríkir í íslensku þjóðfélagi og birtist í ýmsum myndum, jafnt í innviðum þess sem hjá æðstu valdastofnunum. Fleiri og fleiri eru að átta sig á að hefðbundnar leiðir stjórnvalda duga hvergi til að leysa þennan vanda þjóðarinnar.

Mikilvægt er að greina rætur vandans til þess að verða betur fær um að sjá hvað þarf að gera til að bæta mannlífið og hvaða leiðir við getum notað. Rætur vandans liggja hjá okkur sjálfum og í samskiptum hvers við annað. Við vantreystum og vanmetum okkur sjálf, látum hlutina yfir okkur ganga eða festumst í samkeppni, skammsýni og gróðahyggju, hvert á okkar bás, án tengsla við þjóðarsálina í heild eða raunverulegan lífstilgang. Þetta leiðir til margs konar kreppuástands. Dæmi: Misrétti milli kynja, þjóðfélagshópa og landshluta. Fjölskyldan, grunneining þjóðfélagsins, er vanmetin og vanrækt og úr tengslum við hið ytra kerfi. Skortur á heildarsýn, stöðug skammtímaúrræði án tillits til hvaða áhrif þau hafa innbyrðis hvert á annað og á framtíðarmarkmið. Miðstýring og forræðishyggja, samsöfnun peninga og valds á fárra hendur, okurvextir. Mikið vinnuálag beggja foreldra, vaxandi félagsleg og andleg vandamál. Fólksflótti af landsbyggðinni og verðhrun á eignum. Gjaldþrot einstaklinga og fyrirtækja. Aukið vonleysi og minnkandi traust og virðing á stjórnvöldum. Þverrandi siðferðiskennd, ábyrgðarleysi, óheiðarleiki, firring, lífsblekking.

Þrátt fyrir alla þessa skugga eigum við mikinn auð í sjálfum okkur, menningu okkar og náttúru. Við búum yfir fjölbreyttri þekkingu og hæfileikum sem mikilvægt er að rækta og samhæfa. Vitundarvakning er greinilega hafin meðal þjóðarinnar og kallar á nýjan hug, nýjar leiðir í stjórnmálum og öllu okkar þjóðfélagskerfi.

Grundvallarmarkmið samtakanna er jafnrétti milli

einstaklinga og byggðarlaga sem byggir á heiðarleika og virðingu í samskiptum fólks, heilbrigð þjóð sem hlúir að börnum sínum, menningu og náttúru, og stuðlar að friði og framþróun í samskiptum þjóðarinnar. Grunntónninn í öllum markmiðum samtakanna felst í að efla menntun, menningu og heilbrigði sem leiðir til bættra tengsla, frelsis og getu einstaklingsins til ábyrgðar gagnvart sjálfum sér, fjölskyldu, heimabyggð og samfélaginu. Við viljum að þekking og grundvallarforsendur til betra mannlífs verði ekki lengur í höndum fámennra sérfræðihópa eða hagsmunahópa, heldur verði almenningseign. Samtökin leggja áherslu á stöðugt endurmat á stefnu og leiðum í virku starfi kvenna og karla við ólík störf með lífssýn samtakanna og framtíðarmarkmið að leiðarljósi.

Ýmis grundvallaratriði:

Enn sem fyrr leggjum við höfuðáherslu á jafnréttis-, byggða- og fjölskyldumál. Jafnréttismálin tengjast öllum öðrum málaflokkum sem einn grundvallarþáttur í lífssýn og stefnu samtakanna. Jafnrétti byggist á heilbrigðum samskiptum, virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum og hæfni og frelsi til að taka ábyrgð á eigin lífi og samfélagi. Vinna verður að jafnrétti kynja, þjóðfélagshópa og byggðarlaga með samhæfðum leiðum sem taka jafnt til menntunar, menningar og uppeldismála sem félagslegra og efnahagslegra aðgerða. Efnahagslegar aðgerðir mega aldrei spilla auðlindunum, hvorki fólki né náttúru.

Byggðamál, markmið:

Við viljum stuðla að svipaðri búsetu í landinu og nú er og efla hana með skipulögðum hætti til að nýta skynsamlega auðlindir og fjárfestingu og til að draga úr ofnýtingu og staðbundinni mengun og til að skapa mannlegt og fjölbreytt mannlíf. Þess vegna verðum við að stöðva og snúa við fólksflóttanum af landsbyggðinni. Það gerist ekki á meðan fjármagnið deilir og drottnar og okrið heldur áfram hömlulaust með þeim afleiðingum að framleiðslan býr við hallarekstur sem leiðir svo af sér að fyrirvinnufólkið í þjóðfélaginu býr við launakjör sem eru undir fátæktarmörkum. Þess vegna viljum við tryggja atvinnustarfseminni á landsbyggðinni fjárhagslegan grundvöll svo að hún geti borgað sambærileg laun og gerist og gengur í þjóðfélaginu og fólk eigi þess kost að fá atvinnu í heimabyggð. Enn fremur viljum við deila völdum svo að þegnarnir verði virkari í ákvörðunartöku í sinni heimabyggð. Gera þarf átak í samgöngumálum með það í huga fyrst og fremst að tengja saman byggðarlög innan landshlutanna. T.d. er ljóst að byggð á Vestfjörðum og Austfjörðum þróast ekki sem skyldi nema til komi jarðgangagerð í báðum landshlutum.

Í umhverfismálakaflanum segir m.a.: „Stjórnun umhverfismála verður ekki skilin frá stjórnun og nýtingu auðlindanna.“ Og þetta hvort tveggja verði sem mest í höndum heimamanna svo að best verði staðið að verndun og nýtingu hvers konar auðlinda.

Í kaflanum um fjölskyldumál segir: „Við viljum styrkja einstaklinginn og fjölskylduna sem grunneiningu þjóðfélagsins með öllum tiltækum ráðum. Sterkar og heilbrigðar fjölskyldur mynda sterkt og heilbrigt þjóðfélag. Við fæðumst öll sem hluti af fjölskyldu og hún hefur grundvallaráhrif á heilsu okkar og þroska og samskipti hvers við annað. Þess vegna verður hún að vera brennidepill ef við viljum bæta okkar mannlíf.“

Í húsnæðiskaflanum segir: „Samtökin telja samfélaginu skylt að auðvelda ungu og eignalitlu fólki kaup eða afnot af viðunandi íbúðarhúsnæði. Samtökin vilja stuðla sem mest að því að menn eigi íbúðir sínar sjálfir með því að halda við og efla gamla húsnæðiskerfið. Samtökin vilja auka byggingar verkamannabústaða og kaupleiguíbúða.“

Um bankamál segir m.a.: „Lánskjaravísitalan verði aflögð sem aðalviðmiðun í lánsviðskiptum. Vextir lækki þegar í stað og verði aldrei hærri en að eðlilegur atvinnurekstur geti staðið undir fjármagnskostnaði. Lánstími til atvinnurekstrar verði með þeim hætti að hann geti staðið undir afborgunum og vöxtum. Koma verður í veg fyrir vaxtatöku sem gerir upp á milli þjóðfélagsþegnanna, þ.e. svokallaða kjörvexti. Aukið verði sjálfstæði útibússtjóra ríkisbankanna á landsbyggðinni að því marki að þeir geti ráðstafað því fjármagni sem verður til heima í héraði. Enda beri hver þeirra ábyrgð á sínu útibúi. Ríkisbankarnir verði efldir svo þeir geti gegnt hlutverki sínu.“

Um sjávarútveginn segir: „Við viljum nýta auðlindir sjávar á skynsamlegan hátt og skapa sem mesta og tryggasta atvinnu á sjó og í landi. Jafnframt skal stefna að fullnýtingu sjávaraflans með það að markmiði að gera hann sem verðmætastan. Skapa verður sjávarútvegi viðunandi rekstrarskilyrði, enda undirstaða íslensks efnahagslífs.“ Og enn segir: „Marka skal nýja sjávarútvegsstefnu sem tekur mið bæði af veiðum, vinnslu og sölu fiskafurða.“

Í landbúnaðarkaflanum segir m.a.: „Til að hindra frekari byggðaröskun má ekki draga meira úr búvöruframleiðslu en þegar hefur verið gert fyrr en búið er að byggja upp aðra atvinnustarfsemi á viðkomandi svæðum. Þau héruð og einstakar jarðir sem erfiðast eiga með að fara út í búháttabreytingar eða fá aðra atvinnu og eru best fallin til sauðfjárræktar, sitji fyrir með þá framleiðslu að því marki að viðunandi afkoma náist og byggðaröskun verði ekki vegna lágra rauntekna.“ Og enn segir: „Framleiðsluréttur verði fyrst og fremst aukinn hjá þeim sem hafa minnstan framleiðslurétt þegar tekið er tillit til fjölskyldustærðar og fjármagnsbyrða.“

Um sveitarstjórnarmál segir: „Samtökin leggja áherslu á stóraukið sjálfstæði sveitarfélaganna og aukin áhrif íbúanna á stjórn þeirra. Samtökin vilja breyta tekjuöflun opinberra aðila þannig að tryggt sé að sveitarfélögin geti sinnt málum sem þeim verða falin. Samtökin leggja áherslu á nýskipun sveitarstjórnarmála og vilja að lýðræðislega verði staðið að breytingum og þær bornar undir íbúa í viðkomandi sveitarfélögum eða þjóðar með þjóðaratkvæði til staðfestingar.“

Við viljum nýjan hug inn í okkar stjórnmál sem byggir á heildarsýn og aukinni vitund og viðurkenn-

ingu á raunverulegum verðmætum okkar og samábyrgð gagnvart landi og þjóð. Ég býð öllum hlustendum gleðilegt sumar og vona að sumarið komi sem allra fyrst. Stefnuskrá okkar verður hægt að fá á skrifstofu minni í Þórshamri.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Það hefur verið um margt athygli vert að hlusta á varnarræður talsmanna stjórnarflokkanna hér í kvöld.

Formaður Alþfl. sté hér í stólinn og fann ekki annað ráð sjálfum sér til upplyftingar en hefja hér persónulegra og lágkúrulegra hnútukast en fram hefur farið í sölum Alþingis árum saman. Ræða hans er auðvitað ekki svara verð nema kannski ef við lítum fáein augnablik á frjálshyggjugrýluna sem hann dró hér upp, frjálshyggjugrýlu sem hann sagði að fælist í vaxtaákvæðum bankalaganna. Og hann gaf til kynna eins og aðrir að allt það sem misfarist hefur væri ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar að kenna.

En hvaða ríkisstjórn setti þessi bankalög? Það var fyrri ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar. Og þessi bankalög voru samþykkt með atkvæðum Alþfl. og þeim var framfylgt í ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar af viðskrh. Alþfl. og hann er enn að reyna að rembast að halda því fram að bankalögin séu enn óbreytt. Þetta er nú öll frjálshyggjugrýlan.

Og það var fróðlegt að hlusta hér á varnarræðu hæstv. forsrh. Hann sagði að það hefði valdið stjórnarslitunum við Sjálfstfl. að Sjálfstfl. neitaði að lækka laun fiskvinnslufólksins í landinu um 10%. Að sjálfsögðu neitaði Sjálfstfl. að lækka laun fiskvinnslufólksins um 10% með lögum. En nokkrum mínútum síðar í ræðu sinni sagði forsrh.: Nýja ríkisstjórnin hafnaði gengisbreytingu og kjaraskerðingum — nokkrum mínútum eftir að stjórnarslitin áttu sér stað vegna þess að Sjálfstfl. vildi ekki fallast á 10% launalækkun. Og nokkrum mínútum síðar hélt hann að áheyrendur væru búnir að gleyma og sagði að nýja ríkisstjórnin hefði ekki sætt sig við hið háa gengi ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar. Þannig rekur hvað sig á annars horn. Og það er von þegar röksemdafærslan er svona á reiki að stefnumörkunin sé líka reikul.

Það er kynlegt að gagnrýna ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar fyrir of hátt gengi í einni setningunni, en í hinni setningunni fyrir að hafa viljað fara gengiskollsteypur. Menn sem svona tala eru ekki trúverðugir og það er von að árangur verka þeirra sé með þeim hætti sem raun ber vitni um. Og ég skildi það þegar forsrh. sagði söguna frá Færeyjum að sagnaritarar þar í landi hafa greinilega heyrt af stjórnmálamanninum Steingrími Hermannssyni.

Og formaður Alþb., sá sem hefur tögl og hagldir í þessari ríkisstjórn, sté hér í ræðustólinn. Hann sá ekkert nema bleika akra og slegin tún. Það var sú heimsmynd sem við honum blasti. En hann hafði ekki fyrr lokið máli sínu hér en formaður þingflokks Alþb., Margrét Frímannsdóttir, sté hér í ræðustólinn. Eftir einn vetur vinstri stjórnar sá hún ekki bleika akra og slegin tún. Fyrir hennar augum voru kalin tún eftir einn vetur vinstri stjórnar undir forustu Ólafs Ragnars Grímssonar. Einmitt þetta er dæmigert fyrir málflutning stjórnarliðsins. Forustumenn stjórnarflokkanna lifa í eins konar draumaheimi eilífrar sælu og mikillar og góðrar sambúðar. Þeir skynja ekki veruleikann í kringum sig. En stjórnarþingmennirnir, jafnvel þingflokksformennirnir og höfuðpaur ríkisstjórnarinnar, Stefán Valgeirsson, skilja að það er sviðin jörð eftir þessa ríkisstjórn. Þeir skilja að vandi atvinnuveganna í dag er mikill, að það er hallarekstur á höfuðútflutningsgreinunum og að Þjóðhagsstofnun spáir því nú að hallinn verði tvöfalt meiri en hann var sl. haust ef fram verður haldið stefnu núv. fjmrh., þeirri stefnu sem byggist á þeirri trú að verðmætin í þessu landi verði til með auknum ríkisumsvifum og auknum sköttum á einstaklinga og atvinnufyrirtæki, þeirri stefnu sem byggist á þeim hroka gagnvart atvinnufyrirtækjunum og launafólkinu sem starfar hjá þeim sem fjmrh. hefur sýnt á undanförnum dögum.

Verðbólgan heldur áfram. Vextirnir hafa ekki lækkað, raunvextir að vísu örlítið vegna þess að spariskírteini ríkissjóðs seljast ekki. Sú staðreynd er fyrst og fremst til vitnis um það að fjármálastefna ríkisstjórnarinnar hefur beðið skipbrot. Ríkisstjórnin tvöfaldaði erlendar lántökur í meðferð lánsfjárlagafrumvarpsins hér á Alþingi. Og það er ágreiningur í ríkisstjórninni um höfuðþætti utanríkisstefnunnar, varnarsamstarfið við lýðræðisþjóðirnar, og tveir flokkar stjórnarinnar reka fyrirvarapólitík gagnvart efnahagssamvinnu Norðurlandaþjóðanna og samþykktum fríverslunarsamtakanna í mikilvægum viðræðum við Evrópubandalagið, fyrirvarapólitík sem rýrir traust okkar og álit á erlendum vettvangi og getur dregið úr möguleikum okkar til þess að ná góðum og hagstæðum samningum við Evrópubandalagið.

Það eru nýir tímar. Það blása nýir vindar í Evrópu. Evrópuþjóðirnar eru staðráðnar í því á grundvelli frjálslyndra viðhorfa í efnahags- og atvinnumálum að stíga ný skref til framfara í trú á það að þannig megi bæta lífskjör fólksins. En á sama tíma og þetta er að gerast er hjólinu snúið við hér uppi á Íslandi. Undir forustu Alþb. eru innleiddar hér nýjar aðferðir miðstýringar, hafta, uppbóta og nýrra sjóða fyrir stjórnmálamenn til þess að útdeila úr. Þetta er ekki leið til framfara. Þetta er ekki leið til þess að bæta lífskjörin í landinu. Við þurfum að breyta um stjórnarstefnu. Og það er auðvitað ágreiningur í íslenskum stjórnmálum þar um.

Sjálfstfl. boðar við þessar aðstæður frjálslynda stefnu þar sem einstaklingurinn er í fyrirrúmi, hvort sem við horfum á atvinnufyrirtækin, til starfsfólksins í atvinnulífinu eða heimilanna í landinu. Þetta er stefna sem við berum fram gegn stefnu Alþb. sem nú er allsráðandi í þeirri vinstri stjórn sem situr og hefur leitt til þeirrar niðurstöðu sem við stöndum frammi fyrir í dag. Sjálfstfl. lagði til í fyrrv. ríkisstjórn að gripið yrði á haustdögum eftir langvarandi ytri áföll

til nýrra aðgerða til þess að treysta atvinnuvegi landsmanna. Við lögðum til 6% gengisbreytingu, það kalla þeir nú holskeflu gengislækkunar, ásamt með ýmiss konar hliðarráðstöfunum, þar á meðal lækkun skatts á matvæli. Hver voru viðbrögð Framsfl. og Alþfl. við þessum tillögum sem hefðu komið rekstri sjávarútvegsins og útflutningsframleiðslunnar upp á núllpunkt? Þeir kröfðust þess að þessar tillögur yrðu dregnar til baka og á þeim tímapunkti var ljóst að Sjálfstfl. átti ekki lengur samleið með Alþfl. og Framsfl. Þeir kusu að ganga til fylgilags við Alþb. Þeir fengu það tækifæri og reynslan dæmir í dag. Reynslan sýnir hver árangur varð af því. *Og ég hygg, vegna þess að allir verða að njóta* sannmælis, að jafnvel forustumenn Alþfl. og Framsfl. viðurkenni með sjálfum sér, innra með sér, að það hefði verið skynsamlegra að ganga að þessum tillögum sl. haust en fara inn á þá braut sem Alþb. hefur markað með þeim afleiðingum fyrir íslenskt atvinnulíf sem þjóðin veit og þjóðin skilur og þingmenn stjórnarliðsins skilja. Þeir eru að vísu of stoltir til þess að viðurkenna þetta enn, en að því kemur. Við eigum að hefja íslenskt þjóðfélag upp úr þessum skotgröfum vinstri stjórnar, færa það inn á framfarabraut frjálslyndis og umbóta og á þann veg gefa þjóðinni von á ný um betri tíð, gefa henni ástæðu til bjartsýni og áræðis. -- Góðar stundir.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Of skammt er liðið til þess að hafa söguskýringar um stjórnmálaþróunina í landinu síðasta árið þótt vissulega hafi það verið viðburðaríkt. Það er réttara að horfa fram á veginn en til baka. Þó get ég ekki annað en minnt á það hér í upphafi máls míns hvers vegna leiðir skildi í samstarfi Sjálfstfl., Framsfl. og Alþfl. um stjórn landsins. Leiðir skildi vegna þeirrar sannfæringar sem ræður í Sjálfstfl., að markaðsöflin geti stjórnað af fullkomnu réttlæti í þessu þjóðfélagi. Þetta var og er vitlaus kenning.

Markaðsöflin hafa aldrei stjórnað af réttlæti þar sem þau hafa fengið að leika lausum hala. Þau hafa ávallt mismunað þjóðfélagsþegnunum. Í okkar tilfelli voru þeir sem lánuðu peninga og versluðu með verðbréf með hávöxtum og afföllum í náðinni, en framleiðsluatvinnuvegirnir urðu undir í glímunni. Þessum leik var ekki hægt að taka þátt í. Þess vegna varð ný ríkisstjórn til og Sjálfstfl. valdi sér það hlutverk að fara í stjórnarandstöðu. Þrisvar hefur sést með stjórnarandstöðunni lífsmark sem skylt er að greina frá.

Fyrsta lífsmarkið var barátta fyrir hallarekstri á ríkissjóði og ádeilur á ríkisstjórnina fyrir skattaálögur. Þó að sjálfstæðismenn telji mest viðskiptavit saman komið í sínum flokki einkaframtaksins er þeim fyrirmunað að skilja að tekjur og gjöld ríkissjóðs verða að standast á ef vel á að fara. Séu ekki lagðir á skattar verður að skera niður útgjöld. Enginn hefur séð marktækar tillögur þar um. Ég nefni þetta hér vegna þess að núverandi ríkisstjórn þurfti að vinna það óvinsæla verk á haustdögum að tryggja rekstur ríkissjóðs á yfirstandandi ári.

Þá er komið að því lífsmarki stjórnarandstöðunnar að berjast ötullega gegn þeim sjóðum sem komið hefur verið á laggirnar til fjárhagslegrar endurskipulagningar útflutningsgreina. Haldið var uppi þrætubók hér á Alþingi um þjóðnýtingu og skussasjóði, en þó er það staðreynd að starfsemi þessara sjóða hefur verið lykilatriði í þeirri baráttu sem háð hefur verið á síðustu mánuðum um að leysa mjög erfið vandamál atvinnufyrirtækja um land allt. Þessi barátta stendur enn og henni er ekki lokið. Það er fullvíst að ef ekki hefði verið gripið í taumana á haustdögum hefðu *framleiðsluatvinnuvegir landsmanna stöðvast með* ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Þrátt fyrir mjög erfið staðbundin vandamál í fiskvinnslu og mikla óvissu ýmissa útflutningsfyrirtækja hefur tekist að halda uppi útflutningsframleiðslunni. Og þá er komið að þriðja lífsmarki stjórnarandstöðunnar, en það lífsmark var það að berjast gegn þeim lagafrumvörpum sem hafa verið til meðferðar hér í vetur og hafa þann tilgang að vera verkfæri til þess að hafa stjórn á vaxtaþróun í landinu. Orustan um vextina og fjármagnskostnaðinn hefur staðið linnulaust og framtíð þessarar ríkisstjórnar veltur á því að hún vinnist.

Á síðustu árum hefur þróunin orðið sú að flutningar fólks frá landsbyggðinni á höfuðborgarsvæðið hafa aukist. Þessi þróun er þjóðarheildinni í óhag, bæði landsbyggðinni og ekkert síður höfuðborgarsvæðinu. Það veltur á um farsæla framtíð þessarar þjóðar að það takist að koma hér jafnvægi á. Við sem stöndum að þessari ríkisstjórn höfum einsett okkur að ná því marki. Sjónarmið manna sem álykta að upphaf mannlífs sé í ráðhúsgrunninum hér fyrir utan og endirinn í glerhúsi uppi á Öskjuhlíð mega ekki ráða. Þeim mönnum verður að skiljast að auknir mannflutningar hingað þýða aðeins óeðlilega spennu og sveiflur í fjárfestingum og á vinnumarkaði, fjárfestingu í skólamálum, heilbrigðismálum og umferðarmannvirkjum, auk hvers konar þjónustu og byggingu íbúðarhúsnæðis. Eftir standa þau mannvirki sem fólkið fer frá, illseljanleg, illa nýtt og e.t.v. auð. Byggðamál verða aldrei skilin frá annarri þróun í þjóðfélaginu. Baráttan um það hvort hægt verður að endurskipuleggja fjárhagsstöðu atvinnufyrirtækjanna í landinu og skapa þeim rekstrarstöðu er upphaf og endir byggðamála.

Við Íslendingar höfum þá sérstöðu meðal nágrannaþjóða okkar að við byggjum á sjávarafla fyrst og fremst. Sú atvinnustarfsemi fer fram frá byggðarlögum hringinn í kringum land í nálægð við þessar auðlindir. Þungamiðja *framleiðslustarfseminnar* er ekki í borgum eins og gerist hjá hinum sterku iðnaðarþjóðum sem við viljum svo oft miða okkur við. Þessi framleiðslustarfsemi er undirstaða þjónustu úti á landsbyggðinni sem og á höfuðborgarsvæðinu. Verði grafið undan þessari framleiðslustarfsemi með verðbólgu og þar með hækkandi fjármagnskostnaði hrynur öll sú yfirbygging eins og spilaborg. Það skyldu menn hafa í huga, ekki síst nú þegar átök

standa um það hversu miklar kostnaðarhækkanir á að leggja á þessar undirstöður.

Á herðar þessarar kynslóðar er lögð mikil ábyrgð. Við höfum notið tækniframfara ásamt þeirri afkastaaukningu sem þeim fylgir. Við höfum tæki í höndunum til að gjörnýta okkar auðlindir. Þetta leggur okkur þá skyldu á herðar að taka ekki um of, ganga ekki of nærri auðlindum lands og sjávar. Framtíð þjóðarinnar er undir því komin að hófsemd og öfgaleysi ráði í þessum efnum. Makrmiðið á ekki að vera það að finna sökudólga heldur að sameina alla þjóðfélagsþegna um skynsamlega nýtingu auðlindanna.

Afkoma landbúnaðarins í landinu og afkoma hinna dreifðu byggða verður ekki aðskilin. Ekki má hvika frá þeirri stefnumörkun að við eigum að framleiða sjálfir okkar landbúnaðarvörur fyrir innanlandsmarkað. Allar þróaðar þjóðir reyna að varðveita sinn landbúnað. Skammtímasjónarmið um skjótfenginn gróða af innflutningi landbúnaðarafurða mega ekki ráða. Samdráttur síðustu ára hefur komið þungt niður í sveitum landsins. Sem betur fer eru möguleikar þar fyrir hendi. Fyrir Alþingi liggur nú frv. um skógrækt sem gjörbreytir aðstöðu til skógræktar á bújörðum verði það að lögum. Hér er verkefni sem sameinar þá þrjá mikilvægu þætti að bæta landið, leggja gull í lófa framtíðarinnar og veita mikilvæga atvinnu í sveitum sem yrði til að styrkja það samfélag sem þar er og sporna við eyðingu byggðar.

Ójafnvægið í byggðum landsins stafar ekki síst af því hlutverki Reykjavíkur að vera þjónustumiðstöð landsmanna og miðstöð stjórnsýslunnar. Þetta gerir það að verkum að atvinnutækifæri eru fjölbreyttari og meiri möguleikar til að fá atvinnu í samræmi við menntun hvers og eins. Það er þó ekkert náttúrulögmál að allir þræðir stjórnsýslu liggi hér um miðbæinn. Með bættum samgöngum og bættum fjarskiptum gjörbreytast möguleikarnir í þessu efni. Upplýsingar berast á milli landshluta á örskotshraða og af því leiðir að forðast verður vanahugsun og íhaldssemi í staðsetningu stofnana. Flutningur aðalstöðva Skógræktar ríkisins á Fljótsdalshérað er prófmál sem mundi marka tímamót ef framkvæmdur yrði.

Vandamál dagsins í dag í þjónustustarfsemi á landsbyggðinni er skortur á áhættufjármagni fyrir það fólk sem vill fara nýjar leiðir. Erfiðir tímar í undirstöðuatvinnuvegunum, landbúnaði og sjávarútvegi, hafa gert það að verkum að fyrirtæki í þeim greinum eru ekki aflögufær til þess að taka þátt í nýjum fyrirtækjum. Þetta býður heim hættu á kyrrstöðu og því er það brýnt verkefni í kjölfar aðgerða í útflutningsgreinum að huga að þessum þætti. Aldrei verður snúið við þeirri búsetuþróun sem verið hefur að undanförnu nema öflug nýsköpun eigi sér stað í þjónustustarfsemi á landsbyggðinni. Sem betur fer skortir ekki bjartsýnt og dugandi fólk úti á landi sem vill takast á við ný verkefni.

Samgöngumál eru einn af þeim þáttum sem talidir eru grundvallaratriði byggðar. Það hefur mikið áunnist í þeim efnum en stór verkefni eru fram undan. Samgöngubætur framtíðarinnar verða að miða að því að stækka atvinnu- og þjónustusvæði og auðvelda aukið samstarf og verkaskiptingu milli byggðarlaga. Á sama hátt og með stjórnsýsluna er brýnt að menn ánetjist ekki of mikilli íhaldssemi í slíkum samskiptum og hafi augun opin fyrir breytingum sem bættar samgöngur hljóta að hafa í för með sér.

Góðir tilheyrendur. Tími minn er nú á þrotum og vil ég láta það verða mín lokaorð að það fylgja því fjölmargir kostir að búa úti á landsbyggðinni. Í fámenni hefur hver einstaklingur stórt hlutverk. Því hlutverki fylgir lífsfylling ef bjartsýni ræður og trú á þá möguleika sem fyrir hendi eru til framfara fyrir alla þjóðina.

Ég óska landsmönnum öllum góðs og gjöfuls sumars. — Góða nótt.

Guðrún Agnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Þegar mér varð litið upp úr því annríki sem síðustu dagar þingsins bjóða og hugleiddi hvað segja skyldi hér í kvöld kom margt upp í hugann. Mér varð litið til þingsins, þessa starfsvettvangs þar sem við kvennalistakonur höfum unnið sl. sex ár. Margt má gott um þingið segja og þau sem hér vinna, en vinur er sá er til vamms segir.

Þrátt fyrir breytt þingsköp og ýmsar umbætur ríkja hér enn að ýmsu leyti forneskjuleg og ómarkviss vinnubrögð. Þau eiga ekkert skylt við virðingu fyrir gömlum og góðum gildum en bera fremur vitni um einangrun Alþingis sem stofnunar í þjóðfélaginu. Starfshættir hér mótast einnig af þeim leikreglum stjórnmálanna sem byggja á valdabaráttu, sundurlyndi og sigri hins sterka. Þetta leiðir til tímasóunar því að stjórnarandstaða á oft ekki annarra kosta völ en að beita málþófi til að tefja eða stöðva mál. Þrátt fyrir það eru á hverju þingi gerðar tilraunir, oft vel heppnaðar, af hálfu stjórnarmeirihlutans til að keyra í gegnum þingið sínar breytingar á stórum málaflokkum. Frumvörpin eru allt of oft vanbúin, jafnvel hroðvirknislega unnin og hefur ekki verið gætt að afleiðingum þeirra eða samhengi við önnur mál. Í skjóli meirihlutavalds ná þau oft fram að ganga óbreytt en þingheimur berst um í tímaþröng og lætur neyða sig til óvandvirkni. Flestir þingmenn viðurkenna að vinnulagið sé ótækt og þinginu til vansa en samt er engu breytt. Það er rannsóknarverkefni í sjálfu sér hvers vegna menn sækja í þennan óvana eða láta hann yfir sig ganga.

Það vekur undrun margra og þykir mótsagnakennt að hér skuli menn að hefðbundnum hætti hefja mál sitt með því að ávarpa ýmist háttvirta eða hæstvirta áheyrendur sína en hnakkrífast síðan við þá og húðskamma. Hér þruma menn hver yfir öðrum, eins og ég geri nú, úr háskipuðum ræðustól en tala of lítið saman eins og fólki er eiginlegt og hlusta ekki nógu vel hver á annan. Óviðunandi er einnig að hér skuli menn allt of oft tala fyrir hálftómum sölum eða daufum eyrum og flytja þannig vandaðar og vel undirbúnar ræður um sín hjartans mál. Þetta á ekki síst við um konur.

Þingstörfin eru að vísu margvísleg og einungis hluti þeirra fer fram hér í þingsölum. Ef til vill eru þó

fjarvistir þingmanna gleggsta og beinasta gagnrýnin á þetta samskiptaform og í raun óbein krafa um breyttar áherslur í framtíðinni. Alþingi má ekki einangrast og verða líkara safnhúsi gamalla og ólýðræðislegra starfshátta en farvegi virkra skoðanaskipta í anda þess þingræðis og lýðræðis þar sem menn hlusta á og taka tillit til sjónarmiða annarra. Slíkt þykir vænlegra til farsælla málalykta á öðrum vinnustöðum, þ.e. að hópar reyni að leysa mál sín með samvinnu fremur en togstreitu.

Þingmenn geta talað um hið háa Alþingi og hæstvirt eða háttvirt hver annan að vild. En hin margumræddа virðing Alþingis festir hvorki rætur né vex í hugum fólks ef alþingismenn virða ekki þá ábyrgð og þær skyldur sem fulltrúahlutverk þeirra færir þeim. Sama máli gegnir um aðra þá er gegna opinberum stöðum eða embættum. Það er eðlilegt að til þeirra séu gerðar þær kröfur að hegðun þeirra varpi ekki skugga eða tortryggni á þá stöðu sem þeir gegna eða grunur falli um að þeir misnoti aðstöðu sína.

Aðstoðarmaður Noboru Takeshita, forsætisráðherra Japans, svipti sig lífi á dögunum þegar yfirmaður hans sagði af sér eftir að hann hafði orðið uppvís að aðild að fjármálahneyksli. Þessi voðaatburður vekur umhugsun um það hvernig menn skilja og hvernig menn taka misjafnlega alvarlega hugtökin heiður og siðferðileg ábyrgð. Hér á landi hafa þeir atburðir orðið á sl. árum sem grafið hafa undan trausti almennings á stjórnmálamönnum og ýmsum þeim er gegna opinberum stöðum. Það sem fólki finnst oft erfiðast að kyngja er að þrátt fyrir stórfelld mistök, svo að ekki sé fastara að orði kveðið, virðast ráðamenn víkja sér undan ábyrgð en almenningur ber tjónið. Það er erfitt og þarf hugrekki til að takast á við siðspillingu í kunningjaþjóðfélagi. Því er nauðsynlegt að hafa skýrar reglur um heimildir manna og rétt þannig að slíkt sé ekki túlkunaratriði heldur ótvírætt.

Sá hefðbundni vandi sem þingmenn og einkum ríkisstjórn glímir við virðist fremur vaxa í höndum manna en minnka. Það er erfitt fyrir ósköp venjulegan Íslending að skilja að nú eftir hvert metaflaárið á fætur öðru og hið síðasta ætíð betra en það sem á undan fór skuli fiskvinnslan hrunin, eins og fram kom á fundi fiskframleiðenda nýlega. Sú ríkisstjórn sem nú situr var þó beinlínis mynduð í skyndingi á haustdögum einmitt til að bjarga fiskvinnslunni. Þó að verkefnið sé ekki auðleyst hlýtur eitthvað meira en lítið að vera athugavert við hugmyndaflug, vinnubrögð og ákvarðanir manna þegar svona illa spilast úr góðærunum ár eftir ár. Stjórnmálamenn hafa með réttu verið sakaðir um að leggja allt of þungar áherslur á efnahagsmálin í umræðum og þá á fræðimáli með hugtökum sem öllum þorra manna eru framandi og óskýr. Þessi einblíning stafar e.t.v. af kvíða gagnvart efnahagsvandanum sem ævinlega virðist óleysanlegur. Því heyrist mönnum fremur sem bókhaldaragrátur berist úr stjórnmálaumræðunni en ómur af hugsjónatali. Á hinn bóginn verður efnahagsvandinn eða vandi atvinnulífsins aldrei leystur einn og sér án samhengis við aðra grundvallarþætti og þarfir þjóðfélagsins. Vinnubrögð sem ráðast af þeirri hugsun sem leitast við að hólfa og einangra vandamál og beita skammtímalausnum hafa tíðkast um of á kostnað þeirra lausna sem leiða af heildarsýn og miða við framtíðarþarfir.

Það eru óvissutímar í stjórnmálum og sú ríkisstjórn sem nú situr nýtur óvanalega lítils trausts samkvæmt skoðanakönnunum og það þrátt fyrir tímamótasamninga í þágu kvenna sem hæstv. fjmrh. nefnir svo og státar sig óspart af. Nú sakna ég hans hér í salnum því að mig langar að segja nokkur orð í tilefni af orðum hans. Það er alrangt að Kvennalistinn hafi barist gegn konum sem staðið hafa í samningagerð eða náð samningum. Það höfum við hvorki gert á þingi eða utan. Hins vegar höfum við efast um endingu og ágæti samninganna en tíminn mun skera úr um það. Hæstv. fjmrh. geislaði þó af sjálfumgleði meðan hann marglofaði þessa manndómsfullu stjórn sem hefur fundið til svo mikillar vinsemdar gagnvart konum. Mér datt í hug meðan ég hlustaði á hann tala: Dramb er falli næst. Það vakti líka athygli mína hvað hann þakkaði samráðherrum sínum hjartanlega fyrir samveruna. Það var hægt að láta sér detta í hug að hann væri á förum. Slíkt gæti reyndar orðið fyrr en varir því að ríkisstjórnin glímir einnig við þann vanda að hafa nauman og óvissan meiri hluta á þingi og innbyrðis sundurþykkja eykur á veikleika hennar.

Ríkisstjórnin lætur sér lynda óviðunandi hátt verð á matvælum, hærra verð en tíðkast í nágrannalöndum okkar. Þessi óhjákvæmilegi kostnaður hverrar fjölskyldu er auðvitað grundvallaratriði við gerð kjarasamninga en hann er orðinn svo íþyngjandi fyrir launafólk að víða kreppir að. Skattlagning til að afla fjár til sameiginlegra velferðarmála er sjálfsögð, en öllu máli skiptir hvernig staðið er að slíkri skattlagningu. Skattlagning á grundvallarþarfir eins og matvæli er bæði röng og óréttlát. Kvennalistinn krefst þess að matarskatturinn verði afnuminn og skorar á Alþb. að standa við stóru orðin og ég beini þessum orðum mínum sérstaklega til hæstv. fjmrh. því að málið er í raun á hans valdi.

Það eru sex ár síðan kvennalistakonur voru kosnar á þing. „Hvað er þá orðið okkar starf í sex hundruð sumur? Höfum við gengið til góðs, götuna fram eftir veg?“ spurði Jónas Hallgrímsson. Svar mitt er hiklaust já. Kvennalistinn hefur ekki einungis lifað af tvennar kosningar heldur vaxið og dafnað. Við höfum tvöfaldað kosningafylgi okkar á tímabilinu og verið eina stjórnmálaaflið sem hefur haldið meira en ríflegu kosningafylgi í öllum skoðanakönnunum síðan vorið 1987 svo að ekki sé minnst á ótrúlegar sveiflur upp á við um hríð. Við höfum flutt tæp 300 þingmál á þessum tíma, þar af reyndar 164 fyrirspurnir en oft getur ein fyrirspurn orðið afdrifaríkari en frumvarp eða þingsályktunartillaga. Þó hafa einungis 11 þingmál okkar fengist samþykkt.

Með virkri þátttöku í umræðum og umfjöllun um mál á þingi hefur okkur stundum tekist að hafa áhrif til breytinga en miklu varðar að sjónarmið kvenfrelsis, kvennabaráttu og valddreifingar hafa verið virkur

þáttur í stjórnmálaumræðunni þennan tíma. Þó að margt hafi borist af þeim vettvangi til þjóðarinnar og víða megi finna vönduð vinnubrögð hjá fjölmiðlungum er þó enn á brattann að sækja fyrir konur eins og nýlegar kannanir sýna og líklega enn langt að bíða þar til aldarandinn og almennt fréttamat dæmir skoðanir og viðfangsefni kvenna jafnáhugaverð og merkileg til frásagnar og karla.

Stjórnmálaflokkarnir hafa brugðist á ýmsan hátt við tilkomu Kvennalistans m.a. með því að veita konum öruggari sæti þannig að nú eru fleiri konur á Alþingi en nokkru sinni fyrr eða 13 í stað þriggja þegar Kvennalistinn kom til sögunnar. Ekki er hægt að segja að kjör kvenna hafi almennt batnað á þessum tíma. Konur eru enn aðeins rúmlega hálfdrættingar á við karla í launum þrátt fyrir langan vinnudag. Hins vegar hefur launamisréttið og annað misrétti verið betur skilgreint og fleiri konur eru meðvitaðar um rétt sinn en áður og hugur þeirra, samstaða og baráttuvilji hefur vaxið.

Reynsla og rannsóknir á dreifbýli á Norðurlöndum hafa sýnt að þaðan sem konur flytja burt og karlar verða einir eftir leggst byggð fljótlega af. Konurnar eru einfaldlega ómissandi. Sama má segja um stjórnmálin. Það er að renna upp fyrir æ fleirum að konur og lífsgildi þeirra eru ómissandi í stjórnmálum og annars staðar við ákvarðanatöku um hag samfélagsins. Með konum býr nú án efa sterkasta hreyfiafl til jákvæðra framfara í þjóðfélaginu og vaxandi þátttaka kvenna mun valda straumhvörfum. Hins vegar eru karlar nær óvirkjuð orkulind til heimilis- og umönnunarstarfa og blasa þar við ótrúlegir virkjunarmöguleikar á næstu árum og áratugum. Konur munu breyta vinnubrögðum og áherslum í stjórnmálum, á Alþingi og í þjóðfélaginu öllu í átt til meira réttlætis fyrir bæði kynin og ekki síst fyrir börnin.

Kvennalistinn er ung hugsjónahreyfing. E.t.v. héldu einhverjir að við mundum breyta heiminum á sex árum. Svo bjartsýnar vorum við ekki. Breyting hugarfarsins tekur lengri tíma, en þátttaka í stjórnmálum miðar að því að koma hugsjónum í framkvæmd. Kvennalistakonur mátu það svo tvisvar á sl. ári eftir vandlega íhugun og víðtæk samráð sín á milli að hafna stjórnarþátttöku. Við mátum það svo að pólitískur styrkur okkar væri ekki nægur, skilyrðin óaðgengileg, tíminn einfaldlega ekki réttur og við einar getum metið slíkt. Það má ekki jafna því við ábyrgðarleysi ef samtökum eða einstaklingum eru hugsjónir svo dýrmætar að þær verði ekki framseldar, allra síst í skiptum fyrir óvissuna eina. Það er ekki síður ábyrgðarhluti að standa vörð um hugsjónir sínar og vera þeim trúr en alltaf er mikilvægt að þekkja sinn vitjunartíma. Kvennalistakonur eru tilbúnar í kosningar og þær geta orðið fyrr en varir. Þá munum við ótrauðar kynna stefnu okkar og vinnubrögð eins og áður og leita þess fylgis sem veitir okkur brautargengi til að koma hugsjónum okkar í framkvæmd með þátttöku í ríkisstjórn.

Ég þakka áheyrnina og býð öllum landsmönnum gleðilegt og gjöfult sumar.

Árni Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Sem betur fer rúmast fleira innan ramma stjórnmálanna en ágreiningur um hagtölur og vísitölur. Íslensk stjórnmál hafa öðru fremur mótast af umræðu um efnahagsmál og er mér nær að halda að flestir Íslendingar hafi fengið sig fullsadda af henni. Ekki dreg ég í efa nauðsyn skynsamlegra skoðanaskipta um hagstjórnaraðferðir og hagstjórnartæki en svo mikil steintröll megum við ekki verða í heimi hagstjórnarinnar að við gleymum manninum sjálfum, þörfum hans fyrir önnur verðmæti en telja má í krónum, umhverfi hans og þeim hættum er steðja að grundvallarlífshagsmunum og lífsafkomu.

Á undanförnum missirum og árum höfum við Íslendingar verið óþyrmilega á það minntir að umhverfisslys og mengun virða engin landamæri. Sú trygging sem fylgt hefur einangrun eyþjóðar í miðju Norður-Atlantshafi er löngu úr sögunni. Vandinn sem nú blasir við í umhverfismálum er alþjóðlegur og við getum ekki og megum ekki loka augunum í þeirri von og trú að einhver óútskýranlegur verndarkraftur fæli frá okkur kjarnorkuvá, eiturefnamengun og hvers konar umhverfisspjöll og komi í veg fyrir að við verðum fyrir áhrifum vegna eyðingar regnskóga í Brasilíu, skemmda á ósonlaginu og heimskulegrar umgengni mannsins við náttúruna. Öll þessi stórfelldu umhverfisslys munu hafa áhrif hér eins og annars staðar og við verðum að taka þátt í þeirri alþjóðlegu baráttu sem nú er hafin til að stöðva og draga úr afleiðingum skemmdarverkanna.

Ef grannt er skoðað kemur í ljós að flest umhverfisslysin verða vegna hamslausrar samkeppni á sviði tækniþróunar, kröfunnar um meiri framleiðni, meiri veraldlegg gæði, hraðari framþróun. Ekki hefur vopnaskak stórveldanna dregið úr hættunni. Kafbátsslysið suðvestur af Bjarnarey var dýrkeypt áminning og viðvörun. Það er ekki úr vegi að geta þess að Sovétmenn eiga nú 627 kjarnorkuknúin herskip og Bandaríkjamenn 276. Um borð í herskipum Bandaríkjanna, Sovétríkjanna, Bretlands, Frakklands og Kína eru tæplega 15.800 eldflaugar með kjarnaoddum. Um það bil þriðjungur allra kjarnorkuvopna í heiminum er í herskipum stórveldanna og nær 500 af þeim 900 kjarnakljúfum sem til eru í heiminum eru notaðir til að knýja herskip þeirra. Fjöldi þessara skipa er daglega á ferð um höfin umhverfis Ísland knúin kjarnorku og hlaðin kjarnorkuvopnum. Það er því fagnaðarefni að utanrrh. skuli nú ætla að beita sér fyrir umræðum innan Atlantshafsbandalagsins um afvopnun á höfunum.

En fleira þarf að koma til. Eiturefnum af ýmsu tagi er kastað í hafið, Norður-Atlantshafið, og þau brennd á hafi úti. Hugmyndir eru uppi um að koma fyrir geislavirkum úrgangi á hafsbotni. Norður-Atlantshaf hefur um áratuga skeið verið notað eins og ruslafata fyrir hættuleg efni sem menn ekki vilja urða eða grafa á landi.

Á fundi Vestnorræna þingmannaráðsins í sumar fékk ég samþykkta tillögu þar sem því er beint til ríkisstjórnar Íslands og landsstjórna Færeyja og Græn-

lands að komið verði á fót sameiginlegri skrifstofu eða stofnun sem fylgist með mengun Norður-Atlantshafsins og geri ráðstafanir til að koma í veg fyrir hana. Hugmyndin er sú að öllum þjóðum sem eiga land að þessu mikla hafsvæði verði boðin aðild að þessari stofnun. Mjög er brýnt að hefja þetta starf þegar í stað og jafnframt að hefja samstarf við alla þá aðila sem vinna að sameiginlegum hagsmunamálum á þessu sviði. Það er illt verk að hrinda þeim sumum frá sér og klína á þá neikvæðum nafngiftum.

En lítum okkur nær. Við höfum verið stolt af því að búa í landi ómengaðrar náttúru og að njóta bæði hreins vatns og lofts. Í þessu felast ómetanleg verðmæti. En því miður fölnar þessi mynd nokkuð þegar við gaumgæfum umhverfi okkar, hvers konar úrgang ber fyrir augu daglega, plast, einnota umbúðir og frárennslismengun við borg og bæi. Við höfum ekki orðið fyrir tjóni á landi af súru regni eða eiturefnum frá efnaiðnaði. Okkar meginvandi er eyðing gróðurþekjunnar á landinu. Að því leytinu búum við ekki við óspillta náttúru. Maðurinn, búfénaðurinn og náttúruöflin hafa eytt svo gróðurlendi Íslands að stór landsvæði sem áður voru gróin grasi og skógi eru nú eyðimörk. Þegar tekið er tillit ti beinnar gróður- og jarðvegseyðingar sem orðið hefur á 1100 árum Íslandsbyggðar og rýrnunar þess gróðurlendis sem eftir er lætur nærri að við Íslendingar búum við minna en 20% af þeim landgæðum eins og talið er að þau hafi verið við landnám. Sumir hafa gengið svo langt að segja að Ísland sé í gróðurfarslegum tötrum.

Af þessari upptalningu má sjá að við höfum mikið verk að vinna. Þeir sem hugleiða hvernig sá heimur muni líta út sem við ætlum afkomendum okkar að taka við gera sér ljóst að hér er um svo risavaxið verkefni að ræða að öll önnur vandamál hljóta í raun að hverfa í skuggann. Í þessum hugleiðingum mínum felst spurningin um lífsafkomu þjóðar okkar, heilsu eða jafnvel líf og dauða þeirra sem jörðina byggja. Flest annað verður óttalegt hjóm í þeim samanburði.

Núverandi ríkisstjórn hefur gengið rösklega til verks í umhverfismálum og borið fram fleiri og stærri mál á þeim vettvangi en aðrar ríkisstjórnir. Sérstaklega ber að nefna frv. til laga um umhverfismál, um nýtt umhverfismálaráðuneyti, tillögu um aðild að milliríkjasáttmála um takmörkun á notkun ósoneyðandi efna, frv. um skilagjald á drykkjarvöruumbúðir sem stuðla megi að hreinsun áldósa og hvers konar einnota umbúða, frv. um meðferð brotamálma og skilagjald af ökutækjum sem stuðlar að söfnun brotamálma og bílhræja og hugmyndir um hvers konar endurnýtingu úrgangsefna. Nefna má frv. um landgræðslu og gróðurvernd og vörsluskyldu búfjár og í undirbúningi eru aðgerðir til að draga úr mengun sjávar. Í utanrrn. eru nú gerðar skipulagsbreytingar sem stefna m.a. að því að betur megi vinna að afvopnun á höfunum og gegn mengun sjávar.

Síðasta flokksþing Alþfl. snerist að verulegu leyti um umhverfismál og þar var samþykkt skorinorð ályktun um þennan mikilvæga málaflokk. Ráðherrar flokksins hafa starfað rösklega og mjög í anda þessarar ályktunar.

Virðulegi forseti. Við deilum og munum deila um efnahagsmál og leiðir að einhverju tilteknu marki eða að hinu gullna hliði óskalandsins. En ef við ekki sameinumst um megináherslur í umhverfismálum, mengunarvörnum og afvopnun á höfunum verður ekki um neitt að deila í framtíðinni. Umhverfismálin eru veigamesti málaflokkur líðandi stundar og næstu framtíðar. Hvernig þar tekst til getur ráðið úrslitum um framtíð þessarar þjóðar. — Lifið heil.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Góðir Íslendingar. Á eldhúsdegi líta menn um farinn veg og meta aðstæður í nútíðinni um leið og reynt er að skyggnast undir fortjald næstu framtíðar. Óvíst er hvort sviptingameira ár hafi runnið sitt skeið í stjórnmálum hér á landi frá eldhúsdegi í maíbyrjun á sl. ári til dagsins í dag. Gengisfall gjaldmiðils okkar eða gengissig mun hafa numið um 30% frá upphafi sl. árs. Nær hvarvetna sem borið er niður í þjóðfélaginu blasa erfiðleikar við, sums staðar að því er virðist óyfirstíganlegir. Hver ætli ástæða þessa sé?

Óumdeilt er að við búum í gjöfulu landi hvort sem litið er til framleiðsluvara á sviði landbúnaðar eða sjávarútvegs. Iðnaður Íslendinga er á marga lund vel á veg kominn og nú munu um 16,5% vinnumarkaðarins hafa atvinnutekjur sínar af þeirri grein og raunar um 25% vinnufærra landsmanna ef fiskiðnaðinum er bætt við. Við sækjum fram á fjölmörgum sviðum verslunar og viðskipta og koma 16,8% atvinnutekna landsmanna úr þeirri grein, enda eru þar ógrynni ónýttra möguleika, ekki síst í utanríkisviðskiptum okkar sem vitaskuld hvíla á gæðum lands og sjávar. Langstærsti atvinnuhópurinn hér á landi er þó á sviði hvers konar þjónustu eða um 31% launþega í landinu. Þetta einkenni er sambærilegt við flest nágrannalöndin og sýnir í rauninni að þjóðfélagsþróun hér á landi er með svipuðum hætti og í næsta nágrenni okkar. En hvers vegna eigum við erfiðara með að hafa hemil á efnahagsþróuninni en nágrannalöndin? Hvað veldur?

Trú mín er sú að einhæfni útflutningsframleiðslunnar valdi hér verulega um, eða réttara sagt hve háð við erum sveiflum í einni undirstöðuatvinnugrein, þ.e. sjávarútveginum. Þessu megineinkenni í íslenskum þjóðarbúskap verður ekki breytt svo að neinu nemi. Þess vegna er mikilvægt að menn læri að lifa við þessa grundvallarstaðreynd og viðurkenni hana í reynd.

Uppsveifluskeiðinu í sjávarútvegi 1984–1987 var að ljúka rétt í þann mund sem ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar tók við völdum. Örlög þeirrar stjórnar voru að halda allfast í fastgengisstefnu en láta þó hrekjast af þeirri leið en ætíð of seint þannig að hún hafði fráleitt stjórn á því meginverki sem hún tók að sér, enda voru það fyrst og fremst hennar verk að

skilja við sjávarútveginn og fiskvinnsluna nánast í rúst. Þannig voru fyrirtæki víða um land sem skilað höfðu hagnaði allt fram á haustið 1987, mörg hver burðarásinn í sínu byggðarlagi, komin í bullandi hallarekstur undir árslokin og síðan komin í algert þrot síðsumars 1988 þegar ríkisstjórnin hrökklaðist frá vegna innri ágreinings. Ósanngjarnt væri að halda því fram að hér hefði að mestu valdið óeirð á vinnumarkaði eða óbilgirni í kaupkröfum launþega. Nánast allt atvinnulíf í landinu er tengt þessum átökum um grundvallarstefnu í rekstri sjávarútvegsins sem ég tæpi hér á. Skipulögð aðför að hefðbundnum landbúnaði gekk vitaskuld fram með sama hætti og áður án þess að markaðsmálum eða skipulagi nýbúgreina væru gerð þau skil sem skyldi.

Jafnframt því að reka þessi mál í svo rækilegan hnút afrekaði þessi ríkisstjórn ýmislegt fleira sem í minnum mun haft. Hún lögleiddi matarskattinn og hækkaði þar með sumar af rekstrarvörum heimilanna um 25% og sneiddi af vaxtarbroddinn í einni af þýðingarmestu atvinnugrein landsmanna, ferðaþjónustunni. Allt var þetta gert í þeim bláeyga tilgangi að bæta innheimtu söluskattsins. Niðurstaðan varð hins vegar sú að aldrei, allar götur frá því að sú skattaaðferð var upp tekin hér á landi í upphafi viðreisnar, hefur innheimta söluskatts gengið jafnilla og vanskil verið jafnhrikaleg.

Tvennt eiga þær sameiginlegt núv. hæstv. ríkisstjórn og sú hæstv. sem rann sitt skeið á enda í septemberlok sl. Sú fyrri beitti þeirri stjórnunaraðferð að losa sig við þingið á lokadaginn í fyrra, 11. maí, og gefa síðan út bráðabirgðalög fáum vikum síðar rétt eins og öllu venjulegu fólki bauð raunar í grun við þinglausnir að verða mundi. Engan grunaði þó hve haldlítil sú löggjöf reyndist. Sú seinni tók þessa stjórnunaraðferð svo berlega í arf að hún lét verða sitt fyrsta verk að gefa út bráðabirgðalög örfáum dögum fyrir þingbyrjun. Að vísu var henni sú vorkunn að flest stefndi í strand við sjávarsíðuna en hennar hlutur var að því leyti bíræfnari að meirihlutafylgis naut hún ekki í Nd. Alþingis.

Nú er það vitaskuld öllum ljóst að hlutverk stjórnarandstöðu er fyrst og fremst að veita aðhald, gagnrýna á rökstuddan hátt og til þess hefur hún auðvitað þeim mun meiri möguleika sem styrkur hennar er meiri og hann getur tæpast orðið öllu styrkari en hér hefur verið í vetur. Bráðabirgðalög núv. hæstv. ríkisstjórnar voru lögð fyrir Ed. þar sem stjórnarsinnar njóta meirihlutafylgis. Þar var reynt á samvinnu stjórnarandstöðuflokkanna um að knýja fram breytingar á lögunum sem væntanlega yrðu til bóta. Það náðist ekki fram á því stigi máls en hins vegar fæddust í þeirri umræðu ýmsar hugmyndir, svo sem um hlutafjársjóð og það að bæta Atvinnuleysistryggingasjóði upp það tap er hann varð fyrir vegna bráðabirgðalaganna. Þessar hugmyndir, þótt breyttar yrðu að ýmsu leyti, náðu síðan fram í frekari vinnslu þessa máls í fjh.- og viðskn. Nd. og urðu síðan til þess að bráðabirgðalögin voru á þann veg samþykkt við 2. umr. í Nd. með tilstyrk núverandi stjórnarliða og tveggja þm. Borgaraflokksins eftir meirihlutaákvörðun í þeim þingflokki. Yngsta aflið í þinginu sýndi þar með þann styrk sem réði úrslitum um framvinduna og hafa mun ómæld áhrif um allt land.

Fyrirtækin sem versta útreið fengu í stjórnleysi fyrrv. hæstv. ríkisstjórnar eiga sum hver enn von. Eingöngu fyrir tilkomu hlutafjársjóðsins sem varð til með þeim hætti sem ég áðan greindi. Þessi lausn hefur síðan, bæði hér á þingi sem og annars staðar meðal stuðningsmanna fyrri stjórnar, fengið mjög neikvæða umfjöllun. En e.t.v. hefur það farið fram hjá þjóðinni að öll núverandi stjórnarandstaða í Nd. utan aðeins einn þm. sat hjá við atkvæðagreiðslu eftir 3. umr. málsins. Meginatriðið er það að rekstrarhruni sjávarútvegsins um allt land var bægt frá um sinn a.m.k. Þeir sem standa í þeim rekstri og þeir sem hafa lífsviðurværi sitt í þessari undirstöðuatvinnugrein skilja hvað hér var um að tefla.

Nú dregur að lokum þessa þings. Vinnudeilur setja mark sitt á þjóðlífið þessi dægrin enda þótt tekist hafi að ná viðunandi samningum við hluta vinnumarkaðarins. Eftir stendur að rekstrargrundvelli undirstöðuatvinnuveganna er enn teflt á tæpasta vað. Eina færa leiðin út úr ógöngunum er að ríkisvaldið greiði fyrir lausn með því að beita sér fyrir lækkun kostnaðar á sem flestum sviðum með því að afnema matarsköttun það sem eftir lifir þessa árs, með því að draga úr fjármagnskostnaði og með því að treysta svo afkomu sjávarútvegsins að hann geti gegnt hlutverki sínu með eðlilegum hætti. Eins og fyrri daginn hvílir flestöll önnur velferð á því að þetta takist. En það gefur auga leið að ríkisstjórn sem ekki nýtur stuðnings meiri hluta í báðum deildum þingsins á hér óhæga leið, svo óhæga að hætt er við að svo reyni á þolrif hennar innan frá að hennar bíði sömu örlög og þeirrar fyrri og það fyrr en varir.

Hæstv. forseti. Ég hef lokið máli mínu. Ég þakka þeim sem hlýddu og ég óska landsmönnum öllum gæfuríks sumars og býð góða nótt.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Það eru tæplega fjórir klukkutímar síðan þessi umræða hófst. Hingað í stólinn hafa komið fjölmargir ræðumenn með heimastílana sína og flutt þá fyrir þjóðinni af mikilli lagni og lagt mikla vinnu í þessa texta og er það vissulega þakkarvert. Hitt kann að orka tvímælis hvort umræða af því tagi sem hér er skipulögð er nákvæmlega besta aðferðin fyrir stjórnmálamenn til þess að nálgast þjóð sína. Ég satt að segja dreg það í efa og er að því leytinu til sammála Guðrúnu Agnarsdóttur í því sem hún sagði hér áðan, að margt í vinnubrögðum okkar hér á Alþingi er með þeim hætti að það þarf endurskoðunar við, að ekki sé meira sagt. Það væri a.m.k. fróðlegt að íhuga af og til hvort ekki mætti hleypa örlítið meiru af 20. öldinni inn í þessa sali en stundum gerist.

Í þessari umræðu um stjórnmál er yfirleitt lögð megináhersla á að ræða um efnahags- og atvinnumál og í rauninni er það þannig að við tölum öll í fjarska

líkum vendingum. Við höfum búið okkur til net af orðum sem við skiljum þegar við erum að tala hvert við annað en það er erfitt oft og tíðum fyrir þjóðina að átta sig á því hvað það er sem við erum að fara.

Því miður er það svo að það fæst ekki mikil umræða t.d. um umhverfismál, eins og hv. þm. Árni Gunnarsson drap á hér áðan. Því miður er það einnig svo að umræða um undirstöðuþátt eins og mennta- og menningarmál fæst lítil eða ekki í umræðum af þessu tagi. Við höfum í menntmrn. á þessum vetri beitt okkur fyrir víðtækri umræðu um skólamál og um menningarmál allt í kringum landið með fjöldamörgum fundum. Við viljum opna þessa umræðu og fá sem flesta til að taka þátt í henni til þess fyrst og fremst að skapa skilning á því með þjóðinni allri að það er óhjákvæmilegt verkefni að lyfta virðingu skólans þannig að staða hans verði sem sterkust, bæði í bráð og í lengd.

Við höfum þrátt fyrir knappan tíma á þessum vetri náð því að koma fram í þinginu ýmsum umbótamálum í skólamálum sem ég vil hér nefna. Ég nefni breytingu á háskólalögunum sem gerir ráð fyrir því að það verði komið í veg fyrir að menntamálaráðherrar geti beitt kúgunarvaldi gegn Háskóla Íslands eins og gerðist við embættaveitingar á sl. sumri. Ég nefni ákvarðanir sem núv. ríkisstjórn hefur tekið um tvöföldun námsstyrkja og um ný lög um jöfnun námskostnaðar sem hafa verið afgreidd á Alþingi. Ég nefni frv. um íslenska málnefnd þar sem gert er ráð fyrir því að kalla til mikið fleiri aðila en áður til málræktarátaks í þágu íslenskrar tungu vegna þess að við vitum að íslensk tunga má aldrei verða þannig stödd að einungis sérfræðingar gæti hennar.

Ég legg einnig áherslu á það, virðulegi forseti, í þessari umræðu að frv. ríkisstjórnarinnar um umhverfisráðuneyti er að mati okkar alþýðubandalagsmanna úrslitamál. Við leggjum mikla áherslu á að það nái fram að ganga. Auðvitað er það svo að í stjórnarsamstarfi eins og því sem við tökum þátt í eru margvíslegir þættir sem upp koma og erfitt er fyrir okkur að sætta okkur við í einstökum tilvikum. Það er eins og gengur. Í þeim efnum gæti ég t.d. nefnt utanríkismálin. Það hefur ekki allt þar verið með þeim hætti sem við hefðum kosið. Ég tel hins vegar ástæðu til að vekja athygli á þeirri umræðu og þeim ákvörðunum sem orðið hafa til í ríkisstjórninni varðandi íslenskt frumkvæði um afvopnun á höfunum.

Góðir tilheyrendur. Hér í kvöld hafa fulltrúar stjórnar og stjórnarandstöðu lagt fram sín mál. Í rauninni er eitt sem sker í augun. Í rauninni er það eitt sem hlýtur að standa eftir eftir þetta kvöld. Og hvað er það? Það er algert úrræðaleysi og málefnafátækt Sjálfstfl. Hann hefur engar tillögur. Hann átti fjóra ræðumenn hér í kvöld. Hann hefur að vísu lagt fram tillögur í vetur af og til um gengisfellingu og gengisfellingu aftur, aðrar tillögur hefur hann ekki haft.

Það kemur oft fyrir í ríkisstjórnum, einkum og sér í lagi samsteypustjórnum, að það er erfitt að gæta trúnaðarmála og það er stundum talað um leka. Best geymda trúnaðarmál þessa vetrar er hvaða úrræði Sjálfstfl. kann að hafa í efnahags- og atvinnumálum. Mér þætti vænt um að þjóðin yrði upplýst um það fljótlega hvað þessi fjölmenni stjórnmálaflokkur hefur til málanna að leggja. Hér í kvöld hefur hann ekkert sagt.

Góðir tilheyrendur. Ég þakka þeim sem hlýddu á mál mitt. Lifið heil.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Góðir Íslendingar. Kjósendur standa nú á krossgötum. Þeir standa frammi fyrir því að gera upp hug sinn til stjórnmálamannanna. Verk vinstri manna í núverandi ríkisstjórn segja alla söguna. Nú hafa menn nýtt val, frjálslynda og hægri flokkinn sem er ætlað að vera mótvægi við óslökkvandi þorsta vinstri flokkanna fimm í eignir almennings og fyrirtækja.

Góðir áheyrendur. Máttleysi þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr og aðstandenda hennar er dæmalaust. Þar ber fyrst að nefna stöðuna í kjaramálunum sem er slík að það er með eindæmum. Það er slæmt til þess að vita að vænna þykir ráðherrunum um stólana sína en fólkið og atvinnuvegina í landinu. Það er eðlilegt að svo sé því að það er afleiðing slæmrar stjórnunar í landinu eftir þá mánuði sem ríkisstjórnin hefur setið og ekki gert neitt sem mark er á takandi.

Ef við lítum á stríðsyfirlýsingar eins og þær sem sjútvrh. gaf í gær þá vekja þær furðu. Þótt ég sé talsmaður frjálsra samninga verður ríkisstjórnin auðvitað að taka af skarið. Frumvinnslugreinarnar eru á þrotum. Hinar vinnandi hendur í frystihúsunum hafa æ minna á milli handanna og í mínu kjördæmi eru farir sjávarútvegsins hörmulegar á sl. ári. Það þýðir lítt fyrir hæstv. sjútvrh. að gefa yfirlýsingar um að fiskvinnslan geti ekki greitt hærri laun. Það er ekki fiskvinnslunni að kenna. Sökudólgurinn er ríkisstjórnin. Þessi stjórn hefur farið hamförum og lagt þvílíka skatta á þjóðina að með ólíkindum er. Þessu verður að linna. Ríkisstjórnin verður að aflétta sköttum af atvinnuvegunum og þá geta þeir greitt fólkinu í landinu hærri laun. Ráðstöfunartekjur munu hækka því að ef fólkið hefur ekki tekjur til að lifa sómasamlegu lífi lifir ekki ríkið.

Það er hörmulega farið með gamalt fólk, einhleypa og fólk sem sinnt hefur ráðdeild í gegnum árin með álagningu eignarskatta. Hver ber ábyrgð á þessu? Hver ber ábyrgð á vaxtaokrinu? Skyldi það vera hæstv. forsrh. Steingrímur Hermannsson eða man hann e.t.v. ekki eftir því? Er hann búinn að gleyma því, steingleyma því að hafa setið í ríkisstjórn allan þann tíma sem mesta vaxtaokur hefur verið á Íslandi? Hvað segir Stefán Valgeirsson sérlegur stuðningsmaður ríkisstjórnarinnar um það? Maðurinn sem fann huldumennina í Borgaraflokknum og aðstoðaði stjórnarflokkana við að stela stjórnmálaflokki? Hvað segja fulltrúar láglaunafólksins, verkafólksins, svokallaðir verkalýðsleiðtogar um vaxtaokrið? Fádæma úrræðaleysi ríkisstjórnarinnar er hrollvekja og hringavitleysa.

Það er staðreynd að það að hækka eignarskatta verulega mun til lengri tíma litið hækka ávöxtunarkröfur verðbréfa og auka vaxtaokrið sem var nóg fyrir. Vita menn hversu óvísindalega vaxtaákvarðanir á verðbréfamarkaði eru teknar? Þar ræður ekki framboð og eftirspurn. Það eru menn á bak við þung skrifborð sem ákveða vextina með spámennsku. Það er ekki fólkið á götunni. Ef hér væri frjáls verðbréfamarkaður kæmi fólkið á götunni og byði í bréfin. Verðbréfamarkaðurinn er miðstýrður og vaxtaokrið heimatilbúið án nokkurra afskipta ríkisstjórnarinnar. Það verður að koma raunávöxtun í 4% sem er skikkanleg tala og það verður að létta af eignarsköttum. Þetta er lífsspursmál. Ríkisstjórnin verður að styðja við bakið á samningsaðilum og vinnumarkaði þannig að samningar geti náðst til lengri tíma eða a.m.k. til tveggja ára.

Ég vil vekja athygli á því að hæstv. fjmrh. sagði hér í umræðunni áðan að nú væri lokið fyrsta kafla í starfi ríkisstjórnarinnar með ótrúlega góðum árangri. Hver er þessi árangur? Í Þjóðviljanum í dag stendur: „Halldór hellir olíu á eldinn. Sjávarútvegsráðherra segir fiskvinnsluna ekki þola kauphækkun. BSRB-samningarnir og samningar ASÍ í fyrra allt of háir. Ásmundur Stefánsson: Átök ef ekki semst næstu daga. Björn Grétar Sveinsson: Furðuleg yfirlýsing og röng. Ólafur Ragnar Grímsson: BSRB-samningarnir samþykktir einróma í ríkisstjórninni." Þetta er staðan á stjórnarheimilinu. Svo segir hæstv. fjmrh. að það sé ótrúlegur árangur. Þetta er ótrúlegt árangursleysi og það er staðfest í viðtali við forstjóra stærsta atvinnufyrirtækis á Íslandi í dag, forstjóra SÍS, Guðjón B. Ólafsson, að atvinnuvegirnir eru algerlega í lamasessi. Í Morgunblaðinu í dag segir hann, með leyfi forseta:

„Ég get ekki fullyrt að það fyrirfinnist ekki einn einasti maður sem hefði ráðið við þær kringumstæður sem hér hafa ríkt og þá ekki síst í efnahagsumhverfinu sl. þrjú ár eða svo, enda sjáið þið fyrir ykkur að það er nánast búið að þurrka upp eigið fé úr fiskiðnaðinum á tveimur til þremur árum. Sama má segja um verslunina og ég þekki enga atvinnugrein á Íslandi sem er í lagi." Þetta er áfellisdómur forstjóra stærsta atvinnufyrirtækis á Íslandi yfir þeim stjórnmálamönnum sem sitja við völd. Þetta er áfellisdómur sem verður ekki gengið fram hjá.

Hæstv. forseti. Afleiðingar stjórnleysis ríkisstjórnarinnar eru á öllum sviðum. Það líður senn að því að það verður kosið því að þessi ríkisstjórn mun ekki lafa nema til haustsins.

Góðir áheyrendur. Guð gefi ykkur gleðilegt sumar. Þingmenn frjálslynda og hægri flokksins bjóða ykkur góða nótt. Hafið þökk fyrir áheyrnina.

SAMEINAÐ ÞING

66. fundur, föstudaginn 28. apríl, kl. 10 árdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf:

„Ólafur G. Einarsson, formaður þingflokks Sjálfstfl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem Friðjón Þórðarson, 2. þm. Vesturl., er erlendis og getur því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér að hans beiðni með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Sjálfstfl. í Vesturlandskjördæmi, Valdimar Indriðason, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans."

Þetta er yður hér með tilkynnt, hæstv. forseti.

Kjartan Jóhannsson,
forseti Nd."

Valdimar Indriðason hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og býð ég hann velkominn til starfa.

Um þingsköp.

Úrskurður forseta um takmörkun umræðna.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs um þingsköp vegna úrskurðar um takmörkun umræðna sem forseti Sþ. felldi í umræðum um skýrslu utanrrh. aðfaranótt sl. miðvikudags. Fundurinn sem nú er að hefjast er fyrsti reglulegi fundur Sþ. frá því þá og ég leyfi mér að koma nú á framfæri mótmælum vegna þessa úrskurðar forseta.

Málavextir voru þeir að hæstv. forseti tilkynnti í nefndum umræðum þegar klukkan var tíu mínútur gengin í fjögur aðfaranótt miðvikudags að hann hygðist beita ákvæðum 38. gr. þingskapa og takmarka ræðutíma þingmanna svo og ákveða lok umræðunnar. Tilkynnti forseti að umræðunni skyldi ljúka kl. 3.20, þ.e. tíu mínútum síðar, og þeir þrír þingmenn sem á mælendaskrá voru hefðu hver um sig tveggja mínútna ræðutíma.

Þannig stóð á að hæstv. utanrrh. hafði, þegar hér var komið sögu, lokið síðari ræðu sinni, sem var rúmlega klukkustundar löng, þar sem hann svaraði fyrirspurnum sem til hans hafði verið beint í umræðunni. Sá sem hér talar hafði beðið um orðið næstur á eftir og hugðist gera stutta athugasemd við eitt atriði í svarræðu ráðherra. Sama hugðust hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson og Guðmundur H. Garðarsson gera. Ég vil taka fram að ég hafði sérstaklega tjáð forseta að ég mundi verða mjög stuttorður, enda var ljóst að umræðunum var að ljúka og allra hagur að geta gengið til náða.

Í 38. gr. þingskapa segir svo, með leyfi forseta: „Ef umræður dragast úr hófi fram getur forseti úrskurðað að ræðutími hvers þingmanns skuli ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd. Forseti getur stungið upp á að umræðum sé hætt og einnig getur forseti lagt til, hvort heldur í byrjun umræðu eða síðar, að umræðum um mál skuli lokið að liðnum ákveðnum tíma. Eigi má þó, meðan nokkur þingmaður kveður sér hljóðs, takmarka ræðutíma við nokkra umræðu svo að hún standi skemur en þrjár klukkustundir alls. Tillögur forseta skulu umræðulaust bornar undir atkvæði í þingdeild þeirri sem hlut á að máli, eða sameinuðu þingi, og ræður afl atkvæða úrslitum."

Af þessari tilvitnun er ljóst að úrskurður forseta var efnislega rangur í báðum atriðum og fór í bága við þingsköp. Í fyrsta lagi var tillaga forseta í lok ræðutíma ekki borin undir atkvæði og í öðru lagi var umræðum að ljúka og höfðu ekki dregist úr hófi, en það er forsenda fyrir því að forseti geti ákveðið að beita tímatakmörkunum. Forseti sagði við þetta tækifæri að til takmarkana væri gripið með tilliti til þeirra anna sem fram undan væru daginn eftir og þess að inni væru hv. þm. sem ættu að vera komnir hingað aftur kl. 8 um morguninn. Ljóst hlýtur að vera að slíkar aðstæður jafngilda ekki því að umræður hafi dregist úr hófi, enda skipuleggja allir þingmenn viðveru sína á kvöld- og næturfundum að einhverju leyti með tilliti til starfa sinna næsta dag.

Ég viðurkenni, virðulegi forseti, að úrskurðinum hefði átt að mótmæla þegar í stað, en ég lét það hins vegar undir höfuð leggjast, enda geng ég ekki með þingsköpin á mér né kann þau utan að og vil geta treyst því að forseti misnoti ekki vald sitt og brjóti rétt á samþingsmönnum sínum. Úrskurður forseta var hins vegar ekki aðeins efnislega rangur, hann var að auki algerlega ástæðulaus þar sem ljóst var að umræðunni var að ljúka eins og ég hef útskýrt. En úrskurðurinn var einnig ranglátur og ósanngjarn í ljósi þess að einn þingmaður úr flokki hæstv. forseta hafði þegar talað tvívegis í umræðunni, í fyrra skiptið í rúmlega 1½ klukkustund og í síðara skiptið um klukkustund, en þingmenn á mælendaskrá höfðu aðeins talað einu sinni. Það fær auðvitað ekki staðist þegar þingmaður úr stjórnarliðinu hefur talað tvívegis, samtals í um 2½ klukkustund að skammta þá þingmönnum úr stjórnarandstöðunni, sem vilja hagnýta sér rétt sinn til að tala í annað sinn, tvær mínútur til þess. Þingmenn eiga auðvitað allir sama rétt á að tala hér á hv. Alþingi. Málfrelsi eins er jafnmikið og annars og ef talin er þörf á því að takmarka ræðutíma á vitaskuld að semja um það fyrir fram.

Ég mótmæli harðlega þeim ranga og ósanngjarna úrskurði sem ég hef gert að umtalsefni og vil að þau mótmæli liggi fyrir í þingtíðindum þannig að ljóst sé að þessi úrskurður getur ekki haft neitt fordæmisgildi þótt honum hafi ekki verið mótmælt á staðnum.

Það skal tekið fram að ég greindi forseta frá því þegar morguninn eftir umrætt atvik að ég mundi mótmæla á þessum fundi. Ég vil láta það koma fram, virðulegi forseti, að við sjálfstæðismenn munum ekki aftur sætta okkur við að forsetavaldi sé beitt með þessum hætti hér á hv. Alþingi, en ég vil leyfa mér að vona að hér hafi einfaldlega verið um mistök hjá forseta að ræða og vænti ég að það muni koma fram hjá forseta.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég kem hér upp til að taka undir það sem hv. 17. þm. Reykv. gerði að umtalsefni vegna þess að ég var stödd hér þegar það átti sér stað sem hér hefur verið lýst. Það fór með mig eins og hann að ég áttaði mig ekki á því að um brot á þingsköpum væri að ræða. Hins vegar fannst mér úrskurður forseta mjög ósanngjarn og hættulegt að takmarka þannig ræðutíma þingmanna eins og forseti úrskurðaði á þessum tíma, auk þess sem það braut berlega í bága við þingsköp. Ég vil benda á sérstaklega að í þingsköpum er talað um að ekki megi takmarka ræðutíma meira en svo að umræðan taki þrjár klukkustundir alls. Ég vil í því sambandi benda á að á dagskrá voru sex skýrslur, fimm skýrslur fyrir utan skýrslu hæstv. utanrrh., og það hafði verið áætlað að tveir dagar færu eingöngu í skýrslu utanrrh. og einn dagur í skýrslu norrænu ráðherranefndarinnar um norrænt samstarf. Ég skil því ekki á hvaða forsendu forseti úrskurðaði takmörkun á ræðutíma. Við vorum ekki meira en 13 klukkustundir alls að ræða þessi sex mál. Það að við höfum verið orðin mjög þreytt og þyrftum að mæta daginn eftir kannast ég ekki við að neinn hafi verið að kvarta um af þeim fáu sem voru eftir í húsinu. A.m.k. kom það ekki frá mér þó að ég hafi þurft að mæta snemma daginn eftir. Ég lýsi óánægju með úrskurð forseta og mun mótmæla ef þetta kemur fyrir aftur. Ef á að fara að takmarka ræðutíma þarf að gera það fyrir fram með samkomulagi en alls ekki eins og hér var gert aðfaranótt miðvikudagsins.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna undangenginna athugasemda skal þetta tekið fram:

Um þennan fund hafði verið samið við formenn allra þingflokka. Eins og menn rekur minni til hafði þessi umræða átt að fara fram daginn áður. Það reyndist ekki unnt vegna athugasemda tveggja þingmanna og um það var samið að þessari umræðu lyki þess vegna á einum degi í staðinn fyrir á tveimur dögum. Forseti hefur óumdeilanlegan rétt til, ef fundir dragast úr hófi fram, að takmarka ræðutíma. Um það held ég að enginn geti deilt. Það segir í 38. gr. laga um þingsköp: „Ef umræður dragast úr hófi fram getur forseti úrskurðað að ræðutími hvers þingmanns skuli ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd."

Klukkan var að ganga fjögur um nóttina þegar forseti greip til þessa ráðs. Þá voru hér í húsinu átta hv. þm. Allir höfðu þeir talað einu sinni og ljóst var að þeir gætu aðeins hugsanlega talað einu sinni til. Oftar en tvisvar hafa þeir ekki heimild til að tala.

Forseti kvað upp þann úrskurð þegar klukkan var að halla í fjögur að menn takmörkuðu ræðutíma sinn

við tvær mínútur. Því mótmælti enginn og því áleit forseti að þetta væri ákveðið með samþykki hv. þm. Forseta var jafnljóst að séu ákveðin fundarlok ber að bera það undir atkvæði. Atkvæðamagn reyndist ekki nóg þar sem átta manns voru í húsinu. Forseti leit því svo á þegar enginn mótmælti því heldur að fundarlok væru ákveðin að hv. þm. sættu sig við þennan úrskurð.

Ég harma ef hér hafa verið brotin fundarsköp á hv. þm. Ég skal láta athuga hvort svo er. En um fyrri athugasemdina eru engin áhöld. Þar hafði forseti alla heimild. Það kann vel að vera að leita þurfi atkvæða, en þá skulu hv. þm. vita að til þess þurfa þeir að vera í húsinu. Um það var ekki að ræða.

Um ræðulengd hv. 2. þm. Austurl. hef ég ekkert að segja. Hún var að sjálfsögðu brot á samkomulagi við þingflokkana um lengd ræðutíma.

Ég mun hins vegar fela starfsmönnum Alþingis að kanna hvort brotið hafi verið á þessum átta þingmönnum. Hafi svo verið er forseti vitaskuld fús til að biðjast afsökunar á því og mun það gert ef svo reynist.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir ummæli þeirra tveggja þingmanna sem báru fram kvartanir um úrskurðinn aðfaranótt miðvikudagsins. Það er alveg ljóst að þar voru þingsköp brotin og það þurfti ekkert að gera það jafnvel þó að umræður ættu ekki að standa nema í nokkrar mínútur í viðbót. Ég hafði tjáð hæstv. forseta að ég væri knúinn til að bera fram ósk til hæstv. utanrrh. um að hann aðstoðaði mig um að fá upplýsingar varðandi viðræður í Ráðstjórnarríkjunum, í Moskvu um fiskveiðiheimildir innan íslenskrar efnahagslögsögu. Fyrir kl. 7 á þriðjudaginn þegar umræðan stóð hafði ég óskað þess við forseta að hæstv. fjmrh. kæmi í þingið og gerði grein fyrir þeim viðræðum sem hann hefði átt í Moskvu um viðskiptamál og og fiskveiðiréttindi. Það var leitað að honum fram til klukkan að ganga fjögur, að ég hygg, hann var víst, ég efa það ekki, við áríðandi skyldustörf einhvers staðar og fannst ekki. Ég hafði borið fram ósköp einfaldar spurningar sem ég bað forseta að koma á framfæri. Annars vegar um hvort það væri rétt að þessi mál hefði borið á góma í þessum viðræðum í Moskvu og hins vegar hverju hann hefði þá til svarað, hæstv. ráðherra. Einfaldara gat málið ekki verið. Þessu beindi ég sem sagt til hæstv. utanrrh. þarna klukkan að ganga fjögur, hvort hann mundi geta komið þessum óskum á framfæri og jafnframt því að utanrmn., sem lögum samkvæmt á að bera öll utanríkismál undir, fengi greinargerð þá, sem hæstv. fjmrh. hefði afhent ríkisstjórninni, í hendur og við fengjum sem bráðast þá greinargerð. Ég skildi það svo að hæstv. utanrrh. mundi koma þessu á framfæri við hæstv. fjmrh. og átti þess vegna von á að við fengjum þessa greinargerð í gær. Það varð ekki, en vonandi kemur hún í dag.

En ég endurtek: Þarna var rangur úrskurður upp kveðinn og algjörlega að tilefnislausu því allir þeir þrír sem á mælendaskrá voru höfðu lofað að tala örstutt.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir þær athugasemdir sem hér hafa komið fram frá hv. þm. Ég tel það stórhættulegt lýðræðinu og nauðsynlegum skoðanaskiptum ef ræðutími er takmarkaður á þann hátt sem hér var gert. Ég vildi líka gera þá athugasemd að ég kannast ekki við að það hafi einungis verið vegna athugasemda aðeins tveggja þingmanna sem samkomulag var gert um að kvöldfundurinn yrði á þriðjudagskvöldið í stað mánudagskvöldsins eins og upphaflega var að stefnt. Sjálf var ég viðstödd og gerði athugasemd við þetta líka eftir að hafa haft samráð við hv. 12. þm. Reykv. sem er fulltrúi Kvennalistans í utanrmn. og var hún mér sammála um að skynsamlegra væri að byrja hina almennu umræðu á þriðjudagseftirmiðdaginn í stað þess að byrja þessar umræður að kvöldlagi. Ég kannast heldur ekki við að samið hafi verið um lengd ræðutíma hvers og eins. Hins vegar var um það rætt og að því stefnt að ljúka umræðum um utanríkismálaskýrsluna áður en næsti þingfundur hefðist og það var þó ekki fyrr en eftir hádegi næsta dag.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka þátt í þessari umræðu, en nafn mitt hefur blandast inn í þessa umræðu og það af hálfu hæstv. forseta. Mér finnst menn ræða svolítið gálauslega úr hærri hæðum um þingsköpin og það sem að þeim lýtur og þátttöku þingmanna í því sem að þeim lýtur. Ég get ekki neitað því. Ég held að það liggi alveg fyrir að það var ekki búið að gera neitt samkomulag varðandi ræðutíma í umræddri umræðu. Það var búið að draga henni almenn mörk án þess að það væri fastmælum bundið að ég hygg. Ég var þátttakandi í þessari umræðu sem eini talsmaður Alþb. Ég ætla ekki að fara að metast á hér um hvað ég hafi rætt lengi í þeim tveimur ræðum sem ég hélt þarna. Ég hygg að ég hafi rætt í seinna skiptið í hálftíma um það sem fram hafði komið. En þetta er algert aukaatriði í þessu máli. Það sem skiptir máli eru þingsköpin, 38. gr. þeirra sem hér er til umræðu. Ég held að menn þurfi ekki að lesa lengi til þess að sjá það að ekki var, því miður, farið eftir því sem þar er greint í sambandi við þessa umræðu eða lyktir hennar og þarf auðvitað að gæta þess að slíkt endurtaki sig ekki.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Um það hafði verið samið, eins og hv. 2. þm. Austurl. veit, að umræðu lyki á þessu kvöldi sem um var að ræða. Aðferðin til þess var ekki að sérhver þingmaður talaði þrjá klukkutíma samfleytt. Það liggur í augum uppi. Hitt má einnig deila um, hvort forseta er skylt að halda áfram fundi um miðjar nætur þegar átta hv. þm. eru í húsinu. Um það má ræða.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Vegna ummæla hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar vil ég nota þetta tækifæri til þess að láta það koma fram að mér þótti mjög leitt að hafa ekki

tækifæri til að koma til þingfundar þessa umræddu nótt og svara hans fyrirspurn. Ástæðan var einkum sú að þessa nótt fóru fram viðræður um mjög mikilvæga kjarasamninga, sem lauk sem betur fer kl. sex þennan sama morgun, og einnig fram eftir kvöldi og fram á nótt viðræður og vinna í tengslum við kjarasamninga sem lauk í gær. Ég vona að hv. þm. og aðrir þingmenn skilji að það var mjög erfitt að fara frá þeim verkum á þessum tímapunkti.

Í öðru lagi vil ég láta koma fram að það var ekki fyrr en seint í gærkvöldi sem mér var kunnugt um að sú ósk hefði komið fram að utanrmn. fengi þá skýrslu sem reyndar ég er nú ekki eini höfundur að heldur Tómas Tómasson, sendiherra Íslands í Moskvu. Þetta er sameiginleg skýrsla frá mér og Tómasi Tómassyni um þessar viðræður vegna þess að hann var með mér á öllum þessum viðræðufundum. Það er sjálfsagt mál að láta utanrmn. hana í té og ég mun gera ráðstafanir til þess. Ég er einnig reiðubúinn til þess ef þess verður óskað að ræða viðræðurnar nánar við hv. utanrmn.

Ólafur G. Einarsson:

Hæstv. forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka til máls vegna þessara athugasemda, en það eru orð hæstv. forseta sem valda því að ég þarf að blanda mér í umræðurnar.

Í fyrsta lagi það sem samið var um. Ég tók þátt í við skulum kalla það samkomulag sem gert var um umræðuna. Það var fallið frá því að halda áfram fyrra kvöldið en samið um að umræðunni skyldi ljúka á næsta fundi. Það var hins vegar ekkert samið um það klukkan hvað það skyldi verða og menn gerðu sér alveg ljóst að umræðan kynni að standa fram á nótt. Þetta var það sem samið var um.

Í öðru lagi liggur alveg fyrir að hæstv. forseti úrskurðaði að umræðum skyldi lokið, ég er hér með útskrift af því sem hæstv. forseti sagði, kl. 20 mín. yfir 3. „Þeir hv. þrír þingmenn sem beðið hafa um að gera athugasemd hafa tvær mínútur til þess.“ Þetta er rangur úrskurður. Það er ekki heimild í þingsköpum fyrir hæstv. forseta til að úrskurða svona. Það er ekki hægt að skjóta sér á bak við það, eins og mér fannst hæstv. forseti gera, að það séu ekki nægilega margir þingmenn í húsinu og fundurinn þess vegna ekki ályktunarbær. Það veitir ekki forseta rétt til að úrskurða eins og hann gerði. Þetta er mergurinn málsins.

Það dugar heldur ekki, hæstv. forseti, að bera því við að enginn hafi mótmælt úrskurði hans. Það hefur komið fram hjá hv. þm. Geir H. Haarde að hann þekkti ekki þessi ákvæði þingskapa og þess vegna mótmælti hann ekki.

Sú ósk hæstv. forseta að menn eyddu ekki þessum fundi í þingskapaumræðu er góð og gild, en ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst það vera hæstv. forseti sem veldur því að þessi umræða dregst eitthvað á langinn.

Ég tek undir það sem hér hefur komið fram. Þessi úrskurður hæstv. forseta var efnislega rangur og hann var ósanngjarn.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Hv. 17. þm. Reykv. gerði gjög skilmerkilega og góða grein fyrir þeim atburðum sem áttu sér stað í lok umræðu um skýrslu utanrrh. og í sjálfu sér hefði ekki verið ástæða til eða tilefni til að hafa umræður um þingsköp lengri, svo skýrt sem mótmæli hans komu fram, nema vegna þess hvernig forseti hefur brugðist við í ummælum sínum, bæði vegna þessa úrskurðar og svo í garð hv. þingmanna.

Ég kannast ekki við að það hafi verið gert neitt samkomulag um takmörkun á ræðutíma þegar um það var talað á milli þingflokka að umræðan yrði ekki teygð yfir á fundatíma deilda á miðvikudegi. Það er því ekki hægt fyrir hæstv. forseta að vitna í nokkurt slíkt samkomulag. Það liggur líka fyrir að bæði hæstv. utanrrh. og hv. 2. þm. Austurl., talsmenn stjórnarflokkanna í þessari umræðu, höfðu flutt langar og ítarlegar ræður þá um nóttina í annað sinn og ég er ekki að gera athugasemd við það, til þess höfðu þeir rétt, en þegar þeir höfðu lokið máli sínu grípur forseti til þessara óyndisúrræða.

Forseti hefur haldið því fram að hann hafi haft rétt til að brjóta þingsköpin og úrskurða að umræðu skyldi lokið innan tiltekins tíma vegna þess að of fáir menn hafi verið í þingsalnum og ekki unnt að bera tillögu þar að lútandi undir þingið. Ég hef ekki í annan tíma heyrt jafnfrjálslega túlkun á framkvæmd þingskapa. Forseti gæti samkvæmt þessu eins tekið sér rétt til þess að úrskurða að þingsályktunartillögur væru samþykktar eða fjárlög þó að vantaði tilskilinn fjölda þingmanna, vegna þess að nægjanlega margir þingmenn væru ekki í salnum hefði forseti úrslitavald um hvort fjárlög væru samþykkt eða þáltill. samþykktar.

Ég held að flestir sjái að slík túlkun á framkvæmd þingskapa er algjörlega út í hött og þingmenn geta ekki látið bjóða sér túlkun og framkvæmd þingskapa með þessum hætti og hljóta að mótmæla því af mikilli hörku og einurð.

Svo er það alveg sérstakt umræðuefni, þó að þessi ákvæði í þingsköpum séu fyrir hendi, hvaða tilefni er til þess nú að byrja að beita þessu ákvæði þingskapalaga sem heimilar takmörkun ræðutíma. Það er engin venja fyrir því í þinginu. Þvert á móti hefur verið litið svo á, þó þetta ákvæði væri fyrir hendi, að þingmenn hefðu fullan og óskoraðan tíma til að ræða sín mál og færa fram sín rök í ræðum. Ég man ekki eftir því að til þessa ráðs hafi verið gripið og síst með þeim hætti sem forseti gerði í þessu tilviki. Þess vegna er enn fremur, ofan á þau augljósu brot á þingsköpum, ástæða til að mótmæla því ef hér á að fara að taka upp nýja hætti. Og ég vil inna eftir því: Er það ætlun ríkisstjórnarinnar að þvinga sín mál fram með því að fara að takmarka ræðutíma þingmanna? Er það eina aðferðin sem hæstv. ríkisstjórn sér til að koma málum sínum fram að takmarka ræðutíma alþingismanna og þá fyrst og fremst stjórnarandstöðunnar?

Ég vil minna á í þessu tilviki að einum þingmanna stjórnarandstöðunnar, sem flutti frv. um afnám þess mikla misréttis sem hæstv. fjmrh. innleiddi með sérstökum eignarskatti sem kemur með mestum

þunga niður á ekkjum og ekklum, voru sett þau skilyrði í Nd. Alþingis að hann fengi tvær mínútur til þess að mæla fyrir frv. og engir aðrir mættu tala og ef flm. gengi ekki að þessum kostum væri allsendis óvíst að mál hans fengist tekið á dagskrá. Þetta eru vinnubrögðin sem hér er verið að sýna. Ég inni eftir því hvort það eru fyrirmæli hæstv. ríkisstjórnar að þannig skuli staðið að verki við stjórn þingsins og mótmæli þessum vinnubrögðum mjög kröftuglega.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég held að það sé alveg ljóst að ríkisstjórnin hefur ekki gefið nein fyrirmæli um að hafa einhverja sérmeðferð á málum ríkisstjórnarinnar. Hér var reyndar um skýrslu að ræða en ekki lagafrv. þannig að það er kannski enn þá minni ástæða til þess að hafa svo mikið við að hafa langa þingskapaumræðu.

Ég var ekki einn af þessum átta sem voru í húsinu þegar sá atburður varð sem menn eru að ræða hér um og veit ekki nákvæmlega hvernig orð féllu og ætla mér ekki að blanda mér í það. Ég hygg hins vegar að það hafi verið álitamál hvort forseti hefur kveðið upp réttan úrskurð. Forseti hefur nú þegar lýst yfir að hún muni láta athuga hvort farið hafi verið að þingsköpum. Reynist svo vera að niðurstaða athugunar verði slík að forseti hafi ekki farið rétt að hefur úrskurður forseta ekki fordæmisgildi og það er meginmálið. Forseta ber á hverjum tíma að kappkosta að fylgja nákvæmlega þingsköpum og um það held ég að ekki sé neinn ágreiningur og við séum öll sammála um það.

Út af orðum hv. 1. þm. Suðurl. minnist ég atburða frá þinginu 1977–1978 þar sem a.m.k. sumum sjálfstæðismönnum þótti tími til kominn að athuga hvort ekki væri rétt að beita takmörkun á ræðutíma. Ég held að málfrelsi sé afar mikilvægt og við eigum að standa vörð um það á Alþingi. Á hinn bóginn er nauðsynlegt að umræður fari skipulega fram og með öguðum hætti.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Við ræðu hv. síðasta ræðumanns hef ég litlu að bæta. Þó vil ég benda hv. þingheimi á að fleiri ákvæði er að finna í lögum um þingsköp. T.d. hefst 34. gr. á þessum orðum: „Skylt er þingmönnum að sækja alla þingfundi nema nauðsyn banni.“ Átta hv. þingmenn voru í þingsölum lengst af þessa nótt. Sé einhvern tíma ástæða til að beita þeirri heimild sem óumdeilanlega er að finna í 38. gr. þingskapa var það þarna.

Það er ekkert fjær forseta en að takmarka málfrelsi manna á hinu háa Alþingi og hefði nokkur þm. hv. mótmælt þessum úrskurði hefðu þau mótmæli að sjálfsögðu verið tekin til greina. Forseta sýndist að þeim örfáu hv. þm. sem hér voru staddir væri heldur létt við þennan úrskurð forseta og enginn gerði athugasemd við hann fyrr en daginn eftir.

Forseti vill ítreka: Hafi hér verið framið alvarlegt brot á þingsköpum mun að sjálfsögðu verða beðist afsökunar á því. Ég tel óþarft að eyða löngum tíma í mótmæli vegna þessa úrskurðar og bendi á að á þessum aukafundi í Sþ., sem boðað var til til að þingmenn fengju svör við fsp. sínum, hafa í þessar umræður nú farið 40 mínútur og ég vil því biðja hv. þm. að takmarka þessar umræður um þingsköp.

Ég hef áður lýst því yfir að ég mun láta athuga hvort alvarlegt brot á þingsköpum hefur verið framið. Sé svo mun ég biðjast velvirðingar á því.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir að hafa nú upplýst að hann muni láta utanrmn. í té þá greinargerð sem hann og sendiherra okkar í Moskvu sömdu og afhentu ríkisstjórninni að ég ætla fyrir mánuði síðan eða hvað það nú er.

Hæstv. fjmrh. segir áðan að væntanlega skilji ég að það hafi verið erfitt fyrir hann að fara frá þessum verkum, eins og hann orðaði það, mikilvægum verkefnum sem hann hafði að sinna í sambandi við samningamál. Það get ég mjög vel skilið að hafi verið erfitt fyrir hæstv. ráðherra að gera, að fara frá þeim verkum, en mér fannst samt og finnst enn þá frekar en þarna um nóttina að hann hefði getað komið til okkar boðum um það og jafnvel falið einhverjum að svara fyrir sína hönd þessum einföldu spurningum. Þær voru tvær, annars vegar hvort í þessum viðræðum hefði komið fram krafa eða ósk af hálfu Sovétmanna um að fá að veiða í íslenskri fiskveiðilögsögu og hins vegar hverju hann hefði þar svarað. Þessum skilaboðum hefði hæstv. ráðherra getað komið til okkar.

En hitt er kannski alvarlegra, að okkur var tjáð hér að það hefði aldrei náðst til ráðherrans. Nú upplýsir hann eða það er ekki hægt að skilja orð hans öðruvísi en það þegar hann segir að hann vonist til þess að ég skilji að það hafi verið erfitt að fara frá þessum verkum að hann hafði þó þrátt fyrir allt fengið skilaboðin. Það var á níunda klukkutímanum sem þessi ósk var fram borin og auðvitað gera starfsmenn Alþingis það sem þeir geta til þess að finna ekki ómerkari mann en sjálfan hæstv. fjmrh. og á heimili hans lágu auðvitað fyrir boð líka. En mér var sagt að aldrei hefði til hans náðst. Nú skulum við láta þetta liggja á milli hluta, en orð hans var ekki hægt að skilja öðruvísi en að þrátt fyrir allt hefði hann fengið boð um þetta úr því að hann segir að ég ætti að skilja að það væri erfitt að fara frá þessum verkum.

En hann segir ósatt í öðru tilfelli. Hann segir: Mér var ekki kunnugt um þetta, þ.e. málið sem við erum að ræða, mína ósk um að hann kæmi þessari skýrslu á framfæri, fyrr en seint í gærkvöld. Þetta er ósatt mál. Það var í upphafi fundar í gær sem ég tjáði honum þetta. Og ef þetta væri satt, þá er það innanhúsmál ríkisstjórnarinnar því að hæstv. utanrrh. tók að sér eða ég skildi hann svo að koma þessari ósk á framfæri. Það er ekki við okkur að sakast þess vegna. En við skulum ekki láta þetta vera aðalatriðið í málinu. Hitt er aðalatriðið að við fáum skýrsluna og vonandi verður það í dag.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég vil ógjarnan liggja undir þeim sökum að segja ósatt. Það gerði ég ekki. Í fyrsta lagi sagði hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson að hann hefði borið þessa ósk fram við mig í gærdag. Það var ekki fundur í þinginu fyrr en í gærkvöld. (Gripið fram í.) Já, í gærdag, sagði þingmaður, en í gærkvöld, og það er alveg hárrétt að mér var ekki kunnugt um þá ósk fyrr en þá. (**EKJ:** Ég sagði seint í gær.) Ja, ég kom til þingfundar milli hálfníu og níu. Það kalla ég seint. En við skulum ekki vera að tala um það. Það er aukaatriði í málinu. En fyrst svo sterkt var tekið til orða að ég hefði sagt ósatt vildi ég ekki sitja undir því.

Ég vil einnig, vegna þess að ekki vil ég láta liggja sök á starfsfólki þingsins, segja að sú vinna sem fór fram og ég vék að áðan var ekki í húsnæði fjmrn. eða á öðrum þeim vanabundnu stöðum þar sem þau verk eru venjulega unnin þannig að það var ekki fyrr en langt var liðið á nóttu sem ég fékk vitneskju um að það hefði verið reynt að ná í mig. Ég vil að það liggi líka alveg skýrt frammi. Þá var þessi vinna á því stigi, sem ég nefndi áðan, að samningagerðinni lauk kl. 6 um morguninn. Ég vona að þetta valdi ekki neinum misskilningi hér, hvorki milli mín né hv. þm. né milli þeirra og ágæts starfsfólks Alþingis.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég hef ekki haft ráðrúm til að ráðfæra mig við skrifstofustjóra Alþingis né við hv. 4. þm. Vestf. Þorv. Garðar Kristjánsson um hvort það sé talið eðlilegt eða venja að ráðherrar sitji fyrir þegar rætt er um þingsköp og fari fram fyrir almenna þingmenn í slíkri umræðu. Mér þykir það í hæsta máta óeðlilegt og get ekki séð með hvaða rökum svo ætti að vera. En það er sjálfsagt að hafa sama háttinn á og hæstv. forseti að athuga þetta nánar milli funda.

En ég stóð ekki upp af þessu tilefni heldur öðru. Sú venja hefur tíðkast nú í Sþ. að farið er að setja fundi þó svo lítill hluti þingmanna sé mættur í þingsal. Ég er óvanur slíkum vinnubrögðum forseta eftir að hafa verið lengi skrifari Sverris Hermannssonar, sem hafði þingsköp mjög í heiðri, svo að mér varð það á að telja ekki þá þingmenn sem voru í þingsalnum þegar þessi fundur var settur. Ég hef hins vegar fylgst með því meðan þingskapaumræða hefur farið fram og ég fullyrði að í þær 45 mínútur sem þessi fundur hefur staðið hefur ekki komið fyrir eitt andartak að helmingur þingmanna hafi samtímis verið inni í þessum þingsal. Samt sem áður, út af athugunarleysi mínu og annarra þingmanna sem ekki vaka yfir hverju handtaki og hverju orði hæstv. forseta, er fundurinn búinn að afgreiða gerðabók Sþ. tveggja síðustu funda og fundargerðir eru undirritaðar af forseta og ritara. En í 45. gr. þingskapa segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Eigi má gera neina ályktun nema meira en helmingur þingmanna í sameinuðu þingi eða viðkomandi deild sé á fundi og greiði þar atkvæði, sbr. 53. gr. stjórnarskrárinnar. Þingmaður, sem er á fundi en greiðir ekki atkvæði við nafnakall, án lögmætra ástæðna, telst taka þátt í atkvæðagreiðslunni. Engin ályktun er lögmæt nema meira en helmingur fundarmanna, þeirra sem atkvæðisbærir eru, greiði atkvæði með henni. Skylt er þingmanni, hvort heldur í deild eða sameinuðu þingi, að vera viðstaddur og greiða atkvæði nema hann hafi lögmæt forföll eða fararleyfi. Enginn þingmaður má greiða atkvæði með fjárveitingu til sjálfs sín."

Svo mörg voru þau orð. Þetta er 45. gr. í heild. Það er alveg ljóst samkvæmt þessari grein að sá fundur sem við nú sitjum hefur ekki haft heimild til þess að afgreiða gerðabók tveggja síðustu funda. Það er morgunljóst. Því miður er svo komið að við þingmenn verðum að gá betur að þingsköpum og gæta þess að virðingu þingsins sé haldið hér og farið eftir þeim sjálfsögðu leikreglum sem við sjálfir höfum sett okkur og á að tryggja rétta framkvæmd þingræðis í landinu.

Ég vil í annan stað segja, úr því að hæstv. forseti fer á annað borð að tala um að hann ætli að athuga hvort hann hafi gert skyssu, hvort hann hafi þá athugað það síðan umræður voru um skýrslu hæstv. forsrh. og orðið var tekið af mér í miðri ræðu hvort ég hafi átt rétt á því að ljúka ræðunni áður en aðrir þingmenn kæmu að. Ég fullyrði að fyrir því er ekkert fordæmi í sögu Alþingis að þingmaður sem er fjarverandi þingfund vegna þess að ekki er flogið, vegna óveðurs, missi rétt sinn. Ég fullyrði það. Ég vil því spyrja hæstv. forseta hvort hann hafi gert athugun á því hvort þar hafi verið brotinn réttur á þingmanni.

Ég vil í þriðja lagi segja að ég skil ekki hvað hæstv. forseti á við þegar hann talar um „alvarlegt brot" á þingsköpum. Hann mun láta athuga hvort alvarlegt brot á þingsköpum hafi verið framið. Er allt í lagi að fremja smávægilegt brot á þingsköpum? Kallast það kannski alvarlegt brot á þingsköpum ef margir eru í salnum en smávægilegt ef hér eru bara átta þingmenn? Það er mikil spurning hvernig eigi að túlka slík ummæli þegar þannig er talað.

En höfuðatriði míns máls er þetta: Ég vil biðja þingmenn, eins og ég áminni sjálfan mig um það, að við gætum þess að þeirri góðu reglu sé fylgt að þingfundir séu ekki settir nema helmingur þeirra þingmanna sem seturétt eiga séu mættir í salnum, hvort sem við erum að tala um Sþ., Ed. eða Nd. Ef sú lausung verður hér áfram innan þessara sala að forsetar þingsins geti sett þingfundi þegar þeim rétt svo sem sýnist og geti á slíkum fundum þó fáir séu mættir afgreitt hin mikilsverðustu mál, þá er illa komið, líka vegna hins að farið er að boða fundi í deildum og í Sþ. með litlum fyrirvara. Eftir engu er farið þó sú almenna regla sé að þingfundir skuli ekki byrja fyrr en kl. 2 og ekki gengið úr skugga um að þingmönnum hafi borist boð um afbrigðilegan fundartíma þegar þingfundir eru settir. Auðvitað á það að vera gullvæg regla þegar um afbrigðilegan tíma er að ræða að hver einasti þingmaður sem seturétt á hafi vitað um afbrigðið. Að öðrum kosti á forseti að sjá sóma sinn í því að setja ekki fundinn. Ég harma að svo skuli komið hér á hinu háa Alþingi að forseti Sþ.

skuli ekki leggja neitt upp úr því að 32 þingmenn séu í það minnsta mættir í þingsalnum þegar fundur er settur og ég harma að afgreiðsla tveggja síðustu fundargerða hafi getað farið hér fram athugasemdalaust af hálfu þeirra þingmanna sem í þingsalnum voru.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill upplýsa að þess hefur jafnan verið gætt þegar fundur hefur verið settur eða ályktanir gerðar að meiri hluti Sþ. væri í húsinu. Hvort menn hafi setið í hliðarsölum eða annars staðar hefur verið látið kyrrt liggja. T.d. eru núna í húsinu 35 hv. þm. Í allri einlægni vil ég benda á eftir tíu ára þingsetu að sú fjarstæða sem hér hefur verið höfð í frammi að fyrri forsetar hafi aldrei undirritað fundargerð nema meiri hluti Sþ. væri staddur í sætum sínum er úr öllu sambandi við raunveruleikann. Þetta vita auðvitað hv. þm. og tekur ekki að ræða það frekar.

Hins vegar vill svo til að á tölvuöld er skjár í borði forseta þar sem unnt er að sjá hversu margir hv. þm. eru í húsinu. Ég fullvissa hv. þm. um að þess hefur verið gætt að nægilegur fjöldi þingmanna væri hér staddur.

Hitt vil ég svo segja að hér hefur verið boðað til aukafundar vegna þess að í næstu viku falla allir fundir Sþ. niður, allir reglulegir fundir. Ég vil því biðja hv. þm. að eyða ekki þessum tíma í umræður um þingsköp. Ég held að menn hljóti að hafa komið þeim sjónarmiðum sínum á framfæri sem um er að ræða og vænti þess að menn geti lokið þessum umræðum.

Forseti ítrekar að leitast hefur verið við að fara að lögum um þingsköp í sem mestum mæli. En hitt hlýtur forseti að segja, að ef hér stendur til að bera fram vítur á forseta fyrir að takmarka ræðutíma þessa umræddu nótt mun forseti að sjálfsögðu óska eftir því að 55 hv. þm. geri forseta grein fyrir hvaða nauðsyn bannaði þeim að sækja umræddan fund.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Það er billegt að vera með getsakir um fyrrv. forseta Sþ., en það fullyrði ég, svo að ég taki dæmi, að hvorki hv. 4. þm. Vestf. Þorv. Garðar Kristjánsson né t.d. maður eins og Eysteinn Jónsson hafi skilið ákvæði þingskapa á þann veg að spurning um löggildingu fundar í Sþ. væri sú hvort þingmaðurinn væri í kaffi niðri eða einhvers staðar í húsinu og þá dygði það, þá væri helmingur mættur, en hefði ekki skilið það á hinn veginn að helmingur þingmanna yrði að vera hér í fundarsal. Báðir þessir þingmenn gættu þess mjög rækilega að meira en helmingur þingmanna væri í fundarsal þegar þeir settu fundi og hvorugur þessara forseta, svo langt ég man, lét það henda sig í eitt einasta skipti að afgreiða gerðabók án þess að helmingur þingmanna væri viðstaddur. Það fullyrði ég. Mér þykir á hinn bóginn slæmt að hv. 4. þm. Vestf. skuli ekki vera við vegna annarra anna sinna sem þingmaður Vestfirðinga, en ég veit að hann mundi staðfesta þessi ummæli mín ef hann yrði spurður.

Hornafjarðarós, ein umr.

Fsp. HG, 386. mál. — Þskj. 724.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 724 að bera fram fsp. til hæstv. samgrh. um Hornafjarðarós. Fyrirspurnin er svohljóðandi:

„Hvaða athuganir hafa farið fram að undanförnu á breyttum aðstæðum við Hornafjarðarós og hvaða aðgerðir telja hafnamálayfirvöld að helst komi til greina til að tryggja innsiglinguna til Hafnar í Hornafirði?“

Hornafjarðarós er með erfiðari innsiglingum hér á landi og alveg sérstaklega valda breytilegar aðstæður erfiðleikum á vissum tímum. Það liggur einnig fyrir að við Hornafjarðarós eru í gangi og á þessu svæði breytingar sem ganga yfir á allnokkrum tíma og sem mikil ástæða er til að fá sem gleggstar upplýsingar um með nauðsynlegum athugunum og rannsóknum sem undirbúning að aðgerðum til úrbóta þannig að girða megi fyrir hættuástand í sambandi við innsiglinguna og breytingar á henni.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um hvaða erfiðleika það skapar í einni öflugustu útgerðarstöð landsins ef þar verða þannig breytingar á innsiglingu að erfitt, ég tala nú ekki um illmögulegt er að koma þar inn fiskiskipum og öðrum skipum.

Breytingar á Hornafjarðarósi hafa orðið mjög miklar í tímans rás og um það eru til heimildir aftan frá miðöldum og frá síðari öldum og á þessari öld hefur einnig komið til verulegra breytinga á ósnum sjálfum við fjörumörk. 1979 að mig minnir urðu þar verulegar breytingar þannig að ósinn var nálægt því að skipta sér eins og gerðist að ég hygg á 18. öldinni að því er ég hef heimildir um að alger breyting varð á legu óssins. Breytinga varð einnig vart á liðnum vetri og það eru þær breytingar og áhyggjur manna af þeim sökum, bæði hafnaryfirvalda á Höfn í Hornafirði svo og auðvitað allra íbúa þess staðar, sem eru ástæðan fyrir því að þessi fsp. er nú hér fram borin.

Fram hafa komið þingmál varðandi þetta efni áður á fyrri þingum, um rannsóknir varðandi ósinn en ekki verið afgreidd og fyrir þinginu liggur sérstök þáltill. sem varðar þetta mál frá þremur hv. þm. Austurlands þar sem 1. flm. er hv. þm. Egill Jónsson. Allt lýtur þetta að hinu sama, að fá fram athuganir og aðgerðir til þess að tryggja sem best má verða innsiglinguna til Hornafjarðar.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegur forseti. Hv. 2. þm. Austurl. spyr: „Hvaða athuganir hafa farið fram að undanförnu á breyttum aðstæðum við Hornafjarðarós og hvaða aðgerðir telja hafnamálayfirvöld að helst komi til greina til að tryggja innsiglingu til Hafnar í Hornafirði?“

Aðstæður við Hornafjarðarós eru breytilegar, en fylgja þó í aðalatriðum árstíðabundnum sveiflum. Þessar sveiflur geta orðið misstórar og fer það eftir

árferði hverju sinni. Síðast sköpuðust svipaðar aðstæður og í vetur fyrir um tíu árum og reyndar þurfti í það skipti að fjarlægja haft sem myndast hafði. Í framhaldi af þessum breytingum á ósnum á árinu 1979 voru gerðar ítarlegar dýptarmælingar og botnrannsóknir á Suðurfjörutanga. Sjávarhæðarmæling var gerð í höfninni í rúmt ár og eins var mæld sjávarhæð út við ósinn auk annarra athugana, svo sem tímabundinna öldumælinga suðaustur af Hvanney.

Lagðar voru fram tillögur til úrbóta til að tryggja innsiglinguna. Jafnframt varð ljóst að fylgjast þyrfti með ósnum til að skilja eðli breyttra aðstæðna. Allt frá þeim tíma, þ.e. frá 1979, hefur verið náið samstarf milli hafnsögumanna og starfsmanna Hafnamálastofnunar og hafa hafnsögumenn annast eftirlit með ósnum en starfsmenn Hafnamálastofnunar kanna ósinn öðru hverju.

Aðstæður voru kannaðar af starfsmönnum hafnarinnar og Hafnamálastofnun 22. og 23. febr. sl. og fundur haldinn með hafnarnefnd þann 22. febr. Í framhaldi af þessari ferð var gerð bráðabirgðasamantekt á gögnum um endurbætur á ósnum.

Fram undir þetta hefur ekki verið að fullu ljóst hversu breytingar á ósnum eru háðar veðurfari. Þeir umhleypingar sem hófust í byrjun desember eru hinir mestu um áratugi, meiri en umhleypingarnir um áramótin 1978/1979 þegar svipaðar aðstæður við ósinn mynduðust.

Sunnanbrim við ósinn veldur röskun á náttúrlegu jafnvægi á fíngerðri möl á Austur- og Suðurfjörutanga. Til viðbótar getur komið að slíkri veðráttu fylgi lítið vatnsrennsli af jöklum vegna frosta og fárra sólskinsstunda.

Við venjulegar aðstæður er mölin í svonefndum Austurfjörutanga á hringrás. Á vetrum hleður aldan efninu upp á tangann og kastar efni inn í rennuna og lengir tangann út í ósinn. Á útfallinu á stórstreymi berst hluti af efninu frá tanganum yfir óseyrina fremst á Austurfjörutanga.

Á sumrin er Austurfjörutanginn stystur yfirleitt í júlí og ágúst eftir hlaupin í Hornafjarðarfljótum. Um áramót er tanginn oftast lengstur. Austurfjörutanginn getur lengst um allt að 200 metra á vetrum. En í umhleypingum eins og þeim sem hér hefur verið gerð grein fyrir getur þessi hringrás raskast og þegar engin hlaup í Hornafjarðarfljótum hjálpa útfallinu verður veruleg röskun á þessari hringrás.

Til viðbótar þessu er rétt að nefna að á undanförnum árum hafa skip og sérstaklega flutningaskip sem fara um ósinn verið að stækka og mörg þau skip sem nú sigla á ströndina eru um 90–100 metra löng. Þessi aukna lengd skipa gerir enn þá meiri kröfur til innsiglingar til hafna og þá sérstaklega til Hafnar í Hornafirði. Að vísu fara flutningaskip eingöngu um ósinn á liggjandanum og ekki ef veðurhæð fer yfir 5 vindstig.

Þær aðgerðir sem Hafnamálastofnun telur að helst komi til greina til að tryggja innsiglinguna til Hafnar eru eftirfarandi:

Frumskilyrði til að tryggja öryggi innsiglingarinnar eru leiðarmerki. Á sl. ári var hafist handa við að endurbæta leiðarmerki inn ósinn að Höfn og verður lokið við þessar úrbætur í sumar að mestu leyti. Eftir verður að koma fyrir rafstreng úr hellu út á Austurfjörutanga sem mun leysa af hólmi bráðabirgðarafstöð sem komið var fyrir í sl. mánuði. Þrátt fyrir bætt leiðarmerki geta óhöpp átt sér stað og skip strandað. Áríðandi er að njörva skip niður strax á strandstað til að koma í veg fyrir að þau festist enn frekar. Í þessum mánuði er verið að koma fyrir festingum á Suðurfjöru- og Austurfjörutanga.

Á sl. hausti var hafist handa við að dýptarmæla innsiglinguna að Höfn, en ekki tókst að ljúka þeirri mælingu vegna veðurs. Lokið verður við mælinguna í sumar. Á grundvelli þeirrar mælingar verður gerð tillaga um innsiglingarrennu þar sem miðað verður við 6 m dýpi. Til að ná því dýpi þarf grafskip væntanlega að dýpka móhellu, einkum við Helli. Annars staðar getur dæluprammi fjarlægt efni.

Þá er talið nauðsynlegt að styrkja hátangann á Austurfjörutanga og Suðurfjörutanga, en ekki hefur orðið úr þeim framkvæmdum fram að þessu. Til athugunar eru hugmyndir um að framkvæma þá styrkingu með sekkjum sem fylltir væru af möl. Þá hafa á síðustu mánuðum komið fram hugmyndir um að byggja leiðigarð út eftir Austurfjörutanga og þaðan út á Óseyri. Markmið með slíkum leiðigarði yrði að koma í veg fyrir að efni kastaðist inn í ósinn og þar með að aðstæður eins og komið hafa í vetur endurtaki sig. E.t.v. þarf enn fremur að gera leiðigarð þvert á Austurfjörutanga til að hefta að möl berist að austan fram á tangann. Þetta eru allt saman vandasöm verkefni og verður að fara að þeim með fyllstu gát.

Í tillögum Hafnamálastofnunar er síðan gert ráð fyrir því að lagt verði af stað með því að gera e.t.v. 50 m háan tilraunagarð framan við hátangann. Styrking Austur- og Suðurfjörutanga er langtímaverkefni sem verður að vinna að í áföngum. Því miður er það svo að straumfræðilíkön og jafnvel öflugustu tölvulíkön ráða tæplega enn við þær flóknu aðstæður sem eru við Óseyrina og gerir það að verkum að fara verður enn varlegar í sakirnar en ella þar sem ekki er unnt að gera fullnægjandi líkantilraunir og útreikninga vegna síbreytilegra aðstæðna. Enn fremur er í tillögum Hafnamálastofnunar lagt til að lóðsbáturinn verði endurnýjaður og fenginn í stað þess sem nú er miklu öflugri og betur búinn bátur sem getur þá sinnt ýmsum verkefnum sem þessu máli tengjast.

Eins og að framan greinir er hér um flókið og vandasamt verkefni að ræða til úrlausnar. Þegar liggja fyrir frumhugmyndir um hvernig unnt er að tryggja siglingu um ósinn. Lausnin byggir á að hrundið verði í framkvæmd nokkrum mismunandi verkþáttum. Hvern verkþátt þarf að undirbúa vel þannig að aðgerðirnar í heild sinni gagnist. Að líkindum verður farsælast að flýta sér ekki um of heldur vinna verkið í áföngum, segir í þessu ágæta svari frá Hafnamálastofnun.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svar hans og fagna því að það skuli liggja fyrir frumúttekt og hugmyndir af hálfu Hafnamálastofnunar á því hvernig best verði staðið að aðgerðum til að bregðast við því ástandi sem þarna hefur skapast og getur skapast í öðrum og meiri mæli en nú liggur fyrir ef marka má reynslu sögunnar. Ég geri mér ljóst að hér er um mjög flókið samspil að ræða. Einn þáttur hefur ekki verið nefndur sem gerist á löngum tíma, en það er landsig eða landris, breytingar á sjávarhæð með tilliti til landsins. Um það liggja fyrir mjög ljósar heimildir, m.a. mór í Skarðsfirði þar sem land hefur sigið svo mikið að jarðvegur er á allmiklu dýpi. Allt þetta þarf að athuga mjög gaumgæfilega og vinna í áföngum að úrlausn.

Ég bendi á að það er mjög nauðsynlegt að nokkru fjármagni verði varið til athugunar þessara mála til að byggja allar aðgerðir á sem bestum grunni hvað rannsóknir snertir. Fjármagn í þessu skyni finnst mér eðlilegt að sé tekið af óskiptu fé. Hér er um þannig verkefni að ræða. Og ég held að það ætti að gilda fyrir hliðstæð atriði, þar sem um er að ræða rannsóknir sem varða öryggi til lengri tíma hvar sem er á landinu, að það verði tekið sérstaklega í sambandi við hafnafjárveitingar og blandist ekki framkvæmdafjárveitingum til einstakra hafna hverju sinni.

Ég skal ekki orðlengja þetta, virðulegi forseti. Ég hef undir höndum margvíslegt efni sem snertir þetta mál. Eitt er greinarkorn í blaðinu Eystra-Horni frá 30. mars 1989, hugleiðingar eftir Heimi Þ. Gíslason, sem ég leyfi mér að afhenda hæstv. ráðherra. En ég þakka svar hans.

Lögreglurannsókn hjá búfjáreigendum, ein umr.

Fsp. AuE, 382. mál. — Þskj. 720.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegur forseti. Þegar það barst á öldum ljósvakans að landbrn. ætlaði að hlutast til um að það yrði talið búfé hjá bændum með lögregluvaldi trúðu bændur eða búalið ekki sínum eigin eyrum og trúðu því heldur ekki að dómsmrn. mundi verða við þeirri beiðni þó að hún yrði fram borin. En bréf barst til hreppstjóra sem er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Að fyrirlagi dómsmálaráðuneytis í bréfi mótteknu í gær er yður hér með falið ásamt forðagæslumanni eða öðrum fulltrúa sveitarstjórnar að framkvæma talningu búfjár í yðar sveitarfélagi. Um nánari tilhögun vísast til áðurnefnds ráðuneytisbréfs er hér með fylgir í ljósriti."

Þá vil ég lesa þetta bréf. Það er frá dómsmrn. og byrjar svo: „Allir lögreglustjórar. 20. mars 1989. Afrit til Búnaðarfélags Íslands:

„Landbúnaðarráðuneytið hefur farið þess á leit að dómsmálaráðuneytið veiti fulltingi við fyrirhugaða talningu búfjár á öllu landinu sem fram á að fara í mars og apríl 1989. Tekur talningin til sauðfjár, nautgripa, geita, hrossa, svína, alifugla og loðdýra, þar með taldar kanínur" — ekki samt hunda og ketti.

„Þess er hér með óskað, lögreglustjóri, að þér felið hreppstjórum og lögreglumönnum eftir því sem henta þykir að framkvæma talningu ásamt forðagæslumanni eða öðrum fulltrúum viðkomandi sveitarstjórna. Yfirstjórn talningar verður í höndum Búnaðarfélags Íslands að höfðu samráði við hlutaðeigandi lögreglustjóra. Nauðsynlegt er að talningin verði hvarvetna sem nákvæmust og niðurstöður verði skráðar á sérstök eyðublöð forðagæslunnar. Þær skulu staðfestar af talningamönnum og sendar til Búnaðarfélagsins til frekari úrvinnslu. Talning þessi er gerð í því skyni að fá fram sem allra gleggstar upplýsingar um búfjártalningu landsmanna. Upplýsingar af þessu tagi eru grundvöllur margháttaðrar áætlunargerðar í landbúnaði, stjórntæki fyrir búvöruframleiðslu, framlög ríkisins byggð á þeim" o.s.frv.

Virðulegi forseti. Ég verð að fá að lesa upp samt sem áður fsp. þó að tími sé liðinn:

„1. Hvaða ástæður lágu til þess að landbrn. fékk dómsmrn. til þess að láta gera lögreglurannsókn á fjölda búfjár í landinu?

2. Ef búfjáreigandi neitar löggæslumanni um aðgang að húsum sínum verður þá óskað eftir úrskurði um húsleit?

3. Verður þessi lögreglurannsókn framkvæmd í þéttbýli eins og í strjálbýli?

4. Ef rökstudd ástæða er fyrir hendi um að láta fara fram búfjártalningu um allt land hefði þá ekki verið viðkunnanlegra að landbrn. skrifaði öllum sveitarstjórnum bréf þess efnis að þær tilnefndu mann sem framkvæmdi slíka talningu með forðagæslumanni eða forðagæslumönnum heldur en að framkvæma slíka talningu með löggæslumönnum?

5. Er ekki hætt við að forðagæslumenn og bændur telji að þessi lögreglurannsókn feli í sér vantraust á þá?"

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Hv. 6. þm. Norðurl. e. Auður Eiríksdóttir hefur lagt fram fsp. um það sem nefnt er í fsp. lögreglurannsókn hjá búfjáreigendum og fyrsta spurningin er svohljóðandi:

„Hvaða ástæður lágu til þess að landbrn. fékk dómsmrn. til að láta gera lögreglurannsókn á fjölda búfjár í landinu?"

Hér gætir nokkurs misskilnings því að það sem hér er um að ræða er að landbrn. fól Búnaðarfélagi Íslands, ekki dómsmrn., að annast þessa talningu og er hér um venjulegan vorásetning að ræða, sbr. búfjárræktarlög, en leitað var til dómsmrn. um að aðstoða við þessa talningu og þessa framkvæmd þar sem ætlunin var og ætlunin er að afla eins nákvæmra og óvefengjanlegra upplýsinga og kostur var um allt land. Fordæmin eru mörg fyrir því að leitað sé aðstoðar hjá dómsmrn. og reyndar er það svo að í

búfjárræktarlögum er hvað eftir annað vísað til þess að *sýslumenn eða aðrir fulltrúar yfirvalda skuli aðstoða* við störf ásetnings- og forðagæslumanna og sveitarstjórna að þeim málefnum ef ástæða telst til eða þörf krefur.

Í öðru lagi: „Ef búfjáreigandi neitar löggæslumanni um aðgang að húsum sínum verður þá óskað eftir úrskurði um húsleit?" Svarið er nei og á þetta mun ekki reyna þar sem búfjárræktarlög gefa ásetningsmönnum ótvíræðar heimildir til að sinna sínum störfum og mér er ekki kunnugt um annað en það hafi allt saman gengið eftir atvikum.

Í þriðja lagi: „Verður þessi lögregluranns6kn framkvæmd í þéttbýli eins og í strjálbýli?" Svarið er að þessi sérstaki ásetningur verður framkvæmdur um allt land og það er einmitt m.a. tilgangurinn að tryggja að framkvæmdin verði alls staðar vönduð, eins á þeim svæðum þar sem ástæða er til að áætla að ásetningur hafi ekki verið nógu vandaður undanfarin ár.

Í fjórða lagi: „Ef rökstudd ástæða er fyrir hendi um að láta fara fram búfjártalningu um allt land hefði þá ekki verið viðkunnanlegra að landbrn. skrifaði öllum sveitarstjórnum bréf þess efnis um að þær tilnefndu mann sem framkvæmdi slíka talningu með forðagæslumanni eða mönnum heldur en að framkvæma slíka talningu með löggæslumönnum?" Svarið er að ég veit ekki hvað einstökum aðilum kann að finnast viðkunnanlegt og hvað ekki í þessum efnum, það *getur verið smekksatriði fyrir hvern og einn*, en það er algilt og iðulega sem leitað er aðstoðar slíkra aðila sem í þessu tilviki eru þá eins konar fulltrúar og gæslumenn þess að um framkvæmdina verði ekki unnt að deila, að hún verði traust og þær upplýsingar sem fram koma séu sem allra óvefengjanlegastar.

Í fimmta lagi: „Er ekki hætt við að forðagæslumenn og bændur telji að þessi lögregluranns6kn feli í sér vantraust á þá?" Ég ætla að vona að menn telji að svo sé ekki. Mjög margir skilja hvað hér er verið að gera, að afla þessara upplýsinga þannig að unnt sé að kveða niður þann orðróm og þá leiðindaumræðu sem uppi hefur verið og dunið á bændastéttinni og forráðamönnum landbúnaðarins um ýmiss konar misnotkun, tengda því framleiðslustjórnunarkerfi og opinberum fjárframlögum sem þar eru á ferðinni. Það er m.a. einn tilgangur þessarar aðgerðar. Og til þess að *það megi takast þurfa þær upplýsingar* sem fram verða reiddar að vera mjög traustar og ekki um það deilanlegt að þær séu réttar.

Ég vil svo taka fram að harma ber rangan og villandi fréttaflutning af þessari talningu og ég hef ástæðu til að ætla að sá óróleiki sem orðið hefur óneitanlega nokkur í þessu tilefni stafi fyrst og fremst af því að mjög röngum og villandi upplýsingum var komið á framfæri í fjölmiðlum, sem byggðu á ótrausturn heimildum og flugufregnum, áður en sjálf framkvæmdin hafði verið ákveðin. En svo óheppilega tókst til að einhvers konar upplýsingar bárust fjölmiðlum þegar verið var að undirbúa framkvæmd þessa vorásetnings, þessarar talningar, og tóku raupgjarnir fréttamenn þá upp í sig og hófu upp vangaveltur um alls óskylda hluti eins og skattaleg málefni, skjalameðferð og aðra slíka hluti sem ekki tengjast þessu máli á nokkurn hátt.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Það kom ekki á óvart að ræða hæstv. landbrh. var rugl frá upphafi til enda um allt þetta mál, eins og þetta frumhlaup í búfjártalningu er líka frá upphafi til enda. Staðreyndin er sú að með þessari aðgerð er verið að teygja sig lengra af hálfu framkvæmdarvaldsins, af landbrh. og dómsmrh., en lög heimila. Það er verið að fara inn á persónufrelsi manna og friðhelgi heimilis með því að fyrirskipa talningu á búfé, sem er eins konar eignakönnun því það kemur fram að þetta á ekkert skylt við forðagæslu. Það kemur fram að tilgangur talningarinnar er allur annar. Það er líka í forðagæslulögum, sem hæstv. *ráðherra ætti* að þekkja, *gert ráð fyrir* að forðagæslumenn skili skýrslu um tölu búfjár eftir haustskoðun, en það er ekkert um slíka tölu búfjár í skýrslu þeirra eftir vorskoðun. Tilgangurinn er allur annar en forðagæslu kemur við, sem er eftirlit með fóðurbirgðum, eftirlit með fóðrun búfjár, eftirlit með aðbúnaði búfjár í húsum. Þetta er lögregluranns6kn af allt öðrum toga, eignakönnun á hendur einni stétt manna í landinu og það án allra lagaheimilda. Það er furðulegt þegar handhafar framkvæmdarvaldsins fara þannig út fyrir það sem lög heimila þeim til að vekja vantraust og vantrú fólks í landinu á eina stétt manna og kveikja með þessum aðgerðum grunsemdir um að þar séu sakamenn á ferð. Hæstv. ráðherra ætti að vita að skýrslur forðagæslumanna að hausti gefa upp tölu búfjár og hæstv. ráðherra ætti að vita að skattskýrslur manna gefa upp tölu búfjár. Ef þetta er ekki nóg á hæstv. ráðherra og hæstv. dómsmrh. að afla sér lagaheimildar til að fara í aðgerð sem á að taka þessum tveimur skýrslum fram. Þá lagaheimild hefur ekki hæstv. ráðherra, hvorki hæstv. landbrh. né því síður hæstv. dómsmrh. Það er sannarlega harkalegt og alvarlegt við að búa þegar hæstv. dómsmrh. og hans starfsmenn gefa fyrirskipanir sem ekki eiga við lög að styðjast. Þess vegna eru svör hæstv. landbrh., eins og ég sagði, rugl frá upphafi til enda, enda sumpart ósatt það sem hann sagði, að ekki hefði verið farið fram á það við dómsmrn. að eiga hlut að þessari rannsókn. Það stendur þó skjallega í bréfum sem frá ráðuneytinu hafa komið og þarf ekki að lesa þau upp aftur. Ég gæti lesið þau ef hæstv. ráðherra vill fá að heyra það. Ég skal gera það þá í seinni ræðu.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Það orkar ekki tvímælis í hvaða tilgangi sú búfjártalning fer fram sem nú á sér stað. Raunar kom fram hjá hæstv. landbrh. ákaflega mikilvæg skýring á því hvers vegna þetta verklag er viðhaft. Hæstv. ráðherra komst svo að orði að þessi talning og könnun færi fram vegna þess orðróms sem gengið hefur um búfjártölu í landinu. Ég vil þess

vegna spyrja hæstv. landbrh. og það verður náttúrlega ekki komist hjá því að fá svör við þeirri spurningu: Hver er þessi orðrómur, hæstv. landbrh.? Hver er sá orðrómur sem gerir það að verkum að nauðsynlegt er að framkvæma eignakönnun hjá einni stétt landsins með lögregluaðgerð? Þetta er grundvallarspurning.

Ég tek undir það, sem kom fram hjá hv. þm. Pálma Jónssyni, að auðvitað er vorskoðun nauðsynleg. En hún á við fóðurmat og núna á þessu kalda vori, en fróðir menn segja mér að þurfi að fara allt aftur til ársins 1920 til þess að finna hliðstæðu, væri sannarlega ástæða til að það væri upplýst af hæstv. landbrh. hvað hann hefði í hyggju og ríkisstjórnin til að aðstoða bændur við að mæta þeim harðindum sem þeir standa núna frammi fyrir á þessu vori með öðru en því að bera á þá sakir um rangar upplýsingar af fénaði sínum og fóðri.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir svör hans. En ég verð að segja í fullri vinsemd að ég varð dálítið hissa á þessum svörum. Ég held að bændur landsins telji að það hafi verið frumhlaup blátt áfram að haga þessari talningu svona. Það hefði átt að fela þá sveitarstjórnum slíka talningu ef ástæða hefði verið til.

Það er alveg rétt, sem hæstv. ráðherra sagði, að Búnaðarfélaginu var skrifað bréf og þar segir að Búnaðarfélagi Íslands sé falið að hafa yfirstjórn þessarar talningar í sambandi við sýslumenn og lögreglustjóra og hefur stjórn félagsins ákveðið að verða við því sem varðar samþykki við sveitarstjórnir og forðagæslumenn. En það virðist alveg vera ástæðulaust að þurfa nokkuð að tala við bændur um þetta. Sá sem hringdi í mig sagði: Ég spurði sýslumann minn að því hvað gera skyldi ef bændur höfnuðu því að láta telja hjá sér búfé og hann heldur því fram að það mætti með engu móti beita neinu valdi í því máli. Þarna væri greinilega verið að fara inn á friðhelgi heimilanna og það yrði ekki hægt að framkvæma þessa talningu gegn vilja eigenda nema með dómi. Það hefði ekki orðið nokkur óánægja með það þó að tveir menn hefðu farið að telja búfé.

En ég vona að svona aðgerð verði aldrei gerð aftur. Og ég vona svo sannarlega að það verði ekki mikið uppistand út úr þessu máli. En svona aðferð er ekki möguleiki á að taka þegjandi.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegur forseti. Ef hv. þm. Pálmi Jónsson er fyrir fram ákveðinn í því að allt sem ég segi um þetta mál sé rugl er e.t.v. ekki ástæða til þess sérstaklega að eiga orðastað við hann eða svara því sem fram kom heldur í hans máli. Það má einu gilda þó það sé látið ógert. Ég hefði þó talið að hv. þm. hefði verið hollt ráð í þessum efnum að vera lítið eitt rólegri þegar hann flutti sitt mál og kynna sér aðstæðurnar betur. Ég held t.d. að það þurfi ekki langrar skoðunar við að hér er fráleitt um nokkurs konar eignakönnun að ræða, enda ekki um það að ræða að búpeningur verði vigtaður og metinn til fjár, enda verður heldur ekki með þessar upplýsingar farið með þeim hætti að þær gæfu tilefni til að kallast eignakönnun. Þaðan af síður er þetta mál sem kemur skattamálum við, enda hefur engra upplýsinga verið óskað úr þeirri átt og þessi aðgerð alls ekki gerð undir þeim formerkjum. Hún er fyrst og fremst gerð til að afla nákvæmra og óvefengjanlegra upplýsinga um hluti sem eru notaðir í margvíslegum samanburði og til ýmiss konar stjórnunaraðgerða eins og kunnugt er.

Því miður, eins og ég segi, hafa verið fluttar rangar og villandi upplýsingar af þessari talningu og hygg ég að ef það hefði ekki gerst í upphafinu hefðu menn ekki misskilið þetta með þeim hætti sem því miður hefur sums staðar gerst og ber að harma það. Það eru ekki sérstök tilefni til að taka það sem vantraust eða áfellisdóm yfir heilli stétt þó að fulltrúar frá dómsmálaráðuneyti aðstoði við einhverja framkvæmd af þessu tagi, fráleitt er, enda væri í sjálfu sér ekki við það að sakast þó að einhvers konar eftirlitsaðgerð af þessu tagi væri framkvæmd. Ekki er það talið sérstakt vantraust á sjómannastéttina þó að Landhelgisgæslan fylgist með reglubundnum hætti með því að menn noti rétt veiðarfæri, veiði ekki of smáan fisk o.s.frv. Ekki er það talið sérstakt vantraust á ökumenn þó löggæslumenn fylgist með því með reglubundnum hætti að ekki sé eitthvað um það að menn aki ölvaðir o.s.frv. o.s.frv. Nefna má ótalmörg dæmi um að haldið er uppi ýmiss konar eftirliti. Og þó að slíkt væri hér á ferðinni væri það ekki sérstakt tilefni til vantrausts á bændur. En hér er um annars konar aðgerð að ræða eins og ég hef þegar gert grein fyrir og óþarfi að rugla því saman.

Varðandi það sem hv. þm. Egill Jónsson spurði um, þá tek ég undir það með honum að ástæða er til að hafa áhyggjur nokkrar af þeim harðindum sem nú ganga yfir. Í landbrn. er verið að skoða hvað sé unnt að gera til að búa sig undir það sem e.t.v. er að vænta í sumar. Það er m.a. í athugun að setja upp fleiri grasköglaverksmiðjur en áður hafði verið áformað til þess að unnt sé þar að framleiða fóður og safna birgðum. E.t.v. er hægt að grípa til ráðstafana sem auðvelda grænfóðurrækt í sumar eða gera kleift að ráðast í hana í stærri stíl ef með þarf en viðgengist hefur að undanförnu. Fleira mætti nefna sem er þó annað mál og kannski ekki ástæða til að taka tíma í hér.

En að lokum, herra forseti: Ég hef kosið að standa ekki í orðaskaki við þá menn sem hafa af einhverjum ástæðum viljað blása upp úlfúð í kringum þessa svonefndu búfjártalningu, þennan vorásetning og sérstöku talningu. Ég mun hins vegar gera grein fyrir þegar henni er lokið með ítarlegri hætti helstu rökum sem fyrir henni liggja og því jafnframt hvaða tilgangi er ætlað að ná með því að fá þessar upplýsingar og hafa þær undir höndum og geta notað þær við ýmiss konar stjórn og framkvæmd í landbúnaðarmálunum.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Fyrst það sem hæstv. landbrh. sagði að um þetta mál hefði ekki verið skrifað til dómsmrn. Í bréfi til Búnaðarfélags Íslands sem samrit var sent af til dómsmrn. segir, með leyfi forseta: „Yfirstjórn talningar verður í höndum Búnaðarfélags Íslands, en talningin verði framkvæmd af fulltrúa lögreglustjóra í samráði við forðagæslumenn og viðkomandi sveitarstjórn“ og þetta er sent dómsmrn.

Í öðru lagi: Þetta kemur ekki við forðagæslulögum vegna þess að í bréfum ráðuneytisins segir: „Tilgangurinn er að fá nákvæmari upplýsingar um búfjáreign landsmanna. Slíkar upplýsingar munu nýtast á margan hátt, við t.d. stjórn búvöruframleiðslu, framkvæmd framlaga ríkisins og til margs konar áætlunargerðar.“ Þetta er allt annað en búfjárræktarlög. Tilgangurinn er annar en að þjóna eftirliti með fóðurbirgðum og fóðrun og tölu búfjár þess vegna.

Hæstv. ráðherra sagði hér seinast að það væri ekki vantraust á sjómenn þó farið væri um borð í skip til eftirlits og ekki vantraust á ökumenn þó athugað væri af lögreglu hvort þeir væru ölvaðir. En málið er það að fyrir því eru lög. Það má vel vera að það geti verið ástæða til að kanna búfjáreign eða aðra eign manna, en þá þarf að hafa lög fyrir því. Það er ekki hæfa að fulltrúar framkvæmdarvaldsins, hæstv. ráðherrar, og þá allra síst hæstv. dómsmrh., fari fram með sínum fyrirskipunum inn á friðhelgi heimilis, inn á persónufrelsi manna og einkaréttindi, án þess að hafa fyrir því lög. Það er þetta sem ég er að tala um að sé óhæfa. Ég er ekkert að tala um að það sé ekki eðlilegt að lögum um skattframtal og jafnvel skattalögreglu sé beitt ef því er að skipta, ef menn liggja undir grun. En menn eiga ekki að fara fram af hálfu framkvæmdarvaldsins án þess að hafa lög fyrir því á hendur almenningi í landinu.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Mitt erindi í þennan ræðustól að þessu sinni er aðeins eitt. Það er að vekja athygli á því að það kom ekki fram svar frá hæstv. landbrh. um það sem er grundvallaratriði í þessu máli út frá því sem kom fram í fyrri ræðu hans þar sem hann sagði að þessi framkvæmd væri til þess ætluð að kveða niður orðróm. Ég spurði: Hvaða orðróm á að kveða niður? Ef það er svo að hæstv. landbrh. er að tala um orðróm um t.d. svokallaða framhjásölu hygg ég nú að þessi búfjártalning geti frekar orðið til þess að magna hann en slæva. Það veit ég reyndar að hæstv. landbrh., sem er uppalinn í miklu sauðfjárræktarhéraði, veit mætavel að það er ákaflega misjafnt hvaða afurðum sauðfjárbúin skila á hinum ýmsu stöðum á landinu og reyndar innan tiltekinna sveitarfélaga. Það verður ekki séð að þetta leysi neinn sérstakan vanda að þessu leyti.

En ég mætti kannski endurtaka þessa fyrirspurn, hæstv. landbrh.: Hvaða orðróm á þessi lögregluaðgerð að kveða niður?

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegur forseti. Tilgangur þessarar talningar er margþættur eins og ég hef þegar gert grein fyrir og það er ekki rétt hjá hv. fyrirspyrjanda, 4. þm. Austurl., að það sé eingöngu þessi tilgangur sem fyrir mönnum vakir. En hinu er ekki að neita að þess verður gætt og það verður kostur að hafa í höndum mjög traustar upplýsingar sem ekki verður unnt að vefengja við ýmiss konar samanburð sem þegar er framkvæmdur í stjórnkerfi landbúnaðarins á grundvelli ásetnings búfjár.

Ég vil svo taka fram að lokum að þegar leitað var til dómsmrn. eins og ég tók fram í mínu svari í upphafi skýrt og greinilega, tók það fram að leitað hefði verið til dómsmrn. um að aðstoða við þessa framkvæmd, þá voru engar efasemdir uppi í huga manna um það að þeir gætu lagt þessu verkefni lið.

Skyldleiki íslenskra laxastofna, ein umr.

Fsp. GGÞ, 450. mál. — Þskj. 810.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur G. Þórarinsson):

Forseti. Ég hef á þskj. 810 varpað fram fsp. til hæstv. landbrh. um skyldleika íslenskra laxastofna. Fyrirspurnin er í þremur liðum og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. Hefur landbrn. eða Veiðimálastofnun látið fara fram eða ráðgert vísindalegar rannsóknir á erfðafræðilegum mismun laxastofna í íslenskum ám?

2. Telja sérfræðingar landrbn. og Veiðimálastofnunar að erfðafræðilegur munur sé á íslenskum eldislaxi og íslenskum villtum laxastofnum?

3. Hvernig verður fylgst með hvort breytingar verða á erfðasamsetningu laxa í ám sem eldislax gengur í?“

Tilefni þessarar fsp. eru fyrst og fremst miklar umræður sem orðið hafa í þjóðfélaginu vegna erfðablöndunar í ám sem eldislax hefur gengið í, ekki bara umræðna heldur hefur Veiðimálastofnun gefið út skýrslu þar sem sérfræðingar stofnunarinnar lýsa ótta sínum vegna þess að eldislax hefur sloppið úr kvíum og gengið upp í ár og eru sérstaklega tilnefndar Elliðaárnar í Reykjavík. Það er eðlilegt að náttúruverndarmenn, stangveiðimenn og líklega Íslendingar allir beri nokkurn kvíðboga í brjósti ef um er að ræða erfðablöndun sem kynni að skaða stofnana. Grunnurinn að baki þessu er líklega sá að menn telja að íslenskir laxastofnar hafi í þúsund ár eða lengur aðlagað sig aðstæðum í ákveðnum ám, ákveðnir stofnar hafi myndast og því kunni blöndun við eldislax að skaða það úrval sem náttúran hefur framkvæmt í öll þessi ár. Um þetta eru mjög skiptar skoðanir og þessar skoðanir eru ekki studdar rannsóknum eða athugunum. Lítillega er þó vísað til reynslu erlendis frá.

Ég hygg að það sé alveg nauðsynlegt að þetta mál

sé tekið nokkuð föstum tökum. Frá sjónarhóli eldismanna er ekki munur í sjálfu sér á eldislaxi og villtum laxi. Sá eldislax sem verið er að ala í íslenskum fiskeldisstöðvum er í flestum tilvikum úr hrognum villtra fiska og ber þess vegna sömu erfðaeinkenni, en jafnframt eru reglur sem settar hafa verið um flutning á villtum laxi á milli svæða mjög strangar þannig að menn væru þá að mati sumra eingöngu að tala um blöndun villtra laxastofna.

Ég heyri á bjöllu forseta að tími minn er útrunninn, en ekki er 3. liður fsp. minnst virði um það hvernig landbrn. hyggst fylgjast með þessu máli í framtíðinni.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon): Virðulegur forseti. Guðmundur G. Þórarinsson, hv. 10. þm. Reykv., spyr í fyrsta lagi: „Hefur landbrn. eða Veiðimálastofnun látið fara fram eða ráðgert vísindalegar rannsóknir á erfðafræðilegum mismun laxastofna í íslenskum ám?"

Engar fullkomlega öruggar aðferðir hafa verið þróaðar til að greina sundur laxastofna eftir uppruna. Rafdráttur hinna ýmsu eggjahvítuefna í laxi er hins vegar álitin ein besta aðferðin. Veiðimálastofnun áætlar að hefja rannsóknir á skyldleika íslenskra laxastofna með rafdrætti eggjahvítuefna úr mismunandi stofnum strax á þessu ári. Byrjað verður á ám við sunnanverðan Faxaflóa sem mest verða fyrir áhrifum af kvíaeldi í sjó. Síðan verður unnið að málinu eins og fjármunir leyfa, en veiðifélög hafa lofað að leggja þessu máli nokkurt lið. Haft verður samráð við sérfræðinga á Norðurlöndum og í Skotlandi um framkvæmd og túlkun gagna. Í Laxeldisstöð ríkisins er einnig unnið að því að rannsaka ratvísi mismunandi villtra stofna og blendinga þeirra. Smáum hópum seiða af slíkum uppruna verður sleppt vorið 1989 og fyrstu svör munu fást árið 1990.

Í öðru lagi er spurt: „Telja sérfræðingar landbrn. og Veiðimálastofnunar að erfðafræðilegur munur sé á íslenskum eldislaxi og íslenskum villtum laxastofnum?"

Ljóst er að megnið af eldislaxi hér á Íslandi er ættaður úr laxveiðiám ef undan eru skildir stofnar frá Ísnó sem hafa verið í eldi í 1–2 kynslóðir og stofn frá Eldi hf. sem einnig hefur verið nokkurn tíma í eldi. Ekki er vitað hver hlutdeild þessara mismunandi stofna er í sjókvíaeldi hér við land. Segja má að áhyggjur sérfræðinga stafi ekki eingöngu af því að hér er um eldislax að ræða heldur fremur af því að hér eru á ferðinni blandaðir stofnar úr ýmsum landshlutum. Hugsanlega er munur á erfðafræði stofna í réttu hlutfalli við vegalengdina milli viðkomandi áa og á þetta sérstaklega við ef jafnaðarskilyrði í sjó á viðkomandi stöðum eru mjög mismunandi. Því væri ákjósanlegast að lax í kvíum á Faxaflóasvæðinu væri aðallega stofnar af Vestur- og Suðurlandi. Þar sem megnið af laxinum er hins vegar af villtum uppruna má telja líklegt að aðlögunarhæfni stofnanna sé tiltölulega góð.

Í þriðja lagi er spurt: „Hvernig verður fylgst með hvort breytingar verða á erfðasamsetningu laxa í ám sem eldislax gengur í?"

Erfitt verður að fylgjast með því hvort breytingar verði með tímanum á erfðafræði laxa í þeim ám sem kvíalax gengur í. Ekki er vitað hvort rafdráttur eggjahvítuefna er nægjanlega næm aðferð til að greina slíkt. Nokkrar vonir eru bundnar við kjarnasýrurannsóknir, en þær eru skammt á veg komnar. Hins vegar er rétt að benda á að það sem skiptir máli eru breytingar á framleiðni laxastofnsins í viðkomandi á. Hægt er að mæla seiðabúskap árinnar, merkja gönguseiði og mæla breytingu á heimtum. Heimtur eru hins vegar mjög breytilegar milli ára vegna ýmissa ytri þátta og er því líklegt að staðfesting á breytingum í viðkomandi á séu mjög tímafrekar. Samhliða er nauðsynlegt að leggja áherslu á atferlisrannsóknir og kanna hvernig sambýli villta laxins og eldislaxins er háttað, sérstaklega með tilliti til hrygningar. Þær upplýsingar eru raunverulega grunnforsendur þess hvort og hversu hratt eldislaxinn hefur áhrif. Hér gæti komið fram mismunur sem ekki væri af erfðafræðilegum toga heldur fremur vegna mismunandi lífshlaups. Má þar nefna samkeppni villta laxins og eldislaxins um hrygningarstaði, kynþroskatíma, hrognagæði og úthald þeirra við að koma hrognum frá sér.

Menn geta út af fyrir sig verið ósammála um það hvort aðkomulax hafi neikvæð áhrif á eldislax, en hinu verður ekki á móti mælt og það er það alvarlega í þessu máli að ef um stórfellda kynblöndun verður að ræða verður stofninum ekki breytt til fyrra horfs nema til sé erfðafræðilegt efni. Því er ráðgert að frysta svil úr þeim stofnum sem álitið er að verði fyrir mestum áhrifum af flökkulaxi, en það eru fyrst og fremst stofnar á Reykjavíkursvæðinu og í Hvalfirði.

Kristín Einarsdóttir: Virðulegur forseti. Ég mun aðeins gera örstutta athugasemd varðandi þessa fsp. sem er fyllilega tímabær. Það er veruleg ástæða til að hafa áhyggjur af erfðafræði laxastofna, sérstaklega með tilliti til þeirrar erfðablöndunar sem nú á sér stað. Í orðum hv. fyrirspyrjanda Guðmundar G. Þórarinssonar, fannst mér gefið í skyn að ekki sé ástæða til að hafa áhyggjur af þessu máli vegna þess að um sé að ræða villtan lax í eldiskvíum. Ég held að það skipti verulegu máli að laxar hafa mismunandi eiginleika eftir því hvaðan þeir eru. Það getur skipt máli hvaðan laxinn kemur, t.d. ef villtur lax að norðan sem er í eldi sleppur út og blandast löxum hérna í Elliðaánum getur það haft þau áhrif að laxarnir missi hluta af eiginleikum sínum við blöndunina. Það þýðir að þeir geta misst ratvísina eða þá að þeirra náttúrlegu eiginleikar um varnir gegn sjúkdómum og fleira glatast eða a.m.k. dofnar, þ.e. mótstaðan minnkar. Það getur haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar þegar mikið af laxi sleppur í burtu og fer upp í ár og er vafamál hvort það er nægjanleg vörn þó að það sé

vissulega til bóta að frysta svil og væntanlega hrogn líka til að reyna að koma í veg fyrir skaða. Það er samt varasamt ef það er langt bil á milli þess að lax fer alveg úr á og nýir laxar eru settir í hana. Það getur verið hæpin aðferð og ekki víst að hún takist.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég held að það sé ástæða til að hugleiða þetta mál nokkuð vandlega. Hér er um nýja atvinnugrein að ræða og hún er rekin í stærri stíl en víðast í nágrannalöndunum og það vakna margar spurningar. Ég held að það sé nauðsynlegt að hafa fyllstu gát á og reyna að ganga þannig fram að ekkert sé skemmt að óþörfu og fá svarað líffræðilegum spurningum áður en menn setja í hættu það umhverfi sem fyrir er í náttúrunni. Við eigum auðæfi í hinum villta laxi og þau ber að sjálfsögðu að varðveita. Villilaxastofninn er að verða æ fágætari í veröldinni. Ræktun er hins vegar í örum vexti og jafnvel þó að nú séu tiltölulega fáar kynslóðir frá því að sá lax sem hér er í kvíum eða undir manna höndum var villtur breytist á nokkrum kynslóðum eðli og hættir þessara fiska.

Ég held að það sé hugsanlega rétt að bíða með að setja upp fiskeldisstöðvar eða á þeim landsvæðum þar sem bestar eru laxveiðiár fyrr en fást gleggri svör en nú liggja fyrir um hver áhrif laxeldið hafi á hina villtu stofna. Ég held líka að það sé fullkomlega ástæða til að fylgjast með mengun frá þessum stöðvum, t.d. á Sundunum hér í Reykjavík. Þegar mengun frá fiskeldi bætist við mengun frá byggð er fullkomin ástæða til þess að hafa á sérstaka aðgát.

En ég tek fram að laxeldið er að ýmsu leyti mjög álitleg atvinnustarfsemi og í örum vexti. Við megum líka gæta þess að hagsmunir laxeldisins séu ekki fyrir borð bornir. Ég held að það megi láta þetta hvort tveggja fara vel saman, bæði hagsmuni laxeldisins og eins að koma í veg fyrir að laxeldið valdi náttúruspjöllum.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur G. Þórarinsson):

Forseti. Ég þakka ráðherra fyrir greinargóð svör og ítreka að þessi fsp. er auðvitað flutt til að vekja athygli á þessu vandamáli og óska eftir svörum um hvernig ráðuneytið hyggst taka á því. Það kann að vera að orð mín hafi á einhvern hátt misskilist vegna þess að hv. þm. Kristín Einarsdóttir lét að því liggja að ég hefði kannski ekki miklar áhyggjur af þessu máli. Það sem ég var að reyna að segja var að enn sem komið er er málið á byrjunarstigi vegna þess að sá eldislax sem við erum með er að mestu leyti beint úr hrognum frá viðkomandi fiski þannig að að mjög litlu leyti að mínu viti er hægt að tala enn þá um eldislax hér vegna þess að greinin er svo ung. Á þessu mundi verða grundvallarbreyting ef við hefjum kynbætur á eldislaxi og fáum fram hér eldislax.

Í öðru lagi var ég að reyna að segja það að vegna þeirra ströngu reglna sem gilda um flutning á lifandi fiski á milli svæða eru menn í reynd ekki að tala um blöndun á villtum laxi yfir höfuð heldur um blöndun á villtum laxi innan ákveðinna svæða sem enn takmarkar málið og þó að íslenskir stangveiðimenn séu alveg skýrir á því að það er munur á laxastofninum á milli ánna er hann enn þá meiri á milli svæðanna eða landsvæða, landshluta. Í þessu sambandi vil ég benda á að í umræðum um Elliðaárnar hefur komið fram frá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, sem hefur annast þær ár, að í fjölda ára fór öll ræktun á laxi í Elliðaánum fram á þann veg að sleppt var seiðum úr Soginu þannig að þessi Elliðaárstofn er kannski að verulegu leyti bættur með seiðum úr Soginu og við vitum að laxeldisstöðin í Kollafirði hefur dreift seiðum um land allt um árabil. Það sem ég er í rauninni að reyna að segja er það að menn segi ekki meira en þeir geti staðið við, að menn kanni hvað um er að ræða, hafi á sér allan vara og alla gát. Fsp. er flutt til að brýna ráðherra til þess að láta ráðuneytið og Veiðimálastofnun fylgjast sem allra best með þessu máli. Varnagli er að sjálfsögðu frysting svila sem ég held að sé rétt að hafa með í myndinni og athuga mjög vel.

Að síðustu vil ég láta koma fram að þrátt fyrir að við viljum fara varlega í þessu og lýsum okkar áhyggjum er mér tjáð að engin þjóð veraldarinnar hafi strangari reglur varðandi þessi atriði en Íslendingar þó hafa sett nú.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda að gefa mér tækifæri til að svara þessum spurningum og eins þeim öðrum sem þátt tóku í umræðunni eða gerðu athugasemdir. Ég tek undir að það er auðvitað ástæða til að hafa hér fulla gát á og nokkrar áhyggjur af. Enginn vafi er á því að mættu menn byrja upp á nýtt fyrir daga seiðasleppinga og fyrir daga fiskeldis mundu menn standa öðruvísi að málum því að menn gera sér nú grein fyrir því, sem ekki var áður, hvílík verðmæti eru í raun og veru fólgin í erfðaefnum þeirra stofna sem náttúran hefur sérhæft við sérstakar aðstæður, í hverri á fyrir sig og í hverjum landshluta fyrir sig. Þau miklu verðmæti sem bundin eru í þessu þróunarferli náttúrunnar og þessum erfðaefnum geta glatast, á því er lítill vafi, ef illa tekst til.

Ég vil í þessu sambandi nefna að fyrir hinu háa Alþingi liggur frv. til l. um búfjárrækt þar sem gert er ráð fyrir genabanka eða erfðaefnabanka fyrir þær greinar sem undir landbúnaðinn heyra. Ég tel það vera stórt og mikilvægt málefni að við Íslendingar komum okkur upp erfðaefnabanka sem við getum lagt inn á þessi miklu verðmæti sem við þarna eigum og jafnframt þurfum við að taka af meiri krafti þátt í norrænu samstarfi um erfðaefnageymslur en enn þá er, þó að þau mál séu nú á réttu róli ef svo má að orði komast.

E.t.v. er ástæða til þess að endurskoða fljótlega nýlega setta reglugerð um grenndarmörk fiskeldisstöðva og laxveiðiáa og enginn vafi er á því að æskilegt er að kvíaeldi verði sem mest beint að þeim svæðum sem lengst liggja í burtu frá mikilvægum laxveiðiám og laxveiðisvæðum. Ég mun sjá til þess að þessu viðfangsefni verði sinnt eins og kostur er, bæði hvað mannafla og fjárveitingar snertir, vegna þess að

rannsóknir og upplýsingar eru einu aðferðirnar til að gefa þau svör sem allir geta hér gefið.

Fiskeldisfyrirtæki, ein umr.

Fsp. EgJ og HBl, 451. mál. — Þskj. 811.

Fyrirspyrjandi (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Hér liggur fyrir fsp. sem ég hef flutt ásamt hv. þm. Halldóri Blöndal og er texti hennar á þessa leið:

„1. Hversu mörg fiskeldisfyrirtæki eru starfandi í landinu?

2. Njóta þau öll viðskipta í bönkum að því er varðar afurða- og rekstrarlán?

3. Ef svo er ekki, hvernig hyggst ríkisstjórnin leysa rekstrarvanda þeirra fiskeldisfyrirtækja sem ekki njóta slíkra viðskipta?"

Ég má kannski minna á til frekari skýringar, virðulegur forseti, að um síðustu áramót fóru fram umræður á Alþingi um svokallaðan Tryggingasjóð fiskeldislána og var lögð á það þá mikil áhersla að frv. um hann yrði afgreitt með sem skjótustum hætti á þeim fáu dögum sem hér var viðhaft þinghald eftir áramótin og því þá við brugðið að ekki mætti dragast með nokkrum hætti að koma þeim málum í það horf að öllum efasemdum að því er varðar afurða- og rekstrarlán til fiskeldisfyrirtækja yrði eytt. Í þeirri umræðu benti ég sérstaklega á að þó nokkur fiskeldisfyrirtæki höfðu ekki fengið nein rekstrarlán né afurðalán og að ákvæði laganna um Tryggingasjóð fiskeldislána næðu því ekki til þeirra.

Nú skal ég taka skýrt fram að um þetta voru ekki gefin nein skýr loforð af hendi hæstv. landbrn., en ég held að mér sé óhætt að segja að fyrirheit um úrbætur í þessum efnum hafi menn ætlast til að næðu fram að ganga. Megintilgangur fyrirspurnarinnar er að leita eftir hvernig til hefur tekist.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegi forseti. Spurt er í fyrsta lagi: „Hversu mörg fiskeldisfyrirtæki eru starfandi í landinu?"

Því er til að svara að skráðar fiskeldisstöðvar í landinu um síðustu áramót voru 125 talsins. Skráð fyrirtæki á sama tíma, þ.e. um sl. áramót, voru hins vegar 117. Þessi mismunur kemur til af því að nokkur fyrirtækjanna reka fleiri en eina fiskeldisstöð. Rétt er að taka fram að allmörg þessara fyrirtækja eru ekki starfandi og mörg þeirra eru einnig smá og þá gjarnan tengd öðrum rekstri, t.d. nokkur þeirra tengd búrekstri. Landssamband fiskeldis- og hafbeitarstöðva áætlar að þau fyrirtæki sem eingöngu eru fiskeldisfyrirtæki muni vera um 70–80 um sl. áramót. Þess má geta að þegar endurgreiddur var uppsafnaður söluskattur af rekstraraðföngum fyrr á þessu ári var endurgreitt til 56 starfandi fyrirtækja fyrir árin 1986–1987.

Í öðru lagi er spurt: „Njóta öll þessi fyrirtæki viðskipta í bönkum að því er varðar afurða- eða rekstrarlán?"

Því get ég helst svarað með þeim upplýsingum sem Tryggingasjóður fiskeldislána lét taka saman fyrir sig í febrúar sl. Þá gáfu eftirtaldir bankar og sparisjóðir svofelld svör: Landsbanki Íslands hafði í viðskiptum 17 fyrirtæki, Búnaðarbanki Íslands átta fyrirtæki, Samvinnubankinn eitt, Alþýðubankinn eitt, Verslunarbankinn eitt, Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis eitt, Iðnaðarbankinn tvö og Sparisjóður Svarfdæla eitt. Þetta gera samtals 32 fyrirtæki eða rúman helming þeirra sem fengu til að mynda endurgreiddan uppsafnaðan söluskatt fyrir árin 1986–1987 og tæpan helming þeirra fyrirtækja sem Landssamband fiskeldis- og hafbeitarstöðva áætlar að séu hrein fiskeldisfyrirtæki.

Í þriðja lagi: „Ef svo er ekki [þ.e. ef ekki njóta öll þessi fyrirtæki þegar þessarar fyrirgreiðslu] hvernig hyggst ríkisstjórnin leysa rekstrarvanda þeirra fiskeldisfyrirtækja sem ekki njóta slíkra viðskipta?"

Ekki hefur komið til þess að ríkisstjórnin hlutist til um það að einstök fyrirtæki á þessu sviði fái bankaviðskipti og ekki er kunnugt um að eftir því hafi verið sérstaklega leitað. Það var von manna og er enn að með tilkomu Tryggingasjóðs fiskeldislána mundu bankar að athuguðu máli sjá sér fremur fært að taka ný fyrirtæki í viðskipti þar sem ljóst er að tilkoma sjóðsins afmarkar betur en áður var þann hluta af fjármögnun á þessu sviði sem bönkum er ætlað að bera. Sérstaklega á þetta við um að með tilkomu tryggingasjóðsins er ljóst að sú hætta er tekin frá viðskiptabönkunum að þeir sitji einir eftir uppi með ábyrgðina af því að fjármagna rekstur fyrirtækjanna allt til lokastigs eldis þannig að unnt sé að gera verðmæti úr þeim birgðum sem í stöðvunum eru. Mikil vinna hefur einmitt farið í það hjá stjórn Tryggingasjóðs fiskeldislána að ræða þessi mál við bankana þó að segja megi að hlutverk þeirrar sjóðsstjórnar sé fyrst og fremst að tryggja samskipti sjóðsins og bankanna hvað viðkemur þeim fyrirtækjum sem þegar hafa sjálf aflað sér bankaviðskipta, en það er hin almenna venja í viðskiptaheiminum að fyrirtækin komi sér sjálf í viðskipti hjá bönkum og æskilegast væri að það gæti gerst með þeim hætti í þessu tilviki einnig.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Forseti. Ég þakka fyrirspyrjendum fyrir þessa fsp. Í henni koma fram atriði sem væri nauðsynlegt að ræða ítarlegar á þinginu. Það má segja að afurðalána- og rekstrarlánamál fiskeldisstöðva hafi verið ein vandræðasaga í langan tíma.

Með tilkomu Tryggingasjóðs fiskeldislána höfum við gert okkur vonir um að þetta muni breytast. Þó er það svo að sá sjóður setur ákveðin skilyrði og þar á meðal um bankaviðskipti og það hygg ég að sé málið sem fyrirspyrjandi er fyrst og fremst að höggva eftir. Það er ljóst að það er algerlega óviðunandi að sum fiskeldisfyrirtæki eigi engan aðgang að afurða- eða

rekstrarlánum. Það er líka ljóst að það mat sem fer fram við það er ekki mat á fyrirtækjunum sem slíkum, að þau fái ekki, þau fyrirtæki sem rætt er um, sérstaklega á Austfjörðum og reyndar víðar, afurðalán vegna þess að rekstur þeirra sé ekki nægilega góður eða menn treysti þeim ekki, heldur miklu fremur hitt að það er svæðið sem um er að ræða, að sá banki sem á svæðinu er treystir sér ekki til að ganga frekar inn í afurðalánin. Þarna er um að ræða svæðisbundnar ákvarðanir sem eru algerlega óviðunandi.

Útflutningsgrein verður að njóta afurðalána. Ríkisstjórnin er með í sínum stjórnarsáttmála ákvæði um að endurskoða afurðalánakerfið. Hún hefur sett nefnd í það. Sú ákvörðun að færa afurðalánin á sínum tíma frá Seðlabankanum út til viðskiptabankanna hefur ekki reynst nægilega vel ef þetta fæst ekki í lag og við eigum ekki aðra leið en færa þetta aftur til Seðlabankans eða stofna sérstakan afurðalánasjóð sem tekur að sér þessi afurðalán ef viðskiptabankakerfið er ekki fært um að taka við þessu. Ég vil alveg sérstaklega beina því til landbrh., vegna þess að hér er um að ræða atvinnugrein, útflutningsgrein sem heyrir undir hans ráðuneyti, að þetta er mjög brýnt mál. Fyrirtækin riða, þau ramba, þau hafa ekki fóður handa fiskinum og þau fara yfir á stuttum tíma ef þessi kerfislagfæring verður ekki framkvæmd.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Það er fróðlegt að heyra að nú skuli hafa verið skipuð nefnd til að endurskoða afurðalánakerfið í heild sinni og væri fróðlegt ef hæstv. ráðherra vildi upplýsa þingheim nánar um hvað þar sé um að ræða, hvort þar sé verið að tala um afurðalán eingöngu vegna fiskeldislána, afurðalán vegna loðdýra, rekstrarlán til bænda o.s.frv. Þarna eru alls staðar uppi vandamál, ekki síst hjá bændum í sambandi við sláturleyfishafa og hversu ótrygg þau viðskipti hafa verið sem við þá eru.

Ástæðan fyrir því að ég stóð upp er líka sú að ég legg áherslu á að ég tel eðlilegt að afurðalánin fyrsta árið eða svo falli inn í stofnlán í fiskeldisstöðvum svo sem er í Noregi og ég hygg að nauðsynlegt sé að sama regla verði upp tekin í sambandi við loðdýrabú á meðan þessar nýju útflutningsgreinar eru að fóta sig. Ég hygg að nauðsynlegt sé með öðrum orðum að endurskoða frá grunni það fjárhagslega umhverfi sem útflutningsgreinarnar búa við, bæði þær veikburða, bæði þær greinar þar sem við erum að reyna að fóta okkur og læra að stíga fyrstu skrefin og raunar líka hinar útflutningsgreinarnar, þær gömlu og hefðbundnu, sjávarútvegsgreinarnar, fiskvinnsla og útgerð. Var t.d. fróðlegt að lesa það í Morgunblaðinu fyrir tveim dögum að hæstv. sjútvrh. var með einhverjar undarlegar hótanir í garð útgerðarmanna ef útgerðarmenn hugsuðu sér að reka sínar útgerðir eins vel og þeir gætu frá fjárhagslegu sjónarmiði og reyndu að skila arði og raunar skaði, hæstv. forseti, að hæstv. sjútvrh. skuli ekki vera hér inni, en eflaust gefst tækifæri til þess í næstu viku þegar fundur verður í Sþ. að ræða við hann sérstaklega um sjávarútvegsmálin eftir að fundi Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna hefur nú lokið.

Ég ítreka fsp. mína til hæstv. landbrh. í hverju endurskoðun á afurðalánakerfinu er fólgin og bið hann í leiðinni að tala um rekstrarlán einnig þar sem það á við.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegur forseti. Það er sjálfsagt að svara fsp. hv. 2. þm. Norðurl. e. og hefði reyndar verið rétt af mér að reyna að fella það inn í svar við fsp. hv. þm. Egils Jónssonar þó að ekki væri sérstaklega um það spurt. Nefnd hefur nú tekið til starfa sem endurskoða skal rekstrar- og afurðalánamálefni landbúnaðarins. Sú varð niðurstaðan eftir allnokkurn aðdraganda að í stað þess að setja niður eina nefnd sem skoðaði afurðalánamálefni í heild sinni, þ.e. allra atvinnugreina, var ákveðið að setja sérstaka nefnd í málefni hverrar greinar fyrir sig, m.a. vegna þess að í landbúnaðinum er fyrst og fremst um innlend afurðalán að ræða og þar gegnir nokkuð mikið öðru máli en varðandi afurðalánamálefni útflutningsgreinanna eins og sjávarútvegsins. Hér eru að vísu á ferðinni afurðalánamálefni útflutningsgreina þar sem er fiskeldið. Ég mun beita mér fyrir því að þessi nefnd, sem auðvitað er ætlað að taka öll afurða- og rekstrarlán landbúnaðarins eins og hann leggur sig til athugunar, snúi sér að fiskeldinu eins fljótt og kostur er, en réttast er að viðurkenna að fram að þessu hefur nefndin fyrst og fremst einbeitt sér að því að leysa vandkvæði sem uppi hafa verið til að unnt væri að hefja afgreiðslu rekstrarlána á þessu vori til bænda.

Það er rétt, sem hér hefur komið fram, að í bankakerfinu hefur gætt verulegrar tregðu til að taka ný fiskeldisfyrirtæki í viðskipti og af því höfum við auðvitað áhyggjur. Það er að vísu kannski fremur bankalegt málefni en viðfangsefni fagráðuneytis að taka á slíkum vanda því þessi tregða er ekki eingöngu bundin við ný fiskeldisfyrirtæki heldur verða mörg fleiri fyrirtæki að sæta slíku. Því miður er það svo að hið íslenska bankakerfi er allnokkuð mengað af þeim hugsunarhætti svo að ekki sé nú fastara að orði kveðið að horfa fyrst og fremst til trygginga í fasteignum en ekki til þess hvers konar rekstur er á ferðinni þegar um nýja fyrirgreiðslu og nýja viðskiptavini er að ræða — og segi ég nú ekki meira um þetta m.a. vegna þess að hæstv. bankamálaráðherra er fjarstaddur. En það var sem sagt von okkar að með tilkomu tryggingasjóðsins mundu bankarnir treysta sér betur til að taka ný fyrirtæki í viðskipti. Verði sú ekki raunin á mun þetta mál verða tekið til sérstakrar skoðunar og ég mun beita mér fyrir því að taka það upp við hæstv. bankamálaráðherra og sinna því þá í framhaldi.

Fyrirspyrjandi (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Þegar lagðar eru saman báðar ræður hæstv. landbrh. er málið farið að skýrast og er ég honum þakklátur fyrir það. En það hlýtur að valda vonbrigðum, ekki síst miðað við þá umræðu sem fór

fram fyrr á þessum vetri, að fiskeldisfyrirtæki búa eftir þennan vetur ekki að neinu leyti við betri kost að því er varðar afurða- og rekstrarlán en var þegar umræðan um Tryggingasjóð fiskeldislána fór fram í vetur. Það liggur nú fyrir og er hér staðfest af hæstv. landbrh. að sú ákvörðun hefur ekki orðið til þess að auðvelda þeim fyrirtækjum sem þá höfðu ekki komist í viðskipti um afurða- og rekstrarlán aðgang að slíkum lánum. Ég hygg að það megi líka fullyrða að þau séu fá og kannski engin fiskeldisfyrirtæki sem hafa fengið viðbótarlán við þau 37½% sem hafa gilt í þessari grein. Það er þess vegna ákaflega mikil ástæða til að ganga ríkulega eftir því sem fram kom í niðurlagi svars hæstv. landbrh., að hann skyldi ganga eftir því við bankamálaráðherra að fá breytingu á, og er vissulega fagnaðarefni að sú yfirlýsing skuli liggja fyrir. Það er fyrsta beina yfirlýsingin sem hefur fengist fram um þessi efni. En það ber hins vegar að harma og átelja hvað veturinn hefur illa verið notaður í þessum efnum og það hljóta að vera vonbrigði að verða nú vitni að því hvað Tryggingasjóður fiskeldislána hefur litlum árangri skilað þrátt fyrir öll stóru orðin og miklu áherslurnar frá því að sú umræða fór fram fyrr á þessu þingi.

Úttekt á byggingum, ein umr.

Fsp. MálmS, 337. mál. — Þskj. 609.

Fyrirspyrjandi (Málmfríður Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Það er öllum kunnugt að landið okkar er vegna jarðfræðilegrar legu sinnar land eldsumbrota og jarðhræringa og tæpast líður svo nokkurt ár að við séum ekki rækilega minnt á það. Nægir að nefna að t.d. í vetur var almannavarnanefnd Mývatnssveitar lengi í viðbragðsstöðu vegna landriss í Kröflu. Þau svæði hér á landi þar sem einkum má búast við kröftugum jarðskjálftum eru Suðurlandsundirlendið frá Ölfusá að Markarfljóti og sprungusvæðið á Norðurlandi frá Eyjafirði að Öxarfirði að báðum meðtöldum. Á Norðurlandi er talið að þéttbýlisstaðir eins og Dalvík, Hrísey, Húsavík og Kópasker séu á jarðfræðilega viðkvæmum stöðum og megi þar búast við að jarðskjálfta geti borið að hvenær sem er. Jarðfræðingar telja sömuleiðis að búast megi við jarðskjálfta á Suðurlandi innan tíðar. Í ljósi þessa hljóta að vakna spurningar um viðbúnað og einnig það hvort byggingar á þessum stöðum, bæði í dreifbýli og þéttbýli, og mannvirki yfir höfuð á þessum viðkvæmu svæðum séu svo traust sem skyldi.

Laust eftir 1970 gekk í gildi byggingarstaðall sem kveður á um styrkleika bygginga og þá með tilliti til jarðhræringa. Ég vil leyfa mér að spyrja: Er nógu traust eftirlit með því að farið sé eftir þessum staðli? Hins vegar eru auðvitað fjölmargar byggingar reistar fyrir gildistöku þessa staðals. Fólk byggði hús sín án þess að gera sér grein fyrir áhættunni og e.t.v. án þess að vita hvað til þurfti. Hvað líður traustleika þessara bygginga? Í ljósi þessa sem ég hef nú sagt hef ég lagt fram á þskj. 609 svohljóðandi fsp. til hæstv. dómsmrh.:

„Hefur farið fram eða er fyrirhuguð úttekt á byggingum á helstu jarðskjálftasvæðum landsins?"

Mér er ljóst að hér er um mjög viðkvæmt mál að ræða en það er svo mikið í húfi fyrir fólkið á þessum svæðum að vita hvar það stendur og hvað er til ráða að þess vegna leyfi ég mér að bera fram þessa spurningu í trausti þess að staðan verði almenningi ljósari að loknum svörum hæstv. ráðherra.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Svar þetta byggist á bréfi Almannavarna ríkisins sem er svohljóðandi:

„Síðari tíma rannsóknir á jarðfræði Íslands sýna að það situr á heitum reiti á einu af gliðnunarbeltum jarðskorpufleka jarðarinnar. Ljóst er einnig að umrætt gliðnunarbelti hliðrast í þverbrotabeltum sem liggja annars vegar um Suðurlandsundirlendið og hins vegar úti fyrir og inn á Norðurland. Staðfestir jarðskjálftasaga landsins þessar rannsóknir svo og upptök mældra smáskjálfta á undanförnum áratug, en þeir raðast greinilega á ofangreind þverbrotabelti.

Þegar jarðvísindamenn vöktu athygli almannavarnaráðs á jarðskjálftasögu Suðurlands árið 1976 skipaði það vinnuhóp til að gera úttekt á þessari hættu og tillögur um viðbúnað og varnir. Í ágúst 1978 skilaði vinnuhópurinn skýrslu til ráðsins þar sem fram kemur að búast verði við mjög öflugum jarðskjálftum á Suðurlandi og því sé m.a. nauðsynlegt að fram fari úttekt á mannvirkjum á svæðinu með tilliti til jarðskjálftaþols þeirra. Er sérstaklega lagt til að úttekt fari fram á jarðskjálftaþoli:

1. Orkuvera, raflína, tengivirkja og annarra mannvirkja tengdum raforkubúskapnum.
2. Vega, brúa, ræsa og annarra samgöngumannvirkja.
3. Símstöðva og símleiðara, bæði á línum og þráðlausum.
4. Sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva, dvalarheimila, skóla og samkomuhúsa þar sem fjölmenni er safnað til dvalar, starfs og/eða leiks.
5. Veitukerfa, atvinnuhúsnæðis og íbúðarhúsnæðis.

Í kjölfar þessara tillagna lagði almannavarnaráð fram að beiðni dómsmrh. áætlun um þessar úttektir og frekari rannsóknir vegna jarðskjálftahættunnar. Voru þessar áætlanir síðan lagðar fyrir Alþingi í fjárlagatillögum ráðuneytisns sem fjárveitingar til Almannavarna ríkisins, en fjárveitingum til verksins var hafnað í meðförum þingsins.

Frá því að tillögur almannavarnaráðs komu fram hafa einstakar stofnanir sem hagsmuna hafa að gæta látið fara fram úttekt á einstökum mannvirkjum og búnaði innan jarðskjálftasvæðanna sem þeim tilheyra. Þannig hefur Landsvirkjun látið gera könnun á jarðskjálftaþoli bygginga, háspennumannvirkja og búnaði virkjana sinna. Vegagerð ríkisins hefur látið

gera úttekt á brúarmannvirkjum og Selfossbær hefur látið skoða jarðskjálftaþol bygginga í sinni eigu án þess að ítarleg rannsókn hafi farið fram á þeim. Landsvirkjun hefur í kjölfar úttektarinnar látið styrkja þá hluta af sínu kerfi sem úttektin sýndi þörf á. Einnig hefur Vegagerðin tekið sérstakt tillit til jarðskjálfahættu við hönnun þeirra brúa sem byggðar hafa verið eftir að þessi þekking á jarðskjálftahættuni kom fram.

Almannavarnir ríkisins hafa ítrekað reynt að fá fjárveitingar til úttektar á húsum innan jarðskjálftasvæða landsins með Suðurlandsundirlendið sem forgangsverkefni. Hafa verið gerðar kostnaðaráætlanir af hálfu verkfræðistofu Háskólans og fimm ára könnunaráætlun sem fjárveitingatillögur Almannavarna ríkisins hafa tekið mið af. Mjög brýnt er að áliti Almannavarna að könnun á jarðskjálftaþoli húsa beinist fyrst að þeim húsum þar sem hið opinbera tekur ábyrgð á þeim sem í þeim dvelja, svo sem skólum þar sem börn og unglingar eru við störf að skyldu og sjúkrahúsum þar sem veikir eru vistaðir.

Hvað varðar einkahúsnæði er frekar talið rétt að könnunin miðist við að gera heildarúttekt á styrkleika þeirra mismunandi húsgerða sem eru ríkjandi sem atvinnu- og íbúðarhúsnæði svo gera megi sér grein fyrir öryggi þeirra sem byggja svæðin, svo og umfangi þeirra skemmda sem búast megi við út frá þeim forsendum sem jarðskjálftahættan gefur."

Ég vil aðeins til viðbótar þessu svari Almannavarna ríkisins taka það fram að dómsmrn. hefur átt í viðræðum við Almannavarnir ríkisins um þetta mál og jafnframt hef ég átt nokkur samtöl við forsvarsmenn á verkfræðistofu Háskóla Íslands. Það er áfram unnið að því að halda þessu verki áfram og mun það m.a. koma fram í beiðnum um fjárveitingar á nk. hausti, en mikilvægt er að tryggja sem best samstarf allra aðila sem að þessu máli koma, en eins og hv. fyrirspyrjandi tók hér fram er það af skiljanlegum ástæðum mjög viðkvæmt mál.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að þessi fsp. hafi komið fram því að hér er hreyft mjög mikilvægu máli. Nú er það svo að ég hef persónulega tengst þeim athugunum sem hæstv. dómsmrh. gat um í svari sínu. M.a. stóð ég fyrir þeirri úttekt sem var gerð á mannvirkjum Landsvirkjunar á Suðurlandssvæðinu með tilliti til jarðskjálftaáhættu vegna hugsanlegs landskjálfta á Suðurlandi.

Þessi mál hafa þróast í mjög jákvæðum farvegi sl. 20 ár eða svo en það var þó kannski með Kópaskersjarðskjálftanum 1976 að það urðu þáttaskil í þeim rannsóknum sem hafa farið fram á þessu sviði hér á landi. Eftir Kópaskersjarðskjálftann varð mönnum ljósari þessi hætta og það má segja að það hafi mjög lyft undir frekari athuganir og rannsóknir á þessu sviði. Á vegum Verkfræðistofnunar Háskólans hefur verið þróuð aðferðafræði til að gera slíkar úttektir sem hér er verið að tala um. Það vantaði nú reyndar inn í svar hæstv. ráðherra að það hefur farið fram úttekt á slíkum opinberum byggingum á Laugarvatni, en þá úttekt, sem sagt var frá að hefði farið fram á opinberum byggingum á vegum Selfossbæjar, annaðist ég reyndar einnig. Hún var raunverulega ekki annað en forkönnun og þyrfti því, eins og reyndar kom fram í svari hæstv. ráðherra, að rannsaka þau mál betur. Af því að ég sé að hér er hv. 5. þm. Suðurl. Guðni Ágústsson kominn í salinn, þá langar mig til að rifja það upp að fyrir 22 árum heimsótti ég fæðingarbæ hans að Brúnastöðum sem hafði orðið fyrir umtalsverðu tjóni í jarðskjálfta sem þá varð og átti upptök sín á svæðinu hérna megin Þjórsár. Þetta er líklega stærsti jarðskjálfti sem hefur orðið á Suðurlandsundirlendinu síðan 1912.

En ég ítreka það að ég fagna því að þessi fsp. er komin fram og vil eindregið hvetja til þess að úttekt í þá veru sem lagt er til fari fram.

Fyrirspyrjandi (Málmfríður Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svör hans. Að vísu kom þar ekki margt fram umfram það sem ég vissi sjálf en ekki er reyndar víst að sé öllum kunnugt.

Þær áætlanir sem er ætlað að verkfræðiskrifstofa Háskólans geri þyrftu að ná víðar. Hann minntist ekki á Norðurland í þessu sambandi. Menn voru þó áþreifanlega minntir á það 1976 að þar getur ýmislegt skeð. Nú er orðið æðilangt síðan jörð hefur skolfið á Dalvík og á því svæði. Jarðfræðingar segja mér að þar muni innan tíðar mega búast við umtalsverðum jarðskjálftum. Og 11 ár eru nú liðin síðan þessi áætlun almannavarnaráðs var gerð og lítið hefur verið gert með hana enn þá. Mér finnst mjög mikil nauðsyn á því að tekið sé á þessum málum sem fyrst. Það er ekkert talað um „ef" í sambandi við jarðskjálfta á Suðurlandi. Það er bara sagt „þegar". Það má reikna með að þar verði tilfinnanlegt tjón á mannvirkjum og húsum af öllu tagi, bæði opinberu húsnæði og einkahúsnæði, íbúðarhúsum, peningshúsum og gróðurhúsum sem eru mörg á þessu svæði.

Mér finnst þurfa að liggja fyrir áætlanir um hvernig þessu skuli mætt. Við skulum ekki tala um það að almannavarnaráð hefur vafalaust áætlanir um hvernig skuli mæta slysum á fólki og atburðum af því tagi. En mér finnst það vera mjög brýnt verkefni sem þarna er bent á og annað það að það er ekki verjandi að almannavarnaráð skuli ár eftir ár hafa beðið um fjárveitingar til þessara úttekta án þess að fá áheyrn. Við því þarf að bregðast.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Ég vildi aðeins taka það fram að ég tek undir með hv. fyrirspyrjanda að auðvitað þarf einnig að huga að svæðinu á Norðurlandi. En vegna þess hversu alvarlegt ástand getur skapast hér á Suðurlandi og fullvíst talið að slíkur skjálfti muni koma, þá er það forgangsverkefni. Ég skal alveg játa það að þegar ég sá þessa hluti þá hrökk ég við vegna þess að mér hafði áður ekki verið ljóst hvað hér gæti verið um alvarlegt mál að ræða. En það er ekki vegna

þess að menn vilji á nokkurn hátt vanrækja hugsanlegt ástand á Norðurlandi, heldur einungis vegna þess að Suðurland verður að vera hér algjört forgangsverkefni.

Happdrætti, ein umr.

Fsp. GGÞ, 354. mál. — Þskj. 651.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur G. Þórarinsson):

Forseti. Ég hef lagt fram á þskj. 651 fsp. til hæstv. dómsmrh. um lög um happdrætti. Fyrirspurnin hljóðar svo:

„Hvað líður endurskoðun laga um happdrætti?"

Eins og flestum er kunnugt hafa umsvif happdrætta aukist mjög á síðustu árum og er álitið að velta á síðasta ári kunni að hafa verið 4–5 milljarðar kr. í happdrætti. Happdrætti þessi eru með ákaflega mismunandi hætti og ýmis lög sem um þau gilda, en þau eru orðin mjög mikilvæg tekjulind fyrir ýmis líknarfélög, íþróttafélög og fjölmörg önnur félagsamtök. Raunar má segja að þessi happdrættismarkaður sé að verða æði skrautlegur og er kannski ekki mikið við því að segja.

Það er þó svo að ég hef spurnir af því að í dómsmrn. valdi það mönnum nokkurri umhugsun og jafnframt hef ég spurnir af því að félagasamtök eða samtök sem vilja afla sér tekna með happdrætti fái ekki til þess heimild vegna þess að endurskoðun standi yfir á lögum um happdrætti. Þar er um að ræða jafnvel félagasamtök sem mér sýnist að ættu með tilliti til alls rétt á því að efna til happdrætta.

Því er þessari fsp. varpað fram að ég heyri það frá dómsmrn. að það telji í slíkum tilvikum ekki unnt að veita leyfi til happdrætta fyrr en endurskoðun laganna hafi farið fram. Þess vegna er ofarlega í huga margra: Hvað líður þessari endurskoðun? Hvenær má vænta þess að henni ljúki?

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Það er alveg rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að það ríkir allskrautlegt ástand á þessum svokallaða happdrættismarkaði. Þar hefur verið mikil samkeppni og fleiri og fleiri aðilar viljað komast inn á þennan markað. Það hefur hins vegar komið fram í því að nýir aðilar hafa tiltölulega engar tekjur fengið út úr þátttöku í happdrættum vegna þess að mikill hluti teknanna fer í kostnað, svo sem auglýsingar og undirbúning.

Það er með þennan markað eins og annan að hann er takmarkaður og eftir því sem fleiri fara inn á hann, þá er líklegra að megnið af tekjunum fari til að standa undir kostnaði en ekki til að standa undir þeim mikilvægu málum sem ætlunin er að standa undir, svo sem eins og líknarmálum, íþróttamálum og björgunarmálum, svo eitthvað sé nefnt. Jafnframt mætti að sjálfsögðu nefna starfsemi stjórnmálaflokka sem ég tel ekki síður mikilvægt.

Það er alveg rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að í dómsmrn. er unnið að undirbúningi frv. til laga um happdrætti og það var ætlunin að þetta frv. kæmi fram á þessu þingi. Það liggja fyrir drög að slíku frv. en því miður er þessu verki ekki lokið. Það er gert ráð fyrir því að það muni geta tekist að leggja frv. þetta fram í upphafi næsta þings og er að því stefnt. En efni þessa frv., eins og það liggur fyrir, hefur enn ekki verið kynnt utan ráðuneytisins, en að því verður unnið í þinghléi.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur G. Þórarinsson):

Forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. þessi svör og vona að það takist að vinna að þessari endurskoðun þannig, eins og hann sagði, að unnt verði að leggja frv. fram í byrjun næsta þings. Ég hygg að það séu ýmis samtök sem bíði eftir því að þessar línur skýrist, samtök sem eru með mikilvæga starfsemi í þjóðfélaginu og þarf fremur að örva til sjálfsbjargarviðleitni þannig að erfitt er fyrir slík samtök að bíða lengi eftir svörum og eftir að línur skýrist. Ég vil þess vegna enn á ný hvetja dómsmrh. til að vinna hratt og örugglega að þessu máli þannig að þingið geti fengist við þessa endurskoðun sem eitt af sínum fyrstu málum á komandi hausti.

Sameiginlegt forræði barna, ein umr.

Fsp. AðB og GuðnÁ, 491. mál. — Þskj. 899.

Fyrirspyrjandi (Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir):

Hæstv. forseti. Allir hafa sennilega veitt því athygli að umræður um forræði barna hafa verið meiri nú á sl. árum en áður. Sjálfsagt kemur þarna til vaxandi hjónaskilnaðir eða sambúðarslit. Einnig það að jafnréttishugsunin hefur einnig náð til þess að báðir foreldrar finna meira til ábyrgðar gagnvart börnum sínum en áður. Um það leyti sem ég var upp á mitt besta leit fólk yfirleitt þannig á að sjálfgefið væri, ef skilnaður varð á milli hjóna, að þá sæti konan uppi með börnin. Þetta var algengasta sjónarmiðið.

Þegar svo illa fer að forræði barna eða umráðaréttur yfir börnum fer fyrir dóm, þá fer náttúrlega oftast nær annað hvort foreldra mjög sært frá. Þetta er nú svo að það verður erfitt að forða sársauka og verstur lendir hann náttúrlega á þeim sem enga sök ber, þ.e. á barninu sjálfu eða börnunum sjálfum.

Þegar umboðsmaður Alþingis hóf störf var held ég áreiðanlega fyrsta málið sem fyrir hann kom einmitt einhvers konar kæra út af einu slíku máli. Ég kynntist því máli vel og það er eiginlega fyrir það sem þar á hlut að máli sem ég flyt þessa fsp. sem er mjög stutt og ég bið hæstv. dómsmrh. að svara svo vel sem auðið er. Og fyrirspurnin er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Hyggst ríkisstjórnin leggja fyrir Alþingi í haust frv. um sameiginlegt forræði barna?"

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Ég get út af fyrir sig svarað þessari fsp. með einu orði, þ.e. já, en það er kannski rétt að taka það fram að á skrá sem send var forsrh. 1. nóv. 1988 var þess getið að frv. til breytinga á barnalögum væri meðal frv. sem gert væri ráð fyrir að dómsmrn. legði fram á yfirstandandi þingi og þá með nokkrum breytingum. Af þessu hefur því miður ekki orðið þar sem yfir stendur endurskoðun vegna breytinga og viðauka við það frv. sem lá fyrir þannig að ég svara þessu með þeim hætti að slíkt frv. verður lagt fram á komandi hausti að öllu óbreyttu og verður með líku sniði og frv. til breytinga á barnalögum sem lagt var fram árið 1987, en þó má vænta einhverra breytinga og viðbóta við það. Ég vil taka það fram að ég er alveg sammála þeim sjónarmiðum sem komu fram hjá hv. fyrirspyrjanda.

Fyrirspyrjandi (Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. greinargóð svör og við munum fylgjast með því á komandi hausti þegar þetta mál kemur fram. Ég þakka.

Staða ríkissjóðs, ein umr.

Fsp. JúlS, 388. mál. — Þskj. 726.

Fyrirspyrjandi (Júlíus Sólnes):

Virðulegur forseti. Ég tel mjög brýnt að löggjafarsamkundan fylgist mjög náið með þróun ríkissjóðs og rekstri hans og með hvaða hætti fjárlög á hverju ári standast þannig að það komi hv. alþm. ekkert á óvart þegar komið er fram á haust á fjárlagaárinu að það getur verið um umtalsverð frávik að ræða frá þeim áætlunum sem alþingismenn stóðu að því að samþykkja kannski hálfu ári fyrr. Nú minnist ég þess að hæstv. fjmrh. kom inn á þessi mál í ræðu sinni í gær, þ.e. undir eldhúsdagsumræðunum, en ég var nú kannski ekki með athyglina nógu vel í gangi þegar ég hlýddi á ræðu hæstv. fjmrh., enda hafði ég gert ráð fyrir því að fá frekar svör hans hér við fsp. minni sem ég flyt og hljóðar svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Hvernig hefur tekju- og útgjaldaáætlun samkvæmt fjárlögum staðist fyrstu þrjá mánuði ársins? Eru einhverjir tekju- eða útgjaldaliðir sem sýna mikil frávik? Stefnir í halla á ríkissjóði? Ef svo er, hversu mikinn?"

Nú er það ljóst að hæstv. fjmrh. hefur verið umfram um að reyna að spara í ríkisrekstrinum, en jafnframt hafa verið gerðir samningar við opinbera starfsmenn sem kannski að einhverju leyti sprengja þann fjárlagaramma samkvæmt þeim forsendum sem voru gerðar í fjárlögum fyrir slíkum samningum.

Þá hafa komið fréttir af því að það er verulegur samdráttur í bílainnflutningi og jafnvel að tekjur vegna áfengissölu verða minni en reiknað var með. Er það að vísu mjög jákvæð þróun en engu að síður þýðir það tekjutap fyrir ríkissjóð.

Minnkandi kaupmáttur kann líka að verða þess valdandi að það verði almennur samdráttur, þ.e. að veltusamdráttur muni verða í þjóðfélaginu sem þýðir minnkandi söluskattstekjur fyrir ríkissjóð. En á þessu fáum við væntanlega nánari skýringar í svari hæstv. fjmrh.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Þau fjárlög sem gilda fyrir árið í ár gera ráð fyrir að tekjuafgangur verði rúmar 600 millj. kr. fyrir árið í heild. Samkvæmt venju er síðan gerð áætlun frá einum mánuði til annars um tekjur og gjöld ríkisins. Eðlilega tekur sú áætlun mið af sveiflum innan ársins í tekjum og gjöldum og hún er þannig upp byggð að suma mánuði getur verið rekstrartap en á öðrum mánuðum rekstrarafgangur en árið í heild komi síðan út með þeirri niðurstöðu sem fjárlögin fela í sér.

Samkvæmt þessari áætlun hefur verið gerð úttekt á því hver útkoman er fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins og hv. fyrirspyrjandi Júlíus Sólnes óskar eftir svörum um hvernig tekju- og útgjaldaáætlunin hafi staðist fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins. Svarið við þessari spurningu er að tekjurnar hafa farið 860 millj. kr. fram úr tekjuáætluninni. Það er út af fyrir sig ánægjuleg niðurstaða. Hér hafa verið í fjölmiðlum ýmsar fréttir af minnkandi tekjum vegna samdráttar í bílainnflutningi og af öðrum ástæðum. Engu að síður hefur orðið verulegur tekjuauki, sérstaklega vegna aukinnar innheimtu og betri skila í tekjuskatti og söluskatti og það eru fyrst og fremst betri heimtur af þessum tveimur sköttum, tekjuskatti og söluskatti, sem skýra það að tekjurnar eru umfram áætlun sem þessu nemur. Einnig er ýmislegt sem bendir til þess að hinn mikli samdráttur sem var á seinni hluta síðasta árs hafi vonandi runnið sitt skeið á enda og hagkerfið sé hægt og bítandi að færa sig upp á við á nýjan leik.

Það er einnig ánægjulegt að áætlunin um útgjöldin hefur staðist allvel. Útgjöldin fara aðeins 58 millj. fram úr áætlun á þessum fyrstu þremur mánuðum þannig að heildarniðurstaðan er að afkoma ríkissjóðs þessa fyrstu þrjá mánuði er 802 millj. betri en áætlað var. Ég vil hins vegar taka skýrt fram að ég vil ekki á þessu stigi byggja neinar ályktanir um heildarafkomu ríkissjóðs á þessu ári á þessum tölum, einfaldlega vegna þess að ég tel að reynsla fyrri ára sýni að það er ekki fyrr en fram er komið á mitt ár sem hægt er að draga af því einhverjar afdráttarlausar ályktanir hvert stefnir. En engu að síður eru það ánægjuleg tíðindi að þessar fyrstu tölur sýni þessa jákvæðu þróun.

Samkvæmt þessu stefnir ekki í halla á ríkissjóði á þessu ári, a.m.k. enn sem komið er, þrátt fyrir það að ákvarðanir hafi verið teknar um einhverja útgjaldaaukningu síðar á árinu í tengslum við auknar niðurgreiðslur og aðra þætti.

Ég fagna því að hv. þm. skuli hafa gert fyrirspurn um þetta atriði vegna þess að það hefur gefið mér tækifæri til þess að gefa þinginu skýrslu um þessa niðurstöðu. Ég tel það sjálfsagt og eðlilegt að þjóðþingið fylgist með þróun ríkisfjármálanna á árinu, enda reyndi ég eftir að ég tók við embætti, jafnvel mánaðarlega hér sl. haust, að gera hv. Alþingi grein fyrir því hver þróunin var þá. Sem betur fer sýna þessar tölur ábendingar í jákvæðari átt en þróunin var á síðustu mánuðum síðasta árs.

Fyrirspyrjandi (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. fjmrh. fyrir greið svör. Ég ítreka það, sem reyndar kom einnig fram í máli hæstv. fjmrh., að það er mjög mikilvægt að þjóðþingið fylgist mjög náið með þróun mála hvað varðar framkvæmd fjárlaganna og er mjög gott að þingið fái tíðar skýrslur um það frá hæstv. fjmrh. Vil ég taka undir það sem hann sagði að það eru ágætis vinnubrögð að okkur þingmönnum séu afhentar reglulega skýrslur um stöðu ríkissjóðs og framkvæmd á fjárlögum.

Ég vona svo sannarlega að þær tölur sem komu hér fram í svari hæstv. ráðherra séu réttar þannig að það megi draga af þeim þá ályktun að staða ríkissjóðs um þessar mundir sé góð og vonandi verður svo áfram. Hins vegar væri nauðsynlegt fyrir okkur hv. alþm. að fá fregnir af því um leið og það gerist að það eru einhver teikn á lofti sem benda til þess að farið sé að síga á ógæfuhliðina hvað ríkissjóð varðar.

Kjarasamningur ríkisins við Landssamband lögreglumanna, ein umr.

Fsp. GuðmÁ og AðB, 473. mál. — Þskj. 841.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 841, sem er 473. mál þingsins, er fsp. til fjmrh. um bókun í kjarasamningi ríkisins við Landssamband lögreglumanna. Þessa fsp. legg ég fram ásamt Aðalheiði Bjarnfreðsdóttur og hún orðast svo:

„Hefur ríkissjóður staðið við bókun í samningi ríkisins við Landssamband lögreglumanna frá 22. maí 1987 er kveður á um að Hagstofa Íslands reikni út og endurskoði launakjör lögreglumanna?"

Ástæða þessarar fsp. er sú mikla óánægja sem fram hefur komið hjá lögreglumönnum um það að þeir hafi verið píndir til þess að afsala sér verkfallsrétti gegn því að Hagstofan reiknaði út launakjör þeirra og að þeir skyldu fylgja ákveðnum starfsstéttum að launum og hafa sömu kjör og þær stéttir. Þeir telja að ríkið hafi einhliða ákveðið að reikna þetta sjálft út en ekki falið Hagstofunni þetta eins og segir skýrlega í þeirri bókun sem hér var vitnað til. Og ég vil sem sagt spyrja hæstv. fjmrh. hvort það hafi verið staðið við þessa bókun og hvernig standi á því að það hefur ekki af hálfu ríkisins verið staðið við þetta.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið frá embættismönnum fjmrn., þá eru þeir eindregið þeirrar skoðunar að að fullu hafi verið staðið við þann samning sem gerður var við lögreglumenn og þær bókanir sem honum fylgdu. Hins vegar kom í ljós við framkvæmd þessa samkomulags að á því voru ágallar sem snertu öflun upplýsinga og skyldur samningsaðila í þeim efnum. E.t.v. hefur eitthvað skort á það að samningsaðilar ræddu nægilega mikið saman um þessa ágalla þannig að upplýsingaöflunin fór ekki fram með nægilega skipulegum hætti og viðræður urðu ekki nægilega ítarlegar til þess að leysa úr þeim vandkvæðum. Þetta hvort tveggja gerði það að verkum að málin þróuðust yfir í form deilu sem e.t.v. hefði verið hægt að komast hjá ef báðir aðilar hefðu í tæka tíð gert sér skýra grein fyrir þessum mismunandi skilningi á eðli upplýsinga og hver það væri sem ætti að afla þeirra eða skapa þær upplýsingaforsendur sem nauðsynlegar væru.

Hins vegar hafa núna síðustu daga staðið yfir viðræður við Landssamband lögreglumanna og mér er tjáð að þær hafi skilað góðum árangri hvað úrbætur snertir og þess vegna séu allar horfur á því að þessum viðræðum geti lokið næstu daga með samkomulagi aðila þannig að sá leiði misskilningur, sem verið hefur að undanförnu í þessu máli, tilheyri sögunni.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svör hans. Að sjálfsögðu fagna ég því ef samkomulag er í sjónmáli um þessa bókun og ríkisvaldið og lögreglumenn geti komið sér að samkomulagi um það hvernig eigi að túlka þetta og að lögreglumenn megi sáttir una við kjarasamning þann sem gerður var.

En það er eitt sem er svolítið mikill galli hjá okkur. Það er það að oft og tíðum kemur ríkisvaldið með bókanir eða semur um ákveðin atriði sem það ætlar síðan að framkvæma, en síðan kemur í ljós að það er óframkvæmanlegt eða þá að ekki er staðið við það. Það eru mikil leiðindi sem hafa fylgt þessu máli, sérstaklega að því leyti til að ríkisvaldið var mjög ósveigjanlegt í upphafi að ganga að þeim kröfum sem lögreglumenn gerðu og lögreglumenn þurftu að fara fyrir kjaradóm til að fá úr því skorið hvernig ætti að túlka þessa bókun. Þar var gert samkomulag við ríkið um það hvaða aðferð skyldi beitt og síðan var heldur ekki staðið við það samkomulag og svo nú loks í þeim kjarasamningum sem nú hafa gengið hefur ríkisvaldið reynt að semja. En ég fagna því að fjmrh. skuli nú komast að samkomulagi við lögreglumenn svo að þetta leiðindamál verði úr heiminum.

Matthías Á. Mathiesen:

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins mega taka undir ósk um það að það náist samkomulag á milli ríkisins og Félags lögreglumanna. Ég held að það væri okkur öllum til hneisu ef slíkt ástand héldi áfram og ég fagna því sem hér kom fram hjá hæstv. fjmrh. að honum sýndist að það væri komið að lokum þessarar deilu og að samkomulag gæti náðst.

Almannatryggingar, ein umr.

Fsp. MálmS, 452. mál (endurskoðun laga). — Þskj. 812.

Fyrirspyrjandi (Málmfríður Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Á undanförnum árum hafa komið fram hér í þingsölum allmörg mál, þáltill. og frv., sem varða breytingar og endurbætur á almannatryggingalögum. Öll hafa þessi þingmál verið nauðsynjamál, sprottin af augljósum þörfum á breytingum og bótum á gömlum lagagreinum og einnig og ekki síður vegna vöntunar á lögum um ýmis atriði, vöntunar sem hefur smátt og smátt komið í ljós eftir því sem lengur reynir á lögin um almannatryggingar. Þessi löggjöf er að vísu góð en ekki fullkomin fremur en önnur mannaverk og í tímans rás hefur reynst nauðsynlegt að sníða af henni agnúa og auka hana og bæta.

Ég vil minna á mál sem við þingkonur Kvennalistans höfum borið fram hér á þingi, svo sem um lífeyrisréttindi heimavinnandi húsmæðra, frv. þess efnis að almannatryggingar taki þátt í gleraugnakostnaði fyrir fólk og um greiðslu ferðakostnaðar fyrir sjúklinga og fylgdarmenn, svo og sjúkradagpeninga ef samlagsmaður verður að leggja niður vinnu vegna langvarandi veikinda barns, maka eða foreldris og fleira mætti vafalaust telja frá öðrum þingmönnum líka. Oft hafa viðtökur þessara mála og annarra verið þær af hálfu ríkisstjórnarinnar að vísað hefur verið til þess að yfir standi endurskoðun á lögum um almannatryggingar og muni þessi þingmál þá verða skoðuð í samhengi við það.

Mér er ekki kunnugt um hve lengi, en örugglega á annan áratug hafa þessi lög verið í endurskoðun og nú gerast ýmsir langeygir eftir úrbótum á brýnum réttlætismálum og því hef ég leyft mér á þskj. 812 að leggja fram fsp. til hæstv. heilbrmrh. um endurskoðun laga um almannatryggingar:

„Hvenær má vænta þess að lokið verði heildarendurskoðun laga um almannatryggingar?"

Og ég vil bæta við frá eigin brjósti utan fyrirspurnarinnar: Hvenær má vænta þess að fyrir liggi frv. til nýrra, breyttra og bættra laga um almannatryggingar?

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. á þskj. 812 hefur hv. þm. Málmfríður Sigurðardóttir lagt fyrir mig fsp. sem hún hefur nú gert grein fyrir og fsp. hljóðar svo:

„Hvenær má vænta þess að lokið verði heildarendurskoðun laga um almannatryggingar?"

Því er til að svara að í stefnuyfirlýsingu núv. ríkisstjórnar er kveðið á um það að endurskoðun á almannatryggingalöggjöfinni skuli vera lokið fyrir mitt þetta ár. Að því er stefnt og ég vonast til þess að á næsta þingi og það helst strax í haust, eða í byrjun þings, verði hægt að leggja fram hér á Alþingi frv. til l. um almannatryggingar.

Nefndin sem er að vinna að endurskoðun almannatryggingalaganna hefur haldið fundi með 28 aðilum, félögum, félagasamtökum og eintaklingum sem með einum eða öðrum hætti tengjast almannatryggingalöggjöfinni. Tilgangurinn með þessum fundum hefur verið sá að leita álits þessara aðila á því hvað betur megi fara í almannatryggingalögunum og eins hvaða hugmyndir þessir aðilar hafa um breytingar á almannatryggingalöggjöfinni. Á þessari stundu er enn of snemmt að segja til um það hvaða breytingar nefndin komi til með að leggja til að gerðar verði á þessari löggjöf og því get ég ekki nefnt eða tilgreint málsmeðferð á einstökum þáttum sem hv. fyrirspyrjandi nefndi hér í framsöguræðu sinni með fsp. En eins og þar kom fram eru fjölmörg atriði sem hafa komið fyrir bæði þetta þing og fyrri þing sem hefur verið vísað til þessarar endurskoðunar, og ég tek undir það með hv. fyrirspyrjanda að þar hafa verið mörg ágæt mál og nauðsynleg. En með þeim rökum að samræmis þurfi að gæta og eðlilegt sé að reyna að skoða málið í heild, þá hefur þessi málsmeðferð verið viðhöfð og oft í samkomulagi við flm. slíkra tillagna hér á þingi að vísa því á þessa heildarendurskoðun.

Endurskoðun almannatryggingalaganna er mikið vandaverk því almannatryggingalöggjöfin er flókin, mjög viðkvæm og þarf því mikinn tíma til endurskoðunar, bæði af hálfu þessarar nefndar sem nú vinnur að verkinu og eins vafalaust í umfjöllun hér á þingi þegar þar að kemur. Formaður þessarar nefndar er aðstoðarmaður heilbrmrh., Finnur Ingólfsson, en með honum í nefndinni starfa Árni Gunnarsson alþm. og Guðmundur H. Garðarsson alþm., Helgi Seljan, fyrrv. alþm. og núv. starfsmaður Öryrkjabandalagsins, Helga Jónsdóttir, formaður tryggingaráðs, Kristján Guðjónsson, lögfræðingur og deildarstjóri í Tryggingastofnun og Sigurður Hermundarson, starfsmaður Ríkisendurskoðunar.

Það hefur heyrst m.a. í umræðum hér á hv. þingi að lítið sé að gerast í þessari nefnd. Ég vil leyfa mér að fullyrða að það sé ekki rétt. Nefnd þessi var skipuð um áramótin 1987–88 og hefur hagað sínum störfum þannig að nefndarstarfið hefur verið í nokkrum fundarlotum. Fyrsti fundur var haldinn örfáum dögum eftir að nefndin var skipuð, nánar tiltekið 5. jan. 1988 og eftir það voru haldnir 1–2 fundir í viku hverri frá því í janúarbyrjun og fram í marslok 1988. Þeim

fundum var þannig hagað að þá voru þessi viðtöl sem ég hef áður greint frá og upplýsingaöflun og stóðu þeir fundir stundum heila daga, en síðan var reynt að vinna úr því sem þar hafði komið fram. Vegna stjórnmálaástands og stjórnarskipta síðari hluta seinasta árs, þá lágu þessi nefndastörf nokkuð niðri en hófust síðan aftur núna eftir áramót og 17. jan. var haldinn fyrsti fundur og voru tveir fundir haldnir vikulega fram yfir miðjan marsmánuð.

Því miður var það svo að hv. þm. tveir sem eiga sæti í þessari nefnd mættu illa til þeirra nefndarstarfa og kann að vera að upplýsingar hér inn í hv. þing um að lítið sé að gerast i nefndinni stafi einmitt af því. Á þessum fundum reyndi nefndin að ná saman um ákveðnar tillögur í framhaldi af upplýsingaöfluninni á seinasta ári og er nú verið að skrifa drög að nál. eða frv. Þau drög verða síðan lögð fyrir í næstu fundalotu sem hugsað er að hefja nú að loknu þinghaldi og vænti ég að þá gefist þingmönnum sem eiga sæti í nefndinni betri tími til nefndarstarfa og eins og áður segir stefni ég að því að geta lagt fram frv. að nýrri, endurskoðaðri heildarlöggjöf um almannatryggingar á næsta þingi eða næsta haust.

Fyrirspyrjandi (Málmfríður Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. heilbrmrh. mjög greinargóð svör og ágæt. Ég fagna því að komið er að lokum þessarar vinnu og vænti þess að þingmenn fái þá að sjá þegar henni er lokið að þar hafi verið tekið tillit til tillagna þeirra og ábendinga á undanförnum árum.

SAMEINAÐ ÞING

67. fundur, föstudaginn 28. apríl,
að loknum 66. fundi.

Um þingsköp.

Mistök í fundarstjórn, þinghald til þinglausna.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna þeirra umræðna sem hér urðu í morgun um fundarsköp og vegna þeirrar gagnrýni sem fram kom á fundarstjórn forseta aðfaranótt fimmtudags, ef ég man rétt, hefur forseti óskað eftir því við skrifstofustjóra þingsins að hann gerði grein fyrir hver staða málsins er og skal hún nú lesin:

Í 1. mgr. 38. gr. þingskapalaga segir svo:

„Ef umræður dragast úr hófi fram getur forseti úrskurðað að ræðutími hvers þingmanns skuli ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd."

Samkvæmt þessu ákvæði er það á valdi forseta að takmarka ræðutíma þingmanna þegar þeim skilyrðum er fullnægt sem þar greinir, þ.e. að umræður dragist úr hófi fram. Forseti metur hvenær þær aðstæður eru fyrir hendi."

Þar með tel ég að fyrra gagnrýnisatriðinu sé svarað og kemur þá að hinu síðara.

Samkvæmt 2. mgr. 38. gr. þingskapalaga getur forseti „stungið upp á", eins og þar segir, að umræðum sé hætt að liðnum ákveðnum tíma. Tillaga forseta skal umræðulaust borin undir atkvæði og ræður afl atkvæða úrslitum. Sé fundur ekki ályktunarbær þannig að tillagan verður ekki borin undir atkvæði kemur hún ekki frekar til álita.

Ljóst er að skv. 2. mgr. er það fundarins að ákvarða um umræðulok. Úrskurðarvald um slíkt er ekki á hendi forseta, hvort sem athugasemdum er hreyft eða ekki. Forseti vill því biðja hv. þingheim afsökunar á að óumdeilanlega hafa mér orðið þarna á mistök. Athugasemdum var ekki hreyft, enda einungis átta hv. þm. viðstaddir, en samkvæmt þessu hefði það ekki dugað til og ég bið því hv. þm. velvirðingar á þessu.

Ólafur G. Einarsson:

Hæstv. forseti. Kannski má kalla það um þingsköp, erindi mitt hér í ræðustól. Fremur er það þó um þinghaldið.

Nú er að hefjast hér nýr fundur í Sþ. þar sem eru 11 mál á dagskrá og sum æði viðamikil svo að ég tali nú ekki um þau mál sem óræddd eru á þessu þingi en eru ekki á dagskrá þessa fundar. Að loknum fundi í Sþ. í dag, sem sjálfsagt enginn veit hvenær lýkur, er boðað til fundar í Nd. og þar eru 22 mál á dagskrá.

Erindi mitt hingað er að spyrja hæstv. forseta — kannski hefði verið réttara að spyrja hæstv. forsrh. ef hann hefði verið hér en ég geri ráð fyrir að hæstv. forseti geti alveg eins svarað — það er að spyrja um þinghaldið þá daga sem eftir lifa til þinglausna. Ég er hér með starfsáætlun Alþingis 1988–89 sem sumir hafa að vísu talið heldur marklítið plagg. Ég vil ekki gera það. Ég fagnaði því þegar þessi starfsáætlun var gefin út. Það var nýnæmi hér. Það er öllum ljóst að það hefur ekki verið hægt að halda við þessa áætlun að öllu leyti, en ég vildi spyrja hæstv. forseta hvort það megi treysta því að þinglausnir verði laugardaginn 6. maí eins og starfsáætlun gerir ráð fyrir. Ég hef kannski enga ástæðu til þess að efast um að svo verði, en það vekur óneitanlega athygli að til þessa hefur ríkisstjórnin ekki gefið út neinn forgangslista um mál sem hún telur nauðsynlegt að verði afgreidd fyrir þinglausnir. Það er mjög óvenjulegt og ég man satt að segja ekki eftir að það hafi gerst áður að þegar rétt vika er til þinglausna, þá hafi enginn listi komið frá hæstv. ríkisstjórn um þau mál sem hún telur óhjákvæmilegt að afgreiða fyrir þinglausnir.

Nú kann svo að vera að ríkisstjórnin eigi sér engin sérstök áhugamál sem hún vill láta afgreiða fyrir þinglausnir. Ef svo er, þá hljóta þingmenn sem eiga mörg mál óafgreidd í nefndum að leggja áherslu á það að þeirra mál fái afgreiðslu í nefndunum þannig að þau komi þá til afgreiðslu í þingdeildum eða í Sþ. eftir atvikum.

Næsta vika er þannig að hvorki eru fundir á mánudag né fimmtudag. Það eru deildafundir á þriðjudag og miðvikudag og gert ráð fyrir bæði deildafundum og Sþ. á föstudag og laugardag. Það er

alveg ljóst að sá tími endist ekki til þess að afgreiða mörg mál og þaðan af síður stór.

Þess vegna er það sem ég óska eftir að fá að vita hvort ætlunin er að framlengja um einhvern tíma eða sem sagt eins og ég spurði áðan, hvort ætlunin sé að halda við þessa áætlun þannig að þinglausnir verði laugardaginn 6. maí.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti getur upplýst að ekkert það hefur komið fram hingað til á fundum forseta þingsins sem breytir þeirri áætlun sem fyrir liggur að þingi ljúki 6. maí. Séu einhverjar hugmyndir uppi um annað hefur forseti engar spurnir af því haft.

Ég vil jafnframt benda á að í stórum dráttum og öllum meginatriðum hefur starfsáætlun Alþingis verið haldin. Þingið hófst eins og þar segir, fundir voru ekki milli jóla og nýárs, umræður um þau mál sem getið er hafa þegar farið fram nema um Byggðastofnun og það er ekki sök forseta. Sú skýrsla er ekki komin og um hana er auðvitað ekki hægt að ræða fyrr en hún er fram lögð. Það er því ekkert sem mér er kunnugt um sem bendir til annars en að þessari áætlun verði haldið.

Fari svo að framlengja þurfi þinghaldi verður það vitanlega gert í góðu samstarfi og samráði við formenn allra þingflokka og engar ákvarðanir um það teknar nema samráð verði haft. Forsetar hafa óskað eftir því við ríkisstjórnina að fram verði lagður svokallaður óskalisti. Ekki hefur það verið gert enn þá, enda eru e.t.v. öll mál á óskalista hæstv. ráðherra. Það er hins vegar óþarfi að segja hv. þm. það að auðvitað er það í þeirra valdi hvaða mál eru afgreidd í nefndum þingsins. Ráðherrar hafa engin ráð yfir því. Þessar upplýsingar vildi ég gefa áður en ég gef hv. 6. þm. Vesturl. orðið um þingsköp.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 2. þm. Reykn. fyrir að hefja þessa umræðu. Ég held að það sé fyllilega tímabært að við förum að gera okkur grein fyrir og telja þær klukkustundir sem eftir eru fram að 6. maí ef við ætlum að ljúka þeim störfum sem okkur er ætlað.

Ég vil reyndar taka það fram að ég tel til fyrirmyndar að gera starfsáætlun og reyna að halda við hana. En hún hefur breyst aðeins í vetur og ég velti mjög vöngum yfir því þessa dagana hvort það sé raunhæft að ætla að við ljúkum þessu hér á laugardaginn.

Hér kom fram í máli forseta áðan að það á eftir að ræða skýrslu Byggðastofnunar sem reyndar er ekki komin hingað enn þá. Ég vil benda á að það eru fleiri skýrslur sem liggja hér óræddar og ég leyfi mér að nefna tvær. Önnur er enn þá í umræðu og umræða um hana hefur dregist á milli margra funda, þ.e. skýrsla um stöðu og rekstur fiskvinnslufyrirtækja sem hv. þm. Kristín Halldórsdóttir og fleiri hv. þm. báðu um. Einnig liggur hér skýrsla um stöðu list- og verkmenntagreina og tónmenntar í grunnskólanum. Á þessum tveimur fundadögum sem við virðumst eiga eftir í Sþ. á því samkvæmt þessu að afgreiða bæði vegáætlun og hafnaáætlun og enn liggja ekki fyrir forgangsmál hæstv. ríkisstjórnar.

Ég vil bara lýsa því yfir hér að við kvennalistakonur teljum það með öllu óverjandi að fá ekki slíka lista og að samráð sé haft. Það eru óþolandi vinnubrögð fyrir okkur þingmenn alla að geta ekki haft eðlileg samráð innan þingflokkana þegar til afgreiðslu mála kemur, að ég tali ekki um utan þingflokkanna sem við þurfum auðvitað að hafa til þess að bera saman niðurstöður okkar við hugmyndir annarra þeirra sem eru í starfi með okkur. Það er mjög nauðsynlegt ef takast á að vanda vinnubrögð þannig að ekki verði svo mikið hraðað öllum málum hér að ýmsir gallar komi í ljós, eins og því miður hefur viljað brenna við, að starfið sé skipulagt og ég vil ítreka það að við lýsum okkur fúsar til þess að vera hér nokkrar vikur enn, gerist þess þörf, til þess að vinna málin eins og þörf er á.

Pálmi Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég kvaddi mér hér hljóðs um þingsköp án samráðs við aðra hv. þm. sem hér hafa talað. Tilefnið var tvenns konar.

Í fyrsta lagi: Hér liggur fyrir starfsáætlun Alþingis sem ég tel þakkarverða nýbreytni. Og eins og hæstv. forseti hefur sagt hefur sú starfsáætlun staðist í sumum greinum og er skemmst að minnast þess að eldhúsdagsumræður fóru hér fram í gærkvöldi svo sem ákveðið var í starfsáætlun þingsins sem sett var í haust. Þetta er að mínum dómi lofsvert. Á þessari starfsáætlun er gert ráð fyrir að ræða á hv. Alþingi í dag vegáætlun. Ég er kunnugur því að vegáætlun er til meðferðar í fjvn. og þar hefur það mál ekki verið rætt efnislega nú á aðra viku.

Ég hlýt að vekja athygli hæstv. forseta á því að þetta er háttalag sem ekki er viðunandi. Ég hef farið fram á það hvað eftir annað á fundum fjvn. að þetta mál væri þar tekið fyrir og til afgreiðslu, m.a. með tilliti til þeirrar dagsetningar sem er á starfsáætlun þingsins og einnig vegna þess að Alþingi á að ljúka 6. maí samkvæmt þessari starfsáætlun og engin önnur áætlun liggur fyrir af hálfu hæstv. forseta um meðferð mála og um þinghaldið. Ég hef boðist til þess að við fulltrúar stjórnarandstöðunnar, a.m.k. við fulltrúar Sjálfstfl., legðum okkar lið að því að leysa ágreiningsmál stjórnarflokkanna um vegáætlun og meðferð þess máls. Það boð stendur. Ef svo fer að stjórnarliðið kemur sér ekki saman um meðferð vegáætlunar í stórum dráttum held ég að fjvn. Alþingis verði að taka það mál og afgreiða það án tillits til vilja meiri og minni hl. eða hæstv. ráðherra. Það mál er eitt af þeim sem þarf að afgreiða á hinu háa Alþingi og kannski hið eina sem nauðsynlegt er að sé afgreitt. Ég taldi því ástæðu til í upphafi þessa seinni fundar að vekja athygli hæstv. forseta á þessu.

Annað tilefni þess að ég kem upp í ræðustól er dagskrá þessa fundar að öðru leyti en því sem hér hefur þegar komið fram. Hér eru 11 mál á dagskrá og ýmis þeirra tiltölulega nýlega fram komin. 3. nóv. var

útbýtt hér á hv. Alþingi þingskjali þar sem 11 alþingismenn báðu um skýrslu um starfsemi Þróunarfélagsins hf. Þó svo að þessi skýrsla hafi a.m.k. í tvígang verið tekin á dagskrá hefur hún ekki komist að í umræðum. Ég hlýt að finna að því að mál þar sem farið er fram á skýrslu af hálfu hæstv. ríkisstjórnar í byrjun nóv. skuli ekki enn hafa verið tekið fyrir á dagskrá og til umræðu þegar komið er að lokum aprílmánaðar. Þetta er vitaskuld ekki viðunandi. Þessu beini ég mjög eindregið til hæstv. forseta.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna orða hv. 2. þm. Norðurl. v. vil ég segja þetta. Varðandi starfsáætlunina þá hefur hún auðvitað hnikast til innbyrðis. Ástæðan fyrir því er vitaskuld fyrst og fremst sú að utandagskrárumræður, þingskapaumræður og annar slíkur sjálfsagður réttur sem hv. þm. eiga hafa auðvitað valdið röskun á dagskrá. Slíkt er óhjákvæmilegt.

Varðandi skýrslur sem óræddar eru vil ég upplýsa að þær eru reyndar óvenjufáar á þessu stigi máls. Einungis fjórar skýrslur eru óútræddar og þar á meðal, og það sem mér finnst kannski vítaverðast, er skýrsla sem hv. 10. þm. Reykn. bað um um stöðu fiskvinnslunnar og hefur dregist úr hömlu að ljúka umræðu um þá skýrslu. Staða þessara mála er að öðru leyti óvenjugóð leyfi ég mér að fullyrða.

Varðandi dagskrána í dag er hér um að ræða afgreiðslumál sem samkomulag er um og ég taldi nauðsynlegt að afgreiða og losna við af dagskránni. Ég hef hugsað mér að fara þess á leit við forseta og þingflokksformenn að fá að halda fund í Sþ. á morgun. Ég veit ekki enn þá hvort það tekst en ef ekki, verður að draga þetta til næsta föstudags þar sem báðir fundardagar Sþ. í næstu viku eru augljóslega ónýtanlegir.

Ólafur G. Einarsson:

Hæstv. forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu. Ég vildi aðeins þakka hæstv. forseta fyrir svörin við spurningum mínum. Svörin voru alveg skýr. Það hefur ekkert það komið fram á fundum forseta þingsins sem bendir til þess að þinglausnir verði á öðrum degi en þeim sem ætlað var, þ.e. þann 6. maí. Ég skil svör hæstv. forseta þannig.

Ég vil af þessu tilefni gagnrýna það, og þá er ég ekki að gagnrýna hæstv. forseta heldur hæstv. ríkisstjórn, hversu seint koma fram mjög mikilvæg mál hér í þinginu. Það hlýtur að valda mjög miklum erfiðleikum að afgreiða þau mál sem auðvitað þurfa að fá afgreiðslu og þó skal ég ekki nefna nema vegáætlunina. Það hlýtur að valda miklum erfiðleikum hversu seint vegáætlunin kemur fram og er ekki einu sinni á dagskrá þessa fundar. Auk þess gagnrýni ég það að skýrsla Byggðastofnunar skuli ekki hafa komið fram á þinginu. Það er ekki einu sinni búið að dreifa henni og ég veit ekki hvort það er búið að semja hana. Það er gagnrýnivert. Að lokum það sem hér hefur einnig verið minnst á, að ýmsar skýrslur hafa ekki verið ræddar, eins og staða fiskvinnslunnar, jafnréttismál, Þróunarfélagið o.fl.

Mér sýnist einnig á þessum svörum hæstv. forseta að það geti ekki verið mörg áhugamálin sem ríkisstjórnin vill að nái fram að ganga og á ég þar við frumvörp í deildum. Ég get t.d. ekki séð hvernig hæstv. ríkisstjórn ætlast til þess að á þessum tveimur fundum deilda eða kannski þremur í næstu viku verði afgreitt þetta svokallaða húsbréfafrumvarp, en það er kannski ekki lengur meðal áhugamála ríkisstjórnarinnar.

Halldór Blöndal:

Virðulegi forseti. Ég ætla að halda mig við þinghaldið. Ég vil vekja athygli á því að hæstv. forsrh. hverfur úr landi nú eftir helgi. Hér liggur fyrir mjög lítil og einföld fsp. frá mér til hans um afkomu fiskvinnslunnar, fsp. sem ég hef borið fram með formlegum hætti til þess að reyna að tryggja svar á hinu háa Alþingi eftir að hæstv. forsrh. hefur komið sér undan og hliðrað sér hjá því að svara fsp. þrásinnis þegar hún hefur verið borin fram af ýmsum þingmönnum stjórnarandstöðunnar, bæði í Ed. og Nd. og eins í Sþ. Nú skilst mér á hæstv. forseta að þinglausnir eigi að fara fram eftir rúma viku, eða á laugardegi í næstu viku, og því er það auðvitað mjög ámælisvert af hæstv. forsrh. að hann skuli ekki láta svo lítið sem koma hingað í þingsalinn og svara þessari einu fsp. áður en hann hverfur úr landi. Ég hafði ekki varað mig á þessu meðan á fyrirspurnatímanum stóð, sérstaklega ekki vegna þess að hæstv. fjmrh. sagði mér að fyrirspurnatími yrði í Sþ. í næstu viku og hafði beðið mig um að ég samþykkti að svar við einni fsp., um söluátak spariskírteina, biði næstu viku. Ég tók því auðvitað svo sem slíkur fundur yrði haldinn annaðhvort á föstudaginn eða laugardaginn í næstu viku, á síðasta eða næstsíðasta degi þingsins, og sem sýndi þá að þetta þinghald hlyti að vera meira en lítið vel undirbúið og vel stjórnað úr því að hægt væri að svara fyrirspurnum í góðu næði þegar svo er liðið á þinghaldið.

Ég vil í þriðja lagi, hæstv. forseti, taka undir með formanni þingflokks Sjálfstfl. að þessar athugasemdir beinast ekki að forseta. Ég legg áherslu á að í næstu viku sé hægt að ræða hafnaáætlun er hæstv. samgrh. hefur lagt fram. Það er nauðsynlegt að þetta plagg verði rætt í þinginu og ég vil biðja hæstv. forseta að gera það sem í hans valdi stendur til þess að hafnaáætlunin verði hér rædd. Það þarf ekki að ræða um það hversu mikið mál það er fyrir sjávarútveginn í landinu að vel og myndarlega sé að þessu staðið.

Ég vil á hinn bóginn óska eftir því við hæstv. forseta, ef hugmyndir hans eru þær að þinghald verði hér á morgun, að ákvörðun um það dragist ekki lengur en til kl. 2. Ég hef undirbúið fundi í mínu kjördæmi á morgun í samræmi við áætlun um þinghaldið og í samræmi við þá vitneskju sem ég hafði síðast nú í morgun og vissi ekki betur en okkur væri óhætt að treysta því að við gætum farið út í

kjördæmin á morgun. Úr því að þingi lýkur í næstu viku er auðvitað alveg sjálfsagt af stjórnarandstöðunni að reyna að greiða fyrir þeirri áætlun. Ef ætlunin er á hinn bóginn að láta þetta svona danka og róla og segja þingmönnum eitt um þinghaldið í dag og annað á morgun held ég að nauðsynlegt sé fyrir þingið að halda sig við það að þingmenn geti bundið sig við þær áætlanir sem þeir hafa gert varðandi sinn tíma á morgun.

Ég vil svo að síðustu leiðrétta ónákvæmni. Ég tók eftir því að það féll út eitt orð hjá hæstv. forseta áðan, orðið „ekki". Hæstv. forseti sagði að í grófum dráttum hefði verið haldið við starfsáætlun þingsins, en þar féll orðið „ekki" niður. Það hefur í grófum dráttum ekki verið haldið við starfsáætlun þingsins.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ég ítreka enn að í megindráttum hefur verið farið að starfsáætlun þingsins og forseti hefur alla vega aldrei sagt hv. 2. þm. Norðurl. e. annað en að þangað til forseti veit betur er miðað að þinglokum eins og segir í starfsáætlun.

Matthías Á. Mathiesen:

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að undirstrika það sem fram kom hjá hv. 2. þm. Reykn., formanni þingflokks Sjálfstfl., varðandi þetta þinghald og þinghaldið síðustu dagana. Eftir að hafa hlýtt á orð manna nú finnst mér að þingið þurfi aðeins að staldra við og átta sig á því hvað það gerir næstu daga. Mig langar til þess að spyrja virðulegan forseta hvort honum er kunnugt um að forsrh. verði ekki á þingi í næstu viku. Ef svo er, þá sýnist mér að þegar í dag þurfi að boða fund á vegum forseta þingsins, forsrh. og formanna þingflokka til þess að hægt sé að átta sig á því hvernig menn vilja standa að þinglokum og með hvaða hætti hægt er að vinna þessi verk þegar ljóst er að í næstu viku eru þrír fundardagar af fimm og dregur til þinglausna á laugardag 6. maí. Ef forseti getur svarað því hvort hæstv. forsrh. verður hér eða ekki sýnist mér að út frá því verði að bregðast strax í dag.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill upplýsa að ekkert hefur komið fram frá hæstv. forsrh. um fjarveru í næstu viku. Hann hefur hins vegar orðað það við forseta að hann verði fjarverandi og fari af landi burt þegar að þingi loknu, þ.e. eftir 6. maí. Aðrar upplýsingar hef ég ekki um ferðir hans.

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég er hér með örlitla bók sem heitir „Nokkur orð um stjórnmál" og er vitnað þar til merkra manna og mig langaði, með leyfi forseta, að vitna hér í orð Bertrands Russell: „Vísindamennirnir leggja hart að sér til að gera hið ómögulega mögulegt og stjórnmálamennirnir leggja hart að sér til að gera það mögulega ómögulegt."

Ég held að við séum í raun og veru að tala um hið ómögulega, þ.e. að ætla okkur að ljúka því sem eftir er að gera á þessum vetri á þeim fjórum vinnudögum, ef við teljum a.m.k. annan laugardaginn með, sem eru þá til þingloka. Ég veit ekki hvernig á að taka þær upplýsingar sem hafa komið fram í máli hæstv. forseta, ef ég skil hana rétt, að það hafi ekki komið fram neinar áhyggjur hjá forsetum þingsins í þessu efni að okkur takist að ljúka afgreiðslu þeirra mála sem við höfum alla vega haldið að væri lögð áhersla á á þessum örfáu dögum.

Ég leyfi mér að fullyrða að stjórnarandstaðan hefur ekki látið sinn hlut eftir liggja. Fulltrúar stjórnarandstöðu hafa unnið vel og gert sitt til þess að greiða fyrir málum stjórnarflokkanna. Ég verð því miður að lýsa því hér að ég get ekki sagt hið sama um stjórnarflokkana og ég ræddi það einmitt í máli mínu hér í útvarpsumræðunum í gær hvers konar vinnulag okkur er boðið upp á. Ég vil ítreka að ég tel ekki sæmilegt og ekki viðunandi fyrir þingmenn stjórnarandstöðu að sætta sig við þetta vinnulag og þá lítilsvirðingu sem stjórnarflokkarnir sýna þeim málum sem okkur þykja mikils virði. Þetta er í mínum huga þeim mun undarlegra sem mörg þessi mál sem við berum fyrir brjósti og við höfum borið fram eru óumdeilanlega hin mestu sanngirnismál og njóta í raun og veru velvildar. Það er því bersýnilega viljaskortur sem ræður.

Ég efast ekkert um góðan og sterkan vilja hæstv. forseta til þess að halda starfsáætlun hér. Sá vilji hefur komið fram hvað eftir annað með nokkuð eftirminnilegum hætti. Ég held að það sé hins vegar afskaplega erfitt að skipuleggja tímann sem eftir er þannig að þetta takist og það er enn fremur afskaplega erfitt fyrir hv. þm. sjálfa að skipuleggja tíma sinn í náinni framtíð með þessu vinnulagi sem hér er boðið upp á. Ég hef sjálf lýst mig reiðubúna til að víkja einkaþörfum til hliðar til að greiða fyrir mikilsverðum málum frá ríkisstjórninni og frá öðrum þingmönnum að sjálfsögðu. Við hljótum hins vegar að áskilja okkur rétt til sömu tillitssemi af hálfu annarra þingmanna og að mál sem við teljum brýn fái sömuleiðis verðuga umfjöllun og afgreiðslu í nefndum. Það hlýtur að vera nákvæmlega jafnauðvelt eða erfitt eftir atvikum að greiða fyrir frumvörpum í gegnum allan þann feril sem þau þurfa að fá í þinginu hver sem ber þau fram.

Í tilefni af þessari umræðu vil ég leggja það til við hæstv. forseta að forsetar þingsins og formenn þingflokka haldi fund eigi síðar en í dag til þess að reyna að komast að samkomulagi um þinghaldið til þingloka og komast að niðurstöðu um það hvenær þau geta orðið.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna orða hv. 10. þm. Reykn. vil ég benda henni á að á dagskrá eru þrjú mál frá stjórnarandstöðunni sem eru tilbúin til afgreiðslu ef friður fengist fyrir þingskapaumræðu. Nú eru liðnar 40 mínútur af klukkutíma-fundi sem hér átti að vera m.a. til að afgreiða mál stjórnarandstöðunnar. Nú hefur verið

komið í veg fyrir það og eru litlar horfur á að það verði gert í dag. Ég vil því benda hv. þm. á að það er þeirra eigin sök að þessi mál voru ekki afgreidd frá þessum fundi. Umræðum um þingsköp verður haldið áfram þannig að það er víst óhætt að gleyma því sem átti að gera á þessum fundi.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður mikið. Það kom fram af hálfu forseta, sem er vitaskuld alveg kórrétt, að það væru þingmenn sjálfir sem réðu framgangi mála í þinginu. Hitt er svo annað mál að það er löngu viðurkennd venja að hæstv. ríkisstjórn á hverjum tíma hefur verkstjórn á hendi um framgang þingmála svo sem eðlilegt er, enda myndaður meiri hluti í þinginu til þess að tryggja framgang mála. Þessi verkstjórnarskylda hvílir því á hæstv. ríkisstjórn á hverjum tíma.

Nú vill svo til að þessi hæstv. ríkisstjórn hefur ekki sinnt þessari verkstjórnarskyldu. M.a. er það venja í ljósi þessa að ríkisstjórn leggur fram lista yfir þau mál sem hún leggur höfuðáherslu á að nái fram að ganga því að jafnan er það svo að fleiri mál liggja fyrir en mögulegt er að afgreiða á hverju þingi og það er ekkert nýmæli nú. Hitt er nýmæli að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki komið sér saman um hvaða mál hún leggur höfuðáherslu á.

Það hefur líka komið fram að forseta hefur ekki verið tilkynnt um það af hálfu þeirra sem eðli máls samkvæmt fara með verkstjórn hvort framlengja eigi þinghaldið og því reiknar forseti með að því ljúki samkvæmt starfsáætlun þingsins. Viðstaddir þessa umræðu hafa verið nokkrir hæstv. ráðherrar og þeir hafa engar athugasemdir gert um þetta. Með öðrum orðum er það niðurstaða þessarar umræðu að hæstv. ríkisstjórn hefur engin mál sem hún leggur áherslu á að nái fram að ganga öðrum fremur. Það er niðurstaða þessa máls og greinilega samþykkt með þögn hæstv. ráðherra sem hér sitja og hafa ekki tekið þátt í þessari umræðu.

Vegna óska forseta um að haldnir verði aukafundir í þinginu á laugardegi, sem er ekki venjan nema alveg sérstaklega standi á, hlýt ég að vekja athygli á því að það er engin nauðsyn að halda fundi utan reglulegs fundatíma Alþingis þegar svo stendur á að hæstv. ríkisstjórn hefur engin forgangsmál og ætlar að láta skeika að sköpuðu um það hvort einhver mál nái fram að ganga. Við slíkar aðstæður er óþarfi að halda fundi utan reglulegs fundatíma. Á þetta vildi ég leggja áherslu, frú forseti.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Það kemur forseta dálítið á óvart hversu ákaft menn auglýsa eftir forgangslista hæstv. ríkisstjórnar. Ég tel eins og ég hef áður sagt að hv. þm. ráði sjálfir hvaða mál þeir afgreiða frá þessu 111. löggjafarþingi en ekki hæstv. ríkisstjórn.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég skal ekki lengja þessa umræðu. Það var út af ummælum hv. 1. þm. Suðurl. um að ríkisstjórn hefði ekki sérstök forgangsverkefni eða mál á dagskrá. Auðvitað er það svo að þessu sinni eins og jafnan áður og hlýtur svo að vera. Mér kemur á óvart ef hæstv. forsrh. hefur ekki rætt það eitthvað við forseta þingsins, þó svo það kunni að vera að ekki hafi verið kveðið á um nýjar dagsetningar og starfsáætlun þingsins sé því enn í gildi. Það hefur verið rætt við ríkisstjórnarborðið að við viljum auðvitað koma fram nokkrum málum. Það er einnig rétt, sem kom fram í máli hv. síðasta ræðumanns, að það er viðtekin starfsvenja í Alþingi að um það sé a.m.k. haft gott samráð milli ríkisstjórnar, stjórnenda þingsins og bæði stjórnarliða og stjórnarandstæðinga hvernig mál ganga fram í þinglokin og hvenær þinglausnir fara fram. Ég ætla ekki að taka að mér að gerast neinn umboðsmaður í því efni eða setja fram sérstakan málalista. Ég leyfi mér þó að álíta að það hljóti að verða gert einhverja næstu daga þar sem aðeins fáir dagar lifa eftir af þingstörfum, hvort sem þinglausnir verða á laugardag eftir rúma viku eða ef um það næst samkomulag að hliðra þeim til um einhverja daga. En tíminn styttist og er ljóst að það verður að fara að koma fram hvaða mál það eru sem þurfa að fá afgreiðslu. Ég leyfi mér að fullyrða að þannig hagi til með nokkur mál sem ríkisstjórnin mun vilja leggja á áherslu umfram önnur.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill gera að tillögu sinni að haldinn verði fundur forseta og þingflokksformanna í dag. Samráð eru nokkuð mikil en sá fundur hafði þó ekki verið boðaður. Til þess að bjarga þeim stundarfjórðungi sem eftir er af þessum fundi mælist ég til þess að menn geti fallist á að það væri lausn á þessari umræðu að sá fundur yrði haldinn í dag og upplýsingar gefnar um niðurstöðu hans hvort sem fundur verður á morgun eða á mánudag.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Það vekur sannarlega furðu þegar þessar umræður hafa staðið í þrjá stundarfjórðunga að hæstv. heilbrmrh. skuli upplýsa að hæstv. ríkisstjórn hafi forgangsmál og hafi þegar rætt það á ríkisstjórnarfundum og einnig möguleika á því að framlengja þingið. Forseti Sþ. byrjar þessa umræðu með yfirlýsingu um að honum hafi ekki verið gert viðvart um að hæstv. ríkisstjórn hafi í hyggju að framlengja þingið. Þegar umræður hafa staðið í þrjá stundarfjórðunga á þeim grundvelli að enginn forgangslisti liggi fyrir þá fyrst upplýsir hæstv. ríkisstjórn að allt þetta hafi verið rætt, ríkisstjórnin ætli að hafa ákveðin forgangsmál og að hún hafi rætt um að framlengja þingið. Þetta er býsna mikil óvirðing við forseta sameinaðs Alþingis að koma svona fram og láta hæstv. forseta gefa slíkar yfirlýsingar þegar þess-

ar umræður hafa þegar farið fram. Það lýsir alveg einkennilegri verkstjórn og einkennilegum skilningi á verkstjórnarhlutverki ríkisstjórnarinnar að ræða þessi mál í pukri við ríkisstjórnarborðið en neita að koma með þau inn á Alþingi og ræða þau við forustu þingflokkanna. Það er aldeilis gegn allri venju sem hér hefur skapast og ég veit raunverulega ekki hvað að baki býr, vonandi ekki annað en skilningsleysi á eðlilegu verkstjórnarhlutverki hæstv. ríkisstjórnar. Ég ætla ekki að þar séu alvarlegri hlutir á ferðinni meðan annað kemur ekki fram.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. ríkisstjórn annast ekki verkstjórn á Alþingi, það gerir forseti Sþ. og hann vinnur samkvæmt eigin starfsáætlun. Annað hef ég ekki um þetta að segja. Enginn hæstv. ráðherra hefur farið fram á að þinglokum verði frestað.

Matthías Á. Mathiesen:

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins vekja athygli á því að við erum hér á þingfundi og þannig var staðan í þinghúsinu þar til fyrir hálfri mínútu síðan að til fundarins voru komnir 31 þm., þar af voru 17 stjórnarandstæðingar en 14 stjórnarþingmenn. Það breyttist fyrir hálfri mínútu síðan. Þá urðu stjórnarsinnarnir 15 en stjórnarandstæðingar voru enn 17. Ég vildi að þetta kæmi fram. Hér höfum við þrjá ráðherra af níu þegar við erum að ræða mál og komið er að þinglokum. Eins og einhver sagði þá er það kannski bara dálítið stórt hlutfall, 3 af 9, miðað við það sem stundum hefur verið að undanförnu. (**Gripið fram í:** Það er met.) Það er met, er kallað, kannski nóg til þess að komast í Guinness-bókina.

Ég tek undir það sem hæstv. forseti sagði nú rétt áðan að skynsamlegustu vinnubrögð þessa dags eru forsetafundur með formönnum þingflokka og forsrh. Eins og kom fram hjá hæstv. heilbrmrh. þá liggur fyrir af hálfu ráðherranna að það séu forgangsmál. Það hefur alltaf gerst við þinglok. Það er óvenjulegt þegar verið er að tala um þinglok þann 6. maí nú í lok apríl að þingflokkunum skuli ekki hafa verið gerð grein fyrir því hvaða málefni það eru sem ríkisstjórnin óskar eftir að löggjafarsamkoman afgreiði fyrir þinglok. Ég get vel fallist á það með virðulegum forseta að það er auðvitað þingsins að segja til um það hvaða mál það eru sem þingið vill afgreiða. Það hafa hins vegar alltaf verið talin eðlileg og góð vinnubrögð að ríkisstjórnin legði fram hvaða óskir hún hefur og svo sér þingið til hvernig og hvort hægt er að afgreiða hlutina. Það gerist ekki nema skipulag sé á vinnubrögðum.

Fjáraukalög 1981–1986, 2. umr.

Stjfrv., 143. mál. — Þskj. 150, n. 935.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Fyrir er tekið fyrsta mál á dagskrá, fjáraukalög 1981–1986, annað mál á dagskrá eru fjáraukalög 1979 og hið þriðja fjáraukalög 1987. Ég vil gera það að tillögu minni að hv. frsm. fjvn. fái leyfi til að tala fyrir nál. um öll þessi þrjú frumvörp í einu.

Frsm. fjvn. (Alexander Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég skal verða við tilmælum forseta um að tala fyrir öllum þessum málum í einu. Þetta eru að vísu samkomulagsmál svo langt sem það nær.

Fyrsta málið er 143. mál, þ.e. frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1981, 1982, 1983, 1984, 1985 og 1986. Fjvn. hefur rætt frv. og kvaddi til viðræðna við sig fulltrúa fjmrn. Nefndin hefur fjallað sérstaklega um svokallaðar aukafjárveitingar, þ.e. greiðslur úr ríkissjóði umfram greiðsluheimildir á fjárlögum, og er greint frá þeirri umfjöllun í nál. um frv. til fjárlaga sérstaklega fyrir árið 1987.

Í athugasemdum við frv. er sagt að alþingiskostnaður sé undanskilinn umframgjöldum æðstu stjórnar ríkisins, en svo er ekki. Umframgjöld æðstu stjórnar ríkisins eru að meðtöldum alþingiskostnaði. Það er einróma álit nefndarmanna að sá dráttur sem orðið hefur á afgreiðslu fjáraukalaga sé óverjandi. Nauðsynlegt er að þeim vinnubrögðum verði breytt og er það eitt af því sem nefndin hefur rætt sérstaklega í tengslum við afgreiðslu fjáraukalaganna. Vísast í því sambandi til nál. um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1987 sem ég kem að síðar.

Nefndin leggur til að frv. á þskj. 150 verði samþykkt. Þetta er undirritað 25. apríl 1989 af öllum fjárveitinganefndarmönnum.

Þá kem ég að 160. máli á þskj. 171 sem er frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1979. Þetta frv. er að sjálfsögðu sérstaks eðlis og það er óeðlilegt að það skuli koma svona seint fram. Nefndin hefur rætt frv. og kvaddi til viðræðna við sig fulltrúa fjmrn. Nefndin hefur fjallað sérstaklega um svokallaðar aukafjárveitingar, þ.e. um greiðslur úr ríkissjóði umfram heimildir, og er greint frá þeirri umfjöllun í nál. um frv. til fjáraukalaga fyrir 1987.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu sem flutt er á þskj. 937 um að liðurinn 00 orðist svo: „Æðsta stjórn ríkisins 4.738 þús. kr.“ Þessa fjárhæð vantaði í frv. sjálft og er kostnaður vegna Alþingis sem var tilfærður á ríkisreikning fyrir árið 1979 og Alþingi hefur þegar samþykkt. Þarna er um leiðréttingu að ræða sem fylgir hér með á sérstöku þingskjali.

Þá kem ég að þriðja lið sem er 291. mál. Það er frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1987 sem hér er til afgreiðslu. Nefndin hefur haft frv. til meðferðar og kallaði til fundar við sig fulltrúa fjmrn. og fór yfir niðurstöður útgjalda hjá einstökum stofnunum og viðfangsefnum. Nefndin ræddi síðan við forráðamenn þeirra stofnana, embætta eða viðfangsefna þar sem veruleg frávik voru í útgjöldum frá greiðsluheimildum fjárlaga og leitaði skýringa. Viðstaddir þá

fundi voru fulltrúar viðkomandi fagráðuneyta og þó einkum og sér í lagi þeir sem fara með fjármál og fjárhagslegt eftirlit fyrir hönd ráðuneytanna. Einnig voru fulltrúar fjmrn. viðstaddir þessa fundi. Tilgangur þessara funda fjvn. var eins og áður segir að fá fram skýringar forráðamanna þeirra stofnana, embætta eða viðfangsefna þar sem útgjöld höfðu farið verulega fram úr fjárlagaheimildum og leggja áherslu á að útgjaldaáætlanir væru sem réttastar og þeim væri framfylgt. Þjóna þessir fundir þannig bæði upplýsingahlutverki, aðhaldi og eftirliti með framkvæmd fjárlaga.

Til fundar við fjvn. voru kvaddir forráðamenn eftirtalinna stofnana, embætta og viðfangsefna: Æðsta stjórn ríkisins: frá embætti forseta Íslands og embættismenn Alþingis. Menntmrn.: frá aðalskrifstofu, Menntaskólanum við Hamrahlíð, Námsgagnastofnun, Tækniskólanum, Hótel- og veitingaskólanum og Myndlista- og handíðaskólanum. Utanrrn.: frá aðalskrifstofu og lögreglustjóranum á Keflavíkurflugvelli. Landbrn.: frá aðalskrifstofu, veiðistjóra og Skógrækt ríkisins. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti: frá aðalskrifstofu, bæjarfógeta- og sýslumannsembættum og vegna dómsmála, þ.e. ýmissar starfsemi þeim tengdrar, og löggæslukostnaðar við útihátíðir. Félmrn.: frá aðalskrifstofu, Húsnæðisstofnun og vegna málefna fatlaðra.

Sérstaklega ber að taka fram að í sumum tilvikum komu fram eðlilegar skýringar á því að kostnaður hafi farið verulega fram úr áætlun fjárlaga eða að áætlanir um útgjöld sem stuðst var við þegar frá fjárlögum var gengið voru ekki raunhæfar. Í öðrum tilvikum kom fram að ekki var nógu traustlega staðið að fjármálastjórn og var lögð áhersla á það af hálfu fjvn. að þar yrði bætt um betur.

Einnig er rétt að taka fram að þau embætti, viðfangsefni eða stofnanir sem sendu fulltrúa til viðræðna við fjvn. vegna afgreiðslu fjáraukalaga fyrir 1987 eru síður en svo þau einu sem nefndin taldi nauðsynlegt að skoða sérstaklega, enda hafa ýmsar aðrar stofnanir, embætti og viðfangsefni verið í sérstakri skoðun hjá nefndinni þó að skoðun tengist ekki sérstaklega afgreiðslu fjáraukalaga fyrir árið 1987.

Í sambandi við afgreiðslu nefndarinnar á aukafjárlögum þeim, sem verið hafa til meðferðar á Alþingi í vetur, fóru fram miklar umræður í nefndinni og við fjmrh. og fjármálaráðuneytismenn um svokallaðar aukafjárveitingar, þ.e. greiðslur úr ríkissjóði umfram heimildir í fjárlögum. Fram kom hjá öllum nefndarmönnum eindreginn vilji til þess að setja skorður við greiðslum úr ríkissjóði umfram heimildir fjárlaga sem fjárveitinganefndarmenn eru sammála um að gengið hafi úr hófi fram. Nefndarmenn eru sammála um að þeim vinnubrögðum sem ríkt hafa við afgreiðslu aukafjárveitinga verði að breyta, en hins vegar greinir menn nokkuð á um hve langt skuli ganga í því efni. Þau mál hafa verið til umræðu á fundum nefndarinnar með fjmrh. sem bæði hefur veitt nefndinni ítarlegar upplýsingar um þessi mál og óskað samráðs við hana. Á þessum fundum hefur einnig fram komið að fjmrh. er áhugasamur um að breyta þeim vinnubrögðum sem viðhöfð hafa verið varðandi aukafjárveitingar og vill taka ákveðið á þeim málum.

Þá hefur nefndin einnig snúið sér til Lagastofnunar Háskóla Íslands og átt viðræður við Sigurð Líndal prófessor um lagaleg atriði þessara mála. Nefndin hefur óskað eftir því við Lagastofnun Háskólans að hún taki þátt í frekari umræðum um þessi mál og samstarfi um setningu reglna eða laga um þau mál og hefur því verið vel tekið.

Þessu máli tengist svo afgreiðsla aukafjárlaga. Þótt ekki sé litið til annarrar áttar en þeirrar að treysta fjárlagagerð og byggja hana á sem raunhæfustum grunni útgjaldaþarfar er ljóst að eigi síðar en um svipað leyti eða skömmu eftir að fjárlög hafa verið lögð fram fyrir Alþingi ber að leggja fram frv. að aukafjárlögum fyrir næstliðið ár sem er lokaumfjöllun um ríkisbúskapinn á því ári. Af slíku frv. til fjáraukalaga, sem yrði þá til meðferðar samhliða fjárlagaafgreiðslunni, mætti betur sjá en ella hversu raunhæfar og réttar áætlanir fjárlagafrv. eru um einstök viðfangsefni miðað við rauntölur um niðurstöðuna árið áður. Æskilegast væri þó að afgreiðsla fjáraukalaga fyrir yfirstandandi ár gæti átt sér stað t.d. í lok vormissiris og aftur við árslok, ekki síst ef verulegar breytingar hafa orðið frá afgreiðslu fjárlaga á þýðingarmiklum útgjaldaliðum.

Þar sem Alþingi fer með fjárveitingavaldið er eðlilegt að það hafi frumkvæði að því að skoða þessi mál og breyta um stefnu og hafi jafnframt forræði um það en leiti samstarfs við fjmrn., Lagastofnun Háskóla Íslands og aðra. Samkvæmt þingsköpum hefur fjvn. Alþingis heimild til þess að skipa úr sínum hópi undirnefnd sem starfi milli þinga að sérstökum verkefnum. Með vísan til þessara ákvæða hefur fjvn. samþykkt að skipa undirnefnd og fela henni að vinna áfram að málinu í samvinnu við fjmrn. og Lagastofnun Háskóla Íslands. Undirnefndinni hefur verið falið að ljúka störfum í sumar og leggja fyrir fjvn., forseta Alþingis og þingflokkana niðurstöður sínar um starfsreglur eða lagasetningu um greiðsluheimildir úr ríkissjóði og meðferð aukafjárveitinga.

Nefndin hefur talið rétt, vegna afgreiðslu þeirra frv. að fjáraukalögum sem eru nú til meðferðar á Alþingi og ég hef þegar mælt fyrir, að gera grein fyrir því að hún vill stuðla að breytingum á vinnubrögðum varðandi slík frv. og um afgreiðslu greiðsluheimilda og greiðslna úr ríkissjóði.

Þessi umræða tengist vissulega umræddum frumvörpum, en þótt endanleg niðurstaða sé ekki fengin, nefndin stefnir að því að niðurstaða fáist eigi síðar en á haustþingi 1989, þá á það ekki að standa í vegi fyrir afgreiðslu frumvarpanna. Nefndin leggur þess vegna til að þetta frumvarp í sambandi við fjáraukalög fyrir 1987 verði samþykkt.

Undir þetta rita allir nefndarmenn í fjvn., Sighvatur Björgvinsson, Margrét Frímannsdóttir, Alexander Stefánsson, Jón Sæmundur Sigurjónsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Pálmi Jónsson, Óli Þ. Guðbjartsson, Málmfríður Sigurðardóttir og Egill Jónsson.

Virðulegi forseti. Ég legg til að þessi frv. verði samþykkt og vísað til 3. umr.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í máli frsm. fjvn., hv. 1. þm. Vesturl., stendur fjvn. í heild að þessum nál. og leggur til að þau frv. sem hér hefur verið mælt fyrir nál. um verði samþykkt.

Varðandi það sem fram kom í lok ræðu hv. þm. um að fjvn. hefði samþykkt að setja undirnefnd til þess að fjalla um starfsreglur varðandi greiðsluheimildir utan fjárlaga, þ.e. svokallaðar aukafjárveitingar, þá vil ég gjarnan taka fram, og hef tekið það fram í umræðum um þessi mál innan fjvn., að það eina sem fram hefur komið sem markar einhverja stefnu í þessum málum er frv. okkar hv. þm. Geirs H. Haarde um þetta mál og verður það ábyggilega grundvallarskjal í þessari athugun. Ég vænti þess frekar að niðurstaða þessarar nefndar leiði til þess að þörf sé á því að mörkuð séu skýrari ákvæði um þetta í lögum, svo sem frv. okkar hv. þm. Geirs H. Haarde gerir ráð fyrir, fremur en að mótaðar séu starfsreglur sem svífa þá meira og minna í lausu lofti. Þetta vildi ég láta koma hér fram. Ég tel einnig ástæðu til að það komi fram — vegna þess að eitt af þessum málum er í rauninni mjög afbrigðilegt, þ.e. fjáraukalög frá 1979 — að svo slysalega mun hafa tekist til um það mál, sem var lagt fyrir Alþingi að ég ætla 1983, að hv. Alþingi náði ekki að afgreiða frv. þá, en það gleymdist síðan með einhverjum hætti í kerfinu og er svo seint á ferðinni þess vegna.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
2.–6. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 37 shlj. atkv.

Fjáraukalög 1979, 2. umr.

Stjfrv., 160. mál. — Þskj. 171, n. 936, brtt. 937.

Enginn tók til máls. (Sjá umræður um 143. mál hér að framan.)

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 937 samþ. með 34 shlj. atkv.
Frvgr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 35 shlj. atkv.

Fjáraukalög 1987, 2. umr.

Stjfrv., 291. mál. — Þskj. 523, n. 947.

Enginn tók til máls. (Sjá umræður um 143. mál hér að framan.)

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Breyt. á 1. gr. fjárl. samþ. með 38 shlj. atkv.

Matthías Á. Mathiesen:

Virðulegi forseti. Fjáraukalög eru ekki flutt sem breyting við fjárlög. (**Forseti:** Til að breyta fjárlögum.) Frv. til fjáraukalaga er sjálfstætt frv. Fjárlögin voru samþykkt fyrir löngu síðan. Hér er um að ræða fjáraukalög og það geta verið breytingar við fjáraukalögin, en séu menn að samþykkja greinar þess frv. sem hér er á dagskrá, þá eru menn að samþykkja greinar í frv. sem heitir frv. til fjáraukalaga. (**FrS:** Annars gætum við flutt fleiri brtt. við fjárlögin, við 3. umr. Er það opið, forseti?)

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ég vil benda hv. þingmönnum á að hér hafa verið samykkt tvö önnur frv. (**Gripið fram í:** Fjáraukalög.) Tvö önnur frv. Bæði frv. sem þegar hafa verið greidd atkvæði um eru orðuð eins. Annað frv. til fjáraukalaga er orðað svo: „1. gr. Til viðbótar við gjöld 2. gr. fjárlaga 1981 er veitt“ o.s.frv. Og hið annað mál er orðað nákvæmlega eins. Það er breyting á þessu þriðja máli sem nú er til afgreiðslu.

Ég vil biðja hv. þingmenn um að gefa mér ráðrúm til að hafa hér þriggja mínútna hlé svo ég geti gengið úr skugga um hvort hér er farið að samkvæmt lögum. — [Fundarhlé.] Forseti hefur athugað þá gagnrýni sem hér hefur komið fram á þskj. 523 og hlýtur að fallast á það að hér er um gallað frv. að ræða. Það er auðvitað rétt athugasemd hjá hv. þingmönnum að hér er ekki um að ræða breytingu á fjárlögum, heldur er hér verið að afgreiða frv. til fjáraukalaga. Ég hef því lagt til að þingskjalið verði prentað upp og út úr því tekið allt það sem kallað er breyting á fjárlögum og þess vegna er afgreiðslu þess nú frestað.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Aðeins örstutt. Ég kemst ekki hjá því að gera athugasemdir við ekki bara að frv. sé gallað, heldur geri ég athugasemd við þá málsmeðferð að það sé verið að taka tíu ára gamlar syndakvittanir til umræðu hér og vil mælast til þess við hæstv. forseta að í haust verði tekið til umræðu frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1989.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Svo skal gert, hv. 5. þm. Austurl., enda hafa þessar athugasemdir margsinnis komið fram áður hér í þinginu.

Til þess að þingheimur sé ekki í nokkrum vafa um þá niðurstöðu sem ég lýsti hér áðan vil ég taka fram

að enga galla er að sjá í hinum tveimur fyrri frv. sem við höfum þegar afgreitt til 3. umr. Þar stendur: „Til viðbótar við gjöld 2. gr. fjárlaga“, og á því er nokkur munur frá því að láta þetta heita breytingu á 1. gr. fjárlaga. Því er ekkert athugavert við afgreiðsluna á hinum tveimur fyrri frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

NEÐRI DEILD

89. fundur, föstudaginn 28. apríl, að loknum fundum í Sþ.

Hreppstjórar, 3. umr.

Stjfrv., 199. mál (skipun, aðsetur sýslumanns o.fl.). — Þskj. 733.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 975).

Samningar um réttarstöðu skrifstofu ráðherranefndar Norðurlanda, 3. umr.

Stjfrv., 422. mál. — Þskj. 782.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Erfðalög, 2. umr.

Stjfrv., 208. mál (önnur erfð, óskipt bú o.fl.). — Þskj. 332, n. 938, brtt. 939.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á erfðalögum, nr. 8/1962, með síðari breytingum. Nál. er frá allshn.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Til viðræðna kom Skúli Guðmundsson, fyrrv. deildarstjóri í dómsmálaráðuneytinu.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Um er að ræða breytingu á gildistökuákvæði frv. auk þess sem tvær frumvarpsgreinar eru lagfærðar.

Eins og fram kemur eru þær breytingartillögur sem fluttar eru á þskj. 939, nema gildistökuákvæðið, tæknilegs eðlis. Við 3. gr. er orðalagsbreyting. Við 15. gr. er gildistöku frv. breytt til 1. júní 1989. Það var við nánari athugun talið hentugra fyrir framkvæmdina að tími gæfist til undirbúnings gildistökunni. Og við 16. gr. eru breytingar á tilvitnunum sem eru eingöngu lagatæknilegs eðlis.

Undir nál. rita Jón Kristjánsson, Kristín Halldórsdóttir, Kristinn Pétursson, Guðni Ágústsson, Geir Gunnarsson og Friðjón Þórðarson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 939,1 samþ. með 30 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
4.–14. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 939,2 (ný 15. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 939,3 (ný 16. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Afnám ýmissa laga um iðnaðar- og orkumál, 2. umr.

Stjfrv., 298. mál. — Þskj. 546, n. 950.

Frsm. iðnn. (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Iðnn. hefur fjallað um þetta mál sem komið er til deildarinnar frá Ed. og vísað til nefndarinnar og mælir með því að frv. verði samþykkt. Nál. er prentað á þskj. 950 og undir það rita allir hv. nefndarmenn í iðnn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv.

Veiting ríkisborgararéttar, 2. umr.

Stjfrv., 370. mál (síðara frv.). — Þskj. 897, n. 954, brtt. 951.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar, en nál. liggur fyrir á þskj. 954.

Nefndin hefur farið yfir þær umsóknir sem komið hafa, en frv. hefur áður hlotið afgreiðslu í hv. Ed. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breyt-

ingu sem gerð er tillaga um á þskj. 951, þ.e. að þrjár umsóknir sem fullnægja skilyrðum verði teknar upp í frv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 951 samþ. með 33 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv.

Lagmetisiðnaður, 2. umr.

Stjfrv., 407. mál (hlutafjárframlög). — Þskj. 767, n. 960.

Frsm. iðnn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Hér mæli ég fyrir nál. á þskj. 960 um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 58 frá 4. júní 1981, um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins, með áorðnum breytingum. Þetta álit er frá iðnn.:

„Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk til viðtals Halldór J. Kristjánsson, stjórnarformann Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins.

Í umræðum um málið í nefndinni komu fram þau viðhorf að gæta þyrfti þess þegar notuð er heimild samkvæmt frv. að hlutafjárframlög tengist þeim markmiðum að auka vöruþróun, framleiðni eða markaðsstarfsemi fyrirtækja. Varast beri að leggja hlutafé af mörkum nema heilbrigður rekstur sé tryggður án framlaga úr sjóðnum. Gert er ráð fyrir að ekki komi til að sjóðurinn eignist meiri hluta í fyrirtækjum nema í undantekningartilvikum og að um tímabundna eignaraðild verði að ræða. Æskilegt er að fyrirtæki sameinist um markaðsátak og þróunarstarf með þátttöku sjóðsins.

Með vísan til þeirra atriða sem hér hafa verið rakin mælir nefndin með því að frv. verði samþykkt."

Undir þetta rita allir hv. fulltrúar í iðnn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv.

Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, 2. umr.

Stjfrv., 408. mál (fjárfestingar í öðrum atvinnurekstri). — Þskj. 768, n. 953.

Frsm. iðnn. (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. iðnn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 18 frá 11. maí 1977, sbr. lög nr. 45 11. maí 1982 og lög nr. 95 28. maí 1984, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Nefndin hefur fjallað um frv. sem felur í sér að Íslenska járnblendifélaginu hf. verði heimilað að taka þátt í öðrum atvinnurekstri en bræðslu kísiljárns.

Nefndin mælir með samþykkt frv. og eru allir nefndarmenn því áliti samþykkir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Umferðarlög, frh. 1. umr.

Frv. PJ o.fl., 460. mál (Bifreiðaeftirlit ríkisins). — Þskj. 821.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv. og til allshn. með 32 shlj. atkv.

Skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, frh. 2. umr.

Frv. GGÞ og IBA, 35. mál (vörukaupalán). — Þskj. 37, n. 925.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Sparisjóðir, frh. 2. umr.

Stjfrv., 244. mál (stjórn, hagsmunaárekstrar o.fl.). — Þskj. 683, n. 918 og 930.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.

6. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
10. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Viðskiptabankar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 242. mál (bankaráð, hagsmunaárekstrar o.fl.). — Þskj. 682, n. 916, 929 og 946, brtt. 917.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 917 (2. gr. falli brott) samþ. með 31 shlj. atkv.
3. gr. (verður 2. gr.), 1. efnismgr., samþ. með 20:11 atkv.
3. gr. (verður 2. gr.), 2.–3. efnismgr., samþ. með 29 shlj. atkv.
4. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 31 shlj. atkv.
5. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 24:7 atkv.
6.–7. gr. (verða 5.–6. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Vaxtalög, frh. einnar umr.

Stjfrv., 239. mál (fjárfestingarlánasjóðir, dráttarvextir, okur o.fl.). — Þskj. 894, brtt. 970.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Þetta frv. hefur verið til meðferðar hér í deildinni. Ed. breytti þessu frv. og bætti inn í 7. gr. þess orðunum „á óréttmætan hátt". Við töldum að réttara og eðlilegra væri að hafa frv. eins og við gengum frá því og leggjum því til að þessi orð verði felld út úr frv. og frv. verði afgreitt á sama hátt og það var afgreitt hér fyrr í vetur.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Þetta mál, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. gerði að umtalsefni, er eflaust hið athyglisverðasta. Mér sem leikmanni í hreinræktaðri lögfræði leikur nokkur forvitni á því að vita hvaða ástæður skyldu liggja að baki því að orðunum þremur „á óréttmætan hátt" skyldi hafa verið bætt á nýjan leik inn í þetta lagafrv. Ég þykist vita að þar að baki hljóti að liggja einhverjar lögfræðilegar ástæður. Ég hygg að virðulegur meiri hl. fjh.- og viðskn. Ed. hefði ekki tekið þetta inn á nýjan leik nema að vandlega athugðu máli. Það segir í 7. gr., með leyfi forseta:

„Hver sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi hagnýtir sér á óréttmætan hátt fjárþröng viðsemjanda síns eða aðstöðumun þeirra að öðru leyti til þess að áskilja sér vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar umfram gildandi vaxtamörk, sambærilegra útlánsvaxta hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum á þeim tíma er til skuldar er stofnað, sbr. 8. gr., skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að einu ári."

Ég hygg að það sem vakti fyrir þeim sem beittu sér fyrir þessari breytingu í Nd. hafi verið að með þessu orðalagi væri gefið í skyn að einhver gæti hagnýtt sér bágindi eða fjárþröng viðsemjanda á lögmætan hátt ef þetta orðalag væri ekki þarna inni.

Mig mundi nú langa til að spyrja til að mynda hæstv. viðskrh. um það hvað þarna liggi að baki, hvort þessi breyting er komin inn á nýjan leik fyrir hans afskipti. Vera má að dómsmrh. hafi gert tillögu um þessa breytingu. Ég þekki það ekki. En ég tel að við deildarmenn, margir hverjir a.m.k., eigum erfitt með að gera upp við okkur þann greinarmun sem hér er verið að gera án skýringa á því hvers vegna þessi þrjú orð eru komin þarna inn á nýjan leik. Það er að vísu fleira í þessari grein sem liggur ekki alveg ljóst fyrir fyrir menn sem ekki eru hálærðir í lögfræði, eins og orðatiltækið „umlíðun skuldar", en látum það liggja á milli hluta. Ég vænti þess að viðskrh. geti útskýrt þetta fyrir okkur hér í deildinni þannig að menn geti tekið efnisafstöðu til þessa atriðis.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Hér er skoðanamunur milli deildanna, hv. Ed. og hv. Nd., um það hvort þörf sé á að hafa orðin „á óréttmætan hátt" inni í 1. málsl. 1. mgr. þessarar greinar. Við umræður um þetta mál í hv. Nd. lét ég þau orð falla að ekki dytti mér í hug að deildarmenn væru í raun og veru ósammála um að hér væri verið að reisa skorður við ólögmætri breytni, ólögmætri hegðan, rangindum, og í þeim skilningi mætti e.t.v. hugsa sér að orðin „með óréttmætum hætti" væru ekki þarna inni. Það er hins vegar álit flestra lögfróðra manna og þannig var frv. úr garði gert þegar ég mælti fyrir því hér upphaflega að þessi orð ættu að vera þarna inni.

Í Ed. ákvað hv. fjh.- og viðskn. þeirrar deildar einróma ef ég man rétt að leggja til að þessi orð kæmu inn aftur. Þetta var þó ekki gert beinlínis að minni tilstuðlan, en miðað við það að ég lagði frv. fram á þennan hátt í upphafi get ég ekki verið því andvígur og segi blátt áfram að ég er alveg sannfærður um það að þingmenn eru í raun og veru einhuga um málið og tel það tryggara að hafa þetta orðalag inni sem hinir lögfróðustu menn leggja til að þarna verði til þess að girða fyrir misskilning.

Fleiri orð mun ég ekki hafa um þetta, virðulegi forseti.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Upphaflegt stjfrv. var flutt á sínum tíma og lagt fram á hv. Alþingi með orðunum í 6. gr. frv. „á óréttmætan hátt". Eins og fram hefur

komið í þessari umræðu gerðist það að meiri hl. fjh.- og viðskn. Nd. lagði til á þskj. 551 að þessi grein breyttist og tók þá út þessi þrjú orð. Þeir hv. þm. sem stóðu að því voru Páll Pétursson, Ragnar Arnalds og Árni Gunnarsson. Það kemur ekki fram að nefndin hafi verið sammála því að minni hlutarnir skiluðu séráliti, þar á meðal á þskj. 552 þeir hv. þm. Matthías Bjarnason og Hreggviður Jónsson og ef ég man rétt ... (**Viðskrh.:** Það var einróma álit Ed. Það er það sem ég var að segja.) Ég veit hvað ég er að segja, en ráðherra verður að átta sig á því hvað hann er að segja. Á þskj. 554 kom sérálit frá hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur þar sem fram kom það sjónarmið að vísa bæri þessu frv. til hæstv. ríkisstjórnar. Frv. fór síðan eins og lög gera ráð fyrir til Ed. Þar breyttist þetta mál eins og fram kemur í minnihlutaáliti 1. minni hl. á þskj. 848, en undir það rita þrír hv. stjórnarþingmenn, þeir Eiður Guðnason, Valgerður Sverrisdóttir og Jóhann Einvarðsson, og flytja síðan sömu þingmenn, þessi 1. minni hl., þ.e. hv. stjórnarþingmenn, á þskj. 849 brtt. sem gengur í þá átt að færa frv. til upphaflegs horfs hvað snertir 6. gr. þess. Minni hl. hins vegar, þrír þingmenn, þeir hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, Halldór Blöndal og Júlíus Sólnes, skiladi séráliti og voru þeir þess vegna ekki aðilar að þessari brtt.

Nú kemur í ljós að hv. talsmaður fjh.- og viðskn. Nd. skýrir hér frá því, að manni skilst í nafni meiri hl. nefndarinnar, að hann telji enn að þessi orð eigi að detta út. Enginn rökstuðningur, ekki eitt einasta orð. Samt hefur nefndin haft þetta mál til meðferðar í nokkra daga eða frá því að það kom frá hv. Ed. og nú stendur upp hæstv. viðskrh. og telur að upphaflegt orðalag eins og það kom fram í stjfrv. sé eðlilegra eftir að það þetta hafi verið skoðað af hinum færustu lögfræðingum. Ég tel og hef ávallt talið að upphaflegt orðalag sé eðlilegt. Það er í stíl við orðalag í þeim greinum sem hafa verið áður í gildi í íslenskum rétti að ég best veit og varða misneytingu og okur og ég sé enga ástæðu til að breyta því orðalagi eins og upphaflega gerðist í hv. fjh.- og viðskn. Nd. á sínum tíma. Hins vegar kunna að vera rök til þess, en þá verða þau rök að koma hér skýrlega fram. Annars, ef nefndin er ekki tilbúin til þess, vil ég beina því til hæstv. forseta að hann gefi nefndinni tóm til að átta sig á málinu þannig að það komi ekki bara fram álit heldur álit með rökstuðningi þegar um það er að ræða að hv. stjórnarþingmenn í Ed. og Nd. geta ekki komið sér saman um orðalag á borð við þetta. Hitt er svo annað mál að það leikur vafi á því og ég hygg að það sé sjaldnast sem mundi reyna á þetta því að þessi orð eru sett fyrst og fremst inn til öryggis, en jafnframt til að undirstrika að þarna er átt við það þegar um ólögmætt eða óréttmætt athæfi er að ræða, en ef þau orð eru tekin út hlýtur lögskýrandinn, dómstólar væntanlega, að taka tillit til þess og gæti þess vegna skýrt greinina víðari skilningi en gert var þegar um samsvarandi ákvæði var að ræða í íslenskum lögum sem ég hygg að séu bæði í samningalögum og eins í sérstökum okurlögum á sínum tíma. Ekki veit ég hvort það ákvæði er enn í gildi, en mér finnst það vera alveg út í bláinn að formaður fjh.- og viðskn., hv. þm. Páll Pétursson, komi hér í ræðustól og segi að hann sé ósammála þessu án þess að það komi einn punktur af rökstuðningi þar um. Ég fer fram á það að hv. þm. geri a.m.k. grein fyrir því hvers vegna hann vilji breyta þessu ákvæði því að þetta getur haft þýðingu verði um dómsmál að tefla í framtíðinni. Ég er fús fyrir mitt leyti að veita hv. þm. og þeim sem starfa með honum í nefndinni tækifæri til að kanna þetta mál betur ef þeir hafa ekki fundið rökstuðninginn eða gleymt honum frá því að málið var til umræðu í Nd. á sínum tíma. Ég skora á hæstv. forseta að gefa þessum ágætu þingmönnum tóm til þess að kanna mál sitt betur. Hitt er svo annað mál að hv. þm. er venjulega stuttorður í ræðustól og kannski hefur hann ekki álitið sig þurfa að koma fram með rökstuðning, en hafi hann í pokahorninu. Sé svo óska ég eftir því að hv. 1. þm. Norðurl. v. komi upp og geri hv. deild skýra grein fyrir því hvaða rök eru að baki því að breyta þessu ákvæði sem getur haft áhrif á íslenskan rétt.

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Ég á sæti í fjh.- og viðskn. deildarinnar. Ég var því samþykkur að orðin í 7. gr. frv. „á óréttmætan hátt" yrðu felld út úr lagatextanum og er flm. að þeirri tillögu sem er til atkvæðagreiðslu. Ég er á þessari skoðun fyrst og fremst vegna þess að ég held að það skilji enginn hvað átt er við með þessum orðum. Það er aðalástæðan fyrir því að ég styð að þessi orð falli út. Ég álít að texti sem er þannig orðaður að það skilur hann enginn eigi ekki að vera í lögum. (**FrS:** Skilur hv. þm. allan lagatexta?) Alla góða lagatexta. En það eru til vondir lagatextar og þessi texti mundi flokkast undir einn slíkan ef hann yrði að lögum. Ég held að lagatexti af þessu tagi sé frekar sjaldgæfur í lagamáli. Ég álít að það sé ákaflega erfitt fyrir málsaðila að sanna til eða frá hvort sú hagnýting sem hér er um að ræða og á að hafa verið annaðhvort af ásetningi eða stórfelldu gáleysi hafi verið óréttmæt eða réttmæt vegna þess að þá er verið að grípa til allt annarrar mælistiku en þeirrar sem eðlileg er í þessu samhengi.

Staðreyndin er sú að þessi grein er búin að vera við lýði um tveggja ára skeið og það mun aldrei hafa reynt á þessa grein fyrir dómstól. Það hefur enginn gert tilraun til að beita henni og sumir segja að það sé vegna þess hve textinn er loðmullulegur. Sumir segja að það sé erfitt fyrir menn að leita réttar síns einmitt vegna þess hve textinn er óljós, óskýr og alls ekki á því einfalda lagamáli sem hæfir góðum texta í lögum. Þess vegna held ég að það sé nauðsynlegt og réttmætt að gera bragarbót og flyt þessa brtt. ásamt fjórum öðrum nefndarmönnum.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Það er afar vafasamt fyrir verkfræðing að blanda sér í deilur hálærðra lögfræðinga, en þó þykir mér rétt að skýra frá kynnum mínum af þessu

máli 1986–1987 þegar frv. var undirbúið. Þá hnaut ég um þetta orðalag og mér þótti afar einkennilegt að segja þyrfti í lögum að ef hluturinn væri gerður „á óréttmætan hátt" væri hann ólöglegur, þá skyldi maðurinn sæta sektum.

Ég tek undir það með hv. síðasta ræðumanni. Mér fannst þetta afar óljós texti og ég óskaði eftir skýringum og gekk afar illa að fá skýringar, mjög illa, frá ýmsum lögfræðingum. Lokaskýringin var eiginlega sú að þetta væri í dönskum lögum og þess vegna ætti þetta að vera með. Og ég gafst upp.

Árni Gunnarsson:

Herra forseti. Þetta er orðin nokkuð löng umræða um eitt orð. Engu að síður held ég að það þurfi að koma mjög skýrt fram af hverju fjh.- og viðskn. Nd. vildi þetta orð í burtu. Eftir miklar umræður taldi nefndin orðið ekkert erindi eiga inn í þennan texta og kannski er meginástæðan vegna spurningar hv. þm. Friðriks Sophussonar sú að þarna má gagnálykta og spyrja hvort þá megi á réttmætan hátt hagnýta sér fjárþröng af ásetningi eða með stórfelldu gáleysi, þ.e. það sé á réttmætan hátt hægt að pretta fólk.

Í öðru lagi er túlkunin á orðinu „óréttmætan" afskaplega flókin. Nefndin taldi að ef það ætti að vera túlkunaratriði lögfræðinga hvað væri „óréttmætt" í flóknum viðskiptum af því tagi sem hér um ræðir gæti það orðið til þess að drepa málinu á dreif, þ.e. að ónýta þennan lagatexta að mjög verulegu leyti. Ég held einnig að orðið „óréttmætur" gefi til kynna að það verði síðferðilegt mat sem verði að leggja á málið. Við getum líka hugsað okkur að þarna hefði verið á óréttlátan hátt sem auðvitað er ekkert lagamál. Ef þarna hefði staðið „á ólöglegan hátt" hefði málið horft öðruvísi við og nefndin hefði líklega ekki gert neina athugasemd við slíkt orðalag.

Herra forseti. Ég legg eindregið til að þetta orð verði fellt út. Það þjónar nákvæmlega engum tilgangi í þessum lagatexta eins og hann er.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég hef litlu við að bæta þær röksemdir sem meðflm. mínir að tillögunni og forsrh. hafa haft hér í frammi. Það er alltaf spurning hvað er álit færustu lögfræðinga og vísa ég þar til orða hæstv. viðskrh. Þeir lögfræðingar sem við ráðfærðum okkur við og álítum færa töldu ekki þörf á þessu orði og töldu textann betri, skýrari og skilmerkilegri ef þessi orð væru ekki í honum. Mín skoðun er óbreytt, að textinn sé skýrari, skilmerkilegri og eðlilegri ef þessi orð eru ekki með. Það má spyrja hvort eðlilegt sé að hagnýta sér þetta á réttmætan hátt því að ef um óréttmætan hátt er að ræða hlýtur að mega gagnálykta eins og síðasti ræðumaður sagði.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta meira, en ég fer fram á að þingdeildin samþykki þá brtt. sem við höfum hér lagt fram.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Ekki ætla ég að gera stórmál úr þessu, en það er þó athyglisvert að meira að segja hæstv. ríkisstjórn Íslands getur ekki komið sér saman um hvort orðalagið á að nota og er það kannski táknrænt fyrir stjórnarsamstarfið um þessar mundir að hæstv. viðskrh. telur eðlilegt að frv. eigi að vera eins og það var upprunalega með hugtakinu „á óréttmætan hátt", hann er reyndar aðeins viðskiptafræðingur eða hagfræðingur, en hins vegar er forsrh. verkfræðingur og um leið og hæstv. viðskrh. var búinn að segja sitt álit hlaut hæstv. forsrh. að koma upp til að segja þjóðinni frá því að hann hefði annað álit á þessu. Síðan fjalla menn um þetta. Einn af færustu lögfræðingum þingsins, hv. þm. Ragnar Arnalds, segir að þetta sé illskiljanlegur texti.

Ég efast um að nokkur frasi sé jafnalgengur í lagatexta eins og „á óréttmætan hátt" og það veit auðvitað hv. þm. Ragnar Arnalds. Ef ég spyrði nú hv. þm. Pál Pétursson og hv. þm. Ragnar Arnalds að því: Hvar eru mörkin á ásetningsbrotum og öðrum brotum, hvað þýðir stórfellt gáleysi? þá vefst mönnum tunga um tönn. Það er nefnilega þannig að þessi hugtök hafa jafnvel verið að breytast í tímans rás, breytast eftir því hvernig dómar falla á hverjum tíma. Þetta ákvæði er sett inn til öryggis. Og af hverju er það gert? Það er gert vegna þess að hér er um að ræða sérstakt ákvæði um viðurlög. Það þýðir að sá sem gerist brotlegur við þessa grein getur þurft að sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að einu ári ef um ítrekað brot er að ræða og sakir eru miklar. Það væri kannski ástæða til þess að spyrja þessa menn sem hafa svona gott vit á þessu: Hvað eru „miklar sakir"? Vill ekki hv. 1. þm. Norðurl. v., af því að hann er svo skýr í þessu öllu saman, segja okkur hvað séu „miklar sakir"? Vill hann koma hér upp og segja mér það hvað „stórfellt gáleysi" er? Treystir hann sér til þess í stuttri ræðu, hann er alltaf stuttorður, að segja okkur hvað ásetningur sé og hvar mörkin liggi? Auðvitað getur hann þetta ekki og það getur enginn okkar í stuttu máli.

Hvers vegna breytir stjórnarmeirihlutinn í Ed. þessu ákvæði? Hvers vegna fellst stjórnarmeirihlutinn í Nd. ekki á það? Hæstv. viðskrh. segir að hann vilji, og hann er þó höfuðpaur hæstv. ríkisstjórnar í þessum málum, halda þessu inni eins og það var upphaflega. Hæstv. forsrh. er á annarri skoðun.

Ég hef ekki farið fram á annað, virðulegi forseti, en þessi ágæti þingmeirihluti fái smátóm, þó það séu ekki nema einn eða tveir dagar, til þess að koma sér saman um hvorn textann hann vilji hafa. Það er komið í ljós að hæstv. ráðherrar eru á öndverðum meiði. Ég ætla ekki að lýsa neinni skoðun á þessu. Ég hef hins vegar séð áreiðanlega í 100 lagaákvæðum hugtakið „á óréttmætan hátt". Ég hygg að þetta sé gert vegna þess að . . . (Gripið fram í.) Ja, ég hef séð þetta mjög víða. (Gripið fram í.) Jæja eða 99. Ég skal slá af um 1%. Ef lítilþægni hv. þm. Stefáns Valgeirssonar er sú að hann geti þá fallist á mitt mál skal ég gjarnan gera það. Ég held að ástæðan fyrir þessu sé sú

að hér er um það að ræða að það eru viðurlög í ákvæðinu og það er kannski meginregla í íslenskum rétti að þegar verið er að refsa mönnum, jafnvel með fangelsi allt að einu ári eða tveimur árum, þurfi að vera um nokkuð gróf brot að ræða. Þess vegna hygg ég að þeir sem hafa samið þennan texta hafi sett þetta orðalag í hann.

Ég hef ekki sagt að það sé útilokað að strika það út. En ég veit að sé hugtakið strikað út er útstrikunin lögskýringaratriði. Þess vegna hef ég beðið um haldbær rök fyrir því að strika textann út, ekki síst eftir að Ed. hefur sett hann inn aftur, að mati færustu lögfræðinga, eins og hæstv. ráðherra sagði áðan. Mér finnast ekki hafa komið fram nægilega skýr rök í máli hv. nefndarmanna og bið nefndina um að kalla þá til sín þá færustu lögfræðinga sem hæstv. ráðherra vísaði til og að því loknu geta þeir komið og sagt frá því hvort þeir hafi sannfærst eins og hv. efrideildarmenn og hæstv. ráðherra eða hvort þeir sitji enn við sinn keip. En mér finnst ekki hafa komið nægilega skýrt fram í þeirra máli af hverju þeir vilja fella þetta niður.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að vekja athygli á því að hv. 1. þm. Norðurl. v. flytur ekki þá tillögu sem hér er um að ræða í nafni fjh.- og viðskn. Nd. heldur eru það nokkrir þingmenn sem flytja þessa tillögu. Ég er ekki þar á meðal og á sæti í fjh.- og viðskn. Nd.

Ég velti dálítið vöngum yfir þessu orðalagi og mér fannst þetta glettilega flókið mál. Ég held að hér sé um að ræða talsvert alvarlegt mál, ekki síst vegna þess að við erum að setja lagagrein sem felur í sér viðurlög og allt að fangelsi ef hún er brotin. Löggjafinn sem slíka lagagrein setur hlýtur að verða að vita hvað hún þýðir. Það er dálítið umhendis þykir mér að löggjafinn setji lög sem hann er engan veginn skýr á hvað þýði og ætli dómurum að reyna að giska á hver niðurstaðan eigi að verða. Kann að vera að það sé of algengt að Alþingi samþykki lög sem engum er í rauninni ljóst hvað þýða.

Ég verð að játa í fyrsta lagi að mér er alls ekki ljóst hvað orðin „á óréttmætan hátt" þýða í þessu sambandi. Mér er engan veginn ljóst hvað þau þýða. Mér finnst það fremur höfða til siðgæðis en til laga. Ég segi það reyndar með mínu leikmannsmati á þessu orði. En ég vek sérstaka athygli á því að lögin eru núna með þessu orðalagi, þ.e. hver sá „sem af ásetningi hagnýtir sér á óréttmætan hátt fjárþröng viðsemjanda síns" o.s.frv. Ef „á óréttmætan hátt" er fellt út verða menn að velta fyrir sér hver lögskýring er á því. Af hverju felldi þingið þetta út og hvað þýðir þá setningin ef við lesum hana með því að fella út nokkur orð sem eru ekki kannski aukaatriði en skýringaratriði? Þá má vel lesa greinina á þennan hátt: Hver sem af ásetningi hagnýtir sér fjárþröng viðsemjanda síns til þess að áskilja sér vexti umfram gildandi vaxtamörk sambærilegra útlánsvaxta hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi. Þá verða menn að svara því: Hvað þýðir þetta? Ef menn bjóða eða kaupa skuldabréf á markaði og hagnýta sér fjárþröng aðila á þann hátt að þeir kaupa bréfin þegar mest framboð er, þá er mikil fjárþröng, þá vantar viðsemjendur eða seljendur bréfanna fé. Þeir sem vilja kaupa kaupa náttúrlega þá, því að þá eru mest afföll á bréfunum. Auðvitað eru menn að hagnýta sér aðstæður á markaði með því. Eru menn með því að hagnýta sér fjárþröng viðkomandi aðila? Og ef búið er að fella út orðin „á óréttmætan hátt", hvaða afleiðingar hefur það þá þegar talað er um að ef um er að ræða vaxtamörk yfir því sem viðskiptabankar og sparisjóðir setja sér skuli viðkomandi jafnvel sæta fangelsi? Ég verð að játa að þetta velktist talsvert fyrir mér og vegna þess að orðin „á ólögmætan hátt" eru í lögunum verð ég að játa að ég get fengið ýmislegt út úr framhaldinu ef við fellum þau út. Ég er þess vegna ekki flm. að þeirri tillögu að fella þetta niður og tel að það hljóti að vera mjög vafasamt að fella þetta orðalag niður og get engan veginn séð fyrir mér á hvern hátt dómari mundi túlka slíkt þegar til kæmi.

Hitt er aftur annað mál að ég tek undir það sem hæstv. forsrh. sagði áðan því að mér er út af fyrir sig ekki ljóst í upphafi hvaða þýðingu það hefur að setja inn að menn skuli sæta sektum eða viðurlögum ef þeir framkvæma eitthvað á óréttmætan hátt. Öll þykir mér þessi grein talsvert amböguleg. En að öllu samanlögðu, herra forseti, er ég þeirrar skoðunar að það sé óvarlegt að fella þetta orðalag út.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Eftir að hafa hlustað á þessa sérkennilegu umræðu hefur sú spurning orðið æ áleitnari í huga mínum hvernig það fari fram á réttmætan hátt ef maður af ásetningi eða af stórfelldu gáleysi hagnýtir sér fjárþröng viðsemjanda síns og nýtir sér aðstöðumun þeirra að öðru leyti til þess að áskilja sér vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar umfram gildandi vaxtamörk sambærilegra útlánsvaxta hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum og áfram eins og þar segir.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vil gera eina stutta athugasemd og minna á tilgang þessarar lagasetningar. Þessi lög um vexti eru sett til að reyna að koma vöxtum í þjóðfélaginu í eðlilegt horf, til að reyna að sporna gegn okri sem viðgengst í þjóðfélaginu. Það sem hér er verið að leggja til er að hver sem hagnýtir sér fjárþröng viðsemjanda síns eða aðstöðumun að öðru leyti til að áskilja sér vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar umfram gildandi vaxtamörk, sbr. 8. gr., skal sæta sektum, varðhaldi og fangelsi allt að einu ári o.s.frv.

Mér finnst að sumir menn séu allt of viðkvæmir fyrir hagsmunum okraranna, vilji koma undir þá öryggisneti og koma í veg fyrir að yfir þá gangi lög. Með því að bæta þessum orðum inn í greinina er verið að draga tennur úr greininni þannig að þær bíti síður á okrarana. Það er spurning hvort afstaða deildarinnar er slík að starfsemi manna sem taka gífurlega háa

vexti eigi að fá að þrífast, hvort við eigum að halda hlífiskildi yfir þeim. Ég gekk að þessari lagasetningu með því hugarfari að hún ætti ekki að þrífast, við ættum að sporna gegn henni og við ættum að reyna að koma í veg fyrir okur í þjóðfélaginu. Það mótar afstöðu mína. Og það hefur vafist fyrir mér eins og fleirum sem hér hafa talað hvernig hægt sé að fremja þennan verknað á réttmætan hátt. Ef ekki er hægt að fremja hann á réttmætan hátt eru þessi orð meiningarleysa og sómasamlegast að fella þau út.

Ég sé ekki ástæðu til að vefja þetta lengur með okkur í nefndinni. Við höfum haft samband við ýmsa lögfræðinga sem við tökum hið besta mark á og borið undir þá hvort skaði væri að þessum orðum. Einmitt hef ég orðað þetta með þeim röksemdum og ábendingum sem hv. 3. þm. Reykv. hafði í frammi, þ.e. hvort þetta væri ekki svo mikilvægur frasi í lagamáli að óeðlilegt væri að fella hann niður. En þeir sem ég hef haft samband við og meðflm. mínir að málinu hafa haft samband við hafa ekki talið að svo sé.

Árni Gunnarsson:

Herra forseti. Það hafa fleiri þingmenn en hv. efrideildarmenn í fjh.- og viðskn. borið þetta atriði undir lögfræðinga. Það hef ég gert. Ég hef rætt þetta við lögfræðing sem ekki er ómerkari en þeir sem efrideildarmennirnir hafa átt viðtöl við og sá sagði mér að þetta orð væri með öllu óþarft í greininni.

Við skulum ekkert fara í launkofa með hvað við erum að ræða um hér. Við erum að ræða um affallaviðskipti og við erum að ræða um það hversu langt megi ganga í affallaviðskiptum. Ef orðin „á óréttmætan hátt" eru inni í þessari grein er það úrskurðaratriði lögmanns eða dómara hverju sinni hvað er óréttmætt. Greinin er miklu afdráttarlausari án orðanna „á óréttmætan hátt" þannig að þar fer ekkert á milli mála að það er hægt að sækja mann til saka af hann af ásetningi eða stórfelldu gáleysi hagnýtir sér fjárþröng viðsemjanda síns. Með því að setja orðin „á óréttmætan hátt" inn í greinina verður það úrskurðaratriði, túlkunaratriði dómara eða lögmanns á hverju stigi málsins hvort verknaðurinn, hvort kaupin, affallaviðskiptin hafi átt sér stað „á ólögmætan hátt". Þetta hlýtur að vera það sem greinin snýst um. Það er ekki nokkur spurning um það. Að spyrja þeirrar siðferðilegu spurningar hvort eitthvað hafi verið gert á óréttmætan hátt hlýtur að vera túlkunaratriði vegna þess að orðið „óréttmætt" er ákaflega óglöggt í þessu máli og segir í raun og veru sáralítið. (**FrS:** En hugtakið „stórfellt gáleysi"?) Ja, það segir mikið að mínu mati. Stórfellt gáleysi í viðskiptum er þess eðlis að það hlýtur að liggja ljóst fyrir hvort gáleysi hefur átt sér stað eða ekki. Það er engin spurning um það. Spurningin snýst um það í þessu máli hvort við ætlum að gefa þeim sem stunda þessi viðskipti lausan tauminn í því að fara sínu fram m.a. í affallaviðskiptum. Um það snýst þetta mál, ekkert annað.

Við skulum ekki leyna því hvert fyrir öðru um hvað þetta snýst. Þeir sem vilja gefa þeim algerlega lausan tauminn vilja hafa þetta orðalag í greininni, hinir ekki. Um það snýst málið.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Það var sagt eitthvað í þá veru áðan hvað ætti að gera við þessa vaxtaokrara. Ég leyfi mér að spyrja: Hvað á að gera við stjórnmálamenn sem skapa þessi skilyrði í efnahagsástandi landsins? Hvað á að gera við svoleiðis stjórnmálamenn? Á ekki að setja einhverja löggjöf um að gera eitthvað við stjórnmálamenn sem framkalla þessi skilyrði á markaðnum? (Gripið fram í.) Já. Það er miklu stærri spurning því það eru þeir sem skapa ástandið sem eru sökudólgarnir en ekki þeir sem hrærast í þessari vitleysu.

Það vill nefnilega svo til að menn sem tala sýknt og heilagt um frjálshyggju og kenna henni um allt skilja ekki að það er hlutverk stjórnvalda að draga úr eftirspurn eftir fjármagni þar til næst jafnvægi á markaði. Það er hlutverk stjórnmálamanna og ráðherra. Þeir eiga að sjá til þess að það sé jafnvægi milli heildarframboðs og heildareftirspurnar á peningum. Atvinnulífið verður að sitja fyrir fjármagni vegna þess að það framleiðir verðmæti. Ríkiskassinn framleiðir ekki verðmæti. Svona stjórnmálamenn skilja ekki að verðmæti verða til í fyrirtækjum en ekki í ríkishítinni. Það er ekki hægt að laga veðrið úti í roki með því að ráðast á barómetið og toga nálina upp á „smukt". Það mundi líka ganga illa að ætla sér að lækna sjúklinginn af 41 stigs hita með því að stinga honum í ísvatn þar til mælirinn sýnir 37 gráður. Það er engin lækning. Það verður að skilgreina sjúkdóminn. Ég vil aftur spyrja að því hvað eigi að gera við ráðríka stjórnmálamenn sem rjúka til og leggja allt of háa skatta á atvinnulífið fyrir það fyrsta, taka síðan allt of mikla peninga í ríkiskassann með sölu ríkisskuldabréfa. Svo þegar lánsfjárhungrið er algert gerist ýmislegt þar, þá sjá menn alls konar drauga þar, okrara hér og okrara þar, en sjá ekki sjálfa sig sem skópu ástandið. Ég held að þeir ættu að fara að kíkja í eigin barm.

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Ég stend fyrst og fremst upp til að andmæla hv. þm. Friðrik Sophussyni sem var að reyna að telja þingheimi trú um það áðan að orðalagið „á óréttmætan hátt" væri harla algengt í lagamáli. Þetta er hinn mesti misskilningur. Ég mundi vilja biðja hv. þm. að gefa okkur einhver dæmi um hvar komi fyrir í lagamáli þessi 99 tilvik sem hann hét áðan að tilgreina ef á þyrfti að halda. Ég held að það væri mjög fróðlegt að fá að heyra þau. Ég hygg að vísu að við séum báðir farnir að ryðga nokkuð í fræðunum því langt er síðan við stunduðum okkar nám, en þó munum við nægilega vel ýmsa mikilvægustu texta lagagreina til að vita að þetta er ekki algengt lagamál. Ef maður t.d. lítur yfir refsilöggjöfina þar sem fjallað er um auðgunarbrotin, en þetta er einmitt ein tegund auðgunarbrota sem þarna er um að ræða og refsilagaákvæði, er hvergi að finna orðalag af þessu tagi í refsilöggjöfinni. Og ef maður lítur á t.d. samninga-

lögin er þar misneytingarákvæði í 32. gr. samningalaganna, en það er ekki tekið þannig til orða þar samt sem áður.

Ég skal ekkert útiloka að þetta orðalag sé til í lögum. Ég man ekki eftir því, en ég skal ekki útiloka það. En ég fullyrði að það er þá afar sjaldgæft ef það er til og það er ekki notað í þeirri löggjöf sem almennust er og mest hefur gildi, þ.e. refsilöggjöfin og samningalögin.

Ég vil líka andmæla þeim ruglandahætti sem kom fram hjá hv. þm. áðan þegar hann var að bera þetta hugtak saman við hugtökin „stórfellt gáleysi" og hugtakið „ásetning" og spyrja að því hvort menn gætu skilgreint hvað væri „ásetningur" og hvað væri „stórfellt gáleysi", hvort það væri ekki alveg nákvæmlega eins og svo aftur hitt hugtakið „á óréttmætan hátt". Ég get upplýst þá sem ekki þekkja til að á þessu tvennu er reginmunur. Það eru til margar lærðar ritgerðir um „ásetning" og „stórfellt gáleysi". Það eru viðurkennd lögfræðileg hugtök sem eru vandlega skilgreind. En hugtakið „á óréttmætan hátt" held ég að enginn hafi gert nokkra minnstu tilraun til að skilgreina og efast um að til sé nokkur ritgerð um það fyrirbrigði, enda sjá allir í hendi sér að þar eru viðmiðunarmörkin ekki lögfræðileg í eðli sínu, miklu frekar siðferðileg.

Þetta held ég að nægi til að hafa á hreinu að það er ekki rétt, sem hér var reynt að halda fram, að þetta sé algengt í lagamáli. Ég endurtek að það má vera að það megi finna þetta einhvers staðar, en þetta er ekki algengt lagamál.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ef ég hef verið í einhverjum vafa um það áður en þessi umræða hófst hvernig ég ætti að greiða atkvæði, sem ég var að vísu ekki, hefur hv. þm. Guðmundur Þórarinsson sannfært mig. Hann sagði að vísu að hann skildi ekki „á óréttmætan hátt". En hann sagði líka annað. Hann sagði að ef þetta væri tekið út væri það til þess að þyngja og gera ákvæðið ótvíræðara. Hann sagðist ekki skilja það, en skildi það þó og sagði það hér í ræðustól. Það er málið. Þeir sem vilja halda þessu inni vilja hafa þessa grein þannig að lögfræðingar hafi möguleika til að milda eða leggja til að milda slíka glæpi sem framdir eru þegar menn notfæra sér neyð annarra í þessu efni. Það er ákaflega gott að það komi fram í þessum umræðum hverjir það eru sem vilja halda hlífðarskildi yfir slíku atferli.

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta er orðin nokkuð skrautleg umræða, en í sjálfu sér aðeins framhald eða stækkuð útgáfa af þeirri umræðu sem þegar hefur farið fram í nefndinni. Því það er ekki rétt ef einhverjir kynnu að halda það að við höfum ekki rætt þetta í fjh.- og viðskn. Við ræddum það þegar við fyrstu umfjöllun um málið og þetta kom einnig fram í umræðum hér í deildinni. Og ég hélt að öllum væru ljós rökin á bak við það hjá okkur sem vildum og studdum það að þessi orð væru felld burtu. Engu að síður tel ég að þessi umræða um fyrst og fremst orðið „óréttmætur" eða „á óréttmætan hátt" sé fyllilega réttmæt.

Það er töluvert talað um hugtök og nauðsyn þess að menn skilji hugtök í lagatexta. Því miður þekkjum við það að lagatexti getur vafist fyrir jafnt verkfræðingum, lögfræðingum og jafnvel bara húsmæðrum og það er margt sem hefur orðið til þess að vekja vangaveltur. Ég minnist þess t.d. þegar við vorum með lagabálk til umfjöllunar í vetur að ég velti töluvert fyrir mér og spurði eftir því hvað þýddi — ég man ekki nákvæmlega hvaða ákvæði það var, en það var eitthvert ákvæði sem gat átt við í ákveðnum tilvikum eftir því sem við gat átt og skilji nú hver sem vill. En þessi texti hafði staðið í lögunum alllengi og þótti ekki ástæða til að breyta því.

Það sem mér fannst athyglisverðast í þessari umræðu áðan var að hér töluðu tveir hæstv. ráðherrar. Hæstv. forsrh. kom upp og upplýsti að þessi orð hefðu vafist fyrir honum þegar þessi lög voru til umfjöllunar fyrir nokkrum árum og hann hefði ekki fengið skýringar á nauðsyn þessara orða og eftir því sem ég skildi hann best var hann heldur ekki búinn að öðlast neitt ríkari skilning á því hvers vegna þau þyrftu hér að vera og um leið þótti mér hann ekki færa nein rök fyrir máli sínu. Það þótti mér líka skorta í máli hæstv. viðskrh. sem færði þau ein rök fyrir sínu máli, þ.e. að þessi orð ættu að vera, að þau hefðu verið inni þegar hann lagði frv. fram og frekari rök var ekki að heyra. Rökin hefur sem sagt algerlega skort af hálfu þeirra sem vilja halda þessum orðum inni. Þau eru nánast „af því bara" og af því bara þau hafa verið áður inni. En rök okkar sem viljum að þau fari út eru að mínum dómi afar skýr. Þessi orð, að hver sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi hagnýtir sér á óréttmætan hátt fjárþröng viðsemjanda síns o.s.frv., sem gefur þá til kynna eins og hefur komið fram í máli manna að það sé hægt að hagnýta sér hann á réttmætan hátt, opna sem sagt glufu að okkar dómi, þau opna glufu fyrir það að túlka lögin þannig að það sé hægt að hagnýta sér fjárþröng manna á einhvern óskilgreindan hátt. Við viljum loka þessari glufu og það eru rökin.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég skildi orð hv. seinasta ræðumanns þannig að hún teldi að ég vildi hafa þessi orð inni. Þegar þetta var samið vildi ég þau út, gat ekki fengið neina skýringu á því hvers vegna þau þyrftu að vera inni nema af því að þau væru í dönskum lögum eins og ég sagði. Að lokum gafst ég upp og skipti mér ekki meira af málinu. Ég er enn þeirrar skoðunar að þau eigi að fara út. Og rök mín eru þau að ég hef ekki fengið lögfræðinga til að segja mér hvers vegna þau séu nauðsynleg. Það hefur enginn getað sagt mér það.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Hér hafa óneitanlega spunnist allforvitnilegar umræður í tilefni af ósköp sakleysislegri

fyrirspurn sem ég leyfði mér að gera um þetta mál. Verð ég að segja að menn eru sennilega litlu nær þótt sameiginlegir kraftar allra verkfræðinga þingsins, (**Forsrh.:** Hagfræðinga.) auk sprenglærðra lögfræðinga og einstaka hagfræðings hafi hér verið lagðir saman.

Ég ætla ekki að blanda mér í efnisumræður um þetta. Ég hef tilhneigingu til að taka undir sjónarmið hv. 10. þm. Reykv. Guðmundar G. Þórarinssonar, en ég vil sérstaklega mótmæla því sem fram kom í máli hv. 1. þm. Norðurl. v. og vekja á því athygli að virðulegur þingmaður Páll Pétursson skuli núa samflokksmanni sínum því um nasir að með því að hafa þá afstöðu sem hann hefur hér kynnt sé hann að ganga einhverra sérstakra erinda okraranna í landinu og gæta hagsmuna þeirra. Mér finnst alveg fyrir neðan allt velsæmi hjá hv. 1. þm. Norðurl. v. að bera þetta upp á sinn flokksbróður. (**PP:** Ég var nú fyrst og fremst að tala við þig.) Ég talaði ekki efnislega um þetta mál eins og hv. þm. er kunnugt.

En ég vildi gjarnan í tilefni af þessum forvitnilegu og stórkostlega upplýsandi fræðilegu umræðum hér í þinginu beina því til þingmanna og ekki síst hv. þm. Páls Pétursonar að hann útskýri fyrir mér sem sérstakur áhugamaður um þessa grein hvað orðin „umlíðun skuldar" þýða og gefa okkur jafnfræðilega, greinargóða og glögga útskýringu á því máli svo að við getum rætt það hér næsta klukkutímann eða svo.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður mikið, en þær eru búnar að vera nokkuð skemmtilegar og kannski áhugaverðar einmitt fyrir þá sök að hér er rætt um skilning manna á algengum lagahugtökum vil ég endurtaka þó að ég ætli ekki að staðhæfa eins og ég gerði áðan að það séu 100 slík tilvik.

Ég held líka að það sé rétt, sem hér hefur komið fram hjá a.m.k. einum hv. þm., þ.e. hv. 3. þm. Norðurl. e., að þarna séu þeir sem hafi samið þennan texta að reyna að koma í veg fyrir affallaviðskipti sem gætu farið á þann veg að um væri að ræða hærri vexti, ef við getum kallað afföll vexti, en gengur og gerist á markaði. Ég er sammála því. Hér hafa menn rætt um að hér berjist tveir hópar, fulltrúar okraranna séu annars vegar og fulltrúar þeirra sem okrað er á hins vegar, en það er af og frá og sýnir best á hvaða sporbaug slíkir menn eru sem með þeim hætti tala.

Ég held að hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson hafi nefnilega einmitt hitt naglann á höfuðið þegar hann var að lýsa því hve erfitt það getur reynst að skilgreina orðið „ásetningur" og „stórfellt gáleysi". Ég leyfi mér að reyna að koma með dæmi. Hugsum okkur að ég eignaðist skuldabréf og skuldarinn væri hv. þm. Ragnar Arnalds, sem er að vísu mjög ólíklegt og ég valdi ólíklegasta dæmið þess vegna, en hugsum okkur þetta til að koma með eitthvert dæmi. Síðan á ég þetta bréf og hv. þm. verður að greiða handhafa bréfsins afborganir þegar fram líða stundir. Ég lendi í fjárþröng og ég þarf að selja þetta bréf. Ég fer á almennan markað, sel bréfið og þá kemur í ljós að einhver kaupandi metur stöðuna þannig að hann geti keypt bréfið á þeim affföllum sem gerði það að verkum að hann mundi græða í tímans rás af því að hann telur að vextirnir muni haga sér öðruvísi á næstu mánuðum en t.d. hæstv. forsrh. hefur verið að segja í útvarpi eða sjónvarpi. Við skulum segja að annar hvor treysti á ríkisstjórnina sem segir að vextirnir séu að fara niður í 5%, en hinn gerir það ekki og svo kemur í ljós eftir t.d. eitt ár, ef bréfið á að greiðast til baka eftir eitt ár, að sá sem keypti hefur hagnast verulega á þessum kaupum. Þá hefur hann með „ásetningi" fengið meira en ef um hann hefðu gilt vaxtaákvarðanir á hverjum tíma. Hann gerði þetta af fullum „ásetningi". Það má halda því fram að sá sem seldi bréfið, en hver maður má selja bréf á hvaða verði sem er hvenær sem er, hafi verið í fjárþröng. Þá lenda menn í vandræðum og þá fer að reyna á slík ákvæði. Þess vegna held ég að þeir sem semja þennan texta hafi sett inn „á óréttmætan hátt", sem vissulega er siðferðilegt hugtak, til þess að taka af allan vafa. Það geta verið tilvik þar sem menn hafi þessi huglægu viðhorf, en þau séu ekki óréttmæt því að menn kaupa skuldabréf til að græða á því og menn selja oft skuldabréf af því að þeir eru í fjárþröng. Hygg ég að textahöfundurinn hafi sett þetta ákvæði inn til að sýna að í vissum tilvikum getur þetta gerst. Mér finnst að í þessum umræðum hafi ekki komið fram nein haldbær rök fram um að breyta þessu eftir að Ed. er búin að kynna sér allar umræður um málið, kynnt sér hvað Nd. gerði, kallað til sín nýja sérfræðinga. Ég hef ekki farið fram á neitt annað en að fá haldbær rök og ég sé ekki betur en upp geti komið vafatilvik á borð við þetta.

Það tala sumir um, og því miður eru ekki allir í salnum sem hafa tekið þátt í þessari umræðu, þar á meðal ekki hv. þm. Stefán Valgeirsson, að afföll séu einhvers konar glæpur og að kaupa skuldabréf með affföllum sem reyndust síðan vera svo mikil að þau jafngilda hærra vaxtastigi en verður í þjóðfélaginu sé einhver glæpur. (**GHH:** Það yrði laglegt í húsbréfakerfinu.) Já, það yrði laglegt í húsbréfakerfinu. Þetta er mikill misskilningur vegna þess að ef maður á kröfu á þriðja mann verður sú krafa eign kröfuhafans með sama hætti og bíllinn hans eða húsið hans og það bannar enginn öðrum í dag að selja bíl sinn á hálfvirði. Hv. þm. Árni Gunnarsson má selja bílinn sinn á hálfvirði. En ef einhver hefur keypt af honum bíllinn og misnotar þá stöðu að hv. þm. Árni var í fjárþröng hefur hann brotið lög og það er hægt að fara í mál við viðkomandi aðila. Þess vegna eru affallaviðskipti öðruvísi viðskipti en önnur viðskipti á fjármagnsmarkaði. Í markaðsverðinu er spá um væntanlega vexti jafnvel á næstu árum sem enginn getur sagt fyrir um, ekki einu sinni hæstv. forsrh., hvort verða 5% eða 10%. Við höfum ljósast dæmi um að við fengum ríkisstjórn í haust sem lofaði því að lækka vextina svo og svo mikið, en það gekk ekki eftir. (**ÁrnG:** Þetta á aðeins við þegar maður selur kröfu á sjálfan sig. Öðruvísi getur það ekki átt við.) Ég hélt ekki að ég

þyrfti að kenna mönnum úr þessum ræðustól. En affallaviðskipti eru um það þegar maður selur kröfu á þriðja mann. Það heita affallaviðskipti. Ég á skuldabréf á annan mann, sel þriðja manni. Það eru klárar línur með það. (**ÁrnG:** Ef þú selur kröfu á sjálfan þig.) Ef hv. þm. Árni Gunnarsson er að tala um það, sem ég veit að margir eru uppteknir af, að bankar taka t.d. viðskiptavíxla á afföllum en bregðist greiðslan taka þeir andvirðið út af reikningi viðkomandi aðila, þá eru það ekki affallaviðskipti eins og þau eru almennt skilgreind. Það er alveg rétt hjá hv. þm. Árna Gunnarssyni að ef hann er að tala um slík viðskipti mundu þau hafa talist okur samkvæmt gömlu okurlögunum einfaldlega vegna þess að það er ekki hægt að skilyrða viðskiptin í affallaviðskiptum með því að segja: Ég kaupi víxil með afföllum, en ef hann greiðist ekki er ég laus allra mála. Það er einfaldlega vegna þess að inni í afföllunum er sú áhætta sem kaupandinn tekur af því hvort skuldarinn greiðir eða greiðir ekki. Það eru einmitt þessi atriði sem gera þessi mál flókin. Þess vegna er ég alveg sammála hv. þm. Guðmundi G. Þórarinssyni um að það þurfi að vera talsvert rík rök fyrir því að löggjafinn fari núna að breyta þessu orðalagi. Það eina sem ég hef beðið um, virðulegur forseti, er að nefndin taki sér smátíma og athugi málið, komi fram með frambærileg rök. Á það hefur ekki verið fallist. Ef það koma frambærileg rök skal ég fyrstur manna fallast á að fella þetta hugtak út. En þessi rök hafa ekki komið fram. Svo einfalt er þetta mál. Og allra síst í máli hv. þm. Árna Gunnarssonar þegar hann fór að ræða um affallaviðskipti.

Enn á ný, virðulegur forseti, vil ég vísa því til föðurhúsanna þegar menn halda að umræða á borð við þessa sé einhver umræða þar sem annar hópurinn er að vernda okrara og hinn hópurinn sé að vernda einhverja smælingja. Umræðan snýst um hvort við eigum í íslenskum rétti að setja viðurlög allt að tveggja ára fangelsi án þess að hafa lagaákvæðin nægilega skýr. Hún snýst um það.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Herra forseti. Ég vil enn á ný vekja athygli á því að við erum að fást við talsvert alvarlegt mál. Við erum að fást við lagagrein sem felur í sér að ef borgarar þessa lands brjóta hana eru viðurlögin refsivist eða fangelsi m.a. Auðvitað hlýtur það að vera alveg lágmarkskrafa borgaranna að löggjafinn sem setur slík lög viti hvað þau þýða, að löggjafanum sé ljóst ef hann er að fara fram á slíka refsingu borgaranna við ákveðnu broti hvaða brot það er sem leiðir til slíkrar refsingar. Það hlýtur að vera algerlega föst krafa að löggjafinn viti hvað lögin sem hann er að setja þýði. Þetta finnst mér fyrsta atriðið, að menn geri sér grein fyrir því hvað þetta þýðir. Hvernig eiga borgarar þessa lands að lifa sínu lífi eftir þeim lögum sem sett eru ef engum er ljóst hvað lögin þýða og ef menn ætla að láta einhverja dómara, sem stundum eru misvitrir menn líka, giska á hvað löggjafinn hafi meint með þeim lögum sem hann er að setja? Þetta finnst mér grundvallaratriði.

Ef menn fella niður þessi orð „á óréttmætan hátt" hef ég tilhneigingu til að skilja þetta á svipaðan hátt og hv. þm. Árni Gunnarsson, þ.e. að ef um er að ræða lán, við skulum einfalda þetta, sem er með vexti eða þóknun umfram það sem viðskiptabankar og sparisjóðir taka, geti viðkomandi aðili sætt sektum, varðhaldi eða fangelsi. Þá verða menn að gera sér grein fyrir hvað þeir eru að ákveða.

Ég verð að játa að ég er dálítið ringlaður í því þegar talað er um að hagnýta sér markað. Hvað þýðir það t.d. að hagnýta sér álmarkað þegar hann er í hæstu verði, að reyna að bjóða sem mest fram þegar kaupandinn þarf á sem mestu að halda? Hvernig kemur þetta allt saman?

Við skulum segja að aðili sé kominn með húsið sitt á nauðungaruppboð. Hann getur hvergi fengið lán, en hann gæti selt skuldabréf og bjargað fjölskyldunni frá því að fara á götuna. Það getur vel verið og það er eðlilegt að vextir af fjárskuldbindingum séu tengdir því hversu öruggt veðið er, hversu mikil áhætta er í því að veita lán. Það getur vel verið að hann gæti fengið lánið með einhverjum afföllum sem þyddu þá raunvexti yfir það sem viðkomandi banki veitti. Með því gæti hann bjargað húsinu og fjölskyldu sinni og hann gæti líka selt bíllinn sinn á hálfvirði eins og hv. 1. þm. Reykv. sagði til að koma í veg fyrir slíkt. Ég held að menn verði að gera sér alveg grein fyrir því, þeir sem ætla að greiða atkvæði á þennan hátt: Eru menn að tala um að það verði tugthúsmál ef vextir verða hærri en sparisjóðir og viðskiptabankar hafa ákveðið? Það finnst mér vera kjarni málsins. Og hvað þýðir það?

Ég er einn af þeim sem hafa verið þeirrar skoðunar að það sé æskilegt að þróa fjármagnsmarkað hér á landi þó að ég sé alfarið þeirrar skoðunar að eftirspurn í þeim mæli sem hefur verið að undanförnu hafi fært þennan markað talsvert út á villigötur. Sú eftirspurn er ekki síður ríkisvaldinu að kenna án þess að ég fari nánar út í það. Ég gæti þó haldið um það langa ræðu. Þá er ég þeirrar skoðunar að menn þurfi ekki lengi að skoða heimsbyggðina til að sjá að þar eru lífskjör best sem hagkerfið er frjálst. Menn þurfa ekki annað en bera saman austantjaldsríkin og iðnríki Evrópu. Þar sem hagkerfið er frjálst og ríkisafskiptin verða minnst eru lífskjörin best og í þeim löndum er fjármagnsmarkaðurinn þróaðastur. Ég verð þess vegna að segja að það stendur nokkuð í mér ef þessi lög þýða bókstaflega það sem ég hlustaði á hv. þm. Árna Gunnarsson segja og eins og hann skildi þau.

Að öðru leyti held ég að það sé kannski ekki ástæða til að fjölyrða um þetta mál. Mér finnst það vera meginmál að löggjafinn sé ekki að setja lög sem hann skilur ekki nægilega vel sjálfur hvað þýða.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 970 samþ. með 14:8 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18:5 atkv. og endursent Ed.

NEÐRI DEILD

90. fundur, föstudaginn 28. apríl,
að loknum 89. fundi.

Viðskiptabankar, 3. umr.

Stjfrv., 242. mál (bankaráð, hagsmunaárekstrar o.fl.). — Þskj. 977.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, 3. umr.

Stjfrv., 35. mál (vörukaupalán). — Þskj. 37.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 21:1 atkv. og afgr. til Ed.

Sparisjóðir, 3. umr.

Stjfrv., 244. mál (stjórn, hagsmunaárekstrar o.fl.). — Þskj. 683.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Erfðalög, 3. umr.

Stjfrv., 208. mál (önnur erfð, óskipt bú o.fl.). — Þskj. 973.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og endursent Ed.

Afnám ýmissa laga um iðnaðar- og orkumál, 3. umr.

Stjfrv., 298. mál. — Þskj. 546.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 980).

Veiting ríkisborgararéttar, 3. umr.

Stjfrv., 370. mál (síðara frv.). — Þskj. 974.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og endursent Ed.

Lagmetisiðnaður, 3. umr.

Stjfrv., 407. mál (hlutafjárframlög). — Þskj. 767.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, 3. umr.

Stjfrv., 408. mál (fjárfestingar í öðrum atvinnurekstri). — Þskj. 768.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 981).

Almannatryggingar, 2. umr.

Stjfrv., 372. mál (tryggingaráð, stjórnir sjúkrasamlaga o.fl.). — Þskj. 698, n. 943, brtt. 944.

Frsm. heilbr.- og trn. (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 943 um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum, sem frammi liggur á þskj. 698 og er 372. mál þingsins. Hér er um að ræða í fyrsta lagi breytingu á ákvæðum um áfrýjunarrétt þeirra sem telja sig ekki hafa náð rétti sínum varðandi bætur almannatrygginga og jafnframt er í frv. ákvæði um skipan stjórnar sjúkrasamlaga og einnig breyting á ákvæðum um tilvísanir til sérfræðinga.

Þetta mál hlaut meiri umfjöllun í nefndinni en litið gæti út fyrir, einkum og sér í lagi 2. gr. frv. vegna þess, eins og kom fram þegar talað var fyrir þessu máli, að þá lá fyrir þinginu frv., sem ég er flm. að, um breytingu á lögum um almannatryggingar varðandi áðurnefndan áfrýjunarrétt sjúklinga ef ágreiningur er um örorkumat.

Við meðferð hv. heilbr.- og trn. varð það að samkomulagi, og við ráðherra einnig, að efnisatriði úr frv. sem liggur fyrir þinginu á þskj. 185, 171. mál þingsins, yrðu tekin inn í 2. gr. frv. sem ráðherra hefur lagt fram. Þess vegna lagði nefndin fram brtt., sem er að finna á þskj. 944, sem kveður svo á að ekki aðeins megi kalla til lækni ef ágreiningur er um örorkumat heldur hljóði greinin svo, með leyfi hæstv. forseta: „Ef ágreiningur er lagður fyrir tryggingaráð til úrskurðar og úrlausn hans er að einhverju leyti eða öllu háð læknisfræðilegu, lögfræðilegu eða félagsfræðilegu mati er tryggingaráði hverju sinni heimilt að kveðja sér til ráðuneytis einn til þrjá menn sem hafa sérþekkingu á hlutaðeigandi sviði.“

Nefndarmenn urðu sammála um að hér væri komið til móts við þá kröfu að aðrir en tryggingayfirlæknir gætu fjallað um niðurstöðu á örorkumati, en ekki er gert ráð fyrir sérstakri nefnd eins og frv. mitt gerði ráð fyrir heldur er tryggingaráð áfram sá aðili sem fjallar um kvartanir þeirra sem telja sig ekki hafa náð fram rétti.

Undir nál. skrifuðu Guðrún Helgadóttir, Jón Sæmundur Sigurjónsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Jón Kristjánsson og Guðmundur G. Þórarinsson, en Geir H. Haarde og Ragnhildur Helgadóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Ég lýsi því yfir að ég get sætt mig við þessa niðurstöðu og mælist til þess að hv. deild veiti þessu máli brautargengi eins og það liggur frammi núna.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Hv. 13. þm. Reykv. sagði í upphafi framsöguræðu sinnar að frv. þetta hefði fengið meiri umfjöllun í nefndinni en litið gæti út fyrir. Það er áreiðanlega orð að sönnu. A.m.k. lítur það svo út frá mínum bæjardyrum séð að það hafi fengið afar litla umfjöllun og óvenjulega litla því í þessu frv. er lagt til að farið sé inn á algjörlega nýja braut að því er varðar meðferð örorkumats og þetta frv. er engum sent til umsagnar, hvorki Öryrkjabandalaginu, læknasamtökunum né neinum yfir höfuð, heldur er það afgreitt endanlega frá nefndinni á fundi þegar svo stóð á að hvorugur stjórnarandstöðuþingmannanna úr Sjálfstfl. gat verið viðstaddur. Höfðum við þó gert töluverðar athugasemdir við umfjöllun um málefni Tryggingastofnunar eða a.m.k. látið þau til okkar taka. Ég verð að segja að þetta finnst mér afar gagnrýni verð meðferð. Við erum að fjalla um mál sem snertir mjög viðkvæma þætti í lífi einstaklinga, oft og tíðum einstaklinga sem geta ákaflega litla björg sér veitt, þannig að ég tel það lágmarksskilyrði, sem vinnubrögð á Alþingi verða að fullnægja, að það sé a.m.k. sent til umsagnar þeim sérfræðingum sem um slík mál fjalla og það sé ekki nægilegt að það liggi fyrir að tryggingaráð hafi óskað eftir því að frv. yrði flutt um þetta mál. Ég tel að það sé ekki nægilegt. Ég tel að það leysi ekki þetta mál eða fríi okkur þeirri vinnubragðavöndun að senda málið til læknasamtakanna sérstaklega því að þarna er fyrst og fremst verið að breyta því grundvallaratriði, sem gildir um örorkumat að því er ég veit best í öllum löndum, að það séu læknar sem leggja mat á örorkustigið, e.t.v. með tilliti til ýmissa annarra þátta. Þarna er verið að heimila það að ýmsir ófaglærðir aðilar geti breytt hinu læknisfræðilega mati á örorkustigunu. Þetta þykir mér svo alvarlegt að ég vil eindregið leggja til að nefndin taki þetta á ný til skoðunar og fari fram á umsagnir frá Læknafélagi Íslands og frá Öryrkjabandalaginu þó að ekki séu fleiri nefndir á þessu stigi, en a.m.k. þessum tvennum aðilum.

Ég vil, til þess að skýrt sé í hverju það er fólgið sem ég hef mestar áhyggjur af, vísa til 2. gr. frv. sem fjallar um orðalagsbreytingu á 7. gr. laganna. Hér segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Rísi ágreiningur um bætur leggur tryggingaráð úrskurð á málið. Ef ágreiningur er lagður fyrir tryggingaráð til úrskurðar og úrlausn hans er að einhverju leyti eða öllu háð læknisfræðilegu mati er tryggingaráði hverju sinni heimilt að kveðja sér til ráðuneytis einn til þrjá lækna sem hafa sérþekkingu á hlutaðeigandi sviði.“

Í grg. frv. sagði m.a. að 2. gr. frv. væri m.a. orðuð svo til þess að ekki orki tvímælis að tryggingaráð hafi ekki aðeins vald til að leysa úr ágreiningi um það hvort reglur laganna veiti rétt til

greiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins heldur einnig til þess að leysa úr ágreiningi um önnur skilyrði slíks réttar. Það er þetta atriði sem getur skipt verulegu máli, t.d. örorkustig viðkomandi.

Enn fremur segir þessu til skýringar að uppi hafi verið ágreiningur um valdmörk tryggingaráðs annars vegar og tryggingayfirlæknis hins vegar. Til þess að taka af tvímæli um þessi valdmörk er svo flutt brtt. af meiri hl. nefndarinnar, þ.e. brtt. sem við hv. þm. Geir H. Haarde eigum ekki aðild að og vissum ekki að yrði flutt í nefndinni, en hún orðar það skýrt að slík umfjöllun tryggingaráðs fjalli einnig um örorkumat.

Það segir í breytingartillögunni á bls. 15 í fundarskjalinu hjá okkur: „7. gr. laganna hljóði svo: Rísi ágreiningur um bætur eða örorkumat getur tryggingaráð úrskurðað í málinu. Ef ágreiningur er lagður fyrir tryggingaráð til úrskurðar eða úrlausn hans er að einhverju leyti eða öllu háð læknisfræðilegu, lögfræðilegu eða félagslegu mati er tryggingaráði hverju sinni heimilt að kveðja sér til ráðuneytis einn til þrjá aðila sem hafa sérþekkingu á hlutaðeigandi sviði."

Núna er það svo að örorkumat er alfarið læknisfræðilegt. Í þessari grein, sem lagt er til að svo verði orðuð, hefur tryggingaráð heimild til að hnekkja því mati hvort sem þar er læknir eða ekki. Tryggingaráð hefur að vísu heimild til að kveðja sér til ráðuneytis einn til þrjá menn með sérþekkingu. En það er ekki skylt að kveðja sérfræðinga sér til aðstoðar og heldur ekki skylt að fara eftir niðurstöðu þeirra. Með öðrum orðum: Hér er verið að fara inn á þá braut að læknisfræðilegu mati geti leikmenn breytt. Ég tel að við séum að fjalla um miklu alvarlegra mál en einungis það að unnt sé að áfrýja örorkumati. Það er hægt að gera það á þann veg að læknisfræðileg rök séu líka í hinum endanlega úrskurði.

Þetta held ég að við verðum að athuga miklu betur og ég legg eindregið til að nefndin taki þetta til umfjöllunar á ný í þeim tilgangi að fá umsögn þeirra aðila sem ævinlega eru kvaddir til umsagnar um mál af svipuðu tagi.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Þegar hv. þm. Guðrún Helgadóttir talaði fyrir frv. sínu, sem er 171. mál þessa þings, kvaddi ég mér hljóðs til að skýra frá því hvernig fólk úti á landi hugsar og vill hafa þessi mál. Því þykir hart að allir slíkir úrskurðir þurfi að fara hingað til Reykjavíkur og eins og þetta hefur verið er það aðeins einn maður sem kveður upp slíka úrskurði eða þá menn á hans ábyrgð.

Það sem fólk úti á landsbyggðinni vill breyta er að það séu úrskurðaraðilar í hverju kjördæmi og að það sé ekki einn maður heldur séu það þrír sem fjalla um málið. Ég er ekki sammála hv. síðasta ræðumanni að það sé eingöngu læknisfræðilegt. Það getur líka verið félagslegt mat vegna þess að þetta er flóknara mál en menn margir vilja vera láta.

Það sem ég sagði þegar frv. sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir flutti var til umræðu var að það væri eðlilegast að það væri héraðslæknirinn sem væri formaður þeirrar nefndar og síðan gæti hann kvatt til þann lækni sem væri sérfræðingur í þeim sjúkdómi sem um er fjallað. Ef það er t.d. bæklun, þá bæklunarlæknir, ef það er hjartasjúklingur, þá hjartalæknir og ef það er út af geðrænum sjúkdómi, þá sé það geðlæknir. En í öllum tilvikum sé það félagsráðgjafi sem sé með í slíkum úrskurði.

En að þurfa að fara með þetta allt hingað til úrskurðar og það er úrskurðað af þeim sem ekkert þekkja til, slíkri miðstýringu, slíku valdi vil ég mótmæla til langframa. Hins vegar viðurkenni ég að það er þó stigið svolítið skref. En eins og hv. síðasti ræðumaður sagði er spurning um hvort það eigi að vera endilega tryggingaráð. Er nokkur trygging fyrir því að þeir einstaklingar, hversu góðir sem þeir eru, hafi þekkingu á þessum málum jafnvel þó að þeir geti kvatt til ráðgjafa? Ég held að það sé mikilvægt í slíkum úrskurði að þar sé fólk sem þekkir til einstaklinganna og tekur tillit til allra aðstæðna.

Ég vil að þessi röksemd komi fram og þessi ábending því að það er enginn vafi á að þeir sem fjalla um þetta mál eins og læknar, eins og sjúkraþjálfarar, eins og félagsráðgjafar og fleiri, munu láta heyra meira í sér í þessum málum vegna þess úrskurðar sem hefur borist frá tryggingalækni síðustu árin og ekki sætta sig við að það sé bara dómstóll, það sé tryggingaráð sem hafi úrskurðarvald í þessu máli.

Frsm. heilbr.- og trn. (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að endurtaka enn einu sinni fjölmargar ræður sem ég hef haldið um þetta mál.

Það er alveg ljóst að það er verið að fara inn á nýja braut með þessu frv. Það er verið að gefa fólki tækifæri til að leita sér áfrýjunar eða fá áfrýjað úrskurði um bæði bótaupphæðir og eins um örorkumat ef einhverjum þykir á sig hallað.

Í lögunum eins og þau eru er tryggingaráð sá aðili sem tekur við kvörtunum og afgreiðir þær og vegna þess að tryggingaráðsfundi situr ævinlega tryggingayfirlæknir vildi hæstv. ráðherra gefa ráðinu tækifæri til að kalla til liðs við sig annan lækni eða fleiri, einn til þrjá stóð upphaflega, til þess að tryggingayfirlæknir væri ekki sjálfur að meta sín eigin verk.

En eins og hefur margsinnis komið fram teljum við ekki að örorkumat sé einungis læknisfræðilegt eins og hv. 3. þm. Reykv. sagði áðan og mig undrar það satt að segja að fyrrv. heilbrmrh. skuli halda því fram að örorkumat sé eingöngu læknisfræðilegt.

Ég hef lesið hér alloft 12. gr. almannatryggingalaga, einkum og sér í lagi b-liðinn, og ég ætla enn að gera það og þá geta menn spurt á eftir hvort örorkumat sé einungis læknisfræðilegt. Þar segir um þá sem rétt eigi á örorku, með leyfi hæstv. forseta: „. . . eru öryrkjar til langframa á svo háu stigi að þeir eru ekki færir um að vinna sér inn ¼ þess er andlega og líkamlega heilir menn eru vanir að vinna sér inn í því sama héraði við störf sem hæfa líkamskröftum þeirra og verkkunnáttu og sanngjarnt er að ætlast til af þeim með hliðsjón af uppeldi og undanfarandi starfa."

Ætlar fyrrv. hæstv. heilbrmrh. að fullyrða eftir

þennan lestur að örorkumat sé eingöngu læknisfræðilegt? Það er alveg hárrétt, sem hv. 6. þm. Norðurl. e. sagði áðan, að það er ekki síður félagslegt. Það hefur margsinnis verið minnst á það og komið fram í þessari umræðu að tveir menn með nákvæmlega sömu fötlun geta verið öryrkjar á afar mismunandi stigi einfaldlega vegna þess að annar kynni að hafa sinnt starfi sem hann getur haldið áfram að sinna þrátt fyrir fötlunina á meðan hinn hefur enga möguleika á því.

Hv. 3. þm. Reykv. sagði einnig áðan að þetta mál hefði ekki hlotið neina meðferð í nefndinni. Það hefði ekki verið leitað umsagnar utan þinghússins. Þetta er í sjötta sinn sem þetta mál er til afgreiðslu í ýmsu formi í hv. heilbr.- og trn. Ég lét dreifa í möppur nefndarmanna umsögnum sem borist hafa gegnum árin, m.a. á síðasta þingi, frá öllum þeim aðilum sem málið kann hugsanlega að varða. Allir mæla með að úr þessu verði bætt, að fólk geti leitað til einhvers aðila um ágreining um örorkumat. Við sáum hreinlega ekki nokkra ástæðu til þess að biðja um þessar umsagnir einu sinni enn frá sömu aðilum.

Ég get alveg fullvissað hv. 3. þm. Reykv. um að læknafélagið mundi mæla mjög með þessari afgreiðslu. Það er ekki síður vandamál læknastéttarinnar en sjúklinganna hversu lítið tillit er oft tekið til álits þeirra lækna sem best þekkja sjúklinginn og best vita hvers hann er megnugur og hvers hann var megnugur eins og hv. 6. þm. Norðurl. e. minntist á áðan. Það er þetta sem við viljum reyna að bæta úr. Ég lagði til að sérstök áfrýjunarnefnd yrði skipuð. Menn vildu ekki ganga svo langt. Ég beygði mig fyrir því. Það hlaut ekki hljómgrunn. Hæstv. ráðherra og tryggingaráð sjálft vildi halda þessu verkefni inni í tryggingaráði. Þá held ég að það sé tvímælalaust til mikilla bóta að fólk með sérþekkingu á félagslegum atriðum, lagalegum og læknisfræðilegum geti verið til kallað þegar ágreiningur er uppi.

Ég vil þess vegna eindregið mælast til þess að þetta mál verði afgreitt og sent til hv. Ed. Mér finnst það satt að segja ekki vansalaust ef við eigum að fara heim af þessu þingi án þess að hafa ráðið bót á þessu vandamáli.

Ég varð ekki vör við annað en að hv. 17. þm. Reykv. væri heldur hlynntur þessu máli í upphafi og satt að segja held ég að við höfum ekki gert okkur neina grein fyrir því, þeir fimm hv. þm. sem afgreiddu málið út úr nefndinni, að þar væri andstaða uppi. Hv. 3. þm. Reykv. hafði áður lýst því að hún kynni að hafa á þessu aðra skoðun, en þar gildir auðvitað að við gátum ekki við því gert að þau voru ekki á þeim fundi sem málið var afgreitt. En ég teldi það mikinn skaða ef þetta mál næði ekki fram að ganga á þessu þingi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Það er töluvert búið að ræða um þetta mál og þá þætti sem hér virðist vera nokkur skoðanamunur á, bæði nú og eins þegar málið var hér til 1. umr. Ég hélt að við hefðum þá komist að niðurstöðu um það sem við værum að gera með þessari breytingu, að kveða skýrar á um að tryggingaráð sé úrskurðaraðili ef ágreiningur rís um bótaréttinn. En það segir í grg. og hv. 3. þm. Reykv. las einmitt upp úr grg. áðan þar sem segir að þetta frv. sé flutt til þess að ekki orki tvímælis að tryggingaráð hafi ekki aðeins vald til að leysa úr ágreiningi um það hvort reglur laganna veiti rétt til greiðslu heldur einnig til að leysa úr ágreiningi um önnur skilyrði slíks réttar og hafi sér til fulltingis til þess að kveða upp slíkan dóm heimild til að kveðja til ráðuneytis, eins og frv. var lagt fram, einn til þrjá lækna, en eins og brtt. liggur nú fyrir sé heimilt að kveðja til aðra sérfræðinga á lögfræðilegu sviði og á félagsfræðilegu. Út af fyrir sig held ég að ekki sé ágreiningur um það.

Spurningin er hins vegar þessi: Getur tryggingaráð haft áhrif eða breytt örorkumati sem slíku? Þá er spurningin: Hvað er örorkumat? Eins og lögin eru í dag óbreytt segir í 6. gr.: „Rísi ágreiningur um bætur leggur tryggingaráð úrskurð á málið.“ Þannig hljóðaði frv. óbreytt. En bætur breytast ekki eða réttara sagt örorkumat ræður bótum eða bótaupphæð og ef við ætlum tryggingaráði að hafa áhrif á bótaupphæð hlýtur það að vera með því að úrskurða um örorkumatið.

Ég lít svo á að þegar tryggingaráð hefur kvatt sér til fulltingis lækna til að fjalla um læknisfræðilega matið sé það a.m.k. mjög ólíklegt að tryggingaráð kveði upp annan úrskurð en þann sem fram kemur hjá þeim sérfræðingum á læknisfræðilegu sviði. Annars vegar hefur tryggingaráð þá til hliðsjónar mat tryggingalæknanna og tryggingayfirlæknis og hins vegar þessara sérstaklega tilkvöddu lækna. En ef tryggingaráð á að vera úrskurðaraðili getur það ekki heldur verið algjörlega bundið af því.

Ef um er að ræða breytingu frá þessum læknisfræðilegu niðurstöðum hlýtur tryggingaráð að verða að rökstyðja það mjög ítarlega og þá sjálfsagt með skriflegum rökstuðningi sem gæti síðan notast þeim sem hlut á að máli ef hann vill sækja rétt sinn annars staðar sem hann hefur auðvitað opið eftir sem áður, þ.e. fyrir dómstólum.

En inn í þetta spilar fleira en bara læknisfræðilega matið eins og hér hefur komið fram. Það er félagslegur þáttur sem ætlast er til að tekið sé tillit til. Ég skil 12. gr. almannatryggingalöggjafarinnar eins og hún er svipað og Guðrún Helgadóttir, hv. 13. þm. Reykv., að þar sé ætlast til þess, enda vitum við að það er gert, að það séu teknir inn í örorkumatið fleiri þættir en hinir læknisfræðilegu.

Svo langar mig aðeins að nefna það út af ábendingum hv. 6. þm. Norðurl. e. varðandi hvernig og hvar örorkumatið er framkvæmt að það hefur verið í umræðu áður að gefa mönnum kost á að fá sína örorku metna annars staðar en hjá tryggingayfirlækni. Ég vil geta þess hér, nota tækifærið, að í sambandi við nýlega afstaðinn vorfund héraðslækna var þetta mál þar til umræðu meðal annarra umræðuefna og tengdist umræðu um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Þegar og ef sú lagabreyting nær fram á

þingi er þar um að ræða verulegar breytingar á ýmsum þáttum sem lúta að heilbrigðislöggjöf. Það þarf að skoða lög um heilbrigðisþjónustu í framhaldi af samþykkt verkaskiptafrumvarpsins og þá höfum við einmitt rætt að rétt væri að athuga sérstaklega hlutverk og hlutskipti héraðslæknanna. Reyndar var komið svo fyrir sl. áramót að til var frv. sem kvað á um að gera embætti a.m.k. tveggja héraðslækna að sjálfstæðum embættum. Kannski er nauðsynlegt að stíga það skref að þeirra hlutverk sé að vera embættislæknar hver í sínu umdæmi, héraðslæknisdæmi sem er nú reyndar sama og kjördæmin. Þá gæti einmitt fallið að þeirra verkefnum að fjalla einnig um örorkumat.

Ég vildi að það kæmi fram að þessi umræða hefur verið í gangi og það verður tekið til athugunar í sumar við undirbúning að endurskoðun á lögum um heilbrigðisþjónustu, hlutskipti héraðslækna og þá hvort þeim bæri t.d. að gegna þessu hlutverki.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Í tilefni af því að frsm. þessa máls sá ástæðu til að láta mín getið í ræðu sinni vildi ég mega beiðast undan því að hún sé að túlka mín viðhorf í þessu máli eða greina frá því að hún hafi ekki orðið vör við annað en ég væri heldur hlynntur þessu máli ef marka mætti þátttöku mína í nefndarstörfunum. Ég hafði fullan fyrirvara á því að við hv. 3. þm. Reykv. fengjum tækifæri til að ráða ráðum okkar í þessu máli þegar þetta var til umræðu á fundum áður en málið var tekið út úr nefndinni. — Ekki á þeim fundi sem afgreiddi málið, en þá vorum við hv. 3. þm. Reykv. ekki viðstödd.

Ég vildi láta þetta koma fram. Ég tel að það sé heldur óvenjulegt að vera að greina frá því hvað menn hafi orðið varir við hvað það snertir hverjir hafi verið heldur hlynntir og heldur á móti. Vil ég láta það koma fram að ég er sammála hv. 3. þm. Reykv. í öllu því sem hún hefur hér látið frá sér fara.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Það kemur fram greinilegur misskilningur að mér þykir í máli hv. 13. þm. Reykv. þegar hún segir að það sé í sjötta sinn sem þetta mál sé til meðferðar í þinginu. Þetta mál hefur ekki áður verið til meðferðar í þinginu þó að vikið hafi verið að sömu atriðum. Ég hef aldrei upplifað það fyrr að lagt væri til að það yrði leitt í lög að tryggingaráð breytti niðurstöðum læknisfræðilegs mats. Ég held því ekki fram að hér sé einungis um læknisfræðilegt atriði að tefla. Þó hefur hið endanlega mat verið læknisfræðilegt, en það byggir læknir á vissum félagslegum þáttum líka. Það er alveg ljóst.

Hitt er annað mál að það stendur í brtt. sem liggur hér fyrir okkur að ef úrlausn málsins er háð læknisfræðilegu mati megi tryggingaráð kveðja sér til menn með sérþekkingu. Það er ekki einu sinni skyldugt til þess. Það er tekið fram. Ef það er háð læknisfræðilegu mati má kveðja sérfræðilega ráðunauta til ráðuneytis. Hin endanlega niðurstaða á úrlausnarefni sem er læknisfræðilegs eðlis verður því ekki byggt á öðru en læknisfræðilegu mati samkvæmt þessum lögum, ekki nauðsynlega. Það er ekkert í þessu orðalagi sem tryggir það.

Ég er sammála hæstv. ráðherra þegar hann segir að það er langlíklegast að farið verði eftir ráðleggingum þess sérfræðings eða þeirra sérfræðinga sem tryggingaráð kveður til. En erum við ekki að setja lög til þess að við göngum svo frá málum að það sé ljóst hvað á að gera og hvað ber að gera? Annars væri alveg óþarft að setja hlutina í lög. Tryggingaráð hefur nú þegar leyfi til að kveðja til sérfræðilega ráðunauta. Það þarf ekki lagaákvæði til þess.

Ég er sammála þeim sem segja að það þurfi að vera réttur til þess að áfrýja mati. Það er ósköp eðlileg meðferð mála og ætti að vera æskilegt fyrir alla, bæði þá sem framkvæma matið og þá sem þurfa sjálfir að fá þetta mat fyrir sig.

Hugsum okkur að svo standi á að maður sé metinn 75% öryrki og eigi þess vegna rétt á fullum örorkulífeyri. Hann hafi hins vegar allverulegar tekjur, við skulum segja eignartekjur eða höfundaréttargjald, hann sé kannski rithöfundur, en alger öryrki til verka eins og komið er, þótt hann fái kannski jafnan greiðslur af sínu hugverki. Sú aðstaða þýðir það að maðurinn fær fullan örorkulífeyri en ekki tekjutryggingu. En ef tryggingaráð lítur svo á að sú staðreynd að maðurinn hafi einhverjar tekjur þýði að hann sé ekki öryrki, það er hugsanlegt að menn túlki þetta þannig, þá tel ég slíkt þó algerlega ranga túlkun og gersamlega fráleita. Þá er farið að rugla saman hinni læknisfræðilegu niðurstöðu og efnahag viðkomandi manns. Örorkumatið er ekki þess konar hugtak, það er ekki samanslungið af þessu tvennu. Það er örorkulífeyririnn og reglan um greiðslur hans sem er til þess að leysa úr þeim efnalega vanda sem almennt fylgir örorku. Því segi ég enn og aftur að mér þykja það vera heldur ábyrgðarlítil vinnubrögð að leita ekki umsagnar — ja, við skulum segja Læknafélags Íslands. Hvað um læknadeild Háskólans? Ég sé ekki að það þurfi endilega að koma í veg fyrir að við afgreiðum málið á þessu þingi.

Mér er ekkert sérstaklega í mun að reyna að tefja málið einungis til að tefja. En mér er afar annt um að frá slíkum málum sé gengið með faglega og þinglega réttum og frambærilegum hætti til þess að tryggður sé hagur þeirra sem eiga um sárt að binda vegna örorku og líka tryggt að um þau mál sé fjallað með faglega réttum hætti. Hversu miklir ágætismenn sem sitja í tryggingaráði hverju sinni, þá er ekki unnt að fela þeim læknisfræðileg verk. Ég sé það ekki. Ef þeir vilja breyta þeim réttaratvikum sem verða til þess að menn fái rétt til lífeyris, segjum eins og í dæminu sem ég nefndi áðan, ef úrskurða ætti að maður sem fær kannski gjöld af bókinni sinni sé ekki lengur 75% öryrki, finnst mér það vera alveg sambærilegt við það að tryggingaráð ætti að úrskurða að maður sem er afskaplega hress og unglegur, en orðinn 67 ára og á þess vegna rétt á ellilífeyri, fengi ekki þennan ellilífeyri af því að hann er jafnhress og maður sem er 59

ára eða kannski jafnvel 65 ára, þá fyndist tryggingaráði ekki tímabært að löggilda hann sem gamalmenni eins og menn segja stundum að gamni sínu. Mér þykir ekki skynsamlegt að leggja þetta verk á herðar tryggingaráðs til viðbótar öllu sem það hefur í að snúast. Ég vonast til þess að hæstv. ráðherra taki undir það með mér að rétt sé að vísa þessu máli til þeirra aðila sem ég nefndi þannig að við getum afstýrt slysi í afgreiðslu þessa máls og þá knúið á um mjög skjót svör.

Ég hef í máli mínu aðeins fjallað um þann þátt þessa frv. sem veit að örorkumati og hugsanlegum ágreiningi um það. Frv. fjallar vissulega um meira. Ég hef ekki minnst á annan verulegan þátt í frv. sem er heldur skringilegur líka að því er vinnubrögð varðar vegna þess að þar rekst ein grein á annað stjfrv. sem liggur fyrir. Megi stjórnin ráða fer það frv. í gegnum þingið og verður að lögum, en það er frv. um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Samkvæmt því frv. á að afnema 38. gr. tryggingalaganna, en samkvæmt þessu frv. á að búa til nýtt orðalag á þessa sömu grein sem í öðru stjfrv. er lagt til að verði afnumin og allar horfur eru á að svo verði gert. Mér virðist algerlega ljóst að það er ekki tímabært, hvað sem við viljum flýta okkur, að afgreiða þetta í dag.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég vil að það komi alveg skýrt fram að ég mun styðja þetta frv. af því að það er þó lítið spor í rétta átt. En ég verð að segja að það er dálítið skrýtið og það gerir þessa breytingu lítils virði þar sem greinin er þannig að það sé heimilt að kveðja þá til, það er ekki skylt. Ef einhver skýtur máli sínu til tryggingaráðs er tryggingaráði þetta ekki skylt. Auðvitað þyrfti það að vera skylt vegna þess að það er upplýst að tryggingalæknir situr þessa fundi og ef ekki kemur annar læknir eða aðrir aðilar má álykta a.m.k. svo að hann, vegna þess að hann er sérfræðingur eins og a.m.k. er í okkar þjóðfélagi, muni tryggingaráð í mörgum tilvikum fallast á hans læknisfræðilegu túlkun. Ég vil í fullri vinsemd skora á hæstv. ráðherra eða nefndina að breyta þessari heimild í að það sé skylt að kalla þessa menn fyrir, fá aðstoð annarra lækna. Annars getur þetta verið í sjálfu sér marklaust eða marklítið.

En það var merkilegt sem kom fram hjá hæstv. ráðherra og kannski skilur maður við hvað er að eiga. Hann upplýsir að það hafi verið til frv. sem hafi verið í þá veru sem ég talaði um áðan, þ.e. að það verði héraðslæknar sem verði formenn úrskurðarnefndar um örorkubætur og örorku. En hvers vegna var þetta dregið til baka? Var það vegna þess að tryggingalæknir, embættismennirnir hafi haft á móti því? Ég veit að hann hefur verið á móti öllum breytingum í þessu efni. En það er löggjafans að hafa kjark og skilning á því að breyta lögum en á ekki að fara eftir því sem embættismennirnir segja, a.m.k. mega þeir engu ráða um afstöðu sem hv. alþm. taka í slíkum málum. Vald embættismannanna er orðið allt of mikið og hv. þm. taka allt of mikið tillit til álits þeirra.

Ég endurtek að ég óska eftir því við formann nefndarinnar að hann athugi milli umræðna að herða á ákvæðinu til þess að það sé afgerandi. Við vorum að tala áðan um frv. sem var á þann veg að það var til þess að lina ákvæðið. Hér er alveg sama. Það er ekki nema í einstaka tilviki sem slíkt ætti að vera í löggjöf, að eitthvað sé heimilt. Það er oft og tíðum til þess að það sem hv. þm. ætla fer eftir embættismönnum og öðrum hvernig slíkt er notað.

Frsm. heilbr.- og trn. (Guðrún Helgadóttir):

Virðulegi forseti. Aðeins til að útskýra þann misskilning sem er uppi vegna þess að þetta er heimild. Hér er um það að ræða að tryggingaráð hafi heimild til að kalla til sín sérfræðinga í hverju tilviki og þau eru jafnmörg og mennirnir eru margir sem leituðu hugsanlega til ráðsins. Þessi heimild er til þess að tryggingaráð megi kalla til sérfræðinga. Auðvitað kostar það fjármuni. Ég treysti tryggingaráði fullkomlega til að gera það í hverju einasta tilviki. Ég held að það sé alveg óþarfi að gera það að skyldu. Það segir sig sjálft að ef slík mál koma til tryggingaráðs mun það nýta sér þessa heimild. Hér er aðeins verið að gera tryggingaráði mögulegt að kalla til sín stundum lækni, stundum félagsfræðilega menntaðan mann, stundum lögfræðing. Það er ekki víst að í öllum tilvikum þurfi að kalla til alla þrjá, það fer eftir efni máls, en fyrst og fremst er nauðsynlegt að ráðið hafi þessa heimild. Ég efast ekki um að ráðið nýti sér hana í öllum tilvikum. Ég held að það sé alveg óþarfi að gera það að skyldu á þennan hátt. Þetta er fyrst og fremst sett þarna inn til þess að ráðið hafi fjármuni til að kalla þetta fólk til. Ég held þess vegna að það séu alveg óþarfar áhyggjur að þetta sé ekki gert að skyldu.

Ég vildi aðeins upplýsa hvernig þetta er hugsað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Það er aðeins út af því sem kom fram hjá hv. 3. þm. Reykv. um ákvæði 3. gr. frv. þar sem kveðið er á um hverjir skuli kjósa eða tilnefna í stjórnir sjúkrasamlaga. Þar er um að ræða orðalagsbreytingu vegna breytinga á sveitarstjórnarlögum sem áttu sér stað á árinu 1986. Auðvitað er það rétt að þær orðalagsbreytingar sem hér eru lagðar til eru heldur seint fram komnar ef mætti orða það svo. En þegar þetta frv. var til meðferðar og vinnslu í heilbrmrn. var svo sem ekki alveg víst hver yrðu afdrif verkaskiptafrumvarpsins og þess vegna þótti bæði rétt og eðlilegt að það væri ljóst í lögum um almannatryggingar hverjir skyldu tilnefna í stjórnir sjúkrasamlaga. Það er aðeins verið að breyta því hér, vegna þess að sýslunefndirnar eru ekki lengur til, að það séu héraðsnefndir sem hafa það hlutverk. Fari verkaskiptafrv. í gegn og sjúkrasamlögin verði þar með niður lögð fellur þetta auðvitað niður og þarf ekki að hafa sérstakar áhyggjur af því. Ég sé ekki að það sé stóra málið. Það má kannski segja að þetta sé örlítið klúðurslegt fyrir það hvað það er seint á ferðinni, en

efnislega stendur það alveg fyrir sínu og er alveg skýr tilgangurinn með því þegar þetta var samið.

Ég hef kannski ekki talað alveg nógu skýrt þegar ég var að segja frá frv. sem hefði verið til meðferðar og í smíðum í heilbrmrn. um sl. áramót og hv. þm. Stefán Valgeirsson gerði að umtalsefni aftur. Það var út af fyrir sig ekkert kveðið á um í því frv. að héraðslæknar skyldu framkvæma örorkumat. Það var í því frv. verið að tala um að gera héraðslækna í tveimur umdæmum að embættislæknum sem hefðu ýmis hlutverk sem heilbrigðisþjónustan mundi síðan fela þeim. Ég gat þess aðeins að það hefði svo sem komið til greina og gæti komið til greina og hefur komið til tals að verði það að ráði að gera héraðslækna í hverju umdæmi að embættislæknum fái þeir hlutverk sem þetta. En það réði ekki neinum úrslitum um framgang málsins eða hvort það var lagt fram eða ekki. Það var ekki lagt fram vegna þess að við töldum rétt að bíða eftir afdrifum verkaskiptamálsins og þá þyrftum við að gera ýmsar aðrar breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu og taka tillit til þess hvernig þeim málum reiddi af og hvaða áhrif verkaskiptafrv. hefði á ýmsa þætti þeirrar löggjafar og þá einkum stjórnunarlega þætti vegna þess að verkefni eru flutt í svo miklum mæli frá sveitarfélögum til ríkis þar sem ríkið greiðir eftir það allan kostnað af heilbrigðisþjónustunni en sveitarfélögin ekki. Það mun koma til athugunar vonandi í sumar og á haustmánuðum og þá er nauðsynlegt að fjalla ítarlega um hlutverk héraðslæknanna og þá hugsanlega hvort þetta eigi að vera eitt af þeirra verkefnum sem hér er verið að tala um, þ.e. að fjalla um og framkvæma örorkumat.

Að lokum, herra forseti, vil ég segja að ég vil ekki hafa áhrif á afgreiðslu þingsins á þessu máli tímalega séð. Ég set mig ekki á móti því ef ástæða þykir til eða samkomulag er um að skoða þetta mál eitthvað nánar. Mín áhersla er sú fyrst og fremst að málið fái afgreiðslu á þessu þingi. Það er mjög brýnt, bæði af þeirri ástæðu að það mál sem hér er verið að fjalla um er búið að vera lengi og oft til meðferðar á Alþingi og nauðsynlegt að fá í það einhverja niðurstöðu og taka til þess afstöðu og ég held að það skref sem hér er stigið sé mikilvægt skref í þá átt sem menn hafa rætt um á undanförnum árum og svo kannski ekki síður vegna ákvæða í 6. gr. frv. þar sem kveðið er á um tilvísunarskylduna. Af þeirri ástæðu er mjög brýnt að þetta frv. fái afgreiðslu á þessu þingi sem nú situr og verður þá líklega að flokkast undir það, a.m.k. af minni hálfu, að vera eitt að forgangsmálum ríkisstjórnar að fá þetta frv. afgreitt á þessu þingi.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Ég hlýt að lýsa undrun yfir því að ég fæ engin viðbrögð við því að málinu sé frestað aðeins til frekari athugunar, þó ekki væri nema til næsta fundar, og þó stendur svo á að málið var afgreitt að okkur sjálfstæðismönnum fjarstöddum í nefndinni án þess að við hefðum hugmynd um að það ætti að afgreiða málið á þessum fundi og ekki leitað umsagnar og ekki kvaddir neinir til viðtals við nefndina. Mér þykja þetta heldur þjösnaleg vinnubrögð, verð ég að segja, og það kemur mér á óvart af hálfu jafnkurteiss og elskulegs manns og hæstv. heilbrmrh. að hann skuli ekki fallast á jafnsjálfsögð tilmæli og hér er um að ræða. **(Heilbr.- og trmrh.:** Ég er ekkert á móti því.) Hæstv. ráðherra hefur ekki á móti því, það var gott, að þetta fari til umsagnar. Þá er það ljóst. Það liggur þá fyrir að hæstv. ráðherra hefur ekki á móti því að það sé fjallað nánar um málið og því leyfi ég mér að treysta því að málinu verði frestað þar til það hefur fengið frekari umfjöllun í nefndinni og unnt verði að kveðja til þá sem mesta sérþekkingu hafa á þessum málum, þá aðila sem ég nefndi áðan.

Frsm. heilbr.- og trn. (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Það eru til um þetta mál ótal umsagnir. Hv. 3. þm. Reykv. hefur á hverju ári haft á móti því að lausn fyndist á þessu vandræðamáli og raunar samflokksmenn hennar yfirleitt stöðvað það mál. Ég sá enga ástæðu til að biðja enn einu sinni um umsagnir um þessi atriði. Ég veit ekki hvern ætti að biðja um umsagnir. Allir þeir aðilar sem þetta mál varðar hafa látið álit sitt í ljós. Það er dagljóst að ef á að fara að krefjast þess að þetta mál verði enn einu sinni sent út til umsagnar nær það ekkert afgreiðslu á þessu þingi frekar en hinum fimm. Ég held að hv. alþm. verði einfaldlega að fara að taka um það ákvörðun hvort það ástand á að ríkja sem nú viðgengst eða hvort menn hafa döngun í sér til að stíga þetta mjög svo litla spor í þá átt að almenningur eigi rétt á því að áfrýja til tryggingaráðs. Þó að ég hefði kosið að það yrði frekar áfrýjunarnefndin sem mitt frv. gerði ráð fyrir held ég að þetta sé til bóta.

Nefndin er búin að fjalla um þetta. Það er ekki við okkur að sakast þótt tveir hv. nefndarmenn væru ekki á þessum umræddu fundi. Okkur gekk það eitt til að reyna að koma málinu áleiðis á þessu þingi. Það á eftir að fara til meðferðar hv. Ed. Ég vildi gera það að málamiðlunartillögu að menn leyfðu málinu að fara út úr Nd. til meðferðar í Ed. Ég vænti þess að þar sé fulltrúi sem hv. 3. þm. Reykv. treystir fyrir málinu í þeirri nefnd. En að fara að stöðva málið núna þýðir einfaldlega að það verður ekki afgreitt á þessu þingi. Þess vegna get ég ekki fallist á að það gerist.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Hv. 13. þm. Reykv. staðhæfði tvennt sem var rangt, einfaldlega ekki satt.

Í fyrsta lagi sagði hv. þm. að þetta mál hefði margsinnis farið til umsagnar. Þetta er rangt. Það hefur aldrei farið til umsagnar. Það er stutt síðan það var flutt á þingi og það er með öðrum efnisatriðum, öðrum þáttum og öðrum lausnum en áður hafa verið sýndar hér á þinginu og það hefur aldrei farið til umsagnar og það hefur enginn verið kallaður til viðræðu við nefndina.

Hitt atriðið var alrangt líka. Hv. þm. hélt því fram að ég hefði ævinlega staðið í vegi fyrir eða barist gegn tillögum um áfrýjun á þeim málum sem hér hafa verið til umræðu. Þetta er fullkomlega rangt og það getur

hv. þm. séð í þingtíðindum ef hún vill, en ég geri ekki ráð fyrir því í allri þeirri fljótaskrift sem er á verkum hennar þessa dagana að hún hafi tíma til þess, en kannski einhvern tíma seinna. Ég stóð upp hér í þinginu til að lýsa sérstökum stuðningi við frv. sem var flutt um áfryjun. 1. flm. var hv. þáv. þm. Svavar Gestsson og gott ef hv. 13. þm. Reykv. var ekki meðflm. Það frv. studdi ég. Það voru aðrir sem stöðvuðu það frv. en ég. Ég kann því illa að þingmaður sem er forseti Sþ. leyfi sér að hafa slíkt í *frammi, rangar staðhæfingar eins og hér hefur verið* gert, og að auki er ætlast til þess að máli sé þrælað í gegn með þessum hætti eins og gert hefur verið að fjarstöddum þeim sem athugasemdir hafa að gera. En til hvers var þá það sem hv. þm. barðist svo mjög fyrir og með árangri, að það væri fenginn sérstakur starfsmaður fyrir nefndirnar ef það var ekki einmitt m.a. til að kynna nefndarmönnum að nú ætti að afgreiða tiltekin mál á tilteknum fundi? Það er gert og er til fyrirmyndar í menntmn. þessarar deildar og það færi betur að formaður heilbr.- og trn. tæki upp sams konar vinnubrögð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umferðarlög, 2. umr.

Frv. IBA, 98. mál (forgangur hringvegarins). — Þskj. 101, n. 940.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um frv. til laga um breytingu á umferðarlögum nr. 50 1987.

Nefndin hefur fjallað um frv. og fengið skriflegar umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Umferðarráði, bæjarfógetanum í Hafnarfirði, sýslumanninum í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, framkvæmdastjóra hjá Vegagerð ríkisins, lögreglustjóranum í Reykjavík, sýslumanninum í Árnessýslu, sýslumanninum í Suður-Múlasýslu, sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu, sýslumanninum í Þingeyjarsýslu, sýslumanninum í Vestur-Skaftafellssýslu, sýslumanninum í Norður-Múlasýslu og sýslumanninum í Rangárvallasýslu.

Þessar umsagnir mótuðust nokkuð af því hvernig aðstæður eru við þjóðveg nr. 1 í viðkomandi umdæmi varðandi umferðarþunga og legu vegarins. Flestar þeirra voru jákvæðar, nokkrar neikvæðar og í ljósi þeirra er nefndin sammála um að vegna mjög mismunandi aðstæðna og umferðarþunga sé óráðlegt að láta aðalbrautarrétt gilda um þjóðveg nr. 1 í öllum tilvikum. Hins vegar telur nefndin að rétt sé að gera úttekt á þessu máli með tilliti til aðalbrautarréttar og reyndar kemur fram í umsögn Umferðarráðs um málið að þeir telja afar æskilegt að slík úttekt sé gerð og því leggur nefndin til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Undir nál. skrifa Jón Kristjánsson, Kristín Halldórsdóttir, Kristinn Pétursson, Guðni Ágústsson, Friðjón Þórðarson og Geir Gunnarsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar, 2. umr.

Frv. MB, 300. mál (endurhæfingarlífeyrir). — Þskj. 549, n. 941, brtt. 942.

Frsm. heilbr.- og trn. (Guðrún Helgadóttir):

Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum. Þetta er frv. sem liggur frammi á þskj. 549 og er 300. mál þingsins og flm. er hv. 1. þm. Vestf. Matthías Bjarnason.

Í þessu frv. er lagt til að unnt sé að greiða svokallaðan endurhæfingarlífeyri, eins og þar segir, þegar ekki verður séð hver örorka verður til frambúðar eftir sjúkdóma eða slys, í tólf mánuði og þó aldrei lengur en í 18 mánuði.

Okkur í nefndinni fannst þetta frv. sem væri þess vert að styðja, en við höfum lagt fram brtt. á þskj. 942 þar sem við teljum nauðsynlegt að við bætist að unnt sé að greiða endurhæfingarlífeyri í allt að tólf mánuði eftir að greiðslu sjúkra- eða slysadagpeninga lýkur. Í öðrum greinum í tryggingalögunum eru afdráttarlaus ákvæði um að eftir að maður veikist eða verður fyrir slysi skuli eftir atvikum greiddir dagpeningar í allt að tólf mánuði.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að oft er það svo, sérstaklega eftir erfið slys, að það getur orðið nokkur bið á því að unnt sé að sjá fyrir hver raunveruleg örorka mannsins verður og þess vegna hefur það hvað eftir annað komið fyrir að dagpeningar hafa verið framlengdir. Nú vitum við öll hvernig er að lifa af þeirri upphæð sem þeir eru. Það eru líklega nú um 12 þús. kr. á mánuði. Ég tel að þarna sé mikilvægu máli hreyft, að unnt sé að greiða bráðabirgðalífeyri á meðan maður er að ná heilsu eða það verður sýnt hver varanleg örorka hans er. Við leggjum því til að frv. verði samþykkt með þessari breytingu.

Undir það skrifa Guðrún Helgadóttir, Jón Sæmundur Sigurjónsson, Guðmundur G. Þórarinsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir og Jón Kristjánsson.

Fjarverandi afgreiðslu málsins á sama fundi og hér var áður til umræðu voru Geir H. Haarde og Ragnhildur Helgadóttir.

Ég vil hins vegar nota þetta tækifæri, hæstv. forseti, *til að vísa á bug dylgjum um að illa sé unnið í* heilbr.- og trn. Það er engan veginn rétt. Þetta frv., sem var nýtt og þurfti þess vegna auðvitað skoðun, var sent til umsagnar bæði til tryggingaráðs, Öryrkjabandalags Íslands og heilbr.- og trmrn. Umsagnir voru jákvæðar og þess vegna töldum við rétt

að veita því brautargengi. Hitt frv. er gamall kunningi sem nefndin taldi hins vegar ekki ástæðu til að senda enn einu sinni til umsagnar.

Ég mælist til, hæstv. forseti, að hv. deild veiti þessu frv. brautargengi.

Forseti (Hjörleifur Guttormsson):

Forseti vill taka fram að ósk liggur fyrir um að umræðu ljúki ekki um þetta mál núna (**RH:** Ekki þetta mál heldur?) af þeim ástæðum að flm. málsins er ekki viðlátinn, en ósk er uppi um það að hann geti kynnt sér þá breytingu sem lögð er til. Ég skil það svo að þetta þýði ekki miklar tafir á afgreiðslu málsins og mér finnst sjálfsagt að verða við því að fresta umræðunni, hvort sem það þýðir þangað til síðar á þessum fundi eða eitthvað lengur.

Frsm. heilbr.- og trn. (Guðrún Helgadóttir):

Sú ósk sem hér er fram komin að fresta þessu máli einnig er afar kyndug. Hv. þm. Matthías Bjarnason hefur borið fram frv. Það hefur fengið meðferð í viðkomandi nefnd. Hann hefur auðvitað engin áhrif á það úr þessu í þessari hv. deild, auk þess sem ég er alveg sannfærð um að hv. þm. mundi vera mjög svo sáttur við þessa afgreiðslu og efast um að hann hafi átt von á því að þetta frv. hans næði fram að ganga.

En ég skal fresta málinu í nokkrar mínútur, hafa samband við hv. flm. og ganga úr skugga um hvort hann hefur eitthvað við þessa smávægilegu breytingu sem gerð var að athuga. Ég vænti þess að málið verði síðan afgreitt á þessum fundi.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Ég skal skýra hvernig á þessu stendur. Þannig er mál með vexti að formaður þingflokks sjálfstæðismanna, Ólafur G. Einarsson, hafði bundið það fastmælum við aðalforseta deildarinnar að þessu máli yrði frestað til þess að hann gæti rætt við hv. 1. flm. málsins um þær breytingartillögur sem til umfjöllunar væru. Ég á ekki von á að það tefji málið neitt að ráði, en þessi var ástæðan og forseti hafði fallist á það. Þess vegna var það sem bent var á það hér. Ég get ekki ímyndað mér annað en það hljóti að vera unnt að fallast á það.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Það er rétt að það kom fram ósk fyrr í dag um að þessari umræðu yrði frestað, en sú ósk var síðan afturkölluð af þeim sama sem bað um frestunina sem var hv. 17. þm. Reykv.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Hér er greinilega smámisskilningur á ferðinni í þessari umræðu. Ég hafði óskað eftir því við forseta eins og hann segir réttilega að málinu yrði frestað þar eð flm. hafði verið erlendis og ekki haft aðstöðu til að kynna sér þær breytingar sem gerðar voru í nefndinni á þeim fundi sem við hv. 3. þm. Reykv. misstum af. Síðan kynnti ég mér þetta mál nánar og bar þetta saman og komst þá að þeirri niðurstöðu að breytingarnar væru svo litlar að ástæðulaust væri að tefja málið út af því og hafði þá samband að nýju við forseta og formann þingflokks Sjálfstfl. og afturkölluðum við þá beiðni um frestun. Ég hafði hins vegar ekki greint hv. 3. þm. Reykv. frá þessu og það eru mistök. En þannig liggur í þessu máli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg, 2. umr.

Stjfrv., 410. mál (stofnun hlutafélags). — Þskj. 770, n. 966.

Frsm. iðnn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nál., sem er prentað á þskj. 966, um frv. til l. um stofnun hlutafélags um ríkisprentsmiðjuna Gutenberg. Þetta er frá iðnn.

Nefndin hefur fjallað um frv. og fékk á sinn fund framkvæmdastjóra Gutenbergs, Guðmund Kristjánsson, og fjóra fulltrúa starfsmanna sem nafngreindir eru á þskj. Í máli þeirra kom fram að breyting á rekstrarformi fyrirtækisins hefði vissa kosti í för með sér. Hins vegar væru uppi ýmsar spurningar og óvissa í hugum starfsmanna vegna þessa máls. Komi til þess að hlutabréf verði seld skv. 4. gr. telja starfsmenn eðlilegt að þeir fái a.m.k. tímabundinn forkaupsrétt og var vísað til breytinga á Landssmiðjunni í hlutafélag fyrir nokkrum árum.

Einnig töldu fulltrúar starfsmanna eðlilegt að starfsmenn eigi aðild að stjórn fyrirtækisins og mætti setja ákvæði um það í samþykktir fyrir félagið. Nefndin vekur athygli á athugasemdum við 1. og 4. gr. frv. þar sem fram er tekið að öll hlutabréfin verði í eigu ríkissjóðs og að þau verði ekki seld nema áður hafi verið leitað samþykkis Alþingis. Ef til þess kæmi er rétt að hafa í huga fyrrgreind atriði.

Nefndin mælir með því að frv. verði samþykkt, enda sé tryggt að hagur starfsmanna raskist ekki varðandi lífeyrisréttindi og varðandi uppgjör á lífeyrissjóði.

Undir þetta rita allir nefndarmenn iðnn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Félagsmálaskóli alþýðu, 1. umr.

Stjfrv., 430. mál. — Þskj. 924.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um félagsmálaskóla alþýðu sem fyrir liggur á þskj. 920 eins og það hefur nú verið afgreitt frá Ed.

Málefni félagsmálaskóla alþýðu hafa nokkrum

sinnum áður komið til umfjöllunar á Alþingi án þess að niðurstaða hafi fengist. Árið 1973 var lagt fram frv. um skólann. Annað hliðstætt frv. var lagt fram á 100. löggjafarþingi 1978. Það hlaut sömu örlög og hið fyrra og varð ekki afgreitt.

Það frv. sem nú er lagt fyrir Alþingi er að stofni til byggt á frumvörpunum frá árunum 1973 og 1978. Þó hafa verið gerðar á því nokkrar veigamiklar breytingar. Þær virðast hafa verið í rétta átt vegna þess að frv. hefur hlotið mjög jákvæðar undirtektir Ed. Alþingis og það gefur vonir um að þetta mál nái fram að ganga á þessu þingi.

Eins og í fyrri frumvörpum er gert ráð fyrir að stofnaður verði félagsmálaskóli alþýðu. Markmiðið með stofnun skólans er að skapa starfandi og verðandi forustumönnum samtaka launafólks, áhugamönnum um störf verkalýðshreyfingarinnar og hverjum félaga hennar sem njóta vill möguleika til haldgóðrar fræðslu í þeim greinum sem tengdastar eru starfi alþýðusamtakanna. Bent hefur verið á margvísleg rök sem mæla með öflugum stuðningi hins opinbera við skólahald alþýðusamtakanna. Þar vega e.t.v. þyngst sífellt flóknari samningar aðila vinnumarkaðarins um kaup og kjör. Samningagerð þeirra er nú orðin vandasamt verk sem krefst mikillar þekkingar jafnt á högum þeirra sem hún snertir hverju sinni sem og á félagsmálalöggjöf þjóðarinnar, svo sem vinnulöggjöf, löggjöf um öryggi og hollustu á vinnustöðum, á sjó og landi, trygginga- og skattalöggjöf og rekstri atvinnuveganna og þjóðarbúsins í heild. Enn fremur er nauðsynleg þekking á alþjóðasamþykktum og tillögum um vinnumál sem hafa verið afgreiddar af ýmsum alþjóðastofnunum sem Ísland er aðili að.

Fleiri atriði hníga í sömu átt. Undanfarna áratugi hafa orðið miklar breytingar á atvinnulífinu í heiminum og bendir margt til þess að þær verði örari í nánustu framtíð. Gerbreytt viðhorf til samskipta stjórnenda og starfsmanna og réttur starfsfólks til þess að hafa áhrif á umhverfi sitt krefjast þess að samtök launafólks haldi vöku sinni í fræðslumálum.

Ég tel ekki ástæðu til að fara ítarlega í einstakar greinar frv. Ég vil þó vekja athygli á nokkrum veigamiklum breytingum frá fyrri frumvörpum um félagsmálaskóla alþýðu. E.t.v. felst þýðingarmesta breytingin í 1. gr. Í fyrri frumvörpum var gert ráð fyrir því að Alþýðusamband Íslands stæði eitt að skólanum. Samkvæmt þessu nýja frumvarpi skal skólinn starfa á vegum Alþýðusambands Íslands og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Það er rétt að minna á að í þessum tvennum heildarsamtökum launafólks eru um að bil 80 þúsund félagsmenn.

Í 2. gr. frv. er kveðið á um hlutverk skólans. Fram kemur að það felst í að mennta fólk í samtökum launafólks. Markmiðið er að efla sjálfstraust þess, þroska og hæfni til þess að bæta lífskjör verkafólks.

Samkvæmt 3. gr. skal þessu markmiði náð með fræðslu um hina íslensku og alþjóðlegu verkalýðshreyfingu og viðfangsefni hennar, sögu, skipulag, starfshætti og stefnu. Einnig skal veita fræðslu á sviði félagsfræði og hagfræði, auk meginatriða íslenskrar félagsmálalöggjafar.

Samkvæmt greininni er heimilt að veita fræðslu í almennum námsgreinum, svo sem stærðfræði, íslensku og erlendum tungumálum. Enn fremur skal áhersla lögð á þjálfun nemenda í að setja fram hugsanir sínar í ræðu og riti og gera þá færa um að taka að sér trúnaðarstörf í þágu verkalýðshreyfingarinnar.

Í 4. gr. frv. er fjallað um skilyrði sem sett eru fyrir þátttöku í námi í félagsmálaskóla alþýðu. Um er að ræða tvö almenn skilyrði, þ.e. aldur og aðild að stéttarfélagi. Í greininni felst efnisbreyting frá fyrri frumvörpum þar sem tiltekinn aldur var gerður að skilyrði fyrir skólavist eða þátttöku í starfi skólans. Nú er hins vegar gert ráð fyrir að heimilt sé að setja slíkt skilyrði í reglugerð. Sama á við um aðild að stéttarfélagi.

Ein af ástæðunum fyrir þessari breytingu er sú að talið er rétt að halda opinni þeirri leið að bjóða fólki sem er tímabundið utan vinnumarkaðar eða sem á í erfiðleikum að finna vinnu og ekki er í verkalýðsfélagi þátttöku í námi á vegum skólans. Hér koma m.a. til álita þeir sem hafa verið heimavinnandi eða nemendur í framhaldsskólum sem gætu átt möguleika á að taka málefni verkalýðshreyfingarinnar í félagsmálaskóla alþýðu sem valgrein. Hins vegar er rétt að leggja áherslu á mikilvægi þess að skólinn gæti sett sem skilyrði fyrir inngöngu að nemendur hafi starfað á almennum vinnumarkaði og tekið þátt í störfum stéttarfélags. Að öðru jöfnu er það forsenda þess að hægt sé að tileinka sér námið með virkum hætti.

Með tilliti til þeirra umræðna sem urðu á Alþingi um fyrri frumvörp fjallaði vinnuhópurinn sem samdi þetta frv. sérstaklega um stöðu félagsmálaskólans í stjórnkerfinu. Niðurstaða hans kemur fram í 5. gr., en þar er tekið fram að félmrn. fari með málefni skólans. Vinnuhópurinn taldi þennan hátt eðlilegan og vísaði í því sambandi til 4. gr. reglugerðar nr. 96 1969, um Stjórnarráð Íslands. Í greininni er m.a. kveðið á um að félmrn. fari með vinnu, þar á meðal stéttarfélög launafólks og atvinnurekenda. Enn fremur er gert ráð fyrir margvíslegum afskiptum félmrn. af vinnumálum og samráði við samtök aðila vinnumarkaðarins í IX. kafla laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála.

Á því skal vakin athygli að Ed. samþykkti eina breytingu á 5. gr. sem felst í því að á eftir orðunum „Menningar- og fræðslusamband alþýðu“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: og skal formaður sambandsins vera einn þeirra. Ég er samþykk þessari breytingu og tel hana til bóta.

Í þessu nýja frv. er mun ítarlegar en áður fjallað um fjármál. Í 8. gr. er tekið fram að rekstrarkostnaður skólans skuli að fullu greiddur úr ríkissjóði annar en rekstrarkostnaður heimavistar sem greiðist að 80% hluta. Einnig að stofnkostnaður kennsluhúsnæðis skuli greiddur að 80% hluta úr ríkissjóði og skuli það sama gilda um heimavist. Þessi ákvæði eiga sér hliðstæðu í lögum nr. 51/1976, um viðskiptamenntun

á framhaldsskólastigi, og lögum nr. 31/1977, um Skálholtsskóla. Í þessum lögum hvorum tveggja er gert ráð fyrir að rekstrarkostnaður skuli greiddur að fullu annar en rekstrarkostnaður heimavistar þar sem hennar er þörf, en til hennar skal veita fjárveitingu er nemur 80% af kostnaði. Einnig er tekið fram að stofnkostnaður kennsluhúsnæðis skuli greiddur úr ríkissjóði að 80% hluta og skuli það sama gilda um heimavist þar sem hennar er talin þörf. Þess skal getið að auk Skálholtsskóla gilda sömu reglur um Samvinnuskólann og Verslunarskóla Íslands.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir því að Alþýðusamband Íslands og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja geri með sér samning um skiptingu annars rekstrar- og stofnkostnaðar. Verði skólinn lagður niður skulu eignarráð yfir því húsnæði sem hann kann að hafa til umráða færast til ríkisins í samræmi við stofnkostnaðarframlög þess. Komi upp ágreiningur um eignaskiptingu skal dómkveðja þrjá óvilhalla menn til að kveða á um skiptinguna. Þetta fyrirkomulag er í samræmi við hliðstætt ákvæði í lögum um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi.

Áætlaður árlegur stofn- og rekstrarkostnaður er talinn vera 27 millj. rúmar og er miðað við áætlun um starfsemi skólans sem gerð er grein fyrir í fskj. I. Í fskj. II kemur fram nánari sundurliðun á kennslukostnaði og kostnaði vegna heimavistar.

Herra forseti. Mikilvægi jákvæðra samskipta aðila vinnumarkaðarins fyrir efnahagsþróunina er öllum ljós. Verkföll og aðrir árekstrar á vinnumarkaðnum leiða til óstöðugleika sem dregur úr sókn til bættra lífskjara. Aðgerðir sem stuðla að betri þekkingu á samfélagsmálum og vekja athygli á fleiri leiðum að því sameiginlega markmiði að bæta lífskjörin eru eitt af því sem er af hinu góða. Þetta hefur verið og er markmið með starfrækslu félagsmálaskóla alþýðu.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð öllu fleiri, en legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Mér finnst frv. þetta um margt býsna undarlegt. Við erum nú að fjalla um í félmn. Nd. frv. til l. um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Þar er ein grein svohljóðandi, með leyfi forseta: „Stofnkostnaður tónlistarskóla greiðist af stofnendum hans.“ Hér er hins vegar verið að fjalla um frv. þar sem lagt er til að fræðslustarfsemi á vegum almannasamtaka úti í bæ, ef svo má að orði komast um launþegahreyfinguna, sé greidd að meira og minna leyti af ríkissjóði. Hér er sem sagt verið að tala um að bæta enn einum pinklinum á ríkissjóð í starfsemi sem ekkert óeðlilegt er við að sé á höndum aðila utan hins opinbera kerfis og á þeirra kostnað.

Alþfl. er býsna ötull við það þessa dagana að koma með ný frumvörp um útgjöld fyrir ríkissjóð. Ég nefni hagstofnun landbúnaðarins sem er eitt af áhugamálum Alþfl. á þessu þingi að því er manni skilst, umhverfismálaráðuneyti og fleira í þessum dúr. Ég tel að þetta sé öfugþróun og að í þeirri stöðu sem ríkisfjármálin almennt eru í eigi menn að varast að binda ríkissjóði nýja bagga sem taka sig saman þótt hver og einn sé lítill og verða stórar fjárhæðir um síðir. En það er kannski ekki aðalatriðið í sambandi við þetta mál. Aðalatriðið finnst mér vera að það er óþarfi að setja lög um þessa starfsemi. Það þarf engin sérstök lög um félagsmálaskóla alþýðu. Það er ekkert sem bannar alþýðusamtökunum að halda úti slíkum skóla án sérstakra laga um það. Það eru engin lög um Stjórnunarskóla Íslands eða fjölmarga aðra aðila í þjóðfélaginu sem halda úti námskeiðahaldi og fræðslu sem er í grundvallaratriðum ekki ólík því sem hér er verið að fjalla um.

Ég held að það væri nær að huga að þessu atriði, auk þess sem það er ósamræmi í því að ætla til að mynda stofnendum tónlistarskólanna að greiða allan stofnkostnað þar en ríkissjóði að greiða stofnkostnað, heimavistarkostnað að 80% og allan rekstrarkostnað í skóla þessum sem hér er verið að tala um.

Ég skal ekki gera lítið úr því, herra forseti, að nauðsynlegt sé að efla fræðslu hjá alþýðusamtökunum á þeirra vegum og að gefa trúnaðarmönnum verkalýðsfélaganna og öðru fólki úr þeim samtökum kost á margs kyns fræðslu, en mér finnst engu að síður ærið kyndugt hvernig hlutverk þessa skóla er orðað, en í 2. gr. frv. segir, með leyfi forseta:

„Hlutverk skólans er að mennta fólk úr samtökum launafólks með það fyrir augum að efla sjálfstraust þess, þroska og hæfni til þess að vinna að bættum lífskjörum verkalýðsstéttarinnar.“

Ég hélt satt að segja að marxiskt orðalag frá 19. öld ætti ekki heima í íslenskum lögum árið 1989 og að orðalag eins og „verkalýðsstéttarinnar“ til aðgreiningar frá einhverjum hópum Íslendinga sé heldur vafasamt nú á dögum. Af hverju á ekki að vinna að bættum lífskjörum Íslendinga allra eða alls almennings?

Ég held að margt sem kemur fram í frv. og þessari greinargerð þurfi að athugast mun betur. Ég tel að það sé mikil spurning hvort fræðsla af þessu tagi eða skólahald af þessu tagi, ef frv. sem þetta yrði samþykkt, ætti heima í félmrn. en ekki í hinu almenna menntakerfi á vegum menntmrn. Hér er gert ráð fyrir skóla sem á að vera fyrir utan hið almenna fræðslukerfi og skólahald þar sem engin sérstök fræðsluskylda hvílir á ríkinu. Engu að síður tel ég vafasamt að halda úti slíkri starfsemi á vegum einstaks tiltekins fagráðuneytis. Það er að vísu þannig að til að mynda landbúnaðarskólarnir eru á vegum landbrn. En einmitt þetta með landbúnaðarskólana hefur verið umdeilt mál. Hér er þá verið að stofna til sams konar ágreinings um þetta atriði og verið hefur um þá skóla.

Ég skal ekki hafa uppi langa ræðu um þetta, herra forseti, en áskil mér allan rétt til þess að um þetta mál verði fjallað ítarlega í hv. félmn. og til kvaddir þeir aðilar sem gerst til þekkja. Það er ekki bara svo að hér sé verið að baka ríkissjóði skuldbindingu sem áætlað er að sé tæpar 30 millj. á hverju ári. Það eru líka ákveðin grundvallaratriði, sem ég hef lítillega

drepið á í sambandi við þetta mál, sem mér finnst að þurfi að kanna mun betur.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég kem hér upp í stól til að lýsa stuðningi við þetta mál. Það var svo að hv. 17. þm. Reykv. hafði ýmsar efasemdir um réttmæti þess að slíkur skóli yrði stofnaður. Ég er honum ekki sammála. Hann bar þetta t.d. saman við Stjórnunarskólann. Ég held að það sé á vissan hátt ekkert sambærilegt. Í Stjórnunarskólanum veit ég ekki betur en fólk þurfi að borga svimháar upphæðir fyrir námskeið og það nám sem það hlýtur. Þarna er verið að koma til móts við það fólk sem e.t.v. hefur minna fé milli handanna og þarf kannski enn frekar á almennri fræðslu að halda en þeir sem sækja Stjórnunarskólann.

Mér finnst mikilvægt í þessu frv. að við skipulag námsefnisins verði tekið tillit til þeirra sem á unga aldri áttu ekki kost á námi eða gátu af einhverjum orsökum ekki stundað nám. Oft er það líka svo að tímabundið áhugaleysi og/eða örðugleikar við að tileinka sér nám verða til þess að fólk dettur út úr námi eða hverfur frá námi. Þessir örðugleikar kunna einnig að vera tímabundnir en þegar fólk hverfur frá námi á ungum aldri er það oft svo að það treystir sér ekki vel að byrja aftur á ný. Ég vil einnig benda á að ungar stúlkur hverfa oft frá námi vegna barneigna. Síðan tekur lífsbaráttan við og þær verða að vinna fyrir sér og heimili og langur tími líður þangað til ráðrúm gefst á ný til náms þó að löngunin sé fyrir hendi.

Ég tel mjög nauðsynlegt að námsefni slíks skóla eins og þarna er verið að tala um sé þannig að það gagnist sem almenn menntun, auk þess sem það sé þann veg að efla félagsþroska fólks og veita því tækifæri til þeirrar fræðslu sem nauðsynleg er til að geta rækt félagslegt hlutverk sitt og tækifæri til þeirrar menntunar sem þarf til þess að berjast fyrir kjörum sínum. Þar á ég ekki síst við trúnaðarmenn verkalýðsfélaga sem þarna er líka ætlað að hljóti fræðslu. Ég tel mjög mikilsvert að auka fjölbreytni í framboði á fræðslu, ekki síst til þeirra sem hafa lent út af hefðbundnum námsleiðum. Þeir þurfa að eiga meira val um leiðir. Í verkalýðsstétt held ég að sé óumdeilanlega það fólk sem yfirleitt hefur skemmsta menntun hlotið í okkar þjóðfélagi og mér finnst að þessi skóli sé tilraun til að koma til móts við þarfir þess og möguleika þess til að halda á sínum málum. Ekki síst þess vegna finnst mér að þessi skóli sé nauðsynlegur. Það má vitanlega lengi deila um uppbyggingu hans og hvernig eigi að standa að henni, en ég trúi að um það verði þá fjallað í félmn. og fáist niðurstaða þar. En að svo komnu máli vil ég lýsa stuðningi við þetta mál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Efnisskrá.

Afnám ýmissa laga um iðnaðar- og orkumál (298. mál) 6188, 6208.
Almannatryggingar (300. mál, endurhæfingarlífeyrir) 6222.
Almannatryggingar (372. mál, tryggingaráð, stjórnir sjúkrasamlaga o.fl.) 6209.
Almannatryggingar (452. mál, endurskoðun laga) 6169.
Almennar stjórnmálaumræður (útvarpsumr.) 6060.
Alþjóðaþingmannasambandið (132. mál) 5806, 5866.
Alþjóðavinnumálaþingið í Genf 1988 (487. mál) 5806, 5866.
Brottfall laga á sviði menntamála (371. mál) 5859, 5863.
Efling atvinnu fyrir konur í dreifbýli (93. mál) 5801.
Endurbætur forsetasetursins á Bessastöðum (432. mál) 5858, 5862, 6012.
Erfðalög (208. mál, önnur erfð, óskipt bú o.fl.) 6187, 6207.
Evrópuráðið (484. mál) 5806, 5866.
Félagsmálaskóli alþýðu (430. mál) 5852, 5855, 6224.
Fiskeldisfyrirtæki (451. mál) 6155.
Fjáraukalög 1979 (160. mál) 6185.
Fjáraukalög 1981–1986 (143. mál) 6181.
Fjáraukalög 1987 (291. mál) 6186.
Happdrætti (354. mál) 6163.
Háskóli Íslands (224. mál, dómnefndir og veiting embætta) 5859, 5863, 6007.
Heimild til að leyfa Köfunarstöðinni hf. innflutning á skipum (419. mál) 5858, 5862.
Hornafjarðarós (386. mál) 6140.
Hreppstjórar (199. mál, skipun, aðsetur sýslumanns o.fl.) 6017, 6187.
Íslensk málnefnd (415. mál, nefndarmenn) 5857, 5862, 6010.
Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði (408. mál, fjárfestingar í öðrum atvinnurekstri) 6189, 6208.
Kjarasamningur ríkisins við Landssamband lögreglumanna (473. mál) 6167.
Lagmetisiðnaður (407. mál, hlutafjárframlög) 6189, 6208.
Lengd skólaárs og samfelldur skóladagur (89. mál) 5801.
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (405. mál, aðildarskilyrði o.fl.) 5855, 6008.
Lögregluannsókn hjá búfjáreigendum (382. mál) 6143.
Náttúruvernd (414. mál, landverðir) 6015, 6016.
Norræna ráðherranefndin 1988–1989 (494. mál) 5806, 5866.
Norrænt samstarf 1988–1989 (478. mál) 5806, 5866.
Ríkisprentsmiðjan Gutenberg (410. mál, stofnun hlutafélags) 6224.
Sameiginlegt forræði barna (491. mál) 6164.
Samningar um réttarstöðu skrifstofu ráðherranefndar Norðurlanda (422. mál) 6017, 6187.
Sjúkraliðar (229. mál, verkstjórn og starfsábyrgð) 5852.
Skipan gjaldeyris- og viðskiptamála (35. mál, vörukaupalán) 6056, 6190, 6207.
Skyldleiki íslenskra laxastofna (450. mál) 6150.
Sparisjóðir (244. mál, stjórn, hagsmunaárekstrar o.fl.) 6021, 6190, 6207.
Staða ríkissjóðs (388. mál) 6165.
Stimpilgjald (396. mál, hlutabréf) 5863, 6029.
Stjórnarskipunarlög (468. mál, breytingar á stjórnarskrá) 6029.
Tekjuskattur og eignarskattur (444. mál, eignarskattur eftirlifandi maka) 5865, 6029.
Tilhögun þingfundar 6016.
Tollalög (461. mál, aðaltollhöfn á Egilsstöðum) 6014, 6016.
Um þingsköp 5804 (fsp. um útflutning á ísfiski í gámum); 6128 (úrskurður forseta um takmörkun umræðna); 6171 (mistök í fundarstjórn, þinghald til þinglausna).
Umferðarlög (98. mál, forgangur hringvegarins) 6221.
Umferðarlög (460. mál, Bifreiðaeftirlit ríkisins) 6056, 6190.
Utanríkismál (482. mál) 5806, 5866.
Úrbætur í atvinnumálum kvenna (131. mál) 5803.
Úttekt á byggingum (337. mál) 6159.
Varamaður tekur þingsæti 6128.
Vaxtalög (239. mál, fjárfestingarlánasjóðir, dráttarvextir, okur o.fl.) 5857, 6191
Veiting ríkisborgararéttar (370. mál, síðara frv.) 5856, 6188, 6208.
Verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða (108. mál) 5802.
Viðskiptabankar (242. mál, bankaráð, hagsmunaárekstrar o.fl.) 6018, 6191, 6207.

EFRI DEILD

88. fundur, þriðjudaginn 2. maí, kl. 2 miðdegis.

Erfðalög, ein umr.

Stjfrv., 208. mál (önnur erfð, óskipt bú o.fl.). — Þskj. 973, brtt. 988.

Frsm. allshn. (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Deildinni hefur borist aftur frv. til l. um breyt. á erfðalögum, nr. 8/1962, með síðari breytingum, frá hv. Nd. eftir að gerðar hafa verið á frv. þrjár breytingar í meðferð þeirrar deildar:

Í fyrsta lagi við 3. gr. frv. þar sem um orðalagsbreytingu er að ræða, þ.e. það er annað tilvísunarform, „þess" komi í stað „hans".

Í öðru lagi við 15. gr. frv. um að í stað þess að lögin öðlist þegar gildi þá komi að lögin öðlist gildi frá 1. júní 1989, þannig að það liggi ljóst fyrir hver sú dagsetning er. Miklu máli skiptir að það sé skýrt m.a. vegna efnis 16. gr. þar sem gert er ráð fyrir að hin eldri lög gildi um þá sem látnir verða fyrir 1. júní nk. en ákvæði þessara laga, eins og gildistökutíminn ber með sér, gildi fyrir þá sem látast kunna eftir 1. júní nk.

En við breytingu hjá hv. Nd. við 16. gr. þá kom ekki nægilega skýrt fram að ákvæði hinna eldri laga gilda áfram um þá sem látnir eru fyrir 1. júní 1989. Þess vegna hefur allshn. þessarar deildar lagt fram brtt. á þskj. 988 um að fyrri efnismgr. 16. gr. orðist eins og þar segir og það er eingöngu til þess að gera alveg ótvírætt hvaða lög eiga að gilda um hverja.

Með þessari brtt. leggur nefndin til að frv. verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 988 samþ. með 13 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

Lagmetisiðnaður, 1. umr.

Stjfrv., 407. mál (hlutafjárframlög). — Þskj. 767.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga á þskj. 767 um breyting á lögum nr. 58 frá 4. júní 1981, um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins, með áorðnum breytingum, eins og þetta frv. kemur frá hv. Nd.

Þetta frv. er samið í iðnrn. Það er flutt til þess að veita Þróunarsjóði lagmetisiðnaðarins heimild til að eignast hlutabréf í starfandi hlutafélögum eða eiga aðild að stofnun nýrra hlutafélaga í því skyni að auka framleiðni, vöruþróun og markaðsstarfsemi í lagmetisiðnaði. Frv. er flutt m.a. í ljósi þeirra erfiðleika sem staðið hafa í lagmetisiðnaðinum að undanförnu af ástæðum sem ég ætla ekki að rekja hér en þingheimi er kunnugt um. En stjórn sjóðsins og sölusamtök lagmetis hafa mælst til þess að slík heimild verði veitt og mun hún geta komið að gagni til þess að styrkja fyrirtækin í þessari grein.

Ég ætla ekki að fjölyrða hér um þá erfiðleika sem upp komu í lagmetisiðnaðinum á liðnum vetri, en ég skipaði 17. febr. sl. sérstakan starfshóp til að kanna stöðu greinarinnar og benda á leiðir til þess að styrkja markaðsstöðu hennar. Á grundvelli tillagna þessa starfshóps fjallaði ríkisstjórnin síðan um málið á fundi sínum 7. mars sl. og samþykkti svo 14. sama mánaðar eftirfarandi aðgerðir sem ég ætla að rekja hér, með leyfi hæstv. forseta:

1. Að standa tímabundið straum af vaxtakostnaði vegna birgða og umbúða sem selja átti fyrirtækjunum Aldi og Tengelmann í Vestur-Þýskalandi.

2. Að veita 7 millj. kr. til samstarfsverkefnis sölusamtaka lagmetis og Útflutningsráðs til söluátaks á lagmeti af þessu tilefni.

3. Að skipuleggja og kosta sérstakt átak til að selja óseldar birgðir á markaði þar sem aðstoð utanrrn. gæti einkum komið að haldi og er þar einkum haft í huga að koma lagmeti í auknum mæli inn á markaði í Austur-Evrópu og í Austurlöndum fjær, einkum Japan.

Jafnframt þessum þríþættu aðgerðum hafa iðn.- og sjútvrn. beint því til sölusamtaka lagmetis, Ríkismats sjávarafurða og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins að þær taki upp formlegt samstarf til að gera átak til að bæta gæði framleiðslunnar í lagmetisiðnaðinum. Sölusamtökin hafa þegar stigið mikilvægt skref í þessu efni með stofnun sérstakrar tæknideildar á sínum vegum. Enn fremur er í gangi vinnuáætlun til að samræma íslenskt gæðaeftirlit á sviði lagmetis þeim sameiginlegu kröfum og stöðlum sem unnið er nú að í Evrópu vegna þróunar innri markaðar Evrópubandalagsins, en þá er stefnt að því að samræmdar kröfur gildi um gæði og gæðaeftirlit, umbúðir og efni sem leyfð eru í slíkri framleiðslu um gjörvalla Evrópu. Sérstakur hópur Ríkismatsins, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og sölusamtakanna vinnur nú að nánari stefnumótun um gæðamál.

Þróunarsjóður lagmetisiðnaðarins hefur á árunum 1987–1988 og það sem af er þessu ári veitt lán og styrki til vöruþróunar og til þess að bæta gæði framleiðslunnar í lagmetisiðnaði samanlagt að fjárhæð 5,3 millj., til þróunar og til þess að bæta gerð umbúða 4,8 millj. til þeirra hluta og til tæknideildar sölusamtakanna samanlagt 5,1 millj. Það er gert ráð fyrir auk þess að Þróunarsjóður lagmetis styrki gæðaátakið sem ég nefndi og nú er hafið. Höfuðáherslan í starfi sjóðsins hefur hins vegar verið á sviði markaðsmála en sjóðurinn hefur á liðnum árum veitt rúmlega 10 millj. árlega til þess að markaðssetja lagmeti og leggja lið við kynningu á því á vörusýningum og á annan hátt. Fjárhagsstaða sjóðsins er allsterk eins og fram

kemur í grg. þessa frv. Mér finnst því eðlilegt að gefa honum rýmri heimildir til að efla framleiðslu, vöruþróunar- og markaðsstarfsemi í lagmetisiðnaði með þeim hætti sem gerð er tillaga um í frv., þ.e. með beinni þátttöku í hlutafélögum.

Ég ætla ekki að fjölyrða frekar um þetta málefni en vildi láta þess getið að um það hefur tekist góð samstaða í hv. Nd. og óska eftir því að frv. fái skjóta meðferð í þingdeildinni til þess einkum að unnt verði að koma að liði á þennan hátt við þau fyrirtæki sem nú berjast í bökkum.

Að svo mæltu legg ég til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. iðnn. og 2. umr.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir það að það er brýn þörf á því að gera einhverjar ráðstafanir í sambandi við lagmetisiðnaðinn, sérstaklega í sambandi við sölu- og markaðsmál. Ég vildi gjarnan fá að spyrja hæstv. ráðherra að því hvort nú þegar sé verið að vinna að því að stofna einhver ákveðin fyrirtæki eins og fram kemur í 1. gr. frv. til laga sem hér er til umræðu, en þar segir:

„Heimilt er stjórn sjóðsins að leggja fram úr Þróunarsjóði lagmetisiðnaðarins hlutafé vegna stofnunar nýrra framleiðslu- eða markaðsfyrirtækja á sviði lagmetis . . .“

Ég vildi gjarnan vita hvort hér sé um einhver ákveðin fyrirtæki eða ákveðnar hugmyndir að ræða og þá vildi ég gjarnan vita hvaða aðilar þetta eru vegna þess að hér erum við að taka afstöðu af hálfu Alþingis til þess að heimila slíka þátttöku af hálfu hins opinbera. Einnig væri fróðlegt að fá að vita með hvaða hætti hæstv. ráðherra hugsar sér að Þróunarsjóður taki þátt í hlutafjáraukningu í starfandi fyrirtækjum í lagmetisiðnaði. Það væri fróðlegt að vita hversu víðtækt þetta á að vera og hugsanlega, ef ráðherra hefði svör við því, hvað hér er um mikla upphæð að ræða sem menn eru að hugsa um í sambandi við það að auka vöruþróun umfram það sem kom fram í máli ráðherra.

Síðan vildi ég gjarnan, ef ráðherra hefði tiltækt svar við því, fá að vita hver sé staða Þróunarsjóðsins í dag, hver sé höfuðstóll eða hvað sé mikið í sjóðnum.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 14. þm. Reykv. undirtektir hans við þetta frv. Vegna beinnar spurningar hans um það hvort á döfinni sé þátttaka þessa sjóðs ef heimild fæst til þess að taka þátt í stofnun ákveðinna hlutafélaga eða fyrirtækja, þá svara ég því náttúrlega þannig að að sjálfsögðu hafa engar slíkar skuldbindingar verið stofnaðar en aðilar sem standa að endurskipulagningu fyrirtækis sem heitir HIK á Húsavík hafa leitað til iðnrn. um þátttöku í takmörkuðum mæli, með hlutafé eða víkjandi lánsfé í félagi sem á að taka við rekstri þess fyrirtækis sem hefur átt í miklum erfiðleikum. En ég tek það fram að það yrði þá sem þáttur í víðtækri fjárhagslegri endurskipulagningu og aukningu eigin fjár sem að mestu leyti kæmi frá heimamönnum. Það tel ég einmitt vera gott dæmi um það að þessi sjóður gæti orðið að liði, einmitt með því að leggja fram takmarkaða hlutdeild í eiginfjáraukningu í fyrirtækjum sem svo er ástatt um, en um það fyrirtæki má líka segja að hið nýja fyrirtæki mundi einbeita sér að nýrri framleiðslu, einkum niðurlagningu á lifur sem talið er að fyrirtækið geti átt mikla möguleika til þess að heyja sér markað fyrir.

Þetta vildi ég segja vegna beinnar spurningar hv. þm. Að öðru leyti vegna spurningar hans um það hvort ráðgerð sé þátttaka í starfandi hlutafélögum þá er það ekki á döfinni umfram það sem ég lýsti hér. Þar er náttúrlega á mörkum hvort um starfandi félag er að ræða eða algjörlega nýja félagsstofnun.

Í þriðja lagi spurði hv. þm. um það hver væri fjárhagsstaða sjóðsins. Það kemur fram í grg. frv. Ég hef það því miður ekki handbært en mig minnir að eignir sjóðsins séu núna um 75 millj. kr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til iðnn. með 13 shlj. atkv.

Samningar um réttarstöðu skrifstofu ráðherranefndar Norðurlanda, 1. umr.

Stjfrv., 422. mál. — Þskj. 782.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta samninga um réttarstöðu skrifstofa ráðherranefndar Norðurlanda og stjórnarnefndar Norðurlandaráðs og um réttarstöðu samnorrænna stofnana.

Samningurinn um réttarstöðu skrifstofa ráðherranefndar Norðurlanda og stjórnarnefndar Norðurlandaráðs var undirritaður í Osló 13. maí 1987. Samningurinn er birtur sem fskj. 1 með lagafrumvarpi þessu.

Með samningnum er skrifstofunum veitt sjálfstæð réttaraðild með sömu lögaðild og aðrir lögaðilar í landinu þar sem þær eru staðsettar. Jafnframt njóta þær friðhelgi. Í samningnum eru ákvæði um réttarstöðu starfsliðs skrifstofanna, skattgreiðslur, tollfrelsi, lífeyrissjóðsréttindi o.s.frv. Jafnframt eru ákvæði um að fastráðnir ríkisstarfsmenn sem gegna tímabundnu starfi á skrifstofunum fái leyfi frá störfum þann tíma sem ráðningin varir eða allt að átta árum.

Við gildistöku samningsins fellur úr gildi samningur frá 12. apríl 1973 um skrifstofu ráðherranefndar Norðurlanda og réttarstöðu þeirra, með breytingu frá 22. nóv. 1984, ásamt viðbótarbókun frá 15. maí 1973 um skrifstofu stjórnarnefndar Norðurlandaráðs og réttarstöðu hennar og viðbótarbókun frá 22. nóv.

1984. Talið er því rétt að lög nr. 92/1973, sem veittu samningnum frá 12. apríl 1973 lagagildi, verði felld úr gildi.

Samningurinn milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um réttarstöðu samnorrænna stofnana og starfsfólks þeirra var undirritaður af samstarfsráðherrum Norðurlanda 9. des. 1988 í Stokkhólmi. Samningurinn er birtur sem fskj. 2 með lagafrumvarpi þessu.

Samningurinn leysir af hólmi Norðurlandasamning um réttarstöðu starfsfólks við samnorrænar stofnanir sem undirritaður var í Reykjavík 31. jan. 1974.

Í samningnum er samnorræn stofnun skilgreind og henni veitt sjálfstæð réttaraðild sem öðrum lögaðilum í landinu þar sem hún hefur aðsetur en í eldri samningnum var aðeins fjallað um réttarstöðu starfsfólks samnorrænna stofnana. Valdsvið samningsins er því mun víðtækara en í samningnum frá 1974.

Í samningnum er jafnframt gætt samræmis við samning um réttarstöðu skrifstofa ráðherranefndar Norðurlanda og stjórnarnefndar Norðurlandaráðs.

Samningurinn nær til 43 norrænna stofnana. Þar af eru tvær staðsettar á Íslandi, þ.e. Norræna húsið og Norræna eldfjallastöðin.

Með lagafrumvarpi þessu fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili staðfestu samninganna beggja og veiti þeim lagagildi hér á landi.

Virðulegi forseti. Allshn. Nd. skilaði nál. um þetta mál og lagði til einróma að frv. yrði samþykkt óbreytt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, 1. umr.

Frv. GGÞ og IBA, 35. mál (vörukaupalán). — Þskj. 37.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Það þmfrv. þeirra Guðmundar G. Þórarinssonar og Inga Björns Albertssonar sem hér kemur til meðferðar í hv. Ed. frá Nd. er hið athyglisverðasta mál og ég vil lýsa yfir stuðningi við það. Ég vil vekja athygli hv. þingdeildarmanna á því að ég hef frá áramótum þegar heimilað allt að 90 daga greiðslufresti við innkaup á frílistavörum frá útlöndum, en markalínan milli greiðslufrests á vörum og erlendrar lántöku er ekki alveg ljós. Í framkvæmd er þetta mark nú sett við 90 daga þótt reyndar séu veittir lengri greiðslufrestir á ýmiss konar annan varning en dagvöru og það sem ég vildi hér gera að tillögu minni og kemur fram á brtt. sem dreift hefur verið á þskj. 978 er eingöngu að kveða skýrar að orði í orðalagi þessarar tillgr.

Ég vildi vekja athygli þingdeildarmanna á því að í þessari brtt. er eingöngu bætt við tilvísunarsetningu í síðasta málslið fyrri málsgreinar tillögunnar, þar sem segir áður: „Greiðslufrestur á vörum fellur ekki undir þetta ákvæði.“ Þar legg ég til að sagt verði: „Greiðslufrestur á vörum sem innflytjandi tekur án ábyrgðar banka eða annarra fjármálastofnana.“ En ég hef fylgt þeirri meginreglu að binda almenna notkun greiðslufrests því skilyrði að hann sé ekki tryggður með ábyrgð banka, sparisjóðs, tryggingafélags eða fjárfestingarsjóðs, hvað þá ríkissjóðs. Þetta skilyrði hefur að mínu áliti gefið góða raun og orðið til þess að fyrirtæki með sterka viðskiptastöðu og góð viðskiptasambönd geta notfært sér ódýra gjaldfresti á eigin ábyrgð frá seljendum margs konar erlendrar vöru, en þarna hefur þá ekki skapast þrýstingur á banka eða aðrar stofnanir sem ég hef nefnt til þess að standa þar að baki með tryggingum. Ég tel að slíkt skilyrði eigi að vera áfram í gildi, þ.e. að rýmkun greiðslufrests verði ekki til þess að auka á beina eða óbeina ábyrgð ríkisins eða ríkisstofnana.

Ég vildi láta það koma hér fram að það spáðu því ýmsir að afleiðingar þessarar auknu heimildar frá áramótum yrðu þær að vörukaupaskuldirnar mundu stórhækka. Sumir sögðu að þær mundu tvöfaldast. Þetta fór alls ekki þannig. Reynslan fyrstu þrjá mánuðina er sú að vörukaupaskuldirnar hafa aukist um kannski fimmtung við það að þessi almenna heimild til þess að taka þriggja mánaða lán á eigin ábyrgð var veitt. Á móti hafa svo kaupendur vörunnar að sjálfsögðu notið hagkvæmari greiðslukjara sem hefur dregið úr verðhækkunum eða beinlínis komið fram í lægra vöruverði en ella.

Þessa viðbótartillögu flyt ég hér auk þess sem ég legg til að reglurnar sem viðskrn. setur að höfðu samráði við Seðlabankann um erlendar lántökur og mörkin milli þeirra og greiðslufrests á vörum verði skýrð með reglugerð, þ.e. ég bæti við síðari málsgrein tillgr. orðunum: „og um mörkin milli þeirra og greiðslufrests á vörum.“ Þetta tel ég nauðsynlegt. Mér virðist að greiðslufrestur í venjulegum skilningi þess orðs geti numið allt að einu ári eftir atvikum og ég mun stefna að því að þær reglur sem settar yrðu mundu taka mið af því, enda er það eitt af þeim atriðum sem eru í áætlun efnahags- og fjármálaráðherra Norðurlanda um rýmkun gjaldeyrisviðskipta og fjármagnshreyfinga við önnur lönd að yfirleitt verði greiðslufrestir allt að einu ári frjálsir í hreyfingum milli landa. Það er stefna sem ég styð, en ég tel að slíkar lántökur, slíkir greiðslufrestir eigi eingöngu að vera teknir á eigin ábyrgð viðskiptaaðilanna.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

EFRI DEILD

89. fundur, þriðjudaginn 2. maí,
að loknum 88. fundi.

Endurbætur forsetasetursins á Bessastöðum, 2. umr.

Stjfrv., 432. mál. — Þskj. 792, n. 985.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar hefur fjallað um 432. mál, þ.e. frv. til l. um endurbætur og framtíðaruppbyggingu forsetasetursins á Bessastöðum. Nál. er að finna á þskj. 985.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það kom frá Nd.

Tveir hv. nefndarmanna voru fjarverandi við lokaafgreiðslu málsins, þau Valgerður Sverrisdóttir og Júlíus Sólnes. Ég veit hins vegar ekki annað en að þau séu samþykk þessu. Svo var og Danfríður Skarphéðinsdóttir sem sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi.

Undir nál. rita auk þess sem þetta mælir Margrét Frímannsdóttir, Halldór Blöndal, Eyjólfur Konráð Jónsson og Jóhann Einvarðsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.–8. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu, 2. umr.

Frv. HBl o.fl., 83. mál (undanþága öryrkja frá skatti). — Þskj. 85, n. 987.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Hér er um að ræða frv. til l. til breytinga á lögum um þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu.

Nefndin hefur haft þetta frv. alllengi til meðferðar, til ítarlegrar skoðunar. Það hefur m.a. verið sent Fjárlaga- og hagsýslustofnun til umsagnar varðandi áætlað tekjutap, verði frv. að lögum. Það hefur komið í ljós að það er mjög óverulegt og að höfðu góðu samráði við hæstv. fjmrh. leggur nefndin til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Undir nál. rita hv. þm. Margrét Frímannsdóttir, Valgerður Sverrisdóttir, Júlíus Sólnes, Eyjólfur Konráð Jónsson og Halldór Blöndal, en Eiður Guðnason og Jóhann Einvarðsson voru fjarverandi við lokaafgreiðslu málsins. Nefndin mælir sem sagt með því að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Verkfræðingar, 2. umr.

Stjfrv., 409. mál (landslagshönnuðir). — Þskj. 769, n. 994.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. iðnn. (Karl Steinar Guðnason):

Herra forseti. Iðnn. hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt. Eins og fram kemur í nál. felur frv. í sér að orðið „landslagshönnuður“ verði lögverndað starfsheiti.

Nefndin hélt nokkra fundi um frv. og komu þeir Þráinn Hauksson og Einar Sæmundsson frá Félagi ísl. landslagsarkitekta (FÍLA) til viðræðna við nefndina. Fram kom að aðrir faghópar, sem starfa á sama grundvelli og landslagshönnuðir, hafa þegar fengið starfsheiti sitt lögfest. Af þeirri ástæðu telur nefndin rétt að umræddur faghópur verði ekki undanskilinn. Nefndin telur hins vegar komið í óefni hvað varðar lögverndun starfsheita og leggur á það þunga áherslu að við endurskoðun byggingarlaga, sem nú er unnið að, verði gerð róttæk breyting í þessum efnum. Nefndin er sammála um að stefna eigi að því að afnema lögverndun starfsheita.

Það kemur fram í nál. að vegna þess að þetta er sá eini starfshópur sem ekki hefur þessa lögverndun þá þótti mönnum ekki fært að taka þá eina út úr eða skilja þá eina eftir. Þess vegna er samþykkt að af þessu verði nú. En eins og segir í lok nál. telja nefndarmenn að brýn nauðsyn sé á því að farið verði í þessi mál á róttækan máta og við Íslendingar förum sömu leið og gerist í nágrannalöndunum og Bandaríkjunum. Það er verið að hverfa frá lögverndun starfsheita þar sem það var, en í Bandaríkjunum hefur þetta aldrei komið til. Við teljum að hæfni einstaklingsins til að vinna verkin eigi að ráða, en ekki veita einstökum starfshópum sérréttindi sem oft á tíðum og kannski oftast verða til þess að aðrir eru útilokaðir, jafnvel mjög hæfir aðilar.

Niðurstaðan er sú að mæla með samþykkt frv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3..umr. með 12 shlj. atkv.

Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, 2. umr.

Stjfrv., 312. mál. — Þskj. 573, n. 997, brtt. 998.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. iðnn. (Karl Steinar Guðnason):

Herra forseti. Iðnn. hefur fjallað um frv. og mælir með samþykkt þess. Jafnframt leggur nefndin fram nokkrar brtt. við frv. Það voru haldnir allmargir fundir um það og fengnir til viðræðu þeir Halldór Jón Kristjánsson og Páll Líndal frá iðnrn., Guðjón Jónsson, starfsmaður endurvinnslunefndar, Ingimar Sigurðsson frá heilbr.- og trmrn., Ágúst Þór Jónsson verkfræðingur, Davíð Ólafsson frá Félagi ísl. iðnrekenda og Ásgeir Einarsson frá Sindrastáli.

Í brtt. eru pappírsvörur undanskildar og það er sett verðbreytingarákvæði í 1. gr.

Í 2. gr. frv. var óbundin heimild ríkissjóðs til að gerast aðili að því hlutafélagi sem ætlunin er að stofna, en í brtt. er hlutafé sem ríkinu er heimilt að leggja í fyrirtæki bundið við 12 millj. kr. Er það reiknaður hlutur ríkisins í því fyrirtæki sem stendur til að stofna og er hlutafé áætlað samtals 30 millj.

Þá er það nýtt að í 3. gr. er kveðið á um það að leitað verði samstarfs við þá aðila sem aðstöðu hafa til úrvinnslu umbúðanna finnist þeir aðrir en hlutafélagið.

Samstaða er um þessar breytingar og skrifa allir nefndarmenn undir en Júlíus Sólnes var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Niðurstaðan er sú að mæla með samþykkt frv. og brtt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 998,1 (ný 1. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 998,2 samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 998,3 samþ. með 13 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
4.–6. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Söluskattur, 2. umr.

Frv. MF, 456. mál (vélar til garðyrkju). — Þskj. 816, n. 986.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 986 um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, en þar er um það að ræða að við bætist nýr töluliður sem orðist svo: „Sérhæfðar vélar og tæki til garðyrkju eftir nánari ákvörðun fjármálaráðherra."

Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um málið og nefndin leggur til að það verði samþykkt óbreytt. Valgerður Sverrisdóttir og Júlíus Sólnes voru fjarverandi við lokaafgreiðslu frv. Danfríður Skarphéðinsdóttir er sammála áliti nefndarinnar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg, 1. umr.

Stjfrv., 410. mál (stofnun hlutafélags). — Þskj. 770.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga á þskj. 770 um stofnun hlutafélags um ríkisprentsmiðjuna Gutenberg eins og þetta frv. kemur frá hv. Nd.

Frv. miðar að því að gera ríkisprentsmiðjuna að hlutafélagi en með þeim hætti að öll hlutabréfin verði í eigu ríkissjóðs. Komi til sölu á hlutabréfum í fyrirtækinu yrði slíku máli vísað til þingsins og salan ekki ákveðin nema með samþykki Alþingis eins og greinir í 4. gr. frv. Hér er því eingöngu um formbreytingu á rekstrinum að ræða og við þá formbreytingu breytast m.a. nokkrir þættir sem varða starfsumhverfi fyrirtækisins sem ég ætla hér aðeins að drepa á:

1. Ábyrgð ríkissjóðs á rekstrinum mun hér eftir takmarkast við hlutafjáreignina.

2. Fjárhagsleg ábyrgð stjórnenda fyrirtækisins verður skýrari og verksvið stjórnar og framkvæmdastjóra skilgreint í hlutafélagalögum og fer eftir sömu reglum og gilda í venjulegum prentsmiðjurekstri.

3. Fyrirtækið mun engrar sérstöðu njóta umfram önnur fyrirtæki í greininni, ekki heldur hvað varðar skattgreiðslur.

4. Reksturinn verður sveigjanlegri, t.d. hvað varðar heimildir til fjárfestingar, sem fyrirtækið mun þá taka um sjálfstæðar ákvarðanir eftir eigin aðstæðum og fjárhag en ekki með samþykkt á Alþingi.

5. Ríkisprentsmiðjan mun, ef þetta frv. verður að lögum, lúta sömu almennu starfsreglum og flest önnur atvinnufyrirtæki í landinu, þ.e. um rekstur þess fer eftir hlutafélagalögum.

Ég ætla ekki hér í þessari hv. þingdeild að setja á langa ræðu um kosti þess að velja hlutafélagsformið fyrir atvinnurekstur eins og prentsmiðjurekstur en ég vísa til þess sem segir um málið í grg. með frv. Ég vil einungis benda á að í flestum nágrannalanda okkar, og sérstaklega þeim sem við berum okkur oftast saman við, er þessi tilhögun á rekstri sem ríkið stundar í atvinnustarfsemi því sem næst meginregla, þ.e. það form sem ríkið hefur á þeim atvinnurekstri sem það stundar er yfirleitt hlutafélag. Sérstaklega virðist mér það eðlilegt að þetta fyrirkomulag sé haft á rekstrinum þegar um er að ræða rekstur sem í raun og veru er rekinn í samkeppni við einkaaðila sem reka sams konar eða mjög svipaðan rekstur. En ríkisprentsmiðjan er á hinn bóginn þannig fyrirtæki að það er eðlilegt, vegna trúnaðar í rekstri hennar og af ýmsum öðrum ástæðum, að ríkið eigi hana að öllu leyti en hins vegar séu starfsskilyrðin sem líkust því sem verður í öðru prentverki á Íslandi.

Svo ég endurtaki, þá er í þessu frv. lagt til að ríkisstjórnin beiti sér fyrir stofnun hlutafélagsins Prentsmiðjan Gutenberg hf. sem taki við rekstri ríkisprentsmiðjunnar frá 1. jan. á næsta ári. Í því skyni verði ríkisstjórninni gert heimilt að leggja prentsmiðjuna sjálfa ásamt öllu fylgifé til hlutafélagsins og láta jafnframt fara fram mat á eigum ríkisprentsmiðjunnar til viðmiðunar við ákvörðun hlutafjárins. Það verður hlutverk þessa félags, ef frv. verður að lögum, að annast prentverk fyrir Alþingi, fyrir Stjórnarráðið og ríkisstofnanir. Félaginu er einnig rétt að annast almennt prentverk og skylda starfsemi samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum hins væntanlega hlutafélags. Stofnfund í hlutafélaginu skal halda samkvæmt frv. ekki seinna en þremur mánuðum eftir gildistöku laganna og skal þar leggja fram drög að stofnsamningi og samþykktum fyrir félagið.

Um málefni ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg sem hefur verið í eigu ríkisins frá því árið 1930 hafa aldrei verið sett sérstök lög. Meginverkefni fyrirtækisins hafa ætíð verið prentverk fyrir Alþingi, Stjórnarráðið, ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki.

Til marks um það hvernig háttað er hlutdeild þessara verkefna í rekstrinum var það svo að árið 1987 voru 95% af öllum verkum í prentsmiðjunni unnin fyrir opinbera aðila. Einmitt vegna þess hversu bundinn þessi rekstur er við þarfir þings og stjórnar tel ég eðlilegt að ríkið eigi fyrirtækið að öllu leyti þótt rekið verði í hlutafélagsformi.

Fyrirtækið hefur frá stofnun iðnrn. 1969 heyrt undir það ráðuneyti og iðnrh. hefur skipað forstjóra fyrirtækisins. Nú er lagt til í frv. að iðnrh. fari með eignarhlut ríkisins í félaginu sem verður eini hluthafinn í upphafi.

Ég tel ekki þörf á því að hafa fleiri orð um þetta efni en ítreka að hér er aðeins lögð til formbreyting á rekstri Gutenberg út frá því einfalda og sjálfsagða meginsjónarmiði að eðlilegt sé að fyrirtækjum í atvinnurekstri í eigu ríkisins sé settur sami almenni starfsrammi og flestum öðrum stærri atvinnufyrirtækjum í landinu, þ.e. að þau starfi eftir ákvæðum hlutafélagalaga og njóti ekki forréttinda en vegna sérhæfðra verkefna þessa fyrirtækis tel ég jafnsjálfsagt að ríkið eigi öll hlutabréfin.

Að endingu legg ég svo til, virðulegi forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. iðnn. og 2. umr.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Þetta mun ekki vera í fyrsta skipti sem frumvörp um að breyta ríkisfyrirtækjum yfir í hlutafélög koma hér fyrir hv. deild, en rökin, ef rök skyldi kalla, sem færð eru fyrir því að gera ríkisfyrirtæki að hlutafélögum eru hin sömu, að þessi fyrirtæki þurfi að fá á sig hlutafélagastjórn, hlutafélagaform, og það samræmist betur almennum rekstri í þjóðfélaginu.

Nú er það svo með þetta fyrirtæki sem hér um ræðir að ætlast er til að það sinni og það hefur nærri eingöngu sinnt ríkisverkefnum og samkvæmt því sem hæstv. ráðherra sagði hér er enn ætlast til að svo verði. Það eru vitaskuld mjög mikil fríðindi og sérstök aðstaða fyrir eitt fyrirtæki að njóta þess að prenta og sinna prentstörfum ríkisins og ég sé ekki og hef alls ekki heyrt þau rök sem mæla með því að gera ríkisfyrirtæki, fyrirtæki ríkisins sem sinna störfum ríkisins eða eru að einhverju leyti einokunarfyrirtæki eins og þetta er raunverulega með því að hafa meginhluta ríkisprentunar á sínum höndum, að hlutafélögum.

Mér sýnist breytingin vera sáralítil. Iðnrh. fer enn með eignarréttinn og meiningin er sú að hlutabréf öll verði í eigu ríkisins. Iðnrh. fer nú með stjórn fyrirtækisins, skipar forstjóra þess. Ég sé ekki mikinn mun annan en þann að þessu hlutafélagi verður sjálfsagt kosin stjórn sem verður að öllum líkindum undir flestum kringumstæðum skipuð eftir ósk iðnrh. Ég sé ekki að þarna þurfi öðru að breyta en því að þetta ríkisfyrirtæki verði með stjórn sem iðnrh. í þetta eða hitt skiptið skipar. Lýðræðislegra væri þó að breyta því á þann veg að Alþingi kysi menn í stjórn og að það væru samþykkt lög um þetta ríkisfyrirtæki sem kannski ýmis önnur á þann veg að ríkið ætti fyrirtækið og Alþingi kysi stjórnina.

Ég þarf að heyra einhver ákveðin rök fyrir því að það sé eingöngu formsins vegna nauðsynlegt að gera þessa hluti sem hér er verið að leggja til. Ég hef ekki fundið fyrir neinu eða heyrt neitt um það sem gerir rekstur fyrirtækisins hagkvæmari eða betri á einn eða neinn máta.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Örstutt athugasemd vegna þess sem fram kom í máli hv. 4. þm. Vesturl. Ég ætla ekki að endurtaka þau rök sem ég vísaði til í minni framsöguræðu. Þó ætla ég að telja upp nokkur mikilvæg atriði sem ég tel að styðji þá breytingu sem hér er gerð tillaga um.

Það er í fyrsta lagi að jafnræði sé með fyrirtækjum sem stunda sama eða náskyldan rekstur, þau starfi við sömu skilyrði hvað varðar skatta og skyldur. Það er fyrsta atriðið.

Í öðru lagi að einmitt vegna þess að þetta fyrirtæki hefur setið og situr því nær eitt að prentverkum fyrir þing og stjórn verði veitt aðhald að þeim kostnaði með því að gera þá kröfu til fyrirtækisins að það starfi við sömu skilyrði í samkeppni við aðra. Reyndar tel ég að það sé í samkeppni því ríkisstofnanir geta leitað annað og þá er líka eðlilegt að það sitji við sama borð. Það er visst aðhald frá arðkröfu af því fé sem bundið er í rekstrinum.

Í þriðja lagi vil ég benda á, eins og ég reyndar hef aðeins vikið að, að hér er ekki um einokunarfyrirtæki að ræða í krafti laga eða tilskipana frá ríkisvaldinu. Þegar svo háttar er það alveg rétt hjá hv. þm. að orka kann tvímælis hvort rétt sé að breyta rekstrinum og nærtækasta dæmið um það er sementsverksmiðjan á Akranesi. Þó orkar það eins og ég sagði tvímælis. Sumt mælir mjög með því að breyta þeim rekstri í hlutafélagsform, einkum til þess — og ég endurtek — einkum til þess að auka ítök heimamanna, gera fyrirtækið tengdara sínum stað, sínu héraði og sinni byggð svo það þjóni betur þeim mönnum sem beinlínis þar starfa og fólkinu sem er í kringum það. Þetta er ekki einhlítt, ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð. Bendi eingöngu á í lok þessarar athugasemdar að um þetta mál tókst góð samstaða í hv. Nd. og einnig í hv. iðnn. þeirrar deildar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til iðnn. með 12 shlj. atkv.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. MB, 300. mál (endurhæfingarlífeyrir). — Þskj. 992.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 12 shlj. atkv.

Stjórn fiskveiða, 1. umr.

Frv. ÞK o.fl., 459. mál (heildarlög). — Þskj. 820.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um stjórn fiskveiða. Flutningsmenn þessa frumvarps eru ásamt mér þeir hv. 8. þm. Reykv. og hv. 7. þm. Reykn.

Hér er um að ræða hið mikilvægasta mál þar sem það varðar grundvöll sjávarútvegs landsmanna. Fiskveiðar eru undirstöðuatvinnuvegur þjóðarinnar og hlýtur svo að vera um ófyrirsjáanlega framtíð. Fiskimiðin umhverfis landið eru sú auðlind sem allt veltur á. Þessi fiskimið eru grundvöllur búsetu í landinu, velferðarríkisins og fjárhagslegs fullveldis þjóðarinnar. Nauðsyn krefur að nýta þessa auðlind af kostgæfni og varúð. Óheft sókn í þessa auðlind leiðir þegar til lengdar lætur til ofnýtingar á fiskstofnunum. Það verður að vernda fiskstofnana en jafnframt þarf að stuðla að hámarksnýtingu þeirra og hagkvæmum rekstri sjávarútvegs fyrir land og þjóð. Til þess þarf að koma stjórn fiskveiða.

En það er ekki sama hvaða skipan er á stjórn fiskveiða. Því er lagt fram það frv. sem við nú ræðum. Með frv. þessu er lögð til gagngerð breyting frá því sem verið hefur. Það er um að ræða grundvallarbreytingu. Það er lagt til að hverfa frá núverandi kvótakerfi.

Með lögum nr. 82 frá 28. des. 1983 urðu þáttaskil í stjórn fiskveiða. Áður hafði sjútvrh. vald til þess að ákveða heildarkvóta ef fiskstofn var hættulega ofveiddur og viðkoma hans því í yfirvofandi hættu. Með lögunum frá 1983 var ráðherra auk þess veitt heimild til að skipta heildarafla milli einstakra skipa og er það sú skipan sem nefnd hefur verið kvótakerfi. Þessi lög voru sett til bráðabirgða í tilraunaskyni og giltu árið 1984. Lögin voru síðan endurnýjuð fyrir árið 1985. Enn var þessi nýskipan um aflatakmörk á einstök skip framlengd um tvö ár og síðan um þrjú ár og eiga nú samkvæmt þessu að gilda til ársloka 1990.

Tilgangur þessarar nýju skipunar um aflakvóta á skip var yfirlýstur sá að koma mætti við betri stjórn og takmörkunum á fiskveiðum. Eftir fimm ár sýnir nú reynslan ótvírætt hvaða árangri kvótakerfið hefur skilað. Megintilgangur þessa kerfis hefur ekki náðst. Við flm. frv. teljum því að ekki dugi annað en að taka upp nýja skipan um stjórn fiskveiða.

En í hverju hefur þá kvótakerfið brugðist? Til að svara þessu verður að hafa í huga að undirrót vandans sem við hefur verið fengist á undanförnum árum er of mikil sóknargeta fiskiskipastólsins. Þessi sóknargeta hefur boðið heim ofnýtingu fiskstofnanna, einkum þorsks. Við þessu kemur ekki nema tvennt til. Annaðhvort verður að setja hömlur á hagnýtingu fiskiskipanna eða fækka þeim. Gefur auga leið að hagkvæmara er fyrir þjóðarbúið að binda ekki meiri verðmæti í fiskiskipum en nauðsyn krefur til fullnýtingar fiskstofnanna. Hagkvæmara er að fara þá leið að takmarka fjárfestingu við þörfina fremur en að

takmarka not þeirra fjárfestinga sem stofnað er til umfram þarfir.

Það alvarlegasta er að kvótakerfið hefur ekki stuðlað að æskilegri þróun í þessu efni. Í stað þess að minnka sóknargetu fiskiskipastólsins hefur hún aukist þann tíma sem kvótakerfið hefur verið við lýði. Þetta er ótvírætt samkvæmt upplýsingum á fskj. I með frv. frá Siglingamálastofnun ríkisins fyrir tímabilið 1984 til 1988 þar sem greint er frá flokkun skipastólsins eftir stærð, breytingum sem orðið hafa á tímabilinu og varða fjölda skipa, rúmlestafjölda, nýsmíði, stækkun og endursmíði og úreldingu. Það kemur í ljós að fiskiskipum hefir samtals fjölgað um 121 og smálestatala þeirra aukist um 9879, auk þess sem opnum vélbátum fjölgaði um 162 og smálestatala þeirra jókst um 1725. Þannig hefur fiskiskipastóllinn aukist frá því að kvótakerfið kom til og afkastageta hans langt fram úr því sem aukning smálestatölu bendir til. Það hefur sýnt sig að í kvótakerfinu er innbyggður hvati til að halda á floti hverju fleyi því að hvert haffært skip á sinn útdeilda skammt af afla, hversu óhagkvæmur sem rekstur þess kann að vera, og ekki er svo hrörlegt skip að ekki gagnist til að hljóta úthlutun á veiðiheimild sem hagnýta má sem söluvöru, ef ekki vill betur til.

Það hefur verið fátt til varnar gegn þessari aukningu á sóknargetu fiskiskipastólsins. Þetta hefur leitt til þeirrar öfugþróunar að fiskiskipastóllinn hefur stöðugt orðið vannýttari. Blasir þetta hvarvetna við og kemur t.d. skýrt fram í reglugerð um stjórn botnfiskveiða 1989 þar sem úthaldsdagar togara á sóknarmarki eru ákveðnir 245 á árinu. Vitað er að togarar á aflahámarki þurfa ekki svo marga daga til að ná sínum leyfilega afla. Hér er orðin mikil breyting til hins verra frá því sem áður var þegar úthaldsdagar togara voru að jafnaði 330 til 360 á ári. Gefur auga leið að þetta ástand er óþolandi fyrir rekstur útgerðarinnar. Þjóðhagslega er ástandið óviðunandi þegar svo er komið að framleiðslutæki sem fjárfest hefur verið í má ekki nota nema þriðjung úr ári.

Þá bætir ekki úr skák að ekki hafa skilað árangri þessar miklu takmarkanir á hagnýtingu skipastólsins sem ætlað var að tryggja framkvæmd fiskveiðistefnu til verndar fiskstofnunum. Fiskveiðistefnan hefur sýnt sig í fullkomnu haldleysi. Í skýrslu Fiskifélags Íslands á fskj. II með frv. er að finna upplýsingar um veiði helstu botnfisktegunda. Þar má sjá tillögur sem fiskifræðingar gerðu um veiði hvers árs, ákvörðun stjórnvalda um leyfilegan heildarafla og þá veiði sem raunverulega átti sér stað. Kemur þá í ljós að á kvótatímabilinu hefur stjórnunaraðferðin ekki dugað til að fylgt væri þeim veiðitakmörkunum sem stjórnvöld höfðu ákveðið. Á árunum 1984 til 1988 fór veiði þorsks árlega 54 til 73 þús. smálestir fram úr því sem stjórnvöld höfðu ákveðið. Þetta segir að veiðin hafi þessi ár farið 17,5% til 29,2% fram yfir það sem ákveðið hafði verið. Hér er um að ræða öll fimm árin sem kvótakerfinu hefur verið beitt.

Reynslan af kvótakerfinu segir sína sögu. Kvótakerfið er ekki til þess fallið að koma í veg fyrir ofnýtingu fiskstofnanna, hvort heldur er með því að minnka sóknargetuna með fækkun skipa eða veiðitakmörkunum á hvert skip. Það orkar ekki tvímælis að kvótakerfið þjónar ekki þeim tilgangi sem því var ætlað heldur þvert á móti. Kvótakerfið er haldlaus aðferð við stjórn fiskveiða til að stuðla að verndun fiskstofnanna og hagkvæmum rekstri sjávarútvegs fyrir land og þjóð.

Það er ekki að ófyrirsynju að umræðan um kvótakerfið beinist tíðum að endurbótum á kerfinu. Er þá talað um að sníða annmarkana af kvótakerfinu. En slík viðleitni er vonlaus því að gallarnir felast í miðstýringunni sem er aftur kjarni kvótakerfisins. Meðan kvótakerfið er við lýði byggist framkvæmd þess af þeim ástæðum á miðstýringu. Það má hugsa sér þess vegna að halda kvótakerfinu með því að stíga miðstýringarskrefið til fulls. Það þýðir að með stjórnvaldsráðstöfunum sé séð um að sóknargetan verði ekki meiri en þarf til að fullnýta fiskstofnana. Þetta merkir í framkvæmd að komið verði á ströngu skömmtunarkerfi þar sem stjórnvöld ákveði hvað fiskiskipastóllinn skuli vera stór, hvaða skip skuli úrelda, hve mörg ný skip megi koma til, hvaða skip skuli endurbyggð, hver skuli vera eigandi að hverju skipi og frá hvaða verstöð skuli gera það út. Með þannig framkvæmd kvótakerfisins má kannski hugsa sér að hægt sé að forðast ofnýtingu fiskstofnanna. En þessi leið er dýrkeypt. Þá væri ekki fyrir hendi sú frjálsa samkeppni í fiskveiðum landsmanna sem skapaði þá eindæma framleiðni sem hefur verið undirstaða velmegunar þjóðarinnar. Fyrirmæli stjórnvalda fela ekki í sér neina tryggingu fyrir hagkvæmum rekstri sjávarútvegsins. Þvert á móti skortir þessa aðferð það sem nauðsyn krefur til að stuðla að þjóðhagslegri hagkvæmni. Engin miðstýring eða ríkisforsjá getur í eðli sínu verið fær um að gæta þess. Samkvæmt eðli málsins hljóta ákvarðanir stjórnvalda í þessum efnum að vera að meira eða minna leyti geðþóttaákvarðanir. Þetta er ekki raunhæfur kostur.

Hverra kosta er þá völ? Það er að hverfa frá kvótakerfinu eins og við flm. leggjum til með frv. Það er fólgið í því að aflatakmarkanir séu ekki bundnar við skip, heldur sé hverju einstöku skipi frjálst að afla svo sem það er fært um innan þeirra marka sem hámarksafli úr hverjum einstökum fiskstofni leyfir. Með þessum hætti verður sókn og keppni sjómanna komið við og heilbrigðri endurnýjun í stéttinni. Afburðamennirnir fá að njóta sín. Skip með góðan rekstrargrundvöll fá að skila þeim arði í þjóðarbúið sem efni standa til. Úrelding bíður þeirra skipa sem haldið hefur verið á floti einungis vegna kvótakerfisins. Kaup og sala skipa verður óhindruð af kvótahagsmunum. Verstöðvar fá að njóta aðstöðu sinnar til fiskimiðanna þannig að stuðlað sé að hagkvæmri verkaskiptingu í atvinnulífi landsmanna eftir byggðarlögum og með því eflt þjóðhagslegt gildi og heildarafrakstur fiskveiða.

En hvernig leiðir þá aukið frelsi til hagkvæmni í fiskveiðum? Sú skipan sem frv. leggur til felur í sér það úrval sem þarf að fara fram til að fækka fiskiskip-

um og minnka þannig sóknargetuna til samræmis við það sem nægir til að fullnýta fiskstofnana. Slíkt úrval geta engar stjórnvaldsákvarðanir gert. Það verður einungis gert í frjálsri samkeppni þar sem hæfni og arðsemi fá að ráða. Þeir halda velli sem kunna best til verka. Hinir falla út. Í frjálsum atvinnurekstri geta þeir einir verið þátttakendur sem standast samkeppnina. Þannig verður best tryggður hagkvæmur rekstur sjávarútvegsins. Þannig heltast úr lestinni þau skip sem eru óhagkvæm og úrelt til reksturs. Það borgar sig hreinlega ekki að gera þau út. Þannig gæti sóknargetunni miðað þegar til lengdar lætur í átt til jafnvægis við fiskstofnana svo að beita þurfi sem minnstum veiðitakmörkunum.

En allt tekur sinn tíma. Til að flýta fyrir þeirri þróun að fiskiskipastóllinn verði ekki stærri að sóknargetu en hámarksnýting fiskstofnanna krefur þarf að gera sérstakar ráðstafanir. Þess vegna er gert ráð fyrir í frv. að stofnaður verði úreldingarsjóður fiskiskipa til að styrkja útgerðina til að taka af skipaskrá skip sem ekki eru hagkvæm til reksturs. Þarf þá að vera skilyrði fyrir aðstoð úr úreldingarsjóði að ekki komi til ný skip í stað þeirra sem úrelt eru. Slíkur úreldingarsjóður nær tilgangi sínum þegar aflétt hefur verið tregðunni á samdrætti í fiskiskipastólnum sem fylgir kvótakerfinu. Þá eru sköpuð skilyrði til þess að gera myndarlegt átak sem fljótlega leiddi til verulegrar minnkunar á sóknargetu fiskiskipastólsins.

Samt sem áður gerir frv. ráð fyrir sérstökum reglum um endurnýjun fiskiskipastólsins. Til frambúðar varðar mestu að ekki verði ótímabær aukning á sóknargetu fiskiskipastólsins. Verða því að vera fyrir hendi reglur um endurnýjun fiskiskipastólsins ef á þarf að halda. Til öryggis er því lagt til að komið verði á þeirri skipan að endurnýjun fiskiskipastólsins megi ekki leiða til stækkunar hans ef sóknargetan er umfram það sem nægir til að tryggja hámarksnýtingu fiskstofnanna. Til þess að framkvæma þessa stefnu er nauðsynlegt að fyrir liggi sem gleggst hver sóknargeta fiskiskipastólsins er á hverjum tíma. Þess vegna er gert ráð fyrir að hverju fiskiskipi skuli ákveðin sóknargeta þannig að metið sé það aflamagn sem skipið hefur burði til að veiða á hverju ári. Þetta á ekkert skylt við hvað skip megi veiða mikið, því að aflatakmörk á hvert skip hverfa með afnámi kvótakerfisins. Hins vegar á með þessum hætti að geta legið fyrir á hverjum tíma sóknargeta hvers skips og hver samanlögð sóknargeta fiskiskipastólsins er. Þannig þjónar þetta þeim tilgangi að handhægar upplýsingar geti jafnan verið fyrir hendi þegar til þarf að taka við stjórn fiskveiða.

Fleira þarf að koma til við stjórn fiskveiða en hér hefur verið vikið að. Stjórn fiskveiða er margslungið mál. Þannig getur verið að ekki verði hjá því komist að beita almennum tímabundnum veiðibönnum. Það á að vera í stöðugt minnkandi mæli eftir því sem skipastóllinn leitar jafnvægis við veiðiþol fiskstofnanna. Það er mælikvarði á góða fiskveiðistjórn að skipin þurfi ekki að vera bundin við landfestar langtímum saman og fjárfesting í þessum framleiðslutækjum megi verða sem arðbærust. Hins vegar verður að gæta hagsmuna fiskvinnslunnar eftir því sem þörf krefur með því að beita sóknarbanni eftir veiðitímabilum til að stuðla að sem jafnastri hráefnisöflun og vinnslu fyrirtækjanna. Slíkt stjórnunarkerfi hefur stoð í gildandi lögum, en er óháð kvótakerfinu sem svarar ekki þessum þörfum. Þá er aldrei of mikil áhersla lögð á þann þátt fiskveiðistjórnunar sem varðar beinar ráðstafanir til verndar og friðunar hrygningar- og uppeldisstöðva með svæðisbundnum og tímabundnum veiðibönnum.

Frv. það sem við höfum nú til meðferðar boðar afnám kvótakerfisins. Þetta gildir afdráttarlaust um botnfisktegundir. Hins vegar er gert ráð fyrir heimild til að ákveða að enginn megi stunda veiðar á öðrum tegundum en botnfiski svo sem rækju, humri, skelfiski, síld og loðnu nema að fengnum sérstökum leyfum. Fer þá um þessar veiðar eftir sömu reglum og eru í gildandi lögum. Gerð er þó sú breyting að ráðherra geti ekki einungis ákveðið skiptingu á hámarksafla milli skipa, eins og verið hefur, heldur og milli vinnslustöðva. Þá er að finna nýmæli sem eiga að stuðla að sem bestri hagnýtingu þeirra skipa sem stunda þessar sérveiðar. Aftur á móti er skipum sem leyfi hafa til þessara veiða óheimil botnfiskveiði meðan ekki má auka sóknargetuna nema sérstakt veiðileyfi ráðherra komi til. Þó má aldrei veita slíkt leyfi nema takmarkað sé við aflahámark á hvert skip og fara skal eftir ástandi fiskistofna og nýtingartíma skipsins við hina leyfðu sérveiði.

Herra forseti. Því er ósjaldan haldið fram eða látið að því liggja að þeir sem andvígir eru kvótakerfinu vilji enga stjórn fiskveiða. Slík öfugmæli eru ekki svara verð. Það er enginn ágreiningur um að stjórn fiskveiða sé þörf. Spurningin er hvaða skipan skuli höfð á þeirri stjórn. Ágreiningur er um það.

Frv. það sem ég nú mæli fyrir felur í sér skipan sem vegur að rótum vandans. Það stuðlar að minnkun skipastólsins og að sóknargeta verði ekki umfram veiðiþol fiskistofnanna. Til að flýta fyrir þessari þróun er gert ráð fyrir úreldingarsjóði fiskiskipa. Til öryggis eru settar reglur um endurnýjun fiskiskipastólsins ef sóknargetan er of mikil. Þetta eru nýmæli frumvarpsins sem ætlað er að leysa kvótakerfið af hólmi.

Svo mikilvæg sem þessi nýmæli eru verður að hafa í huga hverju er haldið af því sem fyrir er. Þetta frv. gerir engar breytingar á reglum núgildandi laga um aflatakmörk á einstakar fisktegundir. Sjútvrh. skal að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunar ákveða fyrir 15. nóv. ár hvert með reglugerð þann afla sem veiða má úr helstu botnfisktegundum við Ísland á komandi ári. Ráðherra er og heimilt að ákveða í reglugerð þann afla sem veiða má úr öðrum stofnum sjávardýra við Ísland á ákveðnu tímabili eða vertíð. Allt eru þetta sömu ákvæði í frv. og er að finna í gildandi lögum. Þá skal lögð áhersla á að frv. gerir ráð fyrir að stjórn fiskveiða hafi með að gera gerð skipa, útbúnað veiðarfæra, veiðisvæði, veiðitíma og

meðferð afla. Hér er um að ræða hinar víðtækustu heimildir við stjórn fiskveiða. Slík stjórn er ekki háð kvótakerfinu að neinu leyti, enda til komin áður en það kerfi var innleitt.

Þegar kvótakerfinu hefur verið aflétt reynir meira á þessar almennu reglur um stjórn fiskveiða. Um þetta allt eru sömu ákvæði í frv. og er að finna í gildandi lögum.

Sama er að segja um önnur ákvæði frv. og einstakar greinar þess sem ekki varða afnám kvótakerfisins. Þar eru ekki neinar breytingar frá gildandi lögum. Öllu er haldið sem byggt hefur verið upp nema kvótakerfinu er aflétt.

Ég skal ekki fara að fjölyrða um reynsluna af kvótakerfinu. Þar er af mörgu að taka. Ég hef þegar gert grein fyrir hvernig sóknargeta fiskiskipastólsins hefur aukist. Ég hef sýnt fram á að ekki hafa skilað árangri þær miklu takmarkanir á hagnýtingu skipastólsins sem ætlað var að tryggja framkvæmd fiskveiðistefnu til verndar fiskstofnunum. Þetta er aðalatriði. Grundvallargalli kvótakerfisins er að aflatakmörk eru sett á hvert einstakt skip. Það er ekki hægt að bæta þetta kerfi. Meiri miðstýring væri að fara úr öskunni í eldinn. Stjórnvöld standa ráðlaus gegn vandanum meðan þau ekki afnema kvótakerfið því að það er í sjálfu sér vandamálið.

Ég hef verið spurður að því hvort útgerðarmenn séu fylgjandi þessu frv. Ég get ekki svarað fyrir þá. En útgerðarmenn sem ég hef rætt við um málið eru því jákvæðir. Ég vil mega vona að útgerðarmenn, og raunar ekki síður sjómenn, taki frv. vel. Hér er á ferðinni mikið hagsmunamál fyrir sjávarútveginn. Með kvótakerfinu er snúist við of mikilli sóknargetu fiskiskipastólsins með því að takmarka veiði hvers skips. Með frv. er í staðinn frekar farin sú leið að takmarka stærð fiskiskipastólsins og stefna að því að fjárfesting þjóðarinnar í fiskiskipum nýtist sem best með því að takmarka ekki notin af skipunum. Þetta bætir rekstrargrundvöll útgerðarinnar og hag sjómanna. Þetta á að geta stuðlað að lægra hráefnisverði hjá fiskvinnslunni og bættum hag vinnslufyrirtækjanna. Þetta bætir stöðu sjávarútvegsins í heild, undirstöðuatvinnuvegs þjóðarinnar. Þetta mál varðar hagsmuni þjóðarinnar í heild. Það er mál allra landsmanna.

Það líður nú senn að þinglausnum. Það er þess vegna ekki gert ráð fyrir afgreiðslu frv. á þessu þingi. Frv. er nú lagt fram til sýnis, til að mæla fyrir því og koma því til nefndar. Það er innlegg í umræðuna um fiskveiðistefnuna. Það er annar valkostur en kvótakerfið.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu vil ég leyfa mér að leggja til að frv. verði vísað til hv. sjútvn.

Umræðu frestað.

EFRI DEILD

90. fundur, þriðjudaginn 2. maí, að loknum 89. fundi.

Endurbætur forsetasetursins á Bessastöðum, 3. umr.

Stjfrv., 432. mál. — Þskj. 792.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1003).

Þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu, 3. umr.

Frv. HBl o.fl., 83. mál (undanþága öryrkja frá skatti). — Þskj. 85.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Verkfræðingar, 3. umr.

Stjfrv., 409. mál (landslagshönnuðir). — Þskj. 769.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, 3. umr.

Stjfrv., 312. mál. — Þskj. 999.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Söluskattur, 3. umr.

Frv. MF, 456. mál (vélar til garðyrkju). — Þskj. 816.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Ríkisreikningur 1987, 1. umr.

Stjfrv., 292. mál. — Þskj. 524.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.

Frv. ÞK o.fl., 459. mál (heildarlög). — Þskj. 820.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Því ber að fagna að hér sé komið fram frv. um stjórn fiskveiða sem gerir ráð fyrir allróttækri breytingu á þeirri fiskveiðistjórn sem hér hefur verið stuðst við á undanförnum árum, en sú fiskveiðistjórn er búin að vera lítið breytt frá því 1984, þ.e. það er komið á fimmta ár.

Með þeirri stefnu sem þá var upp tekin, þ.e. kvótakerfinu, var almenningi og þingmönnum sagt að það skyldi í fyrsta lagi tekin upp stjórn á því hvernig afli skyldi sóttur í fiskistofnana okkar og með það að markmiði að fiskistofnarnir yrðu nýttir sem best. Í öðru lagi að með þeirri fiskveiðistjórn skyldi stefnt að auknum gæðum, bæði afla og þess sem úr honum væri unnið. Í þriðja lagi mundi kostnaður við það að sækja aflann minnka. Og í fjórða lagi að hagkvæmni mundi aukast mjög í sambandi við fiskiskipastólinn og sjálfsagt mundi það leiða til þess að fiskiskipastóllinn mundi minnka. Menn sæju það í hendi sér að það borgaði sig að vera með færri skip og skipuleggja aflasóknina betur.

Því miður hefur fátt af því sem lofað var haustið 1983 og jafnan síðan þegar þessi mál hafa verið hér til umræðu á hv. Alþingi, framlenging kvótastefnunnar, fátt af því sem lofað var hefur komið fram.

Við stöndum nú frammi fyrir því að vera jafnvel með minni fiskstofn í hafinu umhverfis landið heldur en við höfum nokkru sinni áður verið og þar á ég þó sérstaklega við þorskstofninn. Um það leyti sem farið var út í kvótastjórnunina var að vísu nokkur lægð, þorskstofninn tiltölulega lítill og rökin fyrir því að út í það var farið að stjórna með kvótanum voru einmitt þau að það þyrfti að beita harðri stjórnun til þess að tryggja það að fiskstofnarnir næðu því að vaxa upp og verða í svipaðri stærð og áður hefði verið.

Því miður hefur þetta ekki orðið raunin og nú stöndum við frammi fyrir því að í ár fáum við ekki meiri þorskafla af Íslandsmiðum en svona rúm 300 þús. tonn í staðinn fyrir það að á tímabilinu 1950–1959 sóttum við meðaltalsafla 460 þús. tonn á ári, á árunum 1960–1969 390 þús. tonn, þ.e. tæp 400 þús. tonn á ári, á tímabilinu 1970–1979 384 þús. tonn og á tímabilinu 1980–1989 362 þús. tonn. En eins og ég sagði áðan megum við búast við því að í ár og á næstu árum verði aflinn í kringum 300 þús. tonn. Þetta er afrakstur þeirrar stefnu sem við höfum búið við á undanförnum árum.

Það sem ég nefndi í sambandi við samanburðinn, að ég væri að tala um þorskafla sem við hefðum sótt, það er ekki rétt. Þetta er þorskafli sem sóttur var á Íslandsmið á árunum 1950–1988 sem ég nefndi hér.

Þetta er sorgleg saga en svo virðist sem þeir sem halda um stjórnvölinn vilji ekki viðurkenna þessa staðreynd. Og það eru ýmsar sorgarsögur sem eru að gerast á miðunum kringum landið dag frá degi í tengslum við þessa stjórn. Ég skal segja hv. þm. eina. Hún er á þann hátt að skipstjórar við Breiðafjörð óskuðu eftir því við hæstv. sjútvrh. á síðasta ári að gefin væri út reglugerð um það að banna smærri þorskanetamöskva við Breiðafjörð en 7 tommur. Þar hafði verið í nokkrum mæli á undanförnum árum notaður 6 tommu möskvi og menn voru óánægðir með það að verið væri að sækja svo smáan fisk í þorskanet. Hæstv. sjútvrh. varð við þessari ósk og á vetrarvertíðinni 1988 og á vetrarvertíðinni núna voru menn á Breiðafirði ekki með smærri möskva en 7 tommur. Og þeir Norðlendingar sem komu til okkar á vertíðina urðu að undirkasta sig því að skipta um net þegar þeir komu suður til okkar, það sem þeir höfðu áður ekki þurft að gera.

Nú bregður svo við, sem oft vill koma fyrir, að afli minnkar og hann minnkaði á miðunum við Breiðafjörð upp úr miðjum apríl. Þá gripu Breiðfirðingar til þess ráðs að fara suður fyrir land og reyna að auka afla sinn með því að sækja afla á þau mið sem fréttir

voru af að mikill afli væri að berast að landi af. Þegar veiðiskipin frá Breiðafirði voru komin á þær slóðir að þeir fóru að spekúlera í því hvar þeir skyldu leggja trossurnar sínar og fóru að hafa samband við skipstjóra fyrir sunnan land, þá var það með fyrstu spurningum sem þeir Sunnlendingar báru fram við Breiðfirðinga: Eruð þið að koma með sjötommuna ykkar hingað suður fyrir land? Það þýðir ekkert fyrir ykkur. Skipstjórar að vestan voru nokkuð hissa. Var nú komið svo að á Suðurlandsmiðum var ekki annar möskvi boðlegur en 6 tommu möskvi í þorskanetum? Þeir vildu reyndar ekki trúa þessu og létu slag standa að leggja netin með 7 tommu möskvana í djúpkantana suður og austur af Vestmannaeyjum þar sem Suðurlandsbátar höfðu verið að moka upp afla. Og viti menn. Það var sáralítill afli í net þeirra Breiðfirðinga. En hinir öfluðu drjúgan.

Það er komið svo sem sagt að meginveiðistofninn við Suðvesturland og Suðurland er orðinn það smár að hann veiðist ekki nema í 6 tommu möskva. Hvað er verið að gera með þessu? Það er verið að koma í veg fyrir það að það vaxi upp hrygningarstofn við landið. Fiskur, sem er svo smár að hann veiðist eingöngu í 6 tommu riðil, er það ungur að hann er ekki orðinn kynþroska.

Og ég skal bæta við annarri sögu í sambandi við ástandið á þorskmiðunum okkar hér í kringum landið. Hún er á þann hátt að þorskaflinn sem borist hefur að landi við Breiðafjörð í vetur er að ⅔ hluta geldfiskur. Við skulum nú ekki fara að kenna kvótanum um það. Það væri svolítið illa gert að gera það. Og ég ætla ekki að gera það. En það hlýtur að vekja þó nokkuð margar spurningar. Af hverju gerist það að ⅔ hlutar þess þorsks, sem að landi berst, er geldur? Það eru hvorki í honum svil eða hrogn. Það er eitthvað sérstakt að ske. Við vitum um hlutann að ⅓ en við vitum ekki um hlutann að öðrum ⅓. Sem sagt: ⅓ er með svilum eða hrognum, ⅓ er trúlega of smár og ungur fiskur, en ⅓ er geldur. Þetta hlýtur að vera spurning sem við leggjum fyrir sjútvrh. og aðra ráðamenn í fiskveiðimálum að þessi þáttur sé kannaður. Getur verið að hér sé að eiga sér stað einhver mjög alvarleg þróun í sambandi við þorskstofninn okkar? Við ráðum við það að við séum ekki að sækja mikið af ókynþroska fiski. Ég tel að við ráðum mjög vel við það í sambandi við þorskanetin með því að ákveða að þar skuli ekki vera sótt við Suður- og Vesturland í smærri möskva en sjö tommu og helst ekki nema sjö og hálfan eða sjö og kvart. En við ráðum vitaskuld ekki við það að ef einhver þau ósköp eru að gerast í hafinu að stór hluti af þeim fiski sem ætti að vera með hrogn og svil er það ekki. Það eru alvarlegir hlutir.

Annar þátturinn sem nefndur var var að það mundi greinilega koma fram með hinni nýju fiskveiðistefnu að gæði afla mundu aukast. Menn mundu stefna að því að bæta meðferð aflans í landi og auka nýtingu hans svo sem kostur væri. Það var sem sagt hvatning frá ráðamönnum og þeim sem börðust fyrir þessari fiskveiðistefnu að slíkt yrði gert. Því miður hefur þróunin almennt ekki orðið á þennan veg. Það hefur ekki átt sér stað nein veruleg breyting á meðferð afla um borð í veiðiskipum nema síður sé undir sumum kringumstæðum, að undanteknu því að nokkuð hefur aukist, m.a. fyrir forgöngu Breiðfirðinga, að afli sem áður var yfirleitt geymdur laus í vertíðarbátum og í bátaflotanum er nú settur í kör og landað í körum í fiskvinnslustöðvarnar. Vitaskuld hefur góð og mikil breyting átt sér stað þar. En hitt að skip séu úti á veiðum kannski átta, níu og tíu daga er því miður enn við lýði og það að menn láti þorskanet liggja í sjó yfir helgar er enn gert og hefur því miður ekki breyst. Netafjöldi í sjó er ekki minni en áður var og af því eru ýmsar sögur að um óhæfilega mikinn netafjölda sé að ræða. Þessi hlutur sem fullyrt var við setningu kvótalaganna að mundi koma af sjálfu sér hefur látið á sér standa.

Í þriðja lagi var sagt að kostnaður við veiðarfæri og úthald mundi minnka. Við það að hafa takmarkaðan afla til að sækja mundu menn skipuleggja sóknina á allt annan og hagkvæmari hátt. Það er hægt að koma með ótalmörg dæmi um það að þetta hefur jafnvel farið frekar á hinn veginn, þ.e. að menn hafa lagt í ýmsan kostnað í kringum sóknina sem áður var alls ekki til staðar.

Svo er það fjórða atriðið, að fiskveiðistefnan mundi leiða til þess að flotinn mundi minnka, það mundi leiða af sjálfu sér að menn færu ekki að stækka flotann án þess að hafa til þess auknar aflaheimildir. Því miður hefur sú ekki orðið raunin á. Ég er hér með fyrir framan mig súlurit úr Útvegi sem sýna það að á hverju áranna frá 1985 til 1987 bættist við fiskiskipaflotann. Ekki aðeins að fiskiskipaflotinn hafi stækkað í rúmlestatölu heldur hefur hann stækkað óbeint, þ.e. það að vélarafl hans, togkraftur, hefur aukist stórlega. Á þessu tímabili hefur einnig komið ný skipagerð í flotann, þ.e. verksmiðjuskipin. Ég er ekki hér með upplýsingar um hvað sá floti er orðinn stór en að mínu mati er hann orðinn ískyggilega stór. Sá floti er eins og gefur að skilja óháður fiskvinnslustöðvum í landi og nokkuð óháður um það hvernig hann fer með sinn afla. Það er t.d. algild regla hjá verksmiðjutogurunum að þeir kasti stórum hluta af innvolsi og beinum, þ.e. hirði lítið annað en flökin, sem er náttúrlega óhæfa hin mesta.

Því miður hefur enginn af þeim grundvallarþáttum, sem lágu til setningar þeirrar fiskveiðistefnu sem við höfum búum við, tekist sem skyldi. Það er vitaskuld mismunandi hvernig þarna hefur til tekist en meginhlutirnir hafa verið á þann veg sem ég hef hér nefnt. Og þó, það versta af þessu öllu er að aðalatriðið sem stefnt var að með fiskveiðistefnunni, þ.e. að tryggja uppvöxt, viðgang og eðlilega nýtingu þorskveiðistofnsins, hefur algjörlega mistekist. Eins og ég nefndi áðan þá stöndum við frammi fyrir því að í staðinn fyrir að geta sótt 400–450 þús. tonna afla í þorskstofninn okkar verði aflinn á næstu árum jafnvel ekki meiri en um 300 þús. tonn eða þar fyrir neðan. Það mætti náttúrlega segja: Minna má nú gagn gera. Einhvern veginn er það þó þannig að

þjóðin okkar blessuð vill ekki trúa þessu og ég hef líka tilfinningu fyrir því að þeir sem stjórna veiðunum og halda utan um fiskveiðistefnuna trúi ekki þessum ósköpum heldur. Þeir haldi áfram í vímu og svima á hinni sömu stefnu þó að þannig sé ástatt eins og raun ber vitni. Það er náttúrlega nöturleg staðreynd.

Menn hafa sjálfsagt tekið eftir því á undanförnum vikum og jafnvel mánuðum að það hefur gerst æ tíðara að myndir hafi birst í blöðum af duglegum sjómönnum faðmandi þorska. „Þessi er nú 30 kg" og þeir hafa jafnvel verið yfir 40 kg. Þetta er talið til stórtíðinda, að hægt sé að sýna einn og einn golþorsk veiddan við Íslandsstrendur. Ef þeir eru nokkuð margir í einu er kallað út stórlið til að taka myndir. Það hefði engum orðið bilt við fyrir kvótatíð þó að við hefðum séð nokkra 30–40 kg þorska. Nú er svo komið að mönnum hefur orðið bilt við ef þessar skepnur sjást og eru fluttar að landi. Á meðan Sunnlendingar sækja fiskinn sinn með sex tommu riðli í suðurkantana hér við land birtast fréttir lon og don í fjölmiðlum um að nú sé að berast að landi svo stór fiskur, ljómandi góður fiskur hér og ljómandi góður fiskur þar. Segi hver sem er þeim sem fer með sex tommu net og leggur í sjó að hann fái í nokkru magni stóran fisk. Það skal verða sagt öðrum en íslenskum sjómönnum og það verður að reyna að segja það öðrum en mér. Það er vitaskuld viðburður þegar dregin eru sex tommu net, og dálítið merkilegur viðburður, þegar 30 kg fiskurinn flækist með kannski fastur þar á tönnunum.

Ég vil taka það fram að hv. 1. flm. þessa frv., Þorv. Garðar Kristjánsson, kom til mín og spurði hvort ég vildi ekki vera meðflm. að frv. Ég var svona með hugann við að gera það og meginhlutinn af því sem sagt er í grg. fellur að mínum skoðunum. Í þessu frv. eru hins vegar smápunktar sem ég treysti mér ekki til þess að standa að og taldi því ekki rétt að vera flm. frv.

Hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson sagði í framsöguræðu sinni að þetta frv. væri lagt fram til sýnis og til umræðu einmitt á þeim tíma sem verið er að undirbúa nýjar tillögur um fiskveiðistefnu á vegum sjútvrn. Það fer mjög vel á því að slíkt frv. sem þetta komi inn í þá umræðu.

Það sem ég taldi að ég gæti ekki fellt mig við í þessu frv. var fyrst og fremst það að mér finnst flm. vera að búa til nýjar kvótareglur. Með því að vera að hugsa um það að tengja kvótann og fiskiskipastólsstærðina saman og ákveða það að hverju skipi skuli vera markaður ákveðinn kvóti við byggingu, eða reyndar hvenær sem er, tel ég að verið sé að búa til nýjan kvóta. Því taldi ég mér ekki fært að styðja frv.

Það er einnig ætlast til þess í frv. að stofnaður sé úreldingarsjóður fiskiskipa. Ég tel það algjörlega óþarft ef um kvóta og úthlutun á skip er að ræða því að í sjálfu sér skapast úreldingarsjóður við þann rétt sem skipunum er úthlutað með aflamarki, hvort sem það er í tengslum við stærð þeirra eða eins og nú er í sambandi við reynslu eða út frá sóknarmarki.

Í 8. gr. frv. er einnig ótittur nokkur sem settur var í frv. sjútvrh. um fiskveiðistjórn um áramótin 1987–1988, þ.e. að útflytjendum, kaupendum afla og umboðsmönnum útflutnings skuli skylt að láta ráðuneytinu í té „ókeypis" upplýsingar hverjar sem ráðuneytið óskar eftir. (**Gripið fram í:** Án endurgjalds.) Ókeypis. Ráðuneytinu er þar með fenginn ákveðinn réttur til að ganga inn í hvaða fyrirtæki sem er og krefjast upplýsinga og hvers sem er af fyrirtækinu og fyrirtækið er skylt að láta ýmsan kostnað og ýmsa fyrirhöfn í té við ráðuneytið án þess að fá þar nokkuð fyrir. (**HBl:** Það getur skipt hundruðum þúsunda.) Það er ekki mikill vandi að fara með það í hundruð þúsunda, virðulegi þm., og jafnvel milljónir ef ráðuneytið vinnur á þann veg sem það hefur gert í ýmsum tilfellum.

Í 9. gr. er talað um samráðsnefnd. Gott er að hafa ýmsar samráðsnefndir en þegar þær eru skipaðar er vitaskuld nauðsynlegt að þær séu byggðar upp á þann hátt að innan þeirra geti komið fram sjónarmið sem flestra hagsmunaaðila. Fyrirmynd þessarar samráðsnefndar mun að einhverju leyti vera sótt í gildandi lög eða jafnvel sú sama, ég hef ekki borið það saman. Ég tek eftir því að í þessari samráðsnefnd sem ætluð er í frv. er enginn fulltrúi frá vinnslunni. Hér eru fyrst og fremst útvegsmenn, samtök útvegsmanna og sjómanna. Við hljótum þó að líta svo á að þegar verið er að ræða um jafnmikilsvert mál og stjórn fiskveiða séu fleiri en þessir aðilar sem eigi að vera í samráðsnefnd á þessum vettvangi.

Svo kemur hin stóra 10. gr. þar sem lagt er til að ráðherra skuli setja nánari reglur varðandi framkvæmd laganna. Þetta er að verða sígild grein í öllum lögum án takmörkunar. Ég held að svona greinar ættu oftast nær a.m.k. að hafa einhvern takmörkunarþátt.

Það væri freistandi að fjalla svolítið um hugsanlegar leiðir, aðrar en hér eru nefndar, í sambandi við stjórn fiskveiða. Ég held að það sé ekki rétt að eyða tíma deildarinnar í það núna. Ég á sem betur fer sæti í þeirri nefnd sem er að fjalla um framtíðarplanið og þó að nú hafi liðið nokkuð langur tími síðan fundur hefur verið í þeirri nefnd, eða í þeirri undirnefnd þar sem ég á sæti, vænti ég þess að þegar léttast fer starf okkar á þingi verði farið að skoða þau mál betur.

Ég þakka flm. fyrir að koma með þetta frv. inn á hv. Alþingi. Ég vænti þess að það veki nokkrar umræður um þessi mál, kannski fyrst og fremst umræður um það hvað sú fiskveiðistefna, sem við höfum búið við, hefur mistekist og hve mikil nauðsyn er á að við leitum leiða á sem breiðustum grundvelli. Ég vil jafnvel segja að betrumbæta þurfi núgildandi stefnu eða finna upp aðra sem kæmi í hennar stað og skilaði hlutverki sínu betur eða mikið betur á þann veg að við næðum að byggja upp fiskstofnana okkar, þorskveiðistofninn, auka gæði afla og afurða, minnka kostnað og nýta skipastólinn okkar hagkvæmar og betur en við höfum gert á undanförnum árum. Ég er ekki að tala um að það blasi endilega við að við þurfum að fara að minnka fiskiskipaflotann okkar eitthvað, sjálfsagt þurfum við þó að breyta að

einhverju leyti til uppbyggingu hans eða flokkaskiptingu. Það sýndi sig á vertíðinni í vetur að loðnuflotinn okkar mátti alls ekki vera minni en hann var til þess að ná því aflamarki sem ætlað var. Ég hef grun um að ef flotinn hefði verið stærri og aflinn hefði verið sóttur fyrr í stofninn hefði jafnvel aflakvótinn verið aukinn. Við náðum honum ekki alveg vegna þess að flotinn var alls ekki of stór, kannski of lítill.

Þannig má sjálfsagt koma með dæmi úr öðrum þáttum í sambandi við flotann. Ég held að það sem leita þarf að séu allt aðrir hlutir en þeir sem tengdir eru núverandi fiskveiðistefnu og mest er rætt um, þ.e. að minnka flotann, fækka fiskvinnslustöðvum og annað eftir því. Við þurfum að leita annarra ráða og betri sem skila okkur öðrum afrakstri en sú fiskveiðistefna, sem við höfum búið við á undanförnum árum, hefur skilað.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Herra forseti. Ég átti kannski von á að fleiri tækju til máls áður en ég kveddi mér hljóðs. Ég átti t.d. von á því að hæstv. sjútvrh. talaði, en ég sé að hann er að ganga inn í salinn og ég vil ekki fara að gera því skóna að hann hafi ekki áhuga á að tala um þetta mál.

Það er rétt að það komi hér fram að meðflm. mínir gátu ekki komið því við að vera á þessum fundi og þeim þótti það miður. Annar er erlendis og hinn er á mjög áríðandi fundi og gat ekki komið því við að vera hér viðstaddur.

Ég vil þakka hv. 4. þm. Vesturl. fyrir hans innlegg inn í þessar umræður. Hann skýrði kvótakerfið og reynsluna af kvótakerfinu og ég vil segja að í meginatriðum er ég sammála því sem hv. þm. sagði um þau efni. Við erum báðir andvígir kvótakerfinu og viljum nýtt kerfi. Það var þess vegna, eins og kom fram hjá hv. 4. þm. Vesturl., að ég færði það í tal við hann hvort hann vildi gerast meðflm. frv. sem við hér nú ræðum, en hann taldi sér ekki fært að gera slíkt eins og frv. ber með sér og orð hans hér áðan.

Mér þykir það hins vegar miður að ég fæ ekki annað séð en að það sé á algjörum misskilningi byggt að hv. 4. þm. Vesturl. skuli ekki vera meðflm. frv. Hann vék að því sem hefði fælt hann frá því að vera meðflm. frv. og taldi fyrst upp, og ég ætla að það sé aðalatriðið, að með frv. sem við nú ræðum sé verið að búa til nýjan kvóta, nýtt kvótakerfi. Þetta er algjör misskilningur og furðulegt að jafnglöggur maður, sem er jafn vel inni í þessum málum og hv. þm., skuli láta sér þessi orð um munn fara því að það er ekki hægt að komast að þessari niðurstöðu nema með því að snúa við því sem sagt er í frv. og sem sagt er í grg. með frv. og, sem ég sagði hér í ræðu minni áðan, gjörsamlega snúa því við.

Hv. þm. verður að hafa það í huga að orsök vandans sem við er að glíma er sú að fiskiskipastóllinn er of stór, sóknargetan er of mikil. Og þess vegna varðar öllu að minnka sóknargetuna til samræmis við veiðiþol fiskstofnanna. Sú skipan sem frv. gerir ráð fyrir er þannig, eins og ég skýrði í minni fyrri ræðu, að hún stuðlar að því að minnka sóknargetuna. En til þess að flýta fyrir þeirri þróun er gert ráð fyrir að úreldingarsjóður fiskiskipa sé stofnaður og það er gert ráð fyrir, til öryggis ef á þarf að halda, að sérstakar reglur gildi um endurnýjun skipastólsins ef svo er ástatt að sóknargetan er of mikil. Auðvitað verður alltaf undir öllum kringumstæðum að endurnýja fiskiskipaflotann, en það er gert ráð fyrir að sérstakar reglur gildi ef sóknargetan er of mikil.

Til þess að framkvæma þessa stefnu er nauðsynlegt að það liggi fyrir sem gleggst hver sóknargeta fiskiskipastólsins er á hverjum tíma. Þess vegna er gert ráð fyrir að hverju fiskiskipi skuli ákveðin sóknargeta þannig að metið sé það aflamagn sem skipið hefur burði til þess að veiða á hverju ári. Hvers vegna er þetta gert? Það er gert vegna þess að hin venjulega smálestamæling skipa gefur ekki fullkomnar upplýsingar um það sem þarf til þess að gera sér grein fyrir hvað sóknargetan er mikil og til þess að gera sér grein fyrir hvað þarf að úrelda af skipum á móti nýjum skipum sem koma til ef sóknargetan er of mikil því að það fer alls ekki eftir smálestatölunni hvað sóknargeta hvers skips er mikil. Sóknargeta gamals skips, þó að það sé minna að smálestatölu, getur verið verulega meiri en sóknargeta skips sem er verulega stærra að smálestatölu, nýs skips, m.a. af þeirri einföldu ástæðu að í hinu nýja skipi fer miklu meira rúm fyrir skipshöfn. Það er búið allt öðruvísi að skipshöfn í nýbyggðum skipum nú en gert var fyrir kannski tugum ára. Slíkar ástæður sem þessar valda því að það þarf að gera sér grein fyrir hvort hægt er að koma upp nýjum mælikvarða um sóknargetu skipanna.

Þetta á hins vegar ekkert skylt við það hvað skip megi veiða mikið. Það er allt annað mál. Það er búið að afnema kvótann. Hvert skip má veiða eins og það hefur burði til innan þeirra marka sem takmarkanir á fiskstofnum leyfa. Og hvers vegna leyfir jafnglöggur maður og hv. 4. þm. Vesturl. sér að misskilja þetta? Hvert barn sem er læst getur séð hvað er hið rétta í þessu og mundi ekki misskilja þetta.

Mér hefur komið til hugar hvort það geti verið svo að hv. 4. þm. Vesturl. hafi í raun og veru verið brennandi í skinninu að vera meðflm. en af einhverjum ástæðum, sem hann hefur ekki látið í ljós hverjar eru, lét hann ekki stjórnast af þeim vilja sínum. Og ég sé ekki annað en að þessi ástæða, að verið sé að búa til nýjan kvóta, sé hrein gerviástæða og kannski til þess að friða samvisku hv. þm. En þetta er meginástæðan sem hann nefndi fyrir því að hann hefði ekki gerst flm. að frv. Hinar ástæðurnar, sem hann taldi upp, eru að mínu viti allar minni háttar miðað við mikilvægi málsins. Þá á ég við ákvæði 8. gr. frv. um upplýsingar og 9. gr. um samráðsnefnd og svo 10. gr. um nánari reglur.

Ég hef nú að gefnu tilefni gerst nokkuð fjölorður um ræðu hv. 4. þm. Vesturl. Nú mega menn ekki halda að ég sé að mæla þessi orð í einhverju ádeiluskyni á þennan ágæta hv. þm., síður en svo, því að ég kann vel að meta andann í því sem hann mælir um þessi mál. Við erum báðir sammála um meginatriðið,

að það þurfi að afnema kvótakerfið og koma upp nýrri aðferð við stjórnun fiskveiða. Við erum sammála um það sem er höfuðatriði málsins. Og þó að hv. þm. hafi ekki talið rétt að gerast beinn flm. að þessu máli nú er ég ekki að álasa hv. þm. fyrir það, síður en svo. Ég þykist hins vegar mega vona að hv. þm. telji að frv. sé gott innlegg í umræðuna um fiskveiðimálin og stjórn fiskveiða, enda sagði hann það sjálfur. Og ekki kæmi mér á óvart þó að hv. þm. gæti haft stuðning af þeim hugmyndum sem koma fram í frv. í viðleitni hans til þess að bæta það ástand sem við nú búum við.

Umræðu frestað.

NEÐRI DEILD

91. fundur, þriðjudaginn 2. maí, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf, dags. 2. maí 1989:

„Þar sem Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v. er erlendis í opinberum erindum og getur því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér að hans beiðni með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Alþýðubandalagsins í Norðurlandskjördæmi vestra, Þórður Skúlason sveitarstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans.

Hjörleifur Guttormsson,
formaður þingflokks Alþýðubandalagsins."

Þar sem Þórður Skúlason hefur áður átt sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili þarf kjörbréf hans ekki rannsóknar við og er hann boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg, frh. 2. umr.

Stjfrv., 410. mál (stofnun hlutafélags). — Þskj. 770, n. 966.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2.–7. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 36 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 372. mál (tryggingaráð, stjórnir sjúkrasamlaga o.fl.). — Þskj. 689, n. 943, brtt. 944.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 944,1 (ný 2. gr.) samþ. með 27:2 atkv.
3.–5. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 944,2 samþ. með 29 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frh. 2. umr.

Frv. MB, 300. mál (endurhæfingarlífeyrir). — Þskj. 549, n. 941, brtt. 942.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 942,1 (ný 1. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 942,2 (ný 2. gr.) samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv.

Umferðarlög, frh. 2. umr.

Frv. IBA, 98. mál (forgangur hringvegarins). — Þskj. 101, n. 940.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. á þskj. 940 um að vísa frv. til ríkisstjórnarinnar samþ. með 30 shlj. atkv.

Félagsmálaskóli alþýðu, frh. 1. umr.

Stjfrv., 430. mál. — Þskj. 924.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til félmn. með 19:10 atkv.

NEÐRI DEILD

92. fundur, þriðjudaginn 2. maí, að loknum 91. fundi.

Viðskiptabankar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 242. mál (bankaráð, hagsmunaárekstrar o.fl.). — Þskj. 977.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og endursent Ed.

Sparisjóðir, frh. 3. umr.

Stjfrv., 244. mál (stjórn, hagsmunaárekstrar o.fl.). — Þskj. 683.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 933).

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg, 3. umr.

Stjfrv., 410. mál (stofnun hlutafélags). — Þskj. 770.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Almannatryggingar, 3. umr.

Stjfrv., 372. mál (tryggingaráð, stjórnir sjúkrasamlaga o.fl.). — Þskj. 990.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Hér mun vera fjallað um stjfrv. til l. um breytingu á lögum um almannatryggingar. Við sjálfstæðismennirnir í heilbr.- og trn. lögðum á það mikla áherslu, sem við gerðum grein fyrir á síðasta fundi, að það væri nauðsynlegt að fá umsögn a.m.k. Læknafélags Íslands um þetta frv. og helst Öryrkjabandalagsins og þeirra aðila sem venjulega fjalla um slík frv. áður en við afgreiddum það frá okkur. Rökin fyrir því voru þau að við erum hér að fara inn á alveg nýja braut sem er sú að fela ólæknislærðum aðila að breyta matsniðurstöðum lækna. Þetta þykir okkur miklu skipta að verði gert og ég taldi mig hafa ástæðu til þess að búast við því að formaður heilbr.- og trn., hv. 13. þm. Reykv., mundi boða til fundar í þessu skyni og biðja t.d. formann Læknafélags Íslands að ræða við nefndina. Það hefur ekki verið gert og þess vegna bið ég um að umræðunni verði frestað til þess að ráðrúm megi gefast til þess arna. Ég leyfi mér að vona að formaður nefndarinnar sjái til þess að þetta verði unnt án þess að málinu verði þar með stefnt í neinn þann voða sem menn annars mundu óttast. Meginmálið er að málið sé almennilega unnið.

Frsm. heilbr.- og trn. (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Þar sem hér eru óvenjulega margir viðstaddir held ég að ég verði að endurtaka einu sinni enn ræðu mína um þetta mál. Þetta mál snýst um ofur einfaldan hlut. Það snýst um að ef tryggingaráð fær kærumál til meðferðar um örorkumat megi það kveðja sér til ráðuneytis lækni, lagalega lærðan mann og félagsfræðilega lærðan mann. Þetta er vegna þess að örorkumatið er í eðli sínu lagalegt atriði, félagslegt atriði og læknisfræðilegt atriði. Um það deilir enginn. Það stendur skýrum stöfum í 12. gr. almannatryggingalaga.

Í 12. gr. almannatryggingalaga segir ósköp skýrt og greinilega: „Tryggingayfirlæknir metur örorku þeirra sem sækja um örorkubætur.“ En það segir jafnframt í 12. gr. að það örorkumat skuli byggjast á því að menn séu öryrkjar til langframa á svo háu stigi — og þá er verið að tala um að menn eigi rétt á örorkulífeyri — eins og þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „eru öryrkjar til langframa á svo háu stigi, að þeir eru ekki færir um að vinna sér inn ¼ þess, er andlega og líkamlega heilir menn eru vanir að vinna sér inn í því sama héraði við störf, sem hæfa líkamskröftum þeirra og verkkunnáttu og sanngjarnt er að ætlast til af þeim, með hliðsjón af uppeldi og undanfarandi starfa.“

Tryggingalækni ber því að taka tillit til alls þessa, sjúkdómsins, svo og félagslegra aðstæðna, því að eins og allir vita geta tveir menn haft nákvæmlega sömu fötlun, annar getur verið fullfær um að vinna fyrir sér en hinn ekki og auðvitað skulu bætur alltaf miðast við efnalegar ástæður með þeim undantekningum sem eru fastalífeyrir eins og ellilífeyrir og 75% örorka. Flestar aðrar bætur eru háðar tekjum vegna þess að öll hugmyndafræðin á bak við almannatryggingakerfið er að gera mönnum kleift að lifa þrátt fyrir alls kyns áföll sem fólk kann að verða fyrir í lífinu.

Málið snýst þess vegna einfaldlega um þetta: Dragi einhver í efa niðurstöðu í þessu tilviki tryggingayfirlæknis, vitaskuld fjallar tryggingaráð um öll önnur klögumál, en efist einhver um niðurstöðu tryggingalæknis má kalla til lækni, félagslega menntaðan mann eða lögfræðing vegna þess að örorkumat innifelur allt þetta. Ég sé því ekki með nokkru lifandi móti til hvers við eigum að fá til fundar formann læknafélagsins eingöngu. Nú bið ég hv. 3. þm. Reykv. að hlýða á mál mitt. Hvers vegna þarf þá ekki að tala einnig við formann lögfræðingafélagsins eða lögmannafélagsins, ég man ekki hvort það heitir, og formann félags

félagsráðgjafa? Allar þessar greinar tengjast örorkumati og það er einungis verið að tala um að ef menn *efast um að tryggingayfirlæknir og starfsmenn hans* hafi tekið það tillit, sem 12. gr. almannatryggingalaga leggur þeim á herðar, skal ræða það í tryggingaráði með ráðgjöf og aðstoð þeirra þriggja manna sem málið varðar. Svo einfalt er það. Ég hygg að innihald þessa frv. sé flutt að efni til í sjötta sinn. Vissulega er það rétt hjá hv. 3. þm. Reykv. að það hefur verið flutt í ýmsu formi, m.a. í frv. mínu um áfrýjunarnefnd sem hefði verið miklu skynsamlegri aðferð, en það náðist ekki fram og ég sætti mig við þetta. En ég vildi ítreka að þarna eru þrír fagmenntaðir menn fengnir til að fara ofan í mat sem á að byggjast á öllum þessum þremur atriðum.

Ég skal gera það fyrir hv. 3. þm. Reykv. að eyða dýrmætum tíma heilbr.- og trn. í að tala við formann læknafélagsins, en auðvitað ekki nema tala þá við formann lögmannafélagsins líka og formann félags félagsráðgjafa vegna þess að þetta fólk er allt saman jafnrétthátt þegar örorkumat skal metið. Það er nefnilega rangt hjá ráðherranum fyrrv. og hv. 3. þm. Reykv. að hér sé um „*klíniskt*" *læknisfræðilegt mat* að ræða. Það er rangt samkvæmt lögum um almannatryggingar. Ég vænti þess að hv. 1. þm. Vestf. hafi uppgötvað það þau ár sem hann var ráðherra.

En ég skal kalla saman fund hvenær sem það verður nú hægt og ræða við þessa þrjá einstaklinga. Það er alveg sjálfsagt ef menn treysta sér ekki til þess að gera þetta upp við sig. Það verður þá að gerast í kvöld eða ég veit ekki hvenær. Tími þingmanna er orðinn naumur. En ég skal gera það sem ég get ef hv. 3. þm. Reykv. og hv. 17. þm. Reykv. eru ákveðin í því að þau viðtöl skuli fara fram.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Ég túlka þetta svo að formaður heilbr.- og trn. hafi fallist á að umræðu um þetta verði frestað til þess að sú umfjöllun geti farið fram sem um var beðið og ég spyr þá hv. þingdeildarmenn að því hvort þeir telji ekki rétt að láta hér lokið umræðunni í bili þannig að þeir geymi rétt sinn til frekari umræðna þangað til sú umfjöllun hefur farið fram sem þeir hafa eftir óskað.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Ég fagna því að hv. formaður heilbr.- og trn. hefur fallist á að boða til fundar í nefndinni, enda hefði annað verið óskiljanlegur stirðbusaháttur í ljósi þeirra athugasemda sem fram hafa komið. En vegna þess að hún var að rifja upp þær umræður sem fóru fram sl. föstudag þegar fámennt var í deildinni vildi ég koma því hér að og benda á það, sem bent var á sl. föstudag, að þetta frv. er auk þess sem áður hefur verið bent á einnig búið þeim annmarka að hér er gerð tillaga um að breyta frvgr. í öðrum lögum, lagagrein í öðrum lögum sem í enn öðru frv. ríkisstjórnarinnar á Alþingi er gerð tillaga um að verði felld niður. Þannig er nú samræmið og vinnubrögðin á stjórnarheimilinu varðandi þetta mál.

Í 3. gr. þessa frv. er kveðið á um breytingar á 38. gr. almannatryggingalaga, en í frv. frá sömu ríkisstjórn um breytingar á lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga er gert ráð fyrir að þessi 38. gr. falli niður. Ég held að það sé nú engin sérstök vanþörf á því að nefndin kanni þetta mál allt betur, ekki bara það atriði sem hv. 3. þm. Reykv. gerði að umtalsefni heldur líka þetta nema ríkisstjórnin vilji áfram vera að standandi athlægi fyrir landsmenn.

Umræðu frestað.

Almannatryggingar, 3. umr.

Frv. MB, 300. mál (endurhæfingarlífeyrir). — Þskj. 992.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Ríkisreikningur 1987, frh. 3. umr.

Stjfrv., 292. mál. — Þskj. 524.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég vil leyfa mér að spyrja hvort það sé hægt að afgreiða þennan ríkisreikning þar sem frv. til fjáraukalaga fyrir þetta sama tímabil hefur ekki verið samþykkt áður.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Forseti telur hvorki hefð né annað hníga í þá átt að svo þurfi að vera.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Orlof, 2. umr.

Frv. BGS, 281. mál (varsla orlofslauna). — Þskj. 499, n. 969.

Frsm. félmn. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Herra forseti. Nefndin hefur fjallað um frv. um orlof sem flutt var af hv. þm. Austurl. Birni Grétari Sveinssyni. Nefndin fékk á sinn fund Magnús Geirs-

son og Þráin Hallgrímsson frá Alþýðusambandi Íslands, Þórarin V. Þórarinsson og Hrafnhildi Stefánsdóttur frá Vinnuveitendasambandi Íslands og Birgi Guðjónsson, Einar Sigurjónsson og Gunnar Björnsson frá fjmrn. Þá bárust nefndinni skriflegar umsagnir frá Verkamannasambandinu, Verkamannafélaginu Hlíf, Verkalýðsfélaginu Boðanum, Verkalýðsfélaginu Einingu, Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands. Jafnframt barst nefndinni undirskriftalisti frá starfsfólki Eimskipafélags Íslands í Hafnarfirði.

Lítil reynsla er komin á framkvæmd núgildandi laga um þetta efni og telur nefndin að í málinu séu margir óvissuþættir er þurfi frekari athugunar við. Nefndin leggur því til að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. á þskj. 969 um að vísa frv. til ríkisstjórnarinnar samþ. með 24 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 405. mál (aðildarskilyrði o.fl.). — Þskj. 761.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Eins og kom fram hér fyrr í vetur þegar svarað var fsp. í Sþ. hefur af lögfræðilegum ástæðum leikið nokkur vafi á því hvort starfsmenn Sinfóníuhljómsveitar Íslands gætu verið félagar í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Til þess að taka af allan vafa í þessum efnum var ákveðið að flytja það frv. sem hér er til 1. umr. og felur í sér þá breytingu að starfsmenn Sinfóníuhljómsveitar Íslands eru teknir inn í sjóðinn með þeim hætti sem frá er greint í frv.

Það var einnig ákveðið að nota tækifærið og gera minni háttar breytingar á lögunum um sjóðinn. Mér hefur verið tjáð að þessar breytingar séu allar þess eðlis að um þær sé ekki ágreiningur í stjórn sjóðsins heldur sé hér um lagatæknilegar snyrtingar að ræða og einnig þær sem snúa að því að færa lögin í stíl við breytta framkvæmd og breyttar aðstæður, m.a. breytt nafn á samtökum háskólamanna sem aðild eiga að sjóðnum. Hins vegar voru ekki tekin inn í þetta frv. fjölmörg önnur atriði sem rædd hafa verið og ágreiningur hefur verið um. Ég vona að þetta frv. geti fengið jafngreiða afgreiðslu hér og það fékk í hv. Ed.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

Tollalög, 1. umr.

Stjfrv., 461. mál (aðaltollhöfn á Egilsstöðum). — Þskj. 955.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það var haft á orði í hv. Ed. að hér væri á ferðinni stutt og laggott frv., enda hefur það fengið skjóta afgreiðslu í hv. Ed. Það felur í sér að Egilsstaðir og Sauðárkrókur eru teknir inn í tollalög til þess að auðvelda tollafgreiðslu á þessum stöðum. Ég vil geta þess að það færist nokkuð í vöxt að ferðaskrifstofur, erlendar og innlendar, hafi áhuga á því að geta flutt erlenda ferðamenn og einnig íslenska ferðalanga beint á milli útlanda og þeirra flugvalla og staða á landsbyggðinni þar sem aðstæður eru fyrir hendi og talið þá rétt að hinir erlendu ferðamenn og hinir íslensku farþegar hafi sams konar möguleika á þjónustu á þessum stöðum og ef farið væri frá Reykjavíkurflugvelli eða Keflavíkurflugvelli.

Ég vænti þess að þetta frv. fái einnig hér skjóta afgreiðslu, en það skal tekið fram að það hefur ekki verið, enn sem komið er alla vega, tekin ákvörðun um það að hafa fastbundna fríhöfn á þessum stöðum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 30 shlj. atkv.

Hlutafélög, 2. umr.

Stjfrv., 115. mál (heildarendurskoðun). — Þskj. 121, n. 967, brtt. 968.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti fjh.- og viðskn. um frv. um hlutafélög, en nál. er prentað á þskj. 967.

„Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið um það umsagnir frá Félagi löggiltra endurskoðenda, Verslunarráði Íslands, Seðlabanka Íslands og laganefnd Lögmannafélags Íslands. Þá kom Árni Vilhjálmsson prófessor, formaður þeirrar nefndar er samdi frumvarpið, á fund nefndarinnar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali. Ekki er um veigamiklar efnisbreytingar að ræða heldur er aðallega verið að færa til betri vegar ýmis ákvæði frumvarpsins."

Á þskj. 968 eru brtt. prentaðar í ellefu liðum og ég ætla ekki að hafa langan formála fyrir þeim. Þarna er ekki um veigamiklar efnisbreytingar að ræða heldur einungis verið að endurskoða orðalag og færa til betri vegar eftir því sem okkur sýndist að hægt væri að gera á frv. Ég vil taka fram að við áttum viðtal við Árna Vilhjálmsson prófessor sem samdi upphaflega frv. og hann féllst á þessar hugmyndir okkar, þær af þeim

sem við bárum undir hann. Að vísu komu aðrar til síðar í meðferð málsins.

Þarna er um verulega mikinn lagabálk að ræða og við höfum unnið í þessu af mikilli kostgæfni og nefndin er fyllilega sammála um að hér sé um framfaraspor að ræða og leggur til að frv. verði samþykkt með þeim brtt. sem við leggjum til á þskj. 968.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 968,1 samþ. með 22 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
2.–7. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 968,2 samþ. með 23 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
9.–11. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 968,3 samþ. með 24 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
13. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 968,4 samþ. með 24 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
15.–16. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 968,5 samþ. með 23 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
18.–22. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 968,6 samþ. með 28 shlj. atkv.
23. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
24.–26. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 968,7 samþ. með 28 shlj. atkv.
27. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 968,8 (ný 28. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.
29.–32. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 968,9 (ný 33. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
34.–40. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 968,10 samþ. með 28 shlj. atkv.
41. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 968,11 samþ. með 30 shlj. atkv.
42. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 968,12 samþ. með 29 shlj. atkv.
43. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
44.–47. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 968,13 samþ. með 31 shlj. atkv.
48. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
49.–51. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 968,14 samþ. með 30 shlj. atkv.
52. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
53.–63. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 968,15 (ný 64. gr.) samþ. með 31 shlj. atkv.
65.–69. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Ákvæði til brb. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.

Frv. KJóh, 113. mál (greiðsla opinberra gjalda með skuldaviðurkenningum). — Þskj. 116, n. 989.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Hér er um að ræða frv. til l. um breytingu á lögum nr. 75 frá 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Hér er um þmfrv. að ræða frá hv. þm. Kjartani Jóhannssyni.

Á þskj. 989 liggur fyrir álit fjh.- og viðskn. sem hefur rætt þetta frv. og aflað umsagna frá Ríkisendurskoðun og fékk til fundar Ævar Ísberg vararíkisskattstjóra, Lárus Ögmundsson og Maríönnu Jónasdóttur frá fjmrn. Nefndin mælir einhuga með samþykkt þessa frv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Þjóðminjalög, 2. umr.

Frv. GHelg o.fl., 188. mál (heildarlög). — Þskj. 220, n. 982, brtt. 983.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv.

Frsm. menntmn. (Árni Gunnarsson):

Herra forseti. Menntmn. Nd. hefur fjallað um frv. til þjóðminjalaga á mörgum fundum og leggur á það miklu áherslu að hraðað verði afgreiðslu þessa máls hér á þingi þannig að það verði að lögum fyrir þinglok.

Það náðist alger samstaða í nefndinni um það nál. sem hér er flutt á þskj. 982, svo og þær brtt. sem fluttar eru á þskj. 983. Í nál. segir, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á mörgum fundum og sent það víða til umsagnar. Svör bárust frá eftirtöldum: starfsfólki Þjóðminjasafns, séra Gísla H. Kolbeins, Stykkishólmi, Þórði Tómassyni, safnverði í Skógum, Þór Magnússyni þjóðminjaverði, Gunnlaugi Haraldssyni, forstöðumanni Byggðasafns Akraness og nærsveita, Guðnýju Gerði Gunnarsdóttur, safnverði við Minjasafn Akureyrar, Margréti Hermannsdóttur, fornleifafræðingi við Háskóla Íslands, Ragnheiði H. Þórarinsdóttur borgarminjaverði, Sigríði Sigurðardóttur, minjaverði í Skagafirði, Sveinbirni Rafnssyni, prófessor og forseta heimspekideildar Háskóla Íslands, Guðmundi Karlssyni, Byggðasafni Húnvetninga og Strandamanna á Reykjum, Gísla Arasyni, safnverði við Byggðasafn A-Skaftafellssýslu, Ingu Láru Baldvinsdóttur, formanni Félags íslenskra safnmanna, Sigmundi Andréssyni, safnverði við Byggðasafn Vestmannaeyja, Gyðu Gunnarsdóttur, safnverði Sjóminjasafns

Íslands, Elísabetu Sigurgeirsdóttur, Heimilisiðnaðarsafninu á Blönduósi, Guðleifi Sigurjónssyni, stjórnarformanni Byggðasafns Suðurnesja, Guðrúnu Kristinsdóttur, safnverði við Safnastofnun Austurlands, Ingu Láru Baldvinsdóttur, formanni byggðasafnsnefndar Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka, og Magnúsi Jónssyni, byggðasafnsnefnd Hafnarfjarðar."

Eins og áður sagði mælir nefndin með samþykkt frv. með breytingum sem tillaga er gerð um á sérstöku þingskjali. Í tillögum þessum er gengið til móts við sjónarmið þeirra sem vilja styrkja þann þátt málsins er lýtur að fornleifum og verndun þeirra. Þannig er m.a. tekin upp sem breytingartillaga 3. gr. frv. til laga um verndun fornleifa, en það frumvarp hefur einnig verið til umfjöllunar í nefndinni. Nefndin telur einnig rétt að stofnuð verði sérstök fornleifanefnd, skipuð af menntamálaráðherra, sem fari með yfirstjórn fornleifavörslu og fornleifarannsókna í landinu í umboði þjóðminjaráðs. Jafnframt er gert ráð fyrir sérstakri fornleifadeild við Þjóðminjasafn Íslands og skal deildarstjóri þeirrar deildar vera fornleifafræðingur að mennt og sömu kröfur eru gerðar til fornleifavarða er verða ásamt minjaverði einn á hverju minjasvæði.

Aðrar breytingartillögur nefndarinnar eru flestar byggðar á hugmyndum og tillögum sem fram komu í aðsendum umsögnum. Undir þetta nál. rita nöfn sín allir nefndarmenn í menntmn. Nd., þ.e. Ragnar Arnalds, Birgir Ísl. Gunnarsson, Árni Gunnarsson, Ragnhildur Helgadóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir, Ólafur Þ. Þórðarson og Guðmundur G. Þórarinsson.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. 3. þm. Norðurl. e., sem er frsm. menntmn. þessarar hv. deildar, náðist í nefndinni alger samstaða um afgreiðslu þessa máls, þ.e. frv. til þjóðminjalaga sem er 188. mál þingsins og segja má í reyndinni einnig afgreiðsla á öðru máli sem jafnframt var í hv. menntmn., þ.e. 301. máli, sem var frv. til l. um verndun fornleifa sem flutt var af hv. 1. þm. Vesturl. Alexander Stefánssyni og nokkrum fleiri þingmönnum. Þessi tvö frumvörp gengu nokkuð hvort í sína áttina, sérstaklega að því er snertir hvernig haga skyldi fornleifarannsóknum og verndun fornleifa í landinu.

Ég vil aðeins rifja upp í þessu sambandi að þetta mál, þ.e. þetta frv. til þjóðminjalaga, á sér nokkuð sérstaka sögu. Þetta er ekki stjfrv. sem e.t.v. væri eðlilegt þegar um slíkt mál er að ræða. Málið á rætur að rekja til þess að er ég var menntmrh. skipaði ég þann 19. nóv. 1987 sérstaka nefnd til að móta stefnu í málefnum Þjóðminjasafns Íslands til næstu aldamóta og gera áætlun um endurbætur, vöxt og viðgang safnsins. Jafnframt var nefndinni falið að endurskoða núgildandi þjóðminjalög nr. 52/1969 með þeim breytingum sem síðar höfðu orðið á þeim lögum.

Þessi nefnd, sem skipuð var fulltrúum fjögurra þingflokka undir forsæti Sverris Hermannssonar, fyrrv. hv. þm., samdi sérstakt frv. til þjóðminjalaga sem lagt var fram á síðasta þingi. Því var vísað til menntmn. sem sendi það til umsagnar ýmissa aðila sem hlut eiga að máli. Frv. kom seint fram og var þess vegna ekki afgreitt.

Það var samkomulag um það milli mín og þeirrar nefndar að þetta yrði flutt sem þmfrv. en ekki stjfrv. Núv. hæstv. menntmrh. endurskipulagði síðan þessa nefnd í haust. Sverrir Hermannsson óskaði eftir lausn frá formennsku í nefndinni, en hv. 13. þm. Reykv. Guðrún Helgadóttir tók við formennsku og við bættust fulltrúar bæði frá Borgfl. og Kvennalista.

Það kom fljótt í ljós að nokkur ágreiningur var um það atriði hvernig vista skyldi fornleifaþáttinn í þessu frv., þ.e. hvort stofna skyldi sérstaka fornleifastofnun sem hefði þá með fornleifarannsóknir og fornleifaverndun að gera eða hvort þessi starfsemi yrði áfram í Þjóðminjasafni. Þessi ágreiningur endurspeglaðist m.a. í því að það var lagt fram sérstakt frv. hér um verndun fornleifa sem fól í sér að stofnuð yrði sérstök stofnun, þ.e. fornleifastofnun, sem fjallaði eingöngu um fornleifarannnsóknir og fornleifavörslu.

Nefndin hefur lagt á sig mikið starf til að reyna að samræma þessi tvö sjónarmið. Það er alveg ljóst að fræðimenn greinir nokkuð á um hvernig best sé að haga þessum málum. Ég fagna því hins vegar mjög að það skuli hafa náðst það samkomulag sem hér liggur fyrir í nál. og brtt. menntmn. Mér er hins vegar fullljóst að þegar um er að ræða jafnvíðtæka málamiðlun og fram kemur í þessu máli eru ekki allir ánægðir. Sjálfur hefði ég gjarnan viljað hafa séð suma hluti öðruvísi í þessu frv. en raun ber vitni. Engu að síður tel ég mikils um vert að það skuli hafa náðst samstaða því ljóst er að ef hún hefði ekki náðst í nefndinni og ef ekki næst sæmileg samstaða hér á hv. Alþingi um þetta mál verður það ekki afgreitt nú á þeim stutta tíma sem eftir lifir þingsins.

Það er hins vegar mjög mikilvægt að setja nýja löggjöf um þennan málaflokk. Það þarf að fella bæði fornleifavörsluna og Þjóðminjasafnið og starfsemi þess að ýmsum nútímastjórnarháttum. Ég tel að það sé gert með því frv. sem hér liggur fyrir og með þeim breytingum sem menntmn. hefur látið frá sér fara. Ég vildi við 2. umr. þessa máls, ekki síst þar sem ég hef átt verulegan þátt í gerð þessa frv. og hvernig málið var lagt fram á Alþingi, gera grein fyrir þessu.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Ég tel sérstaka ástæðu til að flytja hv. menntmn. þakkir fyrir hvernig hún hefur staðið að þessu máli. Hún hefur greinilega tekið málið til vandlegrar meðferðar og ég verð að segja alveg eins og er að ég fagna því alveg sérstaklega að það hefur verið gengið rækilega til móts við okkur flm. frv. um verndun fornleifa og þau rök sem við lögðum þar fram og þýðingu þess að auka gildi þess að sinna þeim þætti í sambandi við þjóðminjalög og verndun fornleifa alveg sérstaklega. Þar með tel ég að nefndin hafi stórbætt þetta frv. til þjóðminjalaga og ber vissulega

að fagna því. Um svona mikilvæga löggjöf þarf sjálfsagt að vanda vel til verka og einnig að gæta þess að ná samkomulagi á breiðum grundvelli um málið meðal þeirra sem um þau fjalla. Ég vil alveg sérstaklega fagna þeirri breytingu sem hér kemur fram og ekki síst að stofnuð verði sérstök fornleifanefnd sem hafi með yfirstjórn að gera í sambandi við fornminjavörslu og fornleifarannsóknir í landinu. Ég sætti mig vel við þessa niðurstöðu málsins og hún er að öllu leyti skynsamleg.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 983,1 samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 983,2 (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 983,3 (ný 3. gr., verður 4. gr.) samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 983,4 samþ. með 28 shlj. atkv.
4. gr. (verður 5. gr.), svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
5.–8. gr. (verða 6.–9. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 983,5 samþ. með 25 shlj. atkv.
9. gr. (verður 10. gr.), svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 983,6 samþ. með 26 shlj. atkv.
10. gr. (verður 11. gr.), svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
11. gr. (verður 12. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 983,7 samþ. með 25 shlj. atkv.
12. gr. (verður 13. gr.), svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
13.–14. gr. (verða 14.–15. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 983,8 (ný 15. gr., verður 16. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 983,9 samþ. með 26 shlj. atkv.
16. gr. (verður 17. gr.), svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 983,10 samþ. með 25 shlj. atkv.
17. gr. (verður 18. gr.), svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 983,11 samþ. með 26 shlj. atkv.
18. gr. (verður 19. gr.), svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 983,12 samþ. með 26 shlj. atkv.
19. gr. (verður 20. gr.), svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 983,13 samþ. með 27 shlj. atkv.
20. gr. (verður 21. gr.), svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 983,14 (ný 21. gr., verður 22. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 983,15 samþ. með 26 shlj. atkv.
22. gr. (verður 23. gr.), svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
23.–24. gr. (verða 24.–25. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 983,16 samþ. með 28 shlj. atkv.
25. gr. (verður 26. gr.), svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
26. gr. (verður 27. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 983,17 samþ. með 29 shlj. atkv.
27. gr. (verður 28. gr.), svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 983,18 samþ. með 29 shlj. atkv.
28. gr. (verður 29. gr.), svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
29. gr. (verður 30. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 983,19 samþ. með 26 shlj. atkv.
30. gr. (verður 31. gr.), svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
31.–52. gr. (verða 32.–53. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 983,20 samþ. með 28 shlj. atkv.
53. gr. (verður 54. gr.), svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
Ákvæði til brb. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 983,21 (ný fyrirsögn) samþ. með 28 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Þinglausnir, efnahagsráðstafanir o.fl.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Eins og margoft hefur komið fram í umræðum, einkum um þingsköp og utan dagskrár á Alþingi að undanförnu, hyggst hæstv. ríkisstjórn, sem stjórnar þinghaldinu ásamt yfirstjórn þingsins, þingforsetum, hafa þinglausnir í lok þessarar viku. Ekkert hefur komið fram enn sem bendir til þess að hæstv. ríkisstjórn hyggist halda þinghaldinu áfram. Nú þykir ýmsum hv. þm. kominn tími til þess að svör fáist um það hvenær hæstv. ríkisstjórn og hvenær hæstv. forsetar hyggjast ljúka þingi í vor. Annars vegar rekur það á eftir svari að heyrst hefur að hæstv. forsrh. hyggist fara til erlends ríki í opinbera heimsókn á næstunni og hlýtur maður þá að spyrja hvort þingi verði frestað á meðan þannig að hægt verði að ræða mikilvæg mál þegar hæstv. forsrh. kemur aftur úr sinni heimsókn. Hitt er að á sunnudaginn sl. skrifaði hæstv. forsrh. bréf, annars vegar til Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna og hins vegar til Alþýðusambands Íslands, þar sem fram koma fjöldi atriða sem snerta löggjafarstarfið og fjárveitingavaldið og gefið er í skyn í þessum bréfum báðum að hæstv. ríkisstjórn muni beita sér fyrir breytingum á lögum og fyrir auknu fjármagni til ýmissa verkefna. Er því fyllsta ástæða til að spyrja hæstv. forsrh. að því hvort þessi mál verði lögð fyrir yfirstandandi þing eins og helst er að sjá af texta þeirra bréfa sem ég hef áður nefnt. Þessi bréf eru skrifuð í tilefni kjarasamnings á milli Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands sam-

vinnufélaganna, en sá kjarasamningur er í megindráttum svipaður þeim sem gerður var af hæstv. ríkisstjórn við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, þ.e. við ríkisstarfsmenn innan þeirra samtaka.

Mig langar, virðulegur forseti, til þess að varpa nokkrum fyrirspurnum til hæstv. forsrh. varðandi þetta mál og biðja hann um að svara því hvort viðkomandi mál komi til umræðu á yfirstandandi þingi. Í bréfi hæstv. forsrh. til Vinnuveitendasambandsins og Vinnumálasambands samvinnufélaganna kemur fram m.a. að ríkisstjórnin hefur ákveðið að greiðslur verðbóta á freðfisk úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins verði lækkaðar á næstu mánuðum þannig að þær falli niður um næstu áramót. Það er fyllsta ástæða til að spyrja að því hve miklir fjármunir eru hér í húfi, hvort leitað verði samþykkis Alþingis eins og lög gera ráð fyrir ef um meiri fjármuni er að ræða en þá sem Alþingi hefur þegar ákveðið að leggja til verðjöfnunarsjóðsins og hvort sama gildi um þessa fjárhæð og hinar 800 millj. sem þegar hafa farið í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, að ekki sé gert ráð fyrir því að sjóðurinn endurgreiði þessa fjármuni. Þetta eru allt atriði sem varða löggjafarstarfsemina og fjárveitingavaldið.

Þá er ástæða til að spyrja hæstv. forsrh. að því, þegar í texta stendur að ríkisstjórnin muni grípa til ráðstafana sem bæti frystiiðnaðinum niðurfellingu verðbótanna með einum eða öðrum hætti, verði ekki breyting til batnaðar á ytri skilyrðum greinarinnar á næstunni, hvað þetta orðalag þýði: „með einum eða öðrum hætti". Þýðir þetta að það eigi að setja meira fjármagn, sem Alþingi þyrfti þá að fjalla um, í verðjöfnunarsjóðinn eða til greinarinnar í einhverju formi eða er hér verið að segja það í heldur óskýru máli að grípa eigi til gengisbreytinga eða gengissigs? Það er fyllsta ástæða, sérstaklega vegna umræðna sem farið hafa fram um þessi mál að undanförnu, að hæstv. forsrh. svari þessari fyrirspurn.

Þá segir í lok þessarar fyrstu greinar í bréfi til Vinnuveitendasambandsins að sama gildi um niðurfellingu sérstakrar endurgreiðslu söluskatts. Spyr ég þá hvort megi skilja þennan síðasta málslið með þeim hætti að mæta eigi óhagræðinu og verri afkomu með gengissigi, það sé það sem átt sé við með orðunum „með einum eða öðrum hætti".

Loks er í þessari grein yfirlýsing frá ríkisstjórninni þar sem hún segist beita sér fyrir því að samkeppnisstaða útflutningsgreinanna verði viðunandi á samningstímanum. Til þess að þessi texti sé skýr langar mig að spyrja hæstv. forsrh.: Hvað þýðir hugtakið „viðunandi"? Þýðir hugtakið „viðunandi" að hann sætti sig ekki við hallarekstur í útflutningsgreinunum? Fyrirspurnin er væntanlega skýr. Þýðir „viðunandi" það að hæstv. ríkisstjórn sætti sig ekki við hallarekstur í þessum greinum?

Í öðrum kafla í þessu bréfi er fjallað um lántökuskatt. Þar segir að skattur á erlendar lántökur verði felldur niður frá og með 1. júlí nk. Nú er það svo að í fjárlögum fyrir yfirstandandi ár er gert ráð fyrir tekjum af lántökuskatti. Mun ákvörðun ríkisstjórnarinnar verða lögð fram í þingmáli sem hv. Alþingi á síðan að taka afstöðu til? Ekki verður annað séð en hér sé um svo miklar breytingar að ræða á fjárlögum yfirstandandi árs og jafnvel á heimild í lögum að ekki verði hjá því komist að Alþingi fái að fjalla um þetta atriði.

Í þriðja kaflanum, um vörugjald, segir m.a., með leyfi forseti: „Stefnt verði að því að sem fyrst verði fellt niður vörugjald af öllum vörum sem framleiddar eru hér á landi í mikilli samkeppni við innflutning, en ekki síðar en 1. september nk. verði fellt niður vörugjald af framleiðsluvörum húsgagna-, trjávöru- og málmiðnaðar og af aðföngum til þeirra." Hér er um að ræða mál sem hefur verið til umræðu á Alþingi í vetur. Ég minni á yfirlýsingar hæstv. ríkisstjórnar frá því 5. febrúar sl. þegar fram kom að hæstv. ríkisstjórn hygðist koma til móts við sjónarmið annars vegar stjórnarandstöðunnar og hins vegar þeirra sem starfa í iðnaðinum um breytingar á vörugjaldi. Full ástæða er til að spyrja: Kemur fram þingmál um þetta atriði fyrir þinglausnir þannig að Alþingi geti fjallað um þetta lagaatriði sem jafnframt er auðvitað partur af fjárveitingavaldi þingsins?

Í fjórða lagi er fjallað um jöfnunargjald. Þar er sagt að jöfnunargjald af innfluttum vörum verði hækkað tímabundið úr 3% í 5% eða þar til virðisaukaskattur verður tekinn upp, en það er ráðgert að hann verði tekinn upp um næstu áramót. Ég spyr: Hefur hæstv. ríkisstjórn heimild til að hækka þetta jöfnunargjald án þess að fram komi á þinginu frv. þess efnis og ætlar hæstv. ríkisstjórn að leggja þetta atriði fram í formi þingmáls á næstunni þannig að yfirstandandi þing geti tekið afstöðu til málsins?

Í fimmta lagi segir í þessari yfirlýsingu hæstv. ríkisstjórnar að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir að skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði verði lækkaður úr 2,2% í 1,5%. Hér er enn á ný komið til móts við sjónarmið stjórnarandstöðunnar, a.m.k. Sjálfstfl., sem eindregið varaði við þessum skatti, þessum eignarskatti. Nú hefur hæstv. ríkisstjórn séð að sér og það er út af fyrir sig gott þegar það gerist. En mín spurning er sú: Kemur fram frv. um þetta efni og hvenær kemur það frv. fram?

Í sjötta lagi er fjallað um stimpilgjöld. Þar er textinn nokkuð óákveðinn, en þar segir að ríkisstjórnin muni fyrir næstu áramót beita sér fyrir athugun á ákvæðum laga um stimpilgjöld. Nú er það svo að fyrir þinginu liggur frv. um stimpilgjöld á hlutabréfum sem einn af þingmönnum hæstv. ríkisstjórnar, hv. 10. þm. Reykv. Guðmundur G. Þórarinsson, hefur flutt. Ég spyr forsrh.: Er hann tilbúinn sem fyrsta þátt í þessari aðgerð að lýsa yfir stuðningi við frv. hv. þm. Framsfl. Guðmundar G. Þórarinssonar, en í því frv. er gert ráð fyrir að stimpilgjöld af hlutabréfum verði lækkuð úr 2% niður í ½?

Í sjöunda lagi er gert ráð fyrir að skattlagning fyrirtækja verði endurskoðuð með tilliti til samkeppnisstöðu þeirra gagnvart erlendum keppinautum. Það er full ástæða til að spyrja hæstv. forsrh. að því hvort hér sé um að ræða endurskoðunarstarf sem

þegar sé hafið, hvort vænta megi að frv. komi fram um þetta efni eða hvernig staðið verði að þessari endurskoðun og hvort haft verði samband við alla þingflokka um það mál.

Þá kemur fram jafnframt í síðari hluta þessarar greinar að ríkisstjórnin muni við heildarendurskoðun eignarskattsálagningar taka til athugunar álagningu eignarskatts á atvinnufyrirtæki. Mig langar til að spyrja: Stendur þessi endurskoðun yfir? Hve langt er það starf komið? Hvenær má búast við því að drög að frumvörpum eða frumvörp sjái dagsins ljós? Verður það á yfirstandandi þingi?

Í lokin á þessu bréfi lofar ríkisstjórnin síðan að beita sér fyrir því að tryggð verði fjármögnun á uppsöfnuðum vaxta- og geymslukostnaði vegna birgða sauðfjárafurða af framleiðslu ársins 1988. Hvernig hyggst hæstv. ríkisstjórn gera þetta? Hvar hyggst hæstv. ríkisstjórn taka fjármunina? Mun hæstv. ríkisstjórn leggja þetta mál í formi þingmáls fyrir yfirstandandi Alþingi því hér er um verulega aukningu á fjárútgjöldum ríkisins að ræða?

Þetta snýr að bréfi hæstv. ríkisstjórnar frá 30. apríl til Vinnuveitendasambandsins annars vegar og Vinnumálasambandsins hins vegar og snertir að sjálfsögðu þingstörfin það sem eftir lifir þessa þings.

Sný ég mér þá að bréfi hæstv. forsrh. til Alþýðusambandsins og langar fyrst til þess að spyrja um atriði nr. 2 í því bréfi, um atvinnuleysistryggingar, en þar segir: „Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að á yfirstandandi þingi verði lögum um atvinnuleysistryggingar breytt þannig að heimilt verði að lengja bótatímabil atvinnuleysistrygginga úr 180 dögum í 260 daga.“ Liggur frv. fyrir þessu þingi? Verður slíkt frv. lagt fram ef á þarf að halda? Og hvenær kemur það frv. fram?

Í þriðja kaflanum í þessu bréfi er minnst á verðlagsmál. Þar segir m.a., með leyfi forseta: „Verðstöðvun verður sett á opinbera þjónustu þannig að verðlagning hennar miðist við forsendur fjárlaga fyrir árið 1989 og ríkisstjórnin mun beita sér fyrir aðhaldi og verðákvörðunum einokunarfyrirtækja“ o.s.frv. Hvað þýðir þessi texti? Er hér um að ræða nýja ákvörðun, breytta ákvörðun frá fyrri ákvörðunum hæstv. ríkisstjórnar frá því í febrúar og jafnvel frá því í haust? Miðast þessi ákvörðun við það að gefin verði út ný yfirlýsing og nær þessi yfirlýsing til sveitarfélaganna sem reka fyrirtæki eins og t.d. hitaveitur, en í skilmálum ýmissa lána hæstv. ríkisstjórnar til hitaveitnanna í landinu eru lánin veitt með þeim skilyrðum að hitaveiturnar hækki verð á heita vatninu í takt við verðlagsbreytingar og jafnvel meira til þess að endar nái saman? Á þessi yfirlýsing við um sveitarfélögin og öll þau fyrirtæki sem kalla má opinber, önnur en hrein ríkisfyrirtæki?

Þá segir í þessari grein að ríkisstjórnin muni verja 500–600 millj. kr. til aukinna niðurgreiðslna á verði landbúnaðarvara frá 1. apríl til ársloka þannig að þær verði óbreyttar í krónutölu út árið. Síðan bætist við: „eða grípa til annarra jafngildra aðgerða til lækkunar á verði nauðsynjavöru.“ Þetta þarf að skýra því hér er um að ræða verulegt fjárhagsmál sem snertir fjárlög íslenska ríkisins sem Alþingi Íslendinga afgreiddi fyrir síðustu áramót. Hvernig hyggst ríkisstjórnin standa að þessu? Kemur þetta fram í búningi þingmáls inn á yfirstandandi þing og þýðir þessi texti að landbúnaðarafurðir þær sem niðurgreiddar eru verði á óbreyttu verði út árið? Skilja má textann á þá leið.

Enn fremur segir í þriðja kafla að hæstv. ríkisstjórn muni beita sér fyrir sérstakri lækkun á verði dilkakjöts. Verður það gert með nýju fjármagni úr ríkissjóði og hyggst hæstv. ríkisstjórn leggja það mál fyrir hv. Alþingi fyrir þinglausnir?

Í fjórða kaflanum í bréfi hæstv. ríkisstjórnar til Alþýðusambandsins segir m.a.: „Ríkisstjórnin mun hafa samráð við samtök launafólks um undirbúning og framkvæmd virðisaukaskattsins sem tekinn verður upp um næstu áramót, m.a. um hugsanleg tvö þrep í skattinum.“

Virðulegur forseti. Það er full ástæða til þess að endurtaka síðustu orðin „m.a. um hugsanleg tvö þrep í skattinum.“ Hér er gefið í skyn að hæstv. ríkisstjórn geti hugsað sér í samvinnu við Alþýðusamband Íslands að hafa tvöfaldan virðisaukaskatt um næstu áramót sem þýðir væntanlega það, og það snertir hæstv. fyrrum fjmrh. Jón Baldvin Hannibalsson: Er það hugsanlegt að hæstv. ríkisstjórn sé horfin frá því ráði að hafa virðisaukaskattinn í einu þrepi? Getur verið að það mál sem varð til þess að stjórnarslit urðu á sl. hausti, þegar rýtingurinn komst ekki á milli þeirra félaga, hæstv. forsrh. núv. og hæstv. núv. utanrrh., getur verið að þetta stóra mál, þetta mál sem drap síðustu ríkisstjórn sé núna komið á samningsuppboð og nú sé það ætlun hæstv. ríkisstjórnar að hverfa frá þessu grundvallaratriði í þeirra augum og koma til móts við sjónarmið Sjálfstfl. og annarra flokka um að hafa þetta stig tvöfalt og þá hugsanlega lækka matarskattinn?

Þessi yfirlýsing er þess eðlis að það verður að krefja hæstv. forsrh. og jafnvel fleiri hæstv. ráðherra, t.d. hæstv. utanrrh., svars í þessum efnum.

Í fimmta lagi er fjallað um vaxtamál og þar segir m.a., virðulegi forseti, „að þjónustugjöldum banka og sparisjóða verði veitt aðhald“. Spurningin er: Hvernig aðhald? Er von á nýjum lögum til þess að veita hæstv. ríkisstjórn heimild til þessa aðhalds?

Í sjötta lagi er fjallað um húsnæðismál. Spurningin er einföld: Eru fjármunirnir til í ríkissjóði eða húsnæðissjóðunum til að hefja framkvæmdir við a.m.k. 200 nýjar íbúðir í félagslega íbúðarkerfinu? Ef þessir fjármunir eru ekki til hvernig verður þeirra aflað og mun það mál koma inn á yfirstandandi þingi?

Í níunda lagi: Í þessu bréfi hæstv. ríkisstjórnar er fjallað um réttarstöðu starfsmanna við gjaldþrot. Þar segir m.a. að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir því á yfirstandandi þingi að lög verði samþykkt sem tryggi launafólki þeirra fyrirtækja sem verða gjaldþrota rétt til greiðslu atvinnuleysisbóta á meðan það bíður eftir endanlegu uppgjöri. Kemur fram nýtt frv. um þetta efni eða ætlar ríkisstjórnin að lýsa yfir stuðningi við þmfrv. sem liggur í nefnd, en í nefndinni hafa komið

fram viðhorf þingmanna um það að sitt sýnist hverjum um þetta atriði?

Þá segir jafnframt í þessum kafla að ríkisstjórnin vinni nú að mótun almennra reglna um veitingu atvinnuleyfa til að girða fyrir misnotkun, t.d. stofnun gervifyrirtækja. Verður þetta gert með lögum og verður lagafrv. lagt fyrir á yfirstandandi Alþingi?

Í tíunda lagi, og það er síðasta atriði sem ég tel að ástæða sé til að fjalla um í þessari þingskapaumræðu, segir að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir því að áfram verði haldið uppbyggingu starfsmenntunar og stefnt að því að koma á samræmdu starfsmenntunarkerfi á vegum félmrn. Ekki alls fyrir löngu, eða í febrúar, lýsti hæstv. ríkisstjórn því yfir að ákveðnar fjárupphæðir ættu að ganga til slíks starfs hjá fagráðuneytunum, iðnrn. og þá einkum sjútvrn. Hér er um stefnubreytingu að ræða. Kemur sú stefnubreyting til með að vera í formi lagafrv. sem kemur fram á yfirstandandi þingi og stendur öll hæstv. ríkisstjórn að því að færa þessa starfsmenntun frá fagráðuneytum og menntmrn. yfir til félmrn.? Sé svo þá er fyllsta ástæða til þess að umræður fari fram um það efni á yfirstandandi þingi.

Virðulegi forseti. Ég hef einkum og sér í lagi fjallað um þau atriði sem snúa að Alþingi Íslendinga, annars vegar vegna nauðsynjar á því að fram komi lagafrv. á yfirstandandi þingi og hins vegar vegna þess að hæstv. ríkisstjórn ætlar sér að fikta í fjárlögum íslenska ríkisins og lánsfjárlögum og slíkt verður ekki þolað að það verði gert á meðan þing situr án þess að það verði lagt fyrir hv. Alþingi.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég vil í upphafi míns máls fullvissa hv. þm. um að að sjálfsögðu verður leitað þeirra heimilda sem nauðsynlegt er á Alþingi. Ég vil einnig upplýsa að á þeim fundum sem ég hef átt með forseta sameinaðs þings og forsetum Alþingis almennt og formönnum þingflokka hef ég hvað eftir annað lýst þeirri skoðun minni að ég teldi afar ólíklegt að unnt væri að ljúka þingi fyrir 6. maí. Mér hafa sýnst vera svo mörg mál óafgreidd og það er engin ástæða til þess að vera að hraða þingstörfum svo.

En ég skal þá fara yfir þá liði sem hv. þm. hefur nefnt. Það er í fyrsta lagi liður sem við höfum nefnt „samkeppnisstaða útflutningsgreina". Talið er að nægilegt fjármagn verði eftir í verðjöfnunarsjóði, frystideild, í lok maí til að halda áfram óbreyttum greiðslum a.m.k. í mánuð í viðbót. Hins vegar hafa komið fram óskir um að rétt kunni að vera að draga úr þessum greiðslum strax í júní og halda þeim þá nokkuð lengur áfram. Það hafa einnig komið fram óskir um það frá fiskvinnslunni að bætt yrði við þessar greiðslur og ef það verður niðurstaðan verður að leita heimilda Alþingis fyrir því. Hins vegar hefur það ætíð verið ætlun ríkisstjórnarinnar að þessar greiðslur féllu niður á þessu ári og um það er fullt samkomulag. Sömuleiðis hefur það verið skoðun ríkisstjórnarinnar að verðhækkanir muni verða í Evrópu og það beri að draga úr þessum greiðslum í takt við þær verðhækkanir. Um það virðist núna vera nokkuð meiri óvissa. Þetta mál verður því skoðað með frystiiðnaðinum og fiskvinnslunni og metið á hverju stigi. Á þessu stigi get ég ekki svarað þessu nánar. En ef það verður ráðstafað þarna meira fjármagni verður að leita samþykkis Alþingis fyrir því og það sama gildir um niðurfellingu á sérstakri endurgreiðslu söluskatts.

Ég get þess í þessu sambandi að af þeim samningum sem nú hafa verið gerðir telur Seðlabankinn að raungengi muni hækka frá fyrsta ársfjórðungi þessa árs um 2,8%. Það er ekki meira. Sömuleiðis telur Seðlabankinn að raungengi á grundvelli verðvísitölu muni hækka um tæplega 7% frá upphafi þessa árs, en af þeirri hækkun er töluvert mikið þegar komið fram þannig að hækkun frá 2. ársfjórðungi muni verða rúm 4%. Í sambandi við þessa kjarasamninga var ekki síst um þetta rætt þó að fiskvinnslan legði áherslu á að vissar greinar hennar standi erfiðlega um þessar mundir. Mat hefur verið gert á afkomu fiskvinnslu nú, lauslegt mat vil ég taka fram, eftir fyrstu þrjá mánuði sem sýnir stórum betri afkomu víða um landið. Þessi mál eru nú til ítarlegrar athugunar og verður samráð haft við fiskvinnsluna um það.

Þegar hér er talað um að bæta á einn eða annan máta hygg ég að öllum muni vera ljóst að í 20% verðbólgu verður ekki gengi haldið föstu. Það hlýtur að síga eitthvað. Það verður hins vegar gert þannig að það verði í takt við aðrar breytingar sem verða í þessum greinum og með það að markmiði að teknu tilliti til annarra breytinga eins og verðhækkana erlendis, hagræðingar í greininni, þeirra ráðstafana sem verið er að gera í gegnum hlutafjársjóðinn, Atvinnutryggingarsjóðinn og fleira þannig að stefni í hallalausan rekstur útflutningsatvinnugreinanna.

Ég vek einnig athygli á því að í ýmsu því sem hér kemur á eftir er stefnt að hagsbótum fyrir greinarnar með lækkun á ýmsum sköttum. Allt verður þetta tekið inn í það mat og það mat er þegar í gangi og liggur væntanlega fljótlega fyrir.

En ég legg á það ríka áherslu að það er ekki talið að af þeirri ástæðu sem hér um getur, þessum kjarasamningum, væri neitt tilefni til gengisfellingar af einhverri stærri gráðu. Það verður hins vegar metið þegar líður á hvaða gengissig kunni að vera nauðsynlegt í samráði við Seðlabanka Íslands.

Um lántökuskattinn verður lagt fram lagafrv. og er tilbúið, kemur væntanlega fram í dag eða á morgun, og um vörugjaldið verður lagt fram frv. til laga og kemur fram í dag eða á morgun sömuleiðis. Um jöfnunargjaldið er það að segja að frv. til laga verður lagt fram í dag eða á morgun. Frv. til laga verður lagt fram í dag eða á morgun um skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Stimpilgjöldin verða tekin til heildarathugunar. Þau hafa hækkað mjög mikið í heildarkrónutölu, ekki síst með þeirri framkvæmd sem er á stimpilgjöldum, að það er stöðugt verið að endurnýja lánin. Þó ég hafi fullan skilning á því frv. sem hér liggur fyrir frá Guðmundi G. Þórarinssyni tel ég að það eigi að taka

inn í þessa heildarendurskoðun. Henni verður alls ekki lokið á meðan þetta þing situr, en gera má ráð fyrir því að frv. verði flutt sem taki gildi í lok þessa árs. Um það vil ég hins vegar ekki fullyrða mikið því þessi athugun er ekki hafin.

Um skattlagningu fyrirtækja. Þetta er að sumu leyti hafið. T.d. hefur iðnrh. hafið athugun á samkeppnisstöðu íslenskra iðnfyrirtækja og þar koma skattamálin inn í og er fulltrúi fjmrh. þátttakandi í því.

Um eignarskattsálagningu er það að segja að hér er fyrst og fremst um staðfestingu á því að ræða að í þeirri heildarendurskoðun á skattlagningu eigna og samræmingu á þeirri skattlagningu yfir allar eignir, hvort sem þær eru fasteignir eða fjármunir, verður skattlagning eigna atvinnufyrirtækja tekin með. Það hafði ekki komið nægilega ljóst fram og það er hér staðfest sem var reyndar ætíð ætlun ríkisstjórnarinnar.

Um vaxta- og geymslugjaldið er það að segja að það var fært til þess horfs 1986 minnir mig að greiða vaxta- og geymslukostnaðinn sem áður hafði verið greiddur mánaðarlega eftir á. Það hefur síðan verið greitt mánuði eftir að selst hefur af birgðum. Þetta hefur valdið afar miklum erfiðleikum með fjármögnun. Það hefur ekki tekist að fá viðskiptabanka til að fjármagna þennan kostnað sláturleyfishafa. Hér er um það að ræða að flytja þetta annaðhvort til baka til fyrra horfs eða að tryggja fjármögnunina, að ríkisstjórnin gangi þá á viðskiptabankana um að fjármögnun fáist tryggð svo þetta verði ekki íþyngjandi fyrir sláturleyfishafana greiðslulega. Hér er ekki um viðbótarútgjöld fyrir ríkissjóð að ræða. Hér er um greiðsludæmi að ræða og fyrst og fremst innan ársins þannig að birgðir sem eru mestar núna greiðist jafnóðum en ekki í lok ársins eða flytjist yfir næstu áramót.

Ég man ekki hvort hv. þm. spurði um 2. mgr., en hér er um eilífðarmál að ræða frá því 1986, búið að standa í því á hverju einasta ári að reyna að fá bankana til að standa við það samkomulag sem þá var gert ef ég má orða það svo.

Um bréfið til Alþýðusambands Íslands er eftirfarandi að segja:

Fyrsta liðinn held ég að hann hafi ekki mikið minnst á. Það er nú þegar reyndar í lögum að ákveðin nefnd skuli fjalla um atvinnumál. Hún hefur ekki starfað mikið. Hér lögðu fulltrúar Alþýðusambands Íslands alveg sérstaka áherslu á að þetta yrði ný nefnd, kannski dálítið öðruvísi skipuð, og vísa til þeirrar óvissu sem er nú í atvinnumálum, fyrst og fremst þó að þarna sé talað um atvinnuuppbyggingu á landinu til lengri tíma eða langtímastefnu. En fyrst og fremst vísar það til óvissunnar sem er nú á ýmsum sviðum sem ég vil taka fram að ríkisstjórnin hefur haft í huga við ýmis þau mál sem fallist hefur verið á eins og t.d. lántökuskattinn. Hann er orðinn óþarfur sem skattur til að draga úr fjárfestingu því að það er svo mikill samdráttur í þjóðfélaginu og því talið rétt að fella hann niður, sömuleiðis að lækka skatta á skrifstofu- og verslunarhúsnæði vegna þess samdráttar sem er og erfiðleika sem eru á þeim sviðum. Það er rétt að geta þess um leið að ríkisstjórnin hefur verið undanfarna viku með athugun á vörugjaldinu sem hefur verið erfitt í framkvæmd. Allt eru þetta liðir sem ríkisstjórnin hafði áður verið með í athugun.

Um atvinnuleysistryggingar verður flutt frv. Það kemur örugglega í þessari viku. Hér er aðeins um heimild að ræða ef aðilar vinnumarkaðarins koma sér saman um að lengja bætur í 260 daga, en þá heimild vantar núna í lög.

Í kaflanum um verðlagsmál er ekki um nein ný útgjöld að ræða sem áður hafa ekki verið umrædd. Í samningum við BSRB eru ákvæði um að halda aftur af verðlagshækkunum og standa sem næst við þá verðlagsspá sem liggur fyrir í þjóðhagsáætlun sem er reyndar verið að endurskoða núna. Í því sambandi var þegar talið óhjákvæmilegt að halda áfram þeirri krónutöluniðurgreiðslu sem ákveðin var sérstaklega við myndun ríkisstjórnarinnar. Það er sú upphæð sem þarna er um að ræða og að sjálfsögðu þarf heimild Alþingis til þess að svo geti orðið.

Um hækkun á landbúnaðarafurðum ... (Gripið fram í.) Ja, það er til umræðu núna hvort ekki þurfi að afla hennar á þessu þingi. En ég tek það fram að þetta tryggir ekki óbreytt landbúnaðarvöruverð því að þarna er aðeins um sömu krónutölu að ræða og ýmsar breytingar aðrar koma til framkvæmda.

Síðasti málsliðurinn, dilkakjötið, er stórkostlegt vandamál sem menn standa frammi fyrir núna með mjög minnkandi neyslu. Ákveðið hefur verið að taka upp viðræður við framleiðendur um hvernig megi draga úr þessum vanda og þá með sameiginlegu átaki væntanlega um lækkun á dilkakjöti.

Um fjórða liðinn er það að segja að það kom fram sá gleðilegi áhugi hjá samtökum launafólks að vinna með ríkisstjórninni að því að koma í veg fyrir skattsvikin og því er tekið fegins hendi.

Um annan málslið er það að segja að það hafa lengi verið kröfur um að koma í veg fyrir tvísköttun á þeim 4% sem launþegar greiða sjálfir í lífeyrissjóði, þ.e. þeir greiða skatt af tekjunum og síðan aftur þegar þeir fá þessar greiðslur. Hér er lofað að skoða þessi mál og með tilliti til tvísköttunar þó að niðurstaðan liggi ekki fyrir.

Um síðasta liðinn þar sem talað er m.a. um hugsanleg tvö þrep í skattinum er þetta að segja: Það er nú starfandi nefnd með fulltrúum allra þingflokka og hefur reyndar komið fram vilji hjá langflestum þingflokkum að hafa tvö þrep og það er svo sannarlega í umræðunni núna. En þess ber að gæta að það er skoðun ríkisstjórnarinnar að þetta verði gert á tölu vert annan máta en þegar rætt var um lægra þrep fyrir matvæli á lokadögum síðustu ríkisstjórnar. Hér verði þess gætt að afla tekna á móti með tveimur þrepum. Það yrði þá annað þrep sem yrði eitthvað hærra. Þess er einnig að geta í þessu sambandi að órætt er enn þá, ef af tveimur þrepum verður, hvaða vöruflokkar féllu þar undir. Í þrengstu merkingu hefur verið rætt um mjólkurvörur, kjötvörur, fisk og grænmeti. Síðan

hafa sumir rætt um kornvörur og aðrir rætt um enn þá meira til viðbótar svo þarna er mikil vinna eftir sem nauðsynlegt er að hraða. Ef þessi verður niðurstaðan kemur það fyrir þingið á haustmánuðum. En það er líka rétt að geta þess í þessu sambandi að ríkisstjórnin hefur talið nauðsynlegt að líta til þess sem telja má líklega niðurstöðu hjá Evrópubandalaginu þar sem þessi mál eru hér til meðferðar og talið æskilegt að samræma reglur hér því sem þar verður. Þar eru einna efst á baugi tvö þrep. Að vísu skal ég taka fram að Danir hafa lagst mjög hart gegn því og málið er alls ekki leyst. Hér er því eingöngu lofað að fulltrúar launþega fái að vera með í þessari umræðu, fái að láta sín sjónarmið koma fram.

Í vaxtamálum er ekki þörf á neinni nýrri lagaheimild. Í því frv. til breytinga á lögum um Seðlabanka Íslands sem hér var samþykkt segir í lok 9. gr.: „Að teknu tilliti til annarra tekna bankanna." Ríkisstjórnin telur ekki að það þurfi neinar nýjar heimildir í þessu sambandi og hefur reyndar þegar rætt við Seðlabankann um að tekið verði tillit til annarra tekna bankanna.

Um húsnæðismálin er það að segja að það er til nokkurt fjármagn í Byggingarsjóði verkamanna, 100 millj. kr. a.m.k., sem út af fyrir sig er nægilegt til að setja þessar íbúðir af stað. Um það þarf síðan að ræða við Húsnæðisstofnun hvort með hugsanlega meiri peningum frá lífeyrissjóðunum verði gert eitthvað til viðbótar. En það er nægilegt fjármagn til að hefja þessar framkvæmdir. Það sjá allir að „að hefja" getur verið nokkuð teygjanlegt, en ríkisstjórnin telur að á árinu 1989 sé mjög æskilegt að auka við þessar íbúðabyggingar. Það hafa verið afar miklar sveiflur í félagslegum íbúðum. Á sl. ári voru unnar 800 slíkar íbúðir. Eitthvað var arfur frá árinu 1987. Á árinu 1990 verður tvímælalaust bætt við þessar íbúðir. En vegna atvinnuástandsins nú telur ríkisstjórnin mjög æskilegt að hefja framkvæmdir við fleiri félagslegar íbúðir en áður var um rætt.

Ég held að hv. þm. hafi ekki spurt um seinni málsgr.

Um fyrri málsgr. næsta liðs, um lífeyrismálin, er það að segja að hér er um framlengingu á ákvæðum laga að ræða, um eftirlaun til aldraðra, sem þarf ekki að koma fyrir þetta þing. (**FrS:** Um þetta var ekki spurt.) Nei, ekki var spurt, en þetta verður lagafrv. flutt á haustþingi. Ekki var heldur spurt um 8. lið.

Réttarstaða starfsmanna við gjaldþrot o.fl. Nú liggur fyrir þinginu lagafrv. sem ákveðið var að ræða við þingmenn sem sitja í félmn. um og vita hvort það gæti leyst þetta vandamál. Þær viðræður eru væntanlega að hefjast núna. Það verður fyrst og fremst athugað hvort byggja má á því frv. sem þarna liggur fyrir.

Hv. þm. minntist á seinni málsgr. Það er ekki gert ráð fyrir því að breyting á lögum þurfi á þessu stigi heldur eru ýmis framkvæmdaatriði þarna í mjög ítarlegri athugun bæði hjá fjmrn. og dómsmrn. t.d. og hygg ég einnig viðskrn. Því miður hefur sá möguleiki að stofna nýtt hlutafélag sem yfirtekur allt annað en skuldir breiðst mjög út og er mikið áhyggjuefni. Skilin eru eftir hundruð milljóna jafnvel í ógreiddum söluskatti og staðgreiðslu. Þess er vænst að það megi taka á þessu án nýrra laga. A.m.k. verður ekki frv. til laga lagt fyrir þetta þing.

Starfsmenntun. Ég tek undir það með hv. þm. að það er umhugsunarefni að hér er það talið á vegum félmrn. eins. Um þetta var rætt í ríkisstjórninni í morgun og fullur skilningur á að þetta á ekki að verða til þess að breyta fyrri ákvörðunum nema samkomulag verði um annað innan ríkisstjórnar og við þingmenn. En menntmrn. mun taka þátt í þessari stefnumörkun.

Ég vona að ég hafi svarað spurningum hv. þm. Ef ekki minnir hann mig á það sem ég kann að hafa látið niður falla.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hv. 1. þm. Reykv. beindi máli sínu til mín þótt með óbeinum hætti væri. Áður en ég vík að því nánar vil ég byrja á að láta í ljós ánægju mína yfir að kjarasamningar skuli hafa tekist með þeim hætti sem þeir liggja nú fyrir við yfirgnæfandi meiri hluta launþega og þar með tryggður vinnufriður út þetta ár og reyndar að mínu mati langt fram á næsta ár.

Hv. málshefjandi beindi ýmsum spurningum til hæstv. forsrh. varðandi bréf þau sem ríkisstjórnin eða forsrh. fyrir hennar hönd sendi aðilum vinnumarkaðarins, Vinnuveitendasambandi og Vinnumálasambandi og svo Alþýðusambandi Íslands. Hann vakti sérstaklega athygli á 4. tölulið erindisins til Alþýðusambandsins þar sem fjallað er um skattamál og segir svo, með leyfi forseta: „Ríkisstjórnin mun hafa samráð við samtök launafólks um undirbúning og framkvæmd virðisaukaskattsins sem tekinn verður upp um næstu áramót, m.a. um hugsanleg tvö þrep í skattinum."

Hv. málshefjandi rifjaði síðan upp tillögur forsrh. í fyrrv. ríkisstjórn um breytingar á söluskatti sem hann síðan ályktaði að hefðu valdið stjórnarslitum í því stjórnarsamstarfi. Jafnframt beindi hann því til mín hvort samstaða væri um það innan núv. ríkisstjórnar að taka upp tvö þrep í virðisaukaskatti. Um þetta er ýmislegt að segja, m.a. eftirfarandi:

Í fyrsta lagi vil ég rifja upp í þessum ræðustól í tilefni ummæla hv. málshefjanda hver voru meginatriðin í tillögum fyrrv. hæstv. forsrh. Þau voru sem kunnugt er um það að lækka söluskatt á matvörur og þar með taldar innfluttar matvörur, þær sem á annað borð er heimilað að flytja inn, úr 25 í 15% ef ég man rétt. Jafnframt skyldi vera um að ræða lækkun niðurgreiðslna. Þessar tillögur fólu í sér umtalsvert tekjutap fyrir ríkissjóð á þeim tíma. Tekjuöflun á móti átti að vera í formi hækkunar á tekjuskatti einstaklinga, en sú tekjuöflun hrökk ekki til til að vega upp tekjutapið sem lækkun söluskattsins fól í sér. Niðurstaðan varð þess vegna sú að nettóáhrifin af þessari tillögu voru þau að ríkissjóður hefði orðið fyrir tekjutapi sem af fjmrn. var þá metið á 1,3 milljarða

kr. Því næst bættist við að fyrirsjáanlegt var á þessum tíma á sl. hausti að stefndi í umtalsverðan halla. Í lok septembermánaðar var sá halli þá fyrirsjáanlegur upp á um 2 milljarða þannig að tillögurnar hefðu leitt til þess að menn stóðu frammi fyrir vitneskju um halla a.m.k. á bilinu 3,3–3,5 milljarðar kr.

Á það var bent að það væri ekki ásættanlegt af hálfu samstarfsaðila að framkvæma slíka tillögu við þessi skilyrði sem leitt hefði af sér slíka aukningu í hallarekstri ríkissjóðs. Sér í lagi er rétt að rifja upp að þá lá fyrir að ekki fengust undirtektir við tillögur um lækkun ríkisútgjalda og jafnframt lá fyrir samþykkt þingflokks þeirra sjálfstæðismanna um það að hann gæfi ekki kost á frekari tekjuöflun til ríkissjóðs þannig að heildarniðurstaðan varð sú að þessi tillaga eins og hún var fram sett á þessum tíma fól í sér afdráttarlaust að sætta sig við þetta mikinn halla á ríkissjóði.

Í umræðum um þetta mál var á það bent að það væri ekki ófrávíkjanlegt grundvallarstefnuatriði að ekki mætti hugsa sér fleiri en eitt þrep í söluskatti þó að það yrði að teljast óeðlilegt að ríkisstjórn sem hafði lagt slíkt kapp á þá skattkerfisbreytingu sem hún byrjaði störf sín með spilaði út slíkum tillögum sem lið í einhverjum bráðabirgðalausnum í efnahagsmálum og sætti sig þar með við það að ganga á svig við grundvallarstefnumótun um hallalausan ríkisbúskap.

Oft hefur verið til þess vitnað og var rækilega til þess vitnað í umræðum um bæði samræmdan söluskatt í einu þrepi og eins í umræðum um virðisaukaskatt að framkvæmdastjórn Efnahagsbandalagsins hefur gert um það ályktun að beina því til bandalagsríkjanna að taka upp samræmingu á virðisaukaskatti þannig að í stað margra þrepa sem viðgengst í sumum bandalagsríkjanna verði tekin upp tvö þrep. Ef ég man rétt hið lægra þrep á bilinu 9–14% en hið seinna á bilinu 18, 19–22%.

Margir hafa vitnað til þessa og spurt hvort ekki væri eðlilegt að Íslendingar tækju mið af þessu. Um það er margt að segja, en þó fyrst það að það er allra manna mál sem fylgjast náið með þróun mála að því er varðar hinn innri markað í Evrópu 1992 að sáralitlar líkur eru taldar á því að samkomulag geti tekist um það innan Efnahagsbandalagsins að þessi tillaga komi til framkvæmda. Eins og fram kom í máli hæstv. forsrh. liggur fyrir að af hálfu danskra stjórnvalda hefur því verið lýst yfir að þetta sé óframkvæmanlegt að því er Dani varðar vegna þess gríðarlega tekjutaps sem danska ríkið yrði fyrir af þeim sökum. Heildarniðurstaðan er sú að menn telja litlar líkur á því að þetta náist fram fyrir árið 1992.

Að því er okkur Íslendinga varðar er einnig margt að segja um þessa spurningu, eitt eða tvö þrep í söluskatti í virðisaukaskatti. Í fyrsta lagi er nú að meta reynsluna af framkvæmdinni að því er varðar eins þreps söluskatt. Samkvæmt upplýsingum fjmrn. er ljóst að söluskattsskil í matvöruverslun eftir breytinguna hafa batnað mjög verulega, þ.e. yfir 50%, þannig að hvað svo sem líður umræðum um göt og veilur í framkvæmd skattinnheimtu á Íslandi og þau eru mörg er ljóst að að mati fjmrn. hefur þessi breyting skilað verulegum árangri að því er varðar matvöruverslun þannig að ef menn vilja velta því fyrir sér að hverfa aftur til tvíþrepa söluskatts eða virðisaukaskatts kallar það á rækilega úttekt á því hvort það samræmist viljayfirlýsingum trúlega allra stjórnmálaflokka á hinu háa Alþingi um að gera sérstakar ráðstafanir til að bæta innheimtu álagðra skatta. Þetta tvennt gæti auðveldlega rekist harkalega hvort á annað, nefnilega reynslan frá fyrri tíð fyrir því að tvíþrepa skattur leiddi til þess að það var verulegur misbrestur á innheimtu samkvæmt því kerfi, enda afar flókið og erfitt í framkvæmd eins og kunnugt er.

Síðan er á hitt að líta að hið háa Alþingi hefur samþykkt að virðisaukaskattur skuli tekinn upp í einu þrepi miðað við álagningarprósentuna 22% um næstu áramót. Það liggur fyrir að upptaka virðisaukaskatts með þessari álagningarprósentu mun leiða til tekjutaps fyrir ríkissjóð sem á sl. ári var metið upp á 1100 millj. kr. ef ég man rétt og væri því ekki óvarlegt að meta nú á bilinu kannski 1½–2 milljarðar kr. Hver sá sem vill beita sér fyrir því að taka upp virðisaukaskatt með tveimur þrepum verður að átta sig á því að hann stendur nú þegar frammi fyrir tekjutapi í samanburði við núverandi kerfi og mundi standa frammi fyrir enn meira tekjutapi ef um væri að ræða að taka upp lægra þrep en hækka ekki álagningarprósentuna á aðrar almennar vörutegundir sem ekki væru sérstaklega undanþegnar. Um þetta mál er lítið hægt að ræða út af fyrir sig fyrr en fyrir liggur í fyrsta lagi úttekt á tekjuþörf ríkissjóðs og fyrr en við nálgumst það að fara að ræða forsendur fjárlagagerðar fyrir næsta ár og þá liggur fyrir hvort hið háa Alþingi er reiðubúið að fallast á tillögur um verulega lækkun ríkisútgjalda og svo í annan stað hvort menn eru reiðubúnir að kaupa árangur af tveggja þrepa virðisaukaskatti því verði að hækka allverulega trúlega álagningu ýmissa annarra vara, í fljótu bragði kannski upp í allt að 30–33% ef farið væri með hið lægra þrep niður á bilinu 9–14%. Þetta þarfnast ítarlegrar skoðunar. Eins og kunnugt er er að starfi nefnd sem fjallar um þetta mál. Upphaflega var sett á laggirnar milliþinganefnd sem mér skilst að hafi lítt eða ekki starfað. Þar að auki er starfandi nefnd embættismanna til þess að undirbúa framkvæmd virðisaukaskattsins. Málið er með öðrum orðum fjarri því að vera komið á það stig að hægt sé að taka afstöðu til þess arna á grundvelli traustra upplýsinga, á traustum talnagrundvelli um það hvað slíkar hugmyndir fælu í sér. Alla vega er ljóst að þeir sem vildu beita sér fyrir þessu í þeirri von að það kynni að leiða til lækkunar vöruverðs að því er varðar helstu lífsnauðsynjar eða þýðingarmestu framleiðsluafurðir íslensks landbúnaðar yrðu að vera við því búnir að koma með tillögur um annað tveggja: verulega lækkun ríkisútgjalda eða aðra tekjuöflun sem gæti numið umtalsverðum upphæðum.

Ef spurt er um afstöðu okkar alþýðuflokksmanna í því efni liggur hún ljós fyrir. Við erum eindregið að fenginni reynslu þeirrar skoðunar að skynsamlegast

sé að því er varðar virðisaukaskattinn að hafa eitt þrep í virðisaukaskatti. Við vekjum athygli á því að frv. í heild sinni er allt saman við það miðað og hver sá sem vill breyta því verður þess vegna ekki aðeins að horfast í augu við að virðisaukaskatturinn sjálfur mun leiða til tekjutaps fyrir ríkissjóð og verður þá annaðhvort að hækka álagningarprósentu eða afla tekna með öðrum hætti.

Ég mun ljúka þessu, virðulegi forseti, með því að segja að endanleg niðurstaða í þessu máli fæst vafalaust ekki að mínu mati fyrr en vinnu er miklu lengra á veg komið við að undirbúa forsendur fjárlaga næsta árs, en ef spurt er um grundvallaratriði er mitt svar það að bæði með vísan til reynslu okkar sjálfra og til reynslu annarra þjóða teldi ég affarasælast, skynsamlegast að hafa virðisaukaskattinn í einu þrepi og vitna í því efni ekki síst til þeirrar reynslu sem fyrir liggur í öðrum löndum. Í viðræðum við forsvarsmenn verkalýðshreyfingarinnar höfum við bent á og kynnt niðurstöður tveggja nefnda sem um þetta mál hafa fjallað bæði í Svíþjóð og Noregi, m.a. með mjög öflugri þátttöku fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar í þessum löndum, þar sem efnt hefur verið til endurskoðunar í þessu efni, og í bæði skiptin hefur það verið sameiginleg niðurstaða þessara nefnda, opinberra nefnda með mjög öflugri þátttöku verkalýðshreyfingarinnar, að skynsamlegast væri og heppilegast ekki hvað síst fyrir hið lægra launaða fólk í þessum löndum að halda fast við eins þreps skatt en miða hins vegar tekjujöfnunaraðgerðir fyrst og fremst við niðurgreiðslur vöruverðs á lífsnauðsynjum og svo hins vegar að nota tekjurnar í auknum mæli til tekjujöfnunaraðgerða í gegnum fjölskyldubótakerfi. Þetta var niðurstaða sænsku verkalýðshreyfingarinnar, þetta varð niðurstaða norsku verkalýðshreyfingarinnar í þeirri endurskoðun sem fram hefur farið um þetta mál í tvígang.

Að sjálfsögðu er það ekki trúaratriði að ekki sé unnt að framkvæma virðisaukaskatt í tveimur þrepum. En þá verður um leið að gera róttækar breytingar, nokkuð kostnaðarsamar, á framkvæmd innheimtukerfisins og jafnframt verða menn að vera heiðarlegir gagnvart sjálfum sér og öðrum og vera reiðubúnir að styðja tillögur um verulegan niðurskurð ríkisútgjalda eða umtalsverða tekjuöflun á móti.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Ræða hæstv. utanrrh. lýsir nú mætavel þeim ruglandi sem einkennir störf og stefnu Alþfl. Það er rétt að rifja upp í nokkrum orðum að gefnu því tilefni sem hæstv. utanrrh. hefur hér gefið hvernig tillögur bar að á sl. hausti um sérstakt nýtt skattþrep. Það er líka rétt að rifja upp að hæstv. núv. utanrrh., fyrrv. fjmrh., innleiddi fyrstur manna tvö skattþrep í söluskatt hér á landi. Í dag eru tvö skattþrep í söluskatti, lægra skattþrep á margs konar þjónustustörfum fyrir tillögu frá núv. hæstv. utanrrh. og formanni Alþfl. Hann er höfundur að tveimur skattþrepum í söluskatti.

Það var lögð fram tillaga af sjálfstæðismönnum í fyrrv. ríkisstjórn um lægra söluskattsstig á matvörum eins og er á margs konar þjónustu fyrir forgöngu núv. utanrrh. og formanns Alþfl. Það voru lagðar fram tillögur um hækkun á tekjuskatti sem jöfnuðu að öllu leyti upp tekjumissi ríkissjóðs af þessum sökum. Þar lágu til grundvallar útreikningar Þjóðhagsstofnunar. Og það er haldlaust fyrir hæstv. utanrrh. að ætla að fara að vitna hér í útreikninga fjmrn. á þessum tíma gegn útreikningum Þjóðhagsstofnunar. Þar talar samanburðurinn skýru máli. Hvað varð um allar áætlanir fjmrn. á síðasta ári og hvernig stóðust þær samanburð við útreikninga Þjóðhagsstofnunar? Reynslan segir: Það var betra að treysta útreikningum Þjóðhagsstofnunar en fjmrn. Niðurstaðan er sem sagt þessi: Það voru lagðar til breytingar sem ekki hefðu raskað afkomu ríkissjóðs. En nú upplýsir formaður Alþfl. að á þessum tíma hafi legið fyrir að halli ríkissjóðs yrði 2 milljarðar á síðasta ári. Þá hafði hann sem fjmrh. einungis gert þáv. ríkisstjórn grein fyrir um 1 milljarðs halla. Með öðrum orðum: hann er að staðfesta það hér að hann hafi á þeim tíma gefið þáv. ríkisstjórn rangar upplýsingar um stöðu ríkissjóðs. Hallinn hafi þá verið fyrirsjáanlegur tvöfalt meiri en hann hafði gert ríkisstjórninni grein fyrir. Þetta eru þær staðreyndir sem fram koma í kjölfar þessarar ræðu sem hæstv. utanrrh. hefur hér flutt og þarf ekki frekar vitnanna við.

Auðvitað verður ekkert undan því vikist að koma á öðru skattþrepi og lægra skattþrepi á matvörum þegar virðisaukaskattur verður tekinn upp í síðasta lagi. Hefði farið betur á því að þetta hefði verið gert sl. haust. Það hefði verið eðlilegur þáttur í heildstæðum ráðstöfunum til að rétta við hallarekstur útflutningsgreinanna og spyrna gegn verðbólguöldu sem hefði fylgt í kjölfar þessa.

Ég ætla svo, herra forseti, með örfáum orðum að víkja að svari hæstv. forsrh., einkanlega að því er varðar rekstrarstöðu sjávarútvegsins í landinu. Þegar núv. ríkisstjórn var mynduð kom í ljós að ráðstafanir sem hún gerði dugðu engan veginn, voru bíðleikur eins og stjórnarþingmennirnir kölluðu það. Og þegar hæstv. forsrh. mætti á neyðarfundi fiskframleiðenda nokkrum vikum eftir að ríkisstjórnin var mynduð tilkynnti hann að boða ætti til langs ríkisstjórnarfundar til að ákveða aðgerðir í þágu útflutningsframleiðslunnar. Ekkert varð úr því. Síðan var boðað að nýjar ráðstafanir ætti að gera og tilkynna í byrjun febrúar. Ekkert varð úr þeim ráðstöfunum. Og nú hafa menn á undanförnum vikum verið að bíða eftir lokum kjarasamninga í þeirri trú að hæstv. ríkisstjórn ætlaði að gera ráðstafanir til að treysta rekstrargrundvöll útflutningsframleiðslunnar. Niðurstaðan er sú að engar ákvarðanir eru teknar af hæstv. ríkisstjórn þar að lútandi. Þjóðhagsstofnun hefur nýlega gert spá um það að hallinn á rekstri sjávarútvegsins verði tvöfalt meiri næsta haust en hann var í fyrrahaust eða um 10% og er þá ekki tekið tillit til vaxandi verðbólgu umfram þær spár sem Þjóðhagsstofnun hefur byggt á fram til þessa. Þetta eru þær staðreyndir sem við blasa. Og hæstv. forsrh. kemur hér upp í kjölfar

þessara kjarasamninga og tilkynnir að engar ákvarðanir hafi verið teknar af hæstv. ríkisstjórn til að mæta þessum vanda, það eigi að bíða áfram. Að vísu séu vonirnar um hækkun fiskverðs á Bandaríkjamarkaði brostnar og líkur á að vonirnar um hækkun á fiskverði í Evrópu séu líka að bresta, en samt eigi að bíða og halda áfram að ræða þetta og sennilega safna meiri upplýsingum.

Ég inni eftir því: Er það rétt skilið að hæstv. ríkisstjórn ætli ekki að gera Alþingi frekari grein fyrir ráðstöfunum til að rétta við stöðu útflutningsframleiðslunnar en hæstv. forsrh. hefur gert hér í dag? Og er hæstv. sjútvrh. sáttur við að Alþingi fái ekki frekari greinargerð áður en það verður sent heim um ráðstafanir til að rétta við rekstrarstöðu sjávarútvegsins? Er það réttur skilningur að hæstv. ríkisstjórn hafi ekkert frekar fram að færa í þessu efni en það sem hæstv. forsrh. hafði að segja fyrr á þessum fundi? Það verður fróðlegt að fá svör við því hvort þetta er allt og sumt og það eigi bara að bíða og sjá.

Hæstv. ríkisstjórn hefur gefið launafólki býsna sterkar yfirlýsingar um að ekki verði vegið að forsendum nýgerðra kjarasamninga sem hæstv. ríkisstjórn hafði frumkvæði um í samningum við opinbera starfsmenn og forustumenn opinberra starfsmanna hafa áréttað að þeir líti á það sem skyldu *ríkisstjórnarinnar að brjóta ekki þessar forsendur.* Hvernig ætlar ríkisstjórnin að standa við þetta? Ætlar hún að sitja áfram án þess að gera neitt til að rétta við stöðu útflutningsframleiðslunnar? Hæstv. forsrh. sagði: Gengið verður eitthvað að síga vegna vaxandi verðbólgu. Auðvitað þarf gengið eitthvað að síga vegna vaxandi verðbólgu, en það er fyrir verulegur halli og það er spáð tvöfalt meiri halla næsta haust en hann var í fyrra án þess að reiknað sé með þeirri vaxandi verðbólgu sem forsrh. var að tala um. Á í engu að mæta því? Á í engu að svara því frekar en hæstv. forsrh. gerði í ræðu sinni áðan?

Út af dagskrá þingsins er ástæða til að spyrja að því enn einu sinni: Á ekki að gera frekari grein fyrir ráðstöfunum af hálfu hæstv. ríkisstjórnar gagnvart útflutningsframleiðslunni en gerð hefur verið? Og er hæstv. sjútvrh. sáttur við þá niðurstöðu að þingið fái ekki frekari upplýsingar, þar af leiðandi ekki íslenska þjóðin og þeir sem við sjávarútveginn starfa?

Og loks þetta, herra forseti: Það kom fram í máli hæstv. forsrh. að hann hefði lengi talið að framlengja þyrfti þinghaldið lengur en til 6. maí. Sl. föstudag ítrekaði forseti Sþ. að forsetum þingsins hefði ekki *verið gerð grein fyrir neinum slíkum áformum frá* hæstv. ríkisstjórn. Hvenær ætlar hæstv. ríkisstjórn að taka um þetta ákvörðun? Hvenær stefnir hún að þinglokum? Hver eru þau mál sem hún telur að eigi að hafa forgang eða kemur hún sér ekki saman um það hvaða mál hér eigi að hafa forgang á þeim tíma sem til umráða er? Eða hversu lengi á þingið að starfa? Er útilokað að hæstv. ríkisstjórn geti komist að einhverri niðurstöðu um þetta efni? Það er óskað eftir skýrum svörum þar um.

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Það þarf ekki að vera langt mál mitt núna, en gamalt viðkvæði segir, sem menn nota *gjarnan þegar lokið er samningum á vinnumarkaðnum,* að út af fyrir sig sé ánægjulegt að samningar hafi tekist, en ... Þetta viðkvæði á nú við núna. Fleira ætla ég ekki að segja um það þar sem það rúmast ekki innan þess ramma sem þessi umræða er í.

Þær spurningar sem hv. 1. þm. Reykv. bar fram voru bæði eðlilegar og nauðsynlegar og nauðsynlegt að fá svör við þeim og ég þakka honum fyrir þær og hæstv. ráðherra fyrir svörin. En það var ein spurning sem ég saknaði úr máli hv. 1. þm. Reykv. sem ég heyrði að vísu ekki frá upphafi til enda, en ég heyrði heldur ekki þetta atriði koma fram í máli hæstv. forsrh. og því tel ég nauðsynlegt að bera þá spurningu fram hér og nú um leið og ég reyndar tek eindregið undir spurningar hv. síðasta ræðumanns varðandi þinghaldið. En spurning mín er þessi: Hver er kostnaðarauki eða tekjutap ríkissjóðs við framkvæmd þeirra loforða sem ríkisstjórnin hefur gefið í tengslum við lausn þessarar kjaradeilu?

Þau frumvörp til breytinga á skattalögunum sem afgreidd voru hér í miklu hasti fyrir jólin lutu að því að auka tekjur ríkissjóðs til að mæta hallarekstrinum sem menn lögðu ofuráherslu á að slétta út og helst að *hafa afgang á fjárlögum.* Mér *sýnist* að það sé *stefnt í* hallarekstur með þessu eða hugsanlega er þá ætlunin að mæta þessu með tekjuaukningu á öðrum sviðum. En ég tel nauðsynlegt að fá svar við þessari spurningu.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég skal svara þessu. Aukin útgjöld ríkissjóðs eru talin verða á þessu ári um það bil 800 millj. til 1 milljarður og langstærsti liðurinn eru niðurgreiðslur, í krónutölu þær sömu. Eins og kemur fram í bréfi mínu til aðila vinnumarkaðarins er þar um 500–600 millj. að ræða. Tekjutap vegna niðurfellingar vörugjalds frá 1. september er 350 millj. Tekjutap vegna breytinga á lántökuskatti er áætlað 100 millj., vegna niðurfellingar lántökuskatts frá 1. júlí 100 millj. og vegna lækkunar á skatti á skrifstofu- og verslunarhúsnæði 100 millj. Hins vegar eru tekjur á móti af jöfnunargjaldi áætlaðar um 250 millj. Þetta eru þær áætlanir sem við gerðum þegar þetta var í umræðu, en eru nú til nánari athugunar hjá fjmrn. Hins vegar get ég upplýst þau gleðilegu tíðindi að innheimta á söluskatti hefur verið töluvert mikið *betri en fjárlög gera ráð fyrir og ef meta má af þremur* fyrstu mánuðum þessa árs bendir ýmislegt til þess að sú innheimta muni fyllilega vega upp á móti þessum auknu útgjöldum.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég skal vera afar stuttorður. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin og jafnframt virðulegum forseta fyrir að greiða fyrir þannig að við getum klárað þetta mál.

Það kemur í ljós að það eru allmörg þingmál sem

eiga eftir að koma til kasta þessa þings. Það eru greiðslur í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, frystideildina, það er lántökuskattur, vörugjald, jöfnunargjald, skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, frv. um atvinnuleysisbætur, heimild fyrir ríkisstjórnina til að fá fjármuni í auknar niðurgreiðslur og loks: ef standa á við það sem kemur fram í húsnæðismálum þarf án efa aukna fjármuni þar því að varla er það stórmannlegt að hefja byggingar á 200 íbúðum og eiga aðeins 500 þús. kr. í hverja íbúð. Það eru 200 nýjar íbúðir sem hefja á framkvæmdir við og það er upplýst að það séu til 100 millj. og þótt ég sé ekki verkfræðingur telst mér til að þetta séu um 500 þús. á íbúð þegar reynt er að deila.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég held að þessar umræður hafi verið gagnlegar og þó kannski einkum fyrir það að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki enn komið sér saman um hver séu forgangsmál þessa þings. Það er eðlilegt kannski og í stíl við störf þessarar hæstv. stjórnar. Jafnframt hefur það verið upplýst loks nú að sú vika sem nú er hafin dugi ekki til að ljúka þinginu. Vonandi fréttist þá af því á næstu dögum, um það leyti sem þau frumvörp koma fram sem hér hafa verið boðuð, hvenær og hvort hæstv. ríkisstjórn hyggst hafa þinglausnir á þessu vori.

Fiskveiðasjóður Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 428. mál (þróunardeild). — Þskj. 788.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um viðauka við lög nr. 44 frá 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Með frv. þessu er lagt til að stofnuð verði sérstök þróunardeild við Fiskveiðasjóð Íslands er hafi það hlutverk að veita lán til rannsókna og þróunarverkefna á öllum sviðum í sjávarútvegi. Jafnframt er gert ráð fyrir að Fiskimálasjóður verði lagður niður og hin nýja þróunardeild yfirtaki eignir og skuldir sjóðsins. Frá stofnun Fiskimálasjóðs árið 1935 hafa margvíslegar breytingar orðið á starfsemi sjóðsins. Engu að síður má segja að meginhlutverk hans hafi ætíð verið óbreytt, þ.e. að styðja nýjungar í sjávarútvegi, veita styrki til veiða með nýjum veiðarfærum, tilrauna við verkun og vinnslu sjávarafurða. Af eldri lögum um Fiskimálasjóð má sjá að hann hefur aldrei gegnt hlutverki sem almennur stofnlánasjóður fyrir sjávarútveginn. Hefur hlutverk hans einkum verið að veita viðbótarlán vegna nýjunga eftir að þær stofnanir sem hafa það hlutverk að veita stofnlán hafa lánað til fyrirtækja eftir almennum reglum eins og þeim þykir tryggt hverju sinni.

Sjóðurinn hefur einnig veitt lán eða styrki til stuðnings nýjungum sem ekki hafa verið fullreyndar. Hefur hann því oft tekið áhættu sem ekki er talið eðlilegt að bankastofnanir eða fjárfestingarlánasjóðir reknir á svipuðum grundvelli taki. Hefur Fiskimálasjóður frá upphafi styrkt margvísleg framfara- og hagsmunamál í sjávarútvegi og veitt lán með hóflegum vöxtum til tilrauna sem ýmist hafa gefist vel eða ekki reynst grundvöllur fyrir eins og gengur og gerist. Sjóðnum hefur því reynst erfitt að gegna hlutverki sínu án annarra tekna en af vaxtatöku. Þá rýrði mjög Fiskimálasjóð, eins og aðra sjóði á sínum tíma, sú verðbólga sem um langt árabil geisaði hér á landi og er reyndar ekki útdauð enn. Eiginfjárstaða sjóðsins hefur af þessum sökum lengst af verið tiltölulega veik. Tekjur sjóðsins voru fyrst og fremst hlutdeild í útflutningsgjaldi af sjávarafurðum.

Á árunum 1985–1986 vann nefnd á vegum sjútvrn. að gagngerðri endurskoðun á sjóðakerfi sjávarútvegsins. Samkvæmt tillögum nefndarinnar var það flókna sjóðakerfi sem sprottið hafði upp afnumið og útflutningsgjald af sjávarafurðum fellt niður. Við þetta hvarf aðaltekjustofn Fiskimálasjóðs. Í forsendum sjóðsnefndar var ráð fyrir því gert að sjóðurinn mundi sameinast Fiskveiðasjóði Íslands. Með frv. þessu er því lagt til að þessi skipan verði lögfest. Enda þótt Fiskimálasjóður verði lagður niður verði frv. að lögum er ljóst að mikil þörf er fyrir að þeim umbótum, sem sjóðnum var ætlað að inna af hendi, verði sinnt áfram. Til marks um þörfina má nefna þann fjölda umsókna um styrki til áhugaverðra nýjunga og sérhæfðra tilrauna er sjútvrn. berst stöðugt og alltaf er ýmislegt í gangi á þessu sviði.

Með frv. er lagt til að stofnuð verði sérstök þróunardeild við Fiskveiðasjóð í þeim tilgangi að veita lán eða styrki til rannsókna og nýjunga sem eflt geta stöðu íslensks sjávarútvegs. Styrkveitingar úr deildinni verða þá háðar því að deildin fái sérstakar tekjur í þessu skyni. Með rannsóknum er einnig átt við markaðsrannsóknir er leitt geta til þess að íslenskar sjávarafurðir kæmu fram á nýjum mörkuðum erlendis. Er gert ráð fyrir því að deildin lúti sömu yfirstjórn og Fiskveiðasjóður, en stjórn hans er skipuð af sjútvrh. m.a. samkvæmt tilnefningu helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi og fjármálastofnana sem starfa á vettvangi sjávarútvegsins. Fulltrúar atvinnugreinarinnar sjálfrar koma því til með að fjalla um einstakar lánveitingar eða styrki. Um deildina munu gilda ákvæði laga um Fiskveiðasjóð Íslands að öðru leyti en um getur í 2. gr. Frv. gerir ráð fyrir því að deildin veiti lán gegn tryggingum sem stjórn Fiskveiðasjóðs metur fullnægjandi og er stjórnin í þeim efnum óbundin af 11. og 12. gr. laga um Fiskveiðasjóð Íslands.

Umræddar greinar gera ráð fyrir því að Fiskveiðasjóður sem stofnlánasjóður veiti einungis lán til fiskiskipa með fyrsta veðrétti eða gegn veði sem er innan við 60% af matsverði eigna. Nauðsynlegt þykir að stjórnin sé óbundin af þessum reglum til að deildin geti sinnt því hlutverki sem henni er ætlað. Hins vegar er lagt til að sjóðsstjórn meti tryggingar fyrir láni hverju sinni. Eðlilegt þykir að gera ráð fyrir þessari skipan mála enda er stjórn Fiskveiðasjóðs fyllilega treystandi til að marka sér fastmótaðar reglur í þessum efnum.

Í 3. gr. er gert ráð fyrir að ráðherra setji reglur um

lán- og styrkveitingar. Reglur um styrkveitingar munu ekki verða settar fyrr en ljóst verður hvaða tekjur eða framlag deildin fær til styrkveitinga. Verður haft samráð við sjóðsstjórnina um reglur til slíkra styrkja og aðra framkvæmd þessa máls.

4. gr. kveður á um yfirtöku Fiskveiðasjóðs á eignum og skuldum Fiskimálasjóðs. Er miðað við stöðu eigna og skulda 1. júlí 1989. Nauðsyn þykir að ákveðin dagsetning sé fest í þessu skyni og endanlegt uppgjör fari fram eins fljótt og mögulegt er. Efnahagsreikningur, sem nú liggur fyrir um stöðu Fiskimálasjóðs í árslok 1988, sýnir að eign sjóðsins er um 14 millj. kr. Þessi staða gæti þó verið lakari því að í reynd er hluti af útistandandi kröfum sjóðsins vegna nýjunga sem enn hafa ekki sannað gildi sitt og eru því áhættulán.

Þess skal að lokum getið að frv. var á undirbúningsstigi kynnt stjórn og forstjórum Fiskveiðasjóðs og taldi stjórnin og forstjórar Fiskveiðasjóðs eðlilegt að slík breyting væri gerð. Það skal jafnframt tekið fram að stjórn Fiskimálasjóðs fjallaði um málið á fundi sínum 21. apríl sl. og afgreiddi þá svohljóðandi samþykkt:

„Stjórn Fiskimálasjóðs lýsir ánægju sinni yfir því að með frv. þessu, ef samþykkt verður, hefjist aftur stuðningur við rannsókna- og þróunarverkefni í sjávarútvegi. Jafnframt beinir stjórn sjóðsins eftirfarandi til sjútvnr. varðandi efni frv.:

Þar sem rætt er um rannsóknir í 1. gr. frv. verði látið koma fram að orðið rannsóknir eigi einnig við um markaðsrannsóknir.

Umsóknir um lán og styrki úr þróunardeildinni fái faglegt mat um gagnsemi verkefnisins og líklegan árangur áður en þær eru afgreiddar.

Markaðir verði ákveðnir tekjustofnar fyrir deildina."

Ég tel að þetta frv. sé eðlilegt framhald á þeirri breytingu sem orðið hefur á sjóðakerfi sjávarútvegsins. Það er vissulega full þörf fyrir að fé sé veitt til ýmissa mála á vettvangi atvinnugreinarinnar. Mér er það fyllilega ljóst að með frv. er það ekki tryggt sem skyldi því enn er ekki fyrir því séð hvaða tekjur Fiskveiðasjóður gæti fengið í þessu skyni. Þess má geta að Iðnlánasjóður hefur t.d. fengið ríkisframlag sem veitt hefur verið til svipaðra verkefna og væri ekki óeðlilegt að fullt samræmi væri milli reglna að því er Iðnlánasjóð varðar og Fiskveiðasjóð og það má segja að Iðnlánasjóður hafi svipaðar heimildir eins og fram kemur í frv. þessu.

Ég vildi að lokinni þessari umræðu leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Þetta frv. gerir ráð fyrir því að leggja endanlega niður Fiskimálasjóð, en grundvellinum var kippt undan þeim sjóði við endurskoðun á sjóðakerfi sjávarútvegsins vorið 1986. Það vill nú svo til að ég hef haft allnáin kynni af Fiskimálasjóði og störfum hans í mörg ár og var um tíma í stjórn hans og get því dæmt um það að hann lagði fjármuni til nauðsynlegra rannsókna, lengi vel til hafrannsókna, rannsókna á fiskigöngum og fiskistofnun. Höfuðtilgangur sjóðsins og starf var að styrkja tilraunir til veiða með nýjum aðferðum eða nýjum veiðarfærum, tilraunir við verkun og vinnslu sjávarafurða, til markaðsleitar fyrir sjávarafurðir og annarra rannsókna og nýjunga í þágu sjávarútvegsins.

Ég hefði vel getað fellt mig við og talið æskilegast að Fiskimálasjóður hefði starfað áfram eingöngu að þessu verkefni en niður hefðu verið felldar heimildir til að lána til fiskvinnslufyrirtækja vegna þess að þessi sjóður hafði í raun og veru aldrei bolmagn til þess og þau lán skiptu fyrirtækin tiltölulega litlu máli. Þar af leiðandi hefði hann átt að geta gert meira í því að sinna þessu hlutverki sem ég hef þegar minnt á.

Annað mál er það hvað við erum að láta af hendi og hvað kemur í staðinn. Það er eðlilega það sem skiptir mestu máli. Fyrir þessu frv. hefur þegar verið mælt og þar er gert ráð fyrir því að hjá Fiskveiðasjóði skuli vera sérstök þróunardeild sem hefur það hlutverk að veita lán til rannsókna- og þróunarverkefna á öllum sviðum sjávarútvegs. Heimild er fyrir deildina að veita styrki í sama tilgangi enda verði henni séð fyrir sérstökum tekjum í því skyni. Síðan er ekkert meira minnst á þær tekjur. Þar með er engin fullvissa fyrir því að þessi deild hafi einhverjar tekjur til að sinna þessu mikilvæga verkefni og þar af leiðandi engin vissa fyrir því hversu miklar þessar tekjur verða. Því tel ég að frá því að Fiskimálasjóður starfaði með eðlilegum hætti sé með þessu stigið alvarlegt skref aftur á bak hvað þessi mál varðar, þ.e. markaðskönnun, rannsóknir á veiðum með nýjum aðferðum eða nýjum veiðarfærum og tilraunir við verkun og vinnslu sjávarafurða. Inn í þetta vantar algjörlega alla tryggingu fyrir því að þessi væntanlega deild, sem hér er gert ráð fyrir, verði eitthvað í raunveruleikanum.

Ég vil einnig benda á að breytingin sem var gerð á stjórn Fiskveiðasjóðs, sem ég á kannski öðrum fremur sök á, hefur verið mjög gagnrýnd, sérstaklega á þann veg að hagsmunasamtökin og bankarnir ráði algjörlega Fiskveiðasjóði. Á sínum tíma taldi ég nauðsynlegt að taka stjórn sjóðsins að vissu leyti úr höndum yfirstjórnar þessara þriggja banka. Fyrst var stjórn Fiskveiðasjóðs algjörlega undir stjórn bankastjórnar Útvegsbankans. Því var síðar breytt á þann veg að Fiskveiðasjóði var stjórnað af þremur bönkum, Seðlabanka, Landsbanka og Útvegsbanka. Ég taldi á sínum tíma nauðsynlegt að gera þær breytingar að hagsmunasamtök sjávarútvegsins kæmust einnig þarna inn í stjórnina. Það endaði á þann veg að bankarnir, þessir þrír bankar sem ég nefndi, höfðu sinn fulltrúann hver, hagsmunaaðilar, útvegsmenn og fiskverkendur, fengu þar tvo fulltrúa og samtök sjómanna, bæði undirmanna og yfirmanna, höfðu einn fulltrúa og þeir skiptust á sitt hvort tímabilið með sinn fulltrúa. Sjútvrh. skipaði svo án tilnefningar formann stjórnar Fiskveiðasjóðs.

Fimm manna stjórn Fiskimálasjóðs var hins vegar kosin af Alþingi og hún hefur vegið og metið hvað

skynsamlegt er að styrkja og gera á liðnum árum í þessum efnum en er ekki háð bankakerfi og lánasjónarmiðum þó að frv. geri ráð fyrir að hægt sé að lána með öðrum og léttari hætti en Fiskveiðasjóður verður að gera samkvæmt lögum um hann.

Gallinn á frv. er sá að hér er engin skylda lögð á að leggja fram fjármuni til að sinna þeim mikilvægu verkefnum sem Fiskimálasjóður hefur sinnt á meðan hann hafði tekjur til. Ég tel því að með frv. sé ekki verið að ganga inn á nýja braut þar sem þessum málum sé komið betur fyrir en áður. Því lýsi ég yfir sérstakri óánægju minni með frv. eins og það er úr garði gert. Lögin um Fiskimálasjóð eru góð og á þeim hefði verið sjálfsagt að gera þær breytingar sem ég nefndi hér áðan varðandi þessi lítilfjörlegu lán til fiskverkunarstöðva sem var sjálfsagt að hverfa frá, ég get verið sammála í því. En hin atriðin, styrkir til tilrauna til veiða með nýjum aðferðum og veiðarfærum, tilrauna við verkun og vinnslu sjávarafurða, markaðsleitar fyrir sjávarafurðir, allt þetta tel ég að hefði verið miklu betur komið hjá Fiskimálasjóði eða hjá sjálfstæðri lítilli stofnun sem hefði verið stjórnað af mönnum kosnum af Alþingi.

Í Fiskveiðasjóði verður þessi starfsemi vafalaust algjört aukaatriði, enda er hún það lítil miðað við heildarstarfsemi sjóðsins, svo að ég skil ekki í því að menn skuli lýsa yfir ánægju sinni með þessar breytingar, og það þeir menn sem hafa verið í forsvari fyrir Fiskimálasjóð, nema ánægjan felist í því að þeir sjá að það var búið að gelda Fiskimálasjóð og þeir telji þá sjálfsagt að kasta rekum yfir líkið en láta það ekki vera lengur ofan jarðar en það hefur núna verið. Ég hygg að ánægjan sé aðallega af þeim toga spunnin. Ef það er hins vegar ætlun hæstv. sjútvrh. að koma þessu máli fram held ég að það megi nú alveg öruggt telja að athugasemdir komi fram í þeirri nefnd sem fær málið til meðferðar á þann veg að Fiskveiðasjóði verði tryggðar tekjur til þess að standa undir þeirri starfsemi sem Fiskimálasjóður hefur annast fram undir það síðasta.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Það er í sjálfu sér ástæða til þess að lýsa yfir ánægju með inntak þessa frv. Það er löngu tímabært að rannsóknir í þágu þessa undirstöðuatvinnuvegar okkar séu efldar og auknar verulega, en vissulega hafa ekki haldist í hendur framfarir í fiskveiðum og í afkastagetu fiskiskipastólsins og svo aftur þróun í stoðgreinum þessa iðnaðar, hvorki á sviði markaðsmála né á sviði rannsókna sem gætu leitt til aukinnar og betri nýtingar þess afla sem við drögum úr sjó og eins þróunar nýrra aðferða til þess að vinna þennan afla og auka verðmæti hans.

En eins og aðrir hafa nefnt hér á undan mér er auðvitað gallinn við frv. að það er afskaplega óljóst hverjar tekjur þessarar deildar verða og hvaðan þær eiga að koma og hljótum við náttúrlega að lýsa eftir einhverjum hugmyndum í því sambandi. Það má hugsa sér ýmsar leiðir í tekjuöflun fyrir sjóðinn umfram það sem hugsanlega kæmi á fjárlögum og ekkert væri óeðlilegt t.d. að það tengdist að einhverju leyti við heildaraflaverðmæti hvers árs þannig að þetta héldist í rauninni í hendur, þau verðmæti sem við drögum úr sjó og hvað við leggjum í þróun og rannsóknir á sviði þessara greina.

Það má vera að það sé einmitt í samræmi við svo margt annað í þessu þjóðfélagi, þ.e. að rannsóknir og grunnrannsóknir og nýsköpun ýmiss konar hafa ekki átt mikið upp á pallborðið á Íslandi, og gildir það sama um þessa atvinnugrein eins og flestar aðrar að það virðist oft vera magn og fljóttekinn gróði sem er yfirsterkari ígrundun og rannsóknum sem eru auðvitað langtímasjónarmið og mundu sjálfsagt skila betri afrakstri þegar upp væri staðið.

Við inntak frv. vil ég sem sagt lýsa stuðningi en vonast til að endar verði betur hnýttir í þessu frv. um hvaðan fjármagn skuli koma til þróunardeildarinnar.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég þakka þau viðbrögð sem hafa komið við frv. en get út af fyrir sig vel skilið þá gagnrýni sem hér kemur fram, að hér sé sjóðnum ekki séð fyrir neinum sérstökum tekjum. Það er út af fyrir sig réttmæt gagnrýni. Ég vil taka það fram í þessu sambandi að ég hef áður nefnt það við aðila í sjávarútvegi hvort ekki væri eðlilegt að lagt væri sambærilegt gjald á sjávarútveginn og er gert á iðnaðinn, þ.e. iðnlánasjóðsgjaldið, þannig að sjávarútvegurinn sjálfur greiði nokkurt fé til slíks sjóðs og síðan leggi ríkið eitthvað þar á móti. Við þessu hefur verið mikil andstaða, a.m.k. eins og stendur sem er út af fyrir sig eðlilegt vegna þess að afkoma sjávarútvegsins er með þeim hætti að hann hefur ekkert að láta, en auðvitað er vonandi, og við hljótum að trúa því, að þar komi breyttir tímar. Ég vænti því þess að meiri skilningur verði á því á síðari stigum. Þá er þessi sjóður þar fyrir hendi.

Það má að sjálfsögðu um það deila hverjir skuli ráða yfir slíkum sjóði. Það er að mínu mati óeðlilegt að hafa allt of marga sjóði starfandi. Það hefur kostnað í för með sér og núverandi Fiskimálasjóður getur ekki staðið undir þeim kostnaði sem starfsemi hans hefur í för með sér og því er eðlilegt að þar sé gerð breyting á. Ég hygg að þeim sömu mönnum og er trúað fyrir því að lána fé til sjávarútvegsins sé jafnframt trúandi fyrir því að afgreiða styrki og lán til þróunar í sjávarútveginum.

Hitt er svo allt annað mál eins og hv. 1. þm. Vestf. sagði að það er umdeilanlegt hverjir skuli vera í slíkri stjórn og hvernig þeir skuli kosnir. Það er annað mál sem ég ætla ekki að fjalla um hér, en ég tel að í þessari umræðu hafi komið fram að aðilar séu sammála um að eðlilegt sé að slík starfsemi eigi sér stað innan sjávarútvegsins og styrki nýjungar á hans sviði og láni til ýmissa nýjunga á sviði sjávarútvegs.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

91. fundur, miðvikudaginn 3. maí, kl. 2 miðdegis.

Vaxtalög, ein umr.

Stjfrv., 239. mál (fjárfestingarlánasjóðir, dráttarvextir, okur o.fl.). — Þskj. 979 (sbr. 894), n. 1013.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Frv. það sem hér um ræðir, til breytingar á vaxtalögum, er nú hér til einnar umræðu og á sér orðið nokkuð sérstæða sögu að því leytinu til að á sínum tíma, þegar þetta mál var til meðferðar í Nd., voru felld út úr 17. gr. frv. þrjú orð sem lengi hafa staðið í vaxtalögum, eru ekki nýmæli nú, heldur eru búin að vera þar býsna lengi. Í setningunni, með leyfi forseta, „Hver sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi hagnýtir sér á óréttmætan hátt fjárþröng viðsemjanda síns" o.s.frv. voru það orðin „á óréttmætan hátt" sem Nd. felldi niður. Í þessari hv. deild var þessum orðum síðan bætt inn aftur. Nú hefur það gerst að hv. Nd. hefur enn fellt þessi þrjú orð niður. Á fundi fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar í morgun var það einróma skoðun nefndarmanna að það bæri að taka þessi þrjú orð inn í 17. gr., „á óréttmætan hátt", þannig að verði brtt. nefndarinnar samþykkt nú mun þetta mál væntanlega fara fyrir Sþ. til atkvæðagreiðslu þar og mér skilst að það hafi ekki gerst síðan 1969 eða 1970 að deildir hafi greint á með þessum hætti. Það er hins vegar bjargföst skoðun og sannfæring fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar að fyrir þeirri breytingu sem gerð var á 17. gr. vaxtalaga í Nd. séu ekki rök.

Fjh.- og viðskn. þessarar deildar hefur ritað nýtt nál. við þessa einu umræðu málsins á þessa leið:

Frv. þetta er komið til deildarinnar á ný vegna breytinga sem neðri deild hefur gert á 7. gr. þess, þ.e. 1. mgr. 17. gr. vaxtalaga, sem fjallar um okur.

Tilgangur þessarar greinar frv., eins og hann kemur fram í frv. viðskiptaráðherra á þskj. 444, var alls ekki sá að hrófla við gildandi lagaákvæðum um okurvexti og misneytingu, heldur einungis að setja inn ný ákvæði um almenn vaxtamörk til viðmiðunar sem Seðlabankinn hefur heimild til að ákveða.

Í lagatextanum segir að hver sá sem hagnýtir sér á óréttmætan hátt fjárþröng viðsemjanda síns eða aðstöðumun þeirra til að áskilja sér vexti umfram gildandi vaxtamörk skuli sæta viðurlögum. Neðri deild hefur nú fellt burt úr þessari grein, svo sem ég áðan gat um, orðin „á óréttmætan hátt".

Fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar telur engin rök fyrir þessari breytingu á okurákvæðum vaxtalaga og álítur að með breytingunni sé beinlínis verið að stofna til óvissu um efni þessara ákvæða og beitingu við dómsúrlausnir.

Í athugasemdum við frv. til vaxtalaga, sem samþykkt var á Alþingi vorið 1987, segir svo almennt um vexti, með leyfi forseta:

„Tilhögunin er sú í stórum dráttum að út af fyrir sig má semja um hvaða almenna vexti sem er. En sé farið ólöglega að við samningsgerð, framsal samnings, beitingu hans eða hagnýtingu, samkvæmt því sem lýst er í 17. gr., verður hinn brotlegi að gjalda þess að hafa áskilið sér vexti eða annað endurgjald umfram hæstu gildandi vaxtamörk sambærilegra útlánsvaxta hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum, á þeim tíma er til skuldar var stofnað. Eftir því sem þetta bil breikkar og vaxtatakan fer lengra umfram vaxtakjör innlánsstofnana, því meiri er áhættan, bæði hættan á því að dómstólar telji um óréttmæta hagnýtingu aðstöðumunar að ræða, svo og á þyngri viðurlögum ef brot sannast."

Um þessi umdeildu orð, „á óréttmætan hátt", er svo sérstaklega fjallað í athugasemdum um 17. gr. vaxtafrumvarpsins, og þar segir m.a.:

„Hinu ólögmæta atferli er lýst í upphafi 17. gr. frv. sem því að hagnýta sér á óréttmætan hátt fjárþröng viðsemjanda síns eða aðstöðumun þeirra að öðru leyti. Hér þarf að vera um misnotkun aðstöðu að ræða, það gróft að dómstólar telji hana refsiverða. Orðin **á óréttmætan hátt** eru ætluð sem eins konar fyrirvari til dómstóla um mat á refsiverðleika háttseminnar og þrengingu á efnissviði ákvæðisins. Tryggir það á svipaðan hátt og ólögmætisfyrirvari 248. gr. almennra hegningarlaga að ákvæðinu sé beitt með nokkurri varúð. Svipuð aðferð var höfð við lögfestingu 300. gr. b í dönsku hegningarlögunum. Að sjálfsögðu skiptir fjárþröng mestu máli varðandi aðstæður viðsemjandans en rétt þykir að hafa opið ákvæði um hliðstæðan aðstöðumun aðila, t.d. þar sem annar er háður hinum í starfi, vegna fyrri viðskipta, um útvegun fíkniefna o.s.frv. Hæfilega takmörkun á þessu atriði er að finna í óréttmætisfyrirvaranum." Hér lýkur tilvitnun í athugasemdir með 17. gr. vaxtalaga sem fram voru lögð hér á þinginu 1986–1987 og samþykkt 1987.

Fjh.- og viðskn. telur ekki ástæðu til að breyta gildandi lagaákvæðum um okur og leggur til svofellda brtt.:

„Við 7. gr. Á eftir orðunum „hagnýtir sér" í fyrri efnismgr. komi: á óréttmætan hátt."

Þessu eru allir nefndarmenn hv. fjh.- og viðskn. sammála, en það segir hins vegar ekkert um afstöðu þeirra til frv. í öðrum efnum. Hér er eingöngu verið að fjalla um þessi orð og um þetta eru nefndarmenn sammála. Danfríður Skarphéðinsdóttir sem sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi er einnig samþykk þessu áliti. Um þetta er enginn ágreiningur í nefndinni og nefndin leggur til, herra forseti, að frv. verði samþykkt með brtt. sem er að finna á þskj. 1013.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Eins og fram kom við afgreiðslu málsins til Nd. hér fyrir skömmu þar sem ég gerði grein fyrir áliti minni hl. nefndarinnar lét minni hl. afgreiðslu málsins í heild sinni afskiptalausa. Hins vegar

er það alveg ljóst að það sem formaður hv. nefndar nú sagði er kórrétt. Við viljum að þessu orðalagi sé breytt, þeim orðum sem hann lýsti bætt inn, en afstaða okkar að öðru leyti er auðvitað óbreytt. Við munum greiða fyrir að málið fái framgang í hv. deild en erum ekki ábyrgðarmenn að málinu að öðru leyti.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það sem fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni, þ.e. ég er ekki alveg sammála lögunum sem slíkum en hins vegar þessari breytingu sem gerð er nú á lögunum, að orðin „á óréttmætan hátt" komi inn í 7. gr. Þessi orð, „á óréttmætan hátt", hafa valdið miklum erfiðleikum við túlkun og þegar málið var til meðferðar í Nd. voru þau felld út en núna tökum við í Ed. þau upp aftur.

Það má gera athugasemd við alla þessa grein og líka spyrja sig að því hvort nauðsynlegt sé að hafa svona misneytingarákvæði í vaxtalögum þar sem í almennum hegningarlögum, 253. gr., er sams konar ákvæði, um svokallaða misneytingu, en í þeirri grein segir:

„Hafi maður notað sér bágindi annars manns, einfeldni hans, fákunnáttu eða það, að hann var honum háður, til þess að afla sér með löggerningi hagsmuna eða áskilja sér þá, þannig að bersýnilegur munur sé á hagsmunum þessum og endurgjaldi því, sem fyrir þá koma eða skyldi koma, eða hagsmunir þessir skyldu veittir án endurgjalds, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum."

Þetta er hið almenna misneytingarákvæði hegningarlaganna, en hér er verið að tala um í vaxtalögum sérstakt misneytingarákvæði og má segja að ef þetta kemur til kasta dómstóla þá tæmi það svokallaða sök gagnvart þessu ákvæði. Hérna hefur frekar verið um áréttingu að ræða, að það megi ekki taka hærri vexti en ákvarðaðir eru í bankakerfinu og á það get ég að vissu leyti fallist, en ég vil samt benda á að sams konar ákvæði eru í hegningarlögunum og raunar sams konar ákvæði í samningalögunum líka sem fjalla um það að nýta sér aðstöðumun. Þetta vildi ég að kæmi hér fram, en varðandi orðin sjálf, „á óréttmætan hátt", eru þau í sjálfu sér mjög villandi og óæskilegt er að hafa í lagatexta lýsingarorð sem mæla fyrir um háttsemi. Yfirleitt er þetta í lagatexta orðað þannig að það komi alveg skýrt fram hvaða háttsemi er refsiverð og það megi ekki vera þar um neitt mat að ræða, eins eða neins, en þar sem vextir eru mjög breytilegir og oft erfitt að gera sér grein fyrir hvað eru löglegir og hvað eru ólöglegir vextir, þá getur maður fallist á að í textanum komi þetta lýsingarorð fram. Við þingmenn verðum hins vegar að reyna að vara okkur mjög á því að hafa ekki refsiákvæði þannig að það sé háð mati dómara hverju sinni hvort háttsemin telst refsiverð eða ekki.

Þetta vildi ég að kæmi fram og þessi skýring á því að ég er meðmæltur því að hafa breytinguna með þessum hætti.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. í nál. 1013 samþ. með 15 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 9:5 atkv.

Forseti (Jón Helgason):

Samkvæmt ákvæðum 24. gr. þingskapa verður nú frv. sent hæstv. forseta Sþ. og mælst til þess að það verði lagt fyrir sameinað Alþingi.

Veiting ríkisborgararéttar, ein umr.

Stjfrv., 370. mál (síðara frv.). — Þskj. 974, brtt. 1011.

Frsm. allshn. (Jón Helgason):

Herra forseti. Allshn. hefur á ný tekið til athugunar frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar eftir að það hafði verið afgreitt frá hv. Nd. Þar hafði verið bætt inn nöfnum þriggja nýrra einstaklinga og fellst nefndin á þá breytingu. Jafnframt hefur allshn. Ed. ákveðið að flytja brtt. við frv. á ný á þá leið að við 1. gr. frv. bætist nýtt nafn: Karin Stross, afgreiðslustúlka í Reykjavík, fædd 28. maí 1965 á Íslandi. Eins og fram kemur í brtt. er Karin fædd hér á landi, hefur dvalist hér alla sína ævi, er gift Íslendingi og á hér börn. Allshn. leggur eindregið til að þessu nafni verði bætt inn nú við þessa umræðu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1011 samþ. með 12 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

Viðskiptabankar, ein umr.

Stjfrv., 242. mál (bankaráð, hagsmunaárekstrar o.fl.). — Þskj. 977.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Eiður Guðnason):

Hæstv. forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar hefur fjallað um þetta frv. og þá breytingu sem á því var gerð í Nd. Breytingin varðar starfssvið bankaráða og er í þá veru að bankaráð skuli eftir sem áður hafa á sinni könnu ráðningu útibússtjóra og forstöðumanna bankaútibúa, en í fyrri mynd laganna hafði það verið fært til bankastjórnar.

Nefndarmenn eru sammála um að leggja til að styðja þessa breytingu, en að öðru leyti er afstaða nefndarmanna til frv. óbreytt frá því að það var afgreitt héðan úr deildinni. En meiri hl. nefndarinnar leggur sem sagt til að frv. verði samþykkt með þessari breytingu eins og það nú liggur fyrir eftir afgreiðslu í Nd.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég fellst út af fyrir sig á það að brtt., sem hér er flutt, sé í samræmi við lög um viðskiptabanka að öðru leyti, uppbyggingu þeirra, og að því leyti er sú brtt. til bóta. Ég minni á hinn bóginn á það að frv. í heild, þegar það er metið, er síður en svo til bóta. Einkum á það við 2. gr. frv. að hún er til mikils óhagræðis fyrir viðskiptavini viðskiptabankanna og fæ ég ekki annað séð en að hún muni valda því að viss viðskipti hljóti að falla niður eða breyta verulega um eðli, þannig að búast megi við því að viðkomandi aðilar sitji við verra borð en áður varðandi lánskjörin í heild, afgreiðslu og fjármagnskostnað af þeim viðskiptavíxlum og viðskiptaskuldabréfum sem þar er fjallað um og settar mjög þröngar skorður.

Ég vil aðeins ítreka það sem áður hefur komið fram um þessi efni að tala þeirra frv. á þessu þingi og tala þeirra yfirlýsinga sem ríkisstjórnin hefur gefið um fjármagnskostnað, um viðskiptabanka og sjóði, er farin að skipta legio. Og flest þessara mála eru til óhagræðis og sum þeirra hafa beinlínis í för með sér aukna skattheimtu og hærri fjármagnskostnað en áður. Mjög skýrt dæmi um þetta er frv. sem nú er til athugunar í fjh.- og viðskn. um ríkisábyrgð. Ef það frv. verður að lögum mun það t.d. þýða það að vextir á verðtryggðum lánum til bænda muni hækka um ½% sem er auðvitað verulegt fyrir þá búgrein eins og kjör hennar í heild eru og eins og þrengt er að kostum hennar að öðru leyti.

Ég geri ekki ráð fyrir að það skipti svo sem miklu þó reynt sé að færa þau sömu rök og gert var hér við 2. umr. málsins síðast og rifja upp þau sömu rök gegn þessu frv. og tíunduð voru í Nd. Það er nú einu sinni svo um mörg af frv. þessarar ríkisstjórnar sem lögfest hafa verið að það verður fyrsta verk næstu ríkisstjórnar sem hér kemur í landinu, vonandi fyrr en síðar, að flytja frv. um það á Alþingi að færa málin til hins fyrra horfs, nema svo fari að ríkisstjórnin verði sjálf á undan þegar hún rekur sig á, en eins og fram kom í yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar í tengslum við síðustu kjarasamninga er hún nú á hröðu undanhaldi og veit raunar ekki sitt rjúkandi ráð. Ég sé ekki, herra forseti, ástæðu til þess að hafa um þetta fleiri orð. Það má vera að eins fari fyrir þessu frv. og hinu síðasta að Nd. breyti því líka á nýjan leik og það fari þá leiðina til Sþ. Stefnan breytist svona frá degi til dags. Það fer svolítið eftir því hverjir eru erlendis og hverjir eru við í þinginu hvað er samþykkt hér af meiri hlutanum í deildinni hverju sinni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 10:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1026).

EFRI DEILD

92. fundur, miðvikudaginn 3. maí, að loknum 91. fundi.

Þjóðminjalög, 1. umr.

Frv. GHelg o.fl., 188. mál (heildarlög). — Þskj. 1007.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. KJóh, 113. mál (greiðsla opinberra gjalda með skuldaviðurkenningum). — Þskj. 116.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Ríkisreikningur 1987, 2. umr.

Stjfrv., 292. mál. — Þskj. 524, n. 1012.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til laga til staðfestingar á ríkisreikningnum fyrir árið 1987. Nefndin leggur einróma til að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir, en það hefur þegar verið afgreitt frá Nd.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frvgr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Búfjárræktarlög, 1. umr.

Stjfrv., 373. mál (lausaganga búfjár). — Þskj. 1023.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á búfjárræktarlögum, nr. 31 frá 1973.

Frv. gerir ráð fyrir því að við XI. kafla búfjárræktarlaga bætist ný grein sem verði 64. gr., svohljóðandi:

„Sveitarstjórnum er heimilt, til að auka öryggi umferðar á þjóðvegum og að forða ágangi búfjár, að ákveða að eigendum búfjár, þ.e. sauðfjár, geita, nautgripa og hrossa, sé skylt að hafa það í vörslu allt árið, eða tiltekinn hluta ársins.

Heimild þessi getur jafnt tekið til alls lögsagnarumdæmis viðkomandi sveitarstjórnar eða afmarkaðs hluta þess, svo sem umhverfis þéttbýli eða fjölfarna vegi."

Hv. landbn. Nd. gerði eina breytingu á frv. svohljóðandi: „Í stað orðanna „að forða ágangi" í fyrri efnismgr. komi: að koma í veg fyrir ágang." Að öðru leyti afgreiddi nefndin frv. frá sér óbreytt og lagði til að það yrði samþykkt.

Það er svo að í gildandi löggjöf er ekki að finna neina almenna heimild til að banna lausagöngu búfjár. Í búfjárræktarlögum frá 1973, eins og þeim var breytt með lögum nr. 108/1988, er hins vegar heimild fyrir sveitarstjórnir til að takmarka lausagöngu hrossa, sbr. 38. gr. þeirra laga. Því þykir nú nauðsynlegt að auka við ákvæði núgildandi búfjárræktarlaga eins og hér er lagt til.

Samkvæmt lögum um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum er sveitarstjórnum heimilt að takmarka búfjárhald og setja um það reglur, þar með talið að takmarka eða banna lausagöngu, og hafa fjölmargar þéttbýlissveitarstjórnir nýtt sér þessa heimild án þess þó að framkvæmd þeirra mála sé kannski alls staðar sem skyldi. Og hér er sem sagt lögð til sú breyting að almennt heimildarákvæði komi í búfjárræktarlög sem taki þá til allra sveitarstjórna landsins.

Þessi breyting sem hér er lögð til er í samræmi við ályktun búnaðarþings frá 1989 um rýmri heimildir fyrir sveitarstjórnir í landinu til að takmarka lausagöngu búfjár.

Þess má og geta að á vegum landbrn. er starfandi nefnd með fulltrúum frá umferðaraðilum sem er ætlað það verkefni að setja reglur og skoða þau mál sem lúta að lausagöngu búfjár og umferðaröryggi. Er þessi lagaheimild ekki síst nauðsynleg í því skyni að unnt sé að taka á þeim vandamálum sem vaxandi umferðarþungi á vegum skapar í sambandi við lausagöngu búfjár. Er þar ekki síst átt við lausagöngu stórgripa, en til þeirra má rekja flest hin alvarlegri slys sem verða vegna umferðarinnar og lausagöngu búfjár.

Að lokinni þessari umræðu, herra forseti, legg ég svo til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að fara að ræða efnislega um þetta frv. heldur um það sem mætti kalla formsatriði. Fyrir þessari hv. deild liggur frv. til laga um búfjárrækt, 465. mál þingsins. Þetta mál hefur legið núna fyrir landbn. Ed. Við höfum haldið langa fundi um þetta mál, síðast í morgun. Mér hefur virst að það lægi í loftinu af hálfu ríkisstjórnarinnar eða forsvarsmanna þessa frv. að gert væri ráð fyrir að frv. yrði afgreitt á þessu þingi og þá afnumin núverandi búfjárræktarlög.

Nú er hér hins vegar málið sem er til umræðu, 373. mál og það er frv. til laga um breytingu á búfjárræktarlögum, nr. 31 24. apríl 1973, til breytingar á þeim lögum sem hitt frv., sem ég gat um, gerir ráð fyrir að verði afnumin, falli úr gildi. Mér virðist að ekkert sé við þetta að athuga ef gengið er út frá því að frv. til laga um búfjárrækt, 465. mál, verði ekki afgreitt á þessu þingi og að núgildandi lög verði ekki felld úr gildi. Ef ætlunin er hins vegar að afgreiða sem lög frv. til laga um búfjárrækt, 465. mál, og afnema núgildandi lög um búfjárrækt þykir mér það skjóta nokkuð skökku við og ég skil ekki þau vinnubrögð að leggja til að hér verði afgreitt, á þessu þingi, frv. til laga um breytingar á búfjárræktarlögunum, 373. mál, og gerðar breytingar á lögum sem hitt frv. gerir ráð fyrir að felld séu úr gildi.

Ég kvaddi mér hljóðs til þess að fá skýringar á þessu.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Það er ekki nema eðlilegt að spurt sé og óskað skýringa á þessu atriði því að það er ugglaust rétt að nokkuð óvenjulega stendur hér á. Þetta á sér þær skýringar að orðið hefur að ráði við endurskoðun búfjárræktarlaganna í heild sinni að skipta þeim lagabálki í tvennt og setja þar annars vegar sérstök lög um búfjárræktarstarfið og allt sem lýtur að búfjárrækt og kynbótum og þeim þáttum og það er það frv. sem hv. landbn. Ed. hefur haft til umfjöllunar um skeið. Síðan er gert ráð fyrir því að það sem þá stendur eftir af núverandi og núgildandi búfjárræktarlögum, þ.e. ákvæði sem lúta að búfjárhaldi, forðagæslu, ásetningi, lausagöngumálum og öðru slíku, haldi sér, og þá er í raun tvennt til ráða, annars vegar að í gildi verði tvenn lög með þessu nafni, búfjárræktarlög, önnur sem lúti sérstaklega að búfjárræktarstarfinu og kynbótastarfinu og hin að búfjárhaldinu, eða hitt sem líka kemur til greina, að lagabálki þeim sem lýtur að búfjárhaldinu verði gefið nýtt nafn, hann t.d. skírður upp og kallaður lög um búfjárhald. Það litla frv. sem hér er á ferðinni, 373. mál, fellur inn í þennan hluta búfjárræktarlaga, þ.e. þann hluta búfjárræktarlaganna sem fjallar um búfjárhaldið, lausagöngumál og annað slíkt eins og gefur að skilja vegna efnis málsins. Hér er því um það að ræða að ekki er gert ráð fyrir að þau lagaákvæði sem þetta frv. yrði hluti af, þ.e. sem 64. gr., féllu niður heldur héldu gildi sínu, annaðhvort undir sama nafni eða að þeim hluta laganna, sem reyndar er í heildarendurskoðun og verður væntanlega lagður fyrir næsta þing, yrði þá gefið nýtt nafn. Vona ég að þetta skýri málið en ég skil vel að mönnum finnist þetta hljóma

kynduglega og ekki nema eðlilegt að þetta sé skýrt en það væri ánægjulegt ef hv. landbn. Ed. vildi leggja hug að því, þegar hún hefur samtímis bæði frv. til meðferðar, hvernig leysa ætti þetta vandamál með nafngiftirnar og hvort ekki væri skynsamlegt og heppilegt af ritstjórnarlegum ástæðum í lagasafninu að þessi tvenn lög, annars vegar um búfjárræktarstarfið og hins vegar um búfjárhaldið, hefðu ekki sama nafnið heldur hvort sitt.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir skýringar hans. Ég skil það sem hann hefur sagt um þetta efni. En þrátt fyrir það verð ég að segja að mér finnst að þetta séu dálítið a.m.k., svo að ekki sé meira sagt, óvenjuleg vinnubrögð. Það hefði þá verið eðlilegra að jafnhliða því sem sett væru ný lög um búfjárrækt væru sett önnur lög um búfjárhald. Þetta frv., sem við nú ræðum, tilheyrir þeim þætti þessara mála sem heyrir undir búfjárhald. Þetta frv. gerir samt ekki breytingu á fyrirsögn á því sem eftir er af gildandi lögum um búfjárrækt og fjallar um búfjárhald. Til þess yrði að gera breytingar á frv. því sem við nú ræðum. Það kann að vera að hv. landbn. Ed., sem er hin ágætasta nefnd, geti bætt úr þessum formgöllum.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Það sem hv. 4. þm. Vestf. er hér að ræða um hefur verið til umfjöllunar í landbn. Ed., samtenging búfjárhalds og búfjárræktar í lögum um búfjárrækt eins og þau eru gildandi núna. Við höfum meira að segja fjallað þar um ákveðnar greinar sem við höfum verið að hugsa okkur að setja inn í frv. um búfjárrækt sem er til umfjöllunar í landbn. Ed., þ.e. 13., 15. og 19. gr., um vörslu graðpenings o.fl., og vitað um það að það tengdist einnig lögum um þætti sem tilheyra búfjárhaldi á svipaðan hátt og það frv. sem hér um ræðir fellur undir þann þátt núgildandi búfjárlaga.

Það má vel vera að æskilegast hefði verið að semja nýjan lagabálk um búfjárhald en mér skilst að sá hluti búfjárlaganna sem eftir er taki yfir þá málaflokka sem þar er um að ræða og á ekki að koma að sök. Sjálfsagt verða í fyllingu tímans samin ný lög um búfjárhald og þá falla þeir þættir sem enn eru inni í búfjárlögunum að nýju búfjárræktarlögunum sem væntanlega verða að þessu þingi loknu og þeir þættir sem eru í núgildandi búfjárlögum um búfjárhald verða í nýjum lögum þar um.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.

Frv. ÞK o.fl., 459. mál (heildarlög). — Þskj. 820.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég ætlaði ekki út af fyrir sig að fara mörgum orðum um frv. sem hér liggur fyrir, en þó vildi ég aðeins reyna að draga fram meginatriði þess eins og ég sé það, þ.e. að meginatriðin eru í 4. og 5. gr. og í 6. gr. Það er kannski rétt að byrja á 6. gr., en þar er gert ráð fyrir því að öll fiskiskip sem veiða aðrar tegundir en botnfisk, þ.e. öll þau skip sem veiða rækju, humar, skelfisk, síld og loðnu, skuli veiða samkvæmt kvótakerfi, ef má nota það orð, þ.e. ef heimildir þessarar greinar væru notaðar.

Nú býst ég við því að hv. flutningsmenn reikni með því að heimildir þessarar greinar verði notaðar, en þannig hefur háttað til að áður en lögin um stjórn fiskveiða voru sett, sem nú er vitnað til, var úthlutað aflamarki í skelfiski og í loðnu og í innfjarðarrækju en ekki í öðrum tegundum. Nú er gert ráð fyrir að þessu verði haldið áfram eins og áður var en jafnframt bætist þar aðrar tegundir við og því til viðbótar verði slíkum skipum óheimilt að veiða botnfisk nema komi til sérstakt veiðileyfi og það skuli takmarka við ákveðinn hámarksafla á skip, að teknu tilliti til veiðiþols fiskistofna og hagnýtingar skipsins til sérveiða. Það verður að skilja þessa heimildagrein þannig að hér sé gert ráð fyrir að viðkomandi skip fái ákveðnar aflaheimildir til að veiða rækju, til að veiða humar, skelfisk, síld og loðnu og auk þess skulu þessi skip fá tilteknar botnfiskveiðiheimildir að ákveðnu hámarki.

Ég held að það sé öllum ljóst sem til þekkja að viðkomandi skip munu ekki á nokkurn hátt geta staðið undir rekstri nema fá viðbótarheimildir til að veiða botnfisk. Og hér er um mjög stóran hluta flotans að ræða sem flm. reikna með að verði rekinn samkvæmt kvótakerfi.

Þetta er sem sagt stór hluti flotans sem menn gera ráð fyrir að svo skuli farið með og ég get alveg tekið undir það með hv. flutningsmönnum. Ég tel þetta vera skynsamlegt og í sjálfu sér ekki mikið öðruvísi en nú er nema að því leyti að með þessu yrði sóknarmark þessara skipa fellt algjörlega niður og ákveðið aflamark kæmi þá væntanlega í staðinn.

Að því er varðar hinn hluta flotans sem er þá togaraflotinn allur og sá hluti bátaflotans sem ekki hefur neinar sérveiðiheimildir, sem er allnokkur, þá er gert ráð fyrir allt annars konar kerfi, þ.e. að hverju fiskiskipi skal ákveðin sóknargeta og reynt að meta það aflamagn sem skipið hefur burði til að veiða á hverju ári. Það er að mínu mati afar erfitt að meta það með einhverri vissu hvaða burði skip hefur til að veiða á ári hverju. Auðvitað eru skipin misjöfn, það er rétt, og hafa mismunandi möguleika til að veiða. Hitt er svo annað mál að það mun enginn geta komið í veg fyrir tækniframfarir á þessu sviði sem hafa verið örar og verða sjálfsagt enn meiri í framtíðinni. Þar að auki er fiskigengd misjöfn og það hefur að sjálfsögðu

áhrif á það, og þarf ekki að ræða það, hvað skipin geta veitt. Það er t.d. alveg ljóst að sóknargeta flotans hér við suðurströndina og Suðvesturland er mun meiri en aflinn gefur tilefni til á þessari vetrarvertíð en það sem hefur einkum stuðlað að því að hún hefur verið góð er góð fiskgengd á miðunum. Og það er að sjálfsögðu það sem skiptir ekki minna máli.

Ég held því að afar erfitt verði að reikna út þessa sóknargetu og það er alveg ljóst að hún er mun meiri í dag en afrakstursgeta fiskstofnanna gefur tilefni til. Þá verður að sjálfsögðu að spyrja hvaða hömlur skuli þá lagðar á, a.m.k. í upphafi, því að hér er gert ráð fyrir að skipum skuli síðan fækka þannig að jafnvægi náist og gert þá ráð fyrir því að viðkomandi skip ráði ekki við að afla meira en þeim ber. Þetta mun að sjálfsögðu leiða til þess að mikil samkeppni verður milli skipanna og ekki er allt bölvað við hana, ekki vil ég gera það að mínum orðum, það hefur sína kosti. Það er hins vegar ljóst, ég get tekið það sem dæmi, að ef heimilað hefði verið að veiða með þessum hætti á núverandi vetrarvertíð hefðu bátar, sérstaklega norðan lands, orðið mjög illa úti því veiðar hafa verið sáralitlar eða miklu tregara fiskirí þar en hér sunnan við land. Þótt ég geri mér vissulega grein fyrir því að margir þeirra komi til veiða bæði við Breiðafjörð og jafnframt hér sunnan við land, þá er að sjálfsögðu alveg ljóst að ef veiða á úr heildarkvótum verður samkeppnin miklum mun meiri en annars hefði orðið og afli mundi berast örar að landi með tilheyrandi vandræðum fyrir vinnsluna.

Þetta er veiðifyrirkomulag sem ég tel vera meingallað og sé ekki hvernig það muni geta farið fram svo bærilegt megi teljast, en hitt er svo annað mál að það er ekki þar með sagt að núgildandi fyrirkomulag hafi enga galla, það er langt í frá. Það er alveg sama með hvaða hætti veiðarnar verða stundaðar og hvernig þeim verður stjórnað, það mun allt hafa sína galla.

Aðrar greinar frv. eru með svipuðum hætti og er í núgildandi lögum nema ég vil sérstaklega taka undir það sem segir í 7. gr., að það sé nauðsynlegt að stofna úreldingarsjóð fiskiskipa til þess að hjálpa til við það að taka skip af skipaskrá. Það er einn helsti galli núgildandi fyrirkomulags að ekki hefur tekist að úrelda skip með þeim hætti sem æskilegt hefði verið. Helstu ástæður þess eru mjög skammur gildistími núgildandi kerfis og sú hvatning sem m.a. felst í sóknarmarkinu og ýmsar aðrar ástæður sem þar hafa orðið þess valdandi. Þess vegna er mjög brýnt að breyta þessu fyrirkomulagi þannig að það sé meiri hvatning til að fækka skipum og minnka flotann.

Ég vildi aðeins út af þeim umræðum sem hér hafa orðið og því sem hv. frummælandi sagði hér, að afli hefði farið svo og svo mikið fram úr ákvörðunum stjórnvalda, sérstaklega þorskaflinn, benda enn einu sinni á þá einföldu staðreynd, sem ég hef oft bent á í umræðum um þessi mál, að ákvörðun stjórnvalda er viðmiðunarafli sem er grundvöllur aflamarksins en það hefur ávallt verið gert ráð fyrir því að aflinn væri nokkru meiri og útskýrt m.a. með tilliti til sóknarmarksins, aflaheimilda smábáta o.s.frv., þannig að þegar hér er sagt að ákvörðun stjórnvalda á árinu 1988 hafi verið 315 þús. tonn, veiðin 376 tonn og mismunur 61 þús. tonn gefur það ekki rétta mynd vegna þess að það var alltaf gert ráð fyrir að veiðin væri svona 350–360 þús. tonn.

Hitt er svo annað mál að veiðin hefði þurft að vera minni á undanförnum tveimur árum, það get ég tekið undir, en það er í þessu sem öðru að menn hafa leitað að ákveðnum málamiðlunum og afar margir í þjóðfélaginu, þar á meðal á Alþingi, ekki viljað sætta sig við það að svo harkaleg stjórnun ætti sér stað. Það hefur m.a. leitt til þess að smábátar hafa fengið rýmri heimildir en efni stóðu til og sóknarmark fiskiskipanna gaf verulega möguleika til að auka aflann, en minni möguleikar í sóknarmarki hefðu að sjálfsögðu orðið til þess að aflinn hefði orðið minni. Þetta vildi ég vinsamlegast biðja menn um að hafa í huga þegar menn meta það hvernig staða mála er, þannig að það byggi á raunverulegum staðreyndum en ekki einhverju öðru.

Að því er varðar fiskiskipaflotann er rétt að taka það fram að inni í þessum töflum eru jafnframt þau skip sem ekki er haldið til veiða en hefur verið lagt. Það eru nokkur skip sem eru enn þá á skipaskrá en hafa verið tekin út úr veiðunum, þannig að það er heldur misvísandi að taka algjört mark á þessari skrá, en hitt er rétt að brúttólestatala flotans hefur aukist og þessu þyrfti að snúa við. Jafnframt er nauðsynlegt að hafa það í huga að kröfur hafa mjög aukist um aðbúnað manna, um meðferð afla um borð í fiskiskipum, og það þarf meira rými í skipunum til þess að geta sinnt þessum kröfum. Það er ekki lengur til siðs að hýsa alla mennina í einum lúkar um borð í skipum. Þar hafa komið til þau nútímalegu sjónarmið sem eru ríkjandi við okkar aðstæður og að sjálfsögðu hefur þurft að taka tillit til þessa. Jafnframt er það ekki lengur til siðs að hrúga fiskinum í stíur nema þá í mjög litlum mæli sem betur fer. Þar hefur átt sér stað mikil breyting og fiskur er nú settur í kassa og kör og venjulega ísaður, þannig að það þarf meira pláss og reglur um stærð skipanna hafa tekið tillit til þess.

Nú á sér stað veigamikið starf til undirbúnings endurskoðun þessara laga þar sem margir koma að og ég veit að þar er unnið mjög gott starf og væntanlega mun liggja fyrir að einhverju leyti á haustmánuðum hvert hugur manna stefnir til breytinga á núgildandi lögum. Það er alveg ljóst að þau þurfa breytinga við og um það þarf að nást bærileg samstaða hér á Alþingi og ekki síst í þjóðfélaginu. En ég held að ég geti sagt það af nokkurri reynslu að það fyrirkomulag sem fram kemur hér í 4. gr. og 5. gr. mun ekki vera til þess fallið að skapa betri frið um þessi mál en er í dag. Þarna eru andstæð sjónarmið uppi og það eru mismunandi hagsmunir eftir landshlutum, eftir einstaklingum o.s.frv., og það er mjög mikilvægt að skapa sem bestan frið um það. Það er mjög gott að fá fram sjónarmið manna í þá umræðu sem nú á sér stað og ég skildi hv. flm. þannig að hann vildi koma þessum sjónarmiðum á framfæri. Það er nauðsynlegt að ræða þau eins og önnur sjónarmið, en ég vildi láta í ljós það

álit mitt að ég tel þessa skipan mála ekki vera til þess fallna að ná meiri samstöðu en þó hefur tekist eins og er í dag.

Karl Steinar Guðnason:

Herra forseti. Frv. sem hér er til umræðu um stjórn fiskveiða er að því er tillögumaður hefur tjáð deildinni umræðugrundvöllur og viðrun nýrra hugmynda um það hvernig megi breyta til í úthlutun fiskveiðiheimilda. Það umræðuefni er á vörum hverra þeirra sem starfa í sjávarútvegi. Það er mikið deilt um kvótakerfið, það er mikið deilt um fiskveiðistjórnun og það er ekki að undra. Það er mikið vandamál hvernig á að skipuleggja stjórnun fiskveiða á Íslandi. Ég verð að játa það að ég finn hvergi nokkurs staðar neinn einhug í þessum efnum. Þar sem ég þekki gerst til fer það mikið eftir byggðarlögum hvernig menn vilja stjórna fiskveiðum. Það fer eftir bátum, það fer eftir því hvaða bátategundir menn eru með, og það fer eftir svo ótalmörgu öðru.

Það hefur verið erfitt að ná nokkurri einingu um þessi mál og eining hefur náttúrlega ekki fengist. Þó verð ég að segja það að þó að hæstv. sjútvrh. sé talinn afar þver held ég að honum hafi tekist mjög vel í því að leiða þó fram lög um þessi mál, og ég hygg að minni ófriður sé um þetta mál en var á sínum tíma.

Hvað varðar þetta frv. er þar bryddað upp á ýmsum nýmælum að því er greint er frá í grg. Ég hef verið að velta fyrir mér útfærslu á 4. gr. þar sem segir: „Siglingamálastofnun ríkisins skal mæla sóknargetu fiskiskipa." Og svo segir áfram: „Ráðherra setur reglur um mat á sóknargetu fiskiskipa í samráði við Siglingamálastofnun ríkisins, Landssamband ísl. útvegsmanna, samtök sjómanna og Fiskifélag Íslands." Ég veit ekki hvaða aðferðum á að beita til þess að mæla sóknargetuna. Og mér er það alveg óskiljanlegt. Það vita allir sem þekkja mun á flóði og fjöru að burðir skips segja ekki allt um það hvað það getur aflað. Hvað með afburðamenn eins og getið er um í grg. þar sem segir að afburðamennirnir fái að njóta sín með þessu? Hvað með áhöfnina? Hvað með fiskigengd? Hvernig reiknast það inn í þetta? Og þó að Siglingamálastofnun eða einhverjir aðrir meti sóknargetu eða mæli, sem ég veit ekki hvernig er hægt að gera, ég verð að játa það, hlýtur að þurfa að taka inn í það hverjir eiga að fara með skipin. Afburðamaðurinn getur gert mikið betur en skussinn. Það sjá menn ekki fyrir, það mæla menn ekki fyrir, ekki nema á nokkrum líkum, svo að burtséð frá þessu mætti kannski í kvikindisskap, það er ekki ætlunin að það verði tekið þannig, en þetta mætti alveg eins orða: Siglingamálastofnun ríkisins skal mæla sóknarkvóta fiskiskipa — er þetta ekki ákveðin mæling sem á að fara fram? — og skammta það síðan hvað skipin eiga að fá að afla.

Nei, þetta er nokkuð sem ég þarf að fá skýringar á, kannski fyrst og fremst af því að ég skil það ekki.

Menn ræða almennt um kvótann og það er fullyrt um það hvað hafi gerst eftir að kvótinn hefur verið settur á, og það er mjög erfitt að fullyrða hvað hefði gerst hefði hann ekki verið. Ég verð að játa það. En við setjum á kvóta eða fiskveiðistjórnun vegna þess að við höfum talið okkur trú um það að fiskur í sjónum sé ekki nægur fyrir þjóðarbúið, þ.e. sóknin hafi verið of mikil og fiskstofnarnir í hættu. Ég tel að það þurfi að gera breytingar á kvótakerfinu sem nú er og það vefst ýmislegt fyrir mönnum þegar menn hugsa um það. Ég tel að það sé mikill galli t.d. að útgerðarmaður getur ákveðið það, einn og óháður, að flytja alla atvinnuna úr byggðarlaginu og fara bara eitthvað annað og skilja eftir tugi eða hundruð manna atvinnulaus og leggja byggðarlögin í eyði.

Það hafa komið upp hugmyndir um það að til að hamla á móti þessu hafi vinnslustöðvarnar kvóta líka, eða að hluta. Ég hef hins vegar ekki komist að niðurstöðu um hvernig skuli útfæra það, og það hræðir mig að ég man eftir því að þegar snurvoðin byrjaði í Faxaflóa var veiðiheimildum úthlutað á fiskvinnslustöðvar. Þá kom upp það vandamál að fiskvinnslustöðvarnar höguðu málum eins og þeim datt í hug og sjómennirnir fengu ekki greitt nema eftir svo og svo langan tíma þannig að það togar hvað í annað. Vegna þess að ég veit ekki hvernig ætti að tengja þetta betur byggðarlögunum hrekst ég út í það að ætla að enn sem komið er sé nauðsynlegt að binda kvóta við skip. Það þarf hins vegar að finna leið til að koma í veg fyrir það að einhver og einhver geti lagt atvinnulíf byggðarlaga í rúst með geðþóttaákvörðunum.

Hvers vegna er fiskveiðistjórnun? Það eru mörg svör við því, t.d. til að nýta fiskveiðistofnana hagkvæmar en áður, skapa meiri hagkvæmni í rekstri fiskiskipa og fiskvinnslustöðva, og það þarf að leita allra leiða til þess að unnt sé að ná þeirri hagkvæmni.

Þá komum við að því hvernig eigi að fara með sölu á þessum aflaheimildum. Vafalaust er það hagkvæmast að kvótann megi selja hvert sem er og hvenær sem er, en þar koma á móti byggðasjónarmið sem hamla því eins og ég var að tæpa á hérna áðan. Á Suðurnesjum, þaðan sem ég er, hefur aflast illa á undanförnum árum. Fiskiskip hafa verið seld hvert á fætur öðru til annarra landshluta og kvótinn hefur þess vegna minnkað. Ég held að það hafi aldrei komið fyrir að menn hafi aflað upp í allan kvótann, en nú sýnist mér að það sé að gerast. Og ég óttast það hvernig umhorfs verður á þessu svæði á haustmánuðum. Vertíðin hefur verið góð og því eru menn að komast í þessa stöðu. Það getur skapað mjög erfitt tímabil að hausti sem erfitt verður að eiga við. En ef svo verður að afli eykst á næstu árum á þessu svæði, þá bind ég miklar vonir við það að skipin fari aftur að sækja á þetta svæði. Það hefur gerst í Vestmannaeyjum. Þeir hafa fengið til sín fleiri og fleiri skip. Útgerð er mjög vaxandi í Vestmannaeyjum. Þeim hefur gengið vel í þessu kerfi. Ég hef verið að velta því fyrir mér hvort svo gæti ekki farið að sú stund komi á Suðurnesjum. Ég óttast það hins vegar hvað verður núna á haustdögum sem verður samhliða því að aflabrögð hafa verið góð. En eitt er víst, menn hafa haft miklar áhyggjur af þessari þróun sem þar hefur verið á

undanförnum árum, að skipin hafa streymt hvert af öðru í burtu.

Þegar kvótinn hefur verið til umræðu hér í þinginu hafa menn deilt um það hvað hann skuli vera lengi. Ég er að hallast að því að við komumst ekkert út úr þessu kvótakerfi, kvótinn sé kominn til að vera. Og ef svo er, sem ég hygg að sé staðreynd, er ekkert vit í öðru en að hafa hann ótímabundinn, lögum má alltaf breyta, en það sé ekki staðið í því á eins eða tveggja ára fresti að gera uppskurð á þessu kerfi sem skapar óöryggi í öllum rekstri, óvissu sem verður að eyða.

Ég verð að játa það að mér finnst margt gott í grg. frv. og vissulega væri gaman að geta átt þátt í að breyta stjórnun fiskveiða í þá veru að allir fái sitt, eins og þeir vilja, en ef takmarkanir eru fyrir hendi er mjög ólíklegt að takist að búa svo um hnútana að afburðamennirnir fái að njóta sín eins og hér stendur einhvers staðar.

Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um þetta frv. en fagna því að þetta stórmál, stjórnun fiskveiða, er til umræðu hér og þakka flm. sérstaklega fyrir að hafa komið því til leiðar.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Hv. 1. flm. frv., 4. þm. Vestf., fór nokkrum orðum um það hér í seinni ræðu sinni í gær í hv. deild að ég hefði misskilið grundvallaratriði þau sem hann segir vera í frv. Ég ætla ekki að fara að deila við hv. þm. um minn skilning á tillögugreinunum. Ég held mig við það að hér er lagt til að afli verði skammtaður á skip eftir nýjum reglum. Þær eru ekki eins og þær reglur sem við búum við núna nema að hluta til, en það eru samt ákveðnar reglur sem eru bundnar við skip.

Hv. þm. sagði að það sem nú þyrfti fyrst og fremst að gera í íslenskum sjávarútvegi, og ég skrifaði það orðrétt upp eftir honum: Það sem varðaði öllu væri að minnka sóknargetuna. Ég ætla ekki að halda því fram að fiskiskipaflotinn okkar sé ekki of stór, en ég tel ekki að það sé forgangsverkefni að minnka hann. Forgangsverkefni tel ég vera að byggja upp fiskstofnana í þá stærð sem fiskifræðingar telja að eigi að geta verið og hefur verið á undanförnum áratugum, þ.e. við getum sótt í þorskstofninn okkar, sem mest er deilt um og kvótinn er fyrst og fremst tengdur, jafnvel yfir 400 þús. tonn að meðaltali á ári. Ég lít svo á að með því frv. sem hér liggur fyrir sé ekkert auðveldara að nálgast það meginmarkmið heldur en með þeirri fiskveiðistefnu sem við búum við í dag.

Það er alveg rétt, sem ráðherra sagði hér áðan, að á undanförnum árum hefði veiðin þurft að vera minni en raun ber vitni um. Þó tel ég sérstaklega að það hefði þurft að sækja öðruvísi í þorskstofninn. Ég fór nokkrum orðum um það í gær að sú þróun hefði átt sér stað á undanförnum árum að möskvar í veiðarfærum hafi farið minnkandi og nefndi þá sérstaklega þorskanet. Það væri öfugþróun. Fyrir stuttu síðan eða sumarið 1984 var minnkaður möskvi í snurvoð. Með því kerfi sem við búum við er frelsið því aukið með þeim takmörkunum sem tengdar eru kvótakerfinu. Það er verið að auka frelsi til alls konar sóknar en mönnum er leyft að sækja á mikið harðari máta í fiskstofnana en eðlilegt er. Sú þróun hefur einnig átt sér stað á þessum árum að togaraflotinn okkar hefur stækkað óeðlilega mikið mundi ég segja, þó að erfitt sé að fullyrða hvað sé eðlilegt og hvað óeðlilegt í þessu. Það er ósköp eðlilegt undir þeirri fiskveiðistjórn sem við búum við. En með því að togaraflotinn hefur stækkað hefur sóknin í smáfiskinn á uppeldisstöðvunum aukist.

Ég tel því að það að minnka sóknargetuna sé ekki fyrsta boðorðið heldur sé það að sækja á réttan máta í fiskstofnana. Ég tel að okkur hafi tekist það mætavel og þá með kvótakerfi, ég skal fúslega viðurkenna það, bæði á síldveiðunum og á loðnuveiðunum. Sóknin í þá stofna er reyndar byggð á allt annarri veiðitækni en í sambandi við þorskinn. Það eru mikið fleiri rök sem hníga að því að það kvótakerfi sem þar hefur verið við lýði verði áfram frekar en það kerfi sem við búum við í sambandi við þorskveiðarnar.

Það eru þó ýmsir annmarkar að koma í ljós í sambandi við kvótakerfið t.d. í loðnuveiðunum. Það er að verða æ algengara að loðnuverksmiðjurnar eignist loðnuveiðiskipin og skipaeignin er að færast á fárra manna hendur. Sumir halda því sjálfsagt fram að þetta sé af hinu góða, en með því er að eiga sér stað ákveðin tilfærsla á framleiðslutækjum, skipum og atvinnutækjum í byggðarlögunum með því að verksmiðjur í ákveðnum landshlutum, fyrst og fremst á Norður- og Austurlandi og reyndar nokkrar hér á Suðurlandi, eignast þessi skip sem færast frá hinum dreifðu byggðarlögum vítt um land. Það er ágalli á kerfinu í kringum loðnuveiðarnar.

Síldveiðarnar hafa aftur á móti að ég best veit verið stuðningur við hið hefðbundna útgerðarmynstur. Það eru ákveðnir útgerðarmenmn sem eiga skipin þannig að þetta vegur kannski að einhverju leyti salt.

Um sóknina í þorskstofninn og það sem kemur fram í greinargerðinni með frv. um að sótt hafi verið umfram áætlaðan afla er athyglisvert. Ráðherra fjallaði nokkuð um það í ræðu sinni og benti á það að einn þáttur í því hefðu verið ákveðnar kröfur, m.a. ýmissa aðila á hv. Alþingi, um betri stöðu fyrir smábáta. Söknarmarkið hefði líka haft þarna ákveðin áhrif á. Sjálfsagt koma þessir þættir báðir inn á þann veg að afli hefur orðið meiri þegar upp er staðið í lok ársins en gert var ráð fyrir í tillögum ráðuneytisins.

Annar þátturinn sem hér var nefndur, þ.e. söknarmarkið, átti að vera töframeðalið til þess að laga stöðu þeirra aðila sem voru óánægðir með sinn kvóta samkvæmt aflamarki. Það var mikið rætt um það hér haustið 1984 að þarna væri lausnin fengin til þess að jafna stöðu báta sem hefðu farið illa út úr aflamarkinu og bæta stöðu afburðamannanna því þeir hefðu möguleika til þess að njóta sín betur undir söknarmarkinu. Eftir reynslu af söknarmarkinu í tvö ár kom það fram, eins og ýmislegt fleira í sambandi við kvótann, að það voru hin mestu mistök að heimila söknarmarkið á þann veg sem gert var. Það var sótt of mikið í stofnana. Nú er stefnan sú að það eigi að

draga úr þessu svo sem mögulegt er og mætti draga úr fleiru.

Það má fjalla um þessa hluti í löngu máli en ég mun ekki gera það mikið meira nú. Ég vil endurtaka það sem ég sagði í gær að ég þakka flm. fyrir að hafa flutt frv. Það er mjög nauðsynlegt að nú á næstu mánuðum fari fram í þjóðfélaginu umræða um fiskveiðistefnuna. Gallar hennar eru að koma betur og betur í ljós, en jafnvel þó að menn séu að tíunda gallana, eins og hv. 9. þm. Reykn. var að gera hér áðan, þá falla þeir í þá gryfju að lýsa því jöfnum höndum yfir að þeir séu samþykkir þessari stefnu að meira og minna leyti. Ég sé ekki hvernig það kemur heim og saman. Ég tek alveg undir lýsingu hv. þm. á því að það gengur ekki að einhverjir og einhverjir útgerðarmenn hafi möguleika til þess að selja atvinnumöguleikana úr byggðarlögunum. Í beinum tengslum við þetta vil ég bæta því við að það gengur ekki heldur að ef eitthvert útgerðarfyrirtæki fer á hausinn í þessari eða hinni byggðinni geti það undir flestum kringumstæðum orðið til þess að ekki aðeins það fari á hausinn heldur sé kippt atvinnugrundvellinum undan byggðinni vegna þess að það eru engir aðilar heima til þess að komast yfir þrotabúseignirnar.

Ég held að þessir og fleiri gallar bendi eindregið til þess að kvóti á skip í þeirri mynd sem við höfum búið við undanfarin fjögur ár gengur ekki nema með einhverjum mjög ákveðnum takmörkunum. Ég ætla ekki að fara að fullyrða það og dettur það ekki í hug í þessari umræðu að við neitum því alfarið að kvóti á skip geti verið lausnin. Það þurfa að koma inn í fiskveiðistefnuna ótalmargir aðrir þættir sem afmá þá vankanta sem við höfum séð og fylgja þessu kerfi sem við búum við. Það er kannski þessi þáttur, sem var nefndur nú síðast og einnig af hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni, sem er einn af stóru þáttunum sem verður að afmá. Og svo hitt, sem ég hef nefnt hér sem aðalatriði, að sókninni í fiskstofnana, sérstaklega þorskstofninn eða bolfiskstofnana, verði stjórnað með fleiru en því að segja til um ákveðið tonnatal. Það verður að stjórna þeim þætti með breyttri möskvastærð og með því að tengja magnið ekki aðeins vigt heldur líka hausatölunni, eins og nú er talað um að Norðmenn séu að íhuga að gera þegar þeir standa frammi fyrir algerum aflabresti á sínum þorskmiðum.

Umræðu frestað.

Hlutafélög, 1. umr.

Stjfrv., 115. mál (heildarendurskoðun). — Þskj. 1022.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 32 frá 12. maí 1978, um hlutafélög. Þetta frv., sem kemur frá hv. Nd. á þskj. 1022 eftir að samþykkar voru brtt. við það á þskj. 1014, kom fram í þingbyrjun og er að mestu samhljóða samnefndum frumvörpum sem lögð voru fyrir 109. og 110. löggjafarþing en urðu þá ekki útrædd. Á 110. löggjafarþingi fjallaði hv. Ed. einmitt mjög rækilega um samnefnt frv.

Tvær smávægilegar efnisbreytingar hafa verið gerðar frá því frv. sem lagt var fram á 110. löggjafarþingi í þeirri mynd sem frv. var upphaflega lagt fram í haust á þskj. 121. Breytingarnar varða annars vegar 3. mgr. 1. gr. laganna, þar sem vísað er til lánskjaravísitölu, og hins vegar er um að ræða nýja 3. mgr. 20. gr. laganna, þar sem þriggja mánaða frestur er settur til mats á innlausnarverði hlutabréfa.

Þá er það frv. í þeirri mynd sem það birtist hér með brtt. fjh.- og viðskn. Nd. sem greinir á þskj. 968 og 1014. Nefndin hefur á fundum sínum í vetur fjallað ítarlega um frv. og kallað til sín sérfróða menn í málinu. Þær breytingar sem tillögur hafa verið gerðar um og samþykktar hafa verið í hv. Nd. vil ég flestar kalla formbreytingar til hins betra. Þó er á stöku stað vikið að efni sem ég mun koma nokkuð að í minni ræðu hér á eftir.

Frv. er í meginatriðum árangur af starfi nefndar sem viðskrh. skipaði í byrjun árs 1984 til þess að endurskoða m.a. lögin um hlutafélög og koma með tillögur um nauðsynlegar úrbætur með hiðsjón af fenginni reynslu af framkvæmd þeirra laga, einkum hvað varðar hin smærri hlutafélög. Ein veigamesta breytingin sem nefndin gerði tillögu um er að íslensk lög verði samræmd löggjöf nágrannalandanna um kröfur að því er varðar fjölda stofnenda og hluthafa í félögum. Hér er lagt til að lágmarksfjöldi þeirra sem þarf til að stofna hlutafélag og eiga hluti í slíku félagi lækki úr fimm í tvo. Þá er einnig lagt til að stjórn í hlutafélagi megi skipa einn maður eða tveir ef hluthafar eru fjórir eða færri. Samkvæmt gildandi lögum skulu minnst þrír menn skipa stjórn í hlutafélagi.

Með því að stuðla að fækkun málamyndahluthafa og þar með að aukinni hagræðingu í stofnun hlutafélaga og í rekstri þeirra má ná ýmsum árangri. Geta má þess að í sumum nálægum löndum er heimilt að stofna til rekstrar með takmarkaðri ábyrgð þótt eigandinn sé aðeins einn. Það var hins vegar ekki tillaga nefndarinnar að ganga svo langt.

Þá er lagt til í frv. að lágmarksfjárhæð hlutafjár við stofnun hlutafélags verði hækkuð úr 20 þús. kr. í núgildandi lögum í 400 þús. kr. Það gefur auga leið að þessi lága lágmarksfjárhæð hlutafjár hefur ekki verið þröskuldur við stofnun fyrirtækja, sem sumir mundu kannski kalla málamyndafélög eða gervifélög, sem stundum eru stofnuð í því skyni að víkja sér undan lögmætum skyldum gagnvart launþegum eða opinberum gjöldum. Þessi lágmarksfjárhæð hefur staðið óbreytt frá setningu laganna um hlutafélög um mitt ár 1978, en lögin gengu í gildi 1. janúar 1980. Í þeirri

tillögu sem hér er gerð er að miklu leyti miðað við breytingar á lánskjaravísitölu en þó ekki alveg til fulls. Hér er því gerð tillaga um 400 þús. kr. og hefur verið tekið nokkurt tillit til fjárhæðar lágmarkshlutafjár í löggjöf nálægra landa, einkum Norðurlanda, en frá því greinir nánar í greinargerð með hinu upprunalega frv. á þskj. 121. Fjárhæðirnar skulu hér eftir breytast í samræmi við breytingar á lánskjaravísitölu samkvæmt ákveðnum reglum sem greinir um í frv.

Þá er lagt til að sett verði í lögin ákvæði sem bæti stöðu hluthafa þegar stjórn hefur synjað hluthafa um leyfi til að selja hlut sinn. Er gert ráð fyrir að hluthafinn geti þá krafist þess að félagið leysi til sín hlutina sem það synjar um sölu á. Í frv. í upphaflegri gerð var lagt til að heimild skyldi veitt til útgáfu hlutabréfa án atkvæðisréttar og nokkru strangari kröfur voru gerðar um úrlausn mála sem ekki hafa verið greind í dagskrá hluthafafundar. Hv. Nd. hefur komist að þeirri niðurstöðu að fella úr frv. heimildina til að gefa út hlutabréf án atkvæðisréttar og gera ekki alveg jafnstrangar kröfur og var gert í upphaflegu frv. varðandi úrlausn mála sem ekki eru greind í dagskrá hluthafafundar fyrir fram. Þær kröfur eru þó í frv. eins og það liggur fyrir á þskj. 1022 strangari en í gildandi lögum. Áskilnaðurinn er nú í frv. samþykki fundarmanna sem samtals fara með minnst ⅔ hluta atkvæða í stað þess að einungis er krafist ⅔ hluta mættra hluthafa á fundi í þeim lögum sem nú gilda.

Ýmsar fleiri breytingar felast í frv., m.a. ákvæði til bráðabirgða þar sem gert er ráð fyrir tímabundnum möguleika til að slíta hlutafélögum á einfaldari hátt en nú er unnt til þess að fækka á hlutafélagaskrá. Í þessu efni er byggt á tillögum skiptaráðanda og gert ráð fyrir að mögulegt verði nú um nokkurra ára skeið að slíta hlutafélögum á einfaldari hátt en samkvæmt gildandi lögum. Verulegur hluti þeirra 6000 hlutafélaga sem eru á hlutafélagaskrá hefur í raun og veru hætt starfsemi sinni eða ekki hafið hana og verður að telja það til bóta að unnt sé að slíta þeim með tiltölulega einföldum hætti. Það mun án efa geta haft í för með sér talsverðan sparnað, bæði fyrir hluthafa viðkomandi félags og hið opinbera.

Frú forseti. Ég hef rakið í grófum dráttum helstu atriði hlutafélagafrumvarpsins ásamt breytingum sem á því hafa orðið í meðförum hv. Nd. Ég leyfi mér að öðru leyti að vísa til hinna prentuðu athugasemda með hinu upphaflega frv. og fyrri umræðna á Alþingi. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. Ég vil að endingu leggja á það ríka áherslu að frv. verði samþykkt sem lög á þessu þingi sem er þriðja þingið þar sem þetta mál liggur fyrir í meginatriðum hið sama.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

NEÐRI DEILD

93. fundur, miðvikudaginn 3. maí, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Mér hefur borist svohljóðandi bréf:

„Þar sem Ragnhildur Helgadóttir, 3. þm. Reykv., er erlendis í opinberum erindum og getur því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér að hennar beiðni með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavík, Sólveig Pétursdóttir lögfræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru hennar.

Halldór Blöndal,
varaformaður þingflokks Sjálfstfl."

Sólveig Pétursdóttir hefur áður tekið sæti hér á þingi og býð ég hana velkomna til starfa á ný.

Enn fremur hefur mér borist svohljóðandi bréf, dags. 3. maí 1989:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður minn, Kolbrún Jónsdóttir skrifstofumaður, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Hreggviður Jónsson,
11. þm. Reykn."

Kolbrún Jónsdóttir hefur sömuleiðis setið hér áður og býð ég hana velkomna til starfa á ný.

Tilhögun þingfundar.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Áður en gengið er til dagskrár skal fram tekið að ætlun mín er sú að taka fyrst hér til umfjöllunar þau mál sem talin eru ágreiningslaus eða ágreiningslítil að bestu manna yfirsýn og ljúka umfjöllun og atkvæðagreiðslu um þau, setja síðan nýjan fund þar sem þau þeirra sem til 3. umr. stæðu gætu aftur komið fyrir þannig að okkur tækist að afgreiða til Ed. eins fljótt og verða mál þau mál sem þangað eiga að fara, enda lítur nú svo út að Ed. hafi heldur minna fyrir stafni en þessi deild, en síðan jafnframt þau mál önnur sem á dagskrá eru sem ekki höfðu verið tekin fyrir á hinum fyrra fundi. Ég bið menn þess vegna að vera viðbúna verulegum atkvæðagreiðslum nú næsta klukkutímann eða svo og jafnframt að vera við því búnir að atkvæðagreiðslur geti hér farið fram undir kl. 4 eða undir kl. 7 eftir því hvernig um semst um þingflokkatíma og jafnframt að hér geti orðið kvöldfundur.

Fiskveiðasjóður Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 428. mál (þróunardeild). — Þskj. 788.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til sjútvn. með 28 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 372. mál (tryggingaráð, stjórnir sjúkrasamlaga o.fl.). — Þskj. 990, brtt. 1000.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Aðeins nokkur orð. Það kom fram þegar verið var að fjalla um þetta mál að mér og ýmsum öðrum fyndist orðið „heimilt" ekki nógu sterkt í þessu tilviki þar sem var upplýst að úrskurðarmaður um tryggingabætur sæti alltaf á fundum með tryggingaráði. Og til þess að tryggja það að þar væri læknir eða aðrir sem væru þar til þess að ræða við hann um þær kvartanir sem hefðu borist, þá þyrfti að tryggja það að þar væri einhver til staðar. Þess vegna er brtt. á þskj. 1000 flutt.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Í gær þegar þetta mál var til umræðu var því frestað til þess að tóm gæfist til þess að ræða það betur á fundi í hv. heilbr.- og trn. Sá fundur hefur ekki verið haldinn enn og þess vegna undrast ég það mjög að þetta mál skuli nú vera tekið á dagskrá að nýju án þess að staðið sé við það fyrirheit sem hér var gefið í gær að kröfu hv. 3. þm. Reykv.

Ég vil leyfa mér að mótmæla þessu og fara þess á leit að málinu verði enn frestað. (**Forseti:** Má ég aðeins taka það fram að hér er einungis um mistök forseta að ræða og að sjálfsögðu verður málinu frestað.) Já, takk fyrir það.

Umræðu frestað.

Hlutafélög, 3. umr.

Stjfrv., 115. mál (heildarendurskoðun). — Þskj. 1004, brtt. 1014.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1014 samþ. með 22 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Þjóðminjalög, 3. umr.

Frv. GHelg o.fl., 188. mál (heildarlög). — Þskj. 1007.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.

Frv. KJóh, 113. mál (greiðsla opinberra gjalda með skuldaviðurkenningum). — Þskj. 116.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Mér láðist að geta þess þegar ég mælti fyrir áliti nefndarinnar að það er að sjálfsögðu skilningur nefndarinnar að þó að innheimtumaður telji ekki efni til að gera samning við skuldara, þá er skuldara að sjálfsögðu heimilt að leita réttar síns við fjmrn. Fjmrn. mundi að sjálfsögðu hafa samband við innheimtumanninn og heyra hans rök, en innheimtumaðurinn er ekki og getur ekki verið hinn endanlegi úrskurðaraðili um það hvort um samning verði að ræða eða ekki. Annað var það ekki, herra forseti.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Búfjárræktarlög, 2. umr.

Stjfrv., 373. mál (lausaganga búfjár). — Þskj. 703, n. 1005.

Frsm. landbn. (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá landbn. um frv. til l. um breytingar á búfjárræktarlögum, nr. 31 24. apríl 1973.

„Nefndin hefur fjallað um frv. og fengið um það umsögn frá Búnaðarfélagi Íslands. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

Við 1. gr. Í stað orðanna „að forða ágangi" í fyrri efnismálsgrein komi: að koma í veg fyrir ágang."

Undir þetta rita allir nefndarmenn landbn., auk frsm. þeir Guðni Ágústsson, Þórður Skúlason, Ingi Björn Albertsson, Jón Sæmundur Sigurjónsson, Eggert Haukdal og Pálmi Jónsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. í nál. 1005 samþ. með 28 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Innflutningur búfjár, 2. umr.

Stjfrv., 411. mál (fósturvísar í kýr). — Þskj. 771, n. 1006.

Frsm. landbn. (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 1006 við frv. til l. um breytingu á lögum nr. 74 frá 28. apríl 1962, um innflutning búfjár.

Nefndin hefur fjallað um frv. þetta er felur í sér að landbrh. verði heimilt að leyfa flutning fósturvísa úr kúm í Sóttvarnastöð ríkisins í Hrísey í kýr á landi.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt eins og það var afgreitt frá Ed.

Þetta er undirritað á Alþingi 2. maí og undir nál. rita allir nefndarmenn í landbn. Nd. Við leggjum til að frv. verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu, 1. umr.

Frv. HBl o.fl., 83. mál (undanþága öryrkja frá skatti). — Þskj. 85.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Hér er um að ræða þmfrv. frá nokkrum hv. þm. í Ed. Við höfum undanfarna daga verið að fjalla um frv. frá menntmrh. í fjh.- og viðskn. sem fjallar um það að framlengja eignarskattsaukann til mannvirkjagerðar, til Þjóðarbókhlöðu og síðan að stofna sjóð.

Við gerum nokkrar brtt. við það frv. og m.a. leggjum við til að breytt verði í þá veru sem hér er lagt til með þessu frv., það er sem sagt vilji fjh.- og viðskn. deildarinnar að orðið verði við þeim tilmælum sem hér eru sett fram.

Þetta vildi ég að kæmi fram, að þetta mál er sem sagt á leiðinni að verða að lögum.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég tók eftir því að hv. 1. þm. Norðurl. v., formaður fjh.- og viðskn., gat þess í tengslum við þetta mál að til meðferðar væri í nefndinni frv. frá menntmrh. sem tengdist þessu máli. Nú vil ég spyrja hv. þm. hvort ekki sé alveg ljóst að það sé annað frv. um svipað efni til meðferðar hjá nefndinni líka og hvort nefndin hafi ekki skoðað það eða muni ekki skoða það í tengslum við frv. menntmrh. Þau frv. fjalla um mjög svipað efni, en þó er nokkur munur á þeim, þannig að ég tel alveg nauðsynlegt að nefndin fjalli um bæði þau frv. alveg samhliða.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. 2. þm. Reykv. að fyrir nefndinni liggur einnig frv. sem hann er 1. flm. að og við höfum að sjálfsögðu skoðað það gaumgæfilega í þessu sambandi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Verkfræðingar, 1. umr.

Stjfrv., 409. mál (landslagshönnuðir). — Þskj. 769.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. á þskj. 769 um breyting á lögum nr. 62 frá 5. sept. 1986, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, húsgagna- og innanhússhönnuði, tæknifræðinga eða byggingafræðinga. Þetta frv. kemur frá hv. Ed.

Þetta frv. er samið í iðnrn. og með því er lagt til að starfsheitið „landslagshönnuður" verði lögverndað hér á landi á sama hátt og þau starfsheiti sem ég las upp áðan. Með starfsheitinu „landslagshönnuður" er hér átt við þá menn sem að menntun og starfsþjálfun eru hliðstæðir þeim sem á ensku bera starfsheitið landscape architect, á dönsku landskabsarkitekt og á þýsku Landschaftsarkitekt. Frv. er flutt að tilmælum Félags landslagsarkitekta, sem svo er nefnt, sem fyrst óskaði eftir lögverndun á starfsheiti sínu árið 1983. Ekki þótti fært að verða við þeim tilmælum félagsins að lögvernda orðið arkitekt, enda hafa t.d. félagar í Arkitektafélagi Íslands hið lögverndaða starfsheiti „húsameistari" en ekki arkitekt eins og starfsbræður þeirra í öðrum löndum. Reyndar var það svo að af hálfu iðnrn. var lagt til að starfsheitið yrði þýtt annaðhvort með orðinu „umhverfishönnuður" eða „landslagsmeistari" sem væri þá líkt hinu íslenska starfsheiti arkitekta sem er eins og alþjóð veit „húsameistari". Félagið óskaði hins vegar eindregið eftir að fá að bera starfsheitið landslagshönnuður. Með vísan til þess að önnur félög, sem höfðu lögverndað starfsheiti samkvæmt þessum lögum, voru meðmælt því heiti og eftir atvikum getur það fallið að sinni gerð við heiti húsgagna- og innanhússhönnuða hefur ráðuneytið fallist á að gera þessa tillögu.

Ég vil gera það alveg skýrt í þessari framsögu að í frv. er aðeins lagt til að starfsheitið sé lögverndað, en í því felst ekki einkaréttur til starfa. Það verður að teljast sanngirnismál að þeir sem fást við hönnun á

landslagi og gerð garða, og hafa búið sig undir það starf líkt og aðrar stéttir sem til var vitnað, fái lögverndun á sínu starfsheiti eins og sambærilegar stéttir þótt auðvitað megi hafa þá skoðun að ástæða geti verið til að endurskoða þá tilhögun sem hér tíðkast.

Ég vil í þessu sambandi taka það sérstaklega fram að Alþjóðavinnumálastofnunin hefur viðurkennt starfsheitið landslagsarkitekt, gerði það þegar árið 1968 og flokkaði það samhliða starfsheitunum húsameistari og skipulagsfræðingur. Ég vil líka taka það fram að umsagna um þetta mál var leitað frá þeim aðilum sem lög nr. 62 frá 5. sept. 1986 taka til og eru þær umsagnir prentaðar sem fskj. með frv.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál, en legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. iðnn. og 2. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til iðnn. með 25 shlj. atkv.

Söluskattur, 1. umr.

Frv. MF, 456. mál (vélar til garðyrkju). — Þskj. 816.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

94. fundur, miðvikudaginn 3. maí, að loknum 93. fundi.

Búfjárræktarlög, 3. umr.

Stjfrv., 373. mál (lausaganga búfjár). — Þskj. 1023.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Innflutningur búfjár, 3. umr.

Stjfrv., 411. mál (fósturvísar í kýr). — Þskj. 771.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1027).

Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, 1. umr.

Stjfrv., 312. mál. — Þskj. 999.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. á þskj. 999 um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur eins og frv. kemur frá hv. Ed. Frv. í sinni upphaflegu mynd, eins og sýnt var á þskj. 573, var samið í iðnrn. og byggir m.a. á tillögum svonefndrar endurvinnslunefndar sem hæstv. fyrrv. iðnrh. Friðrik Sophusson skipaði 18. nóv. 1987 til að huga að endurvinnslu úrgangs á Íslandi.

Endurvinnslunefndin sem svo er kölluð hefur á starfstíma sínum hugað að þessu máli í heild. Hún tók fyrst ákvörðun um að taka til athugunar meðferð á brotamálmum og skilagjald af ökutækjum sem eru nátengd viðfangsefni. Þessum þætti í starfi nefndarinnar lauk með tillögum að frv. til l. um meðferð brotamálma og skilagjald af ökutækjum sem nefndin sendi frá sér sl. haust. Þessi tillaga hefur verið til nánari athugunar og á hennar grunni hefur verið samið frv. um þetta efni og sent þingmönnum prentað sem handrit, og kemur vonandi til kasta þingsins á næsta hausti.

Ég taldi hins vegar mest aðkallandi að taka fyrst fyrir tillögur um söfnun og endurvinnslu á einnota umbúðum utan um drykkjarvörur. Samhliða því sem endurvinnslunefnd hugaði að þessu máli þótti mér rétt að þau mál, sem tengdust söfnun og endurvinnslu á einnota umbúðum úr áli og plasti, yrðu tekin alveg sérstaklega fyrir. Þetta er auðvitað sérlega brýnt vegna þeirrar miklu aukningar sem orðið hefur á notkun þess háttar umbúða og þeirri viðbót sem varð þegar leyfð var sala á sterku öli 1. mars sl. en sú vara er aðallega í áldósum eins og kunnugt er.

Hinn 10. febr. sl. boðaði ég til fundar og kynnti hugmyndir þær um söfnunar- og endurvinnslukerfi sem þetta frv. byggir á fyrir fulltrúum öl- og gosdrykkjaframleiðenda, kaupmanna, iðnrekenda og ýmissa samtaka sem láta sig varða náttúruvernd. Á þeim fundi var samþykkt að skipa undirbúningsnefnd

vegna stofnunar væntanlegs hlutafélags er tæki að sér að safna einnota drykkjarvöruumbúðum og endurvinna þær eða koma til endurvinnslu eða eyðingar. Þann 15. febr. sl. skilaði svo endurvinnslunefndin áliti í formi tillögu að frv. til l. um notkun og endurvinnslu einnota umbúða ásamt greinargerð og ég læt álit nefndarinnar fylgja frv. þessu í þeirri grg. sem fylgdi þskj. 573.

Í frv. sem hér liggur fyrir og ég mæli nú fyrir er sú leið valin að leggja til almenna heimild til að leggja skilagjald á einnota umbúðir úr málmi, plasti og gleri. Það er jafnframt lagt til að í reglugerð verði kveðið á um nánari framkvæmd þessa máls. Í meðförum málsins í Ed. var þessi takmörkun ákveðin í lögunum, þ.e. að binda þetta við málm-, gler- og plastumbúðir. Það má auðvitað vera ljóst að pappírsumbúðir koma hér líka við sögu, en með frv. í þeirri mynd sem það liggur nú fyrir er því máli skotið á frest og ekki tekin afstaða til þess.

Það má öllum vera ljóst núna þegar snjóa tekur að leysa að einnota umbúðirnar koma sannarlega í ljós og mikil þörf er á því að grípa til aðgerða í málinu. Þetta frv. er vænlegur farvegur til þess og mun gefa kost á því að efna til myndarlegrar hreinsunarherferðar þegar í sumar. Til að tryggja skilvirka framkvæmd þessara laga og þeirra verkefna á sviði umhverfisverndar og endurvinnslu sem frv. stefnir að er sú skylda lögð á iðnrh. að hann hafi frumkvæðið að stofnun hlutafélags sem annist söfnun og endurvinnslu umbúðanna sem lagt er á skilagjald og annast umsýslu þessa gjalds.

Þetta er ekki eingöngu umhverfisverndarmál heldur er þetta líka endurvinnslumál. Það er mikilvægt verkefni í iðnþróun í þessu landi eins og öllum löndum og mun verða framtíðariðngrein að vinna að nýju úr þeim dýrmætu jarðefnum sem notuð hafa verið í margvíslegar neysluvörur sem jafnóðum er hent. Hér er því ekki bara um brýnt umhverfisverndarverkefni að ræða heldur nýja iðngrein — mikilvæga grein í iðnþróun ef maður horfir langt fram á veginn.

Margar aðrar þjóðir hafa þegar látið þessi mál til sín taka í stórum stíl. Evrópubandalagið gerði t.d. sérstaka samþykkt 27. júní 1985 um umbúðir fyrir fljótandi matvæli eins og það er kallað þar. Tilgangurinn með þeirri samþykkt var að draga úr umbúðanotkun og magni umbúða í sorpi með því að auka á notkun margnota eða endurvinnanlegra umbúða um slíkan varning. Í samræmi við þessa stefnu var samþykkt að aðildarríkin settu fram áætlun um það hvernig draga mætti úr þessari umbúðanotkun.

Menn hafa valið ýmsar leiðir í þessu efni, t.d. hafa Danir bannað notkun áldósa, fyrst og fremst vegna umhverfisspjalla sem þær valda. Þeir hafa líka lagt gjald á allar aðrar einnota umbúðir, t.d. á allar umbúðir utan um mjólk. Í Noregi er lagt gjald á allar umbúðir utan um drykkjarvörur aðrar en mjólkurvörur og hreinan ávaxtasafa. Þetta var gert áður en áldósir fóru að streyma á markaðinn og samkvæmt upplýsingum frá Noregi finnast þar varla slíkar umbúðir. Í Svíþjóð var farin enn önnur leið. Þar voru áldósir algengar á markaði og þar var sett í gang svipað kerfi og hér er gerð tillaga um. Þetta kerfi hefur verið starfrækt í nokkur ár og hefur gengið vel þar og reyndar orðið fyrirmynd að slíkri söfnun og endurvinnslu víða um lönd.

Sú tillaga sem hér er flutt er sniðin að íslenskum aðstæðum og ég er þess fullviss að þetta getur gefið góða raun hér, enda hafa bæði þeir sem hafa viðskipta- og atvinnuhagsmuna að gæta af málinu og þeir sem áhuga hafa á því vegna umhverfisverndar komið að því og eru einhuga um að styðja það.

Svo að ég snúi mér að einstökum greinum frv. þá er í 1. gr. þess lagt til að heimilt verði að ákveða að þetta skilagjald nemi allt að 10 kr. Í meðförum málsins í Ed. varð að samkomulagi að veita heimild til að hækka þessa fjárhæð í samræmi við breytingar á verði drykkjarvara eins og fram kemur í greininni eins og hún er prentuð á þskj. 999. Skilagjaldið ásamt umsýsluþóknun, sem á að nema 1–5% af skilagjaldinu, skal lagt á innfluttar drykkjarvörur í einnota umbúðum við tollafgreiðslu þeirra og samhliða vörugjaldi á innlenda drykkjarvöruframleiðslu. Innheimt skilagjald verður síðan afhent hlutafélaginu sem svo skipuleggur söfnun umbúðanna um allt land og kemur þeim til endurvinnslu. Skilagjald af umbúðunum verður svo endurgreitt neytendum við móttöku. Þannig á álagning skilagjaldsins ekki að hafa í för með sér verðhækkun því hér er í raun og veru um það að ræða að neytandinn fær gjaldið til baka þegar hann skilar umbúðunum.

Við umræður í hv. Ed., eins og ég nefndi áðan, var tekin sú ákvörðun að binda þessa tilhögun við umbúðir úr málmi, gleri og plasti. Ég geri ráð fyrir því að reglubundin söfnun umbúða verði fyrst og fremst í höndum söluaðila, en ég er sannfærður um það að í sambandi við þessa umbúðasöfnun mun takast samstarf við ýmis áhugafélög sem þegar hafa sýnt málinu mikinn áhuga. Ég nefni t.d. skátahreyfinguna, Hjálparstofnun kirkjunnar og ýmis íþróttafélög sem hafa þegar haft samband við iðnrn. og þingnefndina sem fjallaði um málið í hv. Ed. Með þátttöku í hreinsunar- og söfnunarstarfi geta slík samtök stuðlað að því að halda landinu hreinu, en jafnframt haft af því nokkurn fjárhagslegan ávinning.

Þá er ekki síður mikilvægt að góð samvinna takist við sveitarfélög um þetta mál og hefur við meðferð málsins, bæði í ráðuneyti og í Ed., verið haft samráð t.d. við sorphirðuna hér á Reykjavíkursvæðinu. Ég tel rétt, eins og tillaga er gerð um og fram kemur á þskj. 999, að bæta sveitarfélögunum beinlínis inn í upptalningu yfir þá aðila sem hlutafélagið eigi að leita eftir samstarfi við. Reyndar geri ég ráð fyrir að sveitarfélög muni eiga aðild að félaginu. Það hefur bæði komið fram áhugi hjá samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og reyndar Sambandi ísl. sveitarfélaga.

Undirbúningsnefndin sem hefur unnið að því að stofna hlutafélag á grundvelli 2. gr. hefur á þessu stigi máls náð samkomulagi um nokkur atriði sem ég ætla hér að lýsa:

1. Að tilgangur félagsins verði að safna og endurvinna eða eyða einnota umbúðum sem skilagjald er lagt á.

2. Að hlutaféð verði um 30 millj. kr. en stjórn félagsins verði heimilt að hækka hlutaféð í 45 millj. kr. Í meðförum málsins í hv. Ed. er sett takmörkun á framlag ríkissjóðs til hlutafélagsins við 12 millj. kr. Það tel ég mjög vel viðunandi og vil fyrir mitt leyti stefna að því að hlutaféð verði takmarkað í upphafi, enda tel ég auðvelt að koma þessu í kring með því fé sem þar er gert ráð fyrir.

3. Samkomulag er um það til bráðabirgða í þessari undirbúningsnefnd að skipting hlutafjárins við upphaf félagsins verði eitthvað á þessa leið: Iðnrekendur, þ.e. framleiðendur gosdrykkja og öls, málmbræðslufyrirtæki og fleiri iðnfyrirtæki eigi 40% af hlutafénu, innflytjendur á gosi og öli, kaupmenn og samtök þeirra, þar með talin samvinnuhreyfingin, samanlagt um 20%, ríkissjóður, þar með talin Áfengis- og tóbaksverslun, sveitarfélög og almannasamtök allt að 40%. Þessar tölur eru að sjálfsögðu eingöngu til leiðbeiningar og mun stofnfundur félagsins, ef heimild til þess að stofna það fæst í þinginu, taka afstöðu til þess. Markmiðið er að virkja sem flesta þá sem hagsmuni og áhuga hafa á þessu mikla máli. Iðnrn. hefur þegar tekið frumkvæðið eins og hér hefur þegar komið fram. Ég vildi líka gera grein fyrir því að verði frv. um umhverfisráðuneyti að lögum, þá er gert ráð fyrir að forræði þessa félags færist frá iðnrn. til umhverfisráðuneytis.

Ég tel ekki þörf á því, virðulegi forseti, að fara miklu fleiri orðum um það frv. sem hér er til umræðu, en ítreka nauðsyn þess að frv. fái skjóta meðferð, ekki síst vegna þess að þegar eru hafin umfangsmikil viðskipti með einnota áldósir og einnota plastdósir, ekki síst eftir að sterka ölið er komið hér i almenna sölu. Þetta mál er í orðsins fyllstu merkingu þjóðþrifamál, landþrifamál og ég treysti því að það fái hér skjóta meðferð og góðar undirtektir.

Að svo mæltu legg ég til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. iðnn. og 2. umr.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta frv. nú við 1. umr. málsins, enda verður það væntanlega sent til hv. iðnn. Nd. og þar gefst mér tækifæri til þess að taka þátt í umræðum um málið.

Ég fagna því að sjálfsögðu að þetta frv. er komið fram. Það hlýtur væntanlega afgreiðslu á yfirstandandi þingi. Eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra byggir frv. að meginefni til á þeirri vinnu sem nefnd á vegum iðnrn. vann á sínum tíma, en sú nefnd var sett á stofn í tíð fyrrv. ríkisstjórnar. Eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra tókst því miður ekki að leggja fram annað frv. sem byggðist á frumvarpsdrögum þeirrar sömu nefndar um brotamálma, en það frv. hefur verið sýnt þingmönnum og harma ég að ekki skuli hafa tekist að leggja fram heilsteypt frv. á þessu þingi því þar er ekki síður um þjóðþrifamál að ræða heldur en það frv. sem hér er til umræðu.

Mér finnst skipta máli þegar við 1. umr. að það komi fram að skilagjaldið og þau gjöld sem hugsanlega verða lögð á umbúðir í því skyni að sjá fyrir því að dósum og öðrum ílátum verði safnað saman, annaðhvort til eyðingar eða endurvinnslu, myndi ekki skattstofn þannig að skattar leggist ekki á þetta gjald. Þetta gjald er ekki skattur í eðli sínu eins og fram hefur komið og skýrt hefur verið tekið fram. Mér finnst vera full ástæða til þess að benda á það, sem mjög sterklega kemur fram í þessu frv. og grg. og hæstv. ráðherra minntist reyndar á, að hér er um hvort tveggja að ræða í senn: Annars vegar umhverfisverndarmál og hins vegar endurvinnslumál. Þess vegna var það eðlilegt að iðnrn. á sínum tíma tæki þetta mál upp, en það gerði ráðuneytið reyndar í samstarfi við heilbrmrn., en heilbrmrh. fráfarandi ríkisstjórnar, reyndar sá sami og situr nú í núv. hæstv. ríkisstjórn, tilnefndi nokkra aðila til nefndarstarfsins á sínum tíma.

Það vekur auðvitað nokkra athygli að í meðförum hv. Ed. hefur verið gerð breyting á frv. þannig að nú nær skilagjaldið einungis til einnota umbúða utan um drykkjarvörur sem eru úr málmi, gleri eða plastefni en ekki úr pappa eða öðrum sambærilegum efnum. Nú er það reyndar svo að pappi er endurvinnanlegur eins og menn vita og hér á landi hafa starfað fyrirtæki sem hafa endurunnið pappír. Ég hygg að það sé nokkrum erfiðleikum bundið að endurvinna pappa þann sem notaður er í einnota umbúðir, en þó skal ég ekki um það segja. Mér finnst hins vegar að það sé ástæða til þess að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann telji ekki eðlilegt að umbúðir úr pappa beri einhver gjöld sem mætti nota með þeim hætti sem endurvinnslunefndin benti á í 2. og 3. gr. þeirra frumvarpsdraga sem lýst er á bls. 14 í athugasemdum með frv. þessu á fskj. 2. Þar er reyndar gert ráð fyrir því að slíkar umbúðir beri nokkuð hátt skilagjald eða umhverfisgjald. Það mætti ugglaust vera lægra gjald og mín skoðun er sú að slíkt gjald ætti síðan að nota eins og fram kemur í 2. mgr. 3. gr. þeirra frumvarpsdraga sem ég nú hef vitnað til.

Það er auðvitað góðra gjalda vert að ná til einnota umbúða úr málmi, gleri og plastefnum. Það ríður auðvitað mest á því þessa stundina, en ég hygg að við megum ekki gleyma að aðrar einnota umbúðir, bæði úr pappa og öðrum sambærilegum efnum og nefnd hafa verið, eru umbúðir sem liggja í náttúrunni eins og hráviði á sama hátt og aðrar umbúðir. Reyndar má halda því fram að sumar málmumbúðir eins og þær sem eru úr járni séu forgengilegar ekki síður en pappinn því að þær auðvitað ryðga í tímans rás og hverfa sem betur fer, en sama verður vart hægt að segja um gler-, ál- og plastefni, þótt auðvitað rýrni slík efni í tímans rás.

Ég fagna því að í Ed. skuli hafa gengið fram sú breyting að takmarka framlag ríkissjóðs til félagsins við 12 millj. kr. Mér skilst á þeim orðum sem fram komu í ræðu hæstv. ráðherra að einhverjar breytingar gætu orðið á hlutafjárframlagi einstakra aðila miðað við það sem fram kemur í athugasemdum með

frv. og er ekkert við það að athuga í sjálfu sér. Ég kýs þó að óska eftir, verði þetta mál afgreitt, að Alþingi eða a.m.k. iðnaðarnefndir Alþingis fái að fylgjast frekar með framvindu mála, fylgjast með því hvernig staðið verði að félagsstofnuninni og fái að hafa hönd í bagga vegna þess að hér er um að ræða fyrirtæki sem kemur til með að hafa einkaleyfi eins og skýrlega er tekið fram í frv.

Þetta held ég, virðulegur forseti, að sé nauðsynlegt því að í raun er ekki að fullu ljóst hve fyrirtækið verður kostnaðarsamt í upphafi né heldur hvernig rekstur þess kemur til með að ganga jafnvel þótt stuðst sé við líklega eina skástu fyrirmyndina sem kemur frá Svíþjóð, en margar tilraunir hafa verið gerðar víða um heim til þess að kalla saman einnota umbúðir úr þeim efnum sem frv. nær til.

Ég fagna því að sjálfsögðu líka að í 3. gr. frv. er nú vikið að því að félagið skuli hafa samstarf við sveitarfélög. Það var auðvitað nauðsynlegt vegna þess að það eru sveitarfélögin í landinu sem bera ábyrgð á sorpeyðingu og sorphirðu, en enn fremur bendi ég á — ég heyrði ekki að það kæmi fram hjá hæstv. ráðherra — að inn í frv. hefur nú bæst svohljóðandi málsliður, með leyfi forseta: „Enn fremur verði leitað samstarfs við þá aðila sem aðstöðu hafa til úrvinnslu umbúðanna."

Þetta skil ég svo að það eigi að leita eftir samvinnu við þá aðila sem hér á landi starfa, sem geta unnið úr umbúðunum og koma þar auðvitað til álita þau iðjuver sem hér starfa sem gætu hugsanlega tekið við einnota umbúðum, til að mynda annars vegar úr áli og hins vegar úr öðrum málmtegundum.

Ég held einnig að það sé nauðsynlegt að gera ekki verulegan mun á þeim aðilum sem annars vegar kalla saman einnota umbúðir til endurvinnslu og hinna sem geta með álíka góðum hætti eða jafnvel betri hætti náð sama árangri og jafnvel flutt þennan úrgang úr landi ef það reynist hentugra og ódýrara, en þetta sjónarmið mitt byggir einungis á því ef í ljós kemur að það sé heppilegra og kostnaðarminna að senda þennan úrgang úr landi fremur en að vinna hann hér á landi. Þess vegna tel ég eðlilegt að Alþingi fái að fylgjast með málinu og framvindu þess þegar að því kemur að stofna fyrirtækið og það fer að taka til starfa.

Hæstv. ráðherra sagði í sinni ræðu að síðar meir mundi þetta fyrirtæki hverfa undir svokallað umhverfisráðuneyti. Ég legg á það áherslu að það er ekki samstaða í þinginu um stofnun slíks ráðuneytis. Sjálfstfl. hefur lýst yfir þeirri stefnu sinni að óþarfi sé að stofna nýtt ráðuneyti um umhverfismál, það sé mun eðlilegra að eitt af ráðuneytunum, þá hugsanlega samgrn., hafi með samræmingaraðgerðir að gera og samhæfingu á þessu sviði. En ýmsir þættir umhverfismála verða ekki skildir frá þáttum þeim sem ríkisvaldið hefur með höndum á degi hverjum. Bendi ég þar t.d. á Siglingamálastofnun sem heyrir undir samgrn. og hefur með höndum ekki hvað minnstan þátt umhverfismálanna sem er vernd sjávarins gegn mengun og kannski eðlilegra að sá þáttur umhverfismálanna heyri áfram undir samgrn. þótt samhæfing þessara mála sé falin einu ráðuneyti. Ég hygg meira að segja að á Norðurlöndum, annars staðar en hér á landi, þar sem umræður hafa farið fram nýlega um þessi mál hafi menn verið að endurskoða það hvort heppilegt sé að vera eingöngu með umhverfisráðuneyti í stað þess að reyna að samhæfa þessa starfsemi í einu ráðuneyti og kalla þá fram þau viðbrögð ráðuneyta sem málið heyrir undir, enda er umhverfisvernd í eðli sínu afskaplega teygjanlegt hugtak og er síbreytilegt og nær reyndar til allra þátta opinberrar stjórnsýslu þannig að þótt í dag sé ákveðið að setja upp ákveðið umhverfisráðuneyti kann sú skipan að vera úrelt strax á morgun.

Það sem skiptir auðvitað máli í þessu sambandi er, eins og Sjálfstfl. hefur margoft bent á, en hann hefur haft frumkvæði um umræður á þessu sviði á undanförnum árum, að samhæfing eigi sér stað og samræmdar aðgerðir. Þess vegna held ég að það sé ekki tímabært af hæstv. ráðherra við 1. umr. þessa máls að segja að þetta fyrirtæki eigi að færast undir umhverfisráðuneyti þegar það verður sett á stofn því að ég hygg að það verði bið á því, enda skiptir miklu meira máli að menn komi sér saman um samræmdar aðgerðir á því sviði en að setja formlega upp nýtt ráðuneyti í viðbót. Það eru auðvitað til kerfiskarlar, jafnvel í þingmannahópi, sem hafa trú á ráðuneytum og halda að stofnun nýrra ráðuneyta leysi alla hluti út af fyrir sig. Ég er ekki einn þeirra og ég vonast til þess að menn skilji það að það er mun betra að ná árangri í starfi með því að gera sem flesta ábyrga fyrir þessum málum fremur en að þvo hendur sínar með því að stofna nýtt ráðuneyti og telja þá að málum sé borgið. Þetta tel ég eðlilegt og nauðsynlegt að komi fram við þessa umræðu málsins þannig að menn geti ekki stungið öllu ofan í skúffuna hjá hinu nýja umhverfisráðuneyti og sagt: Jæja. Nú erum við búnir að gera skyldu okkar, nú tekur umhverfisráðherrann við, og halda þá að málið sé leyst með þeim hætti.

Verndun umhverfis okkar verður ekki að veruleika fyrr en allir, ekki bara stjórnvöld heldur sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklingar, skilja að þeir bera ábyrgð á umhverfis- og náttúruspjöllum og til þess að vinna að því er eitt grundvallaratriðið að það kosti framleiðendur og einstaklinga fjármuni að menga náttúruna. Að því leytinu til er frv. spor í rétta átt og eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra var þetta starf að verulegu leyti unnið í tíð fyrrv. ríkisstjórnar sem vann verulega mikið starf á sviði skipulagsmála í umhverfismálum.

Ég held, virðulegur forseti, að það sé ekki ástæða til við 1. umr. að ræða þetta mál frekar af minni hálfu. Ég held að í nefndarstarfinu hljóti menn að kalla eftir því hve hátt gjaldið eigi að vera í upphafi. Hér er sagt allt að 10 kr. Það gefur svigrúm frá 1 eyri til 10 kr. og auðvitað þurfa menn að vita nokkurn veginn hvað verið er að tala um, hvort það eru 5 kr. eða þaðan af hærri upphæð, enda er nú tryggt að sú upphæð getur hækkað í takt við aðrar verðbreytingar. Enn fremur þarf að koma fram í nefndarstarfinu, og ég vek

athygli hæstv. ráðherra á því því að ég efast ekki um að ráðuneyti iðnaðarmála muni leggja nefndinni lið í sínu starfi, hvort ástæða sé til að innheimta skilagjaldið strax eða hvernig nákvæmlega hugmyndin er að standa að þessu máli í einstökum þáttum þar til starfsemi nýja fyrirtækisins hefur komist í það horf sem hún hlýtur að eiga að vera í í framtíðinni.

Ég get ekki leynt því að ég hefði talið það affarasælast ef málum hefði verið stillt þannig upp að hægt væri að reka fyrirtæki án þátttöku ríkisins í framtíðinni á þessu sviði, einfaldlega vegna þess að ég held að þegar þessi skilagjöld, og reyndar umsýsluþóknun, hafa verið samþykkt, sé grundvöllur til arðbærs rekstrar í endurvinnslu hér á landi. Þess vegna, í stað þess að taka undir með ráðherranum að þetta fyrirtæki eigi að fara undir nýtt umhverfisráðuneyti, held ég að það skipti mjög miklu máli að það komist þegar fram líða stundir í hendur einkaaðila og að hér verði um arðbæran rekstur að ræða í framtíðinni og að hver einstaklingur, hvert fyrirtæki, hvert sveitarfélag og stjórnvöld megi bera gæfu til þess í framtíðinni að bera þannig ábyrgð á náttúrunni og umhverfinu að okkur takist að snúa vörn í sókn í þeim efnum.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil lýsa ánægju minni yfir því að þetta frv. er komið hingað til þessarar deildar eftir umfjöllun Ed. Þó að ég hafi verið orðin óþolinmóð og langeyg eftir að sjá frv. eftir samþykkt Alþingis, á síðasta löggjafarþingi, á þáltill. um þetta efni verð ég samt að hrósa þeim sem þetta frv. leggur fram fyrir að bregðast, að ég held, tiltölulega skjótt við miðað við það sem oft er og lýsa ... (**Gripið fram í:** Starfið var hafið áður.) Kemur fram að starfið var hafið áður og vel getur verið að það hafi flýtt fyrir málinu, en það breytir ekki því að ég lít ekki svo á að þetta þurfi að vera mjög flókið og erfitt mál þó að það hafi kannski staðið ansi í fólki hingað til. Ég vildi því lýsa ánægju minni með hversu langt þetta mál er nú komið.

Ég verð samt að lýsa vonbrigðum með það að Ed. skyldi hafa breytt upphaflega frv. þar sem talað er almennt um einnota umbúðir en núna er lagt til að verði eingöngu takmarkað við málm, gler og plastefni. Ég hefði gjarnan viljað sjá þetta víðtækara og vona að þetta verði eingöngu eitt skref og síðan munum við fljótlega taka stærri og fleiri skref og halda þá einnig áfram á þessari sömu braut og taka þá til við brotamálm og fleiri þætti sem svo sannarlega eru skyldir þessu máli.

Ég veit ekki hvort ég á að fara í einstökum atriðum yfir frv. en hefði þó viljað leggja áherslu á að mér finnst þetta 10 kr. gjald sem þarna er gert ráð fyrir í 1. gr. vera algjört lágmark. Það þarf kannski ekki að taka það fram að 10 kr. væru fljótar að rýrna ef um er að ræða einhverja verðbólgu þannig að ég reikna með að það sé þá miðað við það verðgildi sem þessar 10 kr. hafa við samþykkt frv. eins og ég vona að verði gert núna á næstu dögum.

Ég er einnig dálítið efasemdafull vegna niðurlags 3. gr. sem gerir ráð fyrir að 5% af árlegum tekjuafgangi fyrirtækisins eða félagsins sem þarna starfar á þessu sviði renni til Náttúruverndarráðs. Ég hefði gjarnan viljað sjá einhverja aðra viðmiðun en tekjuafgang og vildi spyrja hvers vegna þessi viðmiðun var tekin en ekki eitthvert annað viðmið, t.d. eins og að ákveðinn hluti af þessu gjaldi færi til Náttúruverndarráðs en ekki eingöngu tekjuafgangur sem ég geri ráð fyrir að verði ekki mjög mikill, fyrstu árin a.m.k.

Ég ætla ekki að nota mikinn tíma í það að ræða um mikilvægi umhverfisráðuneytis og vil kannski lýsa því yfir og láta það duga að ég er algjörlega ósammála síðasta ræðumanni, hv. 1. þm. Reykv., í því að þetta sé ónauðsynlegt og enn eitt báknið sem muni tefja fyrir og sé af hinu illa, þ.e. nýtt umhverfisráðuneyti. Ég held að það muni einmitt verða til einföldunar og til mikilla bóta en ætla ekkert frekar að ræða það hér við þessa umræðu.

Ég vona að okkur auðnist að afgreiða þetta mál á þessu þingi og mun gera mitt til þess að svo megi verða.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Frv. sem við ræðum hér er nauðsynjamál og framfaramál og ég mun gera mitt til þess að það megi hljóta afgreiðslu hér í þinginu fyrir þinglok. Þar sem ég á sæti í þeirri nefnd sem fær málið væntanlega til meðferðar sé ég ekki ástæðu til þess af minni hálfu að fara hér út í einstök efnisatriði málsins. Það er margt sem ýtir á eftir afgreiðslu frv. og stefnumörkunar varðandi ráðstafanir gegn umhverfismengun vegna einnota umbúða fyrir drykkjarvörur. Lögfesting á bruggun áfengs öls hér á landi er eitt af þessu, svo og mjög aukin notkun á einnota umbúðum fyrir drykkjarvörur. Alþingi hefur lýst vilja sínum í þessu efni með samþykkt þáltill. sem hv. síðasti ræðumaður var 1. flm. og frumkvæðisaðili að og þannig er vart að efa að þingið muni standa saman um afgreiðslu þessa máls þótt með einhverjum breytingum verði frá upphaflegu frv. eins og þegar liggja fyrir tillögur um frá hv. Ed.

Ég held að það gjald sem hér er lagt til grundvallar sé síst of hátt, sú hámarksviðmiðun sem þar er á ferðinni, því að miklu skiptir að sjálfsögðu að það verði hvetjandi til þess að einnota umbúðum verði skilað til endurvinnslu. Væntanlega erum við hér aðeins að stíga aðeins eitt fyrsta skrefið til þess að taka myndarlega á þessum málum að því er varðar lausn á þeim mikla umhverfisvanda sem stafar af umbúðum og ónýttum vörum af öllu tagi og ég vildi gjarnan sjá fleiri á eftir fylgja eins og það frv. sem sýnt hefur verið hér í þinginu í handriti varðandi endurvinnslu brotamálma. Ég vona að næsta Alþingi beri gæfu til að fjalla um það mál og við fáum það hér fram snemma á þingi til þess að taka á því einnig, þannig að brugðist verði við þeim vanda sem þar er við að fást og þeim miklu umhverfisspjöllum sem brotamálmar valda og þá ekki síst flök af bifreiðum.

Hv. 1. þm. Reykv. ræddi hér ýmis hugsjónamál Sjálfstfl. í tengslum við þetta frv. eins og það að hafa sem allra minnst af rekstri á vegum ríkisins og ég ætla

ekkert að fara að ræða það sérstaklega við hv. þm. Ég er enginn sérstakur áhugamaður um ríkisrekstur sem slíkan. Hins vegar finnst mér að ekki eigi að gera það að neinu trúaratriði að ríkið komi ekki inn í atvinnurekstur þegar um er að ræða hvatningu og í rauninni brautryðjendastarf sem ekki er víst að einkareksturinn hafi áhuga á eða einkaaðilar eins og hér er um að ræða. Sumt af því sem Sjálfstfl. hefur verið að knýja fram í sambandi við afnám ríkisrekstrar hefur ekki leitt til neinna sérstakra minnisvarða yfir einkarekstrinum án þess að ég ætli að fara út í umræðu um það sérstaklega. Það eru því fleiri en ein hlið á þessum málum þó að ég endurtaki það að ég er enginn sérstakur aðdáandi ríkisrekstrar og hef aldrei verið það þó að hann eigi fyllsta rétt á sér og ekki síst þegar um stórrekstur er að ræða þar sem einkaaðilar í okkar litla samfélagi ráða ekki við málin vegna takmarkaðs fjármagns eða áhugaleysis.

Hér kom einnig inn í umræðuna af hálfu hv. 1. þm. Reykv. það hugsjónamál Sjálfstfl. að halda umhverfismálunum á dreif í stjórnkerfinu og viðhalda því fornaldarástandi sem ríkir hér í þeim efnum. Það hefur verið rætt hér í þinginu áður og ég ætla ekki að fara út í umræðu um það nema aðeins að leiðrétta það sem kom fram hjá hv. 1. þm. Reykv. um það að á Norðurlöndunum væru menn að hverfa frá þeirri stefnu sem þar var mörkuð fyrir 15 árum eða svo í reynd, að setja á fót umhverfisráðuneyti, m.a. í Danmörku og Noregi. Það er verið að endurtaka fullyrðingar um þetta efni hér á Alþingi, ég veit ekki í hvaða tilgangi. Ég heimsótti þessi ráðuneyti í nóv. sl., bæði í Danmörku og Noregi, og gekk úr skugga um það að þar er ekki nein stefnubreyting á ferðinni í þessum efnum. Hitt hefur alltaf verið ljóst að umhverfismálin verða ekki leyst af einu ráðuneyti. Þó að það sé æskilegur og nauðsynlegur stjórnunaraðili þessara stöðugt vaxandi mála nú sem menn hafa fengið vaxandi skilning á þó að vandamálið hafi lengi verið til staðar, þ.e. umhverfisröskun og nauðsyn á samhentum tökum ríkisvaldsins í þeim efnum, þá verða þar auðvitað fleiri til að koma, og það er ekki skilningur þeirra sem leggja fram tillögur um umhverfisráðuneyti hér á Íslandi að það eigi að axla ábyrgð á þeim málum í einstökum atriðum, heldur þvert á móti vera aðeins stjórnunaraðili þeirra mála og tryggja að á þeim sé haldið með almannaheill í huga en síðan að sem flestir verði gerðir ábyrgir fyrir sínum gerðum. Það er inntak þeirrar stefnu sem hér liggur fyrir og hefur verið rædd og ríkisstjórnin hefur tekið undir með framlagningu frv. hér í þinginu um umhverfisráðuneyti.

Ég mun stuðla að því, virðulegur forseti, að þetta mál nái fram að ganga sem við ræðum hér og er þess fullviss að um það verður góð samstaða hér í þinginu.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þeim hv. þm. sem talað hafa í umræðunni fyrir stuðning við það mál sem er hér til meðferðar. Það er greinilegt að málið nýtur mikils stuðnings. Ég fagna því að samstaða skuli geta tekist á Alþingi um jafnmikið þjóðþrifamál og hér er á ferðinni.

Ég ætla að víkja örfáum orðum að því sem fram hefur komið í máli þeirra sem hér hafa tekið til máls og vildi fyrst taka undir með þeim öllum þremur sem hér hafa talað að það er miður að frv. um brotamálma og vélaúrgang ýmiss konar skyldi ekki koma til meðferðar á þessu þingi, en ég heyri á undirtektum þingheims að það mál á í vændum greiða götu í gegnum þingið næsta haust þannig að sá skaði verður þá fyllilega bættur. Vonandi gefst þá tóm til að undirbúa það mál vel og hafa samband við þá sem það mál varðar. Það verður gert og hefur reyndar þegar verið hafið með því að senda það mál til umsagnar til fjölmargra aðila.

Hv. 1. þm. Reykv. beindi til mín nokkrum spurningum sem ég mun leitast við að svara. Í fyrsta lagi vil ég ítreka að skilagjaldið er ekki skattur og á það leggst ekki skattur frekar en á skilagjöld á glerflöskum sem nú eru algeng. Það er ekki hluti af söluskattsskyldri veltu t.d. Þetta eru eingöngu geymslugjöld sem eru afhent þegar umbúðum er skilað. Það sama mun gilda um þetta skilagjald og sá skilningur hefur verið staðfestur í meðförum málsins hjá hv. Ed.

Í öðru lagi vil ég taka undir með þeim sem hér hafa talað að ég tel það ekki til bóta að takmarka gildissvið frv. við umbúðir úr þremur tilteknum efnum, málmi, gleri og plasti. Það hefði verið betra að hafa heimildina almennari, en eins og ég sagði í minni framsöguræðu sætti ég mig við þetta og lít á þetta mál og samþykkt frv. sem fyrsta skrefið af mörgum í þróun starfsemi til umhverfisverndar og endurvinnslu sem við erum greinilega öll sammála um að hefja þarf án tafar.

Þá vildi ég svara því sem til mín var beint af hv. 1. þm. Reykv. og hv. 12. þm. Reykv. að ég tel eðlilegt að einhvers konar umhverfisgjald verði tekið af pappírsumbúðum til þess að tryggja endurheimtu þeirra ef það reynist farsæl leið. Ég er hins vegar tilbúinn til þess að skoða allar aðrar leiðir sem að því marki stefna og treysti á það að fá um það góða samstöðu í þinginu síðar.

Ég ætla ekki að fjölyrða hér um félagsformið eða reksturinn á þessu væntanlega endurvinnslufyrirtæki. Ég hef greint frá þeim ástæðum sem liggja að baki því að þetta form var valið. Mikilvægast er að hrinda málinu af stað og búa því þannig umgjörð að hún sé varanleg og líkleg til að tryggja það að þarna verði fjárhagsleg ábyrgð í fyrirrúmi og reksturinn detti ekki niður þegar áhuginn dvínar eins og oft vill verða þegar lauslegra form er valið fyrir slíkar framkvæmdir.

Um aðild sveitarfélaganna hef ég þegar fjallað og reyndar hafa sveitarfélögin tekið þátt í undirbúningi þessa máls og er ráð fyrir því gert, eins og fram kemur í greinargerð, að þau verði aðilar að félaginu ef þau kjósa, og það munu þau kjósa. Þau hafa þegar leitað eftir því. Sama máli gegnir um þau málmbræðslufyrirtæki og málmendurvinnslufyrirtæki sem starfa hér í landinu. Ég nefni þrjú, Ísal, álverið í Straumsvík,

Járnblendifélagið á Grundartanga og fyrirtækið Sindra hf. Öll þessi fyrirtæki hafa lýst áhuga sínum á að verða aðilar að þessu hlutafélagi og ég geri ráð fyrir því að þau verði það um leið og heimild hefur fengist til þess að stofna félagið.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða nú um það hvort stofnun umhverfisverndarráðuneytis eða umhverfisráðuneytis sé heppileg til að bæta yfirstjórn umhverfismála. Ég tel að það sé eftir atvikum frambærileg lausn sem liggur hér fyrir í stjfrv. í þinginu í fyrsta sinn sem er mjög mikilvægur áfangi í umhverfisverndarmálum. Það má lengi deila um skipulag á svona hlutum, en það er með þessa stjórn eins og aðra stjórn að „hún er æ best sem best fram fer, bera kann enginn á móti því". Menn geta lengi deilt um það hver sé besta stjórnaraðferðin.

Ég vona að það mál sem við ræðum nú hljóti nú, eftir að hafa fengið mjög rækilega meðferð og sætt *breytingum eftir yfirvegaða athugun í hv. Ed.*, skjóta meðferð hér í hv. Nd. og verði ekki tafið, einkum af því að ég tel að það þurfi að hefja vorverk í orðsins fyllstu merkingu á grundvelli þessara laga.

Þá kem ég að spurningum hv. 1. þm. Reykv. og 12. þm. Reykv. um skilagjaldið og hæð þess. Ég bendi á að þegar er hafin innheimta á skilagjaldi af sterku öli, 5 kr. af hverri dós. Það mun renna til þessarar starfsemi, enda mun í upphafi þurfa á því að halda til að greiða fyrir endurheimt dósa sem ekki voru greidd af nein skilagjöld. Í því liggur viss fjárhagsáhætta. Þess vegna þarf nokkurn sjóð í upphafi. M.a. vegna þess þarf nokkurt hlutafé til að hrinda þessu af stað, einnig til þess að fjármagna söfnunarherferðir í byggðumn sem óbyggðum í samstarfi við áhugamannafélög og sveitarfélög sem verður meðal fyrstu verkefna þessa félags.

Síðan kem ég að því að gjaldið sem er tekið af sterka ölinu, 5 kr. á hverja dós, er jafnhátt því skilagjaldi sem algengast er í verslunum með glerflöskur. Þar er skilagjald algengt 5 kr. Það setur að mínu áliti skilagjaldinu neðri mörk. Ég lít svo á, eins og kom fram í máli hv. 12. þm. Reykv., að 10 krónurnar séu miðaðar við verðlag á gildistökudegi og ákvörðun félagsins um það hvar byrja skuli og tillagan sem það mun gera til iðnrn. hlýtur að miðast við þessar tvær stærðir sem ég hef nefnt. Að öðru leyti vil ég ekki hlaupa fyrir mig fram í því máli, bendi á það, sem ég hef þegar sagt, að hér er ekki um skatt að ræða, en hins vegar getur falist í því viss mismunun á milli umbúðategunda sé þetta lagt eingöngu á umbúðir úr þeim þremur efnum sem hér hafa verið nefnd.

Ég vona að með þessu hafi ég svarað flestu af því *sem fram kom í máli* hv. 1. þm. Reykv. og nokkru af því sem fram kom í máli hv. 12. þm. Reykv.

Hv. 12. þm. Reykv. spurði mig enn fremur um það fyrirkomulag sem ráð var fyrir gert í frv. um fjárframlög til Náttúruverndarráðs af þessari starfsemi þar sem gert er ráð fyrir að Náttúruverndarráð fái ákveðinn hluta af væntanlegum hagnaði af rekstri þessa félags. *Ég svara því þannig að sú leið var valin af* minni hálfu til þess að ekki væri gefið fordæmi fyrir því að skilagjaldið yrði notað sem undirstaða, farvegur, farartæki fyrir margs konar skattheimtu af þeim vörum sem eru í þessum umbúðum eins og uppi hafa verið um fjölmargar tillögur. Þetta er eiginlega girðing til að girða fyrir að þessi aðferð, þessi farvegur verði notaður sem tekjusstofn fyrir margvíslega starfsemi sem um hafa verið gerðar margar tillögur í þinginu. Ef það er gert er ég hræddur um að megintilgangur frv., umhverfisvernd og endurvinnsla, færi forgörðum. Þetta veit ég að þingmenn skilja, en hins vegar er jafnsjálfsagt að liðsinna Náttúruverndarráði. Ég bendi að lokum á það að talsmaður þess í undirbúningsnefnd og aðili að samningu frv. lýsti yfir því að þeir væru fullkomlega við þetta sáttir en ég tel það mjög mikilvægan áfanga í málinu.

Að lokum vil ég svo taka undir með þeim sem hér hafa talað að ég lít á þetta sem eitt fyrsta skrefið í raunverulegum aðgerðum til umhverfisverndar og ég vona að hv. þingdeild ljúki þessu máli sem allra fyrst.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til iðnn. með 24 shlj. atkv.

Launavísitala, frh. 2. umr.

Stjfrv., 213. mál. — Þskj. 361, n. 535 og 537.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Það er nokkuð umliðið síðan þetta mál var síðast til umræðu. Umræðunni var frestað. Nál. sem gefin voru út af hv. fjh.- og viðskn. deildarinnar eru dags. 22. febr. Nú er komið fram í maí þannig að nokkur tími er liðinn frá því að málið var síðast hér til umræðu. Ég hygg að það hafi verið til umræðu hér um mánaðamótin febrúar/mars. Nú er 3. maí.

Það vakti strax athygli þegar málið var tekið til umræðu að þá hafði hæstv. ríkisstjórn þegar gefið út reglugerð, reglugerð nr. 18 frá 23. jan. 1989, og í reynd breytt lánskjaravísitölunni þrátt fyrir að lesa mætti út úr athugasemdum við lagafrv. að nauðsynlegt hefði verið að samþykkja lög til að styrkja reikning á launavísitölu, en fram höfðu komið athugasemdir um það atriði m.a. frá þeim aðilum sem gera þá útreikninga.

Minni hl. hv. fjh.- og viðskn. rökstuddi sitt nál. nokkuð ítarlega og lagði til að málinu yrði vísað til ríkisstjórnarinnar. Ég hef ekkert heyrt um það hvort hæstv. ríkisstjórn hafi rætt þessi mál ítarlega frá því að umræðunni var frestað á sínum tíma, en ég hygg þó að enn séu óleyst þau deilumál sem þá voru uppi milli annars vegar hæstv. ríkisstjórnar og hins vegar lífeyrissjóðanna vegna þess að fyrir lá lögfræðilegt álit á þeim tíma, frá 20. febr., þar sem tveir hæstaréttarlögmenn komust að þeirri niðurstöðu í fyrsta lagi

að ákvæði VII. kafla svokallaðra Ólafslaga nr. 13 1979 leyfðu ekki að tekin væri upp bein viðmiðun við launabreytingar í grundvelli lánskjaravísitölu og í öðru lagi að jafnvel þótt sú niðurstaða væri röng sem þeir komust að hvað þetta varðaði og lögin heimiluðu beina viðmiðun við launabreytingar töldu þeir ekki að aðilar lánssamnings sem gerður hefði verið í gildistíð eldri lánskjaravísitölu þyrftu gegn vilja sínum að sæta breytingum á samningi til samræmis við reglugerð nr. 18/1989 nema slíkt leiði ótvírætt af texta lánssamningsins sem gerður var á sínum tíma, en það er mál sem auðvitað hefði þurft skoðunar við.

Nú, allt í einu í dag, birtist þetta mál á dagskrá þessarar hv. deildar. Þar sem ég hef spurnir af því að hv. nefnd hafi ekki rætt þetta mál né fengið nýjustu upplýsingar um stöðu deilumáls hæstv. ríkisstjórnar og lífeyrissjóðanna né heldur er mér kunnugt um að ný lögfræðileg álit liggi fyrir finnst mér ástæða til að fara fram á það, virðulegur forseti, að umræðunni verði enn frestað og hv. fjh.- og viðskn. fái tækifæri til að líta á málið áður en það kemur hér til frekari umræðu og þá væntanlega afgreiðslu þingsins. Það er von mín að hæstv. forsrh. skilji að þetta mál þurfi frekari skoðunar við, ekki síst þegar svo langur tími er liðinn frá því að umræðunni var frestað, og vil ég fara þess á leit við hann að hann styðji þessa ósk. Ef hann hefur nýjar upplýsingar varðandi þau mál sem ég hef gert hér að umtalsefni er auðvitað æskilegt að hann greini frá þeim á þessu stigi málsins, bæði þingheimi til upplýsingar og enn fremur gæti það orðið vegarnesti fyrir hv. fjh.- og viðskn. deildarinnar.

Kristín Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Þetta er eins og að hitta gamlan kunningja en reyndar ekki vin eins og sést á nefndarálitum sem dags. eru 22. febr. sl. Það er varla að maður muni hvernig umræða fór fram, þ.e. fyrri hluti þessarar umræðu, en ég vona að það sé ekki rangminni að búið hafi verið að mæla fyrir minnihlutaáliti. En ég vildi segja hér nokkur orð til áréttingar því sem stendur í því minnihlutaáliti sem undirritað er af hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni og Hreggviði Jónssyni, auk mín.

Þetta er hið afleitasta mál í rauninni og fæstum þóknanlegt svo sem sjá má af afgreiðslu þess þar sem aðeins tveir nefndarmanna styðja það í raun og veru. Reyndar hef ég grun um að þeir séu ekkert mjög sannfærðir í stuðningi sínum. Staðreyndin er sú að allir sem nefndin leitaði álits hjá mæltu gegn málinu. Samt ætla stjórnarþingmenn að þjónusta ráðherra sína og hjálpa málinu í höfn gegn betri vitund.

Ég skrifaði undir þetta nál., sem er á þskj. 537, ásamt hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni og Hreggviði Jónssyni og eins og ég sagði áðan tel ég mig muna það rétt að frsm. hafi þegar gert grein fyrir því áliti. Við leggjum þar til að frv. verði vísað aftur til ríkisstjórnarinnar og ástæðurnar koma fram í þessu nál. Það er fyrst og fremst notkun þessarar vísitölu og það hlutverk sem henni er ætlað en ekki vísitalan í sjálfu sér sem ég er andvíg. Það er alltaf verið að reikna út einhverjar vísitölur til að mæla eitt og annað og þarf engin lög í sjálfu sér þar um nema tilgangurinn sé þess eðlis sem hér um ræðir. Öll slík umfjöllun og útreikningar geta haft sín áhrif og hugsanlegur ávinningur af þeirri launavísitölu sem þetta frv. gerir ráð fyrir kann að vera sá að kjararannsóknir verði efldar og fari svo væri ástæða til að fagna því. En það eru auðvitað til aðrar leiðir til að ná þeim ávinningi svo að ekki er það endilega ástæða til þessa frv.

Á hinn bóginn er svo ástæða til að ætla að svo mikil umfjöllun og birting þessarar vísitölu hafi miklu meiri áhrif en aðrar launavísitölur sem hafa verið reiknaðar og það álit kom fram hjá allmörgum sem nefndin ræddi við. Hér yrði sem sagt um að ræða lögformlega vísitölu sem yrði tekið miklu meira mark á og hefði meiri áhrif. Það er eiginlega hinn sálfræðilegi þáttur málsins sem ástæða er til að hafa áhyggjur af og við víkjum að í nál. minni hl., þ.e. að hér verði um að ræða ákveðinn hvata til launaskriðs sem kemur þannig fram að menn verða sífellt að meta kjör sín út frá breytingum á þessari þungavigtarvísitölu og leitast við að fylgja þeim eftir hvað sem einhverjum samningum líður.

Aðalatriði þessa máls er tengingin við lánskjaravísitöluna eins og hún var ákveðin með reglugerð 23. janúar sl. Út af fyrir sig er það ekki slæmt að tengja saman laun og lánskjör. Það þarf ekkert að vera slæmt. En það er hins vegar mikill vandi að gera það svo að vel fari og sanngjarnt sé.

Sú tímasetning sem valin var til þessa verks, þ.e. í janúar sl., þegar launataxtar voru í lágmarki og voru í algerri lægð vegna launafrystingar og samningsbanns, er alröng og beinlínis ósiðleg. Slík tenging launa og lánskjara má ekki verða þegar launataxtar eru í lágmarki og kaupmáttur í lágmarki. Launafólk hefur að undanförnu verið að og er enn að leita leiðréttingar á kjörum sínum, en þessi ráðstöfun ríkisstjórnarinnar hefur sett launafólk í afar mikinn vanda og er ekki séð fyrir endann á því. Það má ætla að það hafi á vissan hátt rekið fleyg á milli þeirra sem skulda að einhverju marki og hinna sem ekki þurfa að taka tillit til áhrifa launahækkana á lánskjörin. Hins vegar munu fjármagnseigendur og lánveitendur fagna hverri kaupmáttaraukningu. Þeir fá fyrirhafnarlaust hlutdeild í kaupmáttaraukningu samtímans vegna veittra lána á fyrri tíð, allt sem sagt gulltryggt á þeim bæjum.

Það er svo aftur enn einn angi þessa máls hvort reglugerðin frá 23. jan. styðst í reynd við lög. Um það eru miklar efasemdir eins og við vísum til í nál. minni hl. og það er ekki síst þess vegna sem okkur þykir rétt að endursenda hæstv. ríkisstjórn frv. svo að hún geti athugað sinn gang og haft svolítið fastara land undir fótum í þessu efni. Það er ekki beint fallegur svipur á því né álitsauki fyrir hv. Alþingi að ætla með lögfestingu þessa frv. að staðfesta og styðja stjórnvaldsaðgerðir sem hugsanlega stríða gegn lögum.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Vegna spurningar hv. 1. þm. Reykv. vil ég segja að ég skal ekki leggjast gegn því að nefndin fái að skoða málið aftur og geti kallað fyrir sig einhverja aðila. En ég tel afar nauðsynlegt að málið geti komið til afgreiðslu fyrir helgina. Mér er tjáð að gert sé ráð fyrir fundum á föstudag og laugardag og það ætti þá ekkert að vera því til fyrirstöðu.

Út af spurningu hv. þm. um ný gögn í málinu, þá hef ég þau ekki. Það má segja að það nýjasta, ef menn vilja tengja þetta svo mjög lánskjaravísitölunni eins og gert hefur verið, sé samningur sá sem gerður hefur verið við lífeyrissjóðina. Gildir nýja vísitalan eins og nú er samkvæmt því samkomulagi. Ég vek hins vegar athygli á því að ýmsir, eins og m.a. hv. 1. þm. Suðurl. sem barði í borðið, sögðu við 1. umr. um þetta mál að nauðsynlegt væri að setja lög um launavísitölu sem er reiknuð. Hún er reiknuð, launavísitalan, og það hafa allir aðgang að henni, hver sem það vill. Á því verður út af fyrir sig ekki breyting. Hér var sagt, hygg ég, þegar málið var rætt áður að jafnvel hagstofustjóri hefði lagst gegn málinu. Ég óska eindregið eftir því að hann verði kallaður fyrir aftur því að hann segir mér að það sé herfilegur misskilningur, leiðrétti það við mig að fyrrabragði, sagðist telja æskilegt að það verði sett lög um launavísitölu sem honum er gert að reikna samkvæmt engum lagabókstaf. Hann sagðist hins vegar hafa gert grein fyrir ýmsum erfiðleikum í að reikna launavísitölu. Það er óumdeilt. Ég vil koma þeirri ósk hér með á framfæri.

Hér hefur verið talað í sama orði um launavísitölu og lánskjaravísitölu. Ég lít svo á að þetta séu að því leyti aðskild mál að lög um launavísitölu séu æskileg hvað svo sem gert verður við hana í sambandi við lánskjörin.

Ég vek athygli á því, af því að hér var talað um að þetta hefði orðið óhagkvæmt launþegum nú, að ég held að það sé ekki rétt. Samkvæmt þeim útreikningum sem liggja fyrir frá Seðlabanka veldur verðlagshækkun t.d. miklu meiri hækkun á raungengi en laun. Raungengi á grundvelli verðlags hækkar um 7% að mati Seðlabankans frá upphafi ársins, en raungengi á grundvelli launa um 2,7% frá 1. ársfjórðungi sem sýnir að verðlagshækkanir hafa þarna miklu meiri áhrif og meiri tengsl við það sem hækkar minna verða þá til þess að draga úr hækkun lánskjaravísitölu eins og reyndar hefur verið hingað til á þessu ári.

En aðalerindi mitt hingað var að leggjast ekki gegn því og mæla þá með því að nefndin fái málið enn til meðferðar, en leggja áherslu á að það megi koma til afgreiðslu fyrir vikulokin.

Árni Gunnarsson:

Herra forseti. Ég er annar af tveimur fulltrúum meiri hl. fjh.- og viðskn. sem undirrita álit meiri hl. með fyrirvara og ég tel mér skylt að gera grein fyrir því af hverju ég undirritaði álitið með fyrirvara. Ástæðurnar eru nokkrar, en meginástæðan er þó sú að flestir af þeim aðilum sem komu til fundar við nefndina höfðu uppi talsverðar efasemdir um launavísitöluna og þó einkum og sér í lagi útreikning launavísitölunnar.

Vegna orða hæstv. forsrh. áðan er rétt að það komi fram að hagstofustjóri mælti í sjálfu sér ekki gegn launavísitölunni, en hann dró mjög í efa getu Hagstofunnar til að reikna hana rétt á hverjum tíma. Ég man mjög glöggt eftir orðalagi sem hann viðhafði. Hann sagði að að reikna út launavísitölu eins og gert væri ráð fyrir í lögunum væri eins og að rétta vísifingur upp í loft og reyna að átta sig á því hvaðan vindurinn blési. (Gripið fram í.) Það er þessi aðferð.

Þetta er ein af ástæðum þess að ég hafði efasemdir. Önnur ástæðan er sú að ég hef nokkrar áhyggjur af því að launavísitalan vegi þyngra inn í og þyngra á lánskjaravísitöluna en hún hefur gert að undanförnu og hygg nú að það muni koma í ljós að einhverju leyti á næstunni þó að dregið hafi verið úr áhrifum launanna á lánskjaravísitöluna.

Ég hef líka áhyggjur af því að sá samanburðarmöguleiki sem mun koma upp á milli launþegahópa eftir að launavísitalan verður birt mánaðarlega eigi eftir að valda tilteknum erfiðleikum.

Þetta eru meginforsendur þess að ég hef undirritað þetta nál. með fyrirvara.

Ég sé líka fyrir mér að allar launahækkanir sem munu eiga sér stað í þjóðfélaginu á næstunni og verða til þess að hækka lánskjaravísitöluna eru til hagsbóta fyrir fjármagnseigendur í þjóðfélaginu. Þetta minnir á að það væri full nauðsyn á því að taka upp skynsamlega umræðu í þinginu um lánskjaravísitöluna og stöðu hennar, áhrif hennar á allar hagstærðir í þjóðfélaginu. Það má ugglaust ræða um afnám hennar, en einn þáttur hennar sem ég vildi gjarnan fá í burtu eru áhrif óbeinna skatta á lánskjaravísitöluna sem ég tel vera ákaflega óréttmæt og í raun verulega ranglát.

Ef við rennum huganum aðeins aftur í tímann og íhugum hvað gerðist þegar ákveðið var að setja söluskatt á matvæli, þá gerðist það einfaldlega að hækkun söluskatts á matvælum hækkaði lánskjaravísitöluna sem síðan hækkaði skuldir einstaklinga og hafði áhrif á greiðslubyrðina að verulegu leyti og hefur vafalítið komið verst við þá sem mest skulduðu og höfðu mest við peningana að gera til að greiða fyrir þessi tilteknu matvæli.

Ég hygg að menn mættu íhuga nokkuð hvort ekki mætti taka áhrif óbeinu skattanna út úr lánskjaravísitölunni þó að ekki væri það nú annað. Það mundi breyta vægi hennar að verulegu leyti og gera hana að mínu mati réttlátari. Því meira sem ég hugsa um þessa verðtryggingu eins og henni er háttað hér á Íslandi, því meiri andúð fæ ég á henni. Ég hygg að hún sé ranglega upp byggð og þurfi endurskoðunar við að mjög verulegu leyti. Ég er staðfastlega þeirrar skoðunar að verðtryggingarþátturinn hafi haft meiri áhrif í þá veru að gera fyrirtækjunum í landinu erfitt fyrir, auka greiðslubyrði fyrirtækjanna og einstaklinganna, en nokkur annar einstakur þáttur í efnahagslífi íslensku þjóðarinnar. Ég held að það hafi átt sér stað meiri tilfærsla á fjármagni í þjóðfélaginu m.a.

af þessum ástæðum. Fjármagnið hefur verið fært frá skuldugum fyrirtækjum og skuldugum einstaklingum inn í banka og fjármálastofnanir eins og reikningar þeirra bera glöggt vitni sem hafa haldið sína ársfundi undanfarnar vikur og birt tölur um stórfelldan hagnað af sinni starfsemi.

Ég vil þess vegna eindregið hvetja til þess að hér á hinu háa Alþingi fari menn að hefja skaplega og skynsamlega umræðu um þátt lánskjaravísitölunnar í hagkerfinu. Ég hygg að það muni allir viðurkenna að það séu ekki mörg lönd á heimsbyggðinni sem nota bæði verðtryggingu og háa vexti eins og við höfum gert til skamms tíma. Þó að nokkur árangur hafi náðst í því að lækka vexti að undanförnu er það verðtryggingin sjálf sem mestum vandanum veldur.

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu og mun ekki koma í veg fyrir að þetta mál fái réttmætan framgang. Ég tek undir þær óskir sem hér hafa komið fram um að fjh.- og viðskn. deildarinnar fái málið aftur til skoðunar ef það mætti verða til þess að skýra betur ýmsa þætti þess sem menn hafa haft efasemdir uppi um og vil eindregið hvetja til þess að það verði gert.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Ég tek í upphafi undir þær óskir sem hér hafa verið settar fram um að 2. umr. verði enn frestað til þess að hv. fjh.- og viðskn. geti tekið málið til umfjöllunar. Umræðu var frestað á sínum tíma að beiðni hæstv. forsrh. vegna þess ágreinings sem þá var uppi á milli ríkisstjórnarinnar og lífeyrissjóðanna um hina nýju vísitölu og sá ágreiningur stendur enn.

Ég tók eftir því að hæstv. forsrh. greindi rangt frá þeim samningum sem ríkisstjórnin hefur gert mjög nýlega við lífeyrissjóðina um skuldabréfakaup á árinu 1989. Hæstv. forsrh. hélt því fram í ræðu sinni að hinn nýi samningur fjmrh. við lífeyrissjóðina gerði ráð fyrir því að hin nýja vísitala gilti í þeim samningum.

Í þessum samningi segir, með leyfi forseta: „Verðtrygging samkvæmt II. kafla samkomulags þessa miðast við lánskjaravísitölu samkvæmt VII. kafla laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o.fl. Aðilum er ljóst að ágreiningur ríkir um gildi lánskjaravísitölu þeirrar sem Seðlabanki Íslands auglýsti hinn 23. jan. 1989 með heimild í reglugerð nr. 18/1989. Í þessu samkomulagi felst engin afstaða til þessa ágreinings."

Með öðrum orðum, hér er skýrt tekið fram að sú lánskjaravísitala sem höfð er til viðmiðunar er sú vísitala sem ákveðin var á grundvelli Ólafslaga frá 1979 og í engu er eytt þeim ágreiningi sem uppi var á milli aðila. Það liggur fyrir að umfangsmikil málaferli munu fara fram vegna þess að ekki hafa tekist sættir á milli ríkissjóðs og lífeyrissjóðanna og um langan tíma mun þess vegna verða mikil óvissa á þessu sviði, hvaða vísitala sé í raun og veru í gildi og hvaða heimildir hæstv. viðskrh. hafði til að gefa út reglugerð um breytta vísitölu, fyrst og fremst vegna þess að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki viljað taka á þessu máli með raunhæfum hætti. Ég minni á að í athugasemdum með því frv. sem hér er til umræðu tók hæstv. forsrh. fram að nauðsynlegt væri að setja lög um launavísitölu ef taka ætti upp breytta lánskjaravísitölu þar sem laun hefðu ákveðið vægi. Þrátt fyrir þessi ummæli hæstv. forsrh. gaf hæstv. viðskrh. út reglugerð án þess að lagastoð væri fyrir hendi. Það er einmitt þetta framferði hæstv. viðskrh. sem hefur skapað þessa miklu óvissu.

En kjarni málsins er sá að þessum ágreiningi hefur ekki verið eytt. Það hefur ekki í samningum við lífeyrissjóðina verið samið um hina nýju vísitölu heldur er þar þvert á móti vísað í þær ákvarðanir sem teknar voru um vísitölu á grundvelli laga nr. 13/1979.

Það samkomulag sem ríkissjóður gerði við lífeyrissjóðina er svo um margt annað athyglisvert, ekki síst þær ákvarðanir sem þar eru teknar um vexti. Lífeyrissjóðirnir fá núna tryggingu fyrir því að vextir eru í raun ákveðnir eftir á miðað við almenna markaðsvexti á árinu á undan. Ríkissjóður fær enga tryggingu fyrir því að á vöxtum í viðskiptum við lífeyrissjóðina sé ákveðið þak. Lífeyrissjóðirnir buðust til þess að gera þessa samninga án þess að nokkuð væri tekið fram um vexti, en síðan yrðu reikningarnir gerðir upp eftir á miðað við reynslu af vöxtum á almennum markaði. Fjmrh. óskaði hins vegar eftir því að í stað þess að ákveða ekkert um vexti yrði tekið fram að þeir yrðu a.m.k. 6% til að byrja með og síðan 5%. Með öðrum orðum, hann óskaði eftir því að það yrði ákveðið lágmark í þessum vöxtum þar sem lífeyrissjóðirnir höfðu áður boðist til þess, eftir því sem fram hefur komið í fréttum, að ekkert yrði tekið fram í upphafi heldur yrði einvörðungu um að ræða leiðréttingu eftir á. Samband almennra lífeyrissjóða hefur gefið út fréttabréf þar sem segir að hefðu þessar reglur verið í gildi á síðasta ári hefðu sjóðirnir fengið talsvert hærri vexti en þeir fengu í raun og veru vegna þess að þá var til þess séð eins og jafnan áður að setja ákveðnar skorður við því hvað vextirnir í viðskiptum við lífeyrissjóðina gætu farið hátt upp. Í þessu tilviki voru engar slíkar skorður settar og því er miklu meiri lausung í þessum samningum en nokkru sinni fyrr og minni fyrirstaða en áður af hálfu ríkissjóðs en í fyrri samningum.

Ég skal svo ítreka, herra forseti, þá ósk, sem hér hefur komið fram, að 2. umr. verði frestað og hv. fjh.- og viðskn. taki málið til nánari skoðunar áður en þessari umræðu verður haldið áfram.

Eggert Haukdal:

Herra forseti. Það er langt um liðið frá því að þetta mál var hér til umræðu. Ég bjóst satt að segja við því að málið kæmi ekki á dagskrá framar og má um það segja að farið hefði fé betra. Ég var á mælendaskrá þegar umræðu var frestað, en þar sem ég bjóst ekki við frekari umræðu birti ég ræðu mína í blaði. Þar sem málið er komið aftur til umræðu vil ég, með leyfi forseta, vitna til greinar eftir mig varðandi þetta mál sem birtist í DV 6. mars sl.

Skömmu eftir að hæstv. forsrh. Steingrímur Hermannsson myndaði fyrra ráðuneyti sitt 1983 beitti

hann sér fyrir því að kaupgjaldsvísitalan var tekin úr sambandi. Hið sama var hins vegar ekki látið gilda um lánskjaravísitöluna. Haldið var áfram að hækka inn- og útlán samkvæmt henni, enda þótt sambærilegum launauppbótum væri hætt. Mörgum var á þeim tíma undrunarefni að forsrh. og ríkisstjórn hans skyldi mismuna launþegum á þennan hátt til hagsbóta fyrir fjármagnseigendur. Hitt þótti enn furðulegra að A-flokkarnir, sem telja sig sérlega málsvara launþega, lögðu blessun sína yfir þessa ráðstöfun. Þeir hafa jafnframt gerst aðilar að lögum um beina kaupstöðvun og þannig líka hindrað samningsbundnar kjarabætur launþega meðan verð fjármagns leikur lausum hala. Allir stjórnmálaflokkar bera því ábyrgð á þessu kerfi. Er ekki mál að linni?

Um þessa tilhögun, að verðtryggja fjármagn en ekki vinnu, er það annars að segja að hún telst til pólitiskra mistaka af alvarlegustu gerð. Lánskjaravísitalan hefur fóðrað verðbólguna og leitt yfir landið opinbert vaxtaokur sem ekki eru dæmi um í sögunni. Þetta vaxtaokur hefur komið útflutningsatvinnuvegunum á kaldan klaka og lagt heimili í rúst. Urmull gjaldþrota hefur orðið en fjölskylduharmleikir og sjálfsvíg tíðari en áður hefur þekkst.

Það þarf ekki að koma neinum á óvart eftir öll þessi ósköp að hæstv. forsrh. vill nú lánskjaravísitöluna á bak og burt. Hann hefur gefið ítrekaðar yfirlýsingar þess efnis. En hann getur ekki látið sitja við orðin tóm og skotið sér undan ábyrgð með því að segja að vondir menn í ríkisstjórn hans vilji hafa vísitöluna áfram. Forsrh. er höfuð ríkisstjórnarinnar og hefur ráð hennar í hendi sér meðan hún er við völd.

En þarna er einhver maðkur í mysunni. Fyrir Alþingi liggur nú frv. ríkisstjórnarinnar um nýja launavísitölu sem hér er í umræðu. Hún á ekki að verðtryggja launin eins og gamla kaupgjaldsvísitalan gerði. Hún á þvert á móti að ganga inn í lánskjaravísitöluna og magna hana upp. Í 2. gr. segir að hún skuli miðuð við breytingu heildarlauna allra launþega. Það táknar að kauphækkun hátekjumanna, t.d. bankastjóra og framkvæmdastjóra, leiðir til hækkunar lánskjaravísitölu og aukinnar skuldabyrði lágtekjufólks, t.d. í verkamannabústöðum. Í sömu grein segir enn fremur að vísitalan taki til eftir- og næturvinnu að meðtöldum starfs- og launatengdum álögum og kaupaukum. Það eru því ekki aðeins launahækkanirnar sem koma fram í lánskjaravísitölunni heldur einnig vinnuálag. Af þessu leiðir að þeir sem geta ekki framfleytt sér af daglaunum einum saman og taka því að sér yfirvinnu ýta undir hækkun launavísitölunnar, þar með undir hækkun lánskjaravísitölu og hækkun íbúðalána samkvæmt henni.

Ljóst má vera af þessu að hér er verið að fara úr öskunni í eldinn. Lánskjaravísitalan er gerð að svipu á verkamenn og aðra launþega. Ef þeir voga sér að knýja fram kjarabót eða lengja vinnutíma sinn er þeim refsað nálega samstundis með hækkun lánskjaravísitölu og aukinni skuldabyrði.

Deilt er um hvort nýja lánskjaravísitalan sé lögleg. Spurningin snýst að mínum dómi ekki um það heldur um hitt, hvort verðtrygging fjárskuldbindinga sem slík er lögleg þegar aðrir þættir í hagkerfinu eru ekki verðtryggðir líka. Gamla lánskjaravísitalan, sem er í engu samræmi við verðmætasköpun þjóðfélagsins, hefur leitt til eignaupptöku bæði hjá fyrirtækjum og heimilum og slík eignaupptaka stríðir gegn stjórnarskránni. Þetta er málið sem dómstólarnir eiga að skera úr um.

Að öðru leyti vil ég segja að ég fagna þeirri umræðu sem hér hefur átt sér stað og tek undir óskir um að fresta þessu máli, vísa því aftur til nefndar og ég vildi vona að nánari skoðun nefndarinnar á málinu yrði sú að við þetta mál yrði hætt, að út úr þeirri endurskoðun kæmi það, sem er meginmál að gera, að afnema lánskjaravísitöluna.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég sagði einhvern tímann um frv. sem hv. síðasti ræðumaður flutti um afnám lánskjaravísitölu að það hefði verið besta mál sem lagt var fyrir síðasta þing og ég tek undir það sem hann hefur sagt um afnám lánskjaravísitölunnar. Hins vegar þótti mér leitt að hlusta á hv. þm. rugla saman launavísitölu og lánskjaravísitölu. Launavísitala er reiknuð í dag og allir hafa aðgang að henni sem vilja. Hún er reiknuð án þess að stoð sé í lögum. Ég tek undir það með hv. þm. að höfuðmálið er vitanlega afnám lánskjaravísitölu og í stjórnarsáttmála er gert ráð fyrir að það verði gert þegar jafnvægi er fengið í efnahagsmálum sem allt bendir til að muni verða fram undan.

En út af orðum hv. 1. þm. Suðurl. vil ég segja að þar til dómstólar ákveða annað gildir í viðskiptum lífeyrissjóðanna og ríkissjóðs sú vísitala sem Seðlabankinn hefur síðast auglýst og það er sú vísitala sem tekur inn launavísitölu að einum þriðja.

Umræðu frestað.

Úreldingarsjóður fiskiskipa, 1. umr.

Stjfrv., 427. mál. — Þskj. 787.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um Úreldingarsjóð fiskiskipa.

Það misræmi sem hefur verið milli afrakstursgetu fiskistofnanna og afkastagetu fiskiskipaflotans hefur verið eitt meginvandamál íslensks sjávarútvegs undanfarin mörg ár. Þetta ósamræmi hefur dregið úr hagkvæmni veiðanna og m.a. valdið því að nauðsynlegt hefur reynst að setja víðtækar reglur um stjórn fiskveiða og takmarkanir á veiðiheimildir einstakra skipa. Því var á sínum tíma lagt algjört bann við innflutningi á fiskiskipum. Það bann rann formlega úr gildi árið 1984. Þær reglur gilda nú um endurnýjun flotans að ný og nýkeypt skip koma því aðeins til greina við veitingu veiðileyfa að þau komi í stað

sambærilegra skipa er hverfa úr rekstri. Hins vegar hefur tækni í hönnun og smíði fiskiskipa ásamt þeim sveigjanleika sem verið hefur í lögum um stjórn fiskveiða leitt til þess að endurbyggð eða ný skip sem koma í flotann eru oft og tíðum afkastameiri en þau sem úrelt hafa verið.

Er stjórn fiskveiða hófst með kvótakerfi árið 1984 voru miklar vonir bundnar við fækkun fiskiskipa. Nokkur árangur hefur náðst í þeim efnum, en gæti þó verið mun meiri. Stafar það einkum af því hversu skammur gildistími laga um stjórn fiskveiða hefur verið hverju sinni og gert útgerðarmönnum erfiðara fyrir að sjá framvindu mála næstu ár fram í tímann.

Með samþykkt núgildandi laga til þriggja ára, 1988–1990, skapaðist fyrst eiginlega grundvöllur fyrir útgerðarmenn til að sameina veiðiheimildir fiskiskipa. Þó er fullljóst að hvati til slíkrar sameiningar kemur til með að þverra eftir því sem skemmri tími lifir eftir af gildistíma laganna.

Sjútvrn. hefur jafnan hvatt til að lög um stjórn fiskveiða hefðu sem lengstan gildistíma, en þær tillögur hafa mætt andstöðu hér á Alþingi og einnig hjá einstökum hagsmunaaðilum í sjávarútvegi.

Allt fram á síðasta ár hefur verið unnt að beina umframafkastagetu flotans að nokkru leyti í sókn í áður vannýtta stofna, til að mynda úthafsrækju og grálúðu. Hins vegar er nú svo komið að sókn í þessa stofna hefur einnig verið takmörkuð að tillögu fiskifræðinga. Á þessu ári hefur enn fremur þurft að minnka heildarkvóta á þorski og karfa um 10%. Þá hefur sóknardögum þeirra togara sem velja sóknarmark verið fækkað og eru þeir nú 245 dagar á árinu 1989. Það hefur í för með sér að sóknarmarkstogarar verða með öðrum orðum að liggja bundnir við bryggju fjóra mánuði á árinu.

Þjóðhagsstofnun hefur að beiðni sjútvrn. kannað áhrif fækkunar fiskiskipa á afkomu útgerðar. Athugunin byggir á rekstraryfirliti botnfiskveiðiflotans fyrir árið 1987 þar sem rekstraryfirlit ársins 1988 liggja ekki fyrir. Helsta niðurstaða stofnunarinnar er að fækki fiskiskipum um 10% og veiðiheimildir þeirra verði sameinaðar öðrum skipum sem eftir verða í flotanum megi gera ráð fyrir að afkoma útgerðar geti batnað um allt að 5% af heildartekjum. Lætur nærri að sá afkomubati nemi um 1 milljarði kr. á verðlagi þessa árs. Ljóst er að þessi athugun Þjóðhagsstofnunar gefur góða vísbendingu um hvaða áhrif það hefur á afkomu útgerðarinnar að fiskiskipum sé fækkað.

Í því frv. sem hér er lagt fram er gert ráð fyrir að veiðiheimildir þeirra skipa sem sjóðurinn kaupi verði seldar. Það mun leiða til þess að fyrrnefndur afkomubati yrði nokkru minni, enda er vandséð hvernig hægt væri að fjármagna sjóðinn án sölu þeirra veiðiheimilda sem hann eignast.

Með hliðsjón af þessu og þeirri skoðun sérfræðinga að unnt sé að ná sama aflamagni á Íslandsmiðum með jafnvel 70–80% af núverandi flota er nú hér lagt fyrir Alþingi frv. um nýjan úreldingarsjóð fiskiskipa er tekur á þessum vanda. Frv. þetta er rökrétt framhald af hinni viðamiklu endurskoðun á sjóðakerfi sjávarútvegsins sem fram fór árið 1986. Nefnd sú sem vann að endurskoðuninni lagði til að gamli Úreldingarsjóður fiskiskipa, sem stofnaður var árið 1980, yrði lagður niður. Ástæða þess var einkum sú að nefndin lagði til að útflutningsgjald af sjávarafurðum yrði lagt niður og við það hvarf aðaltekjustofn sjóðsins. Eins taldi nefndin þörf á að gera starfsemi Úreldingarsjóðs og Aldurslagasjóðs fiskiskipa markvissari en verið hafði.

Þótti sjóðurinn hafa unnið gegn upprunalegum tilgangi sínum með styrkveitingum úr sjóðnum sem var oftast ráðstafað til kaupa á nýjum og afkastameiri skipum í stað þess sem úrelt voru m.a. af þessum orsökum. Gerði nefndin ráð fyrir að síðar yrðu sett ný lög um starfsemi sjóðsins og jafnframt yrðu ákvæði um Aldurslagasjóð endurskoðuð.

Hinum nýja úreldingarsjóði er ætlað það hlutverk að kaupa fiskiskip sem eru til sölu á frjálsum markaði, eyða þeim eða selja úr landi. Í frv. er gert ráð fyrir að sjóðurinn ráðstafi veiðiheimildum þeirra skipa sem hann kaupir gegn endurgjaldi og standi með þeim hætti undir frekari skipakaupum. Þá er sjóðnum einnig heimilt að veita beina styrki til úreldingar skipa, enda sér tryggt að úreldingin leiði ekki til kaupa á nýjum skipum er bætist í flotann eða auki afkastagetu hans með öðrum hætti.

Lagt er til að stofnfé sjóðsins verði eignir hins eldra Úreldingarsjóðs fiskiskipa, auk eigna Aldurslagasjóðs fiskiskipa. Eignir þessara tveggja sjóða nema samtals rúmlega 300 millj. kr. Þá er sjóðnum markaður tekjustofn sem Aldurslagasjóður hefur nú.

Sú tillaga er gerð hér að gjaldið verði árlega 1000 kr. á hverja brúttórúmlest skips en þó aldrei hærra en 300 þús. kr. fyrir hvert skip. Þetta er eins og það er, en að sjálfsögðu má hafa ýmislegt við það að athuga og hefur komið nokkur gagnrýni fram á slíkt, enda mætti athuga það í meðförum nefndar. Slíkt gjald mun skila Úreldingarsjóði u.þ.b. 90 millj. kr. á ári, en til samanburðar er rétt að benda á að gjald til Aldurslagasjóðs hefði á þessu ári orðið nálægt 60 millj. kr. Auk þess er gert ráð fyrir að sjóðurinn fái tekjur af sölu þeirra veiðiheimilda sem hann eignast við kaup á fiskiskipum.

Lagt er til að sjóðnum verði heimilað að yfirtaka áhvílandi lán á þeim fiskiskipum sem hann kaupir eða að öðrum kosti að taka lán fyrir allt að 80% af kaupverðinu. Þetta er gert til að skapa möguleika fyrir sjóðinn til að hafa raunveruleg áhrif á stærð fiskiskipaflotans strax á fyrstu starfsárunum.

Við kaup á fiskiskipum skal gætt tveggja meginsjónarmiða. Annars vegar að skipakaupum sé hagað á þann veg að sem hagkvæmust samsetning náist í fiskiskipaflotanum þannig að líklegt sé að afli dreifist á þá árganga nytjastofna sem hámarksafrakstur gefa. Hins vegar skal stefnt að betri aflameðferð með því að kaupa einkum þau skip sem ekki fullnægja nýjustu kröfum um meðferð afla.

Í frv. er gert ráð fyrir að sjóðurinn ráðstafi gegn endurgjaldi veiðiheimildum þeirra skipa sem hann eignast. Það er gert til þess að sjóðurinn geti staðið

undir greiðslum afborgana og vaxta og síðar aflað fjár til frekari skipakaupa. Við ráðstöfun á veiðiheimildum verður útgerðum þeirra skipa sem tilteknar veiðar stunda gefinn forkaupsréttur á veiðiheimildum skipsins. Sjóðsstjórn verður falið að ákvarða verð á slíkum heimildum og miða við markaðsverð slíkra heimilda. Verði forkaupsréttur ekki nýttur verða veiðiheimildirnar seldar hæstbjóðanda.

Þá er gert ráð fyrir að sjóðnum verði heimilað að semja við seljanda skips um tímabundinn forkaupsrétt hans á aflaheimildum þess eftir kaupin. Með þessu ákvæði er útgerðaraðilum auðveldað að laga rekstur sinn að breyttum aðstæðum.

Auk þess sem sjóðnum er ætlað að kaupa fiskiskip sem til sölu eru á almennum markaði er heimilt að veita styrki úr sjóðnum til úreldingar fiskiskipa. Er ráð fyrir því gert að slíkir styrkir verði ekki veittir nema til komi raunveruleg úrelding, þ.e. að skipi sé eytt án þess að nýtt skip komi þess í stað. Jafnframt sé óheimilt að nýta endurnýjunarrétt þess til stækkunar annarrar nýsmíði eins og núgildandi reglur heimila. Styrkjunum er einkum ætlað að hvetja útgerðarmenn til sameiningar á veiðiheimildum úreltra skipa við veiðiheimildir annarra skipa í flotanum. Styrkir þessir mega að hámarki nema 1/10 af húftryggingarmati viðkomandi skips.

Í frv. er gert ráð fyrir að ráðherra skipi fimm menn í stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn. Tveir stjórnarmenn verða tilnefndir af helstu hagsmunaaðilum í fiskveiðum og tveir tilnefndir af tveimur opinberum lánastofnunum er mestu máli skipta við lánveitingar til fiskiskipa. Þá er lagt til að formaður stjórnar verði skipaður af sjútvrh. án tilnefningar.

Hér skal áréttað að sjóðnum verður í upphafi ekki úthlutað nokkrum aflaheimildum. Mun sjóðurinn ekki hafa yfir að ráða öðrum veiðiheimildum en þeim er fylgt hafa þeim skipum sem hann hefur keypt og úrelt. Hlutverk sjóðsins er afmarkað við að fækka fiskiskipum. Því eru sett takmörk á þær aflaheimildir sem sjóðurinn má eiga. Er honum ekki ætlað að kaupa aflaheimildir umfram það sem nauðsynlegt er til að hann nái tilgangi sínum.

Sjóðnum eru sett þau takmörk að hann megi ekki öðlast ráðstöfunarrétt umfram 3% heildaraflaheimilda á botnfiski eða einstökum tegundum sérveiðanna. Nái hlutdeild sjóðsins því marki munu aflaheimildir þeirra skipa sem sjóðurinn eignast bætast hlutfallslega við aflaheimildir alls flotans og þannig stuðla að bættum rekstrargrundvelli hans. Sjútvrh. er heimilað að lækka þetta hámark með reglugerð. Ákvæði þetta er nauðsynlegt því skapist betra samræmi milli stærðar flota og fiskistofna en nú er má draga úr starfsemi sjóðsins með lækkun þessa hámarks.

Athuganir Þjóðhagsstofnunar og annarra benda til þess að þetta fyrirkomulag, að hálfu ríkisvaldsins muni stuðla að aukinni hagkvæmni í rekstri flotans án þess að gengið sé á rétt eða hagsmuni þeirra sem fyrir eru í útgerð. Það mun ráðast af styrk sjóðsins hversu fljótt það hagræði sem verður af starfsemi hans muni skila sér.

Virðulegi forseti. Ég tel að hér sé um mjög þýðingarmikið mál að ræða fyrir íslenskan útveg og vænti þess að mögulegt sé að afgreiða það á þessu þingi þótt að ég geri mér grein fyrir því að hér er um mál að ræða sem er ekki einfalt og getur vissulega valdið ágreiningi, en ég vil mega vænta þess að það fái eðlilega þinglega meðferð og legg til að því verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Það hefur nú ekki borið mikið á málefnum sjávarútvegsins á því þingi sem nú er senn að ljúka. Í sjútvn. Nd. hafa komið þrjú mál á þessu þingi þangað til nú að tvö frv. eru flutt af ríkisstjórninni eða hæstv. sjútvrh. sem vísað var til nefndarinnar í dag og væntanlega að lokinni þessari umræðu.

Það mál sem fyrir sjútvn. Nd. liggur var frv. um bann við hvalveiðum sem nefndin var sammála um fyrir utan flm. að láta liggja og afgreiða ekki eins og ástand og horfur eru þar. Hitt frv. var breyting á lögum frá 1922 um leyfi til landana af fiski sem er aflað utan fiskveiðilögsögu og flutt er af tveimur hv. þm. stjórnarinnar. Umsagnir um það mál hafa verið með þeim hætti að bæði úr hópi útgerðarmanna og sjómanna er lagst gegn þessu ágæta máli, en þar þykir alveg sjálfsagt að Íslendingar geti siglt til annarra landa eins og Færeyja og veitt jafnvel innan grænlenskrar lögsögu, en það má ekki, að dómi þessarra ágætu manna, leyfa skipum þessara þjóða að landa afla hér á landi og auka þannig framleiðsluverðmæti þjóðarinnar og verð ég að segja það þó að þessi lög hafi verið góð á sínum tíma, 1922 og lengi eftir það, eru þau fyrir löngu orðin úrelt og ég tel að frv. þessara tveggja stjórnarþingmanna sé því bæði þarft og gagnlegt því það kveður aðeins á um að veita undanþágu þessum nágrannaþjóðum okkar, Færeyingum og Grænlendingum. Mér þykir grátlegt að þetta litla frv., sem var flutt líka á síðasta þingi, skuli ekki hafa verið afgreitt.

Þriðja frv. sem liggur fyrir nefndinni er frv. sem ég ásamt fleiri þingmönnum hef flutt um gjörbreytingu á Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Þar hefur komið sama í ljós, að ákveðnir aðilar telja ekki rétt að gera þessa breytingu og það er aðallega af þeirri einu ástæðu að því sem eftir verður í sjóðnum sé ekki réttlátlega deilt út. Ég tel algjört aukaatriði eftirstöðvarnar í verðjöfnunarsjóði, heldur er hitt höfuðatriðið að gera grundvallarbreytingu á Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins í þá veru að fyrirtækin sjálf eigi það sem þau leggja sjóðnum til og þegar greitt er úr sjóðnum fái þau aðeins greitt það fjármagn sem þau hvert fyrir sig hafa lagt sjóðnum til. Áfram yrði heildarstjórn sem ákvæði inngreiðslur og útgreiðslur eftir svipuðum reglum og svipuðum nótum og verið hafa.

Í tíð fyrrv. ríkisstjórnar fór fram athugun á framtíðarverkefnum Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins og í framhaldi af því lýsti þáv. hæstv. utanrrh. því yfir, núv. hæstv. forsrh., að ríkisstjórnin hefði samþykkt að leggja niður verðjöfnunarsjóðinn og gerði það á

fundi í bæjarráði Ísafjarðar. Ég hrökk allónotalega við og spurði þáv. forsrh. hvort þetta væri virkilega ákvörðun, en hann kannaðist ekki við það.

Áfram hefur verið haldið og þegar ég ásamt Pálma Jónssyni, hv. 2. þm. Norðurl. v., flutti frv. um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins brást hæstv. þáv. og núv. sjútvrh. mjög hart við þeirri ódæma frekju manna að flytja slíkt frv. og ég held að það hafi verið orðað að þetta væru alveg furðuleg vinnubrögð af hálfu samstarfsflokks og birtist stór og mikil fyrirsögn um þetta í Tímanum. Ég sé líka að hér inni er varaþingmaður sem er fyrir hv. 4. þm. Norðurl. v. Hann flutti fsp. um þetta atriði og fékk svör frá hæstv. sjútvrh. sem bjóst þá við að þessi nefnd mundi ljúka störfum og þar af leiðandi ákvörðun tekin í byrjun 2. ársfjórðungs 1988. Það ár er liðið eins og menn vita og byrjaður að renna út fimmti mánuður á árinu 1989 og ekki bólar á nokkrum frumvarpsflutningi hjá hæstv. ríkisstjórn í þessum efnum.

Þetta finnst mér vera heldur bágborin vinnubrögð. Hins vegar má maður ekki gleyma því að ríkisstjórnin mundi eftir því, þegar hún var mynduð á sl. hausti, að Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins er til. Hún hætti þá við að leggja han niður, en heimilaði frystideild sjóðsins að taka 800 millj. kr. að láni til að greiða með afurðum frystihúsanna í landinu eða um 5% og lét þessa deild, sem ekkert átti til, taka lánið þó að það væri vitað fyrir fram að hér væri ríkissjóður að taka lán sem hann þyrfti að borga þegar þar að kemur en ekki sú deild sem enga fjármuni á.

Þetta eru sem sagt þau þrjú mál sem hafa verið til umræðu á þessu athafnasama Alþingi sem fer nú að ljúka störfum.

Í gær kom til umræðu breyting á lögum um Fiskveiðasjóð sem ég ætla ekki að endurtaka hér. Ég gerði athugasemdir við það frv. og tel að sú breyting sé síst til bóta frá því sem var þegar Fiskimálasjóður var til og hélt uppi eðlilegri starfsemi.

Þetta frv. sem hæstv. ráðherra var að mæla fyrir er um Úreldingarsjóð fiskiskipa. Við höfum heyrt þetta áður. Það hafa verið starfandi tveir sjóðir sem höfðu það hlutverk að greiða fyrir úreldingu. Annars vegar er Aldurslagasjóður sem var gerður að deild í Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og varð til í maí 1978. Hinn sjóðurinn var stofnaður fyrir frumkvæði núv. hæstv. forsrh. sem þá var sjútvrh., Úreldingarsjóður. Þessir sjóðir lögðu sitt af mörkum á tímabili, en eftir að kvótakerfið var tekið upp má segja að þeir hafi orðið óvirkir og ekki náð tilgangi sínum af þeirri ástæðu að það var reynt að halda í hvern bátkopp vegna kvótans.

Þessi ríkisstjórn og fyrri ríkisstjórnir hafa marglýst því yfir að þær vilji gera allt sitt til að minnka fiskiskipaflotann, hann sé of stór miðað við afkastagetu. Það sé líka of mikil sókn í fiskistofnana sem við verðum að umgangast með mikilli varúð.

Við höfum sett ákvæði um hvað við ætlum að veiða á hverju ári. Fyrst koma fram tillögur Hafrannsóknastofnunar, síðan kemur fram tillaga frá sjútvrn. sem vafalaust er lögð fyrir ríkisstjórn á hverjum tíma. Þetta á að verða til þess að draga úr sókninni, hafa meiri hemil á veiðum þannig að það sé farið eftir því sem í upphafi árs er ákveðið.

Ég held að það sé þess virði að rifja nokkuð upp hvernig til hefur tekist í þessum efnum. Ég ætla ekki að taka allar fisktegundir, það yrði of langt mál upp að telja, en ég minni á að 1980 var tillaga fiskifræðinga 300 þús. lestir sem mátti veiða af þorski, en veiðin reyndist þegar árið var liðið vera 428 þús. lestir. Það voru rúmlega 40% fram yfir þá veiði sem lagt var til. Sama er að segja um karfann. Það var ákveðið að veiða þar 50 þús. lestir. Hann fór í 70 þús. lestir. Og aukningin í grálúðuna fór 100% næstum því fram yfir það sem áætlað var eða úr 15 þús. í 28 þús. lestir.

Árið 1981 var tillaga fiskifræðinga um að veiða 400 þús. tonn af þorski, en veiðin nam 461 þús. tonnum. Karfinn var ákveðinn 65 þús. lestir. Það fór í 93 þús. lestir veiðin.

Árið 1982 varð töluverð breyting frá upprunalegu tillögunum því þá voru tillögur fiskifræðinganna um 450 þús. lestir af þorski, en veiðin nam þá ekki nema 382 þús. lestum. Hins vegar fór karfaveiðin næstum því 100% fram úr því sem áætlað var. Þá greip um sig mikil hræðsla, nú væri allur þorskurinn búinn í sjónum, og fiskifræðingar lækkuðu sig skyndilega á næsta ári úr 450 þús. tonnum í 350 þús. tonn og það fór aftur á sömu leið, það aflaðist ekki nema 293 þús. tonn og svartsýnin náði gífurlegum tökum á flestum þeirra sem útgerð og fiskveiðar stunda. En karfinn fór aftur fram úr áætlun eða úr 80 þús. lestum í 123 þús. lestir.

Eftir þessi tvö ár lækkuðu fiskifræðingar sig mjög verulega og fóru í tillögum sínum niður í 200 þús. lestir árið 1984. Þá ákváðu stjórnvöld að veiddar skyldu 220 þús. lestir, en þá brá svo við að veiðin fór í 282 þús. lestir. Þá skeði það t.d. í karfaveiðinni að tillaga fiskifræðinganna var 90 þús. lestir, stjórnvalda 110 þús. og þá veiddist eiginlega nákvæmlega það sama og stjórnvöld höfðu lagt til.

Árið 1985 er tillaga fiskifræðinga óbreytt hvað þorskinn snertir, en stjórnvöld ákveða að hækka sig frá tillögu fiskifræðinga um 50 þús. lestir eða um 25%. En þá skeður það að veiðin verður 323 þús. lestir á árinu 1985. Þegar þessi útkoma er svo góð breyta fiskifræðingar aftur tillögu sinni og hækka hana um 50% á milli ára eða úr 200 í 300 þús. lestir og stjórnvöld ákveða þá að halda sig við tillögu fiskifræðinga hvað varðar þorskinn, en þá reynist veiðin vera 366 þús. lestir af þorski. Á árinu 1987 halda fiskifræðingar sig við sömu tillögu, en stjórnvöld hækka sig upp í 330 þús. lestir en þá verður veiðin 390 þús. lestir.

Árið 1988 eru áætlaðar tölur sem ég hef ekki fengið staðfestar, en þá var tillaga fiskifræðinga þriðja árið í röð 330 þús. lestir en stjórnvöld lækkuðu sig frá árinu á undan um 15 þús. lestir í þorski. En þá reyndist veiðin 369 þús. lestir.

Á þessu sést að það hefur ekki verið samræmi á milli þessara áætlanagerða, hvorki tillagna Hafrann-

sóknastofnunar né stjórnvalda né hinna raunverulegu veiða. Að jafnaði hefur veiðin farið langt fram úr því sem að var stefnt hverju sinni að undanskildum þeim tveimur árum sem ég rakti áðan.

Þetta eru í grófum dráttum viðhorfin til fiskveiðanna og þá komum við aftur að stærð fiskiskipastólsins. Hvernig hefur nú tekist til í sambandi við að halda honum niðri og minnka fiskiskipastólinn? Árið 1984 voru fiskiskipin samtals 836 upp á 111.772 brúttólestir. Þar af voru skuttogarar 101 eða upp á rúmlega 48.000 lestir, önnur fiskiskip 227 eða upp á 50.570 lestir, þ.e. sem sagt önnur fiskiskip 100 lestir og yfir, og 99 lestir og minni voru 508 skip upp á 13.072 lestir, opnir vélbátar voru 1461 eða upp á 4835 lestir.

Til þess að gera þessa upptalningu ekki of langa ætla ég aðeins að nefna fiskiskipin alls og brúttólestir á hverju ári. Árið 1985 voru 834 skip upp á 112.847 lestir. Þau eru svipuð 1986 eða 832 upp á 112.594 lestir og þau eru aðeins færri 1987. Þá fara þau niður í 822 eða í 112.391 lest. En 1988, þá er kvótakerfið búið að sýna ágæti sitt á öllum sviðum, verður fjöldi fiskiskipa 899 og fer upp í 117.452 lestir. Við skulum ætla að nú hafi bremsan verið sett á. En 1989 fara þau upp í 957 skip, 120.698 lestir. Brúttólestatalan jókst á fjórða þúsund lestir á milli áranna 1988 og 1989.

Skipting í stærðarflokka, sem er tekin saman í ársbyrjun 1989, sýnir að skuttogarar eru 110, önnur fiskiskip yfir 100 lestir 233 og 99 lestir og minni 614, en opnir vélbátar eru þá komnir upp í 1623. Þar hefur orðið veruleg fjölgun frá fyrri árum. Fiskveiðistefnan hefur haft áhrif bæði á veiðar og líka á skipastólinn. Ég held að það hafi hrapallega til tekist í sambandi við þá viðleitni að ætla að halda skipastólnum niðri og fækka skipum verulega. Kvótakerfið gerði það að verkum að reynt var að halda öllum skipum á skipaskrá sem mögulegt var vegna kvótans. Allir vildu halda dauðahaldi í kvótann sinn. Nú er sagt: Þetta er ekkert að marka því þetta fyrirkomulag um stjórnun fiskveiða er ákveðið fyrir svo fá ár í einu. Ég held að ekkert af þessu hafi haft nein áhrif. Ég held að miklu árangursríkara hefði orðið að viðhalda og bæta hið gamla kerfi og halda áfram með Úreldingarsjóðinn.

Það var eiginlega óþarfi af hæstv. sjútvrh. að segja í blaðagrein að ég hefði barist gegn því af mikilli hörku að sjóðakerfi sjávarútvegsins yrði breytt á sínum tíma. Ég var alveg sammála hæstv. sjútvrh. um margar breytingar. Þegar ég var sjútvrh. stóð ég sjálfur að stórfelldum breytingum á sjóðakerfinu 1. febrúar 1976 með niðurlagningu olíusjóðsins o.fl. Þá voru viss atriði sem ég var óhress með. Ég var ekki hress með að leggja niður Aflatryggingasjóðinn að öllu leyti. Ég var alveg sammála sjútvrh. að leggja niður áhafnadeildina o.fl. sem kom fram í þessu öllu saman. Ég var ekki sammála því að leggja niður Úreldingarsjóðinn. Hvað hefur svo skeð á þessum tveimur árum? Sjútvrh., sem þá barðist fyrir því að leggja Úreldingarsjóðinn niður, tekur hann núna upp og flytur sérstakt frv. um það. Út af fyrir sig er það gott að stofna Úreldingarsjóð að nýju til þess að fækka í flotanum. En það eru einnig ýmsir annmarkar á þessu frv. sem eru mjög alvarlegir og ég ætla hér á eftir að gera að umræðuefni stórfellda skattlagningu á útveginn.

Ég hefði talið að það hefði mátt mæta því markmiði með því að efla verulega Aldurslagasjóðinn. Taka t.d. gjald úr stofnfjársjóði af hverju skipi miðað við brúttórúmlest eftir að skip nær tilteknum aldri, t.d. 15 ára. Sú fjárhæð drægist svo frá stofnfjársjóðsgjaldinu og eflir Aldurslagasjóðinn til kaupa á gömlum skipum. Þetta hefði að mörgu leyti ekki verið óeðlilegt verkefni, síður en svo.

Í 3. gr. frv. segir að stofnfé Úreldingarsjóðs skuli vera eftirstöðvar eigna hins eldra Úreldingarsjóðs sem varðveittar eru í skuldabréfum. Um það er ekki deilt að ríkið hefur auðvitað allan umráðarétt yfir hinum eldri Úreldingarsjóði því hann var hluti af útflutningsgjaldi. En 2. liður 3. gr. um stofnfé Úreldingarsjóðs fjallar um að eignir Aldurslagasjóðs fiskiskipa, sbr. II. kafla laganna nr. 37/1978, um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, séu ekki eign ríkisins. Þar af leiðandi er það mitt álit að ríkið eða Alþingi hafi engan lagalegan rétt á því að taka þennan sjóð og stela honum hreinlega. Þeir geta alveg eins ákveðið að stela einhverjum kirkjubyggingarsjóði eins og þessu. Ég skil ekki í því að það skuli vera lagt fram í frumvarpsformi á Alþingi Íslendinga að ætla að taka hann með öllu.

Ég ætla að minna hæstv. sjútvrh. á að þegar lögunum um Samábyrgð Íslands var breytt 1978 vann nefnd að þeirri breytingu sem var fólgin í því að leggja niður bráðafúadeild Samábyrgðarinnar, sem Alþingi ákvarðaði að setja á stofn 1958 vegna þess að hún var þá orðin óþörf. Þá var leitað samninga við útvegina almennt um að stofna þessa aldurslagadeild. Það náðist um það fullt samkomulag að útgerðin greiddi ákveðin iðgjöld, sem yrði þá breytt frá ári til árs eftir tillögum stjórnar þessa sjóðs, og bætur færu svo eftir því sem ráðherra ákveður. Þessi Aldurslagasjóður Samábyrgðar var því hreint vátryggingarfyrirtæki, algert vátryggingarfyrirtæki, þessi sjóður sem er eign þeirra sem í hann hafa greitt. Það eru þeir sem hafa greitt iðgjöldin sem eiga þennan sjóð en ekki ríkisstjórnin eða Alþingi. Þau eiga ekkert í þessu nema einhverjir hér inni eigi báta og hafi greitt í sjóðinn, þá eiga þeir einstaklingar sína hlutdeild í þessum sjóði. Það er því furðulegt að heyra það að það eigi bara að taka þetta. Þetta er eignaupptaka, þetta er lagabrot og stjórnarskrárbrot, alveg tvímælalaust. Það verða allir aðilar að samþykkja þetta sem þarna hafa lagt inn peninga í þessu formi. Því finnst mér 2. liður 3. gr. frv. alveg ferleg vansmíð og vanhugsuð að öllu leyti. Ég hreinlega skil ekki hvernig á því stendur að svona er lagt fram á hv. Alþingi.

Ef við lítum á ástand og horfur í sjávarútvegi og hlustum á þá menn sem gerst þekkja tel ég að verið sé að leggja ansi þungan skatt á sjávarútveginn með 4. gr. Þar er eigendum fiskiskipa sem eiga báta 10 brúttólestir eða stærri ætlað að greiða gjald til Úreldingarsjóðs. Þetta gjald á að nema 1000 kr. af hverri

brúttórúmlest, en þó skal gjaldið aldrei vera hærra en 300 þús. kr. fyrir hvert skip. Gjalddaginn er ákveðinn 1. janúar ár hvert. Það er líka eftirtektarvert við frv. að gert er ráð fyrir því að á þessu ári falli niður álagningargjald til Aldurslagasjóðs en þess í stað er gert ráð fyrir að gjald skv. 4. gr. frv. verði lagt á á þessu ári. Með öðrum orðum, ætlast er til þess og beinlínis ákveðið að lögin verki aftur fyrir sig. Það er þegar komið fram í fimmta mánuð ársins og það segir að gjalddagi eigi að vera 1. janúar ár hvert. Hér er því um afturvirkni laga að ræða. Þegar kaflinn um aldurslagatryggingu var settur 1978 í maíbyrjun var gjalddaginn 1. júlí og samkomulag um öll þau mál og allt það fyrirkomulag. Hér virðist það ekki þurfa.

Svo kem ég að því sem er enn þá alvarlegra. Með frv. er verið að gera fyrstu atlöguna að því að koma hér á auðlindaskatti og aukinni miðstýringu. Á sama tíma og Sovétríkin eru í óðaönn að fara frá Brésnéfftímanum er verið að leiða íslenskan sjávarútveg inn á spor þeirra gömlu Brésnéffs og Stalíns. Það er hreinlega verið að fara aftur til fortíðar, til ófrelsis og miðstýringar sem er algerlega ólíðandi og það á dögum þar sem frjálsræði á að ríkja. Mér finnst þeir hafast ólíkt að Gorbatsjov og Halldór Ásgrímsson. **(Gripið fram í:** Er eitthvað líkt með þeim?) Nei, það virðist ekki vera. Annar er maður frelsis og framfara en hinn siglir í átt til gamla Brésnéffs. Það er ömurlegt að hæstv. sjútvrh. skuli fara inn á þessa braut.

Hér á sem sagt að taka það upp að Úreldingarsjóður kaupi skip, hann á að eignast kvóta. Ég held að nóg sé þegar að gert í þessari ofstjórn á fiskveiðum okkar. Við deilum ekki um að við verðum að hafa stjórn á fiskveiðum, það deilum við ekki um. En að æðsta stjórnvald í landinu eigi að vera niðri í hvers manns koppi, ákveða hvað hver bátkoppur má fiska og það meira að segja hverjir gera út. Þetta er í raun og veru orðið óþolandi. Ég get fyrirgefið mönnum sem hafa þau forréttindi að mega selja fiskinn í sjónum að þeir séu veikir fyrir þessum forréttindum. En við öll hin sem höfum engin forréttindi þurfum ekkert að vera veik fyrir þessu. Það er alveg eins og með lénsherrana, þeir báðu ekkert um að kollvarpa lénsskipulaginu, það voru aðrir. Það voru öldur frjálsræðis sem gerðu það. En aumingja lénsherrarnir urðu bara að láta undan. Þess vegna eigum við ekki að fara inn á sömu brautir.

Það hefði verið auðvelt verk fyrir tæpu hálfu öðru ári að ná verulegri samstöðu hér um stjórnun fiskveiða ef sýnd hefði verið meiri lipurð í þeim efnum og þá stæðum við núna ólíkt betur á vegi. En það var ekki gert. Það var hreinlega reynt að koma í veg fyrir að víðtæk samstaða næðist og um sumar tillögur þurfti að beita menn hörðu því það var ekki meiri hluti fyrir því á Alþingi Íslendinga að láta þau lög fara þannig í gegn. Það var eins og oft áður hótað stjórnarslitum og það er eins og sumir þurfi alltaf á því að halda að reyna að knýja fram. En það er enginn okkar það öruggur og viss að hann einn viti allt í fiskveiðimálum. Það er enginn svo fullkominn að hann þurfi ekki líka að sjá með augum annarra.

Þegar fiskveiðilögin voru sett árið 1976 voru gerðar á þeim margar breytingar í hv. Alþingi. Þær voru gerðar til þess að ná víðtækri samstöðu, ekki eingöngu milli stjórnarflokka sem þá voru heldur einnig við stjórnarandstöðu og það náðist afar góð og víðtæk samstaða í þeim efnum. Það hefði þurft að gerast einnig fyrir rúmu ári.

Ég ætla að segja hæstv. sjútvrh. það og það í fullri vinsemd að þetta frv. er afskaplega gallað og á því er stór vansmíði. Markmiðið með úreldingu og að minnka flotann deilum við ekki um. Af hverju mátti ekki viðhalda og fela Aldurslagasjóðinn? Hvað mælti á móti því og gerði það að verkum? Sjóðakerfisnefndin sagði aldrei að hún legði til að honum yrði stolið, alls ekki. Hún talaði um að það þyrfti að endurskoða hann. Vitaskuld eru engin lög svo fullkomin að ekki þurfi að endurskoða þau með einhverju millibili. Ég hefði fúslega fyrir mitt leyti fallist á margvíslegar breytingar á þeim, eins og ég nefndi hér snemma í þessari ræðu minni. Ég tel að það sé borin von að frv. geti farið í gegn á þessu þingi ef það er rétt að ekki sé nema vika til þinglausna. Frv. þarf að fá ítarlegri umræðu og umfjöllun. Ég hélt því að hæstv. ráðherra liti svo á þegar hann mælti fyrir frv. nú að það hafi verið þá meira í þá átt að sýna frv. en að ætlast sé til að það verði afgreitt.

Herra forseti. Ég ætla ekki við þessa umræðu að flytja öllu lengra mál. Ég á sæti í þeirri nefnd sem væntanlega fær frv. og þar gefst mér og öðrum kostur á að fylgja okkar skoðunum betur eftir.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Frv. sem hér er til umræðu og markmið þess eru mjög í anda þess sem Kvennalistinn hefur ætíð stutt. Það má segja að meginmarkmið frv. séu þrjú. Að draga úr afkastagetu fiskiskipastólsins, sem er allt of mikil ef miðað er við afrakstursgetu fiskstofnanna, að koma í veg fyrir að úrelt og gömul fiskiskip séu endurnýjuð með mun afkastameiri fiskiskipum og að sjóðurinn eignist kvóta fiskiskipa sem þó eru ákveðin takmörk sett. Hann geti síðan selt þann kvóta eftir ákveðnum reglum. Allt eru þetta markmið sem Kvennalistinn fellir sig vel við og telur reyndar bráðnauðsynleg.

Aðeins nánar um hvert markmið. Nr. 1 og 2, eins og ég taldi upp, eru reyndar nátengd því að afkastageta íslenska fiskiskipastólsins í hlutfalli við afrakstursgetu fiskstofnanna hlýtur að vera eitt helsta áhyggjuefni allra hugsandi Íslendinga. Það samræmist engum skynsamlegum sjónarmiðum að allt of mörg skip eltist við allt of fáa fiska. Það samræmist engan veginn markmiðum um hindrun ofveiði og verndun og uppbyggingu fiskstofna og það samræmist heldur ekki markmiðum um aukna hagkvæmni og minni tilkostnað.

Það hefur gengið erfiðlega að stöðva eða minnka afkastagetu íslenska fiskiskipastólsins og nægir í því sambandi að nefna óeðlilega fjölgun frystitogara nú undanfarið og það að í stað gamalla skipa koma ný sem eru svo margfalt betur útbúin til veiða að af-

kastageta þeirra er meiri en þeirra skipa sem leyst eru af hólmi.

Árlega er veitt meira en sérfræðingar telja ráðlegt. Það er í þessu eins og svo mörgu öðru að mönnum reynist erfitt að líta nógu langt fram á veginn og stundargróði er meira metinn en framsýni. Við virðumst seint ætla að læra að náttúran er ströng móðir en réttlát. Hún umber börnum sínum margt en hirtir þau að lokum ef þau þverskallast of lengi.

Ýmislegt hefur orðið til þess nú að undanförnu að ýta illyrmislega við okkur. Sumt tengist fiskveiðum okkar ekki beint enn þá, eftir því sem við höldum, en kann að gera það fyrr en varir. Kjarnorkukafbátsslysið við Bjarnarey minnti okkur á hve nálæg og raunveruleg hættan er sem yfir vofir hvert einasta augnablik sólarhringsins. Fréttir af eiturefninu díoxín í þorskalýsi kemur eins og þruma úr heiðskíru lofti og fréttir af eiturefnum af ýmsu tagi í grindakjöti eru af sama toga. Og við spyrjum: Er fiskurinn okkar virkilega ekki hreinn og ómengaður? Er hafið umhverfis landið og á helstu fiskimiðum orðið óhreint? Það vissu allir að að því mundi að óbreyttu koma, en meðan það er ekki orðin staðreynd viljum við helst loka augunum og telja sjálfum okkur trú um að sá dagur sé langt undan að við þurfum að standa andspænis alvarlegum mengunarvandamálum.

Þó að þessi tilvik tengist frv. ekki beint er þó vert að muna að allt ber þetta að sama brunni. Verndun náttúru í víðasta skilningi, hindrun ofveiði og verndun og uppbygging fiskstofna eru nátengd verndun hafsins, þ.e. að koma í veg fyrir mengun og eyðileggingu þess. Afleiðing kæruleysis eða skammsýni á einu sviði náttúruverndar teygir sig fljótlega inn á önnur. Og það er svo sannarlega kominn tími til að við tökum á hverjum þætti af fullri alvöru en bíðum ekki eftir stórslysi.

Í ljósi alls þessa er það spurning hvort frv. gengur nógu langt. Það er í sjálfu sér athyglisvert að í því fyrirkomulagi sem nú ríkir í stjórn fiskveiða er augljóslega ekki innbyggður hvati til hagræðingar og hagkvæmni. Menn hanga á skipum eins og ormar á gulli og reyna með öllum ráðum að stækka þau og auka afkastagetu þeirra. Það hefur að stórum hluta til mistekist að fylgja yfirlýstum markmiðum um fækkun fiskiskipa og minnkun flotans í heild og afkastagetu hans. Það er eðlileg afleiðing þess að binda kvóta við skip.

Eins og menn e.t.v. muna lagði Kvennalistinn í fyrra fram ítarlegar brtt. við frv. um stjórn fiskveiða þar sem við lögðum til nýja tilhögun þannig að kvóti bindist ekki skipum heldur byggðarlögum. Við búum hins vegar við þá staðreynd að skip og kvóti eru tengd og þó að við kvennalistakonur vonum auðvitað og séum raunar sannfærðar um að menn vilji fyrr eða síðar sjá að sér í þessum efnum, þá neitum við því ekki að þörf fyrir úreldingarsjóð er meiri en ella. Með þessu er ég ekki að segja að þó að svo væri komið að klippt væri á tengsl skips og kvóta hyrfi þörfin fyrir úreldingarsjóð. Það verður sífellt að gæta þess að menn sæki ekki sjó einungis vegna þess að þeir geti ekki hætt og sjálfsagt að auðvelda það með sama hætti og við komum til móts við bændur sem vilja bregða búi án þess að þeir verði fyrir of miklum fjárhagslegum skakkaföllum.

Ýmsir hafa fundið hugmyndinni um úreldingarsjóð allt til foráttu, m.a. það að hann sé ekkert annað en dulbúinn auðlindaskattur. Það má e.t.v. til sanns vegar færa, en hvað er rangt við það að þeir aðilar sem fengið hafa aðgang að sameiginlegri auðlind þjóðarinnar leggi sitt af mörkum umfram aðra til verndunar þessarar sömu auðlindar? Það er löngu kominn tími til að gerðar séu miklu meiri og strangari kröfur til útgerðarinnar í þessum efnum. Útgerðarmenn, skipaeigendur og aðrir sem aðgang hafa að veiðum eiga ekki fiskinn í sjónum. Að svo miklu leyti sem hægt er að tala um eignarhald á fiski í sjónum á þjóðin þennan fisk, ekki einstaklingar eða fyrirtæki. Þeir eru í raun umboðsmenn eða verktakar sem annast veiðar fyrir hönd þjóðarinnar allrar og bera því þunga ábyrgð. Því er ófyrirgefanlegt hve litla ábyrgðartilfinningu þessir sömu aðilar hafa oft gagnvart heildinni.

Sem dæmi um það má nefna að 70% fiskvinnslufyrirtækja í landinu eru í eigu útgerðarfyrirtækja og þrátt fyrir þessa staðreynd er lítið gert til að samhæfa þessa nátengdu og raunar ósundurslítandi þætti. Það er lítið sem ekkert gert til að aðlaga aflatoppa að hámarksafkastagetu vinnslunnar. Áhersla á tæknibreytingar í fiskvinnslu hefur ekki haldist í hendur við tæknibreytingar á fiskiskipastólnum. Það að auka verðmæti eftir að hráefnið er komið í land er ekki forgangsmál og meðhöndlun hráefnis oft slæm. Siglt er með afla án tillits til hagsmuna fiskvinnslunnar og laun í landi við hráefnisvinnslu eru ekkert sambærileg við laun þeirra sem draga fiskinn úr sjó. Allt of lítið er lagt upp úr nýtingu hráefnis, t.d. er aðeins um það bil 30% nýting á frystitogurunum.

Miklar gengis- og verðsveiflur ríkja á fiskmörkuðum þar sem framboð og eftirspurn ræður verði og það er í raun óþolandi að rekstur fiskvinnslu skuli vera svo viðkvæmur fyrir ytri sveiflum. Það sýnir best sú staðreynd að eftir eitt mesta aflaár í sögu íslensku þjóðarinnar, árið 1988, skuli mörg fiskvinnslufyrirtækin ramba á barmi gjaldþrots. Þannig er flest með sama móti. Öllu máli skiptir að moka sem mestu upp en minna hirt um aðra þætti þessarar undirstöðuatvinnugreinar landsins.

Það er e.t.v. hægt að segja að ég hafi vikið um of frá efni frv. en þessi mál verða hvorki skoðuð eða skilin nema í samhengi. Aldrei er meiri þörf á góðri nýtingu og hagkvæmni en þegar ljóst er að stemma þarf stigu við veiði. Þá ræður úrslitum hvernig farið er með hvern fisk. Aldrei er meiri þörf á rannsóknum, bæði á markaði og til nýsköpunar, sem leiða til betri nýtingar og betra verðs, meiri hagkvæmni og meiri framleiðni. Að öllu þessu verður að hyggja.

Í ljósi alls þessa verður að líta á Úreldingarsjóð sem nokkurs konar plástur á vond sár en hann er þó skref í átt til að stöðva rányrkju. Við kvennalistakonur munum því að öllum líkindum styðja þetta frv.

jafnframt því sem við munum áfram leggja fram tillögur sem við álítum vera til úrbóta í stjórn fiskveiða og vinnslu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til sjútvn. með 25 shlj. atkv.

SAMEINAÐ ÞING

68. fundur, föstudaginn 5. maí, kl. 12 miðdegis.

Um þingsköp.
Undirritun gerðabókar.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Inni í þingdeildinni eru nú 1, 2, 3, 4, 5, 6, 7, 8, 9, 10, 11, 12, 13 þingmenn sem skv. 45. gr. þingskapalaga þýðir með öðrum orðum að fundurinn sé ekki ályktunarbær. En þar sem forseta er mjög í mun að afgreiða gerðabókina nú óska ég nafnakalls um þá afgreiðslu til þess að skýrt komi fram að fundurinn er ekki ályktunarbær og afgreiðsla fundargerðar á þessum fundi væri lögleysa og rökleysa eins og afgreiðsla tveggja fundargerða á næstsíðasta fundi sameinaðs þings. Þar sem ég var of seinn til að hreyfa andmælum geri ég ráð fyrir því að úrskurður félli á þá lund að ég ætti erfitt með að sýna fram á nú að of fáir þingmenn hafi verið staddir í salnum til þess að afgreiða gerðabækur á þeim fundi, en nú blasir við að hafa nafnakall um þessa afgreiðslu, um það hvort fundurinn samþykki afgreiðslu gerðabókar, sé ályktunarbær. Ég tek undir með hæstv. forseta. Ég óska vissulega eftir því að sú atkvæðagreiðsla og afgreiðsla fari fram þegar í stað um leið og ég hef lokið máli mínu.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseta er ljúft og skylt að fresta undirritun fundargerða þar sem það er hárrétt ábending hjá hv. 2. þm. Norðurl. e. að ekki munu vera nægilega margir hv. þm. í salnum.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Því miður verð ég að draga í efa að hæstv. forseti fari rétt með þegar hann gefur í skyn að hann hafi ekki áttað sig á hversu fáir þingdeildarmenn séu hér í salnum. Ég minni á það að þegar ég gerði athugasemd um þetta fyrir tveim fundum hafði hæstv. forseti við orð að ekki skipti máli hversu margir þingmenn væru í þingsalnum heldur í húsakynnum Alþingis og bar svo að skilja að hæstv. forseti væri að raka saman dreifarnar eftir einhverjum merkjaljósum sem hann hefur við forsetaborðið. Nú hefur hæstv. forseti sennilega talið að erfitt væri að koma nafnakalli við þannig að þingmenn gætu gert grein fyrir atkvæði sínu hvar sem þeir væru staddir í húsakynnum Alþingis.

Ég vil enn fremur minna á það, hæstv. forseti, að á meðan góð regla var á störfum þingsins brást það ekki að beðið var með að setja fund, hvort heldur var í Sþ. eða deildum, þangað til meiri hluti þingmanna og einum betur væri mættur þannig að hægt væri að afgreiða gerðabækur. Ég hygg ég fari líka rétt með að sá gamli þingskörungur, Gísli Jónsson, þingmaður Barðstrendinga, hafi eitt sinn á fundi Ed., þegar hann hafði beðið í korter eftir því að meiri hluti deildarinnar mætti í deildinni, haft nafnakall til þess að skjalfest yrði hvaða þingmenn það væru sem mættu á réttum tíma. Ég fór fram á það hér áðan, hæstv. forseti, að nafnakall yrði haft í þingsalnum. Að vísu má vera að þetta fámenni stafi af því að fundartími er á næsta óvenjulegum tíma, kl. 12 á hádegi. Sumir þingmenn eru búnir að vera á fundum síðan snemma í morgun og eiga kannski einhverjum erindum ólokið. Eftir sem áður hygg ég að við séum allir þingmenn sammála um eða ættum a.m.k. að vera sammála um að það sýndi þegar í stað meiri festu í þingstörfum ef hæstv. forseti treysti sér til þess að fara eftir þeirri reglu á nýjan leik að meiri hluti þingmanna væri mættur þegar fundur er settur. Það er að vísu ekki bann við því í þingsköpum að forseti megi setja fund undir slíkum kringumstæðum að minni hluti þingmanna sé í salnum, en um leið og menn gefa eftir á þeim punkti fara menn líka að víkja á öðrum punktum einnig. Nú hefur það sem sagt komið fyrir á tveim fundum hverjum á fætur öðrum, að vísu einn fundur á milli svo ég fari nákvæmlega með, að afgreiða gerðabók þó svo að fjarri sé því að meiri hluti þingmanna sé staddur í sameinuðu þingi. Þetta er lausung og los. Má vera að nauðsynlegt sé fyrir þingmenn að íhuga að rétt sé að kveða skýrt á um það í þingsköpum að óheimilt sé að setja fund nema meiri hluti þingmanna sé viðstaddur. Þetta þótti ekki nauðsynlegt áður meðan þinginu var stjórnað af röggsemi, en ef undansláttur á að verða í stjórn þingsins og undanbrögð er óhjákvæmilegt að ákvæðin í þingsköpum séu þeim mun ítarlegri og nákvæmari til þess að þau geti orðið hæstv. forseta til leiðbeiningar.

Ég fullyrði að fyrir því eru engin dæmi frá fyrri árum að gerðabók hafi verið samþykkt án þess að lögmætur meiri hluti væri í deildinni eða sameinuðu þingi og ítreka það, sem ég sagði, að ég óska eftir því að atkvæðagreiðsla fari fram um gerðabókina þegar í stað og ég óska eftir nafnakalli um þá atkvæðagreiðslu til þess að fáist úr því skorið hvort nægilegur fjöldi þingmanna sé staddur hér í salnum til að sú afgreiðsla megi verða lögleg.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti mun að sjálfsögðu verða við því að fram fari nafnakall um undirritun fundagerðabókar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Fundagerð tveggja síðustu funda samþ. með 32 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SP, SkA, StG, SvG, VS, ÞP, BB, BÍG, DS, EgJ, EG, GeirG, GHH, GHG, GA, HÁ, HBl, HG, KolbJ, JE, JHelg, JK, JónS, KSG, KE, KH, MF, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, GHelg.

31 þm. (PJ, ÞSk, SalÞ, SighB, SV, StH, SJS, ÞK, ÞÞ, AðB, AS, ÁrnG, EH, EKJ, VI, FrS, GuðmÁ, GB, GGÞ, GuðnÁ, IBA, JóhS, JBH, JSS, JúlS, KP, KJóh, KrP, MB, MálmS, ÓÞG) fjarstaddir.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Borist hefur svohljóðandi bréf, dags. 5. maí 1989:

„Guðmundur G. Þórarinsson, 10. þm. Reykv., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Framsfl. í Reykjavík, Finnur Ingólfsson, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, hæstv. forseti.

Kjartan Jóhannsson,
forseti Nd."

Finnur Ingólfsson hefur áður átt sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og er hann boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

Minnst 40 ára afmælis Evrópuráðsins.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Evrópuráðið á 40 ára afmæli í dag. Dagsins er minnst með hátíðlegum hætti bæði í Strasbourg og aðildarríkjunum og þykir því hlýða að Alþingi verji nokkrum tíma í upphafi þessa fundar til að minnast þessara merku tímamóta.

Evrópuráðið var stofnað í London 5. maí 1949. Að stofnun ráðsins stóðu upphaflega tíu ríki, en síðan hafa sífellt fleiri verið að bætast í hópinn þannig að í dag eru þau 23 talsins. Ísland gerðist aðili að Evrópuráðinu í mars 1950. Reynslan af ógnum heimsstyrjaldarinnar síðari varð hvatinn að stofnun Evrópuráðsins. Þar lá að baki sú einlæga von að aukinn skilningur og samvinna þjóða á milli gæti komið í veg fyrir að slíkur hildarleikur endurtæki sig. Undirtónninn í stofnskrá samtakanna er því verndun mannréttinda og efling félagslegs öryggis eins og stofnun Mannréttindadómstólsins og mannréttindanefndarinnar ber með sér.

En sjóndeildarhringur stofnendanna var í raun víðari. Í hillingum sáu þeir fyrir sér friðsama og sterka Evrópu með víðtæka samvinnu á sem flestum sviðum. Á þeim 40 árum sem liðin eru frá stofnun Evrópuráðsins hefur það sannað ágæti sitt svo að ekki verður um villst. Það lætur nú til sín taka á fjölmörgum sviðum þjóðmálalífsins og nægir þar að nefna samvinnu á sviðum er varða atvinnu- og efnahagsmál, menningarmál, vísindi, listir, lög, svo að fátt eitt sé tínt til. Áhrif þess á löggjöf og stjórnsýslu aðildarríkjanna hafa verið umtalsverð.

Ekki leikur vafi á því að þátttaka okkar í starfsemi Evrópuráðsins hefur reynst heilladrjúg. Nú þegar við stöndum frammi fyrir því að ríki Evrópubandalagsins munu innan fárra ára mynda eina efnahagslega heild hlýtur Evrópuráðið að vera ákjósanlegur vettvangur til að fylgjast með þeim hræringum sem eiga sér stað og vega og meta áhrif þeirra á hagsmuni okkar. Okkur ber því að rækta samskiptin við Evrópuráðið vel.

Nú er mikil þíða í samskiptum austurs og vesturs og ekki er að efa að Evrópuráðið getur látið margt gott af sér leiða í þeim efnum. Innan vébanda Evrópuráðsins svo og annarra samtaka getum við lagt okkar lóð á vogarskálarnar til að komandi kynslóðir fái lifað í friðsamlegum og mannúðlegum heimi.

Kjartan Jóhannsson, forseti Nd., er sérlegur fulltrúi Alþingis á hátíðarsamkomunni í Strasbourg í dag og situr hana sem gestur Evrópuráðsþingsins. Mun hann koma á framfæri heillaóskum Alþingis í tilefni afmælisins.

Um þingsköp.

Undirritun gerðabókar, fyrirsögn dagskrár.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þá röggsemi að hafa nafnakall hér við afgreiðslu gerðabókar sem leiddi það af sér að nægilega margir þingmenn komu hingað inn í þingsalinn til þess að hægt væri að afgreiða fundargerðir tveggja síðustu funda þó ekki mætti miklu muna og vil mega vona það að hæstv. forseti fylgi þessu eftir með því að setja ekki fund eftirleiðis nema hér séu nægilega margir þingmenn til þess að hægt sé að afgreiða gerðabók fyrirhafnarlaust eins og hér fyrrum tíð og góð venja hafði skapast um.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti mun reyna að sjá til þess að fundir fari fram með sómasamlegum hætti og á sæmilega röggsaman hátt.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Tilefni þess að ég kem hingað upp virðist kannski einhverjum ekki stórt, en það er fyrirsögn á dagskrá þessa fundar sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Dagskrá sameinaðs Alþingis föstudaginn 5. maí 1989 kl. 12 miðdegis."

Ég leyfi mér að vekja á því athygli að ég minnist þess ekki nokkru sinni að hafa heyrt tekið svo til orða eða séð á prenti eins og hér segir, „kl. 12 miðdegis", heldur kl. 12 á hádegi. Þótt sumum kunni að þykja að þetta sé ekki merkilegt efni finnst mér við hæfi að Alþingi leitist við að halda í heiðri eðlilega og gamalgróna íslenska málvenju og segja í þingskjölum í ósamræmi við það „kl. 12 á hádegi".

Ég vænti þess að hæstv. forseti sjái til að slíkri málvenju verði fylgt. — Ef hæstv. forseti mætti hlýða á mál mitt án þess að stofna til annarra funda úr forsetastóli var ég að bera fram þá hógværu og sjálfsögðu ósk að hæstv. forseti hlutist til um það og sjái til þess að íslensk málvenja sé ekki brotin í fyrirsögnum þingskjala og hér standi „kl. 12 á hádegi".

Páll Pétursson:

Frú forseti. Mig langar til að vekja athygli hv. síðasta ræðumanns á því að í þingskjölum a.m.k. svo lengi sem ég hef setið hér hefur verið altítt að taka svo til orða að fundir séu miðdegis. Ég tel að það sé komin hefð á þetta orðalag. T.d. voru fundir á Alþingi föstudaginn 11. mars 1983. Sá fyrsti hófst kl. 11 árdegis. Það var í Ed. Síðan kom fundur í Nd. föstudaginn 11. mars. Hann var kl. 1 miðdegis. En síðan kom fundur í Sþ. og hann var kl. 4 síðdegis.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti verður að gera þá játningu að í fyrsta lagi hafði ég hreinlega ekki tekið eftir þessari fyrirsögn, því síður gefið út neina tilskipun um að þetta orðalag skyldi viðhaft. Ég mun ræða þetta við starfsmenn þingsins og sjá svo til að ef menn kunna illa við þetta orðalag sé reynt að sjá svo til að það verði ekki notað.

Pálmi Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka forseta fyrir eðlileg og glögg viðbrögð við minni málaleitan. Mér fannst hins vegar sérkennileg ræða hv. 1. þm. Norðurl. v. — sem kannski var ekki í fyrsta skipti eins og nú var lagt mér í eyra. En hans ræða staðfesti það sem ég sagði. Hann sagði að samkvæmt þingskjölum frá 1983 hefði fundur hafist kl. 11 árdegis, annar fundur hafi hafist kl. 1 miðdegis og sá þriðji hafist kl. 4 síðdegis. Ekkert af þessu haggar því, sem ég sagði, að það hefur alltaf verið tekið svo til orða svo lengi sem ég veit að sagt sé kl. 12 á hádegi en ekki kl. 12 miðdegis.

Um þingsköp.

Fyrirspurn um útflutning á ísfiski.

Matthías Á. Mathiesen:

Virðulegi forseti. Áður en gengið er til dagskrár um fsp. vildi ég leyfa mér að taka til máls um þingsköp.

Samkvæmt 31. gr. þingskapalaga leyfði ég mér í marsmánuði að bera fram fsp. til hæstv. utanrrh. og var hún borin fram 22. mars. Þessi fsp. var 359. mál þingsins á þskj. 666. Það dróst nokkuð að henni yrði svarað. Ég gerði athugasemd hér á þingi. Hæstv. utanrrh. gaf skýringar á þeim drætti sem ég mat gildar. Svar barst síðan þinginu 26. apríl og er birt á þskj. 972 og hefur verið dreift til þingmanna.

Þar sem þetta svar er ekki fullnægjandi með vísan til fsp. á þskj. 666 og ráðherra hefur þar af leiðandi ekki veitt þau svör við fsp. sem þingmenn hafa rétt til að bera fram sá ég mig knúinn til að leita aðstoðar forseta Sþ. til að fá fram svör við umræddri fsp. og lagði fram bréf til forseta Alþingis í morgun varðandi þetta mál og vildi leyfa mér að lesa það bréf upp eins og það er, með leyfi forseta.

„Alþingi, 5. maí 1989.

Forseti sameinaðs Alþingis, frú Guðrún Helgadóttir.

Með vísan til 31. gr. þingskapalaga bar ég fram fsp. til utanrrh., 359. mál, á þskj. 666, varðandi útflutning á ísfiski í gámum. Var fsp. send til ráðherra 22. mars sl. Svar barst frá ráðherra 26. apríl og hefur því verið útbýtt á þskj. 972. Þar sem í svari ráðherra er ekki að finna fullnægjandi svar við 2. lið fsp. eins og spurt var óska ég eftir því með vísan til 3. gr. laga nr. 12/1986 að Ríkisendurskoðun verði falið að gera skýrslu þar sem verður að finna fullnægjandi svar við 2. tölul. nefndrar fsp."

Undirritað af mér það bréf sem ég las hér upp og lagði til forseta í morgun.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill upplýsa að umrætt bréf hefur borist og forseti hefur gert hæstv. utanrrh. viðvart um bréfið og hefur ákveðið að doka við og kanna hvort fullnægjandi svar berst frá honum, áður en til Ríkisendurskoðunar yrði leitað og vona ég að hv. 1. þm. Reykn. sé samþykkur þeirri afgreiðslu.

Lækkun raforkukostnaðar í gróðurhúsum, ein umr.

Fsp. MF, 472. mál. — Þskj. 840.

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Á þskj. 840 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. iðnrh. um ráðstafanir til að lækka raforkukostnað í gróðurhúsum.

Á sl. vori, nánar tiltekið 11. maí 1988, var samþykkt hér á hv. Alþingi þáltill. sem ég flutti þar sem Alþingi ályktaði að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því við stjórnir Landsvirkjunar og Rafmagnsveitna ríkisins að garðyrkjubændum yrði gefinn kostur á hagkvæmari kaupum á raforku til lýsingar í

gróðurhúsum í því skyni að breyta samkeppnisaðstöðu innlendrar ylræktar gagnvart innflutningi.

Í grg. með till. rakti ég hversu hröð þróun hefur átt sér stað hvað varðar notkun lýsingar við uppeldi plantna í gróðurhúsum hér á landi.

Á því ári sem liðið er frá því að till. var samþykkt hefur notkun lýsingar stóraukist, m.a. í trausti þess að samþykkt þessarar þáltill. þyddi í reynd verulega lækkun raforkukostnaðar í þessari atvinnugrein. Aukin raforkunotkun til lýsingar í gróðurhúsum lengir markaðstíma innlends grænmetis og blóma og eykur verulega möguleika okkar á að vera sjálfum okkur nóg hvað varðar þessa framleiðslu.

Því spyr ég hæstv. iðnrh.: „Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar af hálfu ríkisstjórnarinnar til þess að lækka raforkukostnað í gróðurhúsum í samræmi við þál. sem samþykkt var á Alþingi 11. maí 1988?"

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Þeirri þál. sem hv. 4. þm. Suðurl. vísaði til í fsp. var vísað til iðnrn. eftir að hún hafði verið samþykkt hér á Alþingi í maí í fyrra. Ráðuneytið fól svo með bréfi, dags. 1. júlí 1988, Rafmagnsveitum ríkisins að taka upp viðræður við forustumenn garðyrkjubænda til þess að leita leiða til hagkvæmari kaupa á raforku en nú er til lýsingar í gróðurhúsum. Samrit af þessum bréfum var sent Bjarna Helgasyni, formanni Sambands garðyrkjubænda, Laugalandi í Borgarfirði.

Aðilar þessa máls hafa átt með sér nokkra fundi og sl. haust voru menn sammála um að skoða eina ákveðna leið til að lækka þennan kostnað og til þess að gera vissar mælingar á orkunotkun, en forsenda aðgerða á þessu sviði er að menn viti nákvæmlega hversu mikil notkunin er á og utan álagstíma.

Rafmagnsveiturnar gerðu ráðstafanir til að útvega mælitæki til þessarar gagnasöfnunar. Ýmis gögn voru dregin saman af Rafmagnsveitunum og send gróðurhúsabændum í lok janúar sl. Síðan hafa Rafmagnsveiturnar beðið eftir viðbrögðum gróðurhúsabænda og tillögum um tilraunamælingastaði.

Það gefur auga leið að gróðurhúsalýsing er mest á veturna, mesta álagstíma raforkukerfisins. Þó er hugsanlegt með skynsamlegri nýtingu og með því að beita næturtaxta að eitthvað megi lækka verðið. Það er nauðsynlegt að gera tilraunamælingar í samstarfi við gróðurhúsabændur áður en hægt er að slá nokkru föstu um hvort unnt sé að lækka verð til lýsingar í gróðurhúsum með bættri nýtingu á raforkunni. Að öðru leyti er auðvitað ekki hægt að lækka þennan taxta nema hann komi niður á öðrum viðskiptavinum Rafmagnsveitna ríkisins.

Ég tek það fram að ráðuneytið og Rafmagnsveiturnar eru að sjálfsögðu tilbúin til þess að hafa áfram samstarf við gróðurhúsabændur um þessar athuganir, en málið er sem sagt enn á athugunarstigi.

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. svörin. Þau urðu reyndar eins og mig grunaði, að það hefur ekki mikið skipulagt starf átt sér stað til þess að ná fram verulegri lækkun á raforkukostnaði sem þó var heitið. Ég hef séð þau gögn sem samtökum garðyrkjubænda hafa borist og þar er ekki í raun um neinar úrbætur að ræða frá því sem er. Það hlýtur þó að vera kappsmál að styrkja stöðu þessarar atvinnugreinar og samkeppnisaðstöðu hennar gagnvart innflutningi sem stöðugt eykst. Því vil ég beina því til hæstv. ráðherra að ríkisstjórnin setji í gang meiri og markvissari vinnu í anda þeirrar þáltill. sem hér var samþykkt fyrir ári.

Söluátak spariskírteina ríkissjóðs, ein umr.

Fsp. HBl, 384. mál. — Þskj. 722.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Samkvæmt lánsfjárlögum er fjmrh. heimilað að taka lán innan lands að fjárhæð allt að 5,3 milljörðum kr. og hygg ég að ríkissjóði veiti ekki af að þetta fé náist inn. M.a. í því skyni ákvað ríkisstjórnin fyrr á þessu ári að efna til nýs átaks til að safna áskriftum að spariskírteinum ríkissjóðs þar sem lofað var, ef ég man rétt, 7% vöxtum og jafnframt útskýrt að viðkomandi gæti látið þann sparnað fara fram í gegnum kreditkort og var svo mikið við haft að auglýsingabæklingur í öllum regnbogans litum var borinn inn á öll heimili í landinu. Þetta kostaboð var gert á sama tíma og ríkisstjórnin talaði um það í hinu orðinu að nauðsynlegt væri að lækka raunvexti mjög verulega. Af þessu tilefni lagði ég fram fsp. til fjmrh. svohljóðandi:

„1. Hversu margir einstaklingar hafa nýtt sér tilboð um áskrift að spariskírteinum ríkissjóðs?

2. Fyrir hversu hárri fjárhæð hafa þessir einstaklingar skuldbundið sig?

3. Hversu mikill var heildarkostnaðurinn við söluátakið orðinn 31. mars sl. og hvernig skiptist hann milli einstakra kostnaðarliða?

4. a. Hver var heildarsala spariskírteina ríkissjóðs fyrstu þrjá mánuði þessa árs? b. Hver var heildarinnlausn spariskírteina ríkissjóðs á sama tíma? c. Hverjar voru áætlanir fjmrn. um sölu og innlausn spariskírteina ríkissjóðs á sama tíma?"

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Á sl. ári var gert samkomulag við bankakerfið um kaup og sölu á spariskírteinum ríkisins. Í þessu samkomulagi fólst ákveðin sölutrygging. Þessi samningur var ekki endurnýjaður, en hann hafði í för með sér að ekki var sinnt sem skyldi að byggja upp markað meðal almennings fyrir spariskírteini ríkissjóðs eða kosti þessa sparnaðarforms þótt ljóst sé að eigi efnahagsstjórn í landinu að takast með árangursríkum hætti sé nauðsynlegt að byggja upp varanlegan og stöðugan markað fyrir spariskírteini ríkissjóðs líkt og tíðkast í helstu nágrannalöndum okkar.

Ég segi þetta hér í upphafi vegna þess að hluti af þeirri kynningarherferð sem fram hefur farið undanfarna mánuði er undirbúningsstarf og uppbyggingarstarf sem ætlað er að bera árangur til lengri tíma. Hins vegar er mjög ánægjulegt að þegar á fyrstu vikum og mánuðum þessarar herferðar hefur árangurinn orðið mun meiri en flestir bjuggust við þegar ýmsum nýjum hugmyndum var ýtt úr vör eins og t.d. því áskriftarkerfi sem kynnt var fyrir nokkrum mánuðum. Ég vænti þess að þetta starf muni þess vegna halda áfram að bera árangur og vil í því sambandi geta þess hér að ákveðið hefur verið að ráða sérstakan stjórnanda þessarar sölustarfsemi spariskírteina ríkissjóðs til þess að geta byggt þennan þátt í innlendri fjármögnun ríkissjóðs upp með sem skipulögðustum og árangursríkustum hætti.

Ég mun nú svara þeim spurningum sem hv. þm. Halldór Blöndal rakti hér.

Varðandi fyrstu spurninguna er fjöldi þeirra sem skráð höfðu sig fyrir áskrift að spariskírteinum ríkissjóðs 15. apríl sl. 1919 einstaklingar. Það eru nokkru fleiri en þeir sem að þessu stóðu bjuggust við þegar því var ýtt úr vör því að flestir töldu að það mundi taka þó nokkurn tíma að þessi nýjung festi rætur.

Varðandi spurningu nr. 2 hafa þessir 1919 áskrifendur skrifað sig fyrir tæpum 15 millj. kr. á hverjum mánuði þannig að á hverjum mánuði taka þessir tæplega 2000 einstaklingar til sín 15 millj. af spariskírteinum ríkisins eða nákvæmlega 14 millj. 920 þús. Heildarkostnaður í lok mars var 3 millj. 934 þús. eða tæpar 4 millj. og skiptist þannig: auglýsingagerð 1 millj. 551 þús., birting auglýsinga í dagblöðum 1 millj. 181 þús. og birting auglýsinga í sjónvarpi og útvarpi 1 millj. 202 þús. Þar sem verið er að bjóða þessa áskrift í fyrsta sinn er alveg ljóst að hluti af þessum 4 millj., sem hefur verið varið, er fjármagn sem ætlað er að leggja ákveðinn grundvöll bæði varðandi vinnuna sjálfa og kynningarnar.

Hvað snertir spurningu nr. 4 hefur heildarsala spariskírteina til loka mars verið 596 millj. kr. Sala spariskírteina hefur hins vegar á síðustu vikum glæðst allverulega þannig að á þeim fjórum vikum tæpum sem liðnar eru frá lokum mars bættust við rúmlega 300 millj. kr. þannig að heildarsalan fram til 28. apríl er 910 millj. kr. frá áramótum. Á sama tíma var innlausn án vaxta 1 milljarður 270 millj. kr. og 1 milljarður 563 millj. með vöxtum. Samkvæmt fjárlögum var heildarinnlausn án vaxta áætluð 3 milljarðar 75 millj. kr. og með vöxtum 4 milljarðar 100 millj. kr.

Einnig var spurt um að hve miklu leyti þessi reynsla í sölu samræmist áætlunum fjmrn. Áætlanirnar um sölu fyrstu þrjá mánuði ársins voru fyrir janúar 300 millj. kr., fyrir febrúar 300 millj. kr. og mars 150 millj. kr. eða samtals 750 millj. kr. fyrir þessa fyrstu þrjá mánuði, en hún var í reynd eins og ég vék að áðan tæpar 600 millj. kr. fyrir þessa fyrstu þrjá mánuði. Áætlun um innlausn fyrir þetta sama tímabil var sem hér segir: Fyrir janúar 660 millj. kr., fyrir febrúar 80 millj. kr. og fyrir mars 80 millj. kr. eða samtals 820 millj. kr. Hins vegar er rétt að geta þess að ástæðan fyrir því að innlausnin var meiri er sú að einn stór aðili innleysti bréf fyrir 450 millj. kr. í flokki spariskírteina sem báru 7% vexti og þar sem kjör á þessum flokki bréfa voru betri en verið var að bjóða af spariskírteinum núna var ekki gert ráð fyrir nema óverulegri innlausn af þeim bréfum. Þess vegna má að vissu leyti segja að þessi innlausn þessa eina aðila hafi verið út frá hans fjárhagslegum sjónarmiðum nokkuð hæpin, en ef hún er tekin út úr dæminu er ljóst að innlausn hefur í grófum dráttum verið í samræmi við þá áætlun sem gerð var fyrir árið.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég er orðinn vanur því að einstakir ráðherrar og ríkisstjórnin í heild kenni einatt öðrum en sjálfum sér þegar ekki gengur eins og ráðgert hefur verið. Þannig er um það samkomulag sem gert var í bankakerfinu um kaup og sölu á ríkisskuldabréfum að það var ekki eftirspurn eftir bréfunum eins og vænst hafði verið. Sú var skýringin á því að þau seldust ekki, en alveg fjarri sanni að halda því fram að hér hafi ekki verið byggður upp markaður fyrir spariskírteini ríkissjóðs. Sá markaður hefur verið byggður upp jafnt og þétt a.m.k. þrjá áratugi. Ég man ekki alveg hvenær farið var að bjóða ríkisskuldabréf verðtryggð til sölu og skattfrjáls, en það eru a.m.k. þrír áratugir síðan þannig að þessi markaður er fyrir hendi.

Ég vil svo óska hæstv. fjmrh. til hamingju með það að hann skuli hafa fundið þarna tilefni til enn einnar nýrrar stöðuveitingarinnar. Nú ætti það að vera einhver sérstakur stjórnandi sparnaðar ríkissjóðs eða sölu á spariskírteinum ríkissjóðs og væri fróðlegt að hæstv. fjmrh. upplýsti hér á eftir hvort gert hafi verið ráð fyrir fjárveitingum til þess arna í fjárlögum fyrir þetta ár eða hvort hér sé um umframeyðslu að ræða fram yfir það sem í fjárlögum segir því enginn fjmrh. hefur verið jafnstóryrtur þessum um að nauðsynlegt sé að halda sig við fjárlögin eins og þau leggja sig og sérstakur kapítuli um það að fremur beri að segja starfsmönnum ríkisins upp störfum en ráða nýja.

Eins og fram kemur í tölum hæstv. ráðherra er sterk tilhneiging meðal sparifjáreigenda til að losa sig við spariskírteinin en innleysa ekki ný í staðinn. Þetta er sama þróun og verið hefur annars staðar í þjóðfélaginu. Í bönkunum hefur dregið úr sparnaði og er það raunar afleiðing af þeirri stjórnarstefnu sem fylgt hefur verið.

Ég vil reyna, hæstv. forseti, að halda mig við þingsköpin. Ræðutími minn er á þrotum. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir hans svör en þau sýna að sparnaður hefur dregist verulega saman og það söluátak sem nú er í gangi hjá ríkisstjórninni sýnir einnig að hæstv. ríkisstjórn er ekki alvara þegar hún talar um að beita sér fyrir lækkun raunvaxta því að tilburðir hæstv. fjmrh. sýna allt annað.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það er alveg greinilegt að hv. þm. Halldór Blöndal hefur ekki vænst þess að fá það

fóður í árásir sínar á hæstv. ríkisstjórn í svörum sem hann kannski bjóst við. Það sýnir ekki skort á sparnaðarviðleitni í landinu að á einum mánuði skuli spariskírteini ríkisins hafa selst fyrir um það bil 300 millj. kr. eins og hefur verið reyndin í aprílmánuði og ég lýsti áðan.

Það er líka misskilningur hjá hv. þm. að verið hafi gagnrýni í mínum orðum á framgöngu bankanna vegna þess samnings sem gerður var á sínum tíma. Staðreyndin var hins vegar sú að bankarnir höfðu mjög lítinn áhuga á þessari sölu einfaldlega vegna þess að bankarnir voru sumir hverjir að gefa út bréf, svokölluð bankabréf, í samkeppni við sparskírteini ríkissjóðs þannig að það er ósköp eðlilegt að söluaðilar sem eru að búa til sína eigin vöru og vilja selja hana á sama markaði hafi minni áhuga á að selja þá vöru sem kemur frá öðrum.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. að spariskírteini ríkissjóðs hafa verið traust vara í aldarfjórðung. Engu að síður hafði verið vanrækt og voru allir sammála um það að vinna nýjan markað fyrir spariskírteini ríkissjóðs sérstaklega hjá yngra fólki, hjá nýjum þjóðfélagshópum og ýmsum þeim öðrum sem e.t.v. höfðu ekki nægilega skýrar upplýsingar um eðli þessara skírteina. Ástæðan fyrir því að ákveðið var að efna til samstarfs milli Seðlabankans og fjmrn. um sérstaka sölu þessara skírteina er sú að það hafa orðið það miklar breytingar á peningamarkaðnum hér á undanförnum árum að það var nauðsynlegt ef árangur átti að nást að sérstaklega væri skipulagt af hálfu fjmrn. og Seðlabankans hvernig mætti tryggja þessa sölu. Það er ástæðan fyrir því að ákveðið hefur verið að ráða virtan einstakling til að stýra þessum verkum í samvinnu Seðlabankans og fjmrn. Frá þeim málum er verið að ganga þessa daga og verður Alþingi að sjálfsögðu gerð grein fyrir því þegar niðurstaða hefur fengist.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Hæstv. fjmrh. sagði — ja, ég man ekki, það var eitthvað skrýtið orðalag. (**Fjmrh.:** Náð í fóður.) — að ég hefði ekki vænst þess að fá það fóður sem ég hefði ekki fengið eða eitthvað í þá áttina og átta ég mig ekki alveg á hvað fyrir hæstv. fjmrh. vakti. Ég vil hins vegar vekja athygli á öðru, að hæstv. ráðherra hefur 5 mínútur hér tvívegis til að flytja sitt mál en fyrirspyrjandi tvisvar sinnum tvær mínútur samkvæmt þingsköpum þannig að eðlilegt er að mér vinnist ekki tími til þess að víkja að öllum atriðum í máli hæstv. fjmrh. þar sem ég vil virða þingsköp eftir mætti.

Sykurverksmiðja, ein umr.

Fsp. JHelg, 448. mál. — Þskj. 808.

Fyrirspyrjandi (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Á þskj. 808 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til iðnrh. um sykurverksmiðju.

Það var vorið 1975 sem Þórarinn Sigurjónsson flutti fyrst þáltill. á Alþingi um þetta mál, en þá hafði Hinrik Guðmundsson verkfræðingur gert athugun á hagkvæmni sykurhreinsunarstöðvar á Íslandi. Niðurstaða hans varð sú að Hverageröi væri æskilegur staður fyrir slíka verksmiðju og þar yrði hún arðbært fyrirtæki og þjóðhagslega hagkvæm.

Vorið 1977 samþykkir Alþingi síðan þáltill. um hagkvæmnisathugun á byggingu sykurhreinsunarverksmiðju á Íslandi. Var finnska fyrirtækið Finska Socker AB fengið til þess að gera skýrslu um málið og var hún tilbúin í október 1977. Þar var lagt til að framleiða sykur hérlendis.

Á árinu 1978 er stofnað Áhugafélag um sykuriðnað hf. Beitti félagið sér fyrir því í samvinnu við Finska Socker AB með stuðningi Norræna iðnaðarsjóðsins að vinna ítarlega skýrslu um sykurvinnslu í Hverageröi. Í niðurstöðum hennar segir m.a.:

„Þjóðhagsleg áhrif fjárfestingarinnar verða í fyrsta lagi tiltölulega jafnt og hóflegt sykurverð. Í öðru lagi næst talsverður gjaldeyrissparnaður, um það bil 15–18 millj. finnskra marka á ári. Þar fyrir utan er hægt að reikna með hagstæðum áhrifum og atvinnuástandi þar sem verksmiðjan býður upp á ný störf fyrir 60–70 manns. Einnig hlýtur hin nýja tækni sem berst til landsins að vera áhugaverð.

Árið 1980 skipaði iðnrn. starfshóp til þess að yfirfara þessa skýrslu og skilaði hann niðurstöðum um það árið 1981. Á grundvelli þeirrar niðurstöðu lagði þáv. hæstv. iðnrh. fram frv. til l. um sykurverksmiðju í Hverageröi í mars 1982, en frv. náði ekki fram að ganga á því þingi. Í febrúar 1983 svaraði þáv. iðnrh. á Alþingi fsp. Þórarins Sigurjónssonar um framgang þessa máls og kveður hann þá iðnrn. enn vera að vinna að nánari athugun málsins. Síðan hefur ekkert komið fram um þetta mál hér á Alþingi eða opinberlega frá iðnrn. og því hef ég leyft mér að spyrja hæstv. iðnrh.:

„1. Hvað hefur iðnrn. gert til að undirbúa byggingu sykurverksmiðju í Hverageröi síðan iðnrh. flutti frv. um það mál á Alþingi síðan 1982?

2. Hvaða áætlanir liggja nú fyrir í ráðuneytinu um framhald þess máls?

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í máli fyrirspyrjanda lét Áhugafélag um sykuriðnað hf. og Finska Socker AB fara fram athuganir á því á árunum 1979–1980 hvort ráðlegt væri að reisa og reka verksmiðju um sykurvinnslu í Hverageröi sem ætlað væri að nota í rófumelassa sem hráefni og jarðgufu sem varmaorku. Skýrsla um þessa athugun lá fyrir snemma á árinu 1980. Iðnrn. skipaði svo um vorið starfshóp til að fara yfir þessa skýrslu. Í niðurstöðu starfshópsins, sem eins og kom fram í máli fyrirspyrjanda lá fyrir 1981, en í þessum starfshópi voru þrír menn, Hörður Jónsson, Ragnar Önundarson og Sigurður Sigfússon, sagði m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Það er samdóma álit nefndarmanna og hagsmunaaðila, þ.e. fulltrúa Finska Socker og Áhugafélags um sykuriðnað, að meginforsenda hagkvæmni íslenskrar sykurverksmiðju sé að sett verði sérstök sykurlög er heimili að sykurinnflutningur verði annaðhvort bannaður eða tollaður þannig að innfluttur sykur verði ekki seldur á lægra verði hér en sem nemur lágmarksframleiðslukostnaði íslensku verksmiðjunnar að viðbættum hæfilegum hagnaði."

Iðnrh. bar fram frv. á Alþingi 1982 um heimild til þátttöku ríkisins í sykurverksmiðju sem ekki náði fram að ganga eins og kom fram í máli hv. fyrirspyrjanda. Síðan hefur ekki verið hafst að af hálfu iðnrn. í þessu máli og ekki eru uppi áform um að taka það upp að nýju.

Meginástæðan fyrir þessu er sú að það mun enn vera grundvallarskilyrði, forsenda þess að hagkvæmt sé að reka slíka verksmiðju að sett verði sykurlög þar sem heimild væri fyrir tollvernd, takmörkun á sykurinnflutningi beinlínis eða banni.

Ég tel ekki vænlegt að byggja nýja framleiðslugrein á verndarlöggjöf af þessu tagi og minni á að hagsmunir Íslendinga í stærra samhengi eru af fríverslun milli landa og þá ekki síst fyrir okkar helstu framleiðsluvöru, fiskafurðir. Við eigum ekki að fara með ríkisatbeina út í slíka framleiðslu, en ef einstaklingar eða samtök þeirra sjá grundvöll fyrir úrvinnslu úr innfluttum hráefnum af því tagi sem hér er um að tefla geta þeir að sálfsögðu sett upp slík fyrirtæki. Ég minni t.d. á hveitimyllu og fóðurblöndun sem hér fer fram sem að sumu leyti mætti jafna til þessa. Um sykurvinnslu hefur hins vegar ekki tekist að mynda slíkt félag á eigin ábyrgð þeirra sem að rekstrinum standa.

Ég minni líka á að það er gagnrýnt á alþjóðavettvangi hvernig Vestur-Evrópumenn standa yfirleitt að sinni sykurframleiðslu, en þar framleiða menn sykur úr rófum sem eru ræktaðar með miklum ríkisstyrkjum á sama tíma og þróunarríkjunum er torveldaður aðgangur að markaði með sykur og sykurreyr og sykurvörur sem þau hafa eðlilegar forsendur til að stunda. Þetta stuðlar auðvitað ekki að því að þar komi fram öflugur sykuriðnaður, en ég tel að við eigum að leggja okkar litla lóð á vogarskálar til þess að það megi verða fremur en að hefja hér sjálfir verndaða sykurframleiðslu.

Fyrirspyrjandi (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir hans svör þó að það séu mér viss vonbrigði að ekkert hafi verið unnið í iðnrn. í sambandi við þessi mál þau sjö ár síðan frv. var hér borið fram. Það kom fram í máli hæstv. iðnrh. að ekki mundi vera grundvöllur fyrir slíkum rekstri hér nema því fylgdi bann við innflutningi. Samkvæmt þeim útreikningum sem liggja fyrir frá Áhugafélagi um sykuriðnað mundi hér vera um hagkvæmt sykurverð að ræða, a.m.k. ef ekki nyti þess sem hæstv. iðnrh. nefndi, hinnar miklu niðurgreiðslu á sykurframleiðslunni í Evrópu. Nú höfum við heyrt að áform eru uppi hjá Evrópubandalaginu að draga eitthvað úr gífurlegum stuðningi við landbúnað í aðildarríkjunum og það hlyti þá að breyta þeirri stöðu sem hér var áður. Jafnframt munu nú fara minnkandi birgðir af sykri og hefur gert síðustu árin og eru horfur á að þær verði litlu meiri en það sem talið er nauðsynlegt vegna markaðarins þannig að þar virðast einnig vera á döfinni einhverjar breytingar á markaðsaðstæðum. Ég vildi því vænta þess að iðnrn. fylgist með þessum málum og geri það sem í þess valdi stendur til að styðja þetta ef því sýnist að tök sé á því.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Í tilefni af seinni ræðu hv. fyrirspyrjanda vildi ég nefna það að Áhugafélag um sykuriðnað eða fulltrúi þess hefur haft samband við iðnrn. nokkrum sinnum á sl. ári. Ég mun að sjálfsögðu láta fylgjast með þeim erindum sem félagið flytur og alls ekki leggja stein í götu þess ef samtök geta um það myndast af hálfu einkaaðila eða félaga í atvinnurekstri að hefja slíka framleiðslu. Mínar athugasemdir varða það fyrst og fremst að ég tel óráð að leggja grunn að slíkri framleiðslu með verndarlöggjöf, nýjum tollum eða bönnum, tálmunum á innflutning á þessu hráefni eða þessari landbúnaðarvöru fjarlægra ríkja, en að öðru leyti mun verða greitt fyrir slíku fyrirtæki eins og hverju öðru iðnfyrirtæki.

Reglur um inntöku nýrra nemenda í framhaldsskóla, ein umr.

Fsp. DS, 476. mál. — Þskj. 844.

Fyrirspyrjandi (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegi forseti. Í maíbyrjun í fyrra voru afgreidd lög um framhaldsskóla frá Alþingi. Við kvennalistakonur sáum marga galla á því frv. sem þá varð að lögum og gerðum ýmsar brtt. bæði varðandi stjórnunarkafla laganna og ýmis atriði varðandi skólastarfið. Við urðum varar við það í umfjöllun um frv. að hugmyndir manna um blöndun nemenda með mismunandi námsgetu voru mjög skammt á veg komnar og erfitt var að fá ótvíræðar upplýsingar um hvað þáv. menntmrh. ætlaðist fyrir varðandi t.d. fatlaða nemendur. Rannsóknir á blöndun í skólum benda til þess að þegar vel tekst að móta samskipti auki slíkt reynslu nemenda og glæði jákvæða sjálfsmynd þeirra. En til þess að svo megi verða verður að koma til náin samvinna og mikið samstarf þeirra sem eiga að vinna að málinu.

Við kvennalistakonur vildum hafa alveg á hreinu í fyrra hvort í raun væri ætlunin að stíga skrefið til fulls og gerðum margar brtt. sem m.a. gerðu ráð fyrir sérgreindum fjárframlögum til framhaldsskóla til að mæta sérstökum þörfum sem þessum. Á undanförnum árum hafa margir fjölbrautaskólanna boðið upp á fornámsáfanga í kjarnagreinum, en þær eru upprifjun

á námsefni grunnskólans. Erfitt er að meta heildarárangurinn af fornáminu og ómögulegt að fá upplýsingar um námsferil og námsárangur nemenda sem hefja nám í fornámi. Það er víst að margir nemendur ná sér á strik, en það eru líka margir sem þurfa á annars konar uppbyggingu náms að halda og á öðrum námsbrautum en nú standa til boða.

Þessa dagana erum við að fjalla um breytingar á lögum um framhaldsskóla þar sem m.a. er ætlunin að fella úr gildi skyldu nemenda til að stunda fornám. Þetta sýnist mér að hljóti að kosta mikinn undirbúning og umræðu meðal starfsfólks í skólunum og jafnvel fjölgun á starfsliði, ekki síst námsráðgjöfum. Undanfarnar vikur hefur væntanlega ekkert verið unnið að þessum undirbúningi vegna verkfalls kennara. En vegna þessara fyrirhuguðu breytinga hef ég leyft mér á þskj. 844 að spyrja hæstv. menntmrh.: 1. Hvernig mun menntmrh. standa að undirbúningi kennara og stjórnenda framhaldsskóla til þess að gera þeim kleift að sinna öllum þeim nemendum sem æskja inngöngu í framhaldsskóla landsins í upphafi næsta skólaárs? 2. Hvaða breytingar eru fyrirhugaðar á uppbyggingu náms á framhaldsskólastiginu nú þegar lágmarkseinkunnin er ekki lengur sett sem skilyrði fyrir inngöngu? 3. Hver er áætluð fjölgun nemenda á fyrsta ári framhaldsskóla vegna þessara breytinga og hver verður þörfin fyrir ný stöðugildi kennara?

Það væri auðvitað ástæða til að spyrja margra fleiri spurninga um framhaldsskólann hér við þær aðstæður sem nú eru eftir þriggja vikna verkfall, en þetta eru þær fyrirspurnir sem liggja fyrir á þskj. sem ég hef beint til hæstv. menntmrh.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Það er rétt, sem hv. fyrirspyrjandi sagði í ræðu sinni áðan, að auðvitað hefði þurft að vera búið áður en framhaldsskólalögin voru sett að undirbúa nýtt fyrirkomulag framhaldsskólans, koma þar fyrir margvíslegum brautum, löngum og stuttum, sem unnt er að laga að þörfum nemendanna, en í staðinn eru framhaldsskólalögin sett án þess að inntaki framhaldsskólans hafi verið breytt samhliða eða áður og það er mjög alvarlegur hlutur. Það er ekki fyrr en sl. haust að það fer í gang í menntmrn., sennilega er það í nóvember eða desember, nokkrum vikum eftir að við komum þangað inn, að við setjum í gang hóp sem hefur verið að fjalla um breytt inntak framhaldsskólans þar sem gert er ráð fyrir verulegum breytingum á námsframboði frá því sem verið hefur, m.a. víðtækum tengslum námsbrautanna við atvinnulífið. Við höfum ákveðið að verk af þessu tagi hljóti að taka nokkurn tíma. Við getum ekki sett það inn í alla skóla í haust. Það væri óskynsamlegt að reyna slíkt. Það er óskynsamlegt að gera tilraunir til að kollsteypa skólakerfinu með þeim hætti í einu vetfangi. Þess vegna höfum við ákveðið að hefja tilraunir með nýtt inntak framhaldsskólanámsins í tveimur framhaldsskólum í haust. Ég reikna með að það verði í Fjölbrautaskóla Suðurnesja og í Fjölbrautaskólanum á Selfossi.

Ég vík þessu næst að greinargerð sem ég vænti að svari að öðru leyti spurningum hv. þm.

Á liðnum árum hafa verið í gildi ákveðnar reglur um lágmarksárangur nemenda á grunnskólaprófi til þess að þeir gætu hafið reglulegt nám í framhaldsskóla. Þrátt fyrir þetta hefur skólum verið heimilt að taka inn nemendur sem ekki fullnægðu þessum skilyrðum og hefur þeim verið gefinn kostur á sérstöku námi, fornámi eða núlláföngum eins og þeir hafa verið kallaðir, til að bæta undirbúning sinn. Í raun hefur það því verið þannig að allir sem lokið hafa námi úr grunnskóla hafa átt kost á framhaldsskólanámi. Það hefur í raun og veru verið þannig. Fornámið hefur hins vegar ekki verið við alla skóla og hefur t.d. ekki verið starfrækt í Reykjavík nema á tveimur stöðum.

Samkvæmt nýjum lögum um framhaldsskóla sem sett voru í fyrra eiga allir sem lokið hafa grunnskólanámi eða hlotið jafngilda undirstöðumenntun rétt á að hefja nám í framhaldsskóla að fullnægðum skilyrðum um starfsþjálfun þar sem hennar er krafist. Síðan segir: „Nemendum er skylt að stunda fornám í einstökum námsgreinum samkvæmt ákvæðum í námsskrá hafi þeir ekki náð tilskildum lágmarksárangri."

Í brtt. við stjfrv. sem liggur fyrir Ed. er gert ráð fyrir því að fella þessa skyldu niður. Það verður auðvitað eftir sem áður heimilt að starfrækja þennan þátt í skólastarfi, fornám, a.m.k. fyrst um sinn þar til breytingar á inntaki framhaldsskólanámsins í heild hafa tekið gildi.

Raunveruleg breyting á reglum um innritun í framhaldsskóla er því í raun og veru ekki mikil miðað við það sem verið hefur. Vegna þeirrar umræðu hins vegar sem þetta lagaákvæði hefur vakið á síðustu vikum er þó líklegt að einhverjir sem ekki hefðu farið í framhaldsskóla að öllu óbreyttu vakni til umhugsunar um það að þarna opnist tækifæri til náms sem rétt væri að nota sér. Auk þess hefur atvinnustig í landinu áhrif á aðsókn að framhaldsskólum og við vitum ekkert hvernig það kemur út. Og í þriðja lagi er ljóst að það er a.m.k. rétt að gera ráð fyrir því að verkfall það sem staðið hefur nú um fjögurra vikna skeið hafi líka áhrif í þá átt að nemendur í framhaldsskóla í haust verði fleiri en ella hefði verið ef ástandið í skólunum hefði verið með eðlilegum hætti á þessu vori.

Hlutfallsleg aðsókn að framhaldsnámi hefur farið vaxandi á síðustu árum og var árið 1987 76% á öllu landinu af árgangi 16 ára nemenda og um 81% á Reykjavíkursvæðinu. Um þessar mundir koma auk þess tiltölulega stórir árgangar inn í framhaldsskólann og af þessum sökum er áætlað að nemendum fjölgi um um það bil 150 í Reykjavík á næsta skólaári og hlutfallslega í öðrum skólaumdæmum.

Almennir framhaldsskólar í Reykjavík eru nú mjög þéttsetnir. Er hér fyrst og fremst um að ræða nemendur sem búsettir eru í Reykjavík, en auk þeirra eru nálægt 1500 nemendur ... Ég var að velta því fyrir mér, virðulegi forseti, hvort það væri ekki

hugsanlegt að ég mætti ganga á seinni skammtinn líka til þess að fyrri skammturinn væri vandaður. Ég verð að hætta í miðjum klíðum nema forseti heimili annað. Heimilar forseti að ég geri tilraun í eina og hálfa mínútu í viðbót? (**Forseti:** Forseti hefur gefið hæstv. ráðherra merki um að hans tíma sé lokið, en ef hann er um það bil að ljúka sínu máli sjáum við til.) Ég tel að það sé sárastutt eftir, hæstv. forseti, og ég þakka þolinmæði forseta. Hins vegar er ekki víst að það sé samt sem áður innan marka þingskapa. En nú skal ég mjög herða róðurinn.

Ég var þar kominn sögu að það eru um 1500 nemendur á Reykjavíkursvæðinu í framhaldsskólum sem eru utan af landi og við gerum nú í vor ráð fyrir því að hefja sameiginlega innritun í framhaldsskólana hér á höfuðborgarsvæðinu og reynum eins og kostur er að beina fólki til skóla í sínum byggðarlögum sem margir eru vansetnir og gætu tekið við mun fleira fólki, margir framhaldsskólar úti á landi. Við munum leggja á þetta mikla áherslu og á mánudaginn hef ég boðað fund með skólameisturum á höfuðborgarsvæðinu þar sem gert er ráð fyrr því að það verði skipulögð sameiginleg innritun í alla framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu frá Reykjavík og suður í Hafnarfjörð.

Varðandi málið að öðru leyti má segja að meginundirbúningurinn fyrir næsta vetur hafi farið fram í þessari nefnd um breytt inntak framhaldsskólans þar sem verið er að fara yfir alla þætti málsins. Í þeirri endurskipulagningu er gert ráð fyrir því að nemendur eigi kost á fleiri stuttum námsbrautum þannig að þeir geti útskrifast eftir tiltölulega stuttan tíma, eina, tvær, þrjár eða jafnvel fjórar annir, og fái þetta nám staðfest með sérstöku prófskírteini og það er gengið út frá því að nemendum þessum nýtist þetta nám ef þeir óska að halda áfram námi síðar. Það er gert ráð fyrir því, eins og ég sagði áðan, að nýbreytni af þessu tagi taki gildi í haust í tilraunaskyni í a.m.k. tveimur skólum.

Skipulagning af þessu tagi er hins vegar mjög viðamikil, bæði varðandi áfangalýsingar og námsgögn, og einnig þarf að þjálfa kennara í breyttum vinnubrögðum. Allt er þetta verk óunnið, hefði átt að vinna í fyrra og hittiðfyrra en var því miður ekki farið af stað með fyrr en í haust. En ég tel að þessi þróun sé á réttri braut strax og úr vinnudeilunum leysist og ég vil svo taka undir það með hv. þm. að lokum að auðvitað verður að tefla inn í þessa mynd námsráðgjöfum í stórauknum mæli og það er m.a. gert ráð fyrir því í sameiginlegri innritun í framhaldsskólana á Reykjavíkursvæðinu í vor að þar verði námsráðgjafi ráðinn til að vinna með þeim nemendum sem koma til innritunar í framhaldsskólana hér á höfuðborgarsvæðinu.

Fyrirspyrjandi (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir hans svör og sömuleiðis forseta fyrir að hafa leyft honum að ljúka svörunum. Eins og fram kom í máli hans er þetta mál alls ekki nógu langt komið til þess að hægt sé að taka á því eins og þyrfti. Það kom fram í máli hans að það er aðeins um undirbúning að ræða í tveimur skólum: á Suðurnesjum og á Selfossi. En stærsti hópur nemenda er að sjálfsögðu hér á höfuðborgarsvæðinu og væntanlega margir hér sem þyrftu að komast á styttri námsbrautir sem ég er honum alveg sammála um að þurfi að koma á. En ég vil líka benda á að ég hef orðið vör við það að margir kennarar í efstu bekkjum grunnskólans hafa áhyggjur af nemendum sínum sem eru að koma að því stigi að fara í framhaldsskólann vegna þess að í efstu bekkjum grunnskólans hefur alls ekki verið hægt að bjóða upp á þá sérkennslu sem þyrfti til þess að undirbúa þá undir frekara nám.

Varðandi fornámið þá kom einnig fram í máli hæstv. menntmrh. að það er ekki við alla skóla í Reykjavík, það er við flesta fjölbrautaskólana. Þetta hefur hingað til gefið skólum tækifæri til að velja nemendur með ákveðnar lágmarkseinkunnir. Eins og ég sagði hér áður í máli mínu eru þessir fornámsáfangar upprifjun á námsefni grunnskólans, kjarnagreinunum eingöngu, og það eru ekki til nógu góðar heimildir um hversu stórum hluta nemendahópsins þeir gagnast. Það vantar væntanlega námsefnið líka.

Námsefnisgerð, sérstaklega á framhaldsskólastiginu, hefur hingað til mikið til verið unnin af kennurum í sjálfboðavinnu, og ég veit ekki hversu fúsir þeir verða til að leggja slíkt á sig enn einu sinni þetta árið, og sömuleiðis skipulagning námsbrauta. Þá vil ég líka benda á að ef við ætlum að taka þetta skref, sem ég tel að við eigum að gera, þá verður það að vera yfirvegað. Það er margt fleira sem þarf að bæta í skólunum heldur en innra starfið og námsefnið, kennslan og því um líkt, t.d. líka húsnæðið sem nemendum er þar boðið upp á. Það eru mjög fáir skólar sem hafa t.d. aðstöðu til þess að taka á móti fötluðum nemendum, þeim sem eru hreyfihamlaðir. Ég bendi á að t.d. við Fjölbrautaskóla Vesturlands er eitt heimavistarherbergi skólans sérstaklega hannað fyrir nemanda í hjólastól, en sá nemandi kemst aldrei út yfir skólalóðina og kemst ekkert innan húss í skólanum. Þannig að það þarf líka að gera stórátak til að þessum nemendum geti liðið vel í skólanum eins og vera ber.

Að lokum vil ég aðeins segja það að blöndun í skóla og samfélagi er bæði hugsjón og aðferð og það skiptir mjög miklu máli að vel takist til. Og vona ég að ekki verði flanað að neinu í þessu máli.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegur forseti. Það er aðeins eitt orð í tilefni af síðustu orðum hv. fyrirspyrjanda. Fyrir Ed. liggur frv. til laga um breytingu á lögum um framhaldsskóla þar sem gert er ráð fyrir því að skólum verði bannað að setja kröfur, tilteknar kröfur varðandi frammistöðu nemenda á grunnskólaprófi áður en þeir eru teknir inn í framhaldsskóla. Þetta er algjört úrslitaatriði að þingið skilji sinn vitjunartíma í þessum efnum og hindri það að menn geti að geðþótta útilokað suma frá því að stunda framhaldsskólanám sem er nefnilega brot á lögunum að öðru leyti og anda þeirra.

Náms- og kennslugögn, ein umr.

Fsp. GA, 480. mál. — Þskj. 860.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Á þinginu 1983–1984 var lögð fram þáltill. um kennslugagnamiðstöðvar í öllum fræðsluumdæmum. Flm. hennar voru þingmenn úr öllum flokkum og samtökum á þingi. Ástæða fyrir flutningi þessarar tillögu var fyrst og fremst sá aðstöðumunur sem er á námi og kennslu barna hér á landi og tók tillagan á einum þætti þessa aðstöðumunar, þ.e. að jafna aðgang að námsgögnum, kennslutækjum og öðrum hjálpargögnum. Ætlað var að finna þessum gögnum samastað í tengslum við fræðsluskrifstofur í hverju fræðsluumdæmi þaðan sem þau yrðu lánuð til skóla í umdæminu. Er að þessu bæði mikill ávinningur en jafnframt beinn fjárhagslegur sparnaður.

Þáltill. náðist ekki úr nefnd á þessu þingi og var því endurflutt óbreytt á þinginu 1984–1985 og þá fékkst hún samþykkt með nokkrum breytingum. Þetta var 13. júní 1985. Þann 3. des. sama ár gerði ég, sem einn af flm. þessarar tillögu, fsp. til þáv. hæstv. menntmrh. um það hvað liði framkvæmd könnunarinnar. Ráðherra sagði ráðuneytið hafa sent öllum fræðslustjórum, fræðsluráðum og stjórn Samtaka sveitarfélaga bréf um þetta efni. Nokkur svör höfðu þá borist með athyglisverðum tillögum, sagði ráðherra. Þó höfðu ekki allir svarað og því engin lokaafstaða tekin til málsins.

Enn spurði ég um þetta mál þáv. hæstv. menntmrh. þann 17. febr. 1987, og þá fengust reyndar mjög svipuð svör. Að mínu viti hafði ótrúlega mikill fjöldi enn ekki svarað og verð ég að segja að það olli mér talsverðum vonbrigðum á þeim tíma.

Síðan spurði varaþingmaður, Pétur Bjarnason, sem hér var inni á þingi, um sama mál 20. okt. 1987, hvað liði framkvæmd þessa máls, enda býst ég við að hann hafi fundið glöggt fyrir því sem fræðslustjóri á Vestfjörðum að þetta væri mál sem þyrfti úrbóta við. Þá kom enn í ljós að svör höfðu borist treglega þrátt fyrir ítrekun og þáv. menntmrh. taldi tilgangslítið að halda áfram könnun viðhorfa aðila með því að leita skriflegs álits eins og í upphafi var reynt. Hins vegar taldi hann ljóst að mikill áhugi væri á að koma upp kennslugagnamiðstöðvum við fræðsluskrifstofur, a.m.k. úti á landi. Hann taldi það rétta leið að koma slíkum miðstöðvum upp og ákvað að leita tilnefninga í nefnd til að gera úttekt á stöðu mála á þessu sviði og tillögur um skipan þeirra í framtíðinni. Þetta hugðist hann gera í samvinnu við samtök sveitarfélaga.

Nú vil ég ítreka enn fsp. um þetta mál sem enn er brýnt og enn þarfnast úrbóta og hef því leyft mér að spyrja hæstv. menntmrh. á þskj. 860:

„Hvað líður könnun á því hvernig hagkvæmast er að auðvelda öllum skólum aðgang að námsgögnum, kennslutækjum og hjálpargögnum, eins og segir í þál. þeirri er samþykkt var á Alþingi 13. júní 1985?“

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegur forseti. Hv. 6. þm. Reykv. hefur hér í ræðu sinni rakið aðdraganda þessa máls og hef ég engu þar við að bæta öðru en því að ég hygg að það hafi ekki komið fram í máli hennar að snemma á árinu 1988 var skipuð nefnd til að gera tillögur um uppbyggingu kennslugagnamiðstöðva í tengslum við fræðsluskrifstofur. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef úr ráðuneytinu var þessi nefnd skipuð 4. febr. 1988. Í nefndinni eiga sæti Bergþóra Gísladóttir, tilnefnd af BK, Jón Guðmundsson Námsgagnastofnun, Kristinn V. Jóhannsson, Sambandi ísl. sveitarfélaga, Pétur Bjarnason, tilnefndur af fræðslustjórum, og Hrólfur Kjartansson án tilnefningar og er hann formaður nefndarinnar.

Þessi nefnd hafði fjórþætt hlutverk:

1. Að gera úttekt á þeirri náms- og kennslugagnaþjónustu sem fræðsluskrifstofur bjóða nú þegar.
2. Að kanna hvaða möguleikar eru á þjónustu kennslumiðstöðvar í Reykjavík við skóla utan höfuðborgarsvæðisins.
3. Að meta hvaða náms- og kennslugagnaþjónustu er æskilegt að koma upp í tengslum við fræðsluskrifstofur.
4. Að gera tillögur um á hvern hátt slíkri þjónustu verði best komið á og setja fram áætlun um kostnað.

Þessi nefnd mun hafa komið saman til nokkurra funda vorið 1988. Það varð hins vegar ljóst, er mér tjáð, að nefndin mundi ekki ljúka tillögugerð fyrir fjárlagatillögur haustið 1989. Formaður nefndarinnar hefur hins vegar heitið mér því að skila mér tillögum sem byggjast á þessum fjórum aðalverkefnum nefndarinnar núna fyrir lok — ja, það stendur reyndar í byrjun maímánaðar nk. þegar þetta uppkast að svari er skrifað sem er 24. apríl sl. Þannig að það er gert ráð fyrir því að nefndin skili sínu áliti. Með öðrum orðum ætlar hún að fjalla um málið án þess í raun og veru að halda áfram með könnunina því það er eins og hún hafi ekki borið mikinn árangur, menn hafa ekki svarað, og þá ætlar nefndin að gera þetta upp við sig sem slík.

Eins og hv. fyrirspyrjanda er kunnugt er nú á fræðsluskrifstofunum, að ég hygg öllum, kominn vísir að slíkum kennslugagnamiðstöðvum sem lána kennslugögn til skóla og þar sem kennarar geta komið og unnið að ákveðnum verkefnum. Við erum þeirrar skoðunar sem höfum nú með að gera málefni menntmrn. að þetta starf eigi að efla um leið og við stefnum að því að efla fræðsluskrifstofurnar eins og m.a. kemur fram í drögum að frv. til laga um breytingu á lögum um grunnskóla sem dreift hefur verið til hv. þm. í handriti.

Sú starfsemi sem hér um ræðir við fræðsluskrifstofurnar hefur færst mjög í aukana á undanförnum árum og er satt að segja nokkuð jákvæð víða. Jákvætt skref til góðrar skólaþróunar að mínu mati og ég verð var við það, hvort sem maður kemur í fræðsluskrifstofuna á Vestfjörðum eða á Austfjörðum eða á Norðurlandi eystra, svo ég nefni nokkrar, að það er mikill áhugi á þessu starfi og kennarar sækja mikið með sín

málefni til fræðsluskrifstofanna og þessara kennslugagnamiðstöðva og nota talsvert mikið af þeim gögnum sem þarna er hægt að fá. Ég er alveg sammála hv. þm. um að það er mjög mikilvægt að hlúa að þessu starfi. Og ég vænti þess að þegar þessi nefnd skilar áliti þá verði hægt að taka ákvarðanir um næstu skref.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svör hans. Ég fagna því að nú skuli vera kominn nokkur framkvæmdaskriður á málið og ég vil biðja hæstv. menntmrh. og hæstv. fjmrh., sem situr hér við hlið hans — heppnin er með mér í dag — og hefur hlustað á þetta mál, ég vil biðja þá að fylgja þessu máli vel eftir við fjárlagagerð þannig að tryggt verði að þessu grundvallaratriði, sem m.a. tryggir raunverulegt jafnrétti til náms, barna á landsbyggðinni eða í dreifbýlinu og þeirra sem búa í þéttbýli, verði nú sinnt með nokkrum myndarskap og meiri myndarskap en áður hefur verið. Þess vegna bið ég þessa tvo hæstv. ráðherra að fylgja nú tillögu nefndarinnar vel eftir og gæta þess að fjárveitingar verði myndarlegar þar sem þeirra er þörf.

Vernd barna og ungmenna, ein umr.

Fsp. GA, 485. mál. — Þskj. 872.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Í byrjun desember á þinginu 1987 flutti ég ásamt hv. þm. Danfríði Skarphéðinsdóttur frv. til laga um breytingu á lögum nr. 33/1983, um bann við ofbeldiskvikmyndum. Breytingin sem við lögðum til var gerð til að koma í veg fyrir að lögin féllu úr gildi við þau áramót og var fólgin í því að fella brott sólarlagsákvæði sem sett voru í lögin við samþykkt þeirra. Frv. okkar var samþykkt og lögin því framlengd.

Við umræður um frv. kom fram í máli hæstv. þáv. menntmrh. að skipuð hefði verið nefnd 22. apríl 1987 til að endurskoða þessi lög. Ráðherra gat þess einnig að nefndin teldi æskilegt að fella saman ákvæði um bann við ofbeldiskvikmyndum og ákvæði um skoðun kvikmynda en slík ákvæði eru nú í lögum um vernd barna og ungmenna. Þá gat ráðherra þess enn fremur að þau lög væru einnig í heildarendurskoðun. Er það vel því að löngu er tímabært að endurskoða þau lög og færa til nútímahorfs og þá til samræmis við þarfir og hagsmuni barna og ungmenna. Þjóðfélagshættir hafa mikið breyst á þeim 23 árum síðan lögin voru sett og nægir að minnast á þá miklu breytingu sem orðin er á högum fjölskyldunnar. Árið 1960 var atvinnuþátttaka giftra kvenna utan heimilis 20% en var orðin 83% árið 1985. Þessi staðreynd, auk margra annarra, kallar á aukna ábyrgð samfélagsins til verndar börnum og ungmennum.

Þann 8. des. 1988 gerði ég ásamt hv. þm. Danfríði Skarphéðinsdóttur fsp. til hæstv. menntmrh. varðandi þessi lög um ofbeldiskvikmyndir en einnig um heildarendurskoðun laga um vernd barna og ungmenna. Í svari ráðherra kom fram að nefnd hefði verið skipuð í ráðuneytinu 1987 sem hefði starfað óslitið að þessu verkefni. Hún hefði áhuga á að ljúka störfum sem fyrst en það hefði nokkuð tafist vegna þess hversu viðamikið verkefnið hefði verið, en mundi von bráðar skila tillögum til ráðuneytisins. Þetta var sem sé í desember sl.

Því hef ég nú beint fsp. til hæstv. menntmrh. um þetta mál að nýju þar sem ég tel það mikilvægt og nauðsynlegt að minna á það.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Það var 18. nóv. 1988 sem mér barst bréf frá þeirri nefnd sem endurskoðar lög um vernd barna og ungmenna og í lok bréfs nefndarinnar segir: „Nefndin hefur áhuga á að ljúka störfum sem fyrst en vegna þess hve viðamikið verkefnið er þykir ekki ráðlegt að tímasetja starfslok nánar."

Ég hafði það þó upp úr samtölum við nefndarmenn og formann nefndarinnar á þeim tíma að gera mætti ráð fyrir því að fljótlega eftir áramót væri hægt að gera ráð fyrir því að ráðuneytið fengi frv. í hendur og reiknaði ég satt að segja með því, m.a. við framlagningu lista um hugsanleg mál á vegum menntmrn. sem tekin yrðu fyrir á yfirstandandi þingi, að þetta yrði eitt þeirra mála. Því miður hefur sú verkáætlun nefndarinnar ekki staðist. Málefni þau sem hún fjallar um eru flókin og ætla ég ekki að fara yfir það frekar hér, en vegna þess hversu mál hafa dregist lagði ég þessa spurningu fyrir formann nefndarinnar: Hvenær er þess að vænta að nefndin skili áliti? Og formaður nefndarinnar svaraði mér með bréfi sem er dags. 24. apríl 1989 og er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Endurskoðun laga um vernd barna og ungmenna, nr. 53/1966, hefur nú staðið yfir í tæp tvö ár. Verkefni þetta er viðamikið, enda var tekin sú afstaða að nauðsynlegt og skynsamlegt væri að endurskoða lögin í heild. Þegar litið er til þeirra hagsmuna sem í húfi eru varðandi öryggi og velferð barna og ungmenna er ljóst hve mikilvægt er að vanda vel lagasetningu um barnavernd. Sérstaka áherslu þarf að leggja á að skilgreina réttarstöðu barna og ungmenna sem best. Gengið hefur verið út frá því að börn þurfi að njóta sérstakrar verndar vegna þess að þau eru börn. Á hinn bóginn er vandasamt að sjá fyrir með hvaða hætti réttur þeirra verði nægjanlega vel tryggður.

Nefnd sú sem skipuð var til að endurskoða lögin um vernd barna og ungmenna hefur athugað sérstaklega hvernig réttur barna og ungmenna er tryggður í öðrum löndum, einkum á Norðurlöndunum, en þar hefur farið fram endurskoðun á barnaverndarlögum á síðari árum. Þá hefur nefndin haldið fundi með ýmsum aðilum sem hafa reynslu og þekkingu á málefnum barna og ungmenna og einnig hefur hún haft samstarf við nefndir sem hafa haft með höndum

endurskoðun á lögum sem tengjast börnum og barnavernd. Endurskoðun laganna er nú á lokastigi, en fyrirhugað er að nefndin skili tillögum að lagafrumvarpi til ráðuneytisins þann 10. maí nk."

Undir bréfið skrifar Sigríður Ingvarsdóttir fyrir hönd nefndarinnar.

Ég vænti þess að þetta svari fsp. hv. þm. og greini jafnframt frá því að ég er reiðubúinn til þess að láta þessi frumvarpsdrög, þegar þau koma, ganga til þeirra þingmanna sem áhuga hafa eða sýnt hafa þessum málaflokki áhuga því að það er auðvitað nauðsynlegt að um mál af þessu tagi sé sem víðtækust samstaða hér á hv. Alþingi.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans. Ég fagna því að nú skuli kominn tími á verkalok nefndarinnar. Það er langt frá því að ég vanmeti verk hennar eða telji að verkefnið sé ekki viðamikið og auðvitað þarf að vanda alla vinnu að því. Nefndarstörf geta dregist á langinn vegna ýmissa óviðráðanlegra aðstæðna, það er skiljanlegt og eðlilegt. Ég mundi mjög gjarnan vilja fá að sjá niðurstöður þessarar nefndar eins og hæstv. ráðherra bauð upp á og fagna því að málinu skuli nú senn lokið í vinnslu nefndarinnar.

Námsefni með tilliti til jafnrar stöðu kynja, ein umr.

Fsp. KE, 489. mál. — Þskj. 878.

Fyrirspyrjandi (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegur forseti. Í jafnréttislögum frá 1985 segir í 10. gr., með leyfi forseta:

„Í skólum og öðrum mennta- og uppeldisstofnunum skal veita fræðslu um jafnréttismál. Kennslubækur og kennslutæki, sem þar eru notuð, skulu vera þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað."

Þetta er svo til samhljóða ákvæði sem var í jafnréttislögum frá 1976, þannig að þetta er búið að vera lengi í lögum, en þrátt fyrir þetta ákvæði eru skólabækur enn langt frá því að fullnægja þessu ákvæði laganna, að mínum dómi alla vega og reyndar margra fleiri vegna þess að í skólastefnu Kennarasambands Íslands sem samþykkt var á 4. fulltrúaþingi Kennarasambandsins þann 1.–4. júní 1987 stendur, þar sem talað er um jafnrétti til náms, m.a., með leyfi forseta:

„Unnið verði gegn mismunun í skólum vegna kynferðis." Og síðar segir: „Kennarasamband Íslands vill að námsefni skólanna verði endurskoðað með tilliti til jafnrar stöðu kynja og nemendur í skólum fái fræðslu um það misrétti sem konur verða enn fyrir í þjóðfélagi okkar." Þetta er samþykkt 1987 og er því alveg greinilegt að þrátt fyrir ákvæði í lögum í yfir 10 ár er ástandið ekki gott að mati kennara að því er varðar mismunun vegna kynferðis. Og það er einnig mitt mat og reyndar flestra sem nálægt þessum málum hafa komið að mjög mörgu sé ábótavant í þessum efnum.

Ég hef því leyft mér að spyrja hæstv. ráðherra um þessi mál á þskj. 878, en fsp. hljóðar svo: „Hvað líður endurskoðun námsefnis með tilliti til jafnrar stöðu kynja?" Og síðan: „Hvaða þættir hafa verið teknir til endurskoðunar að því er þetta efni varðar?" Í því efni hef ég þá ekki síst í huga hvaða atriði eru lögð til grundvallar þegar verið er að endurskoða námsefni eins og það sem hér er talað um með tilliti til jafnréttis.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Samkvæmt þeim upplýsingum sem við fengum hjá Námsgagnastofnun er talinn liðinn um áratugur frá því að tekið var að leggja áherslu á að allt nýtt námsefni tæki tillit til jafnrar stöðu kynja. Þess vegna er það auðvitað þannig að eldra námsefni er sjálfsagt meira og minna galómögulegt í þessu samhengi eins og við munum öll sem kunnum vissar setningar úr sumum bókum sem við lásum í frumbernsku.

Þessi áhersla hefur orðið æ sterkari í Námsgagnastofnun og sl. þrjú ár hefur þetta verið eitt aðalatriðið í þeim leiðbeiningum sem Námsgagnastofnun gefur út fyrir námsefnishöfunda. Í leiðbeiningabæklingi stofnunarinnar um þetta efni segir m.a.:

„Námsefni sé laust við fordóma, t.d. hvað varðar fötlun, stöðu kynjanna, stétt, búsetu, trúarbrögð og kynþætti. Bæði þarf að hafa í huga að forðast efni sem ýtir undir eða felur í sér fordóma og einnig að benda á að brjóta upp viðhorf sem ríkjandi eru og viðhalda alls kyns misrétti."

Nú er það þannig á síðari missirum, að því er mér er tjáð, að meiri hluti þess námsefnis sem Námsgagnastofnun hefur gefið út og notað er í grunnskólum er annaðhvort það nýtt að þar er tekið tillit til jafnrar stöðu kynjanna eða það hefur verið endurskoðað með tilliti til þess. Hér stendur: „meginhluti námsefnis eða meiri hluti", en hversu stór meiri hluti skal ég ekki um segja og er sjálfsagt mismunandi eftir skólum.

Um mat á námsefni til útgáfu fyrir grunnskóla hefur Námsgagnastofnun samráð við menntmrn., skólaþróunardeild, en um námsefni sem gefið er út af öðrum aðilum gilda engar sérstakar reglur og það er í raun og veru mjög erfitt mál fyrir okkur að setja neinar sérstakar reglur um einstaka þætti mála eins og þessa þegar efni er gefið út á vegum annarra aðila. Það er unnið að því núna í menntmrn. að móta viðmiðunarreglur fyrir námsefni og í drögum að þeim sem fyrir liggja er tekin sama afstaða bæði hvað varðar jafnrétti kynjanna og Námsgagnastofnun hefur að leiðarljósi. Þetta er í rauninni það eina sem við getum gert, þ.e. að setja viðmiðunarreglur sem höfundar námsefnis geta þá tekið tillit til.

Í þessu sambandi bendi ég síðan á drög að aðalnámsskrá grunnskóla sem liggja hér fyrir þinginu þar sem tekið er á jafnréttismálum með nýjum hætti. Og

ég vil reyndar upplýsa að í endanlegri gerð aðalnámsskrárinnar, sem var undirrituð 28. apríl sl. og verður dreift núna í næstu viku til skóla og skólafólks, er mjög ákveðin áhersla í þessu efni, bæði varðandi námsefni, kennslugögn og fleira í tengslum við jafnréttismálin.

Ég vil svo bæta því við að á vegum starfshóps menntmrn. er verið að vinna sérstakan bækling um jafna stöðu kynja í skólum. Hann er unninn af starfshópi sem í eru Elín G. Ólafsdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir og Sigríður Jónsdóttir. Tilgangur þessa rits er að vekja athygli kennara og annarra uppalenda á ólíkri stöðu kynjanna í skólum. Þannig reynt að framfylgja 10. gr. laganna frá 1985 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla þar sem fjallað er um hlut mennta- og uppeldisstofnana. Skólinn byggir starf sitt á meginhugmyndum um jafnrétti og jafngildi allra manna, þar með talið jafnrétti kynjanna. Markmið sem þetta nægir þó ekki til að jafna stöðu kynjanna. Ritinu er ætlað að vekja til umhugsunar og umræðu sem leitt gæti til aukins skilnings á ríkjandi viðhorfum, jafnvel fordómum til þessara mála og hvetja til úrbóta þar sem mismunun er að finna. Í ritinu eru fyrst og fremst, eins og það liggur nú fyrir, vangaveltur, fullyrðingar, spurningar og hugmyndir. Því er ekki ætlað að vera almennt upplýsingarit um stöðu kynjanna, en þar er tekið á margvíslegum málum. Tilgangurinn er sá að opna umræður, opna hugi fólks andspænis því verkefni sem hér er á ferðinni og það er í raun og veru höfuðatriði að kennarar og þeir sem stýra frekar umræðunni í skólunum eigi aðgang að ritum af þessu tagi, jafnframt því sem námsefnið þarf að vera gott. Ég vænti þess og veit reyndar að þetta kver getur komið út síðar á þessu ári. Það liggur sem sagt fyrir í handriti og ég vænti þess að það verði einhvern tíma síðar eða upp úr miðju árinu sem það kemur út. Ég taldi rétt, virðulegi forseti, að halda þessari vinnu til haga líka í tilefni af fsp. sem ég þakka fyrir.

Fyrirspyrjandi (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka ráðherra svör hans. Það var gott að fá upplýsingar um það rit sem þarna er á ferðinni. Ég tel slíkt rit geta skipt miklu máli við endurskoðun og samningu námsefnis sem tekur tillit til nútímans en ekki fortíðarinnar. Það er mjög mikilvægt að kennslubækur og námsgögn séu þannig úr garði gerð að kynjunum sé ekki mismunað og þegar verið er að tala um mismunun á kynjum verður að gefa sem raunsannasta mynd af þjóðfélaginu.

Ef við tökum vinnumarkaðinn sem dæmi hefur áherslan hingað til verið lögð á það að hafa áhrif á stúlkur til að breyta sínu vali. Ég held að það geti haft slæm áhrif ef við reynum eingöngu að hafa áhrif á konur eða stúlkur til að fara inn í hefðbundin karlastörf. Á það hefur mér fundist vera of mikil áhersla lögð varðandi jafnréttismálin. Það er alveg ljóst að núna verðum við að nota einhverjar gamlar kennslubækur þar sem fram koma þeir fordómar sem við viljum ekki hafa inni í bókunum eins og ráðherra minntist á hér áðan. En það getur samt verið í lagi að nota slíkar bækur ef kennarar benda nemendum á hvar fordómarnir eru og hvað þarna er verið að skekkja hina raunverulegu mynd. Það þarf því ekki endilega að vera af hinu illa að nota bækur sem eru með fordómum í því að stundum geta þær raunverulega verið af hinu góða til að sýna börnunum fáránleikann. Það hefur reynst mér a.m.k. mjög vel með mín börn því ég hef nú þurft að þola ýmislegt varðandi skólabækur og reyndar ekki bara skólabækur, heldur allar bækur sem börnum er boðið upp á.

Ég vona að þessi mál séu á réttri leið. Ég geri mér grein fyrir því að það er ekki hægt að skipta skyndilega um námsefni og þess vegna hef ég trú á því að þetta rit geti gert gagn sem ráðherra minntist á og verið er að gefa út með leiðbeiningum og hugleiðingum um jafnréttismál en ekki kannski endilega með „réttum" skoðunum. Það er náttúrlega ekki hægt að segja fólki hvað sé rétt, heldur benda fólki á það sem miður hefur farið og af upptalningu ráðherrans á þeim sem sæju um þetta rit líst mér mjög vel á að það muni koma að gagni.

Sigló hf., ein umr.

Fsp. JSS, 490. mál. — Þskj. 891.

Fyrirspyrjandi (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Hér á árum áður var Siglósíld lagmetisfyrirtæki í eigu ríkisins. Þetta fyrirtæki skapaði atvinnu fyrir tugi fólks og fyrirtækið stóð við sínar skuldbindingar gagnvart sveitarfélagi og þjónustuaðilum. Lengst af var kvartað undan taprekstri þessa fyrirtækis og undan því að þetta fyrirtæki væri byrði á ríkissjóði. Því lenti þetta fyrirtæki á lista yfir þau fyrirtæki sem ríkið vildi einna helst losa sig við og það þótti sjálfsagt að þetta fyrirtæki væri í einkaeign og má kannski renna mörgum stoðum undir þá skoðun.

Siglósíld var sem sagt seld eða öllu heldur, eins og að var staðið, rétt á silfurbakka til einkaaðila. Fyrirtækið var ekki auglýst heldur var fyrirtækið selt í lokuðum samningum og þrátt fyrir mikinn áhuga heimamanna á Siglufirði fékk enginn þeirra heimamanna að kaupa hlut í fyrirtækinu nema hann væri annaðhvort bæjarfulltrúi Sjálfstfl. eða í stjórn þess flokksfélags. A.m.k. varð það niðurstaðan. Því er spurt:

Hvernig hafa þessir menn staðið sig gagnvart þessum kaupum? Hvað hefur Sigló hf., sem var kaupandi fyrirtækisins, greitt af kaupverði lagmetisiðjunnar Siglósíldar frá kaupdegi til dagsins í dag?

Samkeppni er mjög hörð á meðal rækjuverksmiðja en þegar meira kapp en forsjá ræður þar ferð getur ekki annað en farið illa. Þegar verksmiðjur taka að sér að greiða olíu, vistir og veiðarfæri fyrir báta til að fá þá í viðskipti og greiða síðan 50% ofan á auglýst rækjuverð til að tryggja sér hráefni þarf ekki að undra

að kostnaðarreikningar springi og ýmsir þjónustuaðilar og sveitarfélag fái ekki greidda sína reikninga.

Það fyrirtæki sem áður var rekið á ríkisstyrkjum sem ríkisfyrirtæki var svo seinna sem Sigló hf. rekið á kostnað sveitarfélags og þjónustuaðila. Nú er fyrirtækið gjaldþrota. Gjaldþrotaupphæðin er tæplega 300 millj. kr., þar af um 140 millj. kr. veðskuldir. Þar er ríkið í 14. sæti veðkröfuhafa. Ríkið hefur haft þetta fyrirtæki í uppboðsmeðferð í á annað ár og aldrei gengið til ákveðinna aðgerða í þeim málum, en hrapað alltaf niður um veðsæti eftir því sem mér skilst. Tæplega 100 millj. kr. skulda eru í eigu þjónustuaðila og einkaaðila á Siglufirði og það er mjög stór biti fyrir ekki stærra bæjarfélag að bera.

Þetta fyrirtæki var ekki fyrr lýst gjaldþrota en þau undur og stórmerki gerast að fyrri eigendur rísa upp úr öskunni, dusta af sér rykið og láta sem ekkert hafi í skorist. Skipt er um nafn og kennitölu, en annars er allt óbreytt.

Þetta er ekki einsdæmi í íslensku efnahagslífi í dag að menn hlaupi frá sínum skuldum, stofni ný fyrirtæki og skilji ríki og bæ, lífeyrissjóði og þjónustuaðila eftir með tiltölulega eignalaus þrotabú sem greiðslu fyrir veitta vinnu og þjónustu. Þetta er því miður, eins og einn góður maður sagði á sínum tíma, löglegt en siðlaust. Því er spurt:

„*Hefur fjmrn. í hyggju að gera ráðstafanir til að* koma í veg fyrir að aðilar að gjaldþroti reki fyrirtækið áfram undir nýju merki og komist þannig hjá greiðslu allra skuldbindinga til stórskaða fyrir skuldareigendur?“

Virðulegi forseti. Nú er ljóst að mikill áhugi er meðal heimamanna og það á mjög breiðum grundvelli að fá að yfirtaka þetta fyrirtæki til að skapa festu í atvinnulífi Siglufjarðar og til að tryggja áframhald vinnslunnar, ekki bara í sjö mánuði, eins og leigusamningur við þá gjaldþrotamenn segir til um, heldur um alla framtíð. Það er algjör óhæfa að skiptaráðandi skuli láta gjaldþrotamenn ganga fyrir um leigu á þessu fyrirtæki. Skiptaráðandi á að vera hagsmunaaðili skuldareigenda, en við þá virðist ekki hafa verið haft samráð á nokkurn hátt. Því er spurt:

„Var haft samband við fjmrn. sem einn stærsta kröfuhafa í þrotabú Sigló hf. varðandi leigu á eignum þrotabúsins til Sigluness hf.?“ Og einnig: „Til hvaða ráðstafana hefur fjmrn. gripið til að gæta hagsmuna ríkisins í þessu tilviki?“

Ég vil fara fram á, ef Sigló hf. hefur ekki staðið við kaupsamning, t.d. varðandi greiðslur á lagmetisiðju o.fl., að ríkið leysi fyrirtækið til sín og selji það hinu nýstofnaða fyrirtæki heimamanna, Sunnu hf.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að málefni Siglósíldar eru skóladæmi um það hvernig Sjálfstfl. gaf flokksgæðingum sínum ríkisfyrirtæki í nafni einkavæðingar og greiddi síðan fyrir því að þeir gátu haldið starfseminni áfram án þess að greiða krónu í ríkissjóð fyrir fyrirtækið. Mér fyndist þess vegna við hæfi, virðulegi forseti, að óska eftir því að hv. 1. þm. Suðurl. Þorsteinn Pálsson, formaður Sjálfstfl. og fyrrv. fjmrh., væri viðstaddur þessa umræðu hér og fagna því að á síðustu mínútum hafa þó nokkrir þm. Sjálfstfl. gengið í salinn vegna þess að ég hélt kannski að það væri með vitund og vilja að þeir væru fjarverandi þegar þessari spurningu væri svarað. Vil ég því spyrja virðulegan forseta hvort hv. þm. Þorsteinn Pálsson sé í húsinu. Það væri æskilegt að hann væri viðstaddur þessa umræðu. (**Forseti:** Hv. 1. þm. Suðurl. er í húsinu og það er þegar búið að gera ráðstafanir til þess að biðja hann að koma í salinn.) Ég fagna því að það hefur verið ákveðið að tryggja að hv. þm. Þorsteinn Pálsson verði viðstaddur og er leitt að fyrrv. þm. Albert Guðmundsson, þáv. fjmrh. Sjálfstfl., skuli vera farinn af þingi vegna þess að það hefði verið við hæfi að hann hefði einnig verið viðstaddur til þess að taka þátt í því og kannski útskýra hvers vegna Sjálfstfl. í nafni einkavæðingar gaf flokksgæðingum sínum ríkisfyrirtæki og lét þá komast upp með að greiða ekkert fyrir það. Það er ekkert mál sem afhjúpar eins vel innihaldið í einkavæðingarstefnu Sjálfstfl. og saga Siglósíldar.

Ég skal svara á þeim stutta tíma sem ég hef þeim spurningum sem til mín hefur verið beint. Fyrsta spurningin var um hvort hefði verið haft samband við fjmrn. varðandi leigu á eignum þrotabúsins til Sigluness hf. Svarið er nei, það var ekki gert. Það er sérstaklega alvarlegt vegna þess að vikum saman höfðu þessir svokölluðu eigendur fyrirtækisins reynt að fá sams konar fyrirgreiðslu í fjmrn. og þeir fengu hjá flokksbræðrum sínum, hæstv. þáv. fjmrh. Albert Guðmundssyni og formanni Sjálfstfl., Þorsteini Pálssyni. Það er vissulega ánægjulegt að bæði varaformaður og formaður Sjálfstfl., helstu postular einkavæðingarinnar, skuli nú vera gengnir í salinn til þess að vera viðstaddir þegar því er lýst hvernig einkavæðingarstefnan hefur í reynd leitt til flokkspólitískrar spillingar á þann veg að ráðamenn Sjálfstfl. í stóli fjmrh. selja flokksgæðingum sínum einkafyrirtæki að nafninu til en gefa þau í reynd.

Önnur spurningin var: „Hvað hefur Sigló hf. greitt af kaupverði lagmetisiðjunnar Siglósíldar frá kaupdegi til dagsins í dag?“ Það er kjarni málsins. Svarið er þetta: Við kaup Sigló hf. á eignum lagmetisiðjunnar Siglósíldar greiddi Sigló hf. andvirði eignanna með skuldabréfi að fjárhæð 18 millj. kr. Skuldabréfið átti að greiða á árunum 1986–1993, í fyrsta sinn 1. maí 1986. Útgáfudagur bréfsins var 2. júlí 1984. Þann 15. okt. 1985 gerðu forráðamenn Sigló hf. og þáv. fjmrh. Albert Guðmundsson með sér samkomulag um að öllum kröfum á hendur Sigló hf. sem voru hjá ríkisféhirði yrði breytt í 15 ára lán sem verði afborgunarlaust fyrstu fimm árin. Gjalddagar verða á árunum 1991 til ársins 2001, í fyrsta sinn 1. nóv. 1991. Á fyrsta gjalddaga vaxta fékk Sigló hf. að greiða vextina með skuldabréfi með gjalddögum á árunum 1985 og 1986. Fjárhæð bréfsins nam 848.240 kr. Þetta skuldabréf var fellt inn í hið nýja bréf samkvæmt ofangreindu samkomulagi. Enn fremur var vöxtunum af

þessu skuldabréfi auk vaxta upphaflega bréfsins í eitt ár bætt við skuldabréfið samkvæmt sama samkomulagi. Hið nýja skuldabréf var gefið út 20. febr. 1986 og nam tæplega 31 millj. kr. Það fór í vanskil strax á fyrsta gjalddaga vaxta 1. nóv. 1986. Sigló hf. greiddi nokkuð af vöxtunum eftir að margnefnt skuldabréf hafði verið falið lögmanni til innheimtu. Þá greiddi Sigló hf. vextina með útgáfu víxla. Það sem ógreitt er af þeim er til innheimtu hjá lögmanni. Með vísan til þessa sem greint er frá hér að ofan hefur Sigló hf. greitt eitthvað af vöxtunum en engar afborganir hafa fallið í gjalddaga.

Varðandi seinni spurningarnar þá hefur ríkisféhirðir falið lögmanni að lýsa umræddri kröfu í þrotabú Siglósíldar hf. Varðandi síðustu spurninguna er það venja við gjaldþrot að skiptaráðandi taki við þrotabúum og ráðstafar þeim til bráðabirgða og ræður bústjóra. Það var ekki á valdi fjmrn. því miður að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir tilteknar aðgerðir skiptaráðanda eða bústjóra. Á fyrsta skiptafundi búsins mun fjmrh. hins vegar koma athugasemdum sínum á framfæri en slíkt verður ákveðið á næstunni. Mér finnst þó rétt að árétta að stjórnendum og eigendum fyrirtækisins var fullkomlega ljóst að fjmrn. ætlaði ekki að veita þeim áfram sams konar ívilnanir og gert hafði verið á fyrri tíð. Þeir urðu að standa við sínar skuldbindingar og það er kannski þess vegna sem þeir gripu til þessa ráðs sem hér hefur verið lýst af fyrirspyrjanda og ég tel að sé mjög gagnrýnisvert athæfi.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. 31. gr. þingskapa hljóðar svo:

„Vilji alþingismaður óska upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni eða einstakt atriði þess gerir hann það með fyrirspurn í sameinuðu þingi er afhent sé forseta. Fyrirspurn skal vera skýr, um afmörkuð atriði eða mál sem ráðherra ber ábyrgð á og sé við það miðað að hægt sé að svara henni í stuttu máli. Alþingismaður segir til um það hvort hann óskar skriflegs eða munnlegs svars. Stutt greinargerð má fylgja fyrirspurn."

4. liður þeirrar fyrirspurnar sem hér er til umræðu hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hefur fjármálaráðuneytið í hyggju að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að aðilar að gjaldþroti reki fyrirtækið áfram undir nýju merki og komist þannig hjá greiðslu allra skuldbindinga til stórskaða fyrir skuldareigendur?"

Eins og fram kom í ræðu hæstv. fjmrh. heyrir sú ákvörðun, að veita tilteknum aðilum heimild til rekstrar fyrirtækisins undir nýju merki, ekki undir fjmrh. heldur undir skiptastjóra í þrotabúi. Í öðru lagi er hér um fullyrðingu að ræða sem ekki á heima í fyrirspurn þar sem fullyrt er að sú ákvörðun hafi orðið til stórskaða fyrir skuldareigendur. Þessi fyrirspurn er því rangt fram borin og hefði hæstv. forseti átt að vísa 4. lið þessarar fyrirspurnar frá.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. sagði hér vera skólabókardæmi um það hvernig sjálfstæðismenn færu að því að selja flokksgæðingum sínum eignir ríkisins og láta þá komast upp með það að borga ekkert fyrir. Hér var ekki verið að selja flokksgæðingum Sjálfstfl. einvörðungu, þó að þarna ættu sjálfstæðismenn hlut að máli. Það eru einnig menn annarra flokka sem keyptu þetta fyrirtæki og hefði hæstv. fjmrh. átt að kynna sér hvað hann var að tala um áður en hann lét þessi orð falla.

Ég hlýt að rifja það upp að á meðan þetta fyrirtæki var í eigu ríkisins var tap á rekstri þess ár frá ári að jafnaði svo mikið að það samsvaraði öllum vinnulaunum sem greidd voru af hálfu fyrirtækisins og ríkissjóður þurfti að standa straum af þeim greiðslum ár frá ári. Það var sannarlega tilraun til þess að bæta úr í rekstri þessa fyrirtækis að selja það einstaklingum sem því miður fór á annan veg en til var stofnað. Það fór á annan veg en til var stofnað m.a. vegna þess að hæstv. sjútvrh., Halldór Ásgrímsson, kom í veg fyrir það að fyrirtækið fengi greiddar að hluta innstæður sínar sem það á í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins og eru nálægt 50 millj. kr. Það var því sérstakt eftirlætismál einstakra manna úr núv. og fyrrv. ríkisstjórn að koma þessu fyrirtæki á höfuðið. Glaðhlakkalegur tónn hæstv. fjmrh. sannar að hann ber litla umhyggju fyrir atvinnurekstri á þessum stað og þeim mönnum sem þarna eiga hlut að máli. Mig grunar að fyrirspyrjanda sé líkt í hug miðað við þær spurningar sem hér liggja fyrir, sbr. athugasemd hv. 2. þm. Norðurl. e. sem var algerlega réttmæt því að sleggjudómar í fyrirspurnum til ráðherra eiga ekki rétt á sér á hinu háa Alþingi.

Ég vil svo ítreka það að meðferð þessa máls er vitaskuld á valdi skiptaráðanda og þrotabúið er nú til meðferðar hjá skiptabústjóra. Það er því ekki á hendi annarra aðila að fást við meðferð þessa máls. Þetta hefði fyrirspyrjandi átt að vita og geta gert sér grein fyrir.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Áður en lengra er haldið vill forseti benda á að oft er það svo að fyrirspurnir á hinu háa Alþingi koma við málefni fleiri en eins ráðuneytis. Venjan er sú að ráðherrar beri sig þá saman um svar þannig að ég tel með öllu óréttmætt að þessi fyrirspurn hafi ekki átt rétt á sér jafnvel þó að henni væri beint til fjmrh.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Eins og ég vakti athygli á í fyrirspurnatíma fyrr í vetur er það auðséð ef maður skoðar það og veltir fyrir sér hverjir hafa fengið rækjuvinnsluleyfi á undanförnum árum að það er ekki ráðherra frá Norðurlandi sem hefur veitt þau rækjuvinnsluleyfi heldur þingmaður Austfirðinga. Það er auðvitað laukrétt að það óhóf sem verið hefur í veitingu rækjuvinnsluleyfa hefur kippt fótunum undan rekstri þeirra rækjuvinnslustöðva sem fyrir voru í landinu, þar á meðal Siglósíldar. Þegar samn-

ingurinn um sölu á Siglósíld var gerður voru allar ástæður til þess að ætla að reksturinn gæti staðið undir sér. Það hefði hann og gert ef hæstv. sjútvrh. hefði sýnt varkárni, aðhald og gætni í sambandi við veitingu rækjuvinnsluleyfa og hagað sér í samræmi við lög um nýtingu sjávarafla og veitingu veiðileyfa. Ég vísa því hrakyrðum hæstv. fjmrh. heim til föðurhúsanna þaðan sem hann er upprunninn, í fæðingarsveit hans, framsóknarsveitina.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Þannig hagar til í þingsköpum varðandi fyrirspurnir að umræðutími er takmarkaður. Það er ekki ætlast til þess að þingmenn sem ekki eru fyrirspyrjendur taki þátt í umræðum nema þá til þess að gera örstutta athugasemd.

Hæstv. fjmrh. leyfir sér hins vegar að notfæra sér aðstöðu sína þegar þingsköp eru með þessum hætti til þess að vega hér á grófan hátt að ákveðnum þingmönnum og fjarstöddum mönnum sem eru aðilar að fyrirtæki sem ríkið hefur átt viðskipti við og gengur jafnvel svo langt að kalla áhrifamenn í Framsfl. flokksgæðinga Sjálfstfl. Hér er um svo fádæma vinnubrögð að ræða af hálfu hæstv. fjmrh. að nota fyrirspurnatíma með þessum hætti að því verður að mótmæla mjög eindregið. Það er nauðsynlegt í framhaldi af þessu að taka þetta mál til ítarlegrar umræðu hér á hinu háa Alþingi áður en kemur til þinglausna. Hæstv. fjmrh. hefur varpað fram svo grófum athugasemdum og svo grófum ásökunum á forvera sína í embætti og embættismenn fjmrn. að það er útilokað annað en á hinu háa Alþingi fari fram mjög ítarleg umræða um þetta mál allt saman áður en þinglausnir verða í vor og það verði tekinn nægur tími til þeirrar umræðu.

Það er óhjákvæmilegt annað en Ríkisendurskoðun verði nú beðin um að gera um þetta mál skýrslu hið snarasta og hún verði lögð fram hér á Alþingi í næstu viku og málið tekið til ítarlegrar umræðu. Jafnframt verður að mótmæla því að hæstv. fjmrh. notfærir sér þann aðstöðumun sem er í fyrirspurnatíma þar sem ráðherrar hafa verulegan rétt umfram almenna þm. til þess að koma með grófar ásakanir á forvera sína í stað þess að svara fyrirspurnum hispurslaust og í samræmi við efni sitt.

Þetta er nauðsynlegt að komi hér fram þegar við þessa umræðu en ég vænti þess, frú forseti, að það verði gefinn nægur tími í næstu viku á fundum í sameinuðu þingi til þess að ræða þetta mál ofan í kjölinn og fá skýrslu Ríkisendurskoðunar um þetta mál frá upphafi er fyrirtækið var selt og þar til í dag. Ég fullyrði að ekkert er athugavert við sölu fyrirtækisins og ég fullyrði að frá þeim tíma að fyrirtækið var selt hafi fjmrn. gætt hagsmuna ríkissjóðs í hvívetna.

Fyrirspyrjandi (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir mjög greinargóð svör. Það sem hér liggur fyrir er skólabókardæmi um það hvernig einkavæðing forklúðrast alveg gersamlega. Þetta fyrirtæki var selt á sínum tíma sem ríkisfyrirtæki vegna þess að það var í stöðugum taprekstri og ríkið þurfti að veita stöðuga styrki til að reksturinn mætti ganga. Nú hefur ríkið aftur og aftur þurft að fresta því að taka inn greiðslur vegna þessara kaupa. Það er ekki bara ríkið sem hefur rekið fyrirtækið áfram heldur þjónustuaðilar, sveitarstjórn og ýmsir aðilar á Siglufirði sem þurfa að bera yfir 100 millj. kr. vegna reksturs þessa fyrirtækis. Það kemur þar að auki. Meðan fyrirtækið var ríkisrekið á sínum tíma stóð fyrirtækið í skilum við alla þessa aðila og veitti tugum manna á Siglufirði örugga atvinnu. Nú er úti um það.

Það fór mikil hneykslunaralda um allt þjóðfélagið þegar þannig stóð á að ekki höfðu liðið nema tveir tímar frá því að fyrirtækið var lýst gjaldþrota þar til sömu aðilar höfðu sett upp nýtt flagg, nýtt merki, nýja kennitölu, en að öðru leyti allt hið sama og ætla sér að reka fyrirtækið áfram. Eftir standa skuldir við heimamenn yfir 100 millj. kr. og fyrirtækið sjálft er komið í gjaldþrot með skuldir upp undir 300 millj. kr. Inneign í Verðjöfnunarsjóði upp á 60 millj. kr. bætir þar engu um og þetta fyrirtæki hefur ekki fengið aðra meðferð í Verðjöfnunarsjóði en önnur fyrirtæki svipaðs eðlis um allt land.

Ég vil því þakka hæstv. fjmrh. mjög rækilega og vel fyrir greinargóð svör.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það er greinilegt að þetta dæmi um einkavæðingu Sjálfstfl. er viðkvæmt hjá formanni Sjálfstfl., Þorsteini Pálssyni. Ég fagna því að Ríkisendurskoðun verði fengin til að fletta ofan af flokkspólitískri spillingu Sjálfstfl. varðandi þetta mál. Ég fagna því ef formaður Sjálfstfl. vill beita sér fyrir því að á Alþingi verði ítarlega rætt um afskipti Sjálfstfl. af þessu máli. Það væri vissulega tilefni til þess að lýsa því rækilega hvernig flokkur, sem taldi sig vera að framkvæma eitthvað sem hét einkavæðing, notaði pólitíska aðstöðu sína til þess að hygla einstaklingum og gefa þeim eignir ríkisins. Ætlar sér svo nú að gefa það til kynna að það hafi í reynd átt að gefa þeim fyrirtækið í annað sinn. Ég vil því láta það koma alveg skýrt fram að ég tek eindregið undir það að veittur verði ítarlegur tími til þess að fara ofan í þessa sögu og að Ríkisendurskoðun verði fengin til þess að gefa ítarlega skýrslu um feril þessa máls, sérstaklega hvernig ráðamenn Sjálfstfl. hafa beitt valdi sínu til að greiða fyrir því að þeir sem fengu ríkisfyrirtæki gefins þurfi ekki að greiða neitt fyrir það. Það er tími til kominn að þjóðin fái að vita það hvernig þeir sem bjóða sig fram til þess að stjórna eignum þjóðarinnar nota það vald til þess að hygla flokkspólitískum gæðingum sínum eins og Sjálfstfl. hefur löngum beitt aðstöðu sinni í ríkiskerfinu og bankakerfinu til þess að byggja upp flokkspólitíska fyrirgreiðslu. Ferill Siglósíldar er mjög gott dæmi um það og við skulum vissulega gefa okkur tíma á Alþingi til þess að rekja hina spilltu sögu Sjálfstfl. í þessu máli.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég vil fyrst harma þær dylgjur sem komu fram hjá hv. fyrirspyrjanda og biðja hann um að kanna það, sem hann ætti vel að vita, að sumir af eigendum fyrirtækisins eru a.m.k. yfirlýstir flokksmenn annarra flokka. Vil ég þar t.d. minna á fyrrv. bæjarstjóra á Ísafirði sem búsettur er í Kópavogi sem er einn af aðilum þessa fyrirtækis. Dylgjur hans og ég leyfi mér að segja lygi, nota það orð hérna, virðulegur forseti, ætti hann því að spara sér í þessari umræðu jafnvel þótt hann sé einn af þeim gæðingum sem telja sig græða á þessu máli þar sem hann kemur frá Siglufirði. Ætti hann kannski frekar að snúa sér að því að reyna að gera eitthvað til bóta fyrir þann stað sem hann hefur verið búsettur á eða var á sínum tíma.

Í öðru lagi vil ég segja það að þegar húsið sem Siglósíld var í var selt þurfti að kosta verulega mikið upp á þetta hús og finnst mér að það ætti kannski að fylgja með í umræðunni hvað kaupendurnir fóru illa út úr þeim kaupum. Ég minni á það og mér er vel kunnugt um það sem fyrrv. fjárveitinganefndarmanni að þegar fyrirtækið var í ríkiseigu voru það meira en heildarlaun fyrirtækisins sem ríkið lét með fyrirtækinu af fjárlögum og stundum komu aukafjárveitingar til viðbótar. Þetta veit ég að hv. þm. Geir Gunnarsson getur staðfest hvenær sem er.

Þá vil ég jafnframt segja frá því og hérna hefur komið fram að það er auðvitað skiptaráðandi sem sér um gjaldþrota bú, skiptaráðandi og fulltrúar þrotabúsins eru einmitt lánardrottnar fyrirtækisins. Ég fagna því að hæstv. ráðherra ætlar að sjá til þess og ég treysti því að þegar í næstu viku liggi fyrir skýrsla. Málið sé tekið upp til umræðu þannig að allir þm. hafi jafnan aðgang í umræðunni en ekki eins og nú er þegar ráðherra hefur margfaldan tíma á við aðra þm. Ég lít svo á að yfirlýsingar hans séu þess efnis að hann ætli að sjá til þess að í næstu viku liggi fyrir skýrsla til umræðu þar sem farið verður ofan í þetta mál og ég vildi fúslega að til viðbótar kæmu aðrar sölur, eins og t.d. sala Landssmiðjunnar, því að hann nefndi sérstaklega einkavæðingu Sjálfstfl. Ég hlakka til þeirra umræðna þannig að hægt verði að fletta ofan af dylgjum og ófyrirleitni hæstv. ráðherra í þessu máli.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Ég vil aðeins taka það fram að það er nauðsynlegt þegar sú umræða, sem hæstv. fjmrh. hefur nú fallist á að verði hér í næstu viku, fer fram að jafnhliða verði rætt um allar ákvarðanir hans um skuldbreytingar gagnvart einstökum aðilum og einstökum fyrirtækjum nákvæmlega í þeirri umræðu.

Í annan stað vil ég óska eftir því að hæstv. dómsmrh. svari þeirri fyrirspurn hvort skiptaráðandi hafi nú eftir að þetta fyrirtæki varð gjaldþrota brotið gegn gildandi lögum um þær ákvarðanir sem hann tók eða hvort ákvarðanir hans hafi verið óeðlilegar með einhverjum öðrum hætti.

Ég vil jafnframt óska eftir því að hæstv. dómsmrh. svari því hvort skiptaráðandinn hafi verið að taka ákvarðanir á flokkspólitískum grundvelli þegar niðurstöður voru fengnar af hans hálfu. Það er óhjákvæmilegt að fá það upplýst í þessari umræðu af hálfu hæstv. dómsmrh. hvort embættismenn hans hafi framið athafnir sem flokka megi undir flokkspólitískar ívilnanir eins og hæstv. fjmrh. og hv. fyrirspyrjandi hafa verið að gera skóna í umræðunni. Ég vænti þess að hæstv. dómsmrh. svari þessari fyrirspurn.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Sem svar við þessari fyrirspurn verð ég að taka það fram að ég hef ekki kynnt mér þetta mál sérstaklega. Skiptaráðandi í þessu tilviki hefur hins vegar fulla tiltrú mína og dómsmrn. og ég hef enga trú á því að hann hafi framkvæmt neitt af því sem hv. þm. sagði. Það hefur ekkert komið fram hjá dómsmrn. sem bendir til þess en ég skal verða við þeirri beiðni að kynna mér þetta mál sérstaklega. Ég vil endurtaka það að þessi skiptaráðandi hefur fulla tiltrú ráðuneytisins og ég hef enga trú á því að hann geri neitt af því sem hv. þm. spurði um.

Fyrirspyrjandi (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Ég vil halda hv. 2. þm. Reykv., sem viðhafði nokkuð stór orð í minn garð hér áðan, það til góða að hann var ekki viðstaddur umræðuna hér áðan og gat því ekki heyrt hverju ég hélt fram. Einhver hefur mistúlkað orð mín í hans eyru. Það sem ég sagði og ég skal gjarnan segja það aftur. (**Forseti:** Má ég biðja hv. þingheim að hafa hemil á sér á meðan ræðumaður lýkur sér af.) (**FrS:** Hver er hv. 2. þm. Reykv.?) Mér skilst að það sé hv. — 1. þm. Reykv., fyrirgefðu. (**FrS:** Þú verður að fara rétt með í þínum ræðum.) Ég biðst afsökunar á þessu. Ég held að það hafi ekki verið nokkur vafi við hvern ég átti en ég skal gjarnan leiðrétta þetta, þetta var hv. 1. þm. Reykv. Friðrik Sophusson, varaformaður Sjálfstfl.

Það sem ég sagði hér áðan um þátttöku sjálfstæðismanna í eign þessa fyrirtækis var eftirfarandi. Heimamenn vildu fá að kaupa fyrirtækið hér um daginn. Þeir fengu ekki tækifæri til þess vegna þess að fyrirtækið var leigt einungis tveimur tímum eftir að það var lýst gjaldþrota. Þegar lagmetisiðjan Siglósíld var seld á sínum tíma vildu heimamenn einnig kaupa það fyrirtæki. Þeir vildu stofna almenningshlutafélag sem margir vel hugsandi og fram á við hugsandi menn í Sjálfstfl. hafa m.a. lagt grundvöllinn að og á ég þar við fyrrv. þm. úr Norðurl. v. Það virðist sem svo að þessir ágætu aðilar á Siglufirði hafi ekki fengið tækifæri til að kaupa þetta fyrirtæki ásamt þeim heimamönnum sem fengu loks að kaupa þar hlut í. Það kom a.m.k. þannig út að það voru einungis bæjarfulltrúar Sjálfstfl. eða þeir sem sátu í stjórn þess flokksfélags á staðnum. Það er nú staðreynd málsins. Að auki voru síðan eignaraðilar sem ekki voru heimamenn.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ég vil benda hv. þm. á að ég hef líklega verið of rýmileg hér með að leyfa athugasemdir. Hér segir í 31. gr. þingskapalaga:

„Hvor um sig, fyrirspyrjandi og ráðherra, má ekki

tala oftar en tvisvar, fyrirspyrjandi eigi lengur en tvær mínútur og ráðherra eigi lengur en fimm mínútur í senn. Öðrum þingmönnum er heimilt að gera stutta athugasemd." Þ.e. eina athugasemd.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Það er alveg hárrétt lesið úr þingsköpum og mjög eðlilegt að það sé þannig að hv. forseti telji tíma til kominn. Það er nefnilega þannig að hæstv. fjmrh. fór langt út fyrir það sem eðlilegt má teljast þegar hann svaraði þessari fsp. og notfærði sér það í þessari umræðu að hafa mun lengri tíma en aðrir þingmenn. — Ég segi aðrir þingmenn þótt hæstv. ráðherra sé ekki þingmaður. Hann er þingmannsígildi þótt Reyknesingar hafi hafnað honum í síðustu kosningum. — Þetta varð til þess, virðulegur forseti, að menn hlutu að koma hér upp og verja hendur sínar á þeim örskamma tíma sem þeir hafa til þess að koma með örstutta athugasemd. Því hér var farið með dylgjur, eins og reyndar kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda nú þegar hann leiðrétti sín ummæli og reyndi að draga í land og ég er þakklátur honum fyrir það að hafa séð að sér í þeim efnum.

Það liggur fyrir í þessari umræðu að hæstv. ráðherra hefur boðist til þess að fara fram á það við Ríkisendurskoðun að það liggi fyrir skýrsla um þetta mál í næstu viku og hann sé tilbúinn til þess þá að taka þátt í umræðum í ótakmarkaðan tíma. Nú er það svo að jafnvel þótt hæstv. ráðherra sé mjög voldugur og stjórni ríkisstjórn þessa lands, með fullri virðingu fyrir hæstv. forsrh. sem er það að nafninu til, er það nú svo að Ríkisendurskoðun heyrir undir Alþingi Íslendinga. Þess vegna er það nauðsynlegt, virðulegur forseti, og þá kem ég að efni málsins sem ég ætla að spyrja virðulegan forseta um: Ætlar virðulegur forseti sem yfirmaður þessarar stofnunar og þar með æðsti yfirmaður Ríkisendurskoðunar að sjá til þess að í næstu viku verði farið að beiðni hæstv. fjmrh. um að skýrsla liggi fyrir hjá Ríkisendurskoðun og að tekinn verði sá tími til umræðna um þetta mál sem hæstv. fjmrh. hefur hafið hér með þeim hætti sem við höfum orðið vitni að hér í dag? Þetta er fyrirspurn til hæstv. forseta og varðar þingsköp að sjálfsögðu.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseta er ljúft og skylt að sjá svo til að skýrsla verði lögð fram og umræða um hana fari fram áður en þingi lýkur.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Virðulegi forseti. Þar sem ætlunin er að átta sig á því hagræði sem ríkið hefur haft af sölu eigna til aðila úti í þjóðfélaginu þykir mér rétt að beina þeirri ósk til forseta að samhliða því sem sú athugun fari fram sem hér er óskað eftir verði kannað hver ávinningur ríkisins hafi orðið af sölu eftirtalinna eigna: hlutabréfa í Iðnaðarbankanum, hlutabréfa í Flugleiðum og hlutabréfa í Fjárfestingarfélagi Íslands sem Framkvæmdasjóður var látinn selja.

Mér þykir eðlilegt til að fá meiri breidd í umræðurnar og þar með meira öryggi í niðurstöðuna að þetta komi einnig til umræðu. (**FrS:** Og Landssmiðjan.)

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég verð að lýsa yfir vonbrigðum mínum með að menn skuli gera sér það að pólitísku máli og velta sér upp úr því þegar fyrirtæki verður gjaldþrota. Detti einhverjum til hugar að menn leiki sér að því að ganga í gegnum gjaldþrot, svo skelfilegt sem það hlýtur að vera fyrir viðkomandi aðila, finnst mér það lýsa miklu frekar innræti viðkomandi sem hefur slíka hugsun. Ég verð að lýsa yfir ógeði mínu á þessum hugsunarhætti.

Þetta mál hlýtur auðvitað að vera hluti af þessu stóra vandamáli sjávarútvegs yfirleitt. Hver á að fylgjast með rekstri fyrirtækja? Eiga fyrirtæki að vera í gjörgæslu hjá ríkinu? Það eru bankar sem eiga að fylgjast með rekstri fyrirtækjanna. Ef einhver álítur það viljaverk að leika sér að því að setja fyrirtæki á hausinn vil ég ítreka að það lýsir miklu um innræti þess sem þannig hugsar.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég hlýt að vekja á því athygli að það var hæstv. fjmrh. sem með yfirlýsingum sínum, dylgjum og aðdróttunum hleypti af stað þeirri umræðu sem hér hefur átt sér stað og rúmast ekki innan þessa dagskrárliðs. Það er ekki hægt að þegja við slíkum aðdróttunum sem hann lét sér um munn fara án þess að við því sé brugðist á einhvern hátt.

Ég vil svo ekki misnota þennan ræðutíma en aðeins lýsa því og vekja á því athygli að yfirlýsing hæstv. dómsmrh. hér áðan gerði aðdróttanir og yfirlýsingar hæstv. fjmrh. að engu. Hann stendur þannig hér uppi í þessum umræðum með það eitt að hafa farið með fleipur.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það stoðar lítt fyrir forustu Sjálfstfl. í þessari umræðu að reyna að rugla saman annars vegar því sem fjármálaráðherrar Sjálfstfl. gerðu í sinni tíð, og ég gagnrýndi ræki lega hér og kallaði því rétta nafni að gefa ríkisfyrirtæki í nafni einkavæðingar, og svo hins vegar þeim ákvörðunum sem skiptaráðandi tók fyrir nokkrum vikum síðan. Það eru tvö ólík mál og þjónar engu fyrir þingmenn Sjálfstfl. að reyna að rugla því saman. Ég hef engar sakir borið á skiptaráðanda í þessari umræðu, en hef hins vegar lýst þeirri skoðun minni að framkvæmd einkavæðingarstefnunnar hjá ráðherrum Sjálfstfl. hafi verið fólgið í því að gefa flokksgæðingum ríkisfyrirtæki.

Ég vil hins vegar segja það fyrst minnst er á ákvarðanir skiptaráðanda að ég hefði talið eðlilegra áður en ákvörðun var tekin um að leigja fyrirtækið sömu aðilum að ræða við embættismenn fjmrn. um samskipti þeirra við fyrrverandi eigendur og þá sem nú fara með fyrirtækið, en það er annað mál.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég geri ráð fyrir að fyrirspyrjandi hafi átt við mig þegar hann nefndi fyrrv. þm. Norðurl. v. og áhuga minn á almenningshlutafélögum og aðstoð við heimamenn til þess að koma atvinnulífinu á traustan grundvöll þar sem það var mjög veikt fyrir. Við gerðum það allir þáv. þingmenn og ég held að þeir hljóti að gera það enn. Af eðlilegum ástæðum hef ég lítil afskipti haft af þessu síðustu tvö árin, en vissulega hafði ég það áður.

Ég lýsi það ósatt með öllu að eitthvað hafi verið óeðlilegt við það að ríkið seldi þessa eign. Húsið var raunar hálfónýtt og það sáu menn ekki fyrr en byrjað var að rífa. Það var meira að segja rottuétið og músétið, til skammar og ekki reksturshæft. Það er líka rétt að tap fyrirtækisins í eigu ríkisins var oftast ef ekki alltaf langt umfram öll laun. Það hefði verið ódýrara að senda fólkinu launin heim. Við vorum að því allir þingmennirnir að reyna að hjálpa við að byggja upp atvinnulíf á Siglufirði eins og öðrum stöðum í kjördæminu. Enginn okkar skammast sín fyrir það. Það er okkar skylda að reyna að gæta atvinnuveganna.

Þeir sem hér hafa talað, bæði hv. þm. Jón Sæmundur Sigurjónsson og hæstv. fjmrh., ættu að líta sér nær. Af hverju eru atvinnufyrirtækin á hausnum nema vegna þeirra stjórnarstefnu og aðgerða? Var það ekki í fréttum í dag að Kaupfélag Eyfirðinga, sem lengi hefur verið talið eitt af sterkustu fyrirtækjum landsins, væri með tap upp á einn fjórða úr milljarði.? Hvar er atvinnulífið statt í höndum þessara manna? Og hvað ætla þeir að gera til að bæta það? Hvað hafa þeir gert? Þeir ættu að líta sér nær. Við fáum þessa umræðu seinna og ég ætla svo sannarlega að taka þátt í henni.

Um þingsköp.

Þingvíti, tilhögun þingfundar.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Frá því að ég kvaddi mér hljóðs um þingsköp fyrir viku síðan hefur forseti beðist afsökunar á fundarstjórn sinni. Ég tel forseta mann að meiri fyrir vikið, en þetta hefur hins vegar orðið til þess að ég hef farið að grufla eilítið í þingsköpunum og mig langar til að vitna af því tilefni sem hér er orðið í 68. gr. þingskapa vegna þeirra brigslyrða og aðdróttana sem fram hafa komið af hálfu fjmrh. í garð einstakra þingmanna hér inni. Greinin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ef þingmaður talar óvirðulega um forseta Íslands eða ber þingið eða ráðherra eða einhvern þingmann brigslyrðum eða víkur með öllu frá umtalsefninu þá skal forseti kalla til hans: „Þetta er vítavert“, og nefna þau ummæli sem hann vítir.“

Hér hefur auðvitað skapast, virðulegi forseti, fullkomið tilefni til þingvítis á þingmannsígildið Ólaf Ragnar Grímsson, hæstv. fjmrh., sem hér hefur farið með algjörlega ósæmilegum hætti með aðdróttanir í garð einstakra þingmanna, farið með því út fyrir umræðuefnið í fyrirspurnatíma, þegar hann á að vera að svara fyrirspurnum, og snúið efninu upp í ásakanir, aðdróttanir og brigslyrði í garð annarra þingmanna. Þetta er með öllu óviðunandi og væri nú rétt, þótt seint sé, að forseti vítti hæstv. fjmrh. fyrir þessi ummæli.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Nú hefur það komið í ljós, þrátt fyrir það sem áður hafði verið tilkynnt, að þingflokksformenn óska ekki nauðsynlega eftir hléi til þingflokksfunda, en með tilliti til þess hversu dagskrá hefur farið fram úr áætluðum tíma hyggst forseti slíta þessum fundi að lokinni þeirri umræðu sem hér hefur verið um beðið, setja strax á eftir annan fund til að afgreiða fjáraukalög úr 2. umr. en taka síðan öll önnur mál af dagskrá og setja nýjan fund að loknu 10 mínútna hlé svo að hv. þm. fái að hvíla sig ögn eftir þennan langa fund.

Ólafur G. Einarsson:

Hæstv. forseti. Ég var ekki í hópi þeirra þingflokksformanna sem óskuðu eftir fundarhléi til þingflokksfunda. Nú hefur það hins vegar gerst og ekki í fyrsta skipti að hæstv. fjmrh. hefur hagað orðum sínum þannig að það er ekki til að liðka fyrir þingstörfum. Það er ekki í fyrsta skiptið, eins og ég segi, sem hæstv. fjmrh. hagar sér þannig og alveg sérstaklega á það við þegar dregur að þinglausnum. Þetta hefur orðið mér tilefni til þess að ég óska eftir meira en 10 mínútna fundarhléi. Við munum koma saman til þingflokksfundar, þingflokkur sjálfstæðismanna, og ég óska þess vegna eftir lengra hléi en 10 mínútum. Það er alveg lágmark að fá hálftíma fundarhlé.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti verður að sjálfsögðu við því að veitt verði hálftíma fundarhlé, en ég vil biðja hv. þm. að sýna þá lipurð að vera hér í salnum í upphafi þess fundar sem verður settur að þessum fundi loknum.

SAMEINAÐ ÞING

69. fundur, föstudaginn 5. maí,
að loknum 68. fundi.

Fjáraukalög 1981–1986, 3. umr.

Stjfrv., 143. mál. — Þskj. 150.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1058).

Fjáraukalög 1979, 3. umr.

Stjfrv., 160. mál. — Þskj. 976.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1059).

Fjáraukalög 1987, frh. 2. umr.

Stjfrv., 291. mál. — Þskj. 523, n. 947.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Svo er ástatt með þetta mál að þegar það skyldi koma til atkvæðagreiðslu að lokinni 2. umr. hér sl. föstudag hreyfðu nokkrir hv. þm. andmælum við formi þess, enda er þetta frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1987 ítarlegra og með nokkuð öðru sniði en fjáraukalög hafa verið fram að þessu. Forseti frestaði því atkvæðagreiðslunni og hefur látið kanna málið.

Niðurstaðan af því er sú að fjvn. hefur nú flutt brtt. á þskj. 1036, sem útbýtt var í dag, þar sem komið er til móts við athugasemdir hv. þm. En þar sem við erum nú stödd í atkvæðagreiðslu um þetta frv. og umræðum um það er lokið er ekki ráðrúm til að taka á dagskrá brtt. hér við 2. umr. Forseti mun því nú bera upp frv. eins og það liggur fyrir á þskj. 523 og taka síðan brtt. fjvn. til afgreiðslu við 3. umr. Frv. er ekki greinaskipt og verður því borið upp í einu lagi nema óskir berist um annað.

Frvgr. samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 36 shlj. atkv.

SAMEINAÐ ÞING

70. fundur, föstudaginn 5. maí,
að loknum 69. fundi.

Fjáraukalög 1987, 3. umr.

Stjfrv., 291. mál. — Þskj. 523, brtt. 1036.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu brtt. — Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv.

Frsm. fjvn. (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Það kom fram við umræðu um þetta mál hér í Sþ. áður að ákveðinn formgalli væri á frv. eins og það hefur verið sett upp. Það mál hefur nú verið skoðað og reynst rétt vera, að ekki væri alveg rétt frá frv. til fjáraukalaga gengið eins og það var lagt fyrir Alþingi. Á þskj. 1036 flytur fjvn. því brtt. við frv. sem gerir það að verkum að uppsetning þess og afgreiðsla yrði með hefðbundnum hætti og þeim atriðum, sem bent var á hér í umræðum um málið fyrr, yrði breytt. Þarna er sem sé aðeins um að ræða formbreytingu til þess að afgreiðslan fari fram með hefðbundnum hætti.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1036 samþ. með 36 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1060).

Íslenskunámskeið fyrir almenning, síðari umr.

Þáltill. JúlS o.fl., 145. mál. — Þskj. 152, n. 961, brtt. 965.

Frsm. félmn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. félmn. um till. til þál. um íslenskunámskeið fyrir almenning. Nál. er svohljóðandi:

„Nefndin hefur rætt málið á mörgum fundum og sent það til umsagnar. Svör bárust frá Íslenskri málnefnd og framkvæmdastjóra Fræðsluvarps. Auk þess lá fyrir í nefndinni umsögn frá Íslenskri málnefnd vegna sama máls á síðasta þingi.

Til viðræðu um málið komu á fund nefndarinnar Guðmundur Kristmundsson, starfsmaður málræktarátaks menntmrn., dr. Kristján Árnason, formaður Íslenskrar málnefndar, og Sigrún Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Fræðsluvarps.

Fram kom hjá þessum aðilum að víða gerir vart við sig áhugi á ræktun íslensks máls og hlutur fjölmiðla skiptir miklu um verndun og þróun tungunnar. Mikilsvert er að sem best tengsl verði milli þeirra sem vinna að því að auka áhuga á málrækt. Fyrrgreindir viðmælendur nefndarinnar lýstu sig reiðubúna til samráðs við sjónvarpsstöðvar ef eftir yrði leitað vegna þáttagerðar um íslenskt mál.

Nefndin telur að reynslan af þáttum um íslenskt mál í hljóðvarpi hvetji til þess að upp verði teknir stuttir þættir um íslenskt mál í sjónvarpi á góðum stað í dagskrá. Eðlilegt er að menntmrh. leiti eftir slíku við sjónvarpsstöðvarnar með hliðsjón af því málræktarátaki sem hann hefur beitt sér fyrir. Hins vegar er það undir áhuga og ákvörðunum sjónvarpsstöðvanna komið hvort og hvernig að slíkum þáttum er staðið. Óbeinn stuðningur og fagleg ráðgjöf frá Íslenskri málnefnd og Fræðsluvarpi ætti hins vegar að auðvelda gerð slíkra þátta og vandaðan undirbúning.

Með vísan til þessa leggur nefndin til að þáltill. verði samþykkt með breytingum sem fram koma á sérstöku þingskjali."

Þetta er gert 27. apríl sl. og undirritað af öllum fulltrúum í félmn.

Á þskj. 965 er brtt. nefndarinnar við þáltill. Þar er lagt til að tillgr. orðist þannig:

„Alþingi ályktar að fela menntmrh. að leita eftir því við sjónvarpsstöðvarnar að þær flytji reglulega þætti um íslenskt mál og hafi um gerð þeirra samráð við Íslenska málnefnd og Fræðsluvarp."

Í öðru lagi er lagt til að fyrirsögn till. verði: Till. til þál. um þætti um íslenskt mál í sjónvarpi.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. félmn. fyrir þá vinnu sem hún hefur lagt í þetta mál og raunar fyrir nál. sem hér hefur verið kynnt. Ég vil jafnframt lýsa fylgi mínu við brtt. nefndarinnar á þskj. 965 sem og breytta fyrirsögn á málinu. Ég vænti þess að Sþ. samþykki brtt. eins og hún liggur fyrir og vonast til þess að samþykkt hennar verði til að auka efni skólanna jafnframt á þessum vettvangi, þessum þýðingarmikla vettvangi um það að stuðla að málrækt svo sem best verður á kosið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 965,1 (ný tillgr.) samþ. með 33 shlj. atkv.

Brtt. 965,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 35 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1061) með fyrirsögninni:

Þál. um þætti um íslenskt mál í sjónvarpi.

Tónmenntakennsla í grunnskólum, síðari umr.

Þáltill. ÞÞ o.fl., 273. mál. — Þskj. 490, n. 962, brtt. 963.

Frsm. félmn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Á þskj. 962 er að finna nál. um till. til þál. um tónmenntakennslu í grunnskólum frá félmn. Nál. er svohljóðandi:

„Nefndin hefur fjallað um tillöguna á mörgum fundum og sendi hana til umsagnar. Svör bárust frá eftirtöldum: Félagi tónlistarkennara, fræðslustjóra Austurlandsumdæmis, fræðslustjóra Reykjanesumdæmis, fræðslustjóra Vesturlandsumdæmis, námsstjóra í tónmennt (menntamálaráðuneyti), Samtökum tónlistarskóla, skólastjóra Hafralækjarskóla í Aðaldal og Tónlistarskólanum í Reykjavík. Margar þessara umsagna eru ítarlegar og í þeim öllum er tekið jákvætt undir efni tillögunnar.

Nefndin mælir með því að tillagan verði samþykkt með breytingu sem flutt er á sérstöku þingskjali."

Þessa brtt. er að finna á þskj. 963. Þar er lagt til að tillgr. orðist þannig:

„Alþingi ályktar að fela menntmrh. að skipa nefnd til að athuga og koma með tillögur að samvinnu og samþættingu tónmenntakennslu í grunnskólum og tónlistarskólum landsins, með það fyrir augum

að efla og auka tónmenntakennslu í grunnskólum,

að koma á samvinnu milli grunnskóla og tónlistarskóla,

að athuga hvernig best verði staðið að menntun kennara á þessu sviði,

að það nám í tónlist, sem nemendur stunda utan lögboðins grunnskólanáms, geti í auknum mæli flust inn í húsnæði grunnskólanna,

að samnýta húsnæði og kennara til að draga úr kostnaði og gera tónlistarnám aðgengilegra fyrir nemendur.

Nefndin ljúki störfum fyrir árslok 1989."

Að þessari afgreiðslu málsins standa allir fulltrúar í félmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 963 (ný tillgr.) samþ. með 33 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1062).

Aðstoð við leigjendur, síðari umr.

Þáltill. AðB o.fl., 178. mál. — Þskj. 196, n. 964.

Frsm. félmn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. fyrir liggur á þskj. 964 nál. félmn. um till. til þál. um aðstoð við leigjendur.

„Nefndin hefur fjallað um tillöguna og sendi hana til umsagnar. Svör bárust frá Alþýðusambandi Íslands, Húseigendafélaginu og ríkisskattstjóra. Alþýðusambandið tekur undir hugmynd flm., Húseigendafélagið telur efni tillögunnar ekki almennt varða hag félagsmanna sinna og ríkisskattstjóri, Garðar Valdimarsson, segir í umsögn sinni m.a. eftirfarandi:

„Varðandi þá athugasemd í grg. með tillögunni, að hingað til hafi ekkert verið gert af hálfu ríkisvaldsins til að létta byrðar leigjenda, er rétt að benda á 3. tölul. E-liðs 1. mgr. 30. gr. tekjuskattslaga sem í gildi var frá 1982 til 1988. Samkvæmt nefndum tölulið var helmingur greiddrar húsaleigu vegna leigu á íbúðarhúsnæði frádráttarbær hjá leigjanda. Við álagningu á árinu 1987, sem var síðasta árið sem frádrátturinn gat nýst í raun, nam frádrátturinn 90.626.000 kr. hjá 1546 gjaldendum.

Þar sem hér er um að ræða þáltill. um að fela ríkisstjórninni að meta út frá lagatæknilegum sjónarmiðum hvora leiðina eigi að fara til að aðstoða leigjendur tel ég ekki rétt á þessu stigi að fjalla nánar um þau sjónarmið."

Þar sem hér er um að ræða mál er snertir hag margra og breyting varð á þegar sett voru lög um staðgreiðslu skatta telur nefndin rétt að stjórnvöld kanni með hvaða hætti best verði komið við aðstoð við leigjendur. Með vísan til þessa leggur nefndin til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Þetta er undirritað af fulltrúum í félmn.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að hv. félmn. skyldi afgreiða þetta mál, en ég vonast svo sannarlega eftir því að þetta mál fái jákvæða umsögn hjá ríkisstjórninni og hún leggi fram breytingu við lögin um tekjuskatt á næsta þingi. Með vísan til þess rökstuðnings sem fram kom hjá formanni nefndarinnar, þá get ég tekið undir það að rétt sé að vísa þessu til ríkisstjórnarinnar þar sem um mjög flókin lagatæknisk atriði er að ræða. Ég fagna einnig þeim áhuga sem nefndarmenn hafa á þessu máli og þeirri nauðsyn sem í nál. kemur fram.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. á þskj. 964 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 35 shlj. atkv.

Búminjasafn á Hvanneyri, síðari umr.

Þáltill. IBA o.fl., 99. mál. — Þskj. 102, n. 1016.

Frsm. félmn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Á þskj. 1016 er að finna nál. um till. til þál. um stofnun búminjasafns á Hvanneyri frá félmn. Nál. er svohljóðandi:

„Nefndin hefur fjallað um málið og sendi það til umsagnar. Svör bárust frá eftirtöldum: Búnaðarfélagi Íslands, Byggðasafni Akraness og nærsveita, Félagi íslenskra safnamanna, skólastjóra Bændaskólans á Hvanneyri og þjóðminjaverði. Umsögn Byggðasafns Akraness og nærsveita fylgdi ítarleg greinargerð dr. Bjarna Guðleifssonar um búminjasafn á Hvanneyri.

Umsagnaraðilar taka vel undir þetta mál og hvetja til að stofnað verði safn á þeim grunni sem vísir er að á Hvanneyri.

Þjóðminjavörður telur að heitið „búvélasafn“ nái betur yfir þann stofn muna sem fyrir er og að erfitt sé að koma upp yfirgripsmiklu og alhliða búminjasafni „þar sem allar eldri búminjar, áhöld, verkfæri og ílát fást ekki lengur að neinu marki“. „Mér þykir rétt“, segir þjóðminjavörður, „að mæla með fyrrgreindri þáltill., enda verði safnið einkum bundið við búvélar og hin stærri tæki frá vélaöld.“ Síðan telur hann upp ýmis atriði er málið varða, ekki síst að uppbygging slíks safns sé kostnaðarsöm, bæði varðandi stofnkostnað og rekstur. Telur hann að ekki ætti að fara lengra með málið nema tryggt sé að safninu verði búin viðunandi fjárhagsleg skilyrði.

Félag íslenskra safnamanna „telur þó eðlilegt að slíkt safn falli undir það heildarskipulag safnamála sem gert er ráð fyrir í frumvarpi til þjóðminjalaga sem nú liggur fyrir Alþingi“.

Í svipaðan streng tekur forstöðumaður Byggðasafns Akraness og nærsveita um leið og hann fagnar tillögunni. „Sjálfgefið er að vísa þessu máli til væntanlegs þjóðminjaráðs eða þeirrar yfirstjórnar minjavörslunnar í landinu sem komið verður á fót verði umrætt frumvarp að lögum ... Á þessu stigi málsins sýnist því naumast þörf á frekari umræðu um þetta tiltekna mál. Mælt er sérstaklega með samþykkt þáltill. sem viljayfirlýsingar þingsins um að stofnað verði með formlegum hætti búminjasafn á Hvanneyri sem hluti af samræmdri heildarstefnu um uppbyggingu Þjóðminjasafns Íslands.“

Skólastjóri Bændaskólans á Hvanneyri segir m.a. í umsögn sinni:

„Þó skal á það bent til áréttingar að Búminjasafn á Hvanneyri hefði mikla þýðingu fyrir kennslu í véla- og verkfærafræði auk þess sem það hefur almennt gildi sem safn og fellur vel að starfsemi skólans og að starfsemi bútæknideildar Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.“

Nefndin minnir á að á yfirstandandi þingi kom fram frumvarp til laga um búminjasafn á Hvanneyri, en ekki eru líkur á að það nái fram að ganga. Hins vegar er líklegt að samþykkt verði ný þjóðminjalög með margvíslegum nýmælum, m.a. að því er varðar skiptingu landsins í minjasvæði og samræmda yfirstjórn minjavörslunnar í höndum þjóðminjaráðs.

Nefndin tekur undir þau sjónarmið flutningsmanna tillögunnar og umsagnaraðila að rétt sé að ganga formlega frá stofnun safns á þeim grunni sem vísir er að á Hvanneyri. Slíkt safn þarf að falla að heildarstefnu í safnamálum Vesturlands og á landinu öllu á grundvelli nýrra þjóðminjalaga. Því leggur nefndin til að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar og væntanlegs þjóðminjaráðs.“

Að þessu áliti standa allir fulltrúar í félmn.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Áður en lengra er haldið vill forseti upplýsa að kl. 4 hefur verið leyft að hér fari fram umræða utan dagskrár skv. fyrri málsl. 32. gr. laga um þingsköp, svonefnd hálftíma umræða, að beiðni hv. 2. þm. Reykv. sem hefur óskað eftir að ræða ástandið í framhaldsskólunum með tilliti til kjaradeilu HÍK.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það liggur fyrir Alþingi frv. til l. um búminjasafn á Hvanneyri og það er í menntmn. að sjálfsögðu og í menntmn. Nd. Formaður menntmn. lagði til að því yrði vísað til Fjárlaga- og hagsýslustofnunar til að fá þaðan útreikninga og óskað var eftir að það gerðist nokkuð skjótt. Mér þykir dálítið merkilegt þegar það kemur hér fram og er lesið upp að litlar líkur séu á að það mál fáist samþykkt og vildi óska eftir því að frummælandi fyrir þessari tilvísun á þáltill. að mæla með að hún verði látin fara til ríkisstjórnarinnar gerði grein fyrir því hvaðan þær fréttir eru komnar að það liggi fyrir að litlar líkur séu á að hitt verði samþykkt því að auðvitað er dálítið hlálegt ef við samþykkjum fyrst að vísa þáltill. til ríkisstjórnarinnar og samþykkjum svo lagafrv. í ofanálag. Eðlilegra hefði verið, af því að þessir aðilar, hv. 2. þm. Austurl. og hv. 4. þm. Norðurl. v., eru báðir í sama stjórnmálaflokki og talast trúlega oft við,

að þeir gættu þess samræmis í tillöguflutningi hér að sú niðurstaða yrði ekki í þessu máli að fyrst yrði þáltill. afgreidd á þann hátt að vísa henni til ríkisstjórnarinnar um þetta mál og svo yrði samþykkt lagafrv. um að gera þetta að lögum.

Ég tel málið sáraeinfalt og ekkert því til fyrirstöðu að samþykkja það frv. sem liggur fyrir í menntmn. Nd. og satt best að segja sýnist mér ríkisstjórnin hafa ansi margt við sinn tíma að gera þó að við verðum ekki að etja henni á það verk að semja frv. til l. um þetta efni. Ég tel þess vegna ekki rétt að þessum málatilbúnaði staðið.

Frsm. félmn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Vegna orða hv. 2. þm. Vestf. vil ég geta þess að það sem fram kemur í nál. er þar sett á blað eftir upplýsingum frá fulltrúum sem í nefndinni sátu og eru einnig í menntmn. Ég bar það ekki með formlegum hætti undir formann menntmn. Nd. hvort líkur væru á samþykkt þessa frv. Ég hefði kannski átt að inna eftir því sérstaklega. En þetta er sem sagt lagt til miðað við þær upplýsingar sem fyrir lágu og ég taldi ekki ástæðu til að vefengja. En sé það svo að þetta mál sé enn á dagskrá og hugsanlega til afgreiðslu í Nd. trúi ég, sérstakt frv. um stofnun búminjasafns á Hvanneyri, er hægurinn hjá að geyma atkvæðagreiðslu um þessa þáltill. og athuga málið nánar. Ég hef út af fyrir sig ekkert á móti því og læt það í vald forseta með hvaða hætti að því verður staðið.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég vil leyfa mér að þakka félmn. fyrir þessa afgreiðslu. Þó að ég sé vissulega ekki fyllilega sammála henni geri ég mér grein fyrir því að nefndin var í nokkuð erfiðri aðstöðu þannig að við betri eða meiri árangri var e.t.v. ekki að búast. Ég ítreka hins vegar við ríkisstjórnina að hún fari að vilja nefndarinnar, sem er ótvíræður, um að slíku safni verði komið á fót.

Um það sem hv. 2. þm. Vestf. Ólafur Þ. Þórðarson sagði, þá er búið að samþykkja á þinginu þjóðminjalög. Þar inni er tekið á þessum safnamálum. Þar af leiðandi þarf ekki að samþykkja sérstakt frv. fyrir búminjasafn á Hvanneyri. Það eina sem þarf er viljayfirlýsing þingsins og ekkert annað. Það frv. sem hins vegar var flutt í kapphlaupi við þáltill. okkar var ekkert annað en frumhlaup.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Aðeins örstutt athugasemd vegna þeirrar umræðu sem hér hefur orðið um þetta mál. Ég vil benda á það, sem reyndar hv. síðasti ræðumaður gerði, að þjóðminjalögin sem hafa verið afgreidd frá Nd. til Ed. gera ráð fyrir að stofnuð séu slík sérsöfn sem hér um ræðir, tæknisöfn af ýmsu tagi. Það þarf því ekki að setja um þau sérstök lög heldur er nóg að setja um þau stofnskrá. Ég vildi aðeins að þetta kæmi fram.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Hæstv. forseti. Það er rétt að Nd. hefur samþykkt frv. til þjóðminjalaga. Ed. hefur ekki enn afgreitt það mál mér vitanlega þannig að ekki er um það að ræða að það frv. sé orðið að lögum og ástæðulaust á þeirri stundu að tala á þann veg að það sé óeðlilegt að menn flytji frv. til l. sem brjóti í bága við þjóðminjalögin.

Ég get vel fellt mig við þá hugmynd, sem hér kom fram hjá hv. 2. þm. Austurl., að atkvæðagreiðslu um þetta mál verði frestað í Sþ. þar til séð verður hvort menntmn. Nd. afgreiðir það frv. sem þar er. Auðvitað er það atriði sem nefnt var, að ekki þurfi lög, það sé nóg að þessi viljayfirlýsing komi fram, rétt ef þjóðminjalögin verða að lögum sem ég reyndar vona. En það breytir ekki þeirri staðreynd að safnið yrði sjálfstæðara ef sérstök lög verða um það sett.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti sér ekki ástæðu til að stöðva eða fresta afgreiðslu þessa máls. Hér er um tvö mál að ræða sem legið hafa fyrir þinginu í allan vetur. Ég tel að þingmenn hafi gert upp við sig hvorn kostinn þeir kjósa með því að þessi afgreiðsla hefur nú farið fram í hv. félmn. svo að ég legg til að þetta mál hljóti eðlilega afgreiðslu hér í Sþ.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil að það liggi ljóst fyrir, þó vald forseta sé mikið, að þingið gerir ekki upp hug sinn í málum fyrr en við atkvæðagreiðslu í þinginu og væri vel ef hæstv. forseti gerði sér grein fyrir því. Hitt er aftur á móti fátítt ef forseti tekur ekki tillit til þess þegar flm. að nál. leggur fram málamiðlun í máli héðan úr ræðustól og telur að hann sé ekki umboðsmaður fyrir nefndina til að leggja fram slíka málamiðlun. Það eru út af fyrir sig sérstæð vinnubrögð hjá forseta og mér finnst þau lýsa mikilli fljótfærni og litlum skilningi á störfum þingsins.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Hv. 2. þm. Austurl. sagði fyrir nokkrum mínútum að hann legði það í vald forseta hvort þessu máli yrði frestað eða ekki. Forseti sér enga ástæðu til að fresta því og hefur kveðið upp sinn úrskurð um það.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. á þskj. 1016 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 33:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EKJ, FrS, GeirG, FI, GuðnÁ, GA, HÁ, HG, KolbJ, IBA, JE, JóhS, JHelg, JK, JSS, KP, KrP, KE, KH, MB, MálmS, ÓE, ÞSk, SP, SkA, SvG, VS, ÞP, ÁrnG, BÍG, DS, EG, GHelg.

nei: ÓÞÞ.

HBl, PJ, BB, EH greiddu ekki atkvæði.

25 þm. (VI, GHH, GuðmÁ, GB, GHG, JBH, JónS, JúlS, KSG, KJóh, MF, MÁM, ÓÞG, PP, RA, SalÞ, SighB, StG, SV, StH, SJS, ÞP, ÞK, AðB, AS, EgJ) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Þar sem ekki er þörf að vinna það verk, sem búið er að vinna, að semja þetta frv. og með afgreiðslu þessarar þáltill. á þennan veg er fyrst og fremst verið að tefja að það verði sett lög um þetta safn á Hvanneyri, þá segi ég nei.

Umræður utan dagskrár.

Ástandið í framhaldsskólunum.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Nú hefst umræða utan dagskrár sem mun standa næsta hálftímann eða þar til klukkuna vantar 20 mínútur í fimm. Hv. 2. þm. Reykv. hefur óskað eftir hálftíma umræðu um ástandið í framhaldsskólum landsins vegna kjaradeilu ríkisins og Hins íslenska kennarafélags. Umræðan fer fram skv. 1. málsl. 32. gr. þingskapa og hefur málshefjandi 3 mínútur og aðrir eigi lengur en 2 mínútur eins og segir í lögum um þingsköp.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja að verkfall kennara hefur nú staðið í fjórar vikur, við getum sagt nánast 4½ viku því að helgi er fram undan. Það er afar erfitt ástand hjá þúsundum ungmenna sem eru í framhaldsskólunum, mikil hætta á því að dýrmætt námsár í ævi þessa unga fólks fari forgörðum ef ekki verður að gert. Auðvitað vonast allir til að þetta verkfall leysist og ég ætla ekki að gera launadeiluna efnislega að umræðuefni heldur það ástand sem skapast hefur í framhaldsskólunum vegna hennar.

Forráðamenn framhaldsskólanna og reyndar fulltrúar nemenda hafa tjáð sig í fjölmiðlum undanfarna daga. Ég ætla að leyfa mér að vitna af handahófi í ummæli nokkurra slíkra.

Þannig segir rektor Menntaskólans í Reykjavík, Guðni Guðmundsson, í Morgunblaðinu 3. maí að dragist lausn verkfalls kennara í HÍK fram yfir næstu helgi verði illviðráðanlegt að ljúka skólastarfi vetrarins og dragist verkfall lengur en til þriðjudags verði miklum vandkvæðum bundið að prófa og útskrifa stúdenta.

Sama kemur fram hjá skólameistara Menntaskólans á Laugarvatni í DV þann 3. maí. Hann segir: „Ef verkfallið leysist í þessari viku tel ég að mögulegt sé að ljúka stúdentsprófum fyrir mánaðamótin, en við þolum ekki að missa marga daga úr þessu ef það á að takast."

Skólameistari Menntaskólans á Akureyri tekur í sama streng og segir í DV 3. maí, með leyfi forseta: „„Ég reyni bara að hugsa sem minnst", segir Jóhann, er hann var spurður hvernig málin vegna kennaraverkfallsins horfðu við honum þessa daga. „Ástandið er orðið svo yfirþyrmandi að maður sér ekki fram úr því."„

Nemendur hafa líka látið þetta mál til sín taka og lýst áhyggjum sínum yfir því hvernig fara muni nú á þessum vetri.

Vandamálið er tvíþætt. Það er annars vegar stúdentspróf eða önnur lokapróf frá framhaldsskólunum og svo færsla nemenda á milli bekkja. Raunar má bæta þriðja þættinum við, inntöku nýrra nemenda úr grunnskólum í framhaldsskóla. Þetta er orðin óþolandi óvissa og þess vegna er nauðsynlegt að taka þetta mál að mínu mati hér til umræðu á hv. Alþingi.

Ég vil áður en ég ber fram hinar ákveðnu spurningar til hæstv. menntmrh. segja sem mína skoðun að mér finnst að ýmsar yfirlýsingar hæstv. ráðherra, bæði hæstv. fjmrh. og hæstv. menntmrh., hafi ekki verið líklegar til að stuðla að lausn þessarar deilu. Þetta er viðkvæm deila. Tilfinningar í þessari deilu hafa risið hátt, en yfirlýsingar þessara hæstv. ráðherra hafa frekar að mínu mati orðið til þess að ýfa þessar deilur en lægja þær. Það hafa líka komið fram misvísandi yfirlýsingar hæstv. menntmrh. og fjmrh. í þessum málum, einkum á fundum með kennurum og nemendum sem sagt hefur verið frá í fjölmiðlum. En ég vil leyfa mér að beina eftirfarandi spurningum til hæstv. menntmrh.:

1. Hvaða leiðir koma til greina varðandi útskrift stúdenta og annarra lokaprófsnemenda á þessu vori í framhaldsskólum og hvaða ákvarðanir hyggst menntmrh. taka í þeim efnum?
2. Hvaða ákvarðanir verða teknar um tilflutning nemenda milli bekkja í framhaldsskólum?
3. Hvað hefur menntmrh. gert til að stuðla að lausn verkfalls kennara og er ágreiningur milli menntmrh. og fjmrh. um lausn deilunnar?

Þessum spurningum vænti ég að hæstv. menntmrh. svari.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka málshefjanda, hv. 2. þm. Reykv., fyrir að hefja þessa umræðu því það er orðið fyllilega tímabært að stjórnvöld fari að svara þeim þúsundum ungmenna sem nú bíða þess að fá vitneskju um hvernig yfirvöld menntamála ætla að standa að lokum þessa skólaárs og það gildir ekki bara um framhaldsskólann heldur er líka mikið vandræðaástand víða í grunnskólum að ekki sé talað um skóla úti á landi þar sem hluti nemendanna hefur orðið að hverfa heim.

Það öngþveiti og sú upplausn og það hættuástand sem hefur skapast hjá mörgum stofnunum ríkisins undanfarnar vikur er algerlega óviðunandi og það er algerlega á ábyrgð stjórnvalda og þau ein geta leyst úr því.

En varðandi deilu kennara vil ég enn einu sinni minna á þær skýrslur sem unnar hafa verið frá 1985, þrjár að tölu. Allir sem að þeim hafa unnið, sem eru fulltrúar fjmrn., menntmrn. og kennara, eru sammála um niðurstöðurnar og því hlýtur það að vekja furðu og kannski tilefni til spurninga þar sem ég sé að

hæstv. fjmrh. er hér í salnum: Hvernig í ósköpunum dettur honum í hug að bjóða enn eina nefnd samkvæmt því tilboði sem fram kom á samningafundi sl. nótt? Heldur hann virkilega að kennarar fari enn einu sinni inn í skólana á skriflegum loforðum á bréfsefni fjmrn.?

Það er til lítils að tala um stórkostlega skólaþróun og þróun í skóla- og menntamálum án þess að um leið sé gert ráð fyrir að stórbæta kjör kennara. Í stjórnarsáttmála núv. ríkisstjórnar og flestra fyrri standa mörg falleg orð um gildi menntunar fyrir framtíðarlífskjör þjóðarinnar. En hvergi birtist þó hin eiginlega menntastefna betur en í launastefnunni og það virðist gilda sama um þær ríkisstjórnir sem setið hafa hér undanfarin ár að störfin eru stórlega vanmetin og þess vegna er það ástand upp komið sem raun ber vitni.

Þau 15 þúsund ungmenni sem eru á framhaldsskólastigi og öll hin sem eru á grunnskólastigi eiga kröfu á því að stjórnvöld svari hvernig þessu skólaári lýkur. Þetta ástand er hvorki hægt að bjóða nemendum, foreldrum þeirra eða kennurum. Mig langar til að koma inn á eitt atriði sem varðar nemendur úti á landsbyggðinni. Þannig háttar til að þeir halda sjálfir uppi launakostnaði í mötuneytum sínum, en hafa nú orðið að hverfa heim. Þeir hafa haldið uppi starfsfólki á launum núna í heilan mánuð. Vil ég í því sambandi beina spurningu til hæstv. fjmrh. hvort til standi að ríkissjóður hjálpi þeim eitthvað að bera þær byrðar og þann skaða sem þeir bera þess vegna.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Það er ekki undarlegt þó að menn vilji ræða þessi mál, ástandið í skólunum, hér á hv. Alþingi. Satt að segja kemur það mér ekki á óvart þó að menn skuli kveðja til slíkrar umræðu og þó fyrr hefði verið. Staðreyndin er sú að hér er um að ræða mjög alvarlega deilu sem eðlilegt er að alþingismenn hafi áhyggjur af og ræði sín á milli.

Ég vil fyrst víkja að spurningum hv. þm. Birgis Ísl. Gunnarssonar. Hann spurði: Hvaða leiðir koma til greina þegar verkfallið leysist? Og svarið er ósköp einfaldlega þetta: Það verður farið í viðræður við skólastjóra, kennara og nemendur framhaldsskólanna um skólalokin í vor þegar verkfallið leysist. Það verður leitað allra leiða til þess að ljúka skólanum í vor með eðlilegum hætti. Það væri bæði óskynsamlegt og rangt af menntmrh. við núverandi aðstæður að skrifa það upp af sinni hálfu hvernig þetta ætti nákvæmlega að gerast. Þetta er mismunandi eftir skólunum. Skólarnir eða nemendur þeirra hafa í raun og veru tafist mismunandi mikið þannig að það væri beinlínis fráleitt að menntmrn. færi á þessu stigi málsins að gefa út eina allsherjarformúlu um það hvernig á þessum málum ætti að taka. En ég endurtek það sem ég hef sagt opinberlega áður. Við munum auðvitað þegar deilan leysist fara í viðræður við kennara, skólameistara og útskriftarnemendur framhaldsskólanna sérstaklega um lok skólaársins 1988–1989. Þetta á einnig við varðandi tilflutning á milli bekkja.

Hvað hefur verið gert til þess að stuðla að lausn þessa máls af hálfu menntmrn.? Það er auðvitað svo fjöldamargt. Við höfum aftur og aftur tekið á þessum málum á þeim vettvangi þar sem við eigum að taka málið upp. Ég t.d. í ríkisstjórninni hvað eftir annað. Við höfum farið yfir málin mjög rækilega þar og reyndar víðar. Það liggur hins vegar í hlutarins eðli, og það skilja allir sem þekkja til samsteypuríkisstjórna og samstarfs í ríkisstjórnum, að sá þrýstingur sem settur er á mál af hálfu einstakra ráðherra verður ekki rakinn t.d. við aðstæður eins og þær sem við upplifum nú.

Varðandi hvort það er samstaða milli mín og hæstv. fjmrh. um þessi mál, þá er því til að svara: Ég hef mínar skyldur númer eitt við mennta- og skólakerfið í landinu og ég held þeim rækilega til haga. (Forseti hringir.)

Þetta er auðvitað alveg útilokað, hæstv. forseti. Hér hefur ráðherra 5 mínútur til að svara eins og í venjulegum fyrirspurnatíma. (**Forseti:** Samkvæmt 32. gr. hefur ráðherra ekki tíma eins og í venjulegum fyrirspurnatíma.) Mér þykir það afar leitt að fá ekki að ræða smástund lengur við suma þingmenn Sjálfstfl. sem eru að garga hérna fram í. Ég gæti talað mikið lengur. (**Forseti:** Forseti vill benda á að forseti hefur ekki ákveðið þetta. Þetta er samkvæmt þingsköpum og honum ber að fara eftir þeim eins og kostur er og var þess vegna að gera hæstv. ráðherra viðvart um að nú væri tímanum lokið sem honum er ætlað samkvæmt þingsköpum.) Já, já, stormurinn þýtur, en stundin er ekki alveg komin kannski.

Varðandi það sem hv. 6. þm. Vesturl. nefndi um að þessi deila væri algerlega á ábyrgð stjórnvalda. Auðvitað er ábyrgð stjórnvalda mikil, þar á meðal menntmrh., en deilan er ekki eingöngu á ábyrgð stjórnvalda. Hún er einnig á ábyrgð hins samningsaðilans í þessari deilu. Úrslitaatriðið í deilunni er það að menn taki höndum saman og reyni að sjá fram úr þessum verkum.

Núna eru að hefjast og standa yfir úrslitatilraunir hjá sáttasemjara ríkisins til þess að komast að niðurstöðu í þessari deilu. Það eru að mínu mati lokatilraunir og úrslitatilraunir. Ég tel að í rauninni sé þegar komið fram yfir elleftu stundu í þessu efni. Þær viðræður sem nú standa yfir byggjast m.a. á því að tekið verði tillit til samningsins sem gerður var við félag háskólamanna. Þær byggjast einnig á því að það verði tekið á þeim málum sem snúa að þeim framtíðarverkefnum sem BHMR hefur lagt áherslu á. Allt verður þetta að koma inn í myndina miðað við núverandi aðstæður.

Við munum taka á þessu máli í menntmrn. þegar deilan leysist, ég segi þegar, ekki ef heldur þegar, í samráði við alla hlutaðeigandi aðila, skólastjóra, kennara og framhaldsskólanema. Mér þykir leitt að geta ekki farið ítarlegar yfir þetta mál, en vil aðeins segja að lokum þetta:

Í kjaramálaumræðu af þessu tagi vilja menn gjarnan leggja á það megináherslu að taka verði tillit til hinna efnahagslegu stærða umhverfisins. Staðreynd-

in er sú að efnahagsstefnan skiptir miklu máli. En við lokauppgjör máls af þessu tagi verða menn að horfa á menntastefnuna, menntamálin og vega þessa hluti saman en ekki horfa einsýnum augum aðeins á hið efnahagslega umhverfi.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ef ég hef tekið rétt eftir var þeirri fyrirspurn beint til mín hvað yrði gert varðandi þann kostnað sem nemendur hafa orðið að bera vegna launa starfsfólks mötuneyta. Það hefur ekki verið tekin nein ákvörðun í því máli. Venjan er nú sú að þegar deilum af þessu tagi lýkur er yfirleitt talið rétt að framkvæma fjárhagslegt uppgjör með sanngjörnum hætti og ég tel að það mál sem hv. fyrirspyrjandi vék hér að sé eitt af slíkum. Ég vona hins vegar að þær tilraunir sem menn hafa verið að reyna að gera allra síðustu sólarhringa leiði til þess að lausn fáist í þessari deilu. Við höfum reynt á síðustu klukkustundum og sl. nótt að setja fram ýmsar hugmyndir í þeim efnum og ég vona að þær verði skoðaðar af alvöru þannig að mönnum gefist tækifæri síðar í dag og á morgun að ræða þessi mál á þann hátt að lausn finnist.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég vil í tilefni af þessum umræðum láta koma fram í fyrsta lagi af minni hálfu varðandi kennara:

Ég treysti núv. menntmrh. og núv. ríkisstjórn ekki til þess að láta fara fram endurmat á störfum kennara. „Mér finnst hafa komið fram í máli hæstv. ráðherra og sérstaklega hæstv. fjmrh. þvílík vanþekking á störfum kennara að ég tel að það sé með öllu fráleitt að ætla þessum aðilum að hafa með það mál að gera.“ Þessi ummæli eru, hæstv. forseti, orðrétt höfð eftir núv. hæstv. menntmrh. þegar hann var í stjórnarandstöðu. Hann lét þau falla hinn 15. okt. 1984 í umræðum utan dagskrár og það er enginn vafi á því að þessi ummæli hæstv. menntmrh. og önnur þvílík frá munni ráðherra og æðstu manna Alþb. hafa valdið því að háskólamenntaðir, sérstaklega þó kennarar, ætluðu að þeir ættu hauk í horni þar sem núv. menntmrh. og núv. fjmrh. eru og það er m.a. skýringin á því hvernig aðdragandi að verkfalli háskólamenntaðra manna var, sú ákvörðun og sú niðurstaða almennra kosninga að samþykkja verkfallsboðunina. Það er svo deginum ljósara að í stað þess trausts sem ýmsir í röðum kennara báru til þessara hæstv. ráðherra áður hefur nú orðið alger trúnaðarbrestur og það er m.a. skýringin á þeim miklu sárindum og á þeirri miklu hörku sem komið hefur í þessa deilu.

Ég fagna því, sem hæstv. fjmrh. sagði áðan, að hann hefði nú loksins komið fram með ýmsar hugmyndir sem mættu verða til að leysa þessa deilu en vil um leið inna hæstv. forsrh. eftir því hvort hann geti gefið skýringu á þeim ummælum hæstv. menntmrh. áðan að hann sæti í samsteypustjórn og þó svo að hann hefði tekið málefni kennara upp í ríkisstjórninni hefði það ekki borið viðunandi árangur. Mig langar að spyrja hæstv. forsrh. hvort komið hafi upp ágreiningur milli hæstv. menntmrh. og annarra í ríkisstjórninni af þessum sökum.

Tíma mínum er lokið, en ástæða hefði verið að fara inn á aðra þætti. En ég vil vænta þess að annaðhvort hæstv. menntmrh. eða þá forsrh. reyni að skýra fyrir þingheimi og þjóðinni allri hvað fólst í þessari skírskotun menntmrh. til samsteypustjórnar í þessu samhengi.

Guðrún Agnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tel mjög alvarlegt hve mikil harka er komin í kjaradeilur BHMR og ríkisvaldsins. Þó að ríkisvaldið og fjmrh. telji sig hafa lítið svigrúm til að ganga að kröfum BHMR vil ég átelja harðlega þann hroka og ósveigjanleika sem einkennt hefur framkomu hæstv. fjmrh. og fulltrúa ríkisvaldsins. Það hefur án efa stuðlað að því að hleypa hörku í málið.

Annar þáttur þessarar kjaradeilu er þó sýnu alvarlegri og líklegur til að draga dilk á eftir sér. Þar lýsi ég einnig fullri ábyrgð á hendur hæstv. fjmrh. Sá þáttur varðar tilraunir hæstv. ráðherra til að deila og drottna. Þetta hefur hann gert með þeim hætti að sá fræjum tortryggni milli langskólagengins fólks og verkafólks. Þessi fræ hafa nú þegar borið ávöxt þannig að fleyg hefur verið skotið í samstöðu launafólks sem var þó ekki nægilega mikil fyrir, því miður, og gjá sem auðvelt virðist að mynda er þegar orðin milli þeirra sem ættu að standa saman. Þessi þróun er afar hættuleg og mér finnst óskiljanlegt hvernig hæstv. fjmrh. getur varið þetta frumkvæði sitt.

Vandi framhaldsskólanema er mikill, ekki síst þeirra sem hafa þurft að þola ítrekaðar tafir á námsferli sínum vegna þess að stjórnvöld hafa tregðast við um margra ára skeið að viðurkenna mikilvægi og lykilhlutverk kennarastéttarinnar. Þetta hafa þau leyft sér að gera þrátt fyrir niðurstöðu hverrar skýrslunnar á fætur annarrar sem undirstrika að góður skóli verður hvergi rekinn án góðra kennara sem una hag sínum.

Ég skora á ríkisstjórnina og þá ekki síst á hæstv. ráðherra Alþb., hæstv. fjmrh. og hæstv. menntmrh., að beita sér fyrir því að gefa fulltrúum ríkisvaldsins umboð til að ganga að samningsgerð með meiri sveigjanleika, opnari huga og betri vilja til að finna lausn á þessari kjaradeilu sem þegar hefur unnið skólastarfi í landinu, nemendum og kennarastéttinni mikið tjón og jafnvel til frambúðar. Ég lýsi ábyrgð á hendur þeim.

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. málshefjanda fyrir að hefja máls á þessu. Ég verð að segja að mér fannst hann ótrúlega hógvær í orðum sínum áðan. Með réttu ættum við að vera að ræða vantraust á þá ríkisstjórn sem situr nú og hefur haldið svo á málum að allt er komið í óleysanlegan hnút.

Hvað í ósköpunum eru ráðamenn að hugsa? Hvernig í ósköpunum geta þeir yfirleitt gert nokkurn

skapaðan hlut annan en að reyna að leysa þetta mál, þennan alvarlega vanda? Þeir bera þunga ábyrgð á því hvernig komið er. Þeir bera ábyrgð á vanefndum loforða um kjarabætur. Þeir bera ábyrgð á því að ekki var hafist handa um viðræður fyrir löngu þar sem löngu var ljóst í hvað stefndi. Og þeir bera mesta ábyrgð á þeim harða og vandleysta hnút sem málið er nú komið í. Vinnubrögðin hafa verið með hreinum endemum. Þau félög sem um ræðir hafa verið í verkfalli í rúmar fjórar vikur — en vita menn hvað viðræðustundirnar eru orðnar margar? Þær eru orðnar tíu, þær eru orðnar tíu talsins viðræðustundirnar í Karphúsinu svokallaða allan þennan tíma sem fólkið hefur verið í verkfalli. Hvað ætla ráðamenn sér með þessu háttalagi? Er verið að reyna að brjóta þetta fólk niður andlega? Halda menn að þetta fólk sé í verkfalli að gamni sínu eða það líti á kjarabaráttu sem einhvers konar íþróttakeppni? Og gera menn sér grein fyrir afleiðingunum? Sé ætlunin að hrekja sem flesta frá ríkisstofnunum, ekki aðeins vegna bágra kjara heldur einnig og e.t.v. ekki síður vegna óvirðingar á störfum þeirra og lítilsvirðingar gagnvart þeim í kjarabaráttu, þá er allt útlit fyrir að það markmið náist. Öll þjóðin mun súpa seyðið af þessari framkomu, þessum atburðum, sem eru algjörlega á ábyrgð ríkisvaldsins.

Ástandið er orðið gríðarlega alvarlegt á öllum þeim sviðum sem verkfallið tekur til og nú er farið að tala um að setja lög. Þær fréttir hafa borist að verið sé að íhuga og ræða í fullri alvöru að setja lög á þetta fólk og maður hlýtur að spyrja með tilliti til gangs mála hvort það hafi allan tímann verið ætlunin. Var það allan tímann ætlunin að beita öllum ráðum til að snúa almenningsálitinu gegn þessum hópi fólks sem heyr nú harða baráttu fyrir bættum kjörum? Var ætlunin að sverfa svo að því að það hafi ekki kraft né samúð annarra til þess að berjast gegn ofríki viðsemjanda síns?

Sú napra staðreynd hefur komið berlega í ljós að verkfallsvopnið, þetta dýrmæta vopn launafólksins, hefur ekki sama vægi í höndum ríkisstarfsmanna eins og launafólks á almennum vinnumarkaði og ástæðan er sú að þegar launafólk á almennum vinnumarkaði beitir þessari nauðvörn finnur viðsemjandi þess til. Þá eru það beinir hagsmunir hans sem eru í húfi, en þegar ríkisstarfsmenn gera hið sama þá er það þriðji aðili sem fyrst og fremst er þolandi verkfallsins og þá skiptir ábyrgðartilfinning viðsemjanda gagnvart þriðja aðila öllu máli. Ég lýsi hér með eftir ábyrgðartilfinningu hæstv. ráðherra í þessu efni, ábyrgðartilfinningu gagnvart öllum sem þurfa að líða vegna þessa og eiga eftir að gera það um ókomin ár vegna þeirra afleiðinga sem þessir atburðir hafa í þjóðfélaginu í framtíðinni. Þessa alvarlegu kreppu verður að leysa og ég lýsi þeirri skoðun minni að þinglok geta ekki orðið og mega ekki verða fyrr en sú lausn er fundin.

Ég bið hæstv. forseta afsökunar og þakka honum fyrir biðlundina. Það er auðvitað afleitt að þingmönnum og hæstv. ráðherrum gefist ekki tími til að ræða þetta ítarlega vegna þess ramma sem þingsköp setja þessari umræðu og ég vildi nú lýsa fúsleika mínum og vænti að ég mæli þar fyrir munn annarra þingmanna, a.m.k. margra annarra þingmanna, að þessi umræða megi nú fara fram samkvæmt 2. málsl. 32. gr. þingskapa.

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Vandi nemenda í framhaldsskólum stafar ekki af því að hæstv. menntmrh. eða hæstv. fjmrh. hafi tekið þá ákvörðun að loka skólum landsins. Vandinn stafar af því að skólastarf hefur lagst niður vegna þess að kennarar hafa tekið þá ákvörðun að fara í verkfall og það er þeim auðvitað frjálst. Sumir framhaldsskólanemendur eru nú að upplifa það að þetta er í þriðja skiptið sem námi þeirra er stefnt í hættu á sama árstíma af sömu orsökum. Auðvitað þekkist það að menn geta valið verkfallsdaga hvenær svo sem þeir vilja allt árið, en þetta er í þriðja sinn sem tekin er ákvörðun um það hjá starfsmönnum framhaldsskóla að fara í verkfall undir það að nemendur eru að ljúka sínu námstímabili. (**KH:** Hvenær var samningsbanni aflétt?) Einu sinni er út af fyrir sig ekkert skrýtið, tvisvar getur verið tilviljun, en þrisvar í röð er ekki tilviljun.

Það hefur verið sagt hér að það hafi ekki verið vilji til samkomulags af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Það er ekki rétt vegna þess að fjmrh. hefur ítrekað boðist til þess að ganga til samninga í þessari vinnudeilu á sömu nótum og 80% launþega í þessu landi hafa þegar fellt sig við. Það tel ég ekki lýsa því að það sé ekki vilji til samkomulags hjá hæstv. ráðherra.

En kjarni málsins er þessi: Telja þeir sem hér koma og gagnrýna hæstv. ráðherra fyrir afskipti hans af málinu rétt að leysa málið á þann þátt að háskólamenntaðir menn í þjónustu ríkisins fái meiri launahækkanir en láglaunafólkið í BSRB og ASÍ hefur fengið?

Þessari spurningu skulu menn svara umbúðalaust. Telja þeir rétt að leysa þessa deilu með meiri hækkunum til háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins en láglaunafólkið hefur fengið? Það er kjarni málsins. Og telur Kvennalistinn, en forsvarsmaður hans flutti hér áðan ræðu um nauðsyn þess að auka samstöðu launafólks, að það væri líklegt til að auka samstöðu launafólks í þessu landi ef háskólamenntaðir starfsmenn ríkisins fengju nú tvöfalda eða þrefalda hækkun á við það sem láglaunafólkið hefur fengið?

Ég tel að konurnar í frystihúsunum vestur á fjörðum teldu það lærdómsríka niðurstöðu ef það væri vilji alþingismanna Kvennalistans hér á hinu háa Alþingi.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég sagði í upphafi þessarar umræðu að ég ætlaði ekki að gera þessa launadeilu sjálfa sérstaklega að umtalsefni. Ég ætla að standa við það. Ástæðan fyrir því að ég hóf þessa umræðu er sú mikla óvissa sem ríkir nú hjá þúsundum nemenda um land allt varðandi skólalok og varðandi möguleika á að flytjast á milli bekkja. Það er komið fram yfir elleftu stundu eins og hæstv. menntmrh. sagði. Þess vegna

olli það mér miklum vonbrigðum að hann gæti ekki svarað því nú, þegar komið er fram yfir elleftu stundu, hvernig gripið yrði á þeim málum, þ.e. hvaða leiðir kæmu til greina varðandi útskrift stúdenta og annarra lokaprófsnemenda og hvaða ákvarðanir menntmrh. hygðist taka í þeim efnum.

Ég vænti þess vissulega að þessi deila leysist sem allra fyrst. Við getum hins vegar ekkert gefið okkur í þeim efnum. Það sýnir reynslan okkur. Og þrátt fyrir það lokaátak sem nú er að byrja er ljóst að það mun taka einhverja daga. Þess vegna veldur það vonbrigðum að hæstv. ráðherra skuli ekki geta svarað því hér og nú, ekki einu sinni hvaða leiðir koma til greina, hvað þá að hann hafi hugleitt hvaða leiðum hann vill beita sér fyrir í þessu efni. Það kann nefnilega að vera of seint, hæstv. ráðherra, að leita allra leiða þegar verkfallið leysist. Það kann að vera að það þurfi að taka ákvarðanir fyrr vegna þess að verkfallið dragist á langinn og þess vegna er afar slæmt að hæstv. ráðherra skuli ekki getað svarað því hér og nú hvaða leiðir komi til greina og hvaða leiðir hann vill fara.

Mér er t.d. kunnugt um það af viðtölum við fulltrúa nemenda í þremur framhaldsskólum, þ.e. Menntaskólanum í Reykjavík, Menntaskólanum við Sund og Verslunarskóla Íslands, að þessir nemendur hafa lagt fyrir menntmrh. sínar hugmyndir um hvernig þeir vilji að skólalok fari fram sem miðast við að hætt verði í síðasta lagi 1. júní en nemendur haldi engu að síður sínum réttindum, þ.e. að þeir geti útskrifast með venjulegum hætti þrátt fyrir verkfall. Þess vegna hefði mér þótt rétt að hæstv. ráðherra gæfi okkur einhverjar yfirlýsingar í þessu efni og ekki síst öllum þeim fjölda, þeim þúsundum nemenda sem núna bíða í óþolandi óvissu eftir úrslitum þessara mála.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Ég hef mál mitt með því að taka undir allt það sem hér hefur verið sagt um skaðsemi þessa verkfalls fyrir skólastarfið í landinu. Það verður ekki ofsagt neitt í þeim efnum. Sömuleiðis má bæta við að verkfall annarra hópa innan BHMR veldur þegar mjög miklum vandræðum bæði í heilbrigðiskerfinu og atvinnumálum. Ég verð hins vegar að vekja athygli á því, sem reyndar kom fram hjá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni áðan, að ríkisstjórnin setti ákveðin markmið í kjaramálum og launamálum og það hefur tekist að halda kjarasamningum innan þess ramma, a.m.k. nokkurn veginn, í samningum við u.þ.b. 80% af launafólki. Ég vara við því að samið verði við einn hóp langt umfram það sem þar var gert og ég er sannfærður um að það mun hafa þau áhrif hér að hvorki sá hópur né aðrir bera neitt frá því borði. Ég er viss um að það mun leiða til kollsteypu í íslensku efnahagslífi. Ég legg því áherslu á að á þessum erfiðu tímum verða menn að halda kröfum sínum niðri þótt rétt kunni að vera, og ég er reyndar þeirrar skoðunar, að háskólamenntaðir menn hafi dregist aftur úr hér á undanförnum árum. Það verður þá að leiðrétta það á lengri tíma en hér er gefinn.

Ég vil taka það fram, sem hér hefur reyndar komið fram sem svar við fsp. hv. 2. þm. Norðurl. e., að málið hefur hvað eftir annað verið rætt í ríkisstjórninni og menntmrh. gert grein fyrir þeirri alvarlegu stöðu sem reyndar fyrir löngu er upp komin og aðrir ráðherrar fyrir sínum sviðum. Það er fullkomin samstaða í ríkisstjórninni um meðferðina á þessu máli. En vegna þess sem fram kom áðan hjá hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur, að verið væri að ræða um lög í þessari deilu, verð ég að leiðrétta það. Það er alls ekki í ríkisstjórninni verið að ræða um að setja lög á þetta verkfall. Það er misskilningur og verður að leiðréttast.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Varðandi það sem fram kom hjá hv. 2. þm. Reykv. áðan vil ég aðeins bæta því við að auðvitað höfum við hugleitt margar leiðir í þessu efni varðandi skólalokin 1989 í menntmrn. Við höfum t.d. séð þær tillögur sem fyrir liggja frá Menntaskólanum í Reykjavík og Menntaskólanum við Sund. Það eru að mörgu leyti álitlegar tillögur. Við erum að fara yfir þær og margar fleiri og ég teldi óeðlilegt og rangt af menntmrh. við þessar aðstæður hins vegar að vera að taka einn þátt út úr og vil segja frá því, sem ég held að mér hafi láðst að nefna hér áðan, að ég hef ákveðið að hitta eftir helgina fulltrúa skólameistara framhaldsskólanna í landinu og sömuleiðis fræðslustjórana. Ég held fund með skólameisturunum klukkan tíu á mánudagsmorgun og með fræðslustjórunum á hádegi á mánudag. Það eru þeir aðilar sem við munum ræða við, auk fulltrúa framhaldsskólanemanna. Þannig förum við yfir þessi mál, þannig vinnum við okkur í gegnum þau.

Ég ætla svo ekki satt að segja að fara yfir það sem fram hefur komið í ræðum einstakra þingmanna, en ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst það sérkennilegur hugarheimur sem hv. 10. þm. Reykn. lifir í ef hún trúir því að menn séu að gera sér leik að því að brjóta niður fólk. Ef fólk er í stjórnmálum á þessum forsendum og ímyndar sér andstæðingana svona er býsna mikið af eigin hugmyndum um stjórnmál, að ég hygg, reist á misskilningi.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég verð að leiðrétta það sem kom fram hjá hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur frekar en Kristínu Halldórsdóttur, má vera að það hafi verið hjá hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur, að eingöngu hafi verið rætt við í þessari deilu í tíu klukkustundir. Það er að vísu rétt að formlega bókaðir fundir hjá sáttasemjara hafa ekki verið lengur samtals en sem því nemur, en það hefur verið ótrúlegur fjöldi viðræðufunda af ýmsu tagi, bæði milli samninganefndar ríkisins og samninganefndar BHMR, á undanförnum vikum, það hefur verið mikill fjöldi óformlegra funda og ef það ætti að fara að leggja saman klukkustundir allra þessara funda yrðu þær örugglega frekar taldar í hundruðum en í tugum. Það var hins vegar mat sáttasemjara að það væri vænlegra að láta viðræðurn-

ar fara fram utan hinna formlegu viðræðufunda, bókaðra funda, en þar.

Hæstv. forsrh. hefur svo síðan látið það koma hér skýrt fram, og það er nauðsynlegt að það sé afdráttarlaust, að það er líka rangt hjá hv. þm. Kvennalistans að innan ríkisstjórnarinnar hafi verið rætt um að setja lög í þessari deilu.

Að lokum vil ég svo segja að það er í raun og veru ekki hægt að draga aðra ályktun af málflutningi þingmanna Kvennalistans hér í dag en þá að Kvennalistinn sé þeirrar skoðunar að ríkisvaldið eigi jafnvel að leysa þessa kjaradeilu með því að borga félögum í BHMR allmiklu hærri upphæðir við þessa samningagerð en öðru launafólki hefur verið borguð. Ef það er misskilningur hjá mér væri æskilegt að það væri leiðrétt nú eða síðar því að ég væri vissulega þakklátur fyrir ábendingar frá Kvennalistanum um einhverjar aðrar leiðir til að leysa þessa deilu en borga margfalt hærri upphæðir til þeirra sem nú eiga í kjaradeilu en þeirra sem þegar hafa samið.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ég vil benda hv. þm. á að forseta er ómögulegt að lengja hálftímann meira en orðið er. Ég upplýsi að þegar eru 5 mínútur liðnar umfram hálftíma og ef forseti á að vera réttlátur og gera ekki upp á milli manna vil ég upplýsa að hingað til hefur verið reynt að standa við að í þessar umræður fari ekki nema hálftími. Ég harma það mjög ef þær ákvarðanir eiga að vera háðar dyntum hverju sinni og við það getur forseti náttúrlega ekki sætt sig. Þessari umræðu er lokið. (**HBl:** Forseti lengdi umræðuna fyrir ráðherrana sína en ekki einstaka þingmenn sem höfðu áður beðið um orðið.) (**SighB:** Alþingismenn eiga að fara eftir lögum sem þeir hafa sjálfir sett.) Já, forseti telur sig tilneyddan til þess að halda við þessa ákvörðun þar sem töluvert verk er óunnið á fundinum og síðan verða settir fundir í báðum deildum og ekki er unnt að riðla þeirri áætlun meira en orðið er.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég tel með öllu ófært að þessi umræða sé stöðvuð á þennan hátt, sérstaklega þegar séð hefur verið í gegnum fingur við nokkra til þess að nota tíma umfram ákveðinn ræðutíma. Það var beint mjög ákveðnum spurningum til Kvennalistans og ég vil fara fram á það við virðulegan forseta að fulltrúar Kvennalistans fái að svara þessum spurningum að einhverju marki.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ég vil benda hv. 18. þm. Reykv. á að ég hef ekki stöðvað neina umræðu. Ég hef reynt að halda mig við það að hér var leyfð hálftíma umræða. Þingmanninum er að sjálfsögðu heimilt að fara fram á utandagskrárumræðu um sama mál og þá skv. 2. málsl. 32. gr. annaðhvort á morgun eða í næstu viku, en á það var fallist að þessi umræða stæði í hálftíma og þar við verður að sitja.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Það hafa flestir sem hér hafa komið lýst yfir þeim vilja að lengja þessa umræðu aðeins, m.a. hæstv. ráðherrar. Er ekki hægt að sýna þann sveigjanleika að verða við þeim óskum? (**SighB:** Sýna þann sveigjanleika að Alþingi brjóti lög sem það hefur sett?) Það er þegar búið að brjóta lög.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill upplýsa að þessi ákvörðun er ekki á valdi forseta eins. Ég mun nú gera hlé á fundinum í 5 mínútur og óska eftir að formenn þingflokka komi og ræði við forseta. — [Fundarhlé.]

Forseti hefur haldið fund með öllum formönnum þingflokka og sex þingflokksformenn töldu afdráttarlaust að úrskurður forseta væri réttur og þingflokksformaður Kvennalistans sætti sig við þá niðurstöðu.

Ég ítreka það, sem ég sagði áðan, að vitaskuld stendur það hverjum einum opið að óska eftir annarri umræðu um þetta mál utan dagskrár, en þessari umræðu er óumdeilanlega lokið.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Stjórn þingsins er óbreyttum þingmönnum oft mikil ráðgáta og í þessu tilfelli er það mikil ráðgáta að fá að vita það hvort sá sem óskaði eftir þessum umræðum óskaði eftir hálftíma eða hvort hæstv. forseti náðarsamlegast veitti hálftíma. Þetta segir nefnilega allmikið um viðhorf forseta til alvöru málsins eða viðhorf þess sem hóf umræðuna um alvöru málsins. En hér lá við að menntmrh. tæki heljarstökk í stólnum, svo reiður var hann þegar hann var stoppaður af í miðri ræðu.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ég vil upplýsa hv. þm. að beðið var um umræðu sem stæði í hálftíma.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Hæstv. forseti. Mér þykir rétt að gefa dálítið nákvæmari lýsingu á því hvað gerðist og hvernig undanfari þessarar umræðu var. Ég náði ekki til virðulegs forseta í morgun og ræddi þá við skrifstofustjóra Alþingis um að það væri beiðni sem þingflokkur Sjálfstfl. stæði á bak við að fram færi hér ótakmörkuð umræða og þannig var þetta mál lagt fyrir. Síðan ræddum við saman, ég og hæstv. forseti Sþ. Hún spurði hvort möguleiki væri á því að þessi umræða gæti farið fram á morgun frekar en í dag þar sem mikið væri á dagskrá í dag. Ég kvaðst mundu hugsa það og við mundum síðan ræða saman þegar þing byrjaði kl. 12. Við ræddum síðan saman hér við forsetastól og ég gerði mér grein fyrir því að það var hér mikil og erfið dagskrá og ég sagði við hæstv. forseta að eftir atvikum mundum við sætta okkur við hálftíma umræðu. En upphaflega beiðnin var um ótakmarkaðan tíma.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ég verð að upplýsa að mér var ekki kunnugt um þessa beiðni til skrifstofustjóra þannig að ég hélt að það hefði verið alveg fullt samkomulag milli okkar hv. 2. þm. Reykv. um að þetta færi fram á þennan hátt. Ég tel að hér hafi verið farið að öllum venjulegum lögum um þingsköp.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það versnar mjög ástandið ef það er upplýst að forseti skýrir út á allt annan hátt þetta mál en sá sem eftir leitaði umræðunni og upplýst er að það er forseti sem endanlega ákvað að hér yrði aðeins hálftíma umræða um þetta mál og lýsir nokkuð vel menntastefnu hæstv. forseta. Ég tel að ekki þurfi að hafa fleiri orð um það.

Kristín Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég skal ekki rengja það að þetta hafi verið sameiginleg niðurstaða hæstv. forseta og þingflokksformanna sem hún lýsti sem útkomu fundar sem forseti og þingflokksformenn áttu hér áðan þó ég leyfi mér að efast um að allir séu hæstánægðir með þá niðurstöðu, þeir sem tóku þátt í þessum fundi. En mig undrar ef það er hald hæstv. forseta að það greiði sérstaklega fyrir þinghaldi, sem nú er búið að ákveða að standi næstu viku, að efna frekar til langrar umræðu skv. 2. mgr. 32. gr. þingskapalaganna en ef hv. 18. þm. Reykv. hefði fengið að koma upp og svara þeim ásökunum sem var beint til Kvennalistans þar sem hún var þar að auki búin að berja í borðið og kveðja sér hljóðs áðan.

Dagvistarmál fatlaðra barna, síðari umr.

Þáltill. VS o.fl., 296. mál. — Þskj. 536, n. 1017, brtt. 1018.

Frsm. félmn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Frá félmn. liggur fyrir nál. á þskj. 1017 um till. til þál. um dagvistarmál fatlaðra barna:

„Nefndin hefur fjallað um tillöguna og sendi hana til umsagnar. Svör bárust frá eftirtöldum: Félagi þroskaþjálfa, Fóstrufélagi Íslands, svæðisstjórnum málefna fatlaðra á Austurlandi, Reykjanessvæði og Vestfjörðum, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og frá Öryrkjabandalagi Íslands. Þessir aðilar lýsa sig samþykka meginefni tillögunnar og að hún nái fram að ganga. Svæðisstjórn málefna fatlaðra á Reykjanesi sendir með umsögninni ítarlega greinargerð frá starfsmönnum sínum.

Sú stefna, sem vísað er til í seinni hluta tillögunnar, að tengja skuli sérdeildir dagvistarstofnana svo sem unnt er við almennar deildir þeirra, er nú almennt viðurkennd. Hins vegar er athugunarefni hvaða úrbóta er þörf til að gera dvöl og þjálfun fatlaðra barna á dagvistarheimilum mögulega og árangursríka. Í mótun eru tillögur um forskólastig á vegum menntamálaráðuneytisins og er eðlilegt að fjallað sé um málefni fatlaðra í því samhengi. Þá er stefnt að því að lögfesta breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem m.a. taka til málefna fatlaðra.

Með vísan til þessa mælir nefndin með því að könnun fari fram á þörfum fatlaðra barna fyrir dagvistun og hvaða úrbóta er þörf á því sviði. Nefndin flytur breytingartillögu við málið á sérstöku þingskjali og mælir með því að tillagan verði samþykkt þannig."

Þetta er gert á Alþingi 3. maí sl. og undirritað af öllum fulltrúum í félmn.

Brtt. sem vísað er til er á þskj. 1018 og er svohljóðandi:

„Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera könnun á þörfum fatlaðra barna fyrir dagvistun og hvaða úrbóta sé þörf á því sviði.

Við þá athugun verði höfð hliðsjón af stefnumótun um forskólastig og að fötluð börn fái sérhæfða þjálfun sem mest í tengslum við almennar deildir dagvistarstofnana."

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að tefja umræðuna. Ég ætla bara sem 1. flm. þessarar þáltill. að þakka hv. félmn. fyrir þessa afgreiðslu og eins vil ég að það komi fram að ég fellst fyllilega á þá brtt. sem nefndin gerir tillögu um.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Áður en lengra verður haldið vil ég upplýsa hv. þm. um að leitast verður við að reyna að tæma dagskrá þessa fundar en taka síðan fyrir í Sþ. í fyrramálið kl. 10 þær skýrslur sem óræddar eru. Ég vil þess vegna leita til hv. þm. að vera mér til aðstoðar um að ljúka afgreiðslu þeirra mála sem liggja fyrir þessum fundi svo að ekki þurfi að eyða tíma morgundagsins í það.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1018 (ný tillgr.) samþ. með 33 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1063).

Endurskoðun laga um rekstur heilbrigðisstofnana, síðari umr.

Þáltill. ÓÞG o.fl., 185. mál. — Þskj. 216, n. 1020.

Frsm. félmn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Á þskj. 1020 er nál. um till. til þál. um endurskoðun laga og reglugerða um rekstur heilbrigðisstofnana frá félmn.:

„Nefndin hefur fjallað um tillöguna og sendi hana til

umsagnar. Svör bárust frá eftirtöldum: Fulltrúaráði sjómannadagsins í Reykjavík og Hafnarfirði (vegna Hrafnistu), Landssambandi sjúkrahúsa, Sambandi íslenskra berklasjúklinga (stjórnarformanni), Sambandi ísl. sveitarfélaga og Tryggingastofnun ríkisins.

Þessir aðilar telja tillöguna athyglisverða, sumir mæla með að hún verði samþykkt en jafnframt kemur fram að þegar sé unnið að vissum þáttum þessara mála, m.a. er nefnd að störfum við að kanna möguleika á samstarfi og sameiningu sjúkrahúsa á höfuðborgarsvæðinu.

Í umsögn sjómannadagsráðs kemur m.a. fram að ráðið telur nauðsynlegt að skýrar lagareglur verði settar um rétt sjálfseignarstofnana. „Sú nauðsyn virðist brýnni nú en áður eftir að frumvarp um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga kom fram," segir í bréfi ráðsins.

Stjórn SÍBS segir m.a. í umsögn:

„SÍBS telur æskilegt að löggjöf um heilbrigðismál og rekstur sjúkrastofnana sé sem heilsteyptust en áréttar nauðsyn þess að sérstaða einkareksturs á þessu sviði sé greind frá rekstri stofnana ríkis og sveitarfélaga með þeim hætti að ávallt liggi samningar til grundvallar um rekstrarform, þjónustustaðal og fjármögnun."

Nefndin bendir á að lögfesting á breyttri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga getur haft mikil áhrif á rekstur og skipulag heilbrigðisþjónustunnar. Eðlilegt er að nokkur umþóttunartími fáist til að fram komi reynsla af þessari breytingu.

Um leið og nefndin tekur undir þau sjónarmið að samræmis þurfi að gæta í löggjöf um heilbrigðisþjónustu óháð rekstrarformi og leita þurfi leiða til hagkvæmni, samhliða góðri þjónustu í heilbrigðiskerfinu, leggur hún til að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Þetta er gert á Alþingi 3. maí sl. og að þessu áliti standa allir fulltrúar í félmn.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. félmn. fyrir þá vinnu sem hún hefur lagt í þetta mál, fyrir nál. og jákvæða umfjöllun sem málið hefur fengið. Það er rétt, sem fram kemur í nál., að frumvarp það um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem nú er til umfjöllunar í Nd. Alþingis kemur þessu máli við og er athygli vert að tillögunni í því frumvarpi sem upphaflega var lögð fram í Ed. fyrr á þessum vetri hefur nú verið breytt til þess horfs sem nú er í lögum. En með tilliti til þess og raunar margs sem kemur fram í nál. og ekki síst þeirrar vinnu sem þegar mun hafin í heilbr.- og trmrn. um þessi efni get ég út af fyrir mig alveg fallist á þá niðurstöðu að till. verði vísað til ríkisstjórnarinnar og vænti þá þess að málið fái þar farsælan framgang.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. á þskj. 1020 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 34 shlj. atkv.

Sjálfseignarstofnanir, síðari umr.

Þáltill. GJH o.fl., 24. mál. — Þskj. 24, n. 1008, brtt. 1009.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv.

Frsm. allshn. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Á þskj. 1008 er nál. um till. til þál. um setningu laga um sjálfseignarstofnanir frá allshn. Nefndin hefur fjallað um till. og borist umsögn um málið frá Lögmannafélagi Íslands.

Nefndin leggur til að till. verði samþykkt með breytingu sem flutt er á sérstöku þskj. Á þskj. 1009 er brtt. við till. til þál. um setningu laga um sjálfseignarstofnanir frá allshn. Tillgr. orðist þannig:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir gerð frv. til laga um sjálfseignarstofnanir sem lagt verði fyrir næsta löggjafarþing.

Undir þetta álit skrifa allir nefndarmenn allshn. sameinaðs þings.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1009 (ný tillgr.) samþ. með 33 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1064).

Aðfararnám til ökuprófs, síðari umr.

Þáltill. JÞ o.fl., 277. mál. — Þskj. 494, n. 1010.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv.

Frsm. allshn. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Á þskj. 1010 er nál. um till. til þál. um aðfararnám til ökuprófs frá allshn. Nefndin hefur fjallað um till. og borist umsagnir frá Ökukennarafélagi Íslands og Umferðarráði. Í ljósi þess að nýlega lauk störfum nefnd sem dómsmrh. skipaði 4. okt. 1988 til að fjalla um og gera tillögur um framtíðarskipan ökukennslu og ökuprófa í landinu leggur nefndin til að till. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Undir þetta nál. skrifa allir nefndarmenn allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. á þskj. 1010 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 34 shlj. atkv.

Ökunám og ökukennsla, síðari umr.

Þáltill. KH o.fl., 127. mál. — Þskj. 134, n. 1038.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv.

Frsm. allshn. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Á þskj. 1038 er nál. um till. til þál. um ökunám og ökukennslu frá allshn. Nefndin hefur fjallað um till. og borist umsagnir frá Ökukennarafélagi Íslands og Umferðarráði. Í ljósi þess að nýlega lauk störfum nefnd sem dómsmrh. skipaði 4. okt. 1988 til að fjalla um og gera tillögur um framtíðarskipan ökukennslu og ökuprófa í landinu. Leggur nefndin til að till. verði vísað til ríkisstjórnarinnar og það er í þessu tilfelli eins og hinu fyrra að allir nefndarmenn allshn. undirskrifa þetta nál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. á þskj. 1038 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 35 shlj. atkv.

Bætt samkeppnisstaða innlends skipaiðnaðar, síðari umr.

Þáltill. StG, 37. mál. — Þskj. 39, n. 1053, brtt. 1054.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv.

Frsm. atvmn. (Árni Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. atvmn. um till. til þál. um bætta samkeppnisstöðu innlends skipaiðnaðar. Flm. þessarar þáltill. er einn virðulegur þingmaður, Stefán Guðmundsson, en samhljóða till. var lögð fram á 110. löggjafarþingi, en kom þá ekki til umræðu.

Atvmn. hefur fjallað talsvert um þessa till. og í nál. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og mælir með því að hún verði samþykkt með breytingu sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Nefndin væntir þess að eftirtalin atriði, sem nefnd eru í upphaflegri tillögugrein, verði höfð í huga við framkvæmd þessarar þingsályktunar:

1. Ríkisstjórnin reyni að tryggja að útvegsmenn og opinberir sjóðir semji ekki um nýsmíði skipa eða viðhaldsverkefni erlendis án undangengins útboðs þar sem innlendir aðilar keppi á jafnréttisgrundvelli við erlendan skipaiðnað, m.a. hvað snertir meðferð tilboða og fjármagnsfyrirgreiðslu.

2. Tilboð verði metin á viðskiptalegum grundvelli áður en lánveitingar eru ákveðnar.

3. Settar verði staðlaðar reglur um útboð, veðskilmála og tilboð í skipaiðnaðarverkefni.

4. Ríkisstjórnin beiti sér fyrir því að bankar veiti sambærilegar ábyrgðir vegna skipaiðnaðarverkefna innan lands og veittar eru þegar verkefni eru unnin erlendis.

Nefndin telur æskilegt að ríkisstjórnin skili skýrslu um framgang þessarar þáltill. á haustþingi 1989.

Tillgr. sem nefndin leggur til að verði samþykkt kemur óbreytt úr till. eins og hún var, en hluti tillgr. er felldur inn í nál. atvmn. Tillgr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leita allra leiða til að efla og bæta samkeppnisstöðu innlends skipaiðnaðar til að sporna við því að verkefni fari úr landi."

Ég vil láta þess getið að ég hef rætt við iðnrh. um þessa till. og rauða þráðinn í henni og hann fellir sig vel við það að taka þetta verkefni að sér.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Till. sem hér er verið að ræða og verður væntanlega samþykkt var fyrst flutt á síðasta þingi, var endurflutt, eins og ég hygg að flestir hv. þingmenn muni, á þessu þingi og urðu þá talsverðar umræður um málefni skipasmíðaiðnaðarins. Ég tel að margt af því sem kemur fram í þessari till. sé af hinu góða og sjálfsagt að samþykkja till., en ég bendi á að í umræðum sem urðu um þetta mál í haust lofaði hæstv. iðnrh. því að skila til Alþingis skýrslu sem unnin hefur verið á vegum breska fyrirtækisins AP Appledore. Hann tjáði Alþingi á þeim tíma að sú skýrsla yrði tilbúin í desembermánuði. Eftir þessu var síðan gengið við síðari hluta fyrri umræðu um þetta mál og við þá umræðu sagði hæstv. ráðherra að skýrslan yrði tilbúin innan skamms, en vinna var þá hafin á vegum svokallaðrar verkefnisstjórnar. En hún hafði það að verkefni að fara yfir málefni skipasmíðaiðnaðarins í heild. Verkefnisstjórnin var skipuð þannig að auk fulltrúa fyrirtækisins voru fulltrúar skipasmiðjanna og fulltrúar Landssambands iðnaðarmanna auk fulltrúa ráðuneytisins. Reyndar komu til verksins ýmsir aðrir, þar á meðal fulltrúar Byggðastofnunar, og ég hygg að hv. þm. Benedikt Bogason geti staðfest það, enn fremur fulltrúar Fiskveiðasjóðs. En þetta var í fyrsta skipti sem allir þeir aðilar sem stunda lánafyrirgreiðslu til skipasmíðaiðnaðarins tóku höndum saman til að ræða þetta mikilvæga mál og koma fram með tillögur sem hægt væri að standa á fyrir þennan iðnað í framtíðinni. Ég sakna þess núna þegar þetta mál er til lokaafgreiðslu að hvergi er minnst á þetta verkefni sem búið er að kosta til verulegum fjárhæðum. Það kemur ekki fram í máli hv. frsm. nefndarinnar né heldur virðist hæstv. ráðherra vera viðstaddur þessa viðræðu til þess að gera grein fyrir þessum málum.

Mér finnst, virðulegur forseti, vera full ástæða til þess að hæstv. ráðherra efni það loforð sem hann gaf þinginu á sínum tíma, komi fram með þessa skýrslu eða a.m.k. segi frá því á hvaða stigi vinnslunnar skýrslan er. Nú eru liðnir a.m.k. fjórir eða fimm mánuðir síðan skýrslan átti að vera tilbúin. Sú skýrsla

tekur á þessu máli bæði hvað varðar þau efnisatriði sem hér hafa verið nefnd og koma fram í þáltill. hv. þm. Stefáns Guðmundssonar og enn fremur öðrum mjög mikilvægum málum er snerta greinina.

Ég vil þess vegna, virðulegur forseti, um leið og ég lýsi yfir stuðningi við þessa till., fara fram á að hæstv. ráðherra fái við þessa umræðu tækifæri til þess að segja frá því hver staðan er í þessari skýrslu. Ég sé að hæstv. ráðherra er ekki viðstaddur þessa umræðu og kýs þess vegna að óska eftir því að hæstv. ráðherra gefist kostur á að skýra Alþingi frá stöðu málsins þó að það kosti að dráttur verði á afgreiðslu málsins einn sólarhring eða svo. Málið er afar mikilvægt. Vandamál skipasmíðaiðnaðarins eru ekki eingöngu fjármögnunarvandamál heldur ýmis skipulagsvandi sem þetta breska ráðgjafarfyrirtæki tók á, en fyrirtækið hefur stundað ráðgjafarþjónustu. Ég kýs, virðulegur forseti, að hæstv. ráðherra verði gefinn kostur á að fjalla um málið í þessari umræðu, enda var það í fyrri umræðu málsins sem hann lýsti því yfir að hann mundi afhenda Alþingi skýrslu þegar verkefnastjórnin hefði lokið sínu starfi. Mér finnst það vera betra til þess að spara umræður um þetta mál ef hægt væri að fresta málinu um sólarhring. Hæstv. ráðherra gæti þá komið og gert grein fyrir málinu, sagt frá því hver staða þess sé þannig að heildarmynd fáist af stöðu iðnaðarins í dag og hvers vænta má af hálfu hæstv. ríkisstjórnar, en þetta mál var eitt af þeim stóru málum sem hæstv. ríkisstjórn hugðist beita sér fyrir.

Ég vona, virðulegur forseti, að þetta tefji ekki framgang málsins nema í hæsta lagi einn sólarhring og tel að það sé eðlilegt að verða við þeirri ósk að hæstv. ráðherra annaðhvort efni loforð sitt eða a.m.k. skýri þingheimi frá því hver staða málsins sé. Það er þess vegna, virðulegur forseti, sem ég fer fram á það að hæstv. ráðherra taki til máls í þessari umræðu og ef ekki næst til hans í dag fái hann tækifæri til þess í umræðunni að henni frestaðri á morgun að gera grein fyrir stöðu málsins, enda er það afar gagnlegt annars vegar fyrir Alþingi og hins vegar fyrir þann fjölda starfsmanna sem vinnur við skipasmíðaiðnað hér á landi. (**Forseti:** Forseti er tilbúinn að fresta afgreiðslu málsins þar til það getur komið á dagskrá.)

Umræðu frestað.

EFRI DEILD

93. fundur, föstudaginn 5. maí,
að loknum fundum í Sþ.

Þingfararkaup alþingismanna, 2. umr.

Frv. JHelg o.fl., 469. mál (biðlaun). — Þskj. 830, n. 1021.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar hefur fjallað um frv. það sem hér um ræðir. Nál. liggur fyrir á þskj. 1021. Nefndarmenn allir eru sammála um að mæla með því að frv. verði samþykkt óbreytt. Hv. þm. Danfríður Skarphéðinsdóttir sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og hún er samþykk þessu áliti nefndarinnar sem leggur til, eins og ég áður sagði, að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Hlutafélög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 115. mál (heildarendurskoðun). — Þskj. 1022.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Ríkisreikningur 1987, 3. umr.

Stjfrv., 292. mál. — Þskj. 524.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1065).

EFRI DEILD

94. fundur, föstudaginn 5. maí,
að loknum 93. fundi.

Þingfararkaup alþingismanna, 3. umr.

Frv. JHelg o.fl., 469. mál (biðlaun). — Þskj. 830.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Íslensk málnefnd, 2. umr.

Stjfrv., 415. mál (nefndarmenn). — Þskj. 926, n. 1052.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. menntmn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Frv. það sem hér um ræðir miðar að því að styrkja og efla íslenska málnefnd. Á því voru gerðar nokkrar breytingar í Nd. frá því sem frv. hljóðaði frá því það var lagt fram, þ.e. það var fækkað nokkuð í nefndinni. Menntmn. þessarar hv. deildar hefur rætt málið á tveimur fundum og samdóma niðurstaða nefndarinnar er sú að leggja til að málið verði samþykkt óbreytt eins og það kom frá Nd. Nál. er að finna á þskj. 1052 og undir það rita allir nefndarmenn í hv. menntmn. þessarar deildar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

95. fundur, föstudaginn 5. maí, að loknum fundum í Sþ.

Veiting ríkisborgararéttar, ein umr.

Stjfrv., 370. mál (síðara frv.). — Þskj. 1025.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Þetta frv. hefur áður verið til afgreiðslu hér í hv. Nd., en Ed. hefur gert á því eina breytingu, tekið inn eina umsókn sem fullnægir þeim skilyrðum sem sett eru, og það eru ekki gerðar við það athugasemdir og lagt til að frv. verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Erfðalög, ein umr.

Stjfrv., 208. mál (önnur erfð, óskipt bú o.fl.). — Þskj. 991 (sbr. 973).

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Frv. til laga um breytingu á erfðalögum hefur áður verið afgreitt hér frá þessari hv. deild. Við athugun í Ed. þótti rétt að orða 16. gr. frv. enn nákvæmar en gert var þó að búið væri að breyta henni áður. Allshn. hefur komið saman og litið á 16. gr. og sér ekki ástæðu til þess að gera athugasemdir við þetta orðalag og leggur til að frv. verði samþykkt eins og það nú liggur fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 344. mál (húsbréfaviðskipti). — Þskj. 626, n. 1015, 1031, 1035 og 1037, brtt. 1032.

Frsm. 1. minni hl. félmn. (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. 1. minni hl. hv. félmn. um 344. mál þingsins, en þannig vildi til að félmn. klofnaði í fjóra hluta, þessi sjö manna nefnd klofnaði í fjóra hluta, þannig að enginn meiri hluti er í nefndinni.

Við hv. 3. þm. Suðurl. Eggert Haukdal leggjum til að frv. þessu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að lesa það nál. sem liggur til grundvallar þessari tillögu og mun síðan fara í nokkrum orðum ítarlegar yfir það frv. sem hér er til meðferðar og ýmislegt sem því tengist.

Nál. 1. minni hl. félmn. er svohljóðandi:

„Nefndin hefur fjallað um mál þetta á nokkrum fundum og fengið umsagnir frá fjölda aðila auk þess sem ýmsir hafa mætt á fundi nefndarinnar til að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum. Af umsögnum og athugasemdum má ráða að efasemdir eru uppi hjá mörgum kunnáttuaðilum varðandi þetta mál.

Frv. gerir ráð fyrir að upp verði tekið svokallað húsbréfakerfi í fasteignaviðskiptum hérlendis. Að auki eru í fyrstu greinum frv. nokkur ákvæði, óskyld meginefni þess, sem miða að því að gera breytingar á því húsnæðislánakerfi sem húsbréfakerfinu er ætlað að leysa af hólmi. Þær breytingar ganga allar út á það eitt að þrengja lánsrétt ákveðinna hópa einstaklinga sem þó hafa greitt af tekjum sínum til lífeyrissjóðakerfisins. Með breytingum af þessu tagi er hætta á að ýmsir smáatvinnurekendur, svo sem trillukarlar og vörubílstjórar, eignist hvorki lánsmöguleika í hinu almenna húsnæðislánakerfi né í lífeyrissjóði sínum. Telja undirritaðir nefndarmenn óeðlilegt að flytja ákvæði þessa efnis samhliða húsbréfamálinu og lýsa andstöðu við þau.

Frv. er að stofni til byggt á tillögum milliþinganefndar sem skilaði áliti á síðasta hausti, en í nefndinni áttu m.a. sæti fulltrúar allra þingflokka. Tveir nefndarmenn lögðust algerlega gegn húsbréfakerfinu, forseti ASÍ og fulltrúi Framsfl., en flestir nefndarmanna skrifuðu undir hið sameiginlega nál. með fyrirvara, þar á meðal fulltrúi Sjálfstfl.

Frv. því sem milliþinganefndin sendi frá sér var síðan breytt í meðförum félmrn. áður en það var lagt fram á Alþingi. Var m.a. fellt niður grundvallarákvæði um að lækka kaupskyldu lífeyrissjóðanna á

skuldabréfum Húsnæðisstofnunar, en lækkun þessarar umdeildu kaupskyldu er að líkindum áhrifamesta leiðin til að lækka vexti á spariskírteinum og almennt á markaðnum.

Í umræðum um mál þetta hefur ítrekað verið reynt að láta líta svo út sem fimm þingflokkar séu bundnir af þessu nál. þrátt fyrir þá fyrirvara sem gerðir voru og þrátt fyrir að ráðherra hafi síðan breytt frv. Verður það vægast sagt að teljast undarleg kenning.

Undirritaðir nefndarmenn telja að húsbréfakerfi hafi ýmsa kosti og geti að mörgu leyti hentað vel hér á landi í einhverri mynd. Ýmsar spurningar varðandi þá framkvæmd, sem frv. gerir ráð fyrir, hafa hins vegar vaknað í nefndarstarfinu. Hefur þeim ekki verið svarað þannig að viðhlítandi sé að dómi undirritaðra.

Fimm einstaklingar í stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins hafa t.d. séð sig knúna til að senda nefndinni rúmlega 20 blaðsíðna álitsgerð um frv. þar sem mjög er varað við því að lögfesta það að sinni. Hefur athugasemdum þessara aðila ekki verið svarað með öðru en skætingi af hálfu ráðherra í stað þess að svara þeim lið fyrir lið þannig að óyggjandi sé.

Ástæðulaust er að tína til öll þau óvissuatriði sem bent hefur verið á varðandi frv. en fáein skulu þó nefnd. Bent hefur verið á að ekkert liggi fyrir um hver verði heildaráhrif húsbréfakerfisins á fjármagnsmarkaðinn í landinu og stjórn peningamála.

Í umsögn Þjóðhagsstofnunar um frv. segir m.a.: „Sá möguleiki er fyrir hendi að viðskiptavakar mundu þurfa að kaupa verulegan hluta bréfanna til þess að halda uppi markaðnum, en slíkt mundi óneitanlega auka peningamyndun. Af þessum sökum gæti þurft að gera ráðstafanir á öðrum sviðum peningamála, en tilkoma húsbréfamarkaðar kallar á miklar breytingar í peningastjórn."

Síðar í sama áliti segir að ákaflega erfitt sé að meta í tölum áhrif af húsbréfakerfi á ýmsa þætti fjármagnsmarkaðar.

Ungur hagfræðingur, Jóhann Rúnar Björgvinsson, kemst að svipaðri niðurstöðu í riti er hann hefur sent þingmönnum. Þar segir m.a.:

„Niðurstaðan er því sú að húsbréfakerfið kemur til með að skerða verulega getu Seðlabankans til að sinna því hlutverki í hagkerfinu sem honum er ætlað, en slík niðurstaða getur haft afar afdrifaríkar afleiðingar fyrir alla hagstjórn."

Sami maður hefur í bréfi til nefndarmanna lagt til að erlendum aðilum, hagfræðingum eða efnahagsstofnunum, verði falið að leggja fræðilegt mat á efnahagsleg áhrif frv.

Frv. fylgir engin greinargerð um áhrif húsbréfanna á fjármagnsmarkaðinn og upplýst hefur verið í nefndinni að Seðlabankinn hefur við undirbúning málsins aldrei verið beðinn um neina greinargerð um áhrif húsbréfakerfis á peningamagn og peningastjórn.

Í greinargerð frv. er mikið gert úr hinni svokölluðu innri fjármögnun húsnæðisviðskipta í kjölfar húsbréfakerfisins. Hvergi kemur þó fram neitt tölulegt mat á því hve gera megi ráð fyrir að hún verði mikil. Eðlilegt hlýtur að vera að slíkt mat fari fram. Einnig er gefið í skyn að húsbréfin muni verða uppspretta nýs sparnaðar í hagkerfinu þótt líklegast sé að sparnaður í þessu formi muni koma niður á öðrum formum sparnaðar, t.d. á bankainnstæðum og spariskírteinum ríkissjóðs sem verða í beinni samkeppni við húsbréfin.

Einnig hafa vaknað spurningar og deilur um vaxtabótaþáttinn, en frv. um hann er til meðferðar í fjh.- og viðskn. Vaxtabæturnar eru óaðskiljanlegur hluti þessa máls því fullir markaðsvextir húsnæðislána, eins og húsbréfakerfið byggist á, fá ekki staðist gagnvart stórum hópum fólks án þess að vaxtabætur komi á móti. Er vissulega slæmt að um útreikning þeirra skuli deilt á þessu stigi. Ljóst er að þótt vaxtabótafrv. sé fyrst og fremst ætlað að koma til móts við hina tekjulægri og eignaminni er opinn möguleiki fyrir menn, sem eiga miklar eignir í formi húsbréfa, að fá greiddar vaxtabætur árum saman greiði þeir vexti af veðskuldabréfum. Vart getur það verið hugmyndin, en þannig er frv. úr garði gert. Bent hefur verið á ýmsa aðra hnökra á frv. sem og ágreining um útfærslu bótanna.

Í nefndarstarfinu hafa einnig komið fram athugasemdir við einstakar efnisgreinar frv. Fagmenn hafa t.d. gert athugasemdir við 57. gr. þess um hlutkesti við endurgreiðslu húsbréfa. Er talið að þetta ákvæði sé bæði óþarft og varhugavert, en af hálfu þeirra, sem afgreiða vilja málið á þessu þingi, hefur ekkert tillit verið tekið til þessarar ábendingar. Sama er að segja um ábendingu varðandi 55. gr. þar sem húsbyggjendur og íbúðarkaupendur eru gerðir ábyrgir fyrir hugsanlegum vanskilum annarra með því að húsbréfadeildinni er heimilt að áskilja sér vaxtaálag til að mæta útlánatapi. Bent var á það í nefndinni að þessi áskilnaður flytti fjárhagsbyrðina af útlánatapi af Húsnæðisstofnun og ríkissjóði yfir á íbúðarkaupendur og húsbyggjendur og væri því hæpið að tala um fulla ríkisábyrgð á húsbréfunum. Enn fremur var bent á að ákvæði 66. gr. um afskipti bankaeftirlitsins af viðskiptum með húsbréf væru óþörf þar sem kveðið væri á um afskipti þess af slíkum viðskiptum í gildandi lögum.

Loks er ljóst að um þetta mál er ekki víðtækt samkomulag eða sátt í þjóðfélaginu svo sem æskilegt er um jafnveigamikið málefni. Alþýðusamband Íslands hefur lýst mikilli andstöðu við málið og þannig er um fleiri aðila sem málinu tengjast, auk þeirra stjórnarmanna í Húsnæðisstofnun sem áður er vikið að.

Þegar allt þetta er metið telja undirritaðir nefndarmenn eðlilegast að máli þessu verði frestað, það kannað betur í sumar, t.d. í milliþinganefnd, og þess freistað að ná víðtækara samkomulagi um breytingar á húsnæðislánakerfinu en er um þetta frv. óbreytt.

Þótt ljóst sé að núverandi lánakerfi standist ekki óbreytt til lengdar er jafnframt ljóst að ekki skiptir sköpum þótt það verði rekið óbreytt í nokkra mánuði enn. Meiru varðar að breytingar verði aðeins gerðar að yfirveguðu ráði og reynt að leita svara við þeim

spurningum sem vaknað hafa um húsbréfakerfið áður en það verður látið leysa núverandi lánakerfi af hólmi að hluta til eða öllu leyti.

Undir þetta er í raun tekið af þeim sem afgreiða vilja málið á þessu þingi þar sem þeir leggja til að gildistöku frv. verði seinkað frá 1. sept. til 15. nóv. Má þá ljóst vera að einu gildir hvort húsbréfakerfið verður lögfest nú eða næsta haust. Á hinu eru hins vegar meiri líkur að nánari athugun málsins í sumar verði til þess að sníða megi af því ýmsa vankanta sem og hliðarfrv. um vaxtabætur.

Fullyrðingar félmrh. um að seinkun málsins kosti þjóðfélagið milljarða króna eru út í bláinn og ekki sæmandi ráðherra þessara mála. Ljóst er að ráðherra hefur í hendi sér að takmarka eða stöðva tímabundið veitingu lánsloforða í núverandi lánakerfi sem og að hækka vextina þar strax, eins og ætlunin er með tilkomu gildistöku húsbréfanna.

Undirritaðir nefndarmenn telja því rétt að frv. þetta, áhrif þess og hugsanlegar afleiðingar, verði rannsakaðar nánar til næsta þings. Leggja þeir því til að frv. verði að svo komu máli vísað til ríkisstjórnarinnar."

Undir þetta rita Geir H. Haarde og Eggert Haukdal. — Þetta var, virðulegi forseti, álit 1. minni hl. félmn.

Málið er að því leyti til sérstakt að því er varðar afgreiðslu þess úr nefndinni að þótt svo liggi í lofti að um það hafi myndast meiri hluti í félmn. og á Alþingi, þá er hann nú ekki traustari en svo að þeir aðilar sem taldir eru eiga samleið um afgreiðslu þessa máls hafa ekki treyst sér til þess að skrifa undir sameiginlegt nál. Það hlýtur óneitanlega, herra forseti, að vekja nokkrar spurningar um það af hve heilum huga hér er gengið til samkomulags um þetta mál. Það er vissulega óvenjulegt þegar um mál sem þessi er samið, og það meira að segja að nokkru leyti fyrir opnum tjöldum, að þá skuli það samkomulag vera með þeim hætti að viðkomandi aðilar treysti sér ekki til þess að afgreiða meirihlutaálit úr nefndinni. Ég tel að þetta undirstriki enn þá óvissu sem bent er á í áliti 1. minni hl. félmn. varðandi þetta mál. Ég tel að sú staðreynd að fram eru komin fjögur minnihlutaálit hljóti enn að rýra það traust sem menn hugsanlega hafa á þessu máli þegar í ljós kemur að þeir sem um það hafa gert samkomulag treysta sér ekki til þess að standa saman að afgreiðslu nál. Látum það nú liggja milli hluta í bili, virðulegi forseti.

En það er ýmislegt í þessu frv. og sem fram hefur komið við meðferð þess og í fjölmiðlum sem ástæða er til að gera að umtalsefni og að einhverju leyti varpa fram spurningum til ráðherra út af.

Þannig er nú reyndar, virðulegi forseti, að þó svo að milliþinganefndarálit það, sem þetta frv. var upphaflega byggt á, hafi notið nokkuð víðtæks stuðnings, þá er málið nú orðið þannig að það hefur verið mjög alvarlega úr lagi fært að mínum dómi og mun ég koma nánar að því. Það er ekki nóg með það að gerðir hafi verið fyrirvarar við það upphaflega nál. sem afgreitt var úr milliþinganefndinni heldur var því síðan breytt á verri veg að mínum dómi. Og enn er búið að breyta því, enn er búið að gefa út yfirlýsingar í málinu sem sumpart eru prentaðar hér í þingskjölum, og gera þetta kerfi að mínum dómi illframkvæmanlegt og alls ekki í stíl við þau upphaflegu markmið sem sagt var að þetta frv. og ákvæði um húsbréfakerfi ættu að ná.

Ég vil í þessu sambandi víkja fyrst að þeirri grein frv. sem kveður á um það að lífeyrissjóðunum sé heimilt að fullnægja samningsbundnum skuldabréfakaupum af Húsnæðisstofnun ríkisins að hluta með húsbréfum, en þetta er 2. mgr. 1. gr. frv.

Mig langar til að vekja athygli á því að í upphaflegum frumvarpsdrögum sem milliþinganefndin kom sér saman um var gert ráð fyrir því að tekið væri af skarið með að lækka þessa kaupskyldu. Í fyrstu var talað um að hún yrði lækkuð úr 55% í 45% en síðan í 47%. Einhverra hluta vegna hefur þessu ákvæði nú verið breytt og það hefur flogið fyrir að það sé vegna samkomulags innan stjórnarflokkanna sem gert hafi verið áður en framlagning frv. var heimiluð hér í upphafi.

Það hefur einnig flogið fyrir, þó svo að það sé hvergi skjalfest opinberlega, hvorki í þskj. né í nál., að hugmyndin sé sú að heimila lífeyrissjóðunum að fullnægja kaupskyldunni með því að kaupa venjuleg skuldabréf af Húsnæðisstofnun fyrir 45% en húsbréf 10% að hámarki. Upphaflega hugmyndin var sem sé sú að skapa lífeyrissjóðunum svigrúm með því að lækka kaupskylduna þannig að þeir hefðu færi á að kaupa húsbréf á hinum frjálsa markaði.

Nú er hins vegar að því er virðist kominn þarna ákveðinn kvóti og þetta er auðvitað eitt af því sem ráðherra verður að útskýra mjög nákvæmlega, þ.e. með hvaða hætti þessi kvóti, ef hann er 10% eins og flogið hefur fyrir eða ef hann er eitthvað annað, hvernig eigi að beita honum. Hvernig á að framkvæma þetta? Sú spurning hlýtur auðvitað að vakna líka hvort lífeyrissjóðirnir megi hugsanlega kaupa fyrir meira en 10% ef þeim sýnist svo, fara upp fyrir þessi 55% eldri mörk, en eins og þetta mál hefur verið útskýrt mundi það ekki heimilt samkvæmt þessu frv. Það eru þarna sem sagt eingöngu 10% sem lífeyrissjóðunum væri heimilt að kaupa.

En hvað þá með aðra hugsanlega kaupendur húsbréfa? Ef það er fyrir fram ákveðið að það skuli aðeins vera 10% af kaupskyldu sem megi versla með í húsbréfum, hvernig á að framfylgja því að aðrir kaupendur fari ekki upp fyrir þessi mörk? Manni hefur skilist á umfjöllun um þetta mál að það þyki mjög mikilvægt að takmarka útgáfu húsbréfanna fyrst í stað. En spurningin er auðvitað sú hvort það eigi að meina öðrum en lífeyrissjóðunum að festa kaup á þessum bréfum ef sjóðirnir eru komnir í 10% eða hvort að þeir megi kaupa mismuninn á því sem nemur þeirri fjárhæð, mismuninum á því sem þessi 10% eru og því sem lífeyrissjóðirnir hafa keypt.

En kannski er þetta nú ekki aðalatriðið varðandi þennan kvóta heldur hitt: Ef maður sem stendur í fasteignaviðskiptum fær fasteignaveðbréf vegna

íbúðar sem hann hefur selt og vill síðan fá húsbréf eins og hann á rétt á samkvæmt þessu frv., hvað skeður ef slíkur maður kemur í Húsnæðisstofnun og vill fá sitt húsbréf? Hvað skeður ef kvótinn er búinn, ef lífeyrissjóðirnir hafa deginum áður keypt fyrir þessi 10%? Þetta snýst auðvitað allt um það að svona kvótaregla, eins og á fleiri sviðum, hlýtur að vera mjög erfið í framkvæmd, ef ekki óframkvæmanleg, og hvað nú ef maðurinn hefur fengið sitt húsbréf og vill selja annaðhvort lífeyrissjóðnum eða einhverjum öðrum og það er komið að því að þessu 10% marki sé náð? Dettur þá nokkrum í hug annað en að aðilar sem þarna væru að keppa um að koma sínum húsbréfum í verð mundu selja þau með afföllum og hækka þannig vextina á þeim? Ég er ansi hræddur um að í þessu samkomulagi sem gert var áður en þetta frv. var lagt fram — og var að sjálfsögðu algjörlega án samráðs við stjórnarandstöðu og aðra þá sem að þessu máli komu í milliþinganefndinni — ég er ansi hræddur um að þetta samkomulag hafi kannski ekki verið hugsað til hlítar, hver áhrif þessa yrðu.

Hins vegar er svo annað atriði, herra forseti, sem að mínum dómi er enn alvarlegra og enn stærra mál og það er það samkomulag sem virðist hafa verið gert í ríkisstjórninni við Alþb. um vextina í núverandi húsnæðislánakerfi sem væntanlega verður starfrækt áfram til hliðar við húsbréfakerfið. Ég sé ekki betur en að með því samkomulagi sé fótunum gjörsamlega kippt undan því húsbréfakerfi sem ætlunin er að koma á fót og þeim markmiðum sem því var ætlað að ná. Það er margyfirlýst og það er margrakið í grg. með því frv. sem hér er til umræðu og í grg. með frv. um vaxtabæturnar, að það sé óhjákvæmilegt að vextir í hinu almenna lánakerfi hækki upp í fulla markaðsvexti um leið og húsbréfakerfið kemur til framkvæmda.

Það má vel vera að einhverjir hafi ekki skilið þetta og það má vel vera að Alþb. hafi misskilið þetta mál, og finnst mér það harla líklegt því að miðað við hvernig þeirra málflutningur hefur verið, þá er heldur ólíklegt að þeir hefðu heimilað frv. með þessum formerkjum vitandi að það þýddi auðvitað ekkert annað en að vextir í almenna húsnæðislánakerfinu yrðu sama dag og húsbréfakerfinu yrði komið á hækkaðir upp í þá vexti sem Húsnæðisstofnun þarf að greiða fyrir sín lán hjá lífeyrissjóðunum. Húsbréfakerfið getur ekki virkað með eðlilegum hætti nema vextirnir þar séu sambærilegir við vextina í almenna lánakerfinu. En það getur heldur ekki virkað nema á húsbréfunum séu markaðsvextir sambærilegir við það sem gerist á öðrum skuldbindingum því ella kaupir enginn húsbréfin. Liggur það ekki nokkuð í augum uppi? Dettur einhverjum í hug að lífeyrissjóðirnir mundu kaupa húsbréf ef þau væru á lakari kjörum en til að mynda spariskírteini ríkissjóðs eða þau skuldabréf sem eru í boði hjá Húsnæðisstofnun ríkisins? Lífeyrissjóðunum er auðvitað skylt að leita bestu ávöxtunar á hverjum tíma á markaðnum. Og auðvitað mundu engin húsbréf seljast nema þau séu á sambærilegum kjörum og best fæst á markaðnum.

En markaðsvextir verða líka að vera í almenna lánakerfinu. Vegna hvers? Vegna þess að ef um er að ræða tvenns konar lánamöguleika, annars vegar húsbréf með fullum vöxtum og hins vegar niðurgreidd lán frá ríkinu í gegnum Húsnæðisstofnun, þá fara auðvitað allir þeir sem vettlingi geta valdið í ódýrari lánin. Standi menn frammi fyrir tveimur valkostum, annars vegar lánum á markaðsvöxtum og hins vegar lánum með niðurgreiddum vöxtum, ja þarf ég að spyrja að því hvert menn fari þá og leiti sinna lána? Þá fara menn auðvitað þangað sem lánin eru ódýrust og í niðurgreiddu lánin.

Þess vegna er það alveg laukrétt sem segir í grg. frv. á bls. 8 þar sem raktir eru þeir þættir sem helstu máli skipta í húsbréfakerfinu. Þar segir, með leyfi forseta:

„Öll lánastarfsemi samkvæmt þessari leið yrði á markaðsvöxtum. Af því leiðir að sú aðstoð, sem húseigendum er nú veitt með lægri vöxtum en á almennum markaði, yrði að vera í öðru formi.“ Ég endurtek: „Af því leiðir að sú aðstoð, sem húseigendum er nú veitt með lægri vöxtum en á almennum markaði, yrði að vera í öðru formi. Þess vegna er það forsenda fyrir þeirri tilhögun sem hér er lýst að opinber stuðningur í skattakerfinu verði endurskoðaður . . .“

Síðan segir: „Rétt er að benda á sérstaklega að verði vextir hækkaðir eins og reifað hefur verið ítarlega hér að framan er líklegt að ýmsir þeirra, sem nú bíða eftir lánsloforðum frá Húsnæðisstofnun, muni leita annarra fjármögnunarleiða. Jafnframt má gera ráð fyrir að eftir hækkun vaxta muni áhugi annarra lánastofnana á lánveitingum til húsnæðismála aukast.“

Er ekki alveg ljóst að það hefur alltaf verið hugmyndin, og reyndar eðlilega vegna þess að það er grundvöllur kerfisins, að samhliða þessu húsbréfakerfi yrðu vextir í hinu almenna lánakerfi hækkaðir til jafns við það sem gerist á markaðnum, en í staðinn kæmu vaxtabætur til þess að létta undir með hinum tekjulægri og hinum eignaminni? Þetta er auðvitað grundvallarhugmyndin í málinu. Og þegar henni er kippt burt þá sé ég ekki betur en að lítið standi eftir af þessari upphaflegu hugmynd. Alþýðubandalagsmenn hafa hins vegar sagt: Ja, þetta mun allt saman lagast af sjálfu sér í vaxtabótakerfinu vegna þess að þeir sem fá lægri vexti í hinu almenna kerfi þeir fá þá engar vaxtabætur, vegna þess að þeir borga lægri vexti.

En auðvitað er þetta líka misskilningur vegna þess að það eru engin takmörk á því hverjir geta komist inn í hið almenna lánakerfi og það eru engin takmörk á því að menn sem ekki ættu rétt á vaxtabótum til að byrja með, menn sem væru yfir tekjumörkum eða yfir eignamörkum gætu fengið hin niðurgreiddu lán í almenna kerfinu. Þar með ættu þeir að sjálfsögðu ekki rétt á vaxtabótum og mundu heldur ekki eiga það hinum megin í húsbréfakerfinu, en fengju engu að síður niðurgreidd lán. Ég hélt að það þyrfti nú ekki að útskýra þetta fyrir því fólki sem hefur legið yfir þessu máli vikum og mánuðum saman.

Hér segir á bls. 12 í grg. með frv., virðulegur forseti:

„Nauðsynlegt er að ganga þannig frá húsbréfunum

að þau verði góð markaðsvara enda er að því stefnt að þau verði endurseld á markaði."

Þetta er auðvitað viðbótarrökstuðningur við það sem ég var að segja. En þessu til viðbótar segir í álitsgerð milliþinganefndarinnar, sem ýmsir skrifuðu undir með fyrirvara eins og ég hef rakið, um vaxtabæturnar og fyrirhugaðar lagabreytingar þeirra vegna:

„Vaxtabótunum er ætlað að leysa af hólmi núgildandi húsnæðisbætur og vaxtaafslátt í gildandi skattalögum en heildarfjárhæð þeirra er ákvörðuð þannig að þær innifeli jafnframt þá niðurgreiðslu sem er á vöxtum á lánum í almenna húsnæðislánakerfinu, enda yrðu útlánsvextir slíkra lána látnir fylgja vöxtum á lántökum Byggingarsjóðs ríkisins."

„Enda yrðu útlánsvextir slíkra lána látnir fylgja vöxtum á lántökum Byggingarsjóðs ríkisins." — Ég get ekki séð að það leiki nokkur vafi á því hvað hér er verið að fara enda held ég að það hafi öllum skilist, sem um þetta mál hafa fjallað þar til nú á síðustu dögum að Alþb. byrjar að ybba gogg í þessu máli, að það hefur staðið til að fara með vextina á hinu almenna húsnæðislánakerfi upp í fulla markaðsvexti.

Nú liggur hins vegar fyrir eitthvert furðulegt samkomulag stjórnarflokkanna um þetta mál þar sem fallið er frá þessari grundvallarhugmynd. Nær hefði nú verið að hlíta tillögum 1. minni hl. félmn. og rannsaka þetta mál til hlítar þannig að séð yrði að vaxtabæturnar rynnu örugglega og eingöngu til þeirra sem mest þurfa á því að halda í stað þess að gera þessa fáránlegu málamiðlun við Alþb. í málinu sem ég fullyrði að muni kollvarpa þessu kerfi í verulegum mæli. Frá þessu undarlega samkomulagi, sem gert hefur verið að því er virðist til þess eingöngu að knýja málið fram hér á þingi í vor í stað þess að knýja fram skynsamlega lausn í málinu, er greint í nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. Vildi ég nú mega lesa þá tilvitnun, með leyfi forseta, en þar segir:

„Nefndin [þ.e. fjh.- og viðskn.] fékk í hendur yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar svohljóðandi:

„Í grg. með frv. er kveðið á um að útlánsvextir Byggingarsjóðs ríkisins verði að taka mið af þeim vöxtum sem samið er um við lífeyrissjóðina vegna skuldabréfakaupa. Samkvæmt nýlegu samkomulagi við lífeyrissjóðina eru þeir vextir 6% frá apríl til júníloka og frá 1. júlí til desemberloka 5%. Nú þegar eru vextirnir orðnir 5% á þeim hluta sem miðaður er við ECU-bindingu.

Ríkisstjórnin stefnir að því að vaxtamismunur á teknum lánum hjá lífeyrissjóðunum og útlánum Byggingarsjóðs ríkisins í núverandi húsnæðiskerfi verði ekki meiri en 0,5–1% og verða vextir af útlánum Byggingarsjóðs ríkisins lægri sem þeim mismun nemur.

Vextir af útlánum Byggingarsjóðs ríkisins hækka ekki fyrr en húsbréfakerfið tekur gildi og verða þá ekki hærri en 4–4,5%. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að hækkun vaxta hjá Byggingarsjóði ríkisins verði ekki afturvirk."„

Hér er nú margt undarlegt, herra forseti. Til að mynda sú staðhæfing að samkvæmt nýlegu samkomulagi við lífeyrissjóðina liggi fyrir að vextirnir verði 6% til júníloka og 5% til desemberloka. Það eru þeir vextir að lágmarki sem um hefur verið samið en menn fara eftir ýmsum öðrum atriðum sem verða gerð upp eftir á, þannig að þessi fullyrðing er mjög vafasöm og alls ekkert víst að hún standist.

Í öðru lagi segir hér að ríkisstjórnin hafi ákveðið að falla frá því yfirlýsta markmiði sem út er gefið í áliti milliþinganefndarinnar og í greinargerðum með báðum þeim frv. sem hér eru til meðferðar í sambandi við þetta mál varðandi markaðsvexti á almennum lánum í húsnæðiskerfinu.

Hér segir: „Ríkisstjórnin stefnir að því að vaxtamismunur á teknum lánum hjá lífeyrissjóðunum og útlánum Byggingarsjóðs ríkisins í núverandi húsnæðiskerfi verði ekki meiri en 0,5–1% og verða vextir af útlánum Byggingarsjóðs ríkisins lægri sem þeim mismun nemur."

Hér er sem sagt verið að slá því föstu að áfram skuli vera niðurgreiðsla á þessum vöxtum þrátt fyrir það að það sé forsenda fyrir húsbréfakerfinu að það verði engin slík niðurgreiðsla og að fyrirgreiðslan til almennings sem í niðurgreiðslunni felst komi þess í stað í vaxtabótum. Vegna þess að tvöfalt húsnæðislánakerfi með mismunandi vöxtum samtímis stenst auðvitað ekki því að þá leita allir í þá vexti sem lægri eru, eins og ég sagði áðan, nema þá þeir sem hugsanlega hafa ekki aðstöðu til þess að bíða, þurfa af knýjandi nauðsyn að verða sér úti um húsnæðislán með litlum fyrirvara, og þeir lenda þá í markaðsvöxtunum. Þeir sem hafa efni á að bíða og fara í biðröðina, þeir munu njóta niðurgreiðslunnar áfram óháð því hverjar tekjur þeirra og eignir eru. Hvers konar rugl er hér á ferðinni, virðulegi ráðherra og þeir aðilar aðrir sem hér hafa staðið að þessu samkomulagi?

Síðan er nú annað sem þessa yfirlýsingu snertir. Það er það sem hér segir, að vextir af útlánum Byggingarsjóðs ríkisins hækki ekki fyrr en húsbréfakerfið tekur gildi og verði þá ekki hærri en 4–4,5%. Þetta mun leitt af þeim vaxtatölum sem ég rakti um það samkomulag sem gert hefur verið við lífeyrissjóðina en er auðvitað engan veginn víst að muni standast, og þá vaknar auðvitað sú spurning: Hvað nú ef vextirnir verða hærri? Hvað nú ef Húsnæðisstofnun þarf að greiða meira en þessi 5–6% sem hér er fullyrt að raunin verði á þó svo að enginn grundvöllur sé reyndar fyrir slíkri fullyrðingu? Það er fróðlegt að fá svör við því. Þau svör birtust reyndar alþjóð í útvarpsviðtali sem átt var við tvo þingmenn um þetta mál, þ.e. hv. 2. þm. Austurl. og hæstv. félmrh., hér í fyrrakvöld. Og skyldu þau nú ekki vera samhljóða um túlkun á þessu atriði? Skyldi nú ekki liggja alveg ljóst fyrir hvað fyrir fólkinu hefur vakað og hvað ríkisstjórnin hefur ætlað sér í þessu máli? Ó, nei. Ekki aldeilis.

Með leyfi forseta langar mig að vitna í þá frétt sem fréttamaður Ríkisútvarpsins flutti í fréttum í fyrrakvöld. Hér segir, með leyfi forseta: „Í yfirlýsingu frá ríkisstjórninni segir að þeir [þ.e. vextir] hækki í

nóvember en verða ekki hærri en 4,5% og vaxtamunur lána og skuldabréfa lífeyrissjóðanna verði aldrei meiri en 0,5–1%. Meiri hluti fjárhags- og viðskiptanefndar túlkar þetta á þann veg að vextir húsnæðislána verði aldrei hærri en 4,5%. En geta vextir farið yfir þessi mörk, Hjörleifur Guttormsson, Alþýðubandalagi." — Og hann svarar: „Nei, það er ákvarðað með því nefndaráliti sem hér liggur fyrir varðandi frv. um tekjuskatt og eignarskatt, þar sem á þessum málum er tekið, að lán Byggingarsjóðs ríkisins verði eftir gildistöku húsbréfalaganna að hámarki 4,5%. Þetta er sú stefna sem við höfum borið fram, alþýðubandalagsmenn, og hún er studd af meiri hluta nefndarinnar þannig að samkvæmt þessu áliti verður málið afgreitt á þeim grundvelli og þar með liggur þingviljinn fyrir." Og þetta var Hjörleifur Guttormsson, Alþb.

Síðan kemur frá fréttamanni: „Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar byggir á þeirri staðreynd að vextir skuldabréfanna verði 5% í haust, en hvað gerist ef þessir vexir hækka t.d. upp í 8% á næsta ári? Hækka þá vextir húsnæðislána?" — Þeirri spurningu er beint til félmrh. Og Jóhanna Sigurðardóttir hæstv. félmrh. svarar: „Ríkisstjórnin tekur ákvörðun um vexti á hverjum tíma samkvæmt lögum og hún hefur markað þá stefnu að vaxtamunur á lánum sem hún greiðir til lífeyrissjóðanna og útlánum skuli ekki vera meiri en 0,5–1%."

Þetta þýðir ekki það að vextir verði að hámarki 4,5%. Þetta þýðir það að ef vextir hækka upp í 8%, eins og fréttamaðurinn spurði um, þá skuli vextir á lánum Byggingarsjóðs ríkisins í hinu almenna lánakerfi ekki vera hærri en 7–7,5%. Það er auðvitað nær því sem upphaflega húsbréfafrv. gerði ráð fyrir, en það er auðvitað mjög fjarri því að vera sami hluturinn og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson segir að vera skuli. Hér er því greinilega ekki bara horfið frá því „prinsippi", sem ég vil kalla, að samhliða húsbréfakerfi verði vextir á almanna lánasviðinu færðir í markaðsvexti og mönnum bætt það með vaxtabótum, af hálfu ríkisstjórnarinnar, heldur er jafnframt gert eitthvert samkomulag sem þegar er orðinn bullandi ágreiningur um í ríkisstjórninni hvernig eigi að túlka. Getur verið skýrara í þessum tilvitnunum sem ég var að lesa að það er ágreiningur um þetta mál milli þeirra tveggja sem þar tala? Það getur ekki verið skýrara. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson fullyrðir að vextir úr Byggingarsjóði ríkisins muni aldrei verða hærri en 4,5%, væntanlega aldrei svo lengi sem Alþb. hefur þar einhver áhrif, en félmrh. segir: Vextir verða aldrei lægri en sem nemur 0,5–1% af þeim vöxtum sem Húsnæðisstofnun þarf að greiða lífeyrissjóðunum.

Þarna getur nú orðið býsna mikið bil, og hver á að borga það? Hvernig á að leysa það mál?

Þetta er auðvitað tilkomið vegna þess, herra forseti, að hér er verið að hrófla við grundvallarforsendu í þessu máli, sem sagt þeirri að flytja niðurgreiðslurnar yfir í vaxtabætur, og þá lenda menn auðvitað í ógöngum, hvort sem það er meiri hl. fjh.- og viðskn. eða hæstv. félmrh. Þegar „prinsippið" er einu sinni brotið komast menn ekkert svo létt út úr því. Hitt er svo annað mál að afstaða félmrh. er auðvitað nær því sem upphaflega var gert ráð fyrir, sem sé því að þarna verði greiddir fullir markaðsvextir og eru að því leyti til skynsamlegri miðað við þær forsendur sem þetta frv. byggir á. Ef hins vegar ætlunin væri að taka ekki upp húsbréfakerfi, heldur halda eingöngu gamla kerfinu, þá má auðvitað deila um hvað eigi að hækka þessa vexti mikið. Þá má auðvitað deila um það þó að það sé að mínum dómi óhjákvæmilegt að hækka þá eitthvað og færa þá nær því sem Húsnæðisstofnun verður að borga því ella stefnir þar í gjaldþrot innan tiltölulega skamms tíma eins og margoft hefur verið sýnt fram á og margoft hefur verið rætt hér í hv. deild og á Alþingi.

Nú hef ég rakið, virðulegi forseti, tvær forsendur sem eru mjög mikið breyttar, og í grundvallaratriðum, frá því að frv. var upphaflega til meðferðar í milliþinganefnd. Annars vegar hefur verið fallið frá því að slaka á kaupskyldunni gagnvart lífeyrissjóðunum og hins vegar hefur verið búinn til hér bastarður í vaxtamálunum til þess að þóknast Alþb. Staðreyndin er hins vegar sú þegar hæstv. landbrh. segir í viðtali við DV: „Alls ekki markaðsvexti" í þetta kerfi, þá er hann auðvitað í raun og veru að segja: Alls ekki húsbréfakerfi. Það þýðir það. Það þýðir ósköp einfaldlega það eins og ég tel mig hafa sýnt hér fram á. En hér segir hæstv. landbrh. í viðtali við DV þann 2. maí sl. að þeir félagar í ráðherranefnd nokkurri sem hann sat í, hæstv. heilbr.- og trmrh. og hæstv. félmrh., ásamt landbrh., hafi komist að þeirri niðurstöðu að vextir af húsnæðislánum eigi að taka meira mið af þeim vöxtum sem Húsnæðisstofnun greiðir af lánum lífeyrissjóðanna. Síðan segir, með leyfi forseta: „Auðvitað má skilja þetta þannig að verið sé að boða vaxtahækkun frekar en hitt en þetta felur alls ekki í sér að það verði einhverjir markaðsvextir á lánum Húsnæðisstofnunar." Og blaðamaðurinn hefur sett í fyrirsögn: „Alls ekki markaðsvexti", sem eins og ég segi þýðir auðvitað: Alls ekki húsbréfakerfi, bara alls ekki.

En af hverju kemur þá ekki Alþb. og talar hreint út úr pokanum og segir bara eins og er að það vilji ekki húsbréfakerfi frekar en margt annað sem til framfara getur horft hér á landi. Það er eflaust eitthvað í tengslum við stjórnarsetu bandalagsins og væntanlegt áframhald á henni, en auðvitað væri það nær lagi fyrir þá sem ekki vilja horfast í augu við afleiðingar þessa kerfis að hafna því þá algjörlega eða slást í hóp með okkur þeim sem erum fylgjandi þessu í aðalatriðum en viljum gefa okkur tíma til að kanna málið til hlítar, svara öllum efasemdum og spurningum sem upp hafa komið og reyna að gera þetta þannig úr garði að sem minnst óvissa skapist um framkvæmd málsins. En það er nú ekki því að heilsa hjá hinum virðulega ríkisstjórnarflokki, Alþýðubandalaginu.

Í sambandi við þetta, herra forseti, er óhjákvæmilegt að spyrja þeirrar spurningar, fyrst til stendur að falla frá því að afnema alveg niðurgreiðsluna á hinum

almennu lánum Byggingarsjóðs, hvort sú niðurgreiðsla sem þá kemur til og mun nema hálfu til heilu prósenti að því er félmrh. segir en hugsanlega miklu, miklu meiru ef túlkun Alþb. á samkomulagi ríkisstjórnarinnar er rétt — þá vaknar sú spurning hvort búið er að yfirfæra þá peninga, sem þarna hverfa yfir í niðurgreiðslu á nýjan leik, út úr vaxtabótunum. Er búið að reikna það dæmi upp á nýtt? Ekki mér vitanlega. Ég veit ekki betur en hv. fjh.- og viðskn. hafi sópað þessu máli út úr nefndinni án þess að biðja um neinar frekari reikningslegar athuganir, án þess að kanna það neitt frekar hvað þessi yfirlýsing sem er grundvöllur hennar álits þýðir fyrir vaxtabæturnar. Því auðvitað þýðir þetta það að ef á nýjan leik á að flytja peninga, stuðning við húsbyggjendur og íbúðarkaupendur, úr vaxtabótum yfir í niðurgreiðslu hefur það auðvitað áhrif á það fjármagn sem ætlað er til vaxtabótanna samkvæmt fyrirliggjandi frv. og auðvitað á þá útreikninga sem þar eru lagðir til grundvallar. En hv. fjh.- og viðskn. er nú ekki vandari að virðingu sinni og vinnubrögðum en svo að hún spyr ekki einu sinni þessarar spurningar, spyr ekki þessarar spurningar sem þó hlýtur að vera eðlilegt að gera.

Ég rakti það hér áðan að það ætti að sameina alla opinbera aðstoð við húsbyggjendur og íbúðarkaupendur í vaxtabótum í hinu nýja kerfi — góð hugmynd að mínum dómi — en nú er verið að falla frá því að hluta til. Þá hlýtur það að kalla á endurreikning á þeirri upphæð og á dreifingu hennar sem gert er ráð fyrir í frv. um vaxtabæturnar. Þeir sem ráða ferðinni telja sér hins vegar ekki skylt að leita neinna svara við þessu frekar en ýmsu öðru sem á hefur verið bent og þó eru nú þetta afleiðingar af ákvörðunum ríkisstjórnarinnar og stuðningsmanna hennar hér á þingi, sjálfra. Þetta eru ekki einhverjir menn úti í bæ, svokallaðir, sem eru að spyrja þessara spurninga. Þetta eru ekki einhverjir óviðkomandi aðilar eða einstaklingar, hvað þá aðilar í stjórn Húsnæðisstofnunar sem ekki eru nú virtir svars. Þetta er stjórnarliðið sjálft sem hefur gert þarna breytingar á forsendum en hyggst síðan ekkert reyna að gera sér grein fyrir því eða gera þingheimi grein fyrir því í hverju afleiðingarnar munu felast.

Allt er þetta á sömu bókina lært. Hér er verið að þjösna í gegn frv. sem menn hafa miklar efasemdir um, kunnáttumenn á þessu sviði, og sem mér er kunnugt um að mjög margir þm. í báðum hv. þingdeildum hafa miklar efasemdir um að afgreiða á þessu þingi, þó svo að margir þm., eins og sá sem hér talar, séu í grundvallaratriðum hlynntir hugmyndinni en vilji gefa sér tóm og næði til þess að fara betur yfir þetta mál, rannsaka betur þessa útreikninga og þessar forsendur, gera sér betur grein fyrir afleiðingunum og síðast en ekki síst, reyna að ná betri sátt um málið í þjóðfélaginu og meðal þeirra sem það helst varðar.

Nei, þessi vaxtabreyting sem Alþb. hefur knúð fram þýðir það m.a., eins og égýjaði að áðan, að þeir munu áfram fá að leika lausum hala í húsnæðislánakerfinu sem hafa efni á því að standa í biðröðinni sem þar er nú, sem hafa efni á því að bíða, þó svo að þeir eigi miklar eignir eða hafi háar tekjur, og það þrátt fyrir það að það sé eitt af yfirlýstum markmiðum þessa kerfis að koma slíkum aðilum út úr hinum opinberu stuðningsaðgerðum, losa ríkið við það að þurfa að niðurgreiða og styrkja fólk sem ekki þarf á stuðningi að halda. Ég held að það sé eitt af höfuðmarkmiðum frv. og ég er alveg sammála því. Í dag er verið að niðurgreiða húsnæðislán til fjölda fólks sem mundi ekki sækjast eftir slíkum stuðningi nema vegna þess að þar eru niðurgreiddir vextir og fyrirgreiðsla sem ekki fæst annars staðar.

Í þessu sambandi er jafnframt nauðsynlegt að leita svara við þeirri spurningu hvernig sú ákvörðun á að koma til framkvæmda sem fram kemur í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, að hækkun vaxta hjá Byggingarsjóði ríkisins verði ekki afturvirk. Ég tel reyndar að það sé nokkuð erfitt að ætla að gera upp á milli manna að þessu leyti til, eftir því hvort þeir hafa fengið lánin sín í dag eða gær eða muni fá þau á morgun. Það er alveg ljóst að þeir sem fyrstir komust inn í hið almenna húsnæðislánakerfi eftir að það byrjaði á núverandi grundvelli, duttu ef svo má segja í lukkupottinn. Fengu stórar fjárhæðir á verulega niðurgreiddum vöxtum. Þessi ákvörðun þýðir auðvitað það að það á að halda því fólki í lukkupottinum áfram en ná sér frekar niður á þeim sem á eftir koma. Hins vegar er það auðvitað erfið ákvörðun að hækka vexti með þeim hætti þó svo að skuldabréfin sem út hafa verið gefin varðandi þessi lán geri ráð fyrir þeim möguleika að vöxtum sé breytt og þó svo að félmrh. hafi alla tíð haft möguleika á að breyta þessum vöxtum í samráði við ríkisstjórnina, að sjálfsögðu, en hafi ekki gert það. Hæstv. núv. félmrh. er búinn að skjóta sér undan því í hartnær tvö ár að gera þarna breytingar á þó svo að ráðherra hafi auðvitað verið ljóst að það hafi verið nauðsynlegt og þó svo að hagfræðingunum tveimur í ráðherraliði Alþfl. hafi kannski ekki síst verið það ljóst, hæstv. viðskrh. og hæstv. utanrrh. Þá hefur nú samt verið forðast að gera það, en það átti sem sagt að gera það í tengslum við húsbréfakerfið, samhliða því, og þá auðvitað liggur í augum uppi að ábyrgðin af þeirri ákvörðun yrði ekki eingöngu á herðum ráðherra heldur jafnframt á öðrum sem að þeirri aðgerð stæðu, þar á meðal þeim sem þetta mál styðja úr stjórnarandstöðunni. Þannig er nú stundum reynt að koma sér undan ábyrgð á erfiðum ákvörðunum.

En í sambandi við afturvirkni vaxtahækkunar og þá yfirlýsingu sem fyrir liggur um að um afturvirkni verði ekki að ræða vaknar þessi spurning: Hvað með þá sem fengið hafa lánsloforð nú þegar en eru ekki búnir að fá lánin sín útgreidd? Á að skilja þann millihóp eftir eða á að hækka vextina hjá þeim eins og hjá þeim sem á eftir koma? Staðreyndin er auðvitað sú að alltaf þegar verið er að gera upp á milli ákveðinna hópa, hvort sem það er í þessu efni eða öðru, koma upp jaðartilvik. Alltaf þegar verið er að mismuna fólki lenda einhverjir á jaðrinum á milli. Í þessu tilviki er um það að ræða að það fólk sem lagt

hefur inn umsóknir og fengið lánsloforð lendir hugsanlega þarna á milli. Hvernig væri nú að fá svör við því hvort það er meiningin að hækka vextina á því fólki þó svo að það hafi lánsloforð eða ekki. Annar millihópur sem þarna er um að ræða er sá hópur sem lagt hefur inn umsóknir en ekki enn þá fengið svör, hvorki lánsloforð né annað haldbært. Þessu held ég að sé óhjákvæmilegt að fá svarað í þessari umræðu enda er þetta grundvallaratriði fyrst farið er út í það á annað borð að mismuna einstaklingum eftir því hvenær þeir hafa tekið lánin sín.

Eins og fram hefur komið í blöðum og kemur fram í tveimur nál. er þetta ákvæði tilkomið að því er virðist sem hluti af því verði sem Kvennalistinn setti upp fyrir sinn stuðning við þetta mál. Þá brá nú svo við að ýmsir aðrir aðilar málinu skyldir töldu að það hefði aldrei verið gert ráð fyrir því að hækka vextina afturvirkt, þó að ég hyggi nú að skilningur flestra sem að þessu máli komu hafi einmitt verið sá að þeir ættu að gera það til samræmis. Þeir aðilar sem hafa fengið lánin á 3,5% vöxtum og mundu lenda í þeirri vaxtahækkun ættu auðvitað rétt á sambærilegum vaxtabótum og aðrir. Það er auðvitað aðalatriðið. Hitt er varhugavert, eins og ég sagði, að ætla að fara að gera upp á milli aðila eftir því hvort þeir hafa fengið lánin sín í ár eða í fyrra annars vegar og svo hinna sem fá lánin síðar á þessu ári eða næsta í þessu kerfi.

Það má margt fleira segja um þetta vaxtaspursmál og um þetta ákvæði varðandi kaupskylduna sem ég hef gert að umtalsefni. Auðvitað er engin ástæða til þess fyrir fólk að fara úr biðröðinni ef það getur fengið þar lán á 4,5% vöxtum, engin ástæða fyrir fólk til að fara úr þeirri biðröð yfir í lán í formi húsbréfa með jafnvel 7 eða 8% vöxtum. Því fær það ekki staðist að þarna séu tvenns konar vaxtamöguleikar, tvenns konar lánakerfi, enda líklegt að með slíku móti náist ekki það markmið frv. að beina opinberum stuðningi fyrst og fremst til þeirra sem mest þurfa á honum að halda.

Það má auðvitað bæta því við, og það er partur af þeirri analýsu, þeirri greinargerð, þeirri úttekt sem aldrei hefur verið gerð af hálfu Seðlabankans, hvernig menn ætla að hafa stjórn á þessum vöxtum eftir að þessi bréf verða komin í umferð. Segjum sem svo að það fari 600 manns af þessum 10–12.000 úr biðröðinni og vilji fá 5 millj. kr. húsbréfalán eða kaupi sér íbúð fyrir 5 millj. og fái 65% lán fyrir því. Þá er komin fjárþörf fyrir þetta fólk upp á 2 milljarða. Hvað skyldi nú þurfa að hækka vexti mikið á spariskírteinum til að mynda til þess að salan á þeim aukist um 2 milljarða? Það kom fram í morgun sem svar við fyrirspurn að sala á spariskírteinum er minni en áætlanir gerðu ráð fyrir og fjmrn. hafði gert sér vonir um. Það er út af fyrir sig miður vegna þess að það er þýðingarmikið að þessir mikilvægu pappírar seljist vel. En þeir virðast ekki ganga út á þeim vöxtum og með þeirri undirskrift sem almenningi stendur nú til boða frá fjmrn. á þessum spariskírteinum.

Ég vakti athygli á því í nefndarálitinu og geri það enn í tengslum við vextina að það vantar alla fræðilega úttekt á því hvernig þetta mál gæti komið út á peningamarkaðinum. Hvers vegna er hún þá ekki gerð? Af hverju má ekki taka tíma til þess að gera slíka rannsókn, annaðhvort á vegum innlendra aðila eða, eins og lagt hefur verið til og ég nefndi, á vegum færustu sérfræðinga utan lands? — Gengur nú helsti sérfræðingur ríkisstjórnarinnar í þessum efnum á dyr og er það mjög miður því honum hefði verið vel treystandi til þess að gera þessa úttekt, hæstv. viðskrh. — Í þessu sambandi vildi ég nefna að fyrirvararnir sem gerðir voru í milliþinganefndinni á sínum tíma snerust einmitt flestir um hugsanleg áhrif á peningamarkaðinn, eða a.m.k. voru þau áhyggjuefni margra. Hvað verður um vextina almennt, hvað verður með vaxtabyrðina? Hvernig bregst fasteignamarkaðurinn við, hvernig bregst peningamarkaðurinn við og hver verða almenn efnahagsáhrif svo sem verðbólguáhrif? Um þetta er allt saman spurt.

Það er ekki skrýtið þó að fólk velti fyrir sér þessum mikilvægu áhrifum vegna þess að hér er verið að tala um fúlgur sem numið geta milljörðum og sem eru upphæðir sem skipt geta sköpum í okkar litla hagkerfi. Þetta má ekki athuga til haustsins, þetta verður allt að afgreiða strax í þeirri von að allt gangi nú vel. Auðvitað hljóta allir að vona að þetta gangi vel ef þetta nær fram að ganga en auðvitað væri samt hyggilegra, ráðlegra, skynsamlegra og betra að gefa sér tóm til þess að rannsaka þetta tiltekna atriði vegna þeirra miklu hagsmuna sem margir hafa í þessu sambandi, ekki síst hinn almenni íbúðarkaupandi og hinn almenni húsbyggjandi. Ég held að hv. formaður fjh.- og viðskn. ætti að vera hér og hlusta því hann virðist ekki hafa kynnt sér þetta mál allt of vel en hann gengur á dyr eins og ráðherrarnir.

Það er sömuleiðis að mínum dómi illa kannað, og það snertir vaxtabótaþáttinn, hver hinn raunverulegi kostnaður af vaxtabótunum muni verða. Ég nefndi tilflutninginn áðan, þ.e. ef það á að fara út í niðurgreiðslur vaxtamegin á nýjan leik, en það er annað sem er kannski enn þá meira grundvallaratriði að allir útreikningar í þessu máli — og dreg ég nú ekki úr hæfni og getu reiknimeistara ráðherra í þessu máli — eru auðvitað byggðir á framtölum og öðru slíku sem fyrir liggur frá nýliðnum árum. Halda menn ekki að menn breyti hegðun sinni í einhverjum mæli þegar ný ákvæði þessa efnis koma fram? Halda menn að eignarskattsákvæðin og annað sem þessu tilheyrir leiði ekki til þess að hegðun manna geti breyst? Menn vita ósköp lítið um á hvern hátt. Það er t.d. alveg ljóst að það verður mjög hagkvæmt í þessu vaxtabótadæmi að skulda stórar fjárhæðir og greiða þær. Þannig myndast minni eignarskattsstofn, til að mynda eru námslán mjög hagkvæm til lengri tíma litið fyrir þá sem þau taka og þau verða enn þá hagkvæmari sem partur af eignarskattsstofni vegna þessa. Þegar menn eiga þess kost að fá stórar fjárhæðir í vaxtabætur er auðvitað líklegt að menn reyni að verða sér úti um þær. Ég hef t.d. bent á það að eins og frv. er úr garði gert geta menn átt miklar eignir í formi húsbréfa og það er einmitt talað um það að það sé kostur húsbréfa

að menn geti sparað í því formi. En samkvæmt vaxtabótafrv. geta menn átt miklar eignir í formi húsbréfa, skuldað á móti í formi venjulegra veðskuldabréfa og átt rétt á fullum vaxtabótum jafnvel árum saman. Það er auðvitað líklegt að menn geri þetta fyrst það er hægt og upp á það er boðið. Þannig er öll starfsemi efnahagslegs og hagræns eðlis að hún hefur áhrif á hegðun manna. Það er ekki hægt að gera lokaðar tilraunir í hagfræði eða efnahagsmálum og endurtaka þær skömmu síðar. Það er verið að tala um fólk, um manneskjur sem taka ákvarðanir á grundvelli eigin skynsemi og með tilliti til aðstæðna á hverjum tíma. Þetta mun auðvitað verða eitt atriði í efnahagsumhverfi hins venjulega manns sem hann mun þurfa að taka afstöðu til og hegða sér í samræmi við. Það er ekkert reynt að spá í það heldur er gengið út frá því, að því er virðist, að hegðun fólks verði óbreytt frá því sem var og kemur væntanlega fram í framtölum og öðrum gögnum sem höfð hafa verið til hliðsjónar við undirbúning þessa máls. Þetta held ég að sé ekki nógu gott og ég held að það þurfi að spá í þennan þátt líka og reyna að girða fyrir þá möguleika á misnotkun sem hefur verið bent á af mér og öðrum en sem hv. fjh.- og viðskn. hefur ekki séð ástæðu til þess að hlusta á.

Svo er það náttúrlega líka spurning, sem snýr að kostnaði ríkisins við að halda uppi vaxtabótum, hvort menn eru að tala um nafnvexti eða raunvexti. Í þessum frv. tveimur er gert ráð fyrir nafnvöxtum að því er séð verður, þetta eru nafnvaxtabætur en ekki raunvaxtabætur. Hins vegar er ekkert ótrúlegt að ef hæstv. núv. ráðamenn verða við völd einhvern tíma, einhver ár til viðbótar, eins og hugur þeirra stendur eflaust til, verði verðbólgan hér á Íslandi — ja, eigum við að hafa borð fyrir báru gagnvart þeim og segja 20–30% svo maður verði nú ekki sakaður um ósanngirni í þeirra garð. Það er ekki ólíklegt að verðbólgan verði 20–30%. Það þýðir það að nafnvextir verða mjög háir og nafnvaxtabætur þar af leiðandi sömuleiðis. Það er enginn vandi að slá upp tölum. Ef maður gefur sér til að mynda að 30.000 heimili muni njóta bótanna og ef 100 þús. kr. í bætur eru algeng tala fyrir hjón þá erum við náttúrlega komin í 3 milljarða áður en varir. Nú eru engin sérstök rök fyrir því að taka 30.000 heimili og 100 þús. kr. í bætur en þetta eru ekki tölur sem virðast sérstaklega fjarri lagi þegar þess er gætt að 25.000 manns njóta vaxtaafsláttar í dag og 9000 til viðbótar njóta húsnæðisbóta.

Málið er auðvitað það að þetta mál er ekki kannað til hlítar og hvort 30.000 heimili með 100 þús. kr. í bætur er sú tala sem á rétt á sér eða hvort það sem fram kemur í frv. er réttara vitum við ekki um en ég tel að þetta þurfi að rannsaka mun betur, eins og tillaga okkar hv. 3. þm. Suðurl. gerir ráð fyrir og sömuleiðis nál. hv. 1. þm. Vesturl. Alexanders Stefánssonar sem hefur einnig lagt þetta til þótt á öðrum forsendum sé.

Hv. 2. minni hl. félmn., sem í sitja þrír þingmenn stjórnarflokkanna, formaður nefndarinnar hv. þm. Jón Sæmundur Sigurjónsson, hv. þm. Jón Kristjánsson og hæstv. forseti Sþ. Guðrún Helgadóttir, hefur lagt fram brtt. við frv. í nokkrum liðum. Þær fela ekki í sér neinar efnisbreytingar, hvað þá að komið sé til móts við eina einustu ábendingu sem fram hefur komið í nefndarstarfinu hjá öllum þeim fjölda manns sem hefur tjáð sig um þetta mál, komið á fund nefndarinnar eða sent sitt álit. Brtt. hv. 2. minni hl. félmn. ganga einvörðungu út á að lagfæra orðalag og málfar, taka út dönskuslettur og þess háttar, fyrir utan tvær síðustu breytingarnar. Önnur er eingöngu spurningin um gildistöku, þ.e. að seinka henni, en hins vegar er bætt inn í ákvæði um að húsbréfadeildin skuli gera tillögu til félmrh. um heildarfjárhæð í hverjum flokki húsbréfa. Fregnir herma að þessi tillaga muni til komin til að friða einhverja óánægða einstaklinga í Framsfl. en efnislega skiptir hún auðvitað engu máli, ekki nokkru einasta máli. Tillagan er bara lítilfjörleg dúsa upp í einhverja framsóknarmenn sem hafa ákveðið að gangast undir það jarðarmen að styðja frv. að svo komnu máli þrátt fyrir verulegar efasemdir í þeirra huga um málið. Það skiptir auðvitað engu máli hvort húsbréfadeildin gerir tillögur til félmrh. um heildarfjárhæð í hverjum flokki húsbréfa. Hvaða máli skiptir það?

Hér mun reyndar vera ætlunin að með þessu móti geti ríkisstjórnin haft taumhald á því hversu mörg húsbréf séu í umferð með því að leggja saman upphæðirnar í hverjum flokki húsbréfa og gá hvort sú heildarupphæð fari fram úr einhverri tölu sem ríkisstjórnin hefur ákveðið og sem væntanlega miðast við 10% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna. Um þetta eiga þá við þau sömu rök og ég fór hér með áðan að því er varðar þennan kvóta, þennan 10% kvóta. Hann er auðvitað mjög vafasamur og fær ekki staðist ef þetta kerfi á að ganga eins og hugmyndin var upphaflega því þarna er verið að þjóna einhverjum allt öðrum hagsmunum og einhverjum allt öðrum tilgangi en upphaflega var gert ráð fyrir. Auðvitað er það partur af þeirri eyðileggingu sem frv. hefur mátt sæta af hálfu svokallaðra stuðningsmanna málsins á Alþingi, stjórnarliðsins á Alþingi sem hefur einsett sér það að koma þessu máli hér fram hvað sem tautar og hvað sem raular.

Ég lét þess getið, herra forseti, að þessi breyting sem 2. minni hl. gerir tillögu um hafi einvörðungu verið lítilfjörleg dúsa til þess ætluð að friða nokkra framsóknarmenn. En það eru fleiri aðilar að þessu máli. Kvennalistinn hefur fallist á að greiða fyrir framgangi þess hér í þinginu. Hann fær þó enga slíka dúsu inn í frv. sjálft, enda hefur hann ekki gert kröfu til þess að því er best verður séð. Öll skilyrði kvennalistaþingmanna varðandi þetta mál koma því ekkert við svo undarlegt sem það nú er. Það er ekki verið að fara fram á neina málamiðlun um þetta frv. í þeim kröfum sem Kvennalistinn gerði og sem lyktaði með formlegu samkomulagi sem birtist hér í þingskjölum, í minnihlutaálitum, tveimur meira að segja, samkomulagi milli ríkisstjórnarinnar og Kvennalistans. Ekki aldeilis. Einu kröfurnar sem Kvennalistinn hefur gert snúa að allt öðrum málum, snúa að

framlagi til félagslega kerfisins sem kemur þessu máli ekkert við, ekki nokkurn skapaðan hlut, vegna þess að hér er verið að tala eingöngu um hið almenna húsnæðislánakerfi. (**Forseti:** Ég vil nefna það hér, nú þegar klukkan er 19, að samkomulag er um það milli flokka að umræðunni verði frestað um þetta leyti til morguns. Ég vil inna hv. ræðumann eftir því hvort hann eigi mikið eftir af sínu máli. Það yrði í lagi að halda áfram smástund í viðbót ef hv. ræðumaður kýs að ljúka málinu á eins og fimm mínútum en ella mundi umræðunni verða frestað til morguns. Þetta eru engin tilmæli til ræðumanns um að stytta mál sitt.) Já, herra forseti. Ég skil vel að forseti verði að fá þetta upplýst og mér er kunnugt um þetta samkomulag sem gert hefur verið og skal ekki standa í vegi fyrir því að það nái fram að ganga, en ég hef ekki lokið mínu máli, það er fjarri því, og mér nægja ekki fimm mínútur til þess að ljúka því, þannig að ég verð þá að taka þann kostinn að gera hér hlé á ræðu minni og halda áfram við næsta tækifæri, væntanlega á morgun.

Umræðu frestað.

SAMEINAÐ ÞING

71. fundur, laugardaginn 6. maí, kl. 10 árdegis.

Bætt samkeppnisstaða innlends skipaiðnaðar, frh. síðari umr.

Þáltill. StG, 37. mál. — Þskj. 39, n. 1053, brtt. 1054.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég kem hér upp til þess að þakka nefndinni fyrir hennar störf og lýsa því yfir að ég sætti mig allbærilega við þá niðurstöðu sem nefndin varð sammála um að leggja til, að afgreiða málið á þennan hátt eins og hér liggur fyrir.

Ég vil hins vegar beina þeim eindregnu tilmælum til hæstv. ríkisstjórnar að hún bregði mjög skjótt við í þessu máli. Það er mikil þörf á því og ég þarf ekki að fjölyrða um það hér að það verði tekið til hendi fljótt í þessum málum og reynt að koma betri skikkan á þau. Fleiri orð þarf ég ekki að hafa, en í þeirri góðu trú og reyndar vissu að ríkisstjórnin geri það, þá sætti ég mig bærilega við þessi málalok.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég vildi byrja á því að lýsa yfir stuðningi mínum við þá þáltill. sem hér liggur fyrir eins og hún kemur frá hv. atvmn.

Ríkisstjórnin hefur unnið að því að bæta samkeppnisstöðu innlends skipaiðnaðar, einkum með því að með sérstakri ákvörðun var létt lántökugjaldi af lánum vegna innlendra skipaviðgerða sem veitt eru fyrir milligöngu Byggðasjóðs. Jafnframt var hækkað lánshlutfall við innlendar skipaviðgerðir og er það nú nokkru hærra en veitt er þegar viðgerðir eru keyptar frá öðrum löndum. Ríkisstjórnin hefur enn fremur í undirbúningi sérstakt markaðsátak innan lands fyrir skipaviðgerðir. Það er nauðsynlegt verk, einkum af því að kostir innlendra skipaviðgerða í samanburði við viðgerðir sem keyptar eru frá öðrum löndum hafa ekki verið nóg á orði hafðir og ekki kynntir nógu vel. Ég hef í huga að vinna að slíku kynningarstarfi í samráði við samtök skipaiðnaðarins og reyndar Landssamband ísl. útvegsmanna og koma því til allra þeirra sem hafa með þessi mál að gera og náttúrlega sérstaklega til útvegsmanna.

Annað sem á döfinni er er að vinna að stefnumótun í samráði við Landssamband iðnaðarmanna og Félag dráttarbrauta og skipasmiðja og samtök iðnaðarmanna í þessari grein. Verkefnið er að móta stefnu fyrir íslenskan skipaiðnað á næstu árum, m.a. á grundvelli skýrslu sem breska ráðgjafarfyrirtækið Appledore hefur unnið að, en það verk var hafið í tíð hæstv. fyrrv. iðnrh., Friðriks Sophussonar.

Því miður hefur dregist að áliti þessara ráðgjafa væri skilað. Því hefur verið lofað nokkrum sinnum en nú virðist ljóst að það muni koma fram í mánuðinum maí og ég mun beita mér fyrir því að þingmenn fái útdrátt úr þessari skýrslu jafnskjótt og tök eru á. Ég tek það fram að ég er samþykkur því sem fram kemur í nál., að æskilegt sé að ríkisstjórnin geri grein fyrir sínum verkum á þessu sviði þegar komið er haustþing.

Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð, virðulegi forseti, en lýsi stuðningi mínum við ályktunina eins og hún liggur hér fyrir.

Frsm. atvmn. (Árni Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka iðnrh. hans ágætu orð hér á undan. Þegar nefndin fjallaði um þetta mál, þá var henni boðið til fundar á Vélaverkstæði Sigurðar Sveinbjörnssonar í Garðabæ. Því miður gátu fáir nefndarmanna sinnt þessu boði, en þar komu fram upplýsingar sem voru svo sláandi að ég hygg að þeir nefndarmenn sem þar voru hafi farið næsta undrandi af þeim fundi þegar þeir gerðu sér grein fyrir því hver staða íslensks skipaiðnaðar er yfirleitt gagnvart samkeppni við erlendan skipaiðnað.

Ég skrifaði hjá mér nokkur atriði sem komu fram á þessum fundi, en þar voru forsvarsmenn íslensks skipaiðnaðar sem nú horfa upp á hrun í þessari iðngrein, og þar var sérstaklega nefnt að inn í þessa athugun — og ég vildi láta það koma skýrt fram — þyrfti að koma einhvers konar stuðningur við þann iðnað sem smíðar vélar og tæki fyrir íslensk skip. Mig langar, með leyfi forseta, að fá að lesa hér upp úr bréfi sem okkur var afhent á Vélaverkstæði Sigurðar Sveinbjörnssonar við þetta tækifæri sem lýsir stöðunni betur en flest annað það sem ég hef heyrt um ástandið í þessum iðnaði sem hefur átt mjög undir högg að sækja. Margar skipasmíðastöðvar hafa verið

reknar með stórfelldu tapi og hafa orðið að loka og eru nokkuð nýleg dæmi um það.

Í þessu bréfi sem við fengum í hendur er á það minnt að Vélaverkstæði Sigurðar Sveinbjörnssonar *er stofnað 1946. Þar hafa dugandi menn verið við* stjórnvöl. Þeir hafa náð mjög verulegum árangri, t.d. í smíði á skipavindum og togvindum og þeir hafa framleitt í yfir 440 fiskiskip togvindur sem þykja mikil gæðavara. Síðan segja þeir, með leyfi forseta:

„Á undanförnum árum hefur því miður dregið úr þessari framleiðslu. Ekki hefur dugað að bjóða góða vöru á hagstæðu verði því að erlendir aðilar hafa jafnan boðið hagstæðari lán og lækkað sín verð niður fyrir okkar. Þetta hefur keyrt um þverbak á tveimur síðustu árum þegar hlutverk okkar á þessum markaði hefur helst verið að halda erlendum verðum niðri sem er gott svo langt sem það nær en við lifum ekki á því.

Nú er svo komið að fyrirtækið er svo til verkefnalaust. Ekki hefur fengist marktækur samningur á þessu ári. Á sl. sex mánuðum höfum við orðið að fækka fólki um átta og í byrjun janúar var hætt að vinna yfirvinnu. Ef ekki rætist úr fljótlega verðum við enn að fækka fólki eða jafnvel loka fyrirtækinu og þá má búast við verulegum verðhækkunum á innfluttum vindum í kjölfarið. Til þess að árétta okkar mál getum við nefnt eftirfarandi dæmi." — Og nú vil ég nefna það að á þessum fundi kom fram gífurleg gagnrýni á bankakerfið og Fiskveiðasjóð, einkum og sér í lagi á Fiskveiðasjóð, sem forstöðumenn þessa fyrirtækis töldu að svöruðu ekki erindum. Ef þeir svöruðu, þá svöruðu þeir seint og kæmu lítið til móts við þessa iðngrein. En hér segir, með leyfi forseta:

„Til þess að árétta okkar mál getum við nefnt eftirfarandi dæmi:

1. Þrymur. Við vorum með 1200 þús. kr. lægra tilboð en erlendur aðili sem lækkaði sitt tilboð, og gott betur, um 650 þús. Fengum verkefnið eftir að kaupandi gaf okkur kost á að lækka okkur líka.

2. Gjafar VE. Við vorum með svo til sama verð og erlendur aðili sem lækkaði sig um 30%.

3. Júlíus Geirmundsson. Við vorum með 8 millj. kr. lægra tilboð en erlendur aðili sem lækkaði sig um þessa upphæð."

Ég vil skjóta því inn í að það virðist svo sem erlendir aðilar hafi kost á því að lækka tilboð sín eftir að búið er að opna tilboð í verkefnin.

„4. Röst. Skrifuðum undir samning vegna nýrra vinda fyrir ms. Röst sl. sumar. Rifta varð samningnum vegna synjunar frá Fiskveiðasjóði. Kaupandi var þó svo til skuldlaus við sjóðinn og hafði áður fengið synjun fyrir nýsmíði.

5. Gissur hvíti. Gerður var samningur við Slippstöðina um smíði á vindum í þetta skip. Samningurinn gekk til baka vegna synjunar Fiskveiðasjóðs.

6. Geisli. Okkur tókst að selja vindur í þetta skip í febrúar í fyrra. Síðan hafa lánastofnanir með Fiskveiðasjóð í broddi fylkingar dregið kaupandann á asnaeyrunum. Síðasta fréttin er synjun frá Byggðasjóði.

7. Nýsmíði fyrir Njörð hf. hjá skipasmíðastöð Marselíusar, Ísafirði. Við vorum með svipað verð og erlendur aðili sem lækkaði sig um eina milljón.

8. Gideon VE. Skrifuðum undir samning vegna *nýrra vinda í þetta skip í desember sl.* Fiskveiðasjóður hefur enn ekki tekið málið fyrir. Það yrði okkur verulegt áfall ef þessum samningi yrði rift."

Þetta eru dæmin sem við fengum í hendur um það hvernig búið er að íslenskum iðnfyrirtækjum í þessari grein. Ég hvet mjög eindregið til þess að þetta mál verði tekið föstum tökum þannig að íslensk fyrirtæki á þessum vettvangi, á þessu sviði búi við sambærileg kjör og þau erlendu sem eru í samkeppni við þau innlendu. Það nær auðvitað engri átt ef það gerist að erlend fyrirtæki geta komið með ný tilboð eftir að útboð hafa verið opnuð. Þá er eitthvað verulega mikið í ólagi sem þarf að breyta.

Síðan er það alveg ljóst að þegar innlend fyrirtæki sækja um fjármagnsfyrirgreiðslu hjá peningastofnunum hér á landi til þess að geta staðið undir þeim viðgerðum sem þau taka að sér, þá eiga þau miklu óhægara um vik heldur en þegar íslenskir aðilar leita með verkefni af þessu tagi til útlanda og fá bankaábyrgðir og bankafyrirgreiðslu nánast samdægurs.

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins leggja áherslu á þessi atriði vegna þessarar till. sem mjög er tímabær og þarf að sinna núna á næstu mánuðum og ég endurtek bæði þakkir mínar til flutningsmanns till. og fyrir svör iðnrh.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir það að nauðsynlegt er að huga að íslenskum skipasmíðaiðnaði og hvað gera megi til þess að bæta samkeppnisstöðu hans. *En ég vil jafnframt minna á að það er ekki hægt* að fjalla um málefni sem þetta sem eitthvert einangrað fyrirbrigði í efnahagslífinu. Mér finnst eiginlega fullmikið af því gert hér á hinu háa Alþingi að fjalla um einstök mál eins og þau séu í einhverri blindgötu og enginn heimur í kring. Vandamál íslensks skipasmíðaiðnaðar er auðvitað hluti af stærra vandamáli sem er stjórn efnahagsmála á Íslandi. Og staða íslensks skipasmíðaiðnaðar væri ólíkt betri ef stjórn efnahagsmála hefði verið í fastari skorðum hér heldur en hún hefur verið undanfarin ár.

Ég vil þess vegna leyfa mér að spyrja hæstv. iðnrh. sem jafnframt er viðskrh.: Hvaða tillögur eru á borði ríkisstjórnarinnar til þess að koma jafnvægi á íslenskan fjármagnsmarkað i heilu lagi og þar með að bæta samkeppnisstöðu íslensks skipasmíðaiðnaðar og annarra atvinnugreina? Hvað er fyrirliggjandi núna hjá hæstv. ríkisstjórn til þess að koma á jafnvægisástandi á fjármagnsmörkuðum?

Hér er til umræðu í þinginu í gær og í dag húsbréfafrv. Ekki hef ég nú enn þá komist í svo feitt að sjá hver heildaráhrif þess verði á fjármagnskerfið, en það má vel vera að maður geti fundið það með mikilli leit.

Hæstv. iðnrh. er jafnframt viðskrh. og æðsti yfirmaður Seðlabankans. Í 3. gr. laga um Seðlabanka

stendur að hlutverk Seðlabankans sé að vinna að því að peningamagn í umferð og framboð lánsfjár sé hæfilegt miðað við það að verðlag haldist stöðugt og framleiðslugeta atvinnuveganna sé nýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt. Þess vegna vil ég leyfa mér að spyrja: Hvar eru tillögur Seðlabankans um það að jafnvægisástandi skuli komið á hjá einstaklingum? Peningamarkaður?

Það er hluti af þessu skipasmíðamáli að íslenskur skipasmíðaiðnaður geti fengið lánsfé með auðveldu móti og ég er þeirrar skoðunar að lánsfé fáist ekki með auðveldu móti fyrr en ríkið hættir að láta greipar sópa um íslenskan lánamarkað. Og að ætla síðan framleiðslunni og verðmætasköpuninni í landinu að bítast um restina. Ég hef aldrei getað skilið svona stórfurðulega hugmyndafræði í fjármálum. Ríkissjóður hlýtur að vera afgangsstærð þar sem ríkissjóður eyðir peningum en framleiðir ekki neitt, þannig að framleiðslan í landinu hlýtur að verða að sitja fyrir fjármagninu. Svo auðug þjóð eins og íslenska þjóðin er á að geta haft jafnvægi á þessum málum og haft þessa hluti í lagi. En ég ítreka spurningu mína til hæstv. viðskrh. um það hvort einhverjar hugmyndir séu um jafnvægisástand á fjármagnsmörkuðum.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég kem hér upp til þess að leiðrétta það sem kom fram í máli hv. formanns og framsögumanns nefndarinnar, þar sem hann vitnaði í ummæli og var með bréf um frá Vélaverkstæði Sigurðar Sveinbjörnssonar. Það var fróðlegt og sjálfsagt hefur flestallt verið rétt þar. En þó er það eitt mál sem ég veit um vegna þess að það hefur komið inn á borð hjá mér, ef svo mætti segja, en það varðar skipið Geisla. Hann vék þar orðum að Byggðastofnun og sagði að það nýjasta væri að Byggðastofnun hefði synjað fyrirgreiðslu til þess skipasmíðaverkefnis sem unnið er hjá Skipasmíðastöðinni í Stykkishólmi. Hér er farið rangt með. Byggðastofnun hefur afgreitt þetta mál á jákvæðan hátt, samþykkt það og afgreitt þetta mál á jákvæðan hátt. Hæstv. iðnrh. er sjálfsagt kunnugt um það. Hann liðkaði mjög til í þessu máli þegar það var að sigla í strand og það er mjög ómaklegt að segja það að Byggðastofnun hafi ekki komið þar til því að hún leysti þetta mál algjörlega. Það vil ég að komi hér skýrt fram.

Hv. þm. Árni Gunnarsson náttúrlega gjörþekkir þessi mál sem stjórnarmaður í einu af þessum fyrirtækjum sem núna hafa orðið um sinn að horfa á eftir fjölda sinna starfsmanna frá störfum vegna þess að verkefni hafa ekki verið til staðar hér heima. Menn hafa farið með þessi verkefni í allt of ríkum mæli úr landi. Ég held að ég muni það rétt að ég hafi einhvers staðar séð það að Slippstöðin á Akureyri hafi sagt frá því einmitt að það hafi ekki verið þar færri starfsmenn sl. 10 ár. Ég held að það séu nokkrir tugir manna sem hefur verið sagt upp störfum þar undanfarið. Við þurfum ekki að fara langt. Við vitum hvernig komið er fyrir Stálvík og svona gætum við haldið áfram.

Af hverju? Hv. þm. fór hér inn á útboðin sem er alveg hárrétt hjá honum. Ég veit að þar er rétt sagt frá. En af hverju er þetta á þennan hátt? Það er vegna þess, eins og ég sagði þegar ég talaði fyrir þessari þáltill. minni fyrr í vetur, að menn verða auðvitað að fara eftir og virða eðlilega viðskiptahætti í þessum efnum, en það er bara ekki gert. Þess vegna lagði ég svo ríka áherslu á það við hæstv. ríkisstjórn að hún gengi fram í þessu máli og ég las hér upp bréf sem hæstv. núv. forsrh. Steingrímur Hermannsson skrifaði fyrir nokkru síðan og voru þar tilmæli til allra þessara aðila um hvernig staðið skyldi að þessum málum. Það var skynsamlegt bréf en því miður var því ekki fylgt nægjanlega eftir. Ef slíkt bréf væri skrifað í dag væri ég mjög ánægður og ég er sannfærður um það að þeir sem í þessari atvinnugrein starfa, ekki aðeins fyrirtæki heldur ekki síður starfsfólkið, mundu vera þakklátir fyrir slíkt. Það mundi bara leysa að stórum hluta þessi mál. Hins vegar er það rétt, eins og kom fram hér hjá hæstv. iðnrh., að auðvitað þarf að skoða þessi mál til lengri tíma.

Það þarf enginn að vera hissa á því í sjálfu sér að íslenskar skipasmíðastöðvar eigi erfitt með að keppa á alþjóðlegum mörkuðum um þessi verk. Við getum bara skoðað það hvernig það er, eins og t.d. sl. vetur, fyrir okkar stöðvar að keppa við erlendar stöðvar í slíku veðurfari, þegar menn þurfa að standa af sér veður undir skipsskrokkunum. Það gengur náttúrlega ekki. Og það er alveg með ólíkindum, og ég endurtek það sem ég sagði hér í vetur þegar ég tala um þetta mál, að það skuli engin skipasmíðastöð hér á Íslandi vera þannig í stakk búin að hún geti tekið skipin okkar undir þak og menn geti unnið eins og sæmandi er fiskveiðiþjóð eins og okkur Íslendingum. Það er auðvitað alveg fráleitt að svo skuli að verkum staðið. Ég held að það hefði verið skynsamlegra, eins og komið er í atvinnumálum í þessari grein, í stað þess að segja fólki upp í stórum stíl og borga því atvinnuleysisbætur, að láta þetta fólk vinna við það að byggja yfir stöðvarnar og búa þær þannig betur í stakk til þess að keppa við erlendar stöðvar. Ég held að það hefði verið nær.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Svo bar til í gær þegar þessi till. var til umræðu að hv. 1. þm. Reykv. óskaði eftir því að umræðu yrði frestað vegna fjarveru ráðherra. Nú er umræddur 1. þm. Reykv. ekki enn kominn og ég hlýt að bera það undir hv. flm. tillögunnar hverjar skoðanir hann hefur á að fresta enn málinu.

Umræðu frestað.

Manneldis- og neyslustefna, fyrri umr.

Stjtill., 402. mál. — Þskj. 757.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Fyrir hönd heilbr.- og trmrh. mæli ég fyrir þáltill. á þskj. 757 um manneldis- og neyslustefnu.

Í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar og samstarfsflokkanna og í fyrri ríkisstjórn var ákveðið að vinna að mótun manneldis- og neyslustefnu fyrir íslensku þjóðina. Í samráði við það lagði heilbr.- og trmrh. fram í janúar 1988 í ríkisstjórninni tillögu um mótun slíkrar stefnu og skipun nefndar og starfshóps í því skyni.

Ákveðið var að fimm ráðuneyti yrðu aðilar að málinu, þ.e. heilbr.- og trmrn., landbrn., sjútvrn., viðskrn. og iðnrn. Auk þess var gert ráð fyrir að þeir sem manneldisráð skipa tækju þátt í starfinu.

Í maí 1988 var skipaður samráðshópur til að vinna að þessari stefnumótun. Í samráðshópnum eru eftirtaldir aðilar:

Frá manneldisráði: Snorri Páll Snorrason yfirlæknir, Brynhildur Briem næringarfræðingur, Elísabet Vernharðsdóttir næringarfræðingur, dr. Laufey Steingrímsdóttir næringarfræðingur og Hrafn Tulinius, prófessor í heilbrigðisfræði. Fulltrúar ráðuneytanna í samstarfshópnum eru: Frá iðnrn. Kristinn Björnsson framkvæmdastjóri, frá landbrn. dr. Stefán Aðalsteinsson búfjárfræðingur, frá sjútvrn. Kristinn Magnússon deildarstjóri, frá viðskrn. Jón Ögmundur Þormóðsson skrifstofustjóri og frá heilbr.- og trmrn. Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri og er hann jafnframt formaður samráðshópsins.

Úr þessum hópi var síðan skipaður framkvæmdahópur þriggja fulltrúa og skipa hann þau Brynhildur Briem, Stefán Aðalsteinsson og Páll Sigurðsson.

Verkefnisstjóri var ráðin Unnur Stefánsdóttir og hefur hún verið ritari beggja vinnuhópanna.

Þau verkefni sem samráðshópurinn fékk til stefnumörkunar eru eftirfarandi:

Að tryggja að íslensk matvælaframleiðsla verði í samræmi við neysluþarfir þjóðarinnar.

Að manneldismarkmið manneldisráðs um hollustu fæðunnar verði lögð til grundvallar við stefnumótun.

Að leiðbeina fólki og fræða það um hollt mataræði, meðferð matvæla og matreiðslu.

Að gangast fyrir neyslukönnun til að öðlast yfirsýn yfir neysluvenjur þjóðarinnar.

Ákveðið var að verkefnið skiptist í eftirfarandi verkþætti og var unnið að málinu í þeirri röð sem ég skal nú tilgreina:

1. Að undirbúa þáltill. um neyslustefnu íslensku þjóðarinnar.
2. Gera neyslukönnun.
3. Gera áætlun um aðlögun neyslunnar að markaðri neyslustefnu.
4. Gera áætlun um eftirlit með framkvæmd neyslustefnu og mat á árangri.

Tveir fyrstu þættir framkvæmdaáætlunarinnar eru komnir á rekspöl. Þáltill. liggur nú fyrir ásamt grg. og mæli ég fyrir henni. Fjármagn hefur fengist á þessu ári til að hefja neyslukönnun. Hefur dr. Laufey Steingrímsdóttir næringarfræðingur verið ráðin til að annast og bera ábyrgð á könnuninni sem fer fram á öllu landinu og verður úrtakið 1800 manns. Neyslukönnunin er gerð öðru fremur í þeim tilgangi að hægt sé að móta íslenska manneldisstefnu. Þekking á íslensku mataræði, einkennum þess, kostum og göllum er ein helsta forsenda raunhæfrar stefnumótunar í manneldismálum. Neyslukönnuninni er því ætlað að veita upplýsingar um ástand mála og mynda þann grunn sem manneldisstefnan byggir á. Þær upplýsingar sem neyslukönnuninni er ætlað að afla eru þessar:

1. Hlutur einstakra matvara í fæðu Íslendinga.
2. Hlutur fastra máltíða og aukamáltíða eða millimáltíða í fæðunni.
3. Hlutur neyslu á heimili og utan heimilis.
4. Áhrif einstakra þátta á neyslu og neysluvenjur og eru þar ýmsir liðir tilteknir, þ.e. áhrif: 1) menntunar, 2) tekna, 3) starfsstéttar, 4) fjölskylduhátta, 5) búsetu, 6) aldurs, 7) kyns, 8) hreyfingar, 9) þyngdar og 10) reykinga.

Þá er í fimmta lagi ætlað að athuga meðalneyslu einstakra næringarefna.

Og í sjötta lagi dreifingu neyslu með tilliti til einstakra næringarefna.

Framkvæmd þessarar könnunar verður þannig: Undirbúningsvinna stendur nú yfir. Ráðgert er að forkönnun fari fram haustið 1989 og aðalkönnun á árinu 1990. Könnun verði gerð á öllum árstímum, vetur, vor, sumar og haust. Úrvinnsla fer síðan fram á árinu 1991. Jafnframt því sem þáltill. um manneldis- og neyslustefnu var undirbúin var ákveðið að taka saman upplýsinga- og fylgirit þar sem gerð yrði grein fyrir heilsufari íslensku þjóðarinnar almennt og markmiðum í heilbrigðismálum og rætt um áhrif mataræðis á heilsu fólks og á aðaldánarorsakir þjóðarinnar. Þá er í ritinu glöggt yfirlit um framleiðslu og neyslu og helstu áhrifavalda á því sviði. Rit þetta sem hefur að geyma ritgerðir 28 höfunda hafa alþingismenn fyrir nokkru fengið í hendur. Enginn vafi er á að sá fróðleikur, sem þar hefur verið dreginn saman um stöðu manneldismála á Íslandi og leiðir til að hafa áhrif á fæðuval og neysluvenjur, getur orðið að miklu gagni þeim sem um þetta mál fjalla, bæði á Alþingi og almennt í þjóðfélaginu.

Hér á landi hefur manneldisráð haft forustu um setningu markmiða á sviði manneldismála. Eru manneldismarkmið ráðsins lögð til grundvallar í stefnumörkun í þáltill. þeirri sem hér er kynnt. Mun ég nú rekja meginefni þáltill. og þau markmið sem hún byggir á. Lagt er til að Alþingi álykti að á árunum 1990–2000 skuli stefnt að eftirfarandi aðgerðum til að bæta fæðuval og neysluvenjur Íslendinga.

1. Innlend matvælaframleiðsla falli að settum manneldismarkmiðum. Sérstaka áherslu skal leggja á að draga úr sykur- og fituinnihaldi matvæla og

viðhalda jákvæðum þáttum íslenskrar matarhefðar. Við innflutning matvara skal gæta sömu meginmarkmiða um sykur- og fituinnihald.

2. Að tekið sé mið af settum manneldismarkmiðum við ákvörðun tolla og skatta og hvers konar annarra opinberra aðgerða sem hafa áhrif á verðlag matvæla, svo sem við ákvörðun niðurgreiðslna.

3. Auka fræðslu í matreiðslu og almennt um manneldis- og neyslumál í grunnskólum og í framhaldsskólum landsins.

4. Að efla nám í matvælaiðnaði, heimilisfræðslu og nám fyrir starfsmenn og stjórnendur mötuneyta, veitingastaða og skyndibitastaða.

5. Nemendur í grunn- og framhaldsskólum eigi kost á að borða í skólunum.

6. Að auka almenna fræðslu á kynningu um tengsl mataræðis og heilsu og hvers konar önnur næringarfræðileg efni.

7. Að áhersla sé lögð á almenna fræðslu um tengsl heilsufars og líkamlegar hreyfingar.

8. Að haft verði strangt eftirlit með matvælum með tilliti til smithættu, aukefna og aðskotaefna sem hættuleg geta verið heilsu manna.

9. Að heilbrmrh. láti gera heildarúttekt árið 1990 á fæðuvenjum þjóðarinnar. Þar komi fram m.a. hlutdeild einstakra matvara í daglegri fæðu fólks og magn einstakra næringarefna. Skýrsla um niðurstöður könnunarinnar skal lögð fyrir Alþingi þegar hún liggur fyrir. Niðurstöður neyslukönnunarinnar skulu lagðar til grundvallar aðgerðum í manneldismálum skv. 1.–7. tölul. Á árunum 1990–2000 skal gera smærri neysluathuganir í því skyni að fylgjast með þróun neyslunnar. Skulu niðurstöður slíkrar athugunar lagðar fyrir Alþingi í fyrsta sinn eigi síðar en árið 1996.

10. Að metin verði hlutdeild innlendrar matvælaframleiðslu í fæðu þjóðarinnar á grundvelli neyslukönnunarinnar. Niðurstöður þeirrar könnunar skulu lagðar til grundvallar við gerð áætlunar um æskilega og nauðsynlega hlutdeild innlendrar framleiðslu í heildarnæringarþörf þjóðarinnar. Verði þar tekið tillit til almennra hagkvæmnisjónarmiða og nýtingar innlendra auðlinda. Einnig verði tekið tillit til mataröryggis þjóðarinnar ef aðflutningar teppast eða nauðsynleg öflun matvæla erlendis frá er hindruð með öðrum hætti.

11. Efldar verði rannsóknir á sviði næringar og heilsu og innlendrar matvælarannsóknar.

12. Endurskoðuð verði stefnumótun í manneldis- og neyslumálum með hliðsjón af nýrri þekkingu á hverjum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni á áratug.

Meginmarkmið við framkvæmd ofangreindra aðgerða eru eftirfarandi:

1. Að heildarneysla orkuefna miðist við að viðhalda eðlilegri líkamsþyngd. Á síðari tímum hefur orðið sú breyting á lifnaðarháttum þorra manna að mikil líkamleg áreynsla við vinnu er úr sögunni. Því þarf að draga úr orkumagni fæðisins í samræmi við það. Samt sem áður þarf að fást í daglegu fæði jafnmikið af steinefnum og flestum vítamínum eins og áður ásamt fæðutrefjum sem kyrrsetumenn mega síst án vera. Því er ráðlegt að skerða hlut orkuauðugra og bætiefnasnauðra fæðutegunda, svo sem sætra og feitra matvæla.

2. Að kolvetnisneysla aukist og að úr þeim fáist 50–60% af orkunni, einkum úr grófu korni, kartöflum, grænmeti og ávöxtum og að dragi úr sykurneyslu. Stefnt skal að því að ekki fáist meira en 10% orkunnar úr sykri en samkvæmt könnun manneldisráðs frá 1979–1980 gaf sykurinn um 19% að meðaltali af heildarorku fæðisins. Kostir þess að skerða sykurneyslu eru einkum að með því dregur úr hættu á tannskemmdum. Einnig fá þá fjölþættari fæðutegundir stærri hlutdeild í heildarneyslunni.

3. Að heildarfituneyslan minnki og að fitan verði mýkri. Lagt er til að fituneyslan fari ekki yfir 35% heildarorkunnar, en samkvæmt könnun manneldisráðs 1979–1980 gaf fita að meðaltali 41% af orkumagni fæðisins.

4. Að hvíta, prótein, verði áfram rífleg í fæðu Íslendinga. Hæfilegt er talið að hún veiti a.m.k. 10% orkunnar en var að meðaltali 16% orkunnar samkvæmt könnun manneldisráðs 1979–1980.

5. Að saltneyslan minnki þannig að dagsneysla fari ekki yfir 8 grömm í matreiðslu og við borðhald dag hvern. Talið er að mikil saltneysla geti átt þátt í að auka háþrýsting. Of hár blóðþrýstingur, háþrýstingur, er einn af áhættuþáttum hjarta- og æðasjúkdóma.

6. Að D-vítamínneysla fari ekki undir ráðlagðan dagskammt af D-vítamíni. Samkvæmt neyslukönnun manneldisráðs 1979–1980 var að meðaltali of lítið af D-vítamíni í daglegu fæði landsmanna miðað við ráðlagða dagskammta. Ráðlegt er að bæta úr því með lýsisneyslu. Í einni teskeið af þorskalýsi fæst dagskammtur af D-vítamíni og að auki fjölmettuð fita.

7. Að fæðuval verði sem fjölbreyttast, úr mjólkurmat, kornmat, kartöflum, grænmeti og ávöxtum, kjöti, fiski og eggjum.

Stefnumörkun sem þessi hefur þegar farið fram í mörgum nágrannalandanna og stefnt er að sameiginlegri markmiðasetningu á þessu sviði innan landa Evrópubandalagsins. Neyslan sýnir að ríkulegt framboð matvara er ekki trygging fyrir æskilegri samsetningu fæðunnar. Þetta hefur komið glöggt í ljós meðal þjóða Vesturlanda þar sem ýmiss konar sjúkdómar er tengjast fæðuvali aukast stöðugt þrátt fyrir ríkulegt framboð matvæla. Því er talin ástæða fyrir stjórnvöld að fylgjast með neyslunni og beina henni, ef ástæða er til, í heppilegri farveg með fræðslu, kynningu og beitingu stjórnvaldsaðgerða sem til þess eru fallnar. Á sama hátt má með stjórnvaldsaðgerðum og upplýsingastarfi á vettvangi matvælaframleiðslunnar hafa áhrif á framboð matvæla. Sem dæmi má nefna fituminni fæðu sem komið hefur á markaðinn síðustu ár, verðfellingu á feitu dilkakjöti til bænda sem tekin var upp 1987 og loks er til umræðu að bændur fái eftirleiðis greitt miðað við hvítuinnihald mjólkur í stað þess að greiða fyrir fituinnihald eins og tíðkast hefur.

Að lokum vil ég, virðulegi forseti, leggja áherslu á að með þáltill. þessari er stigið fyrsta skrefið í mjög viðamikilli aðgerð í manneldismálum hér á landi. Ekki er ætlunin að framfylgja matvælastefnunni með boðum og bönnum heldur jákvæðri fræðslu og upplýsingum fyrir almenning og góðri samvinnu við þá sem matvælin framleiða og einnig þá sem flytja matvælin til landsins. Það er í þessum anda sem stefnumörkunin hefur verið undirbúin og heilbr.- og trmrh. þakkar öllu því fólki sem þar hefur lagt hönd á plóginn. Það er mikils virði fyrir framgang þessa máls hversu góð samstaða náðist í undirbúningshópnum um þau meginmarkmið sem manneldisstefnan byggir á. Ljóst er að þeim markmiðum, sem sett eru fram í þáltill. þessari, þarf að fylgja eftir með umfangsmiklu upplýsinga- og leiðbeiningarstarfi og heilbrigðisyfirvaldanna bíður mikið verk á næstu árum. Í því sambandi þarf að leita samstarfs við þá fjölmörgu aðila í þjóðfélaginu sem þessi mál varða.

Ég vil að lokinni þessari framsögu, sem ég hef flutt fyrir hönd heilbr.- og trmrh., leggja til að málinu verði að lokinni umræðu vísað til síðari umræðu og hv. félmn. Ég vil taka það fram að hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur lagt á það mikla áherslu að mál þetta megi afgreiða á þessu þingi.

Guðrún Agnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Aðeins nokkur orð um þessa ágætu þáltill. sem ég fagna fyrir hönd Kvennalistans að hefur verið lögð fram. Það er stjórnvöldum mjög nauðsynlegt að móta stefnu í þessum málum og þó fyrr hefði verið. Ég ætlaði að bera fram spurningu til hæstv. forsrh. um það hvort ætlunin væri í raun að Alþingi tæki þátt í því að móta þessa stefnu með því að afgreiða þetta mál eða hvort það væri einungis til kynningar, en ég hef þegar fengið svar við því. Mér finnst það reyndar slæmt að okkur skuli gefast svo naumur tími í þinglok til að ræða jafnmikið grundvallaratriði í velferð og farsæld þessarar þjóðar sem stefnumótun í manneldis- og neyslumálum er. Það hefur verið lögð mikil vinna í þetta mál af þeirri nefnd sem að því vann og ég vil benda hv. þingmönnum á fróðlega og gagnlega lesningu sem er að finna í fylgiriti og er að hluta til greinargerð þeirra sem unnu í þessari nefnd.

Varðandi efni þáltill. get ég tekið undir það og finnst flest ef ekki allt gott sem þar er sagt. Hins vegar finnst mér skipta meginmáli hvernig staðið verður að framkvæmd þessarar þál. ef hún verður samþykkt, hvort hún í raun kemst til framkvæmda eða verður einungis eitt af mörgum fallegum stefnumálum þessarar og annarra ríkisstjórna.

Þá vil ég víkja að b-lið í þáltill. þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta: „Að tekið sé mið af settum manneldismarkmiðum við ákvörðun tolla og skatta og hvers konar annarra opinberra aðgerða sem hafa áhrif á verðlag matvæla, svo sem við ákvörðun niðurgreiðslna.“ Ég held að það sé meginmál hvort stjórnvöld, þ.e. hin ýmsu ráðuneyti, samhæfi aðgerðir sínar við framkvæmd stefnu eins og þessarar eða hvort þau vinna í raun hvert gegn öðru eins og komið hefur í ljós hingað til. Við skulum líta okkur nær í tíma og ég vitna til nýlegrar fyrirspurnar sem ég bar fram á þingi til hæstv. viðskrh. þar sem kom glögglega fram að verð á matvælum er hærra á Íslandi en í allflestum nágrannalöndum okkar. Þetta gildir jafnt um þau matvæli sem álitin eru vera holl neysluvara og önnur, reyndar er verð á matvælum orðið svo íþyngjandi fyrir pyngju venjulegs launafólks að það er alvarlegt mál. Þetta verðlag á sér ýmsar skýringar. Það stafar ekki af einni orsök heldur af mörgum. Veigamikil orsök þessa verðlags hlýtur að vera og er skattlagning á matvæli. Við skulum ekki gleyma því að það er ekki langt síðan að lagður var skattur, svokallaður matarskattur, á íslensk matvæli alveg án tillits til þess hvort þar var um að ræða holla neysluvöru eða óholla. Við skulum heldur ekki gleyma því að í umræðum um þá skattlagningu þegar hún stóð til þurfti að berjast fyrir því að fá undanþágur fyrir þau matvæli sem álitin voru hollar neysluvörur af manneldisráði til margra ára. Það var enginn greinarmunur gerður í þeim efnum þegar verið var að skattleggja matvæli. Þetta er í raun nýliðin tíð.

Mín spurning til hæstv. forsrh. er því: Hvaða von eygir hann til þess að stjórnvöldum takist að samhæfa aðgerðir sínar þannig að einstaklingum gefist kostur á og reyndar eigi sér val um að neyta hollra neysluvara? Ef svo er ekki verður þetta marklaust plagg að mínu viti þó að ásetningur og tilgangur sé góður. Ég hlýt að víkja að þessu og ég hlýt að benda hæstv. forsrh. á að þessi stefnumótun sem við erum að ræða nú er hluti af miklu víðtækari stefnumótun og varðar stefnumótun Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar sem við erum aðilar að og nefnist „Heilbrigði fyrir alla árið 2000“. Þar er lögð ríkuleg áhersla á það að stjórnvöld samhæfi aðgerðir sínar þannig að einstaklingnum sé í raun kleift að lifa hollustusamlegu lífi, honum sé m.a. efnahagslega fært að veita sér þann sjálfsagða rétt að kaupa hollustufæðu en ekki það sem honum er óhollara.

Ég get tekið mjög sterklega undir c-liðinn þar sem stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Að auka fræðslu í matreiðslu og almennt um manneldis- og neyslumál í grunnskólum og framhaldsskólum landsins.“ Þetta ætti að vera hluti af sjálfsögðum undirbúningi undir lífið sem lærist bæði á heimili og í skóla.

Ég vil víkja lítillega að e-liðnum þar sem stendur, með leyfi forseta: „Að nemendur í grunn- og framhaldsskólum eigi kost á að borða í skólanum.“ Þetta er í raun svo sjálfsagt mál og orðin svo almenn krafa meðal foreldra og nemenda að stjórnvöld geta ekki lengur vikist undan því að hrinda þessu í framkvæmd. Ég vil benda á þingmál sem Kvennalistinn hefur flutt og margir aðrir hafa minnst á hér á þingi, nauðsyn þess að gera nemendum kleift að matast í skólum eins og foreldrar þeirra og aðrir fullorðnir gera á sínum vinnustað og þykir sjálfsagt.

Varðandi f- og g-liðinn, um að auka almenna fræðslu og kynningu um tengsl mataræðis og heilsu og einnig um tengsl heilsufars og líkamlegrar hreyf-

ingar, vil ég undirstrika nauðsyn þess að fundinn sé markviss farvegur fyrir heilbrigðisfræðslu í landinu. Ég vil vísa á frv. til laga um heilbrigðisfræðsluráð sem Kvennalistinn hefur ítrekað flutt á þingi. Það kann að vera að mönnum þyki það ekki vera besta formið til þess að reka slíka starfsemi en það verður að finna henni markvissan farveg þannig að fjármunir og átak manna til fræðslu nýtist á samhæfðan, árangursríkan hátt.

Ég fagna því að nú skuli eiga að gera heildarúttekt á fæðuvenjum þjóðarinnar. Slík úttekt hefur ekki verið gerð nema að hluta til nokkrum sinnum, síðast á árunum 1978–1980. Þá náði hún einungis til hluta þjóðarinnar. Ég tel mjög nauðsynlegt fyrir stefnumótun af þessu tagi að hún styðjist við vitneskju um það hvernig neysluvenjur þjóðarinnar eru.

Ég ætla ekki að lengja mál mitt en styð þessa þáltill. eindregið. Mér finnst hún vera af hinu góða og ég fagna því að stjórnvöld skuli sjá sóma sinn í því að bera hana fram. En ég skora á stjórnvöld og ég skora sérstaklega á hæstv. forsrh. að tryggja að það verði veitt fé til þessara framkvæmda því að annars verður þetta plagg í raun einungis góður ásetningur. Það þarf fé bæði til fræðslunnar, til kynningar og til þess að efla þá starfsemi sem hér hefur verið stungið upp á í þessari tillögu. Ég vil biðja hann að svara mér því hvort fjárveitingar hafi verið ætlaðar til annars en t.d. þeirrar neyslukönnunar sem hann minntist á í framsögu sinni.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og hv. síðasti ræðumaður vil ég fagna því að hér skuli vera lögð fram tillaga um manneldis- og neyslustefnu. Það er sannarlega kominn tími til að Íslendingar marki sér slíka stefnu. Mörg nágrannalönd okkar hafa þegar gert það og er sú stefna gjarnan nefnd næringarpólitík. Þetta er pólitík sem allir flokkar eiga að geta orðið sammála um, þ.e. flokkar sem viðurkenna þá staðreynd að mataræði hafi áhrif á heilsu manna.

Meginmarkmiðin í þeirri tillögu sem hér um ræðir eru mjög viðamikil, enda er um stórmál að ræða. Til að ná þessum markmiðum er bent á fjölda aðgerða sem ríkisstjórn skuli beita sér fyrir á árunum 1990–2000. Allar eru þessar aðgerðir mjög þarfar til að ná heildarmarkmiðunum. En ég vil gjarnan taka út einn lið og gera hann að umræðuefni hér, reyndar minntist hv. síðasti ræðumaður einnig á hann, en hann varðar aðbúnað barna í skólum.

Þessi liður er e-liðurinn í tillögunni og þar segir, með leyfi forseta: „Að nemendur í grunn- og framhaldsskólum eigi kost á að borða í skólunum." Skólinn er vinnustaður barna og unglinga. Það tíðkast og þykir sjálfsagt að fullorðnir geti gengið að hádegismat á sínum vinnustað en það sama gildir ekki um börn og unglinga sem eru í örum vexti og þurfa því á sérstaklega kjarngóðri fæðu að halda. Lengi býr að fyrstu gerð og vannæring í orku getur tafið fyrir andlegum og líkamlegum þroska, jafnvel þannig að barnið bíði þess ekki bætur alla ævi. Sé engan mat að hafa í skólunum, eins og nú er, er iðulega nærtækast að skreppa í einhverja af fjöldamörgum sjoppum sem staðsettar eru í nágrenni við skólana. Þar er hægt að kaupa sælgæti og gosdrykki sem teljast vart til kjarngóðrar fæðu. Til að stemma stigu við þessu þyrfti að vera framboð á hollri fæðu og fjölbreyttri í skólum landsins. Hér er ekki átt við að reisa þurfi margra milljóna kr. mötuneyti við hvern skóla þar sem boðið yrði upp á margháttaðar máltíðir með öllu tilheyrandi. En það er brýnt að skapa þá aðstöðu sem þarf til þess að börnin fái þar hollan og fjölbreytilegan mat.

Ég vil í þessu sambandi einnig undirstrika og minna á þær tillögur sem Kvennalistinn hefur flutt varðandi þennan þátt, þ.e. aðbúnað barna og unglinga í skólum landsins, en við höfum flutt viðamikið frv. um samfelldan skóladag í grunnskólum þar sem gert er ráð fyrir skólamáltíðum. Einnig fluttum við brtt. við frv. til laga um framhaldsskóla á síðasta ári þar sem við lögðum til að mötuneyti yrðu starfrækt við hvern einasta framhaldsskóla landsins en sú tillaga var felld. Við höfum einnig flutt tillögu um það að launakostnaður við mötuneyti framhaldsskólanema verði greiddur úr ríkissjóði en það hefur ekki enn hlotið samþykki. Þá vil ég einnig benda á að nýlega höfum við lagt fram þáltill. um að stofnaðar verði heimilisrekstrarbrautir við framhaldsskóla þar sem unglingum verði kennd undirstöðuatriði í heimilisrekstri og þar eru að sjálfsögðu næringarfræði og heilbrigðisfræði stór þáttur.

Ég valdi að taka aðeins einn lið út úr þessari tillögu núna. Hann er einn af mörgum sem þarf að taka mjög föstum tökum. Ég vil taka undir það sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að auðvitað skiptir mestu máli hvernig til tekst með framkvæmdina, og þar kemur auðvitað til kasta stjórnvalda að ná þeim markmiðum sem sett eru fram í þessari tillögu. Það þarf auðvitað ekki að taka það fram að æskilegar neysluvenjur eru undirstaða heilbrigðs lífs og það þarf að fræða fólkið í landinu um gildi þess að temja sér góðar neysluvenjur og gera því kleift að lifa samkvæmt þeim. Þar kemur enn og aftur að verðlagningu á matvælum. Hér um síðustu áramót var okkur sagt að það þyrfti að hafa allt einfalt og leggja jafnan skatt á allt, þar með talin matvæli, til þess að tryggja einfeldni. En með því að leggja fram tillögu um manneldis- og neyslustefnu tel ég að til þurfi að koma verðstýring og afnám eða a.m.k. lækkun matarskattsins til að gera fólki kleift að lifa samkvæmt þeirri stefnu sem stjórnvöld hafa sett sér. Á þann hátt er best staðið að andlegu og líkamlegu heilbrigði þjóðarinnar. Í kjölfar heilbrigðari og hollari lífshátta ætti að geta dregið úr þeirri gífurlegu og óeðlilega miklu lyfjanotkun sem tíðkast hér á landi og sömuleiðis ætti þörf fyrir sjúkrarými að minnka. Hér er sem sagt um stefnu að ræða sem felur í sér mikið forvarnarstarf og fellur að stefnu Alþjóðaheilbrigðisráðsins um heilbrigði fyrir alla árið 2000.

Þótt skammt sé eftir af þingstörfum þetta vorið vona ég að það takist að ná því fram að samþykkja þessa tillögu. Það þarf að sjálfsögðu að gefa þeirri

nefnd sem um hana á að fjalla tækifæri til að kynna sér vel þetta viðamikla mál þannig að stjórnvöld hafi þetta skjal í höndunum næst þegar taka þarf ákvarðanir um verðlagningu matvæla. Hér eftir verði það sem sagt heilbrigðið sem fyrst og fremst verður haft að leiðarljósi.

Pálmi Jónsson:

Það mál sem hér er á dagskrá er að sjálfsögðu ekki flokkspólitískt mál og getur ekki orðið í eðli sínu, heldur er hér um að ræða tilraun af hálfu stjórnvalda til þess að marka stefnu sem á að miða að tímanlegri velferð mannfólksins í landinu. Það er auðvitað að mínum dómi mjög góðra gjalda vert af hálfu stjórnvalda að hvetja til hollustu og heilbrigðs lífernis og flytja um það tillögur eða marka stefnu, en ég get ekki látið hjá líða að lýsa þeirri skoðun minni að það hljóti að vera takmörk fyrir því hversu langt eigi að ganga með opinberum afskiptum af slíkum málum. Ég held að ákjósanlegt sé að finna meðalveg á milli þessara andstæðu sjónarmiða, þeirra hversu langt eigi að ganga með opinberum afskiptum og á hinn bóginn hvatningar, sem eiga að miða að því að varðveita heilbrigði þjóðarinnar og hollustusemi í almennu lífi einstaklinganna.

Ég get tekið undir mjög margt sem er í þessari tillögu og sumpart fjallar hún um sjálfsagða hluti. Hér hefur ýmislegt verið nefnt og ég ætla ekki að fara að endurtaka það. Ég held að það sé t.d. mjög þarft að leggja áherslu á almenna fræðslu um tengsl heilsufars og líkamlegrar hreyfingar og er ég viss um að hæstv. forsrh. mælir þar af heilum hug þegar hann mælir fyrir slíkri stefnu. Það er ég sannfærður um.

Það er einnig mjög þarft og nauðsynlegt, og verður að vera löggjafaratriði, svo að dæmi sé tekið, að hafa strangt eftirlit með matvælum með tilliti til smithættu, aukaefna og aðskotaefna sem hættuleg geta verið heilsu manna. Hér er atriði sem er dæmi um það sem er nauðsynlegt að sé löggjafaratriði.

Ég get einnig drepið á, sem mér finnst vera mjög nauðsynlegt til athugunar í þessum efnum öllum, eins og segir hér í j-lið, að metin verði hlutdeild innlendrar matvælaframleiðslu í fæðu þjóðarinnar á grundvelli neyslukönnunar. Niðurstöður verði lagðar til grundvallar við gerð áætlunar um æskilega og nauðsynlega hlutdeild innlendrar framleiðslu í heildarnæringarþörf þjóðarinnar. Sé þar tekið tillit til almennra hagkvæmnisjónarmiða og nýtingar innlendra auðlinda og einnig sé tillit tekið til mataröryggis þjóðarinnar ef aðflutningar teppast eða nauðsynleg öflun matvæla erlendis frá er hindruð með öðrum hætti. Þetta er mjög mikilvægt stefnuatriði þótt vandséð sé hvort það geti orðið löggjafaratriði.

Í ýmsum þeim atriðum sem tillagan grípur á er þannig um það að ræða að sumt er til ábendingar eða leiðbeiningar fyrir þjóðina en annað er nauðsynlegt að sé löggjafaratriði. Ég vil hins vegar taka það fram að ég vil gjarnan ráða því sjálfur hvað ég vel mér til matar og ég er eiginlega sannfærður um það að hæstv. forsrh. vill líka vera sjálfráður í því hvaða mat hann velur sér og ekki lúta þar opinberum afskiptum, jafnvel þó að hann sé sjálfur höfuð þeirra opinberu afskipta. Þetta er ég alveg sannfærður um. Og ég held að það geti ekki orðið löggjafaratriði. Ég mundi ekki vilja sætta mig við það að ég ætti t.d. sem einstaklingur í þessu landi að lúta opinberum fyrirmælum um það hvað ég legði mér til munns. Spursmál er enda hvort neysluhættir þjóðarinnar séu með þeim ósköpum að þessu leyti að ástæða sé til að hafa þar mjög miklar áhyggjur af. Ég er ekki viss um það. Það liggur fyrir í opinberum skýrslum að Íslendingar verða elstir eða meðal þeirra allra elstu, bæði karla og kvenna á jarðarkringlunni. Og ekki bendir það til þess að við lifum hér sérstaklega óhollu lífi eða höfum matarvenjur sem eru verri en gengur og gerist meðal þjóða heimsins.

Ég tek eftir því í þessari tillögu að nokkuð mikil áhersla er lögð á það að draga beri úr sykurneyslu og draga úr neyslu feitmetis, en nú vill svo til að Íslendingar éta meiri sykur en allar þjóðir aðrar. Nú er það mjög á orði haft að sykur sé óholl neysluvara og síst skal ég mæla á móti því að við getum alveg komist af án þess að borða jafnmikinn sykur og raun ber vitni. En svo vill líka til að Íslendingar hafa, a.m.k. fram undir þetta, etið meira af dýrafitu en aðrar þjóðir, jafnvel allar aðrar þjóðir, og ekki bendir nú þetta til þess að þetta sé okkur óhollt þegar við lifum lengur en allir aðrir. Það er enda umdeilt meðal lækna, og hér talaði læknir rétt áðan og þeir hafa auðvitað misjafnar skoðanir á því, hversu óhollt það er að eta dýrafitu og jafnvel skortur á dýrafitu getur að áliti sumra lækna valdið hættu á sjúkdómum, svo sem eins og krabbameini. Nú ætla ég ekki að fara hér í langa útlistun á þessu máli. Ég kem aðallega til þess að segja það sem mína skoðun að það eru takmörk fyrir því hvað opinber afskipti eiga að vera mikil og vekja á því athygli að Íslendingar lifa lengst allra þjóða þó að við borðum meiri dýrafitu og meiri sykur en aðrar þjóðir.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Ég verð að minna á það að ég stend hér í sporum heilbr.- og trmrh. og verða því svör mín við þeim spurningum sem hér hafa komið fram eflaust ekki eins markviss eins og þyrfti að vera. Ég vil hins vegar þakka þeim sem hér hafa talað fyrir góðar undirtektir undir þessa tillögu. Það er hárrétt hjá hv. síðasta ræðumanni að ég met mikils líkamsrækt en raunar ekki síður gott mataræði og ég hef í ríkisstjórnum alllengi mælt eindregið með því að stjórnvöld mótuðu stefnu í þessu sambandi. Ég fagna því að síðasta ríkisstjórn tók ákvörðun um að gera svo og fagna því að núv. heilbr.- og trmrh. hefur fylgt því eftir og lagt fram þá þáltill. sem hér er.

Það er hárrétt hjá síðasta ræðumanni að ég, eins og eflaust fleiri, vil gjarnan borða það sem mér sjálfum sýnist hverju sinni og ég fæ mér feitan dilkakjötsbita annað slagið, en engu að síður held ég að leiðbeiningar í þessu sambandi séu afar gagnlegar, m.a. með tilliti til þess að mjög mikil breyting hefur orðið á

lifnaðarháttum okkar Íslendinga, hreyfing er langtum minni og ég hygg að það sé óumdeilt að fyrir þá sem t.d. hreyfa sig minna, sumir hafa ekki aðstöðu til þess o.s.frv., sé nauðsynlegt að gæta þess hvað þeir neyta mikils feitmetis.

Hv. þm. nefndi sykurneyslu. Ég vek athygli á því að tannskemmdir munu vera meiri hér á landi en víðast hvar annars staðar og má eflaust rekja það til mikillar sykurneyslu.

Ég tek undir það með hv. þm. að að sjálfsögðu eiga stjórnvöld ekki að vera með boð og bönn í þessu sambandi. Það er hárrétt. Hins vegar hygg ég að stjórnvöldum beri skylda til í raun að leiðbeina í þessu sambandi og ég tek undir það sem kom fram hjá hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur að að sjálfsögðu ætti skattlagning matvæla að vera með tilliti til hollustu þeirra. Þetta gera fjölmargar aðrar þjóðir. Það er lagður aukaskattur á sykurvörur t.d. á Norðurlöndunum og víða annars staðar. Ég lít svo á að samþykkt þáltill. sem þessarar sé fyrsta skrefið sem geri stjórnvöldum í raun kleift að haga skattlagningu með tilliti til hollustu.

Ég vil taka það fram að ég hef í mörg ár mælt með því, og mælti eindregið með athugun á ýmsum skattabreytingum um sl. áramót, að slík skattlagning yrði tekin upp og var það gert að hluta í sambandi við sykurvarning. Hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir spurði hvort fjárveiting væri veitt til verkefnisins. Nokkur fjárveiting var veitt á þessu ári, nægilega mikil til að halda því starfi áfram sem hófst fyrir tveimur árum og nægilega mikil til að framkvæma þá könnun sem ég gerði grein fyrir að er þegar hafin. Jafnframt hefur heilbr.- og trn. í sínum tillögum til fjmrn. nú gert ráð fyrir fjárveitingu til að framkvæma það sem lagt er til með þessari þáltill. svo ég lít á það sem afar mikilvægt í þessu sambandi að tillagan verði samþykkt og Alþingi sýni þannig vilja sinn til að taka á þessum málum.

Ég tek undir það með hv. þm. að það er illt að hafa ekki meiri tíma til að ræða þetta mál eða skoða það í nefnd. Hins vegar, ef í ljós kemur í störfum nefndarinnar að menn eru í meginatriðum inni á því að svona starf sé unnið, vil ég leyfa mér að leggja til að nefndin hraði sínu starfi þannig að þessi tillaga megi hljóta afgreiðslu á þessu þingi. Það mun fyrst og fremst stuðla mjög að því að unnt verði að halda áfram þessu starfi eins og heilbr.- og trmrh. hefur gert ráð fyrir.

Guðrún Agnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. svör hans, en aðeins örfá orð vegna máls hv. 2. þm. Norðurl. v. Ég held að við þurfum að fara varlega í því að státa okkur af langlífi. Langlífi okkar, eins og það er reiknað, stafar ekki síst af því hve ungbarnadauði er lágur hér á landi. Við skulum ekki gleyma því að það fólk sem nú er gamalt hefur búið við allt aðra lifnaðarhætti en við búum við í dag. Það stundaði miklu erfiðari líkamlega vinnu en við allflest gerum og þess vegna e.t.v. varð dýrafita þeim að fæðu sem brann upp fremur en fæðu sem safnaðist á kyrrsetufólk eins og nú er. Ég held að við þurfum að huga vel að öllum þáttum þessa máls þegar við ræðum það. Og varðandi þau ummæli sem hér hafa fallið um að setja löggjöf minni ég á að hér er einungis um þáltill. að ræða sem miðar að því að auðvelda fólki holla lifnaðarhætti fremur en að banna fólki að neyta þess sem það sjálft kýs.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til félmn. með 34 shlj. atkv.

Bætt samkeppnisstaða innlends skipaiðnaðar, frh. síðari umr.

Þáltill. StG, 37. mál. — Þskj. 39, n. 1053, brtt. 1054.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Þingmönnum til upplýsingar, þar sem þetta mál á sér langa sögu hér í þingsölum, vil ég skýra frá hverjir hafa áður tekið til máls svo að það sé skýrt. Hv. frsm. atvmn., Árni Gunnarsson, hefur talað tvisvar, hv. 3. þm. Norðurl. v. hefur talað tvisvar, en aðrir hafa einungis talað einu sinni. Tekur nú til máls öðru sinni hv. 1. þm. Reykv.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir að þessu máli var frestað í morgun þar sem ég var ekki kominn til þings og biðst afsökunar á því að hafa komið svo seint til þessa þingfundar. Ástæðan fyrir því að þessu máli var frestað í gær var sú að ég beindi ákveðnum fyrirspurnum til hæstv. ráðherra sem hann mun hafa svarað hér fyrr í umræðunni í morgun og mér skilst að í hans máli hafi komið fram að fyrirtækið A.P. Appledore hafi ekki enn skilað sinni skýrslu en það muni gerast nú þessa dagana, og skil ég málið þannig, miðað við fyrri yfirlýsingar ráðherra, að strax og skýrslan sé komin í viðunandi búning verði hún send þingmönnum eins og hann hafði sjálfur sagt í fyrri umræðunni þegar hann áætlaði að skýrslan kæmi í janúarlok. Fyrst var reyndar áætlað að hún kæmi í desember, síðan í janúarlok eins og fram kom í fyrri umræðunni.

Ég lýsti því í gær að ég væri samþykkur þeirri tillögu sem hér liggur frammi til umræðu. Ég kemst samt ekki hjá því að vekja athygli á nokkuð merkilegum hlut, en það er að í nefndaráliti er skýrt tekið fram hvernig hv. nefnd hugsar sér það að framkvæma þá efnislegu hluti sem fram komu í sjálfri þáltill. Þar segir, með leyfi forseta:

„1. Ríkisstjórnin reyni að tryggja að útvegsmenn og opinberir sjóðir semji ekki um nýsmíði skipa eða viðhaldsverkefni erlendis án undangengins útboðs þar sem innlendir aðilar keppi á jafnréttisgrundvelli

við erlendan skipaiðnað, m.a. hvað snertir meðferð tilboða og fjármagnsfyrirgreiðslu.

2. Tilboð verði metin á viðskiptalegum grundvelli áður en lánveitingar eru ákveðnar.

3. Settar verði staðlaðar reglur um útboð, veðskilmála og tilboð í skipaiðnaðarverkefnum.

4. Ríkisstjórnin beiti sér fyrir því að bankar veiti sambærilegar ábyrgðir vegna skipaiðnaðarverkefna innan lands og veittar eru þegar verkefni eru unnin erlendis."

Varðandi 1. liðinn á hann nokkra forsögu sem mér er kunn frá dögum síðustu ríkisstjórnar, en þar hafði iðnrn. afskipti af þessum málum og skrifaði annars vegar viðskrh. og hins vegar sjútvrn. bréf og óskaði eftir því að farið yrði að hugmyndum skipasmiðjanna varðandi þessi mál, þannig að innlendir aðilar ættu þess kost að bjóða í verkefni áður en þau yrðu send utan. Viðskrn. svaraði þessu erindi 28. mars 1988 og sagðist í mörg ár hafa reynt að fylgja fram þessari reglu, en í lok bréfs viðskrn. til iðnrn. sagði svo orðrétt, með leyfi forseta:

„Væntanlega gæti Fiskveiðasjóður veitt innlendu skipasmíðastöðvunum sams konar aðstoð með því að verða við tilmælum þeirra um að veita ekki lán til endurbóta eða meiri háttar viðgerða á skipum erlendis nema verkið hafi áður verið boðið út innan lands."

Sjútvrn. var tvívegis skrifað án þess að svar bærist frá ráðuneytinu en að lokum varð það samkomulag á milli ráðuneytanna að efna til þessa verkefnis sem A.P. Appledore hefur staðið fyrir, en að því verkefni standa, auk Landssambands iðnaðarmanna og Sambands dráttarsmiðja og skipasmiðja, Byggðasjóður, Fiskveiðasjóður og síðan iðnaðarsjóðirnir auk iðnrn. og er það auðvitað þakkarvert og þess vegna er beðið með eftirvæntingu eftir því hvað kemur fram í þeirri skýrslu sem áreiðanlega verður grundvöllur undir stefnumótun stjórnvalda.

En sökum þess að nú hefur hv. nefnd lagt hér línur um það hvernig fara eigi með þetta mál held ég að það væri til góðs ef hæstv. sjútvrh. gæti sagt frá því í þessum umræðum hvernig stjórnvöld gætu staðið að því sem kemur fram í nál. því að hingað til hefur verið mjög erfitt að fá Fiskveiðasjóð, sem er aðallánasjóður skipasmiðjanna, til þess að framfylgja þessum verklagsreglum og hafa þær vissulega haft margt til síns máls. Það skal tekið fram. Mér fyndist vera gott áður en endanlega er gengið frá þessari tillögu að hæstv. ráðherra segði frá því hvort hugsanlegt sé að farið verði að ráðum hv. nefndar sem koma fram í nál. með þessari tillögu því að auðvitað er gagnslítið að samþykkja þessa tillögu nema yfirmaður Fiskveiðasjóðs lýsi því hér og nú hvort og hvernig hann hyggist standa að þessu verði tillagan samþykkt með því nál. sem hér liggur fyrir. Þess vegna, virðulegur forseti, af því að ég sé ekki ástæðu til þess að hæstv. iðnrh. ítreki það sem hann sagði hér í morgun, þó má hann gera það að sjálfsögðu mín vegna og kysi ég að fá að hlýða á hans mál, vildi ég gjarnan fá að heyra hvernig hæstv. sjútvrh., yfirmaður Fiskveiðasjóðs, hyggst standa að þessu máli og verður það ærið fróðlegt því að það fellur auðvitað í hans hlut að fylgja þessum hugmyndum eftir ef hægt verður.

Að þessu sögðu, virðulegur forseti, kýs ég ekki að flytja hér lengri ræðu, enda óþarft. Ég er yfirlýstur stuðningsmaður þessa máls en tel auðvitað að til þess að eitthvert vit sé í að samþykkja tillöguna verði stjórnvöld að segja hér og nú hvort tillagan sé framkvæmanleg í þeim búningi sem kemur fram í nál. hv. atvmn. Sþ.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að lýsa ánægju minni með það að hv. 1. þm. Reykv. er kominn til þings og getur tekið þátt í þessari umræðu sem lengi hefur beðið.

En svo að ég snúi mér að efni máls, þá vil ég endurtaka það sem ég sagði fyrr á þessum morgni að um leið og hið breska ráðgjafarfyrirtæki og samstarfshópurinn um þetta verkefni, sem er skipaður mönnum frá samtökum skipasmiðjanna og Landssambandi iðnaðarmanna auk starfsmanna iðnrn., hafa lokið störfum mun ég gera þinginu grein fyrir niðurstöðu skýrslunnar, ef það tekst á þingtímanum með því að leggja hana hér fram en annars með því að senda þingmönnum skýrsluna eða útdrátt úr henni á íslensku um leið og kostur er.

Ég þarf ekki að endurtaka að ég harma að sá dráttur hefur orðið á verkinu sem raun ber vitni og frá hefur verið skýrt. Það er kannski eitt ágætt dæmi um það að það er ekki alltaf betra að semja við erlenda menn um verkin eins og hv. 1. þm. Reykv. gerði á sínum tíma meðan hann var iðnrh. En verkið kemur þótt seint sé og vonandi vel unnið og getur orðið þáttur í stefnumótun stjórnvalda um skipasmíðar sem náttúrlega hlýtur fyrst og fremst að beinast að því að skapa þessari grein eins og öðrum almenn, hagstæð skilyrði.

Þar með kem ég að máli því sem hv. 1. þm. Reykv. gerði hér að aðalefni ræðu sinnar og það var hvernig ríkisstjórnin skildi fyrsta töluliðinn af fjórum sem greindir eru í nál. atvmn. Ég vildi vekja athygli hv. þm. á því að þar er einmitt hyggilegt orðalag þar sem segir:

„Ríkisstjórnin reyni að tryggja að útvegsmenn og opinberir sjóðir semji ekki um nýsmíði skipa eða viðhaldsverkefni erlendis án undangengins útboðs þar sem innlendir aðilar kepptu á jafnréttisgrundvelli við erlendan skipaiðnað."

Þetta er mikilvæg ábending en getur ekki orðið fastmótuð regla að mínu viti nema menn vilji hverfa að forsjárhyggju og miðstýringu. Það vakir væntanlega í máli hv. 1. þm. Reykv. að hann vilji að opinberir sjóðir hafi vit fyrir útvegsmönnum í þessum efnum. Það tel ég hið mesta óráð, en hins vegar á viðleitnin einmitt að vera sú sem lýsir sér í nál., að ráðuneytin miðli upplýsingum og opinberar stofnanir eins og Byggðastofnun, svo að ég nefni nú aðra stofnun sem kemur að þessu máli auk Fiskveiðasjóðs — að tengja saman tilboð og eftirspurn eftir verkum

og nýleg dæmi eru um það t.d. að viðskrn. hefur getað beint verkum sem annars hefðu farið til útlanda til innlendra skipasmiðja með því að spyrja einfaldlega eftir því við þá sem eftir leyfi leituðu til að taka erlent lán vegna innflutnings á hafnsögubátum í þessu tilfelli hvort ekki væri miklu einfaldara að fá þetta gert í innlendri skipasmíðastöð, reyndar í þessu tilfelli skipasmíðastöðinni Þorgeir og Ellert á Akranesi. Þetta reyndist mjög auðsótt mál þegar að var gáð en til þess þarf eingöngu upplýsingamiðlun, atbeina stjórnvalda með hæfilegri fjármagnsfyrirgreiðslu og hún var sannarlega veitt í þessu tilfelli. Þetta er gott dæmi um það hvernig stjórnvöld reyna að tryggja það sem nefnt er hér í áliti atvmn. Þetta er það sem stjórnin vinnur nú að og ég mun gera nánari grein fyrir síðar þegar títtnefnd skýrsla liggur fyrir, en auðvitað er hún ekki hjálpræðið í þessu máli, heldur okkar eigið hyggjuvit og umfram allt starf fyrirtækjanna sjálfra, og samstarf þeirra. Það er alveg greinilegt af viðtölum við forsvarsmenn skipaiðnaðarfyrirtækja að samkeppnisstaða þeirra hefur skánað, bæði vegna breytinga á raungengi krónunnar frá því í fyrra og eins af því að aðgangur þeirra að fjármagni og lánsskilmálar hafa orðið þeim hagstæðari, lántökugjaldið eða lántökuskatturinn hefur verið felldur niður sérstaklega af þessari starfsemi, innlendri skipaviðgerðastarfsemi, og verður eins og fram hefur komið felldur niður í haust að fullu ef frv. það sem hæstv. forsrh. mun mæla hér fyrir í Ed. síðar í dag verður að lögum, sem ég vona að verði. En allt lýsir þetta viðleitni til þess að búa þessari starfsgrein, eins og öðrum, hæfileg almenn starfsskilyrði þannig að hún geti dafnað.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Aðeins út af því sem hv. 1. þm. Reykv. spurði hér um, með hvaða hætti það sé framkvæmanlegt að ríkisstjórnin reyni að tryggja að útvegsmenn og opinberir sjóðir semji ekki um nýsmíði skipa eða viðhaldsverkefni erlendis án undangengins útboðs þar sem innlendir aðilar keppi á jafnréttisgrundvelli við erlendan skipaiðnað, m.a. hvað snertir meðferð tilboða og fjármagnsfyrirgreiðslu.

Ég get verið alveg sammála þeim vilja sem þarna kemur fram en hitt er svo annað mál að það er ekki þar með sagt að það sé mjög auðvelt að framfylgja þessum vilja eða tryggja það að ekkert gerist í þessu sem getur talist óhagkvæmt fyrir íslenskan skipasmíðaiðnað því að markmiðin í þessu hljóta að vera tvö: Annars vegar að íslenskur sjávarútvegur fái alltaf notið bestu kjara í kaupum á sínum aðföngum. Það er að mínu mati mjög mikilvægt. Íslenskur sjávarútvegur keppir á alþjóðlegum mörkuðum og staða hans er ekki með þeim hætti að hann þoli meiri tilkostnað en er samsvarandi því sem býðst á alþjóðlegum mörkuðum. Það er hins vegar mjög mikilvægt fyrir íslenskan sjávarútveg að hér sé öflugur skipasmíða- og viðgerðaiðnaður og það eru hagsmunir sjávarútvegsins jafnframt að þessi iðnaður gangi með eðlilegum hætti.

Það er alveg rétt að Fiskveiðasjóður hefur talið það vera sitt aðalhlutskipti að tryggja það að íslenskur sjávarútvegur fái aðföng sín með sem ódýrustum hætti, en það hefur margsinnis verið rætt við Fiskveiðasjóð að þeir reyni að koma því til leiðar að slíkt sem hér er gefið til kynna gerist ekki, þ.e. að útvegsmenn fara oft og tíðum með verkefni sín erlendis og þau verða oft og tíðum dýrari en hefði orðið hér innan lands. Ég tel að þarna skorti oft vandaðan undirbúning og þá er það spurningin hver á að sjá til þess að undirbúningurinn sé vandaður. Þar er ekki nægilegt að koma á miðstýringu. Það þarf jafnframt að brýna fyrir aðilum sem fara út í slíkt að vanda sinn undirbúning betur og ég tel að með samvinnu aðila í skipasmíðaiðnaði og sjóðanna megi koma því til leiðar án mikilla þvingana. Þess vegna er það alveg rétt sem hv. 1. þm. Reykv. sagði hér, það var samdóma álit okkar á sínum tíma að það væri rétt að Fiskveiðasjóður og útvegsmenn kæmu inn í þetta samstarfsverkefni og ég veit ekki betur en að þeir hafi gert það af heilum hug og með því tel ég að hafið sé samstarf milli þessara aðila sem á skorti áður um það að menn ræði þessi mál saman en séu ekki ávallt að hnýta hver í annan og kenna hver öðrum um það sem úrskeiðis hefur farið.

Þannig hefur Fiskveiðasjóður oft mátt þola það að sjóðnum sé beinlínis kennt um það sem úrskeiðis fer því að auðvitað getur hann ekki tryggt það í öllum tilvikum frekar en ýmislegt annað í þessu þjóðfélagi. Við sjáum það oft og tíðum að innlend vara er ekki boðin til sölu jafnvel hjá íslenskum iðnfyrirtækjum. Og hver á að tryggja það að svo sé? Sem dæmi get ég nefnt að ég þurfti að kaupa málningu fyrir nokkrum dögum og fór inn í stærstu byggingarvöruverslun landsins sem er jafnframt iðnaðarfyrirtæki. Þeir áttu ekki eina einustu dós frá innlendum aðila og seldu bara erlendar dósir. Iðnaðurinn þarf því að sjálfsögðu stundum að líta í eigin barm og gæta þess að ætlast ekki til alls af öðrum en hugsa kannski líka um það að reyna að koma íslenskri vöru á framfæri og reyna að bæta samkeppnisstöðu hennar.

Ég mun að sjálfsögðu, verði þessi tillaga samþykkt, og ég get alveg fellt mig við hana, ræða þessi mál enn á ný við Fiskveiðasjóð í þeim tilgangi að gera það sem hér segir, að reyna að tryggja það að útvegsmenn og opinberir sjóðir semji ekki um nýsmíði skipa og viðhaldsverkefni erlendis án undangengins útboðs. Ég vil jafnframt taka það fram að Fiskveiðasjóður lánar meira út á innlenda nýsmíði en erlenda og það verður jafnframt að geta þess að Byggðasjóður hefur fengið sérstakt fjármagn til þess að reyna að tryggja samkeppnisstöðu íslensks skipasmíðaiðnaðar og ég veit ekki betur en að það hafi heppnast nokkuð vel. Að hinu leytinu hefur það líka orðið til þess að stækka íslenska fiskiskipaflotann og fjölga frystiskipum í landinu þannig að menn þurfa nú að skilja að hér er margs að gæta og menn mega ekki verða svo ákafir í viðleitni sinni til að bæta stöðu skipasmíðaiðnaðarins að menn geri íslenskan sjávarútveg mun óhagkvæmari en ella hefði orðið.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég spurði hér áðan hæstv. viðsk.- og iðnrh. hver væri heildarstefna varðandi fjármagnsmarkaðinn. Ég tel að vandi íslensks skipasmíðaiðnaðar sé einmitt hluti af stærri efnahagsvanda og þeim vanda sem önnur fyrirtæki eiga líka við að glíma hér á Íslandi. Hæstv. ráðherra svaraði þessu ekki og þess vegna ætla ég að ítreka þessa spurningu vegna þess að ég tel að hér sé um grundvallaratriði að ræða. Það er ekki hægt að ræða vandamál íslensks skipasmíðaiðnaðar einangrað eitt og sér eins og það komi efnahagskerfinu á Íslandi ekkert við. Þetta vandamál hlýtur að vera angi af stærra máli. Af hverju gengur íslenskum skipasmíðaiðnaði svona illa að keppa við erlendan skipasmíðaiðnað? M.a. vegna þess að það er ekkert lánsfé í boði. Það er miklu auðveldara fyrir þá sem eru að skipta við iðnfyrirtæki erlendis að fá lán, og veitir nú líklega ekki af í sjávarútvegi að fá lán því að ekki eigum við neitt „cashflow" eða staðgreiðslupeninga á hreinni íslensku.

Ég las hér áðan upp úr lögum um Seðlabanka Íslands, fyrir hæstv. viðskrh. sérstaklega. Ég ætla að gera það aftur: „Hlutverk Seðlabankans er m.a. að vinna að því að framboð lánsfjár sé hæfilegt miðað við að verðlag haldist stöðugt og framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt."

Enn fremur í 4. gr.: „Í öllu starfi sínu skal Seðlabankinn hafa náið samstarf við ríkisstjórnina og gera henni grein fyrir skoðunum sínum varðandi stefnu í efnahagsmálum og framkvæmd hennar. Sé um verulegan ágreining við ríkisstjórnina að ræða er seðlabankastjórn rétt að lýsa honum opinberlega og skýra skoðanir sínar." Slíkar skoðanir hafa ekki heyrst þannig að ríkisstjórnin og Seðlabankinn hljóta að vera sammála. En hver er þessi heildarstefna? Er hún eitthvert leyndarmál?

Hér síðar í dag er til umræðu svokallað húsbréfafrv. Hvernig virkar það á heildarstefnuna? Hver á að sitja fyrir fjármagni? Á það að vera sjávarútvegur, á það að vera skipasmíðaiðnaður eða á það að vera ríkissjóður? Hvernig verða verðmæti til? Þau verða til í atvinnulífinu. Á ríkissjóður sem eyðir peningum að sitja fyrir fjármagni eða á atvinnulífið að sitja fyrir fjármagni? Þetta eru grundvallaratriði sem ég óska að hæstv. viðskrh. svari hér. Hvað er gert til þess að reyna að tempra gífurlega eftirspurn ríkissjóðs í fjármagn?

Mér finnst í raun alveg skelfilegt til þess að vita að menn skuli geta leyft sér að mergsjúga íslenska atvinnuvegi og íslenska fjármagnsmarkaðinn og láta svo sem ekkert sé. Ég óska þess, hæstv. viðskrh., að fá svar við þessum spurningum.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Auðvitað er það rétt hjá hv. 5. þm. Austurl. að vandi íslenska skipaiðnaðarins er öðrum þræði hinn almenni efnahagsvandi Íslendinga og atvinnulífsins alls. Á móti því ber enginn maður og ég vil ósköp einfaldlega segja það að þau grundvallaratriði sem hv. þm. hreyfði eiga rétt á sér og þau þarf að hugleiða. Það er stefna þessarar stjórnar að bæta jafnvægið á lánamarkaðinum með aðgerðum innan lands og með því að tengja íslenska lánamarkaðinn betur og nánar við alþjóðlegan lánamarkað. Þetta kom m.a. fram í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem flutt var á Alþingi 6. febr. sl. og hefur reyndar ítarlega verið rædd í umræðum um ýmis mál síðar á þinginu.

Þetta mun m.a. gerast með því að greiða fyrir því að innlendir aðilar taki lán frá útlöndum á eigin ábyrgð. Þetta mun líka verða gert með því að athuga um þátttöku erlendra lánastofnana hér í fjármagnsmiðlun. Þetta eru hlutir sem verið er að móta og reyndar er eitt slíkt þingmál nú í hv. Ed. sem fjallar um heimildir til þess að taka greiðslufresti frá öðrum löndum. Allt miðar þetta að því að jafna betur kjörin á innlenda lánamarkaðinum.

Ég minni líka á að í því frv. um ráðstafanir vegna kjarasamninga, sem hæstv. forsrh. mun gera grein fyrir og mæla fyrir í hv. Ed. síðar á þessum degi, er felldur niður lántökuskatturinn frá miðju ári sem m.a. hefur valdið þrýstingi á lánskjörin á þenslutímanum. Nú er hins vegar ráðrúm til að fella hann niður. Þetta eru dæmi um aðgerðir sem miða í þessa átt. Ég vil líka rifja upp að í ræðu seðlabankastjóra á ársfundi Seðlabankans 28. apríl sl. kom fram að jafnvægi á lánamarkaði væri nú betra en það hefur verið frá því að lög um viðskiptabanka, sparisjóði og Seðlabanka gengu í gildi 1986, sem sumir kenna við frjálsar ákvarðanir í vaxtamálum. Þetta er allt saman vitnisburður um að stefna þessarar stjórnar sé að bera þann árangur sem hv. 5. þm. Austurl. lýsti eftir, þ.e. að koma á betra jafnvægi á lánamarkaðinum sem svo sannarlega er ein af forsendum þess að atvinnufyrirtækin geti þrifist, þar á meðal skipaiðnaðurinn.

Um gengið vildi ég eingöngu segja það að ég vék að því nokkuð í mínu máli að raungengið hefði þokast svo til réttrar áttar á þeim tíma sem þessi stjórn hefur starfað að þar sér mikinn mun í samkeppnisstöðu skipaiðnaðarins og reyndar annarra fyrirtækja sem annaðhvort flytja út eða eiga í samkeppni við erlend fyrirtæki. Fleira þarf ég ekki um þetta mál að segja en þakka hv. 5. þm. Austurl. enn á ný fyrir það að rifja upp fyrir okkur grundvallaratriðin og lesa upp úr lögunum um Seðlabankann, um viðmiðanir við gengisákvarðanir, sem hann hefur gert hér öðrum mönnum oftar og er sennilega helsti stuðningsmaður stefnu stjórnarinnar í þessu efni nú orðið.

Benedikt Bogason:

Herra forseti. Ég hef frekar setið á mér að fara að ræða um þessi mál vegna þess að ég sit af hálfu Byggðastofnunar í verkefnastjórn sem er til ráðuneytis og til að samræma þessa vinnu Appledore-mannanna og fyrrv. iðnrh. kom á fót. Ég vil taka það skýrt fram að ég tel og ég hef ástæðu til að ætla að út úr þessari vinnu, sem því miður hefur dregist svona lengi, kunni að koma ný viðhorf sem vonandi skila sér í endanlegri skýrslu. Ég tel að það hefði verið

mjög erfitt fyrir íslenska aðila að vinna þetta eins og staðan er í þessari grein. Ég held að á vissum tímum geti verið gott og nauðsynlegt fyrir okkur að fá erlenda reynslu inn til okkar. Það sem gerist hins vegar því miður allt of oft, en þó ekki í þessu tilfelli, er að erlendir ráðgjafar koma hingað til landsins, passa sig á því að láta ekki Íslendingana vita nema mátulega mikið, gera skýrslur, veita ráðgjöf, skila háum reikningum, kveðja og skilja ekkert eftir sig. Íslenskir kollegar, sem kannski hafa ekki fengið að takast á við og þroska sig í svona verkefnum, sitja eftir með sárt ennið og þekkingin situr ekki eftir heldur bara úrlausn einhvers ákveðins verkefnis en þekkingunni er haldið úti.

Í þessu tilfelli var tekin upp nýbreytni. Það var komið á svokallaðri verkefnastjórn og í henni sitja menn frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, samtökum skipasmíðastöðva og Landssambandi iðnaðarmanna undir forustu iðnrn. Jafnframt hafa setið þarna fulltrúar frá Fiskveiðasjóði, iðnlánasjóðunum og Byggðastofnun. Þessir menn hafa setið í sama herbergi og rætt saman frá upphafi við Englendingana. Ég vil taka það fram að þessi vinnubrögð virka afskaplega sannfærandi og ensku sérfræðingarnir virðast vera mjög hæfir fagmenn sem hafa verið í verkefnum um allt, ekki aðeins um samveldið heldur um allan heim. Maður fann það strax í fyrrahaust þegar þeir voru hér hvað þeir voru fljótir að finna hvar skórinn kreppti. Málið er það — og því megum við ekki gleyma — að skipasmíðar um allan heim hafa gengið sér dálítið mikið til húðar. Það er yfirþróaður iðnaður, sbr. að margar skipasmíðastöðvar í Evrópu hafa orðið að leggja upp laupana. Ég á von á því að þegar þessi skýrsla kemur út komi fram ýmis sjónarmið sem geti orðið okkur til gagns.

Það kom hér fram áðan að ekkert lánsfé væri í boði fyrir skipasmíðastöðvar. Það er rangt. Það hefur verið þannig undanfarin ár að veitt hefur verið sérstök fjárveiting, um 200 millj. kr. á ári, sem Byggðastofnun hefur verið falið að vista og deila út. Það er gert í mjög nánu samstarfi við Fiskveiðasjóð þannig að Fiskveiðasjóður sem sérsjóður vinnur upp tillögur og metur og sérfræðingar Fiskveiðasjóðs og Byggðastofnunar eru þar í náinni samvinnu. Síðan kemur þetta á borð Byggðastofnunar og dæminu er lokað þar. Þarna getur verið lánað í verkefni allt upp í 80% af kostnaði. Þetta er náttúrlega heilmikið lánsfé.

Hitt er svo annað mál og því höfum við ekki varað okkur á að íslenskur skipasmíðaiðnaður hefur í raun-inni fyllt út í markaðinn. Gefnar voru út skýrslur árin 1979 og 1980 og kom þá greinilega fram að markaðurinn var mikið til mettaður. En það sem sérstaklega hefur háð okkur alla tíð síðan ég fór að kynnast þessum málum eru þessi dulbúnu undirboð erlendis frá sem við vörum okkur ekki á. Þau gerast í formi sem ég þekki af eigin raun. Skipasmíðastöðvar, jafnvel á Norðurlöndum, Englandi og víðar, hafa átt í vök að verjast og verið jafnvel í dauðateygjunum. Víða í þessum löndum er komið stöðugt atvinnuleysi því miður, allt upp í 9% í Bretlandi. Til að lenda ekki í þeim þjóðfélagsvanda að horfa upp á fólk atvinnulaust og sjá ekki út úr því hafa ríkisstjórnir farið inn á þá braut að greiða atvinnuleysisbæturnar til fyrirtækjanna gegn því að þau haldi fólkinu í vinnu. Þar með ná þau betri stöðu og geta boðið lægra verð en samkeppnisaðilar t.d. á Íslandi.

Önnur tegund af dulbúnum undirboðum sem alltaf hafa verið í tísku og hægt hefur hefur verið að sjá ákveðin dæmi um er í sambandi við fjármagnsfyrirgreiðslu. Það eru dulbúnir styrkir í formi vaxtalítilla eða vaxtalausra lána til margra áratuga sem eiga að keppa við hinn erfiða og þrönga fjármagnsmarkað hér heima. Þar með eru þeir í betri samkeppnisstöðu og hafa getað náð til sín verkefnum sem eðlilega hefðu getað komið betur út hér. Síðustu fréttir sem ég hef heyrt núna í vor, og það kom einmitt fram hjá ráðherra, er að eftir að leiðréttingin frá fastgengisstefnunni hefur sigið inn í efnahagskerfi okkar hafa íslensk fyrirtæki getað boðið lægra verð en erlendir aðilar í ýmsum verkefnum. Þetta vildi ég sérstaklega leggja áherslu á.

Mig langar aðeins til að minnast á í sambandi við þessa grunnvinnu Appledore að það kom skýrt fram hjá þeim og í umræðum oftar en einu sinni að vegna breytts grundvallar er afskaplega erfitt og sennilega mjög svo erfitt að keppa við erlendar stöðvar í nýsmíði, en við höfum fyrir utan nýsmíði haft talsvert mikið af breytingarverkefnum, t.d. lengingar á skipum sem tengjast þá flokkunarviðgerðum, og viðhaldsverkefnum. Það hefur komið fram í sambandi við að endurreisa þessa starfsemi að það liggur ljóst fyrir að t.d. í viðhaldsverkefnum er mikill kostur fyrir útgerðarmenn að geta haft bátinn í slipp nálægt sínu aðsetri og því er það spurning hvort skipasmíðastöð þyrfti ekki að breyta um strúktúr, þ.e. skera sig niður í að reka bara slipp, markaðsvinnu og tæknivinnu en vera með undirverktaka í öllum iðngreinum sem jafnframt að verulegu leyti vinna á öðrum stöðum. Slíkt form væri sennilega það sem hentaði mjög vel í dag í enduruppbyggingu þessa iðnaðar sem við verðum að halda utan um. Við eru orðin leiðandi þjóð í fiskveiðum, viðurkennd um allan heim og við verðum að vera menn til þess að takast á við þetta og skapa þessari atvinnugrein umhverfi sem stenst.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég vil leyfa mér að nýta rétt minn til þess að gera hér örstutta athugasemd. Í fyrsta lagi er ekki hægt annað en benda á það sem kom fram hjá hæstv. iðnrh., sem reyndar talaði þá sem hæstv. viðskrh., þar sem hann lofaði og prísaði orð seðlabankastjórans, Jóhannesar Nordals, á aðalfundi Seðlabankans þar sem fram kom það álit seðlabankastjórans að frjálsari fjármagnsmarkaður á Íslandi væri til bóta, að aukin tengsl við erlenda aðila varðandi fjármagnsmarkaðinn væru til bóta og að vestrænar leikaðferðir ættu að gilda hér í efnahagsmálum. Ég vek athygli á þessu eingöngu vegna þess að þetta er þvert á það sem hæstv. forsrh. hefur verið að tala um

á yfirstandandi Alþingi. Það er athyglisvert að hæstv. viðskrh. skuli með þessum hætti sjá til þess við þessa umræðu enn á ný að ítreka þessa skoðun sína sem er þvert á yfirlýsingar hæstv. forsrh.

Í öðru lagi, virðulegur forseti, finnst mér það athyglisvert, sem kom fram hjá hæstv. sjútvrh. og iðnrh., hvernig ætti að standa að því sem kemur fram í nál. Ég bendi á að það er ekki verið að biðja um neitt annað en jafnræði fyrir íslenskar skipasmíðastöðvar og ætla ég að láta þar við sitja.

Í þriðja lagi, og það eru mín lokaorð, vegna þess sem hæstv. ráðherra sagði, að erfitt væri að eiga samstarf við útlendinga um ráðgjöf, vil ég bara taka undir það sem fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni að ég hygg að þetta samstarf fyrirtækisins breska og innlendu verkefnastjórnarinnar, þar sem saman voru tengdir hagsmunir bæði í sjávarútveginum og iðnaðinum ásamt sjóðunum, ætti að geta verið besti grundvöllur stefnumótunar í skipasmíðaiðnaðinum. Ég vænti þess að þrátt fyrir þessi viðhorf hæstv. ráðherra, sem komu fram í hans ræðu, sjái hann til þess að áfram verði unnið að þessu starfi, skýrslan verði lögð fyrir þingmenn og að árangur komi í ljós nú þegar á næstu mánuðum og missirum.

Ég þakka að lokum fyrir, virðulegur forseti. Ég veit að forseti hefur sýnt fádæma þolinmæði með því í fyrsta lagi að bíða með umræðulok eftir því að ég kæmist á fætur í morgun og í öðru lagi með því að leyfa mér að taka til máls og gera örstutta athugasemd. Vegna þess að ég veit að hæstv. forseti gerir slíkt með glöðu geði vil ég ítreka þakkir mínar til hans.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1054 (ný tillgr.) samþ. með 35 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1073).

Samningur um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen, fyrri umr.

Stjtill., 420. mál. — Þskj. 780.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um samning milli Grænlands/Danmerkur, Íslands og Noregs um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen.

Með þessari till. er óskað eftir staðfestingu Alþingis til heimildar ríkisstjórnar að gera fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Grænlands og Noregs um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen. En samningurinn er birtur sem fylgiskjal með þáltill.

Samningur, sem hér liggur fyrir, leysir deilu milli hlutaðeigandi landa um skiptingu loðnustofnsins á svæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen. Frá árinu 1980 hefur gilt samkomulag milli Íslands og Noregs um að skipta veiðum á stofninum milli sín þannig að 85% falli í hlut Íslands og 15% í hlut Noregs. Hins vegar var Grænland ekki bundið af því samkomulagi. Og t.d. á árinu 1988 veiddu Færeyingar samkvæmt heimild grænlensku landsstjórnarinnar 48 þús. lestir af loðnu innan grænlenskrar lögsögu.

Á samningafundi milli aðila í Osló dagana 18.–20. janúar 1989 náðist samkomulag um samningsdrögin sem hér liggja fyrir. Samkvæmt 2. gr. samningsins skal reynt að ná samkomulagi um leyfilegan hámarksafla fyrir hverja vertíð. Ef ekki næst samkomulag mun Ísland ákveða hámarksaflann. Sams konar ákvæði er að finna í samkomulagi á milli Íslands og Noregs frá árinu 1980.

Samkvæmt 3. gr. samningsins skiptist aflinn þannig að 78% falla í hlut Íslands, 11% í hlut Grænlands og 11% í hlut Noregs. Íslenskum og norskum skipum verður heimilt að veiða loðnu í lögsögu Grænlands skv. 7. gr. og íslenskum skipum og skipum með leyfi grænlenskra stjórnvalda heimilt að veiða í lögsögu Jan Mayen skv. 8. gr.

Um veiðar í íslenskri lögsögu er fjallað í 6. gr. samningsins. Heimildir eru takmarkaðar við norsk skip og grænlensk skip, þ.e. skip sem eru skráð í Grænlandi og fullnægja skilyrðum grænlenskra fiskveiðilaga um eignaraðild. Íslensk stjórnvöld geta einnig veitt fiskiskipum af öðru þjóðerni sem fengið hafa grænlensk fiskveiðileyfi veiðiheimildir og í viðræðum milli aðila var gengið út frá því að færeysk skip, sem hafa leyfi grænlenskra stjórnvalda til veiða á þeirra hlut, fái heimild til veiða innan íslenskrar lögsögu. Veiðiréttindin takmarkast við svæðið fyrir norðan 64. gráðu og 30. mín. norðlægrar breiddar og tímabilið frá 1. júlí til 15. febr. á hverri vertíð. Ef staðfestur verður af viðkomandi stjórnvöldum mun samningurinn gilda til þriggja ára frá og með 1. júlí 1989.

Ríkisstjórnin hefur haft samráð við fulltrúa hagsmunaaðila í sjávarútvegi um gerð þessa samnings og kynnt drögin í utanrmn. Alþingis.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til utanrmn. og 2. umr.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs til að fagna því að mál þetta skuli nú loks vera komið til umræðu í sameinuðu Alþingi. Það hefði auðvitað mátt gerast miklu fyrr, líklega mánuðum fyrr en nú er. Ég er mjög ánægður með þetta samkomulag. Ég tjáði raunar hæstv. sjútvrh. það rétt áður en samningurinn var gerður. Þegar hann var svo vinsamlegur að hafa við mig samband tjáði ég honum það auðvitað í trúnaði að ég mundi berjast fyrir því að þessi samningur yrði samþykktur. Hver mótstaða sem kynni að birtast, þá ætti hann a.m.k. minn stuðning vísan. Þetta er ekkert launungarmál lengur. Sem betur fer

var engin mótstaða eða lítil. Þó varð þess nú vart að það þurfti að taka dálítið stórt upp í sig til þess að fá menn til þess að skilja hvað í húfi var. En góðu heilli er nú málið komið hér til væntanlegrar afgreiðslu og þá í utanrmn., býst ég við, á mánudaginn kemur og því fagna ég auðvitað mjög.

Hins vegar verð ég að harma það að mér finnst áhugi hæstv. núv. ráðherra utanríkismála og raunar kannski ráðherranna í heild á hafréttarmálum sáralítill. Hér í skýrslu hæstv. utanrrh. var það varla að minnst væri á hafréttarmálin, hvorki í þeirri skriflegu né munnlegri ræðu sem ég fagnaði af mörgum öðrum sökum sem ágætis ræðu.

Það er eins og menn hafi gleymt því að við höfum á hendinni hvorki meira né minna en það með nágrönnum okkar, bandalagsþjóðum, frændum og vinum að taka eftir réttum lögum allt hafsbotnssvæðið, ég endurtek, allt hafsbotnssvæðið frá Noregs- og Skotlandsströndum til Kanada, friða það, vernda, rækta með samningum við nágranna okkar um aldur og ævi. Þetta hreinlega gleymist í umræðum á hinu háa Alþingi. Það var ákveðið í umræðum um hafsbotnssvæðið á milli Jan Mayen, Íslands og Grænlands annars vegar og Noregs hins vegar að fund embættismanna, þann þriðja í röðinni, hygg ég, ætti að halda í síðasta lagi í marsmánuði sl. Hann hefur gleymst. Þó vitum við að norskir ráðamenn, bæði norski utanríkisráðherrann og formaður utanríkismálanefndar Noregs sem er úr stjórnarandstöðunni, Kåre Willoch, skilja og vita að rök þau sem Íslendingar hafa lagt á borðið fyrir því að þessar þjóðir geti helgað sér þetta svæði eru rétt. Það er ekkert annað að gera en að framkvæma þetta og senda tilkynningu til Sameinuðu þjóðanna um að málið sé afgreitt og gert, nákvæmlega eins og við gerðum á Reykjaneshrygg.

Ég ætla þá að koma að Reykjaneshrygg. Við eigum þar hafsbotnsréttindi út í 350 mílur sem við höfum helgað okkur með samþykkt Alþingis. Þetta svæði hefur ekkert verið nýtt af Íslendingum. Það hefur verið sinnuleysi um að nýta það. Það eru nú uppi áform um að byrja að gera þetta. Á sama tíma hafa hins vegar tugir og stundum, hygg ég, hundruð skipa frá fjarlægum löndum, þ.e. Austur-Evrópulöndum, verið að karfaveiðum á þessu svæði, ólöglegum veiðum, vegna þess að við höfum fullveldisrétt yfir hafsbotnssvæðunum sem við helgum okkur. Við eigum þau og megum einir nýta þau nema við samþykkjum að aðrir geri það. Í þessum fullveldisrétti eru fólgin öll auðæfi hafsbotnsins og allra lífvera sem á honum eru og hreyfa sig með snertingu við botninn, ekki bara sem sagt botninn sjálfur, heldur líka lífverurnar á honum. Sá sem kemur þess vegna með skel eða stein upp í vörpu hann má taka og færa til hafnar. Þetta eru alþjóðalög í raun. Þjóðir heims eru að ¾ hlutum eða svo strandríki. Strandríkin hafa hingað til markað hafréttinn. Þau eru að því enn þá. Þau eru á fleygiferð að helga sér hafsbotnsréttindi og tryggja sér þau um aldur og ævi, en héðan heyrist varla um málið talað.

Ég verð að játa það að vísu að hæstv. forsrh. tók málið upp við forsætisráðherra Breta að því er varðar Hatton-Rockall-svæðið sem er kannski enn þá þýðingarmeira en Reykjaneshryggur, svo gífurlega víðáttumikið sem það er, og þar eru líka auðug fiskimið sem ekkert hafa verið nýtt, engin tilraun verið gerð til að örva Íslendinga til að fara að veiða á þessum sínum miðum, ekki fram á þennan dag, hafa tekið það upp við forsætisráðherra Breta, Margréti Thatcher. Hún óskaði eftir bréfi frá Íslendingum frá hæstv. utanrrh. (Gripið fram í.) Já, hæstv. páv. forsrh. Hann var orðinn forsrh. þá, ég bið afsökunar, að sjálfsögðu. Og því var auðvitað lofað. Það liðu mánuðir án þess að það væri sent. Auðvitað átti þetta bréf að fara samdægurs. Í farteski sínu hafði ráðherrann allt sem til þess þurfti að afgreiða bréfið á örskömmum tíma, ef ekki samdægurs þá næsta dag eða þar næsta. Áhugaleysið er svona, því miður. Nú veit ég að þetta er ekki af illvilja gert eða vegna þess að menn vilji ekki Íslandi og íslenskum hagsmunum sem allra best í bráð og lengd. Auðvitað vilja þessir menn það ekkert síður en við hin en það verður að gefa sér tíma til að hugsa um meginmálefni þessarar þjóðar. Það er hægt að rífast hér um efnahagsmálin lon og don og gefa sér tíma til þess, en það er varla tími til þess einu sinni að taka mál eins og þetta fyrir hér á hinu háa Alþingi.

Það eru mörg fleiri mál sem eru óleyst. Það eru fleiri sameiginlegir stofnar með Grænlendingum en loðnan. Auðvitað er það karfinn líka, auðvitað er það þorskurinn líka og margt og margt.

Og að því er Færeyinga varðar, þá er það nú sannað að þeir stráðrepa íslenskan lax, ólöglega eftir hafréttarsáttmálanum. Að vísu gerðist það slys hér að árið 1982 var haldinn fundur og stofnuð einhver samtök sem leyfðu Færeyingum ólöglegar veiðar fram til þess tíma en við verðum að hafa allt í hendi okkar að stöðva þær. Kannski verður hafbeit það sem verður mikilvægast fyrir okkur Íslendinga, hafbeit á mörgum tegundum, fyrst og fremst kannski sjávarfiskunum miklu frekar en vatnafiskunum. En þetta er líka mikilvægt fyrir Færeyinga. Þeir hafa alla aðstöðu til þess að stunda hafbeit í stórum stíl. Þeir þurfa ekkert að sækja fisk út í Ballarhaf og jafnvel inn í okkar landhelgi. Þeir geta ræktað hann rétt eins og við. Þeir hafa aðstöðu til hafbeitarinnar. Nei, nei. Ég veit ekki til þess að það hafi nokkurn tíma á árlegum fundum, um að við úthlutuðum þeim einhverjum kvótum, verið einu sinni svo mikið sem orðað við þá að þeir ættu að hætta þessum laxveiðum. Ef það hefur verið gert er mér ókunnugt um það. Ég hef margsinnis þó tekið það upp í utanrmn. og óskað þess við viðkomandi ráðherra að þessi mál yrðu tengd saman eðli málsins samkvæmt.

En þetta er kannski ekki aðalatriðið. Aðalatriðið er það sem við máttum t.d. hlusta á núna í sjónvarpinu síðustu kvöldin að jafnvel hæstv. utanrrh. heldur því fram að það sé einhver meginstefna Efnahagsbandalags Evrópu að heimta fiskveiðiheimildir gegn viðskiptaheimildum, að það sé einhver meginstefna. Þeir eru kannski að heimta það af Austurríkismönnum, það er verið reyna að semja við þá, að fá

fiskveiðiheimildir þar eða hjá Svisslendingum og öðrum. Þetta er engin meginstefna. Því er haldið fram að Evrópubandalagið hafi slíka samninga við allar þjóðir í Evrópu. Ég veit ekki til að þeir hafi neina slíka samninga. Þeir höfðu það í Kanada. En þeim hefur verið sagt upp og þeir fá þá aldrei aftur, að sjálfsögðu. En hérna er niðurlægingin svo mikil að við eigum að búa okkur til drauga, vekja þá upp. Það hefur staðið í öllum plöggum sem ég hef séð, fyrst sem formaður utanrmn. og síðan sem meðlimur þar, og komið fram bæði í ferð utanrmn. til Strasbourg og Brussel í september 1987 og einnig ferð Evrópunefndarinnar nú fyrir skemmstu til Genfar og Brussel að það er engin krafa af hálfu Evrópubandalagsins um neinar veiðar hjá okkur. Hún er ekki til. Það lengsta sem þeir hafa gengið er að tala um að þeir vilji við okkur díalóg. Hvað þýðir díalóg? Á leiksviðinu þýðir það víst tveggja manna tal eða gerði. Það þýðir einhvers konar rabb um hagsmunamál okkar í heild, ekki um veiðiheimildir heldur um hagsmunamál okkar í heild. Við höfum alltaf sagt: Við erum reiðubúnir að fara í þennan díalóg. Ég sem formaður utanrmn. lýsti því yfir þegar þetta var orðað úti í Strasbourg með samþykki allrar nefndarinnar. Við vorum samstiga í einu og öllu þar, að þennan díalóg mætti taka upp hvenær sem væri. Að vísu gætum við ekki gert það, við værum ekki embættismenn, en við vissum að íslenskir embættismenn og ráðherrar mundu vera reiðubúnir að koma til Brussel. Það var raunar orðað að það væri kannski hægt að hittast bara leynilega einhvers staðar, í Kaupmannahöfn. Ég lýsti því líka yfir fyrir hönd nefndarinnar að við værum ekki reiðubúnir til slíks, þó að við þyrðum vel að mæta þeim hvar sem væri. Þeir gætu komið til Brussel þess vegna eða heim til Íslands.

Þetta er ekki málefni sjútvrh. eins og hæstv. utanrrh. sagði í sjónvarpinu. Og aumingja stjórnandi þessara dýru þátta var náttúrlega með þetta alltaf hreint uppi, að Efnahagsbandalagið væri að krefjast hérna veiðiheimilda sem það hefur alls ekki gert frá 1986 a.m.k. Auðvitað er eitthvert skrifstofufólk að orða þetta, en það eru 40 eða 50 manns, eitthvað svipað og hjá sjútvrh. sem sinnir þessu af 14 eða 15 þúsund manna embættismannaliði. En þið vitið það öll hér, hæstv. ráðherrar og aðrir, að það er engin krafa af hálfu þeirra sem ráða Evrópubandalaginu um fiskveiðar í íslenskri efnahagslögsögu. Þeir tala um díalóg, þeir vilji hitta okkur og ræða um sameiginleg áhugamál okkar. Og þeir vilja að Ísland verði áfram Evrópuþjóð og hrekist ekki yfir á aðra markaði.

Svo var það sagt víst úti í Moskvu, skilst mér, að þessar kröfur væru uppi hafðar af hálfu Evrópubandalagsins á hendur Íslendingum. Því skyldu þá ekki Rússar krefjast þess, enda hafa þeir gert það? Þeir eru að krefjast veiðiheimildar. Það er upplýst. Ég skil ekki hvað þessi vinnubrögð eiga að þýða, að geta ekki fylgt okkar málstað fram og þurfa sífellt að vekja upp drauga sem eru löngu, löngu steindauðir. Sjávarútvegur í Evrópubandalagslöndunum er af þjóðarframleiðslu samanlagðri, allra ríkjanna, 0,014%. Og það eru nokkrir tugir manna sem sinna þessu. Sá embættismaður sem talaði við okkur í Evrópunefndinni úti í Brussel sagði aðspurður: Evrópubandalagið getur ekki gert neinar kröfur til fiskveiða við Ísland. Okkur er fullljóst að Íslendingar eiga efnahagslögsöguna. Við getum enga kröfu gert. Þetta voru orð þessa embættismanns í viðurvist okkar. Og sama hafa aðrir embættismenn, allir þeir sem ég hef talað við, sagt, og ég hygg að allir þeir sem fóru á þessa tvo fundi viti um það að þetta mál var svona vaxið.

En í þessum tengslum vil ég þakka hæstv. forsrh. dyggilega og góða framgöngu á Oslóarfundinum þar sem við fengum fríverslunarfisk samþykktan sem væntanlega verður okkur til mikilla hagsbóta. Þar voru lögð á ráðin hvernig ætti að vinna þetta mál. Og hann fór nákvæmlega eftir því sem þar var ákveðið, gefa ekki eftir um hænufet fyrr en þá á síðustu mínútunum. Með þessa síðustu mínútu sigraði hann í málinu fyrir hönd sinnar þjóðar. Þetta var virkilega þess vert að þess sé getið og því sé haldið á lofti og það geri ég hér með. Hann gerði þetta.

En nú bið ég þess og skal ekki endilega vera að rífast um það, enda er þetta búið og gert, að héðan í frá verði aldrei haldið fram röngum staðhæfingum um það að Evrópubandalagið sé að krefjast fiskveiðiheimilda innan íslenskrar efnahagslögsögu — á meðan það er gert, þá er hætta á ferðum — og að ekki verði látinn líða lengri tími til að fylgja eftir sigrum okkar og samkomulagi við Norðmenn og Dani, fyrir utan Grænlendinga, um hafsbotnssvæðið milli Íslands og Noregs og fylgt eftir viðræðunum við Breta um Rockall-svæðið, og þar með auðvitað Dani, við eigum þar sama hlut. Við höfðum sameiginlegan leiðangur, Danir, Færeyingar og við, eins og menn vita, um rannsókn hafsbotnsins 1987 sem bar mikinn árangur, og Bretum er alveg fullljóst að þeir geta engin réttindi á þessu svæði fengið nema með samningum við okkur. Þeir vita það þó að Íslendingar virðist ekki vita það sumir hverjir eða vilji kannski ekki vita það. Það er eins og t.d. menn hafi líka gleymt því að það var ekki bara einn samningur við Norðmenn um Jan Mayen-svæðið, það er ekki bara samningurinn frá 1980 og hann tekur ekki bara til loðnu, hann tekur til allra fiskstofna ef hann er rétt lesinn og rétt framkvæmdur, að við eigum 50% réttindi til allrar fiskveiði, en auðvitað getum við glatað þeim réttindum ef við ekkert hagnýtum þau og ekki sýnum neina tilburði til að nýta okkur þau. Það er hættan auðvitað. Og þess vegna er auðvitað algjörlega nauðsynlegt að nú verði þessu fylgt fram:

Hæstv. utanrrh. fylgi fram samningum við Noreg og Dani um svæðið sem ég nefndi og hefur verið nefnt norðurslóðir.

Hæstv. forsrh. og ráðherrarnir báðir fylgi fram samningunum við Breta og Dani um Rockall-svæðið.

Samvinna verði höfð við Kanadamenn sem eru að færa sín hafsbotnsréttindi út í 600 eða 800 mílur og ég veit ekki hvað.

Samningar við þessa alla menn og þar með er auðvitað komið að því líka að vernda þetta svæði og þar er hinn rétti vettvangur til þess að beita okkur gegn kjarnorkuvopnum, gegn herbúnaði á þessu svæði þegar við öll eigum þetta svæði, við eigum hafsbotninn. En þetta vinnst ekki.

En sem sagt, þetta mál er hér komið til umræðu á hinu háa Alþingi og því verður haldið vakandi. Ef aðrir gera það ekki, þá mun ég reyna að gera það. Við höfum þetta allt í hendi okkar ef við nennum að sinna því. Og þó að það sé gott að bjarga einhverjum þjóðum úti í heimi og menn haldi að þeir geti ráðið allri framvindu heimsmálanna, þá ættu þau ferðalög sem farin eru að beinast að því að hugsa um íslenska hagsmuni, hagsmuni norðursins, hagsmuni norðurhafa. Það er allt á borðinu eftir réttum lögum. Það vantar aðeins að fylgja því fram. Við höfum haft alla forustu, Íslendingar. Alþingi Íslendinga hefur nú bráðum í 10½ ár ályktað margsinnis um öll þessi mál, í bak og fyrir. Og þegar loksins er í augsýn að leysa þau öllsömul um aldur og ævi eru þau varla nefnd og haldið á loft staðhæfingum sem fá hvergi staðist, að Evrópubandalagið sé að heimta af okkur fiskveiðiréttindi. Það stendur hvergi á blaði og ég hef aldrei heyrt neinn segja það í þeim ferðum sem ég hef farið og hef ég þó talað við æðimarga embættismenn utanrmn., á fundum í sept. 1987 frá morgni til kvölds og langt fram á kvöld, aldrei nokkurn mann. Það kom að vísu til tals hjá Gallagher þeim margfræga að þeir þyrftu nú eitthvað að athuga með karfaveiðarnar. Honum var nú bent á það hvort hugsanlegt væri að þar sem þeir hefðu samninga við Grænlendinga gætu þeir fiskað eitthvað innan við okkar línu eða eitthvað svoleiðis, allt mjög lauslega. Honum var bent á það að karfinn þyrfti að verða eitthvað 16–20 ára til þess að verða kynþroska og það væri ekki hægt að drepa mikið af honum og Japanir væru þegar búnir að semja við Grænlendinga. Hann sneri alveg gjörsamlega við blaðinu, maðurinn. Hann sagði já, það væri stóra hættan. Þá væri þetta ekki annað en rányrkja. Og það eru sameiginlegir hagsmunir okkar og þessara þjóða sem ég hef verið að nefna að leysa þetta. En við Íslendingar höfum haft forustuna. Við höfum bent á leiðirnar og þessir menn hvarvetna hafa samþykkt það sem við höfum verið að segja. Ættum við þá að fara að snúa við blaðinu? Ég vona að það gerist ekki.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Ég verð að bera af mér sakir og hafna því algjörlega að um óeðlilegan drátt af minni hálfu hafi verið að ræða í sambandi við bréf það sem forsætisráðherra Breta var ritað. Ég átti fund með forsætisráðherra Breta í desembermánuði og gerði Margréti Thatcher þá ítarlega grein fyrir okkar sjónarmiðum í sambandi við Rochall-málið. M.a. lagði ég þá til að embættismenn af æðstu gráðu, ef ég má orða það svo, hittust sem allra fyrst og leiddu þá þann ágreining til lykta. Þessar umræður voru mjög gagnlegar. M.a. kom þá fram að forsætisráðherra Breta var sammála mér í því að komið væri í óefni ef fyrirhuguð alþjóðleg stofnun heimtaði þetta svæði til sín sem hafsbotnssvæði á sínu verksviði.

Hins vegar óskaði forsætisráðherra Breta eftir því að þessu yrði fylgt eftir með bréfi, ekki það að hún tæki ekki málið strax til meðferðar, og það er rétt að það dróst í 2–3 mánuði að senda það bréf. Það var vegna þess að ég lagði áherslu á að í því bréfi yrði málflutningur allur sá sami sem varð hjá mér á fundinum. Ég vildi ekki að þar færi neitt á milli mála og væri fullt samræmi á og því miður tók það nokkurn tíma að fá þá skýrslu sem ég vildi hafa til grundvallar. En ég held nú að með þessu hafi síður en svo í raun nokkur skaði gerst. Forsætisráðherra Breta er nú með bréfið til meðferðar og það eru líklega liðnir tveir mánuðir síðan hún fékk það svo að þar virðist tekinn nokkur tími í þetta. Ég tel fulla ástæðu til þess að ganga eftir svari senn hvað líður. Ég hygg að í svona málum sé farsælast að fara að öllu með lagni og stofna ekki til deilu en ég tel að fljótlega megi fara að spyrja um svar við þessari tillögu sem er sem sagt að ræða málin sameiginlega.

Hins vegar vil ég taka undir það sem hv. þm. sagði um Evrópubandalagið og fiskveiðikröfur þeirra. Í þeim sjónvarpsþætti sem hv. þm. nefndi lét ég koma mjög greinilega fram, þ.e. ef það hefur ekki verið klippt út, ég sá hann nú ekki allan, að ég teldi, alveg eins og kom fram hjá hv. þm., að fyrst og fremst væru það embættismenn í Brussel sem sýknt og heilagt eru með þessar kröfur um fiskveiðiréttindi hér. Ég hef sjálfur rætt við sex forsætisráðherra Evrópubandalagslanda um þetta mál og þar hef ég fundið allt annan skilning. Mín skoðun er sú að við eigum, bæði forsrh. og utanrrh., sem hefur gert þetta sama og rætt við fjöldamarga af sínum starfsbræðrum í utanríkismálum, að fara þá leið, það sé leiðin til að komast í gegnum þennan embættismannamúr. Ég held einnig að þær viðræður sem hæstv. sjútvrh. hefur einmitt átt nýlega í Brussel séu mjög til að leiðrétta þetta og ekki síst held ég að sú ferð sem hæstv. sjútvrh. gerði til Þýskalands hafi verið afar gagnleg í þessu sambandi. Það er líka sannfæring mín eftir t.d. fund með Kohl kanslara að Þjóðverjar geta orðið okkur hvað bestir bandamenn í þessum málum. Þeir er náttúrlega, eins og allir vita, þungavigtaraðili að Evrópubandalaginu svo að ég held að þetta sé leiðin til að vinna sigur í þessu máli og tek undir það sem hv. þm. sagði um það.

Valdimar Indriðason:

Virðulegi forseti. Ég ætla að fara örfáum orðum um þá þáltill. sem liggur frammi um samninginn við Grænland og Norðmenn í sambandi við loðnuveiðarnar. Ég get tekið undir margt af því sem hv. þm. Eyjólfur Konráð sagði hér áðan. Það þarf að vera mjög vakandi í þessum málum og fylgja þeim eftir. Þetta er vonandi fyrsta sporið í þeim samningum sem hægt er að gera og ná hér í norðurhöfum um okkar fiskveiðar og númer eitt, tvö og þrjú er að taka upp sem best samskipti við þessar þjóðir í þessum efnum.

Ég fagna því að þessi samningur er kominn á, en ég furða mig mjög á því þegar ég kem hér inn þessa síðustu daga þingsins að hann skuli ekki vera kominn hér fyrr til umræðu í þinginu. Nú í þinglok — þingi ætti að vera lokið í dag samkvæmt fyrri áætlun. Þessi samningur verður að komast í gegn núna því 1. júlí tekur hann gildi ef úr honum verður. Það er þetta sem ég furða mig á í starfsemi þingsins að hann skuli ekki vera kominn hér fyrr inn á borð. Ég tel þennan samning til mikilla bóta fyrir okkur Íslendinga vegna þess að um þetta svæði, sem þarna er talað um, hafa staðið miklar deilur og íslensk skip hafa átt í miklum erfiðleikum á þeirri viðkvæmu línu sem liggur þarna milli Grænlands og Íslands hvað fiskveiðimörkin snertir og hefur þeim oft þótt blóðugt að þurfa að bíða „okkar" megin við línuna þegar færeysk skip hafa verið að veiða að vestanverðu fyrri hluta hausts, á vegum Grænlendinga. Ég tel að okkar samninganefnd sem þarna stóð að verkum hafi náð góðum árangri og okkar hlutur hefur ekki minnkað svo verulega. Mér sýnist að Norðmenn hafi þar tekið hvað mest af sínum en þeir ná honum sjálfsagt aftur í samningum við Grænlendinga, kaupa af þeim rétt til veiðanna, því að eftir því sem ég skil samninginn er boðið upp á það að það verði þessar þjóðir fyrst og fremst, Íslendingar, Norðmenn og Færeyingar, sem Grænlendingar muni taka inn í sitt dæmi. Þeim loðnuafla, sem kemur í hlut Grænlendinga, verður hugsanlega skipt á milli áðurnefndra þjóða. Miðað við síðustu loðnuvertíð er þarna um að ræða 100 þúsund tonn miðað við rúmlega 900 þúsund tonna afla sem þá var, sem þarna kæmu í hlut Grænlendinga. Og í þennan hlut þurfum við að komast, Íslendingar. Þetta mundi lengja vertíð loðnuskipanna og einnig þá verksmiðjanna sem vinna þennan afla.

Mig langaði til að varpa hér fram einni spurningu, sennilega til hæstv. sjútvrh., hvernig verði staðið að þessu. Ég geri fastlega ráð fyrir að hv. Alþingi samþykki þennan samning og mælist eindregið til þess, en mig langar til að vita hvernig verður staðið að því í sambandi við samninga við Grænlendinga. Ég er enginn miðstýringarmaður. Ég legg hins vegar á það áherslu núna í fyrstu lotunni meðan við erum að komast í gegnum þennan samning sem er til þriggja ára að þarna geti ekki orðið einhver uppboðsmarkaður á þessum hluta sem við gætum keypt af Grænlendingum, og ég vildi að samningar yrðu á vegum t.d. Landssambands ísl. útvegsmanna, að það verði aðili að þessum samningi en ekki að einstakir útgerðarmenn eða aðrir geti verið að bjóða í þetta til þess að keppa hver við annan. Ég er ekki að biðja um að sjútvrn. eða utanrrn. hafi sérstaklega hönd í bagga með þessu en að fylgst verði með þessu, að þarna sé ekki farið út í neina vitleysu í þessum efnum. Við þurfum á þessum veiðum að halda, en það þarf að vera visst skipulag á þeirri afgreiðslu, á þeim kaupum sem gætu farið fram.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Ég vildi nú í fyrsta lagi fagna því að þessir samningar við Grænlendinga hafa náðst. Ég tel það skipta miklu í samskiptum þjóðanna og ég tel það jafnframt skipta miklu um framhald okkar samskipta að þessi samningur hefur loks náðst eftir margra ára samningaþóf. Ég tel þennan samning vera fyllilega viðunandi fyrir okkur þótt það sé að sjálfsögðu þannig með alla samninga að allir aðilar sem að slíkum samningum standa vildu vissulega hafa fengið sinn hlut meiri, en það lá alveg fyrir að ef samningar áttu að nást varð að mætast einhvers staðar og ég tel það hafa verið rétt af þessum þjóðum að ganga frá málinu með þessum hætti og ánægjulegt til þess að vita að um það ríkir góð samstaða hér á Alþingi og í þjóðfélaginu.

Ég vildi aðeins segja nokkur orð út af því sem hv. þm. Eyjólfur Konráð sagði hér. Mér fannst hann í reynd halda því fram að þessi málefni, þ.e. á sviði hafréttar, kæmu nú sjútvrn. kannski ekki mjög mikið við. En ég held að það sé alveg ljóst að það verður ekki hjá því komist að þessi verkefni séu verkefni bæði utanrrn., sjútvrn. og utanrmn. og allir aðilar verði að vinna sem best saman að því. En ég vildi aðeins nefna nokkur atriði sem hann kom hér inn á.

Í fyrsta lagi að því er varðar samskipti við Grænlendinga, þá höfum við þegar óskað eftir áframhaldandi viðræðum við Grænlendinga um karfa og rækju. Við óskuðum eftir því að þessar viðræður hæfust sem fyrst en sjávarútvegsráðherra Grænlendinga taldi sig ekki geta hafið þær fyrr en á hausti komanda, en það er ætlunin að hann komi hér í opinbera heimsókn í september nk. og þá munum við reyna að halda slíkum viðræðum áfram. Ég tek undir það með hv. þm. að það er mjög mikilvægt að halda þessu starfi áfram og stoppa ekki við það sem nú hefur gerst. Við þurfum jafnframt að ná samningum við Grænlendinga um aðra fiskstofna. Grænlendingar hafa leigt Efnahagsbandalaginu réttindi til þess að veiða úr þessum stofnum sem eru sameiginlegir stofnar okkar og þeirra og það er mikið hagsmunamál okkar að ekki sé veitt of mikið úr þessum stofnum, en sú sala sem hefur átt sér stað frá Grænlandi til Efnahagsbandalagsins er langt umfram afrakstursgetu þessa stofns, enda hefur komið í ljós að veiðin er aðeins hluti af því sem selt hefur verið.

Að því er varðar Færeyinga höfum við jafnframt óskað eftir því að þeir verði með í slíkum viðræðum, en karfastofninn er jafnframt á þeirra svæði. Ég vil upplýsa hv. þm. um það að ég átti fyrir stuttu viðræður við færeysku landsstjórnina um okkar sameiginlegu mál, og þá kom ég því á framfæri að laxveiðar í sjó væru andstæðar okkar vilja en var upplýstur um það að á sl. ári voru veidd innan við 200 tonn af laxi í sjó við Færeyjar og útlit fyrir að eitthvað svipað verði í ár þannig að þessar veiðar hafa dregist verulega saman. Við getum hins vegar ekki annað en viðurkennt það að við erum aðilar að þeim samtökum sem hv. þm. nefndi og þau samtök hafa fjallað um kvóta að því er varðar laxveiðar í sjó. Hins vegar er

fiskeldi mjög vaxandi í Færeyjum og það stefnir í það að þeir muni framleiða um 10 þúsund tonn af laxi og silungi nú alveg á næstunni, þannig að veiðarnar í hafinu eru að verða aðeins lítið brot af þeirra framleiðslu og má vænta þess að þeir verði það lítið háðir þessum veiðum að það séu meiri líkur til þess að þær falli niður.

Að því er varðar okkar nýtingu á Reykjaneshrygg get ég verið alveg sammála um það að það er slæmt að ekki skyldi hafa komið til veiða okkar fyrr en nú, en það hefur verið sett upp sérstakt verkefni til þess að gera tilraunir með veiðar á þessu svæði. Þegar hafa tvö skip farið til þessara veiða, Haraldur Kristjánsson og Sjóli, með sérstökum stuðningi sjútvrn., og það er ætlunin að fleiri skip fari til þessara veiða á Reykjaneshrygg. Því miður lentu þessi skip í ýmsum byrjunarerfiðleikum vegna veiðarfæra og vegna vanþekkingar okkar á þessu svæði. Við gátum ekki sent vísindamenn með í þessar ferðir vegna verkfallsins sem nú stendur yfir, en þessum tilraunum verður haldið áfram í því skyni að við getum hafið raunhæfa nýtingu á fiskimiðunum á Reykjaneshrygg, ekki aðeins utan við 200 mílurnar, heldur jafnframt innan við 200 mílurnar. Það munu tvö önnur skip halda til þessara veiða, væntanlega í næsta mánuði og ég vænti þess að þau skip sem ég áður nefndi geti farið aftur.

Að því er varðar samskiptin við Efnahagsbandalagið er það svo, hvort sem okkur líkar það betur eða verr, að hin opinbera stefna Efnahagsbandalagsins er sú að þeir krefjast veiðiheimilda í stað aðgangs að markaði. Þetta hefur margsinnis verið ítrekað í samtölum við Efnahagsbandalagið. Hitt er svo annað mál að Efnahagsbandalaginu er það alveg ljóst að þetta eru skilyrði sem við munum aldrei og getum aldrei gengið að og við höfum verið að vinna að því í sameiningu að afla skilnings innan Efnahagsbandalagsins á okkar sérstöðu. Og það er allt útlit fyrir það að þessi skilningur hafi myndast innan Efnahagsbandalagsins. En í öllum plöggum Efnahagsbandalagsins kemur þetta skýrt fram, því miður, og við verðum að sjálfsögðu að haga okkar málflutningi í samræmi við það en ég held að enginn ágreiningur sé um það á milli aðila hér innan lands eða á Alþingi að þetta eru hlutir sem við getum aldrei sætt okkur við og um það erum við sammála. Hins vegar þýðir ekkert að leyna því sem kemur fram í málflutningi innan Efnahagsbandalagsins og þeirra manna sem þar eru. Hvað svo sem embættismenn hafa sagt við hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson, þá kemur þessi málflutningur mjög skýrt fram a.m.k. í þeim viðtölum sem ég átti í Brussel og ég veit að það hefur jafnframt komið mjög skýrt fram við aðra ráðherra.

Virðulegur forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta mál. Þessi mál eru okkur mjög mikilvæg og ég tel að það ríki þar ekki sinnuleysi eða áhugaleysi. Það er verið að vinna að þessum málum hægt og bítandi og þar hefur margt áunnist og vonandi munum við vinna marga sigra í þessum málum í framtíðinni. Baráttunni yfir auðlindum hafsins hér í kringum okkur lauk ekki með sigrinum í landhelgismálinu. Ég er alveg sammála hv. þm. Eyjólfi Konráð um það. Það er svo margt annað sem þar þarf að koma til, önnur hafsvæði o.s.frv. Um þetta þurfum við að sjálfsögðu að ræða hér á Alþingi því að þetta eru okkar mikilvægustu mál og við þurfum að hafa góða samvinnu um það að ná slíkum málum í höfn, bæði milli ráðuneyta og við utanrmn. þingsins og þingið í heild.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ég vil minna menn á að fundinum lýkur kl. korter fyrir eitt.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Þetta var nú óþarfa athugasemd. Ég ætlaði ekki að fara að flytja hér neina langa ræðu. Ég vil aðeins út af þeirri umræðu sem hér hefur farið fram taka undir flest af því sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson sagði. Ég vil bæta hér við einu atriði sem mér finnst ekki hafa komið nægilega skýrt fram í þessari umræðu og beina því sérstaklega til hæstv. forsrh. Ég kann vel að meta það mat hans á stöðu Íslands gagnvart Evrópubandalaginu sem fram hefur komið undanfarið og einnig það að hann skuli hafa gert sér grein fyrir því núna, vil ég segja, loksins á síðustu árum að Íslendingar eiga góða bandamenn í Vestur-Evrópu. Það er nefnilega þannig að það var ekki nein ný uppgötvun núna síðustu árin að við þyrftum ekki endilega að leita til Brussel til að fjalla um málefni Íslands þegar við ræddum okkar sérstöðu sem vestur-evrópsk þjóð. Við sem höfum fjallað um þessi samskiptamál hér áður fyrr og vitum þetta. Ég minni á það að þegar við vorum að heyja okkar, ég vil segja stríð fyrir þeirri tilveru okkar sem byggist á fiskveiðum við Ísland á árunum 1974–1978, þá kom mjög fljótt í ljós í þeirri baráttu að við áttum mjög öfluga bandamenn í Vestur-Þjóðverjum. Vestur-Þjóðverjar hafa verið Íslendingum mjög hliðhollir alla tíð, bæði í sambandi við okkar fiskveiðilögsögu, sem og í sambandi við okkar mál innan Evrópubandalagsins. Ég vil bara árétta þetta þannig að ekki sé í þingtíðindum sú túlkun ein að ferðir hæstv. forsrh., sem ég met og virði, og viðræður við Kohl kanslara hafi ráðið úrslitum um afstöðu Vestur-Þjóðverja til Íslendinga. Þeir hafa á síðustu áratugum verið sérstaklega góðir bandamenn okkar í mjög mörgum málum. Þetta vildi ég láta koma fram til þess að það færi ekki á milli mála.

Ég vil síðan endurtaka það sem kom fram hjá hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni að við Íslendingar þurfum ekki að fjalla um þessi mál gagnvart Evrópubandalaginu með þeim hætti sem gert hefur verið af hálfu ýmissa hæstv. ráðherra og þar á meðal utanrrh. og yfirleitt margra alþýðuflokksmanna, að við þurfum að leita eitthvað sérstaklega undir mat eða álit embættismanna í Brussel. Við eigum bandamenn, við eigum stuðningsmenn við okkar málstað á æðstu stöðvum víða í höfuðborgum Vestur-Evrópu og því hefur hæstv. forsrh. áttað sig á og unnið samkvæmt því. Það eru þeir aðilar sem við eigum að ræða fyrst og fremst við en ekki embættismennirnir í Brussel.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Örfáar athugasemdir. Hv. þm. Valdimar Indriðason furðaði sig á því hvers vegna málið hefði ekki verið fyrr tekið á dagskrá. Svarið við því er að það er margsinnis búið að vera á dagskrá en hefur orðið að víkja af dagskrá fyrir fyrirferðarmiklum kröfum stjórnarandstæðinga, stundum um utandagskrárumræður.

Annað mál. Mér þykir leitt ef hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, sem öðrum mönnum fremur er mikill áhugamaður um hafréttarmálefni, telur að það ríki áhugaleysi um þau mál í utanrrn. eða hjá utanrrh. Svo er ekki. Þegar hefur verið vikið að Rockall-máli, bréfaskriftum forsætisráðherra Íslands og Bretlands, og ég heyrði ekki betur en hv. þm. væri sæmilega ánægður með hvernig á því máli hefði verið haldið, enda átti hann hlut að því. Að því er varðar áform um fundi embættismanna um norðurslóðir er þar því til að svara að ástæðan fyrir því að næsti fundur hefur enn ekki verið haldinn stafar ekki af áhugaleysi heldur er það vegna þeirra upplýsinga sem ég hef þegar gefið hv. þm. í umræðum um skýrslu utanrrh., að við bíðum þar enn niðurstaðna íslenskra vísindamanna sem leggja á til grundvallar í þeim viðræðum.

Menn geta auðvitað haft skiptar skoðanir á Efnahagsbandalaginu á allan máta en menn verða að fara rétt með staðreyndir, og ég vona að hv. þm. leiðrétti það sem hann sagði, að hann kannaðist ekki við hina sameiginlegu fiskveiðistefnu Evrópubandalagsins. Það kannast allir menn við. (Gripið fram í.) Það kannast allir menn við. Það er laukrétt að það hefur engin ein þjóð lýst kröfum um veiðiheimildir innan íslenskrar fiskveiðilögsögu utan Spánverjar og þeir hafa gert það innan Evrópubandalagsins en ekki komið þeim kröfum enn á framfæri við okkur með formlegum hætti.

Það er líka laukrétt að af okkar hálfu, bæði hæstv. núv. forsrh. og af minni hálfu, hefur verið lögð á það áhersla að ræða við pólitíska forustumenn Evrópubandalagsríkja, forsætisráðherra, utanríkisráðherra og fleiri. (**Forseti:** Ég bið hæstv. utanrrh. afsökunar en þessum fundi verður að ljúka og það er ljóst að honum verður að fresta. Það var búið að tilkynna að honum lyki kl. korter fyrir eitt og við það verður að sitja þannig að ég vil biðja hæstv. ráðherra að upplýsa forseta um hvort hann getur lokið máli sínu nú eða hvort umræðunni verður að fresta.) Ég skal ljúka máli mínu nú, virðulegi forseti, aðeins ef mér leyfist að ljúka þeirri setningu sem ég var svona nokkurn veginn að ljúka. Viðræður við þessa menn, hina pólitísku forustumenn bandalagsins, um sérstöðu Íslands og málstað Íslendinga eru til þess að skapa pólitískan skilning á stöðu okkar en þær breyta ekki því að tollamálin heyra undir kommissjónina í Brussel. Tollurinn, hinn ytri tollur Efnahagsbandalagsins er hinn sameiginlegi tekjustofn Evrópubandalagsins, og við komumst ekki fram hjá því. Ef við viljum fá viðskiptafríðindi frekar í framhaldi af okkar fríverslunarsamningi, komumst við ekki fram hjá því að eiga um þau mál við Evrópubandalagið sem slíkt og kommissjónina í Brussel þó að sjálfsögðu beri jafnframt að leggja áherslu á að skapa pólitískan skilning á stöðu okkar með viðræðum við pólitíska forustumenn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til utanrmn. með 32 shlj. atkv.

EFRI DEILD

95. fundur, laugardaginn 6. maí, kl. 1 miðdegis.

Íslensk málnefnd, 3. umr.

Stjfrv., 415. mál (nefndarmenn). — Þskj. 926.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1077).

Um þingsköp.

Fundarboð í nefndum.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Nefndarstörf byrja á mánudaginn. Ég man ekki hvort maður er boðaður á fyrsta fundinn kl. átta eða hálfníu um morguninn. Það var talað um það að byrja árla um morguninn. Síðan verður fram haldið nefndarstörfum allan daginn, sem ýmist er boðað til í ráðuneytum eða af þinginu og nú hefur mér borist fundarboð í menntmn. kl. hálfníu um kvöldið. Þessi fundur er boðaður án alls samráðs við stjórnarandstöðu og þá sem í nefndinni sitja. Ég vil óska eftir því að hæstv. forseti geri þingdeildarmönnum grein fyrir því hvernig þinghaldið er hugsað og ég geri fyllstu athugasemd við fundarboð af þessu tagi og vil mælast til þess við hæstv. forseta að hann sjái um að nefndarstörf geti farið fram á skikkanlegum tíma. Allur morgunninn er laus og ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að reyna að skipuleggja nefndarstörfin svo að þingmenn geti starfað á venjulegum vinnudegi að nefndarstörfum og við umræður hér í þinginu, en þeim gefist svo kostur á því að undirbúa sig fyrir nefndarfundi og umræður að kvöldinu. Því að það er ekki einungis fyrir okkur í stjórnarandstöðunni — við fáum ekki sérstaka legáta eða sendiherra ofan úr ráðuneytum til þess að segja okkur hvað við eigum að gera eins og algengt er orðið með stjórnarþingmenn heldur verðum við sjálfir að reyna að ráða fram úr málefnunum sem fyrir nefndirnar komu.

Forseti (Jón Helgason):
Nú mun ekki enn þá vera lokið fundi forseta og formanna þingflokka, hann byrjaði 10 mínútur fyrir eitt, þar sem verið var að ræða þinghald á mánudaginn og það er að sjálfsögðu rétt að ég skýri deildinni hér frá hvernig þar samdist um.

Það var áður búið að gera ráð fyrir að fundi yrði hér fram haldið til kl. 4 a.m.k. en ekki lengur nema þá í samráði við deildarmenn. Á mánudaginn yrði síðan fundur í Sþ. ekki nema til kl. 3.30 og þingflokksfundir kl. 5–6. En síðan kvöldfundir í deildum ef á þyrfti að halda. Ég gerði þó ekki ráð fyrir að hér þyrfti að halda deildarfund í hv. Ed. þar sem okkur hefur gengið það vel að koma hér áfram málum. Því mun formaður menntmn. hafa notað tækifærið til að boða fund í menntmn. En sem sagt: það var ekki gerð athugasemd við kvöldfundi á mánudaginn á þessum fundi með formönnum þingflokka.

Valgerður Sverrisdóttir:
Hæstv. forseti. Ég vildi bara að það kæmi fram að það var talað um það á nefndarfundi í hv. menntmn. að nefndin kæmi saman að kvöldlagi í næstu viku og ræddi þá ákveðið mál sem við höfum til umræðu í nefndinni. Það gæti verið að hv. 2. þm. Norðurl. e. hafi verið farinn af fundi eða ókominn þegar þessi umræða fór fram. Ég man það ekki. En það hreyfði enginn af nefndarmönnum mótmælum við þessu.

Halldór Blöndal:
Herra forseti. Mér er auðvitað ókunnugt um það hvað formaður og varaformaður nefndarinnar hafa verið að hvíslast á sín á milli. En það liggur alveg ljóst fyrir að það hefur ekki verið talað um það við mig eitt einasta orð að ég sæti á nefndarfundum að kvöldlagi í næstu viku og ég ítreka það sem ég sagði. Við þurfum í stjórnarandstöðunni að undirbúa okkur undir þau mál sem við fjöllum um, bæði í nefndum og hér í þinginu, og ég óska eftir því að við fáum næði til þess, við höfum ekki nema kvöldin, og ég óska eftir því að við fáum næði á kvöldin til þess að búa okkur undir mál. Það má búast hér við kvöldfundum. Við vitum það að þinghaldið hér er alveg dæmalaust og lausung á því og það verða margvíslegar umræður í næstu viku. Það á að ræða m.a. ítarlega um skýrslu um Sigló í Sþ. Það stefnir allt í það að það þurfi einnig að ræða ítarlega skýrslur um Samband ísl. samvinnufélaga og skattamál fjmrn. Það hafa verið gefnar eftir skattakröfur af undarlegu tilefni og það er ýmislegt fleira sem við þurfum að ræða í næstu viku.

Það er svo fjarri lagi að halda að það hafi verið talað við mig um það hér á fundi á mánudagskvöld í menntmn. Þvert á móti var gert ráð fyrir því á fundi sem ég sat með þingmönnum Norðurl. e. og hæstv. samgrh. að vegáætlun yrði rædd á mánudaginn og talið að sú umræða gæti þá farið fram. Nú hef ég á hinn bóginn verið boðaður á fund uppi í Vegagerð í hádeginu á þriðjudag þannig að mér er ekki alveg ljóst hvenær umræður um vegáætlun geta orðið, en ég vil mælast til þess við hæstv. forseta að nefndarstörf á svo afbrigðilegum tíma sem hér um ræðir séu þá a.m.k. í samráði og samvinnu við stjórnarandstöðuna en ekki dengt yfir mann tilkynningum með þessum hætti og fundarboðum.

Forseti (Jón Helgason):
Við hv. 2. þm. Norðurl. e. munum ræða þetta mál við formann menntmn.

Skúli Alexandersson:
Herra forseti. Hv. 2. þm. Norðurl. e. kvartaði hér undan því að þeir stjórnarandstöðuþingmenn hefðu lítið af legátum til þess að styðja sig í undirbúningsvinnu við málefni hér í þinginu. Ég mundi nú fara fram á það við hv. þm. að hann útskýrði þessa nafngift (**HBl:** Þetta er latína og þýðir sendimaður.) og hvort þetta væri til virðingarauka þeirra starfsmanna í ráðuneytunum eða hvort það væri á hinn veginn að það væri verið að lítillækka þá. Nú er mjög mikill vandi að haga orðum sínum á þann hátt að menn móðgi ekki kannski heilu hópana í þjóðfélaginu þannig að ég held að það væri rétt að hv. þm. kæmi hér í ræðustól og útskýrði hver meining lá á bak við þessa nafngift á embættismönnum ráðuneytanna.

Almannatryggingar, 2. umr.

Frv. KP o.fl., 443. mál (heilsutjón vegna læknisaðgerðar). — Þskj. 803, n. 1070, brtt. 1071.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. heilbr.- og trn. (Valgerður Sverrisdóttir):
Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1070 frá hv. heilbr.- og trn. Nál. er um frv. til l. um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum:

Nefndin hefur fjallað um frv. og fékk til viðræðna um það Pál Sigurðsson, ráðuneytisstjóra í heilbr.- og trmrn. Frv. felur í sér að heilsutjón vegna læknisaðgerða og mistaka starfsfólks, sem starfar samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, verði greitt af slysatryggingum Tryggingastofnunar ríkisins.

Nefndin mælir með því að frv. verði samþykkt með breytingu sem flutt er á sérstöku þingskjali, þskj. 1071. Breytingin er gerð að höfðu samráði við heilbr.- og trmrn. og einnig í samráði við 1. flm., hv. 3. þm. Vestf., og miðar einkum að því að meginefnisákvæði frv. falli á sem eðlilegastan hátt inn í gildandi lög um almannatryggingar.

Undir nál. rita allir nefndarmenn, auk þeirrar sem þetta mælir hv. þm. Salome Þorkelsdóttir, Karl Steinar Guðnason, Guðrún Agnarsdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Stefán Guðmundsson og Guðmundur H. Garðarsson.

Karvel Pálmason:

Virðulegur forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu en mér finnst ástæða til þess að þakka hv. nefnd fyrir það hvernig hún hefur staðið að afgreiðslu þessa máls og ég heyri að þar eru allir sammála um afgreiðslu málsins og það var auðvitað meginefnið.

Ég lagði talsvert ríka áherslu á það þegar ég mælti fyrir þessu frv. sem 12 hv. deildarmenn skrifa undir að þetta mál næði fram að ganga og þá var ég að tala um efnislega hlið málsins. Ýmsir töldu að hér væri kannski að finna einhver tæknileg vandamál sem þyrfti að skilgreina í áframhaldinu og mér sýnist að það hafi þá verið gert með þeirri brtt. sem hér liggur fyrir þannig að málið er efnislega nákvæmlega eins og það var flutt að öðru leyti en því að landlæknisembættið kemur ekki inn í ákvörðun í þessum málum.

Ég vil taka það sérstaklega fram að ég hefði talið það skynsamlegra að það væru tveir embættismenn, annars vegar tryggingayfirlæknir og hins vegar landlæknir, sem kæmu að þessu máli til þess að ákvarða. Um það er ekki samkomulag eins og nú standa sakir og við því er að sjálfsögðu ekkert að segja að því er mig varðar. Efnislega hliðin er að mínu viti meginmálið til þess að ná þessu máli fram og ég fagna því sérstaklega hversu vel nefndin hefur tekið á þessu máli og meira en það, því að með þessari brtt. er gerð önnur breyting í þá átt að gera betur við þá einstaklinga sem verða fyrir vinnuslysum og verða fyrir örorkutapi af þeim völdum. Eins og lögin eru nú er miðað við það að þeir verði að vera meira en 15% öryrkjar til þess að fá bætur. Í þessari brtt. er það fært niður í 10% örorku eins og gert er ráð fyrir í frv. okkar sem flytjum málið að gert verði ráð fyrir að því er varðar þá sem verða fyrir mistökum lækna eða annarra aðila sem starfa í heilbrigðisþjónustunni eins og hér er rætt um.

Þetta er að vísu nokkuð stórt skref til viðbótar því sem ég taldi nauðsyn á að fá fyrir þá einstaklinga sem kunna að verða fyrir mistökum af höndum lækna og annarra í heilbrigðisþjónustunni í áframhaldinu. Hér er gengið lengra og ég fagna því sérstaklega að þetta mál skuli hafa orðið til þess að teygja sig enn þá lengra í samfélagsátt, samhjálp til þeirra sem verða fyrir áföllum í lífinu og er nauðsyn á að styðja við bakið á af hálfu almannakerfisins. Mér er sagt af fróðum mönnum varðandi mistakamálið að svona lög eins og hér er lagt til að verði staðfest mundu taka yfir 80–90% af þeim mistökum sem kunna að eiga sér stað í kerfinu. Ég tel það gífurlega stórt spor til þess að tryggja þá einstaklinga sem hafa nánast orðið úti á klakanum vegna kerfisins og vegna fjármagnsins sem það kostar að fara í gegnum kerfið í málaferlum og það sé mjög stórt skref af hálfu Alþingis að stíga þetta núna og með viðbót að því er varðar vinnuslysin.

Ég ítreka þakklæti mitt til nefndarinnar og treysti því að þetta mál fái hraðbyr í gegnum þingið og verði lögfest á allra næstu dögum. Og það tel ég mjög til hins betra að því er varðar Alþingi Íslendinga að líta í þessa átt og staðfesta það að hér sé þörf á breytingu sem allir eru auðvitað sammála um að hefði átt að verða fyrir löngu síðan.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1071 (nýjar greinar, verða 1.–3. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

2. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Almannatryggingar, 2. umr.

Frv. MB, 300. mál (endurhæfingarlífeyrir). — Þskj. 992, n. 1069.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. heilbr.- og trn. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1069 frá hv. heilbr.- og trn. um frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um frv. sem fjallar um heimild til Tryggingastofnunarinnar, þegar ekki verður séð hver örorka verður til frambúðar eftir sjúkdóma eða slys, að greiða endurhæfingarlífeyri í 12 mánuði, eða þar til unnt er að meta varanlega örorku, þó aldrei lengur en í 18 mánuði. Nefndin mælir með samþykkt frv. eins og Nd. afgreiddi það.

Margrét Frímannsdóttir og Stefán Guðmundsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nál. rita, auk þeirrar sem þetta mælir, Salome Þorkelsdóttir, Karl Steinar Guðnason, Guðmundur H. Garðarsson og Guðrún Agnarsdóttir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Ráðstafanir vegna kjarasamninga, 1. umr.

Stjfrv., 499. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 1050.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Í tengslum við kjarasamninga á hinum almenna vinnumarkaði átti ríkisstjórnin fjölmarga og ítarlega fundi með aðilum að þeim kjarasamningum, bæði fulltrúum launþega og sömuleiðis fulltrúum vinnuveitenda. Á þeim fundi kom fram að vegna þeirrar afar þröngu stöðu sem er í íslenskum efnahagsmálum nú væri að mati þessara aðila óhjákvæmilegt að ríkisvaldið kæmi að nokkru inn í þá

samninga. Lögðu báðir aðilar fram ýmsar hugmyndir um það hvernig slíkt gæti orðið.

Ríkisstjórnin taldi sér skylt að stuðla að því að samningar gætu tekist, enda var afar góður skilningur á því hjá verkalýðshreyfingunni að í núverandi stöðu yrðu samningar að vera hóflegir. Ég vil taka það fram að það var og er skoðun mín að í þessari stöðu sé að ýmsu leyti æskilegra að hinn almenni markaður leiði samningana og síðan fylgi á eftir samningar við opinbera starfsmenn. Um tíma leit út fyrir að svo mundi verða en því miður varð það ekki og skal ég ekki rekja ástæðurnar til þess hér.

Hins vegar eru þeir lokasamningar sem voru gerðir innan þeirra marka sem stjórnvöld höfðu gert við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og þó að þarna sé um samninga að ræða sem eru 2–3 hundraðshlutastigum umfram það sem þjóðhagsáætlun hefur gert ráð fyrir, þá hygg ég að því verði alls ekki á móti mælt að þeir eru mjög hógværir og varla þess að vænta að samningar á lægri nótum yrðu gerðir.

Það er líka athyglisvert að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja leiddi þá hugmynd að semja um krónutöluhækkun, þ.e. mesta hækkun fyrir þá lægst launuðu, og þessi hugmynd varð sömuleiðis ofan á í hinum almennu samningum. Ég vil lýsa þeirri skoðun minni að þetta er skynsamleg samningagerð í þessari stöðu. Hinu verður þó ekki neitað að þessir samningar verða erfiðari fyrir fiskvinnsluna því að hækkun hjá fiskvinnslunni þar sem mikið af láglaunafólki starfar verður því að sjálfsögðu í hundraðshlutum meiri.

Ríkisstjórnin skrifaði aðilum vinnumarkaðarins bréf sem dags. er 30. apríl og ég ritaði fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Bréf þessi fylgja hér með og kemur þar fram í hverju ríkissjórnin hét að beita sér fyrir lagasetningu og öðrum aðgerðum til þess að samningar mættu takast.

Frv. það sem ég mæli nú hér fyrir er flutt í þeim tilgangi að standa við þær skuldbindingar og fara fram á það við hið háa Alþingi að þær breytingar verði gerðar á gildandi lögum sem þarna koma fram. Í fyrsta lið í bréfi til Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna er fjallað um stöðu sjávarútvegsins. Fyrst og fremst var fjallað um stöðu botnfiskveiða og vinnslu, enda er staða þessara greina hvað erfiðust. Um hana urðu miklar umræður bæði á fyrri fundum og á lokafundi með fulltrúum Vinnuveitendasambandsins og Vinnumálasambands samvinnufélaganna og niðurstaðan varð sú grein sem er 1. gr. í þessu bréfi sem ég vísa til. Í bréfinu segir m.a. að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir því að samkeppnisstaða útflutningsgreina verði viðunandi á samningstímanum.

Hér er að sjálfsögðu um mjög mikilvæga yfirlýsingu að ræða, en hins vegar yfirlýsingu sem er langt frá því að vera einföld í framkvæmd og þarf vitanlega að gæta fjölmargra þátta þegar hún er metin. (**HBl:** Hvernig skilur forsrh. þessa yfirlýsingu?) Ég kem að því, hv. þm., *ég vona að hann fái orðið hér á eftir.* Hann er vanur að taka góðan tíma í ræðustól.

Ég vil geta þess að samkvæmt mati Seðlabanka Íslands valda þessir samningar því að raungengi hinnar íslensku krónu á grundvelli launa hækkar um tæplega 3%. Raungengi á grundvelli verðlags hækkar hins vegar um 7% og hefur þegar hækkað vegna þeirra verðhækkana sem fylgdu í kjölfar verðstöðvunar. Að mati fiskvinnslunnar sjálfrar valda þessir samningar, þegar allt er komið fram, um það bil 3% lakari samkeppnisstöðu eða afkomu fiskvinnslunnar, samningarnir sem slíkir að mati fiskvinnslumanna. Í upphafi og þær upphafshækkanir sem koma valda lakari afkomu sem nemur um 1,5% í afkomu. Hins vegar telur fiskvinnslan að afkoma fiskvinnslunnar sé ekki rétt metin í gögnum Þjóðhagsstofnunar og ber þar fyrst og fremst á milli mat á fjármagnskostnaði.

Í gögnum Þjóðhagsstofnunar er talið að fiskvinnslan sé ½% í mínus fyrir þessa samninga og skiptist það þannig að frystingin er talin vera 2% í mínus en söltunin 2% í plús. Veiðar eru hins vegar taldar vera 4,5% í mínus þrátt fyrir síðustu fiskverðsákvarðanir. *Hér er því um það að ræða að að mati fiskvinnslunnar* er þessi meðalafkoma ekki mínus ½% heldur nær mínus 2–3% og skal ég út af fyrir sig ekki gera upp á milli þessara mælikvarða en hygg þó að rétt sé hjá fiskvinnslunni að gífurlegur fjármagnskostnaður hennar sé ekki rétt metinn eða nægilega hátt metinn hjá Þjóðhagsstofnun.

Þegar metin er staða fiskvinnslunnar verður að taka fjölmarga hluti til greina. Í fyrsta lagi eru það að sjálfsögðu hin ytri skilyrði og þar er númer eitt verðlag á okkar afurðum erlendis. Því hefur verið spáð að verð á frystum afurðum og sjávarafurðum almennt muni hækka á Evrópumarkaði á næstu mánuðum og er allt enn sem bendir til þess þótt vera megi að sú hækkun dragist eitthvað. Sömuleiðis hefur innbyrðis hlutfall í gengi á milli dollara og annarra gjaldmiðla töluverð áhrif á afkomu fiskvinnslunnar því að töluvert mikið og meira tiltölulega heldur en nemur útflutningnum er selt í dollurum, þ.e. *fisksala til Sovétríkjanna auk Bandaríkjanna, og* sömuleiðis vegur dollarinn þungt í svokallaðri SDR-mynt. Dollarinn hefur upp á síðkastið hækkað mikið eða frá því að hann var í lægð á síðasta ári um u.þ.b. 50% og hefur það tvímælalaust bætt afkomu þeirra húsa sem flytja meira út á Bandaríkjamarkað eða þau markaðssvæði þar sem greitt er í dollurum.

Að sjálfsögðu þarf einnig að taka tillit til þess hvernig innri aðstæður eru, þ.e. í fyrsta lagi fiskverð og í öðru lagi ýmiss konar hagræðingarátak sem nú er gert innan fiskvinnslunnar, hvernig það kemur út, en það er mjög mikið um slíkt, sem betur fer, og margt af því sem þar er verið að gera lofar góðu. Þá á ég ekki aðeins við starfsemi Atvinnutryggingarsjóðs og Hlutafjársjóðs, sem mun væntanlega afgreiða sín fyrstu mál núna alveg á næstunni og er núna í viðræðum við Landsbanka og Fiskveiðasjóð um þau mál sem eru tilbúin, heldur vil ég einnig nefna hagræðingu sem fer fram á vegum fiskvinnslufyrirtækjanna sjálfra.

Þegar þessir hlutir og fleiri eru allir metnir verður

jafnframt að taka afstöðu til greiðslu úr Verðjöfnunarsjóði og í þeirri grein sem ég vísaði til áðan er fram tekið að greiðslur úr Verðjöfnunarsjóði verði lækkaðar á næstu mánuðum þannig að þær falli niður um næstu áramót. Þetta verður að meta annars vegar um leið og verð á okkar sjávarafurðum er metið hins vegar erlendis. Þetta var ítarlega rætt við fiskvinnsluna og komu fram þar ýmsar hugmyndir um í hvaða þrepum þetta mætti lækka. Greiðsla uppsafnaðs söluskatts fellur niður frá 1. júní og það nemur 1%. Nokkurt fjármagn er eftir í Verðjöfnunarsjóði þannig að halda má áfram greiðslu 5% að öllum líkindum langleiðina út júnímánuð. Hins vegar hefur verið talað um það sem æskilegt markmið að lækka síðan greiðsluna í 4% og halda því þannig fram í september og síðan niður í 3% eða 2% eftir því hvernig verðlagsþróun verður erlendis, en fella hana síðan alveg niður um áramótin.

Vegna þessa samkomulags er farið fram á það í 1. gr. frv. að heimild verði veitt til 400 millj. kr. lántöku sem verði látin renna til frystideildar Verðjöfnunarsjóðs, 350 millj. kr. vegna freðfisks, en 50 millj. kr. vegna hörpudisks. Ég vil um þetta segja að hér er kannski nokkuð mikið í lagt. Þetta gæti dugað til þess að halda fullum verðbótum út árið sem ríkisstjórnin vonast til að alls ekki verði þörf á vegna verðhækkana erlendis. Ef sú verður niðurstaðan í meðferð nefndar, að þetta mætti lækka, þá tel ég óhætt að lækka þessa tölu t.d. í 300 millj. kr.

Hér spyrja menn að sjálfsögðu um það hvað verður um gengi. Gengi verður ekki haldið stöðugu í 20% verðbólgu. Ég held að það sé öllum orðið ljóst eftir að það var reynt 1987–1988 að það er að sjálfsögðu ekki framkvæmanlegt. Gengisfellingar eru hins vegar hlutur sem menn eiga ekki að rasa um ráð fram að framkvæma því að þær hafa víðtækar afleiðingar á fjölmörgum sviðum þjóðfélagsins. Ríkisstjórnin mun því meta ítarlega stöðu sjávarútvegsins með tilliti til þess sem ég nefndi hér áðan og gengi mun að sjálfsögðu síga eitthvað á næstu vikum til þess að ná þeirri samkeppnisstöðu sem heitið er. En jafnframt hefur ríkisstjórnin fallist á ýmsar aðrar lagfæringar gagnvart atvinnuvegunum sem koma fram í þessu frv. og eru, vona ég, taldar nokkuð mikils virði ekki síst af sumum hv. stjórnarandstæðingum sem hafa gagnrýnt þá skatta mjög verulega.

Í fyrsta lagi er lagt til að skattur á erlendar lántökur verði felldur niður frá 1. júlí. Hann er núna 6%. Þetta mun kosta ríkissjóð um 100 millj. kr. í tekjutap. Þessi skattur var á lagður til þess að draga úr lántöku til fjárfestinga. Nú hefur mjög dregið úr þenslunni og ríkisstjórnin telur því skynsamlegt bæði vegna atvinnuveganna, að létta af þeim þessari skattheimtu, og einnig vegna hins, að frekar er nú orðin hætta á samdrætti heldur en þenslu, að fella þennan skatt niður. Og er lagt til að það verði gert, eins og ég sagði, frá 1. júlí 1989.

Í öðru lagi er það lagt til að skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði lækki úr 2,2% í 1,5% við skattlagningu í ár. Hér er um svipaðar forsendur að ræða. Það hefur orðið afar mikill samdráttur í fjárfestingu á þessu sviði. Þar er um mjög mikla offjárfestingu að ræða. Það eru miklir erfiðleikar fram undan af þeim sökum og því talið eðlilegt að lækka þessa skattheimtu.

Í þriðja lagi er lagt til að vörugjald á timbur, járn og blikk verði fellt niður frá 1. sept. nk. og af öðru hráefni til þess iðnaðar sem á þessu byggir. Hér eru talin upp tollskrárnúmer, en ég vek athygli á því að í greinargerð fylgja með þau heiti sem fleiri skilja á þeim ýmsu hlutum sem vörugjaldið er þannig fellt niður af. Mér láðist að geta þess áðan að lækkun á skatti á verslunar- og skrifstofuhúsnæði mun þýða í tekjutap fyrir ríkissjóð um það bil 100 millj. kr. En niðurfelling þessa vörugjalds mun þýða um 350 millj. kr. tekjutap fyrir ríkissjóð — og það er æðimikið. Hins vegar hefur sýnt sig að framkvæmd þessa vörugjalds er afar erfið. Um fjölmörg aðföng er að ræða til margra iðnfyrirtækja hér á landi og þeir útreikningar sem þessu fylgja eru margslungnir og erfiðir fyrir lítil iðnfyrirtæki. Um þetta hafa farið fram ítarlegar viðræður við fulltrúa iðnaðarmanna og þar rætt um fleiri leiðir til að létta þessu af eða gera þetta auðveldara í framkvæmdinni, en niðurstaðan var sú sem hér segir í fullu samkomulagi við þá.

Hins vegar telur ríkisstjórnin að með tilliti til þess að söluskattur hefur verið hækkaður hér í 25% síðan jöfnunargjald var ákveðið 3% og breikkað mjög, þá sé það vel verjanlegt að hækka jöfnunargjaldið á erlendar iðnaðarvörur úr 3% í 5% auk þess sem vitað er að í fjölmörgum löndum sem flytja hingað iðnaðarvörur tíðkast ýmiss konar aðstoð við heimaiðnað. Og að vandlega athuguðu máli er ég sannfærður um það að hér er ekki gengið of langt í þessu sambandi. Þetta mun gefa í aðra hönd 250 millj. kr. tekjuauka þannig að segja má að af niðurfellingu þessara skatta verði tekjutap ríkissjóðs um 300 millj. kr.

Í því bréfi sem ritað var aðilum vinnumarkaðarins koma fram fjölmörg áhugamál launþega sem ríkisstjórnin hefur heitið að taka á og flest af þeim málum eru þess eðlis að þau þýða ekki útgjöld fyrir ríkissjóð heldur lagfæringar á ýmsum — ja, við getum kallað réttinda- og velferðarmálum sem launþegar meta mikils. Það var alveg sérstaklega rætt um atvinnuástand og lögð mikil áhersla á það af þeirra hálfu að allt yrði gert til þess að koma í veg fyrir mikið atvinnuleysi. Ríkisstjórnin féllst á, og telur reyndar æskilegt, og reyndar bauð ríkisstjórnin það fyrst í þessum umræðum að sett yrði á fót samstarfsnefnd ríkisstjórnarinnar og aðila vinnumarkaðarins til að fjalla um þróun atvinnuástands og gera tillögur um úrbætur ef þar þykir stefna í hættu.

Sömuleiðis leggja aðilar vinnumarkaðarins, alveg sérstaklega fulltrúar Alþýðusambands Íslands, mjög mikla áherslu á að aðhald verði í verðlagsmálum og vekja athygli á því að 1986 þegar aðhald var með m.a. samstarfi við verkalýðshreyfinguna, þá tókst að ýmsu leyti vel og hafa þeir lagt til að slíkt samstarf verði tekið upp að nýju þannig að fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar víða um landið fái aðstöðu til að fylgjast

með verðlagi og gefa skýrslur um ef úr böndum þykir fara og ríkisstjórnin telur sjálfsagt að þiggja það samstarf. Sérstaka áherslu leggur Alþýðusamband Íslands á það að verðhækkunum á landbúnaðarvörum verði haldið í skefjum. Það sama gerði Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. Og í fullu samræmi við það loforð sem Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja var gefið hefur ríkisstjórnin ákveðið að halda áfram þeirri sérstöku niðurgreiðslu á landbúnaðarafurðum og verja til þeirra 500–600 millj. kr. út þetta ár þannig að krónutölunni verði haldið þeirri sömu. Mjög er líklegt að á haustþingi þurfi að leita heimilda Alþingis til þess að bæta við niðurgreiðslur ef þeim lyki þá um það bil í desembermánuði. En þess er ekki þörf nú. Þetta rúmast að sjálfsögðu innan þess fjármagns sem ætlað er í niðurgreiðslu á þessu stigi.

Það er einnig athyglisvert að fulltrúar Alþýðusambandsins lýstu mjög miklum áhyggjum af þeirri þróun sem hefur orðið hér upp á síðkastið í sambandi við gjaldþrot fyrirtækja þar sem menn hafa leikið sér að því að stofna ný fyrirtæki og losa sig við skuldir við ríkissjóð, opinber gjöld og fleira sem þeir skilja eftir hjá gjaldþrota fyrirtæki, og væri satt að segja þakkarvert ef fleiri tækju sér það til fyrirmyndar sem Alþýðusamband Íslands gerir í þessu sambandi. Að sjálfsögðu hafa ýmsir launþegar orðið fyrir barðinu á þessari starfsemi og ekki fengið laun sín greidd fyrr en eftir dúk og disk þegar ríkisábyrgð hefur þar gripið inn í.

Aðilar vinnumarkaðarins lýstu einnig miklum áhuga á því að vextir yrðu lækkaðir og má segja að hér sé fyrst og fremst um áherslupunkt í því sambandi að ræða. Þá tjáðu þeir sig hafa mikinn áhuga á því að byggðar yrðu félagslegar íbúðir eða íbúðir eftir félagslega íbúðakerfinu á þessu ári, en ekki hafði verið ætlað að hafnar yrðu byggingar á slíkum íbúðum nú. Hins vegar eru um 100 millj. kr. til taks í hinu félagslega íbúðakerfi og sömuleiðis bendir allt til þess að kaup lífeyrissjóðanna á skuldabréfum Húsnæðisstofnunar verði meiri en gert var ráð fyrir og loks er af atvinnuástæðum afar æskilegt að minni sveiflur verði í byggingum slíkra íbúða en verið hafa. Á síðasta ári voru 800 slíkar íbúðir í byggingu en í ár er ekki hafin bygging á neinni. Ríkisstjórnin telur því af þessum ástæðum öllum eðlilegt að mæla með því við Húsnæðisstofnun að hafnar verði byggingar á 200 íbúðum á þessu ári.

Í þessu sambandi, án þess að ég fari nú að rekja, herra forseti, nákvæmlega öll atriði hér, þetta hefur nú þegar verið rakið nokkuð m.a. í umræðum hér á hinu háa Alþingi, þá vil ég geta þess að í sambandi við þau vilyrði sem gefin hafa verið fulltrúum Alþýðusambands Íslands þarf að gera nokkrar breytingar á lögum og skal ég nú rekja það.

Í 6. gr. þessa frv. er lagt til að við 22. gr. laga um atvinnuleysistryggingar bætist ný málsgrein sem verði 3. mgr. og hljóði svo, með leyfi forseta:

„Til að bregðast við langvarandi og verulegu almennu eða staðbundnu atvinnuleysi er stjórn sjóðsins heimilt að lengja bótatímabilið skv. 2. mgr. í 260 daga.“ Hér er um mál að ræða sem að sjálfsögðu er háð samkomulagi aðila að Atvinnuleysistryggingasjóði, þ.e. vinnuveitenda og Alþýðusambands Íslands og launþega, og er um það fullt samkomulag hjá þeim aðilum báðum að þessi heimild verði veitt þannig að lengja megi bótaskylduna.

Sömuleiðis kom fram, eins og ég sagði áðan, hjá fulltrúum Alþýðusambandsins mikil áhersla á að Atvinnuleysistryggingasjóður gæti tímabundið greitt atvinnuleysisbætur til þeirra sem atvinnuna missa við gjaldþrot og eru bótalausir, a.m.k. þangað til ríkissjóður getur gripið inn í með sínum ábyrgðum, en það er ekki fyrr en gjaldþrot er orðið staðfest. Til þess að stuðla að því að svo geti orðið er 7. gr. þessa frv. sem heimilar Atvinnuleysistryggingasjóði að annast slíkar greiðslur. Jafnframt vil ég geta þess að hér fyrir Alþingi liggur frv. þingmanna um endurkröfurétt Atvinnuleysistryggingasjóðs á ríkissjóð í slíkum tilfellum og mjög nauðsynlegt er að það frv. verði að lögum um leið og þetta frv. er afgreitt frá hinu háa Alþingi. Það þarf í raun að haldast í hendur til að þessi framkvæmd geti orðið. Hins vegar er það í raun ýmsum erfiðleikum háð að framkvæma þetta mál. Þetta er nokkuð flókið þegar um gjaldþrot er að ræða, en þeir sem kunnugastir eru slíkri framkvæmd telja að úr því megi leysa með þeirri heimild sem er í lögum til að setja reglugerð um þessi mál.

Í þessu sambandi vil ég geta þess fyrir nefndina að athuga að mörgum finnst afar óeðlilegt að ekkert hámark er á þeim launum sem ríkissjóði ber að greiða starfsmönnum við gjaldþrot. Það finnst mér persónulega afar óeðlilegt, að menn geti skráð sig þar í háum launum og síðan falli þær launagreiðslur á ríkissjóð. Ég vil koma því hér á framfæri við hv. nefnd að það verði skoðað og mætti þá setja takmarkanir í það frv. sem er til meðferðar.

Herra forseti. Að sjálfsögðu mætti margt fleira um þetta mál segja. Ég skal þó stytta mjög mál mitt. Ég held að því verði alls ekki á móti mælt að hér er um mjög hógværa samninga að ræða og þó að launahækkun hjá fiskvinnslunni sé um 10,6% að mati Þjóðhagsstofnunar, þá verðum við að minnast þess að fiskvinnslan hafði samið um 8,5% fiskverðshækkun og þetta er ekki mjög úr takt við það. Einnig verðum við að gæta þess að það er fyrst og fremst krónutöluhækkunin sem þessu veldur að hundraðshlutahækkunin verður meiri hjá fiskvinnslunni. Að mati Þjóðhagsstofnunar hins vegar er meðallaunahækkunin um 8,5–9% sem er í raun nákvæmlega sú tala sem Bandalag starfsmanna ríkis og bæja samdi um svo að þessir samningar eru í fullu samræmi við þá samninga sem Bandalag starfsmanna ríkis og bæja samþykkti. Því verður svo heldur alls ekki neitað að þessir samningar út af fyrir sig eru ekki þannig að þeir fyrst og fremst íþyngi fiskvinnslunni. Eins og ég sagði áðan, þá íþyngja þeir þegar allt er komið fram á haustmánuðum fiskvinnslunni um u.þ.b. 3%. Þarna valda aðrir hlutir jafnvel meiri erfiðleikum og fyrst og fremst gífurlegur fjármagnskostnaður sem gerir fiskvinnslunni nánast ókleift að standa undir nokkurri

hækkun og afar miklir erfiðleikar, því miður fjölmargra fyrirtækja í fiskvinnslunni. Ég get upplýst það að Atvinnutryggingarsjóður er nú búinn að afgreiða um 80 fyrirtæki, en hefur neitað um 40 og mörg þeirra fyrirtækja eru í þeirri stöðu að alls ekki er séð hvernig þeirra erfiðleikar verða leystir. Hlutafjársjóður er með 16 fyrirtæki til meðferðar nú og miðar þar vel mati á þeim.

Herra forseti. Ég vil að lokinni þessari umræðu leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegur forseti. Ég ætla að fara hér nokkrum orðum um frv. til laga um ráðstafanir vegna kjarasamninga og víkja að nokkrum atriðum úr ræðu hæstv. forsrh.

Það sem mér finnst einkenna þetta frv. og þær ráðstafanir sem í því felast vegna kjarasamninga er fyrst og fremst það að hér virðist vera, og meira en virðist vera, hér er greinilega um að ræða ákveðnar kreppuráðstafanir af hálfu núv. ríkisstjórnar til þess að komast út úr þeim samningum og þeirri vondu stöðu sem þessi hæstv. ríkisstjórn hefur komið íslensku atvinnulífi í, og með þeim afleiðingum að þegar verkalýðshreyfingin þarf að fá sínar kjarabætur, þá verður hæstv. ríkisstjórn að grípa til mjög alvarlegra, vil ég segja, kreppuráðstafana. Í þessu frv. koma fram atriði sem fela það í sér, og mun ég víkja nánar að einstökum atriðum á eftir. En áður en ég geri það vil ég sérstaklega vekja athygli þingheims á því sem stendur raunverulega upp úr, og er mjög alvarlegt mál, að svo illa er komið fyrir íslenskum atvinnuvegum nú að verkalýðshreyfingin sér sig tilknúna til þess í vondri samningsstöðu að leggja áherslu á það að lengja bótatímabil atvinnuleysistrygginga úr 180 í 260 daga. Þetta atriði eitt út af fyrir sig skýrir vel þá niðurlægingu sem atvinnuvegirnir eru komnir í, að verkalýðshreyfingin skuli þurfa að gera sérstakan samning við núv. ríkisstjórn um það að lengja bótatímabilið.

Þetta er auðvitað í alveg rökréttu samhengi við það sem er að gerast úti á hinum almenna vinnumarkaði, að núna ganga tæplega 3000 manns atvinnulausir og er það mjög óvenjulegt að svo skuli vera í lok vertíðar. En allt frá því í febrúar hafa verið á atvinnuleysisskrá 2000–3000 manns og því miður eru horfur á því að það muni aukast allverulega á næstunni jafnframt því sem unga fólkið, sem fær nú ekki að ljúka sínum prófum, hlýtur að leita út á vinnumarkaðinn í æ ríkari mæli. Við horfum því fram á það að samhliða því að verið er að gera ráðstafanir til að lengja bótatímabilið til þess að þeir sem eru þegar búnir að vera atvinnulausir í tvo til þrjá mánuði verði það áfram í næstu þrjá mánuði, þá er verið að gera ráðstafanir hér á hinu háa Alþingi sem stefna ekki í þá átt að eyða atvinnuleysinu heldur að skapa skilyrði til þess að það verði viðvarandi með auknum fjárframlögum í gegnum Atvinnuleysistryggingasjóð.

Þetta er auðvitað mjög alvarlegt mál og mjög alvarlegt að núv. hæstv. ríkisstjórn skuli hafa markað þá stefnu sem hefur þessar afleiðingar í för með sér og verkalýðshreyfingin virðist viðurkenna eða undirgangast. Það er aftur mál út af fyrir sig að íslensk verkalýðshreyfing skuli ganga undir það jarðarmen að þurfa að semja um það með þessum hætti að lengja bótatímabilið. Ég er í sjálfu sér því fylgjandi auðvitað að bótatímabilið geti verið lengra en 180 dagar, en það á að vera algjör undantekning að menn skuli þurfa að gera ráð fyrir því að bótatímabil vegna atvinnuleysis sé í 260 daga.

Annað atriði sem einnig er mjög skýrt er það að nú skal halda áfram að greiða úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins til fiskvinnslunnar. Þar með er því slegið föstu að það er ekki gert ráð fyrir því að fiskvinnslan geti borið sig á næstunni. Hæstv. forsrh. hefur margoft talað um það, bæði hér í ræðustóli áðan og einnig þegar við hann hefur verið talað af hálfu fjölmiðla, að hann geri sér miklar vonir um það að hækkun markaðsverðs á helstu útflutningsafurðum muni koma til skjalanna þannig að ekki þurfi að reyna á greiðslur í gegnum Verðjöfnunarsjóð og einnig að þær hækkanir á verðum erlendis geti komið til móts við tap fiskvinnslunnar. Sem sagt: Annað aðalatriðið í þessum ráðstöfunum er að það er gert ráð fyrir áframhaldandi tapi undirstöðuatvinnuvega og helstu útflutningsgreina.

Þessi stefna, þessi niðurstaða gefur ekki bjartar vonir um það að íslenskt atvinnulíf nái sér á strik á næstunni eða að íslensk þjóð búi við betri lífskjör á meðan núv. hæstv. ríkisstjórn situr að völdum.

Hæstv. forsrh. vildi halda því fram, ef ég skildi hann rétt hér áðan, að með þeim ráðstöfunum sem fælust í þessu frv. og öðru því sem ríkisstjórnin gefur fyrirheit um, þá muni tap frystingar þrátt fyrir þessar ráðstafanir verða 3%. (**Forsrh.:** Þær aukast um 3% við þessa samninga.) Já, við þessa samninga, aukast. Það þýðir auðvitað að þrátt fyrir þessar ráðstafanir sem felast í frv. verður frystingin rekin með allverulegum halla. Ég vildi nú óska þess að það kæmi skýrar fram hvert sé mat hæstv. forsrh. á því hvað sá halli sé raunverulega mikill og einnig væri fróðlegt að fá það fram hér í umræðunni hvað fiskvinnslan sjálf telur í þessum efnum.

Ef við lítum, þó ekki sé til baka nema um tíu daga, þá sér maður ef maður les ræður forustumanna fiskvinnslunnar en aðalfundir helstu samtaka á þessu sviði voru í lok apríl bæði hjá frystihúsum innan Sambands ísl. samvinnufélaga og einnig hjá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, þá sér maður að þeir aðilar sem eru í forsvari fyrir fiskvinnsluna hafa ekki mikla trú á þeim leiðum sem núv. ríkisstjórn er að fara og m.a. koma fram í þessu frv., því þetta eru gamlir kunningjar, ef ég mætti orða þetta þannig, sem verið er að grípa til til þess að halda þessu gangandi.

Á aðalfundi Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna flutti stjórnarformaður samtakanna, Jón Ingvarsson, mjög yfirgripsmikla ræðu um stöðu íslenska hraðfrystiiðnaðarins. Í ræðu sinni sagði formaður stjórnar SH, með leyfi forseta, m.a. að það væri ábyrgðarleysi

að láta undirstöðuatvinnuveginn sökkva svo djúpt. Þetta er mælt 27. apríl sl. Í ræðu formanns SH segir m.a., með leyfi forseta, í sambandi við verðjöfnunarsjóðskerfið:

„Sú ríkisstjórn sem tók við völdum í september á sl. ári (þ.e. 1988) beitti sér fyrir auk framangreindrar 3% gengislækkunar að Verðjöfnunarsjóði yrði gert að taka 750 millj. kr. erlent lán til að verðbæta framleiðslu frystihúsanna frá 1. júní 1988 með 5% verðbótum. Lán þetta er talið geta verðbætt framleiðsluna út júní á þessu ári.

Fulltrúar frystingarinnar í stjórn Verðjöfnunarsjóðs samþykktu umrædda lántöku á grundvelli yfirlýsingar sjútvrh. þess efnis að framleiðendum yrði ekki gert að endurgreiða lánið. Þrátt fyrir áskoranir hefur ríkisstjórnin ekki tekið af öll tvímæli í þessum efnum með lagabreytingu þar að lútandi. Og víst er að fulltrúi SH í Verðjöfnunarsjóði mun ekki taka þátt í afgreiðslu sem þessari nema óyggjandi trygging liggi fyrir því að ríkisstjórnin muni standa við heit sín, enda er fjarstæðukennt að ríkisstjórn nánast neyði framleiðslufyrirtæki til að taka lán til að fjármagna taprekstur."

Ég vil í framhaldi af þessu spyrja hæstv. forsrh. hvort þessari lántöku sé eins háttað og fyrri lántöku vegna greiðslu í gegnum Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. (**Forsrh.:** Já.) Já, segir hæstv. forsrh. Þá held ég að sé alveg nauðsynlegt að það komi fram hvort framleiðendur eigi að endurgreiða sjálfum sér þessa tilfærslu á peningum eða ekki eða hvort ríkisstjórnin ætlar að sjá til þess að þetta verði ekki endurkröfuhæft.

Formaður stjórnar SH sagði í ræðu sinni, með leyfi forseta, að staða frystingar væri þannig komin (þ.e. í lok apríl) að hallinn á frystingu væri kominn í 10% fyrir lok samningstímabilsins sem hér um ræðir, þ.e. í þeim samningum sem hér er verið að ræða um í tengslum við ráðstafanir vegna kjarasamninganna.

Nú hefur það ekki komið skýrt fram hjá hæstv. forsrh. hvert raunverulegt tap verður þrátt fyrir þessar ráðstafanir. Ég leyfi mér að áætla og gera ráð fyrir því að tap hjá frystingunni og fiskvinnslunni verði eftir sem áður allverulegt og mundi áætla 4–5%. *Ég geri mér ekki vonir um það með sama hætti* og hæstv. forsrh. að markaðsverð hækki þannig t.d. í Bandaríkjunum að það gefi vonir um betri afkomu útflutningsatvinnuveganna. Styrking dollarans! Það er mjög erfitt að spá fyrir um það, þannig að það ríkir mikil óvissa í þeim efnum. Og varðandi aðra markaði, ég nefni sem dæmi Sovétríkin vegna þess að hæstv. forsrh. kom inn á það í sinni ræðu að við flyttum mikið út og fengjum greiðslur fyrir í dollurum. Ég geri mér ekki góðar vonir um það að sá markaður verði Íslendingum neitt sérstaklega hagstæður á næstu mánuðum og næstu árum. Það vita allir að Sovétmenn eru að breyta sínu efnahagskerfi og því miður bendir allt til þess að sú breyting geti orðið útflytjendum og seljendum á matvöru eins og fiskur er, mjög erfið, svo ekki sé meira sagt. Ég tel og hef fullvissu fyrir því að Sovétmenn meti innflutning á fiski og jafnvel landbúnaðarvörum, ég nefni sem dæmi ullarvörum, að þeir meti innflutning á þessum vörum þannig að þeir hafi ekki gjaldeyri aflögu til þess að greiða fyrir slíkan innflutning. Það þýðir náttúrlega, ef þeir meta stöðuna þannig, að það muni verða æ erfiðara fyrir okkur Íslendinga að selja þeim frystar sjávarafurðir eða síldarafurðir og ég nefni sem dæmi ullarvörur. Því miður. Það þýðir að við þurfum að leita annarra markaða fyrir þann útflutning sem hefur farið inn á þennan markað, þ.e. til Sovétríkjanna, og það mun ekki gerast nema með ærnum tilkostnaði.

Hæstv. forsrh. ræddi hér nokkuð um að miklar *vonir væru bundnar við Vestur-Evrópu.* Það vita allir að Vestur-Evrópumarkaður er mjög óviss og óstöðugur. Þótt hann hafi verið okkur Íslendingum hagstæður á undanförnum árum, þá er ekkert sem segir til um það nema síður sé að hann verði okkur jafnhagstæður á næstu missirum. Ég nefni sem dæmi aukna erfiðleika í sambandi við útflutning á saltfiskafurðum. Við fáum ekki jafnmikið til baka nú og fyrir einum til tveimur árum í sambandi við útflutning á saltfiskafurðum þannig að ég get ekki átt von á því, og get því miður ekki tekið undir þá bjartsýnisræðu forsrh. þegar hann talar um það að væntanlega muni markaðsverð breytast okkur í hag, ég segi því miður. Ég vildi óska þess að sú vissa væri fyrir hendi að við gætum mætt auknum tilkostnaði framleiðslunnar *með þeim hætti að markaðsverð hækkuðu.*

Hæstv. forsrh. vék nokkuð að genginu. Ég vildi gjarnan fá það staðfest hjá honum hér á eftir hvort ég hafi skilið hann rétt. Hann sagðist hafa rætt við forustumenn eða forsvarsmenn fiskvinnslunnar og sagði eitthvað á þá leið að í framhaldi af þeim viðræðum og með tilliti til þeirra ráðstafana sem nú er verið að gera samkvæmt þessu frv. mundi ríkisstjórnin meta stöðu sjávarútvegsins á hverjum tíma og í því sambandi, ef ég heyrði rétt, sagði hæstv. forsrh. eitthvað á þessa leið að gengið muni síga á næstunni. Ég bið hæstv. forsrh. að leiðrétta ef þetta er rangt eftir honum haft, en þá er bara spursmálið: Mun gengið síga mikið eða lítið? Það er náttúrlega mjög þýðingarmikið í upphafi ferðar að gera sér grein fyrir *því um hvaða stærðir maður er að tala.* Ég vildi gjarnan fá það fram hvort um er að ræða það mikið gengissig að það mundi mæta t.d. þessu bili sem ég held að sé annars vegar á milli þeirra ráðstafana sem þetta frv. gerir ráð fyrir og svo raunverulega stöðu atvinnuveganna hins vegar, að það gengissig mundi mæta því tapi sem ég hef viljað áætla 4–5%. Til þess að mæta því og koma þessum útflutningsatvinnugreinum á núllpunktinn, mundi þurfa að mínu mati allverulegt gengissig.

En hæstv. forsrh. mun örugglega svara þessu atriði hér á eftir þannig að tekin verða af öll tvímæli og við getum gert okkur grein fyrir því hvort búið sé að brúa það bil sem þörf krefur til að þessar mikilvægu atvinnugreinar séu í það minnsta reknar á núlli, svo ekki sé nú talað um það að þær séu reknar með hagnaði.

Varðandi stöðu fiskvinnslunnar, þá eru það orð að sönnu sem komu fram hjá formanni stjórnar SH á aðalfundi samtakanna fyrir skömmu, að það er auðvitað hreint ábyrgðarleysi að láta undirstöðuatvinnuveg þjóðarinnar sökkva svo djúpt sem raun er. Það mun auðvitað koma niður á þjóðfélaginu og lífsafkomu byggðarlaganna allt í kringum landið ef ekki er vel búið að þessum atvinnugreinum. Þetta þarf nú ekki að segja hv. þm. né hæstv. forsrh.

En það er ekki óeðlilegt að menn velti því fyrir sér hvort það sé vísvitandi verið að framkalla þessa erfiðu stöðu ár eftir ár með þeim hætti sem við stöndum nú frammi fyrir og hvort það sé hugsanlegt að með þessu sé einhver stjórnarflokkanna að reyna að notfæra sér þessa erfiðu aðstöðu sem t.d. Framsfl. er í og ég vil segja að vissu leyti Alþfl., þó það sé nú af annarri ástæðu hjá Alþfl. en hjá Framsfl., þá sé það hugsanlegt að þriðji flokkurinn, Alþb., sé að reyna að framkalla þá stefnu sem er grundvallaratriði stefnu Alþb., að knésetja einkarekstur. Hvort það sé hugsanlegt að sá flokkur notfæri sér þessa veiku stöðu, ég vil segja sérstaklega Alþfl., að þora ekki að fara í kosningar og einnig að notfæra sér þá stöðu að Framsfl. treystir sér greinilega ekki til þess að efna til kosninga og taka ööruvísi á málum þrátt fyrir erfiða afkomu samvinnuhreyfingarinnar og Sambandsfyrirtækja í sjávarútvegi og fiskiðnaði. Það er spursmál hvort Alþb. sé ekki að notfæra sér veika stöðu þessara flokka til að framkalla þetta, að eyða eigin fé fyrirtækjanna og breyta eignarhaldinu, færa eignarhaldið til.

Ég sé það að hv. kvennalistaþingmaður Guðrún Agnarsdóttir er önnum kafin við það að ræða við hv. þm. Alþb., enda er nú sagt víða úti í þjóðfélaginu að kvennalistakonur verji núv. ríkisstjórn falli í hvaða máli sem er, þannig að ég skil það vel að hv. þm. þurfi að ræða við hv. þm. Alþb., Skúla Alexandersson, og ganga frá þeirra málum. (**GA:** Það kemur nú fyrir, hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson, að þingmenn skrifa nál. saman þó þeir séu ...) (**Forseti:** Má ég biðja um þögn í salnum og ekki persónuleg samtöl.) Ég vona að sú undirskrift dugi þannig að það sanni bara það sem ég sagði. (**Forseti:** Má ég biðja ræðumann að halda sig við efnið.) Það er ágætt að hæstv. forseti hefur tekið við sér og ætlar að fara að stjórna hér skörulega.

Ég heyri það að hv. þm. Stefán Guðmundsson vill að ég haldi áfram að tala um samvinnuhreyfinguna og Framsfl. og skal ég gera það með mikilli ánægju vegna þess að mér er mjög hugleikið að Framsfl. átti sig á þeirri stöðu og ábyrgð og skyldu sem hann hefur í útgerð og fiskvinnslu allt í kringum landið og láti ekki þetta núverandi stjórnarsamstarf hrekja sig neitt af leið í þeim efnum að tryggja rekstrarforsendur þessarar mikilvægu atvinnugreinar. Um það erum við sammála hv. þm. Stefán Guðmundsson og auðvitað hæstv. forsrh. líka. En ég var einmitt að víkja að þessum veikleika núv. ríkisstjórnar. Ég var að víkja að þessum veikleika sem felst í því að framsóknarmenn virðast ætla að taka þátt í þessum leik Alþb. að knésetja einkaframtakið og ég flokka nú samvinnuhreyfinguna að vissu marki undir það en hún virðist hafa aðra útgönguleið samt í sambandi við sín fyrirtæki heldur en hrein einkarekstursfyrirtæki. En það er alveg greinilegt að þessi stefna á að halda áfram, þessi stefna að eyða hér eigin fé fyrirtækja með þeim afleiðingum að fyrirtækin verða komin í eigu sjóða og banka (Gripið fram í.) og ríkisins ef svo heldur áfram sem horfir. Ég skil það vel að eini útgerðarmaðurinn sem nú er staddur á þingi, hv. þm. Skúli Alexandersson, sé ekki ánægður með það, en hugsanlega er fyrirtæki hans ekki þeirrar stærðar að það skiptir svo miklu máli í þeirri umræðu sem hér er. (Gripið fram í.) (**KP:** Hvað með þetta þarna?) Ég vil vekja athygli hv. þm. á því að þótt hv. þm. Kristinn Pétursson sé staddur hér í deildinni þá situr hann ekki hér inni í deildinni sem þingmaður þótt hann hlýði hér á ræður manna. (**KP:** En hv. þm. Stefán Guðmundsson?) Ég ætla ekki að svara fyrir það hvort hann sé útgerðarmaður eða ekki. (Gripið fram í.) Honum væri heiður að því. (**Forseti:** Má ég biðja hv. þingdeildarmenn að leyfa ræðumanni að ljúka ræðu sinni.) Það er ágætt að vita það að menn skuli vilja telja sig til útgerðarmanna, ekki veitir af, þeir eru ekki svo margir hér á hinu háa Alþingi. (Gripið fram í.) Ég vil biðja hv. þm. Karvel Pálmason að stilla sig augnablik, hann getur fengið orðið á eftir mér. En ég skil það vel að hv. stjórnarþingmönnum, sérstaklega þingmönnum sem koma t.d. frá Vestfjörðum, eins og hv. þm. Karvel Pálmason gerir, að honum líði ekkert vel þegar hann fer að skoða nánar til hvers er ætlast af honum í sambandi við frv. til l. um ráðstafanir vegna kjarasamninga þrátt fyrir þau bréf og þrátt fyrir þær viðræður sem hafa átt sér stað á milli ríkisstjórnarinnar annars vegar og Alþýðusambandsins hins vegar og ég mun koma nánar að því hér á eftir.

Það er auðvitað hroðaleg niðurlæging fyrir verkalýðsleiðtoga að þurfa að undirgangast það jarðarmen í pólitísku samstarfi við aðra flokka að gera ráð fyrir viðvarandi atvinnuleysi, gera ráð fyrir því að hér gangi fleiri þúsund manns atvinnulausir á næstu missirum. Það felst raunverulega í þessu frv. að gert er ráð fyrir viðvarandi miklu atvinnuleysi hér. Þess vegna er það sem Alþýðusambandið óskar eftir þessari breytingu á Atvinnuleysistryggingasjóði. Þetta vita hv. þm. og sérstaklega þeir sem eru í forustu fyrir verkalýðshreyfinguna og hafa greinilega tekið þátt í þessu, þar líka. Ég tel það ámælisvert. Það er ekki rétt stefna. Rétt stefna felst í því að eyða atvinnuleysi en ekki að lengja atvinnuleysisdaga hjá því fólki sem hefur ekki vinnu.

Ég vil ítreka það að hæstv. forsrh. tali skýrar þegar hann ræðir um gengissig til þess að hægt sé að gera sér betur grein fyrir því hvað felst í þessum ráðstöfunum.

Varðandi það atriði sem lýtur að sköttum þá ætla ég ekki að vera langorður um það. Það munu væntanlega aðrir þingmenn fjalla um þann þátt þessarar ráðstöfunar sem hafa betri þekkingu á skattamálum en ég. En ég verð að segja það að þær breytingar sem koma fram í þessu frv. þær vigta ekki nægilega að

mínu mati. Skattar eru enn þá allt of háir, allt of háir á einstaklingum og fyrirtækjum þannig að sú ráðstöfun ein út af fyrir sig dugar skammt.

En ég vil víkja nokkrum orðum að vörugjaldinu. Sjálfstfl. varaði mjög sterkt við því hér í umræðunni í vetur að vörugjaldið yrði hækkað. Það var ekki hlustað á okkar aðvörunarorð. Því miður. Stefna ríkisstjórnarinnar og sérstaklega stefna hæstv. fjmrh. var sú að það skyldi hækka vörugjaldið. Hér fluttum við ræður, margir hv. þm., og vöruðum við vörugjaldinu. Við vöruðum við neikvæðum afleiðingum þess að fara þá leið sem hæstv. ríkisstjórn ákvað með vörugjaldinu í vetur. Hér voru lesin upp aðvörunarorð frá samtökum iðnrekenda, frá samtökum iðnaðarmanna og frá verkalýðshreyfingunni í heild og varað við illum afleiðingum þess að vörugjald yrði lagt á með þeim hætti sem raun varð á, enda eru afleiðingarnar farnar að koma í ljós. Fjöldinn allur af iðnfyrirtækjum er að hruni kominn. Þegar hefur orðið rekstrarstöðvun hjá mörgum iðnfyrirtækjum. Þannig að það er ekki af hinu góða sem ríkisstjórnin er að semja við verkalýðshreyfinguna eða Vinnuveitendasambandið um lækkun eða breytingu á vörugjaldi. Það er vegna þess að staðreyndirnar knýja hæstv. ríkisstjórn til þess að breyta um stefnu í þessum efnum. (**Gripið fram í:** Nei.) Og það er hluti af því alvarlega ástandi, það er hluti af því atvinnuleysi sem kemur fram vegna áhrifa vörugjaldsins. Þetta er staðreynd. Ég sé það á hæstv. forsrh. að hann gerir sér fullkomlega grein fyrir þessu enda er hann kominn hér með frv. sem gerir ráð fyrir því að breyta um stefnu í þessum efnum til þess að íslensk iðnfyrirtæki geti haldið áfram rekstri. En ég er efins í því að þrátt fyrir þetta frv. muni fyrirtækin aftur geta hafið rekstur eða náð þeirri stöðu sem þau þurfa að fá til þess að þau séu rekin með eðlilegum hætti.

Það var athyglisvert að hlusta á það hjá hæstv. forsrh. þegar hann talaði um bréf til aðila vinnumarkaðarins að í þessum bréfum undirstrikaði hann að það væru atriði sem kostuðu ríkissjóð ekki neitt, þ.e. mundu ekki þýða útgjöld fyrir ríkissjóð. Það er nefnilega einu sinni enn farin sama leiðin og hún er sú að láta verkalýðshreyfinguna borga sjálfa fyrir sína samninga. Það er ömurlegt að horfa upp á það ár eftir ár hvernig verkalýðshreyfingin lætur ríkisstjórnir knýja sig til þess að semja í sínum eigin málum og borgar fyrir það sjálf. Það sem ég á við er m.a. þetta atriði sem lýtur að atvinnuleysisbótum, en þar er verkalýðshreyfingin raunverulega að semja um sína eigin stöðu. Hún er að semja um það sem hún raunverulega ræður yfir. En ríkisstjórnin hefur hagað málum þannig að hún er að rétta verkalýðshreyfingunni til baka það sem ríkisstjórnin hefur þegar af henni tekið.

Annað atriðið í því máli eru svonefndar félagslegar íbúðir sem var áhersluatriði kvennalistakvenna. Að setja það fram sem samningsatriði milli stjórnmálamanna sem verkalýðshreyfingin á raunverulega að greiða sjálf fyrir finnst mér fyrir neðan allar hellur. Þessar svokölluðu félagslegu íbúðir, sem kvennalistakonur voru að semja um við núverandi stjórnarflokka, verða allar byggðar fyrir peninga sem verkalýðshreyfingin mun sjálf leggja til. Hæstv. ríkisstjórn og kvennalistakonur hafa ekki lagt neitt fram, ekkert sem verkalýðshreyfingin hefði ekki getað gert sjálf. Ég skal undirstrika það. Það kemur hvergi fram í þessu frv. hvaðan fjármagnið á að koma til að byggja þessar 200 félagslegu íbúðir. Og ég vil vekja athygli þeirra hv. kvennalistakvenna, sem hér eru inni í deildinni, á því að þessir peningar koma ekki úr ríkissjóði. Hæstv. fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson kemur ekki með þessa peninga úr sameiginlegum sjóði ríkisins. Hæstv. ráðherrar, ríkisstjórnin mun fara til lífeyrissjóðanna og óska eftir því að þeir auki kaupin á skuldabréfum húsnæðislánakerfisins sem nemur þessari upphæð. Og ég vil spyrja þessar ágætu konur að því: Um hvað voruð þið að semja þegar þið voruð að semja við þessa ríkisstjórn um þessar 200 félagslegu íbúðir? Nú kynni einhver að segja: Jú, þessar íbúðir eiga að verða á svo hagstæðum kjörum. Á sama tíma og það er sagt segir hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh.: Við erum búnir að koma vöxtunum niður í 4–4½%.

Hver er stefnan hjá hæstv. félmrh. í sambandi við vexti? Stefna hæstv. félmrh. er sú að markaðsvextir skuli ráða. Og þegar sá ráðherra er spurður að því hvað hún eigi við með markaðsvöxtum, ég vildi nú gjarnan að hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir hlustaði á þetta svo hún gerði sér grein fyrir því hvernig hún var göbbuð af hæstv. ríkisstjórn í sambandi við félagslegar íbúðir, (**GA:** Guðrún Agnarsdóttir hlustar á þetta.) að þegar þetta dæmi er gengið upp þá mun stefna hæstv. félmrh. verða ofan á vegna húsbréfakerfa og breytinga í sambandi við vaxtastefnuna, að markaðsvextir muni ráða, þeir munu verða 4½%. Þar með er ríkið ekki að leggja neitt til þessara 200 íbúða umfram það sem verkalýðshreyfingin hefði getað gert með sínum eigin peningum. Þannig að hv. þm. Kvennalistans þurfa ekki að semja við ríkisstjórnina eða veita ríkisstjórninni stuðning og verja hana falli með svona ódýrum hætti. Ég held að þær hafi verið plataðar af þessum pólitísku refum sem ráða nú ferðinni í hæstv. ríkisstjórn. Ég er þá sérstaklega að tala um hæstv. fjmrh. Þeir kunna að vera fleiri þar en hæstv. fjmrh. er alveg snillingur í að setja upp svona sjónhverfingar eins og þetta með félagslegar íbúðir.

Ég vildi sérstaklega víkja að þessu með félagslegar íbúðir vegna þess að þar er verkalýðshreyfingin raunverulega, eða ég vil segja forustumenn verkalýðshreyfingarinnar að blekkja hinn almenna félaga, telja honum trú um að í núverandi samningum hafi forustan m.a. náð þessum mikilsverða áfanga, að það eigi að byggja núna 200 nýjar íbúðir á félagslegum grundvelli til viðbótar því átaki sem þegar er fyrir hendi. En ég held að fólk sjái í gegnum þennan blekkingavef. Og ég held að það sé nú í nánd að þegar markaðsvextir hæstv. félmrh. fara að ráða hér ríkjum í íslensku þjóðfélagi, þessir 4–5% vextir, þá muni húsnæðismálakerfið verða óþarft í þeirri mynd sem

við höfum verið að fjalla um hér á hinu háa Alþingi. Þá munu þeir aðilar sem raunverulega fjármagna þetta kerfi gera það sjálfir. Þeir munu sjálfir sjá um það að þetta fjármagn renni til þeirra þarfa, m.a. til félagslegra þarfa launafólks. Ég tel það enda miklu eðlilegra að þeir sem standa daglega í baráttu fyrir verkalýðshreyfinguna og verkafólkið fjalli um það með hvaða hætti þeir noti fjármuni fólksins til að byggja félagslegar íbúðir fyrir það heldur en að einhverjir stjórnmálamenn séu að skreyta sig með þessum fjöðrum. Ég er þá ekki að tala sérstaklega um það að kvennalistakonur séu að gera það, en ég tel að þær hafi fallið fyrir því sem hæstv. ríkisstjórn ætlaðist til, til að tryggja það að kvennalistakonur verðu þessa ríkisstjórn falli ef á þyrfti að halda.

Í sambandi við bréf ríkisstjórnar til Alþýðusambandsins þá kemur það fram, eins og ég gat um áðan, að óttinn við atvinnuleysið er mjög ríkjandi hjá aðilum sem þarna hafa fjallað um mál. Ég hef þegar talað um að það er auðvitað röng stefna og líka röng stefna hjá Alþýðusambandinu að semja við ríkisvald sem gefur sér þær forsendur að hér skuli vera viðvarandi atvinnuleysi. Hv. þm. Karl Steinar Guðnason hristir höfuðið. Ef það er ekki að gera ráð fyrir viðvarandi atvinnuleysi að lengja bótadagana, ef það er ekki ráðstöfun sem felur í sér ótta, til hvers var þá verið að semja um það núna? (Gripið fram í.) Það er óheppilegt að sú krafa skyldi endilega þurfa að koma fram þegar 2500 manns eru á atvinnuleysisskrá. (**Gripið fram í:** Hún hefur margoft komið fram.) (**KP:** En ekki verið sinnt.) En hvernig stendur á því að hv. þm. beita sér ekki fyrir ráðstöfunum sem gera ráð fyrir engu atvinnuleysi? Hvar eru tillögurnar, hvar eru þær greinar í þessu frv., hvar eru þeir milljarðar sem tryggja það að fyrirtækin geti gengið og enginn skuli þurfa að ganga atvinnulaus? (**KSG:** Það kemur í ljós.)

Ég minnist þess að á hinum svonefndu viðreisnarárum, þegar ég var í forustu verkalýðshreyfingarinnar, að þá kom upp kreppa þegar síldin hvarf á árunum 1966 og 1967, mjög alvarleg kreppa. Þá varð samdráttur í útflutningstekjum þjóðarinnar yfir 40% á einu ári, á árinu 1966. Ég minnist þess þá hvernig verkalýðshreyfingin brást við þeim vanda og páverandi ríkisstjórn. Þá var unnið að því með allt öðrum hætti. Þá var ekki talað um það að auka atvinnuleysisbætur, þá var talað um það að efla fyrirtækin, stofnaðir yrðu sjóðir, settar á laggirnar atvinnumálanefndir sem eyddu atvinnuleysinu. Þetta veit hv. þm. Karvel Pálmason. Þannig brugðust sjálfstæðismenn og alþýðuflokksmenn við vandanum á þeim árum. (**KP:** Hvenær komu atvinnuleysisbætur til ríkisstjórnar . . .?) Það er mikill munur eða á þeirri stefnu sem hér er lögð á borðið. Hér er lögð á borðið fyrir okkur hrein og klár kreppustefna. (**Gripið fram í:** Hv. þm. var formaður í einni svona atvinnumálanefnd. — Karl Steinar var formaður í einni atvinnumálanefnd.) Já, hann ætti þess vegna að skilja það . . . (Gripið fram í.) Munurinn á því að hér er, hv. þm., almennt orðalag en ekki fastmótað eins og gert var á árunum 1966–1967. (Gripið fram í.) Það var fastmótuð stefna sem Alþfl. og Sjálfstfl. voru með þá, enda eyddum við atvinnuleysinu og reistum atvinnulífið við. (Gripið fram í.) Þetta vita hv. þm. Ég skil það vel að hv. þm. Karvel Pálmasyni og Karli Steinari líði illa undir því að þetta skuli rifjað upp. Vegna þess að það er verið að fá þá til að samþykkja hér ráðstafanir sem þeir vita að muni ekki skila jákvæðum árangri gagnvart atvinnulífinu. Þeim er þetta ljóst. Hvar eru milljarðarnir sem eiga að rétta við stöðu fyrirtækjanna og skapa það afl úti í atvinnulífinu sem þarf til þess að atvinnuleysinu sé eytt? Hvar eru tillögurnar um það að unga fólkið þurfi ekki að vera atvinnulaust í sumar? Ég sé ekki eina einustu tillögu, ekki eitt einasta atriði í þessu frv. sem gerir ráð fyrir því. Það gerir ekki einu sinni ráð fyrir því að útflutningsatvinnuvegirnir séu reknir á núlli. Þessar ráðstafanir gera ráð fyrir því að útflutningsatvinnuvegirnir séu reknir með tapi. En það er vonast til þess að markaðsverð hækki til þess að leiðrétta stöðu þessara fyrirtækja. Gefur það miklar vonir um betra atvinnuástand? Það er ágætt að vera þingmaður og lifa í vernduðu umhverfi gamalla flokka sem geta kannski ekki farið lægra heldur en Alþfl. er kominn í dag. Það er ágætt að eiga von á því að sitja hér á þingi sem einn af 8 eða 10 þingmönnum einhvers flokks. Ég undrast þann hálfkæring sem kemur stundum fram í viðhorfum og athöfnum ákveðinna hv. þm. sem eru nálægt verkalýðshreyfingunni svo ekki sé meira sagt. (**Gripið fram í:** Hverra hv. þm., ræðumaður?) Ég ætla ekki einu sinni að setja það inn í þingtíðindi hver greip fram í núna af tillitssemi við hv. þm.

En ef við lítum á þessi bréfaskipti á milli hæstv. ríkisstjórnar annars vegar og Vinnuveitendasambandsins og Alþýðusambandsins hins vegar þá er það atriði sem mér finnst einnig mjög athyglisvert og snýr alveg sérstaklega að Alþfl. Og það er þetta atriði sem segir í bréfi ríkisstjórnarinnar til Alþýðusambandsins, dags. 30. apríl, með leyfi forseta:

„4. Skattamál: Ríkisstjórnin mun hafa samráð við samtök launafólks um úrbætur í skattamálum, m.a. um aðgerðir til að koma í veg fyrir skattsvik. Þá mun ríkisstjórnin láta kanna skattlagningu lífeyrisiðgjalda, m.a. með tilliti til tvísköttunar. Ríkisstjórnin mun hafa samráð við samtök launafólks um undirbúning og framkvæmd virðisaukaskattsins sem tekinn verður upp um næstu áramót, m.a. um hugsanleg tvö þrep í skattinum."

Þetta finnst mér mjög athyglisvert. Mér finnst það athyglisvert sérstaklega fyrir það í fyrsta lagi að við sjálfstæðismenn erum búnir að berjast fyrir því allar götur síðan virðisaukaskattsfrv. kom hér fram að það yrðu tvö þrep í virðisaukaskattinum. Þegar þetta mál var til umfjöllunar á sínum tíma börðust alþýðuflokksmenn hatrammri baráttu gegn því að það kæmi til greina að hafa tvö þrep í virðisaukaskatti. Og ekki aðeins það, og kem ég þá að atriði nr. tvö: Þegar Sjálfstfl. kom með tillögur um ráðstafanir vegna vanda atvinnuveganna sl. haust þá var þetta eitt af meginatriðunum í okkar tillögum að virðisauka-

skattslögunum yrði breytt þannig að það yrðu tvö þrep og annað þrepið yrði lægra. Það yrði lægri prósenta þar með sérstöku tilliti til álagningar á matvæli. (**Gripið fram í:** Það var nú bara útfararsálmur.) Það er fróðlegt og ég vona að það komi í fjölmiðlum að hv. þm. Karl Steinar hafi talað um það sem útfararsálm þegar Sjálfstfl. lagði til að það yrði ekki nema 8% eða 10% virðisaukaskattur á matvælum. Ég vona að það komi fram í fjölmiðlum hver er enn þá afstaða hv. þm. Alþfl. til þessa máls. (Gripið fram í.) En nú hefur verkalýðshreyfingin, í samningum líklegast við hæstv. forsrh. Steingrím Hermannsson, komið því til leiðar að Alþfl. hefur orðið að beygja sig eða kaupa stólana því verði að nú skal samið um það við verkalýðshreyfinguna að hafa tvö þrep í virðisaukaskattinum, annað lægra m.a. vegna matvæla, og hitt hærra. (**KP:** Ekki allur Alþfl.) Ég tel þetta áfanga og ég vona satt að segja að Framsfl. geti skreytt sig með því, þó ég sé ekkert að halda neitt sérstaklega upp á Framsfl., en ég vona að hann geti skreytt sig með því og skýrt frá því opinberlega að það hafi verið hæstv. forsrh., sem er nú vinsæll maður, sem hafi tryggt framgang þessa stefnumáls m.a. okkar sjálfstæðismanna. Ég sé að hann brosir blíðlega til mín. Hann er mjög ánægður með þetta. (Gripið fram í.) Mér finnst það hörmulegt, virðulegi forseti, að enn skuli vera þingmenn hérna í deildinni sem eru ekki búnir að viðurkenna mistök sín í sambandi við virðisaukaskattsfrv. á sínum tíma og þau lög sem voru samþykkt — sem ég samþykkti nú ekki, ég tek það fram. (Gripið fram í.) Ég greiddi ekki atkvæði með því. (**KP:** En matarskattinn?) Það hafa nú verið samþykktar bráðabirgðaráðstafanir á þingi fyrr og það vita allir að söluskatturinn í þeirri umferð var bráðabirgðaráðstöfun en ekki frambúðarráðstöfun. Virðisaukaskatturinn var hins vegar frambúðarráðstöfun, það vita allir. En að Alþfl. vildi ekki taka þátt í því að hafa tvö þrep í virðisaukaskattinum, það er söguleg staðreynd. (**KP:** Liggur það fyrir?) Hann er kannski búinn að skipta um skoðun? (Gripið fram í.) Já. (**EG:** Spurði arkitekt stjórnarslitanna.) Ég vek athygli á því, virðulegi forseti, að hv. þm. hér í salnum voru að tala um rýtingsstungur. Ég vildi óska eftir því að þeir biðu með það þangað til þeir fá orðið og fjalla þá nánar um það.

Ég var nú kominn að því atriði sem olli vinslitum á milli sumra, en nú er það orðið samkomulag og meira en það því það er fskj. með frv. til laga um ráðstafanir vegna kjarasamninga. Alþfl. hefur sem sagt fallist á það grundvallaratriði í sambandi við uppbyggingu virðisaukaskatts á Íslandi að hann geti verið tveggja eða fleiri þrepa ef á þarf að halda.

Ég skal ekki, virðulegi forseti, teygja þessar umræður mikið á langinn en ég vildi koma þessum atriðum að. Ég vil m.a. segja það að lokum að frv. og þessar ráðstafanir eru víðs fjarri því að vera fullnægjandi fyrir atvinnulífið. Þetta eru kreppuráðstafanir sem munu því miður ekki duga til að bæta stöðu íslensks atvinnulífs og til að bæta stöðu og afkomu launafólks.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Enn einu sinni stöndum við frammi fyrir skyndilausnum og hringlandahætti varðandi efnahags- og atvinnumálin. Nú er verið að draga til baka skatta sem voru lagðir á um áramótin með samþykki stjórnarliða. Það vekur vissan grun manns um að verið sé að leggja þessa skatta á til þess að eiga svo einhverja skiptimynt til þess að gefa til baka þegar að kjarasamningum kemur. Það vekur í raun nokkra furðu hve liðleg hæstv. ríkisstjórn er gagnvart vinnuveitendum varðandi niðurfellingu á sköttum og gjöldum, sérstaklega þegar hugsað er til þess hversu mikillar stífni gætir alltaf þegar upp koma spurningar um að minnka skattbyrðar launafólks. Nægir þar að minna t.d. á matarskattinn sem hefði í sjálfu sér getað orðið ágætis svokölluð „skiptimynt" í kjarasamningum fyrst á annað borð var búið að stíga það óheillaspor að leggja hann á. Það er líka ein leið eða tæki sem stjórnvöld hafa til þess að greiða fyrir kjarasamningum að koma til móts við launþega með því að minnka þeirra skattbyrðar, en það virðist æði erfitt að láta undan í þeim efnum. Með þessum orðum er ég þó alls ekki að gera lítið úr nauðsyn þess að skapa atvinnulífinu lífvænleg skilyrði því sennilega hefur atvinnulífið sjaldan eða aldrei staðið svo höllum fæti sem nú. Ekki er að undra þó að hæstv. forsrh. endurtæki hvað eftir annað í ræðu sinni áðan að nauðsyn sé á lagfæringum til handa atvinnulífinu, eða eitthvað á þá leið.

Ég ætla aðeins að drepa á örfá atriði varðandi frv. sem hér liggur fyrir við 1. umr. Eins og ég gat um áðan þá endurtekur það sig nú enn og aftur að verið er að breyta nýteknum ákvörðunum og það á við um nokkrar greinar í frv. Vörugjaldið t.d., sem stjórnarliðar samþykktu hér um áramótin, er klúður og mistök frá upphafi og við kvennalistakonur vöruðum reyndar við því og reyndum að afstýra því að það yrði samþykkt um áramótin. Það hefur reyndar komið fram í máli hæstv. iðnrh. að þetta mál var mistök frá upphafi. Núna fjórum mánuðum eftir að gjaldið var lagt á eru þeir sem málið snertir ekki komnir til botns í framkvæmd þess þar sem erfitt hefur reynst að móta reglur og skýra hverjir eiga að greiða þennan skatt. Nú stendur til að fella hann niður frá 1. sept. nk. Ég tel afar óheppilegt að svo langur aðdragandi skuli vera að niðurfellingu skattsins því að það er auðvitað fyrirsjáanlegt að kaupendur muni bíða og hvað eiga t.d. iðnaðarmenn að gera í sumar sem nú þegar hafa birgt sig upp. Mig langar til að spyrja hæstv. forsrh. hvort ríkisstjórnin hefði engar áhyggjur af því ástandi sem kynni að skapast í sumar vegna þess að það myndast nokkurs konar biðstaða, fólk mun fresta kaupum eins og það getur þangað til vörugjaldið hefur verið af lagt í haust.

Ég ætla aðeins að víkja að 6. og 7. gr. frv. sem báðar fela í sér íþyngjandi verkefni fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð. Ekki vil ég draga í efa nauðsyn þess að tryggja því launafólki atvinnuleysisbætur sem verður annaðhvort fyrir staðbundnu atvinnuleysi eða gjaldþroti fyrirtækja sem það vinnur hjá. Ég hlýt hins

vegar að hafa nokkrar áhyggjur af stöðu Atvinnuvinnuleysistryggingasjóðs. Sl. haust setti hæstv. ríkisstjórn bráðabirgðalög sem ekki einungis fólu í sér launafrystingu og samningsbann heldur einnig um 600 millj. kr. skerðingu á lögbundnum framlögum ríkisins til sjóðsins. Við kvennalistakonur töldum ekki rétt að skerða þessi framlög, ekki síst í ljósi þess ótrygga atvinnuástands sem ríkti og virðist ekki vera að skána. Þegar við fjölluðum um bráðabirgðalögin í fjh.- og viðskn. höfðu fulltrúar stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs þá þegar áhyggjur af stöðu hans, bæði með tilliti til hins ótrygga atvinnuástands svo og þeirra auknu verkefna sem sjóðurinn hefur orðið að taka á sig á síðustu árum, t.d. vegna eftirlauna aldraðra og fæðingarorlofs.

Nú vil ég spyrja hæstv. forsrh., ef hann getur svarað mér auðvitað, hver sé staða Atvinnuleysistryggingasjóðs nú og hver séu áætluð aukaútgjöld hans vegna þessara tveggja greina. Það hlýtur að liggja fyrir einhver áætlun um hvað gæti gerst í staðbundnu atvinnuleysi a.m.k. þó að alltaf sé erfitt að sjá fyrir um gjaldþrot fyrirtækja. Það er vissulega rétt, sem fram kom hvað eftir annað í máli hæstv. forsrh., að þessir kjarasamningar eru mjög hógværir. Enn er það launafólkið sem sýnir hógværð og enn er verið að semja um launataxta sem eru langt undir þeim mörkum sem einstaklingar þurfa til framfærslu.

Ég vil taka undir þær fyrirspurnir sem fram hafa komið til hæstv. forsrh. um gengisbreytingar, gengisfellingar eða gengissig. Það er alveg sama hvað sú aðgerð heitir því hún hefur sömu áhrif á kjör fólksins. Það væri fróðlegt að fá að heyra skýrari svör við því hvað átt er við með þessu og hvenær slíkra breytinga megi vænta. Varðandi það sem hv. 14. þm. Reykv. spurði um áðan, hann er nú reyndar ekki hér, vildi ég segja að auðvitað veit hann jafnvel og ég og allir sem hér eru inni hvaðan fjármagnið kemur til byggingarsjóðanna og hver ber endanlega ábyrgð á því fjármagni.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég hafði gert forseta viðvart um að ég óskaði eftir nærveru hæstv. fjmrh. Það væri auðvitað einnig mjög fróðlegt að fá hæstv. viðskrh. hingað inn. Hér eru mál að ræða sem falla undir hans ráðuneyti. (**EG:** Hæstv. viðskrh. er væntanlegur í húsið núna eftir 10 mínútur, ég var að tala við hann.) Það gengur auðvitað ekki að búinn sé til bandormur í því skyni að losa ráðherra við að svara fyrirspurnum þegar mál eru til umræðu og auðvitað hefði verið eðilegt að hæstv. ráðherrar hefðu verið mættir hér án þess að um væri beðið.

Ég vil fyrst segja það að þetta frv., sem að réttu lagi ætti að bera yfirskriftina frv. til laga um kreppuráðstafanir, er lagt fram vegna kjarasamninga sem gerðir voru á hinum almenna vinnumarkaði í kjölfar þeirra samninga sem gerðir hafa verið við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. Í því sambandi vekur kannski fyrst og fremst athygli að samningamaður ríkisins, fulltrúi fjmrh., lýsti því yfir í fjölmiðlum í gær eða fyrradag að ríkisstjórnin hefði loksins komist það áleiðis eftir rúmlega fjögurra vikna verkfall ýmissa háskólamenntaðra manna að nú væri farið að bjóða háskólamenntuðum mönnum svipaðar kjarabætur og fælust í samningum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Eftir að þessir menn hafa verið rúmar fjórar vikur í verkfalli er loksins af hálfu ríkisins farið að bjóða þeim sambærilegar bætur við það sem felst í samningunum við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. Ég hygg að Bandalagi háskólamenntaðra manna hafi enn ekki verið boðið upp á kjör sem séu sambærileg við þá samninga sem gerðir voru við Sóknarkonur ef rétt er lesið og heldur ekki sambærileg við þá samninga sem gerðir voru á hinum almenna vinnumarkaði og ríkisstjórnin hefur nú greitt fyrir.

Hæstv. forsrh. skýrði frá því hér áðan að veruleg verðbólga mundi fylgja í kjölfar þessarar samningsgerðar og hann tók það sérstaklega fram, sem er einstakt, að gengið mundi síga eða falla á næstu vikum. Hæstv. menntmrh. fann á sínum tíma upp á orðinu gengisaðlögun þegar hann var viðskrh. hér í gamla daga og var hlegið að því um allt land. Hæstv. forsrh. hefur með öðrum orðum sagt að þessir kjarasamningar feli þegar í stað í sér kjararýrnun. Það er auðvitað enginn vafi á því að ef háskólamenntaðir menn í þjónustu ríkisins eiga nú að skrifa undir þá samninga sem hæstv. fjmrh. hefur boðið þeim fram að þessu ætlast hann til þess að þessar stéttir taki á sig hlutfallslega meiri kjaraskerðingu en aðrar stéttir. Má því segja að síðasta samningstilboð fulltrúa ríkisvaldsins við þessar stéttir ætti að bera yfirskriftina „Tilboð um kjaraskerðingu".

Það var rætt í gær um þau mál sérstaklega og ég skal ekki fara nánar út í þá sálma. Aðeins segja að það er algerlega þýðingarlaust fyrir ríkisstjórnina og einstaka ráðherra að skella skollaeyrum við þessari löngu vinnustöðvun sem orðið hefur. Ég þekki ekki einn einasta mann sem telur að ríkisvaldið hafi farið rétt að í samningsviðræðunum og samningsgerðinni við háskólamenntaða menn. Ríkisstjórnin getur auðvitað engan veginn skotið sér undan þeirri ábyrgð að skólastarf hefur raskast og allt í tvísýnu um það hverjar verða lyktir skólaársins, þó svo að hæstv. menntmrh. hafi sagt í Sþ. í gær að um leið og samningar takist muni hann hefja viðræður við skólastjóra og kennara um það hvernig hægt sé að ljúka skólaárinu með eðlilegum hætti. Hefði auðvitað farið betur á því að hann hefði sagt: Með óeðlilegum hætti. En ég skal ekki tala meira um það, aðeins minna á að mér finnst tómlæti ríkisstjórnarinnar í sambandi við þær kjaradeilur sem nú eru uppi æpandi, ámælisvert og óskiljanlegt.

Ég tel nauðsynlegt að Alþfl. hafi sinn fulltrúa hér inni í sambandi við það sem ég vil segja um skattamálin. Meðan ég bíð eftir hæstv. viðskrh. vil ég víkja að öðrum atriðum.

Ég get vel byrjað á því að tala um bætur almannatrygginga. 8. liðurinn í yfirlýsingu hæstv. forsrh. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Bætur almannatrygginga. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því

að bætur almannatrygginga hækki í samræmi við almennar launahækkanir á samningstímabilinu.“ Þessi yfirlýsing verður ekki skilin öðruvísi en svo að það hafi verið tregða í ríkisstjórninni að fylgja þeirri sjálfsögðu reglu sem fylgt hefur verið fram að þessu að láta bætur almannatrygginga hækka í samræmi við almennar launahækkanir. Athyglisvert er að verkalýðshreyfingin skuli hafa krafist þess að hæstv. forsrh. setti þessa setningu inn í yfirlýsingu og inn í bréf sitt til hennar. Þetta gefur til kynna að ágreiningur hafi verið í ríkisstjórninni um það hvort rétt væri að almannatryggingarnar fylgdu almennri hækkun kaupgjalds í landinu. Fróðlegt væri að fá upplýsingar hjá hæstv. forsrh. um hvaða aðilar í ríkisstjórninni það voru sem vildu standa á móti því að bætur almannatryggingganna hækkuðu í samræmi við almennar launahækkanir. Ef tilfellið er að ekki hafi verið ágreiningur um þetta í ríkisstjórninni, þetta hafi alltaf verið ákveðið og að verkalýðshreyfingin hafi ekki þurft um þetta að biðja eða tala, er þetta auðvitað meiningarlaus setning og einungis sett þarna inn til þess að slá ryki í augu fólksins í landinu, slá ryki í augu almennings í landinu.

Það væri ekki í fyrsta skipti sem það er gert. Það er auðvitað sama setningin og sama klausan sem gengur alltaf aftur og aftur í öllu því sem kemur frá þessari ríkisstjórn, kreppuráðstafanir núna, þær ráðstafanir sem á undan hafa gengið og eru að verða eilífðarmál hér á þinginu og nýjar ráðstafanir þessarar ríkisstjórnar til þess að reyna að bjarga atvinnuvegunum. Samt sem áður er ástandið ekki betra en svo að það kaupfélag á landinu, KEA, sem fram að þessu hefur verið talið eitt traustasta fyrirtæki landsins skilar ekki betri útkomu en svo að tapið á sl. ári losar 200 millj. kr. Það var eftirtektarvert að í ummælum kaupfélagsstjórans á Akureyri um ástandið núna tók hann sérstaklega fram að nauðsynlegt væri að fella gengið til þess að atvinnureksturinn fengi viðunandi rekstrargrundvöll. Hann talaði jafnframt um að nauðsynlegt væri að lækka fjármagnskostnað og um þá miklu verðbólgu sem er í landinu og losaði 30% í marsmánuði. Ég hef ekki tölurnar yfir þennan mánuð að sjálfsögðu en það er eftirtektarvert að öll þessi verðbólga stafar af ráðstöfunum sem hæstv. forsrh. hefur beitt sér fyrir bæði við myndun ríkisstjórnarinnar og eins hér í þinginu. Hæstv. forsrh. ber því auðvitað í höfuðdráttum og öllum atriðum ábyrgðina á því hvernig komið er fyrir fyrirtækjunum og fyrir heimilunum í landinu og það þýðir ekki lengur fyrir hann að koma sér undan að svara þegar beint er til hans skýrum spurningum.

Þegar ríkisstjórnin var mynduð var þessi setning sett á blað, með leyfi hæstv. forseta: „Sérstakt átak verður gert til þess að virkja verðlagseftirlit almennings og verður m.a. haft samstarf við samtök launafólks og neytenda í því skyni.“ Þegar hæstv. forsrh. hafði farið í jólafrí og ávarpaði þingið í byrjun febr. lét hann prenta sem fskj. með frv. um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti þessa setningu: „Loks leggur ríkisstjórnin það fyrir Verðlagsstofnun að hún taki upp samstarf við verkalýðs- og neytendafélög um aðhald að verðlagi. Í þeirri yfirlýsingu og á því blaði sem hæstv. forsrh. sendi verkalýðshreyfingunni við gerð þessara samninga nú stendur: „Í samstarfi við samtök launafólks verði unnið öflugt verðkönnunar- og kynningarstarf.“ Hér er búið að sleppa Neytendasamtökunum. Neytendasamtökin voru inni í haust. Neytendasamtökin voru inni í febrúar en þau eru það ekki lengur. Ekki veit ég hvers vegna þeim er sleppt nú. Ég held að hæstv. forsrh. verði sjálfs sín vegna að gefa deildinni stutta lýsingu á því sérstaka átaki sem hann beitti sér fyrir á haustdögum til að virkja verðlagseftirlit almennings, m.a. í samstarfi við samtök launafólks og neytenda.

Ég minnist þess að á fundi fjh.- og viðskn. var upplýst af Alþýðusambandi Íslands að þetta verðlagseftirlit hefði verið fellt niður af hálfu verkalýðshreyfingarinnar vegna þess að hæstv. fjmrh. stóð ekki við þau fyrirheit sem hann hafði gefið í sambandi við greiðslu kostnaðar af þessu átaki og af þessu verðlagseftirliti. Ég vil spyrja hæstv. forsrh.: Hvað hefur verið gert síðan í febrúar til þess að taka upp samstarf við verkalýðs- og neytendafélög um aðhald að verðlagi? Hvar liggja fyrir skýrslur um þetta starf? Hver hefur niðurstaðan verið og hvernig stendur á því að hæstv. forsrh. sér nú ástæðu til að setja þetta aftur inn í bréfið til verkalýðshreyfingarinnar? „Í samstarfi við samtök launafólks verði unnið öflugt verðkönnunar- og kynningarstarf.“ Getur verið að launþegahreyfingunni hafi fundist sem hæstv. forsrh. og hæstv. ríkisstjórn hafi ekki staðið við stóru orðin? Má vera að hæstv. ríkisstjórn hafi látið undir höfuð leggjast að kynna fyrir verkalýðshreyfingunni og neytendasamtökunum allar þær nýju álögur sem búið er að leggja á þjóðina á undanförnum vikum og mánuðum, álögur sem sumpart eru tilkomnar vegna hærri skatta, vegna hærri gjalda í opinberri þjónustu og þar fram eftir götunum? Má vera að svo sé? Getur verið að fólkinu ógni sú verðbólga sem hér er? Fólki sem hafði fengið 1,25% launahækkun síðan 1. júní á sl. ári og 1,25% nú í febrúar eða mars meðan verðbólgan á þessu tímabili var komin núna í marsmánuði yfir 30%. Getur verið að verkalýðshreyfingunni hafi blöskrað? Má vera að þeim mönnum sem þar sitja inni, sömu mönnum í launþegahreyfingunni og nú eru að senda Alþb. úrsögn, sömu mönnum og eru að segja upp Þjóðviljanum, hafi blöskrað framkoma hæstv. fjmrh. og að þeim finnist að fulltrúar Alþb. séu svartar krákur í hópi stuðningsmanna sinna?

Ég vil enn fremur vekja athygli á því að í febrúaryfirlýsingu hæstv. forsrh. segir: „Ríkisstjórnin felur Verðlagsstofnun að fylgjast sérstaklega með verðákvörðunum einokunar- og merkaðsráðandi fyrirtækja.“ I yfirlýsingunni nú segir, með leyfi hæstv. forseta: „Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir aðhaldi að verðákvörðunum einokunarfyrirtækja og markaðsráðandi fyrirtækja.“ Þýðir þetta að þessu aðhaldi hefur ekki verið beitt síðan í febrúar? Hefur Verðlagsstofnun ekki komist yfir þau verkefni sem henni hafa verið falin? Hefur Verðlagsstofnun og verðlags-

stjóri ekki beitt því aðhaldi sem talað var um í sambandi við verðákvarðanir einokunarfyrirtækja og markaðsráðandi fyrirtækja? Hvernig stendur á því að hæstv. forsrh. tekur þessa setningu inn aftur? Er það til þess að látast? (**Forsrh.:** Góð vísa er aldrei of oft kveðin.) Er það til þess að látast? Er góð vísa ekki of oft kveðin? Það má vera að það sé rétt hjá hæstv. forsrh. En ef farið hefði verið eftir vísunni í fyrsta sinn þyrfti ekki að lofa að gera það sama öðru sinni því hér er ekki talað um að halda áfram aðhaldi, það er tala um að beita sér fyrir aðhaldi. Ef hæstv. fosrh. er þá læs og veit hvað hann skrifar. — Við höfðum reynt að koma okkur saman um það að ljúka fundinum tiltölulega fljótlega, það má auðvitað endurskoða það.

Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hvað felist í þeim yfirlýsingum sem gefnar hafa verið í sambandi við skattamál. Það er náttúrlega það sama um skattsvikin þar og annars staðar. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Ríkisstjórnin mun hafa samráð við samtök launafólks um úrbætur í skattamálum, m.a. um aðgerðir til að koma í veg fyrir skattsvik.“ Eitthvað kannast ég við þessa setningu úr fyrri plöggum. Alltaf er spurningin sú hvort ekki hafi verið staðið við það að hafa samráð við launþegahreyfinguna. Eða vildi hún það ekki? Gleymdi hún að svara bréfum ríkisstjórnarinnar, eða lokaði hún dyrum á ríkisstjórnina þegar hún var að gera allt þetta í samráði við ríkisstjórnina? Síðan segir: „Þá mun ríkisstjórnin láta kanna skattlagningu lífeyrisiðgjalda m.a. með tilliti til tvísköttunar.“ Ég vildi óska eftir því að hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir því hvernig hann hugsaði þessa framkvæmd og jafnframt óska ég eftir því að hann íhugi hvort ekki sé nauðsynlegt að iðgjöld af líftryggingum falli einnig þarna undir. Það er fjöldi fólks í þessu landi sem ekki hefur laun og hefur ekki aðgang að lífeyrissjóði. Margt af þessu fólki hefur keypt sér líftryggingar. Eðli þeirra er hið sama og lífeyrissjóðanna og af þeim sökum er auðvitað eðlilegt að iðgjöld af lífeyristryggingum verði skattfrjáls með sama hætti og greiðslur til lífeyrissjóðanna. Ég geri ráð fyrir því að það hafi verið athugunarleysi hjá hæstv. ríkisstjórn að taka ekki iðgjöld af líftryggingum þarna með.

Hér er talað um skattlagningu fyrirtækja í 7. lið. Ég skil það svo að nú sé ætlunin að heimila á nýjan leik *einhvers konar fjárfestingar-* eða sveiflujöfnunarsjóð hjá fyrirtækjunum. Í annan stað eigi aftur að auka heimildir til fyrninga og enn fremur eigi að auka á nýjan leik afskriftir vegna vörubirgða, afskriftir vegna lagera og þar fram eftir götunum og rýmka heimildir til þess að afskrifa vafasamar útistandandi skuldir. Er ekki rétt skilið, hæstv. fjmrh., að í þessu felist í stuttu máli það fyrirheit sem ríkisstjórnin hefur gefið í sambandi við skattlagningu fyrirtækjanna? Af þeim sökum er óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. fjmrh. hvort það sé rétt skilið hjá mér að þessar skattalagabreytingar eigi að taka gildi það snemma að hægt sé að beita þessu svigrúmi sem hér er gefið fyrirheit um í sambandi við álagningu á opinber gjöld vegna sl. árs? Það væri auðvitað eðlilegt vegna þess að fyrirtækin höguðu rekstri sínum með hliðsjón og tilliti til þeirra skattalaga sem þá voru í gildi. Skattalaga sem ég og þáv. utanrrh. beittum okkur fyrir með mikilli harðneskju með formanni Alþfl. Jóni Baldvini Hannibalssyni. Skattalögum sem við þrír vorum þá allir sammála um að nauðsynlegt væri að *ná fram. Hér er talað* um að sérstaklega verði tekið mið af þeim breytingum sem verði innan Evrópubandalagsins. Þetta er nákvæmlega sama og ég og fyrrv. utanrrh. sögðum í aprílmánuði og maímánuði í fyrra og nákvæmlega það sama og Jón Baldvin Hannibalsson sagði í maímánuði í fyrra. Það virðist með öðrum orðum vera þannig að þegar vorar þá fái hæstv. forsrh. einhvern skilning á þörfum atvinnuveganna fyrir heilbrigð og eðlileg skattalög en síðan villist hann á fyrri stigu, myrkviði afturhalds framsóknar, þegar skammdegið er sem mest og tekur þá til baka þær góðu ákvarðanir sem þó var hægt að fá hann til þess að fallast á meðan sól var hæst á lofti. En ég get ekki séð, hæstv. fjmrh., að það breyti svo sem miklu hvort þetta sé sett á pappír nú í sambandi við skattlagningu fyrirtækjanna ef hugmyndin er sú að þetta gildi næsta ár. Það eru fáir menn sem vilja sætta sig við þá tilhugsun að hæstv. fjmrh. verði þá enn í sínu sæti. Að vísu eru hinir fleiri sem óttast að svo kunni að fara.

En er hæstv. forsrh. sammála fjmrh. sínum um að breytingin á skattlagningu fyrirtækja eigi ekki að taka til sl. árs? Er það hugmynd hæstv. forsrh.? (**Forsrh.:** Skattar eiga ekki að vera afturvirkir.) Eiga skattar ekki að vera afturvirkir? (**Forsrh.:** Skattabreytingar eiga ekki að vera afturvirkar.) Voru skattabreytingarnar í desembermánuði ekki afturvirkar? Hvenær var rekstrarár fyrirtækjanna sem skattlagt var nú á þessu ári? Var það frá 1. janúar 1988 til 13. desember 1988? Hvenær var rekstrarárið, hæstv. forsrh.? (**Forsrh.:** Það veit hv. þingmaður.) (**Gripið fram í:** Þetta er einhver misskilningur.) Hvenær þyngdi hæstv. forsrh. þá álögurnar á fyrirtækjunum? Var það í desember 1987 eða var það í desember 1988? (**Forsrh.:** Ég var bara að segja það sem hv. þingmaður hefur oft sagt.) Það var í lok ársins sem hæstv. forsrh. þyngdi skattana. Nú segir hæstv. forsrh. að skattarnir eigi ekki að vera afturvirkir. Það góða sem hann vill það gjörir hann ekki en það illa sem hann ekki vill það gjörir hann. (**Gripið fram í:** Það vonda sem hann ekki vill er nú ekki orðið.)

Ég hafði fallist á að við reyndum að hafa þennan fund stuttan. Ég hlýt að láta í ljós undrun mína yfir því að hæstv. viðskrh. skuli ekki láta svo lítið að vera hér við. Það er náttúrlega furðulegt, hæstv. forseti, þegar hér er lagður fram bandormur sem grípur inn á *hin mörgu ráðuneyti og þegar stjórnarandstaðan er* beðin um að hliðra til er það algjörlega óþolandi að þeir ráðherrar sem málið fellur undir skuli vera úti í bæ. Það er svona eitt með öðru í þessu þinghaldi.

Hér er talað um að skattur á erlendar lántökur verði felldur niður frá og með 1. júlí nk. Nú vitum við að þessi skattur var tímabundinn á sínum tíma og settur á vegna þeirrar miklu þenslu sem hér var og því

hafði verið lofað að hann félli niður um áramót. Nú var gert ráð fyrir að hann yrði út allt þetta ár. 6% lántökugjald jafngildir 6% afföllum á lántökum. Til viðbótar við þessi 6% liggur svo fyrir frumvarp þar sem gert er ráð fyrir afturvirkum skatti á þau fjárfestingarlán sem fjárfestingarsjóðir atvinnurekstrarins hafa veitt á undanförnum árum. Afturvirkur skattur, hæstv. forsrh., sem ég hygg að valdi því að óhjákvæmilegt sé t.d. í Stofnlánadeild landbúnaðarins að hækka vexti þar úr 2% í 2,5%, ég tala nú ekki um ef lántökugjaldið bætist við. Hefur hæstv. fjmrh. hugsað hvaða afleiðingar það hefur ef gildistaka þessa verður dregin til 1. júlí? Halda hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. að einhverjir muni taka erlend lán fram að þessum tíma til þess að borga í ríkisfjárhirsluna? Eða halda þessir tveir ráðherrar að það sé svo bjart útlitið hjá skólafólki á þessu vori að ástæða sé til þess að draga niðurfellingu lántökugjaldsins af þeim sökum að skólafólkið hafi of mikið að gera nú í vor? Heldur hæstv. forsrh. það? Auðvitað mun þetta valda því að sjóðirnir munu draga við sig að taka lán og veita þau. Auðvitað munu einstaklingarnir reyna með öllum brögðum að komast hjá því að taka þessi lán fyrr en eftir að lántökuskatturinn hefur verið felldur niður. Auðvitað mun það kosta margvíslegt óhagræði og hafa kostnað í för með sér. Því skil ég ekki hvað vakir fyrir þessum tveim hæstv. ráðherrum og gaman væri að fá ráðherra iðnaðarmála hingað inn til að spyrja hann hvernig hann hugsi þetta. Hver er hugmyndin að þessu?

Hv. 14. þm. Reykv. gerði góðlátlegt grín að ríkisstjórninni út af vörugjaldinu. Nú er flutt frv. um að fella niður vörugjald af vörum sem þessi sama ríkisstjórn þröngvaði í gegnum þingið fyrir nokkrum mánuðum. Það er auðvitað athyglisvert að lesa hvaða vöruflokkar það eru sem eru látnir halda vörugjaldi, það er fróðleg lesning. Af hverju þarf endilega að halda vörugjaldinu á parketgólfum, svo ég taki dæmi? Bárujárn á að halda vörugjaldinu. Af hverju endilega bárujárn en ekki slétt járn? Það er svona eitt og annað. Það vekur upp grunsemdir um að það sé reynt að tína út þá vöruflokka sem gefa ríkisstjórninni mest í aðra hönd, gefa mest af sér. Það verður gaman að fara yfir það með fulltrúum iðnaðarins hvað þarna býr að baki. En af hverju er verið að draga þetta óréttláta vörugjald svona lengi? Það á að koma til móts við verkalýðshreyfinguna og atvinnurekendur með þessu. Af hverju á þá ekki að afnema þetta undir eins? Hvers konar sýndarmennska er þetta? Það vita allir að ríkisstjórninnni gæti snúist hugur í haust. Þá verður kannski komið svigrúm til þess að leggja á aðra nýja skatta í staðinn.

Auðvitað veldur þetta, eins og lántökugjaldið, því að menn munu draga við sig að ráðast í framkvæmdir. Menn munu draga við sig að kaupa eitt og annað meðan þeir bíða eftir því að vörugjaldið verði tekið af. Þetta mun líka valda margvíslegri röskun og truflun. Þetta mun draga úr eftirspurn eftir vinnuafli. Þetta mun með öðru koma í veg fyrir að börnin fái vinnu nú á þessu sumri. Það er ekki nokkur vafi á því. En unglingarnir eru náttúrlega látnir sitja á hakanum. Ekki aðeins í sambandi við lok skólaársins, þegar ríkisstjórnin hefur ekki staðið með neinum sóma að því að reyna að leysa þá deilu, heldur gægist það líka fram hér í sambandi við þetta frumvarp að verið er að slá á frest margvíslegum ákvörðunum sem hljóta að draga framkvæmdir á langinn og hægja á vissum viðskiptum. Ég er sannfærður um það að hæstv. ráðherrar hafa enga hugmynd gert sér um það hvers eðlis þessar truflanir verða. Hafa ekkert hugleitt hvaða afleiðingar dráttur af þessu tagi mun hafa.

Ég vil spyrja hæstv. forsrh. að því hvað átt sé við með þessari setningu, með leyfi hæstv. forseta: „Ríkisstjórnin vinnur nú að mótun almennra reglna um veitingu atvinnuleyfa til að girða fyrir misnotkun, t.d. stofnun gervifyrirtækja, til að komast hjá eðlilegum skyldum gagnvart launafólki og opinberum gjöldum.“

Hæstv. forsrh. talaði um það áðan að menn hefðu leikið sér að því að verða gjaldþrota, að kaupfélögin sem eru að lýsa sig gjaldþrota nú séu að leika sér að því að verða gjaldþrota. Það er náttúrlega undarleg hugmyndafræði og það er undarleg sál sem lætur sér slík ummæli um munn fara að menn séu að leika sér að því norður í Norður-Þingeyjarsýslu að biðja um greiðslustöðvun og að erfiðleikar kaupfélagsins þar séu gamanmál. Það er auðvitað ekki nóg að setja fram yfirlýsingu af þessu tagi. Ég hygg að það sé ekki síður nauðsynlegt að styrkja og efla fógetaembættin þannig að þau geti athugað betur en nú þau tildrög og þær ástæður sem valda gjaldþrotum og hvort um undanslátt af eignum og fjármunum sé að ræða. Ég vil t.d. varpa fram þeirri spurningu til hæstv. forsrh. hvort hann sé sammála mér um það að ef systurfyrirtæki tekur við rekstri þess fyrirtækis sem gjaldþrota verður þá sé nauðsynlegt að beita strangara aðhaldi en nú til þess að systurfyrirtækið geti ekki hagnýtt sér þær upplýsingar sem það hefur fengið til þess að gæta hagsmuna sinna. Það eru margvísleg slík dæmi til. Við getum nefnt slík dæmi úr einkageiranum. Við getum t.d. líka minnt á það þegar eitt kaupfélag lendir í erfiðleikum eða verður gjaldþrota að þá er gjarnan hlaupið til og kaupfélagið í næstu sveit er beðið um að taka við rekstrinum. Auðvitað hljóta að vakna spurningar um það hvort slík samvinna á milli kaupfélaganna valdi því á stundum að kaupfélögin geti hagrætt sínum kröfum og takist í gegnum slíka samninga að ná til sín fjármunum þannig að aðrir lánardrottnar og aðrir viðskiptamenn viðkomandi kaupfélags bera skaða af. Auðvitað hlýtur maður að velta svona fyrir sér. Því vil ég spyrja hæstv. forsrh. hvort hann hafi ekki jafnframt í huga að efla eftirlit með því að systurfyrirtæki geti ekki með þessum hætti varið sína hagsmuni vegna kunnugleikans á meðan aðrir viðskiptavinir verða fyrir tilfinnanlegu tapi.

Ég er auðvitað alveg sammála hæstv. forsrh. um að það eigi að girða fyrir stofnun gervifyrirtækja til að komast hjá eðlilegum skyldum gagnvart launafólki og öðrum opinberum gjöldum. En ég var svo mikið

barn að ég hélt að það væri algerlega óheimilt samkvæmt gildandi lögum. Ég hélt að það væri skylda m.a. skattalögreglu, skattstofu og lögregluyfirvalda yfir höfuð að reyna að sjá til þess að rekstur í landinu væri heilbrigður, að hæstv. fjmrh. ætti að sjá til þess að fyrirtæki stæðu skil á opinberum gjöldum og ég hélt að verkalýðshreyfingin reyndi að fylgjast með því að staðið væri í bærilegum skilum við launafólk. Ég átta mig því ekki algerlega á því hvað þarna er verið að tala um. Mér finnst ríkisstjórnin vera að setja á pappír eitthvað sem er í eðli sínu fallegt en þó meiningarlaust og í framkvæmdinni þýði ekki nokkurn skapaðan hlut, eins og margt af því sem hér hefur fram komið.

Ég vil líka láta í ljósi undrun mína á því að félmrn. verður falið að koma á samræmdu starfsmenntunarkerfi og falin uppbygging starfsmenntunar. Nú falla iðnskólarnir og verkmenntaskólarnir undir menntmrn. Þetta er kostnaðarsamara en þyrfti, þetta er tvíverknaður. Auðvitað er eðlilegt að starfsmenntuninni sé haldið uppi af því ráðuneyti sem hefur starfsmenntunina í sínum höndum og það er menntmrn. Þessi nýja sluffa fyrir hæstv. félmrh. Jóhönnu Sigurðardóttur kann að fara henni vel en hún verður dýr fyrir skattborgarana og kallar auðvitað á aukin útgjöld, veldur margvíslegu óhagræði og er ekki annað en pjatt.

Loks vil ég spyrja hæstv. forsrh. hvað átt sé við með þessum orðum: „Jafnframt verði kannað með hvaða hætti megi tryggja verkafólki við landbúnaðarstörf rétt til atvinnuleysisbóta.“ Verkafólk sem er í stéttarfélögum, sem er skylda, á sjálfkrafa rétt á atvinnuleysisbótum, það er deginum ljósara. En það er erfitt að hugsa sér að þeir fái atvinnuleysisbætur sem ekki hafa launuð störf með höndum því að þá missa þeir í raun ekki atvinnuna. Það er nauðsynlegt að fá gerða mjög skilmerkilega grein fyrir þessu.

Ég tek svo undir það með hv. 14. þm. Reykv. að nær hefði verið að reyna að treysta undirstöður atvinnulífsins fremur en beita sér fyrir því að lengja bótatímbil atvinnuleysistrygginga. Norður á Ólafsfirði gerðist það að 180 dagarnir liðu án þess að ríkisstjórnin hrærði hönd eða fót til þess að reyna að koma einhverjum grundvelli undir atvinnulífið þar þrátt fyrir að hæstv. ríkisstjórn hefði gefið margvísleg fyrirheit um það að allir þessir nýju sjóðir mundu koma því byggðarlagi til hjálpar. Síðast þegar ég vissi var í rauninni ekkert farið að vinna í þessum sjóðum að málefnum Hraðfrystihúss Ólafsfjarðar. Hæstv. forsrh. hefur stundum talað um það í ræðum sem gott fordæmi að verið væri að reyna að koma undir einn hatt þessum rekstri, tveimur frystihúsum og einum togara. Auðvitað er það gott ef slík sameining getur orðið en fólkið þarna ætlaðist til þess og bjóst við að Hlutabréfasjóðurinn mundi bregðast skjótt við. Það lágu allar upplýsingar fyrir. Það þurfti ekki að bíða eftir nokkrum sköpuðum hlut. Samt er nú þetta látið danka og dragast og veldur því margvíslegu óöryggi og óánægju. Það er ekki nóg að koma upp í ræðustól og tala svona fagurlega um þennan Hlutabréfasjóð og Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina, skammstafað FSV, fjölskyldusjóður Stefáns Valgeirssonar. Ég get talið þessa sjóði og svo kemur ekki rekstrargrundvöllurinn.

Ég greip fram í fyrir hæstv. forsrh. áðan og spurði hann um hvað þessi setning þýddi: „Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að samkeppnisstaða útflutningsgreina verði viðunandi á samningstímabilinu.“ Hv. 14. þm. Reykv. gerði hér glögga grein fyrir stöðu útflutningsatvinnuveganna og ég hef engu við það að bæta. Mig langar hins vegar til að spyrja hæstv. forsrh. aftur um það hvað hann hugsi sér í þessu sambandi. „Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að samstaða útflutningsgreina verði viðunandi á samningstímabilinu.“ Hvenær á samningstímabilinu? Hugsar hæstv. forsrh. sér það að frá deginum í dag að telja þar til samningstímabilinu ljúki, ef reksturinn á útflutningsgreinunum verður gerður upp sérstaklega á þessu tímabili, eigi útflutningsgrreinarnar að skila hagnaði? Það er auðvitað ekki viðunandi rekstur nema útflutningsgreinarnar skili hagnaði. Hugsar hann sér að ef staða útflutningsgreinanna yrði tekin út í dag og svo þegar samningstímabilinu lýkur þá komi í ljós að staðan hafi verið viðunandi? Eða hugsar hæstv. forsrh. dæmið svo að staðan eigi að vera viðunandi t.d. í einn klukkutíma á samningstímabilinu? Hvernig hugsar hæstv. forsrh. sér þetta? Ég veit að hann meinar það að samningsstaðan eigi einhvern tíma á samningstímabilinu að vera viðunandi, en hann fæst ekki til að segja hvenær hún eigi að verða það og hann fæst ekki til að tala í alvöru um það hvernig hún eigi að verða það.

Hæstv. sjútvrh. er hér í næsta herbergi. Þetta eru tveir vinsælustu stjórnmálamenn þjóðarinnar. Það man enginn svo langt aftur að annar hvor þeirra hafi ekki verið sjútvrh. og svona er nú komið fyrir sjávarútveginum. Einhvern tíma á samningstímabilinu á sjávarútvegurinn að hafa viðunandi stöðu. Og svo ef maður spyr er eiginlega ekki talað í alvöru um málið eins og það liggur fyrir heldur farið að velta vöngum og hampa því að einhvers staðar úti í heimi, einhvern tíma seinna kannski muni fiskverð fara hækkandi.

Ég sé að hæstv. viðskrh. og iðnrh. er kominn í salinn og vil þakka honum fyrir það um leið og mig langar til að spyrja hæstv. iðnrh. hvort hann sé sammála því að 2. gr. frv. um niðurfellingu lántökugjaldsins skuli ekki taka gildi fyrr en 1. júlí 1989 og geti sætt sig við það sem viðskrh. og iðnrh. Mig langar líka til að spyrja hann að því hvort hann geti sætt sig við það sem iðnrh. að 4. gr., sem fjallar um niðurfellingu á nokkrum tollskrárnúmerum í sambandi við vörugjaldið, taki ekki gildi fyrr en 1. sept. Finnst hæstv. viðskrh. og iðnrh. þetta fullnægjandi? Það væri fróðlegt að hæstv. iðnrh. gerði grein fyrir því á eftir. Svo ætlaði ég bara að óska hæstv. iðnrh. til hamingju með það að honum skyldi hafa tekist í sambandi við skattlagningu fyrirtækja að fá hæstv. forsrh. til að skrifa þessa setningu: „Sérstaklega verður tekið mið af þeim breytingum sem verða innan Evrópubandalagsins.“ Það er nú mikill sigur fyrir hæstv. iðnrh. að fá þetta inn þarna.

Hitt hlýtur að vera mikill ósigur fyrir hæstv. iðnrh. að það var upplýst hér í deildinni, með því að hæstv.

fjmrh. hristi höfuðið, að þær lagfæringar á skattlagningu fyrirtækja sem hér er gefið fyrirheit um eigi ekki að taka gildi fyrr en á næsta ári. Getur hæstv. viðskrh. og iðnrh. líka fellt sig við það? Hann stóð að því með okkur sjálfstæðismönnum fyrir einu ári að koma fram ýmsum skattalagabreytingum. Hæstv. iðnrh. hefur látið þau orð falla að til þess að hægt sé að hagræða í atvinnurekstrinum sé nauðsynlegt að fyrirtækin viti eftir hvaða reglum þau eigi að starfa t.d. í sambandi við skattamál. Það sé nauðsynlegt að fyrirtækin geti tekið mið af gildandi skattalögum á hverjum tíma því þau hljóta að koma inn í rekstraráætlun fyrirtækisins ef horft er til einhverrar framtíðar.

Nú sagði hæstv. forsrh. rétt áðan, hæstv. iðnrh., að skattalög ættu ekki að vera afturvirk. Finnst hæstv. iðnrh. að þyngingin á skattlagningu fyrirtækjanna sem samþykkt var í desember hafi verið afturvirk? Hvað segir hann um það? Var sú þyngning afturvirk? Ef hann er þeirrar skoðunar og getur sannfært forsrh. um að sú skattlagning hafi verið afturvirk liggur yfirlýsing hans fyrir um að hann vilji beita sér fyrir lagfæringu því hann getur ekki hugsað sér að skattlagning sé afturvirk. Það kom fram hjá honum áðan, meira að segja í frammíkalli. En iðnrh. vill ekki segja neitt. Það er kannski allt í lagi að hafa óréttláta skatta svona eitt og eitt ár á milli. Það getur vel verið að það sé rétt hjá ríkisstjórninni að á árinu 1990 verði að taka mið af þeim breytingum sem verði innan Evrópubandalagsins en ekki á árinu 1989. Kannski á bara að gera það á jöfnu tölunum, 1990, 1992, 1994, en ekki 1987 og 1989. Það væri fróðlegt að fá einn fyrirlesturinn um það hvernig mér missést í þessu. Ég hélt að við vildum öll reyna að koma til móts við atvinnurekstrinn og greiða fyrir því að hann gæti staðið undir sér. Ég held að það væri nær að við beittum jákvæðum aðferðum til þess frekar en þeim neikvæðu aðgerðum sem beitt hefur verið. (**Viðskrh.:** Það er merkilegt að ræðumaður skyldi vera viss um að honum hafi misheyrst.) Ég sagði það ekki. Hins vegar kemur það fyrir, hæstv. iðnrh. að ég geri mér grein fyrir að mér hafi misheyrst. Það kemur fyrir. En sumir sjá mismunandi sýnir þó að þeir horfi á sama hlutinn á mismunandi dögum og dettur aldrei í hug að þeim hafi missést.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Það hefur verið mjög fróðlegt að hlusta á þær umræður sem hér hafa farið fram og ýmsar góðar ábendingar og athugasemdir hafa komið fram í umræðunni. Hv. þm. Halldór Blöndal beindi til mín fáeinum spurningum sem snerta í raun og veru allar sama kjarna. Það má í raun einfalda þær á þann veg að spyrja hvort ætlunin sé að þeirri vinnu, sem lýst er yfir í sérstöku bréfi frá forsrh. varðandi breytingar í skattamálum, verði lokið í tæka tíð til að hægt sé að láta þær breytingar koma til framkvæmda á næstu mánuðum og þar með að taka tillit til skattlagningar fyrirtækjanna á þessu ári.

Ég held að það liggi nokkuð ljóst fyrir að öll þessi atriði sem þarna er vikið að munu taka þó nokkurn tíma, m.a. sú vinna sem hv. þm. benti á undir lokin hvað snertir samanburð á skattlagningu atvinnulífs á Íslandi og í löndum Evrópubandalagsins. Því er það nokkuð ljóst að þær breytingar sem munu koma til framkvæmda á þessu ári eru þær sem kveðið er á um í því frv. til laga sem hér er til umræðu og ekki hefur verið gert ráð fyrir að aðrar breytingar kæmu til framkvæmda.

Ég fagna því hins vegar að í þessum viðræðum við samtök launafólks og samtök atvinnulífsins tókst ágæt samvinna um það hvernig þessari vinnu yrði háttað og stjórnvöld og fulltrúar þessara greina munu fara í sameiningu á næstu mánuðum yfir þessi atriði.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Ég fagna frv. en aðallega því að það skuli vera dregið úr skattheimtu. Þetta er í fyrsta sinn síðan ég kom inn á þing sem slíkt frv. hefur verið lagt fram. Öll hin frv. hafa verið til þess að íþyngja og ber því sérstaklega að fagna því að lagt er fram frv. í fyrsta skipti þar sem felldur er niður eða dregið er úr einhverjum álögðum sköttum. Hins vegar er það ömurleg staðreynd að ríkisvaldið þurfi að draga til baka skatta sem það hefur nýlega sett í þeim tilgangi að greiða fyrir þeim hóflegu samningum sem gerðir voru á vinnumarkaðinum.

Með frv. er ríkisstjórnin að viðurkenna að skattheimtan sem lögleidd var um síðustu áramót og á árinu þar áður hafi verið mistök, einnig að atvinnulífið í landinu er nú á brauðfótum. Þetta er sú staða sem við blasir. Þeir kjarasamningar sem frv. er sprottið af eru hins vegar, eins og ég sagði áðan, mjög hóflegir og leggja þær skyldur á herðar ríkisvaldinu að hafa hér jafnvægisástand næstu mánuði, a.m.k. þangað til þeir kjarasamningar eru útrunnir. Það er sú krafa sem verkalýðshreyfingin gerði, og þetta frv. sem hér liggur fyrir er liður í því að sá kaupmáttur sem um var samið haldist.

Eins og ég sagði fagna ég því að frv. skuli lagt fram og það hafi mátt vera til þess að kjarasamningar náðust, en það er einnig ljóst að staðan í þjóðfélaginu er mjög þröng og má kenna að vissu leyti efnahagsstjórn þessarar ríkisstjórnar. Nú er fjmrh. farinn, en ég ætla að beina til hans einni spurningu, hvernig staða ríkissjóðs mundi vera eftir þessar skattalækkanir sem fram koma hér, hvernig tekjurnar eru og þá gjöldin líka.

Þær breytingar sem frv. felur í sér um skattalækkanir eru efnislega samhljóða þeim breytingum sem við borgaraflokksmenn lögðum til þegar við áttum janúarviðræður við ríkisstjórnina þó að þar sé ekki gengið eins langt og við vildum og ég harma það að ekki skuli vera tekið beint á söluskatti á matvæli, en það hefur eflaust ekki samist um það og ríkisstjórnin ekki treyst sér til þess vegna stöðu ríkissjóðs.

Það er hins vegar eitt atriði í þessum lögum sem er til hækkunar. Það er um jöfnunargjald. Það er hækkað úr 3% í 5% og harma ég það ekkert sérstaklega að staða innlendra fyrirtækja sé jöfnuð gagnvart erlendum.

Ég ætla ekki að ræða þetta frv. efnislega og fara yfir einstakar greinar þess eins og fyrri ræðumenn hafa gert. Ég vil einungis lýsa því yfir að ég fagna því að skattheimta hafi verið minnkuð og því að ríkið skyldi hafa komið inn í kjarasamninga með þessum hætti.

Mönnum hefur orðið tíðrætt um eitt atriði sem ég vildi gera að umtalsefni og sem hefur verið mikið vandamál í þessu þjóðfélagi. Það eru þau tíðu gjaldþrot sem verið hafa og hvernig fólk hefur komist upp með það, eigendur þessara fyrirtækja, að stofna fyrirtæki á fyrirtæki ofan þar sem nýja fyrirtækið yfirtekur þá rekstur fyrra fyrirtækisins, og hafa þannig í mörgum tilvikum komist hjá að borga opinber gjöld, fyrirtækin stundum einungis stofnuð til þess að lifa í nokkra mánuði, og fara síðan í gjaldþrot og sleppa við að greiða söluskatt, toll og launaskatt og fleiri opinber gjöld. Ég held að það hafi verið mikil mistök hjá þessari ríkisstjórn að fara ekki betur ofan í þessa þætti á þessu þingi og taka á þeim málum út af því að þarna er miklu stærra vandamál en flestir ætla. Maður hefur séð þetta í gegnum tíðina og sérstaklega núna þegar þessi mikla gjaldþrotahrina hefur verið að sömu eigendur fyrirtækja eru að kaupa sín eigin fyrirtæki og stofna ný hlutafélög. Ég verð að segja það að ég er svolítið svekktur yfir því að það skyldi bara vera hér einhver yfirlýsing um það að þetta eigi að gerast, en ekki tekið á þessu á raunhæfan hátt.

Það segir hér í bréfi til Alþýðusambandsins, með leyfi forseta: „Ríkisstjórnin vinnur nú að mótun almennra reglna um veitingu atvinnuleyfa til að girða fyrir misnotkun, t.d. stofnun gervifyrirtækja til að komast hjá eðlilegum skyldum gagnvart launafólki og opinberum gjöldum.“ Ég tel þessa yfirlýsingu sem þarna kemur fram mikilsverða og hún sýnir það að ríkisstjórnin hefur verulegar áhyggjur af þessum málum þar sem í sjálfu sér þyrfti ekki að gera neina sérstaka lagabreytingu sem slíka. Það ætti bara að fylgjast miklu betur með þessu og ekki leyfa fyrirtækjum að safna upp skuldum í fleiri mánuði og jafnvel eitt ár. Menn þekkja mörg dæmi þess að fyrirtæki hafi ekki borgað söluskatt í ár eða lengur, hvað þá launaskatt eða önnur opinber gjöld. Og núna bætist það við að menn skila ekki staðgreiðslufé, en eitthvað virðist hæstv. fjmrh. vera að herða tökin á því.

Það sem mér sýnist vera öðru fremur til góðs í þessu frv., fyrir utan það að þarna er um almennar aðgerðir að ræða, er það að þarna er einhver viðleitni til að efla íslenskan iðnað og þá sérstaklega ákveðnar greinar eins og húsgagnaiðnað og annan iðnað sem mjög illa hefur verið komið fyrir á síðustu árum. Og ég vona svo sannarlega að ekki verði staðar numið hér heldur haldið áfram á þeirri braut.

Fleira var það ekki sem ég vildi segja um þetta mál, en þetta verður eflaust tekið fyrir til gagngerðrar endurskoðunar í fjh.- og viðskn. og þar á ég sæti eins og stendur og mun líta á þetta mjög jákvæðum augum.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég ætla að svara örfáum orðum því sem hv. 2. þm. Norðurl. e. beindi til mín í formi tveggja eða þriggja beinna spurninga. Hann spurði í fyrsta lagi hvort ég gæti fellt mig við það að lántökuskatturinn félli ekki niður fyrr en um mitt ár. Svarið er já, ég get fellt mig við það. Þetta var niðurstaða af samkomulagsgerð um þetta mál, m.a. við samtök atvinnurekenda, og ég held að þetta sé vel ráðið. Ég tek það fram að lántökuskattur af sérstakri lántöku vegna skipaiðnaðarins var áður niðurfelldur samkvæmt sérstökum ákvæðum í lögunum. Ég held að þetta sé einmitt rétt ráðstöfun því nú er ástæðan fyrir þessari skattlagningu horfin en hún var hin mikla þensla sem hér ríkti þegar skatturinn var upphaflega settur á.

Í öðru lagi spurði hv. þm. hvort ég væri sáttur við niðurstöðuna sem fram kemur í 4. gr. frv. um það að hinn 1. sept. falli niður vörugjald af framleiðsluvörum og aðföngum trjávöru-, húsgagnaiðnaðar og málmiðnaðar. Svarið þar er líka já. Þetta er niðurstaða sem ég tel vel viðunandi og ég vil einnig taka það fram að ég kem nú beint af aðalfundi Félags málmiðnaðarfyrirtækja sem er samtök verkstæðanna í landinu þar sem menn lýstu mikilli ánægju með þessa niðurstöðu, þótt auðvitað hefðu þeir viljað að þetta yrði fyrr. En það verður ekki á allt kosið í slíku máli. Og vegna þess sem hér var áður sagt um það að stundum missjáist mönnum, þá er það rétt að það voru mistök að leggja vörugjaldið á verkstæðisiðnaðinn á þann hátt gert var. Þau mistök hafa nú verið leiðrétt. Af því er stjórnin meiri en ekki minni.

Ég tek það líka fram í sambandi við það sem kom fram áður um breytingar á öðrum sköttum að auðvitað var það sú mikla nauðsyn sem á því var að draga úr hallarekstri ríkissjóðs sem lá að baki því að skattar voru hækkaðir eins og raun bar vitni hér með síðustu fjárlögum og skattalögum sem þeim tengdust. Það var rétt ráðstöfun á sínum tíma en vegna þess að þetta var gert í tímaþröng við knýjandi aðstæður var þörf á leiðréttingu á nokkrum af þeim sköttum. Því hefur nú verið komið fram. Ég vek sérstaka athygli á því að í því bréfi sem forsrh. hefur skrifað samstarfsaðilum, þá segir hann að ríkisstjórnin muni taka skattlagningu fyrirtækja til endurskoðunar með tilliti til samkeppnisstöðu þeirra gagnvart erlendum keppinautum eins og hv. þm. vitnaði til. Sérstaklega verður tekið mið af þeim breytingum sem eru að verða innan Evrópubandalagsins. En þetta atriði ásamt öðrum er einmitt verkefni sérstakrar nefndar hvað varðar iðnaðinn sem nú starfar með þátttöku fulltrúa ríkisstjórnarinnar og samtaka atvinnugreinarinnar og fólks sem vinnur við iðnað. Ég vænti þess að þær tillögur muni koma að liði við þessa endurskoðun.

Ég vildi líka nefna, vegna þess sem hér var sagt um afturvirkni, að það var alls ekki afturvirkni í þeim sköttum sem á voru lagðir um áramót umfram það sem áður hefur verið viðurkennt að standist með réttri löggjöf. Ég sé þess vegna ekki tilefni til þeirrar athugasemdar hv. þm. En að öðru leyti vildi ég segja

það almennum orðum við lok þessarar stuttu ræðu minnar að fulltrúar atvinnuveganna, ekki síður en samtaka launafólks, leggja mikla áherslu á það að mótuð verði langtímastefna um atvinnuuppbyggingu í landinu og þess vegna er sú yfirlýsing gefin sem fram kemur í bréfi forsrh. til Alþýðusambandsins í 1. lið að ríkisstjórnin hyggist einmitt vinna að því verkefni.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég byrja með því að þakka þær ágætu ræður sem hér hafa verið fluttar og ekki síst þakka hv. sjálfstæðismönnum fyrir yfirgripsmiklar ræður og fluttar augljóslega af mikilli þekkingu á þessum málum.

Ég vil fyrst koma að því sem hv. sjálfstæðismenn spurðu um hvað eftir annað og reyndar einnig hv. þm. Danfríður Skarphéðinsdóttir, um gengið og hvað, eins og hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson sagði, það verður látið síga mikið eða lítið. Mér er nú spurn, ætlast hv. þm. til þess að ég lýsi hér yfir gengisfellingu úr þessum ræðustól? Ég tók ítarlega fram að staða sjávarútvegsins yrði metin frá degi til dags, getum við sagt. Ég nefndi þá ýmsu þætti sem falla inn í það mat eins og bæði ytri aðstæður og innri aðstæður og gengi hinna ýmsu gjaldmiðla o.s.frv. Þetta er gert. Ríkisstjórnin hefur lagt drög að því að þetta verði gert jafnvel enn ítarlegar en áður hefur verið og ég sagði jafnframt áðan að í þeirri verðbólgu sem við erum í nú, þá mun þessi ríkisstjórn ekki falla í þá gryfju sem önnur ríkisstjórn, a.m.k. ein hefur fallið í, að festa gengið. Það er bókstaflega ekki hægt. Ég get því ekkert sagt meira um það hvort gengið verður látið síga mikið eða lítið. Hins vegar vil ég taka það skýrt fram að það er engin sú kollsteypa fram undan að ástæða sé fyrir nokkurn að flýta sér að kaupa bílinn eins og stundum hefur verið. Menn geta treyst því fullkomlega. Það er ekkert slíkt fram undan.

Hv. þm. hafa nokkuð rætt um það ákvæði hér í sem gerir ráð fyrir að lengja bótaskyldu Atvinnuleysistryggingasjóðs og hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson lýsti yfir eindregnum stuðningi við það, en sagði hins vegar að þessi breyting núna boði að hér sé viðvarandi atvinnuleysi. Mér þótti þetta dálítið einkennilegt. Hvenær hefði þá mátt breyta þessu eða gera þessa breytingu eins og hv. þm. er hlynntur? Staðreyndin er sú að á einstöku stöðum um landið hefur orðið lengra atvinnuleysi en bótaskylt er og vegna erfiðleika í nokkrum sjávarútvegsfyrirtækjum sem hafa byrjað fyrir alllöngu og eins og kemur fram í þessari grein er heimilt að ákveða þetta staðbundið. Hér er sem sagt verið að setja undir þennan leka eða þessa erfiðleika og mér er tjáð að eins og nú er ástatt þá væri þetta afar lítill útgjaldaauki fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð.

Hv. þm. hafa rætt um vörugjaldið og reyndar hefur hæstv. viðskrh. svarað því. Það var mat ríkisstjórnarinnar og samkomulag um það við aðila vinnumarkaðarins að það yrði fellt niður á þessum degi, 1. sept., og þótt eflaust sé það rétt hjá hv. þingmönnum að gott hefði verið að fella það niður fyrr vona ég nú að menn geti sæst á þetta. Það er rétt sem hér hefur komið fram að það hefur reynst meira íþyngjandi en menn gerðu ráð fyrir og þess vegna hefur ríkisstjórnin valið að breyta því eins og hér er lagt til.

Hv. þm. Halldór Blöndal ræddi um ýmsa þætti þar sem tekið er fram um samstarf við launþega á ýmsum sviðum og ég svaraði því úr stól mínum að góð vísa yrði ekki of oft kveðin. Það er staðreyndin að ýmislegt sem þar hefur verið lofað er hafið. T.d. hefur verðlagsstjóra verið falið fyrir alllöngu að undirbúa þetta samstarf við verkalýðshreyfinguna og eftir því sem ég best veit er ekki langt í það að það geti hafist.

Hv. þm. Halldór Blöndal fullyrti að ég hefði sagt að fyrirtæki leiki sér að því að verða gjaldþrota. Ég bið afsökunar á því ef ég hef sagt þetta. Það eru þá herfilegustu mistök því að að sjálfsögðu leikur sér enginn að því. Ég hygg að ég hafi sagt að við gjaldþrot leiki ýmsir sér að því að stofna ný fyrirtæki, hafa þau jafnvel tilbúin að því er manni er sagt, og tek ég undir hvert orð sem hv. þm. Guðmundur Ágústsson sagði um þetta atriði. Þetta hefur verið til ítarlegrar athugunar, bæði í fjmrn. og dómsmrn. og það er ýmislegt unnt að gera án þess að breyta lögum. Fyrirtæki sem í sumum tilfellum hafa tekið yfir atvinnurekstur gjaldþrota fyrirtækis á nokkrum mínútum þurfa í raun ýmis leyfi sem hið opinbera veitir og vitanlega er hægt að hafa þar betra aðhald en verið hefur. Hins vegar er þetta ekki einfalt mál því að nýtt fyrirtæki eða hlutafélag er sjálfstæð persóna að lögum og vitanlega þarf að gæta þess að stofnun fyrirtækja geti gengið, ef ég má orða það svo, eðlilega fyrir sig jafnframt.

Verkafólk við landbúnaðarstörf, spurt var við hvað þar væri átt. Þetta er ábending frá Alþýðusambandi Íslands sem vekur athygli á því að víða getur orðið um litla atvinnu að ræða hjá þessu fólki. Það hefur starfað við landbúnað þar sem ekki mun vera greitt í Atvinnuleysistryggingasjóð og því sjóðurinn ekki skyldur til að greiða þar atvinnuleysisbætur. Þess vegna féllst ríkisstjórnin á að kanna það mál, en það skal viðurkennt að á þessari stundu er það ekki kannað og við vitum ekki hve víðtækt það vandamál er, og vitanlega verða þar ekki lagðar neinar skyldur á Atvinnuleysistryggingasjóð nema með fullu samkomulagi og lagaheimildum. Og ýmislegt af því sem hér er nefnt er þess eðlis að lofað er að kanna það og það verður gert í samráði við aðila vinnumarkaðarins.

Hv. þm. Guðmundur Ágústsson hugðist beina þeirri spurningu til fjmrh. hvernig staða ríkissjóðs væri og ég get reyndar upplýst það því það hefur nýlega komið fram að staða ríkissjóðs á þremur fyrstu mánuðum ársins er töluvert betri en gert var ráð fyrir, munar þar um 800 millj. kr. sem er fyrst og fremst vegna þess að mikill kraftur hefur verið settur í að innheimta t.d. söluskatt, hann skilar sér betur en áður, þannig að þau útgjöld sem hér er gert ráð fyrir rúmast í raun innan þessa bata. Nú skal ég ekki segja hvernig framhaldið verður á árinu, ég þori ekki að spá í það, en þetta er út af fyrir sig góðs viti.

Ég veit það að um þetta mál mætti ræða langtum, langtum lengur og ýmsar óhjákvæmilegar spurningar komu fram hjá hv. þm. Halldóri Blöndal eins og hann gjarnan segir og ekki er ég að efa það. Ég veit að í hv. nefnd er gert ráð fyrir að tala við mikinn fjölda aðila að þessu máli og þá mun málið, vona ég, upplýsast mjög vel.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Að gefnu tilefni í báðum ræðum hæstv. forsrh., bæði í hinni fyrri og hinni síðari, er óhjákvæmilegt að fara að rifja upp þá efnahagsstefnu sem síðasta ríkisstjórn fylgdi og velta fyrir sér þeim ummælum sem hæstv. forsrh. viðhafði. Ég hafði hugsað mér að láta kyrrt liggja þó að hann hefði gert það í fyrri ræðunni en úr því að hann kaus að endurtaka ummæli sín er óhjákvæmilegt að taka efnahagsmálin almennt til umræðu á breiðum grundvelli. Það var samkomulag um það að fundur stæði til fjögur í dag og ég vil óska eftir því að við það verði staðið og fundi ljúki í dag og ég megi halda ræðu minni áfram eftir helgi.

Umræðu frestað.

EFRI DEILD

96. fundur, laugardaginn 6. maí, að loknum 95. fundi.

Almannatryggingar, 3. umr.

Frv. KP o.fl., 443. mál (heilsutjón vegna læknisaðgerðar). — Þskj. 1078.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Almannatryggingar, 3. umr.

Frv. MB, 300. mál (endurhæfingarlífeyrir). — Þskj. 992.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1085).

NEÐRI DEILD

96. fundur, laugardaginn 6. maí, kl. 1 miðdegis.

Veiting ríkisborgararéttar, frh. einnar umr.

Stjfrv., 370. mál (síðara frv.). — Þskj. 1025.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1075).

Erfðalög, frh. einnar umr.

Stjfrv., 208. mál (önnur erfð, óskipt bú o.fl.). — Þskj. 991 (sbr. 993).

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1076).

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 344. mál (húsbréfaviðskipti). — Þskj. 626, n. 1015, 1031, 1035 og 1037, brtt. 1032, 1057.

Frsm. 1. minni hl. félmn. (Geir H. Haarde) (frh.):

Herra forseti. Þegar umræðum var hér frestað í gær hafði ég í nokkrum orðum gert grein fyrir því með hvaða hætti búið er að skemma þetta mál, með hvaða hætti búið er að gera á því breytingar frá því um það var fjallað í milliþinganefnd, þannig að eins og þetta mál er nú úr garði gert með þeim yfirlýsingum og því samkomulagi sem fram er komið muni það alls ekki geta virkað með þeim hætti sem til stóð.

Ég ætla að leyfa mér, herra forseti, að rifja örlítið upp hvað það var sem þessu olli að mínum dómi og hvaða athugasemdir það eru sem þarna skipta höfuðmáli. Bæði vil ég gera það til þess að framhaldið á þeirri ræðubyrjun sem hér var flutt í gær komi í eðlilegu samhengi og eins vegna þeirra þingmanna sem ekki áttu þess kost að hlýða á byrjun ræðu minnar í gær en hafa mikinn áhuga á þessu máli og eru nú viðstaddir.

Ég vakti sérstaka athygli á því að 1. gr. frv. hefur verið breytt frá því sem var í umfjöllun milliþinga-

nefndarinnar þannig að í stað þess að aflétta með ákveðnum hætti kaupskyldu af lífeyrissjóðunum gagnvart Húsnæðisstofnun ríkisins er nú komið hér ákvæði þar sem þeim er heimilt að fullnægja samningsbundnum skuldabréfakaupum af Húsnæðisstofnun ríkisins að hluta með húsbréfum, sbr. ákvæði laganna um húsbréfakaup. Hér hljóta óumdeilanlega að vakna ýmsar spurningar vegna þess að í upphaflegu drögunum var gert ráð fyrir því að sú kaupskylda sem í dag er 55% hjá lífeyrissjóðunum lækkaði í 45% eða 47% og lífeyrissjóðirnir yrðu að öðru leyti frjálsir um hvað þeir keyptu mikið af húsbréfum ef þeir á annað borð hefðu áhuga á þeim viðskiptum. En hitt er svo aftur ljóst að markaður með húsbréf hlýtur að byggjast að verulegu leyti á því að lífeyrissjóðirnir í landinu, sem eru uppspretta gríðarlegs sparnaðar, verði virkir aðilar og stórir kaupendur á þessum markaði. Ég held að öllum sé ljóst að markaður með húsbréf mun ekki getað starfað með eðlilegum hætti nema lífeyrissjóðirnir í landinu verði þar stórir og öflugir þátttakendur með kaupum á þessum bréfum.

Frumvarpsákvæðið í 1. gr., sem ég hef gert að umtalsefni, raskar hins vegar þessari mynd og ég leyfði mér í gær að spyrja félmrh., og vænti þess að því verði svarað hér í umræðunni, hvernig eigi að framkvæma þetta ákvæði sem gerir ráð fyrir að lífeyrissjóðunum sé heimilt að kaupa ákveðinn hluta af þessum húsbréfum til að fullnægja samningsbundnum skuldabréfakaupum sínum af Húsnæðisstofnun ríkisins. Það liggur ekki ljóst fyrir hvernig þetta á að gerast þó svo að það hafi flogið fyrir að þarna sé um 10% af kaupskyldunni að ræða sem um hafi verið samið í baktjaldamakki milli stjórnarflokkanna áður en frv. var lagt fram á Alþingi.

Ég spurði m.a. þeirrar spurningar hvort það yrði sérstakur kvóti hjá Húsnæðisstofnun ríkisins sem næmi jafnvirði 10% kaupskyldunnar sem Húsnæðisstofnun mætti gefa út af húsbréfum í skuldabréfaskiptum við húsbyggjendur eða íbúðakaupendur. Verður það þannig að Húsnæðisstofnun hafi kvóta sem þessu nemur sem verði þá látinn í té þeim sem fyrstir koma þangað þar til þessari upphæð er náð? Ef það er þannig liggur jafnframt ljóst fyrir að húsbréfin munu ekki verða það sparnaðarform sem talað er um vegna þess að þá verða þau ekki á boðstólnum í þeim mæli að um það gæti verið að ræða. En það er önnur hugsanavilla í þessu og hún er sú að lífeyrissjóðirnir eru ekki aðilar að öllum fasteignaviðskiptum í landinu þar sem þessi húsbréf eiga að koma inn í. Ef maður kemur í Húsnæðisstofnun með veðskuldabréf sem hann hefur fengið þegar hann seldi sína íbúð koma lífeyrissjóðirnir ekkert inn í það dæmi. Ekki nema þá að þessi maður vilji síðan selja þetta húsbréf einhverjum lífeyrissjóði. Þess vegna er spurt: Er það á því stigi sem sú heimild kemur til framkvæmda sem gert er ráð fyrir í 1. gr.? Er það þegar maður sem hefur selt íbúðina sína og er kominn með húsbréf í hendur frá Húsnæðisstofnun og vill losna við það hjá lífeyrissjóðnum sínum sem þetta ákvæði á að koma til framkvæmda? Ef þessi maður vill hins vegar eiga sitt húsbréf varðar lífeyrissjóðina ekkert um það. Þess vegna er þetta ákvæði hið furðulegasta vegna þess að það er eins og það sé undanskilið í þessu að lífeyrissjóðirnir eigi beina aðild að öllum viðskiptum þar sem húsbréf koma við sögu, væntanlega í mjög stórum hluta þeirra fasteignaviðskipta sem fram fara.

Ég held að þessi grein sé afskaplega misráðin, a.m.k. hefur hún hvergi verið nægjanlega útskýrð þó svo að það standi hér að það eigi að setja reglugerð í samráði við lífeyrissjóðina um þetta atriði.

Svo spurði ég sömuleiðis í ræðu minni í gær: Hvað nú ef lífeyrissjóðir hafa áhuga á að kaupa meira af húsbréfum en sem nemur 10%? Eiga þeir þá að vera frjálsir að því? Jafnvel þó að það fari ekki um Húsnæðisstofnun ríkisins, þó að hún hafi þar enga milligöngu, eiga þeir að vera frjálsir að því að kaupa meira en sem nemur 10% beint af aðilum á þessum markaði sem hafa húsbréf undir höndum eða ekki? Ég lét þess getið og skal endurtaka það með ánægju, vegna þess að hv. 6. þm. Norðurl. e. er í salnum og ég veit að hann er mikill áhugamaður um vaxtamál og afföll á skuldabréfum, að ef það verður þannig að það verður sérstakur kvóti hjá Húsnæðisstofnun ríkisins á þessum bréfum, 10% kvóti, og menn lenda síðan í hönk með að losna við sín bréf eða það er kvóti hjá lífeyrissjóðunum og bara þeir sem koma fyrstir komast að, halda menn þá ekki að einhver afföll verði af þessum bréfum og menn reyni að koma þeim í verð með hærri vöxtum fyrir þann sem kaupir þau? Ég er hræddur um að það sé ekki búið að hugsa það atriði til enda. Ég er ansi hræddur um að þarna sé boðið upp á óæskilegar afleiðingar eins og alls staðar þar sem verið er að braska með kvóta og úthlutanir, þar sem verið er að skammta gæði og draga menn í dilka eftir því hvort þeir eiga einhvern rétt eða ekki.

Þetta voru, virðulegi forseti, í mjög stuttu máli þær fyrirspurnir sem ég flutti í gær varðandi þetta atriði, þetta ákvæði í 1. gr. frv. sem auðvitað fer mjög í bág við frv. eins og frá því var gengið í umræddri millinefnd og þá hugmynd sem að baki þessu máli liggur. En þetta er ekki nóg, virðulegi forseti, því að frá því frv. var lagt fram er komið til skjalanna annað atriði sýnu mikilvægara sem að mínum dómi grefur undan allri framkvæmd á þessu húsbréfakerfi og mun væntanlega verða til þess að það mun alls ekki ná að virka og mun alls ekki ná þeim markmiðum sem að er stefnt og væntanlega, ef það kemst þá á laggirnar, verða í mjög litlum mæli og takmörkuðum stíl.

Þetta atriði, eins og ég rakti ítarlega í gær, snýr að þeirri yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um vexti sem birt er í fskj. með nál., birt reyndar í nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. um fylgifrv. þessa máls, 349. mál, um þær vaxtabætur sem eru að sjálfsögðu óhjákvæmilegur fylgifiskur þessa máls, óhjákvæmilegur hluti af málinu.

Mætti ég aðeins rifja upp að meginhugsunin í þessu máli gengur út á það að beina hinni opinberu aðstoð við íbúðakaupendur og húsbyggjendur í einn farveg, yfir í farveg vaxtabóta, en fella þess í stað niður núverandi vaxtaniðurgreiðslu, húsnæðisbætur og

vaxtaafslátt, en þess má geta að um 25.000 manns hafa notið vaxtaafsláttarins eða nutu hans á síðasta ári en rúmlega 9000 manns húsnæðisbótanna, sem sagt tæplega 35.000 einstaklingar.

Nú er það þannig að samkvæmt því samkomulagi um vexti sem ríkisstjórnin hefur gert og sem hv. fjh.- og viðskn. Nd. gerir að grundvallaratriði í sinni afgreiðslu er verið að hverfa frá því meginatriði í forsendum þessa máls að niðurgreiðslu í hinu almenna húsnæðislánakerfi í gegnum vexti verði hætt.

Það segir í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem ég leyfi mér að vitna í upp úr þessu nál., með leyfi forseta: „Í grg. með frv. er kveðið á um að útlánsvextir Byggingarsjóðs ríkisins verði að taka mið af þeim vöxtum sem samið er um við lífeyrissjóðina vegna skuldabréfakaupa. Samkvæmt nýlegu samkomulagi við lífeyrissjóðina eru þeir vextir 6% frá apríl- til júníloka og frá 1. júlí til desemberloka 5%. Nú þegar eru vextirnir orðnir 5% á þeim hluta sem miðaður er við ECU-bindingu. Ríkisstjórnin stefnir að því að vaxtamismunur á teknum lánum hjá lífeyrissjóðunum og útlánum Byggingarsjóðs ríkisins í núverandi húsnæðiskerfi verði ekki meiri en 0,5–1% og verða vextir af útlánum Byggingarsjóðs ríkisins lægri sem þeim mismun nemur. Vextir af útlánum Byggingarsjóðs ríkisins hækka ekki fyrr en húsbréfakerfið tekur gildi og verða þá ekki hærri en 4–4,5%. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að hækkun vaxta hjá Byggingarsjóði ríkisins verði ekki afturvirk."

Með þessari yfirlýsingu er verið að hverfa frá þeirri grundvallarforsendu að flytja alla hina opinberu aðstoð í einn farveg. Það er verið að hverfa frá því og þar með er raskað í veigamiklum atriðum forsendum málsins.

Ég rakti það í gær, m.a. með tilvitnunum í grg. þess frv. sem hér er til umræðu og í fleiri málsgögn, að húsbréfin verða að bera markaðsvexti. Það þarf reyndar ekkert að vitna sérstaklega í neinar grg. í því sambandi því það er augljóst mál að þessi bréf munu ekki seljast í samkeppni við önnur bréf á markaðnum nema þau séu á sambærilegum vöxtum, þ.e. á markaðsvöxtum. Það út af fyrir sig liggur í augum uppi. Húsbréfin verða að vera á markaðsvöxtum. Hins vegar er það líka staðreynd að húsbréfin verða að bera sömu vexti og önnur lán í almenna kerfinu vegna þess að annars óskar enginn eftir því að taka lán í húsbréfakerfinu ef fólk á kost á hinu. Er ekki augljóst mál að maður sem stendur frammi fyrir því að geta valið um lán með niðurgreiddum vöxtum til 40 ára annars vegar og hins vegar lán í húsbréfakerfinu með fullum markaðsvöxtum til 25 ára tekur auðvitað fyrri kostinn?

Staðreyndin er sú að allir þeir sem á annað borð hafa ráð á því að bíða og taka lán í núverandi kerfi á þessum niðurgreiddu vöxtum til 40 ára munu auðvitað gera það.

Þetta þýðir í fyrsta lagi: Húsbréf verða að bera markaðsvexti. Í öðru lagi: Húsbréf og önnur lán í almenna lánakerfinu verða að bera sömu vexti. Það þýðir: Í almenna lánakerfinu verða að vera markaðsvextir. Það þýðir það og er ekkert farið í felur með það í grg. hvorki þessa frv. né vaxtabótafrv. Það er aldeilis ekkert verið að fara í felur með það, enda væri það eitthvað undarlegt svo augljós forsenda þessa máls sem það er. Á móti kemur svo hins vegar að þeir sem hafa lágar tekjur og eiga litlar eignir eiga að fá vaxtabætur. Það var heila málið. Þessu er verið að raska.

Ég leyfi mér að vitna í grg. með 349. máli, frv. til l. um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt þar sem vaxtabæturnar koma fram, vegna þess að ég vitnaði ekki til þess í gær, en þar segir, með leyfi forseta, á bls. 5 þar sem er verið að ræða almennt um húsnæðisbætur og vaxtaafslátt:

„Af framangreindu má ráða að sambland af niðurgreiddum vöxtum og aðstoð í gegnum skattkerfið sem nú ríkir er frekar ómarkvisst. Jafnframt hefur niðurgreiðsla vaxta í húsnæðislánakerfinu óæskileg áhrif á húsnæðismarkaðinn. Þegar af þessum ástæðum er ljós þörf þess að endurskoða hina opinberu aðstoð og koma henni í einn skýran farveg í gegnum skattkerfið."

Síðan segir, með leyfi forseta: „Loks má segja að þessi breyting sé forsenda þess að komið verði á eðlilegum viðskiptum með fasteignaverðbréf hérlendis. Þessi breyting er einnig forsenda fyrir því að unnt verði að koma á húsbréfakerfi í fasteignaviðskiptum því að húsbréfin þurfa að vera markaðshæf og bera markaðsvexti."

Það segir einnig aðeins aftar í þessu nál. að sú heildarfjárhæð sem áætluð hafi verið í vaxtabæturnar taki mið af áætluðum kostnaði við húsnæðisbóta- og vaxtaafsláttarkerfið og áætlaða vaxtaniðurgreiðslu í núgildandi kerfi í húsnæðislánum. Þetta er hvort tveggja tekið saman og hvoru tveggja steypt inn í vaxtabæturnar og því síðan skipt upp á nýjan leik sem opinberri aðstoð við íbúðabyggjendur og húsnæðiskaupendur þó svo reyndar að útreikningur þeirra atriða sé umdeildur. En það er alveg ljóst að hverju er stefnt.

Síðan segir á bls. 6, með leyfi forseta: „Almenn niðurgreiðsla vaxta til lengdar óháð vaxtastigi hefur óæskileg áhrif á lánskjör og eftirspurn eins og áður var lýst, auk þess sem hún kallar á ört vaxandi útgjöld ríkisins og þar með hækkun vaxta."

Þetta er allt saman rétt. En það er verið að hverfa frá þessari forsendu í málinu með því undarlega samkomulagi sem gert var og birt er á þskj. frá meiri hl. fjh.- og viðskn. og sem eingöngu virðist hafa verið gert til þess að koma til móts við Alþb. sem virðist hafa misskilið þetta mál frá upphafi eða ætlar sér að koma því í gegn á annarra manna ábyrgð og annarra flokka ábyrgð, koma á markaðsvöxtum í húsnæðislánakerfinu án þess að bera á því neina ábyrgð heldur láta aðra stjórnmálaflokka og aðra þingmenn taka ábyrgðina á því. Annað hvort er um að ræða. Annaðhvort hefur þetta mál verið misskilið eða það er með undarlegum hætti verið að reyna að koma ábyrgðinni yfir á aðra.

Ég lét þess getið í gær að í framhaldi af þessari

forsendubreytingu hefði verið eðlilegt að hin virðulega fjh.- og viðskn. léti kanna með hvaða hætti þessi breyting hefði áhrif á útreikning vaxtabótanna því að nú er fallið frá því að steypa þessu öllu í einn farveg eins og frv. gerði ráð fyrir heldur á hluti hinnar opinberu aðstoðar áfram að vera í formi niðurgreiðslu vaxta og hluti í formi vaxtabóta. En það er ekki gerð ein einasta tilraun til þess og það er ekki einu sinni óskað eftir því í hinni virðulegu fjh.- og viðskn. að sú breyting sem þarna er orðin verði *könnuð og það verði þá sýnt hér í þinginu, sýnt í* þingskjölum hvernig hún komi út, hvernig þetta dæmi líti út eftir þessa breytingu. Það er ekki gerð minnsta tilraun til þess. Og það hefur heldur ekkert verið kannað, eins og ég vakti athygli á í gær, til hlítar með hvaða hætti kostnaðurinn fyrir ríkið muni koma út m.a. í ljósi eignarskattsákvæða frv. og í ljósi þeirra breytinga sem vænta megi á hegðun manna þegar efnahags- og skattumhverfinu er breytt með þessum hætti, því auðvitað breyta menn hegðun sinni og menn bregðast við breytingum á sínu efnahags- og skattaumhverfi. Það er líka augljóst. En það er ekki nóg með þetta, herra forseti, því ég vakti líka athygli á því í gær og vil gera það enn vegna fréttar í Alþýðublaðinu í morgun að um þessi mál er ágreiningur í ríkisstjórninni þrátt fyrir þetta samkomulag og skiptir meginmáli að fá það upplýst í þessari umræðu hvort túlkun hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar er rétt eða hvort túlkun hæstv. félmrh. er rétt og þar með Alþýðublaðsins í dag.

Ég leyfi mér að vitna í Alþýðublaðið, en þar segir í frétt á baksíðu í morgun, með leyfi forseta, þar sem fjallað er um að þetta mál sé nú komið til meðferðar hér í hv. deild, nefndarstarfi lokið og vikið að samkomulagi stjórnarflokkanna um vaxtamálin:

„Samkvæmt samkomulaginu verður vaxtamunur á keyptu fjármagni frá lífeyrissjóðunum og útlánum frá Húsnæðisstofnun aldrei meiri en 0,5–1% og þar sem búið er að semja við lífeyrissjóðina um kaup á fjármagni í lok ársins með 5% vöxtum má gera ráð fyrir að lán frá Húsnæðisstofnun verði þá ekki hærri en 4,5%.“ — Má gera ráð fyrir að lán frá Húsnæðisstofnun verði þá ekki hærri en 4,5%.

Nú er það að vísu svo, eins og ég vakti athygli á í gær, að það hefur ekkert verið samið við lífeyrissjóðina um nein 5% til ársloka. Það hefur verið samið um það sem lágmarksvexti sem á síðan að reikna og gera upp eftir á þannig að það er út af fyrir sig röng fullyrðing, bæði í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og í þessari frétt. Hins vegar kemur það fram í þessari frétt eins og kom fram í viðtali við hæstv. félmrh. í fréttum Ríkisútvarpsins sl. miðvikudag að vaxtamunur eigi að vera 0,5–1%, sama hverjir vextirnir verða á *því lánsfé sem Húsnæðisstofnun fær að láni frá* lífeyrissjóðunum. Það á að vera vaxtaprósentan sem gildir í viðskiptum Húsnæðisstofnunar og lífeyrissjóðanna mínus 0,5–1%.

En hvað sagði ekki hv. þm. Hjörleifur Guttormsson í því fréttaviðtali sem ég hef gert að umtalsefni þegar hann var spurður um þetta mál? Jú, hann sagði sem svo: Vextirnir af lánum Byggingarsjóðsins í hinu almenna húsnæðislánakerfi eftir að húsbréfafrv. er komið til framkvæmda verða aldrei hærri en 4,5%. Hann fullyrðir að það liggi hér fyrir og það sé innihald þeirrar yfirlýsingar sem ríkisstjórnin hristi fram úr erminni í þessu máli í þessari viku. Hann er spurður að því: Á að túlka þetta svo að þessir vextir geti aldrei verið hærri en 4,5%? Og hann svarar því með óyggjandi hætti að það sé svo.

Félmrh., sem spurð var um sama efni, segir hins vegar sem svo, að yfirlýsingin marki þá stefnu að vaxtamunur á lánum þeim sem tekin eru hjá lífeyrissjóðunum og útlánum sjóðsins skuli ekki vera meiri en 0,5–1%. Hér getur skeikað ansi miklu ef vextir á lánum lífeyrissjóðanna verða kannski 7–8% eins og *þeir hafa reyndar verið. En út á þessa glapstigu* leiðast menn, jafnvel ráðherrar í ríkisstjórn Íslands, þegar verið er að gera samkomulag og málamiðlun um grundvallarforsendur þar sem er ekkert rúm fyrir málamiðlun. Annaðhvort er þetta húsbréfakerfi eins og það á að vera og engin niðurgreiðsla á vöxtum heldur allur opinberi stuðningurinn í formi vaxtabóta eða menn eru ekki að taka upp neitt húsbréfakerfi. Eins og ég sagði í gær: Yfirlýsing hæstv. landbrh. í blöðunum þess efnis að það yrðu alls ekki markaðsvextir í hinu almenna húsnæðislánakerfi eftir tilkomu húsbréfanna þýðir að það verður alls ekkert húsbréfakerfi.

Ég fjallaði mjög ítarlega um þetta mál, herra forseti, í máli mínu í gær og ég skal ekki hafa miklu fleiri orð um þetta að sinni, en hér hafa verið bornar fram spurningar sem óhjákvæmilegt er að verði svarað af hálfu hæstv. ráðherra í þessari umræðu, m.a. um kaupskyldu og svo um þetta furðulega samkomulag við Alþb. *sem raskar öllum forsendum kerfisins.* Þetta verður ráðherrann að gjöra svo vel að útskýra fyrir þingheimi, hvort túlkun hennar á samkomulaginu er rétt eða hvort túlkun hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar er rétt, og hún verður líka að útskýra fyrir þingheimi hvernig á að verja það, þegar eitt af meginmarkmiðum þessa frv. er að koma í veg fyrir að þeir njóti opinberrar aðstoðar sem ekki þurfa á henni að halda, að slíkir aðilar eigi áfram að eiga kost á niðurgreiddum lánum í hinu almenna húsnæðislánakerfi. Eins og ég tók fram í gær munu slíkir aðilar áfram eiga möguleika í hinu almenna lánakerfi á þeim vöxtum sem niðurgreiddir verða hvort sem það verður um 0,5–1%, eins og ráðherrann telur eða kannski 2–4% ef túlkun hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar á við rök að styðjast og ef vextir verða það sem þeir hafa verið á lánum lífeyrissjóðanna til húsnæðiskerfisins, 7–8%. Við þessu verða að koma skýr svör.

Ég tel að þetta geti þýtt að hér verði ekkert húsbréfakerfi eins og ég hef sagt nema þá helst fyrir þá sem ekki hafa nokkur efni á því að bíða í biðröðinni, ekki hafa nokkur tök á því að fresta kaupum á húsnæði eða byggingu húss. Halda menn að það séu endilega þeir sem mest þurfa á opinberri aðstoð að halda, þeir sem ekki hafa efni á því að bíða? Auðvitað ekki. Auðvitað er verið að fara algjörlega aftan að

hlutunum og breyta hér mikilvægum forsendum þessa máls þannig að það nær alls ekki markmiði sínu, getur ekki rækt sitt hlutverk eins og að var stefnt. Auðvitað verður engin ástæða til þess fyrir menn að flytja sig úr biðröðinni yfir í húsbréfakerfið ef menn eiga áfram kost á niðurgreiddum lánum í gamla kerfinu.

Ég gat þess reyndar einnig í gær að það kæmi ekkert fram um það hvort hér væri um að ræða nafnvaxtabætur eða raunvaxtabætur. Frv. gerir ráð fyrir því að þetta séu nafnvaxtabætur og ef hér verður verðbólga á því bili sem ætla má í tíð núverandi stjórnarherra, ekki undir 20% og sjálfsagt miklu meira, verða hér mjög háar fjárhæðir í húfi fyrir ríkissjóð. Eins og ég sagði áðan tel ég að kostnaðurinn fyrir ríkið af þessum vaxtabótum sé ekki nægilega vel kannaður m.a. með tilliti til þessa atriðis og eins þess hvernig eignarskattsákvæðin munu virka þegar húsbréf verða ekki partur af eignarskattsstofni og fleira sem fram hefur komið varðandi þá reikninga. En síðast en ekki síst er ókannað hvernig þeir reikningar breytast með tilliti til samkomulagsins við Alþb. um vaxtabæturnar þegar þeir peningar sem búið er að flytja yfir í vaxtabætur eiga að flytjast til baka án þess þó að hin virðulega fjh.- og viðskn. sjái neina ástæðu til þess að grennslast fyrir um með hvaða hætti það eigi að gerast.

Ég gat þess jafnframt í gær, virðulegi forseti, að þær brtt. sem hefðu komið frá stjórnarþingmönnum í þessu máli væru eingöngu orðalagsbreytingar ef frá er talið ákvæðið um seinkun gildistöku frv. og auk þess lítilfjörlegt ákvæði um að húsbréfadeild eigi að gera tillögur um hámarksupphæðir í hverjum lánaflokki í þessum húsbréfum. Þar mun vera á ferðinni einhvers konar dúsa upp í einhverja óánægða þingmenn Framsfl. sem skiptir þó engu máli að því er best verður séð. Það skiptir engu máli þó að gerð sé tillaga til félmrh. um hámarksupphæðir í sérhverjum lánaflokki, breytir nákvæmlega engu um þetta mál og þess vegna furðulegt skapleysi ef menn eru á annað borð á móti þessu máli, eins og manni heyrist á mörgum þingmönnum Framsfl., að láta stinga upp í sig dúsu sem þessari sem hefur engin efnisleg áhrif á eitt eða neitt í þessu máli. Þá er svo sem skiljanlegra að leggjast gegn málinu eins og hv. þm. Stefán Valgeirsson hefur gert að því er manni sýnist á nál. meiri hl. hv. fjh.- og viðskn.

En ég var kominn þar ræðu minni í gær, herra forseti, að ég lét þess getið að þó svo að Framsfl. hafi fengið þessa marklausu dúsu í málinu til friðþægingar fékk Kvennalistinn enga slíka dúsu í þessu máli þó svo að hann hafi að því er best verður séð ákveðið að gerast meðábyrgur við afgreiðslu þess. Og hvers vegna skyldi hann ekki hafa fengið neina slíka dúsu? Það er einfaldlega vegna þess að fram á hana var ekki farið í þessu tiltekna máli. Kröfur Kvennalistans og það samkomulag sem hann hefur látið bjóða sér í þessu máli gengur ekki út á eitt eða neitt í sambandi við húsbréf. Það hefði verið hægt að gera kröfur um breytingar á umferðarlögunum eða eitthvað algerlega óskylt mál sem greiðslu fyrir þennan stuðning. Þetta samkomulag við Kvennalistann, svo undarlegt sem það er, fjallar um allt aðra hluti. Það fjallar um aukið fjármagn, til að mynda til félagslega húsnæðiskerfisins sem er ekkert til umræðu í sambandi við þetta frumvarp vegna þess að þetta frumvarp fjallar um breytingar á hinu almenna lánakerfi, fjallar um að taka upp húsbréfakerfi til hliðar við núverandi almenna lánakerfið, en kemur félagslega kerfinu ekkert við.

Það er að vísu rétt að hæstv. félmrh. hefur látið undir höfuð leggjast að leggja fyrir þingið og greina frá tillögum um endurskoðun hins félagslega kerfis svo sem margsinnis hefur verið óskað eftir. Það kann vel að vera að kvennalistakonum hafi verið farin að leiðast biðin eftir því og ákveðið að sækja fram á því sviði þess vegna í tengslum við þetta mál þó svo að félagslega húsnæðislánakerfið komi húsbréfakerfinu ekkert við, ekki nokkurn skapaðan hlut. Það verður að segjast eins og er að mér finnst heldur raunalegt að kvennalistakonurnar, hv. þm. Kvennalistans, skuli hafa látið bjóða sér að gera samkomulag um allt aðra hluti til að greiða fyrir þessu máli. Og ég verð að segja að það er ekkert sérstaklega fallegur svipur á því að setja upp, eins og virðist hafa verið gert, verð fyrir stuðning sinn í þessu máli, setja hér upp 600 millj. kr. kröfu um framkvæmdir í öðrum málaflokki og segja sem svo: Ja, við skulum styðja þetta frumvarp ef við fáum 600 millj. kr. í allt annað. Ég er hræddur um að það hefði ekki vafist fyrir hv. þm. Alexander Stefánssyni að styðja þetta mál ef hann hefði getað komið og sagt: Ef ég fæ 600 millj. kr. í vegáætlun get ég stutt þetta mál. Það hefði þá hver og einn getað sett upp sínar kröfur í þessu efni með þeim hætti. Mér dettur í hug vegáætlun vegna þess að hún er nú til meðferðar hér í þinginu og hv. 1. þm. Vesturl. hefur markað sér þar ákveðna sérstöðu eins og mönnum er kunnugt. (Gripið fram í.) Já, en þetta er auðvitað með ólíkindum og eins og ég sagði áðan finnst mér hálfraunalegt að þetta stjórnmálaafl, Kvennalistinn, skuli nú hafa verið keypt til stuðnings við málið og skuli hafa tekið þátt í því uppboði sem félmrh. bauð upp á í þessu máli.

Hins vegar er líka alveg ljóst að afstöðubreyting varð hjá hv. þm. Kvennalistans frá því að talsmaður hans kom í sjónvarpið 21. mars sl. og lýsti því yfir að rétt væri að vísa þessu máli til ríkisstjórnarinnar eins og við í 1. minni hl. höfum lagt til og sömuleiðis hv. þm. Alexander Stefánsson. Ég ætla ekki að gera afstöðu hv. kvennalistaþingmanna frekar að umtalsefni, en ég tel að þær skuldi þinginu skýringu á þessari afstöðubreytingu og að fulltrúi Kvennalistans í hv. félmn. eigi að gera grein fyrir henni hér eins og hún mun væntanlega gera. En ég vil sérstaklega taka það fram fyrst ég vík hér að henni að allt samstarf við hana í þessari nefnd hefur verið með ágætum og ekkert undan því að kvarta, enda tel ég að hennar nál., sem hér liggur frammi, taki í meginatriðum undir þau sjónarmið sem ég hef hér flutt og sem fram koma í áliti 1. minni hl. þó svo að niðurstaða sé þar önnur.

En ég vil endurtaka í þessu sambandi að það er engu líkara en að Kvennalistinn hafi gefist upp á einhverju stigi málsins við að taka málefnalega afstöðu til

frumvarpsins og þessa máls í heild og þess í stað látið kaupa sig til fylgis með loforðum um hluti sem raktir eru í þessu samkomulagi, 600 millj. kr. í raunaukningu á framkvæmdafé til félagslega hluta íbúðakerfisins, og það meira að segja án þess að það liggi nokkuð fyrir um hvar á að taka þessa peninga. Ríkissjóður hefur ekki verið sérstaklega útbær á fé um þessar mundir eða verið sérstaklega vel stæður þannig að það hefði kannski mátt fylgja þessu samkomulagi hvar ætti að taka þessa peninga. Eflaust mun ekki skorta tillögur frá Kvennalistanum um að hækka skatta á móti, en það hefði ekkert verið í veginum fyrir því að það kæmi hér fram með hvaða hætti á að borga fyrir þetta loforð, með hvaða hætti á að standa við þau fyrirheit sem hér eru gefin og hvar eigi að taka peningana til þess.

Við hv. þm. sem leggjum til að frumvarpi þessu verði vísað til ríkisstjórnarinnar og það kannað betur í sumar gerum það með það fyrir augum að leitað verði svara við öllum þeim spurningum sem vaknað hafa og þeim efasemdum sem fram hafa komið varðandi þetta mál. Ég hef rakið mjög mörg atriði í þessu sambandi sem ástæða er til að kanna nánar og skal ekki orðlengja það. Það hefur hins vegar orðið niðurstaða þeirra aðila sem ferðinni ráða hér í þinginu að knýja þetta mál í gegn, en gera samt sem áður það sem við í minni hlutanum leggjum til, við í 1. minni hl. og hv. 1. þm. Vesturl., þ.e. að fara yfir allt málið í sumar og breyta því síðan í haust í ljósi þeirrar rannsóknar og þeirrar athugunar sem gerð verður. Þetta eru vinnubrögð sem eru með hreinustu endemum í máli sem þessu þegar ekkert sérstakt liggur við að lögfesta þetta frumvarp á þessu þingi.

Það er ljóst að núverandi húsnæðiskerfi er að mörgu leyti komið í ógöngur og þar þarf að gera breytingar og það er mín skoðun að húsbréfakerfi í einhverri mynd eigi að koma þar til sögunnar, en það er ekkert sem rekur á eftir því að það sé núna hlaupið út í breytingar með stórum spurningum ósvarað. Það er ekkert sem mun gerast í núverandi kerfi annað en það sem hefur verið að gerast á undanförnum mánuðum og árum. Það mun ekki skipta neinum sköpum þótt þetta kerfi verði rekið áfram óbreytt í nokkra mánuði, enda hefur hæstv. núv. félmrh. veigrað sér við því núna í bráðum tvö ár að hækka t.a.m. vexti þar sem hún hefur þó haft fullt vald til að leggja til í ríkisstjórninni. Það mun ekkert gerast fram á haustið í þeim efnum. Þannig er það hreinn og klár fyrirsláttur að þetta mál megi ekki bíða, það sé svo mikilvægt að það megi bara ekki bíða. Þeir sem vilja afgreiða málið á þessu þingi taka undir þau sjónarmið að það þurfi að athuga málið betur. Þeir taka undir það með því að ákveða að láta skoða málið betur í sumar.

En svo leyfa þeir sér líka, eins og hæstv. utanrrh. gerði í eldhúsdagsumræðum, að líkja þessu máli og væntanlegri afgreiðslu þess við afgreiðslu Alþingis á lögum um staðgreiðslu skatta og um virðisaukaskatt. Ég verð að segja að mér finnst nokkuð langt seilst í málefnaþurð þegar verið er að líkja þessu máli við lögin um staðgreiðslu skatta og lögin um virðisaukaskatt. En í báðum tilfellum hafa starfað milliþinganefndir eftir að lögin voru samþykkt til að fara nánar í saumana á lögunum. Þessi samanburður er gersamlega fráleitur og ég verð að taka nokkrar mínútur til að útskýra hvers vegna það er vegna þess að hæstv. utanrrh. leyfði sér í eldhúsdagsumræðum að bera þessi mál saman.

Að því er staðgreiðslukerfið varðar var það lögfest í mars 1987 í tíð fyrri ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar þegar hæstv. núv. utanrrh. var óbreyttur stjórnarandstöðuþingmaður. Hann lagðist ekki gegn því máli á sínum tíma, en hann er hins vegar enn svo óskammfeilinn að eigna sér þessa merku löggjöf um staðgreiðslu skatta og gerði það síðast í margumræddum eldhúsdagsumræðum í fyrri viku. Hæstv. utanrrh., sem enn heldur því fram að staðgreiðsla skatta sé verk Alþfl., heldur því blákalt fram. Nú er hann sem sagt að líkja afgreiðslu þess máls við fyrirhugaða afgreiðslu á húsbréfakerfinu.

Ég skal útskýra aðeins nánar, herra forseti, hvers vegna þessi samanburður er fráleitur. Grundvallarlögin um staðgreiðsluna urðu að liggja fyrir snemma á árinu 1987 vegna þeirra gríðarlegu hagsmuna sem allur almenningur hafði af hinu svokallaða skattlausa ári, árinu 1987. Það varð að afgreiða lögin á vorþinginu vegna þess að þar voru hagsmunir hvers einasta Íslendings í húfi, ólíkt því sem er um þetta mál. Hins vegar lá jafnframt fyrir að ýmsar nauðsynlegar upplýsingar sem vörðuðu endanlega útfærslu málsins mundu ekki liggja fyrir fyrr en að lokinni skattaálagningu þá um sumarið. Það var líka staðreynd. Þess vegna var ákveðið þegar lögin voru sett að setja á laggirnar milliþinganefnd með fulltrúum allra stjórnmálaflokka til að vinna úr álagningargögnunum og gera tillögur um nauðsynlegar lagabreytingar í kjölfar þeirra. Það er ekki með nokkru móti hægt eða með nokkurri sanngirni hægt að líkja þessum aðstæðum við þær sem nú eru uppi varðandi húsbréfafrv. Það eru engir brýnir hagsmunir sem kalla á málsmeðferð sem þessa eða knýja á um lögfestingu nú og um það mál, staðgreiðslukerfið, var algjör samstaða í þjóðfélaginu. Eins og kunnugt er fer því víðs fjarri að svo sé um þetta mál.

Að því er virðisauk askattinn varðar er líka augljóst að honum er ekki saman að jafna við húsbréfafrv. Þar er um að ræða tekjustofn sem skilar ríkissjóði helmingi allra ríkistekna, hvorki meira né minna, á að skila 50% allra tekna ríkissjóðs. Þar er um að ræða skattstofn og innheimtukerfi sem er flókið í vöfum og kallar á 12–18 mánaða undirbúning hjá hinu opinbera í skattkerfinu og kallar á kynningu hjá þúsundum aðila sem eiga að inn heimta þennan skatt og auk þess frekari kynningu hjá almenningi. Það er augljóst mál að það verður að vera full vissa um hvort sá skattur kemur til framkvæmda löngu áður en af framkvæmdinni verður. Sú varð raunin á. Sá skattur var lögfestur hér á Alþingi í fyrravor með það fyrir augum að hann tæki gildi hér um mitt ár 1989. Þeirri gildistöku hefur reyndar verið frestað nneð lögum frá Alþingi til næstu áramóta.

Ég verð að endurtaka að það er býsna langt seilst og djarfmannlega fram gengið af hæstv. núv. utanrrh. að leyfa sér að líkja þessum tveimur skattamálum við það húsbréfakerfi sem nú á að þvinga fram á Alþingi með svo afbrigðilegum hætti sem raun ber vitni.

Morgunblaðið gerir þessi vinnubrögð að umtalsefni í leiðara hinn 26. apríl sl. og fjallar um þær hótanir sem gengið hafa í þessu máli og um þessa fyrirhuguðu málsmeðferð. Þar er m.a. vikið að því að það sé rætt um það á Alþingi að lögfesta frumvarpið nú en að síðan starfi milliþinganefnd að nánari útfærslu þess. Síðan segir, með leyfi forseta: „Rétt er að staldra við og íhuga hvað í hinum tilvitnuðu orðum felst", þ.e. um þessi vinnubrögð. „Er líklegt að þingmenn samþykki frumvarp um jafnmikilvægt mál og hér um ræðir með þeim fyrirvara að lögin taki ekki gildi fyrr en milliþinganefnd hafi ákveðið hvað í frumvarpinu felst? Er það verjanlegt samkvæmt stjórnlögum okkar að þingið framselji vald sitt með þessum hætti af þeirri ástæðu að ekki er samstaða innan veggja þess um úrlausn á viðkvæmu deilumáli? Sæmir ekki ráðherra betur að sætta sig við að frumvarp hans nái ekki fram að ganga á þingi en setja stól sinn að veði og knýja þá þingheim til jafnklúðurslegrar afgreiðslu og raun ber vitni í þessu máli? Í stuttu máli: Bera ekki ráðagerðir af þessu tagi vitni um að valdsmennirnir eru til þess búnir að fara á svig við eðlilega stjórnarhætti til þess eins að halda völdunum?"

Hér er bent á annan þátt í þessu máli sem er hin stjórnskipulega hlið þessa máls. Það kemur heim og saman við það, sem ég áður sagði, að þessi meðferð sem hér er fyrirhuguð á auðvitað ekki við og alls ekki nema í algerum undantekningartilfellum þegar um er að ræða mál eins og staðgreiðsluna og virðisaukaskattinn sem skipta svo gríðarlega miklu máli og þurfa jafnmikinn undirbúning og mikla vinnu í hinu opinbera kerfi og reyndar hjá almenningi öllum og þar sem svo gríðarlegir hagsmunir eru í húfi eins og voru að því er varðar staðgreiðslukerfið og hið svokallaða skattlausa ár sem því fylgdi. Auðvitað er ekki hægt að láta bjóða sér málflutning af þessu tagi eða vinnubrögð af þessu tagi.

En í framhaldi af þessu kemur fram í nál. 2. minni hl., þ.e. stjórnarliðanna, að félmrh. hafi ákveðið að skipa nefnd sem hafi það verkefni að fylgjast með undirbúningi að framkvæmd laganna og gera, ef nauðsyn krefur, tillögur um breytingar áður en lögin taka gildi. Það segir í þessu nál. og það er það eina sem skjalfest liggur fyrir um þá nefnd sem eigi að athuga málið á milli þinga.

Hins vegar kemur fram í hinu sérstaka og sérkennilega samkomulagi ríkisstjórnarinnar við Kvennalistann, sem birtist sem fskj. með tveimur nál., að Kvennalistinn eigi náðarsamlegast að fá að taka þátt í þessu nefndarstarfi. Það er tekið fram í nál. að Kvennalistinn muni taka þátt í undirbúningi gildistöku húsbréfakerfisins og fylgjast með þeirri reglugerðarsmíð sem fram þarf að fara. Allra náðarsamlegast. Þetta er eitt af því sem Kvennalistinn fær borgað fyrir stuðning sinn með að hleypa þessu máli í gegn. Hann fær að fylgjast með þeirri reglugerðarsmíð sem fram þarf að fara, en það er ekkert tekið fram að hann fái að hafa nein áhrif á þessa smíð eða það eigi eitthvað að taka tillit til sjónarmiða Kvennalistans. Það er sannarlega hátt risið á þessu samkomulagi og því sem þar liggur að baki. Og það er hátt verð sem þessi þingflokkur setur á sjálfan sig. Hann mun taka þátt í undirbúningi gildistöku húsbréfakerfisins og fylgjast með reglugerðarsmíð.

Það er hins vegar athyglisvert í sambandi við þetta, burt séð frá ákvæðinu um fyrirhugaða aðild Kvennalistans að þessari nefnd, að það kemur ekkert fram um það í nál. að það sé gert ráð fyrir hefðbundinni milliþinganefnd með aðild allra flokka að þessari skoðun í sumar eins og þó hefur verið gert í þeim málum sem ranglega eru tekin sem fordæmi fyrir þessum vinnubrögðum, þ.e. staðgreiðslumálinu og virðisaukaskattinum. Sú staðreynd að hér er ekki gert ráð fyrir milliþinganefnd með aðild allra flokka undirstrikar jafnframt að þetta frv. er ekki einu sinni af hálfu stjórnarliðsins talið vera nándar nærri eins mikilvægt og brýnt og þau tvö mál voru á sínum tíma, staðgreiðslulögin og lögin um virðisaukaskatt. Hér ber allt að sama brunni og við þessu þurfa að koma skýr svör. Á sú nefnd sem á að starfa ef frv. nær fram að ganga að vera einkanefnd ríkisstjórnarinnar og Kvennalistans þar sem Kvennalistinn fær að fylgjast með reglugerðarsmíð eða eiga aðrir þingflokkar að fá að koma þar nærri og jafnvel aðrir aðilar sem þessu máli tengjast og hafa komið að húsnæðismálunum á fyrri tíð, eins og til að mynda Alþýðusambandið og Vinnuveitendasambandið eða aðrir svokallaðir hagsmunaaðilar á þessu sviði? Það kemur ekkert fram um það og eftir orðanna hljóðan í þessu nál. virðist þetta eiga að vera einhver einkanefnd þeirra sem legið hafa yfir þessu máli, að því að sagt er, mánuðum og missirum saman og hafa sannfært sjálfa sig um að það eigi að afgreiða þetta í vor og engar breytingar á því að gera þrátt fyrir fjölmargar athugasemdir, það eigi að vera einkanefnd þessara aðila og Kvennalistans sem hefur gert þá kröfu að fá að fylgjast með reglugerðarsmíð. Það held ég að verði meira nefndarstarfið þegar þeir sem sannfærðir eru um ágæti þessa máls og hafa verið frá upphafi, hafa samið frv. og gert þetta tvenns konar samkomulag, annars vegar við Kvennalistann og hins vegar við Alþb. um að eyðileggja málið, þegar þeir aðilar í nafni félmrn. og ríkisstjórnarinnar fara að semja reglugerðir í samráði við Kvennalistann.

Ég vildi, herra forseti, víkja nokkuð að því hvað hæstv. félmrh. hefur talið sér sæmandi að segja um þetta mál í þeim tilgangi að telja fólk til fylgis við málið. Hæstv. félmrh. hefur látið frá sér fara hinar ótrúlegustu fullyrðingar í fjölmiðlum til að reyna að telja almenningi og þingheimi trú um að ekki megi undir nokkrum kringumstæðum fresta málinu til haustsins heldur sé algjörlega óhjákvæmilegt að afgreiða það nú, jafnvel þó það komi ekki til framkvæmda fyrr en seinast á árinu. Hvað hefur ráðherra

látið frá sér fara um þetta mál opinberlega? Jú, hún hefur fullyrt frammi fyrir alþjóð að hver einasti mánuður sem þessu máli sé frestað kosti þjóðfélagið 500–600 millj. kr. Hún hefur fullyrt að sú leið, sem við höfum stungið upp á, að fresta málinu til haustsins og lögfesta það næsta haust, muni þýða átta mánaða seinkun á framkvæmd málsins og samtals 5–6 milljarða kostnað fyrir þjóðfélagið. Þetta hefur ráðherra þessara mála fullyrt í sjónvarpi og ég hef hér í höndunum afrit af þessu viðtali við ráðherra. Það er slíkt hneyksli af ráðherra þessara mála að halda uppi slíkum fullyrðingum að það tekur ekki nokkru tali. Með sams konar hundalógík mætti segja að félmrh. sjálfur hafi tekið á sig kostnað upp á 1,5 milljarða fyrir þjóðfélagið með því að seinka málinu sjálf um tvo og hálfan mánuð, með því að seinka málinu sjálf frá 1. sept. til 15. nóv. í þessu samkomulagi sem gert hefur verið. Ef það kostar þjóðfélagið 500–600 millj. á mánuði ætlar ráðherrann greinilega að bera ábyrgð á því að þjóðfélagið þurfi að bera kostnað upp á 500–600 milljónir sinnum tveir og hálfur mánuður, 1,5–2 milljarðar í kostnað, og kippir sér ekkert upp við það frekar en annað í þessu máli. En þetta er hundalógík eins og ég segi og ég ætla ekki að bera það upp á ráðherrann að hann sé að færa þjóðfélaginu kostnaðarreikning upp á 1,5–2 milljarða með því samkomulagi sem gert hefur verið um að fresta gildistökunni um tvo og hálfan mánuð. Þó væri það í samræmi við málflutning ráðherrans í þessu máli.

Hér hef ég í höndunum viðtal við Jóhönnu Sigurðardóttur, hæstv. félmrh., sem tekið var í Ríkissjónvarpinu 23. apríl sl. Fréttamaður Ríkissjónvarpsins spyr, með leyfi forseta:

„Af hverju þolir þjóðfélagið ekki að fresta því (húsbréfakerfinu) til haustsins?“ Og ráðherra svarar, með leyfi forseta: „Það er alveg ljóst vegna þess að ef að þessu máli verður frestað til haustsins tel ég að lögfesting á því verði ekki fyrr en um áramótin og síðan þarf undirbúning á þessu kerfi, hann tekur sennilega fjóra, kannski fimm mánuði, þannig að kerfið mun ekki fara í gang fyrr en þá kannski í maí á næsta ári.“

„Og hvað skeður á þessu átta mánaða tímabili við þessa átta mánaða frestun?“

„Við bindum ráðstöfunarfé húsnæðiskerfisins fram á árið 1991, kannski fram á mitt ár 1991. Hver einasti mánuður sem við frestum þessu máli kostar 500–600 millj. kr. Og ég segi það að helmingurinn af þessu fjármagni fer til þeirra sem ekki þurfa á því að halda. Við erum því að tala um að þessi frestun geti kostað 5–6 milljarða kr.

Ég vil líka segja að það er mikið af þessu fólki sem ekki þarf á lánum að halda sem býr við aðstæður og það, eins og könnun hefur gefið til kynna, yfir 50% af því býr í einhvers konar sérbýli, í raðhúsi eða einbýlishúsi og það heldur uppi plássi fyrir þetta fólk sem er að koma til mín sem býr við neyð í húsnæðismálum og sér ekkert fram undan.“

Þetta eru engin smáræðis stóryrði frá hæstv. ráðherra, að halda því fram að það kosti þjóðfélagið 5–6 milljarða kr. að fresta þessu máli í átta mánuði sem auðvitað stendur ekki til af hálfu 1. minni hl., að fresta því hér um átta mánuði, en hún hefur engu að síður sjálf tekið á sig ábyrgðina á tveggja og hálfs mánaðar frestun. En auðvitað er fjarstæða að þetta kosti 500–600 millj. kr. á mánuði fyrir þjóðfélagið. Kostnaðurinn er niðurgreiðslan sem ríkið leggur með þessum lánum en ekki lánsupphæðin sjálf. Ef félmrh. vill minnka þennan kostnað, ef hún telur að þetta sé of mikill kostnaður fyrir þjóðfélagið eða fyrir ríkið, getur hún hækkað þessa vexti. Hún hefur það í hendi sér að leggja það til í ríkisstjórninni að þessir vextir hækki og hefur haft í næstum því tvö ár. Auðvitað er þessi málflutningur algjörlega með endemum.

Það er líka fjarstæða og firra, sem gefið er í skyn í síðari hluta þessarar tilvitnunar, að húsbréfakerfið muni hjálpa því fólki sem býr við neyð í húsnæðismálum. Auðvitað mun það ekki gera það. Það mun ekki hjálpa því fólki sérstaklega sem þarf að leita sér að húsnæði í félagslega kerfinu vegna þess að það snýr ekki að félagslega kerfinu. Það er blekking að halda því fram að þetta kerfi, húsbréfakerfið, sé til þess ætlað að hjálpa því fólki sem býr sérstaklega við neyð í húsnæðismálum. Þetta kerfi er til að flýta fyrir að þeir fái lán sem geta borgað fulla markaðsvexti af lánum, að koma þeim út úr biðröðinni í hinu almenna lánakerfi og koma í veg fyrir að hið opinbera sé að leggja með slíku fólki fé sem hefur efni á því að borga eðlilega markaðsvexti af húsnæðislánum sínum. (**ÞÞ:** Það er ekki víst að ráðherrann skilji málið.) Það er ekki víst að ráðherrann skilji málið og þá versnar í því ef það er ekki bara Alþb. sem hefur misskilið þetta mál svo hrapallega sem ég hef rakið í dag og í gær. (**HG:** Það vorum við sem skildum það.) Já, það kann að vera, hv. þm. Það skyldi þó aldrei vera að Alþb. hefði skilið málið og þess vegna beitt sér fyrir þessari vaxtabreytingu. En hvernig stendur þá á því að Alþb. heimilaði framlagningu þessa máls á þeim grundvelli sem lagt var upp með? Hvernig stendur nú á því? Og hvernig stendur á því að hæstv. landbrh. segir í blöðunum: „Alls enga markaðsvexti“, þegar það þýðir ekkert húsbréfakerfi?

Nei, það eru takmörk fyrir því hverju hægt er að halda að fólki og það er stórkostlega ámælisvert þegar ráðherra þessara mála kemur í sjónvarpið og heldur þessu fram. Þar fyrir utan, til viðbótar við það að hækka vextina, ef ráðherra vill lækka þann kostnað sem fylgir því að halda úti núverandi kerfi og er auðvitað fjarri því að vera 500–600 millj. kr. heldur eingöngu vaxtaniðurgreiðslan af hverju láni, ef hún vill koma í veg fyrir það, þá getur hún ekki bara hækkað vextina, hún getur líka tekið þetta lánakerfi úr sambandi um tíma, hætt að veita lánsloforð þangað til beðið er eftir húsbréfakerfinu. Það var einmitt gert í marsmánuði 1987. Þá er hætt að veita lánsloforð, að vísu af annarri ástæðu. En auðvitað er hægt að gera það. Ráðherrann getur ekki vísað frá sér að bera ábyrgð á þessu máli á meðan það er eins og það er og meðan ráðherrann situr í sínum stóli með þá ábyrgð sem því fylgir. Allur þessi málflutningur fellur

ekki bara um sjálfan sig heldur hrapar um sjálfan sig þegar grannt er skoðað og farið er í saumana á þeim upplýsingum sem liggja fyrir í málinu. Það er ekki bara ámælisvert heldur er það raunalegt og leiðinlegt að svo langt skuli seilst í offorsi til að knýja fram mál í þinginu sem ég fullyrði að mjög margir þingmenn og gott ef ekki meiri hluti þingmanna er verulega hugsi yfir og vildi helst fá betri tíma til að gaumgæfa.

Það er auðvitað ekki bara hjá hæstv. félmrh. Það eru líka ummæli utanrrh. hæstv. í eldhúsdagsumræðum um daginn sem falla nákvæmlega í sama flokk, eru ekki bara stórkostlega ámælisverð heldur jafnframt raunaleg þegar um er að ræða ábyrga aðila, ráðherra sem a.m.k. annað veifið vill láta taka sig alvarlega.

Nú er það þannig að í samkomulaginu við Kvennalistann er fjallað um skipun nefndar á vegum félmrh. sem á að endurskoða hinn félagslega hluta húsnæðiskerfisins. Eins og ég gat um áðan hefur verið lýst eftir tillögum og stefnu af hálfu hæstv. ráðherra að því er varðar félagslega kerfið þannig að út af fyrir sig er ánægjuefni að það skuli loksins eiga að fara í saumana á því félagslega íbúðarkerfi. Auðvitað er það ódýrt verð að greiða fyrir stuðning Kvennalistans að fallast á skipan slíkrar nefndar sem á að skila niðurstöðu fyrir 1. nóv. nk. Það hefur verið marglýst eftir heildarstefnu ráðherrans og ríkisstjórnarinnar í þessum málum og það er enn gert við þessa umræðu hér og nú. Hvar er heildarstefna félmrh. og ríkisstjórnarinnar í þessum húsnæðismálum? (**AS:** Ekki til.) Hún er nefnilega ekki til, eins og hv. 1. þm. Vesturl. skýtur inn í, nema það sé þá óbein stefna hæstv. ráðherra og þá jafnframt þessarar ríkisstjórnar, án þess að það hafi nokkurs staðar komið fram, að lækka það hlutfall þjóðarinnar sem býr í eigin húsnæði með því að reyna að koma sem flestum inn í einhvers konar kaupleiguíbúð, inn í einhvers konar skandinavískt kratasystem í húsnæðismálum þar sem tiltölulega fáir eiga eigið þak yfir höfuðið, koma sem flestum í einhvers konar félagslegt leiguhúsnæði og þess háttar. Skyldi það vera stefnan? Hvernig væri nú að fá svör við því í þessari umræðu?

Auðvitað verða slíkir valmöguleikar að vera fyrir hendi. Auðvitað er eðlilegt að það sé leiguhúsnæðismarkaður sem starfi með eðlilegum hætti hér eins og ég hef áður vikið að í umræðum í hv. Alþingi. En það er hins vegar ekki rétt stefna, ef það er stefna ráðherra, að það eigi að ota sem flestum landsmönnum inn í félagslegar leiguíbúðir, kaupleiguíbúðir eða annað af þeim toga. Það er ekki rétt stefna, en það er rétt stefna að hafa til hliðar við hið almenna húsnæðislánakerfi, hvort sem það er byggt upp eingöngu með núverandi formi eða með húsbréfum jafnframt, félagslegar íbúðir fyrir þá sem standa höllustum fæti í þjóðfélaginu, eiga undir högg að sækja og geta ekki klofið það að komast yfir eigin íbúð með sama hætti og þeir sem meira eiga undir sér í efnalegu tilliti.

En skyldi sú nefnd sem Kvennalistinn hefur samið um að endurskoði félagslega íbúðarkerfið vera sama nefndin og sú sem á að fylgjast með framkvæmd þeirra laga sem hér á að knýja í gegn á Alþingi? Er það sama nefndin og sami hópurinn sem á að fjalla um útfærsluna og framkvæmdina í húsbréfakerfinu og hins vegar að endurskoða hinn félagslega hluta húsnæðiskerfisins? Hv. 18. þm. Reykv. hristir hausinn við þessari spurningu og það er gott að það komi fram, en það er jafnframt æskilegt að ráðherra svari því hér. Og það er þá jafnframt æskilegt að ráðherra svari því, ef hér er um tvær nefndir að ræða, hvort önnur þeirri eigi eingöngu að vera með aðild stjórnarliðsins og Kvennalistans eða hvort þær eigi báðar að vera þannig eða hvort aðrir þingflokkar eiga að koma að annarri nefndinni en ekki hinni eða hvort aðrir þingflokkar eigi kannski að koma að þeim báðum. Ég held að það sé nauðsynlegt að fá við þessu svör.

Ég hef nú rakið í stuttu máli, herra forseti, nokkur atriði þessa máls. Þau eru auðvitað miklu fleiri og það hefur ekki farið hjá því að um þessi mál hafi verið skrifað í blöð og um þau fjallað í þjóðfélaginu eins og eðlilegt er þegar um er að ræða mál sem er í eðli sínu mikilvægt þó svo að afgreiðsla þess á þessu þingi sé ekki mikilvæg, sé ekki knýjandi og ekki nein sérstök nauðsyn á henni.

Ég ætla að leyfa mér, herra forseti, máli mínu til stuðnings að lesa upp úr leiðara DV þann 25. apríl svohljóðandi:

„Þótt húsbréfin fyrirhuguðu séu að mörgu leyti álitlegri kostur en kostir núverandi húsnæðislánakerfis er rétt að lögleiða þau ekki í vor heldur skoða málið betur til hausts. Fram hafa komið rökstudd sjónarmið um að húsbréfin muni ekki ná tilætluðum árangri. Í leiðurum DV hafa húsbréfin verið studd í meginatriðum, enda fela þau í sér tilraun til að fjármagna kerfið að innanverðu í auknum mæli í stað þess að treysta á síhækkandi framlög ríkisins. Meginhugsun bréfanna er rétt þótt undirbúningur þeirra sé ekki nægur.

Síðustu vikur hafa nokkrir fræðimenn varað við hliðaráhrifum húsbréfanna. M.a. hefur því verið haldið fram að þau hafi svipuð áhrif og seðlaprentun og valdi þannig verðbólgu. Einnig muni þau hækka vexti og reka sig á vegg takmarkaðs innlends sparnaðar. Of langt og flókið yrði að þræða rökin í afmörkuðu rými eins leiðara. Hins vegar er auðvelt að rekja viðbrögð húsnæðisráðherra. Þau hafa gengið á svig við innihaldið. Þau hafa einkum falist í hótunum og úrslitakostum og í væli um að allir séu vondir við ráðherrann. Húsbréfaráðherrann og hennar lið virðast ekki hafa kynnt sér efni gagnrýninnar eða ekki kæra sig um að kynna sér það. Þess vegna svarar ráðherra engu heldur endurtekur í síbylju ýmislegt bull á borð við að frestun málsins kosti hálfan milljarð króna á mánuði. Einkennileg viðbrögð ráðherrans eru til þess fallin að efla vantrú á húsbréfum. Offors hennar hefur komið tæknilega flóknu máli í tilfinningahnút sem er ekki góður í veganesti milljarðakerfis. Rúmlega hálfs árs róleg íhugun gæti komið málinu í jafnvægi að nýju.

Þeir sem fylgjast grannt með íslenskri lagasmíði hafa tekið eftir að meira að segja þau lög sem virðast

einföld hafa yfirleitt margvísleg hliðaráhrif sem ekki var gert ráð fyrir þegar þau voru sett. Oft hafa vond hliðaráhrif yfirgnæft góð meginmarkmið laganna. Enn meiri líkur eru á að húsbréf hafi ófyrirséð hliðaráhrif því að þau eru afar flókið mál. Vandaðri undirbúningur girðir ekki fyrir hliðaráhrif en dregur úr líkum á að þau verði svo alvarleg að betra væri að búa áfram við rústir núverandi kerfis sem við þekkjum þó. Að einu leyti eru húsbréfin svo beinlínis grunsamleg. Í málflutningi stuðningsmanna þeirra er óbeint gefið í skyn að þau framleiði verðmæti úr engu því að þau spari ríkinu framlög. Að því leyti minna þau á margar fyrri sjónhverfingar sem ráðherrar hafa notað.

Vandræði húsnæðiskerfisins eru fyrst og fremst þau að opinbert fjármagn til þess er af skornum skammti. Besta vopnið í þágu þess er auðvitað að auka fjármagnið. Raunverulegur skortur á fé verður aldrei bættur upp með sjónhverfingum í nýjum bókhaldskerfum. Skynsamlegt gæti verið að hætta feluleiknum og viðurkenna að þjóðfélagið neyðist til að gefa ungum Íslendingum byrjunarpeninga í lífsins matador, t.d. með því að greiða rækilega niður vexti af húsnæðislánum upp að einhverju marki eins og raunin hefur verið.

Úr því að ráðherra hefur klúðrað húsbréfunum með of litlum undirbúningi er heilbrigt að hann segi af sér eins og hann hefur lofað. Allt of sjaldgæft er hér á landi að ráðherrar taki sjálfir afleiðingum mistaka sinna og gefi öðrum færi á að reyna að leysa hnútinn. Húsbréfum ætti ekki að koma á fót með lítt málefnalegum ógnunum og gráti af hálfu ráðherra. Skynsamlegra er að skoða gagnrýnina í friði og ró í sumar. Jónas Kristjánsson."

Hér er í stuttu máli tekið undir öll þau sjónarmið sem við í 1. minni hl. höfum haldið fram og sem fjölmargir aðilar í þjóðfélaginu, sem mark er takandi á, hafa haldið fram. (**JSS:** Neitið þið möguleika á innri fjármögnun?) Hins vegar er það svo, eins og vikið er að í þessum leiðara, að fram hafa komið undarlegar hótanir í þessu máli sem eiga ekkert skylt við efnisinnihald þess. Nú er það þannig að við sjálfstæðismenn kippum okkur ekkert upp við slíkar hótanir þó þær hafi dunið á okkur í fyrra frá sama ráðherra. Nú koma þær okkur blessunarlega ekkert við. En þær hafa engin áhrif á þetta mál og koma því ekki við. Hins vegar hefur hæstv. forsrh., hinn orðvari forsrh., að vanda látið frá sér fara ákveðin ummæli um þetta mál. Eins og t.d. þau að það sé mjög erfitt þegar einstakir ráðherrar tali of mikið í einstökum málum. Bragð er að þá barnið finnur hefði einhver sagt að minna tilefni.

En forsrh. segir í viðtali við DV þegar hann er spurður að því hvort þetta mál sé þess eðlis að ríkisstjórnin fari frá ef það nái ekki fram að ganga: „Nei, nei, þetta mál er ekki þess eðlis. Það var um það að ræða að annar meiri hluti samþykkti frumvarp sem ríkisstjórnin eða einhver þeirra flokka sem standa að henni gæti ekki sætt sig við. Okkur hefur alltaf verið ljóst að með jöfnum atkvæðum í Nd. gætu einhver mál fallið. Það er engin ríkisstjórn sem leggur höfuð sitt á höggstokkinn fyrir slíkan hlut eins og í þessu máli. Það lá meira að segja fyrir að þetta frumvarp færi ekki í gegn nema stjórnarandstaðan styddi það svo menn eru þá bara að afhenda henni fallöxina." Síðan er spurt: „Þannig að það er þá ekkert að veði í þessu máli annað en það höfuð sem Jóhanna hefur lagt á höggstokkinn?" „Já, ef hún gerir það", segir forsrh. „Það er jafnvafasamt hjá einstökum ráðherra og ríkisstjórninni sjálfri að gera slíkt."

Af þessu tilefni skrifar nú helsta stuðningsblað ríkisstjórnarinnar, hið virðulega málgagn sósíalisma, þjóðfrelsis og verkalýðshreyfingar, í leiðara þann 26. apríl eftirfarandi, með leyfi forseta: „Jóhanna Sigurðardóttir hefur nú í nokkra daga barist fyrir pólitísku lífi sínu á þingi. Hún hefur tengt ráðherrastól sinn skilyrðislegri samþykkt húsbréfafrumvarpsins en hafði þó ekki einu sinni tryggt fylgi stjórnarþingmanna við stjórnarfrumvarpið og þannig", með orðum forsrh. sem ég var að vitna til, „afhent stjórnarandstöðunni fallöxina. Og er það mesta mildi fyrir Jóhönnu, Alþfl. og ríkisstjórnina að stjórnarandstaðan skuli ekki þegar búin að láta öxarblaðið falla úr því ráðherrann var svo elskulegur að leggjast á höggstokkinn. Þetta er alveg ótrúlega heimskuleg framkoma í pólitík." Þetta er alveg ótrúlega heimskuleg framkoma í pólitík, segir helsta stuðningsmálgagn ríkisstjórnarinnar, hið virðulega málgagn sósíalisma, þjóðfrelsis og verkalýðshreyfingar, Þjóðviljinn.

Þetta eru ummælin og sendingarnar sem ráðherra í ríkisstjórninni fær frá sínu helsta stuðningsblaði. „Ótrúlega heimskuleg framkoma í pólitík." Það hefði nú einhvern tíman þótt ámælisvert að bendla framkomu eins ráðherra í ríkisstjórn í stuðningsmálgagni hans við heimsku. Dettur mér ekki í hug að taka undir slíkan málflutning þó ég sé ráðherranum ósammála um margt. En þetta verður hann að búa við, virðulegur félmrh., úr röðum sinna eigin stuðningsmanna. En skapleysi Alþfl. er við brugðið. Eftir að hafa gengið í eina sæng með Alþb. á síðasta hausti eru þetta kveðjurnar sem alþýðuflokksráðherrarnir fá frá sínum samstarfsmönnum og félögum að framkoma þeirra er bendluð við heimsku. En þeir um það, þeir alþýðubandalagsmenn sem láta sér slík ummæli um munn fara og á prent fara og sömuleiðis þeir alþýðuflokksráðherrar sem undir þeim sitja þegjandi og hljóðalaust, þegjandi og hljóðalaust til þess eins að geta pínt þetta mál í gegnum þingið hvað sem tautar og hvað sem raular og hvað sem líður athugasemdum og ábendingum færustu manna sem komið hafa að máli við m.a. hv. félmn. og sem hafa skrifað og fjallað um þetta mál mjög ítarlega að undanförnu.

Nú er það þannig, virðulegur forseti, að í þessu frumvarpi eru einnig, fyrir utan húsbréfakerfið, nokkrar greinar sem koma húsbréfunum ekkert við. Það er afar sérkennilegt að blanda inn í frumvarp um húsbréf nýjum kafla um Húsnæðisstofnun, sem í eru umdeild atriði út af fyrir sig eins og komið hefur fram,

breytingum á núgildandi reglum um úthlutanir lána í hinu almenna húsnæðislánakerfi. Það hlýtur að vera líka ámælisvert að standa þannig að þessu máli að tengja húsbréfakerfinu, sem á að leysa gamla kerfið af hólmi að hluta til eða að öllu leyti, breytingar á núverandi lánareglum. Það eru mjög furðuleg vinnubrögð og ámælisverð. En þannig er að breytingar sem fram koma í 1., 2. og 3. gr. frumvarpsins, b-lið 1. gr. og 2. og 3. gr. í heild, ganga allar út á það að þrengja og takmarka lánsrétt tiltekinna hópa manna sem að óbreyttum lögum eiga lánsrétt í Húsnæðisstofnun ríkisins og það án tillits til þess að þessir einstaklingar hafa greitt með sama hætti og aðrir inn í sína lífeyrissjóði þaðan sem lánsféð í Húsnæðisstofnun kemur. Með þessu móti er verið að útiloka ýmsa aðila eins og t.d. þá sem ekki eiga íbúð fyrir en eiga kannski eign í formi trillu eða vörubíls eða einhvers atvinnutækis. Það er verið að útiloka þá aðila frá því að fá lán bæði í Húsnæðisstofnun ríkisins og sömuleiðis í eigin lífeyrissjóði, en lífeyrissjóðirnir eru í stærstum mæli hættir að lána fé til einstaklinga vegna íbúðakaupa. Þessar breytingar eru efnislega mjög umdeilanlegar að mínum dómi. Ég tel að það sé mjög vafasamt að ganga lengra í því að þrengja rétt manna í núverandi kerfi og ef það er vilji manna að grisja í biðröðinni, þá eigi að gera það með öðrum hætti eins og t.d. þeim að hækka vextina, sem ráðherra hefur haft í hendi sér í tvö ár að gera, en ekki að útiloka fólk frá því að geta nokkurs staðar fengið langtímaveðlán til húsnæðiskaupa. Útiloka fólk bæði frá sínum lífeyrissjóði og húsnæðislánakerfinu. Það tel ég að sé mjög vafasamt efnislega burt séð frá því að tengja þessar breytingar húsbréfafrumvarpinu sem slíku sem er auðvitað ærið málefni til að standa í sjálfstæðu frumvarpi þó að því sé ekki klesst inn með svona breytingum sem eingöngu eru til þess að rugla menn í ríminu um meginatriði þessa frumvarps.

Eins og fram kemur í nál. 1. minni hl. er þar lýst andstöðu við þessar greinar hvað svo sem líður kaflanum um húsbréfin og fer þá vel á því að þessum greinum eins og frumvarpinu að öðru leyti sé vísað til ríkisstjórnarinnar til nánari athugunar í sumar.

En það er hins vegar margt fleira í þessu frumvarpi en húsbréfin sjálf sem komið hefur fram í nefndarstarfinu að þurfi að athuga betur, stór atriði og smá. Ég hef fjallað um stærstu atriðin, en það eru fleiri smávægilegar ábendingar sem hefði verið full ástæða til að taka mark á eða skoða betur í sumar væri málinu vísað til ríkisstjórnarinnar. Ég skal hlaupa á nokkrum atriðum í þessu sambandi, auk þeirra sem að er vikið í nál. og varða 55. gr., 57. gr. og 67. gr. En fyrir þeim er gerð grein í nál. því sem ég er hér að mæla fyrir.

Það er nú t.d. það, sem var nokkuð fjallað um í nefndinni, hvernig húsbréfadeildin kæmi inn í stjórnskipulag Húsnæðisstofnunar. Stjórnarliðar sem mynda 2. minni hl. nefndarinnar hafa talið sig taka af skarið með því að taka fram að húsbréfadeild sé í einu og öllu undir yfirstjórn Húsnæðisstofnunar og því fari ekkert frá húsbréfadeild í hennar nafni nema með samþykki yfirstjórnarinnar. En þetta var nokkuð mikið rætt í nefndinni og er alveg ljóst að um þetta geta skapast deilur, ekki síst ef forstöðumaður húsbréfadeildarinnar túlkar hlutverk sitt jafnrúmt og hugsanlega er hægt á grundvelli einstakra greina í frumvarpinu. Hins vegar má benda á að í milliþinganefndinni var lögð áhersla á að húsbréfadeildin yrði mjög sjálfstæð og þau ákvæði í frumvarpinu hafa verið þrengd og hennar sjálfstæði skert frá því að milliþinganefndin skilaði áliti og þar til þetta frumvarp var lagt fram í þinginu. En það út af fyrir sig er ekki kannski stærsta málið.

Hins vegar eru stærri mál þau hvers vegna hámarkslánstími á þeim veðbréfum sem húsbréfadeild mundi kaupa skuli vera 25 ár þegar almenna lánakerfið veitir lán til 40 ára. Það er enginn sérstakur rökstuðningur fyrir því. Um það var spurt í nefndinni af gestum sem þangað komu hvernig á þessari tölu stæði.

Sömuleiðis er ákvæðið um að kaupa megi húsbréf fyrir allt að 65% af eðlilegu matsverði fasteignar. Það er sömuleiðis tala sem einhvers staðar hefur verið dregin upp úr hatti en ekki eru færð nein sérstök málefnaleg rök fyrir að skuli vera 65%. Auðvitað vantar alla athugun á því alveg eins og það vantar allt tölulegt mat á því hvað hin svokallaða innri fjármögnun í þessu kerfi gæti verið mikil. Það er fullyrt og ég skal ekki draga í efa að innri fjármögnun muni í þessu kerfi verða einhver. Auðvitað er það jákvætt. Auðvitað er jákvætt ef hægt er að telja seljendur íbúða á að lána stærra hlutfall í íbúðum sínum þegar þær eru seldar en verið hefur. En það skortir allt tölulegt mat á það í þessu frumvarpi og í greinargerð með því hvað þessi innri fjármögnun gæti orðið mikil.

Það er líka gefið í skyn að með henni myndist einhver nýr sparnaður í þjóðfélaginu þó svo að ætla megi og leiða megi að því mjög haldbær rök að sá sparnaður sem þar myndist muni koma niður á öðrum sparnaðarformum og þá kannski ekki síst helsta keppinauti húsbréfanna, spariskírteinum sjálfs ríkissjóðs. Þó að því hafi verið skotið inn í umræðuna áðan af hv. 5. þm. Norðurl. v. og frsm. 2. minni hl. og spurt hvort 1. minni hl. tryði ekki á innri fjármögnun, þá vildi ég benda á þetta atriði. Ég trúi því að þarna geti orðið einhver innri fjármögnun og ég tel að hún sé af hinu góða, en ég vildi gjarnan fá mat á því hve mikil hún gæti hugsanlega orðið og hvaðan þeir peningar komi því að vitanlega er ekki verið að búa til nýtt fé eins og hv. ritstjóri DV bendir réttilega á í þeim leiðara sem ég vitnaði til og eins og ýmsir aðrir sem um þetta mál hafa fjallað hafa bent á. (Gripið fram í.) Peningarnir vaxa ekki á trjánum, því miður, þó að það sé ósk margra og verðmæti verða ekki búin til úr engu þó að það sé líka ósk margra. Um þetta þarf að fjalla nánar og komast að skynsamlegri niðurstöðu um þessi atriði.

Í nál. er vikið að 57. gr. eins og ég sagði, en hún gengur út á það að endurgreiðslur á fasteignaveðbréfum sem Byggingarsjóður hefur keypt og látið fyrir húsbréf skuli fara fram með hlutkesti sem fógeti,

notarius publicus, muni hafa umsjón með. Þetta hefur verið haft að háði og spotti til að mynda í dagblaðinu Tímanum þar sem um þetta var skrifuð frétt og hæðst að því í bak og fyrir að þarna yrði eitthvert lánalottó og þarna væri verið að útbúa eitthvert allsherjarhappdrætti fyrir landsmenn þar sem vinningurinn væri sá að fá endurgreiðslu á húsbréfinu frá Húsnæðisstofnun ríkisins. Það er að vísu misskilningur að þetta útdráttarkerfi sé sérstaklega hættulegt, enda tíðkast það víða í nálægum löndum, m.a. á lánum sem ríkissjóður hefur fengið erlendis. Endurgreiðslur til þeirra sem hafa keypt slík bréf á markaði, og ekkert er vitað hvar eru vegna þess að þessi bréf geta farið víða um markaðinn, eru stundum ákveðnar með útdrætti. Þá er dregið um hverjir eigi að fá endurgreitt og handhafar slíkra bréfa fylgjast með slíkum útdrætti eftir númerum á bréfunum. Þetta er þekkt fyrirbæri erlendis, en þetta er ekki þekkt fyrirbæri á Íslandi, a.m.k. ekki í þessum mæli. Það hefur komið fram, það kom fram hjá fulltrúum tveggja stærstu aðila hér á verðbréfamarkaði, Kaupþingi hf. og Verðbréfamarkaði Iðnaðarbankans, að þetta ákvæði væri óþarft og það væri jafnframt varhugavert vegna þess að það mundi skjóta fólki skelk í bringu. Fólk hræddist svona ákvæði, óttaðist það að missa jafnvel af afborgunum og mundi þess vegna jafnvel fælast frá því að taka þátt í viðskiptum sem þannig kynnu að enda með útdrætti og endurgreiðslu í kjölfar hans. En aðalatriði er að af þessum aðilum var bent á að þetta ákvæði væri óþarft vegna þess að húsbréfadeildin eða sá aðili sem umsjón hefði með þessu gæti hagað málum þannig og raðað sínum inngreiðslum og útgreiðslum með þeim hætti að það ætti að vera unnt að komast hjá slíkum útdrætti en jafnframt tryggja hagsmuni þeirra sem eiga að fá greiðslur af þessum húsbréfum. Hér segir, með leyfi forseta: „Byggingarsjóður ríkisins innheimtir afborganir og vexti af keyptum fasteignaveðbréfum og ráðstafar því fé sem þannig innheimtist til endurgreiðslu húsbréfa eftir hlutkesti sem notarius publicus hefur umsjón með."

Ég tel að það hefði verið fyllilega réttmætt, eins og kemur fram í nál. okkar 3. þm. Suðurl., að taka tillit til þessarar ábendingar þeirra sem mesta reynslu hafa af þessum viðskiptum á Íslandi og það hefði verið eðlilegt og eitt af því sem ætti að kanna í sumar samkvæmt okkar tillögu hvort þetta ætti að vera með þessum hætti eða ekki. En á það var ekki hlustað frekar en annað sem fram kom og ber vitaskuld að harma það.

Ég hyggst ekki nefna önnur ákvæði í frv. sjálfu, 55. gr. og 66. gr. t.d. sem ég gat um og er vikið að í nál. Þetta eru smærri atriði þessa máls. Þau undirstrika engu að síður að á þessu máli eru enn ýmsir annmarkar og þess vegna teljum við að eðlilegt sé að fresta þessari lögfestingu og kanna þetta mál allt betur til botns eins og ég hef margvikið að í minni ræðu.

Það er þó ánægjulegt að afturhaldsöflin í Alþb. skuli hafa áttað sig á því að markaðsviðskipti með verðbréf geta verið af hinu góða og að aukin aðild verðbréfafyrirtækja og verðbréfamiðlara í fasteignaviðskiptum geti verið af hinu góða. Ég tel að það sé mjög jákvætt að augu Alþb. og formanns þess, sem nú er genginn í salinn, skuli hafa opnast fyrir því. Það er út af fyrir sig jákvætt og auðvitað er þessi hugmynd um húsbréf í sjálfu sér jákvæð. Um það þarf ekki að deila að mínum dómi og það hef ég hér margtekið fram. En niðurstaðan af þessari umfjöllun og athugun er sú að mínum dómi að þetta mál þurfi nánari skoðun, þurfi nánari umfjöllun, betur þurfi að endurskoða reikningana sem því fylgja og það þurfi að ná betri sátt um málið í þjóðfélaginu áður en það er lögfest. Þess vegna er það niðurstaða okkar í 1. minni hl. að þessu máli beri að vísa til ríkisstjórnarinnar.

Nú er það þannig. eins og ég gat um í upphafi ræðu minnar, að nefndin klofnaði, félmn., í fjóra litla parta. Hún klofnaði í fjóra minnihlutahópa þar sem ekki náðist samstaða um sameiginlegt álit meiri hluta. Það, eins og ég sagði í gær, er auðvitað til marks um hvað samkomulag um þetta mál virðist vera á veikum grunni reist, en hvað sem því líður vildi ég að það kæmi hér fram í lokin að samstarf nefndarmanna, hefur að mínum dómi verið ágætt eins og raunar jafnan í þessari nefnd. Ég nota tækifærið þegar ég lýk máli mínu og þakka formanni nefndarinnar, hv. 5. þm. Norðurl. v., fyrir sanngirni og vönduð vinnubrögð í umfjöllun þessa máls því það verður ekki með nokkru móti sagt um hann að hann hafi beitt formannsvaldi sínu í nefndinni til þess að níðast á minni hluta nefndarinnar með einum eða neinum hætti. Ég þakka honum fyrir sanngirni og tillitssemi í garð nefndarmanna. Að svo mæltu læt ég máli mínu að þessu sinni lokið.

Frsm. 2. minni hl. félmn. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Áður en ég sný mér að nál. 2. minni hl. félmn. vil ég segja örfá orð um langa og ágæta ræðu hv. 17. þm. Reykv. Geirs H. Haarde. Ég þakka honum góð orð í minn garð. Burt séð frá ýmsum skylduæfingum stjórnarandstöðumanns sem komu fram í hans ræðu held ég að þetta sé ein sú besta gagnrýni sem ég hef heyrt á stjfrv. sem fram hefur verið lagt hér á þingi. Hann tók það sem honum fannst til álita koma, punkt fyrir punkt, „dispúteraði" það á mjög gagnrýninn hátt, að vísu var ég sjaldnast sammála honum í hans gagnrýni, en ég held að þetta hafi verið uppbyggileg og jákvæð gagnrýni. Ég held að þingmaðurinn hafi ekki komist fram hjá því í allri sinni gagnrýni að í raun er hann sammála framlögðu frv. þó hann sjái á því ýmsa agnúa. Og vil ég þá snúa mér að áliti 2. minni hl. félmn.

Nefndin hefur fjallað um frv. og borist um það fjöldi umsagna, auk skýrslu frá félmrn. Í skýrslunni er grg. um kynningarfundi ráðuneytisins um húsbréf og vaxtabætur með 17 aðilum á vinnumarkaði og fleirum, minnisblað um almenna húsnæðislánakerfið, töflur yfir útlán Húsnæðisstofnunar og samanburður við Noreg, minnisblöð um húsbréf, vaxtabætur, greiðslubyrði og afföll, álitsgerð sérfræðinganefndar

um áhrif húsbréfakerfis á fasteigna- og fjármagnsmarkað og athugun Félagsvísindastofnunar á högum umsækjenda um lán hjá Húsnæðisstofnun ríkisins.

Þá bárust nefndinni umsagnir frá eftirtöldum: Húsnæðisstofnun ríkisins, Þjóðhagsstofnun, Seðlabanka Íslands, Húseigendafélaginu, Félagi fasteignasala, Kaupþingi hf., Verktakasambandi Íslands, Fasteignamati ríkisins, Sambandi almennra lífeyrissjóða, Landssambandi lífeyrissjóða, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, Alþýðusambandi Íslands, Verkamannasambandi Íslands, Landsssambandi iðnaðarmanna, Iðju, félagi verksmiðjufólks, bæjarstjórn Hafnarfjarðar og frá fimm stjórnarmönnum í Húsnæðisstofnun ríkisins.

Á fund nefndarinnar komu Pétur H. Blöndal frá Kaupþingi, Sigurður B. Stefánsson frá Verðbréfamarkaði Iðnaðarbankans, Gunnar Helgi Hálfdánarson frá Fjárfestingarfélaginu, Ásgeir Daníelsson frá Þjóðhagsstofnun, Haraldur Sumarliðason, Þórleifur Jónsson og Guðlaugur Stefánsson frá Landssambandi iðnaðarmanna, Björn Þórhallsson viðskiptafræðingur, Ásmundur Hilmarsson frá ASÍ og Bjarni Bragi Jónsson og Eiríkur Guðnason frá Seðlabanka Íslands.

Með nefndinni starfaði svo mestallan tímann Yngvi Örn Kristinsson, hagfræðingur í Seðlabanka Íslands.

2. minni hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þskj. Breytingar þessar eru fyrst og fremst orðalagsbreytingar, en þó eru lagðar til tvær efnisbreytingar. Í fyrsta lagi er um að ræða breytingu við m-lið 4. gr., þ.e. 62. gr. laganna um Húsnæðisstofnun ríkisins, sem felur í sér að auk þess sem húsbréfadeild geri tillögu til félmrh. um verðtryggingarskilmála, endurgreiðsluform, lánstíma og vexti í hverjum verðbréfaflokki geri húsbréfadeild einnig tillögu til félmrh. um heildarfjárhæð í hverjum verðbréfaflokki. Með þessu er gert ráð fyrir að ríkisstjórnin geti betur fylgst með því að rekstur húsbréfakerfisins sé í samræmi við sett markmið í efnahagsmálum.

Í öðru lagi er gildistíma laganna breytt á þann veg að þau taki gildi 15. nóv. 1989 í stað 1. sept. 1989.

2. minni hl. vill leggja á það áherslu að félmrh. hefur ákveðið að skipa nefnd sem hafi það verkefni að fylgjast með undirbúningi að framkvæmd laganna og gera, ef nauðsyn krefur, tillögur um breytingar áður en lögin taka gildi þann 15. nóv. nk.

Af gefnu tilefni og umræðum í nefndinni um hlutverk húsbréfadeildar og yfirstjórn hennar og vegna þess að í rökréttu framhaldi af því er talað í næstu lagagreinum einungis um húsbréfadeild, sem sagt um hlutverk hennar nánar, vill nefndin leggja á það áherslu að það er skilningur hennar að b-liður 4. gr., þ.e. 51. gr. laganna, taki af öll tvímæli um það að yfirstjórn húsbréfadeildar sé í höndum húsnæðismálastjórnar og að allar ákvarðanir deildarinnar séu háðar samþykki þeirrar yfirstjórnar.

Með þessu áliti er sérprentað samkomulag um húsnæðismál milli ríkisstjórnarinnar og Kvennalistans. Undir þetta álit skrifa Guðrún Helgadóttir, Jón Kristjánsson og Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Sjaldan eða a.m.k. ekki eftir að ég kom á Alþingi hef ég orðið vitni að því að nokkurt frv. hafi hlotið jafngóðan undirbúning og það frv. sem hér er lagt fyrir. Nú er komið á annað ár frá því að þetta frv. var lagt í vinnslu. Það kom fyrst til undirbúningsnefndar sérfræðinga sem skiluðu eftir starf sitt mikilli skýrslu þar sem var sérstök áhersla m.a. lögð á áhrif húsbréfakerfisins á fasteigna- og fjármagnsmarkaðinn, einmitt það sem gagnrýnendur þessa kerfis hafa lagt áherslu á að skorti í umfjöllun um þetta frv. Það var í öðru lagi lagt fyrir nefnd fulltrúa allra stjórnmálaflokka sem tóku sér drjúgan tíma við athugun og undirbúning frv. þar sem flestallir fulltrúarnir lýstu sig samþykka framlegð frv., að vísu með hinum og þessum fyrirvörum eins og gerist og gengur, og aðeins tveir, að vísu ekki fulltrúar stjórnmálaflokkanna, nefndarmanna lýstu sig mótfallna framlegð slíks frv., þ.e. húsbréfakerfis, vegna þess að þeir vildu lappa upp á núverandi kerfi sem ég held að flestallir og stór meiri hluti landsmanna sé sannfærður um að sé genginn sér til húðar fyrir löngu.

Eftir að þessi nefnd hafði einnig skilað af sér stóru og miklu áliti í formi þykkrar skýrslu hefur þetta frv. fengið ríkulega kynningu hjá fjölda aðila í þjóðfélaginu og mér er næst að halda að ekkert frv. hafi verið jafnvel kynnt. Það má vera að frv. um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga hafi fengið jafngóða kynningu, en ég held að ekkert frv. hafi betur verið kynnt meðal allra viðkomandi aðila í þjóðfélaginu áður en það var síðan lagt fram hér á Alþingi.

Eins og hv. 17. þm. Reykv. lýsti yfir áðan höfum við átt góða samvinnu í félmn. um þetta frv. Ég held að það hafi fengið þar nokkuð góða umfjöllun. Við höfum haldið marga fundi þar sem við höfum rætt um málin fram og aftur. Við höfum fengið fjölda sérfræðinga á okkar fund. Við höfum haft fjölda álita sem hafa stutt okkur í okkar umræðum. Þannig er ekki hægt að segja að þetta frv. hafi ekki fengið umfjöllun. Það hefur fengið nákvæman undirbúning, það hefur fengið góðan undirbúning og það hefur fjöldi fólks komið nálægt þessu máli. En það er ekki búið og gert með það, heldur hefur sérstaklega verið frestað gildistöku þessara laga til að enn og aftur geti nefnd komið nálægt þessu máli og fylgst með undirbúningi að framkvæmd þessara laga og henni er ætlað, ef henni þykir svo rétt vera, að hún geti lagt fram brtt. ef hnökrar koma upp í undirbúningnum. Þetta held ég að sé mjög óvenjulegur framgangsmáti í sambandi við samþykkt laga á Alþingi. Bæði í bak og fyrir held ég að megi segja að þetta frv. fái betri undirbúning en flestöll önnur frv. sem ég veit um að hafi komið inn á þing.

Ég minntist á áðan að í lok nál. sé prentað samkomulag um húsnæðismál milli ríkisstjórnarinnar og Kvennalista og vil ég koma aðeins að því. Það er vissulega viss hætta á því þegar nýtískulegu og gjörbreyttu húsnæðislánakerfi er komið á sem leggur markaðsvexti til grundvallar að hið félagslega hús-

næðislánakerfi hverfi í skugga. Það ber því brýna nauðsyn til að hið félagslega húsnæðiskerfi sé styrkt í leiðinni. Það er ekki svo að skilyrði Kvennalistans varðandi þetta samkomulag hafi verið á þá leið út í hött að alveg eins hefði verið hægt að fara fram á úrbætur í vegamálum, þó þær séu vissulega nauðsynlegar. Það verður að skoða þessi mál í samhengi. Það er skynsamlegt að skoða þessi mál í samhengi og það var gert með þessu góða samkomulagi. Samkomulagið eins og það er prentað hér í textanum hljóðar svo:

„Athuganir innan ríkisstjórnarinnar og viðræður við Kvennalistann hafa leitt til þeirrar niðurstöðu að samþykkt frv. til laga um húsbréfakerfi verði tengt húsnæðismálum í stærra samhengi [og ég held að ég hafi fært rök að því að það sé skynsamleg niðurstaða].

Samkomulag er um eftirfarandi:

1. Skipan nefndar á vegum félmrh. til að endurskoða hinn félagslega hluta húsnæðiskerfisins. Nefndin skili niðurstöðu fyrir 1. nóv. n.k. Hlutverk nefndarinnar er að leggja fram tillögur um endurbætur á fyrirkomulagi lánveitinga til félagslegra íbúðabygginga með það fyrir augum að einfalda lánafyrirkomulag og auka skilvirkni félagslega íbúðalánakerfisins. Nefndinni er falið að gera tillögur um breytt fyrirkomulag á stjórnun og úthlutun á félagslegri aðstoð í húsnæðiskerfinu. Jafnframt er nefndinni falið að gera tillögur um framkvæmd ráðstafana og leita leiða til að auka framboð leiguhúsnæðis og til að jafna húsnæðiskostnað leigjenda til samræmis við húseigendur.

2. 600 millj. kr. raunaukningu á framkvæmdafé til félagslega hluta íbúðakerfisins. Á árinu 1989 verði 100 millj. kr. raunaukning á framlögum auk þess sem felst í bréfi ríkisstjórnarinnar til Alþýðusambandsins í tengslum við kjarasamninga 1. maí 1989. Á árinu 1990 verði svo 500 millj. kr. raunaukning framkvæmdafjár.

3. Vextir á lánum, sem úthlutað hefur verið úr Byggingarsjóði ríkisins, verði ekki hækkaðir þegar húsbréfakerfið kemst í framkvæmd.

4. Þingflokkur Kvennalistans mun taka þátt í undirbúningi gildistöku húsbréfakerfisins og fylgjast með þeirri reglugerðarsmíð sem fram þarf að fara."

Ég tók eftir því að hv. 17. þm. Reykv. kom aðeins inn á einmitt þennan punkt samkomulagsins og taldi það út í hött að tekið sé fram að Kvennalistinn muni taka þátt í störfum þessarar nefndar. Það er mjög eðlilegt að þegar Kvennalistinn gerir samkomulag við ríkisstjórnina sé tekið fram að einmitt fulltrúar hans muni taka þátt í störfum nefndarinnar. Það er ekki þar með sagt að ekki verði fleiri í þeirri nefnd, en það kemur auðvitað Kvennalistanum ekki við og óeðlilegt að þær hefðu afskipti af því hverjir aðrir fulltrúar mundu taka þátt í þeirri nefnd. Ég held því að sú gagnrýni sem hefur komið fram á þennan punkt eigi ekki verulega mikinn rétt á sér.

Ég fagna þessu samkomulagi ríkisstjórnarinnar og Kvennalistans. Það ber vott um ríkulega félagslega vitund Kvennalistans og sýnir að Kvennalistinn hefur tekið á þessu máli af mikilli alvöru. Alþfl. var fyrsti flokkurinn á Íslandi sem hóf baráttu fyrir hinu félagslega íbúðalánakerfi. Hér er því um gamalt baráttumál Alþfl. að ræða og við tökum heils hugar undir tillögur sem beinast að styrkingu þess, sérstaklega þegar þær eru bornar fram af ábyrgð og af heilindum. Mér virðist sem sú gagnrýni, sem annars hefur komið fram á þetta kerfi og kom m.a. fram hjá hv. 17. þm. Reykv., gangi nokkurn veginn upp í sjálfa sig og eyði sjálfri sér að miklu leyti.

Ég gat tekið þessa gagnrýni saman í fjóra punkta. Það var talað um að vegna vaxtavandamála verði sennilega um ekkert húsbréfakerfi að ræða. Það verði bara ekki fyrir hendi. Það muni aldrei komast í gagnið, einmitt vegna vaxtapólitíkur. Þannig skildi ég einn punkt gagnrýninnar. Hins vegar er mikil áhersla lögð á það og miklum tíma eytt í það að það væri algjör nauðsyn að sett væri á stofn nefnd sem hefði að sérstöku rannsóknarefni hegðun húsbréfakerfis á markaði. Mér virðist að ef húsbréfakerfið kemst ekki í gagnið muni krafan um það að rannsakað verði hvernig húsbréfakerfið, sem aldrei kemst á markað, komi til með að haga sér á markaði eyða sér sjálf.

Það var talað um að húsbréf komi til með að valda verðbólgu vegna þess að framboð á húsbréfum komi til með að verða svo mikið. Í öðrum punkti er síðan talað um að húsbréf muni aldrei verða sparnaðarform vegna takmarkaðrar útgáfu húsbréfa. Ja, hvort gildir nú? Annað hvort hlýtur að gilda. Ef hins vegar bæði gilda í einu hljóta báðir punktarnir að eyða hvor öðrum.

Einn gagnrýnispunktur var sá að mikla nauðsyn beri, og það var niðurstaða 1. minni hl. félmn., til að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar vegna þess að það þurfi að athugast betur. Þetta var einmitt sá punktur sem settur var í samkomulag við Kvennalistann. Þessi nefnd verður sett á. Málið verður athugað betur. Ef svo skyldi fara, eftir alla þá athugun sem þetta mál hefur fengið, þá verður skipuð nefnd einmitt til þess að fylgjast með undirbúningnum þannig að ég held að meginniðurstöðu 1. minni hl. félmn. sé sinnt, þannig að ég skil ekki í öðru en að hægt sé að samþykkja þetta frv. undir þessum formerkjum og það er einmitt það sem 2. minni hl. félmn. leggur til, að það verði samþykkt með brtt. sem lagðar eru fram á sérstöku þingskjali.

Frsm. 3. minni hl. félmn. (Alexander Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti. Það kom ekki fram í tilvitnun forseta. Það var kannski af misgáningi.

En vegna þess sem kom fram hjá frsm. 2. minni hl., hv. 5. þm. Norðurl. v., tel ég ástæðu til að minna hv. þm. á það að mér finnst vera ákaflega ótímabært og óeðlilegt að fulltrúar Alþfl. sem hér koma í ræðustól, hvort sem þeir heita hæstv. ráðherrar eða hv. þm., séu sífellt að reyna að læða því að í umræðunni að Alþfl. hafi einhverja sérstöðu í hverju málinu á fætur öðru, þeir séu frumkvöðlar þess sem vinsælt er á Íslandi og mest áhrif hafi, eins og hv. þm. kom hér inn

á áðan, að reyna að koma því að að Alþfl. hefði verið fyrstur til þess að fjalla um húsnæðismál á Íslandi. Ég veit ekki betur en að það félagslega kerfi sem var sett í lög hér á Íslandi og hefur skilað miklum árangri, bæði í fortíð og nútíð, þ.e. verkamannabústaðakerfið, hafi verið sett undir forustu Framsfl. og Alþfl. á sínum tíma þegar þeir unnu saman í þá tíð að ýmsum hagsmunamálum almennings í landinu. Og mér finnst ástæðulaust að hv. þm. og ráðherrar Alþfl. séu sífellt að reyna að seilast til að eigna sér mál sem þeir halda að falli almenningi vel í geð á hverjum tíma. Fortíð þeirra er saga sem sjálfsagt er að viðurkenna á vissan hátt, en hún er ekki þess virði að hægt sé að taka svo til orða sem hér hefur verið gert.

Herra forseti. Ég lagði hér fram nál. á þskj. 1035 í sambandi við það mál sem hér er til umræðu, þ.e. frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, 344. mál Alþingis í Nd. Ég vil segja það strax hér að umræðan um þetta mál er orðin allmikil í þjóðfélaginu og í þeirri nefnd sem ég á sæti í og hefur haft þetta mál til meðferðar hefur vissulega verið, eins og hér hefur komið fram, fjallað allmikið um málið, þó ekki á þann hátt að miklar umræður hafi verið á nefndarfundum, heldur höfum við nefndarmenn fengið mikið af álitum víðs vegar að og einnig fylgdi frv. heljarpakki af athugunum og öðru slíku, m.a. frá hinum svokölluðu sérfræðingum sem hefur komið í ljós samt sem áður að virðast annaðhvort ekki hafa skilið sitt hlutverk ellegar þá ekki komið því þannig frá sér að tæmandi upplýsingar væru um það sem mestu máli skiptir í sambandi við þetta mál.

Ég vil taka það fram í upphafi að við 1. umr. um þetta mál hér á hv. Alþingi í Nd. sem fór fram hér 17. mars sl. lýsti ég andstöðu við þetta frv. Ég taldi að kaflinn um húsbréfin væri tímaskekkja og settur fram í þeim tilgangi sem lýst var rækilega, bæði eftir hæstv. félmrh. og í forustugrein Alþýðublaðsins, að þessi breyting sem hér er verið að leggja til feli það í sér að núverandi húsnæðiskerfi verði lagt niður og svonefnt húsbréfakerfi kæmi í staðinn. Ég sagði þá að ég teldi að með þessu móti yrði hlutverk Húsnæðisstofnunar við þessar aðstæður lamað og fasteignasalar og verðbréfamarkaðurinn, svo burðugur sem hann væri, ættu að taka við því hlutverki og meginefni þessa væri að markaðsvextir ættu að taka við á öll lán og einstaklingar sem þyrftu á lánum að halda eða að kynna sér aðstöðu í sambandi við húsnæðismál yrðu háðir sveiflum verðbréfamarkaðarins. Og ég taldi einnig að þetta mundi valda þenslu og auka stórlega fjármagnsþörf til húsnæðiskerfisins. Ég hélt því einnig fram í þessari 1. umr. að þeir sem búa við bestu aðstöðuna, þ.e. stórar húseignir og aðra eignaaðstöðu í þjóðfélaginu, muni hafa möguleika til að ganga fyrir og græða á þessu formi eins og það er sett fram, en þeir sem núverandi húsnæðiskerfi á að vernda muni verða undir í þessum málum.

Í raun og veru þarf ég ekki að fara nánar út í þetta hér en ég rökstuddi þetta m.a. með því að mikið af viðtölum og greinum hafði birst í fjölmiðlum og víðar og ég vitnaði þar sérstaklega til álits sem einn virtur fasteignasali og verðbréfasali hér í borg, Pétur Blöndal, hefur látið frá sér fara þar sem hann sagði umbúðalaust sannleikann í sambandi við þetta mál þegar hann lýsti því yfir að þetta mundi þýða það að húsnæðiskostnaður mundi að sjálfsögðu hækka um 30–40% og greiðslubyrði þeirra sem kæmu í þetta kerfi með markaðsvöxtum mundi að sjálfsögðu hækka á svipuðum nótum.

Herra forseti. Ég held að ég verði að lesa nál. á þskj. 1035. Ég tel það nauðsynlegt, til að það komi inn í þingtíðindin, áður en ég hef aðra almenna umræðu um þetta mál. En nefndarálitið hljóðar svo, með leyfi forseta:

Nefndin hefur fjallað um frv. á nokkrum fundum en frv. var til 1. umr. í neðri deild 17. mars sl.

Um fá mál hafa komið fram jafnmiklar og víðtækar efasemdir og athugasemdir og um þetta frv. Sérkennilegt er einnig að svör um hvaða áhrif „húsbréf" samkvæmt frumvarpinu kynnu að hafa t.d. á peningamarkað, húsnæðismarkað, þenslu, greiðslubyrði o.s.frv. fást ekki nema í því formi að ekki sé hægt að meta þessi áhrif miðað við núverandi aðstæður.

Ekki fást heldur upplýsingar um núverandi húsnæðiskerfi, hvernig hin svokallaða „biðröð" er samsett. Húsnæðisstjórn er gerð óvirk sem heild um svör og rök í málinu og lætur frá sér fara stutt svar: „Mjög mismunandi skoðanir eru innan stjórnarinnar á framlögðu frv. til laga um Húsnæðisstofnun ríkisins. Vegna þess mun hún ekki senda nefndinni umsögn um það." Sem sagt, hún getur ekki komið sér saman um greinargerð um álit um málið þó að félmn. Nd. hafi óskað sérstaklega eftir því. Hins vegar bregður svo við að fimm stjórnarmenn senda frá sér ítarlega greinargerð og mæla gegn húsbréfafrumvarpinu. Þeir fullyrða að núverandi kerfi sé smátt og smátt að ná jafnvægi.

Þessum fulltrúum, kosnum af Alþingi í stjórn stofnunarinnar, svarar hæstv. ráðherra í fjölmiðlum með skætingi, þeir séu einstaklingar úti í bæ sem þekki ekki málið og séu með annarleg sjónarmið.

Þetta mál er knúið fram með sérstæðum hætti. Hæstv. ráðherra hótar afsögn ef hann fái ekki að leggja málið fram á Alþingi, þrátt fyrir minni hluta stjórnarsinna í neðri deild, og leggur málið fram sem stjórnarfrumvarp og hótar enn afsögn ef þingið samþykki það ekki.

Allur þessi þrýstingur er algjört virðingarleysi við Alþingi og andstætt þingvenju og lýðræði. Samkomulag þvingað fram, eins og raun ber vitni, er málinu til tjóns og Alþingi til vanvirðu þar sem augljóst er að breyta verður væntanlegum lögum áður en þau taka gildi vegna formgalla og neikvæðra áhrifa á efnahagskerfið í heild.

Það er hægt að vitna til umsagna og samþykkta Alþýðusambands Íslands og ýmissa fleiri aðila vinnumarkaðarins, álits fimm stjórnarmanna í Húsnæðisstofnun og álits Fasteignamats ríkisins, en þar segir m.a.:

„Með tilkomu húsbréfa munu reglur Byggingarsjóðs um skilyrði fyrir ábyrgðum og lánafyrirgreiðsl-

um víkka verulega frá því sem nú er. Skilyrði umsækjenda munu eingöngu miðast við veðhæfni viðkomandi íbúðar og greiðslugetu. Þá verða engin ytri mörk á heildarmagni ábyrgða á skuldabréfum og þar með því fjármagni sem trygging er gefin fyrir.

Þessi rýmkun á reglum mun verka gagnvart fasteignamarkaði sem veruleg aukning á lánsfé. Reynslunni samkvæmt mun þetta valda verðhækkunum á eldri íbúðum og aukinni eftirspurn eftir nýbyggingum og þar með verðhækkun á þeim. Þá mun hækkun á heimildum á ábyrgðum skuldabréfa einkum auka lánshæfni stærri og dýrari íbúða og því að öllum líkindum leiða til aukinnar eftirspurnar og verðhækkunar á þeim."

Þjóðhagsstofnun segir m.a. að árleg greiðslubyrði af fasteignaveðláni (sem skipt er fyrir húsbréf) sé mun hærri en af núverandi húsnæðislánum.

Þá bendir Þjóðhagsstofnun á að upplýsingar um ýmsar hliðar fjármagnsmarkaðar, og þá ekki síst hvað eignir heimilanna varðar, eru mjög takmarkaðar og telur því ákaflega erfitt að meta í tölum áhrif af húsbréfakerfi á ýmsa mikilvæga þætti fjármagnsmarkaðar.

Frv. fylgir engin greinargerð um áhrif húsbréfanna á fjármagnsmarkaðinn og upplýst var í félmn. að Seðlabankinn hefur við undirbúning málsins aldrei verið beðinn um neina greinargerð um áhrif húsbréfakerfisins á peningamagn og peningastjórn.

Hins vegar hefur komið fram í viðtölum við Pétur Blöndal, sem er eins og ég tók fram áðan einn af færari mönnum á fasteigna- og verðbréfamarkaði hér, að með þessu kerfi muni húsnæðiskostnaður aukast um 35–40% og þar með greiðslubyrði.

Jóhann Rúnar Björgvinsson hagfræðingur segir svo um efnahagsleg áhrif húsbréfa:

„1. Húsbréfin hafa flesta eiginleika peninga. Þau eru ríkistryggð, hafa mikla innbyrðis samsvörun, hafa þekkt verðgildi og ljúka viðskiptum. Þau hafa því alla burði til þess að verða peningar í hagkerfinu. Útgáfa þeirra getur því magnað verðbólguna ef ekki er rétt að málum staðið. Þá geta þau fengið víðtækara gjaldmiðilshlutverk en á fasteignamarkaðnum.

2. Sparnaðarhneigðin í þjóðfélaginu setur húsbréfakerfinu skorður því ekki er hægt að gefa út fleiri húsbréf en sparnaðareftirspurn bréfanna gefur tilefni til, nema það hafi áhrif á raunvirði þeirra til lækkunar. Áhrifin eru að færri lán verða afgreidd en áður, ef gert er ráð fyrir hærra lánsfjárhlutfalli til fasteignakaupenda en í fyrra kerfi.

3. Ef um offramboð húsbréfa verður að ræða hefur það víðtæk áhrif á vaxtastigið í þjóðfélaginu. Sömuleiðis hefur það mjög verðbólguhvetjandi áhrif, bæði almennt og á fasteignamarkaðinn.

4. Tilkoma húsbréfakerfisins mun skerða verulega getu Seðlabankans til að sinna því hlutverki í hagkerfinu sem honum er ætlað, þ.e. að stjórna peningamagni hagkerfisins og að vinna að stöðugu verðgildi krónunnar.

5. Fullyrðingar um að húsbréfakerfið muni bæði auka innri fjármögnun á fasteignamarkaðnum og lækka útborgunarhlutfallið eru á misskilningi byggðar."

Enn er allt á huldu um áhrif vaxtabótaþáttar sem er í raun óaðskiljanlegur hluti þessa máls því að fullir markaðsvextir húsnæðislána eru það sem húsbréfakerfið byggist á samkvæmt frv. Gagnvart stórum hópum fólks fær slíkt form ekki staðist án þess að ljóst sé hvaða vaxtabætur komi á móti og hvernig þær verka í skattakerfinu sjálfu.

Verðbréfafyrirtæki hafa blómstrað og hafa keyrt upp hættulega þróun í viðskiptum, sbr. ýmsan verslunarrekstur. Afleiðingarnar: Dæmið um Ávöxtun sem auglýsti í fjölmiðlum ágæti sitt, safnaði til sín fjármunum almennings með auglýsingum um hæstu ávöxtun, traustleika og heiðarleika. Niðurstaða: Hreinn þjófnaður og gjaldþrot, ekki aðeins fyrirtækja heldur fjölda einstaklinga og heimila í landinu sem trúðu þessum aðilum.

Eru þetta ekki víti til varnaðar? Menn skyldu ætla að svo verði. Ný lög voru sett og allir voru sammála hér á hv. Alþingi. En undirritaður verður að lýsa furðu sinni á því að nú skuli sumir forustumenn stjórnmálaflokka, sem telja sig verndara launþega, samþykkja að fela verðbréfafyrirtækjum og fasteignasölum að sjá um framkvæmd viðkvæmustu þátta húsnæðismála og vilji samþykkja tafarlaust markaðsvexti á útlán, húsbréf sem eiga að lúta markaðsgengi á hverjum tíma, þurrka þar með út forgang ýmissa hópa til að fá sérstaka lánafyrirgreiðslu, sérstöðu unga fólksins, fólks með sérþarfir o.s.frv. Með slíkum breytingum gildir aðeins kaupsamningur og mat á því hvort handhafi kaupsamnings getur staðið í skilum. Þeir sem nú hafa ekki möguleika til lána úr Byggingarsjóði ríkisins vegna stóreigna fá nú frjálsan aðgang gegnum markaðinn, bréf með ríkisábyrgð. Úti um land á að gilda markaðsgengi á hverju svæði sem ræður upphæð lána, ekki verður lengur viðmiðun við brunabótamat.

Undirritaður óttast afleiðingar þess að þurrka félagslegt gildi húsnæðismála út með slíkum aðgerðum sem þýða hækkun húsnæðis- og fjármagnskostnaðar um 35–40% og því miður verður staðreynd miðað við okkar ástand í verðbólgumálum. Ekki notum við sama fjármagn nema einu sinni í slíkum viðskiptum. Verðbréf krefjast peninga og affalla þrátt fyrir ríkisábyrgð.

Flokksþing og miðstjórn Framsóknarflokksins samþykkti að þegar núverandi kerfi yrði endurskoðað yrði það gert m.a. í samráði og samvinnu við aðila vinnumarkaðarins. Slík heildarendurskoðun þarf að taka til allra þátta húsnæðismála og sjálfsagt er að nýta reynslu annarra þjóða.

Við þurfum að gera okkur grein fyrir hvert við stefnum í þessum málum, hver er framtíðarþörf fyrir aukið húsnæði. Offjárfesting, án slíkrar heildarendurskoðunar, getur verkað neikvætt.

Skynsamlegast hefði verið að skoða þessi mál vel og vandlega, í rólegheitum, með farsæla framtíðarlausn á húsnæðiskerfi þjóðarinnar að leiðarljósi.

Fullyrðingar hæstv. félmrh. í fjölmiðlum um að

frestun á þessu frv., með alla enda lausa, muni kosta þjóðfélagið 5 milljarða kr. eru fáránlega vitlausar og ráðherra til vanvirðu. Hæstv. ráðherra hefði verið nær að leita samkomulags á breiðum grundvelli til að skoða fleiri valkosti til að ná fram meiri hagkvæmni í húsnæðismálum þjóðarinnar til framtíðar í samráði við aðila vinnumarkaðarins, banka og lífeyrissjóði.

Af framansögðu er ljóst að 3. minni hl. telur að samþykkt þessa frumvarps sé hættuleg fyrir húsnæðiskerfið í heild og muni valda þenslu og verðbólgu og jafnframt auka ójöfnuð fyrir fólkið í landinu. Undirritaður mun því styðja tillögu um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar. Nái hún ekki fram að ganga greiðir hann atkvæði gegn frumvarpinu.

Undir þetta ritar Alexander Stefánsson.

Herra forseti. Það mætti ræða margt um þetta mál, frá mörgum hliðum, svo illa er það undirbúið á vissan hátt, eða réttara sagt, það vantar allar upplýsingar um það hvernig það virkar inn í hið raunverulega ástand, bæði á peningamarkaði og fjármagnsmarkaði eins og hér hefur áður komið fram. Mig langar til í þessu sambandi — vegna þess að sjálfsagt þykir einkennilegt að undirritaður sem hér stendur skuli vera með sérálit í þessu máli miðað við það sem komið hefur fram um að Framsfl. muni styðja samþykkt þessa frv. eins og það liggur fyrir frá meiri hl. eða þeim sem leggja hér fram nál. 2. minni hl. félmn. Þess vegna tel ég ástæðu til að koma hér inn á örfá atriði í sambandi við þann þátt málsins til þess að enginn vafi sé á því hvað þar er um að ræða.

Ég lýsti því hér við 1. umr. málsins 17. mars sl. hver væri stefna Framsfl. í húsnæðismálum. Mér finnst ástæða til þess að rifja það aðeins upp til þess að mín afstaða komi engum á óvart. Og í stuttu máli var á síðasta flokksþingi Framsfl., sem haldið var á sl. ári, gerð ítarleg ályktun um húsnæðismálin en helstu atriðin í þeirri stefnu sem þar var mörkuð 19. nóv. 1988 var þannig, með leyfi forseta:

„Flokksþing framsóknarmanna telur að með setningu gildandi laga um húsnæðismál frá árinu 1986 hafi verið tekið eitt stærsta skref í framfaraátt í húsnæðismálum landsmanna til þessa. Með samvinnu stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins voru lánveitingar til almennra íbúðakaupa hækkaðar úr tæpum 20% í 70% af kostnaðarverði meðalíbúðar auk þess sem lánstími var lengdur og 55% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna veitt til húsnæðismálakerfisins. Flokksþingið leggur því áherslu á eftirfarandi:

Að búið verði áfram við núverandi húsnæðislöggjöf, gerðar verði breytingar í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins sem hefðu það markmið að stytta biðtíma að lánum. Vextir verði samræmdir almennum vöxtum á útlánum, en vaxtabætur greiddar gegnum skattakerfið til hinna tekju- og eignaminni.

Að Húsnæðisstofnun verði heimilað að fjármagna hefðbundin útlán sín með almennu skuldabréfaútboði.

Að kannað verði hvort hægt sé að fá lífeyrissjóðina til að auka skuldabréfakaup umfram samninga.

Að ráðgjafarstöð Húsnæðisstofnunar ríkisins verði efld. Komið verði upp í landshlutum svo fljótt sem verða má ráðgjafar- og þjónustustöðvum fyrir húsbyggjendur.

Að lögin um félagslegar íbúðir verði tekin til endurskoðunar og haft verði samráð við almenningssamtök er um þau mál fjalla.

Að í lög um Byggingarsjóð verkamanna verði sett heimild til tímabundinnar leigu á íbúðum í verkamannabústöðum.

Að sett verði lög um búseturéttaríbúðir í byggingarsamvinnufélögum.

Að stofnaður verði Byggingarsjóður námsmanna sem hafi það hlutverk að fjármagna íbúðarbyggingar fyrir samtök námsmanna.

Að leigjendum verði greiddir styrkir í samræmi við aðra húsnæðisaðstoð.

Að heimilað verði að geyma lánsrétt ef öll upphæð lána er ekki tekin út.

Að lögð verði áhersla á nýjungar í byggingariðnaði er gætu leitt til aukinnar hagkvæmni og lækkunar byggingarkostnaðar. Í þessu skyni verði rannsóknir efldar og stuðlað að meiri samræmingu."

Í framhaldi af þessu í sambandi við það frv. sem hér er til umræðu gerðu Samtök ungra framsóknarmanna ítarlegar samþykktir sem mæltu gegn því að þetta húsbréfakerfi væri tekið upp við þessar aðstæður.

Og síðan kemur að afstöðu þingflokks framsóknarmanna sem ég tel ástæðu til að rifja hér upp, einnig til þess að rökstyðja hvernig málum er háttað nú miðað við það frv. sem hér er til afgreiðslu. Þegar þetta mál kom inn í þingflokkinn frá hæstv. ríkisstjórn fjallaði hann ítarlega um það, setti í gang nefnd okkar færustu manna í húsnæðismálum til þess að átta sig á því hver afstaðan ætti að vera og tengja það að sjálfsögðu stefnu flokksins sem ítrekuð var á flokksþingi, eins og ég hef áður sagt, í nóv. sl. Þingflokkurinn gerði svofellda samþykkt:

„Þingflokkur framsóknarmanna telur óráð að hverfa frá núverandi húsnæðislánakerfi í megindráttum þar sem það stefnir í jafnvægisátt. Hins vegar telur þingflokkurinn rétt að gera tilraun með húsbréfakerfið til hliðar við núverandi kerfi og felur þingflokkurinn ráðherrum flokksins að vinna að húsbréfakerfinu með eftirtöldum skilyrðum:

Varði aðeins skipti á eldri íbúðum.

Takmarkist við ákveðna upphæð á ári, t.d. 500 millj. kr.

Vextir verði ekki hærri en á ríkisskuldabréfum.

Þeir sem eru í biðröð gangi fyrir.

Húsbréfadeild verði í Húsnæðisstofnun ríkisins.

Tilraunin verði endurmetin að tveimur árum liðnum.

Kaupskylda lífeyrissjóða verði óbreytt."

Með þetta veganesti fóru ráðherrar Framsfl. inn í ríkisstjórnina, með afstöðu þingflokksins. Framhald þessa máls varð það að ráðherrarnir komust að samkomulagi, sem hefur áður verið getið um, og kynntu í þingflokki framsóknarmanna þar sem gert var ráð fyrir því að þessi meginatriði yrðu tekin til greina við endursamningu þessa frv. til laga, en í

staðinn fyrir upphæðina 500 millj. á ári sem útgáfa húsbréfa yrði takmörkuð við, þá var gert ráð fyrir að verja allt að 10% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna til húsnæðiskerfisins í húsbréf og það yrði endurskoðað eftir vissan tíma frá gildistöku laganna.

Þetta þýddi í sjálfu sér það að gert var ráð fyrir því að í frv. stæði þessi takmörkun á þessu fjármagni, þ.e. í þessi húsbréf, sem væri hægt að hugsa sér eftir því hvernig lesið er út úr bókuninni. Annaðhvort yrði þar um að ræða 850 millj. á ári miðað við að lífeyrissjóðirnir komi með 8½ milljarð inn í kerfið, t.d. á þessu ári, eða þá ef um væri að ræða 10% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna gæti þessi upphæð verið tvöfölduð eða sem svarar 1,7 eða 1,8 milljörðum.

Þetta gaf að sjálfsögðu sumum í þingflokknum ástæðu til að leggjast ekki gegn frv. þó að það gengi að verulegu leyti gegn þeirri meginstefnu sem flokksþingið markaði og miðstjórnarfundur, en hins vegar varð niðurstaðan sú að þingflokkur framsóknarmanna heimilar framlagningu frv. í samræmi við ályktun þingflokksins frá 9. mars sl. sem ég las upp áðan og samkomulag sem viðræðunefndir flokkanna hafa komist að. Málið þarfnast rækilegrar athugunar í þingnefndum. Einstakir þingmenn hafa óbundnar hendur við afgreiðslu málsins. Þetta er sú lokaafgreiðsla sem var tekin í þingflokknum sem ber það að sjálfsögðu með sér að þingmenn Framsfl. voru ekki bundnir að samþykkja það frv. sem hér er til umfjöllunar ef ekki næðist fram það sem menn a.m.k. telja að sé í samræmi við það sem flokksþing ákvarðar og stefna flokksins er. Og út frá þessum staðreyndum hef ég sérstaklega hagað mínum störfum í sambandi við þátttöku í félmn. um að athuga þetta mál eins og það var lagt fram.

Það vaknar náttúrlega margt upp í sambandi við þetta mál sem eðlilegt væri að kryfja enn til mergjar miðað við það sem ég tók fram hér í upphafi, að við höfum ekki fengið neinar tæmandi upplýsingar um það hvernig þetta kann að virka á fjármagnsmarkað og fasteignamarkað hér á landi umfram það sem kemur fram í þeim ábendingum sem ég nefndi m.a. áðan frá Fasteignamati ríkisins, frá hinum unga þjóðhagfræðingi sem skrifaði hér mjög ítarlega eða gaf, réttara sagt, út bók, gula bók, um ástand þessara mála og skýrði þar hlutlaust út hvernig húsbréf raunverulega eru, hvort þau eru peningar og allt sem því fylgir. Við höfum fengið ýmsar upplýsingar með því að spyrja ýmsa sérfræðinga sem á okkar fundi hafa komið hvernig raunveruleg áhrif af þessu eru og yfirleitt hafa öll slík svör endað á því að það væri ekki hægt að segja nákvæmlega um þetta. Það væri svo margt á huldu um þetta kerfi og það vantaði svo miklar upplýsingar um það hvernig þetta kæmi til með að aðlagast því peningakerfi sem við búum við.

Og eitt vil ég taka fram af því að það hefur ekki komið fram í þeim umræðum hingað til, að t.d. virtur sérfræðingur á verðbréfamarkaðnum, Sigurður B. Stefánsson, taldi það alveg ljóst að það væri óeðlilegt annað, eins og hann orðaði það, en að taka þetta í smáskrefum ef farið væri út á þessa braut. Hann taldi að það væri of mikil áhætta samfara því að stíga hér stór skref án þess að það væri búið að tryggja það hvernig áhrifin kæmu út og að menn væru búnir að átta sig á því áður hvaða áhrif þetta gæti haft. Þar af leiðandi lagði hann áherslu á það í svörum sínum að þetta væri haft til viðmiðunar.

Ég ætla ekki að ræða þetta sérstaklega fyrr en ég kem síðar í ræðu minni að ýmsum spurningum og ýmsum hugleiðingum sem upp hafa komið, en mér finnst ástæða til í þessum kafla ræðu minnar að fjalla nokkuð um húsnæðisstjórn ríkisins.

Eins og fram hefur komið og fram kom hér í upphafi máls míns, þá treysti húsnæðisstjórn ríkisins sér ekki til þess að svara félmn. Nd. um hvaða álit hún hefði á þessu frv. eða hvaða áhrif hún teldi að þetta frv. hefði á húsnæðiskerfið í heild og sendi okkur aðeins stutt svar sem kom fram í bréfi frá Húsnæðisstofnun sem er dags. 10. apríl sl., en þar segir:

„Erindi yðar í bréfi dags. 27. mars var lagt fram og fyrir tekið á fundi húsnæðismálastjórnar hinn 30. mars sl. Í tilefni af því var neðangreind bókun samþykkt:

Í tilefni af bréfi félmn. Nd. Alþingis, dags. 27. mars sl., ályktar húsnæðismálastjórn eftirfarandi:

Mjög mismunandi skoðanir eru innan stjórnarinnar á framlögðu frv. til l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, 344. mál þingsins. Vegna þess mun hún ekki senda nefndinni umsögn um það.

Þetta tilkynnist yður hér með."

Undir bréfið ritar f.h. húsnæðismálastjórnar Sigurður E. Guðmundsson.

Að sjálfsögðu þarf enginn að vera í vafa um það hvernig stendur á því að sú ríkisstofnun, sem er með þingkjörna stjórn til að hafa yfirumsjón með húsnæðismálum þjóðarinnar, hvernig stendur á því að hún lætur frá sér fara svona lagað. Það er einfaldlega af þeirri ástæðu að þar er ekki samkomulag um málið. Meiri hluti Húsnæðisstofnunarinnar í sambandi við þetta mál, miðað við að þetta væri stjfrv., er ekki til og þar af leiðandi kemur ekkert frá stjórninni og það sem verra er að mínu mati er það að húsnæðisstjórn og Húsnæðisstofnun í heild, sem var sá aðili í þjóðfélaginu sem best þekkir þessi mál, og í stjórn hennar eru valdir menn með reynslu á þessu sviði, menn sem eru jafnvel í forustu fyrir almannasamtökum í landinu og menn sem hafa sannað hæfni sína til að fara með ýmis slík mál sem húsnæðisstjórn þarf að fjalla um, þeir voru ekki hafðir með í ráðum um þessa kerfisbreytingu. Og það sem verra er: Húsnæðisstofnun, sem til þessa hefur verið í mjög erfiðri aðstöðu bæði húsnæðislega og jafnvel enn þá einnig í sambandi við starfsfólk, hefur ekki verið sköpuð aðstaða til þess að hafa tækifæri til þess að fjalla um breytingu á svona viðamiklu máli sem hér er verið að tala um. Þetta hlýt ég að átelja og ég get sagt það hér að ég hef í samtölum við fjölda aðila í Húsnæðisstofnun, bæði stjórnarmanna og ráðamanna þar alveg upp úr, fengið staðfest að þetta mál er knúið fram á þennan hátt sem raun ber vitni án þess að þeir séu hafðir með í ráðum. Og þetta er vissulega alvarlegt

mál í sambandi við endurskoðun eða breytingar á húsnæðislöggjöf í okkar þjóðfélagi.

Það kom einhvern tíma fram hér í umræðum eða a.m.k. í viðtölum við hæstv. félmrh. þar sem hún var að halda því fram að lögin sem sett voru 1986 hefðu runnið hér í gegnum Alþingi á mettíma, verið samþykkt með atkvæðum nær því allra hv. alþm., og það hefði nú ekki verið talin ástæða til að senda slíkt frv. til skoðunar nema að mjög litlu leyti o.s.frv., sem ég þarf ekki að rekja hér. En ég vil bara minna á það að lögin sem sett voru 1986 og eru í gildi til þessa dags eru sett eftir ítarlega vinnu og athugun meðal aðila vinnumarkaðarins í landinu sem ákveða þar í sambandi við heildarsamninga að stuðla að því að fjármagn lífeyrissjóðanna kæmi með auknum krafti inn í húsnæðiskerfi þjóðarinnar og létta þar með af því mikla fjármagnshungri sem var í sambandi við húsnæðismál til þessa dags þar sem fólk þurfti að bíða upp í tvö ár eftir litlum upphæðum sem voru ekki hærri en það að þær voru á bilinu 13–17% af kostnaðarverði íbúða, lágum upphæðum sem þar að auki voru óverðtryggðar og voru oftar en ella uppétnar í verðbólgubáli þegar loksins kom að því að fólk fékk þær út greiddar, en það gat liðið allt upp í tvö ár að bíða eftir 150–400 þús. kr.

Þessi afstaða aðila vinnumarkaðarins og þeirra sem réðu yfir þessu vaxandi fjármagni, þ.e. fjármagni lífeyrissjóðanna, varð til þess að það var samin ítarleg löggjöf og færustu menn þjóðarinnar voru teknir til þess að gera þessa löggjöf að veruleika, og þar vil ég nefna undir forustu hagstofustjóra Hallgríms Snorrasonar sem lagði mikla vinnu í það verk. Ég er alveg handviss um það að þetta starf og þetta frv. — sem þá var samþykkt með þessum methraða eins og hér er kallað á hv. Alþingi — var þannig úr garði gert að það voru engin vafaatriði hvað um var rætt. Þetta frv. var skapað við aðstæður sem voru óviðunandi og ekki hægt annað en að leita úrræða til framtíðar.

Mér finnst ástæða til — einmitt vegna þessa sem hér hefur komið fram að það er verið að gera frekar lítið úr þessum þætti mála og eins það að reyna að gefa í skyn að þetta frv. og þessi lög sem nú eru í gildi hafi verið flaustrað hér í gegn og það hafi ekki verið mikill undirbúningur um þetta mál — þá finnst mér ástæða til, herra forseti, að koma hér aðeins inn á nokkur atriði sem fram komu í því nál. um almenna húsnæðislánakerfið, sem þessar breytingar sem hér er verið að fjalla um byggja á. Það er álit þeirra tveggja aðila sem lýstu andstöðu við þetta frv., þ.e. forseta Alþýðusambands Íslands, Ásmundar Stefánssonar, og Guðmundar Gylfa Guðmundssonar, sem er hagfræðingur hjá Fasteignamati ríkisins og var fulltrúi Framsfl. í þessari milliþinganefnd. Og ég vil leiðrétta það sem kom hér fram hjá hv. frsm. 2. minni hl., 5. þm. Norðurl. v., að Framsfl. átti beinan aðila í þessu áliti milliþinganefndar sem var Guðmundur Gylfi Guðmundsson hagfræðingur, en hann skilaði séráliti með Ásmundi Stefánssyni í þessu nál.

En vegna þess sem ég sagði áðan um frv., þá tel ég nauðsynlegt í þessari stöðu að rifja hér upp nokkur meginatriði í sambandi við markmið þeirra laga sem við búum við í dag. Og þá skýrist það að nokkru hvers vegna þau voru sett. Því vil ég, með leyfi forseta, lesa hér upp örstutt í sambandi við álit þessa minni hluta, sem skilaði séráliti. Ég sé ekki ástæðu til að fara að lesa hér bréfaskipti eða annað slíkt. Ég grip hér aðeins niður í markmiðið með breytingunum:

„Hluti kjarasamninga. Núverandi húsnæðislánakerfi á uppruna sinn að rekja til kjarasamninga aðildarfélaga Alþýðusambands Íslands í febrúar 1986 og var lagt fram af þáv. félmrh. Húsnæðislánakerfið er þess vegna hluti kjarasamninga og samkomulag milli aðila vinnumarkaðar og ríkisvaldsins. Allar breytingar verður því að gera í góðu samstarfi þessara aðila.“ — Þetta vil ég endurtaka: „Allar breytingar verður því að gera í góðu samstarfi við þessa aðila. Á sama hátt eru það vanefndir á kjarasamningi þegar ríkisvaldið tryggir ekki fullnægjandi fjárveitingar til kerfisins.“

Áður en lengra er haldið er full ástæða til að rifja upp markmiðið með breytingunum sem samið var um að gera á húsnæðislánakerfinu: Tryggja meira fé til útlána og við það miðuðust breytingarnar í fyrsta lagi. Að tryggja húsnæðislánakerfinu meira fé til útlána. Í þeim efnum var einkum litið til lífeyrissjóðanna. Nokkrar ástæður voru fyrir því. Þar má einkum nefna þrennt. Í kjarasamningum ASÍ-félaganna var samið um að iðgjald til lífeyrissjóða, sem á þeim tíma var greitt af dagvinnulaunum eingöngu, skyldi greiða af öllum launum. Því markmiði verður náð í fjórum áföngum frá árinu 1987 til ársins 1990. Þetta hefur í för með sér að ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna eykst umtalsvert og það er nauðsynlegt að undirstrika þetta atriði því að þessi breyting 1986 hafði í raun tvöfalt gildi. Hún jók fjármagn lífeyrissjóðanna í sambandi við þessa breytingu á samningum um leið og þessu fjármagni var að verulegum hluta dælt í húsnæðislánakerfið.

Lífeyrissjóðirnir höfðu allar götur frá því að starfsemi þeirra hófst lánað sjóðsfélögum allmikið fé. Samkvæmt könnun sem sjóðirnir gerðu fór mest af því fé til fasteignakaupa eða byggingar sjóðfélaganna. Lífeyrissjóðalán sem sjóðsfélagar notuðu til fasteignakaupa urðu til þess að lækka fasteignakaupalán þeirra hjá Húsnæðisstofnun. Samkvæmt þágildandi lögum voru sjóðirnir skyldaðir til þess að kaupa skuldabréf af fjárfestingarlánasjóðum. Þar á meðal voru húsnæðislánasjóðirnir. Lífeyrissjóðirnir höfðu frá upphafi mótmælt þessari lögþvingun. Með framangreint atriði í huga var reynt að haga málum á þann veg að það gæti talist eftirsóknarvert fyrir lífeyrissjóðina og sjóðsfélaga að sjóðirnir keyptu skuldabréf af húsnæðislánasjóðunum fyrir meira fé en áður. Þess vegna var samið um að lög sem skylduðu lífeyrissjóðina til að kaupa skuldabréf yrðu afnumin, að lífeyrissjóðir sem það kysu gætu gert samning við Húsnæðisstofnun ríkisins til tveggja ára í senn um skuldabréfakaup á ekki lakari kjörum en þeim sem ríkissjóður bauð almennt. Á móti mundi Húsnæðisstofnun skuldbinda sig til þess að lána

félögum þeirra lífeyrissjóða sem gerðu samning. Iðgjöld á nafn umsækjenda um húsnæðislán urðu að hafa borist lífeyrissjóði í ákveðinn lágmarkstíma áður en umsókn um húsnæðislán yrði tekin til greina. Sú meginregla hafði alltaf gilt um lán frá sjóðnum að fjárhæð húsnæðislána skyldi ráðast af samningum lífeyrissjóða um skuldabréfakaup af Húsnæðisstofnun ríkisins. Félagsmenn lífeyrissjóða sem gerðu ekki samning um skuldabréfakaup fyrir a.m.k. 20% af ráðstöfunarfé gátu ekki vænst þess að fá lán. Félagsmenn lífeyrissjóða sem gerðu samning um skuldabréfakaup fyrir 55% eða meira af ráðstöfunarfé sínu skyldu eiga kost á hámarkslánum. Árið áður en kjarasamningarnir voru gerðir var talið að lífeyrissjóðirnir hefðu að meðaltali keypt skuldabréf af Húsnæðisstofnun ríkisins fyrir rúmlega 30% af ráðstöfunarfé sínu. Miklu munaði hins vegar á kaupum einstakra sjóða. Sumir höfðu keypt fyrir 80% af ráðstöfunarfé sínu, sumir fyrir minna en 10% og nokkrir keyptu alls engin skuldabréf af Húsnæðisstofnun.

Nú þykir sýnt að ákvörðun um að láta fjárhæð húsnæðislána ráðast af skuldabréfakaupum lífeyrissjóðanna hafi leitt til þess að sjóðirnir kaupi skuldabréf fyrir 60% meira fé að raunvirði en þeir keyptu fyrir áður. Breyttur iðgjaldastofn í lífeyriskerfinu er talinn auka ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna árið 1990 um 40% í samanburði við það sem það var árið 1986. Umsækjendur um húsnæðislán verða að hafa greitt iðgjöld til lífeyrissjóðs í rúmlega 1½ ár áður en þeir geta sótt um húsnæðislán. Þetta skilyrði er talið hafa bætt innheimtu iðgjalda til lífeyrissjóðanna og aukið ráðstöfunarfé þeirra í samræmi við það. Allt bendir til þess að þessar breytingar muni verða til þess að skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna verði að raunvirði tvöfalt meiri eftir 1989 en var árið 1985 — og þetta er eftirtektarverð setning.

Í öðru lagi miðuðu breytingarnar að því að bæta greiðslukjör lántakenda. Það var gert með því að lengja lánstímann í 40 ár. Áður hafði hann verið 21 ár á fasteignakaupalánum en 31 ár á nýbyggingarlánum. Lenging lánstímans bætti greiðslukjörin umtalsvert. Hækkun lánanna bætti greiðslukjörin líka vegna þess að hækkunin kom í stað dýrari lána frá lífeyrissjóðum og bönkum. Þessi breyting skipti mestu máli fyrir þá tekjulágu.

Nú liggur við að tekið hafi fyrir lán lífeyrissjóða til sjóðsfélaga, ekki vegna þess að sjóðirnir hafi ekki viljað lána heldur vegna þess að sjóðsfélagar sækja ekki um lán. Ástæðan er einkum sú að vextir og lánstími lífeyrissjóðalána eru afar óhagstæð í samanburði við lán Húsnæðismálastofnunar.

Í þriðja lagi var kappkostað að styrkja sérstaklega stöðu yngstu kaupendanna á fasteignamarkaðnum. Það hafði komið í ljós að 20% færri fasteignakaupendur voru í yngstu aldurshópunum en mátti gera ráð fyrir. Með öðrum orðum voru komin fram ótvíræð merki þess að yngsta fólkið réði ekki við fasteignakaup.

Árið 1985 fékk Húsnæðisstofnun Félagsmálastofnun Háskólans til þess að gera könnun meðal ungs fólks. Í könnuninni kom í ljós að flestir vildu að þau sem voru að eignast fyrstu íbúðina sína fengju hærra lán en aðrir umsækjendur og í núverandi kerfi fá þeir 30% hærra lán en þeir sem eiga íbúð fyrir. Auk þess fá þeir sem eru að komast yfir fyrstu íbúð sína húsnæðisafslátt.

Í fjórða lagi var með breytingunni reynt að hafa áhrif á það að eldra húsnæði yrði betur nýtt en raun varð á. Munurinn á fasteignaverði og byggingarkostnaði var svo mikill á árunum 1984, 1985 og 1986 að eldra fólk gat ekki, þótt það fegið vildi, selt stóru, gömlu íbúðina sína og keypt aðra nýja og minni. Þess vegna var gripið til þess ráðs að hækka lán til kaupa á fasteignum mun meira en nýbyggingarlán. Lán til fyrstu fasteignakaupa höfðu áður verið að hámarki 50% af nýbyggingarláni. Lán til þeirra sem áttu íbúð fyrir gátu hæst orðið 25% af nýbyggingarláni. Engin fasteignakaupalán máttu vera hærri en 50% af útborgun á kaupárinu eftir að búið var að taka tillit til lána frá lífeyrissjóðunum.

Í fimmta lagi var áhugi fyrir að jafna skattafyrirgreiðslu vegna öflunar húsnæðis. Í eldra kerfinu var heimilt að draga vexti af lánum til íbúðakaupa eða -byggingar frá tekjum á skattframtali. Athugun á skattframtölum leiddi í ljós að af þeim sem notuðu sér heimildir til vaxtafrádráttar var meðalvaxtafrádráttur hjóna í hópi þeirra tekjuhæstu nærri sjö sinnum meiri en hjóna í tekjulægstu hópunum. Af skiljanlegum ástæðum gátu þeir tekjuhærri staðið undir afborgunum af hærri lánum en þeir tekjulágu. Vegna reynslunnar af vaxtafrádrættinum var lagt til að húsnæðisafsláttur, sama krónutala, kæmi til þeirra sem byggðu eða keyptu fyrstu íbúð sína en engra annarra. Í hópi þeirra tekjulægstu er húsnæðisafsláttur meira virði en vaxtafrádráttur en minna virði en vaxtafrádráttur fyrir þá tekjuhæstu. Hvað ríkissjóð varðaði var stefnt að því að húsnæðisafslátturinn yrði ekki útgjaldameiri fyrir ríkissjóð en tekjutap hans var af vaxtafrádrætti. Fyrir þá sem fengu húsnæðisafslátt skyldi hann nema sömu upphæð og vaxtafrádrátturinn var að meðaltali yfir æviskeiðið hjá lánþegum samkvæmt eldra kerfinu.

Í sjötta lagi vakti það fyrir þeim sem unnu að þessum breytingum á húsnæðislánakerfinu að lán sem lofað var hækkuðu til jafns við hækkun byggingarvísitölunnar. Í því kerfi sem þá var unnið eftir voru umsóknir um húsnæðislán ekki teknar til greina nema umsækjendur hefðu gert bindandi samning um húsakaup eða byggingu. Síðan fengu þeir tilkynningu um lánsfjárhæðina sem breyttist ekki í takt við verðbólguna. Þau sem höfðu fengið lánsloforð fengu ekkert að gert þegar lánsloforðið varð sífellt verðminna í verðbólgunni sem geisaði á meðan þau biðu eftir afgreiðslu þess. Stundum máttu þau jafnvel bíða í 18–20 verðbólgumánuði eftir því að fá lánið í hendur og engar greiðsluáætlanir gátu staðist vegna þess óöryggis og óvissu sem umsækjendur urðu að búa við.

Reynslan af biðtímanum í eldra kerfinu var bitur

fyrir marga umsækjendur. Það var því talsvert upp úr því lagt að umsækjendur sæktu um lán áður en þeir fyrirhuguðu kaup eða byggingu. Með því móti gafst þeim tækifæri til að gera greiðsluáætlun áður en þeir steyptu sér í skuldir. Ef einhver von átti að vera til þess að greiðsluáætlunin stæðist sæmilega varð að vera hægt að treysta því að húsnæðislánin héldu verðgildi sínu á meðan beðið var eftir afgreiðslu þeirra. Sú varð og raunin á.

Í sjöunda lagi þurfti að taka til einhverra þeirra ráða sem tryggðu jafnvægi í kerfinu ef mikil eftirspurn yrði eftir lánum og fimm leiðir komu þar til greina.

1. Hækka vexti til að draga úr eftirspurn.
2. Lækka lánin ef margir sóttu um.
3. Lengja biðtímann.
4. Hækka ríkisframlagið ef biðröðin væri lengri en svo að það gæti talist ásættanlegt.
5. Hindra aðgang einhverra tiltekinna hópa að lánunum.

Hækkun vaxta og lækkun lána komu augljóslega harðast niður á þeim tekjulægstu í hópi umsækjenda. Fólk með takmarkaðan efnahag mundi verða að hætta við fyrirhuguð kaup eða byggingu og fyrir þá er lenging biðtímans og aukið ríkisframlag betri kostur. Þess vegna voru þeir valdir. Í eldra kerfinu var jafnvægi hins vegar náð með því að láta verðbólguna sjá um að lækka lánin á biðtímanum."

Herra forseti. Ég taldi rétt að vekja athygli á þessum þætti í greinargerð þeirra sem voru andvígir frv. í því nefndaráliti sem fram kom, þ.e. Ásmundar Stefánssonar og fulltrúa Framsfl., Guðmundar Gylfa Guðmundssonar. Auðvitað er margt fleira í þessari greinargerð sem væri ástæða til að nefna en ég mun ekki gera það í þessum þætti ræðu minnar heldur hef ég hugsað mér það að í næsta þætti sem ég mun taka hér fyrir og tel nauðsynlegt, miðað við allar þær umræður og alla þá útúrsnúninga sem fram hafa komið í sambandi við framlagningu frv. sem hér er til umræðu, gefist tækifæri til þess að láta það koma fram hér í þingtíðindum.

Virðulegi forseti. Ég vil spyrja að því hvort það standi ekki að þessum fundi eigi að ljúka kl. 4. Ég get ímyndað mér að ég sé svona um það bil hálfnaður með þá ræðu sem ég ætla mér að flytja við 2. umr. þessa máls og tel nauðsynlegt fyrir mig sérstaklega að gera, ekki síst vegna þeirrar afstöðu sem meiri hluti þingflokksins í mínum flokki hefur tekið sem stríðir raunar á móti stefnu flokksins og ýmsu fleiru, og ekki síst, herra forseti, þar sem ég las núna nýlega haft eftir okkar virðulega hæstv. forsrh. í viðtali við fjölmiðla, við eitthvert ágætt blað hér, að eitt af veigamestu og þýðingarmestu málum þessa þings sem yrði að fá afgreitt væri þetta húsnæðisfrumvarp og þá tel ég einmitt ástæðu til þess að fjalla ítarlega um þetta mál.

Forseti (Hjörleifur Guttormsson):

Ég vil svara ræðumanni. Það er samkomulag um það að ljúka nú fundi hér í deildinni og við það verður að sjálfsögðu staðið. Það er heppilegt að hv. ræðumaður er á kaflaskilum í ræðu sinni sem hann getur þá fram haldið á nýjum fundi. Þessari umræðu verður nú frestað þannig að hv. ræðumaður gerir hlé á ræðu sinni.

Umræðu frestað.

SAMEINAÐ ÞING

72. fundur, mánudaginn 8. maí,
kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Eftirfarandi bréf hefur borist:

„Steingrímur Hermannsson forsrh. hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Framsfl. í Reykjaneskjördæmi, Níels Árni Lund, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, hæstv. forseti.

Óli Þ. Guðbjartsson,
forseti Nd."

Þar sem Níels Árni Lund hefur áður átt sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili þarf kjörbréf hans ekki rannsóknar við og er hann boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

Staða og rekstur fiskvinnslufyrirtækja, frh. umr.

Skýrsla forsrh., 71. mál. — Þskj. 359.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég sé að hæstv. forsrh. er ekki staddur hér. Það er frekar óþægilegt að ræða þessi mál og hafa hann ekki viðstaddan. (**Forseti:** Má ég upplýsa hv. þm. um að hæstv. sjútvrh. er forsrh. vegna fjarveru Steingríms Hermannssonar.)

Í sambandi við stöðu sjávarútvegsmála um þessar mundir liggur við að manni fari að verða orða fátt. Það er búið að ræða þau mál nokkrum sinnum hér í vetur og það virðist vera einhvern veginn að þetta mál sé orðið hálfpatt. Sífellt hallar undan fæti. Sama virðist vera þó að vilji allra sé til þess að koma á heilbrigðum rekstri í undirstöðuframleiðslufyrirtækjum landsmanna í útflutnings- og samkeppnisiðnaði. Það kemur allt fyrir ekki, það hallar sífellt meira undan fæti.

Hér á hæstv. Alþingi kom fram fyrir stuttu í svokölluðum eldhúsdagsumræðum að hæstv. ráðherrar töluðu aðallega um að það væru ekki á stefnuskránni einhverjar gengiskollsteypur. Það væri gaman að fá nánari skilgreiningu á þessu orði „gengiskollsteypa". Ég geri ekki ráð fyrir að það sé til í orðabókum. En ég hef skilið það þannig alla tíð að það væri hlutverk stjórnvalda samkvæmt lögum um Seðlabankann og gengisskráningu að viðhalda jafnvægisástandi í utanríkisverslun, það væri fyrsta, annað, þriðja og fjórða skilyrðið í sambandi við gengisskráningu. Skrýtið er það ef menn tala síðan um að það séu ekki á stefnuskránni einhverjar gengiskollsteypur.

En í sambandi við þetta dettur mér í hug að það kemur fram í Íslandssögunni að Skúli fógeti hafi starfað hjá dönskum einokunarkaupmanni í búð á Húsavík og kaupmaðurinn hrópaði jafnan til hans „Mældu rétt, strákur!" og þá átti kaupmaður við að það skyldi hallað á kaupendur. Mér dettur í hug hvort fyrirmæli framkvæmdarvaldsins til Seðlabankans séu eitthvað í þessum dúr, „Mældu rétt, strákur!"

Gengisskráning er afgangsstærð þegar kemur að því að gera upp viðskiptahalla þjóðarbúsins eins og ég hef litið á það og er óskiljanlegt og raunverulega hálfgerð hrollvekja að eigur undirstöðuframleiðslufyrirtækja sem standa undir verðmætasköpun í þessu þjóðfélagi skuli vera gerðar upptækar í gegnum ranga gengisskráningu.

Viðskiptahallinn var jákvæður, það var ekki viðskiptahalli, heldur afgangur í viðskiptum við útlönd 1986 upp á 554 millj. Þá var líka allt í lagi í atvinnulífinu og gekk til betri áttar. Síðan var 7 milljarða viðskiptahalli, rúmlega, 1987 og 9,5 árið 1988 og það er áætlað að viðskiptahallinn í ár verði 9 milljarðar.

Þegar menn tala síðan um gengiskollsteypur eiga menn væntanlega við það að þeir ætli ekki að viðhalda jafnvægisástandi í utanríkisviðskiptum. Ég verð að segja eins og er í sambandi við þessi mál að manni er að verða það alveg hreint óskiljanlegt hvert er verið að stefna, gjörsamlega óskiljanlegt. Raunverulega er ekki hægt að ætla nokkrum manni að hafa hugmynd um hvert þeir eru að fara.

Ég hafði lagt fram tillögu á Alþingi sem ekki hefur fengist tekin á dagskrá enn þá, lagði hana fram í vetur, og þar átti að skipa nefnd, ef tillagan mundi ná fram að ganga, til að ræða þrjár leiðir í sambandi við gengisskráningu. Það er í fyrsta lagi að gera Seðlabanka Íslands að sjálfstæðri stofnun, í öðru lagi að láta framboð og eftirspurn ráða verðgildi gjaldmiðilsins og í þriðja lagi að tengja gjaldmiðilinn við stærra myntsvæði. Ég vil taka fram að þetta eru ekki hugmyndir að neinum patentlausnum. Þetta eru fyrst og fremst hugmyndir til að leita að betri leiðum en þeim sem farnar eru í dag, að eigur framleiðslufyrirtækjanna í landinu séu gerðar upptækar í gegnum ranga gengisskráningu.

Markmiðið með þessum tillöguflutningi hjá mér var að reyna að finna leið til að gera íslenska gjaldmiðilinn að alþjóðlega viðurkenndri mynt sem ég tel vera algjört grundvallaratriði ef alls konar spákaupmennsku á að stöðva hér á Íslandi.

Í fyrsta lagi vil ég nefna að spákaupmennska grasserar hér vegna þess að raunverulega trúa ekki Íslendingar sjálfir á sinn gjaldmiðil. Það leiðir síðan af sér spákaupmennsku. Við vitum að erlendir aðilar hafa enga trú á myntinni. Í sambandi við framkvæmdir flýta sér allir að öllu. Það þekkja allir bölvað stressið alls staðar. Og það er ein tegund af spákaupmennsku.

Verkalýðsforystan heimtar ríflegar kauphækkanir. Ég segi ríflegar kauphækkanir vegna þess að það er líka spákaupmennska vegna þess að menn vita að það er allt að hækka og verðlag hækkar sífellt eins og verðbólgumælingar bera vitni um.

Síðan eru það þessar blessaðar offjárfestingar á öllum sviðum þjóðlífsins. Það er ein tegund af spákaupmennsku vegna þess að menn hafa ekki trú á myntkerfi landsins. Síðan veldur þetta allt saman gífurlegum vaxtahækkunum og verðbólgu og þenslu.

Ég tel að við eigum að ræða þetta út frá því að reyna að finna leið til að gera íslensku krónuna að alþjóðlega viðurkenndri mynt. Af hverju skyldi þjóð með stórkostlegar auðlindir eins og Ísland ekki geta átt alþjóðlega viðurkennda mynt? Það eru nákvæmlega engin rök fyrir því að við getum ekki haft sterka mynt. Þetta er bara spurning um nákvæmni í hagstjórn og hagstjórn af sömu gæðum og í flestum vestrænum ríkjum, frjálsum ríkjum.

Ég held að það sé kjarni málsins í sambandi við framtíðarlausn á rekstrarvanda fiskvinnslufyrirtækja að þau fái alvörupeninga í skiptum fyrir alvörupeninga en ekki ónýta peninga í skiptum fyrir alvörupeninga.

Hins vegar virðist vera voðalega þungt í sambandi við umræður um þetta að fá þetta rætt því að kerfið á Íslandi virðist ætla að leyfa sér að vaða í höfuðstóla þessara fyrirtækja. Og hver á að sitja fyrir fjármagni á fjármagnsmörkuðum? Á atvinnulífið sem skapar verðmætin að sitja fyrir fjármagninu? Á ríkissjóður að sitja fyrir fjármagninu? Á húsnæðismálakerfið að sitja fyrir fjármagninu? Í hvaða forgangsröð á þetta að vera? Á fyrst að eyða peningunum og síðan að skammta peninga í Húsnæðisstofnun? Síðan er ekki hægt að fá lán t.d. til fiskeldis til að framleiða verðmæti. Það er fullt af nýjum fiskeldisfyrirtækjum í landinu sem áttu að leysa heilmikinn vanda. Þau fá ekki rekstrarfé. Síðan setja menn ráðherradóm að veði til að geta afgreitt marga milljarða í húsnæðislánakerfið sem er svo sem ósköp gott og blessað. En hvað með þá sem framleiða verðmætin?

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta að sinni.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki taka langan tíma í þessari umræðu, en kem hingað til að rifja upp að ég hafði þegar þessi skýrsla var tekin til umræðu fyrir allmörgum vikum lagt fram nokkrar spurningar til hæstv. forsrh. Hann er ekki hér við heldur staðgengill hans, hæstv. sjútvrh., sem auðvitað er málið afar skylt. En ég hlýt að vekja á því athygli hversu erfitt það er að slíta sundur svona umræðu þannig að fyrirspurnir sem lagðar eru fram í umræðunni og henni síðan frestað vilja falla í gleymsku og verður ekki svarað nema þær séu þá endurteknar.

Sú skýrsla sem hér er á dagskrá var, eins og fram kom í fyrri hluta umræðunnar, auðvitað góðra gjalda verð og birtir margar upplýsingar um stöðu fiskvinnslunnar í landinu eins og hún var, þegar skýrslan var samin fyrir mörgum mánuðum. Þá var talið, ef ég man rétt, að fiskvinnslan í landinu væri rekin með halla sem væri að meðaltali um 3,1%. Síðan hafa margir hlutir gerst sem hafa áhrif á stöðu þessa grundvallaratvinnuvegar þjóðarinnar, þar á meðal samningar um nýtt fiskverð og að sumu leyti samningar um kaup og kjör að öðru leyti sem allt hefur áhrif á stöðu fiskvinnslunnar, auk annarra aðstæðna í efnahagskerfinu sem ástæða væri til að skýra.

Ég kem því aðallega upp til að rifja upp þær meginspurningar sem ég lagði fyrir hæstv. forsrh. sem eru mjög eðlilegar og ástæða til þess að svara og beini því til staðgengils hans, hæstv. sjútvrh., en það er auðvitað í fyrsta lagi: Hvernig er staða fiskvinnslunnar nú? Og það má þá svara því hvernig hún er að meðaltali eins og skýrslan gerði á sínum tíma. Nú höfum við heyrt að forstöðumenn sambandsfrystihúsa segja fiskvinnsluna í heild gjaldþrota. Það eru vitaskuld alvarleg tíðindi ef þessi undirstöðuatvinnuvegur þjóðarinnar er gjaldþrota í það heila tekið. Við höfum horft upp á það að hvert fyrirtækið af öðru er í hrikalegum erfiðleikum og sum hafa verið að fara fram af brúninni, önnur á leiðinni þangað, en það hefur ekki komið fram jafnafdráttarlaus yfirlýsing um stöðu þessara mála og sú, sem gefin var af forstöðumanni sjávarafurðadeildar SÍS, að frystingin í heild væri gjaldþrota. Hæstv. sjútvrh. svaraði því á þann veg í ræðu sem sjónvarpað var frá með nokkrum formála að hann sæi ekki önnur ráð en ganga út og hengja sig. Það er sannarlega alvarleg staða sem þessi mál eru þá í. Ég hlýt því að ítreka þá fyrirspurn sem ég beindi í fyrri hluta þessarar umræðu til hæstv. forsrh. og beina því til hæstv. sjútvrh. sem að sjálfsögðu er ekki síður inni í þessum málum: Hvernig er staða fiskvinnslunnar nú? Og verður að ganga eftir að því sé svarað.

Enn fremur og í öðru lagi: Hver eru áform hæstv. ríkisstjórnar til að bæta þessa stöðu? Allir sjá að það verður að gerast ef þessi atvinnuvegur á ekki að hrynja og ef hann hrynur þá stenst ekki þetta þjóðfélag. Þó að margoft hafi verið spurt áður ítreka ég spurningar mínar: Hverjar eru fyrirætlanir hæstv. ríkisstjórnar um aðgerðir í þessum efnum til að bæta stöðu fiskvinnslunnar og koma henni á rekstrarhæfan grundvöll?

Þetta voru þær meginspurningar sem ég lagði fyrir hæstv. forsrh. fyrir allmörgum vikum þegar þetta mál kom þá á dagskrá.

Enn fremur, sem var nokkuð veigamikill kafli í mínu máli þá, fann ég að því mjög sterklega hvernig framkvæmd var ákveðin á svokallaðri niðurgreiðslu á raforku til fiskvinnslufyrirtækja. Ég beindi því til hæstv. forsrh., sem ég trúi að hafi ekki verið mikið inni í því máli, að það væri ástæða til að taka það mál upp því að framkvæmdin sem sett er upp samkvæmt reglum sem gerðar eru í iðnrn. er bæði flókin og ranglát. Ég skal ekki, hæstv. forseti, taka langan tíma til að rifja það upp hvers vegna það sé flókið og hvers vegna það sé ranglátt, aðeins segja það til þess að skýra þá skoðun mína að það sé ranglátt að takmark-

anir á þessari niðurgreiðslu eru m.a. eftir stærð fiskvinnslufyrirtækja og eftir raforkunotkun þeirra þannig að þau þurfa að eyða tilteknu magni af raforku til að njóta niðurgreiðslunnar. Smærri fyrirtækin og þau sem leitast við að haga starfsemi sinni þannig að það sé ekki mikil raforkunotkun fá ekkert. Síðan byrja þau að fá eitthvað lítils háttar og fer svo smávaxandi með mjög flóknum hætti. Það skorti þó ekki að það væru leiðbeiningar til iðnrn. um hvernig þessu mætti koma fyrir þannig að sæmilega greitt væri aðgöngu í framkvæmd og með miklu réttlátari hætti en niðurstaðan varð. Þessu fann ég mjög sterklega að við hæstv. forsrh. og bað um að þetta mál væri tekið til skoðunar að nýju og á því er full þörf. Þessu beini ég enn til hæstv. sjútvrh. sem auðvitað er málið ekki síður skylt en hæstv. forsrh.

Ég skal svo, hæstv. forseti, ekki lengja mál mitt þó að hér sé um mál að ræða sem væri ærið umtalsefni, ekki á einum fundi Alþingis heldur svo dögum skipti, því að hér er um að ræða hið alvarlegasta mál sem þessi þjóð á við að búa, að undirstöðuatvinnuvegir hennar eru lýstir gjaldþrota í það heila tekið eins og hér hefur verið sagt um fiskvinnsluna. Ef undirstöðuatvinnuvegirnir geta ekki starfað munu þeir vitaskuld hrynja og þá mun afkoma þessarar þjóðar hrynja á eftir. Þetta þarf ekki að brýna fyrir hæstv. sjútvrh., en ég beini þessu til hans sem ég áður beindi til hæstv. forsrh. og vænti svara.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Áður en lengra er haldið vil ég upplýsa hv. þm. um að klukkan þrjú hefst umræða utan dagskrár sem stendur í hálftíma skv. síðari lið 32. gr. þingskapa að beiðni hv. 3. þm. Norðurl. e. Sú umræða fjallar um mengun hafanna í kringum Ísland.

Valdimar Indriðason:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki hafa mörg orð í þessu máli núna þó að það hefði verið full þörf á, en ég get ekki látið hjá líða að fjalla örlítið um þann stóra vanda sem er ríkjandi og hefur verið ríkjandi í íslenskum sjávarútvegi. Það vill svo til að ég var á hv. Alþingi í fjögur ár og var þá í fríi frá þessum störfum. Sl. tvö ár eða tæplega það hef ég verið í þessum störfum áfram og þess vegna kem ég beint af því sviði þar sem þessi mál brenna hvað heitast á hverjum degi og tel mig þar nokkuð kunnugan.

Ég skal taka fram strax að ég veit að hæstv. sjútvrh. gerir sér ljóst hvernig mál standa þó að það vefjist fyrir honum eins og flestum öðrum að finna lausnir þar á. En eitt vil ég ítreka hér í þingsal, að það eru ekki ýkjur hjá þeim mönnum sem stjórna sjávarútvegsfyrirtækjum á Íslandi í dag að þar er ástandið slæmt. Ég gæti vafalaust fundið eitt og eitt fyrirtæki, eins og oft vill verða, sem ber höfuðið eitthvað hærra en hin, en ástandið er þannig að menn, og ég óttast það mjög, sem þessa atvinnugrein stunda eru að gefast upp smátt og smátt. Það er þetta sem ég óttast mest. Þannig eru stoðirnar dregnar undan því atvinnulífi sem hefur verið burðarásinn undir þessu þjóðfélagi.

Ég ætla ekki að nefna úrlausnir hér vegna þess að ég er ekki með þær á takteinum. Þær verða að vera margvíslegar. En á meðan við gerum ekki annað en hækka útlagðan kostnað á þessum fyrirtækjum í stöðvuðum eða lækkandi markaði fyrir vöruna getur ekkert annað skeð en eigið fé brenni upp. Það er brunnið upp hjá langflestum fyrirtækjum. Þetta sjáum við best á þeim aðilum sem sóttu um aðstoð hjá þeim sjóðum sem stofnaðir voru hér í haust til að koma með skammtímalausn. Ég ætla ekki að gagnrýna þá ráðstöfun. Hún hefur komið mörgum til góða. En því miður: Þar er aðeins um gálgafrest að ræða. Þau lán sem þar eru eru afborgunarlaus fyrstu tvö árin. Hvað ætla menn að gera þá næstu tvö árin til að byggja upp eiginfjárhaginn þannig að það verði staðið í skilum? Ég sé ekki að það blasi við enn þá.

Það er mjög spáð í það heyri ég núna af stjórnvöldum að við lifum í voninni um að erlendir markaðir muni hækka og lagast. Óskandi að svo verði. En lítil merki sjást þess enn þá að svo sé. En nú hafa komið viðbótarpakkar síðustu mánuðina og síðustu daga í sambandi við þennan rekstur. Það má nefna launin sem koma upp núna. Ég ætla ekki að gagnrýna að þau séu of há, en hvar skal taka fyrir þeim? Þá eru olíuverðshækkanir sem dunið hafa yfir og það eru fiskverðshækkanir. Allt kemur þetta inn. Það kemur ekkert meira fyrir vöruna. Það getur ekkert annað skeð en að eiginfjármagnið brennur áfram og það er þegar horfið hjá mörgum aðilum. Hvað er þá fram undan? Það er þetta sem ég vil undirstrika til þess að hv. þingheimur og stjórnvöld geri sér ljóst hvað vandinn er stór.

Mér finnst hafa farið einkennilega lítið fyrir umræðu um þessi vandamál sjávarútvegsins á hv. Alþingi hér í vetur, það litla sem ég hef fylgst með því. Ég hef ekki séð mikið um það. Við eigum ekki að taka þessi mál upp til þess að rífast um þau heldur sameinast um að finna lausn á þessum málum. Bráðabirgðalausnir duga ekki. Það verður að takast á við vandann og reyna að leysa hann, en við gerum það ekki í einu lagi heldur sé stefnt að einhverju ákveðnu markmiði í þessum efnum en ekki eitthvað gert frá degi til dags og allir lafhræddir um að það sé hver síðastur í þessum efnum. Þetta er undirstaðan, það þarf ekki að undirstrika það við hv. þingheim, undir búsetu í landinu. Í langflestum byggðarlögum landsins er það sjávarútvegurinn sem er eina undirstaðan í atvinnu og ef þetta rennur algerlega út í sandinn, hvað skeður þá? Þá er ekki gott að eiga við málin á eftir. Ég heiti á ráðamenn þjóðarinnar að takast alvarlega á við þetta og koma þessum málum í betri farveg en er í dag.

Þórður Skúlason:

Virðulegi forseti. Mig langar til að koma með örstutt innlegg í þessa umræðu þó að ég geri mér grein fyrir því að hér sé um framhaldsumræðu að ræða og ég hafi ekki átt þess kost að hlýða á þær umræður sem hér hafa farið fram áður um þetta mál.

En mig langar til að benda á örfá atriði í þessu sambandi, t.d. að á sl. ári barst meiri afli að landi í

tonnum talið en áður eru dæmi um. Jafnframt var það þannig á sl. ári að þá hélst einnig áfram hátt verð á útflutningsafurðum og hafa breytingar frá metárunum 1986 og 1987 verið mjög óverulegar. Á sl. ári var olíuverð jafnframt í lágmarki. Viðskiptakjör þjóðarinnar voru þannig í heildina tekið hagstæð á síðasta ári, sérstaklega kannski hvað varðar þá undirstöðuatvinnugrein sem við erum að ræða hér um, sjávarútveginn. Samt sem áður liggur fyrir skýrsla, sem nú er til umræðu, um vanda sjávarútvegsins og það kemur fram í þessari skýrslu að hagur þessara greina er langt frá því að vera nógu góður.

Auðvitað liggja til þess margar ástæður hvernig komið er í þessari grein og er ekki hægt að kenna neinu einu einstöku atriði um og er auðvitað misjafnt milli byggðarlaga hvernig sjávarútvegurinn stendur. En ég vil þó nefna eitt atriði sérstaklega sem ég held að eigi stóran þátt í því hvernig komið er fyrir þessari grein og mörgum öðrum atvinnurekstri í landinu. Það er hinn gífurlega hái fjármagnskostnaður sem er að sliga þennan atvinnuveg eins og marga aðra.

Nú vitum við að það hefur verið eitt af markmiðum þessarar ríkisstjórnar að ná þessum fjármagnskostnaði niður og að því er unnið og það hefur náðst lítils háttar árangur í því efni, en langt frá því nógu mikill. Það er raunar þannig að í gegnum þennan háa fjármagnskostnað hefur gífurleg fjármagnstilfærsla átt sér stað í landinu frá þessum undirstöðuatvinnugreinum til sjóða og peningastofnana. Það lætur nærri að í sumum byggðarlögum séu það sjóðir og peningastofnanir sem hafi nú orðið eignarhald á nær öllum atvinnutækjum og fasteignum atvinnurekstrarins í gegnum skuldsetningu þessara fyrirtækja. Það er ekkert eigiðfé orðið eftir í fyrirtækjunum sjálfum. Það er afleiðing af þeirri vaxtastefnu sem við höfum búið við að undanförnu. En það er viss viðleitni til að færa þetta til betri vegar.

Sömuleiðis hefur verið komið upp Atvinnutryggingarsjóði sem hefur þegar leyst vanda líklega helmings þeirra fyrirtækja sem til hans hafa leitað. En það eru eftir sem áður allmörg fyrirtæki víða um landið sem enn eru í miklum erfiðleikum og sjá ekki fram úr sínum vanda, eru að vísu að bíða eftir fyrirgreiðslu Hlutafjársjóðs sem er ætlað það hlutverk að snúa við þeirri fjármunatilfærslu sem hefur átt sér stað og færa fjármuni aftur til baka til fyrirtækjanna og er vel ef það tekst.

Síðan langar mig aðeins til að nefna í þessu sambandi hvernig þessi vandi er flesta daga eða alloft a.m.k. á borðum sveitarstjórnanna vítt í kringum landið. Það gerist með þeim hætti að þessi fyrirtæki verða gjaldþrota og sveitarfélögin verða þá fyrir skakkaföllum af þeim sökum. Það gerist með því að fyrirtækin hafa safnað upp skuldum hjá sveitarsjóðunum sem hafa leitt til þess að sveitarfélögin hafa ekki getað sinnt sínu þjónustuhlutverki eins vel og kröfur eru uppi um. Og það gerist með því að sveitarfélögin eru gjarnan knúin til að skuldbreyta skuldum þessara fyrirtækja við sveitarsjóðina og þau eru jafnvel einnig knúin til þess að fella skuldirnar niður og tapa þannig tekjum. Þannig get ég sagt t.d. frá því hér að mitt sveitarfélag á útistandandi núna hjá atvinnurekstrinum sem nemur um 40% af árstekjum sveitarsjóðs. Þar er að vísu ekki bara um sveitargjöld að ræða heldur ýmis þjónustugjöld önnur, eins og vatnsskatt og hafnargjöld og fleira þess háttar. En þetta er tala af þeirri stærðargráðu að er algerlega óviðunandi í einu sveitarfélagi.

Síðan langar mig að lokum aðeins að ítreka að sá vandi sem þessi fyrirtæki eru í birtist okkur fyrst og fremst sem byggðavandi vegna þess að þessi vandi er nánast ekki annars staðar til staðar en úti á landsbyggðinni og í dreifbýlinu og ef það tækist að rétta við stöðu þessarar undirstöðuatvinnugreinar væri staða landsbyggðarinnar allt önnur en hún er.

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Nú eru reyndar liðnir sex mánuðir síðan beiðni okkar níu þingmanna Kvennalista, Sjálfstfl. og Borgfl. um þá skýrslu sem hér um ræðir var lögð fyrir Alþingi. Skýrslan sjálf hefur svo legið fyrir síðan í janúar og fyrri hluti þessarar umræðu fór fram 3. apríl sl. Þessi atburðarás er ekki til fyrirmyndar og afleitt að þessi umræða skuli hafa lent svona illa úti í þinghaldinu, en ég vil taka það skýrt fram að hér er ekki við hæstv. forseta að sakast sem ég veit að hefur haft fullan vilja til að haga málum öðruvísi. En enda þótt hæstv. forsrh. sé ekki viðstaddur samþykkti ég sem 1. flm. að þessari beiðni að reynt yrði að ljúka þessari umræðu í dag, enda skammt væntanlega til þingloka og ekki fært annað en reyna að ljúka þessari umræðu.

En það er vitaskuld full ástæða til að fjalla um það efni sem þessi skýrsla tekur til og verður í rauninni alltaf ástæða til þess og ég ítreka þá skoðun mína að skýrslu af þessu tagi þyrftum við að fá og ræða með jöfnu millibili.

Ég nefndi ýmis atriði við fyrri hluta þessarar umræðu sem mér þóttu athyglisverð og umhugsunarverð í þessari skýrslu, en hún staðfestir m.a. það, sem við höfðum reyndar margsinnis haldið fram, að staðan væri ákaflega misjöfn eftir fyrirtækjum og enn fremur hversu afar þungt fjármagnskostnaðurinn vegur eins og kom mjög glögglega fram í máli hv. síðasta ræðumanns. Ég vil taka undir það að þessi mál og þessi vandi, sem við er að fást í sjávarútveginum, er eitt stærsta byggðamál okkar. Þess vegna var lögð mjög þung áhersla á skuldbreytingar og aðra fyrirgreiðslu í þeim efnum til að reyna að létta skuldastöðu fyrirtækjanna, auk þess að reyna að ná vöxtunum niður. Það skal ekki dregið úr því sem reynt hefur verið að gera á þessu sviði. Það var vissulega mikið. En þeim mun uggvænlegra er að fiskvinnslan er enn og jafnvel enn frekar en áður á heljarþröminni þrátt fyrir milljarða tilfærslur. Tekjur fiskvinnslunnar eru enn þá allt of litlar til þess að hún geti talist hafa rekstrargrundvöll. Fiskvinnslan þarf auknar tekjur og þær virðast nú ekki í augsýn.

Hæstv. forsrh. hefur ítrekað lýst nokkurri bjartsýni á að við getum átt í vændum hækkun fiskverðs á

erlendum mörkuðum, en því miður eru nú fáir sem deila þeirri bjartsýni með honum að manni heyrist. Nýlegar fregnir af samdrætti í fiskneyslu Bandaríkjamanna auka á áhyggjur í þessu efni. Sömuleiðis segja fréttir að eftirspurn sé mest og vaxandi eftir sjófrystum fiski, þ.e. afurðum sem ekki koma á borð fiskvinnslunnar. Það minnir okkur á að hluti af vanda fiskvinnslunnar er breytt staða þessarar greinar sem hún er að reyna að bregðast við með ýmsum kostnaðarsömum breytingum og framkvæmdum sem vitaskuld þýða þungbæran fjármagnskostnað. Kröfur kaupenda fiskafurða hafa breyst mikið á síðustu árum. Nú eru gerðar miklu meiri kröfur en fyrir nokkrum árum til ferskleika fisksins og það held ég að sé meginbreytingin. Raunar má segja að annars vegar sé krafan að fiskurinn sé sem allra ferskastur og hins vegar að hann sé tilbúinn á pönnuna eða í örbylgjuofninn. Hvort tveggja gerbreytir vitanlega aðstæðum í fiskvinnslunni. Þetta er að mínu viti stór þáttur í almennum vanda fiskvinnslunnar. En þótt hér sé í rauninni aðeins verið að fjalla um vanda fiskvinnslunnar með tilvísun til þessarar skýrslu sem fyrir liggur er fiskvinnslan órjúfanlegur hluti af sjávarútveginum í heild og þótt afkoman í fiskveiðunum sé yfirleitt betri er staðan þar einnig slæm og fer versnandi samkvæmt nýjustu upplýsingum.

Byggðastofnun mun nýlega hafa gert úttekt á stöðu fyrirtækja í sjávarútvegi og þar er m.a. bent á þá uggvænlegu staðreynd að rekstur þeirra fyrirtækja sem athuguð voru skilaði aðeins 10–11% tekna upp í afskriftir og allan fjármagnskostnað, en hefði þurft að skila um 20% upp í þessa liði vegna mikilla rekstrarskulda frá fyrri árum. Að öllu eðlilegu þyrfti þessi hlutdeild að nema um 15%. Af þessu má sjá að ekki er ástandið björgulegt. Það hríðversnaði árið 1988 og þar lögðust á eitt þungur skuldabaggi vegna fyrri atburða, háir vextir og léleg afkoma. Í niðurstöðum þessarar úttektar er undirstrikað að hér sé ekki um vanda einstakra fyrirtækja að ræða heldur séu einfaldlega flest fyrirtæki að sökkva í skuldafenið, þar á meðal mörg sem voru talin með mjög góða stöðu fyrir aðeins tveimur árum. Þetta er ekki hughreystandi og hlýtur að vera okkur öllum umhugsunarefni hver staðan er þrátt fyrir allar skuldbreytingar og fyrirgreiðslu sem beitt hefur verið. Ég man ekki betur en ég hafi séð það einhvers staðar að skuldir í hlutfalli við tekjur hafi tvöfaldast á síðustu sex árum. Hér þarf auðvitað meira að koma til en bjartsýni hæstv. forsrh.

Ég ætla ekki að leggja sundurliðaðar spurningar fyrir hæstv. sjútvrh., ég veit að þess þarf ekki, en vænti þess og bið hann að gera Alþingi grein fyrir áliti sínu í framhaldi af þessari nýjustu úttekt Byggðastofnunar og fyrir þeim tillögum sem hann og væntanlega ríkisstjórnin öll, nema það sé einhver munur á, hafa til þess að bregðast við þessum mikla vanda. Við getum auðvitað ekki horft upp á þetta ástand. Við verðum að leggjast á eitt um að skapa þessum undirstöðuatvinnuvegum okkar þann grunn sem þeir þurfa til að standa á.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Ég get tekið undir það með hv. þm. sem hér hafa talað að staða fiskvinnslunnar og sjávarútvegsins í landinu er mjög alvarleg og það er mikilvægt að það sé skilningur bæði hér á Alþingi, í ríkisstjórn og í þjóðfélaginu öllu á þessari stöðu. Hitt er svo annað mál að þessi skilningur kemur ekki alls staðar jafnskýrt fram. M.a. hafa menn á undanförnum mánuðum verið að ganga frá kjarasamningum sem leiða til verulegra kostnaðarhækkana innan lands og með því virðist ekki koma fram mikill skilningur á því að þessi atvinnugrein er á engan hátt í stakk búin að taka á sig meiri kostnaðarhækkanir. Til þess að hún geti gert það þarf hún að fá meiri tekjur og til að gera henni það kleift þurfa tekjur greinarinnar að sjálfsögðu að hækka.

Það kemur fram í þeim orðsendingum sem fóru á milli ríkisstjórnar og Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna þar sem segir: „Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að samkeppnisstaða útflutningsgreina verði viðunandi á samningstímanum.“ Nú má hafa ýmsar skoðanir á því hvað sé viðunandi samkeppnisstaða útflutningsgreina. Ég held að allir geti þó verið sammála um að það er ekki viðunandi staða að þessi atvinnugrein haldi áfram að tapa. Það hefur verið mjög mikið tap í sjávarútveginum seinni hluta árs 1987 og allt árið 1988 og kjör okkar bötnuðu mjög mikið á þessum tíma án þess að grundvöllur væri fyrir því. Þetta kom ekki síst fram í versnandi stöðu útflutningsgreinanna. Það er vissulega alveg rétt að fjármagnskostnaður hefur hækkað mjög mikið og hefur verið þessum greinum ofviða, en það er þó ekki svo einfalt að það sé eina skýringin á stöðunni.

Nú standa menn frammi fyrir því eins og undanfarna mánuði að tryggja það í fyrsta lagi að fiskvinnslan og sjávarútvegurinn haldi áfram með eðlilegum hætti. Ég minni á þá staðreynd að þrátt fyrir allt er atvinnugreinin víðast hvar í gangi þótt undantekningar séu þar á og hefur verið allgóð veiði að undanförnu. T.d. hefur vetrarvertíðin verið betri en oft áður. Þannig á sér stað mikil framleiðsla í landinu, en hins vegar er ljóst að atvinnugreinin má ekki halda áfram að tapa.

Þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið og verið er að vinna að byggja á því í fyrsta lagi að skuldbreytingar eigi sér stað og það hefur mikið verið unnið hjá Atvinnutryggingarsjóði. Hlutafjársjóður hefur nýlega hafið sína starfsemi og hefur enn þá ekki afgreitt neitt mál, en það liggur fyrir að hann mun koma til aðstoðar allmörgum fyrirtækjum. Hins vegar er slík aðstoð til lítils ef fyrirtækin halda áfram að tapa. Þau verða að skila hagnaði til að greiða sínar skuldir til baka og að því þarf að vinna.

Ég get tekið undir að það er ekki hægt að reikna með verulegum verðhækkunum á næstunni þótt vonandi muni þar eitthvað batna. Það mun t.d. skipta verulegu máli að birgðatími styttist því það hefur verið veruleg byrði á greininni að hún hefur þurft að liggja með verulegar birgðir langtímum saman og það

er að sjálfsögðu afar kostnaðarsamt þegar vextirnir eru jafnháir og raun ber vitni. Þótt annað gerðist ekki en birgðahaldstími styttist, sem ég held að sé ástæða til að ætla að sé að gerast, er það nokkur bót, en verðhækkanir ef einhverjar verða, sem vonandi verður, munu væntanlega koma fram í því að greiðslur Verðjöfnunarsjóðs muni þá lækka samsvarandi. Eitt af því sem nú liggur fyrir þinginu er frv. til l. um ráðstafanir vegna kjarasamninga, en í 1. gr. þess frv. er farið fram á heimild til að viðhalda greiðslum úr Verðjöfnunarsjóði út árið 1989, en þó þannig að þær lækki og falli niður um nk. áramót.

Auðvitað liggur í þessum yfirlýsingum sú staðreynd að það skiptir miklu máli hvað atvinnugreinin fær fyrir tekjur sínar, þ.e. hvernig íslenska krónan er skráð, og auðvitað vita allir sem til þekkja að þegar efnt er til kostnaðarhækkana innan lands án þess að tekjur komi á móti mun það koma fram á gjaldmiðlinum. Þetta ættu Íslendingar að kunna og ættu að vera búnir að læra, en það virðist nú vera að menn læri aldrei þessa lexíu því að alltaf er verið að efna til kostnaðarhækkana með einum eða öðrum hætti. Þar á ríkið sína sök með sinni starfsemi, ekki aðeins nú heldur áður og í framtíðinni, og þeir sem semja um kaup og kjör á vinnumarkaði svo eitthvað sé nefnt þannig að fram hjá þessari staðreynd verður ekki gengið á næstu mánuðum.

Ég ætla ekki, virðulegur forseti, að fara ítarlega út í þessi mál nú vegna þess að ég vænti þess að einhver umræða verði um þetta mál þegar ráðstafanir vegna kjarasamninga verða teknar til umræðu. Ég tek undir það með hv. þm. að það er óheppilegt að vera að slíta umræðu sem þessa sundur sitt á hvað og taka hana upp óreglulega. Ég hafði ekki hugsað mér að fara nánar út í stöðu sjávarútvegsins að svo stöddu, enda skildi ég virðulegan forseta þannig að það ættu að hefjast aðrar umræður kl. 3 og því vart tími til að fara ítarlega út í þessi mál. En ég vildi þó að lokum taka fram vegna orða hv. þm. Pálma Jónssonar að ég hef aldrei lýst því yfir að ég hefði hugsað mér að ganga út og hengja mig og ég vænti þess að mér muni aldrei detta það í hug eða nokkrum öðrum því það er ekki til þess að ráða neina bót á málum að gera slíka hluti.

Karl Steinar Guðnason:

Hæstv. forseti. Ég tek undir með þeim sem tala um erfiðleika í sjávarútvegi. Erfiðleikarnir eru vissulega miklir og þeir voru ekki að verða til í gær. Þessi vandi hefur sífellt verið að hrjá sjávarútveginn en er nú reyndar meiri en oft áður. Ég vænti þess líka að það sé almennur skilningur að fiskvinnsla og sjávarútvegur þurfi að standa undir sér og vel það til að þjóðarbúið geti gengið.

Það var ekki ætlun mín að taka þátt í þessari umræðu, en er ég heyrði ráðherra segja það áðan að skilningur væri ekki alls staðar á þessum erfiðleikum og í framhaldi af því var vísað til kjarasamninga vil ég að það komi skýrt fram að ég hygg að hvergi sé skilningurinn á vandræðum sjávarútvegs og fiskvinnslu meiri en hjá sjómönnum og verkafólki. Ég hygg að skilningsleysið sé annars staðar. Ég hygg að það sé hjá því fólki sem vart veit mun á flóði og fjöru. Þess vegna vil ég mótmæla því að skilningurinn sé ekki fyrir hendi hjá verkafólki og sjómönnum.

Það lá fyrir að eftir að ríkisvaldið hafði samið við opinbera starfsmenn um hækkanir á launum var ekki unnt annað fyrir Verkamannasambandið og Alþýðusambandið en ganga til kjarasamninga á sömu nótum. Annað var ekki mögulegt.

Ég tel að það þurfi að skoða ýmsa þætti aðra en launin hvað varðar þessa atvinnugrein og nefni ég þá innflutningsverslunina og ýmsar kostnaðarhækkanir sem verða til vegna annarra samninga og annarra taxta sem settir eru upp víðs vegar fyrir þjónustu í þjóðfélaginu og bitna á útgerðinni. Ég hygg að það sé gert allt of lítið af því að skoða hvernig þessi útvegur er rændur á þann hátt.

Vegna tilmæla forseta ætla ég ekki að hafa þetta lengra, en vildi koma þessu á framfæri.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti mun freista þess að ljúka þessari umræðu. Tveir eru enn þá á mælendaskrá, en ákveðið hafði verið að utandagskrárumræða hefjist hér kl. 3. Ég mun fresta henni um sinn og reyna að ljúka þessari umræðu þar sem mjög hefur dregist að leiða hana til lykta.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka forseta fyrir að leyfa umræðu í nokkrar mínútur fram yfir þann tíma sem hafði verið áætlað, en ég vildi koma upp og færa alveg sérstaklega hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur þakkir fyrir hvað hún hefur talað ég vil segja af miklum skilningi um stöðu og rekstur fiskvinnslunnar. Það er vissulega mjög þýðingarmikið þegar hv. þm. koma að málum með þeim hætti sem hún hefur gert í umræðum bæði fyrr í vetur og núna um stöðu fiskvinnslunnar. Menn eiga því frekar að venjast að þeir sem hafa starfað í þessari atvinnugrein sérstaklega og eru á þingi standi uppi og tali um sínar sérgreinar, en hér stendur upp þingmaður sem hefur komið við sögu geri ég ráð fyrir einhvern tíma á ævinni í sambandi við vinnu í fiskvinnslu og á sérstakt frumkvæði um að ræða um stöðu þessarar mikilvægu atvinnugreinar með þeim hætti sem hv. þm. hefur gert. Er það vissulega bæði eftirtektarvert og þess virði að vekja sérstaka athygli á því að svona málflutningur er bæði því máli sem hér um ræðir og atvinnugreininni mikils virði.

Ég vildi, virðulegi forseti, fá að víkja að nokkrum atriðum sem mér finnst ekki hafa verið rætt um sem skyldi varðandi stöðu hraðfrystiiðnaðar og fiskvinnslu almennt á Íslandi. Það er það atriði að á síðustu 2–3 árum hefur orðið ákveðin „strúktúr-"breyting í íslenskum sjávarútvegi og fiskvinnslu sem m.a. hefur haft í för með sér að títtnefndur fjármagnskostnaður hefur lagst miklu þyngra á fiskvinnsluna en orðið hefði ef sú breyting hefði ekki orðið í sambandi við sjávarútveg og fiskvinnslu sem

ég ætla að koma inn á. Það sem hefur verið að gerast í íslenskum sjávarútvegi og fiskiðnaði er m.a. að á sama tíma sem við erum hér í kvótakerfi verður sú breyting að frystitogurum, frystiskipum fjölgar verulega á Íslandi, en það hefur haft í för með sér að þessi hluti togaraflotans, frystitogararnir, hafa tekið allverulegan hluta af kvótanum af eðlilegum ástæðum í vinnslu um borð með þeim áhrifum að minna hefur farið af fiski í vinnslu í landi. Jafnframt hefur það gerst að saltfiskmarkaðir hafa verið tiltölulega mjög sterkir svo að meira hefur farið í saltfisk. Þar við bætist þriðja atriðið, sem er mjög þýðingarmikið að hafa í huga, að á síðustu árum hefur útflutningur á ferskum fiski aukist mjög mikið. Þetta hefur haft í för með sér að þau fyrirtæki, m.a. þau frystihús sem höfðu fjárfest á síðustu árum verulega í endurbótum og sett upp nýtísku vélar og tæki, hafa setið uppi með mjög dýra fjárfestingu á sama tíma sem hráefnið, fiskurinn, hefur horfið frá þeim. Þetta hefur gert það að verkum að fjármagnskostnaðurinn hefur verið hlutfallslega þyngri en menn áttu von á. Þessu held ég að sé þýðingarmikið að gera sér grein fyrir jafnframt því sem innlend verðbólga hefur bætt við þann vanda sem fylgir því að vera mjög skuldugur.

Mér finnst nauðsynlegt, virðulegi forseti, að menn hafi í huga í fyrsta lagi þessar innlendu aðstæður, fjölgun frystitogara, en hér munu nú vera 20 raunverulegir frystitogarar. Það má gera ráð fyrir að 30–40 skip geti fryst um borð en raunverulegir frystitogarar eru um 20. Þetta hefur m.a. gert það að verkum að minna kemur til vinnslu í frystihús og fiskvinnslufyrirtæki í landi samfara stórauknum útflutningi á ferskum ísuðum fiski, en árið 1988 fóru 109 þús. smálestir á markaði í Bretlandi og Vestur-Þýskalandi, ýmist vegna þess að skipin sigldu sjálf eða þetta var flutt út í gámum. Fyrir 5–6 árum var þessi útflutningur um það bil 50 þús. smál. Þetta hefur komið mjög hart niður á fiskvinnslunni innan lands.

Ég vildi, virðulegi forseti, vekja athygli á þessu og enn fremur því að á síðasta ári varð verulegt verðfall á verðmætustu afurðategundum, þ.e. frystum sjávarafurðum sem voru seldar í Bandaríkjunum. Á sama tíma sem þetta verðfall verður á verðmætustu vörunni, sem eru fryst fiskflök, eykst útflutningur á óunnum frystum fiski. Sem dæmi má nefna að árið 1988 fóru um það bil 35 þús. smálestir af frystum sjávarafurðum til Bandaríkjanna. Þar af voru um 96% fiskflök og fiskblokkir. Á sama tíma fór svipað magn til Japans, um 35 þús. tonn. Þar af voru ekki nema 0,7% fiskflök og fiskblokkir. Þetta þýðir minni vinnu í landi, verri nýtingu á fiskvinnslustöðvunum og lakari afkomu bæði hjá fyrirtækjum og starfsmönnum. Þessi „strúktúr"breyting hefur haft gífurlega mikil áhrif til hins verra fyrir fiskvinnsluna í heild og einnig einstök fyrirtæki. Þetta vandamál er enn óleyst.

Ég vil taka undir það, og skal nú ljúka máli mínu, virðulegi forseti, að það er gersamlega út í bláinn að halda því fram að menn skuli binda vonir sínar við markaðsverðshækkanir á verðmætustu fisktegundum í útflutningsafurðum þjóðarinnar í ár. Það eru ekki góðar horfur á því að verð fari hækkandi á frystum fiskflökum í Bandaríkjunum. Það eru ekki góðar horfur á því að Sovétríkin verði góðir viðsemjendur við Íslendinga í ár á þeim frysta fiski sem við þurfum að selja í Sovétríkjunum. Þeir eru að breyta sínum innflutningsháttum þannig að innflutningur matvæla, þar með innflutningur á fiskmeti, er ekki í þeim forgangsflokki sem hann hefur verið hingað til. Sovétmenn segja: Við höfum ekki ráð á að nota verðmætan gjaldeyri til að flytja inn fisk og ýmsar aðrar vörutegundir. Ég nefni sem dæmi ullarvörur.

Einnig er ekki að vita hvað getur gerst á Evrópumarkaði í ár og vitað er að saltfiskmarkaðir eru erfiðir þannig að það er borin von að gera ráð fyrir því að staða íslensks sjávarútvegs og íslenskrar fiskvinnslu lagist af þeirri ástæðu.

Mín niðurstaða er sú í stórum dráttum, virðulegi forseti, að vandi sjávarútvegs og fiskiðnaðar er enn óleystur.

Friðrik Sophusson:

Ég skal, virðulegur forseti, ekki verða langorður um þetta mál. Hér er á ferðinni skýrsla sem um var beðið fyrir mörgum mánuðum og reyndar hefur legið fyrir þinginu en ekki tekist að ræða fyllilega fyrr en nú. Það er full ástæða til að ræða fjölmörg atriði sem upp hafa komið í umræðunni, en það gefst tóm til þess þegar til Nd. kemur svokallaður bandormur sem nú er til meðferðar í Ed. og er afleiðing kjarasamninga sem nýlega voru gerðir.

Mér finnst athygli vert, sem fram hefur komið í þessari umræðu, að hæstv. sjútvrh., sá sem talaði fyrir nokkrum dögum og sagði að fiskvinnslan og sjávarútvegurinn hefðu ekkert þol til þess að greiða meira í laun en gert var fyrir kjarasamninga, stendur upp nú og bendir á að í bréfi hæstv. forsrh. til VMSÍ og VSÍ sé tekið fram að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir því að samkeppnisstaða útflutningsgreina verði viðunandi á samningstímanum og bætir við: Það verður ekki viðunandi ef um tap er að ræða.

Hæstv. sjútvrh. hefur lýst því að ef og þegar kjarasamningarnir sem gerðir hafa verið á ábyrgð ríkisstjórnarinnar koma til framkvæmda, því að auðvitað hlutu aðilar á almenna vinnumarkaðinum að semja í hátt við þann samning sem gerður var á milli ríkisvaldsins og opinberra starfsmanna, þá mun taprekstur aukast nema verðhækkanir komi til skjalanna. Hæstv. ráðherra bað menn um að binda ekki miklar vonir við slíkar verðhækkanir, en það er þvert á það sem hæstv. forsrh. hefur sýknt og heilagt gert í sínum málflutningi. Mér fannst athygli vert að þetta skyldi koma fram hjá hæstv. ráðherra og skil hann svo að hann telji að hreyfa verði til verð íslenska gjaldmiðilsins miðað við þær staðreyndir sem fyrir liggja. Það verður ekki skilið nema á einn veg og ég vil þakka hæstv. sjútvrh. fyrir að sýna þá hreinskilni í þessum umræðum.

Það er annað atriði, virðulegur forseti, sem varð til

þess að ég hlaut að koma upp og það var það sem sagt var um fjármagnskostnaðinn, en aftur og aftur er því haldið fram með réttu að fjármagnskostnaður sé hár hér á landi án þess að menn segi nákvæmlega hvað þeir eiga við. Ef maður spyr viðkomandi aðila hvað sé fjármagnskostnaður fær maður oftast svörin: Það eru vextir og hæð á vöxtum og vissulega eru vextir háir hér á landi, en í mjög mörgum tilvikum er hægt að lækka vexti með opinberum aðgerðum þannig að stjórnvöld geta haft veruleg áhrif á vaxtahæðina á hverjum tíma. En málið er ekki svona einfalt því að fjármagnskostnaður er ekki bara vextir. Verðbætur eru auðvitað ekki fjármagnskostnaður. Verðbætur eru aðeins verðbólgumæling, viðurkenning á því að bæta þurfi mönnum það upp sem verðbólgunni nemur. En fjármagnskostnaðurinn hjá fyrirtækjum er ekki eingöngu vextir heldur líka hve mikið þarf að borga í vexti og þá hefur það grundvallarþýðingu hve mikið fyrirtæki þurfa að taka að láni. Fyrirtæki sem er vel rekið, þar sem eigið fé er mikið og þarf ekki á lánum að halda, er algerlega ónæmt fyrir því hvort vextirnir eru 10% eða 20% ofan á verðbólgu. Þessu verða menn að átta sig á og þetta finnst mér eins og margir hv. þm. skilji ekki því að þeir koma upp og segja að fjármagnskostnaðurinn sé svo mikill að hann sé að drepa fyrirtækin nema menn segi til viðbótar hvernig fjármagnskotnaðurinn er til kominn. Hann er m.a. til kominn vegna þess að fyrirtækin hafa verið neydd til að tapa. Hæstv. ríkisstjórn hefur ekki viðurkennt að það þurfi að breyta rekstrarskilyrðunum og einustu aðgerðir ríkisstjórnarinnar eru þær að breyta skuldum í nýjar skuldir. Það lækkar auðvitað árlegan fjármagnskostnað, en það er vonlaust að beita eingöngu þessum aðferðum nema rekstrarskilyrðin séu bætt jafnframt. (Gripið fram í.) Ég heyrði ekki frammíkallið. (**GuðnÁ:** Um hvað snýst skýrslan?) Ég vona að einhver geti hjálpað hv. þm. að finna það út, en ég tek þátt í umræðum til að fjalla um það sem hefur komið fram í þeim. Ég hélt að hv. þm. væri læs, en nú kemur í ljós að hv. þm. er hvorki læs né hefur fulla heyrn ef hann hefur ekki fylgst með í þessum umræðum. (**ÓÞÞ:** 1998 eða 1989.) Þarna hefur hv. þm. fengið mikla hjálp frá flokksbróður sínum og vonast ég til þess að sú hjálp dugi hounum í þessu máli. (**ÓÞÞ:** Það kemur í ljós að hv. ræðumaður veit ekki hvert af þremur ártölunum passar.) Ég held að hv. frammíkallandi hafi ekki hugmynd um hvað hann er að segja. Það kemur í ljós að hann getur ekki einu sinni lesið rétt úr tölustöfum.

Virðulegur forseti. Ég var að lýsa þessu vegna þess að mér finnst hæstv. ríkisstjórn ekki hafa skilning á þessu máli né sumir þingmenn. Og eitt af því sem ég held að við gætum gert er að finna aðferðir til að auka eiginfjárhlutfallið í fyrirtækjunum og tillögur þess efnis liggja fyrir þessu þingi. Af því að ég veit að tíminn er skammur og ég hef ekki mikinn tíma hvet ég hæstv. ráðherra til að kanna það í sínum herbúðum, ekki síst af því að ég ber mikið traust til hans og held kannski að þessa dagana sé eitthvað hægt að gera af viti í landinu af sérstökum ástæðum sem ég hirði ekki um að nefna hér, en daginn í dag og næstu 2–3 daga sé hugsanlega eitthvað hægt að gera af viti í þessum málum því að þessa stundina eru við stjórn menn sem hafa þó a.m.k. þekkingu á þessum málefnum þjóðarinnar, að kanna hvort ekki sé hægt nú að nota tækifærið til að breyta til að mynda skattalöggjöf og löggjöf sem varðar hlutafé og fleira í slíkum málum til að koma til móts við fyrirtæki sem þurfa á auknu eiginfjármagni að halda. Eins veit ég að hæstv. ráðherra, fyrrv. formaður bankaráðs Seðlabankans, hefur líka skilning á því hvernig laga má rekstrargrundvöll fyrirtækjanna. Ég hvet þess vegna hæstv. ráðherra nú þegar hann hefur tækifæri til, miklu betra en ella, að láta nú sína skynsemi ráða en fara ekki að ráðum annarra manna sem ekki hafa vit á þessum málum í sama mæli og hæstv. ráðherra.

Umræður utan dagskrár.

Mengun hafanna í kringum Ísland.

Árni Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Í skýrslum forráðamanna íslensku fiskvinnslufyrirtækjanna í Bandaríkjunum, sem þeir hafa flutt á fundum að undanförnu, hefur komið í ljós að nokkur samdráttur hefur orðið í fisksölu þeirra og í Bandaríkjunum almennt. Ástæðurnar eru einkum raktar til mengunar og frétta af eiturefnum sem fundist hafa í fiski. Þessar fréttir snerta þó nær eingöngu fisk sem Bandaríkjamenn veiða sjálfir, en hefur einnig áhrif á sölu innfluttra fiskafurða.

Hér er á ferðinni alvarlegt mál. Nú hefur það einnig gerst að í Svíþjóð hefur verið bönnuð neysla á íslensku þorskalýsi. Vísindamenn þar telja sig hafa fundið of mikið magn af díoxíði í lýsinu þótt það sé langt undir þeim mörkum sem hér eru talin hættuleg heilsu manna. Við þetta bætast svo fréttir frá Færeyjum um að í fituvef hrefnu hafi fundist ýmis eiturefni, t.d. DDT og PCB, og Færeyingar varaðir við að neyta hrefnukjöts oftar en tvisvar í viku. Þessar fréttir geta skaðað fisksölu Íslendinga þar eð hinn almenni neytandi gerir ekki greinarmun á langlífum fisktegundum eða spendýrum sem safna þessum eiturefnum í fituvefi og líffæri á margra ára tímabili og leita fæðu upp undir strendur meginlands Evrópu þar sem mengun er sannarlega mikil.

Fréttir af stórfelldri mengun í Norðursjó og Eystrasalti bæta ekki úr, en þar sýna nú rannsóknir að aðeins 8% af urtum í selastofni eru frjóar. 92% af urtunum eru ófrjóar vegna eiturefna í höfunum. Atburðirnir við Bjarnarey þegar sovéskur kafbátur sökk þar hafa m.a. valdið því að hingað til lands hafa borist fyrirspurnir um geislavirkni í hafi.

Þessir atburðir eru ástæða þess að fyrri hluta síðustu viku óskaði ég eftir utandagskrárumræðu til að fá fram skoðanir ráðamanna á því hvernig Íslendingar geta best brugðist við fréttum af þessu tagi og

þeim alvarlegu viðvörunum sem felast í þessum fréttum.

Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að hér á landi þyrfti að efla til muna allar grundvallarrannsóknir á hugsanlegri mengun hafsins og Íslendingar yrðu að grípa til allra tiltækra ráða til að fylgjast með ástandi sjávar að þessu leyti. Einnig að við yrðum að hvetja til herts eftirlits með losun hvers konar úrgangs í hafið. Ég fagna því sérstaklega þeirri fsp. sem hv. þm. Friðrik Sophusson hefur lagt fram varðandi mál þessu tengd.

Lífsafkoma þessarar þjóðar er undir því komin að við getum ávallt fært sönnur á það að íslenskur fiskur sé dreginn úr ómenguðu hafi, sé laus við eiturefni og að við höldum þeirri ímynd og að sú staðreynd breytist ekki að við seljum besta fisk í heimi. Allar efasemdir um það geta haft mjög skaðleg áhrif.

Nú heyra rannsóknir á mengun hafsins undir fjögur ráðuneyti a.m.k. Þessar rannsóknir þarf að samræma og sameina undir einni stjórn. Þátttöku okkar í alþjóðlegu samstarfi á þessum vettvangi verður að efla. Vestnorræna þingmannaráðið hefur samþykkt tillögu sem ég lagði fram um samræmdar aðgerðir Grænlendinga, Færeyinga og Íslendinga á þessum vettvangi og að leitað yrði samvinnu við þær þjóðir sem eiga hagsmuna að gæta á Norður-Atlantshafi. Ég tel starfið innan Alþjóðahafrannsóknaráðsins ekki nægjanlegt hvað snertir Norður-Atlantshafið né heldur innan þeirra nefnda sem kenndar eru við Parísar- og Oslóarsamkomulagið og ekki heldur innan Norðurlandaráðs.

Íslendingar hafa allt of lengi verið þeirrar skoðunar að þeir þyrftu litlar eða engar áhyggjur að hafa af mengun hafsins. Það er deginum ljósara að við verðum að vera á varðbergi og gefa þessum málum miklu meiri gætur en verið hefur. Allar fréttir á borð við þær sem ég hef nú nefnt geta valdið okkur miklu tjóni, bæði beinu og óbeinu. Ég vil með þessari umræðu, virðulegi forseti, skora á stjórnvöld og fjárveitingavaldið að hyggja betur að þessum málaflokki.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. málshefjanda fyrir að óska eftir utandagskrárumræðum um þetta mál. Ég vek athygli á því að hinn 18. mars 1987 var samþykkt hér á hinu háa Alþingi þál., en flm. þessarar þáltill. voru þrír þingmenn Sjálfstfl., Gunnar G. Schram, Pétur Sigurðsson og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jósson. Ályktunartillögunni var lítils háttar breytt, en var samþykkt svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að hvetja til þess að efnt verði til ráðstefnu hér á landi um varnir gegn mengun við Ísland og annars staðar í Norðaustur-Atlantshafi þar sem sérstaklega verði fjallað um þá hættu sem fiskstofnum og mannvist á þessu svæði er búin vegna mengunar frá geislavirkum efnum. Felur Alþingi ríkisstjórninni að vinna að framgangi málsins."

Í greinargerð með þáltill. þeirra þremenninga er síðan vitnað til skýrslu, einkum og sér í lagi um Dounreay í Skotlandi, og því lýst hver hætta sé á hafsvæðunum í kringum Ísland af efnum sem koma m.a. frá landstöðvum, en einnig vegna úrgangs sem losaður er á þessu svæði.

Í þessu sambandi, virðulegur forseti, tel ég fyllstu ástæðu til að rifja upp að á sínum tíma beitti Matthías Bjarnason, þá siglingamálaráðherra, sér fyrir því á þingi í Cardiff, þar sem fjallað var um Parísarsáttmálann og þar sem þær þjóðir sem eru aðilar að sáttmálanum hittust, að íslenska sendinefndin flytti tillögu um reglur sem bönnuðu að landstöðvar losuðu geislavirkan úrgang á þetta hafsvæði, en um það snýst þetta mál ekki síst. Aðrir ráðherrar hafa fylgt þessu fordæmi, bæði á alþjóðlegum vettvangi og ekki síst innan vébanda Norðurlandaráðs, og skal ég ekki hafa mörg orð um það, en sá sem hér stendur til að mynda átti um þetta drjúgar viðræður við orkumálaráðherra Bretlands á sínum tíma, einkum vegna Dounreay.

Ég vek athygli á því að ekkert hefur heyrst frá stjórnvöldum um undirbúning þeirrar ráðstefnu sem minnst er á í þál. Alþingis og ég vil hvetja hæstv. ríkisstjórn og þá væntanlega þá ráðherra sem um þetta mál fjalla. Á þeim tíma var forsrh. Steingrímur Hermannsson hæstv. forsrh. Hann varð síðar utanrrh. þannig að ef málið hefur farið þangað hlýtur það mál að hafa fylgt honum. Ég hef ekki getað fengið upplýsingar um það hvar á vegi þetta mál er statt, en ég hvet hæstv. ríkisstjórn eindregið til að fylgja eftir þál. hins háa Alþingis og vil að lokum þakka fyrir að það skuli vera vakin athygli á þessu máli í þessari umræðu.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um hve alvarlegt er það mál sem hv. 3. þm. Norðurl. e. Árni Gunnarsson hefur nú vakið athygli á með því að kveðja sér hljóðs utan dagskrár og þakka ég honum fyrir að hafa gert það hér. Vissulega hafa margir haft áhyggjur af mengun sjávar og þeim fjölgar sem betur fer ört sem gera sér grein fyrir að sjórinn tekur ekki við mengun og eyðir henni eins og allt of margir hafa haldið og trúað til þessa og kannast flestir við að „lengi tekur sjórinn við" sem hefur löngum verið haft á orði.

Rannsóknir á mengun sjávar hafa verið mjög takmarkaðar hér við land fram til þessa og er grundvallaratriðið að við gerum átak í þessum málum nú þegar. Þótt rannsóknir hafi verið af skornum skammti er þó ljóst að andvaraleysið hefur verið of mikið í þessum málum.

Díoxíðmengun, sem hér hefur aðeins verið drepið á, getur m.a. stafað af bræðslu plastefna og vil ég benda á í því sambandi að víða á landinu er sorpeyðingu mjög ábótavant. Má minna á ástandið í Hnífsdal í þessu sambandi þar sem sorpbrennslan þar er rekin án starfsleyfis og stafar af henni mjög mikil mengun.

Kvikasilfursmengun er einnig áhyggjuefni og hafa heyrst hrikalegar tölur um þess konar mengun í fiskum hér við land, sérstaklega þeim sem verða

gamlir eins og t.d. lúða. Tölur um kvikasilfur í gömlum lúðum eru ógnvekjandi.

Mengun hér við land er vissulega töluverð, en við vitum ekki nægilega mikið um hversu alvarlegt ástandið er orðið. Hreinn sjór og ómengaður fiskur hefur verið talinn okkar aðalsmerki og er mikilvægt að við gerum allt sem í okkar valdi stendur til að það geti verið staðreynd.

Ég vil í þessu sambandi benda á að nú eru rannsóknarmenn sem sjá um mengunarmælingar m.a. í hafinu í verkfalli til að krefjast hærri launa fyrir störf sín. Vegna þessarar deilu eru mörg rannsóknarverkefni í hættu. Mikilvægi rannsókna í huga stjórnvalda birtist m.a. í því hve lítils virði þeir telja þessi störf vera þegar á að ákveða hvaða laun skulu greidd fyrir þau. Ábyrgð ríkisstjórnarinnar er mikil í þessu máli.

Sá ruglingur sem á sér stað vegna þess hve mörg ráðuneyti fara með mengunarmál mundi leysast ef sérstakt ráðuneyti umhverfismála sæi um mengunarmálin bæði í sjó og á landi því að auðvitað tengist þetta allt saman. Ég skora á ríkisstjórnina að taka þessi mál föstum tökum nú þegar.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það þarf ekki að koma neinum á óvart þó að það komi fram við mælingar og athuganir að mengun er í sjónum við Ísland og hún endurspeglast í þeim lífverum sem í sjónum lifa og ekki síst í þeim sem standa ofarlega, eins og kallað er, í fæðukeðjunni, sjávarspendýrin þar í efsta þrepi. Ástand í þeirra líkama er skýr vísbending um mengun efna sem ekki brotna niður í náttúrunni.

Hér þarf að bregðast við. Og hvað getum við gert? Jú, við getum leitast við að draga úr mengun sem kemur frá landi og í sjóinn og við þurfum að ýta á eftir á alþjóðavettvangi hvarvetna til að styrkja alþjóðlegar samþykktir og knýja fram alþjóðlegar samþykktir til að draga úr mengun sjávar, auðvitað því nær sem þessi mengun er okkur. En þetta er alheimsvandamál í eðli sínu og mengunin flyst með hafstraumunum frá Mexíkóflóa og Bandaríkjunum, en einnig frá Evrópu eins og komið hefur fram í sambandi við geislavirk efni.

Á vettvangi Norðurlandaráðs hafa þessi mál verið mikið rædd og á aukaþingi Norðurlandaráðs í Helsingör í nóvember sl. var gerð sérstök samþykkt, var samþykkt áætlun um varnir gegn mengun sjávar. Það er raunar hv. 13. þm. Reykv. Guðrún Helgadóttir sem flutti það mál inn á vettvang Norðurlandaráðs sem leiddi til þessarar samþykktar. Síðan er ákvörðun um að þessi áætlun verði endurskoðuð fyrir næsta þing Norðurlandaráðs sem haldið verður hér á komandi vetri og það er verðugt verkefni einmitt fyrir okkur Íslendinga að taka á öllum þeim þáttum sem að okkur snúa og varða mengun sjávarins í tengslum við þá endurskoðun á þessari áætlun sem ljósin munu beinast að á næsta þingi Norðurlandaráðs.

Síðan er það meðferð mála hér heima fyrir. Mér er kunnugt um að hæstv. samgrh. hefur haft í undirbúningi hertar aðgerðir í sambandi við mengun sjávar sem heyrir undir hans ráðuneyti. En það þarf að taka samhæft á þessu í stjórnsýslunni og þess vegna þurfum við að tryggja að koma þeim málum í skaplegt horf áður en Alþingi lýkur með samþykkt frv. um sérstakt umhverfisráðuneyti til að sjá um meðferð þessara mála.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Baráttan fyrir verndun lífríkis hafsins er hin nýja landhelgisbarátta okkar Íslendinga. Umbætur byrja heima, segja menn gjarnan, og það út af fyrir sig er ánægjulegt að í stjórnartíma þessarar ríkisstjórnar hefur e.t.v. meira verið aðhafst á þessu sviði en áður, enda var fullkomlega tími til kominn að auka starf okkar að þessum málum. En um leið og þær umbætur byrja heima er baráttan gegn mengunarháskanum alþjóðlegs eðlis vegna þess að hún nær yfir öll landamæri þannig að hinn alþjóðlegi þáttur í því máli er stór.

Sem dæmi um aðgerðir á þessum sviðum nefni ég fyrst frv. til l. um umhverfismál þar sem gert er ráð fyrir því að stofna sérstakt umhverfismálaráðuneyti og samræma stjórn þessara mála á vegum innlendra aðila í einu ráðuneyti og gefa því aukinn forgang með þeim hætti.

Í annan stað nefni ég frumvörp iðnrh. sem varða slíkar sérstakar aðgerðir eins og t.d. frv. sem hér liggur fyrir um að draga úr skaða af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur. Í annan stað er hægt að nefna frv. um meðferð brotamálma og skilagjald af ökutækjum sem sent hefur verið öllum hv. þm. Þá minni ég á mál sem ég reyndar gerði mér vonir um að geta mælt fyrir hér og hef beðið eftir því að geta það sl. hálfan mánuð, þ.e. þáltill. um staðfestingu Alþingis á samningsskuldbindingum okkar um aðgerðir til verndunar ósonlaginu.

En það er fjölmargt annað sem gera þarf og gert hefur verið. Ég nefni sem dæmi að innan EFTA og EB hefur verið stofnuð sérstök nefnd sérfræðinga um umhverfismál. Fyrsti fundur hennar verður haldinn 11. maí nk. Ég rifja upp að á sl. hausti var haldin sérstök ráðstefna um samstarf EFTA- og EB-ríkja þar sem umhverfismál voru mjög á dagskrá, þar sem voru saman komnir allir jafnaðarmannaflokkar Evrópu, þar sem að íslensku frumkvæði var sérstakur kafli ítarlegur um aðgerðir, áskorun til ríkisstjórna um samræmdar aðgerðir gegn umhverfisspjöllum og fyrir jákvæðum aðgerðum til verndunar umhverfisins.

Fleira mætti til nefna og þá sérstaklega á vettvangi norrænnar samvinnu, svo sem eins og hina tvíþættu norrænu áætlun um umhverfismál, annars vegar almenna áætlun um samstarf Norðurlanda á sviði umhverfismála og hins vegar sérstaka norræna áætlun um varnir gegn mengun sjávar. Óhjákvæmilega tengist þessum málum líka barátta okkar fyrir því að koma í veg fyrir umhverfisslys, svo sem eins og t.d. af völdum umferðar kjarnorkuknúinna kafbáta. Í því efni liggur ljóst fyrir að við vinnum nú að undirbúningi að tillögum sem við munum taka upp við banda-

lagsþjóðir okkar innan Atlantshafsbandalagsins. Það er vettvangurinn til þess vegna þess að án aðildar okkar að Atlantshafsbandalaginu yrðum við ekki til kvaddir til að fjalla sérstaklega um afvopnunarmál.

Loks er þess að geta að innan Atlantshafsbandalagsins er líka fram undan margháttuð starfsemi sem tengist umhverfismálum þar sem við munum leggja fram okkar tillögur. Þar nefni ég til fund vísindanefndar Atlantshafsbandalagsins sem kemur saman í Hollandi þann 17. þ.m., þingmannafund NATO í Tyrklandi þar sem umhverfismál munu verða á dagskrá, leiðtogafund Atlantshafsbandalagsins þar sem að okkar frumkvæði munu verða gerðar tillögur um að taka sérstaklega á umhverfisverndarmálum og loks ráðstefnu sem haldin verður í Osló á sumri komanda á vegum umhverfisverndarnefndar Atlantshafsbandalagsins þar sem við munum einnig fylgja eftir okkar málflutningi.

Þessi dæmi, virðulegi forseti, nefni ég um það að við munum hvarvetna þar sem við höfum tækifæri til láta að okkur kveða að því er varðar tillögur um verndun umhverfisins.

Guðrún Agnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 3. þm. Norðurl. e. fyrir að hefja þessa þörfu umræðu. Hér er um afar mikilvægt mál að ræða, grundvallaratriði fyrir afkomu þessarar þjóðar og varðar miklu að við séum vakandi fyrir þeim hættum sem okkur eru búnar af margvíslegri mengun í hafinu.

Við teljum okkur njóta fjarlægðar hér á Íslandi og búa við fæðuöflun úr hreinum ómenguðum sjó, auglýsum það jafnvel þegar við seljum sjávarafurðir okkar, aðalútflutningsvörur okkar. Í þeirri umræðu virðumst við gleyma því að straumar í höfum tengja í raun saman öll heimshöfin og tekur nokkra mánuði fyrir straumana að bera efni um allan hnöttinn. Vaxandi mengun frá iðnaðarþjóðum í þéttbýli ber því eiturefni víða um heimshöf langt frá upprunastað sínum. Einnig má nefna þá hættu sem stafar af því að mörg eiturefni eru fituleysanleg og sækja í fitu og finnast því í meira mæli í fituvef sjávardýra, einkum þeirra sem eru langlíf. Af þessu stafar hætta fyrir þá sem neyta slíkrar fæðu og þetta hlýtur að vera ríkulegt áhyggjuefni fyrir þjóð sem lifir af sjávarfangi.

Það er löngu brýnt fyrir okkur Íslendinga að skipuleggja og efla rannsóknir og eftirlit með mengunarmálum hér á landi. Mikilvægt skref í þeim efnum er að stofna umhverfisráðuneyti sem lengi hefur verið rætt hér á Alþingi en vegna skammsýnna sjónarmiða af ýmsu tagi ekki fengist samþykkt. Þetta telur Kvennalistinn afar brýnt mál og værum við þingkonur hans sannarlega reiðubúnar að vinna hér á þingi í vor þar til það mál er í höfn.

Annað mikilvægt skref er að taka af skynsemi og framsýni á fjárveitingum til uppbyggingar rannsókna á þeim sviðum sem varða mengun og ekki síst að sjá til þess að það fólk sem þar vinnur geti unað sínum hag sæmilega. Og beini ég þessum orðum sérstaklega til hæstv. fjmrh. ef hann kynni að vera hér í húsinu.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegur forseti. Ég tek undir orð þeirra sem hér hafa talað um nauðsyn þess út frá þessu samhengi að hér komist á umhverfisráðuneyti sem fari með þessi mál, en eins og nú háttar til í okkar stjórnkerfi heyra mengunarmál hafsins undir samgrn. og sú stofnun sem fer með framkvæmd þessara mála er Siglingamálastofnun, sér m.a. um framkvæmd laga um varnir gegn mengun sjávar.

Á vegum samgrn. hefur verið talsvert unnið að þessu máli að undanförnu, m.a. að gefnu tilefni. Samstarfsnefnd helstu aðila á þessu sviði starfar undir forustu ráðuneytisins og hefur sú nefnd þegar gert tillögur um að taka skuli upp sem fyrst reglubundnar mælingar á mengun sjávar hér við land. Að öðru leyti er þess að vænta að sá starfshópur skili áliti í þessum mánuði.

Í framhaldi af þessu hef ég tekið upp málið í ríkisstjórn og hef þegar lagt fram tillögur um aðgerðir sem ég vil í örfáum orðum gera grein fyrir. Eru þar nokkur helstu áhersluatriði rakin sem að okkur snúa. Fyrst að hefja reglubundnar mælingar á mengunarefnum í sjó og sjávarlífverum í okkar hafsvæði. Í öðru lagi að taka upp reglur um dreifingu fóðurs og úrgangs frá fiskeldisstöðvum í sjó. Í þriðja lagi að auka söfnun úrgangsolíu frá skipum og aðilum í landi. Í fjórða lagi að bæta búnað ríkis og einstakra sveitarfélaga til að hreinsa olíu, lýsi og slíka mengun úr sjó. Í þessu sambandi má minna á norrænu mengunarvarnaáætlunina sem m.a. kemur inn á þessi atriði. Í fimmta lagi að vinna að því að uppræta losun sorps frá skipum í sjó. Í sjötta lagi að setja kröfur um hreinsibúnað á útblástur bifreiða til að hindra blýmengun sem að sjálfsögðu getur borist til hafsins. Í sjöunda lagi að vinna gegn förgun hættulegra efna á öskuhaugum sem af skiljanlegum ástæðum getur líka orðið að mengun í hafi. Og í áttunda lagi, og það er ekki síst mikilvægt, tel ég að það sé óhjákvæmilegt að nefna þá hluti sem stórfelldust mengunarhætta stafar af, en það er vígvæðing hafanna með tilheyrandi kjarnorkuvopnum og umferð kjarnorkuknúinna farartækja. Það er enginn vafi á því að allar aðgerðir sem gætu orðið til að draga úr hættunni á geislamengun hafsins hljóta að teljast forgangsverkefni í íslenskum mengunarvarnamálum.

Ég nefni þar að takmarka umferð kjarnorkuvopnaðra og kjarnorkuknúinna farartækja og banna komu þeirra inn fyrir 12 mílna land- og lofthelgi Íslands, að takmarka óþarfa viðdvöl slíkra farartækja í íslensku efnahags- og auðlindalögsögunni eftir því sem kostur er, að takmarka umferð farartækja sem flytja kjarnakleyf efni eða kjarnorkuúrgang um íslenska lögsögu og síðast en ekki síst vil ég nefna að við Íslendingar hljótum hvar sem við komum því við á alþjóðavettvangi að berjast fyrir okkar málstað í þessum efnum og ekki síst gegn þeirri nýju hættu sem okkur og öðrum þjóðum sem að hafinu liggja kann að stafa af þeirri tilhneigingu meginlandsþjóða að leysa mengunarmál sín á landi og í lofti á kostnað mengunar í höfunum. Ég vil sérstaklega nefna áform Breta

um að hætta framleiðslu á raforku með brennslu kola og olíu til að draga úr loftmengun, en taka þess í stað upp framleiðslu á rafmagni með kjarnorku en úrgangurinn á síðan að fara í hafið. Þarna er á ferðinni ný og háskaleg tilhneiging sem við hljótum að beita okkur að, ekki bara í „friðarbandalaginu" og „umhverfisverndarklúbbnum" sem hér var nefndur áðan heldur alls staðar á alþjóðavettvangi þar sem árangur getur af slíku hlotist.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Það er hverju orði sannara að sú umræða sem hér var hafin af hv. 3. þm. Norðurl. e. er hin þarfasta. Við segjum oft á hátíðastundum og sérstaklega á sjómannadaginn: Föðurland vort hálft er hafið. Það er sá hluti okkar föðurlands sem við þurfum nú að verja og þess vegna er það sannmæli að varnir gegn mengun sjávar séu hin nýja landhelgisbarátta Íslendinga. Hana þurfum við að heyja bæði á heimavettvangi og erlendis og eins og kom fram hjá hæstv. utanrrh. og hæstv. samgrh. þurfum við að beita áhrifum okkar hvar sem þeirra gætir á alþjóðavettvangi og tala fyrir þessu máli.

En það hefur ekki verið nefnt í þessum umræðum sem er kannski einna mikilvægast í málinu og það er að fleiri þjóðir staðfesti alþjóðahafréttarsáttmálann. Því eins og kom fram hjá Gro Harlem Brundtland og öðrum höfundum skýrslu nefndar Sameinuðu þjóðanna um umhverfisvernd er það kannski sú ein ráðstöfun sem mikilvægust væri til að leggja grunn að öflugum vörnum gegn mengun sjávar að hafréttarsáttmálinn verði staðfestur af fleiri ríkjum þannig að hann geti gengið að fullu í gildi. (**EKJ:** Hann er lög de facto.) Það er því miður ekki svo að nægilega margar þjóðir hafi samþykkt hann. Þess vegna vantar þetta enn og þessu máli þurfum við að fylgja eftir hvar sem við komum því við.

En hér er um fleiri mál að ræða á alþjóðavettvangi. Ekki síst er Norðurlandasamstarfsvettvangurinn okkur afar mikilvægur í þessu máli. Hér hefur verið vikið að því að á aukaþingi Norðurlandaráðs í Helsingör í nóvember sl. var samþykkt sérstök aðgerðaáætlun til varnar gegn mengun sjávar. Þessi áætlun verður endurskoðuð á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík á næsta vetri. Eins og fram kom í máli hv. 2. þm. Austurl. er það mjög mikilvægt að við notum þetta ár bæði heima og heiman til að búa okkur undir þessa endurskoðun þannig að sjónarmið Íslendinga komi þar rækilega fram.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég vil eins og aðrir fá að þakka upphafsmanni þessarar umræðu fyrir að taka hana upp því að vissulega er það mjög alvarlegt mál sem hér er til umræðu, mengun í höfum, ekki hvað síst fyrir framtíð þjóðar eins og okkar, en við byggjum nánast tilvist okkar á hafinu og því sem við þar drögum upp. Það er vissulega mjög alvarlegt ef mengun og mengunarfréttir fara að berast til okkar erlendu markaða, alvarlegt fyrir þá markaði og það er alvarlegt fyrir hinn góða orðstír sem fer af okkar framleiðsluvörum.

Auðvitað verða rannsóknir að hefjast sem allra fyrst og af fullum krafti og í fullri alvöru og ráðstafanir verða að vera gerðar til að koma í veg fyrir losun úrgangsefna, ekki hvað síst geislavirkra efna, í höfunum í kringum landið. Þess vegna vil ég nota tækifærið til að minna á þáltill., sem er á þskj. 572, um könnun og kostnað við kaup á rekstri dvergkafbáts því það er virkilega þarft tæki til þess að fylgjast með stöðu þessara mála í hafinu í kringum landið. Þar segir m.a., með leyfi forseta, í greinargerð:

„Það má ekki gleyma hversu mikilvægt er að fylgjast með mengun og huga að mengunarhættu neðansjávar, en aðeins með varðveislu lífríkis sjávar er hægt að tryggja eðlilegan viðgang náttúrunnar í hafinu umhverfis landið."

Ég tel að hér hafi verið sögð mörg stór og falleg orð um þennan þátt mála, en það er ekki nóg því að hugur verður að fylgja máli og þess vegna harma ég að slík tillaga skuli ekki hafa náð að komast inn á dagskrá þingsins í vetur og mun hún væntanlega verða endurflutt í haust og fá þá betri undirtektir miðað við það sem hér hefur verið sagt í dag.

Ég sakna þess virkilega að hafa ekki heyrt afstöðu sjútvrh. í þessu máli þó að mér sýnist eftir bendingum að hann muni vera næstur eða fljótlega á mælendaskrá.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegi forseti. Á síðustu árum hefur hringrás efna í höfunum, einkum kolefnasambanda, verið mjög til umræðu, svo og samspil þeirra við andrúmsloft, hafsbotn og líffræðileg ferli í hafinu. Í því sambandi hafa komið fram ýmsar áætlanir um rannsóknir er lúta að því að kanna slík tengsl og gera magnbundna úttekt á myndun og eyðingu lífmassans í hafinu. Hafa haffræðingar vonast til að á þennan hátt megi öðlast aukna þekkingu og skilning á þeirri atburðarás sem ræður veðurfarsbreytingum á jörðinni, m.a. vegna breytinga á samsetningu andrúmsloftsins sem svo aftur hafa áhrif á hitafar í sjó og lofti, hafís, hafstrauma, gróðursvæði og loks útbreiðslu dýrastofna í hafinu. Þessu viðtæka verkefni var gefið nafnið Global Ocean Flux Study og undirbúningsrannsóknir hófust á vegum nokkurra hafrannsóknastofnana í Bandaríkjunum fyrir fáeinum árum. Hugmyndir um sameiginlegt alþjóðlegt átak í þessu skyni komu fram árið 1987 og í september það ár var boðað til undirbúningsfundar á vegum alþjóðasamtakanna Scientific Committee for Oceanic Research til að fjalla um hugsanlega alþjóðlega samvinnu.

Við Íslendingar tókum þátt í þessari ráðstefnu, en þar var einróma samþykkt að mæla með alþjóðlegri samvinnu um þetta verkefni, sem síðan hefur verið nefnt Joint Global Ocean Flux Study, og þátttaka stærstu ríkjanna var þá þegar ákveðin. Fulltrúar Íslands og Sviþjóðar sem voru á þessum fundi gerðu þó þann fyrirvara um þátttöku að fé fengist til þess af hálfu Norðurlandanna.

Markmið þessara rannsókna hefur verið skilgreint þannig að ákvarða og skilja fyrir jörðina í heild þau ferli sem ráða langtíma- og skammtímabreytingum á streymi kolefnis og annarra lífræðilega mikilvægra efna um hafið og meta efnaskipti þeim tengd milli hafsins og andrúmslofts, hafsbotns og meginlanda. Hér er því um mjög umfangsmikið verkefni að ræða og kemur inn á það sem hér hefur verið nefnt.

Hafrannsóknastofnun okkar hefur farið með þessar rannsóknir á undanförnum árum og að því er stefnt að auka þær mjög verulega. Þessar yfirgripsmiklu rannsóknir sem ég nefndi hér munu í fyrstu einkum beinast að Norður-Atlantshafi. Þar er gert ráð fyrir víðtækri notkun sjálfvirkra tækja til mælinga á ýmsum eiginleikum sjávar og til efnagreiningar, notkun setgildra til söfnunar á lífrænum efnum á mismunandi dýpi og öflun uppýsinga frá gervitunglum um blaðgrænu í hafinu og um frumframleiðni sjávarplantna.

Fyrsti fasi þessara rannsókna hófst í mars á þessu ári og var hafist handa um að leggja ótal tækjum við ankeri á nokkrum stöðum í Norður-Atlantshafi á sniði eftir lengdarbaugum 20 gráður vestur–norður og að 60 gráðum norður. Fram til hausts 1989 verða skip frá mörgum þjóðum við þessar rannsóknir á svæðinu. Talið er fullvíst að rannsóknir þessar eigi eftir að leiða til þróunar á nýjum og endurbættum tækjabúnaði og nýjum aðferðum.

Í ársbyrjun 1988 lögðu þeir David Dyrsen frá Svíþjóð og Unnsteinn Stefánsson frá Íslandi fram tillögur til ráðherranefndar Norðurlandaráðs um norræna þátttöku og samvinnu í þessum rannsóknum. Bak við þessa tillögu var sú skoðun að norrænar þjóðir gætu lagt mikilvægt af mörkum í þessar sameiginlegu rannsóknir sem eiga að ná yfir alla jörðina.

Nú er fyrirhugað að það muni eiga sér stað á næsta hausti sænsk-íslenskur leiðangur á Bjarna Sæmundssyni, 15 daga leiðangur, sem mun leggja út tæki bæði hér sunnan við Ísland í framhaldi af því sem lagt hefur verið út hér sunnar á Atlantshafinu og eins á svæðinu milli Íslands og Grænlands.

Ég tel að hér sé um mikilvægt mál að ræða. Það vantar að vísu fé til þessara rannsókna, en ég leyfi mér að vona að ekki muni skorta fé til þess að við getum tekið þátt í þessum sameiginlegu rannsóknum því að með því að leggja út þessi tæki verður okkur gert kleift að fylgjast mun betur með því sem er að gerast í höfunum og vonandi leiða í ljós að mengun sé ekki eins alvarleg í höfunum í kringum Ísland og víða annars staðar.

Benedikt Bogason:

Virðulegi forseti. Ég tek undir ánægju manna með að þessi alvarlegu mál skuli tekin í stutta umræðu, en ég get ekki stillt mig um að bæta því við að mér finnst dæmigert að ætíð þegar okkur berast válegar fréttir, sem alltaf er að gerast, fer allt í gang. Mér finnst að við sofum svo alveg, gleymum okkar eigin garði og liggjum sumpart í eigin drullupolli hér heima.

Í desember 1987 átti ég þess kost að sitja hálfan mánuð á þingi og þá lagði ég fram ásamt þingmönnum Borgfl. till. til þál. um könnun á ástandi frárennslis- og sorpmála. Þar er okkar raunverulega mengun. Þar er garðurinn okkar skítugur. Þessa tillögu lagði ég svo ásamt þingmönnum Borgfl. og Hreggviði Jónssyni fram til endurflutnings í byrjun apríl. Þar sem sýnt er að það er enginn áhugi fyrir þessu, þetta er víst ekki nógu fínt, ætla ég að leyfa mér aðeins að lesa hluta af greinargerðinni fyrir þessari tillögu til að vekja athygli hv. þm. á því hvað þar er á ferðinni og á hverju við getum byrjað strax í dag og kostar ekki mikinn pening. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela félmrh. í samráði við Samtök ísl. sveitarfélaga og viðkomandi sveitarfélög að láta gera samræmda könnun á ástandi frárennslis- og sorpmála í öllum þéttbýlisstöðum á landinu, svo og þeim stöðum utan þéttbýlis þar sem atvinnustarfsemi eða annað getur leitt af sér mengun.“

Sveitarstjórnirnar eru með þekkingu og tæknimenn í hendi þannig að þetta er réttur vettvangur til að framkvæma þetta.

Það vinnst víst ekki tími til að lesa þessa greinargerð, en ég mundi þá aðeins vilja taka 2–3 setningar innan úr þessu:

„Eitt stærsta vandamálið, sem nú blasir við mannkyni öllu, er hraðvaxandi mengun láðs, lagar og lofts. Í öllu tæknikapphlaupinu hefur manninum yfirsést að varnar- og hreinsikerfum móður náttúru eru takmörk sett. Í þeirri viðleitni að ná sem mestu fyrir sem minnst hefur ekki aðeins nánasta umhverfi mannsins verið spillt heldur hafa spillandi áhrif breiðst út til næsta nágrennis og jafnvel landa í milli. Veður og vindar, vatnið á hringrás sinni og hafstraumar bera óþverrann landa og heimsálfa í milli. Ísland, umlukið hafinu, hefur fram að þessu sloppið vel. Þó er um talsverða megun að ræða frá okkur sjálfum og hún fer stigvaxandi. Vaxandi skilningur er á þessum vanda, m.a. á Alþingi, og hafa verið sett lög og reglur í varnarskyni.

Einn er sá þáttur þessara mála sem vanræktur hefur verið þrátt fyrir reglur þar að lútandi, þ.e. hreinsun frárennslis frá byggð og bólum svo og sorpeyðing.“

Þá legg ég áherslu á að það virðist því miður allt of algeng skoðun að í lagi sé að losa sig við skolp í næsta skurð eða niður í fjöru, aka sorpinu út fyrir byggð og hrúga því í gryfjur og kveikja í öðru hverju svo félegur sem reykurinn er sem þaðan berst, sbr. Hnífsdal.

Það eru til í byggingarreglugerðum, og búnar að vera í áratugi, alls kyns reglur um rotþrær og olíugildrur og fitu. Þessu er ekkert framfylgt. Þetta er kannski sett á teikningar, en er ekki framfylgt. Þarna er mjög mikilsvert að gera könnun og gera það strax og í framhaldi af því að samræma reglur fyrir allt landið. Á þessu er hægt að byrja strax á sama tíma og við í alþjóðasamstarfi tökum þátt í því sem hér hefur komið fram.

EFRI DEILD

97. fundur, mánudaginn 8. maí,
að loknum fundi í Sþ.

Búfjárrækt, 2. umr.

Stjfrv., 465. mál (heildarlög). — Þskj. 826, n. 1083, brtt. 1084.

Frsm. landbn. (Skúli Alexandersson):

Herra forseti. Landbn. hefur fjallað um þetta frv. á nokkrum fundum. Ásamt landbn. Nd. mætti nefndin á aukafund búnaðarþings og fylgdist með umræðum um málið, reyndar áður en málið hafði verið tekið hér fyrir til 1. umr. Þá komu og búfjárræktar- og jarðræktarnefndir búnaðarþings á sameiginlegan fund með landbn. þingsins til viðræðna um frv.

Nefndin hélt síðan fund með Magnúsi Sigurðssyni á Gilsbakka, formanni búfjárræktarnefndar búnaðarþings, og Bjarna Guðjónssyni í Nesi, formanni jarðræktarnefndar búnaðarþings, og Jónasi Jónssyni búnaðarmálastjóra. Á þeim fundi var farið mjög rækilega yfir frv.

Að lokinni athugun og viðræðum við áðurgreinda aðila leggur nefndin til að frv. verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru á þskj. 1084. Að meginhluta og efnislega byggja þær á breytingum og tillögum frá búnaðarþingi.

Með samþykkt þessa frv. standa eftir í gildandi búfjárræktarlögum fyrst og fremst ákvæði er taka til búfjárhalds. Þó eru enn í þeim lögum nokkur atriði sem falla undir búfjárrækt, m.a. um lausagöngu og þá fyrst og fremst í sambandi við lausagöngu graðpenings. Þau atriði verða hins vegar felld inn í væntanleg lög um búfjárrækt við endurskoðun gildandi búfjárræktarlaga og setningu nýrra laga um búfjárhald. Nefndin telur nauðsynlegt að endurskoðun á gildandi búfjárræktarlögum verði lokið sem fyrst.

Ég þakka meðnefndarmönnum mínum í hv. landbn. fyrir mjög gott samstarf og góða vinnu við frágang þessa máls og frágang brtt. sem hér liggja fyrir eins og ég sagði á þskj. 1084.

Egill Jónsson:

Herra forseti. Ég gat þess við 1. umr. málsins að afstaða mín til þessa máls og afgreiðslu þess mundi fara mikið eftir því hvernig spilaðist úr tillögum búnaðarþings, en aukabúnaðarþing var þá í undirbúningi og þar af leiðandi fjallaði ég ekki efnislega ítarlega um málið við þá umræðu.

Nú hafa mál skipast þannig, eins og hefur komið fram hjá hv. frsm., að í meginatriðum og það má segja nálega algjörlega hefur verið tekið mið af tillögum búnaðarþings, vel undirbúnum og vandlega fram settum. Það er að sjálfsögðu afar þýðingarmikið að þannig skuli hafa fengist sátt um þetta mál.

Menn geta haft ákveðnar meiningar um hitt eða þetta ákvæðið í þessum lögum. Það liggur hins vegar alveg ljóst fyrir að hér í landinu er hægt að halda uppi vönduðu ræktunarstarfi og mikilvægu á grundvelli þessara laga og það er grundvallaratriði.

Þetta frv. felur í sér einhvern sparnað frá fyrri lögum og út af fyrir sig er ekkert nema gott um það að segja. Það er ekkert sérstakt markmið að eyða miklum fjármunum í félagsmálum í landbúnaði heldur hitt, að ná góðum markmiðum. Það mun koma í ljós á grundvelli þessara laga, verði þau á annað borð gerð virk, hvort hér verður, eins og ég sagði áðan, hægt að halda uppi vönduðu og árangursríku ræktunarstarfi á sviði búfjárræktar í landinu.

Mér finnst ástæða til að fagna því alveg sérstaklega að hér skuli hafa náðst samstaða. Það hefði verið afar slæmur kostur ef afgreiðslu þessa máls hefði þurft að fylgja ágreiningur og deilur meðal bændanna í landinu og er flestu öðru mikilvægara að hér skuli hafa náðst jafneindregin niðurstaða og ágreiningslaus. Mér finnst ástæða til að færa samnefndarmönnum í landbn. Ed. sérstakar þakkir fyrir afgreiðsluna og störfin í þessari nefnd og ég vona að það verði ekki tekið svo að ég halli á neinn þó að ég geti sérstaklega formanns nefndarinnar, en samkvæmt eðli málsins hefur það komið í hans hlut að leiða þetta mál og ná því fram þannig að full sátt væri og því fylgdi góður hugur.

Ég legg áherslu á að það hefur verið uppi í þjóðfélaginu, a.m.k. á Alþingi, nokkur ágreiningur í kringum þessa lagagjörð og framkvæmd hennar og ég treysti því að þeim ágreiningi sé eytt og að menn geti tekið höndum saman við að ganga þannig frá þessum málum, m.a. við fjárlagagerð, að ekki þurfi að vera þar í stöðugum átökum og erjum út af jafnlitlum fjármunum og hér um ræðir sem þó hafa mikla þýðingu í störfum bændanna í landinu og fyrir framþróun í búfjárrækt. Þetta er grundvallaratriði og ég treysti því að hæstv. landbrh. beiti sér mjög í þá veru að ná fram góðum vinnubrögðum. Landbn. Ed. og væntanlega Ed. hefur gefið tóninn um gott fordæmi í því starfi sem hér hefur verið unnið og það auðveldar eftirleikinn.

Ég endurtek svo þakklæti mitt fyrir drengilega afstöðu efrideildarmanna og úrvalsvinnubrögð.

Guðrún Agnarsdóttir:

Virðulegur forseti. Aðeins nokkur orð um þetta mál þar sem ég á sæti í hv. landbn. Ég get eins og aðrir sem hafa talað á undan mér þakkað fyrir ágæta samvinnu í nefndinni. Það hefur verið farið nokkuð vel og ítarlega yfir þetta frv. og ég tek undir það að nauðsyn er á ákveðinni endurskipulagningu í sambandi við búfjárræktina. Farið var nokkuð náið eftir þeim breytingartillögum sem gerðar voru á búnaðarþingi þannig að frv. ber nú merki meiri valddreifingar en áður og er það vel.

Hins vegar er þarna um nokkurn samdrátt að ræða í landbúnaði eins og líka kemur fram í öðru frv., um jarðræktarlög, sem hér er til umfjöllunar. Það er eðlilegt að á tímum samdráttar og breyttra búhátta sé endurskipulagt og jafnvel að dregið sé saman eitt-

hvað í fjárveitingum. Hins vegar tel ég það vera meginefni að þegar verið er að draga saman fjárveitingar til landbúnaðarins og dreifbýlisins sé það ekki gert á þann veg að það renni aftur til ríkissjóðs og e.t.v. til framkvæmda annars staðar. Ég tel það mjög mikilvægt til að halda byggð í landinu að það fjármagn sem sparast í hefðbundnum greinum landbúnaðar fari til að byggja upp atvinnuhætti í dreifbýli þannig að endurskipulagningunni fylgi jafnframt hugsun um byggðastefnu.

Eftir umfjöllun í nefndinni hef ég velt því talsvert fyrir mér, einkum vegna þess tillits sem tekið var til valddreifingar í nefndinni varðandi frv., hver væru lýðræðislegustu samtök bænda, hvort það væru í raun búnaðarþing og þá búnaðarsamböndin eða Stéttarsamband bænda. Mér fannst af viðtölum við marga og þá sérstaklega konur víða á landsbyggðinni að um það væru talsvert skiptar skoðanir og færi þá kannski eftir því hvort um væri að ræða stórbændur eða smábændur.

Hins vegar er mjög mikilvægt að bændastéttin fái að koma að þessu máli og að ákvarðanataka sé að einhverju leyti og kannski talsverðu einmitt líka í höndum hennar en ekki stjórnvalda einna. Þarna þarf að vera virk og góð samvinna til þess að vel takist. En umfram allt held ég að við verðum að hafa sjónarmið byggðastefnu í huga þegar við erum að endurskipuleggja og draga saman í hefðbundnum landbúnaðargreinum. Við verðum að hyggja að uppbyggingu annarra atvinnugreina úti á landsbyggðinni ef við ætlum að hafa byggð í landinu öllu.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til að þakka hv. landbn. Ed. fyrir vel unnin störf og góða efnislega niðurstöðu sem ég er sannfærður um að hér hefur fengist. Eins og nefndarinnar var von og vísa hefur hún unnið vel að þessu máli og farið rækilega yfir það og rætt við fjölmarga aðila sem því tengjast. Þeim mun sannfærðari er ég um að niðurstaðan sé skynsamleg. Sérstaklega er það fagnaðarefni að samstaða hefur tekist um breytingar og allir standa að sameiginlegum brtt. og nál. Þá er og mikilvægt að sem næst samstaða er um að taka tillit til þeirra tillagna sem frá búnaðarþingi koma og að sjálfsögðu er æskilegast ef svo getur orðið að löggjafarvaldið og kjörið þing hagsmunaaðilanna sem hér eiga hlut að máli og faglegur umsjónaraðili málsins, búnaðarþing og búnaðarfélögin, búnaðarsamböndin, geta orðið samferða og sammála um efnislega niðurstöðu. Þessu öllu saman ber að fagna og ég treysti því að framgangur málsins verði greiður í gegnum þingið úr því að svona vel hefur tekist til.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég vildi óska eftir því að annaðhvort settur forsrh. eða hæstv. fjmrh. væru hér vegna þess atriðis sem ég vildi fá að ræða við hæstv. ríkisstjórn. Ég er með fyrirspurn um afar mikilvægt atriði sem snýr að fjmrh. eða hæstv. forsrh. (**Landbrh.:** Er það viðkomandi þessu dagskrármáli?) Það er viðkomandi þessu máli og það er viðkomandi ákveðnu atriði í fskj. með þessu frv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 1084,1 samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 1084,2 samþ. með 15 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 1084,3 (ný 5. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 1084,4 samþ. með 13 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 1084,5 samþ. með 17 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 1084,6 samþ. með 17 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
10. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 1084,7 samþ. með 17 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 17 ahlj. atkv.
Brtt. 1084,8 samþ. með 17 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
13.–15. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 1084,9 samþ. með 17 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
17.–18. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 1084,10 samþ. með 18 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 1084,11 (ný fyrirsögn III. kafla) samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og aðrar kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Ráðstafanir vegna kjarasamninga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 499. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 1050.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Er það ekki um kjarasamningana? (**Forseti:** Jú.) Það getur nú komið fyrir virðulega þingmenn að þeim liggi svo á að komast í ræðustól að þeir tali jafnvel í öðru máli en þeir ætla. En nú er komið á dagskrá hið eina og sanna og rétta mál sem þingmaðurinn vildi hafa rætt um áðan.

Ég vil í fyrsta lagi, virðulegur forseti, fá að víkja nokkuð að ræðum hæstv. ráðherra í fyrri umræðunni. Sérstaklega vil ég víkja að ræðu hæstv. viðskrh., Jóns Sigurðssonar, þar sem hann fjallaði um vörugjald, en eins og hv. þm. minnast var mikil umræða í vetur um álagningu vörugjalds, sérstaklega í sambandi við áhrif þessa vörugjalds á iðnað í landinu. Það var mjög athyglisverð yfirlýsing sem hæstv. ráðherra Jón Sigurðsson gaf fyrr í umræðunni þegar hann sagði að

álagning vörugjalds á verkstæðisiðnaðinn hefði verið mistök. Ég undirstrika að hæstv. ráðherra viðurkennir að hér hafi orðið mjög alvarleg mistök af hálfu ríkisstjórnarinnar í sambandi við álagningu vörugjalds. Þetta var einmitt það sem við sjálfstæðismenn lögðum mikla áherslu á í umræðunni í vetur, að með ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar þá væri verið að hindra eðlilega atvinnustarfsemi og jafnvel koma miklum fjölda fyrirtækja fyrir kattarnef og átti það sérstaklega við um fyrirtæki í verkstæðisiðnaði.

En það eitt að hæstv. ráðherra skuli viðurkenna jafnalvarleg mistök með þeim hætti sem hann gerði í umræðunni hlýtur að leiða hugann að því hvort ekki þurfi að huga að öðrum málum sem hæstv. ríkisstjórn hefur verið að fjalla um í sambandi við skattlagningu. Minnist ég þar sérstaklega á þá skattlagningu sem átti sér stað við hækkun eignarskatta. Það er ekki nokkur vafi á að sú lagasetning mun hafa mjög alvarlegar afleiðingar fyrir fjölda fólks, auk þess sem hún mun hafa mjög alvarlegar afleiðingar fyrir íslenskt atvinnulíf og draga úr framkvæmdaþreki manna til að fara út í áhættuatvinnurekstur. Niðurstaðan er sú að hæstv. ráðherra hefði getað viðurkennt einnig að í þeim efnum hefðu hæstv. ríkisstjórn orðið á mikil mistök.

Hæstv. ráðherra Jón Sigurðsson sagði að mótuð yrði langtímastefna í atvinnulífinu. Ég varð ekki var við það í ræðu ráðherra að það kæmi fram nein jákvæð langtímastefna í sambandi við uppbyggingu atvinnulífsins eða styrkingu þess.

Ég vildi, virðulegi forseti, einnig víkja nokkrum orðum að ræðu hæstv. forsrh. Steingríms Hermannssonar. Að vísu er hann því miður ekki viðstaddur, en í hans stað er hæstv. sjútvrh. hér og hann getur örugglega svarað því sem ég ætla að beina til ráðherra varðandi stöðu útflutningsatvinnuveganna. Mér fannst ekki koma nægilega skýrt fram hjá hæstv. forsrh. hvort hann væri sammála þeirri skoðun minni að útflutningsatvinnuvegirnir væru núna reknir með 4–5% halla. Að vísu kom fram óbein viðurkenning hjá hæstv. forsrh. á því að um halla væri að ræða þegar hann segir eitthvað á þá leið að gengið hljóti að síga á næstunni. Að vísu vildi hann ekki nálgast umræðuna út frá því að ef hallinn væri 4–5% á útflutningsatvinnuvegunum þyrfti gengið að síga til samræmis við það, sem er allverulegt gengissig. Hann vildi ekki ræða það, en tók fram að það væri engin kollsteypa fram undan í þessum efnum. Ég vildi óska eftir því við hæstv. sjútvrh., sem situr nú fyrir hæstv. forsrh., að hann upplýsi þingheim um hvað þurfi til að koma í sambandi við gengissig til þess að útflutningsatvinnuvegirnir verði á hinu svokallaða núllstigi, þ.e. að þeim verði vikið úr þeirri tapstöðu sem þeir eru komnir í nú þegar, svo ekki sé talað um að líklegast er fiskvinnslan eða sumar greinar hennar enn verr staddar. Á ég þar sérstaklega við hraðfrystiiðnaðinn og þá einkum við hraðfrystihúsin en ekki frystitogarana.

Ég skal ekki orðlengja þetta frekar, forseti, en ég vildi gjarnan fá að spyrja hæstv. sjútvrh. að öðru. Ég harma að hæstv. fjmrh. skuli ekki vera til staðar því að raunverulega á þessi spurning frekar við hann eða jafnvel ætti félmrh. að svara þessari spurningu. Mér láðist í fyrri ræðu minni að víkja að einu atriði í fylgiskjali II, þ.e. bréfi ríkisstjórnarinnar til Alþýðusambands Íslands, dags. 30. apríl, 7. lið. Þessi liður fjallar um lífeyrismál. Þar segir, með leyfi forseta: „Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir framlengingu laga um eftirlaun til aldraðra.“ Mér er ekki alveg ljóst, virðulegur forseti, hvað hér er átt við og vildi gjarnan fá skýrt um hvaða lög er að ræða. Er verið að ræða um lög er lúta að umsjónarnefnd eftirlauna? Eins og hv. þm. vita voru á sínum tíma sett lög um umsjónarnefnd eftirlauna. Þau lög fela m.a. í sér samkomulag sem gert var á sínum tíma við verkalýðshreyfinguna á grundvelli fyrra samkomulags sem var gert á tíma ríkisstjórnar Geirs Hallgrímssonar, árið 1976 eða 1977, en þá gerði verkalýðshreyfingin með sér þannig samkomulag, m.a. fyrir frumkvæði ríkisstjórnar Geirs Hallgrímssonar, að undirgangast þá skuldbindingu af fúsum og frjálsum vilja í samningum að borga 5% af iðgjöldum til svokallaðrar umsjónarnefndar eftirlauna. Það er sjóður sem er notaður til að jafna út tryggingum þannig að þeir sjóðir sem voru vel staddir tryggingarlega séð greiddu til annarra sjóða sem voru verr staddir. Eins og hv. þm. muna var stofnað til almennra lífeyrissjóða verkalýðshreyfingarinnar 1970 og það var álit manna innan verkalýðshreyfingarinnar þá að það væri æskilegt að þeir sjóðir sem væru eldri og stæðu betur kæmu til skjalanna á fyrstu stigum almenna lífeyrissjóðakerfisins þannig að þeir borguðu sem næmi 5% af árlegum iðgjöldum í þann sameiginlega sjóð sem umsjónarnefnd fjallaði um og þær greiðslur væru notaðar til að styrkja eftirlaun t.d. verkafólks og verkakvenna í þeim sjóðum sem voru að byrja og höfðu verið stofnaðir 1970. Síðar varð sú breyting á að það voru sett lög sem fólu í sér að þetta var ekki lengur samkomulag milli verkalýðsfélaganna og vinnuveitenda heldur var það orðin lagaskylda að svo skyldi gert.

Mál þróast nú þannig að eftir því sem sjóðirnir urðu eldri, en nú eru 18 ár síðan þeir voru stofnaðir á hinu almenna sviði, almennu verkalýðsfélaganna, þá var það almennt mat innan verkalýðshreyfingarinnar að nú væri eðlilegt að þessi lög rynnu úr gildi, þ.e. að greiðslur til umsjónarnefndar hyrfu í áföngum. Um þetta var sátt og samkomulag, virðulegur forseti, innan verkalýðshreyfingarinnar. Þessi lög, ef ég man rétt, renna út í árslok 1989. Eins og þau eru núna er gert ráð fyrir því að 3% af iðgjöldum lífeyrissjóðanna renni til umsjónarnefndar eftirlauna.

Nú bregður svo við að í því samkomulagi sem ríkisstjórnin virðist hafa gert kemur atriði fram sem heitir að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir framlengingu laga um eftirlaun til aldraðra. Þess vegna vil ég fá upplýst, vegna þess að mér hefur ekki tekist að fá það nægilega skýrt fram, hvað hér er átt við. — Virðulegur forseti. Ég vil gjarnan að hæstv. ráðherra hlusti á þetta. En það er kannski svo ómerkilegt þegar maður talar um málefni verkalýðshreyfingar-

innar að hv. þm. hafa ekki áhuga fyrir því að fylgjast með því. Ég held að það mundi mörgum hnykkja við þegar þeir heyra um hvaða tölur hér er verið að ræða og hvað er verið að færa til. Ég hef ástæðu til að halda að það hafi ekki verið kynnt sem skyldi í samningaviðræðunum um daginn sem fram fóru milli Vinnuveitendasambandsins og Alþýðusambandsins annars vegar og ríkisstjórnarinnar hins vegar hvað þetta ákvæði áhrærir. Hér er staddur í salnum einn af forustumönnum íslenskrar verkalýðshreyfingar, hv. þm. Karl Steinar Guðnason, og ég vona að hann geti upplýst okkur um það. En ég hef rætt við verkalýðsforingja sem voru m.a. á þessum samningafundum og þeim var ekki gert ljóst hvað í þessu fælist. Hins vegar mun forseti ASÍ ásamt einhverjum tilkvöddum fulltrúa eða fulltrúum hafa farið til fundar við ríkisstjórnina og fjallað um m.a. þessi mál.

Ég vil fá upplýst hvort samið hafi verið um það á þessum fundum án þess að það væri lagt fyrir samninganefndina í heild, án þess að samninganefndum einstakra félaga væri gerð grein fyrir því hvað hér væri raunverulega um að ræða því hér er um grundvallarstefnubreytingu að ræða sem felur í sér tilfærslur á tugum milljóna króna úr örfáum lífeyrissjóðum til að framlengja það kerfi sem verkalýðshreyfingin var búin að gera sátt um sjálf innbyrðis að ætti að afleggjast. Ég vil fá alveg hreint upplýst hvort þetta hafi orðið til í samningaviðræðum við þá fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar sem mættu á fundum með ríkisstjórninni með þeim hætti sem fram kemur í umræddu bréfi til miðstjórnar Alþýðusambands Íslands. (**Sjútvrh.:** Viltu ekki endurtaka þetta?) Já, það er hvað felist í 7. lið bréfs til Alþýðusambands Íslands frá hæstv. ríkisstj., dags. 30. apríl, þar sem segir: „Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir framlengingu laga um eftirlaun til aldraðra."

Ef hér er um að ræða framlengingu á þeim lögum að lífeyrissjóðirnir greiði 3% af iðgjöldum sínum í eftirlaunasjóðinn, sem raunverulega var sátt um af hálfu verkalýðshreyfingarinnar og fyrri ríkisstjórna, ég tek fram að ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar m.a. var búin að gangast inn á að það yrði mál viðkomandi ríkisstjórnar og þá ríkisstjórna sem við taka, að þessu yrði aflétt af lífeyrissjóðum verkalýðshreyfingarinnar sem þurfa á því að halda að iðgjöldin renni til þessara sjóða til þess að þeir geti betur staðið við sínar tryggingaskuldbindingar, þá vil ég fá upplýst hvort hér hefur orðið stefnubreyting því að það er svo til vonlaust fyrir heiðarlegt fólk að standa að samningamálum utan við valdakerfið. Virðulegi forseti. Ég ætlaði að segja að það virðist vera orðið vonlaust fyrir sæmilega heiðarlegt fólk í íslensku atvinnulífi og íslensku þjóðlífi að fjalla um sín eigin mál fyrir einhverjum ákveðnum samningakerfum í íslensku valdakerfi. Nú er ég ekki að tala til hæstv. sjútvrh. Ég er að tala um valdakerfið í heild. Það virðist vera orðið vonlaust fyrir sæmilega heiðarlegt fólk að gera samninga sem það geti treyst á þannig að ekki sé komið aftan að því. Ég nefni þetta tiltekna dæmi sérstaklega vegna þess að með þessari einu setningu, sem ekki hefur verið nægilega skýrð í samningunum, ekki einu sinni fyrir samningsaðilunum, og á ég þar við suma forustumenn verkalýðshreyfingarinnar sem tóku þátt í samningaviðræðunum, er ekki einu sinni skýrt frá því að þarna er verið að gera grundvallarbreytingu á fyrra samkomulagi sem gert var innan verkalýðshreyfingarinnar eins og ég gat um áðan og við ríkisvaldið.

Hvað felst í þessu samkomulagi? Ef við gefum okkur að hér sé um að ræða að það eigi að framlengja lög um greiðslur til umsjónarnefndar eftirlauna á grundvelli gildandi laga er um að ræða 3% af iðgjöldum hvers árs. Ég hef fyrir framan mig bráðabirgðauppgjör frá því í mars 1989 um lífeyrissjóði landsmanna sem greiða í þennan sameiginlega sjóð. Það er áætlað að iðgjöld ársins 1989 hjá þessum sjóði verkalýðshreyfingarinnar séu 5,4 milljarðar. Ef það á að framlengja lögin á þeim grundvelli sem lög mæla fyrir er um að ræða 3% af áætluðum iðgjöldum. Það er um að ræða 163 millj. kr. Þessar greiðslur koma úr almennu lífeyrissjóðunum. Þær koma ekki úr lífeyrissjóði opinberra starfsmanna. Þær koma ekki úr lífeyrissjóði borgarstarfsmanna. Þær koma úr lífeyrissjóðum á samningssviði ASÍ. Það er verið að færa þarna til ákveðna byrði sem við undirgengumst á sínum tíma sjálfir af fúsum og frjálsum vilja en vorum búnir að koma okkur saman um að ríkið ætti að yfirtaka þegar þessi lög væru útrunnin.

Ef við lítum á breytingarnar sem hafa orðið er tvennt sem hefur meginþýðingu að gera sér grein fyrir. Það er í fyrsta lagi að þeir sjóðir sem voru stofnaðir 1970 eru þegar orðnir mjög öflugir hvað höfuðstól áhrærir þó að þeir geti ekki fullnægt tryggingaskuldbindingum sínum sem skyldi. Á sama tíma hafa þeir sjóðir sem fyrir voru eflst enn frekar. Með núverandi lögum mundi það þýða að það væru raunverulega þrír lífeyrissjóðir sem stæðu undir rúmlega helmingi þeirrar greiðslubyrði sem um er að ræða, þ.e. útstreymis til að verðbæta lífeyristryggingar hjá öðrum verkalýðsfélögum. Það eru þrír sjóðir sem standa undir rúmlega helmingnum af nettógreiðsluflæðinu til styrktar öðrum lífeyrissjóðum. Þessir lífeyrissjóðir eru Lífeyrissjóður verslunarmanna, Lífeyrissjóður sjómanna og Lífeyrissjóður rafiðnaðarmanna. Þessir sjóðir borga samtals 57,8 millj. Þegar uppbótum hefur verið skipt fá þeir til baka nokkrar milljónir þannig að þegar búið er að skipta áætluðum uppbótum eða uppbótum sem koma til skipta standa upp úr 102 millj. Af þessum 102 millj. sem eiga að færast á milli greiða þessir þrír sjóðir 52 millj. kr.

Ég hef því miður, virðulegi forseti, ástæðu til að halda, og ég vona að hv. þm. Karl Steinar geti leiðrétt það, að svona hafi málið aldrei verið lagt fyrir forustumenn Verslunarmannafélags Reykjavíkur. (**KSG:** Jú, jú.) Nei, það er ekki rétt vegna þess að ég spurði formann Verslunarmannafélags Reykjavíkur einmitt að þessu atriði. Það var aldrei lagt þannig fyrir hann að það væri verið að framlengja lög sem fælu í sér greiðsluskuldbindingu fyrir Lífeyrissjóð

verslunarmanna upp á 31,5 millj. nettó. Það var aldrei lagt þannig fyrir formann Verslunarmannafélags Reykjavíkur. Þetta get ég staðfest.

Nú er hv. þm. Karl Steinar horfinn úr salnum og þykir mér það lakara vegna þess að við erum að tala um mjög þýðingarmikið atriði í þessum samningum sem ekki hefur farið hátt. Ég segi bara sem dæmi og varpa fram hér í þingsal: Ég efast um að nokkur hv. þm. sem hér er inni hafi áttað sig á því hvað felist í þessari einu setningu sem lætur lítið yfir sér. Það eru ákveðnar þarna tilfærslur á peningum sem fela í sér hundruð milljóna ef litið er t.d. til þriggja ára tímabils. Þetta er ekki lítil skattlagning á lífeyrissjóðunum. Það er ekki lítil skattlagning á Lífeyrissjóð verslunarmanna þar sem gerðar eru kröfur um það m.a. af hæstv. fjmrh. að lífeyrissjóðirnir skuli semja við ríkissjóð og skuli semja við húsnæðismálakerfið um ákveðna vexti sem við viljum reyna að nálgast. En á sama tíma sem verið er að reyna að framfylgja því markmiði að lækka vexti er verið að skattleggja hina sömu lífeyrissjóði svo hundruðum milljóna skiptir. Ég segi eins og er. Ef það væri ekki einn þingmaður eða tveir eða þrír á hinu háa Alþingi sem kynnu eitthvað til talna í þessu dæmi væri þetta mál ekki rætt í þingsölunum. Þá gæti þessi „ágæta" ríkisstjórn fært til peninga lífeyrissjóðanna sem nemur hundruðum milljóna án þess að nokkur maður tæki eftir því. Viðkomandi aðili er ekki einu sinni spurður að því. A.m.k. hefur farið lítið fyrir því á síðum stjórnarblaðanna, ég nefni sem dæmi á síðum Þjóðviljans. Það hefur lítið farið fyrir því á síðum Alþýðublaðsins og ég tala ekki um á síðum Tímans að skýra frá því að nú hafi verið gert samkomulag við sjálfan sig því að forseti ASÍ er stjórnarstuðningsmaður. Þessir herrar gera samninga við sjálfa sig um að færa til peninga með þessum hætti án þess að greina skýrt og skorinort frá því hvað þeir eru að gera. Þetta eru ekki góðir stjórnarhættir. Þetta hlýtur að vekja upp margar efasemdir hjá heiðarlegu fólki úti í atvinnulífinu sem á þessa sjóði og þarf að byggja framtíð sína og tryggingar í ellinni á þessum sjóðum. Á sama tíma sem verið er að draga úr ávöxtun sjóðanna er verið að skattleggja þá áfram þrátt fyrir að hér hafi verið gert samkomulag á sínum tíma um að þessu skuli linna og þessar greiðslur færu þá í gegnum ríkissjóð með eðlilegum hætti eins og aðrar tryggingaskuldbindingar í þjóðfélaginu.

Mér finnst við hæfi að það sé upplýst nokkuð hvaða sjóðir það eru sem eru með útstreymi og hvaða sjóðir það eru sem styrkja þetta tryggingakerfi þannig að þeir sjóðir sem enn lakar eru staddir fái þessa peninga til að styrkja ellilífeyrisgreiðslur sinna tryggingataka. Ég nefni dæmi: Þeir sjóðir sem leggja mest til þessa tryggingakerfis eru, eins og ég gat um áðan, Lífeyrissjóður sjómanna, sem mun koma til með að greiða á þessu ári samkvæmt gildandi lögum 22,6 millj., Lífeyrissjóður verslunarmanna 31,5 og Lífeyrissjóður rafiðnaðarmanna 3,7 millj. Einnig mun Lífeyrissjóður samvinnustarfsmanna greiða 1,8 millj. og Lífeyrissjóður Austurlands mun greiða 2,3 millj. Þetta eru helstu sjóðirnir sem greiða í þennan sameiginlega sjóð sem styrkir síðan tryggingagreiðslur hjá öðrum sjóðum. Og hverjir eru þá helstu viðtakendur? Hverjir eru það sem fá þessa peninga? Ég vil að það komi fram vegna þess að það fólk á það skilið sem hefur tekið þátt í þessum greiðslum samkvæmt góðu samkomulagi á sínum tíma innan verkalýðshreyfingarinnar að það sé vakin athygli á því að á sama tíma sem það er að reyna að styrkja sína sjóði er það jafnframt að styrkja stöðu annarra sjóða sem eru verr staddir. Þeir sjóðir sem helst njóta þessara greiðslna úr sjóði umsjónarnefndar eftirlauna eru: Lífeyrissjóður Dagsbrúnar og Framsóknar hér í Reykjavík. Greiðslur til styrktar ellilífeyrisgreiðslum í þeim sjóði eru upp á 26,2 millj. Þá er það Lífeyrissjóður verksmiðjufólks sem fær 9,4 millj. Lífeyrissjóður verkafólks á Suðurnesjum fær 3,8 millj. umfram það sem hann greiðir sjálfur og umfram það sem skipt er upp.

Yfirleitt eru það lífeyrissjóðir hinna almennu verkalýðsfélaga sem fá þessar greiðslur í sína sjóði til að styrkja ellilífeyrisgreiðslur. Um það er allt gott að segja. Ég hef m.a. tekið þátt í því og tók þátt í því að þetta kerfi var tekið upp á sínum tíma innan verkalýðshreyfingarinnar í góðu samkomulagi að frumkvæði ríkisstjórnar Geirs Hallgrímssonar, sem hófst árið 1976, að byggja upp samfellt og sterkt lífeyrissjóðakerfi fyrir alla landsmenn. Þetta er liður í því. En það var aldrei ætlast til þess að það yrði alfarið lagt á örfáa sjóði að standa undir meginþunga þessara greiðslna. Þess vegna var gert samkomulag um að þetta kerfi skyldi hverfa út um leið og gildandi lög rynnu út í árslok 1989 frekar en 1990. Þetta er staðreynd. Þess vegna óska ég eftir því við hæstv. ráðherra að hann kynni sér það eða skýri okkur frá því, ef hann hefur upplýsingar þar að lútandi, ég gæti skilið ef hæstv. sjútvrh. hefði þær ekki alveg á reiðum höndum núna, en mér þætti mjög gott ef það gæti komið fram síðar í umræðunni, hvort þetta er meiningin. Ég geri mér grein fyrir því að ég er stjórnarandstæðingur. Það þýðir ekki að ég sé efnislega á móti því að ríkissjóður eða tryggingakerfið komi inn í þetta mál með sama hætti og lífeyrissjóðirnir hafa gert hingað til. Ég er því fylgjandi. En ég tel mikið ranglæti fólgið í því að leggja þessa greiðslubyrði á örfáa sjóði með þessum hætti án þess að það hafi verið gengið betur frá þessum málum. Ég vildi gjarnan fá að vita hjá hæstv. ráðherra, ef hann hefur ekki upplýsingar á reiðum höndum núna, þá síðar, áður en þetta mál verður endanlega afgreitt í deildinni, hver sé hugsunin á bak við þetta atriði í umræddu bréfi ríkisstjórnarinnar til Alþýðusambandsins þar sem segir, svo að ég endurtaki það í þriðja skipti, að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir framlengingu laga um eftirlaun til aldraðra. Ég vil fá upplýst hvað felist í þessari setningu. Er þar um að ræða að framlengja lögin óbreytt með þessu 3% álagi á iðgjöldin og til hve langs tíma? Ég vil gjarnan fá þetta nánar upplýst.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það virðist vera orðin venja í þinginu ef maður forfallast sem er í miðri ræðu að það er algerlega gengið fram hjá honum síðan. Þetta kom fyrir í Sþ. Þá var ég veðurtepptur. Að þessu sinni þurfti ég að fara og vera við jarðarför, en ég hafði látið hæstv. forseta vita og hafði beðið um að umræður biðu, en ég vissi ekki betur en ég væri í miðri ræðu.

Ég vil rétt aðeins taka það fram úr því að ég er staðinn upp að fundir voru boðaðir kl. hálfníu í morgun fyrst. Síðan er ráðgert að halda kvöldfund í kvöld út af því máli sem hér er til umræðu. En af einhverjum undarlegum ástæðum var þinghaldi hagað þannig í dag að deildarfundir byrjuðu ekki klukkan tvö eins og gert var ráð fyrir að sé á þriðjudögum. (**Forseti:** Það er mánudagur í dag.) Já, það er mánudagur. Ég biðst afsökunar. Nú ruglaðist ég illa. Ég bið afsökunar á því. — En aðalatriði míns máls er að ég óska eftir því að það verði ekki nefndarfundir í matarhléi og vil biðja hæstv. forseta að sjá til þess. Við höfum verið á fundum í dag og mér finnst eðlilegt að menn fái matarhlé þegar kvöldfundur er.

Forseti (Jón Helgason):

Það verður tekið til athugunar, en það var samkomulag meðal forseta og formanna þingflokka að fundir byrjuðu aftur kl. 8.30 hér í þinginu. Það er byggt á samkomulagi að fundur sé þá.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Ég var því miður fjarverandi þegar þessi umræða um frv. til l. um ráðstafanir vegna kjarasamninga hófst, en engu að síður langar mig til að leggja orð í belg því að hér er um mjög merkilegt mál að ræða. Ég hef verið að spyrja mér eldri og reyndari þingmenn um það atriði hvort það sé algengt hér í þinginu að það séu flutt frumvörp til laga um að lækka skatta á vori áður en þing lýkur störfum. Menn voru einna helst á því að það hefði kannski komið fyrir einhvern tíma fyrir mjög löngu að slík frumvörp hefðu verið flutt varðandi tekjuskatta einstaklinga, en það er enginn sem minnist þess nokkru sinni að hafa verið vitni að því að það hafi verið flutt frv. til laga um að lækka skatta á fyrirtækjum þannig að hér er um mjög merkilegt mál að ræða og rétt að vekja athygli á þessu.

Það út af fyrir sig er ágætisaðferð til að liðka til við gerð kjarasamninga að leggja á mikla skatta rétt fyrir jól á ári hverju til að eiga eitthvað í sarpinum þegar samningagerð hefst svo síðar á árinu. Geta þá skrúfað til baka, þ.e. flutt frv. um að afleggja eitthvað af þeim sköttum sem voru lagðir á fyrir jólin. Þetta er kannski ný tækni af hálfu hæstv. ríkisstjórnar til að liðka fyrir samningagerð.

Annars er athyglisvert fyrir okkur þingmenn Borgfl. að renna augum í gegnum þetta frumvarp vegna þess að við hljótum að kinka kolli við ýmsum atriðum sem þarna koma fram. Eins og menn kannski muna fórum við til viðræðna við fulltrúa Framsfl., Alþfl., Alþb. og Samtaka um jafnrétti og félagshyggju í janúar sl. um samstarfsgrundvöll í tengslum við myndun hugsanlegrar nýrrar ríkisstjórnar með þátttöku Borgfl. Mig langar til að rifja upp hvað þar fór fram. Að ég fái að lesa 1. síðu í plaggi sem við útbjuggum þá, þingmenn Borgfl., sem áttum sæti í viðræðunefnd við fulltrúa þeirra flokka sem ég nefndi áðan. Með leyfi virðulegs forseta heitir 1. kafli þessa plaggs Skattamál, en hann hljóðar svo:

„A. Söluskattur á matvæli verði felldur niður eða færður til sama horfs og var fyrir stjórnarmyndun 1987."

Ef ég gríp hér inn í sé ég reyndar ekkert um að söluskattur á matvælum verði lækkaður eða lagður niður. Er það miður því ég tel að með þeim hætti hefði kannski verið auðveldast að koma til móts við lágtekjuhópana sem stynja undan allt of háu matvælaverði. Ég get svo sannarlega tekið undir það því ég er nýkominn heim frá útlöndum. Ég var reyndar staddur á ferðalagi í London og átti þess kost að fara þar inn í venjulega matvælaverslun og bera saman verð á matvælum í kjörbúð í London og svo aftur hér heima á Íslandi. Það er reyndar alveg skelfileg lífsreynsla að skrifa niður verð á nokkrum algengustu matvælum í kjörbúð í Englandi og bera síðan saman við það sem við Íslendingar þurfum að borga. Það er vægast sagt alveg hryllileg lífsreynsla að verða vitni að þeim geipilega verðmun sem er.

Það er athyglisvert í framhjáhlaupi að mér virðist sem svo að sama embættismannagengið sem hannaði söluskattinn á matvælum hafi hannað svokallað hússbréfafrumvarp. Það ætlar að verða okkur dýrt þetta embættismannagengi sem semur hvert frumvarpið á fætur öðru fyrir hæstv. ríkisstjórn.

Svo ég haldi áfram að lesa upp úr þessum kafla um skattamál frá því í viðræðunum í janúar sl. lögðum við til að eignarskattsauki, þ.e. stóreignaþrep, yrði felldur niður. Ég sé því miður ekkert um það í þessu frumvarpi og hefði verið betur að taka á því því að ég held að allir geti verið sammála um að þar var farið langt út fyrir öll velsæmismörk í skattheimtu með eignarskattsaukanum margfræga.

Við lögðum enn fremur til að skattleysismörk yrðu hækkuð í ca. 60 þús. og athugað með launabætur. Ónýttur persónuafsláttur maka yfirfærðist 100% til hins makans.

Það mun liggja fyrir frumvarp til laga um þetta atriði í hv. fjh.- og viðskn. Ed. Ég hef gert ítrekaðar tilraunir til að fá það frumvarp út úr nefndinni. Nú veit ég ekki hvað hefur gerst þessa örfáu daga sem ég brá mér í burtu. Ég hef ekki orðið var við að það hafi komið fram í hv. deild þannig að það virðist enn þá vera fast í nefndinni. En það væri athugandi að við legðumst á eitt, þeir hv. þm. sem eigum sæti í hv. fjh.- og viðskn., að reyna að losa þetta frumvarp út úr nefndinni og fá það til afgreiðslu hér því það er réttlætismál að ónýttur persónuafsláttur maka yfirfærist 100% til hins makans.

Svo ég haldi áfram lögðum við enn fremur til að skyldusparnaður ungmenna til Byggingarsjóðs ríkisins yrði skattfrjáls í staðgreiðslukerfi svo og framlög

til húsnæðissparnaðarreikninga. Mér skilst reyndar að ríkisstjórnin hafi lagfært þetta atriði þannig að batnandi mönnum er best að lifa, það verður að segjast eins og er.

Við lögðum enn fremur áherslu á það að almennur sparnaður í bönkum og sparisjóðum verði áfram skattfrjáls. Ég hef reyndar ekkert heyrt um það atriði og á von á hinu versta í þessu efni. En við skulum bíða og sjá hvað setur hvað þetta atriði varðar.

Síðan kom liður sem við lögðum mikla áherslu á, en það er að vörugjald verði lækkað á móti lágum ytri tollum á fullunnum vörum sem settir yrðu í staðinn. Vörugjald verði fellt niður á næsta ári, en sérstakur sykurskattur eða sykurtollur verði settur á.

Hæstv. ríkisstjórn hefur tekið þessa hugmynd upp þar sem við bentum mjög rækilega á það í þeim viðræðum sem við áttum við stjórnarflokkana í janúar að vörugjaldsfrumvarpið sem var samþykkt hér fyrir jólin hefði verið meingallað. Reyndar var sú breikkun á vörugjaldinu, sem þá varð, til þess fallin að gera vissum hlutum íslensks iðnaðar mjög erfitt fyrir. Einkum er þar átt við húsgagnaiðnaðinn og reyndar fleiri þætti íslensks iðnaðar sem urðu mjög illa úti með breikkun vörugjaldsstofnsins eins og það var samþykkt fyrir áramótin.

Reyndar er eitt atriði eftir enn sem ég hefði viljað vekja athygli á í sambandi við tollamál, en það kemur fram m.a. í nál. á þskj. 1053. Það er reyndar till. til þál. um bætta samkeppnisstöðu innlends skipaiðnaðar. Þar eru nefndarmenn sammála um að ríkisstjórninni beri að reyna eftir fremsta megni að bæta samkeppnisstöðu íslensks skipasmíðaiðnaðar. Úr því að hæstv. sjútvrh. og starfandi forsrh. er mættur í salinn mundi mig langa til að spyrja hann að því: Ætlar hæstv. ríkisstjórn að gera nokkurn skapaðan hlut til að koma í veg fyrir það að skipasmíðaiðnaður leggist endanlega af í þessu landi? Ætlar hæstv. ríkisstjórn að láta Norðmönnum það eftir að ganga endanlega frá bæði íslenskum skipasmíðaiðnaði og ekki nóg með það heldur öllum þeim iðnaði sem tengist sjávarútvegi á Íslandi? Er það virkilega ætlun hæstv. ríkisstjórnar að í framtíðinni skuli Íslendingar sækja alla þjónustu, bæði hvað varðar skipasmíðar, skipaviðgerðir og framleiðslu hvers konar á ýmsum iðnaðarvörum í tengslum við sjávarútveg, til Norðmanna eða annarra nágrannalanda? Er það stefna hæstv. ríkisstjórnar? Ég vildi gjarnan fá svar hæstv. sjútvrh. við þessari spurningu.

Við bentum á leið til að lækna þetta ástand mjög snarlega. Það er einfaldlega með því að nota sér heimildir sem fríverslunarsamningurinn gefur, þ.e. að setja hátt jöfnunargjald á skip smíðuð í Noregi vegna óheiðarlegrar samkeppni Norðmanna. Allar norskar skipasmíðar eru með ríkisstyrkjum, þ.e. norska ríkið niðurgreiðir skipasmíðar í norskum skipasmíðastöðvum um 20%. Er nema von að íslenskar skipasmíðastöðvar eigi erfitt með að keppa við slíkt? (**Forseti:** Ég vil vekja athygli ræðumanns á að það er komið að þingflokksfundatíma.) Ég er alveg að verða búinn, virðulegur forseti.

Ég á ekki langt eftir þannig að ég, með leyfi virðulegs forseta, ætla að ljúka því að lesa upp það sem við lögðum til í janúar í því plaggi sem ég nefndi Umræðugrundvöll.

Við lögðum enn fremur til að ákvæði um skattfrelsi vegna hlutafjárkaupa yrðu rýmkuð og stimpilgjöld hlutabréfa felld niður eða lækkuð verulega. Athugað yrði með löggjöf um auðhringi.

Það væri betur að hæstv. ríkisstjórn tæki mark á þessari ábendingu og hefði þetta átt að koma fram í þessu frumvarpi.

Við lögðum enn fremur til að skattar á fyrirtæki yrðu lagfærðir, þ.e. að skattfrjálst varasjóðsframlag verði aftur heimilað. Enn fremur leyft að stofna sveiflujöfnunarsjóði innan fyrirtækja með skattfrjálsum framlögum.

Þetta vantar einnig því miður í þetta frumvarp til laga um ráðstafanir vegna kjarasamninga.

Síðan lögðum við til að skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði yrði lækkaður í 1,1% og síðan felldur niður. Það er vel að hæstv. ríkisstjórn virðist hafa sinnt þessari ábendingu þó að hún hafi ekki viljað ganga alveg eins langt og við, þ.e. að í frumvarpinu er lagt til að sérstakur skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði lækki í 1,5% úr 2,2%. Var nú tími til kominn því þetta er einhver ósanngjarnasti skattur á atvinnurekstur í landinu sem ég minnist að hafa orðið vitni að eða séð verða til í meðförum á hinu háa Alþingi.

Svo lögðum við að lokum til að dregið yrði úr gjaldskrárhækkun ríkisfyrirtækja. Ég hef því miður séð litla tilburði til þess. Ég held að allir geti verið sammála um að auðvitað ætti ríkið að ganga á undan í því að reyna að halda niðri verðlagi í landinu með þeim hætti að sporna við, alls staðar þar sem framast verður unnt talið, og halda gjaldskrárhækkunum niðri, a.m.k. hvað fyrirtæki ríkisins sjálfs varðar.

Að lokum langar mig rétt aðeins til að fjalla um 1. gr., þ.e. um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og áframhaldandi möguleika hans til þess að greiða verðuppbót á freðfisk og verðuppbót á hörpudisk. Þetta er bráðabirgðaráðstöfun sem slík og er út af fyrir sig ekki nema gott eitt um það að segja að þessum uppbótum skuli haldið áfram. Hins vegar væri miklu nær að reyna að laga efnahagsástand þjóðfélagsins þannig að það þurfi ekki að grípa til ráðstafana sem þessara. Það er alveg fráleitt ef við ætlum að halda áfram ár eftir ár að borga verðuppbætur á frystan fisk og ýmsar aðrar sjávarafurðir. Þá erum við komin út á hála braut sem ég veit ekki hvort verður aftur snúið af. Það hlýtur að verða að reyna að höggva að rótum meinsemdarinnar, þ.e. koma efnahagsmálum í almennilegt lag og útflutningsmálum þannig að það borgi sig að frysta fisk og selja hann út úr landinu.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það eru nú þegar liðnar 7 mínútur af þingflokksfundatíma og ég sé ástæðu til að ítreka aftur að ég óska eftir því að nefndarstörf falli niður í

kvöld þar sem þingfundir eru. Ég vil í öðru lagi skýra hæstv. forseta frá því að ég óska eftir því að við umræðuna í kvöld um þetta mál verði viðstaddir þeir ráðherrar sem málið varðar. Þá er ég að tala um hæstv. sjútvrh. og í forföllum forsrh. mun hann verða fyrir svörum. Ég er að tala um hæstv. fjmrh. og ég er að tala um hæstv. viðsk.- og iðnrh.

Forseti (Jón Helgason):

Ég mun koma því á framfæri, en hæstv. viðskrh. hefur tjáð mér að hann geti ekki komið fyrr en kl. 10. — [Fundarhlé.]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég vil fyrst gera aðeins að umtalsefni grein sem birtist í Dagblaðinu 9. ágúst sl. sem ber yfirskriftina „Ríkisstjórnarhlé. Það vantar verkstjórann, segir Steingrímur". Það er fyrirsögn greinarinnar og síðan segir, með leyfi hæstv. forseta: „Ég hef einnig frétt það að forsrh. muni ekki koma til landsins fyrr en eftir 21. ágúst. Ég vil sem minnst um það segja. Við framsóknarmenn munum ekkert slaka á", sagði Steingrímur Hermannsson utanrrh. „Þið metið stöðuna þannig að ekki sé hægt að fara í frí", er spurt. „Ég held að það sé voðalega erfitt að fara í frí núna fyrir mitt leyti, en það verður hver að meta stöðuna fyrir sig", svarar utanrrh. Spurt er: „Má búast við því að ríkisstjórnin hefji undirbúning að efnahagsstörfunum fyrr en Þorsteinn kemur úr fríinu?" Utanrrh. svarar: „Nei, ég held að það sé alveg útilokað mál. Það vantar verkstjórann. Ég vil sem minnst láta eftir mér hafa um þá hluti. Við vinnum. Við erum með daglega fundi núna og höfum skipað nefnd til að vinna úr því sem fram hefur komið þannig að við ætlum ekkert að fara í frí", sagði hæstv. utanrrh. í ágústmánuði, núv. hæstv. forsrh.

Það er eðlilegt að þetta sé rifjað upp nú. Við fengum þær fréttir nú upp úr átta að slitnað hefði upp úr samningum við kennara og Bandalag háskólamanna. Það liggur fyrir að útflutningsatvinnuvegirnir eru reknir með miklu tapi og er ekki að sjá að ríkisstjórnin hafi gert upp við sig hvernig hún hugsi sér að ljúka þessu þinghaldi. Það vantar verkstjórann. Þegar formaður Framsfl. fann að því að formaður Sjálfstfl. og forsrh. skyldi hverfa úr landi var þáv. hæstv. forsrh. erlendis þeirra erinda að fara í opinbera heimsókn til forseta Bandaríkjanna og er athyglisvert að ummæli utanrrh. þá birtast sama daginn og hæstv. forsrh. gekk á fund forseta Bandaríkjanna. Ég vil jafnframt rifja upp að sú heimsókn hafði verið ákveðin í maímánuði, en vegna erfiðleika í ríkisstjórninni sá hann sig knúinn til að slá þeirri heimsókn á frest og var auðvitað algerlega útilokað að hann gæti enn á ný afboðað opinbera heimsókn til Bandaríkjanna sem þá hefði verið tekið sem hrein móðgun við Bandaríkin. En það er til gamans, hæstv. forseti, að þegar ég frétti af síðara boði Þorsteins Pálssonar meðan hann var forsrh. sagði ég við hann að ný kreppa mundi koma í stjórnarsamstarfið sama daginn og hann gengi fyrir forseta Bandaríkjanna og það reyndist svo sannarlega rétt.

Ég sé að öðru leyti ekki ástæðu nú við þessa umræðu til að rifja upp þann samanburð á þeirri ríkisstjórn sem nú situr og síðustu ríkisstjórn. Hæstv. forsrh. mun vera erlendis. Mér er ekki alveg ljóst hverra erinda (**Gripið fram í:** Að fá sér gúllas.) en ég geri ráð fyrir því að hann muni koma fljótt til landsins þannig að það verði hægt að ræða þessi mál við hann við 2. umr. þessa máls því að ástandið er þannig nú að ég held að nauðsynlegt sé að ríkisstjórnin taki sig saman í andlitinu.

Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir að vera viðstaddur þessa umræðu og aðeins vekja athygli á því að við umræðurnar á laugardaginn lýsti hæstv. iðnrh. því yfir að lántökugjald hefði verið fellt niður af lánveitingum til skipasmíða, þeim eyrnamerktu lánveitingum sem Byggðasjóður hefur haft með að gera. Nú vill að vísu svo til að Byggðasjóði er alveg ókunnugt um að þessi ákvörðun hafi verið tekin og hefur það sem af er þessu ári greitt 28 millj. kr. í lántökugjald og þar af hefur Byggðastofnun innheimt hjá útgerðarmönnum vegna skipasmíða 8 millj. kr. Nú væri fróðlegt að fá upplýst hjá hæstv. fjmrh. hvernig á þessu megi standa, en ég vona að ástæðan sé sú að hæstv. fjmrh. geri sér grein fyrir því að atbeina Alþingis þarf til svo að hægt sé að fella lántökugjaldið af skipasmíðapeningunum af þeirri einföldu ástæðu að ég lagði fram brtt. á sínum tíma við frv. til l. til breytinga á lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum á árinu 1989 og þá felldi deildin tillögu mína um að 6% lántökugjald félli ekki á þá peninga sem hér um ræðir þannig að deildin hefur fellt það að undanþiggja skipasmíðapeningana þessu lántökugjaldi og ég er ekki í nokkrum vafa um að ef rétt eru lesnar þær skýrslur sem Ríkisendurskoðun hefur verið að senda frá sér m.a. um framkvæmd búvörulaga komi mjög glöggt fram að það er mat Ríkisendurskoðunar að ráðherrar verði að hafa heimildir til að fella niður gjöld eða stofna til útgjalda þegar fyrir liggur skýr vilji Alþingis um hið gagnstæða. Ég held þess vegna að nauðsynlegt sé að breyta texta 2. gr. þannig að lántökugjald af skipasmíðafénu verði fellt niður. Það verður að koma skýrt fram í textanum.

Ég vil jafnframt vekja athygli á því að t.d. Byggðasjóður hefur nú ákveðið lántöku sem svarar nær hálfum milljarði króna hjá Norræna fjárfestingarbankanum og það er alveg útilokað mál að hægt sé að hugsa sér að Byggðasjóður taki þessa peninga til landsins fyrir 1. júlí ef frv. verður samþykkt óbreytt og mundi þá leggja þetta 6% lántökugjald á viðskiptavini sína sem eru veruleg afföll fyrir ekki lengri tíma.

Ég er í engum vafa um það, herra forseti, að þegar hæstv. ríkisstjórn hefur velt þessu máli fyrir sér og þegar hún gerir sér grein fyrir því hver verða viðbrögð stofnlánasjóðanna og annarra þeirra sem þurfa að taka erlend lán gerir ríkisstjórnin sér ljóst að þetta lántökugjald getur ekki orðið tekjupóstur fram til 1. júlí. Það er auðvitað nauðungarlán ef einhverjir færu að taka á sig 6% afföll fyrir ekki lengri tíma, en einmitt þessar síðustu vikur og mánuði höfum við þingmenn verið að fjalla um að óheimilt sé að setjast sérstaklega að þeim sem eiga í miklum fjárhagslegum erfiðleikum, láta þá sæta afarkostum og það er í samræmi við

málflutning ríkisstjórnarinnar og í samræmi við skýran vilja Alþingis á síðustu vikum að þvinga atvinnureksturinn ekki til að taka erlend lán með þeim afarkjörum, 6% afföllum, fyrir nokkrar vikur.

Ég vil í öðru lagi, herra forseti, til þess að forðast misskilning taka fram að í sambandi við það sem ég hef áður sagt um gjaldþrotaskipti og þá hættu sem m.a. stafar af því þegar um systurfyrirtæki er að ræða eða móðurfyrirtæki og dótturfyrirtæki að ég hef ekki haft nein sérstök dæmi þar í huga. Þó svo að mér hafi orðið á fyrir ógætni að nefna í nefnd í dag tvö fyrirtæki sem ég sé ekki ástæðu til að nefna hér gerði ég það vegna þess að ég vissi að í því sérstaka dæmi þar sem nú er gjaldþrotaskiptum að ljúka hefur ekki komið upp neinn grunur um eða nein ábending um að neitt óeðlilegt eða óheiðarlegt hafi átt sér stað. Ég tel nauðsynlegt að taka þetta fram vegna minnar fyrri ræðu og þar sem orð mín að öðru leyti gætu misskilist sem ég sagði í fjh.- og viðskn. og hafa annaðhvort misheyrst eða ég komist ógætilega að orði. Það liggur þá fyrir hér að dæmi það sem ég tók var tekið vegna þess að ég hafði ekki ástæðu til að ætla að í því sérstaka tilviki væri um neitt óheiðarlegt að ræða. Þetta tel ég nauðsynlegt að komi fram.

Ég vil svo vekja athygli á því, herra forseti, að 7. gr. eins og hún var orðuð í frv. tekur ekki á þeim vanda sem henni er ætlað að gera þar sem dæmi eru um að launafólk hafi orðið að bíða jafnvel svo mánuðum eða árum skiptir eftir uppgjöri í því tilviki að fyrirtæki verði gjaldþrota þar sem endanlegur úrskurður hefur ekki fengist fyrir skiptarétti og ég tel þess vegna nauðsynlegt að endurskoða efnisatriði þeirrar greinar, en skal ekki að öðru leyti gera það að umræðuefni.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vildi aðeins svara einni beinni spurningu sem hv. 14. þm. Reykv. beindi til mín, þ.e. hvernig bæri að skilja 7. lið bréfs til Alþýðusambands Íslands þar sem stendur: „Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir framlengingu laga um eftirlaun til aldraðra", en hér er um að ræða lög frá 1985 sem fjalla um það að tryggja þeim eftirlaun sem ekki fengu tryggðan eftirlaunarétt með lögunum frá 1971 um lífeyrissjóði.

Hv. þm. var fyrst og fremst að spyrja um hvort með þessu hefði Alþýðusambandið fallist á það að greiðsla lífeyrissjóðanna til þessara mála yrði framlengd. Það hefur ekki á nokkurn hátt verið um það rætt. Hér er fyrst og fremst um að ræða að framlengja þessa skipan mála, en um það er fyrst og fremst fjallað í I. kafla laganna. En það hefur ekkert verið rætt við verkalýðshreyfinguna með hvaða hætti það verði gert.

Hér er fyrst og fremst um að ræða að ríkisstjórnin lýsi því yfir að lögin verði framlengd, þ.e. lögin frá 1985 sem falla úr gildi í árslok 1989, held ég að sé rétt hjá mér, en þessi lög voru sett til að tryggja því fólki eftirlaunarétt sem ekki fékk réttindi samkvæmt lögunum um lífeyrissjóði frá 1971. Það hefur ekki verið um það fjallað milli ríkisstjórnarinnar og verkalýðshreyfingarinnar með hvaða hætti þessi lög skuli fjármögnuð, þ.e. hvernig fé skuli fengið til þessara hluta. Eins og ljóst er kemur Atvinnuleysistryggingasjóður þar inn í og ríkissjóður ásamt lífeyrissjóðunum þannig að það hefur á engan hátt verið fjallað um hvort eða hvernig lífeyrissjóðirnir skuli greiða til þessara hluta.

Ég var viðstaddur þann fund sem var haldinn á lokastigum þessa máls og efnislega var þetta ekki rætt á þeim fundi þannig að það bíður þá þess frv. sem þarna er rætt um og meðferðar á hv. Alþingi að taka ákvörðun um það. En ég vænti þess að allir séu sammála um það, sem til þessara mála þekkja, að nauðsynlegt sé að framlengja þessi lög eitthvað þó að sá tími komi að sjálfsögðu að þeirra verður ekki lengur þörf þar sem alltaf hefur verið gert ráð fyrir því að starfsemi lífeyrissjóðanna muni smátt og smátt gera þessi lög óþörf, en nauðsynlegt er að tryggja því fólki sem ekki greiddi nægilega til sjóðanna fyrr á árum einhvern eftirlaunarétt.

Ég vænti þess að þessi svör séu fullnægjandi, en að öðru leyti getur hv. nefnd að sjálfsögðu leitað upplýsinga um þetta mál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

EFRI DEILD

98. fundur, mánudaginn 8. maí, að loknum 97. fundi.

Búfjárrækt, 3. umr.

Stjfrv., 465. mál (heildarlög). — Þskj. 1097.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Búfjárræktarlög, 2. umr.

Stjfrv., 373. mál (lausaganga búfjár). — Þskj. 1023, n. 1090.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. landbn. (Skúli Alexandersson):
Herra forseti. Hér er um að ræða mál sem Nd. hefur þegar fjallað um. Landbn. þessarar hv. deildar hefur athugað frv. og mælir einróma með samþykkt þess.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg, 2. umr.

Stjfrv., 410. mál (stofnun hlutafélags). — Þskj. 770, n. 1093.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. iðnn. (Stefán Guðmundsson):
Herra forseti. Ég tala hér fyrir nál. iðnn. þessarar deildar, en hún fjallaði um frv. til l. um stofnun hlutafélags um ríkisprentsmiðjuna Gutenberg á þskj. 770.

Iðnn. var sammála um að mæla með samþykkt frv. Undir nál. skrifa Karl Steinar Guðnason, Þorv. Garðar Kristjánsson, Margrét Frímannsdóttir, Stefán Guðmundsson, Guðmundur Ágústsson, Jón Helgason og Eyjólfur Konráð Jónsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.–7. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Lagmetisiðnaður, 2. umr.

Stjfrv., 407. mál (hlutafjárframlög). — Þskj. 767, n. 1094.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. iðnn. (Stefán Guðmundsson):
Herra forseti. Ég tala fyrir nál. iðnn. um frv. til l. um breytingu á lögum nr. 58 4. júní 1981, um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins, með áorðnum breytingum.

Nefndin fjallaði um þetta frv. á fundi sínum og varð sammála um að mæla með samþykkt þess. Undir nál. skrifa Karl Steinar Guðnason, Þorv. Garðar Kristjánsson, Margrét Frímannsdóttir, Stefán Guðmundsson, Guðmundur Ágústsson, Jón Helgason og Eyjólfur Konráð Jónsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Samningsbundnir gerðardómar, 1. umr.

Stjfrv., 342. mál. — Þskj. 619.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):
Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um samningsbundna gerðardóma, en frv. þetta er samið á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins af þeim Stefáni Má Stefánssyni prófessor og Valtý Sigurðssyni borgarfógeta. Við samningu þessa frv. var haft náið samráð við réttarfarsnefnd sem starfar á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

Þetta frv. er fram komið af brýnni þörf, þ.e. það er mjög mikilvægt að hægt sé að leggja sakarefni í gerð. Með því er hægt að hraða málsmeðferð og með því eru líka minni líkur á því að deilur aðila komist í hámæli og aðilar geta þá að miklu leyti ráðið hverjir eru gerðarmenn.

Það færist mjög í vöxt, ekki síst vegna alþjóðlegra viðskipta og fjölþjóðaverkefna, að gerðarmeðferð sé viðhöfð um ágreiningsefni þar sem samningsaðilar í alþjóðlegum viðskiptum telja þá leið í mörgum tilvikum greiðfærari og álitlegri en að leita til dómstóla í viðkomandi ríki. Þetta á að sjálfsögðu jafnframt við um viðskipti milli aðila innan lands. Með þessu frv. er reynt að skapa meira öryggi á þessum vettvangi.

Ég ætla ekki að þreyta deildarmenn með því að fara nánar yfir frv. Það var samþykkt óbreytt og samstaða um það í hv. Nd. og vænti ég þess að um það geti jafnframt ríkt góð samstaða hér í Ed.

Ég vil að lokinni þessari umræðu leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, 1. umr.

Stjfrv., 356. mál. — Þskj. 657.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Frv. þetta er mjög einfalt. Það fjallar um það að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins sé heimilt að fengnu samþykki stjórnar stofnunarinnar og sjútvrh. að eiga aðild að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum er séu hlutafélög eða önnur félög með takmarkaðri ábyrgð er þrói hugmyndir og hagnýti niðurstöður rannsókna- og þróunarverkefna sem stofnunin vinnur að hverju sinni.

Hér er um að ræða sambærilega heimild við það sem Iðntæknistofnun fékk með lögum nr. 77/1986 og Háskóli Íslands með lögum nr. 8/1985. Þetta getur verið nauðsynlegt í mörgum tilvikum. M.a. vinnur Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins nú að rannsóknum á sviði líftækniiðnaðar og um það hefur verið rætt að stofna sérstakt fyrirtæki til að þróa þau mál áfram, m.a. með aðild Háskóla Íslands og fleiri aðila.

Ég vil að lokinni þessari umræðu leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Samningar um réttarstöðu skrifstofu ráðherranefndar Norðurlanda, 2. umr.

Stjfrv., 422. mál. — Þskj. 782, n. 1087.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. allshn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta samninga um réttarstöðu skrifstofa ráðherranefndar Norðurlanda, stjórnarnefndar Norðurlandaráðs og um réttarstöðu samnorrænna stofnana.

Allshn. mælir með því að frv. verði samþykkt óbreytt. Hér er í rauninni um það að ræða að staðfesta nýjan samning um þetta efni sem leysir af hólmi samning um réttarstöðu starfsfólks við samnorrænar stofnanir sem undirritaður var í Reykjavík 1974. Þessi samningur tekur einnig til þeirra norrænna stofnana sem staðsettar eru hér á landi, þ.e. Norræna hússins og Norrænu eldfjallastöðvarinnar.

Allshn. leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt og undir nál. skrifa allir nefndarmenn í allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Kosningar til Alþingis, 1. umr.

Frv. KH o.fl., 416. mál (kosningarréttur). — Þskj. 776.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Herra forseti. Það frv. sem hér liggur frammi er um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis nr. 80 1987 og var flutt af hv. þingkonum Kvennalistans í Nd., Kristínu Halldórsdóttur, Málmfríði Sigurðardóttur, Þórhildi Þorleifsdóttur og Kristínu Einarsdóttur.

Frv. fjallar eins og ég gat um áðan um breytingu á lögum um kosningar og varðar Íslendinga sem eru búsettir erlendis. Samkvæmt núgildandi kosningalögum missa íslenskir ríkisborgarar er dveljast erlendis kosningarrétt sinn ef lengra líður en fjögur ár frá því að þeir áttu lögheimili hér á landi. Mörgum finnst þetta ákvæði kosningalaganna setja Íslendingum sem af einhverjum ástæðum dveljast erlendis um árabil of þröngar skorður og vilja lengja þetta viðmiðunartímabil eða jafnvel fella þessa takmörkun alveg niður. Í frv. þessu er gerð tillaga um hið síðarnefnda, en jafnframt að þeir sem ekki hafa átt lögheimili hér á landi á sl. átta árum talið frá 1. desember næstum fyrir kjördag þurfi að sækja sérstaklega um að vera teknir á kjörskrá.

Kosningalögin hafa um nokkuð langt skeið verið til umfjöllunar í stjórnarskrárnefnd og enn þá sér ekki fyrir endann á því starfi. Það er hins vegar brýnt að breyta því ákvæði kosningalaganna sem frv. þetta tekur til svo það verði orðið að lögum fyrir næstu kosningar.

Hv. 1. flm., Kristín Halldórsdóttir, bar fram fsp. um þetta mál til dómsmrh. 3. mars 1988 eins og fram kemur í fskj. með frv., en þar kom fram áhugi margra þingmanna og þáv. dómsmrh. til að gera þær breytingar á kosningalögunum sem tryggðu betur rétt Íslendinga búsettra erlendis til að greiða atkvæði við alþingiskosningar.

Frv. þetta er lagt fram til að breyta þessu eins og ég hef áður komið að. Það var einróma samþykkt í allshn. Nd. og vænti ég þess að því verði jafnvel tekið í þessari hv. deild og legg til að að lokinni þessari umræðu verði því vísað til allshn. og 2. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

97. fundur, mánudaginn 8. maí, kl. 4 síðdegis.

Samningsbundnir gerðardómar, 2. umr.

Stjfrv., 342. mál. — Þskj. 619, n. 1044.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um frv. til l. um samningsbundna gerðardóma. Nefndin hefur rætt frv. og kallaði til viðræðu Markús Sigurbjörnsson prófessor og Skúla Guðmundsson, fyrrv. deildarstjóra í dómsmrn.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt. Valdimar Indriðason og Sighvatur Björgvinsson voru fjarverandi við lokaafgreiðslu málsins, en undir nál. skrifa Jón Kristjánsson, Kristín Halldórsdóttir, Geir Gunnarsson, Guðni Ágústsson og Kristinn Pétursson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2.–16. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Tollalög, 2. umr.

Stjfrv., 461. mál (aðaltollhöfn á Egilsstöðum). — Þskj. 955, n. 1046.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. fjh.- og viðskn. á þskj. 1046. Nefndin hefur athugað þetta frv. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt eins og Ed. afgreiddi það.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Þjóðarbókhlaða og endurbætur menningarbygginga, 2. umr.

Stjfrv., 374. mál. — Þskj. 705, n. 1048, brtt. 1049.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur athugað þetta frv. og leggur meiri hl. til að það verði samþykkt með brtt. sem fluttar eru á sérstöku þskj.

Meginbreytingin er sú að til viðbótar því ákvæði frv. að ekki skuli leggja sérstakan eignarskatt á eignir manna sem eru orðnir 67 ára eða eldri fyrir upphaf hlutaðeigandi gjaldárs, þá skuli heldur ekki leggja skattinn á þá menn sem nutu örorkulífeyris skv. II. og IV. kafla laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum á því tekjuári sem næst er á undan álagningarári.

Undir þetta rita nefndarmenn í fjh.- og viðskn., Páll Pétursson, Þórður Skúlason, Árni Gunnarsson, Kristín Halldórsdóttir, Matthías Bjarnason og Finnur Ingólfsson.

Sú breyting sem hér er stærst, varðandi þá sem njóta örorkulífeyris, er tekin upp úr frv. sem hv. þm. Halldór Blöndal flutti í Ed. og er til meðferðar í nefndinni. Jafnframt leggjum við til að gerðar verði nokkrar breytingar frá frv. á stjórn sjóðsins, þ.e. að einn fulltrúi verði samkvæmt tilnefningu kirkjumálaráðuneytisins og formaður og varaformaður fjvn. og tveir fulltrúar skipaðir af menntmrn., þar af annar með sérþekkingu á sviði þjóðminjaverndar, og menntmrh. skipi formann nefndarinnar úr hópi stjórnarmanna.

Við höfum einnig fjallað um ágætt frv. hv. 2. þm. Reykv. Birgis Ísl. Gunnarssonar og haft það undir við þessa afgreiðslu og til hliðsjónar.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Herra forseti. Eins og fram kom hjá frsm. fjh.- og viðskn., hv. 1. þm. Norðurl. v., hefur jafnframt legið fyrir fjh.- og viðskn. þessarar deildar frv. sem við nokkrir þingmenn Sjálfstfl. fluttum, frv. til l. um Framkvæmdasjóð menningarmála. Þessi tvö frumvörp eru að því leyti sambærileg að gert er ráð fyrir að það sé sami tekjustofn sem verði nýttur í báðum frumvörpunum, þ.e. framlenging á eignarskattsaukanum sem hingað til hefur runnið til þjóðarbókhlöðu. Jafnframt er gert ráð fyrir því í báðum frumvörpunum að þessi tekjustofn verði nýttur til að fullgera þjóðarbókhlöðu og það verði forgangsverkefni.

Það er enn fremur í báðum frumvörpum gert ráð fyrir að þessi tekjustofn verði síðan nýttur til að endurbæta ákveðnar byggingar á sviði menningarmála sem við vitum að þurfa mikilla endurbóta við og nefni ég þar sérstaklega Þjóðleikhús, Þjóðminjasafn og reyndar innréttingu á húsnæði Þjóðskjalasafns í gömlu mjólkurstöðinni.

Þetta eru hin sameiginlegu atriði með þessum frumvörpum, en síðan eru nokkur atriði sem frumvörpunum ber ekki saman um og ég segi að ég hef orðið fyrir miklum vonbrigðum að málið skuli hafa

fengið þessa afgreiðslu í fjh.- og viðskn. því að það er gert ráð fyrir að þegar þeim verkefnum sleppir sem ég hef hér talið upp verði þessi tekjustofn fyrst og fremst notaður til áframhaldandi endurbóta og viðhalds á ýmsum menningarstofnunum og sérstaklega eru kirkjur nefndar til í því sambandi.

Nú er hér um að ræða verulegan tekjustofn, þ.e. ef meiningin er að viðhalda þessum tekjustofni fyrst og fremst í þessu skyni. Ef ég man rétt gefur þessi tekjustofn um 240 millj. kr. í tekjur á þessu ári og er ljóst að ef þessir fjármunir eru allir nýttir í þessu skyni mun á tiltölulega skömmum tíma vera unnt að ljúka þessum meginverkefnum, þ.e. Þjóðarbókhlöðu og endurbótum þessara þriggja meginbygginga sem við erum sammála um að þurfi að vinna í.

Ég sakna þess mjög að það er sérstaklega tekið fram í grg. með frv. að það sé ekki gert ráð fyrir að þessi tekjustofn verði notaður til nýbygginga á sviði menningarmála heldur fyrst og fremst til viðhalds og endurbóta á byggingum sem fyrir eru. Ég tel að það hefði verið mjög gott og nauðsynlegt að festa í lög að úr þeim sjóði sem þessi tekjustofn á að mynda mætti jafnframt veita til nýbygginga á sviði menningarmála. Það eru ýmis verkefni sem við okkur blasa á því sviði. Ég nefni t.d. tónlistarhús sem sérstaklega er tilgreint í lagafrv. okkar sjálfstæðismanna. Ég nefni viðbyggingu við Listasafn Íslands. Það er ljóst að Listasafn Íslands er ekki fullgert og það er nauðsynlegt til frambúðar að koma þar upp meira húsnæði og liggja fyrir teikningar að því að byggja við það hús upp að Laufásveginum. Og ég nefni líka Náttúrufræðistofnun eða náttúrugripasafn sem reyndar er ósk um eða hafa komið fram beiðnir um að byggja, reyndar bæði í Reykjavík og á Akureyri, og væri vafalaust hægt að hafa einhverja verkaskiptingu á milli þessara stofnana sem starfa á þessum tveimur stöðum og byggja yfir þær í framtíðinni á báðum stöðum — með ákveðinni verkaskiptingu þó eins og ég sagði.

Þetta er útilokað með þessu frv. eins og það liggur nú fyrir eftir afgreiðslu fjh.- og viðskn. Það er útilokað að nýta þetta fjármagn til nýbygginga heldur fyrst og fremst til viðhalds og endurbóta.

Nú er ljóst að það eru ýmis menningarverðmæti fólgin í gömlum byggingum víða um landið eins og gömlum kirkjum og öðru slíku, en með tilliti til þess hve þessi tekjustofn er ríflegur og ég tala ekki um ef miðað er við hvað veitt hefur verið í þessu skyni undanfarin ár af hv. Alþingi finnst mér afleitt að málið skuli fá þá afgreiðslu að nýbyggingar verði í framtíðinni útilokaðar úr þessum sjóði.

Ég nefni einnig að í okkar frv. var gert ráð fyrir því að þessu yrði stjórnað á nokkuð annan hátt, þ.e. við höfðum gert ráð fyrir því, sjálfstæðismenn, í okkar frv. að þessi tekjustofn færi alfarið til þessara mála, honum yrðu færðar tekjurnar til tekna jafnóðum og þær innheimtast, en á því hefur verið mikill misbrestur eins og menn vita varðandi þjóðarbókhlöðusjóðinn vegna þess að fjmrn. hefur haft þessa peninga undir höndum og síðan ekki nema hluti af því komið inn í fjárlög sem framlög til Þjóðarbókhlöðu og afgangurinn runnið í ríkissjóð. Við gerðum ráð fyrir að það væri Alþingi sjálft sem úthlutaði úr þessum sjóði, þ.e. fjvn. gerði tillögur um það við afgreiðslu fjárlaga til hvaða verkefna þetta ætti að fara. En samkvæmt frv. nú er það ákveðin sjóðsstjórn sem skipuð er verulega frá framkvæmdarvaldshöfum, að vísu tveir menn frá fjvn., en að öðru leyti eru það framkvæmdarvaldshafarnir sem eiga að úthluta úr sjóðnum samkvæmt frv. eins og það liggur nú fyrir.

Þetta vildi ég segja hér. Mér þykir afar leitt og varla mögulegt að ljúka þessari umræðu án þess að hæstv. menntmrh. sé viðstaddur. Hann er ekki á fundinum í dag, hefur fjarvistarleyfi. Þess vegna hefði ég talið rétt að fresta þessari umræðu þar til hæstv. menntmrh. geti verið viðstaddur, því að hann lagði þetta frv. fram, og freista þess hvort ekki er hægt að ná betra samkomulagi í þessu máli. Eins og það liggur fyrir get ég ekki stutt þetta frv. og mundi a.m.k. sitja hjá við afgreiðslu þess.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Út af orðum síðasta ræðumanns sé ég ástæðu til að drepa á örfá atriði.

Það er alveg rétt hjá honum að það er nokkur munur á þessum frumvörpum. Þó að fyrstu skref í frv. þeirra sjálfstæðismanna séu þau sömu og í stjfrv. heldur hv. 2. þm. Reykv. lengra áfram en stjfrv. gerir.

Það blasir við og er alkunna að viðhald opinberra bygginga hefur verið vanrækt um langan tíma og er gífurlega mikil þörf á því ef þær eiga ekki beinlínis að eyðileggjast að vinda bráðan bug að því að gera við þær. Meiningarmunurinn er sá að við í fjh.- og viðskn., sem berum ábyrgð á þessu máli, gátum ekki fallist á eða okkur þótti ekki skynsamlegt og fannst það ekki tímabært að ávísa til nýbygginga strax. Það væri rétt að láta hafa forgang að forða merkilegum stórbyggingum frá eyðileggingu. En þegar brýnustu viðgerðarverkefnum er lokið er hægt að reisa nýjar byggingar. Þá þarf að vísu að gera lagabreytingu aftur í þá veru sem hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson og félagar hans lögðu til, en okkur sýnist að það væri eðlilegt að gefa hinu nokkurn forgang, þ.e. að nota þessa peninga fyrstu árin eftir að þjóðarbókhlaða er risin til að gera við það sem brýnast væri af opinberum byggingum.

Það er alkunna að það standa fyrir dyrum mjög dýrar viðgerðarframkvæmdir á Þjóðleikhúsi og ýmsum fleiri opinberum byggingum sem ekki er skynsamlegt að fresta og eðlilegt er að hafi nokkurn forgang. Ég er hins vegar alveg samþykkur því að ég held að við eigum að nota þennan tekjustofn þegar fram líða stundir til að reisa nýjar byggingar og kemur þá til tals að nota þær til að reisa eitthvað af þeim byggingum sem hér eru taldar upp.

Varðandi sjóðsstjórnina breyttum við upphaflegu frv. þannig að við teljum að fjárveitingavaldið hafi allmikil ítök í stjórn sjóðsins, þ.e. formaður og varaformaður fjvn. koma til með að eiga þarna sæti og orð þeirra vega að sjálfsögðu mjög þungt varðandi ákvarðanir sjóðsstjórnarinnar.

Mér þætti miklu verra ef forseti yrði við þeirri ósk,

sem er svo sem skiljanleg hjá hv. 2. þm. Reykv., að fresta þessu máli. Ég vildi mjög gjarnan að þetta mál fengi greiðan gang í gegnum þingið og yrði ekki fyrir miklum töfum. Ég ætla að vona að ef sá frestur verður veittur sem hv. 2. þm. Reykv. fór fram á verði hann ekki mjög langur. Mér finnst þetta tiltölulega einfalt mál. Ég held að það beri ekki mjög mikið á milli og mér finnst að hv. sjálfstæðismenn, sem að þessum frumvarpsflutningi stóðu, megi vel við una að þarna er verið að setja lög mjög í þá átt sem þeir lögðu til þó það sé ekki nákvæmlega fylgt til enda því spori sem þeir mörkuðu.

Svo er náttúrlega annar handleggur á þessu máli. Hann er sá hvaða siðferðisþrek við höfum, alþingismenn, til þess að láta þennan sérmerkta tekjustofn renna til þessa sjóðs. Á því hefur, eins og menn vita, orðið nokkur misbrestur. Þó að ákvarðaðir hafi verið tekjustofnar til hinna ýmsu þarfaverkefna hefur nú neyðin rekið okkur til þess að ganga í þá til að lagfæra stöðu ríkissjóðs oftar en einu sinni og oftar en tvisvar. Mér finnst að það sé meginatriðið að ganga frá allra næstu árum, marka stefnuna til allra næstu ára og klára þau verkefni sem brýnust eru áður en við förum að merkja peninga til nýbygginga lengra út í framtíðinni.

Forseti (Óli Þ. Guðbjartsson):

Af því tilefni sem hér hefur gefist vil ég upplýsa að hæstv. menntmrh. er á leið hingað til Alþingishússins þannig að það mun gefast tækifæri. — Já, hann mun vera þangað kominn. Hann getur orðið viðstaddur 3. umr. a.m.k. þótt 2. umr. verði hér lokið og hv. 2. þm. Reykv. hefur fallist á að það sé nægilegt í þessu efni.

Matthías Bjarnason:

Virðulegi forseti. Fjh.- og viðskn. var búin að fjalla um þetta frumvarp á meðan ég var fjarverandi, en það kom til afgreiðslu svo ég skrifaði undir það nál. sem hv. formaður fjh.- og viðskn. greindi frá. Ég skal fúslega játa að ég var ekki að öllu leyti ánægður að skrifa undir nál. og sérstaklega vegna þess ákvæðis í frumvarpinu að framlengja sérstakan eignarskatt. Það er einhvern veginn þannig að ef þessi virðulega og ágæta stofnun, Alþingi, byrjar á einhverri skattlagningu sem á að vera til bráðabirgða er gjarnan hrifsuð öll höndin þó aðeins sé byrjað á því að teygja fram litlafingurinn. Það virðist ætla að endurtaka sig með þessu frumvarpi og í þessum efnum. Þetta er ég ekki ánægður með. Við erum að setja á skatta árum saman, jafnvel áratugum saman sem bera heitið „tímabundnir". Það eru að mínum dómi hvimleiðir skattar og að mínum dómi er, þó að það hafi verið gengið inn á sérstakan eignarskatt vegna þjóðarbókhlöðunnar, þetta ekki framtíðin. Þó að hér eigi hlut að máli merkar stofnanir sem eru alls góðs maklegar er Alþingi að teygja armana í hærri og meiri eignarskatta. Við höfum lifað það á þessu þingi að þeir hafa verið hækkaðir verulega. Sá er munur á þrenns konar sköttum að að mínum dómi eru eyðsluskattarnir eðlilegastir, að skattar séu teknir af eyðslu, og get svo sætt mig við að fyrst um sinn séu teknir skattar af tekjum, en séu menn búnir að borga skatta til samfélagsins af tekjum sínum árum og áratugum saman og ef þeir hafa eitthvað eignast held ég að það séu takmörk fyrir því hvað hin virðulega löggjafarstofnun, Alþingi Íslendinga, eigi að ganga langt í því að hækka eignarskatta. Það er af þessari ástæðu sem ég var ekki mjög ánægður með að skrifa undir þetta nál. eins og formaður nefndarinnar veit um. Hins vegar eru verkefnin sem hv. 2. þm. Reykv. nefndi áðan verkefni sem ég tel öll að eigi fullan rétt á sér. En ósköp væri mér ljúfara að ganga bæði til samstarfs um þetta mál og hans mál með annars konar tekjuöflun en hér er um að ræða.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég skil vel að hv. 1. þm. Vestf. hafi nauðugur gengið til þessa leiks eins og hann hefur skýrt fyrir okkur þingmönnum því að eftir að þetta frumvarp var lagt fram sem við fluttum, sjálfstæðismennirnir, í nóvember hafa eignarskattar verið hækkaðir fram úr öllu hófi. Við sjálfstæðismenn höfum ekkert breytt um skoðun á því að þeir eignarskattar sem lagðir voru á sérstaklega með nýrri löggjöf í desember eru langt umfram það sem hægt er að una við og hægt er að sætta sig við. Við vildum hins vegar ekki þrátt fyrir það draga til baka eða hætta við frumvarp okkar því að við viljum ekki að þessi gífurlega eignarskattsaukning núv. hæstv. ríkisstjórnar verði til þess að ryðja burtu þessum sérmarkaða tekjustofni til menningarmála. Við vitum að það hefur verið undir högg að sækja á hv. Alþingi að fá fjármagn í slík verkefni og þess vegna vildum við að þessum eignarskattsauka yrði haldið í þessu skyni vegna þess að hann hafði ekki í för með sér neina hækkun á þeim sköttum sem fyrir voru. Þetta er skattur sem hefur verið lagður á í nokkur ár.

Það breytir hins vegar ekki því eins og ég sagði að eignarskattsálagningin nú er komin úr öllu hófi. Það verður auðvitað fyrsta verkefni þeirra sem taka við af þessari ríkisstjórn, ef við sjálfstæðismenn eigum þar hlut að máli, að lækka þessa gífurlega háu og ósanngjörnu eignarskatta, enda er hæstv. ríkisstjórn þegar byrjuð á því. Hún er nú að leggja fram, það er til umræðu í Ed. núna, frumvarp í sambandi við efnahagsaðgerðir í framhaldi af kjarasamningum um að stíga skrefið til baka aftur og lækka m.a. sérstakan skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Þannig mun auðvitað fara að þessar gríðarlegu skattahækkanir sem ríkisstjórnin lagði til verða teknar til baka hver af annarri. En við vildum engu að síður halda þessum sérstaka eignarskattsauka sérmerktum í þessu skyni.

Þetta þótti mér rétt að taka fram.

Varðandi málsmeðferð get ég fallist á að við ljúkum 2. umr. nú, enda verði þá 3. umr. ekki haldin fyrr en á morgun þannig að mér gefist tækifæri til þess að ræða við menntmrh. Ella mundi ég væntanlega leggja fram sérstaka brtt. við þetta frumvarp eins og það liggur nú fyrir.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Örstutt athugasemd út af ræðu hv. 1. þm. Vestf. þar sem hann hefði kosið annars konar tekjuöflun. Ég sé ástæðu til að nefna að þessi tekjuöflun er ekki uppfinning hæstv. ríkisstjórnar sem nú situr. Ef ég man rétt var það hæstv. páv. menntmrh. Sverrir Hermannsson sem fann upp þennan tekjustofn, benti á þennan tekjustofn til þess þarfa verkefnis að ljúka byggingu þjóðarbókhlöðunnar. Vel sé honum fyrir það. Og ég stóð að því með honum að fá þennan tekjustofn sérmerktan og lögfestan hér á Alþingi. Þetta er ekki skattur sem fundinn er upp af okkar góðu núv. ríkisstjórn.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég vil að það komi fram að ég skrifaði ekki undir þetta nál. vegna þess að frjálslyndir hægrimenn eru alfarið á móti slíkri skattlagningu sem eignarskattur er, sama hver fann hann upp og hvenær hann var fundinn upp. Þetta er skattlagning af versta tagi og ekki sæmandi vestrænu þjóðfélagi eins og við þykjumst búa í. Eignarskattur er ekkert annað en tvísköttun sem á ekki að eiga sér stað. Við munum því á allan hátt reyna að berjast gegn slíkri skattlagningu hvort sem hún er í formi þessa tímabundna skatts sem nú á að framlengja í tíu ár — og við höfum reyndar reynslu af að þessir tímabundnu skattar fara aldrei af, þeir verða til eilífðarnóns — eða í hvaða mynd sem hann er. Við munum alla tíð berjast gegn eignarsköttum.

Hins vegar er málefnið gott, en það þarf ekki að fara þessa leið til að afla fjármagns fyrir það málefni.

Þetta vil ég að komi fram á þessu stigi málsins. Við munum greiða atkvæði gegn þessu frumvarpi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 21:2 atkv.
2. gr. samþ. með 22:2 atkv.
Brtt. 1049,1 samþ. með 21:1 akv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 22:1 atkv.
4.–5. gr. samþ. með 21:1 atkv.
Brtt. 1049,2 samþ. með 21:1 atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 22:1 atkv.
Brtt. 1049,3 (ný 7. gr.) samþ. með 21:1 atkv.
Brtt. 1049,4 samþ. með 22:1 atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 22:1 atkv.
9.–12. gr. samþ. með 21:1 atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 22:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24:1 atkv.

Kosningar til Alþingis, 2. umr.

Frv. KH o.fl., 416. mál (kosningarréttur). — Þskj. 776, n. 1043.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um frv. til laga um breytingar á lögum um kosningar til Alþingis nr. 80/1987.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt. Hér er um að ræða frumvarp sem gerir íslenskum ríkisborgurum búsettum erlendis kleift að nýta atkvæðisrétt sinn.

Guðni Ágústsson og Sighvatur Björgvinsson voru fjarverandi við lokaafgreiðslu málsins. Undir nál. skrifa Jón Kristjánsson, Kristín Halldórsdóttir, Geir Gunnarsson, Kristinn Pétursson og Valdimar Indriðason.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, 2. umr.

Stjfrv., 356. mál. — Þskj. 657, n. 1051.

Frsm. sjútvn. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Á þskj. 1051 er nál. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, frá sjútvn. Nd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarp þetta sem felur í sér að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins verði heimilt að eiga aðild að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum sem vinna að því að hagnýta niðurstöður rannsóknastofnunarinnar í þágu atvinnuveganna.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Undir þetta skrifa Árni Gunnarsson, Matthías Bjarnason, Geir Gunnarsson, Alexander Stefánsson, Kristinn Pétursson, Guðni Ágústsson og Kolbrún Jónsdóttir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

98. fundur, mánudaginn 8. maí, að loknum 97. fundi.

Samningsbundnir gerðardómar, 3. umr.

Stjfrv., 342. mál. — Þskj. 619.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Tollalög, 3. umr.

Stjfrv., 461. mál (aðaltollhöfn á Egilsstöðum). — Þskj. 955.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1099).

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, 3. umr.

Stjfrv., 356. mál. — Þskj. 657.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Kosningar til Alþingis, 3. umr.

Frv. KH o.fl., 416. mál (kosningarréttur). — Þskj. 776.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 344. mál (húsbréfaviðskipti). — Þskj. 626, n. 1015, 1031, 1035 og 1037, brtt. 1032, 1057.

Frsm. 3. minni hl. félmn. (Alexander Stefánsson) (frh.):

Herra forseti. Áður en ég hef framhald ræðu minnar langar mig til að láta það koma fram að ég tel mjög æskilegt og viðeigandi að hæstv. félmrh. verði viðstaddur þessa umræðu þar sem ég kemst ekki hjá því að beina til ráðherra nokkrum spurningum í sambandi við málið í heild. (**Forseti:** Þess verður farið á leit við hæstv. félmrh. að hann mæti til fundar og verði við umræðuna.)

Herra forseti. Þegar ég frestaði ræðu minni sl. laugardag um þetta frv. um breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, 344. mál Nd., var ég búinn að vitna til ræðu minnar við 1. umr. frv. 17. mars sl. þar sem ég taldi frv. þetta vera tímaskekkju. Ekki væri fullkannað að núgildandi lög frá 1986 stæðu ekki undir því hlutverki sem þeim var ætlað, enda ekki verið í gildi nema tæplega 2½ ár og allar líkur bentu til þess að þau væru nú að ná jafnvægi. Jafnframt benti ég á nauðsyn þess að hverfa frá þeirri stefnu að vera sífellt að breyta lögum um mikilvægustu mál áður en þau næðu fótfestu í meðferð þeirra sem eiga að framkvæma þau. Ég benti á yfirlýsingu núv. hæstv. félmrh. sem m.a. birtist í forustugrein í Alþýðublaðinu í mars sl., en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Stærsta breytingin felur í sér að núverandi húsnæðiskerfi yrði fellt niður og tekið upp svonefnt húsbréfakerfi. Kostir húsbréfakerfisins eru miklir. Verið er raunverulega að lána fólki 65% af kaupverði íbúða. Í stað loforða og biðraða mundi húsbréfadeild við Húsnæðisstofnun kaupa fasteignaveðbréf sem gefin eru út við fasteignaviðskipti með veði í viðkomandi eign og afgreiða alla umsækjendur á 2–3 vikum."

Tilgangurinn er að leggja núverandi húsnæðiskerfi niður.

Ég lýsti sérálíti Ásmundar Stefánssonar, forseta Alþýðusambands Íslands, og Guðmundar Gylfa Guðmundssonar, hagfræðings við Fasteignamat ríkisins, sem var fulltrúi Framsfl. í endurskoðunarnefnd um húsnæðismál, um markmiðin með lagabreytingunni 1986 og um áhrif þeirrar lagabreytingar. Ég skýrði frá stefnu Framsfl. sem undirstrikuð var á síðasta flokksþingi, æðstu stofnun flokksins sem haldið var í nóvember 1988 sem undirstrikaði gildi núverandi húsnæðiskerfis og lagði áherslu á að endurskoðun laga tæki mið af því að stytta biðtíma og lagði aðaláherslu á að meiri háttar endurskoðun húsnæðiskerfis þjóðarinnar, bæði að því er varðar almenna kerfið og félagslega kerfið, yrði í fullu samráði og samstarfi við aðila vinnumarkaðarins í landinu, launþega og atvinnurekendur.

Ég skýrði frá afstöðu þingflokks Framsfl. sem ítrekaði afstöðu flokksþings, enn fremur samkomulagi sem ráðherrar flokksins gerðu um málið til að forða því að hæstv. félmrh. yfirgæfi ráðherrastól sinn

sem frægt er orðið. Í samþykkt þingflokksins kemur skýrt fram að einstakir þingmenn flokksins hafa óbundnar hendur við afgreiðslu málsins. Þannig var ljóst að þetta þingmál er í raun stjfrv. sem ekki nýtur fylgis meiri hluta þingmanna ríkisstjórnar og verður því að treysta á stjórnarandstöðu. Það er því eins og sagt hefur verið heimsmet að ráðherra í ríkisstjórn hótar afsögn samþykki stjórnarandstaðan ekki frv. sem ráðherrann leggur fram í nafni ríkisstjórnar. Um leið er þetta óvirðing við Alþingi eins og áður hefur komið fram við umræður á hv. Alþingi.

Ég tók sérstaklega fyrir í fyrri hluta ræðu minnar sl. laugardag þátt Húsnæðisstofnunar ríkisins í þessu máli. Stjórn hennar er þingkjörin og eiga þar sæti þaulreyndir menn með sérþekkingu á húsnæðismálum umfram marga aðra. Sem svar við beiðni félmn. Nd. sendi stjórnin örstutta orðsendingu: Stjórnin getur ekki sent svar þar sem svo skiptar skoðanir eru innan stjórnarinnar um frv.

Hér er um einstakan viðburð að ræða í raun og veru. Fagleg stjórn húsnæðismála getur ekki tekið efnislega afstöðu til róttækrar lagabreytingar þar sem tilgangurinn er að leggja núverandi kerfi í rúst eins og ráðherra hefur margsagt og raunar fleiri forustumenn Alþfl. Það gengur sá orðrómur að aðeins formaður stjórnar stofnunarinnar, sem er aðstoðarmaður hæstv. félmrh., hafi viljað mæla með þessu frv. óbreyttu.

Það kemur einnig í ljós að nánast ekkert alvörusamband var haft við stjórn stofnunarinnar um mótun þessa frv. sem er einsdæmi þar sem forráðamenn úr stjórn og aðalstarfsmenn stofnunarinnar hafa við lagasmíð á undanförnum áratugum ávallt tekið beinan þátt í slíkri vinnu frá fyrstu gerð til loka. Ég minni á lögin frá 1984 og lögin 1986 þar sem skrifstofustjóri og deildarstjóri í Húsnæðisstofnun auk stjórnarmanna voru í frumvarpsgerðinni sjálfri frá upphafi til enda sem ætti að vera sjálfsagt mál, enda allt þetta fólk með víðtæka reynslu. Hæstv. félmrh. sýnir hvorki stjórn né Húsnæðisstofnun eðlilegt traust né samskipti. Þetta kemur best fram í því að 10. apríl sl. kom fram opinber greinargerð, sem er undirrituð af fimm stjórnarmönnum í Húsnæðisstofnun ríkisins, um frv. félmrh. Jafnframt er ljóst að hluti annarra stjórnarmanna er sama sinnis og kemur það fram í þessari greinargerð.

Viðbrögð hæstv. ráðherra í fjölmiðlum lýsa augljóslega viðhorfi ráðherrans til stjórnar stofnunarinnar. Þetta eru einstaklingar úti í bæ með annarlegar skoðanir. Þetta minnir mig á umræður á hv. Alþingi um núgildandi húsnæðiskerfi þegar þingmenn Alþfl., þar á meðal núv. ráðherrar, hæstv. félmrh. og hæstv. utanrrh., og fleiri hv. þm. Alþfl. töldu óeðlilegt að taka tillit til álits og forræðis heildarsamtaka launafólks. Þessir aðilar ættu ekki að hafa áhrif á lagasetningu um húsnæðismál á Alþingi. En ég spyr: Hvenær hefur lögum um húsnæðiskerfi verið breytt hér á landi án samráðs við samtök launþega eða aðila vinnumarkaðarins í heild? Aldrei. Enda sjálfsagður hlutur. Og til hvers þurfum við húsnæðislöggjöf hér á landi? Er hún ekki meira og minna félagslegur þáttur til að tryggja réttlæti og jafna aðstöðu fólks til að eignast húsnæði sem er í raun frumþörf hvers einasta manns í okkar landi? Við gerum það með því að hafa lög sem veita aðgengi til lána til að eignast eigið húsnæði eða á félagslegum grunni í kerfi verkamannabústaða.

Það hefur komið fram í þessum skýrslum, sem ég hef m.a. vitnað í, að heildarfjöldi íbúða á Íslandi er nú um 88.500, þar af félagslegar íbúðir 6500. Í almenna húsnæðislánakerfinu eru því 82 þús. íbúðir og um 85% fjölskyldna búa í eigin húsnæði sem er mjög hátt hlutfall miðað við aðrar þjóðir.

Herra forseti. Ég tel ástæðu til að vitna í greinargerð fimm stjórnarmanna í Húsnæðisstofnun að því er varðar þá breytingu sem hér er til umræðu, þ.e. húsbréfakerfið, sem þýðir í raun að markaðsvextir og markaðslögmál á að gilda um húsnæðisstefnu hér á landi ef þetta frv. verður að lögum hvað sem líður ýmsum fyrirvörum sem menn telja sér trú um að hafi eitthvert gildi í sambandi við umræður um þetta frv. Ég get ekki stillt mig um að vitna í viðtal sem Alþýðublaðið átti við Björn Þórhallsson sem er formaður Landssambands íslenskra verslunarmanna og einn af stjórnarmönnum í Húsnæðisstofnun ríkisins í fjölda ára. Þar kemur fram, með leyfi forseta:

„„Ég lýsti því yfir á formannafundi ASÍ í dag að það væri mín skoðun að ef breyta eigi húsnæðiskerfinu verði að leita samkomulags við þá aðila sem að því stóðu í upphafi", sagði Björn Þórhallsson, formaður Landssambands verslunarmanna í samtali við Alþýðublaðið. Hann bætti við: „Það er mín skoðun að ef þessu kerfi verður troðið í gegn, þá sé verkalýðshreyfingin óbundin af þeim lögum sem gilda í dag um greiðslu úr lífeyrissjóðum inn í húsnæðiskerfið."

Ég gæti í þessum ræðustól, ef ég teldi það hafa einhver áhrif, lesið úr fleiri, fleiri tuga blaðsíðna áliti frá fulltrúum launþega á Íslandi sem hafa sent félmn. Nd. álit sitt um þetta kerfi. En ég mun sleppa því í þetta skipti. Hins vegar tel ég ástæðu til að lesa nokkuð úr þeirri greinargerð sem fimm stjórnarmenn í Húsnæðisstofnun ríkisins gáfu út og sendu félmn. og er dags. 10. apríl 1989, en undir það rita Björn Þórhallsson, Grímur S. Runólfsson, Jón Gunnarsson, Grétar Þorsteinsson og Hákon Hákonarson. Eins og ég sagði áðan er alveg ljóst að fleiri stjórnarmenn en þessir fimm í Húsnæðisstofnun ríkisins voru sammála því áliti sem kemur fram í þessari greinargerð.

Ég tel einnig ástæðu til að undirstrika það vegna ummæla hæstv. félmrh. og annarra um þessa aðila í fjölmiðlum að þetta eru allt saman menn með ára og jafnvel áratuga reynslu á þessu sviði. Þeim hefur verið sýndur sérstakur trúnaður í því að fara með þennan málaflokk í umboði ýmissa samtaka og raunar Alþingis. Því tel ég ástæðu til þess að grípa nokkuð ofan í þá greinargerð sem þessir ágætu fulltrúar hafa látið fara frá sér. Hvers vegna? Vegna þess að þeir skilja alvöru málsins og telja fulla ástæðu til að koma þessum sjónarmiðum á framfæri svo að menn eigi

betra með að átta sig á hvað hér er á ferðum. Þeir gefa í þessari greinargerð ítarlegt og vandað yfirlit um það hvernig þessi mál standa. Þeir fara yfir tillögur félmrh., þeir fara almennt í húsnæðismarkaðinn, þeir taka sérstaklega fyrir ástand almenna húsnæðislánakerfisins, þeir sýna fram á að hinn svokallaði þúsundalisti, 10–12 þúsunda manna, sé alls ekki rétt túlkaður og sanna það með ítarlegum dæmum að hér er farið með rangt mál. Þeir benda á að þessi samantekt, sem er stór kafli í þeirra greinargerð, bendi til þess að almenna húsnæðiskerfið er sem næst því að hafa undan nýjum innkomnum umsóknum en á þá eftir að vinna upp úr eldri og óafgreiddum umsóknum. Jafnframt taka þeir fram að mikilvægt er að gera ítarlega athugun á því hver biðlisti umsókna húsnæðislána raunverulega er og athuga enn betur hvers megi vænta í útlánagetu Húsnæðisstofnunar næstu árin. Þetta er nauðsynlegt áður en kveðnir eru upp sleggjudómar um vanhæfni hins almenna húsnæðislánakerfis til að sinna sínu hlutverki.

Þessu næst tel ég ástæðu til að grípa niður í þeirra skýrslu, herra forseti, þar sem fjallað er um tillögur til úrbóta. Með tiltölulega einföldum breytingum að þeirra mati er hægt að stytta biðtímann í núverandi kerfi. Ég endurtek enn: Þessir menn eru fulltrúar Alþingis í Húsnæðisstofnun og vita hvað þeir eru að tala um. Þetta eru menn sem starfa við hið almenna húsnæðiskerfi og einnig hið félagslega kerfið og fara um þetta höndum svo til daglega í sambandi við sitt starf. Þeir segja:

„Með tiltölulega einföldum breytingum er hægt að stytta biðtímann í núverandi kerfi. Vegna algjörrar óvissu um fjölmörg mikilvæg atriði sem varða húsbréfamarkað og vegna biðraðarinnar í núverandi kerfi, sem verður undir öllum kringumstæðum að leysa, er e.t.v. eðlilegast að vinna út frá eftirfarandi viðmiðunum:

Gengið verði út frá því að lífeyrissjóðirnir kaupi skuldabréf fyrir a.m.k. 55% af ráðstöfunarfé sínu og eftirfarandi leiðir kannaðar með það fyrir augum að stytta biðtímann á næstu árum:

Þeir sem búa í eigin húsnæði fái eitt lán, endurkaupalán, líka þegar um byggingu er að ræða. Ef 15% allra umsækjenda eiga íbúð fyrir mundu þeir fá 30% lægra lán en ella. Það mundi leiða til þess að 4,5% af útlánafénu mundi verða mögulegt að ráðstafa til annarra.

Þeir sem eiga það miklar eignir að þeir nái ákveðinni eignaviðmiðun (ekki eignarskattsviðmiðun) fái ekki lán. Með breytingunni á lögunum, sem gerð var á sl. vetri, var tekin inn viðmiðun við eignarhlut í íbúð. Ekkert er litið til annarra eigna: bíla, skuldabréfa, bankainnstæðna eða eigna í atvinnurekstri. Það er ólíkt sanngjarnara að miða við heildareign en það hversu mikil lán hvíla á íbúð viðkomandi. Enda nota margir íbúðir sínar sem veð fyrir lánum sem tekin eru til að fjárfesta á öðrum sviðum."

Þá vilja þeir geyma lánsréttinn. „Heimilað verði að geyma lánsrétt í ákveðinn tíma sé lánsréttur ekki nýttur að fullu. Í núverandi kerfi er tilhneiging til þess að einstaklingur nýti sér fyllsta rétt þó ekki sé brýn þörf til svo mikillar lántöku. Ef heimilt væri að geyma lánsréttinn að hluta er líklegt að ýmsir vildu nýta sér þá heimild. Þessi möguleiki kæmi sér einkum vel fyrir fólk á landsbyggðinni þar sem íbúðaverð er lægra og lánsþörf minni en á höfuðborgarsvæðinu. Heimild til þess að geyma lánsfé gæti dregið úr lánveitingum í fyrstunni en aukið hann síðar. Þessi heimild gæti hjálpað Húsnæðisstofnun að komast yfir þá erfiðleika sem nú eru vegna fjárþurftar."

Ég endurtek enn í þessari umræðu að hér eru að tala menn sem vinna við þetta verkefni, menn sem vilja sjá auðveldar lausnir til breytingar á því kerfi sem við búum við í dag.

„Við endurgreiðslu greiði allir aukaafborgun sem nemi t.d. 3,5% tekna umfram skattleysismörk. Meðalendurgreiðslutími gæti orðið innan við 30 ár sem þýðir þriðjungs meiri endurgreiðslu á hverju ári hjá þeim sem fá lán eftir að það kerfi er tekið upp. Áhrifa þessara breytinga gætir hins vegar lítið fyrstu árin.

Aukaafborgun mundi hafa það í för með sér að þeir tekjuhærri mundu greiða lán sín hraðar en þeir tekjulægri. Það mundi leiða til þess að ríkissjóður mundi ekki greiða vexti þeirra jafnmikið niður og þeirra tekjulægri.

Allar þessar breytingar mundu gera það að verkum að 12% af útlánafé sjóðsins yrði fært frá tilteknum hópum umsækjenda til annarra. Með hraðari endurgreiðslu ykist síðan svigrúmið til útlána.

Í núgildandi lögum hefur Húsnæðisstofnun ekki heimild til að bjóða út skuldabréf. Fái Húsnæðisstofnun heimild til þess að bjóða skuldabréf á almennum markaði, sem gerir henni mögulegt að afgreiða 1000 lánum fleira á ári næstu 5 ár, mun það geta haft mikil áhrif. Með því er hægt að stytta biðtímann mjög hratt, eða í 23 mánuði strax árið 1989 og 11 mánuði árið 1992. Þá hefðu lán verið veitt vegna 30% allra íbúða í landinu utan hins félagslega kerfis."

Þá kem ég að kafla sem þeir fimmmenningar úr Húsnæðisstofnun kalla „Athugasemdir við „kosti" húsbréfa". Mér finnst ástæða til að grípa aðeins niður í þennan kafla því að hann er að sjálfsögðu mikilvægur í þessum umræðum sem fram fara um þetta nýja frv.

„Hér að framan var það staðhæft að undirrót þess „húsnæðisvanda" sem er hér á landi væri hátt eiginfjárhlutfall á eldri íbúðum og þar með skortur á lánsfé til að endurfjármagna íbúðir við kaup eignalítilla fjölskyldna, svo sem ungs fólks. Þá var bent á það að innri fjármögnun er þegar mikil í íbúðaviðskiptum.

Lægri útborgun sem ekki krefst aukins opinbers fjár. Á undanförnum árum hefur oft verið rætt um nauðsyn þess að lækka útborgunarhlutfall í íbúðaviðskiptum og fá seljendur með þeim hætti til að lána meira til kaupenda. Í þessari umræðu hefur verið gengið út frá því að ekki yrði veitt meiru af opinberu fjármagni til húsnæðismála. Þess í stað áttu seljendur að geyma sparifé sitt í meira mæli á skuldabréfum með veði í hinni seldu eign og fjármagna á þann hátt íbúðamarkaðinn.

Með leið innri fjármögnunar minnkar ekki framlag

peningasparnaðar landsmanna til húsnæðismála því sá sparnaður einstaklinga sem áður fór t.d. til banka og þar með atvinnulífsins fer með þessari fjármögnunarleið til húsnæðismála. Opinber fjármögnun myndi aftur á móti ekki aukast."

„Húsbréf með forgang umfram atvinnuvegina" er næsti kafli hjá þeim fimmmenningum. „Ýmsar tillögur og tilraunir hafa verið gerðar til að koma á aukinni innri fjármögnun á íbúðamarkaði en ekki tekist.

Sú leið sem nú er til umræðu um „húsbréfaskipti" er sett fram af formælendum þeirra í því markmiði að auka innri fjármögnun á íbúðamarkaði með skuldabréfaskiptum og ríkisábyrgð og þar með gefinn forgangur að peningasparnaði landsmanna, t.d. umfram atvinnuvegina.

Með leið skuldabréfaskipta og ríkisábyrgðar mun allt það fé sem flyttist við innri fjármögnun úr banka sparnaði í húsbréf verða opinbert lánsfé og þar með eykst opinbert fjármagn til húsnæðismála. Auk þessa munu þau skuldabréf sem áður gengu milli kaupenda og seljenda einnig verða ríkistryggð og þar með opinbert fjármagn.

Síðast en ekki síst mun verða auðvelt að ná hagstæðum ríkistryggðum skuldabréfum til annarrar fjármögnunar en til íbúðakaupa gegnum skuldabréfaskipti. Þetta mun verða auðvelt því ekki er krafist annarra skilyrða en veða og greiðslugetu." — Mér finnst ástæða til að skjóta því hér inn í að einn af reyndustu aðilum sem fást við verðbréfaviðskipti sagði á fundi í félmn. að auðvitað væri það eðlilegur hlutur að reikna með því að húsbréf yrðu ekki gefin út til 25 ára heldur til eins árs, til fimm ára eða til tíu ára. Það væri hægt að reikna með því að hægt væri að fá þau í smáum einingum og hann sagði að heppilegast væri að hvert bréf yrði á u.þ.b. 50 þús. kr. Þar með væri hægt að nota þessi bréf til ýmissa viðskipta, m.a. bílakaupa og annars slíks sem hann tiltók. Auðvitað er þetta hárrétt hjá þessum reynda verðbréfaviðskiptamanni. Hann veit hvað hann syngur og hefur oft endurtekið þessa fullyrðingu. — „Að þessu samanlögðu mun opinbert ríkistryggt lánsfé og fjármagn samfélagsins til húsnæðismála aukast umfram það sem nauðsynlegt og heppilegt er ef skuldabréfaskipti húsbréfa verða tekin upp."

Síðan taka þessir fimm stjórnarmenn í Húsnæðisstofnun upp samanburð og upplýsingar frá Danmörku en þar eru miklar vaxtasveiflur á húsbréfum.

„Danska húsbréfakerfið byggir á skuldabréfasölu til þess að afla fjár til útlána. Á línuriti [sem því miður er ekki hægt að bregða upp hér í þessum ræðustól] sést að raunávöxtun húsbréfa í Danmörku eftir skatt hefur breyst frá því að vera mínus 5,5% 1980 í plús 1% árið 1987. Raunávöxtunin hækkaði úr mínus 5,5% í mínus 3,3% milli áranna 1980 og 1981. Hún lækkaði síðan úr mínus 3,5% í mínus 4,5% frá 1981–1982 en hefur stigið síðan í plús 1% 1987 eins og áður segir.

Raunávöxtun húsbréfa í Danmörku fyrir skatt er önnur. En árið 1980 voru vextir af húsbréfum 5% og hækkuðu í 8% árið 1981. Síðan lækkaði raunávöxtunin í 7% árið eftir en var 9,5% árið 1983. Þá tók hún að lækka og var 7% 1984, rúmlega 8% 1985, rúmlega 7% árið 1986 og tæplega 7% árið 1987.

Þau sem tóku lán til húsnæðisöflunar 1983, þegar vextirnir voru sem hæstir, verða að greiða þá áfram til ársins 2003 nema þeim takist að skuldbreyta. Vextir á hverjum flokki skuldabréfa eru nefnilega fastir.

Við hvaða sveiflum má búast hér á landi? Íslenska húsbréfakerfið byggir á útgáfu ríkistryggðra skuldabréfa. Eins og fram kemur í kaflanum hér að framan hefur raunávöxtun sveiflast allnokkuð á undanförnum árum í Danmörku. Er hægt, ef byggt er á reynslu undanfarinna ára, að gera ráð fyrir minni sveiflum á íslenskum húsbréfamarkaði en dönskum? Þegar haft er í huga að húsbréfakerfi það sem lagt er til að komið verði á hér á landi er líklega enn þá viðkvæmara fyrir efnahagssveiflum en það danska." — Munurinn á danska og íslenska kerfinu er dreginn hér upp síðar og ég mun koma að því nánar.

„Mikilvægt er að geta áætlað hve stóran hluta útgefinna húsbréfa seljendur íbúða muni ekki láta frá sér og þá á markað. Þá er einnig mikilvægt að geta gert sér grein fyrir við hvaða aðstæður þeir muni reyna að losa sig við þau og hvar. Munu t.d. eigendur húsbréfa frekar reyna að selja þau í þensluástandi eins og nýlega er gengið yfir hagkerfið? Er ekki líklegt að húsbréf, kannski upp á nokkra milljarða, sem koma á markað, hvort heldur er á þenslu- eða samdráttartíma, muni magna hagsveifluna fremur en að draga úr henni?"

Allir þeir þættir sem hér hefur verið minnst á munu hafa áhrif á íbúðaverð. Vafalaust til hækkunar. Þá er einnig ljóst að meðan verið er að afgreiða þá, sem hafa sótt um lán hjá Húsnæðisstofnun, er erfitt að afla nýrra fjármuna til umsvifamikilla húsbréfakaupa. Ef húsbréfakerfi verður komið á, í því ástandi sem nú ríkir, samhliða húsnæðislánakerfi er hætt við að það hafi skaðleg áhrif á fasteignamarkaðinn. Skaðleg áhrif í þeirri merkingu t.d. að þeir sem geta orðið sér úti um fé á húsbréfamarkaði muni bjóða upp verðið fyrir þeim sem bíða eftir láni frá Húsnæðisstofnun ríkisins.

Með húsbréfakerfinu er gert ráð fyrir því að seljandi láni kaupanda meira og í lengri tíma en nú þekkist. Það leiðir til þess að greiðslukjör, einkum á dýrari eignum, verða kaupandanum mun léttbærari en nú. Eigendur stórra íbúða sem fá ekki lán í núverandi kerfi fá ríkistryggingu á allt að 5,5 millj. kr. í húsbréfakerfinu" — algerlega án tillits til þess hvort þeir eiga fleiri eða færri íbúðir á sínum prjónum.

„Húsbréfaviðskipti eru á margan hátt frumstæðari viðskiptamáti á fasteignamarkaði en niðurgreidd lán eins og þau sem veitt eru í nafni Húsnæðisstofnunar ríkisins. Á markaðnum myndast vissulega engar biðraðir eins og í lánakerfi því sem við þekkjum. Á markaði hækkar verð á eftirsóttri vöru, en lækkar ef framboð er mikið. Eins og ástand er nú á mjög vanþróuðum íslenskum verðbréfamarkaði er nær víst að verulegt framboð húsbréfa myndi lækka verð þeirra vegna mikilla affalla og á þann hátt hækka

fjármagnskostnað af húsnæði. Þ.e. þetta leiddi til stórhækkaðra raunvaxta.

Í gildandi lögum um Húsnæðisstofnun segir í 10. gr. að afgreiðsla og innheimta lána úr Byggingarsjóði ríkisins fari fram í almennum lánastofnunum sem húsnæðismálastjórn semur við. Á fundum húsnæðisstjórnar og fulltrúa bankanna hefur komið í ljós að bankarnir telja sig þurfa meiri þóknun fyrir þessa þjónustu en svo að húsnæðisstjórn telji réttlætanlegt að lántakendur greiði hana. Aukin þjónusta við íbúðakaupendur á landsbyggðinni í gegnum banka og sparisjóði mun því vera þeim dýrari en þjónusta Húsnæðisstofnunar nú. Þegar mat á veðhæfni fasteignar og greiðslugetu lántakans bætist við skuldabréfaviðskiptin hækkar þessi landsbyggðarskattur enn meir.

Húsbréfadeild Húsnæðisstofnunar tryggir ekki traustari ráðgjöf en ráðgjafarstöð Húsnæðisstofnunar ríkisins gerir nú. Talsmenn húsbréfakerfisins telja að með tilkomu þess muni fjármögnun íbúðaviðskipta verða samræmd og öll ráðgjöf traustari. Í núverandi kerfi fylgja bráðabirgða kostnaðar- og greiðsluáætlanir lánsumsóknunum. Áður en umsækjandi fær lánið í hendur skilar hann greiðsluáætlun er sýni fram á það að lausafé, eignir hans og tekjur dugi fyrir þeim framkvæmdum sem hann áformar. Í stað ráðgjafarstofnunar Húsnæðisstofnunar ríkisins er nú lagt til að húsbréfadeild Húsnæðisstofnunar ríkisins, bankar eða sparisjóðir annist þennan þátt. Enn hefur ekkert komið fram um að ráðgjafarstofnunin hafi ekki orðið að miklu gagni við að forða slysum sem urðu fyrir tilkomu hennar. Þvert á móti taldi núv. félmrh. að óþolandi hátt hlutfall umsækjenda um húsnæðislán fengi ekki lán hjá stofnuninni" — þetta taldi hún meðan hún var ekki hæstv. ráðherra — „vegna þess að ráðgjafarstöðin taldi tekjur, lausafé og eignir viðkomandi umsækjenda ekki duga til áformaðra framkvæmda."

Hver man ekki eftir þessum umræðum fyrir stuttu síðan hér á hv. Alþingi? Og ég vil bæta því við í sambandi við ráðgjafarstöð Húsnæðisstofnunar að ég tel að hún hafi verið mesta framfaraspor í húsnæðismálum sem stigið var í fyrrv. ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar. Það var hæstv. fyrrv. félmrh. í þeirri ríkisstjórn sem kom þessari ráðgjafarstöð á strax 1983 vegna þeirra erfiðleika sem fólk í þúsunda tali átti við að stríða í því verðbólgubáli sem þá geisaði. Og síðan, öll árin í þeirri ríkisstjórn, var ráðgjafarstöðin efld, ár frá ári. Ég hygg að mér sé óhætt að fullyrða að a.m.k. 3–5 milljarðar kr. hafi farið í aðstoð við húsbyggjendur í gegnum þessa ráðgjafarstöð Húsnæðisstofnunarinnar sem hefur eflst ár frá ári miðað við getu til þess að veita þá nauðsynlegu ráðgjöf sem þarna er veitt. Hafa um 5000 einstaklingar hlotið ráðgjöf og fyrirgreiðslu. Þess vegna er það vissulega ánægjulegt að meira að segja núv. ríkisstjórn og núv. hæstv. félmrh. viðurkenna auðvitað að þetta er eitt besta form sem hefur verið komið upp og hæla sér gjarnan af því við hátíðleg tækifæri að þessi stofnun skuli vera við lýði. En samt sem áður, samt sem áður á að setja upp aðra stofnun sem á að yfirtaka verulegan hluta af því ráðgjafarstarfi sem þarna fer fram.

Herra forseti. Ég tel ástæðu til að halda áfram að vitna í þessa ágætu greinargerð þessara fimm stjórnarmanna úr Húsnæðisstofnun sem ég vil endurtaka enn að eru meðal þeirra manna sem mesta reynslu hafa í umfjöllun húsnæðismála hér á landi, hafa þrælkynnt sér þessi mál og stunda daglega, ef svo má að orði komast, umfjöllun um húsnæðismálin almennt eins og þau koma fyrir í raunveruleikanum hér á landi eins og þeir þekkja best.

Þeir halda áfram að tala um húsbréfakerfið og eru áfram með ýmsar athugasemdir við kosti þess og svara um leið á þann hátt sem eðlilegt er í sambandi við þessi mál:

„Raunverð fasteigna á markaði er jafna margra áhrifaþátta. Framboð og eftirspurn fasteigna og ekki síst kaupgeta ráða sennilega mestu um fasteignaverðið. Kaupgeta vegur líklega þyngst. Í því sambandi nægir að minna á þá djúpu lægð sem fasteignaverð komst í eftir 1983. Fasteignaverð náði botni 1985 en hækkaði síðan með aukinni kaupgetu. 1986 hækkuðu húsnæðislánin og í garð gengu mestu aflaár Íslandssögunnar. Að þessu tvennu samanlögðu jókst fasteignakaupgeta um meira en áður hafði þekkst.

Nú eru veitt lán til 40 ára með 3,5% vöxtum. Sveiflur á fasteignamarkaði geta því orðið í nafnverði, útborgun, kjörum á húsnæðislánum, skattastefnu og kjörum eftirstöðvalánanna sem eru 7–8% af nafnverði íbúðarinnar. Áhætta seljandans er nú mest á fyrsta árinu þegar kaupandinn greiðir útborgunina. Með tilkomu þess húsnæðislánakerfis sem við búum við nú minnkaði þessi áhætta. Lán frá Húsnæðisstofnun eru orðin svo mikilvægur þáttur útborgunarinnar að sala annarra en dýrra íbúða er orðin áhættulítil. Næstmesti áhættuþáttur seljandans er lán sem er 7–8% af nafnverði íbúðarinnar í fjögur og mest átta ár", þ.e. bankalánin.

„Með tilkomu húsbréfa mun nafnverð dýrari eigna á höfuðborgarsvæðinu hækka. Þær breytingar sem verða á greiðslukjörum dýrari eigna, ef seljendur eru tilbúnir til þess að lána kaupendum 65% af nafnverðinu til 25 ára, munu leiða til hækkunar. Ef húsbréfakerfið verður nær því að ná þeirri festu sem talsmenn þess gera sér vonir um verður það hömlulítil lánastarfsemi með ríkisábyrgð. Með tilkomu húsbréfakerfis í fasteignaviðskiptum fjölgar og breytist innbyrðis vægi áhrifaþátta á fasteignamarkaði. Verð fasteigna getur sveiflast með breytingu á nafnverði, útborgun, afföllum þegar fasteignaveðbréfum er breytt í húsbréf, vöxtum og áætluðum afföllum þegar húsbréf eru seld. Auk þess mun kaupmáttur launa og skattastefna líka hafa áhrif í húsbréfakerfi eins og þessir þættir hafa áhrif í húsnæðislánakerfi.

Síðan segja þeir, þessir fimmmenningar sem þekkja innviði Húsnæðisstofnunar: „Enn hefur enginn þurft að bíða í 34 mánuði frá umsókn til útborg-

unar láns, eins og gefið er í skyn af málsvörum húsbréfakerfisins. Enda þótt sú væri raunin er fráleitt að halda því fram að það þýði samsvarandi ósamræmi í tíma milli fjármögnunar og íbúðarviðskiptunum.

Hvað með biðröð 10.000 umsækjenda? Verður hún afgreidd á tveimur vikum eins og formælendur húsbréfakerfisins segja að skipti á fasteignaveðbréfum fyrir húsbréf taki? Hvaða afleiðingar mundi það hafa á fasteignamarkaðinn? Eða eru í raun ekki 10.000 manns í biðröðinni sem þurfa eða vilja lánafyrirgreiðslu strax?" Auðvitað er þetta einn stóri þátturinn í þeirri leiksýningu sem hefur verið höfð uppi fyrir framan alþjóð í sambandi við biðröð og allt sem henni fylgir.

„Það er algengur misskilningur að lífeyrissjóðunum sé skylt að kaupa skuldabréf Húsnæðisstofnunar fyrir 55% af ráðstöfunarfé sínu. Kaupskylda lífeyrissjóða var afnumin með tilkomu núverandi húsnæðislánakerfis. Fram að því bar lífeyrissjóðunum að kaupa af fjárfestingarlánasjóðum fyrir 40% af ráðstöfunarfé sínu. Nú semja þrír aðilar, ríkisvaldið og tvö sambönd lífeyrissjóða, um vexti til tveggja ára í senn. Síðan er það hlutverk stofnunarinnar og sjóðanna hvers um sig að semja um fyrir hve stórt hlutfall af ráðstöfunarfé sínu sjóðurinn kaupir skuldabréf. Stofnunin lítur síðan eftir að við samninginn sé staðið." — Og þarna er fólginn einn veigamesti þáttur sem settur var í núverandi kerfi, þ.e. að kaup lífeyrissjóðanna höfðu áhrif á það hve hátt lán viðkomandi lífeyrissjóðsþegi í viðkomandi lífeyrissjóði fékk hjá Húsnæðisstofnun. Ef viðkomandi lífeyrissjóður keypti ekki fyrir 55% þá bitnar það sjálfkrafa á umsækjanda eða öfugt.

Þá vil ég grípa hér niður í skýrsluna þar sem þessir fimm stjórnarmenn taka nokkuð til hvað seljandi muni lána meira en nú er:

„Með húsbréfakerfinu er gert ráð fyrir því að íbúðaeigendur á höfuðborgarsvæðinu láni mest. Þeir eiga dýrustu íbúðir á landinu og þurfa þess vegna að lána meira en þeir sem búa utan þess. Miðaldra og gamlir íbúar höfuðborgarsvæðisins eiga dýrar og skuldlausar íbúðir. Þau munu því lána mest í húsbréfakerfinu og verða fyrir mestum afföllum vegna þess að þau eru sá þjóðfélagshópur sem líklegastur er til þess að þurfa (ekki endilega vilja) að selja húsbréf á markaði. Íbúðareigendur utan höfuðborgarsvæðisins sem búa í íbúðum byggðum eða keyptum eftir 1980 lána minnst í húsbréfakerfinu. Áhrif húsbréfakerfisins munu því verða misjöfn eftir landshlutum og þjóðfélagshópum.

Nú má segja að öllum sé kunnugt um það verð sem þarf að greiða fyrir lánsfé frá Húsnæðisstofnun. Neytendaeftirlit er þess vegna öflugt. Ekkert neytendaeftirlit verður með vaxtabótum af því tagi sem fyrirhugaðar eru. Í samanburði við ástandið nú munu fáir hafa þá þekkingu sem þarf til að geta lagt mat á það hvort hann fær réttláta meðferð yfirvalda." — Þetta eru sannindi sem við þekkjum úr skattakerfinu á unanförnum árum og þess vegna hafa flestir sem hafa þurft að reyna að nýta sér þetta ákvæði í skattalögum valið auðveldustu leiðina, þeir hafa valið 10% leiðina, og þannig í stórum stíl orðið fyrir tjóni í raun og veru með því að borga hærri skatta en þeim bar.

Þá vil ég taka hér kafla sem ber yfirskriftina: „Almennt um húsbréf". Og ég vil enn á ný, vegna þess að hér hafa bæst við hv. þm. í húsið, undirstrika það að ég er hér að vitna í í greinargerð sem fimm stjórnarmenn Húsnæðisstofnunar ríkisins, sem hafa áralanga reynslu af meðferð húsnæðismála, hafa lagt fram og þeirra mat á því frv. sem hér er til umræðu sem þeir leggjast gegn af þeirri ástæðu að þeir telja að hættulegt sé, miðað við núverandi aðstæður í okkar þjóðfélagi, að samþykkja það:

„Að framan hefur verið rætt um helstu rökin fyrir „kostum" húsbréfa og þeir kostir gagnrýndir. Hér á eftir mun aftur á móti verða fjallað um nokkur atriði að auki sem lítið eða ekki hafa verið rædd að framan.

Það form skuldabréfaviðskipta sem fyrirhugað er í húsbréfakerfi, „skuldabréfaskipti", er lítið sem ekkert notað í skuldabréfaviðskiptum almennt og þekkist tæplega við fjármögnun húsnæðislána. Skuldabréfaskipti og ríkisábyrgð svipað og nú er fyrirhugað var viðhaft á tímabili hjá Veðdeild Landsbankans, en síðan fallið frá því fyrirkomulagi. Þá er fjármögnunarleið Atvinnutryggingarsjóðsins nýja skuldabréfaskipti, þar er þó ekki um sjálfvirka útgáfu að ræða né mikið magn bréfa."

Og þá kem ég að þeim þætti sem fjallar um þeirra mat á húsbréfakerfi í Danmörku sem byggir ekki á skuldabréfaviðskiptum.

„Húsbréfakerfi það sem er við lýði í Danmörku og oft er vitnað til sem dæmis um góðan framgang húsbréfa byggist ekki á skuldabréfaviðskiptum. Í Danmörku eru húsbréf seld á fjármagnsmarkaði til að afla peninga fyrir húsnæðislánasjóði sem lána út peninga gegn veði svipað og Húsnæðisstofnun gerir." Svo einfalt er málið.

„Munurinn á danska og íslenska kerfinu er því fyrst og fremst sá, að í Danmörku er peninga aflað frá lífeyrissjóðum og fleirum með sölu skuldabréfa á opnum fjármagnsmarkaði, en hér á landi er samið beint við lífeyrissjóði um kaup skuldabréfa. Útlánafyrirkomulagið er svipað hér og í Danmörku.

Skuldabréfaskipti er frumstæður viðskiptamáti því lántaki fær ekki peninga í hendurnar heldur skuldabréf sem þarf að selja. Skuldabréfaskipti er óhöndugur viðskiptamáti því lántaki þarf að geta selt skuldabréfið, en almenningur hefur oft ekki þá þekkingu og reynslu sem þarf til slíkra viðskipta, auk þess sem það krefst fyrirhafnar."

Ég þarf ekki að lýsa frekar en þeir gera hér því sem við þekkjum í skuldabréfaviðskiptum hér á landi og ekki síst þarf ég ekki í raun og veru að endurtaka það sem ég sagði hér í fyrri hluta ræðu minnar um þá reynslu sem almenningur hér á Íslandi hefur fengið af viðskiptum við verðbréfamarkaðinn. Það er nóg að vitna þar til Ávöxtunar sf. sem auglýsti í heilsíðum blaðanna og í sjónvarpi dag eftir dag um hina miklu ávöxtun fjármuna sem þeir gætu skapað fyrir almenn-

ing, um heiðarleika og traustleika í viðskiptum o.s.frv. og skoruðu á almenning sem ætti peninga að koma og afhenda þeim peningana til þess að ávaxta þá á þann besta máta sem þekktist hér á Íslandi. Ég þarf heldur ekki að rifja upp aftur áhrifin og þau rök sem nú liggja á borðinu fyrir þeim viðskiptum. Við vitum öll hvernig fór: Fjöldi, fjöldi fyrirtækja, fjöldi, fjöldi einstaklinga og fjöldi, fjölmörg heimili misstu allt sem þau áttu í sambandi við það sparifé sem þau lögðu fram til ávöxtunar og fá það aldrei í hendur aftur. Og í gangi eru málaferli o.s.frv. o.s.frv. Þetta var hreinn þjófnaður. Þarna var með ránshendi sópað til sín peningum almennings sem átti að vera til þess að efla og auka sparnað. Þess vegna er ekkert óeðlilegt þó menn óttist það og lýsi jafnframt yfir furðu sinni á því að stjórnmálaflokkar sem telja sig málsvara almennings í landinu skuli leyfa sér, að þeir skuli leyfa sér það, að leggja til að hið almenna húsnæðiskerfi verði lagt í hendur á slíkum aðilum. Og almenningur, venjulegt fólk á Íslandi, á að sækja viðskiptin í gegnum þetta kerfi. Við skulum vona og ég vona það af heilum huga að þetta kerfi hér, verðbréfakerfi, eigi eftir að þróast hér á Íslandi þannig að það nái jafnvægi og geti sannað tilverurétt sinn í þessum viðskiptum. En það er ekki fyrir hendi í dag. Þess vegna er þetta mjög alvarleg tímaskekkja sem hér er á ferðinni.

Herra forseti. Þá vil ég aftur vitna í greinargerð fimm stjórnarmanna úr Húsnæðisstofnun og þá er ég kominn að þeim kafla þar sem þeir halda því fram að húsbréf muni valda verðsprengingu á fasteignamarkaði.

Þeir segja: „Í skuldabréfaskiptakerfi eins og það liggur nú fyrir mun ekki verða krafist annars af umsækjanda slíkra skipta en greiðslugetu og veðtryggingar. Engin efri mörk eru á þeim heildarupphæðum sem Byggingarsjóði er heimilt að skipta skuldabréfum fyrir" — nema að því leyti að það má ekki gefa út í hvert skipti hærri upphæð en 5,5 millj. kr. Þetta telja fimmmenningarnir mjög varhugavert.

„Mikið hefur verið gert úr þeim biðlista og biðtíma sem nú er eftir húsnæðislánum. Jafnframt hefur verið látið að því liggja að nær fimmtungur Íslendinga muni sækja um húsnæðislán á næstu tveimur árum." Þvílík fullyrðing! „Því er haldið fram að almenna húsnæðislánakerfið muni ekki standa undir þeim kröfum sem á það eru settar. Biðlisti og biðtími muni enn lengjast og sé og verði með öllu óviðunandi, en húsbréfakerfi leysi allan vanda fljótt og vel, svo allir þeir geti fengið lán strax sem vilja. Hér hlýtur að vera pottur brotinn."

Í raun og veru mætti halda langa ræðu um þetta atriði. Það ætla ég ekki að gera en hins vegar vil ég aðeins benda á eitt. Hvað halda menn að íslenska peningakerfið og viðskiptakerfið þoli til lengdar ef ætti að færa rök fyrir nauðsynlegu húsnæðiskerfi miðað við það að það væru tugir þúsunda á hverju einasta ári, ja að minnsta kosti annað hvert ár, sem yrðu að fá lán til að byggja eða kaupa nýtt hús? Ég held að það sé kominn tími til að menn fari að standa á jörðinni og átta sig á því hver stefnan er í þessum málum. Við hvað þurfum við að miða fyrir 250 þúsund manna þjóð sem á 88.000 íbúðir í dag og 82.000 af þeim eru eigin íbúðir? Hvað halda menn? Hvert ætla menn að stefna? Ætlast menn til að hver einasti íbúi þessarar þjóðar eigi íbúðarhús, allt frá barni í vöggu og upp úr? Ég held að það sé kominn tími til að menn fari að hugsa rökrétt í þessum málum og gefa sér tíma til þess en vera ekki sífellt að gera eintómar sprengingar og breytingar út í hött, eða bara breytinganna vegna.

Þá vík ég aftur að skýrslu fimm stjórnarmanna Húsnæðisstofnunar.

„Að framan var farið yfir tölur um fjölda eigna í viðskiptum á markaði undanfarin ár. Árið 1987, þegar verðhækkanir voru sem mestar á íbúðum, seldust 10–15% fleiri íbúðir en í meðalári, enda sýna rannsóknir að framboð íbúða í endursölu er mjög háð félagslegum þáttum sem ekki breytast mikið ár frá ári. Ef sinna á þeim biðlista sem liggur fyrir og öllum þeim sem „ætla" að sækja um lán á skömmum tíma [samkvæmt ófullkominni úttekt eða spurnalista sem sendur var út á dögunum] getur það ekki haft annað í för með sér en verðsprengingu á íbúðamarkaði." Svo einfalt er málið.

„Á hverju ári eru sett lánsfjárlög sem rammi um lántökur og ábyrgðir ríkissjóðs og opinberra aðila. Lánsfjárlög eru einnig sett til að halda utan um fjármagnsmarkað og efnahagsmál í landinu. Húsbréf yrðu án takmarkana lánsfjárlaga" eins og frv. liggur fyrir. Og ég minni hér á að einn ágætur hv. þm. hefur lagt fram brtt. við frv. þar sem hann gerir ráð fyrir að takmörkun á þessu kerfi verði háð samþykkt lánsfjárlaga. Auðvitað er það alveg hárrétt hjá hv. þm.

„Húsbréfaútgáfa án takmörkunar á heimildum til útgáfu myndi verða hömlulaus og mikil ef hún á að sinna því hlutverki að allir sem þess óskuðu fengju húsbréf hjá Byggingarsjóði. Því er hætt við að offramboð verði á skuldabréfamarkaði og vextir hækki." Og nógu háir verða þeir fyrir þar sem hér er gert ráð fyrir að þeir verði markaðsvextir og háðir verðsveiflum og gengi á þeim viðskiptamarkaði sem hér á að setja upp og Seðlabankinn á að vera viðskiptavaki o.s.frv.

„Í Hagtölum mánaðarins kemur fram í stöðu útlánaflokka innlánsstofnana þann 31. des. 1988 að um 8 milljarðar kr. séu útistandandi í lánum til íbúðarhúsnæðis og byggingarverktaka. Af sjónarhóli lántakans er það sem einkennir lán innlánsstofnana til íbúðarbygginga öðru fremur dýrt lán í skamman tíma. Af sjónarhóli lánastofnunarinnar spegla vextirnir og lánstíminn afföll, kostnað og mikla lánsfjáreftirspurn.

Af húsbréfum eru ekki greiddar reglulegar afborganir. Húsbréf er yfirlýsing húsbréfadeildar Húsnæðisstofnunar ríkisins um að tilviljun ráði hvenær húsbréfið verði greitt á 3–5 sinnum lengri tíma en lánstími bankanna til fasteignaeigenda er nú [þ.e. 25 árum]. Húsbréf geta verið heppileg fyrir innlánsstofnanir, verðbréfasjóði, tryggingafélög, lífeyrissjóði og e.t.v. einhverja fleiri sem ríkistryggð bak-

trygging. Vegna þess að tilviljun ræður útborgun húsbréfanna gerir enginn greiðsluáætlun á grundvelli þeirra.“ Það er útilokað miðað við þetta lagaákvæði.

„Því er haldið fram að mikil útgáfa ríkistryggðra húsbréfa minnki og stöðvist þegar vextir og/eða afföll hafa náð vissu marki og takmarkist því af markaðslögmálunum. Þetta getur vissulega verið rétt, en þá verða vextir húsbréfa orðnir háir og þar með aðrir vextir í landinu og vextir yrðu áfram háir.

Óvissa vegna markaðshæfni húsbréfa á skuldabréfamarkaði er fyrir hendi. Stafar sú óvissa af því m.a. að húsbréfaútgáfan verður mikil í samanburði við stærð markaðarins og því að ekki hefur verið mikið um skuldabréf á markaði á því formi sem húsbréf verða.

Til að tryggja gengi húsbréfa er ætlunin að koma á viðskiptavaka sem fylgist með og tryggi verð bréfanna. Byggingarsjóður á með öðrum orðum að vera tilbúinn til að leggja út peninga til kaupa á húsbréfum á markaði“. Og hvað þýðir þetta? „Þetta þýðir að Byggingarsjóður á að haga sér eins og hundur að elta skottið á sjálfum sér, gefur út skuldabréf og kaupir þau síðan aftur.“ Svo skondið er þetta ákvæði. Því miður.

„Ef sala húsbréfa gengur illa munu þau fá háa raunvexti eða afföll og skuldabréfaskiptin sem viðskiptaform munu ekki ganga vel, það er alveg ljóst. Aftur á móti ef húsbréf ganga liðlega á skuldabréfamarkaði og fá hátt skiptagildi munu þau fá sama hlutverk sem hver annar peningaseðill.“ Og ég vil vekja athygli á því að þetta hefur komið fram í álitsgerð í þeirri gulu bók sem ungur hagfræðingur sendi hv. þm. og sendi félmn. Nd. og rökstuddi á mjög einfaldan hátt hvaða áhrif þessi viðskipti munu hafa á peningamarkað og viðskipti hér á landi.

„Útgáfa húsbréfa mun því hafa að nokkru leyti sömu áhrif og peningaprentun og verða þar með verðbólguhvetjandi.“ Þetta er nákvæmlega það sem þessi ungi hagfræðingur, sem vinnur í Þjóðhagsstofnun, sendi frá sér. Og það merkilega er að enginn af viðmælendum félmn. Nd. treystir sér til að mótmæla þessu, ekki einu sinni Bjarni Bragi frá Seðlabankanum.

„Í hinu danska húsbréfakerfi er innbyggt jafnvægi,“ ég held að rétt sé að undirstrika það, „því ekki eru gefin út fleiri bréf en hægt er að selja fyrir peninga.

Áður hefur verið farið yfir áhrif húsbréfa á markaði og þau áhrif sem húsbréf mundu hafa þar ef ekki er sett þak á heildarútgáfu þeirra. Ef þak verður sett á útgáfuna munu fyrrnefnd atriði verða hættuminni. Eftir sem áður verða húsbréf verri lausn en núverandi útlánafyrirkomulag. Þetta stafar af því að í almenna húsnæðislánakerfinu eru úthlutunarreglur til að tryggja forgang“ — og nú vil ég að menn taki eftir: Í núverandi kerfi „eru úthlutunarreglur til að tryggja forgang að fjármagni til þeirra sem eru að eignast fyrstu íbúð og þeirra sem búa í þröngbýli“. Þetta er mikilvægt atriði og hvað sem líður öllum biðröðum hefur þetta mjög mikið gildi í okkar húsnæðiskerfi í dag. „Í húsbréfakerfi eru engin félagsleg sjónarmið. Í húsbréfakerfi með takmörkuðu fjármagni, hærri heimildum til lána á dýrari íbúðum og sömu réttindum hinna betur settu og þeirra sem hjálpar eru þurfi er óhjákvæmilegt að núverandi forgangshópur í almenna kerfinu verður verr settur.“

Ég hef komið áður að því, bæði í fyrri ræðu minni og nú, að það er einmitt þetta atriði sem er mikilvægt miðað við þá stefnu sem Ísland hefur haft í húsnæðismálum, að það eru þeir sem eiga margar eignir og dýrar og stórar eignir sem fá forgang í þessu nýja kerfi sem verið er að setja á, fram yfir hina í flestum tilfellum því að ráðgjafinn fyrir þetta fólk — það er fasteignasalinn og það er verðbréfasalinn. Það er ekki ráðgjafarstöð Húsnæðisstofnunar. Og hverjir hafa forgang af þessum aðilum? Auðvitað þeir sem hafa alla möguleika til þess að snúa sér við í þjóðfélaginu.

„Ef húsbréfakerfi verður sett upp“ — þá vitna ég aftur, herra forseti, til stjórnarmannanna fimm — „til hliðar við núverandi almenna kerfið þá mun húsbréfakerfið sjúga til sín fjármagn úr almenna kerfinu. Umsækjendur í almenna kerfinu munu þá þurfa að bíða lengur eftir afgreiðslu og þar með verður forgangshópurinn verr úti.“ Er þetta eitthvað óraunhæft? Það þarf ekki annað en að lífeyrissjóðirnir kippi til baka 20–30% af því fé sem þeir láta til Byggingarsjóðs ríkisins í dag. Hvað þýðir það? Það þýðir það að fjármagn Byggingarsjóðs ríkisins dregst sjálfkrafa saman og þar með verða þeir sem þar verða eftir fyrir högginu.

Þá held ég að sé rétt að vitna í einn hlut sem þeir fimmmenningar fullyrða sem er e.t.v. ekki þýðingarminnst af þessu öllu saman, þegar við erum að tala um hið mikla fjármagn sem lífeyrissjóðirnir hafa til ráðstöfunar, en þeir fullyrða að húsbréfakerfið muni draga fé frá atvinnuvegum þjóðarinnar.

„Á tímum krafna um minnkandi ríkisábyrgðir á fjármagni og sjóði til lánveitinga í atvinnulífi er ljóst að húsbréf munu fá meiri rétt til ábyrgðar ríkissjóðs en annað fjármagn.“ Það er alveg ljóst. „Ábyrgðir ríkissjóðs á fjármagni til húsnæðismála munu aukast og gefa forgang á það fé sem nú fer til atvinnuveganna. Ef markmiðið með húsbréfunum er að útvega meira fé eða gefa fasteignaeigendum forgang að meira fé en nú er raunin, þá eru aðrar leiðir en húsbréf vænlegri til þess.“ Og ég vil sérstaklega undirstrika þetta atriði vegna þeirrar einföldu ástæðu að allir hv. alþm. hér vita það fullvel að atvinnufyrirtækin á Íslandi eru á heljarþröm ef svo má að orði komast. Og hvaðan þurfa þeir að fá fjármagnið? Þaðan sem það er helst á lausu. Og hvar er fjármagnið helst á lausu? Það er í lífeyrissjóðum landsins eftir þá breytingu sem var gerð 1986 að lífeyrissjóðsiðgjöld eru nú greidd af öllum launum, ekki aðeins dagla launum eins og áður var, þannig að fjármagn lífeyrissjóðanna eykst með ári hverju og er að verða mjög stór þáttur í peningakerfi þjóðarinnar. Þess vegna er það mjög miður að nú á að gefa lífeyrissjóðunum lausan tauminn. Og hvert fara þeir með sitt fjármagn?

Auðvitað í ríkistrygginguna. Þeir geta farið og fengið stimplað með ríkisábyrgð á það sem þeir kaupa. En hvað fá þeir hjá atvinnuvegunum? Við skulum taka frystihús einhvers staðar í þorpi úti á landi sem rambar á barminum, þar sem eru 100–200 manns í atvinnu og þarf að fá peninga, 5 millj., 10 millj., eða 20 millj., til þess að halda uppi rekstrinum. Lífeyrissjóðurinn er við hliðina. Haldið þið að viðkomandi lífeyrissjóður fari að lána viðkomandi fyrirtæki, sem er á hausnum eða við það að fara á hausinn, fjármagnið? Auðvitað ekki. Hann fer og tilkynnir: Peningar eru lausir til að kaupa húsbréf, ríkistryggð. Og hann vill þau jafnvel frekar en ríkisskuldabréfin sjálf sem ríkið gefur út.

Þetta tel ég vera mjög alvarlegt mál. Það hefur verið, að mati fimmmenninganna að ég orði það svo, „gagnrýnt að offjármögnun sé í almenna húsnæðislánakerfinu því hægt sé að fá lán á lágum vöxtum til annarra nota en íbúðarhúsnæðis". Það hefur gengið sú saga að menn taki lán í húsnæðiskerfinu sem á ekki að vera hægt og ef það er gert í undantekningum er það svindl. „Í húsbréfakerfi þar sem aðeins er krafist veðs eða greiðslugetu til að fá húsbréf verður mun auðveldara að fá ríkistryggt fjármagn á tiltölulega hagkvæmum kjörum en nú er mögulegt í almenna kerfinu." Þetta er alveg ljóst. Það verður ekkert fjallað um viðkomandi umsækjanda í Húsnæðisstofnun eftirleiðis. Hann bara kemur með tilskrif frá fasteignasala, kaupsamning, og hann er lagður til grundvallar og kannski skattaframtal um það að viðkomandi aðili hafi efni á að borga það til baka. Slík er breytingin.

„Þess verður að geta að hvert sem gengi eða vextir húsbréfa verða munu þau verða hagkvæmari fjármögnunarkostur en hinn opni almenni skuldabréfamarkaður og því verður sótt í húsbréfafjármagn eftir krókaleiðum" til að nota til annarra hluta. Til að kaupa bíla, til að kaupa húsgögn, til að fara í ferðalög o.s.frv. Það eru engar hömlur og engar bremsur á þessu í frv., ekki til. „Aðferðir til að fá út húsbréfafjármagn eru einfaldar. Íbúðareigandi sem á skuldlitla íbúð selur og fær greitt með húsbréfum. Síðar kaupir sami maður aftur aðra íbúð og þá á skuldabréfi sem hægt er að breyta í húsbréf. Húsbréfunum, sem fengust greidd fyrir fyrri íbúðina, er þá hægt að halda eftir og nota fjármagnið til annarra hluta." Svona er einföld leið fyrir þá sem eiga húseignir og fjármagn. Hvar eru bremsur gegn þessu í frv.? Hvergi. „Ættingjar eða kunningjar munu geta skipt á íbúðum sín á milli, fengið út húsbréf og skipt síðan aftur á íbúðum, sem þá vissulega væru með veði fyrir því fjármagni sem reitt hefur verið af hendi."

Þetta er aðeins lítið dæmi frá þessum reyndu húsnæðismönnum okkar sem þeir sýna fram á miðað við það sem þeir þekkja í húsnæðiskerfinu á Íslandi í dag gegnum verðbréfasala og fasteignasala.

„Ekki er betur hægt að sjá en að sú innri fjármögnun sem átti að fást með húsbréfum muni hverfa fyrir lítið og fjármagn fari úr húsbréfakerfinu beint til annarra nota en því var ætlað." Þetta er niðurstaða þessara reyndu manna og ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að fara frekar í þessa ágætu skýrslu sem er á milli 20 og 30 blaðsíður, en ég held að rétt væri að hv. þm. sem hafa áhuga fyrir að skoða málið ofan í kjölinn frekar en að binda sig einhverju samkomulagi um að fylgja frv. sem þeir hafa ekki einu sinni eigin sannfæringu fyrir gæfu sér tíma til að lesa þessa greinargerð. Hér er ekki pólitík, hér er ekki neitt nema staðreyndir manna sem þekkja kerfið. Það sem ég hef lesið afsannar rækilega þá fullyrðingu hæstv. félmrh. að hér séu menn úti í bæ sem hafi annarleg sjónarmið fram að færa. Þetta eru nefnilega nákvæmlega staðreyndir og rök sem þessir menn setja fram af þekkingu þeirri sem þeir hafa í sambandi við meðferð húsnæðismála í gegnum árin. Þess vegna er það sorgleg staðreynd ef hv. þm. gefa sér ekki tíma til að lesa slíkar staðreyndir heldur binda sig við borð um það að fylgja frv. sem þeir hafa ekki lesið og ekki gert sér grein fyrir hvaða afleiðingar hefur, a.m.k. margir hverjir.

Herra forseti. Ég hef rakið hér ýmislegt sem fram kemur í ítarlegri greinargerð fimm stjórnarmanna — en ég vil fullyrða að að baki þeirra er öll Húsnæðisstofnun í raun á sama máli. Ég hef talað við fjölda af fólki, starfsfólki í Húsnæðisstofnun, fólki sem veitir forstöðu deildum í Húsnæðisstofnun, og það er nákvæmlega á sama máli og fimmmenningarnir. Og það er margt athyglisvert í sambandi við meðferð þessa máls. Það er nefnilega staðreyndin, eins og ég hef haldið fram áður, að undirbúningur þessa máls er unninn af allt öðrum en þeim sem að þessum málum vinna í raunveruleikanum dag frá degi. Þeir eru ekki hafðir með í ráðum. Það eru aðrir sem eiga að hafa betur vit á þessum málum sem í raun hafa ekki komið nálægt útfærslu á húsnæðiskerfi þjóðarinnar eða þreifað á daglegum kjörum fólks sem þarf á húsnæði að halda.

Það er því ljóst að sú lagabreyting, sem hér er verið að þvinga fram með þeim hætti sem hér hefur verið rækilega lýst og ekki síst í ræðu hv. 17. þm. Reykv. sl. föstudag og laugardag, og þetta mál allt er tímaskekkja. Skynsamlegast er að fresta málinu og setja niður nefnd hæfustu manna á breiðum grunni til að endurskoða allt húsnæðiskerfið og móta heildarstefnu til framtíðar, bæði í almenna og félagslega kerfinu, en ekki með hrossakaupum og þvingunum eins og hér er verið að gera. Við þurfum nefnilega sátt — það er best að taka upp orð sem sumir hv. stjórnmálamenn nota gjarnan — þjóðarsátt um svo stóran málaflokk, ekki síst með tilliti til hins alvarlega ástands í atvinnumálum og þá fyrst og fremst í byggðamálum í landinu. Þetta húsbréfakerfi mundi augljóslega leiða til aukinnar þenslu hér á þéttbýlissvæðinu og óeðlilegra áhrifa á verðbréfamarkaðinn eins og raunar kemur fram í áliti fimmmenninganna sem ég hef áður vitnað til. Það mun soga til sín fjármagn frá atvinnuvegunum, sem ég hef einnig rökstutt í sambandi við fjármagn lífeyrissjóðanna, og það mun því enn veikja þar með stöðu landsbyggðar og verða raunar öllum til tjóns.

Ég vek enn athygli á því sem fram hefur komið að engar raunverulegar upplýsingar hafa fengist um áhrif þessa frv. á fjármagnsmarkað, fasteignamarkað eða þensluáhrifin. Engin opinber stofnun hefur treyst sér til að leggja slíkt mat fram. Og ég vil minna á það, og það kom fram á fundum félmn. Nd., að Seðlabanki Íslands, sem ætti að ráða yfir mestri þekkingu og mestum mannafla á þessu sviði, var aldrei beðinn um að gera slíka úttekt eða leggja hana fram. Ég vil taka það fram hér að það sérfræðingaálit, sem hæstv. ráðherra hefur verið að segja frá opinberlega að hafi verið lagt fram og styðji tilgang þessa frv., tel ég ekki marktækt af þeirri einföldu ástæðu að það er lagt fram án þess að grundvallast á neinni raunhæfri úttekt sem gerð hafi verið. Það er staðreynd. Þetta segir sína sögu. Og þeir aðilar sem mæla sterklegast og mest með frv., hverjir eru þeir? Það eru fulltrúar verðbréfasala og fasteignasala í landinu. Þeir bíða eins og vetrarvertíð sé að skella á. Þeir eru tilbúnir í slaginn, þeir segja það sjálfir. Við bíðum eftir gúrkutíð í sambandi við húsbréfakerfið, segja þeir, vegna þess að við vitum að það mun flæða yfir okkur og það mun rétta við þau viðskipti sem við þurfum að stunda og þurfum að græða á. Þetta er svo einfalt mál. Í raun og veru væri fyrir almenna borgara í þessu landi og fyrir okkur almenna þingmenn nóg að líta til þessa þáttar eins, og taka þá upp í umræðuna Ávöxtun sf. og fleiri slík fyrirtæki sem hafa arðrænt almenning í landinu á undanförnum missirum rækilega. Það er eðlilegt að þessir aðilar vilji fá þá gúrkutíð aftur. Þeir bíða eftir þessu. Ég held að það sé ástæða til að hv. alþm. hugsi þetta örlítið rækilegar.

Nú skal ég taka það aftur fram að ég er ekki að mæla gegn öflugum verðbréfaviðskiptum og öðru slíku hér á landi, síður en svo. Ég tel að við þurfum að efla slíka starfsemi. En hún þarf að komast í jafnvægi ásamt öðrum peningamálum þjóðarinnar. Þetta jafnvægi er ekki fyrir hendi og þess vegna er ekki tímabært, það er algjör tímaskekkja að setja svona furðulegt frv. fram eins og hér hefur verið gert og ég geri frekar ráð fyrir því að flestir ráðherrar núv. ríkisstjórnar líti heldur niður þegar þeir hugsa til þess sem þeir eru að stuðla að hér í þessu frv., enda hef ég séð þá marga gera það.

Herra forseti. Það var aldrei meining mín að fara að keppa um einhvern sérstakan ræðutíma hér í þessum umræðum. Ég ætlaði ekki að gera það, en ég vil taka það fram aftur og aftur og ég tala hér vegna þess að ég hef sannfæringu fyrir því að hér er verið að gera ranga hluti. Þess vegna tala ég um þetta hér. Og ég vil bæta því við að mér finnst það orðið ansi aumt og það sé erfitt að sætta sig við það öllu lengur að Alþingi skuli láta hafa sig í það þing eftir þing í vaxandi mæli að setja hér löggjöf, afgreiða frumvörp sem menn eru ekki einu sinni búnir að fá sannfæringu fyrir að standi á traustum grunni eða séu í samræmi við þá skoðun sem þeir hafa. En samt sem áður láta menn sig hafa það að koma svona frumvörpum í gegn, gera þau að lögum og jafnhliða að segja sem svo: Ég skal gera þetta ef við setjum milliþinganefnd sem endurskoðar viðkomandi lög áður en þau taka gildi sem gæti breytt lögunum til samræmis við það sem við kannski vildum. Svona vinnubrögð finnst mér vera að færast í vöxt á Alþingi.

Ég er að vísu ekki búinn að vera hér nema 10–12 ár, en mér finnst að þetta sé að verða sífellt verra og verra ástand. Þetta hlýtur að draga niður virðingu Alþingis og þetta hlýtur að draga niður virðingu á þeim lögum sem Alþingi setur undir slíkum pressukringumstæðum. Það er alls ekki við hæfi að ráðherrar í ríkisstjórn skuli leyfa sér að viðhafa svona vinnubrögð eins og hér hefur verið gert og segja bara: Ef ég fæ ekki þetta þá er ég hættur, ef ég fæ ekki þetta þá fer ég, ef ég fæ ekki þetta þá geri ég verkfall, mæti ekki í ríkisstjórn! Hvers konar vinnubrögð eru þetta? Halda menn virkilega, þingmenn hér 63 að tölu, að það sé ekki kominn tími til að menn fari að átta sig á því að löggjöf á ekki að koma á einhverju færibandi? Löggjöf á að vanda það vel að við eigum að gefa okkur langan, langan tíma, jafnvel tvö þing, jafnvel þrjú þing til að setja lög sem við ætlum að vanda vel og þjóðin á að búa við um framtíð. En því fer fjarri að það sé gert í þessu tilfelli. Hér er verið að þvinga fram löggjöf sem verður almenningi í landinu til tjóns og Alþingi til skammar. Það er ég alveg handviss um. Því ég hef enga trú á því að milliþinganefnd, sem kann að verða sett, hvort sem það verða hvítþvegnar hv. kvennalistakonur eða einhverjir aðrir, muni ráða við þær breytingar sem þyrfti að gera í þessum málum. Breytingin er auðsæ í mínum huga. Við eigum að láta núverandi kerfi gilda a.m.k. í fimm ár, sníða af því ýmsa annmarka, laga það að því að ná jafnvægi. Síðan eigum við að hugsa til framtíðar.

Og nú ætla ég, herra forseti, að bera fram nokkrar spurningar til hæstv. ráðherra. (**Gripið fram í:** Kallaðu á hann.) Hæstv. ráðherra hlýtur að vera hér því að hann gæti ekki án þess verið að hlusta á ræðumann sem hér stendur. Þær spurningar sem mig langar til að leggja fyrir hæstv. ráðherra eru nú ekki í sjálfu sér viðamiklar, en þó:

Í fyrsta lagi langar mig til að spyrja að því hvernig Byggingarsjóður ríkisins muni standa að vígi til að fullnægja lánaafgreiðslu eftir að hafa misst 20–30% fjármagns frá lífeyrissjóðum.

Og þá vil ég í öðru lagi spyrja: Í öllu þessu mikla starfi þeirra, að því að sagt er, sem sömdu þetta frv. fyrir hæstv. ráðherra, hvers vegna var ekki hægt að fá neinar upplýsingar um væntanlegar reglugerðir um framkvæmd væntanlegra laga í mörgum meginþáttum? Hvers vegna var ekki hægt að fá þetta á borðið í allan þennan tíma?

Í þriðja lagi: Er það rétt sem fulltrúi verðbréfafyrirtækja heldur fram að húsbréf samkvæmt lögunum verði gefin út í mismunandi formi, t.d. til eins árs, fimm ára, 10 ára, og í smáum einingum, t.d. 50 þús., sem nota megi í öðrum viðskiptum? Þetta fullyrða verðbréfasalar á Íslandi í dag og margir leggja eyrun við og trúa. Er þetta hægt, hæstv. ráðherra?

Í fjórða lagi: Hæstv. ráðherra og raunar aðrir

talsmenn Alþfl., sem eru nú venjulega kokhraustir, hafa haldið því fram að með tilkomu húsbréfa eigi unga fólkið, sem hefur í núgildandi lögum forgang til hærri lána en aðrir og styttri lánstíma, að hafa forgang til lána í gegnum húsbréfin sem taki aðeins tvær til þrjár vikur að fá afgreiðslu á. Hvar í frv. er sú stýring sem ætlað er að tryggja ungu fólki eða fólki með sérþarfir þennan aðgang að húsbréfum með markaðsvöxtum? Hvar?

Í fimmta lagi: Hæstv. ráðherra hefur einnig sagt í fjölmiðlum að fólk úti á landi fái nú loksins aðgang að lánakerfi sem auðveldi því að fá lán. Hvar er slík stýring í þessu kerfi? Ég hef ekki fundið hana. Auðvitað er þetta blekking.

Í sjötta lagi: Hvað er áætlað að húsbréfadeildin, sem í upprunalega frv. átti að vera sérstofnun í Húsnæðisstofnun með sérforstjóra o.s.frv., ráðherraráðnum, hvað er áætlað að húsbréfadeildin muni kosta Húsnæðisstofnun? Það hlýtur að vera komin áætlun um það.

Í sjöunda lagi: Getur hæstv. ráðherra staðfest að það sé rétt túlkun að samkvæmt húsbréfakaflanum geti hver sem er, jafnt stóreignamenn sem aðrir, fengið ríkistryggð húsbréf, þakið sé aðeins 5,5 millj. ríkisábyrgð pr. íbúð? Hvar eru hömlur á því að viðkomandi aðili geti ekki komið fimm, sex eða sjö sinnum með slíkar íbúðir og krafist ríkistryggðra bréfa? Ég finn hvergi þessa takmörkun í frv. Hvergi.

Það væri gott að fá upplýsingar um eitthvað af þessu sem ég hef hér spurt um því auðvitað skiptir þetta máli.

Það er nefnilega þannig, herra forseti, að fólk hér á landi hefur fengið að sjá í gegnum sjónvarpið, bæði Stöð 1 og Stöð 2, glansmynd af þessu. Ég minnist þess í sjónvarpsþætti sem var ekki alls fyrir löngu þar sem hv. þm. Alþfl., sem nú er að fara í virðulegt embætti til Genfar, dró upp glansmynd fyrir alþjóð af því hvað þetta væri nú aldeilis dásamlegt sem ætti að taka við. Það gátu allir fengið íbúð, allir fengið lán í gegnum húsbréfakerfið, bara ganga inn með kaupsamning sem sýndi veðhæfni og það að menn gætu staðið undir þessum ódýru og hagstæðu lánum, með markaðsvöxtum, allt hitt væri úr sögunni, það væri hægt að ganga frá þessu á tveimur til þremur vikum. Þetta sagði hann fyrir framan alþjóð alveg nákvæmlega eins og hæstv. ráðherra hefur leyft sér að segja, ekki aðeins hér inni á hv. Alþingi heldur einnig í viðtölum við útvarp og sjónvarp og alla fjölmiðla sem til eru.

Og ég gleymdi einu. Ég gleymdi að hafa með mér hérna niður eftir bréf sem kom inn um lúguna á minni íbúð ekki alls fyrir löngu. Það er rautt kver, þar sem öll dýrðin er nú dásömuð. Og það sem er meira, að ég fór að grennslast fyrir um það bara svona að gamni mínu hvað þetta væri nú víðtækt framtak hjá hinum sterka Alþfl. og þá fékk ég þær upplýsingar í einni prentsmiðju hér í bæ að það hefðu verið gefin út 80 þúsund eintök af þessum bæklingi. Það segir að það á að senda þá í allar 82 þúsund íbúðir á Íslandi eða 86 þúsund eða hvað það er og þannig er því dreift um landið. Og ég verð að segja að það er ekki furða þó að kratarnir á Íslandi séu hressir með öll þessi góðu mál eins og þeir halda á þeim og auðvitað sópast til þeirra fylgi. En ég bara segi fyrir mig, ég á sæti í stjórnmálaflokki sem á varla bót fyrir rassinn á sér og á ekki einu sinni fyrir nauðsynlegum launum frá degi til dags. Hvernig í ósköpunum fara kratarnir á Íslandi að því að geta gefið svona út í 80 þúsund eintökum? Það er bara heilt spurningarmerki. En ég óska þeim til hamingju með það eigi að síður. Þetta hlýtur að vera sérstakt afrek. Og ekki efast ég um það að fylgið sópast til þeirra eftir þessa útgáfu. Það hlýtur að koma fram í næstu skoðanakönnun. (**Gripið fram í:** Heldurðu það?) (**ÞP:** Ekki sýnir það sig.) Ja, miðað við reynsluna frá fyrri árum. Það má lesa það í öfugu hugtaki.

Herra forseti. Ég held að ég fari nú senn að ljúka máli mínu. Ég hafði aldrei gert mér grein fyrir því að ég gæti talað hér í tvo klukkutíma, en svo er nú komið. En mig langar til að enda þetta spjall mitt og ég vil endurtaka að þessi ræða er hér sett fram vegna þess að ég tel mig hafa nokkra reynslu og ég tel mig hafa tilfinningu fyrir því hvernig þetta mál allt saman er upp sett og hvernig það muni virka á íslenskt þjóðfélag og ég hef tilfinningu fyrir því hvað ég tel að þurfi að gera til að sinna þessum málum.

Hvers vegna er ég að mæla gegn þessu frv.? Ég er að sjálfsögðu að verja stefnu Framsfl. sem flokksþing og miðstjórn hefur staðfest. Auðvitað er ég að því í leiðinni, þó að ég sé ekki í hópi þeirra þingmanna flokksins sem hafa látið beygja sig undir það að hjálpa forsrh. til þess að missa ekki hæstv. félmrh. úr ráðherrastólnum. Ég hef nefnilega mína skoðun á þessum málum og ég tek ekkert tillit til þess hvort einn ráðherra fer eða kemur. Ég bara hef mína eigin sannfæringu og ég tel mig hafa leyfi til þess að tala af nokkurri reynslu í sambandi við þetta mál.

Þörfin fyrir að kollvarpa því húsnæðiskerfi sem við búum við í dag er alls ekki til staðar, ég vil endurtaka það. Þegar núgildandi lög voru sett í samráði við aðila vinnumarkaðarins var gert ráð fyrir því að eftir 4–5 ár yrði náð jöfnuði í þessu kerfi. Og það er ekkert sem sannar það að svo sé ekki í dag. Í núgildandi lögum eru ákvæði, ef þeim er beitt, sem munu stytta biðröð eftir lánum og útiloka þá sem ekki hafa brýna þörf fyrir lán. Þetta er hægt gegnum ákvörðun um vexti sem hægt er að framkvæma án lagabreytinga á einum degi. Og ég vil bara undirstrika það hér að hæstv. núv. ráðherra hefur haft möguleika til þess í gildandi lögum í rúm tvö ár að beita þessum ákvæðum til þess að rétta við stöðu byggingarsjóðanna, en hann hefur ekki gert það, hæstv. ráðherra, vegna þess að hann kom í ráðherrastól til þess að eyðileggja það kerfi sem sett var 1986 eins og berlega hefur komið í ljós.

Ég tel ekki tímabært að taka upp þetta kerfi, húsbréf. Íslenskur peningamarkaður, verðbréfakerfið og fasteignasalar hafa ekki náð jafnvægi eða styrkri stöðu í dag og hafa því alls ekki þá burði sem til þarf til að tryggja slíkt kerfi svo það valdi ekki skaða fyrir einstaklinga og orsaki þenslu og óvissuástand og þar

með verðbólgu. Þetta er samandregið það álit sem ég hef á þessu atriði og ég vil endurtaka enn: Ég er alls ekki með þessu að segja að þessir aðilar, verðbréfakerfið, fasteignasalar o.s.frv. eigi ekki rétt á sér og að þörf sé fyrir þá í nútímaþjóðfélagi. En það verður að standa á styrkum stoðum og peningakerfið á Íslandi verður að vera búið að ná þeim jöfnuði sem til þarf til þess að það sé hægt að nota slíkt kerfi svo að öruggt sé, samanber dæmi.

Markaðsvextir á allt húsnæðiskerfi þjóðarinnar er ákvörðun sem ekki er hægt að taka allt í einu án þess að tryggja félagslegt réttlæti jafnhliða. Samkvæmt frv. er þetta ekki tryggt. Þess vegna hlýtur það að valda mikilli óvissu og fjárhagstjóni fyrir fjölda fólks á Íslandi. Húsnæðislöggjöf á Íslandi verður um langa framtíð að tryggja félagslegt réttlæti. Þessi ríkisstjórn, sem kennir sig við félagshyggju og jöfnuð eða hvað það nú heitir, getur ekki kastað þessu ákvæði fyrirvaralaust fyrir borð í húsnæðiskerfi þjóðarinnar. Þetta vil ég sérstaklega undirstrika. Því miður eru hér engir hæstv. ráðherrar til að hlusta á þetta, enda er þeim e.t.v. alveg sama.

Að síðustu. Við eigum að gefa okkur góðan tíma til að endurskoða og móta stefnu í húsnæðismálum til framtíðar. Það verður að gera í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins, launþega, lífeyrissjóði og bankakerfið í landinu. Um slíka heildarendurskoðun og stefnu þarf þjóðarsátt. Þetta er það sem vantar. Þetta er það sem aldrei hefur mátt tala um í alvöru. Menn hafa alltaf viljað gera einhverjar bráðabirgðabreytingar sem hafa svo virkað öfugt miðað við það sem að var stefnt. Allir stjórnmálaflokkar á Íslandi eiga nóg af vel menntuðu fólki sem getur lagt hér hönd á plóginn í samstarfi við fulltrúa fólksins í öðrum samtökum. Við Íslendingar eigum og þurfum allir að eiga kost á góðu húsnæði, bæði á eigin vegum og eftir því kerfi sem hefur reynst okkur best í gegnum áratugina, verkamannabústaðakerfið.

Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessar umræður öllu lengur, en ég vil aðeins að lokum endurtaka það sem ég sagði í því nál. sem er á þskj. 1035 og ég fór gaumgæfilega yfir sl. laugardag í ræðu minni, en þar segir:

„Af framansögðu er ljóst að 3. minni hl. telur að samþykkt þessa frv. sé hættuleg fyrir húsnæðiskerfið í heild og muni valda þenslu og verðbólgu og jafnframt auka ójöfnuð fyrir fólkið í landinu. Undirritaður mun því styðja tillögu um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar. Nái hún ekki fram að ganga greiðir hann atkvæði gegn frv."

Herra forseti. Ég bið afsökunar á að reyna á þolinmæði forseta, en ég hef lokið máli mínu.

Frsm. 4. minni hl. félmn. (Kristín Einarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. 4. minni hl. félmn. sem er á þskj. 1037.

Fljótlega eftir að breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins tók gildi 1. sept. 1986 kom í ljós að áhrif breytinganna voru stórlega vanmetin af þeim sem lögðu fram frv.

Breytingin olli hækkun íbúðaverðs, hækkun vaxta á lánamarkaði og mikilli þenslu. Biðtími eftir lánum er orðinn mjög langur og skortur á leiguhúsnæði og félagslegu húsnæði mjög tilfinnanlegur.

Það er því fyllilega tímabært að taka húsnæðislánakerfið til gagngerrar endurskoðunar, ekki eingöngu almenna hlutann heldur kerfið í heild og marka framtíðarstefnu í þessum málum.

Ég tel húsbréfakerfið geta orðið á ýmsan hátt til bóta. Skipti á íbúðum verða einfaldari. Stærri hluti láns verður á einni hendi. Seljendur búa við meira öryggi um verðmæti, tryggingu og söluhæfi þeirra bréfa sem þeir fá í hendur við íbúðasölu.

Hins vegar er ekki hægt að búast við að þetta kerfi leysi þann mikla húsnæðisvanda sem nú er til staðar. Ekki fá staðist fullyrðingar um að með upptöku húsbréfakerfis geti allir sem á þurfa að halda fengið lán, með stuttum fyrirvara, fyrir hærri hluta af verði fasteignar og jafnframt að afborganir verði minni en í núverandi kerfi. Og um leið verði um minni útgjöld fyrir ríkissjóð að ræða. Hvaðan eiga peningarnir að koma? Mér finnst þetta hálfgert hókus pókus. Kerfið getur verið ágætt, en það leysir ekki allan vanda eins og haldið hefur verið fram, m.a. í þessum rauða bæklingi sem vitnað var til hérna áðan og stenst auðvitað engan veginn. Sagt er að með samþykkt frv. sé stuðlað að víðtækari og meiri innri fjármögnun húsnæðiskerfisins en verið hefur. Ekki verður þó séð að það gerist nema að mjög takmörkuðu leyti. Þannig hefur verið áætlað að þessi aukning muni aðeins nema um 1000–2000 millj. kr. á ári, en tölur upp í 3000 millj. kr. hafa verið nefndar. Þegar húsbréfakerfið verður tekið upp er gert ráð fyrir að lán til hvers umsækjanda muni verða að hámarki 5,5 millj. kr. Ef gert er ráð fyrir að þessi hækkun hámarkslána verði til þess að meðallán verði 4,5 millj. kr. verður um 2 millj. kr. hækkun á meðalláni að ræða. Ef 1000 lánsumsækjendur af þeim sem nú eru í biðröðinni, sem sögð er vera upp á 10 þúsund manns, sækja um lán í húsbréfakerfinu þarf 2000 millj. kr. til að hækka lán til hvers þeirra um 2 millj. kr. þannig að útkoman hlýtur að vera að færri lán verða afgreidd. Ég get ómögulega séð hvernig í ósköpunum þessar fullyrðingar sem hér hafa verið uppi hafðar fá staðist. Peningarnar verða ekki búnir til úr engu.

Jafnframt þessum breytingum hefur ríkisstjórnin boðað að vextir muni hækka á lánum Byggingarsjóðs ríkisins sem mun hafa í för með sér aukna greiðslubyrði fyrir fjölda lántakenda. Þessi aukna greiðslubyrði kemur að sjálfsögðu á þau lán sem koma frá Byggingarsjóði ríkisins en Kvennalistinn lagði áherslu á það og finnst það skipta mjög miklu máli að vextir hækki ekki á þeim lánum sem nú þegar er búið að taka.

Það kom fram í máli hv. 17. þm. Reykv. hér annaðhvort á föstudag eða laugardag að hann taldi þetta mjög misráðið og fannst það mikið óréttlæti að vextir á lánum til þeirra sem nú þegar væru búnir að fá lán mundu ekki hækka einnig ef vextir úr lánum Byggingarsjóðs ríkisins mundu hækka. Því er til að

svara að auðvitað er aldrei hægt að fullnægja öllu réttlæti í þessum efnum, en það verður að muna eftir því að fólk er nú þegar búið að gera áætlanir miðað við þá vaxtabyrði sem það hefur nú, 3½% vexti, og það væri að koma aftan að fólki ef vextirnir væru hækkaðir afturvirkt. Þannig að auðvitað verður það meiri greiðslubyrði sem kemur á það fólk sem fær lán núna, en ég tel alveg ófært og Kvennalistinn taldi það ófært að vera að hækka vexti á þegar teknum lánum. Þess vegna er það lagt til í samkomulagi um húsnæðismál sem er punktur nr. 3 á fskj. með nál. á þskj. 1037.

Samhliða þessu frv. er flutt annað frumvarp (349. mál) sem gerir ráð fyrir að í stað vaxtaniðurgreiðslna í núverandi kerfi komi vaxtabætur þar sem upphæð bóta er bæði háð tekjum og eignum. Miklu varðar að framkvæmd þess máls verði ótvírætt á þann veg að opinber stuðningur vegna húsnæðiskaupa sé í þágu hinna tekjulægri, en það var ein af forsendum þessara breytinga að aðstoð hins opinbera kæmi einmitt fyrst og fremst til þeirra sem hefðu lægri tekjur og ættu minni eignir. Að vísu er búið að rugla svolítið í þessu frv. þar sem nú hefur verið gert samkomulag um það að vextir á lánum Byggingarsjóðs ríkisins verði aldrei hærri en 4½% og þá er erfitt að gera sér í hugarlund hvernig þessi tvö kerfi geta gengið hlið við hlið, annað með markaðsvöxtum og hitt með niðurgreiddum vöxtum. Hlýtur að liggja í augum uppi að fólk mun frekar vilja taka lán úr Byggingarsjóði ríkisins með lægri vöxtum þó það þurfi að bíða einhvern tíma. Þetta samkomulag virðist því á vissan hátt breyta einni meginforsendu fyrir upptöku húsbréfakerfis. Að vísu langar mig til að spyrja hæstv. ráðherra í hverju þessi yfirlýsing felist. Það virðast vera tvær túlkanir á því sem fram kemur í nál. á þskj. 1033. Mér virðist ótvírætt hvað þarna er átt við, að vextir af lánum Byggingarsjóðs ríkisins verði ekki hærri en 4½%. Mér finnst ekki hægt að misskilja það.

Margir þeirra sem nú eru á biðlista um lán hjá Byggingarsjóði ríkisins munu falla frá lánsumsókn þar sem einhverjir þeirra eru að sækjast eftir láni með niðurgreiddum vöxtum en ekki til íbúðarkaupa. Þetta er að vísu mjög háð því hverjir markaðsvextirnir verða og háð því hvernig þetta samkomulag verður túlkað sem þarna kemur fram. Óljóst er hversu stór þessi hópur muni verða en margar breytingar hafa verið gerðar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins til að reyna að útiloka þennan hóp. Og ég man ekki betur en að það hafi verið fljótlega eftir að núv. hæstv. félmrh. tók við starfi að flutt var frv. hér í þinginu þar sem reyna átti að útiloka þennan hóp en ég held að það hafi verið hálfmisheppnuð aðgerð. Annar hópur, líklega stærri, mun heltast úr lestinni vegna þess að margir þeirra munu ekki geta staðið undir þeim vöxtum sem greiða þarf af lánum Byggingarsjóðsins ef vextir af lánum Byggingarsjóðsins mundu eingöngu hækka þannig að þetta fólk hefur ekki mikið val. Vaxtabyrðin mun aukast verulega og eingöngu 1% hækkun vaxta, eins og nú er gert ráð fyrir, mun hafa veruleg áhrif, hvað þá heldur ef vextirnir mundu hækka enn frekar. Það er því ljóst að hækkun vaxta á lánum Byggingarsjóðs ríkisins mun ein sér hafa veruleg áhrif óháð tilkomu húsbréfakerfisins. Og það er líka alveg ljóst að einn stærsti vandi Byggingarsjóðs ríkisins nú er sá mikli vaxtamunur sem nú er í kerfinu, þ.e. lán eru tekin hjá lífeyrissjóðunum með vöxtum upp á 6–7–8% og lánuð til baka á 3½% vöxtum. Og ef framlag ríkissjóðs er ekki nægilega mikið til að mæta þessum vaxtamun, þá er augljóst að það mun stefna í gjaldþrot sjóðanna eins og svo margoft hefur verið bent á áður.

Ekki er ljóst hvernig framlagi ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins verður háttað, hvort það mun alveg falla niður eða minnka smám saman. Ekki hefur verið gerð áætlun um fjárhag Byggingarsjóðs ríkisins til frambúðar, hve miklu hækkun vaxta muni skila og hve mikið áætlað er að ríkissjóður þurfi að leggja fram til endurgreiðslu lána frá lífeyrissjóðunum.

Frv. var sent fjölmörgum aðilum til umsagnar. Þær umsagnir sem bárust voru á ýmsan veg. Flestir tóku undir þá meginhugsun sem felst í hugmyndinni um húsbréf. Margir bentu á ýmsa óvissuþætti varðandi framkvæmd málsins og töldu að það þyrfti frekari athugunar við.

Samkomulag hefur náðst um að fresta gildistöku frv. til 15. nóv. Fram að þeim tíma muni milliþinganefnd starfa við frekari undirbúning málsins og taka tillit til ábendinga og athugasemda. Ég geri þá ráð fyrir að það verði tekið tillit til þeirra fjölmörgu athugasemda og ábendinga sem komu fram við meðferð málsins í félmn. þar sem margir bentu á hvernig hægt væri að bæta það frv. sem fyrir liggur til þess að það muni þjóna tilgangi sínum. En óhjákvæmilegt þótti þó að afgreiða málið frá Alþingi til þess að nauðsynlegur undirbúningur gæti hafist.

Í félmn. var m.a. rætt um stöðu húsbréfadeildar innan Húsnæðisstofnunar. B-liður 4. gr. frv. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Yfirstjórn húsbréfadeildar er í höndum húsnæðismálastjórnar en sérstakur forstöðumaður fer með daglega stjórn deildarinnar og hefur umsjón með fjárhag hennar."

Í ljósi þessa liðar þótti okkur nokkurt ósamræmi í orðalagi annarra greina. Sem dæmi má taka e-lið 4. gr., síðustu mgr., þar sem talað er um að húsbréfadeild skuli leita eftir samningum við viðskiptabanka og fjármálastofnanir. Það er mjög einkennilegt ef gert er ráð fyrir að húsbréfadeildin sjálf eigi að fara að leita eftir samningum við viðskiptabanka og fjármálastofnanir þar sem annars staðar í lögunum er gert ráð fyrir að Húsnæðisstofnun muni hafa með höndum þvílíka samninga. Í f-lið þessarar sömu greinar er talað um að húsbréfadeildinni sé heimilt að áskilja sér vaxtaálag. Það hefði verið eðlilegra að þar hefði staðið „Húsnæðisstofnun". Síðan er talað um það í m-lið að húsbréfadeildin geri tillögu til félmrh. um verðtryggingarskilmála, endurgreiðsluform, lánstíma, vexti og heildarfjárhæðir í hverjum flokki, en ekki að það verði stjórn Húsnæðisstofnunar sem er til samræmis við önnur ákvæði í lögunum.

Hins vegar kemur fram í áliti 2. minni hl. að það sé skilningur nefndarinnar að b-liður 4. gr. taki af öll

tvímæli um það að yfirstjórn húsbréfadeildar sé í höndum húsnæðismálastjórnar og allar ákvarðanir deildarinnar séu háðar samþykki þeirrar yfirstjórnar. Ég tel því að það sé rétt upp á samræmi að þessu yrði breytt til samræmis við önnur ákvæði laganna, án þess að ég sé með því að segja að ég telji þetta rétt form á því hverjir ákveða vexti, hverjir leggja til og við hvern lagt er til varðandi vaxtaákvarðanir.

Skiptar skoðanir eru meðal sérfræðinga um áhrif húsbréfakerfisins á íbúðaverð, fasteignamarkaðinn, lánamarkað og efnahagskerfið í heild. Stór hópur fólks ræður ekki við þau kjör sem nú bjóðast til húsnæðiskaupa. Hærri vextir munu gera þessum hópum enn erfiðara fyrir. Því er ljóst að þrýstingur á félagslega íbúðakerfið mun aukast verulega og er hann þó mikill fyrir. Kvennalistinn hefði því viljað efla og bæta félagslega húsnæðiskerfið áður en ráðist var í þær breytingar sem hér er verið að gera á almenna kerfinu. Enn liggur engin áætlun fyrir í tengslum við þessa kerfisbreytingu um félagslega íbúðalánakerfið. Með samkomulagi Kvennalista við ríkisstjórnina tókst hins vegar að efla verulega félagslega þátt húsnæðiskerfisins, samanber það sem kemur fram á fylgiskjali.

Ég vil ekki fallast á það sem hv. 17. þm. Reykv. sagði hér fyrr í umræðunni þar sem hann taldi að þarna væri um að ræða samkomulag um allt aðra og óskylda hluti. Það er alls ekki samkomulag um allt aðra hluti og ekki hægt að líkja þessu samkomulagi um úrbætur í félagslega íbúðalánakerfinu við það t.d. að við hefðum gert samkomulag um vegáætlun eða eitthvað þess háttar. Ég mótmæli því, því þarna er einmitt verið að líta á húsnæðismálin í heild, reyna að líta ekki á einn lítinn þátt án tillits til þess hvaða áhrif hann hefur á aðra þætti. Við teljum að með upptöku þessa kerfis aukist þrýstingurinn á félagslega íbúðalánakerfið og það þurfi að efla það verulega, og hefði reyndar þurft miklu fyrr. Í samkomulaginu er talað um að á þessu ári verði um að ræða 100 millj. kr. raunaukningu í félagslega íbúðalánakerfið en það er 100 millj. kr. aukning umfram það samkomulag sem gert var í tengslum við kjarasamninga þar sem talað var um að hefja byggingu á 200 íbúðum í félagslega íbúðakerfinu. Auðvitað munu bæði Alþýðusamband Íslands og við fylgjast með framvindu þessara mála, því að auðvitað er þarna um að ræða þessar 200 íbúðir auk þessara 100 millj. kr. sem við vildum setja í félagslega íbúðalánakerfið.

Auk þessa teljum við mjög mikilvægt að félagslega íbúðalánakerfið verði endurskoðað nú þegar. Það varð að samkomulagi að nefnd verði sett strax á laggirnar í það verkefni sem skili niðurstöðum fyrir 1. nóv. til að þá liggi fyrir eitthvað raunhæft í þessum málum þannig að það verði tekið á félagslega hluta íbúðalánakerfisins. Ég held því að það sé á engan hátt hægt að segja að þetta samkomulag sé úr tengslum við það sem við erum að samþykkja hér og verður þá að skýra það mikið betur fyrir mér ef það er hægt að segja að þetta sé ekki um húsnæðismál og tengist ekki þessu frv. Að vísu er það ekki tengt nákvæmlega einhverjum ákveðnum greinum frv. en svo sannarlega tengist það samþykkt þess.

Eftir sem áður er heildarendurskoðunin auðvitað jafnnauðsynleg.

Með tilliti til alls þessa hefur Kvennalistinn ákveðið að fallast á að greiða fyrir framgangi málsins hér á þinginu þó að við sannarlega gerum okkur grein fyrir því að margt þarf að athuga frekar áður en þetta frv. verður að lögum sem verður þá væntanlega ekki fyrr en 15. nóv. þannig að við höfum tíma til þess í haust strax í upphafi næsta þings að gera þær breytingar sem nauðsynlegar kunna að verða.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. við 344. mál. Brtt. þessi hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við m-lið (62. gr.) 4. gr. bætist svohljóðandi málsliður:

Leita skal heimildar Alþingis í lánsfjárlögum fyrir heildarupphæð útgefinna húsbréfa ár hvert."

Samkvæmt stjórnarskrá þeirri sem þetta lýðveldi er byggt á er reynt að marka verkaskiptingu milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds. Í 40. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um lántökur og, með leyfi forseta, vil ég fá að lesa þá grein:

„Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Ekki má heldur taka lán, er skuldbindi ríkið, né selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild."

Það fer ekki á milli mála að þinginu er ætlað það vald að taka lán.

Nú er það svo að þessa grein höfum við verið að brjóta, því miður, ár eftir ár á Alþingi Íslendinga — þó eiðsvarðir séum að því að virða stjórnarskrána. Seinast brjótum við þessa grein í þeim lánsfjárlögum sem samþykkt hafa verið núna á þessum vetri. Þar tökum við ekki inn þær upphæðir sem Húsnæðisstofnun tekur að láni hjá lífeyrissjóðunum, jafnvel þó að fjmrh. annist þá samningagerð. Þetta er aðeins inni í greinargerðinni. Ég verð að segja eins og er að mér var verulega brugðið þegar ég áttaði mig á þessu. En ég vil bæta því við: Það er ekki auðgert verk að sækja aðila þó þeir brjóti þessi ákvæði. Ástæðan er sú að það verður einhver að vera aðili málsins eða það verður að leita eftir því að kæra menn fyrir landsdómi. Ég segi nú eins og er, ég hef engan persónulegan áhuga á því að kæra einn eða neinn fyrir landsdómi. Ég sé ekki tilganginn í því að menn taki upp þann vopnaburð ef hægt er að koma þeim skilningi á á Alþingi Íslendinga að það sé sjálfsögð skylda hvers einasta alþingismanns að virða stjórnarskrána í löggjafarstörfum hér á þinginu og láta ekki reka sig til þeirra óhæfuverka að ætla að brjóta stjórnarskrána.

Tveir hæstaréttardómar hafa gengið í málum varðandi 40. gr. Í báðum tilfellum var það dæmt ráðherrum í óhag. Annar dómurinn var felldur vegna þess framsals sem Alþingi hafði veitt á skattlagningarréttinum til Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Og íslenska ríkið var dæmt til að greiða bætur.

Ég vil segja það eins og er að það er ekkert gaman að standa frammi fyrir því að hafa átt þátt í þeirri lagasetningu og ég er ekki að álasa þeim ráðherra sem varð fyrir þessu. Auðvitað er það þingmanna. Þeirra er hneisan að hafa samþykkt lög sem ekki stóðust stjórnarskrána.

Í borgardómi, í dómþingi bæjarþings Reykjavíkur, 28. febr. 1983 er upphafið að niðurstöðunni í dómnum svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Sú er meginregla í íslenskum stjórnskipunarrétti að málefnum þeim sem stjórnarskráin sjálf felur löggjafanum verði aðeins skipað með lögum og löggjafanum sé óheimilt að framselja framkvæmdarvaldshafa ákvörðunarvald um þau efni. Þrátt fyrir ákvæði 40. gr. stjórnarskrárinnar hefur það komið fyrir að ríkisstjórninni væri í lögum falið ákvörðunarvald um það hvort hún innleiddi tiltekna skatta eða ekki, enda hafi skattarnir þá verið heimilaðir í lögum. Ljóst er að slíkt framsal löggjafans á ákvörðunarvaldi sem stjórnarskráin einskorðar við hann verður að vera háð ströngum takmörkunum."

Ég get fallist á það að þær takmarkanir sem t.d. sveitarstjórnir fá með því að leggja á útsvar séu innan ramma stjórnarskrárinnar. En ég get ekki fallist á það að heimildir um að veita ríkisábyrgðir, eins og verið er að tala um gagnvart húsbréfunum, án nokkurs þaks, séu innan strangra takmarkana. Það blasir við að þær eru ekki innan slíkra takmarkana. Þær standast ekki samkvæmt stjórnarskránni.

Hinn dómurinn sem féll í þessu máli féll vegna útgáfu reglugerðar og þar var um að ræða reglugerð er fjallaði um þungaskatt. Þar segir svo í dómi Hæstaréttar og, með leyfi forseta, vil ég lesa það sem stendur á bls. 463 í dómum Hæstaréttar um það mál:

„Í lagagrein þessari er ráðherra veitt heimild til að ákveða með reglugerð að ökumæla skuli setja í bifreiðar sem nota annað eldsneyti en bensín og greiða skuli sérstakt gjald fyrir hvern ekinn km samkvæmt mælum þessum í stað árlegs þungaskatts.

Ekki er að finna í lögum ákvæði er takmarki heimild ráðherra til ákvörðunar á gjaldstigum eða breytinga á þeim.

Fallast ber á það með áfrýjanda að jafnvíðtækt framsal löggjafans á skattlagningarvaldi og hér ræðir um brjóti í bága við 40. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33 frá 17. júní 1944, og skatttakan því eigi gild að lögum."

Ég tel að þegar tveir dómar hafa fallið, þá hljóti Alþingi Íslendinga að fara að staldra við. Ætlar það vísvitandi að taka ákvörðun um það, ef það fyndist aðili máls sem mundi stefna í þessu máli, að kalla yfir sig þriðja dóminn? Ég er nefnilega ekki viss nema hægt sé að finna aðila máls einnig undir þessum kringumstæðum.

Mér finnst það svo augljóst að það þurfi raunverulega ekki að ræða það að ábyrgð eins og hér er verið að tala um er nákvæmlega það sama og ef skrifað er undir víxil sem útgefandi. Þar er um lántöku að ræða. Þess vegna vil ég að það liggi alveg ljóst fyrir að svo sannfærður er ég um að það væri brot og stæðist ekki samkvæmt stjórnarskrá Íslands að samþykkja lögin nema frá því sé gengið að það þyrfti að leita heimildar í lánsfjárlögum. Ég treysti mér ekki til þess að greiða atkvæði með frv. sem þessu nema þingið viðurkenni þetta í verki og breyti þessu frv. á þann veg að styðja þá brtt. sem hér er lögð fram. Hún er krafan um það að menn geri það ekki vísvitandi að vinna eið að stjórnarskránni, láti sig svo engu skipta tvo hæstaréttardóma en vilji halda áfram að brjóta 40. gr.

Ég vil segja það jafnframt að ég hygg að með samþykkt þessarar brtt. þá gefist Alþingi Íslendinga möguleiki á því að feta sig inn á þá braut hófsemdar í framkvæmd þessara laga að þeir hinir mörgu óvissuþættir um áhrif þeirra sem nú blasa við þyrftu ekki að vera það áhyggjuefni sem þeir nú eru. Ég ætla þó ekki að fara út í langa umræðu um þá hluti en brtt. kemur að sjálfsögðu til atkvæða hér í þinginu og það er ekki nauðsyn að hafa langt mál þar um. Þess vegna mun ég ekki lengja mál mitt.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Það lítur út fyrir það að menn láti ýmislegt yfir sig ganga á þessum vordögum hér í sölum Alþingis. Við erum hér að ræða um mál sem á að fara í milliþinganefnd og á að skoða á næstu mánuðum. Á sama tíma fáum við þau tíðindi að slitnað hafi upp úr samningum við þá menn sem hafa háskólapróf og sýnilegt að það verður lítil prófun nema Alþingi Íslendinga taki þar í taumana. Það hefði verið nær að nota þessa nótt til að ræða þau mál heldur en það mál sem hér er og þarflaust er að ræða.

Mér datt í hug gamall húsgangur sem mér fannst vera sambærilegur við þann málflutning sem hér er hafður í frammi og þann moðreyk sem er í kringum þetta mál:

> Fiskurinn hefur fögur hljóð,
> finnst hann oft á heiðum.
> Ærnar renna eina slóð
> eftir sjónum breiðum.

Þann 23. apríl sl. ræddi hæstv. félmrh. við þann sem hér stendur um að koma og ræða um þetta frv. sem við erum að ræða hér um. Ég hafði mikið gagn af þessum fundi en það einkennilega er þrátt fyrir mjög góða ræðu, sem ég get tekið undir, sem hv. 1. þm. Vesturl. flutti hér áðan, að það var hæstv. félmrh. sem sannfærði mig um að það væri þarflaust að flytja þetta mál. En áður en ég kem að því þá vil ég vegna seinni tíma lesa hér bréf sem ég skrifaði hæstv. ráðherra 25. apríl sl. Bréfið er þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Að ósk þinni komu til fundar í félmrn. í gær Gunnar Hilmarsson, Tómas Gunnarsson, Trausti Þorláksson og undirritaður úr Samtökum jafnréttis og félagshyggju til að ræða húsbréfafrv. Í lok þessa fundar óskaði ráðherra að fá skriflega umsögn um frv. og þar kæmi fram hvaða breytingar þyrftu að verða á því til þess að samtök okkar sæju sér fært að styðja það.

Við teljum að það sé ekki ráðlegt að lögfesta þetta

frv. á þessu þingi nema gerðar verði á því verulegar breytingar þar sem mikil óvissa ríkir í verðbólgu- og vaxtamálum og ekki er ljóst á hvaða grunni endurgreiðslan á vöxtum verður byggð. Skilyrði fyrir stuðningi okkar við þetta mál er að gerðar verði eftirtaldar breytingar á frv.:

1. Bréfin verði aðeins fyrir þá sem eru að byggja eða kaupa í annað sinn og eru ekki í forgangshópum.

2. Þeir sem byggja eða kaupa í fyrsta sinn eða eru í forgangshópum búi við óbreytt lög og með óbreyttum vaxtagreiðslum.

3. Þeir sem búa í þeim byggðarlögum þar sem söluverð íbúða er lægst gangi fyrir öllum öðrum umsækjendum og sú röðun haldist allt að því marki að söluverðið sé um 70% af verði á sambærilegum íbúðum á höfuðborgarsvæðinu.

4. Samtökin taka undir með félmrh. hvað varðar ýmsa alvarlega ókosti núverandi skipunar í húsnæðismálum og telja brýnt að húsnæðismálin öll verði tekin til gagngerðrar athugunar.

Erum reiðubúnir til þess að koma til fundar við ráðherra til að ræða þetta frekar."

Undir þetta ritar, f.h. Samtaka jafnréttis og félagshyggju, Stefán Valgeirsson.

Ráðherra sagði mér frá því að hún hefði látið einhverja sérfræðinga athuga þessi mál, en síðan heyrði ég ekkert í ráðherra og hef ekki heyrt.

Hvers vegna eru þessi skilyrði sett? Hvað er það sem þessi þjóð þarf í dag? Er það það að hér sé látlaust byggt á höfuðborgarsvæðinu eins og mun verða ef þetta verður að lögum? Er það ekki það að byggt sé yfir fólk á framleiðslustöðunum? Veit hæstv. félmrh. og aðrir þingmenn ekki að um 80% sjávaraflans berast á land úti á landsbyggðinni og ekki nema 20% hér á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum? Hefur hæstv. ráðherra ekki orðið vör við það að menn úti á landsbyggðinni eru að biðja um lóðir og lán til þess að byggja hér? Hvers vegna? Vegna þess að þeir sjá að þeir geta ekki selt ef svo illa fer að þeir geta ekki staðið undir afborgunum og vöxtum. Og svo kemur hér frv., sem hæstv. ríkisstjórn ber auðvitað ábyrgð á, sem verður til þess að hækka vexti. Er einhver hér inni sem heldur að fólk úti á landsbyggðinni fari að taka húsbréf með markaðsvöxtum? Heldur einhver það?

Áður en ég held lengra þá vil ég lesa hér upp yfirlýsingu um húsnæðismál sem er frá Öryrkjabandalagi Íslands, Sjálfsbjörg, landssambandi fatlaðra, Samtökunum Þroskahjálp, Samtökum aldraðra, Stúdentaráði Háskóla Íslands, Bandalagi íslenskra sérskólanema, Leigjendasamtökunum, Búseta, landssamtökum.

„Yfirlýsing um húsnæðismál: Fréttamannafundur á vegum húsnæðishópsins, forsvarsmanna félagasamtaka, stéttarfélaga, sveitarfélaga, haldinn í félagsheimili Sjálfsbjargar þriðjudaginn 25. apríl 1989 klukkan 14." — Sama daginn sem mín samtök skrifuðu hæstv. ráðherra bréfið.

„Þann 10. mars 1988 héldu ofangreindir aðilar fund á þessum stað þar sem mótmælt var niðurskurði og seinagangi í húsnæðiskerfinu og þeirri vanrækslu sem félagslega húsnæðiskerfið bjó þá við. Nú rúmu ári síðar hefur engin breyting orðið á nema síður sé. Ástandið í stuttu máli er þannig:

1. Á árinu 1988 var gert ráð fyrir lánum úr Byggingarsjóði verkamanna að upphæð 2 milljarðar 338 millj. kr. Útlán urðu hins vegar 1 milljarður 869 millj. kr. eða 460 millj. kr. minni en gert var ráð fyrir, eða samdráttur um 20%. Fyrir þá upphæð hefði verið hægt að byggja 100 íbúðum meira. Áætluð lán úr Byggingarsjóði ríkisins voru 5 milljarðar 853 millj. kr. og útlán reyndust 5 milljarðar 858 millj. kr. eða aukning um 5 millj. kr. Áætlun og útlán stóðust því þar nánast á. Minnkunin er sem sagt öll í félagslega kerfinu.

2. Ekki hafa enn verið afgreiddar umsóknir um lán til félagslegra íbúða af ýmsu tagi fyrir þetta ár, umsóknir sem lagðar voru inn fyrir 1. ágúst 1988 og venju samkvæmt hafa verið afgreiddar á haustmánuðum sama ár.

3. Útlit er fyrir stórfelldan niðurskurð á fjármagni til félagslega húsnæðiskerfisins á þessu ári. Áætlun um fjármögnun hefur ekki enn verið gerð opinber þótt þriðjungur árs sé liðinn.

4. Upplýst er að engin framkvæmdalán verða að óbreyttu veitt fyrr en í haust sem þýðir að framkvæmdir hefjast ekki fyrr en á árinu 1990 að einhverju marki.

5. Íbúðarbyggingar á landsbyggðinni eru nánast lagðar af og mikill samdráttur og óvissa ríkir í byggingariðnaði en núverandi ríkisstjórn boðaði í stjórnarsáttmála að stórefla félagslegar íbúðarbyggingar utan Reykjavíkursvæðisins.

6. Aldrei hafa legið fyrir fleiri óafgreiddar umsóknir um húsnæði en nú eða biðlistar verið lengri, hvort sem litið er til verkamannabústaða, sveitarfélaga, Búseta eða hjá samtökum öryrkja, námsmanna og aldraðra.

7. Þrátt fyrir gefin loforð er enn ekki farið að endurskoða félagslega húsnæðiskerfið en stjórnvöld hafa marglýst því yfir sl. 5–6 ár að slík endurskoðun stæði fyrir dyrum.

8. Ekki sér fyrir endann á erfiðleikum þess fólks sem fengið hefur greiðsluerfiðleikalán á undanförnum árum. Hjá mörgum virðist þetta vera vonlaus barátta." — Og svo er haldið að leiðin út úr þessu sé að hækka vexti. Það muni leysa erfiðleika fólksins.

„9. Endurteknar breytingar á húsnæðiskerfinu á undanförnum árum hafa leitt til vaxandi óstöðugleika og óvissu. Enn eru breytingar á döfinni með frv. um húsbréf en skiptar skoðanir eru um afleiðingar þess verði það að lögum." — Hv. þm. hljóta að skilja hvað er sagt með þessari setningu. Það er ekki fögnuður.

„Tillögur til úrbóta:

1. Sjá þarf til þess að lánveitingar til félagslegra íbúðarbygginga verði ekki minni í ár en sem nemur áætlun ársins 1988 og nýbyggingar dragist ekki saman frá því sem orðið er. Því er sérstaklega beint til stjórna lífeyrissjóðanna að þriðjungur af framlagi

sjóðanna til íbúðalánakerfisins renni til félagslegra íbúðabygginga.

2. Þá þarf að gera áætlun til a.m.k. þriggja ára um tryggt fjármagn svo hægt sé að ljúka byggingu á 900–1000 íbúðum á ári í félagslega húsnæðiskerfinu og bæta um leið fyrir áratuga vanrækslu.

Það hefur verið markmið stjórnvalda síðan 1974 að þriðjungur alls nýs húsnæðis ætti að vera í félagslega kerfinu eða um 500–600 íbúðir á ári. En reyndin hefur verið sú að aðeins 13,5% eða um 230 nýjar íbúðir voru í því kerfi.

3. Skapa þarf viðtæka samstöðu um þetta átak þar sem ríkisvald, sveitarfélög, samtök launafólks, húsnæðissamvinnufélög og önnur samtök, svo sem öryrkja, námsmanna og aldraðra, leggjast á eitt til þess að komast út úr þeim ógöngum sem húsnæðiskerfið er nú komið í.

4. Endurskoðun félagslega húsnæðiskerfisins verði hraðað, lög samræmd og kerfið verði gert mun skilvirkara en nú er. Haft verði sem nánast samráð við húsnæðishópinn um þessa endurskoðun og tillögur liggi fyrir í haust. Þá sé þess vandlega gætt að allar breytingar sem ganga yfir í almenna húsnæðislánakerfið bitni ekki á félagslega kerfinu."

Ég sagði áðan að það hefði verið hæstv. félmrh. sem sannfærði mig um það að það væri óþarft að breyta þessu kerfi. Ég var upplýstur um að það mundu fara 10% af fé lífeyrissjóðanna, sem sagt 10% í húsbréfin og 45% í hitt kerfið, og að þessi 10% gerðu 1,6 milljarða. Í þeirri grg. sem fylgir frv. frá sjálfum sérfræðingunum segir að það muni þurfa 8–9 milljarða í kerfið. En hvað þýðir það? Þessi 55% gera þessa tölu. Og það er nú hálfbroslegt þegar gert er mikið úr því hvað eigi að gera í félagslegu íbúðunum núna því að eftir þessu bréfi að dæma sem er frá þessum hópum sem ég var að tala um, þá segja þeir í því að það séu 938 millj. kr. sem þurfi að fara í þetta kerfi á næstu tveimur árum ef það eigi að vera sama krónutala og var áætlað á árinu 1988 eða 338 millj. meira en þessar 600 millj., hinar margfrægu, nema. Og þar er ekki verið að tala um raungildi því þessi tala, ef hún er rétt, í þessu skjali þá er það ekki raungildið því þó að þessi tala mundi verða þá væri raungildið það minna sem verðbólgunni nemur.

Hv. þm. Geir H. Haarde lagði spurningu fyrir mig sl. laugardag og spurði hvað ég áliti um vaxtaþróunina á næstunni. Ég er enginn spámaður en ég hef fyrir mér hér töflu frá Seðlabankanum um vexti 1. maí sl. Þeir eru í bankakerfinu, raunvextirnir, allt upp í 9,25%, auglýstir vextir, allt frá 7,25% upp í 9,25%. Ríkisbankarnir eru með lægstu vextina en einkabankarnir eru með 8,75%, 9, einn 8,25%, 9,25% og 8,75% og sparisjóðirnir með líka. Þetta er nú vaxtalækkunin.

Ég skal ekkert spá því hvað verður með markaðsvexti en ætli þeir sem eiga peninga, þeir sem hafa yfirráð yfir peningum, ætli þeir taki nú ekki eitthvert mið af því sem er í þessu kerfi? Og það er auðvitað algjörlega útilokað að fara út í húsbréfin nema að vextirnir lækki.

Þessi ríkisstjórn kennir sig við jafnrétti og félagshyggju. Halda menn að þetta sé skref til þess að jafna í þjóðfélaginu? Það er sagt að með því að stytta lánin úr 40 eða 42 árum í 25 og hækka vextina sé verið að gera mönnum léttara fyrir. Nei, ég held að þeir sem ætla að styðja þetta frv. þurfi að athuga sinn gang svolítið betur. Ég ætla aðeins að minnast hér á nokkur atriði úr frv. sjálfu til þess að sýna enn betur hvers konar frv. er hér á ferðinni. Í b-lið 1. gr. segir, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði 1.–5. mgr. er húsnæðismálastjórn heimilt að skerða eða synja um lán ef umsækjandi á fyrir fleiri en eina íbúð. Einnig er húsnæðismálastjórn heimilt, þrátt fyrir ákvæði 12., 13., 14. og 48. gr. laga þessara, að skerða lán og breyta kjörum á lánum umsækjenda sem eiga fullnægjandi íbúðarhúsnæði, skuldlaust eða skuldlítið og stærra en 180 fermetra brúttó, að frádregnum bílskúr." Og svo kemur: „Sama gildir um þann sem á aðrar eignir sem meta má jafngildar að verðmæti." Hvað þýðir þetta á mannamáli? Útgerðarmaðurinn sem á trillu, smábát, sem er metinn dálítið þó hann sé óseljanlegur, það er hægt að neita þessum manni um lán, eftir þessari kokkabók. Eða bóndi sem á 300–400 ær sem eru óseljanlegar með öllu, á að skerða hjá honum? Eða bifvélavirki sem á verkstæði og vélar á stað þar sem er erfitt að losna við eignir? Eftir þessu frv. er hægt jafnvel að neita þessu fólki um lán ef menn taka það bókstaflega sem hér stendur. Og þetta fer í gegnum hæstv. félmn. Ég sé að formaðurinn er hér aftan við mig. Ja, þvílíkt! Það er engu líkara en hv. 1. þm. Vesturl. muni hafa haft alveg rétt fyrir sér þar eins og í mörgu öðru. Að það líti út fyrir það að meira að segja nefndin hafi ekki lesið þetta frv.

Ég ætla ekki að fara að halda hér langa ræðu. Það þjónar engum tilgangi. En ef menn lesa yfir þetta frv. og grg. þá hlýtur öllum að verða það ljóst sem eru læsir á annað borð og hafa einhvern skilning að það er verið að stíga skref í það að öll húsnæðislán á næstu árum verði með markaðsvöxtum. Það er stefnan. Þetta er bara skref. Og það undarlega hefur skeð að frjálshyggjuhópurinn í þinginu berst á móti frv. Hann berst á móti því. Hvers vegna? Vegna þess að þeim finnst skrefið allt of lítið. En hinir sem eru að reyna að telja fólki trú um að þeir séu á móti frjálshyggjunni, þeir, ja, ég vil segja, ætla að nauðga því hér í gegn. Ja, þvílíkt! Það er eiginlega eins og hv. þm. hafi misst áttaskyn.

Ég hef einhvern tímann sagt, og líklega oftar en einu sinni og oftar en tvisvar, að þó að þessi ríkisstjórn tæki ekki stór skref í réttlætisátt þá mundi ég þola það ef hún tæki skref til réttrar áttar. En ef minn skilningur er réttur þá er verið að stíga til gagnstæðrar áttar með þessu frv.

Auðvitað var það meining okkar að gera tilraun til þess að gera breytingar á þessu frv. til þess að koma í veg fyrir slys. Ég kalla það slys ef Alþingi Íslendinga gerir ekki ráðstafanir til þess að það verði byggt fyrst og fremst úti á landi eins og heitið var. Ef íbúðir verða byggðar bara hér en þar ekki, þá heldur fólksstraum-

urinn áfram. Menn fjárfesta ekki hér nema ætla sér þá að flytja utan af landi. Og halda menn að þjóðin lifi á því að selja verðbréf, að mæla göturnar, að selja hver öðrum? Lifir hún á því? Nei. Hún lifir á framleiðslunni sem er úti á landi fyrst og fremst. Á landbúnaði. Ég hugsa að einhver brosi að því hér inni, a.m.k. gæti maður vænst þess eins og umræðan er, en það lifir á landbúnaði og á sjávarafla. Fyrst og fremst á þessu tvennu. Ég er hræddur um að það verði þröngt fyrir dyrum hjá ýmsum ef fólksstraumurinn heldur áfram. Hver á að fæða borgríkið ef landsbyggðin fer að verulegu leyti í eyði?

Ég ætlaði mér að fara út í margt fleira. Ég sé ekki ástæðu samt til þess að gera það eftir þær miklu ræður sem hér hafa verið fluttar. Ég vil forðast endurtekningar. En það kann að vera ef reyna á að þræla þessu í gegn á móti vilja flestra þeirra sem til þekkja, fjölda af þingmönnum sem hafa þó líklega gengið undir það jarðarmen að koma þessu í gegn. Samt skal það í gegn. En ég öfunda þá ekki, hvorki hæstv. félmrh. eða aðra, að standa að því að þröngva þessu hér í gegn. Og ég segi þetta vegna þess að mér finnst að ég sjái afleiðingarnar. Ég sá það á hæstv. ráðherra áðan þegar ég talaði um fjármagnið að hún brosti. En hvað er 55% ef 10% gefa 1,6 milljarða? Hvað er það?

Mér er sagt af sumum sem stjórna lífeyrissjóðum að það hafi ekki verið reynt að semja um að fá meiri peninga en 55% og með samkomulagi muni það vera hægt. En það þarf auðvitað ekki að tala við þá sem þekkja þessi mál hvort sem er í húsnæðismálastjórn eða annars staðar eða í stjórn lífeyrissjóðanna, það þarf ekki að tala við þá. Það þarf bara að fara eftir einhverju sem einhverjir við skrifborð hafa sett saman og eru með titilinn sérfræðingur. Það er nóg. Það er alveg nóg.

Herra forseti. Ég ætla að ljúka máli mínu, en það kann að vera að ég bæti við þetta við 3. umr.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Það er nú freistandi að fara þess á leit við hv. síðasta ræðumann að hann gefi skýr svör við því sem mér fannst hann vera að ýja að hér áðan, að hann og þau samtök sem hann stendur fyrir hafi í rauninni látið af stuðningi við þessa ríkisstjórn. Það var ekki annað hægt að lesa út úr hans orðum heldur en að svo væri. Alla vega hlýtur það eftir þá ræðu sem hann flutti hér áðan að vera honum ansi erfitt að styðja ríkisstjórn sem fylgir slíkri stefnu sem hann hér lýsti áðan. (**SV:** Ræðumaður þarf ekki að hafa áhyggjur af mér.) Hann var að lýsa því stórslysi sem hún stefndi í. Þannig að ég tel að þjóðin öll eigi heimtingu á að vita um það hvort ríkisstjórnin hefur misst sinn hulduherforingja hér í neðri deild og sé komin í minni hluta í deildinni. Það var ekki annað að skilja af orðum síðasta ræðumanns en að svo væri.

Hæstv. forseti. Á síðasta þingi lögðum við sem þá skipuðum þingflokk Borgfl. fram frv. um húsnæðislánastofnanir og húsbanka. Var þar um að ræða heilsteypt frv. til lausnar þeim vanda sem húsnæðislánakerfið er í hérlendis, sniðið eftir danskri fyrirmynd. Ég er ekki að segja að það frv. hafi verið gallalaust frekar en flest þau frv. sem hér hafa verið lögð fram, hvort heldur um er að ræða stjórnarfrv. eða þingmannafrv., en segi það hins vegar alveg hiklaust að það kerfi sem við boðuðum er það eina sem eitthvert vit er í og hefði svo sannarlega verið þess virði að það frv. hefði verið skoðað betur en raun varð á. Það var þá sem fyrst var talað um húsbréf hér á þingi og það varð síðan kveikjan að því frv. sem við höfum hér til umræðu í dag. Þannig má segja að eitthvað örlítið hafi síast inn í stjórnarliða af þessu frv. okkar og er það í rauninni vel, en ber þó að harma að ekki skyldi meira en þetta ná í gegnum sigtið. En það kemur þó síðar verði.

Frv. okkar stendur fyllilega fyrir sínu enn í dag, en það virðist því miður vera svo á hinu háa Alþingi að það jafnast nánast á við mannsmorð að taka vel í mál frá stjórnarandstöðunni, að ég tali nú ekki um mál af stærri gerðinni. Þetta er þinginu til vansa. Auðvitað eiga góð mál að fara í gegnum þingið, sama frá hverjum þau koma. Í það minnsta mun Frjálslyndi hægri flokkurinn ekki láta það henda sig að taka ekki málefnalega afstöðu til mála. Þetta er eitt af fjölmörgu sem þarf að breytast á þessum annars ágæta vinnustað. Það er hreðilegt að þjóðin og þegnar hennar skuli vera látin líða fyrir það að mál komi ekki fram frá réttum aðila, að það sé betra að salta málið en að andstæðingurinn geti reiknað sér það til tekna. Það er nefnilega allt of mikið um slíkt hugarfar í störfum þingsins. Góð mál ná ekki í gegn vegna faðernis. Nóg um þetta þó vissulega væri hægt að hafa um þennan þátt langt mál og væri það hið þarfasta mál, en það verður að bíða betri tíma.

Það væri e.t.v. rétt að líta aðeins yfir gang mála undanfarin ár og kíkja á það í örstuttu máli hvernig kerfi gömlu flokkarnir hafa komið hér upp. Það kerfi sem þeir komu upp er auðvitað mjög í takt við stefnu ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar, það er stefna eignaupptöku, þar sem öll lán hafa verið verðtryggð með lánskjaravísitölu sem hefur þýtt það að þegar keypt er íbúð með slíku láni, sem getur numið allt að 80% af matsverði, er nokkuð víst að velflestir eigi í raun ekkert í íbúðinni eftir nokkur ár, þar sem laun og greiðslugeta hafa ekki verið í neinu samræmi við þróun vísitölunnar. Með öðrum orðum: Viðkomandi er orðinn leiguliði hjá Húsnæðisstofnun svo framarlega sem hann stendur í skilum eða í allt að 40 ár, en það er lengd lánsins eða kannski öllu heldur ólánsins. Að öðrum kosti er hægt að fleygja þeim út á götu hvenær sem er eða selja ofan af þeim.

Það er mín skoðun að það kerfi sem nú er við lýði sé svo meingallað að það verði annaðhvort að kasta því fyrir róða eða taka það nú þegar til gagngerrar endurskoðunar sem ég þó efast um að mundi skila nokkrum árangri. Það er því freistandi að taka beina afstöðu með því frv. sem hér til umræðu, en það er hins vegar hægara sagt en gert því þar er mörgu enn ósvarað.

En áður en ég fer út í það langar mig að eyða örfáum orðum á núverandi húsnæðislánabiðraða-

kerfi. Gera menn sér grein fyrir því hversu gífurleg biðröðin er? Um síðustu áramót taldi hún 10.300 manns og Húsnæðisstofnun gerir ráð fyrir því að um næstu áramót verði hún um 10.600 manns. Ef þessi fjöldi, 10.600 manns, tæki saman höndum væri biðröðin yfir 20 km löng. Biðröðin næði frá þinghúsinu og út í Straumsvík. Og fólk þarf ekki að bíða neinn smátíma í biðröðinni, allt að 37 mánuðum samkvæmt svari á þskj. 716 sem hv. þm. Júlíus Sólnes fékk við fsp. til félmrh. um afgreiðslu á húsnæðislánaumsóknum. Þar kemur m.a. eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Á árinu 1989 fá eftirgreindir umsækjendur fyrri hluta láns:

a. Þeir sem eru að eignast sína fyrstu íbúð (forgangshópur): Umsóknir innkomnar frá 13. mars 1987 til 16. okt. 1987.

b. Þeir sem eiga íbúð fyrir (víkjandi hópur): Umsóknir innkomnar frá 13. mars 1987 til 6. júlí 1987.

Umsækjendur sem fá fyrri hluta fyrir 1. júlí 1989 fá einnig seinni hluta á því ári, en sex mánuðir eru á milli lánshlutanna. Með forgangshópi eru taldir þeir sem búa við þröngbýli samkvæmt reglugerð þar um. Milli þessara tveggja hópa eru sex mánuðir, þ.e. sá sem á íbúð fyrir fær sinn fyrri hluta sex mánuðum á eftir hinum sem enga íbúð á. Þetta þýðir að forgangshópur, sem fær fyrri hluta í desember 1989, bíður rúmlega 25 mánuði eftir láni til útborgunar. Víkjandi hópur, sem fær fyrri hluta í desember 1989, bíður um 29 mánuði eftir láninu.

Eins og áður hefur komið fram hafa engin lánsloforð enn verið gefin út til greiðslu á árinu 1990. Áætlanir, sem kynntar hafa verið fyrir húsnæðismálastjórn, þar sem gert er ráð fyrir sex mánuðum á milli hópanna, sýna að á fyrri hluta árs 1990 verða aðeins afgreidd fyrrihlutalán til víkjandi hópsins sem lagði inn umsóknir á tímabilinu 7. júlí 1987 til 16. okt. 1987. Á þessum tíma hefur stofnunin ekki fjármagn fyrir forgangshópinn þar sem sex mánuðir eiga að vera á milli hópanna. Það má því segja að nokkurs konar skil verði um 16. okt. 1987. Forgangshópur, sem sækir um 17. okt. 1987, fær sinn fyrri hluta samkvæmt þessari áætlun í júní 1990, bíður því um 31 mánuð eftir láni. Víkjandi hópur, sem lagði inn umsókn sama dag, fær sinn fyrri hluta í desember 1990, bíður því um 37 mánuði eftir láni."

Þetta er náttúrlega stóri gallinn við núverandi kerfi, þessi gríðarlegi biðtími. Síðan er auðvitað hvernig er raðað í forgangshópa og víkjandi hópa, en það er kannski annað mál. Að mínu mati á kerfið að veita hverjum og einum kost á húsnæðisláni einu sinni án tillits til aðstæðna viðkomandi.

Hæstv. forseti. Þar sem Frjálslyndi hægri flokkurinn á engan fulltrúa í félmn. deildarinnar og ekki heldur Borgfl. höfum við ekki haft nægilega gott tækifæri til þess að kynna okkur þetta mál. Formaður þeirrar nefndar brást hins vegar vel við eins og hans var von og vísa þegar við fórum fram á það við hann að fá allar þær umsagnir um málið sem nefndinni höfðu borist og fengum við þær í hendur nú nýlega. Þar kemur, eins og gefur að skilja, margt afar fróðlegt fram bæði um frv. og einnig um núverandi kerfi sem flestir virðast vera sammála um að sé ekki nógu gott.

Þau skerðingarákvæði sem í frv. eru — þ.e. að ef viðkomandi á eign eða eignir aðrar en íbúð sem metnar eru að verðmæti samsvarandi og skuldlaus eða skuldlítil 180 fermetra íbúð að frádregnum bílskúr, þá megi skerða eða synja honum um lán — þessi skerðingarákvæði eru með öllu óviðunandi. Þau finnst mér vera gjörsamlega út í hött. Eins og ég sagði hér rétt áðan á hver og einn að eiga kost á einu og aðeins einu húsnæðisstjórnarláni án tillits til aðstæðna. Engu að síður verður að spyrja hvernig í raun á að fylgja slíku eftir. Á að gera það eins og fimmmenningarnir í húsnæðisstjórn leggja til, að fylgst verði með skuldabréfaeign einstaklinga, bankainnstæðum einstaklinga og hlutabréfaeignum einstaklinga? Eða hvernig á að gera þetta? Og þá má eins spyrja: Hvar eru mörkin fyrir því að 180 fermetra íbúð sé skuldlítil eða skuldmikil? Hvar ætlar ráðherrann að draga línuna? Eða á það að vera persónulegt mat embættismanna í það og það skiptið með tilheyrandi mismunun?

Fimmmenningarnir leggja til að hægt verði að geyma lánsrétt. Þessu er ég sammála. Hins vegar er ég ekki eins sammála þeim í því að lánsþörfin sé minni á landsbyggðinni. Ég hef alla vega ekki orðið var við að það sé ódýrara að byggja á landsbyggðinni en hér í höfuðborginni nema síður sé.

Þá leggja þeir til að allir greiði aukaafborgun sem nemi 3,5% af tekjum umfram skattleysismörk. Þetta þarfnast náttúrlega nánari skýringa, en eins og það er fram sett virðist það í fljótu bragði aðeins hafa það í för með sér að greiðslubyrði allflestra, sem af slíkum lánum þurfa að borga, þyngist verulega. Og er þá ekki betur heima setið en af stað farið?

Þá fullyrða fimmmenningarnir að um dýrari þjónustu við íbúðakaupendur á landsbyggðinni verði að ræða eða eins og segir í greinargerð þeirra, með leyfi forseta:

„Í gildandi lögum um Húsnæðisstofnun segir í 10. gr. að afgreiðsla og innheimta lána úr Byggingarsjóði ríkisins fari fram í almennum lánastofnunum sem húsnæðismálastjórn semur við. Á fundum húsnæðisstjórnar og fulltrúa bankanna hefur komið í ljós að bankarnir telja sig þurfa meiri þóknun fyrir þessa þjónustu en svo að húsnæðisstjórn telji réttlætanlegt að lántakendur greiði hana. Aukin þjónusta við íbúðakaupendur á landsbyggðinni í gegnum banka og sparisjóði mun því verða þeim dýrari en þjónusta Húsnæðisstofnunar nú. Þegar mat á veðhæfni fasteignar og greiðslugetu lántakans bætist við skuldabréfaviðskiptin hækkar þessi landsbyggðarskattur enn meir."

Þá segir enn fremur í greinargerð þeirra, með leyfi forseta:

„Með húsbréfakerfinu er gert ráð fyrir því að íbúðaeigendur á höfuðborgarsvæðinu láni mest. Þeir eiga dýrustu íbúðir á landinu og þurfa þess vegna að lána meira en þeir sem búa utan þess. Miðaldra og

gamlir íbúar höfuðborgarsvæðisins eiga dýrar og skuldlausar íbúðir. Þau munu því lána mest í húsbréfakerfinu og verða fyrir mestum afföllum vegna þess að þau eru sá þjóðfélagshópur sem líklegastur er til þess að þurfa að selja húsbréf á markaði."

Það er laukrétt hjá þeim að gamlir íbúar höfuðborgarsvæðisins munu þurfa að selja og lána mest og verða fyrir mestum afföllum og skakkaföllum, en það þurfa þeir að gera fyrst og fremst vegna hinna geysiháu eignarskatta sem á þeim munu dynja, þannig að það er ekki ein báran stök í árásinni á eignir gamla fólksins í eignaupptökustefnu ríkisstjórnarinnar.

Þá vil ég taka undir með þeim að engin efri mörk skuli vera á þeim heildarupphæðum sem Byggingarsjóði er heimilt að skipta skuldabréfum fyrir.

Lokaorð þeirra fimmmenninga minna mig óneitanlega á málsháttinn um að menn skyldu varast það að kasta grjóti í glerhúsi, en í lokaorðum þeirra segir, með leyfi forseta:

„Ekki er betur hægt að sjá en sú innri fjármögnun sem átti að fást með húsbréfum muni hverfa fyrir lítið og fjármagn fari úr húsbréfakerfinu beint til annarra nota en því var ætlað."

Svo mörg voru þau orð. Ég fæ ekki betur séð en að nákvæmlega þetta sé að ske nánast daglega í núverandi kerfi, þannig að þarna verður varla mikil breyting á.

Fasteignamat ríkisins segir m.a. þetta um frv. í umsögn sinni, með leyfi forseta:

„Með tilkomu húsbréfa- og skuldabréfaskipta í íbúðaviðskiptum mun gjaldmiðill viðskiptanna að stórum hluta breytast úr peningum í skuldabréf. Seljandi lánar kaupanda með skuldabréfi sem síðan er hægt að skipta gegn öðrum ríkistryggðum skuldabréfum frá Byggingarsjóði ríkisins. Með þessu fyrirkomulagi er leitast við að fá seljendur til að lána kaupendum meira en áður gegn ríkistryggingu skuldabréfanna. Ekki er þó sýnt að heildarlánsþörfin á íbúðamarkaðinum minnki við auknar ríkistryggingar. Eiginfjárstaða íbúða á markaði er um og yfir 80%, sem leiðir til þess að seljendur íbúða krefjast hárrar útborgunar. Útborgunarhlutfall er um 75% til jafnaðar, sem þýðir að seljendur lána 5–8% af verði íbúðar á skuldabréfi. Lækkun útborgunar er því fyrst og fremst hagkvæm fyrir eignalítinn kaupanda. Hjá flestum ef ekki öllum seljendum má reikna með tregðu gagnvart slíkum breytingum og þá sérstaklega hjá þeim sem ætla að losa fé með íbúðasölu. Ábati lækkunar útborgunar á íbúðamarkaði er því afstæður og líklegt að markaðurinn taki skuldabréfum og húsbréfum með varúð. Slík varúð kynni að koma fram í minnkuðu framboði og þar með verðhækkunum íbúða, vaxtahækkunum og afföllum skuldabréfa."

Fasteignamat ríkisins sér ekki fram á að lánsþörfin minnki, en sér hins vegar fram á að framboð minnki með þeim afleiðingum að íbúðaverð hækki, vextir hækki og afföll á skuldabréfum muni aukast. Þetta rökstyðja þeir m.a. á eftirfarandi hátt, með leyfi forseta:

„Með tilkomu húsbréfa munu reglur Byggingarsjóðs um skilyrði fyrir ábyrgðum og lánafyrirgreiðslum minnka verulega frá því sem nú er. Skilyrði umsækjenda munu eingöngu miðast við greiðslugetu og veðhæfni viðkomandi íbúðar. Þá verða engin ytri mörk á heildarmagni ábyrgðar á skuldabréfum og þar með því fjármagni, sem trygging er gefin fyrir. Þessi rýmkun á reglum mun virka gagnvart fasteignamarkaði sem veruleg aukning á lánsfé til húsnæðismála. Reynslunni samkvæmt kann þetta að valda verðhækkunum á eldri íbúðum og auka eftirspurn nýbygginga og þar með verðhækkunum á þeim. Þá mun hækkun á heimildum á ábyrgðum skuldabréfa einkum auka lánshæfni stærri og dýrari íbúða og því að öllum líkindum leiða til aukningar á eftirspurn og verðhækkana á þeim.

Aðstæður á íbúðamarkaði eru nokkuð aðrar nú en 1986. Verð eldri íbúða er hátt um þessar mundir og frekari lánamöguleikar kunna því að virka hvetjandi á markaðinn og þar með til enn frekari hækkunar.

Að þessu samanteknu er álit undirritaðs að tilkoma húsbréfa í þeim mæli sem frv. gerir ráð fyrir kunni að leiða til aukinnar eftirspurnar og minnkaðs framboðs eldri íbúða og þar með verðhækkana á þeim og aukningu nýbygginga."

Þjóðhagsstofnun telur að möguleiki sé fyrir hendi að viðskiptavakar mundu þurfa að kaupa verulegan hluta bréfanna til þess að halda uppi markaðnum, en slíkt mundi óneitanlega auka peningamyndun og af þeim sökum gæti þurft að gera aðrar ráðstafanir á sviðum peningamála, en tilkoma húsbréfamarkaðar kallar á miklar breytingar á peningastjórn.

Nú væri að vísu athyglisvert að fá það upplýst til hvaða annarra ráðstafana hugsanlegt er að grípa. Ráðherra getur vafalaust upplýst okkur um það.

Í niðurlagi umsagnar Þjóðhagsstofnunar segir að upplýsingar um ýmsar hliðar fjármagnsmarkaðarins, ekki síst hvað eignir heimilanna varða, séu mjög takmarkaðar og af því leiði að erfitt sé að meta í tölum áhrif húsbréfakerfisins á ýmsa þætti fjármagnsmarkaðarins.

Þetta er e.t.v. stóra málið, hvaða áhrif húsbréfakerfið kemur til með að hafa á fjármagnsmarkaðinn, og það er meginástæða þess að ég hefði kosið að þetta frv. færi aftur til ríkisstjórnarinnar sem gæfi sér sumarið í að fullvinna málið. En á það má ekki heyrast minnst. Þrátt fyrir það hversu mjög umdeilt málið er virðist enginn vilji fyrir því að ná samstöðu og sátt um málið. Forseti ASÍ og fulltrúi Framsfl. í þeirri nefnd sem sat milli þinga eru alfarið á móti málinu og flestir aðrir nefndarmanna skrifuðu undir nál. með fyrirvara.

Hæstv. forseti. Vinnumálasamband samvinnufélaganna hefur m.a. þetta um málið að segja, með leyfi forseta:

„Sem félag atvinnurekenda telur Vinnumálasamband samvinnufélaganna hættu á að húsbréfakerfi eins og hér er í fæðingu muni valda því að fjármagnið muni dragast frá atvinnuvegunum. Ríkistryggð skuldabréf í fasteignaviðskiptum munu verða boðin

til sölu á hinum vanþróaða fjármagnsmarkaði hér á landi.

Vinnumálasamband samvinnufélaganna telur að ríkistrygging sérstaklega muni hafa óheppileg áhrif og stuðla að hækkun vaxta. Sérstaklega byggist þessi afstaða á því að ekki er gert ráð fyrir í frv. að sett verði nein mörk á þeirri heildarupphæð sem Byggingarsjóði ríkisins verður heimilað að skipta skuldabréfum íbúðaseljenda yfir í húsbréf."

Og síðar í umsögn Vinnumálasambands samvinnufélaganna segir, með leyfi forseta:

„Vinnumálasamband samvinnufélaganna er fyllilega sammála þeirri skoðun sem varð til þess að frv. þetta kom fram, að núverandi húsnæðismálakerfi er meingallað og úr því þurfi að bæta sem fyrst. Núverandi kerfi er gallað að því leyti að stór hluti sparnaðar landsmanna er bundinn í því og nauðsynlegt að lífeyrissjóðirnir fái leyfi til að ráðstafa á hinum frjálsa fjármagnsmarkaði stærri hluta af ráðstöfunarfé sínu og þannig muni verða hægt að ná vöxtum mikið niður.

Hins vegar mun VMS, sem félag atvinnurekenda og félag sem vinna á að því að hagur atvinnurekstrar hér á landi verði sem bestur, ekki geta mælt með því að komið verði á húsnæðismálakerfi sem hætta er á að auka muni þenslu og hækka vexti. Slíkt má ekki gerast ef eðlilegur atvinnurekstur á að geta þrifist hér á landi.

Að endingu vil ég fyrir hönd Vinnumálasambandsins lýsa þeirri skoðun minni að ég tel að opinbert húsnæðismálakerfi eigi ekki að vera til nema fyrir þá aðila sem eru að kaupa eða byggja sína fyrstu íbúð."

Undir þetta ritar Hjörtur Eiríksson, framkvæmdastjóri Vinnumálasambands samvinnufélaganna.

Félag fasteignasala segir í niðurlagi sinnar umsagnar, með leyfi forseta:

„Stjórn FF leggur áherslu á það að til þess að jafnviðamikil breyting á húsnæðiskerfinu og hér um ræðir megi blessast er algjört grundvallaratriði að lögin verði ekki látin taka gildi of fljótt. Starfsfólk Húsnæðisstofnunar, starfsfólk bankanna, fasteignasalar og aðrir sem koma til með að framkvæma ákvæði laganna verða að hafa nægan tíma til undirbúnings. Afar mikilvægt er að nægum tíma verði varið í þennan undirbúning þannig að allar starfsreglur og starfshættir verði á hreinu þegar frá upphafi."

Þarna taka þeir fyllilega undir með þeim fjölmörgu sem telja að það eigi að gefa sér góðan tíma til að skoða málið og fara varlega.

Ég vil ljúka þessum tilvitnunum í umsagnir sem nefndinni bárust með þeirri sem raðað var síðast í umsagnamöppuna er ég fékk, en sem ætti í raun og veru að raðast fremst. Það er bréf frá stjórn Húsnæðisstofnunar en í lok þess bréfs segir, með leyfi forseta:

„Mjög mismunandi skoðanir eru innan stjórnarinnar á framlögðu frv. til laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, 344. mál þingsins. Vegna þess mun hún ekki senda nefndinni umsögn um það."

Sem sagt engin eining á þeim bæ, engin eining hjá þeim sem sennilega þekkja hvað best til þessara mála hérlendis. Verulegar efasemdir. Er þetta ekki staðfesting á því að við eigum að flýta okkur hægt?

Um einstakar greinar ætla ég ekki að fjalla, en get þó ekki látið hjá líða að mæla gegn 55. gr. þar sem gert er ráð fyrir því að lántakandi greiði rekstrarkostnað við húsbréfadeildina með því að greiða sérstakt vaxtaálag sem ætlunin er að mæti hugsanlegu útlánatapi deildarinnar. En sú grein hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Húsbréfadeildinni er heimilt að áskilja sér vaxtaálag til að mæta rekstrarkostnaði og áætluðum útlánatöpum. Félmrh. ákveður vaxtaálag þetta að fengnum tillögum frá húsnæðismálastjórn."

Um þessa grein segir dr. Pétur H. Blöndal, framkvæmdastjóri Kaupþings hf., eftirfarandi í umsögn sinni:

„Núverandi húsnæðiskerfi hefur í sér fólgna þvílíka vaxtaniðurgreiðslu að sýna má fram á að lántakandi fái 35% lánsins að gjöf. Undirrituðum finnst að með þessari grein sé verið að fara úr ökkla í eyra. Nú á lántakandinn að greiða rekstrarkostnað og meira að segja ríkisábyrgðina, þ.e. útlánatöp líka. Er ekki eðlilegt að styrkur ríkisins til almennra húsbyggjenda felist einmitt í því að ríkið rekur kerfið, þ.e. veitir fræðslu, upplýsingar og sér um skipti og veitir ríkisábyrgð?"

Þá er ég einnig mótfallinn 57. gr. sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Byggingarsjóður ríkisins innheimtir afborganir og vexti af keyptum fasteignaveðbréfum og ráðstafar því fé sem þannig innheimtist til endurgreiðslu húsbréfa eftir hlutkesti sem notarius publicus hefur umsjón með. Þegar hlutkesti hefur farið fram skal auglýsa með tveggja mánaða fyrirvara númerin á húsbréfunum sem upp hafa komið til innlausnar. Skal kveða á um fyrirkomulag þetta í reglugerð."

Enn vil ég, með leyfi forseta, fá að vitna til umsagnar Péturs H. Blöndal frá Kaupþingi hf., en hann segir um þessa grein:

„Hlutkesti er óþarft ef notaðar yrðu þekktar aðferðir til fjármagnsstýringar eins og t.d. veðdeild Iðnaðarbankans beitir. Hlutkesti og útdráttur mun veikja mjög markaðshæfni húsbréfa því í því felst áhætta. Ef bréfin eru keypt með afföllum græðir sá sem dreginn er út strax, en þeir sem aldrei eru dregnir út mundu tapa. Öfugt gerist ef bréfin eru keypt á yfirgengi, þ.e. ef markaðsvextir væru lægri en vextir húsbréfanna. Auk þess yrðu eigendur bréfanna stöðugt að fylgjast með útdrætti. Samanlagt mundi þessi útdráttur veikja húsbréfin og hækka fórnarvexti þeirra að óþörfu."

Hæstv. forseti. Það er náttúrlega hægt að velta upp mörgum spurningum varðandi þetta frv. Það má spyrja hæstv. ráðherra t.d. hvernig þetta komi heim og saman við lánsfjárlög. Það má spyrja hvort ekki sé í raun verið að gefa peningaprentun frjálsa í landinu. Það má spyrja hvort ríkisábyrgðin eigi að vera takmarkalaus, þ.e. án allra takmarkana. Það má spyrja hvaða áhrif þetta kerfi hafi á fjármagnsmarkaðinn, á peningamálin og á vextina. Það má spyrja hvaða áhrif

þetta hefur á vinnumarkaðinn, til að mynda nýbyggingar. Það má spyrja hvernig ráðherra ætlar að koma í veg fyrir affallaviðskipti með þessi bréf. Það má spyrja ráðherra hvernig koma eigi í veg fyrir að húsbréfin verði notuð sem gjaldmiðill í hinum ýmsu viðskiptum. Og það má spyrja ráðherra hvort hún sé sammála þeim fjölmörgu sem álíta að vextir muni hækka, að íbúðaverð muni hækka og að verðbólga muni aukast sem afleiðing þessa nýja kerfis. Og það er ekki óeðlilegt að kalla eftir framtíðarsýn ráðherrans: Hvaða afleiðingar telur hún í heildina séð að frv. komi til með að hafa?

Þá má auðvitað og er sjálfsagt að biðja ráðherrann að gera þinginu nú grein fyrir því hvernig frestun á gildistöku frv. mundi valda því að þjóðfélagið tapaði fleiri milljörðum króna eins og hún hefur marglýst yfir. Því sé það rétt er það náttúrlega ábyrgðarhluti að hindra framgang málsins. Ég efa hins vegar ekki að ráðherra gefur og hefur svör á reiðum höndum og hlakka til að fá heyra þau.

Hæstv. forseti. Ég get tekið undir flest ef ekki allt sem fram kemur í nál. 1. minni hl. félmn. og ætla mér ekki að hafa mörg orð um það frekar en önnur nál. sem hér liggja frammi. Mér finnst þó álit 2. minni hl. nefndarinnar sérstaklega athyglisvert, ekki vegna þess hvað í því stendur heldur fyrir verðmiðann sem því fylgir frá Kvennalistanum, sem hefur yfirskriftina „Samkomulag um húsnæðismál". Um það ætla ég ekki að fjölyrða en segi þó að allt er í heiminum hverfult og allt er í heiminum falt.

Hæstv. forseti. Ég mun senn ljúka orðum mínum, en áður en kemur að því langar mig til að vitna í rit eftir Jóhann Rúnar Björgvinsson þjóðhagfræðing, þar sem hann tekur m.a. sérstaklega fyrir húsbréfafrv. Ég ætla aðeins að lesa það sem hann dregur saman sem helstu niðurstöðu um efnahagsleg áhrif húsbréfa, þó vissulega væri vel þess virði að glugga nánar í þetta rit, en það má e.t.v. vera að það gefist tækifæri til þess síðar í umræðunni. Helstu niðurstöður Jóhanns eru sem sagt þessar, með leyfi forseta:

„1. Húsbréfin hafa flesta eiginleika peninga. Þau eru ríkistryggð, hafa mikla innbyrðis samsvörun, hafa þekkt verðgildi og ljúka viðskiptum. Þau hafa því alla burði til þess að verða peningar í hagkerfinu. Útgáfa þeirra getur því magnað verðbólguna ef ekki er rétt að málum staðið. Þá geta þau fengið víðtækara gjaldmiðilshlutverk en á fasteignamarkaðnum.

2. Sparnaðarhneigðin í þjóðfélaginu setur húsbréfakerfinu skorður því ekki er hægt að gefa út fleiri húsbréf en sparnaðareftirspurn bréfanna gefur tilefni til nema það hafi áhrif á raunvirði þeirra til lækkunar. Áhrifin eru að færri lán verða afgreidd en áður ef gert er ráð fyrir hærra lánsfjárhlutfalli til fasteignakaupenda en í fyrra kerfi.

3. Ef um offramboð húsbréfa verður að ræða hefur það víðtæk áhrif á vaxtastigið í þjóðfélaginu. Sömuleiðis hefur það mjög verðbólguhvetjandi áhrif, bæði almennt og á fasteignamarkaði.

4. Tilkoma húsbréfakerfisins mun skerða verulega getu Seðlabankans til að sinna því hlutverki í hagkerfinu sem honum er ætlað, þ.e. að stjórna peningamagni hagkerfisins og að vinna að stöðugu verðgildi krónunnar.

5. Fullyrðingar um að húsbréfakerfi muni bæði auka innri fjármögnun á fasteignamarkaðinum og lækka útborgunarhlutfallið eru á misskilningi byggðar."

Og undir þessu segir m.a.:

„Fátt bendir því til þess að hið nýja húsbréfakerfi eins og það er útfært muni leysa hið gamla af hólmi sem betra kerfi."

Væri ekki úr vegi að ráðherra gerði grein fyrir sínum skoðunum á þessum niðurstöðum þjóðhagfræðingsins.

Hæstv. forseti. Ég er í hjarta mínu sammála þeirri meginhugsun sem felst í húsbréfakerfinu en tel engu að síður að ekki liggi nægilega vel fyrir hverjar verða afleiðingar frv. á fjölmarga þætti, þætti sem ég hef verið að rekja hér. Því munum við í Frjálslynda hægri flokknum styðja það að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar til frekari vinnslu og við væntum þess að sú málsmeðferð verði ofan á enda á þingið ekki virðingar sinnar vegna að vera að samþykkja lög sem nánast allir eru sammála um að vinna þurfi betur, séu sem sagt ekki tilbúin til samþykktar.

Og svo alveg í lokin vil ég segja það að ég harma það hvernig ráðherra hefur hagað sinni baráttu fyrir framgangi þessa máls, þ.e. með eilífum hótunum um afsögn. Slík vinnubrögð gagnvart þinginu og reyndar þjóðinni eru til skammar fyrir hvern sem er. Sem betur fer eru þetta ekki algeng vinnubrögð hjá ráðherrum þótt þessi vinnubrögð séu algeng í Alþfl. sem slíkum og þekkjum við þess dæmi af þessu þingi. Ég harma því að ráðherra skuli ekki trúa meira en svo á málstað sinn að hún telji sig ekki geta treyst á almenna skynsemi þingmanna til þess að ná máli sínu fram, heldur telji sig þurfa að stilla mönnum upp við vegg til þess að geta fengið sínu framgengt.

Hæstv. forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Benedikt Bogason:

Virðulegi forseti. Það er út af fyrir sig ánægjulegt að hv. alþm. skuli hafa svo gífurlegan áhuga á húsnæðismálum umbjóðenda sinna að þeir skuli leggja á sig allt að þriggja tíma ræður, að vísu kaflaskipti á milli daga, til að tjá sig um þetta frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 109/1988. Hitt er ekki að sama skapi ánægjulegt hversu ósammála menn eru, ekki aðeins hv. alþm. heldur flestir sem um þetta hafa fjallað opinberlega, sérfræðingar, ráðgjafar, verkalýðsforingjar, atvinnurekendur, bankamenn, hagfræðingar, fasteignasalar og svo má lengi telja. Félmn. deildarinnar klofnaði í fjóra minni hluta. Meiri hluti er ekki fyrir hendi.

Fyrsti minni hl., sjálfstæðisþingmennirnir Geir H. Haarde og Eggert Haukdal telja mikla óvissu ríkja um áhrif frv., vilja kanna málið betur og leggja því til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar til frekari athugunar og úrvinnslu.

Það vill einnig 3. minni hl., hv. alþm., fyrrv. hæstv. félmrh., Alexander Stefánsson, en fella það ella.

Annar minni hl., hv. alþm. Jón Sæmundur Sigurjónsson, Guðrún Helgadóttir og Jón Kristjánsson vilja samþykkja það með nokkrum orðalagsbreytingum, betra máli, betri íslensku og tveimur efnisbreytingum sem eru að heildarfjárhæðir séu háðar samþykki félmrh. og gildistakan verði 15. nóv. 1989 í stað 1. sept.

Fjórði minni hl., hv. þm. Kvennalistans Kristín Einarsdóttir vill samþykkja frv. gegn ákveðnum skilyrðum um aukningu á framkvæmdafé í félagslega hluta íbúðakerfisins og að vextir af eldri lánum hækki ekki. Að þessu munu aðstandendur frv. hafa gengið, a.m.k. að verulegu leyti.

Um núverandi kerfi sem tók gildi samkvæmt lögum 1. sept. 1986 og víðtæk samstaða tókst um er það að segja að það fullnægir engan veginn þeim væntingum sem menn höfðu um það í upphafi. Umsóknafjöldi fór langt fram úr því sem áætlað var og þótt nú á síðustu mánuðum hafi dregið verulega úr nýjum umsóknum virðist þetta kerfi ætla að leita sér jafnvægis með tveggja til þriggja ára bið eftir láni. Það gengur auðvitað ekki hér á Vesturlöndum.

Auk þess að ganga til þess að ráðstafa 55% af þeirri tíund sem atvinnurekendur og launþegar leggja til hliðar í þvingaðan sparnað lífeyrissjóðanna, að taka þá peninga alla inn í húsnæðiskerfið, þýddi einfaldlega að hinn frjálsi fjármagnsmarkaður þrengdist svo gífurlega í einu vetfangi á uppgangstíma í þjóðfélaginu að raunvextir hækkuðu úr 5–6% upp í 8–10% á skömmum tíma. Það voru að vísu fleiri ástæður en þetta vó örugglega mjög þungt í þeim efnum. Þetta leiddi m.a. til þess að greiða varð niður af almannafé vexti húsnæðislánanna þannig að talsverður hluti þeirra sem sótt hafa um lán — það munu um 18.000 umsóknir hafa borist frá því í september 1986 þangað til í febrúar á þessu ári — var fremur að sækja um niðurgreidd lán en að leysa brýna húsnæðisþörf. Og ef ekkert er að gert endar þetta auðvitað með ósköpum. Það þarf ekki meira mál um það.

Það má því segja að allir séu sammála um að breytinga sé þörf en þetta frv. er því miður meingallað enda er svo að sjá að það sé samið að hluta til af gömlu matarskattsnefndinni, stórslysanefndinni í ráðuneytinu. Þótt um mjög hæfa menn sé að ræða að mörgu leyti virðist eitthvað skorta á jarðsamband við íslenska jörð, því miður.

Borgfl. hefur látið húsnæðismálin mjög til sín taka sem og önnur velferðarmál fólksins í landinu því þegar eftir kosningar 1987 var hafist handa um að gera ítarlega athugun á stöðu og möguleikum til lausnar í húsnæðismálum okkar þar sem mjög var stuðst við reynslu nágrannaþjóða okkar sem um áratuga skeið hafa haft gott vald á þeim málum, fólk getað fengið lán með stuttum fyrirvara í samræmi við þarfir og getu.

Þingmenn Borgfl., þeir Júlíus Sólnes og Guðmundur Ágústsson, fluttu á síðasta þingi frv. um húsnæðislánastofnanir eða húsbanka ásamt breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun. Það fékk auðvitað enga afgreiðslu frekar en flest þingmannafrv. hér á hinu háa Alþingi. Því var það endurflutt á yfirstandandi þingi. Og með leyfi hæstv. forseta ætla ég mér að lesa glefsur úr framsögu hv. þm. Júlíusar Sólnes frá 7. mars sl. þar sem fram kemur hvað felst í þessu frv. og ég tel að sé mjög gott að hafa í huga þegar einmitt er verið að ræða kosti og galla þessa frv. sem hér er til umræðu:

„„Flm. leggja því til að tekið verði upp tvöfalt húsnæðislánakerfi. Í fyrsta lagi sjái ríkið aðeins um lánveitingar til bygginga með félagsleg markmið og til þeirra sem eru að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð. Í þessu skyni verði Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna sameinaðir. Eru flm. að undirbúa frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins í þessu skyni. Þar segir um hlutverk hins sameinaða byggingarsjóðs ríkisins:

„Úr Byggingarsjóði ríkisins er heimilt að veita lán til byggingar eða kaupa á íbúðarhúsnæði, til meiri háttar viðbygginga, endurbóta og endurnýjunar á notuðu húsnæði, til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði og til orkusparandi breytinga á húsnæði sem hér segir:

1. Íbúðir fyrir lágtekjufólk (verkamannabústaðir).
2. Íbúðir fyrir þá sem eru að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð.
3. Verndaðar íbúðir fyrir öryrkja.
4. Verndaðar íbúðir fyrir aldraða.
5. Leiguíbúðir á vegum sveitarfélaga og félagasamtaka.

Úr Byggingarsjóði ríkisins er enn fremur heimilt að veita lán til byggingar eða kaupa á húsnæði fyrir félagslegar stofnanir á vegum opinberra aðila og félagasamtaka svo sem dagvistarstofnanir fyrir börn og aldraða, hjúkrunarheimili og dvalarheimili.“

Þetta leiðir af sér að hlutverk Húsnæðisstofnunar ríkisins verður aðallega að annast lánveitingar, hugsanlega með niðurgreiddum vöxtum eða sérstökum skattaívilnunum, til 1) íbúða fyrir lágtekjufólk (verkamannabústaða), 2) þeirra sem eru að kaupa eða að byggja sína fyrstu íbúð, 3) til byggingar leiguíbúða í samvinnu við sveitarfélög, félagasamtök og hagsmunasamtök launþega, 4) til byggingar verndaðra íbúða fyrir aldraða og öryrkja, 5) til að takast á við sérstök verkefni félagslegs, tæknilegs og fjárhagslegs eðlis.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem flm. hafa fengið, munu þeir sem þannig ættu rétt á húsnæðislánum hjá Húsnæðisstofnun ríkisins vera tæplega 40% af þeim sem sækjast eftir lánum til byggingar eða kaupa á íbúðarhúsnæði hverju sinni. Ljóst er að mun auðveldara verður fyrir Húsnæðisstofnun að sinna þörfum þessa takmarkaða hóps.“

Þetta er kannski aðalkjarninn í þessum tillögum okkar, að gera ríkinu auðveldara að sinna þessu meginhlutverki sínu sem er að sjá um hinn félagslega þátt íbúðakerfisins en að láta almenna kerfið öðrum eftir. Það má rifja það upp að fyrir allmörgum árum sáu lífeyrissjóðirnir um lán til þeirra sem voru að byggja eða kaupa sér íbúðir og þá var um það að ræða

að menn gátu bæði sótt til Húsnæðisstofnunar um húsnæðismálalán, sem þá voru svo kölluð, og síðan fengu menn yfirleitt lífeyrissjóðslán þar til viðbótar. En við teljum að með því að samþykkja þetta frv. sé skapaður lagarammi til þess að hægt sé að koma á fót sérstökum húsnæðislánastofnunum, en við hugsum okkur þær þannig að fyrst og fremst lífeyrissjóðirnir, tryggingafélög og bankar geti sameinast um það að koma upp slíkum stofnunum sem taki að sér að sjá um og veita húsnæðislán til allra þeirra sem standa traustum fótum í kerfinu, þ.e. þeir sem þurfa ekki á félagslegri aðstoð að halda og eiga auðvelt með að standa undir lánum með markaðsvöxtum t.d.

Eins og húsnæðiskerfið er nú rekið þá eiga allir sem greiða í lífeyrissjóði rétt á húsnæðislánum og það hefur auðvitað orðið til þess að þrýstingur á kerfið er geysilegur, það hafa myndast langar biðraðir og þjóðin er komin á algert fjárfestingarfyllerí í húsnæðismálum. Þannig er fyrirhugað að verja 14 milljörðum kr. í húsnæðislán á árinu 1989. Samkvæmt könnun Félagsvísindastofnunar hyggjast aðspurðir, ⅔ hlutar allra íbúa höfuðborgarsvæðisins, byggja yfir sig á næstu árum. Það sér hver heilvita maður að það er ekki heil brú í þessu kerfi. ...

Húsbréfin eru þannig hugsuð af hálfu þeirra sem hafa skipulagt á sínum tíma húsnæðislánastofnanir að fyrir það fyrsta verði að ríkja mikið gagnkvæmt traust milli þeirra sem gefa út húsbréf og þeirra sem kaupa þau. Og það verður ekki gert með öðrum hætti en þeim að húsnæðislánastofnanir, sem fá heimild til þess að gefa út húsbréf til sölu á almennum markaði, verða að vera settar undir mjög ströng lagaákvæði þannig að það verði mjög strangt eftirlit og aðhald með starfsemi þeirra. Þær verða að fá nánast svipaða stöðu og bankar í peningakerfinu þannig að almenningur geti treyst þessum stofnunum á sama hátt og almenningur treystir sterkustu bönkum landsins. Þarna gegnir eftirlitshlutverk félmrh. miklu hlutverki og vegur þungt í lagasetningunni til þess einmitt að treysta þetta öryggi sem verður að vera á bak við útgáfu húsbréfanna.

Annað meginatriði sem gildir um útgáfu húsbréfanna er það að stofnunin sem gefur út húsbréfin verður alla tíð að hafa örugg veð á bak við húsbréfin og það gerist með þeim hætti einum saman að stofnunin verður sjálf að rannsaka veðhæfni þeirra íbúða og þeirra fasteigna sem hún ætlar að veita lán út á og það verður ávallt að ríkja jöfnuður á milli þeirra húsbréfa sem eru í umferð hverju sinni og þeirra veðskuldabréfa sem stofnunin hefur með höndum og undirrituð eru af lántakendum sem hafa fengið lán hjá stofnuninni. ...

Við flm. bendum á það í grg. með þessu frv. að það er mikil þörf fyrir að endurskipuleggja sjálft lánsformið og líta betur á lánskjörin. Frá því að lánskjaravísitölulánin voru tekin upp hafa menn lokast inni í þeim farvegi og einblínt á hann og ekki séð neitt annað. Það er hins vegar hægt að hugsa sér húsnæðislánamál með allt öðru formi og á allt öðrum grundvelli og það a.m.k. er mjög einkennilegt að sjá hvert lagafrv. á fætur öðru sett fram hér af hálfu stjórnarflokkanna þar sem í nánast hverju einasta frv. er gert ráð fyrir lánskjaravísitölubindingu á ýmsum fjárhæðum sem koma fram í frv. þegar í stefnuskrá ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir því að afnema lánskjaravísitölu strax og efnahagsástandið í þjóðfélaginu sé orðið viðunandi. En með þessum lagafrv. er hins vegar verið að binda lánskjaravísitöluna um aldur og ævi vegna þess að lagahreinsunin sem þyrfti að fara fram ef lánskjaravísitala yrði nokkurn tíma afnumin er svo viðamikil að ég sé ekki annað en það þyrfti heilt þing til þess eins að hreinsa lánskjaravísitölu út úr öllum mögulegum lögum sem hér hafa verið sett upp á síðkastið.

Ég tel að það sé alveg ljóst að í félagslega kerfinu eigi að vera með niðurgreidda vexti. Í þeim hugmyndum sem komu fram í milliþinganefndinni sem ég gerði miklar athugasemdir við er hins vegar lagt til að það verði farið upp í markaðsvexti með öll húsnæðislán, hvort sem um er að ræða húsnæðislán á vegum Húsnæðisstofnunar ríkisins eða annarra, og síðan verði farið út í vaxtabætur. Þá á að fara eina ferðina enn að rannsaka hagi fólks, telja börnin og kanna tekjurnar og húsnæðið og síðan á að senda tékk einhvern tíma um mitt ár, einhverjar vaxtabætur vegna þeirra vaxta sem fólkið hafði greitt af húsnæðislánum. Fyrir höfum við barnabætur og við höfðum reyndar húsnæðisbætur og örorkubætur, ... Miklu nær væri að þegar þetta tvöfalda húsnæðiskerfi væri komið á legg þannig að félagslegi þátturinn væri hjá ríkinu þá væri hreinlega um að ræða niðurgreidda vexti. Það er langeðlilegast, þannig að fólk viti bara fyrir fram að hverju það gengur. En hjá hinum sem taka lán hjá almennum húsnæðislánastofnunum með fullum markaðsvöxtum verði heimilaður vaxtafrádráttur frá skattskýrslu sem þannig komi ekki til skattlagningar.

Það er aðeins eitt dæmi enn sem má nefna um húsbréfin, en það er í sambandi við hvernig í ósköpunum ætla menn að reikna vaxtabætur af húsbréfum þegar þau verða seld með afföllum t.d.? Hvernig á að meta afföllin sem verða á húsbréfunum og hvernig á að reikna það inn í vaxtabæturnar? ...

Að lokum langar mig rétt til að koma inn á það sem vikið er að í grg. með frv. en það eru hugmyndir um lán með afkomutryggingu. Við komum þar inn á mjög athyglisverðar og nýstárlegar hugmyndir um það með hvaða hætti er hægt að koma í veg fyrir að lántakendur komist í greiðsluþrot vegna skyndilegrar rýrnunar tekna, t.d. vegna makamissis þegar um er að ræða að tveir afla teknanna, vegna langvarandi atvinnuleysis, vegna veikinda og svo margs annars sem getur komið fyrir þannig að tekjur heimilisins lækki. Lán með afkomutryggingu hafa tíðkast sérstaklega í Bandaríkjunum, en þá er í samvinnu við tryggingafélög sett afkomutrygging á lánið þannig að ef tekjur heimilisins lækka vegna sérstakra aðstæðna eins og ég var að nefna, veikinda eða af einhverjum öðrum orsökum, þá greiðir tryggingafélagið mismuninn á greiðslubyrðinni og greiðslugetu viðkomandi."

Þar með hef ég lokið að lesa hér glefsur um þetta frv.

Virðulegi forseti. Ég biðst afsökunar að þetta var kannski dálítið langt en ég tel að þarna höfum við einmitt náð talsvert langt á þeirri leið sem ég held að við hljótum að fara hér á Íslandi og sem aðstandendur þessa frv. sem hér er til umræðu hafa kannski lesið lauslega yfir og eru að reyna að taka grunnhugmyndina frá, en misskilja það greinilega svo hrapallega að þeir ná ekki þessum mismun sem er á því hvort hinn almenni markaður sjái um að fullnægja lánum til þeirra sem eðlilega eiga að greiða venjulega markaðsvexti í þjóðfélaginu eða hinna sem þjóðfélagið vill og þarf að aðstoða til þess að styrkja þá sem þjóðfélagsþegna í þessu þjóðfélagi, hvort sem um er að ræða félagslega erfiðleika eða af því að verið er að byggja fyrstu íbúð. Það gilti þegar ég var að byggja og það gildir enn að það er langerfiðast að eignast fyrstu íbúðina þó lítil sé. Eftirleikurinn, að stækka við sig eða breyta, hefur alltaf verið miklu auðveldari ef farið er að með gát.

En það er fróðlegt í stuttu máli að velta fyrir sér hver er aðalmunurinn á frv. hæstv. félmrh. og frv. því sem Borgfl. hefur lagt fram og hefur verið að berjast fyrir. Það er kannski meginmálið að í frv. félmrh. sem hér er til umræðu á hreinlega að ríkistryggja öll fasteignabréf, hvorki meira né minna, á þeim tíma sem stefnan hjá öllum stjórnmálaflokkum er sú að hverfa meira og meira frá ríkisforsjá, frá ríkistryggingu, frá ríkisábyrgð og þróa slíkt inn á dreifða ábyrgð markaðarins. Þá kemur það allt í einu eins og skrattinn úr sauðarleggnum að það á hreinlega að ríkistryggja öll fasteignabréf.

Borgfl. vill að Húsnæðisstofnun eða einstakir húsbankar í eigu lífeyrissjóða, banka eða tryggingafélaga gefi út og selji skuldabréf í seríum og láti það samsvara þeim lánum sem sótt er um þannig að það geti myndast jafnvægi á markaðnum. Þegar mikil eftirspurn er eftir bréfum, þá er hægt að byggja meira og draga þá saman seglin. Í samráði við Seðlabanka er hægt að hafa áhrif á þróunina. Þarna gæti líka Húsnæðisstofnun ríkisins með eftirliti félmrh. haft sín áhrif með tilliti til heildarstöðunnar á húsnæðismarkaðnum. Það er eitt atriði sem virðist ekki hafa komið fram hér í umræðunum, flest annað hefur nú komið fram í þessum löngu umræðum, og það er þessi þróun sem hefur orðið. Við höfum verið að byggja hér upp yfir okkur í 40–50 ár aðallega og í fyrra munu hafa verið um 87–88 þúsund íbúðir hér á landi, að meðaltali 120 fermetrar á stærð, þ.e. í dag eru um 40 fermetrar á hvern Íslending í íbúðarhúsnæði. Þá förum við að nálgast einmitt það stig sem náðist á 8. áratugnum í Svíþjóð, að það varð skyndilega mettun á markaðnum. Sænsk byggingarfélög voru mjög þróuð. Þau héldu áfram að byggja, byggja og byggja og allt í einu stóðu þau andspænis því að það voru heilu hverfin sem stóðu auð vegna þess að þeir voru búnir að byggja of mikið.

Við vitum það að þörfin er talsvert mikil hér og það þarf sérstaklega að fylla í ýmis göt, t.d. úti um landið og í félagslega þættinum. Hér vantar algjörlega að stuðla að heilbrigðum leigumarkaði þannig að fólk sé ekki alveg háð því að demba sér beint út í húsbyggingar um leið og það kemur út á atvinnumarkaðinn, það eigi kost á að taka sér húsnæði á leigu um tíma meðan það er að búa sig undir að stíga skrefið til þess að eignast húsnæði og geti þá í rólegheitum undirbúið sig og reiknað sín mál fram í tímann. Og þá er náttúrlega um að gera að við séum komnir á það stig að það sé komið eitthvert jafnvægi í þessum málum, að ekki sé verið að breyta þessum lögum annað hvert ár eða á hverju ári. Fyrir venjulegt fólk tekur nokkur ár að eignast þó ekki sé nema litla íbúð, það tekur 5–6 ár minnst frá því að farið er að hugsa um þetta og þangað til afborganir eru komnar í jafnvægi, allt upp í 10 ár.

Það er alltaf verið að tala um að mín kynslóð hafi fengið húsnæði sitt ókeypis af því að það voru neikvæðir vextir oft og tíðum þá. En það er ekki rétt. Við þurftum að puða. Þetta var talið svona á við meðalháskólanám, 6–7 ára puð að eignast fyrstu íbúð. Það var nú bara þannig. Menn voru í því og gerðu lítið annað á meðan og margir keyrðu sig illa um koll í því puði. En það er eins og okkur gangi illa að ná þessu jafnvægi. Aðalatriðið er náttúrlega að hafa jafnvægi, að við finnum út kerfi sem er dálítið stöðugt, ekki kannski fullkomið en það sé ekki alltaf verið að breyta þannig að menn geti gengið að hlutunum með nokkurri vissu, þ.e. að hið opinbera umhverfi breytist ekki í miðjum klíðum. Við sáum hvernig þetta var 1983. Fólk sem hafði byggt eða keypt sér íbúð, launafólk 1979–1980, og lenti svo í þessu misvægi 1983 þegar það var kannski í miðjum klíðum að reyna að borga sig út úr lausaskuldunum, það lenti í því hreinlga að það fjaraði þannig undan því að það missti allt sem það átti og sat eftir með skuldir. Ég veit nokkur slík dæmi.

Hæstv. forseti. Mér áskotnaðist í dag álitsgerð frá títtnefndum Jóhanni Rúnari Björgvinssyni þjóðhagfræðingi sem mun vinna hjá Þjóðhagsstofnun og hefur skrifað mjög skiljanlega og skynsamlega um þessi húsnæðismál og sérstaklega á eðlilegri íslensku sem auðvelt er að skilja, hefur ekki falið sig bak við neitt stofnanamál heldur talað skýrt út eins og sem betur fer sumir geta. Og með leyfi forseta ætla ég að lesa þessa álitsgerð sem mér finnst skipta verulegu máli í sambandi við það þegar verið er að meta þá áhættu sem gæti falist í því ef þetta frv. fer í gang 15. nóv. nk. eins og það liggur fyrir núna óbreytt.

„Hver er munurinn á húsbréfum og spariskírteinum? Ef litið er á eiginleika þessara bréfa, þá er munurinn sáralítill. Þau eru bæði ríkistryggð og stöðluð. Húsbréfin eru að vísu til 25 ára en spariskírteinin til mun skemmri tíma. Þó er líklegt að húsbréfin verði almennari, verðgildi þeirra þekktara og markaður þeirra virkari. En það er ekki eiginleiki þessara bréfa sem gera þau frábrugðin heldur það hvernig þau eru notuð eða hvernig þau koma inn á markaðinn.

Ríkissjóður selur sparifjáreigendum spariskírteini

fyrir peninga sem hann síðan notar til greiðslu á útgjöldum sínum. Ef ríkissjóður seldi sparifjáreigendum húsbréf fyrir peninga sem hann síðan lánaði fasteignakaupendum væri munurinn á þessum bréfum enn þá sáralítill. En ríkissjóður hefur ekki í hyggju að selja húsbréf fyrir peninga heldur fyrir veðskuldabréf. Hér er um grundvallarmun að ræða.

Hugsunin er sú að handhafi húsbréfa geti síðan gert eitt af þrennu [sbr. húsbréfafrv. sem hér er til umræðu]:

1. Átt bréfin sem hvern annan öruggan sparnað.
2. Látið þau ganga upp í næstu íbúðakaup sín.
3. Innleyst bréfin á markaði.

Til þess að húsbréfin geti sinnt því hlutverki sem felst í lið 2, þá þarf í fyrsta lagi verðgildi þeirra að vera þekkt og er því gert ráð fyrir því að þau verði ætíð skráð opinberlega.

Í öðru lagi verður að vera virkur markaður fyrir slík bréf svo seljendur fasteigna samþykki þau sem greiðsluform. Því er gert ráð fyrir að Seðlabankinn gegni veigamiklu hlutverki viðskiptavaka á þeim markaði til að auka virkni hans og grípi inn í ef verulegt misræmi skapast, svo sem ef afföllin aukast verulega.

Hugsum okkur nú ef ríkissjóður léti spariskírteini sín koma með svipuðum hætti inn á markaðinn og húsbréfin, þ.e. í stað þess að ríkissjóður reyndi að selja spariskírteini á opnum markaði fyrir peninga, eins og hann gerir nú með misgóðum árangri, þá greiddi hann hluta af útgjöldum sínum, svo sem fjárfestingarútgjöldin, beint með spariskírteinum. Jafnframt auglýsti hann að viðtakandi gæti gert eitt af þrennu: átt bréfin sem hvern annan öruggan sparnað, látið þau ganga upp í einhver viðskipti sín eða innleyst bréfin á markaði. Ríkssjóður tryggði síðan að ávallt væri virkur markaður fyrir spariskírteinin, að verðgildi þeirra væri ætíð skráð opinberlega og að Seðlabankinn hefði hlutverk viðskiptavaka og kæmi í veg fyrir að verulegt misræmi skapaðist á markaðnum, svo sem óeðlileg afföll. Með þessu móti þyrfti ríkissjóður hvorki að yfirdraga Seðlabankann né taka erlend lán. En hver yrðu áhrifin:

1. Ef handhafi bréfanna geymdi bréfin eins og hvern annan sparnað eða innleysti á markaði miðað við hóflegt framboð þar sem þau væru keypt sem sparnaðarform yrðu áhrifin svipuð og ef ríkissjóður hefði sjálfur selt þau á opnum markaði fyrir peninga. Áhrifin yrðu áþekk og við núverandi fyrirkomulag.

2. Ef handhafi bréfanna léti þau hins vegar ganga upp í önnur viðskipti sín hefðu þau öðlast hlutverk peninga og kæmu því í stað hlutverks annarra peninga og yrðu því viðbót við peningamagnið. Áhrifin yrðu aukin verðbólga.

3. Að síðustu á ríkissjóður í mun minni erfiðleikum með að losa sig við spariskírteini sín með þessum hætti. Miklar líkur eru á því að um offramboð spariskírteina verði að ræða því að engin ríkisstjórn getur staðist þá freistingu sem þetta fyrirkomulag býður upp á. Sömuleiðis hefur ríkissjóður litla hvatningu til að stilla útgáfu spariskírteinanna í hóf, m.a. vegna þess að með þessu móti dregur úr þörf fyrir óvinsæla skattheimtu og erlendar lántökur.

Áhrifin verða í fyrsta lagi hærri vextir þar sem offramboð bréfanna veldur því að erfiðara verður fyrir handhafa þeirra að losna við þau nema með einhverjum afföllum. Þá þarf Seðlabankinn að grípa inn í starfsemi markaðarins með kaupum á bréfum ef verulegt misræmi skapast, en hann kaupir bréfin fyrir peninga. Líkur eru því á í öðru lagi að peningamagnið aukist og verðbólga magnist.

Ríkissjóður getur því í raun og veru með þessu fyrirkomulagi yfirdregið Seðlabankann að vild með óbeinum hætti. Af þessu má ráða að húsbréf sem seld eru á opnum markaði fyrir peninga sem síðan eru lánaðir til fasteignakaupenda eru önnur húsbréf en þau sem seld eru fyrir veðskuldabréf. Hér er um grundvallarmun að ræða í hagfræðilegu og efnahagslegu tilliti."

Þarna felst munurinn á þessum tveimur frv., annars vegar frv. okkar borgaraflokksmanna og hins vegar þessu frv. hér sem miðast við að það sé skipt á skuldabréfum. Og það er sá grundvallarmunur sem gerir gæfumuninn hvort hér er um mikla áhættu að ræða eða hvort hér er hægt að stýra með sæmilegri farsæld.

Að lokum ætla ég, með leyfi forseta, að lesa lokaorðin í þessari álitsgerð frá Jóhanni Rúnari Björgvinssyni þjóðhagfræðingi:

„Að lokum tel ég það skynsemdarmál í ljósi þeirrar umræðu og óvissu sem skapast hefur um áhrif húsbréfakerfis á efnahagslífið að vel menntuðum erlendum hagfræðingum eða efnahagsstofnunum verði falið að leggja fræðilegt mat á efnahagsleg áhrif þessa frv. Hér er einungis um fræðilegt og tæknilegt álitamál að ræða þannig að kringumstæður skipta engu máli, þ.e. að ekki þarf að setja sig inn í íslenskar aðstæður. Slíkt mat ætti ekki að taka langan tíma. Þar sem hér er um að ræða mjög afdrifaríkt mál sem getur orðið afar kostnaðarsamt fyrir þjóðarbúið væri ekki óskynsamlegt að leita til þekktari fagmanna en annars. Eitt er víst að við státum ekki af mörgum afrekum í hagstjórnarlistinni."

Virðulegi forseti. Ekki má gleyma þeim sem borga eiga brúsann. Hætt er við að margir mundu freistast til að kaupa sér íbúð miðað við núverandi þokkalega stöðu en vera að axla byrðar til 25 ára, 40–50 þús. kr. á mánuði í afborganir og vexti af þessum húsbréfum sem mundi geta fylgt eðlilegum kaupum á 4–5 herbergja íbúð miðað við að eiga litla íbúð fyrir. Eitthvað gæti farið úrskeiðis hjá honum. Og hvað þá með hina efnahagslegu umgjörð í þjóðfélaginu? Erum við lausir við verðbólguna? Getur endurtekið sig slysið frá 1983–1985 þegar þetta mikla misvægi var milli launa og lánakostnaðar? Ég endurtek: Er það ekki allra manna mál, allra flokka mál, hvort sem við erum langt til vinstri eða langt til hægri, að við viljum hverfa frá ríkisafskiptum, við viljum hverfa frá ríkisábyrgð? Það eru allir sammála um það. Af hverju þá að vera allt í einu að stíga þetta stóra skref að ríkistryggja öll fasteignaviðskipti? Það er alveg óskilj-

anleg yfirsjón hjá þessum blessuðu ráðgjöfum, að hafa teygt sig svo í þessa átt án þess að huga að einhverri yfirsýn.

Það er ekki sjáanlegt í dag að fram hafi komið þær röksemdir að samþykkt þessa frv. geti leitt til lausnar sem ekki er dæmd til að mistakast. Því er eðlilegt að gefa sér tíma í sumar til að endurskoða þessi mál frá grunni. Tillaga sú sem Borgfl. hefur lagt fram fengi þá væntanlega milli þinga þá ítarlegu skoðun, en ég og við borgaraflokksmenn erum einmitt þeirrar skoðunar að í þeim tillögum felist sú lausn sem við eigum að ganga til og getur veitt okkur jafnvægi og farsæld í þessum málum. Ég þakka fyrir.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Enn ræðum við húsnæðismál hér á hv. Alþingi og er það út af fyrir sig ánægjuefni að þau eru tekin hér til umræðu svo mikla þýðingu sem þau hafa fyrir fjölda fólks í samfélaginu. Hér er það frv. til laga um svokallað húsbréfakerfi, breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, sem er tilefni þessarar umræðu. Það er komið fram á nýjan dag þegar við ræðum þessi mál hér á hv. Alþingi en við tökum því að sjálfsögðu hér í vorönnunum að fjalla um þessi mál á hvaða tíma sólarhrings sem er, en það getur ekki dregið úr nauðsyn þess að yfir þessi mál sé farið vandlega af þinginu, svo mikið sem er í húfi að vel takist til, þegar ekkert minna er á ferðinni heldur en það að breyta með mjög ákveðnum hætti um hið almenna húsnæðiskerfi. Þar eru bæði miklir fjármunir í húfi og miklir hagsmunir í húfi fyrir alla landsins þegna í rauninni, aldna og óborna og því er eðlilegt að þingið reyni að vanda meðferð þessa máls.

Það er vissulega nokkuð sérkennilegt sem hér liggur fyrir nú þegar mál þetta kemur frá nefnd að nefndin hefur klofnað í fjóra minnihlutahópa sem hver skilar sínu áliti. Það er því miður ekki það veganesti sem maður hefði viljað sjá þegar nýtt húsnæðiskerfi á að taka við. Æskilegt er að sjálfsögðu þegar svo stórt mál er á ferðinni að um það geti tekist víðtæk samstaða eins og nefnt hefur verið hér af ýmsum hv. ræðumönnum. Ég er í hópi þeirra sem bera nokkurn kvíðboga af því að ekki hafi verið vandað svo til undirbúnings þessa máls og leitast við að stilla menn saman um málsmeðferðina og efnisinnihaldið eins og þörf hefði verið. Ég get því ekki deilt skoðunum með talsmanni 2. minni hl. félmn., hv. 5. þm. Norðurl. v. Jóni Sæmundi Sigurjónssyni, þegar hann í ræðu sem fylgdi nál. hafði uppi mjög stór orð um það, mjög ákveðin orð um það að ekkert mál svo hann myndi eftir síðan hann kom á þing hefði hlotið jafngóðan undirbúning, sérfræðiálit lægju hér fyrir, langflestir sem félmn. hefði talað við hefðu mælt með þessu kerfi sem hér væri verið að taka upp og málið hefði hlotið sérstaklega mikla kynningu, hann jafnaði því við kynningu á frv. til laga um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem einnig liggur hér fyrir hv. þingdeild. Hafi hv. þm. haft í huga þá kynningu sem fór fram á því máli á fyrra þingi, þá er ekki miklu saman að jafna í sambandi við kynningu þar sem átti að hespa það mál af á síðasta þingi án nánast nokkurrar kynningar og kynningin sem fram hefur farið á því máli á yfirstandandi þingi hefur því miður ekki verið þannig að það sé af miklu að státa í samjöfnuði.

Mér finnst það satt að segja ekki vera mjög traustvekjandi eftir að ég hef farið yfir þetta mál svona sæmilega að ég tel á þeim skamma tíma sem við höfum haft til að skoða það eftir að málið kom frá nefnd og þær tillögur sem liggja fyrir frá nefndinni, þá finnst mér það ekki lofa nógu góðu hvað hæstv. félmrh., sem ber mál þetta fram, svo og þeir sem tala fyrir málinu og mæla með samþykkt þess eftir að hafa fjallað um það í félmn., hvað þeir nota stór og hástemmd orð þegar þeir eru að fylgja þessari nýbreytni úr hlaði. Mér finnst satt að segja að það sé býsna margt í þessu máli sem hvetji til varkárni í orðum og fullyrðingum og margt sem þörf sé á að athuga mun betur áður en menn fara að slá því föstu að þeir hafi nú hitt hér naglann á höfuðið í sambandi við almenna húsnæðiskerfið í landinu. Ég gæti og mun vísa til ýmissa þátta í mínu máli til rökstuðnings þessum varnaðarorðum.

Ég vænti að hæstv. félmrh. sé hér einhvers staðar nærri þannig að ráðherrann heyri mál mitt. Ef svo er ekki þá bið ég virðulegan forseta um að bæta úr því. (**Forseti:** Ráðherra mun vera hér í húsinu.) (**Gripið fram í:** Í hliðarsal.) (**Forseti:** Í hliðarsal, já.) Virðulegur forseti. Ég kann því betur að ráðherrar sem bera fram mál hér séu í þingsal þegar þau eru hér til umræðu en ekki í einhverjum hliðarherbergjum þingsins. (**Forseti:** Það verður eftir því leitað.)

Hér hafa verið haldnar allnokkrar ræður um þetta mál og hér mælti talsmaður 1. minni hl. félmn., hv. 17. þm. Reykv. Geir H. Haarde, fyrir sínu áliti í þriggja klukkutíma ræðu við upphaf þessarar umræðu. Ég vil að það komi fram að ég tel að hann hafi flutt þar efnismikið mál, hann hafi komið þar að mörgum þáttum sem snerta þetta með gagnlegum hætti, bent á ýmsa veikleika í málabúnaðinum og haft uppi ýmsar efasemdir sem ég deili með honum þegar ég skoða þessi efni. Ég er þar engan veginn að segja að það gildi um málið í heild eða mat hans á stöðunni en það gildir varðandi marga þætti sem hann vék að í máli sínu. Og mér finnst það vera miklu betra að hlýða á málflutning af því tagi heldur en einhverjar hástemmdar yfirlýsingar þeirra sem eru að mæla með samþykkt málsins sem slá í rauninni langt yfir markið þegar maður fer að skoða innihaldið. Ég tala nú ekki um þær sendingar sem íbúar landsins fengu inn um dyrnar hjá sér núna fyrir nokkrum dögum síðan. Þessi bæklingur er víst gefinn út í einum 80 þúsundum eintaka svo sem að var vikið hér í umræðunni áður. Mér finnst það miklu vænlegra að taka á máli út frá gagnrýninni hugsun heldur en með þeim hætti sem mér finnst hafa verið gert hér af þeim sem mæla fastast fyrir þessu máli.

Það verður ekki hjá því komist að nefna það hversu sérkennilegt það er hvernig málsmeðferðin er varðandi húsnæðismálin hin síðari árin þegar kemur að

hlut Alþingis í þeim efnum. Þar á núv. hæstv. félmrh. allsérkennilega sögu sem hefur verið nefnd hér í þessari umræðu og rakin, ekki bara í þessari ríkisstjórn, ég ætla ekki að hafa mjög stór orð um það, en í fyrri ríkisstjórn þegar ráðherrann settist í stól félmrh. og mælti fyrir breytingum á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, líklega á öndverðu þingi 1987 um haustið, þá gekk nú ekki lítið á. Menn héldu að nú væri lausnin að koma því að hæstv. ráðherra lagði þá ráðherrastöðu sína að veði, alveg eins og núna þegar við erum að ræða þetta þingmál hér. Ég ræddi þá við hæstv. ráðherra, var ekki stuðningsmaður þeirrar stjórnar, en ég verð að segja það að mér finnst að sá háttur sem hæstv. ráðherra hefur haft í sambandi við meðferð húsnæðismálanna í fyrri ríkisstjórn og í núv. ríkisstjórn sé ekki með þeim hætti að það sé til þess að vekja traust á málsmeðferðinni.

Hér talaði fyrr við umræðuna hæstv. fyrrv. félmrh. og mælir fyrir sérstöku nál. Hann hélt hér ítarlega ræðu, efnismikla ræðu og margt í henni sem ég get tekið undir í máli hans. En hv. 1. þm. Vesturl. var einu sinni í hlutverki félmrh. hér á Alþingi, í heil fjögur ár ef ég man rétt, og þá var hann að berjast við ámóta draug og núv. hæstv. félmrh. Og hvaða draugur er það? Jú, það voru loforð um lausnir í húsnæðismálum landsmanna sem hann, flokkur hans Framsfl., hafði borið fram í aðdraganda kosninga 1983, hástemmd loforð sem hæstv. ráðherra hafði síðan enga möguleika á að vinna brautargengi eða ná fram þegar hann var kvaddur til ábyrgðar í ríkisstjórn. Og það var ekki fyrr en samtök launafólks í landinu tengdu lausn húsnæðismálanna kjarasamningum í febrúar 1986 að allnokkuð var tekið á þessum málum þó að undirbyggingin væri ekki eins traust og menn vonuðu að gæti orðið þegar þau mál voru til umfjöllunar og lögfestingar hér á hv. Alþingi. Þeir kepptust nefnilega um það, og ég leyfi mér, virðulegur forseti, að nefna það hér í þessari umræðu án þess að ég ætli að fara að rekja hér söguna mikið í þessum málum, en þeir kepptust um það Sjálfstfl. og Framsfl. í aðdraganda kosninga 1983 að yfirbjóða hvor annan í húsnæðismálum, lofa landslýð gulli og grænum skógum. Svo tóku þessir flokkar við og uppskeran varð nú ekki sú sem loforðin hljóðuðu upp á.

Í kosningastefnuskrá Sjálfstfl. fyrir þær kosningar stóð m.a. að hann mundi beita sér fyrir eftirfarandi aðgerðum í húsnæðismálum:

Í fyrsta lagi að efldir verði tekjustofnar Byggingarsjóðs ríkisins svo að almenn íbúðalán hækki nægilega til þess að almenningi sé kleift að koma sér upp eigin íbúð með þeim lánskjörum sem staðið verður undir af venjulegum launatekjum. Þeir sem eru að eignast sína fyrstu íbúð fái 80% lán með betri kjörum en aðrir. — 80% lán. Verkamannabústaðakerfið verði bundið við þarfir hinna efnaminni er fái nægilega aðstoð til þess að koma sér upp eigin íbúð. Og í þriðja lagi, leiguíbúðum sé markaður ákveðinn rammi innan húsnæðiskerfisins.

Og Framsfl. vildi ekki láta sitt eftir liggja. Einnig hann sagði í sinni kosningastefnuskrá þá: Húsnæðislán nemi 80% af byggingarkostnaði og verði til 42 ára.

Þetta voru nú þeir tvíefldu sem tóku síðan saman í ríkisstjórn vorið 1983 og kipptu öllum vísitölum úr sambandi nema lánskjaravísitölunni með þeim afleiðingum sem það þýddi fyrir fólk sem hafði tekið sér og tók húsnæðisstjórnarlán á þeim tíma og höfðu menn þó fengið á ýmsu að kenna á árunum þar á undan vegna verðtryggingar og vísitalna sem búið var að tengja fjárskuldbindingar við frá árinu 1979 að telja.

Svo það er vert, virðulegur forseti, að hafa þessa forsögu í huga þegar við ræðum þessi mál hér á Alþingi. Kem ég þá að hæstv. núv. félmrh. því að sá gekk gunnreifur fram sem gagnrýnandi ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar, hinnar fyrri, í húsnæðismálunum og fór ekkert lágt í sínum málflutningi eins og menn kannski muna. Kannski hv. 1. þm. Vesturl. muni eitthvað eftir því þegar hæstv. núv. félmrh., arftakinn, var að veitast að honum hér úr ræðustóli Alþingis. Og það er þessi draugur yfirboðanna, innihaldslítillar gagnrýni sem hæstv. núv. félmrh., bæði í fyrrv. og núv. ríkisstjórn, hefur verið að kljást við. Því það er ekkert gott að búa við það að hafa lofað gulli og grænum skógum og ráða svo ekki við neitt, jafnvel þó að verkalýðshreyfingin í landinu rétti mönnum hjálparhönd og hafi orðið til þess að hreyfa þessi mál með samningunum í febrúar 1986 þó að það skorti á m.a. að framlög ríkisins til þessara mála, til þess að standa undir niðurgreiddum lánum, lánskjörum, fylgdu eftir. Og af þeim sökum hefur stefnt í margháttað óefni í sambandi við stöðu Byggingarsjóðs ríkisins á þeim árum sem síðan eru liðin. Þess vegna gerðist þetta að fljótlega eftir að núv. hæstv. félmrh. tók við starfi sínu í fyrri ríkisstjórn þá var farið að lappa upp á kerfið og það voru alveg réttmætar leiðréttingar sem reynt var að gera þar m.a. með því að grisja svolítið biðröðina og koma þar við svolítið skárra réttlæti í sambandi við forgang. En að það þyrfti að kosta ráðherradóminn að ná því fram hér á Alþingi, það var ekki mjög sannfærandi að mér þótti.

Og síðan gerðist það í sambandi við kaupleiguna og nú í þriðja sinn á vordögum 1989 stöndum við frammi fyrir þeim ósköpum að núv. hæstv. ráðherra gefur út tilkynningar um það að ef menn taki ekki við þessu frv. og keyri það hér í gegn og lögfesti, þá sé hæstv. ráðherra bara floginn úr sæti sínu — hvert, veit enginn. Hvers konar vinnubrögð eru þetta í stórum og erfiðum málaflokki, þar sem þörfin er á að menn leggist saman á árar, átti sig á vandkvæðum og leiti hinna færustu lausna, að halda þannig á málum? Nei, Alþingi Íslendinga er sett í verulegan vanda hér aftur og aftur í sambandi við meðferð þessara mála, þessara vandasömu mála.

Við undirbúning þessa máls var skipuð nefnd. Aðilar að henni voru úr ýmsum flokkum, þar á meðal átti Alþb. þar fulltrúa. Nefnd þessi skilaði áliti, líklega 12. des. sl. Fulltrúi Alþb. í nefndinni, hæstv. núv. landbrh., Steingrímur J. Sigfússon, lét fylgja

áliti sínu bókun sem ég tel eðlilegt að komi hér fram við þessa umræðu því að hún hefur markað afstöðu Alþb. til þessa máls síðan, kynnt og á hana fallist af þingflokki þegar málinu var skilað til núv. hæstv. félmrh. Hún er þannig, með leyfi forseta:

„Undirritaður vísar til eftirfarandi skýringa varðandi fyrirvara sinn við álit nefndarinnar. Þátttaka mín í starfi nefndarinnar var frá upphafi með þeim almenna fyrirvara að nauðsynlegt sé að skoða vanda húsnæðislánakerfisins í heild, samanber eftirfarandi bréf frá þingflokki Alþb. þar sem samþykkt var að taka þátt í starfi nefndarinnar."

Það bréf var svohljóðandi:

„Þingflokkur Alþb. þakkar bréf yðar frá 2. maí sl. og lýsir sig reiðubúinn til þátttöku í starfi að endurskoðun húsnæðislánakerfisins. Hins vegar vill þingflokkurinn taka fram að það er skoðun Alþb. að leysa verði þann vanda sem við er að glíma á þessu sviði með samræmdum aðgerðum í húsnæðismálum og stefna beri að samfelldu og samræmdu húsnæðislánakerfi. Það er enn fremur okkar skoðun að ekki sé síður brýnt að taka til skoðunar stöðu hins félagslega hluta húsnæðislánakerfisins og að öll umræða um framtíðarskipan mála verði að taka til kerfisins í heild þó gagnlegt geti verið að áfangaskipta verkinu út af fyrir sig.

Þingflokkur Alþb. vill gera yður, hæstv. félmrh., þessa grundvallarafstöðu ljósa þar sem störf fulltrúa okkar hljóta óhjákvæmilega að taka mið af þessari afstöðu.

Að þessu sögðu tilnefnir þingflokkur Alþb. sem fulltrúa sinn í nefnd þá er getið er í bréfi yðar frá 2. maí sl. Steingrím J. Sigfússon alþm. og sem varamann hans Svavar Gestsson alþm."

Þetta var bréf þingflokksins til hæstv. félmrh. — Síðan segir í bókuninni áfram:

„Það er stefna Alþb. að koma eigi á einu samræmdu húsnæðislánakerfi þar sem fjölbreytt húsnæðisform eru jafnrétthá og endurgreiðslur og/eða lánslengd eru tengdar tekjum greiðanda. Engu að síður vill Alþb. ekki skorast undan því að taka þátt í endurskoðun og tilraun til að bæta hið almenna húsnæðislánakerfi meðan það er við lýði með því sniði sem verið hefur. Ég hef því tekið þátt í starfi nefndarinnar og haft áhrif á mótun hinna endanlegu tillagna sem ég tel til bóta miðað við núverandi ástand mála. Varðandi einstök atriði geri ég eftirfarandi fyrirvara:

1. Að svonefnt húsbréfakerfi verði sett upp til hliðar við núverandi húsnæðislánakerfi til reynslu og að engar breytingar verði gerðar á hinu almenna útlánakerfi sem takmarki rétt fólks til fyrirgreiðslu umfram það sem tillögur nefndarinnar gera ráð fyrir, sbr. frumvarpsdrög, meðan reynsla er að komast á þessi skuldabréfaskipti. Rétt er einnig að taka fram að ég hef efasemdir um að aðstæður á íslenskum peningamarkaði nú um stundir geri kleift að umtalsverð húsbréfamiðlun gangi fyrir sig með eðlilegum hætti.

2. Í stuðningi við þá tillögu nefndarinnar að útfært verði í stað húsnæðisbóta og vaxtaafsláttar kerfi tekju- og eignatengdra vaxtabóta felst ekki stuðningur við þá stefnu að vextir á útlánum Byggingarsjóðs ríkisins skuli þar með fylgja markaðsvöxtum eða vöxtum á lántökum sjóðsins. [Ég vona að menn taki eftir þessu.] Ég tel þvert á móti að sjálfstæð ákvörðun um útlánsvexti byggingarsjóðanna sé eftir sem áður nauðsynleg og vextir undir markaðsvöxtum geti átt og eigi þrátt fyrir slíkt kerfi vaxtabóta fyllilega rétt á sér. Tekju- og eignatengdar vaxtabætur ættu hins vegar í flestum tilvikum að skila sér mun betur til þeirra sem mesta hafa þörfina heldur en núverandi tilhögun býður upp á og ég er því hlynntur upptöku þess burtséð frá ákvörðunum um vexti á húsnæðislánum.

3. Í tillögum nefndarinnar er ekki á neinn hátt tekið á þeim vanda og því misgengi sem orðið hefur í húsnæðismálum milli landsbyggðarinnar og höfuðborgarsvæðisins. Með fáeinum undantekningum má segja að húsbyggingar einstaklinga séu aflagðar á landsbyggðinni. Þær litlu framkvæmdir sem í gangi eru eru algjörlega bundnar við byggingu félagslegra íbúða og verð notaðra fasteigna langt undir eðlilegum mörkum. Þetta vandamál þarf að taka til sérstakrar skoðunar og grípa verður til ráðstafana sem tryggja jafnvægi og eðlilegt ástand á fasteignamarkaði og í húsbyggingum á öllu landinu en ekki aðeins hlutum þess.

Ég hreyfði þessu máli nokkrum sinnum á fundum nefndarinnar en henni gafst ekki tóm til að ræða húsnæðismál landsbyggðarinnar nema mjög lítillega og eins og áður sagði er ekki tekið á þeim sérstaklega í áliti nefndarinnar eða tillögum. Þar bíður því mikið og brýnt viðfangsefni úrlausnar sem varðar húsnæðismálasviðið í heild og er jafnframt ein höfuðforsenda þess að snúa vörn í sókn í byggðamálum."

Undir þetta ritar Steingrímur J. Sigfússon.

Eins og heyra má af þessari bókun og þessum fyrirvara snertir hann ýmsa þætti þessa máls, þar á meðal ákvörðun vaxta, vaxta Byggingarsjóðs ríkisins. Það mál hefur ásamt fleiri þáttum þessa máls verið til umræðu af hálfu Alþb. og við samstarfsflokkana í ríkisstjórn á þeim tíma sem þetta frv. hefur verið í mótun og meðferð. Ég tel ástæðu til þess hér við umræðuna að víkja sérstaklega að þeim þætti.

Í nál. fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar á þskj. 1033 er að finna álit varðandi svokallaðan vaxtabótaþátt og vexti Byggingarsjóðs ríkisins í áliti meiri hl. fjh.- og viðskn. Þar er að finna svofellda yfirlýsingu ríkisstjórnar, með leyfi forseta:

„Í grg. með frv. er kveðið á um að útlánsvextir Byggingarsjóðs ríkisins verði að taka mið af þeim vöxtum sem samið er um við lífeyrissjóðina vegna skuldabréfakaupa. Samkvæmt nýlegu samkomulagi við lífeyrissjóðina eru þeir vextir 6% frá apríl til júníloka og frá 1. júlí til desemberloka 5%. Nú þegar eru vextirnir orðnir 5% á þeim hluta sem miðaður er við ECU-bindingu.

Ríkisstjórnin stefnir að því að vaxtamismunur af teknum lánum hjá lífeyrissjóðunum og útlánum

Byggingarsjóðs ríkisins í núverandi húsnæðiskerfi verði ekki meiri en 0,5–1,0% og verða vextir af útlánum Byggingarsjóðs ríkisins lægri sem þeim mismun nemur.

Vextir af útlánum Byggingarsjóðs ríkisins hækka ekki fyrr en húsbréfakerfið tekur gildi og verða þá ekki hærri en 4,0–4,5%.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að hækkun vaxta hjá Byggingarsjóði ríkisins verði ekki afturvirk."

Þetta er yfirlýsing ríkisstjórnarinnar varðandi vexti Byggingarsjóðs ríkisins í þessu nál., en síðan fjallar hv. þingnefnd um málið og segir í áliti hennar eftirfarandi:

„Meiri hl. nefndarinnar lítur svo á að fenginni þessari yfirlýsingu að eftir gildistöku laganna verði vextir af Byggingarsjóðslánum ekki hærri en að hámarki 4,5%."

Þetta er mjög skýrt og ákveðið. Og ég er viss um það að þó að mál þetta sé ekki komið hér til umræðu í þinginu er hæstv. félmrh. væntanlega kunnugt um þetta álit meiri hl. fjh.- og viðskn.

Ég tel að hér sé verið að ræða þetta mál um húsbréfakerfi í ljósi þess sem þarna liggur fyrir og ég vil að það sé alveg ljóst og bið hæstv. ráðherra helst að ganga hér í þingsal, a.m.k. að leggja við hlustir í sambandi við þetta efni. Ég vil að það sé alveg ljóst og skýrt af minni hálfu, og ég tel mig þar mæla fyrir minn þingflokk, Alþb., sem hefur ítrekað fjallað um þessi efni og gert um þau samþykktir, að við erum að tala um það að vextir af lánum Byggingarsjóðs ríkisins verði að hámarki 4,5% og sú tenging við þá vexti sem kunna að verða á lánum Byggingarsjóðsins eða réttara sagt þá vexti sem Byggingarsjóðurinn þarf að greiða vegna lífeyrissjóðslána koma þessari samþykkt ekki við. Þeir koma þessari samþykkt ekki við eftir þá túlkun sem fyrir liggur frá meiri hl. fjh.- og viðskn. og samkvæmt þeim samþykktum sem þingflokkur Alþb. hefur gert og tengjast þessu máli.

Ég vil að það liggi alveg skýrt fyrir hér við þessa umræðu að þannig er þetta mál vaxið og ég treysti mér að sjálfsögðu ekki til þess að styðja framgang þessa máls í því skötulíki sem það er hér fram borið nema það sé alveg ljóst og viðurkennt af þeim sem að þessu máli standa að þetta er grundvöllurinn sem við fjöllum um þetta mál á að því er Alþb. varðar og raunar að því er hv. meiri hl. fjh.- og viðskn. varðar einnig. Og að tala um það að þessi tenging varði lánskjör Byggingarsjóðs ríkisins, hvað svo sem samþykktum ríkisstjórnar um það efni líður, er sá grunnur sem við erum að fjalla um þetta mál á hér á hv. Alþingi eins og það liggur hér fyrir og ég vænti að í máli hæstv. ráðherra, sem vafalaust ræðir þetta hér á eftir, komi það fram hvort hún deilir þessum skilningi með mér og áttar sig á þeim grunni sem við erum að fjalla um þetta mál á. Hér er um svo ákvarðandi atriði að ræða að það væri ekki aðeins rangt, það væri ósiðlegt af okkur hér á Alþingi að tala ekki alveg hreint og skýrt út um þessi efni og vera ekki þar í neinum feluleik.

Ég segi þetta hér vegna orða sem fallið hafa og vegna þess sem stendur í tilvitnaðri samþykkt ríkisstjórnarinnar sem skilja mætti á þann veg að þarna sé einhver teygja á milli í sambandi við lánskjör Byggingarsjóðsins vegna tekins fjármagns frá lífeyrissjóðunum. Ég segi þetta einnig vegna þess sem lesa má, raunar oftar en einu sinni, í málgagni hæstv. félmrh., Alþýðublaðinu, síðast laugardaginn 6. maí, þar sem verið er að draga upp aðra mynd af þessum málum en fyrir liggur.

Og hvernig stendur nú á því að Alþb. tekur þessa afstöðu? Það kemur fram í þeirri bókun sem hæstv. núv. landbrh. gerði meðan hann starfaði í þeirri nefnd tilkvaddur af hæstv. félmrh. Þar liggur það alveg skýrt fyrir. Við teljum ekki rétt og treystum okkur ekki til þess að fara að leggja á lántakendur, viðskiptaaðila Byggingarsjóðs ríkisins, meiri hækkun lána en hér er talað um að hámarki og er þó allnokkuð að gert með 30% hækkun eða þar um bil, frá 3,5 upp í 4,5%. Ja, hvað segðu menn nú um það ef ætti að fara upp í þá vexti sem hugsanlega þarf að greiða af þessum lánum því að ég vil ekkert vera að draga úr bjartsýni manna, hvorki hæstv. fjmrh. eða hæstv. félmrh., um lánskjör Byggingarsjóðsins. Vonandi verður þar ekki mjög mikill munur á ef vel tekst til. En ef um væri að ræða 5% vexti er hækkunin komin upp í 43% eða þar um bil, 6% þýddu u.þ.b. 70% hækkun frá núverandi lánskjörum. Eru menn ekki að tala um það sem eitt brýnasta verkefni hér að ná vöxtum niður í landinu? Við skulum vona að vel takist til eftir þá samninga sem hæstv. fjmrh. hefur gert við lífeyrissjóðina vegna Byggingarsjóðs ríkisins og þeirra samskipta. Vissulega. Ég vona eindregið að sú bjartsýni sem um það ríkir gangi eftir, en vissa er það ekki. Vissa er það ekki. Það má segja að kannski sé nokkuð ljóst hver þróunin gæti orðið á þessu ári en ekki mikið lengur. Framtíðin er óviss, einnig á þessu sviði.

Ég vil þá víkja að fáeinum fleiri þáttum sem þessu máli tengjast en vænti þess að ég hafi gert alveg skýra mína afstöðu til þessa máls og raunar þarf þar ekki margra vitna við eftir það álit meiri hl. fjh.- og viðskn. sem fyrir liggur þannig að ég þarf svo sem ekkert að vera að taka af nein tvímæli. Þetta liggur hér fyrir í þingskjali.

Ég talaði um nokkrar gyllingar, það mætti kannski kalla það hillingar, sem sumir af talsmönnum þessa nýja kerfis sjá og mæla og mæla fyrir og þar er einn þáttur sem ég vil víkja að vegna þess að það er svona eitt helsta atriðið sem málsvarar húsbréfakerfisins færa fram og væri vissulega æskilegt að innistæða væri fyrir, og það kann að vera, og það er hin margtofaða innri fjármögnun sem á að nást fram gegnum þetta kerfi. Ég heyrði hv. talsmann 2. minni hl. félmn. einmitt víkja að henni hér, gott ef hann hnykkti ekki á því meðan hann hlýddi á mál hv. 17. þm. Reykv., innri fjármögnuninni.

Ég verð að segja það að ég er stundum nokkuð skyni skroppinn, stend mig að því, en ég á svolítið erfitt með að átta mig á því hvernig þetta á allt saman að ganga upp, allir þessir kostir sem tengjast þessari

innri fjármögnun. Það er ekki aðeins að það á að stytta biðröðina. Hún á bara að hverfa. Hún á bara að gufa hér upp á tveimur til þremur vikum, að því er bæði lesa má og heyra má í umræðu um þetta frá þeim sem eru glaðbeittastir að mæla fyrir þessu kerfi, stytta biðröðina, hækka lánin og draga úr afborgununum, minnka afborganirnar, gera lánskjörin betri, auðveldari. Og ég spyr: Hvaðan á að taka fjármagnið? Ég tók eftir því að talsmaður 4. minni hl., hv. 12. þm. Reykv., hafði þó einurð í sér til þess að víkja að þessu máli í nál. og máli sínu þegar hún mælti fyrir nál. Það einkennir raunar ýmislegt sem heyra má hér frá talsmönnum Kvennalistans að það er ansi mikill semingur í þeim málflutningi og þarf ekki lengi að lesa á milli línanna í nál. hv. 4. minni hl. til þess að sjá að þar er engin oftrú á ferðinni þó að af því áliti verði nánast ekki skýrt hvernig þau sinnaskipti hafa orðið sem mér heyrðist einkenna afstöðu talsmanna Kvennalistans frá því að þetta mál kom fyrst hér til umræðu í deildinni. Sinnaskipti. Ég veit ekki hvort við eigum að segja að siðbót hafi orðið þar á bæ. Alla vega er hér kominn fram stuðningur við þetta mál og Kvennalistinn ber raunverulega ábyrgð á því máli sem hér er verið að bera fram, þ.e. ef við leiðum líkur að því að frv. nái fram að ganga, þá er það Kvennalistinn sem tryggir hér meiri hluta fyrir málinu ef hann skapast hér í þessari hv. þingdeild við afgreiðslu málsins og kem ég aðeins að því frekar. Ég er ekki að segja það neinum til lasts út af fyrir sig. Það gerir hver upp sinn hug hér á hv. Alþingi til þessa máls sem annarra. En það stendur hér í nál. hv. 4. minni hl. um hina innri fjármögnun ef ég leyfi mér að grípa þar niður:

„Sagt er að með samþykki frv. sé stuðlað að víðtækari og meiri innri fjármögnun húsnæðiskerfisins sem verið hefur. Ekki verður þó séð að það gerist nema að mjög takmörkuðu leyti. Þannig hefur verið áætlað að þessi aukning muni aðeins nema 1000–2000 millj. kr. á ári. Gert er ráð fyrir að lán til hvers umsækjanda muni hækka verulega eða að hámarki í 5,5 millj. kr. Meðallán nú frá Byggingarsjóði ríkisins er um 2,5 millj. kr. Ef gert er ráð fyrir að meðallán hækki um 2 millj. kr. við þessa breytingu verða færri lán afgreidd en nú er." — Og ætli það sé kannski ekki þar sem hundurinn er grafinn? Þetta fagnaðarerindi um hina innri fjármögnun, ætli það sé ekki þannig sem á að búa til peningana, með því að það verði miklu færri sem verði þessara kosta aðnjótandi? Það væri kannski meinalaust, og það er ekki hér úr nál., ef réttlætið væri tryggt með því kerfi sem verið er að innleiða. Meira réttlæti en tekist hefur að ná fram, ef má stigbreyta í þá áttina, frá núverandi kerfi. En hv. 12. þm. Reykv. útfærði þetta einmitt frekar í sínu máli af dæmi, sem hún tók og ég þarf ekki að endurtaka, og sýndi ljóslega fram á hvernig þessi aukna innri fjármögnun gufar upp miðað við hækkað lánshlutfall og við getum auðvitað leitað frekari vitna hér úr margtilvitnuðum plöggum, þar á meðal gulu kveri sem hefur orðið nokkuð vinsælt hér í umræðunni til ívitnana. Ég leyfi mér það vegna þess að hér er eitt af þessum kjarnaatriðum og ég spyr: Eru það blekkingar sem verið er að bera fram um þessi efni? Á bls. 15 í bæklingi frá Jóhanni Rúnari Björgvinssyni sem dreift var hér af honum inn á Alþingi fyrir skemmstu er eftirfarandi stutt tilvitnun, virðulegi forseti, varðandi innri fjármögnun:

„Í umræðunni um húsbréfakerfið hefur því verið haldið fram að bæði innri fjármögnun á fasteignamarkaðnum muni aukast með tilkomu bréfanna og að útborgunarhlutfallið muni lækka. Þessar ályktanir fá því miður ekki staðist. Aukning í hinni svokölluðu innri fjármögnun kemur aðeins til ef seljendur fasteigna eru tilbúnir til að auka sparnað sinn, en engar hagstærðir benda til að svo verði."

Og þetta er kannski það sem þarf að nefna í þessu sambandi þó að fleira sé sagt hér sem snýr að hinni svonefndu innri fjármögnun og læt ég, virðulegur forseti, það út af fyrir sig nægja en minnist þess að ég hygg að það hafi verið eitt af því sem freistaði einmitt Kvennalistans sérstaklega í sambandi við stuðning við þetta mál ef ég man rétt eftir málflutningi sem fram kom hér fyrr í umræðu um þessi efni. Ég er ekki að ætla Kvennalistanum að hafa tekið afstöðu til málsins nema eftir bestu vitund. Hitt er auðvitað nokkuð athyglisvert eftir að hafa hlýtt t.d. á málflutning hv. 10. þm. Reykn. við eldhúsdagsumræður þar sem hæstv. ríkisstjórn, sem ég hef stutt hér á Alþingi, var fundið flest til foráttu og hafði hann um það nokkuð stór orð, óvinsælasta ríkisstjórn frá ómunatíð, orð sem hafa flogið fyrir í sambandi við stjórnina, höfð frá talsmönnum Kvennalistans. En í máli hennar við þessa umræðu var einmitt vikið að húsbréfakerfinu. Ég leyfi mér að grípa hér niður, virðulegur forseti.

„Mál málanna í dag er þó líklega húsbréfamálið. Afstaða Kvennalistans í því máli hefur mjög verið til umfjöllunar síðustu klukkustundir og er reyndar óljóst enn til hvers hún muni leiða. Ekki er ólíklegt að einhver hugsi sem svo hvers vegna í ósköpunum kvennalistakonur hafi nú ekki notað þetta tækifæri til að klekkja á ómögulegri ríkisstjórn, leyft henni að engjast í eigin snöru og jafnvel enda þar sína ævidaga."

Þetta sagði hv. þm. hér úr þessum stól frammi fyrir alþjóð. En Kvennalistinn valdi það ekki, heldur veðjaði hér á húsbréfin og á væntanlega hlut í því að halda hæstv. félmrh. í stólnum og kannski hefur það nú verið hvatning hjá kynsystrum ráðherrans að heita stuðningi við þetta ásamt þeim samningi sem þær gerðu við ríkisstjórnina. Ég tek hins vegar eftir því að þar var talað um það af hv. 10. þm. Reykn. að þær 600 millj. kr. sem tryggja á í hið félagslega kerfi ættu að koma úr ríkissjóði, eins og það var orðað við þessa umræðu, en því miður er það ekki niðurstaðan úr því samkomulagi sem þarna var um að ræða þó að ég sannarlega voni að það gangi eftir að þetta fjármagn fáist til félagslegra íbúðabygginga og vil síður en svo vera að gera lítið úr þeim hug sem þar liggur að baki í sambandi við það efni.

Ég vil aðeins segja það sem þátttakandi í þessari

umræðu og eftir að hafa fylgst með þessu máli að mér finnst Kvennalistinn hafa mjög sterka sannfæringu fyrir þessu máli og ágæti þess að láta freistinguna eiga sig, að kippa fótunum undan ríkisstjórn sem þær hafa valið þær einkunnir sem ég vitnaði til þó að ég hafi þar ekki lesið langa kafla.

Virðulegur forseti. Við höfum fengið greinargerð í hendur frá fimm stjórnarmönnum í Húsnæðisstofnun. Til þess máls hefur verið vitnað hér í umræðunni og ég ætla ekki að taka hér tíma á þessari nóttu til þess að fara þar yfir marga kafla í þeirri greinargerð en ég vil segja það að ég tel að margar af þeim ábendingum sem koma fram frá þessum fimm stjórnarmönnum í stjórn Húsnæðisstofnunar séu þess eðlis að það sé skylt að taka þau atriði með til athugunar inn í þetta mál sem við ræðum hér og fari svo sem að er stefnt, trúlega af meiri hl. hér í hv. þingdeild, að frv. verði afgreitt þannig að að lögum verði seint og um síðir, 15. nóv. nk., verði þau efni sem hér er á bent og þau varnaðarorð sem bent er á í þessari greinargerð tekin til alvarlegrar meðferðar í þeirri nefnd sem 2. minni hl. félmn. hefur lagt til og hæstv. félmrh. hefur boðað að skipuð verði til þess að gegnumlýsa þetta mál og sýnist mér nú satt að segja ekki af veita, svo miklir veikleikar og brotalamir sem eru sýnilega í þessu kerfi sem hér er verið að tjalda til.

Það er allvíða í þessari greinargerð stjórnarmanna í Húsnæðisstofnun ríkisins sem sýnt er fram á það að unnt sé og unnt væri að ná fram marghátttuðum endurbótum á núverandi kerfi ef menn einbeittu sér að því. Og það er mjög sérkennilegt að menn skuli ganga hér fram í nafni þessa húsbréfakerfis, nánast með trúboðshugarfari, með slíkum skaphita og yfirlýsingum að það minnir á trúboð, í stað þess að reyna þó a.m.k. að gera það upp við sig og skoða það með hlutlægum hætti hverju væri hægt að ná fram í því kerfi sem við búum við ef tekið væri þar til hendinni. Og ég held t.d. að klisjur eins og þær sem hæstv. félmrh. hefur látið frá sér fara, og Alþfl. í 80 þús. eintökum hér, um biðröðina löngu, mánuðina 37 sem menn þurfi að bíða, og nú er bara hægt með hókus pókus að afnema þessa biðröð, hún er komin niður í 2–3 vikur. Ef litið er til þess sem þessir ágætu menn segja hér í sínu áliti benda þeir á að þróunin sé nú í þá átt eð þessi röð styttist til mjög mikilla muna og hægt sé með markvissum aðgerðum og breytingum að ná þar fram verulegum lagfæringum.

Ég ætla ekki að fara að ritskoða nú þennan bækling Alþfl., þetta fagnaðarerindi sem dreift hefur verið til landsins barna. En lifandis ósköp finnst mér ógæfulegt þegar verið er að bera fram mál af þessu tagi, alvörumál, eins og eitthvert fagnaðarerindi án þess að það sé rökstutt með þeim hætti sem skyldi.

Það er t.d. verið að gylla þar fyrir okkur landsbyggðarmönnum að þetta sé nú eitthvert allt annað og betra kerfi fyrir landsbyggðina sem þar sé á ferðinni. M.a. er sagt að það verði mikil einföldun með þessu kerfi, með því sé unnt að fela bönkum á hverjum stað að annast alla nauðsynlega þjónustu og fyrirgreiðslu við kaupendur og seljendur íbúða. Þetta er það sem okkur landsbyggðarmönnum er boðið að lesa í þessum bæklingi frá Alþfl. Og hvað ætli búi þarna að baki? Ætli það sé heimilt að gera þetta samkvæmt gildandi lögum? Hafa menn ekki lesið lögin um Húsnæðisstofnun ríkisins, 10. gr., þar sem þetta ákvæði er inni, heimild til þess fyrir lánastofnanir um land allt að veita fyrirgreiðslu í núverandi kerfi? Það er ekkert nýtt fyrir þetta sem hér er verið að boða. En hvers vegna hefur það ekki verið gert? Vegna þess að menn hafa talið, þegar spurt hefur verið um, að það þýddi dýrari lán, það mundi auka kostnað og þess vegna hefur ekki verið í það lagt. Hvað á það að þýða að vera að reyna að selja svona hluti í sambandi við þetta nýja kerfi? Þetta vekur ekki traust og það eru margir svona veikleikar sem finna má, allt of margir. Og dæmin sem hér er verið að taka um hina einstæðu móður sem á að reiða fram 800 þús. af eigin fé til þess að sýna fram á að þetta kerfi verði hagstæðara en hið fyrra. Það væri fróðlegt að fara og skyggnast um hjá hinum einstæðu mæðrum sem kippa því út úr sparibókunum til að leggja í húsnæðið sitt. Svona er hægt að gylla hlutina ef vilji er til. Ég segi, þetta eru ekki góð vinnubrögð.

Ég hef hérna fyrir framan mig blað að vestan, frá Vestfjörðum, Vestfirðing 1. maí sl. Þar skrifar talsmaður Alþb. forsíðugrein um þetta kerfi, frambjóðandi Alþb. í síðustu kosningum, Kristinn H. Gunnarsson. Hann hefur reynt að fara yfir þetta mál og átta sig á því og niðurstaða hans er nú ekki sú að hér sé eitthvert fagnaðarerindi á ferðinni, t.d. fyrir landsbyggðina. Því miður. Ég gæti lesið það sem hér stendur. Menn yrðu nokkurs fróðari af að heyra það. En ég ætla að spara mönnum það nema örlitla glefsu þó að öll greinin væri þess virði og treysti því að þeir sem vilja líta á þessi efni hlutlægt og heiðarlega fari einnig yfir það sem þarna stendur. Hér segir m.a., virðulegur forseti:

„Samkvæmt hinu nýja kerfi á að vera hægt að fá hærri lán en í núverandi kerfi og samkvæmt blaðaviðtali í febrúar telur félmrh. að fólk þurfi ekki að bíða í nema 2–3 vikur og geti á þeim tíma gengið frá húsnæðiskaupum. Eftir að hafa velt þessu fyrir mér er mín niðurstaða að þetta geti ekki gengið upp," segir þessi maður að vestan. „Til þess að geta veitt öllum lán sem vilja hvenær sem er og það hærri lán þarf gríðarlegt fjármagn umfram það sem núverandi kerfi fær. Það er ekki hægt að töfra fram milljarðatugi með því einu að breyta lánaforminu. Formbreyting býr ekki til peninga nema með seðlaprentun sem ekki er innistæða fyrir, en það þýðir verðbólgu." Og ég gæti farið hér ofan í saumana á umsögnum margra aðila, þar á meðal frá Jóhanni Rúnari Björgvinssyni, frá starfsmönnum Húsnæðisstofnunar o.fl. sem benda á þessa veikleika, sem benda á það að þetta kerfi býr ekki til fjármagn og það hefur í sér fólgnar marghátt-aðar hættur fyrir efnahagskerfi okkar ef illa tækist til.

Ég sé að í nál. hv. 2. minni hl. félmn. er vitnað til þess að nefndinni hafi borist umsögn frá Seðlabanka Íslands. Ég hef ekki séð þá umsögn. Mér þætti vænt um ef hún væri fram reidd hér og kynnt hér við þessa

umræðu því að það hefur einmitt komið fram hjá ýmsum sem hafa tjáð sig um þessi mál á prenti að hlutur Seðlabankans og staðan í tengslum við þetta kerfi sé dálítið tvísýn. Það væri ágætt að umsögn Seðlabanka Íslands væri kynnt okkur hér við þessa umræðu því að það gæti nú reynt eitthvað á hlut þess banka ef þetta kerfi gengur fram. Gæti hann þurft að standa þar fyrir sínu.

Nei, virðulegur forseti. Það er því miður ekki allt gull sem glóir og það er ekki allt með þeim hætti sem verið er að láta hér að liggja í sambandi við þessa breytingu. Og nú spyrja menn auðvitað: Hvað ætlar þú að gera? Ætlar þú að fara að styðja þetta óbermi? Ætlar þú að fara að styðja þetta óbermi, framgang þess og lögfestingu hér 15. nóv.? Það er von að spurt sé. Ég spyr sjálfan mig. Á ég að gera það?

Ég tel mig hafa gert nokkuð til þess að girða fyrir ófarnað með því að hér yrði rasað um ráð fram í sambandi við þetta mál, með því að hér verði farið að geysast fram með þetta húsbréfakerfi á þann hátt sem talsmenn þess, þeir sem báru fram fyrirvaralausar tillögur í nál. til hæstv. félmrh., hafa verið að mæla með, nánast að þetta kerfi eigi hér bara að taka við af hinu almenna húsnæðislánakerfi á ekki löngum tíma. Ég er ekkert í vafa um það eins og hæstv. félmrh. hefur talað og fleiri að það er þeirra sýn til mála. En það væri mikið óráð að ætla að fara að gera svo tvísýna tilraun án varnagla á íslenskum almenningi, húsbyggjendum, húskaupendum, fólki sem sárlega vantar þak yfir höfuðið. Þess vegna m.a. hefur Alþb. nokkuð lagt á sig til þess að fá það skýrt og klárt fram að vaxtaákvarðanir varðandi Byggingarsjóð ríkisins verði bundnar að hámarki til eins og samþykktir liggja nú fyrir um og tillögur frá meiri hl. fjh.- og viðskn. í þessu máli. Auðvitað þýðir það að þetta kerfi gengur ekki upp með þeim hætti sem talsmenn þess, sem hafa viljað sem skjótastan framgang þessa kerfis, hafa viljað. Það er alveg ljóst. Þess vegna greindi ég frá því með því að grípa inn í mál hv. 17. þm. Reykv. hér fyrir helgina að þetta væri enginn misskilningur hjá mér eða mínum flokki. Við erum að slá þarna varnagla og það mjög skýra varnagla vitandi vits. (**GHH:** Misskilningur að heimila framlagningu frv.) Eitt er nú að leggja fram hluti, eitt er nú að koma einhverju til umræðu hér á Alþingi og annað er svo hvernig sköpulagið verður þegar króginn stekkur hér út af þinginu, hugsanlega, eða skríður. Það er önnur saga og ég heyrði ekki betur en hv. 17. þm. Reykv. væri nú allsvona skotinn í þessu kerfi, þessum króga. (**GHH:** Ekki meðan það er óbermi í skötulíki.) Ég heyrði nú ekki betur og satt að segja finnst mér dálítið merkilegt að heyra þessa aðdáun á þessu húsbréfakerfi hjá þeim sem almennt tala hér í þessari umræðu. Það eiginlega þorir enginn að segja eða setja upp hreint og klárt spurningarmerki við þetta kerfi sem mér finnst þó að sé í rauninni skylt að hafa uppi þó að einnig sjái ég ákveðna möguleika í þessu kerfi ef vel er unnið að uppbyggingu þess og reynt að ná úr því ákveðnum kostum sem í því geta fólgist og ég vil síður en svo hafna. En ég hafna því að hér sé rekið eitthvert trúboð fyrir kerfi sem hefur ljóslega annmarka í för með sér og getur beinlínis haft verulegar hættur í för með sér ef menn ekki gá að sér og reyna að útfæra það gætilega og með greiningu og af fullu viti og með því að draga fram þá þekkingu sem hægt er að fá í þessu landi og af reynslu erlendis frá. Og þess vegna ræð ég auðvitað og hef ráðið hæstv. félmrh. í gegnum minn flokk að vera ekki að rasa um ráð fram. Auðvitað væri það langskynsamlegasta að vera ekki að binda sig í einhverja lagasetningu í þessu máli. Það væri það skynsamlegasta. Ég ætla ekkert að fara að rifja upp 500, 600 milljónirnar, mánaðarrefsinguna sem hæstv. félmrh. var að veifa í sambandi við spurninguna um lögfestingu, því það var náttúrlega ekki mikið á bak við það. En hæstv. ráðherra leggur mjög mikið kapp á þetta mál. Hins vegar hefur sú þekking og þeir möguleikar til greiningar á kostum og ókostum og hættum sem tengjast þessu kerfi ekki verið dregin inn í athugun málsins sem eðlilegt væri í svo stóru og flóknu máli.

En auðvitað vona ég, hæstv. félmrh. og aðrir talsmenn þessa máls, að sagan endi vel. Auðvitað vona ég það að Alþingi beri gæfu til þess nú og við frekari athugun þessara mála að ganga þannig frá húsnæðiskerfi fyrir landsmenn, hinu almenna húsnæðiskerfi, hvort sem það er kennt við húsbréf eða eitthvað annað, að það verði ekki til ófarnaðar heldur til heilla. Það hlýtur að vera okkar ætlan. En við eigum mjög mikið ógert í þeim efnum og þar á meðal athugun og stefnumörkun um hið félagslega íbúðakerfi sem búið er að auglýsa eftir að verði farið ofan í saumana á árum saman hér á Alþingi, ríkisstjórn eftir ríkisstjórn hefur heitið því að þetta skuli gert, t.d. 1986 í sambandi við endurskoðun húsnæðislaganna þá og í nál. sem tengdist því máli var því heitið en enn stöndum við hér 1989 og þetta er ógert.

Kvennalistinn hefur verið að minna á þetta. Vel sé þeim að gera það. Auðvitað hljótum við að taka undir í þeim efnum og auðvitað hljótum við að reyna að hjálpast að við það að bæta það kerfi. Ég hef heyrt menn úr held ég öllum þessum minni hlutum nefna það að það sé þeirra hjartans mál að reyna að bæta þar úr og ég vænti þess nú að menn noti þá einnig sumarið til þess að fara virkilega yfir þau efni og reyna að láta þetta verða samferða að hausti, þannig að við komum hér með samræmt húsnæðiskerfi þar sem félagslegi þátturinn sé tekinn með og reynt verði að sníða vankantana af því sem menn eru hér að hraðsjóða með allt of skjótum hætti á þessum vordögum.

Virðulegur forseti. Við skulum vona að það birti upp yfir þessum málum. Á því er mikil þörf.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég tek undir það með hv. síðasta ræðumanni að hér eiga menn að tala hreint og skýrt. Ég held það sé farsælast fyrir þjóðina og í byrjun langar mig til þess að segja það að ekki efast ég um að góður vilji er á ferðinni hjá hæstv. félmrh. með frv.,

en ég er hræddur um að frv. eins og það er þurfi frekari umfjöllun áður en það getur orðið að lögum.

Það er gott markmið að lána fólki 70%, sérstaklega ungu fólki sem er að byggja í fyrsta sinn. Það verður hins vegar líka að vera hægt að gera á þann hátt að ekki sé verið að lána fólki snöru um hálsinn vegna þess að þenslan í efnahagslífinu má ekki verða slík í gegnum húsnæðiskerfið að viðkomandi húsbyggjendur dingli í einhverri snöru. Það er ekki verið að gera fólki gott með því að búa til svoleiðis kerfi. Þess vegna er öll varkárni í sambandi við þetta nauðsynleg. Til að byrja með langar mig til að vitna aðeins í núgildandi lög, með leyfi hæstv. forseta. Það er í 9. gr. laganna í sambandi við fjármögnun, um það hvernig Húsnæðisstofnun aflar sér fjár, m.a. með sölu skuldabréfa til lífeyrissjóða samkvæmt samningum Húsnæðisstofnunar við lífeyrissjóði, svo og með öðrum lántökum samkvæmt nánari ákvörðun í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun hverju sinni. Fjárfestingar- og lánsfjáráætlun er ekkert ákvörðunarplagg. Fjárfestingar- og lánsfjáráætlun er fylgiskjal með fjárlagafrv. Ég skil ekki hvað svona texti á að þýða. Ég verð að fara fram á það við hæstv. forseta að þingmenn fái útskýringu á þessu. „Samkvæmt nánari ákvörðun í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun." Hvað þýðir það orðalag? Fjárfestingar- og lánsfjáráætlun er ekkert ákvörðunarplagg. Fjárfestingar- og lánsfjáráætlun er fylgiskjal með fjárlagafrv. Ef hér er átt við lánsfjáráætlun hins vegar, lánsfjárlög, þá er þetta ekkert bara á lánsfjárlögum. Hér þarf því aðeins að skoða mál betur.

Svo er í 1. gr. frv. sem hér liggur fyrir eftirfarandi texti, með leyfi forseta:

„Lífeyrissjóðunum er heimilt að fullnægja samningsbundnum skuldabréfakaupum af Húsnæðisstofnun ríkisins að hluta með húsbréfum, sbr. IV. kafla laganna um húsbréfakaup. — Í reglugerð skal í samráði við lífeyrissjóðina setja nánari ákvæði um skiptingu skuldabréfakaupanna til tveggja ára í senn."

Mér er spurn: Hvernig er hægt að fullnægja samningsbundnum skuldabréfakaupum af húsnæðismálastjórn að hluta með húsbréfum? Eiga lífeyrissjóðirnir að fara að kaupa skuldabréf og borga með húsbréfum? Ætlar Húsnæðisstofnun sjálf að fara að kaupa húsbréf aftur? Ég næ nú ekki upp í svona meiningar.

En spurningin er þessi í sambandi við svona opinberar stofnanir eins og Húsnæðisstofnun, þær eru sjálfsagt ágætar til síns brúks, en eiga þær að ganga algjörlega sjálfala? Á ekki Alþingi að marka stefnuna hverju sinni í gegnum lánsfjárlög, hversu miklir fjármunir fari til húsnæðismála? Ég held að það hljóti að eiga að vera þannig. Mér er það alveg óskiljanlegt ef lánastofnanir í húsnæðismálum eiga að fara að ganga sjálfala. Hvernig á þá að stjórna efnahagsmálum þjóðarinnar ef hver stofnunin á fætur annarri fer að ganga bara sjálfala? Þá er ekki lengur hægt að stjórna efnahagsmálum þjóðarinnar. Svona lagað getur varla gengið upp.

Það er gert ráð fyrir að ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna í ár verði 17,3 milljarðar. Samkvæmt því eru 55% 9,5 milljarðar. Á næsta ári verði heildarráðstöfunarfé 19,9 milljarðar og ráðstöfunarfé, 55%, 10,9 milljarðar. Og 1991 er heildarráðstöfunarfé áætlað 23,6 milljarðar og 55% af því eru því 12,9 eða tæpir 13 milljarðar. Hvar er heildarstefnan í peningamálum við hliðina á þessum markmiðum um að Húsnæðisstofnun ráðstafi svona miklu fjármagni? Og hvaða áhrif hefur þessi ráðstöfun á verðbólguna og þensluna í landinu? Hvaða áhrif hefur þetta síðan á vexti almennt og atvinnulífið? Eins og á stendur á þeim bæ núna er mjög erfitt hjá atvinnulífinu. Það er ósköp fallegt að leggja fram svona frumvörp um að allir skuli búa í fínu og flottu og nóg sé til af peningum, en verður ekki að skoða þessi mál í heilu lagi? Ég held að það þurfi að gera.

Og mér er spurn hvernig raunverulega sé hægt að semja svona frv. án þess að Seðlabanki Íslands sé hafður með í ráðum. Það kemur hér fram í nál. frá 2. minni hl. félmn. að borist hafi umsagnir frá 16 aðilum og þar á meðal frá Seðlabanka Íslands. Ég fór og leitaði að þessu og þetta er ekki til. Það er engin athugun frá Seðlabanka Íslands, engin umsögn um frv. frá Seðlabanka Íslands, enda kemur það fram í nál. 3. minni hl. Frv. fylgir engin greinargerð um áhrif húsbréfanna á fjármagnsmarkaðinn og upplýst var í nefndinni að Seðlabankinn hefur við undirbúning málsins aldrei verið beðinn um neina greinargerð um áhrif húsbréfakerfis á peningamagn og peningastjórn. Halda menn að þetta séu nú vinnubrögð?

Í framhaldi af þessu ætla ég að leyfa mér að lesa hérna upp úr lögum um Seðlabankann, með leyfi forseta:

„Hlutverk Seðlabankans er:

1. að annast seðlaútgáfu og láta gefa út mynt og vinna að því, að peningamagn í umferð og framboð lánsfjár sé hæfilegt miðað við það, að verðlag haldist stöðugt og framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt."

Og 4. liður þessara meginmarkmiða Seðlabankans er að „vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um allt, er varðar gjaldeyris- og peningamál". Hvernig er hægt að semja svona frv. án þess að hafa talað við Seðlabankann?

Og 4. gr. hljóðar svo:

„Í öllu starfi sínu skal Seðlabankinn hafa náið samstarf við ríkisstjórnina og gera henni grein fyrir skoðunum sínum varðandi stefnu í efnahagsmálum og framkvæmd hennar." Varðar húsbréfafrv. ekki stefnu í efnahagsmálum? Mér sýnist hér vera á ferðinni meiri háttar mistök varðandi samningu frv. Það er alveg gjörsamlega útilokað að Alþingi Íslendinga geti tekið afstöðu til svona frv. þegar staðið hefur verið að samningu frv. með þessum hætti.

Það kemur hins vegar fram að á nefndarfund hafi komið tveir fulltrúar frá Seðlabankanum, á fund. Ég veit ekkert hvað hefur skeð þar, en það alla vega fullnægir ekki þessum ákvæðum laga, að meginhlutverk bankans sé að fylgjast með þessu og vera

ríkisstjórninni til ráðuneytis um allt sem varðar gjaldeyris- og peningamál, þar á meðal auðvitað húsbréfakerfi og Húsnæðisstofnun og stefnu í peningamálum almennt. Skyldi nú engan fara að undra þó að allt sé í klúðri í peningamálum í íslensku þjóðfélagi ef vinnubrögðin eru svona víða. Það eru auðvitað hagsmunir fólksins í landinu að fá lánað fjármagn til þess að geta byggt sér hús, en það eru ekki hagsmunir fólks að fá það gert með þeim hætti að það fái lánaða snöru í leiðinni og dingli síðan í öllu saman vegna allt of mikillar þenslu og vaxta. Það er aldeilis fráleitt. Óvönduð vinnubrögð í sambandi við svona mál þýða auðvitað það að fólkið fær, án þess að hafa hugmynd um það, snöru með láninu. Og þá á ég við það að þetta er verðtryggt og verðbólgan æðir áfram og fólk lendir í vanskilum eins og gerst hefur. Það eru ekki hagsmunir fólksins í landinu að verið sé með nein yfirboð í þessum efnum. Það er langt frá því.

Svo finnst mér stór spurning í sambandi við ríkisábyrgðina á þessum húsbréfum eins og hugmyndir eru um það að hafa það: Getur Alþingi Íslendinga framselt leyfi handa opinberum stofnunum til að gefa út ríkisábyrgðir? Mér er spurn. Það hafa verið flutt frv. um ríkisábyrgðir í einstökum neyðartilvikum, t.d. á Arnarflugi eða Flugleiðum. En er hægt að gefa út bara eitthvert framsal handa opinberri stofnun sem á að gefa út ríkisábyrgð á húsbréf? Ég hefði nú gjarnan viljað fá að sjá einhvers konar skýrslu um þetta áður en ég hefði talið að Alþingi gæti tekið ákvörðun í svona máli, það sé alveg klárt að eitthvað þurfi að skoða þar betur.

Svo er hér samkomulag við Kvennalistann þar sem kemur fram að það verði 600 millj. kr. raunaukning á framkvæmdafé til félagslega hluta íbúðakerfisins. Ég er nú hræddur um að ef blessaðar konurnar í Kvennalistanum halda að þetta sé samkomulag sem sé í gildi, þá hafi þær látið plata sig vegna þess að ég tel alveg fráleitt að framkvæmdarvaldið eða einhverjir menn geti samið við þær um hluti sem er raunverulega Alþingis að semja um. Alþingi ákveður það á næstu fjárlögum. Það getur enginn samið um það núna einhvers staðar úti í horni hvað mikið skuli vera gert á næstu fjárlögum, þannig að þetta er náttúrlega bara opið í báða enda, alla enda.

Mér sýnist á þessu að Alþingi verði með einhverjum hætti að reyna að auka sjálfstæði sitt í vinnubrögðum og reyna að láta nefndir þingsins fara að starfa meira sjálfstætt og kaupa sér bara ráðgjöf hjá einkafyrirtækjum, ekki vera að dandalast alltaf með þessa kerfiskarla. Það má alla vega hafa það í bland til að byrja með.

Svo eru það blessuð vaxtamálin. Hvaða áhrif hefur þetta kerfi á vaxtamálin? Hvaða áhrif hefur síaukið fjármagn til húsnæðismála á vaxtamálin í landinu? Mér finnst skrýtið hvernig fjallað er um þessa hluti, alltaf eins og það sé einhver hólfaskipting í þjóðfélaginu. Auðvitað hefur þetta áhrif hvað á annað. Vaxandi þensla í byggingariðnaði hefur auðvitað áhrif annars staðar í þjóðfélaginu. Og það er einmitt hlutverk Seðlabankans samkvæmt 4. gr. að hafa náið samstarf við ríkisstjórnina og gera henni grein fyrir skoðunum sínum hverju sinni varðandi einstök atriði í efnahagsmálum og við framkvæmd efnahagsstefnu, og því er þetta þá ekki gert? Er þetta allt saman bara ein allsherjarkómedía eða hvað? Ég bara skil ekki svona vinnubrögð, alls ekki.

Ég hef alltaf litið þannig á að það væri hlutverk stjórnvalda að viðhalda jafnvægisástandi þannig að vextir yrðu eðlilegir. Hvernig fara stjórnvöld að því? Þau halda að þau geti gert það með því að segja bara hókus, pókus, lága vexti. Það er alveg stórfurðulegt. Frjálsræði í vaxtamálum hefur verið rangtúlkað alveg hræðilega, sérstaklega af þeim sem standa að núverandi ríkisstjórn. Frjálsræði var komið á til þess að stjórnir gætu áttað sig á því hvenær eftirspurn í fjármagn verður of mikil þannig að þær gætu dregið úr eftirspurn í fjármagn og náð jafnvægi aftur. Í staðinn hafa menn bara hrópað frjálshyggja, frjálshyggja, í staðinn fyrir að reyna að stjórna eins og þeir eiga að gera. (**Gripið fram í:** Hvað með síðustu stjórn?) Hvað með síðustu stjórn, kallaði einhver fram í. Það stóðu þrír aðilar að síðustu ríkisstjórn og ég ætla ekkert að fara að svara fyrir hana. En það er hlutverk viðskrh., svo að spurningunni sé svarað, að sjá til þess að lögum um Seðlabankann sé framfylgt og í lögum um Seðlabankann, ef ég má vitna í þau aftur, með leyfi hæstv. forseta, stendur að hlutverk Seðlabankans númer eitt sé að vinna að því að peningamagn í umferð og framboð lánsfjár sé hæfilegt miðað við það að verðlag haldist stöðugt og framleiðslugeta atvinnuveganna sé nýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt. Þá er spurningunni svarað. Það er hlutverk Seðlabankans að halda uppi jafnvægi á peningamarkaðinum. Og Seðlabankinn heyrir undir viðskrn. Þá vænti ég þess að þessari spurningu sé svarað, hvað með síðustu ríkisstjórn? Og í 4. gr. laga um Seðlabankann stendur að ef Seðlabankinn sé í ágreiningi við ríkisstjórnina, þá sé Seðlabankanum rétt að lýsa þeim ágreiningi opinberlega. Það hefur ekki verið gert og þar af leiðandi hlýtur hann að vera sammála þeirri stefnu sem var rekin.

Hér er hins vegar til skriflegt álit frá Þjóðhagsstofnun og þar stendur m.a. þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Sá möguleiki er fyrir hendi að viðskiptavakar mundu þurfa að kaupa verulegan hluta húsbréfanna til þess að halda uppi markaðnum en slíkt mundi óneitanlega auka peningamyndun. Af þessum sökum gæti þurft að gera ráðstafanir á öðrum sviðum peningamála en tilkoma húsbréfamarkaðar kallar á miklar breytingar í peningastjórn.“ Þetta segir Þjóðhagsstofnun, á næstu hæð fyrir neðan Seðlabankann. En Seðlabankinn fékk aldrei að fjalla um þetta. Af hverju var ekki Seðlabankinn spurður? Getur einhver svarað því? Það er bara lagabrot hjá hæstv. ríkisstjórn að spyrja ekki Seðlabankann og sýnir best sambandsleysið. Það er allt í spanskgrænu í framkvæmdarvaldinu milli Seðlabankans og ríkisstjórnarinnar. Það þarf eitthvað að laga geymasambandið er ég hræddur um. Mér finnst að þingmenn eigi alveg

hispurslaust að reyna að auka sjálfstæði Alþingis en ekki vera einhverjar tuskudúkkur hjá framkvæmdarvaldinu og rétta hér upp hönd eftir því sem einhverjum kerfiskörlum þóknast. Það kemur ekki til greina. Ég held að það sé kominn tími til að Alþingi fari að taka sig á og taka í hnakkadrambið á þessu kerfi sem er að vaxa hér gjörsamlega yfir höfuð á öllu og gengur orðið sjálfala á ýmsum sviðum. Það eru hagsmunir fólksins að lán séu til íbúðakaupa en það eru ekki hagsmunir fólksins að þetta sé gert með þeim hætti að það skaði almenning í landinu. Verðbólgan er gífurlegur skaðvaldur og stefna í efnahagsmálum verður að miða að því að verðbólgunni verði eytt. Það á ekki að vera neitt vandamál.

Mér finnst þetta húsbréfafrv. vera svona enn ein rós í hnappheldu kerfisins sem klúður í peningamálum. Það vantar algjörlega faglegt mat Seðlabanka þjóðarinnar sem á að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um allt í peningamálum, um áhrifin, um þenslu, háa vexti og hugsanlega verðbólgu. Hvar er öll þessi gögn? Eiga þingmenn að taka hér ákvarðanir í svona máli? Ég verð því miður að segja það að þetta húsbréfakerfi er fallegir draumórar miðað við það sem hér liggur fyrir. Og einhvern tíma var nú sagt: „Góðar eru gjafir þínar en meira þykir mér verð vinátta þín og sona þinna." Ætli íbúðabyggjendum þyki ekki vænna um það að fá hæfilega mikið lánað þannig að það séu ekki „skandaliseringar" þó að þeir þurfi að bíða pínulítið lengur en að fá svo mikil lán að verðbólgan æði af stað og fleiri, fleiri fjölskyldur lendi í snöru kerfisins.

Ég verð því að leggja til, hæstv. forseti, að þetta verði allt saman skoðað upp á nýtt og ég legg til að frv. verði vísað aftur til föðurhúsanna, til hæstv. félmrh.

Kolbrún Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta mál hefur nú þegar fengið miklar umræður hér á Alþingi og í fjölmiðlum. Hæstv. félmrh. lagði ráðherrastól sinn að veði verði frv. þetta ekki samþykkt. Það er augljóst að húsnæðislánakerfið frá 1986 er komið í ógöngur, en þó er betra að búa við það um tíma og vanda betur gerð húsbréfakerfisins. Opinbert fjármagn hefur alltaf vantað og þetta nýja frv. mundi hafa svipuð áhrif og seðlaprentun og koma niður á helsta keppinaut sínum, spariskírteinum ríkisins.

Við í Frjálslynda hægri flokknum viljum að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar og það kannað nánar. Þingmenn Borgaraflokksins sem skipuðu þann þingflokk þá lögðu fram frv. um húsbréfastofnun og húsbanka hér á Alþingi á síðasta þingi. Tel ég það vera einu heildstæðu tillöguna sem liggur fyrir í þessum málum. Frv. þetta var frá stjórnarandstöðu og þess vegna ekki umræðuhæft þótt stjórnarliðar hafi vaknað upp við það að e.t.v. væru húsbréf ekki svo galin hugmynd.

Svo að ég vitni í áðurnefnt frv. njóta dönsk húsbréf mikils trausts meðal almennings þar í landi og eru það aðallega bankar og tryggingafélög sem geyma lánsfé sitt í húsbréfum. Svo segir í greinargerð, með leyfi forseta:

„Það sem hefur einkennt íslenska húsnæðislánakerfið mörg undanfarin ár er óstöðugleiki og sífelld fjárvöntun. Húsnæðislánakerfið er algjörlega á vegum ríkisins og hefur sem slíkt alla tíð verið bitbein stjórnmálamanna sem eru sífellt að gera á því breytingar. Það fjármagn, sem húsnæðislánakerfið byggir á, kemur aðallega frá ríkissjóði með beinum framlögum í fjárlögum, oft gegnum erlendar lántökur, og í seinni tíð frá lífeyrissjóðunum gegnum skuldabréfakaup þeirra af byggingarsjóðum ríkisins."

Í nágrannalöndum okkar eru mörg góð kerfi sem hafa gengið upp. Vegna þess er frv. sem slíkt í rétta átt en það er ekki fullnægjandi. Ég vil nefna að í 68. gr. í nýja frv. er talað um húsbréf sem gefin eru út samkvæmt þessum kafla og að vextir af þeim og verðbætur eru undanþegin skattlagningu á sama hátt og spariskírteini ríkissjóðs.

Hér er enn verið að ganga í öfuga átt varðandi vaxtamun og eignarskatta. Bendi ég á að með þessu er verið að stuðla að því að hver einasti maður sæki um að fá lán eftir þessu kerfi því það er ódýrara og hagstæðara að safna skuldum og fá lán í húsbréfakerfinu eða kaupa ríkistryggð skuldabréf en að eiga skuldlausa húseign.

Það er orðið svo að einstaklingur sem kominn er yfir ákveðið eignarmark, eins og menn vita, borgar orðið 3% í eignarskatt auk fasteignaskatta þannig að hann er farinn að greiða verulegar upphæðir af skuldlausum eignum. Taki hann hins vegar lán samkvæmt þessum lögum gefur auga leið að hann er að taka mun hagstæðari lán samkvæmt núverandi kerfi og þar að auki getur hann ávaxtað lánið ef hann væri svo forsjáll að geyma peninga í ríkisskuldabréfum með þeim hætti að geta grætt á málinu.

Því miður hefur þessi ríkisstjórn sem nú situr komið illa við húsbyggjendur vegna skattaálagningar sinnar í tengslum við afgreiðslu fjárlaga sem leitt hefur til hærri byggingarkostnaðar.

Það er von okkar í Frjálslynda hægri flokknum að sem flestar fjölskyldur og einstaklingar í þjóðfélaginu eignist sitt eigið húsnæði. Verði frv. samþykkt, hvað verður þá um þetta fólk, sem er yfir 10 þúsund manns, sem bíður eftir úrlausn Húsnæðisstofnunar? Hvað skeður á fasteignamarkaðinum? Fer íbúðaverð ekki upp úr öllu valdi og þensla eykst? Húsbankar, eins og t.d. í Danmörku, virðast miða lán og afborganir við greiðslugetu hvers og eins. Hlýtur það að vera grundvallaratriði. Það er engin spurning, þessu kerfi þarf að breyta þannig að það miði að einhverju öðru en að leggja þyngri og meiri byrðar á unga fólkið, aðallega það unga fólk sem er að koma sér upp þaki yfir höfuðið, því að stöðugar peningaáhyggjur fólks er álag á hverja fjölskyldu sem þarf að leggja á sig meiri og meiri vinnu, bæði til að halda þeirri eign sem það er að reyna að eignast og geta greitt af dýrum skammtímalánum. Og að endingu kemst þetta fólk í þrot þegar lánin eru orðin svo mörg að það ræður ekki við neitt. Vegna þess má ekki flana að neinu. Þetta kerfi okkar í dag er meingallað.

Meðalbiðtími er nú 34 mánuðir eftir láni frá Hús-

næðisstofnun. Teljum við í Frjálslynda hægri flokknum, eins og ég hef áður sagt, að þessu frv. hæstv. félmrh. beri að vísa til ríkisstjórnarinnar sem gæfi sér sumarið til að fullvinna málið og koma okkur út úr þeim ógöngum sem við búum við í húsnæðismálum.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Það hefur ýmislegt verið sagt í þessum umræðum um frv. sem hér er til umfjöllunar sem ástæða er til að fara um nokkrum orðum þó að nokkuð sé liðið á nóttina.

Ég vil fyrst, herra forseti, áður en ég vík að þeim fyrirspurnum sem til mín hefur verið beint, víkja að því sem aftur og aftur hefur komið fram hér í máli manna, að verið sé að keyra í gegn þetta frv. og vitna til þess að hér sé um óvönduð vinnubrögð að ræða. Í því sambandi, herra forseti, tel ég ástæðu til þess að rifja upp í örfáum orðum undirbúninginn og aðdragandann að frv.

Frá ágúst 1987 til desemberloka var unnið að setningu löggjafar sem takmarkaði mjög sjálfvirknina í húsnæðislánakerfinu. M.a. kom sú lagfæring í veg fyrir að gefin væru út bindandi loforð langt fram í tímann sem áætla má að hefðu bundið fjármagn húsnæðiskerfisins til 1993 og ráðstafað þannig 20 milljörðum meira fram í tímann en við nú höfum gert. Ljóst má því vera að hefði það ekki komið til hefði tekið miklu lengri tíma að koma á breytingu á húsnæðislánakerfinu. Einnig var í samræmi við þá löggjöf hætt að taka við umsóknum frá þeim sem áttu fleiri en eina íbúð fyrir og einnig þeirra sem voru að minnka við sig úr stærri eign. Þessi lagabreyting tók mun lengri tíma en ætlað var og varð hún að lögum fyrir áramótin 1987. Þetta var undanfari frv. sem við ræðum hér.

Í janúarmánuði 1988 var skipaður vinnuhópur undir forustu Kjartans Jóhannssonar til þess að gera tillögur um þá kosti sem fyrir hendi voru um framtíðarskipan almenna húsnæðislánakerfisins. Þessi hópur skilaði niðurstöðu 23. mars 1988.

Fundir voru síðan haldnir með forseta ASÍ og formanni VSÍ um hvernig staðið skyldi að framhaldi málsins. Samráð var einnig haft við stjórnarflokkana og stjórnarandstöðu um þá tilhögun. Í framhaldi af því var í byrjun maí 1988 skipuð nefnd með aðild fulltrúa allra stjórnmálaflokka á þingi og aðilum vinnumarkaðarins sem hafði það verkefni að gera tillögur um skipan hins almenna húsnæðislánakerfis með hliðsjón af þeirri leið sem starfshópur um sama efni mælti með í álitsgerð dags. 23. mars 1988.

Síðla í október þegar nefndin var um það bil að ljúka störfum óskaði forseti ASÍ, sem átti sæti í þeirri nefnd, eftir því að nefndin fengi frest til þess að skila tillögum sínum til ráðherra þar sem hann taldi að hann þyrfti svigrúm til þess að kynna málið á ASÍ-þingi. Þetta tafði málið nokkuð, en 12. des. 1988 skilaði nefndin af sér og varð niðurstaðan sú að fimm af sex stjórnmálaflokkum sem þátt höfðu tekið í þessu starfi mæltu með húsbréfum ásamt fulltrúa VSÍ. Ýmsir aðilar skiluðu þó sérstökum bókunum og fyrirvörum um ákveðna þætti málsins. Fulltrúi Framsfl. og ASÍ skiluðu séráliti.

Þessi niðurstaða var síðan kynnt í ríkisstjórninni um miðjan desember sl. Niðurstaðan varð þá sú að skipa sérstaka ráðherranefnd til þess að fara yfir niðurstöður nefndarinnar. Ráðherranefndin hélt þrjá fundi og skilaði af sér í byrjun janúar þar sem gerðar voru tillögur um nokkrar breytingar frá tillögum nefndarinnar. Samþykkt var í ríkisstjórninni að senda málið til meðferðar í þingflokkum. Það var í kringum miðjan janúar sl.

Þingflokkarnir höfðu síðan málið til meðferðar í þrjá mánuði áður en það var lagt fram sem stjfrv. á Alþingi. Áhersla var á það lögð við forustumenn stjórnarflokkanna að tíminn yrði nýttur í janúar af þingflokkunum til að fjalla um málið og niðurstaða gæti legið fyrir þegar þing kæmi saman um mánaðamótin janúar–febrúar. Af því varð ekki og það seinkaði mjög framlagningu málsins hér á þingi.

Félmrn. hefur staðið fyrir víðtækri kynningu á frv. og hafa verið haldnir um 20 fundir með ýmsum aðilum, sérstaklega samtökum launafólks. Má þar nefna Verkamannasambandið, miðstjórn ASÍ, BSRB, BHM, Landssamband verslunarmanna, Landssamband iðnverkafólks, Landssamband iðnaðarmanna, svo að dæmi séu tekin. Einnig hefur verið kallað til Félag fasteignasala, Verktakasambandið og fleiri aðilar. Áður hafði málið þó verið sérstaklega kynnt af hálfu ráðuneytisins í húsnæðismálastjórn. Frv. var síðan kynnt fyrir félagsmálanefndum deildanna áður en það var lagt fram hér á Alþingi.

Haldinn var síðan sérstakur kynningarfundur um húsbréfin með fjölmiðlum. Fjórir sérfræðingar hafa af hálfu ríkisstjórnarinnar yfirfarið málið með tilliti til áhrifa húsbréfakerfisins á fasteigna- og verðbréfamarkaðinn. Jákvæð niðurstaða liggur fyrir frá þessum sérfræðingum.

Ég taldi ástæðu til þess, herra forseti, að rifja þetta upp í eins stuttu máli og mér var unnt til þess að sýna fram á að til undirbúnings frv. hefur verið vandað eins og kostur er og könnuð áhrifin af þessu kerfi sem við hér ræðum einmitt á peninga- og fasteignamarkaðinn en fram hefur komið hér í kvöld að kallað hefur verið eftir áliti með frv. sem sýni áhrif þess á peninga- og fasteignamarkaðinn. Mér er það nokkurt undrunarefni að það skuli koma fram frá fulltrúum félmn. að það vanti öll álit um áhrif þessa kerfis á peningamarkaðinn þar sem áhersla var á það lögð af hálfu félmrn. að fulltrúar í félmn. fengju öll gögn málsins í hendur sem unnin höfðu verið í ráðuneytinu, þar á meðal um ýmis áhrif að því er varðar vaxtaþátt frv. á greiðslubyrði fólks og einnig þetta sérfræðiálit sem ég hef hér nefnt sem enginn hefur séð ástæðu til að nefna við þessa umræðu, heldur hefur aftur og aftur verið kallað eftir því að það vanti að kanna áhrifin á peningamarkaðinn.

Ég tel í þessu sambandi, herra forseti, ástæðu til þess að fara örfáum orðum um álitsgerð sérfræðinga, sem könnuðu þetta mál af hálfu ríkisstjórnarinnar,

um áhrif á fasteigna- og fjármagnsmarkaðinn, en þeir voru Birgir Árnason, aðstoðarmaður viðskrh., Már Guðmundsson, aðstoðarmaður fjmrh., Ingvar Kristinsson, hagfræðingur í Seðlabankanum, og Þorsteinn Ólafsson, efnahagsráðgjafi ríkisstjórnarinnar.

Í áliti sérfræðinganna kemur fram varðandi áhrif kerfisins á peninga- og fasteignamarkaðinn að ætla megi að það auki stöðugleika og lækki fasteignaverð, að það lækki útborgunarhlutfall, það stuðli að lækkun vaxta, það hafi jákvæð áhrif á peninga- og fasteignamarkaðinn og að minni verðsveiflur verði á fasteignamarkaðnum. Þessu til viðbótar vil ég benda á að í áliti Landssambands iðnaðarmanna kemur fram að húsbréfakerfið muni bæta skipulag framkvæmda og lækka byggingar- og fjármagnskostnað íbúða.

Ég tel ekki ástæðu til þess að eyða tímanum þegar svo langt er liðið á nóttu til að fara nákvæmar í þetta álit, en ég vil þó benda hv. þm. sem ekki hafa starfað í nefndinni á að þetta álit liggur fyrir sem hver og einn gæti þá kynnt sér. Ég tel því nokkuð ómaklegt þegar sagt er að ekki hafi verið leitast við að kanna eins og kostur er áhrif þess á peninga- og fasteignamarkaðinn.

Ég bendi líka á það, af því að það hefur verið kallað eftir því að það vanti umsögn og álit Seðlabanka Íslands á frv., að þegar frv. var í vinnslu í þeirri nefnd sem undirbjó það var einmitt leitað eftir umsögn Seðlabanka Íslands á þessu húsbréfakerfi og Seðlabanki Íslands fékk frv. þá til yfirlestrar og þar kom Seðlabankinn fram sínum athugasemdum m.a. Einnig kom á fund nefndarinnar, er mér kunnugt, Eiríkur Guðnason, lögfræðingur Seðlabanka Íslands, og Bjarni Bragi Jónsson, hagfræðingur Seðlabanka Íslands, þar sem einmitt var leitað eftir því af hálfu nefndarmannna að fá fram afstöðu þeirra til áhrifa frv. á peningamarkaðinn. Er mér ekki kunnugt um annað en að afstaða þessara fulltrúa Seðlabankans í þessu efni hafi verið jákvæð. Þetta taldi ég nauðsynlegt að kæmi fram út af þessu atriði málsins.

Ég vil þessu næst víkja að ýmsu því sem fram hefur komið og fyrirspurnum sem til mín hefur verið beint. Ég vil byrja á því að fara nokkrum orðum um þá brtt. sem liggur hér frammi frá Ólafi Þ. Þórðarsyni um það að leitað skuli heimildar Alþingis á lánsfjárlögum fyrir útgáfu húsbréfa. Hv. þm. bar fyrir sig 40. gr. stjórnarskrárinnar sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Ekki má heldur taka lán, er skuldbindi ríkið, né selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild."

Ástæða er til þess að fara um þetta nokkrum orðum.

Ég bendi á það í fyrsta lagi að Alþingi hefur falið ákveðnum stofnunum með sérlögum tiltekin verkefni og heimilað þeim starfsemi, þar með taldar lántökur sem eru með ríkisábyrgð, til þess að sinna sínum verkefnum. Má þar einkum nefna ríkisbankana og húsnæðislánasjóðina. Það er þannig að ríkisbankarnir gefa út bankabréf, bæði til einstaklinga og til fyrirtækja, sem eru með ótakmarkaðri ríkisábyrgð, og allar inneignir á sparisjóðsbókum eru auðvitað líka með ríkisábyrgð. Þar er þó ekki um að ræða að þar liggi fyrir einhver bein heimild frá Alþingi um ákveðna upphæð í því efni, heldur hefur Alþingi gefið út sérlög, t.d. að því er varðar ríkisbankana þar sem heimiluð er slík ríkisábyrgð.

Ég vil einnig nefna í þessu sambandi varðandi erlend lán sem ríkisbankar taka til að endurlána atvinnufyrirtækjum að þar er í fæstum tilfellum um formlega lagaheimild að ræða til lána. Og sá útistandandi stokkur endurlána er núna um 30 milljarðar kr. Síðan er auðvitað ástæða til þess að nefna það varðandi lántökur lífeyrissjóðanna hjá húsnæðismálastjórn að þar hefur ekki verið talin ástæða til þess að afla heimildar Alþingis á lánsfjárlögum fyrir þeim lántökum sem þó eru frá lífeyrissjóðunum í húsnæðislánakerfið.

Fleira má auðvitað nefna, sem ég er ekkert að mæla bót, sem eftir á er samþykkt af Alþingi eins og aukafjárveitingar og fleira. Þannig að ef menn vilja skoða þetta mál tel ég að menn eigi að skoða það í heild sinni og nefni þar sérstaklega bankana sem eru sambærilegir við það sem ég er að nefna hér og ef frv. um húsbréf er samþykkt hér á Alþingi er raunverulega komin lagastoð í sérlögum um ríkisábyrgð sem yrði þá í þessu tilfelli að finna í sérlögum um húsbréf. Hér er ekki um bein útlán að ræða, heldur einungis ríkisábyrgð. Þetta taldi ég nauðsynlegt að fram kæmi, herra forseti, að því er þetta ákveðna atriði varðar.

Því næst vil ég víkja nokkrum orðum að því sem fram kom í máli hv. þm. Geirs H. Haarde. Hv. þm. Geir H. Haarde nefndi það réttilega að forsenda þess að húsbréfakerfið gæti gengið eðlilega fyrir sig væri að farið yrði út í það að afnema kaupskyldu lífeyrissjóðanna í áföngum. Í því frv. sem nefndin skilaði af sér var gert ráð fyrir að það skref yrði stigið að kaupskyldan yrði lækkuð niður í 47%. Í því samkomulagi sem gert var milli stjórnarflokkanna í þessu máli og fram kemur í 1. gr. frv., þar sem lífeyrissjóðunum er heimilað að uppfylla hluta af kaupskyldu sinni með húsbréfum, tel ég að í raun hafi verið gengið lengra í þessa átt en fram kom hjá nefndinni vegna þess að í því samkomulagi er gert ráð fyrir að lífeyrissjóðunum verði heimilað að kaupa húsbréf fyrir 10% af ráðstöfunarfé sínu, þannig að kaupskyldan í núverandi kerfi yrði þar af leiðandi 45%. Hér er því stigið skrefinu lengra í að afnema kaupskylduna en var í frv. Auðvitað er svo ekkert sem kemur í veg fyrir það, ef lífeyrissjóðirnir svo kjósa, að keypt sé húsbréf fyrir meira af ráðstöfunarfénu en hér kemur fram.

Hv. þm. Geir H. Haarde ræddi nokkuð vaxtakjörin í núverandi kerfi og vaxtakjörin í húsbréfakerfinu. Ég tel ástæðu til þess að nefna það, kannski ekki síður vegna orða hv. 2. þm. Austurl., að í frv. er kveðið á um það í greinargerð að útlánsvextir Byggingarsjóðs ríkisins verði að taka mið af þeim vöxtum sem samið

er um við lífeyrissjóðina vegna skuldabréfakaupa. Þetta ákvæði kom inn í greinargerðina eftir að þrír ráðherrar á vegum ríkisstjórnarinnar höfðu farið yfir einstaka þætti í þessu máli. Þeir þrír ráðherrar voru ásamt mér Guðmundur Bjarnason heilbrrh. og Steingrímur J. Sigfússon samgrh. Það var því samdóma álit þessara ráðherra sem síðan var kynnt í ríkisstjórninni og síðan lagt fyrir stjórnarflokkana að þetta ákvæði yrði með þessum hætti í greinargerðinni.

Ríkisstjórnin hefur samþykkt ákveðna útfærslu að því er þennan þátt mála varðar sem ég vil leyfa mér að lesa, með leyfi forseta:

„Í frv. er kveðið á um að útlánsvextir Byggingarsjóðs ríkisins verði að taka mið af þeim vöxtum sem samið er um við lífeyrissjóðina vegna skuldabréfakaupa. Samkvæmt nýlegu samkomulagi við lífeyrissjóðina eru þeir vextir 6% frá apríl til júníloka og frá 1. júlí til desemberloka 5%. Nú þegar eru vextirnir orðnir 5% á þeim hluta sem miðaður eru við ECU-bindingu.

Ríkisstjórnin stefnir að því að vaxtamunur á teknum lánum hjá lífeyrissjóðunum og útlánum Byggingarsjóðs ríkisins í núverandi húsnæðislánakerfi verði ekki meiri en 0,5–1% og verða vextir af útlánum Byggingarsjóðs ríkisins lægri sem þeim mismun nemur. Vextir af útlánum Byggingarsjóðs ríkisins hækka ekki fyrr en húsbréfakerfið tekur gildi og verða þá ekki hærri en 4–4½%. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að hækkun vaxta hjá Byggingarsjóði ríkisins verði ekki afturvirk."

Ég tel að þetta sem ég hef hér lesið og ríkisstjórnin hefur samþykkt tali sínu máli og þurfi raunar ekki útskýringar við. Eins og hv. þm. vita eru útlánsvextir í núverandi kerfi ákveðnir í ríkisstjórninni að fenginni tillögu húsnæðismálastjórnar og félmrh. og þarf þá væntanlega ekki að fara um það fleiri orðum.

Um það hvort vextir af útlánum Húsnæðisstofnunar í núverandi kerfi eigi svo að haldast óbreyttir um einhvern tiltekinn tíma er auðvitað ríkisstjórnarinnar að ákveða, en sú stefna sem hún hefur markað í þessu efni er það sem máli skiptir, að vaxtamismunurinn af teknum lánum og veittum hjá Byggingarsjóði ríkisins verði ekki nema 0,5–1%. Og auðvitað hlýtur ríkisstjórnin að fylgja þeirri stefnu sinni að stefna að því að almennir vextir lækki og raunvextir lækki, og gangi það eftir þarf enginn að óttast það að þeir vextir af útlánum húsnæðislánakerfisins þurfi að breytast neitt frá því sem hér er gert ráð fyrir.

Hv. þm. Geir H. Haarde gerði nokkuð mikið úr því að þar sem vaxtamunurinn væri, annars vegar markaðsvextir í húsbréfakerfi og svo vextir í núverandi kerfi sem væru miðaðir við þennan vaxtamismun sem ég tiltók, mundi það leiða til þess að enginn mundi vilja fara í húsbréfakerfið, allir mundu sækjast eftir því áfram að vera í biðröðinni eftir niðurgreiddum lánum. Ég tel að hv. þm. hafi gleymt að draga eitt inn í þessa mynd sína, að lánshlutfallið í húsbréfakerfinu er hærra en í núverandi kerfi, og ég hygg að íbúðakaupendur og húsbyggjendur hljóti að meta það einhvers þegar þeir bera saman þessi tvö kerfi. Sem sagt, hér munar töluvert miklu. Og það er einmitt svo, sem er kannski einn af kostunum við þetta kerfi, að fólk þarf í miklu minni mæli að leita eftir skammtímalánum í bönkum í húsbréfakerfinu en í núverandi kerfi, og mér finnst það nokkuð vanmetið í þeirri umræðu sem hér hefur farið fram, vegna þess að varðandi þau greiðsluerfiðleikalán sem við höfum búið við síðan 1985, sem eru nú orðin á þriðja milljarð, má að miklu leyti rekja erfiðleikana einmitt til þess að fólk hefur fyrstu árin þurft að taka svo stóran hluta af sínu láni sem dýr skammtímalán í bönkum. Þetta finnst mér menn vanmeta mjög mikið. Í greinargerð frá Húsnæðisstofnun kemur fram að meðalvanskil hjá þeim sem hafa leitað eftir greiðsluerfiðleikaláni eru 2,8 millj. kr. og 1800 þús. kr. af því eru vegna þessara skammtímalána í bönkum og lána sem fólk þarf að taka hjá lífeyrissjóðunum. Þetta eru heildarskuldirnar. Vanskilin voru hins vegar um 540 þús. hjá þessu fólki, meðalvanskil, og um 480 þús. kr. af þessum vanskilum voru vegna þessara skammtímalána. Ég hygg að hér geti orðið töluvert mikil breyting á þegar fólk fær 65% af verði íbúðarinnar lánuð gegnum húsbréfakerfið. Þetta tel ég að sé nauðsynlegt að draga með inn í myndina þegar menn eru að bera saman einhvern mismun á vöxtunum í þessu kerfi.

Ég vil líka, herra forseti, nefna það að hér hefur félagslega kerfið mjög verið dregið fram og hér var t.d. lesið upp af hv. þm. Stefáni Valgeirssyni bréf frá átta samtökum sem láta sig húsnæðismál varða þar sem dregin er dökk mynd af félagslega kerfinu og sagt að ekkert hafi verið í því gert. Ég tel að þetta sé langt frá því að vera rétt og minni á tvennt í því sambandi eða raunverulega þrennt. Við höfum hér á síðasta þingi samþykkt lög um kaupleiguíbúðir sem ég tel að hafi breytt mjög miklu, bæði fyrir landsbyggðina og eins fyrir þessi félagasamtök, t.d. Búseta sem fékk sína lánafyrirgreiðslu til þeirra 46 íbúða sem hér voru byggðar gegnum kaupleigukerfið.

Ég minni líka á það að fjármagn var á milli áranna 1987 og 1988 tvöfaldað, úr rúmum milljarði í 2,2 milljarða, og á sl. ári fóru af stað um 800 íbúðir í félagslega kerfinu.

Ég minni einnig á það, af því að hér hefur verið nefnt að ekkert hafi verið gert í þessu félagslega kerfi, að um átta mánaða skeið hefur starfað nefnd á mínum vegum sem hefur verið að skoða þá vankanta sem hafa komið upp á félagslega kerfinu. Þessi nefnd hefur núna skilað mér skýrslu um þá úttekt sem hún hefur gert í þessu efni. Hún er mjög fróðleg og ég tel nauðsynlegt að sú nefnd sem nú verður skipuð í framhaldi af þessari vinnu fái þessa skýrslu til meðferðar og ég tel að það muni verulega flýta fyrir öllu hennar starfi. Þar kemur fram það álit að núverandi fyrirkomulag félagslegrar aðstoðar í húsnæðislánakerfinu sé ýmsum annmörkum háð og þurfi að taka til endurskoðunar. Þar er lögð sérstök áhersla á að við stefnumótun stjórnvalda verði sett fram skýr markmið. M.a. er bent á gildi þess að leggja til grundvallar viðmiðun um húsnæðiskostnað fjölskyldunnar sem

ákveðið hlutfall af tekjum. Lögð er sérstök áhersla á þann skilning á jafnrétti í húsnæðismálum að aðstoð hins opinbera sé óháð eignarhaldsformi og að jöfnuður sé í þessu tilliti milli þeirra sem búa í eigin húsnæði og leigjenda. Það er bent á að núverandi fyrirkomulag hafi ýmsa ókosti. Bent er á að sá háttur sem nú er hafður á við að veita félagslega aðstoð vegna útvegunar eigin húsnæðis og fer fram á vegum stjórnar Verkamannabústaða er á margan hátt ómarkviss og erfiður í framkvæmd. Hið sama gildir um það fyrirkomulag að tengja aðstoðina við niðurgeidda vexti sem fylgja sérstökum íbúðum. Vinnuhópurinn telur að binda eigi opinberar aðgerðir til jöfnunar á húsnæðiskostnaði við aðstæður einstaklinga hverju sinni en ekki ákvarða aðstoðina á grundvelli tekna heimilisins á einum tímapunkti. Athugun á tekjum íbúa í verkamannabústöðum í Reykjavík gefur vísbendingu um að hluti íbúanna sé kominn yfir tekjumörkin eftir nokurra ára búsetu.

Þetta eru örfá atriði úr ítarlegu áliti þessarar nefndar og hennar niðurstaða er að nauðsyn beri til þess að setja í það vinnu að endurskoða félagslega kerfið með það að markmiði að einfalda fyrirkomulag og auka skilvirkni félagslega íbúðalánakerfisins. Ég tel þá vinnu sem hefur verið lögð í þetta verkefni mjög mikilvæga og tel að hún gefi tilefni til þess að ætla að við það sé hægt að standa sem fram kemur í samkomulagi við Kvennalistann að niðurstöður liggi fyrir 1. nóv. nk.

Ég vil ekki tímans vegna tefja hér mjög mikið. Það hefur verið bent á að allar upplýsingar að því er varðar innri fjármögnun í húsbréfakerfinu vanti. Það kemur einnig fram í því sérfræðiáliti sem enginn hefur talið ástæðu til þess að nefna og ég nefndi hér. Hér er auðvitað um áætlun að ræða og þar er gert ráð fyrir að innbyrðis viðskipti með húsbréf þegar kerfið er komið í fullan gang geti verið um 5 milljarðar kr. og sala húsbréfa á markaði líklega um 3½–4½ milljarðar kr. Þetta taldi ég einnig ástæðu til þess að nefna hér.

Ég vil einnig benda á, af því að hjá tveim hv. þm. hefur komið fram gagnrýni á 55. gr. húsbréfafrumvarpsins og það hefur komið fram í máli hv. þm. Geirs H. Haarde að íbúðakaupendur séu gerðir ábyrgir fyrir vanskilum annarra með því að húsbréfadeildinni sé heimilt að áskilja sér vaxtaálag til að mæta útlánatapi, að íbúðakaupendur og húsbyggjendur sem taka lán hjá Húsnæðisstofnun þurfa núna að greiða lántökugjald sem er, að mig minnir, 1,5%. Það lántökugjald þurfa þessir íbúðakaupendur og seljendur ekki að greiða með tilkomu þessa kerfis og það má ætla að þetta vaxtaálag þurfi ekki að vera hærra en það, þannig að hér er ekki verið að auka neitt álögur á íbúðakaupendur og seljendur frá því sem nú er.

Hér hefur líka verið bent á að í þessu kerfi sé sá forgangur þurrkaður út sem er í núgildandi kerfi. Sá forgangur sem er í núgildandi kerfi er að þeir sem eru í forgangshópi fá lánin sex mánuðum fyrr en aðrir. Ég tel að það geti varla kallast mikill forgangur þegar biðtíminn er svo langur eins og fyrir liggur hér í skjölum þingmanna frá Húsnæðisstofnun, að hann sé kominn í allt að 37 mánuði.

Nefnt er að verið sé að breyta ráðgjöfinni mjög mikið frá því em nú er. Ég tel það ekki rétt vegna þess að fólk sem fær ráðgjöf fær hana kannski 2–3 árum áður en það fær lánið í núgildandi kerfi, en núna fær það raunverulega ráðgjöf um leið og það tekur lánið eða íbúðaskiptin verða vegna þess að það er Húsnæðisstofnun sem á að meta greiðslugetu viðkomandi, þannig að ég tel að öll ráðgjöf verði miklu skilvirkari og markvissari í þessu kerfi en í núverandi kerfi. Það er talað um að engin félagsleg sjónarmið séu í húsbréfakerfinu. Ég vil nú benda á þann þátt sem snýr að vaxtabótum sem er auðvitað félagslegur þáttur í þessu húsbréfakerfi, en þar er vaxtaniðurgreiðslunni stýrt í þennan farveg sem heitir vaxtabætur og tekur mið af eignum og tekjum viðkomandi. Þar er því vissulega um félagslegan þátt að ræða.

Ég skal ekki eyða tíma deildarinnar mikið lengur. Ég vil þó vitna til þess að í ýmsum umsögnum sem liggja fyrir og félmn. fékk er að finna mjög mörg jákvæð álit frá ýmsum aðilum sem styðja það að það beri að taka upp þetta húsbréfakerfi. Ég nefni t.d. álit frá Verkamannasambandi Íslands. Ég nefni álit frá Landssambandi lífeyrissjóða. Ég nefni álit frá BHMR sem einmitt telur að að því er þeirra félaga varðar muni húsbréfakerfið geta breytt miklu þar sem það er ekki bundið við lífeyrissjóðsaðild en það hefur háð einmitt mörgum sem eru að koma úr námi að lán sé bundið við lífeyrissjóðsaðild. Þeir segja að frá þjóðhagslegu sjónarmiði geti húsbréfakerfið öfugt við núgildandi kerfi gert innri fjármögnun alls húsnæðislánakerfisins mögulega með verðtryggðum markaðshæfum skuldabréfum og kerfið hafi þann meginkost að það geti staðist til lengri tíma og við stöndum ekki frammi fyrir sama fármögnunarvanda eftir stuttan tíma. Síðan segja þeir að í húsbréfakerfi eigi allir með sömu greiðslugetu jafna möguleika á að fá lán. Kröfur um aðild að lífeyrissjóði falli niður, skömmtunarkerfi sé lagt af. Þetta muni í reynd auka möguleika langskólagenginna á að fá raunhæfa aðstoð við öflun lána til húsnæðiskaupa.

Fleira gæti ég nefnt hér en ég tel auðvitað ástæðu til þess miðað við þær umræður sem hér hafa orðið, sem þeir sem ekki mundu til þekkja gætu dregið þá ályktun af að allar umsagnir og álit sem félmn. hefði fengið í þessu efni hafi verið neikvæðar, engin tilraun hafi verið gerð til að kanna áhrifin á peninga- og fasteignamarkaðinn. Þetta hefur komið mjög mikið fram í þessari umræðu. Þess vegna tel ég auðvitað nauðsynlegt að það komi hér inn í þessa umræðu að þetta er ekki rétt.

Ég tel, herra forseti, ekki ástæðu til þess, nema tilefni gefist til, að hafa fleiri orð um þetta mál og læt máli mínu lokið.

Frsm. 1. minni hl. félmn. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég hef ekki hugsað mér að bæta miklu við þá ræðu sem ég flutti við upphaf þessarar

umræðu og skal spara mér frekari efnisumfjöllun þar til við 3. umr. Ég tel þó óhjákvæmilegt að vekja athygli á því að hér í þessari umræðu er það komið í ljós, sem ég reyndar tel mig hafa upplýst með tilvitnun bæði í hæstv. félmrh. og í hv. 2. þm. Austurl., að um túlkun vaxtasamkomulags stjórnarflokkanna er verulegur ágreiningur. Ég tel að ummæli hv. 2. þm. Austurl. Hjörleifs Guttormssonar og fyrirspurnir hans hér fyrr í kvöld hafi staðfest og leitt í ljós að túlkun hans og hæstv. félmrh. á þessu samkomulagi er fjarri því að vera ein og hin sama.

Ég skal ekki endurtaka mínar röksemdir varðandi þessa vaxtahlið málsins frá því í minni fyrri ræðu, en bendi á það sem ég benti á fyrr að túlkun ráðherrans er auðvitað miklu nær því upphaflega samkomulagi og þeim upphaflegu hugmyndum sem menn höfðu þegar farið var af stað með þetta mál og þegar verið var að vinna það í milliþinganefndinni.

Ég vænti þess hins vegar að það skýrist kannski eitthvað frekar hvað hér er raunverulega uppi á teningnum, hvort það er það að vextir megi ekki undir neinum kringumstæðum vera hærri en 4,5%, eins og hv. 2. þm. Austurl. heldur fram, eða hvort þeir eigi að vera 0,5–1% undir þeim vöxtum sem Byggingarsjóður ríkisins borgar lífeyrissjóðunum, alveg sama hvað þeir vextir eru háir. Hv. 2. þm. Austurl. sagði nefnilega hér að það kæmi málinu ekkert við hversu háir vextirnir, sem Byggingarsjóðurinn verður að greiða, væru. Það væri bara alveg óviðkomandi því hversu háir vextir sjóðsins sjálfs til lántakenda ættu að vera. Þeir ættu ekki að vera hærri en 4,5%. Ég held að ég túlki ummæli hans nokkuð rétt. Hér er því auðvitað staðfest hyldýpi í viðhorfum í þessu lykilatriði málsins, enda má kannski segja sem svo að yfirlýsing ríkisstjórnarinnar hér að lútandi bjóði upp á tvöfalda túlkun eins og gjarnan er þegar menn eru að reyna að ná samkomulagi um það sem ekki er hægt að ná samkomulagi um. En ég vek athygli á því að hér segir, með leyfi forseta, í þessu samkomulagi: „Vextir á útlánum Byggingarsjóðs ríkisins hækka ekki fyrr en húsbréfakerfið tekur gildi og verða þá ekki hærri en 4–4,5%.“ „Þá,“ en ekki um alla framtíð. Það stendur ekki þarna. Ég held því að túlkun ráðherrans í þessu hljóti að vera nær lagi fyrir utan það að sú túlkun er nær því sem að var stefnt í upphafi.

En eins og ég sagði, herra forseti, ætla ég ekki að gera þetta efnislega meira að umræðuefni hér í nótt. Það mun gefast tækifæri til þess við 3. umr. auk þess sem eftir er að ræða fylgifrumvarpið um vaxtabæturnar, bæði við 2. og 3. umr., en þá gefst að sjálfsögðu tækifæri til að fjalla um þetta mál að nýju í heild sinni sé til þess ástæða. Ég vil aðeins vekja athygli á þeirri harla óvenjulegu umfjöllun sem frv. fékk hjá hv. 2. þm. Austurl. sem líkti því bæði við óbermi og skötulíki en ætlar samt að styðja málið að því er best verður skilið.

Herra forseti. Hér hefur verið útbýtt í deildinni eins og forseti gat um brtt. sem ég ásamt tveimur öðrum hv. þm. hyggst flytja. Þannig stendur á að afbrigði hafa ekki verið veitt fyrir þessum tillögum þannig að ekki er unnt að mæla fyrir þeim hér með formlegum hætti, en þær munu verða teknar til atkvæða hér á morgun og um það er samkomulag að þá verði ekki tekið til máls af minni hálfu til þess að mæla fyrir þeim. Ég vildi eigi að síður, þó svo að ég mæli hér ekki formlega fyrir þessum tillögum, láta þess getið að þær varða þann þátt frv. sem alls ekki snertir húsbréfakerfið. Í minni upphafsræðu lét ég þess einmitt getið að þessar greinar, þ.e. síðari hluti 1. gr. og 2. og 3. gr. frv., sneru að því að reyna að lappa upp á núgildandi útlánakerfi án þess að það sé í nokkrum tengslum við húsbréfakerfið.

En auðvitað verða menn að gera það upp við sig hvora leiðina menn ætla að fara. Annaðhvort lappa menn upp á núverandi kerfi eða menn koma sér út úr því með einhverjum hætti, t.d. með því að leggja til húsbréfakerfi. En það er auðvitað engin sérstök skynsemi í því að blanda þessu saman eða gera það í sama frumvarpinu eins og ég rakti ítarlega í mínu máli hér í upphafi. Það er þess vegna fullkomlega eðlilegt að þessar greinar séu felldar út úr frv., að hér sé bara hreint húsbréfafrv. á ferðinni og að vilji menn fara þá leið að lappa upp á núverandi kerfi, þá geri menn það í heild sinni en taki ekki einstaka litla þætti út úr eins og þarna er gert. Það er yfirlýst í umsögn, sem barst félmn. frá Húsnæðisstofnun ríkisins og mér reyndar láðist að geta um í minni framsöguræðu, að þessar breytingar í 1., 2. og 3. gr. munu hafa sáralitla ef nokkra þýðingu að því er Húsnæðisstofnun telur. Hér er því á ferðinni óeðlileg samblöndun mála og þar að auki atriði sem ljóst er að skipta litlu eða engu máli, en að því marki sem þessar breytingar skipta máli stefna þær allar í þá átt, eins og ég gat um, að takmarka eða þrengja rétt einhverra örfárra einstaklinga sem hafa lánsrétt í núgildandi kerfi en mundu ekki hafa næðu þessar breytingar fram að ganga. Ég nefndi sérstaklega þann möguleika að smábátaútgerðarmenn, vörubílstjórar og aðrir sem eiga atvinnutæki en ekki íbúð, eiga eign en ekki íbúð, mundu þarna detta út úr og það tel ég alveg ástæðulaust því að slíkir aðilar hafa þá væntanlega ekki heldur lánsmöguleika í sínum eigin lífeyrissjóði.

Í framhaldi af því að brtt. munu væntanlega koma til atkvæða við 2. umr., herra forseti, vildi ég láta það koma fram — og að því er ég best veit mæli ég líka fyrir munn hv. 1. þm. Vesturl., en við höfum í tveimur minnihlutaálitum ásamt hv. þm. Eggert Haukdal lagt til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar — að því er ég best veit mæli fyrir hönd okkar allra er við drögum þá tillögu til baka við 2. umr. að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar en munum þess í stað óska þess að sú tillaga komi til atkvæða við 3. umr. Vildi ég gjarnan mega koma því á framfæri hér, reyndar óháð þessum brtt. á nýútbýttu þingskjali, þannig að ég þurfi ekki að geta þess sérstaklega þegar málið kemur til atkvæða við 2. umr. Hugmyndin er sem sagt sú að draga þá tillögu að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar til baka til 3. umr. eins og algengt er við afgreiðslu mála hér á Alþingi.

Að svo mæltu læt ég máli mínu lokið að sinni og ætla ekki að níðast á þolinmæði viðstaddra hv. þm. með því að setja hér á lengri ræður á þessum tíma sólarhrings.

Frsm. 4. minni hl. félmn. (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegur forseti. Það hefur margt fróðlegt komið hér fram í umræðunni og eitt af því sem var kannski dálítið merkilegt var að heyra það að fyrirvararnir um þessi margfrægu og umtöluðu 10%, 10% þak á þessari útgáfu húsbréfa og 4,5% vaxtaþak Alþb., hafa raunverulega enga þýðingu. Það er ekkert að marka þá. En ég vil nú samt vekja athygli á því að það er ekki eingöngu Alþb. sem túlkaði þessa samþykkt ríkisstjórnarinnar á þann veg að um væri að ræða 4,5% hámark á lánum Byggingarsjóðs ríkisins því að hv. fjh.- og viðskn. deildarinnar gerði nákvæmlega það sama með því að segja í nál. sínu sem er á þskj. 1033, með leyfi forseta:

„Meiri hl. nefndarinnar lítur svo á að fenginni þessari yfirlýsingu að eftir gildistöku laganna verði vextir af Byggingarsjóðslánum ekki hærri en að hámarki 4,5%." Þetta er því ekki rétt túlkun eftir því sem fram kom í máli ráðherra núna áðan, þannig að þetta hljóta að vera nýjar upplýsingar.

Þær brtt., sem hér var boðað að mundu verða lagðar fram, eða er búið að leggja fram reyndar fyrir nokkru, þó ekki formlega, varða þrjár fyrstu greinar frv. sem í raun eru ekki neitt tengdar húsbréfakerfinu. Sá þáttur sem ég hef reyndar lengst af hnotið um og gert athugasemdir við í félmn. og reyndar einnig fulltrúi Kvennalistans í nefndinni sem vann að undirbúningi þessa máls er að lán skuli verða takmörkuð sérstaklega til einstaklinga og eingöngu til þeirra. Aðrir hafa sama rétt. Við kvennalistakonur höfum talið þurfa að hafa ákvæði inni í húsnæðislögum eða lögum um aðstoð við húsbyggjendur og húsnæðiskaupendur um að tekið verði tillit til fjölskyldustærðar þannig að einhver munur væri á því hvort verið væri að veita lán til hjóna sem ættu kannski engin börn eða hjóna með mjög mörg börn. Það er ekki gert í þessum lögum. Þess vegna finnst mér mjög óeðilegt að þarna sé verið að takmarka eingöngu einn hóp. Það er verið að takmarka lán til einstaklinga, en hjón fá jafnhátt lán og einstæðir foreldrar og sambýlisfólk og fólk með mörg börn. Það er ekki tekið neitt tillit til þeirra að neinu öðru leyti.

Ég styð því brtt. sem boðaðar voru áðan og tel að þar sem þær skipta ákaflega litlu máli fyrir Byggingarsjóðinn, eftir því sem fram kemur í áliti skrifstofustjóra Húsnæðisstofnunar, Hilmars Þórissonar. Hann segir að brtt. sem kemur fram í b-lið 1. gr. þar sem talað er um að þeir sem eiga aðrar eignir en íbúðarhúsnæði, jafngildar að verðmæti, hefði lítil áhrif því fullyrða megi að mjög fáir umsækjenda eigi eignir umfram þessi mörk og því sé óþarfi að breyta lögunum. Auk þess held ég, ef ég skil rétt miðað við þær breytingar sem við höfum gert áður á þessum lögum til takmörkunar, að ekki sé hægt að láta þessi ákvæði gilda nema um þá sem sækja um eftir gildistöku laganna. Þetta mun ekki ná til þeirra 10 þúsunda sem núna eru í biðröðinni og mun því ekki koma til takmörkunar fyrr en eftir kannski eitt, tvö, þrjú, fjögur ár, eftir atvikum. Ég álít því að það sé óþarfi að vera að breyta lögunum til takmörkunar, sérstaklega þar sem ég er andvíg þeirri breytingu sem kemur fram í 2. gr. um einhleypingana sem munu hafa mest áhrif til takmörkunar, og mun styðja brtt. sem hafa verið boðaðar.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það fór svolítið í verra þegar hæstv. ráðherrann tók hér til máls í umræðunni áðan og fór að fjalla um málið. Satt að segja kom það mér mjög mikið á óvart sem fram kom í máli hæstv. ráðherra þar sem hún fór að rekja greinargerðir með frv. sem hér er til umræðu og innahússsamþykktir í ríkisstjórninni sem einhver ákvarðandi atriði varðandi þetta mál sem hér er til umræðu og ég gerði að umræðuefni í mínu máli, þ.e. í sambandi við vexti á lánum Byggingarsjóðs ríkisins. Mér finnst bera nokkuð nýtt við ef hæstv. ráðherrar og hæstv. félmrh. ætla að láta eins og samþykktir meiri hluta þingnefnda sem liggja hér fyrir og tengjast þessu máli sem vind um eyru þjóta, láta nánast eins og þær liggi ekki fyrir og séu ekki til. Það fer nú að verða dálítið langt á milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds ef þannig á að vinna að málum.

Ég hef þegar vitnað til þess sem fyrir liggur á þskj. 1033 sem samþykkt meiri hl. fjh.- og viðskn. í þessu máli varðandi vexti þar sem þar stendur með beinum hætti og ákvarðandi að vextir af lánum Byggingarsjóðs ríkisins verði ekki hærri en 4,5%. Fyrir utan það að það liggur fyrir sem stefnumótun af hálfu míns flokks og liggur fyrir sem skilyrt varðandi þetta mál af okkar hálfu. Og svo kemur bara hæstv. ráðherra hér og ætlar að láta eins og þetta liggi ekki fyrir. Mér þykir þetta mjög leitt, ráðherrans vegna, að hann skuli ekki ætla að virða þingið og þann meiri hluta sem tekið hefur saman um þessa ríkisstjórn, meira en skilja mátti af orðum hennar hér áðan. Ég sá mig knúinn til þess að ítreka það sem hér liggur fyrir, virðulegur forseti, af þessu tilefni. Ég vænti að hæstv. ráðherra sofi á þessu máli í nótt og láti sig dreyma vel og vakni upp til veruleikans að morgni.

Frsm. 3. minni hl. félmn. (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Það fór sem mig grunaði að litlar upplýsingar kæmu í inngripi hæstv. ráðherra hér í þessari umræðu enda er sjálfsagt fátt um svör.

Ég vil aðeins segja það til að byrja með í sambandi við það sem hæstv. ráðherra sagði um brtt. á þskj. 1057 frá hv. 2. þm. Vestf. að það er náttúrlega algjör smekkleysa að halda því fram að brtt. sem er á þessu þskj. hafi ekki lagagildi. Það liggur alveg ljóst fyrir að tillagan gerir ráð fyrir því að leitað verði heimildar Alþingis í lánsfjárlögum fyrir heildarupphæð útgefinna húsbréfa á ári hverju. Þetta er öllum ljóst og við vitum það í sambandi við afgreiðslu lánsfjárlaga á hverju ári að þá er skýrt afmarkað í þeirri afgreiðslu

hvaða lánsheimildir eru fyrir byggingarsjóði ríkisins, bæði að því er varðar Byggingarsjóð verkamanna og Byggingarsjóð ríkisins. Það er tiltekið hvaða heimildir liggja fyrir lántöku og hvernig og frá hverjum. Þetta er því útúrdúr sem bætir ekki málið og af því að hv. 2. þm. Vestf. er hér ekki til staðar taldi ég rétt að vekja athygli á þessu, að brtt. hefur lagagildi þannig að það verður auðvitað borið undir atkvæði til að sjá hver úrslit verða.

Ég átti í sjálfu sér ekki von á því að hæstv. ráðherra svaraði þeim spurningum sem ég lagði fram. Ég vil þó segja það í sambandi við það sem hér kom fram að þar sem hæstv. ráðherra var að tala um það að forgangur fólks sem ég held fram að sé þurrkað út í sambandi við lögin um húsbréf, það er alveg ljóst, var það réttlætt með því að fólk fengi svo miklar bætur í gegnum þessi vaxtalög sem við eigum eftir að fjalla um að það jafngildi þessm forgangi. Jafnframt lét hæstv. ráðherra að því liggja að biðtími í húsnæðiskerfinu væri núna 37 mánuðir. Auðvitað er þetta rangt. Við vitum það öll sem hér erum inni að þetta er rangt. Það þarf ekki annað en að vísa í greinargerð frá fimm stjórnarmönnum í Húsnæðisstofnun ríkisins sem setja nákvæmlega upp hvað það er sem þessi biðtími er og það hefur hvergi nokkurs staðar komið fram að það hafi verið gerð ein einasta tilraun til þess að sanna hvað á bak við fullyrðingar um þennan langa biðlista býr, flokka það niður og sýna fram á hvernig það er. Húsnæðisstofnun tekur við umsóknum og þær eru skráðar inn á tölvu þegar þær koma en það er algjörlega óunnið sem þarf að gera til þess að kanna það hvað er á bak við þessar umsóknir. Það hefur ekki verið gert. Og ég hef beinan aðgang að Húsnæðisstofnun um þetta atriði. Þannig að það þýðir ekkert að vera að sletta svona löguðu fram að það séu 36 eða 37 mánuðir, eins og kom hér fram í fskj. frá Húsnæðisstofnun sem svar við spurningum eins hv. þm. Þetta er blekking. Það er ekkert að marka þessi svör sem þarna liggja, ekki nokkurn skapaðan hlut.

En ég ætla ekki að fara út í þessa sálma en mig langar til þess, þegar verið er að ræða um þetta nýja húsbréfakerfi sem á að bera markaðsvexti og vera í því formi sem það er þannig að allir eiga að geta fengið aðgang að því kerfi hvort sem þeir þurfa á húsnæðisláni að halda eða ekki, það er fyrst og fremst fyrir stóreignafólk eins og hér hefur verið sagt áður — vegna þessa máls þegar verið er að ræða um þessa innri fjármögnun, ég ætla ekki að tefja þingið með því að ræða það nánar, að benda á þetta: Hvar skyldi þetta blessað fólk þurfa að fá þessi 35% sem það þarf að borga út um leið og það gerir samning, til þess að geta lagt fram samning til þess að láta meta til húsbréfaskipta? Ætli það séu allir þannig í þjóðfélaginu í dag að þeir geti snarað út 35% kontant-greiðslu til þess að ná slíkum samningi fram til þess að geta notað hann til þess að sækja um lán. Ég er ansi hræddur um að það komi einhver kostnaður sem er greiðslubyrði á fólk í sambandi við þessa lántöku eins og það er í sambandi við hluta af þeim kostnaði sem það ber uppi þegar það gerir samning um kaup á íbúð sem er kannski með 70 eða 75% útborgun á árinu. Þetta mál er því óuppgert alveg eins og öll önnur atriði sem hér hefur verið talað um. Það er verið að vísa í einhverja sérstaka nefnd, fjögurra sérfræðinga sem kallaðir eru, við þekkjum þá sérfræðinga. Og hvað ætli þeir hafi lagt sig mikið fram um að sanna sitt mál. Ég hef lesið þetta yfir og ég sé ekki betur en að það gæti verið svona og það gæti verið svona og það gæti virkað svona ef þetta verður svona o.s.frv. En sérfræðingavinnan á bak við þá og skýrslurnar sem þar ættu að fylgja eru hvergi til af því að það hefur ekki verið þannig unnið.

Ég hef tekið einn af þessum fjórmenningum í karphúsið og spurt hann út úr um það hvernig vinna hafi verið lögð í þetta. Hvaða vinna er á bak við þetta? Auðvitað fékk ég það sem ég þurfti að vita: Það var engin vinna á bak við þetta. Þetta var bara pantað skjal.

Um það sem hér hefur komið fram um Seðlabanka Íslands, Þjóðhagsstofnun og Fasteignamat ríkisins vil ég aðeins benda á að eina stofnunin sem sendi svar til félmn. sem hægt er að taka mark á var Fasteignamat ríkisins sem gerði tilraun til þess að sýna fram á hvaða áhrif þessi væntanlegu húsbréf hefðu miðað við þær staðreyndir sem Fasteignamat ríkisins hefur um fasteignamarkaðinn, sennilega það besta í kerfinu.

Þjóðhagsstofnun sagði einfaldlega að hún treysti sér ekki til þess að gefa svar um þessi áhrif vegna þess að hún hefði ekki þær upplýsingar sem til þyrfti. Og Seðlabankinn? Það er nú líklega eitthvað annað en að skriflegt svar hafi komið frá Seðlabankanum til félmn. Ég veit ekki betur en að Bjarni Bragi, virðulegur aðstoðarbankastjóri, hafi komið á fund nefndarinnar og það lenti meira í innbyrðis deilum milli manna sem voru gestir nefndarinnar en að það kæmi fram sem hefði átt að koma frá Seðlabankanum. Eiríkur Guðnason, sem er vissulega virtur sérfræðingur í Seðlabankanum, gerði tilraun til að svara nefndinni. Við vildum fá skriflegt svar um þetta. Það skriflega svar kom aldrei og Eiríkur Guðnason upplýsti það að Seðlabankinn, í allri þessari umsýslu um þetta nýja kerfi, hefði aldrei verið beðinn um álit, aldrei, eins og kemur raunar fram í álitsgerð frá 1. minni hl. félmn.

Ég gæti farið langt út í þetta en ætli ég geri það til þess að níðast ekki á fólki hér, en ég verð að segja það alveg eins og er að mér þótti furðulegt að leggja hér fram sjö spurningar og fá ekki svar við einni einustu. Og ég met það svo að hæstv. ráðherra hafi engin svör við þessu. Þar með dreg ég þá ályktun að hæstv. ráðherra játi það hér með því að svara ekki að þær fullyrðingar sem hæstv. ráðherra hefur gefið, bæði fyrir unga fólkið, um aðgengi þess að húsbréfakerfinu þar sem það á að geta fengið afgreiðslu á tveimur, þremur vikum — þetta aðgengi er hvergi til og það er engin skýring til til þess að sanna þetta mál og sama er að segja um blekkingarvefinn sem uppi hefur verið hafður í sambandi við landsbyggðarfólkið. Það er nákvæmlega það sama. Og raunar má segja það um

allt þetta sem ég spurði um. Þögnin er auðvitað sama og viðurkenning á því að þetta eru allt saman glansmyndir sem hafa verið settar upp til þess að fá almenning í landinu til að trúa því að þarna sé eitthvað sérstakt á ferðinni alveg eins og ég vitnaði í hér í kvöld að kom fram hjá hv. þm. Kjartani Jóhannssyni í sjónvarpsþætti, það var glansmynd sem hafði enga hnökra og fólk átti að trúa. Og þetta er nákvæmlega það sama og hæstv. ráðherra hefur gert í öllum fjölmiðlum, en sem betur fer er fólk á Íslandi það vel upplýst sjálft að það sér í gegnum svona blekkingar og veit það að þetta kerfi hefur þá annmarka sem eiga eftir að koma betur í ljós, að það veitir ekki almenningi í landinu það öryggi sem verið er að reyna að telja fólki trú um. Það getur það ekki. Kerfið er þannig innbyggt sjálft að það hlýtur að vera þannig. Það eru fasteignasalinn og verðbréfasalinn sem útbúa samninga. Þeir sem geta borgað kontant 35% fá slíka samninga og það getur hver og einn gert það sem vill. Maður sem á 10–20 íbúðir getur fengið jafnmarga samninga um húsbréf ef hvert tilfelli fer ekki upp fyrir 5,5 millj.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta, herra forseti. Ég er búinn að tala mikið um þetta mál og sýna fram á ýmis rök í þessu máli sem óþarft er að endurtaka en ég vil aðeins benda á það að stærstu launþegasamtök þessa lands hafa mælt eindregið gegn samþykkt frv. Þar nefni ég ASÍ, Landssamband ísl. verslunarmanna, Landssamband iðnverkafólks í landinu og ýmis fleiri samtök sem hafa sent inn ákveðin mótmæli gegn þessum áformum.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Aðeins örfá orð í tilefni ræðu síðasta ræðumanns hér áðan. Hann kastaði því fram hvernig fólk ætti að fara að því að greiða þau 35% sem eftir stæðu þegar fólk hefði fengið lánuð 65% af kaupverði íbúðar. (**AS:** Það verður að borga 35% til að geta fengið 65%.) Það er rangt vegna þess að fólki er í sjálfsvald sett að semja við seljandann um hvernig það greiðir þessi 35% og þarf ekki að reiða þau út og það er auðvitað með sama hætti hægt að spyrja hvernig fólk getur staðið undir útborgun núna sem er 75% og það þarf að borga á einu ári. Hún lækkar þó í 35% við þessa breytingu þar sem það fær kannski ekki nema hluta eða helming af því lánað hjá Húsnæðisstofnun.

Ég tel líka ástæðu til þess að taka fram, herra forseti, vegna Húsnæðisstofnunar sjálfrar sem sumir bera nú mikið fyrir sig hér í umræðunni, að ég tel ekki ástæðu til þess að rengja fram komin gögn frá Húsnæðisstofnun ríkisins sem hér eru skjalfest á borðum þingmanna þar sem fram kemur, með leyfi forseta, út af þeim biðtíma sem hv. þm. mótmælti, orðrétt, „að forgangshópur sem sækir um 17. okt. 1987 fær sinn fyrri hluta samkvæmt þessari áætlun 1. júní 1990, bíður því um 31 mánuð eftir láni. Víkjandi hópur sem lagði inn umsókn sama dag fær sinn fyrri hluta í des. 1990 og bíður því um 37 mánuði eftir láni.“ Og hér kemur fram í þessu áliti Húsnæðisstofnunar að tekið hefur verið tillit til affalla af umsóknum, 15–25% affalla, og 3–5% umsókna sem geta fallið úr gildi og skert lán viðkomandi. Ég tel alveg óþarft að vera að rengja hér framlögð gögn af hálfu Húsnæðisstofnunar í þessu máli þar sem þetta kemur skýrt fram.

Ég vil líka nefna það að hv. þm. segir í sínu áliti að árleg greiðslubyrði af fasteignaveðláni sé mun hærri en af núverandi húsnæðislánum þar sem vextir þeirra bréfa verði hærri og lánstíminn styttri og hér vitnar hann orðrétt í álit Þjóðhagsstofnunar en tekur ekki með setningu sem kemur beint á eftir þar sem segir: „Á hitt er þó að líta að fasteignaveðlán yrðu allt að 65% af matsverði íbúða sem er væntanlega mun hærra hlutfall kaupverðs en núverandi húsnæðislán. Þörf fyrir skammtímafjármögnun frá innlánsstofnunum mundi minnka, bæði vegna lækkunar útborgunar og jafnframt vegna þess að í frv. er gert ráð fyrir að biðtími muni styttast.“

Ég taldi ástæðu til þess, herra forseti, að láta þetta koma hér fram í tilefni orða síðasta ræðumanns.

Umræðu frestað.

EFRI DEILD

99. fundur, þriðjudaginn 9. maí, kl. 2 miðdegis.

Búfjárræktarlög, 3. umr.

Stjfrv., 373. mál (lausaganga búfjár). — Þskj. 1023.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1108).

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg, 3. umr.

Stjfrv., 410. mál (stofnun hlutafélags). — Þskj. 770.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1109).

Lagmetisiðnaður, 3. umr.

Stjfrv., 407. mál (hlutafjárframlög). — Þskj. 767.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1110).

Samningar um réttarstöðu skrifstofu ráðherranefndar Norðurlanda, 3. umr.

Stjfrv., 422. mál. — Þskj. 782.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1111).

Málefni aldraðra, 2. umr.

Stjfrv., 393. mál (heildarlög). — Þskj. 736, n. 1101, brtt. 1102, 1103.

Frsm. heilbr.- og trn. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1101 um frv. til laga um málefni aldraðra. Nál. er frá hv. heilbr.- og trn.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á mörgum fundum og fékk til viðræðna um það Þór Halldórsson, yfirlækni á Landspítalanum, Magnús E. Guðjónsson, framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga, Ásgeir Jóhannesson frá Sunnuhlíðarsamtökunum, séra Sigurð H. Guðmundsson, Skjóli, Guðrúnu Gísladóttur, Grund, Pétur Sigurðsson, Hrafnistu, og Árna Sigfússon, formann félagsmálaráðs Reykjavíkurborgar. Þá starfaði Dögg Pálsdóttir, deildarstjóri í heilbr.- og trmrn., með nefndinni.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali. Nefndin hefur í brtt. sínum haft hliðsjón af ábendingum frá þeim aðilum sem komið hafa á fund nefndarinnar, auk þess sem gerðar hafa verið breytingar í samræmi við óskir sem fram komu á ráðstefnu Sambands ísl. sveitarfélaga og Öldrunarráðs Íslands um heimaþjónustu sem haldin var 5. maí sl.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja og fylgja brtt. sem fram kunna að koma. Ég vil segja það um þá brtt. sem fram hefur komið og er á þskj. 1103 að um hana náðist ekki samstaða í nefndinni.

Undir nál. rita, auk þeirrar sem þetta mælir, Salome Þorkelsdóttir fundaskrifari, með fyrirvara, Karl Steinar Guðnason, Stefán Guðmundsson, Margrét Frímannsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir og Guðmundur H. Garðarsson, með fyrirvara.

Hæstv. forseti. Ég ætla þá að gera í stuttu máli grein fyrir þeim brtt. sem nefndin leggur til á þskj. 1102. Það er brtt. við 1. gr. Hún skýrir sig að mestu leyti sjálf. Hún er gerð til að skerpa sjálfsákvörðunarrétt aldraðra varðandi eignir og lífeyri.

Brtt. við 5. gr. er gerð samkvæmt ábendingu frá ráðstefnu Sambands ísl. sveitarfélaga og Öldrunarráðs Íslands og fleirum þar sem það þótti ekki nægilega skýrt í frumvarpinu að öldrunarnefnd væri undirnefnd sveitarfélaga og heilsugæslustöðva. Þá er gerð tillaga um möguleika á fjölgun í nefndinni miðað við það sem kveður á um í frumvarpinu þannig að nefndin geti verið mest sjö manna.

Þá gerir nefndin tillögu um að í 5. lið 5. gr. falli brott orðin „65 ára og eldri“ þannig að kostnaður sveitarfélaga á hverju starfssvæði vegna öldrunarnefnda miðist við íbúafjölda sveitarfélaganna en ekki fjölda 65 ára og eldri þar sem það hefði getað komið óréttlátlega niður á þeim sveitarfélögum sem vista öldrunarstofnanir.

Síðari brtt. við 5. lið 5. gr. er gerð til að gera félögum sem starfa að málefnum aldraðra á starfssvæðinu mögulegt að eiga áheyrnarfulltrúa í öldrunarnefnd.

Í brtt. við 6. gr. er gerð tillaga um að opna möguleika á því að þjónustuhópur aldraðra taki að sér hlutverk öldrunarnefndar í stað þess að í frumvarpinu var gert mögulegt fyrir sveitarstjórnir að fela öldrunarnefndum hlutverk þjónustuhóps aldraðra. Því er sem sagt snúið við. Varðandi síðari brtt. við 6. gr. vísa ég í orð mín áðan.

Brtt. við 7. gr. gengur í sömu átt og brtt. við 5. gr. Hér er félögum sem starfa í þágu aldraðra gefinn kostur á áheyrn að fundum þjónustuhóps aldraðra í samstarfi við öldrunarstofnanir á starfssvæðinu.

Í brtt. við 17. gr. er fellt út ákvæði um fjölda íbúa í heimahúsum 65 ára og eldri sem tilheyri hverri þjónustumiðstöð. Þetta ákvæði þótti ívið of strangt. Nefndin var sammála um að fella það niður.

Í brtt. við 18. gr. er fellt út orðið „hjúkrunardeild“ samkvæmt ábendingu frá áðurnefndri ráðstefnu Sambands ísl. sveitarfélaga og Öldrunarráðs Íslands. Ástæðan er sú að segja má að allar deildir geti talist hjúkrunardeildir. Í staðinn er gerð tillaga um að inn komi: hjúkrunarrými á öldrunarstofnunum. Þá var einnig gerð tillaga um að í síðasta málsl. komi inn orðið „sjúkrahús“ í stað „sjúkradeild“.

Í brtt. við 20. gr. er gerð tillaga um að ráðuneytinu sé skýrt frá því hverju sinni hver beri ábyrgð á rekstri sameignar og sameiginlegrar þjónustu í sjálfseignar-, leigu- og búseturéttaríbúðum aldraðra. Þetta er einungis til að koma í veg fyrir vandræði sem kynnu að skapast í viðkomandi tilfellum þannig að það liggi fyrir þegar í upphafi hver beri ábyrgð á rekstrinum.

Svo er það varðandi 30. gr. Í brtt. við 30. gr. er ákvæði um að heilbrmrh. setji þegar eftir gildistöku laganna með reglugerð nánari ákvæði um fram-

kvæmd þeirra. Það þótti ástæða til að setja þetta ákvæði inn í frv. vegna mikilvægis þess að setning reglugerðar drægist ekki á langinn.

Í brtt. við 31. gr. er endurskoðunarákvæði sett inn í frumvarpið. Nefndin taldi að vel íhuguðu máli að rétt væri að setja þetta ákvæði inn þar sem málefni aldraðra eru í mjög örri þróun hvarvetna um hinn vestræna heim. Þótt þetta frumvarp sé fyrst og fremst frumvarpið frá 1982, endurskoðað með tilliti til þeirra breytinga sem verða um næstu áramót á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, felst í því ný stefna sem þótti ástæða til að yrði endurskoðuð að nokkrum árum liðnum og þess vegna er þessi brtt. gerð við 31. gr.

Hæstv. forseti. Ég hef þá gert grein fyrir þeim brtt. sem nefndin leggur til á þskj. 1102.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Eins og komið hefur fram skrifa ég og hv. 14. þm. Reykv. undir nál. með fyrirvara og þykir mér því rétt að gera grein fyrir afstöðu okkar til málsins í heild.

Ég gat þess við 1. umr. frv. að hér væri á ferðinni mikilvægt og gott mál. Ég er sömu skoðunar enn eftir að nefndin hefur haft þetta frumvarp til meðferðar. Það hefur verið unnið vel í hv. heilbr.- og trn. og það var vissulega styrkur að því að starfsmaður frá ráðuneytinu, Dögg Pálsdóttir deildarstjóri, hefur mætt á fundum nefndarinnar eftir því sem óskað hefur verið. Frv. var hins vegar ekki sent til umsagnar vegna þess hve stuttur tími var til stefnu, en eins og kunnugt er var mælt fyrir þessu frumvarpi 11. apríl og í dag er 9. maí svo að það er rétt um mánuður síðan frumvarpið kom til heilbr.- og trn. Nú er málið hér til 2. umr.

En eins og ég sagði er hér á ferðinni gott mál og því var góð samvinna um að koma því áfram. Nefndin stendur öll að þeim brtt. sem hv. 5. þm. Norðurl. e., frsm. og formaður nefndarinnar, hefur nú gert grein fyrir.

Með þessum brtt. hefur verið tekið tillit til þeirra athugasemda og ábendinga sem fram komu hjá ýmsum þeim aðilum sem komu á fundi nefndarinnar að undanskildum atriðum sem lofað hefur verið að sett verði í reglugerð og ekki eru talin þurfa lagabreytingar við. Þar er m.a. um að ræða athugasemdir við 7. og 19. gr. frv.

Nú liggur fyrir, eftir því sem ég hef fengið upplýst, að það hafi aldrei verið samin reglugerð við núgildandi lög þó því hafi oft verið lofað. Því þótti okkur, hv. 14. þm. Reykv. og mér, nauðsynlegt að tryggja að nú verði reglugerð við þessi lög sett þannig að hún liggi fyrir um leið og lögin taka gildi. Því erum við mjög ánægð með að nefndin samþykkti að taka það ákvæði upp í sínum brtt. sem á að tryggja þetta og kemur fram í breytingum við 30. gr. frumvarpsins.

Ég endurtek að í heild lýsi ég ánægju minni með frumvarpið. Ef tekst að tryggja framkvæmd laganna, að þeim verði fylgt eftir, ætti það að stuðla að bættri þjónustu við aldraða bæði hvað varðar heilbrigðisþjónustuna og þá félagslegu. Heimaþjónustan er sá þáttur sem þarf að leggja á aukna áherslu og góðu heilli hefur skilningur aukist á mikilvægi slíkrar þjónustu en því miður víða engan veginn nægjanleg. Mikilvægi heimaþjónustunnar er tvíþætt. Annars vegar er þetta hagkvæm lausn til að veita þá þjónustu sem nauðsynleg er til að sinna þörfum hvers einstaklings og miklu ódýrari en að vista fólk á stofnunum og hins vegar að hjálpa öldruðum til að búa sem lengst heima, hjálpa þeim til að halda reisn sinni og sjálfsvirðingu, hjálpa öldruðum til sjálfshjálpar. Þjóðfélagið stendur í þakkarskuld við aldraða sem hafa lokið sínum starfsdegi og lagt sitt af mörkum til þjóðarbúsins.

Við 1. umr. um frv. gerði ég athugasemdir við tvær greinar þess. Við 10. gr., um tekjur Framkvæmdasjóðs, þ.e. sérstakt gjald sem skattstjóri leggur á og er ætlað að vera 2500 kr. á árinu 1989. Fyrirvari minn eða athugasemdir voru að ég óttast að gjaldið fái ekki að renna óskert í Framkvæmdasjóð aldraðra því að það hefur reynslan sýnt okkur að markaðir tekjustofnar eru oftast nær skertir af hendi ríkissjóðs hverju sinni með fjárlögum. Það hefði verið fróðlegt að fá að vita hjá hæstv. ráðherrum hvort það er fyrirhugað í sambandi við þessi lög eða hvort þau fá að þjóna sínu markmiði. Nú sé ég að eini hæstv. ráðherrann sem hefur litið inn í þessa deild gengur út þegar ég segi þessi orð svo það er lítið um að hér sé nokkur fulltrúi frá ríkisstjórninni til að svara. Engu að síður vil ég leggja á þetta áherslu. Ég vantreysti hæstv. ríkisstjórn í þessum efnum, en ég hefði gjarnan viljað fá það staðfest hvort það ætti að standa við það sem hér kemur fram þegar þetta frumvarp er orðið að lögum.

Meginathugasemd mín við þetta frumvarp er við 27. gr. og er í mínum huga grundvallarviðhorf til þessa hóps í þjóðfélaginu, hinna öldruðu. Það er þessi forsjárhyggja þegar fjárráðin eru bókstaflega tekin af fólki sem hefur unnið sér rétt til eftirlauna með greiðslu í lífeyrissjóði árum saman sem skilar sér í 27. gr. Ég tel þarna vera um mismunun að ræða í þessu efni á milli þeirra aldraðra sem fá eingöngu sínar tekjur úr Tryggingastofnun ríkisins og hinna sem hafa öðlast rétt með því að greiða í lífeyrissjóð sinn árum eða áratugum saman til að verða sjálfbjarga í ellinni og eiga eitthvað til þeirra ára þegar starfsdegi lýkur. Samkvæmt þessari 27. gr. á nú að taka ráðin af þessu fólki.

Þeir sem hafa eftirlaun og því aðeins grunnlífeyri frá Tryggingastofnuninni eiga að greiða vistgjöld af launum síum að fullu ef þau hrökkva til þess, en mega náðarsamlegast halda eftir svolitlum vasapeningum, 11.000 kr., og ef eftirlaunin eru hærri en vistgjöldum nemur og þessum 11.000 kr. mega þeir eiga það sem afgangs er. En ég geri ráð fyrir að slíkir eftirlaunamenn séu nú færri en hinir.

Svo er annað sem gerist með þessari 27. gr. Nú á einnig að taka laun þeirra eftirlaunaþega sem þurfa að leggjast inn á hjúkrunardeildir sem ég vil meina að séu ekkert annað en sjúkrahús fyrir aldraða þegar þeir þurfa slíkrar umönnunar við og læknisþjónusta

verður ekki veitt annars staðar. Þeir eiga að greiða fyrir það. — Ég ætla að leyfa mér að vitna í 18. gr. frv. þar sem eru skilgreindar hjúkrunardeildir eða hjúkrunarheimili. Skv. 27. gr. á dvalarkostnaður á stofnunum fyrir aldraða skv. 18. gr., þ.e. þjónustuhúsnæði og hjúkrunarrými, að greiðast af Tryggingastofnun ríkisins, sbr. þó 27. gr. Þegar aldraðir þurfa hjúkrunar við eiga þeir að greiða fyrir slíka hjúkrun á hjúkrunardeildum en almennir sjúklingar á sjúkrahúsum þurfa þess ekki hversu góðar tekjur sem þeir hafa.

Þetta er viðhorf sem ég get ekki fellt mig við. Ég get ekki greitt þessu atkvæði eins og það er í frumvarpinu og þar mæli ég einnig fyrir hönd hv. 14. þm. Reykv. En til þess að ná fram nokkurri breytingu sem væri þó til bóta höfum við lagt fram brtt. á þskj. 1103 við 27. gr. um að orðin „eða öllu" í lok 2. málsgr. falli brott sem þýðir að það yrði þá tryggt að þessir aðilar mundu þá aldrei greiða nema hluta af tekjum sínum en ekki að öllu leyti eins og gert er ráð fyrir í greininni fyrir utan þessar 11.000 kr. í vasapeninga. Það mætti kannski hugleiða hvað hægt er að fá fyrir 11.000 kr. á mánuði.

Það er engu líkara en að menn telji sig geta hugsað fyrir aldraða, tekið af þeim ráðin og ákveðið það að þeir þurfi ekki á peningum að halda. Þeir þurfa líklega ekki að klæða sig. Þeir þurfa ekki að hafa peninga til að gleðja ástvini sína, til að gleðja barnabörnin sín eða jafnvel barnabarnabörnin sem oft geta verið mörg. Þeim er ekki ætlað að hafa ráðrúm til þess. Eins og ég sagði áðan er þetta viðhorf sem ég get með engu móti sætt mig við.

Ég geri mér vonir um að þessi litla brtt. finni náð fyrir augum hv. þingdeildarmanna og hún væri þó aðeins lítið spor í rétta átt til að sýna þarna viðleitni til skilnings.

Það mætti e.t.v. í þessu sambandi rifja upp að í tíð þáv. heilbrmrh. Matthíasar Bjarnasonar, ég held að það hafi verið 1983 eða 1984, það var í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar núv. hæstv. forsrh., hann var einnig forsrh. á þeim tíma, kom til tals innan þeirrar ríkisstjórnar hvernig mætti gera einhverjar ráðstafanir til að reyna að spara í heilbrigðiskerfinu og þá ekki síst í kostnaði á sjúkrahúsum. Það kom til tals að það mætti e.t.v. láta sjúklinga sem legðust inn á sjúkrahús en væru á fullum launum, takið eftir því, væru á fullum launum og ekki á lágum launum heldur þá sem væru á góðum launum, greiða gjald sem næmi að hámarki fæðispeningum í tíu daga, aldrei lengur þó um langlegu væri að ræða en tíu daga á ári. Þetta hafði komið til tals innan þessarar ríkisstjórnar og hafði þáv. heilbr.- og trmrh. viðrað þessar hugmyndir. Ég þarf sennilega ekki að rifja það upp fyrir ýmsum sem hér eru inni hvílíkt fjaðrafok varð út af þessum hugmyndum og þar áttu ekki síst hlut að máli ýmsir þingmenn Alþb. Þeir voru svo hugmyndaríkir að þeir gáfu þessu nafnið „sjúklingaskattur" sem íhaldið ætlaði að leggja á þá sem þyrftu á heilbrigðisþjónustu að halda, þá átti að skattleggja.

Það hefði vissulega verið fróðlegt að heyra nú hvað Alþb. vill kalla þennan skatt sem á að fara að leggja á aldraða sjúklinga, taka launin þeirra til að greiða kostnaðinn í heilbrigðiskerfinu. — Það er, hæstv. forseti, heldur dapurlegt að hugsa til þess að ef það eru ekki einhver uppákomumál, ef ég má orða það svo, í þessari hv. deild virðast menn ekki hafa áhuga á að ræða mál. Þetta er sennilega of, ja, ég veit ekki hvað ég á að segja — ómerkilegt mál í hugum sumra til þess að þeim þyki taka því að fjalla um það, málefni þeirra sem hafa lokið sínum starfsdegi, sem hafa skilað sínu til þjóðfélagsins með sínum störfum og ættu nú að uppskera laun sinna verka.

Ég ætla að láta máli mínu lokið, hæstv. forseti. Ég gat ekki á mér setið að minna á þetta því mér finnst vera fyllsta tilefni til að taka þessi atriði hér fyrir þegar verið er að ræða þetta mál því þetta er að mínu viti grundvallaratriði, þær hugmyndir sem liggja að baki 27. gr. Ég endurtek að ég get ekki fellt mig við og ég mun ekki greiða 27. gr. atkvæði. Ég mun greiða atkvæði á móti henni, en ef svo vel vildi til að brtt. 1103 næði fram að ganga mundi ég breyta afstöðu minni til þess.

En ég ítreka að lokum að að öðru leyti en þessu er hér um mjög gott og mikilvægt mál að ræða sem við munum standa að og styðja og ég vænti þess að það fái greiðan og góðan aðgang í gegnum þingið.

Guðrún Agnarsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér er um hið mikilvægasta mál að ræða sem er endurskoðun á lögum um málefni aldraðra. Þetta mál var nokkuð lengi í vinnslu á vegum ráðuneytisins hygg ég, en þó hefur það komið nokkuð seint inn í þingið og við höfum einungis haft það til umfjöllunar í rúman mánuð eins og kom fram í máli hv. 6. þm. Reykn. Það hefur þó verið mjög vel unnið í heilbr.- og trn., haldnir margir fundir um þetta mál og ýmsir aðilar kallaðir fyrir nefndina til ráðuneytis fremur en að senda málið út til umsagnar einmitt vegna þess hve tíminn var naumur. Ýmsu hefur verið breytt eins og kom fram í máli hv. frsm. og er nefndin sammála um þessar breytingar. En það á e.t.v. eftir að sýna sig þegar þessar breytingar eru komnar til framkvæmda að einhverju þurfi að hnika til og breyta frekar eftir því sem reynslan leiðir í ljós.

Fjöldi aldraðra fer vaxandi og mun fara vaxandi á næstu árum og áratugum hér á landi eins og víða annars staðar í heiminum og einkum þá á Vesturlöndum. Umönnun, þjónusta og allt skipulag málefna aldraðra verður því að vera í stöðugri endurskoðun og nauðsynlegt er að geta aðlagað þjónustuna breyttum þörfum á hverjum tíma, tekið upp nýtt skipulag og hafnað öðru eftir því sem reynslan dæmir og sker úr um.

Heimaþjónustan er nýr þáttur eða betur útfærður þáttur í þessu frumvarpi þó að hennar hafi einnig verið getið í fyrra frumvarpi. Ég tel að það hefði e.t.v. mátt skilgreina hana nánar og fyrirkomulag hennar. Það var þó ekki gert, einkum vegna þess að sveitarfélögunum er ætlað að annast hana og útfæra þá eftir því sem hentar á hverjum stað. Hún er afar

mikilvæg, bæði heilsufarslegi og félagslegi þátturinn, einmitt til þess að stuðla að því að fólk geti dvalið lengur í heimahúsum. Þetta fylgir í kjölfar breyttrar þróunar víða í Vestur-Evrópu þar sem mikil áhersla hefur verið lögð á að styðja einstaklinginn til að vera á heimili sínu eins lengi og kostur er.

Ég tel einnig að faglegt mat og stuðningur sé mjög mikilvægt fyrir heimaþjónustuna bæði hvað varðar endurhæfingu, því að oft er um að ræða einstaklinga sem með lítilli eða mikilli endurhæfingu geta hæglega komist hjá því að fara inn á stofnun en haldið áfram að vera heima hjá sér, og einnig hvað varðar mat á vistunarþörf.

Í þessu frumvarpi eru engin sérstök ákvæði í raun um höfuðborgarsvæðið. Þó býr hér um helmingur landsbúa í þéttbýli og gegnir því á ýmsan hátt öðru máli um slíka byggð og þjónustu þar en þjónustu í hinum dreifðari byggðum landsins. Ég tel að það hefði e.t.v. verið skynsamlegra að hafa sérstök ákvæði varðandi höfuðborgarsvæðið. Reykjavík hefur ýmsar áætlanir á prjónunum varðandi breytt skipulag í þjónustu aldraðra og þær falla reyndar mjög vel að efni þessa frumvarps eins og þær voru kynntar fyrir okkur á nefndarfundi og einnig á ráðstefnu sem haldin var meðan á umfjöllun okkar í nefndinni stóð um málið. Þessar hugmyndir eru komnar til framkvæmda á a.m.k. einum stað í borginni, í Bólstaðarhlíð, þar sem þær hafa vakið mikla athygli og jákvæðar undirtektir. Það verður fróðlegt að fylgjast með því hvernig og hve fljótt þessar hugmyndir komast til framkvæmda annars staðar í Reykjavík. Eitt er víst að þörfin er mikil.

Í Reykjavík eru fyrirhugaðir þjónustukjarnar í tengslum við heilsugæslustöðvar og þar munu veita sérfræðilega hjálp væntanlega fyrst og fremst heilsugæslulæknar og hjúkrunarfræðingar sem vinna á heilsugæslustöð. Hins vegar verður þjónustuhópurinn í Reykjavík, sá sem sér um faglega vistunarmatið og endurhæfinguna, einungis einn og um hann eiga að gilda sömu ákvæði og almennt um þjónustuhópa eins og segir í 7. gr. frumvarpins. Ég hefði talið ríka ástæðu til að leggja sérstaka áherslu á mikilvægi öldrunarþjónustu og þá sérhæfingar í öldrunarþjónustu, bæði af hálfu þess læknis sem væri í þjónustuhópnum og einnig hjúkrunarfræðings og félagsráðgjafa, einmitt vegna þess hvað það er mikilvægt að fagleg þekking ráði mati á vistunarþörf aldraðra, en reikna má þó með því að þessi sjónarmið verði látin sitja í fyrirrúmi þegar til framkvæmda kemur eins og kom fram í viðræðum við fulltrúa þeirrar nefndar sem hefur skipulagt þetta starf á Reykjavíkursvæðinu.

Ég ætla ekki að fara út í mjög ítarlega efnislega umræðu um frumvarpið. Það hefur farið fram góð vinna í nefndinni þrátt fyrir nauman tíma eins og ég sagði og ég fagna því góða samstarfi sem þar hefur ríkt. Ég tel það til bóta einmitt vegna þess sem ég hef sagt áður að þó að nefndin hafi unnið vel þá hefur hún í raun haft frv. einungis í tiltölulega stuttan tíma. Þessi mál þurfa að vera í örri framþróun en fyrirsjáanleg er mikil aukning aldraðra í samfélaginu. Vera kann því að það þurfi að bregðast öðruvísi við eftir því sem reynslan sker úr um. Þess vegna tel ég til mikilla bóta að það skuli vera endurskoðunarákvæði í þessum lögum og það muni í raun styrkja þau.

Ég vil að síðustu lýsa yfir eindregnum stuðningi við málið fyrir hönd okkar kvennalistaþingkvenna.

Karl Steinar Guðnason:

Herra forseti. Það er rétt að frv. þetta hefur ekki verið lengi í þessari deild, en það er og rétt að vinna við frv. hefur gengið mjög vel. Það hafa verið kallaðir til ýmsir þeirra sem hafa sérhæft sig á sviði öldrunarmála og leitað ráða hjá þeim.

Nefndin hefur haldið marga fundi og komist að sameiginlegri niðurstöðu að flestu leyti.

Ég trúi því að með samþykkt þessa frv. komist miklu betri skipan á þessi mál, einkum hvað varðar heimaþjónustu sem er mikil nauðsyn að sé starfrækt, en það hefur verið misbrestur á því að sveitarfélög hafi treyst sér til að láta hana í té. Nú skal það gert og það er líka tekið á því hvernig eigi að fara með aldraða, hverjir eigi að vistast á stofnunum og hverjir ekki. Það verður skipuð svokölluð öldrunarnefnd sem sér einkum um skipulagsmálin sem varða aldraða og þjónustuhópur er starfar við hverja heilsugæslustöð og settur er saman af fulltrúum frá heilsugæslustöð og frá félagslegu þjónustu þess sveitarfélags sem um er að ræða hverju sinni. Sú nefnd vinnur í samráði við forstöðumenn stofnana. Þeir munu eiga áheyrnarfulltrúarétt þarna og líka verður félögum sem starfa sérstaklega að málefnum aldraðra gefinn kostur á því að leggja til hugmyndir og miðla af reynslu sinni um hvernig best verði að þessum málum staðið.

Það kom fram hjá einum þeirra sem kvaddir voru til viðræðu um málið, lækni sem sérhæft hefur sig í öldrunarmálum, að hér á landi eru hlutfallslega flestar stofnanir fyrir aldraða en jafnframt lengstir biðlistar. Það segir okkur þá sögu að betur mætti vanda til þess hverjir eru á stofnunum hverju sinni. Þessi læknir sagði líka að hann vissi um dæmi þess að menn sem hefðu verið í tíu ár á stofnunum hefðu ekki þurft að vera þar nema 4–5 ár, hefðu getað verið heima hjá sér og notið þar heimaþjónustu eða þjálfunar, umönnunar annars staðar en á stofnunum. Það er hugsunin á bak við þetta frv. að reyna að koma skikkan á þessi mál þannig að fólk sé ekki vistað á stofnunum nema það þurfi þess mjög með, því sé veitt nauðsynlegasta þjónusta heima hjá sér, fái að vera heima hjá sér sem lengst þar sem hver og einn kýs að vera. Það er eðlilegt einstaklingnum að hugsa á þann veg.

Það fer fram mikið uppbyggingarstarf í þessum málum núna og ekki vafi á því að Framkvæmdasjóður aldraðra, sem er nú markaður sérstakur tekjustofn í þessu frv., mun mjög ýta undir þessa þróun og gera málefni aldraðra mun skipulegri og mun jákvæðara umhverfi fyrir aldrað fólk en verið hefur til þessa.

Eins og ég gat um áðan er samstaða í nefndinni um brtt., en tveir nefndarmenn skrifa undir með fyrir-

vara og gera brtt. Sú brtt. varðar greiðslu fyrir þá vist sem menn njóta.

Hv. 6. þm. Reykn. gerði mikið úr því að verið væri að gera fólki þarna rangt til. Ég tel að það sé misskilningur, það sé rangt. Sannleikurinn er sá að kerfið er þannig að mönnum er mismunað og þarna er verið að jafna til. Þeir sem eru á elliheimilum þurfa að greiða fullt gjald. Færist menn í næsta herbergi og fara á sjúkrabeð er það oftast þannig að viðkomandi er mjög illa settur og hefur ekki aðstöðu til að eyða krónu af því sem hann hefur og í flestum tilfellum er það þannig að viðkomandi á ekki afturkvæmt. En hann hefur sloppið við að greiða, þ.e. það hafa *safnast þar peningar fyrir erfingjana og ekkert annað*, en þeir öldruðu sem ekki eru sjúkir þurfa að greiða fullt. Þarna er verið að jafna til og taka af mismunun og okkur hinum nefndarmönnunum þótti eðlilegt að svo yrði gert.

Ég vildi koma á framfæri að þetta er hugsunin á bak við þessa hluti og ekkert annað. Það er ekki þar með sagt að það sé verið að taka alla peninga frá fólki. Það er öðru nær. Það verður stoppað við þá fjárhæð sem kostar að vera á sjúkrabeði. Það sem umfram er fá menn í sinn hlut. Það er fjarri því að þarna sé um einhverja eignaupptöku að ræða. Þarna er verið að jafna aðstöðu, gera þeim sem sjúkir eru það sama og þeim sem ekki eru sjúkir en eru á svona stofnunum.

Í brtt. er fellt niður eitt orð að mér skilst, þ.e. það helst inni í greininni að aldraðir greiði hluta af gjaldinu en síðan eigi að taka hitt með reglugerð, þ.e. ákveða með reglugerð hvernig með það skuli fara. Jafnframt sagði hv. þm. að hann vantreysti ríkisstjórninni afar mikið. Ekki finnst mér mikið vantraust í því að það verði leyft að ákveða með reglugerð hvernig þessu skuli fyrir komið. Hins vegar finnst mér það sýna mikið traust.

Ég tel að það sé ástæðulaust að breyta þessu og það hefur enginn kallað eftir því að þessu yrði breytt, enginn af þeim sem komu á fund nefndarinnar. Þar hafa verið sérfróðir menn, m.a. Pétur Sigurðsson frá DAS og Sigurður H. Guðmundsson. Ég minnist þess ekki að þeir hafi gert athugasemd við þetta og ég minnist ekki þess að mér hafi verið sagt að það hafi verið gerð athugasemd við þetta á þeirri ráðstefnu sem fram fór um þessi málefni, m.a. þetta frv., fyrir nokkrum dögum þannig að ég leggst alfarið gegn þessu.

Ég vil ekki liggja undir því að ég eða aðrir séu vændir um illar hvatir í þessu máli. Ég held að það hafi engum dottið í hug í nefndinni. Ég skil ekki heldur að það sé sú hugsun sem ráði ríkjum í heilbrmrn. Það er mjög fjarri því. Ég held að allir sem að þessu verki komu hafi viljað gera sitt besta, vilji gera sitt besta fyrir þá sem aldraðir eru. Menn eru sammála um að það eigi að standa sem allra skipulegast að þeim málum á þann veg að við getum með reisn sagt: Við ætlum ekki að skilja aldraða Íslendinga eftir í erfiðleikum.

Ég vænti þess að menn geti sameinast um að koma þessu frv. áfram og er þá fullviss um að þessu máli verður vel borgið.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu, en vegna orða hv. 9. þm. Reykn. vil ég mótmæla því að ég hafi rangt fyrir mér eða að ég hafi misskilið frv. Það sem um er að ræða er að við höfum mismunandi viðhorf til þessara mála, til þessa atriðis, ég og hv. 9. þm. Reykn., eins og kom fram í hans máli. Það hefur aldrei hvarflað að mér að það væru neinar illar hvatir, hvorki hjá þingmönnum eða öðrum nefndarmönnum. Ég var aðeins að tala um grundvallarviðhorf til þess atriðis sem hér var fyrst og fremst verið að fjalla um, 27. gr. En mér fannst koma ansi kaldranalegt viðhorf fram í hans málflutningi þegar hann sagði að aldraðir eigi ekki afturkvæmt ef þeir lenda inn á hjúkrunardeild og þá sé það aðeins fyrir erfingjana að hirða peningana þeirra ef þeir eru ekki teknir til að greiða kostnað þeirra á hjúkrunardeildinni. Þetta finnst mér ekki gott viðhorf og ég mótmæli svona viðhorfum.

Karl Steinar Guðnason:

Herra forseti. Aftur verð ég að tala um misskilning. Ég sagði áðan og ætla að endurtaka það að þeir sem eru heilbrigðir aldraðir og eru á stofnunum þurfa að greiða fyrir sína vist, en þeir sem sjúkir eru og aldraðir lentu flestir hverjir í þeirri aðstöðu að þeir ættu ekki afturkvæmt. Það er ekki kaldranalegt viðhorf. Það er staðreynd sem hægt er að sanna með tölum. Við komumst ekki hjá því að lífið gengur sinn gang á þann veg og allflestir sem þarna er um að ræða lenda í þessu. Ég vildi árétta þetta.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1102,1 samþ. með 16 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 1102,2 samþ. með 17 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 1102,3 samþ. með 17 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 1102,4 samþ. með 16 shlj. atkv.
7. gr. svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
8.–16. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 1102,5 samþ. með 16 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 1102,6 samþ. með 16 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
19. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 1102,7 samþ. með 17 shlj. atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
21.–26. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 1103 felld með 10:5 atkv.
27. gr. samþ. með 11:2 atkv.
28.–29. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 1102,8 (ný 30. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 1102,9 samþ. með 15 shlj. atkv.

31. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

EFRI DEILD

100. fundur, þriðjudaginn 9. maí,
að loknum 99. fundi.

Málefni aldraðra, 3. umr.

Stjfrv., 393. mál (heildarlög). — Þskj. 1112.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Þjóðminjalög, 2. umr.

Frv. GHelg o.fl., 188. mál (heildarlög). — Þskj. 1007, n. 1104, brtt. 1105.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. menntmn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Á þskj. 1104 liggur fyrir nál. frá menntmn. um frv. til þjóðminjalaga. Hér er um að ræða mál sem samið var af nefnd sem þáv. menntmrh. Birgir Ísl. Gunnarsson skipaði á sínum tíma. Síðan urðu nokkrar mannabreytingar í nefndinni og þingmenn sem sæti áttu í nefndinni og sæti áttu í hv. Nd. lögðu þetta mál fram. Jafnframt var lagt fram í deildinni í vetur, flutt af öðrum þingmönnum, frv. til l. um fornminjar og var ljóst strax í upphafi að ágreiningur var um ýmis atriði og mismunandi skoðanir í þessum tveimur frumvörpum.

Í hv. menntmn. Nd. hefur verið innt af höndum mikið starf við að samræma þessi sjónarmið og ræða við þá aðila sem þetta mál snertir og lögð í það mjög mikil vinna þannig að sú niðurstaða hefur fengist að allir sem málið mest varðar eru sáttir að ég best veit við þá niðurstöðu sem fengist hefur.

Menntmn. þessarar hv. deildar hefur fjallað um þetta mál og átt fund með þeim tveimur starfsmönnum þingsins, dr. Þorsteini Magnússyni og Helga Bernódussyni, sem störfuðu mest og lengst með neðrideildarnefndinni. Þar var farið yfir þetta mál og í nefndinni er samstaða um að leggja til að það verði samþykkt óbreytt, með einni undantekningu þó sem ég mun nú gera grein fyrir, en það væri að okkar mati nánast illbætanlegt slys ef þetta frv. dagaði uppi eftir þá vinnu sem búið er í það að leggja og eftir þá samstöðu sem búið er að skapa og ég áður vék að.

Einhvers staðar á langri leið frv. hefur slæðst inn í það villa, þ.e. í 36. gr. þar sem fjallað er um friðun bygginga og húsa. Eru nokkur ártöl í þeirri grein og þar sem talað er um kirkjur er talað um friðun kirkna þeirra sem byggðar hafa verið fyrir 1918. Þá er einnig í greininni talað um friðun húsa sem byggð hafi verið fyrir 1918. Í frv. upphaflega og sú hugmynd sem þar var sett á blað var að miða friðun húsa við aldamótaárið, þ.e. 1900, en ekki 1918. Tíminn frá aldamótum þar til 1918 er tímabil þar sem mikið er byggt, bæði hér í Reykjavík og víða annars staðar í kaupstöðum þess tíma, og mundi þetta ná til svo margra húsa að hætt er við að horft yrði kannski fram hjá þessu og þetta yrði marklaus bókstafur og mjög veruleg breyting frá því sem er og hefur verið að undanförnu. Þess vegna var í huga þeirra sem að málinu unnu alltaf miðað við árið 1900 þó að 1918 hafi svo slæðst inn í frv. og menn ekki tekið eftir því. Við leggjum til að þessu verði breytt. Í stað ártalsins 1918 að því er varðar venjuleg hús komi árið 1900. Það er gert í fullu samráði við ýmsa hagsmunaaðila í þessu sambandi og sömuleiðis hefur verið haft samráð um það við nefndarmenn í hv. menntmn. Nd. þannig að víst er að þetta veldur engri fyrirstöðu varðandi afgreiðslu málsins þar.

Undir álit menntmn. á þskj. 1104 skrifa allir nefndarmenn og án nokkurs minnsta fyrirvara.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég kem hér aðeins til að fagna því að þetta frv. skuli vera komið næstum því alla leið í gegnum þingið. Undirbúningur þess hefur átt sér nokkurn aðdraganda og vann nefnd að samningu þess og lauk hún störfum sl. haust. Ég átti sæti í þeirri nefnd frá sl. hausti, en nefndin hafði reyndar starfað í eitt ár áður. Ég held að þær breytingar sem gerðar voru á frv. í Nd. varðandi styrkingu fornleifadeildar séu mjög til bóta og fagna því sérstaklega að samstaða hefur náðst um þær breytingar. Þau verðmæti sem við eigum úti um landið, fornleifar, eru dýrmætur arfur sem ekki má granda á nokkurn hátt. Við verðum að leggja allt okkar í að reyna að vernda menningu okkar og menjar. Ég fagna því, eins og ég sagði, að samstaða skuli hafa náðst um að styrkja þá deild eins og hér er lagt til og vil benda á alveg sérstaklega nauðsyn þess varðandi fornleifarnar því að rannsókn á fornleifum er aðeins gerð einu sinni. Það er mikilvægt að til fornleifarannsókna veljist aðeins þeir sem hafa til þess fullgilda menntun. Þá vil ég einnig benda á að á síðustu árum hefur það færst í vöxt að útlendingar sæki hingað til að fá leyfi til fornleifarannsókna. Það fornleifaráð eða fornleifanefnd sem lagt er til að standi að því að afgreiða slík leyfi og veita þau held ég að sé mjög til bóta því að við þurfum fyrst og fremst að vernda þessar minjar fyrir okkur sjálf.

En ég ítreka og endurtek það að ég fagna því að

frv. verður nú að lögum. Ég vil hins vegar reyndar líka minna á að Þjóðminjasafnið hefur búið við mikið fjársvelti í mörg ár og vona ég að fjárveitingavaldið standi betur þar að málum en hingað til hefur verið þannig að þessi lög verði í alvöru sú lyftistöng sem þeim er ætlað að vera fyrir verndun menningarminja okkar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.–35. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 1105 samþ. með 12 shlj. atkv.
36. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
37.–54. gr. og ákvæði til bráðabirgða samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.

Frv. ÞK o.fl., 459. mál (heildarlög). — Þskj. 820.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Herra forseti. Það hafa orðið nú þegar nokkrar umræður um þetta frv. Ég þakka þær umræður sem fram hafa farið hér áður. Fiskveiðistjórn er margslungið mál og margþætt svo að það er ekki óeðlilegt að það séu umræður um slíkt mál sem þetta frv. er.

Ég get tekið undir sumt af því sem fram hefur komið í máli ræðumanna, en ég er sumu ósammála og sumu í veigamiklum atriðum sem varða grundvallaratriði þessa máls. Ég hef þegar gert ítarlega grein fyrir efni frv. í minni framsöguræðu fyrir þessu máli. Ég hef í annarri ræðu svarað ýmsum atriðum og skýrt frv. nánar, svarað ýmsum atriðum í máli þeirra sem þá höfðu talað. Með tilliti til þessa mun ég í ræðu minni nú binda mig við það sem fram hefur komið í umræðunum frá því að ég talaði síðast.

Ég vil þá víkja að máli hv. 4. þm. Vesturl. Hann talaði allmikið um þetta frv. og get ég tekið undir margt af því sem hv. þm. sagði. En mig undraði að í máli hans kom enn fram í sumum efnum og í því sem mest varða mikill misskilningur. Hv. þm. hélt því fram að frv. gerði ráð fyrir nýju kvótakerfi, aflinn verði skammtaður á hvert skip. Ég verð að segja að ég hrökk við þegar hv. þm. lét þessi orð falla og hann hefur sjálfsagt séð að það voru fleiri sem sperrtu eyrun en ég í hv. deild því að hann bætti við: Ég held mig við þetta. (**Gripið fram í:** Hvað er að heyra þetta.) Ég bað hæstv. forseta að sjá svo um að þessi hv. þm. væri nú til staðar. Ég efast ekki um að forseti hafi viljað gera það, og þegar ég hóf mál mitt var hv. þm. hér inni en nú sést hann hér ekki þegar mér er litið fram í deildina. (**Gripið fram í:** Ætli hann vilji vera hér?) Ég skal ekkert segja hvernig stendur á þessu. En það þykir mér ólíklegt ef hv. þm. les ekki vandlega þingtíðindin um þetta efni þegar þau liggja fyrir ef hann á ekki eftir að koma hér inn meðan á þessari umræðu stendur.

Ég sagði að mér hefði komið mjög á óvart þessi misskilningur hv. ræðumanns og þeim mun fremur þar sem frv. hafði, eins og áður sagði, verið ítarlega skýrt af mér í minni framsöguræðu og ekki síður það atriði sem hv. þm. misskilur en önnur atriði í frv.

Það er grundvallaratriði í þessu efni að frv. afnemur kvótakerfið. En svo virðist sem hv. þm. kjósi að misskilja sérstaklega 4. gr. frv. og leggja þann skilning í þá grein að það sé tekið upp annað kvótakerfi í staðinn fyrir það sem af er lagt. Þó þessi misskilningur sé algerlega tilefnislaus og raunar óskýranlegur þykir mér rétt að víkja nokkrum orðum að þessu.

Með leyfi hæstv. forseta vil ég leyfa mér að lesa upp í heilu lagi 4. gr. frv. og umsögn um 4. gr. frv. sem fylgir frv. 4. gr. frv. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hverju fiskiskipi sem skráningarskylt er skal ákveða sóknargetu þannig að metið sé það aflamagn sem skipið hefur burði til þess að veiða á hverju ári. Siglingamálastofnun ríkisins skal mæla sóknargetu fiskiskipa. Ráðherra setur reglur um mat á sóknargetu fiskiskipa í samráði við Siglingamálastofnun ríkisins, Landssamband ísl. útvegsmanna, samtök sjómanna og Fiskifélag Íslands. Sóknargeta hvers fiskiskips skal tilgreind í aðalskipaskrá með öðrum upplýsingum sem þar er að finna. Siglingamálastofnun ríkisins skal birta með skipaskrá samanlagða sóknargetu fiskiskipastólsins."

Í umsögn um þessa grein segir svo: „Í gildandi lögum er snúist við of mikilli sóknargetu fiskiskipastólsins með því að takmarka veiði hvers skips. Í staðinn er frekar farin sú leið að takmarka stærð fiskiskipaflotans og stefna að því að fjárfesting þjóðarinnar, fiskiskipin, nýtist sem best með því að takmarka ekki notin af skipunum.

Til þess að framkvæma þessa stefnu er nauðsynlegt að fyrir liggi sem gleggst hver sóknargeta fiskiskipastólsins er á hverjum tíma. Í þessari grein er kveðið á um mælingu á sóknargetu hvers skips. Til grundvallar þessu mati má leggja stærð skips, burðarmagn, vélarafl og annan útbúnað eftir því sem við á og varðar hæfni til veiða. Má þá hugsa sér að sá háttur sé hafður á að hverju skipi sé gefið stig eftir ákveðnum mælikvarða sem megi umreikna í smálestir af afla eftir fiskstofnum. Siglingamálastofnun ríkisins er ætluð framkvæmd þessa verks. Í samráði við Siglingamálastofnunina, Landssamband ísl. útvegsmanna, samtök sjómanna og Fiskifélag Íslands skal sjútvrh. setja reglur um staðal um mat á sóknargetu fiskiskipa.

Með þessum hætti eiga að geta legið fyrir á hverjum tíma sóknargeta hvers skips og hver samanlögð sóknargeta fiskiskipastólsins er. Þannig þjónar þessi grein þeim tilgangi að handhægar upplýsingar geti jafnan verið fyrir hendi þegar til þarf að taka við stjórn fiskveiða. Réttur útgerðar til endurnýjunar skips liggur þá ljós fyrir án þess að til þurfi að koma sérstök stjórnvaldsákvörðun. Ákvæði þessarar grein-

ar miða þannig að því að tryggja, þegar kvótakerfið er af lagt, sem best stjórn á stærð fiskiskipastólsins meðan sóknargetan er of mikil í stað stjórnar með veiðileyfum."

Þá lýkur þessari tilvitnun um 4. gr. frv. og umsögn um 4. gr.

Í minni framsöguræðu ræddi ég nokkuð um ástæðurnar fyrir því að setja slíka hjálparreglu sem hér er um að ræða. Vegna þess m.a. tók ég fram að hin venjulega rúmlestamæling skipa gæfi ekki nógu haldgóðar upplýsingar um sóknargetuna. Það má t.d. í því sambandi benda á að ný skip hafa hlutfallslega minni sóknargetu en gömul skip vegna þess að í nýjum skipum er miklu meira rúm ætlað fyrir skipshöfn og líka meira rúm ætlað fyrir aflann þannig að betur fari um hann en áður tíðkaðist.

Það er ekkert nýtt eða frumlegt í þeirri hugsun sem liggur á bak við þetta. Ég tek t.d. eftir því að þegar ég lít á skýrslu Eimskipafélags Íslands og skrá yfir skip Eimskipafélagsins er þar ekki að finna tölur yfir hina venjulegu rúmlestamælingu. Það er að finna tölur yfir það sem kallað er burðartonn til þess að gera sér sem best grein fyrir hvert gagn má verða af skipunum. Þetta er hliðstætt því sem gert er ráð fyrir í þessu frv. um að mæla sérstaklega sóknargetuna.

Við flm. frv. gerum okkur grein fyrir að þetta nýmæli kann að vera erfitt að því leyti að móta haldbærar reglur til að hafa við mælingu sóknargetunnar. Með tilliti til þess gerir líka frv. ráð fyrir að til ráða verði kvaddir ýmsir aðilar svo sem Fiskifélag Íslands, Siglingamálastofnun ríkisins og samtök útgerðarmanna og samtök sjómanna.

Það er ekkert aðalatriði í þessu frv. að það verði farin þessi leið um að skapa hjálparreglu sem kemur að notum við stjórn fiskveiðanna á þann veg sem við hér erum að gera skóna. Þó að við sjáum ekki í bili heppilegri leið en þessi er kann að vera að þeir aðilar sem sérstaklega á að kveðja til til að kveða á um þessi efni sjái aðra betri leið og er þá sjálfsagt að taka það sem betur kann að reynast. En þetta er ekki aðalatriðið í frv. Þetta er aðeins regla sem gæti verið til stuðnings við stjórn fiskveiða. Og af þessu má marka sem ég hef sagt hér hvílíkt öfugmæli það er, sem hv. 4. þm. Vesturl. sagði, að þessi regla táknaði nýja kvótareglu því að þessi regla hefur ekkert að gera með það hvað hvert skip má veiða mikið. Ég læt útrætt um þennan misskilning hv. 4. þm. Vesturl. sem mér er raunar óskiljanlegur.

Hv. þm. vék nokkuð að stærð skipastólsins og sagði að hann væri ekki sammála mér um að það varðaði öllu að minnka skipastólinn. Ég vil ekki orða þetta svo eins og hv. þm. telur sig hafa eftir mér. Ég legg áherslu á að það verði það skipulag á stjórn fiskveiða að það stuðli að jafnvægi milli sóknargetu og veiðiþols fiskstofnanna. Ef fiskiskipastóllinn er of stór þýðir það að það þarf að minnka hann, en ef hann er of lítill þarf líka að stækka hann. Á báðar þessar hliðar er einmitt bent í greinargerð með frv.

Ég skal ekki gerast langorður um þetta atriði. Ég ræddi það svo ítarlega í minni framsöguræðu hver væri undirrót vandans sem við er að glíma. Og undirrót vandans er nú sú að sóknargetan er of mikil miðað við veiðiþol fiskstofnanna.

Ég talaði áðan um misskilning hjá hv. 4. þm. Vesturl. En því miður gekk hann enn lengra í villu sinni um eðli þessara mála í raun og veru miðað við andann í því sem hv. þm. var að segja í allri sinni ræðu þegar það kom fram á varir hans að kvóti á skip gengi ekki upp nema með ákveðnum takmörkunum og í framhaldi af því lét orð liggja að því að það væri ekki hægt að afnema kvótann. Varð ég þá mjög undrandi því að ég dró þá ályktun af ræðu hv. þm. að það bæri að afnema kvótann.

Ég skal þá ekki víkja fleiri orðum að ræðu hv. 4. þm. Vesturl. en víkja nokkrum orðum að ræðu hv. 9. þm. Reykn.

Hv. þm. fór nokkrum orðum um sóknargetuna og sagði að sér væri óskiljanlegt hvernig mæla megi sóknargetuna. Ég ætla ekki að fara að svara hv. þm. þessu sérstaklega. Ég hef þegar rætt svo mikið um þetta efni og vísa um þetta til þess sem ég hef þegar sagt í svari mínu til hv. 4. þm. Vesturl.

Þá gerði hv. 9. þm. Reykn. því skóna að mæling sóknargetunnar þýddi að skammta ætti afla á hvert skip og hann bað um skýringu á þessu. Þarna er um sama misskilning að ræða og hjá hv. 4. þm. Vesturl. Ég ætla að hv. 9. þm. Reykn. hafi ekki verið hér í deildinni þegar ég flutti mína framsöguræðu. Hann hefði betur verið þá viðstaddur. Ég ætla að hann hefði þá ekki misskilið þetta á þann veg sem fram kom í hans ræðu og hann hefði að sjálfsögðu betur verið viðstaddur nú þegar þessar skýringar allar eru ítrekaðar. (**KSG:** Hann er hér.) Hv. þm. er staddur í deildinni og ég hefði mátt vita að ber er hver að baki nema sér bróður eigi.

Hv. 9. þm. Reykn. sagðist hallast að því að við kæmumst ekki út úr kvótakerfinu. Mér þykir það miður og ég hef þá trú á hv. þm. að ef hann fer nánar niður í málið geti verið að hann taki þessa skoðun til endurskoðunar.

Þá sagði hv. 9. þm. Reykn. að erfitt væri að koma því skipulagi á að allir fái eins og þeir vilja. Þessi ummæli byggjast á því að ef kvótakerfið væri afnumið væri skömmtun á hvert skip afnumin og þá væri skipulagið hugsað þannig að hver og einn gæti fengið það sem hann vildi. Þetta er misskilningur og ég veit að við hv. þm. erum báðir sammála um að það er ekki til í raunveruleikanum að allir geti fengið allt sem þeir vilja.

En það sem skiptir máli í þessu efni er að það sé jafnrétti milli allra í þeim skilningi að hver og einn geti hlotið það sem hæfni og atorka hvers leyfir innan þeirra marka sem almennar reglur setja. Það er ekki réttlæti í því að skammta mönnum án tillits til hæfni það sem þeir mega vinna eða leggja fram fyrir sjálfa sig og þjóðarbúið. Það er ekki hin sanna jafnaðarmennska. Hin sanna jafnaðarmennska er sú að allir séu jafnir í þeim skilningi að allir geti notið allra sinna hæfileika sinna sem þeir hafa til að bera.

Ég vil svo taka fram að þetta eru aðeins nokkur

atriði sem ég hef minnst á í ræðu hv. 9. þm. Reykn. og auðvitað var ég sammála fjöldamörgu sem fram kom í ræðu hans. Og ég þykist vita að við séum sammála um að það ástand sem nú er í fiskveiðimálum og sú fiskveiðistefna sem nú er framkvæmd getur ekki gengið til frambúðar. Ég læt þá lokið því sem ég vildi segja í tilefni af ræðu hv. 9. þm. Reykn.

Ég kem þá að ræðu hæstv. sjútvrh. og hefði ég nú gjarnan viljað að hann væri viðstaddur. Ég sá að hann hefur hlýtt á þessar umræður, en nú er komið að því sem ég vildi sérstaklega segja til hæstv. ráðherra sjálfs. (**Forseti:** Ég hef gert ráðstafanir til að ná í hæstv. sjútvrh.) Það var hæstv. forseta líkt að gera slíkt. En ég held máli mínu áfram.

Hæstv. ráðherra sagði í upphafi ræðu sinnar að hann ætlaði að draga saman meginatriði frumvarpsins og í framhaldi af því sagði ráðherrann „4., 5. og 6. gr. frv. eru meginatriði frv." Hér er um misskilning að ræða og meira en lítinn misskilning. Meginefni frv. er að kvótakerfið er afnumið. Það er meginefni frumvarpsins. Og af því að hæstv. ráðherra vitnaði í tilteknar greinar vitna ég líka í tiltekna grein um þetta atriði, þ.e. 3. gr. frv. sem samsvarar 2. gr. núgildandi laga. En í 2. gr. eru almenn ákvæði um fiskveiðistjórnina og m.a. þar tekið fram að ekki sé heimil veiði nema samkvæmt sérstökum leyfum. Þetta ákvæði er ekki að finna í 3. gr. frumvarpsins og það þýðir: Það er ekkert ákvæði um kvótakerfið. Kvótakerfið er lagt niður. Það getur enginn, finnst mér, rætt ítarlega og eins og þarf um þetta frumvarp nema að gera sér grein fyrir þessu grundvallaratriði. Nú vil ég ekki ætla að hæstv. ráðherra geri sér ekki grein fyrir þessu, en ég get um þetta vegna þess að það er misskilningur að segja að 4., 5. og 6. gr. séu aðalefni frumvarpsins.

Afnám kvótakerfisins mætir þeim grundvallarvanda, undirrót vandans sem við er að glíma. Það er vegna þess að frjálsar veiðar innan þeirra marka sem settar eru á afla hverrar fisktegundar fyrir sig skapa þá samkeppni sem er eina raunhæfa leiðin til að fækka fiskiskipum og minnka sóknargetuna þannig að þjóðarhagsmuna sé gætt. Til að flýta fyrir þessari þróun gerir frumvarpið ráð fyrir úreldingarsjóði. Og úreldingarsjóður getur gert stórátak í því efni að minnka fiskiskipaflotann ef þær reglur gilda að ekki komi nýtt skip fyrir það skip sem úrelt er með aðstoð sjóðsins. En allt er þetta unnið fyrir gýg nema að það sé slíkt heildarskipulag að það stuðli að fækkun fiskiskipa í stað þess að kerfið hafi eins og kvótakerfið hefur nú innbyggðan hvata til þess að koma í veg fyrir minnkun fiskiskipastólsins.

Til öryggis er svo það ákvæði sett í þetta frv. að ef hin nýja skipan og úreldingarsjóðurinn leiðir ekki til jafnvægis milli sóknargetu og veiðiþols fiskstofnanna komi til sérstakar reglur um endurnýjun fiskiskipastólsins og líka að slíkar reglur séu til staðar ef síðar, eftir jafnvægistímabil, kynni að koma til þess að það gæti verið um ótímabæra aukningu sóknargetunnar að ræða.

Það er þessi skipan sem leiðir til þess að mati okkar flm. þessa frv. að bæta hag útgerðarinnar með betri nýtingu fiskiskipastólsins og það þýði bættan hag sjómanna og það geti einnig þýtt bættan hag fiskvinnslunnar í minni framleiðslukostnaði hráefnisins, í lækkuðu fiskverði. Þetta er einnig beinn hagur þjóðhagslega. Það hljóta allir að vera sammála um að það er ekki þjóðhagslegur hagur að því að hafa fiskveiðistólinn svo vannýttan að það megi ekki kannski nota skipin í einn þriðja af árinu.

Það er ætlun okkar einnig að þessi skipan stuðli betur að vernd fiskstofnanna. Þá höfum við í huga þá reynslu sem hefur verið af kvótakerfinu og hvernig reynslan hefur sýnt að það hefur verið gengið á fiskstofnana meira og verulega meira en stjórnvöld höfðu ákveðið fyrir hvert ár. Þetta þýðir því betri fiskveiðistefnu.

Ég skal ekki fara fleiri almennum orðum um frumvarpið. Þetta er aðeins til áréttingar því sem ég hef áður komið að í mínum fyrri ræðum.

Mér virtist að hæstv. ráðherra legði mikið upp úr 6. gr. frumvarpsins og kannski óþarflega mikið miðað við það sem er aðalatriði þessa frumvarps eins og ég hef áður komið að. Hins vegar vil ég ekki gera lítið úr 6. gr. frumvarpsins. En 6. gr. frumvarpsins er heimildargrein. Í henni felst heimild til ráðherra að ákveða að enginn megi stunda veiðar á öðrum tegundum en botnfiski, svo sem rækju, humar, skelfiski, síld og loðnu, nema að fengnum sérstökum leyfum. Með öðrum orðum, það er gert ráð fyrir þeim möguleika að það geti í þessum efnum, annarri veiði en á botnfiski, gilt sama regla og gildir í dag. Okkur þótti ekki rétt annað en að hafa þessa heimild í frumvarpinu því að auðvitað kann það af ábyrgum mönnum að teljast rétt að afnema kvótakerfið á botnfiskveiðum þó að þeir treysti sér ekki í bili e.t.v. til að afnema kvótakerfið á allar veiðar.

Ég skal ekki skýra þetta nánar út, en það er kannski rétt að víkja að því að það er gert ráð fyrir að þau skip sem fá leyfi, ef þessi heimild 6. gr. er notuð, til sérveiða geti ekki gengið hindrunarlaust í botnfiskveiðar heldur þurfi þau sérstök leyfi til botnfiskveiða. Ég hygg að það geti ekki verið ágreiningur um þetta atriði, enda sýnist mér að þetta sé í góðu samræmi við þá skipan sem er í þessum efnum og leyfi ég mér í því sambandi að vitna í reglugerð um stjórn botnfiskveiða 1989 í 7. gr. þar sem tekið er fram hvað skipum sem hafa leyfi til sérveiða er heimilt að veiða mikið af botnfiski. Í þessu sambandi má einnig vitna til reglugerðar um veiðar á úthafsrækju 1989, 4. gr. síðustu mgr., sem fjallar um hliðstætt efni.

Hæstv. ráðherra vék nokkrum orðum að erfiðleikum sem kynnu að vera í því að meta sóknargetuna eins og frv. gerir ráð fyrir og ég er sammála því sem hæstv. ráðherra sagði um það. Það er ekki einfalt mál og vegna þess, eins og ég hef áður komið að í þessari ræðu, er gert ráð fyrir að ráðherra hafi sér til ráðuneytis þá aðila í okkar þjóðfélagi sem mest skynbragð bera á þessi efni svo sem Siglingamálastofnun, Fiskifélag Íslands og samtök útgerðarinnar og sjómanna.

Ég vék að þessu nokkuð áður í ræðu minni nú og ég

vísa til þess. Ég skal aðeins segja að auðvitað hefur þetta verið rætt við ýmsa aðila og m.a. við Siglingamálastofnun sem er ætlað stærst hlutverk í þessu efni. Mér virðist að á þeim vettvangi hafi ekkert komið fram sem útilokar að það sé hægt að koma við þessari mælingarreglu, en ég tek fram eins og ég hef áður tekið fram að það er ekki aðalatriðið hver mælingarreglan er heldur að það sé hægt að feta sig eitthvað áfram til stuðnings við fiskveiðistjórnina með reglum í þessu efni.

Hæstv. ráðherra kom líka inn á annað mikilvægt atriði. Hann talaði um að mikil samkeppni yrði milli skipanna ef veitt er úr heildarkvótanum, eins og hann orðaði það, og afli berst örar að landi með erfiðleikum fyrir vinnsluna. Það er auðvitað eðlilegt að víkja að þessu þýðingarmikla atriði og ég gerði það í minni framsöguræðu, vék sérstaklega að þessu. Ég tek undir það með hæstv. ráðherra að það þarf að mæta þeim vanda sem gæti stafað af því að aflanum yrði hrúgað upp þannig að til vandræða horfði fyrir fiskvinnsluna. En í því efni er að segja og leggja áherslu á að í 3. gr. frv. er tekið fram, með leyfi hæstv. forseta, að ráðherra er heimilt að kveða á í reglugerð um gerð skipa, útbúnað veiðarfæra, veiðisvæði, veiðitíma og meðferð afla.

Ég þarf ekkert að fjölyrða um við hæstv. ráðherra hvað þetta þýðir. Það veit það enginn betur en hann. Þessi ákvæði í frv. eru óbreytt úr gildandi lögum.

Ég tel að það sé enginn vafi að það sé hægt að beita þessum ákvæðum með sóknarbönnum og á annan hátt eftir því sem þörf er á og að það sé besta aðferðin til að hafa stjórn í þessum efnum en ekki kvótakerfið sem hefur ekkert með þetta að gera.

Hæstv. ráðherra vék að því — ætli það hafi ekki verið með tilliti til þess að það er tekið fram í grg. og fskj. með frv. hvað veiðar hafa árlega mikið farið fram úr því sem stjórnvöld hafa ákveðið á hverju ári — að það hefði alltaf verið gert ráð fyrir að veiðin yrði meiri en stjórnvöld ákváðu. Ég tók eftir þessu. (**Sjútvrh.:** Viðmiðunaraflinn í kvótakerfinu.) Er það ekki það sem stjórnvöld ákveða eins og það er í skýrslu Fiskifélagsins? Það er undir þeirri merkingu. En við meinum það sama, ég og hæstv. ráðherra, í þessu efni. Það voru kannski önnur orð. En ég held mig við það sem ég hef frá Fiskifélagi Íslands. Ég ætla ekki að gera mikið úr þessu. Ég geri mér grein fyrir því að allt er þetta vandamál. En ég held að það verði þó að leitast við að hafa þá stjórn á fiskveiðunum að veiðin verði ekki meiri en stjórnvöld ákváðu svo ég noti orðalag hæstv. ráðherra.

Það er skoðun okkar flm. frv. að núverandi kerfi sé ekki haldbært í þessu efni og það sem lagt er til um skipan fiskveiðistjórnar í þessu frv. sé betra.

Þá er annað atriði, sem er þýðingarmikið, sem hæstv. ráðherra vék að og það er stærð fiskiskipastólsins. Í grg. með frv. og í framsögu fyrir frv. og í fskj. með frv. er að finna upplýsingar um hina gífurlega miklu aukningu fiskiskipastólsins og sóknargetuna sem orðið hefur á kvótatímabilinu.

Hæstv. ráðherra sagði og orðaði það svo að nokkur skip sem eru á skipaskrá og hefðu verið á skipaskrá hefðu ekki verið í rekstri og ég mótmæli að sjálfsögðu ekki upplýsingum sem þessum. En ég ætla að hér hafi ekki verið um meiri brögð að ræða en svo að þetta skipti ekki neinu höfuðmáli í þeirri umræðu og þeim rökum sem við erum að færa hér fram, flm. þessa frv., um gildi þess að afnema kvótann og taka upp það skipulag sem hér er gert ráð fyrir.

Ég sagði í upphafi ræðu minnar að ég væri sammála ýmsu sem ræðumenn hefðu sagt um þetta efni og það á að sjálfsögðu ekki síður við hæstv. ráðherra en aðra þá hv. þm. sem hér hafa talað. Og ég læt mér ekki koma annað til hugar en að hæstv. ráðherra geri allt eftir bestu getu til að framkvæma kvótakerfið svo vel sem kostur er. Ég er ekki og hef ekki verið að deila á framkvæmdina. Ég hef haldið því fram að kvótakerfið í sjálfu sér væri röng stefna, rangt kerfi og það væri í sjálfu sér vandamál og það væri engin haldbær lausn í þessu efni önnur en sú, sem frv. leggur til, að afnema kvótakerfið.

Hæstv. ráðherra sagði, ég held að það hafi verið lokaorð í hans ræðu, að það ætti sér stað núna veigamikið starf til undirbúnings á breytingum á núgildandi lögum um stjórn fiskveiða.

Það er ekkert nema gott um þetta að segja. En ég held að það sé höfuðatriði að þegar fer fram veigamikið starf til undirbúnings endurskoðunar á fiskveiðistefnunni sé því starfi ekki hagað á þann veg að það sé bundið við kvótakerfið, bundið við að finna einhverjar lausnir til úrbóta á kvótakerfinu sjálfu. Ég hef þá skoðun að þó að það takist að bæta úr einum ágalla kvótakerfisins komi þegar aðrir tveir á móti. Það er mín skoðun. En hvað sem líður minni skoðun og hvað sem líður vilja hæstv. sjútvrh. til að endurskoða fiskveiðistefnuna vænti ég þess og vill láta það vera mín síðustu orð að hæstv. ráðherra sjái til um það að sú endurskoðun verði ekki einungis eða fast bundin við kvótakerfið heldur komi til athugunar aðrar leiðir, aðrir valkostir í þessu efni. Og það frv. sem við nú ræðum hér felur í sér annan valkost en kvótakerfið.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég vildi aðeins skýra hvernig ég sæi fyrir mér framkvæmd þessa frv. því að það er alveg ljóst á þessu frv. að í því eru veigamiklar heimildir til að stýra fiskveiðunum og það yrði að sjálfsögðu að setja reglugerð á grundvelli þessa frv. ef að lögum yrði. Það má segja að það yrði með tvennum hætti. Annars vegar að nýta heimildir í 6. gr. og hins vegar að nýta heimildir í 3. gr.

Ég mundi ekki sjá annan kost fyrir þann sem þyrfti að framkvæma þessa löggjöf en að nýta heimildir 6. gr. til hins ýtrasta. Ég held það væri ekkert undanfæri að því er varðar hinn hluta flotans, þ.e. þau skip sem eingöngu stunda botnfiskveiðar, að þau skip yrðu að nýta heimildir 3. gr. þar sem segir: „Ráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð þann afla sem veiða má úr öðrum einstökum stofnum sjávardýra við Ísland á ákveðnu tímabili eða vertíð og skulu veiðileyfi, ef

veitt eru skv. 6. gr., miðast við það magn." En það kemur hér fram á undan að „sjávarútvegsráðherra skal að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunar ákveða fyrir 15. nóv. ár hvert með reglugerð þann afla sem veiða má úr helstu botnfisktegundum við Ísland á komandi ári." Ég lít svo á að ráðherra sé þá heimilt — eða á hv. þm. ekki við það þegar hann segir „úr öðrum einstökum stofnum sjávardýra" að það sé nánast ekki hægt að ákveða tímabil að því er varðar botnfiskinn? Það sem ráðherra geti þá eingöngu gert sé að kveða á í reglugerð um gerð skipa, útbúnað veiðarfæra, veiðisvæði, veiðitíma og meðferð afla.

Auðvitað er ljóst að það væri hugsanlegt að skipta árinu niður í mjög mörg veiðitímabil og segja sem svo að það má aðeins veiða 10.000 í ákveðnum mánuði eða 15.000 tonn í ákveðnum mánuði og þegar því magni er náð skuli allir hætta. Það er leið til að stjórna veiðunum. Það má geta þess að það er heimilt að veiða síld við Alaska einn dag á ári og það er heimilt að veiða lúðu við Alaska eftir því sem ég best veit einn dag í mánuði. Þetta er dæmi um að þegar flotinn hefur stækkað óendanlega, sem ég veit að hv. þm. ætlast ekki til, hefur orðið að gera það með þessum hætti.

Það kemur jafnframt ekkert fram í þessu frv. um hvernig skuli fjármagna úreldingarsjóð. Það er ljóst að úreldingarsjóður samkvæmt þessu frv. yrði afar kostnaðarsamt fyrirtæki ef hann ætti að skila einhverjum árangri og það þarf mjög miklar tekjur til að kaupa upp hluta flotans. Ég sé fyrir mér í reynd, þannig að það sé alveg ljóst hvaða skilning ég mundi hafa á því, að annars vegar væri kvótakerfi á hluta flotans og nýttar til hins ýtrasta heimildir í 6. gr. og hins vegar tímabilastjórnun á hinn hluta flotans þar sem ákveðið magn yrði heimilt að veiða á ákveðnu tímabili og þegar því magni er náð yrðu veiðar stöðvaðar. Það verður aldrei hægt að meta sóknargetu skipa með þeim hætti að það sé á það treystandi. Þótt það sé vissulega hægt að meta að einhverju leyti sóknargetu skipa verður það aldrei gert svo að það verði ekki mjög veruleg skekkjumörk í því. Þar af leiðandi verður að hafa ákveðinn hámarksafla á tímabil og stöðva veiðarnar þegar þeim afla er náð og ef hann fer fram úr verður að draga hann frá næsta tímabili. Ég held að það sé alveg ljóst að þessi skipan mála yrði mjög göl!uð og mjög erfitt fyrir byggðarlög að búa við slíka skipan mála.

Með þessu er ég ekki að segja að núverandi kerfi sé algott eða gallalaust. Það er langt í frá. Það eru mjög margir gallar á núverandi skipan. Ég er hins vegar fullviss um það að þessi skipan mála er enn þá verri. Það er það eina sem ég er alveg viss um. Hitt er svo annað mál að það er sjálfsagt að ræða þessi mál í fullri hreinskilni, kosti og galla. Það gera menn að sjálfsögðu í því nefndarstarfi sem nú fer fram. Þar koma saman menn frá öllum stjórnmálaflokkum, frá sjómönnum, frá útvegsmönnum, frá fiskvinnslu og fleiri aðilar koma þar að málum. Það er enginn vafi á því að þar munu öll sjónarmið komast að. Hins vegar er það að lokum Alþingi sem þarf að taka ákvarðanir í þessu máli. Hér er einungis um undirbúningsstarf að ræða, en það er að sjálfsögðu Alþingi sem tekur lokaákvarðanir í þessum málum um framtíðarskipan. Ég fullvissa hv. þm. um að þar munu öll sjónarmið komast að og þar að auki munu öll sjónarmið komast að enn betur þegar málið kemur til meðferðar á hv. Alþingi.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Ég tel að frv. sem hér liggur fyrir hafi komið á mjög góðum tíma og það hafi verið rétt að hreyfa þessum málum, fá um þetta umræðu á hinu háa Alþingi, því það hefur verið allt of hljótt í þjóðfélaginu um stjórnun fiskveiða frá því að við áttum langar og strangar vökunætur fyrir hálfu öðru ári þegar við samþykktum kvótalögin um áramótin 1987–1988. (**KP:** Hvað segir hv. þm., „við samþykktum"?) Það var a.m.k. samþykkt frá hv. deild ef ég man rétt. Ég skal rifja það upp að ég greiddi atkvæði gegn kvótafrv., rétt er það hv. þm., ásamt fleirum.

En það er í hæsta máta tímabært að hreyfa þessu máli á nýjan leik og ég fagna þeirri umræðu sem hér hefur átt sér stað því að kvótakerfið er að mínu viti meingallað. Það sem er mjög áberandi er að kvótakerfið hefur ekkert reynst betur en t.d. gamla skrapdagakerfið sem var við lýði áður en við tókum upp nýja stjórn fiskveiða um áramótin 1983–1984.

Aðalástæðan fyrir því að taka upp kvótakerfi í sambandi við stjórnun fiskveiða var sú trú manna að með þeim hætti mundi ganga betur að halda niðri fjölda fiskiskipa og takmarka sóknargetuna og ekki síst var það trú manna, sem stóðu að því að setja á kvótakerfi, að með þeim hætti væri auðveldara að stýra fiskveiðum og vernda fiskistofnana. Ég held að það sé alveg ljóst að hvorugt þessara markmiða hefur náðst. Það hefur, ef eitthvað, gengið verr að takmarka sóknargetuna, fiskiskipastóllinn er allt of stór og sóknargetan er allt of mikil og því síður hefur tekist að beita verndunarsjónarmiðum, að passa upp á fiskistofnana, vernda hrygningarfiskinn og koma í veg fyrir smáfiskadráp. Ekkert af þessu hefur gengið eftir þannig að því miður verðum við að horfa til baka yfir kvótaárin sem tilraun sem hefur mistekist.

Kvótakerfið hefur haft margar slæmar afleiðingar sem þó voru ekki í gamla kerfinu, þ.e. skrapdagakerfinu. M.a. hefur kvótakerfið lokað þessa atvinnugrein algerlega af þannig að inn í hana komast engir nýliðar. Ungur maður sem ætlar að hasla sér völl í sjávarútvegi á í raun og veru enga möguleika á því. Hann getur í besta falli komið sér upp einhverjum smábát og farið út í smábátaútgerð, en það er afar erfitt ef ekki nánast ómögulegt fyrir ungan og duglegan mann sem vill hasla sér völl í sjávarútvegi að komast inn í kvótakerfið. Hvernig í ósköpunum ætti honum að auðnast að koma sér upp skipi sem hefur kvóta? Svo einfalt er það mál. Það er búið að úthluta kvótanum, skipta honum á milli þeirra útgerðarmanna sem nú eru í landinu og annaðhvort gengur þá þessi kvóti í erfðir eða hann safnast á fárra hendur og helst þannig.

Ég ræddi aðeins um verndunarsjónarmiðin sem mér hafa alltaf verið hugleikin. Ég hef haft töluverðan áhuga á því að þeim málum væri betur sinnt en verið hefur. Mér finnst með ólíkindum hvað við höfum staðið illa að verndun fiskistofnanna og hvað allar okkar aðgerðir í þeim efnum hafa verið ómarkvissar. Við höfum verið með svæðisbundnar lokanir. Það hefur verið um það að ræða að Hafrannsóknastofnun hefur haft heimildir, að vísu nokkuð takmarkaðar að mínum dómi, til að loka svæðum þar sem hrygningarfiskur hefur komið fram eða mikill smáfiskur. Þessar aðgerðir hafa því miður verið eins og ég segi ákaflega ómarkvissar og oft og tíðum má nánast jafna þeim við hálfgert kák. Ég held að hér þurfi að grípa til miklu stórtækari aðgerða. Ég held að við þurfum t.d. að hugleiða hvort ekki sé orðið tímabært að taka jafnvel upp svokallaða togveiðilandhelgi, þ.e. að dragnót og hvers konar togveiðar verði algerlega bannaðar innan einhvers svæðis frá ströndum landsins, jafnvel þriggja mílna svæðis eða svo, þar verði engar dragnóta- eða togveiðar leyfðar. Það hefur oft verið rætt um hugtakið togveiðilandhelgi og væri kannski ráð að hugleiða það í sambandi við verndun fiskistofnanna. Eins tel ég að Hafrannsóknastofnun eigi að hafa mun víðtækari heimildir til að loka mun stærri svæðum, jafnvel heilu flóunum og fjörðunum ef svo ber undir, til þess einmitt að byggja upp fiskistofnana og koma í veg fyrir ofnýtingu þeirra með þeim hætti sem við höfum séð á kvótaárunum. Það væri því kannski það þarfasta sem við gætum gert í sambandi við stjórn fiskveiða að endurskoða algerlega frá grunni með hvaða hætti við viljum vernda fiskistofnana, byggja þá betur upp og auka þannig veiðimöguleikana.

Fiskiskipastóllinn er of stór. Það eru allir sammála um það. Ég held að það nýmæli sem kemur fram í þessu frumvarpi sé afar athyglisvert, nefnilega að skrá sóknargetu fiskiskipa. Aðeins það eitt að það liggi fyrir í skipaskrá hver sé sóknargeta flotans í heild held ég að geti vakið menn til umhugsunar.

Nú skulum við t.d. gefa okkur að heimiluð sé veiði á 300.000 tonnum af þorski á einu ári. Það er ekki fjarri lagi að það sé það sem er verið að tala um þessa stundina. Síðan komi það í ljós samkvæmt skipaskrá að fiskiskipastóllinn sé þess megnugur að veiða 1200.000 tonn af þorski á ári. Það gæti kannski orðið til þess að hrista aðeins upp í hugum manna þannig að menn væru loksins reiðubúnir til að velta því fyrir sér: Hvert stefnum við? Hvert erum við að fara í okkar fiskveiðum? Þess vegna held ég að það sé mjög athyglisvert nýmæli sem kemur þarna fram í frumvarpinu og gæti orðið til þess að menn hugleiddu betur á hvaða leið við erum í sambandi við fiskveiðar okkar.

Ég er ekki í nokkrum vafa um að ef við gætum með einhverju móti fundið leið til að komast út úr kvótakerfinu mundum við fá miklu betri og markvissari stýringu á fiskveiðunum. Ég sé fyrir mér að við þurfum að halda áfram að setja heildaraflakvóta ársins hverju sinni. Ég held að það sé öllum ljóst. Hins vegar má kannski spyrja hvort ekki þurfi að ákveða heildaraflakvótann með öðrum aðferðum en hingað til hefur verið beitt, t.d. í nánara samráði við alla þá aðila sem eiga hagsmuna að gæta, þ.e. bæði í samráði við sjómennina sjálfa, í samráði við útgerðina og í samráði við fiskifræðingana og svo stjórnvöld. Síðan má íhuga hvort það þurfi ekki að taka upp svæðisbundinn aflakvóta. Við skulum segja að það sé búið að ákveða hámarksaflakvóta ársins á ákveðnum tegundum sjávardýra. Þá má velta því fyrir sér hvort ekki sé skynsamlegt og eðlilegt að skipta þeim hámarksaflakvóta milli árstíða og jafnvel milli landsvæða eftir því hvar er skynsamlegast að veiða hverju sinni. Það eru ýmsir möguleikar sem ég tel að séu ókannaðir í sambandi við stjórn fiskveiða hvað þetta atriði varðar.

Ég ætlaði ekki að tala lengi um þetta. Það er búið að fjalla ítarlega um frumvarpið og efnisatriði þess. Mig langar til að vekja nokkra athygli á þeim möguleikum sem við höfum horft fram hjá og ekki kært okkur um að nýta, en það eru fiskveiðar á fjarlægari fiskimiðum. Þess vegna var það kærkominn ljósgeisli hér í umræðunni um daginn þegar fyrir hinu háa Alþingi lá frumvarp til laga um að heimila skráningu á fiskiskipi sem er ætlað að stunda úthafsveiðar fjarri Íslandi, þ.e. nánast hinum megin á hnettinum. Þar er einmitt sú spurning sem ég hef oft velt fyrir mér: Gætum við Íslendingar ekki nýtt okkur fjarlæg fiskimið, aflað okkur veiðiheimilda t.d. við strendur Afríku, í Persaflóa, svo dæmi séu tekin, með hliðsjón af því að við erum með allt of stóran fiskiskipastól? Ég gæti best trúað því að okkur mundi ekkert muna um að setja saman flota upp á ein 50–60 togskip og halda með hann út í heim og reyna að nota hann til að veiða á fjarlægari fiskimiðum. Mér er fullkunnugt um að það er tiltölulega auðvelt að fá veiðiheimildir t.d. undan ströndum Marokkó þar sem eru mjög auðug, góð og gjöful fiskimið. Samkvæmt marokkóskum lögum má flytja inn fiskiskip sem eru allt að fimm ára gömul og það er hægt að fá heimild marokkóskra stjórnvalda til að setja upp útgerðarfyrirtæki þar í landi og reka fiskiskip, sem við mundum þá leggja fram til slíkrar útgerðar, allt að fimm ára gömul. Eins er hægt að fá fiskveiðiheimildir undan ströndum Sómalíu, svo dæmi séu tekin, og víða annars staðar.

Íslendingar hafa því miður einblínt á heimaslóðir og verið algerlega lokaðir fyrir þessum möguleikum sem ég tel miður með hliðsjón af því að við sitjum hér uppi, eins og ég sagði áðan, með kannski 50 eða 60 togskip sem mætti hreinlega leggja vegna þess að við höfum enga þörf fyrir þau. Þá væri athugandi hvort ekki væri hægt að fara með þau eitthvað út í heim og nota fiskveiðimöguleika annars staðar.

Þetta vildi ég sagt hafa og hef lokið máli mínu, herra forseti.

Karvel Pálmason:

Virðulegur forseti. Það væri freistandi undir þinglokin að taka góða rispu til að ræða stjórn fiskveiða eins og hún hefur gengið fyrir sig nokkur undanfarin

ár, þar með að rifja upp hvað gerðist í kringum áramótin 1987–1988 þegar hér voru settir á langir fundir til að afgreiða þau lög sem núna eru í gildi um þessi mál, lög sem eru trúlega að leiða til þess að allmörg fyrirtæki í fiskveiðum og fiskvinnslu standa orðið á brauðfótum. Það er enginn vafi á því. Fiskveiðistefnan hefur verið rekin hér með þeirri miðstýringu að einn einstaklingur, hvað sem hann heitir, ræður ferðinni í svo til öllum tilvikum. (**StG:** Ætli þetta sé ekki efnahagsstefnan?) Hvað segir hv. þm.? Er þetta efnahagsstefna, fiskveiðistefnan? (**StG:** Að setja fyrirtækin á hausinn.) Við skulum koma að því aðeins seinna. Ég hygg að það liggi fyrir núna að æðimörg fiskiskip munu vera búin með sinn kvóta þegar kemur fram yfir mitt sumar. Og hvað ætla menn þá að gera? Hvað þýðir það í raun? Það þýðir bullandi atvinnuleysi á hausti komanda verði haldið óbreyttri stefnu að því er varðar stjórnun fiskveiða. Þetta vitum við ósköp vel. Þetta vita þeir sem búa í sjávarþorpum og vita hver er grundvöllurinn að þjóðlífi Íslendinga, hver aflar verðmætanna, hver ber uppi þjóðfélagið. En það er engu líkara en þeir sem ferðinni hafa ráðið í þessum efnum hafi ekki gert sér grein fyrir þessu eða ekki viljað vita það.

Ég skal ekki, herra forseti, setja á langa tölu um þetta þó að það væri freistandi, en ég vildi rifja upp að ég a.m.k. er þeirrar skoðunar að gildandi fiskveiðistefna sé verulegur hluti af því vandamáli sem fiskveiðar og fiskvinnsla eiga við að glíma í landinu.

Ég ætla ekki að fara inn í efnislegar umræður um það frumvarp sem hér er nú til umræðu. Það er alltaf gott þegar frjóir menn setjast niður og hugsa og setja fram sjónarmið til umræðu og trúlega að einhverju leyti til eftirbreytni í þeim tilvikum sem menn telja að það geti gengið. Vissulega er það þörf umræða að ræða stjórn fiskveiða. Nú munu vera líklega þrjú ár í það að lögin *falli úr gildi* sem sett voru 1988. Er það ekki rétt? (Gripið fram í.) 1990, já. Þá leiðréttist það hér með. Ég hygg að það sé kominn tími til að huga að breytingu í þessum efnum og auðvitað eru allar tillögur ákjósanlegar inn í umræðuna um þessi mál því að það hvarflar ekki að mér, hversu sem mönnum hefur þótt þetta kvótakerfi gott sem við búum nú við, að menn láti sér detta í hug að framlengja það með *óbreyttum hætti eftir að þau lög sem núna eru í gildi* renna út. Slíkt væri glapræði. Þess vegna er umræða um þetta frv. og fjöldamörg önnur tilvik sem inn í þetta spila nauðsynleg og menn ættu oftar að ræða þessi mál hér á Alþingi vegna þess að það er auðvitað þetta sem við byggjum á. Við byggjum á að það sé hægt með eðlilegum hætti að stjórna fiskveiðum, en ekki í miðstýringu eins og hér hefur verið búið við allt frá 1984. Og enn versnaði ástandið með síðustu lagasetningu, enn verður að mismuna landsvæðum með þeirri lagasetningu, bæði að því er varðaði þorskveiði, rækjuveiði og grálúðuveiði.

Það er ósköp skiljanlegt að bæði útvegsmenn og sjómenn t.d. á Vestfjörðum láti í sér heyra þegar sá landshluti er skertur miklu meira í veiðum frá síðasta ári miðað við árið í ár en nokkurt annað landsvæði. Það er á þessu landsvæði þar sem fyrirtækin standa kannski hvað verst sum hver. Menn eiga kannski eftir að sjá þegar enn líður á árið frekar hvaða afleiðingar það hefur að halda þessari miðstýringu með mismunandi hætti eftir landshlutum, hegna þeim sem eiga að geta búið best að hlutunum en láta aðra njóta þeirra sem eiga miklu erfiðara með að nýta þá með skikkanlegum hætti.

Ég vænti þess að þær nefndir, sem ég hygg að séu margar, sem eru í gangi núna og eru að endurskoða lögin um stjórn fiskveiða komi sér saman um heilsteypt lög í áframhaldi af þeirri lagasmíð sem er í gildi núna. Ég er ekki með þessu að átelja sérstaklega hæstv. sjútvrh. Það er Alþingi sem hefur veitt honum þær heimildir sem hann fer eftir. En það er auðvitað óeðlilegt að einn einstaklingur geti haft slíka heimild í sínum höndum og miðstýrt öllu nánast eftir því sem honum dettur í hug. Það er óeðlilegt og þarf að koma í veg fyrir það.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu neitt að ráði, enda á ég víst ekki rétt til þess, ég er búinn að tala tvisvar í þessu máli, og aðeins benda á nokkur atriði.

Ég benti á í fyrri ræðum mínum hvernig þróunin hefði verið á undanförnum árum í sambandi við stöðu fiskistofna og hvað sú fiskveiðistjórn sem við höfum búið við á undanförnum árum hefði mistekist á marga vegu. Ég hef ekki heyrt neinn bera á móti því að svo sé. Menn halda því þó fram að það sé nauðsynlegt að halda sömu stefnu áfram, sem sagt að þó að kúrsinn sé rangur sé sjálfsagt að halda honum og hefðu það þótt einkennileg skipstjórnarfræði einhvern tíma.

En það sem kom mér fyrst og fremst til þess að koma upp í ræðustól var viðtal við einn af forustumönnum Sambands ísl. samvinnufélaga og Framsfl. sem er í Dagblaðinu í dag. Það getur varla verið ákveðnari dómur um þá stefnu í sjávarútvegs- og fiskveiðimálum sem við höfum búið við á undanförnum árum en yfirlýsing þessa forstjóra Sambandsins. (**KP:** Hver er sá?) Hann heitir Árni Benediktsson og kemur fram oftast nær þegar Sambandið þarf að kynna stefnu sína í sjávarútvegsmálum í fjölmiðlum og á fundum.

Fyrirsögnin í viðtalinu við Árna Benediktsson, framkvæmdastjóra Félags ísl. sambandsfiskframleiðenda, er þannig, með leyfi forseta:

„Nauðsynlegt er nú að loka 60–70 frystihúsum“ og öll greinin er samfelld yfirlýsing um að það verði að draga saman seglin í íslenskum sjávarútvegi. Þar sé allt á þann veg. Annaðhvort vanti afla í húsin eða að fiskvinnslufyrirtækin hafi á undanförnum árum farið svo illa út úr rekstri að þau séu órekstrarhæf vegna mikilla skulda.

Yfirlýsing Árna Benediktssonar er sem sagt á þann veg að sú stefna sem við höfum búið við í sjávarútvegs- og fiskveiðimálum á undanförnum árum hafi leitt af sér að nú þurfi að loka 60–70 frystihúsum. Við

heyrum svipaðar fullyrðingar, meira að segja í ræðustól í hv. Ed. Hv. 7. þm. Reykn. sagði áðan að það þyrfti að fækka í togaraflotanum. Ég man ekki alveg hvaða tölu hann nefndi. Mig minnir að hann hafi nefnt 30 togara eða svo. Lausnin, hvort sem það er hv. þm. Júlíusar Sólnes eða annarra sem eru að ræða um þessi mál, er meira og minna sú að til þess að mæta minnkandi fiskistofnum vegna rangrar fiskveiðistefnu skuli loka 60–70 frystihúsum eða minnka fiskiskipaflotann um 30–40 togara eða svo í staðinn fyrir að gera hluti sem eru á þann veg að við getum byggt upp fiskistofnana.

Þessa dagana hafa líka verið að berast mönnum í hendur ýmsar skýrslur og yfirlýsingar frá opinberum stofnunum, Byggðastofnun, Þjóðhagsstofnun og öðrum slíkum. Verslunarráð er að halda fund núna og þar er að koma ein yfirlýsingin um hvernig ástandið sé. Allar eru yfirlýsingarnar á eina bók lærðar. Sjávarútvegur á Íslandi er rekinn með halla og einnig að það blasi við í ár að það verði minnkandi sjávarafli ef staðið verði við þau mörk í þorskveiðikvótanum sem ákveðin hafa verið. Svo koma jafnvel upp í ræðustól og á fundum á ýmsum stöðum spekingar sem eru alveg vissir um að það sé alveg nauðsynlegt að halda sömu stefnu áfram.

Ég þakka hv. 4. þm. Vestf. fyrir að hafa hreyft þessu máli í hv. deild. Það sýnir hvað mikið er um að vera í sambandi við það að leita nýrra leiða í íslenskum sjávarútvegi á hv. Alþingi að í lok þessarar umræðu þegar því máli sem við erum að ræða hér verður vísað til hv. sjútvn. þessarar deildar mun það líkast til verða fyrsta málið á þessu þingi sem er vísað til nefndarinnar. Það er annað mál í umræðu í deildinni reyndar líka. Ég geri ráð fyrir að þessu máli verði vísað fyrst til nefndarinnar. En umfjöllun um sjávarútveg hefur ekki verið meiri á hv. Alþingi í vetur en svo að í lok þingsins, á síðustu dögum þingsins er verið að vísa fyrsta málinu til sjútvn. þingsins. Þannig er málum háttað. (**GHG:** Er ekki allt í góðu standi í sjávarútveginum?) Nei. Því er nú ver og miður. Þeir sem haldið hafa og staðið hafa að stefnunni á undanförnum árum og eins og hún er og halda áfram að mæla henni bót eru ábyrgir fyrir því hvernig hlutirnir standa nú.

Ég var að benda hv. þm. á að í Dagblaðinu í dag er viðtal við einn af forustumönnum Sambands ísl. samvinnufélaga, Árna Benediktsson framkvæmdastjóra, þar sem hann lýsir því yfir að lausnin til þess að halda áfram sjávarútvegi á Íslandi eða fiskvinnslu sé að loka 60–70 frystihúsum. Slík er reisnin. Slíkur er afrakstur af stefnu fyrri ríkisstjórna. Þetta er niðurstaðan og afleiðingin af útkomu þessara fyrirtækja síðasta ár. Ég get svo sem alveg tekið undir að það hefur ekki batnað mikið. Samt eru hlutirnir heldur skárri en þeir voru í fyrra. Það vantar nokkuð á að þeir séu góðir. Og ekki síst þegar haldið er áfram þeirri fiskveiðistefnu sem við búum við. Haldið er áfram að ganga í smáfiskinn, sjá til þess að enginn fiskur vaxi helst upp í hrygningarstærð. Ekki gerðar neinar ráðstafanir til að byggja upp þann fiskistofn sem við byggjum fyrst og fremst á, þorskinn. Kostnaður fyrirtækja eykst í staðinn fyrir að hann átti að minnka. Öll stefnan, hvort sem það er fjárhagsstefnan í sjávarútvegsmálum eða fiskveiðistefnan, hefur verið á þann veg að það er verið að grafa undan sjávarútvegi og fiskvinnslu á Íslandi og þær fréttir sem við erum að fá í dag um afkomu fyrirtækja á síðasta ári staðfesta að stefnan á undanförnum árum hefur verið röng og sú stefna sem við höldum áfram enn er líka röng. Það eru ákveðnir þættir sem hafa verið gerðir á undanförnum mánuðum sem hafa hjálpað til að halda á floti, en það hefur engin grundvallarbreyting átt sér stað. Það skal ég þó ekki með glöðu geði staðfesta.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Í sambandi við það frv. sem er til umræðu er það rétt að hér er hreyft við mjög miklu máli sem er það hvort við Íslendingar ætlum að búa við kvótakerfi eða ekki. Ég get fyrir mitt leyti sagt að ég hef verið þeirrar skoðunar frá upphafi þessarar framkvæmdar í sambandi við kvótann að það væri æskilegast og nauðsynlegt að reyna að komast frá kvótakerfinu. Ég vísa til minna orða fyrr um þessi mál í því efni. En því miður hafa mál þróast með þeim hætti síðustu árin að á grundvelli þeirra vísindarannsókna sem fiskifræðingar hafa framkvæmt höfum við þingmenn orðið að beygja okkur fyrir þeirri staðreynd að a.m.k. í bili höfum við þurft að taka afstöðu til þess að búa við það kvótakerfi sem við höfum núna búið við síðan 1983. (Gripið fram í.) Það byrjaði 1. jan. 1984. Það var staðfest með lögum 1983 og kom til framkvæmda 1. jan. 1984.

Ég get tekið undir að það er nauðsynlegt að skoða þetta í ljósi reynslunnar og vil víkja að orðum hv. þm. Skúla Alexanderssonar hér á eftir um það. Það er kapítuli út af fyrir sig hvernig hann hefur haldið á málum eða réttara sagt ekki haldið á málum. Það hefur illa til tekist hjá hv. þm. að hann skuli vera einn aðalstuðningsmaður, raunverulega lykilmaður ríkisstjórnarinnar í Ed. hins háa Alþingis á sama tíma sem hann er að fordæma þá stefnu, útfærslu á kvótanum sem hér er til umræðu.

Ég vil þess vegna taka skýrt fram að ég tel að ýmsu leyti þarft verk að leggja fram nýjar hugmyndir um hvernig eigi að leysa þann vanda að komast út úr kvótakerfinu. Ég er hins vegar ekki alveg sannfærður um að það sé fullkomlega tímabært, alla vega hefði ég talið æskilegra að sú vinna sem nú er unnin í sérstökum nefndum á grundvelli þeirra laga sem nú gilda um kvótann, að þáð álit og þær athuganir sem þessar nefndir hafa verið að vinna að sl. vetur hefðu legið fyrir hinu háa Alþingi einmitt þegar umfjöllun um frv. fer fram.

Vonandi verða þessar skýrslur og athuganir og tillögur fyrirliggjandi þegar þing kemur saman í haust, en hvað sem því líður tel ég að það sé að ýmsu leyti þarft verk að þetta frv. skuli hafa komið fram.

En það sem ég vildi ræða sérstaklega, virðulegi forseti, er atriði sem hv. þm. Skúli Alexandersson kemur inn á og fleiri þingmenn hafa gert undanfarið.

Við stjórnarandstæðingar, sjálfstæðismenn sérstaklega, höfum bent á að sú stefna sem hæstv. ríkisstjórn nú hefur í þessum málum leiðir til glötunar. Við erum margsinnis búnir að benda á að sú stefna, sem hv. þm. Skúli Alexandersson og Karvel Pálmason vilja fyrst og fremst hengja og þrengja niður í ákveðin atriði, á sér miklu, miklu dýpri rætur en það sé hægt að einfalda málið með þeim hætti sem þeir hafa gert. Það sem er grundvallaratriði að gera sér grein fyrir er að vorið 1988 var okkur ljóst, þáv. stjórnarstuðningsmönnum flestum, að það þyrfti að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að styrkja stöðu útflutningsatvinnuveganna, sérstaklega stöðu sjávarútvegs og fiskiðnaðar. Sjálfstfl. var með hugmyndir þá þegar, vorið 1988, um hvernig bæri að leysa þennan vanda. Þær hugmyndir fengu ekki hljómgrunn, sérstaklega hjá Alþfl. sem lagðist gegn þeim lausnum sem sjálfstæðismenn og framsóknarmenn vildu framkvæma vorið 1988. Þetta er kjarni málsins. Okkar tillögur byggðust m.a. á því að þá yrði að leiðrétta gengið strax með viðeigandi hliðarráðstöfunum. Þetta náði ekki fram að ganga. Síðan leið sumarið 1988 og komið var í — ég vil ekki segja algert óefni en í enn meira óefni haustið 1988. Þá varð aftur ágreiningur um hvernig ætti að reyna að leysa þetta grundvallarvandamál í íslensku atvinnu- og efnahagslífi sem er að koma sjávarútvegi og fiskiðnaði á réttan grundvöll. Það tókst ekki. Tillögur okkar sjálfstæðismanna voru lagðar til hliðar. Hins vegar lofuðu núverandi stjórnarflokkar því að þeir mundu koma með tillögur og aðgerðir sem mundu duga til að koma þessum grundvallaratvinnuvegi á réttan kjöl.

Maður hlýtur að gera ráð fyrir að þegar menn taka afstöðu til stjórnarmyndunar eins og hv. þm. hafa gert, Skúli Alexandersson og Karvel Pálmason, taki þeir fleiri atriði inn í myndina en aðeins þau sem voru til umræðu haustið 1988. Á ég þar sérstaklega við það atriði sem þeir deila hvað harðast á, sérstaklega hv. þm. Skúli Alexandersson, að stefnan í sjávarútvegsmálum sé röng, hún grafi undan sjávarútveginum, hún hafi verið röng í mörg ár. (**KP:** Það er rétt, allt saman rétt.) Allt saman rétt, segir hv. þm. Karvel Pálmason, og hér er staddur gestur í deildinni, hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, og tekur undir þetta. Ég býð hann velkominn í deildina til að vera hér áheyrnarfulltrúi. En ég spyr og sleppum öllum gamanmálum: Er ekki meiri alvara í því sem þið eruð að gera, ágætu þingmenn, en það að þið getið látið heilt ár líða án þess að grípa til gagnráðstafana til að tryggja að þessi ranga stefna í sjávarútvegsmálum sé ekki framkvæmd lengur? Þetta er ekkert gamanmál fyrir þá sem bera ábyrgð á rekstri fyrirtækjanna. Það getur verið gamanmál í þingsölum. Þingmenn geta kastað því á milli sín eins og bolta og kennt svo öðrum um. En það er ekkert gamanmál. Það er nefnilega alvarlegt mál þegar þingmaður segir eins og hv. þm. Skúli Alexandersson sagði áðan: Stefnan hefur verið röng og er enn röng. (Gripið fram í.) Sjálfstfl. er ekki við stjórn í landinu í dag. Þeir sem hafa tekið völdin með þeim hætti sem hv. þm. Alþb. gerðu sl. haust höfðu þann möguleika sérstaklega að mynda ekki ríkisstjórn nema þetta væri leiðrétt. Hvers vegna var þessi krafa ekki lögð fram með þeim þunga sem kemur fram í ræðu hv. þm. Skúla Alexanderssonar? Og ég vek einnig athygli á því að þar talar sá maður í þingflokki Alþb. sem þekkir langsamlega best til sjávarútvegs og fiskiðnaðar. Eru orð hans ekki marktæk í Alþb.? Tekur Alþb. ekki mark á því sem þessi maður með þá miklu reynslu sem hann hefur í þessum málum er að segja um stöðu sjávarútvegs og fiskiðnaðar eða er verið að leika einhvern skollaleik eða er hv. þm. borinn ofurliði? Og ætlar hann að horfa upp á að þessi ranga stefna verði framkvæmd áfram?

En ég skal koma að því að það er alveg rétt hjá hv. þm. að stefnan í sjávarútvegs- og fiskiðnaðarmálum er röng, en ekki bara í sambandi við kvótann út af fyrir sig. Kvóti út af fyrir sig er afbrigðilegt atriði sem við því miður höfum þurft að undirgangast og taka þátt í um tíma. En það eru önnur atriði sem skiptir ekki síður máli að gera sér grein fyrir þegar verið er að fjalla um stöðu sjávarútvegs og kvótann sem tengist frv. sem hér er til umræðu. Það er að gera sér grein fyrir því: Hvernig hefur „strúktúrinn" breyst í sjávarútvegi á Íslandi á undangengnum árum? Þá verða menn að fara aftur til þess tíma þegar þessir „ágætu" flokkar þrír, Alþfl., Alþb. og Framsfl., komust til valda um og fyrir 1980. Þar er upphafið að þeim miklu erfiðleikum sem íslenskur hraðfrystiiðnaður á við að etja, sérstaklega í sambandi við það þegar talað er um offjárfestinguna í hraðfrystihúsunum. En það er hægt að bæta því við: þangað er hægt að rekja offjárfestinguna í útgerðinni og skal ég fara nokkrum orðum um það. Þar er hluti af því vandamáli og kannski meginvandamálið.

Það er upphaf þessa máls þegar þessir þrír flokkar fóru með völdin, þegar þessir þrír flokkar höfðu forgöngu um það sérstaklega að fjölga togurum úr 70 og þeir eru núna orðnir 116. Þetta eru afkastamikil fiskiskip. Á sama tíma er verið að beina miklu fjármagni í að byggja upp ný frystihús, endurnýja gömul frystihús. Í tengslum við þetta, hv. þm., verða menn að skoða það sem hér er til umræðu. Það kannski skiptir ekki máli fyrir hv. þm. að ræða þetta svona. Og þá kem ég að þessu með „strúktúrinn". Ef við lítum á þá „strúktúr"breytingu sem verður í íslenskum sjávarútvegi og fiskeldi áður en kvótinn kemur til skjalanna en kemur sérstaklega í ljós með mjög neikvæðum afleiðingum við þá þröngu stöðu þegar farið er að setja kvótann á, þá kemur í ljós að við vorum þegar, þ.e. íslenska þjóðin, búin að binda það mikið fjármagn í hraðfrystiiðnaðinum í landi að við þær breytingar sem verða þegar kvótinn kemur og við þær breytingar sem síðar hafa orðið í sambandi við samsetningu fiskiskipaflotans er það borin von miðað við kvótafyrirkomulagið að sú stefna í heild í sjávarútvegi og fiskiðnaði geti staðist. Það er það sem hv. þm. Skúli Alexandersson er að tala um þegar hann er að tala um ranga stefnu í sjávarútvegi og fiskiðnaði. Það er ekki bara tengt kvótanum.

Þær áherslubreytingar sem urðu um 1980 með þar af leiðandi fjárfestingum sem síðan hafa reynst fyrirtækjunum mjög erfiðar vegna þeirra breytinga sem verða eftir að kvótinn kemur 1984, þær áherslubreytingar sem verða í veiðunum og þær breytingar sem verða úti á mörkuðunum hafa m.a. leitt til þeirrar hörmulegu og neikvæðu niðurstöðu sem við erum að fjalla um þegar við erum að tala um erfiða stöðu fiskvinnslunnar, sérstaklega hraðfrystiiðnaðarins. Þetta veit ég að hv. þm. sem þekkja til málanna, eins og hv. þm. Skúli Alexandersson gerir og einnig hv. þm. Karvel Pálmason, viðurkenna og það er þetta sem raunverulega er verið að deila á. Þá kemur spurningin enn þá: Hvers vegna hafa þessir hv. þm. ekki í þeirri sterku stöðu sem þeir eru í knúð það í gegn í því stjórnarsamstarfi sem þeir eru núna að breyta um stefnu og áherslur? Við skulum skoða það nokkru nánar.

Ef við tökum þorskfiska er afli upp úr sjó miðað við kvóta rúmlega 600 þús. smálestir, þorskur, ýsa, ufsi, karfi o.s.frv. Ef við skoðum hvernig breytingin hefur orðið í nýtingu þessa afla frá því kvótinn kom til skjalanna í ársbyrjun 1984 má í stórum dráttum segja að stærri og stærri hluti aflans fer fram hjá vinnslunni í landi og beint út lítið unninn eða ekkert unninn á hina erlendu markaði. Þetta gerir að verkum að hraðfrystihúsin fá minna hráefni til vinnslu í landi á sama tíma sem þau höfðu stofnað til mikilla fjárfestinga og hafa þar af leiðandi mjög mikinn fjármagnskostnað í minni framleiðslu.

Við skulum líta á árið 1988 og sjá hvað gerðist. Ef ég man rétt voru þorskfisktegundir upp úr sjó sem Íslendingar veiddu um 640 þús. smálestir. Af þessum 640 þús. smálestum fóru 110 þús., nánar tiltekið 109 þús. smálestir, út á markaði í Vestur-Evrópu í fersku ástandi, ýmist með fiskiskipum eða flutt út í gámum. Og hvaða fisktegundir eru það einkum sem eru fluttar út í þessu ísaða og ferska ástandi? Það eru verðmætustu tegundirnar í vinnslunni. Það er þorskurinn og það er ýsan sérstaklega. Ekki fer þetta magn til vinnslu í hraðfrystihúsum í landi.

Þar við bætist að árið 1988 fóru tæplega 60 þús. smálestir af fiski svo til beint í gegnum umskipanir hérlendis úr frystitogurum, fryst um borð. Ekki fer þessi hluti aflans í vinnslu í landi. Hér erum við að tala um hvorki meira né minna en tæplega ⅓ hluta af heildaraflanum sem fer fram hjá vinnslustöðvunum í landi árið 1988 óunninn til útlanda. Þetta hefur sín áhrif á heildarútkomu vinnslunnar.

Hv. þm. Skúli Alexandersson hristir höfuðið. Ég held að hann ætti að koma til Vestmannaeyja og sjá hvernig fiskurinn hvarf frá vinnslunni, frá frystihúsunum og beint inn í gámana. Hv. þm. veit að þannig var það og hefur verið. Ef það skiptir engu máli hvort maður fær hráefnið til vinnslu í iðnfyrirtæki eða frystihúsi kann ég ekki að leggja saman einn og einn og fá út tvo, ef hv. þm. heldur það að frystihús beri sig ekki betur eftir því sem það fær meiri fisk í vinnslu við réttar aðstæður, og þá hlýtur afkoman að vera betri og meira til þess að borga fjármagnskostnaðinn. En það hentar ekki hv. þm. að ræða þetta eins og það kemur út í raunveruleikanum. Það er miklu skemmtilegra að vera á pólitískum framboðsfundum og tala í almennum orðum þannig að menn þurfi ekki að standa við eitt eða neitt sem þeir segja og þurfi ekki að tala á grundvelli raunverulegra staðreynda. Það vill svo til að sá sem hér talar hefur fjallað um þessar tölur á öðrum vettvangi og ég veit alveg um hvað ég er að tala. (**SkA:** Það eru fleiri.) Ja, hv. þm. hefur ekki komið með þessar tölur inn í umræðuna. Þeir hafa ekki komið með þær inn í umræðuna, en samkvæmt núverandi stefnu ríkisstjórnarinnar í sambandi við útfærslu á sjávarútvegi og fiskiðnaði fara tæplega 200 þús. tonn óunnin beint fram hjá landinu inn á hina erlendu markaði. Að vísu fá togararnir og þeir sem flytja út ísfisk í gámum ágætt fyrir það sem þeir flytja út, en vinnsluvirðið er ekki eins hátt fyrir þjóðarbúið. Ekki fær verkakonan í frystihúsinu laun fyrir þann fisk sem ekki kemur á land og er unninn í húsinu. Það er vinnsluvirðið, hv. þm., sem skiptir mestu máli þegar maður er að tala um heildarniðurstöðu og heildarstefnu sjávarútvegs og fiskiðnaðar á Íslandi en ekki einstök atriði eða dæmi.

Þá kem ég að hinu atriðinu. (**KP:** Allt fer þetta saman.) Ja, kannski hv. þm. sé ánægður með að enginn fiskur fari á land á Vestfjörðum og allt yrði flutt út í gámum. Kannski hv. þm. vildi það. Kannski hv. þm. vildi að gámaskipin sigldu til Ísafjarðar og flyttu allan fisk út óunninn, ísaðan til Evrópu eða á aðra markaði. Ég er ekki viss um að kjósendur hans yrðu eins ánægðir með niðurstöðuna ef það yrði gert. (**KP:** Það er engin ástæða fyrir hv. þm. að hafa áhyggjur af mínum kjósendum.) Jú, hv. þm. Það er nefnilega full ástæða til þess að hafa áhyggjur af þínum kjósendum vegna þess að kjósendur hv. þm. eru verkafólkið og verkakonurnar og aðrir sem vinna við fiskiðnaðinn á Vestfjörðum. Það er áhyggjuefni hvað er að gerast og hvernig þróunin er í sambandi við fiskvinnsluna í landinu og það er ekki hægt að kenna fjármagnskostnaðinum einum út af fyrir sig um það. Það er hægt að kenna því um, eins og hv. þm. Skúli Alexandersson var að tala um, að hér hefur verið röng stefna í sjávarútvegs- og fiskiðnaðarmálum í það heila tekið. (**KP:** Hversu lengi?) Ég vakti athygli hv. þm. á því að það byrjaði upp úr 1978 og 1979 þegar þessir þrír flokkar, sem telja sig félagshyggjuflokka og vinstri flokka, tóku völdin á Íslandi. Þar hófst sú stefna sem hv. þm. Skúli Alexandersson fordæmir hvað mest í ræðum.

Ég er, hæstv. sjútvrh., að rekja það vegna þess að einn af stuðningsmönnum stjórnarinnar réðist mjög harkalega á stefnu núv. ríkisstjórnar í sjávarútvegsmálum. Hann sagði m.a. að hún væri að grafa undan sjávarútvegi, stefnan hefði verið röng og væri enn röng. En hann vildi fyrst og fremst kenna kvótanum um það. Ég gat ekki alveg fallist á að ræða þetta í svo þröngri merkingu þannig að ég fór að ræða þetta í víðara samhengi og er kominn í miðja ræðu í því efni. Ég vildi aðeins láta hæstv. ráðherra vita þetta svo að hann skildi forsögu þess máls sem hér er til umræðu.

En það sem virðist vera mjög óþægilegt fyrir hv. stuðningsmann ríkisstjórnarinnar Skúla Alexandersson, svo að hæstv. ráðherra viti það, og virðist valda honum miklum óþægindum er að hann skuli ekki geta hengt þetta allt saman, vandamál sjávarútvegsins og fiskiðnaðar, á kvótann. (**SkA:** Og Sjálfstfl.) Það var einkum þetta með kvótann þannig að ég taldi það skyldu mína að upplýsa hv. þm. og fleiri um að þetta væri miklu stærra mál sem tengdist m.a. því hvaða stefna var upp tekin fyrir nokkrum árum, þ.e. á árunum 1978, 1979 og 1980 þegar Alþfl. og Alþb. fóru að hafa meiri afskipti af þessum málum. Ég gagnrýndi að vísu Framsfl. nokkuð líka fyrir það hvernig hann notfærði sér veikleika þessara tveggja flokka og lét fjárfesta of mikið, í of mörgum fiskiskipum. Í stað þess að beina fjármagni í það að efla þau frystihús t.d. sem þá voru þegar fyrir hendi, þá hefur Framsfl. ekki gætt þess sem skyldi að dreifa ekki fjármagninu eins og hann gerði með þar af leiðandi röngum áherslum og þeim áherslum, sem við stöndum frammi fyrir, að það eru stór frystihús með of lítið hráefni sem gerir að verkum að eftir því sem vinnslan er minni og nýtingin lakari er fjármagnskostnaðurinn þyngri. Ég var að reyna að upplýsa hv. þm. um að þarna væri samhengi á milli líka.

En svo kom ég inn á það, sem ég held ég að sé nauðsynlegt að hæstv. ráðherra fái að heyra, að þegar menn eru að tala um kvótann verður að hafa í huga hvernig á að reyna að nýta hann. Það er svo þýðingarmikið að ræða það sérstaklega þegar maður ræðir um erfiðleika frystihúsanna að ég verð að vekja athygli hv. þm. á því að árið 1988 má áætla að af rúmlega 640 þús. tonnum sem komu úr sjó af þorskfiskum eða eitthvað svoleiðis, þ.e. þorsk, ufsa, ýsu, karfa o.fl., fóru um það bil 110 þús. beint ferskt og ísað á Vestur-Evrópumarkaði, einkum smáýsa fór í flugvélum til Ameríku af þessu. Ef maður áætlar að þessir 20–30 frystitogarar hafi fryst um borð og aflað við skulum segja 50–60 þús. smálestir er maður að tala þarna um 170–180 þús. smálestir af þessum rúmlega 600 þús. smálestum. Það er það sem er þá til skiptanna í aðrar vinnslugreinar, í frystingu, salt o.s.frv. Þeir sem til þekkja vita, ef við tökum bara ferska fiskinn og ísaða fiskinn, að fyrir fimm árum voru það ekki nema 40–50 þúsund tonn sem fóru í þessu ástandi til útlanda. Þar er mikill munur á. Annars hefði þetta farið beint í frystinguna eða í saltfiskinn. Sá fiskur sem er frystur um borð fer ekki í vinnslu í landi og það gerir enn erfiðara að nýta þau tæki sem var verið að fjárfesta í tímabilið 1979–1989, á síðasta áratug. Þarna vorum við komnir í umræðunni.

En ég ætla einnig að ræða það við hv. þm. að á sama tíma sem menn eru að ræða um veiðarnar, kvótann og vinnsluna verða menn að hafa í huga þau atriði sem lúta að mörkuðum. Síðan er alveg nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því efnahagsumhverfi sem þessi atvinnugrein á að starfa í. Það þýðir ekki að taka kvótann út og segja: Hann er vondur. Hæstv. sjútvrh. núv. er allt að kenna. Þetta er mörgum, mörgum fleiri að kenna. (Gripið fram í.) Hæstv. ráðherra ber ábyrgð á þessu atriði. (**SkA:** Ég nefndi líka Sjálfstfl.) Hæstv. ráðherra ber ábyrgð á útfærslu sjávarútvegsmála á Íslandi. (Gripið fram í.) Er hv. þm. að draga í land? (**SkA:** Nei, nei.)

Þá skulum við víkja örlítið að markaðsmálum. Ég held að það sé nauðsynlegt að fjalla meira og betur um þetta. Hér er um meginmál að ræða sem er þetta kvótafrv. og allt sem er því tengt. Tökum markaðina. Það verður að skoða það í samhengi við veiðar og sölu og þar lendir vinnslan á milli og það efnahagsumhverfi sem menn eru að reyna að skapa. Það er einmitt í þessu efnahagslega umhverfi sem vinstri flokkunum hefur gersamlega mistekist að gera sér grein fyrir hvernig á að standa að málum og hvernig á að breyta því. Ég rakti það mjög ítarlega í upphafi míns máls áðan hvernig Alþfl. brást alveg sérstaklega á sl. ári þegar ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar var við völd. Ég rakti alveg sérstaklega hvernig þeir brugðust, hvernig þeir komu í veg fyrir að Sjálfstfl., og ég skal taka Framsfl. með, leystu þennan vanda vorið 1988. Það stóð ekki á Framsfl. að taka þátt í þeim ráðstöfunum og tillögum sem Sjálfstfl. var með. Ég rakti einnig hvernig sami flokkur, ég segi því miður, þetta er nú gamli samstarfsaðilinn úr viðreisnarsamstarfinu sem reyndist okkur öllum vel, brást aftur haustið 1988 og ég rakti það og minnti á það að þegar núv. ríkisstjórn var mynduð lofaði hún að leysa vanda sjávarútvegs og fiskiðnaðar. Hún hefur ekki gert það. Hún hefur aukið á vandann. Hann er enn meiri, enn verri en hann var haustið 1988 og var hann samt nógu vondur þá.

En svo að ég víki nánar að mörkuðunum til að skýra betur að það er ekki hægt að tala eins og gert hefur verið í sambandi við kvótann og fiskveiðarnar og reynt er að kenna ákveðnum aðilum sérstaklega um það og ég er ekkert að tala um einstaka flokka né einstaka menn. Sjálfstfl. axlar sína ábyrgð í þessum efnum eins og aðrir flokkar. En hann vill gera betur. Hann vill leiðrétta hafi honum orðið á mistök. Það vill hann leiðrétta, enda er þjóðin búin að gera sér grein fyrir því að Sjálfstfl. er best treystandi til þess. Það hafa skoðanakannanir sýnt. (Gripið fram í.) Ég veit að hv. þm. Skúli Alexandersson þekkir ekki mjög vel til mála á Reykjavíkursvæðinu. Hann umgengst almenning ekki mikið hér eins og við gerum sem erum af svæðinu. Ég þarf ekkert að ítreka það. (Gripið fram í.) Ég skil að virðulegur forseti reynir nú að þagga niður í þessum stjórnarstuðningsmönnum sem þola ekki að heyra sannleikann.

Það er nauðsynlegt í þessu samhengi að skoða hvaða breytingar urðu á mörkuðunum sem höfðu þau áhrif að útfærsla þeirrar stefnu sem við stóðum að sem samþykktum kvótann á sínum tíma ... (Gripið fram í.) Ég gerði það, hv. þm. Ég gerði það síðar. Ég er að tala um núverandi kvóta. Það voru fleiri atriði sem menn þurfa að hafa í huga en þau sem hv. þm. kom inn á og þar kem ég sérstaklega inn á markaðsmálin og einnig inn á það efnahagsumhverfi sem núv. stjórnarflokkum hefur ekki tekist að breyta til hins betra fyrir þessa verksmiðjugrein og við

fengum því miður ekki svigrúm til að breyta sl. haust vegna þess að Alþb. þurfti að komast til valda með þeim hörmulegu afleiðingum sem við horfum upp á í dag. Það er ekki bara í þessu máli. Það er hægt að ræða um önnur mál sem eru miklu alvarlegri og ég mun gera það á eftir vegna þess að það snertir sjávarútvegsmálin. Það er í sambandi við fiskeldið og það verkfall sem núna stendur yfir og þessir flokkar hafa ekki leyst. Til hvers halda menn að þeir hafi völd í landinu? Þeir hafa þau til þess að leysa vandamálin og hjálpa fólkinu til að ná sátt en ekki efna til átaka og illinda og ekki að halda þannig á málum að fólk vilji ekki semja við þá. Eins og málum er háttað nú eru hundruð og þúsundir manna sem vildu semja við ríkisstjórnina um sín kjör og sína stöðu. Þetta fólk fær ekki samninga vegna þess að það hefur ekki umgengist með réttum hætti frá því að samningaviðræður hófust. Það þarf að sýna skilning og umburðarlyndi þegar menn eru að reyna að semja um kaup og kjör og stöðu fólks. (Gripið fram í.) Það stendur ekki á því, hv. þm. Eiður Guðnason, að hinn almenni launamaður hafi skilning á því að hann vilji semja um sína stöðu þannig að hann geti lifað og starfað í landinu eins og hv. þm. vilja gera. (**SkA:** Þetta hefði Sjálfstfl. átt að vita fyrir nokkrum árum.) Ég vil bara minna hv. þm. Skúla Alexandersson á að það hefur aldrei komið og kom aldrei fyrir á meðan Sjálfstfl. var við völd að verkfall þeirrar tegundar sem þjóðin horfir upp á í dag væri í landinu. Það hefur aldrei skeð fyrir. Nei, aldrei. (Gripið fram í.) Nei. Ég bið hv. þm. þá að koma upp á eftir og nefna slík verkföll.

En það varðar annan þátt útvegsmála sem er fiskeldi. Ég mun víkja að því á eftir. (**StG:** Fiskeldi?) Fiskeldi, já. Ég ætla að víkja að því hvernig þessari hæstv. ríkisstjórn hefur gersamlega mistekist að halda þannig á málum að fólk búi við afkomuöryggi og atvinnuvegirnir gangi með eðlilegum hætti. En markaðina þarf að skoða líka þegar verið er að ræða um kvótann. Það þarf að skoða hver er markaðsstaðan. Hvaða áhrif hefur hún á nýtingu kvótans? Hvaða áhrif hafa markaðirnir á möguleika einstakra vinnslugreina? Það verður að skoða þetta allt í samhengi. Það er ekki hægt að taka út einn og einn þátt og segja eins og sagt var áðan. Menn verða að skilgreina þá hvað felst í rangri stefnu í sjávarútvegsmálum í það heila tekið. Ég vek athygli hv. þm. á því að það var stjórnarstuðningsmaður sem vakti sérstaka athygli á því að það hefur verið röng sjávarútvegsstefna á Íslandi í mörg ár. Hvern er hv. þm. sérstaklega að gagnrýna? Hann er að gagnrýna þann mann sem ég mundi segja að væri eini þungavigtarmaðurinn í þessari hæstv. ríkisstjórn. Ég er ekki að verja hann út af fyrir sig. Ég vil bara að málin séu rædd í réttu samhengi og öll málsatvik séu tekin inn í myndina þannig að menn geti gert sér grein fyrir því hvernig á að breyta rangri stefnu í rétta. En það er ekki von að hv. þm. sem koma úr röðum alþýðubandalagsmanna og Alþfl. vilji ræða þetta í þessu samhengi. Það viljum við sjálfstæðismenn. Við viljum nálgast umræðuna á málefnalegum grundvelli.

Þetta með markaðina, sem hefur haft mikil áhrif á það hvernig kvótarnir væru nýttir vegna þess að það skiptir höfuðmáli að þeir sem eru við veiðarnar fái sem mest fyrir sitt erfiði, er grundvallaratriði og grundvallarstaðreynd. Það skiptir höfuðmáli fyrir íslenska þjóð að fiskimennirnir beri það úr býtum sem mögulegt er og það sé hægt að hámarka þeirra tekjur. Um þetta eru allir sammála.

Það sem gerðist og hefur gerst á undangengnum árum er að á sama tíma sem þessi mikla fjárfesting verður í landi í fiskiðnaðinum, á sama tíma sem við þurfum að búa við þrengri kvóta breytast allar markaðsaðstæður. Þær breytast þannig í stórum dráttum að það má segja að markaðir fyrir frystar afurðir hafi verið í hámarki eiginlega fram til ársins 1987. Þá var verð mjög hátt í stórum dráttum á frystum sjávarafurðum á þeim mörkuðum sem helst keyptu frystar sjávarafurðir og borguðu í dollurum, þ.e. þá var dollarinn mjög sterkur en þeir markaðir sem við seldum helst til voru dollaramarkaðir. Þetta var mjög hagkvæmt. En það sem gerist er að dollarinn veikist mjög mikið á sama tíma sem aðrir gjaldmiðlar eins og þýska markið og sterlingspundið styrkjast verulega.

Það gerðist einnig um sömu mundir að það verður ég segi ekki fiskþurrð í Norðursjónum, en a.m.k. fiskimið nálægari Vestur-Evrópu urðu mun lélegri en áður var. Það kom minni fiskur upp úr sjó í Norðursjónum og á helstu fiskimiðum kringum Bretlandseyjar. Það þýddi að eftirspurn eftir ferskum fiski jókst mjög mikið. Þetta vitum við allir. Þar af leiðir að sjómenn og fiskimenn vildu beina því sem mest inn á markaði sem gáfu hátt verð, enda kom það vel út fyrir útgerðina. Einnig gerist það að saltfiskur hækkar verulega í verði. Allt hefur þetta hliðaráhrif á stöðu frystihúsanna í landi. Síðan bætist við að frystitogurum fjölgar þannig að það magn sem fer á land til vinnslu minnkar enn frekar.

Þetta eru þau atriði sem mér finnst að menn verði að taka með þegar verið er að ræða um stefnuna í fiskiðnaðar- og sjávarútvegsmálum og eru að ræða kvótann.

Á sama tíma gerist það, virðulegi forseti, að það efnahagsumhverfi sem þessi atvinnugrein þarf að starfa við, þ.e. innri aðstæður, breytist til hins verra þannig að kostnaðarhækkanir verða verulegar og miklar og öll lán eru meira og minna verðtryggð.

Niðurstaðan er sem sagt í stórum dráttum sú að það er ekkert eitt atriði sem hefur ráðið hér úrslitum. Það eru mörg samhangandi atriði eins og gefur að skilja. Ég hef reynt að ræða um nokkur atriði sem mér finnst nauðsynlegt að menn hafi í huga þegar verið er að fjalla um þessi mál.

Ég fyrir mitt leyti get tekið undir það, sem hv. þm. Skúli Alexandersson sagði, að vegna þess hverjir sitja nú að völdum á Íslandi, það eru flokkar sem hafa engan skilning á sjávarútvegi og fiskiðnaði, er hæstv. sjútvrh. eins og fangi. Þótt hann vildi breyta um stefnu hefur hann greinilega ekki fengið þann skilning hjá stjórnarstuðningsmönnum sem þyrfti til að geta beint áherslum inn á þær brautir sem ég gat um

áðan. Það er fyrst og fremst sú stefna, sem Framsfl. og Sjálfstfl. voru sammála um á sl. ári allt þar til samstarfið rofnaði haustið 1988, að það yrði auðvitað númer eitt og tvö að skapa sjávarútvegi og fiskiðnaði rétt rekstrarskilyrði. Þessir flokkar og sérstaklega Sjálfstfl. voru með tillögur um hvernig þetta skyldi gert. Þær fengu ekki hljómgrunn.

Nú er spursmálið þetta. Ég er ekki að biðja ráðherrann um að svara þessu núna. Hann getur gert það síðar en ég óska eftir að hann geri það sem fyrst samt því þetta er mjög þýðingarmikið atriði. Hvað ætlar hæstv. sjútvrh. að sitja lengi í ríkisstjórn þar sem hann getur ekki leiðrétt þá stefnu í sjávarútvegsmálum sem er alveg lífsspursmál að verði gert hið fyrsta? Hér hafa stjórnarstuðningsmenn að honum fjarstöddum lýst því yfir að sú stefna sem hann er neyddur til að framkvæma í núverandi ríkisstjórn sé röng.

Ég vona fyrir mitt leyti að þessi ágæti maður, sem er verðmætur fyrir íslenskan sjávarútveg og fiskiðnað vegna þess skilnings og þeirrar þekkingar sem hann hefur á þessum málum, geti sem fyrst svarað minni spurningu og þá með viðeigandi hætti sem er ekki nema á einn veg, þ.e. að þessi ríkisstjórn fari frá og efnt verði til kosninga og mynduð ný ríkisstjórn sem framkvæmir rétta stefnu í sjávarútvegsmálum.

Karvel Pálmason:

Virðulegur forseti. Ég skal ekki lengja mikið þessa umræðu þó að ástæða væri til eftir þá ræðu sem var flutt áðan.

Hér var mikið vitnað til þess hverjir bera ábyrgð á því ástandi sem er í sjávarútvegi hér á Íslandi í dag. (Gripið fram í.) Nú bíð ég rólegur meðan menn geta létt á sér úr sætum. Hverjir bera ábyrgð? Er það ekki rétt munað hjá mér að það hafi verið Sjálfstfl. og Framsfl. sem voru í ríkisstjórn 1983–1987? Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson. Er það ekki rétt munað hjá mér eða fer ég með rangt mál? Þá vitum við það. (**GHG:** Enda var góðæri þá í sjávarútvegi.) Til 1987, já. (Gripið fram í.) Það sýnir sig nú, hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson, hversu mikið góðærið var. Hvað var búið að undirbyggja þá? (**GHG:** Það voru markaðarnir sem létu undan.) Það var árið 1983, sagði hv. þm. áðan, sem kvótinn var settur á, í stjórnartíð Sjálfstfl. og Framsfl., mesti bölvaldurinn. (**VS:** Það var góð stjórn.) Það kann vel að vera að menn hafi enn slíkar skoðanir uppi og kannski flest af unga fólkinu sem ekki þekkir nógu mikið til að því er varðar pólitík að það hafi verið mjög góð stjórn. Það kann vel að vera. Ekki ætla ég að neita því neitt. Það mat er ábyggilega mismunandi eftir því hver á hlut að máli. En það var ekki góð ákvörðun þeirrar ríkisstjórnar að taka upp kvótakerfið.

Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson spurði: Eru þessir menn bornir ofurliði? Þá átti hann við mig og hv. þm. Skúla Alexandersson að því er varðaði stjórnun í sjávarútvegi. Ég viðurkenni það, hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson, að ég var borinn ofurliði í stjórninni sem þú, hv. þm., studdir undir forsæti Þorsteins Pálssonar. Þar var ég borinn ofurliði í kvótamálinu, m.a. af hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni. (**GHG:** Ég afneitaði ekki gjörðum mínum.) Hver afneitaði þeim? (**GHG:** Þið eruð alltaf að gera það.) Það gerði það enginn, að afneita þeim gerðum. Ég er nákvæmlega sömu skoðunar núna og ég var þá. En þar var ég borinn ofurliði af m.a. hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni að því er varðar kvótann. Þetta viðurkenni ég og hlýt að lúta lýðræðislegum leikreglum og taka slíkri niðurstöðu. En þessi hv. þm. er einn af þeim sem báru mig ofurliði í þessu máli.

Það er út af fyrir sig alveg rétt hjá hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni að kvótanum er ekki allt að kenna þó að ég telji að hann hafi veruleg áhrif haft á stöðu sjávarútvegs eins og hún hefur þróast undanfarin ár. Mér sýnist það augljóst. Auðvitað eru líka aðrir þættir sem hefði þurft að taka öðrum höndum á en gert hefur verið og menn getur greint á um hverjir þar bera mestu ábyrgðina. En þeir hinir stærstu stjórnmálaflokkar í landinu hafa lengst af setið við stjórnvöl og stýrt og þeir hljóta þá að bera sína ábyrgð í þessum efnum.

En varðandi kvótakerfið sjálft er kannski ekki fyrst og fremst við þingmenn að sakast. Það voru hagsmunaaðilarnir sjálfir sem nánast réðu ferðinni í þessum efnum. Auðvitað er það meiri hluti Alþingis sem ákvarðaði þetta á sínum tíma, því miður, en það voru hagsmunaaðilarnir sem réðu ferðinni að verulegu leyti þegar kvótinn var settur á á sínum tíma. Ég held hins vegar að menn séu farnir að sjá nú að þar þarf að fara öðruvísi að en er gert í dag. Það gæti verið einn meginþátturinn í því að leiðrétta stöðu sjávarútvegs og fiskvinnslu. Það er hárrétt hjá hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni. Sjómennirnir, verkafólkið í frystihúsunum, þeir sem sjá um fyrirtækin, það þarf að búa þannig að þessu fólki að því sé vel launað því það er það sem þjóðin lifir á. Það er ekki ágreiningur okkar í milli að því er þetta mál varðar. En á þessu hefur orðið misbrestur, því miður. Þessa hefur ekki verið gætt.

Hv. þm. talaði um að hér væru menn að ráðast á hæstv. sjútvrh. Ég held ég muni það rétt að ég tók það nú sérstaklega fram áðan þegar ég talaði að ég væri ekki að ráðast á hann. (**GHG:** Hann ber ábyrgð á stefnunni í hæstv. ríkisstjórn.) Hann bar líka ábyrgð á þeirri stefnu í fyrrv. ríkisstjórn. Hann var líka sjútvrh. þar. (**GHG:** Ekki réðumst við þá á hann, sjálfstæðismenn.) Það er ekkert verið að ráðast á tiltekna hæstv. ráðherra þó að menn tali um þeirra málaflokka, ekki síst svo stóran málaflokk sem hér er um að ræða. En hann er að framfylgja þeirri stefnu sem meiri hluti Alþingis hefur lagt honum á herðar að framfylgja. Í þeim meiri hluta er hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson. Það geta menn ekki af sér þvegið. (Gripið fram í.) Jú, jú, það er stjórnarstefna. (**GHG:** Er það ekki hún sem ræður?) Jú, jú, byggt á því sem hv. þm. samþykkti fyrir 1½ ári. (**GHG:** Við erum ekki stjórnarflokkar.) Ætla menn að hlaupa sitt á hvað af því að þeir eru ekki í stjórn þennan daginn en eru það hinn? Þetta þykir mér vera farið að teygjast út og suður ef

menn hafa skoðanir bara eftir því hvort þeir styðja ríkisstjórn eða ekki.

Ég skal ekki, virðulegur forseti, eyða öllu lengri tíma í þetta mál. En ég ítreka og hef aldreið farið leynt með þá skoðun mína að sú miðstýring sem kvótakerfið býður upp á úr hendi eins manns gengur ekki. Það dæmi gengur ekki upp. Því verður að breyta. Undan því verður ekki komist. Ef menn ætla að halda þessu áfram, t.d. út þetta ár og næsta ár, hvar halda þá menn að fiskvinnslufyrirtækin verði stödd og atvinnan í sjávarplássunum vítt og breitt um landið? Ég held að menn geti ekki litið undan þessu. Menn verða að horfast í augu við staðreyndir. Þetta kerfi hefur ekki, eins og þeir vildu eða töldu sem komu því á, orðið til bóta. Því verður að breyta. Auðvitað þarf að stýra, en ekki með þeim hætti sem þetta kerfi gerir ráð fyrir. (Gripið fram í.) Ég get tekið undir það og ég held að ég hafi viðhaft þau orð hér einhvern tíma í haust rétt eftir að núv. ríkisstjórn var mynduð að mér sýndist ekki að það væri sett undir allan leka í efnahagsstjórninni þó að stjórnarskipti yrðu. En hvað horfðu menn framan í á þeim dögum? (Gripið fram í.) Hvað segir hv. þm. Halldór Blöndal sem á nú að vera hér inni í deild?

Nei, ég tek undir að vissulega þarf betur að gera í efnahagslífinu og það þarf að taka traustari tökum á efnahagsstjórninni ef menn ætla ekki bara að fljóta að feigðarósi algerlega. Ef menn ætla ekki að fljóta að feigðarósi í efnahagsstjórninni verða menn betur að taka til höndunum. Það hygg ég að við hv. þm. Halldór Blöndal getum verið sammála um og hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson líka. Þetta segir ekkert að fyrrv. hæstv. ríkisstjórn hafi verið eitthvað betri nema síður sé. Þar voru menn komnir á bjargbrúnina nánast í fyrrahaust undir forsæti hv. þm. Þorsteins Pálssonar, formanns stóra flokksins sem nú er verið að tala um í skoðanakönnunum. En menn telja væntanlega ekki skoðanakannanirnar upp úr kjörkössunum. Það er allt annað sem verður talið þar upp úr.

Nóg um þetta, herra forseti. Ég á vart von á að ég blandi mér frekar í þessar umræður nema eitthvað sérstakt komi upp á. En vissulega er þetta mál sem er þess virði að sé rætt af hv. nefnd. (Gripið fram í.) Jú, en ég ræði ekki hér í deildinni nefndafundina. Ef formaður, hv. þm. Stefán Guðmundsson, ætlast til þess að við höldum fundi sjútvn. í deildinni get ég mætt hér.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Herra forseti. Það er aðeins örstutt athugasemd. Það væri freistandi að ræða frekar um ýmis atriði sem fram hafa komið í þessum umræðum, en þess er ekki kostur.

Ég stóð upp einungis til að leiðrétta eitt sem hæstv. ráðherra sagði. Hæstv. sjútvrh. lét orð falla á þá leið að í frv. því sem við hér ræðum væri ekki kveðið á um hvernig skyldi fjármagna úreldingarsjóð. Þetta er ekki galli á þessu frv. vegna þess að flm. gera ráð fyrir sérlögum um úreldingarsjóð og fara að forminu til eins að og ráðherra sjálfur sem lagt hefur fram frv. til l. um úreldingarsjóð til sjálfstæðra laga en ekki til breytinga á lögum um stjórn fiskveiða.

Það skal aðeins tekið fram að í greinargerð með frv. taka flm. fram hvernig þeir geta hugsað sér að fjármagna úreldingarsjóð. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Tekjur úreldingarsjóðs mættu vera af gjaldi sem lagt væri á hverja útgerð í hlutfalli við aflahlut. En sú gjaldtaka væri léttbær útgerðinni borið saman við þá aflaskerðingu og kaup á veiðiheimildum sem hún þarf að búa við meðan kvótakerfið er við lýði."

Hér lýkur tilvitnun. Þetta er aðeins til þess að skýra hvað flm. hugsa um í sambandi við úreldingarsjóð og að gefnu tilefni í sambandi við það sem hæstv. ráðherra sagði.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég vildi gjarnan fá að vita hvort hæstv. sjútvrh., sem er nú starfandi forsrh., er farinn úr húsinu. Ég gleymdi nefnilega að koma að einu atriði sem hefur þýðingu fyrir fiskvinnsluna og útgerðina því að eins og hv. þm. vita hafa mörg þessara fyrirtækja reynt að breyta um rekstur þannig að þeirra menn hafa reynt að koma sér upp hliðarbúgrein ef það mætti orða það þannig. Mörg þessara fyrirtækja hafa farið út í fiskeldi. Ég var með fyrirspurn, virðulegi forseti, til hæstv. ráðherra varðandi þetta. Það er ekki aðeins að fiskvinnslan eigi í erfiðleikum vegna þess að henni hefur ekki verið sköpuð rétt rekstraraðstaða og starfsskilyrði heldur blasir nú við að þessi atvinnugrein getur tapað ég vil segja hundruðum milljóna.

Já, nú er hæstv. sjútvrh. kominn. Ég gleymdi áðan, hæstv. ráðherra, að koma með eina fyrirspurn sem er mjög þýðingarmikið að fá svar við. Eins og hæstv. ráðherra veit hafa mörg fiskiðnaðarfyrirtæki farið út í að taka þátt í og reka fiskeldisstöðvar á síðustu árum og það er búið að fjárfesta verulega mikið í fiskeldisstöðvum, auk þess sem það er mikil fjárfesting í seiðum þannig að þetta skiptir ekki orðið tugum milljóna heldur hundruðum milljóna frá rekstrarlegu sjónarmiði sem er undir á hverjum tíma fyrir utan að í fiskeldisstöðvunum og hafbeitarstöðvunum eru fjárfestingar upp á milljarða króna.

Nú er staðan þessi að ofan á vonda og erfiða stöðu fiskiðnaðarfyrirtækja í sambandi við vöntun á réttum starfsgrundvelli bendir allt til þess að yfirstandandi verkfall geti haft í för með sér að fiskeldisstöðvarnar fái ekki nauðsynlegt fóður þar sem dýralæknar sem eiga að skrifa upp á skírteini um að fóðrið fullnægi þeim kröfum sem gerðar eru til innflutts fóðurs eru í verkfalli og þær fái ekki fóður afgreitt. Við sem störfum í fiskeldi vitum að þetta er einhver viðkvæmasti tíminn sem er í fiskeldi, sérstaklega í sambandi við seiðin. Ef við tökum hafbeitarstöðvar eru seiðin á lokastigi áður en þeim verður sleppt og ef það gerðist að þessar stöðvar fengju ekki fóður afgreitt vegna verkfallsins er ekki aðeins verið að drepa seiði sem skipta milljónum og verðmæti ómælanlegt heldur

einnig raunverulega verið að leggja í rúst margra ára uppbyggingu og fjárfestingu upp á milljarða í fiskeldisstöðvunum. Afleiðingarnar af þessu er þvílíkar að ég þori ekki að hugsa til þess að ekki verði gripið til ráðstafana sem tryggi að fiskeldisstöðvarnar geti starfað með eðlilegum hætti við þessar erfiðu kringumstæður.

Mín spurning til hæstv. ráðherra er því þessi: Hefur hæstv. ríkisstjórn fjallað um þetta atriði sem lýtur að fiskeldisstöðvunum og er ríkisstjórnin með í bígerð ráðstafanir til að ~~tryggja~~ að það slys verði ekki að fiskeldisstöðvarnar geti ekki starfað með eðlilegum hætti? Ég ítreka að ef ekki verður gripið til ráðstafana á næstunni til að tryggja það eru í húfi verðmæti fyrir hundruð milljóna fyrir utan að það er verið að leggja í rúst margra ára uppbyggingu og fjárfestingu. Ég treysti því að hæstv. ráðherra svari þessari spurningu og ég treysti því einnig að hæstv. ráðherra muni beita sér fyrir því að ríkisstjórnin geri viðeigandi ráðstafanir til þess að það hörmulega slys verði ekki sem nú virðist blasa við vegna þess að vinnudeilan er óleyst.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Aðeins til þess að svara þessari fyrirspurn var það trú ríkisstjórnarinnar og margra annarra sem hafa fylgst með þeim samningum sem nú hafa staðið yfir að það væru allar líkur á því að sú kjaradeila mundi leysast um síðustu helgi eða upp úr henni. Því miður hafa þær vonir brugðist og nú stöndum við frammi fyrir því að mikil óvissa ríkir um framvindu þessa máls og veit enginn á þessari stundu hvenær sú deila leysist.

Á ríkisstjórnarfundi í morgun ræddi ríkisstjórnin með hvaða hætti væri hugsanlegt að koma í veg fyrir þann skaða sem fyrirsjáanlegur er af þessu verkfalli. Þetta á við um skólana, landbúnaðinn, sjávarútvegsinn og ýmislegt annað í okkar þjóðfélagi.

Það er alveg ljóst að það verður ekki komið í veg fyrir fyrirsjáanlegan skaða með neinum varanlegum hætti nema með því að verkfallið leysist. Hins vegar má áreiðanlega draga úr honum með ýmsum hætti. Það er því verið að athuga það núna með hvaða hætti það má verða ef svo illa vildi til að verkfallið drægist á langinn, en það liggur ekki fyrir nein niðurstaða um það. Ríkisstjórninni er alveg ljóst að það er í mörgum tilfellum mikil hætta á ferðum, en ég vænti þess að þeim aðilum sem standa í þessum deilum sé það jafnframt ljóst því að þeir bera mikla ábyrgð og það gengur ekki í okkar þjóðfélagi að vera ávallt að varpa ábyrgðinni yfir á aðra eins og gerist í allt of miklum mæli. Menn hafa oft staðið í verkfallsátökum í þessu landi og það er alltaf sú tilhneiging að varpa ábyrgðinni yfir á stjórnvöld. það hefur vissulega oft tekist og stjórnvöld þurft að grípa þar inn í. En það er ástand sem enginn má treysta á og það á ekki síst við um þá deilu sem nú ríkir að viðkomandi aðilar verða sjálfir að finna til þeirrar ábyrgðar sem þeir standa frammi fyrir.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Vegna þess að hv. 14. þm. Reykv. notaði svo mikinn hluta af ræðu sinni til að fjalla um það sem ég sagði í dag í þessari umræðu langar mig til þess að nefna aðeins einn þátt af því sem hann nefndi þar. Ég skal vera mjög stuttorður.

Það er hin langa ræða um útflutning á ferskum fiski og að allt væri nú komið í íslenskum sjávarútvegi svo sem raun ber vitni vegna þess að það væru jafnvel 200 þús. tonn ... (**GHG:** Það eru 109.200 nákvæmlega.) 109.200 tonn nákvæmlega. (**GHG:** Og svo er frystitogarafiskurinn.) Svo er frystitogarafiskurinn, já. Alveg rétt. Ekki rengi ég að hann hafi sagt það, hv. þm., sem hann upplýsir nú. Ef þetta er af hinu vonda, sem ég ætla ekki að kveða upp úr um, er það vegna þess að eitthvað hefur misfarist í stefnunni. Ekki endilega fiskveiðistefnunni sem ræðumaður taldi að ég hefði fyrst og fremst verið að tala um og hún væri grundvöllur alls þess hvernig komið væri. Ekki gerði ég lítið úr því hvað hún væri vond. En hitt er líka að efnahagsstefnan í landinu var þannig að þróunin hefur verið sú að meira og minna af ferskfiskinum okkar, hráefninu okkar hefur verið flutt út óunnið. Það er ekki vegna fiskveiðistefnunnar. Það er m.a. vegna stefnu þeirrar ríkisstjórnar sem hv. þm. studdi og hv. þm. Þorsteinn Pálsson stjórnaði.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Hafnalög, 2. umr.

Frv. MF, 431. mál (bókhald Hafnabótasjóðs). — Þskj. 791, n. 1107.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. samgn. (Karvel Pálmason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá samgn. deildarinnar um frv. til l. um breytingu á lögum nr. 69/1984, um hafnalög, sem flm. er að hv. 4. þm. Suðurl. Nefndarálitið er svohljóðandi:

„Nefndin hefur fjallað um frumvarp þetta sem felur í sér að Hafnamálastofnun yfirtaki það verkefni sem Seðlabanki Íslands hefur annast fyrir Hafnabótasjóð.

Nefndin fékk til viðræðna um málið Hermann Guðjónsson og Eyþór Elíasson frá Hafnamálastofnun, Harald Andrésson frá Seðlabanka Íslands og Sigurð Þórðarson frá Ríkisendurskoðun. Það kom fram í viðræðum við áðurgreinda menn að enginn þeirra leggst gegn breytingu á núverandi fyrirkomulagi en þeir telja hins vegar að það þurfi að athuga betur hvaða aðili sé heppilegastur til að annast það verkefni sem hér er um að ræða. Í því sambandi var

rætt um að fela verkefnið Hafnamálastofnun, Sambandi ísl. sveitarfélaga eða öðrum aðilum.

Nefndin er hlynnt því að breyta núverandi skipan mála varðandi Hafnabótasjóð en telur í ljósi ábendinga að athuga þurfi nánar hvernig heppilegast sé að koma slíkri skipan á og leggur því til að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Með nefndaráliti þessu er prentað sem fylgiskjal yfirlit yfir kostnað við rekstur Hafnabótasjóðs á árinu 1987."

Undir þetta nál. skrifa allir nefndarmenn í samgn., auk þess sem hér stendur: Guðmundur Ágústsson, Egill Jónsson, Jón Helgason, Skúli Alexandersson, Þorv. Garðar Kristjánsson og Stefán Guðmundsson.

Ég tel rétt út af fskj. sem prentað er með að geta þess að fulltrúi frá Seðlabankanum gat þess í viðræðum við nefndina að að öllum líkindum yrði hér um lægri upphæð að ræða í áframhaldi málsins en hér fylgir með og ég tel rétt að það komi fram að þess var getið í viðræðum innan nefndarinnar.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. samgn. umfjöllun hennar um frv. til l. um breytingar á hafnalögum. Þó að ég sé í raun ekki fyllilega ánægð með afgreiðslu nefndarinnar sætti ég mig við hana.

Með flutningi frv. var ætlað að vekja umræðu um málið og reyndar vekja menn til umhugsunar um vörslu sjóða og kostnað sem það hefur í för með sér sem virðist ótrúlega hár, í það minnsta þegar Seðlabankinn á í hlut. En sem stuðningsmaður þessarar ríkisstjórnar hlýt ég að treysta henni til þess að fara vel með málið og þakka hv. samgn. fyrir umfjöllun hennar.

Frsm. samgn. (Karvel Pálmason):

Herra forseti. Aðeins örfá orð til viðbótar sem ég gleymdi að geta um áðan. Ég er þeirrar skoðunar að það þurfi að skoða fleiri slík mál sem eru í höndum Seðlabanka og er ástæða til þess að það yrði gert í fleiri tilvikum. Það virðist enginn vafi vera á því að menn treysta hæstv. ríkisstjórn að öllu leyti og það er sama hvert er litið í flokkslegu tilliti séð að því er varðar þessa nefnd. En auðvitað er treyst á að þetta mál verði skoðað sérstaklega og að menn reyni að finna farsæla lausn því til lendingar í anda þess sem hér er verið að tala um.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. á þskj. 1007 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 10:1 atkv.

NEÐRI DEILD

99. fundur, þriðjudaginn 9. maí, kl. 2 miðdegis.

Búfjárrækt, 1. umr.

Stjfrv., 465. mál (heildarlög). — Þskj. 1097.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um búfjárrækt. Það er 465. mál. Þá hefur frv. verið dreift á þskj. 1097 eins og það kom frá hv. Ed.

Frv. er að hluta til ætlað að koma í stað gildandi laga um búfjárrækt, eða laga nr. 31/1973, og það felur í sér talsverðar breytingar frá gildandi lögum. Við samningu þess voru einkum höfð að leiðarljósi tvö markmið, þ.e. að skipta skyldi upp núverandi lagabálki um búfjárrækt þannig að sett yrðu sérstök lög um búfjárhald annars vegar og hins vegar almenn löggjöf um búfjárrækt og er þetta frv. afrakstur þeirrar vinnutilhögunar og lýtur að búfjárræktarstarfinu sjálfu.

I. kafli frv. fjallar um tilgang laganna og yfirstjórn, II. kafli um skipan búfjárræktar og III. kafli um verndun séreinkenna í íslensku búfé, þ.e. erfðageymd eða varðveislu erfðaeiginleika í íslensku búfé, og um útflutning búfjár. Í IV. kafla laganna eru svo almenn ákvæði.

Meðal helstu nýmæla í frv. má nefna að í 2. mgr. 4. gr. er gert ráð fyrir að ráðherra geti með samþykkt Búnaðarfélags Íslands viðurkennt einstök búgreinasamtök til að fara að einhverju eða öllu leyti með þau verkefni sem ákveðin eru í lögum þessum og snerta þá viðkomandi búgrein. Þetta ákvæði á sér í raun hliðstæðu í 4. gr. laga nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, og er sem sagt áframhald á því í lagasetningu að viðurkenna möguleika einstakra búgreinasamtaka til að hafa forræði um sín mál.

Síðan eru ýmis önnur nýmæli í frv. sem ég rakti í framsöguræðu fyrir málinu í Ed. og vísast til þess hér.

Ég vil geta þess að hv. Ed. fjallaði ítarlega um þetta mál og svo vel tókst til að samstaða varð um afgreiðslu þess og sameiginlega flutti landbn. Ed. ákveðnar brtt. sem margar hverjar lutu að því að taka til greina athugasemdir frá aukaþingi búnaðarþings sem kallað var saman sérstaklega til að fjalla um ekki síst þetta frv. Ég tel því að málið sé, í þeim búningi sem það kemur til hv. Nd., orðið vel undirbúið og að góð samstaða hafi tekist um meginefni þess eins og afgreiðsla Ed. ber vitni um.

Ég vísa svo að öðru leyti til framsöguræðu þeirrar sem ég flutti fyrir málinu í hv. Ed. og legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Frv. þetta eins og það kemur frá hv. Ed. er verulega breytt frá því það var lagt fram og sést

að hv. Ed. hefur tekið af skarið og breytt frv. í samræmi við það sem lagt var til á aukafundi búnaðarþings í síðasta mánuði. Ég held að það komi í ljós að hv. Alþingi sjái sér fært að breyta málum þannig að um þau geti orðið sæmilegur friður og taki ráðin af hæstv. ríkisstjórn og hæstv. ráðherra sem vildi koma þessu máli fram með allt öðrum hætti, þeim hætti að fella niður öll framlög til félagsstarfs í búfjárrækt í landinu og hafa það gjörsamlega opið sem áður hafði verið í lögum, en í þetta frv. eins og það kemur frá hv. Ed. er þó sett tiltekið lágmark sem síðan er gert ráð fyrir að verði vísitölutryggt í meðferð þessara mála til frambúðar.

Ég fagna því að hv. Ed. skyldi taka á málinu með þessum hætti og, eins og ég sagði, taka ráðin af hæstv. ríkisstjórn og hæstv. ráðherra varðandi þær fyrirætlanir sem birtust í frv. eins og það var lagt fram upphaflega. Það sannast að ferð þeirra bændahöfðingja til aukaþings á búnaðarþingi hefur ekki verið til einskis hvað þetta snertir þar sem þeir sáu sig knúða til þess að stofna til ferðar hingað til Reykjavíkur til aukafundar á afbrigðilegum tíma í búnaðarþingi til þess að snúast til varnar gegn núv. hæstv. ríkisstjórn í málefnum landbúnaðarins.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til landbn. með 29 shlj. atkv.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. KP o.fl., 443. mál (heilsutjón vegna læknisaðgerðar). — Þskj. 1078.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 32 shlj. atkv.

Aðskilnaður dómsvalds og umboðsvalds, 2. umr.

Stjfrv., 182. mál. — Þskj. 731 (sbr. 204), n. 1045.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um frv. til laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Þetta mál hefur verið til meðferðar hjá hv. Ed. í vetur og fengið þar ítarlega meðferð, en eigi að síður taldi allshn. Nd. rétt að hafa nokkuð ítarlega umfjöllun um þetta frv. og hún kallaði til viðræðu eftirtalda: Þorstein Geirsson ráðuneytisstjóra, Markús Sigurbjörnsson prófessor, Skúla Guðmundsson lögfræðing, Þorleif Pálsson, deildarstjóra í dómsmrn., Gest Jónsson og Jóhann H. Níelsson, lögfræðinga frá Lögmannafélagi Íslands, Friðgeir Björnsson og Valtý Sigurðsson frá Dómarafélagi Íslands, Rúnar Guðjónsson og Ásgeir Pétursson, sýslumenn frá Sýslumannafélagi Íslands.

Einnig barst nefndinni úttekt Fjárlaga- og hagsýslustofnunar á kostnaði sem hlýst af framkvæmd laganna en sá kostnaður var samkvæmt þeirri úttekt um 55 millj. kr. á ári.

Nefndin náði samkomulagi um að mæla með því að frv. verði samþykkt óbreytt að öðru leyti en því að Valdimar Indriðason var fjarverandi við lokaafgreiðslu málsins.

Undir nál. skrifa Jón Kristjánsson, Kristín Halldórsdóttir, Geir Gunnarsson, Kristinn Pétursson, Guðni Ágústsson og Sighvatur Björgvinsson en þeir nefndarmenn mæla með samþykkt frv. óbreytts eins og það var afgreitt frá Ed.

Valdimar Indriðason:

Virðulegi forseti. Eins og kom fram hjá hv. frsm. allshn. var ég ekki mættur á fundi sem afgreiddi málið. Ég er ekki að deila á það við hann eða nefndina að hafa tekið málið út vegna þess að ég er hér aðeins um skamman tíma og gat ekki kynnt mér þetta og var ekki við þegar málið var tekið út. Ég veit það hins vegar að forveri minn, sem ég gegni hér sæti fyrir, var mjög mikill talsmaður í þessu máli og vildi gera sínar breytingar við það. Ég hef farið lítillega í gegnum frv. og sé ýmsa vankanta á því frá mínu sjónarmiði. Ég dreg mjög í efa þá kostnaðaráætlun sem sett er þarna upp um þessa breytingu. Þessi flutningur á milli embætta og heimildin um það að þeim sem sitja í dag megi fjölga um helming frá því sem frv. gerir ráð fyrir, ef þeir sækja um á annað borð, held ég að geri það að verkum að kostnaðurinn sé algjörlega vanmetinn í þessu efni. Ég skil alveg ástæðuna fyrir þessu hjá flm. varðandi okkar sáttmála við mannréttindadómstólinn í sambandi við þau mál sem þar eru flutt, en ég held að við þurfum að skoða það mjög alvarlega og betur hvort að við þurfum að vera svo undir hælnum á erlendum lögfræðingum í þessum efnum að við getum ekki haft okkar eigin lögsögu hér um. Þess vegna er það að þetta á eftir að draga ýmislegt á eftir sér, og veruleg breyting verður þarna á öllum embættum, má segja alls staðar utan Reykjavíkur, sem ég held að sé ekki til bóta. Þarna er verið að draga vald úr héruðum í staðinn fyrir að flytja það til þeirra. Sýslumenn verða innheimtumenn ríkissjóðs eins og þeir hafa verið. En þeir fjalla ekkert um dómsmál nema rannsókn, dæma ekkert eftir þessu. Sérstök dómhöll á að rísa í hverjum landsfjórðungi þar sem það er ekki fyrir hendi. Svo á þetta að kosta aðeins 50 millj. kr. Ég trúi þessu ekki. Þess vegna get ég ekki stutt þetta frv. að svo komnu máli. Ég hefði viljað fresta þessu til haustsins, það liggur ekki meira á en svo. Það er ekki fyrr en 1. júlí 1992 ef ég man rétt sem þetta á að taka gildi. Þess vegna gæti málið fengið hér frekari umfjöllun og mætti því geyma það til haustsins. Það er það sem ég færi fram á.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Ég hefði eiginlega óskað eftir því að umræðu um þetta mál yrði frestað. Það er svo að í því málaflóði sem hér streymir inn er það misjafnt hvað manni hefur gefist tími til að fara ofan í saumana á þeim málum sem eru að koma frá nefndum. Hér er verið að fjalla um nokkuð gamalt ágreiningsmál og mér sýnist að þar stefni hlutirnir í það sama, að miðstýringin er stöðugt að aukast í landinu. Það er verið að færa valdið burt úr héruðunum og til höfuðborgarinnar. Ég er ekki heldur viss um að hæstv. dómsmrh. geri sér grein fyrir því að auðvitað er verið að semja fjárlög með svona ákvörðunum. Það er verið að taka ákvörðun um aukin ríkisútgjöld, aukinn halla á íslenskan sjávarútveg. Hver borgar þetta annar? Og það út af því að menn hjóla á Akureyri á reiðhjólum á annan veg en kerfið þar nyrðra er ánægt með og halda svo áfram út í Haag með vitleysuna. Það á að umturna sýslumannakerfi landsins, hvorki meira né minna. Það er ekki skrýtið þótt ráðherrum sé skemmt, það er ekki skrýtið þótt þeim sé skemmt. Ég man hins vegar eftir því að menn afgreiddu hér á færibandi frumvarp um Bifreiðaskoðun Íslands hf., úthugsað miðstýringarkerfi sem strandaði á Strákagöngunum fyrir norðan, enda gerir hæstv. samgrh. ráð fyrir að nú þurfi að víkka göngin. Það er strax komið á dagskrá. Hvað á að gera svo að hægt sé að sinna lögum landsins? Lagasetning með þeim hraða sem verið er að framkvæma á seinustu dögum þingsins er því miður mjög oft vanhugsuð. Það er búið að leggja fram af lögfræðingum í þessu landi mjög greinargóðar skýringar á því hvað það er sem við þurfum að gera svo hægt sé að standa á því að hér sé búið að aðskilja framkvæmdarvald og dómsvald sem í sjáfu sér þarf að aðskilja. En að það þurfi að byggja upp þetta bákn sem hér er verið að tala um, sóa fjármunum á þennan hátt, það er engin nauðsyn. Vandamál íslenska dómkerfisins hafa löngum verið hér í Reykjavík en ekki úti á landi.

Ég hefði eindregið viljað óska eftir því við hæstv. forseta að hann frestaði þessari umræðu þar sem ég var í hádeginu að gera gangskör að því að fá gögn um þetta mál til að geta rætt það nægilega efnislega og ég veit að þau verða komin í mínar hendur á morgun og hefði þá viljað eiga kost á því að ræða þetta mál nokkuð ítarlega hér í deildinni.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að taka undir með hv. 2. þm. Vestf. og óska eftir því við hæstv. forseta að hann fresti þessari umræðu og taki fyrir önnur mál á dagskrá sem brýnna er að koma áfram að því er honum kann að sýnast og vil gjarnan heyra viðbrögð hæstv. forseta. Ég gæti þá stytt mál mitt að þessu sinni ef hann vill verða við þeirri ósk, ella sé ég ekki ástæðu til að stytta ræðu mína að sinni. (**Forseti:** Eins og hér gefur á að líta eru 8., 9., 10. og 11. mál ákaflega samtvinnuð og forseti vildi í rauninni um leið spyrja hv. ræðumann hvort frestunarbeiðnin eigi við um öll þessi mál.) Það er eðlilegt að fylgifrumvörp lúti sömu meðferð hér í hv. deild. (**Forseti:** Þá vill forseti lýsa því yfir að fyrir sinn hlut getur hann fallist á frestunarbeiðni, um sinn a.m.k.) Ég fresta þá ræðu minni, hæstv. forseti.

Umræðu frestað.

Söluskattur, 2. umr.

Frv. MF, 456. mál (vélar til garðyrkju). — Þskj. 816, n. 1047.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á þskj. 1047 liggur fyrir álit fjh.- og viðskn. varðandi frv. til laga um breytingu á lögum um söluskatt á þskj. 816.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt eins og Ed. afgreiddi það. Hér er um þingmannafrumvarp að ræða og ég verð nú að segja að það er nokkuð áhættusamt að flytja mál með þeim hætti sem hér er gert og eðlilegra hefði verið að þetta mál hefði verið flutt sem stjfrv. og líklegra til að ná fram að ganga með þeim hætti. Það varð hins vegar niðurstaða nefndarinnar að mæla með þessu máli. Það er verið að létta söluskatti af sérhæfðum tækjum til garðyrkju, þ.e. að gefa heimild til þess.

Undir þetta rita nefndarmenn en Ingi Björn Albertsson gerir það með fyrirvara.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Það er rétt hjá hv. frsm. að ég ritaði undir þetta með fyrirvara og það geri ég vegna þess að hér var mikið og hart barist fyrir því að setja á undanþágulaust söluskattskerfi á síðasta þingi. Nú bregður hins vegar svo við að fulltrúi fjmrh. er látinn flytja hér frv. um að brjótast út úr þessu undanþágulausa kerfi og því er ég algjörlega mótfallinn. Ég tel að þar með séum við að taka ákveðið fordæmisskref sem verði erfitt að snúa af og vil benda á að það væri jafnvel öllu nær að veita þá undanþágur til alls kyns hjálpartækja til aðstoðar blindum og heyrnarlausum eða einhverjum slíkum hópum. Það má eins minna á fsp. sem hv. 1. þm. Vesturl. var hér með á þingi fyrr í vetur um að fella niður söluskatt af flotgöllum og björgunargöllum fyrir sjómenn og væri það vissulega jafnþarft mál ef ekki þarfara en þetta tiltekna mál hér, enda tel ég að ef þarf að fella þessi gjöld niður af t.d. þessari grein þá væri öllu nær að gera það í einhvers konar endurgreiðsluformi en að brjóta upp undanþágulausa söluskattskerfið. Í sjálfu sér er ég hins vegar ekkert á móti því að styðja þessa grein, grænmetis — ef kalla má þetta grænmetisiðnað eða eitthvað slíkt. Þess vegna hef ég ritað undir þetta með fyrirvara.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 23:4 atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Verkfræðingar, 2. umr.

Stjfrv., 409. mál (landslagshönnuðir). — Þskj. 769, n. 1086.

Frsm. iðnn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Á þskj. 1086 er nál. iðnn. um frv. til laga um breytingar á lögum nr. 62 5. sept. 1986, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, húsgagna- og innanhússhönnuði, tæknifræðinga eða byggingafræðinga.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt. Frv. felur í sér að orðið „landslagshönnuður" verði lögverndað starfsheiti.

Kjartan Jóhannsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nál. var undirritað af öðrum nefndarmönnum iðnn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Dýralæknar, 2. umr.

Stjfrv., 343. mál (búseta héraðsdýralækna, dómnefnd o.fl.). — Þskj. 622, n. 1091, brtt. 1092.

Frsm. landbn. (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 1091 með brtt. á þskj. 1092. Það er um frv. til laga um breytingar á lögum nr. 77 1. október 1981, um dýralækna, með síðari breytingum.

Efri deild hafði gengið frá málinu og samþykkt frv. óbreytt eins og það var lagt fram.

Hins vegar kom í ljós við yfirferð landbn. Nd. að það hafði orðið mikil yfirsjón í sambandi við samningu þessa frv., í landbrn. væntanlega, þar sem í ljós kom að ekki hafði verið tekið tillit til breytinga á þessum lögum sem gerðar voru 1985, þ.e. laga nr. 61 1985, þar sem að hluta til var sett inn með þeirri lagabreytingu það sem er í þessu frv.

Nefndin fjallaði um frv. og fékk á sinn fund Pál A. Pálsson yfirdýralækni sem m.a. benti á þennan ágalla frv. Nefndin fór í það að bera þetta nákvæmlega saman og það varð að sjálfsögðu niðurstaðan að þarna höfðu orðið mistök sem bæði má rekja til landbrn. og einnig til hv. landbn. Ed. og Ed. sem afgreiddi þetta mál athugasemdalaust.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með þeim breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali. Breytingar þessar eru gerðar að höfðu samráði við yfirdýralækni og því til viðbótar lögskýringamenn hér í hv. Alþingi.

Undir þetta nál. skrifa auk frsm. Guðni Ágústsson, Jón Sæmundur Sigurjónsson, Pálmi Jónsson, Ingi Björn Albertsson, Þórður Skúlason og Eggert Haukdal.

Breytingarnar á þskj. 1092 eru í stuttu máli þannig að í sambandi við 1. gr. frv. kemur í ljós að eins og hún er sett upp eru bæði b.-liður og c.-liður óþarfir því að efni þeirra er í lögum frá 1985, nr. 61 eins og áður sagði. Nefndin leggur til að 1. gr. orðist svo:

„Við 2. gr. laganna, sbr. l. nr. 69/1982 og l. nr. 61/1985, bætist ný málsgrein er verði 4. mgr. og orðist svo:

Landbrh. ákveður, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, hvar héraðsdýralæknar hafa búsetu." Þetta er í raun og veru a.-liður í því frv. sem um er að ræða, en b.- og c. liðir falla brott og þess vegna verður greinin svo, og síðan þessi nýja mgr.: „Landbrh. ákveður, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, hvar héraðsdýralæknar hafa búsetu."

Önnur brtt. er við upphaf 2. gr., en eins og upphaf þeirrar greinar er í frv. er þar vísað til laga nr. 77/1981 þar sem stendur að forseti skipi yfirdýralækni og héraðsdýralækna og að skipun yfirdýralæknis skuli lengst gilda til sex ára í senn. Þarna var gerð breyting með lögunum nr. 61/1985 þar sem inn kom „og dýralækni fisksjúkdóma" sem hefði fallið út með þessu. Nefndin leggur því til að upphaf 2. gr. orðist svo:

„5. gr. laganna, sbr. 2. gr. l. nr. 61/1985, orðast svo: „Forseti skipar yfirdýralækni, héraðsdýralækna og dýralækni fisksjúkdóma. Skipun yfirdýralæknis skal lengst gilda til 6 ára í senn." Síðan heldur greinin áfram eins og í frv.

Herra forseti. Ég legg til að þessar breytingar verði samþykktar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1092,1 (ný 1. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 1092,2 samþ. með 31 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga, 2. umr.

Stjfrv., 203. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 852 (sbr. 839), n. 1028, brtt. 1029, 1056, 1074.

Frsm. félmn. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Félmn. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og fékk til fundar við sig eftirtalda: Frá menntmrn. Örlyg Geirsson skristofustjóra og Hákon Torfason deildarstjóra, frá Fóstrufélagi Íslands Selmu Dóru Þorsteinsdóttur, formann Fóstrufélags Íslands, og Örnu Jónsdóttur, formann fulltrúaráðs Fóstrufélags Íslands, og fræðslustjórana Helga Jónsson og Guðmund Inga Leifsson. Þá störfuðu þeir Húnbogi Þorsteinsson, skrifstofustjóri í félmrn., og Ingimundur Sigurpálsson, bæjarstjóri í Garðabæ, með nefndinni.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þskj. Breytingar þessar eru gerðar í samráði við þá aðila er nefndin kallaði á sinn fund og nefndir eru hér á undan. Hér er þó ekki um veigamiklar efnisbreytingar að ræða og í öllum meginatriðum fellst nefndin á afgreiðslu efri deildar á frv.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma.

Undir þetta nál. skrifa Guðrún Helgadóttir, Alexander Stefánsson, Geir H. Haarde, Eggert Haukdal, Jón Kristjánsson, Kristín Einarsdóttir og Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Þórður Skúlason:

Herra forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir til umræðu, frv. til l. um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, er að hluta til gamall kunningi. Eins og ég þykist vita að menn muni þá var þetta frv. lagt fram hér á hv. Alþingi í fyrra og var síðan dregið til baka í tengslum við efnahagsráðstafair ríkisstjórnarinnar fyrir réttu ári síðan. Eins og þetta frv. var þá hafði það verið til umfjöllunar úti í þjóðfélaginu og m.a. í samtökum sveitarstjórnarmanna og á vettvangi sveitarstjórna. Við það frv. eins og það lá þá fyrir kom fram mikil andstaða hjá sveitarstjórnum almennt. Það frv. sem hér liggur fyrir er hins vegar töluvert öðruvísi úr garði gert og raunverulega er á þessum frv. tveimur meginmunur. Þar á ég við í fyrra lagi fjárhagsþáttinn, sem vantaði í eldra frv. en er núna tekinn inn í það frv. sem hér liggur fyrir, um breytingar á fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga, og þær vega auðvitað mjög þungt eða um 1,4 milljarða kr. Þar er um að ræða framlög sveitarfélaganna til sjúkratryggginganna eða sjúkrasamlaganna, til Atvinnuleysistryggingasjóðsins og framlög til greiðslu á tannlæknakostnaði. Framlög sveitarsjóðanna til þessa verkefnis falla niður með þessu frv.

Sömuleiðis er í tengslum við þetta frv. jafnframt flutt frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga. Þar er gert ráð fyrir gjörbreytingu á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og er sú breyting raunverulega grundvöllur og forsenda og lykilatriði í sambandi við þetta verkaskiptafrv.

Raunverulega má líka segja að í sambandi við þessi frv. bæði sé að stórum hluta til dregin til baka sú skerðing sem hefur gilt um framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Niðurstaðan af báðum þessum málum er raunverulega málamiðlun. Annars vegar á milli sveitarfélaganna sameiginlega og ríkisins og hins vegar málamiðlun á milli minni sveitarfélaga og stærri sveitarfélaga. Auðvitað er það svo með sveitarstjórnarmenn að þeir eru misjafnlega sáttir við þá niðurstöðu sem hér liggur fyrir en þrátt fyrir það er góð samstaða um málið meðal sveitarstjórnarmanna. Það hefur farið fram ítarleg kynning á málinu meðal þeirra. Málið hefur verið sent til umsagnar öllum sveitarstjórnum og það hefur verið kynnt á vettvangi sveitarstjórna eins og í fulltrúaráði Sambands ísl. sveitarfélaga og dreifbýlisnefnd sambandsins. Mig langar í því sambandi, vegna þess að menn hafa verið með efasemdir um það að þetta frv. mundi þjóna hagsmunum hinna minni sveitarfélaga, að lesa hérna samþykkt er dreifbýlisnefnd Sambands ísl. sveitarfélaga gerði á fundi sínum þann 17. apríl sl., en hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Dreifbýlisnefnd Sambands ísl. sveitarfélaga leggur eindregið til að frv. til laga um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og tekjustofna sveitarfélaga með áorðnum breytingum verði samþykkt á yfirstandandi þingi." Undir þetta rita Valgarður Hilmarsson, Magnús Sæmundsson, Dagur Jóhannesson, Gísli Einarsson og Sigurður Hjaltason.

Þannig liggur það fyrir að einnig fulltrúar hinna minni sveitarfélaga eru ásáttir um þessi frv. eins og þau liggja hérna fyrir.

Helstu breytingarnar sem þetta frv. felur í sér eru m.a. þær að stofnkostnaður grunnskóla og dagvistarheimila flyst núna til sveitarfélaganna en þau fengu áður framlög frá ríkissjóði til að standa straum af þessum stofnkostnaði eins og mönnum er kunnugt um. Menn hafa haft nokkrar áhyggjur af því að hin minni sveitarfélög ættu erfitt með að standa undir þessum kostnaði en með breytingu á Jöfnunarsjóðnum er lagt til að hin minni sveitarfélög geti fengið framlög til þess að standa undir kostnaðarsömum stofnframkvæmdum úr Jöfnunarsjóðnum eftir þessa breytingu.

Sömuleiðis er veruleg breyting á rekstrarkostnaðinum. Í fyrsta lagi er gerð sú breyting að heilsugæslustöðvar og rekstrarkostnaður þeirra færist nú yfir til ríkisins. Það hefur lengi verið áhugamál sveitarstjórnarmanna, sérstaklega úti á landi, að ríkið yfirtæki rekstur heilsugæslustöðvanna en hann hefur farið vaxandi á undanförnum árum og það hefur verið erfitt fyrir sveitarfélögin að hafa áhrif á það hvernig þessi útgjaldaliður þróaðist.

Síðan er það rekstrarkostnaður grunnskólanna. Hann færist að allmiklu leyti yfir á sveitarfélögin fyrir utan launakostnaðinn og er það auðvitað veigamikill þáttur þessa máls.

Þá er einnig gert ráð fyrir því að tónlistarskólarnir fari yfir til sveitarfélaganna við þessa breytingu. Það eru ýmsir sem hafa haft áhyggjur af því að hin minni sveitarfélög ættu erfitt með að standa undir tónlistarfræðslunni ef þessi breyting næði fram að ganga. Ég held hins vegar að sá ótti sé ástæðulaus vegna þess að

það er raunverulega gert ráð fyrir því í tekjustofnalögunum að það fari sérstök upphæð til minni sveitarfélaga til þess að standa straum af tónlistarfræðslunni. Mig langar í því sambandi að vekja athygli á því að lögð hafa verið fram í nefndum þingsins, að ég held, frumdrög að reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og þar kemur fram í 8. gr. þessi yfirlýsing um það að hin minni sveitarfélög eigi að fá fjárhagslegan stuðning til þess að standa straum að rekstri tónlistarskólanna. Og mig langar til þess, með leyfi forseta, að lesa hér þessa grein, en hún hljóðar þannig:

„Sérstök framlög samkvæmt e-lið 3. gr. skulu veitt þeim sveitarfélögum með innan við 1500 íbúa sem standa að rekstri tónlistarskóla. Framlagið skal miða við allt að 50% af eðlilegum kennslukostnaði. Framlögin samkvæmt þessari grein skulu miðuð við að hagur þessara sveitarfélaga verði ekki lakari eftir verkaskiptinguna heldur en áður var. Heimilt er að bera saman alla þá rekstrarliði sem hér skipta máli og veita aukaframlag til að ná því markmiði."

Með þessu tel ég og fleiri sveitarstjórnarmenn að það sé alveg tryggt að fjárhagslegur stuðningur verði veittur hinum minni sveitarfélögum þegar þau yfirtaka þetta verkefni til sín.

Síðan hefur sömuleiðis verið uppi ótti um það, kannski fyrst og fremst meðal skólastjóra tónlistarskóla og tónlistarmanna sem hafa kennt við tónlistarskólana, að faglegt eftirlit ráðuneytisins mundi breytast við þessa breytingu, en raunverulega er ekki gerð nein tillaga um það í þessu frv. um verkaskiptingu. Þar er gert ráð fyrir því að eftirlit ráðuneytisins með tónlistarfræðslunni og samræming sé alveg óbreytt frá því sem verið hefur.

Hins vegar hefur verið lögð fram hér brtt. sem lýtur að því að efla þetta eftirlit enn frekar og út af fyrir sig hef ég ekkert við það að athuga enda hefur það raunar alltaf verið markmið sveitarfélaganna að auka frekar tónlistarkennsluna heldur en að draga úr henni.

Það má e.t.v. segja að með þessari verkaskiptingu hefði það átt að vera falið sveitarfélögunum í vald að hafa þennan samræmingarþátt á hendi og þetta faglega eftirlit, en sveitarfélagasamtökin hér í landinu eru frekar vanmáttug og þó að það tíðkist annars staðar í nágrannalöndum að sveitarfélögin hafi þennan samræmingarþátt og faglega eftirlitsþátt með höndum, þá er tæpast við því að búast að sveitarfélagasamtökin hér geti það með þeim hætti sem þar gerist. Þess vegna er ekkert við það að athuga að ríkisvaldið annist þennan þátt og ég er sammála því að það sé frekar stutt að því að sá eftirlitsþáttur og fagleg stjórnun verði styrkari af hendi ráðuneytisins en verið hefur. Því tel ég að þessi ótti um framtíð tónlistarskólanna eftir samþykkt þessara frv. sé á misskilningi byggður.

Hér liggur hins vegar fyrir tillaga á þskj. 1056 frá Kristínu Einarsdóttur og Guðrúnu Helgadóttur um það að þessi kafli um tónlistarfræðsluna falli brott og sömuleiðis sá kafli frv. sem lýtur að því að sveitarfélögin hætti að greiða framlög til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Ég held að þessi tillaga hljóti að vera á misskilningi byggð, sérstaklega að því leyti til að með þessari breytingu, eins og ég hef hérna lýst og breytingunni á Jöfnunarsjóðnum, þá er þessi fjárhagslegi stuðningur við tónlistarskólana tryggur í hinum minni sveitarfélögum sem mestar áhyggjur hafa verið út af. Sömuleiðis er hitt held ég líka á misskilningi byggt, að fara að blanda Atvinnuleysistryggingasjóðnum inn í þetta vegna þess að það er algjörlega óskylt mál. Ef þessi tillaga yrði samþykkt, ég reikna raunar með því að þetta hafi verið fundið þannig út að þessar upphæðir eru svipað háar í þessu heildardæmi öllu saman en greiðslur sveitarfélaganna til Atvinnuleysistryggingasjóðsins eru raunverulega ekkert í samræmi við það framlag sem þessi sömu sveitarfélög fá til þess að reka grunnskólana eða hlutdeild í launakostnaði ríkisins við rekstur grunnskóla í þessum sömu sveitarfélögum, þannig að þar getur munað mjög verulegum upphæðum. Þarna er því verið að blanda saman ólíkum málum og tillagan óheppileg að því leyti til.

Það er auðvitað stór þáttur í þessu máli öllu saman hvernig tekst til með uppgjör á ógreiddum ríkishluta, en skuldir ríkisins við sveitarfélög hafa hlaðist allverulega upp á undanförnum árum. Hér er gerð ákveðin tillaga um það hvernig að því á að standa og er mjög ásættanleg og ég vona að þetta uppgjör geti átt sér stað eins og þar er gert ráð fyrir.

Breytingin á Jöfnunarsjóðnum er lykilatriði í þessu máli eins og ég sagði og hin minni sveitarfélög fá þaðan framlög bæði til stofnkostnaðar og rekstrarverkefna. Í því sambandi langar mig til þess að vitna í umsögn um þetta frv. sem kemur fram á bls. 17, en þar er einmitt gerð grein fyrir því hvernig nefndin, sem hefur unnið þetta frv., hugsar sér að þessi stuðningur Jöfnunarsjóðsins við hin minni sveitarfélög eigi sér stað. Þar stendur orðrétt, með leyfi forseta:

„Nefndin ítrekar fyrri tillögur um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga í sambandi við breytingar á verkaskiptingunni. Þar er lagt til að veitt verði sérstök framlög til sveitarfélaganna með þrennum hætti:

a. Framlög til stofnframkvæmda.
b. Framlög til reksturs grunnskóla í dreifbýli.
c. Framlög vegna breyttrar verkaskiptingar."

Síðan segir: „Nefndin leggur til að upphæð þessara framlaga verði við það miðuð að hagur hinna minni og vanmegnugri sveitarfélaga batni við breytingar á verkaskiptingunni."

Ég vek sérstaklega athygli á þessu. Það er gert ráð fyrir því í tengslum við þessa verkaskiptingu að hagur hinna minni og vanmegnugri sveitarfélaga batni við þær breytingar sem verið er að gera.

Niðurstaða mín er sem sagt sú og raunar margra annarra sveitarstjórnarmanna að við þessa breytingu sem hér er gerð tillaga um að eigi sér stað, þá náist fram mjög verulegur fjárhagslegur ávinningur fyrir hin minni sveitarfélög og þau verði betur í stakk búin til þess að sinna hlutverki sínu sem er þjónusta við íbúana eftir þessa breytingu.

Ég legg áherslu á það að þetta mál hefur verið mjög vel kynnt í sveitarstjórnum, um það er góð samstaða meðal sveitarstjórnarmanna og ég vonast til að það fái skjóta afgreiðslu hér á hinu háa Alþingi.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er orðið fyllilega tímabært að skýrari og ákveðnari skil séu gerð á milli verkefna ríkisins annars vegar og sveitarfélaganna hins vegar. Ánægjulegt er að nú skuli þessi mál vera komin svo langt að samstaða virðist vera um hvernig þessum málum skuli fyrir komið. Svo virðist sem í stórum dráttum séu bæði fulltrúar sveitarfélaganna og ríkisvaldsins ánægðir með niðurstöðurnar og talaði einn fulltrúi sveitarstjórna hér áðan og virtist vera harla ánægður með útkomuna.

Á síðasta löggjafarþingi kom fram frv. um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga en hlaut ekki afgreiðslu. Í því frv. var aðeins gert ráð fyrir að breyta verkaskiptingunni að hluta. Val á verkefnaþáttum sem breyta átti í fyrsta áfanga, eins og það var nefnt, var mjög sérkennilegt. Nær eingöngu átti að flytja verkefni frá ríki til sveitarfélaga án þess að tryggja fyrst fjárhagslega stöðu þeirra til að geta tekist á við þau verkefni.

Með þessu frv. er skrefið tekið til fulls og verkefnatilflutningurinn er ekki eingöngu frá ríki til sveitarfélaga heldur einnig frá sveitarfélögum til ríkisins. Þetta tel ég til mikilla bóta. Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga, svo og margar sveitarstjórnir hafa lagt mikið upp úr því að þetta frv. verði að lögum nú á þessu þingi og fullyrða að það verði sveitarfélögunum til hagsbóta. Þrátt fyrir þá áherslu sem stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga hefur lagt á það hve gott og hagstætt þetta muni vera fyrir litlu sveitarfélögin hef ég af því vissar áhyggjur að sú muni ekki verða raunin. Ég óttast að litlu sveitarfélögin muni eiga í enn meiri erfiðleikum eftir þessar breytingar en áður og sjálfstæði þeirra enn skert. Ég vona þó að sú spá mín muni ekki rætast. Ekki er hægt annað en að treysta því að stjórn samtaka sveitarfélaga hafi tekið mið af fámennum dreifbýlissveitarfélögum ekki síður en stórum sveitarfélögum þegar lagt var mat á ágæti þeirra breytinga sem hér eru lagðar til.

Vissulega eru margir þættir frv. sem orka tvímælis. Margar gagnrýnisraddir hafa heyrst varðandi einstaka kafla frv. sem ná til breytinga á 14 lagabálkum. Mesta gagnrýni hefur komið á XI. kafla frv. sem fjallar um breytingar á lögum nr. 75/1985, um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Þar er gert ráð fyrir að breyta rekstri tónlistarskólanna frá því sem nú er. Það þarf varla að fara mörgum orðum um mikilvægi tónlistarkennslu og óttast margir að með breyttu fyrirkomulagi muni tónlistarskólarnir margir hverjir eiga erfitt uppdráttar. Ég hefði því talið eðlilegt að breytingin nú hefði orðið í þá átt að ríkissjóður tæki meiri þátt í að greiða laun tónlistarkennara en nú er. Laun grunnskólakennara eru greidd úr ríkissjóði og er því eðlilegt að laun tónlistarkennara séu það einnig. Það skref sem hér er lagt til að tekið verði er skref í öfuga átt að mínum dómi.

Fjölmargir aðilar hafa lýst áhyggjum sínum vegna þessara fyrirhugðu breytinga. Flestar gagnrýnisraddir hafa komið frá samtökum tónlistarkennara og tónlistarskólastjóra og mörgum fleiri aðilum. Ég vil aðeins segja frá gagnrýni samtaka tónlistarskólastjóra sem hafa skrifað félmn. og væntanlega alþingismönnum öllum bréf þar sem þeir lýsa áhyggjum sínum vegna þessara breytinga. Bæði skrifuðu þeir bréf þann 4. apríl sl. og einnig 2. maí sl. Í bréfinu sem var skrifað þann 2. maí er því haldið fram að nú þegar sé farið að undirbúa lokun a.m.k. tveggja tónlistarskóla úti á landi vegna þessarar breyttu verkaskiptingar þannig að ég verð að lýsa áhyggjum mínum yfir þessum fréttum sem berast. Samtök tónlistarskólastjóra leggja mjög mikið upp úr því að þessi breyting nái ekki fram að ganga og telja að þetta sé ógnun við tónlistarkennsluna í landinu. Þá hefur einnig borist bréf frá Félagi tónlistarskólakennara þar sem þeir segja m.a. að engin rödd hafi heyrst meðal tónlistarskólakennara eða foreldra sem hefur mælt með þessum breytingum, heldur hafi eingöngu komið fram mótmæli. Þetta er það sem heyrst hefur háværast frá þeim sem starfa sjálfir að þessum málum inni í skólunum.

En það hafa einnig komið fram gagnrýnisraddir frá sveitarfélögunum, t.d. frá oddvitanum í Vorsabæ á Skeiðum þar sem hann telur að það muni vera til hins verra ef frv. nái fram að ganga þannig að það eru svo sannarlega ekki allir sveitarstjórnarmenn sem eru ánægðir með það.

Bréf barst einnig frá Fjórðungssambandi Norðlendinga sem skrifað var á Akureyri þann 18. apríl 1989. Í því bréfi kom fram nokkur gagnrýni á það frv. sem hér er til umræðu, svo og það frv. sem við sjálfsagt komum seinna til með að ræða, um tekjustofna sveitarfélaga, en varðandi einmitt það atriði sem ég er hér að gera að umtalsefni, þá segir hér, með leyfi forseta:

„Ekki er að sjá í tillögu nefndarinnar að eyrnamerkt sé aðstoð við tónlistarskóla, t.d. með breytingum e-liðar 13. gr. Hér er á ferðinni alvarlegra mál en sýnist.“ Þetta er þeirra skoðun og ég tel fyllstu ástæðu til að taka mark á þeim ábendingum sem komið hafa og þess vegna hef ég ásamt hv. 13. þm. Reykv. Guðrúnu Helgadóttur lagt til brtt. við þetta frv. á þskj. 1056.

Brtt. felst fyrst og fremst í því að breyta XI. kafla laganna, sem fjallar um tónlistarskólana, þ.e. að fella þann kafla algjörlega brott. Það þýðir, þar sem þessi kafli fjallar eingöngu um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskólana, að það fyrirkomulag sem nú er verði óbreytt. Núverandi fyrirkomulag er þannig að tónlistarskólarnir hafa verið að mestu á herðum sveitarfélaganna, en þó hefur komið fram stuðningur úr ríkissjóði er samsvarar um það bil helmingi af launum tónlistarkennaranna. Að öðru leyti hafa sveitarfélögin borið mestan þungann af tónlistarskólakennslunni þannig að þessi breyting

felur í sér að þessum stuðningi ríkisins verði haldið áfram. Margir sveitarstjórnarmenn hafa viljað gera lítið úr hlut ríkisins í þessu sambandi, en þeir sem þarna starfa vilja gera mikið úr þessum hlut og hafa verulegar áhyggjur af þessari breytingu eins og fram kom í máli mínu áðan. Ég held því að það muni verða mikið óheillaspor ef þessi breyting nær fram og ég hef mikla sannfæringu fyrir því að það mundi verða farsælast ef við gætum fellt þennan kafla niður.

Þegar ég fór að velta fyrir mér hvernig við gætum mætt þeim mikla kostnaði sem þarna kemur á ríkissjóð — en á bls. 32 í fskj. með frv. eins og það var lagt fram í Ed. kemur fram að þetta muni valda um það bil 200 millj. kr. hækkun útgjalda sveitarfélaganna. Þegar ég fyrst orðaði það í félmn. að reyna að breyta þessu þá komu þau andmæli fyrst og fremst fram varðandi verkefnatilflutninginn að það mætti ekki raska því jafnvægi sem þarna væri á milli í fjármálum verkaskiptingarinnar vegna þess að það væri búið að gera upp þetta dæmi. Ég hef aldrei haft aðra tilfinningu fyrir þessu uppgjöri en að það yrði reynt að koma þessu þannig fyrir að sem mest skipting væri á milli ríkis og sveitarfélaga en jafnframt að hagur beggja mundi verða nokkurn veginn jafn á eftir og ef eitthvað væri þá yrði hagur sveitarfélaganna betri eftir breytinguna en áður. Þau svör fékk ég til að byrja með að þessi breyting mundi ekki geta gengið vegna þess að þarna væri um 200 millj. kr. lækkun aftur hjá sveitarfélögum sem mjög óeðlilegt væri að taka eina út úr. Eingöngu þess vegna fór ég að athuga hvar væri hægt að breyta til baka aftur án þess að það kostaði að ríkið þyrfti aftur að fara að taka að hluta til þátt í einhverju samkrulli með sveitarfélögum, eins og megintilgangur frv. er að forðast, og þá var mjög eðlilegt að litið væri til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Hingað til hefur það verið þannig að það hafa verið að hluta til sveitarstjórnir, að hluta til ríkissjóður og síðan atvinnurekendur sem hafa greitt í þennan sjóð og í bók sem gefin hefur verið út og heitir Samstarf ríkis og sveitarfélaga kemur m.a. fram og vil ég fá að lesa það, með leyfi forseta:

„Að áliti nefndarinnar hafa sveitarfélögin nú ekkert að segja um málefni Atvinnuleysistryggingasjóðs. Þá hefur ríkið á undanförnum missirum bætt á sjóðinn nýjum verkefnum sem munu hafa í för með sér verulega aukningu útgjalda á næstu árum. Áhrif breytinganna á greiðslur til Atvinnuleysistryggingasjóðs eru misjöfn á einstök sveitarfélög. Samkvæmt úrtaki nefndarinnar má ætla að breytingin mundi minnka útgjöld þéttbýlissveitarfélaganna frá 0,5–1,5% af heildarútgjöldum en mun minna hjá dreifbýlissveitarfélögunum.“ Ef þessi breyting nær fram sem við hv. 13. þm. Reykv. leggjum til, þá mundi það koma betur við dreifbýlissveitarfélögin heldur en þéttbýlissveitarfélögin þannig að það mundi koma betur út fyrir þau sveitarfélög sem maður hefur meiri áhyggjur af vegna þessara breytinga.

Ég skil reyndar mjög vel af hverju sveitarfélögin vilja losna við Atvinnuleysistryggingasjóð vegna þess að þau hafa ákaflega lítið um hann að segja, en hins vegar hefur þetta ekki valdið neinum erfiðleikum varðandi greiðslur í sjóðinn og það hafa ekki komið fram neinar sérstakar kvartanir yfir innheimtu eða að þetta samkrull hafi haft einhverja erfiðleika í för með sér. Hins vegar legg ég þetta fram eingöngu vegna uppgjörsins, ekki vegna þess að ég mundi út af fyrir sig vilja leggja til breytingu á þeim tillögum sem komið hafa fram um Atvinnuleysistryggingasjóð. Ég geri ekki athugasemdir við það í sjálfu sér, heldur er þetta eingöngu til að kostnaðarskiptingin jafnist út. Og ég hef ekki enn heyrt nein rök sem mæla gegn því að gera þetta svona.

Margir hv. þm. hafa lýst því að þeir hafi verulegar áhyggjur af breytingu á þessu ágæta fyrirkomulagi sem virðist vera á tónlistarkennslunni. Þeir eru ekki þar með að lýsa vantrausti á sveitarfélögin heldur eingöngu vilja, og það er mín skoðun, styðja sveitarfélögin á þessu sviði og við teljum að það sé hættulegt að breyta fyrirkomulagi sem hefur reynst mjög vel. Ég vil því mótmæla því að þarna sé verið að blanda saman ólíkum málum. Við erum hérna með 14 ólíka lagabálka þannig að við erum að blanda saman mjög ólíkum málum í fyrsta umgangi þegar við erum að fjalla um þessa breyttu verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga þannig að sú breyting sem lögð er til á þskj. 1056 er ekki neitt öðruvísi breyting en annars er verið að gera í þessu frv.

Hv. 4. þm. Norðurl. v. gerði einnig að umtalsefni hér innra starf tónlistarskólanna og það er alveg rétt að það hefur komið fram áður að með þessum brtt. er ekki verið að breyta innra starfi tónlistarskólanna, það á ekki að breyta neitt faglega því sem þar er verið að gera. En þrátt fyrir það hefur verið talið eðlilegt að styrkja þessa starfsemi og styrkja tengsl tónlistarskólanna og menntmrn. enn frekar og á þskj. 1074 er einmitt brtt. um þessa styrkingu á faglegu starfi og samstarfi tónlistarskóla og ráðuneytis og einnig grunnskóla og framhaldsskóla sem ég tel mjög mikilvægt og þess vegna hef ég gerst meðflutningsaðili að þeirri brtt. sem væntanlega verður gerð betri grein fyrir af 1. flm. hér síðar.

Ég ætla ekki að gera að umtalsefni fleiri breytingar en vil þó benda á að þrátt fyrir að því hafi verið haldið fram að eingöngu sé um að ræða kostnaðarskiptingu, að breytingar séu eingöngu gerðar af því, þá er verið að setja inn ýmsar breytingar sem varða innra starf. T.d. var í X. kafla laganna, eins og það kom frá Ed., búið að fella niður allt faglegt eftirlit menntmrn. við dagvistarheimili fyrir börn en félmn. Nd. varð sammála um að þetta þyrfti að koma inn aftur og við höfum lagt til breytingu á þessum kafla laganna meira til samræmis við það sem við teljum að hafi verið skoðun bæði sveitarstjórnarmanna þegar þessi breyting varð að samkomulagi, svo og menntmrn. Það var e.t.v. um einhvern misskilning að ræða sem við vonum að sé leiðréttur hér með.

Þá vil ég benda á að í kaflanum sem fjallar um grunnskóla er einnig lögð til breyting frá núgildandi lögum og ég get ekki sagt að ég sé neitt sérlega ánægð

með hana. En í 31. gr. frv. er talað um að fræðsluráð geti falið fræðslustjóra að annast framkvæmdastjórn fyrir ráðið. Eins og þetta er í núgildandi lögum er talað um að fræðslustjóri sé framkvæmdastjóri fyrir ráðið þannig að ég tel að þarna sé verið að fara inn á fleiri þætti heldur en eingöngu verkaskiptinguna og fjárhagslega skiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga, það er verið að fara þarna lengra en kannski eðlilegt mætti teljast.

Það eru fleiri atriði í þessu frv. sem orka tvímælis og ef ég hefði fengið að ráða meiru, þá hefði ég viljað sjá það öðruvísi. Eins og kom fram í máli hv. 4. þm. Norðurl. e. þá er þetta málamiðlun þannig að sjálfsagt væru margar breytingar þarna ef hver og einn mundi fá það sem hann teldi vera akkúrat samkvæmt hans eigin óskum.

Ég vil endurtaka það að ég hef vissar áhyggjur af því að þessi breyting verði ekki til þess að hagur sveitarfélaganna batni mikið eftir þó ég vissulega voni það. Ég óttast að þær miklu vonir sem sveitarstjórnarmenn bindi við þetta muni því miður ekki verða eins bjartar þegar að lokum kemur. En ég vona að þessi svartsýni mín sé ekki á rökum reist.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér er stórt mál komið frá hv. félmn. þar sem er frv. til l. um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Það hefur gerst m.a. í nefndinni að gerðar hafa verið breytingar varðandi annað það atriði sem ég gerði að sérstöku umræðuefni við 1. umr. þessa máls hér í deildinni, þ.e. í sambandi við dagvistarstofnanir, faglegt eftirlit og umsjón með dagvistarstofnunum. Þar liggja fyrir tillögur sem eru verulega til bóta í því efni og ég fagna því og þakka nefndinni fyrir að hafa tekið á því máli þó svo ég hefði getað hugað mér enn umfangsmeiri breytingar á þeim málaflokki en það getur beðið síðari tíma og betri tíma og þá í tengslum við heildarendurskoðun eða réttara sagt stefnumörkun um forskólastig sem nú er unnið að á vegum menntmrn.

Ég vil út af fyrir sig ekki spá neinu um það hvað út úr þeirri stefnumörkun kann að koma varðandi fjárhagslegan þátt þessara mála. En ég hefði ekki talið óeðlilegt að varðandi hann verði farið svipað með forskólastigið frá því að fæðingarorlofi lýkur og þar til að grunnskóli hefst, verði farið hliðstætt og með grunnskólann að því er snertir þátttöku ríkisins í greiðslu kostnaðar þeirra sem standa fyrir fræðslu og uppeldi á því væntanlega skólastigi, forskólastiginu. En þetta er sem sagt til bóta, það sem hv. félmn. leggur hér til um breytingar varðandi dagvistarstofnanirnar og ég ítreka þakkir fyrir það. Ég treysti því að hv. Ed., sem gerði einmitt breytingar í öfuga átt á frv., fallist á þær tillögur sem koma væntanlega frá þessari hv. þingdeild um þetta efni.

Annar var sá þáttur sem ég ræddi hér við 1. umr. málsins og gerði mjög ákveðnar athugasemdir við og það er málefni tónlistarfræðslunnar, þættir sem hafa verið ræddir m.a. í þessari umræðu af tveimur ræðumönnum, hv. 4. þm. Norðurl. v. og hv. 12. þm. Reykv. sem stendur að brtt. með öðrum í sambandi við þetta mál. Ég hefði kosið að sjá róttæka breytingu á þessu af hálfu nefndarinnar sjálfrar í þá veru sem brtt. er að finna um á þskj. 1056 varðandi fjárhagsþátt málsins og ástæðan er sú ágæta reynsla sem er af því samstarfi ríkis og sveitarfélaga með kostnaðarþátttöku ríkisins sem þar hefur verið og ég hef ekki talið rétt og skynsamlegt að vera að breyta frá þeirri skipan eins og hér liggja fyrir tillögur um.

Auðvitað er það álitamál hvernig á að haga einstökum þáttum þessara mála, vissulega, og hér er ekki verið að segja síðasta orðið í þeim efnum, það er ég sannfærður um, enda eðlilegt að þessi mál séu til stöðugrar endurskoðunar og endurmats í ljósi reynslu. Ég hef ekki sett mig sérstaklega inn í þann þátt brtt. á þskj. 1056 sem varðar brottfall kaflans varðandi atvinnuleysistryggingar, þ.e. að jafna metin með því að færa það til baka, þ.e. yfirtöku ríkisins á þeim kostnaðarþætti, en ég hef heyrt rök hv. fyrri flm. tillögunnar fyrir þessu og ég tel að það sé mjög eðlilegt að það sé leitast við að jafna þarna metin þó svo að ljóst sé að þetta muni koma eitthvað misjafnt niður á einstökum sveitarfélögum og þyrfti þá Jöfnunarsjóður eða önnur þau tæki sem varða fjárhagsleg inngrip að taka á því máli verði tillaga þessi samþykkt. Það er hægurinn hjá. Það er annað eins leyft í þessum dæmum eins og það að jafna þarna á milli og því get ég lýst fylgi við þessa brtt. eins og hún liggur fyrir. Ég hef engar áhyggjur af því að það verði til að stöðva þetta mál. Þetta er ekki það stór þáttur sem hér er á ferðinni, og þetta er tiltölulega einföld breyting sem þarna er um að ræða.

Ég hef hins vegar með fjórum öðrum hv. þm. flutt aðra brtt. sem snertir þetta mál og tónlistarfræðsluna sérstaklega. Sú brtt., sem að standa ásamt mér hv. þm. Kristín Einarsdóttir og hv. þm. Óli Guðbjartsson, Árni Gunnarsson og Guðni Ágústsson, er eins og ég gat um á þskj. 1074 og gerir ráð fyrir því að á eftir 70. gr. samkvæmt frv. komi ný grein sem orðist eins og þar er lagt til. Ég tel rétt að lesa brtt. eins og hún liggur hér fyrir, með leyfi virðulegs forseta:

„Í stað 12. gr. laganna (um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla) komi þrjár nýjar greinar svohljóðandi:

a. (12. gr.)

Menntmrn. skal hafa með höndum faglega umsjón og eftirlit með starfsemi tónlistarskóla. Ráðuneytið ræður í þessu skyni námsstjóra tónlistarfræðslunnar til fjögurra ára í senn svo og annað nauðsynlegt starfslið.

Verkefni ráðuneytisins eru m.a.: yfirstjórn námsskrár- og námsefnisgerðar, sbr. 3. tölul. 1. gr., samræming náms, prófa og réttinda er þau veita, aðstoð varðandi ráðningu kennara, ráðgjöf varðandi gerð starfs- og fjárhagsáætlana skóla, upplýsingamiðlun og erlend samskipti.

b. (13. gr.)

Ráðuneytið skipar fimm manna samstarfsnefnd tónlistarfræðslunnar til að fjalla í heild um starfsemi tónlistarskóla, samstarf skólanna og/eða rekstrarað-

ila þeirra svo og samstarf tónlistarskóla við grunnskóla og framhaldsskóla.

Í nefndinni eiga sæti einn fulltrúi tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga, einn fulltrúi tilnefndur af Samtökum tónlistarskólastjóra, einn fulltrúi tilnefndur af Félagi tónlistarskólakennara, námsstjóri tónmennta í grunnskólum, skipaður án tilnefningar, námsstjóri tónlistarfræðslunnar, skipaður án tilnefningar, og er hann jafnframt formaður nefndarinnar.

c. (14. gr.)

Menntmrn. setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um starfshætti og verkefni samstarfsnefndar tónlistarfræðslunnar."

Þetta er sú brtt. sem ég legg hér til og ég vek sérstaka athygli á því að hún snertir ekki fjárhagslegan þátt þessa máls. Hún snertir tengsl ráðuneytisins, yfirstjórnar menntamála í landinu, við tónlistarskólana og tónlistarfræðsluna í landinu og er, má segja, nokkuð hliðstæð þeirri breytingu sem hv. félmn. er að leggja til varðandi dagvistarheimili, þ.e. að tryggja og styrkja faglega umsjón og eftirlit yfirstjórnar menntamála með þessum fræðsluþætti.

Ég vænti þess að við þessa tillögu sé góður stuðningur hér í hv. þingdeild. Ég varð þess var þegar við bárum okkur saman, meðflm. þessarar till. og fleiri sem ég ræddi við um mótun hennar, að það voru góðar undirtektir og ég vænti þess að menn geti fallist á að taka upp þá skipan, sem hér er verið að leggja til, til að styrkja þessi tengsl hvort sem um yrði að ræða breytingu á því sem fyrir liggur varðandi fjárhagslegan þátt mála eða ekki. Það er í rauninni alveg óháð því máli hvernig það ræðst hér í þingdeildinni.

Ég teldi það mjög æskilegt, virðulegur forseti, að hv. félmn. liti á þessa tillögu, færi yfir hana og athugaði hvort hún teldi hægt að styðja hana og mæla með samþykkt hennar óbreyttrar eða með einhverjum breytingum sem auðvitað koma til greina og gætu verið alveg ásættanlegar af minni hálfu ef þær horfa efnislega til þeirrar áttar sem hér er lagt til. Og ég mundi kjósa ef formaður félmn., hv. 5. þm. Norðurl. v., væri reiðubúinn til þess að taka málið upp á vettvangi félmn. milli umræðna að draga þessa tillögu mína og fleiri hv. þm. til baka við þessa umræðu, fresta henni þá til 3. umr. og fá meðhöndlun félmn. á málinu milli umræðna. Mér þætti vænt um ef það væru undirtektir við þá málsmeðferð.

Ég vil geta þess að sú skipan, sem hér er verið að leggja til, sækir stuðning í álitsgerð og tillögur um skipan tónlistarfræðslu, sem skólarannsóknadeild menntmrn. lét vinna og gefnar voru út í sérstöku riti í október 1983, varðandi námsstjórn í tónlistarskólum og tengsl ráðuneytis og tónlistarskólanna. Þar var m.a. gert ráð fyrir, raunar ekki einni nefnd heldur þremur nefndum til þess að styrkja þessi tengsl og fara yfir mál, nefnd sem ætlað var að fjalla um námsskrár, sérstaka ráðgjafarnefnd og sérstaka samstarfsnefnd. En hér er lögð til einfaldari skipan, að sett yrði sérstök föst samstarfsnefnd á laggirnar til þess að annast þau tengsl sem þarna var gert ráð fyrir og styrkja það sem nú er til staðar í menntmrn. í sambandi við námsstjórn á þessu sviði. Þessi brtt. sem ég mæli hér fyrir byggir á samráði aðila á fyrri árum um þessi efni og við mótun hennar hafði ég samráð við þá sem gjörþekkja til þessara mála, þar á meðal námsstjóra í tónlistarfræðslu sem starfar á vegum menntmrn. og fleiri aðila sem vinna að þessum málum.

Ég vil geta þess til þess að ekki verði neinn misskilningur, virðulegur forseti, að auðvitað hafði ég í huga ágæta þingsályktun sem Sþ. var að leggja blessun yfir fyrir fáum dögum varðandi tónmenntakennslu í grunnskólum. Þar var verið að leggja til og ályktað af hálfu Alþingis að menntmrh. skipi nefnd til að athuga og koma með tillögur að samvinnu og samþættingu tónmenntakennslu í grunnskólum og tónlistarskólum varðandi ákveðna tilgreinda þætti og þeirri nefnd ætlað að skila áliti fyrir lok þessa árs. Þetta er starfsnefnd til ákveðinna afmarkaðra verkefna og hennar álit og tillögur ganga þá inn í það kerfi sem hér er verið að leggja til til styrktar tónlistarmálunum af hálfu ráðuneytis og tengslum við tónlistarskóla í landinu í framtíðinni. Þarna er síður en svo nokkurt árekstrarefni, heldur miklu fremur að þarna væri verið að tryggja að í lögum væri mótað kerfi til þess að taka við því áliti sem væntanlega kemur frá þeirri nefnd sem Alþingi var að ályktа um nú á dögunum.

Ég ætla ekki, virðulegur forseti, að fara út í ítarlegri rökstuðning fyrir þessu máli. Það liggur fyrir mikið efni varðandi málefni tónlistarfræðslunnar og það er fagnaðarefni að þau mál skuli bera jafnmikið á góma hér á hv. Alþingi eins og gerst hefur að undanförnu því að það skiptir sannarlega miklu að vel takist til um eflingu þessa þáttar mennta og menningar í landinu og þar á meðal hefur menntmrn. miðlað Alþingi sérstakri álitsgerð sem varð til einmitt vegna áforma um að breyta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, skýrslu sem er frá marsmánuði sl. Þar er að finna mikið efni um þetta sem ég ætla ekki að fara að vitna til sérstaklega en vísa til þessa fyrirliggjandi rits.

Varðandi síðan það mál í heild sinni sem hér er til umræðu þá vænti ég þess að sú breyting sem þar er verið að leggja til verði til heilla fyrir báða aðila, ríkið og ekki síður sveitarfélögin sem eiga í rauninni enn meira í húfi heldur en ríkisvaldið að vel takist til í þessum efnum. Ég hef tekið það fram í umræðum um þetta mál og nefni það hér aðeins að ég er ekki sérstaklega trúaður á þá hugmyndafræði um hrein skipti að því er varðar fjárhagsmálefni ríkisins annars vegar og sveitarfélaganna hins vegar. Ég skil hins vegar þau rök sem þar eru fram færð af þeim sem halda um fjárhagsmálefnin, en ég tel jafnframt að samstarf ríkisins og sveitarfélaganna um fjármögnun tiltekinna þátta, bæði framkvæmda- og rekstrarþátta hafi verið til heilla og verið til þess að tryggja framfarir og jöfnuð nokkurn meðal landsins barna á undanförnum árum og þess þarf að gæta að sú breyting, sem hér verður á með væntanlegri samþykkt þessara laga, verði ekki til þess að draga úr því

sem vel hefur tekist í fortíðinni og menn séu reiðubúnir að bregðast við því ef reynslan sýnir að úr þurfi að bæta, að taka þá á því eftir því sem tillögur liggja fyrir um á hverjum tíma.

Ég vænti svo að þetta mál fái hér farsælar lyktir á Alþingi fyrir þinglok því að það er mikil eftirvænting eftir því hjá þeim sem í hlut eiga og hafa unnið mikið og lengi að því að móta og bera fram tillögur í þessum efnum og það fólk er dreift um land allt.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Hér er loks komið til umfjöllunar við 2. umr. í síðari deild frv. til l. um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Þetta mál hefur verið tilbúið til umfjöllunar hér við 2. umr. í nokkra daga en ekki komist að fyrir öðrum málum sem ætla verður að stjórnendur þinghaldsins hér telji brýnni heldur en þetta merka frv. sem hér er á ferðinni og sem hefur mjög víðtækan stuðning meðal kunnáttumanna um þessi mál og meðal sveitarstjórnarmanna um land allt. Ég tel að vísu að vinnubrögð hér í sambandi við meðferð mála í þinginu séu oft og tíðum ámælisverð en ég tel það sérstaklega ámælisvert þegar frv. sem þetta og frv. það sem því fylgir um tekjustofna sveitarfélaga eru látin bíða í allt að því óvissu á meðan tekist er á um önnur mál sem er fjarri því að vera samstaða um hér í þinginu og fjarri því að vera víðtækt samkomulag úti um landsins byggðir eins og um er að ræða varðandi þetta mál.

Þetta frv. sem nú er komið hér á lokaspölinn í afgreiðslu Alþingis er afrakstur af mjög langri, ítarlegri og vandasamri vinnu þar sem mjög margir einstaklingar og samtök hafa lagt hönd á plóg. Hér er um að ræða frv. sem hefur verið til skoðunar og meðferðar árum saman, hér er um að ræða niðurstöðu úr máli þar sem ljóst var að allir urðu nokkuð á sig að leggja og urðu nokkuð á kröfum sínum að slaka til þess að viðunandi málamiðlun og niðurstaða fengist. En sú hefur raunin orðið á að hér er fengin niðurstaða sem er yfirgnæfandi stuðningur við í þjóðfélaginu, ekki síst í röðum sveitarstjórnarmanna sem hér eiga vitaskuld gríðarlegra hagsmuna að gæta fyrir hönd sinna sveitarfélaga og sinna umbjóðenda, en einnig meðal þeirra sem fara með ríkisvaldið og hafa þá skyldu á herðum að gæta hagsmuna ríkisins, fjárhagslegra sem annarra.

Hér í þessu frv. eru gerðar tillögur um breytingar í einum 13 málaflokkum þar sem áður hefur verið um að ræða margháttað samkrull svokallað milli ríkis og sveitarfélaga. Hér er verið að gera verkaskiptinguna klárari, gera ákvörðunarferli væntanlega einfaldari og skýrari og jafnframt gera það ljósara hver ber ábyrgðina í hverjum málaflokki, hverjir það eru sem taka ákvarðanir og bera síðan endanlega ábyrgð. Því eins og öllum er kunnugt og yfirlýst er af flestum sem nærri þessum málum hafa komið þá er það mikilvæg forsenda fyrir skynsamlegum ákvörðunum að ábyrgðin af afleiðingum fjárhagslegra ákvarðana sé á sömu hendi og ákvarðanirnar sjálfar.

Þess vegna tel ég að það sé afar mikið og merkilegt grundvallaratriði í sem flestum málum að um þau sé aðeins eitt stjórnvald að sýsla en ekki tvö. Ekki bæði ríki og sveitarfélag, heldur helst bara annað hvort þegar því verður við komið. Nú eru að vísu til þeir málaflokkar þar sem ekki er hægt að ætlast til þess að sveitarfélögin ein komi að málum og það eru líka til þeir málaflokkar þar sem ekki er eðlilegt að ríkið hlutist eitt til um mál án afskipta sveitarfélaga.

En í aðalatriðum er það mín skoðun að þetta mál, skýrari verkaskipting ríkis og sveitarfélaga og klárari skipti þar á milli, sé forsenda fyrir því að í framtíðinni megi ná betur utan um og ná betri tökum á opinberum fjármálum, reyndar bæði fjármálum ríkisins og sveitarfélaganna. En ég hef nú ekki síst í huga fjármál ríkisins sem auðvitað hljóta alltaf að vera mönnum ofarlega í huga hér á hv. Alþingi þar sem menn þurfa við þau að glíma með reglulegu millibili.

Ég er ekki í nokkrum vafa um það að hreinni skipti og skil í þessari margumræddu verkaskiptingu eru forsenda þess að menn geti tekið skynsamlegar ákvarðanir þegar til lengri tíma er litið og náð betri tökum á fjármálum ríkisins þannig að menn hafi jafnan yfirsýn yfir það hvað einstakar ákvarðanir um útgjöld, um uppbyggingu og um að taka útgjöld á herðar ríkissjóðs, um hvað slíkar ákvarðanir geta þýtt þegar fram í sækir. En yfirsýn yfir fjármálin og útgjöld ríkissjóðs er auðvitað á hinn bóginn forsenda þess að menn geti við þau ráðið. Þannig að hér ber allt að sama brunni að því er varðar mikilvægi þessa máls í grundvallaratriðum. Að því er hins vegar varðar einstaka liði í þessum 13 köflum frumvarpsins þá er auðvitað eðlilegt að skoðanir séu nokkuð skiptar um einstök mál, enda hefur það tekið tímann sinn að ná hér samkomulagi þannig að allir geti þokkalega við unað.

Ég vil hins vegar í því sambandi vekja athygli á því að hér er eingöngu um að ræða fjárhagslega endurskipulagningu í viðkomandi málaflokkum, en á ekki að vera um að ræða efnisíhlutun í einstaka málaflokka að öðru leyti. Raunar er það svo að fyrir liggja yfirlýsingar um að viðkomandi málaflokkar eða lög um þá muni koma til endurskoðunar með sjálfstæðum hætti í kjölfar þess að þetta mál hljóti afgreiðslu. Og þar er auðvitað eðlilegt í slíkri endurskoðun að takast á um efnisatriði til að mynda að því er varðar tónlistarskóla eða tónlistarfræðslu, dagvistarstofnanir, almannatryggingar o.fl., o.fl., ef menn hafa sérstakan áhuga á breytingum í þeim málaflokkum. Aðalatriðið í sambandi við þessa löggjöf sem hér er í undirbúningi og til meðferðar er hins vegar fjárhagshliðin, að gera skilin skýr að því er varðar þann þátt þessara málaflokka í samskiptum ríkis og sveitarfélaga.

Ég vildi þess vegna láta það koma fram að menn geta auðvitað haft fyrirvara á um einstaka þætti er snúa að efnislegri útfærslu í einstökum atriðum þessara mála. Ég vek t.d. athygli á því að uppi eru hugmyndir um nýtt hlutverk sjúkrasamlaga sem með þessu frv. mundu falla niður í núverandi mynd, mundu leggjast niður. Ég tel að menn verði að líta á

þetta frv. og þær breytingar sem því fylgja sem áfanga að því marki að í fyrsta lagi gera frekari bragarbót í verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, en í öðru lagi að huga að einstökum þáttum þannig að viðhlítandi sé til frambúðar, einstökum þáttum í því frv. sem hér er til umræðu.

Hér hafa til að mynda margir gert að umtalsefni tónlistarkennsluna, tónlistarfræðsluna. Auðvitað hljóta menn að áskilja sér allan rétt til frekari íhugunar þeirra mála þegar það mál kemur til meðferðar með sjálfstæðum hætti. Sama er að segja um dagvistarheimilin. En almennt séð tel ég að menn óttist um of getuleysi sveitarfélaganna til þess að takast á við ný verkefni. Ég tel að ótti manna, sem er nokkuð almennur í þessu máli, ekki bara hér við þessa umræðu heldur nær sá ótti miklu lengra aftur í tímann, óttinn um að sveitarfélögin fái ekki risið undir því sem ætlast er til af þeim sé kannski fullmikill og ástæðulaus. Ég held að það verði a.m.k. að láta á það reyna hvort sveitarfélögin fái risið undir þeim nýju verkefnum sem menn vilja til þeirra flytja áður en menn gefast upp við að fara í slíka tilfærslu.

Þannig þótti mér athyglisvert í máli hv. 4. þm. Norðurl. v. Þórðar Skúlasonar að hann hafði einmitt uppi svipaðar röksemdir að því er varðar ótta manna gagnvart því að flytja tónlistarkennsluna yfir á hin minni sveitarfélög. Ég vil taka undir þetta og láta það koma fram að við sem stöndum að meirihlutaáliti félmn., a.m.k. flest hver, við samþykkjum þetta frv. auðvitað með þeim fororðum að fyrir þessum þáttum sé séð í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga að því er varðar hin minni og meira veikburða sveitarfélög. Það er alls ekki meiningin eða ætlun nokkurs manns í sambandi við þetta mál að láta einstök veikburða sveitarfélög lenda á köldum klaka í sambandi við einstaka þætti. Ég held að mönnum hætti nokkuð til þess að gera of mikið úr erfiðleikum sveitarfélaganna til þess að taka á sig verkefni.

En við skulum jafnframt huga að því að verkefnatilflutningi til sveitarfélaga hlýtur að fylgja aukin ábyrgð samhliða. Og þá vaknar spurningin um það hvar á að draga ábyrgðarmörk eða valdmörk milli ríkisins og sveitarfélaganna. Ég held að það sem kom fram í máli hv. 2. þm. Austurl. Hjörleifs Guttormssonar og varðar dagvistarheimilin og meðferð hv. Ed. á þeim þætti sé nefnilega gott dæmi um þetta. Ég held að afstaða Ed. hafi byggst á því að með því að dagvistarheimilin væru flutt alveg yfir á sveitarfélög þá ætti jafnframt að trúa þeim fyrir því að bera ábyrgð á faglegri umsjón þeirrar starfsemi og treysta þeim fyrir því að í engu verði slakað á eðlilegum kröfum um að fyllstu fagmennsku sé gætt í sambandi við þessi mál. Ég hygg að afstaða Ed. í þessu viðfangi hafi verið alveg eðlileg, það hafi ekki verið neitt út á það að setja að gera þá breytingu sem þar var gerð. Ég hef hins vegar fallist á að standa að smávegis lagfæringu á þessu atriði til að koma til móts við hitt sjónarmiðið sem er það að ekki sé réttmætt að sleppa þessu algjörlega lausu að sinni heldur verði að vera fyrir hendi samræming og einhver aðstoð, fagleg umsjón jafnframt af hálfu menntmrn. í þessum málaflokki. Undir þetta get ég tekið enda er ekki talað um neitt allsherjareftirlit eða allsherjarábyrgð ráðuneytisins á þessum málaflokki, heldur eingöngu faglega umsjón svokallaða sem og það að ráðuneytið geti hér eftir sem hingað til — að í lögunum um dagvistarmál verði hér eftir sem hingað til viðmiðunarákvæði um barnafjölda og starfslið. Hins vegar eru felld niður ákveðin önnur atriði sem ég tel að vísu að eigi ekki að skipta neinum sköpum í þessu sambandi, enda er sú brtt. sem flutt er hér af félmn. í góðu samkomulagi við alla hlutaðeigandi, þar á meðal menntmrn. og Fóstrufélag Íslands sem hefur nokkuð látið þetta mál til sín taka út frá faglegu sjónarmiði og hagsmunum fóstra.

Ég held því að þarna hafi komið fram ákveðin málamiðlun sem vel sé viðunandi eins og sakir standa þó svo ég á hinn bóginn telji, eins og ég hef áður sagt, að það sé ástæðulaust að ætla sveitarfélögunum það að þau slaki eitthvað á þeim kröfum sem tíðkast hafa, þau slaki eitthvað á þeim staðli sem viðgengist hefur og gefist hefur vel. Ég held að það sé nefnilega misskilningur að ætla það að þegar valdið er komið til sveitarfélaganna þá fari þau að gera minni kröfur um umönnun og aðbúnað barna sem dvelja á dagvistarstofnunum. En allt um það þá tel ég að hér hafi sem sé náðst eftir atvikum viðunandi málamiðlun, viðunandi samkomulag eins og um flest atriði þessa máls.

Nefndin hefur einnig flutt nokkrar aðrar minni háttar breytingar sem ég er aðili að og sé ég nú ekki ástæðu til þess að gera sérstaka grein fyrir þeim þó svo að frsm. nefndarinnar hafi ekki gert grein fyrir þeim. Þær eru flestar það efnislitlar að það er ástæðulaust að eyða tímanum í það. Þar er m.a. um að ræða leiðréttingu á frv. þar sem gert var ráð fyrir því að skemmtanaskattur á árinu 1989 rynni í ríkissjóð en lögin eiga nú ekki að taka gildi fyrr en 1. jan. 1990 þannig að þetta var óeðlilegt og hefur verið leiðrétt. Sama er að segja um orðalag að því er varðar íþróttamannvirki og byggingarstyrki til íþróttafélaga og íþróttasamtaka o.s.frv.

Hins vegar hafa tveir nefndarmenn, hv. 12. þm. Reykv. og hv. 13. þm. Reykv., flutt miklu efnismeiri brtt. sem ganga út á það annars vegar að niður falli kaflinn um tónlistarfræðslu í þessu frv. og hins vegar að niður falli ákvæði um atvinnuleysistryggingar sem ganga út á það að létta framlagi sveitarfélaga í Atvinnuleysistryggingasjóð af þeim. Þetta ákvæði mun vera hugsað sem nokkurs konar slétt skipti fjárhagslega þannig að ríkið haldi sínum hlut í tónlistarfræðslunni en bæti ekki við sig hins vegar í atvinnuleysistryggingunum frá því sem nú er. Það má því segja að fjárhagslega, svona við fyrstu sýn a.m.k., gangi þetta dæmi nokkurn veginn upp. Ég hlýt hins vegar að leggjast gegn þessari breytingu m.a. vegna þess sem ég hef áður sagt um tónlistarfræðsluna og ástæðuleysi þess að gruna sveitarfélögin um græsku eða vanmátt í því efni í ljósi þess sem gert er ráð fyrir í Jöfnunarsjóði sveitarfélaga þar til mótvægis. En einnig vegna þess að ég tel að það sé ákveðin og eðlileg hreingerning í því fyrir sveitarfélögin að losna

við framlög sín í Atvinnuleysistryggingasjóð sem þau hafa lítið sem ekkert haft yfir að segja hver væru í krónum talið.

Við það er svo því að bæta, eins og margoft hefur komið fram í tengslum við þetta mál, að sú samstaða sem um það hefur náðst byggir á hinum stóru línum málsins, þ.e. þessum 13 verkaskiptaköflum og hinum 14. kafla um fjárhagslegt uppgjör. Hér er á ferðinni eins konar mósaikmynd sem mikil hætta er á að myndi raskast í veigamiklum mæli ef út eru teknir heilir kaflar, veigamiklir kaflar eins og hér er gerð tillaga um. Ég tel því að bæði efnisástæður sem og áhyggjur af örlögum málsins mæli gegn því að samþykkja þá brtt. sem hv. 12. og 13. þm. Reykv. hafa hér lagt til.

Á hinn bóginn hefur hv. 2. þm. Austurl., sem hér talaði rétt áðan, lagt fram aðra brtt. er snýr að tónlistarfræðslunni. Ég vil mjög gjarnan og eindregið taka undir þá tillögu hans, að þeirri tillögu verði vísað til félmn. á milli umræðna þannig að nefndinni gefist tóm til þess að gaumgæfa það mál. En ég vil gjarnan láta það koma fram að ég sé ekki í neinum veigamiklum atriðum ástæðu til þess að gera athugasemd við þessa tillögu ef hún mætti verða til þess að minnka áhyggjur manna af þessu máli og ná um það e.t.v. víðtækara samkomulagi. Hins vegar vildi ég jafnframt áskilja mér rétt til þess að mega leggja til einhverjar orðalagsbreytingar eftir að hafa gefist tóm til þess að skoða málið í nefndinni en mundi að sjálfsögðu annaðhvort sjálfur eða nefndin þá hafa um það samráð við 1. flm. þessarar tillögu. Ég veit að honum gengur það eitt til í þessu máli að tryggja hagsmuni og hag hinna minni sveitarfélaga og jafnframt þá faglegu umsjón sem ég hygg að flestir séu sammála um að æskileg sé með tónlistarkennslunni í landinu. Þannig að ég vænti þess að þetta mál komi þá aftur til kasta nefndarinnar.

Að öðru leyti vil ég endurtaka ánægju mína með það að þetta mál skuli vera komið svona vel á rekspöl og vænti þess að það nái hér fram að ganga með eðlilegum hætti í þinginu og að einhver einstök frv. hér verði ekki til þess að tefja þetta merka framfaramál eins og þegar eru orðin nokkur brögð að og ég gerði að umtalsefni hér í upphafi máls míns.

Ég vænti þess að alþingismenn beri gæfu til þess að standa saman um að afgreiða þetta mál og það frv. sem því er samfara hér í þinginu en láti ekki einstök önnur mál sem orðið hafa tilefni upphlaupa hér í þinginu og harðra deilna og átaka verða til þess að þetta mál dagi uppi hér á síðustu dögum þingsins.

Ég lýsi allri ábyrgð á töfum á þessu máli á hendur ríkisstjórnarinnar og stuðningsmanna hennar hér á Alþingi ef til slíks óhæfuverks kæmi og þá er auðvitað fyrstur í flokki hæstv. félmrh. sem hefur mælt fyrir þessum frv. og flytur þau hér að sjálfsögðu. En þannig vill til að sami ráðherra er einmitt með á sinni könnu önnur mál sem eru farin að þvælast mjög fyrir þingstörfum og hafa tafið menn hér fram á nætur, en eiga engu að síður eftir mjög miklar umræður hér á Alþingi ef fram verður haldið sem hingað til þeirri stefnu að knýja áfram þau tvö frv. sem þar er um að ræða með þeim hætti sem reynt hefur verið.

Ég lýsi allri ábyrgð á töfum á þessum merku frv., verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og tekjustofnum sveitarfélaga, á hendur félmrh., ríkisstjórninni og stjórnarliðinu ef þetta mál nær ekki fram að ganga með þeim hætti sem eðlilegt er og sem mikil og breið samstaða virðist vera hér um í þessari hv. deild.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Ég vil koma hér upp fyrst og fremst til að lýsa ánægju minni yfir því að þetta mál er að því komið að verða að lögum hér á hv. Alþingi og ég vil ekki trúa að neitt geti komið í veg fyrir á þessari stundu að svo verði. Ég þarf ekki að lýsa því hvers vegna ég hef sérstaka ánægju og áhuga fyrir því að þetta mál komist í höfn. Það þekkja hv. þm. En ég lýsti ótta mínum við 1. umr. málsins hér í hv. deild vegna þess furðulega fyrirbæris að þetta mál var lagt fyrir hv. Ed., ekki af því að hv. Ed. hafi ekki alla burði til að afgreiða mál, heldur hitt að ég taldi eðlilegra að þetta mál væri lagt fyrir Nd. þar sem áður hafði verið fjallað um það á hálfu þingi og eins það að hér í þessari hv. deild sitja ⅔ hlutar þingmanna og hafa þess vegna meira til mála að leggja ef svo má að orði komast. En því miður var málið lagt fram í Ed. sem hefur aldrei verið útskýrt og ekkert um það að segja héðan af. Þess vegna er það ósköp eðlilegt að nefndarmenn í félmn. Nd. og raunar í þingdeildinni hér hefðu viljað skoða ýmsa þætti nánar en tækifæri gafst til. Ég vil sérstaklega færa nefndarmönnum í félmn. Nd. þakkir fyrir þann skilning sem þeir hafa lagt í mikilvægi málsins fyrir þá sérstöðu í þessu máli að hér er verið að ná í höfn margra ára baráttumáli sveitarfélaga í landinu í samskiptum við ríkið og raunar áhuga ríkisins einnig eða stjórnvalda að ná þessu markmiði að gera skýrari verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og ganga þannig frá málum að helstu málaflokkar sem þetta varðar séu teknir í einu lagi, þessi millifærsla, og það er einmitt verið að gera hér.

Ég vil minna á það að sú ríkisstjórn sem ég sat í á sínum tíma hafði það að markmiði að efla samstarfið á milli sveitarfélaganna og árið 1984 settum við upp samstarfssamning milli ríkis og sveitarfélaga sem var að finnskri fyrirmynd sem hefur gefist mjög vel í Finnlandi og gjörbreytti samstarfi ríkis og sveitarfélaga þar í landi með miklum og glæsilegum árangri alveg fram á þennan dag. Ég tel að árangurinn nú, að þetta mál er að komast í höfn, bæði að því er varðar tekjustofna og verkaskiptingu, sé einmitt af þessu samstarfi, en þrátt fyrir ýmsar óvæntar uppákomur, þá hefur þetta samstarf verið óbrenglað fram á þennan dag.

Ég ætla ekki að ræða þetta neitt efnislega. Ég hef gert það áður. En ég vil aðeins segja það að ótti margra minni sveitarfélaga í sambandi við þessar breytingar er skiljanlegur. Þeir eiga allt undir því komið að Jöfnunarsjóðurinn nýi samkvæmt þessu frv. virki eins og til er ætlast. Og ég legg sérstaka

áherslu á það við stjórnvöld að þess verði gætt að númer eitt, tvö og þrjú í uppgjöri milli ríkis og sveitarfélaga verði hagur hinna minni byggðarlaga, smærri sveitarfélaga tryggður eins og kaflinn um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga gerir ráð fyrir. Þetta er gífurlegt mál. Við megum ekki láta þessa breytingu verða til þess að auka ójöfnun, heldur þvert á móti að tryggja litlu sveitarfélögunum þá aðstöðu að þau geti veitt sínu fólki það öryggi sem það á að hafa bæði í menningarmálum, þ.e. skólamálum, heilbrigðismálum og samgöngumálum sem til þarf. Til þess þarf að fylgja eftir bæði að því er varðar uppgjör á ógreiddum innstæðum sveitarfélaga hjá ríkinu og einnig að sá þáttur Jöfnunarsjóðsins skili sér sem hér er að stefnt. Þetta vil ég sérstaklega leggja áherslu á hér og skora á viðkomandi stjórnvöld að fylgja þessu eftir eins og samkomulag hefur verið gert um. Það verður tekið mjög eftir því og fylgst mjög með því að þetta sé gert í samræmi við þau lög sem við erum að samþykkja.

Að því er varðar þær brtt. sem hér hafa verið lagðar fram þá tel ég sjálfsagt að skoða brtt. um tónlistarfræðsluna á þskj. 1074 og nefndin fái tóm til þess að skoða það, en ég verð að lýsa því yfir að ég er algjörlega andvígur brtt. á þskj. 1056 sem ég tel að sé útilokað að samþykkja í sambandi við þessa stöðu málsins. Það er mjög mikil ákvörðun nú á síðustu stundu að fara að breyta þessum hlutföllum því slík breyting tekur ekki aðeins til þessa frv., heldur yrði að fara í gegnum tekjustofnafrv. einnig og það yrði örugglega til þess setja málið í hættu því við vitum ekki á þessari stundu hvað fulltrúar í hv. Ed. kynnu að gera við slíkar breytingar sem þeir hafa ekki viljað ganga inn á í meðferð málsins í vetur. Ég skora á flm. þessarar brtt. að draga hana til baka því þetta er mál sem er grundvallaratriði og ég er algjörlega sannfærður um að það gæti orðið mjög mikil röskun á málinu í heild.

Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessar umræður. Ég vil aðeins endurtaka að ég lýsi ánægju minni yfir þeirri samstöðu sem þó hefur tekist um þetta mál hér í hv. Nd. sem sýnir hvaða skilning menn hafa á þessu og þrátt fyrir allt annað sem fram hefur komið þá eru menn samstiga í þessu máli.

Frsm. félmn. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Ég bið hérna um orðið í tilefni af ræðu hv. 2. þm. Austurl. sem lagði fram brtt. varðandi þetta frv. og mæltist til þess að félmn. kæmi saman og ræddi þessa tillögu, tæki hana til sérstakarar meðferðar. Mér er ljúft að segja að ég fagna þessari brtt. og mun koma því til leiðar á milli umræðna að félmn. komi saman og taki þessa tillögu til meðferðar.

Einhvern tímann sagði ég að sennilega hefði ekkert frv. fengið jafnvandlega meðferð og jafnvandlega kynningu og frv. um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga er búin að vera í umræðunni í fjöldamörg ár. Í tíð fyrrv. hæstv. félmrh., Alexanders Stefánssonar 1. þm. Vesturl., var gefið út vandað og nákvæmt rit um þessa verkaskiptingu sem var dreift til flestra sveitarstjórnarmanna á landinu, mér skilst að þeir séu um 1100 talsins, þar sem gerð var grein fyrir þessu máli. Þannig að kynning hefur verið talsverð og það hefur verið gerð tilraun til að koma frv. þessa efnis fram hér á þingi. Það tókst nú ekki á síðasta þingi en virðist vera komið vel á veg nú á þessu þingi sem stendur yfir.

Það verkefni sem fyrir liggur er að koma nokkuð skýrum skilum á milli verkefna, annars vegar sveitarfélaga og hins vegar ríkis, og um leið milli fjárstraumanna sem þar liggja á milli. Nú er það svo þar sem verkefni hafa verið tiltölulega rótgróin, í föstum skorðum á milli ríkis og sveitarfélaga, að þar þarf oft, ef það á að gera skýran greinarmun þar á milli, að rífa mál upp með rótum og það getur oft á tíðum valdið einhverjum sárindum hjá þeim sem koma nærri þeim málum. Það á við t.d. í því tilfelli sem þessi brtt. tekur til. Við höfum orðið vör við það að margir tónlistarkennarar hafa haft áhyggjur af því hvernig framtíðin kunni að vera, hvað hún kunni að bera í skauti sér.

Ég held að tillaga eins og þessi, sem gerir ráð fyrir áframhaldandi samstarfi og þá á vegum menntmrn. þar sem til komi fagleg umsjón og eftirlit með tónlistarfræðslunni, ætti að stuðla að því að róa það fólk sem hefur áhyggjur af framtíðinni í þessu tilefni. Þess vegna held ég að tillaga í þessa átt sé af hinu góða. Það eru fleiri slík tilvik sem hafa komið upp, t.d. varðandi fóstrur, en dagvistarheimili fara nú að öllu leyti yfir á sveitarfélög. Fóstrur höfðu áhyggjur af framtíð sinnar greinar og það mál var leyst í brtt. sem lögð hefur verið fyrir af allri félmn. Sú breyting gekk mjög í sömu átt og þessi brtt. sem hér liggur fyrir þannig að ég mun svo sannarlega stuðla að því að félmn. komi saman og ræði þessa tillögu.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni af því að þetta frv. er nú komið til 2. umr. hér í þessari hv. deild eftir að náðst hefur um það bærileg samstaða í félmn. Nd.

Þetta mál á sér langan aðdraganda. Mál af svipuðu tagi var hér til meðferðar á fyrra þingi og hlaut ekki afgreiðslu enda var það með mjög öðrum hætti og var þar aðeins um hluta af verkaskiptingunni að ræða. Síðan var farið í mikla vinnu á milli þinga að þessum málum og árangurinn af þeirri vinnu var sá að hér á Alþingi ríkir nú að ég best veit mjög bærileg samstaða um þetta mikla mál sem áreiðanlega er eitt af stærstu málum þessa þings.

Ég vil taka undir það sérstaklega, sem fram hefur komið reyndar í máli þeirra sem talað hafa hér á undan, að hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er lykilatriði í öllu þessu máli. Það er hlutverk hans að koma til móts við þau sveitarfélög sem minni tekjur hafa og minni burði til að valda þeim verkefnum sem færð eru til þeirra. Það er mjög áríðandi að við uppgjör sem fram fer verði málum hinna minni sveitarfélaga sinnt sérstaklega og farið vandlega í þau mál hvert fyrir sig.

Það hafa verið nokkuð skiptar skoðanir um flutning tónlistarfræðslunnar yfir á sveitarfélögin og menn hafa haft áhyggjur af skipulagi tónlistarfræðslunnar í landinu í framhaldi af þessum tilflutningi. Ég held að ef Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fær þær tekjur sem honum eru ætlaðar samkvæmt frv. og hann verður efldur og starf hans verður öflugt, þá eigi sveitarfélögin út af fyrir sig ekki að vera fjárhagslega verr stödd en áður til að valda þessu hlutverki. Spurningin er um samræmingu og heildarstjórn á tónlistarnáminu, að þar séu sömu kröfur í gildi um tónlistarnám um land allt.

Ég vil athuga brtt. hv. 2. þm. Austurl. vandlega. Ég tel að það komi vel til greina að samþykkja hana ef það gæti orðið til þess að meiri samstaða næðist um málið og það mundi styrkja tónlistarfræðsluna í sessi. Ég sé ekki í fljótu bragði þó að ég vilji að sjálfsögðu skoða þessa tillögu milli umræðna að það ætti að spilla málinu neitt að styrkja tónlistarfræðsluna með þessum hætti.

Þetta vildi ég láta fram koma við þessa umræðu en að öðru leyti fagna ég því að málið skuli þó vera komið þetta langt og vona að það fái farsæla afgreiðslu á þessu þingi og verði til þess að styrkja sveitarfélögin í landinu í sessi og gera þau hæfari til að sinna þjónustuhlutverki sínu fyrir fólkið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.–26. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 1056,1–2 kölluð aftur til 3. umr.
27.–46. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 1029,1 samþ. með 31 shlj. atkv.
47. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 1029,2 samþ. með 33 shlj. atkv.
48. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 1029,3 samþ. með 32 shlj. atkv.
49. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
50.–56. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 1029,4 samþ. með 31 shlj. atkv.
57. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
58. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 1029,5 samþ. með 32 shlj. atkv.
59. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 1029,6 samþ. með 31 shlj. atkv.
60. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
61. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 1029,7 samþ. með 31 shlj. atkv.
62. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
63.–64. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
65. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 1074 kölluð aftur.
66.–75. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 2. umr.

Stjfrv., 204. mál (heildarlög). — Þskj. 838, n. 1030, brtt. 1039.

Frsm. félmn. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Félmn. hefur fjallað um frv. um tekjustofna sveitarfélaga samhliða frv. um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Með nefndinni störfuðu Húnbogi Þorsteinsson, skrifstofustjóri í félmrn., og Ingimundur Sigurpálsson, bæjarstjóri í Garðabæ.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með smáorðalagsbreytingu sem flutt er innan nál. til að gera texta frv. skýrari. Einstaka nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma. Undir nál. skrifa Guðrún Helgadóttir, Alexander Stefánsson, Geir H. Haarde, Jón Kristjánsson, Eggert Haukdal, Kristín Einarsdóttir og Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Ég gat þess þegar þetta mál var til 1. umr. hér í þessari hv. deild að ég hefði í hyggju að flytja brtt. við frv. og þá væntanlega við 17. gr. þess. En III. kafli frv. fjallar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem að mjög verulegu leyti á að breytast samkvæmt þessu frv. Breytingin er að því leyti að Jöfnunarsjóðurinn mun nú verða þrískiptur, og þar er fyrst og fremst um að ræða ákveðin föst framlög, bundin framlög, sérstök framlög og síðan jöfnunarframlög og þessi skipting á sjóðnum er svona nokkurn veginn til helminga.

En 17. gr., sem ég minntist á í 1. umr., hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Að afloknum sveitarstjórnarkosningum skipar félmrh. fimm manna ráðgjafarnefnd til fjögurra ára sem gera skal tillögur til ráðherra um framlög skv. c-, d- og e-lið 13. gr. og skv. 14. gr. Fjórir nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga en einn án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti.“

Verkefni þessarar ráðgjafarnefndar er sem sagt að sjá um skiptingu á ⅔ hlutum þessa Jöfnunarsjóðs sem í áætlun fyrir árið í ár er um 1100 millj. kr. og þessi skipting er fyrst og fremst á milli strjálbýlissveitarfélaga og einstakra verkefna á þeirra vegum.

Nú er frá því að greina að drög að reglugerð hafa verið á borðum nefndarmanna sem hafa fjallað um þetta frv. og í þeim drögum er 15. gr. reglugerðarinnar sem fjallar um þessa 17. gr. laganna. Og með leyfi forseta vildi ég fá að lesa hér þau drög eins og þau liggja nú fyrir, en þau eru svohljóðandi:

„Félmrh. úthlutar framlögum samkvæmt reglugerð þessari að fengnum tillögum ráðgjafarnefndar, sbr. 17. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga. Við úthlutun framlaga skv. c-, d- og e-lið 3. gr. og b-, c-, d- og e-lið 4. gr. skal hafa samráð við menntmrn.

Fræðsluskrifstofurnar og landshlutasamtök sveitarfélaga skulu annast upplýsingaöflun og útreikninga til að byggja á úthlutun framlaganna.“

Þarna er um að ræða tvö ákaflega veigamikil atriði og í rauninni þá meginhugsun sem ég ræddi hér um við 1. umr. og ætlaði að hafa grundvallarbrtt. Annars vegar að þessar úthlutanir snerta mjög skólahald dreifbýlisins og þar af leiðandi er mjög eðlilegt að úthlutun samkvæmt þessum greinum sé gerð í samráði við menntmrn. enda þótt Jöfnunarsjóðurinn sem slíkur heyri undir félmrn. En að hinu leytinu er það að fræðsluskrifstofurnar og landshlutasamtök sveitarfélaga fá það hlutverk samkvæmt þessari grein reglugerðarinnar að annast upplýsingaöflun og útreikninga til að byggja þessa úthlutun á. Þar með er verulegur hluti úthlutunarinnar, sem verður árviss, kominn heim í hérað til þeirra aðila sem starfa næst vettvangi, ef svo má segja, annars vegar fræðsluskrifstofurnar og hins vegar landshlutasamtök sveitarfélaga. Þetta atriði er ég mjög ánægður með og tel í rauninni fullnægjandi gagnvart því atriði sem ég ræddi um við 1. umr.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Ég stend hér upp til þess að gera örstutta grein fyrir brtt. sem ég hef leyft mér að flytja á þskj. 1039 og lýtur að því að c-liður í 34. gr. frv. eins og það er núna verði felldur niður. 34. gr. frv. fjallar um aðstöðugjald og þar segir, með leyfi forseta:

„Sveitarstjórnum er heimilt að leggja aðstöðugjald á þá aðila sem taldir eru upp í 1. og 2. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt og stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í sveitarfélaginu, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum. Aðstöðugjöld skulu renna í sveitarsjóð."

Síðan eru í framhaldinu í þessari grein, herra forseti, undanþegnir tilteknir aðilar, þeir sem um er að ræða í 4. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt og þeir sem greiða landsútsvör. Þannig kom frv. til kasta þingsins í upphafi að þetta væru þeir einu aðilar sem nytu undanþágu frá aðstöðugjaldi samkvæmt þessum lögum. Í Ed. hins vegar var samþykkt sú breyting að bæta þarna inn c-lið þar sem kveðið er á um að starfsemi sláturhúsa og mjólkurbúa skuli sömuleiðis vera undanþegin aðstöðugjöldum.

Mín tillaga lýtur sem sé að því að fellla niður þennan c-lið að nýju þannig að frv. verði að þessu leyti til eins og það var þegar það var lagt fram og eins og samkomulag var um þegar gengið var frá þessu frv. fyrir framlagningu og sem samkomulag var um milli hagsmunaaðila.

Nú mun það vera svo að þessi tiltekna starfsemi sláturhúsa og mjólkurbúa hafi verið undanþegin aðstöðugjöldum til þessa þannig að frv. eins og það var lagt fyrir gerði ráð fyrir breytingu í því efni, sem sagt þeirri að fella niður þessa undanþágu þannig að framvegis yrðu greidd aðstöðugjöld af sláturhúsum og mjólkurbúum. Það er nokkuð augljóst hvers vegna slíkt undanþáguákvæði hefur verið í lögum og hvers vegna menn hafa viljað koma því inn aftur. Með því er að sjálfsögðu verið að reyna að halda niðri kostnaði við þessa starfsemi og með þeim hætti halda niðri verðlagi á þeim vörum sem þarna eru framleiddar, í sláturhúsum og mjólkurbúum. Augljóst er að slíkt markmið er í sjálfu sér jákvætt og eðlilegt. Það hlýtur að vera eðlilegt markmið að stuðla að sem lægstu verðlagi þeirra afurða sem frá þessum vinnslustöðvum koma.

Það sem hins vegar er óeðlilegt er tvennt: Í fyrsta lagi að gera upp á milli þessarar starfsemi annars vegar og annarrar mikilvægrar framleiðslustarfsemi í landinu hins vegar. Og í öðru lagi að framkvæma þessa undanþágu með þeim hætti sem hér um ræðir þannig að tekjumissirinn er eingöngu hjá tiltölulega fáum sveitarfélögum en ekki öllum. Útkoman af þessu er því sú að nokkur sveitarfélög, þar sem þessi starfsemi er tiltölulega umfangsmikil, verða fyrir tiltölulega miklu tekjutapi af þessum sökum en önnur ekki.

Ég tel að þessar tvær ástæður séu alveg nægilegar fyrir því að það eigi að afnema þessa undanþágu og ég tel að ef menn vilja halda niðri verði þessara afurða sem aðstöðugjaldinu nemur, þá eigi menn að gera það með öðrum hætti eins og t.d. með beinum niðurgreiðslum í verðinu. Ég bendi á að félmn. og reyndar þingmönnum öllum að ég hygg hefur borist ályktun frá bæjarstjórn Blönduóss um þetta efni þar sem segir svo, með leyfi forseta:

„Bæjarstjórn Blönduóss mótmælir harðlega fram komnum tillögum félmn. Ed. Alþingis um að mjólkurstöðvar og sláturhús verði undanþegin greiðslu aðstöðugjalds í nýjum tekjustofnalögum fyrir sveitarfélög. Það er í fyllsta máta óeðlilegt að örfá sveitarfélög í landinu verði með lögum látin greiða niður verðlag afurða fyrrnefndra fyrirtækja til landsmanna allra."

Þarna er vakin athygli á því að ýmis, gjarnan smærri sveitarfélög, verða þarna fyrir tekjutapi sem til er komið vegna þess markmiðs að halda niðri vöruverði á afurðum þessara fyrirtækja. En afurðir og verðlag þessara fyrirtækja er hins vegar ekkert einkamál þessara sveitarfélaga og það er þess vegna ekki réttlátt eða sanngjarnt að ákveða þeim með lögum slíkt tekjutap. Ég þarf ekkert að nefna hér ýmis sveitarfélög þar sem þessi starfsemi er veigamikil. Menn þekkja það auðvitað, ekki síst þingmenn utan af landi, hvar þessi starfsemi er staðsett og hversu þýðingarmikil hún getur verið í einstökum byggðarlögum.

Ég hef heyrt þau gagnrök fyrir þessu að í stað þess að njóta aðstöðugjalds af þessum fyrirtækjum, þá njóti viðkomandi sveitarfélög annarra tekna eins og t.d. skatttekna af starfsfólki og fleira sem þessi starfsemi leiðir af sér í opinberum gjöldum og það er vissulega rétt. En það á auðvitað jafnframt við um alla aðra atvinnustarfsemi. Sem betur fer fylgja henni tekjur fyrir starfsmenn og sveitarfélög, beinir og óbeinir skattar o.s.frv., þannig að það er ekkert sérstakt fyrir þessa starfsemi, þ.e. framleiðslu sláturhúsa og mjólkurbúa að hún skapi starfsmönnum og sveitarfélögunum aðrar tekjur heldur en aðstöðugjöldin. Þess vegna hef ég, herra forseti, leyft mér að flytja þessa brtt. sem lýtur að því að færa frv. í fyrra

horf. Það hefur verið að því vikið í áliti félmn. Ed. að hér sé um að ræða fjölsköttun, sem nefndin kallar svo, sem er nú nokkurt nýyrði í mínum eyrum, en það mun vera það að skattur hleðst ofan á skatt í framleiðslunni. En það gegnir sama máli um þetta eins og atriði sem ég nefndi hér rétt í þessu, þ.e. að það á við um alla aðra atvinnustarfsemi sem greiðir aðstöðugjald.

Við vitum að okkar skattkerfi er nú ekki fullkomnara en það að hér greiða fyrirtæki skatta af þeim sköttum sem þau hafa greitt í ákveðnum mæli. Og við vitum það líka að skattar af veltu eða rekstrarkostnaði eru ekki þeir skynsamlegustu og við ættum til lengri tíma litið að stefna að því að minnka hlutdeild slíkra skatta, en aðstöðugjaldið er einmitt þannig. Þessi umrædda fjölsköttun er því ekkert einkafyrirbæri í þessari starfsemi. Ef hún er fyrir hendi þá á það jafnt við um annan atvinnurekstur sem verður að standa undir þessu gjaldi.

Virðulegi forseti. Vegna þeirrar mismununar sem í þessu felst gagnvart öðrum atvinnurekstri og vegna þeirrar mismununar sem þetta felur í sér milli einstakra sveitarfélaga í landinu hef ég leyft mér að flytja þessa tillögu um að undanþága sláturhúsa og mjólkurbúa að því er varðar aðstöðugjald verði felld niður á nýjan leik eins og frv. gerði ráð fyrir í upphafi.

Þórður Skúlason:

Herra forseti. Núverandi tekjustofnalög eru að stofni til frá árinu 1972. Með setningu þeirra varð veruleg breyting á fjárhag sveitarfélaganna í landinu. Sérstaklega á það við um hina minni þéttbýlisstaði. Fjárhagur þeirra við setningu laganna árið 1972 batnaði verulega og þessi sveitarfélög hófu að byggja þjónustustofnanir eins og skóla, dagheimili og íþróttamannvirki og síðan verkamannabústaði, leiguíbúðir, heilsugæslustöðvar í samvinnu við ríkið og íbúðir fyrir aldraða og raunar margt fleira. Á þessum tíma var einnig jákvætt viðhorf til búsetu úti á landi. Þar var fólksfjölgun og það gætti bjartsýni um áframhaldandi búsetu þar og m.a.s. einstaklingar byggðu þá í sveitarfélögunum úti á landsbyggðinni.

Sveitarfélögin lögðu götur á þessum tíma og það var farið að leggja bundið slitlag, m.a.s. í þessum minni þéttbýlisstöðum sem ekki hafði verið gert áður. Í framhaldi af byggingu þessara þjónustustofnana var síðan tekin upp vaxandi þjónusta á ýmsum sviðum og til sveitarfélaganna voru jafnframt í framhaldi af þessu færð ný verkefni frá ríkisvaldinu án þess þó að tekjur kæmu þar á móti, eins og t.d. heimilisþjónusta við aldraða og síðan vil ég í því sambandi einnig nefna rekstur framhaldsskóla eins og fjölbrautaskólanna.

Nú er hins vegar svo komið fyrir allmörgum árum síðan að tekjur hinna minni sveitarfélaga standa ekki undir rekstrarkostnaðinum. Árið 1987 var það raunar þannig að af 27 kaupstöðum voru 6 með lægri tekjur heldur en rekstrargjöld. Raunar er það þannig hjá hinum minni þéttbýlisstöðum að ástandið í þessum efnum er enn verra en hjá kaupstöðunum. Við þekkjum það frá sl. vetri að það eru til dæmi um einstök sveitarfélög sem eru komin í algjöra fjárþröng.

Á sama tíma hefur hins vegar afkoma hinna stærri sveitarfélaga hér á höfuðborgarsvæðinu batnað og á það kannski sérstaklega við um Reykjavíkurborg. Afkoma hennar hefur á undanförnum árum verið mjög góð. Ástæður þessa eru m.a. þenslan hér á höfuðborgarsvæðinu. Þetta svæði hér naut góðs af góðærinu með allt öðrum hætti en landsbyggðin, en það hafa verið miklir erfiðleikar í atvinnurekstri á landsbyggðinni, sérstaklega kannski í sjávarútveginum á undanförnum árum og það hefur komið niður á tekjum sveitarfélaganna.

En ástæðan er líka sú að tekjustofnalögin, sem eru að stofni til frá árinu 1972, mismuna sveitarfélögunum hvað tekjuöflunina varðar og duga ekki lengur þessum litlu og fámennari sveitarfélögum til þess að standa undir þeirri þjónustu og þeim rekstrarútgjöldum sem henni fylgja. Sérstaklega á þessi mismunun í aðstöðu um nýtingu á tekjustofnun við hvað varðar fasteignaskattinn og aðstöðugjöldin og þarf ég ekki að rekja það fyrir hv. þingdeildarmönnum. Það er hlutur sem þeir þekkja.

Einnig er það þannig að raunverulega er þjónusta hlutfallslega dýrari per íbúa í fámennari sveitarfélögum en í hinum fjölmennari og auðvitað hafa tekjustofnalögin eins og þau eru úr garði gerð ekki tekið neitt á því vandamáli. Raunar má segja að hin góða fjárhagsstaða Reykjavíkurborgar og sveitarfélaganna hér í næsta nágrenni hafi síðan leitt til þess að skerðing á Jöfnunarsjóðnum átti sér stað núna fyrir nokkrum árum síðan og hefur verið viðhaldið síðan. Og auðvitað leiddi sú skerðing síðan til enn verri stöðu hinna smærri sveitarfélaga úti á landsbyggðinni. Þessi skerðing jók gríðarlega á aðstöðumun sveitarfélaganna og skapaði óánægju bæði milli sveitarfélaganna og ríkisins og einnig milli sveitarfélaganna innbyrðis. Og þessi skerðing sem hefur leitt til þessarar óánægju hefur raunverulega leitt til þess þrýstings sem varð á um endurskoðun á þeim tekjustofnalögum og til þeirrar niðurstöðu sem liggur raunverulega fyrir um þessa endurskoðun.

Í þessu frv. eins og það liggur hér fyrir er um að ræða verulega miklar breytingar frá tekjustofnalögunum fyrri frá árinu 1972. Eins og þetta liggur fyrir í frv. þá koma þessar breytingar til með að stuðla að mjög auknu fjárhagslegu sjálfstæði sveitarfélaganna og auknum jöfnuði í tekjuöflun og aðstöðu sveitarfélaganna til þess að veita þjónustu. Það er góð samstaða um þessar breytingar á milli ríkisvaldsins og sveitarfélaganna annars vegar og eins á milli sveitarstjórnarmanna innbyrðis. Hér er auðvitað um málamiðlun að ræða og má endalaust deila um það t.d. hvaða sveitarfélög eigi að greiða landsútsvar og hvaða sveitarfélög eigi að greiða aðstöðugjöld. Það er t.d. kannski ekkert sjálfgefið að Samband ísl. samvinnufélaga greiði aðstöðugjald hér til Reykjavíkurborgar. Það gæti alveg eins komið til greina að það greiddi landsútsvar, vegna þess að það á viðskipti

ekki síður við landsbyggðina heldur en höfuðborgarsvæðið. Sama er að segja um önnur fyrirtæki sem hafa aðsetur sitt hér í borginni. Um þetta má auðvitað endalaust deila. En í þessu frv. eins og það liggur fyrir hefur náðst málamiðlun m.a. í þessu efni og um þetta eins og það liggur fyrir hér í frv. er góð samstaða á milli sveitarstjórnarmanna.

Breytingarnar í þessu frv. felast ekki síst í bættri aðstöðu sveitarfélaganna til þess að nýta sér þá tekjustofna sem þau hafa, t.d. í sambandi við fasteignaskattinn. En þar er um að ræða verulega rýmkun á heimildum sveitarfélaganna á landsbyggðinni til þess að nýta sér þann skatt. Sama er að segja um aðstöðugjaldið. Þar er gert ráð fyrir því að flokkun aðstöðugjalda, sem hefur verið misjöfn eftir atvinnugreinum, falli niður og verði eftir breytinguna í höndum sveitarfélaga og aðstöðugjald verði þó að hámarki 1,3% eins og áður var. Þarna er um gríðarlega þýðingarmikla breytingu að ræða sem mun væntanlega í framtíðinni bæta mjög fjárhag hinna minni sveitarfélaga úti á landsbyggðinni.

Ég vil leggja áherslu á það að þarna er fyrst og fremst um að ræða jöfnun á aðstöðu. Þrátt fyrir þessi breytingarákvæði þá er ekki alveg víst að þarna sé um að ræða jöfnun á tekjum vegna þess að það er eflaust misjafnt hvernig sveitarstjórnirnar geta nýtt sér þessar heimildir. Þetta á kannski sérstaklega við í sambandi við hækkun á aðstöðugjaldi á sjávarútvegsfyrirtæki, en afkoma þeirra er mjög misjöfn. En þó hygg ég að því sé þannig háttað sums staðar á landinu að það séu sem betur fer til sjávarútvegsfyrirtæki sem strax geta borið hærra aðstöðugjald og forsvarsmenn þeirra fyrirtækja hafi þann skilning á högum sveitarfélagsins og þörfum þess að þeir séu tilbúnir til þess að gera það.

Hv. 17. þm. Reykv. hefur greint frá því að það var gerð breyting á því frv. sem lagt var fyrir Ed. í þeirri deild að því er lýtur að undanþágum frá greiðslu á aðstöðugjöldum og það á við um afurðastöðvarnar, sláturhúsin og mjólkurbúin. Hann las hér upp samþykkt frá bæjarstjórn Blönduóss, þar sem þessari breytingu var harðlega mótmælt. Og við vitum að það eru svipaðar skoðanir uppi í mörgum öðrum sveitarstjórnum. Auðvitað á það sjónarmið sem hann greindi hér frá fyllilega rétt á sér. Það er ekki eðlilegt út af fyrir sig að einstök sveitarfélög séu látin gefa eftir af tekjum sínum til þess að halda niðri verðlagi á einstökum vörutegundum. Ég vil leggja áherslu á það, vegna þess að mér býður í grun að það sé full samstaða um það, að nái þetta álit, eins og það kemur frá Ed., fram að ganga, þá verði það tryggt að þann tekjumissi sem þessi sveitarfélög verða fyrir í þessu sambandi fái þau uppi borinn úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

En breytingin á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga er raunar lykilatriði að bættum fjárhag hinna minni sveitarfélaga. Í þeim breytingum sem gert er ráð fyrir á Jöfnunarsjóðnum, sem eru mjög verulegar, er m.a. gert ráð fyrir því að íbúaframlagið falli niður. En íbúaframlagið hefur sem kunnugt er runnið að ¾ hlutum til stærstu þéttbýlissveitarfélaganna hér á höfuðborgarsvæðinu. Í þessari breytingu einni saman felst veruleg breyting til hagsbóta fyrir minni sveitarfélögin á landsbyggðinni.

Það er gert ráð fyrir því að heildartekjur Jöfnunarsjóðs verði um 1100 millj. kr. og að gjöldum sjóðsins verði skipt í bundin framlög, sérstök framlög og jöfnunarframlög. Bundin framlög nemi um 350 millj. kr. og þau renni m.a. til Sambands sveitarfélaga og landshlutasamtaka, lánasjóðsins, Innheimtustofnunar sveitarfélaga og Eftirlaunasjóðs aldraðra. Það orkar að vísu nokkuð tvímælis að sveitarfélögin skuli láta af hendi úr sínum sjóði, Jöfnunarsjóðnum, gríðarlega há framlög til stofnunar eins og Innheimtustofnunar sveitarfélaga. Þó var það með þeim hætti að sveitarfélögin tóku þátt í þessum kostnaði áður en Innheimtustofnuninni var komið á og framlögin til hennar voru greidd úr Jöfnunarsjóðnum. Sama er raunar að segja um Eftirlaunasjóð aldraðra. En framlag til hans á að nema samkvæmt þessu um 26 millj. kr. á ári. Þetta ákvæði lýtur að því að greiða eftirlaun til þeirra aldraðra sem ekki eiga aðild að stéttarfélögum. Greiðsluskylda Jöfnunarsjóðsins var á sínum tíma sett á án samráðs við sveitarfélögin og það orkar mjög tvímælis að þessi hlutur sé þarna inni. T.d. má með nokkrum rökum halda því fram að eftir þessa breytingu þá greiði t.d. Reykjavíkurborg ekki framlag til þessa sjóðs vegna þess að ef þessi greiðsla dytti þarna út þá mundi jöfnunarframlagið hækka sem þessari upphæð nemur.

Síðan er gert ráð fyrir því að hin sérstöku framlög, sem nema samtals 750 millj. kr., renni eingöngu til minni sveitarfélaganna og þar er auðvitað um verulega hækkun að ræða frá því sem nú er. Af þessum sérstöku framlögum fara 350 millj. kr. til sveitarfélaganna vegna verkaskiptingarinnar, til þess að mæta auknum kostnaði sem hin minni sveitarfélög verða fyrir vegna breyttrar verkaskiptingar, og síðan er afgangurinn um 400 millj. kr. sem rennur þá til sveitarfélaganna til þess að bæta þeim upp það sem vantar á að þau nái meðaltekjum. Mér skilst að í þeim hluta sjóðsins, jöfnunarhlutanum, sé um að ræða fimmföldun frá því sem er í dag.

En við þessa breytingu á Jöfnunarsjóðnum er jafnframt rétt að gera grein fyrir því að eftir hana, eftir það að þessi jöfnunarhluti og sérstöku framlög fara að renna fyrst og fremst og eingöngu til minni sveitarfélaga, þá er auðvitað enn þá mikilvægara en áður að sveitarfélögin fái tryggingu fyrir því að hann verði ekki skertur eins og gert hefur verið.

Auðvitað væri hægt að fjalla um þetta í miklu lengra og ítarlegra máli, en ég tel ekki ástæðu til þess og þar sem hér er líka takmarkaður tími þá ætla ég að láta þessari ræðu minni lokið.

Ég vil bara benda á það að lokum að þetta mál hefur hlotið rækilega kynningu í sveitarstjórnum og um það er góð samstaða meðal sveitarstjórnarmanna. Ég vænti þess að það sé einnig góð samstaða um þetta hér á hinu háa Alþingi. Ég tel að þegar þetta frv. verður orðið að lögum þá leiði það til þess að

tekjur sveitarfélaga verði jafnari og aðstaða sveitarfélaganna til þess að veita íbúum sínum þjónustu verði einnig jafnari en verið hefur.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
2.–15. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 1030 samþ. með 30 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
17.–33. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 1039 felld með 17:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BÍG, VI, FrS, GeirG, GHH, KolbJ, IBA, JBH, JónS, KrP, MB, ÓE, SP, SighB, ÞP, ÓÞG.

nei: ÁrnG, EH, FI, GuðnÁ, GHelg, HG, JóhS, JK, JSS, KE, KH, MálmS, PJ, SV, NL, SJS, AS.

ÞSk greiddi ekki atkvæði.
8 þm. (BB, GB, MÁM, ÓÞÞ, PP, ÞÞ, KJóh, AðB) fjarstaddir.
3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Þessi tillaga snýst um að fella niður undanþágu þá sem komin er inn í frv. og undanþiggur sláturhús og mjólkurbú greiðslu aðstöðugjalda. Það verður forvitnilegt að sjá hvort landbúnaðinum hefur bæst nýr stuðningsaðili hér á Alþingi í dag í formi þingmanna Alþfl. En ég segi já.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Mér finnst út af fyrir sig álitamál hvort eigi að undanþiggja rekstur af þessu tagi aðstöðugjaldi. Ég hef talið að álagning ójafns aðstöðugjalds á atvinnurekstur eins og tíðkast hefur sé óheppilegt form. Ég tel að það þurfi að athuga þessi mál í heild sinni, en sé ekki að skynsamlegt sé að afnema þetta hér og nú. Ég segi því nei.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það er sjálfsögð regla, sjálfsögð, að fyrirtæki lúti sömu reglum að því er varðar álagningu aðstöðugjalda. Þessu mun hafa verið breytt í Ed. frá upphaflegri mynd. Það er ekki í rétta átt. Ég segi því já.

34.–45. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 344. mál (húsbréfaviðskipti). — Þskj. 626, n. 1015, 1031, 1035 og 1037, brtt. 1032, 1057, 1106.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frávísunartill. á þskj. 1015 kölluð aftur til 3. umr.
Brtt. 1032,1a samþ. með 20:2 atkv.
Brtt. 1106,1 samþ. með 20:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AS, BÍG, EH, VI, FrS, GHH, KolbJ, IBA, KrP, KE, KH, MB, MÁM, MálmS, ÓE, PJ, SP, SV, ÞP, ÞÞ.

nei: ÁrnG, GeirG, FI, GuðnÁ, GHelg, HG, JóhS, JBH, JK, JónS, JSS, ÓÞÞ, PP, ÞSk, SighB, NL, SJS, ÓÞG.

4 þm. (AðB, BB, GB, KJóh) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Þessi liður, sem hér er gerð tillaga um að felldur verði brott, á það sameiginlegt með öðrum liðum sem um er fjallað á þessari brtt. að hann kemur húsbréfakerfinu ekkert við. Þessar greinar eru um að gera lagfæringar á núgildandi útlánakerfi, lappa upp á það með þeim hætti í stað þess að greina að annars vegar húsbréf og hins vegar „uppálapp“ á núverandi kerfi. Ég tel að þetta sé óeðlilegt. Ég tel að þessar greinar eigi ekki heima í þessu frv. og ég segi já.

Jón Sæmundur Sigurjónsson:

Herra forseti. Húsbréfakerfið kemur aðeins til með að verða lítill hluti af húsnæðislánakerfinu í nánustu framtíð. Gamla kerfið mun áfram verða við lýði. Það einkennist af löngum biðlistum. Að stytta þá biðlista er einungis mögulegt með því móti að hækka vexti eða koma á svipuðum skerðingarákvæðum og hér er talað um. Þau skerðingarákvæði sem hér er talað um munu minnka útgjöld húsnæðiskerfisins um 8%. Það er umfram það sem húsnæðiskerfið kemur til með að kosta. Ég segi því nei.

Brtt. 1032,1 kom ekki til atkvæða.
1. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁrnG, GeirG, FI, GuðnÁ, GHelg, HG, JóhS, JBH, JK, JónS, JSS, KE, KH, MálmS, ÓÞÞ, PP, ÞSk, SighB, NL, SJS, ÞÞ.

AS, BÍG, EH, VI, FrS, GHH, KolbJ, IBA, KrP, MB, MÁM, ÓE, PJ, SP, SV, ÞP, ÓÞG greiddu ekki atkvæði.
4 þm. (AðB, BB, GB, KJóh) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Þingmenn Sjálfstfl. hafa ákveðið að greiða ekki atkvæði um þessa grein frv. í þessari umræðu. Við höfum dregið okkar tillögu um að vísa málinu til ríkisstjórnar til baka til 3. umr. Við viljum láta reyna á þær brtt. sem hér eru fyrir hendi fyrst og munum halda okkur við okkar frávísunartillögu þegar þar að kemur. Ég greiði ekki atkvæði.

Hjörleifur Guttormsson:

Við þingmenn Alþb. munum greiða fyrir samþykkt þess frv. sem hér eru greidd atkvæði um. Það gerum við með vísan til samkomulags um að vextir af útlánum Byggingarsjóðs ríkisins verði eftir gildistöku laganna 15. nóv. nk. ekki hærri en 4–4½% hið mesta. Þetta er einnig álit meiri hl. fjh.- og viðskn. sem tekur fram í nál. á þskj. 1033 að eftir gildistöku laganna verði vextir af byggingarlánum ekki hærri en að hámarki 4½%. Þetta er veruleikinn varðandi málin er snerta húsbréf eins og þau liggja fyrir þinginu.

Einnig liggur fyrir ákvörðun um að félmrh. skipi nefnd sem hafi það verkefni að fylgjast með undirbúningi og framkvæmd laganna og gera tillögur um breytingar ef nauðsyn krefur áður en lögin taka gildi 15. nóv. nk. Þá hefur og verið ákveðið að endurskoða í sumar félagslega hluta húsnæðiskerfisins þannig að tillögur þar að lútandi liggi fyrir ekki síðar en 1. nóv. nk. Með vísan til þessa, herra forseti, segi ég já.

Brtt. 1106,2 samþ. með 19:18 atkv.
Brtt. 1032,2 kom ekki til atkvæða.
Brtt. 1106,3 samþ. með 19:17 atkv.
Brtt. 1032,3a–b samþ. með 20:3 atkv.
Brtt. 1032,3c samþ. með 21:15 atkv.
Brtt. 1057 felld með 19:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SV, AS, FI, IBA, KrP, ÓÞÞ, ÓÞG.

nei: SighB, NL, SJS, ÞÞ, ÁrnG, GeirG, GuðnÁ, GHelg, HG, JóhS, JBH, JK, JónS, JSS, KE, KH, MálmS, PP, ÞSk.

SP, ÞP, BÍG, EH, VI, FrS, GHH, KolbJ, MB, MÁM, ÓE, PJ greiddu ekki atkvæði.

4 þm. (KJóh, AðB, BB, GB) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Þar eð fyrir liggur samkomulag stjórnarflokkanna um að útgáfa húsbréfa verði háð takmörkunum með þeim hætti að ríkisstjórnin öll ákveði heildarmagn útgefinna húsbréfa í hverjum flokki er tillaga þessi ekki nauðsynleg. Hins vegar er eðlilegt að efni hennar komi til athugunar á næstunni með öðrum þáttum er varða undirbúning og framkvæmd væntanlegra laga. Með vísan til þessa munum við þingmenn Alþb. ekki styðja að framgangi þessarar tillögu og ég segi því nei.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Þar sem fyrir liggur að þetta atriði er nauðsynlegt svo að fullnægt sé ákvæðum stjórnarskrárinnar og jafnframt hitt að þrátt fyrir samkomulag stjórnarflokkanna um að þeir ákveði heildarupphæð og skiptingu fjárhæðarinnar, þá er það víst að ríkisstjórnin er ekki eilíf en lögin halda áfram að standa nema þingið breyti þeim og ég segi því já.

Brtt. 1032,3d–g samþ. með 21:2 atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 21:2 atkv.
Brtt. 1032,4 samþ. með 21:1 atkv.
Brtt. 1106,4 felld með 18:18 atkv.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Ég vek athygli forseta á því að þessi liður í brtt. er bein afleiðing af þeim þremur liðum sem á undan koma. Hér er um að ræða ákvæði um gildistöku greina sem búið er að fella úr frv. Atkvæðagreiðsla um þennan síðasta lið hlýtur því að vera óþörf því að það hlýtur að verða að líta svo á að þetta ákvæði sé sjálffallið brott með þeim niðurstöðum úr atkvæðagreiðslum sem fyrir liggja.

Forseti (Óli Þ. Guðbjartsson):

Þetta mun vafalaust rétt hjá hv. þm. en úrslit atkvæðagreiðslunnar hafa fallið á þennan veg. (**GHelg:** Forseti. Er ekki rétt að atkvæðagreiðslan verði endurtekin. Þetta er auðvitað tóm vitleysa.) (**FrS:** Fá bara nafnakall.) Það er sjálfsagt að endurtaka atkvæðagreiðsluna til að skera úr um þetta.

Matthías Á. Mathiesen:

Virðulegi forseti. Hér stendur: „Að undanskildum breytingum á 12., 13. og 14. gr. gildandi laga.“ Það er ekki búið að fella 12. gr. í burtu. Það var aðeins b-liðurinn í 1. gr. sem var felldur í burtu.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Ég held að þetta sé ekkert sérstaklega flókið mál. Í þeim brtt. sem samþykktar hafa verið á þskj. 1106, liðir nr. 1, 2 og 3, eru gerðar breytingar á 12., 13. og 14. gr. núgildandi laga. Það hlýtur því að leiða af sjálfu sér þar sem 13. og 14. gr. hafa verið felldar úr þessu frv. að gildistökuákvæði varðandi þær greinar falli út. Hins vegar er ábending hv. 1. þm. Reykn. réttmæt að því leyti til að tilvísun í 12. gr. er að finna í fyrri hluta 1. gr. frv. 12. gr. laganna er breytt og því hlýtur að eiga að standa þarna breytingar á 12. gr. gildandi laga, en brott falli 13. og 14. En ef forseti er í einhverjum vafa um þetta held ég að væri þjóðráð að gera augnabliks hlé og ráðfæra sig við hina færustu þingskapamenn sem eru í húsinu.

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Það væri alveg eins hægt að halda því fram að hv. deild hefði komist að þeirri niðurstöðu við betri umhugsun að sú afgreiðsla sem hún áður hefur gert á tillögum hv. þm. Geirs H. Haarde hafi verið á misskilningi byggð og þess vegna hafi hún fellt að þessi síðasta tillaga hv. þm. yrði samþykkt. Það er afskaplega einfalt að ganga úr skugga um þetta, virðulegi forseti, og er mjög vanalegt að ef einhver missmíði eru slík á afgreiðslu séu þau löguð í 3. umr. eða þegar næst er um málið fjallað. Að sjálfsögðu er ekki hægt að kalla til baka tillögu sem atkvæði hafa gengið um. Það er ekki heldur hægt að breyta þeim úrskurði sem hér hefur fallið í formlegri atkvæðagreiðslu svo að mín tillaga er sú að við höldum áfram þar sem frá var horfið og þetta mál verði síðan skoðað milli 2. og 3. umr. og brtt. um það

sem lagfæra þarf verði flutt við 3. umr. Það er eðlilegasta málsmeðferðin eins og málin nú standa.

Forseti (Óli Þ. Guðbjartsson):

Þrátt fyrir mjög ágæta tillögu í máli ræðumanns verður nú örstutt hlé meðan málið er ígrundað eilítið nánar.

Þá verður fundi fram haldið. Í því atriði sem varð að ágreiningi er einungis um að ræða gildistöku-ákvæði þessa frv. þannig að það mun gefast nægur tími til að athuga málið nánar fyrir 3. umr. frv. og mun það verða gert.

5. gr. samþ. með 18:4 atkv.

Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 21:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KolbJ, IBA, JóhS, JBH, JK, JónS, JSS, KE, KH, MB, MálmS, ÓE, PP, PJ, ÞSk, SighB, NL, SJS, ÞÞ, ÁrnG, FrS, GeirG, FI, GuðnÁ, GHelg, HG, ÓÞG.

KrP, MÁM, ÓÞÞ, SP, SV, ÞP, AS, BÍG, EH, VI, GHH greiddu ekki atkvæði.

4 þm. (KJóh, AðB, BB, GB) fjarstaddir.

EFRI DEILD

101. fundur, miðvikudaginn 10. maí, kl. 2 miðdegis.

Þjóðminjalög, 3. umr.

Frv. GHelg o.fl., 188. mál (heildarlög). — Þskj. 1114 (sbr. 1007).

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

EFRI DEILD

102. fundur, miðvikudaginn 10. maí, að loknum 101. fundi.

Loftferðir, 2. umr.

Stjfrv., 439. mál (vinnuumhverfi áhafna). — Þskj. 799, n. 1131, brtt. 1132.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. samgn. (Karvel Pálmason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá samgn. um frv. til laga til breytingar á lögum um loftferðir nr. 34/1964. Nál. er svohljóðandi:

„Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk til viðræðna um frumvarpið Ragnhildi Hjaltadóttur frá samgrn., Kristján Egilsson frá Félagi ísl. atvinnuflugmanna, Sigurlínu E. Scheving frá Flugfreyjufélaginu, Grétar Óskarsson frá loftferðaeftirliti Flugmálastjórnar, Þorstein Þorsteinsson frá Arnarflugi hf., Guðlaug Helgason frá Flugleiðum hf. og Jón Helgason og Þórhall Magnússon frá Flugskóla Helga Jónssonar.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali. Hér er fyrst og fremst um að ræða orðalagsbreytingar" sem nefndin leggur til.

Í ljósi þess að hér er ekki um efnislegar breytingar að ræða sé ég út af fyrir sig ekki ástæðu til að gera grein fyrir brtt. að öðru leyti en því að vísa í þskj. 1132.

Undir þetta nál. skrifa, auk þess sem hér talar, Egill Jónsson, Skúli Alexandersson, Guðmundur Ágústsson, Jón Helgason, Stefán Guðmundsson og Þorv. Garðar Kristjánsson.

Ég hygg að deildin muni vera sammála því að hér sé málið fært til betri vegar og skiljanlegra en það var í viðkomandi frumvarpi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1132,a samþ. með 11 shlj. atkv.

A-liður (54. gr. a), svo breyttur, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 1132,b samþ. með 11 shlj. atkv.

B-liður (54. gr. b), svo breyttur, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 1132,c samþ. með 13 shlj. atkv.

C-liður (54. gr. c), svo breyttur, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 1132,d samþ. með 12 shlj. atkv.

D-liður (54. gr. d), svo breyttur, samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 1132,e samþ. með 14 shlj. atkv.

E-liður (54. gr. e), svo breyttur, samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 1132,f samþ. með 15 shlj. atkv.

F-liður (54. gr. f), svo breyttur, samþ. með 15 shlj. atkv.

G- og h-liður (54. gr. g–h) samþ. með 15 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Samningsbundnir gerðardómar, 2. umr.

Stjfrv., 342. mál. — Þskj. 619, n. 1129.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. allshn. (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. frá allshn. um frv. til laga um samningsbundna gerðardóma.

Nefndin hefur rætt þetta frv. og kallaði til viðræðu Ólaf Walter Stefánsson, skrifstofustjóra í dómsmálaráðuneytinu. Hæstv. dómsmrh. gerði grein fyrir efni þessa frumvarps við 1. umr., en í stuttu máli fjallar það um að kveða á um skipan samningsbundinna gerðardóma í lögum.

Það hefur farið mjög í vöxt að sá háttur sé hafður á að vísa málum til slíkra gerðardóma í milliríkjaviðskiptum þar sem ágreiningur kann að koma upp og einnig er talið að það geti greitt fyrir úrskurði mála innan lands.

Allshn. var sammála um að setning slíkra laga væri nauðsynleg og leggur því til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Guðrún Agnarsdóttir sat fund nefndarinnar og er samþykk afgreiðslu frumvarpsins.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.–16. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Kosningar til Alþingis, 2. umr.

Frv. KH o.fl., 416. mál. — Þskj. 776, n. 1128.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. allshn. (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis nr. 80/1987 frá allshn.

Nefndin hefur rætt þetta frumvarp og kallaði til viðræðu Ólaf Walter Stefánsson, skrifstofustjóra í dómsmrn.

Efni frv. fjallar um að heimila þeim íslenskum ríkisborgurum sem búsettir eru erlendis að eiga hér kosningarrétt þó að þeir hafi ekki búsetu hér á landi. Í núgildandi kosningalögum er gert ráð fyrir að íslenskir ríkisborgarar erlendis haldi þeim rétti í fjögur ár. En það hefur komið fram að mörgum finnst að þar sé um of skamman tíma að ræða og breyttar aðstæður hafa gert brýnna að breyta þessu þar sem t.d. nám erlendis tekur oft lengri tíma en fjögur ár og því er óeðlilegt að þeir sem ætla sér að koma heim missi kosningarrétt sinn þó að þarna verði um lengri fjarvist að ræða en fjögur ár.

Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að þessi tími verði lengdur upp í átta ár, en að þeim fresti loknum gefist íslenskum ríkisborgurum kostur á að sækja um að halda rétti sínum til að vera hér á kjörskrá áfram ef þeir vilja sækja um það. Þeir sem eru þá orðnir rótgrónir erlendis munu sennilega í litlum mæli leita eftir slíkum rétti, en þeir sem þá ætla sér enn að halda heim og fylgjast hér með málum munu líklega vilja notfæra sér þetta ákvæði.

Með tilliti til þessa mælir allshn. með samþykkt þessa frumvarps óbreytts.

Guðrún Agnarsdóttir sat fund nefndarinnar og er samþykk afgreiðslu frumvarpsins.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Ráðstafanir vegna kjarasamninga, 2. umr.

Stjfrv., 499. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 1050, n. 1122, brtt. 1123.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Fjh.- og viðskn. Ed. hefur fjallað um frv. til laga um ráðstafanir vegna kjarasamninga, en frv. þetta er stjórnarfrumvarp og flutt af ríkisstjórninni í beinu framhaldi af yfirlýsingum hennar til Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna. Þær yfirlýsingar er að finna sem prentuð fylgiskjöl með frv.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um þetta frv. og á hennar fund hafa komið m.a. Helgi Bergs frá Hlutafjársjóði Byggðastofnunar, Gunnar Hilmarsson frá Atvinnutryggingarsjóði útflutningsgreina, Vilhjálmur Egilsson frá Verslunarráði Íslands, Guðmundur Malmquist frá Byggðasjóði, Guðmundur B. Ólafsson frá Framkvæmdasjóði, Már Elísson og Hinrik Greipsson frá Fiskveiðasjóði, Bragi Hannesson frá Iðnlánasjóði, Ólafur Davíðsson frá Félagi ísl. iðnrekenda, Þorleifur Jónsson frá Landssambandi iðnaðarmanna, Sveinn Hjörtur Hjartarson frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, Hólmgeir Jónsson og Óskar Vigfússon frá Sjómannasambandi Íslands, Árni Benediktsson frá Félagi sambandsfiskframleiðenda, Arnar Sigurmundsson, Ágúst Elíasson og Brynjólfur Bjarnason frá Samtökum fiskvinnslustöðva og Friðrik Pálsson frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, svo

og Lára V. Júlíusdóttir og Ásmundur Stefánsson frá Alþýðusambandi Íslands, Þórarinn V. Þórarinsson frá Vinnuveitendasambandi og Hjörtur Eiríksson frá Vinnumálasambandi samvinnufélaganna.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með brtt. sem fluttar eru á þskj. 1123. Breytingartillögurnar eru tvær.

Sú fyrri er að niðurfelling svokallaðs lántökugjalds eigi sér stað einum mánuði fyrr en frv. gerir ráð fyrir, þ.e. 1. júní í stað 1. júlí eins og upphaflega var ráðgert, og er þarna nokkuð komið til móts við óskir ýmissa aðila sem til fundar við nefndina komu. Það er ljóst að það stendur misjafnlega á fyrir fjárfestingarsjóðunum varðandi þetta gjald. Sumir þeirra hafa hafið erlend lán en ekki endurlánað enn þá og hafa þannig greitt þetta lántökugjald af erlenda láninu. Yfirleitt hafa sjóðirnir velt þessu yfir á lántakendur þannig að þetta hefur verið viðbótarkostnaður. Það þótti ekki fært að fara út í eða taka upp einhvers konar endurgreiðslukerfi gagnvart þessum lánum eins og ég sé að gert er ráð fyrir í tillögum minni hl., en stjórnarandstaðan er jafnan mjög ósínk á fé úr ríkissjóði svo sem kunnugt er. Það þótti ekki fært. Hér er nú ekki um stórar upphæðir að ræða og ég hygg að þeir sjóðir sem hér um ræðir séu ekki illa undir það búnir að taka þetta gjald á sig í þeim tilvikum sem það kann að verða, en þar er nú ekki um verulega háar upphæðir að ræða raunar.

Hin brtt. er þess efnis að ný grein bætist við frv. svohljóðandi:

„Hafi krafa samkvæmt lögum þessum á hendur ríkissjóði verið framseld glatast réttur til greiðslu hennar úr ríkissjóði. Þetta á þó ekki við ef krafan hefur verið framseld stéttarfélagi launþegans eftir að skiptameðferð á búi vinnuveitandans hófst né heldur ef krafan hefur verið að fullu eða hluta til framseld Atvinnuleysistryggingasjóði."

Í athugasemdum við hið upphaflega frv. segir, með leyfi forseta:

„Þá vill ríkisstjórnin beita sér fyrir því að á yfirstandandi þingi verði samþykkt lagaákvæði er tryggi launafólki fyrirtækja sem verða gjaldþrota rétt til greiðslu atvinnuleysisbóta þann tíma sem það er án atvinnu á uppsagnarfresti, meðan það bíður eftir endanlegu uppgjöri á launakröfum sínum samkvæmt lögum um ríkisábyrgð á launum. Til meðferðar á Alþingi er frv. tveggja þingmanna um breyting á lögum nr. 23/1985, um ríkisábyrgð á launum. Leggur ríkisstjórnin áherslu á að frv. fái afgreiðslu á þessu þingi."

Það varð ofan á í nefndinni og var það gert í góðu samráði við flm. umræddsfrv. og hv. félmn. í Nd. þar sem málið er til meðferðar að einfaldast væri og hampaminnst að taka efnisatriði frv. sem er til meðferðar í Nd. og fella þau inn í þetta. Ég hygg að það sé einföld og skynsamleg lausn á þessu. Þá losnum við hér í hv. Ed. við að vera í þeirri stöðu að samþykkja lög sem byggjast á því að annað frv. verði afgreitt í Nd. Hér er þessum málum slegið saman og ég hygg að það hafi verið rétt stefna.

Ég hygg að tæplega sé ástæða til, herra forseti, að ég lengi þessa umræðu öllu frekar. Það komu margvíslegar upplýsingar fram í nefndinni þegar um málið var fjallað, en eins og áður sagði er hér um að ræða efndir ríkisstjórnarinnar á loforðum og yfirlýsingum sem gefnar voru í sambandi við kjarasamningana sem undirritaðir voru hinn 1. maí. Meiri hl. fjh.- og viðskn. leggur til að frv. verði samþykkt, virðulegi forseti, með þeirri breytingu sem ég hef nú gert grein fyrir.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal): Hæstv. forseti. Ég gerði ekki athugasemd við það þegar málið var tekið úr nefnd, en vil á hinn bóginn minna á að ég hafði beðið um tilteknar upplýsingar frá Seðlabanka og viðskrn. varðandi erlendar lántökur sem ég tel nauðsynlegt að liggi fyrir nú um leið og þessi umræða fer fram og var það upplýst af fulltrúa Hagsýslustofnunar að þessar upplýsingar lægju fyrir hendi hjá Seðlabanka fram í marslok og hjá viðskrn. fram í apríllok, að vísu sem trúnaðarmál, en ég hygg að eftir atvikum hljóti að vera hægt að fallast á, hæstv. forseti, að nefndarmönnum í fjh.- og viðskn. sé trúandi fyrir slíku og þá merkt sem trúnaðarmál ef ekki þykir ástæða til að þeir geti skýrt þingheimi frá. (**EG:** Ég skal skýra það mál fyrir hv. þm. á eftir. Mér láðist að gera það fyrir umræðuna.) En ég treysti því að áður en klukkan verði hálffjögur liggi þessar upplýsingar fyrir í þingdeildinni þannig að þessi plögg hafi borist nefndarmönnum. Það er ekki meira en hálftíma gangur ofan úr Seðlabanka og viðskrn. niður á Alþingi og það ætti ekki að taka þessar stofnanir meira en tíu mínútur að ljósrita þessi plögg. Ef það dugir ekki held ég að það sé nauðsynlegt að gera hlé á þessari umræðu til að við getum þá kallað fulltrúa frá þessum aðilum til fundar við okkur. (**Forseti:** Forseti vill verða við þeirri beiðni að gert sé fimm mínútna hlé á umræðunum meðan þessi mál eru könnuð til þess að hægt sé að verða við óskum hv. þm.) — [Fundarhlé.]

Hæstv. forseti. Af einhverjum ástæðum hafði farið fram hjá mér, kannski hef ég ekki verið staddur á fundi fjh.- og viðskn., þegar dreift var plöggum frá Seðlabanka Íslands meðan fundur var haldinn í þingflokksherbergi Alþfl. í asanum í gær og hafa verið gerðar ráðstafanir til að ég fái það plagg í hendur. Ég vil í annan stað, hæstv. forseti, vekja athygli á því að nefndarmenn í fjh.- og viðskn. hafa ekki fengið í hendur neinar upplýsingar eða neinar umsagnir um brtt. meiri hl. fjh.- og viðskn. sem lýtur að atvinnuleysisbótum, þ.e. breyting á lögum um ríkisábyrgð á launum, en svo óheppilega vill til að sá starfsmaður félmrn. sem fjallar um þessi sérstöku mál er erlendis. Það vill enn fremur svo óheppilega til að sá sem gæti gefið nefndinni upplýsingar í Atvinnuleysistryggingasjóði er í verkfalli og af þessum sökum hefur nefndin ekki getað kynnt sér þessi mál sem skyldi og ítreka ég það, sem ég sagði á nefndarfundi, að nauðsynlegt er fyrir nefndarmenn að fá umsagnir um þessi mál ef fyrir liggja í félmn. Nd. þar sem málið var til umræðu. Ef svo er ekki væri mjög gott að fá einhverjar frekari upplýsingar hjá hæstv. staðgengli forsrh. um þau sjónarmið sem lágu til grundvallar í sambandi við

breytingu á framkvæmd laga um ríkisábyrgð á launum og eftir atvikum heimild Atvinnuleysistryggingasjóðs til að innheimta slíka kröfu.

Þar sem ég fékk ekki brtt. meiri hl. í hendur fyrr en rétt í þann mund sem ég stóð upp hef ég ekki haft tíma til þess að bera nákvæmlega saman texta í 7. gr. frv. og í brtt., en við fyrstu sýn virðist sem í frv. sé gert ráð fyrir að Atvinnuleysistryggingasjóði sé heimilt að tryggja launafólki fyrirtækja sem verða gjaldþrota rétt til greiðslu atvinnuleysisbóta þann tíma sem það er án atvinnu á uppsagnarfresti meðan það bíður eftir endanlegu uppgjöri á launakröfum sínum samkvæmt lögum um ríkisábyrgð á launum, en hins vegar virðist þetta ákvæði vera mun víðara eins og brtt. liggur fyrir og samkvæmt þeim breytingum sem gert er ráð fyrir á lögum um ráðstafanir vegna kjarasamninga. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Hafi krafa samkvæmt lögum þessum á hendur ríkissjóði verið framseld glatast réttur til greiðslu hennar úr ríkissjóði. Þetta á þó ekki við ef krafan hefur verið framseld stéttarfélagi“ o.s.frv.

Þarna er talað almennt um kröfur til launa samkvæmt lögum um ríkisábyrgð á launum en ekki *bundið sig við uppsagnarfrest eins og er í* 7. gr. Ég átta mig ekki alveg á hvernig meiri hlutinn hugsar sér framkvæmd þessara tveggja lagaparagrafa. En ég þykist vita að frsm. meiri hl. muni útskýra með hverjum hætti framkvæmdin verði. Það eru oft deilur uppi um hvort krafa sem liggur fyrir skiptarétti um vangoldin laun eigi rétt á sér. Það er margt sem getur komið til sem veldur því að krafan er ógild — ef viðkomandi er eigandi, ef viðkomandi er barn eiganda, náfrændi eiganda, tengdasonur eða tengdadóttir eiganda. Það er meira að segja svo, hæstv. forseti, að í vissu máli sem ég er kunnugur er talið að krafa sé ógild vegna þess að viðkomandi er tengdabarn manns sem átti sæti í stjórn viðkomandi félags fyrir þó nokkrum mánuðum. Kröfur eru með margvíslegum hætti, seinagangur í úrskurði mikiill og væri auðvitað mjög þýðingarmikið, hæstv. ráðherra, ef hægt væri að flýta fyrir því að úrskurðir yrðu gefnir um réttlæti launakrafna í þrotabúum. Ég hygg að slík flýting, ef möguleg væri, yrði ekki síður mikil réttarbót en ný lagaparagröf sem auðvitað kalla öll á meira eða minna málavafstur og spurning um hvort krafa sé réttmæt eður ei kemur hvort eð er upp í dæmið.

Það má líka spyrja í þessu sambandi hver sé hugsun meiri hl. ef svo fer að skiptaréttur dæmir kröfu á hendur ríkissjóði vegna laganna um ríkisábyrgð á launum ógilda, en Atvinnuleysistryggingasjóður hefur á hinn bóginn innt greiðslur af hendi eða þá sveitarfélag eða stéttarfélag. Það má spyrja hver beri ábyrgð á slíkum greiðslum.

Hæstv. forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir er flutt vegna ráðstafana vegna kjarasamninga og er það fyrst að segja að því er síður en svo að heilsa að kjarasamningum sé lokið. Verkfall háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna stendur enn yfir og því miður hefur maður fulla ástæðu til að ætla að ekki hafi verið haldið á samningamálum ríkissjóðs með þeim hætti að maður geti treyst því að hæstv. ráðherra sem með þessi mál fer og ríkisstjórnin hafi lagt sig fram um að finna lausn á þeim málum. Við heyrum um það í fréttum dag eftir dag, kvölds og morgna. Við lesum það í öllum fjölmiðlum sem út koma hversu miklu tjóni þessar kjaradeilur hafa valdið. Annars vegar horfum við á að ekki er hægt að ljúka skólaárinu með eðlilegum hætti og hægt að færa fyrir því mjög gild rök að ýmsir námsmenn muni af þessum sökum hverfa frá námi. Öll sú óvissa sem nú er í skólamálunum — og ekki aðeins óvissan um það hvort viðkomandi nemendum verði gefinn kostur á því að ljúka námsárinu nú á þessu vori heldur líka óvissan um það hvenær það verði gert og ekki bætir úr skák þegar farið verður að tala um það að nemendur megi búast við því að þurfa að taka próf sín jafnvel í júnímánuði, ágústmánuði eða september, próf sem þeir að öllu réttu ættu að hafa lokið fyrir næstu mánaðamót.

Enn fremur blasir við t.d. í landbúnaðinum að bændur standa frammi fyrir miklum búsifjum og það má færa fyrir því gild rök að til fjárfellis kunni að koma ef fóðurbætir berst ekki í tíma til þeirra byggðarlaga sem harðast hafa orðið úti nú í harðindum hjá bændum sem kannski hafa verið illa undir þau búnir. Í gær ræddi hv. 14. þm. Reykv. um þá sérstöku erfiðleika sem nú steðja að í sambandi við fiskeldið og þannig mætti lengi telja.

Hæstv. sjútvrh. talaði með þeim hætti í gær að við því væri að búast að ríkisstjórnin mundi kannski grípa til sérstakra ráðstafana til að koma í veg fyrir tjón á vissum sviðum, en vék minna að hinu hvort slíkar ráðstafanir yrðu almennar og mundu taka til allra þátta þessarar kjaradeilu og afleiðinga hennar. Ég er þeirrar skoðunar að það geti verið hæpið að löggjafarvaldið grípi inn í.

Hæstv. forseti. Nú stendur svo á að Svavar Gestsson menntmrh. úr Alþb., Halldór Ásgrímsson staðgengill forsrh. og sjútvrh. úr Framsfl. og Jón Sigurðsson viðskrh. og iðnrh. úr Alþfl. hafa allir gengið úr fundarsalnum á sama tíma og ég hef verið að tala um þær alvarlegu vinnudeilur sem hér eru uppi, allir þessir þrír hæstv. ráðherrar. Hins vegar kæmi mér ekki á óvart þó svo kynni að fara að nú í kvöldfréttum verði það einmitt þessir þrír stjórnmálamenn sem verði spurðir um það hvaða álit þeir hafi á kjarasamningunum vegna þess að fjölmiðlunin er með þeim hætti að sú rödd sem hæst kveður í þinginu heyrist ekki í gegnum fjölmiðlana, en á hinn bóginn eru einstakir ráðherrar farnir að ganga á það lagið að þeir þurfa ekki að vera við í þingsölum vegna þess að fréttamennirnir koma hlaupandi að þeim á eftir og þá geta þeir talað til þjóðarinnar í gegnum fjölmiðlana en þurfa ekki að standa fyrir máli sínu á hinu háa Alþingi.

Í gær sá maður mjög glöggt dæmi þessa þegar hæstv. menntmrh. var spurður um hvað hann vildi gera í sambandi við skólamálin og svaraði því einu til að þetta væri mjög alvarlegt mál, eins og allir vissu það ekki, eða þegar hæstv. félmrh. lét sem það væri

einhver sigur fyrir hana þegar það tókst með hörmungum að ná húsbréfafrv. í gegnum Nd. Og smekkvísi hæstv. félmrh. var slík að hann gat ekki í útvarpsfréttum stillt sig um að gefa í skyn að þingmenn Kvennalistans hefðu brugðist Alþfl. með því að greiða atkvæði með þeim brtt. sem afgreiddar voru. (Gripið fram í.) Þetta er ekki satt, segir hv. þm. Keflvíkinga. Ég sagði gefið í skyn. (Gripið fram í.) Hæstv. félmrh. sagði: Ég læt öðrum eftir að dæma um það eða ég læt þingmönnum Kvennalistans eftir að dæma um það. Ef einhver vafi leikur á hvor fer með rétt mál í þessu, ég eða hv. þm. Keflvíkinga, væri kannski hægt, hæstv. forseti, að leiða til vitnis þingmenn Kvennalistans, hvernig þeir hafi skilið ummæli hæstv. ráðherra í gærkvöld, eða það, sem kannski væri enn þá betra, að biðja þingið að ná í viðtalið klukkan sjö í Ríkisútvarpinu í gærkvöld og senda það og reka það ofan í nefið á þingmönnum Alþfl. þannig að þeir geti lesið það sem ráðherrann lætur hafa eftir sér.

En ég harma það hins vegar, hæstv. forseti, að hæstv. ráðherrar skuli ekki vera hér við meðan ég fjalla um þær kjaradeilur sem uppi eru og óska eftir því að það verði gert korters hlé á fundinum þannig að ég geti beint máli mínu til hæstv. ráðherra af þessu tilefni. (**Forseti:** Má ég upplýsa hv. þm. um það að Halldór Ásgrímsson, hæstv. sjútvrh., gegnir hlutverki forsrh. og er því á fundi forsrh., forseta þingsins og þingflokkssformanna frá þrjú til a.m.k. hálffjögur. Í salinn er genginn Jón Sigurðsson, hæstv. viðskrh. En vill hv. þm. fara fram á það að menntmrh. sæki þennan fund?) Það vill svo til, hæstv. forseti, að það mál sem hér er til umræðu heyrir undir hæstv. forsrh. og ég held að það sé óhjákvæmilegt að fresta þá fundi deildarinnar þangað til sá ráðherra sem málið heyrir undir getur verið viðstaddur. Ég óska eftir því að það verði gert hlé á ræðu minni þangað til hæstv. forsrh. sér sér fært að vera hér í deildinni og gegna skyldustörfum sínum. Við höfum beðið um það stjórnarandstæðingar svo vikum skiptir að fá einhverjar upplýsingar um það frá stjórnarflokkunum hvernig eigi að ljúka þessu þinghaldi, hver séu þau mál sem eigi að ganga fyrir, hvenær þinginu eigi að ljúka — er það í þessari viku eða er það í næstu viku? Og svarið hefur verið í styttingi frammi á göngum og hvar sem maður hefur komið: Það á að ljúka þinginu á föstudaginn eða laugardaginn. Og það var í hverri einustu viku og það hefur ekki fengist fram að þessu svo mér sé kunnugt nein skýring á því hvaða mál eigi að sitja fyrir.

Ég hygg, hæstv. forseti, að það sé nauðsynlegt að hæstv. sjútvrh. sé hér við. Hann gegnir störfum forsrh. sem ég þarf sérstaklega að ræða við. Þar að auki þarf ég sérstaklega að ræða við hæstv. sjútvrh. Ég óska eftir því að þessari umræðu verði frestað, það má taka önnur mál á dagskrá mín vegna, þannig að hæstv. forsrh. geti heyrt mitt mál.

Það var ekki talað um það, þegar ég greiddi fyrir því að þetta mál gæti komið hér til umræðu í dag, við mig einu einasta orði að hæstv. forsrh. yrði ekki við umræðuna eða staðgengill hans, hæstv. sjútvrh. Það er algjörlega út í bláinn að við séum að standa hér upp og beina fyrirspurnum til ráðherra sem er fjarverandi þó hann heyri þær.

Forseti (Guðrún Agnarsdóttir):

Ég vona að á þessum fundi, sem nú er haldinn hjá forseta sameinaðs þings, verði gengið frá forgangsröð mála fyrir þinglok og fáist um það skýrari línur en við höfum haft hingað til, en veiti góðfúslega leyfi til þess að gera hlé á þessari umræðu að ósk hv. 2. þm. Norðurl. e.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Það er út af fyrir sig ekkert að vanbúnaði að mæla fyrir meirihlutaáliti um tekjuskatt og eignarskatt eða hefja umræðuna. Annað en það að ég sé ekki að þingskjöl séu komin. Þau voru seint afhent. (**Forseti:** Við gerum örstutt hlé á fundinum, fimm mínútna hlé, meðan gengið er úr skugga um það að öll þingskjöl hafi borist.)

Umræðu frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.

Frv. SalÞ, 363. mál (húsnæðisbætur). — Þskj. 672, n. 1124, og 1135, brtt. 1136.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Herra forseti. Mál þetta hafði verið tekið fyrir þegar fundi var frestað, en það vannst ekki tími eða var ekki unnt að ræða það þá til hlítar, a.m.k. vegna þess að það vantaði frsm. minni hl. sem var bundinn á forsetafundi og flokksformanna og sama var raunar að segja um flm. sem eðlilegt er að væri viðstaddur þannig að samkomulag er um að fresta umræðu þar til nú.

Ég er frsm. meiri hl. í nefndinni og við flytjum nál. sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur fjallað um frv. og fengið umsögn Ævars Ísbergs vararíkisskattstjóra um frv. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingartillögu sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Danfríður Skarphéðinsdóttir sat fundi nefndarinnar og er sammála áliti þessu."

Við flytjum litla brtt. sem er nánast orðalagsbreyting og hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Í stað orðanna „sem byggir nýtt íbúðarhús í stað hússins sem úrskurðað hefur verið óhæft til íbúðar, verðlaust og til niðurrifs" komi: sem byggir eða kaupir nýtt íbúðarhúsnæði í stað húsnæðis sem úr-

skurðað hefur verið óhæft til íbúðar, verðlaust eða til niðurrifs."

Þetta er í sjálfu sér mjög lítið mál. Þetta er ekki mikið útgjaldamál fyrir ríkið. Það getur aldrei numið nema mjög litlum upphæðum, en það þykir eðlilegt að sá sem lendir í því að húsnæði sem hann hefur keypt sé verðlaust og dæmt óíbúðarhæft skömmu eftir að hann eignaðist það sé ekki firrtur þeim rétti að fá húsnæðisbætur á sama hátt og sá sem eignaðist íbúðarhúsnæði í fyrsta skipti.

Meiri hl. telur sem sagt ljóst að slík undantekningartilvik sem í efnisgreininni eru geti ekki verið mjög mörg og þetta sé fullkomlega réttlætanlegt og því var frv. flutt og því styður meiri hl. samþykkt þess. Skal ég ekki hafa um það fleiri orð. Þetta er réttlætismál sem kostar sáralitla peninga en getur munað einstaklinga öllu að fá að njóta þessara réttinda.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti minni hl., en um þetta mál var fjallað í nefndinni og þar var fengin umsögn vararíkisskattstjóra um þetta frv. Á grundvelli þeirrar umsagnar leggur minni hl. til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Það kom raunar fram í nefndinni og ég ætla að nefna það hér sérstaklega að verið sé að fara inn á mjög hæpnar brautir þegar verið er að taka eitt einstakt tilvik og breyta lögum þess vegna. Ég held að það sé einstaklega hæpið og ætti alls ekki að gera. En ég ætla að leyfa mér, herra forseti, að lesa umsögn ríkisskattstjóra um málið. Hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Samkvæmt beiðni formanns fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar Alþingis vill ríkisskattstjóri gefa eftirfarandi umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, flutt af Salome Þorkelsdóttur:

Í lögunum um húsnæðisbætur, þ.e. C-lið 69. gr. laga nr. 75/1981, sbr. 9. gr. laga nr. 92/1987, kemur fram sú meginregla að þeir eigi rétt á húsnæðisbótum sem eru að kaupa, byggja eða að eignast á annan hátt íbúðarhúsnæði í fyrsta sinn til eigin nota. Í milliþinganefnd, sem fjallaði um þetta mál síðla árs 1987, var tekin sú ákvörðun að skilgreining á því hvað teldist fyrsta íbúðarhúsnæði í eigu manns skyldi koma fram í reglugerð, sbr. ákvæði síðustu mgr. C-liðar 69. gr. laganna um þetta atriði.

Í reglugerð um húsnæðisbætur, nr. 75/1988, er í fyrsta lagi kveðið á um að hafi maður ekki átt íbúðarhúsnæði í tíu ár fyrir gildistöku reglugerðarinnar teljist hann ekki hafa átt íbúðarhúsnæði áður.

Í öðru lagi voru sett ákvæði í reglugerðina um að tveggja ára eignarhald á íbúðarhúsnæði innan framangreindra tíu ára skyldi ekki svipta mann rétti til húsnæðisbóta. Þetta ákvæði var sett í reglugerðina til þess að koma í veg fyrir að eignarhald á íbúðarhúsnæði sem varaði í mjög stuttan tíma, t.d. vegna veikinda, fjárhagslegra erfiðleika, skilnaðar eða vegna annarra ófyrirséðra atvika, kæmi ekki í veg fyrir að meginmarkmið laganna næðu fram að ganga.

Í þriðja lagi voru sett ákvæði í reglugerðina um að 10% eignarhlutdeild í íbúð á umræddum tíu árum skyldi ekki teljast íbúðareign og ekki heldur 34% eignarhlutdeild í íbúð sem maður hafði eignast við gjöf eða arf.

Með framangreindum ráðstöfunum var talið að náð yrði til flestra tilvika sem komið gætu í veg fyrir eðlilega framkvæmd laganna. Í frv. því sem hér um ræðir er lagt til að eignaraðild að íbúðarhúsi, sem rifið hefur verið vegna óíbúðarhæfni, teljist ekki til eignarhalds fyrstu íbúðar án tillits til þess hve lengi maður hefur átt slíkt íbúðarhúsnæði. Hafi eignarhaldstími í þessu tilviki verið innan við tvö ár fellur tilvikið inna reglna reglugerðarinnar, þó að uppfylltum öðrum atriðum sem máli skipta, en annars gildir sú meginregla að maður, sem hefur átt húsnæði lengur en tvö ár á sl. tíu árum frá útgáfu reglugerðarinnar, á ekki rétt á húsnæðisbótum, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða II um húsnæðisbætur, ákvarðaðar með álagningu 1988.

Það er því niðurstaða embættisins að slík breyting á C-lið 69. gr. laga nr. 75/1981, sem hér er lögð til, sé í mótsögn við megintilgang laganna um húsnæðisbætur, þ.e. að aðeins þeir fái húsnæðisbætur sem eru að kaupa eða byggja húsnæði í fyrsta sinn til eigin nota. Sé þörf á breytingu á gildandi reglum er bent á að fremur beri að breyta reglugerð en lögum um umrætt atriði."

Undir þetta ritar f.h. ríkisskattstjóra Ævar Ísberg.

Ég hef lokið, herra forseti, tilvitnun í umsögn ríkisskattstjóra um þetta mál og mér sýnist alveg einsýnt í ljósi þess að þessu máli beri að vísa til ríkisstjórnarinnar og tel það í rauninni mjög sjálfsagt mál. Í greinargerð Ævars Ísbergs vararíkisskattstjóra eru rök fyrir því hvernig þessum húsnæðisbótum er úthlutað og ég varð satt að segja svolítið undrandi þegar ekki gat myndast samstaða um þá leið að vísa þessu máli til ríkisstjórnarinnar í hv. nefnd. En við því er ekkert að segja.

En ég hygg að öll rök hnígi að því að afgreiða málið með þeim hætti sem minni hl. nefndarinnar leggur til.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Eins og fram hefur komið var ég flm. að því litla frv. sem hér hefur verið afgreitt frá hv. fjh.- og viðskn. og ég þakka nefndinni fyrir að hafa nú afgreitt þetta mál út úr nefndinni. Að vísu hefur ekki náðst samstaða um málið þar sem hér hefur verið skilað meiri- og minnihlutaáliti, en ég vil engu að síður þakka nefndinni fyrir að hafa tekið málið fyrir til afgreiðslu og sérstaklega þakka þeim hv. þm. sem skrifa undir meirihlutaálit nefndarinnar.

Hv. 3. þm. Vesturl., frsm. minni hl., gerði grein fyrir afstöðu minni hl. nefndarinnar sem byggist fyrst og fremst að mér skilst á bréfi vararíkisskatt-

stjóra og er út af fyrir sig ekkert við því að segja. Hins vegar er það í mínum huga kannski ekki endilega einhlítt að þingmenn eða nefndir þingsins fari ævinlega eftir því sem embættismönnum þykir vera rétt. Þá væri það vissulega óþarft sem við erum að vinna.

En af því að hv. 3. þm. Vesturl. kom inn á að hann taldi það hæpnar brautir að setja lög um einstök tilvik vil ég aðeins segja að mér þykir það ekkert óeðlilegt þó að þingmenn taki sig stundum til og reyni að fá leiðréttingu á ýmsum lögum sem sett hafa verið hér þegar í ljósi reynslunnar er sýnt að þau eru að einhverju leyti gölluð eða þau gæta ekki kannski réttlætis í öllum þeim tilvikum sem þeim hafði e.t.v. verið ætlað að gera.

Það eru greinilega mismunandi viðhorf til þess í þessu máli hvort réttlætis er gætt samkvæmt lögunum, hvort lögin nái til allra sem um er að ræða, en eftir að ég varð vör við að það geta komið upp tilvik, og þá tek ég sérstaklega fram að þau eru sem betur fer ekki mörg og eins og hv. 8. þm. Reykv. tók fram, frsm. meiri hl., getur hér aldrei orðið um stór fjárútlán að ræða því að sem betur fer er ekki mikið um að íbúðaeigendum eða húseigendum sé gert að rífa húsin sín vegna þess að þau séu bókstaflega heilsuspillandi eins og var um að ræða í því tilviki allt til þess er ég fór að skoða þessi lög.

En það er líka rétt að benda á að svona tilvik verða kannski fyrst og fremst úti á landsbyggðinni. Þau eru kannski sjaldgæfari einmitt hér í þéttbýlinu eða í Reykjavík má segja, en geta frekar komið upp úti á landsbyggðinni. Þess vegna sé ég ekkert athugavert við það að við reynum að lagfæra lögin ef við komumst að raun um það að skattstjórar taki ekki tillit til slíkra undantekningartilvika eins og um var að ræða og ég tilgreindi. Ég vil taka sérstaklega fram að það er ekki verið að leggja hér fram frv. til að biðja um lög fyrir einhvern einn einstakling heldur miklu frekar að þarna er ljóst að það er réttlætismál að gera undantekningar í tilvikum sem þessum.

Þegar skattstjóri hefur svarað viðkomandi aðilum sem sækja um húsnæðisbætur skiptir engu máli þó húsnæðismálastjórn hafi veitt viðkomandi leyfi sem um nýbyggingu á fyrstu íbúð væri að ræða. Það skiptir skattstjóra eða skattálagninguna engu máli, einungis lögin eins og þau eru sett.

Varðandi bréf vararíkisskattstjóra, þá einmitt talaði hann um að þessi lög nái til flestra tilvika sem þýðir að það eru tilvik sem ekki er hægt að skilgreina innan ramma þessara laga. Þess vegna finnst mér það skjóta svolítið skökku við þegar hann í síðustu málsgr. bréfsins segir að sú tillaga sem hér er lögð til sé í mótsögn við megintilgang laganna um húsnæðisbætur sem þeim var ætlað að leysa, en í lok síðustu setningar þessarar síðustu málsgreinar segir hann: „Sé þörf á breytingu á gildandi reglum er bent á að fremur beri að breyta reglugerð en lögum um umrætt atriði."

Það má vel vera. Ég skal viðurkenna að ég er ekki lögfræðingur, en ég hefði haldið að það væri þá ekki hægt að breyta reglugerðinni innan ramma laganna úr því að þetta er í mótsögn við þau. Þess vegna tel ég að hér sé um réttlætismál að ræða sem megi taka tillit til og þurfi ekki að kalla á neina skriðu af alls konar beiðnum eða undanþágutilvikum. Það er svo skýrt skilgreint hvað átt er þarna við. Þetta er m.a. einn liður í því að stuðla að því að fólk geti búið í betra húsnæði, þ.e. að útrýma heilsuspillandi húsnæði. Nú skulum við hafa hugfast að oftast á efnalítið fólk í hlut þegar um slík tilvik er að ræða eins og ég er með hér í huga. En það verður bara að koma í ljós hvaða afgreiðslu þetta mál fær hér. Ég vil engu að síður endurtaka þakklæti mitt til nefndarinnar og þá fyrst og fremst meiri hl. sem mælir með að frumvarpið verði samþykkt með þeirri breytingu sem flutt er og ég að sjálfsögðu styð.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Þegar ég hóf blaðamannsferil minn undir góðri og skýrri leiðsögn hv. 8. þm. Reykv. og var sendur til þess að gefa einhverja mynd af þeim umræðum sem fóru fram í borgarstjórn Reykjavíkur eða hér á Alþingi tók ég fljótt eftir að það var mjög fyrirferðarmikill þáttur í umræðum á báðum þessum stöðum hversu langt hið opinbera gæti gengið til þess að útrýma heilsuspillandi húsnæði. Menn töldu að hið opinbera ætti að koma þar myndarlega til hjálpar og myndarlega til aðstoðar. Til allrar hamingju hafa aðstæður gjörbreyst svo á þeim tíma sem síðan er liðinn að umræður af þessu tagi eru farnar að setja lítinn svip t.d. hér á löggjafarsamkunduna og jafnvel svo að menn virðast hættir að hugsa um það að slíkt húsnæði sé enn í notkun.

Ég á svolítið erfitt með að skilja að þrír þingmenn utan af landi skuli standa að tillögu um að því frv. sem hér liggur fyrir verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Ég var síðast í morgun að ræða við mann norðan úr Grímsey um húsnæði sem þar hefur verið notað fram að þessu, en í þeim miklu harðindum sem verið hafa undanfarið var svo komið fyrir því húsnæði að það er ekki lengur íbúðarhæft þannig að fólkið varð að flýja úr þeim híbýlum. Þannig er þetta auðvitað mjög víða. Það var þess vegna mjög ánægjulegt á þeim tíma þegar Sverrir Hermannsson var iðnrh. að sérstakt átak skyldi gert til að auðvelda fólki sem bjó í ófullkomnu húsnæði að einangra það með sérstökum lánaflokki sem tekinn var upp hjá Húsnæðisstofnun ríkisins. Það voru kölluð orkusparandi lán og höfðu tvíþættan tilgang, annars vegar að draga úr orkukostnaði með því að húsin voru betur einangruð en áður og að hinu leytinu voru húsin miklu hollari híbýli eftir viðgerðina en áður mundi. Fram að þessu hefur vilji þingmanna yfirleitt staðið til þess að reyna að koma á móti þessu fólki sem er svo ógæfusamt að búa í heilsuspillandi eða ónýtu húsnæði og væri kannski miklu nær að þingdeildin velti því nú fyrir sér hvernig á því stendur að heilbrigðisyfirvöld, að Hollustuvernd skuli yfir höfuð að tala leyfa búsetu í mörgum þeim húsum sem fólk verður að hírast í. Væri það miklu frekar umhugsunarefni fyrir hv. þm. en hitt hvort ekki sé rétt með húsnæðisbótum að örva

og auðvelda fólki íbúðarskiptin þannig að það geti komið yfir sig sómasamlegu mannsæmandi íbúðarhúsi eða keypt sómasamlega mannsæmandi íbúð, þó svo að slík íbúð sé ekki í félagsmálakerfinu, þó svo hún heiti ekki leiguíbúð eða verkamannabústaður. Á sumum stöðum hagar þannig til að á slíkum íbúðum er enginn kostur, þær eru ekki til á þeim stað sem þörf er á íbúðarhúsum.

Ég held þess vegna að allir þingdeildarmenn hljóti að vera sammála um að það sé nauðsynlegt að örva fólk til þess að komast yfir holla íbúð, kannski ekki sjálfra sín vegna eingöngu. Halldór Laxness hefur dregið upp skemmtilega mynd af því að það var á sínum tíma talið merki um karlmennsku ef menn gátu gengið um í manndrápsbyl án yfirhafnar, þeir menn þóttu mestir þrekmenn og hraustastir. En þó svo að kannski foreldrar af einhverjum ástæðum sætti sig við hin óhollu híbýli bitnar það auðvitað á öðrum íbúum hússins, t.d. börnunum. Hér er því hreyft mjög merku máli. Ég tel í öðru lagi að það sé nauðsynlegt að í skattalögum komi fram hver sé réttur fólks. Hver sá maður sem fengi bréf ríkisskattstjóra til fjh.- og viðskn. mundi undir eins lesa þannig úr því bréfi að það yrði a.m.k. mikil skriffinnska að fá viðurkenningu á því að viðkomandi ætti rétt á því að réttarstaða hans yrði sú sama og þess sem enga íbúð á, m.ö.o. að honum féllu húsnæðisbætur í skaut ef hann yfirgæfi ónýtt íbúðarhús sitt, hriplekt og nístingskalt. Ég vil í lengstu lög vona, herra forseti, að flm. frávísunartillögunnar dragi hana til baka, en að öðrum kosti geri ég mér fullar vonir um að deildarmenn, þingmenn í þessari hv. deild sem flestir, sýni vilja sinn í verki og samúð sína með því fólki sem býr við verstu híbýlin með því að samþykkja þá brtt. sem hér liggur fyrir.

Hitt er auðvitað algjörlega út í bláinn að það sé hlutverk ríkisskattstjóra að færa út heimildir skattalaga eins og Alþingi hefur gengið frá skattalögunum. Það er hlutverk ríkisskattstjóra að framfylgja þeim lögum sem Alþingi setur. Þessi vegna er þessi brtt. við skattalögin nauðsynleg. Þó hún hafi ekki komið fram fyrr en á þessum vetri getum við enn bætt fyrir fortíðina með því að samþykkja hana sem óðast.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Aðeins örfá orð í tilefni ræðu hv. 2. þm. Norðurl. e. Það er sjálfsagt allt rétt sem hann sagði um það að hann hefði stigið sín fyrstu spor á blaðamannaferlinum undir öruggri handleiðslu hv. 8. þm. Reykv. Eyjólfs Konráðs Jónssonar, það dreg ég ekkert í efa, en honum hefur hins vegar ekki enn þá lærst að tjá sig í jafnskýru og hnitmiðuðu og stuttu máli eins og hv. þm. Eyjólfi Konráð er svo gjarnan lagið.

En varðandi það að heilsuspillandi húsnæði sé aðeins að finna á landsbyggðinni, eins og hv. þm. Salome Þorkelsdóttir og hv. þm. Halldór Blöndal létu liggja mjög sterklega að áðan, er það auðvitað mikill misskilningur. Ég hygg að það sé of mikið um það að í höfuðborginni sé húsnæði af því tagi sem kalla mætti heilsuspillandi. Það er auðvitað því miður líka að finna úti á landi. En að halda því fram að þetta sé eitthvert sérstakt landsbyggðarvandamál og snúa þessu máli upp í þann farveg að þeir sem vilja vísa þessu til ríkisstjórnarinnar séu af því tilefni einhverjir sérstakir landsbyggðarfjendur er auðvitað með hreinum ólíkindum og heitir bara útúrsnúningar á venjulegri íslensku.

Ég bið menn bara að misskilja ekki að í þeirri afstöðu sem kemur fram hjá minni hlutanum felst enginn efnisdómur um þetta mál eða þetta sérstaka tilvik sem hér er verið um að fjalla þó það sé heldur óviðurkvæmilegt að vera að fjalla um einstök tilvik í lagasetningu eins og ég sagði áðan og ég dreg það ekkert til baka. Það koma rök fyrir því í bréfi ríkisskattstjóra sem fékk málið til umsagnar að hliðstæð ákvæði við það sem hér um ræðir eru í reglugerð. Hugmynd okkar í minni hlutanum með því að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar var þá sú að ríkisstjórnin tæki það til athugunar, viðkomandi ráðherra, að þetta yrði sett inn í reglugerð ef ástæða þætti til. Ég veit ekki hvað menn sjá svo neikvætt við þá afgreiðslu að vísa þessu máli til ríkisstjórnarinnar.

En ég vísa á bug þeirri fullyrðingu að heilsuspillandi húsnæði sé eitthvað alveg sérstakt landsbyggðarvandamál. Það er því miður hér í Reykjavíkurborg líka og víðar í þéttbýlinu. Mér finnst málflutningur af þessu tagi satt að segja fyrir neðan allar hellur. En auðvitað gengur þetta mál til atkvæða hér og þingviljinn kemur í ljós. Það er hin rétta og eðlilega leið. Fari svo að mín skoðun á þessu máli lendi í minni hluta er auðvitað ekkert annað að gera en una því. Það er bara hin lýðræðislega aðferð okkar við að afgreiða mál hér. En þegar málinu er snúið upp á þennan veg getur maður ekki lengur orða bundist vegna þess að það eru takmörk fyrir því hve hægt er að ganga langt. Og að flytja umræðuna á það plan að hér sé verið með einhverjum hætti að ráðast að landsbyggðinni er gjörsamlega fráleitt.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Það var aðeins ein leiðrétting vegna orða hv. 3. þm. Vesturl. af því að hann sagði að ég hefði sagt að þessi tilvik væru aðeins á landsbyggðinni. Það var ekki rétt. Ég sagði að þau væru sennilega frekar þar. Ég punktaði þessi orð hjá mér á blað, að þau væru sennilega frekar úti á landsbyggðinni en hér í þéttbýlinu. Þá var ég með í huga hús sem þarf algjörlega að fjarlægja eða rífa og byggja ný í staðinn. Ég sagði ekki „aðeins" heldur „frekar".

Ég ætla ekkert að fara að lengja þessa umræðu. Eins og hér hefur komið fram er það auðvitað atkvæðagreiðsla sem segir til um hvernig málið verður afgreitt. En ég vil aðeins minna á að það kom fram við 1. umr. að það eru fleiri hv. þingdeildarmenn en sú sem hér stendur sem þekkja svona tilfelli og töldu að það væri ekki óeðlilegt að leiðrétta þau. En það sem er í raun og veru grundvallaratriði í þessu er að það má e.t.v. vitna í orð hæstv. fjmrh., sem hann notaði í fréttum einhvers staðar fyrir tveim dögum eða svo, að þeir húsbyggjendur sem lenda í því að

þurfa að rífa húsið sitt og byggja nýtt eru komnir aftur á reit eitt og þurfa þess vegna að byrja á nýjan leik og eru þess vegna að byggja í fyrsta sinn að því leyti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ráðstafanir vegna kjarasamninga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 499. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 1050, n. 1122, brtt. 1123.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal) (frh.):

Herra forseti. Ég fór fram á það í dag að hæstv. sjútvrh. yrði við og ég sá að hann var inni í deildinni klukkan sex, en síðan er ríkisstjórnarfundur og má kannski segja af þeim sökum að erfitt sé um vik. Ég get auðvitað komið inn á eitthvað annað svo þetta dragist ekki úr hömlu, en ég hafði búist við því að hann yrði hér. (**Forseti:** Ég vonast eftir honum líka á hverri stundu, en ef hv. þm. óskar eftir þá skal ég fresta fundi.) Ég vil fyrst ítreka það sem ég sagði í dag að ástæðan fyrir því hversu litla rækt einstakir ráðherrar leggja við að vera viðstaddir umræður og ástæðan fyrir því hversu mjög þeir láta undir höfuð leggjast að svara fyrirspurnum sem einstakir þingmenn beina til þeirra er vitaskuld að í fjölmiðlum kemur ekki fram hvernig umræður í þinginu raunverulega eru og skiptir ekki máli hvort spurt er um mjög afmarkaða hluti í ræðustól eða flókin atriði. Einstakir ráðherrar virðast komast upp með það úti í þjóðfélaginu að gefa yfirlýsingar sem ekki standast og það virðist eins og það komi ekki fram í fjölmiðlum þótt þeir láti undir höfuð leggjast að standa við þau orð og þær yfirlýsingar sem þeir hafa gefið fyrirheit um og jafnvel sagt að séu komin í framkvæmd.

Ég er hér með í höndunum lög um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum. Einn kafli þessara laga fjallar um lántökugjaldið. Þetta lántökugjald var sett á til að draga úr þeirri miklu þenslu sem páv. hæstv. ríkisstjórn taldi að væri hér á landi fyrir rúmlega einu ári. Fyrir 14 mánuðum var lagt 6% lántökugjald á erlend lán eftir ákvæðum þeirra laga og var gefið skýrt fyrirheit um að þetta lántökugjald yrði lagt niður hinn 31. des. sl. Þá höfðu aðstæður í þjóðfélaginu breyst svo að í stað þeirrar miklu þenslu og þeirrar miklu lánsfjáreftirspurnar sem verið hafði árið áður var kominn mikill afturkippur í atvinnulífið og í staðinn fyrir að menn báru kvíðboga áður yfir því að sú mikla eftirspurn sem þá var eftir vinnuafli mundi skrúfa upp raunverulegar atvinnutekjur landsmanna var það nú orðin yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar að með hvers konar hömlum á atvinnureksturinn, hækkun skatta og öðru þvílíku, yrði reynt að vinna bug á verðbólgunni með því að atvinnutekjur landsmanna drægjust saman og jafnframt var það yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar að hinn almenni kaupmáttur í landinu væri of hár og þess vegna væri nauðsynlegt með beinum skattalegum aðgerðum að draga úr kaupmættinum. Þessi afstaða kom m.a. mjög skýrt fram við 1. umr. þessa máls þegar hæstv. iðnrh. aðspurður lýsti þeirri skoðun sinni að það hefði verið efnahagslega rétt ráðstöfun að draga til baka ýmsar leiðréttingar sem ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar hafði gert í sambandi við skattlagningu á fyrirtækjum til þess að styrkja stöðu ríkissjóðs, en á hinn bóginn urðu ummæli ráðherrans í því samhengi sem þau voru sögð ekki skilin öðruvísi en svo að hann teldi að atvinnurekstrinn á því herrans ári 1989 væri undir það búinn að taka á sig meiri byrðar en á undanförnum árum. Þó þetta hafi ekki beinlínis verið sagt af hæstv. iðnrh. kom þetta óbeint fram í hans yfirlýsingu þegar hann bætti því síðan við að það væri hans skoðun að á næsta ári væri rétt að lækka skattheimtuna á nýjan leik.

Í viðræðum sem fjh.- og viðskn. átti við fulltrúa frá hinum ýmsu sjóðum atvinnuveganna kom fram að erlendum lántökum hjá sumum sjóðanna á þessu ári hefur verið varið með þeim hætti að þeir hafa sumir hikað við að taka erlend lán í von um að lántökugjaldið yrði fellt niður. Stofnlánadeild landbúnaðarins t.d. hefur ekki tekið nein erlend lán á þessu ári og þess vegna kemur ekki til þess að hún þurfi að greiða 6% lántökugjald. Hjá Iðnlánasjóði er ástandið þannig að hann hefur tekið verulegar fjárhæðir að láni sem ekki hefur nema að sumu leyti verið velt yfir á viðskiptavini sjóðsins og verður ekki annað séð en viðskiptamenn Iðnlánasjóðs verði látnir greiða lántökugjaldið í einhverju formi þó svo að brtt. meiri hl. fjh.- og viðskn. verði samþykkt. Hið sama á raunar við um Byggðasjóð. Þar er ástandið þannig að Byggðasjóður hefur greitt um 20 millj. kr. í lántökugjald til ríkissjóðs fram yfir þá fjárhæð sem sjóðnum hefur tekist að velta yfir á viðskiptavini sína.

Verulegur hluti þeirra lána sem nú bíða óafgreidd í Byggðasjóði eru tekin vegna skipasmíðaiðnaðarins, þær 200 millj. kr. sem í lánsfjárlögum var gert ráð fyrir að rynnu til viðskiptamanna innlendra skipasmíðastöðva, og liggur nú fyrir að um 6 millj. kr. hafa verið greiddar af útgerðarmönnum sem hafa átt viðskipti við innlendar skipasmíðastöðvar. Þetta er athyglisvert í ljósi þess að hæstv. iðnrh. hefur lýst því yfir, bæði í þessari deild og eins í sameinuðu þingi, að þessi grein iðnaðarins yrði að þessu leyti undanþegin lántökugjaldinu. Ég hef gert athugun á þessu uppi í Byggðasjóði, raunar kom það fram í viðræðum sem fjh.- og viðskn. átti við Guðmund Malmquist, forstjóra Byggðasjóðs, og þar kom fram að engin vitneskja hefur borist til Byggðasjóðs um að skipasmíðapeningarnir svokölluðu verði undanþegnir lántökugjaldi, 200 millj. kr. Það hefur verið greitt lántökugjald af þessum peningum þegar og það liggja ekki fyrir neinar tillögur um það frá meiri hl. fjh.- og viðskn. að til endurgreiðslu komi á þessu fé. Það liggur hins vegar fyrir að afföll sem útgerðarmennirnir og aðrir viðskiptavinir sjóðanna verða fyrir vegna lántökugjaldsins nema um 1% á lánstímanum þannig

að lántökugjaldið, þegar það er lagt á nú, þegar engar efnahagslegar forsendur eru fyrir því, þýðir í raun 1% þyngingu á fjármagnskostnaði þeirra fyrirtækja sem í hlut eiga.

Við í minni hl. fjh.- og viðskn. töldum þýðingarlaust að fara fram á það eða leggja til að sá lántökuskattur sem stofnlánasjóðirnir hafa endurheimt hjá viðskiptavinum sínum verði endurgreiddir úr ríkissjóði. Auðvitað stendur vilji okkar til þess að svo verði gert, en við töldum eftir þær undirtektir sem það fékk í fjh.- og viðskn. þýðingarlaust að hreyfa slíkri brtt. hér á Alþingi. Af þeim sökum létum við við það sitja að flytja brtt. þess efnis að fjárfestingarsjóðirnir fengju þann hluta lántökugjaldsins endurgreiddan sem þeir hafa goldið ríkissjóði en ekki fengið endurgreiddan af lántakendum.

Ég tel óhjákvæmilegt að vekja athygli hæstv. sjútvrh. á þessu. Það er sýnilegt að bæði Byggðasjóður og Iðnlánasjóður verða annað tveggja að taka á sig þessar skattaálögur, sem skipta tugum milljóna, eða ná lántökugjaldinu inn, annaðhvort hjá þeim viðskiptamönnum sjóðanna sem eiga eftir að fá sín lán greidd eða þá með því að auka vaxtamuninn í viðkomandi sjóðum til að ná peningunum inn þannig. Ég veit ekki hvort ástæða er til að spyrja hæstv. sjútvrh. hvaða aðferð hann telji eðlilegt að hafa, hvort honum finnist rétt að þessi fjárfestingarsjóður taki á sig þennan skatt, hvort honum finnist rétt að þeir sem fyrstir eru í röðinni eftir nýjum lánum taki á sig skattinn eða hvort honum finnist rétt að dreifa skattinum á alla viðskiptavini sjóðsins nema þá væntanlega þá sem hafa að fullu greitt lántökugjaldið með því að lánsfjárhæð þeirra var skert um 6% eins og ég gerði grein fyrir. Auðvitað kemur líka til athugunar hvort rétt sé að láta þá sem afföllin bitnuðu á njóta þess með lægri vaxtagreiðslum eftirleiðis. Auðvitað getur margt slíkt komið til álita í þessu sambandi.

En herra forseti, ég þakka fyrir það að hæstv. forsrh. skuli vera kominn hingað í salinn.

Þar var komið ræðu minni í dag að ég vakti athygli á því að þjóðin stendur nú frammi fyrir miklum erfiðleikum og mikilli óvissu og raunar meiri óvissu en ég hafði þá gert mér grein fyrir sem annars vegar er fólgin í því að ýmsar stéttir háskólamenntaðra manna eiga nú í vinnudeilum við ríkisvaldið og hins vegar skapast óvissan af því að forustumenn bæði Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Alþýðusambands Íslands hafa lýst því yfir í fjölmiðlum nú í kvöld að þeir telji að ríkisstjórnin hafi brotið á sér samkomulag með því að gengi krónunnar hafi verið fellt nú um 1,5% og með því að Seðlabankanum hefur verið gefin heimild til þess að gengið verði látið síga um 2% til viðbótar.

Það væri fróðlegt, hæstv. sjútvrh., að fá það upplýst hér í deildinni hvort í tilkynningu Seðlabankans um þessa gengisbreytingu eða kannski einhverjum innanhússpappír í Stjórnarráði eða Seðlabanka hafi verið gefin út tilskipan þess efnis að nú megi ekki lengur tala um gengissig heldur sé rétt að tala um gengisaðlögun. Þetta orð var mjög vinsælt þegar Svavar Gestsson var viðskrh. á sínum tíma. Þá var orðið „gengisaðlögun" notað í tíma og ótíma. Ég tók eftir því að í ríkissjónvarpinu í kvöld hafði þetta orð allt í einu skotið upp kollinum á nýjan leik — „2% gengisaðlögun".

Þetta gengissig er í fullu samræmi við þá yfirlýsingu sem hæstv. forsrh. gaf við 1. umr. málsins þegar hann lýsti því yfir að gengið yrði látið síga á næstu vikum í þeim svifum sem hann lét þau orð falla eða hann talaði um að falla ekki í sömu gryfju, minnir mig að hann hafi sagt, og síðasta ríkisstjórn í sambandi við gengisstefnuna.

Ég mun, herra forseti, geyma mér það þangað til hæstv. forsrh. kemur til landsins að ræða sérstaklega þann þátt málsins sem lýtur að gengisstefnu síðustu ríkisstjórnar og sem lýtur að þeim skoðunum sem hæstv. páv. utanrrh. hafði á efnahagsmálum yfir höfuð að tala og væri skemmtilegt að fá þá í leiðinni stutta skýrslu hæstv. forsrh. yfir það að hvaða gagni heimsókn hans nú til Ungverjalands hefur komið íslensku þjóðinni, fá um það nákvæma greinargerð. Við munum að þessi hæstv. forsrh. hafði orð á því fyrir einu ári, ég tala nú ekki um í ágústmánuði sl., hversu þýðingarmikið það væri þegar erfiðleikar steðjuðu að sjávarútvegi og óvissa ríkti á launamarkaði að verkstjórinn væri heima. Við höfum upplifað það síðan hann fór að verkstjórnin í þinginu er með öllum hætti. Það er kannski ekki hæstv. forsetum að kenna. Mér dettur ekki í hug að álasa hæstv. forsetum þótt hæstv. fjmrh. haldi uppi málþófi í Nd. En kannski væru vonir til þess ef verkstjórinn kæmi heim að honum tækist að hemja hæstv. fjmrh. En þetta er heldur ekki aðalatriði málsins. Aðalatriði málsins nú í sambandi við það mál sem hér liggur fyrir er að í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir að ríkisstjórnin hafi skuldbundið sig til þess að samkeppnisstaða útflutningsgreina verði viðunandi á samningstímanum.

Í fjh.- og viðskn. spurðum við fulltrúa fiskvinnslunnar að því hvað þetta þýddi og voru þau svör á sömu lund og við heyrðum í sjónvarpinu í kvöld. Fulltrúar fiskvinnslunnar skilja þessa yfirlýsingu á þá lund að fiskvinnslan skili hagnaði á þessu ári. Það er alveg laukrétt sem fulltrúar fiskvinnslunnar segja. Það skiptir kannski ekki höfuðmáli hver hundraðshlutinn sé á tapinu hverju sinni, hver er hundraðshlutinn í febrúar, hvernig reiknar Þjóðhagsstofnun hundraðshlutann í mars og hvernig í apríl og hvernig í maí. Það skiptir auðvitað ekki höfuðmáli. Það sem skiptir höfuðmáli er: Teljum við að hagur fiskvinnslunnar sé batnandi eða teljum við það ekki? Það er greinilegt á yfirlýsingu og minnisblaði hæstv. forsrh. að ríkisstjórnin telur að samkeppnisstaða útflutningsgreinanna sé ekki viðunandi. Það er mat hæstv. forsrh. Það er alveg skýrt. Ég hygg að hæstv. sjútvrh. geti líka verið sammála mér um það að þó svo að gengi krónunnar hafi verið fellt um 1,5% og þó svo að til standi að láta gengið síga kannski um eitt 2% í næstu viku hafi enn ekki náðst það markmið að gera samkeppnisstöðu útflutningsgreinanna viðunandi.

Í fjh.- og viðskn. kom það glöggt fram að fulltrúar fiskvinnslunnar sáu ekki aðra leið til þess að ná því marki en þá að gengi krónunnar yrði fellt allverulega þó svo að þeir tækju fram í leiðinni að slíkar aðgerðir væru aldrei einfaldar og fleira þyrfti til að koma. Við spurðum fulltrúa fiskvinnslunnar að því hvernig þeir skildu 1. gr. frv., þ.e. 3. málsgr. 1. gr. frv., en eins og þingdeildarmönnum er kunnugt er í greininni lagt til að Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins verði heimilt að taka 400 millj. kr. að láni sem verði varið til greiðslu verðbóta á freðfisk og hörpudisk.

Það kom skýrt fram hjá fulltrúum Samtaka fiskvinnslustöðva að þeir töldu að það sama ætti við um þessa fjárhæð og um það lán sem tekið var á sl. hausti, að ekki væri ætlast til þess að Verðjöfnunarsjóðurinn greiddi þetta fé til baka heldur litu þeir svo á að þessir peningar væru settir inn í Verðjöfnunarsjóðinn og settir út í fiskvinnsluna gegnum Verðjöfnunarsjóðinn til að reyna að draga úr þeirri gengisbreytingu sem ella yrði óhjákvæmileg þó þeir að vísu í leiðinni bentu á það, kannski meir til gamans en þó fylgdi því gamni full alvara, að það mismunandi gengi sem sjávarútvegurinn og aðrar greinar útflutningsframleiðslunnar búa nú við hefur valdið því að fiskvinnslumenn tala ósjálfrátt um gengi dollarans sem 56 kr. meðan aðrir telja gengi hans 53 kr. Þetta er bein afleiðing af því þegar unnið er eftir mismunandi gengi í landinu til langs tíma og millifærslur af þessu tagi eru látnar ganga til jafnþýðingarmikils atvinnurekstrar og fiskiðnaðurinn er.

Það kom raunar líka fram á þessum fundi að fulltrúar fiskvinnslunar, fulltrúar útgerðarmanna og sjómanna, voru allir sammála um að nú væri svo komið að grundvellinum hefði verið kippt undan Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Menn töldu að hann hefði á sínum tíma haft þýðingarmiklu hlutverki að gegna, en hins vegar væri sú pólitíska íhlutun í sjóðinn sem nú væri orðin lenska búin að valda því að ekki yrði lengur við hana unað.

Það kom fram hjá einum fulltrúa fiskvinnslunnar sem sæti á í Verðlagsráði að hann treystir sér ekki til að samþykkja þá 400 millj. kr. lántöku sem hér er lögð til nema áður liggi fyrir yfirlýsing frá ríkisstjórninni um að endurgreiðslan falli á ríkissjóð. Með hliðsjón af þessu er nauðsynlegt að fá það fram hér við umræðurnar hvernig hæstv. sjútvrh. lítur á þetta mál, hvort hann er reiðubúinn að gefa yfirlýsingu um að þær 400 millj. kr. sem um getur í 1. gr. falli á ríkissjóð og nafn Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins sé eingöngu notað í frv. sakir smekks, það sé smekksatriði nánast hvort Verðjöfnunarsjóðurinn tekur lánið eða ríkissjóður. Það er nauðsynlegt að fá þetta fram hér núna.

Þá er talað um í frv. yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að greiðslur verðbóta á freðfisk úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins verði lækkaðar á næstu mánuðum þannig að þær falli niður um næstu áramót. Það væri mjög gott ef hægt væri að fá frekari upplýsingar um þetta atriði.

Vilhjálmur Egilsson, forstjóri Verslunarráðsins, kom á fund nefndarinnar og ég tel, herra forseti, óhjákvæmilegt að lesa nokkra kafla úr minnispunktum sem hann afhenti nefndinni, þá minnispunkta sem sérstaklega varða sjávarútveginn, og spyrja hæstv. sjútvrh. hvað hann vilji um þá segja, hvort hann hafi athugasemdir við þá að gera og ef hann er sammála hvernig hann hyggist þá bregðast við þeim vanda sem Vilhjálmur Egilsson hagfræðingur dregur upp í þessum minnispunktum. En þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Áframhaldandi samdrætti er spáð í þjóðarbúskapnum á yfirstandandi ári. Enn er verið að vinna út frá síðustu spá Þjóðhagsstofnunar um 1,7% minnkun landsframleiðslu og 4% minnkun einkaneyslu. Þessi spá virðist full bjartsýn ef eitthvað er. Nýgerðir kjarasamningar við BSRB og ASÍ leiða ekki til mikilla hækkana á launum og verðlagi umfram það sem áður hafði verið búist við. Forsendur stjórnvalda í áætlunum fyrir ríkissjóð, byggðar á 7% launahækkun á árinu, og spár Þjóðhagsstofnunar um hækkun framfærsluvísitölu á árinu voru komnar í 13,5% fyrir samningana. Launahækkun í samningum Alþýðusambands Íslands og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja er metin á bilinu 10–12% á samningstímanum. Með því að gengisbreytingar það sem eftir er ársins verði í takt við launabreytingarnar má sjá fram á að framfærsluvísitala hækki um 20–22% frá upphafi til loka árs. Meðalhækkun verðlags frá fyrra ári yrði þá um 20%.

Atvinnustig hefur haldist uppi meðal annars vegna góðrar vertíðar og með því að erlendu lánsfé hefur verið dælt inn í sjávarútvegsfyrirtækin. Um 2500 manns voru atvinnulausir í mars, en atvinnuleysi hefur ekki undið upp á sig eins og horfur voru á. Hins vegar þýðir mikill afli á fyrstu mánuðum ársins tilflutning á atvinnu frá sumri og hausti. Minni aflakvóti á þorski og öðrum botnfiski og minni framleiðsla af þeim ástæðum leiða væntanlega til aflaminnkunar í sjávarútvegi á árinu um 600–700 ársverk. Þessi samdráttur hefði getað komið fram að hluta til á vertíðinni, en hann hefur ekki gert það heldur þvert á móti. En þegar samdrátturinn dreifist á seinni hluta ársins er hann að meðaltali 1200–1400 heil störf á mánuði og 2400 og 2800 störf á mánuði ef samdrættinum er dreift á þrjá síðustu mánuði ársins. Atvinnuleysisvofan er því enn til staðar, ekki síst þegar tekið er tillit til þess að þorskveiði eftir fyrstu fjóra mánuði ársins er líklega 20–30 þús. tonnum meiri en í fyrra. Þá má reikna með því að atvinnusamdrátturinn á síðari hluta ársins vegna minni sjávarafla nemi a.m.k. 1600 heilum störfum á mánuði að meðaltali."

Enn segir Vilhjálmur Egilsson um afla og útflutningsframleiðslu, með leyfi hæstv. forseta: „Úthlutaður þorskkvóti samsvarar um 330 þús. tonna ársafla í ár sem er 10% skerðing frá fyrra ári. Annar botnfiskafli á enn fremur að dragast saman um 12.000 tonn. Samtals er miðað við að aflaverðmæti á föstu verði verði 5,6% minna í ár en á árinu 1988. Á fyrstu þremur mánuðum ársins veiddist svipað magn af

þorski og á sama tíma í fyrra. Tölur eftir aprílmánuð liggja ekki fyrir, en flest bendir til að þorskafli fyrstu fjóra mánuði ársins verði 20–30 þús. tonnum meiri en á sama tíma í fyrra. Annar botnfiskafli er væntanlega nokkuð svipaður og í fyrra. Mikill þrýstingur mun án ef verða á stjórnvöld um að auka á veiðiheimildir þegar líða fer á árið. Ástæðan er einfaldlega sú að margir bátar eru nú á síðustu kílóunum í þorskkvóta og það sem eftir er ársins verður ekki aðeins að taka út fyrirhugaðan 40 þús. tonna samdrátt í þorskafla heldur líka þau 20–30 þús. tonn sem umframaflinn er. Ekkert hefur þó enn komið fram annað en að ríkisstjórnin haldi fast við fyrri ákvarðanir um afla, enda sjálfsagt óviturlegt að slá þann víxil á framtíðina sem viðbótarkvóti mundi vera.

Í febrúarspá sinni gerir Þjóðhagsstofnun ráð fyrir 4% samdrætti í útflutningsframleiðslu sjávarafurða, m.a. á grundvelli aukinnar hagkvæmni í ráðstöfun aflans og meira vinnsluvirði. Þetta er allhæpin forsenda vegna þess að við hið háa raungengi krónunnar er tilhneiging til þess að flytja vöruna út með lægra vinnsluvirði en ella."

Svo mörg voru þau orð og raunar höfum við orðið varir við þessa tilhneigingu víða og þarf ekki að fjölyrða um hana.

Til viðbótar við það óöryggi sem atvinnuminnkunin veldur beinlínis, 800 eða 900 ársverk, og til viðbótar við að þessi atvinnuminnkun lendir á síðari hluta ársins hefur sú staða komið upp í byggðarlögum úti á landi, víðs vegar úti um landið, að þau fyrirtæki sem halda uppi atvinnunni, burðarásar byggðarlaganna, hafa mörg hver átt við versnandi afkomu að búa. Það kom jafnframt fram í viðræðum við stjórnarformann Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina að þær upplýsingar sem lágu fyrir eftir septemberuppgjör á sl. ári voru misvísandi að því leyti að síðustu þrír mánuðir ársins, október, nóvember og desember, komu mun verr út en sjóðsstjórnin hafði gert ráð fyrir þannig að þegar kom fram í febrúarmánuð taldi sjóðsstjórnin þá pappíra gagnslausa og treysti sér ekki til að fjalla um einstök fyrirtæki nema nýir ársreikningar lægju fyrir. Þessi versnandi afkoma síðustu mánuði ársins hefur valdið því að mati stjórnarformanns Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina að mörg fyrirtæki sem fengu fyrirgreiðslu á sl. hausti þurfi á nýrri fyrirgreiðslu að halda nú. Nokkur hafa sótt, örfá, og eitt þeirra sem sótti fer fram á fyrirgreiðslu til hlutafjáraukningar.

Það liggur því fyrir að þær ráðstafanir sem gerðar voru í gegnum Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina hafa ekki reynst fullnægjandi og það kom raunar líka fram í máli formanns stjórnarinnar að það fjármagn sem sjóðurinn hefur til umráða á þessu ári muni að öllum líkindum og kannski eflaust ekki duga eins og honum virðist ástandið vera nú og reyndi hann þó að tala gætilega, en orð hans urðu ekki skilin öðruvísi.

Það kom einnig fram á þessum sama fundi að stjórnarformaður Hlutabréfasjóðs hafði engar fregnir að flytja um hvort þeir aðilar sem stjórn Hlutabréfasjóðsins hefur snúið sér til, ég nefndi sérstaklega Landsbanka Íslands, Fiskveiðasjóð og Byggðasjóð, vegna þess að þessar þrjár stofnanir voru sérstaklega nefndar af hæstv. forsrh. á sínum tíma þegar hann ræddi um hlutabréfasjóðinn, — formaður sjóðsstjórnarinnar sagði að Hlutabréfasjóðurinn hefði rætt við fleiri aðila, en hann kunni engar fréttir að flytja um það hver yrðu viðbrögð þessara stofnana við málaleitan Hlutabréfasjóðs um kaup á aðildarbréfum, hvorki í A-deild né B-deild Hlutabréfasjóðs. Nú liggur það á hinn bóginn fyrir að hjá mörgum fyrirtækjum er stöðvun yfirvofandi nema hægt sé að grípa inn í með sérstökum ráðstöfunum og er fróðlegt að fá um það upplýsingar hjá hæstv. sjútvrh. hvenær þess er að vænta að einhverjar fréttir berist af því hvaða undirtektir verði við beiðni eða beiðnum stjórnar Hlutabréfasjóðs um að tilteknar stofnanir kaupi aðildarbréf af sjóðnum.

Ég gat heldur ekki skýrt eða skilið þær viðræður sem ég átti við þessa stjórnarformenn báða öðruvísi en svo að allar líkur væru á því að nauðsynlegt yrði síðar á árinu að afla frekari heimildar til ríkisábyrgðar í gegnum A-deild Hlutabréfasjóðsins ef sjóðurinn ætti að standa undir þeim vonum sem við hann voru bundnar þegar hugmyndin um Hlutabréfasjóðinn var sett fram á sínum tíma.

Ég skal ekki, herra forseti, víkja nánar að 1. gr. þessa frv. Ég legg sem sagt áherslu á að fulltrúar fiskvinnslunnar litu svo á að í fyrirheitinu um viðunandi samkeppnisstöðu útflutningsgreina fælist skuldbinding um að rekstrargrundvöllur fiskvinnslunnar á þessu ári yrði jákvæður. Ég legg jafnframt áherslu á að nauðsynlegt er að fá úr þeirri óvissu skorið hvaða hugmyndir ríkisstjórnin hefur um hver skuli greiða það lán sem Verðjöfnunarsjóðnum er ætlað að taka. Það liggur fyrir að einstakir menn, a.m.k. einn fulltrúi í stjórn Verðjöfnunarsjóðsins treystir sér ekki til að samþykkja slíka lántöku nema áður liggi fyrir yfirlýsing frá ríkisstjórninni um að peningarnir eigi að greiðast úr ríkissjóði hvað sem líði hækkunum á afurðum á næstu þrem árum.

Í þriðja lagi vil ég minna á að talið er að gengi krónunnar þurfi að falla um a.m.k. 10% á samningstímanum ef nokkur von eigi að verða til þess að sjávarútvegurinn búi við viðunandi rekstrarstöðu. Væri fróðlegt að fá álit hæstv. sjútvrh. á því hvort hann telji að þar sé offarið með þá gengisfellingu, en segja má að í þeim plöggum sem ég hef í mínum höndum sé raunar gengið út frá því að ef ríkisstjórnin taki ákvarðanir í stíl við þær sem hún hefur áður tekið muni gengisbreytingar verða nokkuð í takt við launabreytingarnar. Verð erlendra gjaldmiðla mundi þá hækka um 10% frá maíbyrjun til áramóta í einhverjum skömmtum. Ég hygg þetta sé síður en svo vanáætlað og væri fróðlegt að fá um það vitneskju frá hæstv. sjútvrh. hvað hann vill um það segja.

Ég hygg að ástæðulaust sé að spyrja ráðherra Alþfl. um hans álit á þessu máli. Margar yfirlýsingar liggja fyrir um það frá formanni Alþfl. að gengið sé afgangsstærð og þar eð hugsunarháttur Alþfl. er sá að

gengið sé afgangsstærð hygg ég að ástæðulaust sé að hafa fleiri orð um það.

Hins vegar, úr því að hæstv. iðnrh. er kominn, vil ég ítreka þá fyrirspurn sem ég gerði að honum fjarstöddum áðan. Ég hef heyrt það hér í deildinni að lántökugjald hafi verið afnumið af lánum til skipasmíðaverkefna. Byggðasjóður hefur tekið það fé að láni, 200 millj. kr., vegna skipasmíðaverkefnanna. Byggðasjóður hefur greitt lántökugjald af þessum peningum. Nú þegar hefur Byggðasjóður innheimt lántökugjald af útgerðarmönnum vegna þessara skipasmíðapeninga. Byggðasjóður hefur ekki fengið neina tilkynningu um það frá stjórnvöldum að þessir peningar eigi að vera undanþegnir lántökugjaldi. Nú er það spurning mín til hæstv. iðnrh. og ég vona að ég fái skýr svör við henni: Er hæstv. iðnrh. reiðubúinn til að beita sér fyrir því að lántökugjaldið af þessum skipasmíðapeningum verði endurgreitt úr ríkissjóði eða telur hann úr því sem komið er, úr því að Byggðasjóður hefur ... Herra forseti, það er erfitt þegar maður heyrir orðræður ráðherranna upp í ræðustólinn að festa sig við fyrirspurnir til þeirra rétt á meðan. Ég var að spyrja hæstv. iðnrh. að því hvort hann sé reiðubúinn til að staðfesta það að sú yfirlýsing hans standi að lántökugjald verði ekki greitt af skipasmíðapeningunum á þessu ári. (**Viðskrh.:** Svar: Já.) Svar já. Er þá hugmyndin að lántökugjaldið verði endurgreitt þeim útgerðarmönnum sem þegar hafa greitt lántökugjaldið? (**Viðskrh.:** Byggðastofnun verður að bera ábyrgð á framkvæmd sinni á þessu máli. Hafi hún fyrirgert rétti sinna viðskiptamanna er það miður.) Byggðastofnun verður að bera ábyrgð á þessu máli. Hafi hún fyrirgert rétti viðskiptavina sinna er það miður. Þetta er svarið. Byggðastofnun hefur tekið erlent lán vegna skipasmíðaverkefnanna. Hæstv. iðnrh., ráðherra skipasmíðaiðnaðarins, lýsir því hér yfir, herra forseti, eða gefur í skyn að Byggðastofnun hafi fyrirgert rétti viðskiptavina sinna. Í þessum orðum felst, herra forseti, að Byggðastofnun hafi fengið fyrirmæli um það eða vitneskju um það frá réttum stjórnvöldum að henni bæri ekki að greiða lántökugjald af þeim 200 millj. sem hún tók vegna skipasmíðaiðnaðarins.

Nú vil ég óska eftir því, herra forseti, að þingið sjái til þess í kvöld áður en þessari umræðu lýkur að ég fái afrit af þeirri reglugerð sem það byggist á að þessir peningar voru undanþegnir lántökugjaldinu eða ég óska eftir því að ég fái áður en þessari umræðu lýkur það bréf í hendur sem Stjórnarráðið, eftir atvikum Seðlabanki, ég veit ekki hver innheimtuaðilinn er, sendi Byggðastofnun þar sem Byggðastofnun var vöruð við skattheimtu ríkisins, að henni bæri ekki að greiða þetta gjald. Er það rétt að 6% lántökugjald átti ekki að falla á þær 200 millj. sem Byggðastofnun var heimilt að taka vegna skipasmíðapeninganna og það hafi týnst bréfið í ráðuneytinu eða týnst bréf í Byggðastofnun? Hafa þá útgerðarmennirnir fyrirgert rétti sínum sem versluðu við innlendu skipasmíðastöðvarnar? Fyrirgerðu þeir sínum rétti? (**Viðskrh.:** Það hafa þeir ekki gert.) Fyrirgerði Byggðastofnun rétti þeirra? (**Viðskrh.:** Það er hætta.) Er það hættan? (**Viðskrh.:** Þú verður að rannsaka þetta, stjórnarmaður.) Ég held, herra forseti, að það sé nauðsynlegt að það verði gert hlé milli 2. og 3. umr. um þetta mál þannig að þingmenn geti fengið úr því skorið hvernig í þessu liggur. Það er algerlega útilokað annað en þetta mál verði athugað ofan í kjölinn. Það er ekki líðandi að ráðherrar í deildinni haldi því fram að að embættismaður sem kemur á fund þingnefndar, forstjóri Byggðastofnunar, hafi farið með rangt mál á fundi fjh.- og viðskn. (**Viðskrh.:** Það hef ég ekki gert.) þegar hann sagði það við nefndina að þeir peningar sem hann hefði tekið vegna skipasmíðaverkefnanna væru gjaldskyldir að þessu leyti, af þeim fjárhæðum ætti að greiða lántökugjald. Ef á hinn bóginn málið liggur þannig fyrir að hæstv. ráðherra er að hafa það að gamanmálum hér í deildinni að forstjóri Byggðastofnunar hafi fyrirgert rétti útgerðarmanna með þeim afleiðingum að þeir hafi borgað 6% lántökugjald af peningum sem þeir fengu úr Byggðasjóði vegna skipasmíðaverkefna og ef það ber að skilja orð hæstv. ráðherra svo að útgerðarmenn fái ekki leiðréttingu mála sinna, þá er það mál sem óhjákvæmilegt er að taka upp í fjh.- og viðskn. milli 2. og 3. umr.

Þetta atvik, herra forseti, sem hér er komið upp í þessum sökum er þess eðlis að ég tel nauðsynlegt, ef ekki koma fram skýrari yfirlýsingar ráðherra hér við umræðuna en gefnar hafa verið, að þingnefndin fái þetta mál aftur til meðferðar. Á hinn bóginn dugir það mér ef hæstv. ráðherra lýsir því yfir að hann muni beita sér fyrir því að þetta lántökugjald verði endurgreitt. Það dugir mér fullkomlega. Og þá get ég fallist á það að nefndin verði ekki kvödd saman. (**Viðskrh.:** Því skal ég lýsa yfir strax.) Að þetta verði endurgreitt? (**Viðskrh.:** Að því leyti sem um lántökur vegna skipaviðgerðanna var að ræða. Fyrir því er ríkisstjórnarsamþykkt og það veit þingmaðurinn.) Ég veit ekki hvort fyrir því sé ríkisstjórnarsamþykkt því að það er leyniplagg hvað er ríkisstjórnarsamþykkt. (**Viðskrh.:** Þú hefur fengið hana. Þú veist það.) Hitt veit ég að það hafa engin fyrirmæli komið til Byggðastofnunar um að þetta lántökugjald sé fellt niður. Það kom skýrt fram í fjh.- og viðskn. Ed. að lántökugjaldið hafi verið greitt af slíkum peningum. Hér sé ég einn nefndarmann fyrir framan mig. Er það ekki rétt með farið? (**EKJ:** Ég efa það ekki.) Formanni fjh.- og viðskn. var kunnugt um að ég athugaði sérstaklega þennan þátt málsins í nefndinni þannig að formaður fjh.- og viðskn. hafði alla möguleika á því að kanna það áður en málinu var vísað úr nefndinni hvort hér væri rétt með farið eða ekki. Þar sem formaður nefndarinnar gaf okkur engar upplýsingar um hið gagnstæða hafði ég fulla ástæðu til að ætla að þessi samþykkt hefði stöðvast einhvers staðar á leiðinni. En ég er á hinn bóginn ákaflega þakklátur hæstv. iðnrh. fyrir að hann skuli nú hafa gefið yfirlýsingu sem ég tel fullnægjandi um það að þeir útgerðarmenn sem hafa greitt lántökugjaldið fái það endurgreitt. (**Viðskrh.:** Það er byggðastofnunarmál

að framkvæma.) Ég get verið sammála hæstv. ráðherra um að það sé byggðastofnunarmál að skrifa ráðuneytinu bréfið um það að endurgreiða þetta. Það er alveg rétt. En ef hugmynd ráðherrans er sú að Byggðasjóður eigi að endurgreiða útgerðarmönnunum en ekki ríkissjóður (**Viðskrh.:** Að sjálfsögðu.) þá er það nú ekki mál ráðherrans því hann ræður engu í Byggðastofnun. Það eru allt aðrir menn sem ráða því og ég held að hæstv. ráðherra ætti að spara sér yfirlýsingar um það. Hins vegar hefur ráðherrann sitthvað að segja í ráðuneytinu. Ég held að hann ætti að gefa yfirlýsingar um það sem þeir ætla að gera í Stjórnarráðinu. (**Viðskrh.:** Hv. ræðumaður hlýtur að hafa misskilið þetta. Ég var einmitt að segja að þetta væri byggðastofnunarmál.) (Gripið fram í.) (**Viðskrh.:** Akkúrat. Ég skil ekkert í þessu. Þetta snýr alveg öfugt.) Já ég heyri að ráðherrann hefur svolítið gaman af því að velta sér upp úr því hvernig þetta er og skal ég ekki gera athugasemdir við það, en ég lýsi ítrekað þakklæti mínu til hæstv. ráðherra að hann skuli nú hafa lýst því yfir að hann vilji vinna að því að þetta verði leiðrétt og ég mun strax í fyrramálið hafa samband við forstjóra Byggðastofnunar og biðja hann um að gefa hæstv. ráðherra skipasmíða glögga skýrslu yfir þá útgerðarmenn sem hafa verið látnir greiða lántökugjald af þeim lánum sem til eru orðin vegna skipasmíðaverkefna.

Ég vil líka láta í ljósi ánægju mína yfir því þegar ég kem að kaflanum um tollskrárnúmerin, 4. gr. frv., að hæstv. iðnrh. skuli vera hér í deildinni til þess að ég geti fullvissað hann um að Sjálfstfl. skal standa á bak við hann eins og hann lifandi getur til þess að koma því þrifnaðarmáli í framkvæmd að vörugjald af þeim tollskrárnúmerum sem um getur í 4. gr. verði fellt niður sama daginn og frv. er lögfest. Ég veit að hæstv. ráðherra gerir sér grein fyrir því að margvíslegur ruglingur sem orðið hefur í sambandi við vörugjaldið hefur valdið bæði mismunun, misskilningi og ýmsum erfiðleikum hjá þeim iðnfyrirtækjum sem þurfa að búa við þennan hringlanda. Og ég vonast til þess að hæstv. iðnrh. meti viðleitni okkar sjálfstæðismanna til að létta þessu oki af honum nú strax þannig að iðnfyrirtækin þurfi ekki að bíða eftir þessari leiðréttingu til 1. sept. næstkomandi.

Ég sé ekki, hæstv. forseti, hæstv. sjútvrh., en þyrfti gjarnan að fá að leggja fyrir hann eina spurningu. — Það er nú ekki hægt að neita því að hjónasvipur er með þeim, fjármálaráðherranum og viðskiptaráðherranum, þegar þeir grúfa sig hvor yfir annan. Ég var að segja það, herra forseti, að ég vildi varpa þeirri fyrirspurn til hæstv. fjmrh. í von um að hann svaraði henni í kveðju hvaða hugmyndir hann hafi í sambandi við tölul. 7 í yfirlýsingu eða bréfi hæstv. forsrh. til Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstjórnin mun taka skattlagningu fyrirtækja til endurskoðunar með tilliti til samkeppnisstöðu þeirra gagnvart erlendum keppinautum. Sérstaklega verður tekið mið af þeim breytingum sem verða innan Evrópubandalagsins. Ríkisstjórnin mun hafa samráð við samtök atvinnurekenda um þessa endurskoðun. Ríkisstjórnin mun við heildarendurskoðun eignarskattlagningar taka til athugunar álagningu eignarskatts á atvinnufyrirtæki."

Það væri mjög gagnlegt ef hægt væri að fá, hæstv. fjmrh., upplýsingar um hvað liggi hér til grundvallar og hvaða hugmyndir hæstv. fjmrh. hafi í sambandi við þessar viðræður, hvaða atriði skattalaganna hann hyggist sérstaklega taka til athugunar og hvort rétt sé eins og ég hef skilið það að hér sé fyrst og fremst haft í huga að fyrirtækjunum verði gert kleift að leggja fé í sérstaka sveiflusjóði eða fjárfestingarsjóði og í öðru lagi hvort hér sé gert ráð fyrir að auka fyrningar og afskriftir á nýjan leik hjá fyrirtækjum og loks hvort meiningin sé að lækka eignarskattsprósentu fyrirtækjanna. Það væri fróðlegt að fá upplýsingar um það hjá hæstv. fjmrh.

Að síðustu, hæstv. sjútvrh. Það er aðeins þessi eina spurning: Er það rétt skilið hjá forustumönnum Alþýðusambands Íslands og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja að ríkisstjórnin hafi gefið fyrirheit um að gengið yrði ekki látið síga og það ekki fellt á samningstímanum? Það er nauðsynlegt að fá fram hver skoðun hæstv. sjútvrh. er á þessu máli.

Hv. 14. þm. Reykv. hefur gert að öðru leyti afkomu sjávarútvegsins mjög að umtalsefni hér í deildinni og skal ég ekki í minni framsöguræðu víkja nánar að því, en ítreka það sem segir í greinargerð minni hl. Það vekur athygli að í minnispunktum hæstv. forsrh. er ekki vikið einu einasta orði að málefnum samkeppnisiðnaðarins.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Mér þykir afar leitt að geta ekki verið viðstaddur til lengdar þessa umræðu vegna þess að ég hafði gefið hv. 1. þm. Suðurl. Þorsteini Pálssyni vilyrði fyrir því að vera við umræður um húsbréfafrv. í hv. Nd. Ég vildi engu að síður nota þetta tækifæri hér til að svara þeirri spurningu sem hv. þm. Halldór Blöndal beindi til mín.

Sá liður sem hann vitnaði til í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar felur það í sér að aflað verður ítarlegra upplýsinga um lagareglur í helstu samkeppnislöndum Íslendinga hvað varðar skattlagningu fyrirtækja, sérstaklega útflutningsfyrirtækja og fyrirtækja í samkeppnisgreinum. Það er vinna sem alls ekki hefur verið unnin nægilega vel á undanförnum árum. Það er alveg ljóst að í sumum þessara landa er skattlagning á fyrirtæki mun meiri en hér á landi. Í öðrum er hún e.t.v. eitthvað minni. Hún er einnig með töluvert mismunandi hætti frá einu landi til annars.

Það sem segir í þessum texta er að það verði ítarlega farið í þessa vinnu, aflað upplýsinga um öll þessi atriði og haft samráð við samtök atvinnulífsins um framkvæmdina á þessari athugun. Ég ætla ekkert að fullyrða hér hver niðurstaðan kann að verða. Það sem felst í textanum er eingöngu það fyrirheit að gera þennan ítarlega samanburð og athuga síðan rækilega með hvaða hætti er hægt að samræma ákvæði í lögum

hér á landi um skattlagningu atvinnufyrirtækja sambærilegum lögum í helstu samkeppnislöndum okkar útflutningsatvinnuvega og í þeim löndum sem okkar samkeppnisgreinar í iðnaði og öðrum atvinnugreinum þurfa helst að taka mið af.

Ég er nú þeirrar skoðunar að það hafi töluvert mikið skort á að hér á landi væri nægilega traustur og viðurkenndur grundvöllur, hvert væri skattstigið bæði hjá einstaklingum og fyrirtækjum og reyndar þjóðinni síðan í heild hér á landi og í nágrannalöndum. Ýmsar alþjóðlegar töflur sýna að skattar eru mun lægra hlutfall af þjóðartekjum hér á Íslandi en í öðrum löndum. Einstaka sérfræðingar hafa dregið þann samanburð í efa. Ég held að það sé mjög brýnt til þess að stuðla að þroskaðri umræðu um skattamál hér á landi að með kerfisbundnum hætti séu þessi mál skoðuð.

Það er viljinn og andinn sem er á bak við þann texta sem hv. þm. lýsti hér og þegar komið verður til þings á næsta hausti hafa menn væntanlega skýrari mynd af þessum efnisþáttum og geta þá dregið af þessari vinnu ályktanir, vonandi sameiginlega. Ég teldi mjög heppilegt að þingið, ríkisvaldið og forsvarsmenn atvinnulífsins gætu náð sameiginlegri niðurstöðu í samanburði á eðli skattlagningar á atvinnulífið hér á landi og í helstu samkeppnislöndum okkar.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Af því að ég sé að hæstv. fjmrh. er enn þá í deildinni þó hann hafi tjáð mér, hann gerði það reyndar úr þessum virðulega ræðustól, að hann þyrfti að vera viðstaddur umræðu í Nd., hefði lofað hv. 1. þm. Suðurl. því, Þorsteini Pálssyni, þá langar mig áður en ég sé hann hverfa héðan úr deildinni aðeins árétta að allar tilraunir hæstv. fjmrh. til þess að sanna það fyrir okkur að skattar á Íslandi séu miklu lægri en í nágrannalöndum og yfirleitt í löndum Evrópu þykja mér ákaflega óburðugar. Ef menn átta sig á því hvernig hagur fólks er í nágrannalöndunum, þá segir það miklu meiri sögu en að bera saman skattprósentu launafólks í nágrannalöndunum við skattprósentu launafólks á Íslandi. Við skulum bara hafa í huga að launatekjur almennt eru miklu hærri í nágrannalöndunum. Það er kannski hægt að borga eilítið meiri skatta af miklu hærri launum en við höfum hér á Íslandi fyrir svo utan það að almenningur í nágrannalöndum okkar í Evrópu þarf ekki að borga hið geypiháa verð á matvælum sem tíðkast hér á Íslandi. Matvælaverð á Íslandi er eins og öllum er kunnugt sennilega hærra en nokkurs staðar annars staðar á byggðu bóli hvar sem leitað er í heiminum. Þannig segir það ekki alla söguna að bera saman einhverjar skattprósentur eftir töflum frá OECD og halda því svo fram að skattar á Íslandi séu lægri en gengur og gerist í nágrannalöndunum. Þetta vildi ég sagt hafa áður en hæstv. fjmrh. yfirgefur salinn. (**Fjmrh.:** Ég hef fyrst og fremst vitnað í skýrslur OECD.) Einmitt. Ég þóttist vita það, en ég vildi bara árétta að ég tel að það sé ekkert mark takandi á þeim skýrslum þegar verið er að bera saman kjör almennings á Íslandi og kjör almennings í nágrannalöndum okkar í Evrópu. (Gripið fram í.) Má vera. Ég er kannski í góðum félagsskap þar. Ég skal ekkert um það segja. Ég er þar væntanlega í félagsskap einhvers vinsælasta stjórnmálamanns fyrr og síðar á Íslandi þannig að það er ekki leiðum að líkjast.

En við erum að fjalla um frv. til l. um sérstakar ráðstafanir vegna kjarasamninga og því væri ekki úr vegi að fjalla almennt um kjarasamninga þá sem hafa verið gerðir að undanförnu og enn fremur þær kjaradeilur sem enn standa yfir. Áður langar mig þó rétt til að víkja að því nál. sem ég stend að ásamt fulltrúum Sjálfstfl. í hv. fjh.- og viðskn. Ed., þeim hv. þm. Halldóri Blöndal og Eyjólfi Konráð Jónssyni. Þar kemur fram að við munum greiða fyrir afgreiðslu málsins. Við teljum þrátt fyrir allt að hér sé um skref í rétta átt að ræða, þ.e. að sú lagfæring á sköttum sem voru settir á á jólaföstunni svo og ýmislegt annað sem kemur fram í þessu frv. er þó þrátt fyrir allt skref í rétta átt. Ég vil því alls ekki leggjast gegn þessu frv. En það er svo fjarri lagi að það hefði ekki verið hægt að gera miklu betur með þeim breytingum sem hér eru lagðar til.

Af því að ég sé að hæstv. sjútvrh. og starfandi forsrh. gengur í salinn langar mig til að ítreka það, reyndar eins og kom fram hjá hv. 2. þm. Norðurl. e. Halldóri Blöndal, að ég held að það verði að vera algerlega á hreinu hvaðan á að taka þessa peninga í Verðjöfnunarsjóðinn, þ.e. þessar 400 millj. sem Verðjöfnunarsjóði er ætlað að taka að láni, til þess að halda áfram greiðslu bóta til frystingarinnar fram eftir ári. Eins og öllum er kunnugt voru 800 millj. teknar að láni sl. haust, en þær eru að verða búnar og lítið hefur samt þokast í þá átt að frystihúsin, þ.e. frystiiðnaður á Íslandi, hafi komist á lappirnar á nýjan leik þannig að hann geti nú staðið á eigin fótum. Sannleikurinn er nefnilega sá, hæstv. sjútvrh., að þrátt fyrir allar tilraunir núv. hæstv. ríkisstjórnar í þá átt að skapa atvinnulífinu á Íslandi viðunandi rekstrarskilyrði er atvinnulífið á Íslandi eins og dauðvona sjúklingur sem liggur í rúminu. Hæstv. ríkisstjórn kemur í heimsókn einu sinni á þriggja mánaða fresti og gefur honum sprautu þannig að hann drepist ekki alveg, en hann liggur í rúminu eftir sem áður, hann kemst aldrei á fætur. Ég veit ekki hvað við ætlum að halda atvinnulífinu liggjandi í rúminu miklu lengur því að það hlýtur að koma að því að ef atvinnulífið í þessari samlíkingu minni liggur áfram í rúminu sem langlegusjúklingur fer allt annað sömu leið. Þá getur þjóðin öll lagst í rúmið. Hún verður þá að leggjast hreinlega í kör. Hún hefur ekki um annað að velja.

Hér stendur í gagnmerkri frétt, reyndar viðtal sem er tekið við Árna Benediktsson, framkvæmdastjóra Félags sambandsfiskframleiðenda, að það sé nauðsynlegt að loka 60–70 frystihúsum á landinu, hvorki meira né minna. Eftir telur Árni Benediktsson að eigi að lifa eða geti öllu heldur lifað ein 6–10 frystihús af öllum þeim frystihúsum sem eru til á þessu landi. Þetta er harkalegur áfellisdómur yfir þá atvinnu-

stefnu sem við höfum átt við að búa. Ég skal vera svo sanngjarn úr þessum virðulega ræðustóli í hinni virðulegu deild að segja að það er ekki hægt að skella skuldinni af þessari atvinnustefnu algerlega á núverandi hæstv. ríkisstjórn. Fyrri ríkisstjórnir gömlu flokkanna eru allar samsekar, þ.e. gömlu flokkarnir fjórir hafa í hinum ýmsu samsteypustjórnum sem hér hafa verið við völd undanfarna áratugi hjálpast að og unnið markvisst að því að rústa allt atvinnulíf á landinu. Þeir eru nánast komnir á leiðarenda með þá ætlan sína að ganga þannig endanlega frá atvinnulífinu. (Gripið fram í.) Ég get frætt hv. þm. Guðmund H. Garðarsson um það að áhrif mín urðu aldrei mjög mikil í einum eða neinum stjórnmálaflokki fyrr en þá núna að ég er að reyna að koma að nýjum hugmyndum gegnum nýjan stjórnmálaflokk og er ekki seinna vænna því að gömlu flokkarnir eru gersneyddir öllum hugmyndum. Þeir eru steingeldir. Það er ekki seinna vænna að hér fari að heyrast einhverjar nýjar hugmyndir um hvernig á að brjóta okkur leið út úr þeim vanda sem við eigum í. Ekki koma slíkar hugmyndir frá fulltrúum gömlu flokkanna, svo mikið er víst.

Það var ekki ætlan mín að flytja langa ræðu við 2. umr. þessa máls. Við höfum talað lengi og fjallað um þetta frv. mjög ítarlega bæði í hv. fjh.- og viðskn. og svo við 1. umr. málsins. Ég get tekið undir margt af því sem hv. 2. þm. Norðurl. e. Halldór Blöndal sagði varðandi lántökugjaldið og ég stend að þeirri brtt. ásamt þeim hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni, Halldóri Blöndal og Danfríði Skarphéðinsdóttur að lántökugjaldið verði endurgreitt af erlendum lánum sem voru tekin fyrir gildistöku þessara laga en hafa ekki verið endurlánuð. Það kom einmitt fram í þeim viðræðum sem við áttum við fulltrúa hinna stóru fjárfestingarlánasjóða sem komu á fund okkar í hv. fjh.- og viðskn. að sumir þeirra hafa verið forsjálir og tekið stór erlend lán, sumir jafnvel sl. haust, sem þeir hugðust síðan endurlána á þessu ári. Það er aldeilis fráleitt að ætla að þessir sjóðir verði að svara til ríkisins að fullu lántökugjaldi af þessum stóru erlendu lánum og síðan verði þeir að endurlána þetta lán án lántökugjalds eftir 1. júní eins og reyndar meiri hluti hv. fjh.- og viðskn. leggur til. Þess vegna stöndum við að þeirri brtt. að þetta gjald verði endurgreitt af erlendum lánum sem eru þegar tekin en hafa ekki verið endurlánuð.

Hvað önnur atriði þessa frv. varðar er ekki svo ýkja mikið að segja. Þær yfirlýsingar sem fylgja með frv. sem fylgiskjal, þ.e. bréf hæstv. forsrh., vinsælasta stjórnmálamanns Íslands frá því að landnám hófst eru mjög athyglisverðar. (**KP:** Heimsins og þótt víðar væri leitað.) Sennilega og eftir því sem mér er kunnugt er hann nú á leiðinni heim, hæstv. forsrh., eftir að hafa bjargað efnahagsmálum í Ungverjalandi og er það vel.

En það er ómögulegt annað en staldra við sum þeirra mála sem þarna ber á góma. M.a. langar mig til að spyrja hæstv. starfandi forsrh. Í bréfi hæstv. forsrh. til Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna er getið um að ríkisstjórnin muni fyrir næstu áramót beita sér fyrir athugun á ákvæðum laga um stimpilgjöld. Ég minnist þess að við bentum einmitt á þetta atriði í þeim umræðugrundvelli sem við lögðum fram þegar við áttum í viðræðum við núverandi stjórnarflokka í janúar, við fulltrúar Borgfl. Það vakti mikla furðu okkar að það eru greidd hærri stimpilgjöld af hlutabréfum en af öðrum veðskuldabréfum og verðbréfum sem eru á markaði hér innan lands. Þetta þótti okkur mjög merkilegt vegna þess að við héldum þrátt fyrir allt að það ætti að hvetja almenning og hvetja fyrirtæki til þess að fjárfesta í öðrum fyrirtækjum, þ.e. kaupa hlutabréf. Þess vegna hlýtur það að vera eðlileg ráðstöfun að stimpilgjöld og kostnaður vegna hlutabréfakaupa sé lægri en almennt af öðrum verðbréfum. Ég vildi því spyrja hæstv. sjútvrh., og reyndar vísa þessari spurningu enn fremur til hæstv. viðskrh. sem hér situr, hvort það sé einmitt hugmyndin að lækka stimpilgjöld af hlutabréfum við kaup hlutabréfa.

Í yfirlýsingunni og reyndar í frv. kemur fram að jöfnunargjald af innfluttum vörum verður hækkað tímabundið úr 3% í 5% og fellur síðan niður þegar virðisaukaskatturinn kemur til framkvæmda. Við setjum okkur ekki á móti þessari breytingu, enda voru fulltrúar hagsmunaaðila sáttir við hana að mestu og kemur hún þá í staðinn fyrir það tekjutap sem ríkissjóður verður fyrir vegna þeirrar breytingar sem verður gerð á vörugjaldinu.

Við höfum áður bent á þá hugmynd að það sé ekkert því til fyrirstöðu að leggja jafnvel hærra jöfnunargjald á iðnaðarvörur fluttar inn frá löndum sem stunda óheiðarlega samkeppni við okkur Íslendinga. Þar á ég fyrst og fremst við Noreg sem hefur rústað skipasmíðaiðnaðinum á Íslandi með óheiðarlegri samkeppni. Ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. iðnrh. hvort hann hafi hugsað sér að aðhafast eitt eða annað í því máli, hvort Norðmönnum á áfram að haldast uppi að greiða niður skipasmíðaiðnað sinn um 20% og með þeim hætti undirbjóða íslenskar skipasmíðastöðvar þannig að það fer að heyra sögunni til að á Íslandi verði smíðuð skip, svo og annar iðnaður sem tengist sjávarútvegi sem er svona í þann veginn að leggja upp laupana og væntanlega hverfur að fullu héðan á næstu árum. Þetta er sorgleg þróun þegar farið er yfir þá sögu og þegar við horfum til baka og hugsum um öll þau tækifæri sem íslenskur iðnaður hefur misst af vegna skilningsleysis stjórnvalda. Hugsið þið ykkur, veltið því fyrir ykkur að Íslendingar, íslenskur sjávarútvegur hefur staðið að því að byggja upp hátækniiðnað í Noregi í sambandi við sjávarútveg, svo sem dýptarmælitæki og alls kyns rafeindabúnað í skipum sem er orðinn stór iðnaður í Noregi. Þetta höfum við Íslendingar fært Norðmönnum á silfurfati fyrst og fremst vegna skilningsleysis íslenskra stjórnvalda sem hafa aldrei séð neitt annað en það að selja héðan úr landi fisk, helst með sem minnstri fyrirhöfn, en allt annað varðar stjórnvöld ekkert um.

Þessar ráðstafanir til að liðka fyrir kjarasamning-

um eru eins og ég gat um skref í rétta átt, en þá vaknar sú spurning og er slæmt að hæstv. fjmrh. skuli vera genginn burt úr salnum: Var ekki hugmyndin að gera neitt áþekkt til að liðka fyrir kjarasamningum við háskólamenntaða ríkisstarfsmenn? Háskólamenntaðir ríkisstarfsmenn hafa nú verið í verkfalli um fimm vikna skeið og það heyrist næsta lítið af hálfu ríkisvaldsins um það með hvaða hætti mætti liðka til og ná samningum við þann hóp sem nú er búinn að vera í verkfalli um langan tíma. Að vísu höfum við tækifæri til að fjalla betur um það mál á morgun þar sem fyrirhuguð er umræða utan dagskrár um málefni háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna eftir því sem mér hefur skilist. Ég vil lýsa furðu minni á því að ríkisvaldið skuli ekki hafa séð ástæðu til að koma með einhverjar áþekkar ráðstafanir og hér eru lagðar fram til að ná samningum við háskólamenntaða ríkisstarfsmenn og/eða liðka fyrir þeim með einum eða öðrum hætti. Það vekur mikla furðu mína að þessi mál hafi verið látin reka á reiðanum um margra mánaða skeið því að það held ég að verði að viðurkenna að sé rétt, sem haldið er fram af hálfu fulltrúa háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, að fyrstu alvöru samningaumleitanirnar sem voru gerðar af hálfu ríkisvaldsins voru núna fyrir nokkrum dögum, en þá voru liðnir líklega einir fjórir eða líklega á fimmta mánuð frá því að þessi hópur starfsmanna hjá ríkinu hafði óskað eftir samningagerð við ríkið.

Ég held að það sé kominn tími til að við Íslendingar og einkum hv. alþingismenn sem eiga nú sæti á hinu háa Alþingi fari að velta því fyrir sér og ræða um það af einlægni hver sé framtíð okkar sem búum hér og byggjum þetta land. Á hverju ætlum við eiginlega að lifa í náinni framtíð og jafnvel ef við horfum lengra fram á veginn? Það virðist vera svo að við séum orðin sammála um að við getum ekki haldið uppi neinum iðnaði hér. Svo mikið er víst að stjórnvöld hafa verið að marka slíka stefnu að iðnaðurinn megi lognast út af. Það er sjaldnast hægt að finna nokkuð sem er bitastætt í þá veru að skapa samkeppnisiðnaði og reyndar öðrum iðnaði sem reynir útflutning þau ytri skilyrði sem gera að verkum að það borgi sig að standa í slíkum rekstri. Ég velti því orðið fyrir mér: Á hverju ætlum við að lifa ef það er rétt, sem hér kemur fram í áður tilvitnaðri grein, að það reynist nauðsynlegt og e.t.v. er það hlutur sem mun gerast á tiltölulega fáum árum að 60–70 frystihús víðs vegar um landið leggi upp laupana og hreinlega loka? Það þýðir þá að heilu landsvæðin í hinum dreifðu byggðum verða án nokkurra atvinnumöguleika. Þá hlýtur að vakna upp sú spurning í hugum okkar: Á hverju ætlar fólkið að lifa sem byggir landið utan höfuðborgarsvæðisins? Eða er verið að koma markvisst á slíku þjóðfélagi að við neyðumst til þess að flytja öll hingað á þetta svæði og lifa — ja, ég veit ekki af hverju?

Það er alveg ljóst að við þurfum að móta einhverja nýja atvinnustefnu. Við þurfum að reyna að hjálpast að við það öll sömul. Það þýðir ekkert að standa og rífast hvert við annað. Við verðum að vinna saman að því að reyna að leysa þessi vandamál okkar á Íslandi. Við þurfum að reyna að leita nýrra tækifæra og finna leiðir til að treysta og tryggja atvinnuöryggi, sérstaklega í hinum dreifðu byggðum. Það kann vel að vera að við eigum eftir að sjá byggðaþróun sem gerbreytir byggð á Íslandi þannig að hún eigi eftir að þjappast verulega saman til þess að þetta verði hægt. Þetta kann að verða mjög sársaukafullt, en þetta er hins vegar þróun sem við verðum að horfast í augu við. Við verðum að reyna að leita leiða til þess að gera þessa þróun sem auðveldasta þannig að hún valdi sem minnstum sársauka og minnstri röskun á högum þeirrar þjóðar sem hér byggir.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Sem áheyrnarfulltrúi í fjh.- og viðskn. þessarar deildar skrifaði ég undir nál. minni hl., með fyrirvara þó, en eins og fram kemur á þskj. með brtt. er ég meðflm. að þeim tillögum, þeim sem liggja frammi frá minni hl., og styð þær þar af leiðandi að sjálfsögðu.

Ég get tekið undir flest af því sem fram kom í nál. minni hl. Það er lítill tími þessar klukkustundirnar til að vinna eins og maður helst vildi. Í máli formanns fjh.- og viðskn. fyrr í dag kom fram að umfjöllun um frv. hefði verið ítarleg og get ég að vissu leyti tekið undir það. Eins og ég gat um gafst samt sem áður ekki tími til að mínu mati þessa daga að vanda vinnuna nóg og þess vegna skrifaði ég undir nál. með fyrirvara en er sammála meginefni þess. Mér þykir reyndar höfundar þess taka nokkuð afdráttarlaust til orða í 1. mgr. því að mér finnst að vissu leyti snúið burt frá hallarekstri með þeim aðgerðum sem hér er verið að gera. Það er alla vega örlítið spor í þá áttina og ætla ég aðallega að gera grein fyrir því í máli mínu en ekki fara ítarlega út í frv. sjálft eða yfirleitt kjaramálin.

Ég gat um það við 1. umr. málsins að mér þykir hæpið að hafa langan aðdraganda að niðurfellingu þeirra gjalda sem um getur í 2. og 4. gr. Þar af leiðandi styð ég þær brtt. sem hafa komið fram um það. Þá vil ég einnig láta það koma fram núna að mér þótti það í raun og veru afleitt að vegna kjaradeilna sem nú standa milli háskólamenntaðra manna og fjmrn. gafst ekki tækifæri til að fá yfirlit um stöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs. Ég tel ástæðu til þess að hafa af honum nokkrar áhyggjur þar sem honum eru nú fengin síaukin verkefni. Þó að ég sjái nauðsyn þess að þeim verkefnum sem um er getið í 6. og 7. gr. sé sinnt við þær aðstæður sem nú eru uppi tel ég líka að hafi verið til bóta brtt. meiri hl. sem fram kemur á þskj. um ríkisábyrgð á launum til að draga skýrar línur um gildi Atvinnuleysistryggingasjóðsins og sömuleiðis Ríkisábyrgðasjóðsins.

En eins og ég sagði ætla ég ekki að hafa um þetta mörg orð. Ég tel að þetta sé spor í rétta átt, aðeins eitt örlítið þó, hefði mátt vera meira og fyrr, og vona ég í ljósi þess að tillögur minni hl. verði samþykktar.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Það er ekki langt mál sem ég mun flytja hér, en þar sem er þó ekki alveg kominn

háttatími og enginn á mælendaskrá langaði mig að segja örfá orð. Það er kannski fyrst og fremst meðfædd forvitni mín að mig langar að frétta af því hvort eitthvað hafi gerst markvert á ríkisstjórnarfundi, sem mér er kunnugt um að hafi verið nú milli 7 og 9 eða svo, formlegur eða óformlegur, hvort þar hafi komið eitthvað nýtt fram í þeim alvarlegu vinnudeilum, t.d. einhver ný úrræði til lausnar á því máli. Ég veit að annar hvor hæstv. ráðherra mun fræða okkur um það ef svo er því að þjóðin öll stendur nú nánast á öndinni, ekki bara vegna kennara og vísindamanna heldur líka vegna ástands á sjúkrahúsum o.s.frv., og allt þjóðfélagið að vona að eitthvað rofi til í þeim málum, hvort nokkuð sé af því að frétta. Það ætti ekki að taka langan tíma að greina okkur frá því.

Í annan stað langar mig að spyrja hæstv. viðskrh. hve mikil samanlögð gengisfelling í tíð þessarar ríkisstjórnar muni vera orðin með þeirri gengisfellingu sem tilkynnt var í morgun og þá að viðbættum þeim 2% sem væntanleg eru, við getum sjálf lagt þau við að sjálfsögðu og þarf kannski ekki að tíunda það, en heildarupphæðin þegar hver gengisfellingin kemur ofan á aðra, hver hún sé í heild sinni. Hæstv. ráðherra á vafalaust mjög auðvelt með að svara þeirri spurningu.

Í þriðja lagi langar mig að spyrja annan hvorn ráðherrann um þá spá, nánast fullyrðingu hygg ég, hæstv. fjmrh. í nóvembermánuði sl. að Samband ísl. samvinnufélaga yrði gjaldþrota á 10–14 mánuðum, þ.e. um það bil í lok þessa árs, hvort eitthvað fleira en þá lá fyrir bendi til að svo alvarlegt sé ástandið í stærsta atvinnufyrirtæki eða fyrirtækjasamsteypu þessa lands að það muni verða orðið gjaldþrota eftir hálft ár eða svo. Væntanlega vita ráðherrarnir tveir sem hér eru jafnmikið um það og hæstv. fjmrh. og ég vænti þess að ekki standi á svörum frá þeim hér og nú um hvaða horfur séu í þessu efni því að vissulega væru það mikil tíðindi í þessu þjóðfélagi ef svo færi að þetta stóra fyrirtæki yrði beinlínis gjaldþrota. Ég hygg að hæstv. fjmrh. hafi ekki verið að tala í neinum hálfkæringi um það. Ég held að þetta hafi verið nokkuð ákveðin fullyrðing gagnstætt því sem ég held að hafi verið með hæstv. forsrh. þegar hann talaði um þjóðargjaldþrot. Það átti hann áreiðanlega ekki við í bókstaflegri merkingu, enda væri það æði einkennilegt ef eitt af ríkustu þjóðlöndum heimsins, Ísland, þótt smátt sé, yrði gjaldþrota í heild sinni.

Þá langar mig til að spyrja að því hve mikið af þeim kauphækkunum sem nú hafa fengist til 80% launamanna eða um það bil hafi horfið í morgun við þessa tilkynningu um 1% gengisfellingu og væntanleg 2% til viðbótar, hvort það láti nærri, sem ég hygg að hagfræðingur ASÍ hafi sagt í sjónvarpi og útvarpi, að það væru 2% sem gufað hefðu upp af þessum um það bil 10% á árinu. Ég hef ekki orðið var við að boðaðar væru neinar ráðstafanir til að draga úr afleiðingum þessarar gengisfellingar frekar en annarra. Það er allt kák, smávægilegar skattalækkanir sem verið er að tala um nú þegar allt er skoðað, lagt við það sem ávinnst fyrir fólk með nokkrum skattalækkunum. Þá eru lagðar við skattahækkanir og einhverjir voru að reikna út ásamt reiknimeisturum að nettó væru þetta kannski 300 millj. eða svo á ári eða hvort það var kannski bara á þessu rúma hálfa ári sem eftir er. Um það munar ekki neitt. Í framhaldi af því mundi ég vilja spyrja hæstv. viðskrh. hvort hann sé enn þeirrar skoðunar sem hann var í byrjun október árið 1987 þegar stjórnarsáttmáli sá sem þrír flokkar höfðu gert um sumarið var rofinn af ríkisstjórninni með gífurlegum nýjum skattahækkunum sem ákveðnar voru á ríkisstjórnarfundi 8. október, tveim dögum fyrir þingsetningu og tilkynntar í þingflokkunum daginn eftir, matarskattur og annað góðgæti sem dengt var yfir og stjórnarsáttmálinn svikinn þegar hætt var við að framfylgja þeirri stefnu að reyna ekki að ná hallalausum fjárlögum nema þá á þrem árum heldur átti að fylla upp í þriggja milljarða gat með 5 milljörðum og þá átti allt að vera meira en slétt, þá átti að vera tekjuafgangur á fjárlögum árið 1988. Við vitum hver raunin varð. Ég vissi það raunar strax sama daginn og þetta var ákveðið að dæmi þessara reiknimeistara kratanna gat aldrei upp gengið og auðvitað var fjárlagahallinn meiri en nokkurn tíma áður í sögunni. Hann var 7,2 milljarðar. Nú var boðað aftur að með nýjum skattahækkunum núverandi ríkisstjórnar yrði nú aldeilis afgangur á ríkissjóði. Mér skilst að halli sé nú kominn þar kannski í eina 3–4 milljarða strax. Mín spá er sú að hann verði kannski 12–14 milljarðar. Mig langar að vita hvort speki þessara reiknimeistara, sem uppaldir eru í Þjóðhagsstofnun og víðar, sé enn sú hin sama, að þeir haldi að þrátt fyrir þessa kjararýrnun og minnkandi eyðslu verði einhver greiðsluafgangur í ár. Halda menn þetta virkilega enn þá? Halda þeir virkilega enn þá að það verði 600 millj. kr. greiðsluafgangur hjá ríkissjóði, það muni standast í kreppu, stórfelldu atvinnuleysi þegar tekjur ríkissjóðs auðvitað minnka? Eru þessir menn ekki farnir að gera sér grein fyrir því enn þá að það eru tveir dálkar í fjárlögunum, það er nefnilega líka gjaldahlið? Eru þessar kenningar enn svo vitlausar að menn haldi að það verði afgangur á fjárlögum ríkisins í ár? Þetta eru einfaldar spurningar. Ég veit að hæstv. ráðherra finnast þær barnalegar. En stundum sér barnið betur en fullorðnir eins og við sögðum um nýju fötin keisarans. Ég sé ekki að það séu miklar spjarir utan á þessum kennisetningum. Þær voru það ekki í fyrra og þær verða það ekki í ár.

En spurningarnar eru fram komnar og ég ætla ekki að tefja þessa umræðu. Menn eru ábyggilega margir þreyttir sem hafa haft andvökunætur út af eðlilegum áhyggjum og við höfum öll áhyggjurnar. En ég vildi úr því að enginn var á mælendaskrá og klukkan þó ekki orðin 11 fá að varpa þessum 4–5 spurningum fram fyrir ráðherrana. Ég vænti þess að þeir svari þeim í lok umræðu.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Hv. 2. þm. Norðurl. e. beindi til mín spurningu um það hvort lántökuskattur yrði tekinn af sérstökum erlendum lánum Byggðastofn-

unar vegna skipaviðgerða hér á landi. Ég get vel staðfest það enn á ný að ríkisstjórnin samþykkti á sínum tíma eins og hv. þm. er vel kunnugt að þessi skattur yrði ekki á lagður, enda væri um að ræða skipaviðgerðir samkvæmt áætlun þeirri sem ríkisstjórnin og stjórn Byggðastofnunar hafa samþykkt og varðaði þetta ár. Um það ætla ég ekki að segja fleira og furða mig nú reyndar á því að hv. þm. skyldi inna í fjórða sinn eftir sama máli.

Ég kem þá að spurningum sem hv. 7. þm. Reykn. beindi hér til mín. Það var í fyrsta lagi hvort sú endurskoðun á stimpilgjöldum eða lögum um stimpilgjöld sem ríkisstjórnin ráðgerir og frá er skýrt í bréfi hennar til samtaka vinnuveitenda frá 30. apríl sl. mundi taka til stimpilgjalda af hlutabréfum. Ég tel að sú endurskoðun sem þarna er fram undan eigi að gera það, sérstaklega af því að ég tel að það sé keppikefli til þess að bæta virkni fjármagnsmarkaðarins á Íslandi að greiða fyrir sparnaði í mynd hlutabréfa hjá sem flestum. Eitt af því sem stuðlað gæti að því er að lækka stimpilgjöldin af hlutabréfunum. Það er að vísu smámál í heildardæminu, en þó eitt af því sem vert væri á að líta.

Í öðru lagi beindi hv. þm. þeirri spurningu til mín hversu lengi Norðmönnum ætti að haldast uppi að borga niður skipasmíðarnar um fimmtung og það væri að ganga af íslenskum skipasmíðaiðnaði dauðum. Ég er að vísu ekki alveg sammála hv. þm. um hvernig spurningin er upp sett. Að vísu get ég alls ekki svarað því hversu lengi Norðmenn munu halda áfram að borga niður skipasmíðarnar. Þeir hafa ítrekað lýst því yfir að þeir ætli að hætta við það. Síðast er það gert í fjárhagsáætlunum norsku stjórnarinnar fyrir þetta ár. Ég hygg að að því dragi senn að þeir láti af því. Hins vegar er ég alls ekki sammála þingmanninum um það að þetta sé orsakavaldurinn um erfiðleika í okkar skipaiðnaði. Hann á sér fyrst og fremst rætur í sveiflum í sjávarútveginum og ég held að það sé nú að rofa til þótt vissulega sé það rétt að við glímum þar við margvíslegan vanda, ekki síst þann að framboð á dráttarbrautaþjónustu til skipaviðgerða er miklu meira en þörfin er fyrir þá þjónustu. Þetta á sér djúpar rætur, fjárfestingu sem teygist yfir langt tímabil. Þetta er kannski það sem er erfiðast. En um þetta er einmitt fjallað í ítarlegri skýrslu um vanda skipaiðnaðarins sem iðnrn. hefur látið semja í samvinnu við samtök iðnaðarins og sjóða hans. Þetta mun senn sent öllum þingmönnum og ég vona að þá verði sumum af þeim spurningum svarað sem hv. 7. þm. Reykn. hefur hér margsinnis hreyft og eiga hér fyllilega rétt á sér, en þar er mjög mikilvægt að menn komi sér niður á sameiginlegan málefnagrundvöll.

Ég tel það ekki rétta lýsingu hjá hv. þm. að stjórnvöld hafi jafnan sýnt iðnaðinum skilningsleysi. Það er að vísu spurning um hvað sé réttur skilningur á því hvernig ríkið eigi að standa að því að glæða hér starfsemi, hvort það á að gerast með fyrirgreiðslu án fyrirhyggju eða með almennum starfsskilyrðum sem gerir starfsgreinunum fært að starfa með eðlilegum hætti. Um það geta menn jafnan deilt og ég vona að sú skýrsla sem ég nefndi um skipaiðnaðinn muni einmitt hjálpa okkur að draga þessa markalínu á réttum stað.

Þá kem ég að spurningum hv. 8. þm. Reykv., þeim sem hann beindi til mín. Ég á von á því að starfandi forsrh. muni svara þeirri almennu spurningu sem til ríkisstjórnarinnar var beint um stöðuna í kjaramálunum og hvað ríkisstjórnin hygðist fyrir í því, enda mun von á sérstakri umræðu um það mál í þinginu nú á næstunni þannig að ég spara mér að tala um það mál. Hv. þm. spurði hversu mikið gengið hefði breyst frá því að sú ríkisstjórn tók við völdum sem nú starfar, en það var 28. september 1988. Svarið er að 28. september var gengið fellt um 3% á grundvelli heimildar til Seðlabankans sem ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar hafði samþykkt um vorið. 3. janúar var gengið svo lækkað um 4,9%, 7. febrúar um 2,5 og 10. maí, þ.e. í dag, um 1,5%. Auk þess nýtti Seðlabankinn sér heimild sem hann hafði til gengissigs á tímabilinu frá 15. febr. til 3. mars, samtals 2,25%. Þegar þetta er dregið saman hefur gengið breyst um 13,4% til lækkunar. Ég tel með þessi 3% í byrjun. Þau tel ég reyndar vera arf frá fyrri stjórn þannig að hér er í sléttum tölum um 10% að ræða.

Ég ætla ekkert að segja fleira um þetta. Raungengið hefur ekki lækkað alveg jafnmikið og þessar tölur benda til. Það er að vísu síbreytileg stærð sem er háð bæði verðbreytingum hér á landi og erlendis, en ég ætla að raungengið hafi breyst á þessu tímabili einhvers staðar á bilinu 6–8%. Það er veruleg breyting og að mínum dómi alveg nauðsynleg breyting og ég ætla ekki að segja fleira um það, bendi þó á að þessar gengisbreytingar í nokkrum áföngum hafa að mínu áliti gefið góða raun og skilað leiðréttingu á starfsskilyrðum útflutnings- og samkeppnisgreina án þess að ýfa verðbólguöldurnar allt of mikið, en um það má náttúrlega lengi deila hvað sé hæfilegt í þessu efni.

Hv. þm. innti mig líka eftir því hvort tiltekin spá hæstv. fjmrh. um greiðslustöðu og efnahag fyrirtækjasamtaka hér í landinu væri líkleg til að rætast. Ég ætla ekki að hafa um það mörg orð. Ég vil alls ekki gera lítið úr spádómsgáfu fjmrh. hvorki í þessu efni né öðru en hef ekki forsendur til þess að staðfesta eða hafna þeirri spá. Ég vona reyndar að hún standist ekki.

Í þriðja lagi spurði hv. þm. hversu mikið hefði verið tekið til baka af umsömdum launabreytingum með gengisbreytingunni í morgun sem var 1,5%. Það er fljótgert að svara því, að kaupið var hækkað um 4,5–5% með 1. maí-samningunum. Líkleg verðbreytingaráhrif af 1,5% gengisbreytingu eru svona 0,5% eftir nokkrar vikur. Ég hygg að fáum hafi komið þetta á óvart og sérstaklega ekki því fólki sem starfar í undirstöðugreinunum sem veit að það þurfti að tryggja þessum greinum viðunandi stöðu og þetta er skref í þá átt.

Síðast innti hv. þm. eftir því hvort líkur væru til þess að greiðsluafgangur yrði hjá ríkissjóði á þessu ári og hvort í gildi væru spár um það efni frá því í vetur.

Ég býst við því að líkur séu heldur litlar á því að það verði greiðsluafgangur á þessu ári. Þó vil ég alls ekki taka undir það með hv. þm. að ekki hafi verið nauðsyn að styrkja tekjuhlið ríkissjóðs. Þvert á móti tel ég að það hafi verið óhjákvæmilegt. Hins vegar er það alveg rétt hjá hv. þm. að fari svo að að kreppi og úr atvinnu dragi svo að um munar, sem ég sé þó ekki líkur til, er hægt að sætta sig við greiðsluhalla á ríkissjóði. Sem betur fer árar alls ekki á þann hátt sem skilja hefði mátt á orðum hv. þm. þegar hann sagði að nú væri kreppa og stórfellt atvinnuleysi. Það tel ég vera gáleysi í orðavali þegar maður lítur á ástandið á Íslandi eins og það er í dag. Sem betur fer er þetta ekki rétt lýsing á stöðunni í þjóðarbúinu.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Aðeins til að svara nokkrum fyrirspurnum sem til mín hefur verið beint.

Hv. þm. Halldór Blöndal spurði um það hvað sjóðir ættu að gera að því er varðar lántökuskatt sem þeir hafa þegar greitt af erlendum lánum og ekki lánað út. Það verður að sjálfsögðu að vera vandamál viðkomandi sjóða. Það er ekki óeðlilegt að þeir verði að taka það á sig eins og margir þurfa oft að gera þegar breytingar á skilyrðum verða og fjármálastofnanir eru alltaf í áhættuviðskiptum og því ekki óeðlilegt að þeir taki slíkt á sig. En að sjálfsögðu verður það að vera ákvörðun viðkomandi stjórna hvort það er gert með þeim hætti eða jafnað út á lánum til skemmri tíma eða lengri tíma. En ef litið er til reynslunnar er það venja viðkomandi sjóða að koma því einhvern veginn af sér, en ég hygg þó að staða þeirra sé almennt sú að að sé ekkert tiltökumál að taka slíkt áfall á sig.

Í öðru lagi spurði hv. þm. um hvort ég teldi að það hefði verið brotið samkomulag gagnvart launþegahreyfingunni vegna gengisbreytinga. Svo er alls ekki og engin slík loforð gefin. Eins og hæstv. viðskrh. tók fram átti þessi breyting ekki að koma nokkrum á óvart og vísa ég til þess sem hann sagði að sérstaklega þeir sem starfa í undirstöðugreinum hafa áreiðanlega fullan skilning þar á.

Þar að auki er rétt að benda á það að 7. apríl sl. var gengi á dollarnum 52,88 kr. en núna 54,52 kr. Ef hins vegar er tekinn svissneskur franki var hann 32,22 kr. 7. apríl þegar PCD-samkomulagið var undirritað ef ég mann rétt, 32,21 í dag. Danska krónan var þá 7,28 og er í dag 7,34. Hér hefur því orðið tiltölulega lítil breyting á Evrópugjaldmiðlunum og japanska yeninu. Breytingin kemur fyrst og fremst fram á dollarnum, en eins og kunnugt er er innflutningsverðlag fyrst og fremst háð Evrópumyntunum en útflutningsverðlag í meira lagi háð dollaragenginu þannig að sú breyting sem þegar er orðin hefur haft sáralítil eða nánast engin áhrif á innflutningsjafnvægið.

Hitt er svo annað mál að það hefur jafnframt verið ákveðin heimild til Seðlabankans til þess að breyta gengi um 2,25%. Með þessum ákvörðunum er verið að standa við þá yfirlýsingu sem ríkisstjórnin gaf að hún muni beita sér fyrir því að samkeppnisstaða útflutningsgreina verði viðunandi á samkeppnistímanum. Ég er ekki að segja með því að með þessum eina hætti hafi það verið gert. Það þarf meira að koma til. En þetta eru fyrstu skref sem hefur verið ákveðið að stíga í því sambandi og hygg ég að þeim sem stóðu að þessari samningsgerð á sínum tíma ætti ekki að koma það á óvart miðað við þau samtöl sem áttu sér þá stað.

Hv. þm. spurði jafnframt um hvað væri með Verðjöfnunarsjóð, hver ætti að borga. Ég vísa til þess að 1. gr. er alveg nákvæmlega eins orðuð og bráðabirgðalögin um sama efni voru og jafnframt sú löggjöf sem var í undirbúningi í tíð fyrri ríkisstjórnar. Og ég vísa til þess sem ég hef áður sagt um þetta mál og þær yfirlýsingar sem ég hef gefið margoft hér í þinginu um Verðjöfnunarsjóðinn eiga jafnt við um þetta mál.

Það var jafnframt spurst fyrir um hvort hægt væri að gefa frekari upplýsingar um lækkun bóta úr Verðjöfnunarsjóði. Það er ekki hægt að gera það á þessu stigi. Það hafa ekki verið teknar endanlegar ákvarðanir um það. Það verður m.a. tekið mið af þeim verðbreytingum sem kunna að verða á útflutningsverðlagi, en við það miðað að fella þessar bætur niður um nk. áramót en reynt að gera það í nokkrum áföngum, m.a. með hliðsjón af þróun á útflutningsverðlagi, og gæta þess jafnframt, eins og segir í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, að samkeppnisstaða útflutningsgreina verði viðunandi á samningstímanum.

Að því er varðar spurningu um Hlutabréfasjóð, þá er það rétt hjá hv. þm. að þar hefur ekkert mál verið afgreitt og endanleg afstaða hefur ekki verið tekin hjá viðkomandi sjóðum. Þó hygg ég að það sé nokkuð ljóst að það þjóni almennt hagsmunum Byggðasjóðs að taka þátt í slíkum aðgerðum með hagsmuni sjóðsins í huga. Í mörgum tilvikum á hann ekki mjög trygg veð í eignum þótt það sé að sjálfsögðu misjafnt. Ég held að það sé það sama að því er varðar bankana í allmörgum tilvikum. Ég hef átt ítarlegar viðræður við Fiskveiðasjóð Íslands um þetta mál og Fiskveiðasjóður mun meta hvað er hagsmunum sjóðsins fyrir bestu í tilfellum sem þessum og mun væntanlega taka afstöðu til málsins á stjórnarfundi Fiskveiðasjóðs í upphafi næstu viku.

Að því er varðar spurningu hv. þm. um gengismál hafa engar aðrar ákvarðanir verið teknar en þær sem felast í tillögu Seðlabanka Íslands sem kom fram í gær eftir bankaráðsfund og var framkvæmd í morgun og það svigrúm sem þar hefur verið gefið.

Hv. þm. Júlíus Sólnes spurði um athugun á stimpilgjöldum. Ég get aðeins vitnað til þess sem stendur í þessari yfirlýsingu. Það mun fara fram sérstök athugun á ákvæðum laga um stimpilgjöld fyrir næstu áramót. Það er rétt sem hv. þm. sagði að hér er um allt of flókið mál að ræða og óþarflega margbrotin gjaldskrá sem er í mjög mörgum tilvikum óréttmæt og full ástæða til breytinga, en þær breytingar þurfa undirbúning eins og fram kemur í þessari yfirlýsingu. En það er rétt hjá hv. þm. að þeim undirbúningi hefði mátt vera lokið. Hér er í sjálfu sér ekkert nýtt undir sólinni.

Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson spurði um fund ríkisstjórnar í kvöld, en ráðherrar í ríkisstjórninni

hittust óformlega í matarhléi hér í þinginu til að ræða stöðu mála. Það gefst nú ekki allt of mikill tími til þess að hittast þessa síðustu daga nú þegar svo miklar annir eru í þinginu, en full ástæða var til að fara yfir m.a. stöðu mála vegna þeirra kjaradeilna sem nú eru. Einstakir ráðherrar lýstu því hvernig staðan væri í stofnunum sem tilheyra þeirra ráðuneytum og er alveg ljóst að hún er mjög víða hin alvarlegasta, bæði að því er varðar skóla landsins og ýmsar stofnanir tilheyrandi sjútvrn., iðnrn. og þá ekki síst landbrn. og jafnframt hefur deilan komið við stofnanir heilbrmrn. Í sumum tilvikum er það svo að það má gera ýmsar ráðstafanir til að draga úr þeim miklu óþægindum sem þjóðfélagsþegnar hafa orðið fyrir og er verið að gera ýmsar ráðstafanir í því skyni. Hins vegar er alveg ljóst að engin fullnægjandi lausn þeirra mála mun fást nema með lausn þessa verkfalls. En það verður að segjast alveg eins og er að það horfir afar þunglega og ekki miklar líkur á því að samningar takist alveg á næstunni. Það er að sjálfsögðu afar alvarlegt mál og er ekki óeðlilegt að slíkt sé rætt í ríkisstjórninni og hún mun að sjálfsögðu halda áfram að fjalla um það mál, en engar frekari ákvarðanir hafa þar verið teknar. Það er alveg ljóst að ríkisstjórnin getur ekki stuðlað að lausn þessarar kjaradeilu með þeim hætti að sú lausn setji í hættu þá samninga sem þegar hafa verið gerðir á almennum vinnumarkaði. Það ætti ekki að koma neinum á óvart að það verður að vera samræmi í launabreytingum í landinu, ekki síst á erfiðleikatímum sem þessum þegar þjóðartekjur dragast saman. Þá er að sjálfsögðu miklu minna svigrúm til leiðréttinga á milli hópa þótt vel kunni að vera að sumir hafi dregist meira aftur úr en aðrir. Ég skal ekki leggja neitt endanlegt mat á það. En þá er svigrúm til slíks lítið sem ekkert og ríkisstjórnin getur ekki sett í hættu þá kjarasamninga sem þegar hafa verið gerðir því að allar breytingar sem færu verulega fram úr því sem þegar hefur verið gert mundu að sjálfsögðu gera samningsstöðuna almennt miklum mun verri þegar núgildandi samningar renna út að fáum mánuðum liðnum því að það hefur reynst afar erfitt að fá nokkra samninga til lengri tíma hér á landi svo árum skiptir. Það er oftast verið að semja til nokkurra mánaða í senn og samningar til eins árs þykja afar langir samningar í hinni daglegu umræðu.

Ég vænti þess að ég hafi að mestu leyti svarað þeim spurningum sem til mín hefur verið beint.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu hæstv. sjútvrh. er kjaradeilan við háskólamenntaða menn í miklum hnút og maður hlýtur að spyrja að því hvernig á því megi standa að sú mikla harka hefur hlaupið í þá kjaradeilu sem raun ber vitni og er óhjákvæmilegt síðar meir að fara ofan í þau mál og rekja það frá degi til dags, frá einni stund til annarrar hversu það mátti verða að sú mikla tortryggni skyldi hafa risið í hópi opinberra starfsmanna sem veldur því að þessi deila er að verða að einhverri mestu kreppu sem við munum eftir í kjaramálum og, eins og hæstv. sjútvrh. sagði, grípur inn á fjölmörg svið þjóðfélagsins, bæði atvinnumálin en þó miklu fremur, sem er auðvitað miklu alvarlegra, inn á skólamálin og heilbrigðismálin og skal ég ekki gera það að umræðuefni nú þar sem þau mál verða almennt tekin til umræðu á morgun.

Ég er alveg sammála hæstv. iðnrh. um að það eru hin almennu starfsskilyrði skipasmíðaiðnaðarins sem mestu skipta og auðvitað vitum við að þegar hin almennu starfsskilyrði eru metin er gengisákvörðunin engin afgangsstærð. Það er deginum ljósara. Ég held að það sé líka alveg ljóst að þau almennu starfsskilyrði sem skipasmíðaiðnaðurinn á nú við að búa eru svo þröng að óhugsandi er að iðnaðurinn geti risið undir því að halli þar á ógæfuhliðina. Ef orð hæstv. iðnrh. eru skilin eins og þau voru sögð fela þau það í sér að gengi krónunnar hlýtur að hækka sem svarar launahækkunum á þessum tíma því gengi krónunnar mun hækka um 10% eða svo á samningstímabilinu sem er raunar sú sama niðurstaða og komist er að ef reynt er að meta starfsskilyrði og samkeppnisstöðu sjávarútvegsins.

Ég skil vel að hæstv. sjútvrh. skuli ekki treysta sér á þessari stundu til að gefa yfirlýsingar um frekari gengisfellingar en þegar hafa verið ákveðnar. Tæp 4% gengisfelling er þegar ákveðin. Það vakti sérstaka athygli mína að hæstv. sjútvrh. skuli meta það svo að ekki hafi verið brotið samkomulag við aðila vinnumarkaðarins með þeim gengisbreytingum sem orðið hafa. Hann rökstuddi það með því og raunar einnig hæstv. iðnrh. að mönnum mátti vera það ljóst að til slíkrar gengisbreytingar hlyti að koma. Þessu get ég verið alveg sammála. En þá vaknar líka spurningin um það, ef svo er, hvort ekki megi rekja þær gengisbreytingar sem gera verður og yfirvofandi eru til þess samnings sem ríkisstjórnin gerði við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. Hæstv. forsrh. og hæstv. iðnrh. hafa í rauninni báðir staðfest með orðum sínum hér áðan að þær gengisbreytingar sem nú eru að ganga yfir í þjóðfélaginu og sú verðhækkunarskriða sem óhjákvæmilega gengur samtímis yfir er bein afleiðing af BSRB-samningnum. Þetta er kjarninn í því sem þessir tveir hæstv. ráðherrar sögðu og skýrir með mörgum hætti þær miklu ógöngur sem við erum nú í, en afsakar með engum hætti utanför hæstv. forsrh. nema, eins og ég sagði áðan, hann verði svo elskulegur þegar heim kemur að gera okkur grein fyrir því hvaða gagn hann hafi gert þjóðinni með því að skreppa yfir Atlantshafið til vina sinna austan járntjaldsins sem mér skilst að Framsfl. standi í sérstöku vináttusambandi við.

Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir þá yfirlýsingu sem hann gaf í sambandi við Verðjöfnunarsjóðinn. Þessi yfirlýsing hans jafngildir því að ekki er ætlunin að Verðjöfnunarsjóðurinn endurgreiði þær 400 millj. sem frv. felur þó í sér að hann skuli taka að láni með ríkisábyrgð. Við höfum frá tíð annarrar vinstri stjórnar í Ríkisábyrgðasjóði annan slíkan minjagrip,

það er lán sem tekið var vegna loðnunnar á sínum tíma, og við munum sjá eftir þrjú ár tvær þvílíkar skuldir til viðbótar á mismunandi tíma vegna frysta fisksins og hörpudisksins nema, sem auðvitað væri miklu einfaldara, að þetta lán verði tekið af ríkissjóði sjálfum sem er hinn raunverulegi lántakandi en ekki Verðjöfnunarsjóðurinn.

Ég get ekki fagnað því að Fiskveiðasjóður skuli ekki gefa svar varðandi Hlutabréfasjóðinn fyrr en í næstu viku. Það er þó betra að sjá fram úr því, það er þó betra að vita að einhver tímasetning er komin á það hvenær Fiskveiðasjóður gefur hlutafjársjóðnum svar. Það er hálfönugt að senda þingið heim áður en fyrir liggur að Hlutabréfasjóðurinn komi yfirleitt að haldi þar sem hann hefur verið þungamiðjan í sjávarútvegsumræðunni undanfarið hjá hæstv. forsrh. og væri þess vegna mjög ánægjulegt fyrir hann ef í ljós kæmi þegar hann slítur þinginu að lögin um Hlutafjársjóðinn skipta einhverju máli. En við sjáum hvað setur í þeim efnum.

Ég hygg að það hafi verið af vangá sem hæstv. sjútvrh. vék ekki að þeim alvarlegu horfum sem eru í atvinnumálum í ýmsum sjávarplásssum, einkum á hausti komanda, sem auðvitað gefa fullkomið tilefni til þess að tala um atvinnukreppu hér á landi. Sömuleiðis verð ég að segja að það er fullkomin ástæða til að tala um atvinnukreppu þegar maður hugleiðir hvernig ástandið verður í sumar hjá nemendum eftir þeim upplýsingum sem hafa komið fram í fjölmiðlum um ástandið þar. Auðvitað horfum við fram á miklu meiri erfiðleika á næstu mánuðum en við þorum að gera okkur grein fyrir á þessari stundu. Þeir erfiðleikar eiga að sumu leyti rót sína að rekja til efnahagsstefnunnar sjálfrar, rót sína að rekja til þess að t.d. sjávarútvegurinn gefur ekki jafnmikið af sér og áður, en að sumu leyti eiga þessir erfiðleikar rót sína að rekja til þess að þjóðin treystir ekki þeirri ríkisstjórn sem nú situr. Þessi ríkisstjórn verkar letjandi á atvinnureksturinn. Menn hafa ekki sama kraft í sér og áður til að grípa til eða fara út í nýjar framkvæmdir, ráðast í ný verkefni eins og glöggt kemur fram ef maður les yfir þær upplýsingar sem komið hafa fram m.a. í fjh.- og viðskn. um lánsbeiðnir í fjárfestingarlánasjóðum t.d. iðnaðarins. Þar er mikil breyting á frá sl. ári og hún verður ekki rakin til annars en þess að það ríkir meiri bölsýni en áður í þeirri atvinnugrein, enda kom það fram hjá Ólafi Davíðssyni á fundum í nefndinni. Aðspurður sagði hann að markaðshlutdeild íslensks iðnaðar færi enn minnkandi.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þessi mál. Ég skildi hæstv. sjútvrh. svo að sjávarútvegurinn gæti treyst því að það yrðu gerðar ráðstafanir til þess á næstu vikum að sjávarútvegurinn hefði viðunandi samkeppnisstöðu. Það þýðir á mæltu máli að nauðsynlegar lagfæringar á gengi verða gerðar fyrir mitt sumar vil ég segja en ekki fyrir haustdaga þannig að staða sjávarútvegsins verði viðunandi á þessu ári. Ég skildi hæstv. sjútvrh. svo að hann vildi við þetta standa og vonast til þess að hann hafi kraft í sér til að knýja samstarfsflokka sína til þess að fylgja sér eftir.

Annars er það nú svo um okkar ágæta sjútvrh. að hann gerir oft mjög glögga grein fyrir málefnum sjávarútvegsins í þinginu og maður ætlar af þeim sökum kannski allt of oft að fram undan séu einhverjar þær ráðstafanir sem muni snúa dæminu við, en síðan þegar upplýsingar koma og maður fer að tala við einstaka menn úti í greininni, í fiskvinnslunni eða útgerðinni, eru svörin þau sömu að því miður sé reksturinn áfram fyrir neðan núllið, áfram halli og vafalaust er skammt í að allt eigið fé í sjávarútvegi verði upp urið ef marka má þær stóryrtu yfirlýsingar sem hæstv. forsrh. gaf á Alþingi í febrúarmánuði sl.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til þess, herra forseti, að ræða þetta mál frekar. Ég hafði pínulítið gaman af því þegar hæstv. viðskrh. talaði um að 3% gengisfellingin í septembermánuði hefði verið heimiluð á grundvelli þeirrar gömlu heimildar sem gamla ríkisstjórnin hefði gefið, ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar. Við töldum það sjálfstæðismenn og ég veit ekki betur en sumir framsóknarmenn hafi talið í þeirri ríkisstjórn að nauðsynlegt hafi verið að sú leiðrétting kæmi miklu fyrr, t.d. í júlímánuði, en einhverra hluta vegna stóð Alþfl. á móti því og í þeim síðustu efnahagstillögum sem Alþfl. lagði fram í þeirri ríkisstjórn var ekki minnst einu einasta orði á nauðsyn gengisbreytingar. (Gripið fram í.) Ég verð að minna hæstv. iðnrh. á að það var Alþfl. sem kom í veg fyrir að sú gengisleiðrétting yrði gerð.

Það er kannski ástæða til þess að fara ofurlítið ofan í þessi mál. Ég hafði að vísu hugsað mér að gera það ekki fyrr en hæstv. forsrh. kæmi til landsins og skal ekki eyða mjög mörgum orðum í það. Ég hef ekki í mínum höndum af þeim sökum minnisblöð mín í þeirri röð sem rétt væri til þess að svara hæstv. iðnrh.

Herra forseti. Ég held að hann viti það, hæstv. viðskrh., og ætti a.m.k. að hafa reynslu af því meðan hann var í sínu fyrra starfi, að það getur verið mjög örlagaríkt ef forsrh. lýsir því yfir að gengisfelling sé ákveðin á næstu dögum, hvort sem sú gengisfelling er 3%, eitthvað meiri eða eitthvað minni. Ég hygg að hæstv. viðskrh. hefði ekki látið í ljós ánægju sína yfir því að Þorsteinn Pálsson hefði með þeim hætti skýrt fyrir þjóðinni þann djúpa ágreining sem var milli Sjálfstfl. og Alþfl. í þeirri ríkisstjórn. En aðeins til að sýna þessum ágæta fulltrúa Alþfl. hér við hvers konar menn var að eiga í þeirri ríkisstjórn, hvaða menn það voru sem við áttum þá í höggi við, skal ég lesa hér upp smákafla úr ræðu páv. hæstv. fjmrh. Jóns Baldvins Hannibalssonar, með leyfi hæstv. forseta:

„„Það vissu það allir að gengisfelling kallaði á aukna verðbólgu. Ég sagði það skilmerkilega að 15% gengisfelling kallaði á 50% verðbólgu. Var ekki verið að óska eftir gengisfellingu? Nú eru það sömu aðilar sem standa frammi fyrir afleiðingunum og þeir eru strax farnir að óska eftir frekari gengisfellingu," sagði Jón Baldvin. Sagði hann að það væru engar töfraformúlur í þessum efnum og ríkisstjórnin væri ekki að ræða neinar sérstakar efnahagsaðgerðir þessa stundina. „Verkefni stjórnarinnar er núna að sjá til þess að ríkissjóður sé rekinn með tekjuafgangi og að stunda

aðhaldssama peningapólitík, það er strategía gegn verðbólgu," sagði ráðherra."

Við vitum nú síðan hvernig honum gekk blessuðum að passa ríkiskassann og hvernig „strategían" gekk upp hjá Alþfl. — Síðan segir enn þá af formanni Alþfl.:

„Sagði hann jafnframt að gengisfellingar væru ekki efnahagsaðgerð heldur dóp eins og sannast hefði við ítrekaðar gengisfellingar á árinu. Nú ættu mörg fyrirtæki í verulegum erfiðleikum vegna gengisfellingarinnar en þó sérstaklega þau sem væru mjög skuldug."

Þetta sagði formaður Alþfl. 27. júní. Og hæstv. viðskrh. hefur aldrei svo ég muni gert opinberan ágreining við formann sinn um stefnuna í efnahagsmálum. Það liggur því beint við að ætla að á þessum tíma hafi hæstv. viðskrh. verið sammála formanni sínum um það að gengisfelling væri dóp. En hvað skyldu nú þessir tveir nafnar hafa fellt gengið oft eftir að þeir mynduðu nýja stjórn og nú með Alþb.? Hann var að rifja það upp áðan, viðskrh., í svari til hv. 8. þm. Reykv. Hvað skyldi það hafa verið oft? Það er búið að fella það fjórum sinnum, er það ekki? Svo er búið að leyfa gengisaðhald einu sinni eða gengissig og svo kalla þeir það aftur gengisaðhald og gengissig núna, það er 2,25% ofan á 1,5. — Nei, 13,4%. Og hér segir formaður Alþfl. að 15% gengisfelling kalli á 50% verðbólgu.

Hæstv. viðskrh. segir aftur núna að 3% gengisfellingin í septembermánuði hafi verið gerð á grundvelli samþykktar ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar. Nú veit hæstv. viðskrh. að þessi orð eru ósönn. Hæstv. viðskrh. veit að Seðlabankinn neitaði að fella gengið um 3% á grundvelli efnahagsstefnu ríkisstjórnar sem var búin að segja af sér. Og hæstv. viðskrh. veit að gengisfellingin í september var gerð á grundvelli samþykktar og samkvæmt stefnu þeirrar ríkisstjórnar sem hann var þá nýsestur í sem viðskrh., sem yfirmaður gengismála. Það getur vel verið að hæstv. viðskrh. þyki gott að geta einhvern veginn deilt ábyrgðinni af þessari 3% gengisfellingu með öðrum vegna þess að hann gaf út það álit fyrir Alþfl. nokkrum dögum áður að óþarfi væri að fella gengið í raun og veru þar sem hann tíundaði þar ýmis atriði í efnahagsmálum þar sem hvergi var minnst á gengisfellingu og þar sem önnur markmið í þeim efnahagstillögum voru þess eðlis að augljóst var að gengisfelling gæti ekki rúmast innan þeirra. Um þetta er ég reiðubúinn að tala við þennan hæstv. ráðherra lengi nætur.

Hæstv. ráðherra hefur líka sagt meira í sambandi við gengisfellingar. T.d. ef við förum aftur í gengisfellingarnar í maímánuði. Þá töldum við sjálfstæðismenn að nauðsynlegt væri að gera hliðarráðstafanir vegna þess að svo góð sem gengisfelling er kemur hún ekki að fullum notum án hliðarráðstafana. En hvað sagði hæstv. viðskrh. um það 17. maí? Með leyfi hæstv. forseta, tilvitnun í Morgunblaðið:

„Jón Sigurðsson viðskiptaráðherra segir að ríkisstjórnin hafi tekið skynsamlega á málum miðað við aðstæður með því að fresta hliðaraðgerðum vegna gengisfellingarinnar og leita eftir viðræðum við aðila vinnumarkaðarins."

Í þessu voru m.a. fólgnir erfiðleikar ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar, að samstarfsmenn okkar lýstu yfir bara eftir því hvernig lá á þeim hinu og þessu um eðli efnahagsmála, um ástæður í atvinnulífinu og um það hvernig ætti að bregðast við vanda sjávarútvegsins og vanda atvinnulífsins yfir höfuð að tala. Ég fullyrði að ég þurfi ekki aðstoð eða hjálp hæstv. viðskrh. til að finna þau orð eftir honum höfð að gengisfelling ein og sér án hliðarráðstafana sé hálfgert kák. Ég fullyrði að hæstv. viðskrh. hefur látið þau orð falla, lagt áherslu á að einn þáttur í slíkum efnahagsaðgerðum hlyti að vera hliðarráðstafanir. En í maímánuði var því ekki að heilsa að við sjálfstæðismenn gætum fengið einhvern hljómgrunn, einhvern grunn fyrir umræðum af því tagi við Alþfl. Það gekk ekki. En hitt hefur alltaf gengið upp hjá Alþfl. að finna nýjar og nýjar skýringar til að geta kennt öðrum mönnum um. Og auðvitað er það sagt gegn betri vitund af hæstv. viðskrh. hér í deildinni að halda því fram að formaður Sjálfstfl. hafi ekki verið reiðubúinn að leiðrétta gengi krónunnar sumarið 1988 og ég fullyrði og ég skora á hæstv. viðskrh. að viðhafa þessi ummæli í þeirri þingdeild sem formaður Sjálfstfl. á sæti. Það er mjög auðvelt hér í Ed., vegna þess að enginn af fyrrv. ráðherrum Sjálfstfl. á sæti í þessari deild, að koma með alls konar sögur af einkaviðræðum af ríkisstjórnarfundum og af ýmsu öðru í síðustu ríkisstjórn. Það er mjög auðvelt, en það hefur áður komið fyrir hæstv. ráðherra að það hafa verið sagðar sögur af viðskiptum manna þar og upp úr stendur að Sjálfstfl. var á þeim tíma reiðubúinn að taka miklu fyrr á efnahagsmálunum en gert var.

Hitt er rétt, sem hæstv. viðskrh. sagði, að Sjálfstfl. varð að síðustu að setja það sem tímamark að í efnahagsaðgerðir yrði ráðist ekki síðar en 1. sept. 1988. Það er líka rétt að Sjálfstfl., ég veit ekki hver lagði það til, komst að þeirri niðurstöðu með Alþfl. og Framsfl. að það væri skynsamlegt að skipa nefnd mönnum úr atvinnulífinu til að leggja á ráðin um það hvernig ætti að bregðast við vanda atvinnulífsins. Þetta er rétt. Og ég veit ekki betur en um þetta hafi verið fullkomið samkomulag milli þeirra stjórnarflokka sem þá voru.

Það lýsir á hinn bóginn betur en margt annað yfirboðum bæði ráðherra Framsfl. og ráðherra Alþfl. að þeir skuli á sl. hausti hafa þóst gera það að sérstöku stjórnarslitamáli við Sjálfstfl. að Sjálfstfl. væri ekki reiðubúinn að gleypa tillögur forstjóranefndarinnar og ganga að þeim tillögum sem þá voru lagðar fram um niðurfærslur á kaupgjaldi. En hvaða maður var það nú sem fyrstur kvað upp úr um það að ekki væri hægt að ganga að þessum tillögum? Hvaða ráðherra var það sem lýsti því yfir við fulltrúa Alþýðusambandsins að það kæmi til greina að ganga ekki að þeim tillögum? Var það ekki ráðherra Alþfl. sem síðar meir þóttist vera heilagur í þessum efnum? Það hefur raunar verið upplýst af hæstv. forsrh. þó seint sé að hann hafi ekki mátt vera að því að taka

alvarlega á málum í septemberbyrjun og lok ágúst sl. vegna þess að hann hafi þá staðið í stjórnarmyndunarviðræðum nýjum. Og hvar kom þetta fyrst á prent? Það kom fyrst á prent í Alþýðublaðinu. Blaðamaður Alþýðublaðsins lýsti því yfir að ráðherrar Alþfl. hefðu átt í samningamakki við Alþb. um myndun ríkisstjórnar sömu dagana og ráðherrar Alþfl. þóttust vera að tala um það við ráðherra Sjálfstfl. hvernig ætti að bregðast við vandanum. Á þeim tíma, í septembermánuði og í októbermánuði, urðu ýmsir til þess að trúa því að þetta væri ekki satt vegna þess að bæði formaður Alþfl. og formaður Framsfl. lýstu því þá yfir að þetta væru ómagaorð, þvættingur í blaðamanni Alþýðublaðsins. En síðan undir allt, allt öðrum kringumstæðum þegar allt annað mál kom til umræðu, þegar farið var að ræða heræfingar Atlantshafsbandalagsins, kom ljós hjá forsrh. þegar hann sagði: Já, það var þegar ég var byrjaður að mynda nýja ríkisstjórn. — Það var í lok ágúst þegar hann og kratarnir og kommarnir voru á bak við Sjálfstfl. að mynda þá ríkisstjórn sem nú situr að völdum. Þá þóttist hæstv. viðskrh. vilja fara niðurfærsluleiðina. Rétt áðan reyndi hann að kenna Sjálfstfl. um þá gengisfellingu sem hann gaf fyrirmæli um sem viðskrh. í nýrri ríkisstjórn. (Gripið fram í.) Ég vildi gengisfellingu, en hæstv. ráðherra sagði að hennar væri ekki þörf og reynir að tala um að aðrir beri á henni ábyrgð. Og hvað gerir hann síðan? Hann fellir gengið. Hann beitir sér fyrir margvíslegum ráðstöfunum um síðustu áramót sem allar lúta að því að hækka vöruverð í landinu, eru verðbólguhvetjandi, hver ráðstöfunin á fætur annarri. Og hvernig er svo þróunin áfram? Hvernig var ástandið í aprílmánuði? Hann lýsti því yfir áðan, hæstv. sjútvrh. lýsti líka yfir áðan, að það hefðu allir átt að sjá það og ekki síst fólkið í útflutningsatvinnuvegunum að samningarnir sem gerðir voru á hinum almenna vinnumarkaði mundu leiða til breytinga á genginu, sögðu það báðir. Sögðu báðir að kjarasamningur Ólafs Ragnars Grímssonar hefði verið kjarasamningur um gengisfellingu, báðir tveir. En hvernig stóð nú á því þegar þeir voru búnir að ná tökunum á efnahagsmálunum eins og þeir voru alltaf að tala um? Af hverju var ekki gripið til niðurfærslunnar þá í apríl? Af hverju var ekki nú gert eitthvað í þá áttina? Af hverju var ekki vöruverðið lækkað? Af hverju var ekki reynt að koma þeim megin að því núna? Af hverju er aldrei talað um það núna að það komi til greina niðurfærsla? Var engin alvara á bak við það eða stendur á Alþb.? Hefur Alþb. hafnað niðurfærsluleiðinni svona gjörsamlega í þessari ríkisstjórn að hvorki ráðherrar Alþfl. né ráðherrar Framsfl. hafa þorað í eitt einasta skipti allan þennan tíma að segja eitt einasta orð um niðurfærslu, hækka skatta, hækka vörugjald, en hvar er niðurfærslan? Hvergi. Og hvað á að fella gengið oft núna? Hvað var gengissigið mikið eftir gengisfellinguna eftir áramótin? Nú er búið að fella gengið og er ekki gengissigið helmingi meira? Og var ekki iðnrh. að segja áðan að það væru hin almennu starfsskilyrði sem skiptu máli í skipasmíðaiðnaðinum og var hann ekki að lofa hv. 7. þm. Reykn. að það væru batnandi dagar í skipasmíðaiðnaðinum, brosleit framtíð? Og hvernig á að laga almenn starfsskilyrði í skipasmíðaiðnaði nema með því að gera innlenda skipasmíðaiðnaðinn samkeppnisfæran hvað varðar vinnuafl? Að innlendi iðnaðurinn sé ekki of dýru verði keyptur, með öðrum orðum að gengi krónunnar sé rétt skráð. Hvernig er það öðruvísi hægt? Það er auðvitað ekki hægt með neinum öðrum hætti. Og að því gefna tilefni að þessi ágæti ráðherra fór áðan að tala um að Sjálfstfl. hafi á síðasta sumri ekki verið reiðubúinn að gera aðgerðir fyrir sjávarútveginn gegn betri vitund, kemur með það hér í þessa hv. deild, þar sem formaður Sjálfstfl. á ekki sæti, hvernig væri þá í framhaldi af þessu, hæstv. sjútvrh., að ég gangi eftir því og ég spyrji um það: Hvernig hyggst ríkisstjórnin bregðast við þeim samdrætti í atvinnu sem fyrirsjáanlegur er á næsta hausti í sjávarplássunum víðs vegar um landið? Hvað á að gera? Ég þykist vita að hæstv. sjútvrh. treysti sér ekki til þess að gefa rýmri heimildir fyrir þorskkvóta. Ég vil spyrja hæstv. sjútvrh. jafnframt og bið nú afsökunar, hæstv. forseti, að ég gleymdi því áðan, en það er sennilega vegna þess hvað Steingrímur er langt í burtu: Hvað líður vinnu við það að veita sérstakar aukafjárveitingar til verklegra framkvæmda til að halda uppi sumarvinnu og atvinnustigi hér á landi eins og hæstv. forsrh. yfirlýsti að gert yrði í Sþ. fyrir skömmu? Hefur þetta verið rætt í ríkisstjórninni og hvar er þetta mál statt? Kemur t.d. til greina í þeim sjávarplássum þar sem kannski enginn afli eða lítill berst á land fyrirsjáanlega að athuga um það að flýta opinberum framkvæmdum á þvílíkum stöðum? Það væri mjög gott að fá upplýsingar um það hvar þetta mál stendur, mjög hollt og gott.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri. Ég veit ekki hvort mér er óhætt að segja það, en ef maður á að taka mark á því að gengisfellingar séu dóp og ef maður verður um leið að viðurkenna að það sé hæstv. viðskrh. sem gefur línuna með gengisfellingarnar og gengissigið, þá hlýtur maður bráðum að fara að velta því fyrir sér hvort viðskrh. sem þvílíkt gerir sé þá dópisti að mati formanns Alþfl.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

103. fundur, miðvikudaginn 10. maí,
að loknum 102. fundi.

Dýralæknar, ein umr.

Stjfrv., 343. mál (búseta héraðsdýralækna, dómnefnd o.fl.). — Þskj. 1143.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1153).

Samningsbundnir gerðardómar, 3. umr.

Stjfrv., 342. mál. — Þskj. 619.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1154).

Loftferðir, 3. umr.

Stjfrv., 439. mál (vinnuumhverfi áhafna). — Þskj. 1138.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Jarðræktarlög, 2. umr.

Stjfrv., 463. mál (framlög ríkissjóðs). — Þskj. 824, n. 1149, brtt. 1150.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. landbn. (Jón Helgason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til l. um breytingu á jarðræktarlögum nr. 56 30. mars 1987 frá landbn.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á nokkrum fundum. Nefndin mætti ásamt landbn. Nd. á aukafund búnaðarþings og fylgdist þar með umræðum, en síðan komu á fund landbn. Ed. Bjarni Guðráðsson í Nesi, sem er formaður jarðræktarnefndar búnaðarþings, Magnús Sigurðsson á Gilsbakka, sem er stjórnarmaður Búnaðarfélags Íslands og Jónas Jónsson búnaðarmálastjóri.

Að lokinni athugun og viðræðum við áðurgreinda aðila hefur orðið samkomulag í nefndinni um að leggja fram allmiklar breytingar við frv. sem ég mun nú fara lauslega yfir.

Við 1. gr. frv. er brtt. Í stað þess að jarðræktarframlög skuli greidd 6–7 vikum eftir að úttekt lýkur komi að framlög skuli greidd svo fljótt sem við verður komið eftir að úttekt lýkur. Hafi greiðsla vegna samþykktra framkvæmda eigi farið fram fyrir 1. nóvember á úttektarári skal framlag taka hækkunum mánaðarlega frá þeim tíma samkvæmt byggingarvísitölu. — Þá segir enn fremur:

„Framlög til grænfóðurræktar, kölkunar og endurræktunar, sem jarðræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands metur nauðsynlega vegna kals eða annarra ræktunaráfalla af völdum harðinda, skulu greidd í byrjun næsta árs eftir framkvæmd þótt ekki hafi verið sótt um þau fyrir fram.“

Það er meginregla að sótt skuli um framlög fyrir fram, en þar sem í þessu tilviki hljóta framkvæmdir að verða vegna ófyrirsjáanlegra atvika verður þarna að gera undantekningar á. Hins vegar er þá ekki hægt að gera ráð fyrir þeim kostnaði við afgreiðslu fjárlaga fyrir yfirstandandi ár og þess vegna er óhjákvæmilegt að greiðsla geti dregist fram yfir næstu áramót, en þá kemur til ákvæði um hækkun samkvæmt byggingarvísitölu.

Við 2. gr. frv. eru enn fremur allmiklar breytingar. Í fyrsta lagi er í sambandi við ræktun og framræslu farið eftir tillögum búnaðarþings um að setja hámark á framkvæmdir sem framlaga geta notið á hverju ári. Þar er um að ræða 2 milljónir rúmmetra vegna skurðgraftar og 500 km plógræslu á hverju ári og 2000 hektara af ræktun. Þarna er um að ræða miklu minni framkvæmdir á þessu sviði en voru árlega um langt skeið, enda er fyrst og fremst gert ráð fyrir að þarna verði um endurnýjun að ræða, hreinsun skurða og endurræktun túna. Hins vegar getur svo háttað til að það sé hagkvæmara að grafa nýjan skurð en hreinsa þann gamla eða að rækta nýtt land en að endurrækta það sem reynst hefur mjög illa og þess vegna eru heimildir til að styrkja slíkar nýframkvæmdir. Það verður þó að gerast með meðmælum Búnaðarfélags Íslands eftir úttekt héraðsráðunauta.

Í sambandi við hreinsun skurða má geta þess að þess er vænst að senn verði flutt inn til landsins stórvirk tæki til þeirra nota sem munu verða miklu afkastameiri en þau tæki sem hingað til hafa verið notuð og ættu þá um leið að lækka mjög kostnaðinn við þetta. Ávinning af því hafa að sjálfsögðu bæði bændur og þá ríkið þar sem heildarkostnaðurinn verður lægri.

Með því að setja þetta þak er gert ráð fyrir því að möguleiki sé með reglugerð eða öðrum fyrirmælum að fela Búnaðarfélagi Íslands og búnaðarsambönd-

unum að annast úthlutun á þessum framlögum e.t.v. á einfaldari hátt en gert er ráð fyrir með aðrar framkvæmdir. En framlög til þessara framkvæmda sem og annarra í þessari grein eru lækkuð sem svarar 12% vegna þess ávinnings sem bændur hljóta að hafa af því að greiðsla fer nú fram á úttektarári eða með verðbótum frá 1. nóvember ef dráttur verður á greiðslu fram yfir þann tíma. Af þessum sökum eru framlög til framræslu nú 60% af kostnaði og framlög á hvern hektara ræktunar að sama skapi lækkuð um 12% frá núgildandi lögum. Það á síðan við um flestar aðrar stærðir í 2. gr. Undantekning mun þar vera framlög til kornræktar þar sem um nýrækt er að ræða.

Þá er einnig í málsgreininni um tæki sem framlaga geta notið bætt inn losunarbúnaði í flatgryfjum sem er mjög nauðsynlegur þar og er þar skipað samhliða súgþurrkunarblásurum, kælivélum vegna garðávaxtageymsla og rafstreng sem lagður er sérstaklega í þessu skyni.

Í 6. lið 2. gr. er nokkuð breytt ákvæði um framlög til vatnsveitu þar sem segir að fiskeldisbú skuli njóta ofangreinds framlags uppfylli eigendur þeirra skilyrði 8. gr. jarðræktarlaganna, en um þetta atriði hafa ekki verið nægjanlega skýr ákvæði í lögum hingað til og því nauðsynlegt að bæta því inn í.

Þá vil ég að lokum geta breytingar á þessari grein sem lögð er til um framlög til skjólbeltaræktunar. Lagt er til að það orðist þannig að framlag nemi 66% af framlögðum kostnaði samþykktum af Búnaðarfélagi Íslands og 44% kostnaðar við nauðsynlegar girðingar vegna ræktunarinnar. Áður var miðað við kostnað vegna plöntukaupa eingöngu, en tækni hefur breyst mjög á síðustu árum í sambandi við þessa ræktun og því nauðsynlegt að taka tillit til þess þar sem nú er kostnaður við plöntukaup orðinn sáralítill eða jafnvel enginn fyrir bóndann ef hann klippir græðlinga af sínum eigin runnum.

Í nál. landbn. er bent á að ein afleiðing af samdrætti í jarðræktarframlögum sem gert er ráð fyrir með þessu frv. í ræktun og skurðgreftri sé sú að m.a. muni tekjur búnaðarsambandanna sem hlutfall af þessum framlögum minnka. Þetta hefur leitt til erfiðleika í rekstri sambandanna og mun gera það áfram ef ekki verður úr bætt. Nefndin ræddi ítarlega hvernig það mætti gera. Sú hugmynd kom fram í nefndinni að Stofnlánadeild landbúnaðarins greiddi 18 millj. kr. í þessu skyni sem að mestu leyti yrði skipt milli búnaðarsambandanna eftir sömu reglum og hlutur þeirra er í Búnaðarmálasjóði, en einnig væri nauðsynlegt að t.d. 3 millj. kr. yrði varið til sameiginlegra verkefna búnaðarsambandanna, en samvinnu þeirra er verið að auka á ýmsum sviðum og taka upp nýjungar eins og t.d. í bókhaldi bænda. Hefur þegar verið veittur mikill stuðningur til að koma upp tækjum hjá búnaðarsamböndunum í þessu skyni, en síðan þarf að fá hentugan hugbúnað og fleira sem nauðsynlegt er til þess að það nýtist sem best sem búið er að gera nú þegar. Nefndin féll frá að setja sérstaka tillögu inn í þetta frv. um breytingu á jarðræktarlögunum eftir viðræður við landbrh. sem hann mun gera nánar grein fyrir hér á eftir.

Með þeim breytingum sem ég hef nú í stuttu máli gert grein fyrir mælir landbn. eindregið með því að frv. verði samþykkt. Í nefndinni eru Skúli Alexandersson formaður, Guðrún Agnarsdóttir fundaskrifari, Jón Helgason, Valgerður Sverrisdóttir, Egill Jónsson, Karvel Pálmason og Þorv. Garðar Kristjánsson. Guðmundur Ágústsson sat fundi nefndarinnar og er einnig samþykkur þessu áliti.

Egill Jónsson:

Herra forseti. Frsm. landbn. Ed., hv. 2. þm. Suðurl., hefur gert glögga grein fyrir afgreiðslu nefndarinnar og þar hefur það m.a. komið fram að nefndin er sammála um þessa afgreiðslu.

Þetta mál bar fyrst þannig að að hæstv. landbrh. sendi það til umfjöllunar á búnaðarþingi. Búnaðarþing gat ekki sætt sig við frv. í því horfi sem það var þá. Hins vegar tók búnaðarþing tillit til vissra grundvallarmarkmiða í þessu frv. og gerði brtt. með tilvísan til þess. Þessar tillögur höfðu ekki hlotið náð fyrir augum hæstv. landbrh. og þegar málið var lagt fram á Alþingi var það má segja í meginatriðum í sama horfi og þegar hann lagði það fyrir búnaðarþing. Það mætti kannski ætla með tilliti til þessarar forsögu að hér yrðu jarðræktarlögin deilumál, en nú hefur hins vegar komið í ljós að svo er ekki. Það hefur náðst sameiginleg niðurstaða sem ég fullyrði að er full sátt um í landbúnaðinum og það er grundvallaratriði við afgreiðslu þessa máls. Eftir þessum lögum eiga eitthvað í kringum 4 þús. bændur að vinna og búnaðarsamtökin, bæði Búnaðarfélag Íslands og búnaðarsamböndin, og það er þess vegna algert grundvallaratriði að um málið sé friður. Hér er þess vegna um að ræða mikinn árangur í störfum landbn. og væntanlega þessarar deildar, enda hafði ég orð á því við fyrri umræðu að málið kæmist í góða forsjá og mundi njóta góðrar forustu í þessari hv. deild. Þau orð hafa nú sannast með útgáfu þessa nál.

Þær breytingar sem verða á jarðræktarlögunum eru í þremur meginatriðum. Í fyrsta lagi er nú ákveðið að setja þak á ræktunarframkvæmdir, nýrækt og endurræktun. Það er lækkað þak sem fyrir var á skurðgröft. Þessar ákvarðanir gera það að verkum að áætlunargerð, m.a. í sambandi við fjárlög, verður bæði markvissari og langtum auðveldari. Innan þessara marka verða bændur að starfa og kemur í ljós hvort þessi þök henta eða ekki og auðvitað er það þá framtíðarinnar að meta það. Þennan kost valdi búnaðarþing frekar en skerðingar. Það hefur heldur aldrei verið neinn sérstakur ásetningur bænda landsins að eyða sem mestu fjármagni heldur að geta nýtt það sem best og beint því til þeirra verkefna sem skila sem mestum árangri. Þar af leiðandi völdu menn þennan kost og er það mikilvæg ákvörðun.

Í öðru lagi er greiðslum á framlögum flýtt samkvæmt lögunum og þær eru líka verðtryggðar með

mánaðarlegum útreikningum. Þetta er nýmæli og ef þetta verður virkt ákvæði er þetta afar mikilvægt fyrir þá sem þessara fjármuna eiga eftir að njóta. Þetta met ég með þessum hætti þótt hins vegar, sem er þá þriðja meginatriðið, einingarverð í einstökum framlögum séu lækkuð til móts við það hagræði og þann hagnað sem leiðir af þessari skipan mála með greiðslu framlaga.

Það sem skiptir hins vegar meginmáli er að hér er ekki vikið af leið. Jarðræktarlögin hafa eftir sem áður sama hlutverki að gegna og verið hefur og það er grundvallaratriði. Í þessu felast fullkomnir möguleikar á því að þau geti áfram hér eftir sem hingað til orðið til þess að efla þróun í íslenskum landbúnaði og það er grundvallaratriði.

Ég endurtek svo það, sem ég sagði áðan, að auðvitað sker reynslan úr hvernig hér hefur til tekist. Ég fullyrði að hér hefur engu á glæ verið kastað og að ef vel tekst til með þau fyrirheit sem felast í því fyrirkomulagi sem hér er upp tekið með greiðslur og pantanir innan þeirra marka sem hér er lagt til og fallist á, þá á framkvæmd þessara laga að geta orðið enn markvissari en hún hefur verið a.m.k. á allra síðustu árum.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, færa samnefndarmönnum í landbn. Ed. þakkir fyrir einstaklega ánægjulegt samstarf. Það er áreiðanlega mikilvægt fyrir landbúnaðinn hver umræðan hefur orðið um einmitt þessi mál hér á þessum vetri. Hún er orðin býsna mikil og hér hefur fengist niðurstaða þeirrar umræðu með þeim hætti sem ég tel að sé fullkomlega ásættanlegt. Það er vissulega það mikið sem á milli manna ber í orðræðum á Alþingi að það er ekki nema sjálfsagður hlutur að þess sé minnst sem vel er gert. Ég þakka trausta forustu fyrir þessu máli í landbn. og svo hér í deildinni og vona sannarlega að framhaldið fari eftir þessu því að hér sannast sannarlega sem endranær að lengi býr að fyrstu gerð.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Ég tek undir það, sem hér hefur komið fram í ræðum þeirra hv. 2. þm. Suðurl. og 4. þm. Austurl., að hér séu ánægjulegir hlutir að ske með því að öll hv. landbn. Ed. stendur að flutningi brtt. við frv. og að nál. Ég tel það mikilsvert fyrir landbúnaðinn, fyrir bændur landsins að pólitísk samstaða skuli hafa myndast um frv. þetta svo og um frv. um búfjárrækt. Ég held að það sé ekki hallað á neinn þó ég nefni að þeir hv. þm. sem ég nefndi hér áður hafi verið burðarásarnir í því að koma þessu máli á þann vettvang sem það er nú. Einnig vil ég ekki gera lítið úr hlut hæstv. landbrh. sem hefur staðið að þessu máli einhuga með okkur meðan við höfum verið að vinna að þessu máli í nefndinni og einnig aðstoðarmaður ráðherra, Álfhildur Ólafsdóttir. Ég þakka öllu þessu fólki, svo og öllum nefndarmönnum í landbn., fyrir ánægjulegt samstarf sem leitt hefur til þess árangurs sem hér blasir við.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég vil með mikilli ánægju þakka hv. landbn. Ed. fyrir mikið og vel unnið starf að þessu máli og þeim mikilvægu málum öðrum sem hér hafa verið á dagskrá í hv. deild að undanförnu og landbúnaðinum tengjast. Ég fagna að sjálfsögðu þeirri samstöðu sem hefur tekist um frv., afgreiðslu þess og breytingar á því. Þær breytingar eru, eins og hér hefur þegar verið rakið, til móts við vilja búnaðarþings en þó þeirri meginbreytingu á frv. frá gildandi lögum haldið sem felst að mínu mati einkum í tveimur efnisatriðum. Það er í fyrsta lagi að framvegis verði fjárveitingar til þessa málaflokks á grundvelli kostnaðaráætlana sem byggjast á samþykktum umsóknum og jafnframt verði þak á mikilvægustu framkvæmdaflokkunum sem eins og réttilega var tekið fram af 4. þm. Austurl. ásamt með þessari tilhögun framkvæmdanna á að auðvelda mjög áætlanagerð og ákvörðun fjárveitinga til þessa málaflokks. Það er einlæg von mín og ég vil að sá skilningur komi fram að með þeim hætti takist að tryggja betur en tekist hefur að undanförnu að fjárveitingar á hverju ári verði nægilegar til að standa straum af framkvæmdum að fullu samkvæmt ákvæðum gildandi laga. Það held ég að sé sameiginlegt áhugamál þeirra sem að þessum verkefnum koma að svo verði í framtíðinni.

Í öðru lagi er hér áhersla nokkuð færð til á endurræktun lands og hreinsun og endurbætur á þegar þurrkuðu landi, en heimild er fyrir því að styrkja nýrækt og nýskurðgröft þar sem það þykir sérstaklega henta og vera hagkvæmt og skynsamlegt. Þetta er að mínu mati skynsamleg niðurstaða og hefur vel tekist til í þessum efnum eins og öðrum við endanlegan frágang á frv.

Ég vil sérstaklega koma að því atriði sem vikið er að í nál. hv. landbn. og lýtur að fjárhagsvanda búnaðarsambandanna, en eins og þar er réttilega bent á hafa tekjur þeirra dregist saman á undanförnum árum vegna minni framkvæmda á sviði jarðræktar og búfjárræktar eða minni framlaga til þeirra verkefna, og ég vil taka undir það og árétta það, sem fram kemur í nál., að ég mun beita mér fyrir því að reyna að afla búnaðarsamböndunum aukins starfsfjár á þessu ári með einhverjum þeim hætti sem viðunandi geti orðið fyrir þeirra verkefni og þeirra störf.

Rétt er að minna á í þessu sambandi að það stendur yfir heildarendurskoðun sjóðagjalda landbúnaðarins og hefur m.a. verið um það rætt að búnaðarsamböndunum yrði tryggður einhver fastur tekjustofn út úr þeirri endurskoðun. Þess vegna er að vonum að menn hafa velt þeim möguleika fyrir sér að leita til Stofnlánadeildar landbúnaðarins um eitthvert framlag á þessu ári til að styrkja starfsemi búnaðarsambandanna og ég mun beita mér fyrir því að þau mál verði tekin upp í stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins. En til greina kæmi að leita til fleiri aðila, bæði hvað varðar fjárstuðning við búnaðarsamböndin sjálf og eins til að styðja að sameiginlegum verkefnum þeirra.

Þá vil ég að lokum, herra forseti, endurtaka þakkir

mínar til nefndarinnar fyrir vel unnin störf og mjög ánægjulegt samstarf um afgreiðslu þessa máls. Ég vil taka það fram að gefnu tilefni vegna orða sem féllu í hv. Nd. fyrir skömmu að það er ekki viðkvæmnismál fyrir þann ráðherra sem hér talar þó að frumvörp sem ég legg fram og mæli fyrir taki breytingum í meðförum Alþingis nema síður sé. Séu þær breytingar skynsamlegar og af hinu góða fagna ég þeim og styð þær, enda er það eðli löggjafarstarfsins að það mikilvægasta í því sambandi sé að vilji Alþingis, löggjafarsamkundunnar, komi fram. Það eru ekki einstakir ráðherrar sem fara með löggjafarvald né geta gert tilkall til þess að þeirra einkaskoðanir eða útfærslur mála nái fram að ganga heldur er það svo að það mikilvægasta er að vel takist til við að leiða fram við afgreiðslu mála hinn endanlega og eiginlega vilja Alþingis, löggjafarsamkundunnar sjálfrar. Þess vegna er það að mínu mati misráðið og óskynsamlegt að ráðherrar bregðist öðruvísi en vel við því ef nefndir Alþingis og Alþingi vilja leggja vinnu í að lagfæra mál og bæta þau frá því formi sem það upphaflega var á þegar þau voru þar lögð fyrir hvort sem um stjórnarfrumvörp eða frumvörp þingmanna er að ræða.

Að þessum kafla loknum ítreka ég þakkir mínar til hv. landbn. og er ánægður með þá samstöðu sem hér hefur tekist um afgreiðslu þessa mikilvæga máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

NEÐRI DEILD

100. fundur, miðvikudaginn 10. maí, kl. 2 miðdegis.

Tilhögun þingfunda.

Forseti (Hjörleifur Guttormsson):

Forseti vill í upphafi fundar geta nokkurra atriða sem snerta þinghaldið í dag. Hér verður gengið til dagskrár og er hugmynd að víkja nokkuð frá þeirri tölusettu dagskrá sem fyrir liggur til að greiða fyrir störfum og í samræmi við samkomulag um viss atriði. Það er gert ráð fyrir fundi til kl. 16 og fyrir þann tíma munu fara fram væntanlegar atkvæðagreiðslur um samkomulagsmál. Þá er gert ráð fyrir að leita eftir samkomulagi við formenn þingflokka um að hafa þingflokksfundi í styttra lagi ef ásættanlegt er og hefja á ný fund í deildinni kl. 17, en frá þessu hefur ekki verið gengið við formenn þingflokka, og að framhald þingfundar verði hér milli kl. 17 og 19. Á þeim fundi fari fram atkvæðagreiðslur ef mál verða útrædd og á þessu stigi er rétt að gera ráð fyrir kvöldfundi þótt engar ákvarðanir eða samkomulag liggi fyrir um það enn sem komið er. Það er gert ráð fyrir að forsetar þingsins komi saman hugsanlega með formönnum þingflokka kl. 15 í dag þannig að að loknum þeim fundi verður hægt að greina nánar frá um það sem samkomulag kann að takast um í sambandi við framhald á störfum þingsins hér í dag a.m.k.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 2. umr.

Frv. SP o.fl., 335. mál (forgangur skattakrafna við skipti). — Þskj. 604, n. 1019.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Árni Gunnarsson):

Herra forseti. Fjh.- og viðskn. Nd. hefur fjallað um frv. til l. um breytingu á lögum nr. 75/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. lög nr. 90/1987, og um breytingar á lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988. Í nál. sem allir nefndarmenn rita nöfn sín undir segir, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið um það umsagnir frá fjármálaráðuneytinu, Seðlabanka Íslands, Verslunarráði Íslands, Sambandi ísl. viðskiptabanka, Lögmannafélagi Íslands, réttarfarsnefnd dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, Félagi íslenskra iðnrekenda og Ragnari Hall borgarfógeta.

Frumvarpið felur í sér að felld verði úr lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og lögum um virðisaukaskatt ákvæði um forgang þeirra skattakrafna, sem lög þessi fjalla um, í þrotabúum og skuldafrágöngubúum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt."

Undir þetta rita nöfn sín Páll Pétursson, formaður nefndarinnar, Ingi Björn Albertsson, Matthías Bjarnason, Kristín Halldórsdóttir, Guðmundur G. Þórarinsson, Þórður Skúlason og Árni Gunnarsson.

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Mig langar til að nota þetta tækifæri til að þakka þá meðferð sem þetta mál hefur fengið í hv. deild og þá sérstaklega í hv. fjh.- og viðskn. Í þeirri nefnd og því áliti sem mælt var fyrir áðan hefur það komið í ljós að full samstaða virðist um málið, enda er hér um mikið réttlætismál að ræða.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Það er alveg rétt, sem kom hér fram hjá 1. flm. þessa máls, að flutningsmannasveit þessa máls er úr ýmsum áttum þótt það virðist sem innan fjh.- og viðskn. hafi skapast samstaða um málið. Það er hins vegar því miður skylda mín hér að vara við því að þetta frv. verði samþykkt. Ég væri að bregðast skyldum mínum ef ég gerði það ekki. Ástæðan er sú að ég er sannfærður um að með því að samþykkja þetta frv. væri þingið að stuðla að breytingum sem gera baráttuna gegn skattsvikum mun erfiðari.

Það er alveg ljóst að eitt af meginvandamálum varðandi bætta skattheimtu hér á landi er að fyrirtæki hafa leikið það hvað eftir annað að taka það vörslufé, sem þeim er falið að taka frá viðskiptavinum sínum

og færa til hins sameiginlega sjóðs landsmanna, traustataki og nota það í reksturinn. Þegar reksturinn síðan stöðvast kemur í ljós að þeir peningar sem fyrirtækin hafa tekið af starfsfólkinu í formi skatta eða frá viðskiptavinum sínum í formi söluskatts og síðan virðisaukaskatts hafa verið teknir inn í almennan rekstur og útgjöld fyrirtækjanna og er ekki skilað í hinn sameiginlega sjóð landsmanna.

Þetta frv. felur í sér þá grundvallarafstöðu að það sé enginn munur á því vörslufé sem fyrirtækin fá frá viðskiptavinum eða starfsfólki í formi skatta sem fyrirtækjunum er ætlað að innheimta og almennum skuldbindingum fyrirtækjanna gagnvart viðskiptavinum, fyrirtækjum, lánastofnunum og öðrum eða með öðrum orðum: í þessu frv. felst sú grundvallarhugsun að skattar sem eiga að fara í hinn sameiginlega sjóð landsmanna og fyrirtækin eru bara milliliðir sem geyma þetta fé og færa það frá launafólki og viðskiptavinum yfir í hinn almenna sjóð séu nákvæmlega eins og aðrir fjármunir sem fyrirtækin fá til eignar eða ráðstöfunar. Ég er sannfærður um að það er eitt af grundvallarmeinum í íslenska skattakerfinu að þessi hugsun hefur verið látin viðgangast. Rekstraraðilar, eigendur fyrirtækja og stjórnendur fyrirtækja, venjast á þá hugsun að skattar, söluskattur, virðisaukaskattur, staðgreiðsla á launum, séu þar eins og hverjir aðrir fjármunir sem fyrirtækin hafa til ráðstöfunar. Ég get vel skilið að lögfræðingum, bankastofnunum og ýmsum öðrum sem eiga viðskipti við fyrirtæki og atvinnulíf finnist snúið fyrir sig að þurfa að ganga úr skugga um að hve miklu leyti fyrirtækin hafi staðið í skilum eða staðið við skuldbindingar sínar gagnvart þessu vörslufé. En það er engu að síður grundvallaratriði, ef við ætlum að geta náð árangri í baráttunni gegn skattsvikum í þessu landi, að atvinnulífið, rekstraraðilar allir, fjármálastofnanir og bankakerfi, sé knúið til þess að gera skýran greinarmun á vörslufé fyrirtækjanna úr almannasjóði landsmanna, sköttum sem launafólk á að greiða og hefur greitt til fyrirtækjanna, söluskatti og virðisaukaskatti og öðrum fjármunum sem fyrirtækin hafa frá sjálfum sér eða frá öðrum fyrirtækjum. Ég hlýt þess vegna, þrátt fyrir hina miklu samstöðu sem er í flutningsmannasveit þessa frumvarps og í nefndinni við athugun á málinu, að lýsa þeirri skoðun minni að ég vara þingið alvarlega við að samþykkja þetta frv. Þar með er þingið að gera baráttuna gegn skattsvikum á Íslandi mun erfiðari en ella. Ég hafði talið að það væri almenn samstaða um það innan þingsins eins og úti í þjóðfélaginu að það væri eitt af stórverkefnunum í opinberum fjármálum á Íslandi og í skattakerfi að gera baráttuna gegn skattsvikunum sem árangursríkasta og að breyta löggjöf og breyta hegðun á þann veg að menn hættu að stela sköttum frá launafólki í formi staðgreiðslunnar eða söluskatti eða væntanlegum virðisaukaskatti og nota það í rekstur fyrirtækjanna. Ef þetta frv. verður samþykkt verður aftur horfið í það að enginn munur sé gagnvart uppgjöri fyrirtækjanna á þessu vörslufé sem almenningur í landinu á, sem tilheyrir hinum sameiginlega sjóði landsmanna, og öðrum fjármunum sem fyrirtækin hafa til meðferðar. Og ég spyr hv. Alþingi: Eru menn virkilega sannfærðir um að þetta sé rétt ákvörðun? Eru menn virkilega sannfærðir um að svo brýnt sé að hverfa aftur til þessa horfs að menn séu reiðubúnir að gera okkur sem eigum að tryggja framkvæmd skattakerfisins, sem hefur verið falið að berjast gegn skattsvikum í þessu landi verkið mun erfiðara? Ég vil þess vegna biðja hv. Alþingi, bæði þessa deild og aðra, að hugsa sig vel um áður en þetta frv. er samþykkt.

Ég tel ekki rétt, þó efnislega væri það eðlilegast, að ég formlega legði það til hér að frv. yrði fellt vegna þess að nefndin skilar því hér að mér skilst einhuga í deildina og hefur væntanlega skoðað það vel, en ég hlýt að setja fram þessi viðvörunarorð við 2. umr. málsins og gera það alveg klárt að að okkar dómi, sem eigum að bera ábyrgð á baráttunni gegn skattsvikum, eigum að bera ábyrgð á að gera skattkerfið virkara og eigum að bera ábyrgð á því að menn hætti að stela undan skatti með því að nota vörslufé í almennan rekstur mun þetta frumvarp gera okkar verk mun erfiðara ef það verður samþykkt. Það er ástæðan fyrir því að lagðar voru fyrir þær breytingar sem hér á nú að snúa til baka og ég teldi nauðsynlegt að þingið gerði þá skýra grein fyrir því hvort það sé virkilega þeirrar skoðunar að það eigi ekki að gera neinn greinarmun á þessu vörslufé, sköttunum sem fyrirtækjunum er falið að innheimta og þau eiga að skila aftur, og öðrum fjármunum sem þau hafa til meðferðar.

Þess vegna, virðulegur forseti, hef ég kvatt mér hér hljóðs við 2. umr. svo það liggi alveg ljóst fyrir að af hálfu fjmrn. og af hálfu fjmrh. er þingið eindregið varað við að samþykkja þetta frv. vegna þess að við erum sannfærð um það að verði það samþykkt mun það gera baráttuna gegn skattsvikum á Íslandi erfiðari, vissulega ekki vonlausa en mun erfiðari en hún væri ella.

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegur forseti. Ég vil gera hvert orð sem hæstv. fjmrh. sagði áðan að mínum um þetta mál. Verði þetta frumvarp samþykkt eiga innheimtumenn ríkissjóðs ekki annan kost en þann að ganga mun harðara fram í innheimtuaðgerðum gagnvart þessum gjöldum en þeir hafa gert áður. Það hefur verið gagnrýnt að innheimtumenn ríkissjóðs hafi e.t.v. séð um of í gegnum fingur sér við ýmis fyrirtæki og rekstraraðila sem ekki hafa staðið í skilum með þau gjöld sem innheimtumenn ríkissjóðs hafa átt að innheimta á réttum tíma. Það er vissulega rétt að ríkið hefur í undantekningartilvikum tapað einhverju fé á því. En það sem þó hefur gert innheimtumönnum ríkisins fært að reyna að líta til með fyrirtækjum sem eru í tímabundnum erfiðleikum og ganga ekki hart að fyrirtækjum sem eru kannski undirstöðuatvinnurekendur í litlum byggðarlögum hefur verið það að þær kröfur sem ríkissjóður hefur átt til þessara opinberu gjalda hafa verið forgangskröfur ef illa hefur gengið.

Verði það hins vegar afnumið eiga innheimtumenn ríkissjóðs engan annan kost en þann að bregðast við því með því að ganga mjög hart fram til að innheimta þær kröfur sem ríkissjóður á og hefur ekki fengið greiddar á gjalddögum og skirrast þá ekkert við að loka fyrirtækjum sem ekki standa í skilum fljótlega eftir að skiladagur er liðinn án þess að taka e.t.v. það tillit sem menn hafa stundum reynt að taka til atvinnulífs á svæðinu og annarra aðstæðna.

Ég held, virðulegur forseti, að það sé líka annað sem menn þyrftu að skoða nánar og það er það að við slíkar aðstæður er í hópi forgangskrafna aðeins sá hluti iðgjaldagreiðslna til lífeyrissjóða sem launþegi hefur greitt, sem tekið hefur verið af launum launþega. Sá hluti iðgjaldagreiðslunnar, í flestum tilvikum 6% af 10% sem atvinnurekendur greiða, er hins vegar ekki forgangskrafa á sama hátt. Þetta hefur orðið til þess að viðkomandi launþegar hafa í mörgum tilvikum glatað í fyrsta lagi mótframlagi atvinnurekanda sem hefði átt að ganga inn í lífeyrisgreiðslur þeirra vegna, jafnvel þó svo að fólkið hafi ekki glatað sínum 4% sem af því höfðu verið tekin. Þetta hefur haft þau áhrif m.a. að fólk hefur misst af lífeyrisréttindum sem það er búið að ávinna sér með vinnu sinni vegna þess að það fé sem atvinnurekandi hefur átt að standa skil á hefur glatast. Og menn skulu huga að því að það er ekki aðeins að þar hafi tapast lífeyrisréttur heldur er samkvæmt húsnæðislánakerfinu, því opinbera sem við búum við í dag, líka hætta á að sumt af þessu fólki glati lánsréttindum sínum til húsnæðislána, en það er gerð krafa um það í hinu opinbera húsnæðislánakerfi að til þess að menn fái greidd húsnæðislán hafi þeir verið borgandi félagsmenn í lífeyrissjóðum um ákveðinn tíma áður en um lánið er sótt og það hafið. Fólk á þess vegna á hættu að glata lífeyrisréttindum sínum og lánsréttindum hjá Húsnæðisstofnun ríkisins og sjóðum Húsnæðisstofnunar.

Ég held að það væri réttara, virðulegi forseti, að hafa þá afgreiðslu á þessu frumvarpi að vísa því til ríkisstjórnarinnar til nánari skoðunar, m.a. með tilliti til þess atriðis sem ég hef nú nefnt, og verði frumvarpið afgreitt þvert móti vonum mínum eftir 2. umr. með þeim hætti sem lagt er til mun ég leggja til við 3. umr. málsins að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar, m.a. með þeim rökstuðningi sem ég hef hér áður greint frá.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Árni Gunnarsson):

Herra forseti. Mér kemur nokkuð á óvart hver viðbrögð hafa orðið við þessu frumvarpi og afgreiðslu hv. fjh.- og viðskn. á því.

Ég hefði kosið að fá a.m.k. skriflegt álit á borð við það sem hæstv. fjmrh. hefur borið fram inn í nefndina áður en frumvarpið var afgreitt úr henni.

Ég hef við þessa umræðu og þessar skarplegu athugasemdir þeirra tveggja hv. þm. sem hér hafa talað verið að velta því fyrir mér hvernig ríkissjóður fór að áður en hann fékk þann forgangsrétt sem hann hefur nú. Þá vil ég auk þess vekja athygli á því að það er til önnur hlið á þessu máli sem einkum hefur verið fjallað um í hv. fjh.- og viðskn. Það er réttur einstaklingsins í þjóðfélaginu gagnvart ríkissjóði. Við höfum fjöldamörg dæmi þess að einstaklingar sem hafa átt inni fjármuni hjá fyrirtækjum sem hafa orðið gjaldþrota hafa sjáfir orðið gjaldþrota vegna þess að kröfuréttur ríkissjóðs hefur verið svo mikill að það hefur ekkert verið eftir til skiptanna eftir að ríkissjóður hefur fengið sitt. Þetta er hin hliðin á málinu. Það er spurningin um rétt einstaklingsins gagnvart ríkissjóði til þess að fá til baka fjármuni sem hann hefur kannski lánað fyrirtækjum eða einstaklingum sem hafa orðið gjaldþrota.

Ég tek undir það með hæstv. fjmrh. að við þurfum að vopna ríkissjóð þannig að hann geti gengið í skrokk á skattsvikurum. Ég er hins vegar ekki svo sannfærður um að þetta vegi verulega þungt í því tilefni að ríkissjóður þurfi að sækja sína peninga til fyrirtækja sem hafa orðið „fallít". Ég hygg, eins og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sagði, að innheimtumenn ríkissjóðs muni bara sækja sínar kröfur með enn þá meiri hörku en fyrr. En ég tel hins vegar engan vafa á því leika í demókratísku samfélagi að við verðum að tryggja rétt einstaklinganna í þessu tilviki gagnvart ríkissjóði. Við getum ekki gengið svo hart fram að einstaklingar þurfi að búa við að verða gjaldþrota vegna þess að ríkissjóður eigi algerar forgangskröfur í þrotabú fyrirtækja og einstaklinga. Ég veit ekki hvort það er í raun og veru sú skilaregla á fjármunum sem eðlileg og sjálfsögð getur talist.

Ég vil í sambandi við þá umræðu sem hér hefur farið fram draga þessa mynd upp vegna þess að það er þessi hlið sem aðallega hefur snúið að okkur í hv. fjh.- og viðskn. Það er sú hlið sem snýr að einstaklingnum í þeim frumskógi innheimtuaðgerða sem við berjum auga á hverjum degi.

Ég ætla ekki að stofna til deilna um þetta mál. Ég held að það væri fullkomlega eðlilegt að ræða og athuga hvort það kunni að finnast einhver leið til þess að sætta hæstv. fjmrh. við að frumvarpið fái hér afgreiðslu því að svo mikil er samstaðan í fjh.- og viðskn. um þetta frv. að ég hygg að það verði nokkuð snúið að víkja út af þeirri braut sem nefndin hefur raunverulega markað með nál. sem ég mælti fyrir áðan.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég fagna því að hv. fjh.- og viðskn. hefur náð víðtæku samkomulagi um það réttlætismál sem hér er til umræðu í þessu frumvarpsformi og vænti þess fastlega að það verði til þess að þetta frumvarp verði samþykkt á yfirstandandi þingi jafnsjálfsagt og það er samkvæmt efni málsins.

Það er líka eðlilegt að hæstv. fjmrh. komi hér upp og verji ríkissjóð og þvoi hendur sínar með þeim hætti sem hann gerði, þeim kattarþvottarhætti sem hann gerði hér áðan. Með því er hann að gera það sem honum er líkast, þ.e. að koma árangursleysi í baráttunni gegn skattsvikum á ábyrgð allt annarra aðila en hans sjálfs og hér séu þingmenn að leggja stein í götu þess að hæstv. ráðherra geti unnið að þeim málum

eins og honum ber skylda til. Þetta er auðvitað algjörlega rangt og lýsir algjöru skilningsleysi hæstv. ráðherra á því um hvað þetta frumarp snýst. Ég læt í ljós hryggð mína að þurfa að hlusta á hæstv. ráðherra halda fram þeim rökum sem hann var að lýsa í sinni ræðu áðan. Hæstv. ríkisstjórn hefur að undanförnu ýmislegt gert á hlut fyrirtækjanna. Hann hefur neitað því að efna til almennra efnahagsaðgerða, neitað því að beita almennum aðgerðum til að tryggja jafnrétti milli aðila í þjóðfélaginu. Hæstv. ríkisstjórn hefur tekið að sér að veita ríkisábyrgð vegna sumra krafna sem hvíla á fyrirtækjum, til að mynda með því sem hefur gerst í Hlutafjársjóðnum. Síðan kemur hæstv. ráðherra og belgir sig hérna út með þeim hætti sem hann gerði áðan og gefur til kynna að verði þetta frumvarp samþykkt þá sé búið að taka frá honum þau vopn sem hann hafi til þess að koma í veg fyrir skattsvik hér á landi. Þetta er náttúrlega algjörlega út í bláinn. Það eina sem maður skilur er það að hæstv. ráðherra vill finna blóraböggul. Hann vill geta kennt einhverjum ákveðnum þingmönnum um þegar honum hefur mistekist það sem hann á að gera í sínu starfi.

Það sem við verðum að hafa í huga í þessu máli er að það eru ekki eingöngu fjármunir sem ríkissjóður á sem eru í rekstri fyrirtækjanna heldur og aðrir fjármunir, bæði fjármunir eigendanna sjálfra og eins allt lánsfjármagn sem er í fyrirtækjunum. Hvort sem það fjármagn er tekið að láni í bankakerfinu eða hvort einhver viðskipti með þjónustu eða fjármuni séu með þeim hætti að það séu lánsviðskipti, þá eru þeir fjármunir í fyrirtækjarekstrinum hverju sinni og skiptir þar engu máli hvort ríkisjóður er eigandi fjármagnsins eða einhver annar aðili.

Þetta frumvarp snýst um hvort við hér á landi ætlum að gera það sama og gert hefur verið í nálægum löndum, að hverfa frá því, sem var til siðs á síðustu öld og kannski fram eftir þessari öld, að tryggja hagsmuni krúnunnar, ríkissjóðsins. Mér finnst hæstv. ráðherra vera farinn að haga sér líkt og konungar gerðu forðum. Hann hugsar þannig um fjárhirslur ríkisins að hann skilur það ekki að það eru fleiri sem stundum eiga kröfur í bú en eingöngu ríkissjóður. Þetta er jafnréttismál á milli aðila og ekki nóg með það. Ríkissjóður hefur með ýmsum hætti tækifæri til að ná sínum fjármunum og það er alveg hárrétt, sem kom fram hjá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni, að ríkissjóður getur auðvitað gripið til ýmiss konar ráðstafana miklu fyrr en hann hefur gert. Það er sjálfsagt alveg rétt hjá honum líka að ríkissjóður hefur ekki gert það vegna þess að í mörgum tilvikum er um að ræða fyrirtæki sem eru ákaflega viðkvæm, fyrirtæki sem eru kannski einu atvinnufyrirtækin í byggðarlaginu og þá, eins og hv. þingmaður orðaði það: Þá getur verið gott að ríkissjóður sjái til þess að fyrirtæki geti lifað um stund. Ja, sér eru nú hver gæðin! Ríkissjóður ætlar að veita þessu blóði til fyrirtækjanna með því að hafa sitt á þurru, með því að halda lífi í fyrirtækjum sem verða að taka lán hjá ýmsum öðrum. Ríkissjóði er alveg sama um þá, þeir mega tapa öllu sínu. Auðvitað á ríkissjóður að ganga eftir því að kröfur hans séu greiddar eins og allir aðrir í þjóðfélaginu verða að gera. Það hefur enginn betri tök á því að fylgjast með þessu en ríkissjóður. Það eru þess vegna engin rök sem koma fram í máli hæstv. ráðherra sem mæla með því að þessu sé haldið áfram önnur en þau að hæstv. ráðherra vill að ríkissjóður hafi forgang til þess að hann geti leikið sér með ríkissjóð, spilað á þessi fyrirtæki, haldið þeim gangandi þar sem hann hefur velþóknun á, ef trúa má því sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sagði þegar hann var að lýsa frekar þeirri hugsun sem að baki liggur bæði hjá hæstv. ráðherra og eins hjá hv. formanni fjvn. Aðrir þingmenn, þar á meðal allir þingmennirnir í hv. fjh.- og viðskn. Nd., hafa skilning á því að það eigi að ríkja jafnrétti á milli kröfuhafa.

Nú skulum við hugsa þetta aðeins frekar. Hverjir eru það sem tapa ef um forgangskröfur ríkisins er að ræða? Og við skulum hugsa okkur dæmi hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, við skulum halda því hér til haga. Hugsum okkur að ríkissjóður segi sem svo: Ja, það er eitt fyrirtæki á þessum stað. Við skulum ekki ganga að þessu fyrirtæki, enda hefur ríkið forgangskröfu. Þá er verið að segja öðrum kröfuhöfum: Það er allt í lagi með þetta fyrirtæki. Ríkissjóður hefur ekkert gert til þess að ná inn sínum kröfum og við getum þess vegna treyst því að við fáum okkar kröfur líka greiddar. Svo allt í einu er lokað á fyrirtækið, kröfum er raðað í röð, ríkissjóður hefur sitt á þurru, en hinir tapa öllu. Hverjir eru þessir hinir? Jú, það eru bankar. Hverjir eiga peningana í bönkunum? Bankastjórarnir? Valur Arnþórsson? Sverrir Hermannsson? Nei, það eru sparifjáreigendur sem eiga þá fjármuni sem í bönkunum eru. Eiga þeir að tapa? Vill hæstv. ráðherra segja sem svo: Ja, það er mátulegt á þessa andskotans sparifjáreigendur að þeir tapi. Þetta eru allt okrarar. Er það ekki? Eða kann að vera að það séu önnur fyrirtæki sem eigi kannski hjá þessum fyrirtækjum? Hugsum okkur að þetta sé fyrirtæki í sjávarútvegi þar sem t.d. kröfuhafarnir eru skipasmíðastöðvar, eru verkstæði, eru hin og þessi önnur fyrirtæki. Þessi fyrirtæki tapa sínu og hver á kannski inni hjá þeim fyrirtækjum? Getur ekki verið að ríkissjóður eigi líka peninga hjá þeim fyrirtækjum? Ríkissjóður hefur allt sitt á þurru og síðan má fylgja þessu dæmi aftur koll af kolli því að þannig er nú með viðskiptalífið hér á landi eins og víðast annars staðar að fyrirtæki eru rekin meira og minna með lánsfé eins og við sem höfum stundað fyrirtækjarekstur þekkjum ósköp vel.

Ég er alveg handviss um að það er rétt hjá hv. þm. Árna Gunnarssyni að það er hægt fyrir ríkissjóð að ganga frekar eftir sínum kröfum og það er eðlilegt að ríkissjóður geri það eins og aðrir kröfuhafar en njóti ekki þessa forgangs og haldi þess vegna lífi í fyrirtækinu lengur en ástæða er til. Það er auðvitað enginn vandi að vera fjmrh. og sjá um fjármál ríkisins ef maður getur alltaf gengið að því vísu, þó að maður sjái í gegnum fingur sér við fyrirtæki, eins og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson orðaði það, að allt sé í lagi því

að ríkið á forgangskröfu þegar til uppgjörs kemur. Þessi hugsunarháttur er aldargamall. Þetta er hugsunarháttur þeirra sem studdu konungsvald á sínum tíma, þeirra sem telja að ríkið sé aðalatriðið og þegnarnir séu til fyrir ríkið. En hinir skilja kall tímans. Þeir vilja jafnrétti í þjóðfélaginu, og sem betur fer skilja allir þingmenn í hv. fjh.- og viðskn. að þetta er liðin tíð, jafnvel þótt hæstv. fjmrh. heiti í dag Ólafur Ragnar Grímsson og haldi að hann sé konungur hér á landi. Það er nefnilega algerlega út í bláinn að tala um stuld og þjófnað í þessu sambandi nema þá skýra dæmið út í hörgul og segja að menn séu að stela einnig frá öðrum. Það leikur sér enginn í þessu þjóðfélagi að því að ég hygg eða a.m.k. mjög fáir að fara á hausinn og tapa þannig eignum sínum.

En nú kem ég að öðru. Hverjir eru þeir sem skammta rekstrarskilyrðin fyrir þau fyrirtæki sem eru viðkvæmust í hverri byggð? Hverjir skyldu það vera? Hverjir eru það sem ráða gengismálunum? Hverjir eru þeir sem hafa lýst því yfir að þeir hafi vald á vaxtamálunum? Hverjir eru það sem ráða í raun rekstrarskilyrðum þessara fyrirtækja? Skyldi það vera hæstv. ríkisstjórn? Skyldi það ekki vera hæstv. ríkisstjórn?

Auðvitað ræður hæstv. ríkisstjórn heilmiklu um þetta mál eins og allir vita. Ef það á að koma afkomu fyrirtækjanna upp fyrir núllpunktinn, ef það á að reka fyrirtækin þannig að ríkissjóði sé ekki hætt né öðrum kröfuhöfum, verður að laga þessi rekstrarskilyrði. Og ég skora á hæstv. fjmrh. að huga að því hvort það sé ekki til önnur og skárri leið en sú sem hann er að nefna, sú leið að koma þannig skikki á þessi mál að það séu hér þau rekstrarskilyrði fyrir hendi að fyrirtækin sem eru almennt sæmilega vel rekin séu ekki rekin með halla.

Ég vildi, virðulegur forseti, að þetta kæmi fram. Ég vil aðeins að lokum nota þetta tækifæri til að þakka hv. flm. þessa frv. fyrir það að hafa lagt þetta frv. fram og þakka í leiðinni hv. fjh.- og viðskn. fyrir þann skilning sem hún sýnir á þessu jafnréttismáli, en harma að það skuli enn vera til slíkir afturhaldsmenn hér á Alþingi Íslendinga, reyndar ekki kjörnir heldur í líki fjmrh., sem koma hingað upp og segja: Ríkið skal ganga fyrir í einu og öllu og svo er okkur sama hvað gerist um alla aðra kröfuhafa. Slíkan hugsunarhátt þarf að kveða niður. Slíkan hroka þarf að kveða niður og það þarf að kenna þessum mönnum að snúa sér að því að koma rekstrarskilyrðum atvinnugreinanna og atvinnufyrirtækjanna í lag fremur en belgja sig út í ræðustól og tala eins og þeir séu ríkið. Ég er ríkið, sagði hæstv. fjmrh. líkt og Loðvík XIV.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Þetta eru orðnar nokkuð merkilegar umræður. En hæstv. fjmrh. sagði áðan að fyrirtækin lékju það að taka traustataki fé, sem þeim hefur verið falið að innheimta, í eigin vörslu, sem ætti að skila í sameiginlega sjóði landsmanna. Hvað á svona talsmáti að þýða? Þetta er rekstur. Það er ekki til nein sérstök skilgreining á því hvað er fé hvers í rekstri fyrirtækis. Þetta er áhætturekstur. Og áhættan er auðvitað jöfn allra rekstraraðila fyrirtækis, ríkissjóðs sem annarra.

Ríkisstjórnin á að fylgjast með rekstri fyrirtækja í gegnum bankaeftirlitið. Samkvæmt lögum um Seðlabanka Íslands á Seðlabankinn sem stundar bankaeftirlit að hafa eftirlit með rekstri fyrirtækja í gegnum þessa deild. Þetta er hin rétta deild ríkisins til þess að fara með eftirlit með fyrirtækjum. En ef það á að skilgreina sérstaklega vörslufé ríkisins í rekstri fyrirtækis, á þá ekki að skilgreina líka vörslufé annarra viðskiptavina? Á að skilgreina vörslufé allra viðskiptavina fyrirtækisins sem einhverja sérstaka eign þeirra? Eru ekki allir jafnir fyrir lögum, ég hélt það, og ríkið líka?

Nú um stundir og fram í tímann snýst þetta um að laga efnahagsástandið þannig að ríkissjóður þurfi ekki að glata fjármunum því að fjármunir verða ekki til þegar framleiðslan er stopp eða hætt er að framleiða verðmætin. Hv. formaður fjvn. sagði áðan að innheimtumenn ríkissjóðs yrðu að ganga mjög hart fram ef þetta frv. yrði að lögum. Þetta er hótun um að senda fógetann á liðið með harkalegri hætti en nokkru sinni fyrr ef þetta frv. verður að lögum. Ef ríkissjóður á að vera jafn öðrum viðskiptavinum fyrirtækisins fyrir lögum á að senda fógetann á liðið með einhverri ofbeldisaðgerð. Þetta er alveg furðuleg skilgreining og furðulegur hugsunarháttur.

Raunverulega eru fyrirtæki á Íslandi orðin fórnarlömb efnahagslegrar óstjórnar. Það er skrýtið að fórnarlömbin skuli vera gerð að sökudólgum. Það er að hengja bakara fyrir smið. Ætli sökudólgurinn sé ekki m.a. sú ofsköttunarstefna sem þessi ríkisstjórn kýldi í gegnum Alþingi fyrir áramót, hækkaði skatta um 7 milljarða á fyrirtækjum sem hún sagðist ætla að bjarga. Hver er sínum gjöfum glíkastur í björgunaraðferðunum. Það er ekki hægt að segja annað.

Kjarni þessa máls er sá að það eru allir jafnir fyrir lögum og ríkissjóður líka. Það hefur engin önnur skilgreining komið fram. Mér þætti gaman ef hæstv. fjmrh. vildi þá útskýra fyrir okkur hvaða lög það eru sem segja að ríkið gangi fyrir í lögum, að ríkissjóður sé fyrst og síðan einhverjir aðrir. Sú saga er bara þekkt úr bókinni „Dýrabær" þar sem dýrin á búgarðinum rændu völdunum og sömdu fyrst þá reglu að öll dýrin væru jöfn. Síðan rændu svínin völdunum. Og þá hljóðaði reglan: Öll dýrin eru jöfn, en sum eru jafnari en hin. Ég þekki þessa líkingu ekki í annarri sögu en þessari. Ég veit ekki til þess að hún eigi sér stoð í íslensku réttarfari.

Kjarni þessa máls er sá að það eru allir jafnir fyrir lögum. Það er niðurstaðan í þessu máli. Og ég vona að þetta frv. verði samþykkt.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég er áheyrnarfulltrúi í fjh.- og viðskn. og þess vegna finnst mér rétt að það komi fram mín afstaða við þessa umræðu. Þannig var að þegar var verið að undirbúa að leggja fram þetta frv. hér á Alþingi kom varamaður minn til mín til þess að

inna mig eftir því hvernig mér litist á það að hún væri þar meðflm. Ég benti henni einmitt á þá hættu sem í því felst að ef þetta frv. yrði að lögum væru innheimtumenn ríkisins neyddir til þess að ganga langtum harðar fram í innheimtu til að standa í stykkinu í sambandi við sín innheimtustörf. Þetta var fyrst og fremst ástæðan. Og í nefndinni kom ég með þennan rökstuðning, en á það var ekki hlustað.

Fyrirtæki er kannski þannig að atvinnulífið stendur og fellur með því, eins og hefur verið hjá okkur og við horfum nú upp á, og ef ríkissjóður hefði gengið hart að væri búið að stöðva fyrirtækin sum hver fyrir löngu. Það getur vel verið að menn séu talsmenn fyrir því eins og síðustu tveir hv. ræðumenn að það eigi að gera það. Það er eins og þeim komi ekkert við það ástand sem er. Þeir hafa ekki komið nálægt því. Hverjir báru ábyrgð á því að hækka vextina um rúm 100% á ríkisvíxlunum fyrstu fimm mánuðina sem ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar ríkti? Var það þessi ríkisstjórn? (**FrS:** Hver bar ábyrgð á víxlunum hjá Búnaðarbankanum?) Það var fyrst og fremst ríkisstjórn sú sem sat þá að völdum vegna þess að af þessu tóku sparifjáreigendur peningana sína út til að kaupa ríkisvíxla og ef það var gert þurftu bankarnir að borga refsivexti hjá Seðlabankanum af því að það er búið að koma því þannig fyrir að um 23% er bundið þar, bæði lausafjárbinding og hin venjulega skyldubinding. Þetta var ástæðan þannig að hv. 1. þm. Reykv. getur ekki þvegið hendur sínar af þessu máli.

Nei, ég held að menn þurfi að hugleiða þetta mjög vel. Það er alveg rétt að það eru fleiri en ein hlið á þessu máli og þess vegna þarf að skoða þetta miklu betur en ætla að flaustra þessu af hér og nú.

Ég vil að þetta komi fram og ég er eiginlega undrandi á tveimur síðustu hv. ræðumönnum hvernig þeir haga sínum málflutningi. En það er auðheyrt að þeir eru ekki í stjórnaraðstöðu núna. Þeir eru stjórnarandstæðingar og nota þess vegna hvert tækifæri sem býðst til að reyna að koma höggi á þessa ríkisstjórn. Ég hélt að það þyrfti ekki að nota svona tækifæri til þess.

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Ég ítreka þakkir til hv. fjh.- og viðskn. fyrir samhljóða álit hennar sem gerð var grein fyrir áðan af hv. 3. þm. Norðurl. e. Ég taldi mig hafa gert nokkuð nákvæma grein fyrir máli þessu í framsögu, en vegna orða hæstv. fjmrh. áðan sé ég ástæðu til að skýra þetta mál nánar.

Ég hlýt að lýsa undrun minni yfir því að hæstv. fjmrh. sé að gera tilraun til að rjúfa þá samstöðu sem um þetta mál hefur skapast. Ég get engan veginn fallist á að þetta mál snúist um baráttu gegn skattsvikum heldur er hér um að ræða rétt einstaklingsins gegn ríkisvaldinu og mun ég færa fyrir því rök hér á eftir m.a. með tilvitnum í umsagnir í þessu máli. Þær voru margar og allar jákvæðar nema sú sem síðast barst og var frá fjmrn.

Vegna orða hv. þm. Sighvats Björgvinssonar vil ég halda því fram að orð hans byggist nokkuð á misskilningi, sérstaklega varðandi lífeyrisréttindi, og hygg ég að það skýrist hér á eftir.

Ég vil byrja á að vitna í minnistriði frá fjmrn. um þetta frv. og vil greina frá því hér, með leyfi virðulegs forseta. En þar segir í upphafi:

„Vegna þess sem frá er greint í ofannefndu frv. skal viðurkennt að nákvæm athugun í þessum efnum fór ekki fram er frv. að ofangreindum lögum voru samin og ekki var hirt um að leita til sérfróðra manna á sviði skiptaréttar. Þeir sem að samningu frumvarpanna unnu voru hins vegar sammála um að nauðsynlegt væri þegar litið væri til eðlis umræddra skattkrafna að tryggja þeim forgang við gjaldþrotaskipti. Í raun má segja að fjmrn. hafi jafnan litið svo á að afdregin þinggjöld einstaklinga, svo og söluskattur, væru í raun vörslufé hjá launagreiðendum og þeim sem stunda söluskattsskylda starfsemi. Því væri eðlilegt við gjaldþrot að ríkissjóður gæti gengið að fénu eins og hver annar eigandi munar í vörslu hins gjaldþrota aðila og skipti ekki máli í því sambandi þó ekki sé skylt að halda sköttunum sérgreindum í rekstrinum."

Hér er byggt á sömu sjónarmiðum og hæstv. fjmrh. byggði á í ræðu sinni áðan. Það er misskilningur vegna þess að það er ekki hægt að líta á þetta fé sem vörslufé í búi. Öll lagaleg rök mæla gegn því því að segja má að hér sé þá um eignarrétt ríkisins að ræða í stað kröfuréttar. Þetta er fræðilegt atriði sem ég bið menn um að athuga. Í þessu sambandi má benda á fyrra álit réttarfarsnefndar sem ég vitnaði í með framsögu minni með þessu frv. en þar segir m.a., með leyfi virðulegs forseta:

„Ef litið yrði svo á að innheimtumaður njóti þrátt fyrir framangreint eignarréttinda að afdregnum opinberum gjöldum í vörslum launagreiðanda yrði hætt við að tilkall hans á þeim grunni reynist haldlítið. Eignarréttur innheimtumanns gæti með þessum hætti aðeins tekið til peninga í vörslum bús sem launagreiðandi hefur haldið eftir í stað þess að greiða launþega. Tilvist peninga eða bankainnistæðna í vörslum þrotabúa er sjaldséð. Sérréttindi innheimtumanns yrðu því að engu ef peningaeign væri engin í búi þó svo því tilheyrðu aðrar eignir, t.d. fasteign sem síðar yrði umbreytt í peninga. Hugsanleg eignarréttindi innheimtumanns gætu ekki beinst að fjármunum af slíkum uppruna.

Enn fremur segir í þessum minnisatriðum frá fjmrn.: „Ef kröfum sem þessum er ekki tryggður forgangur, einkum vegna hins eignarréttarlega ívafs þeirra, má jafnvel líta svo á að öðrum kröfuhöfum sé tryggð „ólögmæt" auðgun þar sem verið sé að draga inn í skiptin fé sem tilheyrir ekki búinu. Það er þessi hugsun sem fyrst og fremst býr að baki lagafyrirmælanna um forgangsröð staðgreiðslunnar og virðisaukaskattsins. Vissulega kunna ákvæði sem þessi að rýra möguleika veðkröfuhafa til þess að ná fullnustu í þrotabúum. Það þykir hins vegar réttlætanlegt þegar tekið er tillit til eðlis þeirra skattkrafna sem hér um ræðir."

Það er ekki einungis að þau rök sem hér eru færð

fram af hálfu ráðuneytisins séu andstæð gildandi lögum, venjum og ríkjandi viðhorfum heldur er hér beinlínis verið að ganga á rétt einstaklingsins í þessu þjóðfélagi gagnvart ríkisvaldinu. Það er svo sem ekkert nýtt þegar litið er til aðgerða þessarar ríkisstjórnar. En hér er ætlunin einnig að færa réttarstöðu okkar í þá stöðu sem hér ríkti þegar við bjuggum við konungsvald eins og fram hefur komið í umræðum hér áður og að sjálfsögðu er þetta þvert á ríkjandi löggjafarviðhorf á Vesturlöndum.

Ég sé ástæðu til að halda áfram að vitna í fræðilegar umsagnir í þessu máli vegna þeirra orða sem hér hafa fallið og mun því vitna næst í umsögn frá réttarfarsnefnd, en þar segir m.a. um þetta efni, með leyfi virðulegs forseta: „Fyrirmæli VIII. kaflans", og hér er verið að vísa í skiptalög, „lýsa innbyrðis rétthæfi þessara krafna af nákvæmni og má því augljóst vera að best fari á að allar forgangskröfur séu taldar þar á einum stað í samhengi en ekki í sérlögum. Getur réttarfarsnefnd því tekið undir ummæli í athugasemdum með frumvarpinu sem að þessu lúta, auk þess sem þar kemur fram um ómarkvissar tilvísanir umræddra ákvæða laga nr. 45/1987 og 50/1988 til 82. gr. laga nr. 3/1878 því veruleg óvissa getur verið um hvernig þær skuli skýrðar." — Það er haldið hér áfram og segir síðan: „Telur réttarfarsnefnd því unnt að samsinna því grundvallarviðhorfi frumvarpsins að kröfur um opinber gjöld eigi ekki almennt að njóta rétthærri stöðu við búskipti en kröfur skuldheimtumanna að öðru leyti" og er það rakið nánar.

Enn fremur segir: „Í 1. gr. frumvarpsins er sem áður segir gert ráð fyrir brottnámi sérreglu 2. mgr. 29. gr. laga nr. 45/1987, um stöðu kröfu um staðgreidd opinber gjöld í skuldaröð. Réttarfarsnefnd telur rök ekki standa til að kröfur sem þessar njóti stöðu í rétthæsta flokki peningakrafna í skuldaröð skv. 82. gr. laga nr. 3/1878 [sem eru skiptalögin] eins og núgildandi regla kveður á um, jafnvel í þeim mæli að kröfur þessar geti hugsanlega staðið veðkröfum framar. Í þessum efnum má hafa hliðsjón af því að kröfur sem þessar verða til á þann hátt að launagreiðandi heldur peningafjárhæð eftir af útborguðum launum starfsmanns. Krafa starfsmannsins sjálfs um vangoldin laun nyti einvörðungu stöðu skv. 84. gr. skiptalaga sem er talsvert réttlægri en krafa innheimtumanns um staðgreiðslufé." — Og ég bið hv. þm. um að taka eftir því sem ég segi hér á eftir — „Verður að telja í hæsta máta óeðlilegt að hlutdeild í ógreiddri vinnulaunakröfu geti hækkað í skuldaröð við það eitt að hún hafi færst í hendur hins opinbera en sá er kjarninn í núgildandi skipan samkvæmt ívitnuðu ákvæði laga nr. 45/1987. Ef rök þykja á annað borð standa til forgangsstöðu staðgreiðslufjár við búskipti verður að telja ljóst með tilliti til lagasamræmis að lengra verður ekki gengið í þeim efnum en að veita þeim kröfum jafna stöðu við vinnulaunakröfur og skipa þeim þannig í skuldaröð samkvæmt 84. gr. skiptalaga. Ef sú leið yrði farin má hins vegar telja sýnt að kröfur um staðgreiðslufé gætu vegna umfangs síns mjög skert möguleika annarra kröfuhafa samkvæmt 84. gr. skiptalaga til að fá fulla greiðslu krafna sinna við búskipti" — og vænti ég þess að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sé hér til að hlýða á mitt mál — „en sú skerðing gæti t.d. bitnað á launþegum, lífeyrissjóðum, styrktarsjóðum stéttarfélaga, svo og þeim sem eiga bótakröfur vegna vinnuslysa á hendur gjaldþrota eða látnum vinnuveitanda. Verður trauðla séð að hagsmunir ríkis eða sveitarfélaga af innheimtu opinberra gjalda séu svo ríkir að þeir eigi að skerða réttindi kröfuhafa sem þessara. En að auki má taka hér tillit til" — eins og hefur verið ítrekað áður í þessari umræðu — „að innheimtumenn njóta ýmissa sérstakra þvingunar- og fullnustuúrræða samkvæmt reglum laga nr. 45/1987 til að knýja fram greiðslu staðgreiðslufjár fyrir gjaldþrotaskipti.

Í þessu ljósi og á grundvelli þeirra meginviðhorfa um skuldaröð sem var áður lýst hefur réttarfarsnefnd ekkert við 1. gr. frumvarpsins að athuga."

Enn fremur segir um 2. gr. frv.: „Þar er gert ráð fyrir afnámi reglu 2. mgr. 28. gr. laga nr. 50/1988 sem veitir kröfum um vangoldinn virðisaukaskatt stöðu samkvæmt 82. gr. laga nr. 3/1878 [þ.e. skiptalögunum] við búskipti eða sem fyrr segir í rétthæsta kröfuflokk. Virðisaukaskattur samkvæmt lögum nr. 50/1988 mun eiga að koma í stað söluskatts samkvæmt núgildandi lögum nr. 10/1960. Kröfur um vangoldinn söluskatt hafa frá gildistöku laga nr. 32/1974 notið stöðu í skuldaröð samkvæmt 85. gr. skiptalaga eða með öðrum orðum talist almennar kröfur við búskipti. Ekki verður séð að nein rök standi til að virðisaukaskattur eigi að njóta rétthærri stöðu í skuldaröð en söluskattur hefur notið og hefur réttarfarsnefnd því ekkert við 2. gr. frv. að athuga, enda er skipan þeirrar reglu í samræmi við áðurgreind meginviðhorf við skuldaröð."

Þá kemur næst að umsögn frá skiptaráðanda í Reykjavík, Ragnari Hall, þar sem hann talar fyrst um gjaldþrotaskipti og skýrir frá þeirri meginreglu við slík skipti að „skuldheimtumenn sem ekki njóta sérstakra tryggingaréttinda í eignum þrotabús, t.d. veðréttar, eigi hlutfallslega jafnan rétt til úthlutunar úr slíku búi. Sérhvert lagaákvæði sem mælir fyrir um sérstakan rétt tiltekins kröfuhafa umfram aðra felur í raun í sér frávik frá þessari meginreglu."

Það er sem sé lögð hér áhersla á jafnræði kröfuhafa í þessu máli svo sem komið hefur fram áður. Enn fremur er rætt um að þessi tilvísun í 82. gr. skiptalaga sé vægast sagt afar óheppileg og leiði til verulegrar réttaróvissu.

Það sem er kannski alvarlegast er enn fremur sú niðurstaða sem skiptaráðandi í Reykjavík kemst að. Hann segir: „Ef þessi niðurstaða er rétt hefur það í för með sér þá reglu að þær kröfur sem hér um ræðir verða við úthlutun fremstar í skuldaröð hvað sem líður þinglýstum veðréttindum."

Hv. þm. geta rétt ímyndað sér hvað slíkt mun hafa í för með sér og þá er ég ekki, hæstv. fjmrh., bara að tala um banka eða fjárfestingarsjóði heldur hinn almenna borgara sem getur jafnvel misst aleiguna við venjuleg viðskipti eins og sölu á bifreið eða íbúð.

Þetta fólk hlýtur að eiga rétt á því að hagsmuna þess sé gætt hér á hinu háa Alþingi.

Enn fremur kemur fram í þessari umsögn um virðisaukaskatt að „ætla má að greiðendur slíks skatts verði talsvert fleiri en greiðendur söluskatts eru við núverandi skipan. Af því verður að draga þá ályktun að kröfur vegna ógreidds virðisaukaskatts muni koma fram í hlutfallslega fleiri tilvikum við gjaldþrotaskipti en söluskattskröfur gera nú. Undirritaður er þeirrar skoðunar að verði umræddar lagagreinar látnar standa óhaggaðar og skýrðar með þeim hætti sem nú var lýst muni það í reynd hafa í för með sér að gjaldþrotaskipti muni fara fram nánast eingöngu í þágu innheimtuaðila ríkissjóðs en aðrir kröfuhafar muni sárasjaldan eiga nokkurn möguleika á greiðslum upp í kröfur sínar."

Eins og ég var að benda hæstv. fjmrh. á áðan er þar um að ræða hinn almenna borgara þessa lands sem getur misst aleigu sína, ekki bara banka eða fjárfestingarsjóði.

Ég er því næst með umsögn frá Verslunarráði Íslands þar sem segir í lokin: „Það liggur fyrir að Gjaldheimtan í Reykjavík mun gera kröfur um að skuldir vegna staðgreiðslu opinberra gjalda fari fram fyrir veðkröfur ef slík mál koma upp. Því er ljóst að veruleg óvissa mun skapast í sambandi við allar lánveitingar gegn veðum. Þessi óvissa verður enn þá meiri þegar virðisaukaskatturinn er kominn á. Því er brýnt að það frv. sem hér liggur fyrir verði samþykkt hið snarasta."

Hér er líka umsögn frá Félagi íslenskra iðnrekenda: „Félag íslenskra iðnrekenda tekur mjög eindregið undir þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð með frumvarpinu, enda um algjört sanngirnismál að ræða, einkum gagnvart fyrirtækjum í samkeppnisiðnaði. Félag íslenskra iðnrekenda mælir því með því að frumvarpið verði samþykkt og þannig tryggt að íslensk fyrirtæki búi við sams konar réttarreglur og erlendir keppinautar þeirra á Vesturlöndum."

Umsögn frá Seðlabanka Íslands: „Seðlabanki Íslands fellst á sjónarmið flutningsmanna frumvarpsins sem fram koma í greinargerð með frumvarpinu og leggur því til að frumvarpið verði samþykkt."

Umsögn frá Sambandi íslenskra viðskiptabanka sem Stefán Pálsson ritar undir: „Sambandið styður þær breytingartillögur sem felast í frumvarpinu og telur mjög mikilvægt að þær nái fram að ganga á yfirstandandi þingi."

Umsögn frá Lögmannafélagi Íslands: „Fundarmenn voru sammála um að mæla með frv. til l. um breytingu á lögum nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda og lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Á fundi stjórnar í gær var samþykkt að kynna yður álit laganefndar og taka jafnframt fram að stjórnin sé því sammála."

Þessi umsögn hefur hér því tvöfalt vægi. Það er í fyrsta lagi álit laganefndar Lögmannafélagsins og álit stjórnar Lögmannafélagsins.

Að lokum vil ég vitna í bréf sem Gestur Jónsson hrl. ritaði formanni hv. fjh.- og viðskn. Nd. Hann er reyndar formaður Lögmannafélags Íslands. Þau sjónarmið sem þar koma fram skýra kannski enn fremur hvað hér er um að ræða þar sem hann mælir með því að þetta frv. verði samþykkt og segir að það sé hið mesta þarfaþing. En þar segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Greinargerðin með frumvarpinu lýsir því ágætlega hve núverandi reglur um forgang staðgreiðslu skattkrafna og krafna um virðisaukaskatt eru í mikilli andstöðu við það meginviðhorf að jafnræði eigi að vera á milli kröfuhafa í þrotabúum. Samkvæmt orðalagi laganna virðist mega skilja þau á þann hátt að kröfur ríkissjóðs í þessu efni gangi á undan veðkröfum. Úr þessu hefur þó ekki verið skorið fyrir dómstólum eftir því sem ég best veit."

Allt tal manna áðan um að þetta kerfi hafi reynst vel hlýtur að vera marklaust vegna þess að það hefur einfaldlega ekki reynt á það enn þá.

En áfram heldur í þessu bréfi: „Á venjulegu máli þýðir núverandi skipan að sú hætta er fyrir hendi að maður sem selur öðrum manni hlut, t.d. bíl, og lánar allt söluverðið gegn þinglýstu veði á 1. veðrétti í bílnum á það á hættu ef kaupandinn verður gjaldþrota og skuldar virðisaukaskatt eða staðgreiðslu að ríkissjóður hirði allt andvirði bílsins úr þrotabúinu. Með öðrum orðum: veðréttur seljandans víkur fyrir kröfu ríkissjóðs.

Það er staðreynd að innheimtumenn ríkissjóðs hafa ýmis úrræði sem aðrir kröfuhafar hafa ekki. Mér finnst ekki ástæða til þess að auka þessi forréttindi ríkisins á kostnað venjulegra kröfuhafa í þrotabúum. Staðreyndin er auðvitað sú að ríkið hefur oftast, þrátt fyrir allt, meiri mátt til að taka á sig tapaða kröfu vegna gjaldþrots skuldara heldur en einstaklingar og fyrirtæki hafa.

Mér finnst líklegt að hugsunin á bak við núverandi forgang þessara skattkrafna hafi verið sú að reyna að gera mönnum erfiðara fyrir í því að losna undan að skila fjármunum til ríkissjóðs sem þeir hafa innheimt fyrir ríkisins hönd. Sú hugsun er auðvitað af hinu góða. Mér sýnist vandamálið vera það að menn hafa valið leið þar sem ríkið nær fjármunum hugsanlega til sín, ekki á kostnað vanskilamanns heldur á kostnað annarra lánardrottna hans. Það þykir mér lítið réttlæti.

Ef löggjafinn telur ástæðu til aðgerða gegn þeim vanskilamönnum sem ekki skila vörslufé tel ég miklu nær að líta til þess hvort ekki sé rétt að endurskoða refsiviðurlög gegn þessari gjörð. Slík viðurlög hitta þó þann fyrir sem sekur kann að vera en ekki bara viðsemjendur hans."

Hæstv. forseti. Skiptir álit þessara aðila bara engu máli fyrir hæstv. fjmrh.?

Ég vil að lokum ítreka það sem ég sagði í lok framsögu minnar þar sem hæstv. fjmrh. var reyndar viðstaddur. Ég bað hann þá um álit hans á þessu máli sem hann ekki sinnti.

Verði ákvæði laga um virðisaukaskatt og um staðgreiðslu skatta látin standa óbreytt hvað varðar stöðu

slíkra krafna í skuldaröð við skipti á þrotabúum skuldara mun það óhjákvæmilega hafa í för með sér röskun á grundvelli kröfuréttinda almennt og verulega óvissu fyrir allt viðskiptalíf í landinu. Þannig verður ekki betur séð en að núverandi skipan þessara mála leiði til þeirrar niðurstöðu að virðisaukaskatturinn sem væntanlega kemst til framkvæmda um næstu áramót muni færast í skuldaröð fram fyrir samningsveðrétt í fasteignum. Einfaldast er e.t.v. að skoða þetta með dæmi:

Banki er með 1. veðrétt í fasteign atvinnufyrirtækis til tryggingar skuld að fjárhæð 10 millj. kr. samkvæmt þinglýstu skuldabréfi. Bú fyrirtækisins er tekið til gjaldþrotaskipta. Við skiptameðferð búsins er samþykkt virðisaukaskattskrafa sem nemur 25 millj. kr. Fasteignin er seld fyrir 20 millj. og aðrar eignir búsins seljast fyrir 3 millj. Við þessar aðstæður færu allar eignir þrotabúsins að frádregnum skiptakostnaði upp í virðisaukaskattskröfuna. Bankinn sem lánaði fyrirtækinu út á „hreint" veðbókarvottorð fær ekkert og þá ekki heldur aftari kröfuhafar.

Þetta einfalda dæmi sýnir svo ekki verður um villst að hagsmunir viðskiptalífsins krefjast þess að þessum reglum verði tafarlaust breytt. Það er ekki einungis um að ræða að menn kunni að missa þá tryggingu sem þeir hafa haft í þinglýstum veðum heldur einnig að þá verði lítið gagn að veðbókarvottorðum þar sem ekki yrði hægt að ganga úr skugga um hversu há forgangskrafa ríkissjóðs yrði. Hvernig færi þá með húsbréfin sem hæstv. ríkisstjórn leggur ofurkapp á að koma í gegnum hið háa Alþingi? Hvernig ætla menn að meta veðhæfni eigna við þessar kringumstæður? Það er kannski vert að íhuga það.

En það sem er kannski alvarlegast er að núverandi skipan gæti haft það í för með sér að verr yrði staðið að innheimtu þessara skatta þar sem skattheimtumenn gætu freistast til að hugsa sem svo að þeir fengju þessa peninga hvort sem er greidda úr búinu.

Hæstv. forseti. Það er álit okkar flm. að ekki sé einungis brýn nauðsyn á að leiðrétta ónákvæma lagasetningu heldur sé hér stórlega vegið að réttarstöðu þegnanna gagnvart ríkisvaldinu sem óþolandi sé með öllu. Það er von okkar að hv. þm. séu sömu skoðunar og veiti frv. því brautargengi hið fyrsta með samþykkt þess.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Þar sem ég er meðflm. að þessu frv. og sömuleiðis á ég sæti í þeirri nefnd sem fjallaði um frv. og skoðaði allar umsagnir um það finnst mér rétt að segja nokkur orð.

Ég er þeirrar skoðunar að það hafi verið slys, þegar lögin um staðgreiðslu opinberra gjalda voru hér til umræðu og afgreiðslu og um virðisaukaskattinn, að lögfesta forgang þeirra skattakrafna sem frv. þetta fjallar um að afnema. Ríkissjóður hefur forgang í innheimtu allra krafna, hefur forgang í söluskattskröfum, beitir þar refsiákvæðum, mjög háum vöxtum sem mundu vera kallaðir á máli vaxtamanna og vaxtalækkunarmanna okurvextir, alveg tvímælalaust. Þar eru ákvæði sem eiga að ýta undir að menn standi í skilum með sína skatta til ríkisins. Ég tel því að frv. sé ákaflega mikils virði og það getur haft áhrif. Það er misskilningur hjá hv. 6. þm. Norðurl. e. Stefáni Valgeirssyni að það geti orðið atvinnurekstrinum til tjóns, þetta frv., eins og hann hélt fram í nefndinni og staðfesti í sinni ræðu áðan. Ég held að þessar forgangskröfur geti haft þau áhrif að bankar og aðrar lánastofnanir taki tillit til þessara forgangskrafna með því að lána minna út á eignir en áður hefur þekkst. En vitaskuld er langbesta lausnin til þess að menn standi í skilum bæði við ríkissjóð og aðra að skapa atvinnulífinu í landinu eðlileg rekstrarskilyrði sem núna eru ekki fyrir hendi. Það er ein höfuðástæðan fyrir því að vanskil hafa orðið. Það er hlutur sem menn ættu að sameinast um að bæta frá því sem nú er. Hér er um að ræða að menn eigi að sitja við sama borð í þessum efnum. Þess vegna er þetta frv. flutt. Grg. sem því fylgdi, framsöguræða og nú ræða hv. 1. flm. frv. gera ráð fyrir því að hér sé um nauðsynlega leiðréttingu að ræða.

Það er mjög eftirtektarvert að flm. að þessu frv. eru þingmenn úr öllum stuðningsflokkum ríkisstjórnarinnar þremur og allir eru þeir einnig nefndarmenn í fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar og til viðbótar kemur svo formaður fjh.- og viðskn., hv. 1. þm. Norðurl. v., sem sannfærist um að hér sé um sjálfsagt mál að ræða. Ég er að mörgu leyti undrandi að hæstv. fjmrh. skuli eftir að stjórnarliðar hafa tekið ákvörðun um að flytja þetta frv. ásamt þingmönnum stjórnarandstöðu, tekið ákvörðun um að mæla með samþykkt frv. í hv. fjh.- og viðskn. og það er gert sameiginlega af öllum nefndarmönnum, leggjast gegn því. Ef hér er um svo mikið mál að ræða og mikið kappsmál fyrir hæstv. fjmrh. hefði hann í fyrsta lagi átt að koma í veg fyrir það og beita sannfæringarkrafti sínum, sem er mikið af eins og allir vita, á þessa stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar að gerast ekki flm. þessa máls. Í öðru lagi, ef þeir hafa hlaupið út undan sér í upphafi og fjmrh. hafi ekki vitað um að þeir gerðust meðflm., var um að gera að taka þá á beinið í tæka tíð áður en nefndin tók afstöðu til málsins á grundvelli allra umsagna sem fyrir lágu. En ef við ætlum aftur á móti að stuðla að því að reyna að hraða þingstörfum og afgreiða þau mál sem þingið vill afgreiða held ég að þetta sé ekki leiðin til þess heldur öfugt að farið.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Vegna orða hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar vil ég í fyrsta lagi taka fram að það er venja hér á Alþingi eins og menn oft vita að þeir sem ætla sér að verða 1. flm. einstakra mála leita eftir stuðningi í öðrum flokkum og fá þá oft ýmsa til þess að skrifa upp á tillögur án þess að mál fái kannski nægilega rækilega athugun. Ég held að í þessu máli, eins og kom fram hjá 1. flm. frv., hv. þm. Sólveigu Pétursdóttur, hafi menn aðallega einblínt á þá hlið sem snýr að lögfræðingum og skiptarétti og starfsemi hans og einfaldlega séð málið fyrst og fremst í því

ljósi. Eins og ég mun koma að í máli mínu á eftir tel ég réttari leið til þess að ráða bót á þeim agnúum sem vissulega eru fyrir hendi að fara leið breytinga á skiptalögunum og stuðla þannig að meiri réttarvissu og réttaröryggi en fórna verulegum möguleikum varðandi bætta innheimtu skatta í landinu til að ráða bót á þessum ágöllum skiptaréttarins. Þetta er, eins og hv. 1. flm. Sólveig Pétursdóttir réttilega sagði, flókið lögfræðilegt atriði. En leiðin til þess að leiðrétta þetta flókna lögfræðilega atriði er ekki sú að gera það í gegnum þau lög sem hér er lagt til að sé breytt, hvað þá heldur að setja þetta upp í einhverja allsherjarkrossferð um ríkið og einstaklinginn, lærdóma sögunnar, ályktanir út frá keisarahirð Loðvíks XIV. eða aðrar þær bókmenntalegu perlur sem þingmenn Sjálfstfl. hafa flutt í ákafa sínum í þessum málum.

Ég vil einnig vegna orða Matthíasar Bjarnasonar taka það fram, og er nú leitt að hann skuli vera genginn úr salnum, að hvað eftir annað lét ég það koma fram í viðræðum við formann fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar að af hálfu fjmrn. væri eindregið lagst gegn því að þetta frv. yrði samþykkt og það væri mjög nauðsynlegt að það yrði skoðað mun betur ef menn vildu gera breytingar í þessa átt. Það hefur verið skýrt vikum saman í viðræðum við formann fjh.- og viðskn. hver afstaða mín væri. Ég skal að vísu játa að ég vissi ekki að málið væri þannig statt í nefndinni að nauðsynlegt væri að ganga á fund hvers einasta nefndarmanns til þess að koma þessari skoðun á framfæri, m.a. vegna þess að í bréfi til formanns fjh.- og viðskn. frá fjmrn. komu fram á kurteisu embættismannamáli mjög skýrt og eindregið þau viðvörunarorð og þau rök sem ég hef flutt gegn málinu. Það er þess vegna ekki rétt að það sé allt í einu nú við 2. umr. málsins varað við því að þetta frv. sé samþykkt.

Það er líka misskilningur hjá hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni að með því sé verið að reyna að tefja þingstörfin. Ég tók það skýrt fram áðan að þótt það væri kannski efnislega réttast af mér að leggja til að frv. yrði fellt fyrst nefndin hefði lagt það til að það yrði samþykkt, þá gerði ég ekki að forminu til þá tillögu, en ég væri að bregðast skyldum mínum ef ég varaði þingið ekki við og gerði ekki skýra grein fyrir þeim viðhorfum sem af hálfu fjmrh. og fjmrn. eru gagnvart þessu frv.

Það er vissulega rétt hjá hv. 1. flm. að ég tók ekki til máls við 1. umr. og það helgaðist af þeirri venju að yfirleitt vilja menn stuðla að því að þingmannafrumvörp komist til nefnda og þau séu þar skoðuð og fái athugun. Síðan, eins og allir þekkja hér, heyrir það til undantekninga ef þau eru síðan afgreidd af þingnefndum í óbreyttu formi, þó að blessunarlega séð gerist það nú í ýmsum frumvörpum, en ætla má að nefndir gefi sér tíma og tóm til þess að skoða málin rækilega, sérstaklega ef það liggur fyrir bréflega í nefndunum að af hálfu viðkomandi ráðuneyta er eindregið varað við því að frumvörpin séu samþykkt. Ég vil þess vegna lesa upp úr bréfi Lárusar Ögmundssonar, skrifstofustjóra fjmrn., til hv. fjh.- og viðskn.

Það er í fyrsta lagi vakin athygli á því að nauðsynlegt sé að gera greinarmun annars vegar á tekju- og eignarsköttum, sem lagðir eru á fyrirtæki og einstaklinga og eru hluti af þeirra eigin skuldbindingum, og hins vegar á þeim sköttum þar sem fyrirtækin eru fyrst og fremst innheimtuaðilar en ekki greiðendur. Ég vænti þess að sá munur sé svo augljós hv. þingdeild að það þurfi ekki að fara um hann mörgum orðum, að það er grundvallarmunur á þeim sköttum sem einstaklingar og fyrirtæki eiga sjálfir að greiða og þeim sköttum sem þeim er falið að innheimta frá öðrum. Ástæðan er einfaldlega sú að í kerfi söluskatts, virðisaukaskatts og staðgreiðslu launa eru mörg þúsund, jafnvel tugir þúsunda innheimtuaðila fyrir hönd ríkissjóðs á þessum opinberu gjöldum. Það er það skattakerfi sem við höfum orðið ásátt um að beita og gera þannig fjölmarga einstaklinga, rekstraraðila og fyrirtæki að trúnaðarmönnum ríkissjóðs og almennings í landinu með því að fela þeim þessa innheimtu. Ég vænti þess þess vegna að það sé hægt hér í deildinni án þess að menn fari í mikinn umræðuhita og sögulegar samlíkingar við keisara og konungdæmi fyrri tíðar að ræða þann efnislega mun sem er á tekju- og eignarsköttum annars vegar og staðgreiðslukerfi launa, virðisaukaskatti og söluskatti hins vegar. Munurinn, eins og ég hef sagt, felst einfaldlega í því að í öðru tilvikinu eru menn að greiða skatta sem á þá sjálfa eru lagðir. Í seinna tilvikinu eru menn einfaldlega milliliðir í að koma áleiðis sköttum sem aðrir eiga að greiða. Þeir eru innheimtuaðilar fyrir hönd hins almenna sjóðs landsmanna.

Það er hins vegar alveg rétt hjá hv. 1. flm. þessa frv. að það getur skapað nokkuð breytta starfshætti í skiptarétti og við framkvæmd lögfræðilegra deilumála fyrir dómstólum og annars staðar ef fram verður fylgt þessum skýra greinarmun. Hins vegar er það alveg ljóst öllum sem til þekkja að eitt meginvandamálið í betri skattheimtu á Íslandi er að ótrúlega margir hafa ýmist leyft sér eða vanist á að telja þá skatta sem eru í þeirra vörslu um skamman tíma, þ.e. söluskatt, staðgreiðslu launa og síðan virðisaukaskatt væntanlega einnig, nánast sem sitt eigið fé. Þessi hugsunarháttur, að menn setji þetta einfaldlega inn í rekstur inn, geri á þessu engan greinarmun, verður svo til þess að æ stærri upphæðir hlaðast upp í vanskilum í kerfinu. (**FrS:** Ráðuneytið hefur sjálft ýtt undir þetta sjónarmið.) Það mál vel vera, hv. þm. Friðrik Sophusson, að á undanförnum árum hafi verið ýtt undir þetta sjónarmið með einum eða öðrum hætti eða menn látið undan þessu sjónarmiði. Ég ætla ekkert að draga úr því hér að vissulega er það þáttur í þróun þessara mála. En hins vegar hefur orðið sú stefnubreyting á að ætlunin er að reyna að festa í sessi í vitund manna og starfsháttum að gerður sé skýr greinarmunur á þeim sköttum sem eru í höndum manna bara um skamman tíma af því að þeir eru í reynd lagðir á aðra og eiga að fara annað og hinum sem menn eiga sjálfir að greiða, tekju- og eignarsköttum og ýmsum öðrum. Á þetta er rækilega bent í því bréfi sem skrifstofustjóri fjmrn. sendi hv. fjh.- og viðskn. Þar segir m.a.:

„Það sem menn höfðu einkum í huga er sú staðreynd að skattar þessir eru ekki lagðir á aðila á

hefðbundinn hátt eins og raunin er varðandi t.d. tekjuskatt og eignarskatt og fleiri sambærilega skatta. Einkum á þetta við um staðgreiðsluna, en sem kunnugt er er launagreiðendum skylt að halda eftir af launum starfsmanna sinna staðgreiðslu og skila henni í ríkissjóð. Hér er því ekki um skatt að ræða sem lagður er á launagreiðandann heldur er honum einungis falin innheimta og skammtímavarsla á fé sem skila ber í ríkissjóð. Að mati ráðuneytisins eru tillögur í þá veru að reka kröfur af þessu tagi sem almennar kröfur við skipti þrotabúa í hæsta máta óeðlilegar og ósanngjarnar þar sem í raun réttri getur hvorki staðgreiðslufé né virðisaukaskattur talist eign þrotabús launagreiðanda heldur er þar langt um fremur um vörslufé að ræða. Ef kröfum sem þessum er ekki tryggður forgangur, einkum vegna hins eignarréttarlega ívafs þeirra, má jafnvel líta svo á að að öðrum kröfuhöfum sé tryggð „ólögmæt" auðgun þar sem verið sé að draga inn í skiptin fé sem ekki tilheyrir búinu."

Það er þessi grundvallarpunktur um ólögmæta auðgun sem er meginástæðan fyrir því að ég hlýt við 2. umr. þessa máls að vekja rækilega athygli á þessari hlið frv. sem ég er viss um að hefur ekki hlotið nægilega skoðun þar sem einkum hefur verið einblínt á þá hlið sem snýr að skiptaréttarstarfseminni í landinu eins og kom fram í ræðu hv. 1. flm. Sólveigar Pétursdóttur áðan.

En síðan segir áfram í greinargerð skrifstofustjóra fjmrn.:

„Það er þessi hugsun sem fyrst og fremst býr að baki lagafyrirmælanna um forgangsröð staðgreiðslunnar og virðisaukaskattsins. Vissulega kunna ákvæði sem þessi að rýra möguleika veðkröfuhafa til þess að fá fullnustu í þrotabúum. Það þykir hins vegar réttlætanlegt þegar tekið er tillit til eðlis þeirra skattakrafna sem hér um ræðir."

Og ég vek aftur athygli á því að hér er ekki verið að tala um allar skattakröfur eins og tekju- og eignarskattakröfur t.d. Það er ekki verið að tala hér heldur eingöngu um þessar tilteknu skattakröfur sem eru þessa eðlis og þess vegna finnst mér ekki við hæfi að setja á langar ræður um það að ætlunin sé bara að ríkissjóður eins og einhverjir keisarar hafi haft sitt á þurru en aðrir ekki. Það er eingöngu verið að fylgja eftir þessum grundvallareðlismun sem er á hinum ólíku sköttum sem lagðir eru á í okkar kerfi. Síðan segir áfram í greinargerð skrifstofustjóra fjmrn. til hv. fjh.- og viðskn.:

„Á sama hátt má benda á nýleg gjaldþrot ýmissa söluskattsskyldra hlutafélaga þar sem í stórum stíl hefur verið hlaupið frá háum söluskattsskuldum. Í raun er vonlaust að kröfur þessar fáist greiddar nema því aðeins að þær væru viðurkenndar sem vörslufé, sbr. það sem áður segir um dóma þar sem slíkar kröfur hafa verið gerðar.

Þá sýnist það skjóta skökku við, miðað við þá umræðu sem nú á sér stað um skattsvik, skattskuldir og viðbrögð við þeim, að leggja til að dregið verði úr þeim forgangi sem þessum tveimur skattakröfum er tryggður. Að svo stöddu gildir þetta einungis um staðgreiðsluna þar sem virðisaukaskattur tekur ekki gildi fyrr en í fyrsta lagi 1. jan. nk."

Ég hlýt enn og aftur að vekja athygli deildarinnar á þessari álitsgerð þess embættismanns fjmrn. sem hefur stjórnað verki á þessu sviði í nokkuð langan tíma og ég er satt að segja nokkuð undrandi á því með allri virðingu fyrir hv. fjh.- og viðskn. að hún skuli ekki með þetta skjal í höndum hafa skoðað málið nánar. Það kom mér þess vegna mjög á óvart að málið var allt í einu komið út úr nefndinni án þess að það hafi fengið mér vitanlega viðhlítandi umræðu og alls ekki mér vitanlega í þeim þingflokkum þar sem ég þekki til.

Síðan segir í þessari greinargerð Lárusar Ögmundssonar: „Auk þess sem fundið er að því að skattkröfum sé áskilinn forgangsréttur er bent á í greinargerð með umræddu frv. að tilvísun í 82. gr. skiptalaga sé ónákvæm og geti valdið réttaróvissu. Eins sé óæskilegt að kveða á um skipan krafna í skuldaröð í öðrum lögum en skiptalögum. Undir þessa gagnrýni má taka. Þessi atriði má hins vegar laga með einföldum hætti, þ.e. breyta skiptalögunum til samrýmis við þessar ábendingar." — Og ég vil spyrja hv. 1. flm. þessa frv. og aðra þá sem hér hafa talað af miklum ákafa í þessu máli: Hvers vegna í ósköpunum eru menn ekki til samvinnu um að reyna frekar að ráða bót á þessum vandkvæðum í gegnum skiptalögin en vilja frekar fara að steypa sér út í að gera mun erfiðara fyrir um þær umbætur í innheimtu söluskatts, staðgreiðslu og síðan virðisaukaskatts sem verið er að vinna að? Ég hefði talið að það væri miklu eðlilegra að sest væri yfir það verk að kanna hvort þingið getur ekki náð þá samstöðu um að eyða réttaróvissunni í gegnum skiptalögin frekar en fara þá leið sem hér er lögð til og hefur í för með sér þær hættur sem ég hef hér rakið.

Ég ætla þess vegna ekki að eyða mörgum orðum í þær hitaræður sem hv. þm. Friðrik Sophusson og annar talsmaður Sjálfstfl. og kannski fleiri fluttu í þessari umræðu vegna þess að ég tel í raun og veru ekki tilefni í þessu máli til að fara út í langar heimspekilegar bollaleggingar um einstaklinginn og ríkisvaldið og jafnrétti einstaklinga og ríkisvalds í málum af þessu tagi nema þeir ræðumenn sem hér hafa talað séu fylgjandi þeirri grundvallarskoðun að enginn munur eigi að vera á þeim sköttum sem menn greiða sjálfir og þeim sköttum sem mönnum er falið að innheimta. Ef svo er get ég skilið þessa ræðu. En ef menn eru á þeirri skoðun að það hljóti eðli málsins samkvæmt að vera greinarmunur á staðgreiðslu launa, söluskatti og virðisaukaskatti sem mönnum er falið að innheimta og eiga að skila í ríkissjóð og tekju- og eignarskatti sem mönnum er ætlað að greiða sjálfum og fyrirtækjunum, þá vænti ég þess að hv. þingdeild verði a.m.k. til umræðu um að skoða þær breytingar, sem hér eru lagðar til, nánar. Ég hlýt þess vegna enn að vara við því að enn á ný sé haldið inn á þá braut að gera engan greinarmun á vörslufé sem fyrirtækin óumdeilanlega eiga ekki og þeim fjármun-

um sem eru í eign þeirra eða þau hafa fengið að láni frá bönkum, einstaklingum, fyrirtækjum eða öðrum. Hér er ekki verið að leggja til forgangskröfu ríkissjóðs almennt í skattamálum. Hér er eingöngu verið að leggja til að tryggja betur og festa í sessi að menn geri greinarmun í atvinnulífinu og hjá einstaklingum á þeim fjármunum sem þeir eiga að skila til annarra umsvifalaust og án tafar og hinna sem þeir hafa sjálfir til ráðstöfunar. Enn fremur hefur verið bent á að þeim lagatæknilega ágalla og þeirri réttaróvissu sem með nokkrum rétti hefur verið bent á í þessari umræðu megi eyða með öðrum hætti.

Ég vil þess vegna, virðulegi forseti, beina þeim tilmælum til hv. þingdeildar að hún gefi sér a.m.k. tóm áður en hún gengur til atkvæða um þetta frv. til að skoða hvort deildin hafi í reynd mjög djúpa sannfæringu fyrir því að þetta eigi að gera. Ég er sannfærður um að í hv. fjh.- og viðskn. hafa menn ekki skoðað þennan þátt málsins. En hitt vildi ég að væri alveg skýrt, af því að hv. þm. Matthías Bjarnason var ekki í salnum þegar ég greindi frá því áðan, að ég hef hvað eftir annað á undanförnum vikum látið þá skoðun í ljós við formann fjh.- og viðskn. að fjmrn. varaði eindregið við því að þetta frv. yrði samþykkt. Ég hef hvatt til þess að það yrði skoðað nánar. Það hefur verið lögð fram sú greinargerð sem ég hef vitnað í í nefndinni og það kom okkur algerlega að óvörum að málið var allt í einu komið út úr þingnefndinni án þess að það hafi fengið þessa skoðun. Það vildi ég að kæmi fram svo að hv. þm. heyrði vegna þess að hann lét að því liggja að við hefðum vanrækt að koma þeim sjónarmiðum okkar á framfæri. Ég taldi hins vegar ekki að málið væri þannig á vegi statt að það þyrfti að fara í sérstaka herferð gagnvart hverjum og einum nefndarmanni, taldi að það væri nægilega skýrt að nefndin hefði fengið þá greinargerð sem send var formanni nefndarinnar og vænti þess að hann hafi komið þeirri skoðun sem ég lét í ljós við hann á framfæri við nefndina.

Virðulegur forseti. Ég vil ekki lengja þessar umræður hér. Ég er ekki að gera þetta til að tefja fyrir þingstörfum eins og hv. þm. Matthías Bjarnason lét að liggja. En ég taldi afar nauðsynlegt vegna alvöru málsins og þeirrar víðtæku umræðu sem er í þjóðfélaginu um skattsvik og endurbætur í skattainnheimtu og þeirra eindregnu krafna sem gerðar eru til fjmrn. um að festa í sessi endurbætur á því sviði að vara við því að frv. sé samþykkt vegna þess að bæði ég og embættismenn og starfsmenn fjmrn. og skattheimtunnar erum sannfærðir um að verði það samþykkt muni það auka á erfiðleikana við að koma á traustu innheimtukerfi á þeim sköttum sem menn hafa til geymslu hjá sér um skamman tíma en eiga að skila til ríkissjóðs vegna þess að þeir tilheyra ekki fyrirtækjunum eða eigendum þeirra heldur sjóði almennings í landinu.

Forseti (Hjörleifur Guttormsson):

Forseti gat þess snemma í þessari umræðu að þegar þeir hefðu talað sem þá voru á mælendaskrá, fimm hv. ræðumenn, mundi umræðunni verða frestað. Það eru enn menn á mælendaskrá. Það var áform forseta að taka fyrir annað dagskrármálið með samkomulagi við þingdeildina sem er þjóðarbókhlaða og endurbætur menningarbygginga. Þar liggur fyrir brtt. og óskað hafði verið eftir því af flm. að hæstv. menntmrh. væri viðstaddur. Hann hefur verið til reiðu til að vera viðstaddur þá umræðu hér. Sú er ástæðan fyrir því að forseti hugðist fresta þessari umræðu nú um sinn og taka fyrir 2. dagskrármálið.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir að hæstv. forseti skuli ætla að halda þessari umræðu áfram og skal ekki lengja hana um of. Reyndar hygg ég að ýmsir aðrir hafi flutt hér lengri ræður og þá sérstaklega hv. síðasti ræðumaður, hæstv. fjmrh., en besti kaflinn í hans ræðu var reyndar sá sem hann las eftir Lárus Ögmundsson, skrifstofustjóra fjmrn., og vissulega komu þar fram sjónarmið sem voru skiljanleg og þarf að taka tillit til.

Það var einnig athyglisvert að heyra það hjá hæstv. fjmrh. þegar hann snupraði formann hv. fjh.- og viðskn., tók í hann eins og hvern annan óþekktarorm, hv. þm. Pál Pétursson, sem hafði ekki staðið sig í stykkinu, en ég ætla ekki að skipta mér frekar af því.

Það er eitt atriði sem ég tel alveg nauðsynlegt að komi fram í þessari umræðu og þess vegna hef ég beðið um að fá að tala hér í annað sinn í þessari umræðu. Það er þetta: Ríkissjóður hefur ávallt litið á innheimtufé fyrirtækjanna sem fé í veltunni sem nýttist þar. Þetta kom fram í fyrsta lagi á sínum tíma þegar hugmyndir voru uppi um þóknun til þessara innheimtuaðila ríkissjóðs, þ.e. til fyrirtækjanna, og meira að segja sást það í frv. sem hv. þm. Ragnar Arnalds flutti á sínum tíma sem páv. fjmrh. að ætlunin var að fyrirtækin fengju 3% af innheimtu. Frá því var fallið, m.a. vegna þess að það var álit fjmrn. og hefur ætíð verið álit þess að þessir fjármunir væru í veltunni og gegndu því hlutverki þar eins og aðrir fjármunir sem eru í veltu fyrirtækjanna.

Annað atriði til merkis um þetta eru þær viðræður og sú niðurstaða sem hefur fengist á milli hæstv. fjmrh. og fyrirtækjanna um breytingar á gjalddaga söluskattsins. Þetta atriði sýnir að hæstv. fjmrh., ef ég skil niðurstöðuna rétt, fellst á það sjónarmið að fyrirtækin hafi ekki ætíð handbært það fé sem fyrirtækin eiga að hafa heimt inn af þeim sem eiga að skila sköttum til ríkissjóðs. (**Fjmrh.:** Það er rangt skilið.) Það getur vel verið að það sé rangt skilið, a.m.k. að hæstv. ráðherra telji að það sé rangur skilningur, en eigi að síður er það staðreynd að fjmrn. hefur haft fullan skilning á að þessir fjármunir hafa verið í veltu fyrirtækjanna. Og þá kem ég að aðalatriði málsins.

Fyrirtæki í smásölu, svo að maður stilli þessu upp í barnaskóladæmi, kaupir vöru af heildsölufyrirtæki á tilteknu verði. Ofan á þessa vöru leggst miklu meira en maður gat lesið í kennslubókum í barnaskóla, álagning smákaupmannsins, heldur einnig skattar o.s.frv. Smákaupmaðurinn sem selur þessa vöru er í

raun, þegar hann fær vöruna greidda, að fá greitt ýmislegt, í fyrsta lagi sína þóknun fyrir að selja vöruna, í öðru lagi verðið sem átti að greiða heildsalanum og í þriðja lagi ýmsa skatta sem eiga að fara til ríkisins, þetta þrennt a.m.k. Þegar hæstv. fjmrh. segir nú að það sé skatturinn, sá hluti sem á að renna til ríkissjóðs sem eigi að hafa forgang umfram sjálft vöruverðið, verðið fyrir vöruna sjálfa sem á að fara til heildsalans, finnst mér dálítið langt gengið. Það er nefnilega enginn eðlismunur á þessu. Þegar smásalinn er að selja sína vöru er hann, ef hann hefur fengið greiðslufrest hjá heildsalanum, að heimta inn vöruverð fyrir sjálfa vöruna sem hann á eftir að skila heildsalanum. Það sem hæstv. ráðherra er að segja hér: Skítt með heildsalann, skítt með iðnrekandann. En ég vil fá skattinn til mín strax í forgangskröfu. Jafnvel framleiðandi vörunnar, iðnrekandinn, við skulum hugsa okkur að þetta sé iðnrekandi, sem á eftir að fá greidda sjálfa vöruna sem verið er að selja og lánar kaupmanninum þessa vöru, á ekki einu sinni að fá kostnaðinn við að hafa framleitt vöruna sem hann er búinn að greiða, laun o.s.frv. o.s.frv., heldur á hann að vera aftar í röðinni en fulltrúi ríkisvaldsins, hæstv. ráðherra Ólafur Ragnar Grímsson, sem segir: Ég á að hafa forgang af því að smásalinn var að heimta inn skatt fyrir mig.

Málið er ósköp einfaldlega að hæstv. ráðherra eins og margir ráðherrar á undan honum hafa falið kaupmanninum það óskemmtilega verk að innheimta skatta. Þeir hafa viðurkennt það mann fram af manni að þessir peningar megi vera í veltunni, alveg eins og iðnrekandinn, þegar hann lánar smásalanum vöruna sem hann framleiddi og ætlast auðvitað til þess að fá peningana til baka. Munurinn á iðnrekandanum annars vegar og hæstv. ráðherra hins vegar er að hæstv. ráðherra segir: Auðvitað á ég að fá í ríkissjóð mína peninga á undan hinum. Um það snýst þetta mál. Það hefur ekki minnstu þýðingu þegar við tölum um þetta svona að fara að segja að það sé búið að innheimta þessa peninga fyrir ríkissjóð af einhverju saklausu fólki. Iðnrekandinn er í návæmlega sömu stöðu. Hann segir: Það er búið að selja vöruna sem ég átti og ég fæ ekki greidda af því að ríkissjóður hefur forgang. (**Fjmrh.:** Hvað um staðgreiðsluna?) Ég tók virðisaukann af því að hæstv. ráðherra ræddi sérstaklega um virðisaukann. Staðgreiðslan er líka hlutur launa sem verða til í fyrirtækinu.

Ég ætla ekkert að fara frekar út í þetta mál. Ég vil bara benda á röklegu villurnar hjá hæstv. ráðherra þegar hann stillir þessu upp með þessum hætti.

Auðvitað er það skiljanlegt að skrifstofustjóri fjmrn., jafnágætur maður og Lárus Ögmundsson er, segi frá því með þeim hætti sem stendur í bréfi hans. Það eru ákaflega skiljanlegar ástæður fyrir því. Mesta hættan er hins vegar sú — og ég ætla ekki að bera sakir á hæstv. ráðherra heldur ætla ég að benda á það, það kom fram hér í umræðunum, — að ríkissjóður fari að leika sér með þessa peninga, fari að segja við fyrirtækin sem ekki hafa greitt: Við skulum halda hlífiskildi yfir ykkur í bili vegna þess að það er engin áhætta fyrir ríkissjóð. Í þessu felst stór hætta því að þannig getur ríkissjóður gert upp á milli fyrirtækjanna, þeirra sem skila skattinum rétt og strax og hinna sem eiga að fá svigrúm, yfirleitt á kostnað annarra kröfuhafa, annarra lánardrottna. Ef menn ætla að koma í veg fyrir skattsvik verða menn að nota önnur ráð en þessi.

Ég ætla að lokum að segja að ég er feginn því að hæstv. ráðherra gersamlega breytti um tón í sínum ræðum. Hann byrjaði á því að belgja sig út um það að nú ætluðu andstæðingar hans að fara að ræna hann vopnunum sem hann notaði gegn skattsvikum. Í síðari umræðunni hélt hann fram öðrum og betri rökum þótt þau rök væru ekki nægilega góð þegar hlutirnir eru skoðaðir ofan í kjölinn.

Ég skora á hv. deild að afgreiða frv. Ég tek undir það með hæstv. ráðherra að það er full ástæða til að skoða skiptalögin og þessi skattalög í sumar. Það getum við gert að þessum lögum samþykktum. Ég veit að hæstv. ráðherra, sem er manna duglegastur, vílar ekki fyrir sér að fá leyfi hæstv. samráðherra sinna til að útbúa frumvarp í sumar þannig að í haust liggi fyrir Alþingi frv. að lögum sem ganga enn lengra í átt til jafnræðis á milli kröfuhafa því að við viljum báðir tveir að ég held lifa í réttarríki þar sem réttur manna er jafn en ekki að sumir séu jafnari en aðrir.

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Ég skal ekki tefja tímann um of, draga þessa umræðu á langinn, en hlýt þó að geta þess hér að það kemur mér verulega á óvart hver afstaða hæstv. fjmrh. er í þessu máli og mér finnst slæmt hvernig hann slær um sig með ýmsum setningum, svo sem að hv. nefndarmenn í fjh.- og viðskn. hafi einblínt á þá leið sem snýr að skiptarétti og lögfræðingum. Það er einkennilegt að það er eins og það sé verið að gera lítið hér úr þeirri starfsstétt. Það sé óþarfi, sagði hann, af sjálfstæðismönnum að vera með einhverja allsherjarkrossferð einstaklinganna gegn ríkisvaldinu. Ég leyfi mér að fullyrða að það er full ástæða til þess að tala um stöðu einstaklinganna gegn ríkisvaldinu og það hefur ekki síst gefist ástæða til þess núna í vetur meðan hæstv. ríkisstjórn hefur verið við völd.

Ég vil taka fram, vegna orða hæstv. fjmrh. áðan um að hann hafi ekki tafið málið, að mér er kunnugt um að hann bað ítrekað um frest á þessu máli í hv. fjh.- og viðskn. og eins í deildinni. Það er a.m.k. vika síðan samhljóða nefndaráliti var dreift. Það var hins vegar ekki tekið til afgreiðslu þar sem hæstv. fjmrh. gerði þá kröfu til að vera viðstaddur umræður.

Mér finnst mjög sérstakt að hæstv. fjmrh. skuli ekki svara efnislega þeim atriðum sem koma fram í þessum umræðum sem hér hafa verið. Það virðist því miður takmarkaður skilningur á raunverulegu efni þessa máls. Þa eina sem hæstv. fjmrh. leggur áherslu á eru þau minnisatriði sem koma frá fjmrn., en eins og bent var á áðan af hv. þm. Friðrik Sophussyni er skiljanlegt að afstaða skrifstofustjóra fjmrn. sé samhljóða afstöðu hæstv. fjmrh. sem er yfirmaður hans.

En sérstaklega varðandi það atriði, sem hæstv. ráðherra nefndi, að það megi jafnvel líta svo á að öðrum kröfuhöfum sé tryggð ólögmæt auðgun þar sem verið sé að draga inn í skiptin fé sem tilheyri ekki búinu, þá hef ég bent á áður að þetta er ekki ólögmæt auðgun.

Ég vil bara spyrja hæstv. fjmrh.: Er einhver eðlismunur á kröfu ríkisins eða annarra kröfuhafa? Ég get engan veginn séð að þessi rök, sem nefnd eru líka í þeim minnisatriðum sem hæstv. ráðherra talaði um áðan, um muninn á skattlagningu á tekjuskatti og eignarskatti og svo hins vegar á staðgreiðslunni og virðisaukaskatti, skipti nokkru máli í þessu sambandi.

Mig langar líka til að velta því upp hvort hæstv. fjmrh. væri sáttur við að missa það fé persónulega sem hann hefur hingað til talið tryggt með veðrétti alfarið vegna þess að ríkið ætti forgang. Væri hann sáttur við það? Hvernig ætlar hæstv. fjmrh. að treysta veðbókarvottorði þar sem ríkið hefur forgang? Hvernig á að vera hægt að finna út hvaða kröfur koma til með að hvíla á eigninni? Þetta er ekki bara mál lögfræðinga, hæstv. ráðherra.

Það er alveg ljóst að við höfum traust innheimtukerfi á sköttum. Það þarf bara að beita því. Það er tryggt í lögum og þar hefur ríkið forgang fram yfir almenna kröfuhafa. Það eru því engin rök fyrir því að gefa ríkinu enn þá meiri forgang. (**Forseti:** Forseti vill gefa ræðumanni kost á að fresta máli sínu nema ræðumaður sé að ljúka ræðu sinni.) Já, ég þakka hæstv. forseta. Ég er rétt að ljúka ræðu minni.

Ég vil taka fram í þessu sambandi þar sem er verið að tala um innheimtu á sköttum að að sjálfsögðu ber þjóðfélagsþegnum að greiða sína skatta. Á því byggist okkar samfélag. Við fáum þjónustu frá ríkinu fyrir það fé sem við greiðum. Það er alls ekkert verið að draga úr því í þessu máli. En við höfum líka heyrt um að með fé hafi verið misfarið á ýmsan hátt, fé sem hefði átt að fara í skattgreiðslu, t.d. á þann hátt að staðgreiðslufé af launum hafi verið notað til að greiða út laun og jafnvel að einhverjir stjórnmálamenn hafi samþykkt slíkt. Þau lög sem nú gilda breyta engu um þetta atriði og heldur ekki það frv. sem hér liggur fyrir. Það er kannski fyrst og fremst hugarfar stjórnmálamanna og ráðamanna í þessu landi og markviss innheimta á skattheimtufé sem skiptir mestu máli, að það sé ekki verið að bjóða upp á einhverja spillingu með slíkt fé.

Ég vil að lokum segja það, hæstv. forseti, að það er ekki spurning um að ná samningum í þessu máli. Það er spurning um pólitíska afstöðu manna. Það mun koma í ljós hversu trúir hv. þm. eru umbjóðendum sínum, nefnilega kjósendum í þessu landi.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Í þessari umræðu um frv. til breytinga á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda kom fram meiri háttar misskilningur hjá hæstv. fjmrh. Hann misskilur hlutverk sitt eina ferðina enn þá þegar um er að ræða spurningu um forgangsréttindi ríkissjóðs hjá skiptaráðanda varðandi skiptingu þrotabúa. Hæstv. fjmrh. ruglar saman fyrirtæki í eðlilegum rekstri og skattaskilum þess og síðan forgangsréttindum varðandi skipti á þrotabúum. Þetta eru tvennt aðskilið. Þetta eru tveir ólíkir hlutir vegna þess að þrotabú er ekki lengur fyrirtæki í eðlilegum rekstri heldur þrotabú hjá skiptaráðanda. Það er fyrirtæki sem hefur orðið gjaldþrota og verið tekið til skipta. Þetta eru tvö algjörlega ólík mál.

Varðandi þau orð hæstv. fjmrh. að menn hafi leyft sér að nota annarra fjármagn og um ólögmæta auðgun verð ég að segja að mér finnst það koma úr hörðustu átt hjá hæstv. fjmrh. að tala um ólögmæta auðgun, manni sem stendur fyrir þeirri efnahagsstefnu sem rýrir eigin fé atvinnuveganna um þessar mundir ekki minna en um 500 millj. á mánuði og talar síðan um ólögmæta auðgun fyrirtækjanna sem eru fórnarlömb þessarar efnahagsstefnu. Þá er heldur betur búið að hafa endaskipti á hlutunum. Fórnarlömbin í þessari efnahagsstefnu, sem lenda hjá skiptaráðanda, eru ekki með neina ólögmæta auðgun. Þetta er ofsköttun. Það er verið að blóðmjólka kúna með ofsköttun eins og nú fer fram.

Ég ítreka að það er algjör misskilningur hjá hæstv. fjmrh. að halda því fram að ríkissjóður eigi að hafa forgang þegar um er að ræða skiptingu þrotabúa. Ég veit ekki hvaða lög það eru eins og ég sagði fyrr í dag. Mér er ekki kunnugt um að þau séu til.

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Það eru aðeins örfá orð út af tillögu sem dreift hefur verið á borð þingmanna frá mér um frávísun á þessu máli. Það hefur fallið niður ein setning eða setningarhluti sem gerir það að verkum að till. er ekki sú sem hún á að vera og verður dreift endurprentaðri þessari till. Hún á að orðast svo, herra forseti:

„Þar sem nauðsynlegt er að skoða nánar þau atriði sem fjallað er um í frumvarpinu, m.a. í því skyni að fyrir liggi hvaða áhrif breytingar eins og þær sem frumvarpið gerir ráð fyrir hafa á störf og aðstöðu innheimtumanna ríkissjóðs, og rétt er þá að taka til skoðunar um leið“ — þessi setning hefur fallið niður — „og rétt er þá að taka til skoðunar um leið meðferð annarra krafna, svo sem lífeyrissjóðsiðgjalda sem ekki hafa verið staðin skil á til lífeyrissjóða“ o.s.frv.

Það eru aðeins tvær setningar í viðbót, virðulegi forseti. Í fyrsta lagi skulu menn gera sér fulla grein fyrir því að hér er aðeins verið að tala um forgang opinberra gjalda þriðja aðila. Hér er um að ræða staðgreiðslu skatta sem fyrirtæki hafa innheimt af starfsmönnum sínum og ekki staðið skil á og söluskatt eða virðisaukaskatt sem viðskiptamenn fyrirtækisins hafa greitt. Hér er ekki um að ræða greiðslu fyrirtækisins sjálfs heldur þriðja aðila.

Auk þess vil ég að lokum benda mönnum á að það er einnig nauðsynlegt að skoða meðferð lífeyrisiðgjaldanna. Þegar hlutur atvinnurekenda er ekki með sama hætti forgangsuppgjörsviðfangsefni og lífeyrisiðgjaldahlutur launþegans þýðir það að ef sá hlutur glatast missir launþeginn rétt sinn í lífeyrissjóðum og

lánsrétt sinn hjá Húsnæðisstofnun ríkisins eins og lög um Byggingarsjóð ríkisins eru nú úr garði gerð. Ef menn ætla að skoða þetta betur, eins og ég legg til, sem í frv. er rætt um, er nauðsynlegt að taka einnig til skoðunar meðferð lífeyrissjóðsiðgjalda varðandi forgangskröfur í gjaldþrotaskiptum.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu, enda held ég að hún hafi nú þegar sýnt að þetta mál þarfnast ótvírætt nánari skoðunar. Ég verð að segja vegna ummæla hv. þm. Kristins Péturssonar að það er sérkennileg kenning að vegna þess að efnahagsstefnan sé svo slæm sé allt í lagi að fyrirtækin steli undan skatti, það sé nauðvörn fyrirtækjanna í slæmri efnahagsstefnu að geta hagað sínum málum þannig að það vörslufé sem þeim er ætlað að geyma frá launafólkinu sé sett í reksturinn.

Ég vek athygli hv. þm. á því að hér var tekin upp staðgreiðsla skatta og það var talið mikilvægt atriði að tryggja að það innheimtukerfi yrði traust. Staðgreiðsla skatta felur í sér að fyrirtækjunum er ætlað að skila sköttum launafólksins inn í hinn almenna sjóð allra landsmanna. Það hefur þó nokkuð borið á því því miður að fyrirtækin hafi brugðið á það ráð að standa ekki skil á staðgreiðslunni og nota hana í reksturinn og það hefur verið gripið til mjög alvarlegra innheimtuaðgerða á þessu ári til að koma í veg fyrir að því verði haldið áfram. Staðgreiðsla launa er ekki almennt rekstrarfé fyrirtækjanna. Ég virði það við hv. þm. Friðrik Sophusson að þegar hann var að reyna að rökstyðja afstöðu sína í þessu máli hélt hann sig eingöngu við söluskattinn en hætti sér ekki inn á þá braut að tala um staðgreiðslu launa. Auðvitað er það þannig að það er fullkomlega siðlaust hjá fyrirtækjum að taka þann part sem eru skattar launafólksins og nota í reksturinn vegna þess að fólkið sem vinnur hjá fyrirtækjunum vill vera heiðarlegt fólk, það vill standa í skilum og telur margt hvert að það sé í skilum við hinn almenna sjóð og finnst það bæði móðgun við sig og skyldur sínar gagnvart þjóðfélaginu að vinnuveitandinn skili þessu ekki inn í þennan almenna sjóð.

Varðandi dæmið um söluskattinn sem hv. þm. Friðrik Sophusson tók, þá byggði hann það á því að fyrirtækið skuldaði heildsalanum, smásalinn skuldaði heildsalanum vöruna. Það vita allir sem þekkja til í verslunarrekstri að heildsalar óska nú eftir því velflestir að fá vöruna yfirleitt greidda áður en hún er seld af smásalanum. Þó það séu veitt ákveðin lán um tíma eru þau ekki bundin við að varan sé lánuð þangað til hún er seld. Þetta dæmi heldur auðvitað ekki.

Það sem hins vegar hefur komið fram í þessum málflutningi hjá talsmönnum Sjálfstfl., svo ég noti þeirra óbreyttu orð, er að það skipti ekki nokkru máli hvort hér er um skatta að ræða sem aðrir hafa greitt eða skatta sem fyrirtækin eiga að greiða sjálf. Í þessu felst kannski grundvallarmunurinn, að annars vegar er hér smátt og smátt að koma í ljós að ákveðnir þingmenn hafa þá hugmyndafræðilegu afstöðu að það sé enginn munur á þeim sköttum sem fyrirtækjunum er falið að innheimta af öðrum og þeim sköttum sem þau eiga að greiða sjálf. Ef þetta viðhorf festist í sessi er það stórhættulegur hugmyndaheimur gagnvart því að byggja hér upp traust og eðlilegt skattakerfi. Traust og eðlilegt skattakerfi verður ekki byggt upp með refsivendinum einum saman heldur með því hugarfari að þeir sem innheimta skattana skili þeim áleiðis á réttan stað en telji þá ekki vera til umráða fyrir sig þó að það sé alveg ljóst sem hv. þm. Friðrik Sophusson sagði og er engin ný tíðindi að það hefur viðgengist að menn héldu þessu inni í fyrirtækjunum með ákveðnum hætti og væru ekki endilega að leggja það í sérstakar bækur í banka eða inn á sérstaka reikninga um leið. En það er þetta hugarfar að gera engan greinarmun á þeim peningum sem inn koma og fyrirtækin eiga ekki með neinum hætti og þeim fjármunum sem eru hluti af rekstrinum, hvort sem það er um lánsfé frá bönkum eða öðrum fyrirtækjum að ræða eða eignir fyrirtækjanna.

Í sjálfu sér hafa öll meginrök í þessu máli komið fram. Það er rétt, eins og ég sagði áðan, hjá hv. 1. flm. að það getur þurft að gera ákveðnar breytingar á réttarfarspraxísnum í landinu. En ég ítreka: Það er rangt í málið farið að reyna að ráða bót á þeim réttarfarsvanköntum með því að afnema þennan greinarmun nema menn séu fylgjandi þeirri hugmyndafræði að enginn eðlismunur sé á þeim peningum sem fyrirtækin fá frá öðrum til að koma áleiðis til ríkissjóðs og öðrum tekjum og umráðafjármunum viðkomandi fyrirtækja. Okkar skattakerfi byggist á þeirri grundvallarforsendu að staðgreiðslan á launum, söluskatturinn og síðan virðisaukaskatturinn er ekki eign innheimtufyrirtækjanna eða viðkomandi rekstraraðila heldur eingöngu vörslufé. En mér heyrist á málflutningi einstakra þingmanna að þeir vilji ekki gera neinn slíkan greinarmun, þetta séu eins og hverjir aðrir fjármunir sem einstaklingar og fyrirtæki hafa og eigi þess vegna að hafa nákvæmlega sama sess. Ef ágreiningurinn liggur í þessu er ósköp eðlilegt að hann sé hér fyrir hendi. Ég hélt satt að segja að málið væri ekki þannig vaxið að menn virkilega væru með þá grundvallarafstöðu að það væri enginn munur á þessum peningum. Þetta væru sömu umráð og fjármunirnir fyrir fyrirtækin þó að ríkissjóður og almenningur í landinu ætti annan hlutann en fyrirtækið sjálft hinn.

Ég segi við hv. deild í fullri alvöru: Það mun engum manni takast að byggja upp virkt skattaeftirlit í landinu og trausta skattinnheimtu ef því hugarfari landsmanna verður ekki breytt og hugarfari í fyrirtækjunum verður ekki breytt að afdráttarlaust séu menn þeirrar skoðunar að þeir peningar sem þeir taka af staðgreiðslu launa, sem þeir taka af virðisaukaskattinum og söluskattinum eru ekki þeirra peningar heldur peningar launafólksins, þeirra sem greiða skattinn, og hins almenna sjóðs landsmanna.

Það þjónar engum tilgangi að reyna að persónugera þetta í núv. fjmrh. eða einhverjum ráðherra-

dómi eða kontóristum eða einhverju slíku. Þetta er grundvallarafstaða í uppbyggingu skattkerfis í landinu. Við höfum farið inn á þá braut og þingið verið sammála því að söluskattur væri einn öflugasti tekjustofn ríkisins og nú á að halda inn á þá braut um næstu áramót að virðisaukaskattur sé einn öflugasti tekjustofn ríkisins og ef þingið ætlar síðan að undirstrika með þessari breytingu að þessir skattar séu eins og hvert annað umráðafé atvinnurekendanna og stjórnendanna í fyrirtækjunum, eins og lán frá bönkum og sjóðum og öðrum viðskiptaaðilum, er þingið að segja bæði við þjóðina og við stjórnendur skattheimtukerfisins: Við ætlum að gera ykkur hlutverkið erfitt að berjast gegn skattsvikunum í landinu og sérstaklega því hugarfari að enginn munur sé á peningum sem fyrirtækin eiga ekki með nokkrum lögfræðilegum hætti og þeim öðrum peningum sem þar eru til umráða.

Ég er sannfærður um það og þess vegna tala ég svo eindregið gegn þessu frv. að eigi það hugarfar að haldast í landinu að þeir skattar, hvort sem það er staðgreiðslan af launum, söluskatturinn eða virðisaukaskatturinn sem fyrirtækjunum er ætlað að innheimta, séu eins og hverjir aðrir umráðapeningar fyrir fyrirtækin verður aldrei hægt að byggja hér upp traust skattaeftirlit eða trausta framkvæmd skattakerfisins nema menn vilji þá taka upp þá siði að skattheimtumenn ríkisins séu umsvifalaust með refsivöndinn á lofti hvenær sem er og hvar sem er og taka þá upp í raun og veru allt önnur vinnubrögð hvað það snertir en almennt er eðlilegt ef það hugarfar ríkir að menn séu ekki að ráðstafa peningum sem eru ekki í þeirra eign. Þetta mál snýst um hvort stjórnendur fyrirtækjanna geti ráðstafað peningum sem eru ekki í þeirra eign. (**KrP:** Skiptaráðandi.) Það er grundvallaratriðið í þessu vegna þess að vandamálin koma því aðeins upp að stjórnendur fyrirtækjanna hafa ráðstafað þessum peningum eins og þeir væru þeirra eign en hafa ekki passað sig í rekstrinum að haga honum þannig að vera ekki að valsa með þá peninga sem þeir hafa tekið af launum starfsfólksins eða eru hluti af þeim sköttum sem þeim er falið að innheimta. (**KrP:** Þú ert að taka um skiptaráðanda.) Ef hv. þm. Kristinn Pétursson hefur svona miklar áhyggjur af starfsemi skiptaráðanda hef ég bent á það í umræðunni að það er miklu nær að taka á því vandamáli í gegnum þau lög sem fjalla um þann þáttinn en vera að veikja skattinnheimtuna í landinu með þeim hætti sem hér er lagt til. (**KrP:** Ertu að segja satt?) Hv. þm. Kristinn Pétursson þarf ekkert að eggja aðra en sjálfan sig til að segja satt. Hins vegar kom það alveg greinilega fram í hans ræðu að hann gerir engan greinarmun í fyrirtækjunum á þeim peningum sem fyrirtækið á ekki og þeim peningum sem það á því það kom alveg skýrt fram í ræðu hv. þm. Kristins Péturssonar að hann telur að fyrirtækið eigi að hafa alla heimild til þess að ráðskast með það skattheimtufé sem það tekur af launafólkinu, er það tekur til innheimtu. Að því leyti er alveg grundvallarágreiningur milli mín og hv. þm. Kristins Péturssonar vegna þess að hann telur að fyrirtækin eigi að hafa þau forréttindi að ráðstafa staðgreiðslunni af launum starfsfólksins í rekstur fyrirtækjanna. Fyrirtækin eigi að hafa þau forréttindi að ráðstafa virðisaukaskattinum í rekstur fyrirtækjanna vegna þess að það eigi ekki að vera neinn munur á þessum peningum og öðrum fjármunum sem fyrirtækin eru með í rekstrinum. Það er grundvallarágreiningur sem liggur þá alveg ljóst fyrir og mönnum er frjálst að hafa. En ég hlýt að lýsa því að þeir sem hafa þá grundvallarafstöðu eru um leið að gera það mjög erfitt í okkar landi að byggja upp það hugarfar og þá siði og þær venjur og það siðferði sem er grundvallarforsenda fyrir skilvirku og traustu skattkerfi.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. fer með mikla útúrsnúninga og rangtúlkanir á ræðum einstakra þingmanna. Það hefur enginn einasti þingmaður haldið því fram í þessari umræðu að hún snerist um það hvort mönnum ætti að vera heimilt að halda fjármunum sem þeir eiga ekki sjálfir. Það hefur enginn haldið því fram að það væri siðferðilega rétt af þeim sem eiga að standa skattheimtunni skil á tilteknum greiðslum, hvort sem það er söluskattur, staðgreiðsla eða aðrir skattar. Samt stendur hæstv. fjmrh. hér drjúga stund og endurtekur í síbylju að þessi viðhorf liggi að baki þeirri umræðu sem hér á sér stað. Auðvitað er það siðferðilega rangt að greiða ekki skatta á réttum tíma hverju nafni sem þeir nefnast og það er ekki einasta siðferðlega rangt, það er líka skýlaust brot á lögum.

Hitt er svo allt annað mál hvaða stöðu ríkissjóður hefur til þess að innheimta skatta gagnvart öðrum sem kröfur eiga á fyrirtæki í því falli sem við erum að tala um hér. Og þá kemur spurningin um það hvernig löggjöfin er réttlátlega smíðuð. Það eru ýmsir fleiri en ríkissjóður sem eiga peninga inni hjá atvinnufyrirtækjum. Á það hefur verið bent að þeir sem selja vöru eiga peninga inni hjá fyrirtækjum ef sú vara er seld með gjaldfresti. Þeir sem inna vinnu af hendi og þjónustu margs konar við fyrirtæki eiga oft og tíðum inni kröfur fyrir launagreiðslum. Það er réttmæt krafa þeirra, réttmæt eign þeirra að gera kröfu til þess að fá þær greiðslur. Í þeim tilvikum þar sem gjaldþrot eiga sér stað hygg ég að það sé ekki síst alvarlegt að einmitt sjálfstæðir atvinnurekendur af ýmsu tagi, iðnaðarmenn sem inna af hendi margs konar þjónustu við atvinnufyrirtæki, hvort sem það er varðandi byggingar eða þjónustu við sjávarútvegsfyrirtæki eða hvað eina, verða fyrir verulegum áföllum, og ég er þeirrar skoðunar að þessir menn og þessir aðilar eigi sitt réttlæti ekki síður en ríkissjóður. Það hlýtur að vera skylda Alþingis þegar verið er að fjalla um lög sem þessi að gæta að atriðum sem þessum.

Auðvitað er það rétt, sem fram kemur í þessari umræðu, að skattar eru af ólíkri gerð. Söluskattur eða virðisaukaskattur er annarrar gerðar og annarrar tegundar en tekjuskattur sem lagður er á fyrirtæki. Þar hefur viðkomandi fyrirtæki lagt skatt á vöruna

sem neytendur hafa greitt. Fyrirtæki í staðgreiðslu innheimta af launafólki tekjuskatt. En um leið er fyrirtækið ábyrgt fyrir greiðslu skattsins. Í máli hæstv. ráðherra hefur ekkert komið fram sem sýnir fram á á hinn bóginn að hér sé um að ræða vörslufé í venjulegum skilningi þess orðs. Ég er alveg sammála honum um að þessir skattar eru annarrar gerðar en tekjuskattur sem lagður er á fyrirtæki, en að gildandi lögum er hér samt ekki um að ræða vörslufé í venjulegum skilningi þess orðs.

Aðalatriðið er þó að við hljótum að leita eftir því að þeir sem kröfur eiga standi nokkurn veginn jafnt að vígi og það eru ekki ástæður til þess að ríkissjóður standi betur að vígi en aðrir sem eiga jafnréttmætar kröfur til atvinnufyrirtækja. Það er nauðsynlegt í þessu sambandi að hafa það líka í huga sem hér hefur komið fram og hv. 6. þm. Norðurl. e. lýsti mætavel. Hann greindi frá því að hann væri andvígur þessu lagafrv. einmitt vegna þess að það mundi leiða til harðari innheimtuaðgerða. Með því að hafa núverandi skipan væri auðveldara fyrir ríkissjóð að sjá til með fyrirtækjum, í sumum tilvikum kannski af því að reksturinn gengi illa, í öðrum tilvikum kannski vegna þess að stjórnvöld á hverjum tíma hefðu velþóknun á þeim fyrirtækjum sem í hlut eiga og vildu hafa þann möguleika að geta leyft sumum að draga að greiða skatta sína og skyldur sem þau þó eiga að gera lögum samkvæmt af því að þau hefðu svo trygga innheimtukröfu ef svo færi að viðkomandi fyrirtæki færi á höfuðið. Þetta sjónarmið kom mjög skýrt fram af hálfu hv. 6. þm. Norðurl. e. Stefáns Valgeirssonar. Með öðrum orðum: ef þessi skilningur er lagður í andstöðuna við þetta frv. er beinlínis með núverandi skipan verið að ýta undir að ríkisvaldið mismuni fyrirtækjum með þessum hætti.

Ég er þeirrar skoðunar að á sínum tíma þegar þessi lög voru sett af því að ég átti þar hlut að máli hafi menn alls ekki leitt hugann nægilega vel að þessari aðstöðu sem upp kemur við skipti og þeirri verulegu óvissu í viðskiptum sem þessi skipan veldur og þeirri staðreynd að þeim sem tryggja rétt sinn og þurfa að gera það með veðsetningu er þá óljóst um hina raunverulegu stöðu sína ef þessi skipan helst. Fyrir því tel ég að það sé skynsamlegt og rétt að gera þessa breytingu á nýjan leik. En ríkisvaldið hefur viðurkennt og löggjafarvaldið hefur viðurkennt að skattar eins og söluskattur séu annars eðlis en tekjuskattur sem lagður er á fyrirtæki, m.a. með því að í þeim tilvikum hefur ríkissjóður miklu virkari innheimtuaðgerðir en í öðrum tilvikum. Í því tilviki með söluskattinn getur ríkissjóður lokað fyrirtækjum ef fyrirtæki stendur ekki í skilum með skattinn. Ég hygg, án þess að ég þekki uppruna þessa ákvæðis, að þessi heimild, sem er miklu áhrifameiri en ríkisvaldið hefur varðandi ýmsa aðra skatta, sé einmitt komin til vegna þess að hér er um að ræða aðra tegund skattheimtu. Við eigum einmitt að horfa á í þessu tilviki að ríkisvaldið þarf virkari innheimtuheimildir þar sem um er að ræða skatta af þessu tagi sem aðrir hafa þegar greitt í vöruverði eða sem hluta af sínum launum. En við eigum ekki að búa til þá reglu við skipti á þeim fyrirtækjum, sem því miður eru of mörg, sem fara á höfuðið að það skapi óvissu gagnvart öðrum aðilum í þjóðfélaginu sem við þá eiga viðskipti og hafa sama rétt og ríkissjóður. Ég fullyrði að iðnaðarmaður sem innir af hendi þjónustu við fyrirtæki sem fer á höfuðið og nýtur ekki, vegna þess að hann telst vera sjálfstæður atvinnurekandi, sömu tryggingar og launamenn á ríkisábyrgð af launum á alveg sama rétt og ríkissjóður. Þannig mætti auðvitað tína til miklu fleiri tilvik.

Ég vildi aðeins koma þessum athugasemdum á framfæri og mótmæla því, sem ég segi að sé útúrsnúningur hjá hæstv. ráðherra, að menn telji það vera siðferðilega réttlætanlegt að draga að innheimta skatta. Síður en svo. Það er bæði ólögmætt og siðferðilega óréttlætanlegt. En það breytir ekki því að við megum ekki ganga á hlut annarra aðila í þjóðfélaginu þegar við erum að tryggja hagsmuni ríkissjóðs og það er kjarni málsins, atriði sem við höfum ekki að mínu mati hugað nægjanlega að þegar lögin voru smíðuð í upphafi, og því er eðlilegt að Alþingi afgreiði og samþykki þetta mál á þessu þingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þjóðarbókhlaða og endurbætur menningarbygginga, 3. umr.

Stjfrv., 374. mál. — Þskj. 1098, brtt. 1100.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Herra forseti. Hér er til 3. umr. frv. til l. um þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, en við 2. umr. þess máls gerði ég nokkra grein fyrir ágreiningi sem hér er uppi varðandi vissa þætti þessa máls og boðaði að ég mundi við 3. umr. flytja brtt. sem ég hef lagt fram ásamt tveimur öðrum þingmönnum Sjálfstfl., þ.e. 17. þm. Reykv. Geir H. Haarde og 2. þm. Reykn. Ólafi G. Einarssyni.

Ég ætla aðeins að rifja upp af hvaða rótum þessi ágreiningur er runninn, en ég ásamt nokkrum öðrum þingmönnum Sjálfstfl. flutti fyrr á þessu þingi frv. til laga um framkvæmdasjóð á sviði menningarmála. Það frv. er að mörgu leyti mjög líkt því og hæstv. ráðherra lagði svo síðar fram, þ.e. það er gert ráð fyrir að sami skattur sé notaður til að fjármagna sérstakan sjóð, sá skattur sem innheimtur hefur verið til að standa straum af byggingu þjóðarbókhlöðu nú í þrjú ár. Hér er um að ræða sérstakan eignarskattsauka. Við vorum sem sagt sammála um að þessi eignarskattsauki skyldi áfram innheimtur og honum varið til menningarmála.

Þessi frumvörp eiga það einnig sameiginlegt að gert er ráð fyrir að forgang hafi bygging þjóðarbókhlöðu, þ.e. að fé úr þessum sjóði eigi að fara til þess að ljúka við byggingu þjóðarbókhlöðu sem hefur verið í byggingu í allt of langan tíma.

Ég hygg að við séum líka sammála um að rétt sé að úr þessum sjóði verði veitt fjármagn til að standa straum af kostnaði við endurbætur á þremur mikilvægum menningarstofnunum, þ.e. þjóðleikhúsi, þjóðminjasafni og þjóðskjalasafni. Hins vegar var í frv. okkar sjálfstæðismanna gert ráð fyrir að af þessu fjármagni mætti einnig verja framlögum til að standa straum af byggingarkostnaði nýbygginga á þessu sviði. Hæstv. ráðherra hefur ekki gert ráð fyrir því í sínu frv. og er greinilega ekki sammála þeim hugmyndum sem við sjálfstæðismenn höfum um það að úr þessum sjóði ætti enn fremur að vera unnt að veita fjármagni til nýbygginga. Með öðrum orðum: samkvæmt því frv. sem hér liggur fyrir eru nýbyggingar á sviði menningarmála útilokaðar á framlögum úr þessum sjóði heldur eingöngu um að ræða endurbætur og viðhaldskostnað slíkra bygginga.

Hér er um að ræða allverulegan tekjustofn. Samkvæmt fjárlögum þessa árs er gert ráð fyrir að hinn sérstaki eignarskattsauki gefi um 240 milllj. kr. í tekjur, eignarskattsauki einstaklinga 90 millj. og eignarskattsauki félaga 150 millj. Að vísu gerir þessi hæstv. ríkisstjórn ráð fyrir því að verulegur hluti fari beint í ríkissjóð, þ.e. eingöngu 90 millj. fari til þess sem upphaflega var ráðgert með þessum sérstaka tekjustofni. Svo var einnig á síðasta ári og var um það stöðugur ágreiningur milli menntmrn. og fjmrn. þá sem ekki tókst að leysa. Það er hins vegar annað mál.

Ef maður gerir ráð fyrir að þessi tekjustofn verði notaður til þess sem hann mun ætlaður er hérna, eins og ég sagði áðan, um verulegt fjármagn að ræða. Þess vegna finnst mér afar ógætilegt og raunar rangt að gera ekki ráð fyrir því að nýbyggingar njóti góðs af þessum tekjustofni, þ.e. ef menn ætla sér að halda honum óskertum í þessu skyni. Þess vegna höfum við lagt fram á þskj. 1100 brtt. sem gera ráð fyrir að breyting verði gerð á 1. gr. 1. málsl. frv. eins og það lítur nú út og 1. málsl. orðist sem hér segir:

„Myndaður skal sjóður sem varið skal til að standa straum af byggingarkostnaði menningarbygginga, kostnaði við endurbætur á húsakosti menningarstofnana, stuðla að verndun gamalla bygginga í eigu ríkisins og bygginga sem vernda þarf að mati Þjóðminjasafns og samkvæmt tillögum þess.“

Hér er sem sagt skotið inn í orðunum „byggingarkostnaði menningarbygginga“ og með því er reiknað með að hlutverk þessa sjóðs verði víkkað út þannig að hægt sé að veita fjármagni í slíkar stofnanir. Ég ætla ekki hér og nú að fara að rifja upp um hvaða stofnanir gæti verið að ræða. Það hefur komið fram í fyrri umræðum þessa máls og er vísað til þess sem þar hefur verið sagt, en ég hefði vonast til þess að um þetta gæti orðið samkomulag við hæstv. menntmrh.

Jafnframt er gert ráð fyrir því í 2. tölul. brtt. að fyrirsögn frv. breytist í samræmi við þessa efnisbreytingu þannig að það heiti: Frumvarp til laga um þjóðarbókhlöðu og aðrar menningarbyggingar í stað: „Frumvarp til laga um þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga“ eins og það heitir nú.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja þetta. Ég hygg að það sé þá fullskýrt í hverju þessi brtt. er fólgin.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Það eru gríðarleg verkefni sem blasa við þjóðinni í endurbótum og uppbyggingu gamalla húsa í þessu landi. Í því sambandi nægir að minna á hús eins og t.d. Þjóðleikhúsið og Þjóðminjasafnið að ekki sé minnst á margvíslegar þjóðminjar úti um allt land sem óhjákvæmilegt er að verja fjármunum til þess að varðveita á komandi árum. Ef við viljum heita menningarþjóð verðum við að halda utan um þann arf sem birtist í þessum byggingum, þessum húsum og húshlutum. Það er óhjákvæmilegt og ég tel að það sé mjög mikilvægt forgangsverkefni.

Við höfum á undanförnum áratugum lagt á það mikla áherslu hér á landi að reisa ný hús og nýjar byggingar og allt gott um það að segja. Og menn hafa gjarnan mælt sinn pólitíska árangur í húsum. Það er út af fyrir sig ekkert óeðlilegt við það vegna þess að á þau er hægt að benda. Fyrir vikið hefur það farið svo að endurbætur, lagfæringar og viðhald á eldri mannvirkjum hefur verið vanrækt. Það er hægt að benda á mýmörg dæmi þess, Þjóðminjasafn og Þjóðleikhús og mörg fleiri dæmi.

Sá sjóður sem hér er talað um að stofna á að hafa það meginhlutverk í fyrsta lagi að ljúka við byggingu þjóðarbókhlöðunnar. Þó að öllu fé hans verði varið til þessa verkefnis allra næstu árin gerir það ekki meira en að duga í þessu skyni. Síðan er sagt sem svo: Það á að taka á verkefnum eins og Þjóðminjasafni og Þjóðleikhúsi og Þjóðskjalasafni, að endurbæta það hús sem keypt hefur verið fyrir Þjóðskjalasafn. Allt þetta kostar hundruð og aftur hundruð milljóna króna. Síðan er líka sagt: Það á að verja fjármunum úr þessum sjóði í það að varðveita alls konar byggingar, hús og húshluta sem teljast til þjóðminja. Og ég segi: Þegar þetta hefur verið gert er sjóðurinn tómur. Það er þannig. Og ég er þeirrar skoðunar að það sé rangt að vekja falskar vonir hjá því góða fólki sem á undanförnum árum hefur t.d. verið að hvetja stjórnvöld til þess að taka á því verkefni að reisa hér tónlistarhús. Það væri rangt að segja því góða fólki núna: Gerið þið svo vel. Þarna hefur verið stofnaður sjóður handa ykkur. Það er ekki verið að því. Jafnvel þó að það væri sagt fengist svo lítið úr þessum sjóði að það dygði svo sem ekki fyrir neinu. Ég held að við eigum að reyna að takmarka verkefni okkar við hina fjárhagslegu getu og ég held að þau verkefni sem þessum sjóði eru ætluð séu þegar ærin samkvæmt frv. eins og það liggur fyrir. Ég get því ekki, herra forseti, fallist á þá tillögu sem hér liggur fyrir frá hv. 2. þm. Reykv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. á þskj. 1121, 1133, 1134, 1137, 1139, 1140, sem voru of seint fram komnar, samþ. með 33 shlj. atkv.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Áður en lengra er haldið er kannski rétt að geta þess að hugmyndin er sú að halda áfram fundi fram undir í kringum kl. 7 og hefja síðan kvöldfund eða framhaldsfund kl. 9 í kvöld. En síðan er til athugunar hvort sérstakur atkvæðagreiðslutími yrði settur til hliðar á morgun. Það er ekki fullfrágengið, en talað um möguleikana á því að halda fund í deildini í kringum hádegisbil, væntanlega á milli funda í Sþ. Um það verður tilkynnt nánar, væntanlega um eða upp úr 9 í kvöld. Ég vil nota tækifærið, úr því að hér eru svo margir saman komnir, að hvetja nú þingdeildarmenn eindregið til þess að sitja vel fundi í kvöld.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Söluskattur, 3. umr.

Frv. MF, 456. mál (vélar til garðyrkju). — Þskj. 816.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1146).

Verkfræðingar, 3. umr.

Stjfrv., 409. mál (landslagshönnuðir). — Þskj. 769.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1147).

Dýralæknar, 3. umr.

Stjfrv., 343. mál (búseta héraðsdýralækna, dómnefnd o.fl.). — Þskj. 1120, brtt. 1137.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1137 samþ. með 31 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og endursent Ed.

Málefni aldraðra, 1. umr.

Stjfrv., 393. mál (heildarlög). — Þskj. 1112.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um málefni aldraðra sem liggur fyrir á þskj. 1112 eftir breytingar sem gerðar voru á frv. í Ed. en var 393. mál Ed.

Sífellt fullkomnari heilbrigðisþjónusta samfara miklum framförum í tækni og vísindum, ekki síst læknavísindum, hefur leitt af sér fækkun ótímabærra dauðsfalla og þar með lengingu meðalævinnar. Lengst af hafa aldraðir verið fámennur hópur hverrar þjóðar. Á síðustu árum hefur þetta verið að breytast og hlutfall aldraðra af þjóðarheild farið hækkandi og um leið breytt aldurssamsetning þjóða heims.

Á þessari öld hefur öldruðum á Íslandi fjölgað hraðar en nokkrum öðrum aldurshópi. Síðasta aldarfjórðung eða frá 1960 hefur fólki 65 ára og eldra fjölgað um ríflega 70%. Á sama tíma hefur ævilengd farið vaxandi og heildarfrjósemi hefur minnkað. Þetta þýðir einungis eitt, að íslenska þjóðin er að eldast.

Um síðustu aldamót var einn af hverjum 14 Íslendingum 65 ára eða eldri. Hinn 1. des. 1988 var einn af hverjum 10 Íslendingum 65 ára og eldri. Á sama tíma og hlutfall aldraðra af þjóðarheild hefur farið sívaxandi eru gamlir að eldast. Ef litið er á stærðarhlutföll milli hópsins 65–74 ára annars vegar og hópsins 75 ára og eldri hins vegar kemur í ljós að hlutfall aldurshópsins eldri en 75 ára fer sístækkandi. Í byrjun aldar var fjöldi aldraðra á aldrinum 65–74 ára þrisvar sinnum fjölmennari en fjöldi aldraðra 75 ára og eldri. Æ síðan hefur stærðarmunur þessara tveggja aldurshópa farið minnkandi og spá fram í lok fyrsta aldarfjórðungs næstu aldar gefur til kynna að þá muni þessir hópar verða nokkuð jafnir að stærð. Þessi þróun í aldurssamsetningu hinna öldruðu er mjög mikilvæg vegna þeirra áhrifa sem sú þróun hefur á hvernig standa skuli að skipulagningu öldrunarþjónustu.

Þó að síhækkandi lífaldur sé sannarlega fagnaðarefni er ekki hægt að líta fram hjá því að fjölgun aldraðra bæði hlutfallslega og tölulega er sívaxandi áhyggjuefni stjórnvalda um allan heim. Þessar miklu breytingar á aldurssamsetningu þjóða, sem stuttlega var minnst á hér að framan, munu hafa í för með sér verulegar félagslegar og efnahagslegar afleiðingar og þær munu tvímælalaust kalla á síaukin viðbrögð stjórnvalda.

Um leið og aldurinn færist yfir fer heilsunni hrakandi og þörf á heilbrigðisþjónustu fer vaxandi. Aldraðir hafa oft langvarandi sjúkdóma sem draga úr starfsgetu og gera þá háðari öðrum. Hár aldur gerir fólk veikburða og viðkvæmt. Þörf á viðeigandi stofnanavist verður brýnni.

Veruleg fjölgun aldraðra, einkum í hópi 75 ára og eldri, kallar því á enn meiri þjónustu af ýmsu tagi. Til eru staðlar sem gera ráð fyrir að reikna megi með því að það þurfi sex hjúkrunarrými á hverja 100 íbúa á

aldurshópnum 75–79 ára, rúmlega 10 hjúkrunarrými á hverja 100 íbúa í aldurshópnum 80–84 ára og 28 rými á hverja 100 íbúa í aldurshópnum 85 ára og eldri. Þessi þróun endurspeglast hér á landi í því að á undanförnum árum hefur æ fleiri rýmum á dvalarheimilum aldraðra verið breytt í hjúkrunarrými.

Án efa var brotið í blað í þróun og skipulagningu íslenskrar öldrunarþjónustu með setningu laga um málefni aldraðra á árinu 1982. Með þessum lögum var reynt í fyrsta sinn hér á landi að koma á samræmdu skipulagi öldrunarþjónustunnar. Leitast var við að tengja öldrunarþjónustu annarri þjónustu sem fyrir er, þ.e. heilbrigðisþjónustu í tengslum við heilsugæslustöðvar sem hafa verið í hraðri uppbyggingu um land allt og félagslegri þjónustu á vegum sveitarfélaga sem sömuleiðis hefur verið í örri uppbyggingu.

Markmið löggjafarinnar um málefni aldraðra var í stuttu máli það að mynda þjónustukeðju innan heilbrigðis- og félagslegrar þjónustu með það fyrir augum að gera öldruðum kleift að lifa lífinu með fullri reisn. Lögin voru andsvar við brotakenndri þjónustu fyrir aldraða. Í þeim er meginhersla á það lögð að öldrunarþjónusta verði skipulögð í sameiningu af starfsfólki í heilbrigðisþjónustu annars vegar og starfsfólki í félagslegri þjónustu hins vegar þannig að aldraðir geti svo lengi sem verða má búið við eðlilegt heimilislíf með aðstoð heimaþjónustu og að völ sé stofnanaþjónustu þegar hennar er þörf.

Ég tel að um það verði ekki deilt að í kjölfar lagasetningar um málefni aldraðra hafi stór skref verið stigin í uppbyggingu öldrunarþjónustunnar hér á landi, ekki síst í húsnæðismálum aldraðra. Er nú svo komið að sérhannað húsnæði fyrir aldraða er að finna í allflestum þéttbýliskjörnum landsins. Uppbyggingin í húsnæðismálum er þó misjafnlega langt komin á hinum ýmsu landsvæðum. Mun með sanni hægt að segja að sums staðar nálgist það að þörfinni sé fullnægt þó annars staðar skorti nokkuð á að nægjanlegt rými sé fyrir hendi.

Þessa þróun má ekki síst þakka styrkjum úr Framkvæmdasjóði aldraðra sem stofnaður var með sérstökum lögum árið 1981, en ákvæði um sjóðinn voru síðan felld inn í lögin um málefni aldraðra er þau tóku gildi í ársbyrjun 1983.

Umfang heimaþjónustu fyrir aldraða hefur sömuleiðis farið sívaxandi á undanförnum árum. Heimahjúkrun aldraðra verður sífellt umfangsmeiri þáttur í starfsemi heilsugæslustöðva. Félagslegi þátturinn, heimilishjálpin, er sömuleiðis orðinn æ mikilvægari þáttur í öldrunarþjónustunni eftir því sem fleiri sveitarfélög gefa öldruðum íbúum sínum kost á þjónustu af þessu tagi.

Þó tvímælalaust hafi verulega áunnist í málefnum aldraðra seinustu árin eru engu að síður mörg verkefni á þessu sviði óleyst. Undanfarna 18 mánuði hefur í heilbrmrn. verið unnið að endurskoðun laga um málefni aldraðra. Samkvæmt sólarlagsákvæði sem þau hafa að geyma áttu þau að renna úr gildi 31. des. 1987. Þau hafa nú tvisvar verið framlengd um ár í senn, nú síðast í desember sl. til 31. des. 1989.

Í þeirri endurskoðunarvinnu sem unnin hefur verið í ráðuneytinu hefur mest áhersla verið lögð á að sníða af lögunum agnúa sem óneitanlega komu í ljós eftir að farið var að hrinda hinum ýmsum ákvæðum í framkvæmd. Jafnframt er leitast við að lýsa úrræðum í öldrunarþjónustu í samræmi við það sem í raun gerist. Þá hefur og verið tekið mið af þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Frv. það sem hér er lagt fram er árangur þessarar endurskoðunarvinnu.

Frv. þetta kemur nú frá Ed. Heilbr.- og trn. þeirrar deildar fjallaði mjög ítarlega um frv. og fékk ýmsa aðila til viðræðna um það. Nefndin lagði fram ýmsar brtt. sem byggjast á athugasemdum þessara aðila svo og ábendingum sem nefndinni bárust frá ráðstefnu Sambands ísl. sveitarfélaga og Öldrunarráðs Íslands um heimaþjónustu sem haldin var 5. maí sl.

Helstu nýmæli frv. eins og því hefur nú verið breytt í Ed. eru þessi:

1. Á starfssvæði hverrar heilsugæslustöðvar skal stjórn heilsugæslustöðvar og félagsmálaráð eða félagsmálanefndir í sveitarfélögunum á starfssvæði heilsugæslustöðvarinnar tilnefna fulltrúa í sérstaka undirnefnd, svokallaða öldrunarnefnd. Í nefndinni skulu aldrei vera fleiri en sjö, tveir tilnefndir af stjórn heilsugæslustöðvar, í Reykjavík af heilbrigðismálaráði, hinir frá viðkomandi sveitarfélögum. Sveitarstjórnir sem hlut eiga að máli koma sér saman um formann nefndarinnar.

Verkefni öldrunarnefnda eru nánar tiltekin í 5. gr. frv. og tillögur sínar þar að lútandi skulu þær gera til stjórnar heilsugæslustöðvar, í Reykjavík heilbrigðismálaráðs, og félagsmálaráða eða félagsmálanefnda. Eitt af verkefnum nefndanna er að tilnefna í þjónustuhóp aldraðra. Kostnaður ef einhver er af störfum öldrunarnefnda skal skiptast milli sveitarfélaganna á starfssvæðinu í hlutfalli við íbúafjölda í hverju sveitarfélagi. Þá er gert ráð fyrir að öldrunarnefndir geti gefið fulltrúum félaga sem starfa að málefnum aldraðra á starfssvæðinu kost á því að eiga áheyrnarfulltrúa í nefndinni.

2. Í öðru lagi má segja að það er breytt fjölda þeirra sem eiga sæti í þjónustuhópi aldraðra á hverju starfssvæði. Skulu þeir nú vera fjórir, þ.e. læknir og hjúkrunarfræðingur frá heilsugæslustöð svæðisins og tveir fulltrúar félagslegrar þjónustu. Þar af einn félagsráðgjafi ef kostur er. Með þessum hætti verður félagsleg þjónusta og heilbrigðisþjónusta jöfn að vægi í þjónustuhópi aldraðra. Sveitarstjórn skal velja hópnum oddvita úr hópi tilnefndra. Jafnframt er gert ráð fyrir að þjónustuhópi sé heimilt að gefa fulltrúa öldrunarstofnana starfssvæðisins og félaga sem starfar í þágu aldraðra kost á að vera áheyrnarfulltrúi í hópnum. Þar sem það þykir hentugra er sveitarstjórnum heimilt að fela þjónustuhópi aldraðra hlutverk öldrunarnefndar á starfssvæðinu.

Kostnaður af starfi þjónustuhóps aldraðra, ef einhver er, skal greiðast af viðkomandi sveitarfélögum í hlutfalli við íbúafjölda í viðkomandi sveitarfélagi. Verkefni þjónustuhópanna verða hin sömu og í gild-

andi lögum, þ.e. fyrst og fremst að meta virkjunarþörf aldraðra á starfssvæðinu.

3. Með tilkomu staðgreiðslu tekjuskatts í ársbyrjun 1988 var nefskattur sá sem rann til Framkvæmdasjóðs aldraðra lagður niður. Í fjárlögum ársins 1988 og að nýju í fjárlögum þessa árs voru einu tekjur Framkvæmdasjóðsins sérstök fjárveiting beint úr ríkissjóði, 160 millj. kr. hvort ár. Í frv. þessu er að nýju farin sú leið að tekjustofn Framkvæmdasjóðs aldraðra verði óbreyttur frá því sem áður var, þ.e. sérstakt gjald sem leggja skal á alla gjaldendur með ákveðnum undantekningum. Skattur þessi verður eins og eignarskatturinn eftirágreiddur og innheimtist með sama hætti. Frv. gerir ráð fyrir að skatturinn verði 2500 kr. miðað við byggingarvísitölu 124,9 stig á hvern greiðanda við álagningu árið 1989, en gjaldið hækki síðan árlega í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu. Undanþegnir gjaldinu verði einstaklingar yngri en 16 ára annars vegar og eldri en 70 ára hins vegar. Í núgildandi lögum eru þeir sem eru eldri en 75 ára undanþegnir gjaldinu. Rétt þykir að miða við starfslokaaldur við álagningu þessa skatts. Jafnframt er óbreytt gert ráð fyrir því að skattstjórar felli niður álagningu skattsins á elli- og örorkulífeyrisþega yngri en 70 ára sem dveljast á dvalar- eða hjúkrunarheimilum. Skattleysismörk sérstaka gjaldsins eru höfð þau sömu og skattleysismörk tekjuskatts í staðgreiðslu, þ.e. að þeir gjaldendur sem höfðu tekjur undir 530 þús. 190 kr. á árinu 1988 eru undanþegnir gjaldinu. Gert er ráð fyrir að skattleysismörkum verði breytt árlega í samræmi við skattvísitölu.

Samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra um fjölda gjaldenda í staðgreiðslu má gera ráð fyrir að við álagningu nú í sumar verði gjaldendur liðlega 95 þúsund og skattheimtan miðað við 85% innheimtu gefi Framkvæmdasjóði aldraðra um 200 millj. kr. á árinu 1989. Það þýðir að Framkvæmdasjóður aldraðra mundi fá til ráðstöfunar á þessu ári 40 millj. kr. hærri upphæð en fjárlög gera ráð fyrir. Jafnframt mundu ríkissjóði sparast þær 160 millj. kr. sem Framkvæmdasjóði eru ætlaðar á fjárlögum.

4. Hlutverk Framkvæmdasjóðs aldraðra er rýmkað nokkuð. Fyllsta samræmis hefur verið gætt varðandi hlutverk sjóðsins annars vegar og fyrirhugaðar breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga hins vegar. Uppbygging íbúða og dvalarheimila aldraðra verður verkefni sveitarstjórna, en Framkvæmdasjóðnum er þó heimilt að styrkja sveitarfélög vegna verkefna af þessu tagi. Sömuleiðis mun stjórnin geta styrkt þá aðila, bæði einkaaðila og opinbera aðila, sem standa að byggingu hjúkrunarrýmis fyrir aldraða. Það er nýmæli að sjóðnum er heimilað að aðstoða sveitarfélög, einkum fámennari sveitarfélög í dreifbýli, við uppbyggingu öldrunarþjónustunnar.

5. Gert er ráð fyrir að það sé skylda hvers sveitarfélags að reka heimaþjónustu fyrir aldraða í sveitarfélaginu. Jafnframt er hvatt til samvinnu um rekstur heimaþjónustu milli þeirra sveitarfélaga sem standa að rekstri heilsugæslustöðvar. Nýmæli frv. um heimild Framkvæmdasjóðs aldraðra til að styrkja sveitarfélög til að koma á fót slíkri þjónustu er ekki síst mikilvægt í ljósi þessa. Skipulagning heimaþjónustu er falin þeim sveitarfélögum sem að henni standa í stað þess að áður hvíldi hún á herðum stjórnar heilsugæslustöðvar og félagsmálaráða.

Um orðalag heimaþjónustukafla frv. var haft samstarf við nefnd á vegum félmrn. sem vinnur að undirbúningi lagafrv. um félagslega þjónustu sveitarfélaga. Ljóst er að þegar löggjöf um félagslega þjónustu sveitarfélaganna gengur í gildi þarf að gera breytingar til samræmis á ákvæðum III. kafla þessa frv. hvort sem það verður orðið að lögum eða enn í frumvarpsformi.

6. Veigamestu nýmæli frv. felast í IV. kafla þess þar sem fjallað er um fyrirkomulag öldrunarþjónustunnar. Þar er skilið á milli opinberrar öldrunarþjónustu annars vegar og stofnanaþjónustu svokallaðrar hins vegar. Til opinberrar öldrunarþjónustu telst heimaþjónusta, þjónustumiðstöðvar aldraðra, dagvist og sjálfseignar-, leigu- og búseturéttaríbúðir aldraðra. Til stofnanaþjónustu telst þjónustuhúsnæði, þ.e. leiguíbúðir og dvalarheimili, sem uppfyllir ákveðin skilyrði um þjónustu og hjúkrunardeildir eða hjúkrunarheimili. Þetta fyrirkomulag er mjög í takt við þær breytingar sem nú eru að verða á skipulagi öldrunarþjónustu um land allt og í raun eingöngu staðfesting á því.

7. Gerður er skýrari greinarmunur en áður var á framkvæmdaleyfi annars vegar og rekstrarleyfi hins vegar vegna dagvistar og stofnana fyrir aldraða. Gert er ráð fyrir því að enginn megi hefja framkvæmdir við dagvist eða stofnun fyrir aldraða fyrr en að fengnu leyfi heilbrmrh. Leita skal umsagnar samstarfsnefndar um málefni aldraðra nema þegar um hjúkrunarrými er að ræða. Þá skal einnig leita umsagnar landlæknis og héraðslæknis. Með þessu fyrirkomulagi fær heilbrmrn. tækifæri til í auknum mæli frá því sem nú er að hafa eftirlit með því að ekki sé farið af stað með framkvæmdir sem e.t.v. eru ótímabærar. Sömuleiðis er gert ráð fyrir því að rekstur dagvistar eða stofnunar fyrir aldraða hefjist ekki fyrr en að fengnu rekstrarleyfi heilbrmrh.

Jafnframt er gert ráð fyrir því að leita þurfi staðfestingar heilbrmrn. á teikningum sjálfseignar-, leigu- og búseturéttaríbúða fyrir aldraða. Þetta er mikilvægt nýmæli því að nokkur misbrestur hefur verið á því að íbúðir sem boðnar hafa verið á hinum frjálsa markaði sem íbúðir fyrir aldraða hafi að öllu leyti uppfyllt þau skilyrði sem gera verður til sérhannaðs húsnæðis fyrir þennan aldurshóp.

Þá skal skýra ráðuneytinu frá því hver muni bera ábyrgð á rekstri sameignar og sameiginlegrar þjónustu í húsnæðinu.

8. Önnur meginbreyting frv. felst í fyrirkomulagi greiðslu vegna dvalar á öldrunarstofnunum. Þrátt fyrir ákvæði gildandi laga um málefni aldraðra er enn við lýði sú regla að aldraðir greiði hlutdeild í dvalarheimiliskostnaði hafi þeir lífeyrissjóðstekjur umfram frítekjumark. Þeir sem ekki hafa aðrar tekjur en

bætur almannatrygginga fá ákveðna fjárhæð á mánuði til ráðstöfunar frá Tryggingastofnun ríkisins og stofnunin skal annast greiðslu vistunarkostnaðar með svokallaðri elliheimilisuppbót. Þetta fyrirkomulag hefur sætt mikilli gagnrýni af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi sökum þess að þeir sem hafa lífeyrissjóðstekjur og greiða dvöl sína sjálfir hætta því ef heilsan versnar og þeir flytjast yfir á þyngra og dýrara þjónustustig. Þá tekur sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins við greiðslu hjúkrunarkostnaðar og lífeyrissjóðstekjur renna óskertar til hins aldraða.

Í öðru lagi hefur gagnrýnin beinst að því að það skuli eingöngu vera lífeyrissjóðstekjur sem með þessum hætti hafa áhrif á hvort hinn aldraði greiðir fyrir dvalarheimilisdvöl. Aldraður einstaklingur sem hefur engar lífeyrissjóðstekjur en e.t.v. verulegar skattfrjálsar eignatekjur sætir ekki sömu meðferð. Hann heldur eignatekjum sínum óskertum og Tryggingastofnun ríkisins greiðir dvalarheimilisdvöl hans að fullu, auk þess sem hann fær mánaðarlega ráðstöfunarfé frá Tryggingastofnun ríkisins. Þessu fyrirkomulagi er breytt í frv. þannig að Tryggingastofnunin greiðir fyrir vist á stofnun fyrir aldraða, sbr. 18. gr. frv. Hafi vistmaður tekjur umfram 11 þús. kr. á mánuði skal hann taka þátt í greiðslu dvalarkostnaðar. Með tekjum umfram 11 þúsund skal vistmaðurinn greiða dvalarkostnað að hluta eða öllu leyti.

Hér var haft til viðmiðunar að samkvæmt núgildandi fyrirkomulagi heldur hinn aldraði alltaf eftir til eigin nota frítekjumarkinu, þ.e. 10.665 kr. Frítekjumarkinu er hins vegar ekki breytt nema einu sinni á ári. Það þótti því eðlilegra að setja í frv. sambærilega upphæð sem síðan breyttist í samræmi við verðlagsþróun. Nánari fyrirmæli um fyrirkomulag þessara greiðslna skal setja með reglugerð. Vistmenn sem engar tekjur hafa aðrar en bætur almannatrygginga skulu fá mánaðarlegt ráðstöfunarfé frá Tryggingastofnun ríkisins samkvæmt reglum 51. gr. laga um almannatryggingar. Samkvæmt því ákvæði er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að greiða tekjulausum einstaklingi sem er til langdvalar á stofnun 25% af grunnlífeyri og tekjutryggingu. Þetta er sú greiðsla sem í daglegu tali hefur verið nefnd vasapeningar, en lög um málefni aldraðra nefndu ráðstöfunarfé.

9. Í samræmi við frv. til l. um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga er breytt fyrirkomulagi á greiðslum vegna heimaþjónustu aldraðra. Samkvæmt núgildandi lögum um málefni aldraðra endurgreiða sjúkrasamlög sveitarfélögum 35% rekstrarkostnaðar heimaþjónustu. Nú er gert ráð fyrir að kostnaður af heimaþjónustu skiptist þannig að félagslegi þáttur hennar verði á ábyrgð sveitarfélaga en heilbrigðisþáttur hennar á vegum ríkisins. Rétt er hins vegar að minna á að frv. gerir ráð fyrir að Framkvæmdasjóði aldraðra verði heimilt að styrkja sveitarfélög til að koma þessari heimaþjónustu á fót.

Gert er ráð fyrir að verði frv. þetta að lögum taki það gildi 1. janúar 1990. Þó er gert ráð fyrir að ákvæði um innheimtu sérstaka gjaldsins til Framkvæmdasjóðs aldraðra taki þegar gildi og það verði innheimt við álagningu skatta á þessu ári. Strax og frv. þetta hefur verið samþykkt frá Alþingi mun hefjast í heilbrmrn. og í samstarfi við aðila sem hlut eiga að máli undirbúningsvinna við að semja nauðsynlegar reglugerðir. Ég mun leggja mikla áherslu á að þessar reglugerðir verði tilbúnar strax við gildistöku laganna. Þá skal það tekið fram að gert er ráð fyrir að lögin skuli endurskoðuð innan fimm ára frá gildistöku.

Hæstv. forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fara um þetta frv. fleiri orðum. Þau eru e.t.v. þegar orðin nægilega mörg miðað við áheyrnarfulltrúa hér í þingsölum. Það hefur nú þegar hlotið allítarlega umfjöllun í Ed. þingsins og þar verið samþykktar brtt. sem samkomulag var um.

Ég mun leggja til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og heilbr.- og trn. með ósk um að þrátt fyrir mikið annríki hraði nefndin störfum þar sem málið þarf að hljóta fullnaðarafgreiðslu á þessu þingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 344. mál (húsbréfaviðskipti). — Þskj. 1115, brtt. 1015, 1133.

Frsm. 4. minni hl. félmn. (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegur forseti. Við 2. umr. um frv. til l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, öðru nafni húsbréfafrv., komu fram brtt. við 1., 2. og 3. gr. frv. sem vörðuðu breytingar á núgildandi kerfi en koma húsbréfakerfinu sjálfu ekkert við. Frv. gerði ráð fyrir að núgildandi lögum yrði breytt að því er varðar rétt þeirra sem sækja um lán til Byggingarsjóðs ríkisins. Það er greinilegt að mjög margir hafa misskilið út á hvað brtt. gengu og því hafa þeir hinir sömu misskilið hvers vegna tillaga kom fram um að fella út úr frv. ákvæði sem vörðuðu núgildandi kerfi.

Kvennalistakonur ákváðu að styðja tillögurnar sem hv. 17. þm. Reykv. bar fram ásamt tveim öðrum hv. þm. og finnst mér rétt að skýra nánar hvers vegna við töldum rétt að gera það þó ég hafi gert grein fyrir því við 2. umr. málsins. Þegar það var gert var komin nótt, ekki man ég nákvæmlega klukkan hvað það var, og ekki margir í salnum og sýnist mér og heyrist að blaðamenn hafi verið farnir að sofa þegar þessar brtt. voru til umræðu.

Það þykir e.t.v. einkennilegt, herra forseti, að ég skuli vera að tala hér um brtt. sem þegar hafa verið samþykktar og sem ég var ekki flm. að. Ástæðan er fyrst og fremst sú að sagt hefur verið, m.a. í Ríkisútvarpinu í hverjum fréttatíma á eftir öðrum að við kvennalistakonur höfum viljað fella út úr frv. ákvæði um að stóreignamenn fengju ekki lán hjá Húsnæðis-

stofnun ríkisins. Þetta er misskilningur og hefur þessi missilningur að vísu verið leiðréttur núna í síðasta fréttatíma útvarpsins, en samt sem áður vildi ég koma þessu á framfæri, ekki síst vegna þess að minna útbreiddur fjölmiðill, Alþýðublaðið, hefur m.a. talað um þetta í leiðara sínum og þess vegna finnst mér ástæða til að vekja athygli á þessu.

Í núgildandi lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 86/1988 segir í 12. gr., með leyfi forseta, m.a.:

„Einnig er húsnæðismálastjórn heimilt að skerða lán og breyta kjörum á lánum umsækjenda sem eiga fullnægjandi íbúðarhúsnæði skuldlaust eða skuldlítið og stærra en 180 fermetrar brúttó að frádregnum bílskúr."

Við þetta átti síðan að bæta samkvæmt frv.: Sama gildir um þann sem á aðrar eignir sem meta má jafngildar að verðmæti.

Í áliti Húsnæðisstofnunar ríkisins segir um þessa brtt., með leyfi forseta:

„Erfitt er að leggja mat á áhrif þessarar breytingar. Samkvæmt könnun á árinu 1987 sem gerð var af ráðgjafarstöð stofnunarinnar á umsóknum sem bárust á tímabilinu september 1986 til desember 1987 var talið að 10% umsækjenda ættu nettóeign umfram 3 millj. kr. Þau mörk sem telja má að felist í þessu ákvæði frv. eru hins vegar mun hærri og sennilega ekki undir 8 millj. kr. að verðlagi í árslok 1988. Fullyrða má að mjög fáir umsækjenda eigi eignir umfram þessi mörk. Þessi breyting hefði því lítil áhrif."

Það er engin ástæða til að breyta lögum ef sú breyting hefur engin áhrif nema e.t.v. til að breyta enn einu sinni vinnulagi og reglum hjá Húsnæðisstofnun ríkisins með þeim ruglingi sem það getur haft í för með sér og óþægindum fyrir starfsmenn stofnunarinnar, svo og fyrir þá sem eru að sækja um lán sem halda kannski að hér sé um einhverjar verulegar breytingar að ræða en kemur í ljós að hafa mjög litla þýðingu.

Í desember árið 1987 voru samþykktar breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun sem áttu að takmarka aðgang stóreignafólks að lánum frá Byggingarsjóði ríkisins og var þá sett inn í lögin það sem ég las upp áðan um takmörkun á þeim sem ættu stórar eignir. Kvennalistinn studdi þær breytingar og hefðum við gjarnan viljað ganga enn þá lengra í þeim takmörkunum. Í umræðu um það frv. sagði sú sem hér stendur m.a., með leyfi forseta:

„Einnig set ég spurningarmerki við það hvort rétt sé að þeir sem eiga eina íbúð eigi yfirleitt að njóta sömu lánafyrirgreiðslu og þeir sem eru að kaupa eða byggja í fyrsta sinn nema þá með undantekningum vegna þeirra sem eru að stækka við sig vegna fjölskylduaðstæðna, flutninga milli landshluta, vegna veikinda eða einhverra sérstakra aðstæðna." Þannig ætti öllum að vera ljóst að kvennalistakonur eru ekki hlynntar því að stóreignamenn fái niðurgreidd lán úr opnberum sjóðum til íbúðakaupa eða annars.

2. brtt. fólst í því að skerða lán til einhleypinga þannig að þeir ættu aðeins að fá 67% af lánum sem hjón fá. Kristín Ástgeirsdóttir, fulltrúi Kvennalistans í húsnæðisnefndinni sem m.a. vann húsbréfafrv., gerði athugasemd við þetta ákvæði og það gerði ég einnig í félmn. þegar fjallað var um frv. í nefndinni. Við kvennalistakonur teljum eðlilegt og sjálfsagt að aðstoð hins opinbera við húsnæðiskaupendur fari eftir fjölskyldustærð og öðrum aðstæðum, en það er ekkert réttlæti í því að lán skerðist til einhleypinga en hjón eða sambýlisfólk fái fullt lán. Einhleypingur kemst varla af með mikið minna húsnæði en hjón. Einnig er í mörgum tilvikum erfiðara fyrir einhleypinga, sérstaklega konur, að fá lán hjá bönkum þar sem þær eru iðulega spurðar um hvað eiginmaðurinn geri þegar sækja þarf um lán og er þá verið að velta fyrir sér hversu auðvelt muni reynast að greiða niður lánið, en augljóslega er erfiðara fyrir einn aðila að greiða niður lán en fyrir tvo þannig að það er ekkert réttlæti í því að skerða frekar lán til einstaklinga en til annarra. Engin ákvæði eru í núgildandi lögum um hærri lán til barnmargra fjölskyldna né heldur var gert ráð fyrir því að setja það inn í frv. Einungis átti að skerða lánsrétt einhleypinga.

Í umsögn Húsnæðisstofnunar um þetta atriði segir, með leyfi forseta:

„Á árinu 1987 rann um 21% af veittum lánum til einstaklinga. Þau skiptast nokkuð jafnt á milli lána til kaupa á nýjum og notuðum íbúðum. Þessi breyting á lánsrétti hefði lækkað lánveitingar um tæp 7%. Telja má að áhrifin af þessari breytingu verði ekki meiri þar sem fjöldi umsækjenda tilgreinir sig sem einstaklinga þó um sambúð sé að ræða. Ástæður þess eru að samkvæmt gildandi lögum miðast lánsréttur hjóna og sambúðarfólks við meðaltal lánsréttar þeirra. Umsækjandi sem hefur hærri lánsrétt en maki forðast því að tilgreina makann og lætur jafnvel skrá sambúðarslit hjá Hagstofu Íslands. Hins vegar mundi þessi lækkun á lánum geta leitt til þess að hluti umsækjenda sem telja sig sem einstaklinga gagnvart stofnuninni muni tilgreina sambúð til að forðast þetta skerðingarákvæði. Áðurnefnd lækkun um 7% er því í raun hámark. Raunveruleg áhrif þessara breytinga verða eitthvað lægri. Lausleg ágiskun gæti verið um 5%."

Stærsti hluti þeirrar skerðingar sem þessar þrjár greinar áttu að taka til var einmitt til einstaklinga og við kvennalistakonur gerðum okkur fullkomlega grein fyrir því að þarna mundi verða um eitthvert fé að ræða til sparnaðar. En þetta óréttlæti vildum við ekki taka inn í lögin þó svo að við, eins og ég sagði áðan, hefðum verið til viðræðu um að yfirleitt væru hærri lán til barnmargra fjölskyldna og teljum það raunar vera eðlilegt eins og var í fyrri lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Þriðja atriðið varðaði þá sem eru að kaupa íbúð í annað sinn. Eins og hv. þm. er kunnugt fá þeir sem eru að kaupa nýtt húsnæði hærra lán en þeir sem kaupa gamalt. Tillaga var um að breyta þessu hjá þeim sem eiga íbúð fyrir þannig að lán yrðu jafnhá til allra nema til einstaklinga. Eins og ég sagði áðan set ég spurningarmerki við það hvort þeir sem eiga fullnægjandi íbúð fái yfirleitt lán úr opinberum sjóð-

um nema í undantekningartilfellum. Sú breyting sem nú átti að gera náði einungis til mjög takmarkaðs hóps og ekki í samræmi við önnur ákvæði laganna þar sem munur er á hjá þeim sem kaupa í fyrsta skipti gamla íbúð eða nýja. Húsnæðisstofnun áætlaði að þetta mundi hafa um 3% aukningu í lánveitingum í för með sér, sú skerðing sem þarna var um að ræða

Ég vildi láta þetta koma fram, herra forseti, við þessa umræðu til þess að leiðrétta þann misskilning sem fram hefur komið, en auk þess finnst mér rétt að það komi fram að það sem nú hefur verið fellt út úr frv. hefði hvort sem er ekki komið til framkvæmda fyrr en eftir tvö til þrjú ár þar sem þessi ákvæði hefðu aðeins getað gilt um þá sem sækja um lán frá gildistöku laganna þannig að skerðingin hefði ekki náð til þeirra 10 þúsund sem nú eru í biðröðinni. Þeir hefðu áfram fallið undir núgildandi lög. Ef við reiknum með að húsbréfafrv. reynist eins vel og talað er um og ég vil ekki efast um ættu þessi ákvæði ekki að skipta neinu máli vegna þess að þá væru flestallir ef ekki allir komnir yfir í það nýja kerfi sem við erum væntanlega að samþykkja á þessum dögum. Af þessum ástæðum töldu kvennalistakonur rétt að styðja að fyrrgreind ákvæði féllu út úr frv.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir brtt. við frv. um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 86/1988, sbr. lög nr. 109/1988.

„Á undan 1. gr. komi ný grein er orðist svo:

Í stað orðanna „svo og með öðrum lántökum samkvæmt nánari ákvörðun í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun hverju sinni" í 3. tölul. 9. gr. laganna komi: svo og með öðrum lántökum eftir því sem lánsfjárlög ár hvert heimila."

Ég tel að þetta sé mjög þýðingarmikið vegna þess að samkvæmt stjórnarskrá landsins er það Alþingi sem gefur ríkissjóði heimild til að taka lán. Það kemur skýrt fram í 40. gr. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Ekki má heldur taka lán er skuldbindi ríkið né selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins nema samkvæmt lagaheimild."

Það sem varðar lántöku í 40. gr., ef það er dregið út úr þessu, er svo: Ekki má heldur taka lán er skuldbindi ríkið nema samkvæmt lagaheimild.

Þessi lagaheimild er gefin á hverju ári í lánsfjárlögum, en fjárfestingar- og lánsfjáráætlun er ekki lög heldur fylgiskjal með fjárlagafrv.

Það eru miklir hagsmunir unga fólksins í landinu, fólks sem er að byggja, að geta fengið lánað fé til húsbygginga. En ég vil meina að að séu enn meiri hagsmunir að það sé samræmi í lánsfé og stjórn efnahagsmála þannig að það fjármagn sem lánað sé sé ekki sparað um leið og það er lánað og síðan lendi þetta fólk í gífurlegum vandræðum vegna verðbólgu og alls konar þenslu á vinnumarkaðnum. Ég tel að ákvæði um að hafa orðalagið „eftir því sem lánsfjárlög ár hvert heimila" sé þýðingarmikið fyrir stjórnvöld og Alþingi Íslendinga á að bera ábyrgð á því hversu mikið fjármagn fer í þennan málaflokk.

Það er hlutverk stjórnvalda að halda jafnvægi í efnahagsmálum og þar á meðal á fjármagnsmörkuðum. Það var komið á margumtöluðu frjálsræði á fjármagnsmörkuðum m.a. til þess að stjórnvöld ættu auðveldara með að átta sig á því hvenær væri ójafnvægi á fjármagnsmarkaði og hvenær væri jafnvægi. Því miður hefur yfirleitt verið ójafnvægi á fjármagnsmörkuðum og vextir allt of háir í landinu, húsbyggjendum til stórrar bölvunar og öllu atvinnulífinu í landinu. Það er því gífurlega mikilvægt að Alþingi Íslendinga átti sig á því að það er ekki einhlítur kostur að moka gegndarlaust peningum í Húsnæðisstofnun og lána ótakmarkað.

Það er frumskylda stjórnvalda við stjórn efnahagsmála að halda uppi jafnvægi á fjármgnsmörkuðum þannig að heildarframboð á fjármagni sé í samræmi við heildareftirspurn. Ef allt of litlu fjármagni er dælt í þennan málaflokk verður líka heildareftirspurn eftir fjármagni allt of mikil og þar af leiðandi verða vextir allt of háir eins og er í dag. Það hefur því miður verið gífurlegur misskilningur í sambandi við frjálsræðið á fjármagnsmörkuðum og hvert hlutverk stjórnvalda er varðandi það að ná vöxtum niður, hvernig eigi að fara að því. Það gerist ekki með svokölluðu handafli. Það er ekki hægt nema í draumaheimi. Það er ekki frekar hægt en að rjúka á barómetið í roki og setja nálina á „smukt" og halda að veðrið lagist úti. Það er alveg fráleitur málflutningur að halda að menn geti stjórnað vöxtum með einhverjum draumóraaðferðum eða bara með því að segja: Hókus pókus! Niður með vextina! Því er þetta lagt hér til, hæstv. forseti, að þessum texta í frv. verði breytt þannig: svo og með öðrum lántökum eftir því sem lánsfjárlög ár hvert heimila. Ég undirstrika að ég tel að þessi háttur verði að vera ef fullnægja á ákvæðum í 40. gr. stjórnarskrár landsins.

Frsm. 3. minni hl. félmn. (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Það er að gefnu tilefni að ég tel ástæðu til að grípa aðeins inn í umræðuna við 3. umr. þessa máls í hv. deild. Það er í sambandi við þetta svokallaða þak sem var það samkomulag sem ráðherrar í ríkisstjórn gerðu sín á milli og var ástæða þess að meiri hluti þingmanna Framsfl. lét handjárna sig í sambandi við þetta mál eða gerði samkomulag um að fylgja þessu máli fram. Það var túlkun eftir þetta ráðherrasamkomulag að hámark þess fjármagns sem heimilt væri að gefa út fyrir svokölluð húsbréf með ríkisábyrgð næmi 10% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna sem þeir afhentu til húsnæðismála.

Að vísu kom fljótlega upp sú túlkun að það var hægt að víkka þetta nokkuð út að því leyti til að það var hægt að tala um 805 millj. ef eingöngu er miðað við það fjármagn sem 55% gæfu í húsnæðiskerfið og einnig væri hægt að túlka það frjálslegar, miðað við heildarfjármagnið sem lífeyrissjóðirnir hefðu til ráðstöfunar væru þetta e.t.v. um 1700 millj. kr. En allt að einu var það túlkað þannig að þetta væri frágenginn

samningur þannig að ekki mætti gefa út með ríkisábyrgð húsbréf fyrir hærri upphæð en þessu nemur. Þetta ákvæði átti síðan að endurskoða að sex mánuðum liðnum eftir að lögin hefðu tekið gildi.

Nú hefur komið berlega fram í umræðum hér á Alþingi og raunar í fjömiðlum líka öðruvísi túlkun á þessu atriði. Það voru lagðar fram spurningar við 2. umr. málsins hér á hv. Alþingi um hver túlkun hæstv. ráðherra væri á þessu atriði og svarið kom á næturfundi í hv. deild, að ef lífeyrissjóðirnir legðu meira fjármagn fram en ég hef hér lýst væri það í lagi, þ.e. lífeyrissjóðirnir gætu eftir þessari túlkun lagt fram fjármagn sitt, við skulum segja ekki aðeins umfram 1,7 milljarða ef við túlkum það það hæsta sem væri hægt að hugsa sér eins og þingflokkur Framsfl. túlkaði þann fyrirvara sem settur var, en þessi fjárhæð gæti alveg eins farið í 3–4–5 milljarða og aðilarnir sem gæfu út húsbréf á þennan hátt fengju ríkisábyrgð á allt saman. Þetta er grundvallaratriði sem ég tel að sé ástæða til að fá skýr svör um því að mér er kunnugt um að samflokksmenn mínir í Framsfl. sem létu handjárna sig í sambandi við þetta mál trúa því enn að alls ekki komi til mála að húsbréf verði gefin út fyrir hærri fjárhæð en sem svarar þessum 10%. Þetta er grundvallaratriði. Þess vegna óska ég eftir því að hæstv. ráðherra svari þessu hér og nú því að ef túlkun hæstv. ráðherra við 2. umr. málsins er, eins og þá kom fram, að lífeyrissjóðunum væri heimilt að kaupa fyrir meira — ef þeir gerðu það þá væri það í lagi, þá kæmi ríkisábyrgðin að sjálfsögðu á þau umframkaup — þá er þetta samkomulag brotið fyrir fram. Að vísu er það svo annað mál að gert var ráð fyrir að þetta væri í lagatexta frv. En það er það alls ekki. Það er sagt að setja eigi reglugerð í samkomulagi við lífeyrissjóðina um ráðstöfun þeirra næstu tvö ár, en það er ekkert um þetta grundvallaratriði í því samkomulagi sem var túlkað af ráðherrum sem stóðu að því samkomulagi sem gert var í ríkisstjórninni. Það er sett inn í frv. að húsbréfadeild eigi að gera tillögur til ráðherra um þetta mál en það heldur ekki eftir að lög eru komin í gildi og staðfest. Það er fyrst og fremst það sem er í lagatextanum sjálfum sem er grundvallaratriði og það er það sem verður að fá hreinar línur um.

Það má segja að hér hafi komið einnig fram við 2. umr., merkilegt nokk, þessi mismunandi túlkun hjá Alþb. og hæstv. ráðherra í sambandi við vaxtabætur þar sem Alþb. tilkynnir það og í atkvæðagreiðslu við 2. umr. undirstrikaði talsmaður þess það hér í ræðustól að það væri fastmælum bundið að vextir á almennum lánum Byggingarsjóðs yrðu aldrei hærri en 4,5% og þetta væri samkvæmt samkomulagi og stefnu flokksins, en hæstv. ráðherra hefur sagt það áður, sem er kannski eðlilegt því það má lesa það út úr þeirri samþykkt sem gerð hefur verið, að vaxtamunurinn skal ekki vera öðruvísi en þar stendur, 0,5–1%. Og hvað þýðir það? Það er svo einfalt mál að það getur hvert skólabarn lesið það út að ef vextir á almennum markaði verða 5, 6, 7 eða 8% verður vaxtamunurinn á almennum lánum að færast í samræmi við það og vextir að vera 0,5% eða 1% lægri.

Herra forseti. Það má segja að þetta skipti kannski ekki máli fyrir mig í sambandi við málið því það er ljóst frá upphafi, eins og ég hef skýrt í mínum ræðum, bæði við 1. umr. og 2. umr. málsins, að gallar á frv. eru slíkir að það er hættulegt fyrir húsnæðislánakerfið í heild og meira að segja voru þeir kaflar sem voru felldir út hér við 2. umr. þess eðlis að þeir gengu fram hjá grundvallaratriðum þeirra laga sem í gildi eru, frá 1986, þ.e. samkomulagi við aðila vinnumarkaðarins um það að réttur hvers manns sem hefur greitt í lífeyrissjóði, sem leggur fjármagn fram í húsnæðiskerfið, sé virtur, að menn eigi aðgengi að lánum. Hitt er aftur annað mál, allt annað mál, að það er hægt að skerða þennan rétt eftir því sem eignastaða manna er eða í sambandi við húsnæði umfram eina íbúð.

Hér er farið algjörlega inn á nýja braut, eins og hefur komið fram áður, og ég þarf ekki að tíunda það, að nú á að fara að meta aðrar eignir manna. Það á að fara að telja rollur uppi í sveit og byggingar sem þar eru og það á að fara að telja mótorbáta og ýmislegt og færa það til eignar sem er raunverulega bara eign á bak við atvinnurekstur og tengja það við húsnæðismál. Með þessu móti er verið að ganga fram hjá grundvallarsamkomulagi við aðila vinnumarkaðarins sem enn er í gildi og er grundvöllur þess að eigendur lífeyrissjóða í landinu leggja fram 55% af sínu ráðstöfunarfé til húsnæðismála í landinu. Þessu skulu menn ekki gleyma, þó þeir hafi því miður gert það.

Ég ætla ekki að setja hér á langa ræðu. Ég vil aðeins endurtaka það að það er náttúrlega sorglegt að talsmenn þessara breytinga sem hér eru, hvort sem þeir heita hæstv. ráðherra eða hv. þm. sem er hæstv. forseti þessarar deildar, setja upp einhverja glansmynd fyrir fólkið í landinu, ég tala nú ekki um rauða kverið í 80 þús. eintökum þar sem því er haldið fram, bara með köldu blóði framan í fólkið, að þetta auðveldi ungu fólki aðgengi að húsnæðislánum, í sambandi við svokölluð húsbréf. Þetta auðveldi fólki út um allt Ísland, sem er afskipt að talið er í núverandi kerfi, að ná í lán. Það þurfi ekki annað en að labba bara inn í bankann sinn á staðnum, eða sparisjóði, þá séu þessi mál leyst. Auðvitað er þetta hrein blekking. Hvar er stýringin í þessu frv.? Mér þætti fróðlegt að fá svar við því. Ég spurði um þetta við 2. umr. málsins. Ég fékk eðlilega engin svör því það eru engin svör til um þetta. Þó að menn lesi frv. með stækkunargleri, grein fyrir grein og orð fyrir orð, sést hvergi nokkurs staðar nokkurt ákvæði í þessu frv. sem tryggir þessu unga fólki og fólki með sérþarfir og fólki úti um landið sérstöðu til þess að fá lán í gegnum þetta kerfi. Og ég held fast við það og það hefur ekki verið afsannað að það er auðvitað þéttbýlið hér, það er aðgengið að fasteignasölum hér í Reykjavík og verðbréfasölum sem gerir fólki auðvelt að ná sér í forrétt í sambandi við húsbréf og ekki síst ef verða 4–5 milljarðar í fyrstu lotu eins og allar líkur benda til.

Mér þótti ástæða til þess að rifja þetta upp, virðulegi forseti, vegna þess að það er talsvert mikið um þetta rætt úti um landsbyggðina og talsvert mikið um það rætt hér meðal ungs fólks. Það kemur nefnilega ekki

auga á þessa sérstöðu. Ég minni á það að núverandi kerfi, þetta meingallaða kerfi, það veitir þó ungu fólki forréttindi. Það fær miklu hærri lán og það fær fyrr lán en aðrir í núverandi kerfi og það lánsloforð sem það fær er verðtryggt. Ég ætla ekki að ræða um gildandi lög. *Ég vil bara vekja athygli á þessu og ég krefst þess* að fá skýrt og afdráttarlaust svar um það hvort það er rétt túlkun hjá talsmönnum Framsfl. sem þingmenn hans byggðu sína afstöðu til málsins á, að ekki fari meira til húsbréfakaupa en 10% af ráðstöfunarfé því sem lífeyrissjóðirnir skila til Húsnæðisstofnunar ríkisins. Um þetta vil ég fá afdráttarlaust svar en ekki útúrsnúning eins og síðast þar sem sagt var: Ja, ef lífeyrissjóðirnir kaupa meira, þá mega þeir það.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. 1141 og 1142, sem voru of seint fram komnar, samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. félmn. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það er nú ánægjuefni að hæstv. forseti skuli vera kominn erlendis frá og vera hér á meðal vor við þessa umræðu því að eins og allir vita er hann kunnáttumaður mikill um þessi mál og jafnframt einn af þeim sem lagt hafa gjörva hönd á plóg við undirbúning málsins. Býður mér þó í grun að hæstv. forseti sé ekki jafnánægður með þetta mál og hann var þegar hann gekk frá því í milliþinganefnd sinni á síðasta hausti en að sama skapi mættu þeir menn vera ánægðir með frv. sem harðast hafa barist gegn því, því að þetta er ekkert húsbréfakerfi eins og málið er orðið í meðförum ríkisstjórnarinnar og stjórnarflokkanna frá því að það kom frá milliþinganefndinni. Það er búið að vinna slík skemmdarverk á frv., ef ég má leyfa mér að nota það orð, að ég efast um að hæstv. forseti þessarar deildar vilji fullkomlega gangast við því að þetta sé hans verk, þetta „óbermi", *eins og hv. 2. þm. Austurl.* kallaði frv. í ræðu sinni, sem lagt er hér fram „í skötulíki", og væri langskynsamlegast að binda sig ekki í neina lagasetningu í þessu máli eins og hann sagði sjálfur.

Hitt er annað mál að það er út af fyrir sig rétt sem hv. 2. þm. Austurl. sagði hér orðrétt, með leyfi forseta: „Eitt er nú að leggja fram hluti, eitt er nú að koma einhverju til umræðu hér á Alþingi, og annað er svo með hvaða gagni sköpulagið verður þegar króginn stekkur hugsanlega hér út af þinginu eða skríður." — Hæstv. forseti deildarinnar missti af þessari snjöllu ræðu hjá hv. 2. þm. Austurl. sem er einn af talsmönnum þessa máls eða réttara sagt einn af þeim sem greiða þessu máli atkvæði þó að hann tali gegn því og af meiri sannfæringu en margur annar maðurinn sem hér talar *gegn málinu. En eins og ég segi*, það er ólíklegt að þeir sem hugsuðu þetta mál upp í upphafi vilji nú kannast við þennan króga sem núna er um það bil að stökkva eða skríða hér út af þinginu svo að notað sé orðbragð hv. 2. þm. Austurl.

Máski forseti sjái ástæðu til þess að blanda sér í þessar umræður á eftir og tjái sig um þessi mál og væri vissulega fengur að því því að hann hafði ekki aðstöðu til að vera hér við 2. umr. þegar hér voru fluttar aðalræðurnar um þetta mál.

Ég lét þess getið, herra forseti, að frv. hefði nú tekið nokkrum breytingum frá því að „óbermið" var fyrst hér lagt fyrir í deildinni. Í gær voru samþykktar við 2. umr. nokkrar breytingar að tillögu okkar þriggja þingmanna hér í deildinni. Þær tillögur höfðu reyndar ekkert með húsbréfakerfið að gera, eins og fram kom í máli hv. 12. þm. Reykv. hér áðan, heldur var þetta tilraun af hálfu þess sem leggur þetta frv. fram, hæstv. félmrh., til að þrengja núverandi kerfi og útiloka það an tiltekna einstaklinga sem ættu þá hvergi lánsrétt annars staðar og minnka lánsrétt annarra. Okkur þótti nú ýmsum að það væri ástæðulaust að blanda þessum drykkjum saman, annars vegar húsbréfakerfi í því skötulíki sem það er hér lagt fram og til meðferðar, svo að notað sé enn á ný orðbragð hv. 2. þm. Austurl., og hins vegar breytingum á núverandi lánareglum sem sýnt hefur verið fram á af Húsnæðisstofnun sjálfri að skipta sáralitlu máli upp á það að fækka í biðröðinni en verka hins vegar til þess að þrengja að þeim örfáu einstaklingum sem þessar breytingar hefðu bitnað á en alls ekki þeim tíu þúsund og eitthvað manns sem bíða í biðröðinni. Það er nefnilega misskilningur að þessar breytingar geti virkað aftur fyrir sig og þess vegna er verið að tala hér um eitthvað sem mundi ekki koma til framkvæmda fyrr en eftir u.þ.b. þrjú ár eða hvað það nú er, þrjátíu og eitthvað mánuðir, sem það tekur að bíða í þessari biðröð.

En því skyldi ég nú vera að fjalla um þetta? Það er búið að fella þetta út úr frv. og þetta er auðvitað ekkert mál lengur. Það er búið að fella þessi ákvæði úr frv. enda áttu þau ekkert heima í því. Því er ég þá að tala um þau núna eftir að brtt. mín og fleiri um að fella þau burtu hefur verið samþykkt? Jú, ég tel óhjákvæmilegt að gera það, herra forseti, vegna þess að virðulegt málgagn hæstv. félmrh. og virðulegt málgagn forseta deildarinnar hefur mistúlkað þetta mál með hinum herfilegasta hætti en jafnframt upplýst að hið virðulega málgagn og hinn virti ritstjóri þess hafa ekkert skilið út á hvað þau ákvæði gengu, sem verið var að fella brott, en draga hér ályktanir út og suður sem sýna það ljóslega að viðkomandi er alls ekkert ljóst hvað verið er að tala um, og má vera að það hafi gilt um fleiri stuðningsmenn virðulegs ráðherra í þessu máli að því er þessar greinar varðar, að þeir hafi ekkert vitað um hvað þær snerust eða um hvað þær fjölluðu yfirleitt.

Vildi ég nú mega með leyfi forseta vitna til leiðara Alþýðublaðsins í morgun þar sem segir í fyrirsögn „Húsbréf í höfn". Síðan segir nú reyndar seinna í greininni: „Örlög húsbréfakerfisins eru ekki ráðin," en það er önnur saga. Annaðhvort er húsbréfakerfið í höfn eða örlög þess eru ekki ráðin, en slíkar mótsagnir náttúrlega kippir leiðarahöfundur Alþýðublaðsins sér ekki upp við. Það sem ég ætla hins vegar að gera að umtalsefni, herra forseti, er eftirfarandi tilvitnun, með þínu leyfi:

„Niðurgreiðsla ríkisins á lánum í núverandi kerfi er

hneisa. Við afgreiðslu í neðri deild Alþingis í gær var fellt að breyta ákvæðum í núverandi kerfi. Með breytingunni átti að hefta aðgang þeirra hópa í samfélaginu sem nú eru á hraðbraut að stórlega niðurgreiddum lánum. Gert var ráð fyrir því að húsnæðismálastjórn gæti skert lán og breytt kjörum á lánum umsækjenda sem eiga „fullnægjandi íbúðarhúsnæði, skuldlaust eða skuldlítið og stærra en 180 fermetrar brúttó að frádregnum bílskúr" eins og sagði orðrétt í breytingartillögunni. Því miður eru þessi ákvæði felld út og við það rýrast tekjur Byggingarsjóðs ríkisins um 8% sem hefðu verið kærkomin uppbót til þeirra fjölmörgu sem búa við þröngan húsnæðiskost í okkar samfélagi."

Hér lýkur tilvitnun minni í þennan leiðara, þennan leiðara sem sýnir það að þó svo hæstv. félmrh. hreyki sér af öllu því fundahaldi sem hún hafi átt um þetta mál, allri þeirri gríðarlegu kynningu sem átt hafi sér stað í þessu máli og jafnist ekki á við neitt sem fram hefur verið lagt hér í þinginu, þá hefur það ekki verið betur kynnt en svo að hv. og virðulegur ritstjóri Alþýðublaðsins skilur ekkert út á hvað þessar greinar ganga. (**AS:** Það er ekki von.) Og það er kannski ekki von, segir hv. 1. þm. Vesturl.

Sú setning sem Alþýðublaðið, málgagn ráðherrans, kýs að gera hér að umtalsefni sem aðalatriði þeirrar tillögu sem ákveðið var að fella brott í gær er í núgildandi lögum. Hún er bara í lögunum og hefur eftir því sem ég best man verið þar að uppistöðu til frá byrjun með breytingum frá hausti 1987. Þessir 180 fermetrar hafa verið í lögunum frá byrjun og þessi bílskúr sem má draga frá hefur verið þar frá byrjun, en fyrri partur setningarinnar um „fullnægjandi íbúðarhúsnæði, skuldlaust eða skuldlítið" hefur hins vegar komið hér inn 1987, ef ég man rétt, að frumkvæði núverandi ráðherra með dyggum stuðningi þeirra sem studdu þáverandi ríkisstjórn ef ég man rétt.

Nei. Leiðarahöfundur Alþýðublaðsins hefur auðvitað gert sig beran að því að skrifa um hluti sem hann veit ekkert um og skilur greinilega ekkert í. Og ekki er það nú til marks um merka eða vel heppnaða kynningu á þessu máli meðal landsmanna þegar ekki hefur tekist að koma skilningi á einföldustu atriðum inn í höfuð þeirra sem rita leiðara í Alþýðublaðinu. Það sem auðvitað var aðalatriðið í þessari grein, sem ritstjórinn er að rembast við að fjalla um, var það að þarna átti að bæta við þau skerðingarákvæði sem fyrir eru þeim möguleika að skerða lán til þeirra sem ekki ættu íbúð en ættu hins vegar eign í öðru formi, til að mynda í formi atvinnutækis. Og eins og ég gerði hér að umtalsefni í ræðu minni við 2. umr. og eins og formaður Sjálfstfl. gerði að umtalsefni í ræðu sinni við 1. umr. getur þetta hæglega átt við um smábátaútgerðarmenn, vörubílstjóra, ýmsa smáatvinnurekendur sem hafa varið sínu sparifé eða sínum eigum í það að kosta til þess að fjárfesta í atvinnutæki en eiga þar af leiðandi ekki íbúðarhúsnæðið sem þeir búa í.

En það sem þarna átti sem sagt að gera var að útiloka slíka aðila úr hinu almenna húsnæðislánakerfi og segja við þá: Fyrst þið eigið vörubíl og fyrst þið eigið trillu eða smábát eða sendibíl eða hvað það er sem þið eigið, þá fáið þið ekkert lán í Húsnæðisstofnun ríkisins. Og það sem meira er, vegna þess hvernig þetta húsnæðiskerfi er væri jafnframt verið að segja við þessa aðila: Þið fáið heldur ekkert lán annars staðar vegna þess að lífeyrissjóðurinn ykkar setur peningana sína inn í Húsnæðisstofnun. Þar af leiðandi fáið þið ekkert lán og þannig hefði hugsanlega verið hægt að útiloka þessa aðila algjörlega frá möguleikunum á því að fá veðskuldalán til langs tíma til að fjárfesta í íbúðarhúsnæði. Auðvitað var ekkert vit í þessu að mínum dómi, en hitt er svo annað mál að það er mat Húsnæðisstofnunar að áhrifin af þessu hefðu ekki verið mikil, hefðu raunar verið sáralítil fyrir Húsnæðisstofnun ríkisins, hefðu engu máli skipt gagnvart þeirri löngu biðröð sem þar hefur myndast eða þeirri fjárþörf sem þar er, þannig að þetta auðvitað skipti engu máli í þessu stóra samhengi en hefði auðvitað getað skipt máli og það verulegu fyrir þá örfáu einstaklinga sem þarna hefðu hugsanlega átt hlut að máli.

Þetta held ég að hæstv. ráðherra ætti að fræða ritstjóra sinn um og gera honum grein fyrir því að þetta eru nú þessir stóreignamenn sem fullyrt er að við sjálfstæðismenn með dyggum stuðningi hv. þm. Stefáns Valgeirssonar og þingmanna Kvennalistans höfum verið að níðast hér á. (**SV:** Viltu endurtaka þetta?) Já, ég skal gjarnan endurtaka þetta. Ég var að biðja hæstv. félmrh. að fræða ritstjóra sinn um það að þessir trillukarlar og þessir vörubílstjórar og þessir menn sem geta átt atvinnutæki án þess að eiga íbúðarhúsnæði eru þessir stóreignamenn sem Alþýðublaðið er að klína á okkur í dag, mig og virðulegan fyrirspyrjanda og þingmenn Kvennalistans, að hafa komið til liðs við. Alþýðublaðið heldur því fram að með þeim breytingum sem gerðar voru á frv. í gær höfum við verið að koma í veg fyrir að stóreignamönnunum væri úthýst úr húsnæðislánakerfinu. (Gripið fram í.) Það verður stundum að leiðrétta það sem segir í Alþýðublaðinu þó að það sé nú varla tímans virði, en vegna þess hversu blaðið tekur þetta mál alvarlega og sýnir því mikinn áhuga var auðvitað óhjákvæmilegt, virðulegur 6. þm. Norðurl. e., að sýna fram á það að ekki bara hefur ritstjórinn ekki vitað hvað hann var að skrifa um, heldur er það jafnframt til marks um það að kynningarstarfsemi félmrn. á frv. og því sem því fylgir hefur greinilega misst marks.

Síðan er hér önnur blaðatilvitnun frá því í morgun sem ég hefði gjarnan viljað gera að umtalsefni, en það eru skrif dagblaðsins Tímans um þessa sömu atkvæðagreiðslu þar sem er verið að núa okkur því um nasir, nokkrum þingmönnum sem ekki studdum brtt. hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar, að með því að styðja hana ekki höfum við komið í veg fyrir að Alþfl. færi úr ríkisstjórninni og stjórnin færi frá, og kemur það úr hörðustu átt, að dagblaðið Tíminn sé farið að skamma okkur fyrir að hafa ekki sætt slíks færis. Ef það er hins vegar rétt sýnir það auðvitað bara hversu málefnalega Sjálfstfl. tekur á þessu frv., ef þarna

hefði verið eitthvert sérstakt lag til þess. (**ÞP:** Heldurðu að þeir vilji ekki bara losna?) Það má vel vera að þeir vilji losna. En ég tek þetta auðvitað alvarlega vegna þess að Tíminn er eitt af þeim blöðum hér á Íslandi sem enn skrifa fréttir með pólitískum hætti þar sem túlkanir og skoðanir eru settar fram í því sem eiga að heita fréttir í stað þess að halda eingöngu fram staðreyndum mála. Hér er sem sagt lagt út af því að sjálfstæðismenn sátu hjá í stórum stíl við brtt. Ólafs Þ. Þórðarsonar, að þar höfum við farið á mis við gott tækifæri til þess að steypa ríkisstjórninni. Ekki veit ég hvort það er rétt. Mér finnst það ekki skipta neinu máli hvort það er rétt. Það sem skiptir máli var það að við vildum ekki bera ábyrgð á þeirri tillögu færi þetta frv. í gegn. Við höfum gert tillögu um að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Verði því ekki vísað þangað er náttúrlega eðlilegt að þeir sem knýja þetta frv. hér fram og bera á því alla ábyrgð beri jafnframt ábyrgð á því hvort ákvæðið sem Ólafur Þórðarson vildi breyta verður óbreytt eða ekki og jafnframt því hvort þær athugasemdir sem hann hefur gert við þetta mál eiga við rök að styðjast og nái þá ekki fram að ganga ef þannig fara mál.

Ég tel nefnilega að sú athugasemd sem hann flutti hér sé einmitt eitt af því sem þarf að athuga betur í sambandi við þetta mál og eigi að skoða til hlítar í tengslum við þá könnun sem við höfum lagt til að færi hér fram í sumar verði frv. vísað til ríkisstjórnarinnar. Ég tel að hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson hafi bent á atriði sem verðskuldi að sjálfsögðu vandlega skoðun, vandlega lögfræðilega athugun á því hvort það geti verið að menn væru hér að brjóta stjórnarskrána í stórum stíl, eins og hann fullyrðir, með þeirri starfsemi sem frv. gerir ráð fyrir, með útgáfu húsbréfa. Hvort — ef þetta óbermi, frv. sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson kallar óbermi, nær fram að ganga — í því felist þá einhver þau stjórnarskrárbrot í líkingu við það sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson hefur varað við. Þeir sem vilja knýja þetta mál hér í gegn verða þá jafnframt að bera ábyrgð á því hvort slík brot verða framin. Réttast er auðvitað að rannsaka það samhliða öðrum þáttum málsins eins og við sjálfstæðismenn leggjum til með okkar tillögu um að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Allt var þetta svona hálfgerður aðdragandi, herra forseti, sem ekki varðar kannski beinlínis efni frv. sjálfs eins og það lítur út núna. Ég hef gert grein fyrir þeim breytingum sem við beittum okkur fyrir á því og leiðrétt hér misskilning og vitleysur í málgagni ráðherra í þessu sambandi. En eftir standa þá hinar efnislegu athugasemdir, hinar efnislegu spurningar um þetta mál sem ég tel að sé enn ósvarað.

Ég beindi í mínu máli sl. laugardag og sl. föstudag ýmsum athugasemdum og fyrirspurnum til hæstv. ráðherra sem ég tel að ekki séu komin svör við nema að litlu leyti. Og ég rakti reyndar í mínu máli, rakti og hrakti, fullyrðingar ráðherrans um þann kostnað sem óbreytt núverandi kerfi hefði í för með sér fyrir þjóðfélagið og því var að sjálfsögðu í engu svarað í ræðu ráðherrans vegna þess að því er ekkert hægt að svara. Ég sýndi fram á það með óhrekjandi rökum að þessar fullyrðingar voru auðvitað innantómt blaður, fullyrðingar um að núverandi kerfi kosti þjóðfélagið 500–600 milljónir á mánuði, og ráðherrann hefur ekki treyst sér til þess að endurtaka þær hér. Ég lít því auðvitað svo á að þar með sé viðurkennt að þarna hafi verið farið með rangar tölur í blekkingarskyni í ríkissjónvarpinu fyrir nokkru.

Meðan ráðherrann er ekki hér inni get ég vikið hér að nokkrum atriðum sem kalla ekki á hennar viðveru, en ég hafði hugsað mér að spyrja hana enn út í nokkur atriði sem skipta meginmáli varðandi þetta mál og snúa annars vegar að kaupskyldu lífeyrissjóðanna, svokallaðri, hjá Húsnæðisstofnun ríkisins og hins vegar að vaxtahlið þessara mála. Í báðum þessum tilvikum er staðfestur grundvallarágreiningur um málið og það eru kannski fyrst og fremst þessi atriði sem hafa gert það að verkum að ég mundi í sporum þeirra sem frv. hafa upphaflega samið ógjarnan vilja kannast við þetta afkvæmi sem hugsanlega mundi skríða hér út úr þingsölum svo að ég vitni enn til ummæla og orðalags hv. 2. þm. Austurl.

Ég lét þess getið við 2. umr., herra forseti, að ég óttaðist nokkuð hver áhrif frv. gætu orðið á peningamarkaðinn í landinu, m.a. vegna þess að ekki liggur fyrir nein greinargerð um það hver þau áhrif gætu verið. Um þetta er fjallað í nál. 1. minni hl. og vakin athygli á því að Seðlabanki Íslands hefur að því er fram kom í nefndarstarfinu aldrei verið beðinn um að skila neinni slíkri greinargerð. Það er því miður rangt sem segir í nál. 2. minni hl. að fyrir liggi umsögn Seðlabankans um frv. Hún liggur alls ekki fyrir, enda er þetta misskilningur hjá 2. minni hl. nefndarinnar. Hins vegar væri auðvitað rétt og raunar sjálfsagt að slík umsögn og ekki bara umsögn heldur ítarleg rannsókn, „analýsa“ á þessum áhrifum, lægi fyrir áður en menn knýja slíkt mál hér í gegnum Alþingi. Ég held að engum detti annað í hug, sem vill láta taka sig alvarlega í sambandi við þessi mál, en að eðlilegt sé að slík „analýsa“ liggi fyrir.

En nú ber vel í veiði, herra forseti, og nú get ég snúið mér að því sem ég ætlaði að fara að tala um því að ekki er bara hæstv. félmrh. genginn í garð heldur er líka hæstv. samgrh., eða hæstv. landbrh. genginn hér í garð og meðan hann er hér inni vildi ég gjarnan snúa máli mínu að vaxtahlið þessara mála, að því furðulega samkomulagi sem gert hefur verið milli stjórnarflokkanna um vexti í húsbréfakerfinu. Og ég segi furðulega, og endurtek það frá því sem ég sagði hér um daginn, vegna þess að ekki er bara svo að um þetta svokallaða samkomulag séu gersamlega ólíkar skoðanir og túlkanir af hálfu þeirra sem að því stóðu, heldur mun þetta samkomulag raska grundvallarforsendu húsbréfakerfisins. Ég hef margfarið yfir það hér úr þessum ræðustól, herra forseti, að húsbréf, eins og forseti veit, verða að vera boðin á markaðskjörum á markaðnum. Þau verða að vera boðin á sambærilegum kjörum og annað sem þar er til sölu, ekki síst spariskírteini ríkissjóðs sem verða helstu keppinautar þessara bréfa. Vegna hvers? Vegna þess

að annars seljast þau ekki. Annars seljast ekki húsbréfin.

Í öðru lagi hef ég sýnt fram á það að lán í hinu almenna húsnæðislánakerfi að öðru leyti verði að bera sömu vexti og húsbréfin, sambærileg kjör vegna þess að ella tekur enginn lán í formi húsbréfa, heldur leitar fólk þá í hið almenna kerfi með hinum niðurgreiddu vöxtum sem þá yrðu þar. Hver er niðurstaðan af þessu Hún er að sjálfsögðu sú að í hinu almenna lánakerfi verða að vera sömu vextir og á húsbréfum sem verða að vera sambærilegir við markaðsvextina. Þar af leiðandi verða markaðsvextir að vera við lýði í hinu almenna húsnæðislánakerfi. Þetta hafa flestir skilið þó svo að það væri misskilningur hjá Alþb., að því er virðist, þegar þetta mál var heimilað til framlagningar því að þá var frv. ekki svona úr garði gert. Landbrh. og félmrh. eru hér eitthvað að skjóta saman nefjum og segir landbrh. að þetta sé tóm vitleysa. En þetta er ekki vitleysa, hæstv. landbrh., vegna þess að ef þú ert ekki með markaðsvexti á almenna lánakerfinu hleypir þú inn í það kerfi þeim sem þú ert að reyna að útiloka með húsbréfunum, því fólki sem þarf ekkert á opinberri fyrirgreiðslu að halda til íbúðakaupa, hvorki í formi niðurgreiddra vaxta né í formi vaxtabóta. (**Landbrh.:** Við ætluðum að takmarka það en þú fluttir brtt. sem felldi það úr frv.) Ég er nú búinn að gera grein fyrir þeirri breytingu og hef upplýst með hvaða hætti hæstv. landbrh. og aðrir stjórnarliðar vildu svipta vörubílstjóra, smábátaútgerðarmenn og fleiri lánarétti í núverandi húsnæðislánakerfi.

Nei, það ber allt að sama brunni hér, herra forseti. Það ber allt að þeim brunni sem ég vék að hér í upphafi að það er búið að gera slíkar breytingar á þessu húsbréfakerfi frá því sem það var hugsað í upphafi að það eru engar líkur til þess að það geti virkað með þeim hætti sem að var stefnt. Það átti að stefna að því að auka markaðsviðskipti með fasteignaveðbréf. Það átti að efla verðbréfamarkaðinn með þeim hætti. Það átti að tryggja það að hin opinbera aðstoð til húsnæðismála rynni í einum farvegi til þeirra sem mest þurfa á henni að halda.

En hver er nú niðurstaðan? Hún er alls ekkert þessi. Hún er sú að með þessu klúðurslega samkomulagi sem gert hefur verið við Alþb. er búið að falla frá því sem er svo markvisst lýst í forsendum og greinargerð frv. og álitsgerð milliþinganefndarinnar að sé óhjákvæmilegt, þ.e. því að húsbréfin beri markaðsvexti og að jafnhliða séu vextir í núgildandi húsnæðislánakerfi hækkaðir í það sama og í staðinn komi vaxtabætur til þeirra sem hafa lægstar tekjur og eiga minnstar eignir.

Hér er verið að draga í efa þessa röksemdafærslu af þeim sem þó hafa komið að málinu á fyrri stigum eins og hæstv. landbrh. sem sat í þessari milliþinganefnd og skrifaði undir þetta mál allt með fyrirvara vegna þess að hann skildi út á hvað það gekk á þeim tíma. Það gekk auðvitað út á það að hækka vextina í almenna lánakerfinu í markaðsvexti. En hér segir í álitsgerð milliþinganefndarinnar, með leyfi forseta, þegar verið er að fjalla um vaxtabætur sem eru náttúrlega óhjákvæmilegt hliðarmál þessarar breytingar:

„Vaxtabótunum er ætlað að leysa af hólmi núgildandi húsnæðisbætur og vaxtaafslátt í gildandi skattalögum, en heildarfjárhæð þeirra er ákvörðuð þannig að þær innifeli jafnframt þá niðurgreiðslu sem er á vöxtum og lánum í almenna húsnæðislánakerfinu, enda yrðu útlánsvextir slíkra lána látnir fylgja vöxtum á lántökum Byggingarsjóðs ríkisins."

Enda yrðu útlánsvextir slíkra lána látnir fylgja vöxtum á lántökum Byggingarsjóðs ríkisins. — Hvað þýðir þetta? Þetta þýðir nákvæmlega það sem ég var að segja. Það þýðir það að yfirlýsing hæstv. landbrh. í DV fyrir nokkrum dögum, sem ég ræddi um fyrir helgi, þar sem segir í fyrirsögn „Enga markaðsvexti", þýðir: ekkert húsbréfakerfi. Það getur vel verið að það hafi verið það sem vakti fyrir mönnum sem hér voru að ganga til samkomulags við ráðherra að hér ætti ekki að koma neitt húsbréfakerfi, enda er ræða hv. 2. þm. Austurl. Hjörleifs Guttormssonar um þetta mál með slíkum endemum að þessu leyti til að það er ljóst að þar talar enginn stuðningsmaður húsbréfa eða aukinnar markaðsmiðlunar og verðbréfaviðskipta í sambandi við fasteignir. Enda hvernig á annað að vera, herra forseti? Dettur einhverjum í hug að það sé hægt að ná samkomulagi um slíkt mál við Alþb. sem hatast við allt sem kennt er við frjálsan markað og viðskipti á slíkum mörkuðum? Hér er auðvitað búið að vera að tala við aðila, eyða tíma og sóa tíma í að reyna að ná samkomulagi við aðila sem eru bara á móti slíku. Og hvernig dettur fólki þá í hug að út úr slíku geti komið eitthvert samkomulag um markaðsvexti eða markaðsviðskipti með fasteignaveðbréf í formi húsbréfa? Auðvitað er það borin von frá upphafi að við þennan flokk og þá afturhaldsaðila sem þar ráða ríkjum sé hægt að gera eitthvert slíkt samkomulag. Það liggur bara í eðli málsins. Það má segja að það sé bara samkvæmt skilgreiningu á Alþb. ekki hægt að gera samkomulag um þá hluti við þann virðulega flokk sem hefur um stundarsakir tyllt sér á fremsta bekk í ráðherrastólana þrjá hér í hv. deild. (**Landbrh.:** Fer það í taugarnar á ræðumanni?) Nei, nei, það fer ekkert í taugarnar á ræðumanni, síður en svo.

Herra forseti. Ég vil í þessu sambandi vekja athygli á því að hv. 2. þm. Austurl. Hjörleifur Guttormsson, sem flutti hér mjög langa og ítarlega ræðu við 2. umr. sem ég hef hér undir höndum, fór ekki bara hinum háðulegustu orðum um þetta mál allt og vék að ráðherra þessara mála með þeim hætti að halda hefði mátt að þar væri hinn argasti stjórnarandstæðingur á ferð. Hann gerði ekki aðeins það, heldur spurði hann mjög ákaft eftir því hvort sinn skilningur á þessu vaxtamáli væri réttur. Hann vitnaði til samkomulags stjórnarflokkanna og sagði: Vextir á almennum lánum hjá Byggingarsjóði ríkisins eftir að húsbréfakerfið er komið til framkvæmda mega aldrei verða hærri en 4,5%. Og hann vitnaði í þetta samkomulag og hann vitnaði í álit meiri hl. fjh.- og viðskn. Og

hann spurði ráðherrann: Er það ekki þannig að þetta sé örugglega rétt hjá mér? Og hæstv. ráðherra kom upp og vitnaði í sama samkomulagið, las bara aðra setningu úr því, ekki þá sömu og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson. Og sagði: Um þetta þarf ekkert að deila.

Staðreyndin er þá sú að túlkanir þessara tveggja aðila á þessu grundvallaratriði eru gjörsamlega út og suður og það er auðvitað alveg stórbrotið að í framhaldi af þessum orðaskiptum hér skuli hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hafa gert grein fyrir sínu atkvæði og atkvæðum alþýðubandalagsmanna hér við 2. umr. í gær með þeim hætti að vitna í þetta samkomulag. Og ég vil leyfa mér að vitna í ræðu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar um þetta mál. Hann segir hér, með leyfi forseta:

„Ég vil að það sé alveg ljóst og skýrt af minni hálfu, og ég tel mig þar mæla fyrir minn þingflokk, Alþb., sem hefur ítrekað fjallað um þessi efni og gert um þau samþykktir, að við erum að tala um það að vextir af lánum Byggingarsjóðs ríkisins verði að hámarki 4,5% og sú tenging við þá vexti sem kunna að verða á lánum Byggingarsjóðsins eða réttara sagt þá vexti sem Byggingarsjóðurinn þarf að greiða vegna lífeyrissjóðslána koma þessari samþykkt ekki við. Þeir koma þessari samþykkt ekki við eftir þá túlkun sem fyrir liggur frá meiri hl. fjh.- og viðskn. og samkvæmt þeim samþykktum sem þingflokkur Alþb. hefur gert og tengjast þessu máli.“ Og lýk ég hér tilvitnun í hv. þm. Hjörleif Guttormsson.

Hér var ekkert verið að skafa utan af því, herra forseti, því að hv. þm. bætir við, með leyfi forseta: „Ég vil að það liggi alveg skýrt fyrir hér við þessa umræðu að þannig er þetta mál vaxið að ég treysti mér að sjálfsögðu ekki til þess að styðja framgang þessa máls í því skötulíki sem það er hér fram borið nema það sé alveg ljóst og viðurkennt af þeim sem að þessu máli standa að þetta er grundvöllurinn sem við fjöllum um þetta mál á að því er Alþb. varðar og raunar að því er hv. meiri hl. fjh.- og viðskn. varðar einnig.“

Hér er nú ekkert verið að skafa utan af hlutunum frekar en venjulega þegar hv. þm. Hjörleifur Guttormsson á hlut að máli. Það er ekkert verið að skafa utan af þessu. Vextirnir á þeim lánum sem Byggingarsjóður ríkisins tekur hjá lífeyrissjóðunum koma þessu máli bara ekkert við. Það er það sem er yfirlýst af hálfu Alþb. — koma þessu máli bara ekkert við. En hv. þm. fékk það svar við sinni spurningu um þetta mál hjá hæstv. ráðherra að hér væri ekkert um neina 4½% vexti að tefla, heldur sagði ráðherra orðrétt:

„Um það hvort vextir af útlánum Húsnæðisstofnunar í núverandi kerfi eigi svo að haldast óbreyttir um einhvern tiltekinn tíma er auðvitað ríkisstjórnarinnar að ákveða, en sú stefna sem hún hefur markað í þessu efni er það sem máli skiptir, að vaxtamismunurinn af teknum lánum og veittum hjá Byggingarsjóði ríkisins verði ekki nema 0,5–1%.“ Með öðrum orðum, þessi vaxtamismunur sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson segir að komi málinu ekkert við er náttúrlega aðalatriðið í svari ráðherra og í þeirri túlkun sem ráðherrann hefur gert að sinni og ég vil leyfa mér að taka undir að því marki sem mér kemur þessi ágreiningur milli stjórnarliðanna um þetta mál við. En það er auðvitað alveg ljóst að túlkun ráðherra á þessu atriði er miklu nær því sem upphaflega var gert ráð fyrir í nefndinni. Þar munar þó ekki nema 0,5–1% á því sem að var stefnt, markaðsvöxtum, en í framsetningu alþýðubandalagsmanna getur munað þarna mun meiru því að hæstv. fjmrh. er enn að auglýsa spariskírteinin á 7% vöxtum og munurinn á þeim vöxtum og 4,5% er eins og mönnum er kunnugt 2,5% þannig að þarna munar ansi miklu. Auðvitað er þetta grundvallarágreiningur og ég skil ekki hvernig menn geta svo komið hér upp og sagt: Við styðjum frv. á þessum forsendum, þegar þessum forsendum er svo algerlega hafnað af þeim ráðherra sem með málið fer og á að framkvæma þetta. Þá er nú Bleik brugðið, verð ég að segja, ef hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur látið beygja sig svo í þessu máli sem hann auðvitað sér alveg í gegnum.

En hv. þm. Hjörleifur Guttormsson talaði einnig um gyllingar og hillingar sem hafðar væru í frammi í sambandi við þetta mál. Og hann sagði ýmislegt fleira um þetta mál, t.d. það að hér væri málflutningur með þeim hætti af hálfu þeirra sem styðja þetta mál að menn væru hér eins og þeir væru komnir með eitthvert allsherjarfagnaðarerindi í sambandi við húsnæðismál, hina endanlegu lausn. Og hann sagði meira, virðulegur þm. Hjörleifur Guttormsson. Hann frábað sér þetta trúboð sem hann kallaði svo. Hann frábað sér þetta trúboð sem hér er rekið svo fast í þessu máli að því er hann sagði. „Menn ganga hér fram í nafni þessa húsbréfakerfis nánast með trúboðshugarfari með slíkum skaphita og yfirlýsingum að það minnir á trúboð,“ sagði hv. þm., með leyfi forseta. Samt er þetta einn af þeim þingmönnum sem í nafni Alþb. ætla að styðja þetta mál út á það að hafa gert fyrirvara um 1. gr. frv. við 2. umr., um það að skilningur Alþb. í sambandi við vexti væri bara allt annar en sá sem hæstv. félmrh. hefði lýst yfir.

Hvers konar mynd er nú á þessu og hvers konar svipur er á því að afgreiða mál hér á Alþingi með þessum hætti? Og hvernig ætlar formaður Alþb. að útskýra það að afstaða flokksins skuli byggjast á því sem ég hef hér rakið, þessu furðulega samkomulagi stjórnarflokkanna um vexti í húsnæðislánakerfinu og túlkun Alþb. á því sem gengur auðvitað þvert gegn því sem ráðherra hefur sagt og auðvitað þar fyrir utan þvert gegn því sem að var stefnt með þessu frv. frá byrjun og þessu máli frá byrjun þegar verið var að undirbúa það? Það er alveg með endemum hvernig að málatilbúnaði er staðið og afgreiðslu. Eins og ég segi er kannski ekki við öðru að búast þegar verið er að reyna að ná samkomulagi um svona mál við stjórnmálaafl sem er í eðli sínu og samkvæmt eðli málsins á móti því, en hefur hins vegar samið um það að því er virðist til þess að geta setið eitthvað áfram í ríkisstjórn og glímt við þau vandamál sem þar er við að fást.

Þetta er nú annar veigamesti efnisþátturinn sem ég hef kosið að gera hér að umtalsefni í kvöld. Það eru þessir vextir og það er þessi ágreiningur um vaxtasam-

komulagið sem upp er kominn, sem upplýstur er, sem kom hér fram í 2. umr. í fyrrinótt og ég hef hér rakið og vitnað til, bæði núna með því að vitna í hæstv. ráðherra og hv. þm. og um daginn þegar ég las upp úr útvarpsviðtölum við sömu aðila um sama mál. Þá kom fram gersamlega ólík túlkun og ólíkur skilningur á þessu samkomulagi, túlkun sem auðvitað getur ekki staðist hjá báðum samtímis nema í þann stutta tíma sem 0,5–1% undir vöxtum lífeyrissjóðanna væru 4–4,5%. Sá tími er ekki runninn upp og ef hæstv. fjmrh. heldur áfram að selja spariskírteinin sín á 7% vöxtum er heldur ólíklegt að sá tími renni upp í bráð. Það er líka ólíklegt og það er rangt að búið sé að semja um það við lífeyrissjóðina að vextirnir á síðari hluta ársins verði 5% eins og gefið er í skyn í þessu margumræddu samkomulagi. Það er búið að semja um það að þeir verði a.m.k. 5%, en það á eftir að reikna það út. Það verður gert eftir á. Þess vegna er auðvitað fjarstæða að byggja eitthvert samkomulag um afgreiðslu frv. á Alþingi á þeirri forsendu að slíkir vextir verði 5%. Hér auðvitað rekst hvað á annars horn eins og vænta má.

Hitt atriðið, herra forseti, sem ég vildi gera hér efnislega að umræðuefni er það sem hv. þm. Alexander Stefánsson var að spyrja hér um vegna þess að þar er líka staðfest djúp í túlkun og skilningi milli tveggja stjórnarflokka um þetta mál. Þar liggur að baki eitthvert samkomulag sem gert mun hafa verið milli Alþfl. og Framsfl. til þess að koma til móts við óskir Framsfl. Það samkomulag er hins vegar ekki opinbert skjal og hefur hvergi verið birt, er ekki partur af frv. eða greinargerð þess, en í því samkomulagi mun, að því er best verður vitað, falið að sett sé einhvers konar þak upp á 10% gagnvart því hvað lífeyrissjóðirnir megi kaupa mikið af húsbréfum. Og þetta er orðað þannig í frv. að lífeyrissjóðirnir geti fullnægt hluta af sinni kaupskyldu eða fullnægt ákvæðum 12. gr. laga um Húsnæðisstofnun að hluta til með því að kaupa húsbréf í stað hinna almennu skuldabréfa Byggingarsjóðs.

Það verður auðvitað að liggja fyrir hér við afgreiðslu þessa máls hvað þetta nákvæmlega þýðir. Ég tel mig vita það að sá er skilningur framsóknarmanna, velflestra, eins og hv. þm. Alexander Stefánsson sagði, að með þessu samkomulagi og þessu ákvæði í frv. sé verið að setja hámark, sé verið að setja þak sem samsvari 10% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna á það hvað þessir sjóðir mega kaupa mikið af húsbréfum. Hæstv. ráðherra upplýsti það hins vegar í svari við fyrirspurnum mínum um þetta efni, í ræðu sinni hér í fyrrinótt við 2. umr., að þetta væri alls ekki þannig. Þetta væri nefnilega þannig að lífeyrissjóðirnir þyrftu ekki að kaupa nema fyrir 45% af ráðstöfunarfé hin gömlu hefðbundnu bréf en væru svo frjálsir að því að kaupa það sem þeim sýndist af húsbréfum fyrir sitt ráðstöfunarfé eða eins og ráðherra sagði, og ég vil nú leyfa mér að vitna til hennar ræðu hér, herra forseti, því að hún svaraði þessu atriði skilmerkilega. Hæstv. ráðherra sagði:

„Í því frv. sem nefndin skilaði af sér [milliþinganefndin] var gert ráð fyrir að það skref yrði stigið að kaupskyldan yrði lækkuð niður í 47%. Í því samkomulagi sem gert var milli stjórnarflokkanna í þessu máli og fram kemur í 1. gr. frv., þar sem lífeyrissjóðunum er heimilað að uppfylla hluta af kaupskyldu sinni með húsbréfum, tel ég að í raun hafi verið gengið lengra í þessa átt en fram kom hjá nefndinni vegna þess að í því samkomulagi er gert ráð fyrir að lífeyrissjóðunum verði heimilað að kaupa húsbréf fyrir 10% af ráðstöfunarfé sínu, þannig að kaupskyldan í núverandi kerfi yrði þar af leiðandi 45%. Hér er því stigið skrefinu lengra í að afnema kaupskylduna en var í frv. Auðvitað er svo ekkert sem kemur í veg fyrir það, ef lífeyrissjóðirnir svo kjósa, að keypt séu húsbréf fyrir meira af ráðstöfunarfénu en hér kemur fram."

Þetta getur ekki verið skýrara, herra forseti. Það getur bara ekki verið skýrara að það er verið að lækka kaupskylduna niður í 45% og gefa lífeyrissjóðunum algert svigrúm til þess að kaupa húsbréf fyrir jafnvel afganginn af sínu ráðstöfunarfé ef þeir svo kjósa. Þetta gæti þýtt það að lífeyrissjóðirnir keyptu venjuleg skuldabréf af Byggingarsjóði fyrir 45% en húsbréf fyrir 55% samkvæmt þessu, samkvæmt þeirri túlkun sem ráðherra veitti sem sinn skilning á þessu samkomulagi. Ég held að það sé engin rangtúlkun að lesa upp úr hennar eigin svörum. Þau eru þannig að kaupskyldan fer í raun og veru úr 55% niður í 45% og lífeyrissjóðirnir hafa frítt spil með afganginn, eins og hæstv. ráðherra sagði hér, með leyfi forseta: „Auðvitað er svo ekkert sem kemur í veg fyrir það, ef lífeyrissjóðirnir svo kjósa, að keypt séu húsbréf fyrir meira af ráðstöfunarfénu en hér kemur fram." Auðvitað kaupa þeir ekki fyrir 55% af sínu ráðstöfunarfé, en þeir mundu kannski kaupa fyrir eitthvað meira en 10%, jafnvel 20%, jafnvel 15%, ef húsbréfin verða með þeim kjörum að geta keppt við önnur skuldabréf eða þeim afföllum að þau verði eftirsóknarverð og veit ég að þá leggur hv. þm. Stefán Valgeirsson við hlustir því að hann er mikill áhugamaður um verðbréf sem seld eru með afföllum. En vera má að eitthvað af þessum húsbréfum verði seld með þeim hætti eins og ég reyndar gat um í ræðu minni við 2. umr.

Ég held hins vegar að við verðum gera þá kröfu, og það væri nú gott ef einhver ráðherra Framsfl. heyrði mál mitt því að ég vil fá það alveg skýrt fram hvor skilningurinn er réttur og hvort það er rétt að lífeyrissjóðirnir geti keypt húsbréf eins og þá lystir þrátt fyrir samkomulagið við Framsfl. Þetta er sama spurningin og hv. þm. Alexander Stefánsson beindi til ráðherra áðan. Auðvitað verður þetta að liggja fyrir og auðvitað er þetta partur af því skötulíki sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson gerði að umtalsefni við 2. umr., að þetta óbermi, sem hann kallaði frv., er til meðferðar með þeim hætti að um tvö mikilsverðustu atriði málsins er staðfestur hyldjúpur ágreiningur. Ég er að tala hér um kaupskylduákvæðið í 1. gr. sem ráðherra túlkar svo að kaupskylda lækki í 45% og lífeyrissjóðirnir hafi síðan frítt spil en sem framsóknarmenn og ekki bara hv. þm. Alexander Stefánsson

túlka sem 10% þak á kaupmöguleika lífeyrissjóðanna á húsbréfum. Ég er búinn að víkja að ágreiningnum um vaxtamál og er að vísu freistandi að endurtaka það fyrst hv. þm. Hjörleifur Guttormsson er kominn í salinn, en ég skal þó ekki gera það. Ég veit að hann treystir mér til að hafa farið rétt með hans mál upp úr þeirri ræðu sem hann flutti við 2. umr. þar sem hann varaði mjög við ófarnaði sem upp kynni að vera kominn í sambandi við frv., varaði við því trúboði og því fagnaðarerindi sem menn væru hér að boða, varaði við því skötulíki og við þeim gyllingum og þeim hillingum sem uppi væru hafðar í sambandi við þetta mál og fordæmdi alla málsmeðferð hæstv. ráðherra og annarra sem að þessu máli hafa komið, auk þess sem hann minnti með eftirminnilegum hætti á þann draug yfirboðanna sem elt hefði hæstv. núv. félmrh. í starfi. Því eins og hv. þm. sagði, með leyfi forseta, „það er þessi draugur yfirboðanna, innihaldslítillar gagnrýni sem hæstv. núv. félmrh., bæði í fyrrv. og núv. ríkisstjórn, hefur verið að kljást við."

Þannig var margt sem fram kom í ræðu hv. 2. þm. Austurl. fyrir utan þann staðfesta ágreining sem er um vaxtamálin sem ég er búinn að eyða nokkrum tíma í að fjalla um og skal ekki endurtaka þó svo að hann sé hér kominn.

Ég lét þess getið áðan að hæstv. ráðherra hefði í raun og veru aðeins svarað tveimur atriðum í minni ræðu við 2. umr. Hann svaraði þessu um kaupskylduna skýrt og skilmerkilega. Ráðherrann svaraði því og með því var staðfest að um þann þátt málsins er mikill ágreiningur. Og ráðherrann svaraði líka fyrirspurn minni og hv. 2. þm. Austurl. um vextina með ótvíræðum hætti að mínum dómi. En sú skýring, eins og hv. 2. þm. Austurl. vék að í sinni seinni ræðu, fór auðvitað þvert á hans skilning, þvert gegn því sem hann hafði lesið upp og lýst sem skilyrði fyrir stuðningi sínum við málið þó svo að hann hafi hér í mikilli mildi í gær staðið upp við 2. umr. og lýst því að Alþb. mundi styðja þetta mál á grundvelli þess samkomulags sem gert hefði verið um vexti og það jafnvel þó svo að túlkun Alþb. og túlkun hæstv. félmrh. á efni þessa samkomulags sé alls ekki samrýmanleg eins og ég hef margbent á og eins og hv. 2. þm. Austurl. benti hér mjög rækilega á í síðari ræðu sinni við 2. umr.

Ráðherrann svaraði tveimur atriðum í minni ræðu við 2. umr., en svaraði ekki ýmsu öðru sem ég vék hér að eins og t.d. spurningum varðandi fullyrðingar um kostnað þjóðfélagsins af núverandi kerfi sem ég gerði nokkuð að umtalsefni og tel mig hafa hrakið. Því var heldur ekkert svarað. Það verður kannski gert við 2. umr. um skattafrv. það sem þessu fylgir, hvort búið sé að reikna út vaxtabæturnar á nýjan leik úr því að búið er að flytja hluta af þessari opinberu aðstoð til baka yfir í vexti, yfir í niðurgreidda vexti. Það átti að taka kostnaðinn sem fylgdi niðurgreiddu vöxtunum og kostnaðinn af vaxtaafslætti og setja þetta allt á einn stað, í vaxtabótunum. En það kom ekkert svar við því, hvort búið væri að reikna það dæmi upp á nýtt eða hvort ætti yfirleitt að gera það, hvort ætti ekki bara að þjösna þessu öllu í gegn og sjá svo til, láta skeika að sköpuðu.

En það komu sem sagt svör við þessu með kaupskylduna. Ég lagði fram ýmsar spurningar um framkvæmd þeirra mála og svarið var mjög einfalt og skýrt: Lífeyrissjóðirnir þurfa ekki að kaupa almenn skuldabréf nema fyrir 45% og hafa að öðru leyti frítt spil. Allar spurningar mínar um aðra framkvæmd á þessu voru því auðvitað óþarfar því að þær gerðu ráð fyrir að það ætti að framkvæma samkomulagið eins og Framsfl. heldur að eigi að gera það, eins og Framsfl. telur að hann sé búinn að semja um.

Ég vakti líka athygli á því að Kvennalistinn hefði samið hér um nýjar upphæðir í sambandi við hið félagslega húsnæðiskerfi sem raunar koma þessu frv. ekkert við, en það hafa ekki komið nein svör við því hvaðan þeir peningar eiga að koma. Kannski hæstv. fjmrh. viti um það. Það er hins vegar athyglisvert að þegar verið er að reyna að semja eitt frv. í gegnum Alþingi með því að semja við einn af stjórnarandstöðuflokkunum um að skáskjóta því svona í gegnum þingið, þá munar menn ekkert um það að galdra einhverjar 600 millj. upp úr hattinum hjá sér. (**Fjmrh.:** Nei, nei.) Nei, segir ráðherra. Þá munar menn ekkert um það og sjálfsagt verða hann og Kvennalistinn sameiginlega ekki í neinum vandræðum með að búa til nýja skatta til þess að standa undir þessu.

En væri ekki ráð að við fengjum eitthvað að vita um þau skattheimtuáform eða hvernig á að bera þennan kostnað þegar þetta mál er afgreitt eða á bara svona að galdra þetta með hókus pókus-aðferðum eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði við 2. umr.? Hefði kannski verið hugsanlegt að semja við hv. þm. Alexander Stefánsson um að hann fengi einhverja aura í vegáætlun gegn því að styðja þetta frv.? Hefði það verið möguleiki að greiða honum slíkt lausnargjald fyrir stuðning? (**Fjmrh.:** Hann fékk peninga.) Hann fékk peninga, segir hæstv. fjmrh., en þeir hafa þá ekki verið til þess að greiða fyrir stuðningi hans við þetta mál því að hann hefur ekki stutt það eins og fram hefur komið.

Ég sagði hér hókus pókus, já, en hv. 2. þm. Austurl. sagði í ræðu sinni: „Ég held t.d. að klisjur eins og þær sem hæstv. félmrh. hefur látið frá sér fara og Alþfl. í 80 þúsund eintökum hér, um biðröðina löngu, mánuðina 34 sem menn þurfi að bíða, og nú er bara hægt með hókus pókus að afnema þessa biðröð, hún er komin niður í 2–3 vikur."

Ég var nú bara að lesa þetta til þess að láta þess getið að hókus pókus-hugtakið í sambandi við þetta mál er komið úr ræðu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar. En það eru auðvitað ekkert annað en töfrabrögð og blekkingar að setja þetta á blað: Við skulum auka fjárframlög um 600 millj. að raungildi til hins félagslega íbúðakerfis, og segja síðan ekkert meir hvar eigi að taka þessa peninga. Hvað segja nú gamlir fjárveitinganefndarmenn eins og hæstv. heilbr.- og trmrh.? Eða hvað segja núv. fjárveitinga-

nefndarmenn? Hvar á að taka þessa peninga? Hvernig væri nú að fá svar við því? (Gripið fram í.) Þetta er eitt af því sem spurt var um og ekki komu svör við.

Þannig mætti lengi telja um það sem ég gerði hér að umtalsefni. Það var ekkert vikið að 57. gr. frv. í ræðu ráðherra. Samt liggja fyrir rökstuddar athugasemdir við það lottó, sem kallað hefur verið, sem þar á að fara fram í sambandi við endurgreiðslu á húsbréfum. Tíminn hæddist að því í fréttum um daginn sem hann kallaði lottó í sambandi við endurgreiðslu þessara lána en ráðherra sá ekki ástæðu til þess að víkja neitt að því eða öðrum athugasemdum sem komið hafa fram og þeim sem ég hef gert eða gert að mínum sem aðrir hafa flutt.

Ég hafði ekki hugsað mér að tala mikið lengur, herra forseti. Ég tel að það sé búið að afhjúpa það í þessu máli að bæði þau samkomulög sem gerð hafa verið, annars vegar við Framsfl., hins vegar við Alþb., séu á sandi byggð. Þau séu annaðhvort misskilin af einhverjum sem að þeim standa eða þá að það hafi bara aldrei staðið til að standa neitt við þau. Ef það er rétt á náttúrlega félmrh. heiður skilið fyrir að koma þá með það hér fram, fyrir fram, að það standi hvorki til að framkvæma samkomulagið sem gert var við Framsfl. um þessa 10% kaupskyldu né samkomulagið við Alþb. um vextina sem þeir túlka svo að vextir á lánum Byggingarsjóðsins megi ekki fara yfir 4,5% en ráðherra túlkar svo að eigi að vera 0,5–1% undir vöxtum þeim sem Byggingarsjóðurinn greiðir. Annaðhvort er einhvers konar misskilningur hér á ferðinni eða það stendur ekki til að standa við þessa samninga og þá er manni spurn hvers konar meðferð það er eiginlega á málum hér í þinginu þó að heiðarleiki ráðherrans að segja frá þessu sé auðvitað vissulega lofsverður. Að sama skapi fer ekki mikið fyrir stærð þeirra aðila sem gert hafa þetta samkomulag en ætla síðan að láta það yfir sig ganga að því sé bara lýst hér yfir af ráðherranum að það standi ekki til að framkvæma þetta samkomulag, hvorugt þeirra, eins og aðstandendur þeirra telja sig hafa samið um. Þannig er nú þetta allt hið undarlegasta.

En ég skal ekki fara fleiri orðum um þetta. Ég vil bara að endingu segja það að þeir menn sem upphaflega sömdu frv. og komu með þessa hugmynd eru sjálfsagt ekkert ánægðir með það að þessu skuli líkt við óbermi. En það er auðvitað alveg rétt að það er búið að gera mjög veigamiklar og furðulegar breytingar á þessu máli þannig að ef menn væru sjálfum sér samkvæmir ættu þeir sem mest töluðu fyrir þessu í upphafi, þeir sem hafa talað fyrir þessu hver á sínum vettvangi að tala gegn því nú. Ég hef t.d. leyft mér að tala fyrir húsbréfakerfi í einhverri mynd innan míns flokks, en ég tala ekki fyrir þessu frv. eins og það er orðið og það ættu þeir heldur ekki að gera sem fyrir þessu hafa talað hæst, eða gerðu í upphafi, ef menn vilja vera sjálfum sér samkvæmir því að búið er að gera á því slíkar breytingar. En það er kannski ekki við því að búast eins og þetta mál er allt í pottinn búið.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið í umræðum um þetta mál er með ólíkindum hver aðdragandi þess hefur verið og framgangur innan stjórnarflokkanna. Það vekur vitaskuld mesta athygli hvernig hæstv. félmrh. hefur gengið fram við mótun þessa máls og afgreiðslu þess innan stjórnarflokkanna. Mesta athygli vakti auðvitað hótun hæstv. ráðherra að segja af sér ef málið næði ekki fram að ganga. Augljóst var í upphafi að þeirri hótun var beint gegn stjórnarandstöðuflokkunum. Að vísu er það svo að undir venjulegum kringumstæðum taka stjórnarandstöðuflokkar ekki alvarlega þó ráðherrar hóti að segja af sér og það fór einnig svo í þessu tilviki að því er Sjálfstfl. varðar en Kvennalistinn á hinn bóginn tók þessa hótun alvarlega og gekk inn í þann leik hrossakaupa sem átt hefur sér stað í tengslum við framgang málsins.

Þessi uppákoma hæstv. ráðherra rifjaði upp fyrir mér ýmislegt frá fyrri tíð. Hún er reyndar í miklu samræmi við vinnubrögð Alþfl. í núv. hæstv. ríkisstjórn. Ég man varla eftir nokkru alvörumáli sem hér hefur komið inn þar sem þingmenn Alþfl. hafa ekki verið uppi með hótanir um að hætta að styðja stjórnina ef þetta málið eða hitt næði ekki fram að ganga. Það voru settar nokkrar milljónir í hv. þm. Karl Steinar Guðnason vegna svona hótunar. Hv. þm. Karvel Pálmason hefur verið með hótanir af þessu tagi og nú kom síðast hæstv. félmrh. Það eru deildar meiningar um það hvort 600 millj. kr. kaupin hafi verið 100 þús. kr. kostnaður við hvert atkvæði Kvennalistans eða hvort það hafi verið 600 millj. kr. kostnaður við ráðherrastól félmrh. og ætla ég ekki að blanda mér í þær deilur.

En ég minnist þess að í fyrri ríkisstjórn lýsti hæstv. núv. félmrh., sem einnig var félmrh. í þeirri stjórn, yfir verkfalli í fjölmiðlum og tilkynnti að hann hefði ákveðið að leggja niður störf í ríkisstjórn Íslands ef tiltekið mál næði ekki fram að ganga. Og það vildi svo til að daginn eftir þessa yfirlýsingu var fundur í ríkisstjórn Íslands. En eins og öllum alþingismönnum er kunnugt þá er það auðvitað skylda forsrh. að leysa ráðherra frá störfum sem ekki gegnir ráðherraskyldum sínum og lýsir yfir og framkvæmir yfirlýsingu um verkfall. Hæstv. félmrh. mætti ekki til ríkisstjórnarfundarins eftir yfirlýsinguna og þegar sá fundur hafði staðið skamma hríð var honum ekki slitið heldur var honum frestað og formanni Alþfl. gerð grein fyrir skyldum forsrh. í tilvikum sem þessum. Síðan var ákveðið að ríkisstjórnarfundi skyldi fram haldið síðdegis þennan sama dag. Sá fundur hófst undir kvöldmat og þá mætti hæstv. félmrh. til fundar. Þetta atvik rifjaðist upp fyrir mér vegna þess að það sýnir að taka má á hótunum sem þessum með mismunandi hætti og alls ekki sjálfgefið að hótanir af þessu tagi kalli á víðtæk hrossakaup innan ríkisstjórnar. Eg er þeirrar skoðunar að jafnvel innan þeirrar hæstv. ríkisstjórnar sem nú situr hefði verið algjör óþarfi að taka hótun sem þessa á þann veg að stjórnarflokkarnir hafi farið í svo víðtæk hrossakaup sem raun ber vitni. En það er

nú önnur saga og lýsir miklu fremur metnaðarleysi hæstv. ríkisstjórnar.

Framganga málsins og málflutningur og hrossakaup hæstv. ráðherra bera svo á hinn bóginn vott um það að annaðhvort skortir hæstv. ráðherra algjörlega skilning á því viðfangsefni sem hér er til umræðu og því viðfangsefni sem húsnæðiskerfið er, ellegar að hæstv. ráðherra er algjörlega metnaðarlaus um stöðu þeirra mála og lætur sig einu gilda hver verður efnisleg niðurstaða mála. Hvor skýringin sem réttari er er býsna alvarleg um stöðu málsins.

Þáttur Kvennalistans er auðvitað nokkuð sérstakur. Ríkisstjórnarflokkarnir hafa ásamt Kvennalistanum gert sérstakt samkomulag um framgang málsins sem byggir á yfirlýsingu um 600 millj. kr. raunaukningu á framlögum til húsnæðismála. Hér er gefin út innistæðulaus ávísun.

Það vita allir sem nálægt þessum málum hafa komið á undanförnum árum að það er ekkert hrist fram úr erminni að ná 600 millj. kr. raunaukningu til félagslegra íbúða. Þegar formaður Alþfl. var fjmrh. í síðustu ríkisstjórn þá hefði ekki þýtt fyrir hæstv. félmrh. að bera slíka ósk á borð og var fjármálaóstjórn á þeim tíma þó með þeim hætti að hún endaði með því að þeir „lifrarbandalagsmenn" skiluðu 7 milljarða halla á ríkissjóði á síðasta ári. Þrengslin voru samt slík að það hefði ekki einu sinni flögrað að hæstv. félmrh. að fara fram á 600 millj. kr. raunaukningu á framlögum til félagslegra íbúða í nokkurri alvöru. Hæstv. félmrh. veit að þetta er ekki auðunnið verk. Og hæstv. ríkisstjórn hefur enga grein gert fyrir þessu. En það er auðvitað fullkomlega ábyrgðarlaust að afgreiða málið á þeirri forsendu að þetta verði að raunveruleika án þess að gera grein fyrir því hvernig á að útvega þetta fé því að hér er ekki um neinar smátölur að ræða í samanburði við það sem til ráðstöfunar hefur verið með hliðsjón af möguleikum lífeyrissjóðanna og ríkissjóðs. Þess vegna er eðlilegt og alveg óhjákvæmilegt að hæstv. fjmrh. geri grein fyrir því hvernig á að afla þessa fjármagns. Og með því að þessi yfirlýsing er óhjákvæmilegt skilyrði fyrir framgangi málsins á þessu þingi þá hlýtur það að vera skilyrði að það liggi fyrir hvernig fjármunanna á að afla. Á að skerða almenna húsnæðislánakerfið um 600 millj.? Á að leggja á nýja skatta eða á að takmarka ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna til lána í annað en húsnæðismál um 600 millj.? Þetta eru spurningar sem óhjákvæmilegt er að svara. Og það er ekki nóg að hæstv. fjmrh. svari þeim. Þingmenn Kvennalistans, sem hafa tekið ábyrgð með ríkisstjórninni á framgangi málsins, verða auðvitað að gera grein fyrir því hvernig á að afla fjárins. Þegar þetta skilyrði er sett um framgang málsins nú, þá verður að svara því líka nú af hálfu Kvennalistans hvernig peningarnir eiga að koma.

Það er ekki óalgengt að Kvennalistinn tali um forgangsröðun verkefna sem lausn á fjárhagsvanda þegar um er að tefla framlög til framkvæmda eða þjónustuverkefna sem sá stjórnmálaflokkur hefur áhuga á, og það geta verið góð og gild rök, en um leið og Kvennalistinn tekur ríkisstjórnarábyrgð á framgangi slíks máls þá eru auðvitað gerðar kröfur um það, ef leysa á þetta með nýrri forgangsröðun verkefna, að gerð sé grein fyrir því við afgreiðslu málsins hvaða verkefni það eru sem eiga að víkja til hliðar.

Hv. 17. þm. Reykv. hefur hér í þessari umræðu gert ítarlega grein fyrir þeim skoðanaágreiningi sem uppi er um þetta mál á milli stjórnarflokkanna. — Og nú óska ég eftir því, herra forseti, að hæstv. starfandi forsrh. og formaður Framsfl. verði viðstaddur þessa umræðu því að það er deginum ljósara að skilyrði sem stjórnarflokkarnir eru að setja hverjir öðrum um framgang málsins eru ekki einkamál þeirra. Hér er verið að stíga gífurlega mikið skref í húsnæðismálum, skref sem skiptir fjölda fólks miklu máli, snertir hagsmuni margra fjölskyldna í landinu og hefur áhrif til langs tíma. Það er ekkert einkamál stjórnarflokkanna hvaða skilyrði þeir setja hverjir öðrum um forsendur að baki þessu frv. Alþingi Íslendinga á kröfu til þess að þau mál liggi hér alveg skýrt fyrir og ekki einasta það að skilyrði hvers flokks liggi hér skýrt fyrir. (**Forseti:** Vegna beiðni ræðumanns hér rétt áðan um að starfandi forsrh. kæmi hingað til fundar þá skal það upplýst að hann er nú sem stendur í ræðustól í Ed. en ráðstafanir verða til þess gerðar að hann komi hingað þegar hann hefur lokið máli sínu.) Ég þakka fyrir þessar upplýsingar, herra forseti, og vænti þess að ekki líði á löngu þangað til hæstv. starfandi forsrh. tekur þátt í þessum umræðum vegna þess að þær forsendur sem stjórnarflokkarnir eru að setja hér fyrir afgreiðslu málsins hljóta að skipta sköpum.

Það hefur verið sýnt fram á að þessi skilyrði ganga þvert hvert gegn öðru og það er útilokað að Alþingi geti afgreitt frv. sem þetta með misvísandi skilyrðum sem forsendu af hálfu þeirra flokka sem bera ábyrgð á framkvæmdarvaldinu í landinu. Ef staða málsins er sú að úr þessum ágreiningi verður ekki greitt í þessari umræðu þá er óhjákvæmilegt að stjórnarmeirihlutinn taki málið að nýju til umfjöllunar sín á milli og umræðunni verði frestað þannig að ríkisstjórnarflokkunum gefist tóm til þess að komast að niðurstöðu.

Á það hefur þegar verið bent að í hrossakaupunum um framgang málsins var sett inn sérstakt ákvæði að kröfu Framsfl. í 1. gr. frv. þar sem kveðið er á um það að lífeyrissjóðirnir geti fullnægt samningsbundnum skuldabréfakaupum af Húsnæðisstofnun að hluta með húsbréfum. Sú nefnd sem samdi frv. gerði ráð fyrir því að kaupskylda lífeyrissjóðanna yrði lækkuð um leið og húsbréfakerfið tæki gildi og smám saman afnumin, en fyrst í stað lækkuð niður í 47% að ég hygg. Þannig átti smám saman að gefa þessu nýja kerfi aukið svigrúm en grundvallarforsendan var sú að húsbréfin væru á frjálsum markaði því ella virkar ekki þetta kerfi. Nú setti Framsfl. ákveðin skilyrði og hv. 1. þm. Vesturl. hefur lýst þeim mjög skilmerkilega. Fyrir atbeina Framsfl. var þetta ákvæði sett inn, að í stað þess að kaupskyldan yrði lækkuð yrði henni haldið óbreyttri en lífeyrissjóðirnir gætu fullnægt

kaupskyldunni með kaupum á húsbréfum að ákveðnum hluta eða 10% af kaupskyldunni. Í athugasemdum með þessari grein kemur berlega fram að með þessu eigi að veita lífeyrissjóðunum nokkurt fjárhagslegt svigrúm til þess að taka þátt í húsbréfakaupunum. Þetta orðalag í athugasemdum með greininni styður þann skilning sem hv. 1. þm. Vesturl. lagði í skilyrði Framsfl., að með þessu væri verið að takmarka húsbréfin við þennan hluta af kaupskyldunni og óheimilt væri samkvæmt þessu samkomulagi að gefa út húsbréf fyrir stærri upphæð en sem næmi 10 hundraðshlutum af kaupskyldunni. Þessu sjónarmiði hefur skilmerkilega verið lýst af hálfu 1. þm. Vesturl.

Hæstv. félmrh. hefur á hinn bóginn túlkað þetta á þann veg að hér sé verið að ganga lengra í því að opna þetta kerfi og koma því á frjálsan markað því það séu ekki einungis þessi 10%, sem lífeyrissjóðirnir hafi heimild til þess að kaupa, heldur hafi þeir þvert á móti heimild til þess að kaupa eins og þá lystir fyrir afganginn af sínu ráðstöfunarfé af húsbréfum. Hér stangast auðvitað mjög á skilyrði og forsendur. Ég vil því leggja þá fyrirspurn fyrir hæstv. starfandi forsrh. hvort það sé réttur skilningur sem hv. 1. þm. Vesturl. hefur lagt í skilyrði Framsfl. eða hvort hæstv. forsrh. stendur með hæstv. félmrh. að þeirri skilgreiningu sem hæstv. félmrh. hefur lýst. Og með því að hæstv. starfandi forsrh. er ekki hér í salnum þá vil ég beina því til hæstv. félmrh. að hann komi þessari fyrirspurn á framfæri og tryggi að henni verði svarað hér af forustu Framsfl. Ætla ráðherrar Framsfl. að standa með eða á móti skilgreiningu hæstv. félmrh.? Ætla þeir að standa með eða á móti skilgreiningu hv. 1. þm. Vesturl.?

Nú má vel vera að ýmsum þyki sem svo að þetta sé bara atriði fyrir þingmenn Framsfl. hvort þeir ætli að greiða frv. atkvæði þrátt fyrir yfirlýsingar hæstv. félmrh., en málið er auðvitað miklu stærra en svo. Alþingi Íslendinga verður að fá að vita nákvæmlega hverjar þessar forsendur eru. Það er ekkert einkamál hv. þm. Framsfl. hvort þeir eru að greiða hér atkvæði með framgangi málsins á grundvelli þeirra skilnings eða á grundvelli skilnings hæstv. félmrh. Alþingi Íslendinga verður að fá að vita hvað er ofan á í þessu máli áður en málið er afgreitt frá þinginu. Svipuðu máli gegnir um vextina.

Hv. 17. þm. Reykv. hefur ítarlega gert grein fyrir þeim mismunandi túlkunum sem fram hafa komið um hrossakaupin að því er vextina varðar. Það er ljóst að húsbréfakerfið virkar ekki nema í almenna húsnæðiskerfinu séu markaðsvextir. Fram á þetta hefur verið sýnt með skýrum rökum. Þetta er niðurstaða nefndarinnar og jafnvel Kvennalistinn gerði ekki kröfu til þess að markaðsvextir yrðu afnumdir í þessu kerfi.

Kvennalistinn gerði einungis þá kröfu að þeir sem nú þegar hafa fengið lán í húsnæðiskerfinu þyrftu ekki að greiða hærri vexti en í gildi hafa verið ef ég skil skilyrði þeirra rétt. Kvennalistinn gerði sér með öðrum orðum grein fyrir því að kerfið gat ekki gengið ef það átti að halda áfram niðurgreiðslum vaxta. En hæstv. félmrh. hafði engar áhyggjur af því hvort hún var að koma fram húsbréfakerfi eða einhverju öðru. Það eina sem skipti hæstv. félmrh. máli var það að einhver pappír yrði samþykktur á Alþingi og hæstv. ráðherra stóð því nákvæmlega á sama um það hvaða hrossakaup gerð yrðu um málið. En hæstv. félmrh. hefur lýst því að vaxtamismunur verði ekki meiri en 0,5–1%.

Alþb. hefur hins vegar sett þau skilyrði að vextirnir fari aldrei upp fyrir 4,5% og ég skil ummæli hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar á þann veg að hann, ekki síst í atkvæðagreiðslu við 2. umr. málsins, líti svo á að ummæli hæstv. félmrh. hafi enga þýðingu, séu merkingarlaus og dauð og ómerk. Og þess vegna styðji Alþb. framgang málsins af því að ummæli hæstv. félmrh. séu merkingarlaus og gildislaus og þýðingarlaus að því er vextina varðar. Og nú vil ég inna hæstv. fjmrh. eftir því hvort það sé réttur skilningur að stuðningur Alþb. við frv. byggist á því að yfirlýsingar hæstv. félmrh. um vextina, þar sem einungis er tekið fram að vaxtamunur eigi að vera 0,5–1% en ekki að þeir skuli ævinlega bundnir við 4,5%, sé merkingarlaus. Er það, hæstv. fjmrh., forsendan fyrir stuðningi Alþb., ekki einasta að þessi krafa hafi verið sett fram og því hafi verið lýst yfir af hálfu Alþb. heldur að þeir telji að ummæli hæstv. félmrh. séu merkingarlaus í þessu sambandi, og Alþb. geti komið í veg fyrir það innan ríkisstjórnar að vextir verði hærri jafnvel þó að vaxtamunurinn á lánum sem húsbyggingasjóðirnir taka og veittum lánum verði mun meiri en hæstv. félmrh. hefur gert hér grein fyrir.

Það er nauðsynlegt að fá skýr svör við þessu því að ég get ekki séð að stjórnarflokkarnir hafi lokið heimavinnu sinni varðandi þetta mál fyrr en niðurstaða er fengin. Ég get ekki séð að þeir geti boðið Alþingi Íslendinga upp á að afgreiða málið fyrr en niðurstaða er fengin í þessu máli. Það er þá að ég hygg einhver aumasta framkoma einnar ríkisstjórnar fyrr og síðar, ef það á að bjóða Alþingi Íslendinga upp á að afgreiða málið með þessar gagnstæðu yfirlýsingar af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Ég ítreka það að ef skýr svör um samræmda afstöðu fást ekki í þessari umræðu, þá hlýtur að vera óhjákvæmilegt að fresta umræðunni og gefa hæstv. ríkisstjórn tóm til þess að ljúka sinni heimavinnu.

Það hefur mikið verið vitnað til samkomulags, sem hæstv. fjmrh. hefur gert við lífeyrissjóðina og undirritað var fyrir skömmu, um skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna af Húsnæðisstofnun ríkisins á þessu ári. Hæstv. fjmrh. hefur mjög látið að því liggja að með þessu samkomulagi hafi verið tryggt að vaxtastigið sé komið niður í 5%. Hér er um að ræða eina af þeim villandi yfirlýsingum um staðreyndir mála sem yfirleitt einkennir allt sem frá hæstv. fjmrh. kemur, en í þessu samkomulagi er það að vísu tekið fram að vextir af þessum bréfum skuli fyrst um sinn vera 6% og síðan 5%. En mér er kunnugt um það að lífeyrissjóðirnir voru reiðubúnir til þess að gera þetta samkomulag án þess að það væri nokkur tala í því um vexti önnur en ákvæðin um það að vextirnir skuli

ákveðast á næsta ári með hliðsjón af því sem markaðurinn í raun og veru gefur. En það hafi verið krafa hæstv. fjmrh. í þessum umræðum að þarna færu inn tölur, 6% og 5%, en lífeyrissjóðirnir hefðu þess vegna getað sætt sig við að það væri engin vaxtatala vegna þess að hin raunverulega vaxtaákvörðun í þessu samkomulagi felst í þeim ákvæðum samningsins að vextina skuli meta eftir á.

Bjartsýnir menn á fjármagnsmarkaðnum um hagstæða vaxtaþróun gera ráð fyrir því í dag að vextir geti orðið í raunveruleikanum viðmiðunarvextirnir sem þetta samkomulag gerir ráð fyrir, 6–7%. Ég tek það fram að þeir bjartsýnustu sem ég hef rætt við reikna með að þetta verði. Hæstv. fjmrh. er nú að auglýsa í heilsíðuauglýsingum sérstakt kostatilboð: „Lokaðu vaxtalækkanir úti. Læstu háu vextina inni," segir hæstv. fjmrh. (**Fjmrh.:** Þetta er fín auglýsing.) og býður mönnum að kaupa spariskírteini á 7%. Ég tek undir með hæstv. fjmrh. í frammíkalli hans, þetta er fín auglýsing. Viðskiptahættir af þessu tagi voru teknir upp í tíð frjálshyggjufjármálaráðherra sem setið hafa í stóli hans á undan honum og voru þáttur í þeirri miklu breytingu til frjálsræðisáttar sem átti sér stað á fjármagnsmarkaðnum. Þetta eru raunveruleg og eiginleg frjálshyggjuvinnubrögð, að auglýsa háa vexti, segja við kaupendur „notið tækifærið fram að þessum degi, þá er hætt við að vextirnir lækki og kaupið þið nú meðan vextirnir eru háir" og spila þannig svolítið á markaðinn. Ég minnist þess að þetta gerðum við talsvert meðan ég var í fjmrn. Árið 1986 til að mynda höfðum við strax á miðju ári náð inn öllu því lánsfjármagni sem við ætluðum okkur að ná á því ári með sölu spariskírteina. Strax á miðju ári hafði salan gengið svo vel að það var búið að selja það sem fjárlög gerðu ráð fyrir. Þá gátum við hætt sölu spariskírteina til þess að knýja niður vextina og það tókst. Þess vegna verð ég að segja það alveg eins og er að ég verð að hæla hæstv. ráðherra fyrir það að beita þessum frjálshyggjuvinnubrögðum en þau ganga auðvitað þvert á allar yfirlýsingar hans og hæstv. ríkisstjórnar, að nú eigi að stjórna vaxtamálum með öðrum hætti, handafli og hverfa frá hinni miklu frjálshyggju. Allar þær upphrópanir eru þess vegna markleysa og allar árásirnar á Sjálfstfl. um vaxtastefnu hans eru þess vegna markleysa af vörum hæstv. ráðherra.

Nú er verið að selja þessi bréf á 7% vöxtum. Salan á þessum bréfum núna í maímánuði kemur inn í viðmiðunarútreikninginn sem fram fer eftir áramótin og mun hafa áhrif á endanlegt vaxtastig. Spariskírteini ríkissjóðs hafa ekki selst að nokkru marki fyrr en hreyfing hefur komið á núna upp á síðkastið eftir að hæstv. ráðherra tók upp hin gömlu og gildu frjálshyggjuvinnubrögð við sölu spariskírteinanma. Ef hæstv. ráðherra tekst að selja verulegan hluta spariskírteinanna núna á þessu frálshyggjutímabili, þá verður það meginviðmiðunin þegar kemur að endanlegu uppgjöri.

Samband almennra lífeyrissjóða hefur í fréttabréfi sínu sagt alveg skýrt og skorinort að ef þeir hefðu í fyrra náð jafngóðum samningum fyrir sitt leyti við fjmrn., þá hefðu vextirnir orðið talsvert hærri en þeir voru í raun og veru. Kjarni málsins er nefnilega sá að samningurinn sem hæstv. ráðherra gerði við lífeyrissjóðina er einhver óhagstæðasti samningur sem fjmrn. hefur gert af þessu tagi um langan tíma út frá sjónarmiði eða hagsmunum ríkissjóðs því að það er ekkert þak á vöxtunum í þessum samningi. Það ræðst allt eftir á og ýmislegt bendir nú til þess að þrátt fyrir það að markaðurinn hafi að undanförnu verið hagstæður og knúið á um nokkra lækkun vaxta, þá muni hlutirnir ganga á annan veg á markaðinum seinni hluta ársins.

Verslunarráðið hefur til að mynda nýlega gert athugun á raunkostnaði af skammtímavíxlum sem eru mjög mikilvægir fyrir stóran hluta atvinnulífsins, til að mynda iðnaðinn. Þar kemur í ljós að raunkostnaður af þessum víxlum er að hækka aftur núna. Hann var í júlí í fyrra 18%, í marsmánuði sl. var hann svipaður eða rúmlega 17%, en er núna í maí kominn upp í tæp 32%. En flest bendir til þess að efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar sé að leiða til þess að vaxtakostnaðurinn sé á uppleið aftur þó að óumdeilt sé að markaðurinn en ekki handaflið hafi knúið þá nokkuð niður að undanförnu. Þess vegna hygg ég að það sé varlega áætlað að niðurstaðan verði sú að vextirnir verði 6–7% þegar upp verður staðið.

En hvernig á nú að fara með þetta mál þegar þetta liggur fyrir? Hvernig á að gera þetta upp eftir á í húsnæðiskerfinu? Nú hefur hæstv. félmrh. sagt: Vaxtamunurinn verður ekki meiri en 0,5–1%. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur sagt: Vextirnir fara aldrei upp fyrir 4,5% og hæstv. ríkisstjórn á eftir að vinna þá heimavinnu að svara þeim spurningum hvað sé rétt í þessu efni. En nú ætla ég að spyrja hæstv. fjmrh.: Ætlar hann að borga vaxtamismuninn úr ríkissjóði eða ætlar hann að bakreikna útlánin úr byggingarsjóðunum? Ætlar hann að því er húsbréfin varðar, sem rúmast innan kaupskyldunnar, að bakreikna vextina með sama hætti og hann þarf að gera í viðskiptum sínum við lífeyrissjóðina? Og hvaða ringulreið mun það skapa á þessum markaði ef það á að vera niðurstaðan? Ef það er ekki niðurstaðan, ætlar hann að greiða mismuninn með fé skattborgaranna?

Það er óhjákvæmilegt að hæstv. ráðherra svari þessum fyrirspurnum og það liggi fyrir áður en umræðunni lýkur hver er hin raunverulega stjórnarstefna því að það er ekkert húsbréfakerfi sem er hér í uppsiglingu. Það er ekkert nema óskapnaður sem frá Alþingi fer ef forsendurnar eru jafnólíkar og ganga í jafnólíkar áttir eins og hæstv. ríkisstjórn hefur lýst.

Niðurstaðan í þessari umræðu allri er auðvitað sú að hæstv. félmrh. hefur ekki meiri metnað fyrir framgang málsins en þann að hún hefur í raun og veru kippt húsbréfahugmyndinni út úr þessu frv. Það er nánast ekkert eftir af húsbréfunum. Í raun og veru er húsbréfafrv. fallið og hver felldi það? Ekki hv. þm. Alexander Stefánsson. Ekki þingmenn Sjálfstfl. Sá sem felldi þetta húsbréfafrv. var hæstv. félmrh.,

annaðhvort af þeirri ástæðu að hæstv. ráðherra hefur engan skilning á því sem er að gerast eða engan metnað til þess að koma hér á eðlilegu og raunhæfu skipulagi í húsnæðismálum. Mér sýnist að málið sé komið í þann farveg að það stappi nærri því að hv. þm. Alexander Stefánsson eigi að geta greitt atkvæði með því af því að það er ekkert eftir af húsbréfahugmyndinni. Og ég verð að segja að það er búið að auðmýkja svo fyrrv. formann Alþfl., hæstv. forseta þessarar deildar, sem var í forustu fyrir þessu nefndarstarfi, með þeim hrossakaupum sem varaformaður Alþfl. hefur haft forustu fyrir í framgangi málsins að það er nánast ekkert eftir af hans starfi.

Hv. þm. Kjartan Jóhannsson er sennilega sá eini af þm. Alþfl. sem enn er fylgismaður frjálslyndra hugmynda í efnahags- og atvinnumálum. Á þeirri stjórnmálaskoðun fékkst niðurstaða í þeirri nefnd sem undirbjó frv. Nú er hann á förum til annarra verka á erlendum vettvangi. En þetta síðasta verk sem hann vann að á vegum Alþfl. — og ég ítreka að grundvallarhugmyndin að því var góð — hefur nú nánast verið eyðilagt með öllu af varaformanni Alþfl., hæstv. félmrh., og eru það nú heldur kaldar kveðjur sem fyrrv. formaður Alþfl. fær þannig frá flokksfélögum sínum og hinni nýju forustu í flokknum þegar hann er að ljúka störfum sínum hér á Alþingi fyrir Alþfl.

Ég ætla svo ekki að fara mörgum orðum um allt það skrum og allar þær staðleysur sem hæstv. félmrh. hefur haft í frammi um þetta frv. eins og þær að húsbréfakerfið uppræti á einu augnabliki allar biðraðir og með þessu sé komið í veg fyrir ég held 5–6 milljarða eyðslu ríkisins í húsnæðismálum. Þetta er enn eitt dæmið um það að hæstv. félmrh. sýnist ekki vita um hvað húsnæðismálin snúast, sýnist ekki vita hvað er kostnaður og hvað er lán í húsnæðiskerfinu. Allar ákvarðanir eru teknar á þessu skilningsleysi eða metnaðarleysi hæstv. ráðherra og Alþingi Íslendinga er ætlað að taka ákvarðanir á þessum grunni. Það er auðvitað óverjandi með öllu.

Herra forseti. Ég vil enn á ný ítreka þær spurningar sem hér hafa verið lagðar fram og lýsa því aftur yfir að ég tel útilokað að þessari umræðu ljúki án þess að skýr niðurstaða fáist í þeim augljósu ágreiningsefnum sem hér eru uppi og umræðunni verði að öðrum kosti frestað til þess að hæstv. ríkisstjórn geti lokið heimavinnu sinni.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Talsmenn Sjálfstfl. í þessari umræðu hafa rætt nokkuð mikið um þann samning sem gerður var við lífeyrissjóðina fyrir skömmu og þau ákvæði samningsins sem snúa að vaxtastiginu. Það er ósköp eðlilegt að þeir skuli hafa gert þennan samning hér að umræðuefni vegna þess að hann tengist með ákveðnum hætti meðferð þessa máls og þróun vaxtastigs á næstu missirum og árum.

Ég tek hins vegar eftir því að fulltrúar Sjálfstfl. í þessari umræðu hafa kosið að ræða bara annan hluta þessa samnings, þ.e. eingöngu þann hluta sem snýr að hinni innlendu viðmiðun vaxta sem í samningnum felst. Þetta finnst mér dálítið merkilegt vegna þess að Sjálfstfl. hefur á undanförnum árum verið talsmaður þess að nauðsynlegt væri að tengja ýmsa þætti í efnahagskerfi Íslendinga við efnahagskerfi í helstu viðskiptalöndum okkar. Þess vegna er það athyglisvert að Sjálfstfl. skuli ekki hafa minnst einu orði á þá merkustu nýjung sem í þessum samningi við lífeyrissjóðina er að finna. Þessi nýjung er nefnilega að þetta er í fyrsta sinn sem raunvaxtastigið á Íslandi er formlega tengt raunvaxtastiginu í Vestur-Evrópu og helstu viðskiptalöndum okkar. Samningur við lífeyrissjóðina er þess vegna í reynd veigamesta skrefið sem stigið hefur verið hér í langan tíma til þess að fella viðmiðanir úr hagkerfi helstu viðskiptaþjóða okkar við íslenska hagkerfið.

Þessi þáttur samningsins felur í sér að lífeyrissjóðirnir skuldbinda sig til þess að kaupa minnst 15% og mest 40% af þeim viðskiptum sem þeir eiga við ríkissjóð og Húsnæðisstofnun í formi bréfa sem tengd eru svokallaðri evrópskri mynteiningarbindingu eða ECU-viðmiðun eins og hún er kölluð í daglegu tali, og vaxtastig þessa stóra hluta samningsins ákvarðast af því vaxtastigi sem tiltekin skuldabréf á evrópskum markaði hafa í hverjum mánuði eins og þau eru skráð í tilkynningum Financial Times á tilteknum degi hvers mánaðar. Þetta vaxtastig er að nafnvöxtum um þessar mundir um 9% og ef tekið er mið af verðbólguþróuninni í Evrópubandalagslöndunum felur það í sér raunvaxtastig tæplega 5%. Allir þeir sem til þekkja í efnahagsþróun Evrópubandalagsins vita það að yfirgnæfandi líkur eru á að raunvaxtastig þessara erlendu skuldabréfa, sem þarna eru orðin viðmiðunargrundvöllur, fari lækkandi eða raunvextirnir verði frekar á bilinu 4–5% en 5%. (**ÞÞ:** En á ekki að miða gengisskráninguna við innlenda verðbólgu? Það sagði hæstv. forsrh. fyrir nokkrum dögum.) Það er út af fyrir sig alveg rétt að gengisskráningin er miðuð við tiltekna verðbólgu. (**ÞÞ:** Ætli það skekki svo ekki aftur reikningana?) Nei, það skekkir auðvitað alls ekkert reikningana í þessu samhengi vegna þess að það raunvaxtastig sem í þessum samningum er er nákvæmlega sama raunvaxtastigið og hin erlendu skuldabréf hafa. Þar með er auðvitað búið að samningsbinda það að raunvaxtaviðmiðunin í þessum stóra hluta samnings lífeyrissjóðanna og ríkisins er tengd raunvaxtaþróuninni í helstu viðskiptalöndum okkar.

Þetta er auðvitað þáttur sem talsmenn Sjálfstfl. hafa kosið að minnast aldrei á þegar þeir gera þennan samning að umræðuefni. (**GHH:** Það kemur ekki málinu við.) Jú, það nefnilega kemur akkúrat málinu við vegna þess að í þessum ákvæðum er raunvaxtagólfið skilgreint, það raunvaxtagólf sem samningsbundið er og viðmiðun Byggingarsjóðsins tekur mið af þegar vaxtastig þess er ákveðið.

Þessu til viðbótar er síðan sú reikningsformúla sem tengist hinni innlendu verðtryggingu á þeim hluta sem bundinn er með þessum hætti. Þar er um að ræða ákveðna formúlu sem tengist skuldabréfakaupum á tilteknu tímabili og eins og áætlanir eru um útgáfu

spariskírteina ríkisins og vaxtastig þeirra eru yfirgnæfandi líkur á því að viðmiðunin í því vaxtastigi verði einhvers staðar á bilinu 5–6% raunvextir.

Það er hins vegar mjög skiljanlegt að þetta sé viðkvæmt mál fyrir hv. þm. Þorstein Pálsson vegna þess að í viðræðum við lífeyrissjóðina á undanförnum mánuðum eða síðan ég tók við þessu embætti hefur verið aðalgagnrýnisefni lífeyrissjóðanna hvernig hv. 1. þm. Suðurl. Þorsteinn Pálsson gekk á bak orða sinna í þeim fyrirheitum sem hann gaf lífeyrissjóðunum á sínum tíma og stórhækkaði vextina á spariskírteinum ríkisins og jók samanburðinn á þeim vöxtum sem ákveðnir voru í samningum við lífeyrissjóðina í þeim efnum. Þess vegna var það í reynd eins og að nefna snöru í hengds manns húsi þegar hv. þm. Þorsteinn Pálsson fór að vitna í hið mikla afrek sitt að selja spariskírteini ríkisins 1986 á þessum uppsprengdu vöxtum því það er einmitt það dæmi sem talsmenn lífeyrissjóðanna nota sem skóladæmið um svikabrigsl fjmrh. gagnvart lífeyrissjóðunum. Þar með hafi fjmrh. Sjálfstfl. beitt sér fyrir sérstakri vaxtahækkun í landinu umfram það sem samið var um í lífeyrissjóðunum og aðaláhersla lífeyrissjóðanna *í samningum við þessa ríkisstjórn hefur verið að fá* tryggingu fyrir því að það mundi ekki ske aftur sem gerðist í fjármálaráðherratíð Þorsteins Pálssonar. (**ÞP:** Það var verið að lækka vextina og þeir voru á móti því.) Hvert var vaxtabilið hjá lífeyrissjóðunum og hæstv. fjmrh. Þorsteini Pálssyni? Er ekki rétt að hann rifji það hér upp? Er ekki rétt að hann rekji þá sögu sem skapaði slíka tortryggni, slík illindi í viðskiptum lífeyrissjóðanna og ríkisins að ætíð síðan hefur verið mjög erfitt að ná þeim samningum þangað til nú og ein af ástæðunum fyrir því að forsvarsmenn lífeyrissjóðanna telja þennan samning tímamótasamning er að hann útilokar slík svik í þessum samskiptum eins og gerðust í fjármálaráðherratíð Þorsteins Pálssonar.

Núv. ríkisstjórn var vissulega tilbúin að taka þá áhættu í þessum samningum að fylgja sinni eigin vaxtastefnu í reynd. Hún var tilbúin að sýna í verki að vaxtastefna hennar mundi standast. Það var aftur á móti ekki einkenni á þessum samskiptum í fjármálaráðherratíð Þorsteins Pálssonar.

Ég ætla ekki að rekja þá sögu ítarlega hér en það væri vissulega mjög lærdómsríkt að gera það vegna þess að hún er skóladæmi um það hvernig slæm sambúð fjmrn. og lífeyrissjóðanna á verulegan þátt í því að halda uppi vaxtastiginu í landinu. Hins vegar fagna ég því nú að loksins skuli vera að opnast augu hv. þm. Þorsteins Pálssonar fyrir því að núv. ríkisstjórn fylgir ýmsum þeim vinnubrögðum í sambandi við fjármál og efnahagsmál sem fela í sér bestu eiginleika þess markaðar sem með eðlilegum hætti á að ríkja í efnahagskerfinu. Þessi ríkisstjórn hefur auðvitað ætlað sér að hagnýta sér bestu kosti þess kerfis en taka ekki afskræmingu þess og gera hana að grundvelli efnahagsstefnunnar eins og gerðist í tíð þeirrar ríkisstjórnar sem Þorsteinn Pálsson veitti forstöðu. Það er reyndar ekki bara á þessu sviði. Það er einnig hægt að nefna þann þáttinn í samningnum við lífeyrissjóðina sem tengist vaxtakerfinu í löndum Vestur-Evrópu sem ég nefndi hér áðan.

Þess vegna liggur það nú þegar alveg ljóst fyrir út frá þeim samningum sem þegar hafa verið gerðir og eðli þeirra að það vaxtastig sem til viðmiðunar verður hér á næstu mánuðum og missirum er einhvers staðar í kringum 5%, og það er þess vegna ósköp eðlilegt þegar höfð er hliðsjón af þeirri meginstefnu ríkisstjórnarinnar að bilið á milli vaxta af lánum hjá Byggingarsjóði ríkisins og vaxta sem ákveðnir eru í samningum við lífeyrissjóðina verði ekki meira en 0,5–1%, að þar með liggi það alveg ljóst fyrir hvert vaxtastigið á húsnæðislánunum getur orðið. Um þetta er enginn ágreiningur innan hæstv. ríkisstjórnar. Þetta liggur alveg ljóst fyrir og um það er fullkomið samkomulag. Það er þess vegna misskilningur hjá hv. þm. að reiða hér fram langar ræður og mikla texta um það að innan þessarar ríkisstjórnar sé mikill ágreiningur í þessu máli. Það er mikill misskilningur. Það er að vísu ljóst að einstakir þingmenn hafa á því mismunandi skoðanir, eins og ósköp eðlilegt er, en í þeirri meginstefnu sem ríkisstjórnin hefur mótað *ríkir eindregin og afdráttarlaus afstaða.*

Hvað ákvarðanir um hinar félagslegu íbúðabyggingar snertir þá er þar ekki um að ræða einhver sérstök kaup. Það hefur ávallt verið á stefnuskrá þessarar ríkisstjórnar að auka þátt félagslegs húsnæðis og það hefur líka verið eitt af stærstu áherslumálum verkalýðshreyfingarinnar og þeirra lífeyrissjóða sem hún stendur að svo að það verður í sjálfu sér ekkert vandamál að eiga samskipti við lífeyrissjóðina eða aðra um að tryggja framkvæmd þessa stefnumáls. Við munum síðan þegar skýrari línur hafa mótast um stefnu ríkisfjármálanna og lánsfjármálanna fyrir næsta ár ákveða það hlutfall sem framlag ríkisins og framlag lífeyrissjóðanna verður í sambandi við þessa fjármögnun. Þess vegna er það alveg óþarfi fyrir hv. þm. Þorstein Pálsson að hafa af því nokkrar áhyggjur. Um það er fullt samkomulag innan núv. ríkisstjórnar, fullt samkomulag milli ríkisstjórnarinnar og Kvennalistans og verður ekkert vandamál á sínum tíma að útfæra það nánar vegna þess að allir þessir flokkar, bæði ríkisstjórnarflokkarnir og Kvennalistinn eru sammála um það markmið að auka þátt hins félagslega húsnæðiskerfis. Ástæðan fyrir því að það hefur alltaf gengið erfiðlega í ríkisstjórnum þar sem Sjálfstfl. hefur setið að ná samkomulagi um slíkt er það að hann hefur yfirleitt verið á móti því að þáttur félagslega húsnæðiskerfisins væri aukinn.

Ég vænti þess, virðulegi forseti, að ég hafi þar með svarað þeim spurningum sem til mín var beint. (**ÞP:** Nei.) Hvaða spurningar eru eftir, hv. þm.? (**ÞP:** Allar.) Ef allar spurningar eru eftir kann ég annaðhvort ekki að nema þær af munni hv. þm. eða hann kann ekki að nema svörin af mínum munni eða vill ekki skilja það sem hann heyrir. Efnislega liggur það hins vegar alveg ljóst fyrir í mínum huga að þeim spurningum sem hann bar fram um vaxtastigið, um fjármögnun félagslegu íbúðanna, um samkomulagið

innan ríkistjórnarinnar í þessu máli, þessum þremur meginspurningum, hefur öllum verið svarað.

Ég vil svo gleðja hv. þm. með því að sú auglýsing sem hann sýndi hér í ræðustól áðan er aðeins lítill partur af þeim auglýsingum sem við munum sýna hér á næstu vikum eða mánuðum, og ef það gleður hjarta hv. þm. að sjá þær þá fagna ég því vegna þess að þær sýna það að þær hafa þá alla vega náð þeim árangri að vekja rækilega athygli hv. þm. á því að sú svartnættismynd sem hann hefur í huga sér dregið upp af þessari ríkisstjórn og Alþb. sérstaklega sé nú e.t.v. á skjön við veruleikann og verður e.t.v. og vonandi til þess að innan tíðar átti hv. þm. Þorsteinn Pálsson sig á því hvers konar ríkisstjórn er hér í raun og veru á ferð, hvers konar flokkur Alþb. er, hvers konar efnahagsstefna það er sem við fylgjum, en búi sér ekki til einhverjar ranghugmyndir úr sínum eigin martraðarheimi um íslensk stjórnmál.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Það hefur víst farið fram allítarleg umræða um þessi mál þó að mér hafi ekki gefist tækifæri til að vera með í henni þegar hún var hvað heitust og merkilegust að því er mér skilst, a.m.k. gera menn mikið af því hér í kvöld að vitna hver í annan, sérstaklega um það sem þeir eru ósammála um.

En ég verð að segja það fyrst að í þeirri gagnrýni sem kemur fram á þetta frv. og hjá þeim sem gagnrýni kemur fram hjá, þá finnst mér skorta mjög á að fram hafi komið tillögur um úrbætur. Það hefur gilt allan tímann. Mín skoðun er sú að núverandi húsnæðislánakerfi hafi mjög verulega galla og það þurfi ekki að fara mörgum orðum um það. Það er ekki gott kerfi þar sem menn þurfa að bíða 2–3 ár eftir því að fá lán og það er ekkert sem bendir til þess að það sé verulega að breytast. Þess vegna var auðvitað í þeirri nefnd sem fjallaði um málið lýst eftir öðrum tillögum. Þær tillögur hafa yfirleitt verið af því tagi að þær má taka saman undir fyrirsögninni að það ætti að sníða agnúa af núverandi kerfi. Og það komu fram fáeinar ábendingar af því tagi. Það varð að samkomulagi í nefndinni að margar þessara ábendinga voru teknar upp og þær voru í fyrstu greinum þess frv. sem hér var um fjallað og komu til móts við það sjónarmið að það væri unnt að sníða einhverja agnúa af núverandi kerfi.

Ég hef að vísu sjálfur verið tiltölulega vantrúaður á að það bæri neinn verulegan árangur og í annan stað talið að í þeim aðgerðum eða aðgerðum af því tagi fælist aldrei lausn á því sem við er að stríða í þessu húsnæðislánakerfi. Menn hafa sagt að biðröðin mundi minnka. Allir útreikningar — allt sem menn skoða um það, ef menn skoða það hlutlaust — benda til þess að menn muni búa við álíka biðröð í mjög mörg ár til viðbótar í núverandi kerfi og það þrátt fyrir það að farið yrði í það að sníða af það sem menn hafa kallað agnúa.

En kannski er ástæðulaust að vera að tala frekar um það því að deildin hefur þegar komist eiginlega að sömu niðurstöðu og ég í upphafi, að það mundi ekki skipta neinu meginmáli. Hins vegar finnst mér mjög einkennilegt ef menn tilgreina það í öðru orðinu að það þurfi að fara eftir ábendingum verkalýðshreyfingarinnar en hafa að hinu leytinu nýtt atkvæði sitt til þess að fella þetta út sem var þá það sem mátti teljast hið veigamesta í ábendingum verkalýðshreyfingarinnar um úrbætur.

Ég held að þeir menn sem tala um að núverandi kerfi sé í lagi hafi ekki hugsað út í hvað það er þrautamikið fyrir fólk sem á í erfileikum að þurfa að bíða mjög lengi eftir láni. Og jafnvel þótt biðröðin styttist eitthvað, um einhverja mánuði, á næstu árum, þá eru æðimargir árgangar af fólki, ungu fólki, sem mundu líða verulegar þrautir fyrir það að það er engin önnur bærileg leið í núverandi kerfi en að setjast niður og bíða. Núverandi kerfi hefur líka marga aðra vankanta, úthlutun lánanna er ótengd fasteignaviðskiptum og það er ekki nokkur vafi á því að niðurgreiðslan á vöxtunum skapar óþarfa eftirspurn eftir lánum og þess vegna nýtist lánsféð verr. Síðan má ekki gleyma því að núverandi kerfi er af því tagi að Byggingarsjóður ríkisins er á góðri leið með að fara á hausinn. Þetta er auðvitað grundvallaratriði. Og í nefndarstarfinu horfðu menn á þetta: Hvers vegna er þetta svona og hvernig er hægt að mæta þessu grundvallarvandamáli? Umframeftirspurnin, eftirspurn þeirra sem eiga verulegar eignir og leita eftir lánum að óþörfu vegna þess að vextirnir eru niðurgreiddir, lá auðvitað á borðinu. Það eru hins vegar líka búnar til eftirspurnarsprengingar í núverandi kerfi vegna þess að lánsúthlutun er ótengd fasteignaviðskiptum. Og það var út frá þessu, lélegri nýtingu á fjármagni, umframeftirspurn, tengslaleysi við raunveruleg fasteignaviðskipti, sem leitað var leiða sem uppfylltu þessi skilyrði. Jafnframt lá það fyrir að á Íslandi, frábrugðið öðrum löndum, lánuðu seljendur íbúða mjög lítið í þeim og skýringin var auðvitað einföld. Hún var sú að menn gátu ekki tekið þá áhættu með lífssparnað sinn að lána einstökum aðilum stóran hluta hans og þá varð að leita leiða til þess að menn gætu með öruggum hætti gert það. Þannig eru húsbréfin tilkomin og það er til þess að gera möguleg slík lán, gera seljendum íbúða mögulegt í rauninni að lána hluta af íbúðarverðinu, stærri hluta af íbúðarverðinu. Og ríkisábyrgðin er til þess að skapa trú á því, traust, að slík lánsviðskipti séu möguleg og á grundvelli hennar og þess að hér sé um seljanleg bréf að ræða er forsenda fyrir því að við fáum þá innri fjármögnun í húsnæðislánakerfið sem okkur hefur vantað.

Í umræðunni um þetta mál hafa sumir gert mikið úr þessum ábyrgðum ríkissjóðs. Ég held að það sé grundvallarmisskilningur. Þetta er nauðsynlegt til þess að koma kerfinu af stað alla vegana og menn ættu þá að hugsa út í hversu miklum ábyrgðum ríkið er í í núverandi kerfi og ef menn vilja útauka núverandi kerfi, ekkert yrðu ábyrgðinar minni þá leiðina heldur. Það er allt með ríkisábyrgðum. Ég held að menn ættu líka að hugsa út í það að í þessum

ábyrgðum ríkisins felst langtum, langtum minni áhætta en í þeim ríkisábyrgðum sem yfirleitt er verið að afgreiða hér. Þetta er mjög dreifð áhætta og það er nú einu sinni svo að þetta venjulega fólk stendur yfirleitt langtum betur í skilum en fyrirtækin og þeir sem eru í hinum miklu viðskiptum. Þess vegna finnst mér ástæðulaust að vera að gera mikið úr því að þessar ábyrgðir séu einhver sérstök áhætta fyrir ríkið, áhætta sem þurfi að takmarka með einhverjum sérstökum hætti. Áhættan er hverfandi í heild sinni.

Um hríð fór fram þó nokkur umræða um það að það yrðu svo mikil afföll í þessum viðskiptum. Þetta var grundvallarmisskilningur vegna þess að hið skráða gengi bréfanna liggur nákvæmlega fyrir á hverjum tíma og þegar menn gera fasteignaviðskipti. Þess vegna eru afföllin engin. Afföllin eru engin vegna þess að menn hafa þetta beinlínis á borðinu og það eru meira að segja sérstök ákvæði í þessum lögum sem tiltaka upplýsingaskyldu um kaup og sölu á bréfunum og að þetta gangi í gegnum verðbréfaþing til þess einmitt að tryggja að menn séu upplýstir og að það sé ekki verið að bjóða upp á neina áhættu í þessum efnum.

Einn boðskapurinn hefur verið sá að fasteignaverð mundi þjóta upp úr öllu valdi ef þetta húsbréfafrv. yrði að lögum. Ég held að þessu sé einmitt þveröfugt varið og það kemur reyndar fram í álitum frá Þjóðhagsstofnun og fleirum að þetta muni hafa góð áhrif á fasteignaviðskipti vegna þess að með núverandi kerfi er verið að stuðla að óeðlilegum viðskiptum, óþarfa viðskiptum með niðurgreiddu lánsfé og það hefur spennt og mun spenna upp markaðinn. Það kerfi sem hér er verið að innleiða, húsbréfin, mun draga úr spennu. Það mun draga úr þessum óþarfa viðskiptum, þau munu reyndar hverfa og þessi óþarfa eftirspurn sem við erum með í kerfinu, þannig að kerfið sjálft, húsbréfakerfið, stuðlar beinlínis að jafnvægi í fasteignaviðskiptum og að eðlilegra verði á fasteignum en er í núverandi kerfi.

Ég heyrði það hér áðan að hv. þm. Geir H. Haarde setti einhverjar spurningar við peningamálastjórn og eitthvað því um líkt og undarlegt nokk þá sýndist mér eða heyrðist og sýndist reyndar á nál. að hann hefði orðið fyrir einhverjum áhrifum af gulum bæklingi sem var gefinn hér út af einhverju fyrirbæri sem kallar sig Efnahagsumræðuna. Mig undrar það eftir að hafa lesið þennan bækling að hann skuli hafa valdið óróa í hugum þingmanna og langmest undrar mig ef hann skyldi hafa valdið óróa í huga hv. þm. Geirs H. Haarde vegna þess að ég fæ ekki betur séð en að aftur og aftur í þessum bæklingi séu öll venjuleg, eðlileg efnahagslögmál gjörsamlega á hvolfi. Ég held að ekki sé nokkur vafi á því að öllu furðulegri smíð um efnahagsmál og öllu furðulegri meðferð á eðlilegum efnahagslögmálum hafi tæpast komið fram á seinni árum eða alla vega telst það í flokki með því sem furðulegast er í þessum efnum. Og ég trúi því ekki að hv. þm. Geir H. Haarde hafi snúið sinni grundvallarmenntun svo á hvolf að hann hafi látið þennan bækling hafa veruleg áhrif á sig. Því ætla ég ekki að trúa. En það er auðvitað merkilegt í þessari umræðu ef þessi bæklingur á að vera eitthvert grundvallarstefnuplagg en menn horfi alveg fram hjá því að hagfræðingar eins og Tór Einarsson, Sigurður B. Stefánsson, Már Guðmundsson, Bragi Árnason, Þorvaldur Gylfason, Ólafur Davíðsson og Yngvi Örn Kristinsson hafa mælt með húsbréfafrv. og talið til þá efnahagslegu kosti sem það hefur. Ég veit ekki betur en að þetta sé verulegur partur af virtustu hagfræðingum hér á landi. Ég veit ekki betur. Og ég held að það hefði verið nær að menn hefðu tekið svolítið betur eftir því sem þeir hafa haft um þetta að segja.

En áður en ég fer nánar út í þessi mál tel ég alveg nauðsynlegt að menn hafi það í huga að húsbréfin munu styrkja hér markað fyrir langtímabréf, markað sem hefur verið mjög veikur og vanburða og hefur reyndar einkennst af því að ríkisvaldinu hefur verið stillt upp við vegg, félagsmálaráðherrunum, hvort sem þeir hétu Alexander Stefánsson eða Jóhanna Sigurðardóttir, fjármálaráðherrunum, hvort sem þeir hétu Þorsteinn Pálsson, Jón Baldvin eða Ólafur Ragnar. Þeim hefur verið stillt upp við vegg eins og hér tíðkast um orðbragðið, þ.e. þeir hafa ekki haft neina samningsstöðu og orðið að semja um það sem þeir voru þvingaðir til í vöxtum í samningum við lífeyrissjóðina og það átti svo að vera stefnumarkandi um það hvað væru eðlilegir vextir á langtímaskuldbindingum. Það var ekkert til. Það var ekkert raunverulegt tæki til til þess að taka mið af í þeim efnum og það hefur vantað. Með húsbréfakerfinu þá gefast hins vegar möguleikar til þess að fá eðlilegan markað á langtímaskuldbindingu frekar en að menn setjist niður í þvingaðri stöðu til þess að búa til einhverja vexti sem hafa auðvitað fyrir bragðið orðið langtum hærri en eðlilegt er. Ég held að það sé líka rétt að menn hyggi að því að slíkur virkur markaður á langtímaskuldbindingum gefur Seðlabankanum auðvitað einstakt tækifæri í peningamálastjórn, tækifæri sem hann hefur ekki núna, nefnilega tækifæri til þess að vera virkur á þessum markaði og hafa þar áhrif á vextina ef hann svo kýs. Það er auðvitað einn af kostum þessa kerfis. Og þegar menn vitna til þess að peningamálastjórn verði erfiðari við þessar aðstæður veit ég ekki beinlínis hvað menn eru að fara vegna þess að þarna gefst tæki sem hefur vantað.

Sumir hafa haft stór orð um það að húsbréfakerfið væri mjög þensluhvetjandi. Ég spyr sjálfan mig: Húsbréfakerfið gefur möguleika til þess að selja bréfin ef menn svo kjósa til þess að verða sér úti um reiðufé, í sambandi við fasteignaviðskipti eða hvað sem er. En hvernig er kerfið núna? Nú er það svo að menn verða að skaffa sér reiðuféð, þessi 75–80%. Ég get ekki séð annað en að núverandi kerfi sé meira sprengistoff, sé frekar þensluhvetjandi en húsbréfakerfið. Og í þessu sambandi verða menn auðvitað að hafa það í huga að þessi fasteignaviðskipti, 4000–5000 talsins, sem við erum með í landinu á ári hverju, eru öllsömul fjármögnuð með einhverjum hætti. Hér er verið að tala um að koma þessu í eðlilegan farveg, koma málunum í þannig farveg að

þetta geti gengið eðlilega fyrir sig. Ég held að þeir sem eru að hugsa um einhvers konar peningasprengingar í þessu sambandi hafi ekki gert sér grein fyrir því að auðvitað mun vaxtastigið vinna á móti á hverjum tíma, þannig að það er sveiflujöfnun í þessu kerfi. Og ef hætta verður á einhverri sprengjumyndun eins og sumir eru að tala um munu bremsurnar fara í gang, augljóslega, en þar að auki eru hér tvöfaldar öryggisnælur, ef ég má orða það svo, með viðskiptavaka sem eiga að sjá til þess, bæði Byggingarsjóður ríkisins og Seðlabankinn, að þetta geti gengið eðlilega fyrir sig og að sveiflur verði litlar og væntanlega hverjar þær sveiflur sem yrðu á húsbréfamarkaðinum væru í takt við aðrar sveiflur í þjóðfélaginu. Mér er alveg fyrirmunað að skilja það, ef sú hagfræðikenning á að gilda núna allt í einu, bara varðandi þetta, að hærri vextir verði allt í einu þenslumyndandi þegar hingað til hefur verið talið að einmitt það að vextirnir væru eitthvað hærri væri til að slá á þenslu og auðvitað er það hin algilda kenning og gildir í þessu tilviki eins og öðrum og húsbréfamarkaðurinn verður ekkert úr tengslum við allt annað.

Sumir segja að hér verð feikileg peningamyndun. Í því er náttúrlega fólginn margháttaður misskilningur. Í fyrsta lagi eru húsbréfin ekki peningar. Þau eru ekki peningar samkvæmt eðlilegum skilningi þess orðs og jafnvel þó að þau séu gjaldgeng eins og ríkisskuldabréf minni ég á það í fyrsta lagi að ríkisskuldabréf hafa hingað til ekki verið talin til peninga og ef menn ætla að fara út í skilgreiningar af því tagi að vegna þess að hægt sé að selja þetta þá séu þetta peningar, ja, þá er bara allt peningar, bílar og málverk og hvað sem nöfnum tjáir að nefna. Skilgreiningar af þessu tagi eru því náttúrlega gjörsamlega út í hött, gjörsamlega út í hött.

Nei, ég held að það sé alveg augljóst að hin hagrænu áhrif af húsbréfakerfinu verði sveiflujafnandi, verði til þess að hér verði eðlilegri markaður með langtímaskuldbindingar, muni verða til þess að vextir muni fara lækkandi þegar fram í sækir og heildaráhrifin muni verða í þá átt, ekki nokkur vafi.

Þessi umræða hér í kvöld hefur kannski fyrst og fremst snúist um vextina og einhverja samninga um vexti milli flokkanna. Ég ætla bara að segja það um það mál að ég tel að það sé mjög óheppilegt og óvarlegt ef á að vera verulegur vaxtamunur í eldra kerfinu og hinu nýja. 0,5–1% getur sjálfsagt gengið, en ef á að vera einhver vaxtamunur að ráði held ég að það hafi mjög óheppileg áhrif. Hvernig menn hafa rætt þetta inni í einstökum flokkum hef ég ekkert um að segja.

Á sama hátt þegar menn eru að tala um að setja einhvers konar þak á eða takmarkanir er það mín skoðun að það sé langtum skynsamlegra að fara hægt af stað, sjá til hvernig kerfið reynist, frekar en að búa sér til einhverjar tölur fyrir fram, af þeirri einföldu ástæðu að það gerist venjulega tvennt með þessar hámarkstölur, annaðhvort sprengja menn þær utan af sér, menn reka sig upp undir þær og allt gengur með skrykkjum, ellegar menn hafa tilhneigingu til þess að líta svo á að þeim sé nauðsynlegt að ná þessu hámarki og að það verði að nýta það. Nei, hin aðferðin er áreiðanlega skynsamlegri, að fara rólega af stað og sjá hvernig kerfið þróast og það hefur alltaf legið fyrir í málinu að þannig yrði að farið.

Herra forseti. Ég skal fara að stytta mál mitt, en ég held nú að menn verði að segja að það sem hér er á ferðinni geti verið til mikilla bóta. Ég tók eftir því að hv. þm. Geir H. Haarde og einhverjir fleiri, hv. 1. þm. Suðurl., gerðu mikið úr því að málinu hefði verið stórspillt. Ég tel nú að svo sé ekki en staðreyndin í málinu sé auðvitað sú að það hafi alltaf verið hægt að spilla þessu kerfi og muni alltaf vera hægt af þeim sem vilja, hvernig svo sem frá lögum er gengið, en hitt sé líka alveg ljóst að eins og þetta lagafrv. liggur nú fyrir geti skynsöm ríkisstjórn látið kerfið njóta sín og fólkið í landinu njóta þess.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Hv. 1. þm. Suðurl. beindi hér nokkrum spurningum til hæstv. starfandi forsrh. en þar sem hann er því miður upptekinn eða bundinn við umræður í Ed. og átti þess vegna ekki tök á því að hlýða á mál hv. þm. auk þess sem ég átti nokkra aðild að því samkomulagi sem náðist milli stjórnarflokkanna um frv. þegar það var verið að vinna það og undirbúa varð það að samkomulagi okkar hv. 1. þm. Suðurl. að ég reyndi að svara þessum fyrirspurnum eða láta í ljós skoðun mína á því sem hann spurði hér einkum um.

Það er ljóst að um frv. var fjallað í ríkisstjórninni allítarlega þar sem áherslumunur var nokkur og ekki fullkomið samkomulag milli stjórnarflokkanna þegar það var í upphafi lagt þar fyrir og því var sá háttur hafður á, eins og stundum áður, að það var sett í það ráðherranefnd eða einum ráðherra frá hverjum stjórnarflokki falið að líta á málið og ég tók þátt í því ásamt hæstv. félmrh. og hæstv. landb.- og samgrh. Niðurstaðan af hálfu okkar framsóknarmanna varð sú að leggja til að frv. yrði lagt fram eins og það var endanlega útbúið og þingflokkur framsóknarmanna ályktaði hins vegar svo að við litum á þetta sem tilraun með húsbréfakerfi og hún skyldi gerð til hliðar við núv. húsnæðislánakerfi. Þetta þekkja menn og þarf ekki að rekja það ítarlega. Við náðum saman um nokkur atriði sem ég vil leyfa mér að fullyrða að séu undirstrikun á því að við viljum líta á þetta sem tilraun. Ég vona eindregið að sú tilraun gangi vel og þau atriði sem hér eru sett inn og m.a. koma fram í ákvæðum til bráðabirgða við frv. séu ekki til þess að skemma það neitt heldur til þess að gefa okkur tíma til að átta okkur á því hvernig þetta nýja kerfi fer af stað og jafnframt að fylgjast með því að það hafi ekki óeðlileg áhrif á fjármagnsmarkað, taki ekki til sín óeðlilega mikla fjármuni frá öðrum þáttum þjóðfélagsins og frá atvinnulífinu eins og hér hefur svolítið verið rætt um og þýði ekki neina efnahagslega byltingu eða verðbólgueld eða verði ekki mikill þenslu-

valdur. En m.a. þess vegna töldum við rétt að skoða það hvort ekki ætti að setja inn í þetta einhverja ákveðna takmörkun á því fé sem varið yrði til þessa húsbréfakerfis til að byrja með og það væri hægt að fylgjast með því hvernig það færi af stað.

Eitt af atriðunum sem við framsóknarmenn settum fram í viðræðunum milli stjórnarflokkanna var það að þetta skyldi takmarkast við ákveðna upphæð. Samkomulag varð hins vegar um að ekki væri rétt að setja þessa upphæð inn í frv. og sú tala sem við höfðum upphaflega nefnt, 500 millj. kr., var líka talin of lág til þess að húsbréfafrv. eða húsbréfakerfið réttara sagt hefði möguleika á því að sýna sig eða sanna sig og þess vegna varð samkomulag um það að halda kaupskyldu lífeyrissjóðanna óbreyttri, að lífeyrissjóðirnir skyldu verja 55% af ráðstöfunarfé sínu til þess að kaupa skuldabréf af Húsnæðisstofnun ríkisins, en eins og segir í 1. gr. frv., þá megi fullnægja þeim samningsbundnu skyldum að hluta til með því að kaupa húsbréf. Okkar samkomulag varð það að 10% af þessum 55% mætti verja í þessu skyni og samkvæmt upplýsingum um ráðstöfunarfé sjóðanna taldist okkur til að það kynnu að vera um það bil 1,7 milljarðar kr.

Þetta varð niðurstaðan og við höfum litið svo á að hér væri um viðmiðun að ræða, ég ítreka það, og þar sem hv. 1. þm. Suðurl. er ekki hér í salnum hlustar kannski hv. þm. Geir H. Haarde á þessar skýringar mínar og þessa viðmiðun og þetta samkomulag sem ég vil undirstrika að tókst. Við höfum litið svo á að hér væri um að ræða viðmiðun upp á 1,7 milljarða kr. sem þetta húsbréfakerfi hefði til að byrja með úr að spila og að sex mánuðum liðnum skyldi þessi viðmiðun tekin til endurskoðunar. Það var einnig skýrt um það talað að þá skyldum við sjá hvernig málið hefði farið af stað, hvernig það hefði þróast og hvort ástæða væri til að taka þetta einhverjum öðrum tökum en við höfðum þarna náð samkomulagi um.

Síðan vil ég undirstrika það að í frv. eins og það liggur nú fyrir eftir 2. umr. segir m.a. í m-lið 2. gr., með leyfi forseta:

„Húsbréfadeild gerir tillögu til félmrh. um verðtryggingarskilmála, endurgreiðsluform, lánstíma, vexti og heildarfjárhæðir í hverjum flokki. Ríkisstjórnin tekur ákvörðun um framangreind atriði að fenginni umsögn Seðlabanka Íslands."

Og þetta atriði um heildarfjárhæð í hverjum flokki er síðan undirstrikað í nál. 2. minni hl. félmn. og segir þar m.a.:

„Með þessu er gert ráð fyrir að ríkisstjórnin geti betur fylgst með því að rekstur húsbréfakerfisins sé í samræmi við sett markmið í efnahagsmálum."

Það er ríkisstjórnarinnar að fylgjast með því hversu mikið er gefið út af þessum húsbréfum á hverjum tíma og ég lít svo á að einmitt þetta ákvæði sé mjög í samræmi við þann fyrirvara og þá viðmiðun sem við framsóknarmenn vildum hafa á þessu máli og þetta sé til þess m.a. að undirstrika það að hægt sé að fylgjast með því hvað þarna er að gerast og að þar sé litið til þess að húsbréfakerfið taki ekki til sín óeðlilega mikla fjármuni frá öðrum þáttum efnahagslífsins og valdi ekki neinni slíkri byltingu að menn þurfi að hafa af því verulegar áhyggjur.

Ég held að þetta séu meginatriðin í því sem við vorum spurðir um, framsóknarmennirnir, og beðnir að gera hér grein fyrir, hver væri okkar skoðun á þessu samkomulagi og hvernig við skildum það, og ég held að það sé enginn vafi á því og sé enginn misskilningur í því máli á milli stjórnarflokkanna og ráðherranna sem að þessu samkomulagi stóðu. Við, eins og ég nefndi áðan, urðum sammála um það að þetta væri ekki sett inn í frv., þetta væri sú viðmiðun sem við vildum setja á þessu stigi og að sú viðmiðun yrði tekin til endurskoðunar að sex mánuðum liðnum.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég ætla að byrja á að segja það að mér þótti mjög athyglisverður málflutningur hv. 1. þm. Norðurl. e. og satt best að segja rann manni örlítið til rifja sú túlkun sem hann hafði á fyrirvörum þingflokks Framsfl. og þess trúnaðar sem ráðherrar höfðu sýnt við að framfylgja þeim. En kannski er þetta ekki rétti vettvangurinn til að taka þau mál upp með fullri festu.

Hins vegar verður ekki undan því komist að víkja hér örfáum orðum að ræðu hæstv. félmrh. þar sem hún minnist á 40. gr. stjórnarskrárinnar. Mér er ljóst að hæstv. ráðherra hefur sína ráðgjafa og tekur á þeim mikið mark. Það er nú svo að menn hafa í gegnum tíðina oft mátt búa við það að hafa sér til aðstoðar einhverja sem þeir treystu í blindni og trúðu á og það sækir á hugann frásögnin af því þegar Guðmundur ríki var ungur drengur norður í Eyjafirði og trúði því að Einar bróðir hans Þveræingar væri sér ekki aðeins miklu greindari, heldur einnig hitt að hann réði honum ávallt heilt. Þeir voru að leik úti í sólinni saman, bræðurnir, og fóstri Guðmundar hafði sofnað. Á skalla hans var fluga sem Einar ráðlagði honum að drepa með handexi sem Guðmundur átti. Og þegar hann hóf upp öxina og gerði tilraun til að drepa fluguna, þá slapp hún en hann skrámaðist svolítið, gamli maðurinn, og spurði hvort Guðmundur væri að vinna á sér. Hann áttaði sig þá á því hvað hann hafði gert og varð miður sín og sagði: „Nú ið fyrsta finn eg það að eigi eru ráðin Einars, bróður míns, heil við mig." Og það verður að segjast eins og er að þeir sem hafa lesið stjórnarskrána fyrir hæstv. ráðherra og reynt að túlka hafa ekki beinlínis ráðlagt ráðherranum heilt og skal nú örlítið að því vikið.

Í lánsfjárlögum eru teknar fram þær heimildir sem ríkið hefur til lántöku. Sú ákvörðun að fella mína brtt. kallar að sjálfsögðu á það að á næsta þingi þegar lánsfjárlög verða lögð fram mun ég flytja brtt. við lánsfjárlögin þar sem ég legg til að þær upphæðir sem húsnæðismálastjórn á að taka að láni verði færðar inn í lögin. Og jafnframt að þær ríkisábyrgðir sem ætlunin sé að veita fyrir húsbréfum verði færðar inn í þennan texta.

Ég geri ráð fyrir því, miðað við það að hér horfir

hver á annan en hugsar lítt, að þetta muni verða fellt og þá hefur skapast það sem kallað er réttarfarsóvissa, réttarfarsóvissa um það hvort bréfin séu raunverulega með ríkisábyrgð. Og að þeirri réttarfarsóvissu fenginni getur hver einasti handhafi slíks bréfs orðið aðili að sakamáli á hendur ráðherranum til þess að fá úr því skorið hvort bréfið sé með ríkisábyrgð eða ekki og hæstv. félmrh. þar með bæst í hóp þeirra tveggja sem í dag sitja á þingi, orðið sá þriðji sem fær dóm fyrir að brjóta 40. gr. íslensku stjórnarskrárinnar. Og heill sé hennar ráðgjöfum. Þeir verða ekki dæmdir fyrir eitt eða neitt. Þeir eru nafnlausir á bak við. Þeir hafa aðeins ráðlagt sínum ráðherra þá mestu vitleysu sem hugsanleg var í stöðunni. Og hver er hún? Jú, nú vil ég lesa upp rökstuðning ráðherrans fyrir því að hafa beri 40. gr. að engu.

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að lesa hér upp úr ræðu ráðherrans um þetta mál:

„Ég bendi á það í fyrsta lagi að Alþingi hefur falið ákveðnum stofnunum með sérlögum tiltekin verkefni og heimilað þeim starfsemi, þar með taldar lántökur sem eru með ríkisábyrgð, til þess að sinna sínum verkefnum. Má þar einkum nefna ríkisbankana og húsnæðislánasjóðina. Það er þannig að ríkisbankarnir gefa út bankabréf, bæði fyrir einstaklinga og til fyrirtækja, sem eru með ótakmarkaðri ríkisábyrgð og allar inneignir á sparisjóðsbókum eru auðvitað líka með ríkisábyrgð. Þar er þó ekki um að ræða að þar liggi fyrir einhver bein heimild frá Alþingi um ákveðna upphæð í því efni, heldur hefur Alþingi gefið út sérlög, t.d. að því er varðar ríkisbankana, þar sem heimiluð er slík ríkisábyrgð.

Ég vil einnig nefna í þessu sambandi varðandi erlend lán sem ríkisbankar taka til að endurlána atvinnufyrirtækjum að þar er í fæstum tilfellum um formlega lagaheimild að ræða til lána. Og sá útistandandi stokkur endurlána er núna um 30 milljarðar kr. Síðan er auðvitað ástæða til þess að nefna það varðandi lántökur lífeyrissjóðanna hjá húsnæðismálastjórn að þar hefur ekki verið talin ástæða til að afla heimildar Alþingis á lánsfjárlögum fyrir þeim lántökum sem þó eru frá lífeyrissjóðunum í húsnæðislánakerfið.

Fleira má auðvitað nefna, sem ég er ekkert að mæla bót, sem eftir á er samþykkt af Alþingi, eins og aukafjárveitingar og fleira. Þannig að ef menn vilja skoða þetta mál tel ég að menn eigi að skoða það í heild sinni og nefni þar sérstaklega bankana sem eru sambærilegir við það sem ég er að nefna hér og ef frv. um húsbréf er samþykkt hér á Alþingi er raunverulega komin lagastoð í sérlögum um ríkisábyrgð sem yrði þá í þessu tilfelli að finna í sérlögum um húsbréf. Hér er ekki um bein útlán að ræða, heldur einungis ríkisábyrgð. Þetta taldi ég nauðsynlegt að fram kæmi, herra forseti, að því er þetta ákveðna atriði varðar."

Það er nú svo. Ef borinn er saman lagatextinn um Landsbanka Íslands og Húsnæðisstofnun, þá stendur hér í 2. gr. um Húsnæðisstofnun, það er í Stjórnartíðindum A nr. 60/1948, með leyfi forseta:

„Húsnæðismálastofnun ríkisins er sjálfstæð ríkisstofnun sem lýtur sérstakri stjórn og heyrir undir félagsmálaráðuneytið."

Í lögum um Landsbanka Íslands frá 1961 stendur svo, með leyfi forseta:

„Landsbanki Íslands er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins, en lýtur sérstakri stjórn samkvæmt lögum þessum.

2. gr. Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum Landsbanka Íslands. Til þess að taka lán erlendis án tryggingar í sjálfs sín eignum þarf bankinn sérstaka lagaheimild hverju sinni."

Það kemur hvergi fram um Húsnæðisstofnun að ríkissjóður beri ábyrgð á öllum hennar skuldbindingum. Ef búið væri að gefa út húsbréf í 20 ár og mönnum litist ekkert á ábyrgðirnar eins og hæstv. ráðherra vill setja þetta upp gæti ríkisstjórn einfaldlega selt Húsnæðisstofnun, selt hana bara hlutafélagi sem keypti „bixið". Og hver bæri þá ábyrgð á húsbréfunum, hæstv. félmrh.? Kaupandinn. Kaupandinn bæri ábyrgð á húsbréfunum. Og væri þá gaman að standa frammi fyrir því fólki sem búið væri að draga á asnaeyrunum? Það gæti vel farið svo að ráðherra yrði dreginn fyrir dóm fyrir tiltækið. En það stendur hvergi í lögunum um húsnæðismálastjórn að ríkissjóður beri alla ábyrgð á henni.

Ég held að hæstv. ráðherra þurfi að gera sér grein fyrir því að hin atriðin sem hann nefndi varðandi bankana fá ekki heldur staðist. Það er skýrt ákveði í landsbankalögunum að til þess að taka lán erlendis þarf sérstaka lagaheimild ef tryggingin á ekki aðeins að vera í eigum bankans. Og hvað er sagt um veðdeildina sem menn hafa verið að tala um að hefði farið af stað með pompi og prakt og manni skilst nánast að ríkið eigi að bera fulla ábyrgð á? Það er kannski rétt að skoða lögin gömlu frá 1900 um stofnun veðdeildarinnar. Með leyfi forseta hljóðar 1. gr. svo:

„Í Landsbankanum í Reykjavík skal stofna veðdeild til þess að veitt verði lán um langt árabil með vægum vaxtakjörum og gegn veði í fasteignum. Tryggingafé deildarinnar er 200 þús. kr. sem landssjóður leggur til og skal það ásamt veðbréfum sem deildin fær hjá lánþegum sínum og öllum öðrum eignum deildarinnar vera til tryggingar því að hún standi í skilum."

Alls staðar í landsbankalögunum koma fyrirvarar á fyrirvara ofan sem eru ætlaðir til þess að koma í veg fyrir það að það leiði til stórkostlegs taps fyrir ríkið. Og að lokum: Það hefur enginn dómur fallið um þá ákvörðun að ríkið beri ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans, að það standist. Það hefur enginn dómur fallið í slíku máli. Það er opin ábyrgð. Takmarkanirnar eru í lögunum, gífurlegar takmarkanir til að reyna að tryggja að það leiði ekki til taps. Engu að síður hefur enginn dómur fallið sem sanni það að þetta haldi.

Ég vil bara minna á það að menn tóku ákvörðun um það að breyta Útvegsbankanum í hlutafélag og að tveimur árum liðnum skyldu ríkisábyrgðirnar vera úr

sögunni. Hvað með bankabréf Landsbankans ef menn tækju nú ákvörðun um að breyta honum í hlutafélag og að ríkisábyrgðirnar væru úr sögunni eftir tvö ár? Hvað héldi? Ég held að hæstv. ráðherra verði að gera sér grein fyrir því að stjórnarskrá Íslands er æðri öllum öðrum lögum og það er ekki til í túlkun Hæstaréttar það viðhorf sem er í túlkun hæstaréttar Frakklands, að það sem þingið samþykki sem lög sé innan ramma stjórnarskrárinnar. Dómstólar Íslands viðurkenna þrígreiningu valdsins og þar með að það skuli vera dómstólamál að skera úr því hvort lög haldi eða ekki.

Ég vil segja það hér og nú að ef menn halda að skuldbindingar Húsnæðisstofnunar, undirritaðar af starfsmönnum hennar, haldi gagnvart lántökum með ríkisábyrgð fyrir dómum, þá er það algjör vitleysa. Það þarf undirskrift fjmrh. til að binda og meira að segja spurning undir sumum kringumstæðum, ef ráðherrann skrifar undir án heimilda, hvort slíkt heldur. Það sem íslenskir ráðherrar hafa leikið sér að trekk í trekk er það að Alþingi láti endalaust bjóða sér það að ekki sé hægt að draga ráðherra fyrir landsdóm. Í trausti þess hafa þeir hrókerað en vara sig ekki á hinu, að sum mál eru þess eðlis að það er hægt að finna aðila málsins, án þess að Alþingi samþykki, draga ráðherra fyrir landsdóm og þá fer málið fyrir Hæstarétt Íslands og þar er hægt að láta dæma. Og ég rakti það hér áðan á mjög einfaldan hátt hvernig þeir hlutir standa gagnvart húsbréfunum ef menn ætla að halda áfram í ófærunni og mundu láta fella það hér á Alþingi að þau færu inn í lánsfjárlögin. Þá er hægt að höfða mál fyrir Hæstarétti. Mér er ljóst að þeir sem eru búnir að taka við 100 milljónum þurfa ekki að hlusta á þetta. Mér er það ljóst. Það er ekkert skrýtið út af fyrir sig enda stefnuskráratriði af formanni Kvennalistans að þær ætla að selja sig dýrt. (**Gripið fram í:** Formanni? Hvaða formanni?) Formanni þingflokksins.

Það var merkileg yfirlýsing á sínum tíma hjá heilum þingflokki að stefnan væri að selja sig dýrt og það var engin skilgreining gefin á því hvaða verð það væri sem þær teldu dýrt. En nú virðist sem þessi þjónusta sé seld fyrir 600 millj. og borgað úr ríkissjóði. (Gripið fram í.) Mér er alveg ókunnugt um það hvort verðið þá var eitthvað annað fyrir lengri eða meiri þjónustu. Ég vil bara undirstrika það og því skyldi Kvennalistinn gera sér grein fyrir að þetta eru dýrustu pólitísku mistök sem sá listi hefur gert. (**Gripið fram í:** Fyrir hvern?) Fyrir Kvennalistann. Og sennilega hafa fulltrúarnir aldrei lagt það á sig að lesa frv. Og hafi þær lagt það á sig að lesa það, þá er öruggt mál að fulltrúarnir hafa ekki skilið það sem þeir lásu. Ég vil fullyrða það að það eru margir sem vildu prófa það með góðum vilja hvort ekki er hægt að feta sig inn á þá braut og reyna að sjá hvað gerist, en óvissuþættirnir eru margir. Það er hins vegar ekki gefinn kostur á neinu slíku. Það eru fyrirmæli um að keyra á fullri ferð inn í þá óvissu að það veit enginn hvort þessi bréf sem gefin verða út verða geymd í bankahólfum af eigendunum, seld lífeyrissjóðunum eða seld á hinum frjálsa markaði. Og þess vegna veit enginn hvort þetta verður til þess að hækka verð á íbúðarhúsnæði í landinu, söluverð á því, að tiltækið verði til þess að færa eigendum húsnæðisins fjármuni en hinum sem eru að leita eftir húskaupum hærri múr til að klifra yfir til þess að eignast eigið húsnæði. Og það er merkilegur hlutur, þó að ekki sé meira sagt, að heil ríkisstjórn taki ákvörðun um að taka slíka áhættu eins og hér er gert þegar það var hægur vandi að feta sig inn á þessa braut með eðlilegum hraða þannig að menn gætu áttað sig á því hver viðbrögðin yrðu, hvað mundi gerast. Það sækir að manni sú hugsun að það frv. sem Borgfl. flutti á sínum tíma um húsbanka, og er sennilega með skynsamlegri hugmyndum sem fram hafa komið til breytinga á því húsnæðiskerfi sem við búum við, hafi sennilega verið misskilið. Sennilega hefur það bara einfaldlega verið misskilið og menn ætlað að stæla það og niðurstaðan orðið sú að út úr misskilningnum varð þetta frv. sem hefði samt sem áður, ef menn hefðu viljað feta sig áfram með eðlilegum hraða, getað fært okkur þekkingu til þess að haga lagasetningunni á þann veg að það hefði orðið til góðs, en með þeirri ákvörðun að setja á fulla ferð út í óvissuna veit enginn nema þetta verði til þess að sprengja upp húsnæðisverð í landinu á þann veg að við setjum margar, margar fjölskyldur í hreinar ógöngur, fjármálalega séð. Það er nefnilega dálítið mikill munur á því að gefa út bréf sem eiga að duga til að kaupa íbúð og hinu að sá íbúðafjöldi sé til í landinu sem fullnægi þeim þörfum sem menn eru að tala um að eigi að fullnægja. Hús þarf að byggja. Þau verða ekki bara til með bréfum. Og það er þessi stóri misskilningur að halda að með því að dæla endalausu fjármagni beint inn í þetta kerfi sé verið að leysa húsnæðisvandann. Þá getur afleiðingin fyrst og fremst orðið sú að verðið á íbúðarhúsnæði þjóti upp eins og gerðist eftir Vestmannaeyjagosið og margir muna. Hinir miklu peningar sem þá fóru í umferð vegna bótanna urðu til þess að sprengja upp húsnæðisverðið á Reykjavíkursvæðinu.

Nei, það er furðulegt að það er eins og það eigi að vera hlutskipti okkar Íslendinga að sú gamla hugsun sem var orðuð á þann veg að flýta sér hægt skuli einskis metin í því að fóta sig áfram í lagasetningu um húsnæðismál til þess að tryggja það að við bætum þau lög í staðinn fyrir að menn stefni út í óvissu og e.t.v. verði til þess að stórskaða. Ég vil segja um það húsnæðiskerfi sem nú er: Vissulega er þar verulegur biðlisti og vissulega er það misnotað líka, en það er einnig hægt að misnota þetta kerfi og kannski er það nú svo að þeir sem harðast berjast nú í dag fyrir því að engar takmarkanir megi vera jafnvel þótt allt fjármagn húsnæðismálakerfis Íslands, lífeyrissjóðanna, færi í húsnæðiskerfið, átti sig á nokkrum árum og segi: Mér urðu á mistök. Spurningin er: Eru þeir borgunarmenn fyrir þeim mistökum, þeim þjóðfélagslega skaða sem af því yrði?

Við álpuðumst til þess að taka upp verðtryggingu að nafninu til sem var byggð á vísitölum. Það voru harðar deilur þá, m.a. í þingflokki Framsfl. Ég man

eftir því að þá, sem ungur og óreyndur maður í pólitík, hélt ég því fram að það mundi aldrei ganga upp að hafa verðtryggingu á fjármagninu en ekki á launum. Ef þeir vildu setja eðlilega verðtryggingu á fjármagnið, þá yrði það að vera í því formi að það yrði gengistrygging sem yrði sett, gengistrygging miðað við vestræna gjaldmiðla í ljósi þess að íslenska þjóðin væri hluti af hinum vestræna heimi og hér yrðu menn að taka sömu áhættu og íbúar hins vestræna heims. Nei, vísitölutryggt, sérískenskt kerfi, ekkert annað dugði. Það má varla hreyfa við einum einustu lögum hér í þinginu án þess að það hafi áhrif á lánskjaravísitöluna.

Við samþykktum umferðarlög. Þau höfðu áhrif á lánskjaravísitöluna. Við getum ekki hreyft óbeinum sköttum. Það hefur áhrif á lánskjaravísitöluna. Auðvitað er þetta talandi dæmi um það hvað menn geta ratað í miklar ógöngur í lagasetningu þegar menn álpast til þess að vilja ekki taka tillit til þess hvernig umheimurinn leysir mál í staðinn fyrir að sérískensk útgáfa, alfullkomin, skal taka við.

Mér er ljóst að sérfræðingarnir sem stóðu á bak við þær ráðleggingar verða aldrei dregnir fram í dagsljósið til að bera ábyrgð á vitleysunni. Þeir verða aldrei dregnir fram í dagsljósið. Það verða náttúrlega stjórnmálamennirnir sem sitja uppi með alla ábyrgðina. Það fer ekkert á milli mála. Og það er spurning hvort þeir sérfræðingar sem í dag neita að flýta sér hægt í þessu máli, neita að það þurfi að taka ábyrgðirnar inn í lánsfjárlög, krefjast þess nánast að menn hirði ekkert um stjórnarskrána, benda á það að e.t.v. sé stjórnarskráin brotin annars staðar og þess vegna eigi að halda áfram að brjóta hana — þessir sérfræðingar verða ekki til þess að bjarga einu eða neinu þegar stjórnmálamennirnir standa frammi fyrir þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir. Og í þeirri stöðu að mönnum er stillt upp við vegg, annaðhvort fylgja þeir þessu frv. þó að það brjóti stjórnarskrána eða þeir fylgja því ekki, þá segi ég fyrir mig að ég á ekki annarra kosta völ en að greiða atkvæði með því að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar, bara fyrir það að það er ekki hægt að taka tillit til þess að stjórnarskrá Íslands setur skýr ákvæði um þessa hluti.

Það er söguleg staðreynd að átök milli þings og framkvæmdarvalds leiddu til þess að það voru samdar leikreglur sem ætlast er til að farið sé eftir og skráðar eru í stjórnarskrá hvers lands. Gallinn í okkar leikreglum eru lögin um landsdóm. Þau eru meingölluð. Sums staðar erlendis er því hagað á þann hátt að áður en frumvörp fara fyrir þingið fara þau fyrir stjórnlagadómstól og þar er skorið úr um það hvort þau standist samkvæmt stjórnarskránni og þingmenn sleppa við að standa frammi fyrir því eins og hér að þurfa stöðugt að leggja á það sjálfstætt mat. Dómurinn er fallinn áður. Hér aftur á móti er litið svo á að meiri hluti Alþingis sem stendur á bak við ríkisstjórn hverju sinni eigi að sjá til þess að enginn ráðherra fari fyrir landsdóm. Þannig er samtryggingunni ætlað að starfa og þeir sem ekki una þessum leikreglum verða náttúrlega að þola það að verða settir út í kuldann, í sumum tilfellum af sínum stjórnmálaflokkum sem þeir hafa stutt eða þá þeirri ríkisstjórn sem þeir verja.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Eins og hv. deildarmenn hafa tekið eftir er farinn að lengjast fundurinn og ég hef ákveðið að höfðu samráði við ýmsa hér að við reynum að ljúka þessari umræðu um þetta mál en tökum ekki fyrir fleiri mál í nótt. Þetta vildi ég upplýsa.

Frsm. 3. minni hl. félmn. (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Ég tel ástæðu til að koma aðeins frekar inn í þessar umræður, ekki af því að ég sé ekki búinn að tala nægilega mikið og mín afstaða sé ekki skýr í þessu máli, heldur einmitt vegna þess að það er ljóst að hæstv. félmrh. ætlar ekki að leiðrétta sitt mál, leiðrétta það sem hún hélt fram og hefur haldið fram í ræðum hér og í fjölmiðlum raunar líka, að það væri í raun og veru ekkert þak á húsbréfaútgáfu. Og hæstv. ríkisstjórn lét sig hafa það, þrátt fyrir þá fyrirvara og þau skilyrði sem þingflokkur Framsfl. lagði fram og hæstv. heilbrmrh. lýsti að nokkru hér áðan, sjálfsagt að vilja hæstv. félmrh., að þetta sé ekki nefnt í frv. nema að mjög litlu leyti, nokkur atriði í ákvæðum til bráðabirgða. Ég þykist vera orðinn nokkuð gamall í hettunni og hef fylgst með ýmsu og þó að ég sé ekki lögfróður er það alveg ljóst að lög eru lög og ef frv. sem hér er til umræðu verður að lögum verður það staðfest af forseta Íslands fljótlega eftir að svo hefur orðið. Og þá gilda þau ákvæði í þeim lögum sem þar eru til staðar. Þess vegna er það alveg ljóst að það ákvæði sem átti að vera þak á útgáfu húsbréfa eftir kröfu Framsfl. er ekki inni í þessum lögum og verður að engu haft miðað við þær yfirlýstingar sem hæstv. félmrh. hefur gefið hér við 2. umr. þessa máls.

En vegna þess að þessi skilyrði Framsfl. komu hér inn í umræðurnar, og þó að ég hafi lýst þeim að nokkru við 1. umr. þessa máls, þá þykir mér rétt að endurtaka það, ekki síst vegna þess að mér fannst hæstv. heilbrmrh. gera þessu ákaflega veikluleg skil, ef má orða það svo. Vegna þeirrar orðahríðar sem hér hafði farið fram í 2. umr., bæði sl. laugardag og síðast þegar þetta mál var hér til umræðu var einmitt full ástæða til að undirstrika þetta atriði, sérstaklega þar sem hinir, mínir ágætu flokksmenn, sem eiga sæti í þessari deild, að undanteknum síðasta ræðumanni, hafa ekki séð sér fært að koma hér upp í ræðustól, hvorki formaður þingflokks Framsfl. né aðrir hv. þm., til þess að svara þeim ásökunum sem fram hafa komið í þessum umræðum á Framsfl., bæði frá hendi hæstv. ráðherra og einnig frá ýmsum hv. þm. sem hér hafa tekið til máls í þessari umræðu. Þrátt fyrir þessa afstöðu mína, að vera andvígur frv. og greiða því atkvæði gegn því, þá, eins og ég sagði við umræður á næturfundi síðast þegar um þetta var fjallað, þegar ég lýsti því ítarlega hvers vegna ég væri á móti þessu frv., tók ég það auðvitað fram að mitt hlutverk væri í þessari umræðu að verja stefnu flokksins, að verja stefnu Framsfl., stefnu sem mörkuð var á síðasta landsþingi flokksins í nóvember sl., stefnu sem var

undirstrikuð á miðstjórnarfundi og stefnu sem var undirstrikuð á þingflokksfundi um þessi mál. Og þegar húsbréfin komu til greina, að ræða það í þingflokki hvort þingflokkurinn mundi vilja hleypa því máli hér fram, þá var skipuð til þess ráðgjafarnefnd okkar færustu manna í húsnæðismálum, þ.e. fulltrúa sem eru í húsnæðisstjórn og víðar, og þeir sömdu greinargerð sem þeir lögðu fyrir þingflokkinn þar sem þeir vöruðu við því að fara inn á þessa braut, heldur bentu á stefnu flokksins. Og fyrsta samþykkt þingflokksins gagnvart frv. var þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Þingflokkur framsóknarmanna telur óráð að hverfa frá núverandi húnæðislánakerfi í megindráttum þar sem það stefnir í jafnvægisátt. Hins vegar telur þingflokkurinn rétt að gera tilraun með húsbréfakerfi til hliðar við núverandi kerfi. Felur þingflokkurinn ráðherrum flokksins að vinna að húsbréfakerfinu með eftirtöldum skilyrðum:

1. Varði aðeins skipti á eldri íbúðum.
2. Takmarkist við ákveðna upphæð á ári, t.d. 500 millj. kr.
3. Vextir verði ekki hærri en á ríkisskuldabréfum.
4. Þeir sem eru í biðröð gangi fyrir.
5. Húsbréfadeild verði í Húsnæðisstofnun.
6. Tilraunin verði endurmetin að tveimur árum liðnum, eftir að búið er að gera þessa tilraun með tvisvar sinnum 500 millj. kr.
7. Kaupskylda lífeyrissjóðanna verði óbreytt."

Með þetta veganesti fóru ráðherrar Framsfl. í ríkisstjórn til þess að ná samkomulagi um þetta mál. Ég ætla að sleppa öllum millileikjum í þessu, en niðurstaðan varð sú sem var kynnt á ríkisstjórnarfundi þar sem hæstv. heilbrmrh. gerði grein fyrir viðræðum sínum við hæstv. félmrh. og hæstv. landbrh. sem tóku þátt í þessum samningum og formann þingflokksins sem einnig tók þátt í umræðunum um málið. Og þeir lögðu til við þingflokkinn að gengið yrði til samkomulags á eftirfarandi grundvelli, sbr. bókun sem ég áður las sem byrjaði á því að þingflokkur Framsfl. telji óráð að hverfa frá o.s.frv. o.s.frv. En þessi grundvöllur var þannig:

1. Nái aðeins til eldri íbúða fyrsta árið.
2. Vextir verði þeir sömu og á spariskírteinum ríkissjóðs og skattaleg meðferð sú sama.
3. Þeir sem eru í biðröð gangi fyrir, a.m.k. til bráðabirgða í sex mánuði.
4. Húsbréfadeildin verði í Húsnæðisstofnun.
5. Tilraunin verði endurmetin að tveimur árum liðnum.
6. Kaupskylda lífeyrissjóðanna verði óbreytt en heimilt verði að verja allt að 10% upphæðarinnar til kaupa á húsbréfum. Þetta ákvæði verði endurskoðað að sex mánuðum liðnum frá gildistöku laganna.

Í framhaldi af þessu var samþykkt að heimila framlagningu frv. að þessum skilyrðum uppfylltum í frv. sjálfu. Þingflokkur framsóknarmanna heimilar þess vegna framlagningu frv. til laga um húsnæðislánabréf í samræmi við ályktun þingflokksins frá 9. mars og samkomulag sem viðræðunefndir flokkanna hafa komist að. Málið þarfnast rækilegrar athugunar í þingnefndum. Einstakir þingmenn hafa óbundnar hendur við afgreiðslu málsins.

Það er ljóst að sá ræðumaður sem hér stendur tilkynnti við þessa afgreiðslu að hann mundi berjast gegn frv. og ekki taka þátt í neinum samningum að öðru leyti um þetta mál og þar af leiðandi er komin hrein skýring á afstöðu minni í sambandi við þetta mál frá upphafi til enda og hefur ekki verið nein launung á því og engin hrossakaup eða millisamningar, hvorki reyndir eða látið sér detta í hug að gera í þessu máli.

Ég taldi rétt, herra forseti, að þetta kæmi hérna hreint fram. Fyrst á annað borð er búið að ræða þessar athugasemdir og þessi skilyrði þingflokksins, þá væri það upplýst eins og það er í raun og veru. En ég þarf ekki að endurtaka það að þetta er ekki í frv. Sum þessi atriði sem minna máli skipta eru í ákvæði til bráðabirgða, en aðalatriðið, þakið, sem flokkurinn gerði að aðalatriði málsins og studdist við það að rétt væri að gera tilraun í smáum stíl til hliðar við núverandi húsnæðiskerfi og sjá hvernig það kæmi út, er ekki í frv. Og ég vil einmitt benda á það í þessari umræðu, af því að það var vitnað til eins ágæts manns sem stjórnar og stýrir verðbréfasölu, Sigurðar B. Stefánssonar, að hann lagði einmitt áherslu á það á fundi í félmn. Nd. að hann teldi að eðlilegt væri að taka smáskref í þessu máli meðan menn væru að átta sig á því hvort grundvöllurinn væri nógu traustur til þess að taka þetta mál upp í stórum stíl.

Ég get auðvitað bætt því við að það er alveg ljóst að hæstv. félmrh. ætlar ekki að taka orð sín aftur í sambandi við þær fullyrðingar sem hún hefur sett fram, ekki aðeins úr þessum ræðustóli, heldur víðs vegar í þjóðfélaginu, í fjölmiðlum og því sem Alþýðublaðið og aðrir fjölmiðlar hafa eftir henni haft, að hún telji sig hafa þann skilning réttan að hér sé aðeins um það að ræða að lífeyrissjóðirnir þurfi ekki að greiða inn í skyldu nema 45% sem fari í húsnæðiskerfið en 10% fari í húsbréfin eins og þeir vilja. Þar með er ríkisábyrgðin í lausu lofti miðað við þessa túlkun og náttúrlega gjörbreytir allri meðferð málsins. Og ég skil ekki í því geðleysi, ég segi það alveg eins og er, í forustu míns flokks að leyfa sér það að láta þetta fara í gegn án þess að þetta sé rígbundið eins og þingflokkurinn var neyddur til þess að taka afstöðu til málsins, þrátt fyrir stefnu flokksins. Mér finnst ástæða til þess að hnykkja á þessu atriði, a.m.k. vegna þess að ég sé að nokkrir hv. þm. sitja hér og hlusta á mál mitt.

Um það sem hér hefur komið fram í þessum umræðum mætti náttúrlega margt segja og ég verð að segja það alveg eins og er með fullri virðingu fyrir kvennalistakonum að það er búið að vera ágætt samstarf í félmn. og ég tek það fram að þar hefur ekki verið neinn metingur eða neinar hörkuumræður um þessi mál, heldur hefur verið reynt að kafa í málin og skoða gögn sem okkur hafa verið send og umsagnir og ræða við færustu menn um málið í heild og ég hef aldrei getað fundið það að hv. fulltrúi Kvennalistans í félmn. væri ginnkeypt fyrir því að ganga inn á þetta

mál í því formi sem það er í því frv. sem við erum að fjalla um, aldrei. Hún hefur haft miklar efasemdir og hún hefur verið raunverulega miklu krítískari á þetta mál og talið á því alls konar vankanta, heldur en jafnvel við hinir, að mér meðtöldum, og þess vegna kemur það manni alveg á óvart að Kvennalistinn skuli geta á einu vorkvöldi hérna við Tjörnina tekið þá ákvörðun að falla frá allri gagnrýni í raun og veru og semja um þetta: Ja, ef við getum haft áhrif á það að farið verði að byggja fleiri félagslegar íbúðir o.s.frv., þá hættum við bara að röfla um þetta mál — þó að þær viti sjálfar, miðað við þær umræður sem fram hafa farið, að þetta er alls ekki undirbúið mál og fasteigna- og verðbréfamarkaður hér á Íslandi er ekki tilbúinn til að taka við þessu. Og þær vita það líka sjálfar að fólkið sem þær þykjast vera að verja, alveg eins og við, alveg eins og ég, er ekki tilbúið til þess að fara inn í þessi viðskipti sem þarna eiga að fara fram. Þess vegna er það alveg augljóst mál að þær eru með einhverja vorglýju í augum að reikna með allt öðru en þær eru í raun og veru sannfærðar um, hvaða áhrif þetta hefur fyrir íslenskan almenning, því miður.

Auðvitað er það hlægilegt í raun og veru að hlusta á hæstv. fjmrh., sem því miður er ekki hér í húsinu lengur, halda því fram, kasta því fram, að það sé ekkert vandamál að útvega 600 millj. extra til þess að auka við félagslegar íbúðir núna á þessu og næsta ári. Þetta er náttúrlega meira ábyrgðarleysi en maður getur nú vænst frá manni a.m.k. sem er í fyrsta sinn í stóli fjmrh. og veit að eftirleikurinn er ekkert þægilegur þegar staðreyndirnar koma á borðið.

Við höfum margir átt við það að glíma að ná fjármagni inn í húsnæðiskerfið og það hefur ekki verið neinn dans á rósum og verður það aldrei. Þrátt fyrir það að það tókst með lögunum 1986 að ná samkomulagi við heildarsamtök launþega um að stýra þessu fjármagni inn í kerfið, þá er það samt sem áður háð ýmsum bremsum og erfiðleikum sem blasa alls staðar við þegar á reynir. Hæstv. fjmrh. sem býr við kerfi sem hann ræður ekki við í raun og veru og veit að það eru alls staðar hættumerki í þjóðfélaginu í sambandi við þessi mál, hann veit að það þarf að semja við lífeyrissjóði landsins til þess að reyna að rétta við stöðu atvinnuveganna með umframfjármagni. Og ábyrgðarleysið er svo gegnumgangandi að hæstv. félmrh. sem ber ábyrgð á vinnumarkaðinum hér í landinu og ber ábyrgð á því á vissan hátt að tryggja það að atvinnustigið sé í lagi, hæstv. félmrh. hefur ekki áhyggjur af þessum málum, síður en svo. Það skiptir kannski engu máli hvort atvinnuleysið fer í 10 þúsund manns o.s.frv., heldur skal halda þannig á þessum málum að allt miði að því að ná öllu fjármagni lífeyrissjóðanna umfram 55% inn í húsbréfakerfið í landinu. Það á ekki að liðka til þannig að lífeyrissjóðirnir geti látið eitthvað af hendi til atvinnurekstursins. Auðvitað dettur engum lífeyrissjóði það í hug að láta frystihús eða einhverjar verksmiðjur sem eru í vandræðum og að því komnar að verða gjaldþrota fá lífeyrissjóðsfjármagnið, á sama tíma og þeir geta fengið ríkistryggingu, ríkisábyrgð á húsbréfum á frjálsum markaði.

Þetta sér hver heilvita maður sem eitthvað vill sjá. Ég hef rætt þetta áður í þessari umræðu og ætla ekki að gera lengra mál úr því. En þetta er sorgleg staðreynd að hæstv. fjmrh. skuli koma hér gleiðbrosandi og segja: Það er ekkert vandamál að verða við kröfu kvenfólksins, Kvennalistans, sem hefur ekki meiri ábyrgð gagnvart vinnandi fólki í landinu og gagnvart þeim stéttum sem þær vilja verja en það að bara slá þessu svona fram. Við viljum bara fá 600 millj. til þess að byggja fleiri íbúðir. Þær hafa ekki áhyggjur af vinnuþættinum, ekki atvinnulífinu í landinu. Og ég tala nú ekki um hæstv. félmrh. sem á í raun og veru að vera vörður þess að atvinnustigið í landinu sé í lagi. Svona er nú komið fyrir þessu kerfi öllu saman, því miður.

Ég kemst ekki hjá því að ræða aðeins við hv. 4. þm. Reykn. Ég vil sérstaklega taka það fram að ég virði hann sem einn færasta þingmann sem a.m.k. Alþfl. á í dag og hefur verið svo langa hríð. Hann er maður sem er sanngjarn og hann er maður sem er mjög glöggur á tölur og allt sem því fylgir. Þess vegna er ég ekkert hissa á því þó að hann taki að sér hlutverkið, ekki síst þegar hann veit það að hann er að hverfa til — ja, ég hætti nú við að segja það sem ég ætlaði að segja en ég held ég láti nægja: — annarra landa og taka við starfi sem er á allt öðru sviði og hann þarf ekki lengur að hafa neinar áhyggjur, hvorki af krötunum á Íslandi eða því efnahagskerfi og efnahagsvanda sem við erum að glíma við. Þá er það kannski skýringin á því að hann skuli hafa sig í það að setja hér upp glansmynd, á þann hátt sem hann gerir, af því hvernig þetta nýja húsbréfakerfi sem hann tók ástfóstri við á sl. ári, hvernig það gæti orðið, hvernig það gæti virkað hér. Auðvitað veit hv. þm. að þetta er glansmynd. Hann veit að raunveruleikinn er allt annar. Hann veit það sjálfur að t.d. verðbréfa- og peningamarkaðurinn hér á Íslandi — hvernig haldið þið að hann sé? Hann veit það, Kjartan Jóhannsson, að við erum með ófullburða peningamarkað. Við erum með ófullburða verðbréfamarkað sem er í raun og veru í burðarliðnum, á eftir að ná öllu jafnvægi o.s.frv. Ég tek það fram að ég er ekki að hafa á móti slíkum hlutum hér á landi. Ég tel að Ísland þurfi að hafa sterkan peningamarkað og verðbréfamarkað og fasteignasala og allt sem því fylgir í góðu lagi, en það er langt, langt í frá að því markmiði sé náð, því miður. Það á eftir að fara í ótal kollsteypur í þessum málum sem við höfum þegar orðið illilega vör við. Þarf ekki að nefna nema dæmið um Ávöxtun á sl. ári og margt fleira sem því fylgir þannig að það er ekki grunnur og ekki tímabært að gera þetta sem hér er verið að tala um á líðandi stund og í næstu framtíð, það er alveg ljóst.

Ég gæti talað margt við hv. þm. í sambandi við það sem hann sagði hér áðan, um það húsnæðiskerfi sem við búum við sem því miður margir og allt of

margir fulltrúar Alþfl. börðust gegn á sínum tíma og töldu að þetta væru aðilar úti í bæ, aðilar vinnumarkaðarins, og sú löggjöf sem þá var sett, að hún hefði ekki átt að verða. Ég ætla ekki að fara út í það en ég verð að segja það við hv. þm. að hann veit það sjálfur að stærstu launþegasamtök landsins, raunar nærri öll launþegasamtök landsins, hafa trú á því enn að þetta kerfi sem var sett upp muni duga um langa hríð og það sé hægt að gera á því lagfæringar í samráði við þessi samtök sem muni duga. Og sjálfsagt veit hv. þm. það sjálfur að þeir aðilar sem voru í þessari nefnd með honum, sem voru m.a. forseti Alþýðusambands Íslands og fulltrúi Framsfl., Guðmundur Gylfi Guðmundsson, hagfræðingur hjá Fasteignamati ríkisins, lögðu fram alveg skýrar og ákveðnar línur um það hvað væri hægt að gera til þess að skapa jafnvægi í þessu máli. Og þess vegna er náttúrlega allt hans tal um biðraðir til marks um það að hann byggir náttúrlega á sömu forsendum og hefur verið haldið fram án þess að það væri nokkurn tímann rökstutt eða raunverulega skilgreint hvað væri á bak við þá biðröð sem sögð er vera í húsnæðiskerfinu. Sem betur fer eiga ýmsir aðgang að Húsnæðisstofnun ríkisins, aðrir en hæstv. félmrh. sem helst vill sem minnst tala við þá stofnun og nokkrir aðrir þm. Alþfl. og þess vegna höfum við alveg skýrar línur um það hvernig raunveruleikinn er miðað við það sem búið er að rannsaka, en umsóknir eru settar inn á tölvu og síðan eru þær geymdar þar án þess að úttekt sé gerð fyrr en að því kemur að eigi að fara að vinna útfærslu á lánsloforðum o.s.frv.

Og einu gleymdi hv. þm. sem er rétt að minna á af því að hann var að dæma, eða a.m.k. hefur hann tilhneigingu til að dæma núverandi kerfi dautt og ónothæft, að inni í því kerfi eru ótal atriði til þess að stýra því en núna, a.m.k. í tvö og hálft ár, hefur ekki verið gerð tilraun til þess. Það er í sambandi við vaxtakerfið. Þar þarf ekki nema einn fund í ríkisstjórn til þess að taka ákvörðun um það að hafa breytilega vexti eða hækka vexti almennt, breytilega vexti til stýringar, en aldrei hefur þetta verið gert á þessu tímabili, ekki hin minnsta tilraun gerð til þess og heldur ekki að nýta ýmis ákvæði í núgildandi lögum til þess að draga úr útlánum eða útlánaþörfinni.

Þetta eru staðreyndir sem ég held að sé rétt að rifja hér upp vegna ræðu hv. 4. þm. Reykn. og ég vil einnig segja honum það, af því að hann var alltaf að flagga þessari gulu bók sem vakti vissulega athygli og er í raun og veru mikið framtak. Hvað sem menn segja um innihaldið, þá er það framtak hjá hagfræðingi sem er vel menntaður maður að gefa sér tíma til þess að setja fram ákveðnar skoðanir í sambandi við þessi mál og önnur og láta þær koma til umræðu í þjóðfélaginu. Ég held að það sé af því góða þó að við förum ekki að taka undir álit Bjarna Braga og annarra sem segja að svona menn séu eitthvað öðruvísi en aðrir og það sé ekkert mark á þeim takandi. Það verður þá kannski að snúa dæminu við og spyrja hvort það væri þá mark á slíkum mönnum takandi sem kveða upp svona dóma.

En ég ætla bara að benda hv. þm. á það að það væri ástæða til að hann færi yfir umsögn Fasteignamats ríkisins. Ekki er hægt að tala um að þar séu einhverjir aðilar á ferð sem hafi ekki reynslu og hafi ekki afskipti af fasteignamarkaðinum á Íslandi. Þar kemur einmitt beint fram að húsbréfin munu hafa — að miðað við reynslu stofnunarinnar í gegnum tíðina sé alveg augljóst að þau muni hafa þensluáhrif, eins og frv. liggur fyrir í þeirra augum, sem þýðir hækkun verðs á stærri íbúðum, og muni leiða til þenslu og þar með verðbólgu. Þetta kemur fram í þeirra áliti.

Ég gæti talað margt fleira um þetta mál en ég ætla ekki að þreyta þingmenn á því en það væri kannski ástæða til vegna ræðu hv. 4. þm. Reykn. sem hefur ekkert verið í þessari umræðu. Hann var að vitna til ýmissa hagfræðinga og sérfræðinga í peningamálum og spurði: Af hverju er þeirra álit ekki alveg fullgilt fyrir ykkur? Við höfðum til viðræðu í félmn. einmitt marga þessa menn. Ég get vitnað í Pétur Blöndal sem er einn af þeim áhrifamestu núna á peningamarkaðinum, eða a.m.k. hefur hann yfir að segja fleiri en einni stofnun eins og Kaupþingi og öðrum slíkum og lífeyrissjóðum og hvaðeina. Hvað sagði hann? Hann taldi það ekkert vafamál að húsbréf mundu auka þenslu og þau mundu valda hækkun á verði húsnæðis og annars slíks og hann fór ekkert dult með það að það væri einhvers staðar á bilinu 30–40%. Hann sagði t.d. að það væri óeðlilegt ef þessi húsbréf yrðu ekki þannig úr garði gerð að það væri hægt að fara og fá þau í ýmsum einingum. Hann taldi það augljóst mál að þau ættu ekki að vera til 25 ára, heldur ætti að vera hægt að fá bréf sem væru til eins árs, til fimm ára, til tíu ára og hann sagði að einingin ætti helst að vera þannig að það væri 50 þús. hvert bréf til þess að hægt væri að nýta þau í hin almennu viðskipti eins og bílakaup og margt fleira. Þannig sá hann drauminn um húsbréfin. Hins vegar var Sigurður B. Stefánsson miklu varfærnari og virtist vera miklu ákveðnari í því að það yrði að skoða málin og taka smá skref í þessu efni og hann sagði að það væri ekkert vafaatriði að auðvitað ætti sú þróun að vera hér á peningamarkaði að húsbréf yrðu í skiptum fyrir peninga og þá komum við náttúrlega akkúrat að danska kerfinu sem er í raun og veru svipað og núverandi húsnæðiskerfi að hluta til. Þar er ákveðin stofnun sem leitar útboða á bréfum til þess að safna peningum til þess að lána aftur til húsnæðiskaupa.

Ég vil virða það við hv. þm. Kjartan Jóhannsson að hann var ekkert að fela sitt álit í sambandi við þessi mál. Hann sagði að það væri eðlilegt að lítill munur verði á vöxtum í gamla og nýja kerfinu. Auðvitað verður svo því að þegar búið er að taka húsbréfakerfið í notkun þá er ekki hægt að framkvæma húsnæðismarkaðinn hér á landi öðruvísi en að slík samræming fari fram. Það hlýtur að koma að því, ekki aðeins í almenna kerfinu, heldur einnig í félagslega kerfinu.

En ég vil aðeins endurtaka það að auðvitað vitum við það að þetta veldur sprengingu á markaðnum, það er alveg ljóst, og það þarf ekki annað, hv. þm. Kjartan Jóhannsson, en bara átta sig á því hverjir eru í biðstöðunni, hverjir eru það núna sem eru ákafastir í það að fá húsbréfin í gagnið, helst strax, helst á

morgun. Hverjir eru það? Það eru fasteignasalarnir og það eru verðbréfasalarnir, verðbréfafyrirtækin, sem mæla sterkast með því að taka þetta upp strax og það án þess að nokkur takmörkun sé þar á. Þess vegna. Ég hitti einn ágætan verðbréfasala núna fyrir nokkrum dögum og hann sagði: Verið ekki að þessu bölvaða röfli. Samþykkið þetta í hvelli og látið okkur fá þetta. — Og einn byggingarverktaka hitti ég fyrir nokkrum dögum: Ef þið komið ekki húsbréfakerfinu strax í notkun þá er mitt fyrirtæki farið á hausinn. Við þurfum á þessu að halda. — Þetta er kannski skopleg mynd af alvarlegu máli sem því miður er sönn.

En ég verð að segja það að lokum, eins og hefur komið fram í mínu máli, að mér finnst aðalvandinn í þessu öllu saman vera sá að menn eru alltaf að flýta sér með breytingar og það má ekki gefa neinu kerfi hæfilegan tíma til umþóttunar. Það má heldur ekki, undir þessum formerkjum sem nú liggja fyrir, gefa sér tíma til þess að endurskoða húsnæðiskerfi þjóðarinnar í rólegheitum, gefa sér góðan tíma til að skoða alla þætti þess og gefa sér tíma til að átta sig á því hvað hentar okkar þjóð. Við erum ekki nema 250 þús. manns. Við erum þegar með upp undir 90 þús. íbúðir í landinu og það hlýtur að vera eðlilegt að álykta sem svo: Hvert stefnir þessi þjóð? Hvert stefnir þessi fámenna þjóð í húsnæðismálum? Og hvers vegna ekki að setjast niður, í staðinn fyrir að vera að gera sífellt breytingar og aftur breytingar sem er ekki samkomulag um, og átta sig á því hvað væri heppilegast að gera fyrir okkur til næstu framtíðar? Við skulum taka 10 ára framtíð og átta okkur á þessu: Hvernig eigum við að haga þessu? Hvað eigum við að byggja mikið af félagslegum íbúðum í verkamannabústöðum eða leiguíbúðum og hvernig eigum við að haga hinum markaðinum? Er nokkuð óeðlilegt við það að gera slíkt og taka þessa færu ungu menn sem eru á verðbréfasviði og á fasteignasviði og í bönkum landsins og lífeyrissjóðum? Því ekki að reyna að mynda eina almennilega blokk til þess að átta sig á því hvað væri viðráðanlegt og hvað væri skynsamlegt til framtíðar fyrir okkur sem þjóð? Af hverju má aldrei gera svona, aldrei? Heldur eru menn að puða hver í sínu horni og reyna svo, ríkisstjórn eftir ríkisstjórn, að gera sífelldar breytingar. Og það tekur út yfir eftir að núverandi ríkisstjórn og raunar fyrrverandi að hluta til líka tóku við. Þá þurfti endilega að gera eitt: Drepa það kerfi sem var ekki einu sinni orðið tveggja ára, gera ráðstafanir, gera úrbætur sem stefndu einvörðungu að því að eyðileggja það sem búið var að ná samkomulagi um á nokkuð breiðum grundvelli sem lá fyrir að þurfti að átta sig á áður en fimm ár liðu, hvort það dygði til framtíðar. Ég er svo undrandi í raun og veru, það er alveg sama hvernig er talað um þessi mál, menn viðurkenna þetta margir í orði en það hefur aldrei náðst raunveruleikinn í því að haga sér á þennan hátt. Og þess vegna segi ég, hv. 4. þm. Reykn., að ég sakna þess mjög, ég segi það alveg falslaust, ég sakna þess mjög að hv. þm. er að hverfa af sviði stjórnmálanna og hv. þm. er að hverfa úr röðum áhrifamanna hér á landi úr Alþfl. sem hefði kannski verið eini maðurinn sem hefði getað komið viti fyrir þá forustu sem þar er við stjórn til næstu framtíðar og þar með haft skynsamleg áhrif um það að farið væri að leita jákvæðra leiða í sambandi við stefnu í húsnæðismálum hér á landi sem er það sem vantar. Það er engin heildarstefna til heldur eintóm upphlaup á þennan hátt sem núv. hæstv. félmrh. er foringi fyrir í dag og þarf ekki að lýsa því hvernig á því hefur verið haldið sem er í raun og veru að mínu mati Alþingi til vansæmdar.

Þorsteinn Pálsson:

Herra forseti. Mætti ég í byrjun óska eftir því að hæstv. fjmrh. og hæstv. starfandi forsrh. yrðu kallaðir inn í þingsalinn? Ég óskaði eftir því að þeir tækju þátt í þessari umræðu og ég fer vinsamlegast fram á að þeir verði kallaðir inn í þingsalinn svo að þessi umræða geti farið fram með eðlilegum hætti. Eru hæstv. ráðherrar kannski ekki staddir í þinghúsinu? (**Forseti:** Starfsmaðurinn var ekki öruggur um að þeir væru staddir í þinghúsinu og ég sagði að það yrði þá að hafa samband við þá með öðrum hætti.) Má ég þá leggja til, herra forseti, að umræðunni verði frestað þar til hæstv. ráðherrar koma í þingsalinn?

Hyggilegast væri, herra forseti, með tilliti til þess að klukkan 10 í fyrramálið hefjast þingfundir á ný, að umræðu þessari yrði frestað á þessum fundi og honum lokið hér í kvöld með tilliti til þess að hæstv. ráðherrar virðast ekki vera hér nærri. (**Forseti:** Ég vil í fyrsta lagi inna hv. 5. þm. Austurl. Kristin Pétursson eftir því hvort hann vildi ekki nýta tækifærið og taka til máls. Hann er á mælendaskrá hér. Hv. 1. þm. Suðurl. á sérstakt erindi við þá ráðherra sem verið er að kanna hvort nærtækir séu.) (**KrP:** Ég vil gjarnan að þeir komi, þessir menn.) (**Forseti:** Já, hv. þm. hefur ekki áhuga á því að nýta sér tækifærið og taka nú til máls? — Hæstv. fjmrh. er genginn í salinn.)

Hæstv. fjmrh. er genginn í salinn. Það er óhjákvæmilegt vegna ræðu hæstv. fjmrh. að fara hér nokkrum orðum um svör hans. Hann gerði heldur lítið úr því að útvega 600 millj. til viðbótar inn í húsnæðiskerfið, taldi það nú vera lítið mál og auðvelt að lofa því út í bláinn án þess að geta skýrt út núna hvernig afla ætti þeirra fjármuna, án þess að greina frá því hvort hér væri um að ræða viðbótarframlög ríkissjóðs eða auknar lántökur. Hvorugt gat hæstv. ráðherra skýrt og því síður hvernig afla ætti fjármunanna. Og enn síður gátu hv. þm. Kvennalistans skýrt hvernig afla ætti þessa fjár.

En hér er um að ræða tvöföldun á ríkisframlaginu og það gekk nú ekki betur til með að afla fjármuna til þessa verkefnis en svo að hæstv. fjmrh. lækkaði þetta framlag í meðförum fjárlaganna hér á Alþingi úr 680 millj. niður í 600 millj., framlag ríkissjóðs. Það var ekki auðveldara en þetta að útvega fjármuni í þetta kerfi að hæstv. fjmrh. varð á þessu þingi að lækka tölu fjárlagafrv. í meðferð þess úr 680 millj. niður í 600 millj. Og hæstv. félmrh. samþykkti það. Ef á hinn bóginn á að taka hér aukin lán, þá er um að ræða 30% aukningu á teknum lánum til þessara verkefna og það

er ekki svo lítil upphæð. Og það er ástæða til þess að spyrja: Hvernig á að afla þessara fjármuna? Það er algerlega út í bláinn fyrir Alþingi Íslendinga að samþykkja þetta frv. á þeirri forsendu að raunaukning á framlögum til Byggingarsjóðs verkamanna verði 600 millj. kr. án þess að glögg og skýr grein sé gerð fyrir því hvernig afla á þessara fjármuna í ljósi þessara staðreynda. Því er enn skorað á hæstv. ráðherra að gera hér nánari grein fyrir þessu og þeirri áskorun er enn fremur beint til þingmanna Kvennalistans.

Hæstv. ráðherra fór síðan allmörgum orðum um það að ég hefði ekki í ræðu minni né aðrir þingmenn Sjálfstfl. í umræðum um samkomulag ríkissjóðs við lífeyrissjóðina um skuldabréfakaup rætt um kaup þeirra á erlendum bréfum. Vissulega skal undir það tekið að það er framför að opna fjármagnsmarkaðinn með þessum hætti. (Gripið fram í.) Það kemur fram í þessu samkomulagi að hverjum sjóði er heimilt að kaupa þessi bréf fyrir allt að 40% af heildarkaupum, en það er ekki skylt að kaupa meira en 15%. Af augljósum ástæðum hljóta lífeyrissjóðirnir að láta ávöxtunarkjörin ráða því hversu mikið þeir kaupa. Ef hin erlendu kjör eru lakari hljóta lífeyrissjóðirnir að gæta hagsmuna sinna eigenda og umbjóðenda og takmarka kaupin við lágmarkshlutfall.

Á hinn bóginn verður ekki ráðið af þessu samkomulagi að þessi kaup komi inn í endurmat á vöxtum að ári liðnu. Það er gert ráð fyrir því að gefnar verði út sérstakar skuldbindingar vegna væntanlegra skuldabréfaviðskipta á þessu ári og áður en skuldabréf eru gefin út, segir í samkomulaginu, verða vegnir meðalvextir á skuldbindingakaupum hvers sjóðs bornir saman við viðmiðunarvexti. Síðan segir: „Viðmiðunarvextir skulu vera vegnir meðalvextir nýrra verðtryggðra verðbréfa ríkissjóðs til fimm ára eða lengur sem seld hafa verið á innlendum lánamarkaði á tímabilinu maí–desember 1989.“ Með öðrum orðum kemur glögglega fram af þessu samkomulagi að þessir viðmiðunarvextir skulu taka mið af innlendum lánamarkaði á þessu tímabili. Og hér hefur greinilega komið fram, og ekki verið mótmælt enda af hæstv. fjmrh., að vextir á skammtímaviðskiptabréfum eru nú á verulegri uppleið. Frá því í mars hefur raunkostnaður af 30 daga viðskiptavíxlum farið úr rúmlega 17% upp í 32% og varfærnustu sérfræðingar telja að viðmiðunarvextirnir sem hér er verið að tala um verði 6–7%, þannig að frá þessum horfum getur hæstv. fjmrh. auðvitað ekki hlaupið. Og það er makalaust í málflutningi hans síðan þegar hann heldur því fram að það hafi verið illa gætt að hagsmunum ríkissjóðs í samningum við lífeyrissjóðina 1986. (Gripið fram í.) Auðvitað reyndu lífeyrissjóðirnir að fá hæstu mögulega vexti. Hæstv. fjmrh. er núna að selja spariskírteini á 7% vöxtum og síðan er hann að halda því fram að hann nái samningum við lífeyrissjóðina um 5% vexti á síðari hluta ársins, en að vísu hefur hann gert samkomulag um allt annað.

En það sem gerðist 1986 var það að lántökustaða ríkissjóðs var svo sterk að það var hægt að hætta sölu spariskírteinanna og það var hægt að knýja niður vexti. Auðvitað er það svo og hlýtur alltaf að vera svo að ríkissjóður verður að gæta sinna hagsmuna í samskiptum við lífeyrissjóðina. Lífeyrissjóðirnir reyna að ná sem hæstri ávöxtun í þessum viðskiptum, en ríkissjóður að ná vöxtunum sem mest niður og það er óumdeilanleg staðreynd að með þessari aðgerð á sínum tíma var hægt að gæta hagsmuna ríkissjóðs. Mér er alveg fullljóst, hæstv. ráðherra, að lífeyrissjóðirnir voru ekkert ánægðir með það að þetta skyldi hafa tekist á sínum tíma. Auðvitað voru þeir óánægðir með það að þetta skyldi hafa tekist. (Gripið fram í.) Þeir eru hins vegar ánægðir í dag af því að þeir hafa náð samningum sem eru þannig upp byggðir að lífeyrissjóðirnir komu með tilboð til fjmrh. sem hann skrifaði undir með þeirri einu breytingu að biðja um að það yrðu settir 6 og 5% vextir inn í samkomulagið. Að öðru leyti gekk hæstv. ráðherra að tilboði sem lífeyrissjóðirnir settu fram. Þetta er mér kunnugt um, enda fékk ég tilboð af þessu tagi þegar ég var fjmrh. og hafnaði því auðvitað vegna þess að það er óhagstætt fyrir ríkissjóð að hafa engin efri takmörk á vöxtum og það eru ótryggir samningar fyrir ríkissjóð. Enda gefa lífeyrissjóðirnir í dag út fréttabréf um það að ef þeir hefðu náð slíku samkomulagi á síðasta ári hefðu þeir fengið verulega hærri vexti. Þetta eru nú staðreyndir málsins. Ef þeir hefðu náð slíku samkomulagi á síðasta ári, þá hefðu þeir fengið hærri vexti en þá var um samið, og þess vegna er það staðreynd að við blasir að þessir vextir fari talsvert umfram þetta og það er rangt sem segir í nefndaráliti frá meiri hl. fjh.- og viðskn. um frv. um tekju- og eignarskatt: „Samkvæmt nýlegu samkomulagi við lífeyrissjóðina eru þeir vextir 6% frá apríl til júníloka og frá júlí til desemberloka 5%.“ Þetta er sagt í nál. um frv. sem fylgir þessu frv. og er óaðskiljanlegur hluti af því, því slegið hér fram á grundvelli yfirlýsinga hæstv. fjmrh. sem hefur verið að villa um — ekki bara fyrir þjóðinni heldur samstarfsflokkunum. Og það er augljóst að þetta álit sem hér er undirritað af nokkrum þingmönnum stjórnarliðsins og fulltrúa Kvennalistans er undirritað á þessari forsendu sem þarna kemur fram. En núna liggur það fyrir hér í þessari umræðu að sú forsenda sem er í þessu nál. stenst ekki. Það er ekki búið að semja um þessa vexti á þessu tímabili. Það liggur alveg kristaltært fyrir. Þá á að endurmeta og í samkomulaginu eru skýrar viðmiðanir þar um.

En kjarni málsins er svo sá að hæstv. ráðherra fjallaði um þann ágreining sem hér hefur komið fram varðandi vaxtamálin á milli ráðherra og einstakra þingmanna og tók mjög af skarið. (Gripið fram í.) Hann tók af skarið og það sýnist vera rétt hjá hæstv. fjmrh. að það er ekki ágreiningur á milli ráðherranna í ríkisstjórninni. Hæstv. fjmrh. tók undir túlkun hæstv. félmrh. um það að vaxtaskilgreiningin væri sú að vaxtamismunur væri 0,5–1%, enda mjög skiljanlegt með hliðsjón af því samkomulagi við lífeyrissjóðina sem hæstv. fjmrh. hefur gert að hann skyldi taka afstöðu með hæstv. félmrh. og staðfesta þar með að

innan ríkisstjórnarinnar er enginn ágreiningur um þetta efni. Á hinn bóginn er þá alveg augljós ágreiningur á milli hæstv. ríkisstjórnar og þingflokks Alþb. ef marka má yfirlýsingar hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar (**Fjmrh.:** Enginn ágreiningur.) sem ég skildi á þann veg og hefur glöggt komið fram í hans yfirlýsingum að þingflokkur Alþb. hafi bundið sig við 4,5% vexti og þingflokkurinn styðji frv. í trausti þess að yfirlýsingar hæstv. félmrh. hafi verið marklausar og að ráðherrar Alþb. komi í veg fyrir að þeir vextir hækki til þess að fullnægja því markmiði að vaxtamismunurinn verði ekki meiri en 0,5–1%. Nú hefur hæstv. fjmrh. kippt stoðunum undan þessari röksemdafærslu sem hans eigin þingflokkur hefur sett í þessu máli. Og það kallar auðvitað fram alveg nýja stöðu hér í umræðunni ef þetta er niðurstaða málsins hjá hæstv. fjmrh.

Það eru bara einstakir þingmenn sem hafa gert ágreining, segir hæstv. ráðherra, og vísar þar til hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar. Það er bara hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sem hefur gert ágreining og lætur um leið að því liggja að slíkur ágreiningur sé algjört aukaatriði og komi hæstv. ríkisstjórn ekkert við. Þetta sýnir hins vegar enn og aftur að hæstv. ríkisstjórn hefur alls ekki lokið heimavinnu sinni, að ná samkomulagi við eigin þingflokka um framgang málsins. Menn vita því ekkert á hvaða forsendu hér er verið að keyra þetta mál fram. Og enn einu sinni ítreka ég þá skoðun mína að það er óviðeigandi með öllu að ljúka þessari umræðu án þess að hæstv. ríkisstjórn ljúki þessari heimavinnu.

Hæstv. fjmrh. hafði líka orð á því að það hefði gengið erfiðlega í tíð Sjálfstfl. í ríkisstjórn að útvega peninga í húsnæðiskerfið. Hann man kannski ekki eftir því í hvaða rúst hæstv. núv. menntmrh., páv. félmrh. og hv. þm. Ragnar Arnalds, páv. fjmrh., skildu húsnæðiskerfið eftir í. Ég hygg að lán hafi verið um 17% eða svo þegar þeir yfirgáfu fjmrn. og félmrn. og Alexander Stefánsson sem félmrh. í þeirri ríkisstjórn sem tók við hafi þurft að byrja að byggja kerfið upp á þeirri rúst að lánin námu 17% af kostnaðarverði staðalíbúðar. Og upp úr þessari rúst þurfti næsta ríkisstjórn að byggja þetta kerfi. Það tókst fljótlega að hækka þessi lán upp í 50%, ef ég man rétt, og síðan var nýtt skref stigið með þeim lögum sem síðar voru samþykkt. Þetta voru verk sem við tóku eftir þá rúst sem Alþb. hafði sett húsnæðiskerfið í. Og nú sýnist Alþb. vegna afturhaldssamra viðhorfa sinna ætla að eyðileggja þá hugmynd í framkvæmd sem húsbréfin gátu orðið. Ég skildi hv. þm. og hæstv. forseta þessarar deildar, Kjartan Jóhannsson, á þann veg, þann hluta ræðu hans sem ég hlýddi á, að hann hefði fjallað um grunnhugmyndina að húsnæðiskerfinu en ekki það eyðilagða frv. sem hæstv. félmrh. er að reyna að troða hér í gegnum þingið. Ég er alveg sannfærður um það að hæstv. félmrh. hefði komið frv. um raunverulegt húsbréfakerfi í gegnum þetta þing ef hæstv. ráðherra hefði leitað eftir samvinnu við aðra flokka en ráðherrann gerði, ef hann hefði leitað samvinnu við aðra flokka en Alþb. Hæstv. ráðherra hafði hins vegar meiri áhuga á því að þjóna Alþþ. en að koma fram eiginlegu húsbréfakerfi og hafði þess vegna engan áhuga á því að leita eftir samvinnu við þá flokka í þinginu sem hefðu verið tilbúnir til þess að taka þátt í umfjöllun um raunverulegt kerfi og því er niðurstaða þessa máls sú að þær hugmyndir sem formaður upphaflegu nefndarinnar, hæstv. forseti þessarar deildar, setti fram hafa verið að engu gerðar og hans starf því eyðilagt og hann auðmýktur í meðferð málsins.

Þá er það það atriði sem ég ætlaði, herra forseti, að inna hæstv. starfandi forsrh. eftir sem eru skilyrði Framsfl. Hæstv. heilbrmrh. lýsti þeim skilyrðum með sama eða mjög svipuðum hætti og hv. 1. þm. Vesturl., með öðrum orðum að sú breyting sem gerð var á frv. hafi verið gerð í þeim tilgangi að takmarka viðskipti með húsbréfin við 10% af kaupskyldunni. Þetta stangast gjörsamlega á við yfirlýsingar hæstv. félmrh. og þess vegna er óhjákvæmilegt að hæstv. forsrh. skeri úr þessum ágreiningi sem hér er uppi og ég vil inna forseta eftir því hvort hans sé ekki von á hverri stundu. (**Forseti:** Það var haft samband við starfandi forsrh. og það var ósk hans vegna þess að hann var ekki vel heilsuhraustur að varavaraforsrh., sem er þá varaforsrh. núna, hæstv. heilbrrh. Guðmundur Bjarnason, tæki að sér að verða fyrir svörum fyrir hönd Framsfl. Ég vænti þess að það megi duga, en ég minnist þess frá upphafi fundar að það var sérstaklega óskað eftir því að fjmrh. yrði viðstaddur þessa umræðu og við það hefur verið reynt að standa. En ég vona að að öðru leyti geti umræðan haldið áfram og að hæstv. heilbrrh. geti leyst úr þeim spurningum sem hv. þm. hefur fram að færa.)

Herra forseti. Því miður er ekki hægt að fallast á þessa ósk. Ég féllst á það að hæstv. heilbrrh. svaraði hér fyrirspurnum meðan hæstv. starfandi forsrh. var bundinn við skyldustörf í hv. Ed., en nú hefur hún lokið fundum fyrir alllöngu síðan og hér er um að ræða ágreining um grundvallaratriði í þessu frv., um túlkanir á 1. gr. frv. sem ganga í alveg gagnstæðar áttir. Og það er hlutverk forsrh. að kveða upp úr um það hver er hin eiginlega niðurstaða og í afstöðu minni felst ekkert vanmat á stöðu hæstv. heilbrmrh. eða áhrifum hans innan Framsfl. Staðreyndin er sú að hvorki hæstv. forsrh. né hæstv. staðgengill forsrh. eru viðstaddir hér og nú og það er (**Fjmrh.:** Má ég benda þm. á að Guðmundur Bjarnason var fulltrúi Framsfl. í ráðherranefnd um þetta mál.) óhjákvæmilegt að úr því fáist skorið með yfirlýsingu forsrh. sjálfs eða staðgengils forsrh. Mér er fullkunnugt um það að hér í þinginu sitja menn sem hafa verið í nefndum og undirbúningsnefndum og ráðherranefndum. Undir öllum venjulegum kringumstæðum væri ekkert svona álitaefni uppi. Hér eru hins vegar alveg sérstakar aðstæður þegar hæstv. félmrh. hefur lýst einum skilningi en hæstv. heilbrmrh. hefur lýst allt öðrum skilningi á því hvernig framkvæma eigi 1. gr. frv. og þess vegna ítreka ég það að ég óska eftir því að umræðunni verði frestað þangað til annar hvor forustumanna ríkisstjórnarinnar, forsrh. sjálfur eða staðgengill

hans, geta tekið þátt í umræðunni. (**Fjmrh.:** Þetta fer nú að verða móðgun við okkur Guðmund Bjarnason og félmrh.) Herra forseti. Hæstv. fjmrh. má bara mín vegna móðgast alveg eins og hann vill og jafnlengi og jafnmikið og hann situr hér með fætur uppi á borðum í þinginu og er nú kannski spurning um það hvaða viðhorf það eru gagnvart hæstv. forseta deildarinnar að hæstv. ráðherra sýnir honum bara skósólana hér í þessari umræðu, en það gildir mig einu hvort hæstv. fjmrh. móðgast eða ekki. Ég tel það vera rétt þingsins þegar svona aðstaða er komin upp að forsrh. kveði upp úr um sitt álit á þessu efni. Það er vanvirða við þingið að ætla að afgreiða málið á annan veg. Ég er ekki að gera kröfu til þess að hann verði kallaður til þessa fundar hér og nú, og það þarf ekki að tefja þessa umræðu mjög lengi á næsta fundi í deildinni að hann gefi þau svör sem nauðsynleg eru í þessu efni, og ber því enn fram fyrirspurn um það til hæstv. forseta hvort ekki er á það fallist með tilliti til þessarar stöðu að umræðunni sé frestað til næsta fundar þegar hæstv. forsrh. eða staðgengill hans getur svarað þeim fyrirspurnum sem hér liggja fyrir.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Staðgengill hæstv. forsrh., þess sem starfandi er í dag, er staddur hér á fundinum. — [Fundarhlé.]

Það hefur orðið að ráði og menn hafa bundist fastmælum um að reyna að tryggja það af fremsta mætti að þó að umræðu sé frestað núna geti þetta mál komið til atkvæða með skjótum hætti á morgun og í samræmi við þau fastmæli og á þeim grunni er þessari umræðu nú frestað og fyrirhugað að slíta fundinum.

Umræðu frestað.

SAMEINAÐ ÞING

73. fundur, fimmtudaginn 11. maí, kl. 10 árdegis.

Könnun á hagkvæmni Hvalfjarðarganga, ein umr.

Fsp. EG, 380. mál. — Þskj. 718.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Á þskj. 718 hef ég leyft mér að bera fram stutta fsp. til samgrh. um könnun á hagkvæmni Hvalfjarðarganga eða brúar yfir Hvalfjörð. Fsp. er borin fram í framhaldi af samþykkt Alþingis sem vill nú svo til að gerð var fyrir nákvæmlega ári síðan, þ.e. 11. maí 1988, en sú samþykkt hljóðar sem hér segir:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna hvort hagkvæmt sé að gera göng undir Hvalfjörð eða brú í fjarðarmynni.“

Og nú er spurning mín til hæstv. samgrh.: Hvað líður framkvæmd ríkisstjórnarinnar á þessari samþykkt Alþingis?

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegi forseti. Því er til að svara varðandi þessa fsp. að strax á vegáætlun ársins 1988 var nokkur fjárveiting til þessa verkefnis, 2 millj. kr. og var sú fjárveiting notuð til að hefja rannsóknir á svæðinu. Hagkvæmni tengingar yfir eða undir Hvalfjörð ræðst að sjálfsögðu af kostnaði við þá mannvirkjagerð annars vegar og svo þeirri umferð sem nýta mundi tenginguna hins vegar. Rannsóknir beinast þá að því að festa hendur á þessum tveimur þáttum með nægilegri nákvæmni til að draga megi af þeim fyrstu ályktanir. Í skýrslu jarðganganefndar frá 1987 var lítillega fjallað um göng undir Hvalfjörð. Miðað við þær lauslegu forsendur sem þá voru tiltækar virtust jarðgöng undir utanverðan Hvalfjörð vera arðsöm.

Þegar hafist var handa um rannsóknirnar á sl. sumri í framhaldi af samþykkt Alþingis sem hér var spurt um, frá 11. maí 1988, var einkum horft til jarðganga í framhaldi af þessari bráðabirgðaniðurstöðu frá 1987. En tækni við jarðgöng neðan sjávar hefur eins og kunnugt er tekið miklum framförum undanfarið og kostnaður farið lækkandi. Framkvæmdar voru endurvarpsmælingar á allstóru svæði utarlega í firðinum. Með þeim er yfirborð klappar í fjarðarbotninum kortlagt og þykkt setlaga ofan á klöppinni kemur þar fram. Starfsmenn jarðfræðideildar Hafrannsóknastofnunar önnuðust þessar mælingar fyrir Vegagerð ríkisins. Jafnframt mælingum var unnið að upplýsingasöfnun um almenna jarðfræði svæðisins. Við þessar mælingar kom í ljós að dýpi á klöpp er heldur meira en búist var við, þ.e. setlögin eru þykkari. Að öðru leyti kom ekkert fram sem útilokar gerð jarðganga.

Til að ljúka þeim jarðfræðirannsóknum sem nauðsynlegar eru fyrir frumáætlun þarf að gera nákvæmar endurvarpsmælingar til að fá nákvæmari legu bergs og upplýsingar um gerð bergsins og setlagsins sem ofan á því liggur. Á sl. ári var einnig unnið nokkuð að umferðarþættinum. Teknar voru saman allar upplýsingar sem fyrir hendi voru um umferð og gerð frumspá um þróun umferðar. Gera þarf nokkuð umfangsmiklar umferðarkannanir til að unnt sé að gera haldbetri umferðarspár sem telja verður forsendu þess að áætla arðsemi hugsanlegra framkvæmda. Kostnaður við endurvarpsmælingar, umferðarkönnun, úrvinnslu athugana og gerð frumáætlana er áætlaðar 2–3 millj. kr. Væri æskilegt að fá fjárveitingu í vegáætlun á þessu ári og mun verða eftir því leitað við þá endurskoðun sem nú stendur yfir. Fáist það gæti frumáætlun legið fyrir næsta vor.

Þess má geta að vinnuhópur á vegum Sementsverksmiðju ríkisins, Járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga og Krafttaks, en það fyrirtæki annast jarðgangagerð í Ólafsfjarðarmúla, mat líklega arðsemi jarðganga undir Hvalfjörð sl. haust. Hópurinn fékk aðgang að öllum upplýsingum sem tiltækar voru hjá Vegagerðinni. Niðurstaða hópsins varð svipuð og

hjá jarðganganefndinni 1987, þ.e. að jarðgöng undir Hvalfjörð væru arðsöm.

Þessir ofangreindu aðilar hafa kynnt mér niðurstöður sínar og lýst áhuga sínum á þessu máli við mig. Ég hef haft gögn frá þeim til athugunar og hef hugsað mér strax og um hægist að kynna þessar hugmyndir í ríkisstjórn og þingflokkum og kanna afstöðu manna til þeirra. Hér er að vísu stórmál á ferð eins og gefur að skilja og ákvörðun verður ekki hrist fram úr erminni á fáeinum mánuðum. Ég hygg að næsta skref sé að ljúka þeirri könnun og úrvinnslu hennar sem ég gerði hér grein fyrir og ætla mætti að menn væru betur í stakk búnir að því loknu að ári liðnu til að gera betur upp hug sinn til þess hvort hér er raunverulega á ferðini arðbær framkvæmd og þá í framhaldinu með hvaða hætti væri hugsanlega hægt að standa að þeirri framkvæmd ef eða þegar til kæmi.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. skýr og ágæt svör við spurningu minni. Ég hefði kannski kosið að málið væri heldur lengra komið en við því er í rauninni ekkert að segja og ekki hægt að gagnrýna með réttum rökum. Ég vil leggja áherslu á það að hér er um mjög stórt mál að ræða, stóra og dýra framkvæmd og miðað við okkar núverandi fjárlaga- eða vegáætlunarramma, fjárhagsramma í vegagerðarmálum, er alveg augljóst að hún verður ekki unnin innan þeirra marka.

Hins vegar eru auðvitað ýmsar aðrar leiðir til að hrinda þessu verki í framkvæmd. Eins og hæstv. ráðherra vék að þá hafa aðilar eins og Sementsverksmiðja ríkisins, Járnblendifélagið og fyrirtækið Krafttak sýnt þessu máli mjög mikinn áhuga og rannsakað það. Og ég fagna því sannarlega að heyra að hæstv. samgrh. mun athuga þann kost nánar, ræða í ríkisstjórn og leggja síðan fram til athugunar í þingflokkum. Mér er alveg ljóst að það mun taka nokkurn tíma. Þetta er mál sem við eigum ekki að hrapa að með neinum hætti heldur að grunda vel og undirbúa, en ég er sannfærður um það, og það er staðföst sannfæring mín, að hér er um mjög arðbæra framkvæmd fyrir þjóðarbúið í heild að ræða. Þetta er samgönguframkvæmd, samgöngumannvirki sem varðar í rauninni alla Íslendinga og ég held að því fyrr sem þetta kemst í framkvæmd og verður byrjað á þessu verki, því betra, þetta muni skila okkur miklum arði. En ég tek heils hugar undir það að hér skulum við fara með gát, athuga vel okkar gang og undirbúa málið vel. Og ég ítreka þakkir mínar til samgrh. fyrir greinargóð svör og mjög jákvæðar undirtektir við málið.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda og hæstv. ráðherra fyrir umfjöllun þessa máls hér í þinginu nú. Ég tek undir það sem fyrirspyrjandi sagði að vitaskuld tengist framkvæmd eins og þessi engan veginn vegáætlun. Hér er væntanlega verið að fara eftir þeim vonum sem við tengjum við þetta mál, með því að Sementsverksmiðja ríkisins og Járnblendiverksmiðjan, fyrirtæki sem ráðherrann nefndi hér, hafa verið að fara inn á nýja braut, og vitaskuld þarf eins og ráðherrann nefndi að hafa ákveðinn tíma til að skoða það mál. En ég held að það sé mjög áhugavert og eins og nú lítur út fyrir og eftir þeim áætlunum sem þegar hafa verið gerðar að þetta verkefni sé mjög arðbært, þá mundi ég hvetja mjög til þess að sá tími sem færi í undirbúningskönnun á þessu yrði styttur svo sem kostur er, á meðan þeir aðilar sem hafa sýnt málinu áhuga eru tilbúnir að fara í þessa framkvæmd. Það getur verið að ef sá tími sem fer í að skoða það verður of langur þá minnki áhugi þeirra. Ég vil sem sé hvetja ráðherra til þess að skoða þetta mál sem fyrst og vitaskuld þarf að gera það mjög gaumgæfilega, en við megum ekki eyða allt of löngum tíma í þá könnun.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegi forseti. Ég vil bara undirstrika það sem kom fram í svari mínu áðan að ég mun beita mér fyrir því að að þessu máli verði unnið á þessu ári. Ég hygg að það verði ekki óskynsamleg vinnubrögð að jafnhliða því sem lokið verður þeim rannsóknum og úrvinnslu sem eru nauðsynlegar forsendur fyrir öllum arðsemisútreikningum verði athugaðir þeir möguleikar, þær hugmyndir sem uppi eru um framkvæmd verksins. Ég mun beita mér fyrir því, eins og ég sagði, strax og um hægist, sem í raun má skilja þannig að fljótlega eftir þinglausnir hef ég hugsað mér að kynna þessi áform fyrir ríkisstjórn og þingflokkum. Og ég tek það fram að ég á við alla þingflokka því ég tel hér vera á ferðinni stórmál af því tagi að þar eigi ekki að fara í pólitískt manngreinarálit, heldur sé rétt að leita eftir áliti og afstöðu allra stjórnmálaflokka til þeirra hugmynda sem þarna eru á ferðinni því það væri vissulega verið að brjóta blað í mannvirkjagerð af þessu tagi í landinu ef út á þessa braut yrði farið og heppilegast væri að sem víðtækust samstaða gæti þá tekist um það.

Skip milli lands og Vestmannaeyja, ein umr.

Fsp. KSG, 453. mál. — Þskj. 813.

Fyrirspyrjandi (Karl Steinar Guðnason):

Frú forseti. Ég hef lagt fram svohljóðandi fsp. til samgrh.:

„Hvað líður athugun á kaupum á nýju skipi til ferða milli Vestmannaeyja og lands í stað Herjólfs?"

Skipið Herjólfur sem nú annast ferðir milli lands og Eyja er orðið 12 ára gamalt og er komið að klössun. Sú viðgerð eða endurbót kostar stórfé, líklega tugmilljónir auk rekstrarstöðvunar sem auðvitað verður að meta til fjár. Skipið fullnægir hvergi nærri öryggiskröfum sem slíkt skip þarf að uppfylla. Skiptir þar mestu máli að skipið hefur aðeins eina vél. Hún hefur

bilað nokkrum sinnum á ferðum skipsins og þá sem betur fer innan hafnar, en slíkt hefur hent þegar veður hafa verið hvað verst. Reyndar bilaði vélin einu sinni þegar skipið var fullt af börnum. Skipið er úrelt og óhentugt, sérstaklega þar sem það er ekki gegnumkeyrsluskip og tekur langan tíma að losa það og lesta.

Mér sem öðrum sem hafa fylgst með samgöngum til Eyja er kunnugt um að bæjarstjórn Vestmannaeyja samþykkti á sínum tíma útboð á nýju skipi fyrir sína hönd á grunni teikninga sem liggja fyrir. Þá mun nefnd hafa verið sett á stofn, og e.t.v. fleiri, og mér er tjáð að sú nefnd hafi einnig athugað gömul skip og gert þar ráð fyrir stórfelldum breytingum sem kostuðu svipað og nýtt skip, þ.e. viðgerð plús skip hefði kostað svipað og nýtt skip.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þessa þætti en ég tel að ef um slíka valkosti er að ræða sé áreiðanlega ekki rétt annað en kaupa nýtt og fullkomið skip sem þjónað getur landsmönnum á sem bestan hátt. Ferja milli lands og Eyja gegnir því hlutverki sem þjóðvegir gegna fyrir önnur byggðarlög. Þjóðvegurinn til Vestmannaeyja, sem hýsa okkar helstu gjaldeyrisöflunarstöð, verður að vera fullkominn. Það er því skoðun mín að nýtt skip verði að byggja. Það verða að vera mjög sterk rök fyrir öðru og því endurtek ég spurningu mína: Hver er fyrirætlun ráðherra í þessu máli? Hvað er fram undan?

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegi forseti. Þetta mun vera í annað sinn sem ég svara fyrirspurn um þetta efni hér á Alþingi í vetur og ekki í fyrsta sinn sem samgrh. gerir það. Aðrir hafa ábyggilega gert það á undan mér og það er nú von mín að senn fækki ferðum samgrh. í ræðustól til að svara fyrir um stöðu þessa máls, þ.e. hvað líði áformum um endurnýjun á skipi milli lands og Eyja.

Frá því að ég kom í samgrn. hef ég verið í sambandi við Vestmanneyinga um þetta mál, átti m.a. fund með stjórn Herjólfs um nauðsynlega endurnýjun skipsins. Eins og kunnugt er er á lánsfjárlögum heimild til lántöku til endurnýjunar á Herjólfi og í beinu framhaldi af þeirri lántökuheimild fór starfshópur á vegum viðkomandi ráðuneyta yfir þetta mál eina ferðina enn og skilaði til okkar fjmrh. skýrslu um athugun þessa máls og var þá sérstaklega farið yfir af hálfu ráðuneytanna vinnu stjórnar Herjólfs og þær forsendur sem þar voru lagðar til grundvallar við mat á endurnýjun og þörf fyrir Herjólf.

Þessi skýrsla barst okkur í hendur í aprílmánuði og í framhaldi af henni höfum við fjmrh. ákveðið með bréfi til stjórnar Herjólfs frá 5. maí sl. „að heimila", eins og þar segir, með leyfi forseta „stjórn Herjólfs að láta fara fram í samráði við ráðuneytin forkönnun á kostnaði vegna smíði nýrrar ferju milli lands og Vestmannaeyja." Áfram segir í þessu bréfi, með leyfi forseta:

„Könnunin fari fram á grundvelli stuttrar lýsingar á nauðsynlegum eiginleikum skipsins og verði í formi valins útboðs hæfilegs fjölda skipasmíðastöðva frá nokkrum mismunandi löndum. Verklýsing og tilhögun forkönnunar verði unnin í samráði við ráðuneytin og verði miðað við að hún taki ekki lengri tíma en tvo til tvo og hálfan mánuð. Á meðan verði fylgst með markaði fyrir notuð skip. Þegar að lokinni forkönnuninni á kostnaði við nýsmíði verði tekin endanleg ákvörðun um endurnýjun Herjólfs."

Síðan greinir frá því í bréfinu að hæstv. fjmrh. og ég höfum sett sérstaka nefnd til þess að vinna að þessu máli með stjórn Herjólfs hf. Betur get ég held ég ekki svarað til um það á hvaða stigi þessi mál eru en að vitna til þess að við höfum nú heimilað stjórn Herjólfs að þessi forkönnun á kostnaði við nýsmíði fari fram. Á sama tíma eða jafnframt verði fylgst með markaði fyrir notuð skip og ætlunin er að í beinu framhaldi af þessari vinu sem ekki á að taka lengri tíma en tvo til tvo og hálfan mánuð verði endanleg ákvörðun tekin um endurnýjun skipsins. Ástæða þess að þessi leið er valin er fyrst og fremst sú að tölur um nýsmíðakostnað hafa verið mjög á reiki. Þar hafa heyrst nefndar upphæðir allt frá 300–400 millj. og upp í 700–800 og gefur auga leið að það munar um minna þegar bera á saman með raunhæfum hætti annars vegar þann möguleika að láta smíða nýtt skip og hins vegar hugsanlega endurnýjun með notuðu skipi. Það er einlæg von mín að þetta leiði til þess að svona á miðju sumri verði hægt að taka endanlega ákvörðun um það hvaða kostur verði valinn og hvernig verði þá gengið í verkið.

Fyrirspyrjandi (Karl Steinar Guðnason):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir skýr og greið svör. Málið er greinilega komið á fulla ferð nú loks eftir langt hlé og ég vænti þess að sá kostur verði valinn sem hagkvæmastur verður og legg áherslu á það að ég er persónulega þeirrar skoðunar að ekki sé vit í öðru en að keypt verði nýtt skip, nýtt og fullkomið skip sem þjónað geti því hlutverki sem best sem því er ætlað.

Starfsemi lífeyrissjóða, ein umr.

Fsp. GHG, 390. mál. — Þskj. 728.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur H. Garðarsson):

Virðulegi forseti. Ég hef lagt fram fsp. um frv. til l. um starfsemi lífeyrissjóða sem hefur verið tilbúið eftir því sem ég best veit og legið í skúffum fjmrh. undanfarin ár. Þess vegna hef ég beint þeirri fsp. til hæstv. fjmrh. hvort hann hyggist ekki leggja þetta frv. fyrir hið háa Alþingi þannig að hv. alþm. geti fengið það til skoðunar og umfjöllunar og ákvörðunartöku.

Ástæðurnar fyrir þessari fsp., virðulegi forseti, eru m.a. þær að að undanförnu hefur staða lífeyrissjóða mjög verið til umræðu og hefur verið ráðist mjög harkalega á lífeyrissjóði launafólks úti á hinum almenna vinnumarkaði í þeirri viðleitni forráðamanna

þessara sjóða að tryggja hag sjóðanna með það fyrir augum að þeir gætu staðið við sínar tryggingaskuldbindingar.

Þá hafa átt sér stað miklar umræður um það með hvaða hætti lífeyrissjóðirnir gætu samið við hið opinbera í sambandi við fjármögnun húsnæðismálakerfisins og hefur það verið einlægur vilji og áhugi forráðamanna lífeyrissjóðanna sem og þeirra sem standa að lífeyrissjóðunum að unnt væri að semja með þeim hætti að aðilar gætu við unað, þ.e. í fyrsta lagi staðið við það að lífeyrissjóðirnir fengju þá ávöxtun sem eðlileg er miðað við það efnahagsumhverfi sem þeir starfa í og svo í öðru lagi að þeir geti staðið þannig að húsnæðismálakerfinu að húsnæðisþörf þjóðarinnar verði fullnægt og þá með þeim kjörum sem væru fólki viðráðanleg.

Það er mjög flókið og erfitt mál að finna hið rétta jafnvægi í þessum efnum og því mjög þýðingarmikið að menn geri sér grein fyrir öllum stærðum sem koma við sögu í sambandi við þessi mál. Þess vegna er það mjög þýðingarmikið að hið háa Alþingi og þjóðin í heild fái raunverulega að vita hver sé staða lífeyrissjóðanna að mati þeirrar 17 manna nefndar sem stóð að því að semja frv. til laga um starfsemi lífeyrissjóða.

Það liggur í augum uppi að það er þýðingarmikið út frá því sjónarmiði sem ég gat um áðan að þetta mál sé tekið til umfjöllunar og ákvörðunartöku og einnig er það mjög þýðingarmikið út frá því sjónarmiði að það verður að setja lífeyrissjóðunum ákveðnar starfsreglur, samræmdar starfsreglur.

Ég vil, virðulegi forseti, rifja nokkuð upp aðdraganda þess að þetta frv. varð til sem enn hefur ekki verið lagt fram á hinu háa Alþingi. Það var í ríkisstjórnartíð Geirs Hallgrímssonar á árunum 1974–1978 sem lífeyrismál voru mjög til umfjöllunar, bæði á hinu háa Alþingi sem og úti í verkalýðshreyfingunni. Á þessum fyrstu árum lífeyrissjóða almennu verkalýðsfélaganna var mikið um það rætt með hvaða hætti unnt væri að tryggja (Forseti hringir.) — Hef ég aðeins tvær mínútur, virðulegi forseti? (**Forseti:** Þrjár.) Þá skal ég sleppa þessari forsögu og fá að ljúka máli mínu, með leyfi forseta. Ég hélt að það væri 5 eða 8 mínútur, en svona getur mönnum förlast. Maður áttar sig ekki alltaf á hinum nýju, breyttu reglum svo ég skal ljúka máli mínu, virðulegi forseti.

En ég vil aðeins geta þess að á þeim árum var þessi 17 manna nefnd stofnuð. Í henni voru fulltrúar aðila vinnumarkaðarins og fulltrúa ríkisvaldsins og skyldi sú nefnd leggja fram tillögur með hvaða hætti væri unnt að tryggja sem best tryggingalegar bætur til launþega að starfsævi lokinni. Þetta frv. hefur þess vegna verið lengi í smíðum og er mjög æskilegt að það komi fram og fái rétta umfjöllun á hinu háa Alþingi. Ég vil að lokum, virðulegi forseti, minna á það að á síðasta alþýðusambandsþingi var samþykkt ályktun þar sem skorað var á hæstv. fjmrh. að leggja fram umrætt frv.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að lífeyrissjóðamálin eru í hópi stærstu mála þjóðarinnar á næstu árum og það er mjög mikilvægt að löggjöf um það efni verði sett hið fyrsta. Því miður er það þannig að þessi mál hafa einnig verið viðkvæmt deiluefni milli hinna ýmsu samtaka launafólks og á vettvangi ríkisvalds og Alþingis. Það er ein af meginástæðunum auk hins stóra fjárhagslega dæmis fyrir því að fyrirrennarar mínir í embætti fjmrh. hafa ekki lagt fram það frv. sem fyrirspyrjandi vék að og má með sanni segja, eins og hann orðaði það, að frv. hafi legið í skúffu fjmrn. um nokkurn tíma.

Ég hef hins vegar haft á orði á undanförnum mánuðum að ég hafi tekið frv. upp úr skúffunni og lagt það á borðið án þess þó að fyrir liggi ákvörðun um það hvenær það verði sent hv. Alþingi eða hvort því verði breytt áður en það yrði gert.

Ég hef undanfarnar vikur og mánuði í þeim viðræðum sem ég hef átt við bæði forustumenn BSRB, forustumenn BHMR, forustumenn Kennarasambands Íslands og forustumenn Alþýðusambands Íslands lýst því yfir að ætlunin væri að taka þetta mál til umfjöllunar í sumar og óska eftir viðræðum við fulltrúa þessara samtaka og annarra að sjálfsögðu um málið. Á formlegum fundum með samninganefndum Hins íslenska kennarafélags og Kennarasambands Íslands og BHMR fyrir um það bil tveimur mánuðum síðan var þetta atriði eitt af nokkrum meginatriðum sem lögð voru fram formlega um efnisskrá fjmrn. yfir þá þætti sem þyrfti að ræða og í viðræðum sem fulltrúar ríkisstjórnarinnar áttu við Alþýðusamband Íslands fyrir nokkrum vikum síðan kom hið sama fram. Það hefur verið kjörin ný forusta í BSRB síðan frv. var fullfrágengið. Mér er ekki kunnugt um það hvort viðhorf núverandi forustu er það sama og fyrrverandi forustu til frv. en það verður kannað innan tíðar.

Sumarmánuðirnir munu verða nýttir til þess að fara vandlega yfir þetta frv. og þá útreikninga sem að baki því liggja og meta það síðan í september- eða októbermánuði hvort og þá með hvaða hætti það verður lagt fyrir næsta hv. Alþingi.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur H. Garðarsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir skýr svör um stöðu þessara mála og skil vel varúð hans í þessum efnum. En ég vil samt leggja áherslu á það að hann standi við það fyrirheit sem hann gaf með beinum og óbeinum hætti: að sú endurskoðun fari fram í sumar sem hann hefur hér lýst og að frv. til laga um starfsemi lífeyrissjóðanna verði lagt fram á næsta þingi.

Eftirgjöf opinberra gjalda Tímans og Nútímans, ein umr.

Fsp. MÁM, 498. mál. — Þskj. 996.

Fyrirspyrjandi (Matthías Á. Mathiesen):

Virðulegi forseti. Á þskj. 996 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til fjmrh. Í fyrsta lagi um eftirgjöf opinberra gjalda til Tímans og Nútímans hf.:

„1. Hversu mikil fjárhæð var gefin eftir af opinberum gjöldum dagblaðsins Tímans og Nútímans hf. til ríkissjóðs, þar með taldir dráttarvextir, aðgreint á þessa tvo skattaðila?

2. Hvenær var eftirgjöfin veitt og hvaða heimildir telur fjmrh. sig hafa til eftirgjafar opinberra gjalda þessara tveggja fyrirtækja?

3. Hvaða innheimtuaðgerðir hafði ríkissjóður haft uppi til innheimtu opinberra gjalda fyrirtækjanna áður en eftirgjöf fór fram?"

Að vissu leyti hefur komið fram í þeirri skýrslu sem hér var útbýtt á Alþingi í gær svar við þessum fyrirspurnum að hluta til, en ég á von á því að hæstv. fjmrh. endurtaki það hér ásamt og með öðrum þeim fyrirspurnum sem svar er ekki að finna við í skýrslunni, enda er ekki eðlilegt að í þessari skýrslu sé að finna svör við þeim atriðum sem hér eru umfram tölulegar upphæðir.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Eins og hv. fyrirspyrjanda er kunnugt, þá hefur það tíðkast um langt árabil að þegar ljóst er að fyrirtæki eru komin í greiðsluþrot eða gjaldþrot blasir við, þá meti innheimtumenn ríkisins það hvort eigi að reyna að ná inn hluta af þeim opinberu gjöldum sem fyrirtækin skulda með því að veita afslátt á hluta af skuldunum eða standa frammi fyrir því að ríkissjóður tapi öllu ella. Það mál sem hér er spurt um er þess vegna eitt af fjölmörgum slíkum málum sem komið hafa til meðferðar í fjmrn. á undanförnum árum og áratugum. Ég vil í því sambandi minna á að á árunum 1980–1987 voru alls 127 slík mál afgreidd í fjmrn. og frá árinu 1987 til 1989 samtals 44 slík mál. Eðli þeirra allra er í reynd hið sama: Þegar ljóst er að einstaklingar eða lögaðilar geta ekki staðið í skilum og eru að verða gjaldþrota, þá er um tvo kosti að velja. Annaðhvort að ríkissjóður tapi öllu sínu eða semja við viðkomandi um að fá hluta af peningunum til baka.

Af minni reynslu vil ég segja að það er sem betur fer ánægjulegt að ýmis fyrirtæki og einstaklingar vilja reyna að standa í skilum að einhverju leyti og eru þess vegna reiðubúin til samninga við fjmrn. og aðra til þess að geta þó reitt af hendi ákveðinn hluta skuldanna. Aðrir hins vegar hlaupa frá öllu, lýsa sig gjaldþrota og jafnvel stofna ný fyrirtæki á sama stað.

Hjá tollstjóranum í Reykjavík var gengið frá uppgjöri á launaskatti dagblaðsins Tímans fram til þess tíma að útgáfa NT hófst og Nútímans hf. með þeim hætti að höfuðstóll skuldar var greiddur en dráttarvextir voru felldir niður. Dagblaðið Tíminn greiddi 777.970 kr., en fékk dráttarvextina, 3.012.409 kr., fellda niður. Skuldin sjálf var sem sagt greidd en dráttarvextirnir felldir niður. Nútíminn hf. greiddi 1.856.657 kr. en fékk dráttarvextina, 3.397.311 kr., fellda niður.

Hjá Gjaldheimtunni í Reykjavík var gengið frá uppgjöri á skuldum Nútímans hf. á opinberum gjöldum. Voru greiddar 2.040.317 kr. en dráttarvextir, 2.145.533 kr., og innheimtukostnaður að upphæð 15.154 kr. felldir niður. Samtals voru því greiddar 4.674.944 kr. en 8.570.407 kr. voru felldar niður. Málið var afgreitt með bréfum til tollstjórans og Gjaldheimtu 12. des. 1988.

Það er skylda fjmrn. að sjá til þess að réttilega álögð gjöld og lögbundnir dráttarvextir af þeim innheimtist í ríkissjóð. Í þessari skyldu ráðuneytisins felst einnig sú eina heimild sem það hefur til að semja um greiðslufresti eða falla frá innheimtu hluta skuldar. Ef staða skuldara og trygging fyrir skattkröfu er það léleg að telja má víst að skuldin sé að verulegu leyti töpuð hefur ráðuneytinu verið talið heimilt um *langan tíma að ganga til samninga* við skuldara um greiðslufyrirkomulag skuldar og jafnvel falla frá hluta skuldarinnar gegn tryggingu fyrir greiðslu eftirstöðva. Og eins og ég gat um áðan hafa á þessum áratug verið gerðir um 170 slíkir samningar. Hafa slíkir samningar einkum þótt réttlætanlegir ef þeir eru liður í óformlegum nauðarsamningum eða víðtækara samkomulagi skuldara við lánardrottna. (Forseti hringir.) Ég er, virðulegi forseti, að ljúka svarinu.

Þannig er litið svo á að veigamikill munur sé á því annars vegar að fella niður af gjöldum gjaldfærs gjaldanda og hins vegar að taka innheimtuákvarðanir sem alltaf þarf að taka varðandi innheimtu skulda hjá aðilum sem sannanlega eru orðnir ógjaldfærir. Verður þá að hafa hliðsjón af þeim lagareglum sem gilda um greiðslu skulda á því stigi innheimtu sem um er að ræða. Það er á grundvelli þessara sjónarmiða sem hér hafa verið rakin að ákvörðunin í tilfelli Tímans og Nútímans var tekin.

Þann 30. sept. 1988 óskaði Gjaldheimtan í Reykjavík eftir því við borgarfógetann í Reykjavík að bú Nútímans hf. yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Málið var tekið fyrir í skiptarétti þann 15. nóv. 1988 en úrskurði um gjaldþrot frestað til 14. des. 1988. Þann 14. des. var úrskurði frestað til 18. jan. 1989. Ljóst var hins vegar af ítarlegum viðræðum sem fóru fram við forsvarsmenn fyrirtækisins og aðra þá aðila sem áttu fjármuni hjá fyrirtækinu hver rekstrarstaða þess var og fjölmargir aðilar gerðu einnig hliðstæðar ráðstafanir eins og ríkissjóður gerði til þess að ná inn hluta af þeim fjármunum sem úti stóðu. Ég er þess vegna þeirrar skoðunar að hér hafi verið, eins og í fjölmörgum öðrum slíkum tilvikum, um rétta ákvörðun að ræða til að tryggja það að út úr þessu þrotabúi mundi ríkissjóður engu að síður ná einhverjum hluta af þeim fjármunum sem hann átti inni hjá fyrirtækinu.

Fyrirspyrjandi (Matthías Á. Mathiesen):

Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. hefur svarað þessari fsp. Þar komu fram þær tölulegu upplýsingar sem er að finna í skýrslu Ríkisendurskoðunar, á bls. 10 og bls. 11, sem hér var útbýtt í gær. Það sýnir sig að það kemur fram hvernig að þessum málum hefur verið staðið og það kom einnig fram í ræðu hæstv. fjmrh. að fjmrn. hefur enga heimild til þess að gera þá hluti sem hér hafa verið gerðir.

Hæstv. fjmrh. orðaði það svo að fyrirspyrjanda væri kunnugt um hvernig staðið væri að slíkum hlutum þegar um gjaldþrot væri að ræða. Það væri þá um að velja að veita afslátt eða tapa kröfum. Síðan taldi hann upp og sagði að frá árunum 1980–1987 væri um að ræða 127 mál og svo frá 1987 til 1989 44. Hann sagði enn fremur að í mati á þessum samningum væri að finna þá einu heimild sem fjmrh. og fjmrn. teldi sig hafa.

Í fyrsta lagi vil ég gjarnan segja það að ég kannast ekki við að þannig hafi verið staðið að málum a.m.k. fyrir árið 1980 eða t.d. á árunum 1974–1978, þegar sá sem hér stendur gegndi embætti fjmrh. og sá hinn sami taldi sig ekki hafa heimildir til þess að fella niður eða semja um slíka hluti. Hann taldi sig að einu leyti hafa heimild. Það var að semja um með hvaða hætti skuld yrði greidd, með hvaða hætti tryggt væri að skuldin kæmi til greiðslu. Aðrar aðferðir í sambandi við það hvort viðkomandi væri fær um að gera það eða ekki, þá væru menn komnir út á þær brautir að meta á milli aðila hvernig fara skyldi með þá hluti.

Ég vildi láta þetta koma hér fram og segja að í slíkri fsp. og í umræðutíma slíkrar fsp. er að sjálfsögðu ekki hægt að fara í umræður um raunveruleika málsins eins og hann er og það mun ég ekki gera, heldur nýta mér það að síðar í dag verður umræða um skýrslu Ríkisendurskoðunar um málefni Sigló hf. o.fl. þar sem hægt verður að árétta þessi mál betur. Hitt liggur ljóst fyrir að hér hefur verið farið inn á þær brautir. Ráðherrann sagði að frá árunum 1980–1987, það er ekki í hans tíð, hafi verið veittur afsláttur, felldar niður kröfur í 127 málum og frá árunum 1987–1989 í 44 málum. Það sýnist vera þess vegna mjög eðlilegt að leitað verði eftir því að um þessi atriði verði gefin skýrsla hér á Alþingi og þá leitað eftir mati þeirra aðila sem fylgja eiga eftir þeim málum að framkvæmdarvaldið fari ekki út fyrir þann ramma sem löggjafarvaldið hefur sett því og fá þá fram óyggjandi svör við því hvort hér hafi verið og sé verið að fara út fyrir valdsvið framkvæmdarvaldsins eins og löggjafarvaldið hefur sett því þann ramma.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég ber yfirleitt mikla virðingu fyrir langri þingreynslu og þekkingu hv. fyrirspyrjanda, Matthíasar Á. Mathiesen. Þess vegna undrar mig nú nokkuð sú ræða sem hann flutti hér áðan og sérstaklega sú ályktun að nú verði að gera Alþingi grein fyrir því hvað hafi verið gert í þessum tilvikum frá árinu 1980 til 1987. Það vill nú svo til að það er nokkuð síðan að Alþingi var gerð ítarleg grein fyrir því. Það var gert vegna fsp. í nóv. 1987 frá Kjartani Jóhannssyni alþm. þar sem lögð var fram ítarleg og nákvæm skrá yfir þau tilvik rúmlega 120 sem ég nefndi hér áðan þannig að þau hafa legið ljós fyrir hér í þskj. í rúm tvö ár. (**Gripið fram í:** Það vantar 1974–1978.) Ég get svo sem leitað í gögnum fjmrn. fyrir það tímabil, en ég vek hins vegar athygli á því að hv. þm. Matthías Á. Mathiesen sat í ríkisstjórn fjögur ár á þessu tímabili ef ekki lengur og ætti þess vegna að vera mjög kunnugur bæði hér á Alþingi og í Stjórnarráðinu. En hitt vildi ég segja hér að það þarf ekkert að óska eftir því að Alþingi verði gerð grein fyrir þessum málum vegna þess að sú greinargerð er búin að liggja fyrir hér í prentuðum þskj. í rúm tvö ár.

Varðandi síðan tímabilið frá 1987 þá eru, ef ég man rétt, um það bil tveir mánuðir frá því að ég lagði fram nákvæma hliðstæða skrá á fundi fjvn. þar sem fólst heildarsamanburður við tímabilið frá 1980–1987. Yfir þessum málum er þess vegna engin leynd. Þau hafa legið fyrir ýmist hér í prentuðum þskj. á Alþingi fyrir sjö ár, frá 1980 til 1987 og í formlegri greinargerð til fjvn. fyrir árin 1987–1989.

Fyrirspyrjandi (Matthías Á. Mathiesen):

Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. virðist ekki hafa áttað sig á því um hvað mín ræða snerist. Hún snerist um það hvort fjmrn. hefði farið út fyrir sitt valdsvið og þá skipti engu máli hvort upplýsingar um eftirgjöf lægju hér fyrir eða ekki. Mér var kunnugt um fsp. Kjartans Jóhannssonar á sínum tíma og mér er líka kunnugt um að leitað hafi verið eftir því að fá svör við ákveðnum fsp. sem ekki hefur verið hægt að fá.

Atriðið er hins vegar þetta: Fer fjmrn. hér með sitt vald innan þess ramma sem löggjafinn hefur sett eða gerir það það ekki? Það þarf að fá svar við þeirri fsp. og mat á þeim aðgerðum.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það er alveg sjálfsagt að fá mat á þeim atriðum. Hann er hins vegar nokkuð síðbúinn þessi áhugi hv. þm. Matthíasar Á. Mathiesen á að fá það mat vegna þess að mér er ekki kunnugt um að hann hafi hér í þingræðum í þau tvö ár síðan þessar upplýsingar voru lagðar fram hér sem þingskjöl óskað eftir því að það mat færi fram né að hann hafi gert það í þau fimm ár sem hann sat í ríkisstjórn. En ég fagna vissulega þessum síðbúna áhuga hans á því að láta kanna þetta formlega allt saman og vonandi getum við gert það í sameiningu því að ekki veitir nú af að Sjálfstfl. fari nú loksins að hafa áhuga á „reformasjón“ í þessum efnum.

Blóma- og grænmetisframleiðendur, ein umr.

Fsp. MF, 496. mál. — Þskj. 932.

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Á þskj. 932 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. landbrh. um setningu reglugerðar varðandi innflutning blóma og grænmetis.

Á undanförnum árum hefur ræktun blóma og grænmetis hér á landi stóraukist og aukin notkun raforkulýsingar í gróðurhúsum gert það að verkum að sá tími sem innlend blóm og grænmeti er á boðstólum hefur lengst verulega. Því skyldi maður ætla að dregið hefði verulega úr innflutningi á þessari vöru til landsins en svo er ekki. Innflutningur afskorinna blóma og pottablóma hefur á undanförnum árum færst verulega í vöxt og það sama gildir um innflutning grænmetis. Tollar og skattar á þessum innflutningi lækkuðu og söluskattur var settur á innlenda framleiðslu. Samkeppnisstaða innlendrar garðyrkju er því afar slæm og það kemur jafnvel fyrir að innlendir garðyrkjubændur sitja uppi með framleiðslu sína þar til hún skemmist vegna þess að kaupmenn kjósa að selja fyrst innflutning og láta innlenda framleiðslu sitja á hakanum og verða garðyrkjubændur þá oft fyrir ómældu tjóni.

Það skýtur skökku við á þessum erfiðu tímum í atvinnulífi landsins að þá skulum við æ ofan í æ með því að heimila innflutning á vöru sem við getum framleitt sjálf stuðla að því að atvinnuöryggi þeirra sem þó hafa atvinnu er í verulegri hættu. Íslensk grænmetis- og blómaframleiðsla stenst fyllilega samanburð við erlenda framleiðslu og hefur notið velvildar neytenda sem hrein og ómenguð vara. Innflutt blóm og grænmeti flytja með sér alls konar óþverra, sjúkdóma og meindýr. Það hlýtur að vera stefna okkar að koma í veg fyrir slíkt og því spyr ég hæstv. landbrh.:

1. Hvenær er að vænta reglugerðar um innflutning grænmetis og blóma og hvaða almennar reglur verða í gildi á næstunni um þann innflutning?

2. Er að vænta aðgerða á næstunni af hálfu ríkisstjórnar til að styrkja samkeppnisstöðu og bæta starfsskilyrði innlendrar blóma- og grænmetisframleiðslu?

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegur forseti. Hv. fyrirspyrjandi spyr í fyrsta lagi, hvenær sé að vænta reglugerðar um innflutning grænmetis og blóma. Því er til að svara að viðamikil reglugerð hefur verið í undirbúningi og vinnu í vetur sem lýtur að þessum málum, sérstaklega þó sjúkdómavörnum og eftirliti sem tengist innflutningi á grænmeti og blómum.

Sú reglugerð var nánast fullbúin og var væntanleg til ráðuneytisins í byrjun aprílmánaðar, en því miður tókst svo til að þegar verkfall háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna skall á, þá stöðvaðist vinna við lokafrágang reglugerðarinnar og við það situr þangað til sú deila leysist. Því miður.

Að hinu leyti, hvaða almennar reglur verða í gildi á næstunni um þennan innflutning, þ.e. innflutning grænmetis og blóma, þá verða viðhafðar sömu reglur og í gildi hafa verið undanfarin ár, þ.e. sérstök nefnd skipuð fulltrúum innflytjenda, framleiðenda og ráðuneytisins fjallar um þessi innflutningsmál og henni verður uppálagt að takmarka innflutning algerlega við þær tegundir sem ekki eru framleiddar og fáanlegar hér innan lands á komandi sumri. Og ég mun beita mér fyrir því að þeim reglum verði framfylgt. Innflutningur verður því væntanlega mjög óverulegur á þessum vörum og eingöngu þær tegundir sem alls ekki eru fáanlegar hér innan lands. Ég vil taka það fram af gefnu tilefni, þó að það komi ekki við þetta mál, að það vill svo vel til að forræði í þessu efni er að fullu og öllu á vegum landbrn. og þarf ekki neinar skógarferðir til að koma þeim málum í höfn.

Þá er að lokum spurt: Er að vænta aðgerða á næstunni af hálfu ríkisstjórnar til að styrkja samkeppnisstöðu og bæta starfsskilyrði innlendrar blóma- og grænmetisframleiðslu? Svarið er það að þau mál hafa verið til athugunar, m.a. í framhaldi af þeim skattkerfisbreytingum sem veruleg áhrif hafa haft á samkeppnisstöðu innlendu framleiðslunnar á þessu sviði. Eins og kunnugt er var hér um áramótin framlengt til eins árs ákvæði um 30% innflutningstolla á þessari vöru og ætlunin er að nota þetta ár til að skoða samkeppnisstöðu og starfsskilyrði innlendu framleiðendanna á þessu sviði. Ég geri ráð fyrir því að innan fárra daga taki til starfa sérstök nefnd sem á að skoða þessi mál, þar með talin tollamál, skattamál, rekstrarskilyrði og markaðsaðstæður innlendu framleiðslunnar. Fyrir því er veruleg ástæða. Hér á í hlut einn af vaxtarbroddum landbúnaðarins og innlendrar framleiðslu af þessu tagi og sjálfsagt mál er að reyna að hlúa að honum svo sem kostur er. Ég held að það leiki ekki á því vafi að skattkerfisbreytingar undanfarinna ára hafa að mörgu leyti gert samkeppnisstöðu þessara greina lakari en hún áður var og þá þarf að skoða það sérstaklega hvernig unnt er að bregðast við því og ætlunin er að sérstök nefnd fjalli um það verkefni nú í vor og sumar.

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. svör hans og fagna því sem fram kom í því svari að hert verði eftirlit með innflutningi blóma og þeirrar framleiðslu sem við stundum sjálf í sumar, en tel þó að hægt hefði verið, og betra reyndar, að lýsa því yfir að allur innflutningur blóma og grænmetis í sumar og þann tíma sem við erum með þessa framleiðslu á markaði yrði stöðvaður. Ég vil aðeins ítreka að það er hagur okkar allra að styrkja stöðu innlendrar grænmetis- og blómaframleiðslu og verða sjálfum okkur nóg og draga úr hættu á útbreiðslu nýrra sjúkdóma og skordýra sem fylgja innfluttum blómum og grænmeti og auka þörfina á notkun eiturefna þar sem við höfum haft í gildi reglugerð sem hefur haldið nokkuð vel á þeim málum.

Ég vil svo bara að lokum lýsa líka ánægju minni með það að þessi reglugerð, sem hefur verið í smíðum og er nú stopp vegna verkfalls, en ég held að hafi þó í raun átt að vera tilbúin um síðustu áramót og jafnvel fyrr, sé nú loksins að sjá dagsins ljós og einnig

með þá tillögu landbrh. að fylgjast með störfum þeirrar nefndar sem á að hafa eftirlit með innflutningi blóma því að eftir því sem næst verður komist mun ekki veita af að landbrh. sem hefur allt þetta í hendi sér eða landbrn. fylgi vel eftir að þeim reglum sem settar hafa verið verði framfylgt.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegi forseti. Ég vil bara sérstaklega undirstrika að einmitt þeirri reglugerð sem hér var gerð að umtalsefni, bæði af mér og hv. fyrirspyrjanda, er ætlað að setja miklu skýrari reglur og strangari um innflutning á þessum vörum því að það er enginn vafi á því að það er veruleg áhætta tekin fyrir hvers kyns innlenda framleiðslu á grænmeti og blómum og öðrum slíkum hlutum með þeim innflutningi sem viðgengst hluta úr árinu. Til viðbótar þeirri áhættu, sem sjálfsagt verður alltaf samfara slíkum innflutningi, þá er það því miður svo að við erum að ýmsu leyti ekki nógu vel í stakk búin til að skoða þá vöru sem kemur inn í landið og ganga úr skugga um að með henni berist ekki sjúkdómar eða einhvers konar kvikindi sem skaðleg gætu orðið.

Því miður er sjálfsagt að einhverju leyti þegar orðið tjón sem hugsanlega hefði mátt komast hjá með strangari reglum og meiri skoðun í þessum efnum, en ætlunin er sem sagt að bæta úr því, m.a. með þessari reglugerð, og það verður gert svo fljótt sem aðstæður leyfa að hún verði sett.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vildi aðeins þakka fyrirspyrjanda, hv. 4. þm. Suðurl., fyrir að leggja fram þessa fsp. og taka undir þakklæti hennar til hæstv. landbrh. fyrir svörin. Ég vil aðeins staðfesta að það sem hér kom fram í máli hv. fyrirspyrjanda er rétt, að þessi atvinnugrein á undir högg að sækja. Hún er í erfiðri samkeppnisaðstöðu og því er það mikilvægt að þessi mál séu tekin föstum tökum og reynt að finna leiðir til þess að skapa þeim betri rekstrarskilyrði, m.a. með eftirliti með þeim innflutningi á þeirri viðkvæmu vöru sem hér er um að ræða eins og t.d. afskorin blóm sem í stórum stíl hafa verið flutt inn á sama tíma og framleiðsla afskorinna blóma er fyrir hér í landinu, þó kannski sé um að ræða aðrar tegundir blóma.

En ég vildi aðeins með stuttri athugasemd lýsa þakklæti mínu fyrir að fyrirspyrjandi hefur lagt þessa fsp. fram og að þessi mál eru í athugun í landbrn. og ég treysti því að sú athugun skili sér í betri aðstöðu fyrir þessa atvinnugrein í framtíðinni.

Kvikmyndin „Lífsbjörg í norðurhöfum", ein umr.

Fsp. KP, 486. mál. — Þskj. 873.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason):

Hæstv. forseti. Á þskj. 873 hef ég leyft mér að leggja fram fsp. til hæstv. sjútvrh. um kvikmyndina „Lífsbjörg í norðurhöfum." Fsp. er svohljóðandi:

„Hefur ríkisstjórnin eða sjávarútvegsráðuneytið styrkt eða boðist til að styrkja kvikmynd Magnúsar Guðmundssonar, „Lífsbjörg í norðurhöfum"? Ef svo er ekki, hyggst ríkisstjórn eða ráðuneyti gera það síðar?"

Þessu þarf í sjálfu sér ekki að fylgja eftir með miklu lengra máli. Öllum þingheimi er ljóst að nokkur umræða hefur orðið um þessa kvikmynd, ekki bara hér heldur og víða um heiminn, um hana trúlega deildar meiningar að einhverju leyti, en líka um það spurt: Hver borgar?

Um það heyrast líka sögur. Það hefur verið sagt, án þess að ég vilji neitt um það fullyrða, að stjórnvöld hafi með einhverjum hætti stuðlað að framgangi þessarar kvikmyndunar. Því hefur líka verið neitað af hálfu viðkomandi einstaklings sem sér um þessa kvikmynd og mér finnst rétt í ljósi þessa að fá um það svör frá stjórnvöldum eða hæstv. sjútvrh. hvort hér sé um það að ræða að stjórnvöld eða ráðuneyti, eitt eða fleiri, hafi með einhverjum hætti greitt fyrir að þessari mynd var á laggir komið.

Ég vil taka það sérstaklega fram að ég er ekki að bera þessa fsp. fram til þess að gagnrýna þó að slíkt hefði verið gert, en ég tel rétt að a.m.k. fólkið í landinu fái um það vitneskju með hvaða hætti þetta var gert.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Sjútvrn. hefur tvívegis veitt Magnúsi Guðmundssyni ferðastyrki að upphæð 200 þús. kr. í hvort sinn vegna efnisöflunar um útveg og lífshætti á norðurslóðum. Ráðuneytið vill af þessu tilefni taka fram að eftir að Fiskimálasjóður hætti styrkveitingum á sviði sjávarútvegs hefur orðið mikil aukning umsókna til ráðuneytisins um styrki vegna áhugaverðra tilrauna og kynningarefnis á sviði sjávarútvegs. Þrátt fyrir takmörkuð fjárráð hefur ráðuneytið reynt að veita stuðning til málefna af þessu tagi fremur sem viðurkenningu á málefninu en til eiginlegrar fjármögnunar. Í þessu sambandi má benda á að fyrir Alþingi liggur nú frv. til l. um viðauka við Fiskveiðasjóð Íslands er felur í sér að Fiskimálasjóður verður formlega lagður niður, en þess í stað stofnuð þróunardeild við Fiskveiðasjóð Íslands sem kemur til með að sinna lán- og styrkveitingum til ýmissa verðugra nýjunga og tilrauna á sviði sjávarútvegs.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Ég hygg að þau séu tæmandi og ekki hafi verið um meira að ræða að því er þetta varðar. Mín spurning er þá sú í framhaldi . . . (**StG:** Því miður.) Já, ég get tekið undir það með hv. þm. Stefáni Guðmundssyni. En ég spyr þá í framhaldi: Hefur á nokkurn hátt verið greitt fyrir því að koma þessari mynd á framfæri af hálfu

stjórnvalda eða ráðuneyta með öðrum hætti heldur en þær 400 þús. sem hæstv. sjútvrh. greindi hér frá? Ég hygg að svo muni vera án þess að ég vilji neitt um það fullyrða og vildi því gjarnan að hæstv. ráðherra eða — ja, um aðra ráðherra er ekki að ræða — jú, hæstv. menntmrh. er hér líka — ef hæstv. ráðherrar gætu upplýst það hvort hér væri um fleiri möguleika að ræða sem nýttir hefðu verið til þess að koma þessari mynd á framfæri sem ég tel að hafi styrkt stöðu okkar Íslendinga að því er varðar deiluna við grænfriðunga og þau öfgaöfl sem þar hafa oft og tíðum ráðið ferðinni í þessum efnum.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Mig langar aðeins til þess að bæta við fsp. hv. þm. til ráðherra um það hvort sjútvrn. eða önnur ráðuneyti hafi lagt til myndefni sem sé í vörslu ráðuneytis til þessarar myndar. Þetta gengur manna á meðal og það er nauðsynlegt að fá svar við þessari spurningu. Ég er ekki að gagnrýna það ef svo er, heldur bara það að almenningur í landinu viti um það á hvern hátt þessi mynd hefur verið byggð upp með stuðningi stjórnvalda.

Hitt er líka almannarómur að kvikmyndaframleiðandinn sé styrktur jafnvel af utanrrn. til þeirra ferðalaga sem hann er í núna. Hæstv. utanrrh. er ekki hér inni þannig að ég er ekki að óska eftir svari við þessu, en allt svona umtal er æskilegt að sé upplýst, ekki vegna þess endilega að við séum að gagnrýna þessa mynd og það er ég ekki að gera, heldur það að mál eins og þetta, sem er mjög til umræðu í þjóðfélaginu eins og allir vita, sé nægilega upplýst þannig að það séu ekki einhverjar sögur á ferli sem ekki eru sannleikanum samkvæmar.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Af gefnu tilefni skal tekið fram að menntmrn. hefur ekki eftir 28. sept. 1988 lagt fram fé til myndar þessarar né heldur hefur hún hlotið náð fyrir augum stjórnar Kvikmyndasjóðs. Tvisvar sinnum hefur verið óskað eftir því að Kvikmyndasjóður styrkti gerð myndarinnar en stjórn sjóðsins hefur ekki talið sér fært að verða við þeim beiðnum.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er ekki bein spurning vegna þessarar 400 þús. kr. fjárveitingar í þessa verðugu nýjung í málefnum sjávarútvegs, heldur langar mig til þess að vita hvort þetta sé e.t.v. viðtekin venja hjá ráðuneytum að styrkja kvikmyndagerð og þá með tilliti til þess að það eru frekar rýrar fjárveitingar í Kvikmyndasjóð.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegi forseti. Sjútvrn. styrkir ekki kvikmyndagerð. Hins vegar hefur sjútvrn. smávægilegt fjármagn til markaðsleitar og kynningarstarfs og ég tel að það hafi verið eðlilegt að aðstoða þennan einstakling til þess að afla sér upplýsinga um mál þessi.

Að því er varðar það sem hv. þm. Skúli Alexandersson spurði hér um, þá er það rétt að á vegum sjútvrn. var gerð stutt kynningarmynd á rannsóknaraðstöðu Íslendinga fyrir alllöngu og þessi aðili fékk þessa mynd eins og margir aðrir, efni úr henni hefur verið notað víða. Ég tek eftir því í þessari mynd að efni úr þeirri mynd sem ég nefndi er notað og þess getið sérstaklega í heimildum sem koma fram í lok myndarinnar eftir því sem ég best man. Annað var ekki spurt hér um og vænti ég þess að fsp. sé þá svarað.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Hér fer fram raunaleg umræða. Nýlega sagði umræddur framleiðandi margumræddrar kvikmyndar að hann hefði enga opinbera styrki fengið til gerðar þessarar kvikmyndar. Það er eftir öðru sem sagt hefur verið um þessa kvikmynd.

Nú hefur komið í ljós að 400 þús. í grjóthörðum peningum hafa verið veittar af hálfu sjútvrn. til öflunar efnis og ég vil spyrja hæstv. ráðherra, hvaða efnis? Helmingurinn af þessari kvikmynd er lánaður, þ.e. efni myndarinnar er lánað frá Hafrannsóknastofnun, úr kvikmyndasafni þess. Afgangurinn er fenginn að láni hjá samtökunum Greenpeace á fölskum forsendum.

Þetta mál er satt að segja ein raunasaga. Það getur vel verið að hún hafi gagnast Íslendingum í þeirra ranga málstað varðandi umhverfismál í heiminum. Það fer þá vel á því að lygi og svik og falsanir sé notað til styrktar röngum málstað. Það er við hæfi og hæfir þar skel kjafti.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Það væri nú ástæða til þess að gera meira en stutta athugasemd eftir ræðu hæstv. forseta Sþ. Ég verð að segja það að ég fagna þessari yfirlýsingu sem hér kom frá hæstv. sjútvrh. um það lítilræði sem hrokkið hafði frá ráðuneytinu til gerðar þessarar myndar og í mínum huga hefði sú upphæð mátt vera miklu og mun stærri. Þetta er vissulega gott framtak hjá ungum manni, Magnúsi Guðmundssyni, og með gerð þessarar myndar hefur okkur vissulega tekist eða honum að snúa umræðunni að nokkru okkur í vil og slá á þá öfgahópa og það öfgafólk sem því miður er bæði hér innan veggja og annars staðar í þessu máli. Ég vil segja það, og það skulu vera mín síðustu orð, að svo vissulega þyrfti Magnús Guðmundsson að fá ríflegri styrk en hann hefur fengið til þess að framleiða þessa kvikmynd.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegi forseti. Ég vil að gefnu tilefni taka það fram að ég sagði það hér áðan að sjútvrn. hefur ekki styrkt kvikmyndagerð. Það styrkti hins vegar þennan mann til þess að afla sér upplýsinga um þessi mál á norðurslóð og það var það sem ég sagði. Hvað hann hefur sagt annars staðar vil ég ekkert um segja, en það hefur einhvern tíma verið ástæða til þess úr forsetastól að gera athugasemdir við það þegar bornar eru lygar og svik á aðila sem ekki eru hér í þingsölum.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég verð að taka mjög sterklega undir þau ummæli sem hæstv. sjútvrh. viðhafði hér í lokin. Ég kom hér inn í húsið og heyrði forseta Sþ. í ræðustóli og þau ummæli sem hún viðhafði. Ég vissi nú satt að segja eiginlega ekki hvar ég var staddur eða hvað var hér á seyði. Ég minnist þess eiginlega ekki að hafa heyrt slík ummæli falla hér átölulaust í þessum ræðustól. Ýmislegt hefur maður nú heyrt, en ég held að ég hafi ekki heyrt svona munnsöfnuð, leyfi ég mér að segja, áður. Mér þykir þetta miður.

Ég vil lýsa ánægju með að þessi fsp. skyldi hafa komið hér fram. Ef eitthvað er, þá eigum við að gera fleiri kvikmyndir af þessu tagi og kynna málstað okkar betur en við höfum gert í þessu efni án þess að ég fari út í þá umræðu frekar hér.

Níels Árni Lund:

Virðulegur forseti. Vegna þeirra umræðna sem hér hafa farið fram vil ég nota tækifærið til þess að lýsa yfir ánægju minni með það að sjútvrn. skyldi hafa styrkt þennan mann til kynnisferðar varðandi þá gagnaöflun sem fram fór vegna kvikmyndarinnar. Ég er það kunnugur íslenska stjórnkerfinu að ég veit að oft hefur það komið fyrir að einstaklingar hafa fengið ferðastyrki til einna eða annarra verkefna, hvort sem það er í kynnisferðir, námsferðir eða eitthvað því um líkt og ég tel að í þessu tilfelli hafi þetta nýst afskaplega vel. Það er búið að hamra á því í gegnum tíðina að Íslendingar hafi staðið sig slaklega í að kynna sinn málstað þarna og því finnst mér það vera nánast furðulegt þegar loksins hefur komið eitthvað bitastætt fram í þeim efnum að menn skuli hér í þingsölum sem annars staðar varla halda vatni yfir því að svo skuli hafa verið gert.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason):

Hæstv. forseti. Mér þykir menn höggva stórt af ekki meira tilefni en hér gefst til. Ég held að hæstv. forseti Sþ. hljóti að hafa hlaupið á sig. Hafi hann ekki gert það í orðavali er þar um öfgaflutning að ræða í orðavali, algerar öfgar eins og menn tala í þeim herbúðum. Og ég tek undir með hv. þm. Eiði Guðnasyni. Einhvern tíma hefði nú klingt í bjöllu hefði óbreyttur þingmaður hagað orðavali með þessum hætti.

Ég a.m.k. frábið mér að hér hafi farið fram raunaleg umræða um þessi mál. Er það ekki réttur skilningur gagnvart þingheimi að hann eigi að fá réttar og sannar upplýsingar í þeim efnum sem verið er að gera hverju sinni, hvort sem mér eða einhverjum öðrum þingmanni líka þær betur eða verr? Það er bara allt annar hlutur. Ég mótmæli því harðlega, a.m.k. að því er mig varðar, að málstaður Íslendinga í þessu máli sé fals og lygar. Ég mótmæli slíku harðlega. Og ég tek undir með þeim mönnum, sagði það raunar fyrr, sem segja að þessi fsp. er ekki sett fram til þess að gagnrýna að stjórnvöld hafi sett fjármagn í þessa mynd. Ég er þeirrar skoðunar að menn ættu kannski að gera meira af því til þess að kynna málstað Íslendinga að því er þetta varðar.

Ég fagna þessu hjá hæstv. sjútvrh. Ég hélt raunar að það hefði verið gert eitthvað meira af hálfu annarra ráðuneyta. Um það skal ég ekkert segja og vil ekkert fullyrða. En eigi að síður: Ég fagna þessari umræðu. Málið er komið á hreint. Það hefur gerst og það er það sem þjóðin vill vita.

Matthías Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég held að yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar hafi verið mjög ánægður með að það réttist nokkuð úr málstað Íslands eftir þessa kvikmynd. Það má auðvitað að þessari kvikmynd eitthvað finna eins og öllu öðru sem menn gera.

Ég fyrir mitt leyti gagnrýni ekki sjútvrh. fyrir að hafa styrkt þessa starfsemi heldur öfugt. Ég er þakklátur honum fyrir það. En ég er ákaflega lítið þakklátur Magnúsi Guðmundssyni fyrir að þræta fyrir að hafa fengið slíkan styrk. Það finnst mér vera vatn á myllu andstæðinga okkar í þessu eins og þarna hafi verið óhreint mjöl í pokanum sem ekki er. Þá kemur það upp eins og fyrri daginn að það er ávallt öllum fyrir bestu að segja satt og skilmerkilega frá.

Ég tel að sjútvrh. hafi gert rétt með þessari styrkveitingu og ég tel að við þurfum að halda áfram okkar baráttu að rétta hlut okkar yfir þeim öflum sem eru að vinna að því að eyðileggja íslenska markaði.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil taka fram að í þessu ávarpi mínu felst það að ég er ekki fyrst og fremst forseti Sþ. nema þegar ég sit í þessum stól. Ég er þingmaður í Sþ. þegar ég tek þátt í umræðu. Ég vænti þess að hv. þingheimur skilji það.

Þetta mál snýst um ofur einfalda hluti. Hafa einstök ráðuneyti leyfi, hafa þau fjárframlög á fjárlögum til þess að nýta fé og það verulegt fé í hluti eins og þessa til framdráttar málstað sem viðkomandi ráðherrar telja réttan hverju sinni? Það kynni vel að vera að hv. Alþingi væri ekki sammála umræddum ráðherra í ýmsum þeim málum sem hann og einstakir ráðherrar kynnu að vilja styrkja. Hvar endum við ef einstök ráðuneyti taka sér það bessaleyfi að styrkja alls kyns einkaframtak ef þeir halda hverju sinni að það þjóni þeirra eigin málstað? Um það snýst þetta mál.

Það er ósköp ánægjulegt fyrir kvikmyndagerð í landinu ef einstök ráðuneyti ætla að sýna listræna tilburði og styrkja kvikmyndagerð, en það er nú einu sinni, eins og hæstv. menntmrh. tók fram hér áðan, verkefni Kvikmyndasjóðs.

Eftir stendur, og svo geta menn gagnrýnt það sem ræðumaður sem hér stendur sagði áðan, að hér hafa komið fram ósannindi í málflutningi um þessa mynd. Ég þakka hv. 3. þm Vestf. fyrir að leiða það í ljós, en menn þurfa ekki að fyrtast við þó á það sé bent að fram hafi komið ósannindi. Það getur vel verið að þau séu í augnablikinu vinsælli en sannleikurinn, en ég kýs heldur óvinsælan sannleik en vinsæla lygi.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Að gefnu tilefni og þeirrar gagnrýni sem forseti hefur fengið fyrir að gera ekki athugasemdir við ummæli hv. 13. þm. Reykv. í fyrri athugasemdum hennar vill forseti taka það fram að það er erfitt fyrir forseta á hverjum tíma ef hann ætlar að hafa afskipti af málefnalegum ræðum hv. þm. Hins vegar virðist vera að þingheimur hafi ekki heyrt þegar hún skaut því inn í þeim viðbrögðum sem komu í þingsalnum að aðgát skuli höfð í orðavali. Þetta á við um okkur öll á hverjum tíma. Þetta vildi forseti aðeins láta koma fram að gefnu tilefni.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég ætla bara að leyfa mér að þakka hæstv. sjútvrh. fyrir að styrkja gott málefni því málefni þessarar umræddu myndar varðar grundvallaratriði í samskiptum þjóða vegna þess að á sama hátt og frjálsræði borgarans er grundvallaratriði í lýðræðisríki er frjálsræði þjóðanna til að ákveða málefni sín sjálfar grundvallaratriði í samskiptum þjóðanna. Allar hótanir og þvinganir, þrýstihópar um að þjóðin skuli ekki gera eins og meiri hluti þjóðarinnar vill eru hreinlega þvinganir eða hótanir sem ekki samrýmast lýðræðislegum stjórnarháttum.

Það er kannski stigsmunur á ofbeldisaðgerð hvort það er hótun um að fremja einhvers konar efnahagslegt tjón eða hvort það er hótun um eitthvað verra. Mér finnst þessi mynd mjög góð og ég vona því að íslensk stjórnvöld standi vel að baki kynningu myndarinnar.

Ráðstafanir vegna stöðvunar hrefnuveiða, ein umr.

Fsp. KP, 391. mál. — Þskj. 730.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason):

Virðulegi forseti. Á þskj. 730 hef ég lagt fram fsp. til hæstv. sjútvrh. um ráðstafanir vegna stöðvunar hrefnuveiða. Fyrirspurnin er á þessa leið:

„Hyggst ríkisstjórnin engar ráðstafanir gera til að rétta hlut þess fjölda einstaklinga sem orðið hefur fyrir fjárhagsörðugleikum vegna stöðvunar hrefnuveiða um alllangan tíma?"

Það þarf ekki að rifja upp fyrir þingheimi að hrefnuveiðar hafa ekki verið leyfðar um nokkurn tíma, en augljóslega af því hlotist ýmis vandamál og vandkvæði. Fjöldi einstaklinga og heilar fjölskyldur í heilum byggðarlögum hafa byggt á þessari atvinnugrein og hafa því orðið að lúta í lægra haldi að því er varðar það að afla heimilum tekna til framfærslu. Stjórnvöld hafa gripið inn í hliðstæð tilvik eins og t.d. með lagmetisiðnað, með refarækt og minkarækt. Ég hygg að hér sé sambærilegt á ferðinni og finnst eðlilegt að stjórnvöld líti til þessa fólks líka. Þarna er um að ræða fólk sem margt hvert býr á landsvæði sem á í mjög miklum erfiðleikum, eins og t.d. á Barðaströndinni sem hefur mikið og nánast allt lífsframfæri af þessu en hefur orðið að lúta í lægra haldi vegna þessara ákvarðana. Nú er fullyrt að meira magn af hrefnu sé í sjónum en nokkurn hafi órað fyrir og ástæða til þess að athuga sérstaklega hvort ekki er kominn tími til þess að leyfa hrefnuveiðar að nýju a.m.k. og ekki síður að athuga hitt hvort stjórnvöldum er ekki nánast skylt að grípa inn í til að bæta það tjón sem einstaklingar hafa orðið fyrir vegna þessarar stöðvunar.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Fram til ársins 1985 voru lengst af gerðir út níu bátar til hrefnuveiða. Aðrir bátar höfðu ekki aðgang að þessum veiðiskap þó ýmsir hefðu sótt um slík leyfi. En þeir eru eftirfarandi: Eygló NK-28 Neskaupstað, Faldur ÞH-153 Þórshöfn, Fjóla BA-150 Brjánslæk, Gissur hvíti ÍS-114 Brjánslæk, Hafrún ÍS-154 Súðavík, Njörður EA-208 Akureyri, Nökkvi HU-15 Blönduósi, Sigurbjörg ST-55 Hólmavík og Sólrún EA-155 Árskógsströnd. Samtals höfðu bátarnir leyfi til veiða á 147 hrefnum 1985.

Þegar hrefnuveiðar voru stöðvaðar eftir vertíðina 1985 var hrefnubátunum beint til almennra fiskveiða allt árið. Óskuðu eigendur bátanna eftir því við sjútvrn. að þeirra botnfiskveiðiheimildir yrðu endurskoðaðar vegna hrefnuveiðibannsins. Ráðuneytinu var strax ljóst að tjón hrefnuveiðimanna og þeirra sem að hrefnuskurði unnu var tiltakanlegt og vandséð hvernig það mætti bæta þannig að hlutaðeigandi teldu viðunandi. Jafnframt varð ráðuneytið að gæta þess að botnfiskkvótar hrefnuveiðibáta hækkuðu ekki óeðlilega miðað við kvóta sambærilegra fiskibáta sem ekki höfðu haft aðgang að hrefnuveiðum og notið þeirra réttinda. Ráðuneytið endurreiknaði aflamark hrefnubátanna í þeim tilgangi að leggja mat á hvaða aflamörk þeir hefðu haft hefðu þeir ekki stundað hrefnuveiðar á viðmiðunarárunum. Var það gert með þeim hætti að fundinn var afli sambærilegra báta á sama svæði á þeim tíma sem hrefnuveiðar voru stundaðar. Þessar áætluðu aflatölur voru síðan felldar inn í sumarmánuði viðmiðunaráranna hjá hrefnubátunum og þeim reiknað nýtt aflamark á þeim grunni. Tekið skal fram að til viðmiðunar hrefnubátunum völdust hagstæðir viðmiðunarbátar.

Þessi endurskoðun leiddi ekki til mikillar aukningar á aflamarki hrefnubáta einfaldlega vegna þess að sumarafli á viðmiðunarárum hjá bátum af þessari stærð var ekki mikill og er ekki ástæða til að ætla að hann hefði verið meiri hjá hrefnubátunum hefðu þeir stundað botnfiskveiðar á viðmiðunarárunum. Þrátt fyrir aukningu á aflamarki sem af þessari endurskoðun leiddi munu fæstir hafa valið aflamark þar sem sóknarmark var þeim hagstæðari kostur. A.m.k. einn bátur fékk leyfi til skelveiða og annar flokkaður sem bátur minna en 10 brúttólestir.

Rétt er að taka fram að skip sem hætta sérveiðum, t.d. rækju og skel, eða fá slík leyfi eru endurreiknuð í aflamarki á sama hátt og að framan er lýst. Einnig

skal tekið fram að bátar sem hrefnuveiðar stunduðu voru aldrei skertir í aflamarki vegna hrefnuveiðanna eins og bátar sem aðrar sérveiðar stunda.

Þótt það sé alveg ljóst að þessir aðilar hafi orðið fyrir tiltakanlegu tjóni er ég þeirrar skoðunar að það verði aldrei að fullu bætt nema það takist að taka þessar veiðar upp að nýju með eðlilegum hætti í framtíðinni. Að því hljótum við að vinna að þessi auðlind sé nýtt eins og aðrar auðlindir og er þá eðlilegt að þeir aðilar sem þessar veiðar stunduðu njóti þá forgangs.

Matthías Bjarnason:

Virðulegi forseti. Mér er kunnugt um að margir þeir aðilar sem hrefnuveiðar stunduðu eru langt frá því að vera ánægðir með þær ráðstafanir sem gerðar voru þegar hrefnuveiðar voru bannaðar. Hitt er það sem skiptir höfuðmáli að mínum dómi að hrefnustofninn hér við landið er talinn vera um 20 þúsund dýr. Og hversu lengi á að hætta að veiða úr þessum gífurlega mikla stofni? Það er það sem skiptir máli. Hvenær ætlar hæstv. sjútvrh. að taka ákvörðun um að leyfa hrefnuveiðar við landið? Hvað er það sem tefur þessa ákvarðanatöku? Menn sem þessar veiðar hafa stundað og vinnslu spyrja og eru alltaf að spyrja: Hvenær verður ákvörðun tekin? Hvað er á móti því að taka slíka ákvörðun? Sjútvrh. lét að því liggja á sl. vetri að það yrði tekin ákvörðun um hrefnuveiðar í sumar. Við höfum ekkert heyrt svo frekar um það og menn spyrja víðs vegar um landið þar sem þessar veiðar hafa verið stundaðar: Hvað dvelur orminn langa? Hvers vegna er ekki ákvörðun tekin? Ekki er verið að eyða þessum stofni. Það liggur alveg á hreinu og það hefur sjútvrh. sagt sjálfur, m.a. í ræðu hér á Hótel Borg á sl. vetri. Ég endurtek því þá spurningu: Hvað er á bak við það að ekki er leyfð takmörkuð veiði á hrefnu eins og gert var áður en veiðibannið var upp tekið?

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Ég held að það liggi nokkurn veginn ljóst fyrir og reyndar staðfesti ráðherra það í svari sínu að þær ráðstafanir sem gerðar voru fyrir þá báta sem misstu hrefnuveiðiréttindin hafa verið sáralitlar og komið að frekar litlu gagni m.a. vegna þess að aukið aflamark þessara báta kom að takmörkuðu gagni vegna þess að sóknarmarkið dugði þeim betur og hefði getað dugað þeim án nokkurrar sérstakrar lagfæringar.

Hin spurningin hlýtur að vakna fyrst og fremst við þessar umræður: Af hverju hefur hrefnuveiðin ekki verið leyfð á undanförnum árum á sama tíma og við höfum verið að veiða stórhvelin og stofna sem eru mun minni og um má deila hvort er verið að ofveiða? Ég hef ekki heyrt að það sé verið að deila um hvort hrefnustofninn sé ekki nægilega stór.

Spurning er: Af hverju hefur þetta ekki verið leyft á liðnum árum og af hverju var þetta ekki leyft í ár og af hverju eru ekki gefnar yfirlýsingar um að það verði stefnt að því að fara að veiða þennan stofn?

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegi forseti. Mér er alveg ljóst að þeir sem þessar veiðar stunduðu hafa orðið fyrir verulegu tjóni og eru óánægðir með sinn hlut og telja sig hafa fengið litlar bætur.

Að því er varðar þá spurningu af hverju hrefnuveiðar hafa ekki verið teknar upp að nýju, þá er svarið einfalt. Við höfum fallist á að leggja niður hvalveiðar í atvinnuskyni og hrefnan er hvalur í skilgreiningu Alþjóðahvalveiðiráðsins þar sem fjallað er um slíkar veiðar. Það var hins vegar ætlunin að taka 80 hrefnur í vísindaskyni á ári hverju, en frá því hefur verið fallið af ýmsum ástæðum, m.a. vegna þess að ekki hefur a.m.k. enn þá reynst unnt að tryggja nægilega góða aðstöðu til þess. Síðan verður það að segjast alveg eins og er að við höfum átt í erfiðri baráttu á alþjóðavettvangi með okkar mál. Við höfum átt í samningum við aðrar þjóðir um þessi mál sem ég veit að öllum hv. þm. er kunnugt um. Af þeim sökum hefur verið fallið frá því að taka þessar hrefnur í vísindaskyni, en hvalveiðar í atvinnuskyni og ákvarðanir þar um bíða síðari tíma eins og öllum er kunnugt um.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svarið sem ég að vísu er óánægður með eins og raunar hann tók sjálfur fram að hann væri gagnvart einstaklingum sem þarna eiga hlut að máli.

Hann gat þess að þarna hefðu einstaklingar orðið fyrir tilfinnanlegu tjóni vegna þessara ákvarðana og það hefði að litlu verið bætt og verði aldrei bætt fyrr en veiðar verða leyfðar aftur. Að vísu verður tjónið sem orðið er ekki bætt með því þó að veiðar verði teknar upp aftur. Mér finnst það einkennilegt af hálfu stjórnvalda að þau skuli ætla tilteknum einstaklingum í þessari atvinnugrein að bera þetta tjón einir og sér. Við skulum taka byggðarlag eins og Barðaströndina sem að verulegu leyti hefur byggt á þessari atvinnugrein. Það er margt sem hefur hjálpað til líka í öðrum atvinnuþáttum til þess að þetta byggðarlag hefur orðið harðara úti en mörg önnur á þessum svæðum. Mér finnst það nánast hneyksli ef stjórnvöld sjá ekki til þess ástæðu að grípa inn í aðgerðir til að létta byrðar þess fólks sem á í miklum erfiðleikum fyrir.

Ég man ekki betur en hrefnuveiðimenn á Brjánslæk fullyrtu að hæstv. sjútvrh. hefði gefið í skyn að hann mundi leyfa hrefnuveiðar árið 1987 og þeir hafa, að ég best veit, lýst því yfir að þar væri um ósannindi að ræða. Hann hefði lofað því að hrefnuveiðar yrðu leyfðar á þeim tíma. Ég bið að vísu afsökunar ef ég fer rangt með, en þetta las ég einhvers staðar í blöðum haft eftir þeim sjálfum, Konráð Eggertssyni og einhverjum öðrum tilteknum einstaklingi.

Það hefur komið fram með stofnstærðirnar. Auðvitað er augljóst að gífurlegt magn af hrefnu hefur líka áhrif á þorskinn. En ég ítreka að það er engin meining að tefja veiðar á hrefnu þegar stofninn er

orðinn slíkur eins og nú er fullyrt af ráðandi mönnum í þjóðfélaginu. Þá á auðvitað að breyta um. Það var gefið í skyn af hæstv. ráðherra að það hafi verið talað um að veiða 80 dýr á ári í vísindaskyni. Ekkert slíkt hefur verið gert. Ég ítreka sérstaklega við hæstv. ráðherra að stjórnvöld sjái til þess að einstaklingum sem hafa orðið harkalega úti vegna þessarar stöðvunar á veiðum verði bætt það að verulegu leyti vegna þess að byggðinni liggur við hruni ef svona heldur áfram eins og mál hafa staðið.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Út af því sem hv. þm. Karvel Pálmason sagði, þá er það ekki rétt. Ég hef aldrei lofað nokkru í þessu sambandi, enda ekki verið í aðstöðu til þess. Hitt er svo annað mál að vilji minn og margra annarra stóð til þess að framkvæma þessa áætlun með þeim hætti að teknar yrðu 80 hrefnur á ári, en ýmsar aðstæður sem ég ætla ekki að fara að rekja hér hafa komið í veg fyrir að þeim vilja yrði hrint í framkvæmd.

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Það er ekki nokkur vafi á að hrefnuveiðimenn stóðu í þeirri trú að það ætti að hefja tilraunaveiðar á hrefnu eftir að samin hefði verið áætlun um það í samráði við Hafrannsóknastofnun. Það er ekki nokkur vafi á því að þeir voru þessarar skoðunar og töldu sig hafa orð stjórnvalda fyrir því. Umrædd áætlun um vísindaveiðar á hrefnu hefur hins vegar aldrei verið samin. Þess vegna m.a. hefur hrefnuveiðin aldrei farið af stað eins og þeir gerðu ráð fyrir. En þessir menn hafa lifað í voninni um að veiðarnar hæfust eins og þeir töldu sig hafa fyrirheit um á hverju einasta ári og á hverju einasta ári hafa þeir orðið fyrir vonbrigðum. Fyrr í vetur í umræðu um þetta mál sagði hæstv. sjútvrh. eitthvað á þá leið að hafi ríkt einhver vafi um það fyrir nokkrum árum hvort hrefnuveiðistofninn við Ísland væri ofveiddur væri sá vafi ekki lengur fyrir hendi vegna þess að talningar hefðu leitt það í ljós, sem gerðar hefðu verið á hrefnustofninum við landið, að mig minnir að hann segði að hrefnur við landið hefðu verið taldar um 20.000 og það væru engin vísindaleg rök fyrir því lengur að banna eðlilegar veiðar á hrefnu í samráði við vísindamenn sem ákvæðu leyfilegan hámarksafla. Þetta sagði hæstv. ráðherra í umræðum á Alþingi í vetur. Eftir þessa yfirlýsingu hans um að engin rök lægju lengur fyrir því að heimila ekki veiðar á hrefnu, eftir að þessi yfirlýsing kom fram var ég a.m.k. og fleiri alþingismenn, svo maður tali nú ekki um hrefnuveiðimennina, þeirrar skoðunar að hæstv. sjútvrh. mundi heimila á þessu sumri takmarkaðar hrefnuveiðar. Það hefur hann hins vegar ekki gert enn. Fyrir Alþingi liggur hins vegar þáltill. um að skora á hann að heimila þessar veiðar.

Það nær ekki nokkurri átt með þjóð eins og Íslendinga, sem framfleyta sér af því að nýta auðlindir sjávar og lands, að þegar kemur fram það álit vísindamanna að það sé ekki ástæða til neins annars en að nýta sér tiltekna auðlind sjávarins sé það ekki gert. Það skiptir ekki meginmáli í þessu sambandi hvort það eru nokkur hundruð fjölskyldur eða nokkur þúsund fjölskyldur sem hafa lífsframfæri sitt af þessu. Hér er undir öllum kringumstæðum um að ræða nokkur lítil byggðarlög sem hafa lífsframfæri sitt af þessu og það er ekki í samræmi við stefnu fiskveiðiþjóða að nýta ekki þær auðlindir hafsins sem vísindamenn telja að óhætt sé að nýta.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Alþingi Íslendinga samþykkti í atkvæðagreiðslu á sínum tíma hvalveiðibann, illu heilli. Ábyrgð þeirra sem greiddu því atkvæði er að mínu viti stór. Það eru mér vonbrigði ef ráðherra treystir sér ekki til að leyfa vísindaveiðar á hrefnu. Auðvitað hefur framkvæmdarvaldið það í hendi sér eins og svo margt annað og virðist einhver flótur á því að hægt sé að rannsaka hrefnuna meira er orðið er ef áhugi væri til staðar því það er makalaust hvað náttúrufræðingar hafa verið útsjónarsamir að finna sér verkefni þegar kanna hefur þurft lífríki á minnstu leirvogum þar sem vegagerð hefur þurft að fara yfir.

En á hitt vil ég leggja þunga áherslu, sem hér kom fram í ræðu hv. 3. þm. Vestf., að bætur til þeirra sem lenda í þessu, sem tryggi að þeirra fyrirtæki haldi velli þann tíma sem stjórnvöld koma í veg fyrir að atvinnurekstur þeirra sé með eðlilegum hætti, hljóti að verða að koma til. Undir þennan málflutning vil ég sterklega taka einfaldlega vegna þess að það getur farið svo að þar sé búið að rústa svo mikið þegar veiðar verða aftur upp teknar að það sé ekki hægt að líta öðruvísi á en að um eignaupptöku hafi verið að ræða.

Ég mælist þess vegna til þess við hæstv. sjútvrh. að hann geri sér grein fyrir þessari alvöru í málunum. Það verður ekki gefið eftir að fylgja því eftir, ef fyrir séð er að stjórnvöld móti ekki yfirlýsta stefnu í þeim efnum, hvenær þau vilji aflétta þessu banni og við hverju þessir aðilar megi búast.

SAMEINAÐ ÞING

74. fundur, fimmtudaginn 11. maí, kl. 1 miðdegis.

Ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1988, síðari umr.

Þáltill. FÞ o.fl., 169. mál. — Þskj. 182, n. 1095.

Frsm. utanrmn. (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir hönd utanrmn. fyrir niðurstöðu okkar um ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins á þskj. 182.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og leggur til að henni verði vísað til ríkisstjórnarinnar með þeim eindregnu tilmælum að hún styðji og vinni að þeim

athyglisverðu ályktunum sem þar koma fram eftir því sem ástæður frekast leyfa.

Undir þetta nál. skrifa allir nefndarmenn í utanrmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. á þskj. 1095 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 35 shlj. atkv.

Samningur um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen, síðari umr.

Stjtill., 420. mál. — Þskj. 780, n. 1096.

Frsm. utanrmn. (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Utanrmn. hefur rætt till. til þál. um samning milli Grænlands, Danmerkur, Íslands, Noregs og Jan Mayen um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen, sem er 420. mál Sþ., og skilar svonefndu nál.: „Nefndin hefur rætt tillöguna og mælir einróma með samþykkt hennar". Undir þetta nál. skrifa allir fulltrúar í utanrmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1161).

Vínarsamningur um vernd ósonlagsins, fyrri umr.

Stjtill., 421. mál. — Þskj. 781.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Með þáltill. þessari fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili staðfestingu Vínarsamnings um vernd ósonlagsins sem gerður var í Vín 22. mars 1985 og Montreal-bókun um efni sem valda rýrnun á ósonlaginu sem gerð var í Montreal 16. sept. 1987.

Virðulegi forseti. Þetta er að sjálfsögðu eitt af meiri háttar umhverfisverndarmálum í alþjóðlegu samstarfi. Upphaf þessa máls má rekja til þess að jörðin er umlukin verndandi en eitruðu lagi. Hefði það ekki myndast væri jörðin óbyggður og ómerkilegur hnöttur. Ef það hyrfi mundu útfjólublár geislar sólar sótthreinsa yfirborð jarðar og sennilega eyða öllu lífinu nema e.t.v. í úthöfum. Þetta lag er búið til úr óson sem er súrefnissamband búið til úr þremur atómum í staðinn fyrir þau tvö sem eru í venjulegu súrefni. Þetta viðbótaratóm breytir þessu lofti, sem okkur er nauðsynlegt til lífs, í eitur. Engin lifandi skepna lifir það af að anda að sér nema örlitlu af efninu. Nálægt yfirborði jarðar er óson því vandmeðfarið og hættulegt efni, en uppi í himinhvolfinu, 15–50 þúsund km yfir yfirborði jarðar, er efnið jafnnauðsynlegt lífinu og súrefnið sjálft.

Þótt mjög lítið óson sé í gufuhvolfinu gegnir það afar þýðingarmiklu hlutverki. Það stöðvar orkumikla útfjólubláa geislun frá sólu. Þynning ósonlagsins hefur í för með sér aukna útfjólubláa geislun á yfirborði jarðar með skaðlegum áhrifum fyrir menn, dýr og gróður. Áhrif á menn eru fyrst og fremst aukin tíðni húðkrabbameins, veikara ónæmiskerfi og augnskaðar. Alvarlegustu áhrifin á gróður og dýralíf eru minni uppskera og áhrif á lífríki í yfirborðslögum sjávar, en það er undirstaða í lífkeðju sjávar.

Fyrir 50 árum voru þau efni sem nú er vitað að valdi mestu tjóni á ósonlaginu talin vera einhver bestu og notadrýgstu efni sem iðnaðurinn hefði fundið upp. Hér er um að ræða klórflúorkarbonefni sem hafa verið til síðan 1928 að þau fundust nánast fyrir tilviljun. Fyrstu efnin voru framleidd sem vökvi fyrir kælikerfi og kostur þessara efna er sá að þau eru hvorki skaðleg fyrir jarðveg, fyrir loftið sem við öndum að okkur né þótt þau blandist vatni eða sjó. Síðan 1950 hafa þessi efni í vaxandi mæli verið notuð í úðabrúsa og við rafeinda- og tölvutæknibyltinguna hafa þau reynst mjög nauðsynleg í framleiðslu því að þau hreinsa viðkvæmar tengingar án þess að eyðileggja efni. Þessi efni hafa einnig verið notuð í vaxandi mæli við alls kyns frauðplastframleiðslu. Nú eru um það bil 30% af klórflúorkarboníð-framleiðslunni notuð til kælingar eða lofthreinsunar, um það bil 25% vegna úðabrúsa, 25% vegna frauðplastframleiðslu og 20% í hreinsivökva.

Svo sem fyrr segir eru efnin mjög stöðug og blandast ekki öðrum efnum niðri við jörð, en þetta veldur því að þau flytjast hægt upp gufuhvolfið og upp í heiðhvolfið og þar verða efnahvörf. Útfjólublá geislun veldur því að klóratómið losnar sem stelur síðan súrefnisatómi frá ósoninu og breytir því í venjulegt súrefni. Klóratómið vinnur eins og hvati og veldur þessari eyðingu án þess að breytast. Getur það því endurtekið þessi hvörf aftur og aftur og þannig getur hvert klórflúorkarbonefnismólekúl eyðilagt þúsundir súrefnismólekúla. Sum halonefni og svipuð efni sem aðallega hafa verið notuð til brunavarna og slökkvistarfa eru enn skaðlegri en klórflúorkarbonefnin og geta verið nærri 10 sinnum virkari í þessu sambandi.

Það er almennt viðurkennt að klórflúorkarbonefnin séu ein aðalástæðan fyrir þeim breytingum sem fundist hafa í ósonlaginu. Á hverju vori myndast gat í ósonlagið yfir suðurskautinu sem er eins stórt og Bandaríki Norður-Ameríku og eins djúpt og Mount Everest. Þessi hola hefur stækkað síðan 1979 samkvæmt mælingum. Enginn veit nú hvaða áhrif þetta muni hafa, en af mælingum er ljóst að ósonlagið hefur

einnig minnkað yfir öðrum svæðum á jörðinni. Þannig hefur mælst 4% minnkun á veturna og 1% minnkun á sumrum yfir norðurhveli frá 30. til 60. breiddargráðu. Talið er að framleiðsla klórflúorkarbonefna og halons, haldi hún áfram að vaxa eins og hún hefur gert undanfarin ár, muni hafa þau áhrif að ósonlagið minnki um um það bil 20% á næstu 50 árum. Ósonþynningin hækkar einnig hitastig í lofthjúpi jarðar og eru menn almennt sammála um að áhrif þess verði þegar til lengdar lætur síst minni en þau áhrif sem verða vegna aukinnar geislunar.

Virðulegi forseti. Norðurlönd hafa látið sig varða eyðingu ósonlagsins. T.d. samþykkti norræna ráðherranefndin áætlun um aðgerðir til að draga úr notkun efna sem eyða ósonlaginu á fundi sínum í Stokkhólmi 7. okt. 1987. Aukaþing Norðurlandaráðs samþykkti í Danmörku 16. nóv. 1988 áætlun sem leggur til að gengið verði hraðar fram í að draga úr notkun ósoneyðandi efna en gert er ráð fyrir í áætlun lögfræðinefndarinnar.

Heildarnotkun klórflúorkolefna á Íslandi á árinu 1986 er talin hafa verið um 200 tonn eða um 0,8 kg pr. íbúa. Um 71 tonn voru flutt inn sem hráefni til notkunar í iðnaði og framleiðslu og 129 tonn í hálfunnum eða fullunnum varningi. Á árinu 1987 var heildarnotkun um 208 tonn sem er 4% aukning milli ára. Talið er að heildarnotkun halona hafi verið um 14,5 tonn á árinu 1986. Klórflúorkolefni sem hráefni í iðnaði og framleiðslu hér á landi eru notuð sem kælimiðill í kælikerfum, drifmiðill í úðabrúsum, í framleiðslu á einangrunarefni, harðfroðu og mjúkfroðu og sem leysiefni í efnalögum og iðnaði.

Hráefnisnotkunin hér á landi óx milli ára 1986 og 1987. Aukningin er fyrst og fremst í notkun á harðplasti og er talið líklegt að hana megi rekja til aukinnar notkunar á kössum og harðplasti undir sjávarafurðir.

Innflutningur á klórflúorkolefnum í hálfunnum vörum gefur til kynna að fyrst og fremst sé um að ræða efni bundið í harðfroðudeig eða urethan-deig. Er það notað við innlenda framleiðslu á einingum í frystiklefa. Samkvæmt upplýsingum eins helsta framleiðanda á þessu sviði má ætla að á árinu 1986 hafi um 18 tonn af þessu efni verið flutt inn á þennan hátt. Innlend framleiðsla á einingum í frystiklefa er í samkeppni við erlenda framleiðslu, þ.e. fullunninn varning. Samkvæmt upplýsingum um hlutdeild innlendrar framleiðslu á markaðnum má ætla að á árinu 1986 hafi verið flutt til landsins um 63 tonn af klórflúorkolefnum í tilbúnum einingum fyrir frystiklefa. Samtals gerir þetta um 81 tonn á árinu 1986. Þessi innflutningur nam um 72 tonnum á árinu 1987. Hér mun einkum um að ræða innflutning frá Svíþjóð og Finnlandi sem mun sjálfkrafa ljúka þegar þessi lönd hætta að nota klórflúorkolefni.

Ekki eru fyrirliggjandi upplýsingar um notkun úðabrúsa hér á landi sem nota klórflúorkolefni sem drifmiðil. Miðað við upplýsingar frá öðrum Norðurlöndum þar sem leyfilegt var að nota klórflúorkolefni sem drifmiðil á úðabrúsa á árinu 1986 var áætluð notkun klórflúorefna sem drifmiðils á úðabrúsum á Íslandi á árinu 1986 um 50 tonn, þar af um 46 tonn í innfluttum úðabrúsum.

Samkvæmt upplýsingum innflytjenda nam innflutningur á halonum 14,5 tonnum á árinu 1986 og um 18 tonnum 1987. Hér er um að ræða notkun á brunavarna- og slökkvikerfum. Halonar eru mun skaðlegri fyrir ósonlagið en klórflúorkolefnið. Skaðsemi þess er að 14,5 tonn af halonum svarar til skaðsemi um 80 tonna af klórflúorkolefnum. Aukning á innflutningi halona á árinu 1987 stafar af uppbyggingu slökkvikerfa í landinu, en notkun halona er mun minni en sem nemur innflutningi þar sem þeir eru fyrst og fremst notaðir til að slökkva eld. Mestur hluti þeirra er því geymdur í slökkvikerfum út um land allt.

Undanfarin ár hefur farið fram viðamikið alþjóðlegt samstarf varðandi aðgerðir til að hindra eyðingu ósonlagsins. Árangur þessa starfs er Vínarsamningur um vernd ósonlagsins sem gerður var í Vín 22. mars 1985 að tilhlutan Umhverfismálastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Samningurinn er stefnumarkandi, kveður ekki á um ákveðnar aðgerðir, en mælist til þess að ríkin sem gerast aðilar að honum minnki notkun ósoneyðandi efna eftir fremsta megni.

Í 2. gr. samningsins er kveðið á um almennar skyldur aðildarríkja. Þær eru m.a. um samstarf á sviði rannsókna, að skiptast á upplýsingum, gera lagalegar og aðrar ráðstafanir til að koma í veg fyrir eyðingu ósonlagsins og að vinna með alþjóðastofnunum sem málið varðar að framkvæmd samningsins og bókunum við hann.

Samkvæmt 3. gr. skuldbinda aðildarríkin sig til þess að hefja eða taka þátt í rannsóknum sem lúta að ósonlaginu á einn eða annan hátt, t.d. hvaða efnasambönd hafa áhrif á ósonlagið, hvaða áhrif eyðing ósonlagsins hefur á mannfólk og hvort eyðing ósonlagsins hafi einhver áhrif á loftslag.

Í 4. gr. er kveðið á um að aðildarríkin skuli hvetja til þess að skipst verði á upplýsingum á sviði vísinda, tækni, viðskipta, löggjafar o.fl. Aðildarríkin skulu senda upplýsingar um aðgerðir sem ætlað er að framfylgja samningnum.

Í 11. gr. er kveðið á um lausn ágreiningsmála. Ríkisstjórnin hyggst velja þá leið að leysa ágreiningsmál með viðræðum eða fyrir sáttanefnd.

Vínarsamningurinn um vernd ósonlagsins gerir samkvæmt ákvæðum sínum beinlínis ráð fyrir að gerðar séu sérstakar bókanir við hann. Ein slík bókun, Montreal-bókunin, um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, var gerð í Montreal 16. sept. 1987. Bókunin tekur til tiltekinna efnasambanda, klórflúorkolefna og halona og setur reglur um hvernig skuli draga úr notkun þeirra.

Í 4. gr. bókunarinnar er kveðið á um að banna skuli innflutning frá 1. jan. 1989 á efnum sem hún tekur til og eru frá löndum sem ekki eru aðilar. Innan þriggja ára frá gildistöku bókunarinnar skulu aðildarríkin gera viðauka með lista yfir framleiðsluvörur sem innihalda þau efni sem bókunin tekur til. Aðildarríki

sem ekki mótmæla viðaukanum sérstaklega skulu banna innflutning á þessum framleiðsluvörum frá ríkjum sem ekki eru aðilar að bókuninni.

Í 2. gr. er að finna þær skuldbindingar sem íslensk stjórnvöld taka þar með á sig gerist Ísland aðili að bókuninni.

1. Á tólf mánaða tímabili frá júní 1989 og sérhverju síðara tólf mánaða tímabili skal notkun efna er falla undir flokk 1, klórflúorkolefni í viðauka a, ekki vera meiri en notkun var 1986.

2. Á sérhverju tólf mánaða tímabili frá 1. jan. 1992 skal notkun efna er falla undir flokk 2, halonar í viðauka a, ekki vera meiri en notkun var 1986.

3. Á tímabilinu 1. júní 1993 til 30. júní 1994 og sérhverju síðara tólf mánaða tímabili skal notkun efna er falla undir flokk 1 í viðauka a hafa dregist saman um 20% miðað við notkun ársins 1986.

4. Á tímabilinu 1. júlí 1998 til 30. júní 1999 og sérhverju síðara tólf mánaða tímabili skal notkun efna er falla undir flokk 1 í viðauka a hafa dregist saman um 50% miðað við notkun ársins 1986.

9. gr. skyldar aðildarríkin til að skila skýrslu á tveggja ára fresti, m.a. um hvernig staðið hefur verið að því að gera almenning meðvitaðan um umhverfislega þýðingu ósoneyðandi efna og hvernig þau hafi uppfyllt skyldu sína um að skiptast á upplýsingum við önnur aðildarríki um málefni sem snerta ósonlagið og eyðingu þess.

Þar sem engin ósoneyðandi efni eru framleidd hér á landi leiðir aðild að bókuninni til þess að einungis verður að draga úr notkun þeirra efna sem hún tekur til. Notkunin verður síðan heimil eins og hér segir: Að því er varðar klórflúorkolefni: Fyrsta tímabilið, frá júlí 1989 til 30. júní 1990, verður leyfileg notkun 200 tonn, 1. júlí 1993 til 30. júní 1994 verður leyfileg notkun 160 tonn, 1. júlí 1998 til 30. júní 1999 verður leyfileg notkun um 100 tonn og að því er varðar halon á árinu 1992 verður leyfileg nýting 14,5 tonn.

Ríkisstjórnin mun leggja fram frv. til l. á grundvelli 4. gr. Montreal-bókunarinnar, þar sem innflutningur á þeim efnum sem bókunin tiltekur verður bannaður. Þá hefur ríkisstjórnin skipað sérstaka framkvæmdanefnd um aðgerðir til að draga úr notkun ósoneyðandi efna. Heilbrmrn. hefur þegar sett reglugerð um bann við innflutningi á úðabrúsum sem nota klórflúorkolefni sem drifmiðil og merkingar á úðabrúsum. Þessar aðgerðir eru nægileg fyrstu skref í framkvæmd Montreal-bókunarinnar. Næsta skref er að setja reglur um notkun halona t.d. í slökkvitækjum.

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að leggja til að tillögunni verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. utanrmn.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég leyfi mér að fagna fram kominni till. til þál. um staðfestingu á Vínarsamningnum um vernd ósonlagsins og um það að staðfesta bókun sem gerð var í Montreal um efni sem valda rýrnun á ósonlaginu. Það hefur talsvert verið rætt um þetta efni í þingsölum á síðustu árum. Man ég til að mynda eftir því að Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir ásamt nokkrum öðrum þingmönnum tók þetta mál upp fyrir nokkrum árum og síðan varaþingmaðurinn Álfheiður Ingadóttir ásamt nokkrum þingmönnum Alþb. sem fluttu þáltill., en af hálfu stjórnvalda var tekið á þessu máli í tíð síðustu ríkisstjórnar með tvennum hætti, annars vegar þegar sett var á laggirnar nefnd til að gera tillögur um umhverfisvernd á vegum forsrn., en í niðurstöðum þeirrar nefndar var talsvert fjallað um þetta sérstaka atriði, og eins sérstaklega hjá nefnd sem kölluð hefur verið ósonnefnd og skilaði áliti á sl. ári, en þá nefnd setti iðnrh. í síðustu ríkisstjórn á laggirnar og hún skilaði niðurstöðum, þeim niðurstöðum sem hafa orðið grundvöllur frekari ákvarðana stjórnvalda og voru grundvöllur tillögu sem hæstv. iðnrh. gerði ríkisstjórn í desember sl. og er nú að færast í gleggri mynd með þeirri tillögugerð sem hér á sér stað auk annarra aðgerða sem stjórnvöld hafa gripið til.

Það er full ástæða til að fagna þessu því að með því að samþykkja þessa tillögu erum við að viðurkenna að þótt smáir séum berum við ábyrgð með öðrum þjóðum, öðrum heimsins börnum á okkar umhverfi og það er ekki ávallt hægt að skýla sér á bak við að þjóðin sé fámenn. Það skiptir ekki máli hver fjöldinn er heldur að allir taki þátt í þeirri nauðsynlegu umhverfisvernd sem nú á tímum er fullur skilningur á þótt oft gangi erfiðlega að láta athafnir fylgja orðum. Einkum og sér í lagi hlýtur þetta að vera erfitt fyrir þær þjóðir sem eru komnar skemmst á veg í sínum efnahagsmálum eins og t.d. þjóðir svokallaðs þriðja heims eða þjóðir austan járntjalds, en mengun frá þessum þjóðum er smám saman að verða meiri en mengun á Vesturlöndum þar sem menn hafa vegna vaxandi velmegunar náð nokkrum tökum á því að láta fyrirtæki og almenning taka þátt í kostnaðinum við að eyða mengun af völdum iðnaðarframleiðslu þessara landa.

Sem betur fer er vaxandi skilningur á þessu, ekki síst austan járntjalds, og vil ég geta þess hér að talsverðar umræður urðu um þetta á sérstakri ráðstefnu sem haldin var með fulltrúum frá Norðurlöndum, Sovétríkjunum og Kanada eða fyrir þingmenn frá löndum á norðurhveli jarðar, en sú ráðstefna var haldin í Moskvu í vetur. Þar urðu talsverðar umræður um þetta mál og þá leyfðu íslensku fulltrúarnir sér að leggja áherslu á að fylgt væri samningnum frá Vín og bókuninni frá Montreal, auk þess sem Norðurlandafulltrúarnir bentu á samþykktir Norðurlandaráðs, en einmitt í skýrslu ósonnefndarinnar er þess getið að full ástæða sé til þess fyrir íslensk stjórnvöld að fylgja annars vegar samþykkt Norðurlandanna og hins vegar að taka þátt í því starfi sem nauðsynlegt er á grundvelli Vínarsamkomulagsins.

Hér á landi gera kannski ekki allir sér grein fyrir því að mælingar á ósonlaginu hófust árið 1952 eða aðeins tveimur árum eftir að þau efni komu til sögunnar sem mest hafa haft áhrif á ósonlagið að því er talið er. Nú held ég að menn verði að undirstrika að ekki liggja fyrir órækar sannanir fyrir því að þau

efni, klórflúorefni, sem talin eru skaðvænleg fyrir ósonlagið séu það í raun eða hvort hér sé um að ræða breytingar á þykkt ósonlagsins sem eigi aðrar skýringar, enda eru mælingar nýtilkomnar. Mér hefur skilist að Veðurstofan hafi hér á landi gert slíkar mælingar, niðurstöður verið sendar til Kanada allt frá árinu 1952, en þar hafi verið safnað saman mjög miklum upplýsingum um þetta mál. En á seinni árum hafa það verið fyrst og fremst Bandaríkjamenn, einkum og sér í lagi NASA, sem hefur haft umsjón með þessum málum af þeirra hálfu, en þeir hafa stundað öflugustu rannsóknir á breytileika og þykkt ósonlagsins, bæði yfir suðurskautinu og eins annars staðar, en suður- og norðurskautin eru þau svæði sem kannski eru viðkvæmust í þessu tilliti af alkunnum ástæðum sem um hefur verið ritað og margt um fjallað.

Ég vildi, virðulegur forseti, undirstrika það af minni hálfu og míns flokks að við leggjum áherslu á að þessi tillaga verði samþykkt og fögnum því að það sé mikill skilningur á málinu og ég leyfi mér eindregið að taka undir með hæstv. ráðherra að óska eftir því að tillagan verði samþykkt á yfirstandandi þingi. Þar með eru Íslendingar komnir í hóp þeirra þjóða sem vilja taka á sig þá ábyrgð og þann kostnað sem fylgir því að vernda umhverfið jafnvel þótt það skili sér ekki fyrr en eftir áratugi og jafnvel ekki fyrr en eftir öld.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég vil eins og þeir sem hér hafa rætt um dagskrármálið, till. til þál. um staðfestingu Vínarsamningsins um vernd ósonlagsins, fagna því að þetta mál er hér komið í höfn af Íslands hálfu, þ.e. staðfesting samningsins. Það er mjög þýðingarmikið skref í alþjóðlegri viðleitni til að girða fyrir eða draga úr hættunni af eyðingu ósonhjúpsins á jörðu.

Ég hef verið meðflm. að tveimur þingsályktunartillögum um þetta mál á fyrri stigum sem getið var um áðan af hv. 1. þm. Reykv. Í fyrra gerðist það á þinginu að samþykkt var að vísa til ríkisstjórnar till. til þál. um verndun ósonlagsins þar sem 1. flm. var hv. varaþingmaður Álfheiður Ingadóttir og var þar ályktað að fela ríkisstjórninni að grípa til ráðstafana í fjórum tölusettum liðum. Einn liður tillögunnar var sá að ríkisstjórninni var falið að staðfesta svo fljótt sem við verður komið Montreal-samninginn um verndun ósonlagsins frá 16. sept. 1987 og Vínarsáttmálann frá 22. mars 1985 um sama efni.

Nú er þetta mál komið í höfn og að því hafa komið margir með jákvæðum hætti, þar á meðal hv. 1. þm. Reykv. meðan hann gegndi starfi iðnrh. Þannig þarf það að vera í þessum þýðingarmiklu málum sem vart getur verið ágreiningur um, síst af öllu flokkspólitískur, þar sem hér er um heildarhagsmuni mannkyns að ræða.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta af minni hálfu frekar, bendi aðeins á að það er mikið starf fyrir höndum af Íslands hálfu að uppfylla þær kvaðir sem við undirgöngumst með staðfestingu þessa alþjóðasamnings.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til utanrmn. með 35 shlj. atkv.

Efling löggæslu, fyrri umr.

Þáltill. GHG o.fl., 198. mál. — Þskj. 239.

Flm. (Guðmundur H. Garðarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um eflingu löggæslu, en flm. eru auk þess sem hér talar Friðjón Þórðarson, Matthías Á. Mathiesen, Matthías Bjarnason, Pálmi Jónsson, Halldór Blöndal, Egill Jónsson, Þorsteinn Pálsson og Salome Þorkelsdóttir. Tillagan hljóðar sem hér segir:

„Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að grípa nú þegar til ráðstafana er fela í sér eflingu löggæslu í landinu."

Virðulegi forseti. Eigi þarf að fjölyrða mikið um tilgang þessarar tillögu, en vert og rétt er að vekja athygli á því að á síðustu árum hafa orðið miklar þjóðfélagsbreytingar á Íslandi sem gera aðrar og meiri kröfur til ýmiss konar þjónustu í þágu borgaranna. Meðal þess er krafan um aukna löggæslu á ýmsum sviðum, svo sem vegna umferðarmála, svo sem vegna forvarnarstarfs gagnvart aukinni útbreiðslu fíkniefna og alhliða þjónustu í þágu fólksins. Heilbrigð og öflug löggæsla er einn af hornsteinum lýðræðislegra stjórnarhátta. Þess vegna er mikilvægt að ætíð sé svo vel búið að löggæslunni að hún geti mætt þeim kröfum sem til hennar eru gerðar.

Þörfin fyrir aukna vernd borgaranna eykst stöðugt. Í þeim efnum gegnir löggæslan veigamiklu hlutverki. Enn sem fyrr er frumskylda löggæslunnar fólgin í því að veita fólki nauðsynlega vernd og öryggi gagnvart misindis- og afbrotamönnum. Framkvæmd laga og réttar byggist einnig á öruggri og vel upp byggðri löggæslu. Án þess væri dómsvaldið óvirkt og allt réttarfar í hættu.

Þá hefur hlutdeild löggæslunnar í útfærslu umferðarmála aukist ár frá ári. Sá þáttur hefur vaxið mikið að umfangi og er stöðugt tímafrekari í starfsemi löggæslumanna eins og ég mun víkja að hér á eftir.

Þá hafa á síðustu árum önnur atriði komið til skjalanna sem gera eflingu löggæslu enn brýnni. Illu heilli hafa Íslendingar ekki farið varhluta af þeirri alvarlegu þróun sem fylgir mikilli útbreiðslu og neyslu fíkniefna. Vel skipulagðir glæpahringir teygja anga sína um allan heim og þar á meðal til Íslands. Þessir aðilar hafa mikinn fjölda misindismanna á sínum snærum sem dreifa og selja fíkniefni. Ágengni þeirra og ófyrirleitni teflir árlega lífi tuga eða hundraða unglinga á Íslandi í mikla hættu, því miður. Þessum aðilum verður nútímalöggæsla að mæta með öllum ráðum.

Starfssvið löggæslunnar á Íslandi er orðið gífurlega yfirgripsmikið og krefst mikillar árvekni af hálfu

þeirra sem þar bera ábyrgð. Þrátt fyrir það hefur ekki verið búið að löggæslunni sem skyldi og alls ekki í samræmi við þær kröfur sem til hennar eru gerðar. Því er stefnt að feigðarósi í þessum efnum og er ekki seinna vænna að löggæslumálin verði tekin fastari tökum í fullu samræmi við nútímakröfur og aðsteðjandi hættu. Það verður ekki gert nema til komi öflugur stuðningur af hálfu ríkis og sveitarfélaga, en eðli málsins samkvæmt heyra þessi mál undir samfélagið í heild. Hér er því ekki verið að gera tillögu um eflingu ríkisvalds sem slíks heldur þann þátt er lýtur að nauðsynlegri vernd borgaranna.

Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið og einnig þeirra upplýsinga sem fram hafa komið við nánari athugun þessara mála, m.a. vegna sérstakra starfa íslenskra lögreglumanna, þ.e. Lögreglufélagsins í Reykjavík, hefur verið gerð sérstök úttekt á stöðu þessara mála og á grundvelli hennar m.a. og athugana flm. er lögð mikil áhersla á að þessi þáltill. hljóti afgreiðslu á yfirstandandi þingi.

Aðgerðarleysi af hálfu Alþingis og ríkisstjórnar til eflingar löggæslu setur öryggi borganna í mikla hættu og getur veikt framkvæmd laga og réttar í landinu. Við ákveðnar aðstæður gæti lýðræðislegu stjórnarfari verið ógnað ef löggæslan getur ekki veitt borgurunum nægjanlega vernd og tryggt öryggi þeirra gagnvart afbrotamönnum eða ofbeldisöflum. Að standa gegn eflingu löggæslu eða sýna því máli tómlæti jafngildir því að vilja vísvitandi grafa undan lýðræðislegu réttarfari og þingræðislegum stjórnarháttum auk þess sem fyrr hefur verið greint frá, að tefla lífi og öryggi borgaranna í mikla hættu.

Ég vil, virðulegi forseti, til frekari áréttingar greina frá því eins og ég gat um áðan að Lögreglufélag Reykjavíkur gerði skýrslu um ástand og horfur í þessum málum. Sú skýrsla birtist sem fylgiskjal með þessari þáltill. og ég vil taka fram að hún er samin og gerð á ábyrgð Lögreglufélags Reykjavíkur. Flm. hafa kynnt sér þessa skýrslu ítarlega og eru sammála mörgum atriðum sem komu fram í henni án þess að þeir taki undir þau öll.

Ég vil, virðulegi forseti, fara hér nokkrum orðum um þá þætti skýrslunnar sem máli skiptir að hv. þm. geri sér grein fyrir við umfjöllun þessa máls. Þegar litið er á helstu starfsþætti lögreglunnar eða löggæslunnar kemur í ljós að það má skipta þeim í fimm meginkafla eða meginþætti, þ.e. almenn löggæsla, umferðarmál, rannsóknarmál, ávana- og fíkniefnamál og svo er kominn nýr þáttur til skjalanna sem verður stöðugt þýðingarmeiri í starfsemi löggæslunnar sem er fjarskiptaþjónusta. Fjarskiptaþjónustan er kafli út af fyrir sig sem hefur geysilega þýðingu í sambandi við virkni og möguleika löggæslumanna til að sinna sínum störfum svo að vel sé.

Þar sem ég hef takmarkaðan tíma í framsögu fyrir þessari þáltill. vil ég, virðulegi forseti, fá að minnast hér á tvö, þrjú atriði áður en ég lýk máli míu sem styðja að það sé nauðsynlegt að hv. þm. taki það mál alvarlega sem hér er á ferðinni sem er að stuðlað verði að eflingu löggæslu.

Í skýrslu Lögreglufélags Reykjavíkur sem varðar almenna löggæslu segir m.a., með leyfi forseta:

„Nokkur samdráttur hefur orðið á mannafla og bílakosti til almennrar löggæslu á undanförnum missirum [þ.e. á Stór-Reykjavíkursvæðinu]. Á sama tíma hefur löggæsluumdæmi lögreglunnar í Reykjavík stækkað að mun. Að vísu eru sérstakar bifreiðar til löggæslu á Seltjarnarnesi og í Mosfellsbæ að degi til, en almenn deild lögreglunnar í Reykjavík sinnir löggæslu á þessum svæðum á nóttunni.

Stöðugildi lögreglumanna við embætti lögreglustjórans í Reykjavík munu nú vera 238 og hefur þeim ekki fjölgað undanfarin ár. Reyndar voru fjögur stöðugildi færð frá embættinu til Lögregluskóla ríkisins, en engum bætt við á móti vegna stækkunar löggæslusvæðisins.

Nokkur hópur manna gegnir störfum sem flokka má sem skrifstofustörf á vegum embættisins. Við stofnun Rannsóknarlögreglu ríkisins var rannsóknum minni háttar mála og umferðarmála, svo og innheimtu sakeyris, bætt við verkefni lögreglunnar í Reykjavík. Utan um þessi verk hafa hlaðist önnur, ekki síst vegna boðunar og fangaflutninga. Þannig hefur jafnt og þétt verið gengið á mannaflann til útkalla, almennrar löggæslu og umferðareftirlits. Því hefur orðið verulegur samdráttur á venjulegri löggæslu í Reykjavík á sama tíma og bifreiðakostur hefur stóraukist, löggæslusvæðið stækkað að mun og stórborgarbragur færst á brotamálin.

Á undangengnu ári [þ.e. árinu 1988] hefur síðan almenn löggæsla í Reykjavík verið skorin rækilega niður."

Það er mjög alvarlegt mál sem fram kemur í þessari skýrslu um stöðu mála í sambandi við löggæslu, sérstaklega á hinu svonefnda Stór-Reykjavíkursvæði. Því miður held ég, og það ber nokkurn vott um hvaða áhuga hv. þm. hafa fyrir þessum málum, að það sé ekki aðeins á hinu hv. þingi sem skilningur er alls ekki fyrir hendi á þróun og stöðu þessara mála. Þess gætir einnig víða úti í þjóðfélaginu. Því er komið sem komið er, að löggæslan getur því miður ekki sinnt þeim skyldustörfum sem henni eru ætluð. Sem dæmi um það ástand hvað áhrærir mannafla vil ég segja eftirfarandi:

Ástandið í almennri deild var þannig í nóvember 1988 að til útkalla og almenns hverfaeftirlits á fjórum vöktum var aðeins 81 lögreglumaður. Sú tala var lítið hærri en árið 1944 sem þýðir að það eru jafnmargir um löggæslu á Stór-Reykjavíkursvæðinu og var árið 1944. Það sér hver heilvita maður að þetta getur ekki staðist og þetta hlýtur að koma niður á þeim sem síst skyldi sem er hinn almenni borgari. En það er ekki aðeins að þetta komi niður á hinum almenna borgara heldur kemur það líka niður á þeim löggæslumönnum sem eiga að sinna þessum störfum.

Í skýrslu Lögreglufélags Reykjavíkur er fjallað m.a. og sérstaklega um löggæslu um helgar í Reykjavík og á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Þar segir m.a., virðulegi forseti, á þessa leið: „Það er greinilegt að æsingur, spenna og ofbeldi hafa farið í vöxt á undan-

förnum árum.“ Orsakir verða ekki raktar í þessum sóknum, þ.e. Reykjavík og nágrenni, og hver sé ástæðan fyrir því. En síðan segir í skýrslunni að vegna harðnandi tíðar í þjóðfélaginu og samkvæmt fyrri reynslu megi búast við því að erfileikar muni aukast í störfum lögreglunnar og hún verði verr búin til þess að mæta þeim vandamálum sem fram undan eru í þeim efnum.

Í kafla um umferðarmál, sem er mjög ítarlegur, koma fram atriði sem ættu að vera nútímamanni auðskiljanleg vegna þess að þau eru tengd umferðinni og tengd því að nútímamaður ferðast mikið um á bifreiðum. Með leyfi forseta vil ég lesa eitt atriði úr þeim kafla skýrslunnar sem fjallar um umferðarmál og undirstrika það sérstaklega áður en ég greini frá því sem þar stendur að byggð í Reykjavík hefur stækkað gífurlega mikið og segja má að löggæslusvæði Reykjavíkurlögreglunnar, þó að höfuðstöðvarnar séu í Reykjavík, nái frá botni Hvalfjarðar og allt út að Seltjarnarnesi og að mörkum Reykjavíkur og Kópavogs þannig að það svæði sem löggæslan þarf að fjalla um, Reykjavíkurlögreglan, er gífurlega umfangsmikið.

Í skýrslu Lögreglufélags Reykjavíkur segir m.a. að árið 1984, fyrir um það bil fimm árum, hafi verið einn lögreglumaður í umferðardeild á hver 1000 skráð ökutæki en í dag sé einn lögreglumaður á hver 1930 skráð ökutæki. Eru þá ótalin skráð ökutæki nágrannabyggðarlaganna sem óhjákvæmilega blandast borgarumferðinni mikið.

Af því geta hv. þm. markað nokkuð hvernig ástatt er að lögreglumenn til vettvangslöggæslu og útkalla í Reykjavík í apríl 1989, en þessar tölur sem ég las upp áðan voru frá því í nóvember, voru sem hér segir: Almenn deild: A-vakt 19 manns, B-vakt 17, C-vakt 17, D-vakt 21, samtals 74. Umferðardeild á fjórum vöktum: Aðeins 15 löggæslumenn. Samtals eru þetta 89 menn á fjórum vöktum sem eiga að gæta öryggis og verndar borgaranna jafnframt því sem þeir bera ábyrgð á þeirri miklu umferð sem er á Stór-Reykjavíkursvæðinu.

Það þarf ekki að hafa mörg orð um það, virðulegi forseti, hvernig þessi mál hafa þróast. Þau eru að komast í óefni og hef ég þá ekki fjallað um þann þátt er lýtur að rannsóknarverkefnum eða ávana- og fíkniefnadeild.

Þar sem tíma mínum er að verða lokið í þessari framsögu vil ég segja það eitt út af fyrir sig: Umfjöllun lögreglunnar og aðstaða í sambandi við rannsóknarmál og einnig í sambandi við ávana- og fíkniefnamál, þ.e. ávana- og fíkniefnadeild, er mál út af fyrir sig sem krefst mikillar og langrar umræðu.

Ég vænti þess að hv. þm. taki þetta mál föstum tökum og afgreiði þessa þáltill. um eflingu löggæslu á þessu þingi þrátt fyrir að málið kemur svo seint til meðferðar sem raun ber vitni um.

Að lokum, virðulegi forseti, vil ég segja að ég kalla þá þingmenn til ábyrgðar sem ekki vilja sinna þeirri skyldu sinni að þessi þáltill. verði samþykkt þannig að hæstv. ríkisstjórn geti fjallað um þessi mál þegar á þessu sumri með það í huga að tillögur liggi fyrir þegar þing kemur saman í haust. Ég sá að hæstv. dómsmrh. var í gættinni. Að mínu mati hefði hann betur verið hér inni til að hlýða á frsm. og það efni sem hér er til meðferðar, en það er kannski í samræmi við það í hvílíkri vanrækslu þessi mál eru að enginn sem hefur þessi mál á sínu ábyrgðarsviði af hálfu ríkisstjórnarinnar skuli vera mættur í þingsal þegar þetta mál er til meðferðar. Það er svo annar þáttur sem ég hefði gjarnan viljað ræða, virðulegi forseti, hvernig sú þróun mála hefur orðið innan löggæslunnar að svo virðist sem hinir æðri menn er bera stjórnunarlega ábyrgð á þessu sviði hafi fjarlægst þá sem eiga að framkvæma þetta verk frá degi til dags. Það er mjög alvarlegt mál.

En ég vil að lokum segja það, virðulegi forseti, að við flm. höfum kynnt okkur mjög vel allar hliðar þessa máls og m.a. átt viðræður við fjölda manns sem starfa að þessum málum úti á vettvangi.

Ég vil svo, virðulegi forseti, gera að tillögu minni að að lokinni fyrri umræðu verði þessari tillögu vísað til allsherjarnefndar.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þessa þáltill. Hv. 1. flm. málsins hefur þegar lýst í sínu máli nauðsyninni á því að efla löggæsluna og með honum á þessari tillögu eru ýmsir af þingmönnum Sjálfstfl., þó ekki sá sem hér talar. Ég vil þess vegna nota tækifærið til að lýsa yfir eindregnum stuðningi við tillöguna og vænti þess að sú nefnd sem fær tillöguna til meðferðar geti á þeim stutta tíma sem eftir lifir þingsins kannað með hvaða hætti sé unnt að grípa til nauðsynlegra aðgerða til að koma til móts við þau sjónarmið sem lýst er í tillögunni og greinargerðinni en þó einkum og sér í lagi í athyglisverðri bráðabirgðaskýrslu sem er fylgiskjal með tillögunni sjálfri.

Sem þingmaður Reykvíkinga hlýt ég að hafa áhyggjur af þessum málum á höfuðborgarsvæðinu og tel það vera skyldu stjórnvalda að gera tillögur og fylgja þeim eftir um það efni sem bent er á bæði í bráðabirgðaskýrslunni og eins í greinargerðinni með tillögunni.

Ég held, virðulegur forseti, að það sé óþarfi að bæta mörgum orðum við það sem þegar hefur verið sagt í þessu máli, en vildi ekki láta þetta tækifæri fram hjá mér fara til að ítreka það, sem fram hefur komið af hálfu frsm., að það er bráðnauðsynlegt, ekki síst hér á suðvesturhorni landsins, að huga rækilega að því á næstunni hvernig efla megi löggæsluna, en í þeim málum stefnir í óefni eins og fram kom í máli flm. og fram kemur skýrlega í greinargerð með tillögunni.

Árni Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil með nokkrum orðum lýsa stuðningi mínum við þá tillögu sem hér liggur frammi og gjarnan hefði ég viljað vera flm. á henni. Ég vona þó að þessi tillaga muni ekki lenda í svipuðum

hremmingum og frv. sem ég flutti snemma á þessum vetri um menntun lögreglumanna, þ.e. það skilyrði að lögreglumaður þurfi að hafa lokið námi í Lögregluskóla ríkisins til þess að teljast fullgildur lögreglumaður og í því sama frv. eru tillögur um úrbætur á bótasviði lögreglumanna, þ.e. þeirra sem verða fyrir áföllum í starfi.

Þetta frv. hefur mætt svo ótrúlegri andstöðu framkvæmdarvaldsins að hreint er með ólíkindum. Framkvæmdarvaldið hefur gert sér far um að stöðva framgang þessa frv. í allshn. Nd. Ég væntì þess fastlega að flm. þeirrar tillögu sem hér er til umræðu gangi tryggilega úr skugga um að tillagan verði tekin upp þegar á haustþingi þannig að hún nái fram að ganga fyrir þinglok þá.

Ég verð að segja það sem mína skoðun að ég hef verulegar áhyggjur af því hve illa lögreglumálum er sinnt hér á landi. Ég hef sannfærst æ betur um það því meira sem ég hef kynnt mér þennan málaflokk að hv. dómsmrn. hefur verið háð tilteknum tregðulögmálum. Ég vil þó taka skýrt fram að í ráðherratíð hæstv. núv. iðnrh. Jóns Sigurðssonar voru gerðar miklar breytingar varðandi lögreglumál. M.a. var Lögregluskóli ríkisins stórefldur og öll hans aðstaða bætt og mörgum málefnum lögreglumanna komið til betri vegar.

Það væri virkilega þess virði að taka hér upp á Alþingi umræðu um það hvernig framkvæmdarvaldið snýst allt of oft og af allt of miklum krafti gegn þeim málum sem þingið afgreiðir til þeirra, gerir lítið úr þeim og sinnir þeim ekki. Ég hygg að þetta komi kannski skýrast fram, og ég get þess af því að ég er með það bréf í vasanum, í minnisatriðum sem starfsmaður dómsmrn. ritaði allshn. Sþ. vegna þess frv. sem ég hef gert hér að umræðuefni. Ég ætla, með leyfi forseta, að lesa lokaorð þessa minnisblaðs. Þar segir:

„Að lokum skal geta þess að það eru vægast sagt mjög óvenjuleg vinnubrögð hjá Landssambandi lögreglumanna þegar það hefur ekki fengið framgengt kröfum sínum um starfsleg kjör, til að mynda um menntun, bótarétt og verkfallsrétt hjá réttum stjórnvöldum“ — ég undirstrika: hjá réttum stjórnvöldum — „að það leiti á náðir þingmanna í von um að með lagasetningu verði mál þeirra leyst.“

Þetta eru ummæli háttsetts manns í dómsmrn. um tilraunir löggjafarþingsins til að bæta stöðu lögreglumanna í landinu. Það er ekki von að vel gangi þegar þessi afstaða er uppi. Ég hygg að þingmenn ættu að fara að reka af sér það slyðruorð, sem á þeim hvílir, að þeir láti framkvæmdarvaldið ganga yfir sig, valta yfir sig og buga sig í raun og veru í hverju málinu á fætur öðru. Þegar það er skilningur háttsettra fulltrúa framkvæmdarvaldsins að þingmenn, við erum umboðsmenn fólksins í landinu, eigi ekki að taka upp þau mál sem brenna á kjósendum, á landsmönnum, á fólkinu í landinu, hverjir eiga þá að gera það?

Virðulegi forseti. Ég gat ekki orða bundist að greina frá þessu og þeirri meðferð sem þetta frv. hefur fengið sem er flutt af fulltrúum allra þingflokka á þingi nema fulltrúa Framsfl. Ég hef mjög sterklega á tilfinningunni að þingmenn þurfi að ryðjast nokkuð fram og gera gangskör að því að láta framkvæmdarvaldið lúta vilja sínum en ekki það að þingið lúti vilja framkvæmdarvaldsins. Ég hygg nefnilega að skilningurinn á þingræðishugtakinu hafi farið nokkuð forgörðum á undanförnum árum og menn geri sér ekki almennt grein fyrir því hvert starf og hlutverk þingmannsins í raun og veru er og löggjafarsamkomunnar upp til hópa. Ég er orðinn sjálfur ákaflega þreyttur á viðbrögðum framkvæmdarvaldsins við ýmsum málaleitunum þingmanna og þeirri tregðu að framfylgja því sem þingið ákveður. Menn verða að gæta þess að þingræðið er einn af hornsteinum þess lýðræðisþjóðfélags sem við búum í og við verðum að gera svo vel sem þingmenn að tryggja að framkvæmdarvaldið fari eftir þeim lögum sem sett eru, að framkvæmdarvaldið hlíti vilja þingsins.

Virðulegi forseti. Ég endurtek stuðning minn við þessa tillögu. Ég er þeirrar skoðunar að gott, vel menntað, þjálfað lögreglulið sé verulegur styrkur fyrir hvert þjóðfélag. Okkur ber að efla það, okkur ber að efla löggæslu, okkur ber að efla menntun þeirra manna sem þessi störf stunda og við verðum að liðsinna þeim í baráttu þeirra fyrir bættri aðstöðu og bættri menntun.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég ætla að taka undir með síðasta ræðumanni að efling löggæslu og efling menntunar sé mjög þýðingarmikið mál. En ég kom aðallega í pontu út af orðum hv. 3. þm. Norðurl. e. vegna þess að hann var að tala um að þingmenn létu framkvæmdarvaldið valta yfir sig og beygja sig í hverju málinu á fætur öðru. Hann var sjálfur fyrir hálfum öðrum klukkutíma að láta framkvæmdarvaldið valta yfir sig í svokölluðu húsbréfafrv. Ég er honum alveg sammála um að störf þingsins snúast allt of mikið um að framkvæmdarvaldið er að troða málum í gegn og nota stjórnarmeirihlutann eins og tuskubrúður og lætur hann rétta upp hendi eftir þörfum. Það var það sem gerðist fyrir hálfum öðrum klukkutíma. Auðvitað á framkvæmdarvaldið að lúta vilja löggjafarvaldsins. Það er ekki nein spurning. Það er bara búið að hafa endaskipti á þessu öllu saman og það er raunverulega stórmál sem þingið þyrfti að taka upp til endurskoðunar.

Sú þáltill. sem hér er til umræðu um eflingu löggæslu er mjög gott mál og ég styð það eins og það er fram lagt. En í sambandi við samskipti framkvæmdarvalds og löggjafarvalds er sannarlega kominn tími til að það verði kíkt á málin upp á nýtt.

Flm. (Guðmundur H. Garðarsson):

Virðulegi forseti. Mín reynsla er sú af þingstörfum og í sambandi við mál sem koma fram á þingi að oft er það þannig að það eru hin stærri mál, sem ættu helst að fá góða og mikla umfjöllun, sem margir hv. þm. forðast. Ég hef oft mælt í árum hvað slík mál þyrftu langan tíma til þess að ná fram að ganga. Ég gerði það

í sambandi við svokallað frjálst útvarp á sínum tíma. Svokallað frjálst útvarp byggðist á breytingum á lögum um að einkaréttur Ríkisútvarpsins yrði afnuminn, það tæki 4–5 ár að hrinda því máli í framkvæmd. En það tók 5–6 ár.

Það mál sem hér er til umræðu er líklegast sama efnis. Það er einkennandi að þeir menn sem hafa komið sér fyrir í valdakerfi þjóðarinnar, og á ég þar sérstaklega við hæstv. ráðherra, forðast að vera inni þegar þetta mál er til umræðu. Margir af forsvarsmönnum og frammámönnum þingflokkanna eru ekki í þingsæti þegar þetta mál er til umfjöllunar, en það hefur legið hér í þingskjölum, ef ég man rétt, frá því í desember. Það ber vott um að þeir ágætu menn sem hafa nú tryggt sér völdin í landinu, og á ég þar sérstaklega við þá sem ráða og stjórna í hæstv. ríkisstjórn, forðast að vera hér inni og fjalla um þetta vandasama, erfiða og viðkvæma mál. Að vísu vil ég, virðulegi forseti, taka það fram að hér er mættur og hefur setið í sæti sínu hæstv. viðskrh. sem var dómsmrh. um tíma og ég vil taka undir þau orð hv. þm. Árna Gunnarssonar að sá hæstv. ráðherra, þó hann sé ekki lengur dómsmrh., sýndi mikla tilburði í þá átt að fjalla um þessi mál með þeim hætti sem ég tel að ráðherra þessara mála eigi að gera.

Það er líklegast skýringin á því hvers vegna þessir völdu valdamenn, sem ég hef vísað til án þess að tilgreina nánar, skuli ekki vera hér inni að þeir gera sér grein fyrir því að dómsmál og löggæslumál á Íslandi eru komin í þá niðurníðslu í dag m.a. vegna þess og kannski fyrst og fremst að pólitísk afskipti hafa verið of mikil af stöðuveitingum á þessu sviði. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að afnema hinar pólitísku stöðuveitingar eins og þær eiga sér stað í gegnum dómsmrh. og dómsmrn. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að taka upp það sem tíðkast í öðrum lýðræðisríkjum að í þeim efnum eigi framkvæmdarvaldið ekki að ráða því hverjir eru t.d. tilnefndir sem sýslumenn eða hafa áhrif á hverjir setjast í dómarasæti eða eru yfirleitt í æðstu stöðum í íslenskri löggæslu. Það er tími til kominn og er hluti af því sem þarf að taka til athugunar á grundvelli þessarar þáltill. að breyta þessari framkvæmd, þ.e. að slíta hinar pólitísku hefðir í þessum efnum sem koma niður á framkvæmd þessara mála og koma niður á ég vil segja borgurum þessa lands m.a. í þeirri mynd sem við sjáum íslenska löggæslu í dag.

Ég gat um það í fyrri ræðu, virðulegi forseti, að við flm. hefðum flestir kynnt okkur þessi mál allrækilega í vetur. Þess vegna höfum við ekki ýtt eins mikið á að þessi þáltill. kæmi til meðferðar þar sem við vildum vera vel undir búnir. Þær athuganir, þær viðræður hafa staðfest þá skoðun okkar, sem fram kemur í grg., að það er brýn nauðsyn á að það verði tekið föstum tökum að endurskipuleggja og að efla íslenska löggæslu.

Ég vil einnig taka fram að það er slæmt að einn af stjórnarþingmönnum, hv. þm. Árni Gunnarsson, skuli koma upp á síðustu dögum þingsins og ítreka og skýra frá því að framkvæmdarvaldið, sem þýðir á mæltu máli hæstv. núv. dómsmrh. og þeir sem sitja í ráðherrastólum, hefur greinilega verið samtaka um að stöðva framgang þess frv. sem hann hefur flutt um eflingu Lögregluskóla ríkisins. Það er ein grundvallar- og meginforsendan fyrir því að íslensk löggæsla geti verið með þeim hætti sem við gerum kröfu til að löggæslumenn séu vel menntaðir og vel þjálfaðir, þ.e. að í íslenska löggæslu veljist þroskað, greint og gott fólk. Vegna þessara ummæla hv. þm. vil ég skýra frá því og láta það koma fram að þetta er eitt af mestu vandamálum í sambandi við íslenska löggæslu í dag. Í þeirri skýrslu sem ég greindi frá áðan, sem Lögreglufélag Reykjavíkur hefur látið gera og unnið, kemur einmitt fram það atriði sem lýtur að menntun lögreglumanna og að því frv. sem hv. þm. Árni Gunnarsson nær ekki fram vegna þess að hæstv. ríkisstjórn sinnir því ekki og hæstv. dómsmrh. virðist sitja á því. Þá vil ég vekja athygli hv. þm. á því hvernig dómsmálaráðherrar undangenginna ára hafa tryggt ákveðnum flokki flestallar æðstu stöður í dóms- og réttarkerfi íslensku þjóðarinnar.

Ég skil ekki hæstv. ráðherra Alþfl. að þeir skuli líða að þessi hæstv. dómsmrh. geti sest á mál sem þessi, og á ég þar við frv. um eflingu Lögregluskóla ríkisins, og einnig að hann skuli ekki ætla að sinna því máli sem nú er til umfjöllunar sem er efling löggæslunnar almennt. En það eitt get ég sagt hæstv. ráðherra sem hér er staddur, og ég vona að hann færi þau skilaboð inn í ríkisstjórnina, að það fær enginn að stöðva framgang þessa máls. Ég talaði um að stundum væri hægt að mæla hvaða ár till. til þál. eða frv. næðu fram að ganga. Ég er sannfærður um að ef hæstv. ríkisstjórn fer frá völdum á þessu ári, sem er æskilegt með tilliti til hagsmuna þjóðarinnar, mun Sjálfstfl. tryggja að við mælum það ekki í mörgum árum að íslensk löggæsla verði efld. Ég vil einnig segja að sú löggæsla sem þarf að efla snýr ekki hvað síst að börnum okkar og þeim unglingum sem vara sig ekki á þeim hættum sem nútímaafbrotamönnum og nútímaglæpum fylgja og á ég þar sérstaklega við það sem snýr að fíkniefnum.

En ég vil, virðulegi forseti, fá að greina frá þeim kafla í skýrslu Lögreglufélags Reykjavíkur er lýtur einmitt að menntun lögreglumanna og hvaða þýðingu það hefur að þessir menn séu vel menntaðir. En í skýrslunni segir m.a., með leyfi forseta:

„Vandinn er hins vegar sá að þar með er liðsaflinn til útkalla á vöktunum að stórum hluta lítt vanir lögreglumenn eða afleysingarfólk sem gegnir verkum meðan verið er að mennta hina yngri lögreglumenn til starfans. Þetta afleysingarfólk skortir bæði lágmarksstarfsmenntun og reynslu í lögreglustarfi. Samt er verið að nota það til afgreiðslu á viðkvæmustu málum.

Nú er svo komið að skortir nægilega stóran kjarna reyndra lögreglumanna til að stýra og leiðbeina hinum óreyndari. Ástandið er slæmt á veturna en þó hálfu verra á sumrin þegar sumarafleysingafólk kemur til. Þá er næsta algengt að tveir óreyndir lögreglumenn séu skráðir saman í bíl til útkalla. Þekking og

reynsla eru auðvitað meginforsendur þess að vandasöm mál fái rétta afgreiðslu og erfið vandamál borgaranna fái farsæla úrlausn. Óreyndir lögreglumenn vita oft ekki hvernig á málum á að taka og koma oft fyrir mistök sem ekki er unnt að bæta um síðar."

Þetta eru vissulega alvarleg orð. Það er vissulega alvarlegt að þetta skuli koma fram í skýrslu Lögreglufélags Reykjavíkur með þeim hætti sem það birtist, en þarna eru að verki menn sem gjörþekkja það sem þeir eru að fjalla um. Og ég segi bara: Hvar eru hv. þm. í umfjöllun þessara mála? Er það ekki skylda þingmanna að hlýða á raddir þeirra sem gerst þekkja til í þessu máli sem öðrum?

Ég vil, virðulegi forseti, síðan fá að ljúka þessu með því að vitna í það sem segir um þessi mál, þ.e. menntun lögreglumanna:

„Ástandið í almennri deild er nú (í nóvember 1988) þannig að til útkalla og almenns hverfaeftirlits á fjórum vöktum er samtals 81 lögreglumaður [þ.e. í Reykjavík]. (Sú tala er vart marktækt stærri en var árið 1944.) Þar af eru afleysingarmenn 24, eða 29,6% [þ.e. þriðji hver maður]. Í umferðardeild eru síðan 19 lögreglumenn til almenns eftirlits og vettvangsverkefna, þar af tveir afleysingarmenn. Þannig eru aðeins til útkalls og vettvangsverkefna 100 lögreglumenn af rösklega 260 manna liði, eða um 38%. Þá eru ekki taldir frá þeir sem eru frá þeir sem eru frá sökum veikinda eða eru í orlofi eða að starfi við tilfallandi sérverkefni. Hópurinn er því í reynd nokkru smærri.

Sífellt stærri hópur hefur verið settur til annarra verkefna. Þau eru að vísu nauðsynleg. Flestum býður þó í grun að ekki hafi verið tekið tillit til undirstöðunnar þegar yfirbyggingin var reist." — Ég vek athygli á þessu orðalagi: þegar yfirbyggingin var reist.

Það er einnig annar megintilgangur þessarar tillögu að fá fram hvernig stjórnun og skipulagi þessara mála sé háttað. Er svo komið að fyrir tilstuðlan stjórnmálamanna, fyrir tilstuðlan fyrrv. dómsmrh. og núv. dómsmrh. sé búið að yfirhlaða, ég undanskil hæstv. fyrrv. dómsmrh. Jón Sigurðsson, yfirhlaða í stjórnunarstörf mönnum sem eru ekki í nokkru sambandi við raunveruleikann, sem gera sér ekki grein fyrir hvernig ástandið er orðið á vettvangi? Þetta eru spurningar sem verður að fá svör við.

Ég vil síðan, virðulegi forseti, ljúka þessu, ég geri ráð fyrir að mínum tíma sé að ljúka, aðeins víkja að því atriði er lýtur að ávana- og fíkniefnamálum. Þetta er viðkvæmur málaflokkur sem ekki hefur verið mikið ræddur á hinu háa Alþingi. Þetta er nútímavandamál sem við Íslendingar stöndum því miður frammi fyrir. Það hefur ekki verið unnið að því með þeim hætti sem þörf krefur. Ég vil að lokum, virðulegi forseti, fá að lesa upp einn kafla úr umræddri skýrslu er lýtur að ávana- og fíkniefnadeild lögreglunnar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Niðurskurður peninga til löggæslu hefur bitnað illa á starfi við rannsóknir fíkniefnamála. Dregið hefur verið úr aukavinnu, og þótt mönnum hafi verið fjölgað kemur það auðvitað niður á rannsókn þegar sá sem stjórnar henni og heldur utan um allar upplýsingar er sendur heim er dagvinnu lýkur vegna þess að hann er búinn með aukavinnukvótann sinn og annar sem veit minna um málið látinn taka við."

Hvar á byggðu bóli halda menn að þannig sé staðið að málum í sambandi við þennan alvarlegasta og hættulegasta flokk sem lögreglan þarf að fjalla um, þar sem við er að glíma stórhættulega menn sem vinna ekki vaktavinnu, sem vinna ekki dagvinnu, sem vinna sín myrkrastörf hvenær sem það hentar þeim? Að svona skuli vera komið í íslenskri löggæslu er hörmulegt og það er krafa okkar flm. og Sjálfstfl. að þessum málum verði komið í lag og þau verði efld með þeim hætti að ég vil segja að börn okkar geti lifað í sæmilegu öryggi í framtíðinni í þessu landi.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. flm. fyrir að leggja fram þessa till. til þál. og get ég stutt hana svo langt sem hún nær. Hins vegar er hún mjög stutt og felur mjög lítið í sér. Hún er aðeins á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela dómsmrh. að grípa nú þegar til ráðstafana er feli í sér eflingu löggæslu í landinu."

Því miður er þetta mjög loðið orðalag og þarna er ekki verið að taka á hvar þörfin er og hvað á að efla. (**GHG:** Það kom fram í greinargerð og ræðu frsm.) Ég las greinargerðina og er búinn að kynna mér þá skýrslu sem var lögð hérna fram frá Lögreglufélaginu og það er rétt að þar koma ýmsar ábendingar, en svona orðalag í þáltill. segir mjög lítið. Þess vegna hefði mér fundist að það mætti fylla þetta betur út og taka á þeim þáttum sem flm. telja að þurfi að bæta.

Í mínum huga er það aðalatriðið í því sem gera þarf varðandi lögregluna að það þarf að bæta skipulagninguna. Oft og tíðum finnst manni að henni sé mjög ábótavant og þá sérstaklega þegar grípa þarf til skjótvirkra aðgerða og fara í gegnum mjög langt ferli til þess að vinnubrögðin komi fram. Ég veit ekki til þess að það séu til lög um skipulag lögreglunnar. Því finnst mér aðalatriðið núna að það verði tekið á því hvernig á að koma því í rétt horf og einnig hvaða heimildir lögreglan hefur til þess t.d. að rannsaka brot og skera úr öðrum ágreiningi sem oft kemur upp því að þetta eru mjög vandasöm störf sem hvíla á lögreglunni og hún þarf oft og tíðum að taka ákvarðanir á staðnum þar sem hún er hverju sinni.

En ég vil líka koma inn á skipulagsbreytingar. Mér hefur skilist að lögreglustjórinn í Reykjavík væri lögreglustjóri yfir landið án þess að það komi skýrt fram í lögum eða öðru, hann sé allsherjarlögreglustjóri yfir landið og geti gefið skipanir eftir því sem hann vill o.s.frv.

Það sem eflaust knýr hv. þm. til að leggja þáltill. fram er skýrslan sem er fskj., skýrslan sem lögreglumenn sömdu og tóku þar út starfsemi sína. Þar kemur mjög margt fróðlegt fram um hverju sé ábótavant hjá lögreglunni og sérstaklega lögreglunni í Reykjavík. Ég ætla ekki að fara yfir þessa skýrslu. 1. flm. hefur farið nokkuð mörgum orðum yfir það og get ég tekið

undir þá áherslu sem hann lagði á hana í sinni ræðu. En sérstaklega vil ég taka á þætti ávana- og fíkniefnadeildar lögreglunnar. Það er t.d. mjög athyglisvert hvernig skipulagi þeirra mála er háttað.

Hér í Reykjavík er sérstök deild ávana- og fíkniefna sem heyrir undir lögreglustjórann í Reykjavík og á að hafa samkvæmt því aðeins lögsögu í Reykjavík. Úti á landi eru engar sams konar deildir heldur fara almennir lögreglumenn með vald hver í sínu umdæmi og þá lögreglustjóri þess umdæmis sem er yfirleitt bæjarfógeti eða sýslumaður. Gerist það t.d. að upp kemur smyglmál með fíkniefni austur á fjörðum eða vestur á fjörðum eru einu mennirnir sem eru tiltækir til að sinna rannsóknarstarfi ávana- og fíkniefnadeildin í Reykjavík. Þeir hafa fagþekkingu á þessu sviði. Þeir geta ekki rannsakað þessi brot nema fá leyfi viðkomandi bæjarfógeta. Neiti hann um leyfi verður ekki tekið almennilega á þessum málum. Ekki ætla ég að gera lítið úr starfi þeirra manna sem eru úti á landi og veit að þeir reyna að vinna sín verk af kostgæfni. Hins vegar vill stundum verða árekstur þegar ekki er vel skilgreint hvaða verksvið eða valdsvið hver hefur. Þess vegna mundi mér finnast eðlilegt að það verði stofnuð deild, jafnvel innan rannsóknarlögreglunnar, sem sér um ávana- og fíkniefni og hún hafi lögsögu um allt landið. Þarna er um mjög erfiðan og flókinn málaflokk að ræða og vandamálin vita allir um. Til þess að stemma virkilega stigu við þessu vandamáli þarf að hafa mjög virkt eftirlit.

En ég þakka flm. fyrir að hafa lagt fram þessa till. þó hún sé, eins og ég nefndi í upphafi, ekki mjög vel skilgreind, hvaða þætti ætti að efla, og fagna ég því að þáltill. er lögð fram.

Það er eitt sem ég vil nefna samt að lokum. Það er hvernig lögreglumenn hafa því miður orðið fyrir árásum bæði fjölmiðla og almenningsálits út af því að það hefur innan þeirra raða verið einn og einn sem hefur gerst offari í starfi. Þá vill það oft vera þannig að öll lögreglustéttin er dæmd. Þetta er eins og að dæma skóginn út frá einu tré.

Fleira hef ég ekki um þetta að segja að sinni, en ég vona svo sannarlega að það megi efla löggæsluna og að framkvæmdarvaldið taki sig verulega á í þeim efnum, sérstaklega dómsmrh., og skipi nefnd til að fara vel ofan í þessi mál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til allshn. með 36 shlj. atkv.

Opinber þjónusta í viðskiptabönkum og sparisjóðum, fyrri umr.

Þáltill. PJ, 313. mál. — Þskj. 574.

Flm. (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um opinbera þjónustu í viðskiptabönkum og sparisjóðum sem er 313. mál þessa Alþingis. Tillgr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að viðskiptabankar og sparisjóðir taki að sér þjónustu við almenning fyrir opinbera sjóði og fjármálastofnanir, svo sem Byggingarsjóð ríkisins, Byggingarsjóð verkamanna, Lánasjóð ísl. námsmanna, Byggðasjóð, fjárfestingarlánasjóði atvinnuveganna o.fl.

Miða skal við að hin breytta tilhögun þessara mála hafi tekið gildi eigi síðar en 1. janúar 1990."

Það er öllum kunnugt að á síðari árum hefur opinber þjónusta vaxið hröðum skrefum í okkar þjóðfélagi. Sífellt fjölgar því fólki sem starfar að þjónustugreinum en að sama skapi fækkar því fólki hlutfallslega sem vinnur að framleiðslu í þjóðfélaginu. Samtímis þessu hefur það gerst, eins og alkunna er einnig, að þjónustugreinum hefur vaxið mun hraðar fiskur um hrygg á höfuðborgarsvæðinu en annars staðar á landsbyggðinni.

Opinber þjónusta er þess eðlis að borgararnir ættu að hafa sem jafnastan rétt til að nálgast hana eða njóta þess sem hún hefur upp á að bjóða, enda er hún greidd af almannafé. Því fer þó víðs fjarri að þessu sé þann veg háttað og það hefur í raun og veru ekki verið rætt sem skyldi hvernig úr þessu megi bæta jafnmikilvægt og þetta mál er frá sjónarhóli hins almenna borgara og hvílíkt réttlætismál það er fyrir fólkið í landinu að geta átt sæmilega jafnan rétt til þess að nálgast þá þjónustu sem kostuð er af almannafé. Þessu er þó nokkuð misjafnt farið eftir einstökum þjónustugreinum og eftir einstökum stofnunum ríkisins. Nokkrar af hinum stærri stofnunum ríkisins, sem sinna bæði þjónustu og fjárfestingu, hafa komið upp allviðamiklu kerfi og útibúum um landsbyggðina sem hafa gegnt því hlutverki að jafna aðstöðu fólksins sem unnið er fyrir. Svo er t.d. um stofnanir eins og Póst og síma, Vegagerð ríkisins og Rafmagnsveitur ríkisins sem allar hafa viðamikið kerfi þjónustustofnana og stofnana sem sinna bæði þjónustu og fjárfestingu, framkvæmdum á vegum þessara aðila og allir þekkja. Þessu er enn fremur svo farið með Tryggingastofnun ríkisins sem frá öndverðu hefur haft afgreiðslu sinna mála hjá fógetum og sýslumönnum í landinu. Það kerfi hefur gefist vel. Aðrar opinberar fjármálastofnanir og sjóðir, að undanskildum viðskiptabönkunum, eru á hinn bóginn þann veg staddar að þær er ekki að finna nema á einum stað á landinu og það er hér í Reykjavík. Þannig er því varið t.d. um fjárfestingarlánasjóði atvinnuveganna, Húsnæðisstofnun ríkisins og þar með Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna, Lánasjóð ísl. námsmanna og að mestu leyti um Byggðastofnun og Byggðasjóð. Byggðastofnun hefur þó komið upp einu útibúi sem er á Akureyri og er nýlega tekið til starfa.

Þetta er í raun og veru óviðunandi fyrirkomulag.

Sá sem þarf að fá afgreiðslu sinna mála, t.d. varðandi húsnæðislán eða námslán fyrir ungmenni sem er í námi erlendis, nær ekki þessari þjónustu nema á einum stað á landinu, þ.e. á Laugavegi 77 í Reykjavík. Þingmenn þekkja það vitaskuld vel, sem hafa oft átt þátt í því að sinna fyrirgreiðslu fyrir umbjóðendur sína hvaðanæva af landinu, að það er snúningasamt eða a.m.k. getur verið snúningasamt að fá afgreiðslu á málum og að sækja þá nauðsynlegu þjónustu sem þessar stofnanir veita. En þetta verður fólk að búa við eins og þessu háttar nú hvort sem fólk býr austur á Langanesi eða Vopnafirði eða vestur á Vestfjörðum eða hvar sem er annars staðar á landinu og þekkja menn að það kostar ærið fé að leggja í þann ferðakostnað sem þarf til að geta þá náð að komast á þann stað þar sem þessi þjónusta er veitt.

Þetta er vitaskuld óviðunandi fyrirkomulag og þetta er forneskjulegt fyrirkomulag í því þjóðfélagi sem kallar sig nútímaþjóðfélag. Í þessu felst ranglæti varðandi borgarana í landinu sem verður að finna leiðir til að bæta úr án þess að lagt sé í óhóflegan kostnað.

Sú tillaga, sem hér er flutt, stefnir að því að fela viðskiptabönkum og sparisjóðum að annast þessa þjónustu, þ.e. afgreiðslu fyrir fjármálastofnanir og sjóði í eigu hins opinbera. Með því fyrirkomulagi væri náð þeim aðalmarkmiðum sem eru tvenns konar: Í fyrsta lagi væri þjónustan færð eins nálægt fólkinu í landinu og mögulegt er og í öðru lagi væri þetta væntanlega gert með minni kostnaði en mögulegt er með öðrum hætti.

Ég held að aðrar leiðir að þessu sama marki séu ýmist annað tveggja gagnslitlar eða óraunsæjar vegna kostnaðar. Aðalstöðvar opinberra sjóða eða fjármálastofnana verða tæplega fluttar út á landsbyggðina, enda mundi það ekki stuðla að auknu jafnrétti milli landsmanna að flytja stofnanir sem þessar af einum stað á landinu yfir á annan, jafnréttið mundi ekki vaxa við það. Tillögur í þá átt eru því gjörsamlega óraunhæfar. Stofnun útibúa eða sérstakra afgreiðslna fyrir sjóði eða stofnanir er líka gagnslítil ráðstöfun því að þessar stofnanir mundu tæplega geta sett upp slíka afgreiðslu á svo mörgum stöðum á landinu að það væri viðráðanlegt kostnaðar vegna. Slíkt kerfi getur ekki orðið á annan veg en þann að það verði allt of kostnaðarsamt, allt of dýrt.

Ég hef hugsað talsvert mikið um þessi mál og hef komist að þeirri niðurstöðu að með þeirri leið sem stungið er upp á í þessari þáltill. sé náð því markmiði, sem ég hef hér áður lýst, að flytja þjónustuna eins nærri fólkinu og hægt er, og það sé gert með kostnaði sem ætla má að sé viðráðanlegur. Það getur þurft vitaskuld að beita verulegum áhrifum af hálfu stjórnvalda til að fá þessar stofnanir, þ.e. viðskiptabankana og sparisjóði, til þess að taka þjónustuna að sér án þess að um óhóflegan kostnað verði að ræða í tengslum við það.

Ég held að það sé því meira en tímabært að þeirri lausn sem hér er um fjallað verði hrundið í framkvæmd. Nú er mikið mein að því að þó að þessi till. sé flutt fyrir nokkrum mánuðum hefur hún ekki komið til umræðu fyrr en í dag og kannski litlar líkar til að hún verði afgreidd á þessu þingi. En ég beini því til hæstv. viðskrh., sem hér er viðstaddur og ég þakka honum fyrir, að þrátt fyrir að tillagan nái eigi fram að ganga á þessu þingi, sem væri þó vitaskuld best og væri hægt ef menn vildu virkilega stuðla að því, hefji hann það starf að hlutast til um að ná þeim markmiðum sem till. greinir.

Ég skal svo ekki lengja, hæstv. forseti, umfjöllun um þetta þýðingarmikla mál. Ég legg til að till. verði vísað til síðari umr. og hv. allshn.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Þáltill. sú sem hér er til umræðu og flutt er af hv. 2. þm. Norðurl. v. er allrar athygli verð. Með henni er hreyft hinu þarfasta máli og vegna síðustu orða hv. þm. vil ég taka það fram að ég hef þegar rætt efni hennar nokkuð við fulltrúa bankakerfisins, sérstaklega viðskiptabankanna, en í þessari till. felst einmitt að þjónusta við almenning vegna samskipta við ýmsa opinbera sjóði verði aukin með því að nýta afgreiðslukerfi banka og sparisjóða. Það er fullkomlega rétt ábending hjá hv. flm. að það að byggja upp útibúakerfi fyrir alla fjárfestingarlánasjóði og þjónustustofnanir af því tagi sem nefndar eru í till. er út í hött og ekkert nema sóun fylgir því og þess vegna er till. í senn til þess fallin að bæta þjónustu við almenning og auka hagkvæmni í opinberri starfsemi. Það má hins vegar benda á að þróun í þessa átt er þegar hafin og það í nokkuð ríkum mæli í greiðslumiðlunarþjónustu sem bankakerfið annast. Ýmsa reikninga sem áður þurfti að greiða í mörgum stofnunum er nú hægt að greiða í næstu bankaafgreiðslu og nú er ekki lengur nauðsynlegt að fara í ákveðna bankastofnun til að taka út eða leggja inn á bankareikning. Það má líka segja að skjalaviðskiptakerfi banka og sparisjóða hér á landi, þ.e. umsýslan með hvers konar greiðsluávísanir og millifærslur, sé líklega eitt það fljótvirkasta sem þekkist hvar sem er í heiminum. Það er auðvitað rétt að athuga hvort ekki megi gera þetta betur og þótt ekki sé fullvíst að með þessu megi spara fé fyrir fram tel ég samt mjög mikilvægt að bankarnir athugi þetta vandlega. Þeir hafa reyndar gert það. Bankar og sparisjóðir hafa annast útborgun húsnæðislána undanfarin þrjú ár. Ég veit að þeir hafa gert Húsnæðisstofnun tilboð um að annast stærri hlut, fleiri þætti í afgreiðslu húsnæðislánakerfisins. Um það hefur ekki náðst samkomulag. Að því teldi ég þó rétt að vinna því það er mjög mikils um vert að færa þessa þjónustu nær þeim sem hennar eiga að njóta. Það er líka í undirbúningi að lán Lánasjóðs ísl. námsmanna verði afgreidd hjá bönkum og sparisjóðum og ég bind vonir við að það geti orðið seinna á þessu ári eða í byrjun næsta árs.

Ég vildi líka vekja athygli á því að fólk getur beðið um að fá að greiða til byggingarsjóðanna í gegnum sína banka hver á sínum stað. Þetta er nokkuð gert, en það krefst framtaks frá einstaklingnum, þetta er ekki gert sjálfkrafa. Þetta vildi ég nefna, en tek fram

að með till. er hreyft hinu þarfasta máli og býst við því að allshn. muni athuga þetta vandlega.

Ég vildi þó benda hv. flm. á það að ég tel það ekki sérlega heppilegt að hafa þarna ákveðinn dag eins og 1. jan. 1990, þegar hin nýja tilhögun eigi að ganga í gildi, einfaldlega af því að þetta er í eðli sínu þróun, framvinda, ekki einn atburður og þegar á svo fjölþættu máli er tekið verður aldrei hægt að setja á þetta eina dagsetningu. En flm. getur verið þess fullviss að ég er honum alveg sammála um meginstefnu þá sem lýsir sér í till. og þegar er unnið að framkvæmd hennar.

Flm. (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir hans undirtektir við þetta mál og þær upplýsingar sem hann hefur gefið. Mér var það vitaskuld að fullu ljóst að það er hægt að greiða af lánum, ýmsum hverjum og kannski öllum, í gegnum bankakerfið. Bæði með gíróþjónustu og með öðrum hætti er hægt að nota bankakerfið til að annast afborganir lána. En ég hafði meira í huga og þá í fyrsta lagi að því er varðar umsóknir um lán úr sjóðum, afgreiðslu þeirra og þá miklu vafninga sem fólk þarf að leggja í til þess að komast í gegnum þá flækju sem því er oft samfara. Ef til að mynda viðskiptabankar og sparisjóðir hefðu þó ekki væri nema umsóknareyðublöð frá þessum stofnunum og þar væri hægt að ganga frá umsóknum og í gegnum bankana væri hægt að ganga einnig frá afgreiðslu á málum væri það mikil framför.

Ég hef ekkert við athugasemd hæstv. ráðherra að athuga í sjálfu sér um þá dagsetningu sem ég tók til í tillgr. að miðað er við, að þessi nýja tilhögun þessara mála hefði tekið gildi 1. janúar 1990. Vitaskuld er slík dagsetning sett í tillgr. til þess að leitast við að ýta á eftir því að unnið sé að því eins hratt og kostur er að koma slíku kerfi fram. Að því leyti hefur dagsetningin tilgang. Ef það þyrfti að dragast um einhverja mánuði eða kannski takast að gera þetta fyrr, þá getur það allt saman verið bæði skiljanlegt og eðlilegt þannig að út af fyrir sig hef ég ekkert frekar um þá athugasemd hæstv. ráðherra að segja.

Ég skal ekki lengja þetta, hæstv. forseti, aðeins þakka hæstv. ráðherra fyrir hans viðbrögð og treysti því að það verði unnið að þessum málum sem eru mikilvæg og koma um leið í veg fyrir að upp rísi óhóflegar kröfur um fjárfestingu í útibúum, afgreiðslustofnunum, þjónustumiðstöðvum eða hvað það nú allt saman er kallað, stjórnsýslumiðstöðvum um landið sem kosta stórfé og ættu að fást við mál sem hægt væri að leysa með einföldum hætti eins og hér er bent á.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til allshn. með 37 shlj. atkv.

Viðskipti á hlutabréfamarkaði, fyrri umr.

Þáltill. FrS o.fl., 330. mál. — Þskj. 599.

Flm. (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni, Geir H. Haarde, Birgi Ísl. Gunnarssyni og Kristni Péturssyni að flytja svohljóðandi till. til þál.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera tillögur um ráðstafanir til að örva viðskipti á hlutabréfamarkaði hér á landi. Tillögurnar verði tilbúnar fyrir næsta reglulegt Alþingi."

Þessa tillögu er að finna á þskj. 599, en málið er 330. mál þingsins. Skjalið var lagt fram í byrjun marsmánaðar, en hefur því miður ekki komist á dagskrá fyrr vegna anna Sþ.

Með þessari þáltill. eða á sama tíma leyfðu sömu flm. sér að flytja tvö lagafrumvörp sem hafa verið til meðferðar í hv. fjh.- og viðskn. Nd. og átti ég satt að segja von á því að hv. nefnd gæti afgreitt þau mál, enda veit ég að einstakir nefndarmenn, ekki síður nefndarmenn úr röðum stjórnarflokkanna, hafa áhuga á því að þau atriði sem finna má í þeim málum, þau mál eru 331. mál og 332. mál þingins, gætu orðið að lögum á yfirstandandi þingi.

Eins og fram kemur í greinargerðinni með þessari tillögu hafa tiltölulega háir raunvextir samhliða mikilli skuldsetningu fyrirtækja haft í för með sér að atvinnulífið á erfitt með að mæta ýmsum áföllum í efnahagslífinu og við þessar aðstæður verður rekstrarvandi fyrirtækja varla leystur með greiðslufresti eða nýjum lántökum. Þvert á móti er þörf á nýju áhættufé, nýju framtaksfé. Á þetta vil ég leggja áherslu því að svo virðist vera sem hæstv. ríkisstjórn sú sem nú situr hér að völdum hafi misst fótanna í þessum málum, hafi fyrst og fremst lagt upp úr því að skuldbreyta fyrir fyrirtæki án þess að þeim skuldbreytingum fylgi síðan það sem þarf að fylgja, þ.e. eðlileg rekstrarskilyrði fyrirtækjanna. Auðvitað má draga úr árlegri greiðslubyrði fyrirtækjanna með þessum hætti, en það breytir ekki því að slíkar skuldbreytingar hafa litla þýðingu ef fyrirtækin eru áfram rekin með tapi.

Hæstv. ríkisstjórn hefur stofnað til Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina og hlutafjársjóðs Byggðastofnunar og þessum sjóðum hefur verið ætlað að skuldbreyta og í vissum tilvikum að breyta skuldum í hlutafé, en þó með afar sérstökum hætti því að lánardrottnum fyrirtækja, einkum þeim sem eru í opinberri eigu, er ætlað að breyta lánum til fyrirtækjanna í hlutdeildareign í hlutafjársjóði en gefa upp skuldirnar við fyrirtækin í staðinn. Þessari hlutdeildareign fylgir síðan ríkisábyrgð að verulegum hluta og sýnir það kannski best að þessi hæstv. ríkisstjórn virðist ekki hafa hugmynd um eða a.m.k. kemur það ekki fram í hennar gerðum hvernig venjulegur hlutafjármarkaður starfar, a.m.k. í þeim löndum sem við berum okkur gjarnan saman við.

Það er mikilvægt í þessu sambandi, virðulegur

forseti, að menn átti sig á því að það er munur á lánsfé og hlutafé. Hlutaféð situr áfram í fyrirtækinu, lánsféð þarf að greiða, einnig höfuðstólinn, og þótt hlutabréf gangi kaupum eða sölum situr hlutaféð eftir í fyrirtækinu og arður af því er aðeins greiddur í hlutfalli við rekstrarafkomu fyrirtækisins á hverjum tíma.

Hæstv. ríkisstjórn hefur því miður ekki harla mikinn skilning á þessu, enda sést það kannski best á því þegar borið er saman það sem kemur fram í stjórnarsáttmála þessarar ríkisstjórnar og stjórnarsáttmála fyrri ríkisstjórnar, að í stjórnarsáttmála fyrri ríkisstjórnar sem sat hér til haustmánaða á síðasta ári var lagt upp úr því að tekist væri á við það verkefni að koma hér upp hlutabréfamarkaði, en í stjórnarsáttmála þessarar ríkisstjórnar er ekkert minnst á slíkt. Þetta vil ég benda sérstaklega á vegna þess að ég tel að hæstv. viðskrh. og iðnrh. hljóti bæði vegna fyrri starfa sinna og eins vegna stöðu sinnar í þessari hæstv. ríkisstjórn að átta sig á mikilvægi málsins.

Til þess að bæta úr þessum misbrestum sem hafa orðið í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og til þess að freista þess að tekin verði ný framfaraspor í þessum efnum er þessi tillaga flutt og í greinargerðinni eru talin upp ýmis atriði sem gætu orðið til þess að ýta undir bæði framboð og eftirspurn á hlutabréfum og örva þannig hlutabréfamarkað. Það er ljóst að ýmislegt þarf að gera. Margt af því sem þarf að gera hefur komið fram áður í mínu máli þegar ég mælti fyrir tveimur frumvörpum sem ég nefndi áðan, en ég vísa að öðru leyti til greinargerðarinnar og kýs til viðbótar að benda á frv. sem hv. 10. þm. Reykv. hefur flutt og liggur einnig hjá hv. fjh.- og viðskn. og sjálfstæðismenn hafa tekið undir og viljað styðja. Það fjallar um að lækka stimpilgjöld af útgefnum hlutabréfum, en slíkt væri til mikils gagns fyrir fyrirtækin. Nú eru óhemjulega há stimpilgjöld á hlutabréfum eða 2%, en slíkt hlutfall þyrfti að lækka niður í a.m.k. 0,5% eins og tillögumaður gerir ráð fyrir í sínu frv.

Sem fylgiskjal með þessari tillögu birti ég I. kaflann úr skýrslu um þróun hlutabréfamarkaðar á Íslandi sem fyrirtækið Enskilda Securities vann á sínum tíma annars vegar fyrir Seðlabankann og hins vegar fyrir Iðnþróunarsjóð, en bæði þessi fyrirtæki heyra undir valdsvið hæstv. viðskrh. og iðnrh.

Það er óþarfi, virðulegur forseti, að rekja efni skýrslunnar. Þar koma fram ýmsar gagnlegar ábendingar. Það er von flm. að með því að gera þennan I. kafla skýrslunnar að þingskjali og með því að flytja þessa tillögu sé hægt að afgreiða þetta mál á yfirstandandi þingi og koma á því skipulagi sem verður til þess að hægt verði að örva viðskipti með hlutabréf á almennum hlutafjármarkaði.

Ég þarf ekki að rekja í löngu máli röksemdir fyrir því að þessi tillaga sé samþykkt. Í raun gæti ég flutt nokkrar af ræðum til að mynda tveggja ágætra manna, annars vegar hæstv. iðnrh. og viðskrh. og hins vegar Jóhannesar Nordals seðlabankastjóra, en í máli þessara tveggja manna hefur komið fram skilningur á þessu. Annar þeirra hefur þó aftur og aftur bent á nauðsyn þess að þetta verði gert. Hinn hefur hins vegar tekið þátt í ríkisstjórn sem virðist hafa allt aðra stefnu í reynd.

Á síðustu árum hafa orðið miklar breytingar á fjármagnsmarkaðnum, sérstaklega vegna vaxtafrelsisins sem hefur orðið til mikils gagns að minni hyggju og reyndar hæstv. ráðherra líka ef marka má hans ummæli fyrr og nú. Við höfum komið með þeim hætti í veg fyrir að fjármagnsmarkaðurinn sé eins hólfaskiptur og hann var fyrr á árum. Þetta hefur leitt til þess að vextir hafa lækkað á vissum hluta markaðarins en í raun hækkað lítillega á öðrum sviðum markaðarins sem þýðir það að svartamarkaðsbrask hefur nánast horfið en í staðinn hafa komið samræmdir vextir. Við höfum fylgst með því í þingsölum og annars staðar að mikil barátta er í ríkisstjórninni á milli þeirra sem vilja nota handafl til að halda niðri vöxtum og hinna sem telja að ekki eigi að nýta slíkar heimildir sem ríkisstjórnin hefur sóst eftir að fá og fengið í vissum tilvikum. Ég verð að segja að mín samúð liggur þar með hæstv. viðskrh. sem hefur barist af veikum mætti í ríkisstjórninni gegn því að gripið sé til slíkra aðgerða sem stríða gegn öllum hugmyndum í vestrænum þjóðfélögum er varða jafnræði í efnahagslífinu og einkum og sér í lagi jafnvægi á fjármagnsmarkaðnum. Það er ljóst að hér er ríkið rekið með verulegum viðskiptahalla, tekjur og gjöld þjóðarbúsins standast ekki á og ríkisstjórnin hefur að yfirlýstri stefnu að munurinn á tekjum og gjöldum verði um það bil 10 milljarðar á yfirstandandi ári. Það þýðir að til að fylla upp í þennan mun þurfa Íslendingar að auka erlendar lántökur um 30–40 millj. kr. á degi hverjum.

Eitt það almikilvægasta sem hægt er að gera væri að leyfa lífeyrissjóðunum að kaupa hlutabréf eins og gert var ráð fyrir í frv. sem lagt var fram á sínum tíma en hefur ekki komist úr skrifborðsskúffum á yfirstandandi þingi, en það er frv. sem 17 manna nefndin samdi á sínum tíma. Þar var gert ráð fyrir að 5% af ráðstöfunarfjármagni sjóðanna mætti nýta til hlutabréfakaupa.

Markmiðið með auknum hlutabréfaviðskiptum, virðulegur forseti, er auðvitað í fyrsta lagi að auka eiginfjármyndun og láta eigið fé koma í stað lánsfjár. Það er athyglisvert að á undanförnum áratug hefur eiginfjárhlutfall í iðnfyrirtækjum t.d. dregist verulega saman. Í öðru lagi er það mjög mikilvægt tæki til þess að dreifa efnahagslegu valdi í hendur sem flestra ef slíkur markaður væri starfandi. Í þriðja lagi yrðu hluthafar fleiri og slíkt skapar almennari og betri skilning á atvinnurekstri og dregur úr árekstrum og tortryggni á milli atvinnurekenda og launþega. Í fjórða lagi yrði gengisskráning á markaðsverði bréfanna mikið aðhald fyrir stjórnendur því að slíkt er mælistika á árangur fyrirtækjanna. Hlutabréfin eru í fimmta lagi nýr sparnaðarkostur. Aukin hlutabréfakaup gætu aukið heildarsparnaðinn. Sums staðar er talið að hlutabréf séu líklega um fjórðungur af heildarsparnaði. Í sjötta lagi vil ég benda á að virkur hlutabréfamarkaður er ein af aðalforsendum einkavæðingar, sérstaklega ef slík fyrrirtæki eiga að seljast

á almennum markaði en ekki launþegum eða einstökum starfandi fyrirtækjum. Í sjöunda lagi mundu frjáls hlutabréfaviðskipti ýta undir sameiningu fyrirtækja, stækka einingarnar og væntanlega auka samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja, en slíkt er bráðnauðsynlegt þegar tillit er tekið til þess að á næstunni má gera ráð fyrir auknu fjármagnsflæði á milli landa í kjölfar þess frelsis sem búast má við árið 1992 þegar Evrópubandalagið verður eitt markaðssvæði. Á þessu hafa aðrar Norðurlandaþjóðir mikinn skilning. Reyndar veit ég að sá skilningur er til hjá hæstv. viðskrh., en því miður hefur hæstv. fjmrh. ekki sama skilning og hefur heldur dregið fæturna þegar hann hefur tekið þátt í norrænu samstarfi á þessu sviði.

Virðulegi forseti. Mér er ljóst að tíma mínum til þess að lýsa þessari tillögu er lokið. Ég sé heldur ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þessa tillögu. Flest af því sem ég vildi sagt hafa kemur fram annars vegar í greinargerð með þessari þáltill. og hins vegar í fylgiskjali sem ég vísa til um frekari röksemdir.

Ég vil þó nota þetta tækifæri til að hvetja hæstv. ráðherra til að taka þátt í þessari umræðu, lýsa skoðunum sínum, og ég vænti þess fastlega að í ráðherranum eigi ég góðan liðsstyrk til að koma þessari tillögu fram á yfirstandandi þingi, annaðhvort í því formi sem hún er, en þar er um að ræða áskorun á ríkisstjórnina, eða í öðru formi sem um semst. Hér er á ferðinni mikilvægt mál sem getur orðið til góðs á þessum erfiðu tímum fyrir íslenskt atvinnulíf.

Að þessari umræðu lokinni, virðulegur forseti, legg ég til að málið verði sent hv. atvmn. Sþ.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Nú er forseti í nokkrum vanda þar sem talað hafði verið um að umræða um skýrslu um Siglósíld hæfist klukkan þrjú þannig að ég hygg að ég sé tilneydd til að fresta þessari umræðu um sinn og geri það verði andmælum ekki hreyft.

Umræðu frestað.

Um þingsköp.

Afgreiðsla mála í sameinuðu þingi.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Það var ekki í tilefni af þessari ákvörðun sem ég kveð mér hér hljóðs, en það virðist ljóst að ýmsar þær þingsályktunartillögur sem á dagskrá eru og hafa verið á dagskrá Sþ. um nokkra hríð komist ekki að í dag. Ég vildi beina þeirri fsp. til forseta og jafnframt þeim tilmælum að séð verði til þess að þessi mál fáist rædd áður en þingi lýkur. Ég hef sérstaklega í huga mál nr. 17, þar sem ég er 1. flm., en ég þykist vita að aðrir þeir sem eiga mál til fyrri umr. þrýsti á um að fá þau hér rædd þó svo það verði ekki á þessum fundi eða í dag.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti mun reyna að gera sitt besta til þess að sem allra flest þau mál sem órædd eru verði rædd.

Tilhögun þingfundar.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Áður en atkvæðagreiðsla hefst vill forseti upplýsa hvernig fyrirhugað er að halda áfram þessum fundi. Nú að loknum atkvæðagreiðslum um þau mál sem tekin hafa verið fyrir hér í dag verður fyrir tekið 21. mál á dagskrá, málefni Sigló hf. Reynt verður að halda áfram fundi hér í sameinuðu þingi að lokinni þeirri umræðu ef það tekst, annars verður sú umræða auðvitað að hafa sinn gang.

Á morgun er fyrirhugað að hefja deildafundi hér kl. 11 sem standi til kl. 2, en þá hefur verið beðið um utandagskrárumræðu um ástandið í kjaradeilum. Reynt verður að sjá svo til að ekki verði kvöldfundur í kvöld.

Málefni Sigló hf. og fleira, ein umr.

Skýrsla umboðsmanns Alþingis, 501. mál. — Þskj. 1130.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Nokkrir hv. þm. Sjálfstfl. lögðu fram í síðustu viku beiðni um skýrslu um málefni Sigló hf. og fleira. Nú hefur Ríkisendurskoðun skilað inn sinni skýrslu, en þess ber að geta að hæstv. fjmrh. skrifaði Ríkisendurskoðun eða forseta Sþ. bréf og bað um viðbótarupplýsingar og er svör við þeirri beiðni að finna í þessari skýrslu að svo miklu leyti sem Ríkisendurskoðun tókst að ná þeim svörum og þeim upplýsingum saman.

Það er athygli vert að leiða hugann að því nú við lok þessa þings hvernig á því stendur að óskað var eftir skýrslu um málefni Sigló og fleira, en orsakanna er að leita til þess að í umræðum um fyrirspurnir, sem eru ákaflega takmarkaðar samkvæmt þingsköpum, gerðist það að hæstv. fjmrh. braut lög um þingsköp, blandaði inn í umræðuna óskyldum málum, notaði tækifærið til þess að ráðast á aðra hv. þm. og menn fjarstadda með þeim hætti að hv. þm. sumir hverjir töldu nauðsynlegt að benda hæstv. forseta á að slíku hátterni hefðu átt að fylgja þingvítur samkvæmt lögum um þingsköp.

Ummæli hæstv. ráðherra voru m.a. á þá leið að málefni Siglósíldar væru skóladæmi um það hvernig Sjálfstfl. hefði „gefið flokksgæðingum sínum ríkisfyrirtæki í nafni einkavæðingar“, svo að ég vitni orðrétt í útskrift úr ræðu hæstv. ráðherra.

Þegar það er skoðað hvenær þetta gerist, rétt áður

en þinglausnir verða, hlýtur maður að leiða hugann að því hvort það geti verið og vissulega er freistandi að álykta sem svo að hæstv. ráðherra hafi kosið með þessum hætti að drepa öðrum og veigameiri málum á dreif, þeim málum sem hæstv. ríkisstjórn á að vera að fást við þessa dagana en hefur mistekist að leysa. Hvort með þessum hætti, sem stundum er kallað að varpa reykbombu, hafi verið ætlunin að leiða athygli þings og þjóðar frá erfiðleikum vegna yfirstandandi verkfalla sem hafa stofnað í hættu framtíð skólafólks í landinu. Hvort það geti verið að hæstv. ráðherra hafi kosið að nota þennan tíma til þess að varpa þessari reykbombu til þess að breiða yfir þá staðreynd að atvinnulífið er í rúst eða hvort hann hafi verið að gera þetta á sama tíma og ríkisstjórnin ákvað að láta gengið falla um allt að 3,75% þrátt fyrir að þessi hæstv. ráðherra hafi sjálfur að sögn viðsemjenda hans gefið þá yfirlýsingu að gengið yrði ekki hreyft í tilefni þeirra kjarasamninga sem hæstv. ráðherra skrifaði undir fyrir nokkrum vikum síðan.

Auðvitað eru þetta allt getgátur, en þær eru komnar til af því að hæstv. ráðherra notaði tækifærið til þess að hefja þessar umræður í fyrirspurnatíma vitandi það að hann í embættis nafni gat hvenær sem er gefið skýrslu og komið fram með upplýsingar í sérstakri umræðu hér í þinginu ef hann hefði kært sig um.

Í umræðunni um viðkomandi fyrirspurn kom í ljós að fyrirspurninni sem beint var til hæstv. fjmrh. hefði fremur átt að beina til hæstv. dómsmrh., en hún var um það hvort skiptaráðandi á Siglufirði hefði ekki farið að lögum og venju þegar hann ákvað í nafni þrotabúsins að afhenda ákveðnu hlutafélagi rekstur í húsakynnum Sigló hf.

Hæstv. dómsmrh. kom hér í ræðustól og sagði að það væri fullt trúnaðartraust á milli hans og skiptaráðandans og vísaði þessu með þeim orðum á bug. Þannig hefur hæstv. dómsmrh. sagt að hann beri fullt traust til skiptaráðandans á Siglufirði, en það kom fram bæði í máli hv. fyrirspyrjanda og eins í máli hæstv. fjmrh. að þeir töldu að skiptaráðandi hefði ekki staðið þannig að þessu verki sem eðlilegt mætti teljast.

Í annan stað er það athygli vert að hæstv. ráðherra kýs með þessum hætti að ráðast að einum forvera sínum, ráðast á Albert Guðmundsson með þeim hætti sem hann gerði í sinni ræðu þegar hann hélt því fram að hv. fyrrv. þm., Albert Guðmundsson, núv. sendiherra og fyrrv. ráðherra, hefði á sínum tíma „gefið" svo að ég noti orðalag hæstv. ráðherra, „gefið flokksgæðingum þetta fyrirtæki". Í þessum umræðum kom reyndar fram að það var á misskilningi byggt að fyrirtækið hefði verið selt eingöngu sjálfstæðismönnum. Þvert á móti eru menn úr öðrum flokkum sem einnig stóðu að fyrirtækinu og menn úr öðrum flokkum sem voru stjórnarformenn í þessu fyrirtæki. Allt um það, þá virtist hæstv. ráðherra, til að þjóna sinni lund, sem menn þekkja, velja þennan tíma til þess að þyrla þessu máli upp en það var ástæðan fyrir því að ýmsir þingmenn Sjálfstfl. óskuðu eftir því að Ríkisendurskoðun skilaði til þingsins skýrslu um þetta mál sem hér er nú til umræðu.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur m.a. fram á bls. 7, og því hefur verið slegið upp í fréttum, til að mynda í Þjóðviljanum sem er blað nokkuð tengt hæstv. ráðherra, að sé aðalatriði málsins. En á bls. 7 í skýrslunni segir á þessa leið:

„Ríkisendurskoðun telur að þeir greiðsluskilmálar sem Sigló hf. hefur notið hjá ríkissjóði, þ.e. að fyrsta afborgun skuldabréfs er átta árum frá kaupsamningi, fyrsta vaxtagreiðsla er þremur árum eftir kaupsamning og lánstími 18 ár, megi teljast afar sérstæðir í viðskiptum sem þessum og eigi sér vart hliðstæðu hjá ríkissjóði."

Þetta hefur hæstv. ráðherra og málgagn hans kosið að taka út úr skýrslunni nánast eitt og sér til þess að gera ráðstafanir forvera hans, Alberts Guðmundssonar, tortryggilegar. En þegar þetta er lesið saman við það sem kemur fram á fskj. 4 í þessari skýrslu, sem er bréf hæstv. ráðherra til forseta Sþ. og afrit er sent Ríkisendurskoðun, dags. 8. maí, þá kemur í ljós að það er samkvæmt ósk hæstv. ráðherra eða eins og þar segir orðrétt: „Þá óskast upplýst hvort fordæmi séu fyrir í samningum ríkisins jafnlöngum greiðslufresti og Sigló hf. hefur fengið, sérstaklega ef um vanskil hefur verið að ræða og þá jafnhagstæðum skilmálum." Með öðrum orðum: Það mat sem kemur fram í skýrslunni, að þetta megi teljast afar sérstæðir samningar og greiðsluskilmálar, ber að sjálfsögðu að skoða með hliðsjón af því að það er óskað eftir því af hálfu hæstv. ráðherra að meta það hvort fordæmi hafi fundist um slíkt áður. Og það er eðlilegt að því sé svarað í texta skýrslunnar með þessum hætti og þarf ekkert að gefa í skyn að hlutirnir séu óeðlilegir þótt þeir séu óvenjulegir. Á því er auðvitað mikill munur eins og hæstv. ráðherra veit þótt hann kjósi í þessu máli að vita ekki.

Það ber að geta þess í þessu sambandi að þegar Siglósíld á sínum tíma var seld, þá var fyrst og fremst verið að selja húseign og jafnframt nokkur tæki mismunandi gömul. Húsið hafði verið metið en þegar til átti að taka reyndist húsið vera hjallur og það má í raun og veru teljast ótrúlegt að matvælaframleiðsla á vegum ríkisins skuli hafa farið fram í því húsi, því að mýs og rottur höfðu aðgang að öllu ætilegu og bjuggu á milli þilja í húseigninni. Það kom í ljós þegar farið var að taka til og brjóta veggi í húsinu að nánast þurfti að rífa það allt saman og byggja nýtt hús með miklu meiri tilkostnaði heldur en þeir sem höfðu metið þetta hús áður töldu.

Ég vil enn fremur taka það fram að það var hvergi, að því er segir í skýrslu Ríkisendurskoðunar, reynt að gefa eftir af dráttarvöxtum til fyrirtækisins né öðrum vöxtum og má þá segja að það sé dálítið öðruvísi að farið heldur en hæstv. ráðherra gerði sjálfur eftir að hann tók sér bólfestu í fjmrn. þegar hann af fingrum fram gaf eftir skuldir til ríkisins, þar á meðal dráttarvexti eins og hann gerði þegar Nútíminn átti í hlut og mun ég síðar víkja að því máli sérstaklega. En það vekur óneitanlega athygli að slíkt skuli vera gert við

ákveðið dagblað hér í bænum, ekki síst þegar tekið er tillit til þess að Þjóðviljinn, blað hæstv. ráðherra, á nú um þessar mundir í verulegum fjárhagskröggum og er talið skulda eitthvað á annan tug milljóna. Kann að vera að hæstv. ráðherra vilji með þessu búa sér til fordæmi þannig að hægt sé síðar að bjarga Þjóðviljanum með sama hætti. Og þá getur hann spurt á sama veg og hann spurði í sínu bréfi: Eru til fordæmi? Og í stað þess að fá neikvætt svar gæti hugsast að ráðherra fengi jákvætt svar: Jú, reyndar er búið að gera slíkt áður þegar Nútíminn átti í hlut. Nútíminn var eins og menn vita arftaki gamla Tímans og forveri nýjasta Tímans sem Framsfl. eða fyrirtæki á hans vegum gefa út. Þetta er a.m.k. umhugsunarvert og mun ég síðar í minni ræðu víkja frekar að þessum þætti málsins.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar er nokkuð rætt um ábyrgð og kvaðir kaupenda, bæði er varðar kaupskilmálana sjálfa og eins greiðsluskilmálana sem síðar voru ákveðnir. Ég vil taka það fram að eigendur þessa fyrirtækis lögðu fram verulega miklu meira hlutafé heldur en tilskilið var í kaupsamningi. Þetta er athyglisverð staðreynd miðað við það hvernig hæstv. ráðherra hefur hagað sínu máli.

Í öðru lagi lögðu eigendur fyrirtækisins með lánsfé fram til fjárfestingar í fyrirtækinu á næstu árum á eftir miklum mun meira en ráðgert hafði verið þegar kaupin áttu sér stað af ástæðum sem ég hef að nokkru leyti skýrt fyrr í minni ræðu. Það er ekki einungis sú 31 millj. sem getið er um skýrslu Ríkisendurskoðunar heldur komu síðar til verulegar nýjar fjárfestingar sem sjálfsagt má virða í dag á 150–200 millj. kr. og er þá kaupverðið ekki meðtalið en kaupverðið sem í upphafi var um 18 millj. er 50–60 millj. á núvirði, eða öllu heldur samkvæmt framreikningi. Auðvitað er ekki hægt að segja á núvirði því að það hlýtur að vera markaðsverð á þessum eignum eins og öðrum eignum sem heimilt er að selja og geta gengið manna á milli.

Þetta gerðist eins og ég sagði vegna þess að eignin reyndist ekki vera eins góð og álitið hafði verið og það er auðvitað hluti af skýringunni á því hvers vegna gengið var frá nýjum greiðsluskilmálum við fyrirtækið á sínum tíma. En það voru aðrar kvaðir sem kaupendur tóku að sér, þar á meðal þær að það var ein af forsendum kaupanna að reyna að halda áfram síldarniðurlagningu hjá Sigló hf. og ef það yrði ekki gert þá áskildi ríkið, þ.e. fjmrn., sér að gjaldfella skuldina alla ef ekki yrði staðið við þessa skilmála.

Árið 1987 gerðist það hins vegar að þessi framleiðslurás fyrirtækisins var seld til Hafnar í Hornafirði. Og það vill svo til að sá sem hér stendur þekkir það mál nokkuð. Erindi kom frá fyrirtækinu þess efnis að mikið tap hefði verið á þessari framleiðslulínu um nokkurra ára bil. Framleiðslulínan var í raun orðin mikill minni hluti starfseminnar og til þess að létta á skuldum vildi fyrirtækið selja þessa framleiðslu- eða niðurlagningarlínu. Iðnrn. skrifaði fjmrn. bréf og bað um umsögn fjmrn. Sú umsögn kom með ákveðnum texta þar sem bent var á hvað hefði staðið í kaupskilmálanum á sínum tíma en í lok bréfsins sagði fjmrn., með leyfi forseta: „Miðað við fyrirliggjandi gögn telur fjmrn. ekki forsendur til þess að beita heimild kaupsamnings ríkisstjórnar Íslands og Sigló hf. frá 17. des. 1983 um gjaldfellingu skuldabréfs, en beinir því til iðnrn. að það kanni til hlítar alla möguleika á farsælli lausn málsins.“

Iðnrn. tók þetta til skoðunar, faglegrar skoðunar, það var lögfræðingur ráðuneytisins sem gerði það. Niðurstaða hans var sú sama og niðurstaða fjmrn. á þeim tíma að ekki væri hægt að gjaldfella skuldina vegna sölunnar þar sem Sigló hf. hefði margfaldað framleiðslu sína frá því að kaupin áttu sér stað og niðurlagningin var aðeins örlítill hluti starfseminnar þegar þar var komið sögu. Þrátt fyrir þetta segir í skýrslu Ríkisendurskoðunar, orðrétt á bls. 9: „Engu að síður verður þessi sala til þess að draga úr fjölbreytni atvinnulífs á Siglufirði og því þannig séð andstæð ákvæðum í kaupsamningi.“ Hér er að vísu enginn dómur lagður á hagkvæmni þessa en sagðar þær alkunnu staðreyndir að ef niðurlagningarlína fer á milli staða á landinu, frá einum stað til annars, þá hlýtur fjölbreytnin að minnka á fyrri staðnum, enda var Ríkisendurskoðun ekki spurð að því hvort sköpuð hefði verið atvinna í staðinn.

Þess skal getið til upprifjunar að sá fjmrh. sem skrifaði undir þetta bréf var ekki Albert Guðmundsson, ekki Þorsteinn Pálsson, heldur Jón Baldvin Hannibalsson, núv. utanrrh. Ég ber því ásamt honum ábyrgð á því að hafa ekki lagt til að gjaldfelld yrði skuldin þegar stóð til að selja þessa framleiðslulínu og fórum við þar eftir umsögn fjmrn. samkvæmt niðurstöðu sem sérfræðingar ráðuneytisins höfðu komist að.

Þetta teljum við, virðulegur forseti, nauðsynlegt að komi fram til skýringa og það skýrir það kannski betur en margt annað hvernig hægt er að leika sér með orðalag því að auðvitað er minni fjölbreytni þegar ein framleiðslulína hverfur á milli staða en það þarf ekki að þýða minni atvinnumöguleika, enda hafði þessi þáttur starfseminnar í raun og veru valdið fyrirtækinu mestum halla á árunum þar á undan.

Þegar litið er til þessarar skýrslu og skoðað er hvað hafði gerst í fyrirtækinu Siglósíld sem síðar varð Sigló hf. á árunum fyrir söluna þá held ég að það sé kannski ástæða til þess að rifja upp aðeins sögu þessa fyrirtækis.

Þetta fyrirtæki á í raun rætur að rekja til nýsköpunarstjórnaráranna. Það varð ríkisfyrirtæki fyrst og fremst vegna þess að það var ætlunin að í samstarfi við Rannsóknastofnun atvinnuveganna, síðar Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, yrðu gerðar tilraunir með niðurlagningu og þannig reynt að auka fjölbreytni íslensks útflutnings. Staðreyndin er sú að þessi tilraunastarfsemi átti sér aldrei stað eins og lög gerðu ráð fyrir. Á síðari árunum sem Siglósíld starfaði var starfið skrykkjótt og stundum kom það fyrir að starfsemin lá niðri um hríð. Og til þess aðeins að vekja athygli á því hver breyting varð á fyrirtækinu þegar nýir eigendur tóku við þá sex- til áttfaldaðist útflutningsframleiðsla fyrirtækisins eftir að nýir eigendur tóku við fyrirtækinu.

Þetta verðum við að hafa í huga þegar við nú skoðum þær tölur sem ríkið þurfti að leggja til verksmiðjunnar áður og svo þær tölur sem við erum núna með þegar fyrir liggur gjaldþrot fyrirtækisins. Það fer nefnilega eftir stærð og veltu fyrirtækisins hvernig á að meta halla á ári hverju. Tökum nýlegt dæmi: Kaupfélag Eyfirðinga, KEA, sem er eitt af stærstu fyrirtækjum í landinu, tapaði á sl. ári 250 millj. kr. Þetta er mjög há upphæð. En þetta þarf ekki að vera mjög há upphæð þegar veltutölur eru skoðaðar því að veltutölur þessa fyrirtækis eru mjög háar á íslenskan mælikvarða. Hins vegar ef þetta hefði verið smáfyrirtæki, ef þetta hefði verið Þjóðviljinn, sem enginn nennir að lesa en samt er gefinn út, þá hefðu 250 millj. verið stór tala af því að velta Þjóðviljans var minni en velta Kaupfélags Eyfirðinga. Til samanburðar má geta þess að Kaupfélagið gefur út dagblað líka sem er bara í litlu horni hjá því, dagblaðið Dag. Maður verður að hafa þessi hlutföll í huga þegar þessar tölur eru skoðaðar. Samt sem áður hefur það gerst á síðustu fjórum árum áður en þessi sala átti sér stað að 110 nú-milljónir voru greiddar beint frá ríkinu til fyrirtækisins til að mæta rekstrartapi. Ég vek enn athygli á því að þetta gerðist þegar fyrirtækið var fimm sinnum minna í veltu. Fimm sinnum minna. Þetta verða menn að hafa í huga þegar þeir skoða tölurnar sem nú liggja fyrir um þetta fyrirtæki.

Þess vegna væri ástæða til að spyrja: Hvað hefði gerst ef hæstv. ráðherra Ólafur Ragnar Grímsson og hæstv. ráðherra Jón Sigurðsson hefðu áfram rekið þetta fyrirtæki? Ímyndum okkur að þeir hefðu látið fyrirtækið vaxa eins og nýir eigendur gerðu og þeir hefðu síðan náttúrlega sem sannir ríkiskapítalistar haldið áfram að greiða fjármagn með fyrirtækinu. Hvað hefði ríkið tapað miklu á því? Við skulum átta okkur á því að það verður að bera núverandi tap saman við það sem áður hafði gerst og hugsanlega hefði gerst þegar þessi nýju atvinnutækifæri voru sköpuð á Siglufirði.

Það er ástæða til þess, virðulegur forseti, að draga saman nokkrar staðreyndir í þessu máli. Í fyrsta lagi kostaði það eigendur fyrirtækisins líklega á milli 60 og 70 millj. kr. á verðlagi áranna 1984–1985 að endurbyggja verksmiðjuna og tækjavæða til matvælaframleiðslu. Þetta er fyrir utan kaupverðið. Í öðru lagi skulum við hafa það í huga að í raun voru hinir nýju eigendur að kaupa leyfi til rækjuvinnslu, þ.e. rækjupillunarvél og gufuketil, en með í þessum kaupum fylgdi síðan húsið sem nánast var ónýtt, úr sér gengnar og úreltar vélar, en síðan kvaðir um að byggja upp húsið sem reyndist miklu dýrara en menn hafði órað fyrir. En þá kom nýtt atriði til skjalanna: Örskömmu eftir að þessi kaup áttu sér stað þá kaus sjútvrn., núv. og þáv. hæstv. sjútvrh., að gjörbreyta þannig stefnunni í rækjuvinnslumálum þjóðarinnar að nánast var sett upp rækjuverksmiðja á öllum heimilum á Íslandi. Hver sem var gat fengið rækjuvinnsluleyfi. Þessu var gubbað út úr ráðuneytinu með þeim afleiðingum að nú voru svo margir um hituna að í raun var rekstrargrundvöllur þeirra sem fyrir voru og hinna sem komu til sögunnar í mikilli hættu. Þetta hefði út af fyrir sig verið í lagi ef rækjuvinnsluleyfi þyrfti ekki til að koma heldur að hver og einn gæti hafið rækjuvinnslu þegar honum sýndist. En svo var ekki. Þessu var úthlutað með leyfum og leyfin gengu út með þeim hætti sem núv. og þáv. hæstv. sjútvrh. bauð.

Þessa sögu þekkja margir. Þessa sögu hygg ég að þingmenn úti um allt land þekki og þekki þau vandamál sem upp hafa komið þegar fjölmargar rækjuvinnslur höfðu verið settar upp á sama stað. Afleiðingin lýsti sér m.a. í því að það varð aukin samkeppni á milli rækjuvinnslustöðvanna. Þær keyptu hráefnið á yfirverði og síðan lækkaði verðið skyndilega en það er nú eðli markaðsverðs rækjunnar að það lækkar eða hækkar miklu hraðar og ákveðnar heldur en nokkurn tíma fiskverð. Það þekkja þeir sem hafa stundað störf við sjávarsíðuna, stundað störf við frystingu eða við útgerð eins og ég veit að sumir hv. þm. hafa gert. Þetta varð til þess að mörg þessara fyrirtækja sem voru afar viðkvæm gagnvart ytri skilyrðum fóru beinlínis á hausinn og eru enn að fara á hausinn, miklu fleiri fyrirtæki heldur en þetta.

Þá vil ég leggja áherslu á það að eigendur þessa fyrirtækis hafa á undanförnum mánuðum reynt að vinna að fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækisins. Þessar tilraunir fengu góðar undirtektir víðast hvar og fjmrn. virtist á sínum tíma hafa hug á því að fara slíka leið og bað faglega umsýslunefnd um að fresta gjaldþroti í nokkra daga, að því er mér skilst, eftir fund sem haldinn var um miðjan mars. Það barst aldrei svar frá ráðuneytinu. Sú bið endaði með því að ekki var hægt að bíða lengur, að sjálfsögðu, því það er ekki hægt að halda mönnum í spennitreyju, jafnvel ekki hæstv. ráðherra sem hefur venjulega skattskuldir ríkisins á þurru, svo ég vitni nú til umræðna sem áttu sér stað hér gær. Fyrirtækið Sigló hf. var því gert gjaldþrota sem kannski er ekki óeðlilegt þegar við skoðum stöðu fyrirtækisins.

Ég minni líka á það, sem hefur komið fram í þessari umræðu og í minni ræðu, að áður en fyrirtækið var selt þá höfðu verið pilluð í fyrirtækinu 100 tonn af rækju. Ég hygg að árið eftir hafi 2300 tonn verið pilluð.

Þetta lýsir kannski dálítið þeim umskiptum sem urðu og lýsir því að hér eru tvö ólík fyrirtæki á ferðinni en þetta skýrir það einnig að þótt fyrirtækið hafi verið örlítið, jafnvel á okkar mælikvarða, þá þurfti ríkisvaldið síðustu fjögur árin að greiða með fyrirtækinu á milli 25 og 27 millj. á ári hverju til þess að halda því gangandi og mæta rekstrartapi fyrirtækisins. Þetta verða menn að hafa í huga og menn verða að mæla þennan sparnað þegar fyrirtækið var selt, því að það voru engar líkur á því miðað við stjórnarfyrirkomulag fyrirtækisins og rekstur þess að það mundi rétta úr kútnum.

Virðulegur forseti. Nú vil ég víkja máli mínu að öðrum atriðum sem beðið var um í þessari skýrslu og byrja á atriði sem snýr að Nútímanum og uppgjöri fjmrn. við Nútímann. Það er nefnilega athygli vert,

svo ekki sé meira sagt, að skoða árás hæstv. fjmrh. í ljósi þeirrar afgreiðslu sem Nútíminn fékk í höndunum á hæstv. núv. fjmrh. sjálfum. Það er athygli vert að hann skuli hafa þrek til þess að standa hér í ræðustól og hella sér yfir andstæðinga sína í pólitík með svívirðingum, dylgjum og aðdróttunum, þegar hann á sama tíma afgreiðir mál með þeim hætti sem hann hefur gert. Það kemur nefnilega í ljós þegar textinn er skoðaður í skýrslu Ríkisendurskoðunar á bls. 10 og 11 um niðurfellingu opinberra gjalda Tímans og Nútímans að fjmrn. hafi samþykkt að fella niður reiknaða dráttarvexti og innheimtukostnað ef höfuðstóllinn yrði greiddur. Þetta er mjög sakleysislegt orðalag þar til tölurnar eru skoðaðar. Þegar tölurnar eru skoðaðar kemur í ljós að uppsafnaðir dráttarvextir og innheimtukostnaðurinn eru hvorki meira né minna en ¾ af þessari skuld sem þarna er um að ræða. Í textanum á bls. 10 kemur í ljós að fjmrn. hafi þann 12. des. — ég bið hv. þm. um að hafa 12. des. í huga — ég endurtek 12. des. á sl. ári, ritað bréf til Gjaldheimtunnar í Reykjavík þar sem ráðuneytið samþykkti að gefa Nútímanum — að gefa Nútímanum, þetta er þó gjöf, fjandakornið — að gefa Nútímanum 8,5 millj. kr.

Þegar ég síðan fletti upp í Lögbirtingablaðinu á sl. ári og skoða auglýsingu um þetta fyrirtæki, Nútímann, þá kemur í ljós að í 37. tbl. er sagt frá því að heiti Nútímans hafi verið breytt í nýtt fyrirtæki sem nú heiti Farg, og er það nú réttnefni að kalla fyrirtækið Farg hf. Auðvitað er það eðlilegt þegar pólitískir aðilar þurfa að fela mistök sín að þeir skipta um nafn. Það þekkir Alþb. best allra flokka. Flokkur sem var stofnaður sem Kommúnistaflokkur, síðan Sósíalistaflokkur, Sameiningarflokkurinn og hvað þetta hét allt saman og loksins Alþýðubandalagið í dag. Það getur auðvitað líka verið skemmtilegt ef á þarf að halda að skipta um flokka en það er nú önnur saga sem ég ætla ekki að rifja upp hér. En það er athygli vert að þetta fyrirtæki, Nútíminn, skiptir um nafn.

Síðan kemur í ljós — og nú bið ég ykkur um að taka eftir dagsetningunni — að 13. des. þá sameinast þetta fyrirtæki, Farg, verksmiðjunni Vífilfelli, þann 13. des. Daginn eftir. Tilgangur félagsins Vífilfells er að framleiða drykkjarvörur og matvæli og rekstur fasteigna o.s.frv., þetta er gert til þess, og takið þið nú vel eftir, að kaupa tap Fargs inn í Vífilfell til að geta létt þannig á sköttum fyrirtækisins. Þetta er fyllilega lögmætt og er gert í mörgum tilvikum og er í raun og veru viðskiptavenja sem hér hefur átt sér stað og ég ætla ekki að gagnrýna það. (**Fjmrh.:** Það er ekki lengur löglegt.)

Þá kem ég að því sem skiptir máli. Vissi hæstv. ráðherra af þessu? Daginn áður en hæstv. ráðherra gengur erinda Nútímans, gefur þeim 8,5 millj. kr., vissi hann þá að það átti að nota afganginn af fyrirtækinu til þess að lækka skattgreiðslur annars fyrirtækis? Ég held að hæstv. ráðherra hafi vitað þetta og ég ætla að segja frá því, og það skiptir líka máli, að höfuðstóllinn sem Nútíminn átti að greiða fjmrn. átti að greiðast viku seinna og var greiddur 20. des. En 21. des., daginn eftir, samkvæmt Lögbirtingablaðinu, þetta er allt í 43. tbl. Lögbirtingablaðsins, kemur í ljós að það var haldinn hluthafafundur í Fargi 13. des., daginn eftir að ráðherra gekk frá þessu, og nú eru komnir nýir menn í stjórn. Og það er sama fólkið og er í Vífilfelli og er ekkert við það að athuga nema að það verður ekki annað séð á þessum dagsetningum en að hæstv. ráðherra hafi fyllilega vitað hvað hann var að gera. Og það er athygli vert að þessi sami ráðherra vogar sér að standa uppi í ræðustól á Alþingi, senda skeyti til fjarstadds manns, sem hann hafði sjálfur komið úr landi og boðið upp á að vera sendiherra úti í París, ræðst á hann af fullum krafti . . . Þú mátt hlæja að þessum mönnum. Þú mátt líka hlæja að Sóknarkonum og opinberum starfsmönnum. Af hverju grípurðu nú til hlátursins? Hefur þú ekki manna harðast gagnrýnt aðra fyrir að hlæja undir ræðum þínum? (Gripið fram í.) Ég segi bara: Hæstv. ráðherra. Vertu ekki svona svekktur, hlustaðu á, notaðu hlátur þinn annars staðar því það er verið að segja það við ráðherra hér að allar dagsetningar bendi til þess að hann hafi verið í samspili um það að gefa 8,5 millj. og til viðbótar að sjá til þess að skattar fyrirtækis til ríkisins yrðu lægri, sem var ekki ólögmætt á sínum tíma. En hæstv. ráðherra er hér með sakaður um þetta vegna þess að það er ekkert sem bendir til annars því að þetta gerist á nákvæmlega sama tíma og þegar ráðherra er að vinna að þessu máli. Þessu verður hæstv. ráðherra auðvitað að svara.

Ég sagði áðan og það eru vissulega getgátur: Það gæti verið skýringin að þarna ætti að stofna fordæmi fyrir dagblað í bænum til þess að hægt væri síðar að koma með annað dagblað sem væri á kúpunni og gera slíkt hið sama. Ég viðurkenni, virðulegur forseti og virðulegu þingmenn, að þetta eru getgátur. En einhver ástæða hlýtur að vera fyrir því að hæstv. ráðherra „gaf" pólitískum samstarfsmönnum sínum 8,5 millj. svo óvenjulegt sem það er. Og af hverju er verið að gera veður út af þessu? Það er vegna þess að hvergi í greiðsluskilmálum við Sigló hf. var gefið eftir af dráttarvöxtum eða vöxtum.

Þetta verður hæstv. ráðherra að skýra og þetta er í raun og veru stærsta málið sem við erum að fjalla um í dag. Það er hvernig núv. hæstv. ráðherra fer að þegar hann semur við þá sem skulda ríkissjóði. Hann verður að gera hreint fyrir sínum dyrum og væri það best við hæfi að hann sjálfur legði fram á Alþingi skýrslu um allar slíkar ráðstafanir sem hann hefur gert. Hann væri þá maður að meiri. Skora ég á ráðherra að gera það en vera ekki að ráðast á aðra menn og vera svo sjálfur af fullum krafti í sukki eins og þessu að bjarga Nútímanum og slíkum samstarfsmönnum núna í ríkisstjórninni en það er alveg óskiljanlegt satt að segja.

Annað mál sem er í þessari skýrslu fjallar um Svart á hvítu. Ég ætla ekkert að vera langorður um það mál. Það sem er sérstakt við það er að fjmrn. fer nú inn á þær brautir að taka veð í gagnagrunni sem ekki

er búið að vinna. Eins og kemur fram í skýrslunni er þarna um mjög óvísa eign að ræða og óvissar tekjur af þessari eign. Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra hvort þetta sé venjuleg aðgerð af hálfu fjmrn. Geta menn, og það eru kannski spurningar sem ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Mega menn sem skulda hæstv. ráðherra fyrir hönd ríkissjóðs dráttarvexti vegna vanskila á opinberum gjöldum vænta þess að þeir fái sömu meðferð og Nútíminn? Get ég sagt þeim sem koma og spyrja hvort þetta sé hægt að snúa sér til ráðherra, þetta sé almenn regla í ráðuneytinu? Ef þetta er ekki almenn regla fyrir hvaða menn er þetta gert? Er það gert fyrir gæðinga? Hvers konar gæðinga þá? Svarta eða hvíta? Flokksgæðinga eða öðruvísi gæðinga? Ég held að hæstv. ráðherra ætti aðeins að skoða það þegar hann lemur á öðrum úr þessum ræðustól í umræðum sem koma ekki þessu máli við hvað hann sjálfur hefur verið að bauka í sínum ráðherradómi. Þetta er auðvitað stóra málið. Annars vegar er fyrirtæki sem hefur orðið að taka á sig erfið ytri skilyrði, fara á höfuðið eins og mörg önnur fyrirtæki, m.a. vegna stefnu þessarar ríkisstjórnar. Hins vegar er fyrirtæki sem fær beinlínis í gjöf peninga frá ráðuneytinu og þegar það er skoðað virðist það vera gert í samhengi við annað hjá þessu fyrirtæki til að bjarga ákveðnum mönnum þar frá stórskuldum. Og ég segi: Ef eitthvað er alvarlegt mál þá er þetta alvarlegt mál.

Nú kann vel að vera að hæstv. ráðherra geti svarað fyrir sig og hann komi með skýr svör við þessu öllu saman og ég mundi fagna því af því að hæstv. ráðherra, þrátt fyrir að vera ekki kjörinn á Alþingi þar sem honum var hafnað í síðustu kosningum, hefur málfrelsi á hinu háa Alþingi og getur auðvitað svarað fyrir sig. Hann hefur staðið hér í ræðustól og ráðist á fjarstadda menn sem hafa ekki málfrelsi hér lengur eða hafa það ekki vegna þess að þeir hafa aldrei verið kjörnir á þing. Þetta er kjarkur og þor þessa ráðherra sem stýrir einu og öllu í þeirri hæstv. ríkisstjórn sem hér situr um stundarsakir.

Það er ekki ástæða til þess, virðulegur forseti, að fara mörgum orðum um einkavæðingu, út á hvað hún gengur. Það þekkja allir þeir sem fylgjast með umræðum hér á landi og annars staðar. Það er ljóst og almennt viðurkennt og ég býst við að hæstv. ráðherra viðurkenni það sjálfur að það er aukin hagkvæmni að því að fyrirtæki séu rekin til að mynda í hlutafélagsformi. Undir það hefur ráðherra skrifað. Hann er sem ráðherra meðflm. frv. til að breyta ríkisprentsmiðjunni Gutenberg í hlutafélag og í greinargerðinni koma fram mjög góðar röksemdir fyrir því hvers vegna það er gert. Ég hygg að þær röksemdir geti hæstv. ráðherra gert að sínum, enda er þar um stjfrv. að ræða.

En það er annað sem skiptir máli í einkavæðingu og það er að með henni er hægt að koma völdum og efnahagslegum áhrifum frá ríkinu og til annarra aðila, þ.e. að koma á valddreifingu í stað miðstýringar. Á þessu er mikill skilningur víðast hvar. Ég skal ekki hafa mörg orð um þetta því að rétt áður en ég hóf þessa ræðu mína var ég að flytja ræðu um að auka og efla viðskipti á hlutabréfamarkaði og fór þar vandlega í saumana á þeim rökum. Aðalatriði málsins er, að ríkisstjórnin, þrátt fyrir að hafa nú betra tæki en ríkisstjórnirnar á undan höfðu þar sem hún hefur skýrslu frá Enskilda Securities, getur, ef henni sýnist, komið á alvöru hlutabréfamarkaði og breytt þannig hlutfallinu í íslenskum fyrirtækjum frá því að vera of hátt lánsfjárhlutfall í að vera hærra eiginfjárhlutfall. Hér hafa verið fluttar tillögur í vetur, bæði af hv. 10. þm. Reykv. og eins af þingmönnum Sjálfstfl. sem mundu auka eftirspurn og framboð á hlutabréfum og hvetja þannig til aukins sparnaðar í hlutafélögum og koma þannig inn sem bæði nýr sparnaður, en þó umfram allt sem nýtt fé sem fer ekki úr félögunum sjálfum. Ég hefði talið það maklegra að hæstv. ráðherra hefði stutt þessar tillögur, ef hann er áhugamaður um eðlilegan og góðan rekstur hér á landi, annan en ríkisreksturinn. Ekki ætla ég að lá honum það að þykja vænt um ríkið. Það hefur komið fram í umræðum á þessu þingi. En ef hann hefði haft raunverulegan áhuga á því að koma með gott framlag í þessum efnum hefði hann til að mynda getað stutt þessar tillögur. Hann hefði líka getað farið að þeim ráðum, sem margoft hafa verið gefin, að skapa eðlileg rekstrarskilyrði fyrir útflutningsgreinarnar.

Hann hefði einnig getað notað tíma sinn í gær miklu betur með því að reyna að gera kjarasamning við þá sem hann er að semja við og segir að hlæi að Sóknarkonum í stað þess að eyða heilum degi í að ráðast gegn frv. sem var samkomulagsfrv. í nefnd og sitja svo undir þessari umræðu hlæjandi að því að hafa gefið 8,5 millj. úr ríkissjóði. Það sýnir best hvernig „húmor" þessi ágæti ráðherra hefur að hverju hann hlær og að hverju hann vill að aðrir hlæi. Ég vek hins vegar athygli á því fyrir þá sem koma til með að lesa þessar umræður að nú hlær hæstv. ráðherra ekki.

Ég held að hæstv. ráðherra þurfi að gera hreint fyrir sínum dyrum. Það sem er athyglisverðast við þessa skýrslu er það hvernig hæstv. ráðherra sjálfur hefur gengið frá sínum hnútum við samstarfsmenn sína í ríkisstjórninni, hvernig hann í lok síðasta árs hagaði sér þegar hann var að gera upp við Nútímann. Ég hygg að þessum tíma sé vel varið í dag ef hæstv. ráðherra getur hreinsað sig af þeim áburði sem ég hef borið á hann með þessum orðum mínum því annað verður ekki séð en hæstv. ráðherra hafi vitað af því í hvaða samkrulli hann var þegar hann gaf þessar 8,5 millj. Það er aðalatriði þess máls sem við erum að fjalla um vegna skýrslu Ríkisendurskoðunar í dag.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegur forseti. Það verður að segjast í upphafi að vissulega verðskuldar hv. þm. Friðrik Sophusson hamingjuóskir fyrir viðleitni og góða frammistöðu fyrir vondum málstað. Hann var greinilega valinn til að standa í þessari erfiðu stöðu hér og verja Sjálfstfl. Hann reyndi högg undir belti, hann reyndi reiði í ræðustól, hann reyndi háð, hann reyndi glósur, hann reyndi útúrsnúninga. Og allt féll þetta nokkuð vel

saman. Hann myndaði þessa gamalkunnu heild sem máltækið hefur kennt: Margur heldur mig sig, en alþekkt er úr íslenskum stjórnmálum sem gamla samtryggingarkerfið, (**Gripið fram í:** Það vantar viðbótina á máltækinu.) gamla, spillta samtryggingarkerfið.

Þessi svokallaða vörn hv. þm. Friðriks Sophussonar fyrir það hneyksli sem meðferð Sjálfstfl. á Siglósíld er var óskaplega léttvægur málflutningur um það mál, en mjög sterkir leikrænir tilburðir um annað mál til að reyna þá niðurstöðu að núv. fjmrh. væri a.m.k. eins spilltur og Sjálfstfl. og þess vegna væri þetta kannski allt í góðu lagi. Það hefur nefnilega löngum tíðkast í íslenskum stjórnmálum og verið eitt helsta meinið í gamla, spillta samtryggingarkerfinu að hóta með því: Ef þú kjaftar frá mér, þá kjafta ég frá þér. Það var auðvitað þess vegna sem Sjálfstfl., þrautþjálfaður í áratugi í gamla, spillta samtryggingarkerfinu, hljóp niður í þingflokksherbergi eftir að upplýsingarnar um Siglósíld höfðu verið reiddar fram og setti í snarhasti fram beiðni um skýrslu þar sem tilgangurinn var annars vegar að reyna að reiða fram eitthvað um Siglósíld, en aðallega þó að koma á framfæri tveimur málum sem snerta núv. fjmrh. og verk hans til þess að geta hafið umræðuna í þessum gamla góða stíl: Þú ert a.m.k. eins spilltur og við. Það er hins vegar sorglegt að ungur og efnilegur stjórnmálamaður, sem ég hef að mörgu leyti haft mikla trú á, hv. þm. Friðrik Sophusson, skuli setja sig í þetta verk. En menn gera ýmislegt fyrir flokkinn sinn, menn fórna sér í ýmis skítverk og ætla kannski að fá laun í staðinn síðar.

Í raun og veru þarf ekki að ræða þessa skýrslu Ríkisendurskoðunar mjög mikið. Hún talar nefnilega alveg skýru máli. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar eru gerðar afdráttarlausar og skýrar athugasemdir og fordæmingar á meðferð Sjálfstfl. á Siglósíld. Varðandi hins vegar þau tvö mál sem Sjálfstfl. ætlaði að reyna að klína upp á mig eru engar athugasemdir gerðar, engar. Það er niðurstaðan. Tilraunin mistókst. Sjálfstfl. brenndi sig í puttana með því að biðja um þessa skýrslu Ríkisendurskoðunar. Það voru í reynd herfileg mistök, fljótfærni niðri í þingflokksherberginu af reiðum mönnum sem standa núna frammi fyrir því að Ríkisendurskoðun staðfesti allt það sem ég sagði í fyrirspurnatíma um Siglósíld nema hún kann ekki við að setja flokksmerkið við stjórnarmenn Siglósíldar í skýrslunni, eðlilega, enda ekki spurð um það og ekki hennar hlutverk heldur. En efnahagslega, reikningslega, stjórnarfarslega er fordæmingin hjá Ríkisendurskoðun skýr og afdráttarlaus. Þess vegna hefði verið eðlilegast að hafa bara þögn í þingsalnum, samúðarþögn með Sjálfstfl. vegna þessara „taktísku" mistaka. En hv. þm. Friðrik Sophusson, kjarkmikill maður, hæfileikaríkur maður, ég verð að segja það, gerði það besta úr vondu máli og fljótfærnislegri tilraun og reiðikasti Sjálfstfl. sem hægt var að gera við þessar aðstæður. Hann var hins vegar að vísu dálítið óheppinn vegna þess að það vildi svo til að hv. þm. Matthías Á. Mathiesen bar fram fyrr í dag fyrirspurn um afgreiðslu fjmrn. á Nútímanum, því máli sem hv. þm. Friðrik Sophusson með dramatískum tilburðum, steyttum hnefum hér í ræðustóli og raddbeitingu sem er óvenjuleg af hans hálfu ætlaði að klína upp á mig sem einhverju sérstöku hneykslismáli. Hv. þm. Matthías Á. Mathiesen fékk svör í dag við sinni fsp., skýr og afdráttarlaus svör. Það er athyglisvert að hann er ekki hér í þingsalnum í dag, hann er ekki viðstaddur þá leiksýningu sem hv. þm. Friðrik Sophusson fór með áðan vegna þess að Matthías Á. Mathiesen veit eftir þau svör sem hann fékk hér í morgun að það er ekkert athugavert við þetta mál. Það er fullkomlega í samræmi við þær venjur sem hafa skapast um áraraðir og er þess vegna í sama flokki og yfir 170 önnur slík mál á þessum áratug, mál sem eru einfaldlega þannig vaxin, eins og fram kom í morgun sem svar við fsp. hv. þm. Matthíasar Mathiesen, að þegar við blasir að fyrirtæki eru gjaldþrota á ríkissjóður um tvennt að velja, annaðhvort að missa algjörlega af öllum þeim skuldum sem hann á hjá fyrirtækinu eða ganga til samninga við fyrirtækið um að greiða eitthvað af þeim. Þetta er venja sem helgast af því að ríkissjóður sem innheimtuaðili verður auðvitað að vega það og meta hvort hann fær eitthvað eða ekkert. Eins og ég sagði áðan eru ekki bara tugir heldur nær tvö hundruð tilvik á þessum áratug um slík uppgjör.

Hitt vil ég svo segja alveg skýrt og afdráttarlaust að ég hafði ekki hugmynd um það að fáum dögum síðar væri verið að selja gjaldþrotatap Nútímans öðru fyrirtæki til að skapa því grundvöll til skattaívilnana. Það er sannleikur málsins af minni hálfu. Um það mál frétti ég ekki fyrr en eftir áramót. Það er eins með þann þátt, kaup Vífilfells á skattaskuldum eða kaup Vífilfells á gjaldþrota fyrirtæki til þess að skapa sér skattaívilnanir, og með kaup Vífilfells á gamla Álafossi að um þær aðgerðir frétti fjmrh. ekki fyrr en þær voru um garð gengnar. Það mál er þess vegna fjmrn. og mér algjörlega óviðkomandi. Um það hafði ég enga vitneskju og er alfarið mál forsvarsmanna Nútímans og fyrirtækisins Vífilfells.

Hins vegar vek ég athygli hv. Alþingis á því að ég lagði fram fyrir áramót frv. um breytingar á skattalögum sem lokuðu vonandi í eitt skipti fyrir öll þeim möguleika að fyrirtæki gætu keypt önnur gjaldþrota fyrirtæki í óskyldum rekstri til þess að skapa sér skattahagnað. Þess vegna væri ekki hægt nú á grundvelli þeirra laga sem ég beitti mér fyrir að sett væru hér á Alþingi fyrir síðustu áramót að framkvæma þessa aðgerð, sem betur fer, vegna þess að eitt af því sem nauðsynlegt var að útrýma úr viðskiptalífi og skattkerfi okkar á Íslandi var sá ósiður, sem á stundum var meðvituð misbeiting á aðstöðu og fjármunum, að fyrirtæki, af hvaða tagi sem þau væru, gætu keypt önnur gjaldþrota fyrirtæki og skapað sér þannig verulegan skattahagnað.

Vífilfell hefði þess vegna, á grundvelli þeirra laga sem nú eru í gildi, á grundvelli þeirra breytinga sem Alþingi samþykkti og ég lagði til hér fyrir áramót, hvorki möguleika á því að kaupa gjaldþrot gamla

Álafoss né kaupa gjaldþrot Nútímans og skapa sér skattahagnað í því skyni.

Ég vænti þess vegna að ég hafi svarað þessari spurningu hv. þm. alveg nægilega skýrt.

Varðandi hina spurningu hans, en í raun og veru var eingöngu um tvær efnislegar spurningar til mín að ræða, hvort fjmrn. væri, með því að samþykkja gagnagrunn sem veðtækan, að fara inn á nýjar brautir, er svarið við því, eins og fram hefur komið hjá mér áður í viðtölum, já. Ég er þeirrar skoðunar að þær venjur, sem hafa skapast hér á landi, að veð séu eingöngu fasteignir að öllu jöfnu, séu ekki í samræmi við þá verðmætasköpun sem fram fer í nútíma tækniväddu upplýsingaþjóðfélagi. Það vita það allir sem til þekkja að í upplýsingaþjóðfélagi samtímans eru upplýsingabankar, gagnagrunnar, tölvuforrit og fjölmargt það annað sem snertir tæknibúnað fyrirtækja, hugvit og annað í bættum tæknirekstri banka, fyrirtækja og annarra stofnana eitt hið verðmætasta sem getur gert fyrirtækin samkeppnishæfari. Í þessu tilviki var um að ræða einstakt verk á Íslandi eins og fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar, ítarlega gagnasöfnun og gagnagrunn um lög til nota fyrir lögfræðinga, dómastofnanir og almenning og hins vegar víðtækasta gagnagrunn um Ísland sem hér hafa nokkru sinni verið áform um að taka saman, gagnagrunn sem er nokkuð hliðstæður mjög verðmætum verkum sem unnin hafa verið í öðrum löndum og skapa mikilvæg tæki fyrir menntastofnanir, fyrir fjölmiðla, fyrir almenning, fyrir rannsóknastofnanir og marga aðra.

Ég hef sagt það áður í viðtölum að eðlilegt sé að bæði ríkisstofnanir, bankar og lánastofnanir lagi sig að þeim breytingum sem eru að verða í þjóðfélögum samtímans þar sem upplýsingatæknin skapar margvísleg önnur verðmæti sem vissulega eru veðhæf en fyrri tími sem fyrst og fremst leit á steinsteypu og húseignir og vélar og tæki sem slíkan grundvöll.

Virðulegi forseti. Það væri vissulega vel þess virði að fara yfir hina ítarlegu frásögn Ríkisendurskoðunar um Siglósíld. Skýrslan sýnir afdráttarlaust að hér var um að ræða einstakt verk af hálfu íslenskra ráðamanna. Þeir veittu lengri fresti, buðu betri kjör, veittu meiri afslætti en nokkur dæmi eru um í samskiptum ríkisins við einstaklinga eða fyrirtæki. Þar að auki kemur skýrt fram í skýrslunni að þeir sem fengu að kaupa fyrirtækið, og er þá rétt að rifja upp hér til minnis fyrir hv. þm. Friðrik Sophusson að þegar heimamenn óskuðu eftir því að fá að kaupa fyrirtækið á sínum tíma var þeim meinað að gera það og í staðinn var valinn út sérstaklega sá hópur einstaklinga sem hér er nefndur og er að meginhluta skipaður sérstökum flokksgæðingum Sjálfstfl. og honum sköpuð aðstaða til að fá þetta fyrirtæki á þessum einstöku kjörum. Það var hins vegar skiljanlegt að hv. þm. Friðrik Sophusson vildi nú ekki tala um einkavæðingu hér í dag, en hins vegar væri mjög auðvelt að rifja upp ummæli ráðamanna Sjálfstfl. bæði hér á Alþingi og í fjölmiðlum frá þessum tíma þar sem þeir töldu þessa sölu, formlegu sölu, sem ég kalla hins vegar gjöf á fyrirtækinu, vera ágætt dæmi um einkavæðingarstefnu Sjálfstfl. í verki. En ég skil vel að hv. þm. Friðrik Sophusson vilji ekki ræða það hér nú því það er auðvitað feimnismál hvernig þetta mikla hugarfóstur hans og nýfrjálshyggjunnar í Sjálfstfl., einkavæðingin, var í reynd ný regnhlíf fyrir gömlu spillinguna sem Sjálfstfl. hefur beitt í ríkiskerfinu og bankakerfinu í gegnum áratugi og jafnvel aldir, að hygla flokksgæðingum sínum undir fölsku flaggi. Það er það sem hér var að gerast. Það var verið að veita flokksgæðingum Sjálfstfl. eignarrétt á fyrirtæki án þess að þeir þyrftu að reiða fram neitt öruggt gjald eða þjóðin, sem var eigandi þessa fyrirtækis, fengi örugglega nokkuð í sinn hlut. Það væri vissulega gaman í dag að lesa upp úr þingskjölum hólræður þingmanna Sjálfstfl. þá um einkavæðinguna eða lesa upp úr Morgunblaðinu skrifin um einkavæðingu Sjálfstfl. á þeim tíma. Það er álíka eins og það væri skemmtilegt að lesa upp ræðurnar um „Báknið burt" frá hv. þm. Friðrik Sophussyni sem breyttist svo í himinhrópandi andstöðu sína þegar Sjálfstfl. fór að hlaða báknið upp þegar hann settist í ríkisstjórn. Til að bjarga sér út úr því og til þess að reyna að treysta einkakapítalið í landinu í sessi var þá gripið til einkavæðingarinnar sem átti að vera hornsteininn í hinni nýju stefnu Sjálfstfl. en var bara lykill að nýrri spillingu, spillingu sem Ríkisendurskoðun hefur afhjúpað jafnrækilega í þessari skýrslu og raun ber vitni.

Hv. þm. Friðrik Sophusson reyndi að gera nokkuð úr því hér að þeir einstaklingar sem fengu þetta fyrirtæki að gjöf hefðu rekið það miklu betur en meðan eignarformið var annað. Engu að síður kemur fram í þessari skýrslu að rekstrartapið á verðlagi mars 1989 frá því að hinir nýju eigendur tóku við fyrirtækinu er 200 millj. kr. Það sem almenningur í landinu á hjá fyrirtækinu í dag í formi vangreiddra skatta, vangreiddra skulda og lána og annarra kvaða sem fyrirtækið tók á sig eru rúmar 70 millj. kr. Þeir sem fengu þetta fyrirtæki að gjöf fyrir nokkrum árum frá ráðherrum Sjálfstfl. skulda þjóðinni í dag 70 millj. kr. fyrir utan gjöfina. Þannig er auðvitað reikningurinn sem þjóðin ætti að senda Sjálfstfl. fyrir þessa framkvæmd einkavæðingarinnar.

Síðan segir Ríkisendurskoðun að hún telji að þeir greiðsluskilmálar sem Sigló hf. hefur notið hjá ríkissjóði, þ.e. að fyrsta afborgun skuldabréfs er átta árum frá kaupsamningi, fyrsta vaxtagreiðsla þremur árum eftir kaupsamning og lánstíminn 18 ár, megi teljast afar sérstæðir í viðskiptum sem þessum og eigi sér vart hliðstæðu hjá ríkissjóði. Allir þeir sem þekkja hið kurteisislega embættismannaorðfæri Ríkisendurskoðunar vita að þetta er auðvitað háttur Ríkisendurskoðunar til að viðurkenna að þarna hafi verið um hreina fjármálalega spillingu að ræða. Það átti engin afborgun að verða fyrr en eftir átta ár. Fyrsta afborgun átti að verða eftir átta ár. Fyrsta vaxtagreiðsla átti að verða eftir þrjú ár og lánstíminn var 18 ár.

Ég spyr hv. þm. Friðrik Sophusson: Er hann reiðubúinn að láta embættismenn Ríkisendurskoð-

unar leita og leita og leita í reikningum og skjölum fjmrn., ríkisbókhaldsins og annarra stofnana íslenska ríkisins að slíkum kjörum og gá hvort það er hægt að finna nokkurt fyrirtæki, nokkurn einstakling sem hefur notið annarrar eins góðvildar? En hver var auðvitað ástæðan fyrir góðvildinni? Jú, það þurfti að sýna einkavæðinguna í verki. Það var pólitísk nauðsyn fyrir Sjálfstfl. að fá einhverja til að taka við slíkum fyrirtækjum til að geta dregið flagg einkavæðingarinnar að hún. Ég er ekki að saka Sjálfstfl. um það að hann hafi staðið í einhverjum arabamarkaðsvinnubrögðum til þess að afhenda einstaklingunum sem slíkum þessa fjármuni, en það var hin pólitíska nauðsyn einkavæðingarinnar sem þarna lá að baki.

Síðan kemur á bls. 6 í skýrslunni mjög ítarleg frásögn af því hvernig ráðherrar Sjálfstfl. breyttu öllum kröfum ríkissjóðs á Siglósíld í 15 ára lán sem yrði afborgunarlaust fyrstu fimm árin þegar ljóst var strax við fyrsta tilvik að hinir svokölluðu eigendur gætu ekki staðið við samninginn. Ég fullyrði: Það er ekkert fordæmi fyrir því að slíkt hafi verið gert, enda voru þar fyrst og fremst flokksbræður í ráðherrastól að veita flokksbræðrum sínum í atvinnulífinu betri gjafaskilmála en nokkurn hefði órað fyrir að menn leyfðu sér að gera. Síðan heimilaði ríkissjóður nýjar lántökur fyrirtækisins að fjárhæð allt að 600 þús. bandaríkjadali sem hefði, hv. þm. Friðrik Sophusson og hlustaðu á það, veðheimildir á undan skuldabréfum ríkissjóðs. Það var sem sagt ekki nóg með það að öllu var breytt 15 ár fram í tímann heldur var veðböndunum létt af með þeim hætti að láta lán til fyrirtækisins verða á undan kröfum ríkissjóðs. Það er þess vegna eðlilegt að þessir þingmenn Sjálfstfl. hafi hér fyrr í dag verið jafnæstir með því frv. sem einn af þingmönnum Sjálfstfl. er 1. flm. að og ýmsir ágætir aðrir þingmenn hafa villst inn á sem felur það í sér að afnema forgang ríkissjóðs að þeim kröfum sem eðlilegt er að setja gagnvart fyrirtækjum sem ekki greiða þá skatta sem þeim hefur verið falið að innheimta.

Það var athyglisvert að hv. þm. Friðrik Sophusson minntist ekki einu orði á þetta atriði í varnarræðu sinni, hvernig veðunum var breytt, hvernig ríkissjóður samþykkti að flytja sín veð á eftir hinu nýja láni. Allir þeir sem gátu horft á sögu fyrirtækisins, allir þeim sem sáu að fyrirtækið hafði ekki getað staðið í skilum þrátt fyrir gjafaskilmálana í fyrsta sinn gátu auðvitað séð að þar með var nánast verið að veita fyrirtækinu nýja gjöf.

Síðan segir í skýrslu Ríkisendurskoðunar: „Samkomulag þetta gerði ráð fyrir að öllum vanskilum Sigló hf. vegna upphaflegra skuldabréfa yrði breytt í langtímalán" — öllum vanskilum yrði breytt í langtímalán — „en fyrirtækið hafði ekki staðið við ákvæðið um greiðslu vaxta frá upphafi að öðru leyti en með útgáfu skuldabréfs eins og getið er um hér að framan."

Það er svo líka sérstakur kafli í þessari sögu hvernig þeir sem við þessari eign tóku, þeir sem nutu þessara sérstöku vildarkjara hjá Sjálfstfl., skrifuðu undir þá skuldbindingu að þeir ætluðu að reka fyrirtækið með þeim hætti að atvinnan í byggðarlaginu væri tryggð og þeir ætluðu ekki að selja eignirnar burt. En það var ekki liðinn langur tími, eins og fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar, þar til þeir voru búnir að svíkja þetta fyrirheit sem þeir höfðu þó ritað undir formlega í samningnum við ráðherra Sjálfstfl. Var því mótmælt af ráðherrum Sjálfstfl. að samningurinn hefði þar með verið brotinn gagnvart fólkinu í byggðarlaginu? Nei, auðvitað ekki. Vegna þess að þeir héldu áfram að horfa í gengum fingur sér við þessa flokkspólitísku vini sína. Fresta greiðslum, veita vildarkjör, flytja veð, gleyma að þeir sviku ákvæði í samningnum o.s.frv. Það er langur listinn og það er skiljanlegt að hv. þm. Friðrik Sophusson kjósi að fara fyrst og fremst með leikræna tilburði þegar þessi skýrsla Ríkisendurskoðunar talar jafnskýru máli.

Síðan kemur það fram í skýrslunni einnig að þeir sem við gjöfinni tóku héldu áfram að fjárfesta verulega umfram það sem áformað var í kaupsamningi eins og stendur í skýrslu Ríkisendurskoðunar og þar með tefla möguleikunum til að geta staðið í skilum í stórfellda hættu. (**FrS:** Það á að hæla þeim fyrir það.) Já, hv. þm. Friðrik Sophusson getur hælt mönnum fyrir glæfralegar fjárfestingar, fyrir brot á samningum, fyrir vanskil og annað slíkt og haldið áfram að reyna að tengja það allt saman einkaframtakinu og gæðum þess. En það breytir því ekki að skýrsla Ríkisendurskoðunar talar alveg skýru og afdráttarlausu máli.

Að mörgu leyti ber að þakka þingmönnum Sjálfstfl. fyrir að hafa hlaupið svona á sig. Reiðikastið sem þeir fengu eftir fyrirspurnatímann fyrir nokkrum dögum varð til þess að nú liggur miklu skýrar fyrir en ég hafði tök á að reiða fram í fyrirspurnatímanum hvernig saga þessa máls er, saga sem vonandi verður Sjálfstfl. víti til varnaðar, verður vonandi til þess að menn leyfi sér ekki í framtíðinni að „selja" eignir almennings í landinu með þessum hætti, verður vonandi til þess að jafnvel hin nýja forustusveit í Sjálfstfl. átti sig á því að það er tími til kominn að menn hætti vinnubrögðum gamla, spillta samtryggingarkerfisins hér á Íslandi.

Tilraun hv. þm. Friðriks Sophussonar til að gera afgreiðsluna á Nútímanum eitthvert stórpólitískt hneykslismál sýnir í raun og veru hvað hann hefur vondan málstað að verja vegna þess að honum er fullkunnugt um að það hefur verið vinnuregla í langan tíma í fjmrn. og hjá innheimtumönnum ríkissjóðs eins og ég sagði á Alþingi í morgun í svari mínu til Matthíasar Á. Mathiesen, eins og kemur fram í formlegri skýrslu sem hér var lögð fram á Alþingi fyrir tveimur árum síðan að beiðni Kjartans Jóhannssonar, eins og fram kemur í gögnum sem ég lagði fram í fjvn. fyrir nokkrum vikum, það hefur verið löng reynsla fyrir því að þegar ríkissjóður stendur frammi fyrir því að fyrirtækin eru gjaldþrota á hann tvo kosti. Annars vegar að tapa öllu eða semja við fyrirtækið ef það á annað borð hefur manndóm til að vilja greiða eitthvað. Því miður er það þannig að sum fyrirtæki greiða ekki neitt, verða bara gjaldþrota og

láta almenning í landinu sitja eftir með skuldirnar. Þjóðin tapar öllu sínu, en þeir sem hafa rekið fyrirtækið sleppa burt og stofna kannski nýtt. En þó eru til ýmis tilvik þar sem bæði einstaklingar og fyrirtæki koma og segja: Við viljum borga hluta af okkar skuld þó við séum sannarlega gjaldþrota. Þá hefur venjan árum saman verið sú, hv. þm. Friðrik Sophusson, að embættismenn fjmrn. í samvinnu við innheimtumenn ríkissjóðs ganga rækilega úr skugga um hvort fyrirtækið sé sannanlega gjaldþrota og hvort aðrir lánardrottnar fyrirtækisins séu tilbúnir að gera hliðstæða samninga. Það var gert í þessu tilviki eins og yfir 170 öðrum tilvikum á þessum áratug. Það er auðvitað þess vegna sem Ríkisendurskoðun gerir enga athugasemd í þessari skýrslu við þá málsmeðferð. Ég gerði mér hins vegar fyllilega grein fyrir því að það kynnu að vera menn, bæði hér í fjölmiðlunum eins og hefur komið á daginn og örvæntingarfullir stjórnmálamenn eins og hv. þm. Friðrik Sophusson, sem kynnu að reyna að nota þetta mál til að rugla það í augum almennings og búa til úr því einhvers konar pólitískt spillingarmerki á mig af því að Nútíminn var eign Framsfl. og Framsfl. var í ríkisstjórn. Þess vegna velti ég því auðvitað fyrir mér, hv. þm. Friðrik Sophusson: Átti ég að láta Nútímann gjalda þess að Framsfl. stóð að honum? (**EgJ:** Það var ekki nefnt.) Átti ég að neita Nútímanum um sams konar afgreiðslu og yfir 170 önnur fyrirtæki og einkaaðilar höfðu fengið? Það hefði verið röng ákvörðun. Það hefði verið misnotkun á pólitísku valdi. Ég kaus þess vegna að láta aðstandendur Nútímans ekki gjalda þess að þeir voru framsóknarmenn. Ef ég hefði neitað Nútímanum um sams konar meðhöndlum og embættismenn fjmrn. höfðu gert við fjölmörg önnur fyrirtæki á undanförnum árum vegna þess að hér var um fyrirtæki Framsfl. að ræða, þá hefði verið hægt að saka mig um pólitíska misnotkun. En ekki á þann hátt að láta nákvæmlega sömu reglu gilda í þessu tilviki og í öllum öðrum. En ég vil svo hins vegar líka taka það alveg skýrt fram vegna aðdróttana hv. þm. Friðriks Sophussonar að í umræðum milli mín og þeirra sem þetta mál studdu, í umræðum milli þeirra og embættismanna fjmrn. var aldrei einu orði á það minnst að síðan væri ætlunin að selja þrotabúið Vífilfelli til að skapa grundvöll fyrir skattaafslætti hjá Vífilfelli. Það get ég alveg sagt í hreinskilni að ég tel óheppilegan þátt í þessu máli vegna þess að það einmitt getur rennt stoðum undir óvandaðan málflutning af því tagi að hér hafi verið um eitthvað gruggugt á ferð, hér hafi verið um einhvern verknað að ræða sem var óeðlilegur. En eins og ég sagði hér áðan beitti ég mér fyrir því á Alþingi að lögunum var breytt þannig að þetta er ekki mögulegt í framtíðinni.

Ég vil svo einnig segja það við hv. þm. Friðrik Sophusson vegna þess að hann lagðist svo lágt í þessari ræðu að fara að gera sér upp þá sögu að vegna þess að Þjóðviljinn ætti í rekstrarörðugleikum væri ég hugsanlega að skapa fordæmi fyrir því að geta veitt Þjóðviljanum hliðstæða fyrirgreiðslu, ég skal segja það alveg skýrt og greinilega: Það hefur aldrei komið til tals, sú hugsun hefur aldrei verið í mínum huga og Þjóðviljinn hefur blessunarlega greitt upp allar sínar skuldir við innheimtumenn ríkisins eins og þær voru um síðustu áramót og síðan á þessu ári. Það er ekki mín ætlun í embætti fjmrh. að vinna einhver slík verk af því tagi sem hv. þm. spann sem skáldskap í sinni ræðu. Það er mín ætlun að búa til eins skýrar og afdráttarlausar reglur og hægt er og vinna eingöngu þau verk sem þola algerlega og fullkomlega dagsins ljós. Þess vegna er hv. þm. Sjálfstfl. velkomið að biðja á Alþingi um allar þær skýrslur Ríkisendurskoðunar og annarra um öll mín verk sem þeir vilja vegna þess að þá vinnureglu setti ég mér þann dag sem ég settist í þetta embætti að öll þau verk sem þar væru unnin skyldu þola dagsins ljós.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra, sem hér var að ljúka máli sínu, kom ekki mikið að aðalatriðum þessa máls. Ræða hans var að meginhluta pólitískt orðagjálfur, einhliða árás á Sjálfstfl., aðdróttanir um spillingu og pólitískt samtryggingarkerfi sem Sjálfstfl. hefði sérstakt dálæti á og tæki þátt í og ódrengileg árás á þá aðila sem staðið hafa í atvinnurekstri á Siglufirði. Við þingmenn Sjálfstfl. getum svarað fyrir okkur hér á hv. Alþingi og átt orðaskipti við hæstv. ráðherra um sögu Sjálfstfl. og gerðir. Við getum svarað þeim ásökunum sem hæstv. ráðherra kemur fram með í okkar garð, en þeir menn sem eru fjarstaddir og staðið hafa fyrir atvinnurekstri hafa hér mátt þola að hæstv. fjmrh. hefur leyft sér að bera á þá svik og sukk með ódrengilegri árás án þess að þeir hafi tækifæri til þess að svara fyrir sig. Ég lýsi því að sá þáttur í máli hæstv. ráðherra var honum til vanvirðu og mál hans allt var með þeim hætti að það var auðvitað einhliða málflutningur pólitísks áróðursmanns sem situr nú í sæti hæstv. fjmrh. án þess að koma nema í örfáum atriðum að kjarna málsins eða efni þess sem hér er á dagskrá. Það eina sem varðar það aðalmál sem hér er á dagskrá um starfsemi Sigló hf. og það gjaldþrot sem þar hefur orðið var þegar hann vitnaði í skýrslu Ríkisendurskoðunar þar sem sagt er réttilega að vissulega hefðu verið gerðir sérstæðir samningar við kaup einkaaðila á ríkisfyrirtækinu Siglósíld þar sem samningar væru um vaxtalaust lán í þrjú ár og afborgunarlaust í átta ár og að slíkir samningar ættu sér e.t.v. ekki hliðstæðu. Þetta er vafalaust rétt. En hæstv. ráðherra gerir enga tilraun til þess og gerir ekkert í því að upplýsa hvað það var sem réði því að hagsmunum ríkissjóðs sýndist vera betur borgið með þessum hætti en halda áfram þeim rekstri sem verið hafði í gangi af hálfu ríkisfyrirtækisins. Ég fullyrði og kem nánar að því síðar í ræðu minni að það var hagstæðara fyrir ríkissjóð að gefa þessa verksmiðju og gefa hana raunverulega, jafnvel þó að hún hefði verið gefin með meðgjöf, en halda áfram þeim rekstri sem þar var við lýði í höndum ríkissjóðs.

Sú umræða sem hér fer fram um þetta efni á sér rætur í því, eins og fram hefur komið í máli hv. 1. þm. Reykv., að fyrir fáum dögun var tekin hér til umræðu fsp. frá hv. 5. þm. Norðurl. v. Jóni Sæmundi Sigurjónssyni þar sem farið var fram á að fjmrh. svaraði fsp. um Sigló hf. Þær fyrirspurnir báru með sér eins konar grunsemdir um það eða aðdróttanir að óeðlilega hefði verið staðið að málum af hálfu skiptaráðanda við leigu á fyrirtækinu til annars aðila eftir að það varð gjaldþrota og fyrirspurnin bar líka með sér að í henni voru óviðurkvæmilegir sleggjudómar um þann gerning og sagt eins og hér segir, með leyfi forseta, sem er sleggjudómur, „þannig að komist verði hjá greiðslu allra skuldbindinga til stórskaða fyrir skuldareigendur". Þetta er sleggjudómur sem byggist annað tveggja á vanþekkingu eða hreinum missögnum, og hefur sennilega ráðið trúgirni hv. þm., einhverjum söguburði sem hann hefur um þetta heyrt.

Ég rifja þetta upp vegna þess að ég vil láta það koma fram að frumhlaup hv. þm. Jóns Sæmundar Sigurjónssonar við það að leggja þessa fsp. fram af hálfu eins af þingmönnum Norðurlands vestra var síst til þess fallið að lægja þær öldur sem risið hafa um þetta mál, síst til þess fallið að greiða fyrir því að atvinnulíf á Siglufirði gæti þróast og dafnað með eðlilegum hætti, að það fyrirtæki sem nú hefur orðið gjaldþrota gæti komist í hendur nýrra aðila með sæmilegum hætti þannig að friður yrði um það mál. Það var mikil nauðsyn á því að þingmenn Norðurlands vestra leituðust við að stuðla að því að sú verksmiðja sem hér um ræðir og rekin var af Sigló hf. geti starfað áfram þótt fyrirtækið sem rak hana hafi orðið gjaldþrota og að heimamenn ásamt aðkomumönnum taki höndum saman og leggi fram fé til að koma rekstrinum á heilbrigðan og eðlilegan grundvöll. Ég hlýt að byrja ræðu mína með því að finna að því að þessi fsp. skyldi hafa verið sett fram með þeim hætti sem gert var og á þann máta að varð til þess að ýfa upp það mál sem hefði þurft að reyna að ná betri friði um en hefur verið gert með þessum hætti.

Hér var af hálfu hv. 1. þm. Reykv. rifjaður upp þáttur hæstv. fjmrh. í því máli sem var ekki síður frumhlaup með aðdróttunum í garð okkar sjálfstæðismanna og hann hefur hér endurtekið. Ég ætla ekki að ræða það að sinni, það var gert af hálfu hv. þm. Friðriks Sophussonar, en kem e.t.v. að því hér frekar síðar í ræðu minni.

Ég held að ekki verði hjá því komist að minna á að niðurlagningarverksmiðjan Siglósíld, sem var fyrirtæki í eigu ríkisins og hafði starfað um allmargra ára skeið, hafði gengið misjafnlega. Sum árin lá reksturinn að mestu leyti niðri. Önnur ár var reksturinn með tröppugangi, en sum árin gekk reksturinn að því leyti vel að starfsemin hélt áfram. En þegar reksturinn gekk var hann þó með þeim hætti að alla jafnan var rekstrartap á því fyrirtæki sem svaraði eigi minna og stundum meira en öllum vinnulaunum starfsfólks við fyrirtækið og ríkissjóður, eigandi fyrirtækisins, greiddi hallann. Þessi halli varð samkvæmt því sem segir í skýrslu Ríkisendurskoðunar á uppreiknuðu verði samtals á ellefu árum tæplega 135 millj. kr. og eru þó inni í þeim ellefu árum þrjú ár þar sem starfsemin lá að mestu leyti niðri. Eftir þau þrjú ár var veitt inn í fyrirtækið til að bæta upp halla verulegri fjárhæð eða að jafnvirði 35,2 millj. kr. miðað við núvirði, en þá var líka kominn fjmrh. sem yfirstjórnandi fyrirtækisins sem var flokksbróðir hæstv. núv. fjmrh., þ.e. einn af þingmönnum Norðurlandskjördæmis vestra, hv. 4. þm. Norðurl. v. Ragnar Arnalds. Þegar hann var fjmrh. veitti hann verulegu fé í fyrirtækið til að greiða uppsafnaðan rekstrarhalla eða sem svarar að núvirði 35,2 millj. kr. og það gat þá haldið áfram að starfa. Þrátt fyrir þetta hélt rekstrartap fyrirtækisins áfram svo að árlega varð að leggja til milljónir króna til rekstursins til þess að fyrirtækið strandaði ekki, eða sem svaraði að jafnaði öllum vinnulaunum starfsfólks verksmiðjunnar.

Ef svo hefði haldið áfram, og það var rækilega skýrt af hálfu hv. 1. þm. Reykv., með fyrirtæki sem var um fimm sinnum minna að umfangi og rekstri en Sigló hf. varð síðar hefði ríkissjóður þurft áfram að leggja til fé með fyrirtækinu. Þetta var sú staða sem forsjármaður ríkissjóðs, hæstv. þáv. fjmrh. Albert Guðmundsson, stóð frammi fyrir og það virtust a.m.k. sannarlega kjarakaup fyrir ríkissjóð að selja fyrirtækið með þeim hætti sem gert var á 18 millj. kr. og gefa rýmilega greiðslufresti þó svo að þeir frestir væru lengri en almennt hafa tíðkast. Og ég endurtek: Það hefði verið hagstæðara fyrir ríkissjóð að gefa fyrirtækið og jafnvel þó um meðgjöf væri að ræða.

Það var ekki með þessum hætti verið einungis að hygla flokksgæðingum eins og hæstv. ráðherra hefur sagt. Einn af aðaleigendum fyrirtækisins og stjórnarmaður í fyrirtækinu Sigló hf. sem keypti Siglósíld er yfirlýstur framsóknarmaður og hefur starfað mikið fyrir þann flokk. Það er enn fremur rangt, sem hæstv. ráðherra sagði hér, að þegar fyrirtækið var selt hefðu aðrir heimaaðilar viljað kaupa fyrirtækið. Þó svo að slíkar raddir hafi komið upp var það ekki til staðar þegar til átti að taka vegna þess að aðrir aðilar treystu sér ekki til að hætta fjármunum sínum í að kaupa þetta fyrirtæki. Það má kannski segja miðað við þá þróun sem orðið hefur að þeim hafi verið nokkur vorkunn, en þetta er sú staðreynd sem fyrir liggur þannig að það sem hv. ráðherra sagði um þetta mál, að aðrir aðilar hefðu viljað kaupa, var rangt. Ég gæti tekið til orða með sama hætti og hann, notað stór orð og sagt að það hafi verið lygi. Ég kýs venjulega að nota önnur orð. Það var rangt.

Ég held því að þetta verði að skoða í samhengi þegar menn eru að skoða hagsmuni ríkissjóðs, líta á þá kosti sem aðrir eru, og mér var kunnugt um það að hæstv. þáv. fjmrh. Albert Guðmundsson vildi ekki fara þá leið að leggja atvinnulíf á Siglufirði í rúst. Hann vildi fara þá leið að þessi atvinnurekstur héldi áfram. Ef núv. hæstv. ráðherra hefði þá verið fjmrh. hefði honum sjálfsagt verið hjartanlega sama um það hvort atvinnulíf á Siglufirði færi í rúst eða ekki og þess vegna getað lokað fyrir þær leiðir sem ríkisvaldið

hafði til þess að fyrirtækið gæti starfað áfram. Ég get ekki um það sagt en hitt er víst að Albert Guðmundsson vildi hlúa að atvinnulífi í landinu og ekki síður á Siglufirði en annars staðar. Og þeir kostir sem þarna var um að ræða voru annað tveggja að halda áfram að greiða úr ríkissjóði eftir hendinni rekstrartap þessa fyrirtækis, þeirrar litlu Siglóverksmiðju, niðurlagningarverksmiðju, ellegar að selja fyrirtækið þeim einstaklingum, þeim aðilum sem treystu sér til þess að hætta sínu fé í það að rétta fyrirtækið við og reka það. Ég kem síðar að þeim aðstæðum sem orðið hafa til þess og ráðið hafa því að þetta fyrirtæki varð gjaldþrota. Það er sannarlega sorgarsaga og það er ekki við hæfi að fjmrh. landsins hælist um yfir því og beri þá menn brigslum sem staðið hafa að því að hætta fé sínu til þess að leitast við að halda þessum rekstri gangandi. Það er ekki við hæfi.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar er sagt að eftir að kaup hafi verið um garð gengin hafi fyrirtækið Sigló hf. lagt í mun meiri fjárfestingu en gert hafði verið ráð fyrir við gerð kaupsamnings. Að þessu var hér vikið af hálfu hv. 1. þm. Reykv. en vegna kunnugleika míns af þessu máli öllu tel ég rétt að staðfesta það, sem raunar kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar, að það hús sem keypt var og sá vélabúnaður sem keyptur var var að meginhluta ónýtt. Þar var að vísu að hluta vélabúnaður sem var nothæfur og hússkrokkur sem mátti nota en ástand þessara eigna var með allt öðrum hætti og verri en reiknað var með við kaup á fyrirtækinu. Það er stundum svo að þegar farið er að rífa upp gömul hús og gamlar vélar til þess að endurnýja kemur í ljós að staðan er verri og kostnaður verður meiri en gert hafði verið ráð fyrir í upphafi, og það fór því miður svo í þetta sinn. Þeir aðilar, sem keyptu Lagmetisiðjuna Siglósíld og mynduðu fyrirtækið Sigló hf., voru ekki að leika sér að því að verja fé sínu í fjárfestingu. Þeim var nauðugur einn kostur þegar farið var í það að endurbyggja og endurbæta húsnæði fyrirtækisins og vélakost þess að fara í þá fjárfestingu sem þurfti til þess að fyrirtækið gæti starfað. Þetta er vitaskuld einn af þeim þáttum sem eiga þátt í því að reksturinn varð miklu erfiðari en ella því að fjármagnsbyrðin vegna þessa varð fyrirtækinu fjötur um fót.

Ég segi að aðdragandinn að því að illa fór á Siglufirði hjá fyrirtækinu Sigló hf. sé margþættur. Hann er margþættur og a.m.k. að flestu leyti eigendum fyrirtækisins óviðráðanlegur. Hvers vegna? Í fyrsta lagi fullyrði ég að miðað við ástand eigna var kaupverð of hátt. Það voru ekki gjafir til flokksgæðinga, kaupverðið var of hátt, 18 millj. kr. á þáverandi verðgildi sem svarar um 60 millj. kr. að núvirði.

Ég hef hér talið fram að fjárfestingarkostnaður var miklu meiri auk kaupverðs en gert var ráð fyrir við kaupsamning. Það þurfti því að fara í fjárfestingu sem varð síðan stórkostlegur baggi á fyrirtækinu að því er lýtur að fjármagnskostnaði.

Varðandi fjárfestinguna er rétt að vekja á því athygli að hæstv. ráðherra leyfði sér að tala um fjárfestinguna sem brot á samningi. Hann leyfði sér hér í ræðu sinni áðan að tala um þá fjárfestingu sem hinir nýju eignaraðilar neyddust til þess að fara í vegna þess að hús og vélar voru með allt öðrum og lakari hætti en gert var ráð fyrir, hann leyfði sér að kalla það brot á samningi. Ja, það er af góðgirni mælt eða sanngirni í garð þeirra aðila sem hæstv. ráðherra þarf að skipta við úti í þjóðfélaginu. Og hann getur síðan hlegið bæði hér og annars staðar, hvort sem hann er hér á hinu háa Alþingi, hlegið að þeim sem hann þarf að hafa skipti við, hvort sem það eru fyrirtæki í atvinnurekstri, hvort sem það eru Sóknarkonur eða opinberir starfsmenn. Það er honum frjálst mín vegna.

Í þriðja lagi nefni ég það að í kaupsamningi voru kvaðir um það að halda þeim atvinnurekstri gangandi sem rekinn hafði verið af hálfu fyrirtækisins Siglósíldar, þ.e. niðurlagningarverksmiðju, gaffalbitaverksmiðju. Og það fór ekki betur eða verr en svo að hallarekstur á þessum þætti starfseminnar hélt áfram með svipuðum hætti og áður og var samtals, eftir fjögur ár, orðinn, og er það miðað við verðlag hvers árs, 92 millj. kr., halli á niðurlagningarþættinum. Og þá var samþykkt af hálfu þáv. ríkisstjórnar, iðnrh. og fjmrh., að losa fyrirtækið undan því að reka þessa línu og hún var seld. Það hefði verið annar svipur á afkomu þessa fyrirtækis ef þessi kvöð hefði ekki verið á því og fyrirtækið hefði verið losað undan þessari kvöð fyrr en raun ber vitni. Þó hafði verið reynt af hálfu fyrirtækisins að gera endurbætur á þessari niðurlagningarlínu en reksturinn gekk ekki eigi að síður.

Í fjórða lagi nefni ég það að þegar fyrirtækið er keypt þá er hátt verð á rækju. Við vitum að það er ekki við neinn að sakast að sveiflur eru á verði á framleiðsluvörum okkar, en ári eftir að kaupin eiga sér stað og þegar framleiðsla byrjar í fyrirtækinu hafði verðfall orðið um 30% á þessari aðalframleiðsluvöru fyrirtækisins. Og rekstrarhalli á fyrsta ári fyrirtækisins vegna þessa verðfalls var vitaskuld alvarlegur.

Ég nefni svo enn, af því að hæstv. fjmrh. er að bera saman rekstur á fyrirtækinu Sigló hf. og á Lagmetisiðjunni Siglósíld, að á þeim áratug eða á þeim tíma sem Lagmetisiðjan starfaði, ríkisfyrirtækið Siglósíld, og ár frá ári var rekin með halla sem svaraði öllum vinnulaunum starfsfólksins, þá var lánsfé þó að heita mátti gefins hér á landi. Þá var það sem kallað var neikvæðir raunvextir, mest af þeim tíma.

En eftir að fyrirtækið Sigló hf. er tekið til starfa, með að vísu allt of háum fjármagnskostnaði, vegna of hás kaupverðs, vegna þess að það þurfti að ráðast í mikla fjárfestingu og vegna þess að verð féll á rækju á fyrsta ári um 30%, þá safnaði það upp skuldum sem báru hrikalega háan fjármagnskostnað. Og ef einhvers staðar hefði örlað á sanngirniskorni í ræðu hæstv. ráðherra, sem ekki var, hefði hann átt að geta áttað sig á slíkum hlutum. En það var nú ekki því að heilsa. Rekstur og rekstrarskilyrði þessara tveggja fyrirtækja, Lagmetisiðjunnar Siglósíldar, ríkisfyrirtækisins, annars vegar og einkafyrirtækisins Sigló hf.

er því hvað þetta snertir m.a. gjörsamlega ósambærilegur.

Í sjötta lagi vil ég geta þess að fyrirtækið Sigló hf. greiddi svo sem önnur fyrirtæki verulegar fúlgur af framleiðslu sinni til rækjudeildar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Þetta fyrirtæki sem var stærsta rækjuverksmiðja landsins hafði greitt á skömmum tíma sem svaraði sem næst 50 millj. kr. út úr rekstrinum til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Og ég lýsi ábyrgð á hendur fyrrv. og núv. sjútvrh. fyrir það að þrátt fyrir samþykktir í síðustu ríkisstjórn og þrátt fyrir yfirlýsingar hæstv. núv. forsrh. þegar hann var utanrrh. í fyrrv. ríkisstjórn og starfandi sjútvrh. í forföllum Halldórs Ásgrímssonar, bókaðar yfirlýsingar núv. hæstv. forsrh. um að greiddur skyldi út úr rækjudeild Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins helmingur af því sem rækjufyrirtækin ættu inni í þeim sjóði, þá fékkst það ekki fram vegna ofríkis núv. og fyrrv. sjútvrh. Halldórs Ásgrímssonar. Hann sagði þegar heim kom: Steingrími Hermannssyni kemur þetta ekkert við. Ríkisstjórnarsamþykkt í þeirri ríkisstjórn og yfirlýsingar starfandi sjútvrh. sem jafnframt var utanrrh. þeirrar ríkisstjórnar, Steingríms Hermannssonar, urðu marklausar og ég hlýt að lýsa ábyrgð á hendur þeim ráðherra fyrir það að fyrirtæki sem börðust í bökkum í sjávarútvegi, í rækjuvinnslu og skelfiskvinnslu, og höfðu greitt stórfé til rækjudeildar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins fengu ekki greiddan til baka hluta af sínu fé og fóru þess vegna á höfuðið.

Rækjuverksmiðjan Sigló hf. er ekki eina fyrirtækið sem hefur farið á höfuðið af þeim sökum. Annað fyrirtæki sem er á Vestfjörðum, stór rækjuverksmiðja þar, rækjuverksmiðja Ólsens, fór einnig á höfuðið vegna þess að innstæða þessara fyrirtækja fékkst ekki greidd til baka inn í fyrirtækin. Sú verksmiðja átti inni í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins, ef ég man rétt, um 35 millj. kr.

Á sama tíma hafði það gerst að hæstv. sjútvrh. hafði ungað út, kannski ekki inn á hvert heimili eins og hv. þm. Friðrik Sophusson sagði, en hann hafði ungað út fjölda nýrra leyfa til rækjuvinnslu (Gripið fram í.) fyrir austan, sagði hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, flokksbróðir ráðherrans, og sumpart suður um Reykjanes og Þorlákshöfn og víðar um land og (**StG:** Norðurland vestra.), já, eitt fyrirtæki á Norðurlandi vestra og það var meira en nóg, hv. þm. Stefán Guðmundsson, eitt fyrirtæki þar, og ég þakkaði ráðherranum fyrir það að þau skyldu ekki vera fleiri í okkar kjördæmi. Þú mátt gjarnan segja frá því, hv. þm. Stefán Guðmundsson, að ég hafi þakkað hæstv. sjútvrh. fyrir það að hann skyldi ekki veita nema eitt nýtt rækjuleyfi í mitt kjördæmi. (**StG:** Það var einu leyfi of mikið.) Það var einu leyfi of mikið, vegna þess að með því að dreifa rækjuleyfum svo um landið sem gert hefur verið var auðvitað verið að rýra hagsmuni þeirra fyrirtækja sem fyrir voru í þessari grein fiskiðnaðarins og ekki nóg með það, heldur á að nota það fé sem fyrirtækin hafa greitt inn í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, eins og Sigló hf. 50 millj., eins og Ólsen á Ísafirði 35 millj., til þess að greiða með framleiðslu hinna nýju fyrirtækja sem ungað hefur verið út um allt landið. Þetta er líklega lofsvert, eða hvað? En það er það ekki að mínum dómi. Þetta er harðlega gagnrýnisvert í meðferð framkvæmdarvaldsins á þessu máli og er einn þátturinn í því sem varð til þess að koma fyrirtækinu Sigló hf. á höfuðið. Hefðu fengist, eins og var búið að samþykkja í ríkisstjórn og eins og ég og sumir aðrir þingmenn kjördæmisins lögðu kapp á, greidd inn í fyrirtækið 50% af því sem það hafði lagt fram og sem fyrirtækið átti inni í Verðjöfnunarsjóðnum, þá hefði það ekki farið á höfuðið. Þá væri það starfandi enn í dag. Þannig er nú staðan. Og Ólsen á Ísafirði hefði heldur ekki farið á höfuðið.

Nú eru þeir að leika sér, hæstv. ráðherrar, með fyrirtækin í landinu, með skuldaskilasjóðum, með sjóði sem á að leggja fram hlutafé, svokölluðum hlutabréfasjóði, til þess að ráðskast um það hvort eigi að láta þetta fyrirtæki eða hitt lifa, hvort eigi að láta þetta fyrirtæki eða hitt fyrirtækið fara á höfuðið, og þurfa að fá til þess lánsfé með ríkisábyrgð — og hvar er nú hæstv. fjmrh. — með ríkisábyrgð sem á sinn bakhjarl þá í nýjum sköttum á þjóðina þegar til kastanna kemur. Og hvar er nú þessi hæstv. fjmrh. sem hér var áðan að belgja sig út? (**Gripið fram í:** Hann er farinn.) Hann er horfinn af vettvangi. En núv. hæstv. ríkisstjórn er sem sagt að kókla með þetta, með atvinnuvegina í landinu, stofna sjóði til skuldbreytinga, stofna sjóði til að leggja fram hlutafé sem á að bjarga þessu fyrirtæki en ekki hinu og látum það vera. Það er gert með lántökum, með ríkisábyrgð sem, eins og ég sagði, á sér bakhjarl í nýjum sköttum á þjóðina þegar þar að kemur. En þessir sömu hæstv. ráðherrar neituðu að greiða til baka úr einum sjóðnum, Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins, hluta af því fé sem fyrirtækin í rækjuvinnslu og skelfiskvinnslu áttu sannanlega inni í sjóðnum. Þetta er nú ráðslag. Og árangurinn er sá að við erum að tala hér um gjaldþrot Sigló hf., m.a. Við liggjum hér undir árásum um pólitískt sukk og svínarí. Og eigendur fyrirtækisins, sem gjaldþrota er orðið, liggja undir árásum um svik og aðdróttunum um að þeir hafi ekki haldið vel á málum og hafi brotið samninga með því að fjárfesta meira en núv. hæstv. fjmrh. lætur gott heita.

Þessi meðferð mála er að mínum dómi fordæmanleg. Það er eins og þeir menn sem fara með framkvæmdarvaldið séu að leika sér að því að halda á málum með þeim hætti að fyrirtæki sem þeim eru ekki þóknanleg skuli á höfuðið. Féð á að fara austur, sagði hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson. Hann var hér áðan. Hann er flokksbróðir hæstv. sjútvrh. og hann hefur oft dirfsku til að segja sannleikann.

Ég nefni hér í síðasta lagi sem orsök þess að einkafyrirtækið Sigló hf. er farið á höfuðið, sem ég vissulega hef komið hér að, aðgerðarleysi hæstv. núv. ríkisstjórnar í atvinnumálum þjóðarinnar og aðgerðarleysi í því að koma fram ráðstöfunum sem gera atvinnuvegunum í landinu mögulegt að starfa og þannig að þau komist á rekstrarhæfan grundvöll.

Þetta gildir vitaskuld fyrir fyrirtækið Sigló hf. eins og önnur fyrirtæki í landinu sem hvert af öðru eru ýmist að fara á höfuðið eða á hraðri leið fram af brúninni. Og þetta á ekki lengur við einvörðungu um fyrirtæki í fiskiðnaði og sjávarútvegi. Þetta á líka við um fyrirtæki í þjónustu hvers konar, þar á meðal í verslun. Hér var nefnt af hálfu hv. þm. Friðriks Sophussonar að KEA tapaði yfir 200 millj. á síðasta ári. Og það mætti fara að spyrja, ef einhver ráðherra nennti að fylgjast með þessari umræðu og kæmi ekki aðeins upp í ræðustólinn, eins og hæstv. fjmrh., til þess að ausa úr skálum reiði sinnar í garð Sjálfstfl. og í garð þeirra fyrirtækja sem verða fyrir barðinu á þessari stjórn og stjórnarathöfnum, hvort það sé reyndar loksins svo komið að Framsfl., sem fer með forsæti í þessari ríkisstjórn, ætli að láta skeika að sköpuðu, hvort samvinnurhreyfingin og samvinnufyrirtækin, hvert af öðru, fari einnig fram af brúninni. Það væri fróðlegt að spyrja að því.

Þessi atriði sem ég hef hér drepið á réðu auðvitað því að Sigló hf. fór á höfuðið, varð gjaldþrota. Og þessi atriði eru flest þess efnis að þau voru eigendum fyrirtækisins og stjórnendum gjörsamlega óviðráðanleg. Það má segja að eigendurnir hafi ekki átt að kaupa fyrirtækin jafnháu verði og gert var og það var auðvitað hagstætt fyrir ríkið að losa sig við fyrirtækið, þó það hefði verið gefið og þó að hefði verið gefið með því. Þeim var það hins vegar auðvitað sjálfrátt, þeir keyptu fyrirtækið á of háu verði. Hin atriðin, að flestu leyti, nærri því öllu leyti, voru stjórnendum fyrirtækisins óviðráðanleg. Það voru utanaðkomandi aðstæður og svo ýmist skeytingarleysi eða rangar ákvarðanir stjórnvalda.

Ég vil svo geta þess að hæstv. ráðherra sagði hér að ríkissjóður þyrfti á stundum að líta á tvo kosti þegar gjaldþrot væri yfirvofandi eða þegar staðan væri orðin þannig að gjaldþrot væri orðið yfirvofandi. Það var hvort ætti að sættast á nauðasamninga sem þýddu það að ríkissjóður fengi hluta af sínum kröfum greiddan eða hvort hann fengi jafnvel ekki neitt. Fyrirtækið Sigló hf. leitaði slíkra nauðasamninga og það mál var mjög rækilega og vandlega undirbúið af fagmönnum, bókhaldsmönnum, hagfræðingi og sérstökum fagmönnum um þessi efni. Og það var gert á þann hátt að hvar sem þær tillögur um skuldaskil voru sýndar, þá var borið á þær tillögur lof fyrir það hvað það verk væri vandlega unnið og skýrt upp sett og greinilega. Tillögur um þessa nauðasamninga voru að sjálfsögðu bornar undir fjmrn. og voru þar í alllangan tíma til meðferðar, en það fór einmitt þannig að hæstv. fjmrh. neitaði um þessa nauðasamninga. Hann neitaði að sætta sig við það að fyrirtækið Sigló hf. fengi að ganga til nauðasamninga með því að standa skil á hluta af sínum greiðslum en hluti af greiðslunni væri gefinn eftir. Ýmsir og raunar flestir aðilar aðrir sem áttu inni hjá fyrirtækinu ýmist samþykktu eða biðu eftir samþykkt ríkissjóðs, þannig að málið strandaði hjá ríkissjóði. Og það er nú von að hæstv. fjmrh. sé glaðklakkalegur yfir niðurstöðunni, það er von, því að hann hafði það á valdi sínu að gefa þau svör að hann vildi sættast á það að ríkissjóður tapaði hluta af því sem hann átti inni hjá fyrirtækinu en gera mögulegt að fyrirtækið yrði rekið áfram og treysta því þannig að atvinnulífið á Siglufirði þyrfti ekki að bíða þann hnekki sem varð við þetta gjaldþrot og að tjón aðila yrði ekki meira en raun bar vitni að það hefði orðið miðað við nauðasamninga. Þessu hafnaði hann og hælist síðan um hér í ræðustól yfir því hvernig þessir aðilar, sem hann kallar, þarna fyrir norðan hafi svikið samninga.

Ég vil svo lýsa því yfir að eftir að því var hafnað að gengið skyldi til slíkra nauðasamninga og fyrirtækið var orðið gjaldþrota hef ég enga minnstu vantrú á því að aðgerðir skiptaráðanda hafi verið rökréttar og skynsamlegar, enga vantrú á því. Og hæstv. dómsmrh. lýsti því yfir í umræðu hér um daginn að hann hefði einnig fulla trú á sínum undirmanni sem er skiptaráðandi, bæjarfógetinn á Siglufirði. Það er því tilefnislaust að vera að draga það upp hér á hinu háa Alþingi að þarna kunni að hafa verið óeðlilega að verki staðið. Það er tilefnislaust og ekki til annars en að strá salti í sár þeirra manna sem misst hafa eignir sínar við þetta gjaldþrot. Það er einnig hagsmunum Siglfirðinga fyrir bestu að sömu aðilar, að hluta a.m.k., skyldu geta rekið fyrirtækið áfram með leigusamningi meðan verið væri að athuga um nýjan eignaraðila. Með því móti var notuð viðskiptavild fyrirtækisins sem það átti þrátt fyrir allt, viðskiptavild sem þýðir það að þrátt fyrir það sem á undan er gengið hefur fyrirtækið loforð fyrir viðskiptum hjá öllum þeim aðilum sem það átti skipti við áður, a.m.k. að heita má. Þrátt fyrir það sem gerst hefur á fyrirtækið þessa viðskiptavild.

Fyrirtækið átti á að skipa vönu starfsfólki og starfsfólkið stóð með stjórnendum fyrirtækisins og það er ekkert vafamál að það var rökrétt ákvörðun hjá skiptaráðanda að sömu aðilar, sem að hluta mynda hið nýja fyrirtæki, Siglunes hf. — þó að einn aðili sem ekki er heimamaður sé þar nú yfirgnæfandi eigandi, þá er það í höndum sömu aðila og sama starfsfólks og það var atvinnulífi Siglfirðinga og starfsfólki þar til hagsbóta og hagstæðast. Það er ekkert vafamál. Allar aðdróttanir og getsakir, eins og komu fram í fyrirspurn hjá hv. þm. Jóni Sæmundi Sigurjónssyni, um hið gagnstæða eru úr lausu lofti gripnar og frumhlaup eitt og til þess eins fallnar að skaða þetta mál allt saman.

Ég endurtek það síðan, sem ég sagði fyrr í ræðu minni, að nú þurfum við, m.a. þingmenn kjördæmisins, stjórnmálamenn og aðrir sem áhrif geta haft á framvindu þessa máls, að standa að því að lægja þær öldur sem risið hafa og leitast við að laða aðila saman um það að leggja fé í að mynda og koma á fót nýjum eignaraðila sem best fer á að sé í bland heimamenn og utanaðkomandi menn, m.a. þeir sem staðið hafa að þessu fyrirtæki til þessa, og treysta þannig þennan rekstur í þessu byggðarlagi sem er þar afar mikils virði. Ég held að við ættum frekar að taka höndum saman um að reyna að stuðla að því að þannig verði haldið á málum en að vera sífellt með upphlaup sem

strá salti í þau sár sem þarna svíða. En það verður vitaskuld að gera sér grein fyrir því að ekkert nýtt fyrirtæki getur risið og starfað án þess að það eigi eigið fé. Þess vegna dugar ekki orðagjálfur eitt til, hvorki af hálfu einstakra heimamanna né annarra. Þeir sem þykjast hafa áhuga fyrir að koma þessu fyrirtæki á laggir og nýjan rekspöl verða að hætta fjármagni. Þar duga ekki orð ein til. Það er best að gera sér grein fyrir því.

Virðulegi forseti. Ég skal stytta mál mitt. Ég vil láta þess getið að þau tvö mál sem eru tengd beiðni um þessa skýrslu koma í sjálfu sér ekki þessu máli við. Ýmis mál eru þann veg vaxin, hæstv. fjmrh. sagði 170 mál, eru á þann máta að aðilar hafa fengið gefið eftir eða fengið skuldabréf fyrir ógreiddum opinberum gjöldum og ég held að það sé nauðsynlegt enda þótt hæstv. fjmrh. hafi gefið í hópi fjvn. yfirborðslega og lauslega skýrslu um þessi mál ... (**Fjmrh.:** Lauslega, hún var bara vélrituð, hún var nákvæm.) Já, hún var vélrituð. Vélritunin var föst á blaðinu, en hún var ekki ákaflega skýr. Ég held hins vegar að óhjákvæmilegt sé að biðja um það að ný skýrsla verði gefin og nákvæmari um þau fyrirtæki sem fengið hafa slíka eftirgjöf (**Fjmrh.:** Sjálfsagt mál.) og þá um leið ýmist með því að fella niður skuldir, vangoldin opinber gjöld, m.a. af söluskatti og staðgreiðsluskatti, tekjuskatti, og líka með nýjum skuldabréfum, sem sagt með greiðslufresti á þessum skuldum.

En það er auðvitað ástæða til að rifja það upp að mér og ýmsum öðrum hnykkti við þegar fyrrv. fjmrh. síðsumars á síðasta ári gaf allt í einu þá yfirlýsingu í fjölmiðlum að nú skyldu felld niður viðurlög og jafnvel dráttarvextir af vangoldnum gjöldum einstaklinga og fyrirtækja í þjóðfélaginu til ríkisins. Mér hnykkti við slíka yfirlýsingu af hálfu þáv. fjmrh. sem var náttúrlega alveg einstæð. Og árangurinn lét ekki á sér standa: Innheimtan hrapaði niður. Í tilefni af því og þeim ummælum sem núv. hæstv. fjmrh. hefur iðulega haft um þessi mál er óhjákvæmilegt að biðja um nýja skýrslu um þessi efni og geri ég það hér með.

Ég ætla ekki að ræða þau tvö fyrirtæki sem hér eru nefnd, hæstv. fjmrh. nefndi það sjálfur að það liti svo út að það væri eitthvað gruggugt í sambandi við hans meðferð á málefnum NT, hann notaði það orð, að það væri gruggugt, það gæti sýnst vera gruggugt. Ég ætla að lofa honum að halda áfram í því grugguga vatni. En ég vil gjarnan segja það um það fyrirtæki sem hér er nefnt, Svart á hvítu, að ég er nokkuð kunnugur því fyrirtæki, miklu kunnugri heldur en NT, og þekki það að þar fer fram starfsemi sem felur í sér útgáfu á menningarverðmætum. Þar er mikil menningarstarfsemi á ferð og ég hef enga ástæðu til þess að segja eitt eða neitt til hnjóðs því fyrirtæki. En ég aðeins endurtek að það er ástæða til að hæstv. fjmrh. gefi þá skýrslu sem hér hefur verið beðið um.

Virðulegi forseti. Ég skal þá ljúka máli mínu en ég hlýt að undrast þá ófyrirleitni, þann hrokafulla málflutning, þær hörðu getsakir sem fram hafa komið af hálfu hæstv. fjmrh. og einhliða málflutning með dómum í garð þeirra manna sem hafa mátt þola þær aðstæður í þessu þjóðfélagi, sumpart af völdum stjórnvalda, sem gerst hefur með þá sem staðið hafa að fyrirtækinu Sigló hf.

Þórður Skúlason:

Virðulegi forseti. Hér er til umfjöllunar skýrsla Ríkisendurskoðunar um málefni Sigló hf. og fleira. Auk þess sem fjallað er um málefni Sigló hf. í þessari skýrslu þá er hér fjallað einnig um niðurfellingu opinberra gjalda Tímans og Nútímans hf. og skuldbreytingu opinberra gjalda fyrirtækisins Svart á hvítu hf. Ég ætla ekki að fjalla um tvo síðari málsliði þessarar skýrslu Ríkisendurskoðunar en fara hérna örfáum orðum um fyrri hlutann, þann sem lýtur að málefnum Sigló hf.

Í skýrslunni eru rakin viðskipti fyrrv. hæstv. fjmrh. og Sigló hf. við yfirtöku fyrirtækisins Sigló hf. á Lagmetisverksmiðju ríkisins á Siglufirði. Það kemur fram í skýrslunni og skýrslan staðfestir það að við þessa yfirtöku eða svokallaða sölu hefur margt verið með undarlegum og óvenjulegum hætti, að ekki sé meira sagt. Sérstaklega á það e.t.v. við um greiðsluskilmála eins og að er vikið í skýrslunni á bls. 7 en þar segir Ríkisendurskoðun að greiðsluskilmálar hafi verið með afar sérstæðum hætti. Ég vek athygli á þessu orðalagi Ríkisendurskoðunar, sem er virðingarverð og orðvör stofnun, að orða þetta með þessum hætti. Þar þykir mér alldjúpt í árinni tekið hjá þessari hv. stofnun, að ekki sé meira sagt.

Í þessari skýrslu er einnig rakinn rekstur fyrirtækjanna beggja, fyrst rekstur fyrirtækisins Siglósíldar og síðan er vikið að rekstri Sigló hf. eftir að það fyrirtæki yfirtók þennan rekstur. Það kemur fram að rekstur ríkisins á Lagmetisiðjunni Siglósíld hefur í gegnum tíðina verið erfiður og margan tíma hefur hann verið mjög þungur. En rekstrinum hefur verið haldið áfram þrátt fyrir verulegt tap frá ári til árs. Þetta er rakið á bls. 5 í skýrslunni.

Það kom fram hér hjá hv. 2. þm. Norðurl. v. að alþingismenn hefðu beitt sér fyrir fyrirgreiðslu til að þessi rekstur gæti haldið áfram og var sérstaklega í því sambandi nefnt að stóran þátt í því hefði átt 4. þm. Norðurl. v. Ragnar Arnalds. Ég hygg að það sé rétt og ég vil út af þeim ummælum segja það að sú fyrirgreiðsla sem alþingismenn beittu sér fyrir í þessu sambandi er ekkert óeðlileg. Ég tel að eins og málum var háttað á þessum tíma hafi hún verið mjög eðlileg. Ríkið hefur verið með verulegan atvinnurekstur á Siglufirði í gegnum tíðina og stór hluti af þeim atvinnurekstri hefur skilað góðum arði til ríkissjóðs og í landssjóðinn til hagsbóta fyrir þjóðina alla. Það hefur ekkert verið óeðlilegt við það þó að gripið hafi verið inn í þennan þátt mála af ríkisvaldinu þegar illa gekk. Auðvitað hefur það fyrst og fremst verið gert í þeim tilgangi að halda atvinnulífinu gangandi. En atvinnulíf á Siglufirði hefur auðvitað gengið upp og niður eins og í öðrum bæjarfélögum hringinn í kringum landið.

Það kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar að þetta tap ríkissjóðs nam að meðaltali 12 millj. 236

þús. kr. á ári. Það kom hins vegar fram hér í máli hv. 1. þm. Reykv. að greiðslur ríkissjóðs með verksmiðjunni hefðu numið árlega 25–27 millj. kr. Ég átta mig ekki á því með hvaða reikningsaðferðum hann getur fengið þessa niðurstöðu vegna þess að í skýrslu Ríkisendurskoðunar stendur orðrétt á bls. 5, með leyfi hæstv. forseta: „Að meðaltali svaraði ársframlag ríkissjóðs til fyrirtækisins á nefndu árabili til 12 millj. 236 þús. króna miðað við verðlag í mars 1989.“ Þetta stendur orðrétt í skýrslu Ríkisendurskoðunar um þetta atriði. En auðvitað er þetta ekkert höfuðatriði í þessu máli.

Miðað við þessa niðurstöðu, miðað við þessar greiðslur sem ríkið hefur innt af hendi á þessu árabili til að halda þessu fyrirtæki gangandi er það út af fyrir sig ekkert óeðlilegt þó að það kæmi til álita að fyrirtækið væri selt og út af fyrir sig hef ég ekkert við það að athuga. En það er auðvitað ekki sama hvernig að þeirri sölu er staðið og það má ekkert flumbra að því. Og ég tel, eins og mér finnst raunar þessi skýrsla staðfesta, að ekki hafi verið nógu vel að því staðið. En fyrirtækið var selt og það er einnig vikið að því í þessari skýrslu hvernig rekstur fyrirtækisins hafi gengið eftir að fyrirtækið var selt. Niðurstaðan af þeirri athugun er sú að á árabilinu 1984–1988 hafi heildartap fyrirtækisins numið 200 millj. kr. eða 40 millj. kr. á ári. Ég vil samt vara menn við því, þó þarna sé um það að ræða að annars vegar hafi tapið numið að meðaltali 12 millj. kr. á ári á meðan ríkið var með þessa atvinnustarfsemi á sínum herðum en eftir að einkaaðilar voru búnir að yfirtaka reksturinn þá hafi tapið verið komið upp í 40 millj. kr. á ári, þá vil ég samt vara við því að verið sé að alhæfa eitthvað í samanburði á einkarekstri og ríkisrekstri í þessu sambandi.

Ég er enginn sérstakur ofsatrúarmaður á ríkisrekstur. Langt í frá. Það er auðvitað margt sem hefur áhrif á þessa niðurstöðu eins og hér hefur ítarlega verið rakið, m.a. fjárfestingar. En það kemur í ljós að fyrirtækið sem yfirtók þennan rekstur lagði í verulegar fjárfestingar. Ég er ekki að gagnrýna það út af fyrir sig. Ég tel að það sé nokkuð ljóst að þessar fjárfestingar hafi verið nauðsynlegar til þess að reksturinn gæti haldið áfram í fyrirtækinu með eðlilegum hætti. En auðvitað er ekki sama hvernig að svona fjárfestingum er staðið og það er mikilvægast í tengslum við fjárfestingar af þessu tagi að fjármögnun fjárfestingarinnar sé tryggð. Að það sé tryggð eðlileg lánafyrirgreiðsla á eðlilegum kjörum til þess að standa undir fjárfestingunni.

Það hefur líka komið fram að eftir að þessi rekstur var yfirtekinn þá hafa verið stofnaðar nýjar verksmiðjur og það varð til þess að hráefnisverð hækkaði. Og það hefur líka verið greint frá því að auðvitað hefur misjafnlega hátt söluverð á rækju áhrif á þessa afkomu og er það allt saman satt og rétt.

En það eru líka önnur rekstrarskilyrði, almenn rekstrarskilyrði atvinnurekstrarins í landinu sem hafa áhrif á þessa niðurstöðu og þá kannski ekki hvað síst atriði eins og gengisskráning og fjármagnskostnaður. Ég hjó eftir því að hv. 2. þm. Norðurl. v. nefndi einmitt annað þessara atriða, fjármagnskostnaðinn. En fjármagnskostnaðurinn er einmitt draugur sem fyrrv. hæstv. ríkisstjórn vakti upp og ekki hefur enn þá tekist að kveða niður þannig að sú fyrrv. ríkisstjórn á ekki svo lítinn þátt í því hvernig komið er fyrir þessum atvinnurekstri eins og svo mörgum öðrum. En þetta á ekkert sérstaklega við um þetta fyrirtæki. Það hafa öll fyrirtæki orðið fyrir þessu og auðvitað hefur þetta bitnað þyngst á þeim fyrirtækjum sem eru með hæga veltu og þurfa að vera með miklar birgðir. Þessi mikli fjármagnskostnaður bitnar verst á þeim.

En það er kannski aðalmismunurinn í þessu tvennu hvort það var ríkið sem tapaði á rekstri fyrirtækisins eða hvort það var hlutafélagið Sigló hf., mismunurinn kemur fram í því á hvern tapið féll. Þegar ríkið hafði þennan rekstur með höndum þá var tap fyrirtækisins greitt frá ári til árs úr ríkissjóði. Þegar hins vegar hlutafélagið tekur við rekstrinum og tapið er verulegt frá ári til árs, þá fellur þetta tap einnig á ríkið. Fjmrh. nefndi tölu hér í því sambandi, 70 millj. kr. En þetta tap fellur þá jafnframt líka á marga aðra aðila, t.d. á þjónustuaðila í bæjarfélaginu og þá sem hafa viðskipti við þetta fyrirtæki, eins og t.d. netagerðir og verkstæði og fleiri slík fyrirtæki, og ekki hvað síst bæjarfélagið. Bæjarfélagið hefur orðið fyrir verulegum skakkaföllum í sambandi við það gjaldþrot sem hér er til umræðu í tengslum við þessa skýrslu. Þær upphæðir nema líklega hátt á annan tug milljóna króna.

Ég vil vekja athygli á því í tengslum við þetta að staða sveitarfélaga til þess að innheimta skuldir atvinnufyrirtækja og eðlilegar greiðslur sem þessi atvinnufyrirtæki ættu að inna af hendi til sveitarfélaganna og til þjónustustofnana sveitarfélaganna, staða sveitarfélaganna til þess að innheimta þessi gjöld hjá atvinnufyrirtækjunum er í raun mjög veik vegna þess að þetta eru kannski fyrirtæki sem veita fjölda fólks atvinnu og það er ekki hægt fyrir sveitarfélögin að ganga fram í því að loka fyrirtækjunum eða hóta að loka fyrirtækjunum til að innheimta þessar skuldir. Á þessu vil ég vekja sérstaka athygli.

Það mætti fara mörgum orðum um það hvernig þessi erfiða staða fyrirtækjanna í landinu bitnar á sveitarfélögunum. Það eru kröfur á sveitarfélögin um að leggja fram nýtt hlutafé og um niðurfellingu gjalda og sveitarfélögin verða fyrir verulegum töpum við gjaldþrot eins og er að eiga sér stað núna norður á Siglufirði. Það er raunar þannig að þeir sem eru með þennan atvinnurekstur á sínum höndum hafa sjálfdæmi um það að sækja sér lán til sveitarfélaganna til rekstrarins og óbeint er það raunar þannig að sveitarfélögin reka sjávarútvegs- og framleiðslufyrirtæki vítt í kringum landið með því að leggja þeim til rekstrarfé. Það er ekkert sérstakt fyrir Siglufjörð.

En mig langar til þess að fara örfáum fleiri orðum um það hver staða málsins er nú eftir gjaldþrotið. Eftir gjaldþrotið eða um leið og fyrirtækið var lýst gjaldþrota, nánast sama dag og jafnvel á sömu

klukkustund, var fyrirtækið leigt til nánast sömu aðila og höfðu haft á höndum reksturinn áður, til Sigluness hf. sem er að stærstum hluta til fyrirtæki fyrri eigenda Sigló hf. Það er ámælisvert í þessu sambandi og verður að gagnrýna það að aðrir kostir um ráðstöfun á fyrirtækinu eftir gjaldþrotið virðast ekkert hafa verið skoðaðir. Þó liggur það fyrir að heimamenn munu hafa verið tilbúnir til þess að yfirtaka reksturinn og það liggur einnig fyrir að bæjarfélagið hefur gagnrýnt þessa ráðstöfun bæjarfógeta. Aðalröksemd bæjarfógeta við þessa ákvörðun er hins vegar sú að þetta væri tryggasta leiðin til þess að rekstur fyrirtækisins mundi ekki stöðvast, til þess að fyrirtækið gæti hafið rekstur sem fyrst aftur. En sú röksemd virðist raunverulega vera haldlítil vegna þess að fyrirtækið er ekki farið af stað með rekstur enn þá. Raunverulega má álykta að það hafi verið vantraust þjónustuaðila og viðskiptaaðila vegna viðskipta þeirra við hið fyrra fyrirtæki sem hafi ráðið því að þetta fyrirtæki er ekki enn þá komið í rekstur aftur. Raunverulega er almenningsálitið þannig að það er á móti ráðstöfunum sem þessum sem eru auðvitað allt of algengar í þjóðfélaginu í dag.

En hluti þess vanda sem atvinnulífið og sá rekstur sem við erum hér að ræða á við að etja og birtist okkur í þeirri niðurstöðu sem hér liggur fyrir, gjaldþroti Sigló hf. á Siglufirði, er ekkert sérstakur fyrir þetta fyrirtæki heldur er þetta aðbúnaður sem fyrirtæki í landinu, framleiðslugreinarnar og undirstöðuatvinnugreinarnar eiga almennt við að búa. Ég vil lýsa þungri ábyrgð á hæstv. fyrri ríkisstjórn í þeim efnum. Gengis- og vaxtaþróun í tíð þeirrar ríkisstjórnar var þessum fyrirtækjum mjög óhagstæð. Fólkið í landinu og þeir sem hafa rekið fyrirtækin eru ekki búin að gleyma því hvernig síðasta hæstv. ríkisstjórn hélt á þessum málum þó talsmenn Sjálfstfl. láti líta svo út sem þeir hafi ekkert komið nálægt þessum málum í langan tíma og beri enga ábyrgð.

Nú er hins vegar verið að reyna að reisa atvinnulífið aftur úr þeirri rúst sem það var komið í undir stjórn síðustu ríkisstjórnar, en það tekur tíma. Vonandi tekst það. Ég vona einnig að það takist á Siglufirði. Þar er best að heimamenn eigi frumkvæðið og njóti góðrar aðstoðar og fyrirgreiðslu þeirra sem hana eiga að veita. Það mundi ég telja affarasælast og best til frambúðar litið. Við vitum það að heima fyrir er vilji fyrir hendi til þess að axla ábyrgð í sambandi við atvinnureksturinn. Þann vilja ber að efla og styðja og það er aðalatriði þessa máls eins og nú er komið.

Jón Sæmundur Sigurjónsson:

Virðulegi forseti. Ýmsir telja að ég hafi kveikt þá elda sem hér brenna, en eins og ég held nú að hafi komið rækilega fram í orðum flestra þeirra sem talað hafa á undan mér í þessu máli, þá liggur að baki því gjaldþroti sem hér um ræðir feikilega löng saga og það er ekki í fyrsta skipti hér í sölum Alþingis að menn hafa áhyggjur af þessu fyrirtæki og ekki í fyrsta skipti sem menn hafa áhyggjur af þessu fyrirtæki yfirleitt.

Þann 12. des. sl. lokaði Sigló hf. dyrum sínum og hefur ekki opnað þær enn þá. Þá misstu sennilega um 50 manns atvinnu sína. Fyrir um það bil mánuði síðan var fyrirtækið lýst gjaldþrota. Svo bar við um þær mundir að einungis tveimur klukkustundum síðar var stofnað nýtt hlutafélag og því leigt þetta fyrirtæki til sjö mánaða. Þetta var ákaflega einkennilegur framgangsmáti sem vakti athygli um gjörvallt þjóðfélagið. Það má segja að það hafi farið hneykslunaralda um allt þjóðfélagið vegna þess sem þarna skeði. Ef ég má, virðulegur forseti, vitna í leiðara DV frá 12. apríl 1989, þá segir þar:

„Í síðustu viku var Sigló hf. tekin til gjaldþrotaskipta, en samdægurs var gerður samningur við eigendurna um leigu á rekstri rækjuverksmiðjunnar. 18 millj. kr. kaupverðið er enn ógreitt og er sú upphæð orðin að 60 millj. vegna vanskila. Önnur eins upphæð mun vera í skuld hjá bæjarfélaginu og heildarskuldir fyrirtækisins eru sagðar nema 300 millj. kr. Þessar skuldir verða væntanlega afskrifaðar í gjaldþrotinu en eigendurnir halda áfram rekstrinum eins og ekkert hafi í skorist.

Hér verður ekki farið út í vangaveltur um það hvers vegna hefur sigið á ógæfuhliðina hjá Sigló hf. Það er óþarfi að velta eigendunum upp úr gagnrýni um lélegan rekstur. Málið snýst heldur ekki um það atriði heldur um siðferðið á bak við þá ákvörðun að leigja þeim áfram fyrirtæki sem farið er á hausinn í höndum þeirra. Það hlýtur að vera gert með samþykki stjórnvalda og umboðsmanna ríkissjóðs sem hefur þó ekki fengið krónu greidda af söluverðinu.

Menn eru ýmsu vanir í öllu því kraðaki óreiðu og undarlegra fjármálaafskipta ríkisins. En þetta mál með Sigló hf. er óvenju bíræfið í ljósi þess aðdraganda sem hér hefur verið lýst. Geta menn orðið gjaldþrota, geta menn komist hjá því að greiða skuldir sínar við ríkissjóð og fengið fyrirtækin afhent á silfurbakka að launum? Er allt hægt þegar pólitíkin er annars vegar? Hefur fjármálasiðferðið engin landamæri?“

Þessi leiðari og umræða öll sem skapaðist í þjóðfélaginu við þetta var ástæðan fyrir því að mér þótti rétt að hæstv. fjmrh. væri spurður að því hvort eitthvað væri hæft í þessum staðhæfingum. Þess vegna spurði ég hvort haft hefði verið samband við fjmrn. sem einn stærsta kröfuhafa í þrotabú Sigló hf. varðandi leigu á eignum þrotabúsins til Sigluness hf.

Svör hæstv. fjmrh. voru skýr. Það sem var staðhæft í þessum leiðara var ekki rétt. Fjmrn. hafði ekki verið í sambandi við skiptaráðanda. Það hafði ekki verið haft samband við handhafa ríkissjóðs sem einn stærsta kröfuhafa í þetta þrotabú. Einnig í tilefni af þessu kom ég með fleiri spurningar sem vörðuðu það hversu mikið eigendur Sigló hf. hefðu greitt af kaupverði Lagmetisiðjunnar frá kaupdegi til dagsins í dag. Það reyndist ekkert vera. Ég vildi einnig fá að vita til hvaða ráðstafana fjmrn. hefði gripið til að gæta hagsmuna ríkisins í þessu tilviki. Mér er það ekki ljóst, en menn á Siglufirði spyrja sig um það.

Gjaldþrot eru því miður orðin býsna algeng fyrir-

brigði hér í okkar þjóðlífi, svo algeng að í 1. maí ávarpi verkalýðsfélaganna þótti ástæða til að víkja nánar að þessu máli. Í 1. maí ávarpinu segir m.a., með leyfi forseta:

„Verkalýðshreyfingin bendir á þá óheillaþróun sem kemur fram í vaxandi fjölda gjaldþrota og í því siðleysi sem ýmsir atvinnurekendur sýna við þær aðstæður. Alvarlegast er þegar eigendur gjaldþrota fyrirtækja skilja launafólk eftir og ávísa öllum kröfum á ríkið en stofna síðan ný fyrirtæki á rústunum eins og ekkert sé."

Manni virðist sem eitthvað slíkt hafi skeð á Siglufirði, en það er svo sannarlega ekki eina dæmið í okkar þjóðfélagi um þessar mundir.

Í framhaldi af því sá ég einnig ástæðu til að spyrja eftir því hvort fjmrn. hefði í hyggju að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að aðilar að gjaldþroti reki fyrirtæki áfram undir nýju merki og komist þannig hjá greiðslu allra skuldbindinga til stórskaða fyrir skuldareigendur. Það var fundið að því að ég skyldi hafa spurt þessarar spurningar í þessu sambandi. Það má vel vera að það hafi verið formgalli að spyrja þessarar spurningar hér í beinu framhaldi þegar meiningin var sú að vá vitneskju um það hvort fjmrn. hefði í hyggju að gera ráðstafanir almennt vegna fyrirtækja sem fara á hausinn því að þetta er atriði sem ég held að þingmenn hafi ástæðu til að hafa áhyggjur af. Þessi spurning varðar því grundvallaraðgerðir ríkissjóðs vegna gjaldþrota sem eiga sér stað á þennan hátt.

Ég er ekki með þessu að segja að eigendur Sigló hf. hafi verið að leika sér að því að setja þetta fyrirtæki á hausinn. Það gerir svo sannarlega enginn og sérstaklega ekki menn sem ráða yfir jafnstóru fyrirtæki og hér er um að ræða, stóru fyrirtæki sem varðar jafnmiklu í atvinnulífi eins bæjar og þetta fyrirtæki gerir í atvinnusögu Siglufjarðar.

Það má segja að Siglufjörður eigi langa og glæsilega atvinnusögu. Því miður er hún þyrnum stráð. Hér áður fyrr lifði Siglufjörður á síldarvinnslu. Þar voru yfir 20 síldarsöltunarfyrirtæki, þar voru stórar síldarverksmiðjur, og eru reyndar enn þá í eigu ríkisins, en því háttaði þannig með skattastefnu ríkisins að menn greiddu skatta þar sem þeir áttu heima. Og flestir þeirra sem áttu síldarsöltunarfyrirtæki á Siglufirði áttu ekki heima á Siglufirði. Svo háttaði einnig að ríkið sá ekki ástæðu til að greiða gjöld eða skatta af sínum fyrirtækjum langmestan tímann sem síld var á Siglufirði. Siglufjörður sem kaupstaður hafði því óttalega litlar tekjur af þeirri miklu atvinnustarfsemi sem fram fór þar á síldarárunum miklu. Einu tekjurnar sem Siglufjörður sem kaupstaður hafði af því atvinnulífi voru skattar af tekjum launamanna sem bjuggu á staðnum. Það voru einungis þrjú eða fjögur síldarsöltunarfyrirtæki sem virkilega voru í eigu heimamanna og sem greiddu skatt til bæjarins. Siglufjörður hefur því alltaf verið launamannabær og lifað af þeim gjöldum sem frá launamönnum koma.

Það er því rótgróin tortryggni hjá Siglfirðingum gagnvart öllum þeim aðkomumönnum sem ætla að koma og taka skjótfenginn gróða á Siglufirði. Það er rík tilfinning að Siglfirðingar sjálfir verði að taka fyrirtækin í sínar hendur og hafa stjórn á þeim. Og það hefur alla jafnan verið svo í sambandi við Siglósíld að heimamenn hafa haft ríkan vilja til að fá að hafa afskipti af því fyrirtæki. Menn voru tiltölulega rólegir á meðan þetta fyrirtæki var ríkisfyrirtæki og þá var komin sú skattatilhögun á að ríkisfyrirtæki greiða aðstöðugjald og annað slíkt, en þegar tækifæri bauðst, þegar einkavæðingin kom á þá reis upp fjöldi manna sem vildu fá að taka þátt í þessu atvinnustarfi en fengu ekki.

Það má kannski segja að saga Lagmetisiðjunnar Siglósíld hafi verið eins konar atvinnulegt hindrunarhlaup. Við vitum að ríkissjóður þurfti að greiða alla jafnan með því fyrirtæki. Ekki 27 millj. að jafnaði eins og hv. 1. þm. Reykv. virtist hafa komist að. (**FrS:** Síðustu fjögur árin.) E.t.v. síðustu fjögur árin. Ég hef ekki reiknað það upp. Það má vel vera rétt hjá honum. Að meðaltali þó, yfir þann tíma sem menn báðu um að reiknað yrði eftir hversu mikið var greitt með þessu fyrirtæki, voru það að jafnaði 12 millj. Og ef hv. 1. þm. Reykv. ætlar í þann einkennilega leik að framreikna þetta tap miðað við aukið umfang fyrirtækisins — ég held að sá reikningur hljóti nú að verða meira og minna á brauðfótum — þá margfaldar hann ekki þessar 12 millj. eingöngu með margfeldi aukinnar umsetningar. Ég held að það gangi aldrei upp og sé undarleg hagfræði. En engu að síður. Við skulum halda því föstu. Þetta ríkisfyrirtæki var þess eðlis að það þurfti sífellt að greiða með því. Þingmenn urðu varir við þá iðju og tóku þátt í henni.

Eitt var þó gott við þetta fyrirtæki sem heimamenn kunnu vel að meta. Það skapaði nokkuð trausta og góða atvinnu og það stóð í skilum við alla þjónustuaðila, það stóð í skilum með sín gjöld til bæjarsjóðs, stóð í skilum með sín gjöld til rafveitu og hitaveitu og það er nokkuð sem menn kunnu vel að meta. Ef við berum þessi ríkisframlög, sem voru að jafnaði 12 millj. kr., saman við tap hins nýja fyrirtækis sem var að jafnaði upp á 40 millj. kr. og stóð ekki í skilum við sjóði bæjarins, rafveitunnar eða hitaveitunnar eða marga þá þjónustuaðila þó að það séu litlar upphæðir, það má telja þær í kannski hundruðum þús. kr., en það eru upphæðir sem muna miklu í litlum fyrirtækjum og skipta miklu máli.

Þegar kom þar að að menn vildu einkavæða, ef nota má það orð, þetta fyrirtæki, þá mæltist það ekki illa fyrir. Það mætti miklum velvilja á Siglufirði. Menn höfðu í huga ágætar hugmyndir hv. þáv. þm. Sjálfstfl. á Norðurl. v., Eyjólfs Konráðs Jónssonar, sem hafði talað mikið um almenningshlutafélög og ég held flestallt af hinu góða, að menn vildu gjarnan stofna slíkt hlutafélag um þetta fyrirtæki og ég held að það hafi verið vel. En svo bar við að þessi sala fyrirtækisins fór fram með nokkuð einkennilegum hætti.

Þáv. iðnrh. sá ekki ástæðu til þess að auglýsa fyrirtækið og segir hér í Tímanum fimmtudaginn 8. des. 1983 í þessu sambandi, með leyfi forseta: „Í því sambandi hef ég mestan áhuga á því að samningar um

niðursuðuverksmiðjuna á Ísafirði og Marbakka takist." og talaði ekki um að Siglfirðingar kæmu þar inn í spilið. Það kom ekki fyrr en seinna.

Forstjóri Marbakka sagði í sama blaði: „Ég hef ekkert um málið að segja því það kemur engum þetta við á meðan málið er á viðræðustigi." Sem sagt: Siglfirðingar fengu að vita það að þeim kæmi þetta mál ekki við.

Í samtali við Guðmund Skarphéðinsson, síðar framkvæmdastjóra Sigló, sagði hæstv. iðnrh. í sama blaði frá 8. des. 1983 að iðnrh. hefði lýst því yfir á fundi að fáir dagar væru þar til gengið yrði frá sölu á Siglósíld. En Guðmundur sagði Siglfirðinga leggja ríka áherslu á að fyrirtækið yrði selt Siglfirðingum og þeim þætti komið aftan að þeim ef fyrirtækið yrði selt tveimur fyrirtækjum utan Siglufjarðar án þess svo mikið sem að ræða málin við heimamenn. Það var svo síðan gert og það voru duglegir athafnamenn sem áttu þar hlut að máli og fengu keyptan hlut í fyrirtækinu. En svo einkennilega bar við að þessir duglegu athafnamenn sem fengu keyptan þennan hlut voru allir sjálfstæðismenn og það kom Siglfirðingum spánskt fyrir sjónir vegna þess að það voru miklu fleiri sem höfðu áhuga á að kaupa hlut í þessu fyrirtæki en þeim var einfaldlega ekki hleypt að. Þeir höfðu ekki tækifæri til að tjá sig um sinn vilja að fá að kaupa þetta fyrirtæki vegna þess að það var einfaldlega ekki auglýst. Það kom öllum bæjarbúum mjög spánskt fyrir sjónir að svona skyldi farið að. Það var leitt að einungis sjálfstæðismenn skyldu hafa forgang af heimamönnum, en ég er þó ekki að álasa þessum mönnum fyrir að vera sjálfstæðismenn. Þetta eru allt mestu dugnaðarforkar og standa vel fyrir sínu. En í þessu tilfelli vildu menn fá almenningshlutafélag, breiðan grundvöll Siglfirðinga sem gætu staðið að þessu fyrirtæki.

Það má síðan segja að mikil og góð fyrirgreiðsla ríkisins hafi komið til þessa fyrirtækis sem var engu minna og reyndar miklu meira tapfyrirtæki heldur en ríkisfyrirtækið hafði nokkurn tíma verið áður og segir í skýrslu Ríkisendurskoðunar að þetta megi teljast afar sérstæðir skilmálar í viðskiptum og eigi sé vart hliðstæðu hjá ríkissjóði. Þarna tel ég að strax í byrjun hafi þessi einkavæðing klúðrast. Kannski vegna þess að þessir nýju eigendur færðust of mikið í fang og fjárfestu mun meira en þeim var gert að gera samkvæmt kaupskilmálum. En þeir segja sjálfir þannig frá að fjárfestingar í fyrirtækinu hafi numið upp undir 70 millj. kr. Það má segja að þetta sé dæmigert framferði í íslensku atvinnulífi þar sem of lítil eiginfjármögnun er fyrir hendi en yfirfjárfestingar kollsteypa öllu. Og ég held að þessir menn hafi búið sér til sína eigin kollsteypu í byrjun með því að ráðast í að endurbyggja, eins og þeir segja sjálfir núna, allt of lélegt hús en það kemur samt fram í kaupskilmálunum að þeim hafi verið fullkunnugt um ástand hússins og vissu þess vegna að hverju þeir gengu og gerðu ráð fyrir fjárfestingum upp á 12 millj. kr. en enduðu samt í 70. Þetta eru náttúrlega dæmi sem við þekkjum úr atvinnulífi Íslendinga sem koma fyrir hvað eftir annað og fyrirtækin kollsteypa sig á. Það eru þessar stóru yfirfjárfestingar.

Það má segja að saga Sigló sé tvíeggjuð. Annars vegar hefur fyrirtækið Sigló hf. gefið mikla og góða atvinnu á Siglufirði. Það hefur veitt atvinnu fyrir 45–78 manns í einu og það vegur mikið og þungt í ekki stærra bæjarfélagi en þetta er. Hins vegar átti þetta fyrirtæki alltaf í örðugleikum. Það voru hættur því samfara að fara af stað með þessa stóru yfirfjárfestingu. Og afleiðingin var auðvitað skuldasöfnun hjá sveitarsjóði, hjá Rafveitunni, hjá Vatnsveitunni, hjá Hitaveitunni og hjá bæjarsjóði sjálfum og hjá öllum þjónustuaðilum sem nálægt þessu fyrirtæki komu. Þetta voru stöðugir erfiðleikar. En það treysti sér enginn til að ganga að þessu fyrirtæki einmitt vegna atvinnumálanna. Þess vegna fékk þetta gjaldþrota fyrirtæki að ganga miklu lengur en það hefði átt að ganga undir eðlilegum kringumstæðum.

Og nákvæmlega hið sama vakti fyrir hæstv. fyrrv. iðnrh. og hæstv. fyrrv. fjmrh. Þeir treystu sér heldur ekki til að ganga að þessu fyrirtæki þrátt fyrir að í kaupskilmálunum fælist að ef niðurlagningarlínan yrði seld úr bænum, þá ætti að ganga að fyrirtækinu með kvaðir ríkisins vegna kaupmálans. (Gripið fram í.) Það var auðvitað vegna atvinnumálanna (**FrS:** ... eins og Jón Baldvin Hannibalsson ráðherra skrifaði í sínu bréfi.) Það má vel vera að það hafi verið ástæða líka. En ég tel að ríkari ástæða hafi verið að fyrirtækið hefði orðið gjaldþrota hefði verið gengið að því þá og menn óttuðust að kollsteypa atvinnuástandinu. Þetta eru auðvitað skiljanlegar ástæður. Það skilur hver einasti maður. Og þetta er saga gömul og ný úti á landsbyggðinni og hér allt í kringum okkur, að menn veigra sér við að ganga nærri fyrirtækjum vegna atvinnuástandsins. En einhvern tíma kemur þó að því að lengra verður ekki gengið og þeir Siglómenn segja sjálfir í skýrslu sem borist hefur frá þeim að félagið hafi hætt framleiðslu 12. des. og með leyfi forseta vitna ég í þessa skýrslu: „Það getur ekki talist ábyrg afstaða að hefja framleiðslu aftur á vegum Sigló hf. eins og fjármál, eigna- og skuldastaða félagsins er komin." Auðvitað kom að því að ekki var hægt að halda áfram lengra. Það er ekki sífellt og í síbylju hægt að hlaða upp skuldum þannig að einhverjir séu á hinum endanum sem sífellt taki við skuldunum og kyngi þeim. Það gengur einfaldlega ekki upp.

Skuldasöfnunin fór ekki fram hjá neinum í bæjarfélaginu og allir vissu fyrir þó nokkru hvernig komið var og voru hræddir við að veita þessu félagi þjónustu, litlir þjónustuaðilar, því þeir óttuðust um sinn hag og þoldu ekki mikið. Það hefur komið fram hjá hv. 2. þm. Norðurl. v. Pálma Jónssyni að sennilega hefðu fjárveitingar úr Verðjöfnunarsjóði getað hjálpað þessu fyrirtæki, jafnvel einungis helmingurinn af því sem það átti inni. Innistæðan var í kringum 60 millj. kr. og helmingurinn þá væntanlega 30 millj. kr. Ég held að þetta hefði verið eins og vatnsdropi á heitan stein og ekki gert mikið því í fjárhagslegri endurskipulagningaráætlun stjórnar Sigló hf. er gert

ráð fyrir 100 millj. kr. láni erlendis frá. Það er gert ráð fyrir 60 millj. kr. láni frá Atvinnutryggingarsjóði. Þetta eru auðvitað upphæðir sem hefðu skipt miklu meira máli samfara því að lögð var fram áætlun um það að aðrir skuldareigendur tækju sínar skuldir niður allt að 70%. Þetta er auðvitað gagnger endurskipulagning á fyrirtækinu sem hefði sennilega komið því að góðu gagni en ekki þessar 30 millj. úr Verðjöfnunarsjóði. Ekki það að auðvitað verður að endurskoða Verðjöfnunarsjóð og hvernig hann starfar. Það var engin hemja hvernig var gengið eftir mönnum að greiða í þann sjóð. Og eins og hv. 2. þm. Norðurl. v. benti réttilega á þá var það nokkuð óréttlátt hvernig átti að styðja glæný fyrirtæki með þessum Verðjöfnunarsjóði, fyrirtæki sem varla höfðu greitt einn einasta pening í þann sjóð meðan sjóðurinn var að mestu leyti eign miklu eldri fyrirtækja.

Af því að hér hefur verið nefnt hvað eftir annað að gefin hafi verið út of mörg rækjuvinnsluleyfi út um allt land vil ég taka fram að ekki er hægt að kvarta undan því að Sigló hf. hafi fengið of lítinn rækjukvóta til að vinna úr. Að öllu jöfnu hefði sá rækjukvóti sem Sigló hf. fékk átt að duga því fyrirtæki og miklu betur en það í venjulegu árferði og ekki með þessar fjárfestingarskuldir á herðunum. En eins og ég held að hafi komið fram hjá hv. 1. þm. Reykv. þá vann Sigló hf. strax á fyrsta ári úr 2300 tonnum af rækju. Það er nokkurn veginn það magn sem Siglósíld hefur unnið úr þau ár sem það hefur starfað og það er u.þ.b. sá kvóti sem Sigló hf. hafði á síðasta ári þannig að Sigló hf. getur ekki kvartað undan því að það hafi ekki haft nægjanlega rækju til að vinna úr. Fyrirtækin sem mynduðust úti á landsbyggðinni annars staðar og fengu rækjuvinnsluleyfi tóku því lítið sem ekkert frá þessu fyrirtæki okkar.

Það er greinilegt að þessi fjárhagslega endurskipulagning hefur mistekist. Það voru veigamiklir aðilar sem vildu ekki taka þátt í því að keyra sínar skuldareignir niður um 70%. Ríkið hefur verið ásakað í þessu sambandi. Ég get ekki svarað fyrir það, en ég vissi að það voru nokkrir aðilar sem vildu að þeirra skuldareign væri breytt í hlutafé en því var neitað og því gengu samningar ekki eftir. Þar á meðal voru bæjarfyrirtæki á Siglufirði sem vildu í gegnum þetta eignast hlut í fyrirtækinu en eigendur voru ekki til viðræðu um það enda, eftir því sem mér hefur skilist, hefðu þá skapast vandræði við aðra skuldareigendur. Því var gjaldþrot óumflýjanlegt þegar að þessu var komið og þá var, eins og hv. 1. þm. Reykv. talaði held ég í ávítunartón um Farg í sambandi við annað mál, þarna skipt um nafn. Það var tekið upp nafnið Siglunes og því flaggað í heila stöng. Og það lá slík ósköp á að koma því fyrirtæki að með leigu á eignunum að það tók einungis tvo tíma að ganga frá leigu á eignunum og það er það sem þykir mjög ámælisvert, það er það sem ég sagði, ekki eins og 1. þm. Reykv. hafði eftir mér að ég hefði kallað það lögleysu, ég sagði það ekki heldur vitnaði ég í síðferðilega miklu hærra standandi mann heldur en okkur báða, fyrrv. þm. Vilmund heitinn Gylfason sem kallaði þetta löglegt en siðlaust. Og það er ímynd flestra í þessu sambandi, að þetta hafi verið siðlaust.

Þetta fyrirbæri og það sem þarna gerðist mæltist mjög illa fyrir á Siglufirði. Enn og aftur var heimamönnum neitað um þann möguleika að eignast hlut í þessu fyrirtæki. Þarna hefði verið tækifærið að skjóta föstum grundvelli undir þetta fyrirtæki í höndum heimamanna sjálfra en þeim var neitað um þann möguleika. Nýtt almenningshlutafélag, eins og hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni varð svo tíðrætt um hér einu sinni, var aftur að myndast og aðstandendur þess nýja fyrirtækis — sem heitir Sunna hf., en það barst bréf einmitt í dag frá eigendum þess nafns sem var gamalt og gróið fyrirtæki á Siglufirði, að hinu nýja félagi er heimilt að nota það nafn, það mun því heita eins og ráð var fyrir gert Sunna hf. — aðstandendur þess eru Siglufjarðarbær, Rafveita Siglufjarðar, Verkalýðsfélagið Vaka, Þormóður rammi hf., Eglissíld og allir þjónustuaðilar skipa og útgerðar á Siglufirði.

Það sem er aðalmálið í þessu öllu saman er auðvitað sá uggur sem heimamenn bera í brjósti út af framtíð þessa fyrirtækis. Enn bíða 50 manns eftir því að endurheimta sína atvinnu. Enn bíða þeir eftir því að þetta fyrirtæki opni sínar dyr því rúmum mánuði eftir að leigusamningur komst á laggirnar hefur þetta fyrirtæki ekki hafið sína starfsemi og það er mjög miður. Menn líta af mikilli tortryggni á þetta nýja fyrirtæki vegna atvinnusögunnar þar sem oftast nær hafa sótt okkur heim gullgrafarar sem vilja sækja skjótfenginn gróða og þessi sjö mánaða samningur vekur mikla tortryggni í brjóstum Siglfirðinga. Þeir væru e.t.v. tilbúnir til að vinna saman með þessum mönnum, eignast stærri hlut í þessu fyrirtæki, ég held að það væri hollt fyrir alla að þeim væri mögulegt að gera það. Það væri hollt að fá nýtt fjármagn inn í þetta fyrirtæki. Það væri hollt ef þjónustuaðilar, sem þetta fyrirtæki óneitanlega þarf að skipta við, ættu einnig hlut að þessu fyrirtæki og væru svo að segja að vinna fyrir sjálfa sig. En ég held að einmitt þannig geti einkavæðing tekist hvað best.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Sú málsupptekt sem hér hefur farið fram er með nokkuð einstæðum hætti og þessi umræða hefur þróast að mínu mati fremur ólánlega. Ég tel að það hafi verið einstaklega misráðið af 5. þm. Norðurl. v. að kveikja þessa umræðu í fyrradag eða hvenær það nú var sem hann gerði það og gera þannig hagsmuni Siglufjarðar að bitbeini hér á Alþingi og leika sér að mikilvægum hagsmunum þess bæjarfélags og að fara að færa bæjarmálabaráttu á Siglufirði hér inn á Alþingi. Sem sagt að flytja óhreina þvottinn kratanna norðan af Siglufirði hingað inn í þingsali.

Sigló hefur verið mikilvægt fyrirtæki fyrir atvinnulífið á Siglufirði og það er mikilvægt að þetta fyrirtæki sé starfrækt. Samkvæmt lögum nr. 26/1984 var Lagmetisiðjan Siglósíld seld Sigló hf. Það er nú rétt að það komi fram vegna þeirra orða sem hér hafa fallið að Lagmetisiðjan var í sjálfu sér ekki í rúst þegar hún var seld. Þetta var fyrirtæki í rekstri sem hafði að vísu

gengið misjafnlega vel en upp á síðkastið ekkert sérlega illa. Það var að vísu ekki búið í nýtísku búning en það framleiddi með viðunandi hætti og var í viðunandi rekstri þegar það var selt.

Ég átti á sínum tíma hlut að þessari lagasetningu og fjallaði um málið í iðnn., mig minnir að ég hafi verið formaður hennar þegar þetta skeði, og ég var nú ekki upphaflega sömu skoðunar um skaðsemi ríkisrekstrar eins og þáv. iðnrh. og ég hafði ekki sömu miklu trúna á einkaframtaki og þáv. hæstv. iðnrh. Ég þekkti til þeirra Siglfirðinga sem gerðust hluthafar í þessu fyrirtæki, þetta eru vænir menn og sanntrúaðir á einkaframtakið, forustumenn Sjálfstfl. í Siglufirði. Ég hafði náttúrlega dálítinn grun um að það gengi ekki allt upp hjá þessum mönnum, þetta eru vænir menn eins og ég sagði, en afskipti þeirra af bæjarmálum á Siglufirði gáfu ekki tilefni til þess að búast við að þarna væru beinlínis séní á ferðinni.

Ég vildi stuðla að því að þessi hluthafahópur breikkaði og taldi að það mundi styrkja fyrirtækið ef fleiri ráðagóðir menn kæmu þar að rekstri. Þetta gekk nú ekki eftir eins og síðasti ræðumaður tók fram. Hluthafarnir á Siglufirði vildu ekki fleiri Siglfirðinga inn í þetta fyrirtæki og lokuðu að sér. Því miður. Ég held að það hafi verið rétt að selja þetta fyrirtæki þrátt fyrir allt og er ekkert að skorast undan þeirri ábyrgð sem ég ber á því og greiddi því atkvæði hér á þingi.

Nýir eigendur tóku til við að endurbyggja og þeir gerðu það af miklum stórhug og endurbyggingin varð allt of dýr. Ég er ekki viss um að þeir hafi kunnað sér hóf í framkvæmdagleði sinni en fyrr en varði voru skuldirnar orðnar himinháar. Þetta er að vísu ekki eina fyrirtækið eða einstætt í sögu fyrirtækja á Íslandi að svona gerist. Þessi rekstur fyrirtækis hefur gengið upp og ofan. Þar kom að fyrirtækið gat ekki staðið í skilum og þá var gert nýtt samkomulag með mjög mildum greiðslukjörum eins og Ríkisendurskoðun bendir á. Ég veit ekki hvort það er gagnrýnisvert þetta samkomulag sem þá var gert vegna þess að það var þýðingarlaust fyrir ríkið að gera stífar endurgreiðslukröfur á hendur þessu fyrirtæki eins og þá var ástatt með það. Og ég held að það hefði ekki verið raunhæft að vænta þess að það gæti endurgreitt ríkinu kaupverð með skjótum hætti eða áfallnar skuldir.

Ég ætla ekki hér eða nú að ræða í smáatriðum um stjórn þessa fyrirtækis á undanförnum árum. Ég hef gagnrýnt sumt af því sem gerst hefur í þessu fyrirtæki, t.d. eins og það þegar síldarlínan var ásamt með sölusamningi við Rússa seld til Hornafjarðar. Ég held að það hefði verið rétt að gefa heimamönnum kost á að kaupa síldarlínuna og koma upp niðurlagningu eins og þeir óskuðu eftir. Ég er ekki að áfellast í sjálfu sér forráðamenn Sigló þó þeir vildu losa sig við þessa síldarlínu, þeir ráku hana með tapi, en ég er að áfellast þá fyrir að gefa ekki öðrum Siglfirðingum tækifæri til þess að taka við henni ef þeir hefðu og af því að þeir reyndust hafa áhuga á því.

Það hefur einkennt sumar ráðstafanir þessa fyrirtækis að það hefur verið óheppilegt óðagot á sumum þeim ráðstöfunum sem þetta fyrirtæki hefur staðið í. Stjórn fyrirtækisins hefur starfað nokkuð lokað og allt í einu stendur maður frammi fyrir gerðum hlut sem e.t.v. hefði verið hægt að gera öðruvísi og gera betur.

Þar var komið í vetur að það var óhjákvæmilegt að gefa fyrirtækið upp í gjaldþrot. Því miður. Ég held að það hafi verið óþarft og eitt dæmið um óðagotið enn að leigja Siglunesi með þeim hætti sem gert var. Ég held að það hefði verið eðlilegra að gefa fleirum kost á að taka Sigló á leigu.

En það er nú til lítils að ræða um liðna tíð. Það sem máli skiptir er það hvað við gerum í framtíðinni. Það sem ég tel að þurfi að gera er að skapa sterkt fyrirtæki á rústum Sigló, fyrirtæki sem getur tekið við þegar leigutími Sigluness er úti. E.t.v. er það Sunna hf. sem stofnað hefur verið, e.t.v. í samstarfi með einhverjum hætti við núverandi eigendur Sigluness, en þetta fyrirtæki þarf að vera með sterkri aðild heimamanna. Þetta fyrirtæki þarf að vera með ráðagóðum heimamönnum sem hefðu það á valdi sínu að reka traust fyrirtæki í rækjuvinnslu á Siglufirði og starfa hjálparlaust í framtíðinni sem ein af burðarstoðum undir blómlegu atvinnulífi á Siglufirði.

Ég sagði áðan að þessi málsupptekt hér hefði verið með nokkuð einstæðum hætti og það er rétt að rekja aðeins söguna. Hv. 5. þm. Norðurl. v. spyr fjmrh. á þskj. 891 um gjaldþrot Sigló og leigu á reytunum. Í spurningunni eru náttúrlega dylgjur og ásakanir sem mér finnast í sjálfu sér vera óviðeigandi, en þegar fjmrh. fór að svara spurningunni þá fór honum eins og öðrum kappa fyrr á tíð, Þorgeiri Hávarssyni, sem líka var mikill kappi eins og hæstv. fjmrh., að honum sýndust sjálfstæðismenn standa vel við höggi og þá náttúrlega gat hann ekki stillt sig og hjó. Hann virðist nú hafa hitt á auman blett því hann skapaði mikla gremju í herbúðum sjálfstæðismanna og viðbrögðin þar urðu náttúrlega mjög einkennileg. Það var út af fyrir sig ekki óeðlilegt að sjálfstæðismenn bæðu um skýrslu um Sigló, m.a. til þess að hreinsa sig af grófum ásökunum frá hæstv. fjmrh. Nei, þeir höfðu nú meira undir. Þeir fóru um víðan völl, spurðu t.d. um alls óskyld málefni eins og uppgjör á skuldum Nútímans. Að vísu lá nú fyrir að fróðleiksfýsn þeirra yrði svarað því að hv. 1. þm. Reykn. Matthías Á. Mathiesen hafði nokkrum dögum áður lagt fram fsp. um það efni á þskj. 996. Henni var dreift ef ég veit rétt 3. maí og þar óskaði hann ítarlegra svara um gjaldþrot Nútímans og eftirgjöf af opinberum gjöldum, þar með töldum dráttarvöxtum, hvenær þessi eftirgjöf hefði verið veitt og hvaða innheimtuaðgerðir ríkissjóður hefði haft uppi til innheimtu opinberra gjalda fyrirtækjanna áður en eftirgjöf fór fram. Við þessari fsp. fékk 1. þm. Reykn. svar í dag og þeirri fsp. hefur sem sagt verið svarað.

Ríkisendurskoðun fjallaði um málið í skýrslu sinni. Ég tel að fjmrh. hafi gert það skásta fyrir ríkissjóð sem hægt var að gera í þeirri stöðu og ég held að hann hafi gætt hagsmuna ríkissjóðs með hinum besta hætti. Hann fékk höfuðstól skuldarinnar greiddan en gaf

eftir reiknaða dráttarvexti og það var að sjálfsögðu betra fyrir ríkissjóð að fá höfuðstólinn heldur en ekkert því þarna var reyndar ekki feitan gölt að flá í þessu þrotabúi.

Mér finnst vera ævintýralegt og raunar strákslegt að tengja þessi þrjú mál saman því að auk þess arna var um skuldbreytingu Svarts á hvítu að ræða. Svart á hvítu hefur verið mikill brautryðjandi í menningarlegri bókaútgáfu hér á síðustu árum og ég sé ekki ástæðu til að ámæla fjmrh. fyrir það að breyta skuldum þess fyrirtækis á þann hátt sem hann gerði og það gerir heldur ekki Ríkisendurskoðun. Ég held sem sagt að hér hafi menn farið nokkuð offari og hefðu getað sparað sér sumt af því sem hér hefur verið sagt í umræðum um þessi mál öll á báða bóga.

En það sem mér sýnist að upp úr standi er það að við þurfum — ja, fyrst og fremst þingmenn Norðurl. v. allir sem einn að sameinast um það að reyna ásamt með heimamönnum og e.t.v. einhverjum áhugaaðilum utanaðkomandi að koma á fót traustu rækjuvinnslufyrirtæki á Siglufirði.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Mál þetta á sér þann aðdraganda að hv. 5. þm. Norðurl. v. bar fram fyrirspurn sem leiddi til þess að hæstv. fjmrh. misnotaði aðstöðu sína með mjög grófum hætti til þess að bera hér fram óréttmætar ásakanir á hendur pólitískum andstæðingum sínum. Það er á hinn bóginn athygli vert hvernig hv. 5. þm. Norðurl. v. Jón Sæmundur Sigurjónsson hefur fjallað um atvinnumál á undanförnum mánuðum. Öll hans framganga hefur miðað að því að grafa undan áliti og trú manna á tilteknum hópi fyrirtækja. Hann hefur jafnvel í tengslum við ferðir sínar erlendis vegna hvalamálsins verið sérstakur boðberi þess að framleiðsla íslenskra fyrirtækja í þessari atvinnugrein væri ekki nógu góð og varan væri gölluð. Óhróður af þessu tagi hefur hv. þm. verið að dreifa bæði hérlendis og á erlendum vettvangi að því er virðist. Þetta er einkennileg framkoma af þingmanni og ég hygg næsta einsdæmi, ekki síst vegna þess að hv. þm. er nú í flokki hæstv. iðnrh. sem ég hélt að ætti a.m.k. að formi til að hafa fremur hug á því að styrkja stöðu fyrirtækjanna og ekki síst í þessari atvinnugrein.

Fyrirspurn hv. þm. sem varð tilefni upphlaups hæstv. fjmrh. var greinilega af sömu rót runnin, að reyna að koma illu orði á íslenskan atvinnurekstur. Og jafnvel þó að lund hv. þm. sé nú á þann veg að þetta sé helsta hugsjónamál hans á þessu þingi, þá er það býsna furðulegt að þingmaður skuli með þessum hætti tala til kjósenda sinna sem eiga líka mikið undir því að atvinnufyrirtækin dafni og blómgist og alþingismenn og stjórnvöld séu ekki að leika sér að því að grafa undan rekstrargrundvelli þeirra.

Í sjálfu sér þurftu æsingaviðbrögð hæstv. fjmrh. ekki að koma á óvart þar sem hann hafði nokkurn tíma til andsvara, en hann vissi að aðrir hv. þm. áttu þess ekki kost að verja hendur sínar. Þetta eru gamalkunn vinnubrögð hæstv. fjmrh. Við þekkjum þau frá fyrri tíð. Allur hans pólitíski ferill einkennist af upphlaupum, ásökunum af þessu tagi. Það má með nokkrum sanni segja að fátt standi upp úr í stjórnmálaferli hæstv. fjmrh. annað en upphlaup þessu lík.

Auðvitað er það rétt sem hér hefur komið fram að hæstv. ráðherra ætlaði að drepa öðrum málum á dreif með því að henda hér fram í fyrirspurnatíma ásökunum á pólitíska andstæðinga í trausti þess að unnt væri að snúa umræðunni á þann veg og menn gleymdu svo öðrum málum þar sem hann er í erfiðleikum. Við þessu var ekki unnt að bregðast með öðrum hætti en að kalla fram skýrslu um málið og fá hér ítarlegar umræður. Satt best að segja hefur hæstv. ráðherra farið hér hina mestu sneypuför. Við vitum að í stjórnarliðinu liggur hann undir ámæli fyrir þetta frumhlaup sitt og fékk reyndar svona kurteislega ádrepu frá formanni þingflokks framsóknarmanna hér fyrir stundu í þessari umræðu.

Sannleikurinn er auðvitað sá að hæstv. fjmrh. er sá stjórnmálamaður sem lengst hefur gengið í því að draga atvinnufyrirtæki í dilka út frá pólitískum viðhorfum. Ég hygg að enginn stjórnmálamaður, jafnvel ekki fyrr og síðar, komist með tærnar þar sem hann hefur hælana í þeim efnum. Menn minnast þess þegar hann hóf herferðina hér gegn Flugleiðum á sínum tíma. Það voru allt saman ótíndir glæpamenn og bófar sem ruddust fram í skjóli Sjálfstfl. og önnur ummæli af því tagi. Það átti að reyna að grafa undan þessu fyrirtæki, helsta samgöngufyrirtæki landsmanna vegna pólitísks ofstækis núv. hæstv. fjmrh.

Niðurstaðan af þessari umræðu er sú að þetta er enn eitt dæmið um þetta pólitíska ofstæki þar sem fyrirtæki og einstaklingar sem leggja í áhættu í atvinnurekstri eru dregnir í dilka eftir pólitískum skoðunum. Það er nú í raun og veru það sem eftir stendur af þessari umræðu.

Hér hefur með mjög skýrum hætti verið sýnt fram á það að staðið var á fullkomlega eðlilegan hátt að sölu þessa fyrirtækis svo sem fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar, enda byggist þessi sala á lögum sem samþykkt voru frá Alþingi. Það hefur verið leitt í ljós í þessari umræðu að forsendur breyttust í verulegum atriðum, eins og gerist og gengur, fyrir þessum rekstri. Það leiddi til þess að páv. fjmrh., Albert Guðmundsson, tók ákvörðun um skuldbreytingu þessu fyrirtæki til handa. Og vafalaust er það rétt sem segir í þessari skýrslu að þar hafi verið um nokkuð óvanalega langa greiðslufresti að ræða. En ég er alveg sannfærður um það að páv. fjmrh. hefur réttilega metið stöðu fyrirtækisins á þessum tíma á þann veg að með þessu einu móti væri hægt að tryggja hagsmuni ríkissjóðs eins og hv. þm. Páll Pétursson benti á hér í umræðunni. Reyndar sýna svo reikningar fyrirtækisins síðan að þetta hefur verið rétt mat og allt gaspur hæstv. fjmrh. í þessari umræðu um pólitíska spillingu í þessu sambandi er því út í bláinn. Allur aðdragandi málsins á sér mjög eðlilegar forsendur og hefur lagastoð með samþykkt hins háa Alþingis á þeirri ráðstöfun.

Síðan reyndu bæði hv. þm. Jón Sæmundur Sigurjónsson og hæstv. fjmrh. að gera úr því einhverja

pólitíska aðför að Sjálfstfl. að skiptaráðandi hefði leyft þessum aðilum sem stóðu að rekstri fyrirtækisins áframhaldandi rekstur fyrirtækisins þangað til endanlegar ákvarðanir yrðu teknar um framhaldið. Nú hagar svo til að skiptaráðandi er einn af embættismönnum hæstv. dómsmrh. Hann svaraði því hér á Alþingi fyrir skömmu í beinu framhaldi af upphlaupi hæstv. fjmrh. að hann hefði ekkert athugavert fram að færa við ákvarðanir síns embættismanns. En að vera að draga Sjálfstfl. inn í þær ákvarðanir er náttúrlega eins fjarstæðukennt og nokkuð getur verið, enda er hæstv. fjmrh. löngu hættur að byggja á þessari forsendu þó að hv. þm. Jón Sæmundur Sigurjónsson sé að freista þess enn, en sýnir nú auðvitað fyrst og fremst á hversu veikum grunni þessar pólitísku ásakanir eru byggðar.

Í beiðni þingmanna Sjálfstfl. um skýrslu um þetta mál var óskað eftir því að til hliðsjónar kæmu upplýsingar um ákvarðanir hæstv. fjmrh. í tveimur tilvikum þar sem samið hefur verið um greiðslu skulda og í öðru tilviki samið um að fella niður ¾ af skuld. Þessi tvö dæmi voru tekin vegna þess að fréttir hafa verið fluttar af þessum ákvörðunum á undanförnum vikum. Í okkar beiðni var ekki óskað eftir því að Ríkisendurskoðun legði mat á þessar ákvarðanir eða gerði sérstakar viðmiðanir við aðrar sambærilegar ákvarðanir. Það var aðeins óskað eftir því að staðreyndir þessara tveggja mála yrðu birtar í tengslum við þessa skýrslu til þess að sýna fram á hvert fleipur hæstv. fjmrh. hefur verið að fara með og hversu illa ígrundaðar og á lélegum rökum ásakanir hans væru reistar.

Það væri hins vegar athygli vert og kannski alveg nauðsynlegt vegna svara hæstv. ráðherra að fara fram á viðbótarupplýsingar frá Ríkisendurskoðun og biðja hana um sérstakt mat á þeirri ákvörðun hæstv. ráðherra að gefa eftir ¾ af skuldum Nútímans og leggja mat á veðhæfni þess gagnagrunns sem hæstv. ráðherra tók gildan. Ég er ekki að fella neinn áfellisdóm yfir þessum tveimur fyrirtækjum. Þvert á móti. Þau hafa unnið heilmikið þjóðfélagslegt starf. Annað fyrirtækið að gagnmerkri bókaútgáfu, hitt að blaðaútgáfu sem frá mínum bæjardyrum séð er að vísu ekki gagnmerk en alveg nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi. Og þó að einn af forverum mínum sem formaður Sjálfstfl., Jón Þorláksson, hafi ekki séð ástæðu til þess að lesa Tímann, þá er það lýðræðislegur réttur og lýðræðisleg skylda Framsfl., ef hann kýs svo, að gefa út blað og engin ástæða til að vera með neinar ásakanir uppi í garð þeirra manna sem hafa freistað þess að standa heiðarlega að rekstri þess blaðs. En óhjákvæmilegt var auðvitað vegna fréttaflutnings af þessum málum að taka þau hér til samanburðar. Og vegna lélegra svara hæstv. ráðherra kann svo að fara að það verði nauðsynlegt að biðja Ríkisendurskoðun um mat og viðmiðanir á þessum tveimur ákvörðunum vegna þess að hæstv. fjmrh. óskaði eftir því að Ríkisendurskoðun legði sérstakt mat á þá ákvörðun Alberts Guðmundssonar þegar hann skuldbreytti í byrjun október 1985 láni Sigló hf. Það kemur þá væntanlega til síðari umfjöllunar.

En hæstv. fjmrh. sagði af þessu tilefni að hann hefði ekki haft minnstu hugmynd um að selja átti fyrirtækið Nútímann daginn eftir að hann tók ákvörðun um að fella niður ¾ hluta af skuldinni. Hann sagði það vera reglu í tilvikum sem þessum að embættismenn fjmrn. gengju rækilega úr skugga um að viðkomandi fyrirtæki væri gjaldþrota og það hefði verið gert í þessu tilviki. Hæstv. ráðherra sagði að embættismenn fjmrn. gengju rækilega úr skugga um að fyrirtæki væri gjaldþrota og það hefði verið gert í þessu tilviki.

Nú kom á daginn að þetta fyrirtæki varð ekkert gjaldþrota. Það var bara selt daginn eftir. Þrátt fyrir rækilega athugun embættismanna, þá höfðu hvorki þeir né hæstv. ráðherra minnstu hugmynd um að fyrirtækið yrði selt daginn eftir. Og hæstv. ráðherra viðurkennir hér að einmitt sú staðreynd geri málið gruggugt eða setji það í svolítið gruggugt ljós. En þá hlýtur maður að spyrja fyrst fram fór þessi rækilega athugun embættismanna, sem ég ber fullt traust til og þykist vita að hafi verið eins rækileg og nokkur kostur var á, þá hlýtur maður að spyrja: Leyndu forustumenn eða forsvarsmenn Nútímans hæstv. fjmrh. því að fyrirtækið átti að selja daginn eftir? Nú eru þetta samráðherrar hans í ríkisstjórn sem fara þar með og fóru þar með áhrif. Ef það er rétt, sem ég rengi ekki, að þessi rækilega athugun embættismannanna hafi ekki leitt það í ljós að selja átti fyrirtækið og hæstv. fjmrh. var með öllu ókunnugt um þá staðreynd, þá hlýtur það að liggja nokkuð ljóst fyrir að forustumenn Framsfl., samráðherrar hæstv. fjmrh., hafa leynt hann þessari staðreynd sem hann sjálfur viðurkennir að setji málið í gruggugt ljós.

Þetta er nú það sem fram hefur komið eftir ræðu hæstv. fjmrh. og það sem eftir stendur og hlýtur að vekja upp stórar spurningar í þessu máli. Sýnir eitt með öðru, hvers konar frumhlaup það var og hvers konar sneypuför það var sem hæstv. ráðherra fór hér upp þegar hann hóf árásarherferð sína.

Ég fullyrði að Ríkisendurskoðun muni ekki finna mörg dæmi um það að ¾ hlutar skuldar hafi verið gefnir eftir þó að þó nokkur dæmi séu um það í þeim tilvikum sem hæstv. ráðherra lýsti alveg réttilega að samið sé um greiðslu á eftirstöðvum skulda.

Hæstv. ráðherra hefur líka tekið ýmsar aðrar ákvarðanir. Það voru birtar um það fréttir til að mynda að hann hefði heimilað að skuldum fyrirtækis, fiskvinnslustöðvar í Súgandafirði, yrði hagrætt á þann veg að kröfum ríkissjóðs, sem hafði yfirtekið kröfur Útvegsbankans gamla, yrði breytt ef ég man rétt í svokallað víkjandi hlutabréfalán sem einungis kæmi til endurgreiðslu ef fyrirtækið einhvern tíma yrði borgunarmaður fyrir slíku. Ég þykist alveg vita að þarna hafi hæstv. ráðherra verið að taka ákvarðanir í þeim tilgangi að reyna að styðja við bakið á atvinnulífi í Súgandafirði. En það sér það líka hver maður að ef fyrirtækið Siglósíld hefði fengið sambærilega fyrirgreiðslu, víkjandi hlutabréfalán, hver niðurstaðan væri út frá hagsmunum ríkissjóðs í samanburði við það sem gert var. Ég er ekkert að áfellast hæstv. ráðherra fyrir þessa ákvörðun. Ég er aðeins að benda á þessa

einföldu staðreynd sem sýnir enn að ráðherrann fór hér af stað í hinu mesta gáleysi og sætir enda ámæli hjá samstarfsmönnum sínum fyrir þetta frumhlaup.

Frú forseti. Þessi umræða hefur nú staðið alllengi. Öll meginrök málsins eru komin fram. Hæstv. ráðherra stendur hér berskjaldaður. Pólitískar árásir hans hafa verið afhjúpaðar. Hér er aðeins enn eitt upphlaupið sem sannar að hann fyrst og fremst er sá stjórnmálamaður í þessu landi sem hefur dæmt fyrirtæki eftir pólitískum viðhorfum.

Hæstv. ráðherra reyndi svo í vörn sinni að gera lítið úr mismunandi skoðunum manna að því er varðar ríkisrekstur. Auðvitað kom það fram hjá hæstv. ráðherra að í raun og veru vill hann viðhalda ríkisrekstri alls staðar þar sem hann getur því mögulega komið við. Um þetta er ágreiningur. Á undanförnum árum hafa ýmis fyrirtæki verið seld. Eignarhlutur ríkisins í hlutafélögum hefur verið seldur. Fyrsta skrefið var stigið í þá veru að breyta ríkisbanka í hlutafélag og fyrir dyrum hefur staðið að selja hann einkaaðilum. Allt er þetta þröun í rétta og eðlilega átt. Í hverju tilviki verða menn svo að meta stöðu þeirra fyrirtækja sem í hlut eiga. Verðmæti þeirra helgast auðvitað af rekstrarmöguleikum og rekstrarstöðu. Fyrirtæki sem árum saman hefur þurft að taka við greiðslum úr ríkissjóði er í raun og veru gjaldþrota. Ég hygg að það sé alveg rétt sem hv. 2. þm. Norðurl. v. benti hér á að það megi frekar gagnrýna stjórnvöld fyrir að hafa selt þetta fyrirtæki of háu verði miðað við stöðu fyrirtækisins, miðað við það að ríkissjóður hafði þurft með verulegum framlögum að halda því uppi árum saman. Á þetta fyrirtæki voru lagðar ákveðnar kvaðir við söluna sem þýddu að tap fyrirtækisins varð áframhaldandi, sneið stjórnendum ákveðinn stakk sem þrengdi möguleika þeirra til raunverulegrar hagræðingar í rekstrinum. Allt þetta verður að hafa í huga og breyttar forsendur varðandi rekstraraðstæður að öðru leyti eins og hér hefur komið fram í umræðunni verður að hafa í huga þegar mál sem þessi eru skoðuð.

Frú forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa þetta mál miklu lengra svo gjörsamlega sem málflutningur hæstv. ráðherra hefur hér verið afhjúpaður. Öllum röksemdum hefur verið kippt undan stóryrðum hans og grófum ásökunum. Vonandi verður þetta upphlaup honum nokkur lærdómur og vonandi leiðir það til þess að þeim fækkar tilvikunum sem hafa hæst risið á hans stjórnmálaferli, að velja út ákveðin atvinnufyrirtæki í landinu út frá pólitískum sjónarhóli til þess að grafa undan þeim og reyna að gera þau tortryggileg. Vonandi dregur hæstv. fjmrh. þann lærdóm af þessari sneypuför sem hann hefur farið er hann hóf þessa umræðu í fyrirspurnatíma fyrir nokkrum dögum.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti gerir nú 5 mínútna hlé og óskar eftir að hitta formenn þingflokka. Forseta er nokkur vandi á höndum. Samið var um það milli þingflokka í dag að ekki yrði hér kvöldfundur. Nú sýnist mér ljóst að annað tveggja verði að gerast, að umræðu verði frestað eða haldinn verði kvöldfundur. Ég geri hlé í 5 mínútur og óska eftir því að formenn þingflokka hitti mig hér í hliðarsal. — [Fundarhlé.]

Það mun vera ljóst að það næst ekki að ljúka þessari umræðu í kvöld. Ég mun hins vegar halda áfram fram undir 8, en þá verður umræðu frestað verði henni ekki lokið.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Ég skal eftir mætti reyna að hafa mál mitt stutt og reyna að standa við það samkomulag sem ég gerði á fundi okkar áðan. Ég ætla ekki að fara mjög rækilega í málefni Sigló hf. heldur einbeita mér frekar að öðru í þessu máli sem lýtur að þeim fyrirgreiðslum sem fjmrn. virðist hafa til þess að hygla ákveðnum fyrirtækjum. Mig langar að spyrja hæstv. fjmrh. hvar þessar reglur sé að finna, að ganga inn í og semja við einstök fyrirtæki sé eftir því leitað, hvar þær heimildir séu í lögum eða reglum og fá að vita hvort mörgum fyrirtækjum hafi verið synjað um sams konar heimild og þeim fyrirtækjum sem hér um ræðir, þ.e. fyrirtækinu Svart á hvítu og Nútímanum. Ég hef einu sinni reynt að fá fyrir fyrirtæki sams konar fyrirgreiðslu en því var neitað. Að hafa slíkar reglur að fjmrh. geti eftir geðþótta sínum ákveðið að semja við eitt fyrirtæki en ekki annað kallar á að um þessar heimildir verður tortryggni og sem betur fer hefur verið lagt fram hér á Alþingi nú frv. sem hv. þm., forseti Nd., hefur lagt fram og ég vona svo sannarlega að það frv. verði að lögum þar sem vald fjmrh. er takmarkað.

En það sem fram kom í ræðu hæstv. fjmrh. vakti nokkra eftirtekt mína út af því að fyrir fjh.- og viðskn. Ed. kom Guðmundur Vignir gjaldheimtustjóri og sagði það vera meginlínu í innheimtu krafna hjá Gjaldheimtunni í Reykjavík að þeir neituðu öllum samningum, sama hvort þeir hétu nauðungarsamningar eða aðrir samningar um annaðhvort eftirgjöf á skuldum eða þá að semja um skuldbreytingar. Hann sagði á þessum ákveðna nefndarfundi að hans skoðun væri sú að það ættu ekki að vera til reglur um það að fjmrh. hefði slíka heimild út af því að það mundi vekja upp þá tortryggni og bæri með sér að verið væri að hygla einum á kostnað heildarinnar.

Um þau tvö mál sem fjallað er um í skýrslu Ríkisendurskoðunar, málefni Svarts á hvítu og Nútímans, ætla ég ekki að fjölyrða. Ég dreg ekki í efa það sem fram kom í ræðu hæstv. fjmrh. að þarna hafi verið um það að ræða að verið var að bjarga þeim kröfum sem ríkissjóður átti á hendur þessum fyrirtækjum. En í síðargreinda málinu, varðandi Svart á hvítu, finnst mér þær tryggingar sem gefnar eru mjög vafasamar. Ef semja á um skuldbreytingu, þá hlýtur það að vera meginforsendan að tryggingarnar séu með þeim hætti að það megi byggja á þeim.

Gagnagrunnur er mjög vafasöm trygging og mig langar í framhaldi af því að spyrja hæstv. fjmrh. hvort lagt hafi verið mat á það hjá fjmrn. hversu mikils virði þessi gagnagrunnur væri og látin fara fram úttekt á

því hvort hann sé 25 millj. kr. virði eins og krafan er sem skuldbreytt var. Og einnig hvort í því dæmi hafi verið létt af öðrum eignum veðum eða ábyrgðum. Þetta vildi ég spyrja hæstv. fjmrh. um. (**Gripið fram í:** Hann er ekki í salnum.) Hann hlýtur að heyra það sem hann vill heyra og ég vonast svo sannarlega eftir því að hann svari þessu á eftir og að komið sé til hans boðum um hvað í þessum spurningum felst.

En það sem hér hefur farið fram í dag er nokkuð athyglisvert fyrir þeirra hluta sakir að hér hefur verið eins konar málflutningsæfing þar sem tekist hefur verið á um ríkisrekstur og einkarekstur. Þetta minnir mig á umræður sem fóru fram þegar ég var í menntaskóla um það hvort hér ætti að vera kapítalismi eða sósíalismi. Ég held að slíkar umræður geti aldrei verið til góðs. Þegar umræður eru komnar á þetta plan, þá er ekki verið að tala um þann raunveruleika sem við búum við, heldur verið að karpa um stefnur í stjórnmálum og auðvitað í þeim tilvikum verið að tala um ákveðna flokka án þess að málefnið sem slíkt skipti verulegu máli. En ég get ekki annað en harmað það fyrir hönd Siglfirðinga að hér inni á Alþingi skuli verið tekið upp svona mál þar sem þeir eru þolendurnir en flokkarnir eru að berjast sín á milli.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Þessi umræða hefur nú staðið hér lengi dags og í sjálfu sér væri æskilegt að reyna að ljúka henni áður en þessum fundi er slitið. Ég vil þó segja hér örfá orð en þó ekki á meðan hæstv. fjmrh. er fjarstaddur þannig að ég óska eftir að gera hlé á ræðu minni á meðan hann er í burtu. (**Forseti:** Ég bað um að hæstv. fjmrh. yrði sóttur.) Ég geri bara hlé á ræðu minni á meðan. (**Forseti:** Hæstv. fjmrh. er kominn í salinn svo hv. ræðumaður er beðinn um að halda ræðu sinni áfram.)

Hæstv. forseti. Ég sagði að þessi umræða hefði nú staðið lengi dags og í sjálfu sér æskilegt að reyna að ljúka henni áður en þessum fundi verði slitið. En þessi umræða gefur þó tilefni til þess að hér sé drepið á nokkur atriði til viðbótar.

Upphaf þessarar umræðu er öllum kunnugt og hún hefur verið rifjuð upp hér af allnokkrum ræðumönnum. En það var fsp. hv. 5. þm. Norðurl. v. Jóns Sæmundar Sigurjónssonar sem var upphaf þessarar umræðu og svo stóryrði, ásakanir og brigslyrði hæstv. fjmrh. sem notfærði sér fyrirspurnatíma hér fyrr í vikunni til þess að ráðast með ósæmilegum hætti að fjarstöddum mönnum og reyndar einnig þingmönnum sem hér voru í salnum og notfærði sér það að hann hafði betri aðstöðu varðandi tíma heldur en almennir þingmenn hafa í fyrirspurnatíma.

Viðbrögð okkar sjálfstæðismanna voru að sjálfsögðu mjög eðlileg við þessum brigslyrðum hæstv. ráðherra. Við óskuðum eftir skýrslu Ríkisendurskoðunar. Og jafnframt var óskað eftir til samanburðar að getið yrði um afgreiðslur hæstv. fjmrh. sem sérstaklega hafa komið í fréttum nú undanfarnar vikur varðandi tvö fyrirtæki.

Hæstv. ráðherra hefur líka haft uppi mjög stór orð í þessari umræðu. En þessi skýrsla Ríkisendurskoðunar sem hér liggur fyrir sýnir að öll stóryrði hæstv. fjmrh. falla dauð og ómerk. Og það er mjög athyglisvert í þessari umræðu að það hefur enginn ræðumaður, það hefur enginn ræðumaður treyst sér til þess að taka undir brigslyrði hæstv. fjmrh. þegar hann er að væna sérstaklega sjálfstæðismenn um pólitíska spillingu í sambandi við þetta mál. Meira að segja hv. 1. þm. Norðurl. v., sem stundum leggur nú lykkju á leið sína til þess að þóknast hæstv. fjmrh., treysti sér ekki til að gagnrýna þær gerðir sem hæstv. fjmrh. hefur hvað stærst orð um í þessari umræðu nú og hér fyrr í vikunni.

Skýrsla Ríkisendurskoðunar sýnir að þetta fyrirtæki var komið í mjög slæmt ástand og var auðvitað nánast gjaldþrota. Skýrslan sýnir að fjárframlög ríkissjóðs til fyrirtækisins 10 ár fyrir sölu námu á verðlagi ársins í ár, þ.e. mars 1989, 134,6 millj. kr. og þar af árið 1983 tæpum 60 millj. kr. Af þeim að vísu rúmlega 10 millj. framlag vegna yfirtöku á tveimur lánum frá árunum 1981 og 1982. Þannig að framlög eiga frekar að dreifast á þau ár.

Auðvitað var skylda þáv. fjmrh. að bregðast við. Það var auðvitað óverjandi að ríkissjóður héldi áfram að greiða á þennan hátt með einstöku fyrirtæki eins og þarna um ræðir.

Hv. 2. þm. Norðurl. v. Pálmi Jónsson lýsti mjög rækilega í sinni ræðu hvað síðan hefur gerst og ég skal ekki endurtaka það. Hann rakti mjög ítarlega þá erfiðleika sem fyrirtækið hefur lent í og ýmsar pólitískar ákvarðanir sem því hafa verið valdandi.

Það kemur líka fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar að kaupverð eða söluverð ríkissjóðs á þessu fyrirtæki var mjög viðunandi eins og glöggt kemur fram í skýrslunni. Það kemur líka fram að skilmálar, þ.e. greiðsluskilmálar voru viðunandi í upphafi, síðan lendir fyrirtækið í vanskilum og í algjörum þrotum og þá er endursamið um kjörin og það er um þann þátt sem Ríkisendurskoðun segir að telja megi að þeir samningar séu afar sérstæðir sem þá voru gerðir í viðskiptum sem þessum. En jafnvel ekki þessa endursamninga um greiðslukjör treysti hv. 1. þm. Norðurl. v. sér til þess að gagnrýna og má þá sjá að hæstv. fjmrh. hefur engan liðsmann hér á Alþingi, ekki úr neinum stjórnmálaflokki til þess að hafa uppi eða taka undir þau stóryrði sem hann hefur viðhaft hér í garð sjálfstæðismanna og einstakra ráðherra hans um þetta mál. Hann stendur aleinn og einangraður í þessu máli. Það má því glöggt sjá af þessu að upphlaup hæstv. fjmrh. í þessu máli er með öllu ástæðulaust.

Eitt er að rekja sérstaklega sölu þessa fyrirtækis og hvernig hún hefur orðið. Ég sagði áðan að ég teldi að þáv. hæstv. fjmrh. hefði ekki átt annarra kosta völ en að leita eftir kaupendum að fyrirtækinu eins og þá var komið, ef reyna átti að halda því gangandi. En eitt er að rekja sérstaklega sögu þessa fyrirtækis og annað er að ræða almennt um einkavæðingu í atvinnurekstri. Það er auðvitað ekki efni til þess að gera það ítarlega að umræðuefni í umræðu eins og þessari, ekki síst

þegar svo er liðið á dag. Ég get þó ekki orða bundist vegna orða hæstv. fjmrh. þegar hann sagði hér í sinni ræðu áðan að einkavæðingin væri lykill að spillingu. Það er það sem hæstv. fjmrh. sagði í sinni ræðu hér áðan. (**Fjmrh.:** Hjá Sjálfstfl.) Hjá Sjálfstfl. Við skulum taka fleiri dæmi um það, hæstv. ráðherra, um einkavæðingu sem sýna að þessi orð eins og önnur stóryrði hæstv. ráðherra eru marklaus. Það hafa nefnilega fleiri fyrirtæki verið einkavædd fyrir forustu sjálfstæðismanna og þess sama eða þeirra sömu ráðherra sem þar lögðu hönd á plóg, þ.e. þáv. hæstv. iðnrh., Sverris Hermannssonar, og þáv. hæstv. fjmrh., Alberts Guðmundssonar. (**Fjmrh.:** Eigum við að tala um söluna á Ferðaskrifstofu ríkisins?) Við skulum tala um Landssmiðjuna t.d., hæstv. ráðherra, og við skulum líka tala um söluna á Ferðaskrifstofu ríkisins. Ég er alveg tilbúinn að gera það.

Landssmiðjan var seld starfsfólki verksmiðjunnar í ársbyrjun 1985. Það er fróðlegt að lesa ummæli núv. framkvæmdastjóra Landssmiðjunnar Sigurðar Daníelssonar. Ég kannast ekki við hann sem flokksmann í Sjálfstfl. En það er fróðlegt að sjá og heyra hvað hann segir í viðtali við tímaritið Stefni um sölu á Landssmiðjunni til starfsfólks fyrirtækisins. Nú vil ég leyfa mér að vitna í tímaritið, með leyfi forseta:

Hann er spurður: „Hvaða breytingar hafa átt sér stað á rekstri síðan þá?" Svar Sigurðar er: „Strax í upphafi viðræðnanna hófu sérfræðingar í samráði við starfsmenn að skoða reksturinn. Komu fram vissar ábendingar um hagræðingu í rekstri og í framhaldi af því var dregið verulega saman, m.a. í stjórnun. Við hættum einnig rekstri á ákveðnum deildum sem við sáum að voru ekki arðbærar, en reyndum jafnframt að hlúa að því sem eftir var bæði í verslun og í rekstri."

Síðan er spurt: „Hvernig hefur afkoman verið síðan og hverjar sérðu greinilegastar breytingar í rekstri með þessum kaupum?" Svar: „Afkoman hefur síður en svo versnað. Meginbreytingin er án efa sú að svör fást strax við spurningum sem upp kunna að koma og ákvarðanataka verður þannig mun auðveldari. Áður var við iðnrn. að eiga og þrátt fyrir að þar sé mikið af hæfu starfsfólki þá varð ákvarðanataka afskaplega þung í vöfum. Áður gat maður fengið jákvætt svar frá einum stað en neikvætt svar á öðrum stað út af sama máli."

Spurning: „Nú voru starfsmenn Landssmiðjunnar nokkuð harðir í andstöðu sinni við sölu fyrirtækisins til að byrja með. Hvað kom til að viðhorfin breyttust svo mjög?" Sigurður svarar: „Fólkið í þessu fyrirtæki hefur ávallt lagt metnað sinn í starfsemi fyrirtækisins. Umræðan á sínum tíma um að þetta fyrirtæki ætti ekki rétt á sér lagðist þungt í starfsfólkið. Allt í einu var engin þörf fyrir okkur og enn fremur vorum við orðnir að pólitísku bitbeini. Ekkert samráð var haft við okkur á þessum árum, þ.e. á árunum í kringum 1980. [Ég vek athygli á að það var á árunum þegar Alþb. fór með iðnrn., það var einmitt á þeim árum sem hann vitnar til.] Nýbygging Landssmiðjunnar í Skútuvogi varð til þess að koma fyrirtækinu í þau vandræði sem menn muna. Þær framkvæmdir voru ákveðnar af stjórnmálamönnum, en andinn var þannig að fólkið virtist skilja það á þann veg að sökum leti og ónytjungsháttar starfsmanna væri þetta gífurlega tap. Við gátum ekki heldur í nokkur ár fengið vitneskju um það hvort fyrirtækið ætti að lifa eða deyja. Þannig urðum við eins konar jójó í kerfinu. Við þetta varð ekki unað svo það varð meginástæðan fyrir því að við ákváðum að halda út í samningaviðræður við stjórnvöld um kaup á fyrirtækinu."

Spurning: „Væru starfsmenn tilbúnir að gera Landssmiðjuna aftur að ríkisfyrirtæki? „ Og Sigurður Daníelsson svarar: „Það er af og frá. Nú sitja í stjórn fyrirtækisins fimm starfsmenn þess. Við erum ekki lengur komnir undir geðþóttaákvörðunum stjórnvalda. Áður vissum við sáralítið um gengi fyrirtækisins fyrr en ríkisbókhald hafði farið í gegnum það hálfu ári eftir uppgjör. Nú liggur reglulega fyrir vitneskja um stöðu fyrirtækisins. Starfsmennirnir hafa nú vald á stjórnuninni og við sjáum ekki ástæðu til þess að breyta því."

Það er athyglisvert að það tímabil sem Sigurður Daníelsson, núv. forstjóri Landssmiðjunnar, er að vitna til er það fimm ára tímabil, 1978–1983, sem Alþb. fór með iðnrn. og stjórnaði málefnum Landssmiðjunnar. Hæstv. þáv. fjmrh., þ.e. á tímabilinu 1980–1983, var einnig í Alþb. Þetta eru lýsingar þessa núv. forstjóra Landssmiðjunnar hf. á skiptum sínum við þessi ágætu ráðuneyti og þá sem þar fóru með völd. Er það nokkur furða þótt menn hafi áhuga á því að reyna að koma fyrirtækjum af þessu tagi úr ríkiseign og koma þeim í eigu manna sem, ja, kunna til slíks reksturs, taka sjálfir ábyrgð á honum og standa sig vel eins og þeir hafa gert sem nú fara með stjórn Landssmiðjunnar?

Auðvitað er áhætta í öllum rekstri — og áhættan minnkar ekkert við það þó að einstaklingar kaupi fyrirtæki af ríkinu — og getur auðvitað farið misjafnlega eins og við þekkjum um allan fyrirtækjarekstur. Svo fór greinilega um það fyrirtæki sem við höfum rætt hér aðallega í dag, þ.e. Sigló hf., að því fyrirtæki hefur gengið illa og til þess eru ástæður sem m.a. hafa verið raktar hér í dag.

Við sjálfstæðismenn óskuðum eftir því til samanburðar að Ríkisendurskoðun kæmi með upplýsingar um skuldbreytingar eða niðurfellingu skuldar til tveggja fyrirtækja vegna skattskulda, þ.e. Nútímans og Svarts á hvítu. Og ég árétta það sem hv. 1. þm. Suðurl. sagði áðan: Við óskuðum einungis eftir upplýsingum, við óskuðum ekki eftir neinu mati eða neinum dómi um það hvort rétt hefði verið að staðið og þetta væru réttlætanlegar ákvarðanir. Málefni Svarts á hvítu komu til umræðu sérstaklega af síðasta ræðumanni, hv. 5. þm. Reykv., sem lagði ákveðnar spurningar fyrir hæstv. fjmrh., þ.e. sérstaklega hvernig mat hefði farið fram á veðhæfni þess hugbúnaðar sem þarna er um að ræða. Stofnkostnaðurinn segir auðvitað ekki allt í þeim efnum heldur hlýtur eitthvert mat að þurfa að fara fram til þess að hægt sé að veðsetja slíkan búnað.

En ég vil aðeins geta þess fyrst að ég hafði allnokkra

reynslu af þessu fyrirtæki Svart á hvítu og Íslenska gagnagrunninum hf. þegar ég var í menntmrn. og ég skynjaði að það sem þessi tvö fyrirtæki voru að gera var að ýmsu leyti mjög merkilegt og reyndar vildi leggja mitt af mörkum til þess að stuðla að því að þessi fyrirtæki gætu haldið áfram sinni starfsemi. Það var gert m.a. með sérstökum samningi sem menntmrn. gerði við Íslenska gagnagrunninn hf. um styrk að upphæð 400 þús. kr. til að vinna að gerð gagnagrunns um Ísland. En á móti á Íslenski gagnagrunnurinn að leggja til efni til tilraunakennslu í Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Síðan er í samningnum gerð sérstök grein fyrir hvaða efni hér um ræðir. En í 3. gr. samningsins segir: „Notkun þess umfram það sem kveðið er á um í samkomulagi þessu, svo og afritun hvers konar er háð frekara samkomulagi milli aðilja."

Það liggur enn fremur fyrir að munnlega var um það rætt, vegna þess að það lá fyrir á þessum tíma þegar þessi samningur var gerður, í september 1988, að fyrirtækið Svart á hvítu, sem vitað var að var stór eignaraðili og stærsti eignaraðilinn að Íslenska gagnagrunninum hv., stóð höllum fæti fjárhagslega, að þá varð það að munnlegu samkomulagi milli starfsmanna menntmrn. og þeirra sem skrifuðu undir þennan samning að fjárreiðum þessara tveggja fyrirtækja yrði ekki ruglað saman að því er þennan samning snerti. Og í ljósi þess ber að skilja þetta orðalag um notkun á gagnagrunninum. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. fjmrh. hver skipti hafi verið við menntmrn. um þessa veðsetningu þar sem menntmrn. er greinilega óbeinn aðili að þessu máli vegna þess sérstaka samnings sem gerður var á milli menntmrn. og Íslenska gagnagrunnsins hf. á sínum tíma.

Hitt málið sem við vildum fá samanburð um var um Nútímann og aðgerðir hæstv. fjmrh. í þeim efnum. Fjmrh. reynir að skjóta sér á bak við það að þetta sé mjög eðlileg aðgerð og venjuleg aðgerð að fella niður 6,4 millj. og krefjast 2,6 millj. Hæstv. fjmrh. hefur ekki nefnt eitt einasta dæmi um slíkt. Hæstv. fjmrh. vitnaði hér m.a. í skýrslu sem lögð var fram á Alþingi í fyrra samkvæmt beiðni hv. þm. Kjartans Jóhannssonar þar sem tilgreind eru 127 dæmi um samninga við skuldunauta en í engu slíku tilviki er getið um að skuld hafi verið felld niður. Það er um það að ræða að skuldir hafi verið greiddar með skuldabréfum með mismunandi veðum og skuldabréfum til mismunandi langs tíma, en ekki í einu einasta tilviki í þessu þingskjali er getið um að skuld hafi verið felld niður. Og ég skora á hæstv. fjmrh. að nefna um það dæmi. Mér er nær að halda — og miðað við þau gögn sem við þingmenn höfum fengið í hendur samkvæmt beiðni þingmanna frá fjmrn. — að þetta sé algjört einsdæmi að svo stór hluti af skuld sem hér um ræðir hafi verið felldur niður.

Hv. 1. þm. Reykv. gat um það í sinni ræðu hvernig dagsetningar um þróun mála hefðu verið, þ.e. ákvörðun hæstv. fjmrh. um stórkostlega niðurfellingu skuldarinnar, hvernig kaupin síðan fara fram þegar Vífilfell kaupir fyrirtækið Farg hf. og síðan þegar greidd er þessi rúmlega 2 millj. kr. eftirstöðvaskuld við fjmrn. En hæstv. ráðherra svarar þegar hann er spurður: Ég vissi ekkert um þennan eftirleik. Ég vissi bara um þá samninga sem ég gerði. Ég vissi ekkert um eftirleikinn. Með öðrum orðum: Þeir fóru á bak við mig.

Hverjir voru það sem voru að fara á bak við hann? Voru það einhverjir viðskiptamenn úti í bæ? Voru það einhverjir bissnesmenn, einhverjir fyrirtækjaeigendur úti í bæ sem voru að gera slíkan samning við hæstv. fjmrh.? Hverjir voru eigendur Nútímans? Var það ekki Framsfl.? Hverjir eru formenn og forustumenn Framsfl.? Þarf ég að tilgreina það hér fyrir hæstv. fjmrh.? Hann var að eiga við hæstv. forsrh. og hann var að eiga við hæstv. sjútvrh. í þessum samningum. Og síðan segir hann: Ég hafði ekki hugmynd um hvernig stóð á því að þeir voru að gera þessa samninga við mig. Þeir fóru algerlega á bak við mig. Trúi þessu hver sem trúa vill. Ég segi ekki meir.

Þessir samningar sem þarna voru gerðir eru að mínu mati mjög gróft dæmi um pólitíska spillingu og hæstv. fjmrh. getur ekki þvegið hendur sínar af því máli með því að vitna í fordæmi vegna þess að það sem við hv. þm. höfum hér séð um þetta efni bendir ekki til þess að dæmi séu um eftirgjafir af þessu tagi, þar sem svo stór hluti, þ.e. um 75% af skuldinni, sé felldur niður. Þetta vildi ég sagt hafa um þetta mál.

Ég vil þó að lokum aðeins benda á varðandi Nútímann að rök hæstv. fjmrh., að hann hafi verið að fá í ríkissjóð það sem hann mögulega gat og betra var að fá eitthvað en ekki neitt, í þessu dæmi standast ekki vegna þess að salan á fyrirtækinu gerði það örugglega að verkum að ríkissjóður tapaði meiru, stærri upphæðum, meiri upphæðum heldur en þessum eftirstöðvum af skuldinni nam sem ríkissjóður fékk greidda frá Nútímanum, þannig að þau rök hæstv. fjmrh. í þessu efni standast ekki.

Niðurstaðan af þessari umræðu er auðvitað sú að hæstv. fjmrh. hefur enn einu sinni með upphrópunum, hávaða og brigslyrðum hlaupið á sig. Hann stendur einn hér í þessari umræðu. Það hefur enginn af hv. þm. treyst sér til þess að taka undir brigslyrði hans í þessu máli og segir það sína sögu.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Út af orðum hv. 1. þm. Suðurl. í sambandi við það að áhugavert væri að gera alla banka að hlutafélagsbönkum eða koma þeim í það form, vil ég segja þetta: Þessir bankar, þ.e. hlutafélagsbankarnir, hafa tekið upp kjörvexti sem ríkisbankarnir hafa ekki gert. Það hefur verið auglýst að þessir kjörvextir geti verið allt upp í 3% hærri en hinir skráðu vextir eru. Og eftir því sem fyrirtækin eða einstaklingarnir standa verr, eftir því eru vextirnir hærri. Er þetta það markmið sem hv. sjálfstæðismenn vilja koma á? Ríkisbankarnir hafa ekki tekið þetta upp. En ríkisbankarnir sjá fyrst og fremst um að þjóna atvinnulífinu í landinu. Hinir gera það að nokkru, en fyrst og fremst eru það þeir. Hlutfallslega

mikið meira heldur en ríkisbankarnir. (Gripið fram í.) Ég var ekki að tala um það, ég er ekki að verja það. Ég var að segja hvert mundi stefna ef leið Sjálfstfl. í þessum málum yrði farin. Hún er alveg vörðuð. Það var Verslunarbankinn sem byrjaði á þessum kjörvöxtum og síðan tóku hinir þetta upp.

En ég ætla að láta þetta nægja um þetta efni og ekki fara að halda hér langa ræðu. Mér finnst þessi umræða orðin allt of löng. Ég fæ a.m.k. ekki fyrir mína parta mikið út úr henni, en hitt liggur alveg fyrir að ef atvinnurekstur úti á landi, sem hefur verið blóðmjólkaður á undanförnu hálfu öðru ári, ef það endar svo með gjaldþrotum, þá er illa komið fyrir þessari þjóð, ekki einungis fyrir þessum stöðum heldur fyrir þjóðinni í heild. Ég vil segja það hér og nú að ég ætlaðist til af hæstv. ríkisstjórn að hún tæki mikið ákveðnar á þessum málum heldur en hún hefur gert og það yrði ekki farið, eins og ég sagði einhvern tíma, í hjólförum fyrrv. ríkisstjórnar. Ég vildi komast upp úr þeim hjólförum og ég ætlast til þess að ríkisstjórnin geri það.

En mitt aðalerindi hér upp í ræðustól er að átelja þau vinnubrögð sem Ríkisendurskoðun hefur haft í frammi. Ég hélt að endurskoðun ætti fyrst og fremst að vera endurskoðun. Ríkisendurskoðun er enginn dómstóll eins og mér virðist hennar vinnubrögð benda til og ég tek undir með síðasta hv. ræðumanni að það er alls ekki ætlast til þess að slíkir dómar séu kveðnir upp eins og t.d. var gert yfir fyrrv. landbrh. í skýrslu Ríkisendurskoðunar um búvörulögin.

Ég vil að það komi alveg skýrt fram hér að við hv. þm. Halldór Blöndal sendum þremur virtum lögfræðingum nokkur atriði sem var deilt um í nefndum og vildum fá þeirra svör við þeim ágreiningi. Þetta voru engir smákarlar. Það er núverandi umboðsmaður Alþingis, Benedikt Blöndal hæstaréttardómari og Jón Þorsteinsson lögfræðingur, fyrrv. alþm., sem ég tel vera með virtustu lögfræðingum landsins. Þeir svöruðu öllum okkar spurningum og í niðurlagi þeirrar skýrslu sem þeir skrifa allir undir, eða sitt álit á þessum búvörulögum, var um lögin almennt, þegar þeir voru búnir að svara öllum spurningum nema einni og það var um hver ætti Grænmetisverslun ríkisins. Til þess að hægt sé að kveða upp dóma, eins og mér virðist Ríkisendurskoðun hafa gert yfir fyrrv. landbrh., þá kemur það í ljós að Ríkisendurskoðun hefur ekki kynnt sér þetta mál og hefur ekki kynnt sér þær umræður sem fóru fram á Alþingi þegar fjallað var um þetta mál. Þar kemur fram t.d. í ræðu sem ég flyt þegar ég fylgi brtt. eftir að ég líti þannig á að þegar þetta tímabil sé liðið, þ.e. fjögurra ára tímabilið sem átti að greiða í Framleiðnisjóð, þá væri það tryggt að útflutningsbæturnar yrðu 4% af heildarframleiðsluverðmæti landbúnaðarins þangað til endurskoðun á lögunum hefði farið fram og ég liti svo á að það væri líklegra að það væri langt í það þá að það yrði búið að byggja upp eitthvað annað í staðinn fyrir þá framleiðsluminnkun sem menn sáu fyrir og það mundi þurfa frekar að auka þessa aðstoð heldur en hitt. Þetta stendur í þingtíðindum frá 14. júní 1985 á bls. 6590–6591.

Þegar verið er að kveða upp dóma eins og gert er af fjölmiðlum og eftir því sem ég skil þessa skýrslu Ríkisendurskoðunar, þá náttúrlega verða menn að athuga öll málsatvik og Ríkisendurskoðun er ekki réttur aðili til þess að kveða upp dóm yfir einu eða neinu. Því segi ég þetta að ef enginn hreyfir þessu hér á hv. Alþingi, þá verður litið á það úti í þjóðfélaginu á þann veg að þögn sé sama og samþykki, að hv. alþm. líti þannig á að þessi skýrsla sé einhver niðurstaða aðila sem eru færir og hafi verið falið að kveða upp dóma.

Mér er kunnugt um það að forsetar Alþingis hafi verið beðnir um að útvega gögn sem þeir vilja ekki láta af hendi frá Ríkisendurskoðun og ég vona að hæstv. forsetar sjái til þess að þessi gögn berist þeim aðila sem á þar hlut að máli.

Ég ætla að láta þetta duga. Ég vil bara endurtaka að það þarf að skoða það mjög hvernig hægt er að bjarga atvinnurekstrinum, sérstaklega þar sem hann er aðaluppistaðan í atvinnulífi á þessum stöðum. Leiðin að fara út í gjaldþrot eftir þá meðferð sem fyrrv. ríkisstjórn fór með þennan rekstur og núverandi ríkisstjórn hefur ekki, því miður, getað kippt í lag, það finnst mér ekki líðandi.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Ég kem nú ekki hér upp til að ræða um aðalefni þeirrar skýrslu sem hérna liggur fyrir frá Ríkisendurskoðun, þ.e. skýrsluna um Sigló hf. og er meginástæðan fyrir umræðunni hérna í dag. Mitt erindi hingað er til þess að fjalla um það sem hv. 1. þm. Reykv. Friðrik Sophusson og hv. 2. þm. Reykv. Birgir Ísl. Gunnarsson gerðu að aðalumræðuefni sínu hér í þessari umræðu og ég vildi gjarnan fá þá í salinn. (**Forseti:** Hv. 2. þm. Reykv. var hér fyrir andartaki svo það er áreiðanlegt að hann er ekki langt undan, og kemur hann hér í salinn.)

Aðalinntakið í þeirra ræðum hér fyrr í dag er eftirgjöf sú sem fjmrh. framkvæmdi á dráttarvöxtum og vöxtum af opinberum gjöldum Nútímans hf. Það hefur nú verið upplýst í umræðunni að þessi samningur milli fjmrn. og Nútímans hf. er ekkert einsdæmi. Eins og fjmrh. sagði þá hafa á þessum áratug verið gerðir yfir 170 slíkir samningar. Og ég trúi því nú ekki ... (**BÍG:** Þetta er rangt.) Ef þetta er rangt, þá hefur hæstv. fjmrh. farið með rangt mál hér áðan. (**BÍG:** Og ekki í fyrsta sinn.) Þetta eru í raun þau orð sem hann viðhafði hér og ég tek fyllilega trúanleg.

Þessi 170 fyrirtæki, sem hafa fengið svipaða meðferð og Nútíminn hf. fékk fyrir síðustu áramót, hafa komið á slíkum samningi vegna þess að þau voru í sömu erfiðleikum og það hlutafélag. Það hefur verið tvennt sem þessi fyrirtæki stóðu frammi fyrir. Þ.e. að ganga frá sínum opinberu gjöldum með þeim hætti sem Nútíminn gerði eða fara í gjaldþrot. Án þess að ég viti það nákvæmlega, þá trúi ég ekki öðru en mörg af þessum 170 fyrirtækjum hafi fengið þessa fyrirgreiðslu í tíð fjmrh. Sjálfstfl. á þessum áratug. Og það væri fróðlegt að fá það upplýst hve mörg af þessum 170 fyrirtækjum sem slíka fyrirgreiðslu hafa fengið hafa fengið hana í tíð fjmrh. Sjálfstfl. Ég skil því ekki hvers

vegna þessir tveir hv. þm. Sjálfstfl., Friðrik Sophusson og Birgir Ísl. Gunnarsson, gerðu þetta atriði í skýrslu Ríkisendurskoðunar að aðalumræðuefni sínu hér fyrr í dag.

Framsfl. gaf út dagblaðið Tímann þar til 31. mars 1984. Í janúar 1984 var Nútíminn hf. stofnaður, hlutafélag sem hafði það að markmiði að gefa út dagblað sem hét NT hf. og hóf göngu sína 1. apríl 1984. Þetta blað var gefið út frá 1. apríl 1984 til ársloka 1985. Þá hafði fyrirtækið komist í þá miklu rekstrarerfiðleika að menn sáu að ekki varð lengur haldið áfram. Og það vil ég taka fram að þetta félag, Nútíminn hf., var hlutafélag og Framsfl. átti ekki nema 42% í þessu hlutafélagi. (**BÍG:** Það er lítið.) Já, það er lítið og það voru þær eignir og skuldir sem flokkurinn hafði látið inn í hlutafélagið sem hann tók yfir af gamla Tímanum þegar hann var lagður niður. Það er því ekki rétt, sem fram kom bæði í máli hv. 1. þm. Suðurl. Þorsteins Pálssonar og hv. 2. þm. Reykv. Birgis Ísl. Gunnarssonar, að þetta hlutafélag væri alveg í eigu Framsfl. Það er bara ekki rétt sem þeir héldu fram hér áðan. (**FrS:** Voru hinir eigendurnir í Framsfl.?) Það voru milli 1500 og 1600 eigendur að Nútímanum hf. (Gripið fram í.) og þeir þurfa ekki að hafa nein flokksskírteini, Friðrik Sophusson, til þess að gerast hluthafar í slíku fyrirtæki. (**FrS:** Voru einhverjir þeirra í flokknum?) Já, ég býst við því að það hafi verið nokkrir þeirra í flokknum.

Ég vil hins vegar árétta það að allar þær dagsetningar, sem hv. þm. Friðrik Sophusson viðhafði hér áðan um eigendaskipti á Fargi og Vífilfelli, hvenær fjmrn. ákvað að veita þessa eftirgjöf á vöxtum og dráttarvöxtum vegna opinberra gjalda Tímans, eru réttar. Þær eru bara réttar. Merkilegt nokk voru þær alveg réttar, enda ekkert við þessar dagsetningar að athuga. Og ég get líka staðfest þau orð hæstv. fjmrh. hér áðan að hann hafi ekkert vitað um það að stjórn Nútímans hf. hafi haft það í hyggju að selja hlutafélagið Vífilfelli. Um það vissi hann ekki neitt, enda sá ágæti maður ekki í stjórn fyrirtækisins Farg hf. sem áður var Nútíminn. Um það vissu aðeins stjórnarmenn í því fyrirtæki. Það voru samningar á milli stjórna þessara fyrirtækja, Nútímans hf. og Vífilfells, og þeir sem þar áttu sæti voru þeir einu sem vissu um það að slíkt kæmi til greina. (**Gripið fram íi:** Hvert var söluverðið til Vífilfells?) Söluverðið til Vífilfells er trúnaðarmál milli þessara tveggja hlutafélaga. (Gripið fram í.)

Hefði fjmrh. hins vegar hafnað því að ganga til samninga við Nútímann hf., þá hefði hann í raun verið að mismuna fyrirtækjum og það hefur komið hér fram að hann hefði verið að mismuna fyrirtækjum vegna þess að slíkir samningar hafa verið gerðir við 170–180 önnur fyrirtæki sem eins er ástatt fyrir. En það sem meira er, hefði hann hafnað þessum samningi, þá hefði hann beitt sér fyrir því að ríkissjóður hefði tapað 13,2 millj. kr. Hann fékk þó hins vegar greitt út af þessum samningi 4,6 millj. Og auðvitað hefðu það verið ámælisverð vinnubrögð af fjmrh. að hafna slíku. (Gripið fram í.) Auðvitað hefðu það verið ámælisverð vinnubrögð. Ég er ekki með reikninga Nútímans hf. hér fyrir framan mig, hv. þm. Geir Haarde, þannig að þessu get ég ekki svarað. Því miður. Um leið og þetta fyrirtæki, Nútíminn hf., hefði orðið gjaldþrota, og því stóðu stjórnendur þess fyrirtækis frammi fyrir, að gera fyrirtækið gjaldþrota eða að ná þessum samningum við fjmrn. og við Vífilfell hf., þá hefði ekki aðeins ríkissjóður tapað. Ríkisbankarnir hefðu tapað peningum. Fjöldi einstaklinga og fyrirtækja sem áttu kröfur á Nútímann hefðu tapað verulegum fjármunum. Og þrátt fyrir það að Framsfl. ætti ekki nema 42% í þessu fyrirtæki, þá ákvað hann þegar fjmrh. hafði gengið frá þessum samningi, samningurinn hafði verið gerður við Vífilfell, að taka það sem út af stóð í skuldum og ganga í ábyrgð fyrir það þrátt fyrir það að þetta fyrirtæki væri hlutafélag með takmarkaða ábyrgð. Og auðvitað hefði Framsfl. ekki haft neinar skyldur við þetta fyrirtæki fram yfir aðra hluthafa í því. En hann ákvað samt að ganga til þess verks að ganga í ábyrgðir fyrir því sem út af stóð.

Ég er ekki viss um að aðrir stjórnmálaflokkar hefðu gert þetta. Ég er ekki viss um að Sjálfstfl. hefði verið tilbúinn til að ganga í ábyrgðir fyrir Árvakur hefði hann verið í slíkri stöðu. Ég er ekki viss um það. En þetta gerði flokkurinn vegna þess að hann vildi koma í veg fyrir að ríkissjóður tapaði peningum, að bankarnir töpuðu peningum og margir einstaklingar hefðu tapað verulegum fjármunum. (**FrS:** En tapaði ríkissjóður peningum?) Ríkissjóður tapaði að vísu peningum, en hann kom þó betur út úr þessu heldur en að hafa ekki gengið til samninganna og það er auðvitað aðalatriðið.

Umræðu frestað.

EFRI DEILD

104. fundur, fimmtudaginn 11. maí, að loknum fundum í Sþ.

Jarðræktarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 463. mál (framlög ríkissjóðs). — Þskj. 824, n. 1149, brtt. 1150.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1150,1 samþ. með 16 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 1150,2 samþ. með 17 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 1150,3 (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

3. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Ráðstafanir vegna kjarasamninga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 499. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 1050, n. 1122 og 1125, brtt. 1123, 1126.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Þar sem hæstv. sjútvrh. gaf þá yfirlýsingu við umræðu í gærkvöld að það yrði eins farið um það lán sem Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins er ætlað að taka og það lán sem Verðjöfnunarsjóðurinn tók á sl. hausti, að það yrði endurgreitt úr ríkissjóði en ekki af Verðjöfnunarsjóðnum, þá tel ég þá yfirlýsingu fullnægjandi og dreg tillögu 1126,1 til baka í trausti þess að við það verði staðið að ríkissjóður endurgreiði þetta lán en það falli ekki á Verðjöfnunarsjóðinn.

Brtt. 1126,1 kölluð aftur.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 1123,1 samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 1126,2 felld með 10:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÞK, DS, EgJ, GuðmÁ, GHG, GA, HBl, SalÞ.
nei: SkA, StG, SvG, VS, EG, JE, KSG, KP, MF, JHelg.
3 þm. (EKJ, HÁ, JúlS) fjarstaddir.
2. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 1126,3 felld með 10:8 atkv.
4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
5.–7. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 1123,2 (ný gr., verður 8. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
8. gr. (verður 9. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Ég vildi rétt aðeins vekja athygli á því að í brtt. á þskj. 1123 hefur nafn mitt af misgáningi ritast með þannig að ég stend ekki að brtt. Hún er flutt af meiri hl. Því miður náðist ekki að prenta upp nýtt þskj. Ég vildi að þetta kæmi fram þannig að það færi ekki inn í bækur þingsins að ég hafi staðið að þessari brtt. með meiri hl.

Forseti (Jón Helgason):

Athugasemd hv. 7. þm. Reykn. mun verða tekin til athugunar.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 2. umr.

Frv. SalÞ, 363. mál (húsnæðisbætur). — Þskj. 672, n. 1124 og 1135, brtt. 1136.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. í nál. á þskj. 1124 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 9:9 atkv.
Brtt. 1136 samþ. með 10:3 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 10:1 atkv.
2. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

EFRI DEILD

105. fundur, fimmtudaginn 11. maí, að loknum 104. fundi.

Jarðræktarlög, 3. umr.

Stjfrv., 463. mál (framlög ríkissjóðs). — Þskj. 1157.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Ráðstafanir vegna kjarasamninga, 3. umr.

Stjfrv., 499. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 1158.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HÁ, JE, KSG, KP, MF, SkA, StG, SvG, VS, EG, JHelg.
GuðmÁ, GHG, GA, HBl, JúlS, SalÞ, ÞK, DS, EgJ greiddu ekki atkvæði.
1 þm. (EKJ) fjarstaddur.
4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Þó svo að einstakar greinar frv. horfi til bóta miðað við ástand í atvinnumálum eins og það er gengur það ekki nógu langt í aðgerðum til styrktar atvinnuvegunum. Hið sama er að segja um þær skattalækkanir sem þar eru. Auðvitað eru þær til

bóta en engan veginn gengið nógu langt til þess að í rauninni sé viðunandi.

Um efnahagsaðgerðirnar í heild er það að segja að þær eru afleiðing af þeim kjarasamningum sem ríkisstjórnin gerði við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, en þeir samningar fólu í sér að óhjákvæmilegt er að verulegt gengissig verði á íslensku krónunni á næstu mánuðum með tilheyrandi verðbólgu og skertum lífskjörum. Af þeim ástæðum sem ég hef nú sagt, vegna þess að frv. horfir til bóta svo langt sem það nær en Sjálfstfl. er ósammála efnahagsaðgerðunum í heild, greiði ég ekki atkvæði.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með hv. 2. þm. Norðurl. e. að það hefði í raun þurft að gera miklu meira til að reisa atvinnulífið úr þeirri rúst sem bæði fráfarandi og núverandi stjórn hafa sett það í. Þetta er hins vegar spor í rétta átt og það er því ekki rétt að standa gegn þeim breytingum sem koma fram með frv. Ég greiði ekki atkvæði.

Karl Steinar Guðnason:

Herra forseti. Þar sem frv. þetta er þáttur í samkomulagi aðila vinnumarkaðarins um úrbætur hvað varðar atvinnulíf og fyrirheit til handa verkafólki í landinu sem skipta miklu máli og líka vegna þess að þær aðgerðir sem hér um ræðir stefna að jafnvægi í efnahagslífinu greiði ég frv. atkvæði og segi já.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið í máli mínu við umræður um þetta mál get ég tekið undir þær tilraunir sem verið er að gera í rétta átt, en tel þó ekki nóg að gert eins og fram kemur í þeim brtt. sem ég er meðflm. að fyrir hönd okkar í Kvennalistanum. Ég greiði ekki atkvæði.

Frv. afgr. til Nd.

Tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.

Frv. SalÞ, 363. mál (húsnæðisbætur). — Þskj. 1159.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Um þingsköp.

Frumvarp um framhaldsskóla.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég tek eftir því að frv. til l. um breytingu á lögum um framhaldsskóla hefur beðið umræðu í tvo eða þrjá sólarhringa. Ég tel að það sé óhjákvæmilegt að þetta mál fái þinglega meðferð á þessu þingi og vil leggja á það áherslu við hæstv. forseta að að því verði stuðlað með öllum tiltækum ráðum.

Forseti (Jón Helgason):

Vegna athugasemdar hæstv. menntmrh. vil ég geta þess að það frv. verður til umræðu á morgun í deildinni, en það eru ekki enn þá komin fram öll nefndarálit og þess vegna hefur verið dokað við. Einnig var um það samið að hér yrði aðeins atkvæðagreiðslufundur í dag í þessu hléi á fundum í sameinuðu þingi og því ekki hægt að taka önnur mál til umræðu.

NEÐRI DEILD

101. fundur, fimmtudaginn 11. maí, að loknum fundum í Sþ.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 3. umr.

Stjfrv., 344. mál (húsbréfaviðskipti). — Þskj. 1115, brtt. 1015, 1133, 1142.

Þorsteinn Pálsson (frh.):

Herra forseti. Þegar þessari umræðu var frestað í gær voru það einkum tvö atriði sem upp úr stóðu í þessum umræðum, atriði sem lúta að grundvallarágreiningi sem fram hefur komið á milli þeirra aðila sem standa að því frv. sem hér er til umræðu. Í fyrsta lagi lá fyrir að mismunandi túlkun var á hugmyndum aðstandenda frv. um vaxtastefnu. Hæstv. félmrh. hafði lýst því yfir að vaxtamismunur í húsnæðiskerfinu yrði 0,5–1%. Í ljósi þess að hæstv. fjmrh. hefur gert samninga við lífeyrissjóðina um skuldabréfakaup með þeim hætti að vextirnir ákvarðast eftir á á næsta ári með hliðsjón af því sem í raun verður á markaðnum og engir samningar hafa verið gerðir sem binda vexti í raun og veru á þessu ári bendir flest til þess að vextir verði í þessum viðskiptum ekki lægri en 6–7%. Því er nokkuð einsýnt ef fram heldur sem horfir og farið verður að skilgreiningu hæstv. félmrh. að vextirnir þurfi í reynd að verða hærri en þau 4,5% sem hv. 2. þm. Austurl. Hjörleifur Guttormsson hefur lýst sem skilyrði Alþb. og nokkuð ljóst að sú forsenda sem er í nál. stjórnarmeirihlutans fyrir fylgifrv. með húsnæðisfrv. þar sem byggt er á því að búið sé að fastsetja 5% vexti stenst ekki.

Hæstv. fjmrh. hefur svo lýst því yfir í þessari

umræðu að enginn ágreiningur sé í ríkisstjórninni um vaxtamálið, með öðrum orðum að allir ráðherrarnir og þar á meðal allir ráðherrar Alþb. séu þeirrar skoðunar að forsendan fyrir þessu frv. sé sú að því er vextina varðar að vaxtamismunur verði aldrei meiri en 0,5–1% og vextirnir geti þannig hækkað ef markaðsvextir verða hærri.

Hæstv. fjmrh. lýsti því enn fremur yfir að um þetta væri full samstaða í ríkisstjórninni og þar á meðal á milli allra ráðherra Alþb. Það væru einungis einstaka þingmenn stjórnarliðsins sem væru að gera ágreining þar um og með því vísaði hæstv. fjmrh. til þeirra yfirlýsinga sem hér hafa verið gefnar af hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni og gaf til kynna að slíkur ágreiningur einstakra þingmanna stjórnarflokkanna hefði ekkert að segja um forsendur málsins að þessu leyti þar sem full samstaða væri milli ráðherra í hæstv. ríkisstjórn. Þetta er í sjálfu sér athygli verð staðreynd en enn stendur þó að af hálfu aðstandenda frv. er um að ræða misvísandi túlkanir í þessu efni og þess vegna er ástæða til þess að hæstv. starfandi forsrh. geri nánari grein fyrir málinu áður en það heldur lengra áfram. Í annan stað höfðu komið upp misvísandi túlkanir um ákvæði 1. gr. frv. að því er varðar kaupskyldu lífeyrissjóðanna. Því ákvæði var breytt í grundvallaratriðum í samningum hæstv. félmrh. um framgang málsins hér á þinginu. Tillögum nefndarinnar sem samdi frv. um að lækka kaupskyldu lífeyrissjóðanna og síðan afnema hana í áföngum var hafnað, en öllum sem til málsins þekkja er ljóst að það var forsenda fyrir því að eiginlegt húsbréfakerfi gæti orðið virkt.

Það hefur komið fram í máli hv. 1. þm. Vesturl. að það væri skilyrði Framsfl. fyrir stuðningi við málið að 1. gr. frv. eins og henni var breytt í þessum samningum þýddi að búið væri að takmarka útgáfu á húsbréfum við þau 10% af kaupskyldunni sem þar er fjallað um. Hæstv. félmrh. hafði á hinn bóginn lýst því yfir að möguleikar lífeyrissjóðanna í þessu efni væru ótakmarkaðir og í reynd þýddi þetta ákvæði það eitt að búið væri að rýmka möguleika sjóðanna meira en gert var ráð fyrir í tillögum nefndarinnar því að í fyrsta áfanga átti samkvæmt tillögum nefndarinnar aðeins að lækka kaupskylduna um 8 prósentustig.

Nú sé ég að frá því að við frestuðum umræðunni í nótt hefur verið lögð fram hér tillaga til skýringar nánast á 1. gr. frv., vafalaust í þeim tilgangi að fá fram hver er hin eiginlega afstaða í þessu efni. Öllum má vera ljóst að hér er um að ræða grundvallaratriði varðandi húsbréfakerfið, hvort menn eru í raun og veru að fara af stað með húsbréfakerfi sem á að geta verið virkt eða hvort menn eru bara að samþykkja pappír. Þess vegna er það ósk mín að hæstv. starfandi forsrh. geri Alþingi áður en málið kemur til lokaafgreiðslu hér í þinginu nánari grein fyrir stefnu ríkisstjórnarinnar og hinum raunverulega skilningi ríkisstjórnarinnar í þessu efni. Það er með öllu ófært að Alþingi sé knúið til að greiða atkvæði um málið þegar uppi er slíkur ágreiningur í þessu efni og án þess að á honum fáist nánari skýringar. Kjarni málsins er sá að stjórnarflokkarnir eru að setja hverjir öðrum skilyrði af ýmsu tagi um framgang málsins og það er ekkert einkamál þeirra hver þessi skilyrði eru og hverjar þessar forsendur eru vegna þess að niðurstaðan ræðst af þessum skilyrðum og Alþingi hlýtur að krefjast þess að fá að vita hver niðurstaðan er í raun og veru og hvers konar frv. er verið að samþykkja. Flest bendir til þess eins og málum er komið og eins og hæstv. félmrh. hefur kyngt öllum skilyrðum andstæðinga eða velflestum skilyrðum andstæðinga húsbréfanna að í raun og veru sé húsbréfahugmyndin fallin á Alþingi vegna þess að hæstv. félmrh. hefur greinilega engan áhuga á húsbréfum heldur einungis því að fá hér samþykktan pappír á Alþingi og það er fyrst og fremst vegna áhuga eða skilningsleysis hæstv. ráðherra að sjálf húsbréfahugmyndin er dauð. Þó að eitthvert frv. með einhverju nafni verði samþykkt hér sýnast þessi misvísandi skilyrði í raun og veru hafa gert það að verkum að eiginlegt húsbréfakerfi kemst ekki á við svo búið.

En erindi mitt var fyrst og fremst að óska eftir því varðandi ágreining um þessi tvö meginatriði að hæstv. starfandi forsrh. gerði þinginu nánari grein fyrir því hver væri skilningur hæstv. ríkisstjórnar og á hvaða forsendum væri í raun og veru verið að keyra málið í gegnum þingið.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Út af þeim fyrirspurnum sem hér hafa verið settar fram vil ég í fyrsta lagi taka það fram að að því er vextina varðar hefur það orðið niðurstaða í ríkisstjórninni að vextir verði miðaðir við að þeir verði ekki hærri en 4,5%. Hitt er svo annað mál að sú ákvörðun getur að sjálfsögðu komið til breytinga síðar, en engin slík umræða hefur farið fram og er ríkisstjórn á hverjum tíma að sjálfsögðu heimilt samkvæmt gildandi lögum að gera breytingar þar á.

Að því er varðar síðari spurninguna er aðalatriðið að ríkisstjórnin ætlar sér að hafa eftirlit með heildarútgáfu húsbréfa. Það hefur verið áhyggjuefni margra í sambandi við þetta mál hvaða áhrif það kynni að hafa á fjármálamarkaðinn hér á Íslandi. Um það hafa verið settar fram ýmsar skoðanir, en enginn getur kveðið upp úr um það með fullnægjandi hætti fyrr en nokkur reynsla hefur hlotist af. Það kemur skýrt fram í lögunum þar sem segir: „Húsbréfadeild gerir tillögu til félagsmálaráðherra um verðtryggingarskilmála, endurgreiðsluform, lánstíma, vexti og heildarfjárhæðir í hverjum flokki. Ríkisstjórnin tekur ákvörðun um framangreind atriði að fenginni umsögn Seðlabanka Íslands.“ Þetta er aðalatriðið.

Sú fjárhæð sem um er rætt í fyrstu er talan 1700 millj., en þegar reynsla hefur fengist af máli þessu verður sú fjárhæð tekin til endurskoðunar vegna þess að reynslan ein getur leitt í ljós áhrifin af þessu máli. Þetta er eðlileg varkárnisregla í máli sem þessu þegar um verulegar fjárhæðir er að ræða sem geta haft áhrif á fjármagnsmarkaðinn því það er ekki ætlunin með þessu máli að raska neinu á okkar viðkvæma fjármagnsmarkaði heldur að hafa þar stjórn á málum.

Mér sýnist að þetta sé alveg skýrt í frv. og nál., en að öðru leyti get ég vísað til þess sem hæstv. heilbrmrh. sagði hér í umræðum í nótt þegar hann gerði grein fyrir máli þessu af hálfu framsóknarmanna.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég verð að leyfa mér að óska eftir því að alþingismenn fái skriflegar skýringar um ríkisábyrgð á húsbréfum. Það er verið að deila um það hér í þinginu hver þessi ríkisábyrgð sé, hvort það sé ríkisábyrgð eða ekki. Það verður náttúrlega að taka af öll tvímæli. Það urðu miklar deilur um Atvinnutryggingarsjóð, hvort það væri ríkisábyrgð á þeim skuldabréfum, og lengi vel þrjóskuðust menn við að þetta væri allt í fína lagi, en svo kom það bara í ljós að það var alls ekkert í lagi. Svona vinnubrögð ganga ekki á hinu háa Alþingi, að það sé verið með einhver hroðvirknisleg vinnubrögð sem þurfi síðan að vera að lagfæra.

Í lögum nr. 37 frá 1961 um ríkisábyrgðir stendur í 1. gr., með leyfi hæstv. forseta: „Ríkissjóður má aldrei takast á hendur ábyrgðarskuldbindingar nema heimild sé veitt til þess í lögum." Þetta er ekkert flókið orðalag. 2. gr.: „Ríkissjóður má ekki ganga í sjálfskuldarábyrgð nema slíkt sé sérstaklega ákveðið í lögum þeim sem ábyrgð heimila."

Það er alveg ljóst að það verður að vera í lögum um húsbréf að það verði að vera á þeim ríkisábyrgð. Það verður að vera í lögunum ef það á að vera gilt.

Ég verð því að óska eftir því að við fáum á þessu fullnægjandi skýringar. Eins mætti spyrja að því hvort Alþingi sé heimilt að framselja ríkisábyrgðarheimild til Húsnæðisstofnunar. Það verða að vera einhver takmörk á því held ég.

Mér hefur sýnst upp á síðkastið í umræðum á Alþingi að löggjafarvaldið verði að taka rækilega til endurskoðunar öll samskipti við framkvæmdarvaldið. Alþingismenn eiga alls ekkert að vera einhverjar tuskudúkkur hjá framkvæmdarvaldinu sem rétta upp hendi þegar framkvæmdarvaldinu þóknast. Það stendur hvergi í stjórnarskránni að svo skuli vera. Það er kominn tími til þess að spyrja líka að því og kafa ofan í það: Hvers vegna er alltaf slík hrikaleg óstjórn í peningamálum hérna á Íslandi? Þegar frv. eins og húsbréfafrv., sem auðvitað hefur mikil áhrif á peningakerfið, kemur fram hlýtur að þurfa að vanda vinnubrögðin. Er ekki einmitt skýringin á óstjórninni í peningamálum þessi hroðvirkni alltaf og göslaragangur? Hvers vegna eyðir framkvæmdarvaldið alltaf miklu meira á hverju ári en Alþingi hefur leyft? 8 milljarðar á síðasta ári? Hvers vegna er þetta gert? Alþingismenn fá ekkert að vita fyrr en mörgum mánuðum eftir á. Í september síðast átti að vera 600 millj. kr. hagnaður. Svo hækkaði hallinn um 1 milljarð í hvert skipti sem hæstv. fjmrh. opnaði munninn fyrir áramót og endaði síðan í 8 milljarða gati. Hvers vegna eru svo höfuðatvinnuvegir þjóðarinnar allir að verða gjaldþrota? Er það ekki af sömu ástæðu, hroðvirkni og agaleysi hjá framkvæmdarvaldinu? Það er bara eytt og sóað og gengið í höfuðstóla höfuðatvinnuvega þjóðarinnar.

Ég hef áður rukkað eftir því að það vanti umsögn Seðlabankans um þetta frv. Það er ekkert skriflegt álit til frá Seðlabanka Íslands um hver áhrif húsbréfakerfið hefur á peningamarkaðinn. Samkvæmt lögum um Seðlabankann er það hlutverk bankans að annast slíkt fyrir ríkisstjórnina.

Ég held að það þurfi enga sérfræðinga til að svara því hvort það hefur þensluáhrif á fasteignamarkaðinn ef á að minnka lánstímann úr 30 mánuðum niður í eitthvað styttra. Auðvitað hefur það þensluáhrif á peningaframboð og hækkun vaxta á hinum almenna markaði ef það á að fara að dæla meiri peningum út úr kerfinu með valdboði. Það er augljóst. Það eru ekki hagsmunir fólksins í landinu sem ætlar að fara að byggja að það sé mokað peningum með einhverjum göslaragangi út úr þessu kerfi þannig að verðbólgan fari á fulla ferð. Eru það hagsmunir fólksins sem er að byggja þannig að þeir sem eru búnir að fá lán lendi í hrikalegum vandræðum? Það verður að gera þetta þannig að hagsmunir heildarinnar séu hafðir að markmiði.

Ég verð að ítreka að við fáum fullnægjandi skýringar um ríkisábyrgð á þessum húsbréfum og enn fremur þurfum við að fá skýringar á því hvort Alþingi er heimilt að framselja ríkisábyrgðavald til Húsnæðisstofnunar þar sem hægt er að fá stimpluð húsbréf við sölu hjá ríkinu. Er það leyfilegt? Þetta eru grundvallarspurningar. Og svo vantar skriflegt álit hjá Seðlabankanum. Þetta þrennt hefði ég viljað sjá hér á hinu háa Alþingi áður en þetta frv. er afgreitt.

Frsm. 3. minni hl. félmn. (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Ég þakka tilhliðrunarsemi.

Út af því sem hér hefur komið fram vil ég aðeins segja að eins og kom fram sl. nótt rakti ég skilyrði Framsfl. um 10% og þarf ekki að orðlengja það. Túlkun félmrh. er allt önnur eins og hér hefur komið fram. Hún taldi að lífeyrissjóðirnir hefðu frelsi umfram kaupskyldu með ríkisábyrgð. En ég flutti á þskj. 1156 brtt. sem ætti að taka af allan vafa um þetta til að fullnægja skilyrði minna flokksfélaga og geri tilraun til að rétta hlut þingflokksins í hans samþykkt.

En þar sem starfandi forsrh. hefur gefið afdráttarlausa yfirlýsingu fyrir hönd ríkisstjórnarinnar um að þessi fjárhæð sé miðuð við 1750 millj., sem er sú tala sem þessi 10% kaupskylda gerir ráð fyrir, vil ég lýsa því yfir að þar með er túlkun félmrh. ógild og raunar fleipur eitt. Orð starfandi forsrh. taka af öll tvímæli hvað þetta varðar. Að þessum orðum sögðum tel ég ástæðulaust að flytja þá brtt. sem ég hef hér lagt fram og dreg hana hér með til baka.

Frsm. 1. minni hl. félmn. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég skal ekki misnota þolinmæði og lipurð forseta sem frestaði umræðunni í nótt.

Það sem upp úr þessari umræðu stendur er að hæstv. félmrh. hefur verið beygður í tvígang í þessu máli. Hæstv. starfandi forsrh., Halldór Ásgrímsson, lýsir því yfir að túlkun hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar á vaxtasamkomulagi stjórnarsamkomuflokkanna sé

hin rétta, þ.e. vextir verði aðeins 4,5%. Með öðrum orðum: sú túlkun sem hæstv. félmrh. hefur haldið fram með stuðningi fjmrh. í nótt um að vextir eigi að vera 0,5–1% undir þeim vöxtum sem Byggingarsjóðurinn greiðir er röng samkvæmt þessum úrskurði. Þar hefur hæstv. félmrh. þurft að víkja, hennar túlkun er dæmd ómerk. En það þýðir það, virðulegi forseti, og vil ég þá vitna til ummæla forseta sjálfs hér í nótt, að hér er ekki lengur verið að tala um neitt húsbréfakerfi. Hér er verið að tala um vexti í hinu almenna lánakerfi sem yrðu hugsanlega langt undir markaðsvöxtum, en það hefur verið margsýnt fram á það, síðast af forseta sjálfum í nótt, að húsbréfakerfið stenst ekki með þeim formerkjum.

Í öðru lagi, herra forseti, hefur hæstv. starfandi forsrh. lýst því yfir að hér eigi að vera 10% mark eða sem svarar 1700 millj. á þeim kaupum sem viðskipti með húsbréf megi nema, 10% af ráðstöfunarfé í lífeyrismálum. Þetta er það sama og hæstv. heilbrmrh. hefur haldið fram og þetta er sú túlkun sem hv. 1. þm. Vesturl. hefur flutt í þessu máli. En þetta er ekki það sem hæstv. félmrh. hefur verið að segja okkur í málinu því að hæstv. félmrh. hefur sagt að með því samkomulagi sem gert hafi verið við Framsfl. um 1. gr. sé verið að ganga lengra en milliþinganefndin upphaflega lagði til. Hér er stigið skrefinu lengra í að afnema kaupskylduna en var í frv., sagði ráðherrann í umræðum, og bætti við með leyfi forseta: „Auðvitað er svo ekkert sem kemur í veg fyrir það, ef lífeyrissjóðirnir svo kjósa, að keypt séu húsbréf fyrir meira af ráðstöfunarfénu en hér kemur fram," ekkert sem kemur í veg fyrir það, ekkert. Ef túlkun hæstv. starfandi forsrh. fær staðist er verið að dæma þessi ummæli dauð og ómerk. En það er í samræmi við það samkomulag sem gert var um þetta mál um að eyðileggja það frá byrjun.

Með því að setja slíkt ákvæði inn er verið að búa til nýja skömmtun. Það er ekki verið að búa til nýja fjármögnun. Það verður sama heildarfjárhæðin til ráðstöfunar í samanlagt húsbréfakerfið og í almennu lánakerfi. Það verður enginn sjálfvirkur aðgangur að afgreiðslu í þessu húsbréfakerfi. Þetta þýðir það, vegna þess að lánin eiga að vera hærri í húsbréfakerfinu, að afgreiðslunum fækkar. Það verða færri sem komast að í heildina tekið. Færri afgreiðslur þýða að sjálfsögðu lengri biðröð í núverandi kerfi, í hinu almenna lánakerfi. Niðurstaðan er sú, hvað sem líður hártogunum fjmrh. og hvað sem líður mótmælum félmrh., að þetta mál er í hinu mesta skötulíki, reyndar hvorki fugl né fiskur miðað við það sem lagt var upp með, og því ber að sjálfsögðu að vísa til ríkisstjórnarinnar eins og 1. minni hl. félmn. hefur lagt til.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég óska eftir skýringum um ríkisábyrgðir. Ég verð að ítreka þær óskir mínar. Þessar skýringar þurfa að koma fram.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. 1156, sem var of seint fram komin, samþ. með 22 shlj. atkv.

Till. í nál. á þskj. 1015 um að vísa frv. til ríkisstjórnarinnar felld með 21:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AS, BB, BÍG, EH, VI, FrS, GHH, KolbJ, IBA, KrP, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, ÓÞG, PJ, SP, SV, ÞP.

nei: ÁrnG, GeirG, GB, FI, GuðnÁ, GHelg, HG, JóhS, JBH, JK, JónS, JSS, KE, KH, MálmS, ÞSk, SighB, NL, SJS, ÞÞ, KJóh.

2 þm. (PP, AðB) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég vísa til álits flestallra launþegasamtaka í landinu, stjórnarmanna í Húsnæðisstofnun ríkisins og fjölmargra annarra sem mæla gegn þessu frv. og sýna fram á neikvæð áhrif þess. Ég óttast afleiðingar þess að þurrka út félagslegt gildi húsnæðismála með slíkum aðgerðum og afhenda það fjármagnsmarkaðnum og lögmálum hans, gengi og markaðsvöxtum. Samþykkt þessa frv. er bein aðför gegn núverandi húsnæðiskerfi og mun valda þenslu og verðbólgu og jafnframt auka ójöfnuð í landinu. Ég er því andvígur frv. og segi já.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Það hefur verið sýnt fram á í þessari umræðu með ítarlegum rökum að hér er ekki á ferðinni það húsbréfakerfi sem upphaflega var lagt upp með í þeirri milliþinganefnd sem starfaði á síðasta sumri. Við sjálfstæðismenn viljum að þetta mál verði athugað miklu nánar þannig að unnt sé að koma sér niður á grundvöll fyrir eðlilegu húsbréfakerfi á einhverjum hluta lánamarkaðarins. Þetta frv., í því skötulíki sem það er nú og með þeim breytingum sem á því hafa verið gerðar, tel ég að sé mjög varhugavert. Það er rétt að vísa þessu máli til ríkisstjórnarinnar til frekari athugunar og ég segi já.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Þar sem ég er sannfærður um að núverandi mynd þessa frv. stenst ekki gagnvart stjórnarskránni ef að lögum yrði og ég hef enn verulega trú á núverandi ríkisstjórn þykir mér rétt að vísa því þangað og segi já.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég vil gera orð hv. 1. þm. Vesturl. að mínum, en til viðbótar vil ég segja að það ætti að vera öllum ljóst að með þessu frv. er verið að skerða ráðstöfunarfé Byggingarsjóðs ríkisins á þessu ári og a.m.k. árið 1990 sem þeirri upphæð nemur sem fer til að kaupa húsbréf. Slík minnkun á ráðstöfunarfé Byggingarsjóðs ríkisins mun bitna fyrst og fremst á landsbyggðinni og fátækara fólkinu á höfuðborgarsvæðinu. Ég segi því já.

Brtt. 1142 felld með 20:15 atkv.
Brtt. 1156 kölluð aftur.
Brtt. 1133 samþ. með 26 shlj. atkv.
Frv.,.svo breytt, samþ. með 21:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÞSk, SighB, NL, SJS, ÞÞ, ÁrnG, GeirG, GB, FI, GuðnÁ, GHelg, HG, JóhS, JBH, JK, JónS, JSS, KE, KH, MálmS, KJóh.
nei: ÓÞG, AS, BB.
PJ, SP, SV, ÞP, BÍG, EH, VI, FrS, GHH, KolbJ, IBA, KrP, MB, MÁM, ÓE greiddu ekki atkvæði.
3 þm. (ÞP, AðB, ÓÞÞ) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Við 2. umr. þess máls sem nú eru greidd atkvæði um, þ.e. hið svokallaða húsbréfafrumvarp, lagði hv. þm. Geir Haarde fram brtt. við 1., 2. og 3. gr. frv. sem við kvennalistakonur studdum. Afstaða okkar leiddi til þess reginmisskilnings í fjölmiðlum og í máli margra þingmanna að með því hafi kvennalistakonur stuðlað að því að allar hömlur á lánveitingum í almenna húsnæðiskerfinu væru af lagðar eða eins og það er ranglega orðað í fjölmiðlum vilji kvennalistakonur styðja að stóreignamenn geti fengið lán til jafns við aðra. Hið sanna í málinu er að synjunar- og skerðingarheimildir standa óbreyttar í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, skerðingar- og synjunarákvæði sem við kvennalistakonur studdum í atkvæðagreiðslu á Alþingi í fyrra. Eina sem í raun var fellt niður voru ákvæði þess efnis að skerðingarákvæðin næðu líka til þeirra sem ættu aðrar eignir en íbúðir sem metnar væru jafnverðmætar. Það má eflaust halda því fram með nokkrum rökum að einhverjir ranglátir rati í þennan hóp, en hitt er þó mikilvægara að útiloka ekki þá réttlátu.

Það er ævinlega svo að um leið og verið er að reyna að loka glufum til að verjast þeim sem hafa til þess geð, aðstöðu eða nennu að svindla á kerfinu skapast sú hætta að það útiloki fleiri en til var ætlast. Við kvennalistakonur metum meira að þeir réttlátu komist í gegnum nálaraugað en að hindra fáeina rangláta.

Þessar brtt. vörðuðu ekki húsbréfamálið sjálft og breyta því engu um það samkomulag sem Kvennalistinn gerði við ríkisstjórnina um framgang þessa máls og því segi ég já.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ákveðið er að fresta gildistöku laganna til 15. nóv. nk. og skipa milliþinganefnd sem fer væntanlega ofan í mörg þau vafaatriði sem vissulega eru í þessu frv. og ég treysti því að hún fari rækilega ofan í þau. Ég vil segja það að þeir aðilar sem hafa varað við eða snúist gegn þessu frv. eru í mínum huga mjög marktækir og ég treysti því að milliþinganefndin brjóti málið til mergjar og ef á þarf að halda gefist kostur á að breyta lögunum í upphafi næsta þings. Svo vona ég vissulega að það gerist aldrei aftur í þingsögunni að ráðherra hóti þinginu. Það eru vissulega vítaverð vinnubrögð sem ber að harma í átökum um þetta mál.

Ég vil að lokum segja að ég er ekki nauðugur þegar ég samþykki þetta frv. vegna yfirlýsingar hæstv. starfandi forsrh. fyrr í dag og svo treysti ég því að hinir hæfustu menn muni starfa í milliþinganefndinni, það verði ekki laxveiðimenn eða dellumenn, það verði menn sem verði að störfum þetta sumar til að skoða mörg þau vafaatriði. Í ljósi þess segi ég já við þessa atkvæðagreiðslu.

Frv. afgr. til Ed.

Þjóðarbókhlaða og endurbætur menningarbygginga, frh. 3. umr.

Stjfrv., 374. mál. — Þskj. 1098, brtt. 1100.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1100 felld með 17:13 atkv.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, frh. 2. umr.

Frv. SP o.fl., 335. mál (forgangur skattakrafna við skipti). — Þskj. 604, n. 1019, brtt. 1140.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. á þskj. 1140 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 24:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JSS, ÓÞG, SighB, SV, SJS, BB, GeirG, GB, GuðnÁ, JóhS, JBH, JK, JónS, KJóh.
nei: KrP, KE, KH, MB, MÁM, MálmS, ÓE, ÞP, PJ, SP, NL, ÞP, ÞÞ, AS, ÁrnG, BÍG, EH, VI, FrS, GHH, FI, GHelg, KolbJ, IBA.
3 þm. (ÓÞÞ, ÞSk, AðB) fjarstaddir.
HG greiddi ekki atkvæði.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Það er mikill misskilningur að núgildandi lög leiði til þess að verið sé að ganga að þrotamanninum sjálfum heldur er ríkið hér að seilast í vasa annarra kröfuhafa, þeirra sem eiga kröfu í búið. Það hefur verið sýnt fram á það í umræðunni að hér er um mjög mikilvægt mál að ræða. Hér er um að ræða réttarstöðu einstaklingsins gagnvart ríkisvaldinu í þessu landi. Með því að vísa þessu máli til ríkisstjórnarinnar er einungis verið að drepa þessu máli á dreif. Það þarf ekki frekari skoðunar við, hefur þegar verið rækilega kannað. Því segi ég nei.

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Málið snýst um það hvort forsvarsmenn atvinnufyrirtækja eiga að líta á staðgreiðslur launafólks og söluskatt sem neytendur hafa greitt sem ráðstöfunarfé fyrirtækja sinna með sama hætti og bankalán og lánveitingar þeirra sem hafa veitt fyrirtækinu fjárhagslega fyrirgreiðslu. Ég segi já.

1. gr. samþ. með 24:2 atkv.
2.–3. gr. samþ. með 23:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það skal vera innan við hálfa mínútu.

Eins og fram hefur komið er ég eindregið þeirrar skoðunar að þingið sé að gera mikil mistök með því að samþykkja þetta frv. og málið hafi ekki verið skoðað nægilega vel og ég vil þess vegna beina þeim eindregnu tilmælum til hv. fjh.- og viðskn. að hún athugi þetta mál á ný á milli 2. og 3. umr.

Málefni aldraðra, frh. 1. umr.

Stjfrv., 393. mál (heildarlög). — Þskj. 1112.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 40 shlj. atkv.

EFRI DEILD

106. fundur, föstudaginn 12. maí, kl. 11 árdegis.

Framhaldsskólar, 2. umr.

Stjfrv., 454. mál (rekstrarkostnaður, skólanefndir o.fl.). — Þskj. 814, n. 1117 og 1155, brtt. 1116.

Frsm. meiri hl. menntmn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Menntmn. hefur fjallað um frv. til l. um breyting á lögum um framhaldsskóla sem er 454. mál þingsins. Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru á þskj. 1116. Brtt. er við 7. efnismgr. 10. gr. laganna og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við gildistöku laganna skal gerður samningur milli menntmrn. og hvers skóla um tilhögun á greiðslum til skólanna af fjárlagalið þeirra í þeim tilgangi að skólarnir taki á sig aukna rekstrarábyrgð. Rekstrarframlag, annað en kennslulaun, laun fastra starfsmanna og meiri háttar viðhalds- og stofnkostnaður, skal greitt hverjum skóla fyrir fram. Heimilt er menntmrh. að semja við hvern skóla um aðra tilhögun ef aðilum þykir ástæða til.“

Þessi brtt. er flutt eftir ábendingu Skólameistarafélagsins og í fullu samráði við þá ágætu menn.

Að öðru leyti ætla ég ekki efnislega að ræða hér um frv. Flestar þær breytingar sem hér er um að ræða eru til að gera málið skýrara og taka af tvímæli. Nokkrar breytingar eru líka varðandi skólanefndir og má vera að þar sýnist sitt hverjum. Ýmsir aðilar komu til viðræðu við nefndina. Málið var sent til umsagnar m.a. til kennarasamtakanna sem ekki gáfu umsögn vegna verkfalls.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa um þetta fleiri orð en meiri hl. nefndarinnar leggur til að málið verði samþykkt með þeirri brtt. sem ég hef nú gert grein fyrir.

Frsm. 1. minni hl. menntmn. (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. 1. minni hl. menntmn. á þskj. 1155 en þar segir, með leyfi forseta:

„Frumvarp þetta felur í sér breytingar á lögum um framhaldsskóla sem tóku gildi 9. maí 1988.

Það var þá þegar löngu tímabært að sett yrði rammalöggjöf um framhaldsskólastigið. Fulltrúar Kvennalistans höfðu þó ýmsar athugasemdir við það frv. sem varð að lögum síðastliðið vor og lögðu því fram töluvert margar brtt.

Stærstu agnúana á frv. var að mati Kvennalistans að finna í stjórnunarkafla þess, þar sem pólitískt kjörnum fulltrúum voru færð óeðlilega mikil völd og áhrif um þróun skóla, innra starf, námsbrautir og rekstur.

Brtt. Kvennalistans varðandi stjórnunarþáttinn hnigu því í þá átt að tryggja að faglegra sjónarmiða skyldi gætt m.a. með því að ætla fulltrúum kennara og nemenda, deildarstjórum og faggreinafélögum stærri hlut við mótun skólastarfsins. Aðrar brtt. Kvennalistans lutu að ýmsum þáttum í innra starfi skólanna og aðbúnaði nemenda svo sem aukinni námsráðgjöf, sálfræðiþjónustu og stofnun mötuneyta við hvern framhaldsskóla.

Veigamestu breytingarnar sem fram koma í þessu frv. ríkisstjórnarinnar felast í því að skilgreina nánar og útvíkka verksvið samstarfsnefndar framhaldsskólastigsins, sbr. 3. gr., breytta skipan skólanefnda, sbr. 4. gr., og breytta útreikninga við rekstrarkostnað skólanna svo og gerð samninga milli hvers skóla og menntmrn. um greiðslur til skólanna af fjárlagalið þeirra. Efni frv. í heild fer að nokkru leyti saman við hugmyndir og brtt. Kvennalistans frá síðasta ári. Því hefði e.t.v. legið nokkuð beint við að styðja frv. með nokkrum brtt. eftir eðlilega umfjöllun.

En eins og nú háttar til hlaut frv. ekki þá faglegu umfjöllun sem nauðsynleg hefði verið vegna kjaradeilu kennara í Hinu íslenska kennarafélagi við fjmrn. Fyrsti minni hl. nefndarinnar leggur áherslu á nauðsyn þess að hafa samráð við og fá umsagnir frá

þeim sem daglega er ætlað að starfa eftir lögunum og glæða þau lífi og anda.

Fyrsti minni hl. telur það ekki málinu til framdráttar að hraða því í gegnum þingið við þær aðstæður sem nú ríkja.

Allar greinar frv. snerta dagleg störf kennara í framhaldsskólum landsins og mikilvægt er að útfærsla þess og framkvæmd sé í fullu samráði við þá.

Með tilvísan til þess telur 1. minni hl. sér ekki fært að taka þátt í afgreiðslu málsins."

Undir þetta skrifar Danfríður Skarphéðinsdóttir fyrir hönd fulltrúa Kvennalistans í þessari hv. deild.

Það væri hægt að segja margt fleira um málefni framhaldsskólans hér og nú, ekki síst vegna þess öngþveitis og þeirrar óvissu sem nú ríkir og enginn getur séð fyrir um hvaða afleiðingar muni hafa fyrir skólastarf í framtíðinni. Ég ætla þó ekki að eyða tíma þessarar hv. deildar í það núna en vil benda á að ýmis þau atriði sem verið er að breyta með þessu frv. snerta mjög störf kennaranna, hin daglegu störf kennaranna eins og fram hefur komið í umræðu um fsp. mína hér í Sþ. til hæstv. menntmrh. um breyttar kröfur við innritun í framhaldsskólana. Það kom fram í máli hans þá að um er að ræða undirbúning í tveimur skólum við að skipuleggja styttri námsbrautir og til þess að bjóða öllum nemendum eftir því sem kostur er færi á námi við þeirra hæfi. Ég tel að það þurfi að gera það eftirsóknarvert fyrir framhaldsskólann að taka upp slíkar brautir. Ég er hlynnt þeim eins og fram kom í máli mínu þá. Það hefði því þurft að hafa miklu meiri undirbúning og lengri eins og fram kom í svari hæstv. ráðherra á þeim tíma. Ég sé ekki að það starf geti verið í gangi núna að neinu gagni. Ég gæti minnst á margt fleira en ég ætla ekki að eyða tímanum til þess hér og nú.

Frsm. 2. minni hl. menntmn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Mig vantar gögn sem nefndinni bárust. Ég áttaði mig ekki á því fyrr en á síðustu stundu að ég hefði gleymt möppu minni heima og hef verið að reyna að gera ráðstafanir til þess að ná í þessi gögn en þar sem starfsfólk skildi ekki almennilega það sem ég átti við óska ég eftir að það verði gert 5 mínútna hlé á umræðunni svo ég geti náð í viðkomandi gögn.

Umræðu frestað.

Þjóðarbókhlaða og endurbætur menningarbygginga, 1. umr.

Stjfrv., 374. mál. — Þskj. 1098.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Það frv. sem hér um ræðir hefur fengið ítarlega meðferð í hv. Nd. Hér er gert ráð fyrir því að framlengja svokallaðan eignarskattsauka og hann verði notaður í framkvæmdasjóð þjóðarbókhlöðu, eins og var nú reyndar ætlunin í öndverðu, og sömuleiðis til endurbóta menningarbygginga. Meginhlutverk sjóðsins er að reyna að tryggja að fylgt verði eftir ítrekuðum áformum um að ljúka smíði þjóðarbókhlöðunnar en um þessar mundir er miðað við að byggingu hennar verði lokið á fjórum árum, að þessu ári meðtöldu. Í annan stað er það tilgangur frv. að tryggja að betur verði staðið að viðhaldi á húsakosti ýmissa helstu menningarstofnana þjóðarinnar og gömlum byggingum sem brýnt er að varðveita vegna menningarsögulegs gildis þeirra.

Það hefur lengi verið svo með þessari þjóð að menn hafa verið tilbúnir til þess að taka ákvörðun um að reisa nýjar byggingar, en hafa ekki fengist til að verja fjármunum til þess að halda við hinu gamla sem oft og tíðum er þó orðið hluti af menningarsögulegum arfi þjóðarinnar og þess vegna er það svo að allt í kringum landið eru hundruð húsa og húshluta sem liggja undir stórkostlegum skemmdum og hætta á að í raun og veru eyðileggist fullkomlega áður en mjög mörg ár líða. Í þeim efnum er bent á nokkur slík verkefni í fskj. með frv., á bls. 5 á þskj., þar sem nefnd eru einstök viðfangsefni þar sem veruleg eyðingarhætta blasir við. Ég ætla út af fyrir sig ekki að nefna neitt sérstakt hér í þessari framsöguræðu. Ég bendi þó á gamla prestshúsið í Görðum á Akranesi frá 1886 og skemmu frá aldamótum sem þar er. Ég gæti nefnt skólahús það sem Torfi Bjarnason byggði í Ólafsdal á sínum tíma. Ég gæti nefnt steypt íbúðarhús frá fyrsta tug aldarinnar á Brjánslæk. Það mætti nefna Tjöruhúsið í Neðstakaupstað á Ísafirði. Það mætti nefna í þessu sambandi timburkirkjuna í Kaldrananesi frá 1851. Það mætti nefna í þessu sambandi staði eins og t.d. Gröf skammt utan við Hofsós, fæðingarstað Hallgríms Péturssonar, þar sem um er að ræða gamla fallega torfkapellu sem er í verulegri hættu. Þannig má lengi telja.

Tilgangurinn með þessu frv. er sem sagt í senn að skapa svigrúm til að gera við þessar byggingar sem til eru, þ.e. byggingar eins og t.d. Þjóðminjasafnið svo ég nefni dæmi, að reisa þjóðarbókhlöðuna og að verja gamlar þjóðminjar sem í mörgum tilvikum og reyndar mjög mörgum eru kirkjur eða hluti af þeim eignum sem kirkjan á að sinna. Ég held að það sé mjög brýnt að hv. alþm. átti sig á því að það verður að gera sérstakt átak til að verja þessi hús. Það verður að gera sérstakt átak til þess. Það hefur verið erfitt að sameina menn um verkefni eins og það að eyða fjármunum í viðhald gamalla húsa en það er komið svo að það er svo mikil hætta á því að þessi hús eyðileggist, m.a. þessar gömlu kirkjur, að þarna verður að taka til hendinni.

Um málið, herra forseti, var ágæt samstaða í hv. Nd. að öðru leyti en því að það komu fram hugmyndir um að bæta einu verkefni við þennan sjóð, nýframkvæmdum, nýjum menningarbyggingum. M.a. var bent á þann möguleika að hugsanlegt tónlistarhús yrði sett inn á þennan sjóð. Ég var fyrir mitt leyti andvígur því, fyrst og fremst vegna þess að þó að

þessi sjóður sýnist kannski gildur þá er hann það ekki miðað við verkefnin sem eru risavaxin og ég tel að það sé ekki skynsamlegt að vekja tálvonir hjá fólki með því að taka fleiri verkefni inn á þennan sjóð en þegar er lagt til í þessu frv.

Ég vænti þess, virðulegi forseti, að frv. verði vel tekið hér í þessari hv. deild og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég hafði ekki verið viðbúinn því nú á þessum morgunfundi að hæstv. menntmrh. héldi hér framsöguræðu fyrir frv. til l. um þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, hélt satt að segja að það væru önnur frv. sem hæstv. ríkisstjórn legði áherslu á að kæmust til nefndar, annaðhvort hér í Ed. eða þá kæmust til Nd., en ég er mjög ánægður yfir því, herra forseti, ef þessi mikla áhersla sem menntmrh. þannig leggur á að þetta frv. skuli sitja fyrir, endurspeglar það að hann ætli að vera duglegri eftirleiðis en hann hefur verið hingað til að ná fram þeim málum og þeim markmiðum sem þetta frv. fjallar um.

Ég vil byrja á því að ræða sérstaklega þjóðarbókhlöðumálið. Það er rétt sem fram kemur í þessu frv. að margar heitstrengingar og viljayfirlýsingar hafa komið fram af hálfu Alþingis og ríkisstjórnar allt frá því að samþykkt var vorið 1970 þál. um að hús þetta skyldi reist í tilefni 1100 ára afmælis Íslandsbyggðar 1974. Það vantar ekki að menn hafa á hátíðarstundum verið að tala um nauðsyn þess að hin mikla bókaþjóð, Íslendingar, reyndi að standa við það með því að byggja góða bókhlöðu auðvitað vegna þess að sú bókhlaða sem nú stendur við Arnarhvál er reist af Dönum en samtímis því sem við unnum lokasigurinn í baráttunni fyrir handritunum heim mátti ekki minna vera en við sýndum einhvern dugnað og einhvern skörungsskap í þjóðarbókhlöðu okkar Íslendinga sem nú er að rísa þar sem áður var íþróttavöllurinn, Melavöllur kallaður.

Öll þau litverpu og litauðugu fjöll sem blasa við í suðri eru sögufróðustu fjöll Íslands, sagði Sigurður Guðmundsson magister í ræðu á íþróttavellinum á Melum hinn 17. júní 1918 sem eitt af okkar skáldum orti um síðar merkilegt kvæði sem kemur upp í hugann innan skamms.

Ég man eftir því þegar Ragnhildur Helgadóttir var menntmrh. — en hæstv. núv. menntmrh. hefur mjög gaman af því að bera sig saman við Ragnhildi Helgadóttur. Hann gerði það t.d. á kennarafundi um daginn. Þá var hæstv. menntmrh. að bera sig saman við Ragnhildi Helgadóttur og sagði við kennarana: Ég er í það minnsta betri heldur en Ragnhildur Helgadóttir. Ég held að það séu nú ekki margir sem taka undir þetta. A.m.k. er ég viss um það að ef Ragnhildur Helgadóttir væri menntmrh. núna mundi henni ekki detta í hug að láta þau orð falla um frammistöðu sína nú í vetur og nú síðustu mánuðina að hún sæti í sæti menntmrh. með fullri reisn eins og þessi hæstv. menntmrh. talar og er áreiðanlega ekki mat þeirra barna sem nú geta ekki lokið sínum prófum né þeirra kennara sem ekki fá samið um sín launakjör. — En það var á þeim tíma sem Ragnhildur Helgadótttir var menntmrh. sem fundur var haldinn uppi í Háskóla einmitt út af þjóðarbókhlöðunni. Þá voru stjórnmálamenn spurðir um það hver væri vilji þeirra til þess að standa vel að því að þjóðarbókhlaðan yrði reist og henni yrði flýtt. Ég man ekki hver var fulltrúi Alþb. Það getur vel verið að Svavar Gestsson geti upplýst hér í deildinni hver var formaður Alþb. á þeim tíma. Hitt er a.m.k. dagljóst og morgunljóst að hæstv. núv. menntmrh. var formaður Alþb. á þeim tíma. Á þeim fundi lýsti Alþb. því yfir að þjóðarbókhlaðan mundi hafa algjöran forgang og á þeim fundi lýsti Alþb. yfir að þau markmið sem við sjálfstæðismenn settum okkur í því máli væru fyrir neðan allar hellur og Alþb. mundi standa betur að málum ef það kæmist að völdum. Þá þótti þeim gaman að miða sig við Sjálfstfl. í menntamálunum þegar ekki var hægt að bregða mælistiku á þá sjálfa. En ég held að þessi hæstv. menntmrh. geri sér ekki grein fyrir því að nú er hægt að bregða mælistikunni á hann. Nú er hægt að fara að mæla hvað það er raunverulega sem Alþb. vill gera í menntamálum.

Og hvernig hefur Alþb. staðið við stóru orðin í sambandi við þjóðarbókhlöðuna? Hvað var hann að segja núna, hæstv. menntmrh.? Hann var að segja að það yrði myndarlega staðið að málum nú með því að þjóðarbókhlöðunni yrði lokið á næstu fjórum árum að þessu ári sem við lifum nú meðtöldu. Það væri eitthvert myndarlegt átak! Þetta hús sem við stöndum í núna var byggt á harðasta ári, mesta kreppuári og harðindaári síðustu aldar. Hafísinn fór ekki úr Eyjafirði fyrr en í ágústmánuði. Á þessu eina ári byggðu Íslendingar sér Alþingishús. Á harðasta ári sem yfir þjóðina gekk á 19. öldinni og voru þó mörg ár hörð, einkum í kringum 1880. Nú er hann að tala um það að hann ætli að ljúka verkinu, ljúka við þjóðarbókhlöðuna á næstu fjórum árum. Og við vitum að við megum taka með afföllum ummæli ráðherrans til framtíðarinnar. Það er lántökuskattur á fyrirheitum þessarar ríkisstjórnar og hann er ekki 6% heldur 6x6%, lántökuskatturinn á fyrirheitum þessarar ríkisstjórnar.

Við sjálfstæðismenn lögðum á og höfðum algjöra forustu um að leggja á þann sérstaka eignarskatt sem nú gengur aftur í því frv. sem hér liggur fyrir. Þessi eignarskattsviðauki var á sínum tíma lagður á vegna þess að þegar núv. hæstv. menntmrh. skildi við húsnæðismálin, þá var svo komið fyrir okkur Íslendingum að við urðum að taka erlend lán til húsnæðismála, til þess að við gætum nokkurn veginn haldið í horfinu með húsnæðismálin. Þó voru lánin sem á þeim tíma voru veitt út á nýbyggingar úr Byggingarsjóði ríkisins að raungildi rétt í kringum 10 eða 11% síðasta árið sem þesssi hæstv. ráðherra var húsnæðisráðherra. Eitthvað svo, 10–11%, þegar tekið var tillit til hinnar miklu verðbólgu sem þá geystist í landinu. Þó má segja um ríkisstjórnina sem hann sat í þá að

hún hafi haft þá afsökun fyrir verðbólgunni að það voru þó umtalsverðar launahækkanir á milli hækkananna, milli gengisbreytinganna og milli vöruhækkananna. En núna? Launin hafa naumast hækkað um eina einustu krónu síðan í maí í fyrra, 1,25% samanlagt í febrúar og mars, sitt pundið af hvoru hvorn mánuðinn, 0,625% hvorn mánuð og svo eitthvert lítilræði í síðasta mánuði. En hver var verðbólgan fyrstu fjóra mánuði þessa árs? Verðbólgan fyrstu fjóra mánuði þessa árs er í kringum 30%. Þannig skildi þessi hæstv. ráðherra við húsnæðismálin.

Þá gerðum við það, herra forseti, að við sjálfstæðismenn beittum okkur fyrir því að þessi sérstaki 0,25% eignarskattur yrði lagður á og rynni hann allur til Byggingarsjóðs ríkisins til þess að við kæmumst hjá því að standa undir húsnæðislánum með erlendum lántökum. Síðan þegar því marki var náð og með öðrum hætti var búið að treysta eiginfjárstöðu Byggingarsjóðs ríkisins á nýjan leik eftir að vinstri flokkarnir höfðu farið um hann hendi, eftir að við vorum búnir að byggja þó nokkurt fé upp í Byggingarsjóði ríkisins beittum við sjálfstæðismenn okkur fyrir því að þessi sérstaki eignarskattsviðauki yrði framlengdur og nú skyldi hann renna til byggingar þjóðarbókhlöðu. Því miður var það svo í síðustu ríkisstjórn að Alþfl. kom í veg fyrir að þessi skattur gæti allur runnið til þjóðarbókhlöðunnar og það er sorglegt að það skuli hafa verið formlegur Alþfl. sem stóð fyrir því að ekki væri hægt að standa við fyrirheitið um þjóðargjöfina í þeirri ríkisstjórn, að það skyldi verða deiluefni í ríkisstjórninni hvort staðið yrði við lög um eignarskattsauka sem allur rynni til þjóðarbókhlöðunnar. Það var auðvitað mjög ömurleg niðurstaða og sár okkur sjálfstæðismönnum.

Síðan kemur núv. hæstv. menntmrh. sem hefur fjmrh. úr sama flokki. Samnt heldur áfram sú ósvinna að þjóðarbókhlöðuféð er dregið frá menningunni og inn í ríkishítina. Þó er nú sá munur á að Alþb. getur engum um kennt nema sjálfu sér. Engum. Það kom enginn annar að þessu máli nema ráðherra Alþb. í fjmrn. og ráðherra Alþb. í menntmrn. Það er þess vegna algjörlega út í hött og raunar móðgandi þegar núv. hæstv. menntmrh. kemur hér upp í pontu og fer að halda því fram að hann hafi haft einhvern sérstakan áhuga fyrir þjóðarbókhlöðumálinu, algjörlega út í hött og í fullu ósamræmi við fortíðina.

Mér þykir líka, hæstv. forseti, mjög dapurlegt að sjá það í 3. gr. frv. að ekki skuli hafa verið tekið tillit til þess frv. sem ég hef flutt hér í Ed. og hefur hlotið hér brautargengi í sambandi við eignarskattsaukann. Sú grein hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Sérstakur eignarskattur er rennur til sjóðsins, sbr. 2. gr., skal frá og með gjaldárinu 1990 lagður á eignarskattsstofn, sbr. lög nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og skal hann vera þannig:

a. 0,25% á þann eignarskattsstofn, sbr. 80.–82. gr. laga nr. 75/1985, sem er umfram 4 millj. 250 þús. kr. Skattskylt mark til sérstaks eignarskatts skal breytast samkvæmt skattvísitölu, sbr. 121. gr. greindra laga, í fyrsta sinn á gjaldárinu 1990, samkvæmt skattvísitölu gjaldársins 1990. Þó skal ekki leggja sérstakan eignarskatt á eignir manna sem orðnir eru 67 ára eða eldri fyrir upphaf hlutaðeigandi gjaldárs."

Nú hefur fallið um það úrskurður í ríkisskattanefnd að ef um öryrkja er að ræða sem ekki hafa náð 67 ára aldri en eru á hinn bóginn — ég biðst afsökunar. Í breytingum Nd. hefur verið tekið tillit til þess sem ég er að tala um og er ég þakklátur menntmrh. fyrir að koma því að. Ég sé að orðalag frv. míns er hér tekið upp þannig að fullnægjandi er að rétt er með farið, enda er það samið af ríkisskattstjóra til þess að girða fyrir þau mistök sem áttu sér stað í hinni upphaflegu lagasetningu eins og fram kemur í úrskurði ríkisskattanefndar.

Ég vil, herra forseti, vona að þetta sérstaka frv. hér megi verða til þess að ríkisstjórnin standi við það að þessar tekjur allar renni til byggingar þjóðarbókhlöðunnar. Við sjálfstæðismenn höfum sérstaklega beitt okkur fyrir þessu máli hér í þinginu. Fyrrv. menntmrh., Sverrir Hermannsson, gekk þar vasklegast fram og auðvitað þykir okkur sárt hversu hægt hefur miðað í því máli. Það hefur ekki einungis almennt menningarlegt gildi að frá þjóðarbókhlöðunni verði gengið, henni verði lokið og hún tekin í notkun. Það er líka gífurlegt atriði fyrir Háskóla Íslands, bæði þá lærdómsmenn sem þar starfa og þá nemendur sem þar leggja stund á hin dýpstu fræði, að þjóðarbókhlöðunni ljúki og hægt sé að sameina Landsbókasafn og Háskólabókasafn þannig að þarna geti komið fullkomlega vísindalegt safn með öllum þeim kostum sem því fylgja sem auðvitað er löngu, löngu tímabært fyrir okkur Íslendinga.

Um 1. gr. er það að segja, herra forseti, að ýmsir hafa lagt hönd á plóginn til þess að reyna að stuðla að því að gömlum byggingum sé sæmilega við haldið, gömlum menningarverðmætum sé ekki á glæ kastað og var Þjóðhátíðarsjóðurinn m.a. stofnaður í því skyni sem hefur komið að mjög góðum notum og bjargað byggingum sem að öðrum kosti hefðu grotnað niður. Ég get rifjað upp í Eyjafirði hús eins og Grundarkirkju. Það má minna á verkstæði Þorsteins á Skipalóni og á mörgum öðrum stöðum hefur Þjóðhátíðarsjóðurinn komið við sögu. Ýmsir aðrir hafa lagt fé af mörkum til þess sama og loks hefur nokkru fé verið varið samkvæmt fjárlögum hverju sinni til endurbóta og viðhalds á gömlum byggingum sem nauðsynlegt er að vernda að mati Þjóðminjasafnsins. Byggðasjóður hefur sérstaklega varið fé til Sjóminjasafnsins í Hafnarfirði og þannig mætti lengi telja.

Ég sé hér sem fskj. skrá yfir gömul hús sem eru helstu viðfangsefni Þjóðminjasafnsins nú á þessu ári á sviði varðveislu húsa. Auðvitað er þessi upptalning okkur þingmönnum mikil áminning að standa okkur betur á því sviði heldur en við höfum gert. Ég sé hér t.d. Bakkakirkju í Öxnadal, timburkirkju frá 1843 eftir Þorstein á Skipalóni. Þetta er elsta kirkjan í Eyjafirði og er í furðugóðu ástandi, en auðvitað þarf að huga vel að henni eins og öllum öðrum kirkjum sem Þorsteinn á Skipalóni smíðaði og eru nokkrar

enn til. Ég held að það sé ekki nema ein sem rifin hefur verið af þeim kirkjum sem Þorsteinn á Skipalóni byggði. Þá eru einnig á þessari skrá prestssetrið á Sauðanesi á Langanesi, sæluhúsið við Jökulsá og í öðrum kjördæmum getum við talið upp önnur hús sem síst eru ómerkari en þessi.

Ég fullyrði það að veruleg ástæða er til að taka jafnvel enn betur á þessum málum en gert er ráð fyrir hér í þessu frv. og væri ég reiðubúinn til þess ef hæstv. menntmrh. vildi íhuga það að ganga enn lengra í sambandi við það að tryggja fjáröflun til þessa verkefnis sem hér er um talað, þjóðarbókhlöðu og endurbóta menningarbygginga. Ég tel að það þurfi að ganga enn lengra en hér er gert því að enginn vafi er á því að mörg af þeim húsum sem hér eru talin upp eru í eyðileggingarhættu. Á mörgum stöðum er svo komið að það eru síðustu forvöð að forða húsunum frá eyðileggingu.

Kjarni minnar ræðu, herra forseti, er sem sagt þessi: Ég brýni hæstv. menntmrh. að hann ásamt flokksbróður sínum fjmrh. reyni nú einu sinni að standa við það að þjóðarbókhlaðan fái sitt. Það mun ekki standa á okkur sjálfstæðismönnum að fylgja því eftir. Við skulum eggja þá lögeggjan eins og við reyndum að eggja kratana lögeggjan. En það er nú svo kalt blóðið í þeim að það þarf meiri hita til en við höfum í okkar æðum til þess að hreyfa við þeim. En það er kannski einhver pínulítill hiti annað slagið í Alþb. (**KP:** Já. Það er svo.) því hvað sem um Alþb. annars má segja og þó að það sé fljótt að gleyma sínum hugsjónum og sínum fyrirheitum í faðmlaginu við framsókn þar sem hæstv. ráðherra Svavar Gestsson kann best við sig, enda er Steingrímur Hermannsson hans uppáhaldsstjórnmálamaður, þá er það nú samt svo að það er stundum hægt aðeins að brýna þá alþýðubandalagsmennina. Og það vitum við þó að þeir taka ekki meira mark á öðrum andstæðingum sínum í pólitík en sjálfstæðismönnum þannig að það er þó einhver von til þess að okkur megi takast, ef við verðum iðnir við kolann, að fá hæstv. menntmrh. og hæstv. fjmrh. til þess að standa betur að þjóðarbókhlöðunni á næsta ári en þeir hafa gert fram að þessu.

Ég ítreka að við sjálfstæðismenn erum líka til viðtals um það að taka myndarlegar á í sambandi við verndun gamalla bygginga en gert er með þessu frv.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Ég ætla nú ekki að flytja hér langa ræðu en langar þó að leggja nokkur orð í belg þar sem þetta hefur verið sérstakt áhugamál mitt, þ.e. viðhald gamalla húsa og aðgerðir til þess að tryggja það að húsakostur landsmanna, sérstaklega menningarbyggingar, drabbist ekki niður eins og því miður hefur viljað við bera og þarf ekki annað en að nefna Þjóðleikhúsið í því sambandi. Sú bygging mun nú nánast ónýt talin þrátt fyrir það að hún er ekki öllu eldri en sem nemur 40–50 árum, ég man ekki nákvæmlega hvenær bygging var hafin en það mun hafa verið á stríðsárunum.

Alþt. 1988. B. (111. löggjafarþing).

Það er annars einkennilegt ef farið er yfir byggingarsögu Íslendinga hvað við vorum seinir í gang að byggja varanleg hús. Það er eins og við höfum reyndar aldrei lært það. Ég hef oft velt því fyrir mér hvers vegna það gerðist að við byggðum engin varanleg steinhús, hvorki á þjóðveldisöld né heldur á t.d. 14. og 15. öld þegar enn þá voru hér efnamenn, höfðingjar miklir sem hefðu í sjálfu sér vel getað staðið fyrir því að byggja hér veglegar byggingar. Mig tekur sárt að hugsa til þess að í raun eiga Íslendingar engar byggingar sem vert er að nefna sem dæmi um þá menningu sem hér var við lýði á fyrstu öldum sem við byggðum þetta land. Ég hef oft velt því fyrir mér hvernig á þessu stendur vegna þess að nú er það vitað mál að Íslendingar gerðu víðreist þegar á söguöld, nægir t.d. að minnast á ferðir Sturlu Sighvatssonar sem fór í pílagrímsferð til Rómar. Það er alveg vitað mál að hann hlýtur að hafa sótt heim höfðingja á þeirri leið sinni og gist þar í miklum steinköstulum, bæði í Þýskalandi og víðar. Þess vegna hefur höfðingjum á Íslandi verið vel kunnugt um steinbyggingar, en það er ekki fyrr en á 18. öld eða svo að bygging steinhúsa á Íslandi er hafin. Mig minnir, ef ég fer rétt með, að það hafi verið gerð tilraun til að byggja steinkirkju að Hólum í Hjaltadal og sömuleiðis var hafin bygging steinkirkju sem reyndar var langt á veg komin á Skálholtsstað en þegar þetta er frá talið þá er það í raun og veru ekki fyrr en við byggjum fyrstu steinbyggingarnar hér á þessu svæði, það er t.d. úti á Seltjarnarnesi þar sem Nesstofan er byggð og síðar Viðeyjarstofa og svo má ekki gleyma þessu merka húsi sem við stöndum nú hér í, svo og fangelsinu á Skólavörðustíg 8. Þetta eru líklega merkustu steinbyggingar frá fyrri tímum.

Því tek ég út af fyrir sig undir það sjónarmið sem kemur fram í þessu frv. að okkur ber með einhverjum ráðum að tryggja það að menningarsögulegum byggingum verði betur við haldið en verið hefur fram til þessa því það er, eins og ég hef þegar getið um, nánast sorglegt til þess að vita hvað við eigum fáar byggingar frá fyrri tímum. Það er líka vandræðamál að þrátt fyrir mikla byggingargleði sem má segja að hafi komist í algleymi eftir seinni heimsstyrjöldina, þá virðist ekki hafa tekist betur til en svo að þær byggingar sem við höfum reist hér á síðustu áratugum virðast því miður ekki vera varanlegri en svo að þær eru nú þegar farnar að grotna niður nokkrum áratugum eftir að byggingu þeirra var lokið. Steinsteypan, sem átti að verða varanlegt byggingarefni — menn héldu að þarna hefðu þeir höndlað það byggingarefni sem gæti tryggt okkur að byggingar stæðust hér hundruð ára, jafnvel árþúsundir — hefur því miður ekki reynst varanlegri en svo að tiltölulega nýlegar steinsteyptar byggingar eru að grotna niður.

Hins vegar er ég engan veginn sáttur við það að það skuli þurfa að leggja á sérstakan skatt til þess að þjóðfélagið og stjórnvöld geti séð sóma sinn í því að viðhalda þeim menningarsögulegum byggingum sem við eigum. Ég hefði talið það sjálfsagt að viðhald bygginga bæði á vegum opinberra aðila, sveitarfélaga

og ríkis, væri viðunandi, að það þyrfti ekki að leggja á sérstaka skatta til þess. Þá hef ég líka grunsemdir um að sérstök skattlagning til þess arna geti leitt til þess að peningunum kunni að verða „stolið". Það er árátta hjá ríkisvaldinu að leggja á nýja skatta til ákveðinna verkefna, svokallaða eyrnamerkta skatta, sem síðan hafa þann hvimleiða eiginleika að hverfa til annarra nota, þ.e. peningunum sem þannig nást inn er oftast varið til allt annarra hluta heldur en þeim var ætlað í upphafi. Nú er að vísu gert ráð fyrir sérstökum sjóði til þess að stuðla að verndun gamalla bygginga í eigu ríkisins svo og bygginga sem vernda þarf að mati Þjóðminjasafnsins, svo ég vitni hér í 1. gr. frv., og kann að vera að það verði eitthvað erfiðara fyrir ríkisvaldið að hlaupa burtu með fjármuni úr slíkum sjóði til annarra verkefna en ég mundi engu að síður vilja spyrja hæstv. menntmrh. hvort það sé alveg gulltryggt að ríkisstjórn hvers tíma geti ekki farið með krumlurnar ofan í þennan sjóð. Notað fjármunina til allt annarra hluta en þeim hefur verið ætlað, notað þá í hítina svokölluðu svo þannig sé að orði komist.

Þá vekur það nokkra furðu mína að lesa bráðabirgðaskrá um helstu viðfangsefni Þjóðminjasafns Íslands á sviði varðveislu húsa sem fylgir með frv. sem fskj. Þar er hvergi minnst á ýmsar byggingar hér á höfuðborgarsvæðinu sem eru með merkustu byggingum í menningarsögulegu tilliti sem þjóðin á. Nægir þar t.d. að nefna Alþingishúsið sjálft, svo og önnur merk steinhús hér á þessu svæði sem, eins og ég sagði, eru kannski meðal merkustu bygginga sem við eigum til. Þess vegna vekur það nokkra furðu mína að það er hvergi minnst á þessar byggingar hér í upptalningarlistanum frá Þjóðminjasafni Íslands.

Hæstv. ráðherra gat um það að fram hefði komið sú hugmynd að það væri hægt að nota fjármuni úr þessum sjóði til nýbygginga og var þar fyrst og fremst átt við tónlistarhúsið. Ég get verið sammála hæstv. ráðherra að það hefði verið rangt að vekja þar upp tálvonir þeirra sem standa að því verkefni, að með þeim hætti væri hægt að finna næga fjármuni til þess að ljúka því mikla verki sem það er að byggja tónlistarhús í nútímalegum skilningi, þ.e. miðað við þær þarfir og allan þann búnað sem fylgir slíku húsi. Ég hef reynt að fylgjast nokkuð með hugmyndum manna um tónlistarhúsið og virði áhuga og vilja þeirra fjölmörgu aðila sem standa að því verkefni sem áhugamenn. Því miður virðist það munu vera næstum óyfirstíganlegt verkefni, a.m.k. á næstu árum og jafnvel áratugum, að við Íslendingar getum ráðist í að byggja fullkomið tónlistarhús. Þó mundi ég svo sannarlega vilja sjá að það gæti gerst og vildi fyrir mitt leyti geta hjálpað til að sá draumur yrði að veruleika að við mundum eignast fullkomið tónlistarhús. En ég hlýt að viðurkenna staðreyndir eins og þær blasa við og gera mér það ljóst að það er næsta fjarlægur draumur. Því miður.

Ég set, eins og ég gat um, fyrst og fremst fyrir mig þessa sérstöku skattlagningu til þessa verkefnis. Ég hefði talið að það þyrfti að finna fjármuni til þess að vernda gamlar byggingar í eigu ríkisins með öðrum hætti og get ekki tekið undir með hæstv. menntmrh. að þetta sé hin rétta leið, þ.e. að leggja á sérstaka eignarskatta til þess arna. Að öðru leyti er ég sammála meginefni frv. sem er að sjálfsögðu að stuðla að verndun gamalla menningarverðmæta eins og þar kemur fram.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og fram kemur á nál. frá hv. Nd. styður þingflokkur Kvennalistans það frv. sem hér liggur frammi en ég vil þó aðeins láta þess getið við þessa umræðu að við hefðum talið heppilegra að nota slíkan sjóð einungis til nýframkvæmda og til þess að taka stór verkefni, eins og t.d. þjóðarbókhlöðuna, en viðhaldsfé til verndunar gamalla bygginga kæmi af fjárlögum. Við teljum mjög nauðsynlegt að reynt sé að einbeita sér að einu verkefni í einu. Það er afar brýnt núna að hraðað verði sem mest má framkvæmdum við byggingu þjóðarbókhlöðunnar. Hún hefur staðið allt of lengi auð og ónotuð og það er mun hagstæðara að öllu leyti að hafa byggingartíma slíkrar byggingar sem stystan.

En ég vildi aðeins að þetta sjónarmið kæmi fram að við hefðum talið það betri kost að hafa viðhald gamalla bygginga á fjárlögum hvers árs en ekki með þeim hætti sem hér er ráðgert, en sjáum okkur þó ekki fært annað en að styðja þetta mjög svo brýna mál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Framhaldsskólar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 454. mál (rekstrarkostnaður, skólanefndir o.fl.). — Þskj. 814, n. 1117 og 1155, brtt. 1116.

Frsm. 2. minni hl. menntmn. (Halldór Blöndal) (frh.):

Herra forseti. Annar minni hl. menntmn. hefur sent frá sér svohljóðandi nál., með leyfi hæstv. forseta:

„Á sl. vori voru sett heildarlög um framhaldsskóla. Á bak við þá lagasetningu var mjög mikil vinna ótal aðila svo árum skipti. Það hafði því verið mikið vandaverk að samræma sjónarmið og laða menn til samstarfs, svo ólíkar skoðanir sem uppi eru og hafa raunar alltaf verið uppi um stefnu í skólamálum og framkvæmd hennar, verkaskiptingu milli skólastiga og milli skóla á sama skólastigi og loks milli ríkis og sveitarfélaga. Það gat því enginn búist við því að allir yrðu að öllu ánægðir með framhaldsskólalögin. Á hinn bóginn er vafalaust að sú skoðun sé yfirgnæfandi meðal skólamanna að nauðsynlegt sé að látið verði á þau reyna áður en þeim er breytt, en óráðlegt að

hlaupa til nú með hvatvíslegar breytingar þó svo að nýr maður hafi sest í stól menntmrh. sl. haust. Það sýnir best hvílíkt flýtisverk frv. er að það var fyrst í þriðju prentun sem ráðherra hafði gert upp við sig hver endanleg gerð þess yrði.

Lögin um framhaldsskóla byggjast á margvíslegum málamiðlunum sem mjög erfitt var að ná. Það er þess vegna í senn ótraustvekjandi og lýsandi fyrir vinnubrögðin að þess skuli hvergi getið hver samdi frv. né hvernig það er undirbúið. Hitt liggur ljóst fyrir að með frv. er dregið úr sjálfstæði skólanna og horfið frá þeirri stefnu sem hvarvetna hefur gefist vel að láta sveitarstjórnir skipa meiri hluta skólanefnda og treysta þannig samstarf skólanna við borgarana.

Frv. var seint fram komið og hlaut ekki þá faglegu umfjöllun í nefnd sem nauðsynleg er, m.a. vegna verkfalls kennara í Hinu íslenska kennarafélagi. Auk þess er eðlilegt að sveitarfélögin fái nokkurn tíma til að glöggva sig á þeim atriðum frv. sem þau varða. Með hliðsjón af framansögðu leggur 2. minni hl. til að frv. verði afgreitt með svohljóðandi rökstuddri dagskrá:

Þar sem ekki hefur fengist reynsla af lögum um framhaldsskóla og frv. það, sem hér liggur fyrir, hefur hvorki fengið nægilegan undirbúning né þá faglegu umfjöllun sem ætlast er til af þingnefndum er frv. vísað frá og næsta mál tekið á dagskrá."

Ég þarf ekki, herra forseti, að fara mörgum orðum um það hversu mjög hefur dregið úr áhrifum þingnefnda á lagasetningu. Í því sérstaka máli sem við erum nú að ræða um var gengið svo langt af hæstv. menntmrh. að hann sendi sérstakan fulltrúa sinn til fundar við nefndina áður en hún hafði í raun og veru hafið störf sín að athugun frv. til þess að enginn misskilningur gæti komist inn í hugum stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar í nefndinni hver væru skilaboð ráðherrans til nefndarmanna. Það vakti athygli að meðal nefndarmanna sjálfra var lítill áhugi fyrir málinu og það vakti líka athygli á fundi sem ég sat í forföllum formanns þingflokks Sjálfstfl. með forsrh., þingforsetum og öðrum formönnum þingflokka hér í þinghúsinu fyrir tveim eða þrem vikum eða svo, að þá tiltók hæstv. forsrh. tvö eða þrjú mál sem hann hafði vissar efasemdir um að hefði í raun og veru tilgang að næðu fram að ganga á þessu þingi. Það kom mér vitaskuld ekki á óvart að eitt af þessum málum var frv. til l. um breyting á lögum um framhaldsskóla.

Ástæðan fyrir því er vitaskuld sú að hæstv. forsrh., fyrirmynd hæstv. menntmrh., hafði gert sér grein fyrir því að frv. hafði fengið takmarkaðan undirbúning. Hæstv. forsrh. hafði ugglaust orðið var við það að ekki stóð til að leggja málið undir sveitarfélögin eins og venja er til þegar um samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga er að ræða og hæstv. forsrh. hefur e.t.v. einnig gert sér grein fyrir því að vegna þeirrar kjaradeilu sem nú er uppi milli ríkisins og framhaldsskólakennara voru engin tök á því að athuga frv. með þeim faglega hætti sem krefjast verður áður en Alþingi lögfestir eða breytir lögum um framhaldsskóla eða skólamál yfirleitt. Þetta er einhver viðkvæmasti málaflokkur sem fyrir Alþingi kemur. Ef mistök eru gerð verða þau ekki auðtekin til baka. Ef unglingur missir eitt ár af námsferli sínum, þá er það ekki aðeins eitt ár af námsferli, þá er það eitt ár af æviferli um leið þannig að auðvitað verðum við að kappkosta það á hverjum tíma að lögin um grunnskólann og um framhaldsskólann, lögin um Háskólann og menntakerfið í heild séu sem nútímalegust og séu í fullkomnu samræmi við þá stjórnunarhætti sem við vitum að farsælastir eru og í samræmi við þær kröfur sem við hljótum að gera til menntunar og fræðslu í landinu.

Af öllum þessum ástæðum er það auðvitað dapurlegt að hinn nýi menntmrh. skuli kjósa gömlu kommúnistavinnubrögðin, tala ekki við einn eða neinn, neita sveitarstjórnarmönnum um eðlilegt samstarf og láta sig engu skipta þótt Hið íslenska kennarafélag komi hvergi að málinu. Það má segja að þetta eigi ekki að koma okkur sjálfstæðismönnum á óvart, allra síst sá þáttur í frv. sem lýtur að því að taka vald af sveitarfélögunum. Samkvæmt núgildandi lögum skipa sveitarfélögin meiri hluta skólanefnda, en því er auðvitað breytt. Þetta er ekki í fyrsta skiptið sem þessi andúð Alþb. á lýðræðislegum stjórnarháttum gægist fram. Alþb. á auðvitað mjög litlu fylgi að fagna nú á þessum dögum. Flokkurinn hefur sjaldan verið jafnlítill og núna og hæstv. menntmrh. gerir sér grein fyrir því að flokkurinn muni bíða mikið afhroð í næstu sveitarstjórnarkosningum vegna slaklegrar frammistöðu fulltrúa hans hér á Alþingi og ég tala nú ekki um í ríkisstjórninni og þess vegna er hæstv. menntmrh. að neyta síðustu kraftanna til þess að reyna að hrifsa völdin frá sveitarfélögunum og reyna að finna einhverja þá leið að áhrif Alþb. í skólakerfi landsins megi verða sem mest.

Við getum rakið sögu skólamálanna. Við getum rifjað það upp þegar Brynjólfur Bjarnason gegndi störfum menntmrh. Ég veit ekki hvort hæstv. forseti getur rifjað það upp með mér hvort fröken Halldóra Bjarnadóttir, sá mikli skörungur, fékk að lafa, kannski eini skólanefndarmaðurinn á landinu, þegar Brynjólfur Bjarnason skipaði skólanefndirnar, eða hvort hún var látin fjúka líka. Mér finnst hálfpartinn að fröken Halldóra Bjarnadóttir hafi verið látin fjúka líka. Þannig var nú gengið að þessum málum. Og eins er það núna, hæstv. menntmrh. getur ekki stillt sig nýkominn í ráðuneytið og neytir allra ráða og ýtrustu krafta til þess að koma í veg fyrir að lögin um framhaldsskóla gangi í gildi og af þeim fáist nokkur reynsla áður en hlaupið er til og þeim breytt.

Ég tók eftir því í viðtali við Þjóðviljann í dag að hæstv. menntmrh. sagðist hafa setið stutt í stólnum, 6–7 mánuði. Það er kannski leiðinlegt að menntmrh. skuli ekki geta talið hversu lengi hann hefur setið í sæti menntmrh. þegar blessuð börnin sem eru að byrja að læra að telja og byrja að læra að leggja saman uppgötva það að menntmrh. ruglast jafnvel í samlagningunni innan við 10 þó enginn sé aukastafurinn, þá má vera að þau sjái lítinn tilgang í því að ná langt í menntuninni e.t.v. En við skulum vona að blessuð

börnin lesi ekki viðtalið við menntmrh. í Þjóðviljanum þannig að þau geri sér ekki grein fyrir samlagningarvillunni.

Jón Böðvarsson, sem a.m.k. í eina tíð var flokksbróðir hæstv. menntmrh., átti sæti í þeirri nefnd sem að lokum gekk frá framhaldsskólafrv. og var þar fulltrúi skólameistara. Það vitum við allir þingmenn að Jón Böðvarsson hefur verið og er einn af merkustu skólamönnum landsins, hefur vakandi og lifandi áhuga á því að reyna að koma framhaldsskólamálunum í það besta horf sem verða megi. Jón Böðvarsson er um leið einn þeirra manna sem er fljótur að átta sig á röksemdum annarra og hefur glöggan skilning á því í skólastarfi hversu þýðingarmikið það er að reyna að samræma sjónarmið.

Jón Böðvarsson hafði samband við nefndina og óskaði að fyrra bragði eftir því að fá að hitta hana þar sem hann taldi það, eins og ég skildi það, samviskumál fyrir sig að hann reyndi að koma fram þeim sjónarmiðum sem hann hefði starfað eftir í framhaldsskólanefndinni og voru ábendingar hans auðvitað mjög vel þegnar af okkur öllum sem á hann hlýddum. Ég varð ekki var við annað á þessum fundi en að einstakir nefndarmenn menntmn. hlustuðu með athygli á það sem þessi merki skólamaður hafði að segja og ég hafði satt að segja reiknað með því eftir að menn höfðu kynnt sér þau gögn sem hann lagði fyrir nefndarmenn að það gæti náðst samkomulag um það í nefndinni, annað tveggja að málið yrði látið bíða næsta þings eða að nefndin yrði sammála um að vísa frv. á nýjan leik til ríkisstjórnarinnar.

Það kom mér þess vegna mjög mikið á óvart þegar á næsta fundi nefndarinnar komu skilaboð frá formanni, sennilega frá ráðherranum í gegnum formanninn, um það að við ættum að samþykkja frv. óbreytt. Ég vildi ekki una því og vegna erindis sem nefndinni hafði borist frá Skólameistarafélagi Íslands taldi ég nauðsynlegt að Ingvar Ásmundsson kæmi til fundar við nefndina og líka vegna þeirra athugasemda sem Jón Böðvarsson hafði gert í sambandi við fornám, áformaðar breytingar á 16. gr. framhaldsskólalaga, sem er 9. gr. frv. eins og það er í þriðju prentun. Bréf Skólameistarafélagsins hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Almennur félagsfundur í Skólameistarafélagi Íslands, haldinn í Menntaskólanum við Hamrahlíð 17. apríl 1989, samþykkir að lýsa stuðningi við frv. til laga um breyting á lögum um framhaldsskóla, nr. 57/1988, sem lagt var fram 10. apríl sl. gegn því að eftirfarandi breyting nái fram að ganga.

Í stað 7. mgr. í 11. gr. komi: Við gildistöku laganna skal gerður samningur milli menntmrn. og hvers skóla um tilhögun á greiðslum til skólanna af fjárlagalið þeirra í þeim tilgangi að skólarnir taki á sig aukna rekstrarábyrgð og að vaxandi hluti fjárveitingar verði greiddur beint til þeirra. Rekstrarframlag, annað en kennslulaun, laun fastra starfsmanna og meiri háttar viðhalds- og stofnkostnaður, skal greitt hverjum skóla fyrir fram. Heimilt er menntmrh. að semja við hvern skóla um aðra tilhögun ef aðilum þykir ástæða til."

Þar sem hér er talað um 11. gr. þá er átt við 10. gr. frv. eins og það liggur fyrir í þriðju prentun, en ég hygg að Skólameistarafélagið hafi fengið frv. í fyrstu útgáfu án þess að ég þori neitt um það að fullyrða.

Það er margt sem vekur athygli í þessu bréfi. Það er í fyrsta lagi þetta orðalag hér: „samþykkir að lýsa stuðningi við frv. gegn því að eftirfarandi breyting nái fram að ganga." Það er greinilegt að skólameisturunum hefur ekki litist á. Orðalagið „gegn því að eftirfarandi breyting nái fram að ganga" sýnir auðvitað glöggum lesara að skólameistararnir hafa verið í vörn. Þeir vissu að hæstv. menntmrh. hafði tök á stjórnarflokkunum. Þeir gerðu sér grein fyrir því að vinnubrögð í þingnefndum nú eru með þeim hætti að það skiptir ekki máli hvaða athugasemdir, ábendingar og leiðréttingar koma fram á nefndarfundum. Þingnefndirnar taka ekki sjálfstæða afstöðu til slíkra breytinga, heldur er sendur sendiboði upp í ráðuneyti til að spyrja hvort það megi breyta frv. og skólameistararnir vissu það enn fremur að engin tök voru að ná til Hins íslenska kennarafélags vegna þess verkfalls sem nú stendur yfir. Í nauðvörn sinni féllust þeir á að lýsa yfir stuðningi við frv. gegn því að eftirfarandi breyting næði fram að ganga. Þessu var síðan haldið að manni.

Jón Böðvarsson hafði verið fulltrúi Skólameistarafélagsins í þeirri nefnd sem gekk frá frv. sem lagt var fyrir síðasta Alþingi og síðar varð að lögum, en gegnir þeirri stöðu ekki lengur nú þannig að hann gat ekki talað fyrir munn skólameistaranna. En það var enginn vafi á því, og nefndarmenn fundu það glöggt á Jóni Böðvarssyni, að hann hafði fyrir því sterka tilfinningu að hugur skólameistaranna hafði verið blendinn þegar þeir samþykktu þá skilmála, þá úrslitakosti sem menntmrh. gerði þeim og leiddi til þeirrar samþykktar og þess bréfs sem ég hef nú lesið upp. Þessu var síðan haldið að manni að Skólameistarafélagið væri samþykkt því að frv. yrði lagt fram. Síðan ætlaði formaður nefndarinnar, og mér skildist meiri hluti nefndarinnar, að knýja fram samþykkt frv. án þess að nokkurt tillit væri tekið til bréfs skólameistara og án þess að nokkur brtt. yrði gerð við frv. sem yrði í samræmi við ábendingar skólameistaranna.

Það var á þeirri stundu sem ég krafðist þess að Ingvar Ásmundsson kæmi á fund nefndarinnar og þar lagði ég fyrir hann þessa spurningu, hvort hann treysti sér til þess að mæla með samþykkt frv. ef ekkert tillit yrði tekið til óska skólameistaranna. Hann brást ókvæða við, kom af fjöllum og taldi sig hafa orð menntmrh. fyrir því að gengið yrði að skilyrðum skólameistaranna. Og athugasemdir formanns Skólameistarafélagsins á þeirri stundu ollu því að formaður menntmn. treysti sér ekki til að afgreiða málið á þessum fundi eins og þó hafði verið ákveðið og tók sér frest til næsta fundar til að ganga frá málinu og gerði þá væntanlega hæstv. menntmrh. grein fyrir því að þeir nefndarmenn sem eru fulltrúar stjórnarflokkanna gætu ekki fallist á að mæla með samþykkt frv. án þess að komið yrði til móts við óskir skólameistaranna. Síðar þann sama dag fengum við svo fréttir af því í stjórnarandstöðunni að fyrirheit hæstv. menntmrh. til

skólameistaranna hafi rifjast upp, en eins og ég sagði áðan, þá er tekið lántökugjald af fyrirheitum ráðherra Alþb., 6% og 6,6% lántökugjald. Og lántökugjaldið sem ráðherrann tók af fyrirheitinu við skólameistarana var þetta: Að ekki mætti standa í brtt. meiri hl. „og að vaxandi hluti fjárveitinga verði greiddur beint til þeirra", þ.e. skólanna. Setningin hljóðar svo í heild sinni, herra forseti:

„Við gildistöku laganna skal gerður samningur milli menntmrn. og hvers skóla um tilhögun á greiðslum til skólanna af fjárlagalið þeirra í þeim tilgangi að skólarnir taki á sig aukna rekstrarábyrgð." Og síðan fellur niður „og að vaxandi hluti fjárveitinga verði greiddur beint til þeirra". Þetta er auðvitað mikil efnisbreyting. Og það liggur auðvitað alveg ljóst fyrir að skólameistarar hafa ekki sagt neitt um það hvort þeir mæli með samþykkt frv. eftir þessa breytingu, eftir að búið er að skera svona og klípa utan af því sem þeim var lofað.

Ég hef kynnst mörgum skólameistaranum og þeir menn sem ég hef kynnst í þeirra hópi eru a.m.k. þeir skapmenn og þeir geðmenn og þeir prinsippmenn að þeir líta á það sem hér er að gerast sem brigð af opinberri hálfu og brigð af hálfu nefndarmanna við það fyrirheit sem þeim hafði verið gefið. Á því leikur enginn vafi. (**EG:** Breytingin er flutt í fullu samráði við formann Skólameistarafélagsins.) Hér er talað um samþykkt Skólameistarafélagsins. Í fullu samráði við formann Skólameistarafélagsins.

Herra forseti. Það hefur áður komið fyrir að ráðherrar og þingmenn Alþfl. hafa gripið fram í fyrir mér í ræðum mínum með alls konar upplýsingum sem síðar hafa reynst staðlausir stafir. Ég mun að sjálfsögðu hafa samband við Ingvar Ásmundsson og spyrja hann um þetta. Hitt liggur alveg ljóst fyrir að hann auðvitað féllst ekki á þetta öðruvísi en svo að honum þótti kannski skárra að fá eitthvað af loforðinu heldur en ekki neitt. Þetta er frasinn. Það er gengið gegn óskum og skoðunum embættismanna. Þeir eru settir upp við vegg, þeim eru settir úrslitakostir. Þeir hafa ríkan þegnskap og vilja ekki efna til illinda og þeir fallast á að gefa svo og svo mikið eftir í fyrstu lotu. Síðan er ekki staðið við það sem lofað er. Og í annarri lotu er sagt: Ef við stöndum nú við eitthvað af því sem við lofuðum þér síðast, viltu þá gefa pínulítið eftir aftur? Viltu þá fyrirgefa mér og láta eins og ekkert sé þó ég standi ekki við allt það sem ég lofaði?

Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að það komi skýrt fram hér við þessa umræðu og að hæstv. menntmrh. svari því fullum fetum: Hafði hann gefið skólameisturum fyrirheit um að frv. yrði breytt nákvæmlega eins frá orði til orðs eins og segir í bréfi skólameistaranna? Hafði hann gefið þeim slíkt fyrirheit og keypt samþykki eða stuðning þeirra við frv. með loforði um að fara að þeirra vilja?

Það er nauðsynlegt, herra forseti, að rifja upp hver sé veigamesta breytingin í sambandi við 10. gr. frv. sem ég hef nú fjallað um, veigamesta breytingin frá núgildandi lögum. Samkvæmt núgildandi lögum er rekstrarkostnaði framhaldsskóla skipt í tvo meginþætti, þ.e. launakostnað sem nánar er skilgreindur og annan rekstrarkostnað. Gert er ráð fyrir að launakostnað greiði ríkissjóður beint til starfsmanna, en rekstrarframlagið greiðist fyrir fram til skóla ársfjórðungslega. Að mati okkar sjálfstæðismanna er hér um mjög veigamikið atriði að ræða til að tryggja fjárhagslegt sjálfstæði skólanna og gera skólastjórnendur ábyrga fyrir hinum fjárhagslega rekstri. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef frá fyrrv. menntmrh., Birgi Ísl. Gunnarssyni, sem jafnframt hafði starfað og verið formaður framhaldsskólanefndarinnar, var gríðarleg áhersla lögð á þetta atriði af skólameisturum og skólastjórnendum. En nú á að kippa þessu fjárhagslega sjálfstæði af skólunum og eins og málið er í frv. var gert ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi en pínulítið hefur náðst í áttina með brtt. og þó er það ógnarlítið eftir að á brott hefur fallið „og að vaxandi hluti fjárveitinga verði greiddur beint til þeirra".

Ég tel nauðsynlegt, herra forseti, að lesa úr álitsgerð Jóns Böðvarssonar það sem lýtur að 3. gr. frv. en hann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Breyting sú sem ráðgerð er á 6. gr. laganna er í aðalatriðum til bóta þótt óþarft sé að tilgreina í lögum verkefni samstarfsnefndar ef setja á reglugerð um verksvið hennar og starfshætti. Að vísu væri nægilegt að menntmrh. setti nefndinni starfsreglur eða erindisbréf. Athuga ber að eðli reglugerða er að flytja vald frá löggjafa til framkvæmdarvalds, í reynd til stjórnarráðsstarfsmanna [og er þessi síðasta málsgrein undirstrikuð]. Þeir ættu aldrei [og aldrei er undirstrikað] að sitja í nefndum er semja reglugerðir vegna þess að enginn á að semja þær starfsreglur sem hann á sjálfur að hlíta."

Ég verð, herra forseti, að taka mjög undir þessa skoðun Jóns Böðvarssonar og hlýt í því sambandi að rifja upp að alþingismenn hafa því miður þá reynslu að lítið verður úr samstarfinu við þingnefndir þá sjaldan einstakir ráðherrar fást til að gefa fyrirheit, oftast óljóst, um það að þingnefndir fái að fylgjast með smíði reglugerða og hvernig mál gangi fram. Mjög glöggt dæmi um þetta er t.d. Tryggingasjóður fiskeldis sem lögfestur var í miklum hasti nú eftir áramótin. Við ýmsir þingmenn héldum því þá fram að sú uppbygging sem hugsuð var í þinginu af hæstv. ráðherra væri röng og höfðum miklar efasemdir um að sjóðurinn kæmi að tilætluðum notum. Ekki mátti þingið þó velta því máli fyrir sér í einn eða tvo daga og upp komu þessir alþýðubandalagsfuglar og kratar og töluðu um það hér hver í kapp við annan að ef þingið tæki sér 2–3 daga til að athuga frv. yrði allt fiskeldið í hættu. Síðan dróst það svo vikum skiptir ef ekki mánuðum að ganga frá lítilli reglugerð í ráðuneytinu. Og enn er það svo að Tryggingasjóðurinn gegnir engan veginn því hlutverki sem honum er ætlað að gegna. Reglugerðin er síður en svo fullkomin og lögin stórgölluð. Eins er það um það frv. sem hér liggur fyrir. Það er flýtisverk annars ráherrans í Alþb. og auðvitað þykist hann ekkert þurfa að spyrja að því,

t.d. sveitarstjórnarmennina í þeim byggðarlögum þar sem framhaldsskólarnir eru hvort þeir telji eðlilegt að það almenna stjórnvald sem þar er, kosið af fólkinu á viðkomandi svæði, fái að skipa meiri hlutann í skólanefndunum. Það er ekki áhyggjuefni þessa hæstv. ráðherra, enda ítök Alþb. minnkandi og hverfandi hvarvetna á landinu.

Jón Böðvarsson skólameistari heldur áfram um þessa grein, með leyfi hæstv. forseta:

„Skipting landsins í framhaldsskólasvæði væri skýlaust til bóta [undirstrikað]. Gert var ráð fyrir þeirri tilhögun í frv. Ragnars Arnalds og fleiri alþýðubandalagsmanna sem ekki náði fram að ganga. Í framhaldsskólanefndinni sem samdi núgildandi lög benti ég á að slík skipan felst í grunnskólalögum og var í iðnfræðslulögum sem féllu úr gildi við samþykkt núgildandi laga. Sá háttur var á hafður við undirbúning laga nr. 57/1988 að fyrst var vandlega undirbúið frv. lagt fram til kynningar og sent umsagnaraðilum. Einn þeirra, Jón Fr. Hjartarson, skólameistari á Sauðárkróki, sendi menntmrh. vel útfærða tillögu um svæðaskiptingu. Ég studdi hana en enginn annar nefndarmaður var henni samþykkur. Mótrök meðnefndarmanna minna voru einkum þau að sú hætta fylgdi svæðaskiptingu að framhaldsskólar yrðu í kjölfar hennar settir undir valdsvið fræðslustjóra. Eftir það yrðu þeir naumast sjálfstæðar rekstrareiningar. Ég var svo bjartsýnn að halda að engin breyting yrði gerð á lögunum fyrr en þau hefðu verið reynd í nokkur ár og sýnt væri hvernig þau gæfust. Ljóst er nú að þar var ég skammsýnn." — Ég sé ástæðu, herra forseti, til að endurtaka þessi ummæli Jóns Böðvarssonar vegna þess að ég efast um að hæstv. menntmrh. geti hrósað sér af því að annar maður sem betra skynbragð ber á skólamál en Jón Böðvarsson sé í hans flokki. En Jón Böðvarsson segir, með leyfi hæstv. forseta, og ég endurtek: „Ég var svo bjartsýnn að halda að engin breyting yrði gerð á lögunum fyrr en þau hefðu verið reynd í nokkur ár og sýnt væri hvernig þau gæfust. Ljóst er nú að þar var ég skammsýnn." Þetta segir Jón Böðvarsson og snertir ekki ráðherra menntamála þó hann fái slíka aðvörun, kemur ekki við hann, lætur sig það engu skipta, en er í bjánalegum mannjöfnuði við fyrri menntmrh. og hagar sér eins og krakki í matrósafötum.

Enn segir Jón Böðvarsson um 3. gr. frv.:

„Verði lögð fram [undirstrikað] brtt. við 6. gr. laganna hygg ég að best væri að orða hana svo:

„Samstarfsnefnd framhaldsskóla skipuð skólameisturum (rektorum) undir forsæti menntmrh. eða staðgengils hans fjallar um sameiginleg málefni framhaldsskóla og samræmir störf þeirra. Samstarfsnefnd skal halda a.m.k. einn fund árlega. Menntmrh. setur nefndinni starfsreglur og tilgreinir þar verksvið hennar og starfshætti. Menntmrh. skiptir landinu í framhaldsskólasvæði og setur starfsreglur í samráði við skólameistara og sveitarstjórnir á hlutaðeigandi svæðum." Síðan heldur Jón áfram með leyfi hæstv. forseta: „Af framansögðu má sjá að ég tel ekki tímabært að leggja fram brtt. við núgildandi framhaldsskólalög, en verði það gert tel ég að einungis eigi að leggja fram kynningarfrv. er sent verði umsagnaraðilum og síðan um fjallað í nefnd sem ráðuneytisstarfsmenn eiga ekki fulltrúa í." Ég endurtek: „sem ráðuneytisstarfsmenn eigi ekki fulltrúa í."

Hvernig skyldi nú, herra forseti, standa á því að þessi reyndi skólamaður og flokksbróðir núv. menntmrh. leggur svo þunga og ríka áherslu á þetta atriði? Ég væri auðvitað að gera Jóni Böðvarssyni upp skoðanir ef ég héldi að ástæðan væri sú að starfsmenn ráðuneytanna töluðu fyrir munn ráðherrans, héldu fram skoðunum ráðherrans og væru fulltrúar ráðherrans í þeim nefndum sem þeir sætu í fyrir hönd viðkomandi ráðuneytis. Ekki er ég viss um að Jón Böðvarsson, og raunar veit ég að Jón Böðvarsson hugsar málið ekki þannig að allt frumkvæði komi endilega frá ráðherranum sjálfum. En á hinn bóginn munum við það sem sátum á fundi menntmn. með Jóni Böðvarssyni að hann lagði mjög ríka áherslu á að erfitt hefði verið að samræma þau sjónarmið sem framhaldsskólanefndinni var falið að vega og meta. Ég man ekki hvort athugasemdir höfðu borist um framhaldsskólafrv. frá 20 aðilum eða eitthvað svo, ítarleg álit frá mörgum hverjum og Jón Böðvarsson sagði að það hefði verið mjög erfitt verk að ná fram þeim málamiðlunum sem nauðsynlegar voru til þess að ná fram heillegu frv. að framhaldsskólalögum sem skólarnir geta vel starfað eftir og menn sætta sig vel við að starfa eftir.

Ég er að vísu ósammála Jóni Böðvarssyni um það að rétt sé að skipta landinu upp í fræðsluumdæmi á framhaldsskólastigi eins og gert er á grunnskólastigi. Ástæðan fyrir því að skólamenn höfnuðu þeirri hugmynd var sú að þeir töldu ástæðulaust að flækja svo mjög stjórnsýslu hinna tiltölulega fáu framhaldsskóla í landinu og vil ég í því sambandi aðeins rifja upp hvaða afleiðingar það getur haft þegar mikil miðstýring er á slíku starfi og skólunum ekki gert kleift að starfa sem sjálfstæðast. Vil ég í því sambandi rifja upp þær umræður sem voru á sínum tíma hér um húsmæðraskólana og húsmæðrafræðsluna í landinu. Við sjálfstæðismenn héldum því þá fram að það væri það sama og að drepa þessa starfsemi, ef um hana yrði sett heildarlöggjöf, heildarnámsskrá sem allir skólarnir yrðu að fylgja í stóru sem smáu í staðinn fyrir að reyna að breyta hlutverki þeirra og markmiði í samræmi við þau nútímalegu sjónarmið sem voru að ryðja sér til rúms í skóla- og atvinnumálum um 1970 og árunum þar á eftir sem að síðustu leiddu til þess að húsmæðraskólana dagaði uppi.

Ég ítreka sem sagt að það er kannski ekki aðalatriðið, herra forseti, hvor okkar hefur rétt fyrir sér, Jón Böðvarsson eða ég, eða hvort reynslan eigi eftir að skera úr um það að skynsamlegt hafi verið að skipta framhaldsskólunum upp í fræðsluumdæmi. Aðalatriðið er hitt að þeir sem ábyrgðina bera og skólastarfið hvílir á úti um landið þeir telja nauðsynlegt og æskilegt að reynsla fáist á framhaldsskólalögin. Þegar formaður menntmn. segir að formaður Skólameistarafélagsins hafi fallist á breytingu sem

hann gerir á tillögum skólameistarans þá þýðir það í raun og veru að skólameistari sættir sig við að fá því ekki ráðið hvernig meiri hl. menntmn. leikur þau erindi sem fyrir nefndina eru lögð.

Um 4. gr. segir Jón Böðvarsson, með leyfi hæstv. forseta:

„Brtt. frv. við 7. gr. laganna tel ég fráleita og vek athygli á að hún er afar efnisólík tillögu um skipan skólanefndar í áðurnefndu frv. Ragnars Arnalds o.fl. sem mjög raunhæf er að mati mínu. Aðalhlutverk skólanefnda hlýtur að vera stefnumótun og fjármálastjórnun. Það hlutverk á að vera í höndum kjörinna fulltrúa kjósenda á hverju skólasvæði sem annaðhvort eru kjörnir beinni kosningu, sbr. frv. Ragnars o.fl., eða valdir af sveitarstjórnum þar. Fráleitt er að tveir fulltrúar starfsmanna sitji í skólanefnd og séu þannig settir yfir skólameistara. Slík tilhögun sýnist þeim mun lakari sem starfsmenn skóla eru færri. Verði þetta ákvæði frv. samþykkt hygg ég að fáir dugandi menn fengjust til þess að gegna skólameistarastarfi." Ég endurtek, herra forseti, þessi síðustu orð Jóns Böðvarssonar: „Verði þetta ákvæði frv. samþykkt hygg ég að fáir dugandi menn fengjust til þess að gegna skólameistarastarfi."

Áfram heldur Jón, með leyfi hæstv. forseta: „Fyrirhuguð skipan skólanefnda er að auki hin mesta óvirðing við sveitarstjórnir. Ég tel að hvorki sveitarstjórnarmenn né almenningur geti unað því ofurvaldi starfsmanna sem í tillögunni felst. Eðlilegt er að kennarar meti allar hugsanlegar breytingar á stefnumótun og kennsluháttum með hliðsjón af hvaða áhrif breytingarnar muni hafa á kjör þeirra. Tækninýjungar og breytt starfaskipan í þjóðfélaginu kalla á framvindu í skólamálum sem hlýtur að koma mörgum kennurum illa. Þeir gætu brugðist við nýjungum á starfssviði sínu líkt og prentarar á Bretlandseyjum. Öðru máli gegnir um nemendur. Hagsmunir þeirra eru fyrst og fremst að skóli þeirra sé sem bestur. Mér hefur jafnan fundist nemendur miklu ábyrgari en kennarar í málum sem falla undir skólanefndir. Kennarar eru hins vegar allra manna hæfastir til þess að ákveða kennsluskipan innan þeirrar umgerðar sem sett er hverjum skóla.

Sú tilhögun að kennarar og aðrir starfsmenn velji tvo fulltrúa í skólanefnd en nemendur einn er mjög ólýðræðisleg. Eigi skólaþegnar að kjósa menn í skólanefndir ættu þeir allir að hafa jafnan atkvæðisrétt, nemendur, kennarar, húsverðir, ræstingakonur o.s.frv. Eigi launaðir starfsmenn að hafa margfaldan atkvæðisrétt á við nemendur kemur mér í hug stjórnarfar í Suður-Afríku. Nemendur eru þar í hlutverki negraminnihlutans. Hvernig fyndist mönnum ef kjósa ætti verksmiðjustjórn t.d. í Héðni, ef verkstjórar og aðrir yfirmenn ættu að hafa margfaldan atkvæðisrétt á við verkamenn? Verði ákveðið að breyta tilhögun skólanefnda er lágmarkssanngirni að nemendafulltrúar séu a.m.k. jafnmargir og starfsmannafulltrúar sem í reynd yrðu kennarar eða bókaverðir en ekki starfsmenn í mötuneytum, gangaverðir eða ræstingafólk.

Vakin skal athygli á að vel hefur gefist sú tilhögun að fulltrúar kennara og nemenda séu áheyrnarfulltrúar á skólanefndarfundum. Ekki tíðkast þó að þeir sitji fundi meðan ræddar eru starfsmannaráðningar."

Hv. þingdeildarmönnum til glöggvunar er nauðsynlegt að gera grein fyrir því hvernig skólanefnd er skipuð lögum samkvæmt, en 7. gr. núgildandi laga hljóðar svo:

„Menntmrh. skipar skólanefnd við hvern framhaldsskóla. Í skólanefndum skulu sitja fimm menn. Skulu fjórir tilnefndir af hlutaðeigandi sveitarfélagi eða sveitarfélögum. Þegar um er að ræða skóla sem annast starfsmenntun skal af hálfu sveitarstjórna gætt við tilnefningu að fulltrúi viðkomandi starfsgreina eigi sæti í skólanefnd. Skipunartími skólanefnda skal vera fjögur ár og miðast við kjörtímabil sveitarstjórna.

Menntmrh. skipar formann skólanefndar án tilnefningar. Tilnefningaraðilar greiða þóknun og annan kostnað vegna starfa fulltrúa sinna í skólanefnd. Skólanefndir við skóla, sem ríkið rekur nú eða kunna að verða stofnaðir án þátttöku sveitarfélaga, sbr. 5. mgr. 3. gr., skulu skipaðar af menntmrh. samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Skólameistari situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt. Hann er framkvæmdastjóri nefndarinnar."

Þannig voru lögin samþykkt og frá þeim gengið 9. maí 1988. En ef ég man rétt krukkaði ríkisstjórnin eitthvað í þessa grein fyrir áramótin.

2. og 3. mgr. 7. gr. laganna, ég er því miður ekki með útgáfuna á lögunum eftir að þeim var breytt fyrr í vetur. (Gripið fram í.) Fyrir vangá. Ég bað um framhaldsskólalögin og fékk þau þannig í hendur en gleymdi því að þeim hafði verið breytt. En það snertir ekki efni þeirrar ræðu sem ég er að tala um. Hér segir í frv.:

„Menntmrh. skipar skólanefnd við hvern framhaldsskóla til fjögurra ára í senn. Í skólanefnd skulu sitja sjö menn: tveir fulltrúar starfsmanna kosnir á starfsmannafundi, einn fulltrúi kosinn af nemendum skólans, þrír fulltrúar tilnefndir af hlutaðeigandi sveitarfélagi eða samtökum sveitarfélaga í viðkomandi landshluta og einn fulltrúa skipar ráðherra án tilnefningar. Fulltrúi nemenda skal þó kosinn til eins árs. Varamenn skulu valdir með sama hætti. Nefndin velur sér formann til tveggja ára í senn.

Tveir skólar eða fleiri í sama kjördæmi eða landshluta geta sameinast um eina skólanefnd."

Nú sé ég engan framsóknarmann hér í deildinni nema hæstv. forseta, sem raunar á sæti í menntmn., þannig að það er kannski rétt að beina orðum sínum til hæstv. forseta í von um að hann geti fengið annan hvorn varaforseta til að setjast í hinn háa stól stuttan tíma ef hann kýs að svara athugasemdum mínum. En mér finnst mjög athyglisvert ef Framsfl. er þeirrar skoðunar núna að rétt sé að sveitarfélögin séu í minni hluta í skólanefndum framhaldsskóla. Framsfl. hefur í mörgum sveitarfélögum mjög sterk ítök og ég vissi ekki betur en í Framsfl. leyndust ýmsir hörðustu

fylgismenn þess að reyna í lengstu lög að halda í hina gömlu hreppaskipan og sýsluskipan og vissi ekki betur en einmitt framsóknarmennirnir skildu líka að til þess að hægt sé að viðhalda byggðunum sé ekki síst nauðsynlegt að skólarnir vaxi þannig upp og dafni, innra starf þeirra sé þannig skipulagt að þeir geti komið sem mest til móts við það fólk sem býr í kringum þá.

Það er af þessum sökum sem ég hélt í barnaskap mínum að Sjálfstfl. gæti einmitt fengið stuðning frá Framsfl. við þá stefnu að reyna að standa á rétti sveitarfélaganna gagnvart ráðuneytisvaldinu og gegn Reykjavíkurvaldinu. En nú er svo komið að það á að taka þennan rétt af sveitarfélögunum, að kjósa meiri hluta skólanefnda framhaldsskólanna, án þess að sveitarfélögin fái í raun og veru svigrúm til andsvara.

Þetta frv. er lagt hér fram undir lokin. Mig minnir að það hafi verið lagt fram síðasta daginn sem heimilt var að leggja fram frv. án þess að sérstaklega þyrfti um það að fjalla hvort þingdeild samþykkti að það væri tekið til umfjöllunar. Síðasta daginn. Og eins og ég sagði áðan andaði þannig til frv. hér innan þingsins að hæstv. forsrh. sá enga ástæðu til að afgreiða það á þessu þingi. Þess vegna hefði maður kannski haldið að einmitt Framsfl. mundi standa með okkur sjálfstæðismönnum að því að veita sveitarfélögunum svigrúmið. (**Gripið fram í:** Framsóknarflokkurinn?) En við því er ekki að búast að Framsfl. standi við það. Það hentar þeim ekki nú í þessu samhengi að þykjast vera byggðaflokkur, enda formaður flokksins kominn til Suðurnesja, auðvitað fyrir hagkvæmni sakir því að hvergi á hæstv. forsrh. betur heima en í því kjördæmi þar sem millilanda- og alþjóðaflugvöllurinn er.

Um 5. gr. frv. segir Jón Böðvarsson, með leyfi hæstv. forseta:

„Eigi skólastjórn [og nú er stjórn skrifað með upphafsstöfum] skipuð starfsmönnum skóla að „vera skólameistara til aðstoðar við stjórnun skóla og rekstur", hvert er þá hlutverk skólanefnda? Eiga skólanefndir og skólastjórn að fást við sömu verkefni?"

Þessara tveggja spurninga spyr Jón Böðvarsson. Nú vil ég, herra forseti, spyrja hæstv. menntmrh. sömu spurninga og Jón Böðvarsson varpar fram í sínu bréfi: Eigi skólastjórn skipuð starfsmönnum skóla að vera skólameistara til aðstoðar við stjórnun skóla og rekstur, hvert er þá hlutverk skólanefnda? Og í öðru lagi: Eiga skólanefndir og skólastjórn að fást við sömu verkefni? Það er nauðsynlegt að fá þessu svarað svo skýrt sé. Það væri líka fróðlegt að fá að vita hver er skoðun formanns menntmn. á þessu máli, en hann gerði sig ekki líklegan til þess í framsöguræðu sinni hér áðan að svara þessum efnisatriðum, þessum veigamiklu spurningum skólamannsins Jóns Böðvarssonar.

Enn heldur Jón Böðvarsson áfram: „Mér virðast tillögur í 4. og 5. gr. frumvarpsdraga þessara fram settar í því skyni að kippa til baka því takmarkaða lýðræði sem náðist með samþykkt núgildandi framhaldsskólalaga. Raunverulegt lýðræði samkvæmt stjórnarskrá og íslenskum lögum felst hins vegar í margnefndu frv. Ragnars Arnalds o.fl. Önnur aðgengileg lýðræðistilhögun fælist í þeirri tilhögun að allir skólaþegnar hefðu jafnan atkvæðisrétt. Benda má á að vel hefur reynst það fyrirkomulag sem lengi hefur verið við lýði í framhaldsskólum að skólanefnd sé ákvörðunaraðili um stefnumótun, svo sem hvaða námsbrautir skuli starfræktar og fjármálastjórnun en skólaráð [og nú hefur Jón upphafsstafi í ráð] fjalli um innri málefni t.d. fjarvistarreglur, agamál, kennslutilhögun og prófaskipan. Nafnið skólaráð var sett í núgildandi lög vegna þess að sú stofnun er og á að vera ráðgjafar- en ekki stjórnunaraðili."

Um 6. gr. segir Jón Böðvarsson: „Þessi brtt. gerir ráð fyrir þriðja stjórnunaraðila. Hinir tveir eru skólanefnd og skólastjórn [stjórn með upphafsstöfum.] Hver á að vera valdaskipting milli þessara aðila?" spyr skólamaðurinn og ég spyr hæstv. ráðherra hinnar sömu spurningar.

Enn segir Jón Böðvarsson, með leyfi hæstv. forseta: „Er ætlunin að ákveða hana með reglugerðum sem áreiðanlega hefðu að geyma ákvæði þess efnis að menntmrn. skæri úr ágreiningsmálum. Athygli skal vakin á að á kennarafundum eiga seturétt fastir kennarar. Meginþorri þeirra skólaþegna sem annast miðlun fræðslu en ekki aðrir, ekki einu sinni stundakennarar sem lítið kenna. Því tel ég rétt að valdsvið kennarafunda takmarkist af starfssviði þeirra sem þar eiga sæti. Skoðun mín er sú að vel megi auka vald kennarafunda frá því er nú tíðkast varðandi námsefnisval, kennslu og prófatilhögun. Á hinn bóginn finnst mér fráleitt að kennarafundir hafi ákvörðunarvald um málefni er nú falla undir skólanefndir eða skólameistara. Kennarafundir geta að sjálfsögðu verið umræðuvettvangur um nánast hvað sem er en kjaramál kennara og önnur hagsmunamál eiga betur heima á kennarafélagsfundum. Sökum þeirrar sérstöðu kennarafunda sem á er drepið hér að framan þótti nefndinni sem samdi núgildandi framhaldsskólalög eðlilegt að valdsvið kennarafunda væri ákvarðað og afmarkað í reglugerð þótt nefndin hafi yfirleitt ekki verið hlynnt reglugerðartilhögun. Því tel ég þá breytingu sem fyrirhuguð er í 6. gr. vera í lagi," segir Jón Böðvarsson og eins og þingmenn rekur minni til gerði ég ekki athugasemd við hana þegar ég fór yfir frv. hér við 1. umr. málsins.

Ég vil vekja athygli hæstv. forseta á því að senn líður að því, innan kannski 5 mínútna, að lokað verður fyrir málsverð hér niðri í matsal þingsins, en fundir munu halda áfram til kvöldmatar þannig að þeir menn sem hér hafa verið í deildinni eiga af þeim sökum rétt til matarhlés að minni hyggju. Ég hafði hugsað mér að vera við umræður í Sþ. eftir að þær hefjast nú kl. 2 þannig að ég hef af þeim sökum ekki svigrúm til að skjótast heim og gá hvort kona mín eigi eitthvað heitt að bjóða mér ef ekki ynnist tími til að fá sér snarl hér niðri núna. Hvað segir hæstv. forseti um þetta? Finnst honum það í samræmi við eðlilegar vinnureglur hér í þinginu að ræðumenn fái matarhlé ef svo háttar til vegna þess máls sem til umræðu er að

þeir geta ekki brugðið sér frá þann hálfan annan tíma sem hægt er að fá að borða hér í eldhúsi? (**Forseti:** Ég hygg að það sé nú eitthvað lengur sem matur verður framreiddur hér niðri þannig að ég vil reyna að þurfa ekki að slíta í sundur ræður ræðumanna áður en hlé er gert.) Ég er mjög þakklátur hæstv. forseta ef hann hefur gert ráðstafanir til þess að halda matnum heitum hér niðri fram eftir degi og veit að frú Þórdís hefur tekið því vel því allt vill hún fyrir okkur gera hér. En þetta er meiri fyrirhyggja hjá hæstv. forseta en ég hafði satt að segja búist við eða vænst. En ég hlakka til að njóta þess.

9. gr. frv. hljóðar svo:

„Síðari málsl. fyrri mgr. og 2. málsl. síðari mgr. 16. gr. laganna falli brott."

Þannig hljóðar 16. gr. sem fjallar um inntökuskilyrði, VI. kafli framhaldsskólalaga:

„Allir, sem lokið hafa grunnskólanámi eða hlotið jafngilda undirstöðumenntun, eiga rétt á að hefja nám í framhaldsskóla að fullnægðum kröfum um starfsþjálfun þar sem hennar er krafist." Síðan leggur meiri hl. nefndarinnar til að niður falli: „Nemendum er skylt að stunda fornám í einstökum námsgreinum samkvæmt ákvæðum í námsskrá hafi þeir ekki náð tilskildum lágmarksárangri."

Meiri hl. nefndarinnar var sammála um að fella þetta niður. Síðari mgr. um inntökuskilyrði hljóðar svo:

„Nemandi, sem orðinn er 18 ára gamall, getur hafið nám í framhaldsskóla án þess að fullnægja inntökuskilyrðum samkvæmt þessari grein nema að því er varðar starfsþjálfun." Síðan kemur: „Heimilt er að setja lágmarkskröfur til inntöku í tiltekna námsáfanga." Meiri hl. nefndarinnar er sammála um að fella þetta líka niður, en standa á: „Inntaka nemenda í skóla er á ábyrgð skólameistara."

Nú skulum við líta á samhengið og nú skulum við veita því athygli að „inntaka nemenda í skóla er á ábyrgð skólameistara" stendur hér í 2. mgr. og á eingöngu við þá nemendur sem orðnir eru 18 ára gamlir. Nemandi sem orðinn er 18 ára gamall getur hafið nám í framhaldsskóla án þess að fullnægja inntökuskilyrðum samkvæmt þessari grein nema að því er varðar starfsþjálfun. Síðan er í lögunum: „Heimilt er að setja lágmarkskröfur til inntöku í tiltekna námsáfanga." Hver er hugmyndin með því að setja lágmarkskröfur? Ætli það sé alveg út í bláinn?

Það kom til mín ungur maður nú í vetur, orðinn 24 ára gamall, hafði ekki lokið stúdentsprófi en hafði tekið sum þeirra prófa sem falla undir stúdentspróf og var kominn verulega áleiðis í öðrum námsgreinum og spurði mig að því hvort ég teldi ráðlegt að hann sækti um inngöngu í rekstrarbrautina í Háskólanum á Akureyri miðað við þá reynslu sem hann hefði og sýndi mér jafnframt þær einkunnir sem hann hafði fengið á sínum menntaskólaferli. Ég hvatti hann auðvitað mjög til þess að reyna að halda áfram námi. En ég ráðlagði honum einnig að senda Stefáni Jónssyni brautarstjóra bréf með upplýsingum um hans námsferil og reynslu og spyrja hann að því í fyrsta lagi hvort hann ætti kost á inngöngu, í öðru lagi ef svo væri, hvar hann teldi þá að þessi ungi maður ætti helst að reyna að mennta sig eitthvað meir til þess að undirbúa sig undir það nám sem hann ætlaði að takast á hendur þá á næsta hausti, til að búa sig undir það. Auðvitað tók sá reyndi skólamaður, Stefán Jónsson, því vel og gaf honum upplýsingar um þau atriði sem hann taldi að vantaði upp á til þess að hann gæti tileinkað sér með góðum hætti það nám sem hann ætlaði að leggja í þá um haustið. Auðvitað var það í þessu tilviki svo að þessi ungi maður leitaði af eigin hvötum til skólans. Ég get verið sammála um það að auðvitað sé æskilegt þegar nemendur eru komnir til ára sinna að þeir að fyrra bragði leiti upplýsinga um það hvernig náminu sé háttað í þeim framhaldsskóla sem þeir ætla að setjast í og reyni að gera sér grein fyrir því hvar þeirra erfiðleikar liggi einkum miðað við fyrra nám og starfsreynslu.

Ég hef ekki orðið var við það að þær lágmarkskröfur sem settar hafa verið í tiltekna námsáfanga nú á seinni árum séu ósanngjarnar, óbilgjarnar og ýti þeim einstaklingum frá sem maður mætti ætla að lykju prófi að öðrum kosti. Auðvitað má alltaf segja þegar um inntökuskilyrði er að ræða að maður viti ekki hverjir hafi hætt við. Það má auðvitað alltaf segja. En jafnsárt og það er fyrir nemendur á gelgjuskeiði að þurfa að sitja eftir er hitt þó enn þá sárara fyrir rígfullorðna menn að geta ekki nýtt sér kennsluna, skólagönguna, vegna þess að þeir voru illa undirbúnir.

Ég get þess vegna ekki séð að fyrir því séu nein rök að ekki eigi að vera heimild fyrir framhaldsskólana, einstaka fagskóla, (**Gripið fram í:** Það er heimilt.) að setja lágmarkskröfur til inntöku í tiltekna námsáfanga. Eins og 9. gr. liggur hér fyrir, þá er gert ráð fyrir því að 2. málsl. síðari mgr. 16. gr. falli brott. Hef ég eitthvað misskilið það? (Gripið fram í.) En ber að skilja það svo að hugmynd menntmrh. sé að láta síðari mgr. vera óbreytta kannski? Þá þarf að umorða frv., flytja brtt. við 9. gr. (**Menntmrh.:** Hún fellur niður. Það er rétt eins og stendur í frv.) Það er rétt eins og stendur í frv., já. Og þá er það rétt sem ég segi. Ég trúi því nú ekki að ýmsir skólameistarar, ég get t.d. talað um rektor Menntaskólans í Reykjavík, að hann sé sammála því að ekki megi setja inntökuskilyrði í Menntaskólann í Reykjavík, að það eigi kannski bara að varpa hlutkesti um það, draga um það hvaða nemendur settust í þann skóla.

Um þessa grein, 16. gr., segir Jón Böðvarsson, um fyrri liðinn, fornámið:

„Hætt er við að starfsmenn menntmrn. beiti drottnunarrétti sínum til þess að hindra að fornámsáfangar verði starfræktir ef ákvæði um fornám verður fellt úr núgildandi lögum. Fornámsáfangar eru hagkvæmir þeim nemendum sem ekki hafa nægilegan undirbúning til þess að geta fylgst með öðrum nemendum í byrjunaráföngum á framhaldsskólastigi. Því ætti ekki að fella brott úr lögunum 2. málsl. 1. mgr. 16. gr."

Um þetta vil ég að öðru leyti segja það að Ingvar Ásmundsson skólameistari upplýsti menntmn. um að í flestum eða öllum framhaldsskólum úti á landi væri nemendum gefinn kostur á fornámi. Hins vegar væri það svo hér í Reykjavík að fornám væri einungis boðið fram í tveim framhaldsskólum, Iðnskólanum í Reykjavík og ég held að ég fari rétt með að Réttarholtsskólinn sé hinn skólinn. Við spurðum hann að því hvort hann teldi að þessi breyting mundi hafa það í för með sér að fornám félli með öllu niður í framhaldsskólunum í Reykjavík og spurðum hann um leið að því hvort hann teldi að fornámið hefði verið gagnlegt. Skólameistari taldi að fornámið hefði verið mjög gagnlegt, taldi reyndar eðlilegt að gefinn væri kostur á fornámi í öllum skólahverfum, í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti og annars staðar, að nemendur þyrftu ekki að fara niður í Iðnskóla til þess að sækja fornám, heldur ætti hverfaskiptingin við einnig þar. Hann taldi líka að þó svo að fyrir dyrum stæði að skera mjög niður skólastarfið á næsta hausti, þá var það skoðun Ingvars Ásmundssonar að það mundi ekki bitna á fornáminu í hans skóla. Á hinn bóginn vakti hann athygli nefndarmanna á því að fornámið væri mjög dýrt og kostnaðarsamt sem aftur gefur mér tilefni til þess að spyrja hæstv. menntmrh. beint þeirrar spurningar hvort þessi breyting á fyrri mgr. 16. gr. sé sett inn í frv. til þess að opna möguleika á því fyrir menntmrn. að skera fornám niður í einhverjum þeirra framhaldsskóla sem nú hafa það á þessu skólaári. (**Menntmrh.**: Svarið er nei.) Svarið er nei, segir menntmrh. Hver er þá tilgangurinn með breytingunni? (**Menntmrh.**: Það stendur í greinargerðinni.) Hver er þá tilgangurinn með greinargerðinni?

Ég skil náttúrlega ekki hvað rekur menn til þess að breyta þeim málsgreinum um inntökuskilyrði með þeim hætti sem hér er lagt til. Þetta er í fullri andstöðu og fullu ósamræmi við skoðanir allra þeirra skólamanna sem ég hef talað við og skiptir þá engu máli hvort ég rifja upp reynslu mína síðan ég var kennari, rifja t.d. upp skólastjórn Jóns Gissurarsonar hér niðri í Lindargötuskóla eða hvort ég rifja upp samræður mínar nú á seinni árum og eftir að þetta frv. kom fram þegar ég hef spurt kennara og skólastjóra hvernig þeim lítist á þá breytingu sem felst í 9. gr. Það er í rauninni sorglegt að þeir menntamálanefndarmenn, sem vilja styðja þessa grein, skuli ekki hafa manndóm í sér til þess að standa upp í deildinni og gera grein fyrir því hvers vegna þeir í fyrsta lagi telja ekki nauðsynlegt að það sé skylt að veita fornám, að nemendum sé skylt að stunda fornám og í öðru lagi hvers vegna þeir telji rétt að heimila ekki að lágmarkskröfur séu settar til inntöku í tiltekna námsáfanga. Um það atriði segir Jón Böðvarsson, með leyfi hæstv. forseta:

„Nauðsynlegt er að skólar hafi heimild til þess að setja lágmarkskröfur til inntöku í tiltekna námsáfanga. Dæmi: Í MR hefur áratugum saman tíðkast að lágmarkseinkunn í stærðfræði þurfi til þess að nemendur komist í eðlisfræðideildir. Falli 2. málsl. 2. mgr. 16. gr. brott úr lögum hefur sá skóli ekki lengur heimild til slíkrar takmörkunar."

Ég get líka rifjað upp að í Verslunarskólanum er það skilyrði sett fyrir inngöngu í stúdentadeild að nemandi hafi fengið 6,5 á verslunarprófi. Með því að breyta ákvæðum laganna er því beinlínis verið að koma inn í innri stjórn skólanna, skyndilega eins og þjófur úr heiðskíru lofti og án þess að gefa viðkomandi skólamönnum, starfsmönnum, kennurum þessara skóla og nemendum þessara skóla neinn kost á því að fjalla um þessa efnisbreytingu. Hvaða nauður rekur núv. hæstv. menntmrh. eftir að hann hefur verið eitthvert brot úr skólaári menntmrh. til að koma með þessa breytingu skil ég ekki og hélt ég satt að segja að metnaður menntmrh. ætti fyrst að standa til þess að reyna að sitja í þessu sæti þannig að eitt skólaár geti gengið sæmilega og misfellulaust fyrir sig áður en hann fer að skipta sér af innra starfi elstu menntastofnana þessa lands eins og Menntaskólans í Reykjavík.

Herra forseti. Það er auðvitað vonum seinna sem skólamálin koma til umræðu hér í deildinni en svo vel vill til að sl. þriðjudag birtist grein í Morgunblaðinu eftir Viktor A. Guðlaugsson, skólastjóra Árbæjarskóla í Reykjavík. Ég tel nauðsynlegt, vegna þess að í þessari grein er fjallað um þann sparnað sem hæstv. menntmrh. hefur fyrirskipað að gerður verði í skólum landsins, að lesa bréf skólastjórans og fá upplýsingar hjá hæstv. menntmrh. nú við þessa umræðu um það í fyrsta lagi hvort rétt sé það sem í bréfinu stendur og óska eftir því líka, herra forseti, að hér við þessa umræðu verði lagt fram samsvarandi bréf, ef til er, eða áætlun, ef til er, um það hvernig eigi að standa að niðurskurði á kennslu í framhaldsskólum landsins.

Við erum hér að fjalla um framhaldsskólalögin. Hæstv. menntmrh. lætur hafa mikið og digurt viðtal við sig í Þjóðviljanum í dag þar sem hann bólgnar út af metnaði fyrir skólana í landinu, er eins og blöðrukall þegar blásið er í, maður sér það fyrir sér hvernig blaðran smátt og smátt þenst út og bíður bara eftir að hún springi þegar líða tekur á viðtalið. Það er þess vegna nauðsynlegt að við fáum að kynnast eitthvað þessum ríka metnaði hér í deildinni. En þó vitum við það, herra forseti, eins og ég hef margtekið fram, að ráðherrarnir eru hættir að nenna að tala í þinginu vegna þess að þeir geta hlaupið í sjónvarpið þegar þeim sýnist og vegna þess að spyrlarnir í fréttatímanum eru ekki betur inni í málum en svo að þeir kunna ekki að spyrja þeirra spurninga sem nauðsynlegar eru til þess að draga fram staðreyndir eða stöðu mála. Samkvæmt þeim upplýsingum sem skólastjórinn greinir frá í blaðagreininni er sparnaðaráætlun menntmrn. í sex greinum sem gerð er grein fyrir með þessum hætti, með leyfi hæstv. forseta:

„Í fyrsta lagi: Frestað verður að auka kennslu 6 ára barna sem gert hafði verið ráð fyrir og átti að kosta heilar 10 millj. kr. Þennan mikla sparnað verður að skoða í ljósi þess að menntmrh. hefur á undanförnum mánuðum riðið um héruð og m.a. boðað einsetinn

skóla og aukna kennslu, einkum til handa yngri börnum, heimilum í landinu til mikils léttis. Það er heldur ekki útilokað að ráðherrann hafi fengið þessa snjöllu hugmynd þegar hann var búinn að lesa sér til ánægju alla óskalistana sem hann sendi skólum og foreldrafélögum sem jólaglaðning og innihéldu forgangsverkefnin í íslenskum skólamálum." — Svo mörg voru þau orð um fyrsta liðinn.

Nú vildi ég óska þess, hæstv. forseti, eða spyrja hvort þingið geti ekki látið menntamálanefndarmönnum í té óskalistann. Úr því að menntmrh. hafði fyrir því að senda öllum skólum landsins og foreldrafélögunum í jólagjöf forgangsverkefnin í íslenskum skólamálum er þá ekki hægt að fá þetta? (**Menntmrh.**: Hann var sendur öllum þingflokkum.) Ég óska eftir því að nefndarmenn menntmn. fái þetta og óska eftir að þingið hafi milligöngu um það.

Ég vil líka minna á það, og væri gaman að rifja upp hversu oft hæstv. menntmrh. meðan hann var óbreyttur þingmaður talaði hér í þinginu eða flokkssystkini hans um nauðsyn þess að auka kennslu sex ára barna. Var þetta ekki á tímabili eitt af helstu baráttumálum Alþb. í skólamálum?

Síðan segir Viktor A. Guðlaugsson í öðru lagi, herra forseti:

„Dregið verður eins og kostur er úr framlögum til forfallakennslu sérstaklega í 7.–9. bekk. Þetta er mikið snjallræði enda ætlar ráðherrann að spara hvorki meira né minna en 4 millj. með þessu tiltæki. Þetta þýðir í raun að veikist kennari skuli börnin annaðhvort send heim eða þau látin ráfa um skólann milli stunda, e.t.v. án eftirlits hvort sem forfallakennari fæst eður ei. Þetta hlýtur að stórbæta skólastarfið og virkilega vera sinna fjögurra milljóna virði."

Ég veit ekki, herra forseti, hverju ég hef við þetta að bæta. Þannig stendur á að ég kenndi einmitt á þeim árum fyrst þegar lítið var um forfallakennslu nema veikindi kennara væru mjög alvarleg en á síðustu árum mínum sem kennari var það orðin föst venja ef það brygðist að kennt yrði reyndi skólastjóri að sjá til þess að kennsla félli ekki niður og var þá hlaupið í skarðið. Og auðvitað hafði það mikið að segja til þess að viðhalda festu í skólastarfinu að reynt væri að láta skólann ganga sinn gang.

Í þriðja lagi segir skólastjórinn, með leyfi hæstv. forseta:

„Svokölluð „kvótastörf" verða skert um 4%. Skerðingin verður meiri seinni hluta ársins þar sem þegar er víðast búið að fullnýta kvótana frá janúar/maí. Á mannamáli merkir þetta að það á að draga úr möguleikum skólanna til að halda uppi félags- og tómstundastarfi meðal nemenda og skerða þjónustu skólasafna og fleira. Með þessu ætlar ráðherrann að spara hvorki meira né minna en 2 millj. Það munar um minna í ríkishítinni og þetta fellur eins og flís inn í meistarastykki félagshyggjuflokkanna um þessar mundir."

Í fjórða lagi segir skólastjórinn, með leyfi hæstv. forseta:

„Orðrétt segir í þessum lið bréfsins: „Með því að færa sundkennslu inn í viðmiðunarstundaskrá er gert ráð fyrir að spara megi um 18 millj. kr., sjá hjálagt bréf."

Það er hér sem orðsnilld Svavars Gestssonar rís hæst, svo hátt að jafnvel reyndustu skólamenn líta upp í orðvana hrifningu. Engum sem ekki kann ráðherrareikning gæti dottið í hug að með því einu að breyta staðsetningu umræddra sundtíma á viðmiðunarstundaskránni mætti spara heilar 18 millj. En svo var það þetta hjálagða (hjáróma) bréf sem vitnað er í sem eyðileggur áhrif þessarar hugljómunar. Þar er nefnilega sagt að um leið og umræddir sundtímar eru færðir til á viðmiðunarstundaskránni skuli skera almenna kennslu niður um eina stund á hverja bekkjardeild grunnskólans frá 1.–9. bekk. Jafnframt er skólanum falið að ákveða hvar skorið skuli. Í sparnaðarskyni [feitletrað] hefði því mátt orða þennan fjórða lið svo: Almenn kennsla í grunnskólum skal skorin niður um eina kennslustund á hverja bekkjardeild skóla.

Í öllum þessum orðaflaumi virðist ráðherrann hreinlega hafa verið að drukkna og því gripið til sundtakanna í von um björgun.

Það þarf ekki mikið hugvit til að sjá hvernig þessar aðgerðir ráðherrans falla inn í boðskap hans um samfelldan skóladag. Því styttri sem skólinn er þeim mun auðveldara er að hafa skóladaginn samfelldan. Þetta um lengingu skóladagsins sem ráðherrann hefur boðað á sínum tíðu fundum verður hins vegar ekki skýrt nema setja það í samband við annan lið sparnaðarherferðarinnar, þ.e. að börn og unglingar gangi sjálfala í skólum. Fækkun kennslustunda í grunnskólum hlýtur hins vegar að fara að teljast til einkaframlags Alþb. til íslenskra skólamála því í ráðherratíð Ragnars Arnalds var einnig gripið til þessa ráðs. Þannig hafa menntamálaráðherrar Alþb. skert kennslu í efri bekkjum grunnskóla um þrjár kennslustundir á viku frá því sem grunnskólalög gera ráð fyrir og viðtekið var. Það þarf því ekki að rækta nema fáein eintök til viðbótar af þessum sérstaka ráðherrastofni til að kennsla í grunnskólum leggist að mestu af. Slíkt yrði þjóðarbúinu veruleg lyftistöng."

Í fimmta lagi segir skólastjórinn, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðuneytið ætlar að spara á tilteknum liðum 35 millj. kr. Þetta lofar góðu og er rúmlega helmings aukning á þeim niðurskurði sem þegar hefur verið tíundaður. Við hljótum að bíða í ofvæni eftir þessum nýja félagsmálapakka."

Í sjötta lagi segir skólastjórinn, með leyfi hæstv. forseta:

„Fræðslustjórum er ætlað að finna leiðir til að spara 57 millj. til viðbótar því sem að ofan er talið. Fræðslustjórinn í Reykjavík á t.d. að spara 17 millj. Það er auðvitað skiljanlegt að skörð séu komin í blaðið á niðurskurðarhníf ráðherrans eftir að hafa sargað svo grýttan efnivið. Því er brugðið á það ráð að reyna að beita bakkanum. Það er nú svo að möguleikar fræðsluskrifstofanna til sparnaðar eru helst á sviði sérkennslu og sálfræðiþjónustu skóla."

Ég endurtek: „Það er nú svo að möguleikar fræðsluskrifstofanna til sparnaðar eru helst á sviði sérkennslu og sálfræðiþjónustu skóla. Sé það hugmynd félagshyggjustjórnarinnar að leggja þar til atlögu fer nú stjarna hennar fyrst að skína skærast.

Menntmrn. sendi skólunum bréf í marsmánuði þar sem þeir eru beðnir að gera grein fyrir lausum kennarastöðum. Það hlýtur því að vera skólunum mikill léttir að þurfa ekki að sinna þessu bréfi ráðuneytisins fyrr en í maí þegar ákvarðanir þess um kennslumagn liggja loks fyrir. En það er ekki tekið út með sældinni að eiga að spara 126 millj. í grunnskólunum, síst af öllu þegar á sama tíma verður að borga 250 millj. fyrir geymslu á kindakjöti vetrarlangt eða þar til það verður urðað svo eitthvað sé nefnt af þeim félags- og menningarlegu verkefnum sem ein vesæl félagshyggjustjórn þarf að standa straum af."

Svo mörg voru þau orð, herra forseti, og greinilegt að þessum skólastjóra er mikið niðri fyrir. Og nú skyldi enginn ætla að þessi skólastjóri geti ekki vel talað, hann hafi ekki bakgrunn til þess, því hann hefur mikla reynslu sem slíkur og hefur hvarvetna verið rómuð hans skólastjórn. Ég þekki til hennar meðan hann var í Stóru-Tjarnaskóla. Sérstaklega vakti það athygli mína og margra annarra hvaða umskipti urðu í tónlistarkennslunni, en Viktor A. Guðlaugsson er mikill og góður tónlistarmaður og hafði lag á því að safna til sín öðrum slíkum norður í Ljósavatnsskarð þannig að þar var kennt á fjölmörg hljóðfæri, bæði slaghörpu, strengjahljóðfæri, fiðlu, blásturshljóðfæri og yfirleitt var allt skólastarfið til mikillar fyrirmyndar. Við erum því hér að tala um skólamann sem veit vel hvað hann er að segja og hefur mikinn metnað fyrir sinn skóla.

En það sem vekur athygli hér er hugmynd hæstv. menntmrh. að skera niður það fjármagn sem nauðsynlegt er til að halda uppi sérkennslu og sálfræðiþjónustu skóla. Er þetta rétt lesið, hæstv. menntmrh.? Ber að skilja það svo, hæstv. menntmrh., að það sé ekki trygging fyrir því að nauðsynlegri sérkennslu verði haldið uppi á hausti komanda? Og á að draga úr sálfræðiþjónustunni? Það er nauðsynlegt að fá þetta upplýst. Ég held að hæstv. félmrh. ætti að kynna sér svör ráðherrans eins og hann gaspraði hér á sínum tíma. En í þetta skipti treystir menntmrh. sér ekki til þess að tala úr hliðarherbergi. Hann treystir sér ekki til að svara. Ég tek þögnina svo að ráðherrann hafi ekki hugmynd um það hvort hann sé maður til þess að halda sérkennslunni uppi og koma henni í það horf sem nauðsynlegt er, að hægt sé að sjá þeim nemendum sem greindir hafa verið fyrir þeirri sérkennslu sem metin er af sérfræðingum nauðsynleg.

Ég hef hér, herra forseti, dregið fram sparnaðartillögur hæstv. menntmrh. í grunnskólum landsins, en menntmrh. segist hafa mikinn metnað fyrir skólastarfið í landinu. Nú vil ég óska eftir því að hæstv. menntmrh. kynni fyrir deildinni hverjar séu sparnaðarhugmyndir hans varðandi framhaldsskólana svo að við fáum líka að sjá og heyra hverjar þær eru. Við þurfum að fullvissa okkur t.d. um það að menntmrh. sé maður fyrir þeim orðum sínum að ekki verði dregið úr fornáminu heldur að það verði aukið, svo að ég taki eitt dæmi.

Við þurfum líka að fá upplýsingar um það hvort hæstv. menntmrh. hafi í hyggju að draga úr fjármagni til verklegrar kennslu og síðast en ekki síst er nauðsynlegt að hæstv. menntmrh. skýri þau ummæli sín hér í deildinni hvað hann hafi átt við með því í einhverjum sjónvarps- eða útvarpsþættinum að hann muni hafa forgöngu um það að sækja þá nemendur heim sem hrökkluðust frá námi nú á þessum vetri þar sem ekki hefur verið hægt að ljúka skólaárinu með eðlilegum hætti. Er hægt að fá hæstv. menntmrh. til þess að tala um framhaldsskólamálin yfirleitt hér í þinginu eða ætlar menntmrh. okkur þingmönnum að elta fjölmiðlana til þess að fá að vita hvað er að gerast? Það er auðvitað óhjákvæmilegt að þessi ráðherra sem talar með mestri kokhreystinni af þeim öllum gefi þinginu skýrslu, gefi deildinni skýrslu um það hvernig hann ætlar að standa að skólastarfinu á hausti komanda og í öðru lagi auðvitað að hann rökstyðji það betur en verið hefur hvers vegna hann leggur svo mikla áherslu á að fá hér lögfest frv. sem allir þeir sem ég þekki til telja að hafi fengið ónóga efnismeðferð, sé illa undirbúið og raunar út í hött.

Mest mundi ég sakna þess ef fulltrúar Framsfl. í menntmn., sem eru tveir, tækju ekki til máls við þessa umræðu því að ég tel að þeir hljóti að verða að gera grein fyrir stefnu síns flokks í þessum málum. Þeir geta ekki skorast undan því eða að öðrum kosti: þeir verða þá að skýra hvers vegna þeir létu handjárna sig í málinu. Því það er deginum ljósara og var augljóst í nefndinni að þar var ekki einn einasti nefndarmaður nema kannski fulltrúi Alþb. sem hafði nokkurn áhuga á því að þetta mál næði fram að ganga. Það var bara af því að það var kippt í spotta. Það var bara af því að ríkisstjórnin sagði þeim að gera það. Það er bara vegna þess að það er verið að versla. Ef Alþb. samþykkir ekki húsbréfin, samþykkir ekki Alþfl. framhaldsskólafrv. o.s.frv. Þannig er það. Og hvað er undir? Út á hvað ganga hrossakaupin? Það er námsferill unglinganna og það eru húsnæðismál unga fólksins.

Ég legg áherslu á það, hæstv. forseti, að sú tillaga, sem við sjálfstæðismenn ásamt fulltrúa Borgfl., Guðmundi Ágústssyni, flytjum um rökstudda dagskrá um að vísa málinu frá, er í samræmi við skoðanir þeirra skólamanna sem við höfum rætt við og byggist auðvitað fyrst og fremst á því að það yrði mikið slys ef þetta frv. yrði samþykkt án þess að reynsla fáist af þeim framhaldsskólalögum sem samþykkt voru á sl. vori.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom hjá hv. 2. þm. Norðurl. e. skrifa ég undir álit 2. minni hl. menntmn. Ég get verið sammála öllu því sem fram kom í ræðu frsm. þess nál. Það sem við leggjum höfuðáherslu á eru þær skoðanir sem koma fram hjá Jóni Böðvars-

syni í álitsgerð sem hann lagði fyrir nefndina þar sem þetta frv. er má segja hakkað niður og þar sem hann leggur áherslu á það að þau lög sem nú eru í gildi fái fyrst að njóta sín áður en þeim er breytt. En á það skal minnt hér, eins og fram kom í ræðu hv. 2. þm. Norðurl. e., að á síðasta þingi voru samþykkt hér framhaldsskólalög eftir mikinn barning. Það frv. sem síðar varð að lögum hafði velkst um lengi og það varð málamiðlun kennara, nemenda, skólameistara, fræðslustjóra og fleiri sem þessi málaflokkur varðar, þetta varð eins konar málamiðlun og ég held að það sé mjög óæskilegt að hrófla við þeim lögum sem nú eru í gildi, sérstaklega þegar litið er til þess að það frv. sem hér liggur frammi hefur ekki fengið þá umfjöllun sem æskilegt er að það fái. Það kemur ekki fram í frv. og var ekki heldur upplýst í nefndinni að þeir aðilar, sem stóðu að þeirri málamiðlun sem í núgildandi lögum felst, hafi barið þetta frv. augum og lagt fram athugasemdir við það. Þetta eru því mjög fljótfærnisleg vinnubrögð og ættu ekki að líðast hér á Alþingi. Þess vegna tek ég undir það sem fram kemur í áliti 2. minni hl. að málinu verði vísað frá með rökstuddri dagskrá.

Það sem ég hef einkum að athuga við þetta frv. er það sem fram kemur í 4. gr. frv. um skipan skólanefnda, en það er verið að breyta þar 2. og 3. mgr. 7. gr. laganna og vil ég leyfa mér í því sambandi að lesa upp það sem Jón Böðvarsson segir um það. Hv. 2. þm. Norðurl. e. hafði raunar gert það að einhverju leyti en ég vil, með leyfi forseta, ítreka það sem hann segir:

„Fráleitt er að tveir fulltrúar starfsmanna sitji í skólanefnd og séu þannig settir yfir skólameistara. Slík tilhögun sýnist þeim mun lakari sem starfsmenn skóla eru færri. Verði þetta ákvæði frv. samþykkt hygg ég að fáir dugandi menn fengjust til þess að gegna skólameistarastarfi.

Fyrirhuguð skipun skólanefnda er að auki hin mesta óvirðing við sveitarstjórnir. Ég tel að hvorki sveitarstjórnarmenn né almenningur geti unað því ofurvaldi starfsmanna sem í tillögunni felst. Eðlilegt er að kennarar meti allar hugsanlegar breytingar á stefnumótun og kennsluháttum með hliðsjón af hvaða áhrif breytingarnar muni hafa á kjör þeirra. Tækninýjungar og breytt starfsskipan í þjóðfélaginu kalla á framvindu í skólamálum sem hlýtur að koma mörgum kennurum illa."

Þetta er það sem Jón Böðvarsson segir og ég get tekið undir það sem þarna er tíundað að það sé mjög óæskilegt fyrir það fyrsta að fjölga úr fimm í sjö og svo í öðru lagi að starfsmenn skólanna komi þarna inn í og geti náð meirihlutavaldi í skólanefndunum. Það kemur síðar fram í álitsgerð Jóns Böðvarssonar að með þessu er verið að búa til eitt stjórnsýslustigið í skólanum í viðbót. En það átti frekar að vera stefnumótandi vald eða stefnumótandi nefnd sem færi með peningamál og annað og það sem lá til grundvallar því þegar lögin voru samþykkt var að þarna kæmu inn utanaðkomandi aðilar sem hefðu tengsl úti í atvinnulífinu og sem hefðu áhuga á skólamálum, en nú er búið að eyðileggja þá grunnhugmynd sem þarna lá að baki með þessum breytingum.

Annað er það í þessu frv. sem ég geri athugasemdir við, en það er í 9. gr. frv. um að síðari málsl. fyrri mgr. og 2. málsl. síðari mgr. 16. gr. laganna falli brott. Til þess að skýra hvað í þessu felst vil ég leyfa mér að vísa í grg. frv. en þar segir:

„Hér eru felld niður þau ákvæði sem eru í lagagreininni að nemendum sé skylt að stunda fornám í einstökum námsgreinum samkvæmt námsskrá hafi þeir ekki náð tilskildum lágmarksárangri. Þetta þótti vera í ósamræmi við ákvæði greinarinnar um að allir ættu rétt til að hefja nám í framhaldsskóla sem lokið hefðu grunnskólanámi." Hinir svokölluðu foráfangar eða 00-áfangar, eins og það heitir í þeim skólum sem hafa einingakerfi, verða með öðrum orðum ekki til staðar lengur eða ekki skylda að hafa þá. Hins vegar er enn þá heimild fyrir slíku þannig að skólarnir geta þetta, en þegar um sparnað er að ræða í skólakerfinu þá verður þetta mjög líklega fyrst sparað og þessir áfangar felldir niður. En eins og margir vita eru sumir nemendur þannig að þeir eru góðir á einu sviði en slæmir á öðru og hugsunin að baki þessum áföngum á sínum tíma var sú að menn sem væru kannski góðir í tungumálum en lélegir í stærðfræði gætu farið í svona undirbúningsáfanga til þess að jafna þau fög sem þeir væru slæmir í.

Þetta er nú kannski það helsta sem ég hef beint við frv. að athuga. Hins vegar get ég tekið undir það að hér er að mörgu leyti aðeins um lagfæringar að ræða á frv. og kannski á sumum stöðum aðeins spurning um orðalag, en samt sem áður tel ég, og með vísan til þess að þetta hefur ekki fengið þá umfjöllun sem æskilegt er, að það eigi að vísa þessu máli frá. Til frekari rökstuðnings má minnast á það að þeir sem sömdu frv. á sínum tíma og lögðu mikla vinnu í það hafa ekki haft tök á því og hafa ekki fengið að kynna sér efni þessa máls og þetta hefur ekki farið út til skólanna eins og lögin um framhaldsskóla þegar þau voru í undirbúningi. Ég tel því mjög æskilegt að allar breytingar sem gerðar verða á framhaldsskólalögunum sem og öðrum lögum er varða menntastofnanir þjóðarinnar verði gerðar í sem nánustu samstarfi við þá aðila sem eiga að framfylgja lögunum.

Ég sé að klukkan er að nálgast tvö og það er fyrirhugaður fundur í Sþ. núna kl. tvö og vil ég ekki verða til þess að tefja þessa umræðu og að sá fundur þurfi að frestast. En ég vil sem sagt leggja áherslu á það sem fram kemur í nál. okkar í 2. minni hl. og að við frestum þessu máli og tökum það upp aftur að hausti. Ég tel að ekki sé sú nauðsyn fyrir hendi að þetta frv. þurfi að fara í gegnum þingið núna á síðustu dögum.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þær ítarlegu umræður sem hér hafa farið fram um ýmsa þætti þjóðfélagsmála undir þessum dagskrárlið. Ég vil víkja aðeins að spurningum sem til mín var beint.

Fyrst varðandi fyrirheit við skólameistara. Svarið

er það að ég var og er hlynntur þeim ábendingum sem fram komu frá skólameisturum. Ég tel að sú niðurstaða sem fékkst hjá meiri hl. nefndarinnar sé til bóta og ég er sannfærður um að þar er komið til móts við sjónarmið skólameistara.

Varðandi sparnað í grunnskólanum er gert ráð fyrir því að spara 126 millj. kr. af 4800 millj. kr. útgjöldum. Það er erfitt verk, það er sársaukafullt. Það er ekki síður erfitt fyrir mig en aðra að standa að slíku en ég hélt að það væri líka hlutverk ráðherra að þora að taka ákvarðanir af því tagi. Það eru 126 millj. af 4800 millj. kr.

Varðandi sérkennsluna þá er hún ekki skorin niður. Hún er á sérstökum fjárlagalið sem ekki er nefndur í því bréfi sem hv. þm. las upp hér áðan.

Varðandi verkefni skólanefnda og skólastjórna, sem hv. þm. spurði mig um, er svarið þetta: Það er óbreytt frá því sem er í því frv. sem Jón Böðvarsson samdi á sínum tíma þannig að hann hefði í sjálfu sér getað spurt sjálfan sig í þeim efnum. Það er nákvæmlega engin breyting gerð á því.

Varðandi fornámið og innritunina. Fornáminu er breytt þannig að það er gert ráð fyrir að það verði ekki skylt að hafa það, en það er heimilt og það verður víða og víðar en verið hefur samkvæmt þeim viðræðum sem við erum í við skólameistara um þessar mundir.

Varðandi innritunina að þar megi ekki setja sérstakar nýjar takmarkanir þannig að t.d. framhaldsskóla sé óheimilt að ákveða að nemendur hans megi ekki hafa lægri einkunn að meðaltali á grunnskólaprófi en segjum 6,5 eða 7. Það er rétt. Sú heimild fyrir framhaldsskólana til að takmarka aðgang er felld niður. Það er algjörlega óhjákvæmilegt.

Ég vænti þess að ég hafi svarað þeim spurningum í meginatriðum sem hér hafa verið bornar fram. Ég mundi harma það mjög ef frv. yrði vísað frá, af ýmsum ástæðum. Í fyrsta lagi þeirri að þar með væru framhaldsdeildirnar sem starfræktar hafa verið við grunnskólana í lausu lofti. Í öðru lagi vegna þess að þar með væri fjármálakafli framhaldsskólalaganna ekki með þeim hætti sem óhjákvæmilegt er að breyta honum að mati allra sem komið hafa nálægt málinu. Og í þriðja lagi vegna þess að ég tel mikilvægt að kennarar og starfsmenn skólanna fái aðild að skólanefndunum.

Forseti (Jón Helgason):

Það er komið að þeim tíma sem fundur hefur verið boðaður í Sþ. og því verður nú að fresta umræðum um þetta dagskrármál og fresta þessum fundi þangað til að loknum fundi í Sþ., en um fundahöld verður fjallað nú á fundi með formönnum þingflokka kl. hálfþrjú að öðru leyti.

Umræðu frestað.

Um þingsköp.

Svör ráðherra og þinghaldið.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég er auðvitað ánægður yfir því að það skuli vera efnt til fundar með forsetum þingsins og formönnum þingflokka um starfshætti Alþingis og hefði auðvitað verið nær fyrir þá sem stjórna þessu þinghaldi að reyna að skipuleggja þingstörfin eitthvað fyrr en gert hefur verið. Hér áðan stóð menntmrh. upp og svaraði í engu mikilvægum spurningum sem fyrir hann voru lagðar og virðist ætla að halda þeim skikk að ráðherrar svari ekki einföldustu spurningum þingmanna og síðan er fundarhaldið með þeim hætti að það á að draga þingmenn hér fram á stórhátíðir og hefur verið boðað að verði jafnvel kvöldfundur.

Ég vil biðja hæstv. forseta í fyrsta lagi að nota þennan fund sem verður með forsrh. á eftir til þess að reyna að fá ríkisstjórnina og ráðherra til að svara þeim spurningum sem lagðar eru fyrir. Þetta er náttúrlega alveg óþolandi, þeirra óvirðing fyrir þinginu.

Ég lagði hér fram beina spurningu til hæstv. ráðherra um það með hvaða hætti niðurskurður yrði í framhaldsskólanum af því að við erum að fjalla hér sérstaklega um framhaldsskólamálin. Hann vék ekki að því einu einasta orði. Ég spurði hann í öðru lagi spurningar í sambandi við það hvernig hann hygðist hefja skólastarf á næsta hausti. Hann vék ekki að því einu einasta orði og svo er um fleiri atriði sem nauðsynlegt er að rifja upp á eftir eða þegar næsti fundur verður.

Ég vil þess vegna biðja forseta í fyrsta lagi að reyna að brýna fyrir ráðherrum að svara efnisspurningum sem fram koma og ekki út í hött heldur efnislega og í öðru lagi vil ég biðja hæstv. forseta að gæta þess að stórhátíð er að ganga í garð. „Hin heilaga helgi, hin heilaga hvítasunnuhelgi er að ganga í garð," segir Matthías Jochumsson á einhverjum stað. Ég vil biðja hæstv. forseta að hafa það í minni.

Forseti (Jón Helgason):

Aðeins vegna orða hv. 2. þm. Norðurl. e., þá hafa verið haldnir fundir daglega með formönnum þingflokka síðustu dagana til þess að ráðgast um þinghaldið og er gert ráð fyrir fundi nú á eftir.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Varðandi þær fyrirspurnir sem hv. 2. þm. Norðurl. e. bar hér fram í þingskapaumræðu, þá skal því svarað varðandi framhaldsskólann og sparnað þar að með hann verður farið með sama hætti og aðrar opinberar stofnanir samkvæmt þeim ákvörðunum sem Alþingi tók þegar fjárlög voru afgreidd. Ég varð ekki var við það þá að Sjálfstfl. þætti of langt gengið í sparnaði. Það er ánægjulegt ef svo er og reynir þá á skattlagningarvilja Sjálfstfl. þegar þessi mál verða lögð fyrir í haust.

Varðandi framhaldsskólann að öðru leyti, þá veit ég ekki betur en það standi til núna eftir nokkrar mínútur þegar hv. þm. Halldór Blöndal hefur talað nægju sína hér í þessari deild, þá standi til að ræða þessi mál ítarlega við utandagskrárumræður í hv. sameinuðu þingi.

Ég tek svo eindregið undir það sem hv. 2. þm. Norðurl. e. sagði að það er nauðsynlegt að semja um þingstörfin. Þá er mjög brýnt að þingflokkarnir séu aðilar að því og allir þingmenn í einstökum þingflokkum.

Forseti (Jón Helgason):

Ég vil benda á það að umræðu um 2. dagskrármálið er ekki lokið og verður fram haldið síðar þannig að óþarfi er að ræða það efnislega.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Á fundi deildarinnar í gær vorum við að fjalla um frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem fól í sér lækkun á ýmsum sköttum sem að vísu gengur ekki öll fram strax. Það er rangt sem hæstv. iðnrh. sagði í Morgunblaðinu núna einhvern daginn þegar hann var að tala um það að vörugjaldið yrði fellt niður meðan þetta þing stæði. Það var auðvitað rangt. Vörugjaldið verður ekki fellt niður fyrr en 1. september. En aðalatriðið er að í þeirri yfirlýsingu sem fylgdi frv., bæði til atvinnurekenda og launþega, gaf ríkisstjórnin fyrirheit um skattalækkanir, frekari skattalækkanir en fólust í frv. sjálfu og lúta annars vegar að tekju- og eignarskatti á fyrirtæki og hins vegar að skattlagningu á tekjur manna í sambandi við lífeyrissjóðsgreiðslur o.fl.

En hér áðan talaði ráðherrann um að á hausti komanda mundi reyna á skattlagningarvilja sjálfstæðismanna. Hann talaði eins og ríkisstjórnin hefði þegar ákveðið nýja skattheimtu á haustdögum. Hann var að amast við því að við sjálfstæðismenn vildum ekki leggja á þyngri skatta og boðaði skattaþyngingar í haust. Það kemur mér auðvitað ekkert á óvart. Eins og ég sagði áðan, þá er það oftast svo um fyrirheit þeirra alþýðubandalagsmanna, fyrirheitin eru með 36% launaskatti, 36% afföllum, 6x6% afföllum á meðan lántökugjald á erlend lán er ekki nema 6%. Enda gat þjóðin aldrei búist við því að hún kæmist gratís frá því að hafa þessa menn í ríkisstjórn.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Það er nauðsynlegt til að greiða fyrir þingstörfum að ræða hér ítarlega um ýmis mál undir liðnum um þingsköp og ég er tilbúinn til að taka þátt í því, enda hef ég verið sjaldgæfari gestur í þeirri umræðu hér í hv. þingi í vetur en stundum áður þannig að það er svo sem ágætt að rifja það upp að tala dálítið um þingsköp. Og eitt af því sem kemur þingsköpum við að mati hv. 2. þm. Norðurl. e. eru skattamálin. Ég verð að viðurkenna það að ég tel að það sé helsti gallinn á þessum ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar sem voru tilkynntar á dögunum að menn ætla að fara að lækka skatta á fyrirtækjum og ég fagna því mjög ef Sjálfstfl. er tilbúinn til að taka þátt í því með Alþb. að verja samneysluna, þar með talið skólakerfið, fyrir skattalækkunarveikinni sem herjar nú á menn á ólíklegustu stöðum hér á hv. Alþingi. Mér þykir satt að segja mjög vænt um það að þessi rödd skuli koma frá Sjálfstfl. og lýsir nærum skilningi hv. 2. þm. Norðurl. e. á vanda hins íslenska skólakerfis.

NEÐRI DEILD

102. fundur, föstudaginn 12. maí, kl. 11 árdegis.

Þjóðminjalög, ein umr.

Frv. GHelg o.fl., 188. mál (heildarlög). — Þskj. 1114 (sbr. 1007).

Umræðu frestað.

Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga, 3. umr.

Stjfrv., 203. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 1118 (sbr. 839), brtt. 1074, 1121, 1134, 1141.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. á þskj. 1121 sem er samhljóða brtt. sem ég flutti við 2. umr. þessa máls ásamt hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur.

Þessi brtt. felur fyrst og fremst í sér að fjárhagslegum stuðningi ríkisins við tónlistarskólana í landinu verði haldið áfram í því formi sem nú er. Fyrri brtt., sem er þá við V. kafla laganna, sem fjallar um Atvinnuleysistryggingasjóð, er eingöngu flutt til þess að koma til móts við þann aukna kostnað sem þetta mun hafa í för með sér fyrir ríkið ef fjárhagslegum stuðningi við tónlistarskólana er haldið áfram óbreyttum, þ.e. vegna þess uppgjörs sem þarna er gert ráð fyrir milli ríkisins og sveitarfélaganna.

Ég gerði grein fyrir ástæðunni fyrir þessu við 2. umr. og tel óþarft að fara mjög náið út í það við þessa umræðu, en ég vil þó vekja athygli á því að ein af þeim röksemdum sem hafa verið notaðar til að mæla gegn þessari tillögu er að hún muni eyðileggja frv., það sé of lítill tími til þess að fara í þessa breytingu og að þetta tengist frv. um tekjustofna sveitarfélaga sem einnig er flutt í tengslum við breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Ég á erfitt með að fallast á þau rök sem borin hafa verið fram. Það er erfitt að þurfa að hlíta því að svona stórt og mikilvægt mál sé unnið hér í þinginu undir slíkri tímapressu að ekki megi gera á því breytingar

nema allt ætli að fara í hnút. Nær allir sem komið hafa nálægt starfsemi tónlistarskóla landsins telja það fyrirkomulag sem nú er á rekstri tónlistarskólanna mjög gott og hafa margir lýst áhyggjum vegna þeirra breytinga sem frv. gerir ráð fyrir. Mér er einnig kunnugt um að margir hv. þm. hafa verulegar áhyggjur vegna áforma um að breyta núv. fyrirkomulagi. Margir þeirra virðast þó hikandi við að fallast á að gera þær breytingar á frv. sem eyðir þessum áhyggjum. Er því fyrst og fremst borið við að of lítill tími sé til stefnu eins og ég sagði áðan og því verði frumvarpinu stefnt í voða ef breytingar eru gerðar á því nú. Það er auðvitað aldeilis óviðunandi að Alþingi sé stillt þannig upp við vegg varðandi lagasetningu sem þessa.

Ég vænti þess, herra forseti, að þrátt fyrir þá ímynduðu hættu sem þessar brtt. eru sagðar setja frumvarpið í muni tillögurnar verða samþykktar og stuðningur ríkisins við tónlistarskólana verði ekki felldur niður.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það er rétt sem hér kom fram að upphaflega stóð ég að þessari brtt. með hv. 12. þm. Reykv. vegna þess að við vorum mörg í félmn. sem höfðum verulegar áhyggjur af stöðu tónlistarskólanna með þessari breytingu sem frv. sem við fjöllum hér um felur í sér.

Við nánari athugun gerði ég mér ljóst að með því að fella niður framlög sveitarfélaga til Atvinnuleysistryggingasjóðs væri unnt að jafna heildartölur þannig að sú tillaga truflaði ekki frv. í heild. Þá varð mér ljóst, eftir að hafa borið mig saman við sveitarstjórnarmenn, að sá jöfnuður gilti kannski ekki að sama marki innbyrðis innan sveitarfélaganna. Þannig að þegar fram kom tillaga, sem hv. 2. þm. Austurl. er höfundur að og hefur verið tekin hér inn sem tillaga félmn. um verulega styrkingu á stöðu tónlistarskólanna, taldi ég að ég gæti sætt mig við þá breytingu, ég tel að hún sé mjög til bóta, og dró mig þess vegna út úr þessari tillögugerð um niðurfellingu V. og VI. kafla frv. Ég stend því að þeim tillögum sem hér liggja fyrir á þskj. 1141, tillögum félmn. um breytingu á kaflanum um tónlistarskóla, en mun greiða atkvæði gegn tillögunni sem ég áður var aðili að.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi lýsa stuðningi við þetta frv. eins og það liggur hér fyrir, í megindráttum, en fá þó að gera athugasemdir við einn ákveðinn þátt frv. sem er sá þáttur sem snýr að íþróttamálum, enda hef ég lagt fram brtt. við þann þátt málanna.

Frv. virðist njóta víðtæks stuðnings sveitarfélaganna í landinu og þess vegna kannski ekki vert að vera að leggja til miklar breytingar á því heldur vonast til að agnúar sem fram muni koma verði sniðnir af í tímans rás.

Íþróttalífið í landinu hefur fram að þessu verið viðurkennt sem þroskandi og hollt fyrir æsku þessa lands. Það hefur verið viðurkennt að það stuðlar að betri námsárangri og skilar betra fólki inn á vinnumarkaðinn. Það hefur verið viðurkennt að íþróttir eru eitthvert besta forvarnarstarf sem til er í baráttunni gegn bjór, áfengi og tóbaki og fíkniefnum öllum og eiturlyfjum. Það hefur verið viðurkennt að íþróttir eru einhver besta landkynning sem við eigum völ á og höfum fengið og nægir að nefna þar t.d. frábæran árangur handknattleikslandsliðsins okkar. (**Forseti:** Það er fullmikill kliður í salnum.) Það er nú kannski eins og á íþróttavöllum, þar er oft mikill kliður og mikil fagnaðarlæti og ég var að minnast á það að við höfum fagnað landsliði okkar í handknattleik vegna frábærrar frammistöðu nýverið. Auðvitað er þetta allt árangur þeirrar uppbyggingar sem átt hefur sér stað í gegnum árin, þeirrar uppbyggingar sem við erum nú að leggja í mikla hættu.

Varðandi landkynningu þá er náttúrlega hægt að nefna fjölda einstaklinga og liða sem hafa borið hróður þessa lands víða. Þessa dagana eru menn eins og Arnór Guðjohnsen og Ásgeir Sigurvinsson að kynna land okkar frábærlega. Einar Vilhjálmsson spjótkastari hefur gert það líka, Haukur spretthlaupari, sem ég man nú ekki í augnablikinu hvers son er, en keppir fyrir fatlaða og er nú ekki minna en heimsmeistari í sinni grein. Ég tel því skjóta mjög skökku við að nú eigi með þessu frv. að stofna uppbyggingu íþrótta- og æskulýðsstarfs í landinu í voða því frumvarpið gerir ráð fyrir að Íþróttasjóður í þeirri mynd sem hann er í í dag verði nánast lagður niður. Þá má náttúrlega spyrja: Hverjir koma til með að styrkja landssamtök og heildarsamtök, samtök á borð við HSÍ og KSÍ og önnur slík? Hverjir eiga að standa að byggingu nýju handknattleikshallarinnar? Varla gerir Reykjavíkurborg það ein og sér. Fyrir utan það að aðstöðumunurinn úti um allt land verður gríðarlegur. Þetta er lítið mál fyrir stærri sveitarfélögin en mikið mál fyrir þau minni. Það hlýtur því að leiða til þess að þeir einstaklingar og æska á viðkomandi svæðum, þar sem uppbygging kemur til með að drattast og dragast og verða engin, leitar þangað sem aðstaðan er, inn í stærri sveitarfélögin eða hingað á höfuðborgarsvæðið þar sem aðstaðan er best. Þannig að byggðastefnan í frv. hvað þennan þátt varðar er ekki góð. Íþróttafólki og æskunni verður því mismunað eftir búsetu í landinu. Og það er sárt til þess að vita að það þurfi að yfirgefa sína heimabyggð til að geta stundað jafnsjálfsagðan hlut og íþróttir eru, enda ræður íþróttaaðstaða á svæðum oft úrslitum um það hvort fjölskyldur taka sig upp og flytjast á ákveðin svæði eða ekki.

Ég varð svolítið hissa þegar ég sá að hvorki hv. 1. þm. Vesturl. Alexander Stefánsson né fulltrúi Kvennalistans, 12. þm. Reykv., gerðu athugasemdir við þennan þátt frv., sérstaklega með tilliti til þess sem þau sögðu um þennan þátt hér á síðasta þingi. Ég vil gjarnan fá að rifja það upp. Þar sagði hv. 1. þm. Vesturl. m.a. þegar hann var að ræða þennan þátt mála, með leyfi forseta:

„Ég er ekkert hissa á því í sjálfu sér að menn séu kvíðnir í sambandi við þetta mál því það er eitt

erfiðasta málið í landinu núna, þessi aðstöðumunur til íþrótta sem menn eru að gera sér grein fyrir að er að aukast núna með hverjum mánuði sem líður. Nú eru allar íþróttir í okkar landi miðaðar við keppnisíþróttir. Ég verð t.d var við það í minni heimabyggð að ungir strákar sem eru stæltir og kröftugir vegna þeirrar aðstöðu sem þeir hafa í þessu byggðarlagi þar sem allt byggist á því að ungir menn fari að vinna um leið og þeir komast á legg, þeir hafa ekki sömu aðstöðu og hér. Þeir koma hingað suður og eru í körfubolta sem þeir eru búnir kannski að æfa í engri aðstöðu í ófullkomnu húsi en krafturinn er svo mikill í þeim að þeir geta lagt að velli menn hérna í Garðabæ og annars staðar þar sem aðstaðan er fyrir hendi. En þeir koma bara heim og segja: Pabbi eða mamma, þetta er ekki hægt. Við getum ekki búið á stað þar sem engin aðstaða er til.

Það er þessi lýsing, þó hún sé kannski í sumra eyrum skrýtin, þá er þetta staðreynd sem er að grafa um sig núna miklu meira úti um landið en við höfum gert okkur grein fyrir. Við erum að færast nær því að það eru gerðar miklar kröfur til íþróttafólks og um leið vaknar áhuginn hjá hinum, og þar sem ekki er til aðstaða gerist það einfaldlega að fólkið flyst burt frá þessum stöðum þangað sem aðstaðan er til. Ég hygg að þetta sé jafnvel enn þá meira vandamál en menn hafa gert sér grein fyrir og þess vegna er alveg ljóst að stjórnvöld og Alþingi verða að taka miklu, miklu fastar á þessu máli en nokkurn tímann hefur verið talað um áður. Það eru nýir tímar sem eru komnir yfir okkur hvað þetta snertir. Ég vil ekki þurfa að hugsa til þess að ungt fólk í byggilegum byggðarlögum segi bara hreint og klárt: Við verðum að flytja héðan vegna þess að engin aðstaða er fyrir hendi."

Hv. 1. þm. Vesturl. tók mjög sterklega undir það sem ég hef verið að segja hér í dag þar sem hann segir að mikill aðstöðumunur sé til íþrótta. Hann segir í sínu dæmi, ef ég fæ að endurtaka það: „Pabbi eða mamma, þetta er ekki hægt. Við getum ekki búið á stað þar sem engin aðstaða er til." Það er þetta sem við erum að reyna að koma í veg fyrir með þessari brtt., nákvæmlega þetta hér, enda tekur hann undir þar sem hann segir að þar sem ekki er aðstaða gerist það einfaldlega að fólkið flytjist burt frá þessum stöðum þangað sem aðstaðan er til. Og í síðasta lagi, við verðum að flytja héðan vegna þess að engin aðstaða er til og hann vill ekki þurfa að horfa upp á ungt fólk í byggilegum byggðarlögum þurfa að gera slíkt.

Þetta eru frábær rök og mjög góð og ég trúi ekki öðru en að maður með þessi rök taki undir svona brtt. og í rauninni tel ég það klaufaskap hjá mér að hafa ekki boðið honum upp á að vera með. En allt sem hann sagði hér á síðasta þingi stendur nákvæmlega enn í dag. Þau rök standa fullkomlega fyrir sínu í dag.

Þá vil ég aðeins leyfa mönnum að heyra hvað fulltrúi Kvennalistans hafði að segja sem einnig er á því nál. sem styður þetta frv. nánast óbreytt. Hún sagði um þennan þátt, með leyfi forseta:

„Ef ég sný mér nú að II. kafla frv., sem fjallar um breytingar á íþróttalögum, nr. 49/1956, með síðari breytingum, þá er mjög erfitt að sjá það á þessu hvernig þetta á að vera einföldun. Þarna stendur að opinber stuðningur við byggingu íþróttamannvirkja eigi að vera á vegum íþróttafélaga og félagasambanda. Svo stendur síðar, með leyfi forseta: „Alþingi veitir þó árlega fé í sjóð sem nefnist Íþróttasjóður." Þarna er raunverulega verið að grauta saman. Það er bæði Íþróttasjóður enn þá sem Alþingi veitir fé úr og síðan er samt gert ráð fyrir því að sveitarfélögin styðji byggingu íþróttamannvirkja á vegum íþróttafélaga og félagasambanda þannig að það er nú erfitt að sjá að þetta sé til mikillar einföldunar. Ef maður les síðan aðeins aftar, þá á að bæta við einni reglugerðinni enn, en þar stendur:

„Í reglugerð sem menntmrn. setur, að höfðu samráði við íþróttanefnd og stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga, skal ákveða nánar m.a. um skilyrði fyrir opinberum styrkveitingum, rekstur og afnot mannvirkja sem njóta styrks."

Það er sem sagt reglugerð sem menntmrn. setur um það sem mér skilst að sveitarfélögin eigi að gera. Ég botna ekkert í þessu, þetta er hálfskrýtið. Ég efast um að þetta geti staðist, að menntmrn. eigi að fara að setja reglugerð um það hvernig sveitarfélögin styrkja hin ýmsu íþróttafélög. Þetta getur því varla orðið til einföldunar. Með þessu er líka verið að auka verkefnin sem eiga að fara yfir á sveitarfélögin og getur þetta verið mjög bagalegt, sérstaklega fyrir fámenn sveitarfélög þar sem getur verið um að ræða mikil mannvirki. Ef um væri að ræða mannvirki sem væru byggð á vegum félagasamtaka og íþróttasamtaka sem ná yfir stór svæði — það má t.d. nefna Ungmenna- og íþróttasamband Austurlands sem nær yfir mjög stórt svæði og það má nefna Héraðssambandið Skarphéðin, HSK, hér á Suðurlandi og Ungmenna- og íþróttasamband Borgarfjarðar sem nær yfir mörg sveitarfélög — þá ert vandséð hvernig þeim íþróttafélögum reiðir af sem þurfa að leita til fjölda sveitarfélaga, ef þau fá engan styrk til byggingana úr ríkissjóði, því þessi styrkur sem þó hefur komið úr Íþróttasjóði hefur verið þeim til mikillar hjálpar. En það sem kannski skiptir mestu máli er að þarna er áfram verið að grauta saman hlutverki ríkis og sveitarfélaga og engin skýr mörk þar á milli sem þó er einn aðaltilgangur frv.

Ég get tekið það fram að þeir sem komu á fund nefndarinnar og fjölluðu um þetta svið, sem voru bæði fulltrúar frá ÍSÍ og UMFÍ og frá íþróttanefnd ríkisins, vöruðu eindregið við þessum breytingum. En ég ætla ekki að fara nánar út í það sem þar var talað um."

Nú er náttúrlega nærtækast að spyrja: Hvað hefur í rauninni breyst? Þetta er nákvæmlega sama málið og þessir hv. tveir þm. sem ég hef verið að vitna hér í frá síðasta þingi styðja í dag. Það er engin breyting á því, hún er ekki til. Það sem hins vegar er athyglisvert við nefndarstarfið er það að nefndin taldi sig ekki, í þetta sinn, þurfa að kalla til fulltrúa íþróttasamtakanna. Fulltrúar ÍSÍ eða UMFÍ fengu ekki að koma á fund

nefndarinnar og tjá sig og má það heita mjög furðulegt. Ég vona að hv. þm. skipti um skoðun í þessu máli og vakni af þeim draumi eða svefni sem þeir eru í.

Það skortir hins vegar ekki á tyllidögum og hátíðisdögum að ráðamenn þjóðarinni skilji og skynji tilgang íþróttarinnar og hversu mikilvægur þáttur hún er í öllu lífi landsmanna. En það nær bara yfirleitt ekkert lengra en það.

Ég er nýkominn að vestan þar sem var verið að opna íþróttahús að Laugum og hlustaði þar á hæstv. menntmrh. fara mjög fögrum orðum um íþróttalífið í landinu og líkti því við — ekkert líkti því við, hann sagði að það væri snar þáttur í menningarlífi þjóðarinnar. En það nær bara ekkert lengra. Stóru orðin ná ekkert lengra en til ræðna á tyllidögum og væri hægt að fletta hér upp í þessari sömu umræðu og draga fram ummæli þeirra þingmanna Alþb. sem nú sitja hinum megin við borðið þar sem þeir voru ekkert annað en skilningsríkir í garð íþróttanna hér á síðasta þingi. En það er nú annað í dag.

Þær brtt. sem ég er að leggja hér fram eru í rauninni annars vegar um það að halda Íþróttasjóði að mestu leyti óbreyttum frá því sem hann er í dag og hins vegar um það að ríkisvaldið greiði til baka þær upphæðir sem íþróttafélögin og þeirra samtök hafa lagt í verkefnin, þ.e. að þær endurgreiðslur séu verðtryggðar og skili sér að fullu til baka. En með leyfi forseta hljóða brtt. þannig og þetta er á þskj. 1134:

„1. Við 49. gr. 3. efnismgr. orðist svo:

Alþingi veitir árlega á fjárlögum fé í sjóð sem nefnist Íþróttasjóður. Úr sjóðnum skal veita styrki til byggingar íþróttamannvirkja og annarrar félagslegrar aðstöðu fyrir félög og heildarsamtök, tengd íþróttum, innan Íþróttasambands Íslands og Ungmennafélags Íslands. Íþróttanefnd gerir tillögur til fjárveitinganefndar um skiptingu fjárins. Samþykki íþróttanefndar um að mannvirki sé styrkhæft skal liggja fyrir áður en framkvæmdir hefjast."

Í öðru lagi er, eins og ég sagði, verið að tryggja það að félögin fái til baka það sem þau hafa lagt fram en ekki stórlega skert framlög, en sú grein er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„2. Við 74. gr. Á eftir 1. málsl. 1. mgr. komi tveir nýir málsl. svohljóðandi: Ríkissjóður greiðir skuld Íþróttasjóðs og Félagsheimilasjóðs við íþróttafélög og sveitarfélög á fjórum árum með ríkistryggðum skuldabréfum og skal fyrsta greiðsla fara fram á árinu 1990. Jafnframt skal veita árlega fé á fjárlögum til að ljúka þeim framkvæmdum sem í gangi eru."

Þannig hljóðar sú brtt. Auðvitað er það hart að þurfa að setja það í lög að ríkið endurgreiði að fullu það sem það hefur í rauninni lofað að endurgreiða, en reynsla íþróttahreyfingarinnar af því að fá fé til baka hefur verið sú að sá 40% hlutur sem oftast hefur fallið á ríkið hefur skilað sér að verðgildi u.þ.b. 10%. Það skortir ekki eða hefur ekki skort fram að þessu að ríkið sé aðgangshart og — ja, nánast gróft í því að kalla inn það fé sem það á með alls konar dráttarvöxtum og óþverraskap, en þegar það á að fara að greiða til baka skiptir það minna máli.

Hæstv. forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Ég vildi aðeins koma hér upp í sambandi við þetta frv. til að vekja athygli á nauðsyn þess að það fái lokaafgreiðslu hér á hv. þingi eins og samkomulag er um og er mér vitanlega milli allra stjórnmálaflokka að svo verði, enda er búið að fjalla það mikið um þetta þingmál. Og ég vil í fullri vinsemd beina því til hv. 12. þm. Reykv. að hún dragi þessa tillögu til baka, á þskj. 1121. Tillagan getur ekki gert annað en að skapa erfiðleika í meðferð þessara mála. Ef á að breyta einhverju í sambandi við verkaskiptingarfrv. þá yrði líka að gera hliðstæðar breytingar í tekjustofnafrv. því að þetta tengist einvörðungu fjármálakafla þessara mála þannig að það er ekki hyggilegt í þessari stöðu að gera þá breytingu sem þessi brtt. gerir ráð fyrir. Það hefði kannski verið hugsanlegt að taka þetta til meðferðar þegar málið var í þeirri aðaldeild sem fjallaði um málið í allan vetur, þ.e. hv. Ed., en á þeim stutta tíma sem Nd. hefur haft málið, þá er útilokað að gera þessa breytingu. Það hefði orðið að gera grundvallarbreytingu á báðum frv. og ég beini þessum vinsamlegu tilmælum til hv. 12. þm. Reykv. því að þetta er mál sem er samkomulagsmál.

Að því er varðar brtt. á þskj. 1134 frá hv. 5. þm. Vesturl. er í raun og veru sama atriðið þar nema munurinn á þessari tillögu, sem ég veit að er flutt í góðum tilgangi, munurinn er sá að þetta er hvort tveggja í frumvörpunum sem hv. þm. er að tala um. Í fyrsta lagi að því er varðar Íþróttasjóðinn og hin frjálsu félagasamtök og allt sem þeim fylgir — og með leyfi forseta vil ég lesa það upp hér eins og það er í frv.:

„Alþingi veitir árlega fé í sjóð sem nefnist Íþróttasjóður. Fé úr sjóðnum skal veita til bygginga íþróttamannvirkja á vegum félaga sem um getur í 2. mgr. Íþróttanefnd gerir tillögu til fjvn. um skiptingu fjárins."

Þetta er nákvæmlega það sem hv. þm. er að vekja athygli á í fyrri brtt. sinni á þskj. 1134, og ég get tekið undir það með honum að auðvitað er þetta grundvallaratriði og eitt af þeim baráttumálum sem gerðu það að verkum að fyrri hluti verkaskiptingarfrv. var lagður til hliðar á Alþingi í fyrra var einmitt um þetta atriði, en þá bara vantaði frv. um tekjustofna sveitarfélaga alveg í málið og þess vegna var því máli frestað.

Eg þakka hv. þm. einnig fyrir þá tilvitnun sem hann las upp eftir mér í þingræðu sem er nákvæmlega það sem ég meina. Ég vil hins vegar benda hv. þm. á það að í uppgjörskafla í sambandi við verkaskiptingarfrv. og tekjustofnafrv. sem við erum hér að fjalla um á lokastigi, þá er einmitt gert ráð fyrir því að efla Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til þess í fyrsta lagi að styrkja sveitarfélög sem eiga eftir að ljúka við eða byggja íþróttamannvirki og í öðru lagi, og það er það sem kemur fram í síðari brtt. á þskj. 1134, er gert ráð

fyrir einmitt þessu sem hv. þm. er að tala um, að ríkið á að gera upp í gegnum Jöfnunarsjóð beint það sem viðkomandi mannvirki eiga inni hjá ríkinu samkvæmt viðurkenndum styrkjum, þ.e. þau íþróttafélög og sveitarfélög sem eiga inni hjá Íþróttasjóði, eða ríkissjóði gegnum Íþróttasjóð, eiga að fá þetta greitt og það hefur verið skilgreint að eðlilegt væri að það yrði gert á fjórum árum. Það er gert ráð fyrir því. (**IBA:** Verðtryggt.) Þessar báðar tillögur, hv. þm., eru því bara áhersluatriði á það sem er í báðum frv. sem eru um þessi mál, bæði um tekjustofna og verkaskiptingu. Það er því ekki hægt að segja það að þarna sé breyting til hins verra nema síður sé. Þarna er þó alla vega viðurkennt loksins í meðferð málsins að það á að gera þessa hluti upp að fullu.

Hitt er svo aftur annað mál og ég get alveg tekið undir með hv. þm. um það að hér er málið í raun og veru ekkert tryggt til framtíðar frekar. Það er enn eftir að sjá hvernig Íþróttasjóður, sem er áfram í frv., hvernig ríkið eða Alþingi og fjvn. ætla að fjalla um hann í næstu framtíð. Það er opið mál, skýrt afmarkað í lögunum, þannig að það er algjörlega á valdi Alþingis og fjvn. hvað verður lagt mikið fjármagn til þessara þátta og eins er það í valdi sveitarstjórna, eftir að þau eru búin að fá uppgjör á þeim skuldum sem þau eiga inni hjá ríkissjóði í sambandi við íþróttamannvirki, hvað þau leggja mikið af mörkum eða hvaða áherslu þau leggja á uppbyggingu á sviði íþróttamannvirkja. Og Jöfnunarsjóði, samkvæmt þeim breytingum sem hér eru gerðar, er ætlað þetta hlutverk, að sjá um það að minni og veikburða sveitarfélög fái stuðning, viðurkenningu til þess að ná því markmiði að þjóna þessu sjálfsagða hlutverki sem þau hafa lögum samkvæmt, þannig að ég óttast ekki þetta mál.

Hitt stendur hins vegar óhaggað sem ég hef áður sagt, að þetta er það mikilvægt mál fyrir byggðarlögin í landinu, fyrir unga fólkið í landinu og fyrir búsetu í landinu að Alþingi og sveitarfélög verða að taka höndum saman um það að veita þessu verkefni meiri forgang en hefur verið gert til þessa. Og auðvitað hjálpar til stuðningur sem Alþingi hefur þó stuðlað að að kæmist í gegn eins og fjáröflun í gegnum lottó o.s.frv. og það er vel. En það þarf bara miklu meira og ég skal fúslega taka undir allt sem hv. 5. þm. Vesturl. sagði um þetta mál. Ég er honum innilega sammála um mikilvægi og tilgang þess að láta þessi mál hafa annan forgang en þau hafa haft til þessa. Ég er alveg sammála um það og ég breyti ekki um skoðun um það að ég tel að í þessum lögum, sem hér er verið að fjalla um, bæði verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og tekjustofna sveitarfélaga og breytingu á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, höfum við betri vettvang en hefur verið til þessa því að ég vil benda hv. þm. á það og ég veit að þeir vita það og hv. 5. þm. Vesturl. ætti einnig að vita það að gegnum öll árin hefur framlag úr Íþróttasjóði til þessara mála aldrei verið hærri upphæð en 20–45 millj. kr. á ári. Það er allt og sumt. Vissulega þarf þarna að verða breyting á og nú er málið enn þá betur afmarkað, þannig að það er algjörlega á valdi Alþingis og fjvn. hvað þessar fjárhæðir aukast á næstu árum. En uppgjörsmálið er í höfn og þess vegna segi ég við hv. 5. þm. Vesturl. í fullri vinsemd: Ég er honum innilega sammála um rökstuðninginn, en báðir liðirnir sem hv. þm. bendir á eru í frv. og ég fer fram á það við hann alveg eins og við hv. 12. þm. Reykv. að draga þessar brtt. til baka því að þær eru aðeins áhættuatriði en þær breyta engu um frv. sem er hér til lokaafgreiðslu.

Ingi Björn Albertsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. síðasta ræðumanni fyrir undirtektirnar og áhugann á þessum málaflokki. Ég hef aldrei efast um hann. Þetta hefur verið í gegnum tíðina þannig, fram að þessum degi, skipting þessa kostnaðar, að ríkið hefur greitt 40%, sveitarfélagið 40% og félagið 20%. Það er verið að taka ríkisþáttinn út úr þessu. Það er það sem við erum að tala um. Hv. þm. hristir höfuðið, en hér stendur um frv. m.a., með leyfi forseta:

„Helstu breytingar frá gildandi lögum, sem lagðar eru til í frv., eru eftirfarandi.“ Síðan eru þær flokkaðar hér og 10. liður er þannig: „Felld verði niður þátttaka ríkisins í stofnkostnaði íþróttamannvirkja á vegum sveitarfélaga.“ Þetta er nákvæmlega málið. Það er þetta sem við erum að tala um, að við eigum ekki að færa þetta alfarið yfir á sveitarfélögin því að minni sveitarfélögin koma ekki til með að ráða við þetta. Og þau eiga að fara að leggja allt sitt traust á einhvern Jöfnunarsjóð, einhverja sérdeild þar. Ég sé það alveg fyrir mér þegar vantar aukið fjármagn í spítala eða skóla að auðvitað verður það fé bara tekið af þessum málaflokki og fært yfir og það er þetta sem við erum að sjá, að íþróttirnar koma til með að líða fyrir þessa breytingu. En uppgjörsmálin, ef það sem ég er að fara fram á hér með breytingunni, að þetta séu verðtryggðar endurgreiðslur, er tryggt í frv., þá vil ég að það komi skýrt fram. Það kemur alls ekki skýrt fram og reynsla íþróttahreyfingarinnar af því að fá endurgreitt frá ríkinu er slík að það verður að geirnegla það niður, alla samninga við ríkið, því að annars standa þeir ekki og þeir standa meira að segja tæplega þá.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1074 kölluð aftur.

Brtt. 1121,1 felld með 24:5 atkv.

Brtt. 1141,1 (ný 47. gr.) samþ. með 38 shlj. atkv.

Brtt. 1134,1 felld með 23:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞP, BÍG, KolbJ, IBA, KrP, MÁM, ÓE.

nei: PP, ÞSk, SighB, SV, NL, SJS, AðB, AS, ÁrnG, BB, GeirG, GB, FI, GuðnÁ, GHelg, HG, JóhS, JBH, JK, JónS, JSS, ÓÞÞ, KJóh.

PJ, SP, ÞÞ, EH, VI, FrS, GHH, KE, KH, MB, MálmS greiddu ekki atkvæði.

1 þm. (ÓÞG) fjarstaddur.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Eins og fram kom við umræður við 3. umr. málsins er þetta að nokkru leyti á misskilningi byggt hjá hv. þm. því að í VII. kafla frv., 4. málsl., stendur:

„Alþingi veitir árlega fé í sjóð sem nefnist Íþróttasjóður. Fé úr sjóðnum skal veita til bygginga íþróttamannvirkja á vegum félaga sem um getur í 2. mgr. Íþróttanefnd gerir tillögur til fjvn. um skiptingu fjárins."

Og hvað snertir síðari liðinn í tillögunni er gert ráð fyrir því í uppgjörsdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að gera upp skuldir Íþróttasjóðs við íþróttamannvirki, bæði á vegum sveitarfélaga og á vegum almennra félaga í landinu, þannig að tillagan er óþörf. Ég segi því nei.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Það er ekki á misskilningi byggt að þessi tillaga er lögð fram. Í frv. segir, með leyfi forseta, undir kaflanum „Um frumvarpið" að helstu breytingar frá gildandi lögum sem lagðar eru til í frv. séu eftirfarandi, og þar í 10. lið stendur: „Felld verði niður þátttaka ríkisins í stofnkostnaði íþróttamannvirkja á vegum sveitarfélaga." Þessi tillaga er því langt frá því að vera á misskilningi byggð. Misskilningur hv. þm. Alexanders Stefánssonar er hins vegar á misskilningi byggður. Því segi ég já.

Brtt. 1121,2 felld með 31:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HG, KE, KH, MálmS, SV, ÞÞ, AðB.

nei: AS, ÁrnG, BB, BÍG, EH, VI, FrS, GeirG, GHH, GB, FI, GuðnÁ, GHelg, KolbJ, JóhS, JBH, JK, JónS, JSS, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, ÞSk, SP, SighB, NL, ÞP, KJóh.

IBA, KrP greiddu ekki atkvæði.

2 þm. (ÓÞG, SJS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég met mikils þá samþykkt sem hér var gerð með samþykkt brtt. frá félmn. við 47. gr. varðandi eftirlit og umsjón með tónlistarfræðslu o.fl. Ég tel hins vegar að sú skipan mála sem verið hefur varðandi sameiginlega kostnaðarþátttöku ríkis og sveitarfélaga varðandi tónlistarskóla hafi reynst mjög vel og ástæðulaust sé að breyta frá því sem þar hefur verið og segi því já.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Fyrri brtt. á þskj. 1121 var ekki samþykkt í atkvæðagreiðslu hér áðan. Hún var flutt til að ekki raskaðist heildarramminn í kostnaðartilfærslu milli ríkis og sveitarfélaga samkvæmt þessu frv. Eftir sem áður tel ég mikilvægt að ekki verði raskað þeirri skipan mála varðandi rekstur tónlistarskóla í landinu sem gilt hefur og gefið góða raun. Ég segi því já.

Brtt. 1141,2 samþ. með 33 shlj. atkv.

Brtt. 1134,2 felld með 23:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KolbJ, IBA, KrP, MB, MÁM, ÓE, PJ, ÞP, BÍG, FrS.

nei: GeirG, GB, FI, GuðnÁ, GHelg, HG, JóhS, JBH, JK, JónS, JSS, ÓÞÞ, PP, ÞSk, SighB, SV, NL, SJS, AðB, AS, ÁrnG, BB, KJóh.

GHH, KE, KH, MálmS, SP, ÞÞ, EH, VI greiddu ekki atkvæði.

1 þm. (ÓÞG) fjarstaddur.

Frv., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og endursent Ed.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 3. umr.

Stjfrv., 204. mál (heildarlög). — Þskj. 1119 (sbr. 838), brtt. 1139.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér við 3. umr. brtt. við c-lið 34. gr. þessa frv. Við 2. umr. flutti ég tillögu um að fella þessa grein niður. Sú tillaga var felld og ég hef því leyft mér að flytja hér tillögu um að breyta þessari grein og breytingin felst í því að í stað þess að bæði sláturhús og mjólkurbú verði undanþegin aðstöðugjaldi verði einvörðungu sláturhús undanþegin þessu gjaldi til sveitarfélaganna.

Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þessa tillögu. Ég gerði það hér við 2. umr. Hér er um að ræða ákveðna mismunun milli fyrirtækja í einstökum greinum. Hér er verið að undanþiggja tiltekna starfsemi því að greiða aðstöðugjald til sveitarfélaga þó svo að annar atvinnurekstur eins og t.d. frystihús þurfi að standa undir slíkum gjöldum. Hér er jafnframt um að ræða ákveðna mismunun milli sveitarfélaga því að þau sem þarna verða af aðstöðugjaldatekjum vegna þessarar undanþágu eru þá raunverulega umfram önnur sveitarfélög að leggja af mörkum til þess að halda niðri vöruverðinu í landinu. Og það er auðvitað engin sanngirni í því að tiltölulega fá sveitarfélög þurfi að standa undir þeim stuðningi sem menn vilja efna til til að halda niðri verði á þessum nauðsynjavörum.

Ég vil freista þess að láta á það reyna við þessa umræðu hvort meiri hluti er fyrir því hér í hv. deild að fella niður þessa undanþágu að því er varðar mjólkurbúin. Ég hef það fyrir satt að aðstöðugjöld á sláturhús mundu koma verr út fyrir neytandann en aðstöðugjöld á mjólkurbúin. Það mundi leiða til meiri hækkunar á afurðum sláturhúsanna en afurðum mjólkurbúanna, þannig að það má segja að að því leyti til sé komið til móts við það sjónarmið að það sé rangt að leggja gjöld á þessa starfsemi vegna þess að þau bitni á almenningi. En þannig er nú reyndar um öll aðstöðugjöld að þau bitna auðvitað á þeim sem endanlega kaupa þær vörur sem framleiddar eru og sem greiða þarf aðstöðugjald af við framleiðsluna.

Meginatriðið er hins vegar ekki það. Meginatriðið er það að hafa skattstofninn almennan, mismuna ekki milli fyrirtækja og mismuna ekki milli sveitarfélaga.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1139 samþ. með 21:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MálmS, ÓE, ÞSk, SP, SighB, ÞP, ÞÞ, ÁrnG, BÍG, VI, FrS, GeirG, GHH, GHelg, KolbJ, IBA, KrP, KE, KH, MB, MÁM.

nei: ÓÞÞ, PP, PJ, SV, NL, SJS, AðB, AS, BB, EH, GB, FI, GuðnÁ, JóhS, JK, JSS, KJóh.

HG greiddi ekki atkvæði.

3 þm. (ÓÞG, JBH, JónS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Árni Gunnarsson:

Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls flutti hv. þm. Geir H. Haarde brtt. þar sem gert var ráð fyrir að ekki yrðu lögð aðstöðugjöld á sláturhús og mjólkurbú. Ég greiddi atkvæði gegn þeirri tillögu vegna þess að ég taldi að sláturhús væru þannig á vegi stödd fjárhagslega að þau gætu ekki borið þetta aðstöðugjald. Nú hefur þessari tillögu hins vegar verið breytt og hún snýst eingöngu um mjólkurbú sem mörg hver búa við góðan hag. Ég segi já.

Frv., svo breytt, samþ. með 35:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KolbJ, IBA, JóhS, JK, JSS, KrP, KE, KH, MB, MÁM, MálmS, ÓE, PP, PJ, ÞSk, SP, SighB, ÞP, ÞÞ, AðB, AS, ÁrnG, BB, BÍG, EH, VI, FrS, GeirG, GHH, GB, FI, GuðnÁ, GHelg, HG, KJóh.

nei: ÓÞÞ.

SV, NL greiddu ekki atkvæði.

4 þm. (JBH, JónS, ÓÞG, SJS) fjarverandi.

Frv. endursent Ed.

Launavísitala, frh. 2. umr.

Stjfrv., 213. mál. — Þskj. 361, n. 535 og 537.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Þegar þetta mál var síðast til umræðu hér í hv. deild kom fram ósk um það frá hv. 1. þm. Reykv. Friðrik Sophussyni sem jafnframt var studd af hæstv. forsrh. að fjh.- og viðskn. tæki þetta mál til athugunar enn og aftur vegna hugsanlega breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu. Við héldum fund um þetta mál, kölluðum á fund okkar hagstofustjóra, Hallgrím Snorrason, og einnig Gunnar Hall. Það varð niðurstaða þess fundar að ekki væri efni til að breyta, það hefði ekkert það gerst sem gæfi ástæðu til að við breyttum afstöðu okkar.

Það er rétt að það komi fram sem reyndar var staðfest hér af hæstv. forsrh. þegar málið var síðast til umræðu að hagstofustjóri leggur á það áherslu að málið verði lögfest, þ.e. sett verði lög um launavísitölu, því hann telur miklum vandkvæðum bundið að reikna út launavísitölu öðruvísi en að hún eigi stoð í lögum. Það er sem sagt niðurstaða fjh.- og viðskn. að halda við fyrri afstöðu og leggjum við til að málið verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. í nál. 537 um að vísa frv. til ríkisstjórnarinnar felld með 20:16 atkv.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AS, ÁrnG, BB, GeirG, FI, GuðnÁ, GHelg, HG, JóhS, JBH, JK, JónS, JSS, ÓÞÞ, PP, ÞSk, SighB, SV, NL, SJS, KJóh.

BÍG, EH, VI, FrS, GHH, KolbJ, IBA, KrP, KE, KH, MB, MÁM, MálmS, ÓE, PJ, SP, ÞP, ÞÞ, AðB greiddu ekki atkvæði.

2 þm. (GB, ÓÞG) fjarstaddir.

2.–5. gr. samþ. með 21:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.

Stjfrv., 349. mál (vaxtabætur). — Þskj. 638, n. 1033, brtt. 1034.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á þskj. 1033 er álit meiri hl. fjh.- og viðskn. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur athugað frv. á fundum sínum og fékk til viðtals Stefán Ingólfsson verkfræðing, Björn Þórhallsson og Ásmund Hilmarsson frá ASÍ, Yngva Örn Kristinsson frá Seðlabanka Íslands, Bolla Þór Bollason, Maríönnu Jónasdóttur og Lárus Ögmundsson frá fjármálaráðuneytinu og Garðar Valdimarsson og Ævar Ísberg frá embætti ríkisskattstjóra.

Nefndin fékk í hendur yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar svohljóðandi:

„Í greinargerð með frv. er kveðið á um að útlánsvextir Byggingarsjóðs ríkisins verði að taka mið af þeim vöxtum sem samið er um við lífeyrissjóðina vegna skuldabréfakaupa. Samkvæmt nýlegu samkomulagi við lífeyrissjóðina eru þeir vextir 6% frá apríl til júníloka og frá 1. júlí til desemberloka 5%. Nú þegar eru vextirnir orðnir 5% á þeim hluta sem miðaður er við ECU-bindingu.

Ríkisstjórnin stefnir að því að vaxtamismunur af teknum lánum hjá lífeyrissjóðunum og útlánum Byggingarsjóðs ríkisins í núverandi húsnæðiskerfi verði ekki meiri en 0,5–1,0% og verða vextir af útlánum Byggingarsjóðs ríkisins lægri sem þeim mismun nemur.

Vextir af útlánum Byggingarsjóðs ríkisins hækka

ekki fyrr en húsbréfakerfið tekur gildi og verða þá ekki hærri en 4,0–4,5%.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að hækkun vaxta hjá Byggingarsjóði ríkisins verði ekki afturvirk."

Meiri hl. nefndarinnar lítur svo á að fenginni þessari yfirlýsingu að eftir gildistöku laganna verði vextir af byggingarsjóðslánum ekki hærri en að hámarki 4,5%.

Frumvarp þetta er flutt í tengslum við frumvarp til laga um húsbréf, 344. mál. Við afgreiðslu þess máls varð að ráði að fela milliþinganefnd að athuga nánar ýmis atriði húsbréfamálsins og móta útfærslu þess. Meiri hl. þykir einboðið að vísa frv. um vaxtabætur einnig til þeirrar milliþinganefndar og óskar eftir því að hún taki sérstaklega til umfjöllunar ákvæði um tekju- og eignaviðmiðun við ákvörðun vaxtabóta.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með þessum skilyrðum og með breytingum sem tillögur eru fluttar um á sérstöku þingskjali.

Stefán Valgeirsson sat fund nefndarinnar og er algjörlega andvígur frumvarpinu."

Undir þetta rituðu á Alþingi 3. maí 1989 Páll Pétursson, Árni Gunnarsson, Þórður Skúlason, Guðmundur G. Þórarinsson og Kristín Halldórsdóttir.

Herra forseti. Eins og sagði í nál. eru brtt. sem meiri hl. nefndarinnar, þ.e. Páll Pétursson, Árni Gunnarsson, Kristín Halldórsdóttir, Guðmundur G. Þórarinsson og Þórður Skúlason, leggur til á þskj. 1034. Fyrri brtt. er smávægileg orðalagsbreyting við 1. gr., að í staðinn fyrir „hvern mann" í 6. málsl. 2. efnismgr. komi orðið: einstakling. Og við 4. gr. er gildistökuákvæðið fært til samræmis við húsbréfakerfið, þannig að lögin öðlist gildi 15. nóv. 1989 og komi til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1990 vegna tekna á árinu 1989 og eigna í lok þess árs.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Hér hefur komið til umræðu frv. til laga um að breyta núgildandi opinberri aðstoð við húsbyggjendur og íbúðakaupendur úr annars vegar vaxtaafslætti og niðurgreiðslu á vöxtum yfir í svokallaðar vaxtabætur. Og eins og kom fram í framsögu hv. 1. þm. Norðurl. v. hefur nefndin farið mjög rækilega og ítarlega yfir alla útreikninga í þessu máli og hann gerði auðvitað sérstaklega nákvæma grein fyrir þeim störfum eins og hans var von og vísa eða hitt þó heldur. Hv. frsm. vék ekki einu einasta orði að efni þessa máls, ekki einu aukateknu orði, og hlýtur það auðvitað að teljast mjög furðulegt þegar um er að ræða ekki bara hið mikilvægasta mál, heldur jafnframt afar flókið mál sem ég leyfi mér að fullyrða að mjög margir þeirra sem ætla að taka að sér að bera ábyrgð á þessu máli hér í deildinni hafa ekki sett sig inn í, vita lítið um og botna lítið í.

En þetta mál er að sjálfsögðu óhjákvæmilegt fylgifrv. þess húsbréfafrv. sem hér var afgreitt í deildinni með miklum bögglingi og miklum semingi í gær. Sennilega var nú athyglisverðasta ræðan sem flutt var í þeirri umræðu greinargerð hv. 2. þm. Austurl. fyrir atkvæði sínu þegar hann féllst á að samþykkja frv. og vísa því til Ed. Hann samþykkti frv. með því að segja: „Já, ætli það ekki." Það má segja að það hafi verið í hnotskurn afstaða mjög margra stjórnarliða til þessa máls.

Herra forseti. Hér er um að ræða mál sem lagt er fram af hæstv. fjmrh. Þetta eru breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem hér er verið að gera tillögur um og ég tel alveg óhjákvæmilegt að fjmrh. sé hér viðstaddur þegar verið er að fjalla um mál sem undir hann heyra. Ég tel að í umræðum um hitt frv. sem hér var sent milli deilda í gær hafi vaknað spurningar varðandi þetta mál sem hann verður að svara. Mér finnst það því eðlileg ósk, án þess að ég sé að gera neinar sérstakar kröfur um að þessu máli verði seinkað eða frestað, að hann sé hér viðstaddur. (**Forseti:** Strax og ræðumaður hóf mál sitt voru gerðar ráðstafanir til þess að hefja leit að hæstv. fjmrh.) Hann er vandfundinn á köflum. (**Forseti:** Það hefur tekist að hafa samband við hann og hann er á leiðinni.) Hann er á leiðinni, já. Er þá ekki rétt að við frestum þessari umræðu á meðan beðið er eftir hæstv. ráðherra? (**Forseti:** Mér heyrðist ræðumaður vera að segja að það þyrfti ekki að fresta henni.) Ja, ég meinti nú fresta henni til næsta dags eða fram í næstu viku, en við skulum sjá hvort hann kemur. Ég skal halda hér áfram svolitla stund meðan beðið er. (Gripið fram í.) Það eru tilgátur uppi um það að hann sé að gefa flokksgæðingum sínum einhverja peninga eða kannski er hann að reyna að leysa þær kjaradeilur sem hann á aðild að og væri nú betur að hann stæði í því að reyna að leysa þau mál sem búið er að koma í hnút í stað þess að standa hér upp dag eftir dag á Alþingi með svívirðingar um pólitíska andstæðinga sína.

En þó svo að hæstv. ráðherra sé fjarverandi ber engu að síður vel í veiði því hv. 1. þm. Norðurl. v. sem hér mælti fyrir frv. er auðvitað viðstaddur og hann hefur gert hér takmarkaða grein fyrir því nefndarstarfi sem á hans vegum hefur verið unnið.

Meginkaflinn í hans máli var að lesa upp hina margfrægu misrómuðu yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar varðandi vaxtaþátt þessa máls. Það er nú svo, eins og ég hef vakið athygli á áður, að þar veiðir hver og einn þær setningar upp úr þeirri yfirlýsingu sem honum hentar til þess að túlka málið. Og það hefur margkomið fram, og það er einmitt eitt af því sem ég vil spyrja hæstv. fjmrh. um, að hæstv. félmrh. og reyndar hæstv. fjmrh. lýsa því yfir hér í fyrrinótt að þessi yfirlýsing þýði það að vextir á hinum almennu húsnæðislánum Byggingarsjóðs ríkisins megi vera 0,5–1% undir þeim vöxtum sem Byggingarsjóður ríkisins verður sjálfur að borga af þeim lánum sem hann tekur hjá lífeyrissjóðunum. Hins vegar túlka hv. 2. þm. Austurl., hæstv. heilbr.- og trmrh. og, og það skiptir mestu máli, hæstv. starfandi forsrh., sem hér tók af skarið í gær, þessa yfirlýsingu þannig að vextirnir megi ekki undir nokkrum kringumstæðum vera meiri en 4,5%. Hins vegar las hv. frsm. réttilega upp úr yfirlýsingunni eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin stefnir að því að vaxtamismunur á teknum lánum hjá lífeyrissjóðunum og útlánum Byggingarsjóðs ríkisins í núverandi húsnæðiskerfi verði ekki meiri en 0,5–1% og verða vextir af útlánum Byggingarsjóðs ríkisins lægri sem þeim mismun nemur."

Ég vildi mega spyrja hv. frsm. hvernig hann túlkar þessa ákveðnu setningu. Þýðir hún eitthvað annað en það sem í henni stendur? Hún þýðir það, samkvæmt mínum skilningi, samkvæmt skilningi hæstv. félmrh. og samkvæmt skilningi hæstv. fjmrh. að vextirnir eigi að ráðast af því í hinu almenna húsnæðislánakerfi hvað Byggingarsjóðurinn verður sjálfur að borga í vexti. Hins vegar lýsti hv. 2. þm. Austurl. Hjörleifur Guttormsson því yfir að það kæmi málinu ekkert við hvað Byggingarsjóðurinn þyrfi að borga. Það væri algert aukaatriði. Og þegar fjmrh. var spurður að þessu hér í fyrrinótt sagði hann: „Það er samstaða um þá túlkun sem ég hef lýst," en sú túlkun var samhljóða þeirri sem félmrh. lýsti, í ríkisstjórninni en það eru auðvitað einhverjir einstakir þingmenn sem hafa aðra skoðun á þessu, og gaf ráðherra í skyn að það skipti ekki miklu máli hvað slíkir smákarlar segðu um þetta mál, einhverjir smákarlar eins og hv. 2. þm. Austurl. Hjörleifur Guttormsson. Það væri nú ekki mikið mark takandi á því. En ég vil spyrja hv. frsm. hvernig hann túlki þessa ákveðnu setningu sem hann hér sjálfur las. Hann las að vísu lengra: Hann las næstu setningu sem segir eftirfarandi, með leyfi forseta: „Vextir af útlánum Byggingarsjóðs ríkisins hækka ekki fyrr en húsbréfakerfið tekur gildi og verða þá ekki hærri en 4–4,5%." Verða „þá" ekki hærri en 4–4,5% — t.d. svona fyrstu dagana á eftir eða í einhvern ótiltekinn tíma á eftir.

Sannleikurinn er auðvitað sá að hér er búið að festa á blað samkomulag í yfirlýsingu sem segir tvo ólíka hluti og svo túlka menn þetta bara eins og þeim sýnist á víxl, tína upp úr þessu þá setningu sem þeim líkar betur en láta hinar eiga sig, enda, hvernig er annað hægt? Þegar menn eru gersamlega ósammála um það hvernig eigi að ganga frá þessu máli, þá er það gömul aðferð, að vísu ekkert sérstaklega góð, að setja bara hvort tveggja í sameiginlega yfirlýsingu og velja svo það úr því sem manni þóknast í hvert sinn. Það hefur ekki þótt sérstaklega vönduð aðferð, en það er það sem hér hefur verið gert. Og ég er sannfærður um það að hæstv. félmrh. mun auðvitað halda sig við sína túlkun hvað sem líður öðrum yfirlýsingum vegna þess að annars er ekkert verið að taka hér upp neitt húsbréfakerfi og það tel ég mig hafa sýnt hér ítarlega fram á í fyrri umræðum um hið fyrra frv. Það stenst nefnilega ekki að ætla að hafa ólíka vexti í hinu almenna lánakerfi, ólíka og lægri en munu bjóðast á húsbréfunum sjálfum, en þau verða að vera á markaðsvöxtum því ella kaupir þau enginn maður. Það þýðir hins vegar lítið að bjóða upp á slík bréf nema einhverjir vilji kaupa þau. Ég er því sannfærður um það að hæstv. félmrh. mun ekkert slaka á með sína túlkun þó að ég telji reyndar að það að ætla að hafa vextina 0,5–1% undir þeim vöxtum sem Byggingarsjóðurinn yrði sjálfur að borga sé líka svo mikið frávik frá hinum upphaflegu hugmyndum um þetta mál að það sé líklegt til þess að eyðileggja það húsbréfakerfi sem upphaflega var stefnt að. Ég tel að það frávik, 0,5–1%, sé nægilegt til þess að það þurfi ekki að fara alla leið út í 4,5% vexti til þess að grafa undan húsbréfakerfinu, enda staðfesti hæstv. forseti deildarinnar, Kjartan Jóhannsson, það þegar hann tók hér til máls að þetta væri einmitt svona. Hann hefur manna mest unnið í þessu máli eða undirbúningi þess, gert það af þeirri fagmennsku sem honum er eiginleg. Hann tók undir það sem ég hef haldið hér fram að það geti ekki gengið að ætla að hafa við hliðina á húsbréfakerfinu almennt lánakerfi með lægri vöxtum en í boði eru á húsbréfunum. Vegna hvers? Vegna þess að eins og ég hef margsagt sækir fólk auðvitað frekar í hin niðurgreiddu lán og húsbréfin munu ekki þykja aðgengileg ef þau eru á lakari kjörum, hærri vöxtum og með skemmri lánstíma en hin almennu lán. Og til hvers er þá verið að þessu? Málið er það, virðulegur 1. þm. Norðurl. v. og frsm. fjh.- og viðskn., að hugmyndin með þessu máli í heild sinni er að flytja alla opinbera aðstoð í einn farveg, vera ekki að grauta með þetta á tveimur stöðum, bæði í vöxtum Húsnæðisstofnunar og í skattakerfinu. Það er auðvitað hugmyndin. Og til hvers er það hugmyndin? Hvert er markmiðið með þeirri hugmynd? Markmiðið er það að hin opinbera aðstoð gagnist fyrst og fremst þeim sem þurfa mest á henni að halda, þeim sem eiga litlar eignir og hafa litlar tekjur.

En hvað er verið að gera þegar áfram er haldið með niðurgreidda vexti í hinu almenna lánakerfi? Jú, það er einmitt verið að hleypa fleirum en þessum í hina opinberu aðstoð. Það er verið að beina henni þá jafnframt til þeirra sem hennar þurfa ekki með. En það er einmitt eitt af því jákvæða við hið upphaflega húsbréfakerfi, eins og það var hugsað, að þeir sem ekki þurfa sérstaka opinbera aðstoð við að koma sér upp þaki yfir höfuðið, þeir sem ekki þurfa á niðurgreiddum vöxtum að halda, heldur hafa efni á því að gera það á venjulegum markaðskjörum — þeir eru að sjálfsögðu sem betur fer fjölmargir hér í þjóðfélaginu og meiri hluti manna — þurfi ekki að fara í þær biðraðir sem myndast hafa. Þeir geti fengið sín lán í gegnum þessi húsbréf á miklu skemmri tíma en þeir sem þurfa á aðstoð að halda og verða að sætta sig við að bíða í hinni löngu opinberu biðröð til þess að geta notið þeirrar fyrirgreiðslu frá hinu opinbera sem þar er að finna. Þetta var auðvitað hugmyndin og þetta var eitt af því sem ég sá jákvætt við þetta mál í upphafi, eitt af því sem gerði það að verkum að ég hef talað fyrir þessari hugmynd þar sem ég hef haft aðstöðu til, m.a. innan Sjálfstfl. Nú er hins vegar búið að grauta þessu svo fram og aftur að þetta mál þarf auðvitað miklu betri skoðunar við til haustsins og því var okkar tillaga flutt í gær um að gera það og fresta þessu máli á meðan, fram á næsta haust.

En þessar breytingar þýða m.a. það, og það er rétt að beina því líka til frsm. fjh.- og viðskn., að í stað

þess að setja þá fjármuni sem ætlaðir eru til opinberrar aðstoðar við húsbyggjendur og íbúðakaupendur alla á einn stað, eins og þetta frv. sem hér var mælt fyrir byggir á, þá þýðir þetta samkomulag sem frsm. vitnaði til það, að hluti af þessum peningum er fluttur til baka yfir í niðurgreiðsluna, yfir í niðurgreiddu vextina. Og það fer þá eftir því hvor skilningurinn verður ofan á, skilningur hæstv. félmrh. eða hv. 2. þm. Austurl., hvað þetta er mikil upphæð. Ef þarna er bara um að ræða mismun upp á 0,5–1%, þá er þetta kannski ekki mjög mikil upphæð. Ef hins vegar er um að ræða kannski mismun upp á 2,5–3% í vöxtum er þarna auðvitað um að ræða mjög mikla upphæð, upphæð sem nálgast það að vera öll vaxtaniðurgreiðslan í dag vegna þess að nú eru vextirnir 3,5% á veittum lánum en kannski 2,5–3,5 á teknum lánum, þannig að ef þessi skilningur er ofan á, þá er ekkert verið að flytja þann hluta hinnar opinberu aðstoðar sem nam niðurgreiddum vöxtum, nema í litlum mæli, yfir í vaxtabætur. Þá er aðeins eftir sú upphæð sem núv. vaxtaafsláttur gefur og til viðbótar kannski eitthvert smáræði. Og þetta er náttúrlega mikilvægt mál vegna þess að allir útreikningar frv., allt það sem frv. byggir á, allar þær töflur sem hér eru um ákvörðun vaxtabóta og þau dæmi sem hér eru, byggja auðvitað á þeirri samanlögðu upphæð sem áður er getið um, samanlögðum núverandi vaxtaafslætti, húsnæðisbótum og núverandi vaxtaniðurgreiðslu, sem felst í mismuninum á milli veittra og tekinna lána hjá Byggingarsjóði ríkisins.

Nú hefði maður haldið að hin virðulega fjh.- og viðskn. hefði kannski séð ástæðu til þess að kanna þetta mál og láta reikna fyrir sig upp á nýtt þessi dæmi sem hér eru rakin í athugasemdum við frv. og sem hafa hugsanlega orðið þess valdandi að einhverjir hafi ákveðið að veita þessu máli brautargengi, til að mynda hv. 2. þm. Austurl. sem nú situr hér í forsetastóli. En því var nú ekki að heilsa hjá hv. nefnd. Það voru ekki þau vinnubrögð sem talin voru eðlileg þó svo að alveg augljóst sé að nefndin sjálf, í sínu nál., er að lýsa því yfir að forsendur frv. séu gerbreyttar með þessari ákvörðun, með því að viðhalda einhverri niðurgreiðslu á vöxtunum áfram í stað þess að taka alla þá peninga og nota þá í formi vaxtabóta. Hv. frsm. fjh.- og viðskn., Páll Pétursson, kippir sér hins vegar ekkert upp við það að flytja hér málið á slíkum forsendum og er ekkert einu sinni að biðja um, eftir því sem ég best veit, neina nýja útreikninga eða nýja könnun á því hvað þessar breyttu forsendur, sem hann sjálfur leggur til, þýða. Nei, nei. Og ég verð að segja eins og er að þá skil ég mætavel hv. 6. þm. Norðurl. e. Stefán Valgeirsson sem lýsir sig algjörlega andvígan þessu máli. Hann hefur auðvitað séð það strax að það er ekki hægt að standa að máli sem þannig er í pottinn búið, auðvitað ekki. Auðvitað er það ekki hægt fyrir menn sem vilja vera vandir að sinni virðingu að kasta þessu svona hér inn frá nefndinni með grundvallarforsendum gjörbreyttum án þess að það sé neitt sérstaklega athugað. Og það er ekki einu sinni tekið fram, hvorki í nál. né framsögu, að fara þurfi sérstaklega yfir þessi mál, þennan þátt, það er ekki tekið fram, þannig að allt ber hér að sama brunni að því er þetta varðar.

Nú langar mig aðeins, herra forseti, meðan við bíðum eftir fjmrh., að lesa hér upp úr athugasemdum við frv. sem hér er til umræðu, en á bls. 5 segir eftirfarandi, með leyfi forseta, þar sem vikið er að hinum opinbera stuðningi við húsnæðiskaupendur og íbúðabyggjendur:

„Af framangreindu má ráða að sambland af niðurgreiddum vöxtum og aðstoð í gegnum skattkerfið, sem nú ríkir, er frekar ómarkvisst. Jafnframt hefur niðurgreiðsla vaxta í húsnæðislánakerfinu óæskileg áhrif á húsnæðismarkaðinn. Þegar af þessum ástæðum er ljós þörf þess að endurskoða hina opinberu aðstoð og koma henni í einn skýran farveg í gegnum skattkerfið. Lagt er til að sú aðstoð, sem hið opinbera veitir og nú felst í mikilli niðurgreiðslu vaxta á íbúðalánum, færist að mestu leyti yfir í skattkerfið. Með þessu móti væri unnt að slá á óþarfa eftirspurn eftir húsnæðislánum af hálfu þeirra sem í raun þurfa ekki á lánum að halda. Lánamarkaðurinn yrði jafnframt heilbrigðari og samstæðari. Þessi breyting gefur líka færi á mun markvissari stuðningi við þá einstaklinga sem raunverulega þurfa á því að halda. Loks má segja að þessi breyting sé forsenda fyrir því að komið verði á eðlilegum viðskiptum með fasteignaverðbréf hérlendis. Þessi breyting er einnig forsenda fyrir því að unnt verði að koma á húsbréfakerfi í fasteignaviðskiptum því að húsbréfin þurfa að vera markaðshæf og bera markaðsvexti."

Má ég nú ekki lesa þetta eilítið aftur, herra forseti, fyrir hv. þm. Pál Pétursson: „Þessi breyting [það að fella hina opinberu aðstoð í einn farveg] er einnig forsenda fyrir því að unnt verði að koma á húsbréfakerfi í fasteignaviðskiptum því að húsbréfin þurfa að vera markaðshæf og bera markaðsvexti."

Það er nú ekki hægt að segja þetta skýrar. Það er ekki hægt. (**FrS:** Ertu viss um að hv. þm. hafi skilið þetta?) Já, já, ég er alveg viss um það að hann hefur skilið þetta. Ég tel hins vegar að hann hafi ekki beitt sér fyrir nógu vönduðum vinnubrögðum þegar hann var að afgreiða málið út úr nefndinni og væri auðvitað réttast og eðlilegast að hann kallaði nefndina saman að nýju og færi fram á þessar upplýsingar. Það væri auðvitað hið eina rétta í ljósi þess sem ég hef sagt og hér er lesið upp. En síðar segir, herra forseti:

„Tillaga nefndarinnar er að tekin verði upp greiðsla vaxtabóta í gegnum skattkerfið sem leysi af hólmi húsnæðisbætur og vaxtaafslátt samkvæmt núgildandi tekjuskattslögum. Sú heildarfjárhæð, sem til þessa yrði varið, tæki mið af áætluðum kostnaði við húsnæðisbóta- og vaxtaafsláttarkerfið og áætlaða vaxtaniðurgreiðslu í núgildandi kerfi húsnæðislána."

Og síðar segir, með leyfi forseta: „Almenn niðurgreiðsla vaxta til lengdar, óháð vaxtastigi, hefur óæskileg áhrif á lánsfjáreftirspurn eins og áður var lýst auk þess sem hún kallar á ört vaxandi útgjöld ríkisins og þar með hækkun vaxta."

Hér eru færðar fram ýmsar almennar röksemdir

fyrir þeirri nauðsyn að fara með hina almennu húsnæðislánavexti upp í markaðsvexti um leið og húsbréfakerfið er tekið upp. Það er verið að því og framar er eftirfarandi tekið fram, herra forseti, á bls. 4:

„Á árinu 1988 voru greiddar út rúmlega 400 millj. kr. í húsnæðisbætur til 9500 aðila. Af þeim töldu 30% ekki fram nein vaxtagjöld. Er það athyglisvert hvort heldur það er vegna ónákvæmra skattframtala eða þess að þeir greiddu enga vexti. Til viðbótar nam vaxtaafsláttur tæpum 700 millj. kr., en hans nutu hins vegar mun fleiri en húsnæðisbótanna, um og yfir 25.000 aðilar. Að jafnaði nam vaxtaafslátturinn því 28 þús. kr. á hvern einstakling. Þannig námu heildarútgjöld ríkissjóðs vegna greiðslu húsnæðisbóta og vaxtaafsláttar 1100 millj. kr. á árinu 1988."

Þetta er summan sem er til ráðstöfunar í vaxtabæturnar plús það sem væntanlega sparaðist í niðurgreiðslu vaxta, en þann þátt er búið að skera niður, að vísu er ekki vitað hve mikið. Það fer eftir því hvor túlkunin verður ofan á, túlkun hæstv. félmrh. og fjmrh. annars vegar eða hv. 2. þm. Austurl. og hæstv. fyrrv. starfandi forsrh. Halldórs Ásgrímssonar hins vegar.

Ég er nú búinn að gera hér nokkra grein fyrir því í þessu sem ég hef verið að lesa upp úr athugasemdum við frv., að breytingin yfir í vaxtabætur, sem komi að öllu leyti í stað niðurgreiðslu vaxta, húsnæðisbóta og vaxtaafsláttar, sé óhjákvæmileg. En auðvitað varðar hv. fjh.- og viðskn. ekkert um það, slíkt smáræði. Allt stafar þetta auðvitað af því að hæstv. félmrh. og hæstv. forseti deildarinnar og aðrir þeir sem hafa viljað beita sér fyrir húsbréfakerfi í fasteignaviðskiptum hafa verið að semja um það mál við aðila sem eru innst inni á móti því eins og ýmsir hv. þm. Framsfl. og Alþb. Niðurstaðan verður auðvitað sá óskapnaður sem ég er hér að lýsa. Niðurstaðan fer auðvitað þvert á þær forsendur sem raktar eru í athugasemdunum með frv. sem ég er búinn að lesa hér upp. Hún gerir það því að eins og segir hér: „Þessi breyting [þ.e. breytingin að flytja alla opinbera aðstoð í einn farveg] er einnig forsenda fyrir því að unnt verði að koma á húsbréfakerfi í fasteignaviðskiptum því að húsbréfin þurfa að vera markaðshæf og bera markaðsvexti." Það er nú það.

Ég sé ekki ástæðu til þess að halda lengur áfram, herra forseti, í fjarveru hæstv. fjmrh., en ég er fús til þess að gera hlé á minni ræðu og hleypa öðrum ræðumönnum að. Ég hygg að einhverjir þeirra hafi þegar beðið um orðið og ég tel ekki að það muni verða til þess að tefja þessar umræður úr neinu sérstöku hófi. (**Forseti:** Já. Hv. þm. gerir þá hlé á ræðu sinni og öðrum sem á mælendaskrá eru verður gefinn kostur á að taka til máls.)

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið áður, þá sit ég á fundum fjh.- og viðskn. þegar ég get komið því við. Þegar þetta frv. var afgreitt lagði ég fyrir nefndina nokkrar spurningar vegna þess að ég verð að segja eins og er að ég er ekki nógu skýr í kollinum til að skilja í raun og veru hvernig þetta gengur saman, en þó að þarna sé mikið af reyndu fólki sem yfirleitt geti útskýrt málin var það nú svo að ég fékk ekki svör. Menn litu hver á annan.

Ég spurði t.d. að því hvernig á því gæti staðið að í frv. stæði það sem ég mun nú lesa, með leyfi forseta:

„Vaxtagjöld umfram vaxtatekjur skv. 3.–5. tölul. 1. mgr. 8. gr. vegna annarra lána en um ræðir í 1. tölul., enda er einungis heimilt að telja þau með á næstu fjórum skattárum talið frá og með kaupári ef um er að ræða kaup á íbúð. Sé um nýbyggingu að ræða er heimilt að telja þau með á næstu sjö skattárum talið frá og með því ári þegar bygging hefst eða til og með því ári sem húsnæðið er tekið til íbúðar ef það er síðar."

Ég bendi á þetta ósamræmi. Við skulum bara segja að maður kaupi hús sem er byggt fyrir einu eða tveimur árum. Þá á hann ekki að fá vaxtabætur nema í fjögur ár en ef hann byggir fær hann þær í sjö ár. Þegar ég spurði um þetta litu nefndarmenn bara hver á annan. Það var ekkert verið að hugleiða þá missmíð eða koma með breytingu á þessu ákvæði. Auðvitað er þetta fáránlegt eins og allt þetta mál.

Skattalög eru auðvitað betri eftir því sem þau eru einfaldari og skiljanlegri og það verður nú að segjast um okkar skattalög að það er alltaf verið að gera þau flóknari og flóknari og ekki bætir þetta úr sem hér er. Það er verið með frv. og þessum málum tveimur að taka stórt skref í átt til markaðsvaxta í þessu kerfi öllu, enda kemur það mjög vel fram í athugasemdum sem eru með frv. En síðan er staðið þannig að málum að það er verið að binda mikið fé í bönkunum, fé sem verður svo til þess að vextir geta ekki orðið eðlilegir. Það er mikið meiri eftirspurn eftir fjármagni, hefur verið og líkur fyrir því að verði, vegna þess að fyrst eru bundin 13% í Seðlabankanum. Þegar sú ákvörðun var tekin, um það bindifé, þá var það til þess að standa undir afurðalánum atvinnuveganna og sérstaklega landbúnaðarins. Nú eru viðskiptabankarnir búnir að taka við því að öllu leyti en samt er þetta bundið.

Til viðbótar þessu eru svo 9 eða 10% bundin á lausum reikningum og ef út af bregður tekur Seðlabankinn dráttarvexti af því fjármagni þó að það fáist ekki nema 2% fyrir það fé sem er bundið í Seðlabankanum. Svo eru menn hissa á því að það skuli vera vaxtamunur í bönkunum. En eins og ég held að hv. þm. Geir H. Haarde hafi lesið hér upp, úr athugasemdunum — ég ætla að lesa það aftur að hluta til til að sýna fram á það að hverju er stefnt, með leyfi forseta: „Vaxtabæturnar áttu að koma í stað niðurgreiðslu vaxta í almenna húsnæðislánakerfinu, enda yrðu þá vextir á almennum húsnæðislánum látnir fylgja markaðsvöxtum langtímalána. Í áliti vinnuhópsins kemur fram að hann telur þessa breytingu forsendu fyrir því að unnt sé að hrinda í framkvæmd annarri tillögu hans um þá nýskipan í húsnæðislánamálum að taka upp skuldabréfaskipti eða svonefnt húsbréfakerfi."

Getur þetta verið skýrara? Er það hugsanlegt? Og hvað eru markaðsvextir í dag? Eins og ég gat um hér fyrir nokkrum dögum, þá er verið að auglýsa vexti í einkabönkunum upp í 9,25%, raunvexti í bönkunum. Í Alþýðubankanum er þetta 9,25. Fylgjast hv. þm. ekki með hvernig þjóðfélagið er? Vita þeir ekki hvað þeir eru að gera? Halda þeir að fólkið sem er með í laun um 40–50 þús. kr. á mánuði geti bætt á sig vöxtum? Ég er ósammála síðasta ræðumanni að því leyti til að ég er alveg viss um að það er langtum meira en helmingur. Ég er alveg viss um að það er meira en ⅔ af fólki sem mundi ekki geta staðið undir svona vöxtum þrátt fyrir að farið yrði eftir þessum vaxtabótum eins og horfir í þessum málum nú. Og það er alveg rétt hjá honum að yfirlýsing ríkisstjórnarinnar er óljós og má túlka hana bara eins og hverjum þóknast. Það er ekkert hald í henni að þessu leyti. Og hvað segir hér í frv. sem við erum búnir að samþykkja út úr deildinni illu heilli, um Húsnæðisstofnun ríkisins? Það segir í 55. gr. til þess að sýna nú hvernig vextirnir eigi að vera, með leyfi forseta, f. (55. gr.):

„Húsbréfadeildinni er heimilt að áskilja sér vaxtaálag til að mæta rekstrarkostnaði og áætluðum útlánatöpum. [Það á að bætast við.] Félmrh. ákveður vaxtaálag þetta að fengnum tillögum frá húsnæðismálastjórn.“ Það er verið að setja þarna inn sama ákvæði í sambandi við reksturinn eins og hefur verið sett um atvinnusjóðina en til viðbótar áætluðu tapi, áætluðum áföllum. Nei, þetta er eins og sagt var stundum í sjónvarpinu: Þetta er hið versta mál, frá upphafi til enda.

Þó að ég sé sammála hv. þm. Geir H. Haarde um það hvílíkur vanskapningur bæði þessi mál eru orðin er ég honum auðvitað ósammála í grundvallaratriðum vegna þess að sá sem er að byggja íbúð — íbúð, húsnæði, hjá okkur hér á Íslandi og auðvitað alls staðar er ein af frumþörfum mannkyns, og ef slíkt á að fylgja markaðsvöxtum, þá verður að breyta öllu okkar kerfi. Launin verða þá að hækka í samræmi við það og sennilega, ef ætti að vera eitthvert vit í þessu á annað borð, þyrfti að stokka upp allt tekjuöflunarkerfi ríkisins og láta þá borga meira sem hafa meira til þess að jafna á milli. En að taka svona mál út úr, slíta það úr tengslum við raunveruleikann og allar aðrar aðstæður, er fáránlegt.

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Frv. sem við nú ræðum er óhjákvæmilegur fylgifiskur húsbréfafrv. sem við höfum nú þegar afgreitt hér frá deildinni og er komið til umræðu í Ed. En það er kannski ástæða til þess að rifja upp í örstuttu máli ástæðurnar fyrir afstöðu Kvennalistans í því máli. Kvennalistinn hefur alveg frá upphafi stutt hugmyndina um húsbréfakerfi en jafnframt sett ákveðna fyrirvara við ýmsa þætti þess máls og það var frá upphafi megingagnrýnisatriði kvennalistakvenna að ekki væri tekið á húsnæðiskerfinu í heild með sérstakri áherslu á félagslega íbúðakerfið.

Við undirbúning málsins í sérstakri nefnd og í umfjöllun þess á Alþingi komu enn frekar í ljós ýmsir óvissuþættir sem valda því að mörgum hefur reynst erfitt eða ómögulegt að taka eindregna afstöðu með þeim breytingum sem nauðsynlegar eru á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins til þess að koma þessu kerfi á. Þó má kannski segja að meira hafi verið um fullyrðingar en rök í allri þeirri miklu umræðu sem fram hefur farið um þetta mál. Skoðanir eru mjög skiptar meðal sérfræðinga um áhrif þessa kerfis á íbúðaverð, fasteignamarkaðinn, lánamarkaðinn og efnahagskerfið í heild sinni og reynslan ein getur skorið úr um þessi atriði.

Annað mál er að okkar mati deginum ljósara og þarf enga sérfræðinga til að segja okkur eitt eða neitt um það. Það er sú staðreynd að stór hópur fólks ræður ekki við þau kjör sem nú bjóðast til húsnæðiskaupa og hærri vextir munu gera þessum hópi enn erfiðara fyrir. Því blasir það við að þrýstingur á félagslega íbúðalánakerfið eða íbúðakerfið í heild mun aukast verulega og þess vegna er skjótra úrbóta þörf í félagslega kerfinu. Við teljum algjörlega óhjákvæmilegt að mæta sívaxandi þörf fyrir leiguhúsnæði og teljum umræðuna snúast að allt of miklu leyti um séreignafyrirkomulagið. Aukning leiguhúsnæðis mundi auðvitað fyrst og fremst koma þeim til góða sem þurfa eða vilja leigja, en það mundi jafnframt létta mjög á almenna húsnæðiskerfinu. Þess vegna hefði Kvennalistinn viljað efla og bæta félagslega íbúðakerfið jafnframt þessum nýjungum í almenna kerfinu og þá bæði hugsa um þá sem vilja leigja og kaupa. Með tilliti til alls þessa treysti Kvennalistinn sér ekki til þess að standa að framgangi húsbréfakerfisins nema félagslega kerfið væri um leið eflt á einhvern hátt.

Ég þarf ekkert að rifja upp fyrir þingheimi það samkomulag sem gert var milli Kvennalistans og ríkisstjórnarinnar í tengslum við afgreiðslu þessa máls, enda er það birt í þingtíðindum, en með því teljum við nokkuð tryggt að sæmilega myndarlegt átak verði gert í félagslega íbúðakerfinu. Við höfum vissulega sætt nokkru ámæli af hálfu annarra þingflokka í stjórnarandstöðu fyrir þessa afstöðu sem byggir algjörlega á málefnalegum grunni. M.a. hefur verið gengið eftir því við okkur hvaðan þeir peningar eigi að koma sem fara eiga til aukningar í félagslega kerfinu. Ég held að þeir sem hafa ákafast kallað eftir ákveðnum yfirlýsingum um þau efni, þar á meðal fyrrv. fjmrh., átti sig mætavel á tregðu framkvæmdarvaldsins til að gefa skýr svör um það á þessum degi. Það eitt get ég fullyrt hér og nú að hæstv. ráðherrum er fyllilega ljós sá vilji og skilningur Kvennalistans og sú krafa að þetta aukna framlag í félagslega kerfið komi ekki niður á öðrum félagslegum þáttum í ríkisrekstrinum. Á það lögðum við ríka áherslu og ætlumst til að eftir sé munað.

Frv. sem hér er til umræðu er mjög mikilvægur þáttur í þeim breytingum sem gera á í húsnæðiskerfinu. Tilgangurinn er sá að hætta almennri niðurgreiðslu vaxta og freista þess að beina opinberri aðstoð vegna húsnæðisöflunar til þeirra sem raun-

verulega þurfa á slíku að halda. Það skal fúslega viðurkennt að frv. fékk allt of skamma viðdvöl og allt of litla umfjöllun í hv. fjh.- og viðskn. Ég held þó, og það er okkar mat, að það sé fyllilega á réttum brautum og að ítarleg athugun í milliþinganefnd geti sniðið af því þá agnúa sem þarf, ef fyrir eru, með þeim fyrirmælum, sem eru í nál. meiri hl. fjh.- og viðskn., hún taki sérstaklega til umfjöllunar ákvæði um tekju- og eignaviðmiðun við ákvörðun vaxtabóta.

Meginatriðið er að sú umfjöllun og þessar lagabreytingar tryggi það að þeir sem raunverulega þurfa á aðstoð að halda við öflun húsnæðis verði ekki verr settir eða öllu heldur betur settir en í núverandi kerfi sem byggir á húsnæðisbótum og vaxtaniðurgreiðslum. Annað væri óviðunandi.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Ég veiti því athygli að hæstv. ráðherra er genginn í salinn, seint og um síðir. Ég flyt auðvitað deildinni afsökunarbeiðni hæstv. ráðherra vegna þess hvað hefur dregist að hann hafi komið hingað. Þá heldur áfram máli sínu hv. 17. þm. Reykv. (**Fjmrh.:** Hann þrífst ekki öðruvísi en að ráðherrann sé viðstaddur.) Þetta er nú mál sem heyrir undir ráðherrann sem verið er að ræða. (**Fjmrh.:** Að sjálfsögðu. Ég var nú bara með gamanmál hérna.)

Geir H. Haarde:

Það er nú ekki rétt hjá ráðherranum að ég þrífist ekki nema hafa hann viðstaddan, en það lætur nærri þegar um er að ræða mál sem undir hann heyra eins og þetta frv. sem hann hefur hér flutt, og eðlilegt að nærveru hans sé óskað.

Ég ætlaði, án þess að ég vilji endurtaka margt af því sem ég hef sagt hér í fyrri hluta ræðu minnar, að óska eftir því að ráðherra gerði nokkru nánari grein fyrir þessu vaxtasamkomulagi sem upp er komið og fram er lagt í málinu vegna þess að það fer ekkert á milli mála að það eru tvær megintúlkanir í því efni sem fram hafa komið. Og ég skal ekkert blanda inn í þetta öðrum atriðum sjálfs húsbréfafrumvarpsins, sem við afgreiddum hér í gær, eins og ákvæðum um kaupskyldu, þau koma þessu frumvarpi ekki við. Hins vegar er vaxtaþátturinn auðvitað lykilatriði í þessu máli sem hér er til umræðu.

Ég tók eftir því þegar mál þetta var til umræðu í fyrrinótt að hæstv. fjmrh. tók mjög af skarið með það að í ríkisstjórninni væri einhugur um túlkun þessa máls og hún væri sú að vextirnir í hinu almenna húsnæðislánakerfi ættu að vera 0,5–1% undir þeim vöxtum sem Byggingarsjóðurinn verður sjálfur að borga lífeyrissjóðunum. Og síðan er gengið út frá því að vegna vaxtastefnu ríkisstjórnarinnar verði þeir vextir von bráðar komnir niður í 5% þannig að hér sé um að ræða 4–4,5% vexti í hinu almenna kerfi.

Þetta er skilningur hæstv. fjmrh. ef ég hef tekið rétt eftir. Hann er auðvitað nákvæmlega sá sami og hæstv. félmrh. hefur lýst. Aðrir hafa hins vegar leyft sér að blanda sér í þessa umræðu til þess að túlka þessa yfirlýsingu, ekki síst hv. 2. þm. Austurl. Hjörleifur Guttormsson sem lýsti því hér yfir að forsendan fyrir stuðningi hans við þetta mál væri sú að vextirnir af teknum lánum Byggingarsjóðsins kæmu þessu máli ekkert við og að vextirnir af lánum Byggingarsjóðsins til almennings, hinu almenna lánakerfi, mættu aldrei, undir nokkrum kringumstæðum, verða hærri en 4,5%. Og ég túlkaði yfirlýsingu Halldórs Ásgrímssonar, sem þá var starfandi forsrh., í gær þannig að hann væri þessu sammála. Hann féllst á túlkun hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar þó svo að hæstv. ráðherra fjármála hafi gefið hér í skyn í fyrrinótt að það væru að vísu einhverjir þingmenn sem hefðu aðra túlkun á þessu og aðra skoðun en ráðherrarnir tveir, félmrh. og fjmrh., og ríkisstjórnin, en það kæmi málinu eiginlega ekkert við þó að einhverjir slíkir smákarlar væru að hafa aðrar skoðanir á þessum málum, einhverjir einstakir óbreyttir þingmenn.

Nú er auðvitað óhjákvæmilegt að hæstv. fjmrh. skýri sitt mál nánar. Hvort hann stendur við það sem hann lýsti hér í fyrrinótt, að vextirnir eigi að miðast við vexti á teknum lánum Byggingarsjóðsins og aldrei að vera lægri heldur en nemur 0,5–1% þar fyrir neðan. Stendur það? Eða stendur það ekki?

Ég hef eytt nokkru máli hér fyrr í dag í að láta þess getið að hér sé auðvitað á ferðinni samkomulag um hluti sem ekki er hægt að gera samkomulag um og margt bendir til þess að sú leið hafi verið valin að setja á blað það sem báðir aðilar vildu heyra svo að þeir gætu valið úr, þegar þeir eru að túlka yfirlýsinguna, það sem þeim hentar í hvert skipti. Það er hins vegar óhjákvæmilegt að hæstv. fjmrh. skýri þetta enn því að hann flutti hér mál í fyrrinótt sem gengur gegn því sem hæstv. sjútvrh. Halldór Ásgrímsson lýsti hér í gær. Ráðherra fjármála sagði í fyrrinótt: „Það er fullkomið samkomulag um vextina í ríkisstjórninni, en auðvitað hafa einstakir þingmenn mismunandi skoðanir. En afstaða ríkisstjórnarinnar er eindregin og ákveðin," hef ég skrifað hérna niður eftir honum. Svo eyddi hann að vísu löngu máli í að rekja það samkomulag sem gert hefur verið við lífeyrissjóðina um lán þeirra til Byggingarsjóðsins. Sú ræða kom nú eiginlega efni málsins sáralítið við vegna þess að það hefur verið bent á varðandi það samkomulag og þessa yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að það er ekki rétt, sem segir í yfirlýsingunni, að það sé búið að semja um það að vextirnir í lok ársins verði 5%. Það eina sem búið er að semja um við þessa lífeyrissjóði, sem kemur fram í samkomulaginu, er að það er ákveðið að vextirnir verði ekki lægri en 5%. En þeir geta hæglega orðið og verða sennilega hærri, jafnvel mikið hærri, þegar dæmið verður allt gert upp eftir á. Og það er af þeirri ástæðu sem lífeyrissjóðunum var alveg sama hvort þarna stæðu 5% eða jafnvel engin tala því að dæmið er auðvitað gert upp eftir á samkvæmt þessu samkomulagi.

Þess vegna er það röng fullyrðing og villandi í þessu sambandi að gefa sér það sem forsendu fyrir yfirlýsingunni sem liggur til grundvallar nál. fjh.- og viðskn., að það sé búið að semja um það við lífeyrissjóðina að vextirnir sem þeir eigi að fá af sínum peningum

verði 5% í lok ársins. Það er bara ekki rétt. Og það skiptir engu máli þó að hæstv. fjmrh. vaði hér elginn um þann hluta samningsins sem er bundinn við svokallaðar evrópskar reikningseiningar, ECU. Það kemur þessu máli bara ekkert við. Það er auðvitað hægt að reyna að kasta hér inn reyksprengjum og þyrla upp einhverju moldviðri og varpa hér reyk út um þetta mál allt saman og flækja það í öðrum ákvæðum þessa samnings. Það er bara ekki málið. Málið er það að í yfirlýsingunni um vaxtamál er villandi og röng staðhæfing um að það sé búið að semja við lífeyrissjóðina um að vextir þeirra lána, lánanna frá þeim, verði 5% síðari hluta ársins. Það er ekki rétt því að það mun ekki koma í ljós fyrr en á næsta ári hverjir þessir vextir verða á endanum. Og þess vegna er auðvitað ekki hægt að miða framhald yfirlýsingarinnar við þetta. En það er þó gert og það er auðvitað á þeim grundvelli sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur treyst sér til að binda trúss sitt við þetta mál, með gríðarlegum semingi þó. Þannig er nú þetta varðandi vextina. Það liggur ekkert ljóst fyrir hverjir þeir verða. Og ég skal endurtaka það sem ég sagði áðan fyrir hæstv. fjmrh. að ég er sannfærður um að hæstv. félmrh. mun framkvæma þetta samkomulag í samræmi við þann skilning sem hún hefur túlkað hér, enda verður ekki um neitt húsbréfakerfi að ræða að öðrum kosti. Það kemur mjög glöggt og skýrt fram í grg. frv. sem nú er til umfjöllunar hér við 2. umr. að það er forsenda fyrir því að koma á húsbréfakerfi í fasteignaviðskiptum að hin opinbera aðstoð við íbúðakaupendur og byggjendur sé í einum farvegi og það er forsenda fyrir því að unnt sé að koma hér á húsbréfakerfi í fasteignaviðskiptum því að húsbréfin þurfa að vera markaðshæf og bera markaðsvexti. En nú er verið að gera hér frávik. Það er ekki verið að beina aðstoðinni lengur í einn farveg. Það á að halda áfram að niðurgreiða vexti í almenna lánakerfinu og þess vegna gengur þetta dæmi ekkert upp. Það er þó hugsanlegur möguleiki að það geti gengið upp í litlum mæli ef hæstv. félmrh. verður stætt á því að standa á sinni túlkun, en það er auðvitað útilokað ef túlkun hæstv. sjútvrh. og hv. 2. þm. Austurl. stenst, ef vextirnir á lánum lífeyrissjóðanna til Byggingarsjóðsins verða eitthvað á líkum nótum og þeir hafa verið undanfarið.

Það þarf ekkert að endurtaka þetta mikið meira. Það er búið að margskýra það að húsbréfin verða að vera á markaðsvöxtum. Almenna lánakerfið verður að vera á sömu vöxtum og húsbréfin. Þar af leiðandi verður almenna lánakerfið að vera á markaðsvöxtum. Auðvitað! En það er auðvitað skiljanlegt að þeir menn sem eru á móti húsbréfum, bara yfirleitt, og þeir eru fjölmargir í hópi þeirra sem hafa gengist undir að styðja þetta mál með þeim formerkjum sem hér eru, krefjist þess að þannig sé frá því gengið að það geti alls ekkert virkað. Það er kannski mannlegt, en það er ekkert sérstaklega stórmannlegt svo að maður vitni nú til ummæla sem hæstv. utanrrh. eru töm.

Nei, hér verður auðvitað að skýra málið betur. Það liggur alveg fyrir. Þetta er ein af ástæðunum fyrir því að það hefði verið rétt að fresta þessu máli, reikna út líka, hæstv. fjmrh., hvernig þær forsendur sem liggja fyrir í frv. þínu hafa breyst við þá ákvörðun að halda hinni opinberu aðstoð áfram að hluta til í formi niðurgreiðslu. Það liggur fyrir að hér hefur orðið frávik frá því að setja þetta allt í einn farveg og það er verið að fara inn á þær brautir að halda áfram niðurgreiðslunni á vöxtunum. Þá raskar það auðvitað forsendum frv., það minnkar upphæðina sem verður til skiptanna í sambandi við vaxtabætur því að hluti hennar fer yfir í niðurgreiðslurnar aftur. Auðvitað þarf að athuga þessi dæmi á nýjan leik þegar svo er farið að. Það hefðu verið eðlileg vinnubrögð. Mönnum liggur hins vegar svo mikið á að koma þessu máli hér í gegn að öll skynsamleg vinnubrögð vandaðra manna í þessu máli eru hundsuð. Það kom fram hjá forseta deildarinnar, í hans ræðu hér í fyrrinótt, að hann varar mjög við því að fara inn á þá braut að halda niðurgreiðslu áfram í hinu almenna lánakerfi við hliðina á húsbréfakerfinu vegna þeirrar hættu sem ég hef lýst, að þá verði hér ekkert starfandi húsbréfakerfi. Auk þess, og því held ég að hæstv. fjmrh. hljóti að hafa nokkurn áhuga á, að með því að taka að nýju upp niðurgreiðslu vaxta, að flytja hluta af þessari aðstoð á ný yfir í niðurgreiðslu vaxta, þýðir það að einhver hópur manna sem átti að útiloka frá hinni opinberu aðstoð, manna með tekjur eða eignir umfram það sem gefur þeim rétt til vaxtabóta, mun þá njóta slíkrar aðstoðar í gegnum niðurgreiðslurnar. Þeir munu gera það, og það gengur þvert á eitt af þeim markmiðum sem yfirlýst eru með þessu frv. Það er því ekkert skrýtið þótt hv. þm. Hjörleifur Guttormsson taki sér í munn orð eins og skötulíki og óbermi og fleira þess háttar þegar hann er að lýsa þessu. Það er ekkert skrýtið. Ég hef ekki gert þau orð að mínum að vísu, en það er athyglisvert að þeir sem hafa lið þessu máli atkvæði sitt tala svona beint og óbeint mest á móti því. Það er mjög athyglisvert.

Eitt enn, virðulegur fjmrh., og það snýr að samkomulaginu við Kvennalistann sem hv. þm. Kristín Halldórsdóttir var hér að fjalla um. Það er búið að lofa Kvennalistanum því að það eigi að auka fjármagn til hins félagslega húsnæðiskerfis um hvorki meira né minna en 600 millj. kr. sem jafngildir tvöföldun á ríkisframlaginu. Og menn yppta bara öxlum og fjmrh. grípur hér fram í þegar menn eru að spyrja hann að því hvernig eigi að fara að þessu og fullyrðir að þetta sé nú ekki mikið mál. Þetta sé nú ekki mikið mál, 600 millj. kr. í viðbót í félagslega húsnæðiskerfið sem fær 600 millj. á þessu ári frá ríkinu. En er hæstv. fjmrh. búinn að gleyma því þegar hann barðist hér um á hæl og hnakka í haust í fjárlagaafgreiðslunni til þess að fá þetta framlag minnkað úr þeim 680 millj. sem lagðar voru til í fjárlagafrv. niður í 600? Er hann búinn að gleyma því? (Gripið fram í.) Nei, hann er vonandi ekki búinn að gleyma því. En samt munar hann ekkert um það að bæta við 600 millj. kr. sem lausnargjaldi inn í þetta kerfi til þess að fá hér ákveðna aðila til fylgis við

málið. Hann munar ekkert um það þegar þannig stendur á þó að hann hafi pínt hæstv. félmrh. í haust til þess að sætta sig við 80 millj. kr. lækkun á þessum lið frá því sem var í upphaflegu fjárlagafrv. til þess sem samþykkt var í fjárlögum.

Þetta er allt saman afar ótraustvekjandi og það er furðulegt að Kvennalistinn skuli leggja einhvern trúnað á samkomulag sem þetta þegar það liggur fyrir að fjmrh. sjálfur hefur pínt sinn eigin félmrh. til þess að lækka það framlag sem gengur til þessara mála, hins félagslega íbúðakerfis, úr 680 millj. í 600, hér á þessu þingi, fyrir örfáum mánuðum síðan. Svo halda þær að hann geti galdrað nýjar 600 millj. upp úr sínum hatti til þess að leggja í þetta mál eða galdrað þær upp úr sjóðum lífeyrissjóðanna því að það hefur ekki komið fram hvort þetta eigi að koma allt frá ríkissjóði eða allt frá lífeyrissjóðunum eða með hvaða hætti það skiptist þar á milli. En hæstv. fjmrh. fullyrti það hér í fyrrinótt að þetta yrði ekkert vandamál og það yrði bara ákveðið síðar hvert hlutfall yrði milli ríkissjóðs og lífeyrissjóðanna framvegis. (**Fjmrh.:** Það er rétt skilið.) Það er rétt skilið. Vitanlega er það rétt skilið. Það var líka rétt skilið, þegar hæstv. fjmrh. var að fjalla hér um vextina, hjá þessum ræðumanni sem hér stendur, hvað hann sagði hér, og það var líka rétt skilið hvað hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði. (Gripið fram í.) Ef það var rangt skilið (**Forseti:** Ég geri ráðstafanir til að fjmrh. fái orðið á eftir.) þá ætla ég að leyfa mér að lesa upp úr ræðu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar. Ef það var rangt skilið eða hæstv. fjmrh. telur að ég hafi skilið það rangt ætla ég að leyfa mér að lesa upp úr hans ræðu hér, hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar. Hann segir, með leyfi forseta og með leyfi fjmrh., góðfúslegu — ég vænti þess að hann leyfi mér að lesa þetta án truflana, en hann hefur jafnan þann háttinn á þegar honum mislíkar það sem ræðumenn segja að kalla þá jafnóðum fram í, en með leyfi forseta sagði hv. 2. þm. Austurl.:

„Ég vil að það sé alveg ljóst og skýrt af minni hálfu, og ég tel mig þá mæla fyrir minn þingflokk, Alþb. [þingflokk fjmrh.] sem hefur ítrekað fjallað um þessi efni og gert um þau samþykktir, að við erum að tala um það að vextir af lánum Byggingarsjóðs ríkisins verði að hámarki 4,5% og sú tenging við þá vexti sem kunna að verða á lánum Byggingarsjóðsins eða réttara sagt þá vexti sem Byggingarsjóðurinn þarf að greiða vegna lífeyrissjóðslána, koma þessari samþykkt ekki við. Þeir koma þessri samþykkt ekki við eftir þá túlkun sem fyrir liggur frá meiri hl. fjh.- og viðskn. og samkvæmt þeim samþykktum sem þingflokkur Alþb. hefur gert og tengjast þessu máli."

Tilvitnun lýkur og ætlast ég nú til þess að hæstv. ráðherra dragi til baka þá fullyrðingu sína að ég hafi ekki skilið hvað hv. þm. Hjörleifur Guttormsson var að segja eða fara. Auðvitað skildi ég það mætavel. Og ég skildi líka það sem hæstv. félmrh. sagði um þetta mál. Fjmrh. var að taka undir það þegar hann talaði hér um málið. En það er hins vegar búið að kúga hæstv. félmrh. í þessu máli með þeim skilningi sem sjútvrh. hæstv. lýsti hér í gær og ef sá skilningur verður ofan á þá er félmrh. gert ókleift að framkvæma þetta kerfi eins og til stóð og sömuleiðis einnig með þeim skilningi sem yfirlýstur er af hálfu Framsfl. varðandi kaupskylduna í 1. gr. frv. um húsbréf sem hér var afgreitt í gær vegna þess að ráðherra lýsti sömuleiðis gjörsamlega öndverðum skilningi og túlkun á því ákvæði. Hann lýsti skilningi sínum á þann veg að þessi lög gætu virkað en eins og þetta er yfirlýst af hálfu Framsfl. og af hálfu sjútvrh. þá eru allar líkur á því að líka það ákvæði verði til þess að húsbréfakerfið geti alls ekki virkað með þeim hætti sem að var stefnt. Þar með hafa ýmsir þeir sem gegn þessu máli hafa viljað vinna náð sínu fram og orðið til þess að hér verður ekkert alvöru húsbréfakerfi í gangi.

En það er önnur saga og það er ekki um það að sakast við þá sem hafa viljað rannsaka þetta mál betur í sumar og ná um það víðtækara samkomulagi. En það er við þá að sakast sem hafa beygt sig í duftið fyrir aðilum sem eru algjörlega andvígir þessu máli og hafa alltaf verið og eru bara á móti því að taka hér upp víðtækari markaðsviðskipti með fasteignaveðbréf, punktur, eins og hv. þm. Stefán Valgeirsson sem er bara á móti því, en hann hefur þó þá heiðarlegu afstöðu að leggjast gegn málinu. Það hafa þeir hins vegar ekki, til að mynda hv. þm. Alþb. sem eru líka á móti þessu, eru líka á móti húsbréfum innst inni vegna þess að þau kalla á aukin markaðsviðskipti og verðbréfaviðskipti en þeir hafa ekki tekið sams konar afstöðu eins og búast hefði mátt við. Þeir hafa hins vegar tekið þá afstöðu að reyna að eyðileggja málið um leið og það væri samþykkt, og ég óttast að þeim hafi tekist það enda hefur hæstv. félmrh. og hennar stuðningsmenn auðvitað lagt út í það óframkvæmanlega verkefni að semja um mál við aðila sem því eru algjörlega andvígir og vilja leggja allt í sölurnar til að grafa undan því.

Þannig er þetta allt í pottinn búið, herra forseti, og þykist ég vita það að forseta deildarinnar sjálfum muni gremjast þetta manna mest. Því það er ekki nóg með það að sá ræðumaður sem hér stendur hafi skilið í hverju þetta mál felst. Enginn skilur það væntanlega betur en hæstv. forseti þessarar deildar og efast ég ekki um að honum gremst það að þannig skuli hafa verið farið með þetta mál á þeim síðustu dögum sem hann starfar hér í þinginu. Ég skal hins vegar ekki blanda honum nánar inn í þetta því að hann stjórnar hér okkar fundum, en þannig er þetta í pottinn búið, því miður. Afturhaldsöflin í Alþb., íhaldsöflin, sem hvorki mega heyra minnst á viðskipti með verðbréf, aukið frjálsræði í slíkum málum, aukið samstarf við útlendinga í bankamálum eða neinu því sem til heilla og framfara horfir á þessu sviði, hafa hér orðið ofan á. (**Fjmrh.:** Orðið íhaldsöfl hlýtur að vera kompliment í munni sjálfstæðismanns.) Íhaldsöflunum í Alþb. er ekki saman að jafna við heiðarlegt og traust íhald sums staðar annars staðar, ekki með nokkru móti. Það hélt ég nú satt að segja að hæstv. ráðherra vissi, en það er greinilega margt sem hann ekki veit í þessu máli eða þykist ekki vita eða skilja.

Ég ætla ekki að lengja mál mitt frekar, herra forseti. Ég þakka fyrir það að forseti hlutaðist til um að ráðherra mætti hér til leiks eins og honum er reyndar skylt. Ég veit að hann hefur mörgum hnöppum að hneppa og sumum þeirra ætti hann eiginlega að fara að drífa sig í að hneppa eins og að semja við þá aðila sem nú eiga í kjaradeilu þó að þar sé nú ekki við hann einan að tala, auðvitað ekki, en það mál verður væntanlega rætt hér síðar í dag. Ég ætlast hins vegar til þess að bæði ráðherrar og hinn virðulegi formaður fjh.- og viðskn. svari þeim spurningum sem til þeirra hefur verið beint.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst til að fyrirbyggja misskilning biðja forláts á því að mér hættir stundum til að grípa fram í fyrir ræðumönnum Sjálfstfl. þegar þeir standa hér í pontu. Sökin er nú ekki á þann veg að ég sé að sýna þeim einhverja sérstaka vanvirðu eða vilji trufla þeirra málflutning, heldur held ég að þetta sé óhjákvæmileg afleiðing af þeirri nýju hönnun innréttinga hér í salnum sem tekin var upp fyrir nokkru síðan og gerir það að verkum að það eru einungis u.þ.b. tveir metrar frá ræðustólnum hér yfir í það sæti sem mér hefur verið ætlað. Hefði nú hin gamla skipan, þegar fjmrh. sat miklu aftar í salnum og ekki í augsýn við ræðumenn og allra síst Sjálfstæðisflokksins, verið mun betur til þess fallin að koma í veg fyrir framíköll af þessu tagi. (Gripið fram í.) Það getur vel lagast, hv. þm. Friðrik Sophusson. Þó held ég að þessi ákvörðun húsameistara ríkisins að breyta innréttingunni með þessum hætti hafi m.a. haft þetta í för með sér.

Hins vegar er það þannig að þessar ræður, sem hv. þm. Sjálfstfl. flytja fyrst í húsbréfamálinu og nú undir þessum dagskrárlið, og þetta er víst alltaf sama ræðan, eru farnar að minna mig bæði skemmtilega og stundum óþyrmilega á persónur í hinni merku bók hins ágæta ítalska fræðimanns og rithöfundar Umberto Eco. Þessi bók ber þar að auki hið ágæta nafn, eins og hv. þm. flestum er vonandi kunnugt, Nafn rósarinnar. Nafn rósarinnar hefur hlotið mikla útbreiðslu, verið þýdd á fjölda þjóðtungna, m.a. er hún til í frábærri íslenskri þýðingu eftir Thor Vilhjálmsson. Í þessu skemmtilega og merka skáldverki eru aðalpersónurnar munkar nokkrir sem sitja einangraðir á fjöllum uppi og eru þar að rýna í alls konar texta og reyna að lesa út úr þeim eitt í dag og annað á morgun, aðallega til þess að hafa eitthvað að gera þarna hátt uppi í einangrun fjallsins. Svo taka þeir að vísu upp á því skömmu eftir að sagan hefst að fara að myrða hver annan, en ég vona nú að þm. Sjálfstfl. taki það ekki upp heldur haldi sér frekar áfram við þann þátt sögunnar sem felst í þeirri iðju latínumunka að rýna og rýna í textann og reyna að lesa út úr honum eina túlkun í dag, aðra á morgun, eina túlkun í ár, aðra næsta ár, eina túlkun á þessari öld, aðra á þeirri næstu. Hin merka saga Ítalíu geymir þá staðreynd að í nærri 700 ár fengust munkarnir við lítið annað en þetta. Umberto Eco klæðir þetta í mjög skemmtilegan búning í þessari ágætu bók og hafi menn ekki lesið hana mæli ég eindregið með hinni ágætu þýðingu Thors Vilhjálmssonar. Þar geta menn fengið djúpstæðari skilning á þessum ræðuhöldum sjálfstæðismanna í þessu máli.

Það vill þar að auki svo skemmtilega til að nafn þessarar bókar, Nafn rósarinnar, má í tvíþættri merkingu heimfæra upp á hæstv. félmrh. án þess að ég ætli að útlista þá merkingu nánar hér, önnur er pólitísk og hin er persónuleg eins og menn hljóta að skilja. Sjálfstfl. leitar þess vegna hér í þingsalnum að þessu nafni í ræðu eftir ræðu, hvort sem það heita húsbréf eða vextir, og fletta skræðum, nál. og ræðum ráðherra og þingmanna til þess að fá í þetta botn.

Um þessar mundir eru þeir staddir þar í iðju sinni, í að skrifa þetta skáldverk, að nú hafa þeir komist að þeirri merku pólitísku niðurstöðu að annars vegar sé hæstv. fjmrh. sammála hæstv. félmrh. en hins vegar sé hæstv. sjútvrh. sammála hv. 2. þm. Austurl. sem sé hins vegar ósammála flokksbróður sínum fjmrh. sem einnig sé ósammála hæstv. starfandi forsrh. og þannig koll af kolli, leikfléttu af leikfléttu.

Málið er náttúrlega hins vegar eins og í öllum latínutextum mjög einfalt, þarf ekki að setja á langar ræður í þeim efnum, og sá einfaldleiki hefur verið settur á þrykk af hinum orðhaga húnvetnska bónda sem er hér formaður fjh.- og viðskn. þessarar deildar, enda kominn af annáluðu Guðlaugsstaðakyni sem hefur nú þegar getið sér þjóðfrægð fyrir það að geta orðað betur en aðrir menn skýrar hugsanir. En í þessu nál. sem hv. þm. Páll Pétursson mælti hér fyrir stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstjórnin stefnir að því að vaxtamismunur af teknum lánum hjá lífeyrissjóðunum og útlánum Byggingarsjóðs ríkisins í núverandi húsnæðiskerfi verði ekki meiri en 0,5–1,0% og verði vextir af útlánum Byggingarsjóðs ríkisins lægri sem þeim mismun nemur.

Vextir af útlánum Byggingarsjóðs ríkisins hækka ekki fyrr en húsbréfakerfið tekur gildi og verða þá ekki hærri en 4,0–4,5%.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að hækkun vaxta hjá Byggingarsjóði ríkisins verði ekki afturvirk."

Fyrir okkur sem höfum ekki týnt okkur í munkalatínu miðalda, sem þingmenn Sjálfstfl. hafa tileinkað sér í anda þeirrar iðju sem frá er greint í hinu merka skáldverki Nafn rósarinnar, er þetta ósköp skýr og ljós texti og þarf í raun og veru ekkert meira um málið að segja. Þar breytir engu hvað margar ræður þingmenn Sjálfstfl. kjósa að flytja hér og reyna að þylja einhverja texta fram og aftur til að benda á annað. Málið liggur alveg ljóst fyrir út frá öllum þeim ræðum sem hér hafa verið fluttar, m.a. vegna þess, eins og ég gerði grein fyrir á sínum tíma og mun skýrar má lesa í hinu merka blaði Morgunblaðinu í gær, að þegar hefur verið gerður samningur við lífeyrissjóðina þar sem ákveðnir eru vextir á ákveðnum hluta þeirra bréfa sem lífeyrissjóðirnir hafa ákveðið að kaupa. Nú veit ég vel að allir þingmenn og sérstaklega þingmenn Sjálfstfl. lesa Morgunblaðið mjög vandlega. Þess

vegna get ég líka sparað mér að endursegja þennan þátt málsins hér enn á ný, sem ég gerði í ræðu, ég held næturstund hér fyrir skömmu, því að á bls. 20 í Morgunblaðinu í gær er að finna mjög greinargóða og skýra grein þar sem allt þetta er sett fram á augljósu og rökföstu máli. Það er grein eftir Má Guðmundsson hagfræðing sem um þessar mundir er efnahagsráðgjafi fjmrh. en var um langa hríð samstarfsmaður hv. þm. Geirs H. Haarde í Seðlabankanum. Og ég veit að hv. þm. Geir H. Haarde hefur það mikið faglegt sjálfstæði og það mikinn faglegan metnað að hann leyfir sér ekki að draga í efa faglegar niðurstöður Más Guðmundssonar á þessu sviði þótt hann geti kannski leyft sér sem alþm. hér að draga orð mín í efa og er frjálst og sjálfsagt að hann geri það. En sem betur fer er það einu sinni þannig að þeir sem þjálfaðir eru í sömu fræðigreinum setja sér ákveðin takmörk fyrir því hvað menn leyfa sér gagnvart starfsbræðrum sínum vegna þess að þótt hagfræðin og félagsvísindin séu ekki alveg jafnnákvæmar fræðigreinar og sumt í raunvísindunum, þá gilda þar engu að síður, sem betur fer, ákveðin fræðileg og fagleg lögmál. Og ég veit að þegar hv. þm. Geir H. Haarde les þessa grein sem hagfræðingurinn Geir H. Haarde, fyrrv. starfsmaður Seðlabankans Geir Haarde, þá sér hann auðvitað að það er hárrétt sem haldið hefur verið fram að á þeim hluta sem keypt eru af lífeyrissjóðunum, hinum svokallaða ECU-hluta, verða vextirnir, hvað sem gerist hér innan lands, á þeim hluta þessa samnings sem tengdur er hinu endurmetna mati á vöxtunum í lok ársins um eða innan við 5%.

Á bls. 20 í Morgunblaðinu er að finna mjög ítarlegan rökstuðning, fræðilegan rökstuðning Más Guðmundssonar, fyrir þessari niðurstöðu. Lokaorð þess kafla greinarinnar eru á þessa leið: Að öllu samanlögðu eru því ekki rök til að miða við annað en að raunvextir ECU-bréfanna verði í kringum 5%. Þar með er ljóst, hvað sem líður vaxtaþróun innan lands, að 15–40% af skuldabréfakaupum sjóðanna verða með um 5% raunvöxtum. Það er þess vegna rangt sem hv. þm. Geir H. Haarde sagði hér áðan að samningarnir við lífeyrissjóðina komi þessu máli ekkert við. Þeir eru bara grundvallarþáttur málsins vegna þeirrar nýjungar sem í samningunum felst og tekur til þessa hluta samningsins. Það sem hv. þm. Sjálfstfl. hafa hins vegar sagt um þann hlutann sem felur í sér hina endurskoðuðu vaxtaviðmiðun innan lands í lok ársins er allt saman rétt í stórum efnisatriðum og enginn ágreiningur um það mál, en þeir gleyma alltaf annaðhvort að skoða nægilega vel eða ræða þennan þátt samningsins sem er hin stóra nýjung í þessum samningi og mun örugglega þegar fram líða stundir verða talin mestu tímamótin í samningum ríkissjóðs og lífeyrissjóðanna um langt árabil. (**GHH:** Þar með er fullyrðingin í yfirlýsingunni röng.) Þar með er fullyrðingin í yfirlýsingunni rétt vegna þess að þegar horft er á þróunina á þessum erlenda markaði sem þarna er vísað til er að vísu í „teoríunni" hugsanlegt að á næstu árum verði þar einhverjar stórvægilegar raunvaxtabreytingar en öllum hagfræðingum, öllum sérfræðingum í viðskiptum, öllum sérfræðingum í peningamarkaði sem mér er a.m.k. kunnugt um að hafi tjáð sig um þetta efni og þeim sérfræðingum sem ég hef leitað til ber saman um að það séu þá frekar líkur á því að á næstu missirum og árum muni þessir raunvextir lækka frekar en að þeir hækki. (**GHH:** Það er enginn að tala um ECU-vexti.) Nei, það er nefnilega alveg rétt að hv. þm. Sjálfstfl. kjósa að tala ekki um ECU-vextina vegna þess að þar er, svo að ég haldi mér áfram við hina ágætu bók Nafn rósarinnar, einmitt hið forboðna ritverk sem veldur því að ef þeir opna það þá brennur þeirra málflutningur allur upp eins og munkaklaustrið sjálft brann upp í þessu góða skáldverki þegar hin forboðna bók hafði verið opnuð. (Gripið fram í.) Hvað sagði hv. þm. Friðrik Sophusson? (**Forseti:** Ég vil biðja hv. þingdeildarmenn að stunda hér ekki frammítökur. Það gildir jafnt um þingmenn sem ráðherrana.) Munurinn er sá að ég fagna ávallt frammítökum frá Sjálfstfl. en þeir eru eitthvað skapvondir yfir frammíköllum frá mér. Hvað sagði hv. þm.? (**Forseti:** Það vill svo til að það fer ekki eftir ræðumönnum hvort þeir fagna frammítökum eða ekki, heldur er það almenn regla hér á fundum.) (**FrS:** Ég skal gjarnan taka þátt í þessum leik.) Já, ég þakka hv. þm. Friðriki Sophussyni fyrir það. (**PP:** Getið þið ekki farið út á Borgina?) Hv. þm. Páll Pétursson er hér á mælendaskrá þannig að þó að ég skilji vel að hann vilji blanda sér í þennan frammíkallaleik, eins og því Guðlaugsstaðakyni, svo að ég haldi mér nú áfram við þær líkingar sem ég var með hér áðan, er títt, þá skal ég reyna að ljúka máli mínu.

Ég get svo sem komið hingað eins oft í salinn og þingmenn Sjálfstfl. vilja. Ég get tekið hérna til máls eins oft og þingmenn Sjálfstfl. vilja. En það breytir engu um það að ég segi nákvæmlega það sama í þessari ræðu og ég sagði í síðustu ræðu og hve oft sem þingmenn Sjálfstfl. kjósa að fara yfir málið, þá er niðurstaðan alltaf eins. Eins og málið liggur efnislega fyrir, bæði hvað snertir samkomulagið innan ríkisstjórnarinnar og með hliðsjón af hinni merku nýjung í samningum ríkisins við lífeyrissjóðina er málið eins ljóst og hábjartur dagur. Það er þess vegna enginn ágreiningur um málið innan ríkisstjórnarinnar. Málið liggur efnislega alveg ljóst fyrir. Það skal ég segja næst þegar ég verð beðinn að taka til máls, bara í fáeinum setningum, en vildi hér hins vegar reyna að útskýra í aðeins lengra máli. Síðan ber ég fram þá frómu ósk til þingmanna Sjálfstfl. að þeir lesi Morgunblaðið.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Hv. þm. Geir H. Haarde kvartaði undan því að ég hefði ekki rakið í framsögu minni efni frv. í smáatriðum. Ég treysti því nú að þingdeildin hefði kynnt sér málið og vissi allt um það eins og hv. þm. Geir H. Haarde og auk þess vissi ég það að hv. þm. mundi halda hér yfirgripsmikla og upplýsandi ræðu eins og hans var von og vísa. Ég átti reyndar ekki von á því að hann mundi misskilja neitt í

þessu máli, en ef svo illa færi hefði ég náttúrlega tækifæri til þess að leiðrétta hann. Út af fyrir sig er ekki margt sem ég þarf að leiðrétta í ræðu hv. þm. Geirs H. Haarde, en nokkrum spurningum beindi hann til mín og það er sjálfsagt að verða við því að svara þeim.

Í fyrsta lagi vildi hann vita við hvað væri átt með setningunni: „Ríkisstjórnin stefnir að því að vaxtamismunur af teknum lánum hjá lífeyrissjóðunum og útlánum Byggingarsjóðs ríkisins í núverandi húsnæðiskerfi verði ekki meiri en 0,5–1,0% og verða vextir af útlánum Byggingarsjóðs ríkisins lægri sem þeim mismun nemur.“ Þetta held ég að skýri sig nú nokkuð sjálft, og a.m.k. ef hv. þm. les nál. áfram sér hann að neðarlega í nál. segir: „Meiri hluti nefndarinnar lítur svo á að fenginni þessari yfirlýsingu að eftir gildistöku laganna verði vextir af byggingarsjóðslánum ekki hærri en að hámarki 4,5%.“ Nú er það að vísu tilfellið að við erum ekki að stofna hér 1000 ára ríkið og það er kannski erfitt að fullyrða hvað verður um langa framtíð, en næstu framtíð gerum við ráð fyrir því í meiri hl. að vextirnir verði með þessum hætti. Það er að sjálfsögðu átt hér við vexti af núverandi kerfi en ekki af húsbréfakerfinu. Það er alveg rétt hjá hv. þm., sem hann hefur komið auga á af skarpleik sínum, að við erum hér með eða verðum hér í nánustu framtíð með tvöfalt kerfi, verðum með núverandi húsnæðiskerfi og húsbréfakerfi þar til hliðar. Þetta húsbréfakerfi er tilraun. Upphaflega vildi hæstv. félmrh. að húsbréfakerfið tæki við af núverandi húsnæðiskerfi. Málið hefur þróast þannig að það verður ekki, heldur er farið af stað með húsbréfakerfi á takmörkuðu sviði. Okkur þótti ýmsum glannalegt að taka húsbréfakerfið alfarið upp. Við viljum lofa því að þróast. Það er bundið við kaup á eldra húsnæði og bundið við ákveðna upphæð. Síðan verður kerfið endurskoðað og hafi það sannað sig og reynst eins og hæstv. félmrh. og við fleiri vonum, þá er rétt að taka skrefið til fulls, en ef ekki, eins og sumir hv. þm. hafa óskað, þá er heldur ekki allt í hers höndum. Það er ekki búið að eyðileggja núverandi kerfi. Og ég held að hér hafi verið valinn skynsamlegur millivegur og að eðlilegt sé að feta þessa slóð.

Það er rétt hjá hv. 17. þm. Reykv. að vextirnir verða nokkuð niðurgreiddir. Það er ekki um stórfellda niðurgreiðslu að ræða með þessu móti. Hann vitnaði til dæma sem prentuð eru í grg. frv. Þessi grg. er náttúrlega samin við frv. áður en það fór að taka breytingum og þau eiga ekki lengur við og það er alveg rétt hjá hv. þm. að það þarf að reikna þetta upp á nýtt til þess að menn hafi þetta fyrir sér í smáatriðum. Þetta gjörbreytir hins vegar ekki málinu með þeim hætti að ástæða væri til að fresta afgreiðslu þess hér. Við seinkuðum gildistöku frv. Við vísum því til milliþinganefndar til athugunar, náttúrlega öllu frv. og þessum útreikningum en þó sérstaklega tekju- og eignaviðmiðuninni. Þess vegna held ég að það hafi verið eðlileg málsmeðferð að afgreiða málið úr nefnd þó að endanleg dæmi liggi ekki fyrir og eftir sé að skoða ákveðin atriði, bæði í húsbréfakerfi og eins í þessu fylgifrumvarpi.

Ég vil líka upplýsa hv. 17. þm. Reykv. um hvar ég lærði þessi vinnubrögð. Það gerði ég þegar við vorum í góðu samstarfi í fjh.- og viðskn. að afgreiða lög um virðisaukaskatt. Þá var fundin sú viturlega aðferð að setja milliþinganefnd í málið. Það var lögfest, stefnan var tekin, menn vissu á hverju þeir ættu von og gátu farið að undirbúa sig undir kerfisbreytingu, en málinu var vísað til milliþinganefndar sem hefur það verkefni að útfæra í smáatriðum atriði sem voru óljós og óákveðin og binda enda sem voru lausir.

Ég vil láta það í ljósi að ég er ákaflega ánægður með þróun þessa húsbréfamáls. Ég held að við höfum fundið skynsamlegan lendingarstað. Við gerum þarna afmarkaða tilraun. Hún hefur að vísu þá ókosti að við búum um sinn a.m.k. við tvöfalt kerfi, en kostirnir eru þeir að það er gerð þarna athyglisverð tilraun sem vonandi leiðir til heppilegs fyrirkomulags, en tilraunin er gerð án þess að fórna fyrir fram því sem fyrir er. Ég held hins vegar að það hafi verið slys að hv. deild skyldi samþykkja hér um daginn brtt. hv. þm. Geirs H. Haarde þar sem nú er farið að hlaða undir stóreignamenn sem ekki var meining meiri hl. nefndarinnar eða var ekki í huga okkar þegar þetta frv. var samþykkt. Þegar frv. um tekju- og eignarskatt var afgreitt frá fjh.- og viðskn. var það ekki í huga okkar að deildin tæki þá stefnu að hlaða undir stóreignamenn og afhenda þeim niðurgreitt fé eins og raun ber vitni eftir að brtt. hv. 17. þm. Reykv. voru samþykktar.

Mér finnst satt að segja afstaða sumra hv. þm. vera órökrétt, afstaða þeirra sem þykjast hvað mestir vinir þeirra sem minna mega sín en geta ekki þolað það að biðlistar séu styttir, takmarkaður sé aðgangur að húsnæðiskerfinu, t.d. með því að setja ákveðnar hömlur á þá sem eru með mjög stórar íbúðir eða með mjög miklar eignir.

En allt um það, þrátt fyrir að frv. hafi verið skemmt fyrir tilverknað hv. þm. Geirs H. Haarde lít ég svo á að það sé ekki það alvarlegt mál að við getum ekki með góðri samvisku ákveðið að láta þetta frv. til laga um tekju- og eignarskatt ná fram að ganga. Ég verð að segja það að þegar við ákváðum að niðurgreiða vexti reiknuðum við með að verið væri að gera það eingöngu fyrir þá sem þyrftu verulega á því að halda, þ.e. þá sem ekki hefðu efni á því að borga háu vextina, en ekki handa stóreignamönnum eins og því miður koma til með að slæðast í þann hóp sem kemur til með að njóta þessarar fyrirgreiðslu.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Það var nú ekki meining mín að fara að ræða sérstaklega um frv. því að auðvitað er það fylgifiskur þess frv. sem hér hefur mest verið til umræðu, þ.e. í sambandi við húsbréfin, og er að sjálfsögðu með innbyggða galla og rökvillur eins og í því frv.

Ég kemst ekki hjá því að leiðrétta félaga minn, hv. 1. þm. Norðurl. v., og það er náttúrlega sorglegt í

sambandi við öll þessi mál sem við erum að tala um hvað hv. þm. koma upp um sig með það að þeir hafa alls ekki lesið eða kynnt sér þessi mál að grunni til. Ég verð að segja það að það er mjög furðulegt að hlusta á hv. 1. þm. Norðurl. v. vera að tala um húsnæðismál á þann veg að hann er að tiltaka þar um stærð íbúða og annað slíkt. Hann ætti að vita, þar sem hann hefur samþykkt ásamt öðrum hv. þm. þau lög sem í gildi eru, að takmörkunin var sett við 180 fermetra stærð húsnæðis og það er óbreytt í lögunum. Og það sem hann er að vitna til í meðferð málsins, þegar það er komið hér úr hv. deild, er allt annars eðlis. Það er verið að setja þar inn nýja viðmiðun sem gengur þvert á tilgang þeirra laga að þeir hafi rétt sem eru í lífeyrissjóðunum og það er verið að setja nýtt ákvæði inn um það að þeir sem eiga aðrar eignir en húseignir eigi að lenda í því að víkja úr húsnæðiskerfinu. Það er nýja ákvæðið sem var fellt hér við afgreiðslu málsins á þingi og það kemur þessu máli ekkert við. Menn mega ekki verða uppvísir að því að hafa ekki kynnt sér þau stóru mál sem eru til meðferðar hér á hv. Alþingi ár eftir ár og það ekki hvað síst er varðar húsnæðismálin. Þess vegna vil ég gera athugasemd við þessa fullyrðingu hv. þm.

En það sem ég vil segja í sambandi við vaxtamálin almennt, af því að það er verið að ræða um túlkun þeirra hér í sambandi við það mál sem við afgreiddum frá okkur, frv. um húsbréfin — það þarf auðvitað ekkert að ræða um þetta atriði. Það er í gildandi húsnæðislögum, óbreytt, að ríkisstjórnin á hverjum tíma hefur það algjörlega í hendi sér hvaða vexti hún ákveður í sambandi við húsnæðislögin. Hún getur gert það bara á einum litlum fundi hjá sér á hverjum tíma ef hún er sammála um það, þannig að það skiptir ekki nokkru máli hvort hér er verið að tala um 4,5% eða einhverja aðra tölu. Þetta er bara einföld samþykkt ríkisstjórnar á hverjum tíma. Hins vegar er það sem er e.t.v. nýtt í þessu máli og vert er að vekja athygli á og hefur raunar verið gert í umræðunni um húsbréfin og það er það að nú liggur fyrir að núv. ríkisstjórn ætlar sér að miða vaxtamun á inn- og útvöxtum í sambandi við Húsnæðisstofnun ríkisins í almenna kerfinu við að hann verði 0,5–1%. Þetta er ný stefna miðað við það sem er í núgildandi lögum þannig að ríkisstjórnin getur haft þetta líka í hendi sér. Ég er nú alveg undrandi á ummælum hæstv. fjmrh., að hann skuli ætla að telja þingheimi trú um það að við getum treyst því að vextir verði aldrei hærra en, ja, 5% skildist mér, hér á peningamarkaði. Ég er aldeilis undrandi yfir því að hæstv. ráðherra skuli leyfa sér að halda því fram vegna þess að þetta er svo víðs fjarri. Við búum í dag við rótlaust efnahagskerfi sem getur sveiflast upp og niður eins og sýnir sig. Við ráðum ekki enn við drauginn sem allir eru sammála um að kveða niður, verðbólguna, og þar af leiðandi hljóta vextirnir að taka mið af því á hverjum tíma og allar fullyrðingar um annað eru út í hött. Ég hélt a.m.k. að við sem sitjum hér inni á hv. Alþingi og höfum verið að glíma við þennan draug á undanförnum árum og áratugum ættum a.m.k. að skilja þetta atriði, við ættum að viðurkenna þetta atriði um leið og við erum sammála um það að reyna að berjast gegn þessu. En hvað þýðir að vera að halda svona löguðu fram? Það er hrein blekking.

Af því að ég kom hér upp á annað borð langar mig til að víkja aðeins að vinkonum okkar í Kvennalistanum út af ræðu sem hv. 10. þm. Reykn. hélt hér áðan þar sem hún var að reyna — eða a.m.k. fannst mér að hún væri að reyna enn á ný að bera fram einhverja afsökun á afstöðu Kvennalistans í húsnæðismálunum. En ég verð því miður að segja það, og byggi það á því sem ég hef heyrt úti í þjóðfélaginu þessa dagana, að afstaða Kvennalistans til breytinga á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins hefur eðlilega vakið mikla athygli í þjóðfélaginu því að þær hafa talið sig hér í umræðum á hv. Alþingi og utan Alþingis vera nokkurs konar ... (Gripið fram í.) Ja, eigum við ekki að nota orðið úr húsnæðisfrv., einhvers konar vaki yfir velferð fólks í landinu og þar af leiðandi hafa þær reynt að fá á sig þann stimpil að þær væru að reyna að siðbæta aðra og reyna að koma í veg fyrir mistök í sambandi við lagagerð o.s.frv.

En hvað segir fólk? Það segir: Þær eru bara til sölu. Þetta er svo einföld setning sem maður heyrir núna hjá almenningi þegar maður er að hlusta á þá atburði sem hér hafa orðið í hv. Alþingi um þessi mál. (Gripið fram í.) Hv. þm. Kristín Halldórsdóttir sagði hér áðan sem svar við því þegar þingmenn hafa verið að biðja hv. þm. Kvennalistans að skýra út hvaðan peningarnir eigi að koma sem þær hafa sett sem skilyrði fyrir að fylgja frv. sem þær í meðferð málsins í félmn. Nd. hafa gagnrýnt hvað mest og viljað fá fram, ja, eðlilegar breytingar og upplýsingar, hvaðan þeir peningar eigi að koma, þ.e. þær 600 millj. sem eiga að koma til viðbótar í félagslega kerfið þrátt fyrir það að núv. ríkisstjórn hefur ekki einu sinni getað haldið inni í fjárlögum þeirri fjárhæð sem var þó gerð tillaga um frá viðkomandi ráðuneyti. Hvert var svar hv. þm. hér áðan? Hún sagði raunar í stuttu máli að það væri ekki þeirra mál. Það var aðeins eitt sem hún lagði áherslu á, að það væri skilyrði Kvennalistans, skilyrði sem okkur á að skiljast að verði breyting á ef ekki verði við staðið, að útvegun þessa fjármagns kæmi alls ekki niður á öðrum félagslegum þáttum í húsnæðiskerfinu. (Gripið fram í.) Opinbera kerfinu, til þess að fullnægja þessum þætti í félagslegu kerfi húsnæðismála. Það er náttúrlega alveg ljóst. Ég taldi eðlilegt að gera þetta að umtalsefni vegna þess að þetta vekur náttúrlega óneitanlega spurningu um það hvort það er trúverðugt í meðferð mála almennt að vinna svona, nota svona vinnubrögð.

Ég ætla ekki að fara að endurtaka neitt af því sem ég hef sagt áður um meðferð þessa máls, allt sem ég hef sagt að væri óvirðing við Alþingi og í raun og veru lagasetningu almennt, að vera að setja löggjöf og ákveða fyrir fram að endurskoða hana áður en hún tekur gildi. Gildistakan er auðvitað um leið og hæstv. forseti Íslands skrifar undir lögin sem hann gerir strax að þingi loknu.

En varðandi þetta mál hér, þá get ég ekki komist

hjá því að segja þetta um skattalega meðferð að því er varðar húsnæðismál: Við vitum það að skattakerfið okkar er það flókið að almenningur hefur illa treyst sér til þess að átta sig á því hvaða möguleika hann hefur til þess að nýta sér um leið og skattaskýrsla er gerð. Við þekkjum dæmið um típrósentin, að yfirleitt var það svo að almenningur á Íslandi, sennilega um 80% af öllum þeim sem hefðu getað nýtt sér þetta ákvæði laganna um sérstakan skattaafslátt gat það ekki. Þetta kom fram í opinberum skýrslum. Í stað þess notuðu menn einfalda þáttinn, 10%-regluna. Og það hefur komið í ljós við athugun að þetta varð þess valdandi að fjöldi fólks varð af lækkun tekjuskatta í sínum framtölum vegna þess að það hafði ekki möguleika til þess að nýta sér þessi ákvæði skattalaga á eðlilegan máta. Það er þess vegna sem ég hélt að hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar mundi leggja alveg gífurlega vinnu í það að útfæra það sem hér er kallað vaxtabætur á þann veg í þessu frv. að það væri aðgengilegt fyrir almenning í landinu, það væri ekki verið að stilla fólki þannig upp að það þyrfti að fara að fá sér skattalega aðstoð sem kostar peninga í hvert skipti sem þarf að gera skattaframtal. Þetta hefur að mínu mati brugðist í meðferð til þessa hér á hv. Alþingi. Og ég er alveg sannfærður um það að eins og þetta er lagt fyrir verður þetta hreint spurningarmerki fyrir hinn almenna borgara þessa lands. Ég held að það sé þess vegna algjörlega rétt túlkun að skattaleg meðferð í svona máli verður að vera skýr og einföld þannig að hver einasti maður sem kemur til með að geta notið slíkra aðgerða í gegnum skattakerfið verður að vita fyrir fram að hverju hann gengur.

Mitt álit er það að frv., hvað sem menn hafa verið að segja hér, hvort sem það hafa verið ráðherrar eða aðrir, er alls ekki það skýrt að það beri þetta ljóst með sér, ekki síst miðað við þá óvissu sem liggur fyrir um afdrif húsnæðismálakerfisins í heild sem nú er komið til afgreiðslu í hv. Ed. Það er jafnóljóst og það var í upphafi.

Þórður Skúlason:

Herra forseti. Ræðumönnum í þessari umræðu hefur orðið tíðrætt um vaxtamálin í tengslum við það mál sem hér liggur fyrir og í sjálfu sér er það ekki óeðlilegt vegna þess að vaxtaþátturinn er einn stærsti og afdrifaríkasti þáttur þessa máls. En það er eins og sumir hv. ræðumenn hafi ekki áttað sig á því að það er komin niðurstaða í þetta mál. Sú niðurstaða liggur fyrir alveg hreint og klárlega. Hæstv. fjmrh. las hér yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar varðandi þennan þátt, vaxtaþáttinn, og hann er prentaður hér í nál. meiri hl. nefndarinnar og ég þarf auðvitað ekkert að endurtaka úr þeirri yfirlýsingu. Mig langar hins vegar til þess að ítreka hérna og árétta eina setningu úr nál. þar sem vitnað er til þessarar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar, en þar segir, með leyfi forseta:

„Meiri hluti nefndarinnar lítur svo á að fenginni þessari yfirlýsingu að eftir gildistöku laganna verði vextir af byggingarsjóðslánum ekki hærri en að hámarki 4,5%.“

Þetta er niðurstaða meiri hl. fjh.- og viðskn. Nd. og hún liggur alveg hreint og klárlega fyrir hér í nál. og raunverulega er það endanleg niðurstaða hvað þennan vaxtaþátt varðar í sambandi við þetta mál. Og það atriði vildi ég árétta hér og ítreka.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Ég skal ekki fremur venju misnota þolinmæði forseta og tala hér langt mál, enda er það ástæðulaust þó svo að hæstv. fjmrh. hafi séð ástæðu til þess að fara með langt mál um bók sem ítalskur rithöfundur gaf út fyrir nokkrum árum og hina merku þýðingu Thors Vilhjálmssonar á því riti og rekja efni þessarar bókar hér fyrir okkur í löngu máli. Það er þannig sem ráðamennirnir og stjórnarherrarnir fara með tíma þingsins. Það er nú þannig. Svo er eitthvað verið að tala um að stjórnarandstaðan taki hér tíma til að ræða mál.

Nei, það sem upp úr þessu stendur, herra forseti, er satt að segja mjög einfalt og það er alveg skýrt. Hæstv. fjmrh. fer með rangt mál varðandi þá yfirlýsingu sem ríkisstjórnin hefur gefið frá sér um vextina í hinu almenna húsnæðislánakerfi í framtíðinni. Í þessari yfirlýsingu, sem ég lánaði fjmrh. áðan, segir svo, með leyfi forseta: „Samkvæmt nýlegu samkomulagi við lífeyrissjóðina eru þeir vextir 6% frá apríl til júníloka og frá 1. júlí til desemberloka 5%,“ þ.e. þeir vextir sem Byggingarsjóður ríkisins þarf að greiða lífeyrissjóðunum. Þessi fullyrðing er röng, og ég er margbúinn að sýna fram á það, hvað sem líður öllu tali ráðherrans um þessa ECU-vexti. Það er ekki hægt að fullyrða það á þessari stundu að þessir vextir verði 6% frá apríl til júníloka og 5% frá júlí til desemberloka. Þess vegna er þessi staðhæfing röng og það er alveg furðulegt þegar hæstv. fjmrh. stendur hér upp í hlutverki Ragnars Reykáss og reynir að þvæla þessu hér fram og aftur, ætlar að taka það hlutverk af hæstv. forsrh. að leika Ragnar Reykás, að hann skuli halda þessu hér fram. Það hefur verið sýnt fram á að það verður ekkert fullyrt um það hverjir þessir vextir verða fyrr en eftir að uppgjörið hefur farið fram, eftir að samningstíminn er útrunninn. Svo einfalt er nú það mál. Þess vegna er líka rangt að gefa sér það að vegna þessa verði 0,5–1,0% undir teknum vöxtum 4,5%. Það er líka rangt. En þeir um það sem að þessu máli standa.

Hins vegar er óhjákvæmilegt að hnykkja frekar á því að eftir standa mismunandi túlkanir á þessu máli og hv. formaður fjh.- og viðskn. gat auðvitað engu við það bætt. Hann gat auðvitað ekki túlkað þá setningu sem ég bað hann um að túlka öðruvísi en hún stendur skrifuð.

Að lokum, herra forseti. Ég fékk ekkert svar við því frá hv. formanni fjh.- og viðskn. né heldur fjmrh. hvernig forsendubreytingin, sem orðin er í þessu máli, kemur við þau dæmi sem lögð hafa verið fram. Það liggja engin svör fyrir um það og það á greinilega ekkert að hafa neinar áhyggjur af því. Nei, nei, segir hæstv. fjmrh., kallar að vísu ekki hér fram í en hristir höfuðið hér fram í. Þeirri spurningu er því enn þá ósvarað.

Og svo að lokum, til hins virðulega formanns fjh.- og viðskn. Páls Pétursonar: Allur samanburður á þessu máli, bæði við staðgreiðslufrv. og við virðisaukaskattsfrv. er út í hött. Það er ekki saman að jafna skatti sem er 50% af öllum tekjum ríkissjóðs, eins og virðisaukaskatturinn á að vera, og undirbúningi og meðferð slíks máls við þetta óbermi sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson kallar svo og engin rök knýja á um að afgreiða með þessum hætti. Hæstv. utanrrh. hefur lagst svo lágt í eldhúsdagsumræðum að líkja þessu saman, þetta séu sömu vinnubrögðin. Hagsmunir almennings af upptöku staðgreiðslunnar á hinu skattlausa ári voru auðvitað yfirgnæfandi og þá þurfti að afgreiða málið með hraði og vinna síðan í því frekar eftir að nánari upplýsingar lágu fyrir. Sama er að segja um virðisaukaskattinn. Þar verður að liggja fyrir, vegna þeirra þúsunda aðila sem að því máli þurfa að koma, hvort upptaka hans fer fram um næstu áramót eða ekki. En það eru engar slíkar ástæður eða forsendur í þessu máli. Hér er verið að rasa um ráð fram til þess að þjóna einhverjum hagsmunum og lund ákveðinna aðila í þessu máli. Það eina rétta hefði auðvitað verið að taka þessi frv. bæði, það sem afgreitt var í gær og það sem hér er til meðferðar, og vísa þeim í almennilega afgreiðslu, almennilega rannsókn og athugun í hópi þess fólks sem vill koma þessu kerfi á en ekki í hópi þeirra sem eru algjörlega andvígir þessu máli frá byrjun eins og fjölmargir sem að því standa.

Ég hef lokið máli mínu, herra forseti, hér við 2. umr. Ég tel að enn hafi verið sýnt fram á hvílíkt hyldýpi er á milli manna í túlkun þessa máls, en það verður ekki við þá að sakast sem við þessu máli hafa varað.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1034,1 samþ. með 23 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 1034,2 (ný 4. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

SAMEINAÐ ÞING

75. fundur, föstudaginn 12. maí, að loknum deildafundum.

Um þingsköp.
Tilhögun þingfundar og dagskrá.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Fundahald í dag verður með þeim hætti að nú hefst umræða utan dagskrár sem leyfð hefur verið um hið alvarlega ástand sem nú ríkir í kjaradeilu BHMR og ríkisins að beiðni hv. 6. þm. Reykv. Umræðan er leyfð samkvæmt fyrri málsl. 32. gr. laga um þingsköp og eru því ekki tímamörk á ræðutíma. Um það hefur þó verið lauslega samið að reynt verði að miða við að umræða þessi standi ekki lengur en 2½–3 klukkutíma, þar sem enn er ólokið umræðu sem hér fór fram í gær um málefni Sigló hf. og forseti vill mælast til að reynt verði að miða að þessu, en að sjálfsögðu er forseti ekki þar með að hefta málfrelsi manna. Þessi beiðni er einungis borin fram með tilliti til þess hversu mjög er nú liðið á þingtíma og mörg verkefni fram undan.

Ólafur G. Einarsson:

Hæstv. forseti. Á dagskrá þessa fundar eru tvennar kosningar, sjö manna í stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins og sex manna í Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Svo sem venja er þegar kjósa á í nefndir og ráð fyrir þinglausnir, þá er þetta sett á dagskrá gjarnan nokkuð löngu áður en kjósa skal og svo var í þessu tilviki að þessi mál voru sett á dagskrá í síðustu viku. Sl. mánudag var gott samkomulag um að fresta þessu kjöri. Á fundi þingflokksformanna og forseta sl. miðvikudag tilkynnti forseti Sþ. að þessar kosningar færu fram nk. fimmtudag, þ.e. í gær. Þá var óskað eftir fresti, ég veit ekki af hverjum. Nú hefur forseti tjáð mér, hann hefur ekki lýst því úr forsetastóli núna að þessi kosning fari ekki fram í dag, en mér hefur verið tjáð það að kosningin fari ekki fram í dag. Þess vegna vil ég nú spyrja: Hvers vegna ekki? Að beiðni hvers eða hverra er farið fram á frestun? Ég er ekki að mótmæla frestuninni. Mér er alveg sama hvort þetta fer fram í dag eða ekki. En ég óska eindregið eftir að fá að vita, hvenær kjörið fer fram.

Svo hef ég hér aðra athugasemd alveg óskylda þessu og hún er sú að hér voru auglýstir fundir í Sþ. kl. 2 miðdegis. Nú vantar klukkuna 20 mínútur í 3. Hæstv. forseti Nd. óskaði eftir því úr sínu sæti við forseta Sþ. að hann mætti halda áfram atkvæðagreiðslunni og fékk til þess leyfi forseta. Ég geri engu að síður athugasemd við það þegar auglýstur er þingfundur á tilteknum tíma en síðan líða 40 mínútur án þess að fundur sé settur. Ég tel að þetta beri vott um of mikla lausung í stjórn þingsins og vil mótmæla þessu. Það hefði verið hægurinn hjá að gera hlé á fundum Nd. og setja fund í Sþ. og fresta honum síðan og halda áfram. Ég tel að þannig eigi þetta að vera.

Ég óska svo eftir svari við spurningu minni um hvenær kosningin fari fram í stjórn Áburðarverksmiðjunnar og stjórn Þróunarsamvinnustofnunar Íslands.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti hefur farið fram á það við þingflokka að þær kosningar geti farið fram á þessum degi, en einmitt með tilliti til þess sem hv. 2. þm. Reykv. hefur rétt sagt, að vissulega er búið að ganga freklega á þann tíma sem ákveðinn hafði verið fyrir þá umræðu sem hv. 6. þm. Reykv. hafði beðið um, telur forseti rétt að bíða með kosningu og ganga nú þegar

til utandagskrárumræðu. Varðandi þessar 40 mínútur, sem vissulega hafa farið fram yfir þann tíma sem lofað hafði verið, en munu að sjálfsögðu ekki verða látnar stytta umræðutíma, er það eitt að segja að forsetar þingsins hafa nú hingað til svo lengi sem ég hef átt sæti á þingi reynt að hliðra til hver fyrir öðrum eftir því sem mál þurftu fram að ganga og hygg ég að hv. 2. þm. Reykn. kannist við mörg dæmi þess. Ég harma þetta. En ég vil taka það fram að hæstv. forseti Nd. tók þennan tíma að höfðu samráði við forseta Sþ.

Þorsteinn Pálsson:

Frú forseti. Ég hef fullan skilning á því að ekki sé verið að taka tíma í kosningar nú til þess að umrædd utandagskrárumræða geti hafist. Ég vil stuðla að því. En fyrst það er ástæðan fyrir því að kosningarnar eru ekki í upphafi þessa fundar, þá vil ég inna eftir því hvort ætlunin sé að hafa þær í lok fundarins þegar utandagskrárumræðunni er lokið.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Því er til að svara að forseti hefur óskað eftir að svo megi verða. Ekki getur nú forseti gulltryggt að svo fari, en sú ósk hefur verið fram borin að þessi kosning megi fara fram á þessum degi. (**FrS:** Til hverra hefur óskinni verið beint?) Formanna þingflokka, hv. 1. þm. Reykv. (**EgJ:** Á hverju stendur í þeim efnum?) Nú vil ég biðja menn að hefja ekki samræður við mig úr sætum sínum. Ég lít svo á að þessari umræðu um þingsköp sé lokið.

Umræður utan dagskrár.

Kjaradeila BHMR og ríkisins.

Guðrún Agnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Áður en ég hef mál mitt vil ég fara fram á það að kallaðir verði í salinn ráðherrar þar sem ég hef þegar látið þá fá spurningar sem ég ætla að bera fram til þeirra í þessari umræðu. Og þar sem þeir fara með framkvæmdarvaldið, þá vil ég fara fram á það að þeir mæti hingað í salinn og vil hinkra eftir þeim. (**Forseti:** Forseti mun gera ráðstafanir til þess að ríkisstjórnin verði sótt.) — (**ÞP:** Má ekki kjósa í nefndir á meðan beðið er eftir ríkisstjórninni?) (**Forseti:** Forseti vill upplýsa að hér hefur borið við að menn hafi þagað lengur í ræðustól en nú og getur varla liðið langur tími þangað til hæstv. ráðherrar koma og ég mun í engu vísa hv. 6. þm. Reykv. úr ræðustól. Hann er hennar nú. — Ég vil spyrja hv. ræðumann hvort hann geti ekki beint máli sínu til hæstv. menntmrh. sem hér situr. Fjmrh. er væntanlegur á hverri mínútu.) Ég beini spurningum til hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. í byrjun ræðu minnar, en menntmrh. um miðbik hennar. (**Forseti:** Gengur nú hæstv. forsrh. í salinn og vænti ég að í kjölfar hans fylgi nú hæstv. fjmrh.) Ég vona, hæstv. forseti, að þetta þýði að ráðherrarnir séu upptekni á óformlegum samningafundum.

Virðulegi forseti. Ég þakka forseta fyrir að leyfa mér að kveðja mér hljóðs hér utan dagskrár. Tilefni þessarar utandagskrárumræðu er sú alvarlega staða sem nú ríkir í kjaradeilu BHMR og stjórnvalda. Ég bað um þessa umræðu í sl. viku en taldi ráðlegt að bíða og sjá hverju fram yndi í samningaviðræðum um sl. helgi. Þar náðist því miður ekki samkomulag heldur slitnaði upp úr samningaviðræðum eins og alþjóð veit.

Það er greinilegt af viðtölum við málsaðila í fjölmiðlum, svo og af greinargerðum fulltrúa BHMR og persónulegum viðræðum þingkvenna Kvennalistans við þá og hæstv. fjmrh., að reynsla þessara málsaðila og skilningur á gangi mála í samningaviðræðunum, ekki síst um sl. helgi, er afar ólíkur. Það vekur undrun og reyndar einnig tortryggni gagnvart helgisiðum hefðbundinna samningagerða og leiðir hugann að því hvort ekki þurfi að leita nýrra vinnubragða við slík samskipti.

Þetta er ein harðasta og lengsta kjaradeila í seinni tíð og afleiðingar hennar þegar orðnar svo alvarlegar, bæði fyrir einstaklinga og ýmsa veigamikla starfsemi þjóðfélagsins, að erfitt er að efast um vilja manna til að reyna að finna lausn hennar.

Þó að talsvert bæri á milli málsaðila við lok viðræðna er þó ljóst að báðir aðilar töldu sig vera að reyna að semja í fullri alvöru. Einnig kom fram að ýmislegt var í tilboði ríkisins sem BHMR-fólki þótti hugsanlegt að byggja á. Meginmunur var þó á skilningi málsaðila á eðli samningaviðræðna þessa helgi. BHMR-fulltrúum fannst þær vera fyrsta alvarlega tilraunin af hálfu ríkisins til að semja en hæstv. fjmrh. sem fulltrúi ríkisvaldsins virðist hafa talið sig vera að gera lokatilraun til samninga.

Ég vil í þessu sambandi spyrja hæstv. forsrh. hvort hann telji ekki ástæðu fyrir ríkisvaldið að ganga aftur til viðræðna við BHMR, annaðhvort formlega eða óformlega.

Fulltrúar BHMR hafa kvartað yfir því að allt of fáir samningafundir hafi verið haldnir þær rúmar fjórar vikur sem verkfallið hefur staðið. Þeir hafa einnig lýst því í bréfi til þingmanna að kjarasamningar þeirra hefðu að óbreyttu runnið út um sl. áramót, en þá ríkti reyndar launafrysting og samningsbann sem síðasta ríkisstjórn setti 20. maí 1988, en núv. ríkisstjórn framlengdi til 15. febr. 1989. Enn fremur er því lýst að BHMR hafi í nóvember sl. vakið máls á því við fjmrn. hvort ekki væri rétt að taka upp nýja og betri siði í samningamálum og hefja samningaviðræður strax eftir áramótin.

Þrátt fyrir góðar undirtektir hæstv. fjmrh. var þó samninganefnd ríkisins ekki skipuð fyrr en um miðjan febrúar þegar ólögum létti og viðræður byrjuðu síðari hluta febrúar. Þó að formaður samninganefndarinnar muni hafa rætt þar um launastefnu ríkisins kom fram að ekki væri á dagskrá að semja við BHMR. Af þessu tilefni vil ég spyrja hæstv. fjmrh.:

1. Hvers vegna hófust ekki viðræður við BHMR strax eftir áramótin eins og fulltrúar þess fóru fram á?

2. Telur hæstv. ráðherra eftir á að hyggja að slíkar viðræður hefðu getað aukið skilning milli málsaðila og flýtt fyrir samningum?

3. Hafa stjórnvöld markað sér heildarstefnu til lengri tíma í launamálum ríkisstarfsmanna? Ef svo er, hver er hún?

Meginkrafa BHMR er að fá markaðslaun, þ.e. sömu laun og þeir hópar háskólamenntaðra launamanna sem vinna á almennum markaði og hafa hliðstæða menntun og ábyrgð. Veturinn 1985 þegar kennarar í Hinu íslenska kennarafélagi sáu ekki aðra leið út úr sínum vandræðum en að segja upp störfum og yfirgefa skólana fóru fram miklar viðræður milli kennara og ríkisvaldsins og þá voru skrifuð tvö bréf. Annars vegar bréf frá Albert Guðmundssyni, þáv. fjmrh., og hins vegar bréf frá hæstv. núv. forsrh. til staðfestingar á því sem sagði í bréfi Alberts. Bréf þetta var stílað til formanns launamálaráðs BHMR þann 20. mars og mig langar að vitna í það, með leyfi forseta:

Fjmrh. afhenti fulltrúum Hins íslenska kennarafélags í gær yfirlýsingu sem vísar til bókunar ríkisstjórnarinnar frá 12. mars 1985, um samstarf á sviði kjararannsókna í þeim tilgangi að tryggja eðlilegt samræmi í kjörum milli ríkisstarfsmanna og manna í sambærilegum störfum á hinum almenna vinnumarkaði. Þegar hæstv. núv. forsrh. sem þá var einnig forsrh. var inntur eftir því hvernig hann skildi eftirgreind atriði í samþykkt ríkisstjórnarinnar sagði hann: „Þú spyrð hvernig ég skilji eftirgreint atriði í samþykkt ríkisstjórnarinnar. Tilgangur slíkra kjararannsókna yrði að tryggja eðlilegt samræmi í kjörum milli ríkisstarfsmanna og manna í sambærilegum störfum á hinum almenna vinnumarkaði. Með tilvísun til síðari samþykktar ríkisstjórnarinnar, m.a. þess efnis að laun fyrir dagvinnu skuli lögð til grundvallar sýnist mér að ekki þurfi vafi á að leika. Yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar ber að skilja svo að ætlunin er að tryggja ríkisstarfsmönnum sömu heildarkjör og menn hafa við sambærileg störf og ábyrgð, m.a. að dagvinnulaun verði hin sömu og þegar borin eru saman laun sem eru fyrir fulla dagvinnu aðeins og tekið tillit til hlunninda hvers konar."

Nú nýlega þann 14. apríl innti hv. 6. þm. Vesturl., Danfríður Skarphéðinsdóttir, hæstv. forsrh. eftir þessu og þá svaraði hæstv. forsrh. nokkuð á sömu leið.

Ég vil ítreka þessa spurningu hv. 6. þm. Vesturl. og spyrja hæstv. forsrh. hvort hann sé enn sama sinnis og kom fram í því bréfi sem ég vitnaði í. Í öðru lagi vil ég spyrja hann: Telur hæstv. forsrh. rétt að leggja áherslu á langtímasamninga við BHMR með það fyrir augum að reyna að nálgast kröfur þeirra? Og í þriðja lagi: Hver var launaþróun meðal háskólamenntaðra manna hjá ríkinu frá nóvember 1987 til nóvember 1988 miðað við alla launþega í landinu og miðað við t.d. skrifstofufólk á almennum markaði?

Nú þegar eru ýmsar rannsóknir og þjónusta seldar af sjálfseignarstofnunum og öðrum og kaupir ríkið þær oft hærra verði en þær mundu fást á hjá ríkisstofnunum. Telur hæstv. forsrh. ekki að um aukna tilhneigingu til stofnunar einkastofa af ýmsu tagi verði að ræða ef viðunandi lausn fæst ekki á þessari kjaradeilu? Einnig vil ég spyrja hann: Telur hann enn fremur að slíkt muni verða kostnaðarsamara fyrir ríkið þegar fram í sækir? Og í þriðja lagi: Óttast hæstv. forsrh. atgervisflótta úr hópi háskólamenntaðra manna í störfum hjá ríkinu ef þessi kjaradeila leysist ekki bráðlega?

Kennarar og áhrif verkfalls þeirra á skólastarf hafa verið mjög áberandi í þessari kjaradeilu, einkum framan af, en þáttur annarra starfsstétta fer nú vaxandi. Mörg heimili hafa fundið fyrir þeim vanda sem blasir við nemendum, einkum þeim sem eru að ljúka skólagöngu og þeim sem þola illa röskun í námi. Félag framhaldsskóla hefur sent frá sér eftirfarandi ályktun til Hins íslenska kennarafélags sem ég ætla að fá að lesa, með leyfi forseta:

„Félag framhaldsskóla krefst þess að deiluaðilar í kjaradeilu Hins íslenska kennarafélags og ríkisins semji þegar í stað. Nú þegar hefur skapast neyðarástand í framhaldsskólum landsins, upplausn ríkir og fjöldi nemenda gefst upp, hættir í skóla og hrekst út á vinnumarkaðinn. Einnig er ljóst að þeim nemendum sem eftir sitja er nánast ómögulegt að skipuleggja nám sitt þar sem enginn veit hvort próf verða lögð fyrir og þá hvenær.

Félag framhaldsskóla harmar það öryggisleysi sem ríkt hefur í íslensku menntakerfi undanfarin ár. Það hlýtur að teljast gjörsamlega óviðunandi að nám fari úr skorðum ár eftir ár eins og verið hefur. Því leggur Félag framhaldsskóla áherslu á að komist verði að viðunandi samkomulagi hið fyrsta og öryggi í skólamálum verði tryggt á komandi árum.

Við Íslendingar stöndum að ýmsu leyti vel í samanburði við aðrar þjóðir og skörum jafnvel fram úr. Húsakostur okkar er prýðilegur þótt enn vanti marga húsnæði. Bílaeign okkar er með endemum og fáar ef nokkrar þjóðir búa við jafnglæsilega aðstöðu fyrir peningaviðskipti og vörudreifingu. Erlendir ráðgjafar og ferðamenn undrast það t.d. opinskátt hvernig stórar og ríkulega búnar verslunarmiðstöðvar geti risið með svo fámennri þjóð. Og ýmislegt fleira mætti telja til af hinum ytri velsældarmerkjum. Mikilvægara er þó að heilbrigði okkar er almennt gott og langlífi einstakt og heilbrigðisþjónustan má teljast góð þótt ýmislegt megi þar bæta. Öðru máli gegnir hins vegar um skólakerfið og hvernig við höfum sinnt því, eða öllu heldur vanrækt það, eins og glögglega kemur fram t.d. í skýrslu Efnahags- og þróunarstofnunarinnar. Kennarar gegna í raun lykilhlutverki í þekkingarþjóðfélagi nútímans og má segja að þeir vinni við eina af undirstöðuatvinnugreinum þjóðarinnar. Kennsla barna og unglinga er undirstaðan undir þá endurmenntun, símenntun og fullorðinsfræðslu sem þegar sér merki og verður eðlilegur og óhjákvæmilegur þáttur þess framtíðarþjóðfélags sem börn okkar munu byggja.

Mennt er máttur, bæði fyrir einstaklinginn og fyrir þjóðina. Þetta vita menn, a.m.k. í orði. Menn vita líka í orði að hugvitið verður látið í aska framtíðar. Menn vilja nýsköpun í sjávarútvegi, landbúnaði og iðnaði, nýsköpun sem er forsenda hagvaxtar, nýsköpun sem byggist á þekkingu.

Hæstv. menntmrh. hefur haft ýmsar fyrirætlanir á prjónunum til að bæta skólastarf og leitaði eftir skoðunum foreldra og annarra um forgangsverkefni í þeim efnum í anda valddreifingar og er það vel. Allar hans fyrirætlanir hljóta þó að byggjast á því að í skólunum starfi kennarar og árangur skólastarfsins ræðst verulega af því hvort þar starfa hæfir kennarar sem una sínum hag.

Kennarar hafa átt í kjarabaráttu um margra ára skeið. Sú var tíðin fyrr á öldinni að alþingismenn vildu ná launum til jafns við kennara. Nú er kennarastéttin, a.m.k. grunnskólakennarar, fyrst og fremst kvennastétt og laun hennar teljast ekki eftirsóknarverð til viðmiðunar. Byrjunarlaun kennara í grunnskóla eru nú rúmlega 55 þús. kr. á mánuði, en launahæstu kennarar munu vera með um 81 þús. kr. á mánuði eftir 21 árs prófaldur.

Sl. 11 ár hafa alls sjö einstaklingar úr fjórum flokkum gegnt embætti menntmrh. Tíð ráðherraskipti hafa leitt af sér mismunandi stefnur, mörg loforð, kannanir, mat á störfum kennara og endurmat, en enn þá hefur það ekki skilað sér í launaumslög þeirra né heldur aukið virðingu fyrir störfum þeirra. Ég vil aðeins minnast á nokkrar þessara kannana.

Kvennalistinn flutti tillögu um endurmat á störfum kennara á þinginu 1984 um það leyti sem harðar kjaradeilur voru hér uppi. Sú tillaga fékk mjög góðan hljómgrunn og stuðning þáv. menntmrh., Ragnhildar Helgadóttur, þótt ekki hlyti hún formlega afgreiðslu. En árið eftir kom út skýrsla menntmrn. um endurmat á störfum kennara. Það var í febrúar 1985, rétt áður en kennarar gripu til þess neyðarúrræðis að ganga út úr skólum landsins eftir að hafa sagt upp störfum sínum. Í þeirri skýrslu kemur í ljós að kennarar hafa haft rétt fyrir sér öll undanfarin ár. Kröfur til þeirra bæði hvað varðar starfsálag og menntun hafa stöðugt aukist á sama tíma og þeir hafa stöðugt dregist aftur úr í launum.

Í ágústmánuði 1987 kom út skýrsla OECD um menntastefnu á Íslandi, nokkuð þykk skýrsla og greining á menntakerfinu hér á landi. Þar er að sjálfsögðu töluvert fjallað um menntun og kjör kennara og eru hinir erlendu sérfræðingar sammála um að fátt ef nokkuð eitt sér hafi meira að segja um gæði skóla og skólastarfs en einmitt kennararnir sjálfir.

Í nóvember 1987 birtist enn ein skýrsla um starfskjör framhaldsskólakennara ásamt tillögum. Sú skýrsla var unnin af sérstakri starfskjaranefnd sem skipuð var fulltrúum fjmrn., menntmrn. og Hins íslenska kennarafélags. Í upphafi greinargerðar með skýrslunni segir m.a., með leyfi forseta:

„Margt bendir til þess að skólastarf á framhaldsskólastigi sé ekki í eins góðu horfi og æskilegt væri og virðist hafa hallað undan fæti í þessu efni síðustu árin. Til staðfestingar þessu má m.a. benda á athuganir sem gerðar voru sl. vetur á kennslu í íslensku og stærðfræði í framhaldsskólum. Skýrslur um niðurstöður þessara athugana hafa nýlega verið gefnar út. Brýnt er að snúa þeirri þróun við og gera til þess viðeigandi ráðstafanir, bæði í launamálum kennara og einnig hvað varðar starfsskilyrði þeirra."

Óánægja og vonbrigði kennara með vinnuaðstöðu sína og laun er orðin langvinn og mætti sannarlega skilgreina sem uppsafnaðan vanda orðatiltæki sem oft er notað í efnahagstali. Hún hefur orðið kveikja að þeirri samstöðu sem nú knýr kennara í kjarabaráttu, en er e.t.v. vanmetin af stjórnvöldum. Þessi langvarandi og vaxandi óánægja, launadeilur og skortur á almennri virðingu fyrir kennslu og kennarastörfum hefur grafið undan skólakerfinu og einnig valdið því að nemendur velja síður þær greinar í háskóla sem vísa á kennslu. Það er komið svo nú í Háskóla Íslands að þörfum skólans er ekki svarað í þessum efnum. Sama máli gildir einnig um nýliðun í ýmsum umönnunarstörfum sem eru lágt launuð og lítið virt og eru einmitt oft kvennastörf. Úr þessum greinum er flótti og þetta er alvarleg þróun því að það verður ekki séð hver á að sinna þessum störfum í framtíðinni. Ég vil spyrja hæstv. menntmrh.:

1. Hvernig hyggst hann bregðast við vanda framhaldsskólanema og kennara nú?

2. Hvernig hyggst hann tryggja hæfa kennara í skólann til þess að hrinda áformum sínum í framkvæmd?

3. Óttast hæstv. menntmrh. atgervisflótta úr kennarastéttinni ef þessar kjaradeilur leysast ekki á viðunandi hátt?

4. Telur hæstv. menntmrh. sig vera að brjóta eða vinna gegn verkfalli kennara ef hann býður nemendum upp á próflaus skólalok, t.d. með aðgangi í Háskólann?

En það eru fleiri þættir þjóðlífsins em hafa orðið fyrir áhrifum af þessari kjaradeilu og vil ég minnast á nokkra þeirra.

Verkföll hafa þegar haft alvarleg áhrif á starfsemi Landspítalans. Þar er að sögn formanns læknaráðs rekin þróunarlandalæknishjálp, en hún felst í því að bjarga einungis bráðum vanda en láta annað bíða. Reyndar barst mér í dag bókun sem gerð var á fundi stjórnarnefndar ríkisspítalanna, svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Stjórnarnefnd ríkisspítala lýsir áhyggjum sínum af því ástandi sem skapast hefur á sjúkrahúsunum vegna yfirstandandi verkfalls. Framhald vinnustöðvunar leiðir til gersamlega óþolandi ástands á spítölunum og verður því að linna sem allra fyrst. Nefndin beinir því til aðila kjaradeilunnar að þeir gangi til samninga sem allra fyrst." Þetta er undirritað fyrir hönd stjórnarnefndarinnar af Davíð Á. Gunnarssyni, forstjóra ríkisspítalanna.

Slíkri „þróunarlandalæknishjálp" eins og ég nefndi áðan er hægt að halda gangandi endalaust, enda þurfa mörg lönd í heiminum að sætta sig við það og

hafa ekki annað. En það er algjörlega óviðunandi fyrir siðmenntað þjóðfélag í góðum efnum. Auk þess leiðir það af sér mikinn vanda sem tekur langan tíma að leysa. Nú eru fimm deildir lokaðar og starfsemi minnkuð á þrem deildum en um 190 rúm standa auð.

Skammtímaáhrif verkfalls hinna ýmsu stétta sem starfa á spítölunum koma fram í minnkaðri þjónustu sem bitnar á sjúklingum og því starfsfólki sem vinnur á meðan á verkfalli stendur. Sjúklingar liggja eins stutt inni og ástand leyfir og bati sjúklinga sem þurfa á endurhæfingu að halda er hægari. Innköllun sjúklinga er mjög takmörkuð og mikið álag er á því starfsfólki sem vinnur í neyðarþjónustu í verkfallinu. Langtímaáhrif verkfallsins koma hins vegar fram í lengri biðlistum sem flestir voru nógu langir fyrir verkfall. Einnig er mikil hætta á uppsögnum í kjölfar deilunnar og minnkandi aðsókn að námsbrautum þessara viðkomandi stétta.

Landspítalinn mun brátt ekki verða fær um að gegna bráðavaktaskyldu sinni og þá mun áhrifa kjaradeilunnar fara að gæta á Borgarspítala og Landakoti sem hafa verið tiltölulega lausir við hana hingað til.

Blóðbankinn gegnir lykilhlutverki við allar aðgerðir. Við hann starfa nú 22 náttúrufræðingar sem allir eru í verkfalli. Í verkfallinu hefur Blóðbankinn starfað eins og á stórhátíðum, þ.e. einn náttúrufræðingur er á vakt og sótt hefur verið um undanþágur fyrir fleiri náttúrufræðinga vegna brýnustu neyðarþjónustu. Blóðbankinn er því algjörlega háður undanþágum fyrir náttúrufræðinga til að halda uppi brýnustu neyðarþjónustunni. Hann þjónar öllu landinu og því gætir verkfalls um allt land. Þar er aðeins sinnt brýnustu neyðartilfellum en allar aðrar aðgerðir frestast og ekki er útséð hvernig á að vinna upp þann hala sem myndast hefur vegna nærri fimm vikna verkfalls. Um þrjár hjartaaðgerðir hafa verið gerðar á hverri viku að jafnaði, en nú hafa einungis um fjórar bráðaaðgerðir verið gerðar frá því að verkfall hófst en aðrir sjúklingar sendir utan til aðgerða. Þetta hefur í för með sér mikil óþægindi og aukinn kostnað.

Ýmsar fleiri starfsstéttir mætti nefna, t.d. félagsráðgjafa sem oft fjalla um afar viðkvæm mál einstaklinga sem minna mega sín og þola illa rof eða röskun í meðferð. Þegar stuðningur fellur niður einangrast þessir einstaklingar oft með vanda sinn og gefast upp á að leita sér frekari aðstoðar. Mig langar að lesa hér bókun sem gerð var í félagsmálaráði Reykjavíkurborgar í morgun, með leyfi forseta:

„Félagsmálaráð lýsir yfir þungum áhyggjum vegna þeirra áhrifa sem verkfall félagsráðgjafa hefur á alla félagsmálaþjónustu borgarinnar. Er m.a. ljóst að meðan verkfall stendur yfir mun falla niður eftirlit og meðferð í erfiðum barnaverndarmálum, úrvinnsla annarra meðferðarmála og fjárhagsaðstoð til skjólstæðinga Félagsmálastofnunar. Er það síst til að bæta stöðuna að versnandi atvinnu- og efnahagsástand kemur harðast niður á þeim sem standa höllum fæti í samfélaginu og þar af leiðandi hefur þörfin fyrir þjónustu Félagsmálastofnunar aukist á undanförnum mánuðum. Velferð fjölmargra einstaklinga er undir því komin að þeir eigi kost á öruggri og markvissri félagsmálaþjónustu. Slík þjónusta verður ekki veitt nema til staðar sé menntað og ánægt starfsfólk. Því skorar félagsmálaráð á deiluaðila í yfirstandandi kjaradeilu að ganga þegar í stað til samninga og tryggja að hægt verði að halda uppi eðlilegri félagsmálaþjónustu í borginni."

Þetta var samþykkt einróma á fundi ráðsins í morgun.

Ég vil síðan vísa hv. þm. á viðtal við Þóri Guðbergsson ellimálafulltrúa sem birtist í Morgunblaðinu í gær en það gefur glögga mynd af því hvernig þetta ástand hefur áhrif á aldraða í borginni. Og ég vil minna hv. þm. á það að nú er einmitt að fara í gegnum þetta þing nýtt frv. til laga um málefni aldraðra sem er vaxandi vandi í þessu þjóðfélagi vegna þess að fjöldi aldraðra fer vaxandi, aldraðra sem þurfa umönnunar við, en einnig þarf að hjálpa til sjálfsbjargar því að það er mjög mikilvægt að endurhæfa fólk og gera því kleift að annast sig sjálft og búa í heimahúsi eins lengi og hægt er. Þessi þjónusta er nú öll í molum.

Ég vil að lokum spyrja hæstv. heilbrmrh. hvað hann telur að megi lengi una við það ástand á heilbrigðisstofnunum sem ég hef nú lítillega lýst og aðeins að takmörkuðu leyti.

Önnur þjónusta sem raskast og snertir marga einstaklinga er þjónusta lögfræðinga sem vinna hjá ríkinu. Skjölum er ekki þinglýst og ný mál ekki þingfest og munu nú hafa safnast 3000 skjöl óafgreidd. Þetta kemur niður á öllum fasteigna- og bifreiðaviðskiptum sem ekki geta farið fram með eðlilegum hætti, svo og á lánamarkaðinum þar sem engin verðtryggð lán eru afgreidd.

Hjá hinum ýmsu rannsóknarstofnunum í þágu atvinnuveganna hefur orðið mikil eða talsverð röskun. Er það bæði varðandi þjónustu við atvinnuvegina eða almenning, svo og vegna truflunar, oft óbætanlegrar, á mikilvægum rannsóknarverkefnum. Sameiginlegur vandi margra þessara stofnana er að þeim er ætlað að fjármagna rekstur sinn að nokkru eða verulegu leyti með því að selja þjónustu sína eða afurðir. Þetta getur undir venjulegum kringumstæðum orðið mörgum stofnunum erfitt. Nú er þegar orðið og fyrirsjáanlegt enn frekara tekjutap margra þessara stofnana vegna kjaradeilunnar og munu þær ekki geta lagt fram áætlaðar sértekjur til rekstrar. Og þá vil ég spyrja hæstv. fjmrh.: Hvernig hyggst hann taka á þessum vanda við næstu fjárlagagerð? Mun hann bæta þessum stofnunum orðið tap með auknum fjárveitingum?

Ég vil beina spurningu til hæstv. sjútvrh. en hann er ekki hér, hygg ég. Forseti, er hæstv. sjútvrh. í húsinu? (**Forseti:** Hæstv. sjútvrh. mun ekki vera í húsinu.) Þá vil ég beina þessari spurningu til hæstv. forsrh. í fjarveru hæstv. sjútvrh.

Fyrir dyrum hafa staðið viðræður íslenskra og bandarískra stjórnvalda um áframhald hvalveiða í vísindaskyni og undirbúning fyrir ársfund Alþjóða-

hvalveiðiráðsins. Undirbúningur og þátttaka hefur að verulegu leyti hvílt á starfsmönnum Hafrannsóknastofnunar og því alls óvíst að þessar viðræður geti farið fram. Öllum hvalarannsóknum hjá Blóðbankanum og hjá Hafrannsóknastofnun seinkar nú, en þær eru nauðsynlegar til undirbúnings fyrir fund vísindanefndar Alþjóðahvalveiðiráðsins þann 20. maí nk. Hvalveiðar Íslendinga eru mjög viðkvæmt mál og þátttaka vísindamanna á fundi vísindaráðsins er væntanlega talin mikilvæg. Ég vil því spyrja hæstv. forsrh. í fjarveru hæstv. sjútvrh. hvernig hann meti þessa stöðu mála og hvernig hann telur vænlegt að bregðast við.

Á lðntæknistofnun hefur verkefni varðandi lúpínur fyrir landgræðslu farið forgörðum. Sáðvara fyrir kornbændur á Suðurlandi verður ekki leyst úr tolli og síðustu forvöð að sá í gær eða dag. Leiðbeiningarþjónusta landsráðunauta liggur niðri, en mikil nauðsyn er á leiðbeiningum varðandi grænfóðurrækt vegna útlits fyrir víðtækt kal í túnum sem við komumst svo sannarlega að í umfjöllun um frv. til laga um jarðræktarmál sem liggur fyrir þinginu og var til umræðu í Ed. nú fyrir nokkrum dögum, og var reyndar samþykkt þar.

Fyrirsjáanlegur er verulegur skortur á trjáplöntum til gróðursetningar á næstu árum þar sem sáning fræja verður ekki á meðan á verkfalli stendur. Og fyrir þinginu liggur einnig frv. til laga um skógræktarátak. Ég minni á það.

Landgræðslu ríkisins vantar 4 tonn af túnvingulsfræi til nota í sumar til landgræðslu. Verulega slæmt ástand ríkir vegna skorts á fiskeldisfóðri sem ekki fæst afgreitt úr tolli og seiðadauði yfirvofandi. Þetta síðastnefnda atriði hefur vakið umfjöllun fjölmiðla og áhyggjur stjórnmálamanna og nú síðast ráðherra eins og kom fram í fréttum, enda miklir fjármunir í húfi. Ég vil því spyrja hæstv. landbrh.: Hvernig hyggst hann taka á þessum vanda sem ég hef lýst og heyrir undir ráðuneyti hans?

Nokkur stéttarfélög í BHMR sendu frá sér fréttatilkynningu nú nýlega þar sem þau furðuðu sig á yfirlýsingum hv. þm. Guðmundar G. Þórarinssonar, formanns fiskeldis- og hafbeitarstöðva í fjölmiðlum þann 28. apríl sl. þar sem hann hafði í hótunum við Félag ísl. náttúrufræðinga vegna þeirra áhrifa sem verkfall Félags ísl. náttúrufræðinga hefur haft á starfsemi fiskeldisstöðva. Samtökin gerðu athugasemd vegna þess að hv. þm. er jafnframt formaður stjórnarnefndar ríkisspítala og þau töldu hann ekki hafa séð ástæðu til þess að lýsa opinberlega yfir áhyggjum vegna áhrifa verkfalls háskólamenntaðra starfsmanna á ríkisspítölum þar sem þau töldu ríkja neyðarástand og sendu fréttatilkynninguna og bréf til ráðherra og hv. þm. Nú vill svo til að viðkomandi þingmaður er fjarstaddur og getur ekki skýrt mál sitt. Vera kann, og ekki ólíklegt, að hann hafi einungis verið spurður af fréttamanni um vanda fiskeldisstöðva af völdum verkfalls en ekki um neitt annað og því ekki gefist tækifæri til að tala um annað efni.

Hins vegar vekja ummæli hv. þm. upp hugleiðingar um áhugaverðan þátt þessa máls, þ.e. um bótakröfur og bótaskyldu í verkföllum eða vegna tjóns af völdum verkfalla. Hver er í raun réttur þolenda? Er það staðreynd t.d. að verkfallsvopnið bítur síður á ríkið en á atvinnurekendur á almennum markaði?

Ég hef minnst lítillega á nokkur atriði þar sem um er að ræða fjárhagslegt tjón, jafnvel mögulega heilsutjón, tjón vegna tímatafar eða óþæginda og röskunar af ýmsu tagi. Nú vil ég spyrja hæstv. forsrh.: Að hvaða leyti telur hann að ríkisvaldið sé samábyrgt í kjaradeilu sem þessari og þess vegna bótaskylt?

Vegna þeirrar kjaradeilu sem hér er til umræðu hafa verið skrifaðar margar greinar í dagblöð um störf og kjör hinna ýmsu stétta sem eiga í verkfalli. Greinarnar hafa verið skrifaðar í anda kjarabaráttu og hafa þær margar verið fróðleg kynning á ólíkum störfum og til þess fallnar að auka skilning á eðli og mikilvægi viðkomandi starfa. Það er allt of algengt að við vitum of lítið hvert um annars hag í þjóðfélaginu. Við þekkjum eigin kjör, e.t.v. skyldmenna og vina, en eigum sjaldnast það náin samskipti við aðra sem vinna við ólík störf að við kynnumst í raun kjörum þeirra eða þekkjum störf þeirra og mikilvægi framlags þeirra. Slík fáfræði elur á fordómum og er góður jarðvegur fyrir sundrungu. Íslensk verkalýðshreyfing hefur verið of veik og sundruð til að knýja fram sæmandi launahækkanir fyrir allan þorra launafólks og koma á jafnari tekjuskiptingu. Meðan enn er ekki trygging fyrir lágmarkslaunum til framfærslu heyrast ævintýralegar tölur um laun einstakra forstjóra og meðan engir eða litlir peningar finnast hjá þessari sjöttu ríkustu þjóð í heimi í laun til að endurgjalda verðmætasköpun vinnandi fólks skila fjármagnsfyrirtæki, bankar, sparisjóðir og tryggingafyrirtæki dágóðum arði eins og hefur komið fram í fréttum undanfarna daga. Framleiðslufyrirtækin flest virðast þó ekki vera aflögufær og er það undarleg skipting í einu þjóðfélagi.

Ég tel þá þróun hættulega sem orðið hefur í þessari kjaradeilu að fleygur var rekinn í samstöðu launafólks og vík mynduð milli háskólamenntaðs fólks og annars launafólks. Við því má verkalýðshreyfingin síst af öllu en þannig má deila og drottna. Gleymum því ekki að við erum öll alin upp við þá hugsun að í mennt búi máttur. Við höfum öll væntingar til menntunar og þannig sækja allar stéttir sér aukin réttindi með námi á ýmsan hátt. Það breytir þó ekki því að langskólagenginn maður getur verið lítið menntaður en sá sem aldrei hefur í skóla komið getur verið sannmenntaður af sjálfum sér. Skólaganga er auðvitað ekki eingildur mælikvarði á menntun en hún hefur öðlast meira gildi í breyttu þjóðfélagi sem byggir í æ ríkari mæli á sérhæfingu og sérmenntun. Og það er skylda þjóðfélagsins að tryggja jafnrétti og jafnræði á því sviði. Það hefur verið reynt að gera með ýmsum hætti á undanförnum árum og einn mikilvægasti áfanginn í þeim efnum er Lánasjóður ísl. námsmanna sem á stærstan þátt í því að gera börnum efnalítilla foreldra kleift að stunda langskólanám.

Það ber vott um ábyrgðarleysi og skammsýni að reyna að skapa óvild í garð langskólagengins fólks á

þann hátt sem gert hefur verið og vinna þannig gegn nauðsynlegri samstöðu vinnandi fólks eða manneskja sem allar hafa sínu mikilvæga hlutverki að gegna í þjóðfélaginu. Betri laun, bætt kjör og meiri launajöfnuður fyrir alla nást einungis með samstöðu launafólks. Kvennalistakonur hafa sagt að það væri fleira sem sameini konur en það sem greinir þær að. Það sama má segja um launafólk.

Snótarkonur í Vestmannaeyjum stóðu lengi einar í verkfalli á sl. ári og einmitt þær sendu kennurum kærkomna stuðningsyfirlýsingu og fjárframlag í verkfallssjóð. Reynslan er besti skólinn er sagt og þær vissu e.t.v. að það er erfitt að standa í verkfalli, það er andleg raun ekki síst þegar almenningsálitið snýst gegn manni og það er mikið fjárhagslegt tjón fyrir fjölskyldur oft á tíðum. Það er ekki óeðlilegt að launafólk leiti kjarabóta í kjölfar mestu góðæra sem yfir þjóðina hafa gengið. En þá er sagt og þykir ótrúlegt að ekki sé lag. En ég spyr: Hvenær er þá lag til að afnema þá láglaunastefnu sem hér hefur ríkt allt of lengi ef það er ekki í kjölfar góðæranna, hvers metaflaársins á fætur öðru?

Þessi kjaradeila varpar ljósi á fámennt þjóðfélag sem ber ótrúleg merki ytri velsældar að mörgu leyti. Það ríkir þó alvarleg skekkja í áherslum á forgangsröðun fjárfestinga í þessu þjóðfélagi og þrátt fyrir ytri velmegunarmerki leggjum við nú grunn að fátækt barna okkar með því að hlúa ekki að en vanrækja menntun þeirra. Ræktun og beiting þess hugvits sem getur mætt framtíð breyttra atvinnuhátta byggir á menntun, góðri almennri menntun allra landsmanna. Til þess að nýjar hugmyndir geti blómstrað þarf ákveðna lágmarksþekkingu meðal þjóðarinnar, ef svo má að orði komast, og það er m.a. sá jarðvegur sem stjórnvöld bera ábyrgð á að skapa.

Þeir erfiðleikar sem nú er við að etja eru tímabundnir. Við munum þó þurfa að læra að spinna okkur frá þeim því að neyðin kennir naktri konu að spinna og við þurfum að læra að leggja þættina saman, sameina kraftana. Öllu máli skiptir enn fremur hvort okkur tekst að draga nokkurn lærdóm af þeirri togstreitu um grundvallaratriði í þjóðfélaginu sem nú er uppi, hvort hún verður okkur nauðsynleg og holl áminning, hvort hún hvetur okkur til endurskoðunar á því hvað okkur sé í raun nauðsynlegt, hverjar þarfir okkar séu, hvernig við skilgreinum okkur sjálf og það þjóðfélag sem við byggjum, hvort hún hvetur okkur til að hyggja að því verðmætamati sem ræður ákvörðunum okkar og gerðum, hvort hún hvetur okkur til réttlátari breytni, jafnari tekjuskiptingar, hvort hún vekur okkur af vímu hinnar nýríku þjóðar sem hefur lagt óhóf og bruðl í vana sinn en gleymir um of að sinna því sem hana varðar mestu og er henni kærast þegar öllu er á botninn hvolft.

Það er kominn tími til að eyða þeim mótsögnum sem við blasa og breyta verðmætamatinu. Það er kominn tími til að eyða óréttlátu holræsakerfi í launamálum þar sem menn ná framfærslulaunum sínum með óhóflegri yfirvinnu og duldum greiðslum af ýmsu tagi, sér og fjölskyldum sínum til tjóns. Launajöfnuði milli karla og kvenna og milli allra einstaklinga í þjóðfélaginu verður ekki náð fyrr en ljóst er hver laun manna eru í raun.

Virðulegur forseti. Ég tel nauðsynlegt fyrir þing og þjóð að fá svör við þeim spurningum sem ég hef lagt fyrir hæstv. ráðherra og ég tel einnig óhugsandi að þinginu ljúki áður en þessi kjaradeila er leyst.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Ég skal leitast við að svara þeim spurningum sem hv. fyrirspyrjandi beindi til mín eins og ég get með tiltölulega litlum fyrirvara.

Fyrsta spurningin var um það hvort ég teldi ekki ástæðu fyrir ríkisvaldið að ganga aftur til viðræðna, formlegra eða óformlegra. Ég tel fulla ástæðu og reyndar skyldu ríkisvaldsins til þess að leita allra leiða til að leysa þessa mjög alvarlegu deilu. Ég tel hins vegar eins og nú er háttað málum að þá sé skynsamlegra að leita eftir óformlegum viðræðum og það er gert. Þær eru í gangi, m.a. urðu þær til að tefja komu mína á fundinn hér áðan. Ég tel hins vegar að það kunni að vera mjög varasamt að ganga til formlegra viðræðna nema þær hafi áður verið þannig undirbúnar að nokkur vissa sé fyrir því að þær muni leiða til lykta á þessari deilu. Ég vil fullvissa hv. fyrirspyrjanda og aðra sem hlýða á mál mitt að ríkisstjórnin mun í dag og næstu daga gera allt sem í hennar valdi stendur til þess að leiða þessa deilu til lykta.

Undir öðrum lið sem hv. fyrirspyrjandi afhenti mér hér áðan, spyr hv. þm. hvort ég sé sömu skoðunar eins og fram kemur í bréfi því sem ég ritaði sem forsrh. fyrir nokkrum árum um svipaða deilu. Ég er það. Ég tel afar æskilegt að leita leiða til þess að háskólamenntaðir starfsmenn ríkisins hafi svipuð laun og þeir sem starfa á hinum almenna markaði. Það er engin breyting í mínu viðhorfi að þessu leyti. Ég get hins vegar ekki sagt annað en það og viðurkennt það að eftir að ég hef farið yfir þær athuganir sem hafa verið gerðar í þessu sambandi þá sýnist mér að þarna kunni að vera fleiri erfiðleikar í vegi en ég gerði mér grein fyrir áður. Ég sé t.d. að hugmyndir eru um það að miða laun háskólamenntaðra manna fyrst og fremst við laun tæknifræðinga á hinum almenna markaði. Laun tæknifræðinga eru miklum breytingum háðar, a.m.k. hefur það sýnt sig á síðustu árum þegar mikill uppgangur hefur verið á ákveðnum sviðum, við skulum segja hjá tölvufyrirtækjum eða hugbúnaðarfyrirtækjum, þar hefur gjarnan verið um afar miklar yfirborganir að ræða. Það kann því að vera nokkuð miklum erfiðleikum háð hvaða viðmiðun á að hafa í þessu sambandi. Það breytir því ekki að ég tel rétt að leita slíkra leiða.

Einnig hefur komið fram glöggt, bæði í því bréfi sem ég ritaði og nefndi áðan og einnig þeim athugunum sem hafa verið gerðar, að þarna kemur líka til álita hlutur eins og ábyrgð, lífeyrissjóður og fleira, öryggi í starfi. Þetta er því ýmsum vandkvæðum bundið og ég teldi að mörgu leyti betra ef unnt væri að komast að niðurstöðu um hvers virði menntunin er, og hún er mikils virði, og menn gætu fallist á það

að háskólamenntun gæfi vissa hækkun í launum sem væri þá jafnvel óháð hvað borgað er annars staðar. Þetta teldi ég vera afar mikilvægt og hef reyndar hvað eftir annað látið það koma fram í viðræðum sem ég hef átt við háskólamenntaða menn. En það breytir ekki því að í þessari deilu er leitað leiða til viðmiðunar við þá sem eru utan ríkisgeirans og því verður haldið áfram.

Nú tel ég rétt að leggja áherslu á langtímasamninga við BHMR. Ég tel langtímasamninga skynsamlega en þeir geta ekki innihaldið verðtryggingu launa að mínu mati, við eigum að hverfa frá því, og ég hef lagt áherslu á það, og eigum að hverfa frá því á öllum sviðum, líka í sambandi við fjármagnsmarkaðinn og því eru langtímasamningar erfiðir í þeirri verðbólgu sem við stríðum enn þá við. Í þessari deilu er þó verið að leita leiða til að semja til lengri tíma og væri það afar æskilegt ef þannig má skapa öryggi, t.d. í skólum landsins.

Síðan er spurt hver hafi orðið launaþróun meðal háskólamenntaðra manna hjá ríkinu frá nóvember 1987 til nóvember 1988 miðað við alla launþega í landinu og t.d. skrifstofufólk á almennum markaði. Því miður hefur mér ekki gefist kostur á þessum mínútum til að afla mér þessara upplýsinga en vek athygli á því að hér fyrir Alþingi liggur svar frá mér við fsp. Þorv. Garðars Kristjánssonar þar sem þessi samanburður er gerður eins ítarlega og unnt er. Þetta svar er unnið af Þjóðhagsstofnun og byggt á athugun Þjóðhagsstofnunar og Hagstofu Íslands m.a. Þó kemur fram í þessu svari að glöggar upplýsingar liggja ekki fyrir fyrir allra síðustu ár. Gleggstu og ítarlegustu upplýsingarnar eru frá 1984 sem er vitanlega of langt um liðið. Og án þess að ég fari að lesa þessa skýrslu þá vek ég athygli á því að hérna eru ýmsar upplýsingar sem getur verið fróðlegt að lesa og eru niðurstöður af skýrslum sem t.d. bæði Hagstofan og Þjóðhagsstofnun gerðu á sínum tíma. Hér segir t.d., með leyfi forseta, úr skýrslu sem dr. Pétur H. Blöndal tryggingafræðingur gerði, en þar segir hann í kafla um helstu niðurstöður í áliti nefndarinnar: „Tiltölulega fáir starfshópar háskólamanna í ríkisþjónustu eiga sér beinar hliðstæður á almennum markaði.“ Og hér segir um þá niðurstöðu sem er frá 1984: „Á grundvelli þessa álits gerði meiri hluti nefndarinnar ráð fyrir að betri lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna jafngiltu 9% álagi á dagvinnulaun ríkisstarfsmanna.“ — Ég ætla ekki að lesa meira upp úr þessu en vek athygli hv. þm. á þessu svari eins langt og það nær.

Síðan spyr hv. þm. hvort þessi deila kunni að mínu mati að auka tilhneigingu til stofnunar einkastofa af ýmsu tagi og sömuleiðis hvort það geti orðið kostnaðarsamara fyrir ríkið. Ég óttast það að svona deilur geti leitt til þess að stofnaðar verði víða einkastofur. Ég tel að það komi til greina á vissum afmörkuðum sviðum. Hins vegar legg ég mikla áherslu á að það verði ekki til þess að það dragi úr þeim jöfnuði og því réttlæti sem opinber starfsemi á ýmsum sviðum tryggir öllum þegnum þessa lands eins langt og það er hægt, m.a. í heilbrigðisgeiranum og menntakerfinu svo ég nefni þar dæmi. Ég tel að það komi ekki til greina þó að ég sé þar með ekki að hafa á móti einstökum einkaskólum t.d., en þarna hefur ríkið miklar skyldur sem ekki má fórna í velferðarþjóðfélagi.

Svo spyr hv. þm. hvort ég óttist atgervisflótta úr hópi háskólamenntaðra manna í störfum hjá ríkinu. Ég óttast fyrst og fremst atgervisflótta úr landi ef hann gæti orðið vegna mismunandi kjara hér og þeirra sem erlendis eru. Það er nú svo með mjög mikinn fjölda af þeim háskólamenntuðu mönnum sem starfa hjá ríkinu að þeir eiga ekki í mörg önnur hús að venda hér heima þó að það sé afar breytilegt. Ég tek hins vegar undir það sem hv. þm. sagði um nauðsyn þess að byggja hér á þekkingu og vil undirstrika það mjög. Þetta þjóðfélag verður að byggja á öllum sviðum á vaxandi þekkingu og þess vegna megum við ekki fórna þeirri þekkingu sem til er í landinu eða draga úr þeirri þekkingarsköpun sem á sér stað í landinu. Ég held að allir geti verið sammála um það að nútímaþjóðfélag byggir í sínum framförum og vexti fyrst og fremst á aukinni þekkingu á öllum sviðum.

Síðan spyr hv. þm. að hvaða leyti ríkisvaldið sé samábyrgt í kjaradeilu sem þessari og því bótaskylt. Ég hygg að þetta sé afar erfið spurning að svara. Ég tel að á vissum sviðum geti ríkið orðið bótaskylt, t.d. ef stofnun á vegum ríkisins hindrar aðila í starfi sínu þannig að verulegt tjón stafi af og t.d. kæmi síðan í ljós að það hafi verið gert á vafasömum lagagrundvelli. Það er engin launung að um þetta eru núna skiptar skoðanir í sambandi við fóður, bæði til fiskeldis og búpenings annars og reyndar hafa ýmsir lögfræðingar látið í té skýrslur og niðurstöður þar sem þeir telja að stöðvun á innflutningi slíks fóðurs styðjist ekki við lög. Þetta er mjög alvarlegt mál og gæti leitt til gífurlegrar bótaskyldu hjá ríkinu ef stórfellt tjón hlýst af. Það er von mín að þessi þáttur leysist án þess að til slíks komi og ég held að það sé vilji á báða bóga til að gera það. Hins vegar að sjálfsögðu, ef um er að ræða tjón á heilsu o.s.frv. þá verður það aldrei bætt í raun með fjárhagsbótum og er vitanlega miklu flóknara mál en svo að ég treysti mér til að fara inn á það hér. Svona deilur valda ætíð miklum óþægindum og röskun og það hefur ætíð verið reynt að draga fjöður yfir það í lokin og gera sem minnst úr því og vonandi verða hér ekki slík tjón að það reynist ekki hægt.

Síðan spurði hv. þm. mig í fjarveru sjútvrh. um úrvinnslu skjala vegna hvalveiða. Ég út af fyrir sig veit lítið meira um það en aðrir hér inni en ég held að það liggi alveg í hlutarins eðli að ef ekki tekst að vinna úr þessum gögnum fyrir fund Alþjóðahvalveiðiráðsins þá leggjum við ekki fram niðurstöður af mjög mikilvægu starfi nú upp á síðkastið og við komum þá til þess fundar ekki undirbúnir. En þessi og næsti fundur eru e.t.v. einhverjir mikilvægustu fundirnir í þeirri viðleitni okkar að fá skilning fyrir þeirri hvalveiðistefnu sem við höfum hér mótað og hæfilegri

nýtingu hvalastofnsins svo að sjálfsögðu er það mjög alvarlegt mál. Mér skilst að eins og nú er komið sé afar vafasamt að unnt verði að vinna svo úr þessum gögnum að fullkomlega viðunandi sé.

Ég skal ekki lengja þetta. Það eru hér ýmsir aðrir ráðherrar sem eru spurðir og svara þá að sjálfsögðu fyrir sig. Ég vil bara að lokum leggja á það mjög mikla áherslu að ríkisstjórnin mun gera allt sem í hennar valdi stendur til að fá lausn á þessari deilu. Ef það tekst ekki um þessa helgi, þá þori ég engu að spá um framhaldið og reyndar vildi ég gjarnan segja að það verður að takast um þessa helgi. Hins vegar er ég þeirrar skoðunar að hæstv. fjmrh. hafi gengið þar mjög langt fram að leita lausna á þessari deilu og það olli að sjálfsögðu miklum vonbrigðum að þær tillögur sem hann gerði náðu ekki samþykki.

Ég tek undir það með hv. þm. að fyrir, eins og hv. þm. sagði, sjöttu auðugustu þjóð heims — sem ég skal nú ekki segja hvort er á nógu góðum rökum reist þó það sé þannig mælt, það fer nú eftir gengi og fjölmörgum öðrum hlutum — þá eru launakjör í landinu ekki há. Þau eru lág. Hitt verða menn svo að hafa í huga að þessi ríkidómur byggist ekki síst á því að við vinnum afar mikið, langan vinnudag og heildartekjur fjölskyldunnar hér á landi eru að því er mér er tjáð af samanburði mjög sambærilegar við það sem er víða í löndum með svipaða þjóðarframleiðslu svo það verður að gæta sín dálítið á því að taka ekki svona samanburð án nánari athugunar.

Ég vil einnig taka undir það sem fólst í orðum hv. þm. að launakjör víða í atvinnulífinu eru lág og það er einmitt það sem við erum að stríða við m.a. í þeirri deilu sem hér er um að ræða. Það er búið að semja við þá sem lægstu launin hafa og spurningin er sú: Hve langt getur ríkisvaldið gengið án þess í raun að ganga á bak orða sinna í slíkum samningum? Ég tel að það verði að finnast lausn á þessari deilu sem rúmast innan þess heildarramma sem 80% þeirra sem hér þiggja laun hafa um samið. Það þýðir ekki að það sé ekki hægt að viðurkenna einhverja nauðsynlega leiðréttingu þegar til lengri tíma er litið og ég endurtek það sem ég sagði áðan að ég tel að mat á háskólamenntun sé ekki rétt eins og nú stendur í þessu þjóðfélagi.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst byrja á því að svara þeim spurningum sem hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir bar hér fram og síðan víkja örfáum orðum að grundvallaratriði þeirrar lausnar sem nauðsynlegt er að leitað sé á þessari erfiðu deilu.

Fyrsta spurningin var á þann veg, hvers vegna hófust ekki viðræður við BHMR strax eftir áramótin eins og fulltrúar þess fóru fram á? Um þetta atriði hefur nú verið nokkuð mismunandi skilningur milli mín og forustumanna BHMR. Í nóvembermánuði komu fulltrúar bæði Hins íslenska kennarafélags sérstaklega og enn fremur formaður og framkvæmdastjóri BHMR til mín og röktu nokkuð ítarlega að sú reynsla hefði fengist af fyrri kjarasamningum að margvíslegar vanefndir hefðu orðið á bókunum og ýmsu öðru sem samið hefði verið um í þessum kjarasamningum. Þessir forustumenn, bæði BHMR og Hins íslenska kennarafélags lögðu á það ríka áherslu við mig í nóvembermánuði að áður en gengið væri til kjarasamninga um kjör framtíðarinnar yrði að leysa úr þessum erfiðleikum sem vanefndirnar á fyrri samningum hefðu skapað og var þar vikið að margvíslegum bókunum og fjölmörgum öðrum atriðum. Það væri nauðsynlegt að eyða þessum syndum frá fyrri tíð og skapa þannig traust milli aðila á nýjan leik vegna þess að fyrri mánuðir og jafnvel fyrri ár hefðu skapað mikla vantrú milli þessara samtaka og ríkisvaldsins.

Eftir þessi samtöl var sett í gang vinna af hálfu samstarfsnefnda og fulltrúa ríkisins, að fara yfir þessa skrá, yfir deiluatriði frá fyrri tíð og reyna að leysa þau hvert af öðru. Það var ýmislegt á þessari skrá. Sumt var minni háttar, annað meiri háttar. Ég stóð í þeirri trú í desember- og janúarmánuði, eins og ég skildi þetta upphaflega erindi forustumanna þessara samtaka, að áður en gengið væri til nýrra formlegra kjarasamninga yrði að vinna sig í gegnum og reyna að ná niðurstöðu varðandi sem flestar af þessum vanefndum frá fyrri tíð. Það kom mér þess vegna nokkuð á óvart að í seinni hluta janúarmánaðar og byrjun febrúarmánaðar var sett fram á mjög skömmum tíma mjög eindregin krafa um það að formlegir kjarasamningar hæfust strax og beinlínis undan því kvartað að það væri ekki gert. Ég hafði skilið málflutninginn á þann veg að til þess að skapa tiltrú á nýjan leik þyrfti fyrst að greiða úr ýmsum flækjum frá fyrri tíð. Það var ástæðan fyrir því að þessar samningaviðræður hófust ekki strax eftir áramótin, eins og fyrirspyrjandi spurði um, enda var í desembermánuði og janúarmánuði leitað lausna með góðum árangri á ýmsum af þeim atriðum sem á þessum vanefndalista var að finna.

Það er einnig þáttur í þessu máli, án þess að ég telji hann neitt úrslitaatriði, að ég taldi nauðsynlegt að gera ýmsar breytingar á samninganefnd ríkisins, taka þar inn nýtt fólk og gera þar endurnýjun af ýmsu tagi og það tók einfaldlega lengri tíma að finna fólk til þeirra verka og fá fólk til þess að taka það að sér vegna þess að eins og alkunna er þá er það tímafrek vinna, oft og tíðum vinna nætur og daga, vikum saman og krefst margvíslegra fórna, bæði hvað snertir einkalíf, fjölskyldulíf og aðra slíka einstaklingsbundna hætti. Það var þess vegna meira verk en ég taldi upp úr áramótum að finna það nýja fólk sem ég lagði áherslu á að tæki sæti í samninganefnd ríkisins. Þess vegna var hún ekki fullmönnuð fyrr en raun bar vitni.

Ég er hins vegar sannfærður um það og vil segja það hér að ég tel að það nýja fólk sem þarna kom til starfa hafi staðið sig með afburðum vel og þeir kjarasamningar sem nú þegar hafa verið gerðir, bæði við BSRB, við Sókn og ýmis önnur félög, endurspegli með ýmsum hætti þau nýju viðhorf sem komu inn í samninganefnd ríkisins með því nýja fólki sem þar tók sæti.

Önnur spurningin er að nokkru leyti tengd hinni fyrri, hvort ég telji eftir á að hyggja að slíkar viðræður hefðu getað aukið skilning milli málsaðila og flýtt fyrir

samningum. Það er auðvitað alltaf erfitt að líta til baka og velta slíkum ef-spurningum fyrir sér. Það má vel vera að svo hefði getað orðið. Það fer bæði eftir því hvað hefði þar verið fram lagt og staðreyndin er nú sú að ef litið er á þá upphaflegu kröfugerð sem lögð var fram, bæði af hálfu forsvarsmanna BHMR og einnig annarra samtaka, þá var hún á ýmsan hátt almenns eðlis og ekki ítarlega útfærð og tók nokkurn tíma að sú útfærsla lægi á borðinu svo að þegar viðræður hófust þá var það nokkuð ljóst að þó nokkur vinna þurfti að fara fram af hálfu beggja aðila til að skýra þessa þætti.

Þriðja spurningin var hvort stjórnvöld hefðu markað sér heildarstefnu til lengri tíma í launamálum ríkisstarfsmanna. Ef svo er, hver er hún? Þótt ýmsar hugleiðingar hafi verið settar fram varðandi eðli slíkrar framtíðarstefnu, þá hefur hún ekki verið mótuð í heild sinni. Hins vegar hef ég í viðræðum við bæði BSRB, við kennarasamtökin, við forustumenn BHMR og ýmsa aðra, bæði í einkaviðræðum og á formlegum fundum, sett fram þá skoðun mína að það sé alveg nauðsynlegt að marka slíka stefnu til lengri tíma og í henni þurfi að taka tillit til margs fleira en launa. Það þurfi að taka tillit til þátttöku starfsmanna ríkisins í stjórnun. Það þurfi að taka mið af möguleikum til aukinna lýðræðislegra áhrifa. Það þurfi að taka tillit til möguleika á endurmenntun. Það þurfi að taka tillit til ábyrgðar og fjölmargs annars sem inn í slíka heildarlaunastefnu kemur. Í raun og veru má segja að slík launastefna feli ekki bara í sér ákveðna afstöðu til kjara, heldur líka til þess hvers konar þjóðfélag við viljum þróa í okkar íslenska samfélagi.

Ég átti mér þá von og á hana reyndar enn að það geti tekist nokkuð góð samvinna með fulltrúum ríkisins og fulltrúum þeirra fjölmörgu samtaka sem starfa hjá opinberum aðilum, bæði ríki og bæjarfélögum, til að móta slíka stefnu til lengri tíma. Hins vegar er ljóst að það eru fjölmörg samtök sem starfsmenn ríkisins eru í. Það er ekki bara BSRB og BHMR. Það er einnig Kennarasambandið, það eru einnig félög innan Alþýðusambandsins og fjölmargir aðrir. Því miður er það þannig að enn sem komið er er ekki formlegur samstarfsvettvangur þessara fjölmennu samtaka launafólks sem semja við ríkið. Eitt af því sem þyrfti þess vegna að skapa til þess að árangursrík umræða um þennan þátt geti farið fram er slíkt virkt samstarf þessara fjölmörgu samtaka launafólks sem semja við ríkið og bæjarfélögin einnig um sín kjör því að staðreyndin er nú sú að þessir tveir opinberu aðilar, ríki og bæjar- og sveitarfélög hafa haft nána samvinnu í þessum málum.

Í þessu sambandi má t.d. vekja athygli á því að þótt nú sé háð hér hörð kjaradeila við Hið íslenska kennarafélag og hún sé í daglegu tali kennd við kennara, með litlum staf, og var að nokkru leyti gert einnig í ræðu hv. þm. Guðrúnar Agnarsdóttur, þá er það t.d. staðreynd að ríkið semur við fimm samtök kennara, þ.e. Hið íslenska kennarafélag, Kennarasambandið, Félag háskólakennara, Félag tækniskólakennara og Félag kennara við Kennaraháskóla Íslands. Ég held að þessi eina staðreynd sýni nokkuð vel í hnotskurn að því miður eru ansi fjölþætt og mörg samtök launafólks á þessum vettvangi. Það er aðeins eitt af þessum kennarafélögum sem er í verkfalli. Samningar hafa verið gerðir við eitt af þessum fimm félögum og viðræður fara fram án verkfalls við hin þrjú.

Fjórða spurningin sem hv. þm. bar fram snertir vanda margra rannsóknastofnana sem starfa í þágu atvinnuveganna og er ætlað að nokkru leyti að fjármagna rekstur sinn með því að selja þjónustu sína eða afurðir. Spurt var um það hvernig yrði tekið á því tekjutapi sem þessar stofnanir hafa orðið fyrir vegna þessa verkfalls og vikið að næstu fjárlagagerð í þeim efnum, og hvort þetta tap yrði bætt upp með auknum fjárveitingum. Þessi þáttur málsins hefur ekki verið skoðaður enn sem komið er. Það er satt að segja mjög erfitt að vega hann og meta meðan verkfallið stendur, m.a. vegna þess að það er ekki ljóst hvernig starfsemi þessara stofnana verður háttað þegar verkfallið leysist.

Það er heldur ekki mjög skynsamlegt að mínu mati að vera að framkvæma slíkt tjónamat á meðan verkfallið stendur vegna þess að það gæti bæði spillt fyrir viðræðum og samskiptum þeirra sem þurfa að leysa þessa deilu og einnig stuðlað að margvíslegum óörum misskilningi. Hins vegar er það alveg ljóst að þegar samið verður þá er þetta einn af þeim veigamiklu þáttum sem skoðaðir verða.

Ég vil svo aðeins, virðulegi forseti, nota þetta tækifæri til þess að víkja örfáum orðum að því hvernig þessi deila stendur og hefur þróast, og ég geri það vegna þess að ég skil þá ákvörðun hv. þm. Guðrúnar Agnarsdóttur og fulltrúa Kvennalistans að óska hér utandagskrárumræðu um þetta mál svo, að af þeirra hálfu hafi ætlunin ekki verið bara að rekja hin ýmsu vandkvæði sem samfara eru þessari deilu, heldur einnig leggja sitt af mörkum til þess að hún megi leysast. Og ég vænti þess einnig að aðrir hv. þm. séu reiðubúnir til þess að leggja fram hugmyndir og greina frá sinni afstöðu. Því miður er það þannig að deilur af þessu tagi verða ekki leystar nema veitt séu ákveðin svör og ég saknaði þess nokkuð að í ræðu hv. þm. Guðrúnar Agnarsdóttur var ekki að finna efnivið í þau svör sem gætu stuðlað að lausn þessarar deilu. Og vegna þess að ég vildi gjarnan sækja ráð til hv. þm. í þeim efnum, langar mig til þess að bera þær tvær spurningar fram, eftir að hafa reifað í stuttu máli hvernig staða málsins er, því að ég hef þá reynslu af hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur að hún vilji taka ábyrga afstöðu í málum og hafa góð ráð fram að færa. Og þar eð ekki var í hennar ræðu að finna í raun og veru neitt það sem gæti beinlínis stuðlað að því að deilan væri leyst, þó að ræðan væri að mörgu leyti mjög góð og yfirgripsmikil, þá langar mig hér í þessari umræðu að víkja að þeim þætti.

Ég vil enn fremur skýra hv. Alþingi frá því að sl. laugardag, laugardagsmorgun, átti ég viðræður við formann BHMR og síðan framkvæmdastjóra BHMR, þar sem ég greindi þeim frá því að mat

ríkisstjórnarinnar væri að nú yrði um þá helgi að gera úrslitatilraun til þess að leysa deiluna. Og ég legg áherslu á orðið úrslitatilraun í þeim efnum. Ég lýsti í þeim viðræðum forsendum þess að samningur gæti tekist að mínum dómi. Þessar forsendur fólu að nokkru leyti í sér ný atriði af hálfu ríkisins:

1. Að samþykkt yrði að taka upp nýtt launakerfi hjá háskólamenntuðum ríkisstarfsmönnum sem byggt væri á mati á menntun og á ábyrgð.

2. Að skýrt yrði tekið fram hvenær þetta nýja launakerfi tæki gildi.

3. Að sett yrði ákveðin lágmarkstrygging eða „gólf" eins og stundum er sagt á samningamáli sem tryggði, og ég legg áherslu á það, sem tryggði á hverju ári tiltekinn ávinning af þessari kerfisbreytingu einni saman, óháðan öðrum launabreytingum, en sú tala yrði hins vegar að vera lág, eins stafs prósentutala á hverju ári.

4. Að stofnaður yrði sérstakur sjóður sem telja mundi a.m.k. allmarga tugi milljóna árlega til þess að fjármagna margvísleg réttindamál, hagsmunabætur og fjölmargt annað sem snertir sérstaklega starfskjör og kjarakjör háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna. Launaþróun á árinu 1989 mundi síðan taka mið af þeirri útfærslu launaþróunarinnar sem fram hefur komið í samningum við Félag háskólakennara.

Eftir viðræður sem áttu sér stað í samninganefnd BHMR komu formaður og framkvæmdastjóri BHMR á minn fund um hádegi sl. laugardag og greindu mér frá því að þeir væru sammála því að hér væri um úrslitatilraun að ræða og það væri niðurstaða þeirra og samninganefndar BHMR að hefja samningaviðræður á þeim grundvelli sem ég hefði lýst. Og ég legg ríka áherslu á þessi orð: á þeim grundvelli sem ég hefði lýst.

Í framhaldi af því höfðum við síðan samband við sáttasemjara ríkisins, skýrðum honum frá þessum grundvelli og hann ákvað þá að tveir viðræðuhópar væru settir upp annars staðar, fyrir utan húsnæði sáttasemjara, til þess að fullvinna samning á þessum grundvelli.

Ég ætla ekki hér að rekja ítarlega atburði síðustu helgar. Ég vil þó segja það alveg skýrt og greinilega að ég stóð í þeirri einlægu trú þar til seint á sunnudagskvöld þegar mér bárust aðrar fréttir innan úr samninganefnd BHMR að við værum að vinna að samningi á þeim skýra og tiltekna efnisgrundvelli sem ég lýsti munnlega á laugardagsmorgun og lagði síðan fram skriflega fyrir sex manna samninganefnd BHMR um kl. 4 á laugardagseftirmiðdag þegar vinnan í Borgartúni 6 hófst. Þannig að grundvöllur þessara viðræðna var alveg skýr strax í upphafi, bæði munnlega og skriflega. Síðan var unnið að útfærslu hans með því að við skiptumst á margvíslegum skjölum og tillögum og útfærslum, bæði nefnd BHMR og fulltrúar ríkisins. Það urðu mér þess vegna mikil vonbrigði að þessi mikla vinna, sem ég taldi vera sameiginlega vinnu og var í öllu eðli sínu að dómi þeirra sem oft hafa tekið þátt í samningum lokavinnan, skyldi ekki bera árangur.

Mér hefur síðan verið tjáð að ástæðan fyrir því að þau samningsdrög sem voru ávöxtur þessarar vinnu hefðu ekki verið samþykkt af hálfu BHMR sé sú að í þeim felist ekki nægilegar kjarabætur á árinu 1989 né heldur nægileg árleg trygging fyrir því hverju kerfisbreytingin eigi að skila árlega sérstaklega til félaga í BHMR vegna þess að í þessum grundvelli var samþykkt að taka upp nýtt launakerfi. Það var dagsett hvenær átti að taka það upp. Það var samkomulag um aðferðirnar við að þróa það. Það sem skilur á milli er þetta tvennt: Hver á launahækkunin að vera á árinu 1989 og hver á að vera hin sérstaka launahækkun sem þetta nýja kerfi á að gefa eitt og sér á hverju ári næstu þrjú eða fjögur ár?

Þess vegna vil ég spyrja hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur — því ef menn vilja vinna að lausn þessa máls og þingmenn vilja veita hæstv. ríkisstjórn ráð og aðstoð við að leysa þessa deilu, þá er alveg óhjákvæmilegt að því sé svarað alveg skýrt sem ekki var vikið að einu orði í hinni löngu og annars ágætu ræðu hv. þm. Guðrúnar Agnarsdóttur — í fyrsta lagi: Hver er sú launahækkun umfram þá launahækkun sem BSRB og ASÍ og önnur samtök hafa fengið nú þegar á árinu 1989 sem Kvennalistinn telur að ríkið eigi að semja um í samningum við BHMR? Og í öðru lagi: Hver er sú sérstaka árlega launahækkun sem Kvennalistinn telur í prósentum að BHMR eigi að fá í gegnum þessa sérstöku launakerfisbreytingu umfram aðra kjarasamninga í landinu? Því að þetta er kjarni deilunnar á þessum tímapunkti. Það er þarna sem skurðarlínan liggur. Ef ætlunin er að leysa deiluna og forða þeim miklu erfiðleikum sem hv. þm. rakti mjög vel og rækilega hér og ná friði í að byggja upp velferðarstofnanir, rannsóknastarf og menntastofnanir í þessu landi, þá verður það því miður ekki gert nema þessum spurningum sé svarað. Og ástæðan fyrir því að deilan hefur ekki verið leyst er einfaldlega sú að ríkisvaldið hefur haldið sér við þá kjarasamninga sem þegar hafa verið gerðir, eins og forsrh. sagði hér, við 80–90% af launafólki og ríkisvaldið hefur ekki verið reiðubúið til að veita nema í formi lágrar eins stafs prósentutölu þá árlegu tryggingu sem hið nýja launakerfi gæfi BHMR umfram aðrar launabreytingar í landinu.

Ég skil það vel út af fyrir sig að mörgum þyki það erfitt hlutskipti innan BHMR að þegar búið sé að semja annars staðar á vinnumarkaðnum, þá sé tekið jafnrækilega tillit til þeirra samninga fyrir þetta ár og fyrri hluta næsta árs eins og ríkisstjórnin verður óhjákvæmilega að gera. En eins og hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir vék að þá lifum við í litlu samfélagi og erum mjög háð hvert öðru og það hefur það í för með sér að óhjákvæmilega verður í okkar launakerfi að taka mið af því hvar þar gerist á einstökum sviðum. Það er einfaldlega eitt af grundvallarlögmálum þess litla íslenska samfélags sem við lifum í, þar sem menntamenn, sjómenn, verkakonur og háskólakennarar, alþingismenn og náttúrufræðingar þurfa allir hver á öðrum að halda í okkar litla þjóðfélagi og það verður hver og einn að taka tillit til hinna í þeim efnum.

Ég væri mjög þakklátur fyrir það að fá að vita,

sérstaklega frá Kvennalistanum sem hér í annað sinn hefur umræðu um þessa deilu án þess að svara þessum tveimur spurningum sem ég hef hér borið fram, að fá svör Kvennalistans við þeim vegna þess að þessar tvær spurningar eru í raun og veru kjarni vandamálsins.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Hv. 6. þm. Reykv. lagði fyrir mig fjórar spurningar varðandi þá kjaradeilu sem nú stendur yfir og ég mun leitast við að svara þeim eins og ég get, tek það þó fram að sumar þeirra eru með þeim hætti að það er ekki á mínu færi á þessari stundu að gefa við þeim tæmandi svör.

Fyrst er spurt að því hvernig menntmrh. hyggist bregðast við vanda framhaldsskólanema og kennara vegna þeirrar vinnudeilu sem hefur núna staðið yfir í um það bil 5–6 vikur. Ég ætla aðeins að fara yfir skólastigin og ekki halda mig eingöngu við framhaldsskólana vegna þess að þessi deila er mikið víðar.

Í grunnskólunum háttar þannig til að félagsmenn í Kennarasambandi Íslands bera ábyrgð á kennslu verulegs hluta þessara skóla þannig að kennslu á þessu skólaári er unnt að ljúka með venjulegum hætti með því að þessir kennarar ganga frá grunnskólaprófskírteinum svo sem verið hefur og þar með er í raun og veru hægt að segja að þessir skólar séu að nokkru leyti fyrir utan áhrif hinna hörðu verkfallsátaka. Í verulegum hluta grunnskólans háttar hins vegar þannig til að þar eru starfandi félagsmenn úr Hinu íslenska kennarafélagi sem hafa átt í vinnudeilu við ríkið nú um nokkurt skeið. Það er augljóst mál að þessum grunnskólum verður ekki unnt að ljúka að fullu fyrr en verkfallið er leyst, fyrr en gerðir hafa verið samningar. Þýðir það þá að þessir skólar muni starfa jafnvel fram eftir öllum þessum mánuði og lengur en venjulega, jafnvel fram eftir næsta mánuði hafi verkfallið ekki verið leyst fyrir þann tíma? Mitt svar er þetta: Ákvörðun um lok þessara skóla á þessu vori verður að vera á ábyrgð viðkomandi skólastjóra en það er hins vegar ljóst að starfi þessara skóla verður ekki að fullu lokið fyrr en HÍK-kennararnir eru komnir til verka. Það er ekki hægt að ganga frá grunnskólaskírteinum skv. 59. gr. grunnskólalaga fyrr en þessir kennarar eru komnir til verka.

Þá kem ég að mótum grunnskólans og framhaldsskólans, spurningunni um það hvernig er þá hægt að halda á málum þeirra nemenda sem ljúka 9. bekk við innritun í framhaldsskóla? Samkvæmt lögum um framhaldsskóla sem samþykkt voru á Alþingi í fyrra eiga allir rétt á því að fara inn í framhaldsskóla sem lokið hafa níu ára grunnskólanámi. Samkvæmt sömu lögum er það hlutverk skólameistara framhaldsskólanna að annast innritun í framhaldsskólana. Það er því ljóst að á grundvelli upplýsinga skólastjóra grunnskólanna um það að þessir nemendur hafi verið í níu ár í framhaldsskóla er unnt að telja þær óskir sem koma fram um skólavist í framhaldsskólunum gildar án þess að í því felist endanleg innritun vegna þess að innritun er ekki hægt að ljúka fyrr en áfangastjórar eru mættir á staðinn og aðrir slíkir ábyrgðarmenn úr kennaraliði til þess að deila niður skólastarfi næsta vetrar.

Varðandi hins vegar framhaldsskólann að öðru leyti, þá er alveg augljóst mál að við erum komin þar að þeim punkti að verulegrar óþolinmæði gætir, bæði meðal nemenda og kennara og aðstandenda nemenda. Og það er augljóst mál að ráðuneyti menntamála getur ekki við þessar aðstæður látið þar við sitja að segja: Við hinkrum eftir samningsniðurstöðunni. Ráðuneytið verður að segja í viðbót við það þetta: Skólameistarar framhaldsskólanna verða að taka ákvörðun um það hvenær þeir telja fært að sleppa millibekkjafólkinu út úr framhaldsskólunum á þessu vori með fyrirvara um skólastarf í haust áður en skólastarfið hefst fyrir árið 1989–1990. Það er óhjákvæmilegur hlutur að þetta gerist núna áður en langur tími líður. Ef deilan er jafnklossföst og hún hefur virst vera undanfarna sólarhringa, þá neyðist menntmrn. til að taka ákvörðun af þessu tagi sem felst í því að leggja ákvörðun um skólalok að því er þetta fólk varðar á herðar skólameistara og skólastjóra.

Varðandi þá nemendur sem eiga að útskrifast úr framhaldsskólunum er augljóst mál að það er ekki hægt að ganga þar frá neinu öðruvísi en að verkfallinu ljúki.

Og í fjórðu spurningunni spyr hv. þm. um próflaus skólalok. Ég veit ekki hvaðan hv. þm. hefur það að menntmrh. sé að bjóða fólki upp á próflaus skólalok. (**GA:** Ég sagði það ekki.) Það stendur hér í spurningunni, hv. þm. Það eru engar hugmyndir uppi um það í menntmrn. að bjóða nemendum upp á próflaus skólalok. (**GA:** Ég sagði, ef . . .) Já, það er sagt: ef hann býður upp á próflaus skólalok. En það er verið að gefa það í skyn að það standi jafnvel til og það stendur ekki til. Staðan er ósköp einfaldlega sú að Hið íslenska kennarafélag er í verkfalli og það verður engum prófum lokið í framhaldsskólanum þar sem þetta fólk hefur unnið fyrr en kjaradeilunni lýkur, samningar hafa tekist og menn geta farið í skólastarf á ný. Þannig liggur það. Við verðum hins vegar að gera okkur grein fyrir því að dragist deilan enn á langinn, þá getur staðan verið þannig að forráðamenn þessara skóla, skólameistarar, telji sig knúna til þess að ákveða lokadag á skólastarfi þessa vors vegna þess að það er ekki hægt að halda fólki svo að segja verklausu eða verklitlu við skólann fram eftir öllu vori. Margt af þessu fólki á framhaldsnám sitt undir því að það geti komist í vinnu í sumar, hefur ráðið sig í störf í sumar og það verður líka að taka tillit til þess.

Hins vegar er það þannig að samkvæmt lögum um Háskóla Íslands er honum heimilt að innrita fólk eða skrá í Háskólann á grundvelli stúdentsprófs eða sambærilegrar menntunar og það getur Háskólinn út af fyrir sig gert ef hann fær upplýsingar frá framhaldsskólanum um þá sem hafa rétt til þess á þessu

vori að þreyta stúdentspróf. Háskólinn getur hins vegar ekki né heldur Tækniskólinn og Kennaraháskólinn gengið frá þessari innritun fyrr en verkfallinu er lokið og samningar hafa tekist.

Þannig hef ég, virðulegur forseti, reynt að fara yfir skólastigin öll og segja síðan frá því. Ég hef átt undanfarna sólarhringa viðræður við fulltrúa skólameistara, reyndar alla skólameistara framhaldsskólanna. Ég hef rætt við Félag skólastjóra og yfirkennara grunnskólans. Ég hef rætt við fulltrúa HÍK og ég hef rætt við fulltrúa Kennarasambands Íslands. Ég hef rætt við fulltrúa Félags framhaldsskólanema og Félags öldungadeildarnema. Og það er alveg ljóst að í þeirri stöðu sem nú er uppi treysta kennarasamtökin sér út af fyrir sig ekki í samráð við menntmrn. á þessu stigi eins og við er að búast miðað við það hvernig aðstæður eru. En það er alveg ljóst, og það er best að það komi þá fram hér í þessum sal líka, að þessi hópur er ekki, hvorki nemendur, skólameistarar, skólastjórar né yfirkennarar, að krefjast þess að sett verði lög sem banna verkfall kennara. Það er alveg augljóst mál. Og það er nauðsynlegt að það sé alveg skýrt í þessum sal. Til viðbótar við þau svör sem væri auðvitað fróðlegt að fá að heyra við þeim spurningum sem fjmrh. lagði fram hér áðan, þá er alveg nauðsynlegt að það sé á hreinu. Menn vilja virða verkfallsréttinn, fólk getur neitað að selja vinnuafl sitt ef það telur verðið á því ekki nægilega gott og getur þess vegna verið í verkfalli þangað til semst. Séu einhverjar raddir hér í þingsalnum um það að það eigi að höggva á þessa deilu, eins og það er stundum kallað, með lögþvingunum, þá skora ég á þá hina sömu að gefa sig fram. Ég skora á þá hina sömu að gefa sig fram. En það var alveg augljóst mál að í hópi þeirra viðræðuaðila sem við töluðum við núna á dögunum voru engar hugmyndir uppi um það. Þvert á móti lögðu allir þessir aðilar áherslu á að menn yrðu að komast frá þessum deilum á grundvelli samnings. Og auðvitað hlýtur menntmrn. að haga sínum ákvörðunum með hliðsjón af því og þeirri vinnudeilu sem stendur yfir. Ég vænti þess að ég hafi þá leitast við að svara fyrstu spurningu.

Hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir spurði í öðru lagi: Hvernig hyggst menntmrh. tryggja hæfa kennara í skólana til þess að hrinda áformum sínum í framkvæmd? Um það gæti ég satt að segja talað nokkuð langt mál hér. Ég ætla þó aðeins að nefna eitt atriði sem ég hef í seinni tíð sannfærst um að er sennilega mikilvægara en flest önnur og það er að það takist að gera í senn samning um skólaþróun og kennarakjör til lengri tíma við öll samtök kennara í einu. Ég gæti hugsað mér að sjá slíkan samning til langs tíma og ég er viss um að nemendur og kennarar og skólastjórnendur vildu gjarnan sjá slíkan samning gerðan líka. Ég held að reynslan af yfirstandandi vinnudeilu, þráteflið, erfiðleikarnir sem upp hafa komið aftur og aftur sýni okkur að það væri best ef hægt væri að standa svona að málum. Og ég sagði kennarakjör og skólaþróun vegna þess að þessir þættir eru samtvinnaðir með órjúfanlegum hætti.

Hv. þm. spyr mig síðan: Óttast menntmrh. atgervisflótta úr kennarastéttinni? Og ég segi auðvitað já. Auðvitað er það svo. Auðvitað gerum við það miðað við þessar aðstæður, miðað við endurtekin kjaraátök ár eftir ár, miðað við langt verkfall núna í vor, miðað við þá stöðu sem upp getur komið ef þessi vinnudeila þarf að þróast mikið lengur. Auðvitað óttast ég það. Auðvitað er það 100% ljóst, og það er kannski í sjálfu sér ástæðulaust að spyrja menn spurninga af þessu tagi því að mér finnst að svarið liggi alveg í augum uppi og það væri meira en lítið skotheldur og tilfinningalaus einstaklingur sem svaraði þessari spurningu ekki hiklaust með já. Það geri ég og ég skammast mín ekkert fyrir að segja það: Ég óttast þennan atgervisflótta, ég er hræddur við hann, fyrir hönd skólanna, fyrir hönd barnanna og unglinganna, fyrir hönd framtíðarinnar í þessu landi.

Í fjórða lagi spyr hv. 6. þm. Reykv.: Telur menntmrh. sig vera að brjóta eða vinna gegn verkfalli kennara ef hann býður nemendum upp á próflaus skólalok, t.d. aðgangi að Háskóla Íslands? Ég tel mig hafa svarað þessari spurningu og það er heldur ekki þannig að menntamálaráðherrann bjóði upp á þetta og að hann innriti í Háskóla Íslands. Háskóli Íslands er sjálfstæð stofnun og getur tekið sínar tilteknu ákvarðanir í þeim efnum, byggt á lögum, þannig að hvað sem gerist í deilunni mun ég aldrei setjast við að innrita nemendur í skóla, enda er engin lausn á þessari deilu til nema ein. Hún er sú að það verði samið og það strax og menn rífi sig upp úr þrasinu, kerfisflækjunum og þrasinu, og reyni að finna lausn á öðrum vettvangi en þeim sem menn hafa aðallega verið að pexa um hér síðustu sex vikurnar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegur forseti. Hv. 6. þm. Reykv., málshefjandi í þessari umræðu, vék að mér einni spurningu eftir að hafa farið nokkuð yfir það ástand sem skapast hefur í heilbrigðiskerfinu við þetta verkfall og spurði mig hvað ég teldi að lengi mætti una við það ástand á heilbrigðisstofnunum sem hafi skapast og hv. þm. lýsti. Ég get auðvitað svarað því með einni stuttri setningu og sagt að ég telji að það sé hvorki langa né skamma stund hægt að una við svona stöðu. Það er auðvitað ekki hægt að una við að slíkt ástand skapist, ekki í skamma stund, hvað þá í langa. Hitt er svo annað mál að við ráðum kannski ekki alltaf við það hvað gerist og hvernig mál þróast og sem einstaklingi a.m.k. er mér það um megn að ráða þeirri þróun en vil auðvitað fúslega reyna að leggja mig fram um það að þessu ástandi linni og það hið fyrsta.

Eins og kom fram hjá málshefjanda er ljóst að verkfallið hefur haft mikil og alvarleg áhrif nú þegar, einkum á Landspítalanum og stofnunum hans. Því betur hafa ekki enn þá hlotist af því nein stórslys ef má orða það svo og ég vil segja það hér og nú að ég tel að það sem hafi komið í veg fyrir að enn alvarlegra ástand skapaðist, og kannski ekki hægt að kalla það neyðarástand þó að það sé í ýmsum tilfellum mjög

alvarlegt, það er auðvitað gott samstarf við þá aðila sem eru í verkfalli, svo og ábyrg málsmeðferð þeirra fulltrúa sem fjalla um undanþágubeiðnir. Þetta samstarf hefur verið gott og því hefur tekist að halda þeirri stofnun gangandi sem mestu varðar í verkfallinu og er líklegust til að geta skapað neyðarástand, þ.e. Blóðbankanum, þannig að forða megi alvarlegri áföllum.

Eins og kom fram hjá hv. málshefjanda hefur verið lokað allmörgum rúmum. Ég held að hv. þm. hafi nefnt 190 rúm. E.t.v. er það ekki svo. Samkvæmt upplýsingum mínum munu það vera 120–130 rúm, og er nú nóg samt, sem er lokað á ríkisspítölunum vegna þessa verkfalls eða vegna þess sem rekja má til verkfallsins. Það hefur t.d. bitnað mjög á hjartaskurðlækningunum og auðvitað öðrum deildum sem ástæðulaust er að telja upp, en einmitt vegna þess hversu starfsemi Blóðbankans er lömuð kemur það auðvitað m.a. niður á hjartaskurðlækningunum.

Ég vil láta það koma fram hér að stjórnarnefnd ríkisspítalanna, læknaráð, forstöðumaður Blóðbankans, félagsmálaráð og reyndar fleiri aðilar hafa sent mér bréf og gert grein fyrir áhrifunum og varað við afleiðingum. Reyndar las hv. þm. upp eitt þetta bréf sem barst mér í gær og inniheldur bókun frá stjórnarnefnd ríkisspítalanna en þar fyrir utan hef ég átt fundi, marga reyndar, með forstjóra ríkisspítalanna og formanni stjórnarnefndarinnar, sem ég vil nefna sérstaklega í þessari umræðu, en hann hefur rætt við mig um mál sjúkrahússins og þau áhrif sem verkfallið hefur vegna þess að hans var sérstaklega getið hér í ræðu hv. 6. þm. Reykv. Þessi ágæti maður, stjórnarnefndarformaðurinn, er jafnframt formaður Sambands fiskeldis- og hafbeitarstöðva. Ég sá ekki þá frétt sem vitnað var til, en ég verð að láta það koma alveg skýrt fram að formaðurinn, Guðmundur G. Þórarinsson, hefur margrætt þetta mál við mig og ég veit að hann hefur ekki síður áhyggjur af því sem er að gerast á ríkisspítölunum en öðrum sviðum þessa þjóðfélags. Mér þykir hins vegar miklu líklegra að svar hans hafi miðast við spurningu fyrirspyrjandans, eins og hv. þm. nefndi reyndar líka hér áðan, og þess vegna finnst mér ekki gott að dróttað sé að mönnum að þar ráði fyrst og fremst sérhagsmunir eða þröngar sérhagsmunarætur, eins og ég reyndar hef séð og heyrt það orðað, vegna þess að ég álít að þar hafi hann verið spurður um áhrif á eina ákveðna atvinnugrein og svarað sem formaður í mikilvægum samtökum þeirrar greinar en ekki sem formaður stjórnarnefndar ríkisspítalanna. En það er kannski ekki aðalmálið í þessu en ég taldi þó rétt og vildi láta þetta koma fram.

Ég vonast til þess að við þurfum ekki að búa við þróunarlandalæknishjálp eins og hv. þm. nefndi þetta ástand líka, og ég leyfi mér reyndar að fullyrða að það sé nokkuð djúpt í árinni tekið eða nokkuð alvarlega orðað þegar svo er sagt og samlíkingin sé nokkuð róttæk, en samt sem áður lýsi ég því yfir að ég hef áhyggjur af þessu ástandi og vona að því linni hið fyrsta.

Hvað varðar Blóðbankann sérstaklega er það eins og menn sjálfsagt vita, a.m.k. þeir sem hafa sett sig inn í ástandið, að í lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, 19. gr., segir m.a.: „Heimild til verkfalls skv. 14. gr. nær eigi til eftirtalinna starfsmanna:“ — og þar er talið upp í 3. tölul.: „þeirra sem starfa við nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu“. Og ég vil leyfa mér að fullyrða það og telja það skoðun mína, og veit að ég hef þar sömu skoðun og margir aðrir, að Blóðbanki hljóti að flokkast undir nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu, öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu sem er talin upp í þessum tölulið. Og þess vegna undrar mig það nokkuð að þegar gengið er frá auglýsingu um það hvaða starfsstéttir í heilbrigðisþjónustunni skuli falla undir þessa skilgreiningu þá skuli Blóðbankinn ekki vera þar með, hann skuli hins vegar vera flokkaður með stoðdeildum sem starfi eins og á stórhátíðum. Ég vænti þess að næst þegar slík auglýsing er saman sett verði Blóðbankinn flokkaður með bráðadeildum þar sem allir starfsmenn vinna, þrátt fyrir verkfall, nema annað sé sérstaklega tekið fram, svo sem eins og á gjörgæsludeildum og öðrum deildum sem taldar eru upp í auglýsingunni og flokkast þar með.

Um þetta hef ég auðvitað líka fengið ýmsar ábendingar, t.d. frá stjórnarnefnd ríkisspítalanna sem hefur sent mér bréf og bent á þetta sérstaklega. Það bréf hef ég sent áfram samningsaðilum og vænti þess að menn taki á þessu máli þegar gengið er frá samningum sem ég vona auðvitað að verði hið allra fyrsta. Jafnframt hefur þetta komið fram í bréfi frá forstöðumanni Blóðbankans til mín og síðan er ég með hér fyrir framan mig bréf frá landlæknisembættinu þar sem landlæknir segir m.a., og hefur þá rakið aðstæðurnar í Blóðbankanum:

„Þessi vandræði má að mestu leyti rekja til þess að reglur um stórhátíðavakt hafa tekið gildi. Ég verð að lýsa furðu minni á slíkum reglum sem auðsýnilega eru ekki settar á faglegum grunni. Í annan stað fær ekki staðist að Blóðbankinn sé rekinn „á undanþágu“ í verkfalli. Blóðbankinn er ekki síður mikilvægur en gjörgæsludeild. Lagt er til að samið verði um breytingar á þessum reglum sem fyrst og að Blóðbankinn verði rekinn sem bráðadeild.“

Þetta er niðurstaða landlæknisembættisins og reyndar annarra eins og ég hef rakið og ég ítreka það að ég tel að mjög brýnt sé að við náum saman um að breyta þessu. Helst hefði það þurft að gerast nú en ég hef auðvitað ekki mikla von um að menn nái samkomulagi um það meðan verkfall stendur.

Ég hef átt viðræður við fulltrúa frá þeim heilbrigðisstéttum sem nú eru í verkfalli og m.a. frá Félagi ísl. náttúrufræðinga, svo og frá fulltrúum lögmanna sem starfa hjá ríkisstofnunum, eins og t.d. Tryggingastofnun ríkisins, og við höfum rætt um það hvernig best verði komist hjá slysum eða alvarlegum afleiðingum þessa verkfalls og ítreka það að fulltrúar þessara félaga hafa sýnt gott samstarf í sambandi við þetta og einmitt með því móti höfum við getað forðast alvarleg áföll. Það er fyrirhugaður fundur nú

um eða strax upp úr helginni með fulltrúum heilbrigðisstétta í verkfalli þar sem við munum aftur fara yfir þessi mál og ræða stöðuna. Ég vona sannarlega að til þess þurfi ekki að koma að við þurfum að halda þann fund eftir helgina. Best væri ef hægt væri að semja um helgina eða hið allra bráðasta, og þó að sá fundur yrði haldinn þá gætum við á þeim fundi rætt um eitthvað annað en það hvernig megi bregðast við vanda sem stafar af verkfallinu.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon): Virðulegi forseti. Hv. málshefjandi, 6. þm. Reykv., hefur lagt fyrir mig nokkrar spurningar, eins og fleiri ráðherra, varðandi stöðuna í þessari kjaradeilu og þau áhrif sem verkfallið hefur á ýmsa starfsemi sem undir landbrn. heyrir sérstaklega og spyr að lokum, eftir að hafa rakið nokkur tilvik þar sem alvarlegt ástand hefur skapast, hvað landbrh. hyggist gera til að taka á þessum vanda sem lýst hafi verið eins og þar er sagt.

Því er fyrst til að svara að auðvitað hefur verið safnað upplýsingum um það hvernig ástandið er og fylgst með því dag frá degi. Það á sérstaklega við um t.d. fóðurbirgðirnar og ástand þeirra mála. Samhliða þessu hef ég ítrekað rætt við forustumenn BHMR, stjórn og verkfallsstjórn og fulltrúa í undanþágunefnd, og gert þeim grein fyrir stöðunni eins og hún hefur verið á hverjum tíma og sótt um undanþágur fyrir þau atvik sem undir hrein neyðartilvik geta flokkast. Nú síðustu sólarhringana hefur fyrst og fremst tvennt verið þar efst á blaði, þ.e. annars vegar innflutningur á sáðvöru fyrir sumarið og hins vegar fóður, bæði fiskeldisfóður eða hráefni í fiskeldisfóður og almennt hráefni til fóðurframleiðslu, því að nú gengur mjög á allt innflutt fóður í landinu og er þar ekki bara í húfi fiskeldi heldur aðrar búgreinar, þær sem mest byggja á kjarnfóðri eins og svínarækt og kjúklingarækt og líka hefðbundinn búskapur sem þessar vikurnar notar mikið kjarnfóður, m.a. vegna erfiðs árferðis.

Varðandi sáðvöru og sérstaklega sáðbygg fyrir kornræktarbændur, þá sendi ég Félagi ísl. náttúrufræðinga greinargerð um stöðu þess máls í gærmorgun. Það var tekið fyrir síðdegis í gær og fallist á undanþágu fyrir innflutningi á sáðbyggi sem var heimiluð í morgun og ég geri ráð fyrir að sáðkornið sé nú lagt af stað austur fyrir fjall. Ég vil lýsa því yfir að ég met mjög mikils þann skilning sem verkfallsmenn sýndu við þessar aðstæður og þakka fyrir það að þeir féllust á að veita þessa undanþágu. Þó að hér sé kannski ekki á ferðinni stórkostlegt efnahagslegt spursmál, þá er það engu að síður svo að kornræktin er mönnum mikið áhugamál. Hún hefur verið mjög vaxandi undanfarin ár og mönnum þætti sárt að sjá hana daga uppi og fara fyrir borð í þessari deilu, en alveg er ljóst, og um það voru allir sammála, að nú líða síðustu sólarhringarnir hjá sem duga til þess að sá til kornsins og áhættan af því að sá mikið seinna en á yfirstandandi sólarhringum yrði meiri en svo að menn mundu taka hana.

Varðandi fóðurmálin þá er þar að skapast mikið vandræðaástand. Heita má að allt hráefni til fóðurgerðar sé nú upp urið í landinu og þegar er orðinn skortur á ýmsum fóðurgerðum. Sérstaklega er það í fiskeldinu. Þar er skortur á fóðri af ákveðinni kornastærð, einkum fyrir seiði og yngri fisk. Það litla sem eftir er í landinu dugar í fáeina sólarhringa, í besta falli viku til 10 daga ef því væri miðlað á milli stöðva. Þá mætti með sanni segja að allt fóður væri upp urið. Einstaka stöðvar eru þegar orðnar fóðurlausar eða því sem næst, en vonandi tekst með miðlun að afstýra hreinu neyðarástandi allra næstu sólarhringana í flestum tilvikum. En það er alveg ljóst að nú gengur mjög hratt á möguleikana til þess að leysa málin með slíkum hætti.

Þetta mál hef ég ítrekað rætt við málsaðila og get ekki á þessu augnabliki sagt meira en það að ég bind vonir við að lausn finnist á þessu máli mjög bráðlega þannig að unnt verði að afstýra hreinu neyðarástandi.

Það er síðan fjölmargt annað, virðulegi forseti, sem ástæða væri til að ræða hér, svo sem eins og staðan á þeim fjölmörgu stofnunum sem undir landbrn. heyra og hverra starfsemi er nú alveg lömuð, reyndar einnig stofnana sem heyra undir samgrn. Það á við um t.d. hvers kyns rannsóknir og leiðbeiningaþjónustu eins og hér var nefnt af málshefjanda. Það á við um ýmis sérverkefni sem gefa viðkomandi stofnunum tekjur og eru nú að tapast, og það mun að sjálfsögðu skapa vandamál í rekstri þessara stofnana. Þó er það svo, því miður, að margt af því sem minna hefur farið fyrir í umræðum manna á meðal er þó kannski hvað alvarlegast, en það er ýmiss konar langtímatjón sem hlýst af því að lengri tíma rannsóknaverkefni og ýmis slík störf geta farið forgörðum þó að tiltölulega óveruleg truflun eða tímabundin truflun verði á framkvæmd þeirra, en eins og vísindamenn þekkja, þá getur stundum stutt truflun á lengri tíma rannsóknaverkefni, sem byggir á reglubundnu eftirliti, mælingum eða öðru slíku, nægt til að eyðileggja jafnvel margra ára vinnu. Því miður eru nokkur dæmi um slíkt og sum mjög alvarleg.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mikið, virðulegi forseti, með því að rekja þau mál öll. Ég hef gert hér grein fyrir því tvennu sem ég tel alvarlegast og hefur þess vegna tekið mest af tíma okkar undanfarna sólarhringa og gert grein fyrir því hvernig þau atriði sérstaklega standa.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Hæstv. forseti. Ég hefði viljað óska eftir því að hæstv. fjmrh. yrði viðstaddur þessa umræðu og reyndar hæstv. menntmrh. líka. (**HBl:** Fjmrh. er að tala við blaðamenn. Það er meira virði en að hlusta á umræður um launamál hér í þinginu.) (**Forseti:** Hæstv. menntmrh. er staddur hér í salnum, en það er óskað eftir að hæstv. fjmrh. gangi til salar. — Gengur nú hæstv. fjmrh. í salinn.)

Hæstv. forseti. Það er núna rétt vika síðan fram fór hér í sameinuðu Alþingi umræða um þá kjaradeilu

sem þá hafði staðið í rúmar fjórar vikur, við getum sagt fjórar og hálfa viku þegar við reiknum helgina með. Það var ég sem var málshefjandi á þeim fundi og varð sú utandagskrárumræða fyrir tilstilli þingflokks Sjálfstfl.

Nú, viku síðar, fer fram umræða að nýju sem hv. 6. þm. Reykv. Guðrún Agnarsdóttir hefur fyrir tilstilli Kvennalistans og er þá komið hátt á sjöttu viku síðan það verkfall hófst sem við ræðum hér nú í dag. Eins og hv. 6. þm. Reykv. gat um stóð til að sú umræða sem við eigum hér í dag færi fram fyrr í þessari viku því að umræðunni fyrir viku síðan var slitið þar sem hálftíminn var liðinn sem ætlaður var til hennar og þá voru enn einhverjir á mælendaskrá.

Ég rifja þetta upp vegna þess að það er fyrst þegar hátt á fimmtu viku er liðið frá því að verkfallið hófst að þetta mál er tekið til umræðu hér á hv. Alþingi. Ég held að þess séu fá dæmi í stöðu eins og þessari að nokkurri ríkisstjórn hafi verið sýnd eins mikil tillitssemi í erfiðri stöðu, í erfiðu máli, og Alþingi hefur sýnt hæstv. ríkisstjórn í þessu efni. Það er ljóst að hv. þm. hafa beðið í lengstu lög eftir því að taka þetta mál hér til umræðu. Það hafa auðvitað allir vonast til þess að þessi erfiða deila mundi leysast en svo er því miður ekki. Sjötta vika deilunnar er hafin. Þetta er lengsta og harðasta vinnudeila sem háð hefur verið hér á landi og hefur valdið ýmsum erfiðleikum eins og fram hefur komið í þessari umræðu og hv. 6. þm. Reykv. gat um og hæstv. ráðherrar hafa gert að umtalsefni hver á fætur öðrum.

Ástæðan fyrir því að ég tók þessa umræðu upp fyrir viku var sú að ég vildi inna hæstv. menntmrh. eftir því hvernig hann hygðist bregðast við því ástandi sem skapast hefur í skólum landsins, fyrst og fremst eins og það snýr að nemendum og eins og það snýr að foreldrum. Við vitum að það eru þúsundir nemenda í algerri óvissu um lok þessa skólaárs og um hvernig verður tekið á þeirra málum. Fá nemendur að flytjast á milli bekkja? hvernig verður farið með þá nemendur sem eru að taka lokapróf eins og stúdentspróf? Þetta eru spurningar sem brenna á mönnum dag eftir dag. Um þetta er hæstv. ráðherra spurður dag eftir dag.

Á Alþingi fyrir einni viku sagði hæstv. ráðherra: Þegar verkfalli lýkur verður leitað allra leiða. Öðru gat hann ekki svarað. Hann sagði einnig þá: Það er komið fram yfir elleftu stundu. Ég hefði þess vegna vænst þess að hæstv. ráðherra, sem á hverjum degi hefur verið spurður þessara spurninga af fjölmiðlum, af nemendum, af foreldrum, gæfi nú skýr og ítarleg svör hér á hv. Alþingi um það hvernig verði gripið á þessum málum.

Hæstv. ráðherra gaf út um það yfirlýsingu fyrr í þessari viku að á föstudag, eftir ríkisstjórnarfund, mundi verða gefin út yfirlýsing um það hvernig á þessum málum yrði tekið þannig að þeirri óvissu yrði eytt sem nemendur og fjölskyldur eru í að því er þetta erfiða vandamál snertir. Hann hefur hins vegar engin svör gefið hér í dag um þetta efni. Hann svarar út og suður. Hann snýst hring eftir hring, talar stundum í slagorðum, eins og útifundum, en hefur engin ráð um það hvernig hann ætli að grípa á þessu vandamáli. Yfirlýsingin, sem átti að koma í dag eftir einhvern ríkisstjórnarfund sem boðað var að yrði haldinn og yfirlýsingin mundi koma, hefur ekki komið og ekki neins að vænta af hálfu hæstv. ráðherra í þeim efnum. Skólastarfið er í óvissu og nemendur eru þegar haldnir til vinnu. Það er upplausn í skólum landsins og þeirri óvissu verður auðvitað að eyða sem fyrst. Það verður að taka á því fyrr en seinna. Það er komið fram yfir elleftu stundu, hæstv. menntmrh., í því hvernig grípa eigi á þessu vandamáli. Það er ekki hægt lengur að snúast hring eftir hring og hrekjast úr einu víginu í annað og geta engu svarað.

Deilu af þessu tagi verður auðvitað að skoða í ljósi þess þjóðfélagslega umhverfis sem við búum við og maður hlýtur að spyrja sjálfan sig: Hvernig stendur á því að einmitt nú skuli vera óleyst einhver harðasta og lengsta kjaradeila sem við höfum þekkt hér á landi? Það hlýtur auðvitað að leiða hugann að því að nú eru það tveir ráðherrar Alþb. sem fara með fulla ábyrgð í þessari deilu, þ.e. hæstv. fjmrh. og hæstv. menntmrh. að því er kennarana snertir. Maður verður auðvitað að huga að forsögu Alþb. í málum eins og þessu. Þetta er ekki fyrsta kjaradeila af þessu tagi. Í öllum fyrri deilum hefur Alþb. verið í stjórnarandstöðu.

Í öllum fyrri deilum hefur Alþb. verið í fararbroddi í kröfugerðinni. Þeir hafa verið í fararbroddi, í fremstu röð á mótmælafundum, í kröfugöngum, og hver man ekki ráðherrana, hæstv. menntmrh. eða hæstv. fjmrh., fremsta í flokki á slíkum fundum, steytandi hnefa gegn fjandsamlegu ríkisvaldi, og taka undir allar þær kröfur sem gerðar voru? Og hver man ekki eftir þeim á kössum á útifundum til þess að leggja áherslu á slíkar kröfur? Fólkið í þessum samtökum, fólkið í samtökum opinberra starfsmanna, fólkið í samtökum háskólamenntaðra starfsmanna, taldi sig eiga hauka í horni þar sem þessir hæstv. ráðherrar Alþb. væru. Það er enginn vafi á því að það hefur átt stóran hlut í ákvörðun um verkfall sem var mjög umdeild innan þessara samtaka og var samþykkt með litlum meiri hluta. Það átti stóran þátt því að menn töldu að nú væri lag, nú ætti launafólkið hauka í horni þar sem væru ráðherrar Alþb., þeir hæstv. ráðherrar Ólafur Ragnar Grímsson og Svavar Gestsson. Nú væri því rétt að nota tækifærið og sækja sér þær kjarabætur sem þessir hæstv. ráðherrar hafa prédikað að fólkið ætti rétt á. Það bera þess vegna engir meiri ábyrgð, það bera þess vegna engir þyngri ábyrgð á þeirri stöðu sem komin er upp í þessu þjóðfélagi en þessir hæstv. ráðherrar Alþb. sem nú fara með þessi mál.

Það hefur komið í ljós að þær vonir sem fólkið gerði sér um framgöngu hæstv. ráðherra voru á sandi byggðar. Það hefur komið í ljós að allt það tal — þeir eru sérfræðingar í að tala, alþýðubandalagsmenn — um nauðsyn kjarabóta fyrir þetta fólk var áróður einn. Það var verið að slá ryki í augu fólks.

Við skulum aðeins ræða örlítið kjaradeiluna sjálfa.

Þetta er auðvitað kjaradeila eins og hver önnur. Og þessi deila er ekkert sérstök að því leyti að hún verður ekki leyst í umræðum hér á hv. Alþingi. Það verður ekki leyst hér á hv. Alþingi hvernig semja beri í jafnflóknum og erfiðum kjarasamningum og hér um ræðir. Í slíkum deilum þurfa menn hins vegar að ganga um allar gáttir af mikilli gætni. Í slíkum deilum eru orð dýr og það er ekkert meira áríðandi í slíkum deilum en að koma á sambandi trúnaðar og trausts á milli deiluaðila, á milli forustumanna þeirra hópa sem takast á, í þessu tilfelli forustumanna hæstv. ríkisstjórnar og forustumanna samtaka háskólamanna.

Ég verð að segja eins og er að mér finnst að hæstv. ráðherrar hafi algjörlega brugðist í þeim efnum og ég hef oft kippst við í stofunni heima hjá mér, þegar ég hef verið að hlusta á fréttir, þegar ég hef heyrt yfirlýsingar hæstv. ráðherra í þessum efnum. Það er enginn vafi á því að hroki og steigurlæti hefur átt stóran þátt í því að hleypa illu blóði í þetta mál og gera það illleysanlegt. Ég nefni t.d. fundinn sem við sáum í sjónvarpinu sem haldinn var inni í Sóknarsalnum þar sem hæstv. ráðherra mætti með Hinu íslenska kennarafélagi. Slíkur fundur hefði auðvitað betur verið óhaldinn. Það hjálpaði hæstv. fjmrh. að vísu í því máli að sjónvarpið birti eingöngu þann þátt úr fundinum þegar hann var að komast í upplausn og kennarar voru farnir að hrópa fram í fyrir honum þannig að það virkaði ekki vel á fólkið í landinu að horfa á það, en fundurinn var orðinn langur og hæstv. ráðherra hafði með hroka og steigurlæti hleypt illu blóði í fundarmenn. Og ég segi aftur: Þessi fundur hefði betur verið óhaldinn, *en ég skil vel* að kennararnir skyldu hafa óskað eftir þessum fundi vegna þess að hæstv. fjmrh. egndi þá sjálfur yfir sig með hrokafullri yfirlýsingu í Helgarblaði Þjóðviljans helgina áður þar sem hann lét birta í fyrirsögn: „Ég fæ ekki að tala við kennara.“ Hvað áttu kennarar annað að gera en að bjóða honum til slíks fundar? Framkoma af þessu tagi er ekki líkleg til þess að leysa kjaradeilur. Hæstv. fjmrh. virðist nefnilega mjög oft nálgast lífið eins og það sé einn allsherjar málfundur og það sem mestu máli skipti sé að standa í fjölmiðlaljósi og halda miklar ræður og það virðist oft vera mikilvægara í hans huga en raunhæfar viðræður og lausnir í kyrrþey og að skapa trúnaðartraust á milli aðila. Framkoma hæstv. ráðherra hefur hleypt illu blóði í kennara og *aðra viðsemjendur*.

Það hefur komið í ljós að hæstv. ráðherrar ráða ekki við þetta mál. Þeir hafa hvað eftir annað metið stöðuna rangt. Ég harma það að hæstv. forsrh. skuli ekki hafa setið undir þessari umræðu allri, svo mikilvægt sem þetta mál er. Ég ætla ekki að óska eftir því að hann verði kallaður hér í salinn því að mér er kunnugt um að hann er farinn úr húsinu. Hann átti fyrir löngu að vera búinn að grípa inn í þetta mál. Það er auðvitað mjög ámælisvert og gagnrýnisvert að hæstv. forsrh. skuli hafa kosið að eyða þessari dýrmætu viku í þessari kjaradeilu í Úngverjalandi, í einhverri heimsókn þar, frekar en vera hér heima og grípa inn í þetta mál. Ég er hins vegar sannfærður um að það þarf mikið til að koma til að byggja aftur þá brú trausts og trúnaðar sem þarf að byggja milli hæstv. fjmrh. og kennarasamtakanna og BHMR og þess vegna er það nauðsynlegt að hæstv. forsrh. grípi af fullri alvöru inn í þetta mál og reyni allt sem í hans valdi stendur til að leysa þessa deilu.

Hæstv. fjmrh. beindi því áðan til málshefjanda, hv. 6. þm. Reykv. Guðrúnar Agnarsdóttur, að hún setti hér fram sínar hugmyndir og sínar tillögur um það hvernig ætti að leysa þessa deilu. Og hæstv. fjmrh. sagði einnig að hann teldi að aðrir ræðumenn sem tækju þátt í þessari umræðu og vildu leysa deiluna yrðu að svara ákveðnum spurningum eins og þeim hversu mikla launahækkun þingmenn teldu að veita ætti BHMR umfram BSRB og jafnframt hver ætti að vera hin sérstaka árlega launahækkun sem semja ætti um. Auðvitað veit hæstv. fjmrh. að svona spurninga er ekki hægt að spyrja og svör af þessu tagi er ekki hægt að veita. Lífið er ekkki málfundur og kjaradeila er ekki einn allsherjar málfundur og lausn á kjaradeilum fást ekki í umræðu eins og þessari. Þess vegna er alveg út í hött og fullkomið ábyrgðarleysi og sýnir raunar uppgjöf hæstv. fjmrh. að hann skuli ætlast til þess að spurningum af þessu tagi sé svarað.

Þau ráð sem ég vil hins vegar gefa hæstv. fjmrh. að lokum í þessari deilu, og ég er sannfærður um að það verður hans besta veganesti, er að láta af hrokanum, láta af steigurlætinu í framkomu við kennara og í framkomu við BHMR, reyna að byggja að nýju traust trúnaðar á milli þessara aðila og fá hæstv. forsrh. til þess að ganga til liðs við sig í að leysa þessa deilu því að *þessi deila er orðin það alvarleg að lausn hennar* getur ekki beðið öllu lengur.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Það er óhætt að segja, og við höfum orðið áheyrandi að því í þessum umræðum, að við búum nú við ástand sem er með eindæmum. Það er ekki ein báran stök. Það er í efnahagsmálunum, kjaramálunum, stjórnarfarinu almennt. Þessar umræður sem nú er stofnað til utan dagskrár eru um kjaramálin, eru um verkfall BHMR.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þetta verkfall og afleiðingar þess. Því efni hafa verið gerð rækileg skil á undan mér. Starfsemi sjúkrahúsanna er *lömuð svo að mannslífum og heilsu manna er hætt*, skólarnir lokaðir með hreinu öngþveiti fyrir nemendur og ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir líf og framtíð sumra.

Það er ríkisstjórn Íslands sem stendur í deilu við okkar háskólamenntaða fólk. Hæstv. fjmrh. hefur forræði þessara mála fyrir hönd ríkissjóðs. Það er eðlilegt og í samræmi við stjórnskipunarreglur. Það hefur heldur ekki farið fram hjá neinum. Hæstv. fjmrh. hefur haft þá framgöngu í málinu sem honum er einum lagið. Hér er ég. Minn er rétturinn og dýrðin. Það er best fyrir ykkur að hafa ykkur hæga. Þið skulið ekki hafa betra af því að vera með einhvern

uppsteyt. Þið eruð að setja ykkur á háan hest gagnvart láglaunafólkinu. Siðferði ykkar er ekki upp á marga fiska. Það er þetta sem hefur snúið að háskólamenntuðum mönnum, það er þetta sem þeir hafa fundið í orðum og æði hæstv. fjmrh., beint og óbeint. Er það þessi framkoma, hroki, yfirlæti, ósvífni, sem er þess eðlis að leitt geti til gagnkvæms skilnings og samkomulags í viðkvæmri vinnudeilu og verkfalli? Þvert á móti sáir þetta fræjum óvildar og tortryggni og hleypir illu blóði í öll samskipti deiluaðila og torveldar þannig lausn.

Ég skal ekki útskýra þetta nánar. Hv. 2. þm. Reykv., sem var að ljúka máli sínu rétt í þessu, fór nokkuð nánar í þetta atriði og þessi mynd af hæstv. fjmrh. blasir við. En hæstv. fjmrh. var hér áðan, mér liggur við að segja ekki eins borubrattur og við höfum átt að venjast. Hvers vegna skyldi það nú hafa verið? Ætli það geti ekki verið að jafnvel þessi hæstv. ráðherra sjái í hvert óefni hann hefur teflt málum eða a.m.k. að það sé réttara hjá honum í þetta sinn að hafa einhvern hemil á orðbragði sínu?

Hæstv. ráðherra kom dálítið inn á það hvað hefði gerst í samningamálum um síðustu helgi. Hann gaf sína skýringu á því en forsvarsmenn BHMR hafa líka gefið sína skýringu. Það verður hver og einn að dæma hvaða skýringu hann tekur gilda. Ég fyrir mitt leyti legg meira upp úr því sem forstöðumenn verkfallsins segja um þessi efni heldur en hæstv. fjmrh. Hæstv. fjmrh. talaði um allt annað en það sem er höfuðatriðið, þ.e. um hvaða laun á að semja. Ég ætlaðist ekki til þess frekar en síðasti ræðumaður, hv. 2. þm. Reykv., að hér kæmu fram ákveðnar tillögur um upphæð launahækkunar á þessum fundi, hvorki af þingmönnum eða hæstv. fjmrh. Hæstv. fjmrh. sagði ekkert haldbært um þetta efni sem nálgaðist þetta viðfangsefni sem við er að glíma, en hann heimtar að hv. 6. þm. Reykv. gefi yfirlýsingar um það hvað eigi að semja um og hver launahækkun til BHMR eigi að vera. Hv. 2. þm. Reykv. svaraði þessari fjarstæðu svo að ég get sparað mér að fara fleiri orðum um það efni.

Hins vegar talaði hæstv. fjmrh. af nokkurri mærð um sitthvað annað. Hann þurfti t.d. að upplýsa þingheim um það að það krefðist margvíslegra fórna, eins og hann orðaði það, í einkalífi fólks, sagði hann, að taka þátt í samninganefnd ríkisins. Hvað eiga nú slíkar yfirlýsingar að þýða eða hvaða erindi eiga þær hér á þennan fund? Hæstv. ráðherra talaði um þátttöku opinberra starfsmanna í stjórnun, aukin lýðræðisleg réttindi opinberra starfsmanna og ábyrgð starfsmanna. Þannig fór hann eins og köttur í kringum heitan graut um aðalatriði þess máls sem við þurfum að ræða.

Það verður ekki lögð of mikil áhersla á hvílíkt alvörumál kennaraverkfallið er. Það eru ekki einungis áhrif þess fyrir nemendur, og það er ærið vandamál, heldur er það ekkert spaug fyrir kennara sjálfa að standa í langvinnu verkfalli. En til lengri tíma er það alvarlegasta við þetta verkfall að svo er nú komið að hætta er á að það geti skaðað varanlega skólakerfi landsins. Það er illt verk að halda uppi leik, ábyrgðarlausum og ófyrirleitnum, með það fjöregg þjóðarinnar sem menntunin er. Þetta er mikið áhyggjuefni.

Mér kemur til hugar að ekki alls fyrir löngu komst einn af frammámönnum Alþb. svo að orði við mig að hæstv. fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson mundi ekki einungis drepa sjálfan sig sem stjórnmálamann heldur og þá ríkisstjórn sem nú situr og Alþb. sjálft, ef honum ynnist tími til. Það er aðeins spurningin. Farið hefur fé betra. En ef þessi þjóðarskelfir á eftir að skilja við skólakerfi landsins í rúst, þá vandast nú fyrst málið. Við hljótum öll að vona að hæstv. fjmrh. vinnist ekki tími til þess.

En hvað sem öllu líður verður verkfalli háskólamenntaðra manna ekki mætt með aðferðum hæstv. fjmrh. Málið verður að skoðast í víðu og réttu samhengi svo að leysa megi það með þarfir alþjóðar að markmiði.

Hér þarf ekki að lýsa mikilvægi þess hlutverks sem háskólamenntaðir menn gegna. Frummælandi, hv. 6. þm. Reykv., kom allítarlega að því efni. Í þeim efnum gildir hins vegar það sama hjá okkur eins og hvarvetna í hinum siðmenntaða heimi, hvarvetna þykir mest um vert að hverri þjóð haldist sem best á æðri menntun. Það þykir vá fyrir dyrum ef hinir dýrmætu menn í þessum efnum hverfa úr landi sínu. Það er kunnugt vandamál sem kallað hefur verið á alþjóðamáli „brain drain" og þýtt á íslensku „atgervisflótti". Allt byggist þetta á því að þekkingin er vaxtarbroddur allra framfara, vísindin efla alla dáð. Öllum þjóðum er þetta mikilsvert en í raun engum mikilvægara en okkur Íslendingum.

Við höfum sérstöðu í mörgu, Íslendingar, vegna fámennis þjóðarinnar. En undirstaða þess að okkur megi auðnast, þrátt fyrir fámennið, að halda uppi velferðarríki okkar og fjárhagslegu fullveldi er að okkur nýtist sem best hæfileikar hvers einstaklings með því að efla atgervi hans. Það verður gert með menntuninni, með því að hagnýta okkur sem best þekkinguna, vísindin sem allt veltur á um þjóðarframleiðslu og velmegun á þeirri tækniöld sem við nú lifum á.

Í sambandi við verkfall háskólamenntaðra manna hefur spurningin um jöfnun launa verið mjög inni í umræðunni. Hæstv. fjmrh. lætur sem hann beri hag hinna lægst launuðu sérstaklega fyrir brjósti. Hann kveðst vera maður launajöfnunar og vilja jöfnun í ríkiskerfinu. Hvað sem hæstv. fjmrh. segir um þessi efni hlýtur aðalatriðið að vera hvernig koma megi á þeim jöfnuði. Það verður aðeins gert með tvennu móti: Annars vegar með því að lækka raungildi hinna hærri launa eða hækka laun hinna verst settu. Verðugt markmið er það að jafna upp á við en ekki niður á við. Fremur ber að hækka laun hinna verst settu en lækka laun þeirra sem betur hafa það. Það eru engir embættismenn ofsælir af kjörum sínum hjá ríkinu. En hæstv. fjmrh. vill fara lækkunarleiðina til jöfnunar. Hann lætur sem hann sé að rétta hönd þeim sem minna hafa. En vitandi vits er hann að

gera hlut allra lakari, hvort sem þeir hafa meiri eða minni laun. Hann sér til þess með efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar ef stefnu skyldi kalla.

Hæstv. fjmrh. hreykir sér á haug og talar út í loftið um kjarasamninga þá sem ríkið hefur gert við BSRB og aðilar almenna vinnumarkaðarins hafa gert, ASÍ og VSÍ. Hann segir að 90% launþega í landinu hafi samið. Hann blygðast sín ekki fyrir hlut sinn í þessum samningum sem annars vegar náðust með því að lofa stöðugu gengi og hins vegar með svardögum um gengisfellingu.

Þessir kjarasamningar eru utan umræðuefnis míns í dag. Ég ætla ekki að fara að ræða þessi mál sérstaklega hér. En eitt er víst að þessir samningar eru marklausir sem kjarabót fyrir launafólk. Þeir eru aðeins áfangi á helvegi þeirrar efnahagsstefnu sem nú er að færa allri þjóðinni versnandi lífskjör og afkomu og leikur þá verst sem verst eru settir fyrir. Slík er umhyggja hæstv. fjmrh. fyrir hinum lægst launuðu, hvort sem þeir eru opinberir starfsmenn eða á hinum almenna vinnumarkaði, svo að ekki sé nú minnst á fiskverkafólkið og lægst launaða fólkið í framleiðsluatvinnugreinunum sem eru þó undirstaðan sem allt annað byggist á.

Þessir kjarasamningar, sem gerðir hafa verið nú og hæstv. fjmrh. státar af, hafa í raun og veru ekkert gildi til viðmiðunar eða lausnar á verkföllum þeim sem háskólamenntaðir menn standa nú í. Það þarf annað að koma til lausnar þessarar alvarlegu deilu en tilvitnanir í marklausa samninga. Úr vöndu er vissulega að ráða eins og nú er komið málum. En hæstv. fjmrh. bætir ekki úr skák. Hann ætlar ekki að gera það endasleppt. Síðasti boðskapur fjmrh. nú undanfarna daga hefur ekki verið til þess að leysa deiluna á einn eða annan veg. Hann hefur sagt tilboð ríkisins vera lokatilboð. Þið skuluð hafa þetta, segir hann við háskólamenntaða menn, eða hljóta verra af. Þið skuluð annaðhvort beygja ykkur eða halda ykkar verkfalli áfram, segir hæstv. fjmrh. við háskólamenntaða menn. Það er þetta sem er innihald í hinu ábyrgðarlausa tali hæstv. fjmrh. En til áréttingar bætir hann við að ríkið muni ekki grípa inn í deiluna til lausnar með lögum eins og oftlega hefur verið gert til þess að forða vá og þjóðarháska frá dyrum.

Hæstv. fjmrh. segir í tíma og ótíma að gerðardómur komi ekki til greina. Hann er óþreytandi að lýsa því yfir að í landi okkar séu frjálsir samningar. Þessi blessaði boðberi frelsisins, hæstv. fjmrh., má ekki af frelsinu sjá. Komi það sem koma vill en frelsið lifi. Gerast nú tákn og stórmerki. Hæstv. fjmrh. orðinn málsvari frelsisins. Hvað býr nú hér undir? Þessu verður helst jafnað til þess sem gerðist í þjóðsögunni þegar skrattinn fór að skapa manninn. En allir vitum við að hér er hæstv. fjmrh. aðeins að þjóna lund sinni. Lýðskrumið ríður ekki við einteyming, en honum tekst ekki með þessu móti að breiða yfir mistökin og aðgerðarleysið við að leiða deiluna til lykta. Þetta er raunar í samræmi við annan feril hæstv. fjmrh. og forað það sem komið er út í og ástand efnahagsmála þjóðarinnar undir forustu hans.

Það er frumskylda hverrar ríkisstjórnar að sjá svo um að haldið sé uppi þeirri stjórnsýslu sem þjóðfélagið byggir á og er óhjákvæmileg þjóðinni í lífi og starfi. Það er frumskylda að haldið sé uppi óhjákvæmilegri þjónustu við borgarana í fræðslukerfinu og heilbrigðiskerfinu. Það verður að halda uppi því ríkisvaldi sem nauðsyn krefur til þess að koma í veg fyrir upplausn og hættuástand í þjóðfélaginu. Það er ekkert sem getur breytt þessu, hvað sem tínt er til, jafnvel ekki umhyggjan og ástin á frelsinu. Ríkisvaldið verður að vera þess umkomið að stjórna og taka til þeirra ráða sem duga. Annars blasir við stjórnleysið sem er hættulegast af öllu því að það ógnar ríkisheildinni, öryggi borgaranna og þeim lífsgildum sem lifað er fyrir og þá ekki síst frelsinu sjálfu. Í verkfalli háskólamenntaðra manna sem nú hefur staðið talsvert á annan mánuð blasir þetta við ef ekki verður að gert. Þess vegna verður að grípa til allra tiltækra ráða til lausnar deilunni og þar með til gerðardómslaga sem neyðarúrræðis ef ekki eru önnur ráð fyrir hendi.

En ástandið í dag hvetur ekki einungis til umhugsunar um lausn þeirrar deilu sem nú stendur yfir. Þetta ástand hvetur og ekki síður til umhugsunar um þá skipan sem nú gildir um kjaramál opinberra starfsmanna. Með lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna var þeim á sínum tíma veittur verkfallsréttur. Þetta var sérstæð ákvörðun því að hún olli straumhvörfum í þessum málum. Þetta var og sérstæð ákvörðun fyrir þá samstöðu allra stjórnmálaflokka sem lá þar að baki.

Frv. að lögum þessum var afgreitt úr Ed. með 13 atkvæðum gegn einu og samþykkt sem lög í Nd. með 26 samhljóða atkvæðum. Einn var sá þingmaður sem skar sig úr og það vill svo til að það var sá sem hér stendur. Mér er því afgreiðsla þessa máls á sínum tíma mjög minnisstæð.

Þegar opinberum starfsmönnum var veittur verkfallsréttur með lögunum frá 1976 var horfið frá banni á verkfalli opinberra starfsmanna sem hafði verið allt frá því árið 1915. Í umræðum á Alþingi um frv. að lögum þessum 1976 komst ég svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég tel að í þessu felist röng og varhugaverð stefna. Þetta samrýmist hvorki okkar veika ríkisvaldi né reynslu þeirri sem við höfum af verkföllum í þessu landi. Vera kann að einhverjum finnist þessi skoðun ekki lýsa miklum skilningi af minni hálfu á mikilvægi opinberra starfsmanna og stöðu þeirra en svo er ekki. Þvert á móti. Þessi skoðun mótast einmitt af því hve þýðingarmiklu hlutverki opinberir starfsmenn hafa að gegna. Það er líka fátt mikilvægara í einu þjóðfélagi en að búið sé þannig að opinberum starfsmönnum að þeir megi vel við una launakjör, öryggi og allan aðbúnað. Þetta þarf sérhver ríkisstjórn að skilja og virða án þess að veifað sé yfir henni svipu verkfallsvopnsins."

Enn fremur komst ég svo að orði í þessari ræðu, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvergi í sjálfstæðu ríki er ríkisvaldið veikara en einmitt hér á landi og það ætti ekki að þurfa að minna

á þessa staðreynd, svo greypt ætti hún að vera í okkar þjóðarvitund. Sporin hræða. Við minnumst fjörbrota okkar forna þjóðveldis og hver örlagavaldur það var að á skorti ríkisvaldið. Ég er ekki að jafna þessu við ástandið í dag. Við getum þó verið allir sammála um að okkar ríkisvald er veikt. Það ástand er ekki sambærilegt við það sem annars staðar gerist."

Þetta voru orð sem ekki var hlustað á 1976. Þá var Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja veittur verkfallsréttur og 10 árum síðar var svo Bandalagi háskólamenntaðra manna einnig veittur verkfallsréttur. Nú erum við reynslunni ríkari. Ég ætla ekki að fara að rekja söguna hér, verkföll opinberra starfsmanna frá því þeim var veittur verkfallsrétturinn. Við kunnum að hafa mismunandi skoðanir á verkföllum, en hvaða skoðanir sem menn hafa í því efni, þá hljóta allir að gera sér ljóst að vinnustöðvanir, ef til þeirra kemur, hljóta alltaf að valda þjóðarbúinu meira eða minna tjóni og þannig torvelda, svo langt sem það nær, raunverulegar kjarabætur. Samt sem áður kann að vera nauðsynlegt að launamenn beiti verkfallsvopninu til að geta náð fram réttmætum kröfum sínum. Árangur slíkra aðgerða fer eftir ýmsu og getur verið umdeilanlegur.

Það er fróðlegt að sjá hverjum árangri verkfallsrétturinn hefur skilað opinberum starfsmönnum, hver not þeir hafa haft af þessum réttindum sínum. Þess vegna hef ég gert á þessu þingi fsp. til forsrh. um þróun launa ríkisstarfsmanna miðað við laun á hinum almenna vinnumarkaði. Fsp. þessi er á þskj. 843 og er á þessa leið:

„Hvernig hafa laun ríkisstarfsmanna þróast miðað við laun á hinum almenna vinnumarkaði síðan ríkisstarfsmenn fengu verkfallsrétt?

1. Hver voru laun ríkisstarfsmanna í hlutfalli við laun á hinum almenna vinnumarkaði þegar ríkisstarfsmenn fengu verkfallsrétt?

2. Hvert hefur þetta hlutfall verið á hverju ári síðan?

Sundurliðun óskast eftir helstu stéttarfélögum á hinum almenna vinnumarkaði og félögum ríkisstarfsmanna."

Það var beðið um skriflegt svar við þessari fsp. og hefur svarið verið gefið og lagt fram á þskj. 1082. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir þetta svar. Hæstv. forsrh. kom í sinni ræðu hér fyrr á fundinum inn á þetta svar, vék að nokkrum atriðum. Það væri freistandi fyrir mig að víkja að ýmsum fleiri atriðum í því svari, en ég skal ekki gera það til þess að stytta tímann. Svar þetta er ítarlegt og þar koma fram margháttaðaðar upplýsingar, en meginniðurstaðan í því kemur fram í töflu á síðustu síðu þingskjalsins, bls. 7. Þessi tafla er byggð á hinum traustustu heimildum eins og þar er tilgreint. Þar er um að ræða fréttabréf kjararannsóknarnefndar, ýmis tölublöð, fréttarit kjararannsóknarnefndar opinberra starfsmanna, óbirt gögn Þjóðhagsstofnunar og Launaskrifstofu ríkisins.

Þær upplýsingar sem tafla þessi gefur eru hinar athyglisverðustu. Þar kemur fram samanburður á launum ríkisstarfsmanna og launum á hinum almenna vinnumarkaði. Þannig kemur í ljós að laun hjá BSRB eru 1976, árið sem verkfallsrétturinn kemur til, 1% hærri en laun verkafólks og iðnaðarmanna. Næstu ár eykst þetta forskot BSRB nokkuð en tekur síðan að minnka og svo er komið á síðasta ári, 1988, að laun BSRB eru 5,4% lægri en laun þessara viðmiðunarstétta. Í þessum samanburði er því hlutur BSRB 6,4 hundraðshlutum lakari á síðasta ári en hann var þegar verkfallsrétturinn kom til.

Þá er ekki síður athyglisverður samanburður sem gerður er á töflunni milli BSRB og skrifstofufólks á hinum almenna vinnumarkaði. Þar kemur fram að BSRB hefur farið mjög halloka á samanburðartímanum. Árið 1981 eru laun BSRB ekki nema 89,7% af launum skrifstofufólks á hinum almenna vinnumarkaði. Og ekki tekur betra við fyrir BSRB næstu árin, heldur þvert á móti. Og svo er komið á síðasta ári, 1988, að laun BSRB eru aðeins 78,5% af launum skrifstofufólksins og hefur hlutur BSRB því versnað á þessu tímabili um 11,2 hundraðshluta.

Þetta var um BSRB. En hvaða fróðleik hefur taflan að geyma um BHMR? Því er fljótsvarað. Árið 1986 þegar BHMR fær verkfallsréttinn eru laun þess 36,1% hærri en laun verkafólks og iðnaðarmanna. Hlutur BHMR versnar síðan strax og eru laun þess orðin á síðasta ári, þ.e. 1988, aðeins 24,4% hærri en laun verkafólks og iðnaðarmanna. Er því um 11,7 hundraðshluta lækkun að ræða á þessum stutta tíma, á tveimur árum. Það munar um minna.

Sama þróun kemur í ljós þegar skoðaður er samanburður töflunnar milli BHMR og skrifstofufólks á hinum almenna vinnumarkaði. Árið 1986 eru laun BHMR 13% hærri en laun skrifstofufólksins á almenna vinnumarkaðinum, en árið 1988 aðeins 3,3% hærri. Á tveim árum lækkaði hlutur BHMR um 9,7 hundraðshluta. Minna má nú gagn gera.

Þessar tölur sem ég hef hér rakið segja mikla sögu. Af þeim verða reyndar ekki dregnar beinar ályktanir, hverjar orsakir hafi verið fyrir því að hlutur opinberra starfsmanna hefur svo versnað á því tímabili sem hér um ræðir. Tölurnar eru hins vegar óyggjandi heimildir fyrir því að þessi þróun verður í beinu framhaldi og eftir að opinberir starfsmenn fengu verkfallsrétt. Af því verður að draga þá ályktun að verkfallsrétturinn hafi ekki megnað að bæta hlut opinberra starfsmanna og ekki einu sinni koma í veg fyrir að launakjör þeirra versnuðu borið saman við laun á hinum almenna vinnumarkaði. Þessar tölur tala sínu máli og vekja til umhugsunar. Spurningar vakna. Eru það ekki firn mikil að hlutur opinberra starfsmanna verði lakari, borið saman við aðra landsmenn, en hann var áður en þeir fengu verkfallsrétt? Getur leið að þessu marki legið í afnámi verkfallsréttarins? Kann að vera rétt að endurskoða allt skipulagið sem varðar kjaramál opinberra starfsmanna? Þannig má spyrja og þessar spurningar, hver fyrir sig, eru um hin þýðingarmestu atriði.

Hæstv. forseti. Það varðar hag opinberra starfsmanna sjálfra hvernig megi bæta og tryggja þeirra hlut betur. En mestu varðar þetta þjóðina í heild. Það

er lífsspursmál að hið opinbera fái hina hæfustu menn til starfa, haldist á þeim og geti keppt um þá við hinn almenna vinnumarkað. Það sem skiptir máli er skilningur stjórnvalda á hinu þýðingarmikla hlutverki sem opinberir starfsmenn hafa að gegna. Það er heilladrýgra en það hlutskipti núverandi ríkisstjórnar að hafa yfir sér reidda verkfallssvipu opinberra starfsmanna.

Ég ætla að það tjói lítt að ræða þessi mál við hæstv. fjmrh. í víðu samhengi og með hag alþjóðar fyrir augum. Hann sér ekkert nema þrætumál sín sem hann hefur magnað upp í verkfalli háskólamenntaðra manna sem nú stendur yfir. Það besta sem hægt er að vænta af hæstv. fjmrh. er að honum vinnist ekki tími með ráðslagi sínu og áráttu til að vinna óbætanlegt tjón, svo sem að leggja menntakerfi þjóðarinnar í rúst. Þess vegna hefði átt að vera til umræðu í dag vantraust á hæstv. fjmrh. og ríkisstjórnina í heild. Það er ekki aðeins vegna þeirrar kjaradeilu sem við nú ræðum og væri þó ærið tilefni heldur einnig vegna þess háska sem að þjóðinni steðjar af ástandi efnahagsmálanna og öðru ráðslagi ríkisstjórnarinnar sem er utan umræðuefnis míns í dag. Það er staðreynd sem enginn ábyrgur maður getur mótmælt að við búum við hættuástand í dag. Þjóðin skilur þetta. Það er þjóðin sem býr við þetta. Það er ótti og kvíði sem einkennir þjóðlífið um víðar byggðir landsins. Alþingi verður að taka mið af þessari hættu og mesta hættan er fólgin í ríkisstjórninni sjálfri.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. menntmrh. spurði eftir því í sinni ræðu áðan, sem eðlilegt er að spyrja, hvernig hv. þm. vilji taka á því vandamáli sem þessi umræða hefði eingöngu átt að snúast um en ekki út um víðan völl. Sé það rétt metið af sáttasemjara ríkisins að eins og stendur sé ekki neitt í sjónmáli að leysa þessa deilu, þá auðvitað verður að höggva á þann hnút. Ríkisstjórn er til þess að verja þjóðina áföllum. Það er ekkert lítið sem hér er í húfi. Ég hefði talið að það hefði átt að vera búið að tala við, og kannski er það búið, forustumenn þeirra sem eru í verkfalli um það hvaða ráð eru önnur til.

Ef ég hef skilið hv. frummælanda rétt sagði hún að eðlilegt væri að borga þessu fólki laun eins og eru á vinnumarkaðinum. Hver getur metið það? Það þarf að meta það frá ýmsum hliðum. Ég geri ráð fyrir að sumt af þessu fólki sé, og veit það raunar, með óeðlilega lág laun, t.d. umönnunarstéttirnar og kannski fleiri. Ég ætla ekki að meta það. Eins og þetta er nú verður ríkisstjórnin að leysa þessi mál og hefði átt að vera búið.

Ég gat um það í ræðustól strax þegar sáttasemjari tilkynnti að hann sæi ekki fram á að hann gæti að svo stöddu leyst þessi mál og hann mundi ekki boða til fundar fyrr en eftir hálfan mánuð nema annar hvor aðilinn óskaði eftir því að þá væri auðvitað sýnt að þessi kjaradeila stefndi í mikið óefni.

Ég las það í blöðum hér á dögunum að merkur prófessor við Háskólann var að sýna fram á það í hvaða stöðu þjóðin væri í sambandi við þessi kjaramál yfirleitt. Hann lagði til að reynt yrði að boða til nokkurs konar þings þar sem allir aðilar reyndu að komast að niðurstöðu um hvernig ætti að leysa þessi mál í framtíðinni. Auðvitað þýðir ekki að kalla saman slíkt þing nema það sé einhver vilji að taka á þessum málum af báðum eða öllum aðilum. En þetta er ein leið sem áður hefur verið komið fram með. Ég man eftir að Skúli heitinn Guðmundsson alþingismaður vildi gera nokkurs konar kjarasátt þannig að það væri eitthvert visst hlutfall sem menn sættust á og þyrfti ekki að vera sífellt togstreita um þetta mál.

En málið er auðvitað ekki alveg eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, að það væri aðeins ein leið til, að jafna launin á þann hátt að lækka suma og hækka aðra. Það þyrfti að stokka upp allt tekjuöflunarkerfi ríkisins. Lágu launin í landinu eru auðvitað skammarlega lág og verður að finna leið til þess að bæta þar úr. Og ég skil það vel að hæstv. fjmrh., sem er búinn að semja um ákveðna krónutölu við þá lægst launuðu, geti ekki hvikað frá því. Hitt er annað mál hvort hægt er að hækka þær stéttir sem taldar eru vera með óeðlilega lág laun miðað við aðrar og þá á ég fyrst og fremst við umönnunarstéttirnar. Ég varð vitni að því í 10 vikur í vetur hvernig sú vinna er og hvaða laun þær hafa, en það voru fyrst og fremst konur sem þar unnu. Og ég held að þegar allar aðstæður eru skoðaðar þyrfti að líta á það en krónutalan verður auðvitað að öðru leyti að gilda, að mínu mati. En umfram allt, það verður að höggva á þennan hnút.

Um þingsköp.

Röðun á mælendaskrá.

Júlíus Sólnes:

Hæstv. forseti. Ég er svolítið hissa á því hvernig þessar umræður hafa þróast, þ.e. hvernig ræðumönnum hefur verið raðað upp. Ég taldi að ég hefði beðið um orðið með fyrstu mönnum, strax og málshefjandi, hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir, hóf mál sitt. Það hefur tíðkast yfirleitt hér í þinginu að raða ræðumönnum á mælendaskrá eftir flokkum. Við höfum horft upp á eina tvo eða þrjá sjálfstæðisþingmenn tala hér og síðan kom upp áðan hv. þm. Stefán Valgeirsson sem ég hafði ekki séð að væri á mælendaskránni. Ég vildi aðeins lýsa yfir óánægju minni yfir þessu, hæstv. forseti.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna þessara orða vil ég upplýsa að ég hygg að það hafi ekki verið almennt gert að raða þeim sem beðið hafa um orðið eftir flokkum nema við fjárlagaumræðu og aðra slíka umræðu. Ég hef yfirleitt við aðrar utandagskrárumræður raðað mönnum í þeirri röð sem þeir hafa beðið um orðið. Ég vil hins vegar nota tækifærið og harma þetta. Mér skildist að hv. 6. þm. Norðurl. e. hefði talið sig hafa beðið um orðið. Nú veit ég ekki hvort ég var þá sjálf í

forsetastóli, en ég harma það ef hv. þm. telur hafa verið á sér brotið. Að öðru leyti hefur mælendaskrá verið tekin eftir þeirri röð sem fólk bað um orðið. Ég vil upplýsa að næsti ræðumaður er hv. 3. þm. Reykv. og síðan hv. 7. þm. Reykn.

Umræður utan dagskrár.

Kjaradeila BHMR og ríkisins.

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Ég get ekki látið hjá líða að láta í ljós álit mitt á þeirri kjaradeilu sem hér er til umræðu. Í dag ríkja allt aðrar hugmyndir um mannréttindi, frelsi og þjóðfélagsrekstur en var á þeim tíma þegar stéttarvitund vaknaði og félagsbundin stéttabarátta hófst.

Vitanlega er okkar þjóðfélag gjörbreytt frá því að þessi barátta hófst fyrir rétti launamanna, en þó eru ekki mörg ár liðin frá því að ríkisstarfsmenn fengu verkfallsrétt. E.t.v. byggist það á þeim rökum að ríkinu sé skylt að þjóna landsmönnum með þeirri starfsemi sem þetta fólk innir af hendi. En þetta fólk á einnig sinn rétt til launabaráttu eins og aðrir í þessu landi. Fram hjá því er ekki hægt að líta.

Þessi staðreynd breytir því heldur ekki að ríkið á mjög mikilvægu þjónustuhlutverki að gegna, enda skattgreiðendur sem kosta þá þjónustu. Nú hefur verkfall háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna staðið yfir í tæpar sex vikur, og engin lausn sjáanleg, með þeim afleiðingum m.a. að fólk er farið að fordæma þennan hóp, velta því fyrir sér hvort ekki eigi að taka af þeim verkfallsréttinn o.s.frv. Þessi óeining og stéttasundrung sem komið hefur upp í þjóðfélaginu er óviðunandi og þótt þessi mál séu viðkvæm og oft og tíðum erfið, þá hlýtur maður að velta þeirri ábyrgð á hendur ráðamanna í þessari ríkisstjórn, sérstaklega hæstv. fjmrh. Auðvitað er hans staða erfið, m.a. vegna nýgerðra kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. En það er þó ekki þungamiðjan því að þetta verkfall sýnist mér vera skólabókardæmi um það hvernig ekki á að standa að vinnudeilum. Stóryrtar yfirlýsingar hæstv. fjmrh. í fjölmiðlum dag eftir dag hafa m.a. orðið til þess að koma þessu máli í algjöran hnút og meðferð hans á þessu máli hefur ekki verið ábyrgðarfull að mínu mati. Hann er ekki í stöðu kennara sem getur gefið nemendum sínum falleinkunn ef þeir svara ekki öllu rétt. Hann er ekki í stöðu fjármálaráðherra sem getur sagt: Ríkið, það er ég. Hæstv. ráðherra er hér fyrst og fremst í stöðu samningsaðila sem á að gæta hagsmuna almennings í þessu landi í sem víðtækustu samhengi. Í þessu sambandi þykir mér þó rétt að leggja á það áherslu að það er mitt mat að forsvarsmenn í vinnudeilum almennt verði að gæta fyllstu hófsemi í yfirlýsingum við fjölmiðla þegar mál eru í viðkvæmri stöðu.

Það virðist ríkja nokkuð einkennilegt verðmætamat af hálfu ráðamanna í hæstv. ríkisstjórn. Átta þeir sig ekki á því hversu alvarlegt ástand hefur skapast hér í þjóðfélaginu? Þeir hljóta þó að eiga börn sem eru hluti af þeim 14 þúsund nemendum sem hér ganga um göturnar og vita ekki sitt rjúkandi ráð fyrir utan allt annað neyðarástand sem er að skapast víða í þjóðfélaginu vegna verkfalls þessara hópa.

Því er haldið fram að það tilboð sem BHMR var gert um síðustu helgi sé samið af báðum aðilum í þessari deilu, en það er þó fremur ótrúlegt þegar litið er til þess að þetta tilboð felur ekki síst í sér nefndaskipan eða, eins og gerð er grein fyrir í þessu tilboði, að allar launakerfisbreytingar samanstanda af sex liðum og hver einasti liður hefst á orðunum: Skipa nefnd. Skipa nefnd, skipa nefnd, skipa nefnd, skipa nefnd, og síðan nefnd til.

Ég ætla ekkert að ræða það neitt ítarlegar hér hvað kemur fram í efni þessa tilboðs, tel það ekki réttan vettvang, en maður getur líka velt því fyrir sér, þegar litið er til þess að samningar hafi verið lausir í 17 mánuði, a.m.k. hvað kennara snertir, og að ástæða þess að þeir sögðu síðustu samningum lausum var m.a. svokölluð starfskjaranefndarskýrsla sem síðan var stungið ofan í skúffu að þeirra sögn, þá virðist hér um hreina endurtekningu að ræða og maður getur vel skilið sárindi þessa hóps.

Í þessu sambandi er vert að minna á þá reglu að ef annar aðili í gagnkvæmum samningi vanefnir skyldur sínar verður þess ekki krafist af hinum að hann efni sínar skyldur. Það er einnig eins og það hafi líka alveg gleymst að hið opinbera ber fræðsluskyldu lögum samkvæmt.

Það hefur verið gagnrýnt mjög að leitað er eftir samningum til þriggja ára. Þá er rétt að benda á þá friðarskyldu sem hvílir á aðilum vinnumarkaðarins. Að sjálfsögðu vill þetta fólk fá að sinna sínum störfum í friði. Því líður auðvitað illa yfir saklausum þolendum þessa verkfalls, hvort sem það eru nemendur, sjúklingar eða aðrir sem hagsmuna eiga að gæta.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að draga þessa umræðu á langinn, en mig langar til að benda á það að það blandast auðvitað engum hugur um að launþegar ná oft ekki nema hluta af kjörum sínu og stöðu í gegnum kjarasamninga. Ytri aðstæður og stjórnun þjóðfélagsins ráða þar að sjálfsögðu miklu. Og fram hjá því verður heldur ekki litið að aðrir launþegahópar hafa samið m.a. með hliðsjón af erfiðum efnahagsaðstæðum. Engu að síður verður að gera kröfu til þess að hæstv. ríkisstjórn leggi sig nú fram um að leysa úr því ófremdarástandi sem hér hefur skapast því að ég leyfi mér að efast um að það hafi verið reynt til fullnustu. Margir af þeim hópum sem nú eru í verkfalli eru í þeirri erfiðu stöðu að ekki eru til hliðstæð störf á almennum vinnumarkaði. Til þessa verður að reyna að taka tillit.

Ég talaði í upphafi um mannréttindi, frelsi og þjóðfélagsrekstur. Það er ekki síst um þessi þrjú atriði sem þetta mál snýst. Ég skora því á hæstv. ríkisstjórn að leysa þetta mál, enda er það hennar skylda.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Það var ekki seinna vænna að umræða sem þessi fari fram því að ástandið sem nú ríkir í skólamálum á Íslandi er að sjálfsögðu algjörlega óviðunandi. Það nær náttúrlega ekki nokkurri einustu átt að við skulum eina ferðina enn standa frammi fyrir þeirri staðreynd að það er verkfall kennara. Nemendur í skólum eru út og suður og vita ekkert hvað framtíðin ber í skauti sér. Það verður að lýsa ábyrgð á hendur ríkisstjórninni fyrir það að hún skuli ekki hafa beitt sér fyrir því að leysa þessa deilu. Ég minnist þess að í hv. Ed. Alþingis vorum við að afgreiða hér á dögunum frv. til laga um ráðstafanir vegna kjarasamninga, þ.e. sérstakar ráðstafanir til þess að liðka fyrir kjarasamningum milli Alþýðusambandsins og vinnuveitenda. Þar sá ríkisstjórnin ástæðu til þess að koma með ýmsar aðgerðir, bæði skattalækkanir og margt fleira til þess að koma á samningum. Ég hef ekki orðið var við neitt slíkt útspil af hálfu hæstv. ríkisstjórnar í þessari deilu og er engu líkara en að það sé vilji hæstv. ríkisstjórnar að þessi deila dragist sem allra lengst.

Nú kom það fram í máli málshefjanda, hv. 6. þm. Reykv., að það hefði verið samningabann hér um áramótin þegar samningar kennara og fleiri háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna voru lausir. Þetta er alrangt. Það var ekkert því til fyrirstöðu að hefja samningagerðina strax eftir sl. áramót. Í raun og veru er það ámælisvert að þá þegar skuli ekki hafa hafist samningar um kaup og kjör háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna. Það var ekkert sem kom í veg fyrir það að slíkar samningaumræður gætu hafist þá þegar, í byrjun janúar. Sá grunur læðist að mér a.m.k. að eitthvað annað hafi vakað fyrir hæstv. ríkisstjórn, nefnilega það að draga það að semja við háskólamenntaða ríkisstarfsmenn til þess að knýja þá inn á sams konar samninga og seinna mundu nást þegar samningar væru mögulegir við verkalýðshreyfinguna sem var með bundna samninga til 10. apríl. Það er því mjög athyglisvert að velta þessum tveimur dagsetningum fyrir sér, annars vegar að samningar voru miðaðir við 1. jan. sl. hvað opinbera starfsmenn og háskólamenntaða ríkisstarfsmenn varðaði og síðan 10. apríl hvað varðaði launþegahreyfinguna almennt.

Ef til vill er rétt að velta svolítið fyrir sér hver er orsök þessarar kjaradeilu sem bæði kennarar og aðrir háskólamenntaðir ríkisstarfsmenn eiga í. Ég hef sjálfur ekki farið varhluta af þeim deilum um kaup og kjör háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna sem nú hafa verið óslitið í gangi frá því að ég kom heim frá útlöndum fyrir um 16 árum síðan og gerðist háskólamenntaður ríkisstarfsmaður. Allar götur síðan höfum við deilt um kaup og kjör. Ástandið hefur raunverulega verið algerlega vonlaust frá því að ég hóf hér störf. Ég hef starfað sem prófessor við verkfræðideild Háskóla Íslands og nánast allan tímann hef ég mátt sæta því að þeir verkfræðingar sem ég útskrifa eftir fjögurra ára háskólanám að vori ráða sig til vinnu á jafnháum launum og ég hef sem prófessor daginn eftir að þeir hafa lokið prófum við Háskólann. Það út af fyrir sig er því ekkert óeðlilegt þó að háskólamenntaðir ríkisstarfsmenn séu óánægðir með sín kjör. Enda er ástandið orðið þannig m.a. í Háskólanum að enn hefur ekki tekist að skipa í stöðu prófessors í byggingarverkfræði sem losnaði 1982 því að það fæst enginn maður til að sækja um þá stöðu. Hvernig í ósköpunum ætti einhverjum verkfræðingi að detta í hug að sækja um prófessorsembætti í byggingarverkfræðideild fyrir laun sem eru lægri en þau sem hann hefur sem nýútskrifaður verkfræðingur daginn eftir að hann kemur frá prófborðinu? Þar með er sú staða enn þá óskipuð. Það hefur orðið að leysa það vandamál með því að fá stundakennara, semja um stundakennslu frá ári til árs, til þess að gegna kennsluskyldu þess prófessors sem vegna aldurs sakir hætti störfum 1982. Síðan eru liðin sjö ár, hugsið þið ykkur. Það var nú hér áður fyrr að það þótti töluverð virðingarstaða að vera prófessor við Háskóla Íslands, en það er fjarri lagi að það sé það lengur. Það er nú gert grín að slíku úti í þjóðfélaginu, a.m.k. þegar launakjörin ber á góma.

Ég minnist þess, svo að ég taki dæmi, að það var dósent við raunvísindadeild Háskóla Íslands sem réðist í það þrekvirki að kaupa sér íbúð fyrir nokkrum árum. Hann fór til bankastjóra að sjálfsögðu og falaðist eftir smáfyrirgreiðslu, litlu láni til að auðvelda sér kaupin á íbúðinni. Bankastjórinn spurði viðkomandi: Hvað gerir þú nú, væni minn. — Ja, ég er nú dósent við Háskóla Íslands. — Ja, það var nú slæmt, en gerirðu ekkert annað? — Því að ef hann var bara dósent við Háskóla Íslands, þá var ekki hægt að veita honum lán. Þá vissi bankastjórinn ofur vel að hann var ekki borgunarmaður fyrir láninu.

En við skulum viðurkenna eina staðreynd og hún er að hluti af þessum vanda og kannski kjarni vandamálsins er sá að þetta litla 250 þúsund manna þjóðfélag er einfaldlega að færast allt of mikið í fang. Það er auðvitað ekki kennurum eða öðrum háskólamenntuðum ríkisstarfsmönnum að kenna að Alþingi hefur séð ástæðu til þess, þeir hv. þm. sem hér hafa starfað á undanförnum árum hafa talið að hér ættu að gilda lög eins og þjóðin væri svona 25 millj. manna. Við erum að burðast við það, 250 þús. manna þjóð, að ætla að reka hérna 10–20 háskóla. Við ætlum að reka eina 1000 framhaldsskóla og ég veit ekki hvað marga grunnskóla. Það endar með því að við þurfum að fjölga svo í kennarastétt að hálf þjóðin verður sett í það að kenna í hinum ýmnsu skólum sem við ætlum að drita út um allt landið. Þess vegna þarf eðlilega engan að undra það þó að ríkið koxi á því að geta borgað öllum þessu fjölda kennara mannsæmandi laun, eða eru menn reiðubúnir til að hækka skatta um ein 30% til þess að ríkið geti ráðið við að borga öllum þeim aragrúa háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna sem ríkið hefur séð ástæðu til þess að ráða til að sinna þeim margbrotnu og flóknu kerfum sem við höfum komið okkur upp, bæði menntakerfi, heilbrigðiskerfi o.s.frv.?

Við skulum taka dæmi. Við erum að burðast við, þessi 250 þús. manna þjóð, að reka hér á höfuðborg-

arsvæðinu þrjú hátæknisjúkrahús sem samanlagt hafa yfir tækjabúnaði að ráða sem er margbrotnari og fullkomnari en öll sjúkrahúsin í stórborginni Los Angeles hafa yfir að ráða. Þannig eru fjölmörg dæmi um óráðsíuna og vitleysuna sem hrjáir þetta þjóðfélag. Og hverjum er þetta að kenna? Auðvitað gömlu flokkunum fjórum, þ.e. Sjálfstfl., Framsfl., Alþfl. og Alþb., sem bera hér alla sök. Það eru fulltrúar þessara flokka sem hafa sameiginlega, með ýmsum samsteypustjórnum frá því að stríðinu lauk, komið þessu þjóðfélagi algjörlega á vonarvöl með tómri vitleysu og óráðsíu. Hér hefur verið hleypt af stokkunum hverju kerfinu á fætur öðru sem þetta fámenna þjóðfélag ræður ekkert við. Ég get tekið ótal mörg dæmi um þetta.

Góðvinur sonar míns fór norður í land sem kennari við grunnskóla, ég ætla ekki að segja hvar. Þar voru tíu kennarar að kenna átta nemendum. Í svo sem eins og hálftíma fjarlægð frá þessum stað var stór og fullkominn grunnskóli þar sem hægt var að taka við öllum þessum nemendum. Það var ekki hægt að sinna því því að þetta litla bæjarfélag þurfti að hafa sinn grunnskóla og samkvæmt grunnskólalögunum varð að vera hægt að bjóða upp á það valgreinakerfi sem þau útheimta. Til þess að geta sinnt þessum átta nemendum þurfti hvorki meira né minna en tíu kennara, sem sagt rúmlega kennara á hvern nemanda. Það þarf því engan að undra það þó að þessi þjóð sé í vandræðum, þó að hún eigi erfitt með að borga bæði kennurum og öðrum háskólamenntuðum ríkisstarfsmönnum og öllum þeim aragrúa starfsmanna hjá ríkinu mannsæmandi laun. Við höfum einfaldlega færst allt of mikið í fang, við ráðum ekki orðið við þessi stóru og fullkomnu kerfi sem við höfum komið okkur upp.

Ég kann að sjálfsögðu enga lausn á því hvernig við getum komist út úr þessu. Mér dettur þó eitt í hug. Hvernig væri að gera ríkisstofnanir að sjálfstæðum stofnunum, t.d. skólana, og sprengja launakerfi ríkisins með þeim hætti? Það mætti jafnvel hugsa sem svo að hverjum skóla yrði sett stjórn, þ.e. yfirstjórn sem væri kjörin af Alþingi t.d. eða einhverjum öðrum aðila í stjórnkerfinu sem hefði vald til slíks. Síðan væri viðkomandi skóla settur ákveðinn fjárlagaramma en stjórn skólans yrði gerð algjörlega ábyrg fyrir því hvernig hún verði þeim fjármunum sem skólanum væru ætlaðir á hverju ári innan fjárlagarammans. Hún fengi m.a. vald til þess að ákveða hvaða laun hún vildi borga starfsmönnum skólans. Ef stjórnin sæi ástæðu til þess að tvöfalda laun kennara og teldi að hún fengi betri kennslu og hagstæðari rekstur á sinni skólastofnun með þeim hætti, þá ætti það að vera málefni þeirrar stjórnar. Ef hins vegar stjórnin sprengir fjárlagarammann og setur skólann á hausinn ber hún líka ábyrgð á því. Þá verður að sjálfsögðu að setja hana af og setja nýja stjórn. Hér er a.m.k. hugmynd um það hvernig megi sprengja sig út úr þessu ónýta launakerfi opinberra starfsmanna sem er gjörsamlega hrunið til grunna og það fyrir löngu, löngu síðan.

Við getum haldið áfram að berjast með þessum hætti eins og ég var að lýsa hér áðan. Ég hef sjálfur staðið í þessari baráttu í yfir 15 ár eða meira, og ég hef löngu gert mér ljóst að það er gjörsamlega fráleitt að háskólamenntaðir ríkisstarfsmenn nái nokkurn tíma þeim árangri, miðað við óbreyttar aðstæður, að þeim verði greidd mannsæmandi laun. Það er hreinlega útilokað á meðan þjóðfélagið ætlar að halda áfram á þessari óráðsíubraut sem það hefur verið á undanfarna áratugi. Þess vegna verðum við að finna einhverjar aðrar leiðir til þess og því þá ekki að prófa þetta sem ég var hér að nefna.

Svo að lokum: Hvernig á að leysa þessa deilu sem virðist vera komin í algeran hnút? Á einfaldlega að láta hana halda áfram og ganga sinn gang? Ætlar hæstv. ríkisstjórnin að láta kennara vera í verkfalli til næsta hausts eða jafnvel lengur? Það væri fróðlegt að fá svör við því. Það eru að vísu ekki margir hæstv. ráðherrar hér í salnum. (**Fjmrh.:** Jú, jú.) Þarna er nú hæstv. fjmrh. Hann er kannski höfuðpaurinn í þessari deilu og gæti þá helst svarað þessari spurningu. Mig langar þá til þess að spyrja hæstv. fjmrh.: Er hann að undirbúa lagasmíð strax og hann hefur losnað við þingið heim, þannig að með bráðabirgðalögum verði kennurum skömmtuð einhver laun í samræmi við nýgerða kjarasamninga? (**Fjmrh.:** Svarið er nei.) Svarið er nei, segir hæstv. ráðherra. Þá vitum við það. Við skulum þá a.m.k. fylgjast vel með því að það verði ekki gert. En hvernig væri þá að fara að snúa sér að því að leysa þessa deilu? Er kannski í vændum einhver sáttatillaga frá sáttasemjara ríkisins? Mér er spurn. Er einhver sem hefur fregnir af slíku?

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er hart að þurfa að standa hér enn einu sinni til þess að ræða um kjaramál háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna án þess að nokkuð hafi gerst síðan við ræddum um það hér í síðustu viku og höfum reyndar minnst á það öðru hverju eftir því sem tilefni hafa gefist, en það hefur því miður verið lítið um svör.

Það hefur vakið undrun mína núna síðustu dagana að fylgjast með viðbrögðum stjórnvalda eftir því sem neyðarástand ýmissa atvinnugreina hefur orðið sýnilegra. Í Tímanum í dag er að finna frétt þar sem eftirfarandi er haft orðrétt eftir hæstv. sjútvrh. sem hefur síðustu daga verið staðgengill forsrh. og les ég hér hluta þess sem eftir honum er haft, með leyfi forseta:

„Atvinnugreinar ekki látnar veslast upp". Og yfirskrift fréttarinnar er á þá leið að tilskipunar sé nú vænst frá stjórnvöldum til að „leysa korn- og fóðurvöru úr gíslingu náttúrufræðinga" eins og þar er komist að orði. Það sem vekur undrun mína og annarra trúlega líka er hinn rækilegi fréttaflutningur og áhyggjur manna af þessum atvinnugreinum, en lítið sem ekkert fréttist af því neyðarástandi sem skapast hefur í heilbrigðis- og menntastofnunum landsins. Það hefur þó reyndar verið rætt töluvert um málefni skólanna síðustu daga, en það var ekki

seinna vænna og í raun og veru jafnvel orðið of seint. Þetta sýnir e.t.v. verðmætamatið í þjóðfélaginu þar sem megináherslan liggur á svokallaðri arðsemi hlutanna. Umönnun, hjúkrun, uppeldi, fræðsla og menntun á greinilega ekki upp á pallborðið hjá stjórnvöldum, hvaða nafni sem þau nefnast, enda virðast stjórnvöld á öllum tímum blinduð af því að reyna að leysa efnahagsmálin en horfa ekki á hlutina í samhengi.

Nú vil ég að sjálfsögðu ekki gera lítið úr þeim vanda sem nýjar atvinnugreinar eins og fiskeldi og kornrækt standa frammi fyrir og öll bindum við miklar vonir við þær, ekki síst með tilliti til uppbyggingar atvinnulífsins úti á landi. Nú berast þær fréttir að til standi að gefa út reglugerðir eða einhvers konar fyrirmæli af hálfu stjórnvalda til að ná úr tolli korni og fóðurvörum. Slík fyrirmæli leysa e.t.v., en ég efast þó um það, vanda þessara atvinnugreina rétt í bili en ekki leysa þau deiluna nema síður sé og ekki er víst að í framtíðinni fáist fólk til að hafa eftirlit með þessum mikilvæga varningi. Ekki verður hægt að leysa vanda sjúklinga eða nemenda með slíkum fyrirmælum eða reglugerðum.

Ég ætla að leyfa mér að taka fyrir einn afmarkaðan þátt í þessari deilu sem er að mínu mati grundvallaratriði og sýnir þann vanda og kjarna þessarar deilu í hnotskurn, þá staðreynd að kennarar í HÍK hafa neyðst út í verkfall tveimur árum eftir síðasta verkfall og fjórum árum eftir að kennarar sáu þann kost einan að segja upp störfum sínum og ganga út úr skólunum 1. mars 1985. Á 8. og 9. áratugnum varð mikil breyting í skólakerfinu hér á landi með stofnun nýrra mennta- og fjölbrautaskóla í öllum landshlutum. Til skólanna réðust nýútskrifaðir kennarar, fullir áhuga og eldmóðs að takast á við það fjölbreytilega og krefjandi starf sem kennslan er. Menn lögðu ómælda vinnu og oft ólaunaða í skipulagningu nýrra námsbrauta, gerð námsefnis og námsvísa. Þar kom þó að kennurum þótti umbunin fyrir þessi störf harla lítil og lái þeim hver sem vill. Það má þess vegna segja að þessi áratugur hafi einkennst af kjarabaráttu og kennarar hafa hvað eftir annað hrakist út í það að gera nauðungarsamninga sem að stærstum hluta til hafa byggst á loforðum og bókunum sem ekki hefur verið staðið við. Það var örþrifaráð kennara að ganga út úr skólunum 1. mars 1985 og það voru vissulega þung spor. En kennarar hugsuðu ekki einungis um eigin hag, ekki þá frekar en nú, heldur voru þeir ekki síður að huga að skólastarfinu og framtíðinni.

Í kjarasamningum BHMR við ríkið öll undanfarin ár hefur verið ákvæði þar sem segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Við röðun í launaflokka skal gæta innbyrðis samræmis milli starfsmanna og þess að ríkisstarfsmenn njóti sambærilegra kjara og þeir menn með svipaða menntun, sérhæfni og ábyrgð sem vinna hliðstæð störf hjá öðrum en ríkinu."

Það er í raun og veru þetta atriði í kjarasamningum sem nú þegar eru í gildi sem deilan snýst um og allar þær deilur sem komið hafa upp á sl. árum.

Síðasta dag febrúarmánaðar 1985 kom út skýrsla menntmrn. um endurmat á störfum kennara. Eftir rúmlega þriggja vikna útivist sneru kennarar aftur til starfa sinna eftir að hafa fengið yfirlýsingu, bæði frá þáv. fjmrh. Albert Guðmundssyni og forsrh. Steingrími Hermannssyni, en í yfirlýsingu þessari segir m.a., með leyfi forseta, og það er ætlun ríkisstjórnarinnar sem þar kemur fram: „Að tryggja ríkisstarfsmönnum sömu heildarkjör og menn hafa við sambærileg störf og ábyrgð, m.a. að dagvinnulaun verði hin sömu þegar borin eru saman laun sem eru fyrir fulla dagvinnu aðeins og tekið tillit til hlunninda hvers konar."

Hæstv. núv. forsrh. hefur misst eitt ár úr í stóli forsrh. síðan þessi orð voru skrifuð. Hann hefur þó verið í ríkisstjórn allan tímann og hefði átt að geta unnið að þessum málum. Hann lýsti því yfir í síðasta mánuði við umræðu hér í Ed. um málefni framhaldsskóla og aftur í máli sínu fyrr í dag að þetta væri stefna ríkisstjórnarinnar enn þann dag í dag. Það kom hins vegar fram í máli hans fádæma vanþekking á kjaramálum í þessari umræðu sem var hér fyrr í dag. Hann talaði um að nauðsynlegt væri að finna viðmiðun og það er einmitt það sem háskólamenntaðir ríkisstarfsmenn leggja mikla áherslu á núna, að fundin sé viðmiðun, við hvaða stétt úti á hinum almenna vinnumarkaði skuli miða.

Hæstv. forsrh. nefndi hér í dag tæknifræðinga en lét þess getið að samanburður við þá væri erfiður þar sem kjör þeirra væru breytileg og þeir fengju yfirborganir af ýmsu tagi. Og ef hæstv. forsrh. væri hér, en ég veit reyndar að hann er ekki hér og ég vona að skýringin á því sé sú að hann sé að reyna að ná einhvers konar samningaviðræðum í gang, hefði ég viljað spyrja hann hvort hann vissi ekki að hjá öllum stéttarfélögum, hvort sem er innan ríkisins eða úti á hinum almenna vinnumarkaði, eru til taxtar sem fara skal eftir burtséð frá öllum yfirborgunum eða öðrum hlunnindum. Og það sem málið snýst um í þessari deilu er að launataxtar háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna verði miðaðir við taxta úti á hinum almenna vinnumarkaði. Það hefur aldrei verið rætt um neitt annað í þessari deilu, og þeir taxtar eru til og eru opinberir.

Það hlýtur að sjálfsögðu um leið að vera krafa allra að taxtar ríkisins séu skýrir og þar tíðkist ekki sá háttur sem hafður er á úti á hinum almenna vinnumarkaði að um sé að ræða alls kyns yfirborganir undir borðið en því miður virðist, þrátt fyrir þessa ríkisstjórn jafnréttis og félagshyggju, ekki hafa tekist að koma því jafnrétti á því að enn tíðkast það kerfi innan ríkisins sem því miður hefur verið komið á hér á sl. árum. En sú yfirlýsing sem ég vitnaði til frá 1985 sem varð til þess að kennarar gengu aftur inn í skólana skilaði þeim ekki þeim kjarabótum sem lofað var.

Árið 1987 neyddust kennarar í HÍK út í sitt fyrsta verkfall. Aftur gengu kennarar inn í skólana nestaðir loforðasúpum. Skýrslan sem fylgdi í kjölfarið í nóvember 1987 var unnin af fulltrúum kennara og fjmrn.

og menntmrn. og eins og fram kom í máli hv. 6. þm. Reykv. hér fyrr í dag var enginn ágreiningur þessara fulltrúa um niðurstöður hennar. Ekki miðaði þó starfinu í kjölfar þeirrar skýrslu betur en svo að á síðasta ári boðuðu kennarar aftur til verkfalls en eins og menn eflaust muna var fæti fyrir þá brugðið í það skiptið. Þetta verkfall nú er því aðeins afleiðing af stefnunni í menntamálum þjóðarinnar á undanförnum árum. Hvergi birtist menntastefnan betur en einmitt í launastefnunni. Ég nefni þetta dæmi um kennarana, en það á auðvitað við um hinar stéttirnar líka, til þess að sýna fram á að deila þessi er ekki síst til komin vegna vanefnda kjarasamninga og loforða sem gefin hafa verið og líka aðgerðarleysis stjórnvalda í því að bæta kjör þessa fólks og endurmeta störfin í raun og greiða samkvæmt því endurmati. Það væri því full ástæða til þess að spyrja hæstv. forsrh., sem því miður er ekki hér þessa stundina, hvort hann líti ekki svo á að slíkar skuldbindingar sem ríkisstjórnir gera í kjarasamningum haldi gildi sínu þó svo að við taki nýjar ríkisstjórnir. Og ég ítreka enn og aftur að auðvitað hefði hann getað unnið að þessu máli ef vilji hefði verið fyrir hendi því að hann hefur átt aðild að ríkisstjórnum alveg frá því að fyrstu skýrslurnar fóru að koma út.

Það hefur verið fróðlegt að fylgjast með þætti hæstv. fjmrh. í þessari kjaradeilu sem nú stendur yfir. Ég hirði þó ekki um að fara út í smáatriði en get tekið undir orð fyrri ræðumanna hér í dag um fádæma hroka hans og vanmat á því fólki sem honum er ætlað að semja við. Honum hefur orðið tíðrætt um frelsi manna til að vera í verkfalli svo lengi sem þeim sýnist og þykir þurfa. Frelsið var ekki eins sjálfsagt og jafnmikil mannréttindi í haust þegar hann settist í ríkisstjórnina sem nú situr og hóf þar feril sinn með launafrystingu og samningsbanni. Það hefði verið fróðlegt að vita hvernig hann túlkar það „frelsi" sem þá ríkti á vinnumarkaðnum. En ég get ekki séð að hann sé hér til staðar til þess að hlusta á þessi orð mín og geri svo sem ekki kröfu um það þar sem ég hef ekki beinar spurningar til hans. Hins vegar væri auðvitað mjög fróðlegt að vita um skoðun hans á frelsinu eftir því á hvaða tíma orðið er notað og við hvaða aðstæður.

Hæstv. menntmrh. hefur sagt að skólarnir séu sviðin jörð og ég get verið honum sammála í því. Og ef ekki tekst að ná samningum sem við verður unað, þá er allt menntakerfið og þar með framtíð okkar öll sviðin jörð. Ég vil benda á að ég held að mörg vandamál eigi eftir að fylgja í kjölfarið sem við sjáum ekki fyrir enn þá og dettur mér í hug eitt atriði sem varðar þá kennara sem nú þegar hafa ákveðið að hætta kennslu. Ef skólar byrja ekki starf sitt aftur fyrr en í ágúst, eins og jafnvel hefur verið látið liggja að, verða trúlega margir kennarar horfnir sem eru kannski einu kennararnir í sinni grein í viðkomandi skólum. Hver sér þá um námsmatið? Ber þeim skylda til að skila þeim verkefnum sem þeir að sjálfsögðu eru ekki að leggja vinnu í að fara yfir núna og gefa einkunnir fyrir sem eru þó hluti af námsefninu? En þar sem ég sé að hæstv. fjmrh. er kominn hér í gættina vil ég enda þessi orð mín á því að spyrja hann um túlkun hans á frelsinu, frelsinu núna til þess að vera í verkfalli annars vegar og því „frelsi" sem viðhaft var í haust þegar laun voru fryst og samningsbann sett á.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. bar fram tvær spurningar til Kvennalistans áðan, að sýnu nokkuð furðulegur en krafðist þó svara. Það væri að vísu freistandi að fara aðeins í forsögu þessa máls og feta sig fram að þeim tíma þegar hann stendur svo hér og spyr Kvennalistann spurninga sem hann getur ekki svarað sjálfur, en sökum tímans ætla ég nú að stilla mig um að fara ofan í það mál og snúa mér beint að spurningunum. Ég náði þeim að vísu ekki alveg orðrétt en innihaldið var eitthvað á þessa leið: Hver er sú launahækkun í krónutölu sem Kvennalistinn álítur að BHMR-fólk eigi að fá umfram aðra? Er það ekki rétt? (**Fjmrh.:** Nei, nei. Hv. þm. hefur ekki hlustað grannt.) Jú, ég gerði það. Ég bara náði þessu ekki niður. (**Fjmrh.:** Umfram það sem samið var um við BSRB og ASÍ.) Umfram það sem samið var um, já. Ekki var nú munurinn mikill. Umfram aðra, eða umfram það sem BSRB og ASÍ sömdu um, ekki rétt?

Auðvitað getur Kvennalistinn ekki svarað spurningu sem þessari í krónu- eða prósentutölum, þeirri spurningu hvað BHMR eigi að fá umfram aðra. Slíkt ræðst við samningaborð, í þjóðfélagi þar sem frjáls samningsréttur ríkir, a.m.k. öðru hvoru. (**Fjmrh.:** Hvað teldi Kvennalistinn vera eðlilegt? Þannig var spurningin.) Má ég halda áfram? Hvað teldi Kvennalistinn eðlilegt? Já. (**Forseti:** Má ég biðja hæstv. fjmrh. og hv. þm. að hætta samræðum og halda sig við efnið. Það er hv. 18. þm. Reyvk. sem hefur orðið í augnablikinu.)

Það er frumskilyrði að ríkisvaldið viðurkenni réttmæti þeirrar kröfu fólks í BHMR að því beri laun sem séu sambærileg við laun fyrir önnur svipuð störf þar sem svipaðrar menntunar og ábyrgðar er krafist og á hinum almenna vinnumarkaði. Þar verður að mætast og þar liggur svarið. En hvernig og hvenær því marki verður náð er samningsatriði og sömuleiðis krónu- og prósentutölur.

Það er í sjálfu sér furðuleg afstaða ríkisvalds að allir launþegar verði að hlíta sömu eða sams konar samningum. Til hvers erum við þá með verkalýðshreyfingu eða launþegasamtök? Við gætum þá alveg eins sett á einhvers konar gerðardóm sem felldi um það úrskurð hvert ár að nú væri ríkið og atvinnuvegirnir aflögufærir um svo og svo mikið og deildi því jafnt niður. Þetta kann að vera draumsýn einhverra en ef við erum á annað borð að burðast við að vera lýðræðisþjóð, þá fylgir sá böggull skammrifi að frjáls samningsréttur er einn af hornsteinum þess. Og í því felst ekki einungis réttur til að semja um kaup og kjör hverju sinni og það í samræmi við það sem yfirvöld hafa ákveðið hverju sinni, heldur líka réttur til að efast um að tekjuskipting sé rétt og að jafnaðar sé leitað, jafnvel réttur til að krefjast breyttrar tekju-

skiptingar, breyttrar forgangsraðar og breytts verðmætamats, t.d. þegar að því kemur að meta störf til launa.

Eins og ég sagði áðan er frumskilyrði að ríkisvaldið viðurkenni réttmæta kröfu BHMR hvað varðar viðmiðun við almennan launamarkað. Ef það verður ekki gert, þá gerist tvennt, fyrst að ríkisvaldið felli láglaunadóm yfir fjölda manns og festi í sessi láglaunastefnu, og þá gerist hitt að hið opinbera verður ekki samkeppnisfært um starfsfólk. Hvað af því hlýst skyldu allir reyna að hugsa til enda og hafa reyndar margir rakið ýmsar afleiðingar þess hér úr þessum ræðustóli í dag.

Í spurningum hæstv. fjmrh. felst líka sú samanburðarfræði sem hann hefur óspart notað undanfarið til að etja launafólki saman. Hvað á þessi að fá meira en hinn, eða umorðað, hve miklu merkilegri eða ómerkilegri er einn en annar? Svona spurningar og svör við þeim getur hæstv. fjmrh. dundað sér við sjálfur. Ég vísa aftur til þess sem ég sagði áðan um samningsrétt og get ekki tekið undir þau sjónarmið að þú sækir einungis rétt á kostnað annars og að sigur eins sé endilega ósigur annars. Ef BHMR nær betri samningum en BSRB eða ASÍ hlýtur það einungis að verða láglaunafólki innan þeirra samtaka hvatning til að sækja betri hlut næst.

Það er skammgóður vermir að reyna að láta eins og langskólagengið fólk sé höfuðóvinur láglaunafólks í landinu, sérstaklega þess sem ekki er skólagengið og sérstaklega þess sem er kvenkyns, ég tala nú ekki um ef það á afkvæmi. Þó að fólki geti förlast sýn í bili þegar tilfinningaöldur rísa hátt, eins og nú er, átta menn sig um síðir. Margur langskólagenginn maðurinn er af láglaunafólki kominn og margur af svokölluðu ómenntuðu fólki kominn og veit því ýmislegt um kjör þess. Og mörg Sóknarkonan á eflaust þann draum að börn hennar fái góða menntun og vill í raun ekki að til þessarar menntunar sé sparað. Verkamaður vill eflaust fá góða umönnun ef veikindi ber að höndum. Ætli það sé ekki fleira sem sameinar en sundrar þegar að er gáð, líka hvað varðar kaup og kjör? Hálaunafólk skulum við ekki nefna í sömu andrá og rætt er um BHMR, við skulum leita að því annars staðar, og við skulum líka muna, áður en búnar eru til óvinaímyndir og alið á þeim, að vond kjör einnar stéttar afsaka ekki ill kjör annarrar. Ef leita þarf óvinar er betra að hann sé raunverulegur og sameiginlegur.

Einföld svör við þeim spurningum sem hæstv. fjmrh. bar fram til Kvennalistans eru ekki til og finnast með því einu móti að leita þeirra og leita þeirra sameiginlega. Í því skyni á ég þó eitt ráð til hæstv. fjmrh. ef hann vill nýta sér það og það er að læra af reynslu, þeirri reynslu sem hann hefur þegar fengið. Það er aldrei of seint að læra af reynslu.

Við kvennalistakonur höfum ástundað það í eigin röðum að leita alltaf fremur að því sem sameinar en sundrar. Það er í rauninni hornsteinn tilveru okkar sem stjórnmálahreyfingar að byggja á því. Því hlýtur það að vera ráð í þá átt og sú reynsla sem við höfum fram að leggja, en það er að leitast við að leggja til hliðar það sem sundrar og finna þá punkta sem eru sameiginlegir, finna sameiginleg markmið, byrja þar og feta sig svo eftir þeirri leið og sigrast á hverri hindrun eftir því sem hana ber að. Þegar steytir á steini, að athuga þá hvort ekki leynist eitthvað í ágreiningsmálinu sem finna má samstöðu um og byrja á ný þar sem frá var horfið. Svona má taka á öllum þáttum málsins uns viðunandi niðurstaða er fengin. Þessi aðferð virkar oft eins og þegar steini er hent í vatn. Hringirnir sem breiðast út frá miðju yfir vatnsflötinn stækka sífellt og síðan deyja þeir út. Sú þróun byrjar einnig í miðju hringsins og að lokum er vatnsflöturinn sléttur á ný þar til næsta steini er kastað.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Umræðan hófst með því að fyrirspurnum var beint til þeirra ráðherra sem kjaradeilan helst varðar og ég hafði vænst þess að einstakir ráðherrar mundu verða við umræðuna. Sömuleiðis hafði ég vænst þess að einstakir ráðherrar mundu svara þeim athugasemdum sem fram hafa komið í umræðunni en svo er ekki. Þeir hafa kosið að láta þögnina tala fyrir sig. Mig minnir að Björn Sigfússon segi í formála Ljósvetningasögu eitthvað á þá leið að þögnin segi oft mikið þó hún sé ekki einhlít í smáatriðum. Eins hygg ég að sé um þessa þögn hér núna að hún segi auðvitað mikið um rökþurrð ríkisstjórnarinnar og vondan málstað í þessu máli, að ráðherrarnir kjósa fremur að hitta blaðamenn hér frammi á gangi en standa fyrir sínu máli í þingsölum. Það er því miður að verða eitt af höfuðeinkennum umræðna hér á hinu háa Alþingi að það er erfitt að draga ráðherra til ábyrgðar því þegar þrengist um þá í þingsölunum hlaupa þeir út og leita uppi fréttamennina sem eru eins og flugur í kringum blóm hér á hinu hv. Alþingi. En svo er um þessa umræðu að ráðherrar hafa kosið að svara ekki þeim athugasemdum sem fram hafa komið.

Það hafa, hæstv. forseti, ýmsir hlutir skýrst í umræðum nú síðustu daga um eðli þeirra kjaradeilna sem nú standa yfir og eðli þeirrar launastefnu sem núverandi ríkisstjórn fylgir. Frummælandi, hv. 6. þm. Reykv. Guðrún Agnarsdóttir, varpaði í upphafi máls síns fram þessari spurningu: Hvernig stóð á því að umræður um kjaramál, samningaviðræður, drógust svo mjög á langinn? Þetta er í rauninni sú spurning sem öll þjóðin spyr núna, bæði þeir sem kjaradeilan varðar beint og eins aðrir þegnar þessa þjóðfélags. Og hæstv. fjmrh. gaf svarið. Honum hafði láðst að skipa samninganefnd ríkisins í tíma. Hann talaði um það hér áðan að hann hefði tekið inn nýtt fólk í samninganefnd ríkisins. Það hefði tafið fyrir því að samningaviðræður gætu hafist. Síðan talaði hann um það í löngu og fjálglegu máli hversu mjög það reyndi á einstaklingana að standa í samningaviðræðum, það reyndi á þolinmæði fjölskyldu, konu og barna eða eiginmanns, sem auðvitað á jafnt við um samninganefnd ríkisins og miklu fremur og kannski

enn þá frekar um samninganefnd þeirra manna sem hafa átt í kjaradeilum við ríkið nú á þessum vetri. Þess vegna drógust samningaviðræður á langinn. Þess vegna var málefnatilbúningur af hálfu ríkisstjórnarinnar illa undirbúinn að hæstv. fjmrh. hafði látið undir höfuð leggjast að skipa samninganefnd *ríkisins í tíma og það olli því að dómi hans sjálfs* að samningaviðræður gátu ekki hafist á réttum tíma.

Næst hljótum við að velta fyrir okkur hvernig á því stóð að til verkfalls háskólamenntaðra manna þurfti að koma. Hæstv. ráðherra sagði hér áðan í sinni ræðu að ríkisstjórnin hefði tekið þá ákvörðun að gerð yrði úrslitatilraun til að leysa deiluna um síðustu helgi. Fjórum mánuðum eftir að deilan hafði hafist, þá fyrst kom ríkisvaldið fram með einhverja þá tillögu sem var í líkingu eða sambærileg við þá kjarasamninga sem gerðir höfðu verið við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. En spurningin er: Hvernig stóð á þeirri samningsgerð? Ekki vofði verkfall yfir hjá þeim hópi ríkisstarfsmanna. Samt sem áður urðu þeir samningar skyndilega til, alllöngu áður en verkfall háskólamenntaðra manna hófst. Maður hlýtur að spyrja sjálfan sig: Hvað var það sem vakti fyrir hæstv. fjmrh. með því að hafa uppi þá málsmeðferð sem ég hef nú lýst? Við vitum það að þeir hafa hrósað sér af því, bæði hæstv. fjmrh. og hæstv. menntmrh., innan þings og utan, að þeir eigi marga vini í röðum helstu forustumanna Bandalags háskólamenntaðra manna og það má raunar segja að þetta viðhorf þessara tveggja manna komi mjög glöggt fram í viðtali við menntmrh. í Þjóðviljanum í dag. Þá er hann spurður af blaðamanni Þjóðviljans: „En er þetta ekki líka erfið staða fyrir Alþb. sem hefur lýst því margoft yfir að kjör opinberra starfsmanna séu alls ekki nógu góð?“ Og hæstv. ráðherra svarar, með leyfi hæstv. forseta: „Þetta er mjög erfið deila fyrir Alþb. Það reynir nú kannski fyrst verulega á flokkinn hvort hann dugar í átökum af þessu tagi. Að þessu leytinu til þá getur svona lota verið holl fyrir flokkinn ef menn hafa vit á því og þrek að draga af henni réttar ályktanir þegar deilan er búin.“ Þetta eru mikil vísdómsorð. Og í þeim felst að sjálfsögðu viss áminning til þeirra stuðningsmanna þessara tveggja ráðherra sem eru orðnir vanir því í innanríkisdeilum Alþb. að þessir tveir menn geti komið á síðustu stundu þegar uppreisn blasir við og kæft í fæðingunni. En nú tókst ekki eins vel til. Og hvers vegna ekki? Vegna þess að háskólamenntaðir opinberir starfsmenn fundu að hæstv. fjmrh. gekk ekki að samningsborðinu með þeim af neinni alvöru. Á sama tíma og hann þóttist vera að reyna að leysa deiluna við háskólamenntaða ríkisstarfsmenn var hann öðrum þræði í samningaviðræðum við annan hóp ríkisstarfsmanna og hugsaði sér að ganga frá því samningsborði þannig að þar hefðu hinir háskólamenntuðu menn uppskrift að samningunum sem hann væri reiðubúinn til að ganga að.

En þá er spurningin: Um hvað voru þá þeir samningar og hvers eðlis voru samningarnir sem hæstv. fjmrh. gerði við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja? Hæstv. viðskrh. og hæstv. sjútvrh. felldu dóm yfir þeirri samningsgerð á fundi Ed. í gær. Þá sögðu báðir þessir menn að fólk hefði getað sagt sér það sjálft eftir þá samninga sem gerðir voru á hinum frjálsa vinnumarkaði að til gengisfellingar og gengissigs hlyti að koma. Og við munum það að í Sþ. tók hæstv. sjútvrh. það jafnframt fram að ef þeir samningar gengju yfir hinn almenna vinnumarkað hlytu þeir að hafa í för með sér röð verðhækkana á næstu vikum og mánuðum. Þetta voru með öðrum orðum dæmigerðir verðbólgusamningar. Og ef við spyrjum okkur um leið hvernig ástandið er í landinu nú og hvers vegna svo illa gengur og gekk að ná samningum við Bandalag háskólamenntaðra manna liggur svarið e.t.v. í því að síðan í júnímánuði fyrir einu ári höfðu laun manna einungis hækkað um 1,5% og nú standa sakir þannig að verðbólgan hér á landi frá áramótum er í kringum 30%. Sú uppskrift að samningum sem hæstv. fjmrh. gerði við BSRB, ef Bandalag háskólamenntaðra manna hefði gengið að þeim samningum óbreyttum, hefði með öðrum orðum þýtt að þeir hefðu samið um kjaraskerðingu. Það var betri kostur fyrir Bandalag háskólamenntaðra manna að engir samningar hefðu verið gerðir við einn né neinn, en á hinn bóginn hefði verið reynt að fara þá leið að slá á verðbólguna og draga til baka margar þær álögur sem ríkisstjórnin setti á þjóðina nú um síðustu áramót, bæði með beinum og óbeinum hætti. Þetta er bakgrunnurinn að þessum samningum, bakgrunnurinn að þessari deilu, að hæstv. fjmrh. þóttist sjá nokkra leiki fram í tímann. Leikfléttan gekk ekki upp og nú situr hann eftir með sárt ennið.

Staðreyndin er sú að sú úrslitatilraun sem ríkisstjórnin reyndi að gera og sagðist vilja gera um síðustu helgi og fyrir síðustu helgi hefði betur verið gerð fjórum vikum áður í þann mund sem verkfall Bandalags háskólamenntaðra manna var að skella á. Það var sú rétta stund til að láta reyna á það til þrautar hvort samningar gætu tekist milli þessara aðila.

Það var athyglisvert þegar hæstv. forsrh. tók hér til máls fyrr í dag að hann skyldi lýsa því yfir að nú væri rétt að reyna að leita samninga eftir óformlegum leiðum og talaði skýrt um það að hann teldi ekki skynsamlegt að efna til samningafundar með formlegum hætti nema hann þættist sjá fyrir enda deilunnar. Það er eðlilegt að hæstv. forsrh. tali með þessum hætti, eins mikil harka og hlaupið hefur í þetta mál eftir þær miklu yfirlýsingar sem gengið hafa af munni hæstv. forsrh. á ýmsum tímum í þessari kjaradeilu.

Það er líka eftirtektarvert að íhuga hvert sé síðasta innlegg hæstv. menntmrh. til deilunnar. Hann er spurður að því af blaðamanni Þjóðviljans á hverju strandi. Hann er spurður að því á hverju strandi í þessari kjaradeilu. Og hæstv. menntmrh. svarar, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég held að það sé alveg ljóst að Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna verður að fara að setja lendingarhjólin niður. Það er jú venjan í kjaradeilu að menn átta sig á því að þeir eru með tiltekna óska-

stöðu, fá að lokum tiltekna niðurstöðu, mætast einhvers staðar á miðri leið. BHMR verður að átta sig á því að þeir verða að fara að finna flugvöllinn, a.m.k. setja á sig öryggisbeltin og setja niður lendingarhjólin."

Þetta er kveðja menntmrh. til kennara. Þetta eru skilaboð hans til háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna. Með þessum hætti talar menntmrh. niður til þessara stétta í Þjóðviljanum í dag.

Það var athyglisverð spurning sem frummælandi varpaði fram hér í máli sínu í upphafi þessarar umræðu þegar hann spurði: „Er það staðreynd að verkfallsvopnið bítur síður á ríkið en atvinnurekendur?" Auðvitað hljótum við að draga þann lærdóm af þessari kjaradeilu. Ríkisstjórnin hefur ekki lagt sig fram. Hún á ekki sömu hagsmuni í húfi og einstök fyrirtæki. Þessi kjaradeila horfir allt öðruvísi við þeim mönnum sem halda um samningamálin hjá ríkisvaldinu heldur en hjá atvinnurekendum sem verða beinlínis fyrir fjárhagslegu tjóni eftir því sem deilan stendur lengur, en það margvíslega tjón sem þessi kjaradeila nú veldur, bæði því unga fólki sem ekki getur lokið sínu skólaári, fólki sem þarf að leita sér *lækninga, mönnum sem engan samningsrétt hafa í* sínum höndum en geta ekki rekið fyrirtæki sín með eðlilegum hætti, fólki sem ekki fær sínar bætur greiddar. Allt þetta fólk stendur auðvitað álengdar og hefur engin tök á því með einum eða neinum hætti að beita sér fyrir því að samningar takist. Lægst seildist hæstv. fjmrh. þegar hann varpaði þeirri spurningu að þingmönnum Kvennalista hver eigi að vera munurinn í krónutölu á þeim kjarabótum sem Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna eigi að fá annars vegar og hins vegar hver eigi að vera hin sérstaka launahækkun sem kennarar eigi að fá næstu þrjú til fjögur ár.

Hæstv. fjmrh. hefur ekki gefið þingflokkum í stjórnarandstöðunni skýrslu um þessar samningaviðræður. Hann hefur heldur ekki gefið Alþingi skýrslu um það hvernig þessar samningaviðræður hafa gengið. Ég hygg á hinn bóginn að þessi deila sé komin á það alvarlegt stig að óhjákvæmilegt sé fyrir stjórnarandstöðuflokkana, þingflokka stjórnarandstöðunnar, að krefjast þess af ríkisstjórninni að hún gefi stjórnarandstöðunni skýrslu um samningaviðræðurnar eins og þær hafa gengið. Þeir sem hér eru inni sjá á hinn bóginn hvernig þessi ríkisstjórn vinnur. Ráðherrarnir eru hvor ofan í öðrum eins og ástfangnir kettir í staðinn fyrir að reyna að gera grein fyrir málum sínum hér á hinu háa Alþingi.

Ég vil spyrja hæstv. fjmrh., af því að hann hefur verið að tala um hina sérstöku launahækkun sem hann vill láta kennara og háskólamenntaða menn njóta þrjú til fjögur næstu árin og hann krefur aðra svara um það hvernig sú hækkun eigi að vera og hversu mikil: Hvað hefur hann boðið fram í þessu efni? Hvert hefur verið boð hans til Bandalags háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, til kennara og annarra háskólamenntaðra manna, um hugsanlega launahækkun umfram aðra ríkisstarfsmenn á næstu þremur til fjórum árum? Og ég vil líka spyrja hæstv. fjmrh. hvort það var einn liðurinn í samningsgerð hans við BSRB að hann mundi vera reiðubúinn til að marka þá launastefnu af hálfu ríkisvaldsins að Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna ætti að fá sérstakar umframlaunahækkanir á næstu þremur til fjórum árum, ef hann réði, þegar þetta ár er liðið. Er það í raun og veru í hnotskurn sú láglaunastefna sem hann var að hrósa sér af hér um daginn þegar hann biðlaði hvað mest til Kvennalistans? Hann setti hér á blað til mín: lág eins stafs prósenta sem háskólamenntaðir menn eiga að hans mati að fá á ári umfram það sem aðrir starfsmenn í þjónustu ríkisins hafa. 1, 2, 3, 4, 5, 6, 7, 8, 9. Þetta er eins stafs prósenta. Það er svolítill munur á, einkanlega eftir fjögur ár. En það er líka athyglisvert að um leið og þessi ráðherra Alþb. talaði um launastefnu til langs tíma og sömuleiðis hæstv. menntmrh., þá hafði hæstv. forsrh. þá skoðun á slíkum langtímasamningi að ekki væri hægt að semja um verðtryggingu í slíkum samningi, sem þýðir auðvitað um leið að það er ekki hægt að ganga að samningi til langs tíma, ef þeir sem gera samninginn hafa enga verðviðmiðun um það *sem í slíkum samningi felst. Þess vegna er slíkur* samningur í sjálfu sér ekki virði þess pappírs sem hann er skrifaður á. En hitt stendur eftir, að hæstv. fjmrh. hefur lýst því yfir að á þessu ári sé hann ekki reiðubúinn til þess að koma með einum eða neinum hætti til móts við þann langtímasamning sem hann er að lofa háskólamenntuðum mönnum að þeir eigi að fá á næstu þremur til fjórum árum, auðvitað vegna þess að hann veit að það kemur ekki í hans hlut að efna samninginn því að þessi ríkisstjórn er sannarlega ekki á annan vetur setjandi.

Ég vil taka undir það sem hv. 6. þm. Reykv. sagði hér áðan, að í samningaviðræðum er alltaf hættulegt að reka fleyg á milli starfsstétta, og ég vil taka undir þau orð hæstv. forsrh., að nú ríður á að leitað sé með óformlegum hætti eftir samningum, að reynt sé að byggja brú, og þó að ég hafi ekki alltaf mikla trú á hæstv. forsrh. er það nú samt svo í þessu tilviki að ég treysti honum betur en fjmrh. og ég vona sannarlega að sá fundur sem hann átti með forustumönnum Bandalags háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna seinni partinn í dag megi leiða til þess að eitthvert líf færist í samningaviðræðurnar á nýjan leik. En það sýnir okkur um leið hversu illa ráðið það var af hæstv. forsrh. að hverfa til annarra landa lítilla erinda meðan þessi kjaradeila stóð yfir.

Mín síðustu orð skulu vera þau að þessi kjaradeila hefur þegar valdið slíkum spjöllum, bæði uppeldislegum og peningalegum spjöllum, og spillt fyrir vísindalegum rannsóknum sem staðið hafa um langan aldur, hefur bitnað á sjúklingum og þeim sem minni háttar eru með margvíslegum hætti, að það er komið meira en á elleftu stund að þessir samningar takist og ég vona að hamingjan gefi að svo megi verða. Þess hljótum við að biðja á þessari stundu, og um leið ítreka ég að síðustu að nauðsynlegt er, hæstv. forseti, að stjórnarandstaðan fái skýrslu um það hvernig þessi

samningalota hefur gengið, við fáum að vita hverjir segja satt um tilboð og gagntilboð, fulltrúar Bandalags háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna eða fjmrh. Þingið verður að fá vitneskju og fulla vissu um það að ríkisstjórnin hafi lagt sig fram um að reyna að leysa deiluna og við verðum að geta gert okkur grein fyrir hvers vegna sú mikla harka færðist í þessa deilu sem raun ber vitni.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil í lok þessarar umræðu þakka hæstv. ráðherrum svör þeirra og þingmönnum öllum þátttöku í umræðum. Ég vil einnig þakka hæstv. forseta fyrir að hafa fengið að kveðja mér hljóðs og að þessi umræða skuli hafa farið fram því að ég held að hún hafi verið mjög þörf.

Ég fagna því að viðræður skuli aftur hafnar við BHMR og ég gleðst yfir þeim vilja sem nú virðist örla á hjá ráðherrum til að ganga í það að leysa þessa deilu. Vegna þeirra spurninga sem hæstv. fjmrh. bar fram vil ég gjarnan segja nokkur orð því að síst vil ég liggja á góðum ráðum.

Eins og hæstv. fjmrh. veit eiga alþingismenn ekki að standa í kjarasamningum við launþega. Það er hlutverk fjmrh. og ríkisstjórnar, framkvæmdarvaldsins. Þegar hæstv. fjmrh. spyr okkur spurninga og biður um góð ráð gefur hann okkur líka mjög ákveðnar forsendur sem hann hefur sjálfur skilgreint og skapað með fyrri aðgerðum sínum, þeim samningum sem hann hefur þegar gert eða hans ráðuneyti. Hann gefur okkur sem sé ramma og svigrúm til að taka ákvarðanir innan en hann veitir okkur ekki frumkvæði til eigin aðgerða, biður um ráð til að bjarga sér úr vanda, biður um uppástungu að ákveðnum upphæðum fram til áramóta á þessu ári og prósentutöluhækkun á hverju ári.

Því er til að svara að kvennalistakonur mundu líklega hafa tekið allt öðruvísi á málum frá byrjun. Við erum ekki kunnugar þessum samningamálum og þeim tölum sem þar hafa verið ræddar og því er auðvitað nauðsynlegt að kynna sér þau mál í samhengi og vissulega, eins og hv. 18. þm. Reykv. sagði, að leita talna og lausna í sameiningu, milli málsaðila. En eins og ég sagði áðan í upphafsorðum mínum: Lokatakmarkið hlýtur að vera almennur launajöfnuður og þá sérstaklega í þessum deilum að minnka eins mikið og kostur er eða jafna út þann mun sem er á launum þeirra sem vinna hjá hinu opinbera og hinna sem vinna á almennum markaði og hafa sambærilega menntun og ábyrgð. Prósentutöluhækkunin á hverju ári hlýtur að helgast af þessu.

Varðandi hækkun launa fram að áramótum mundi ég ráðleggja hæstv. ráðherra að hafa minni áhyggjur af þeirri tölu en reyna fremur að einbeita kröftum sínum að því að leita að lausnum sem mundu duga í langtímasamninga. Það er það sem skiptir meginmáli í þessari kjaradeilu, held ég. Hann miðar lausn þessarar kjaradeilu við ramma og forsendur samninga sem hann hefur þegar gert. En öllu máli skiptir þó að samningar séu í samræmi við þann veruleika sem þjóðfélagið býður upp á. Það skyldi hæstv. fjmrh. hafa hugfast.

Það er auðvelt og til lítils að segja nú að hæstv. fjmrh. hefði betur byrjað viðræðurnar fyrr, en nú vil ég segja við hæstv. fjmrh.: Viðræður, viðræður og aftur viðræður til þess að málsaðilar geti nálgast og fundið sameiginlega lendingu er eina leiðin til lausnar á þessari deilu. Fólk verður að mætast, báðir aðilar hljóta að verða að láta af sínu en halda þó eftir einhverju sem máli skiptir og þá ekki síst andlitinu eða sjálfsvirðingunni. Ég vil reyndar leggja megináherslu á mikilvægi sjálfsvirðingarinnar. Það er ekki einungis nauðsynlegt að hafa hana sjálfur, það er einnig mikilvægt að leyfa öðrum að halda sinni sjálfsvirðingu, og þetta veit ég að hæstv. fjmrh. er fullkunnugt um. Hann hefur gegnt mikilvægu sáttasemjarahlutverki á alþjóðavettvangi og unnið að því að bera boð milli stórvelda í afvopnunarmálum sem framkvæmdastjóri alþjóðaþingmannasamtaka sem vinna að friði og vinna einmitt að því að byggja brýr milli ólíkra þjóða og ólíkra hagsmuna. Ég er viss um að þessi verðmæta reynsla mun nýtast hæstv. fjmrh. í óformlegum og formlegum viðræðum við fulltrúa BHMR á komandi dögum. Ég er sannfærð um að báðir málsaðilar vilja finna viðunandi lausn þessarar deilu og það sem fyrst. Eitt er víst að fólkið í landinu bíður eftir lausn hennar.

Ég vona sannarlega að þessar umræður hér í dag hafi að einhverju leyti getað stuðlað að eða hvatt til samninga og að deilurnar muni leysast á næstunni og óska samningsaðilum velgengni á öllum sínum fundum í framtíðinni.

EFRI DEILD

107. fundur, þriðjudaginn 16. maí, kl. 2 miðdegis.

Framhaldsskólar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 454. mál (rekstrarkostnaður, skólanefndir o.fl.). — Þskj. 814, n. 1117, 1155 og 1166, brtt. 1116.

Frsm. 2. minni hl. menntmn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ástæðan fyrir því að ég kvaddi mér hljóðs var sú að ég hafði beint margvíslegum fyrirspurnum til hæstv. menntmrh. í minni ræðu fyrr og þeim hafði ekki verið svarað með þeim hætti að ég teldi viðunandi. Má kannski segja að hæstv. menntmrh. eigi erfitt með að svara fyrirspurnum sem beinast beint að skólahaldinu, eins mikil óvissa og nú ríkir í þeim efnum.

Ég vissi satt að segja ekki hvernig átti að skilja hæstv. fjmrh. þegar hann hélt því fram í hálfheilögu viðtali í helgarblaði Morgunblaðsins að ríkisstjórnin hefði náð fram öllum helstu markmiðum sínum nú á þessum vetri í þessu þríheilaga viðtali. Að ríkisstjórnin hefði náð fram öllum sínum helstu markmiðum og í stórum dráttum hefði starf ríkisstjórnarinnar gengið upp og ekki að sjá að honum fyndist þar nokkur skuggi falla á.

Öðruvísi var hljóðið í bónda einum fátækum sem ég talaði við og hefur kostað börn sín til mennta, en nú brá svo við að hann fékk son sinn sendan heim fyrir nokkrum vikum og gat hann ekki lokið námi. Þessi bóndi spurði mig þessarar spurningar: „Hver á að greiða fjárhagslegt tjón sem unglingar verða fyrir þegar þeir hafa eytt heilum vetri í skólanum og geta síðan ekki lokið sínu námi? Hverjir eiga að bera ábyrgð á þessu tjóni?“ Þetta er auðvitað mikil spurning og í rauninni ekki neitt svar því að sagt er af einstökum ráðherrum að samningsrétturinn sé heilagur og ekki megi grípa inn í og hver maður verði að bera og axla þá ábyrgð sem á honum hvílir.

Hæstv. menntmrh. var með einhverja undarlega tilburði varðandi gáfnafar í því sambandi sem ég man ekki, en bendi hv. þingdeildarmönnum á að lesa niðurlagið í viðtali menntmrh. við Tímann þar sem hann er að fjalla um gáfnafarið. Það er auðvitað alltaf mikil spurning hvort fari saman góðar gáfur og ábyrgð. Það vill nú vera svona á ýmsa lund. Aðalatriðið held ég að sé, herra forseti, að hæstv. menntmrh. hefur ekki gert sér grein fyrir því annars vegar hvernig hann geti tekið við öllum þeim nemendum sem fara í framhaldsskólana á næsta hausti vegna þess að það varð uppstytta í náminu nú á vordögum og hins vegar hvernig hann ætlar að taka við öllum nemendunum sem geta gengið inn í framhaldsskólann eða af því að hann ætlar sér með þessum lögum að nema á brott þá þröskulda sem höfðu verið. Það á að banna skólameisturum og rektorum að setja einhver skilyrði fyrir því að nemendur geti gengið inn í hvaða deild sem er.

Nú er það samt þannig ef við förum í Verslunarskólann, þá lýkur þar verslunarprófi í 4. bekk, sem heitir 2. bekkur í sumum skólum. Þetta er sá gamli 4. bekkur þegar reiknað er með að stúdentsprófi ljúki í 6. bekk. Til þess að komast inn í stúdentadeildina í Verslunarskólanum þarf maður að ná 6,5 á verslunarprófi. Felst það í því frv. til laga sem hér liggur fyrir að Verslunarskólinn megi ekki setja slík mörk? Felst það í því frv. sem við erum hér að fjalla um að ekki megi setja neinar skorður við því hverjir fara í eðlisfræðideild í Menntaskólanum í Reykjavík? Og felst í því frv. sem við erum hér að fjalla um að ef of margir nemendur skyldu sækja um skólavist t.d. í Menntaskólanum í Reykjavík þannig að þeir rúmist ekki í 1. bekk skólans — sem hét 3. bekkur þegar ég var þar á sínum tíma og heitir kannski enn — er þá hugmyndin að setja umsóknirnar í pott og draga síðan þær umsóknir úr blindandi sem eigi kannski rétt á inngöngu í skólann? Eða hver er hugmyndin?

Ef við ætlum að samþykkja það að engar skorður megi setja við því að unglingar komist í framhaldsskólann og ef við segjum að ekki þurfi neinar einkunnir til þess að gera upp á milli þeirra og ekki megi beita slíkum mælikvarða, þá sé ég ekki annað en það verði að hafa það eins og hjá Hellenum forðum: varpa hlutkesti. Um þetta vil ég spyrja hæstv. menntmrh. um leið og ég minni hann á að skólamenn eru mjög tortryggnir á að þessi breyting sé til bóta.

Ég lenti í því nú um helgina sem er nú kannski ekki mín uppáhaldsiðja að hjálpa konunni í garðinum, en það létti mér stundir að einn framhaldsskólakennari gekk hjá þannig að ég sá mér færi á því að svíkjast um ofurlitla stund og þá var hann einmitt að tala um fáránleika þess, framhaldsskólakennarinn, að afnema allar hömlur við því að menn gætu gengið sjálfkrafa milli skóla eins og lambfé milli dilka þegar ekki er hlið í réttinni fyrir einstökum dilkum.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Samkvæmt lögum sem sett voru í fyrra að undirlagi páv. ríkisstjórnar með stuðningi stjórnar og stjórnarandstöðu var ákveðið að allir sem verið hefðu níu ár í grunnskóla gætu átt rétt til inngöngu í framhaldsskóla. Þetta stendur í lögunum þannig að þessi ákvörðun hefur verið tekin. En því miður er það alveg rétt hjá hv. 2. þm. Norðurl. e. að undirbúningur í þessum efnum hefur ekki verið nægilega góður og hann tekur mörg ár og langan tíma.

Meiningin er sú að í stað þess að ákveða mörkin með reglustikuaðferð eins og gert hefur verið fyrir hópa nemenda, þá verði reynt að ákveða mörkin með námsráðgjöf og leiðbeina hverjum og einum nemanda inn í framhaldsskólann og á þær brautir sem best henta viðkomandi nemanda. Þess vegna hefur verið ákveðið að í vor verði í Reykjavík og

víðar ráðnir námsráðgjafar til að starfa við innritunina í framhaldsskólana á Reykjavíkursvæðinu í vor.

Vegna spurningar hv. 2. þm. Norðurl. e. um Menntaskólann í Reykjavík og takmarkanir á aðgöngu í hann, þá er því til að svara að allir framhaldsskólarnir á höfuðborgarsvæðinu, Menntaskólinn í Reykjavík jafnt sem Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, Flensborgarskólinn, Menntaskólinn í Kópavogi og aðrir slíkir framhaldsskólar hafa ákveðið að sameinast um innritun í framhaldsskólana á þessu vori. Það þýðir að það pláss sem er til í framhaldsskólum mun nýtast betur næsta vetur en verið hefur. Það hefur verið mjög góð samvinna um þetta efni hjá skólameisturum framhaldsskólanna á höfuðborgarsvæðinu og sömuleiðis hjá skólameisturum framhaldsskólanna á Norðurl. e. þar sem er um að ræða fleiri en einn framhaldsskóla.

Ég vænti þess, virðulegi forseti, að þessi svör svari spurningum hv. 2. þm. Norðurl. e.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Ég hef ekki átt þess kost að setja mig rækilega eða vel inn í þetta frv. til laga um breyting á lögum um framhaldsskóla. Nú eru þingstörf í hámarki og það er mikill annatími hjá þingmönnum í hv. deild þannig að við komumst því miður ekki yfir að setja okkur inn í öll mál, en engu að síður hefði ég viljað fá að taka þátt í þessari umræðu og vildi gjarnan hafa haft meiri tíma til þess að setja mig betur inn í það sem hér er á ferðinni.

Ég ákvað nú að segja nokkur orð í tilefni af orðum hæstv. menntmrh. þar sem hann lýsti því yfir að það væri í anda laganna að allir þeir sem hafa lokið við 9. bekk grunnskóla skuli eiga rétt á að ganga í framhaldsskóla. Út af fyrir sig er það mjög jákvætt og eðlilegt markmið í sjálfu sér. En mig langar til að vekja athygli á einu sem hefur fylgt í kjölfarið með breyttum framhaldsskóla, þ.e. með þeirri breytingu sem hefur orðið á íslenska skólakerfinu allt frá því að grunnskólalögin tóku gildi. Framhaldsskólinn hefur tekið miklum breytingum þetta tímabil án þess þó að um hann yrðu sett sérstök lög, enda voru framhaldsskólalögin fyrst samþykkt í fyrra ef ég man rétt.

Það hefur að sjálfsögðu orðið mikil sprenging í skólakerfinu við það að framhaldsskólum hefur fjölgað mjög verulega. Nægir að rifja það upp að þegar ég stundaði sjálfur nám í framhaldsskóla, þá voru framhaldsskólar landsins eingöngu þrír fyrir utan Verslunarskóla Íslands sem að sjálfsögðu hlaut að teljast sem sjálfstæður framhaldsskóli, en hinir hefðbundnu menntaskólar voru þá einungis þrír talsins. Ég hef ekki tölu á öllum þeim framhaldsskólum og öllum þeim skólastofnunum sem nú hafa rétt til þess að útskrifa stúdenta. En mér telst til að þær hljóti að vera orðnar 20–30 talsins ef ekki enn fleiri.

Það er eitt sem ég hef rekið augun í sem þessi sprenging í framhaldsskólakerfinu hefur valdið. Það er að fjöldi þeirra nemenda sem hyggur á langskólanám hefur farið mjög vaxandi. Því miður virðist framhaldsskólinn ekki hafa sinnt því sem skyldi að leiðbeina nemendum þannig að þeim nemendum sem t.d. vildu leggja áherslu á verknám yrði leiðbeint inn í slíkt nám, heldur virðist vera sú árátta af hálfu framhaldsskólanna að keyra alla nemendur í gegnum eitthvert bóklegt nám og síðan hyggjast allir þessir nemendur stunda háskólanám og knýja dyra hjá Háskóla Íslands á hverju hausti. Þess er skammt að bíða að nálægt allur fæðingarárgangurinn fái sjálfkrafa stúdentspróf og þeim verði talin trú um, þ.e. öllum unglingum þessa lands, að þeir eigi sjálfkrafa heimtingu á því að fá að ljúka einhvers konar háskólanámi. Þá vaknar auðvitað sú spurning: Hverjir eiga þá að sinna þessum venjulegu störfum í þjóðfélaginu þegar allir eru orðnir háskólamenntaðir? Það er sú þróun sem við horfum upp á þessi árin að með því skólakerfi sem við höfum komið okkur upp er nánast öllum ungmennum þessa lands beint í ákveðinn farveg. Þau eru rekin í gegnum bóklegt nám og þeim er nánast gefið í skyn að þau eigi sjálfkrafa að fara í háskóla og ljúka háskólanámi.

Ég vil vekja athygli á þessu og vænta þess að hæstv. menntmrh. beiti sér fyrir því að framhaldsskólinn sinni betur verklegu námi en verið hefur.

Þá er ekki hægt að láta hjá líða að velta aðeins fyrir sér þeirri gífurlegu fjölgun sem hefur orðið á framhaldsskólum og nemendum í framhaldsskólum og tengja hana því kennaraverkfalli sem nú er í gangi. Vonandi fer það nú að leysast. Síðustu fréttir hafa þrátt fyrir allt verið jákvæðar í því tilliti.

Það er nú sérstaklega b-liður 2. gr. frv. sem vekur athygli mína, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Heimilt er með samþykki Alþingis að víkja frá meginreglum um kostnaðarhlutdeild sveitarfélaga þegar skóli er í fámennu sveitarfélagi og ekki hefur tekist að fá nærliggjandi sveitarfélög til þess að sameinast um byggingu framhaldsskóla."

Út af fyrir sig skil ég vel sjónarmið sveitarstjórnarmanna og heimamanna í fámennum byggðarlögum sem vilja koma sér upp framhaldsskólum. Ég hef heyrt einn ágætis sveitarstjórnarmann austan af fjörðum halda því fram að það sé nauðsynlegt að koma upp framhaldsskóla í hans byggðarlagi til þess að ungmennin fari ekki burtu.

Nú er það ævinlega svo, eða var a.m.k. þegar ég var að alast upp, að það var talið mjög jákvætt að unglingar hleyptu heimdraganum, færu úr heimahögum til að öðlast meiri þroska og víkka sjóndeildarhringinn. En því miður virðist sú stefna nú vera ríkjandi að það eigi helst að halda öllum á sama stað það sem eftir er ævinnar, þ.e. unglingunum skal haldið í framhaldsskóla í viðkomandi sveitarfélagi, hvort sem það ræður við að standa undir slíkum framhaldsskóla eða ekki og næsta skref verður væntanlega það að komið skuli upp háskóla í hverju einasta smásveitarfélagi um allt land. Ég fæ ekki betur séð en við stefnum hraðbyri inn í eitthvert slíkt skólakerfi.

Eins og ég segi, það skal síst við því amast að það séu góðir framhaldsmenntunarmöguleikar fyrir ung-

linga landsins og á menntun byggir þjóðin að lokum afkomu sína. Með því að tryggja öllum ungmennum okkar góða menntun getum við vænst þess að standa okkur í þeirri gífurlega hörðu samkeppni sem við eigum í við nágrannalöndin. En ég velti því nú samt fyrir mér hvort ekki væri hægt að taka upp eilítið skynsamlegri stefnu í mennta- og skólamálum okkar. Það hlýtur þrátt fyrir allt að vera skynsamlegt að reyna að halda uppi kannski fáum skólastofnunum en góðum, þ.e. jafnmörgum skólastofnunum og við ráðum við, bæði með tilliti til þess sem það kostar að reka þessar skólastofnanir og ekki síður með tilliti til þess að það sé tryggt að hægt sé að halda uppi fullkominni og góðri kennslu við slíkar stofnanir. Það sjónarmið eitt sér, að ætla að dreifa framhaldsskólunum um allar byggðir þessa lands til þess eins að „tryggja" það að ungmenni viðkomandi sveitarfélags þurfi ekki að fara í burtu til þess að stunda framhaldsskólanám, get ég ekki sætt mig við. Það er ekki skynsamleg byggðastefna að mínu viti.

Þetta langaði mig til að láta koma fram, en vil að lokum ítreka það, sem er nú kannski aðalástæðan fyrir því að ég kom hér upp í ræðustól, að ég vek athygli á því að mér finnst að unglingum sem stunda framhaldsskólanám á Íslandi hafi ekki verið nægilega leiðbeint til mismunandi náms. Þar á ég fyrst og fremst við verknámið sem hefur setið á hakanum að mínu viti, kannski vegna þess að það er dálítil tilhneiging af hálfu kennara við framhaldsskólana að líta á bóknámið sem æðra verknáminu og reyna því að beina öllum nemendum sínum í bóknám.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég vil láta það koma fram að ég er að mörgu leyti mjög sammála ýmsum athugasemdum í síðustu ræðu hv. 7. þm. Reykn. Ég tel í fyrsta lagi að bóknámsáherslan hafi verið allt of mikil í okkar skólakerfi á undanförnum árum og þess vegna er það sem við erum nú með í gangi vinnu í ráðuneytinu sem ég hef greint frá hér í þinginu nokkrum sinnum í vetur um breytt inntak framhaldsskólans þar sem gert er ráð fyrir því að um verði að velja margvíslegar brautir, stuttar og langar, allt niður í eina önn, eitt ár eða tvö ár, þar sem fólk geti lokið námi og fengið tiltekin réttindi út á störf í atvinnulífinu líka. Í þeirri nefnd sem er að vinna að þessum verkum á vegum ráðuneytisins eru fulltrúar atvinnulífsins. Og forsenda þess að unnt sé að ná upp verknáminu hér í landinu með myndarlegum hætti er að mínu mati sú að atvinnulífið verði dregið inn í þessa hugsun, menntunarhugsun með vaxandi þunga.

Við höfum miklar áhyggjur af því unga fólki sem reynir aftur og aftur við mjög þungar og erfiðar bóknámsbrautir inni í framhaldsskólunum, enda er niðurstaðan sú að á fyrsta ári framhaldsskólans eru núna um 40% nemenda vegna þess að fólk kemur inn í skólann og stólar á fyrsta árið án þess að komast neitt þar áfram. Og það er mjög alvarlegur hlutur. Okkur er auðvitað skylt í menntmrn. að leggja á það áherslu að halda vel utan um það fólk sem er í skólakerfinu sjálfu og reyna að hjálpa þar til eins og við getum.

Hitt er auðvitað ekki síður áhyggjuefni að verulegur fjöldi ungs fólks hrekst út úr skólakerfinu og þorir aldrei þangað inn aftur. Þetta fólk er oft dæmt til þess um ára og áratuga skeið að vera í láglaunastörfum af margvíslegum toga. Þetta er þess vegna að mörgu leyti manneskjufjandsamlegt kerfi eins og það hefur verið og ég get tekið undir orð hv. þm. í þeim efnum.

Varðandi framhaldsskólann, þá er einmitt meiningin með þessu frv., ef hv. þm. les það, að stuðla að samnýtingu skóla á viðkomandi svæðum og það er að mínu mati úrslitaatriði í þessu frv. þannig að þeirrar tilhneigingar sem hefur verið uppi, að stofna framhaldsskóla svo að segja út um allt, gæti ekki lengur í ákvörðunum menntamálayfirvalda í þessu landi. Enn fremur er í frv. gert ráð fyrir því að það verði heimilt að starfrækja framhaldsdeildir við grunnskólana. Það verði í raun og veru bara fyrsta árið eða fyrsta og annað árið, en ég er alveg sammála hv. þm. um það að það er alveg fráleitt að fara að setja niður framhaldsskóla án þess að kanna í leiðinni hvort til eru kennslukraftar til þess að skila þessu fólki með myndugum hætti út í þjóðlífið og atvinnulífið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Rökst. dagskrá á þskj. 1166 felld með 9:6 atkv.
1. gr. samþ. með 9:2 atkv.
2.–9. gr. samþ. með 9:2 atkv.
Brtt. 1116 samþ. með 9:2 atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 9:2 atkv.
11.–13. gr. samþ. með 9:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

EFRI DEILD

108. fundur, þriðjudaginn 16. maí, að loknum 107. fundi.

Framhaldsskólar, 3. umr.

Stjfrv., 454. mál (rekstrarkostnaður, skólanefndir o.fl.). — Þskj. 1187 (sbr. 814).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 9:2 atkv. og afgr. til Nd.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 344. mál (húsbréfaviðskipti). — Þskj. 1160 (sbr. 1115).

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 109/1988. Meginmarkmið þessa frv. er að lagt er til að tekið verði upp kerfi skuldabréfaskipta, húsbréfamiðlunar, í stað beinna lána til íbúðarkaupa. Í þessu felst að íbúðarkaupandi gefur út skuldabréf fyrir láni því sem hann fær frá seljanda, en þessu bréfi er síðan hægt að skipta fyrir ríkistryggð og markaðshæf húsbréf. Þessu kerfi er ætlað að stuðla að víðtækari fjármögnun íbúðafjárfestinga og meiri innri fjármögnun en verið hefur, svo og að lækkun útborgunarhlutfalls.

Í fyrra unnu tvær nefndir á mínum vegum við að greina stöðuna í almenna húsnæðislánakerfinu og lögðu nefndirnar fram tillögur til úrbóta. Niðurstöður greiningar á kerfinu voru í meginatriðum þær að núverandi húsnæðislánakerfi valdi ekki hlutverki sínu. Almenn niðurgreiðsla vaxta leiði til umframeftirspurnar og biðraðar sem gerir kerfið ósveigjanlegt og ófært um að bregðast við þörfum umsækjenda. Fjárhag Byggingarsjóðs ríkisins er stefnt í voða með núverandi vaxtaniðurgreiðslu. Að óbreyttu mun eigið fé sjóðsins, sem nú er um 13 milljarðar kr., verða uppurið á næstu 10–15 árum. Áætla má að á næstu 5 árum verði niðurgreiðsla að óbreyttu um 3 milljarðar kr. og á árinu 1993 má áætla að að óbreyttu fari allt ríkisframlagið, um 1 milljarður kr., í vaxtaniðurgreiðslur. Frv. byggir á niðurstöðum nefndar sem skilaði niðurstöðum um miðjan des. sl.

Áður en ég geri grein fyrir einstökum greinum frv. vil ég ræða almennt um þá hugmynd sem býr að baki húsbréfaskiptum. Hugmynd þessi felst í aðalatriðum í eftirfarandi:

Í fasteignaviðskiptum myndast fasteignaveðbréf sem kaupandi gefur út til seljanda fyrir eftirstöðvum íbúðarverðs. Byggingarsjóður ríkisins býðst til að skipta á þessum bréfum og markaðshæfum verðbréfum, húsbréfum. Húsnæðisstofnun kaupir fasteignaveðbréf á gengi miðað við markaðsvexti á hverjum tíma og lætur í staðinn ríkistryggð húsbréf. Húsbréfin skapa því traustan samningsgrundvöll til lánsviðskipta á milli kaupenda og seljenda íbúða. Áhætta seljandans verður engin því það verður Byggingarsjóður ríkisins eða húsbréfadeild sem innheimtir síðan afborganir af fasteignaveðbréfi sem kaupandi gefur út. Þetta er mjög mikilvægur þáttur og leiðir til verulegrar lækkunar á útborgun, en hingað til hefur reynst erfitt að fá seljendur til þess að lána kaupendum til langs tíma á verðtryggðum kjörum því að seljendur hafa talið sig taka of mikla áhættu með því. Með þessu fyrirkomulagi er þeirri áhættu seljenda rutt úr vegi.

Seljandi íbúðar hefur þrjá kosti varðandi húsbréfin. Hann getur átt bréfið, látið það ganga áfram í öðrum fasteignaviðskiptum eða selt það á húsbréfamarkaðnum. Kostir þessa fyrirkomulags eru einkum þeir að dregið er úr beinni lánastarfsemi hins opinbera á sviði húsnæðismála, ýtt undir aukna innri fjármögnun fasteignaviðskipta og þessi viðskipti flutt yfir á hinn almenna lánamarkað. Allt þetta dregur úr fjárþörf kerfisins og skapar möguleika á að draga úr þeirri miðstýringu sem verið hefur við afgreiðslu húsnæðislána.

Ég tel mjög brýnt að hv. alþm. geri sér ljóst að hvergi á hinum Norðurlöndunum er lánað eins mikið til húsnæðismála úr opinberum sjóðum og hér á landi. Skýringin á miklu meiri opinberum lánum til húsnæðismála hér á landi helgast að verulegu leyti af því hve mikið fjármagn rennur hér til endurfjármögnunar á eldri íbúðum, en víðast hvar á Vesturlöndum er ekki lánað úr opinberum sjóðum til kaupa eða endurfjármögnunar á eldra húsnæði. Hins vegar fer nú hér á landi meira en helmingur af fjármagni Byggingarsjóðs ríkisins til að fjármagna og endurfjármagna eldri íbúðir.

Kosturinn við húsbréfakerfið er að þegar húsbréfakerfið verður að fullu komið á mun fasteignamarkaðurinn fjármagna sig sjálfur og á það ekki síst við um endurfjármögnun á eldra húsnæði en á árinu 1988 fóru tæpir 3 milljarðar kr. til fjármögnunar eldri íbúða úr Byggingarsjóði ríkisins.

Í umræðum um vandamál núverandi kerfis er því stundum haldið fram að aukið fjármagn úr ríkissjóði geti leyst aðsteðjandi vanda. Í þessu sambandi er nauðsynlegt að hv. þm. athugi hve mikið fjármagn nú fer til útlána til íbúðafjárfestinga almennt. Áætlað er að heildarlán Húsnæðisstofnunar ríkisins á þessu ári verði um 11 milljarðar kr. Áætlað er að lífeyrissjóðirnir veiti viðbótarlán til einstaklinga um 2 milljarða kr. og bankakerfið fjármagni með einum eða öðrum hætti íbúðafjárfestingar fyrir um 2–3 milljarða kr. Handhafabréf má áætla að séu um 2 milljarðar kr. Hér er því um að ræða 17–18 milljarða kr. sem á ári hverju fara til húsnæðismála.

Samkvæmt þjóðhagsáætlun fyrir árið 1989 er gert ráð fyrir að nýfjárfestingar í landinu séu um helmingur þessarar fjárhæðar eða 9–10 milljarðar kr. A.m.k. 7–8 milljarðar virðast því fara með einum eða öðrum hætti til endurfjármögnunar á eldri íbúðum. Því er auðvitað hægt að velta fyrir sér hvort skynsamlegt sé að bæta 2–3 milljörðum við þessa 17–18 milljarða eins og lagt var til af fulltrúum minni hlutans í nefndinni sem samdi fyrirliggjandi frv. Ég held líka að það megi leiða að því verulegum líkum að hluti af þessum 17–18 milljörðum renni ekki í íbúðafjárfestingar heldur til annarrar eyðslu. Það er einmitt kosturinn við húsbréfakerfið að það grundvallast á því að fjármögnun íbúðakaupa á sér stað í beinum tengslum við fasteignaviðskipti.

Sumir hafa af því áhyggjur að með húsbréfakerfinu sé verið að setja inn á markaðinn miklu meira fjármagn heldur en er í dag. Ég held einmitt að þetta sé rangt og mjög mikilvægt að þingmenn átti sig á því að í reynd er verið að draga úr því mikla fjármagni

sem fer með einum eða öðrum hætti til íbúðafjárfestinga hér á landi. Það helgast af því að til viðbótar við það fjármagn sem fólk getur nú fengið í Húsnæðisstofnun í gegnum núverandi lánakerfi þarf fólk að sækja verulegan hluta og oft meira en helming af sinni fjármögnun gegnum skammtímalán í bönkum, hjá lífeyrissjóðum og einnig með því að gefa út handhafabréf sem er, eins og ég nefndi áðan, áætlað um 7–8 milljarðar kr. samanlagt.

Í húsbréfakerfinu er fjármögnuninni raunverulega beint meira eða minna í einn farveg, þ.e. seljandi lánar kaupandanum verulegan hluta af verði fasteignarinnar eða um 65%. Þar með er það í mörgum tilfellum að íbúðarkaupandi þarf ekki að leita með viðbótarfjármögnun í bankana eða til síns lífeyrissjóðs. Því tel ég verulegar líkur á því að þeir 6–7 milljarðar, sem koma utan við opinbera húsnæðiskerfið með einum eða öðrum hætti til íbúðafjárfestinga, eða eru a.m.k. ætlaðir til þess, muni þá losna að einhverju leyti þegar íbúðakaupendur fá svo stóran hluta lánaðan hjá seljendum í íbúðareigninni. Því held ég að með góðum rökum sé hægt að halda því fram að heildarfjármögnun eða fjárþörf til íbúðafjárfestinga minnki með tilkomu húsbréfanna. Gert er ráð fyrir að innbyrðis viðskipti með húsbréf, þ.e. að þau gangi áfram í fasteignaviðskiptum, geti numið 5 milljörðum kr., en líkleg útgáfa þeirra verði um 8 milljarðar á ári. Samkvæmt þessari áætlun yrði líkleg sala um 3–4 milljarðar kr. Ég tel að ekki sé með neinum rökum hægt að halda því fram að húsbréf taki fjármagn frá atvinnulífinu. Ég bendi á í því sambandi að nú fara, eins og ég lýsti hér áðan, 17–18 milljarðar kr. á ári í íbúðafjárfestingar og aðeins um 9–10 milljarðar kr. í nýfjárfestingar. Einnig er rétt að benda á, sem er mjög mikilvægt, að með húsbréfakerfinu er hægt markvisst að afnema kaupskyldu lífeyrissjóðanna sem skyldar þá til þess að láta 55% af ráðstöfunarfé sínu til húsnæðiskaupa.

Þar sem ég hef haldið því hér fram að þetta taki ekki fjármagn frá atvinnulífinu vil ég benda á það sem fram kemur í umsögn Þjóðhagsstofnunar um þetta mál, en þar segir, með leyfi forseta:

„Lögin skylda lífeyrissjóðina nánast til að verja 55% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á skuldabréfum Húsnæðisstofnunar, en ráðstöfunarfé sjóðanna á þessu ári er metið um 16,1 milljarður kr. Þótt á móti þessu hafi komið minnkandi lánveitingar til sjóðfélaga hefur mjög auknum hluta ráðstöfunarfjár lífeyrissjóðanna verið þannig beint til fjármögnunar húsnæðis. Þetta fé hefur þar með verið tekið af hinum almenna fjármagnsmarkaði og leitt þar til vaxtahækkunar en útlánsvextir Húsnæðisstofnunar eru hins vegar fastir."

Ég tel einmitt að það fyrirkomulag sem við búum við núna, þar sem veruleg binding á ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna er inn í húsnæðiskerfið, hafi einmitt tekið fjármagn frá atvinnulífinu auk þess sem fólk þarf að leita inn í bankana með verulega fyrirgreiðslu til þess að geta keypt sér íbúð þar sem ekki nema hluti þess fæst lánaður gegnum Húsnæðisstofnun ríkisins. Ég tel að það sé mjög mikilvægur þáttur í húsbréfakerfinu að það stuðlar að aukinni innri fjármögnun fasteignaviðskipta, þ.e. að seljendur lána verulegan hluta í sinni íbúðareign gegn ríkistryggðum húsbréfum sem síðan ganga upp í næstu íbúðaskipti. Það að íbúðaeigendur taka í auknum mæli þátt í fjármögnun fasteignaviðskipta er sérstaklega mikilvægt hér á landi vegna þess að hrein eign í íbúðarhúsnæði er óvenjulega mikil. Þeir sem á tímum óverðtryggðra lána áttu kost á mikilli eignamyndun í eigin húsnæði geta með húsbréfakerfinu tekið þátt í að fjármagna fasteignamarkaðinn. Húsbréfakerfið opnar þannig leið út úr vítahring stöðugt hækkandi útborgunarhlutfalls og dregur úr lánsfjárþörf vegna íbúðakaupa.

Ég vil einnig nefna að húsbréfakerfið gæti opnað möguleika fyrir aldraða og auðveldað þeim íbúðaskipti. Á ég þar við fjármögnun þjónustuíbúða fyrir aldraða. Húsbréfin eru t.d. mjög fýsilegur kostur til sparnaðar fyrir þá sem eru að minnka við sig.

Þegar þeim áfanga er náð að húsbréfakerfið nái til nýrra og notaðra íbúða verða lánveitingar hins opinbera í almenna húsnæðiskerfinu óþarfar og munu framlög ríkisins til húsnæðismála þá geta runnið til fjármögnunar félagslega íbúðalánakerfisins og til greiðslu vaxtabóta. Verður að ætla að með slíkri breytingu sé hið opinbera miklu betur í stakk búið til þess að auka við félagslegar íbúðabyggingar og styðja betur við bakið á því heldur en nú er. Mikilvægt er einnig að með upptöku húsbréfakerfisins mun skapast grundvöllur til að afnema kaupskyldu lífeyrissjóðanna nema þá til félagslegra íbúða og geta lífeyrissjóðirnir því ákvarðað sjálfir hvar þeir ávaxta sitt fjármagn, en ætla má líka að lífeyrissjóðirnir geti orðið aðili að kaupum á húsbréfum.

Auk þeirra kosta sem því fylgja að afnema kvaðir á lífeyrissjóðina má nefna þann kost á húsbréfakerfi að lánsréttur verður alls óháður lífeyrisrétti fólks, en það hefur skapað margvíslega erfiðleika og misrétti í húsnæðiskerfinu. Í umsögn BHMR er einmitt bent á mikilvægi þess fyrir félaga í BHMR að lánsréttur sé ekki bundinn lífeyrisrétti fólks, en það hefur skapað margvíslega erfiðleika fyrir námsmenn. Með upptöku á húsbréfakerfinu yrði þarna veruleg breyting á að því er námsmenn varðar.

Í frv. er gert ráð fyrir að húsbréfadeildin leiti samninga við almennar lánastofnanir svo sem banka og sparisjóði um að annast skuldabréfaskiptin og mat á greiðslugetu íbúðakaupenda. Jafnframt er ráð fyrir því gert að deildin geti falið sérstökum trúnaðarmönnum sínum að annast mat á viðkomandi húseignum. Kostir þessa eru ótvíræðir því að lánaviðskiptin færðust þá í viðkomandi lánastofnun sem íbúðakaupandi hefði almennt viðskipti við. Þetta fyrirkomulag yrði sérstaklega til hagsbóta fyrir íbúa á landsbyggðinni sem hafa að jafnaði þurft að sækja alla þjónustu húsnæðislánakerfisins til Reykjavíkur.

Ég nefndi það áðan að húsbréfakerfið grundvallaðist á því að fjármagna íbúðakaup sem eiga sér stað í beinum tengslum við fasteignaviðskipti. Það er

einmitt verulegur ágalli á núverandi lánakerfi að það er ekki tengt raunverulegum fasteignaviðskiptum heldur byggir á úthlutun lánsloforðanna fram í tímann. Reynslan hefur sýnt að þetta fyrirkomulag magnar spennuna á fasteignamarkaðnum og hefur í för með sér miklar sveiflur í þróun fasteignaverðs. Jafnframt hefur þetta fyrirkomulag leitt til sölu á lánsloforðum með miklum afföllum. Einnig er það staðreynd að íbúðir með nýlegum húsnæðislánum sem koma í endursölu eru seldar á yfirverði á fasteignamarkaðnum. Til eru dæmi um að íbúðir hækki í verði um allt að 300–400 þús. af þeim sökum.

Í umræðunni um húsbréfakerfið hafa verið í gangi mjög villandi fullyrðingar um að húsbréfakerfið leiddi til verulegrar hækkunar á greiðslubyrði fólks og að húsbréfin muni sæta verulegum afföllum. Þessi tvö atriði, virðulegi forseti, vil ég nú taka til stuttrar umfjöllunar áður en ég geri grein fyrir helstu atriðum í einstökum greinum frv.

Það er mikilvægt að við samanburð á núgildandi vöxtum í húsnæðiskerfinu og því vaxtastigi sem kann að verða í húsbréfakerfinu sé það haft í huga að fólk þarf að taka verulegan hluta af íbúðaverðinu gegnum dýr skammtímalán í bönkum. Það er alveg ljóst af þeim athugunum sem fram hafa farið á greiðsluerfiðleikalánum, sem verið hafa við lýði síðan 1985 og nema nú á þriðja milljarð kr., að þörfin fyrir þau er að verulegu leyti tilkomin vegna þess að fólk hefur ekki ráðið við þá skammtímafjármögnun sem það þarf að leita með í bankakerfið. Þar eru vextirnir sem þetta fólk hefur þurft að greiða oft kannski á bilinu 8–10%. Útreikningar benda til þess að ekki sé fráleitt að ætla að meðalvextir á skuldum íbúðakaupenda hafi t.d. undanfarin tvö ár verið í raun á bilinu 6–7% þegar tillit er tekið til þessa. Þegar verið er að meta og gera greiðslusamanburð á húsbréfakerfi og núverandi kerfi er gjarnan horft til þeirra lágu vaxta sem nú eru í húsnæðislánakerfinu, eða 3,5%, en menn gleyma oft hve stór hluti það er sem fólk þarf að leita með í bankakerfið. En einmitt fyrstu fimm árin í húsbréfakerfinu er samanburðurinn miklu hagstæðari húsbréfakerfinu, greiðslubyrðin er þar miklu léttari fyrir fólk vegna þess að nú fær fólk lánað 65% hjá seljendum og þarf að leita með miklu minni hluta af sínum lánum í bankana.

Í dæmi sem reiknað hefur verið út og þar sem tekið hefur verið tillit til húsnæðisbóta í núverandi kerfi og vaxtabóta í húsnæðiskerfi kemur í ljós í samanburði á íbúð sem kostar 5,2 millj. hjá fólki sem hefur 2 millj. í árstekjur og er með eigið framlag um 800 þús. að greiðslubyrðin fyrstu fimm árin í húsbréfakerfinu eru miklu léttari heldur en í núgildandi kerfi. Sem dæmi vil ég nefna að fyrsta árið í núgildandi kerfi er greiðslubyrði hjá fólki um 551 þús. en í húsbréfakerfi 315 þús., annað árið 441 þús. í núgildandi kerfi og 292 þús. í húsbréfakerfi. Þannig er þetta fyrstu fimm árin sem greiðslubyrðin er miklu léttari í húsbréfakerfinu og síðan jafnar það sig í núgildandi kerfi ef fólk á annað borð getur þá klofið þau skammtímalán sem það þarf að taka til húsnæðisöflunar.

Ég vil þessu næst, virðulegi forseti, víkja að því sem haldið hefur verið fram um húsbréf og afföll því tengd. Því hefur verið haldið fram að mikil afföll verði á húsbréfum við sölu þeirra. Ólíklegt verður að telja að svo verði. Ég vil benda á þrjú atriði því til staðfestingar:

1. Húsbréfin eru ríkistryggð, verðtryggð skuldabréf með föstum vöxtum. Þau eru sambærileg við spariskírteini ríkissjóðs en lánstími þeirra verður lengri.

2. Húsbréfadeildin mun beita sér fyrir opinberri verðskráningu húsbréfanna og leita eftir samstarfi við lánastofnanir og lífeyrissjóði um viðskipti með húsbréfin.

3. Byggingarsjóður ríkisins og Seðlabanki Íslands verða viðskiptavakar fyrir húsbréfin og munu sjá til þess að þau verði ávallt hægt að selja. Hlutverk þeirra er einnig að gæta jafnvægis í framboði og eftirspurn á markaðnum.

Reikna má með að húsbréfin muni seljast á svipuðum vöxtum og spariskírteini ríkissjóðs þegar tekið er tillit til mismunandi lánstíma. Fullyrðingin um að húsbréfin muni seljast með afföllum er að hluta til byggð á misskilningi. Þegar fasteignaviðskipti eiga sér stað er það seljandi sem tekur við húsbréfum sem greiðslu á hluta íbúðarverðs og hann tekur við húsbréfunum á því gengi sem þau hafa á markaðnum þegar viðskiptin eiga sér stað. Verð húsbréfanna eða gildi þeirra verður ávallt skráð opinberlega og því liggur alltaf fyrir hvert verðmæti þeirra er. Ef seljandi selur húsbréfin strax eftir að fasteignaviðskipti hafa átt sér stað sætir seljandinn engum afföllum. Ef hann á húsbréfin gætu vextir auðvitað breyst og er þá um að ræða að þeir gætu ýmist hækkað eða lækkað. Ef vextirnir hafa lækkað, þá hagnast eigandi bréfanna, ef þeir hafa hækkað þá tapar hann.

Það er nauðsynlegt að það sé haft í huga líka að hér er um ríkistryggð örugg skuldabréf að ræða sem verða opinberlega skráð, sem hafa sambærilega stöðu og spariskírteini ríkissjóðs. Aldrei hef ég heyrt talað um að spariskírteini ríkissjóðs væru neitt sérstakt fóður fyrir gráa markaðinn eins og orðað er um húsbréfin. En það eru einmitt lánsloforðin sem hafa gengið kaupum og sölum á gráa markaðnum. Það tel ég nauðsynlegt að menn hafi í huga.

Lánsloforðin eru til tiltölulega stutts tíma, kannski eins eða tveggja ára, og þar hafa afföllin verið um 15–20%. Ég held að sá öryggisventill sem er í húsbréfakerfinu, að Seðlabanki Íslands og Byggingarsjóður ríkisins eru ávallt kaupaðilar að þessum bréfum og skrá daglega gengi þeirra, sé veruleg trygging fyrir öryggi húsbréfanna. Einnig hitt að viðskiptaaðilum, t.d. verðbréfamiðlurum, er óheimilt að láta fara fram viðskipti sem eru í ósamræmi við það gengi sem er opinberlega skráð á bréfunum og hafa þær skyldur að koma á framfæri opinberlega slíku kaup- og sölutilboði. Það er auðvitað ljóst að sá sem þarf að losa sig við húsbréf mundi aldrei selja gráa markaðnum eða verðbréfamiðlurum það á gengi undir því sem hann gæti fengið hjá Seðlabanka

og Húsnæðisstofnun eða Byggingarsjóði ríkisins sem eru ávallt kaup- og söluaðilar að slíkum bréfum. Þetta tel ég vera mikilvægt atriði og hlýtur að vera brýnt að þingmenn haldi einnig til haga þegar þeir gera upp afstöðu sína til húsbréfa.

Ég vil fara nokkrum orðum um þá gagnrýni að húsbréfin skuli vera ríkistryggð. Mér finnst að menn líti fram hjá þeirri staðreynd í þeirri umræðu að öll útlán húsnæðislánakerfisins núna eru ríkistryggð og heildarútlán byggingarsjóðanna um síðustu áramót námu tæplega 49 milljörðum kr. Öll þessi útlán eru núna ríkistryggð. Og menn spyrja: Tekur þá ríkissjóður verulega áhættu með þessu? Ég held að það þurfi ekki að hafa af því áhyggjur og bendi á í því sambandi að um síðustu áramót þegar útlánin voru tæpir 49 milljarðar, þá voru ógreidd gjaldfallin árgjöld til Byggingarsjóðs ríkisins um 632 millj., eða rúmlega 1% af útlánunum. Og þar er alls ekki endilega um útlánatöp að ræða þó að um sé að ræða kannski tímabundin vanskil. Ég minni líka á það að öll útlán ríkisbankanna bera ríkisábyrgð. En sérstaklega vil ég líka biðja hv. þm. að halda því til haga þegar rætt er um þá áhættu sem ríkissjóður tekur af því að hér sé um ríkisábyrgð að ræða að bæði er um verulega dreifða áhættu að ræða og eins minni ég á það að heildarútlán byggingarsjóðanna bera núna ríkisábyrgð og eru um síðustu áramót hvorki meira né minna en tæplega 49 milljarðar og óverulegur hluti af því er í vanskilum.

Ég held, virðulegur forseti, að það sé óhjákvæmilegt að fara nokkrum orðum um frumvarp sem hér hefur verið lagt fram um tekjuskatt og eignarskatt sem tengist þessu frv. og felur í sér eina af meginforsendum þess að hægt sé að koma á húsbréfakerfi en það er að breyta um fyrirkomulag á þeirri vaxtaniðurgreiðslu sem gilt hefur. Stuðningur hins opinbera vegna vaxtaniðurgreiðslna fer nú fram eftir þremur leiðum:

Í fyrsta lagi eru greiddar húsnæðisbætur til þeirra sem kaupa íbúðir í fyrsta skipti. Þær eru greiddar í sex ár og eru nú um 50 þús. kr. á einstakling, en hjón fá tvöfalt. Húsnæðisbætur eru óháðar tekjum eða eignum umsækjenda.

Í öðru lagi er heimilt til bráðabirgða í sex ár að þeir sem nýttu sér vaxtafrádrátt í gamla skattakerfinu til skattaafsláttar haldi honum áfram.

Í þriðja lagi er svo um að ræða niðurgreiðslu vaxta hjá Húsnæðisstofnuninni.

Í heild er áætlað að stuðningur hins opinbera eftir þessum þremur leiðum nemi um 1200–1500 millj. kr. á verðlagi 1988.

Samhliða húsbréfakerfinu er lagt til að teknar verði upp svokallaðar vaxtabætur sem leysa af hólmi öll þessi þrjú form og til þess verði varið sambærilegri upphæð og nú fer í vaxtaniðurgreiðslu, húsnæðisbætur og vaxtaafslátt í núgildandi kerfi, eða um 1200–1500 millj. kr. Vaxtabæturnar taka mið af vaxtabyrði heimilanna vegna íbúðarkaupa en skerðast við vaxandi tekjur og eignir. Ég vil leggja áherslu á það að vaxtabótakerfið er því mun sveigjanlegra en núverandi fyrirkomulag og lagar sig auðveldlega að breytingum á tekjum og eignum í lífshlaupinu. Veigamest er þó að með þessu er fyrirgreiðslu hins opinbera stefnt til þeirra hópa sem mesta þörf hafa fyrir opinbera fyrirgreiðslu í stað þeirrar ómarkvissu stýringar sem nú er. Þessar vaxtabætur miða að því að greiða vaxtakostnað láglauna- og miðlungstekjuhópa niður í um 2% raunvexti.

Í stuttu máli er vaxtabótakerfið þannig uppbyggt að öllum er gert að bera tiltekinn hluta vaxtagjalda eða sem svarar til 5% af tekjuskattsstofni einstaklinga eða samanlögðum tekjuskattsstofni hjóna. Skal sú fjárhæð þannig reiknuð dregin frá frádráttarbærum vöxtum vegna húsnæðislána. Að auki skulu vaxtabætur skerðast fari eignarskattsstofn einstaklinga yfir 1700 þúsund og síðan falla þær alveg út hjá einstaklingi ef eignarskattsstofn hans, þ.e. skuldlaus eign, er komin yfir 3,4 millj. kr. Á sama hátt skulu vaxtabætur byrja að skerðast hjá hjónum fari skuldlaus eign þeirra yfir 3,4 millj. og síðan falla vaxtabæturnar alveg niður þegar skuldlaus eign er orðin 6,8 millj. kr.

Ég taldi mig þurfa að koma í örfáum orðum inn á þennan þátt málsins þó ákvæði þessi séu í öðru frv. sem flutt er af hæstv. fjmrh. En í því frv. er um að ræða veigamiklar undirstöður fyrir húsbréfakerfið.

Áður en ég vík frá þeim þætti þá vil ég undirstrika það að ég tel að með því að taka upp það vaxtabótakerfi sem ég hef hér lýst séum við að stýra aðstoð hins opinbera til jöfnunar á húsnæðiskostnaði í miklu réttlátari farveg til þeirra sem nauðsynlega þurfa á því að halda og það mun tvímælalaust nýtast best miðlungs- og lágtekjufólki.

Ég hef eytt hér þó nokkrum tíma í það að fara yfir húsbréfakerfið og talið mig þurfa að eyða nokkrum tíma í þau atriði sem mjög villandi frásagnir hafa komið af í umræðunni eins og t.d. um afföll af húsbréfum og skuldabyrði í húsbréfakerfinu. Ég vona að mér hafi að nokkru leyti tekist að varpa skýrara ljósi á eðli húsbréfakerfisins og hvers af því megi vænta. Ég tel að í því felist margir kostir ekki síst fyrir íbúðarkaupendur og húsbyggjendur svo og peninga- og lánamarkaðinn í heild sinni, raunar meiri en margir hafa gert sér grein fyrir.

Að lokum ætla ég að fara yfir helstu atriði einstakra greina frv.

Í 1. gr. frv. er ákvæði sem heimilar lífeyrissjóðunum að fullnægja samningsbundnum skuldabréfakaupum af Húsnæðisstofnun ríkisins að hluta með húsbréfum. Hér er um að ræða mikilvægt ákvæði því nauðsynlegt er að lífeyrissjóðirnir hafi fjárhagslegt svigrúm til að taka þátt í húsbréfakaupum. Í fyrstu er stefnt að því að lífeyrissjóðirnir gætu fullnægt kaupskyldu sinni með því að verja 10% af 55% til kaupa á húsbréfum eða um 1,7 milljörðum kr. miðað við ráðstöfunarfé sjóðanna 1989. Ætla má að þegar fram í sækir sé smám saman hægt að minnka kaupskylduna en eðlilegast væri að þrepa hana niður í áföngum. Nefndin sem samdi þetta frv. lagði einnig til að þær úthlutunarreglur sem nú gilda í núgildandi kerfi yrðu

nokkuð þrengdar frá því sem nú er samhliða því að tekið yrði upp húsbréfakerfi. Þessi ákvæði voru felld úr frv. við meðferð málsins í Nd. og því óþarfi að fara um þau mörgum orðum. Ég vil þó geta þess að megintillagan þar var að lán til einhleypra yrði 67% af lánsupphæð til hjóna eða sambýlisfólks en í gildandi ákvæði fá einhleypir sömu lánsupphæð og hjón.

Í öðru lagi gerði tillagan ráð fyrir að lán til umsækjenda sem eiga íbúð fyrir nemi 49% af láni til þeirra sem væru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn án tillits til þess hvort umsækjandinn er að byggja eða kaupa notaða íbúð.

Þriðja tillagan var að lagt er til að auk þess sem heimilt er nú að skerða lán eða breyta lánskjörum ef menn eiga fullnægjandi íbúð, en ákvæði um það var fellt inn í húsnæðislögin fyrir ári síðan, þá var lagt til að tekin yrði upp sams konar heimild ef umsækjendur eiga álíka mikla eign þó hún felist ekki í íbúðarhúsnæði. Þetta tel ég að hafi verið rangtúlkað mjög í umfjöllun málsins eftir að þessi ákvæði féllu niður úr frv. við meðferð málsins í Nd. Og þó að Kvennalistinn sé fullfær um að verja sig sjálfur þá tel ég að ómaklega hafi verið ráðist að honum fyrir það að hann, með því að stuðla að því að þessi ákvæði féllu úr, vildi ekki skerða réttindi stóreignamanna. Þessi ákvæði standa eftir sem áður inni í frv. Eina breytingin sem felld var úr við meðferð málsins í Nd. var að það væri tekin upp sams konar heimild ef umsækjendur eiga álíka mikla eign þó hún felist ekki í íbúðarhúsnæði, þ.e. þá mætti einnig skerða lánsrétt þeirra.

4. gr. frv. felur í sér meginbreytinguna, þ.e. að tekin verði upp húsbréfaskipti. Kveðið er á um nýjan kafla í lögunum um Húsnæðisstofnun ríkisins undir heitinu „Húsbréfaviðskipti" sem fjallar um verkefni sérstakrar húsbréfadeildar í Byggingarsjóði ríkisins. Yfirstjórn húsbréfadeildar verði í höndum húsnæðismálastjórnar, en lagt er til að sérstakur forstöðumaður fari með daglega stjórn deildarinnar og hafi umsjón með fjárhag hennar, en í c-lið 3. gr. er kveðið á um að fjárhagur húsbréfadeildarinnar skuli aðskilinn frá öðrum þáttum í starfsemi Byggingarsjóðs ríkisins.

Í d-lið 3. gr. er fjallað um hlutverk húsbréfadeildar. Verkefni húsbréfadeildar Byggingarsjóðs ríkisins í sérhverju lánstilviki fyrir sig verða fyrst og fremst þessi: 1. Að meta veðhæfni þeirrar fasteignar sem standa á að veði fyrir fasteignaveðbréfum. 2. Að meta greiðslugetu skuldara fasteignaveðbréfa.

Frá þessum tveim atriðum sem ég hef hér nefnt, að meta veðhæfni fasteignarinnar og greiðslugetu skuldara fasteignaveðbréfsins, er gengið áður en Byggingarsjóður ríkisins samþykkir að skipta á fasteignabréfum og húsbréfum. Þetta er mjög mikilvægt öryggisatriði fyrir Byggingarsjóð ríkisins.

Tilgangur þessa ákvæðis, að meta greiðslugetu skuldara fasteignaveðbréfs, er fyrst og fremst sá að tryggja að húsbréfadeildin kaupi ekki fasteignaveðbréf þar sem ljóst má vera frá upphafi að skuldari, að teknu tilliti til tekna og annarra þátta svo sem eigna og skulda, muni ekki geta staðið við væntanlega greiðslubyrði. Ef veð er ekki fyrir hendi eða líklegt er talið að skuldari rísi ekki undir þeirri greiðslubyrði sem fyrirsjáanleg er getur húsbréfadeildin synjað um skuldabréfaskipti. Mikilvægt er að stofnunin kynni vel þær viðmiðunarreglur sem hún beitir í þessu skyni.

Í þriðja lagi þarf að meta markaðsverð fasteignaveðbréfs og húsbréfs með tilliti til markaðsvaxta. Mikilvægt væri að húsbréfadeildin hefði forgöngu um útgáfu staðlaðra veðbréfa í fasteignaviðskiptum þar sem vextir, lánstími og verðtryggingarákvæði væru þau sömu og á húsbréfum. Húsbréfadeildin getur einnig falið lánastofnunum að meta greiðslugetu skuldara fasteignaveðbréfs og meta kaupverð veðbréfsins miðað við tiltekna ávöxtunarkröfu.

Í fjórða lagi er hlutverk húsbréfadeildar að innheimta endurgreiðslur af fasteignaveðbréfum sem húsbréfadeildin hefur skipt á fyrir húsbréf. Önnur verkefni húsbréfadeildar eru að inna af hendi endurgreiðslur af húsbréfum, gera reglubundnar áætlanir um inn- og útborganir vegna kerfisins og ekki síst er það hlutverk húsbréfadeildar Byggingarsjóðs ríkisins ásamt Seðlabanka að ábyrgjast að alltaf sé markaður fyrir húsbréf, þ.e. að þau séu jafnan seljanleg á því verði sem auglýst er, og að greiða fyrir viðskiptum á markaðnum m.a. með því að auglýsa ávallt á hvaða verði húsbréfadeildin og Seðlabankinn séu reiðubúin að kaupa bréfin og selja þau.

Þau atriði sem ég hef hér lýst koma fram í d-, e-, f-, g- og h-lið 4. gr. frv. Í i-lið sömu greinar kemur fram að skuldurum fasteignaveðbréfa sé heimilt að greiða aukaafborganir eða endurgreiða þau að fullu hvenær sem er á lánstímanum. Í 4. gr. k er gert ráð fyrir að hámarkslánstími fasteignaveðbréfa verði ákveðinn 25 ár, en ráðherra heimilað að ákveða nánar lánstíma einstakra lánaflokka. Í l-lið 4. gr. er fjallað um ákveðið hámark á fjárhæð þeirra fasteignaveðbréfa sem húsbréfadeildin kaupir. Kveðið er á um að fasteignaveðbréfin megi ekki vera hærri en 65% af matsverði eignarinnar að teknu tilliti til áhvílandi skulda á eigninni. Húsbréfadeildin setur reglur um matsverð og skal þá taka mið af markaðsverði, brunabótamati og byggingarkostnaði. Jafnframt er kveðið á um heimild ráðherra til að ákveða hámarksfjárhæð fasteignaveðbréfs sem húsbréfadeildin kaupir á hverjum tíma vegna einstakra fasteignaviðskipta. Sú viðmiðun sem nefnd hefur verið er að hámarkið verði 5,5 millj., sem jafngildi 65% af verðgildi eignar sem metin er á 8,4 millj. kr.

Í lokin er að finna í greinum n–s mikilvæg atriði sem lúta að öryggi húsbréfanna og tryggingu fyrir því að um sé að ræða bréf sem hafi í raun sömu stöðu á markaðnum og spariskírteini ríkissjóðs. M.a. er kveðið á um að húsbréfadeildin leiti eftir samstarfi við banka, lífeyrissjóði og aðra aðila á fjármagnsmarkaði í því augnamiði að tryggja greiðari sölu húsbréfa á markaði. Jafnframt er kveðið á um að Byggingarsjóði ríkisins sé heimilt að ráðstafa hluta af fjárráðum sínum til viðskipta með húsbréf ef þörf er

til að ná jafnvægi á markaðnum. En eins og áður er getið á húsbréfadeild ávallt að vera með kaup- og sölutilboð í húsbréf og stuðla með því að jafnvægi á markaðnum. Húsbréfadeildin á einmitt að beita sér fyrir skráningu húsbréfaflokka og opinberra verðbréfa og sjá um að daglega liggi fyrir upplýsingar um kaup- og sölugengi húsbréfa.

Mikilvægt atriði er að fjallað er um mjög strangar skyldur verðbréfamiðlara sem versla með húsbréf. Má m.a. nefna að þeim ber skylda til að upplýsa kaupendur og seljendur húsbréfa um nýjasta viðskiptaverð húsbréfa. Jafnframt er sett sú skylda á verðbréfamiðlara að gera opinbert tilboð í húsbréf sem er utan þeirra marka sem þekkt eru á markaðnum. Hér er um mjög mikilvægt atriði að ræða sem í raun tryggir öryggi húsbréfanna, því viðskiptaaðilum er óheimilt að láta fara fram viðskipti sem eru í ósamræmi við auglýst kaupgengi á hverjum tíma án þess að kynna verðbréfaþingi fyrst slík kaup- eða sölutilboð.

Kveðið er á um að húsbréf verði skattfrjáls eins og spariskírteini ríkissjóðs. Talið er að heppilegt sé að fyrst um sinn gildi sömu ákvæði um skattalega meðferð húsbréfa og spariskírteina og bankainnlána. Það þýðir að fyrst um sinn verða húsbréf eignar- og tekjuskattsfrjáls. Þetta skapar grundvöll fyrir því að ávöxtun húsbréfa verði sambærileg og spariskírteina að teknu tilliti til lánstíma.

Í 5. gr. er lagt til að lögin öðlist gildi 1. sept. 1989, en í meðferð Nd. hefur þessu ákvæði verið breytt og gildistakan áætluð 15. nóv. 1989. Meginástæður þessa ákvæðis eru að nokkurn tíma þarf til þess að koma húsbréfadeildinni á laggirnar og kynna vel húsbréfin fyrir almenningi og viðkomandi aðilum þannig að vel verði staðið að allri framkvæmd og undirbúningi málsins.

Í lokin eru svo þrjú ákvæði til bráðabirgða.

1. Fyrstu sex mánuði eftir gildistöku laganna fái þeir eingöngu afgreiðslu í húsbréfadeildinni sem lagt hafa inn umsókn fyrir 15. mars 1989.

2. Ákvæði um að heimild til að skipta á húsbréfum og veðskuldabréfum vegna nýbygginga sé fyrst heimilt að beita að ári liðnu frá gildistöku laganna.

3. Lagt er til að á tveim árum eftir gildistöku laganna verði gerð úttekt á framkvæmd þeirra.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð núna þegar ég mæli fyrir þessu frv., en ég vil leyfa mér að óska eftir því í lokin að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Ég bið forláts á meðan ég kem gögnunum fyrir á borðinu, ég er reyndar ekki viss um hvort ég kem þeim öllum fyrir.

Virðulegur forseti. Ég hef lagt mikla vinnu í það að setja mig inn í húsbréfakerfi, bæði húsbréfakerfi nágrannalandanna og það húsbréfakerfi sem hér liggur fyrir hinu háa Alþingi.

Nú er það svo að á föstudaginn var stóð til að þessi umræða hæfist og hafði ég hugsað mér að flytja hér ítarlega ræðu, reyndar að tala a.m.k. tvisvar við 1. umr. til þess að miðla alþingismönnum í hv. Ed. að nokkru þeim fróðleik sem hér liggur fyrir í þessum gögnum. Um það náðist samkomulag að við mundum reyna að stytta þessa umræðu gegn því að henni yrði frestað fram til dagsins í dag, þ.e. 1. umr. málsins. Mun ég að sjálfsögðu standa við það samkomulag sem þá var gert og reyna að takmarka mína ræðu, þ.e. geyma þá væntanlega eitthvað af þeim fróðleik sem hér er saman kominn til 2. og 3. umr. málsins.

Ég tel engu að síður nauðsynlegt að þetta mál fái mjög ítarlega umfjöllun í hv. Ed., ekkert síður en það fékk í hv. Nd. því þetta er það mikilvægt og stórt mál sem hér er á ferðinni að það er algerlega fráleitt að við notum ekki allan þann tíma sem við þurfum til þess að setja okkur eins rækilega inn í þetta mál og framast er unnt. Hér er um mikið alvörumál að ræða. Öll mistök sem hér munu eiga sér stað geta orðið okkur dýrkeypt og reyndar er stór hætta á því að við séum kannski að stíga hér spor sem gæti haft alvarlegar afleiðingar á fjármagns- og peningamörkuðum þjóðarinnar.

Nú verð ég að segja eins og er að ég efast ekki um vilja hæstv. félmrh. til þess að koma á umbótum í húsnæðismálum þjóðarinnar. Ég held að ég geti sagt það hér, og er viss um að fleiri hv. þm. eru mér sammála, að hæstv. félmrh. hefur sýnt húsnæðismálum meiri áhuga en velflestir þingmenn sem eiga sæti á hinu háa Alþingi. Ég efast ekki um vilja hæstv. ráðherrans til þess að láta gott af sér leiða í því embætti sem hún nú gegnir að koma einhverjum skikk á húsnæðislánamál þjóðarinnar sem eru búin að vera í hálfgerðum lamasessi eins lengi og ég man eftir mér. Hins vegar er það ekki það sama og að ætla sér að keyra hér í gegn mjög flókið mál og viðamikla breytingu á húsnæðislánalöggjöfinni með þeim gauragangi sem verið hefur í kringum þetta mál a.m.k.

Sérstaklega vil ég vekja athygli á því að það er nauðsynlegt og nánast algjört grundvallaratriði, þegar við erum að gera jafnviðamikla breytingu á húsnæðislánalöggjöfinni og hér er lagt til, að samkomulag og friður sé meðal stærstu launþegahreyfinga landsins og nánast allra þeirra sem þetta mál varðar. Bæði launþegahreyfingarnar, vinnuveitendur og fleiri hagsmunahópar í þjóðfélaginu verða að vera sæmilega sammála um þær breytingar sem lagðar eru til á húsnæðislánalöggjöfinni. Ef svona mál er keyrt í gegn gegn vilja stórra hagsmunahópa í þjóðfélaginu og í beinni andstöðu við, næst ekki sá friður sem þarf að ríkja í sambandi við húsnæðislánamál og húsnæðismál landsmanna. Þetta er lykilatriði, þetta er grundvallaratriði.

Því þarf að sjálfsögðu að undirbúa allar meiri háttar kerfisbreytingar á húsnæðismálum okkar mjög vandlega. Ég hefði því talið eðlilegt að sú breyting sem hér er lögð til hefði verið vandlega ígrunduð nú í sumar og tekin síðan aftur upp næsta haust. Ég hefði talið skynsamlegt að sýna þetta frv. á þinginu hér í

vetur en leggja það síðan aftur fyrir næsta haust. Leyfa þjóðinni að melta þetta mál og fá fram þær breytingar sem menn verða sammála um þannig að næsta haust hefði væntanlega verið hægt að leggja þetta frv. fram á nýjan leik þá með þeirri samstöðu sem ég tel algerlega nauðsynlega til þess að áfram ríki friður um húsnæðismál þjóðarinnar.

En ég vil ítreka það að ég efast ekki um góðan vilja hæstv. ráðherra. Kannski má varpa fram ýmsum spurningum í þá veru hvort hæstv. ráðherra og/eða embættismennirnir, sem hér hafa verið að verki, hafi skilið nægjanlega vel þá grundvallarhugmynd sem hér liggur að baki.

Áður en ég geri tilraun til þess að reyna að skýra út málið eins og það blasir við frá mínum bæjardyrum séð, þá langar mig til þess að spyrja hæstv. félmrh. nokkurra spurninga. Það er í fyrsta lagi varðandi samkomulag það sem hæstv. félmrh. gerði við Kvennalista um stuðning Kvennalista við framgang þessa máls. Í fjölmiðlum hefur verið rætt um að þessi stuðningur hafi kostað 600 millj. kr., þ.e. 100 millj. kr. fyrir hvern þingmann Kvennalistans, og skyldi þessum fjármunum varið til þess að byggja félagslegar íbúðir, þ.e. til þess að efla félagslega íbúðakerfið. Út af fyrir sig er ég mjög sammála öllum þeim aðgerðum sem mega verða til þess að efla félagslega íbúðakerfið. Nú er það svo að samkvæmt fjárlögum 1989 skal varið 150 millj. kr. til nýframkvæmda hvað varðar félagslegar íbúðir. Nú er mér tjáð, og ég vildi gjarnan fá skýringar hæstv. ráðherra á því, að þessum 150 millj. kr. muni sennilega verða varið til þess að halda áfram nýframkvæmdum sem voru þegar hafnar á árinu 1988. Þá langar mig líka til að spyrja hæstv. félmrh. um það samkomulag sem var gert milli Alþýðusambands Íslands og hæstv. ríkisstjórnar í tengslum við nýgerða kjarasamninga en þar er því lofað að byggðar verði 200 íbúðir í félagslega íbúðakerfinu. Lætur nærri að þar þurfi að koma til fjármagn upp á einar 800–900 millj. kr. Þá langar mig enn fremur til að spyrja hæstv. félmrh.: Eru þær 600 millj. sem Kvennalistanum voru lofaðar til framkvæmda í félagslega íbúðakerfinu inni í þessum 800–900 millj. kr. sem var lofað í tengslum við þetta samkomulag sem var gert við Alþýðusamband Íslands? Er verið að kaupa bæði Kvennalista og Alþýðusamband Íslands fyrir sömu fjármuni?

Það er búið að tala mikið um „gamla" húsnæðislánakerfið, gamla innan gæsalappa því það er nú ekki eldra en svo að það er aðeins orðið tæpra þriggja ára gamalt. Samkomulag það sem var gert við einmitt Alþýðusamband Íslands og launþegahreyfinguna árið 1986 varð til þess að húsnæðislöggjöfinni var breytt og það kerfi í húsnæðislánamálum sem við nú búum við varð til. Það hefur verið gagnrýnt mjög, einkum hvað varðar langar biðraðir sem hafa myndast í kerfinu, sem er kannski ofur eðlilegt þegar horft er til þess að um er að ræða hagstæð lán með niðurgreiddum vöxtum sem öllum þeim sem eru félagar í einhverjum lífeyrissjóði, sem hefur gert samkomulag við Húsnæðisstofnun ríkisins um að kaupa skuldabréf af stofnuninni, er boðið upp á.

Ýmsar spurningar hafa vaknað, sérstaklega núna á síðustu mánuðum um það hvernig sé með þessar biðraðir í raun. Svo er að heyra að talsmenn Húsnæðisstofnunar og talsmenn félmrn. með hæstv. félmrh. í broddi fylkingar hafi reynt með öllum ráðum að láta líta svo út að þessar biðraðir séu að stækka og lengjast og það sé raunverulega um það að ræða að „gamla" kerfið sé hrunið. Nú hafa þær upplýsingar fengist kannski frá öðrum aðilum að það megi setja stórt spurningarmerki við það hvað þessi biðröð sé í reynd löng. Á það hefur verið bent að frá því að gamla húsnæðislánakerfið var tekið upp á árinu 1986 hafi borist rúmlega 17 þús. umsóknir að mig minnir til febrúarloka 1989. Þar af er búið að afgreiða um 7000 umsóknir með lánsloforðum og reyndar búið að afgreiða lán til rúmlega 7000 aðila í þessari löngu og stóru biðröð en talið að um 10 þúsund manns muni nú bíða í biðröðinni. Þegar farið er betur ofan í þessa biðröð þá kemur í ljós að um veruleg afföll er að ræða því að það eru margir sem eru með tvö- eða jafnvel þrefaldar umsóknir í biðröðinni. Það eru margir lánsumsækjendur sem sækja bæði um hjá Byggingarsjóði verkamanna, þ.e. um lán til byggingar félagslegra íbúða, og sömuleiðis um lán í almenna húsnæðislánakerfinu. Síðan er þess að sjálfsögðu að gæta, þegar sótt um lán til kaupa á eldri íbúð, þá eru oft og tíðum áhvílandi á henni húsnæðislán sem koma þá til frádráttar þannig að mér hafa tjáð fróðir menn að biðröðin sé í reynd aðeins um 4000–5000 manns. Reyndar virðist allt benda til þess að biðröðin fari nú hægt og rólega minnkandi og það sé í reynd séð fyrir endann á þessari löngu biðröð. Með smáþolinmæði og með því kannski að beita núverandi húsnæðislöggjöf til hins ýtrasta megi losna við þessa biðröð á tiltölulega stuttum tíma.

Þá hafa mér borist upplýsingar um það að þessa stundina sé rúmlega milljarður kr. í sjóði hjá Húsnæðisstofnun ríkisins, þ.e. í Byggingarsjóði ríkisins og í Byggingarsjóði verkamanna. Ég vil því spyrja hæstv. félmrh.: Ef þetta er rétt, því er þessum peningum ekki nú þegar veitt út til húsnæðislána? Því eru ekki lánsloforð afgreidd hraðar en ella ef svona miklir fjármunir liggja inni í sjóði og bíða hreinlega eftir því að vera notaðir? Nú kann að vera að það eigi sér aðrar skýringar, en ég vildi gjarnan heyra svör hæstv. ráðherra við þessu.

Sá grunur læðist að manni að það sé vísvitandi verið að reyna að koma óorði á „gamla" húsnæðislánakerfið til þess að tryggja framgang þessa frv. sem liggur fyrir hinu háa Alþingi. Nú get ég að mörgu leyti tekið undir með þeim sem hafa gagnrýnt það húsnæðislánakerfi sem við höfum búið við sl. þrjú ár. Það er meingallað að minni hyggju og því mjög tímabært að fara vel ofan í saumana á húsnæðiskerfinu í heild sinni og gera á því gagngerar breytingar. Ég get þess vegna tekið undir með

hæstv. félmrh. að það er nauðsynlegt að stokka þetta kerfi upp og finna leið út úr þeim ógöngum sem við erum lengi búnir að vera í með húsnæðiskerfi þjóðarinnar. En ég tel að það hefði mátt hafa meiri aðdraganda og undirbúa þá breytingu eilítið betur.

Þá er annað atriði sem mig langar rétt til að koma inn á hérna í máli mínu, en það eru svokallaðir forgangshópar og víkjandi hópar. Nú er það rétt, og það kom fram reyndar í máli hæstv. ráðherra í framsögu hans með frv., að hv. Nd. felldi út úr frv. nokkrar tillögur til þess að skerpa á heimildum til handa húsnæðismálastjórn að skerða lánsrétt þeirra sem eru í svokölluðum víkjandi hóp, þ.e. þeir sem eiga ýmist íbúðir fyrir eða miklar eignir. Nú er það hárrétt að þetta gerðist nóttina sem þessi mál voru til umræðu í hv. Nd. og hef ég grun um að margir hv. þm. hafi ekki almennilega áttað sig á því hvað þá gerðist, þ.e. hverjar þær breytingar voru sem þar lágu fyrir og hvað af því leiddi að það var samþykkt tillaga þess efnis að fella þær í burtu. Eftir sem áður eru víðtækar heimildir til handa húsnæðismálastjórn að skerða lánsrétt þeirra sem eru í víkjandi hópum. En svo virðist sem þessar heimildir séu ekki notaðar eins og hægt er. Þannig skilst mér að það hafi verið verklagsregla sem hafi verið tekin upp hjá húsnæðismálastjórn fyrir rúmlega ári síðan að það skyldi vera um það bil hálfs árs munur á afgreiðslu lána til forgangshópa, þ.e. til þeirra sem eru í félagslega íbúðakerfinu og/eða þeirra sem eru að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð, og svo hinna sem eru í víkjandi hópunum, þ.e. þeirra sem eiga íbúðir fyrir eða eiga miklar eignir.

Nú er mér tjáð að það sé nánast ekki lengur neinn munur orðinn á í biðröðinni þannig að það sé farið að afgreiða lán til umsækjenda úr víkjandi hópum nánast til jafns við umsækjendur úr forgangshópunum. Þetta eru að vísu sögusagnir sem mér þætti vænt um að fá álit hæstv. félmrh. á, hvort þetta geti verið rétt.

Mig langar þá til þess að víkja aftur að sjálfum húsbréfunum og efnisatriðum frv. og rifja upp forsögu þessa máls. Þetta er kannski þrátt fyrir allt eitt af því sem við höfum látið af okkur leiða, þ.e. þingmenn Borgfl., og er mjög í samræmi við það sem ég hef oft haldið áður fram hér á hinu háa Alþingi að með nýjum þingmönnum frá nýrri stjórnmálahreyfingu er þess að vænta að komi einhverjar nýjar hugmyndir. Það er a.m.k. mjög merkilegt að það er ekki fyrr en við þingmenn Borgfl. í hv. Ed. flytjum frv. til laga um sérstakar húsnæðislánastofnanir haustið 1987, þar sem við leggjum til að þær fjármagni útlán sín með svokölluðum húsbréfum, að þingmönnum gömlu flokkanna dettur yfirleitt í hug að skoða slíkt lánsform, að taka það til athugunar hvort þarna sé á ferðinni eitthvað sem megi nota. (**Salþ:** Borgfl. fer nú að verða einn af þessum gömlu því það er kominn einn nýr.) Það er svo kannski önnur saga, hv. þm. Salome Þorkelsdóttir, og ekki kæmi mér á óvart þó að einhvern tíma seint á næstu öld verði Borgfl., sem þá verður kannski orðinn stærsti flokkur á þingi, talinn einn af gömlu flokkunum. Það er svo allt annað mál. En a.m.k. sem stendur hlýt ég að telja Borgfl. til nýrri stjórnmálahreyfinga. Við erum nú ekki búin að vera hér á Alþingi nema í rétt tæp tvö ár, þingmenn Borgfl. Það er einkennilegt að samt sem áður virðast margar þær hugmyndir, sem við höfum komið með á hinu háa Alþingi, hafa haft töluverð áhrif og er þetta húsbréfafrv. mjög gott dæmi um það.

Hins vegar held ég að það fari ekki fram hjá neinum að sú útfærsla og sú niðurstaða sem fæst með húsbréfafrv. hæstv. félmrh. er afar óheppileg. Ég held að eina skýringin þar á sé sú að menn hafa ekki gefið sér tíma til þess að setja sig nægilega vel inn í þetta kerfi og ekki gætt þess að skoða vandlega þá undirstöðu, sem húsnæðislán með húsbréfum byggja á. Þess vegna langar mig nú til að fá að fræða hæstv. félmrh. og þingheim lítillega með um sögu húsbréfakerfis. Ég hef alltaf verið mikill sögumaður og haft gaman af því að glugga í gamlar skræður. Ég held að það geri ekkert til þó að ég grípi til sögulegrar upprifjunar, við höfum góðan tíma til þess — eins og ég gat um í upphafi máls míns hef ég lofað að taka aðeins einu sinni til máls við þessa umræðu og fyrir mitt leyti stuðla að því að koma málinu til nefndar í dag og við það mun ég standa — en mig langar til þess að segja hér í örstuttu máli sögu húsbréfa eins og hún er best þekkt úr mannkynssögunni. Það er mjög fróðlegt að rifja þessa sögu upp.

Það er athyglisvert að það er hugmyndaríkur kaupmaður og trjávörusali frá Amsterdam, hr. Bühring, sem fyrstur manna fær þá hugmynd að það sé hægt að fjármagna húsnæðislán með útgáfu húsbréfa. Hann átti heima í Amsterdam fram til 1760 en þá ákvað hann að flytjast til Berlínar. Þar var mikið vandræðaástand ríkjandi eftir sjö ára stríðið sem Friðrik mikli háði við pilsin þrjú þannig að mikið uppbyggingarstarf var þá í vændum, sérstaklega þó í Slésíu sem var nánast öll í rúst eftir mjög grimmúðugar orustur sem Friðrik mikli hafði einkum háð við heri Maríu Theresíu, keisaradrottningar í Austurríki.

Bühring þessi kom með mjög nákvæmlega útfærðar hugmyndir um húsnæðislán með húsbréfum og lagði fyrir Friðrik mikla. Friðrik mikli sem var ákaflega víðsýnn og merkilegur stjórnmálamaður sá strax að hér var um mög góða hugmynd að ræða og fól embættismönnum sínum að skoða þetta nánar og koma því í framkvæmd. En merkilegt er að velta því fyrir sér hvað nú gerist: nákvæmlega það sama og því miður virðist hafa gerst hér á Íslandi, að embættismennirnir skildu hvorki upp né niður í þessari hugmynd og út úr þessu kom því miður ekkert af viti. Friðrik mikli skildi þetta og var fljótur að átta sig á því í hverju þessi hugmynd er fólgin, en embættismennirnir náðu henni því miður ekki þannig að Bühring varð ekkert ágengt með þessa hugmynd sína að svo stöddu. Það voru þó aðrir aðilar sem tóku eftir þessu og héldu málinu áfram. Það var þannig forsætisráðherra Slesíu, von Carmer, sem tók málið upp á nýjan leik eftir ábendingu frá Friðriki mikla. Það er talað um að það hafi fyrst og fremst verið 22 ára gamall

lögfræðistúdent, Carl Svarez, sem tók að sér að undirbúa þetta mál og búa til löggjöf um fyrstu húsnæðislánastofnun sem talið er að hafi byggt lánveitingar sínar á útgáfu húsbréfa. Þessi stofnun var Die Schlesische Landschaft og hún var staðfest af Friðriki mikla þann 21. ágúst 1769.

Það er athyglisvert að á næstunni komu fjórar aðrar slíkar húsnæðislánastofnanir sem notuðu húsbréf til þess að fjármagna útlán sín, en þær voru einungis hugsaðar til þess að veita jarðeigendum af aðalsættum lán. Bændurnir fengu fyrst að vera með töluvert síðar eða ekki fyrr en 1849.

Danir fylgdust nokkuð vel með því sem gerðist í Þýskalandi á þessum árum og eftir brunann mikla í Kaupmannahöfn 1795 leituðu Danir ráða til þess að koma á húsnæðislánakerfi til að auðvelda uppbyggingu Kaupmannahafnar eftir brunann. Eftir fyrirmyndum frá Þýskalandi varð þá til 1797 Kreditkassen for husejere í Köbenhavn og þar hófu Danir að veita húsnæðislán með útgáfu húsbréfa. Því var haldið áfram óslitið frá 1797–1971, en þá var þetta ágæta fyrirtæki, Kreditkassen for husejere i Köbenhavn, leyst upp. Það heldur að vísu áfram undir nýju nafni, Byggeriets realkreditfond sem er ein stærsta húsnæðislánastofnun Danmerkur. Ekki var þó um það að ræða að þessar fyrstu dönsku húsnæðislánastofnanir nýttu sér möguleikana á þann hátt sem Þjóðverjarnir höfðu upphaflega gert ráð fyrir, þ.e. að vera með útgáfu húsbréfa í þeim skilningi sem nú tíðkast, en þetta var aftur tekið upp á nýjan leik af hálfu danskra stjórnvalda í kringum 1830. Þá tók danska ríkið það til bragðs að ungum þjóðhagfræðingi, A. F. Bergsöe, var veittur styrkur til þess að ferðast um Evrópu og kynna sér húsbréfakerfi bæði í Þýskalandi og víðar þar sem þau voru komin á laggirnar.

Ég hef oft velt því fyrir mér hvort það hefði ekki verið skynsamlegra að gera eitthvað í þessa veru, að senda nokkra unga menn út í heim til þess að kynna sér húsnæðislánakerfi nágrannaþjóðanna og koma með upplýsingar til okkar, og með þeim hætti fá e.t.v. einhvern botn í húsnæðislánamál þjóðarinnar.

Það er mjög fróðlegt að athuga framhald sögunnar. Þegar Bergsöe kemur heim 1839 þá skrifar hann mjög ítarlega skýrslu um ferðalag sitt og það sem hann hefur orðið áskynja í för sinni og semur uppkast að nýrri húsnæðislöggjöf sem hann kallar á dönsku „Motiveret udkast til en kreditforening for danske grundbesiddere". Þar er um að ræða fullkomna húsnæðislöggjöf eins og hún er lögð til grundvallar enn þann dag í dag fyrir danskar húsnæðislánastofnanir sem byggja á útgáfu húsbréfa til þess að fjármagna útlán sín.

Svo kemur hér eitt atriði sem er mjög athyglisvert, og ég vildi biðja hæstv. félmrh. að hlusta vel á. Með hliðsjón af þeim straumum frjálslyndis sem þá fóru um alla Vestur-Evrópu þá var kjarninn í tillögum Bergsöes að ríkið ætti þarna hvergi að koma nærri heldur ætti að stofna sjálfstæðar húsnæðisstofnanir án þátttöku ríkisins. Það ættu að vera lántakendur og hagsmunaaðilar sjálfir sem ættu að hafa frumkvæði að því að koma slíkum lánastofnunum á fót. En í Danmörku var einveldi þessi árin, konungur var einráður og hann var nú ekkert á því að gefa slíkt eftir, að leyfa þegnunum að taka frumkvæði í máli sem þessu og þessum hugmyndum var hafnað. Það var ekki fyrr en frjálslyndari öfl komu til valda í Danmörku eftir breytingarnar sem urðu, og urðu reyndar um alla Evrópu 1848, og eftir að Danir fengu nýja stjórnarskrá, stjórnarskrána frá 1849, að það opnaðist leið á nýjan leik fyrir þessar hugmyndir.

Ég held að ég fari kannski hraðar yfir sögu heldur en ég hefði viljað því ég ætlaði, eins og ég sagði, ekki að tefja hér tímann um of en ég held að það sem ég er þó að segja hér sé mjög þýðingarmikið og nauðsynlegt að fá þetta inn í umræðuna.

Fyrstu lögin um danskar húsnæðislánastofnanir sem fjármagna útlán sín með húsbréfum eru frá 20. júní 1850. Það má benda á ýmislegt sem er athyglisvert í þessum lögum. Það er t.d. ákvæði um það að húsbréfin skuli vera án stimpilgjalds. Það er ákvæði um að það megi ganga að veðinu, þ.e. þeirri fasteign sem er veðsett fyrir húsbréfaláninu, og það er ákvæði um það — það verður nú að segjast eins og er að hæstv. félmrh. hefur nú hitt nokkuð vel á það — það er ákvæði um það í þessum gömlu lögum frá 1850 að ekkert lán megi fara yfir 60% af verðmæti viðkomandi fasteignar.

Síðan kemur ákvæði sem hefur alltaf verið kallað jöfnunarákvæðið og er mjög þýðingarmikið, þ.e. að öll þau húsbréf sem eru í umferð hverju sinni, þ.e. nafnverð allra húsbréfa, má ekki vera meira en sem nemur samanlagðri skuld sem kemur fram á þeim fasteignaveðbréfum sem liggja á bak við húsbréfin.

Annað höfuðatriði er að lántakendurnir skulu hafa samábyrgð. Þetta er lykilatriði sem því miður hefur ekki verið hugað neitt að í sambandi við undirbúning að því frumvarpi sem hér liggur fyrir. Það er þessi samábyrgð lántakendanna. Bæði Þjóðverjar og Danir fóru þá leið að reka húsnæðislánastofnanirnar samkvæmt þessum lögum sem félög lántakenda. Þ.e. um leið og viðkomandi lántakandi fær húsnæðislán hjá einhverri húsnæðislánastofnun, þá gerist hann um leið félagi í hinni sömu stofnun. Þessar lánastofnanir eru því raunverulega ekkert annað en félagsskapur lántakenda. Lántakandinn tekur á sig samábyrgð þannig að eins og lögin hafa þróast í gegnum árin þá er þessi samábyrgð með þeim hætti að ⅔ hlutar af því veði sem lántakandinn hefur sett fyrir húsbréfaláninu fara inn í sameiginlega samábyrgð lánastofnunarinnar á bak við húsbréfin.

Nú gerist það að sjálfsögðu þannig, ef einhver lántakandi stendur ekki í skilum, að þá getur húsnæðislánastofnunin gengið að veðinu, þ.e. í samræmi við ákvæði þess veðskuldabréfs sem lántakandinn hefur skrifað undir. (Gripið fram í.) En það er meira en það. Á bak við húsbréfin hins vegar eru öll fasteignaveðbréfin sem segja má að séu sú fjárhagslega undirstaða sem húsbréfin hvíla á. Það þýðir að ef húsbréfin fást ekki greidd þá getur lánastofnunin gengið að hvaða veði sem er, hvaða fasteign sem vera skal hjá

hinum ýmsu lántakendum en þó ekki nema allt að ⅔ hlutum veðs. Þannig eru lögin og búin að vera allar götur frá 1850.

Til viðbótar þessu er krafa um það að allar húsnæðislánastofnanir sem eru reknar á þessum grunni, að lántakendur eru með þessa samábyrgð, verða að eiga varasjóð sem nemur 2,5% af heildarskuld þeirri sem er á öllum fasteignaveðbréfunum sem stofnunin liggur með inni á bak við húsbréfin.

Þessi samábyrgð hefur aldrei komið til vandræða, þ.e. hún hefur aldrei orðið þess valdandi að það hafi þurft að ganga að neinu veði. Það hefur aldrei í allri sögu húsnæðislánastofnana í Danmörku frá 1850 þurft að ganga að veði nokkurs lántakanda vegna þess að húsbréf einhverrar stofnunar fengust ekki greidd. Það sem einna helst hefur gerst þar sem um hefur verið að ræða að húsnæðislánastofnanir hafa lent í vandræðum með að greiða af húsbréfum er að það hefur þurft að krefja lántakendur um smávægileg viðbótarframlög til varasjóðs. En þannig er að þegar þessi lán eru tekin þá eru í upphafi greidd lántökugjöld og framlag til varasjóðs viðkomandi húsnæðislánastofnunar.

Í dönsku lögunum er enn fremur gert ráð fyrir því að það megi reka húsnæðislánastofnanir á öðrum grundvelli, t.d. sem hlutafélög þar sem lántakendur eru ekki félagar í viðkomandi stofnun og eru þar af leiðandi ekki samábyrgir fyrir húsbréfunum eins og í flestum hinna stofnananna. Það er athyglisvert að Danir eru yfirleitt aðeins með fyrra formið, þar sem um er að ræða félagsskap lántakenda. Fyrir húsnæðislánastofnanir sem t.d. eru hlutafélög er krafa um það að varasjóðurinn verður að vera helmingi stærri heldur en í þeim húsnæðislánastofnunum þar sem lántakendur hafa tekið á sig þessa samábyrgð.

Í frv. til laga um húsnæðislánastofnanir sem við þingmenn Borgfl. lögðum fram fyrst haustið 1987 á 110. þingi og svo aftur í haust sem leið, þá einmitt gerðum við ráð fyrir því að notfæra okkur þessa möguleika og töldum reyndar eðlilegra að reyna seinna formið, þ.e. að reka sjálfstæðar húsnæðislánastofnanir sem yrðu hlutafélög. Við skilgreindum þar af leiðandi þessa tvo möguleika, þ.e. bæði lánastofnanir þar sem lántakendur mynduðu félagsskap og hefðu þessa samábyrgð og um leið þyrfti varasjóður slíkrar stofnunar að vera 2,5% og svo hlutafélög. Seinna formið er kannski heppilegra ef við vildum fara inn á þessar brautir á Íslandi vegna þess að við höfum ekki þessa gömlu sögu að baki. Einhverra hluta vegna höfum við ekki borið gæfu til þess að nýta okkur þetta öfluga danska húsnæðislánakerfi á meðan við vorum þó undir danskri stjórn. Það má vera að það stafi m.a. af því að í húsnæðislögum þeim sem nú eru í gildi í Danmörku eru ákvæði þess efnis að lögin gilda ekki fyrir Færeyjar og Grænland og ég geri þá ráð fyrir því að svipað ákvæði hafi verið inni í lögunum áður en sambandsslitin urðu á milli Íslands og Danmerkur, að lögin giltu ekki fyrir Færeyjar, Ísland og Grænland. Það væri fróðlegt að fletta því upp en ég geri ráð fyrir að svo hafi verið.

Ég sé fyrir mér að hefðum við farið inn á þá braut sem við þingmenn Borgfl. lögðum til með þessu frv. okkar, þá hefðu lífeyrissjóðirnir fengið allt frumkvæði í hendurnar. Þá hefði verið settur lagarammi um sérstakar húsnæðislánastofnanir sem mætti þá stofna sem hlutafélög. Ég ímyndaði mér að það gerðist með þeim hætti að lífeyrissjóðirnir mundu hafa frumkvæði um að koma upp slíkum húsnæðislánastofnunum, hugsanlega í samvinnu við tryggingafélög og banka, en að mínum dómi áttu lífeyrissjóðirnir að hafa þarna algert frumkvæði. (**GHG:** Það vilja ekki stjórnmálamennirnir.) Það má vel vera, hv. þm., en ég tel einmitt að með þeim hætti hefði verið hægt að nýta bæði hina gífurlegu fjármuni sem hafa safnast saman í lífeyrissjóðunum og notfæra sér þá reynslu og þau beinu tengsl sem lífeyrissjóðirnir hafa við sjálfa lántakendurna sem í flestum tilvikum eru jú félagar í lífeyrissjóðunum. Þess vegna tel ég enn þá að það sé allt sem mæli með því að það séu einmitt lífeyrissjóðirnir sem eigi að hafa þetta frumkvæði en ekki ríkisvaldið.

Ég ætlaði að þessu sinni ekki að fara mjög nákvæmlega út í þau gagnrýnisatriði sem hafa komið fram varðandi þá útfærslu sem liggur fyrir í þessu frumvarpi til laga um Húsnæðisstofnun ríkisins. En mig langar engu að síður til að lesa upp tvær umsagnir, með leyfi hæstv. forseta. Ég leitaði til Þjóðhagsstofnunar og óskaði eftir því að fá lauslegt álit stofnunarinnar á því frv. til laga sem við þingmenn Borgfl. höfum lagt fram um húsnæðislánastofnanir og húsbanka og lauslegan samanburð á því kerfi sem þar er lagt til við þetta kerfi sem er lagt fram í húsbréfafrv. Þetta lauslega álit hljóðar svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Minnispunktar: Að mínu mati er grundvallarmunur á þessu húsbréfafrv. og því frv. sem nú liggur fyrir Alþingi. Meginútfærsla þess samræmist vel þeim kröfum sem gerðar eru til peninga- og fjármálakerfis hverrar þjóðar, en það síðarnefnda gerir það hins vegar ekki. Grundvallarmunurinn liggur í eftirfarandi:

Samkvæmt frv. Borgfl. er gert ráð fyrir að hinir svonefndu húsbankar fjármagni útlán til fasteignakaupanda með útgáfu sérstakra húsbréfa (obligasjoner) með öruggri tryggingu sem seld er á frjálsum markaði. Þannig fást peningar til útlána. Með þessari útfærslu er fyrst höfðað til sparnaðarins í þjóðarbúinu með sölu á húsbréfum, síðan er sparnaðinum ráðstafað til fasteignakaupa. Þannig verður fjárfestingin aldrei meiri en sparnaðurinn gefur tilefni til miðað við skynsamlega og eðlilega vaxtaþróun.

Í frv. ríkisstjórnarinnar er ekki gert ráð fyrir að húsbréf verði seld í fyrstu umferð á frjálsum markaði fyrir peninga sem síðan eru lánaðir til fasteignakaupenda, heldur er gert ráð fyrir að fasteignakaupandinn greiði íbúðina að hluta til með húsbréfum. Með þessari útfærslu á fjárfestingin sér fyrst stað, síðan er látið reyna á hvort sparnaðurinn í þjóðarbúinu verði nægilegur til að mæta þeirri fjárfestingu miðað við skynsamlega og eðlilega vaxtaþróun. Hér vantar því

nauðsynlega takmarkandi þætti í útfærslu húsbréfakerfisins sem draga eiga úr líkum á afföllum og verðbólguáhrifum sem geta komið til ef fjárfestingin verður of mikil miðað við sparnaðinn.

Hér er um grundvallaratriði að ræða í útfærslunni. Góður ásetningur um hóflegt framboð á húsbréfum samrýmist engan veginn þeim ströngu kröfum sem gerðar eru til peninga- og fjármálakerfis í þróaðri ríkjum. Engum er fengið slíkt útgáfuvald nema það samræmist vel viðurkenndum leikreglum því allar líkur benda til þess að það verði misnotað fyrr eða síðar.

Vert er að nefna eftirtalin atriði sem eru nokkuð vandasöm í framkvæmd og er því ástæða til að huga vel að þeim. Samkvæmt frv. Borgfl. er gert ráð fyrir að raunvextir veðlána skuli vera breytilegir í samræmi við mismunandi sölugengi húsbréfa. Þetta hefur í för með sér verulega óvissu um vaxtabyrðina af veðskuldabréfum. Með hliðsjón af þessu er rétt að benda á að mikil ábyrgð og siðferðisleg krafa er lögð á húsbankana sem beinist að þeim aðilum sem þegar hafa gefið út veðskuldabréf um að útgáfa húsbréfa verði ekki of mikil miðað við eftirspurn þeirra. Slíkt offramboð hefði í för með sér hærri afföll og meiri kostnað á þann stokk veðskuldabréfa sem þegar hefur verið gefinn út. Hægt er að komast hjá þessari óvissu varðandi vaxtabyrði veðskuldabréfanna með því að hafa verðtryggingu og fasta vexti yfir ákveðið vaxtatímabil eins og bent er á í frv. En með því móti verður vaxtabyrðin mun ljósari, þá gefst einnig tækifæri til að semja að nýju ef aðstæður breytast."

Ég vil aðeins staldra við og skýra þetta nánar út. Það sem við lögðum til, og ég tel að ætti mikið erindi inn í íslenska peningamálaumræðu, eru svokölluð vaxtaaðlögunarlán. Ég mundi vilja nota tækifærið og benda á að að mínum dómi er hér verið að leggja áherslu á rangt atriði, þ.e. sjálf húsbréfin. Þau eru gerð að aðalatriði í frv. hæstv. félmrh. í stað þess að fara ofan í saumana á lánastofnununum og þeim ramma sem þær starfa eftir svo og útlánunum sjálfum, þ.e. útlánsforminu, með hvaða hætti er útlánið skipulagt og skilgreint. Við höfum í seinni tíð fyrst og fremst notað svokölluð lánskjaravísitölulán með „annuiteti". Það er ekkert annað lánsform til hjá Húsnæðisstofnun ríkisins. Bankakerfið og Húsnæðisstofnun hafa ekki lyft litla fingri í þá átt að skoða aðra möguleika, kynna sér annars konar lánsform. Í öllum nágrannalöndunum, Bandaríkjunum og víðar, eru þeir sem fást við húsnæðislánamál allar stundir að velta fyrir sér með hvaða hætti sé hægt að breyta lánsforminu, gera greiðslubyrðina auðveldari fyrir lántakendur og tryggja betur báða aðila, bæði lántakandann og lánastofnunina. Hér höfum við slysast inn á lánsform, eins og ég gat um, lánskjaravísitöluformið, sem hefur orðið þess valdandi að því miður stefnir hraðbyri í þá átt að velflestar íbúðir landsmanna séu algerlega í eigu Byggingarsjóðs ríkisins vegna þess að höfuðstóll lánanna er skrifaður upp með lánskjaravísitölu. Afborganir af lánunum eru mjög hægfara vegna þess að hér er um langtímalán að ræða. Það hefur a.m.k. borið á því undanfarin ár að söluverðmæti þessara íbúða hefur ekki haldið í við uppfærslu lánanna. Ég get orðað það einhvern veginn þannig að flestir íbúðareigendur væru í raun og veru orðnir leiguliðar hjá Byggingarsjóði ríkisins, þeir eiga ekkert í íbúðunum sínum lengur.

Eitt aðalatriði sem mér finnst að þurfi að athuga er einmitt sjálft lánsformið. Með hvaða hætti megi koma með nýjar hugmyndir til þess, eins og ég sagði, að tryggja betur lántakandann og í sjálfu sér líka lánveitandann. (Gripið fram í.) Vaxtaaðlögunarlánin sem hafa rutt sér rúms í seinni tíð bæði á Norðurlöndunum og í Þýskalandi eru hugsuð þannig að þá er langtímaveðlán, við skulum segja til 40 ára, sett upp með þeim hætti að það er byrjað á því að skipta því niður í vaxtaaðlögunartímabil sem geta verið allt niður í eitt ár, en oft á tíðum er talað um fimm ára vaxtaaðlögunartímabil. Lántakandinn semur við húsnæðislánastofnunina um fasta vexti fyrir fyrsta vaxtaaðlögunartímabilið og á þeim grundvelli er skuldabréf keypt af lántakandanum með afföllum. Þau fara eftir því hvaða vaxtastig hann velur. Hann getur valið hátt vaxtastig og þar af leiðandi fengið skuldabréfið keypt á jafnvel meira en nafnvirði. Það er til í dæminu á lánamarkaði í Frankfurt að ef vaxtastig sem lántakandinn velur er mjög hátt þá seljist skuldabréfið á yfirverði, kannski 105–106% en ekki á nafnverði. En oftar og algengara er að lántakandinn velji lægra vaxtastig og verður þá að taka á sig einhver afföll sem geta farið niður í kannski 80% af nafnverði. Þarna ræður lántakandinn sjálfur. Hann á völina, en auðvitað leitar hann ráðgjafar hjá viðkomandi stofnun um hvað hann gerir. Síðan byrjar hann að borga af láninu eins og um 40 ára veðlán sé að ræða. Eftir að fyrsta vaxtaaðlögunartímabilinu er lokið, þá kemur hann á nýjan leik og semur aftur um fasta vexti til næstu fimm ára eða til skemmri tíma ef um það er að ræða að vaxtaaðlögunartímabilið er haft styttra, t.d. jafnvel eitt ár. — Kannski væri ekki vanþörf á því hér á Íslandi þar sem peningamarkaðir eru miklu hreyfanlegri og viðkvæmari en í öðrum löndum. — Þá er gefið út nýtt skuldabréf og það er keypt á nýjan leik og gamla skuldabréfinu rutt út. Þannig er búið til lán þar sem lántakandi og lánastofnunin semja sín á milli fyrir hvert vaxtaaðlögunartímabil fyrir sig en lánið er jafnhagstætt báðum. Það sem er kannski aðalatriðið er það að með þessum hætti greiðist höfuðstóll skuldarinnar betur niður án þess að það komi mjög illa við lántakandann. Hann getur reyndar hagrætt þessu eins og honum hentar fyrir hvert vaxtaaðlögunartímabil. Þetta hefur gefið mjög góða raun og virðist vera að húsnæðislán nágrannalandanna og í Evrópu færist í æ ríkara mæli yfir í þetta form.

Þá höfum við þingmenn Borgfl. vakið athygli á svokölluðum afkomutryggingalánum. Ég fjallaði í nokkru máli um þau í ræðu minni í eldhúsdagsumræðunum um daginn en ég tel að það væri mjög brýnt að athuga þau betur því þau gætu átt mjög vel við hér á Íslandi þar sem það hefur oft viljað brenna við að

lántakendur hafa lent í greiðsluerfiðleikum. Afkomutryggð lán eru einfaldlega orðin til þannig að bankastofnanir eða húsnæðislánastofnanir í samvinnu við líftryggingafélög bjóða afkomutryggð lán sem gerist þá með þeim hætti að það er í upphafi samið um hver sé greiðslubyrði lánsins og hvert sé greiðslumark, þ.e. greiðsluþol lántakanda. Í upphafi er það að sjálfsögðu stillt saman. Lántakandi hefur ákveðið greiðsluþol og greiðslubyrði lánsins er stillt af í samræmi við það. Síðan gerist það á lánstímanum að lántakandi getur orðið fyrir einhverju áfalli. Hann getur misst vinnuna, hann getur misst heilsuna, hann getur misst maka eða hann af öðrum óviðráðanlegum orsökum hefur ekki þær tekjur milli handanna sem hann hafði við upphaf lánsins og getur þar af leiðandi ekki staðið í skilum. Hann hefur ekki það greiðsluþol sem hann hafði við upphaf lánsins. Þá borgar líftryggingafélagið mismuninn á greiðsluþoli lántakandans á þeim tíma þar sem hann er með skertar tekjur og greiðslubyrðinni af láninu. Ég held að þetta sé mjög athyglisverð hugmynd sem við ættum að skoða betur. Nú skilst mér að við höfum þó komið því til leiðar að húsnæðismálastjórn hefur haft frumkvæði að því að verða sér úti um þessi bandarísku lög sem liggja til grundvallar afkomutryggðum lánum og þau munu nú í fyrsta sinn vera komin í athugun hjá húsnæðismálastjórn og er það vel.

Ég ætla svo að ljúka við að lesa þessa minnispunkta sem ég fékk hjá einum fulltrúa Þjóðhagsstofnunar. Seinni hluti þessarar umsagnar hljóðar svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Að sjálfsögðu er ekki hægt að galdra neinar biðraðir burt á skömmum tíma. Fjárfestingin í landinu hlýtur alltaf að taka mið af sparnaðinum í þjóðfélaginu ef gert er ráð fyrir að ekki séu tekin erlend lán. Því er ekki hægt að lána hærri fjárhæð en sala húsbréfa gefur tilefni til. Ef framboð fasteignakaupenda á veðskuldabréfum til húsbanka er mun meiri en eftirspurn eftir húsbréfum á hinum frjálsa markaði miðað við skynsamlega og eðlilega vaxtaþróun verða biðraðir að sjálfsögðu til staðar. Með tímanum koma biðraðirnar til með að styttast en það eru fyrst og fremst niðurgreiddir vextir í núverandi kerfi sem hafa skapað þær. Auðvitað er hægt að uppræta biðraðir á mjög skömmum tíma með mjög háum raunvöxtum. En það er ekki markmiðið. Það þarf að vinna sig hægt og sígandi út úr því ójafnvægi sem ríkir á fasteignamarkaðnum með skynsamlegri og eðlilegri vaxtaþróun að leiðarljósi.

Varðandi erlent lánsfjármagn, þá er að sjálfsögðu mjög mikilvægt að hafa í huga að ekki má auka peningamagnið í hagkerfinu nema forsendur leyfi þar sem slíkt ýtir undir þenslu og verðbólgu. Að síðustu varðandi lánskjör og verðtryggingar þá tel ég eðlilegt að þannig sé bundið um hnútana að jákvæðir raunvextir verði greiddir af útlánum húsbanka."

Hér er önnur umsögn eftir sama aðila, sem er Jóhann Rúnar Björgvinsson þjóðhagfræðingur, þar sem fjallað er um húsbréf og spariskírteini. Ég held að þessi umsögn hafi ekki verið komin þegar málið var á dagskrá í Nd. og tel því rétt að fá einnig að lesa hana upp. Hún hljóðar svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Húsbréf og spariskírteini. Hver er munurinn á húsbréfum og spariskírteinum? Ef litið er á eiginleika þessara bréfa, þá er munurinn sáralítill. Þau eru bæði ríkistryggð og stöðluð. Húsbréfin eru að vísu til 25 ára en spariskírteinin til mun skemmri tíma. Þó er líklegt að húsbréfin verði almennari, verðgildi þeirra þekktara og markaður þeirra virkari. En það eru ekki eiginleikar þessara bréfa sem gera þau frábrugðin, heldur það hvernig þau eru notuð eða hvernig þau koma inn á markaðinn. Ríkissjóður selur sparifjáreigendum spariskírteini fyrir peninga sem hann síðan notar til greiðslu á útgjöldum sínum. Ef ríkissjóður seldi sparifjáreigendum húsbréf fyrir peninga sem hann síðan lánaði fasteignakaupendum væri munurinn á þessum bréfum enn þá sáralítill. En ríkissjóður hefur ekki í hyggju að selja húsbréf fyrir peninga heldur fyrir veðskuldabréf. Hér er um grundvallarmun að ræða. Hugsunin er sú að handhafi húsbréfa hafi síðan getað gert eitt af þrennu:

1. átt bréfin sem hvern annan öruggan sparnað,
2. látið þau ganga upp í næstu íbúðakaup sín eða
3. innleyst bréfin á markaði.

Til þess að húsbréfin geti sinnt því hlutverki sem felst í lið 2 þá þarf í fyrsta lagi verðgildi þeirra að vera þekkt og er því gert ráð fyrir að það verði ætíð skráð opinberlega. Í öðru lagi verður að vera virkur markaður fyrir slík bréf svo að seljendur fasteigna samþykki þau sem greiðsluform. Því er gert ráð fyrir að Seðlabanki gegni veigamiklu hlutverki viðskiptavaka á þeim markaði til að auka virkni hans og grípi inn í ef verulegt misræmi skapast, sem sé ef afföllin aukast verulega.

Hugsum okkur nú ef ríkissjóður léti spariskírteini sín koma með svipuðum hætti inn á markaðinn og húsbréfin, þ.e. að í stað þess að ríkissjóður reyni að selja spariskírteinin á opnum markaði fyrir peninga, eins og hann gerir nú með misgóðum árangri, þá greiddi hann hluta af útgjöldum sínum, sem sé fjárfestingarútgjöldin beint með spariskírteinum. Jafnframt auglýsti hann að viðtakandi gæti gert eitt af þrennu: Átt bréfin sem hvern annan öruggan sparnað, látið þau ganga upp í einhver viðskipti sín eða innleyst bréfin á markaði. Ríkissjóður tryggði síðan að ávallt væri virkur markaður fyrir spariskírteinin, *að verðgildi þeirra væri ætíð skráð opinberlega og að* Seðlabankinn hefði hlutverk viðskiptavaka og kæmi í veg fyrir að verulegt misræmi skapaðist á markaðnum, sem sé óeðlileg afföll. Með þessu móti þyrfti ríkissjóður hvorki að yfirdraga Seðlabanka né að taka erlend lán. En hver yrðu áhrifin?

1. Ef handhafi bréfanna geymdi bréfin eins og hvern annan sparnað eða innleysti þau á markaði (hóflegt framboð), þar sem þau eru keypt sem sparnaðarform yrðu áhrifin svipuð og ef ríkissjóður hefði sjálfur selt þau á opnum markaði fyrir peninga. Áhrifin yrðu því áþekk og við núverandi fyrirkomulag.

2. Ef handhafi bréfanna léti þau hins vegar ganga upp í önnur viðskipti sín hefðu þau öðlast hlutverk peninga og kæmu því í stað hlutverks annarra peninga og yrðu því viðbót við peningamagnið. Áhrifin yrðu aukin verðbólga.

3. Að síðustu á ríkissjóður í mun minni erfiðleikum með að losna við spariskírteinin sín með þessum hætti. Miklar líkur eru því á að um offramboð spariskírteina verði að ræða því engin ríkisstjórn getur staðist þá freistingu sem þetta fyrirkomulag býður upp á. Sömuleiðis hefur ríkissjóður litla hvatningu til að stilla útgáfu spariskírteina í hóf, m.a. vegna þess að með þessu móti dregur úr þörf fyrir óvinsælar skattheimtur og erlendar lántökur. Áhrifin verða í fyrsta lagi hærri vextir þar sem offramboð bréfanna veldur að erfiðara verður fyrir handhafa þeirra að losna við þau nema með einhverjum afföllum. Þá þarf Seðlabankinn að grípa inn í starfsemi markaðarins með kaupum á bréfum ef verulegt misræmi skapast en hann kaupir bréfin fyrir peninga. Líkur eru því á í öðru lagi að peningamagnið aukist og verðbólgan magnist. Ríkissjóður getur því í raun með þessu fyrirkomulagi yfirdregið Seðlabankann að vild með óbeinum hætti.

Af þessu má ráða að húsbréf sem seld eru á opnum markaði fyrir peninga, sem síðan eru lánaðir til fasteignakaupenda, eru önnur húsbréf en þau sem seld eru fyrir veðskuldabréf. Hér er um grundvallarmun að ræða í hagfræðilegu og efnahagslegu tilliti.

Að lokum tel ég það skynsemdarmál í ljósi þeirrar umræðu og óvissu sem skapast hefur um áhrif húsbréfakerfisins á efnahagslífið að vel menntuðum erlendum hagfræðingum eða efnahagsstofnunum verði falið að leggja fræðilegt mat á efnahagsleg áhrif þessa frv. þar sem hér er um mjög afdrifaríkt mál að ræða sem getur orðið afar kostnaðarsamt fyrir þjóðarbúið. Væri ekki óskynsamlegt að leita til þekktari fagmanna en annars. Eitt er víst að við státum ekki af mörgum afrekum í hagstjórnarlistinni."

Ég mundi nú kannski vilja fylgja þessari ábendingu eilítið eftir og benda hæstv. félmrh. og öðrum flokksbræðrum hennar á það að einn helsti sérfræðingur um húsbréfakerfi í Evrópu í dag er fyrrverandi félags- og íbúðamálaráðherra Danmerkur, Erling Olsen, toppkrati, og væri þannig hægt að sækja ráðgjöf í herbúðir toppkrata í Danmörku sem enginn gæti amast við eða skammast sín fyrir að þurfa að þiggja.

Hér er hreyft mjög merkilegu máli, nefnilega samanburði á húsbréfum og spariskírteinum. Ég hef einmitt velt þessu mikið fyrir mér á sama grundvelli. Er í sjálfu sér nokkuð til fyrirstöðu að ríkisvaldið geti ekki meðhöndlað spariskírteini á nákvæmlega sama hátt og fyrirhugað er með frv. að meðhöndla húsbréfin? Þ.e. að ríkisvaldið gefur út ótakmarkað magn spariskírteina og notar það hreinlega sem greiðslu til verktaka og annarra aðila sem inna af hendi þjónustu við ríkið. Þessir aðilar geta síðan ráðið því hvort þeir eiga bréfin eða hvort þeir þurfa kannski að greiða öðrum verktaka eða öðrum þjónustuaðila, láta hann þá bara hafa hluta af bunkanum. Í síðasta lagi að þessir aðilar hlaupa með bréfin í banka og reyna að selja þau. Þetta er í raun veru og veru nákvæmlega það sama sem verið er að tala um að eigi að gera við húsbréfin.

Íbúðareigandinn, sem ætlar að selja íbúð sína, fer út í bæ og auglýsir íbúðina hjá einhverjum fasteignasala. Það kemur að lokum kaupandi, það gengur mismunandi fljótt fyrir sig, og það er skrifað undir skuldabréf hjá fasteignasalanum. Gert er ráð fyrir því að þetta verði stöðluð skuldabréf. Það er út af fyrir sig mjög eðlilegt og sjálfsagt að svo verði og þyrfti ekkert húsbréfafrv. til í sjálfu sér til þess að öll veðskuldabréf væru á stöðluðu formi sem væri viðurkennt af félmrn. eða kannski öllu fremur af dómsmrn. sem e.t.v. ætti að vera sá aðili sem ætti að löggilda skuldabréfaform. Um leið og kaupandinn er búinn að skrifa undir þetta fasteignaskuldabréf, þá hleypur seljandinn með það upp í Húsnæðisstofnun og fær þar afhentan bunka af húsbréfum í staðinn. Að vísu er sá varnagli sleginn að Húsnæðisstofnun, þ.e. húsbréfadeildin, muni kanna það hvort veðið sé nægjanlegt. Hún getur væntanlega gert það með einu símtali eða, eins og hefur reyndar komið fram í umræðum um húsbréfafrv., það er hægt að hugsa sér að það verði samið við bankastofnanir um að taka það verkefni að sér. Þá þarf kannski ekki heldur að kanna hvort kaupandinn sé á einhverjum svörtum lista í bankakerfinu þannig að hann sé ekki borgunarmaður. Þetta eru tvö mjög smávægileg atriði sem í flestum tilvikum ættu ekki að vera hindrun. Það þýðir að seljandinn fær þessi húsbréf um leið og hann er búinn að fá undirskrifað fasteignaverðbréfið og þá er hann í nákvæmlega sömu stöðu og var verið að lýsa áðan með verktakann og ríkisvaldið varðandi spariskírteinin, að hann hefur um þessa þrjá valkosti að ræða: Hann getur átt húsbréfin, hann getur keypt sér aðra íbúð og afhent húsbréf sem greiðslu eða hann getur farið og selt þau. Með þessu sé ég ekki að það sé í rauninni neinn munur á spariskírteinunum og húsbréfum. Þetta er nákvæmlega sami pappírinn í reynd. Eini munurinn er kannski sá að spariskírteinin eru yfirleitt til skemmri tíma, það er ekki um 25 ára spariskírteini ríkisins að ræða, en það er gert ráð fyrir því að húsbréfin verði til 25 ára.

Ég tel að eitt grundvallaratriði sem þyrfti að lagfæra í þessu frv. sé einmitt þessi hömlulausu viðskipti. Ég tel að það eigi að fara þá leið sem mér finnst að ætti að vera tiltölulega auðvelt að ná samkomulagi um og það er að það verði allir að sækja um húsbréfalán. Það gerist einfaldlega með þeim hætti að annaðhvort seljandi íbúðar eða kaupandi sækir um lán til húsbréfadeildar. Lánsumsóknin fái þar einfaldlega sína meðferð eins og hver önnur lánsumsókn. Síðan þegar búið er að afgreiða lánsumsóknina, þá fyrst fær annaðhvort seljandinn, ef um eignaskiptalán er að ræða, sem svo er kallað þegar það er seljandinn sem hefur frumkvæðið, eða kaupandinn, ef um kaupalán er að ræða vegna þess að kaupandinn hefur frumkvæðið, afhent húsbréfin til þess að geta komið fasteignaviðskiptunum endanlega

um kring. Þetta er hin hefðbundna leið sem allar húsnæðislánastofnanir nágrannalandanna, sem fjármagna útlán sín með húsbréfum, nota. Ég held að þessi svokölluðu skuldabréfaskipti, sem eru ákaflega sérkennileg og furðuleg, séu hvergi tíðkuð. Ég tel að þau fái hreinlega ekki staðist.

Ég veit ekki hvort ég á að vera að halda hér öllu lengur áfram að svo stöddu. Ég margítreka það að ég hef fallist á það að við reyndum að hafa þessa umræðu í styttra lagi og koma málinu til nefndar. En það er mjög margt fróðlegt í þeim gögnum sem hér eru á borðinu hjá mér sem ég hefði viljað koma á framfæri. M.a. er hér stórmerkileg ræða sem Lars Wohlin, sem er framkvæmdastjóri stærstu húsnæðismálastofnunar Svíþjóðar, flutti á ársfundi húsnæðislánastofnunarinnar Byggeriets Realkreditfond í Kaupmannahöfn 8. mars sl., fyrir sem sagt tæpum tveimur mánuðum, þar sem hann lýsir þeim breytingum sem nú eru að verða á sænsku húsnæðislánalöggjöfinni og hvernig þær breytingar hafa allar orðið til góðs. Þær ganga einfaldlega í þá átt að það stórdregur úr afskiptum ríkisins. Ríkið er hægt og sígandi að draga sig út úr húsnæðislánamarkaðinum. Það er verið að gera þennan markað algjörlega frjálsan þannig að sjálfstæðar húsnæðislánastofnanir, svo og húsnæðislánadeildir sænsku bankanna taka húsnæðislánin algjörlega að sér.

Ég held að ég bíði með að fara nánar ofan í þessa ræðu og geymi mér það til 2. umr. Það má eins fjalla um efnisinnihald hennar í nefndinni þegar við förum að fjalla um frv., en það er mjög margt fróðlegt og merkilegt sem kemur þarna fram.

Síðan mundi ég vilja vekja athygli hv. þm. á því að það hefur verið við lýði mjög náið samstarf húsnæðislánastofnana á Norðurlöndunum undanfarin ár og jafnvel áratugi þar sem þessar stofnanir hafa komið saman á samráðsfundum til þess einmitt að fjalla um húsnæðislánamál, í hvaða farvegi þau eru að þróast og hvernig sé skynsamlegt að þau þróist. Því miður virðumst við Íslendingar nánast ekkert hafa sinnt þessu. Ég sé þó að Ingi Valur Jóhannesson, sem er fulltrúi í félmrn., hefur sótt slíkan samráðsfund, líklega fyrstur manna héðan fyrir tæpu ári síðan eða svo og eins sé ég að starfsmaður Seðlabankans hefur í fyrsta sinn mætt á slíkum samráðsfundi í fyrra.

En það er kannski ekki nema von að húsnæðislánamál okkar séu í miklum ólestri vegna þess að við höfum leyft þessum málum að þróast hér í farvegi sem er algjörlega fyrir utan allt sem hefur verið að gerast hjá nágrannalöndum okkar. Við höfum ekki haft vit á því að sækja hugmyndir og kynna okkur það sem þar er að gerast. Þar eru að gerast alveg stórmerkilegir hlutir. M.a. er það að gerast að með hinum stóra markaði sem verður kominn á í Evrópu 1992 þá verður starfsemi húsnæðislánastofnana um alla Evrópu nánast frjáls. Það þýðir einfaldlega að ítalskar, franskar, þýskar og portúgalskar húsnæðislánastofnanir geta sett niður útibú sín í Kaupmannahöfn og í Svíþjóð, en Svíar ætla að fara inn á þessa braut hvort sem þeir gerast aðilar að Evrópubandalaginu eða ekki. Sænskar húsnæðislánastofnanir og danskar og aðrar munu að sjálfsögðu leita á erlend mið og setja upp útibú í hinum ýmsu löndum Evrópu og bjóða þar upp á húsnæðislán. Reyndar hafa Danir fetað fyrstu sporin í þessa átt og eru þar miklir brautryðjendur. Þannig lánuðu dönsku húsnæðislánastofnanirnar á árinu 1987 *yfir 1 milljarð danskra* króna í húsnæðislánum til erlendra aðila, þ.e. Danir hafa veitt húsnæðislán, bæði til Þýskalands, þeir hafa verið með tilraunalán í Wales, þeir hafa verið með tilraunalán í Portúgal og nú í fyrra var samþykkt að veita dönsku húsnæðislánastofnununum heimild til þess að vera með tilraunalán bæði í Frakklandi og Indiana-fylki í Bandaríkjunum. Þannig námu við árslok 1987 heildarútlán danskra húsnæðislánastofnana til lántakenda utan Danmerkur rúmlega 1 milljarði danskra króna. Þá hefði nánast ekkert munað um það að bæta öllu íslenska húsnæðislánakerfinu á sig, ef eftir hefði verið leitað, og farið létt með það.

Virðulegi forseti. Ég held að ég láti þetta nægja að sinni. En eins og ég segi er ég hér með mikinn fróðleik og mikið af gögnum sem væri vert að fara nánar í en ég vonast til að við höfum tækifæri áfram til að ræða þessi mál nokkra stund svo sem eins og næstu tvær til þrjár vikurnar a.m.k.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins er viðamikið mál. Sennilega einn af þeim málaflokkum sem varða flesta einstaklinga í þjóðfélaginu, a.m.k. hverja einustu fjölskyldu. Því er það þýðingarmikið að þannig sé staðið að lagasetningu um slík mál að þau komi eins réttlátlega niður og mögulegt er.

Ég á sæti í hv. félmn. Ed. sem fær þetta frv. til umfjöllunar og ætla því ekki að setja hér á langa ræðu við þessa 1. umr. eða fara efnislega út í frv. Hins vegar verð ég að átelja það að okkur hér í hv. Ed. er ætlað að afgreiða þetta mál með svo stuttum fyrirvara að einstakt má teljast þegar um svo viðamikinn málaflokk er að ræða eins og lög um Húsnæðisstofnun ríkisins, ekki síst þegar haft er í huga hvernig málið var afgreitt frá hv. Nd. sem gerðist einnig með fátíðum hætti. Félmn. Nd. brotnaði í fjórar eindir. Fjórir minni hlutar skiluðu áliti. Það eitt hlýtur að segja sína sögu. Það getur varla talist góð málsmeðferð að þröngva í gegnum þingið stjórnarfrumvarpi sem hefur ekki fullan stuðning þeirra þingflokka sem standa að hæstv. ríkisstjórn.

Það er oft skynsamlegt að sýna ofurlítinn sveigjanleika þegar leysa þarf mál sem fyrir fram er vitað að sterk andstaða er við, ekki síst þegar um er að ræða þá afstöðu innan sjálfra samstarfsflokka ríkisstjórnar. Ég get ekki séð að það hefði skipt sköpum hvað þetta mál varðar enda kemur það fram í nál. minni hlutanna fjögurra að ekki er víðtækt samkomulag eða sátt um þetta mál og ýmsir óvissuþættir sem þarf að kanna betur. Staðfesting á því er m.a. sú breyting sem gerð hefur verið á frv. í meðferð félmn. Nd., að fresta gildistökunni frá 1. sept. til 15. nóv. Jafnframt

ætlar hæstv. félmrh. að setja nefnd í málið og flytja síðan brtt. á næsta þingi ef sú verður niðurstaðan að þörf reynist á því. Ég get ekki almennilega séð hverju það hefði breytt þó hæstv. félmrh. hefði gengið til samkomulags og frekar frestað málinu og sett í það milliþinganefnd til þess að reyna að ná víðtækara samkomulagi sem ég held að hefði verið mikill styrkur, bæði fyrir hana sem hæstv. félmrh. og ekki síst fyrir Alþingi. Vegna allra þeirra óvissuþátta sem fram komu í meðferð félmn. Nd. og t.d. andstöðu ASÍ og fimm fulltrúa í stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins, sem hlýtur að vega nokkuð þungt, þá tel ég að skynsamlegt hefði verið og réttlætanlegt fyrir hæstv. ráðherra að geyma málið til haustsins og vinna það betur, eins og ég sagði áðan, í milliþinganefnd.

Hv. félmn. Nd. fékk marga aðila á sinn fund auk fjölmargra umsagna sem leitað var. Mér sýnist að það hafi einir átján aðilar sent umsagnir til nefndarinnar og auk þess hafi einir ellefu fulltrúar ýmissa samtaka komið á fund hennar. Manni verður nú hugsað til þess hvernig félmn. Ed. er ætlað að ljúka þessu máli ef hún vinnur jafnítarlega í því og hv. Nd. Og þá er ég hrædd um að okkur endist ekki einu sinni þeir sólarhringar sem eru fram að helgi, ef gert er ráð fyrir að ljúka þingi um helgina, þó ekkert annað yrði unnið hér á hv. Alþingi.

En ég vil ekki, hæstv. forseti, tefja málið hér við 1. umr. þess. Ég ítreka að það er ýmislegt gott í þessu frv. sem við sjálfstæðismenn getum staðið að, en það eru einnig ýmsir óvissuþættir sem upp hafa komið í meðferð málsins sem gera það að verkum að við teljum að það þurfi nánari skoðunar við og því væri skynsamlegra að fresta afgreiðslu þess og taka það upp á ný á næsta þingi. Nota þannig tímann til þess að ná víðtækara samkomulagi og víðtækum sáttum sem ég tel að hefði verið farsælasta afgreiðslan á svo viðamiklu máli sem varðar svo marga, eins og ég sagði hér í upphafi, sem raun ber vitni þegar um er að ræða lög um Húsnæðisstofnun ríkisins. — [Fundarhlé.]

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að flytja eins langa ræðu og hv. 7. þm. Reykn. Júlíus Sólnes enda fór hann í sinni ræðu mjög ítarlega yfir það mál sem hér er á dagskrá, frv. til laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, en ég vildi hér á eftir beina nokkrum spurningum til hæstv. félmrh. um áhrif þessa kerfis sem hún er að boða á ýmsa þætti í hagstjórninni. — Ég sé að félmrh. er kominn í salinn og fagna ég því.

Ég hef verulegar áhyggjur af því sem þetta frv. hefur í för með sér. Í því er að mínu mati verið að fara úr öskunni í eldinn. Við vitum það sem höfum kynnt okkur núverandi kerfi að það er gallað og í skjóli þess er þetta frv. lagt fram. Það er margt í þessu frv. sem ég tel mjög vafasamt og tel að geti haft mjög neikvæð áhrif á hagstjórnina og efnahagslífið í heild sinni.

Ég mun hér á eftir fara fáeinum orðum um núverandi kerfi, kerfi félmrh. og það kerfi sem við fulltrúar Borgfl. hér í Ed. höfum lagt fram.

Eins og flestir vita er núverandi kerfi byggt á því að þeir geta fengið lán úr því sem hafa borgað 20 mánuði í lífeyrissjóð og það er fjármagnað með 55% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna. Eins og hæstv. félmrh. lýsti hér áðan hefur þetta kerfi nánast sprungið og í biðröð eru nú um 10 þús. manns, en það er spurning hversu margar af þeim umsóknum sem fyrir liggja eru virkar umsóknir. Því er haldið fram að þær séu á milli 5 og 10 þús. og hallast ég að síðari tölunni. Til þess að leysa þetta vandamál hefur hæstv. félmrh. boðað það kerfi sem felst í þessu frv. sem byggist á hugmyndinni um húsbréf. Þetta húsbréfakerfi sem kemur fram í frv. á sér enga hliðstæðu í nálægum löndum. Þetta kerfi, eins og fyrri ræðumenn hafa lýst, byggist á skuldabréfaskiptum og útgáfu Byggingarsjóðs ríkisins á ríkistryggðum húsbréfum. En ríkistryggð húsbréf eru að mínu viti mjög óæskileg og samrýmast ekki þeim hugmyndum sem í nágrannalöndunum er grunnforsenda húsbréfa.

Hv. 7. þm. Reykn. rakti hér í löngu máli hvaða hugmyndir eru að baki húsbréfa og hvernig þau upphaflega komu í notkun og hvernig nágrannaþjóðirnar hafa notað húsbréf til fjármögnunar á húsnæði. Það sem er grunnurinn að húsbréfakerfi okkar þingmanna Borgfl. er að það eru sérstakar húsnæðislánastofnanir, svokallaðir húsbankar sem gefa út þessi bréf og þeir fjármagna þau með innleggi lífeyrissjóða, tryggingafélaga og fleiri aðila. En í því felst ekki sjálfvirkni í útgáfu og að það séu seljendur og kaupendur húsnæðis sem geta ráðið því hvað mikið af slíkum bréfum er gefið út heldur eiga viðkomandi stofnanir, svokallaðir húsbankar, að hafa þar hönd í bagga og ráða því hversu mikið af slíkum bréfum kemst á markað.

Ég vil í þessu sambandi lesa hér upp hvernig sá merki ungi hagfræðingur, sem hefur kynnt sér þessi mál mjög náið, Jóhann Rúnar Björgvinsson, lítur á mismuninn á þessum kerfum, þ.e. á því kerfi sem við þingmenn Borgfl. leggjum til og því kerfi sem hæstv. félmrh. hefur lagt hér fram í frv. sínu um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun. En hann segir að grundvallarmunurinn liggi í eftirfarandi:

„Samkvæmt frv. Borgfl. er gert ráð fyrir að hinir svonefndu húsbankar fjármagni útlán til fasteignakaupanda með útgáfu sérstakra húsbréfa (obligasjoner) með öruggri tryggingu sem seld er á frjálsum markaði. Þannig fást peningar til útlána. Með þessari útfærslu er fyrst höfðað til sparnaðarins í þjóðfélaginu með sölu á húsbréfum. Síðan er sparnaðinum ráðstafað til fasteignakaupa. Þannig verður fjárfestingin aldrei meiri en sparnaðurinn gefur tilefni til miðað við skynsamlega og eðlilega vaxtaþróun.

Í frv. ríkisstjórnarinnar er ekki gert ráð fyrir að húsbréf verði seld í fyrstu umferð á frjálsum markaði fyrir peninga sem síðan eru lánaðir til fasteignakaupenda, heldur er gert ráð fyrir að fasteignakaupandinn greiði íbúðina að hluta til með húsbréfum. Með þessari útfærslu á fjárfestingin sér fyrst stað, síðan er látið reyna á hvort sparnaðurinn í þjóðarbúinu verði nægilegur til að mæta þeirri fjárfestingu miðað við

skynsamlega og eðlilega vaxtaþróun. Hér vantar því nauðsynlega takmarkandi þætti í útfærslu húsbréfakerfisins sem draga eiga úr líkindum á afföllum og verðbólguáhrifum sem geta komið til ef fjárfestingin verður of mikil miðað við sparnaðinn.

Hér er um grundvallaratriði að ræða í útfærslunni. Góður ásetningur um hóflegt framboð á húsbréfum samrýmist engan veginn þeim ströngu kröfum sem gerðar eru til peninga- og fjármálakerfis í þróuðum ríkjum. Engum er fengið slíkt útgáfuvald nema það samræmist vel viðurkenndum leikreglum því allar líkur benda til þess að það verði misnotað fyrr eða síðar."

Þarna kemur þessi ágæti maður, sem ég ber mikið traust til, Jóhann Rúnar Björgvinsson, að kjarna þessa máls, þ.e. sparnaðinum í þjóðfélaginu. Það er það sem hann leggur ofuráherslu á við gagnrýni sína á kerfi félmrh., og þá blessun sem hann gefur yfir því kerfi sem að við þingmenn Borgfl. höfum lagt til, að hann vill líta út frá sjónarhóli sparnaðarins á það hvaða álit hann hefur á þessum kerfum. En það liggur alveg í augum uppi að sá sparnaður sem nú er í *þjóðfélaginu eykst ekki með því að komið verði á* húsbréfakerfi félmrh. Það liggur alveg ljóst fyrir og ég held að flestir sem hafa kynnt sér einhverja hagfræði sjái það í hendi sér að sparnaðurinn eykst ekkert þó að ný tegund af verðbréfum komi inn á markaðinn. Ég efast um það að sparnaður hafi aukist þegar verðbréfasjóðir komu til. Það sem gerðist hins vegar var það að það varð tilflutningur á fjármagni frá bankakerfinu yfir til verðbréfamarkaðanna og eins hitt að með vísitölutryggingunni jókst sparnaður lítillega í þjóðfélaginu út af því að þá var ekki þessi sama hvöt til þess að fjárfesta í fasteignum. Komi nýtt sparnaðarform, eins og húsbréfin eru, þá hef ég enga trú á því að sparnaðurinn aukist eins og kom fram í ræðu hæstv. félmrh. að mundi gerast.

Ég neita því ekki að margt eldra fólk býr í stóru húsnæði og er tilbúið til þess að selja þær húseignir, en ég efast stórlega um það að þetta sama fólk spari þá fjármuni sem það fær fyrir eignirnar. Hingað til hefur það keypt ríkisskuldabréf fyrir þann mismun. Og ég sé ekki almennilega hvernig þessi innri fjármögnun að þessu leytinu getur komið til.

Annað sem ég hef mjög mikið á móti í þessu frv. hæstv. félmrh. eða réttara sagt ríkisstjórnarinnar er það að húsbréf skuli vera ríkistryggð. Það getur ekki gengið upp þegar um frjálsan markað er að ræða, sem fasteignamarkaðurinn er, að seljendum sé veitt ríkistrygging fyrir þeim verðbréfum sem þeir fá í slíkum kaupum. Með kerfinu er ekki verið að tryggja lántakandann sem slíkan heldur seljandann. Það er einmitt stór þáttur í þessu máli að það er seljandinn sem fær bréfin og hann skiptir þeim fyrir ríkistryggð húsbréf hjá Húsnæðismálastofnun og selur þau á frjálsum markaði. Lántakandinn nýtur að vísu góðs af þessum viðskiptum en ekki nema skamma stund út af því, og það liggur í augum uppi, að fasteignaverð kemur til með að hækka með þessu móti. Ef kaupendum er gert það auðveldara að kaupa fasteignir heldur en nú er þá auðvitað eykst eftirpurn eftir húsnæði og verð á húsnæði hækkar. Í þessu sambandi langar mig að spyrja hæstv. félmrh. hvort hann hafi þá trú að með þessu kerfi komi fasteignaverð til með að lækka, standa í stað eða hækka. Eins og ég rakti hér áðan hef ég því miður þá trú að það muni hækka.

Hæstv. félmrh. sagði varðandi ríkistrygginguna, eða til afsökunar fyrir ríkisábyrgð á þessum bréfum, að það væri ekki verið að breyta þessu frá núverandi kerfi út af því að lán til húsnæðiskaupa séu hvort sem er ríkistryggð. Ég tel þann rökstuðning ekki vera góðan. Ég hélt einmitt að með húsbréfum væri verið að reyna að kippa ríkinu út úr þessu kerfi, að ríkið ætti ekki að vera á þessum markaði og ætti ekki að vera að hugsa um þá sem eru vel aflögufærir með að standa undir sínum fjárfestingum. Hlutverk ríkisvaldsins varðandi húsnæðismál á fyrst og fremst vera það að hugsa um þá sem hafa orðið undir og vegna lágra launa geta ekki keypt sér húsnæði. Ríkisvaldið á þannig fyrst og fremst og einungis að hugsa um þá sem eru undir, verkamenn, öryrkja, aldraða, stúdenta og fleiri hópa sem hafa mjög takmarkaðar tekjur. Og varðandi þá sem eiga íbúð fyrir eiga markaðslögmálin að gilda, alla vega mundi ég miðað við málflutning. hæstv. viðskrh. telja að hann sé þeirrar skoðunar að markaðurinn eigi að ráða verði á fasteignum. Og kemur það heim og saman við þær hugmyndir sem við borgaraflokksmenn höfum lagt fram að við viljum einmitt skera þarna á milli annars vegar hins félagslega kerfis og svo hins kerfisins, að þeir sem eru að kaupa í annað, þriðja og fjórða skiptið eigi að fara út á hinn almenna markað og eigi ekki að fá þessa félagslegu þjónustu sem ríkið á að veita öðrum. Við leggjum sem sagt til að það verði stofnaðir sérstakir húsbankar og þarna eigi lífeyrissjóðir, tryggingafélög og fleiri, eins og ég nefndi áðan, að standa undir og lána til fasteignakaupa, og þá með fullum vöxtum, og síðan er það spurning og verður að vera atriði síðar meir hvernig ríkið á að koma inn í varðandi vaxtabætur.

Ég hef hér farið yfir þau þrjú kerfi sem í umræðunni hafa verið, þ.e. það kerfi sem nú eru við lýði, kerfi hæstv. félmrh. og það kerfi sem við þingmenn Borgfl. höfum lagt fram. Ástæðan fyrir því að við leggjum mikla áherslu á það hér í Ed. að fara mjög nákvæmlega ofan í þessi mál er einmitt sú að við *viljum að þetta mál verði skoðað mjöl vel og* með tilliti til þess hvernig nágrannaþjóðirnar hafa leyst sín húsnæðisvandamál og hvernig okkar frv. geti komið inn í þá umræðu. Við teljum því miður að það frv. sem hæstv. félmrh. hefur lagt fram fullnægi ekki þeim grunnkröfum sem gera verður til svona kerfis og viljum einnig halda því fram að þarna sé um nokkurs konar afbökun á því sem nágrannaþjóðirnar hafa gert í þessum málum.

Það erum ekki bara við sem höfum gert athugasemdir við þetta frv. heldur margir aðilar í þjóðfélaginu, þar á meðal stærstu launþegasamböndin og þá sérstaklega ASÍ sem hefur lagst gegn þessari hugmynd ríkisstjórnarinnar þó svo þeirra rökstuðningur bygg-

ist á öðru en því að taka upp það kerfi sem við höfum lagt til. Hins vegar kemur í umsögn þeirra fram að frv. Borgfl. komi vel til álita. Síðan er það mjög athyglisvert að það eru fimm aðilar í stjórn Húsnæðisstofnunar sem hafa lagst harðlega gegn kerfi hæstv. félmrh.

Það sem er kannski stóri gallinn við frv. og það kerfi sem hér er lagt fram er það að þeir sem eru að kaupa í fyrsta skipti hafa ekki forgang. Þetta er sá hópur sem þarf á mestri aðstoð að halda viljum við búa við það séreignakerfi í húsnæðismálum sem flestir flokkar hafa lagt áherslu á. A.m.k. sé ég það ekki í frv. né heldur í ræðu eða riti frá hæstv. félmrh. Ég vil því spyrja hæstv. félmrh. hvað ráðherrann vilji gera varðandi þá sérstaklega umfram aðra, t.d. þá sem eru að kaupa kannski í fjórða eða fimmta skipti og þurfa í raun oft og tíðum ekki á sérstakri fyrirgreiðslu frá ríkinu að halda.

Ég er alveg sammála því að það þurfi að breyta núverandi húsnæðiskerfi. Það er meingallað. En hvort það frv. sem hér er til umræðu er rétta lausnin, það dreg ég, eins og ég áður sagði, mjög í efa og tel það vera að fara úr öskunni í eldinni. Ég vildi frekar að lappað yrði upp á það kerfi sem nú er, setja nefnd í það og fara mjög ofan í saumana á því, og gera þá brtt. við það frekar en að taka upp þetta kerfi, og síðan í framhaldinu eftir vel ígrundaða umræðu að taka upp það kerfi sem er hjá nágrannaþjóðunum, Danmörku og Þýskalandi, og sem okkar frv., þingmanna Borgfl., byggist á.

Í ræðu hæstv. félmrh. kom fram að gengi þessara húsbréfa ætti að skrá mjög nákvæmlega og að verðbréfamörkuðum sem seldu þessi bréf bæri skylda til að tilkynna allar sölur. Nú liggur það í þessum bréfum að þetta eru peningar og þeir koma til með að vera notaðir bæði í öðrum fasteignaviðskiptum og síðan manna á milli, t.d. við kaup á fasteign og jafnvel í verksamningum og þau skipti sem verða þar á þessum húsbréfum verða ekkert skráð þar, aðeins sú sala sem fer fram hjá verðbréfamiðlurum. Og ef ég þekki verðbréfamiðlara rétt, þá koma þeir eflaust til með að taka 2% sölugjald. Og það liggur í augum uppi að ef hægt er að losna við bréfin með öðrum hætti, þá fara þau ekkert þar í gegn. Þess vegna vill fólk eflaust frekar selja þau í gegnum aðra eða þá að nota þau í áframhaldandi viðskiptum. Það þýðir ekkert að berja hausnum við steininn um það að auðvitað eru þessi bréf peningar í því formi sem lagt er í það hugtak, peningar, því að þetta gengur manna á meðal, og eru ekki þau vörukaup sem upphaflega var nú grundvöllurinn undir það að peningar voru til.

Ég vil í því sambandi benda á álit sem Jóhann Rúnar Björgvinsson hefur sett fram um muninn á húsbréfum og spariskírteinum og bók sem hann gaf út þar sem hann rekur það mjög gaumgæfilega hvernig húsbréf koma til með að virka. Hann kemst að þeirri niðurstöðu að þetta séu peningar og yrði of langt mál hér að fara ofan í þann rökstuðning.

En það er eitt atriði sem ég vildi koma hérna inn á og hef það þá mitt lokaatriði — en það er búið að samþykkja það að þessari umræðu ljúki hér á eftir — sem ég tel mjög varasamt varðandi þessa ríkistryggingu og að ríkið skuli vera að skipta sér af hinum frjálsa fasteignamarkaði, og það er sú misnotkun sem ég tel að muni þrífast í þessu kerfi.

Það liggur í augum uppi að fasteignaverð er mjög mismunandi eftir landshlutum. Verð á fasteignum t.d. á Vestfjörðum er kannski ekki nema 30% af því sem það er á sambærilegum húsum í Reykjavík. Og þessi hús úti á landi, t.d. í litlum sjávarplássum á Vestfjörðum eru jafnvel óseljanleg. Ég hef þá trú og vil benda þeim ágætu mönnum sem þar búa á það, vilji þeir losna við hús sín, að með tilkomu þessa kerfis opnast sá möguleiki að búa til málamyndasamninga sem ganga út á það að seljist ekki fasteign úti á landi, þá megi búa til málamyndasamning, sem er jú allt í lagi að verði staðfest af einhverjum aðila, að þessi fasteign geti gengið á þessu verði. Síðan megi selja skuldabréfið sem kemur út úr því sem er 65% af viðkomandi eign sem er kannski raunverð eignarinnar og húsnæðisstjórn breytir því síðan í húsbréf. Þetta getur orðið til þess að illseljanlegar eignir komist í verð. En með þessu móti losnar að sjálfsögðu ekkert um skuldina, en þá er eiginlega eignin veðsett fyrir þessum 65%, en viðkomandi aðili er búinn að fá peningana í hendur og getur þá keypt sér sams konar eign t.d. í Reykjavík. Til þess að skýra þetta aðeins nánar, þá skal ég rekja eitt dæmi sem ég var með um daginn.

Eigandi fasteignar á Höfn í Hornafirði sem samkvæmt brunabótamati er metin á tæpar 4 millj. hefur verið að reyna að selja þá fasteign í fleiri mánuði en ekki tekist. Þetta hús lítur mjög þokkalega út en úti á landi er mjög erfitt að selja fasteignir. Út af því að þennan ákveðna mann vantaði peninga var reynt að búa til skuldabréf til að selja hérna á verðbréfamarkaði, en þar sem verðbréfamarkaðirnir líta á fasteignir úti á landi mjög neikvæðum augum ef svo má segja — eða réttara sagt þá taka þeir ekki skuldabréf sem er tryggt með fasteignum úti á landi, sérstaklega ekki í litlum sjávarplássum þar sem þeir telja grundvöllinn mjög veikan undir þeirri tryggingu sem þar er — þá voru þeir tilbúnir til að borga 60–70% af nafnverði fyrir þessi bréf.

Verði þetta frv. samþykkt þá opnast sá möguleiki að ef þessi aðili sem á fasteignina selur einhverjum kunningja sínum eignina og sá gefur út skuldabréf geti hann farið með þetta skuldabréf til Húsnæðisstofnunar og fengið húsbréf og selt þau síðan á markaðnum. Þá er hann búinn að búa sér til peninga, þá peninga sem hann vantaði.

Ég held að þetta sé stór þáttur í þessu, að þarna er ekki verið að líta til beinlínis greiðslugetunnar, það er verið að líta á viðskiptin sem slík aðallega, og það er verið að búa til peninga. Ekki vil ég samt segja að í þessu ákveðna dæmi sem ég nefndi mundi það verða niðurstaðan en þarna alla vega opnast sá möguleiki að þetta geti átt sér stað. Og því miður þá opnast með lögum oft óðruvísi möguleikar heldur en kannski upphaflega var stefnan. (Gripið fram í.) Já, t.d.

Að lokum langaði mig til þess að spyrja hæstv. félmrh. tveggja spurninga og þær eru á þessa leið:

Af hverju erum við Íslendingar að taka upp kerfi sem hefur í sér fólgna marga óvissuþætti þegar fyrir hendi eru í nágrannlöndunum mjög þróuð kerfi sem hafa gengið upp? Af hverju var ekki leitað í smiðju til þessara aðila á Norðurlöndum og frekar reynt að haga okkar löggjöf á þessu sviði með svipuðum hætti og þar er?

Seinni spurningin, fyrir utan þá spurningu sem ég lagði fyrir hæstv. félmrh. áðan, er þessi: Hver er munurinn á spariskírteinum ríkissjóðs og þessum húsbréfum og hefur það verið kannað af félmrh. eða öðrum hvort það muni ekki draga úr sölu spariskírteina þegar þetta húsbréfakerfi kemst á, ef það kemst á?

Fleira hef ég ekki að segja að sinni um þetta frv. og bíð eftir 2. umr. þar sem ég mun að sjálfsögðu taka frekar til máls og þá á grundvelli þeirrar niðurstöðu sem hæstv. félmn. Ed. hefur komist að.

Guðrún Agnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Kvennalistinn hefur frá upphafi stutt hugmyndina um húsbréfakerfi en jafnframt sett ákveðna fyrirvara við ýmsa þætti þess. Við undirbúning málsins í sérstakri nefnd og umfjöllun þess á Alþingi komu enn frekar í ljós ýmsir óvissuþættir sem valda því að erfitt er að taka eindregna afstöðu með þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Og vegna þeirrar umræðu sem orðið hefur um stuðning Kvennalistans við þetta frv. þá tel ég ástæðu til þess að vitna sérstaklega í nokkra kafla úr bókun Kristínar Ástgeirsdóttur sagnfræðings sem sat fyrir hönd Kvennalistans í þeirri nefnd um almenna húsnæðismálakerfið sem skilaði af sér 12. des. 1988 og vann þetta frv. En Kristín skilaði sérstakri bókun þann 15. nóv. 1988. Þar rakti hún grundvallarstefnu Kvennalistans í húsnæðismálum og ég vil vitna til orða hennar, með leyfi forseta:

„Það er grundvallarstefna Kvennalistans í húsnæðismálum að fólk eigi að geta valið um það í hvers konar húsnæði það býr, valið um að kaupa eða leigja. Við tökum ekki undir það sjónarmið að það sé genetískt séreinkenni á Íslendingum að vilja eiga húsnæði enda sýna nýjustu kannanir annað.

Það er einnig skoðun kvennalistakvenna að húsnæðiskerfið eigi að taka mið af aðstæðum fólks, tekjum og fjölskyldustærð. Styðja ber þá sem þurfa á aðstoð að halda vegna lágra tekna og fjölskyldustærðar. Þeir sem betur mega sín ættu að geta bjargað sér án niðurgreiddra vaxta.

Kvennalistinn telur mesta þörf á því að byggja leiguhúsnæði og ekki síst að tryggja námsfólki, öldruðum og öryrkjum hentugt húsnæði. Með slíkum aðgerðum mundi draga verulega úr spennu á húsnæðismarkaðnum og væntanlega yrði komið í veg fyrir að fólk reisti sér hurðarás um öxl með ótímabærum húsnæðiskaupum.

Veruleikinn sem við okkur blasir er sá að félagslega húsnæðiskerfið getur aðeins sinnt hluta umsækjenda. Skortur á leiguhúsnæði er verulegur um allt land og almenna húsnæðiskerfið, sem síðast var breytt 1986, er orðið að botnlausri hít.

Með breytingunum 1986 var hleypt af stað skriðu sem enn sér ekki fyrir endann á. Umsóknir eru margfalt fleiri en afgreiðslur lána og biðröðin lengist sífellt. Lánakjörin eru umsækjendum hagstæð, ef þeir á annað borð ráða við þau, en þau boða gjaldþrot Byggingarsjóðs ríkisins verði ekki að gert. Biðtíminn reynist mörgum erfiður enda í fá hús að venda önnur en að leita eftir kaupum á húsnæði. Það er því augljóst að grípa verður til aðgerða. Þær verða annars vegar að hjálpa umsækjendum um húsnæðislán og stytta biðtímann en hins vegar að draga úr lánum til þeirra sem ekki þurfa á þeim að halda og létta þar með á ríkissjóði."

Nokkru síðar segir hún, með leyfi forseta, þegar hún ræðir ýmsa þá óvissuþætti sem augljósir voru strax í byrjun við húsbréfakerfið þó að við, eins og ég sagði áðan, styddum hugmyndina. Og ég held áfram að vitna, með leyfi forseta:

„Það verður þó að benda á ýmsa óvissuþætti hvað varðar húsbréfakerfið. Í fyrsta lagi er óljóst hvaða svigrúm er á verðbréfamarkaðnum fyrir húsbréfin, ekki síst þar sem nú virðist fram undan samdráttur í efnahagslífinu. Ef kaupgeta reynist lítil fellur kerfið um sjálft sig og eftir stendur að vextir hafa verið hækkaðir á lánum Byggingarsjóðs ríkisins. Þá er verr af stað farið en heima setið. Eins og nú horfir í efnahagsmálum er ástæða til að hafa áhyggjur af lífslíkum húsbréfakerfisins en þær velta m.a. á því hvort lífeyrissjóðirnir fjárfesta í húsbréfum. Til þess að svo verði þurfa þau að vera girnilegur kostur til ávöxtunar fjármagns. Þá er óljóst hvaða áhrif húsbréfakerfið hefur á íbúðaverð og skiptar skoðanir um það hvort það muni verka til hækkunar eða lækkunar. Það mun ráðast af framboði, eftirspurn og efnahagsástandinu en hætt er við að verðið hækki ef íbúðaeigendur þurfa að selja bréf sín með afföllum.

Enn eitt sem benda verður á er að breytingin stendur og fellur með því að þeir sem bera þunga vaxtabyrði fái hana bætta í gegnum skattakerfið. Stjórnvöld freistast æðioft til að skera niður upphæðir sem eiga að koma fólki til góða og jafna lífskjörin. Sú upphæð, sem reiknað er með til vaxtabóta, er sú sama og fór á þessu ári til húsnæðisbóta eða um 1100 millj. 1988 sem þýðir að í raun verður um lækkun að ræða þar sem ýmsir skattgreiðendur fá greiddan vaxtafrádrátt samkvæmt gamla kerfinu. Upphæðin til niðurgreiðslu á vöxtum lækkar því þegar á heildina er litið. Það verður því að krefjast þess að vaxtabæturnar verði ekki skertar eigi fyrirhugaðar breytingar á húsnæðiskerfinu að fá stuðning Kvennalistans.

Hvað varðar lækkun á lánum til ákveðinna hópa umsækjenda hefur undirrituð sérstaklega varað við því að skerða til muna lán til einhleypra sem eru að kaupa í fyrsta sinn." — Og ég legg sérstaka áherslu á þennan kafla, hæstv. forseti, vegna þeirra aðdróttana sem hafa verið gerðar í garð Kvennalistans eftir að kvennalistakonur studdu brtt. sem lagðar voru fram í

Nd. og ég mun víkja að síðar. Ég vil sérstaklega draga athygli hv. þm. að þeirri áherslu sem hér er lögð á aðstæður einhleypinga til þess að afla sér húsnæðis:

„Hvað varðar lækkun á lánum til ákveðinna hópa umsækjenda hefur undirrituð sérstaklega varað við því að skerða til muna lán til einhleypra sem eru að kaupa í fyrsta sinn. Við breytinguna 1986 kom í ljós uppsafnaður vandi. Stór hópur einhleypra sá sér nú loks fært að kaupa húsnæði, um 20% umsækjenda. Það er ekkert ódýrara fyrir einn að kaupa húsnæði en tvo einstaklinga ef miðað er við húsnæði af hæfilegri stærð enda eiga tekjur eins að standa undir sama kostnaði og ella deilist á tvo. Það eru mannréttindi að hafa þak yfir höfuðið hvernig sem fjölskyldumálum er háttað.

Þá skal bent á að ekki kann góðri lukku að stýra að umbylta húsnæðiskerfinu á fárra ára fresti. Slík vinnubrögð skapa óvissu, óeðlilega þenslu og oft ótímabær húsnæðiskaup þegar fólk veit ekki hvers er að vænta. Það er því brýn þörf á að skapa festu í húsnæðiskerfinu með framtíðarstefnumörkun."

Og að lokum segir Kristín Ástgeirsdóttir og ég vitna áfram, með leyfi forseta:

„Það er sem sagt margt að athuga þegar á allt er litið. Húsbréfakerfið hefur greinilega marga kosti ef vel tekst til." — Og hún hefur reifað þá kosti sérstaklega í bókun sinni. — „En undirrituð ber ugg í brjósti vegna ástandsins í þjóðfélaginu. Húsbréfakerfinu þarf að fylgja rækileg kynning meðal almennings og öflug ráðgjöf til að tryggja að enn einn hópurinn reisi sér ekki hurðarás um öxl en þeir njóti góðs af sem eiga heima í húsbréfakerfinu.

Jafnframt því sem að framan segir ber að benda á nauðsyn þess að líta á húsnæðiskerfið sem heild. Verði reyndin sú að fyrirhugaðar breytingar komi illa við hina tekjulægri, sem reyndar verður ekki séð af fyrirliggjandi upplýsingum, undirstrikar það aðeins nauðsyn þess að félagslega húsnæðiskerfið verði eflt. Innri fjármögnun húsbréfakerfisins ætti með tíð og tíma að losa um fjármagn sem hiklaust ber að veita þangað sem þörfin er mest, til byggingar leiguíbúða og félagslegra íbúða, til þeirra sem nú búa við alls óviðunandi aðstæður og þurfa á aðstoð að halda.

Vegna þess hve óvissuþættirnir eru margir og stórir er erfitt að taka eindregna afstöðu með fyrirhuguðum breytingum. Húsbréfakerfið er vænlegur kostur fyrir ákveðinn hóp kaupenda og mun ef vel tekst hafa í för með sér jákvæðar breytingar. Því tel ég rétt að láta á það reyna. Spurningin er hins vegar sú hvort viðbót á einum stað í húsnæðiskerfinu og niðurskurður á öðrum kemur nógu mörgum til góða. Að mínum dómi er mikil þörf á endurskoðun á húsnæðiskerfinu þar sem horft verður á það sem heild en hætta að greina það niður í tvo afmarkaða hluta. Slík endurskoðun þarf að miðast við framtíðina ekki síður en nútíðina þannig að koma megi í veg fyrir endalausar smábyltingar og neyðarúrræði þegar allt er komið í óefni. Aðeins þannig verður tryggt að allir sitji við sama borð og húsnæðiskerfið þjóni þeim sem það á að þjóna."

Þetta er undirritað af Kristínu Ástgeirsdóttur 15. nóv. 1988.

Mér fannst nauðsynlegt að þessi sjónarmið kæmu hér fram vegna þess að þau voru skýrt tekin fram í þessari bókun. Það var bæði fjallað um kosti og lesti þessa kerfis en niðurstaðan varð sú að fulltrúa okkar í nefndinni þótti rétt að láta á þetta kerfi reyna. Við höfum komist að sömu niðurstöðu hér á Alþingi þrátt fyrir það að skiptar skoðanir hafi reynst meðal sérfræðinga um áhrif húsbréfakerfisins t.d. á íbúðaverð, fasteignamarkaðinn, lánamarkaðinn og á efnahagskerfið í heild, enda hafa þær umsagnir og óvissuþættirnir verið ítarlega raktir, bæði í umræðum í Nd. og eins hér í Ed. nú þegar.

Stór hópur fólks ræður ekki við þau kjör sem nú bjóðast til húsnæðiskaupa. Hærri vextir munu gera þessum hópi enn erfiðara fyrir. Því er ljóst að þrýstingur á félagslega íbúðakerfið mun aukast verulega en hann er ærinn fyrir og því er skjótra úrbóta þörf. Kvennalistinn telur jafnframt óhjákvæmilegt að mæta sívaxandi þörf fyrir leiguhúsnæði eins og kom fram í orðum Kristínar Ástgeirsdóttur og hefur lengi vel verið stefna okkar. Slíkt mundi koma þeim sem þurfa eða vilja leigja til góða, jafnframt sem það mundi létta mjög á almenna húsnæðiskerfinu.

Kvennalistinn hefði viljað efla og bæta félagslega húsnæðiskerfið, bæði fyrir þá sem vilja leigja og kaupa, áður en ráðist væri í fyrirhugaða breytingu á almenna kerfinu. En með tilliti til alls þessa taldi Kvennalistinn að ekki væri unnt að styðja þetta frv. nema ríkisstjórnin mundi tryggja og lýsa yfir þeim skilyrðum sem Kvennalistinn setti fyrir stuðningi við frv. og þau koma fram í fskj., bæði við nál. frá 4. minni hl. félmn. á þskj. 1037 sem er undirritað af Kristínu Einarsdóttur, fulltrúa Kvennalistans í félmn. Nd., og einnig í nál. 2. minni hl. félmn. á þskj. 1031 sem er undirritað af Jóni Sæmundi Sigurjónssyni, Guðrúnu Helgadóttur og Jóni Kristjánssyni. Ég vil vitna til þess, með leyfi forseta, en það er samkomulag um húsnæðismál milli Kvennalistans og ríkisstjórnarinnar:

„Athuganir innan ríkisstjórnarinnar og viðræður við Kvennalistann hafa leitt til þeirrar niðurstöðu að samþykkt frv. til laga um húsbréfakerfi verði tengt húsnæðismálum í stærra samhengi.

Samkomulag er um eftirfarandi:

1. Skipan nefndar á vegum félmrh. til að endurskoða hinn félagslega hluta húsnæðiskerfisins. Nefndin skili niðurstöðu fyrir 1. nóv. nk. Hlutverk nefndarinnar er að leggja fram tillögur um endurbætur á fyrirkomulagi lánveitinga til félagslegra íbúðabygginga með það fyrir augum að einfalda lánafyrirkomulag og auka skilvirkni félagslega íbúðalánakerfisins. Nefndinni er falið að gera tillögur um breytt fyrirkomulag á stjórnun og úthlutun á félagslegri aðstoð í húsnæðiskerfinu. Jafnframt er nefndinni falið að gera tillögur um framkvæmd ráðstafana og leita leiða til að auka framboð leiguhúsnæðis og til að jafna húsnæðiskostnað leigjenda til samræmis við húseigendur.

2. 600 millj. kr. raunaukningu á framkvæmdafé til félagslega hluta íbúðakerfisins." — Og ég verð nú að segja að mér fannst það fáránleg samlíking hjá hv. 7. þm. Reykn. þegar hann talaði um 100 millj. kr. á hverja þingkonu Kvennalistans. Mér fannst það fáránlegt fyrst og fremst vegna þess að þetta fé rennur auðvitað ekki til kvennalistakvenna heldur til félagslega íbúðakerfisins og það er ósanngjarnt og rangt að gera þannig tengingar á milli atriða sem ekki eiga saman. Ég held áfram að vitna, með leyfi forseta: „Á árinu 1989 verði 100 millj. kr. raunaukning á framlögum auk þess sem felst í bréfi ríkisstjórnarinnar til Alþýðusambandsins í tengslum við kjarasamninga 1. maí 1989. Á árinu 1990 verði svo 500 millj. kr. raunaukning framkvæmdafjár.

3. Vextir á lánum, sem úthlutað hefur verið úr Byggingarsjóði ríkisins, verði ekki hækkaðir þegar húsbréfakerfið kemst í framkvæmd.

4. Þingflokkur Kvennalistans mun taka þátt í undirbúningi gildistöku húsbréfakerfisins og fylgjast með þeirri reglugerðarsmíð sem fram þarf að fara.

Samkomulag er um ofangreind atriði milli ríkisstjórnarinnar og Kvennalistans og munu þau koma fram í nefndarálitum félagsmálanefnda við afgreiðslu húsbréfamálsins á Alþingi." — Undirritað 1. maí 1989.

Síðan komu fram, eins og ég sagði, brtt. við 1. og 2. gr. frv. í Nd. Þær miðuðu við það að aflétta skerðingu og kostnaðarsamasta breytingin miðaði sérstaklega að því að aflétta skerðingum sem lagðar höfðu verið á einhleypt fólk. Eins og kom fram í orðum Kristínar Ástgeirsdóttur höfum við allt frá byrjun — og þetta var ítrekað strax í ræðu hv. þm. Kristínar Einarsdóttur í Nd. við 1. umr. þessa máls þar — verið mótfallnar þeirri skerðingu sem lögð hefur verið á einhleypinga af þeim ástæðum sem ég rakti hér áðan. Það var því í samræmi við stefnu okkar að styðja slíka brtt. en sá þáttur brtt. sem þar kom fram í 2. gr. var sá kostnaðarsamasti. Hinir höfðu mun minni kostnað í för með sér og þá einkum sú breyting sem gerð var á 1. gr. og varðaði þá sem eiga íbúðarhúsnæði og atvinnutæki. Að áliti Húsnæðisstofnunar mundi hún ekki valda neinum aukakostnaði. Ég tel því að þær aðdróttanir sem voru gerðar vegna afstöðu Kvennalistans hafi verið tilefnislausar rangfærslur eða e.t.v. byggðar á misskilningi.

Ég mun ekki hafa fleiri orð um þetta mál í 1. umr. Afstaða Kvennalistans er óbreytt frá því sem var í Nd. og munum við styðja þetta frv. hér í Ed. á sama hátt og við gerðum í Nd. Ég hef lokið máli mínu, herra forseti.

Umræðu frestað.

Almannatryggingar, 1. umr.

Stjfrv., 372. mál (tryggingaráð, stjórnir sjúkrasamlaga o.fl.). — Þskj. 1186.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, ásamt síðari breytingum sem er 372. mál þingsins og kemur nú fram með breytingum sem fluttar voru af heilbr.- og trn. Nd. og birtar eru á þskj. 1171.

Frv. þetta sem hér liggur fyrir um breytingu á lögum um almannatryggingar, ásamt síðari breytingum, fjallar um fjórar meginbreytingar á lögunum. Þessar breytingar eru allar þess eðlis að ekki er ástæða til þess að bíða eftir niðurstöðum úr heildarendurskoðun almannatryggingalaganna sem nú stendur yfir og reiknað er með að ljúki á árinu.

Breytingarnar fjalla í fyrsta lagi um valdsvið tryggingaráðs, í öðru lagi um breytingar á kosningum í sjúkrasamlög vegna nýlega samþykktra laga, þ.e. nýrra sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, um skil af hálfu sýslufélaga til sveitarfélaga og héraðsnefnda, en hvað þennan lið varðar var gerð breyting í Nd. og mun ég gera nánari grein fyrir því á eftir. Þriðja atriðið sem þetta frv. fjallar um er um það að ráðherra geti kveðið nánar á um framkvæmd laganna með reglugerð án þess að nánar sé tiltekið um hvaða framkvæmdaratriði sé að ræða. Og í fjórða lagi um tímabundna heimild árið 1989 til þess að semja við sérfræðinga um rannsóknir og aðgerðir án þess að til þurfi tilvísun heilsugæslulæknis eða heimilislæknis. Ég mun nú gera örlítið nánari grein fyrir þessum breytingum.

Samkvæmt gildandi almannatryggingalögum, sbr. nánar 6. gr., gegnir tryggingaráð nánast tvíþættu hlutverki. Annars vegar kemur ráðið fram sem stjórn Tryggingastofnunar ríkisins með þeim skyldum sem því fylgir sem er eftirlitsskylda með starfsemi stofnunarinnar og að veita samþykki fyrir ákveðnum atriðum. Hins vegar fer tryggingaráð með það hlutverk að leysa úr ágreiningi sem skotið er til þess um rétt til bóta frá Tryggingastofnun.

Varðandi síðari þáttinn er lagt til svo að ekki orki tvímælis að tryggingaráð hafi ekki aðeins vald til þess að leysa úr ágreiningi um það hvort reglur laganna veiti rétt til greiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins heldur einnig til þess að leysa úr ágreiningi um önnur skilyrði slíks réttar. Tryggingaráð hefur farið þess á leit að þessi breyting verði gerð á lögunum þar sem uppi hefur verið ágreiningur um valdmörk milli tryggingaráðs annars vegar og tryggingayfirlæknis hins vegar. Telur ráðuneytið nauðsynlegt að tvímæli verði tekin af í því efni og er ráðuneytið þeirrar skoðunar að svo beri að gera.

Rétt er að benda á að frv. gerir ráð fyrir því annars vegar að skildar séu að annars vegar reglur um stjórnunarhlutverk tryggingaráðs og að um það verði ákvæði áfram í 6. gr. laganna. Hins vegar reglur um úrskurðaratriði tryggingaráðs vegna ágreinings um rétt til bóta almannatrygginga sem lagt er til að

verði framvegis í 7. gr. laganna. Nái þessi breyting fram að ganga hefur tryggingaráð heimild til að endurmeta öll atriði varðandi rétt til greiðslu úr almannatryggingunum sem starfsmenn Tryggingastofnunar ríkisins leggja mat á eða taka ákvörðun um í störfum sínum án tillits til þess hvort mat starfsmanna eða ákvörðun varðar einungis skýringu á fyrirmælum almannatryggingalaga eða hvort mat eða ákvörðun snýr að öðrum atriðum, svo sem læknisfræðilegu mati á skilyrðum bóta og lífeyrisréttar. Tryggingaráð getur við þessar aðstæður fengið til ráðuneytis einn til þrjá sérfróða lækna, tannlækna þar sem það á við, við úrlausn einstakra ágreiningsefna.

Brtt. sem heilbr.- og trn. Nd. flutti og fram kemur á þskj. 1171, svo sem áður segir, fjallar annars vegar um að varðandi þetta atriði sé kveðið skýrar á um það hvernig og hvaða skilyrði þurfi að vera fyrir hendi til þess að tryggingaráð geti lagt úrskurð á málið og hins vegar að það sé hægt að leita álits fleiri sérfræðinga heldur en lækna í sambandi við ágreiningsatriði, þ.e. að það sama gildi um ráðgjöf og aðstoð lögfræðinga, félagsfræðinga og félagsráðgjafa um efni sem undir þá skilgreiningu falla eins og brtt. gerir ráð fyrir.

Önnur breyting frv. var fólgin í því að taka mið af ákvæðum nýrra sveitarstjórnarlaga varðandi skipan í stjórnir sjúkrasamlaga. Í verkaskiptafrv. því sem hér er nú til meðferðar í þinginu eru sjúkrasamlög hins vegar felld niður svo að grein þessi, eins og hún nú lítur út, er óþörf og var gerð tillaga um það af hálfu heilbr.- og trn. Nd. að fella þessa grein niður, svo að ástæðulaust er að fjalla frekar um rökstuðning fyrir því sem þar var kveðið á um.

Með þriðju breytingunni er lagt til að ráðherra verði fengin heimild til að kveða á um nánari framkvæmd almannatryggingalaga í reglugerð án þess að sérstaklega sé tiltekið um hvaða atriði sé að ræða. Í þessu tilviki er rétt að benda á að við heildarendurskoðun almannatryggingalaga, sbr. nú lög nr. 67 1971, voru felld niður ákvæði hér að lútandi, en þess í stað látið nægja að hafa ákvæði í einstökum greinum varðandi framkvæmd hinna einstöku þátta almannatrygginga.

Það er mat ráðuneytisins að með þessu séu ráðherra settar of þröngar skorður varðandi ýmis ótiltekin framkvæmdaatriði sem nauðsynlegt kann að vera að grípa til. Í þessu tilviki vill ráðuneytið benda á að reglugerðir um greiðslu almannatrygginga í fæðingarorlofi styðjist ekki við beina lagaheimild þar sem hlutaðeigandi lagaákvæði kveða ekki beint á um setningu reglugerðar. Hins vegar liggur ljóst fyrir að þessi ákvæði laganna verða ekki framkvæmd öðruvísi en með reglugerð. Þar sem ágreiningur er uppi varðandi þennan þátt telur ráðuneytið nauðsynlegt að sett verði inn í almannatryggingalög skýr ákvæði varðandi setningu reglugerða án þess að atriðin séu sérstaklega tilgreind eða tiltekin.

Fjórða breytingin fjallar síðan um heimild fyrir Tryggingastofnun ríkisins á árinu 1989 að semja við sérfræðinga um nauðsynlegar rannsóknir og aðgerðir án þess að til þurfi tilvísun heilsugæslulæknis eða heimilislæknis. Í þessu tilviki bendir ráðuneytið á að með samningi um sérfræðihjálp milli Læknafélags Reykjavíkur og Tryggingastofnunar ríkisins fyrir hönd sjúkrasamlaga sem undirritaður var í lok síðasta árs, en samningurinn gildir frá 1. jan. sl. til næstu tveggja ára, er gert ráð fyrir því að ekki þurfi á tilvísun heilsugæslulæknis eða heimilislæknis að halda á yfirstandandi ári. Þannig gerir samningurinn ráð fyrir því að sjúkratryggðir geti farið beint til sérfræðings án tilvísunar frá heilsugæslulæknum eða heilbrigðislæknum. Rétt er að benda á að hér er ekki um nýlundu að ræða því að á árinu 1984 var samið um það við Læknafélag Reykjavíkur að ekki þyrfti tilvísun heilsgæslulækna eða heimilislækna og hefur verið svo síðan án þess að b-staflið 43. gr. laganna hafi verið breytt, en þar er kveðið skýrt á um tilvísunarskyldu.

Það er því skoðun ráðuneytisins að nauðsynlegt sé að breyta þessari lagagrein þannig að hún standi ekki beinlínis í vegi fyrir áðurnefndum samningi um sérfræðihjálp, þó þannig að eingöngu skuli gert ráð fyrir tímabundinni heimild er gildi á yfirstandandi ári, en gildistaka samningsins er af hálfu Læknafélags Reykjavíkur háð því skilyrði að engin breyting verði gerð á framkvæmd tilvísana af hálfu hins opinbera á árinu. Er ætlunin fyrir árslok að meta þann sparnað sem stefnt er að með samningnum og verður tekin afstaða til tilvísunarkerfisins fyrir nk. áramót. Þyki sýnt að samningurinn nái ekki tilætluðum árangri og að líkur verði á því að frekar megi spara við upptöku tilvísunarkerfis að nýju verður að sjálfsögðu gripið til þess.

Hæstv. forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara um þetta frv. fleiri orðum, en vísa þess í stað til ítarlegra athugasemda með einstökum greinum frv. og vil geta þess einnig að eftir töluverðar umræður um málið í Nd., bæði við 1. umr. og 2. umr., náðist samkomulag í heilbr.- og trn. um málsmeðferð við 3. umr. og komu brtt. frá nefndinni allri, en þó var nál. undirritað með fyrirvara af hálfu fulltrúa Sjálfstfl. í nefndinni.

Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn. með beiðni um það að nefndin taki röggsamlega á frv. og reyni að afgreiða það svo hratt sem verða má þannig að það nái fram að ganga á yfirstandandi þingi þrátt fyrir það að skammt kunni nú vera til þingloka.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 15 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Stjfrv., 349. mál (vaxtabætur). — Þskj. 1172.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það frv. sem ég mæli hér fyrir er nánast fylgifrv. með því frv. um nýskipan í húsnæðismálum sem hér hefur verið til umræðu í þessari hv. deild í dag. Það hefur verið rætt um þennan þátt málsins við þá umræðu því að þau höfuðatriði sem í þessu frv. eru og snerta vaxtabætur tengjast mjög skýrt þeirri grundvallarhugsun sem hefur verið gerð grein fyrir af hæstv. félmrh. við þessa umræðu.

Í þessu frv. er lýst nokkuð vel hvernig ætlunin er að byggja upp kerfi vaxtabóta þar sem lýst er þeim viðmiðunartölum og þeim aðferðum sem beita skal við þá útreikninga.

Þegar þetta mál var til umfjöllunar í hv. Nd. þá hafði ég fyrir þessu frv. mjög stutta framsögu en lagði til að nánari umfjöllun um þetta mál færi síðan fram við 2. umr. þegar hv. fjh.- og viðskn. hefði haft tækifæri til þess að fjalla um málið ásamt hv. félmn. um það mál sem er meginhvati þess að þetta frv. er lagt fram. Reyndin varð svo sú í hv. Nd. að ítarleg umræða fór fram um þennan þátt málsins við 2. umr. Teldi ég þann gang málsins á margan hátt jafneðlilegan hér í þessari hv. deild.

Ég tel þess vegna ekki, virðulegi forseti, ástæðu til þess að fjalla nánar um málið hér og nú en geymi mér að gera því nánari skil og fjalla um það annaðhvort ef umræða kann að verða hér við þessa 1. umr. en þó einkum og sér í lagi þegar málin koma bæði til 2. umr. hér í þessari hv. deild.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Launavísitala, 1. umr.

Stjfrv., 213. mál. — Þskj. 361.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Í fjarveru hæstv. forsrh. mæli ég hér fyrir frv. til laga um launavísitölu, en mál þetta hefur þegar fengið afgreiðslu í hv. Nd. og ætti í sjálfu sér ekki að þurfa að hafa langt mál um þetta frv. Það fjallar fyrst og fremst um það að setja ákveðinn lagalegan grundvöll fyrir útreikningi launavísitölu en slík vísitala hefur verið reiknuð út af Hagstofu Íslands um alllangan tíma. Í ljósi þeirrar reynslu sem þar hefur fengist er talið nauðsynlegt að setja lög um þá vísitölu eins og ýmsar aðrar vísitölur sem eru reiknaðar út, en það verður að teljast mjög mikilvægt að slík vísitala sé fyrir hendi í okkar þjóðfélagi, a.m.k. við núverandi aðstæður. Hins vegar má ávallt um það deila hvað skuli miðað við slíkar launavísitölur og það hefur blandast inn í þetta mál. Ég ætla ekki að fjölyrða um það hvort það sé eðlilegra t.d. að lánskjaravísitala taki mið af slíkum vísitölum eður ei. Um það má margt segja en aðalatriðið er það að fyrir hendi verður að vera launavísitala og hún verður að hafa traustan grundvöll. Þetta frv. miðar að því að svo geti orðið og er því mikilvægt að það hljóti afgreiðslu á yfirstandandi þingi.

Ég vil að lokinni þessari umræðu leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 1. umr.

Frv. SP o.fl., 335. mál (forgangur skattakrafna við skipti). — Þskj. 604.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Fjármálaráðherra (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er til meðferðar er á ýmsan hátt nokkuð sérstakt að því leyti til að það er mikið einvalalið sem að því eru flm. og málið olli töluverðri umræðu þegar það kom til 2. umr. í hv. Nd. Ég tel óhjákvæmilegt að lýsa því hér við 1. umr. að að vel athuguðu máli hefur það verið niðurstaða fjmrn. og mín að vara þingið við því að samþykkja þetta að svo lítt athuguðu máli. Mér er það alveg ljóst að þetta mál er sótt af miklu kappi af hálfu 1. flm. og ýmissa annarra. Það er hins vegar óhjákvæmilegt að þingið geri sér skýra grein fyrir því að fjölmargir, sem bera ábyrgð á því að innheimta opinber gjöld í landinu, telja að með þessari breytingu sé verið að gera verk þeirra miklu erfiðari.

Í grófum dráttum búum við hér við tvenns konar skatta í okkar landi. Annars vegar er um að ræða skatta sem eru eins konar vörslufé, t.d. staðgreiðsla af launum starfsfólks fyrirtækja, söluskattur og síðan virðisaukaskattur sem viðkomandi fyrirtæki, rekstraraðilar, eiga í sjálfu sér ekki heldur fara eingöngu í gegnum hendur þeirra frá öðrum og í hinn sameiginlega sjóð landsmanna. Síðan er um að ræða tekjuskatta og eignarskatta sem fyrirtæki eiga að greiða af sínum eigin fjármunum.

Það hefur verið talið eitt af brýnustu verkefnum í íslenska skattakerfinu að bæta þessa innheimtu. Það er t.d. alveg ljóst að þangað til gripið var til aðgerða fyrir nokkrum mánuðum síðan varðandi staðgreiðsluna var þó nokkur hætta á því að það innheimtukerfi gæti brotnað niður vegna þess að ótrúlega mörg fyrirtæki, stór og smá, voru byrjuð að draga skilin á

staðgreiðslunni. Sama gildir auðvitað með söluskattinn og enn fremur um virðisaukaskattinn.

Í umræðunni í Nd. voru sett fram þau sjónarmið að það ætti ekki að gera greinarmun á einstaklingum og ríkisvaldinu í þessum efnum og það yrði að tryggja einstaklinga og aðra á sama hátt og ríkisvaldið. Ég hlýt þó hér að setja fram það sjónarmið að það er a.m.k. nauðsynlegt að þingið íhugi mjög alvarlega hvort það ætlar að halda á ný inn á þá braut að gera engan greinarmun á þeim fjármunum sem fyrirtækjum er falið að innheimta hjá öðrum og koma áleiðis og þeim fjármunum sem fyrirtækin hafa til eigin ráðstöfunar. Ég vil í því sambandi vekja athygli þessarar hv. deildar á því að í tæplega hálfa öld, frá 1926 til 1974, var sú skipan í gildi sem nú er lagt til með þessu frv. að afnema. Síðan var þessu breytt, en fyrir nokkru síðan var ákveðið að halda aftur inn á þessa braut.

Flutningsmaður frv. hefur nokkuð lagt út af því að veruleg réttaróvissa mundi skapast ef núgildandi skipan væri áfram við lýði og ef þetta frv. yrði samþykkt yrði þeirri réttaróvissu eytt. Við umræður í Nd. hefur af hálfu flm. einnig verið vikið allmikið að stöðu skiptaréttar. Við umfjöllun málsins í Nd. voru send inn álit frá lögmannafélögum og ýmsum öðrum slíkum aðilum, bönkum, samtökum atvinnurekenda og fleirum sem mæltu með frv. Ég er hins vegar sannfærður um það að frv. hafi ekki vakið nægilega athygli úti í þjóðfélaginu til að vekja upp umræður og athuganir hjá fleirum. Eftir að málið kom á dagskrá í hv. Nd hafa mér borist skeyti, símhringingar og álitsgerðir frá innheimtumönnum ríkissjóðs, frá lögmönnum og ýmsum öðrum sem mæla eindregið gegn því að frv. verði samþykkt.

Í fullri vinsemd við hv. deild og þó að mér sé ljóst að það liggi ýmsar ástæður að baki því að frv. var samþykkt í hv. Nd. án þess að það hafi fengið ítarlega athugun og allir þættir málsins hafi verið nægilega vel skoðaðir hlýt ég að biðja þessa hv. deild að athuga þetta mál gaumgæfilega áður en hún tekur það til endanlegrar meðferðar við 2. og 3. umr. Í fyrsta lagi vegna þess að viðvaranir innheimtumanna ríkissjóðs, þeirra sem þjóðþingið hefur falið að tryggja góð skil á sköttum, hljóta að vega eitthvað í þinginu, sérstaklega þegar allir stjórnmálaflokkar í landinu, fjöldasamtök, verkalýðsfélög og aðrir hafa lagt á það brýna áherslu að bætt innheimta opinberra gjalda sé eitt mikilvægasta verkefni í okkar samfélagi. Í öðru lagi vegna þess að mér finnst vera að koma skýrt í ljós að meðal lögfræðinga og annarra eru þó nokkuð skiptar skoðanir um þetta mál og mjög mismunandi álit varðandi þann praxis sem skapast gæti í skiptarétti. Og í þriðja lagi vegna þess að það þarf að skoða hvort ekki er hægt að fara aðrar leiðir en hér er lagt til til að eyða þeirri réttaróvissu sem frv. er ætlað að eyða. Ég hefði þess vegna talið skynsamlegra að í sumar yrði skipuð nefnd í þetta mál þar sem allir þættir málsins kæmu til ítarlegrar skoðunar, bæði þeir sem snúa að traustu innheimtukerfi ríkisins og hins vegar þeir sem snúa að starfsemi skiptaréttar og almennum veðböndum.

Ég ætla ekki að vekja langar umræður um þetta mál, þótt vissulega væri hægt að gera það, vegna anna deildarinnar. Ég hefði hins vegar brugðist skyldum mínum við hv. deild ef ég hefði ekki gert grein fyrir þessum sjónarmiðum hér við 1. umr., sérstaklega vegna þess að við athugun málsins í Nd. er alveg greinilegt að af hálfu hv. fjh.- og viðskn. var ekki nægilega vel hugað að þeim þætti þessa máls sem snýr að innheimtukerfi ríkisins. Um það hef ég sannfærst eftir að hafa rætt bæði við formann nefndarinnar og einstaka nefndarmenn.

Ég vil þess vegna beina þeim eindregnu tilmælum til hv. fjh.- og viðskn. að hún skoði þetta mál vandlega, hún kynni sér alla þætti málsins og íhugi hvort ekki kann að vera skynsamlegra að gefa sér einhverja mánuði í að skoða þetta frekar því að ákvörðun þingsins um að veikja innheimtukerfi ríkisins gagnvart opinberum sköttum og gjöldum er að mínum dómi mjög alvarleg aðgerð þegar þingið gerir þá höfuðkröfu til fjmrn., innheimtumanna ríkissjóðs og gjaldheimtumanna að þeir skili miklu árangursríkara starfi en hingað til.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Hæstv. fjmrh. hefur beint alvarlegum aðvörunarorðum til hv. Ed. Ég hygg að þó að dvöl hans á hinu háa Alþingi hafi ekki verið mjög löng viti hann að þessi deild starfar vel. Hann þarf ekkert að óttast um það að þetta mál verði ekki nægilega vel athugað í hv. fjh.- og viðskn. Mér fannst það að vísu dálítið ósmekklegt að hnýta því í fjh.- og viðskn. Nd. að hún hefði unnið málið illa eða a.m.k. látið ýmsar hliðar þess órannsakaðar og hann hefði sannfærst um það af einkaviðræðum við einstaka nefndarmenn. Það er hans mál að halda þeirri staðhæfingu fram. Mitt mál hér er eingöngu það að leggja til að málið fari nú þegar í stað til nefndar.

Ég þarf ekkert að munnhöggvast við hæstv. ráðherra um efni frv. Ég held að hv. Nd. hafi komist að réttri niðurstöðu þegar hún samþykkti þetta mál einróma. Það er rétt sem hæstv. ráðherra sagði að það er gert ráð fyrir að ljúka þingi innan fárra daga hvort sem það tekst eða ekki og hitt er líka sjálfsagt að verða við óskum hans um að athuga mál þetta vel í hv. fjh.- og viðskn. Ég á nú reyndar sæti í hv. fjh.- og viðskn. og mun ég leggja til að það verði gert strax í fyrramálið.

Það var nefnt sérstaklega að verkalýðshreyfingin legði áherslu á trausta innheimtu skatta. Það gerum við auðvitað öll. En sitt er nú hvað að innheimta skatta með venjulegum hætti eða það að láta bráðsaklausa menn gjalda þess að einhverjir aðrir hafi ekki staðið í skilum.

Efnislega umræðu ætla ég að spara mér til 2. umr. um þetta mál einmitt til þess að málið komist strax til hv. fjh.- og viðskn. og verði þar þegar tekið fyrir á fundi í fyrramálið. Af því að hv. formaður nefndarinnar stendur hér fyrir framan mig, hv. þm. Eiður Guðnason, og heyrir væntanlega mál mitt þá vildi ég óska eftir því að gefnu tilefni að fulltrúi frá verkalýðsfélögum kæmi í fyrramálið, einhver frá Alþýðusambands Íslands ... (**EG:** Í fyrramálið höfum við 45

mínútur og . . .) Já, reyndar var ég búinn að biðja um að fá fulltrúa annarra samtaka líka til að koma og ég efast ekkert um að það verði gert.

En ég legg megináherslu á að mál þetta fái góða umfjöllun í nefndinni og það komist helst þegar í stað eða innan fárra mínútna í gegnum þessa umræðu og til nefndar.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Það telst til tíðinda þegar þingdeild mælir einróma með samþykki ákveðins frv. en síðan rís fjmrh. upp og mótmælir. (**Gripið fram í:** Nefnd.) Já, nefnd. Það og að framkvæmdarvaldið skuli geta haft veruleg áhrif á framgang ákveðins máls á Alþingi.

Það frv. sem hér er til umræðu er nokkuð merkilegt fyrir þá sök að verið er að breyta þeirri óheillaskipan sem ég tel að hafi komist á með samþykkt frv. á síðasta þingi þar sem skattakröfum var veittur forgangur fram yfir veðkröfur í þrotabúum og skuldafrágöngubúum. Með þeirri breytingu sem þá var gerð — og ég mótmælti að ég held einn þingmanna — var ekki aðeins verið að veita þessum kröfum forgang fram yfir aðrar kröfur heldur einnig verið að eyðileggja svokölluð veðréttindi sem ég tel að hafi því miður verið að sverfa hægt og bítandi undan á síðustu árum. Nú er svo komið að veðréttindi, eins og þau voru skilgreind upphaflega og maður lærði í lögfræðinni á sínum tíma, hafa ekki þá þýðingu sem þau höfðu. Ég skil mjög vel áhyggjur hæstv. fjmrh. ef frv. nær fram að ganga og skil það mjög vel að skattakröfur skuli njóta forgangs því að þarna er um að ræða peninga sem viðkomandi aðilar hafa annaðhvort tekið af söluskattsgreiðendum eða þá í formi staðgreiðslu skatta. En ég tel að það eigi ekki að gera með því að hafa í lögum þannig ákvæði að þau gangi framar þeim grundvallarréttindum sem veðréttindi byggjast á.

Ég tel raunar að með lögunum eins og þau eru hafi innheimtan dalað frekar en hitt vegna þess að hugsunarhátturinn hjá innheimtuaðilum gæti verið þannig, án þess að ég sé að fullyrða það, að ef gefinn er frestur á þessu ákveðna gjaldþrotamáli eða innheimtan ekki kýld áfram eins hart og æskilegt væri gætu þeir sagt: Ef þetta fer í gjaldþrot njótið þið forgangs fram yfir allt annað. En ef svona ákvæði er ekki í lögum mundu þeir beina innheimtuaðgerðunum miklu fljótar að viðkomandi fyrirtæki sem hefur dregið að sér skatta og notað þá í rekstrinum. Ég tel einmitt mikla ástæðu fyrir fjmrh. að beina kröftum sínum að því að brýna fyrir innheimtumönnum ríkissjóðs að grípa til ráðstafana fyrr en nú er, en ekki að gefa skattakröfum forgang fram yfir aðrar kröfur. Ég tel þetta mjög óæskilegt, sérstaklega þegar verið er að tala um veðréttindi þar sem þeir sem eiga veð í ákveðinni fasteign eiga að geta treyst því að þau veðréttindi standi.

Ef frv. nær ekki fram koma svo miklar efasemdir um gildi t.d. veðbréfa eða veðbókarvottorða að það nær ekki nokkurri átt. Við eigum að geta treyst því að þau veðréttindi sem eru skráð hjá fógetum séu með þeim hætti að það megi treysta þeim í einu og öllu. Gerist það ekki en skattakröfur nái hins vegar forgangi held ég að við séum komin, eins og ég sagði áðan, á óheillabraut.

Ég hafði tal af skiptaráðandanum í Reykjavík og hann tjáði mér að sú stefna hefði verið tekin upp hjá þeim í skiptarétti að láta skattakröfur ganga framar veðkröfum á grundvelli þeirra ákvæða sem eru í núgildandi lögum sem hér er verið að reyna að breyta. Ég tel mjög vafasamt að þessi ákvæði, sem eru í núgildandi lögum, séu inni.

Ef við tölum um söluskattssvikin og það að ekki sé skilað inn því fé sem fyrirtæki innheimta í formi söluskatts eða í gegnum staðgreiðslu, finnst mér miklu meira áríðandi að innheimtuaðilar hafi virkari úrræði til þess að grípa þarna inn í en er í núgildandi lögum. Ég held að þegar lögin voru samþykkt hafi menn litið fram hjá þessu ákvæði. Menn áttuðu sig ekki á því að það er verið að breyta þarna gamalli hefð sem gilt hefur því það er verið að breyta forgangsröðun í þrotabúum og skuldafrágöngubúum. Þetta var ekki svona. Það var ekki fyrr en menn fóru að átta sig á texta laganna að þetta vandamál kom upp. (**Fjmrh.:** Það var nú svona í 40 ár.) Varðandi söluskattinn? (**Fjmrh.:** 1926 til 1974.) En alla vega var þetta ekki svona áður, ekki eftir 1974. (**Fjmrh.:** Í rúm 10 ár.) Ég þori ekki að fullyrða um þetta enda var ég ekki búinn í lögfræðinni þá. En alla vega meðan ég var þar man ég ekki eftir því að hafa séð svona ákvæði.

En ég vil mælast til þess að frv. fari í gegn á þessu þingi. Hins vegar er ég tilbúinn til þess, og hef sagt það áður hér í ræðustól að ég væri tilbúinn til að hjálpa hæstv. fjmrh. með það að finna leiðir hvernig bæta megi innheimtuna, ekki aðeins að þessu leyti til, heldur einnig að fyrirtækjum, sem vitað er að skila of lágum söluskatti eða jafnvel engum, verði gert skylt að skila öllum sínum söluskatti. Því miður eru enn þá í þjóðfélaginu til fyrirtæki sem hafa komist upp með það að skila ekki öllum þeim söluskatti sem þau eiga að skila samkvæmt lögum.

Þetta vildi ég sagt hafa við 1. umr. Því miður á ég ekki sæti í hv. fjh.- og viðskn. Ed. en mundi mælast til þess við þá sem þar eiga sæti að þeir kalli a.m.k. fyrir skiptaráðandann í Reykjavík sem er mest inni í þessum málum og fái hans álit á frv. og hvaða áhrif þessi ákvæði í núgildandi lögum hafa, ekki aðeins fyrir skiptaréttinn heldur einnig fyrir þinglýsingar og tryggingu sem í veðréttindum felast.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 344. mál (húsbréfaviðskipti). — Þskj. 1160 (sbr. 1115).

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það er á þessu stigi málsins og hér við 1. umr. ekki ástæða til þess að segja margt um það frv. sem liggur fyrir. Það er augljóst að Nd. hefur breytt frv. í veigamiklum atriðum þannig að það lýsir ekki lengur þeirri stefnu sem hæstv. ráðherra húsnæðismála vill fylgja. Því er mikil spurning hvort ekki sé skynsamlegt fyrir hæstv. ráðherra að íhuga hvort hann sé ekki bundinn við þá yfirlýsingu sína að segja af sér ef þetta stjfrv. nær ekki fram að ganga. Ég sé ekki í fljótu hasti hvernig hæstv. ráðherra getur skotið sér hjá því ef hann á annað borð vill standa við þau digru orð sem hann lét falla fyrr á þessum vetri.

Nú hlýtur frv. í sinni breyttu mynd að fá mjög rækilega skoðun í félmn. og af þeim sökum skal ég ekki fara efnislega út í einstaka þætti. En um leið og ég gagnrýni þá meðferð sem hæstv. ráðherra hefur haft á húsnæðismálunum fram að þessu og hvernig hæstv. ráðherra hefur unnið eftir þeim lögum sem nú eru í gildi vil ég spyrja hæstv. ráðherra einnar spurningar. Nú stendur svo á að umsóknir liggja fyrir varðandi erfiðleikalán sem nema 100 millj. kr. Það vantar á þessari stundu 100 millj. kr. upp á að hægt sé að sinna því fólki sem er að missa íbúðir sínar og á í hvað mestum erfiðleikum. Ég hygg að sú fjárhæð sé ekki fjarri sanni, þetta var sú fjárhæð sem ég fékk upplýsingar um í Húsnæðisstofnun í síðustu viku. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. húsnæðisráðherra: Hvaða ráðstafanir mun hann gera til þess að nægilegt fé verði í Byggingarsjóði fram að áramótum þannig að hægt sé að sinna því fólki sem á í hvað mestum erfiðleikum í sambandi við húsnæðismál sín?

Ég man eftir því að þegar hæstv. ráðherra var í stjórnarandstöðu lét hann sér mjög annt um þennan málaflokk og vil ég því spyrja hann hvort hann hafi gert einhverjar ráðstafanir til þess að útvega þessar 100 millj. kr. og til viðbótar fé sem dugir til áramóta. Ef það kemur í ljós að hæstv. ráðherra hefur gert tilraunir til að útvega féð væri fróðlegt að fá upplýsingar um það á hverjum stendur í ríkisstjórninni til að hægt sé að sinna þessu fólki.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég vil nú leitast við að svara nokkrum fyrirspurnum sem til mín hefur verið beint í þessari umræðu. Hv. þm. Borgfl. sem hér hafa talað hafa rætt nokkuð um núgildandi kerfi og talið að það mætti bæta svo að það gæti gilt áfram. Ég vil fara örfáum orðum um það, herra forseti.

Það var samdóma álit þeirra sérfræðinga sem fjölluðu um þetta í fyrri nefndinni að „. . . húsbréfakerfið núgildandi valdi ekki hlutverki sínu, það skapi umframeftirspurn og leiði til biðraðar eftir lánum og spennu á fasteignamarkaði. Ýmis vandi stafi af tengingu þess við lífeyrissjóðina og heildarsamningum við þá. Lánakerfið hafi ekki fjárráð til að mæta þörfum markaðarins miðað við fyrirheit um lánsrétt og lánsfjárhæðir né heldur rísa undir núverandi niðurgreiðslu vaxta.“ Þetta var álit sérfræðinga sem um núverandi kerfi hafa fjallað og ég tel að það séu mjög fáir sem mæli því bót að hægt sé að gera á því þær breytingar sem dugi til þess að við getum vænst þess að hægt sé að búa við þetta kerfi til frambúðar.

Því hefur verið haldið fram í þessari umræðu að ekki hafi verið beitt þeim skerðingarákvæðum sem eru til staðar í núgildandi kerfi. Ég tel að þetta sé rangt. Það náðist ekki samstaða á hv. Alþingi um að þau skerðingarákvæði, sem komu inn fyrir ári síðan og miðuðu að því að þrengja rétt ákveðinna hópa, yrðu afturvirk og mundu ná til biðraðarinnar. Þess vegna náðu þessi skerðingarákvæði eingöngu til þeirra hópa sem sendu inn umsóknir sínar eftir að þessi skerðingarákvæði tóku gildi, þ.e. frá janúar 1988. Reynslan hefur orðið sú að eftir að þessi skerðingarákvæði tóku gildi hafa mjög fáar umsóknir borist sem falla undir þessi skerðingarákvæði. Þau hefðu fyrst haft töluverð áhrif ef þau hefðu mátt ná inn í biðraðirnar en um það náðist ekki samstaða á Alþingi. Það er því ekki rétt að þessum skerðingarákvæðum sé ekki beitt eins og hægt er.

Um það var talað hér að það sé enginn munur orðinn á forgangshópi eða víkjandi hópi. Þetta er heldur ekki rétt vegna þess að sá sex mánaða munur sem er á forgangshópi og víkjandi hópi er enn til staðar. Að vísu hefur Húsnæðismálastofnun af því miklar áhyggjur hvað verður í framtíðinni að óbreyttu, bæði varðandi forgangshóp og víkjandi hóp, vegna þess að t.d. á árinu 1990 er svo mikið fjármagn bundið í seinnihlutalán og til víkjandi hóps að það er lítið aflögu til forgangshópa. Áætlanir sem gerðar hafa verið sýna að fyrstu fimm mánuðina á árinu 1990 er ekkert fjármagn aflögu til forgangshópa. Þetta er nú það kerfi sem við búum við. Enn verra verður ástandið 1991 því þá er það mikið fjármagn bundið í síðari hluta að áætlanir gera ráð fyrir að fyrstu tíu mánuðina 1991 verði ekkert fjármagn aflögu til forgangshópa. Þetta eru þær áætlanir sem fyrir liggja í Húsnæðisstofnun miðað við það fjármagn sem er til ráðstöfunar og áætlað er á næsta ári.

Að því er varðar það að hin virka biðröðin sé ekki orðin nema um 5000 manns þá tel ég að það sé ekki rétt og tel það koma fram í svari Húsnæðisstofnunar við fyrirspurn sem liggur fyrir Alþingi frá hv. þm. Júlíusi Sólnes. Þar kemur fram að tekið hefur verið tillit til affalla af umsóknum og að á milli 3–5% umsókna falla úr gildi vegna þess að umsækjendur senda ekki inn kaupsamninga eða fokheldisvottorð. Síðan kemur fram að í áætlunum sínum reiknar stofnunin með að þegar lánin koma til greiðslu séu þau samtals 15–20% lægri en lánsloforðin gerðu ráð fyrir. Þó að tekið sé tillit til þessa gerir Húsnæðisstofnun ráð fyrir að biðröðin hafi ekki styst um næstu áramót og sé enn þá tæplega 11.000 umsóknir þrátt fyrir það að gert sé ráð fyrir og tekið tillit til þessara

skerðingarákvæða. Ástæða þess er einfaldlega sú að það berast inn fleiri umsóknir en afgreiddar eru út á hverjum tíma.

Það var spurt um það samkomulag sem gert var við Kvennalistann um húsnæðismál, þ.e. hvort þessi 600 millj. kr. raunaukning á framkvæmdarfé til félagslega hluta íbúðakerfisins væri umfram það sem fram kom í kjarasamningum við Alþýðusambandið. Það kemur skýrt fram í því samkomulagi sem prentað hefur verið með nál. frá 2. minni hl. félmn. Nd. Þar segir, með leyfi forseta, að samkomulag sé um:

„600 millj. kr. raunaukningu á framkvæmdafé til félagslega hluta íbúðakerfisins. Á árinu 1989 verði 100 millj. kr. raunaukning á framlögum auk þess sem felst í bréfi ríkisstjórnarinnar til Alþýðusambandsins í tengslum við kjarasamninga 1. maí 1989."

Að því er það varðar hvort fjármagn sé í sjóði sem hægt væri að nýta til útlána er það svo að staða Byggingarsjóðsins er mjög mismunandi frá mánuði til mánaðar. Í fyrra var staðan t.d. mjög erfið hjá byggingarsjóðunum og þeir þurftu að fá yfirdrátt hjá Seðlabankanum til þess að geta staðið við sín útlán. Það var vegna þess að fjármagn lífeyrissjóðanna hafði ekki borist eins og áætlað hafði verið. Því getur verið að tímabundið frá mánuði til mánaðar sé eitthvert fjármagn í Byggingarsjóðnum, en ég tel að það sé ekkert sem sé í hendi eða sé til ráðstöfunar til frekari útlána. Ég vil í því sambandi segja að það vantar núna enn þá 1500 millj. kr. upp á að lífeyrissjóðirnir hafi skilað því inn til húsnæðislánakerfisins sem þeir áttu að gera á árinu 1987–1988.

Hér hefur mikið verið vitnað í hagfræðing nokkurn, Jóhann Rúnar, og talið að það sem fram kemur í skrifum þess manns sé það sem ber að taka gott og gilt í þessu máli. Ég skal ekki gera lítið úr áliti þessa hagfræðings en mér þykir það afar sérstætt að það skuli enginn verða til þess að vitna í ýmsa hagfræðinga sem hafa farið mjög jákvæðum orðum um húsbréfakerfið og talið að það hefði bæði jákvæð áhrif á fasteigna- og peningamarkaðinn. Ég tek þar til t.d. Ólaf Davíðsson sem vann í fyrri nefndinni sem fjallaði um þetta mál. Ég tek til Hallgrím Snorrason sem var einn af höfundum að núverandi kerfi en mælir með því að tekið sé upp húsbréfakerfi. Ég tek til Sigurð B. Stefánsson, Ingva Örn Kristinsson, Má Guðmundsson, Birgi Árnason og Þorstein Ólafsson. Þetta eru allt að ég tel virtir hagfræðingar sem hafa sagt sitt álit á þessu máli og fram hefur komið í ítarlegri álitsgerð sem liggur fyrir félmn., þar sem könnuð eru áhrifin á fasteigna- og peningamarkaðinn. Í heild sinni er þetta álit mjög jákvætt. Þar kemur fram að húsbréfakerfið muni auka stöðugleika og lækka fasteignaverð, lækka útborgunarhlutfall, stuðla að lækkun vaxta, hafi jákvæð áhrif á peninga- og fasteignamarkaðinn og minni verðsveiflur verði á fasteignamarkaði. Þetta er það álit þessara sérfræðinga sem þarna kemur fram. Ég bendi enn fremur á álit Landssambands iðnaðarmanna. Þar kemur fram að þetta muni bæta skipulag framkvæmda og lækka byggingar- og fjármagnskostnað íbúða.

Ég tel nauðsynlegt, herra forseti, að þetta komi líka inn í umræðuna vegna þess að mér finnst menn taka aðeins til álit þessa unga hagfræðings, sem hér hefur verið nefndur, en líta fram hjá ýmsum staðreyndum sem fram hafa komið frá öðrum hagfræðingum sem um þetta mál hafa fjallað. Mér finnst að sumir hverjir þessara hagfræðinga, sem ég hef hér upp talið, séu oft nefndir í umræðum á Alþingi þegar vitnað er til álita um ýmis hagfræðileg efni.

Það er talað um að þurrkaður sé út forgangur með þessu kerfi og það vanti allan forgang. Ég held að það sé ekkert voðalega mikill forgangur í núverandi kerfi þegar grannt er skoðað. Ef við erum með biðröð upp á 37 mánuði, eins og fram kemur í áliti Húsnæðisstofnunar, og forgangur felst aðeins í sex mánaða flýtingu frá því er varla hægt að tala um mikinn forgang. Eðli húsbréfakerfisins er slíkt að þar er enginn forgangur. Þeir sem sækja um að fara inn í húsbréfakerfið fá þar afgreiðslu ef þeir sætta sig við kjörin á bréfunum á þeim tíma sem þeir gera sín fasteignaviðskipti. Eðli málsins samkvæmt er því ekki hægt að tala um forgang.

Af hverju þetta kerfi en ekki þróað kerfi sem reynsla er fengin á í nágrannalöndunum, spurði Guðmundur Ágústsson. Ég hef vitnað til þess, herra forseti, að nefndirnar sem um þetta mál hafa fjallað hafa kynnt sér ítarlega stöðu húsnæðismála á Norðurlöndunum og það kemur fram í greinargerð frá þessum aðilum sem um þetta hafa fjallað að þeir hafa kynnt sér þessi mál. Húsnæðismálin eru með mismunandi hætti á Norðurlöndunum eins og við þekkjum. Í Noregi er húsbanki og í Danmörku eru þessir verðbréfasjóðir. Á vegum nefndarinnar fóru menn til Danmerkur til þess að kynna sér ýmsa þætti húsnæðismála þar. Það hefur því verið litið til þess sem löndin í kringum okkur hafa upp á að bjóða. Að hluta til var byggt á því sem þar kemur fram og því sem við töldum að hentaði okkar aðstæðum, en að hluta til var miðað við önnur ákvæði sem við teljum að henti okkur betur.

Spurt er um muninn á spariskírteinum og húsbréfum. Það er náttúrlega ljóst að húsbréfin eru til lengri tíma, allt að 25 árum, á meðan spariskírteini eru til miklu skemmri tíma, þriggja, fjögurra eða fimm ára. Mismunurinn er kannski einnig fólginn í því að ávöxtunargengi húsbréfanna ræðst á markaðnum. Eðli ríkisábyrgðarinnar er síðan kannski með öðrum hætti að því er varðar húsbréfin vegna þess að á móti húsbréfum standa skuldabréf með veði í fasteign. Þetta er því raunverulega beint tengt fasteignaviðskiptum.

Ég tel mig hafa svarað flestu af því sem hér hefur komið fram. Hv. þm. Halldór Blöndal spurði um greiðsluerfiðleikalánin. Það er vissulega ástæða til þess að hafa áhyggjur af þeim. Eins og kom fram í máli mínu í upphafi þá nefndi ég að við höfum á fjórum árum varið á þriðja milljarð króna til greiðsluerfiðleikalána til um 4000 manns. Það er rétt hjá hv. þm. að það fé sem var til ráðstöfunar er nú uppurið. Ég skal ekki segja til um hvert framhaldið verður á

þessu. Ríkisstjórnin fól þremur ráðherrum að skoða þetta mál sérstaklega, einkum með það í huga að bankarnir kæmu miklu meira inn í þessa mynd, þ.e. að taka þátt í greiðsluerfiðleikamálum fólksins. Það er nú svo að bankarnir hafa fengið stóran hlut af þessu fjármagni sem varið hefur verið til greiðsluerfiðleikalána og við höfum viljað semja við þá um að þeir kæmu meira inn í þetta mál og keyptu skuldabréf af Byggingarsjóði ríkisins, a.m.k. sem næmi þeirri upphæð sem hefur gengið til bankanna gegnum greiðsluerfiðleikalánin. Þetta mál er ekki fullkannað og kannski ekki komin endanleg niðurstaða í viðræðum við bankana um þetta atriði. Eins fljótt og hægt er verða teknar upp viðræður við bankana og athugað hvort þeir gætu komið meira inn í þetta mál.

Í þessu sambandi vil ég nefna það, sem einnig fram kom í mínu máli, að ég tel að þessi greiðsluerfiðleikalán stafi að verulegu leyti af því kerfi sem við búum við í dag. Bæði veitir það ekki nema að hluta til lán fyrir íbúðarverði þannig að fólk þarf að sækja mikið inn í þessi erfiðu skammtímalán í bönkunum. Eins hefur fólk, af því að það þarf að bíða það lengi að það neyðist til þess að selja lánsloforðin með miklum afföllum, leitað sér að skammtímafyrirgreiðslu í bönkunum og það hefur kallað á þessi greiðsluerfiðleikalán. Kannanir sem hafa verið gerðar hjá Húsnæðisstofnun sýna það að vanskil þessa fólks og skuldir má að mestu leyti rekja til þessarar skammtímafyrirgreiðslu, en alls ekki til þeirra lána sem það fær hjá Húsnæðisstofnun. Ef við getum því byggt upp þannig kerfi, sem hugmyndin er með þessu húsbréfakerfi, að seljendur láni kaupendum miklu meira af verði fasteignarinnar, þá tel ég að þar sé komin leið til að fyrirbyggja að þessi greiðsluerfiðleikalán þurfi að koma til ár eftir ár því að ef ekkert er að gert í þessu höldum við auðvitað áfram og komumst ekki út úr þessu fari sem greiðsluerfiðleikalánin eru.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Nú er klukkan að verða sjö og við vorum búin að lofa því að klára þessa umræðu fyrir klukkan sjö. Það er ekki við okkur að sakast að svo hafi ekki tekist því ríkisstjórnin þurfti að koma nokkrum málum í gegn og það tók nú sinn tíma. En við ætluðum að þessi umræða mundi taka fjóra tíma.

Ég vil aðeins koma með fáeinar athugasemdir. Í fyrsta lagi varðandi málflutning hv. 6. þm. Reykv. Guðrúnar Agnarsdóttur og svo varðandi ræðu hæstv. félmrh.

Hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir sagði það fáránlegt og rangt að segja að hver kvennalistakona hafi kostað 100 millj. kr., en það kom fram í ræðu hv. þm. Júlíusar Sólnes hér áðan að Kvennalistinn hafi selt sig fyrir 600 millj. kr. Á það ber að líta að með frv. um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun er verið að koma á nýju húsnæðiskerfi er felur í sér að koma á húsbréfakerfi í stað lánakerfis sem núverandi kerfi byggist á. Í frv. er hvorki verið að breyta félagslega húsnæðiskerfinu né minnka framlög til þess kerfis. Skilyrði Kvennalistans um 600 millj. kr. til félagslega íbúðakerfisins er ekki í neinum tengslum við frv. félmrh. um húsbréf. Tengslin á milli eru ekki nein. Því er hægt að segja að hver kvennalistakona hafi kostað 100 millj. kr. Menn verða að líta á það að þegar skilyrði eru sett um eitthvert atriði þá hlýtur það að tengjast því máli sem til umræðu er hverju sinni. Með þessu er Kvennalistinn að segja: Út af því að við fengum þetta þá erum við tilbúnar að samþykkja húsbréfakerfið. Hefðum við ekki fengið það hefðum við ekki verið tilbúnar að samþykkja húsbréfakerfið. Þetta er það sem hv. þm. átti við og undir þetta get ég tekið. Þess vegna var þetta sett svona fram.

Í þessu sambandi má spyrja hæstv. félmrh. um þessar sérstöku 600 millj. kr. Eru þessar 600 millj. kr. sem Kvennalistanum var lofað þær sömu og Alþýðusambandinu var lofað? Ég vil ekki fara nánar út í þetta en að koma með þessa athugasemd.

Í seinni ræðu hæstv. félmrh. byrjaði hann á því að segja að Borgfl. vildi halda áfram núverandi kerfi. Það er alrangt. Í máli mínu hér áðan kom það fram að ég vildi frekar reyna að gera endurbætur á núverandi kerfi en að taka upp það húsnæðiskerfi sem hún leggur til í frumvarpinu. Hins vegar höfum við þingmenn Borgfl. hér í Ed. lagt fram frv. til laga um húsbanka. Það er skoðun Borgfl. í þessum málum. Við viljum frekar endurbæta núverandi kerfi en að samþykkja frv. hæstv. félmrh.

Í núverandi kerfi er sex mánaða forgangur til þeirra sem eru að kaupa í fyrsta skipti. En í frv. sem hæstv. félmrh. leggur fram er enginn slíkur forgangur. Ekki er heldur með þessu húsbréfakerfi gert ráð fyrir því að þeim sem eru að kaupa í fyrsta sinn verði gert eitthvað auðveldara fyrir að eignast húsnæði en öðrum. Það var kjarni málsins. Það var kannski ekki beint spurningin um forganginn heldur það að þeir sem eru að kaupa í fyrsta skipti eigi betra með að eignast húsnæði, það hlýtur að vera kjarni málsins. En í frv. félmrh. er ekkert gert til þess að auðvelda þessum hópi, þ.e. þeim sem er að koma í fyrsta sinn út á markaðinn, að eignast húsnæði.

Hæstv. félmrh. svaraði nokkuð vel þeim spurningum sem ég lagði fyrir hann og ég þakka honum fyrir greinargóð svör. En spurningunni: Af hverju var ekki tekið upp það kerfi sem er á Norðurlöndunum í stað þess að búa til nýtt? svaraði hæstv. félmrh. þannig að þeir, sem voru í þeim tveimur nefndum sem skipaðar höfðu verið, hefðu kynnt sér rækilega þau kerfi sem eru erlendis og komist að þessari niðurstöðu. Kjarninn í kerfum nágrannalandanna er sá að það skuli vera frjáls samtök sem standa að þessum húsbönkum og gefa út húsbréfin. Hér aftur á móti er það ríkið sem stendur að útgáfunni og þar er grundvallarmunurinn. Það er engin hliðstæða fyrir því að ríkið sjái um útgáfu slíkra húsbréfa. Þetta er því nýtt kerfi sem hér er verið að byggja upp og hefur meira að segja verið varað við því alls staðar í nágrannalöndunum að ríkið sé að skipta sér af þessu. En þetta er nú kannski eins og alltaf þegar kratarnir komast með puttana í hlutina, þá skiptir ríkið höfuðmáli. Ríkið á að taka og

ríkið á að skammta. (**EKJ:** Það er forsjáin öll.) (**Félmrh.:** Hún þykir nú góð stundum.)

Einu atriði gleymdi ég því miður í fyrri ræðu minni og vildi gera stutta grein fyrir. Það kemur einmitt inn á þetta síðasta atriði. Ríkið spilar hér höfuðhlutverk í kerfinu. Ríkið sér ekki aðeins um að gefa út húsbréfin heldur sér ríkið líka um að innheimta öll þau skuldabréf sem koma út úr fasteignaviðskiptum og tekur á sig alla þá áhættu sem því fylgir. Hæstv. félmrh. sagði hér, og ég dreg orð hennar ekki í efa, að ríkið hefði tapað mjög litlum peningum á innheimtu. Það er mjög eðlilegur hlutur þar sem ríkið hefur yfirleitt 1. veðrétt í öllum fasteignum. Lán sem koma frá Húsnæðisstofnun hafa 1. veðrétt og þegar ekki er lánað nema um 30% þá þarf það að vera mjög slæm eign svo ekki fáist upp í þær kröfur. En þegar þetta er komið upp í 65% af verði fasteignar gildir allt öðru máli. Að sjálfsögðu fer það eftir því hvernig fasteignin er metin og hvernig hlutirnir eru metnir. Margar eignir úti á landi eru því miður þannig að það fer eftir atvinnuástandi hverju sinni hvert verðmæti fasteignanna er. Komi aflabrestur hrapar fasteignaverð niður og komi þá t.d. til nauðungarsölu tapar ríkið að sjálfsögðu á þeirri sölu. Annað hitt að ríkisvaldið tekur að sér að kosta alla innheimtuna, innheimta öll skuldabréfin og taka á sig afföllin.

Ég held að þessum málum sé mikið betur borgið í höndum einkaaðila eða samtakaaðila og einnig með því að gefa út þessi bréf, eins og frv. okkar borgaraflokksmanna mælir fyrir um. Ég get alveg sagt það beint út að ég er á móti því að ríkið skuli á þennan hátt vera að skipta sér af hinum frjálsa fasteignamarkaði. Ríkið á einungis að sjá um hið félagslega kerfi, sjá um þá sem hafa orðið undir en markaðurinn á að sjá um hina sem betur eru færir til að sjá um sig sjálfir.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka til máls fyrr en í 2. umr. en ég vildi gjarnan nota tækifærið þar sem félmrh. er staddur hérna til að leggja fyrir hæstv. ráðherra spurningar viðvíkjandi þessum 600 millj. Ég vona að hæstv. ráðherra svari því sem ég spyr um. Ég hef stundum sagt það hér að ýmsir stjórnmálamenn, ég er ekki endilega að tala um hæstv. ráðherra, notfærðu sér einfeldni fólksins og þá valdabaráttu sem á sér stað, bæði í verkalýðshreyfingunni og annars staðar, til þess að setja á svið — ég vil ekki segja leikrit heldur svona ákveðna baráttu, ákveðin átök. Síðan koma stjórnmálamennirnir og bjóðast til þess að leysa þann vanda sem á sér stað í hinni hörðu baráttu á milli verkalýðsins annars vegar og vinnuveitenda hins vegar.

Þetta atriði sem lýtur að 600 milljónunum margumtöluðu, þar sem það kom fram eftir því sem mér skilst af svari ráðherra að um væri að ræða tvennar 600 millj. kr., þ.e. annars vegar 600 millj. kr. sem samið var um við kvennalistakonur um og hins vegar 600 millj. kr. sem samið var við Alþýðusamband Íslands um, er náttúrlega nýtt í málinu. Og það er mjög merkilegt að það er verið að tala um 1200 millj. kr. á sama tíma sem ekki er hægt að leggja fram fé til þess að tryggja t.d. stöðu fiskeldisstöðva í landinu. Það er mjög merkilegt atriði að þarna skuli hafa verið samið um 600 millj.

Ég held að það væri mjög fróðlegt fyrir kvennalistakonur að heyra hvernig hæstv. ríkisstjórn ætlar að efna þetta loforð sitt við þær. (**SkA:** Þú skalt nú ekki eigna þér einhverja peninga sem ríkissjóður á.) Ég hef nú álitið að kvennalistakonur hafi stutt frv. burt séð frá 600 milljónunum, en það hefur alla vega hjálpað til að semja um það atriði með öðrum. Það kom skýrt fram í ræðu hv. þm. Guðrúnar Agnarsdóttur að kvennalistakonur höfðu skoðað þetta mál mjög gaumgæfilega og það var á grundvelli efnislegra atriða sem þær tóku afstöðu með því frv. sem ég er að ræða um, burtséð frá peningunum. En mér finnst mjög þýðingarmikið að kvennalistakonur átti sig á því að þetta með 600 milljónirnar er ekkert annað en sjónhverfingar af hálfu æðra stjórnmálamanna sem kunna að tefla refskákina. Hæstv. félmrh. kann það mjög vel og hefur verið í mjög góðum skóla í Alþfl. og annars staðar.

Því vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Hvaðan eiga þessar 1200 millj. kr. að koma? Eru þetta kannski peningar sem launafólkið á sjálft að leggja fram til að fullnægja þeim samningum sem við erum að tala um, þ.e. láglaunafólkið sem margt hvert styður Kvennalistann og verkalýðurinn sem styður okkur hina líka töluvert? Það væri fróðlegt að heyra hvort það sé meiningin að hæstv. ríkisstjórn segi síðan við verkalýðshreyfinguna, þ.e. við lífeyrissjóðina eða aðra aðila: Nú skuluð þið reiða fram þessa peninga sjálfir. Það vill svo til að ég hef sjálfur upplifað það í verkalýðshreyfingunni að gera samning við ríkisstjórn sem beitti akkúrat þessum brögðum. Það voru vinstri mennirnir í verkalýðshreyfingunni sem voru búnir að semja um það í bakið á okkur hinum að við ættum að borga þetta með eigin fé. Það var ekki einu sinni sagt takk fyrir en það dugði vel í kosningabaráttunni fyrir vinstri flokkana í næstu kosningum vegna þess að fólk áttar sig oft ekki á því hvernig verið er að misnota það. Ég spyr því hæstv. ráðherra: Er hér um pólitíska sjónhverfingaleik að ræða þar sem verið er að semja við kvennalistakonur annars vegar og Alþýðusambandið hins vegar með peninga fólksins úr lífeyrissjóðunum? Á að leggja á sérstaka skatta vegna þessa? Eða í þriðja lagi: Á að skerða lánarétt annarra? Þetta eru atriði sem ég við gjarnan fá að vita strax hér við 1. umr.

Að lokum, virðulegur forseti, er það tvennt sem ég vil láta koma fram í þessari umræðu og það er í sambandi við húsnæðiskerfið. Ég hef verið á móti þessu kerfi frá upphafi. Þetta kerfi er með því rotnasta sem nokkurn tímann hefur verið sett upp á Íslandi, húsnæðismálakerfið í heild. Ég veit að hæstv. ráðherra er sammála mér í því að kerfið sem slíkt verður að breytast. Ég er sammála hæstv. ráðherra í því að það er nauðsynlegt að hreyfa til í þessu og breyta. Ég er sammála því að húsbréfakerfið sem

slíkt eigi að koma til framkvæmda en hvort það gerist nákvæmlega á grundvelli þessa frv. ætla ég ekki að tjá mig um fyrr en ég hef fjallað um þetta í nefnd. En því miður held ég að því hafi verið breytt þannig að það sé ekki æskilegt að samþykkja það í núverandi mynd og þyrfti e.t.v. að athuga það betur.

En ég vek athygli hv. þm. á því að Húsnæðisstofnun hefur aldrei endurgreitt krónu til lífeyrissjóðanna sem leggja til meginhluta þess fjármagns sem fer inn í húsnæðislánakerfið. Venjan er sú — og er náttúrlega enn frekar í dag þar sem búið er að skylda sjóðina til að leggja fram 55% af sínu ráðstöfunarfé — að hálfum mánuði fyrir gjalddaga kemur bréf frá húsnæðismálstjórn, undirritað af Sigurði Guðmundssyni framkvæmdastjóra, þess efnis að nú þurfi sjóðirnir annaðhvort að lána að nýju eða efna sína kaupskyldu og þá er það yfirleitt alltaf með mun hærri upphæðum en húsnæðismálastjórn á að greiða til lífeyrissjóðanna, þannig að þeir hafa aldrei borgað krónu til baka.

Raunverulega eru lífeyrissjóðirnir húsnæðismálakerfið og því má leggja niður Húsnæðisstofnunina. Það er atriði sem kannski hinum æfðu stjórnmálamönnum — þeir sem þurfa að lifa á því að vera að búa til stofnanir, búa til stjórnir, búa til samningsstöðu fyrir suma verkalýðsleiðtoga, fyrir suma stjórnmálamenn, þeir þurfa að viðhalda svona kerfi.

En þetta kerfi er fólkinu dýrt og kemur niður á þjóðinni í auknum kostnaði í húsnæðismálum. Ég er því fylgjandi öllu því sem stefnir að því að leggja niður Húsnæðisstofnun í núverandi mynd og vil ganga mjög langt til samkomulags við ráðherra og þá sem standa að baki frv. um það. Það þarf að hreyfa við núverandi kerfi og það er markmið frv. að færa starfsemina út á markaðinn, þ.e. að færa þetta til fólksins, færa þetta til sjóðanna, út í bankakerfið, leggja niður Húsnæðisstofnun ríkisins og selja þetta dýra hús sem kostaði 100 millj. kr. Húsið sem Húsnæðisstofnun er nýlega búin að kaupa og byggja kostar hundruð milljóna og þarna sitja menn í marmarahöll húsnæðislánakerfisins sem kostar hér um bil jafnmikið og 600 millj. kr. sem kvennalistakonurnar voru að semja um. Allt vegna þeirra sem vilja þjóna í þessu kerfi og hafa gott af því.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu en ég óska eftir því að ráðherrann svari því hér og nú við 1. umr. hvort meiningin sé sú að þessir peningar sem um er verið að tala eigi að koma frá verkalýðshreyfingunni eða annars staðar frá.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er alveg á mörkunum að ég telji rétt að vera að eyða dýrmætum tíma okkar í deildinni til þess að svara einhverju af þeim hugleiðingum sem hafa komið upp á yfirborðið vegna þessa samkomulags sem við kvennalistakonur gerðum varðandi stuðning við frv. Það hefur reyndar komið í ljós í einni ræðunni af annarri að menn eru lítt eða ekki lesnir og hafa ekki lesið það samkomulag sem kom með nefndarálitunum tveimur frá Nd. Ég ætla aðeins að víkja að því þar sem fram hafa komið sömu spurningarnar hvað eftir annað og þeim hefur verið svarað þannig að það hefur jafnvel ekki verið hlustað á svörin.

Ég ætla aðeins að leggja orð í belg í sambandi við það sem hv. þm. Guðmundur Ágústsson sagði áðan um að ekkert samband væri á milli húsbréfafrumvarpsins og þess samkomulags sem við gerðum. Sjálfur er maðurinn löglærður og hann hlýtur að sjá á frv. að efnislega er ekki hægt að gera brtt. varðandi húsbréfafrumvarpið sem mega verða til þess að styrkja félagslega kerfið. Hann hlýtur líka að hafa gert sér grein fyrir því að um leið og húsbréfakerfið tekur gildi munu vextir hækka og þar af leiðandi munu þeir sem eru verr staddir eiga erfiðara með að komast yfir húsnæði en áður. Því töldum við efnislega ekki hægt að standa að frv. nema til kæmi einhver trygging til að hinir lægra launuðu ættu enn þá möguleika til að koma sér þaki yfir höfuðið með því að fá fyrirgreiðslu í gegnum félagslega kerfið.

Ég vildi aðeins að þetta kæmi fram og undirstrika það sem hv. 6. þm. Reykv. Guðrún Agnarsdóttir sagði hér fyrr í dag í ræðu sinni að við lögðum á það áherslu frá upphafi að litið yrði á húsnæðiskerfið í heild sinni. Það eru ýmsir fleiri þættir sem þarf að skoða og þar á meðal mjög nauðsynlega félagslega kerfið. Því er líka gert ráð fyrir að það verði endurskoðað og samræmt í þeirri nefnd sem hefja mun störf í sumar.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Hv. 14. þm. Reykv. Guðmundur H. Garðarsson ræddi hér nokkuð um félagslega kerfið og fjármögnun þess. Ég vil í því sambandi segja að ég er sannfærð um að ég og hv. þm. deilum því sameiginlega að það þurfi að efla félagslega kerfið enda eru það hagsmunir launþegasamtakanna að svo sé gert. Nokkurt átak hefur verið gert í því að undanförnu. Ég vil sérstaklega nefna að á síðasta ári fór af stað töluverður fjöldi félagslegra íbúða eða um 800 íbúðir og fjármagnið til þess var tvöfaldað. Verulegur áfangi hefur því náðst þar að því er varðar félagslega kerfið en auðvitað má þar gera betur því það eru margir í þörf fyrir félagslega aðstoð og félagslegt húsnæði. Auðvitað ber að fagna því að ákveðið hefur verið að gera enn átak í því máli með samkomulaginu við Alþýðusamband Íslands og í því samkomulagi við Kvennalistann sem hér hefur verið marglesið og ítrekað.

Að því er varðar þá fjármögnun sem hv. þm. minntist á, þær 600 millj. sem eru í samkomulaginu við Kvennalistann, þá er í því samkomulagi gert ráð fyrir að 500 millj. kr. komi á næsta ári. Það verður því fjallað um það við næstu fjárlagaafgreiðslu og þar kemur líka fram að um raunaukningu eigi að vera að ræða. 100 millj. af þessum 600 millj. er ætlað að komi á þessu ári. Um það hvaðan það fjármagn verður tekið hefur ekki verið tekin ákvörðun um af ríkisstjórninni en það hefur komið fram í þessu samkomulagi að ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að

fjármagn fáist. Ég sé því enga ástæðu til þess að ætla að ríkisstjórnin standi ekki við það samkomulag sem hún hefur gert í því efni, enda er það í samræmi við stefnu þessarar ríkisstjórnar að byggja upp félagslega íbúðakerfið.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Vegna orða hv. 6. þm. Vesturl. Danfríðar Skarphéðinsdóttur langar mig að endurtaka það sem ég sagði hér áðan. Menn mega ekki misskilja það þannig að ég sé ósammála því að ráðstafa 600 millj. kr. til félagslega kerfisins. Raunar tel ég að þeim peningum sé mjög vel varið. Kjarninn í minni ræðu varðandi þátt Kvennalistans í frv. sem hér er til umræðu var að ekki væri beint samband á milli frv. um húsbréf og þeirra tilteknu skilyrða sem Kvennalistinn setti. Það er verið að taka upp kerfi um húsbréf sem tengjast á engan hátt því að varið sé peningum til félagslega kerfisins. Það mætti alveg eins halda því fram að Kvennalistinn hefði samþykkt frv. félmrh. gegn því að ákveðnum peningum yrði varið til kvennahúss eða einhvers slíks. Málið er að það eru engin tengsl á milli þessa tvenns, annars vegar húsbréfakerfisins og þeirra peninga sem á að verja til félagslega kerfisins. Það var gert með því að breyta ákveðnum greinum í frv. Það er kjarni málsins. Ég sagði áðan að menn yrðu að líta á skilyrðin sem sett eru í tengslum við það frv. sem verið er að ræða um. Þetta var það sem ég sagði og ég held að hv. þm. hefði átt að hlusta betur en hann gerði.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það væri mjög fróðlegt ef hæstv. ráðherra gæti nú eða við 2. umr. þessa máls gert þingdeildinni grein fyrir því hvernig hann sér næsta ár, ég tala ekki um þar næsta ár, árið 1990 og 1991 — því mér skilst á hæstv. fjmrh. að ríkisstjórnin ætli að sitja kjörtímabilið — þannig að við getum séð hvernig hæstv. húsnæðisráðherra sér fyrir sér ráðstöfunarfé Byggingarsjóðs verkamanna og Byggingarsjóðs ríkisins á næsta og þar næsta ári, hvernig hæstv. ráðherra sér fyrir sér hvernig því fé, sem varið verður til Byggingarsjóðs ríkisins, verði varið, hversu miklu verði varið til nýbygginga, hversu miklu til kaupa á notuðum íbúðum o.s.frv.

Hæstv. ráðherra er alltaf að tala um félagslega kerfið og lætur eins og það sé mjög einfalt mál og að það bitni ekki á einum né neinum ef opinberu fé er varið með þeim hætti að færri njóta þess en ella mundu. Því vil ég skora á hæstv. ráðherra að gera nú þegar grein fyrir því við þessa umræðu ef hann getur. Að öðrum kosti hlýt ég að ætlast til þess, herra forseti, að ráðherrann reyni að koma því niður á blað fyrir 2. umr. hvernig hann sér fyrir sér áætlun Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna á næsta ári. Það er komið fram í maímánuð og hæstv. ráðherra á að vera búinn að senda inn til ríkisstjórnarinnar erindi um það hvaða fjármuni byggingarsjóðirnir þurfa á næsta ári. Í samræmi við það hlýtur að vera til í ráðuneytinu sundurliðun á því hvernig eigi að verja þessu fé á næsta ári samkvæmt tillögum ráðherra. Ef þessi áætlun er til yfir þessa sjóði væri ég mjög þakklátur ef hann léti stinga slíkum áætlunum í hólfið hjá þingmönnum þannig að við gætum íhugað málið fyrir 2. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til félmn. með 13 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

103. fundur, þriðjudaginn 16. maí, kl. 2 miðdegis.

Tilhögun þingfunda.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Áður en gengið verður til dagskrár skal fram tekið að hugmynd mín er sú að taka fyrst til umræðu og atkvæðagreiðslu þau mál sem talið er að enginn eða lítill ágreiningur sé um þannig að hér gætu orðið allmargar atkvæðagreiðslur til að byrja með. Það fer síðan eftir atvikum og aðstæðum hvort annar fundur verður settur síðar í dag en síðar á fundinum yrðu sem sagt tekin fyrir, eða síðar í dag, þau mál sem frekar er talið að umræður yrðu um.

Jafnframt hafði ég hugsað mér að eftir að hafa tekið til afgreiðslu þau mál sem eru til 3. umr. yrði næst farið í þau mál sem eru til 1. umr., en mörg hver eru ágreiningslítil eða ágreiningslaus, þannig að þau mættu komast til nefndar en málin sem eru til 2. umr. þar á eftir.

Þjóðminjalög, frh. einnar umr.

Frv. GHelg o.fl., 188. mál (heildarlög). — Þskj. 1114 (sbr. 1007).

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Frv. til þjóðminjalaga er að koma hér fyrir deildina í fjórða sinn eftir að hafa verið til umfjöllunar í Ed. í millitíðinni. Örlítil lagfæring var gerð á frv. þar og hefur menntmn. deildarinnar litið á þá breytingu og mælir eindregið með því að frv. verði samþykkt og gert að lögum eins og það liggur nú fyrir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1185).

Almannatryggingar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 372. mál (tryggingaráð, stjórnir sjúkrasamlaga o.fl.). — Þskj. 990, frhnál. 1170, brtt. 1000, 1171.

Jón Sæmundur Sigurjónsson:

Virðulegi forseti. Heilbr.- og trn. fjallaði um þetta mál að ósk eins nefndarmanna og kom nefndin aftur saman til að fjalla um frv. milli 2. og 3. umr. Nefndin fékk á sinn fund Hauk Þórðarson, formann Læknafélags Íslands, og Gest Jónsson, formann Lögmannafélags Íslands.

Nefndin mælir enn sem fyrr með samþykkt frv. en hefur ákveðið að leggja til frekari breytingar á frv. Tillögur nefndarinnar eru fluttar á sérstöku þingskjali.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir og Jón Kristjánsson voru fjarverandi við lokaafgreiðslu málsins.

Undir nál. skrifa Guðrún Helgadóttir, Geir H. Haarde, Sólveig Pétursdóttir, Finnur Ingólfsson og Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Fyrsta brtt. sem nefndin leggur til er við 2. gr. en samkvæmt henni hljóðar 7. gr. laganna þannig:

„Rísi ágreiningur um grundvöll, skilyrði eða upphæð bóta, leggur tryggingaráð úrskurð á málið.

Komi ágreiningur fyrir tryggingaráð til úrskurðar og úrlausn hans er að einhverju leyti eða öllu háð læknisfræðilegu, lögfræðilegu eða félagsfræðilegu mati er tryggingaráði hverju sinni heimilt að kveðja sér til ráðuneytis einn til þrjá menn sem hafa sérþekkingu á hlutaðeigandi sviði."

Þá leggur nefndin til að 3. gr. frv. falli brott, en hún kveður á um stjórn sjúkrasamlaga. Svo vill til að ákvæði 37. og 38. gr. almannatryggingalaga eiga að falla brott samkvæmt frv. til laga um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, en það eru einmitt þær greinar almannatryggingalaga sem fjalla um stjórnir sjúkrasamlaga. Vegna breyttrar tilhögunar á fyrirkomulagi sjúkratrygginga finnst nefndinni rétt að ákvæði um stjórnir sjúkrasamlaga sem ekki er gert ráð fyrir í verkaskiptingarfrv. falli brott.

Þá er gerð lítils háttar breyting við 6. gr. til að skerpa á orðalaginu. Þar sem sagt var „semja við sérfræðinga um" komi: greiða sérfræðingum fyrir, en það varðar tilvísunarskylduna, en ekki er meiningin að greiða sérfræðingum fyrir læknisverk samkvæmt tilvísun frá heimilislæknum, heldur að tilvísunarskyldan falli brott.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1000 felld með 23:4 atkv.

Brtt. 1171 samþ. með 28 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 3. umr.

Frv. SP o.fl., 335. mál (forgangur skattakrafna við skipti). — Þskj. 604.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Launavísitala, 3. umr.

Stjfrv., 213. mál. — Þskj. 361.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 16:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓÞÞ, PP, RA, SV, SJS, AS, GeirG, GB, FI, GuðnÁ, HG, JóhS, JK, JónS, JSS, KJóh.

nei: EH.

MÁM, MálmS, ÓE, ÓÞG, PJ, SP, ÞÞ, AðB, BB, BÍG, VI, GHH, KolbJ, IBA, KrP, KE, KH, MB greiddu ekki atkvæði.

7 þm. (SighB, NL, ÞP, ÁrnG, FrS, GHelg, JBH) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.

Stjfrv., 349. mál (vaxtabætur). — Þskj. 1172.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 18:5 atkv. og afgr. til Ed.

Jarðræktarlög, 1. umr.

Stjfrv., 463. mál (framlög ríkissjóðs). — Þskj. 1157.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á jarðræktarlögum, nr. 56 frá 30. mars 1987. Frv. gerir ráð fyrir því að breytt sé tveimur greinum gildandi jarðræktarlaga og er breytingin lögð til eftir reynslu af framkvæmd laganna undanfarin ár og í ljósi breyttra aðstæðna í landbúnaðinum. Þessar breytingar snerta ákvæði gildandi laga um framlög ríkisins til jarðabóta.

Í fyrri grein frv. er lagt til að breytt sé núgildandi 7. gr. laganna með því meginmarkmiði að gert er ráð fyrir að sækja þurfi fyrir fram um öll jarðræktarframlög og geti enginn reiknað með framlagi fyrr en hann hefur fengið skriflegt svar og samþykki þar um. Mundu þá loforð um framlög byggjast á nýsamþykktum fjárlögum sem gerðu kleift að greiða framlögin mjög fljótt eftir að framkvæmdum lyki. Þetta mundi væntanlega auðvelda mjög alla áætlanagerð hvað snertir útgjaldaþörf til þessa liðar og koma á fastari skipan þessara framkvæmda en verið hefur að undanförnu, en viðleitni hefur verið uppi í þá átt að færa greiðslu framlaga til þessa liðar undir sambærilegt form og er til ýmissa annarra útgjalda ríkisins, þ.e. að það liggi fyrir við fjárlagagerð hvers árs hve miklar framkvæmdir verði samþykktar og njóti styrkja á næsta ári.

Þá gerir 2. gr. frv. ráð fyrir því að breytt sé 10. gr. gildandi jarðræktarlaga þar sem fjallað er um ríkisframlag til jarðabóta til einstakra verkefna á því sviði. Breytingarnar eru í meginatriðum þær að dregið er úr áherslu á nýrækt og nýja framræslu lands en áherslan þess í stað færð til endurræktar og hreinsunar þegar grafins lands og þá er í nokkrum atriðum breytt nokkuð hlutfalli framlaga til einstakra framkvæmdaliða og gert er ráð fyrir að nokkur lækkun eigi sér stað. Er þar m.a. tekið mið af því hagræði sem væntanlega felst í því að framlögin verði greidd innan þess árs sem til framkvæmdanna er stofnað eins og leiða mun af ákvæðum 7. gr laganna yrði þeim breytt eins og lagt er til í 1. gr. frv.

Frumvarpsdrög voru send búnaðarþingi, hinu fyrra sem starfaði á þessum vetri, og var síðan tekið tillit til ýmissa ábendinga sem þar komu fram. Þá var enn fremur haft samráð við búnaðarþing hið síðara og fóru landbúnaðarnefndir þingsins til þess þings og ræddu við fulltrúa þaðan. Þess ber að geta að landbn. Ed. varð sammála um tilteknar breytingar á frv. og samkomulag varð um afgreiðslu málsins og ber að fagna því sérstaklega.

Þá vil ég að lokum geta þess að eins og kunnugt er er á lánsfjárlögum heimild til handa landbrh. og fjmrh. að ganga til uppgjörs á skuldum vegna framkvæmda fyrri ára þegar lög þessi hafa verið staðfest og er gert ráð fyrir því að reynt yrði á tilteknu tímabili að greiða upp þann hala sem myndast hefur vegna þess að fjárveitingar undanfarinna ára hafa ekki nægt til að kosta framkvæmd jarðræktarlaganna í óbreyttri mynd. Hefur þar safnast upp skuldahali allmikill og er nauðsynlegt, til að koma skikk á þau mál, að ganga til þess að gera hann upp. Það er von mín að takast megi að hreinsa upp þann hala og koma á nýrri skipan þessara mála á eins og tveimur til þremur árum þannig að frá og með þeim tíma séu allar skuldir sem nú standa á þessum lið upp greiddar sem og komið fast skipulag á framkvæmd þessara mála sem byggi þá á fjárveitingum hvers árs sem setji þannig ramma um framkvæmdir líðandi árs.

Að öðru leyti vísa ég um ítarlegri umfjöllun til framsöguræðu sem flutt var fyrir þessu máli í hv. Ed. og var nokkuð ítarlegri en hér hefur verið fram borin og stendur að öllu leyti fyrir sínu öðru en því sem breytingar hafa orðið á frv. í meðförum hv. Ed. og prentaðar hafa verið upp hér á sérstöku þingskjali eins og venja er, herra forseti.

Að lokinni þessari umræðu legg ég svo til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Það er út af því sem hæstv. landbrh. sagði um greiðslu á eftirstöðvum eða ógreiddum jarðabótastyrk. Mér finnst það alveg óviðunandi að það dragist í tvö til þrjú ár að ljúka þeim greiðslum. Þegar menn fóru í þessar framkvæmdir gerðu þeir ráð fyrir því samkvæmt gildandi lögum að fá þennan styrk greiddan á árinu eftir og ef það á svo að dragast að einhverju leyti í tvö, þrjú ár er ég hræddur um að það komi sér illa fyrir marga því að bæði er það nú verðbólgan og annað sem kemur þarna inn í þetta mál. Ég skora á bæði hæstv. landbrh. og eins hæstv. fjmrh. að hugleiða þetta og taka til greina það atriði að samkvæmt gildandi lögum átti þessi greiðsla að vera komin.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Mér þykir nú stórum betur að hv. Ed. hefur breytt frv. hæstv. ráðherra og hæstv. ríkisstjórnar mjög til bóta þannig að hvergi nærri er gengið eins langt í að skerða hlut bænda og gert var ráð fyrir með frv. þegar það var lagt fram. Þetta sýnir með öðru að hv. Alþingi fellst ekki á allar þær aðgerðir hæstv. ríkisstjórnar sem hún hyggst koma fram og er það vel.

Ég vil svo taka það fram vegna orða hv. þm. Stefáns Valgeirssonar að við afgreiðslu lánsfjárlaga var því lýst yfir að í tengslum við þær lagabreytingar, sem nú er verið að stefna að að komist fram, verði gerðar upp þær skuldir sem á hvíla, sá hali sem hvílir á þessum málum, og vitna ég þar til mjög afdráttarlausra yfirlýsinga hv. 1. þm. Vesturl. sem ekki fóru á milli mála. Sá hali ætti því að verða greiddur upp á þessu ári og, eins og hv. þm. Alexander Stefánsson sagði réttilega, til þess þarf vitaskuld fjármagn.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta frekar. Frv. fer til hv. landbn. þar sem ég á sæti og verður þar auðvitað tekið til eðlilegrar athugunar.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegur forseti. Aðeins til að tryggja að einskis misskilnings gæti hér milli manna. Ef hv. 6. þm. Norðurl. e. vill leggja eyru við, þá fólst það ekki í mínu máli að dráttur yrði á greiðslum svo næmi tveimur til þremur árum frá því að þær væru unnar og þangað til þær yrðu greiddar. Hitt lá í mínum orðum að það gæti tekið tvö til þrjú ár að vinna að fullu upp þann mismun sem orðinn er á annars vegar fjárveitingunum og hins vegar útgjöldunum samkvæmt þessum gildandi lögum og ná því að fullu upp sem er allt annar hlutur en sá að töf verði á greiðslum sem nemi tveimur til þremur árum.

Það gefur auga leið að það er nokkuð mikið í ráðist að ná að vinna upp skuldahala frá árunum 1987–1988, greiða framkvæmdir sumarsins 1989 og koma nýrri skipan á greiðslur fyrir árið 1990 eins og hlýtur að vera ætlunin og verður að takast með setningu nýrra laga sem gera ráð fyrir staðgreiðslu þessara framkvæmda að því leyti til að framkvæmdir hvers árs greiðist innan framkvæmda ársins og út frá samþykktri áætlun þar um sem lögð sé til grundvallar afgreiðslu fjárlaga. Ég vil fjalla um það af fullu raunsæi að ég treysti mér ekki til þess að lofa því að það takist að vinna þennan hala að fullu upp og ljúka þeim greiðslum á styttri tíma, en það á ekki að þurfa að þýða að það dragist um svo langan tíma að greiða framkvæmdir hvers árs, heldur fremur að þetta bil verði ekki unnið upp að fullu á styttri tíma en hér getur.

Varðandi þær breytingar sem hv. Ed gerði á þessu frv. og hv. 2. þm. Norðurl. v. Pálmi Jónsson vék nokkuð að, þá er ég að fullu sáttur við þær breytingar og tel þær að flestu leyti hafa verið til bóta. Hv. landbn. Ed. vann mjög vel að þessu frv. eins og sú nefnd á kyn til, og ég held að sú vandaða yfirferð hafi leitt til þess að frv. sé betra og betur unnið en það var áður. Það er svo með þennan ráðherra sem hér talar að það er ekki feimnismál fyrir honum þó að frumvörp sem hann mælir fyrir og leggur fram fyrir hönd ríkisstjórnarinnar taki breytingum í meðförum Alþingis, enda væri það ráðherra sem hefði misskilið sinn tilgang í lífinu ef hann yrði ókvæða við þó að Alþingi leyfði sér að breyta að einhverju leyti frv. sem hann hefur mælt fyrir því það er ... (**FrS:** Hefurðu sagt meðráðherrum þínum frá þessu?) Já, ég skal koma þessum skilaboðum á framfæri. Þetta er mín bjargföst sannfæring að ráðherrar eigi að hafa þá stærð í stykkinu að þeir skilji að það er Alþingi sem hefur löggjafarvaldið en ekki þeir og það er síður en svo feimnismál þó að frumvörp sem einhver ráðherra hefur mælt fyrir taki breytingum í meðförum Alþingis. (Gripið fram í.) Aðalatriðið er, ekki satt, hv. þm., að Alþingi fái vilja sinn fram, hann sé skýr og komi fram í lagasetningunni.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Ég vil aðeins lýsa því hér yfir að ég tel að frv. hafi við meðferð Ed. tekið miklum stakkaskiptum til hins betra og ég fagna því að sjálfsögðu. En vegna þeirra orðaskipta sem hér hafa farið fram vil ég aðeins segja það að ég treysti alveg þeirri yfirlýsingu sem hæstv. landbrh. gaf við afgreiðslu fjárlaga um hvernig staðið yrði að uppgjöri á því sem ógreitt er til bænda sem þeir eiga 100% rétt á samkvæmt lögum, og enn fremur því sem kemur fram í nál. Ed. þar sem vitnað er í ráðherra, viðræðum við hann, að óþarft væri að setja ákvæði í frv. þar sem ráðherra lýsti því yfir að hann mundi hafa forgöngu um að rekstrarvandi búnaðarsambandanna á þessu ári yrði leystur. Þetta er að vísu sérmál en það tengist þessu eigi að síður og ég sé á þessari stundu enga ástæðu til að vefengja það sem hæstv. ráðherra hefur sagt og gefið yfirlýsingar um fyrr en annað kemur í ljós. Að sjálfsögðu mun landbn. Nd. taka málið til skoðunar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Loftferðir, 1. umr.

Stjfrv., 439. mál (vinnuumhverfi áhafna). — Þskj. 1138.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um loftferðir, nr. 34/1964.

Með þessum breytingum er lagt til að í loftferðalögin verði bætt nýjum kafla sem fjallar um vinnuumhverfi áhafna loftfara og er tilgangurinn fyrst og fremst sá að tryggja bættan aðbúnað, hollustuhætti og öryggi áhafna um borð í loftförum og að skipulegt eftirlit verði haft með vinnuumhverfi þessara stétta eins og annarra starfsstétta þjóðfélagsins.

Að undanförnu hafa talsverðar umræður farið fram um heilsufar og vinnuaðstöðu flugfreyja og flugþjóna. Eins og kunnugt er gilda almennu lögin um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum á árinu 1980 ekki um störf áhafna loftfara og er því í raun hvorki til skipulegt samskiptanet milli þeirra og flugrekenda um bætt vinnuumhverfi né eftirlit með þessum málum. Lögin frá 1980 voru samin með hliðsjón af norrænum rétti í þessum efnum, en flugmálayfirvöld og vinnueftirlit í Danmörku, Svíþjóð og Noregi, sem áttu viðræður um samræmingu á löggjöf landanna um vinnuumhverfi áhafna loftfara, komust að þeirri niðurstöðu að ákvæði um þetta efni ættu betur heima í loftferðalögum en almennum lögum.

Að höfðu samráði við félmrh. er ég einnig þessarar skoðunar og hef því flutt þetta frv. hér. Kostir þess eru m.a. þeir að ákvæði um vinnuumhverfi eru sniðin að þörfum flugsins sérstaklega og hitt er ekki minna um vert að eftirlit með framkvæmd á þessum málum öllum, þar með talið málefnum áhafna, verður á einni hendi.

Í frv. er höfð hliðsjón af almennum lögum frá 1980 og dönskum lögum um sama efni. Frv. byggir á því meginsjónarmiði að eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi áhafna um borð í loftförum verði sem mest innan vinnustaðanna sjálfra og áhafnir og flugrekendur skipuleggi sameiginlega úrbætur og ráðstafanir um borð í loftförum undir eftirliti loftferðaeftirlits flugmálastjórnar. Frv. gerir ráð fyrir að sérstakur öryggistrúnaðarmaður starfsmanna komi til hjá fyrirtækjum þar sem fimm menn eru starfandi í áhöfn eða fleiri og enn fremur öryggisnefnd sem skipuleggi þá aðgerðir varðandi bætt vinnuumhverfi um borð í loftförum, annist fræðslu starfsmanna um

þessi efni og fleira. Í þessari öryggisnefnd eiga sæti fulltrúar starfsmanna og flugrekenda. Þetta er í samræmi við það meginsjónarmið frv. sem ég gat um áðan, að mál sem varða vinnuumhverfi verði best leyst innan vinnustaðanna sjálfra.

Til að tryggja góð og varanleg tengsl ráðuneytis og flugmálastjórnar við hagsmunaaðila er í frv. lagt til að stofnað verði vinnuverndarráð fyrir flugstarfsemi sem ráðherra skipar. Það er hliðstætt því ráði sem stofnað var með breytingu á dönsku loftferðalögunum frá 1983 og kallast, eins og segir á þessari fínu dönsku hér í plagginu, „arbejdsmiljöraad for luftfart", með leyfi forseta. Ráðið er ráðgefandi fyrir ráðherra í vinnuumhverfismálum áhafna. Það er mín skoðun, herra forseti, að með samþykkt frv., eins og það liggur hér fyrir og eftir þær lagfæringar sem hv. samgn. Ed. gerði á frv., yrði stigið stórt skref í þá átt að bæta vinnuumhverfi áhafna og er tímabært að þessar starfsstéttir fái sín vinnuverndarlög eins og aðrar í þjóðfélaginu, þó fyrr hefði verið.

Að lokinni þessari umræðu, herra forseti, legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til samgn. með 28 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, 1. umr.

Frv. fjh.- og viðskn. Nd., 506. mál (aðild starfsmanna Sinfóníuhljómsveitarinnar). — Þskj. 1127.

Frv. var of seint fram komið. — Deildin samþykkti með 30 shlj. atkv. að það yrði tekið til meðferðar.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. SalÞ, 363. mál (húsnæðisbætur). — Þskj. 1159.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Skógrækt, 1. umr.

Frv. landbn. Nd., 511. mál (aðalstöðvar Skógræktar ríkisins). — Þskj. 1176.

Frv. var of seint fram komið. — Deildin samþykkti með 30 shlj. atkv. að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. landbn. (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Landbn. hafði til meðferðar stjfrv. um skógvernd og skógrækt sem er 412. mál þingsins. Talsvert var fjallað um málið og eins og kemur fram í grg. með frv. sem var til umræðu í hv. deild er hér um að ræða mjög viðamikið frv. en nefndin telur ekki mögulegt á þeim stutta tíma sem nú er til þingslita að taka frv. til jafngaumgæfilegrar athugunar og æskilegt er um svo þýðingarmikið mál. Það er hins vegar skoðun nefndarinnar að nauðsynlegt sé að lögfesta nú þegar það ákvæði frv. sem felur í sér að aðalstöðvar Skógræktar ríkisins verði á Fljótsdalshéraði en það er í samræmi við ályktun Alþingis frá 11. maí 1988. Í því skyni ákvað nefndin að flytja frv. til laga um breytingu á lögum nr. 3 6. mars 1955, um skógrækt, með síðari breytingum.

1. gr. frv. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Á eftir 5. gr. laganna komi ný grein svohljóðandi:

Aðalstöðvar Skógræktar ríkisins skulu vera á Fljótsdalshéraði."

Og 2. gr. hljóðar svo:

„Lög þessi öðlast þegar gildi."

Nefndin var algjörlega sammála um að flytja þetta frv. til laga en fresta aftur því máli sem var til meðferðar hjá nefndinni, þ.e. frv. um skógvernd og skógrækt, þar sem tíminn er of stuttur og hér er um mjög vandasamt mál að ræða sem þarf að skoða vel milli þinga og svo mun væntanlega verða gert.

Nefndin leggur einróma til að frv. verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv.

Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, 2. umr.

Stjfrv., 312. mál. — Þskj. 999, n. 1165.

Frsm. iðnn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Á þskj. 1165 liggur fyrir nál. frá iðnn. um frv. til laga um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur:

„Nefndin hefur fjallað um frv. á mörgum fundum. Til viðræðu um málið komu eftirtaldir á fund nefndarinnar: Halldór Kristjánsson frá iðnrn., Ingimar Sigurðsson frá heilbrmrn., Ólafur Davíðsson frá Félagi ísl. iðnrekenda, Ólafur Pétursson frá Hollustuvernd ríkisins, Pálmi Gíslason frá UMFÍ,

Tryggvi Felixson frá samtökum skáta, Þórður Þorbjarnarson frá sorpeyðingu höfuðborgarsvæðis og Þóroddur Þóroddsson og Davíð Egilsson frá Náttúruverndarráði.

Fram kom hjá fyrrgreindum aðilum stuðningur við markmið frv. Flestir töldu rétt að frv. yrði sem fyrst að lögum þótt þeir hefðu kosið að sjá gerðar á því nokkrar breytingar.

Fulltrúi iðnrn. gerði nefndinni grein fyrir undirbúningi að stofnun hlutafélags skv. 2. gr., en fyrirhugað er að það verði stofnað fyrir lok þessa mánaðar. Ráðgert er að móttaka á umbúðum til endurvinnslu geti hafist í júnímánuði nk.

Nefndin telur að til greina hefði komið að ákvæði frv. væru víðtækari og tækju til fleiri tegunda umbúða, m.a. pappaumbúða um drykkjarvörur. Einnig telur nefndin að athugandi hefði verið að taka inn í frv. ákvæði um umhverfisgjald til að örva skil á einnota umbúðum til endurvinnslu eða förgunar líkt og tillögur voru gerðar um af endurvinnslunefnd iðnaðarráðuneytis. Nefndin hvetur til þess að á næstunni verði unnið að því að koma svo sem frekast er unnt í veg fyrir mengun af völdum einnota umbúða.

Nefndin telur að með lögfestingu þessa frv. og framkvæmd á ákvæðum þess náist markverður áfangi til að draga úr umhverfismengun. Vegna aðstæðna flytur nefndin ekki brtt. við frumvarpið og mælir með því að það verði samþykkt óbreytt."

Þetta er gjört á Alþingi 10. maí 1989 og undir nál. rita allir nefndarmenn í iðnn. deildarinnar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.–6. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Búfjárrækt, 2. umr.

Stjfrv., 465. mál (heildarlög). — Þskj. 1097, n. 1162.

Frsm. landbn. (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 1162 um frv. til laga um búfjárrækt. Nefndin hefur fjallað um frv. á fundum sínum og leggur til að það verði samþykkt eins og Ed. afgreiddi það. Frv. tók miklum breytingum í Ed., allar til hins betra, þannig að málið er ásættanlegt eins og það liggur fyrir og nefndin leggur því einróma til að það verði samþykkt.

Undir þetta skrifa allir nefndarmenn: Guðni Ágústsson, Pálmi Jónsson, Þórður Skúlason, Jón Sæmundur Sigurjónsson, Ingi Björn Albertsson, Eggert Haukdal og Alexander Stefánsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.–19. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Hagstofnun landbúnaðarins, 2. umr.

Stjfrv., 413. mál. — Þskj. 773, n. 1151, brtt. 1152.

Frsm. landbn. (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 1151 frá landbn. um frv. til l. um Hagstofnun landbúnaðarins. Nefndin hefur rætt frv. á fundum sínum. Á fund nefndarinnar kom Hallgrímur Snorrason hagstofustjóri og Gamalíel Sveinsson, forstöðumaður þjóðhagsreikninga Þjóðhagsstofnunar. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Stéttarsambandi bænda, Hagstofu Íslands, Búnaðarfélagi Íslands, Búnaðarsambandi Eyjafjarðar og Búnaðarsambandi Borgarfjarðar.

Nefndin mælir með því að frv. verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali. Breytingar þessar eru gerðar í samráði við hagstofustjóra og raunar fleiri aðila og varða þær skilgreiningar á hlutverki stofnunarinnar, auk þess sem heiti hennar er breytt í „Hagþjónustu landbúnaðarins".

Undir þetta skrifa allir nefndarmenn landbn., þeir Jón Sæmundur Sigurjónsson, Guðni Ágústsson, Eggert Haukdal, Þórður Skúlason, Pálmi Jónsson, Ingi Björn Albertsson og Alexander Stefánsson.

Þær breytingar sem hér voru gerðar voru fyrst og fremst gerðar til að aðlaga þessa stofnun því hlutverki sem hún á m.a. að hafa í sambandi við almennar upplýsingar um landbúnaðinn og stöðu hans til þess að færa þær nær því raunhæfa hlutverki sem þarf að gera. Til að þær upplýsingar sem þarna koma fram verði reistar á faglegum grunni og njóti trausts þeirra sem um þurfa að fjalla, þá er náttúrlega brýn nauðsyn að Hagstofa Íslands verði með í ráðum og jafnframt einnig þjóðhagsreikningastofnun og þess vegna var þetta umorðað eins og það er í frv.

Í fyrsta lagi er gerð sú breyting að í stað orðanna „Hagstofnun landbúnaðarins" í upphafi 1. mgr. og í stað sömu orða hvarvetna annars staðar í frv. komi (í viðeigandi föllum): Hagþjónusta landbúnaðarins. Þetta var nauðsynlegt og er til samkomulags um það að ekki verði neinn misskilningur um það að þetta er fyrst og fremst þjónustustofnun sem á að hafa það hlutverk að samræma og afla upplýsinga um landbúnaðinn og reikningsskil bænda þannig að það verði gert á þann veg að ekki verði um vafaatriði að ræða.

Síðan eru í öðru lagi breytingar við 2. gr. þar sem hlutverk Hagþjónustu landbúnaðarins er skilgreint og eins og hv. þm. sjá er greinin umorðuð þannig að það valdi ekki neinum misskilningi hvaða hlutverk þarna er um að ræða. Þetta er fyrst og fremst gert eftir ábendingum og í samráði við hagstofustjóra og raun-

ar einnig í samráði við hagfræðing hjá Stéttarsambandi bænda sem átti hlut að því að semja þetta frv.

Þá var einnig gerð breyting á frv., þ.e. um stjórnina, yfirstjórnina. Eins og það er í frv. sem var lagt til grundvallar, þá átti stjórn að vera skipuð fimm mönnum. Það kom strax fram ábending frá búnaðarþingi um það að þeir töldu æskilegt að leggja aðaláhersluna á það að þessi stofnun yrði óháð stofnun svo hún nyti trausts ólíkra hópa í þjóðfélaginu. Þess vegna væri óráð að í þessari stjórn sæti fulltrúi frá hagsmunasamtökum bænda, þ.e. Stéttarsambandinu. Einnig kom fram hjá Hagstofu Íslands að það væri mjög mikilvægt að í þessari stjórn ætti sæti fulltrúi eftir tilnefningu Þjóðhagsstofnunar.

Nefndin breytti þessari grein þannig að landbrh. skipar fjóra menn í stjórn Hagþjónustu landbúnaðarins til fjögurra ára í senn. Skal einn skipaður eftir tilnefningu stjórnar búvísindadeildar Bændaskólans á Hvanneyri, einn eftir tilnefningu Hagstofu Íslands, einn eftir tilnefningu Þjóðhagsstofnunar og einn eftir tilnefningu Búnaðarfélags Íslands. Sömu aðilar tilnefna varamenn.

Síðan var gerð breyting við 4. gr., að í stað orðsins „forstjóra" í 1. tölul. og í stað sama orðs hvarvetna annars staðar í frv. komi (í viðeigandi beygingarföllum): forstöðumaður.

Einnig er í fjórðu brtt. gerð tillaga um það að fyrri málsl. 2. tölul. 4. gr. orðist svo: „Stjórn leggur árlega, í samvinnu við forstöðumann, fram tillögur til landbrn. um fjárþörf stofnunarinnar vegna undirbúnings fjárlaga."

Þá er gerð tillaga um að 4. tölul. 4. gr. falli brott. Hann var um það að stjórnin ætti að halda tvo fundi árlega o.s.frv.

Við 7. gr. var gerð breyting. Greinin hljóði svo:

„Heimilt er að greiða fyrir öflun sérstakra upplýsinga sem nauðsynlegar eru vegna verkefna stofnunarinnar og skulu greiðslurnar vera samkvæmt viðmiðunargjaldskrá sem landbrh. setur."

Í frv. var hins vegar lagt til að greidd yrðu fyrir alla búreikninga bænda 35% af kostnaði. Þetta taldi nefndin að væri óþarft. Hitt væri náttúrlega sjálfsagt að þessi stofnun hefði heimild til að taka greiðslur fyrir.

Fyrirsögn frv. verði svo: Frv. til laga um Hagþjónustu landbúnaðarins.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta mál. Þær breytingar sem hér er um að ræða skýra sig sjálfar. En hér er um mikilvægt mál að ræða. Hagþjónusta landbúnaðarins í þessu formi þarf að komast á. Það hefur verið upplýst bæði í samræðu við hagstofustjóra og fleiri aðila að búreikningadeild Búnaðarfélagsins ræður ekki við þetta hlutverk. Það vantar reikninga frá bændum. Það þarf að skipuleggja þetta bókhaldskerfi sem þessar upplýsingar byggja á og samræma þessar upplýsingar þannig að þær komi að notum fyrir málið í heild og svo, ekki hvað síst, vil ég leggja áherslu á það að hér er verið að taka beina ákvörðun um það að flytja stofnun út á land og þetta er mjög mikilvægt fyrir Bændaskólann á Hvanneyri, ekki síst búvísindadeild, háskólastigið, að hægt verði að nýta þá starfskrafta sem eiga að vinna í þessari Hagþjónustu landbúnaðarins til kennslustarfa á Hvanneyri. Þess vegna hefur þetta mál margfalt gildi.

Ég vil svo aðeins minna á það í lokin að það væri mjög æskilegt að þetta frumvarp yrði samþykkt hér á þessu þingi þar sem á þessu ári á Bændaskólinn á Hvanneyri 100 ára afmæli.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1152,1 samþ. með 24 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 1152,2 (ný 2. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 1152,3 samþ. með 22 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 1152,4 samþ. með 27 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
5.–6. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 1152,5 (ný 7. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
8.–12. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 1152,6 (ný fyrirsögn) samþ. með 25 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv. með fyrirsögninni:

Frumvarp til laga um Hagþjónustu landbúnaðarins.

Ráðstafanir vegna kjarasamninga, 1. umr.

Stjfrv., 499. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 1158.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um ráðstafanir vegna kjarasamninga á hinum almenna vinnumarkaði. Frv. er flutt til að efna þau hin ýmsu fyrirheit sem ríkisstjórnin gaf í þeim bréfum sem ég fyrir hennar hönd ritaði annars vegar Vinnuveitendasambandi Íslands og Vinnumálasambandi samvinnufélaganna og hins vegar Alþýðusambandi Íslands.

Í þeim bréfum er annars vegar gagnvart vinnuveitendum heitið að létta af ýmsum sköttum og gjöldum en hins vegar gagnvart Alþýðusambandi Íslands aðgerðum sem eru félagslegs eðlis eins og ég mun nú rekja hér nánar.

Í fyrstu grein frumvarpsins er farið fram á heimild til þess að ríkissjóður megi enn taka lán samtals að upphæð 400 millj. kr. sem verði notað til þess að halda áfram greiðslum úr Verðjöfnunarsjóði til frystiiðnaðarins og humarvinnslunnar ef aðstæður verða svo þegar líður á árið að slíkt verður talið nauðsynlegt. Ég vil taka það fram að ríkisstjórnin telur afar mikilvægt að úr þessum greiðslum verið smám saman dregið og þær hverfi ekki síðar en um áramótin. Ég vil einnig taka það fram að þegar fyrirætlun um greiðslu lýkur nú í lok mánaðarins verða nokkrir

fjármunir eftir í sjóðnum sem ættu að duga til að halda áfram greiðslum út júnímánuð. Rætt hefur verið um það að lækka þær síðan í 4% og síðan 1. september í 3%, en þó verð ég að leggja á það ríka áherslu að slíkar hugmyndir eru nátengdar því hvaða verðlagsbreytingar kunna að verða á afurðum þessum á erlendum mörkuðum. Menn binda enn þá verulegar vonir við að verðlagshækkanir geti orðið á Evrópumarkaði þótt á því virðist verða nokkur dráttur.

Að sjálfsögðu verður að skoða þetta í nánum tengslum við afkomu sjávarútvegsins, enda eins og segir í bréfi ríkisstjórnarinnar til vinnuveitenda, „þá mun ríkisstjórnin stuðla að því eins og henni er kleift að samkeppnisstaða sjávarútvegsins verði viðunandi". Farið hafa fram ítarlegar athuganir á stöðu sjávarútvegsins að mati Þjóðhagsstofnunar. Áður en til þess samnings kom sem hér er um að ræða var halli á veiðum og vinnslu samtals upp á 3% en á vinnslunni upp á 0,5% og þar skiptist frystingin í mínus 2% og söltun í plús 2%. Þeir samningar sem hér hafa verið gerðir munu leiða til þess að afkoma vinnslunnar verður u.þ.b. 5% lakari en hún er í þessum tölum talin, en nauðsynlegt er að geta jafnframt þess að fiskvinnslan telur að vinnslan sé í dag u.þ.b. 2% lakari en kemur fram í tölum Þjóðhagsstofnunar og ber þar fyrst og fremst á milli mikinn fjármagnskostnað.

Ríkisstjórnin hefur heitið fiskvinnslunni að í samráði við hana verði afkoma hennar skoðuð mjög vandlega og hafa að sjálfsögðu þegar verið skoðuð áhrif samninganna á raungengi. Að mati Seðlabanka Íslands valda þessir samningar, þegar allt er komið fram, því að raungengi byggt á mælikvarða launa verður u.þ.b. 3% lakara, hins vegar raungengi ef byggt er á mælikvarða verðlags u.þ.b. 7% lakara þegar yfir árið allt er litið.

Ríkisstjórnin hefur þegar látið gengi íslensku krónunnar síga um 1,5% sem á að vera nægilegt til þess að vega upp á móti fyrstu áhrifum þessara samninga, og hefur auk þess veitt Seðlabanka Íslands heimild til svigrúms sem nemur 2,25% til að mæta þeim sveiflum sem verða á erlendum gjaldmiðlum.

Inn í þetta dæmi kemur vitanlega æðimargt, t.d. sú staðreynd að gengi dollarans hefur hækkað verulega á undanförnum árum og þær greinar sem hér er fyrst og fremst verið að ræða um, þ.e. frystingin, njóta í langtum ríkara mæli dollaragengis en sjávarútvegurinn þegar á heildina er litið. Ég vil hins vegar undirstrika að það er að sjálfsögðu enginn vafi á því að einkum staða frystingar er slök og reyndar botnfiskveiðanna á heild litið og afar mikilvægt að unnt reynist jafnt og þétt að bæta stöðu þessarar greinar þegar á árið líður.

Síðan er gert ráð fyrir að fella niður eða lækka nokkur gjöld. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að fella niður svokallað erlent lántökugjald sem er 6%. Í upphaflegu frv. var gert ráð fyrir að það yrði fellt niður frá 1. júlí 1989 en í meðferð hv. efri deildar var það fært fram til 1. júní 1989.

Þá er gert ráð fyrir að lækka sérstaka skatta á verslunar- og skrifstofuhúsnæði úr 2,2% í 1,5% og kemur það að sjáfsögðu til framkvæmda strax við álagningu á þessu ári. Þá er gert ráð fyrir að frá 1. sept. 1989 falli niður vörugjald, sem lagt var á um áramótin, af timbri, járni og blikki og er það rakið hér í tollskrárnúmerum og nánar í grg. með þessu frumvarpi þannig að menn geti gert sér nokkuð skár grein fyrir því sem þar er um að ræða.

Ég vil taka það fram um öll þessi gjöld að þau verður að sjálfsögðu að skoða að mati ríkisstjórnarinnar með tilliti til þeirrar stöðu sem er í þjóðarbúinu. Það er ljóst að þensla hefur mjög minnkað og er ekki ástæða til þess í dag að leggja eins mikla áherslu á að draga úr fjárfestingu eins og áður var talið, eða á erlendar lántökur vegna fjárfestinga, og því að mati ríkisstjórnarinnar eðlilegt að fella niður lántökugjaldið af erlendum lánum. Sömuleiðis er það svo að verslun á við mikla erfiðleika að stríða um þessar mundir og því talið rétt að lækka það gjald.

Vörugjaldið hefur verið í ítarlegri athugun frá því að það var á lagt og komið hefur í ljós að það er mörgum vanköntum háð að leggja vörugjald á slík aðföng til íslensks iðnaðar. Þetta hefur verið ítarlega rætt við fulltrúa iðnaðarins sem hafa tekið þátt í því að leita leiða til að gera álagninguna auðveldari, en í samráði við þá varð niðurstaðan sú að fella það með öllu niður 1. september eins og fyrr segir. Ríkisstjórnin telur jafnframt að svigrúm sé til þess að hækka jöfnunargjald á innfluttar iðnaðarvörur úr 3% í 5% og byggir það á því að söluskattsstofninn er miklu breiðari nú en hann var þegar 3% gjald var ákveðið og sömuleiðis hefur söluskatturinn hækkað úr 20% í 25%. Þetta er að sjálfsögðu tímabundið eða þar til vörugjald kemur hér til framkvæmda.

Þetta eru þeir liðir sem snúa fyrst og fremst að atvinnurekendum. Eins og ég sagði áðan þá eru aðrir liðir félagslegs eðlis sem snúa að ASÍ eða launþegum í þessum samningum og 6. og 7. gr. fjalla um þá liði. Í fyrsta lagi er í 6. gr. gert ráð fyrir að veita Atvinnuleysistryggingasjóði heimild til að lengja bótatímabil í 260 daga áður en viðkomandi bótaþegi fellur af bótum næstu 16 vikurnar. Um þetta er samkomulag milli vinnuveitenda og ASÍ og var sameiginleg ósk þeirra að þessi heimild yrði veitt sem að sjálfsögðu verður ekki notuð nema stjórn sjóðsins ákveði svo og þá í sérstökum tilfellum.

Í öðru lagi var eindregið farið fram á að Atvinnuleysistryggingasjóður tryggði launafólki fyrirtækja sem stöðvast vegna gjaldþrots greiðslu atvinnuleysisbóta þann tíma sem það er án bóta í uppsagnarfresti. Á það var fallist og gerir 7. gr. ráð fyrir því. Hins vegar er þá nauðsynlegt að tryggja endurkröfurétt Atvinnuleysistryggingasjóðs og er í greinargerð með frv. vísað til frv. sem liggur hér fyrir hinu háa Alþingi þess efnis. Niðurstaðan í hv. Ed. varð hins vegar sú að bæta við nýrri grein á eftir 7. gr., í raun efnislegu innihaldi þess frv. og kemur frv. þannig frá hv. Ed.

Ég skal ekki lengja þessa umræðu mikið á þessum annatímum þingsins, en ég vil vekja athygli á fjöl-

mörgum öðrum atriðum í þeim bréfum sem aðilum deilunnar voru skrifuð, m.a. í bréfi til Alþýðusambands Íslands þar sem lagður er grunnur að nánu samstarfi um atvinnumál og atvinnuástand sem er mjög mikilvægt og sömuleiðis samstarf að verðlagsmálum eins og var árið 1986, ýmsar áherslur sem koma fram í því bréfi á betri innheimtu skatta, lækkun vaxta o.s.frv. Sérstaklega er rétt að geta um 6. lið, um húsnæðismál, þar sem ríkisstjórnin lofar að beita sér fyrir sérstöku átaki í félagslegum íbúðabyggingum þannig að unnt verði að hefja byggingu a.m.k. 200 nýrra íbúða í því kerfi á þessu ári. Ekki hafði verið gert ráð fyrir að hefja nýjar byggingar nú í þessu kerfi í ár enda allmargar byggingar hafnar á síðasta ári. Hins vegar þykir æskilegt miðað við atvinnuástand að hefja slíkar byggingar nú og það er svigrúm í Byggingarsjóði verkamanna til þess að byrja á slíkum byggingum. Er það því að ýmsu leyti æskileg ráðstöfun.

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan sé ég ekki ástæðu til þess að lengja þessa umræðu en legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Ætlunin er að þetta frv. um ráðstafanir vegna kjarasamninga verði afgreitt á þeim skamma tíma sem þingið hefur til umráða. Þetta frv. gefur manni ástæðu til að rifja upp hin hagrænu vinnubrögð sem hæstv. ríkisstjórn ástundar. Hér var Alþingi mjög upptekið í desembermánuði sl. við að leggja nýja skatta á þjóðina, m.a. hækkun á sérstökum skatti á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Hann var hækkaður úr 1,5% í 2,2%. Það var einnig lögð mikil áhersla á það að leggja vörugjald á fjölmargar vörutegundir og nú er aftur lagt til að þetta vörugjald verði afnumið samkvæmt þessu frv.

Ef nokkur stofnun þarfnast hagræðingar í starfi sínu held ég að það sé Alþingi Íslendinga. Það hefði getað sparað sér alla þá vinnu, umstang og fyrirhöfn sem fór í þessar skattahækkanir. Hefði hæstv. ríkisstjórn verið sæmra að taka ábendingum stjórnarandstæðinga, einkum okkar sjálfstæðismanna, um að það gengi ekki að fara þessa braut.

Ríkisstjórnin varð fyrir miklu áfalli meðal þjóðfélagsþegnanna að ganga inn á allar þessar skattlagningar hér fyrir áramótin undir verðstöðvun sem var og launastöðvun sem ríkti í landinu. Komu því þessar ráðstafanir eins og köld vatnsgusa yfir allan almenning í landinu. Þegar við lítum á það hversu vel almenningur tók verðstöðvun og launastöðvun í tíð fyrrv. ríkisstjórnar og svo aftur framhaldi þeirra aðgerða í tíð þessarar ríkisstjórnar hefði hæstv. ríkisstjórn verið sæmra að fara gætilega í þessum efnum en rasa ekki um ráð fram eins og nú þegar er komið á daginn. Það liggur ljóst fyrir að ríkisstjórnin er með þessu og með þessu samkomulagi við launþegasamtökin hreinlega að viðurkenna afglöp sín í desembermánuði sl. Hún er að segja Alþingi og fólkinu í landinu að hún hafi farið villur vegar. Í stað þess að játa og segja: Við erum ekki færir um það að stjórna þessu landi, við sveiflumst til og frá og eigum auðvitað að fara frá. Það dettur þeim ekki í hug að gera þessum herrum.

Ég ætla að fara nokkuð inn á efnisatriði frv. Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir því að Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins sé heimilt, til viðbótar við lántöku skv. 1. gr laga nr. 9 frá 2. mars 1989, að taka lán hjá Seðlabanka Íslands eða fyrir milligöngu hans að fjárhæð allt að 400 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Síðan segir að fjmrh. sé heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð vegna endurgreiðslu láns þessa. Það er svo ætlunin að 350 millj. kr. sé varið til greiðslu verðbóta á freðfisk, en allt að 50 millj. kr. af andvirði þessara 400 millj. kr. skal varið til greiðslu verðbóta á hörpudisk. Þetta er framhald af því sem gert var með bráðabirgðalögunum um 800 millj. kr. lántöku til Verðjöfnunarsjóðsins. Þá var það gagnrýnt af okkur sjálfstæðismönnum að hafa slíkan hátt á þar sem hér væri um það að ræða að sú deild í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins, sem að mestu leyti tæki þetta lán, væri sú sem ekkert á til. Hún átti til um 12 millj. kr. um síðustu áramót en það hafði hækkað vegna gengisbreytinga í febrúarlok, ef ég man rétt, upp í 22 millj. kr. Þessari deild, sem á 22 millj. kr., er ætlað að endurgreiða á næstu þremur árum 750 millj. kr. af þessum 800 millj. kr. frá sl. hausti og er nú samkvæmt frv. ætlað að taka enn á sig 350 millj. kr. Með öðrum orðum: Deild sem í febrúarlok á 22 millj. kr. á að taka á sig endurgreiðslu á láni samtals upp á 1100 millj. kr. á næstu þremur árum.

Nú spyr ég hæstv. forsrh. og hæstv. bankamálaráðherra að því hvort þeir telji virkilega að það sé nokkur möguleiki fyrir því. Eða er það ætlun hæstv. ríkisstjórnar að leggja þær álögur á frystideildina á næstu þremur árum að frystihúsin eigi að endurgreiða þessar 1100 millj. kr. ásamt vöxtum og öllum kostnaði? Ég tel það útilokað sama hvor leiðin er farin, hvort það eigi að leggja þennan skatt á eftir að eigið fé frystihúsanna er að verulegu leyti brunnið upp, að leggja slíkan skatt á. Því eru þá ekki tekin upp heiðarleg vinnubrögð og ríkissjóður látinn yfirtaka þetta lán frá sl. hausti og taka svo einnig aftur þessar 400 millj. kr. sem frv. gerir ráð fyrir? Það er vitað mál að þetta kemur á ríkissjóð nema ríkisstjórnin hugsi sér að skattleggja frystihúsin, eins og þau standa nú vel, á næstu þremur árum til þess að endurgreiða lán.

Hæstv. sjútvrh. lýsti því yfir í haust við setningu þings Sjómannasambands Íslands að hér væri ekki um það að ræða að sjávarútvegurinn eigi að endurgreiða þetta lán, þetta mundi tvímælalaust koma á ríkissjóð. Þrátt fyrir slíkar yfirlýsingar er þetta atriði endurtekið með frv. Það er höggvið öðru sinni í sama knérunn. Ég skil ekki þessi vinnubrögð, engan veginn. Ég skil ekki af hverju menn vilja ekki játa staðreyndir og viðurkenna það sem liggur fyrir nema þetta sé á bak við. Hvar stendur þá frystiiðnaðurinn ef á að fara að innheimta af honum 1100 millj. kr. lán þegar kemur fram á þetta ár? Er staða hans með þeim hætti að við sjáum fram á að slíkt sé hægt? Af hverju

er verið að fara inn á þessa braut? Hver ræður ferðinni í þessari vitleysu? Ég spyr því einu sinni enn: Er það ætlunin að frystideildin eigi á næstu þremur árum að endurgreiða þetta lán? Hefur þannig verið búið að frystideildinni og þeim fyrirtækjum sem hún á og starfa samkvæmt lögunum um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins að henni sé þetta fært?

Jafnvel þótt hæstv. ríkisstjórn láti sér þetta til hugar koma þá spyr ég: Hvar eru þingmenn stjórnarliðsins? Eru þeir viljalaus verkfæri? Ég sé að það er aðeins einn þingmaður stjórnarliðsins inni svo að ekki virðist áhugi stjórnarliða vera mikill í þessu máli. Hvar eru þeir? Er bara á þá kallað þegar á að greiða atkvæði um vitleysuna? Hafa þeir enga skoðun á málum? Láta þeir bjóða sér slík vinnubrögð sem þessi? Þetta eru menn sem eru kjörnir af fólki sem er að framleiða útflutningsverðmæti fyrir þjóðina og ættu að vita hvernig málum er komið víðast hvar úti um hinar dreifðu byggðir landsins. En þá sjást þeir ekki, þá eru þeir horfnir, gufaðir upp allir með tölu nema einn.

Hér er gert ráð fyrir því að auka útgjöld atvinnuleysistrygginga og til að bregðast við langvarandi og verulegu almennu eða staðbundnu atvinnuleysi á að gefa stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs heimild að lengja bótatímabil í 260 daga áður en viðkomandi bótaþegi fellur af bótum næstu 16 vikur. Heimild þessari skal stjórnin beita almennt eða staðbundið miðað við aðstæður á hverjum stað fyrir sig. Einnig er í 7. gr. frv. gert ráð fyrir að Atvinnuleysistryggingasjóður eigi að tryggja launafólki fyrirtækja sem verða gjaldþrota rétt til greiðslu atvinnuleysisbóta þann tíma sem það er án atvinnu á uppsagnarfresti á meðan það bíður eftir endanlegu uppgjöri á launakröfum sínum, sbr. lög nr. 23 frá 1985, um ríkisábyrgð á launum. Með þessu er verið að auka útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs og þá verða menn líka að hafa í huga hvað núv. hæstv. ríkisstjórn gerði þegar hún var mynduð. Þá ákvað hún að fella niður ríkisframlagið til Atvinnuleysistryggingasjóðs þrátt fyrir það að þegar Atvinnuleysistryggingasjóður var stofnaður eftir langvarandi, harða og erfiða vinnudeilu, var gert þríhliða samkomulag um þá löggjöf og um skattlagningu til þess að standa undir þeirri löggjöf, annars vegar á milli atvinnurekendasamtakanna og sveitarfélaganna og ríkissjóðs. En einn aðilinn, ríkissjóður, ákveður að hlaupast undan merkjum á sl. hausti og hætta að greiða til atvinnuleysistrygginga þótt allir viðurkenndu, ríkisstjórnin líka, að ástandið væri óskyggilegt

Nú spyr ég hæstv. forsrh.: Er ætlunin að halda áfram að stýfa framlög til Atvinnuleysistryggingasjóðs? Á bara að gera samþykkt um að auka útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs? Ætlar ríkisstjórnin aftur að leggja sjóðnum til, eins og gert hefur verið fram til þessa, eða á að halda áfram að snuða sjóðinn um framlag ríkissjóðs? Þetta skiptir verulegu máli.

Eins og ég sagði áðan þá held ég að það hefði verið hyggilegra að leggja ekki vörugjaldið á allar þessar vörur sem hér er lagt til og nú á að afnema frá 1. september. Ég spyr hæstv. forsrh. eftir það sem hann sagði áðan, og er rétt, að minnkandi spenna væri á vinnumarkaðinum: Er það eðlilegt að láta þetta ekki koma til framkvæmda fyrr en 1. september? Verða ekki viðbrögð manna þau að þessar vörur verða ekki fluttar inn nú í sumar? Verður ekki beðið með fjölmargar framkvæmdir þangað til í haust eða vetur? Nú bætist einmitt á vinnumarkaðinn skólafólkið sem kvartar nú sáran um að fá ekki atvinnu. Hvers vegna er þá verið að halda sér í þessa dagsetningu? Hvers vegna er þetta ekki fellt niður strax við gildistöku frv.? Ég fæ ekki skilið að þetta sé til hagsbóta. Því ber ég fram þessa fyrirspurn mína.

Ætlunin er að jöfnunargjaldið, eins og segir í 5. gr., hækki úr 3% í 5%. Hæstv. forsrh. minntist á að söluskattur hefði hækkað úr 20% í 25%, eða um 25%, en hér er lagt til að jöfnunargjaldið hækki úr 3% í 5%, eða eftir mínum reikningum um tæp 67%. Mér finnst það nokkuð mikil hækkun en þó ætla ég ekki að gera neinn hávaða út af því. Það sem ég set fyrst og fremst út á í þessu frv. er að taka stórlán til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, til deilda sem ekkert eða lítið eiga. Ef vel á að vera og ef taka á tillit til þess sem er að gerast í atvinnulífinu, bæði hvað snertir frystinguna víðs vegar um landið, á að líta á þetta sem ríkisframlag að mínum dómi og það á viðurkenna það strax og heiðarlega.

Hinu ber að fagna að sérstakur skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði er lækkaður og sömuleiðis að vörugjaldið er fellt niður. Það hefðu þó verið ólíkt heppilegri vinnubrögð að ganga aldrei til þessarar hækkunar í desembermánuði á sl. ári.

Við sjálfstæðismenn höfum enga löngun til þess að bregða fæti fyrir afgreiðslu þessa máls á nokkurn hátt þó að það sé seint á ferðinni. Við munum taka þátt í að afgreiða málið og greiða fyrir gangi þess í gegnum þingið en okkur finnast þetta mjög dapurleg vinnubrögð sem hér hafa átt sér stað og því full ástæða til þess að gera þær ákveðnu athugasemdir sem ég hef þegar gert í sambandi við þetta mál frá byrjun.

Ég vil svo í lokin nefna að ekki hafa verið sett ný lög um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins þrátt fyrir margítrekuð loforð. Sjútvn. Nd. var sammála um að leggja til að kjörin yrði sérstök milliþinganefnd til þess að fjalla um þetta mál og það hefur kvisast að hæstv. sjútvrh. hafi orðið mjög vondur þegar hann heyrði um þessa afgreiðslu og hafi viljað koma í veg fyrir það að slík tillaga næði fram að ganga. Ég vara hæstv. ríkisstjórn við að beita einhverjum slíkum brögðum þar sem nefnd í þinginu er sammála um að málið eigi að fá greiðan aðgang á Alþingi.

Ég tek undir orð hæstv. landbrh. hér fyrr í dag þegar hann sagði að ráðherrar gætu ekki búist við því að koma öllum sínum frumvörpum fram óbreyttum. Það yrði að taka tillit til þingræðis, það yrði að taka tillit til vilja alþingismanna í þeim efnum. Ég vænti þess að forsetar þingsins greiði fyrir afgreiðslu þessa máls því það er sannarlega kominn tími til að Alþingi taki ákvörðun í þessu mikilvæga máli en láti ekki framkvæmdarvaldinu það í hendur að sitja á úrbótum eins og raun ber vitni.

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Stundum hvarflar að manni sú hugsun í hvaða leikriti maður sé eiginlega staddur. Mér finnst svo örstutt síðan við stóðum hér og ræddum fram og aftur um tekjuöflun af ýmsu tagi til þess að mæta sameiginlegum útgjöldum landsmanna. Það var reiknað fram og til baka og þráttað m.a. um áhrif aukinnar skattlagningar á verslunar- og skrifstofuhúsnæði og lántökugjald, sem kvennalistakonur reyndar studdu í trausti þess að slíkir skattar kæmu ekki niður á almennu launafólki. Það var tekist á um breikkun vörugjaldsstofns með mishárri prósentu sem við vorum andvígar og töldum heimskulega aðgerð með tilliti til hagsmuna neytenda, framleiðenda, seljenda og á endanum ríkissjóðs. Ekki skal heldur gleymt skoðanaskiptum um þá afleitu ráðstöfun ríkisstjórnarinnar að seilast í lögboðin framlög ríkisins til Atvinnuleysistryggingasjóðs, en í frv. er enn aukið við skyldur Atvinnuleysistryggingasjóðs. Það er eins og ráðamenn hafi ekki áttað sig á þeirri einföldu staðreynd að sama krónan verður ekki notuð oftar en einu sinni.

Nú er svipt burtu lántökugjaldi og skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði lækkaður til fyrra horfs. Svo mikill sem ákafinn var að sannfæra þingheim um það fyrir fjórum til fimm mánuðum að þessir tekjupóstar mættu engan veginn missa sín er ekki orð um það hvað á að koma í staðinn þegar þeir skila ekki tekjum lengur nema að því leyti sem jöfnunargjaldið gefur af sér. Er nema von að maður spyrji sjálfan sig stundum í hvaða leikriti maður er staddur og heldur ekki nema von að maður spyrji sig þeirrar spurningar hvort þessi gjöld hafi fyrst og fremst verið ætluð sem skiptimynt þegar þau voru lögð á.

Í 1. gr. frv. er enn einu sinni brugðið á gamla ráðið með heimild til lántöku til þess að gera Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins kleift að greiða verðbætur. Þessi sveiflujöfnunarsjóður, sem svo átti að verða, hefur nefnilega miklu fremur verið notaður til að jafna niðursveiflur en uppsveiflur og á sjaldnast til peninga fyrir niðursveiflum. Í niðurlagi greinarinnar birtist svo óskhyggjan í rósrauðum bjarma þar sem segir að lánið skuli endurgreitt af tekjum Verðjöfnunarsjóðs af viðkomandi afurðum á næstu þremur árum eftir að það er tekið. Síðan kemur náttúrlega varnaglinn: „Það sem þá kann að vera ógreitt fellur á ríkissjóð.“ Heiðarlegra væri nú að viðurkenna strax að þessi skuld fellur vitanlega á ríkissjóð og við hljótum að spyrja: Hverjum dettur í hug að hér sé um varanlega aðgerð að ræða? Þegar þessir peningar verða uppurnir skapast þörf fyrir nýja aðgerð, nýjar ráðstafanir. Þá er það afleitt að með aðgerðum af þessu tagi er sífellt verið að mismuna greinum sem getur sannarlega verið réttlætanlegt um stundarsakir þegar sérstaklega stendur á en má ekki vera viðvarandi. Það flokkast einfaldlega undir það að berja höfðinu við steininn.

Því má auðvitað ekki gleyma sem ekki stendur í frv. en það er sú gengisbreyting sem varð fyrir viku og er nú kölluð því fína nafni gengissig og meira að segja sveigjanleiki í kaupbæti. Sú aðgerð dugði auðvitað skammt í því skyni að rétta hlut fiskvinnslunnar og gerði ekki annað en draga lítillega úr tapinu. Þannig er fjarri því að ríkisstjórnin hafi með þessari aðgerð efnt loforð sitt við fiskvinnslufyrirtækin um að skapa þeim viðunandi rekstrarskilyrði. Hins vegar tókst henni að svíkja loforð sitt gagnvart launafólki um stöðugt gengi. Þannig fer þeim sem tala tungum tveim. Í þessum efnum sem öðrum virðast hæstv. ráðherrar ekki vita í hvorn fótinn þeir eiga að stíga, enda sannleikurinn auðvitað sá að gengið verður að laga að breyttum aðstæðum en um leið þarf að gera ráðstafanir til að taka áfallið af launafólki og heimilunum þegar genginu er breytt. Ætli ég þurfi nokkuð að nefna hinn margumrædda matarskatt.

Í 2. gr. er lagt til að fella niður lántökugjald af erlendum lánum frá 1. júlí en því var breytt í 1. júní í meðförum Ed. Þetta var skynsamleg breyting og skiptir áreiðanlega ekki máli fyrir ríkissjóð því lántakendur hefðu einfaldlega haldið að sér höndum til 1. júlí og tekjutap því í rauninni ekkert fyrir ríkissjóð við þessa breytingu. Það er hins vegar hætt við að þessi ráðstöfun komi eitthvað misjafnt niður og ástæða til þess að inna eftir því hvaða aðilar hafi þegar greitt þetta gjald, þ.e. lántökugjald, á þessu ári. Ýmsir aðilar hafa vafalaust þegar ráðstafað slíkum lántökum en einhverjir kunna að sitja uppi með lán sem þeir eru ekki búnir að útdeila. E.t.v. væri ástæða til að íhuga hvort eigi að létta því gjaldi af þeim sjóðum sem sitja uppi með lán sem þeir hafa þegar greitt gjaldið af en eiga eftir að útdeila.

Eins og ég sagði áðan studdi Kvennalistinn framlengingu þessarar gjaldtöku á sínum tíma, rétt eins og hækkun sérstaks skatts á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, á þeim forsendum að ríkissjóður þyrfti á auknum tekjum að halda sem skárra væri að taka af þessum póstum en að ganga harðar að almennu launafólki. Því miður tókst ekki að hindra þá aðför þar sem skattar á almennt launafólk voru engu að síður auknir. Því miður verð ég að segja að fátt er um bætur fyrir almennt launafólk í loforðasjóði hæstv. ríkisstjórnar sem hellt var úr í tengslum við kjarasamninga Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins.

Hins vegar studdum við ekki vörugjaldsruglið sem er nú leiðrétt að hluta í 4. gr. frv. Það var slík endemisvitleysa að menn eru ekki einu sinni enn þá eftir fjóra mánuði búnir að átta sig á framkvæmdinni og sem er í rauninni ógerleg fyrir flest smáfyrirtæki og smáa aðila. Áður en þessar breytingar voru gerðar á vörugjaldinu voru vörugjaldsskyldir aðilar í kringum 40 talsins en um það bil 800 gjaldskyldir aðilar bættust við um síðustu áramót og um 600 þeirra munu vera fyrirtæki með fimm starfsmenn eða færri. Áður var um að ræða gjald á vörur sem voru að meiri hluta framleiddar erlendis en um áramótin bættist við fjöldi vara sem fyrst og fremst eru framleiddar hérlendis. Með þeim breytingum sem lagðar eru til í 4. gr. frv. er sannarlega fengin mikilvæg leiðrétting á þessum mistökum sem a.m.k. sumir hæstv. ráðherrar hafa viður-

kennt sem slíka og þar vil ég nefna hæstv. viðskrh. sem er nýgenginn úr salnum. Hitt er svo annað mál hversu heimskulegt það er og fáránlegt að gera breytingar sem þessar á fárra mánaða fresti svo að menn hafi ekki undan að aðlagast breytingunum. Slíkur hringlandi er til gífurlegs óhagræðis fyrir viðkomandi og fyrirsjáanlegar lækkanir hafa ekki síður áhrif á starfsemi fyrirtækja en fyrirsjáanlegar hækkanir. Í þessu tilviki er afar bagalegt t.d. fyrir alla innréttingasmíði að þessi niðurfelling komi ekki strax til framkvæmda. Þar er um að ræða samninga sem gerðir eru langt fram í tímann og nú blasir ekki annað við slíkum aðilum en hálfgert verkfall í sumar. Það er því ófært að láta þetta ekki taka gildi fyrr en 1. sept. Það væri enn fremur freistandi að reyna að fá fram frekari breytingar á vörugjaldsstofninum en vafalaust hefur það litla þýðingu úr þessu.

Í 5. gr. er kveðið á um hækkun jöfnunargjaldsins. Ég ætla ekki að segja mikið um það á þessu stigi en bendi aðeins á að með þessari hækkun er verið að stækka þann bita sem kyngja verður þegar virðisaukaskattinum verður komið á.

6. og 7. gr. taka til Atvinnuleysistryggingasjóðs sem enn á að taka á sig skuldbindingar á sama tíma og ríkissjóður stendur ekki við lögboðin framlög heldur veitir þeim í annan farveg. Þarf ekki að minna á hvert þau fara. Ákvæði þessarar greinar eru hins vegar að mínu mati sjálfsögð og til hagsbóta fyrir launafólk sem sjálfsagt og nauðsynlegt er að reyna að verja fyrir afleiðingum ástandsins í atvinnumálum. Góð vertíð í vetur dró verulega úr þeim samdrætti og því atvinnuleysi sem menn óttuðust svo mjög auk þess sem minnkandi þenslu hefur verið mætt t.d. með minni yfirvinnu. Hins vegar skulum við ekki gleyma því að á þessari góðu vertíð var verulega gengið á heildarkvóta ársins og hlýtur það að kalla á samdrátt á síðari hluta ársins nema kvótinn verði aukinn. Á það verður vafalaust gríðarlegur þrýstingur. Þannig má segja að samdrátturinn sem allir bjuggust við og óttuðust hafi að nokkrum hluta frestast. Og hvað sem líður þeirri speki að frestur sé á illu bestur má ekki loka augum fyrir þessari staðreynd, þ.e. minnkandi aflamagni og samdrætti í atvinnulífinu þar af leiðandi sem að öllum líkindum mun dynja yfir okkur á síðari hluta ársins.

Þá vil ég spyrja um áhrif þessara ráðstafana sem frv. tekur til og þá er ég fyrst og fremst að hugsa um áhrif á lánskjaravísitölu, verðbólgustig, afkomu fiskvinnslunnar, það hefur að vísu lítillega verið á það drepið, og svo vitanlega á afkomu ríkissjóðs sjálfs.

Að lokum. Þær ráðstafanir sem þetta frv. tekur til eru fyrst og fremst í þágu atvinnufyrirtækjanna. Það er fátt eitt hér sem tekur sérstaklega á afkomu launafólks sjálfs eða til réttinda þeirra. Hins vegar er í fylgiskjölum, sérstaklega í fskj. II, drepið á ýmis atriði sem fulltrúar Alþýðusambandsins lögðu fyrst og fremst áherslu á. Þar eru talin upp í 12 liðum ýmis atriði sem voru tekin fyrir og lofað að taka á af hálfu ríkisstjórnarinnar. Hún mun skipa nefndir og beita sér fyrir einu og öðru, lofar samráði og að beita sér fyrir átaki, kanna, vinna að mótun o.s.frv. Sum þessara loforða eru útlátalítil, svo sem eins og í 12. lið þar sem lofað er framgangi frv. um félagsmálaskóla alþýðu, sem raunar var komið langleiðina gegnum þingið þegar það loforð var gefið.

Um önnur atriði vildi ég spyrja hæstv. iðn.- og viðskrh. sem situr hér til andsvara að hæstv. forsrh. frágengnum. Ég sé ekki ástæðu til þess að telja upp alla þessa liði en vildi þó nefna sérstaklega fyrsta punktinn þar sem ríkisstjórnin lofar að skipa sérstaka nefnd til þess að fjalla um ástand og horfur í atvinnumálum og móta langtímastefnu um atvinnuuppbyggingu í landinu. Ég vildi spyrja hæstv. ráðherra hvort búið væri að stofna þessa nefnd og hver hennar áætlun er t.d. um skil og annað vinnulag.

Ég vil spyrja um framkvæmd 3. liðar þar sem rætt er um að sporna við verðhækkunum á næstu missirum. Það var kannski einn af þessum liðum sem manni þótti ekki sérlega mikið til koma þar sem hæstv. ríkisstjórn var þegar búin að heimila ýmsar hækkanir á opinberri þjónustu. Það er sífellt verið að sækja á um slíkt og er ástæða til að fá fréttir af því hvernig ríkisstjórnin hyggst efna þetta loforð.

Ég vildi líka spyrja um fjórða punktinn sem hlýtur að skipta launafólk mjög miklu máli því þar er lofað samráði við samtök launafólks um úrbætur í skattamálum. Ég vildi gjarnan fá svör við því við þessa umræðu hvað hafi gerst hvað þetta varðar, hvort búið er að setja einhverja vinnu í gang sem tekur á þessu atriði.

Sömuleiðis er fjallað um vaxtamál í 5. lið og hvort eitthvað sé af því að segja. Þannig mætti auðvitað telja upp hérna alla þessa liði, en ég vildi þó sérstaklega nefna hér tvo liði í viðbót. Hinn fyrri er 8. liðurinn sem fjallar um bætur almannatrygginga. Hvenær er þess að vænta að bætur almannatrygginga hækki í samræmi við almennar launahækkanir á samningstímabilinu? Er búið að taka ákvarðanir um það og hvenær það verði?

Í síðasta lagi er 11. liðurinn sem fjallar um fæðingarorlof og um skipun nefndar sem hafi það verkefni að skoða og útfæra þá stefnumörkun er fram kemur í álitsgerð nefndar sem samdi frumvarp til laga um fæðingarorlof og miðar að því að konur, hvar sem þær eru í starfi, njóti jafnréttis hvað varðar fæðingarorlof. Nú verð ég að viðurkenna að ég man ekki nákvæmlega hvað kom fram í álitsgerð þessarar nefndar enda höfðu kvennalistakonur ákveðnar skoðanir á þessum málum, hvernig þeim væri best fyrirkomið og höfðu sett það fram í frumvarpi sem var til umfjöllunar á hverju þingi á síðasta kjörtímabili. En nú er eins og allir vita gerður mismunur á fæðingarorlofsgreiðslum eftir því hvernig vinnu kvenna er háttað, þ.e. hvort hún hefur verið launuð eða ekki. Þær sem t.d. starfa eingöngu inni á heimilum sínum eru lægra settar en aðrar og þess vegna finnst mér ástæða til þess að spyrja eftir því hvort hæstv. ráðherra skilji þessa setningu, þ.e. að konur, hvar sem þær eru í starfi, njóti jafnréttis hvað varðar fæðingarorlof, þannig að konur sem eingöngu sinna

heimilisstörfum inni á sínum heimilum eigi nú að fá að njóta jafnréttis á við konur sem vinna launuð störf úti á vinnumarkaði.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Það frumvarp sem hér er til umræðu um ráðstafanir vegna kjarasamninga er keimlíkt því sem við höfum séð áður. Að einu leyti er það þó til batnaðar því hæstv. ráðherrar hafa séð pínulítið að sér í skattamálum. Virðist vera að það rofi aðeins til og menn átti sig á því að það sé léleg hagfræði að blóðmjólka kúna.

Í 1. gr. kemur fram að meiningin er að tekið verði 400 millj. kr. lán, eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, sem verði ráðstafað í gegnum Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Af þessum 400 millj. kr. fara 350 millj. kr. til greiðslu verðbóta á freðfisk. En 50 millj. kr. á að verja til greiðslu verðbóta á hörpudisk. Enn fremur stendur í lögunum að meiningin sé að þetta verði endurgreitt af tekjum Verðjöfnunarsjóðs af viðkomandi afurðum á næstu þremur árum eftir að lánið er tekið. Þetta finnst mér alveg sérstök hagfræði út af fyrir sig. Ríkissjóður tekur lán og setur í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og ákveður að fiskvinnslan eigi sjálf að endurgreiða þetta á næstu þremur árum. Samt sem áður skal þetta reiknað inn í tekjur fiskvinnslunnar þó að það sé sagt að fiskvinnslan sé að taka lán. Það er með öðrum orðum verið að plata menn. Það er raunverulega verið að lána fiskvinnslunni þessa peninga. Í lok greinarinnar stendur: „Það sem þá kann að vera eftir ógreitt fellur á ríkissjóð." Hvernig í ósköpunum getur ríkisstjórn ákveðið fjárveitingu ríkisstjórnar eftir þrjú ár? Það er alveg fráleitt að þessi hæstv. ríkisstjórn hafi nokkurt umboð til þess að taka fram fyrir hendurnar á fjvn. eftir þrjú ár.

Annað mál með þetta lán. Ég fæ ómögulega skilið að ef ríkissjóður á þessa peninga, en það er bókað svo að þetta sé lán, hvernig getur hann átt peninga sem geta jafnframt verið tekjur hjá öðrum aðilum? Getur hæstv. viðskrh. sem mjög fróður maður í peningamálum útskýrt fyrir okkur hvernig svona bókhald gengur upp? Ef ríkissjóður er kröfuhafi að þessari skuld hlýtur einhver að skulda skuldina. Þetta verður að fást á hreint. Ef það er meiningin að þetta verði ekki greitt er miklu eðlilegra að þetta verði lagt fram sem fjáraukalög því hér er ekki um að ræða annað en blekkingar og falsbókhald. Það gengur ekki upp að framkvæmdarvaldið á Íslandi geti verið kröfuhafi og lánað peninga sem eru síðan færðir sem tekjur í útflutningsiðnaði í frystingu. Ég fæ ekki svona vitleysu til að ganga upp í kollinum á mér. Ég tel það vera mjög alvarlegan hlut að bjóða upp á svona falsanir. Þetta eru ekkert annað en hreinar falsanir. Fyrir svo utan það, eins og ég sagði áðan, að það er útilokað að þessi ríkisstjórn geti ákveðið hvað verður á fjárlögum eftir þrjú ár.

Burtséð frá þessari vitleysu þá tel ég að nú tapi útflutnings- og samkeppnisiðnaður á Íslandi ekki undir 500 millj. kr. á mánuði um þessar mundir. Hlutur sjávarútvegs í þeirri köku gæti verið um 400 millj. kr., þ.e. nálægt því eitt stykki Ólafsfjarðarjarðgöng á tveggja mánaða fresti. Ég tel að hér sé um að ræða mun alvarlegri hlut en það að hafin væri gegndarlaus rányrkja á þorskstofninum því rányrkja höfuðstóla framleiðsluatvinnuvega þjóðarinnar er alvarlegri hlutur en rányrkja á þorskstofninum. Við vitum að það er hægt að byggja þorskstofninn upp aftur en hvernig verður eiginfjárstaðan í atvinnulífinu byggð upp? Og hver er það sem leggur fé í það? Verða það erlendir aðilar? Verða það þeir sem eiga lánsfé hjá Íslendingum sem kaupa upp þessi fyrirtæki þegar allt er komið á vonarvöl? Það er alveg stórmerkilegt að svona lagað skuli vera hægt í réttarríki. Að ryksuga upp höfuðstóla íslenskra framleiðsluatvinnuvega eins og gert hefur verið undanfarna mánuði og þykjast alltaf vera að gera eitthvað til að laga stöðu atvinnulífsins. Það er verið að gera það með svona blekkingum eins og ég var að rekja hérna áðan.

Þegar farið er að tala um gengismál er talsmönnum Sjálfstfl. alltaf núið því um nasir að þeir vilji einhverja gengiskollsteypu. Í svokölluðum eldhúsdagsumræðum hér um daginn var alltaf talað um gengiskollsteypur. Hæstv. viðskrh. vill kannski útskýra hvað þetta orð þýðir. Hann sem yfirmaður bankamála ætti að fara létt með það að sjá til þess að gengi íslensku krónunnar væri skráð í samræmi við lög, en það er meginmarkmið laga um gengisskráningu að gengi skuli skráð þannig að það sé jafnvægi í viðskiptum við útlönd. Það er kjarni málsins og aðalatriði laga um Seðlabanka varðandi gengisskráningu og hef ég oft minnst á það hér áður. En það virðist ekki hafa mikið að segja þó að maður sé eitthvað að þusa um hvað er í löggjöf Seðlabankans.

Það eru notaðar alls konar aðferðir til þess að bægja athyglinni frá hinu raunverulega vandamáli. Þessi hæstv. ríkisstjórn hefur verið dugleg við að finna sökudólga hér og þar. Það er fundnir sökudólgar á verðbréfamörkuðum, þar eru ljótir karlar sem eru höfuðpaurar að þessu öllu saman að þeirra sögn og það eru sökudólgar í kaupleigufyrirtækjum, þar eru ljótir sökudólgar. Nú síðast eru það sökudólgarnir í bankakerfinu, allir bankarnir græða svo voðalega. En er ekki kominn tími til að fara að skoða hver sé höfuðstóll íslenskra viðskiptabanka? Er hann svo rosalega stór? Þar sem mér er kunnugt um eiginfjárstöðu bankakerfisins er hún bara léleg. Ég bið guð að hjálpa okkur öllum ef eiginfjárstaða bankakerfisins á Íslandi væri lélegri en hún er. Ekki mundi það auka álit landsmanna út á við ef þeir færu nú að tapa. Þetta eru allt saman tómar reykbombur þar sem verið er að bægja athyglinni frá hinu raunverulega vandamáli. Hið raunverulega vandamál eru stjórnmálamenn sem kunna ekki skil á sínu hlutverki, þ.e. að koma á jafnvægi á fjármagnsmörkuðum og í utanríkisviðskiptum. Það er þeirra hlutverk.

Mér finnst enn fremur að það sé kominn tími til að endurskoða samskipti löggjafarvalds og framkvæmdarvalds því hér á hæstv. Alþingi veður framkvæmdarvaldið inn og lætur þingmenn rétta upp hönd eftir

pöntunum. Stjórnarmeirihlutinn er meðhöndlaður eins og einhverjar tuskubrúður og er látinn rétta upp hönd eftir pöntun við hvaða vitleysu sem er, samanber þau frumvörp um skattahækkanir og fleira sem hefur verið troðið í gegn í vetur.

Ég verð því að segja það að lokum, hæstv. forseti, að ég vænti þess að íslenskur útflutnings- og samkeppnisiðnaður megi hljóta betri meðferð en hingað til hjá þessari hæstv. ríkisstjórn og vonandi fara þeir að átta sig betur en kemur fram hér og lækka skattana meira en þeir hafa þegar gert.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegur forseti. Ég mun í fáum orðum reyna að svara þeim spurningum sem hér hafa verið settar fram af hv. ræðumönnum eftir því sem tök eru á og sný mér fyrst að máli hv. 1. þm. Vestf.

Hann, eins og reyndar hv. 10. þm. Reykn. og hv. 5. þm. Austurl., vék að starfsemi Verðjöfnunarsjóðs, hlutverki hans og fjárhag. Ég held að hv. 10. þm. Reykn. hafi komist næst sanni um þann vanda sem hér er við að fást, þegar hann sagði: Verðjöfnunarsjóðurinn hefur virkað til jöfnunar í niðursveiflunum en hefur ekki megnað að draga til sín fé þegar betur hefur árað og ná þannig fé til þess að mæta niðursveiflunum. Þetta er hverju orði sannara og það frv. sem hér liggur fyrir, þ.e. 1. gr. þess um Verðjöfnunarsjóðinn, er staðfesting á því að þetta sé rétt mat á ástandinu. En úr því sem komið er var ekki undan því að víkjast að finna þarna fé vegna þess hversu mikið áfallið var hjá frystiiðnaðinum og verðbreytingin til lækkunar var bundin við þá grein því nær eina. Því tel ég réttlætanlegt að grípa til þeirrar fjáröflunar með lántöku sem hér er á ný gerð tillaga um. En það eru vissulega rétt varnaðarorð, bæði hjá hv. 1. þm. Vestf. og hv. 10. þm. Reykn., að það er vandséð við núverandi aðstæður hversu það mætti auðnast sjóðnum að endurgreiða þetta mikla fé á þremur árum. Við því býst ég ekki. Ég er því nokkurn veginn viss um að verulegur hluti af þessari greiðsluskuldbindingu mun lenda á ríkissjóði nema, og það er náttúrlega þess vegna sem fyrirvarinn er gerður, mjög mikil verðbreyting til batnaðar verði á næstu missirum. Margt var talið teikna til þess að mikil verðhækkun yrði á fiski í Evrópu vegna takmarkana á aflaleyfum hvarvetna í Evrópu, bæði í Norðursjó, við Norður-Noreg og í Barentshafi. Á öllum þessum hefðbundnu veiðislóðum fyrir þann fisk, sem íslenskur fiskur keppir við, er mjög mikið dregið úr aflaheimildum. Áhrif þessa eru enn ekki komin fram að mínu áliti, en þótt þetta færi á besta veg fyrir Íslendinga þá býst ég engu að síður við því að þetta mundi mæða á ríkissjóði í einhverjum mæli fyrr eða síðar.

Hv. 5. þm. Austurl. gerði nokkuð mál úr því að honum fannst að bókhaldið í þessu máli væri ekki rétt upp sett og að þarna væri verið að færa sjávarútveginum til tekna það sem hann í reynd væri að taka að láni. Þá vil ég benda honum á að það er í engu frábrugðið því sem gert hefur verið fyrri ár, að færa fyrirtækjunum til tekna greiðslur úr Verðjöfnunarsjóði hvernig sem þær greiðslur hafa verið fjármagnaðar, hvort sem það hefur komið af eignum sjóðsins vegna uppsöfnunar á fyrri tíð eða vegna þess að sjóðurinn hafi tekið fé að láni. Spurningin sem hann vakti um að þarna þyrfti að standa eign á móti skuld er einfaldlega þannig að Verðjöfnunarsjóðurinn er skuldarinn en ekki fyrirtækin sem fá greiðslurnar úr honum. Auðvitað má finna að þessu með nokkrum hætti en við skilyrði óvissu eins og nú ríkir tel ég að ekki sé önnur leið fær. Að kalla þetta falsanir tel ég fjarri lagi og að þarna sé verið að leggja málið eitthvað óljóst fyrir löggjafann tel ég enn fjær lagi því að þetta er gert mjög opinskátt og skýrt.

Um það hvort sitjandi þing geti skuldbundið síðari þing til fjárframlaga eins og í þessu felst þá tel ég þetta að engu leyti frábrugðið í sínu eðli því sem gerist þegar þingið heimilar að ríkið ábyrgist lántökur annarra aðila eða samþykkir lántökur ríkissjóðs með greiðsluskuldbindingum fram í tímann, sem að sjálfsögðu krefjast svo fjárveitinga á fjárlögum til þess að undir megi rísa þegar þar að kemur. Mér finnst þannig satt að segja að hv. 5. þm. Austurl. hafi tekið nokkuð djúpt í árinni þegar hann notaði þau orð sem hér féllu áðan.

En ég tek undir það með öllum þeim þremur sem hér hafa talað að vissulega er þetta varhugaverð þróun. Hv. 10. þm. Reykn. vék að því sem kannski er mikilvægast, þ.e. að í greiðslum af þessu tagi fælist mismunun milli atvinnugreina sem ekki væri þolandi og ekki hyggileg þegar til lengdar lætur. Undir það tek ég og bendi á að einmitt í þeim ákvörðunum sem teknar voru í tengslum við kjarasamningana felst áform um það að fella niður þessar greiðslur verðbóta á freðfisk úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins á næstu mánuðum í áföngum þannig að þær falli niður um næstu áramót. Ég saknaði þess því úr ræðu hv. þm., sem hafði að mínu viti greint ástandið alveg rétt, að hann léti þessa getið. Úr því reyni ég nú að bæta.

Ég kem þá að því sem fram kom hjá hv. 1. þm. Vestf. en hann spurði beinlínis um hvort ríkisstjórnin teldi að þessar 1100 millj. kr., sem að frv. samþykktu yrði búið að heimila Verðjöfnunarsjóðnum að taka að láni á því ári sem líður frá september í fyrra til september á þessu ári, yrðu endurgreiddar. Ég tel það vera rétta ábendingu að það sé ólíkleg, að Verðjöfnunarsjóður muni geta reitt þetta fé af hendi að öllu leyti jafnvel þótt ákaflega vel áraði. En einmitt vegna þeirrar óvissu sem um þetta ríkir er varla önnur leið fær til að tengja þetta saman en sú sem hér er valin. Ég minni á að fyrri ríkisstjórn beitti sömu aðferð og áformaði að beita sömu aðferð við þetta. Ég held því að hér eigi menn fyrst og fremst að tala um það sem hv. 10. þm. Reykn. vék að, þ.e. hvort hyggilegt væri yfirleitt að halda uppi greiðslum af þessu tagi án þess að fyrir þeim væri innstæða í sjóðnum. Ég er honum sammála um það og því reyndar óbeinlínis sammála hv. 1. þm. Vestf. þótt hann nefndi ekki það sem mér finnst meiru máli skipta og kom fram í máli hv. 10. þm. Reykn.

Um þær umræður sem hafa orðið um það að

ríkisstjórnin hafi nú séð að sér um skattheimtuna og kallað aftur skattaálögur sem ákveðnar voru um áramótin er það vafalaust að vissu leyti rétt. En ég hélt nú að hv. 1. þm. Vestf. væri svo góðgjarn maður að hann teldi að batnandi manni væri best að lifa og þetta væri nokkuð vel ráðið. Reyndar fannst mér það vaka í máli hv. 5. þm. Austurl. umfram það sem kom fram hjá hv. 1. þm. Vestf.

Hv. 10. þm. Reykn. beindi til mín ýmsum spurningum en áður en ég sný mér að því að fjalla um þær get ég svo sem tekið undir það sem fram kom í hennar máli að góð vetrarvertíð hafi dregið úr atvinnuleysi og bætt ástandið í efnahagsmálum. Það er vissulega rétt. Hins vegar er líka rétt að þetta þýðir að gengið er á veiðiheimildirnar og það verður eitthvað minna úr að spila þegar kemur fram á árið. En ég vil ekki líta svo á að yfir þessu eigi menn að fjargviðrast. Ég held að það sé miklu réttara að fagna því að svo vel og giftusamlega hafi til tekist að aflinn hafi glæðst einkum og sér í lagi á hinu hefðbundna vertíðarsvæði þrátt fyrir mislynda veðráttu í vetur og var löngu tími til kominn.

En áhrif þessara ráðstafana sem hér eru til umræðu á lánskjaravísitölu var ein af spurningum hv. 10. þm. Reykn. Ég held að best sé að lýsa þeim þannig að miðað við líklega gengisaðlögun — þá miða ég nú einkum við þá ákvörðun sem Seðlabankinn tók nýlega með samþykki ríkisstjórnarinnar um að lækka gengið um 1,5% og stofna heimild fyrir Seðlabankann til að breyta daglegu gengi krónunnar innan marka sem eru 2,25% til hvorrar áttar, það sem við blasir og menn nú þekkja — sé líklegt að lánskjaravísitalan muni breytast um 1–1,5% á mánuði út þetta ár, þó lækkandi þegar líður á árið. Um sveiflur milli einstakra mánaða ætla ég ekki að fjölyrða, en þetta virðist mér á þessu stigi máls líklegasta þróunin og að breytingin yfir árið verði á bilinu 18–20% þegar á heildina er litið. Þetta segi ég ekki af því að menn viti nákvæmlega hvað þarna er á ferðinni, en ég mun aðeins víkja að því á eftir hvað mér finnst skipta máli frá sjónarmiði stjórnvalda þegar menn horfa fram til þeirra mánaða sem eftir eru af þessu ári og fram á næsta ár og hugleiða stefnuna í gengismálum sem hv. 5. þm. Austurl. kom líka nokkuð að.

Síðan komu nokkrar beinar spurningar um framkvæmd ýmissa þeirra atriða sem eru í bréfi forsrh. til Alþýðusambandsins og þá fyrst um það hvort stofnuð hefði verið atvinnumálanefnd eins og um er rætt í 1. tölul. í bréfi forsrh. frá 30. apríl til Alþýðusambandsins. Svarið er að formlega hefur ekki verið stofnuð slík nefnd. Hins vegar hafa farið fram samtöl við forustumenn Alþýðusambandsins um tilhögun þessa verks sem er tvíþætt. Í fyrsta lagi að fjalla um atvinnuástandið á líðandi stund á þessu ári, m.a. með það í huga að draga úr staðbundnum atvinnuvanda sem gætti fyrr á þessu ári á nokkrum stöðum á landinu og snúast við honum með þeim hætti sem heppilegast virðist. Svo hins vegar að horfa til lengri tíma, horfa til atvinnuuppbyggingar og það má vel vera að niðurstaðan verði sú að þessu verkefni verði skipt í tvennt. Ég tel víst, eins og reyndar um ýmsar aðrar nefndir sem hér var um spurt, að þessu verði formlega á komið um leið og samningarnir hafa verið staðfestir alls staðar og frv. sem hér er til umræðu orðið að lögum.

Svipuðu máli gegnir um aðgerðir til að sporna gegn verðhækkunum í samstarfi við verkalýðs- og neytendasamtök. Þar hef ég í viðskrn. lagt drög að formlegu samstarfi umn þetta verkefni. Til þess verður tryggt fé. Það eru þegar hafnar kannanir á einstökum stöðum þar sem Verðlagsstofnun hefur haft samband við verkalýðsfélög á ýmsum kaupstöðum og kauptúnum úti um land og er óskað eftir því að fólkið sjálft fylgdist með því hvernig verðlagið væri og hvernig það breyttist. Þetta hyggst ég binda í fastara form alveg á næstunni og mun þá að sjálfsögðu skýra frá því hér á þingi og opinberlega.

Um samráð við launafólk um úrbætur í skattamálum hef ég sömu sögu að segja. Þar hefur ekki verið sett á formlegt samstarf með nefndarskipan en þar eru hins vegar áform uppi um slík samtöl.

Um vaxtamálin er náttúrlega fyrst og fremst það að segja að ríkisstjórnin mun nú beita þeim heimildum sem bankalög, seðlabankalög, viðskiptabankalög og vaxtalög, hafa fært henni með þeim samþykktum sem gerðar hafa verið á þinginu í vetur og á grundvelli fyrrgildandi laga á þann hátt sem greinir í bréfi forsrh. til Alþýðusambandsins.

Í sjötta lagi spurði hv. þm. um bætur almannatrygginga, hvenær þess væri að vænta að þær tækju breytingum í hátt við almennar launabreytingar. Svarið er að því miður reyndist ekki unnt að breyta þeim strax í byrjun maímánaðar. Ástæðan var fyrst og fremst sú að lögfræðingarnir sem frá þessu máli ganga eru í verkfalli. En svo er það líka rétt að auðvitað var ákvörðunin um kjarasamningana tekin á fyrsta degi mánaðarins þannig að það var ekki mögulegt að koma þessu við þegar í byrjun mánaðar. Vonandi verður unnt að framkvæma þessa breytingu þegar í byrjun júnímánaðar og þá verður hún gerð afturvirk frá 1. maí.

Í sjöunda lagi spurði hv. þm. um fæðingarorlof og hvernig að því skyldi staðið. Ég get líkt og um hin fyrri atriðin staðfest að það hefur ekki enn verið sett upp formleg nefnd svo að mér sé kunnugt. Hins vegar skil ég þetta ákvæði í bréfi hæstv. forsrh. á sama hátt og hv. 10. þm. Reykn., þ.e. að þarna eigi að líta til heimavinnandi kvenna eins og annarra kvenna þegar fæðingarorlof er ákveðið.

Ég vil svo að lokum í örfáum orðum snúa mér að því sem kom fram í máli hv. 5. þm. Austurl. þar sem honum varð tíðrætt um gengisbreytingar og þörfina fyrir bætt jafnvægi í efnahagsmálum. Ég vil benda á það að frá því að þessi ríkisstjórn sem nú situr tók til starfa hefur nafngengi íslensku krónunnar verið lækkað um 13,5% sem jafngildir 15,5% hækkun á verði erlendra gjaldmiðla. Vegna þess að þessi breyting hefur orðið sígandi og án þess að valda miklu afturkasti í innlendri verðlagsþróun og launabreytingum hefur þessu fylgt veruleg breyting á raungengi

til lækkunar, þ.e. raungengið er nú í maímánuði um það bil 8% lægra en það var að jafnaði í fyrra. Þetta tel ég að hafi verið nauðsynleg breyting og hún hefur þegar borið þann árangur, með öðrum þáttum í þróun efnahagsmála, að það er greinilegt að jafnvægi er nú betra í efnahagsmálum en það var í fyrra. Þetta kemur m.a. fram í því að viðskiptahalli er miklu minni fyrstu þrjá til fjóra mánuði þessa árs en hann var í fyrra og reyndar miklu minni en flestir höfðu spáð.

Í öðru lagi er það líka ljóst að betra jafnvægi er nú á lánamarkaði í landinu en verið hefur nokkru sinni frá því að vaxtaákvarðanir voru gerðar frjálslegri, eða á árunum 1985 til 1986, eins og skýrt kom fram í ræðu seðlabankastjóra á ársfundi Seðlabankans 28. apríl. Það virðist því, ef litið er á hina hlutlægu mælikvarða, að hv. 5. þm. Austurl. sé að verða að ósk sinni, þ.e. að það sé að komast hér á betra jafnvægi í efnahagsmálum en áður ríkti m.a. með hyggilegri en hófsamlegri beitingu á gengisákvörðunum í samræmi við ákvæði laga um það efni í seðlabankalögum.

Það er auðvitað markmið stefnu ríkisstjórnarinnar í verðlags- og gengismálum á næstu missirum að tryggja viðunandi samkeppnisstöðu útflutnings- og samkeppnisgreinanna, að draga úr viðskiptahalla en þó þannig að þetta valdi sem minnstum og jöfnustum verðhækkunum. Það er þess vegna mikilvægt að tímasetja opinberar ákvarðanir á ýmsum sviðum þannig að þær stuðli að því að þessi markmið náist. Í þessu sambandi þarf auðvitað að huga bæði að því sem gerist í kringum okkur í hinum ytri forsendum eins og útflutningsverðlagi, innflutningsverðlagi, gengisþróun á alþjóðamarkaði og vaxtaþróun. Því miður hefur sumt af því sem gerist í kringum okkur að undanförnu verið okkur í óhag. Olíuverð hefur hækkað mikið og erlendir vextir hafa líka hækkað. Þetta, ásamt innri atriðum eins og launaþróun, fiskverðsþróun, þarf að hafa í huga þegar menn taka ákvarðanir um breytingar á óbeinum sköttum og niðurgreiðslum, hvernig lækka megi verðbótagreiðslur úr Verðjöfnunarsjóðnum og síðast en ekki síst hvernig haga skuli gengisákvörðunum. Það er einmitt í þessu ljósi sem ákvörðun um breytingar á gengi krónunnar var tekin nú fyrir ekki löngu.

Ég vona að það sem ég hef nú sagt hafi svarað þeim spurningum sem til mín hefur verið beint og ætla ég ekki að hafa um þetta fleiri orð.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Eins og sumum deildarmönnum er væntanlega kunnugt hefur verið gert ráð fyrir hálftíma hléi fyrir þingflokksfundi fyrir kl. hálffimm. Nú er mér ekkert í mun að ljúka þessari umræðu umfram það sem forseta er venjulega í mun. Því vil ég spyrja hv. 1. þm. Vestf. hvort hann hafi hugsað sér að segja fáein orð eða muni ætla sér meiri tíma til ræðuhaldanna því að ... (**MB:** Það eru tiltölulega fá orð.) Ef útlit er fyrir að umræðunni ljúki á fáeinum mínútum mundi ég nú kjósa það frekar og gefa þá hv. 1. þm. Vestf. orðið.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir svör hans. Að vísu liggja þau nú ekki öll fyrir. Ég spurði um Atvinnuleysistryggingasjóðinn og framlagið til hans, hvort það væri ætlun ríkisstjórnarinnar að rúa sjóðinn aftur framlagi á næsta ári eins og gert var á þessu ári. Ég gagnrýndi það að rjúfa þríhliða samkomulag sem gert var á sínum tíma þegar til sjóðsins var stofnað. Sömuleiðis gerir frv. ráð fyrir auknum útgjöldum sjóðsins og því er ekki úr vegi að spyrja af þessu tilefni og skal ég ekki hafa um það fleiri orð.

Þar sem ég á sæti í þeirri nefnd sem fær frv. til meðferðar gefst okkur kostur á því að óska þar eftir ákveðnum upplýsingum eins og þeim hvaða áhrif þessir kjarasamningar hafa á ríkissjóð sjálfan og á atvinnulífið. Það liggur fyrir.

Það sem ég hef gagnrýnt í sambandi við Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins er ekki að lán sé tekið til sjóðsins til þess að halda uppi atvinnustarfrækslu í landinu, hvorki með 800 milljónunum né þessum væntanlegu 400 millj. kr. samkvæmt frv. heldur hitt að verið er að láta þann sem á ekki neitt vera að taka lánið. Það er verið að taka lán fyrir þann sem ekkert á og getur ekkert borgað. Því segi ég að ég tel það miklu heiðarlegri vinnubrögð að ríkisstjórnin geri tillögu um það í frumvarpsformi til Alþingis að ríkissjóður reiði þetta lán af hendi. Menn óttast að það eigi jafnvel að ganga mjög nærri frystiiðnaðinum á næstu þremur árum, og það er opið á meðan þetta form er haft á, en ekki að ríkissjóður leggi sjóðnum til þetta fjármagn. Þetta kemur alveg á skjön við yfirlýsingar einstakra ráðherra og þá á ég við yfirlýsingu sjútvrh. á sl. hausti við setningu þings Sjómannasambands Íslands.

Ég ætla ekkert að þakka hæstv. ríkisstjórn fyrir það þó að gengið hafi breyst þannig að frá því að þessi ríkisstjórn tók við hafi verðlagning á erlendum gjaldeyri hækkað um 15,5%. Það er vitaskuld brýn nauðsyn sem þar var að baki en því miður var allt of lengi beðið og stigið of stutt skref í einu. Ég er alls ekki að gagnrýna hæstv. ríkisstjórn fyrir það. En ósköp held ég að hæstv. viðskrh. sé lítið sannfærður um það í hjarta sínu að það sé betra jafnvægi á lánamarkaði á Íslandi nú og að fyrirtæki í sjávarútvegi eða samkeppnisiðnaði standi betur að vígi en á sl. ári. Ég held að þetta standi hörmulega að vígi og menn geta orðið sammála um það eitt en þeir geta aftur verið ósammála um til hvaða úrræða er nauðsynlegt að grípa. Mér fannst afar lítill sannfæringarkraftur í þessum kafla ræðu hæstv. viðskrh.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Ég hef nú syndgað upp á náð þingflokkanna. Ef hæstv. viðskrh. getur lokið sér af á eins og 30 sekúndum skal ég syndga sem því nemur meir, en þá ekki enn frekar.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir að gefa færi á að reyna að ljúka þessum umræðum. Vegna spurninga hv. 1. þm. Vestf. um Atvinnuleysistryggingasjóðinn og fjárhag hans bið ég hann forláts á því að hafa ekki vikið orðum að þeirri spurningu. Það var ekki ásetningssynd heldur yfirsjón af minni hálfu og ég heyrði þetta ekki nógu vel.

En svarið er að ég sé ekki neitt í því sem hingað til hefur verið gert sem bindur ákvarðanir um framlög til Atvinnuleysistryggingasjóðsins í eina átt eða aðra á næsta ári. Ég minni aðeins á að það að beina fé sem annars hefði runnið til Atvinnuleysistryggingasjóðs til Atvinnutryggingarsjóðs eins og gert var með bráðabirgðalögunum 28. sept. í fyrra var einfaldlega til þess að þjóna því markmiði sem atvinnuleysistryggingunum er sett og því aðeins var það réttlætanlegt. Ég held að sá útgjaldaauki, sem fylgir 6., 7. og 8. gr. frv. í þeirri mynd sem það kemur frá hv. Ed., sé ekki þungt vegandi fyrir fjárhag sjóðsins. Af þeirri ástæðu sé ég því ekki þörf á því að endurskoða þessar ákvarðanir sem hv. þm. vitnaði til. Það er engu að síður svo að þótt þessu fylgi ekki verulegar skuldbindingar fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð þá geta þessar greiðslur skipt ákaflega miklu máli fyrir það fólk sem hefur orðið fyrir þeirri hremmingu að hafa ekki vinnu svo langan tíma sem um er fjallað í 6. gr. frv. Því er þessi tillaga flutt. Hins vegar er í 7. og 8. gr. fyrst og fremst um það að ræða að flýta greiðslum og ábyrjast þær fremur en að leggja varanlegar byrðar á Atvinnuleysistryggingasjóðinn.

Að lokum vegna þess sem hv. 1. þm. Vestf. vék að og ég hafði nefnt, um betra jafnvægi í efnahagsmálum, þá var það fyrst og fremst, eins og hann réttilega gat um, tilvitnun í orð seðlabankastjóra á ársfundi Seðlabankans þar sem þessi orð féllu nákvæmlega eins og ég fór með þau. Í öðru lagi benti ég á að viðskiptahalli væri miklum mun minni fyrstu þrjá eða fjóra mánuði þessa árs en var í fyrra og minna en spáð hafði verið og, sem ég held að sé líka óumdeilanlegt, að afkoma útflutnings- og samkeppnisgreina hafi þrátt fyrir allt skánað. — [Fundarhlé.]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

104. fundur, þriðjudaginn 16. maí, að loknum 103. fundi.

Hagþjónusta landbúnaðarins, 3. umr.

Stjfrv., 413. mál. — Þskj. 1191.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Búfjárrækt, 3. umr.

Stjfrv., 465. mál (heildarlög). — Þskj. 1097.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1197).

Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, 3. umr.

Stjfrv., 312. mál. — Þskj. 999.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1200).

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, 2. umr.

Frv. fjh.- og viðskn. Nd., 506. mál (aðild starfsmanna Sinfóníuhljómsveitarinnar). — Þskj. 1127.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Skógrækt, 2. umr.

Frv. landbn. Nd., 511. mál (aðalstöðvar Skógræktar ríkisins). — Þskj. 1176.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Lögreglumenn, 2. umr.

Frv. ÁrnG o.fl., 163. mál (próf frá lögregluskóla og tjónabætur). — Þskj. 176, n. 1183, brtt. 1184.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 56/1972, um lögreglumenn, með síðari breytingum.

„Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið um það umsagnir frá Lögreglufélagi Reykjavíkur, lögreglustjóranum í Reykjavík og Sýslumannafélagi Íslands. Þá komu þeir Þorgrímur Guðmundsson, formaður Lögreglufélags Íslands, og Hjalti Zóphóníasson, skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu, á fund nefndarinnar.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingu sem flutt er á sérstöku þingskjali. Breytingin felur í sér að það ákvæði frumvarpsins, er kveður á um að engan megi ráða eða skipa lögreglumann án þess að hann hafi lokið námi í Lögregluskóla ríkisins, taki ekki gildi fyrr en 1. júlí 1990, en í frumvarpinu hafði verið miðað við 1. janúar 1990. Tillaga nefndarinnar tekur mið af því að verið er að vinna að uppbyggingu skólans og þess vegna talið eðlilegt að hert ráðningarskilyrði taki ekki gildi fyrr en um mitt næsta ár.

Sighvatur Björgvinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins."

Undir nefndarálitið rita Jón Kristjánsson, Kristín Halldórsdóttir, Geir Gunnarsson, Guðni Ágústsson, Kristinn Pétursson og Valdimar Indriðason.

Á þskj. 1184 er brtt. sem ég hef í rauninni þegar gert grein fyrir í nál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1184 samþ. með 23 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Aðskilnaður dómsvalds og umboðsvalds, frh. 2. umr.

Stjfrv., 182. mál. — Þskj. 731 (sbr. 204), n. 1045.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Frv. þetta er nú komið til 2. umr. í síðari deild og virðist ætlan hæstv. ráðherra að ná afgreiðslu á málinu á þessu þingi. Telja verður að þar sé um allmikla fyrirhyggjusemi að ræða þar sem eigi er gert ráð fyrir gildistöku þessara laga ef afgreidd verða fyrr en 1. júlí 1992.

Nú er það kunnugt að þó að ekki hafi risið miklar deilur um þetta mál á þessu þingi standa um þetta mál miklar deilur í þjóðfélaginu. Með tilliti til þess er mér auðvitað nokkur spurn hvort ástæða sé til að ganga fast fram í því að afgreiða þetta mál á lokadögum þessa þings í því horfi sem það er í stað þess að fresta afgreiðslu þess til að mynda til næsta þings og væri þó ekki afhættis með tilliti til þess rúma tíma sem er til gildistöku laganna ef afgreidd verða. Ætla mætti að með því að hafa þann hátt á og það vinnulag mætti takast að vinna bug á þeim deilum sem um þetta mál standa í þjóðfélaginu og þann mikla skoðanamun sem er á þessum málum víða hvar og þá ekkert síður á meðal lagamanna en leikra.

Nú er það kunnugt að ég er ekki lögfræðingur og telst á engan máta sérfræðingur í slíkum efnum. Það er hæstv. dómsmrh. ekki heldur þannig að sem þingmenn erum við nokkuð jafnt á vegi staddir hvað þetta snertir. Hæstv. dómsmrh. hefur auðvitað ýmsa lagamenn í sinni þjónustu en það má leiða að því getum að það velti nokkuð á því hvaða lagamenn það eru sem hann hefur sér mest til ráðuneytis og leggja til að málið sé afgreitt vegna þeirra deilna sem um málið standa af hálfu lögfróðra manna. Ég hef því tilhneigingu til þess að spyrjast enn fyrir um það hjá hæstv. forseta, með tilliti til þessarar stöðu málsins, hvort eigi sé nú ráð að taka tíma Alþingis til annarra starfa og kannski brýnni en að hefja umræðu um mál sem ætlað væri að afgreiða með þeim formerkjum að gildistaka væri 1. júlí 1992. Væri mér þökk á að fá að heyra svör hæstv. forseta. (**Forseti:** Einhvers staðar stendur í bókum að ekki sé ráð nema í tíma sé tekið, en ekki ætlar forseti að tengja það við þetta mál sérstaklega. Það liggur ekkert fyrir um það af hálfu forustu þingsins, mér vitanlega, hvort þetta mál skuli fram ganga eða leitast verði við að það nái samþykki eða ekki. Umræðunni er fram haldið og ræðumaður hefur orðið. Það verður haldið áfram umræðu um málið um hríð.)

Hæstv. forseti, ég þakka svör. Þau voru á þá lund að umræðan héldi áfram enda þótt engin stefna væri um það af hálfu hæstv. ríkisstjórnar eða þess meiri hluta sem hér fer með völd hvort málið eigi fram að ganga eða ekki. Þetta fannst mér nú vera einkennileg svör. (**Forseti:** Forseti vill taka fram að hann taldi fyrir munn forustu þingsins eftir bestu vitund þar að lútandi en ekki varðandi ríkisstjórnina og vilja hennar.) Já, svo sem rétt er talar hæstv. forseti auðvitað fyrir hönd forustu þingsins. Miðað við þessi svör hafa forsetar þingsins ekki haft það á forgangslista að þetta mál gengi fram.

Ef það væri svo, nú þegar kominn er 16. maí, að forsetar þingsins og hæstv. ríkisstjórn hefðu iagt ráð sín saman um málatilbúnað á hinu háa Alþingi og framgang mála fyrir þinglok og hefðu haft tóm til þess að bera saman bækur sínar um það hvaða mál það eru sem skyldu ganga fram áður en þingi lyki væri það náttúrlega stórkostlega virðingarvert. En miðað við þessi svör er það ekki enn þá svo. Enn þá virðist það vera algerlega í lausu lofti hvaða mál það eru á hinu háa Alþingi sem ætlunin er að afgreiða. Mál eru bara tekin af handahófi til umræðu án þess að forusta þingsins, hæstv. forsetar, hafi hugmynd um það hvort þau eigi að ná fram að ganga eða ekki. Þetta er mjög sérkennilegt vinnulag. Þetta lýsir ekki mikilli einbeitni í stjórn þingsins og ekki miklu sambandi á milli hæstv. *ráðherra og hæstv. ríkisstjórnar annars vegar* og forseta þingsins hins vegar. Ég er búinn að sitja á hinu háa Alingi nokkuð lengi eða yfir 20 ár. Oft hefur það verið svo að býsna mikil málaþröng hefur verið fyrir þinglok og oft hefur það verið svo að orðaskak og orðasennur hafa verið fyrir þinglok. En ég man aldrei eftir því að það væri jafnmikið stjórnleysi og ráðleysi í þingstörfum og er nú fyrir lok þessa þings, ef það er þá meiningin að ljúka þessu Alþingi nú á vordögum og það standi ekki langt fram á sumar.

Þegar það liggur ekki fyrir nú af hálfu hæstv. forseta annars vegar og af hálfu hæstv. ríkisstjórnar hins vegar hvort þetta mál eða hitt skuli ganga fram eða ekki held ég að það sé þeim mun meiri ástæða til þess að óska eftir að slíkum málum sé frestað og fundarhlé tekið til þess að hæstv. forsetar og hæstv. ráðherrar nái að tala saman og koma sér saman um það hvaða mál það eru sem eiga að ganga fram og hver ekki. Ég minnist þess að kynnt var starfsáætlun fyrir þetta þing á haustdögum og þar var gert ráð fyrir að Alþingi lyki 6. maí. Ég man líka að á þeirri stundaskrá var gert ráð fyrir að til að mynda síðari umræða um vegáætlun færi fram 28. apríl. Nú er liðinn mánuður án þess að það hafi verið að heita má fjallað um vegáætlun í fjvn. Hæstv. forsetar og hæstv. ráðherrar hafa allan þennan tíma ekki virst ná að tala saman um það hvaða mál eigi að ganga í gegn. Síðan var sagt að ljúka ætti þingi fyrir hvítasunnu og hefði einhverjum þótt eðlilegt. Nú veit enginn hvenær þingi á að ljúka. Það skal engan undra með þessu háttalagi, þessu stjórnleysi hér á hinu háa Alþingi, sameiginlega af hálfu hæstv. ráðherra og hæstv. forseta. Þetta ráðslag er valdhöfunum hér til vanvirðu og með því að haga vinnubrögðum á þann hátt sem stjórnvöldum í landinu er til vanvirðu eru þeir líka að draga sjálft Alþingi niður á hið sama plan. Það er hið alvarlega. Ég sé ekkert eftir því þótt þessi hæstv. ríkisstjórn verði sér til minnkunar. En við sjáum eftir því ýmsir hverjir að hv. Alþingi sé um leið minnkun gerð. Þetta liggur fyrir með þessum hætti og er býsna alvarlegt.

Við 1. umr. þessa máls gerði ég litla athugasemd, en þó nokkuð veigamikla, sem var sú að með þessu lagafrv. fylgdi ekki, svo sem lög kveða á um, kostnaðaráætlun Fjárlaga- og hagsýslustofnunar ríkisins um það hvaða kostnaðarauki hlytist af samþykkt þessa frv. Ég vakti á því athygli að hæstv. núverandi ráðherrar virðast láta sér í léttu rúmi liggja þó að þeir vanvirði þau lög sem eru í landinu um þetta efni og flytji hvert frv. á fætur öðru án þess að þeirri lagaskyldu sé fullnægt að kostnaðaráætlun fylgi frv. frá ríkisstjórninni. Ég hef þurft að minna hæstv. ráðherra Framsfl. á þetta hvern á fætur öðrum og það er kannski einkennilegra fyrir það að þau lagaákvæði sem hér er verið að minna á eru í lögum nr. 13/1979 og þau lög hafa alla jafna verið kölluð Ólafslög og eru kennd við Ólaf heitinn Jóhannesson, þann merka mann og fyrrum foringja Framsfl. Það er auðvitað margt breytt í þessum Framsfl. sem nú er við lýði. En ef þeim þætti það þess virði að gæta sóma sinna fyrri foringja ættu þeir að hirða um að hafa í heiðri þau lög sem við Ólaf Jóhannesson eru kennd, fyrir svo utan að það er auðvitað alger óhæfa að á sjálfu Alþingi, sjálfri löggjafarsamkomunni, hlýði menn ekki lögum. Það er auðvitað óhæfa.

Hér er nú komin greinargerð Fjárlaga- og hagsýslustofnunar um kostnaðaráætlun við frv. eins og það liggur fyrir. Ber að sjálfsögðu að þakka það þó að það hafi ekki orðið til þess að bæta úr því að lögum skuli fylgt, þ.e. að kostnaðaráætlun eigi að fylgja með þegar frv. eru flutt. Ég hef séð margar greinargerðir frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun og er ýmsum greinargerðum þeirra nákunnugur en ég verð að segja það að þessi greinargerð er býsna varfærnisleg. Hér segir að við það að stofna embætti átta nýrra dómstóla í landinu megi reikna með að árleg útgjöld vegna rekstrar dómkerfisins aukist um 50–54 millj. kr. Gert er ráð fyrir því að reikna megi með að stofnkostnaður varðandi þessi embætti verði 112 millj. kr., miðað við tiltekið verð á fermetra húsnæðis, en síðar segir að ofangreind upphæð sé hámark og líklegt kostnaðarverð sé innan við 100 millj. kr. Hér eru auðvitað allt aðrar tölur á ferðinni en látið var í veðri vaka þegar hæstv. dómsmrh. mælti fyrir frv. Þó eru þessar tölur ærið varfærnislegar og lágar. Virðist helst svo að skilja sem hin nýju embætti, þessir nýju dómstólar, geti nærri því þegjandi og hljóðalaust gengið inn í húsnæði sýslumanna og fógetaskrifstofa á landinu án þess að um verulegar breytingar sé að ræða, eða a.m.k. víðast hvar. Þetta dreg ég stórlega í efa.

Auk þess er í þessum kostnaðaráætlunum hvergi gert ráð fyrir embættisbústöðum. Embættisbústaði vilja þeir embættismenn ríkisins hafa sem settir eru til

þess að fara með embætti af því tagi sem hér eru á ferðinni. Ég sé heldur hvergi í þessum gögnum gert ráð fyrir kostnaðarliðum sem nú þykja sjálfsagðir eins og tölvukerfi og annað slíkt. Ég veit ekki hvernig það samrýmist að notað sé tölvukerfi annarra stofnana, sem verður auðvitað ekki heldur munu þessar stofnanir krefjast þess að fá tölvukerfi og annan slíkan tækjabúnað sem sjálfsagður þykir við hvaða stofnun sem er nú á dögum.

Ég ætla ekkert að gagnrýna þessa skýrslu Fjárlaga- og hagsýslustofnunar að öðru leyti en því að segja það að hún er afar varfærnisleg og má búast við að verði þeim tölum fylgt sem þar eru á ferðinni muni ekki fækka aukafjárveitingum úr ríkissjóði eða greiðslum umfram heimildir fjárlaga. Sýnilegt er einnig að þar eru a.m.k. sumir stofnkostnaðarliðir vantaldir. Ég held því að kostnaður við að koma á þessu nýja kerfi dómstóla verði ærið meiri en hér er gert ráð fyrir.

Ég spurði hæstv. dómsmrh. um það við 1. umr. hvaða nauðsyn bæri til þess að koma á þessu nýja kerfi og hvort það væri svo að hið íslenska réttarfar og núverandi dómskipan hefði misboðið réttlætiskennd almennings í landinu eða brotið á fólki sem undir þessa dómstóla þurfa að sækja. Hæstv. ráðherra svaraði því til að svo væri ekki þó að auðvitað gætu verið á því undantekningar. Meginniðurstaðan í hans svari var sú að svo væri ekki og þegar svo er sýnist ástæðan ekki vera ærin að taka upp nýtt og kostnaðarsamt kerfi dómstóla úr því að hinir eldri dómstólar hafa ekki brotið á landslýðnum eða misfarið með sitt vald.

Ég ætla ekki að fara í lögfræðilegar útskýringar á því að við munum vera kærðir fyrir Evrópudómstól úti í Strasbourg út af því máli sem þar hefur verið til umfjöllunar, máli hjólreiðamanns frá Akureyri. Ég ætla ekki í neinar lagaskýringar á því. En við skulum gæta að okkur. Við erum dvergríki. Við Íslendingar höldum hér uppi dvergríki. Við erum fámenn þjóð, um 250 þúsund manns, og við getum kollsiglt þetta ríki okkar ef við í hverju einasta tilviki færum okkar kerfi, hvort sem það er dómskerfi eða annað, yfir á sama stig og krafist er hjá þjóðum þar sem fólksfjöldi er milljónatugir ef ekki milljónahundruð. Það hlýtur að vera svo að okkar fámenna þjóð verði að gæta hófs í þeirri yfirbyggingu, hvort sem það er við dómstóla landsins eða annað, sem hún tekur að sér að standa undir. Því er það mín skoðun að við eigum að kosta kapps um það að rasa ekki um ráð fram og stofna til nýrra embætta, nýs embættismannakerfis og nýs stofnanakerfis á vegum hins opinbera ef það kerfi sem gilt hefur hefur staðið sæmilega fyrir sínu.

Þetta er kannski aðalatriðið í því máli sem ég hafði fram að færa í þessa umræðu. Við verðum um leið að gera okkur grein fyrir því að við notum ekki sömu peningana oftar en einu sinni. Um leið og við kjósum að leggja þó ekki nema kannski 150–200 millj. kr. í kerfi af þessu tagi verða þeir peningar ekki notaðir til þess að hjálpa atvinnuvegum þjóðarinnar. Þeir sömu peningar verða t.d. ekki notaðir til að endurgreiða söluskatt í sjávarútvegi. Hæstv. dómsmrh., sem jafnframt er sjútvrh. eins og alkunna er, gæti þurft að velja um það hvert peningarnir fara. Í þessu tilviki er það sýnilegt að hann hefur valið að leggja þá í dómskerfið, þ.e. að koma á nýju kerfi dómstóla sem kostar ærið fé, og eiga það þá jafnframt á hættu að minna fé sé til þess að hjálpa til við að láta atvinnuvegi þjóðarinnar ganga. Þetta liggur auðvitað alveg ljóst fyrir og ég tel það a.m.k. vafasamt. Það má kalla mikil og brýn nauðsyn til þessa máls ef það á að vera réttlætanlegt.

Nú er það auðvitað svo að það geta orðið mistök í dómskerfinu og það er tiltölulega nærtækt að minna á ein mistök, sem kannski er erfitt að kenna dómstólunum um, en voru þau hrapallegu mistök að saklausir menn voru dæmdir í tugthús í svokölluðu Geirfinnsmáli. Það var af dómstóli sem ekki hafði neitt umboðsvald með höndum. Ég hygg að það hafi verið í sakadómi Reykjavíkur sem saklausir menn voru dæmdir í tugthús vegna Geirfinnsmálsins, auðvitað vegna þess að vitnisburður var með þeim hætti sem menn muna. En þau mistök urðu ekki af hálfu dómstóla sem með umboðsvald fara. Þó svo að það komi fyrir endrum og sinnum að dómar hjá fógetaembættum, sem fara enn fremur með umboðsvald á vegum hins opinbera, standist ekki eigum við þó okkar Hæstarétt sem ég vænti að við getum treyst enn þann dag í dag.

Ég sagði áðan að um þetta mál væri ágreiningur og víst er að svo er. Ég hafði aðallega við fjárhagshlið málsins að athuga enda er ég ekki löglærður maður. Ef eldra kerfi hefur gefist okkur vel hvaða nauðsyn er þá til þess að taka upp nýtt kerfi og kostnaðarsamt kerfi þrátt fyrir það að einu máli hjólreiðamanns á Akureyri hafi verið vísað til Evrópudómstóls úti í Strasbourg? Það er svo aftur athygli vert að einn af höfundum frv. er einmitt sá lögmaður sem er að reka mál gegn íslenska réttarkerfinu úti í Strasbourg. Það er í rauninni sérstakur vitnisburður um það að maður sem er að reka mál gegn íslensku réttarfari, réttarkerfi og dómskerfi skuli vera valinn í bland með öðrum til að semja frv. til laga um þetta efni sem hér er verið að berja í gegn.

Fyrir fáum dögum, þ.e. 10. maí, birtist grein með stórri fyrirsögn í dagblaðinu Tímanum eftir bæjarfógetann í Hafnarfirði, Má Pétursson. Fyrirsögnin hljóðar svo: „Réttarfarsslys á Alþingi". Ef einhver hæfa eða meining er í þessari fyrirsögn og í þessari grein í það heila tekið er alvarlegt mál á ferð. Ég ætla ekki að dæma um það út frá lögfræðilegu sjónarmiði. En það er alvarlegt þegar einn af dómurum landsins, fógeti í einu stærsta fógetaembætti landsins, Hafnarfirði, og flokksbróðir hæstv. ráðherra að því er best er vitað, segir að ef þetta mál fari í gegn á Alþingi sé það réttarfarsslys. Hann segir í framhaldi á því, með leyfi hæstv. forseta: „Horfur eru á að núna fyrir helgina gerist á Alþingi mestu ótíðindi sem orðið hafa í íslenskri réttarfarslöggjöf á þessari öld." — Það er ekki smátt sagt. — „Svo virðist sem frumvarp er nefnist um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds nái fram að ganga í örtröðinni á síðustu dögum þingsins."

Ef þetta eru mestu ótíðindi sem gerst hafa í íslenskri réttarfarssögu og réttarfarslöggjöf á þessari öld, þá er málið vont. Þá er það ekki gott mál. Þá held ég að það væri þeim mun meiri ástæða til fyrir hæstv. ráðherra og hæstv. forseta að hverfa nú frá því að afgreiða málið á þessu þingi og vita hvort eigi náist sæmilegur friður um þetta mál, e.t.v. með einhverjum breytingum eða öðrum hætti, til næsta þings.

Ég ætla ekki að rekja allt það sem segir í þessari grein og ef ég ætlaði mér eitthvað að fara að halda uppi málþófi, sem ekki er, væri náttúrlega ærin ástæða til þess að lesa greinina. En Már Pétursson segir í þessari grein m.a. að nú eigi menn ekki lengur kost á því að mæta fyrir dómi í heimahéraði heldur þurfi þeir að leggja á sig ferðalög til annarra héraða þó að ekki sé nema til þess eins að bera vitni. Einhver þarf nú að bera kostnaðinn af því. Ég gæti minnst á það, þar sem Húnvetningar voru umtalaðir á fyrri tíð varðandi dóma og sakamál, að ef þetta verður að lögum er það í fyrsta skipti sem ekki er hægt að dæma menn á heimavettvangi í Húnavatnssýslu. Svo er það auðvitað víðar um landið að þeir sem kynnu að komast þar í kast við lögin yrðu að leggja á sig ferðalög til þess eins að mæta fyrir dómi, annað tveggja að verja sig eða reka réttar síns.

Síðar segir að önnur afleiðing af þessari lagasetningu verði sú að við fáum forneskjulegra, óþjálla og dýrara réttarfar í þeim málum sem eftir verða hjá hinum dómsvaldslausu sýslumanns- og bæjarfógetaembættum. Það stafar af því að þegar svo er komið að skiptaráðendur, uppboðshaldarar og þeir sem aðfararaðgerðir framkvæma hafa ekki lengur dómsvald verður hverjum óvönduðum þrætumanni það leikur einn að tefja mál með því einu að krefjast úrskurðar eða dóms um hvert atriðið á fætur öðru því þá verður að skjóta ágreiningsmálinu til hins nýja kjördæmisdómstóls og málið tefst á meðan. Ég fæ ekki betur séð, ef þetta er rétt sem ég efa ekki hjá hinum virta fógeta sem hér skrifar, en að ærið muni tefjast mál og þetta muni ekki verða til þess að greiða fyrir framgangi réttvísinnar í hinum ýmsu brotamálum. Ekki er þetta síst í brotamálum af minni gerðinni, sem eru sem betur fer algengari en hin stærri málin, sem oft og tíðum mundi vera hægt að leysa úr með skjótum hætti ef dómstólar í heimahéraði fjölluðu um.

Síðan segir í grein bæjarfógetans, með leyfi hæstv. forseta: „Hin þriðja afleiðing, sem raunar skaðar þó minnst, er sú að þessi lagabreyting mundi leiða af sér óskynsamlega ráðstöfun á fjármunum. Það kostar varla undir 750–850 millj. kr. að byggja hina nýju dómstóla, átta nýja dómstóla, og búa þá tölvum og tækjum á nútíma vísu.“ Hér er annað kostnaðarmat en hjá Fjárlaga- og hagsýslustofnun. Ég skal ekki leggja dóm á það. Hitt er víst að þessar tölur bæjarfógetans staðfesta það sem ég hélt fram hér áðan, þ.e. að áætlun og greinargerð Fjárlaga- og hagsýslustofnunar um kostnað vegna þessa máls er a.m.k. varfærnisleg.

Síðan segir um efni málsins sjálft að það teljist váleg tíðindi ef menn haldi ekki ró sinni í þessum málum varðandi íslenska réttarþróun og fyrir þessum Strassborgardómstóli þar sem t.d. bæði Svisslendingar og Svíar hafi haldið þessari ró. Þótt samlandar þeirra færu í innanlandsdeilur á Strassborgarvettvangi fæ ég ekki skilið betur en að bæði Svisslendingar og Svíar hafi það að engu og haldi sinni eldri dómaraskipan og réttarfarsskipan og telji sér það fullfært.

Ég ætla ekki að ræða þessa hluti mikið, enda fjallar þetta um lögfræðileg atriði og alþjóðasamninga sem ég hef ekki kynnt mér til þess að fjalla um það eins og þyrfti. Það segir í lok þessarar greinar, með millifyrirsögninni „Lagamenn andvígir frumvarpinu“, að Sýslumannafélag Íslands hafi ályktað einarðlega gegn því. Þar segir einnig að Dómarafélag Íslands hafi gagnrýnt það ákveðið. Og í þriðja lagi segir: „Á síðasta aðalfundi Lögfræðingafélags Íslands var dreginn til baka tillöguliður um stuðning við þetta frumvarp.“

Mér sýnast það vera býsna mikilvægar staðreyndir að þrjú félög dómara og lögfræðinga í landinu hafa ýmist ályktað gegn þessu frv. eða horfið frá því að mæla með því. (**Viðskrh.:** Þessi frásögn hefur verið leiðrétt í blaðinu sem vitnað er til.) Nú er hæstv. viðskrh. að grípa fram í og segir að þetta hafi verið leiðrétt. Mér kemur það þá á óvart að þessi tiltekni bæjarfógeti, Már Pétursson, sem á nú uppruna sinn í mínu heimahéraði, fari ekki með rétt mál um samþykktir Dómarafélags Íslands, um samþykktir Sýslumannafélags Íslands og um málsmeðferð á aðalfundi Lögfræðingafélags Íslands. Mér kemur það á óvart. Þó að dagblaðið Tíminn hafi sagt eitthvað annað ætla ég ekkert að gera því skóna að *Tíminn viti betur*. En hæstv. ráðherra getur vel fengið orðið á eftir. Ég ætla ekkert að standa í samtali við hann um þetta mál. Það er án efa auðvelt fyrir hann að fá hér orðið á eftir og ræða þetta mál.

Hæstv. forseti. Ég þarf ekki að endurtaka það að ég er ekki lögfróður maður. Ég er búinn að segja það víst tvisvar áður í þessu ræðukorni og ég legg ekki neitt endanlegt mat á efni þessa máls. Það blasir þó við mér að hæstv. ráðherra hefur lýst því yfir í þessum umræðum við 1. umr. að íslenskir borgarar hafi ekki verið misrétti beittir af íslenskum dómstólum eða íslensku réttarkerfi og það er vel. Úr því að svo er sýnist að sæmilega sé fyrir séð á þessum vettvangi. Eigum við ekki að geta sætt okkur við að halda við það svo sem verið hefur og kostar minna en að taka upp nýtt kerfi þó svo að við, þessi fámenna þjóð, teljum okkur þurfa að vera svo stóra, 250 þúsund manns, að framfylgja því sem þeir segja þar úti í Strasbourg um þessi efni. Hann verður þá dýr þessi hjólreiðamaður frá Akureyri og dýrt það upphlaup þess lögmanns sem hóf að reka mál gegn íslensku réttarkerfi fyrir þessum dómstóli úti í Strasbourg og fékk svo í þakklætisskyni að taka þátt í því að semja þetta frv.

Ég hlýt að brýna þá skoðun mína að við verðum að varast að auka alltaf við ríkiskerfið með nýjum stofnunum, nýjum þáttum kerfisins, bæði á þessu

sviði og öðrum. Ef við gáum ekki að okkur í þeim efnum hljótum við að kollsigla þetta þjóðfélag. Hæstv. dómsmrh. veit að undirstöður þjóðfélagsins eru ekki í stakk búnar til þess að standa undir æ stærri yfirbyggingu, yfirbyggingu sem væri verið að auka við og gera dýrari með því að afgreiða þetta mál sem hér er á dagskrá. Ég sé enda enga nauður reka til þess að afgreiða nú frv. sem ekki á að taka gildi fyrr en 1. júlí 1992. Mundi væntanlega ekki sjá á í miklu þó svo það væri ekki afgreitt fyrr en í lok næsta þings árið 1990 og væri þá meira en tveggja ára aðlögunartími til þess að koma kerfinu á þó svo að afgreiðsla málsins dragist til þess tíma. En á þeim tíma gæti hæstv. ráðherra væntanlega unnið að því að ná um þetta mál meiri friði en er nú fyrst og fremst hjá þeim mönnum sem um þessi mál fjalla, þ.e. lögfræðingum, dómurum og fógetum, miðað við það sem hér hefur verið vitnað til í þessari grein Más Pétursonar um ályktanir Sýslumannafélags Íslands, Dómarafélags Íslands og Lögfræðingafélags Íslands.

Ég skal ljúka máli mínu, hæstv. forseti, en ég legg enn til að málinu verði frestað og umræða tekin um þau mál sem hæstv. forsetar þingsins og hæstv. ríkisstjórn hafa komið sér saman um, ef það eru þá einhver mál sem þeir hafa komið sér saman um að nauðsynlegt sé að afgreiða á þessu þingi, en láti hin málin liggja.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þinglýsingalög, 2. umr.

Stjfrv., 200. mál (þinglýsingarstjórar). — Þskj. 732 (sbr. 257), n. 1040.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um frv. til laga um breytingar á þinglýsingalögum. Nefndin hefur rætt frv. og kallaði til viðræðu Markús Sigurbjörnsson prófessor. Þetta er fylgifrv. með frv. til laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði og nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Valdimar Indriðason var fjarstaddur afgreiðslu málsins en undir nál. rita Jón Kristjánsson, Kristín Halldórsdóttir, Geir Gunnarsson, Guðni Ágústsson, Kristinn Pétursson og Sighvatur Björgvinsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lögbókandagerðir, 2. umr.

Stjfrv., 247. mál. — Þskj. 457, n. 1041.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um frv. til laga um lögbókandagerðir. Hér er eins háttað um og með síðasta mál að þetta frv. er fylgifrv. með frv. til laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Nefndin hefur rætt frv. og kallaði til viðræðu Markús Sigurbjörnsson prófessor. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Valdimar Indriðason var fjarstaddur afgreiðslu málsins en undir nál. skrifa Jón Kristjánsson, Kristín Halldórsdóttir, Geir Gunnarsson, Guðni Ágústsson, Kristinn Pétursson og Sighvatur Björgvinsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðför, 2. umr.

Stjfrv., 111. mál (heildarlög). — Þskj. 863 (sbr. 114), n. 1042.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um frv. til laga um aðför. Nefndin hefur rætt frv. og kallaði til viðræðu Markús Sigurbjörnsson prófessor. Hér er um mál að ræða sem er tengt frv. til laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Þetta frv. hefur fengið ítarlega meðhöndlun í hv. Ed. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það kom frá Ed.

Valdimar Indriðason var fjarstaddur afgreiðslu málsins en undir nál. rita Jón Kristjánsson, Kristín Halldórsdóttir, Geir Gunnarsson, Guðni Ágústsson, Kristinn Pétursson og Sighvatur Björgvinsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framhaldsskólar, 1. umr.

Stjfrv., 454. mál (rekstrarkostnaður, skólanefndir o.fl.). — Þskj. 1187 (sbr. 814).

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um framhaldsskóla sem þegar hefur sætt meðferð í hv. Ed. Í frv. er um að ræða eftirfarandi aðalatriði:

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að festa betur en gert er í gildandi lögum stöðu framhaldsdeilda við grunnskóla og kemur það fram í 1. gr. Sömuleiðis er gert ráð fyrir því sama máli í 11. gr. frv., þ.e. að menntmrn. geti heimilað stofnun og starfrækslu framhaldsdeildar við grunnskóla. Námstilhögun og námsframboð í framhaldsdeildum skal vera undir

faglegri stjórn þeirra framhaldsskóla er menntmrn. ákveður. Hér er með öðrum orðum verið að taka af skarið varðandi þessar framhaldsdeildir og aðeins skýrar en um er að ræða í gildandi lögum.

Hið sama er í raun og veru að segja um 2. gr. frv. þar sem verið er að kveða skýrt á um það að kostnaður við byggingu heimavistar verði greiddur af ríkissjóði að fullu. Það var ætlunin þegar lögin voru sett í fyrra, en orðalag var ekki talið nægilega afdráttarlaust í þeim efnum.

Þá er það 2. málsgr. 2. gr. Í henni felst sú breyting að Alþingi verði heimilað að víkja frá meginreglum um kostnaðarhlutdeild sveitarfélaga þegar skóli er í fámennu sveitarfélagi. Breytingin sem þarna er um að ræða er að þetta er takmarkað við fámenn sveitarfélög en ekki gert ráð fyrir því að ríkissjóður fari að leggja til byggingar framhaldsskóla í stærri sveitarfélögum.

3. gr. frv. er ein veigamesta greinin. Þar er gert ráð fyrir því að hægt verði að skipta landinu í framhaldsskólasvæði, m.a. er miðað við að höfuðborgarsvæðið geti verið eitt framhaldsskólasvæði, ef um það næst samkomulag við viðkomandi skóla, að Norðurl. e. geti verið eitt framhaldsskólasvæði svo dæmi séu nefnd. Tilgangur þessarar greinar er að tryggja að betur sé staðið að stjórn framhaldsskólans en kostur hefur verið samkvæmt gildandi lögum og sérstaklega að tryggja að þeir fjármunir sem lagðir eru til framhaldsskólanna nýtist sem allra best.

Í 4. gr. frv. er um að ræða breytingu á skólanefndunum. Þar er gert ráð fyrir því að kennarar og nemendur komi inn í skólanefndirnar. Þetta var nokkurt ágreiningsefni á síðasta þingi og hér er gert ráð fyrir því að kennarar og nemendur séu kallaðir til. Það þýðir að fulltrúar sveitarfélaga yrðu ekki meiri hluti í viðkomandi nefndum heldur minni hluti, enda er það svo samkvæmt sömu lögum og við erum hér að tala um að ríkið á hvort eð er að greiða allan kostnað við framhaldsskóla.

Í 5. gr. er sú breyting ein gerð að orðinu „skólaráð" er breytt í „skólastjórn" til að undirstrika að þessi stofnun á að vera skólameistara til aðstoðar við stjórn skóla og rekstur.

Í 6. gr. er kveðið skýrar á um hlutverk kennarafunda og um þá grein hefur verið gott samkomulag.

Í 7. gr. eru þau nýmæli helst að það er gert ráð fyrir því að bæta inn í 12. gr. laganna námsráðgjöfum, skólasafnvörðum svo og áfangastjóra og að þeir hafi tiltekna stöðu við skólana. Meginbreytingin er þó sú að gert er ráð fyrir því að skólameistari geti ráðið námsráðgjafa, skólasafnverði, stundakennara og aðra starfsmenn og hafi hann þar með meira vald en skólameistarar hafa samkvæmt gildandi lögum.

Í 8. gr. er enn hert á þessum ákvæðum um námsráðgjöf og skólasafnverði.

Í 9. gr., sem lætur ekki mikið yfir sér á pappírnum, felast veigamikil atriði til breytinga á framhaldsskólalögunum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að inntökuskilyrði sem nú gilda í nokkra skóla verði felld niður. Rökin eru ósköp einfaldlega þau að í gildandi lögum er gert ráð fyrir því að framhaldsskólinn sé opinn fyrir alla og þess vegna teljum við óeðlilegt að heimila það að sett verði inntökuskilyrði við einstaka skóla svo sem hefur verið. Í annan stað er samkvæmt greininni fellt niður ákvæði um að skylt sé að bjóða upp á fornám í hverjum skóla. Ástæðan er sú að fjöldi skóla hefur ekki haft þetta fornám og það er ekki ætlunin að draga úr því, a.m.k. ekki að sinni, vegna þess að ekki hefur farið fram það endurnýjunarstarf í framhaldsskólunum sem skapar möguleika til þess. Því er gert ráð fyrir því að þessi lagaskylda um fornám verði felld niður þó svo að ljóst sé að fornám verði víða í framhaldsskólum á næsta vetri.

10. gr. frv. gerir ráð fyrir því að 32. gr. laganna verði sveigjanlegri en í gildandi lögum. Í gildandi lögum er gert ráð fyrir því að allir framhaldsskólar fái í raun og veru sömu upphæð til síns rekstrar hvernig svo sem stærð þeirra og verkefnum er háttað. Þetta er óframkvæmanlegt og af þeim ástæðum er hér gert ráð fyrir nokkurri breytingu og meiri sveigjanleika en er í gildandi lögum.

Við meðferð málsins í hv. Ed. var samhljóða samþykkt tillaga um breytingu á 7. efnismgr. 10. gr. sem hljóðar svo:

„Við gildistöku laganna skal gerður samningur milli menntmrn. og hvers skóla um tilhögun á greiðslum til skólanna af fjárlagalið þeirra í þeim tilgangi að skólarnir taki á sig aukna rekstrarábyrgð. Rekstrarframlag, annað en kennslulaun, laun fastra starfsmanna og meiri háttar viðhalds- og stofnkostnaður, skal greitt hverjum skóla fyrir fram. Heimilt er menntmrh. að semja við hvern skóla um aðra tilhögun ef aðilum þykir ástæða til."

Rétt er að taka það fram, virðulegi forseti, að frv. er samið í framhaldi af vinnu reglugerðarnefndar. Það eru einar átta nefndir sem eru að fjalla um reglugerðir sem þarf að setja á grundvelli framhaldsskólalaganna. Það má segja að í raun og veru séu meginbreytingarnar í þessu ábendingar sem fram hafa komið frá þessum nefndum, auk þess sem þarna er tekið af skarið varðandi þætti eins og þá sem eru í 1. og 2. gr. og þykja óljósir í lögunum eins og þau eru.

Ég legg til, virðulegi forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breyting á lögum um framhaldsskóla sem sett voru á Alþingi á sl. vori. Eins og mönnum er kunnugt höfðu ekki áður verið til sérstök lög um framhaldsskóla heldur voru lagaákvæðin um framhaldsskóla á víð og dreif og aðallega í ýmsum sérlögum um sérstaka skóla. Því var það talið brýnt að setja heildarlög um framhaldsskólana, lög sem fyrst og fremst væru rammalög og hefðu að geyma ákveðnar meginreglur sem gætu gilt um allt framhaldsskólastigið en síðan yrði að fylla upp í þau með nákvæmari ákvæðum í reglugerðum eftir eðli og sérstöðu hvers skóla fyrir sig. Þessi lög voru frumsmíð og því má segja að það sé ekki óeðlilegt að lög af þessu tagi þurfi að koma til

endurskoðunar, ekki síst þegar þau komast til framkvæmda og menn sjá af reynslunni að það kunni að vera nauðsynlegt að breyta einstökum þáttum þeirra.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að sú reynsla sem komin er á þessi lög sé allt of stutt til að fara að gera verulegar breytingar á þeim og tel miður að hæstv. menntmrh. skuli hafa lagt frv. af þessu tagi fram fyrir Alþingi og leggi mikla áherslu á að það verði afgreitt fyrir þinglok, ekki síst vegna þess að frv. er afar hroðvirknislega unnið og mjög kastað höndum til undirbúnings þessa máls. Þetta kemur gleggst fram í því að það eru til þrjár prentaðar útgáfur af þessu frv. Það var fyrst lagt fram, síðan kom önnur útgáfa sem var prentuð upp og loks þriðja útgáfa sem var endurprentuð upp. Þetta sýnir auðvitað hvað kastað er höndum af hálfu hæstv. ráðherra til jafnveigamikils og mikilvægs máls og hér um ræðir.

Það kemur ekkert fram í grg. með frv. hvernig frv. er tilkomið. Hver samdi það? Er þetta samið af skólamönnum eða af hæstv. ráðherra sjálfum? Eru þetta einhverjir embættismenn eða hvaða hugmyndir eru þarna á bak við sem reka ráðherra til þess að flytja frv. nú á þessu vori? Frv. ber það auðvitað með sér að á því eru ákveðin fingraför, ég vil segja embættismanna. Það er afturför að vissu leyti. Það er óneitanlega verið að draga á vissan hátt úr sjálfstæði skólanna sem er auðvitað þvert ofan í þær yfirlýsingar sem hæstv. ráðherra er að gefa í tíma og ótíma. Því vekur það furðu að hæstv. ráðherra skuli þvert ofan í allar sínar fyrri yfirlýsingar leggja fram þetta frv. og leggja jafnmikla áherslu og raun ber vitni á að það verði afgreitt.

Ég vil við 1. umr. þessa máls fara nokkuð yfir einstakar greinar frv. og gera þær að umtalsefni. Ég á að vísu sæti í menntmn. þessar hv. deildar og hef þar tök á því að fara ítarlega yfir frv. en ég tel þó rétt við þessa 1. umr. að drepa á nokkur atriði varðandi einstakar greinar.

1. gr. frv. fjallar um framhaldsdeildir við grunnskóla og á að skerpa orðalag sem fyrir er í lögunum. Það er reyndar ekki alveg ljóst hver er tilgangurinn með þessari grein því að í 1. gr. núgildandi laga er raunar ótvírætt að lögin um framhaldsskóla taka til framhaldsdeilda. Í lögunum stendur að þau taki til náms á framhaldsskólastigi eins og nánar er svo síðan skilgreint í greininni. Síðan segir: „Enn fremur framhaldsdeildir við grunnskóla sem menntmrn. heimilar." Þessu er nú breytt í: „. . . sem menntmrn. hefur heimilað og mun heimila." Það kann vel að vera að þetta sé skýrara orðalag en það er erfitt að sjá tilganginn með þessu. Framhaldsdeildir við grunnskóla eru, eins og mönnum er kunnugt um, nokkuð umdeildar og ég skal aðeins víkja nánar að því á eftir þegar kemur að nánari ákvæðum um þær í þessu frv.

Í 2. gr. er fjallað um kostnað við byggingu heimavista og í staflið a er ákvæði um að ríkið greiði allan stofnkostnað við byggingu heimavistar, en um það var reyndar skýrt kveðið á um í 6. mgr. 3. gr. núgildandi laga. Mér sýnist reyndar að eins og ákvæðið er þá sé það alveg ótvírætt, en út af fyrir sig er ekkert sem mælir gegn því að skerpa það enn frekar en það virðist tæplega vera tilefni sérstakrar lagasetningar. En í b-staflið 2. gr. frv. er heimild til ríkissjóðs með samþykki Alþingis að greiða hærra hlutfall stofnkostnaðar en 60%, eins og meginregla laganna er, þegar skóli er í fámennu byggðarlagi, þ.e. þegar um er að ræða fámenn eða févana byggðarlög. Það kann að vera að ákvæði af þessu tagi eigi rétt á sér en mér finnst hins vegar að úr því að verið er að flytja frv. sem á að skerpa skilning manna á ákveðnum þáttum laganna og auðvelda framkvæmd laganna sé þetta ákvæði mjög óljóst og þyrfti auðvitað að reyna að setja ákveðnari reglur um það í lögunum hvers konar sveitarfélög er hér um að ræða.

Ég vek t.d. athygli á því að í frv. til laga sem nú er til meðferðar um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga er sett inn ákveðið ákvæði varðandi tónlistarskóla. Við þekkjum deilurnar um tónlistarskóla og hverjir eigi að reka þá, þ.e. hvort það eigi að vera ríkið eða sveitarfélög. Það ákvæði er einmitt sett inn í þau lög til þess að koma í veg fyrir að févana eða fámennari byggðarlög líði fyrir setningu þessara laga. Þar er miðað við 700 manna byggðarlög og gert ráð fyrir því að þau fái úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sömu greiðslur vegna reksturs tónlistarskóla og þau hafa haft, þ.e. helming kennslukostnaðar. Ég hefði talið að ákvæði af þessu tagi ættu að koma inn í frv. eins og hér um ræðir því að þetta er mjög óljóst og auðvitað er spurning hvernig eigi að túlka þetta ákvæði. Hér stendur að vísu að heimilt sé með samþykki Alþingis að víkja frá meginreglum um kostnaðarhlutdeild sveitarfélaga þegar skóli er í fámennu sveitarfélagi. Spurningin er þá sú: Er þetta einföld fjárlagaafgreiðsla eða hvernig mundi slík ákvörðun koma til þegar um það er að ræða að auka á kostnaðarhlutdeild ríkisins?

3. gr. frv. fjallar um samstarfsnefnd framhaldsskóla og er um að ræða breytingu á 6. gr. núgildandi laga sem kveður nánar á um verkefni slíkrar samstarfsnefndar og jafnframt að menntmrh. sé heimilt að skipta landinu í framhaldsskólasvæði. Ég minnist þess að á síðasta þingi flutti Alþb. sérstakt frv. um framhaldsskóla, og reyndar síðan ítarlegar brtt. við það frv. sem síðar varð að lögum, þess efnis að landinu yrði skipt upp í fræðsluumdæmi á framhaldsskólastigi á sama hátt og gert var á grunnskólastigi. Þær tillögur náðu ekki fram að ganga og rökin fyrir því voru þau að það væri ástæðulaust að flækja svo mjög stjórnsýslu hinna tiltölulega fáu framhaldsskóla í landinu. Því hlýtur sú spurning að vakna hvort verið sé að endurtaka þessa hugmynd og opna leið fyrir stjórnunarkerfi af því tagi, sem ég mundi telja mjög miður og allt of þunglamalegt, að setja grunnskólana undir fræðsluskrifstofur eins og meiningin var í frv. Alþb. á síðasta þingi.

Það er auðvitað í lagi að setja í lög nokkur nánari ákvæði um samstarfsnefndir framhaldsskólana og hver eigi að vera helstu verkefni þeirra. Hins vegar fyndist mér frekar að það ætti að vera reglugerðarákvæði. Mér sýndist að allt það sem þarna er tilgreint,

nema skipting landsins í framhaldsskólasvæði, rúmist innan þeirra laga sem nú gilda um framhaldsskólann.

Í 4. gr. er um að ræða breytingar á skipun skólanefndanna, en um skólanefndirnar og skipan þeirra var nokkur ágreiningur hér á síðasta þingi. Samkvæmt núgildandi lögum mega sitja í skólanefndum fimm menn, þ.e. fjórir tilnefndir af hlutaðeigandi sveitarfélagi eða sveitarfélögum og jafnframt einn sem menntmrh. skipar án tilnefningar og er hann formaður nefndarinnar. Meiningin með þessum skólanefndum var að treysta samstarf við borgarana í viðkomandi sveitarfélögum. Ég vek athygli á að þar sem það hefur tíðkast hefur það gefið góða raun. Við samningu laganna voru til fyrirmyndir um skólanefndir af þessu tagi, ég nefni t.d. Fjölbrautaskóla Suðurnesja í Keflavík og iðnskólana þar sem slíkar skólanefndir hafa verið. Þau tengsl við sveitarfélögin, þau tengsl við fólkið í viðkomandi byggðarlögum eru að mati þeirra skólamanna, sem við þessa skóla starfa, mjög til góðs. Þau hafa treyst samvinnu skólanna og fólksins í viðkomandi byggðarlögum sem á auðvitað mjög mikið undir því hvernig skólarnir starfa, t.d. hvert námsframboð er í viðkomandi skóla.

Samkvæmt þessu ákvæði eiga sveitarstjórnir að skipa minni hluta skólanefndanna, þ.e. þrjá af sjö, en síðan skipa starfsmenn tvo, nemendur einn og ráðherra einn. Með því eru fulltrúar fólksins í viðkomandi byggðarlögum komnir í minni hluta í skólanefndunum sem eru orðnar að meiri hluta nefndir starfsfólks í skólunum, nemenda og menntmrh. Það má að vísu segja sem svo að þegar ríkið er orðið aðalrekstraraðili framhaldsskólanna sé ekki rétt að sveitarstjórnir skipi meiri hluta skólanefnda. En ef maður hefur hins vegar í huga verkefni skólanefndanna eins og þau eru, t.d. varðandi námsframboð í viðkomandi skólum, sem er mjög mikilvægt fyrir byggðarlögin, held ég að það sé miður að minnka þessi tengsl á milli fólksins á viðkomandi stöðum og skólanna með því að gera starfsfólkið raunverulega að meirihlutaaðilum í skólanefndunum.

Það er rétt að benda á að það er ekki gert ráð fyrir því að 8. gr. laganna verði breytt, en þar er fjallað um verkefni skólanefnda. Þar er í 1. mgr. tilgreint að skólanefnd og skólameistari ákveði námsframboð með samþykki menntmrn. Hér er fyrst og fremst átt við að skólanefnd fjalli um hvers konar nám er í boði í hverjum framhaldsskóla fyrir sig. Eins og ég sagði þá er það mjög mikið hagsmunamál þess fólks sem býr á viðkomandi stöðum.

Þá er í 2. mgr. 8. gr. laganna fjallað um afskipti skólanefnda af fjárlögum og fjármálastjórn skólanna. Á hinn bóginn er í lögunum gert ráð fyrir að skólaráð, en það er vettvangur skólameistara, kennara og nemenda, verði skólameistara til aðstoðar við ýmiss konar faglega stjórnun skólanna. Það var sem sagt verið að gera nokkurn greinarmun annars vegar á verkefni skólanefndanna og hins vegar skólaráðanna í lögunum. Skólanefndirnar áttu fyrst og fremst að fjalla um það sem snýr út á við, þ.e. að fólkinu á viðkomandi stöðum, en skólaráðin, þar sem kennarar og annað starfslið skólanna átti aðild, átti fyrst og fremst að fjalla um hinn faglega þátt í skólastarfinu. Þessu er sem sagt ekki breytt og manni virðist að verkaskiptingin á milli þessara tveggja stofnana innan skólanna sé orðin nokkuð óljós, ekki síst þegar maður hugar að öðrum breytingum sem síðar koma í þessu frv.

Þá er í 4. gr. frv. gerð sú breyting að menntmrh. skipar ekki formann skólanefndar heldur velur nefndin sér formann til tveggja ára í senn. Það er rökstutt með því að þetta auki á lýðræðislegan hátt sjálfstæði skólanna. Ég tel satt að segja mikið vafamál að þetta verði til bóta þegar haft er í huga hvernig skólanefndirnar verða skipaðar ef þessi brtt. nær fram að ganga. Ég get ekki fallist á þau rök að þetta auki sjálfstæði skólanna. Ég tel þvert á móti að ýmis ákvæði í frv. dragi úr sjálfstæði skólanna og þetta nái engan veginn til þess að vega upp á móti því.

Þá eru það einnig nýmæli í 4. gr. að nú er gert ráð fyrir að tveir eða fleiri skólar í sama kjördæmi geti sameinast um eina skólanefnd og talið að það geti stuðlað að nánara samstarfi skóla en verið hefur. Með undirbúningi framhaldsskólafrumvarpsins, sem varð að lögum á sl. vori, var þetta einmitt mjög mikið rætt. Niðurstaðan varð sú að hafa eina skólanefnd við hvern skóla til þess að tryggja sjálfstæði skólanna. Það er enginn vafi á því að hægt er með einni skólanefnd yfir marga skóla, t.d. í einu kjördæmi eða á einhverju landsvæði eins og á höfuðborgarsvæðinu, að tryggja alls kyns samræmi og samhæfingu en þá er skólanefndin orðin stjórnunaraðili fyrir marga skóla og auðvitað dregur það úr sjálfstæði viðkomandi skóla. Hugmyndin á bak við lögin var sú að stíga, ég vil segja, fyrsta skrefið í átt til sjálfstæðis framhaldsskólanna en nú er verið að stíga hálft skref til baka með þeim hugmyndum sem koma fram í frv.

Í 5. gr. þessa frv. er gerð sú breyting að í staðinn fyrir orðið „skólaráð" komi: skólastjórn. Með öðrum orðum er einungis breytt nafni á skólaráðinu en hlutverki þess er ekki breytt. Það skiptir litlu máli hvort þetta stjórnunarverkfæri heitir skólaráð eða skólastjórn. Meginatriðið er hvaða hlutverki á þetta ráð að gegna. Mér finnst mikið vafamál að það sé nauðsynlegt að halda skólaráði eða skólastjórn í þessu formi ef skólanefndirnar verða skipaðar eins og lagt er til í 4. gr.

Þá hefur enn fremur verið gert ráð fyrir því í frv. að inn í skólaráðið eða skólastjórn komi áfangastjóri, ef hann starfar við skólann. Út af fyrir sig er ekkert við það að athuga. Ég vek hins vegar athygli á því og ítreka að það eru orðin mjög óljós og óglögg mörk á milli verkefna skólanefndar og skólaráðs. Ég sé raunar ekki tilganginn í því lengur að halda þessum tveimur stjórnunarapparötum í gangi í skólunum og þá ekki síst með það í huga hvernig þau eru skipuð, þ.e. að nú eru það kennarar, nemendur og fulltrúar menntmrh. sem skipa meiri hluta þessara nefnda, en það var einmitt tilgangurinn með skólaráðunum að hinn faglegi þáttur kæmi þar inn. Því er vandséð hvers vegna á að halda þeim nú eftir þessa breytingu.

Í 6. gr. er fjallað um almenna kennarafundi. Í þessum brtt. er nánar skilgreint hvert eigi að vera hlutverk kennarafundar. Ég sé auðvitað ekkert við það að athuga þó að ég telji auðvitað að eins og lögin voru orðuð hefði þetta verið einfalt reglugerðaratriði að skilgreina kennarafundi og þeirra verkefni eins og nú er gert í frv.

Í 7. gr. er fjallað um skipan í stöður í framhaldsskólunum. Samkvæmt núgildandi 12. gr. framhaldsskólalaganna á menntmrh. að setja eða skipa skólameistara framhaldsskóla að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólanefnda. Það er ekki gerð tillaga um að breyta því en samkvæmt lögunum á menntmrh. að setja eða skipa fasta kennara að fengnum tillögum skólanefndar og skólameistara viðkomandi skóla. Skólameistari ræður stundakennara og aðra starfsmenn í samráði við skólanefnd. En hér er lögð til sú breyting að skólameistari ráði kennara, námsráðgjafa og skólasafnverði að fengnum tillögum skólanefndar en felld er niður setning þessara starfsmanna, eins og verið hefur til þessa. Hins vegar á menntmrh. að ganga frá skipun þeirra þegar um það er að ræða.

Mér finnst í rauninni mjög óljóst samkvæmt þessu ákvæði hver staða þessara starfsmanna verður og hver sé munurinn á ráðningu og setningu. Það þarf nánari skýringar frá hæstv. ráðherra um það efni. Er hér t.d. verið að fara inn á það svið að fyrst og fremst sé um að ræða störf þar sem gagnkvæmur uppsagnarréttur er og að hér sé verið að hverfa frá æviráðningum og meginreglan eigi að vera sú að fólk sé fyrst og fremst ráðið í störf við skólana? Það má lesa út úr frv. að það eigi að vera undantekning ef menn séu skipaðir í skólana. Því er nauðsynlegt að fá um þetta nánari skýringu frá hæstv. ráðherra og nauðsynlegt að viðkomandi nefnd, þ.e. menntmn. Nd., fari nánar ofan í þetta ákvæði.

Þá er bætt inn í þessa grein ákvæði þess efnis að skólameistari ráði aðstoðarskólameistara til fimm ára í senn, áfangastjóra til fjögurra ára og deildarstjóra til tveggja ára að höfðu samráði við skólanefnd. Hér er um nýtt ákvæði að ræða, en áður var gert ráð fyrir því að skólameistari réði aðra starfsmenn í samráði við skólanefnd. Það er ekki sérstaklega gert ráð fyrir tímabundinni ráðningu í núgildandi lögum og er e.t.v. ekkert við það að athuga að störf af þessu tagi séu á þann veg að til þeirra sé ráðið tímabundið.

Um 8. gr. er ekki mikið að segja en þar er gert ráð fyrir að setja skuli í reglugerð ákvæði um menntun og starfssvið námsráðgjafa og skólasafnvarða. Ekki er hægt að gera miklar athugasemdir við það.

Í 9. gr. er ákvæði sem ekki lætur mikið yfir sér en felur í sér verulegar efnisbreytingar frá núgildandi lögum. Hér er um að ræða breytingu á 16. gr. laganna, þ.e. um inntökuskilyrði í framhaldsskóla. Fyrri málsgrein 16. gr. orðast svo, eins og hún er nú í lögunum:

„Allir sem lokið hafa grunnskólanámi eða hlotið jafngilda undirstöðumenntun eiga rétt á að hefja nám í framhaldsskóla að fullnægðum kröfum um starfsþjálfun þar sem hennar er krafist. Nemendum er skylt að stunda fornám í einstökum námsgreinum samkvæmt ákvæðum í námsskrá hafi þeir ekki náð tilskildum lágmarksárangri."

Síðari málsgreinin er svohljóðandi:

„Nemandi sem orðinn er 18 ára gamall getur hafið nám í framhaldsskóla án þess að fullnægja inntökuskilyrðum samkvæmt þessari grein nema að því er varðar starfsþjálfun. Heimilt er að setja lágmarkskröfur til inntöku í tiltekna námsáfanga. Inntaka nemenda í skóla er á ábyrgð skólameistara."

Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir því að úr fyrri málsgreininni falli niður setningin: „Nemendum er skylt að stunda fornám í einstökum námsgreinum samkvæmt ákvæðum í námsskrá hafi þeir ekki náð tilskildum lágmarksárangri." Enn fremur er ráðgert að niður falli úr lögunum setningin: „Heimilt er að setja lágmarkskröfur til inntöku í tiltekna námsáfanga."

Rökstuðningur með þessu er sá að það þyki ekki í samræmi við ákvæði greinarinnar, að allir eigi rétt á að hefja nám í framhaldsskólum, að geta skyldað nemendur til að stunda fornám í einstöku námsgreinum og það þyki heldur ekki í samræmi við rétt nemenda til náms og að skólinn verði að gefa nemendum kost á námi við hæfi hvers og eins að setja hugsanleg skilyrði um lágmarkskröfur til inngöngu í ákveðna námsáfanga.

Með öðrum orðum er með þessu verið að afnema allar hömlur á inngöngu manna í framhaldsskóla. Ég er ósammála þessu og held að það geti haft í för með sér mjög alvarlegar afleiðingar og sé í nokkru ósamræmi við umræðu skólamanna nú þessa dagana. Fornámsáfangar eru hagkvæmir þeim nemendum sem ekki hafa nægilegan undirbúning til þess að geta fylgst með öðrum nemendum í byrjunaráföngum á framhaldsskólastigi. Því er það mjög slæmt ef ráðuneytið ætlar að hindra það að fornámsáfangar verði starfræktir, en ég tel að það verði auðvitað gert ef ákvæðin um fornám verða felld úr núgildandi lögum.

Ég tel líka að það sé óeðlilegt að taka algerlega út úr lögunum heimild skóla til að setja lágmarkskröfu til inntöku í tiltekna námsáfanga. Ég tel raunar að þetta eigi ekkert skylt við frelsi manna til að setjast í framhaldsskóla. Lögin kveða auðvitað mjög á um rétt manna til að stunda framhaldsskólanám, en það er enginn vafi á því að það hefur horft til hægri verka að sumir skólar hafa um langt skeið notað takmarkanir. Ég nefni t.d. Menntaskólann í Reykjavík sem hefur áratugum saman haft þá reglu að nemendur þurfi lágmarkseinkunn í stærðfræði til að komast í eðlisfræðideildir. Með þessu mundi skólinn ekki lengur hafa heimild til slíkrar takmörkunar.

Ég vek líka athygli á því og ítreka það að þessi tillaga er mjög í ósamræmi við þá gagnrýni skólamanna sem hefur beinst að því undanfarnar vikur að lögin sem sett voru á sl. vori séu of opin, þ.e. að of litlar hömlur séu á inntöku manna í framhaldsskóla. Um þetta fjallaði t.d. ítarleg fréttagrein í Tímanum

þann 11. apríl þar sem rætt var við forsvarsmenn framhaldsskólanna. Ég tel nauðsynlegt við þessa umræðu að vitna í þessa grein. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Sl. haust samþykkti Alþingi ný lög um framhaldsskóla, samkvæmt þeim eiga allir þeir nemendur sem lokið hafa grunnskólanámi rétt á inntöku í framhaldsskóla burtséð frá einkunn. Vegna þessa má búast við að mun fleiri nemendur sæki um inngöngu í framhaldsskóla næsta haust en nokkru sinni fyrr.

Samkvæmt eldri reglunum sem giltu um námsárangur í grunnskóla var gert ráð fyrir því að um 25% hvers árgangs uppfyllti ekki þau skilyrði sem voru varðandi inngöngu í framhaldsskólana. Meðalárgangur telur um 4000 manns. Stærð árgangs er á bilinu 3800 til 4300 manns. Undanfarin ár hafa um 70% farið í framhaldsnám að loknu grunnskólaprófi en næsta haust gæti svo farið að um 1000 fleiri nemendur sæktu um inngöngu í framhaldsskólana en áður.

Framhaldsskólarnir hafa á undanförnum árum metið umsóknir út frá búsetu viðkomandi svo og árangri á grunnskólaprófi sem samanstendur af samræmdum prófum og skólaeinkunn. Að þessu sinni munu um 4200 nemendur þreyta samræmdu prófin í lok aprílmánaðar." — Þessi grein er skrifuð áður en menn gerðu sér grein fyrir hvaða afleiðingar yfirstandandi verkfall mundi hafa á samræmdu prófin að þessu sinni. Áfram segir: — „Líklegt verður að telja að óvenjumikil þrengsli verði í framhaldsskólunum næsta haust, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu og verða væntanlega einhverjar hömlur settar á umsóknir um inngöngu. Til dæmis er líklegt að þeim umsækjendum sem eiga kost á framhaldsnámi í heimabyggðum verði vísað þangað í stað þess að heimila þeim að sækja nám fjarri heimabyggð sinni.

Í viðtölum sem Tíminn átti við nokkra forsvarsmenn í framhaldsskólunum kom fram að þeir eru ekki ýkja hrifnir af þessari nýbreytni, fyrst og fremst vegna þess að ekki er gert ráð fyrir neinum breytingum á fjárveitingum til skólanna eða meiri fjölbreytni í námsvali sem myndi hugsanlega höfða til þeirra nemenda sem hefðu sýnt slakan árangur og takmarkaðan áhuga á bóklegu námi. Einnig er talið að þetta nýja fyrirkomulag valdi því að unglingar slái slöku við námið vitandi það að engin inntökuskilyrði eru fyrir hendi. Þó verður að telja fullvíst, miðað við þróun undanfarinna ára, að framhaldsskólarnir muni taka mið af þeim einkunnum nemenda er þeir fjalla um þær umsóknir sem berast.

Í einum menntaskólanna fengust þær upplýsingar að brottfall frá námi á fyrsta námsári er á bilinu frá 20–30% og er ljóst að því lægri einkunnir sem nemandi hefur á grunnskólaprófi því meiri líkur eru á að hann hverfi frá náminu. Telja því margir þetta slæma breytingu á lögunum sem geri ungu fólki engan greiða, *það sólundi einu ári til einskis við að komast að því að* bóklegt framhaldsskólanám er ekki við þeirra hæfi. Á sínum tíma var einn megintilgangur með grunnskólaprófinu að veita forspá um möguleika viðkomandi nemenda í bóknámi.

Hinir sömu telja að vandinn sé raunverulega sá, að ekki hefur verið til nám við hæfi þeirra einstaklinga sem ekki hafa náð grunnskólaprófunum og með þessum nýju lögum sé vandanum velt yfir á framhaldsskólana í stað þess að taka á honum í ráðuneytinu. Leiðin til að leysa þennan vanda sé ekki sú að fella niður inntökuskilyrðin, vandinn verði áfram óleystur því ekki er gert ráð fyrir að skólarnir breyti kennsluháttum sínum eða settar verði á fót nýjar námsbrautir. *Þegar fyrstu fjölbrautaskólarnir voru settir á stofn var* boðið upp á nám sem höfðaði til þeirra sem höfðu takmarkaðan áhuga á hefðbundnu bóknámi eða langskólanámi. Þessar brautir eru að mestu leyti horfnar í dag og telja margir ástæðuna vera þá að foreldrar leggi hart að börnum sínum að sækja hefðbundið bóknám í framhaldsskólunum. Í þessu sambandi hefur verið nefnt að leggja þurfi meiri áherslu á námsráðgjöf fyrir unglingana."

Þetta var tilvitnun í grein í Tímanum sem endurspeglar þá umræðu sem átt hefur sér stað meðal skólamanna að undanförnu sem telja að framhaldsskólalögin séu of opin að þessu leyti, þ.e. það séu of litlar hömlur á inntöku manna í framhaldsskóla. Nú tel ég að sú umræða sé auðvitað á misskilningi byggð að sumu leyti vegna þess að menn einblína um of á bóknámsskólana, þ.e. menntaskólana eins og við erum vön að kalla þá skóla sem veita stúdentspróf. Framhaldsskólalögin eru í eðli sínu rammalög sem eiga að gilda um alla þætti framhaldsskólanáms, þ.e. bæði bóknám og verklegt nám. Einmitt þess vegna tel ég að það sér rangt að afnema úr núgildandi lögum þá heimild sem er til þess að setja ákveðin inntökuskilyrði í vissa námsáfanga, eins og Menntaskólinn í Reykjavík hefur t.d. gert varðandi eðlisfræðibraut þar sem krafist er ákveðinnar einkunnar í stærðfræði svo að dæmi sé nefnt.

Í 10. gr. eru lagðar til veigamiklar breytingar á kaflanum um fjárhagslegan rekstur framhaldsskóla. Veigamesta breytingin er sú að samkvæmt núgildandi lögum er rekstrarkostnaði framhaldsskóla skipt í tvo meginþætti, þ.e. launakostnað, sem áður er skilgreindur, og annan rekstrarkostnað. Eins og frv. var upphaflega lagt fram var gert ráð fyrir því að sjálfstæði skólanna yrði mjög skert að þessu leyti. Núgildandi lög gera ráð fyrir því að ríkissjóður greiði launakostnað beint til starfsmanna, en rekstrarframlagið átti að greiðast fyrir fram til skóla ársfjórðungslega. Hér er um mjög veigamikið atriði að ræða til að tryggja fjárhagslegt sjálfstæði skólanna og gera skólastjórnendur ábyrga fyrir hinum fjárhagslega rekstri. Að vísu hefur þessu ákvæði verið breytt í Ed. og ég tel líklegt að það hafi verið fyrir áhrif Skólameistarafélagsins. Nú er sem sagt gert ráð fyrir því í frv. að rekstrarframlag, annað en kennslulaun, laun fastra starfsmanna og meiri háttar viðhalds- og stofnkostnaður, skuli greitt hverjum skóla fyrir fram. Ég tel mjög mikilvægt að menntmn. Ed. skuli hafa komið viti fyrir hæstv. ráðherra að þessu leyti, þ.e. að hann hafi ekki komist upp með það að skerða fjárhagslega sjálfstæði skólanna eins og að var stefnt með upphaflega frv. Hins

vegar er gert ráð fyrir því að það sé gerður samningur milli menntmrn. og hvers skóla um tilhögun á greiðslum til skólanna af fjárlagalið þeirra í þeim tilgangi að skólarnir taki á sig aukna rekstrarábyrgð. Það er ekki gert ráð fyrir því að þetta sé greitt ársfjórðungslega eins og í lögunum og raunar vantar að skilgreina nánar, eins og ákvæðið er núna eftir meðferð Ed., hversu oft á að greiða slíkt framlag. Á að greiða framlagið í eitt skipti fyrir öll fyrir fram? Á það að vera mánaðarlega eða ársfjórðungslega? Það vantar inn í frv. eins og það er núna.

Ég tortryggi dálítið þessa breytingu og ég skal skýra hvers vegna. Það var auðvitað ljóst þegar verið var að semja frv. um framhaldsskólana og verið var að reyna að efla sjálfstæði skólanna að embættismenn bæði í fjmrn. og menntmrn. voru mjög andvígir þessu ákvæði. Það kom m.a. fram í því að fulltrúi fjmrh. sem átti sæti í undirbúningsnefndinni skilaði séráliti um þennan þátt og þeir sem fjalla um fjármál í menntmrn. eru líka andvígir þessu. Þeir vilja auðvitað geta skammtað fjármagnið til skólanna eins og þeir hafa gert og ef skólarnir hafa náð að spara á einhverjum lið hafa þeir í engu notið þess í öðrum lið. Það fjármagn hefur hreinlega verið af þeim tekið og skömmtunarstjórn ráðuneytanna verið allsráðandi. Þegar búið er að setja það ákvæði inn að um þetta eigi að gera samning er það háð samþykki ráðuneytisins hvernig þetta verði framkvæmt og ljóst að það verður aldrei gengið lengra en ráðuneytið sjálft telur æskilegt. Þegar maður hefur í huga viðhorf embættismannanna í ráðuneytinu til þessa ákvæðis þá óttast ég að með þessu sé raunverulega verið að skerða þetta fjárhagslega sjálfstæði sem skólarnir þó fengu, þó ekki nema að hluta, með lögunum eins og þau voru samþykkt á sl. vori. Því tel ég að þetta þurfi að athugast betur og kanna verði þetta ákvæði frekar í viðkomandi nefnd.

Það er enn fremur gert ráð fyrir því að afnumið verði það ákvæði að framlög til skólanna skuli vera sem næst jafnhá hvar sem er á landinu og framlögin skuli ákveða sem tiltekna upphæð á hvern nemanda árlega. Þetta atriði var mjög umrætt þegar lögin voru til meðferðar á Alþingi á sl. vetri og óttuðust sumir að fámennari skólar mundu gjalda þessa ákvæðis. Í 34. gr. laganna, sem nú á að afnema, er mjög kveðið á um að þurfi að taka tillit til sérstakra aðstæðna skuli veitt sérgreint framlag til að mæta þeirri þörf. Nú er sem sagt lagt til að afnema þessar leiðbeiningar í lögunum um fjárframlög til skóla og það algerlega lagt á vald fjárveitingarvaldsins, þ.e. viðkomandi ráðuneyta og Alþingis, að ákveða reksturskostnað fyrir hvern skóla.

Ég vek sérstaka athygli á því að í greinargerð í kaflanum þar sem fjallað er um 11. gr. segir að í upphafi sé stefnt að því að rekstrarframlagið, annað en kennslulaun, sé greitt hverjum skóla fyrir fram. Um þetta er ekki stafkrók að finna í lagagreininni sjálfri en eftir meðhöndlun Ed., þ.e. samkvæmt þeirri brtt. sem Ed. samþykkti, er þó komið inn ákvæði um þetta sem er þó miklu óljósara en það sem var í greininni sjálfri.

Í 11. gr. er gert ráð fyrir því að inn komi nú ákvæði um stofnun og starfrækslu framhaldsdeilda við grunnskóla og er það í samræmi við þá breytingu sem einnig var gerð á 4. mgr. 1. gr. laganna. Helsta nýmæli hennar er að ákveðið er að framhaldsdeildir skuli vera undir faglegri stjórn framhaldsskóla til að tryggja samræmingu á námsframboði og samstarfi milli nálægra skóla. Þegar frv. var til meðferðar voru ýmsir skólamenn, þar á meðal skólameistarar framhaldsskólanna, andvígir því að sett yrði inn í lögin ákvæði um framhaldsdeildir grunnskóla og báru því m.a. við að of mikil freisting væri á hinum ýmsu stöðum að setja framhaldsdeildir sem mundu útþynna framhaldsmenntun og gera að verkum að hinir eiginlegu framhaldsskólar sem sinntu því hlutverki eingöngu yrðu undir í barátttunni og nám þeirra yrði þar með útþynnt. Ég skal viðurkenna við nánari athugun að ég er ekki viss um að þessi rök skólameistaranna standist. Ég tel að það sé frekar til bóta að setja ákvæðið um framhaldsdeildir við grunnskóla inn í lögin. Reyndar var ráð fyrir því gert í lögunum, eins og frá þeim var gengið, að það yrði áfram heimild til að stofna slíkar framhaldsdeildir, en það var ekki skilgreint eins og í þessu frv. að þær skyldu starfa undir faglegri stjórn framhaldsskóla. Þarna stangast auðvitað á tvenns konar sjónarmið, annars vegar áhugi heimamanna á að halda nemendum í sinni heimabyggð sem lengst, a.m.k. tvö fyrstu árin í framhaldsskóla, og það er sjónarmið sem hlýtur að verða að virða, að foreldrar vilja ekki senda börn sín, sem eru á viðkvæmum aldri, úr byggðarlaginu í framhaldsskóla annars staðar. Hitt sjónarmiðið er svo aftur það að ef framhaldsskóli á að standa raunverulega undir nafni verður hann að geta boðið upp á sæmilega gott úrval af námsbrautum og það verður auðvitað ekki gert nema nemendur séu fyrir hendi. Því er hætta á að of mikil fjölgun framhaldsdeilda valdi því að framhaldsskólarnir útþynnist og það nám sem þeir bjóða sé ekki eins gott og fjölbreytt og æskilegt væri. Því tel ég að reyna verði að fara bil beggja í þessu efni og nýta heimild af þessu tagi mjög varlega svo að framhaldsnámið sé ekki þynnt út um of.

Það er rétt að vekja athygli á því að í fyrstu tveimur útgáfunum — eins og ég sagði áðan kom þetta frv. út í þremur útgáfum — var mjög sérkennilegt ákvæði um Verslunarskólann og Samvinnuskólann sem reyndar var svo kippt út í þriðju útgáfunni. Það var gert ráð fyrir því að um yfirstjórn Samvinnuskólans og Verslunarskólans færi eftir öllum almennum ákvæðum þessara laga en skipan skólanefnda þessara skóla var áður ekki með sama hætti eins og við aðra framhaldsskóla, eins og stóð í greinargerð með frv. Hæstv. ráðherra sá þann kostinn að taka þetta út úr frv. enda vafamál að ákvæði af þessu tagi gætu staðist þegar haft er í huga að hér er um að ræða sjálfstæða einkaskóla sem ríkið stendur að vísu við bakið á samkvæmt sérstökum samningum og sérstökum ákvörðunum. Ég fagna því að hæstv. ráðherra skuli hafa séð að sér í þessu efni. Ég efast ekkert um að hann hafi haft fullan vilja til þess að reyna að ná meira valdi og áhrifum yfir þessum ágætu skólum en hvarf frá því (**Menntmrh.:** Nauðugur.) nauðugur, eins og hann segir, væntanlega vegna þess að hann hefur áttað sig á að ákvæði af þessu

tagi mundi alls ekki standast. Litið yrði á það sem hreint ofbeldi að Alþingi samþykkti lög af þessu tagi á þessa skóla.

Að lokum er gert ráð fyrir því að felld séu úr gildi ákvæði 5. gr. laganna um heyrnleysingjaskóla. Það er auðvitað ekkert við því að segja miðað við þær skýringar sem gefnar eru á því í greinargerð með frv.

Ég hef, herra forseti, farið yfir einstakar greinar frv. lið fyrir lið. Ég tel nauðsynlegt að einstakar greinar þess séu ítarlega athugaðar í menntmn. Nd. Mér sýnist að þarna þurfi endurbóta við. Ég hefði auðvitað ekki talið æskilegt að nú á síðustu þingdögum væri verið að knýja frv. fram. Það er raunverulega ekkert sem knýr á að svo sé gert. Það eru heimildir í núgildandi lögum sem hæstv. ráðherra getur notað og fyllt nánar út með reglugerðum um mörg af þessum atriðum sem þarna koma fram. Um önnur atriði er verulegur ágreiningur og því hefði þurft að athuga og kanna mun rækilegar þau atriði sem þar er fjallað um. Auk þess, eins og ég hef getið um, er frv. afar illa unnið. Það er mikil hrákasmíð og hroðvirknislega unnið og mjög kastað til þess höndunum. Frekari athugasemdir og umræður um þetta munu þá væntanlega fara fram í menntmn. þessarar hv. deildar.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Það er nú hálfkaldhæðnislegt að hér skulum við ítrekað taka til umræðu lög um framhaldsskóla, þ.e. í fyrra um svipað leyti og aftur núna, og í bæði skiptin hvílir sá skuggi yfir umræðunum að ríkisvaldið og kennarar eiga í deilum. Að vísu fór svo í fyrra að aldrei kom til verkfalls en deilurnar voru harðvítugar engu að síður. Nú er málum komið eins og allir vita og þarf ekki að fjölyrða um það. Þetta varpar skugga á umræður af þessu tagi sem sannast sagna eru ekkert allt of oft hér í þinginu, þ.e. umræður um menntunarmál og annað sem að þeim málum lýtur, og það er hryggilegt til þess að vita að það skuli ítrekað gerast í skugga svona ástands.

Til þess að gera langt mál stutt má í rauninni segja að það sé einmitt sú vinnudeila sem nú stendur og verkfall kennara sem gera það að verkum að okkur kvennalistakonum þykir nokkuð örðugt að veita frv. framgang á þinginu vegna þess að það hefur ekki verið hægt að hafa eðlileg samráð eða leita umsagnar eða umfjöllunar kennara á frv. og varðar þetta nú mikið þeirra starfssvið og starfstilhögun. Okkur þykir því ekki gott ráð að hraða frv. í gegnum þingið með þeim hætti sem nú er verið að gera eins og á stendur.

Þegar frv. til laga um framhaldsskóla var til umræðu í fyrra höfðum við kvennalistakonur ýmislegt við það að athuga og fluttum fjölmargar brtt. sem flestar lutu að því að tryggja fagleg sjónarmið í stjórnun skólans með því t.d. að ætla fulltrúum kennara og nemenda, deildarstjórum og faggreinafélögum meiri aðild að stjórnun skólans en gert var ráð fyrir í frv. eins og það var lagt fyrir í fyrra. Þó að þetta frv. núna gangi talsvert í átt við þær hugmyndir sem við kvennalistakonur höfðum í fyrra þá er einmitt það sem hamlar núna að ekki er hægt að leita álits fagmanna og tryggja að starfsfólk skólans sé sátt við þær breytingar sem hér eru lagðar til. Því hefði okkur fundist eðlilegra að bíða með frv. þar til kæmi fram á haustið svo hægt væri að hafa um það eðlileg samráð.

Þær breytingar helstar sem nú er verið að leggja til felast m.a. í nánari skilgreiningu á verksviði samstarfsnefndar framhaldsskólastigsins og um breytta skipan í skólanefndir. Þetta var nú það sem einna helst stóð í okkur kvennalistakonum í fyrra, þ.e. að hve miklu leyti þar ætti að gæta áhrifa pólitískt kjörinna fulltrúa. Eins eru hér ákvæði um breytta útreikninga við rekstrarkostnað skólanna og gerð samninga á milli skóla og menntmrn. um greiðslu til skólanna af fjárlagalið þeirra.

Mig langar til að gera aðeins að umtalsefni 4. gr. þess frv. sem nú er lagt fram, þ.e. greinina um skólanefndir. Í lögunum eins og þau eru nú er gert ráð fyrir fimm manna skólanefndum og þar af áttu fjórir að koma úr hópi sveitarstjórnarmanna. Nú er nefndin stækkuð og gert ráð fyrir sjö manna nefnd. Fulltrúum sveitarstjórna er fækkað um einn þannig að þeir verða þrír af sjö og eru þar af leiðandi ekki lengur í meiri hluta. Þá má spyrja: Af hverju þrír? Fyrst þeim er ekki ætlað að hafa veruleg áhrif eða þeim tryggður meiri hluti eins og var má spyrja að því hvort það hefði ekki jafnvel nægt að hafa einn fulltrúa sem væri þarna eins og tengiliður milli skólanna og sveitarstjórnanna því að eflaust væru margir sem ættu aðild að skólanefnd en þarna taka sveitarstjórnarmenn þrjú sæti án þess að þeim sé ætlað að hafa meiri hluta og ráða þar með gangi mála í skólanum. Þetta tryggir ekki að allir sem aðild eiga að sveitarstjórnum eigi þar af leiðandi aðild að skólanefndum. Þessi fjöldi tryggir heldur ekki að þar sem fleiri en eitt sveitarfélag standa saman að rekstri skóla þá eigi þau öll hugsanlega aðild að skólanefnd. Þarna virðist vera um einhvers konar miðjumoð að ræða, fara ekki of langt frá skólanefndunum eins og þær voru skipaðar í fyrra en halda þó einhverjum svip af þeim lögum.

Ég ætla ekki að fara í hverja grein enda ekki ástæða til þess en það er ástæða til þess að spyrja í sambandi við 9. gr. frv., þar sem fellt er burtu ákvæði úr lögunum þess efnis að nemendum sé skylt að stunda fornám í einstökum greinum ef þeir hafa ekki náð tilskildum námsárangri. Nú skilst mér að ætlunin sé að mæta þessu með starfi námsráðgjafa. (Gripið fram í.) Meðal annars. Má spyrja héðan beint úr stólnum með hvaða öðrum hætti? (Gripið fram í.) En verður það nemendanna sjálfra að úrskurða hvort þeir vilja stunda þetta fornám? (**Menntmrh.:** Það er námsráðgjafans.) Þar af leiðandi er það námsráðgjafinn.

Í þeim brtt. sem við kvennalistakonur fluttum í fyrra við frv. vildum við að fest yrði í lög að einn námsráðgjafi væri á hverja 300 nemendur. En það er langt frá því að svo sé núna og því ástæða til þess að spyrja: Ef námsráðgjafar eiga að geta veitt nemendum þarna tilskilda hjálp við það hvernig þeir skuli haga sínu námi eða hefja sitt nám, hvernig á að mæta því? Er ætlunin að stórfjölga námsráðgjöfum? Hvernig á yfirleitt að standa að framkvæmd þessa

eftir að þetta ákvæði hefur verið fellt út úr lögunum? Það mun sannast sagna að þeir hafi ærið verkefni fyrir og það hlýtur að verða mikil viðbót við þeirra starf að geta ráðið öllum þeim nemendum, sem í þessum sporum lenda, heilt. Því langar mig til þess að spyrja menntmrh. hvernig þetta skuli framkvæmt og hvort fjölgað verði námsráðgjöfum eins og lítur út fyrir að þurfi að gera.

Á þessu stigi málsins ætla ég ekki að ræða þetta mikið lengur. Það gefst tækifæri til þess í nefndinni og síðan aftur í síðari umræðum. En ég ítreka það sem ég sagði í upphafi að ástæðan fyrir því að fulltrúi Kvennalistans studdi þetta ekki í Ed., og ég á frekar von á því að við munum fara að því dæmi í Nd., var að ekki var hægt að leita sjónarmiða þess fólks sem á að búa við þessi lög og starfa eftir þeim. Margar þær breytingar sem hér eru lagðar til snerta einmitt starf kennara mjög mikið og er því með öllu óeðlilegt að hraða þessu máli, eins og nú er ætlunin, án þess að geta haft eðlileg samráð við þá. Við erum þess fullvissar að það mundi tryggja framgang þessa máls betur og hraðar ef beðið væri haustsins. Sjálfsagt yrði ekki erfitt að koma málinu þá í gegn með þeim hraða sem til þyrfti.

Menntamálaráðherra (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þær ítarlegu umræður sem hér hafa farið fram um frv. Það er bersýnilegt að það er ágæt samstaða um ýmsa þætti í frv. þó að þeir hv. þm. sem hér hafa talað nálgist málið kannski með talsvert öðrum hætti en ég hef gert. Ég tel að það hafi t.d. komið ágæt samstaða fram um 1., 2., 5., 6., 11. og 12. gr., svo ég nefni dæmi. En auðvitað vakna margar spurningar um meðferð máls af þessu tagi og það er ekkert við því að segja og er það fullkomlega eðlilegt.

Ég vil þakka báðum hv. þm. fyrir þær athugasemdir sem þeir gerðu og tel að þær séu út af fyrir sig allar umhugsunarverðar. Út af athugasemdum hv. þm. Birgis Ísl. Gunnarssonar vegna 3. gr. vil ég segja að það kann að vera að málið sé flókið, eins og hér er gert ráð fyrir, en framhaldsskólakerfið hjá okkur er nú dálítið flókið. Þetta er mjög mismunandi eftir kjördæmum og það er mjög erfitt að finna almenna reglu. En það er mjög nauðsynlegt að stuðla að samstarfi þessara skóla, bæði um námsframboð og innritun og fleira, til þess m.a. að spara peninga. Af þeim ástæðum er þessi grein hér sett fram. Það er út af fyrir sig hugsanlegt að eitthvað af þessu mætti gera með reglugerðum. Mér finnst þó betra að þingið taki á svona málum ef nokkur kostur er. Það er svona almennt viðhorf sem ég hef í þeim efnum. Ég held satt að segja að ráðherrar reyni stundum fullmikið á reglugerðarþanþol laganna að ekki sé meira sagt.

Varðandi 4. gr. þá er auðvitað vandi að finna leið til þess að skipa skólanefnd. Fulltrúar sem eru tilnefndir af hlutaðeigandi sveitarfélagi eða samtökum sveitarfélaga eru ekki endilega fulltrúar sveitarstjórna. Þetta eiga að vera fulltrúar umhverfisins. Það er mjög erfitt að finna leið til þess að skapa aðstæður þar sem tryggt er að fulltrúar fólksins í kringum skólann komi örugglega með í þau verk sem verið er að vinna í skólanum. Mér finnst að það séu rök að kalla fólk til og skapa því aðstöðu. Ég hef séð framhaldsskóla, eins og fleiri hv. þm. hafa örugglega gert, þar sem skólinn hefur orðið eyland og ekki hluti af hinu virka atvinnuumhverfi sínu. Ég held því að það sé mjög mikilvægt að það sé fólk úr hinu almenna atvinnu- og félagslífi byggðarlagsins sem fær aðgang að þessum skólanefndum. Á sama hátt er það mín skoðun að það sé óhjákvæmilegt að kennarar eigi þarna fulltrúa, það er algjörlega óhjákvæmilegt, og sömuleiðis nemendur. Mér finnst satt að segja mjög sérkennilegt hvernig menn hafa talað um þau mál með býsna léttúðugum hætti, ekki hér í þessari hv. deild heldur í hv. Ed. þar sem þessi mál voru ítarlega rædd.

Ég vil aðeins víkja að umræðum um 9. gr. og segja þá fyrst: Það er ekki hægt að segja annars vegar að framhaldsskólinn sé opinn fyrir öllum og hins vegar að sumir skólar geti takmarkað inngang. Það rímar ekki. Það gengur ekki. Á þeim forsendum er lagt til að þetta ákvæði verði fellt niður. Hins vegar gerum við ráð fyrir því að það verði ekki lengur skylt að hafa fornám við hvern skóla heldur verði það heimilt. Við gerum ráð fyrir því að mjög víða verði fornám í haust og það verður að vera þannig þangað til inntaki framhaldsskólans hefur verið breytt þannig að þar skapist kostur á margvíslegum stuttum námsbrautum, brautum sem eru kannski í miklu meira mæli en nú er byggðar upp á verknámi, m.a. með samvinnu við atvinnulífið.

Í menntmrn. höfum við að undanförnu átt í viðræðum við fulltrúa atvinnulífsins um tengsl atvinnulífsins og framhaldsskólans. Við teljum að það sé í raun og veru mjög erfitt að ná því að byggja upp almennilegt verknám öðruvísi en að atvinnulífið komi þar eitthvað til skjalanna með samningum sem yrðu þá gerðir við einstök fyrirtæki eða einstök samtök atvinnurekenda eftir atvikum um aðgang nemenda að þessum vinnustöðum til að þeir geti öðlast þar tiltekna verkþjálfun eftir reglum sem yrðu settar. Þetta er vinna sem við erum að vinna og meiningin er sú að námsbrautir af þessum toga fari af stað í a.m.k. tveimur framhaldsskólum í haust.

Hv. þm. Þórhildur Þorleifsdóttir spurði um námsráðgjöfina og um hana er þetta að segja: Í fyrsta lagi að það hefur verið ákveðið að við hliðina á innritunarskrifstofunum, t.d. fyrir framhaldsskólana á höfuðborgarsvæðinu, muni starfa námsráðgjafar. Þeir munu taka við öllum þeim umsóknum sem koma inn í framhaldsskólana, fara yfir stöðuna og bjóða upp á sína þjónustu. Það eru námsráðgjafar, kennarar, sem verða ráðnir í þessi verk, tveir, þrír eða fjórir einstaklingar eftir atvikum, meðan innritunin stendur yfir og á meðan verið er að raða fólki inn í framhaldsskólana í haust.

Það er svo rétt hjá hv. þm. að til þess að ná því að um sé að ræða, mér liggur við að segja, eðlilegt framhaldsskólanám þar sem fólki er leiðbeint eftir

hæfni hvers og eins en ekki eftir reglustikuaðferðum, sem ég er algjörlega á móti og mér finnst eima furðulega mikið eftir af gömlum afturhaldsviðhorfum í þeim efnum á hv. Alþingi satt best að segja, og að námsráðgjafar verði burðugur þáttur í skólunum verða þeir auðvitað að vera fleiri. Til þess að undirbúa það átak, að koma við námsráðgjöf bæði inn í grunnskóla og framhaldsskóla, höfum við ákveðið að ráða til starfa við ráðuneytið frá og með 1. ágúst nk. sérstakan starfsmann, einn af skólastjórum grunnskólanna í Reykjavík, til að undirbúa átak í námsráðgjöf í grunnskólum og framhaldsskólum.

Virðulegi forseti. Ég vil ekki taka ákvörðunina þannig að þessu sé í raun og veru hellt inn í framhaldsskólana eða grunnskólana án undirbúnings. Ég vil vandaðan undirbúning að svona málum og því höfum við ákveðið að fara þessa leið.

Mér þótti vænt um margar þær athugasemdir sem hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson var með hér áðan. Ég er svo sem ekkert hissa að hann sé tortrygginn á þá brtt. sem gerð var á bls. 3 að því er varðar 32. gr. Ég veit að hann þekkir þessi mál alveg nákvæmlega eins og ég. Fyrir mér vakti aldrei og hefur ekki vakað að skerða fjárhagslegt sjálfstæði skólanna og því var í grg. tekið fram að skólarnir ættu að fá aukinn hluta rekstrarfjármagns til sín. Menn töldu hins vegar að það væri ekki nægilegt og vildu frekar hafa það í lögunum og það var mér að meinalausu og rúmlega það. Í þessum efnum geta ráðherrar náttúrlega ekki kennt neinum um nema sjálfum sér ef embættismenn vaða yfir hausinn á þeim og þannig liggur þetta mál. Ég veit að hvorki ég né hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson kærum okkur um að fara ofan í saumana á þessum málum í einstökum atriðum. Ég held að við séum alveg nákvæmlega sammála um kjarna málsins sem er sá að skólarnir eiga að vera sjálfstæðar stofnanir, fjárhagslega og faglega, í vaxandi mæli og það á að vinna samkvæmt því á öllum sviðum.

Ég heyrði að hv. þm. var sammála mér um efni 11. gr. og ég er algjörlega sammála hans ábendingu um að það á að fara fram með varúð við fjölgun framhaldsdeilda. Það er enginn ágreiningur við mig um það. Það er líka rétt sem hv. þm. sagði að mér var gjörsamlega nauðugur sá kostur að fella þarna niður Verslunarskólann og Samvinnuskólann, gjörsamlega nauðugur, vegna þess að ég tel að þeir séu framhaldsskólar og eigi að vera partur af þessu kerfi af því að þeir eru borgaðir af ríkinu hvort eð er. Það gekk nú svona í ríkisstjórninni og þegar maður er í ríkisstjórn tekur maður náttúrlega tillit til sinna samverkamanna. En það er alveg ástæðulaust fyrir hv. þm. að þakka mér fyrir að greinin er úti. Það er eiginlega öðrum að þakka eða kenna eftir atvikum.

Hverjir sömdu frv.? Það eru embættismenn menntmrn. sem hv. þm. þekkir. Við sögu koma fólk eins og Hörður Lárusson, Sólrún Jensdóttir, Stefán Ólafur Jónsson og Örlygur Geirsson. Margar þær brtt., sem hér eru gerðar, eru svo í átt við það sem t.d. hv. þm. Þórhildur Þorleifsdóttir var að nefna varðandi aðild kennaranna að skólanefndunum í vaxandi mæli.

Virðulegi forseti. Ég endurtek þakkir mínar fyrir þær ágætu umræður sem hér hafa farið fram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

109. fundur, miðvikudaginn 17. maí, kl. 2 miðdegis.

Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga, ein umr.

Stjfrv., 203. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 1173 (sbr. 839), n. 1192.

Frsm. félmn. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1192 um frv. til l. um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga frá félmn.

„Nefndin hefur komið saman á ný til að fjalla um frv. eftir breytingar sem gerðar voru á því í meðferð neðri deildar. Nefndin telur breytingarnar ásættanlegar og mælir því með að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 1173.

Guðmundur H. Garðarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Guðrún Agnarsdóttir sat fund nefndarinnar og er samþykk þessu áliti."

Undir rita allir aðrir nefndarmenn félmn. Ed.

Við þetta er aðeins því að bæta að við fórum yfir þær brtt. sem Nd. hafði gert á frv. um verkaskiptingu og vorum sammála um að betur sjá augu en auga þó að í sumum tilfellum væri þar aðeins um orðalagsbreytingar að ræða, en eins og fram kemur í nál. teljum við þær allar ásættanlegar og mælum því, eins og við höfum áður gert, með því að frv. til l. um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga verði að lögum.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Ég var einn um það að greiða atkvæði gegn ákveðnum greinum frv. um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og mér þykir skylt að koma hér upp nú og þakka hv. félmn. Nd. fyrir að hafa breytt frv. mikið frá því að það var afgreitt frá hv. Ed. Það er af og frá að það séu aðeins orðalagsbreytingar heldur eru það sem betur fer nokkrar og góðar efnisbreytingar.

Þar er sérstaklega um að ræða breytingar í sambandi við tónlistarskólana og breytingar í sambandi við dagvistarmálin. Ég veit ekki hvort ég á að orða það þannig að hv. félmn. Nd. hafi ekki treyst sveitarstjórnarmönnum eins vel og hv. þm. Ed., en staðreyndin er sú að breytingar þær sem gerðar hafa verið á frv. í Nd. eru á þann veg að mér finnst frv., eins og segir í nál. hv. félmn. þessarar hv. deildar, mikið ásættanlegra eftir þær breytingar en það var þegar það fór frá okkur héðan til Nd.

Ég vil þó segja að ég hefði viljað að þar hefði verið meira að gert í sambandi við tónlistarskólana og einnig

með dagvistunarstofnanirnar, en breytingarnar eru á þann veg að opinbert og eðlilegt eftirlit verður haft með þessum greinum báðum þannig að það megi treysta því að kennslan og framkvæmd þessara þátta verði á þann veg að hún verði svipuð alls staðar á landinu og þá innan ákveðinna marka og reglna sem *opinberir aðilar setja*. Ég *undirstrika* að ég hef *alltaf* treyst sveitarstjórnarmönnum vel og geri enn, en ég tel að einmitt þessar breytingar, sem gefa möguleika til þess að fá reglur um það hvernig þessir þættir skuli vera, séu mjög af hinu góða.

Ég endurtek að mér finnst að eins og frv. er núna sé það orðið mikið ásættanlegra en það var áður og að þær breytingar sem gerðar voru á frv. í Nd. séu mikið meira en orðalagsbreytingar. Þær eru þó nokkuð miklar efnisbreytingar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1224).

Tekjustofnar sveitarfélaga, ein umr.

Stjfrv., 204. mál (heildarlög). — Þskj. 1175 (sbr. 838), n. 1193, brtt. 1194.

Frsm. meiri hl. félmn. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá meiri hl. félmn. um frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga á þskj. 1193:

„Nefndin hefur komið saman á ný til að fjalla um frv. eftir breytingu sem gerð var á því í meðferð neðri deildar. Meiri hl. nefndarinnar getur ekki fallist á breytingu neðri deildar og vísar í því sambandi til álits nefndarinnar á þskj. 765. Til að koma hins vegar til móts við sjónarmið neðri deildar flytur nefndin brtt. á sérstöku þingskjali sem hún væntir að sé ásættanleg fyrir flesta aðila. Um orðalag þeirrar tillögu hefur verið haft samráð við Ævar Ísberg vararíkisskattstjóra.

Brtt. nefndarinnar miðar að því að taka af öll tvímæli um það að sú undanþága, sem lagt er til að mjólkurbú hafi frá greiðslu aðstöðugjalds, nái ekki til annarrar framleiðslu en mjólkurafurða. Undanskilin er því framleiðsla eins og ávaxtagrautar og vín sem nú er farin að tíðkast í sumum mjólkurbúum."

Undir þetta rita Margrét Frímannsdóttir, Karl Steinar Guðnason, Jóhann Einvarðsson og Valgerður Sverrisdóttir.

Brtt. sem er á þskj. 1194 er við 34. gr.:

„C-liður 2. mgr. orðist svo:

Starfsemi sláturhúsa og mjúlkurbúa. Undanþága mjólkurbúa nær einungis til framleiðslu mjólkur og mjólkurafurða."

Í hv. Nd. var gerð sú breyting á frv. að hún fól í sér að undanþága mjólkurbúa frá því að greiða aðstöðugjald var felld út og eins og kemur fram í nál. gat nefndin ekki fallist á það en reyndi að ná samkomulagi með viðræðum við nefndarmenn hv. Nd. um það orðalag sem er á brtt. á þskj 1194.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Minni hl. hv. félmn. í Ed. skilar ekki sérstöku nál. og ég fyrir mitt leyti og við þingmenn Borgfl. í Ed. höfum ekki séð ástæðu til að leggja fram sérstaka brtt. Ég vil þó lýsa í stuttu máli skoðun minni á því atriði sem kemur fram á þskj. 1194, þeirri brtt. sem meiri hl. hv. félmn. leggur til. Ég er ekki sáttur við brtt. eins og hún lítur út. Ég hefði talið eðlilegast að það yrði greitt aðstöðugjald af rekstri bæði sláturhúsa og mjólkurbúa. Hins vegar skil ég vel þau sjónarmið og rökstuðning fyrir því að það sé óeðlilegt að hækka verð á heföbundnum mjólkurafurðum með þeim hætti að leggja aðstöðugjald á starfsemi mjólkurbúa.

Nú er kannski rétt að rifja upp að fyrir um hálfu öðru ári var mikið um það talað að skattheimta á vegum ríkisins og opinberra aðila ætti að vera réttlátari, einfaldari og skilvirkari. Það átti nánast að setja skatt á allt, en síðan átti ríkið að endurgreiða skatta ef ástæða þætti til með sérstökum *ávísunum* sem sendar væru beint til launþega einhvern tíma í ágúst. Helst átti að láta líta svo út að þær kæmu beint úr flokkssjóðum ákveðins stjórnmálaflokks sem ég ætla ekki að nefna hér. En hér er farin sú leið að undanþiggja starfsemi mjólkurbúa til að halda niðri búvöruverði, þ.e. hvað varðar mjólkurafurðir.

Ég get að mörgu leyti fallist á þá röksemdafærslu. Hins vegar er ýmiss konar framleiðsla í mjólkurbúum sem ég tel að ætti skilyrðislaust að vera með aðstöðugjaldi og þar á ég við t.d. ísgerð, jógúrtframleiðslu og margt fleira, skyr blandað með alls kyns ávöxtum og þannig mætti lengi telja. Ég sé í sjálfu sér ekki neina ástæðu til að undanskilja þessa framleiðslu aðstöðugjaldsgreiðslum. Ég gæti hins vegar fallist á að vinnsla nýmjólkur, rjóma, undanrennu og mysu og þess háttar, súrmjólkur og skyrs, væri undanþegin aðstöðugjaldi, en þá fer að verða mjög erfitt að greina þarna á milli.

Hvað varðar starfsemi sláturhúsa er líka það vandamál til staðar að í sláturhúsum getur farið fram margvísleg önnur starfsemi en bein slátrun búfjár og þar með væri fullt eins ástæða til að skilja frá þá starfsemi sláturhúsa sem ekki er eðlilegt að undanskilja aðstöðugjaldi. Þess vegna get ég ekki fallist á þessa brtt. eins og hún liggur fyrir, en mun að öðru leyti láta málið afskiptalaust.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Ég starfaði í þeirri nefnd sem undirbjó þetta frv. og þar voru nefndarmenn sammála um að jafna svo sem kostur væri aðstöðu sveitarfélaga til tekjujöfnunar, m.a. með því að undanþágur frá skattskyldu yrðu alveg í lágmarki. Nú hefur upphaflegu frv. verið breytt, og var breytt hér í hv. Ed., á þann hátt þegar það kemur frá Nd. nú að rekstur

sláturhúsa er undanþeginn aðstöðugjaldi. Með þeirri brtt. sem hér liggur fyrir er lagt til að svo verði einnig hvað varðar framleiðslu mjólkur og mjólkurafurða í starfsemi mjólkurbúa. Báðar þessar undanþágur eru mjög ranglátar gagnvart viðkomandi sveitarfélögum og um leið er verið að hverfa frá þeirri meginstefnu, sem átti að vera í væntanlegum lögum um tekjustofna sveitarfélaga, að aðstaða sveitarfélaga til skattheimtu yrði jöfn, a.m.k. sem jöfnust.

Því miður er það svo, og það er að koma í ljós, að það er ekki allt sem sýnist í sambandi við stöðu mjólkurbúa. Ef grannt er skoðað kemur nefnilega í ljós að mjólkurstöðvarnar greiða söluskatt og vörugjald til ríkisins af vélum og aðföngum sem sjávarútvegur og samkeppnisiðnaður greiðir ekki. Greinilegt er að við sem fjölluðum um tekjustofnafrv. áður en það var lagt fram á hv. Alþingi höfum unnið þar af nokkru kappi með jöfnunarþátt tekna fyrir sveitarfélögin efst í huga. Forsjáin gagnvart þeim fyrirtækjum sem við vildum leggja gjald á var kannski ekki eins mikil, hvorki hjá okkur í nefndinni né ráðuneytinu sem nefndarstarfið var unnið fyrir, en eðlilega hefðu átt að koma upplýsingar frá ráðuneytinu um stöðu þeirra fyrirtækja sem var verið að leggja til að ættu nú að bera þennan ákveðna skatt sem ekki hafði verið lagður á þær áður.

Verkaskiptingar- og tekjustofnafrumvörpin eiga að vera, eins og margoft er búið að lýsa yfir á hátíðarsamkomum, til þess að gera skiptin milli sveitarfélaga og ríkisins hreinni. Til þess að svo verði, þegar þessi frv. verða orðin að lögum, þarf ríkið að hætta að mismuna fyrirtækjum í skattheimtu. Ég er að segja að til þess að við getum samþykkt að leggja aðstöðugjald á mjólkurframleiðslu og sveitarfélögin fái að njóta þeirra tekna sem af þeim mundu hljótast verður ríkið að hætta að skattleggja þessa atvinnugrein umfram aðrar. Það er fráleitt að íþyngja mjólkurframleiðslu í skattlagningu jafnvel þótt það sé réttlætismál þar sem þessi fyrirtæki hafa starfsemi sína að viðkomandi sveitarfélög fái af þeim aðstöðugjald líkt og af öðrum atvinnurekstri.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem oddviti Laxárdalshrepps, Sigurður Rúnar Friðjónsson, sem jafnframt er mjólkurbússtjóri í Búðardal, veitti mér nú fyrir hádegið veldur þessi aukaskattheimta á mjólkurbúin um 30% kostnaðarauka í sambandi við tækjakaup og að hluta til aðföng. Þannig kostaði átöppunarvél fyrir jógúrt, sem samlagið í Búðardal var nýbúið að kaupa, 600 þús. kr. meira en ef hún hefði verið keypt af sultuframleiðanda. Vélin kostaði samlagið í Búðardal 2,1 millj. kr., en sultugerð í samkeppnisiðnaði þyrfti aðeins að greiða 1,5 millj. kr. fyrir sams konar átöppunarvél.

Ég hef sem sagt skipt um skoðun frá því að ég vann að undirbúningi þessa frv. hvað varðar það að samþykkja nú þegar álagningu aðstöðugjalds til sveitarfélaga á fyrirtæki í mjólkurframleiðslu. Ástæðan er sú að á meðan ríkið innheimtir hjá þessum fyrirtækjum skatta umfram önnur í svipuðum rekstri er það ekki framkvæmanlegt. Ríkið verður að afleggja þessa skattheimtu til þess að sveitarfélögin geti náð rétti sínum.

Fleira kemur reyndar til þegar málin eru skoðuð betur. Það er greinilegt að í sambandi við mjólkursamlögin á sér stað óeðlilega mikil tvísköttun aðstöðugjalds á þessa vöru. Mikill hluti t.d. framleiðslu mjólkurbús á Höfn í Hornafirði fer hingað suður til Reykjavíkur. Það er búið að vinna hana að ákveðnu marki á Höfn og á það er lagt aðstöðugjald. Aðstöðugjald mundi aftur verða lagt á sömu vöruna í sölu hér ef samþykkt yrði sú brtt. sem samþykkt var á frv. í Nd. Þarna er tvísköttun, margsköttun.

Það er líka annað sem við þurfum að líta á þegar verið er að ræða um aðstöðugjald á mjólkurbúin við þær aðstæður sem þau búa við núna. Þegar ríkið skattleggur mjólkurbúin er verið að leggja á skatt fyrir ríkiskassann. Aftur á móti, ef við náum að leggja aðstöðugjald á fyrirtækin sem ég held enn fram að sé réttlætismál, erum við þá að halda skattpeningnum heima. Þess vegna verður — og flm. þessarar brtt. í Nd., einn er hér a.m.k. staddur, þurfa að huga að að fá því breytt — ríkið að hætta að skattleggja þessi fyrirtæki umfram það sem gert er við önnur fyrirtæki í svipuðum rekstri.

Sjálfsagt kemur í ljós þegar verður farið að framkvæma þessi lög um tekjustofna sveitarfélaga að þar hefur kannski fleira verið unnið meira af kappi en forsjá en tillagan um að leggja aðstöðugjald á mjólkurbú, en vonandi veldur það ekki miklum skaða og vitaskuld er að því stefnt að leiðrétta það fljótt þótt það takist ekki við umfjöllunina. — Ég vildi biðja hv. formann félmn. að vera hér í deildinni. (**MF:** Ég er að hlusta á þig.) Ég tel að umfjöllun hv. félmn. í hv. deild hafi ekki verið sem skyldi og hún hafi að mörgu leyti verið betri í Nd., miklu betri jafnvel. En það sem ég held að hafi þó verið sérstakt við umfjöllun þessa máls á hv. Alþingi er að á nefndarálitum, öðrum en því sem hér er lagt fram, er tekið fram að þeir sem hafi fjallað um þessi mál með nefndinni séu starfsmenn félmrn. Þessu máli hefur sem sagt verið ýtt áfram meira af kappi en forsjá á þann veg að það frv. sem búið var til af þeirri nefnd sem ég sat í og hef verið að tala hér um og ráðuneytinu skyldi fara sem mest óbreytt í gegnum hv. Alþingi. Ég held að það hafi verið ókostur við þá umfjöllun sem hér hefur átt sér stað. Þó að ég viðurkenni að frv. sem hér er verið að ræða um á lokastigi sé mjög mikið framfaraspor held ég að það hefði þurft betri umfjöllun í hv. Alþingi án þess að ráðuneytismenn sætu þar yfir og stjórnuðu raunverulega vinnu.

Ég undirstrika að ég tel að sú lenska, sem komin er upp meira og minna á hv. Alþingi, að ráðuneytismennirnir semji frv. og fylgi þeim síðan eftir í gegnum þingflokka og umræður í nefndum sé ekki af hinu góða. Það hlýtur að vera hægt að fá fleiri og aðra til að fjalla um þessi mál í nefndum en þá sem semja frumvörpin og eru að vinna sem slíkir að því að styðja sitt eigið málefni og sitt eigið afkvæmi og láta það breytast sem minnst.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Eins og fram hefur komið varð ekki samstaða innan félmn. um þá brtt. sem flutt er á þskj. 1194. Hv. 14. þm. Reykv. Guðmundur H. Garðarsson og ég munum ekki greiða þessari brtt. atkvæði. Við erum á móti henni og leggjum til að frv. verði samþykkt eins og það kom beint frá Nd.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að hér skuli ekki hafa komið fram nál. frá minni hl. Það sýnir það eitt að um þessi mál, eins og kom greinilega fram við umræðuna í Nd., eru skiptar skoðanir. Menn hafa ekki náð valdi á því við þessa umræðu að færa þetta mál og afgreiðslu þess í þann farveg sem bærilega getur talist líðanlegur.

Hér er verið að tala um aðstöðugjöld á vinnslustöðvar landbúnaðarins eins og þær eru gjarnan kallaðar, vinnslustöðvar í sláturiðnaði og mjólkuriðnaði. En það verður vissulega að hafa í huga að þegar verið er að tala um skatta á þessi fyrirtæki og þegar verið er að tala um að það eigi að afnema undantekningar eða forréttindi verða menn líka að hafa hugfast hvert skattlagningarféð fer. Það held ég að við þurfum að gera miklu víðar en bara í þessari grein. Sú skattlagning sem hér er verið að tala um er fjármagnsflutningar frá framleiðslunni, frá þeim stöðum þar sem þessi framleiðsla verður til og yfir í þéttbýlið. Þetta er grundvallaratriði í þessum efnum. Ég vek sérstaklega athygli á þessu í því sambandi að við höfum fengið ýmislegt að heyra um landbúnaðinn og þá framfærslu sem menn hafa svo mjög verið að tala um að þjóðarbúið hefði af þeim atvinnuvegi.

Ég hripaði það þess vegna upp á blað hjá mér með mjög ófullkomnum hætti hvernig aðstöðugjöld eru lögð á t.d. mjólkurframleiðsluna og mjólkurvörurnar. Mér sýnist að það sé a.m.k. gert þrisvar sinnum eins og málum er nú háttað. Eins og þessi mál koma frá Nd. yrði breytingin sú að aðstöðugjöld yrðu lögð a.m.k. fimm sinnum á sumar mjólkurvörur. Nú skal ég til gamans telja þetta upp.

Í fyrsta lagi eru bændur landsins aðstöðugjaldaskyldir. Þar eru teknir fyrstu skattarnir af þessari framleiðslu í formi aðstöðugjalda. Frá framleiðendum berst nú straumurinn til vinnslustöðvanna og þar kæmi þá önnur skattlagning ef vinnslustöðvarnar yrðu skattlagðar. Frá vinnslustöðvunum fer svo framleiðslan til dreifingaraðilanna, þ.e. Mjólkursamsölunnar hér í Reykjavík m.a. sem er með mjög stóran hluta af þessari dreifingu og Osta- og smjörsölunnar hér í Reykjavík sem er líka með mjög stóran hluta af þessari dreifingu. Þá kæmi þriðji aðilinn sem væri skattlagður fyrir aðstöðugjöld. Frá þessum dreifingarstöðvum fer þessi framleiðsla inn í verslanirnar sem auðvitað eru líka aðstöðugjaldsskyldar. Þar er þá komið að fjórða þrepinu í þessum efnum. Það eru til fyrirtæki sem eru aðstöðugjaldsskyld sem kaupa þessar vörur í smásölu. Þá kemur fimmta þrepið. Það má vel vera að þau séu fleiri en þessi fimm.

Þetta sýnir að aðstöðugjaldið sem slíkt er hreint afskræmi og það ætti að sjálfsögðu ekki að vera til í þessari almennu skattlagningu. Ég vek athygli á því að allan þennan feril eru mjólkurvörurnar að hækka í verði og að tekjurnar sem fara yfir í þjónustugeirann í þjóðfélaginu fara ekki til þeirra sem upphaflega mynda þessi verðmæti. Hér er að sjálfsögðu um fullkomlega óeðlilega skattlagningu að ræða eins og hún birtist. Ég fæ ekki séð að það væri til úrbóta að bæta við tveimur aðilum sem gætu lagt aðstöðugjald á þessa vöru fram yfir a.m.k. þá þrjá sem gera það nú. Þar af leiðandi mun ég greiða þessari tillögu atkvæði.

Það sem hefur verið fullkomin röksemd fyrir því að lögð séu aðstöðugjöld á þessi fyrirtæki í mjólkuriðnaði er að að sumu leyti eru þau með sambærilega framleiðslu og önnur fyrirtæki, t.d. brauðgerð og annað þess háttar. Það er fullkomlega eðlilegt að sambærilegur rekstur njóti sömu kjara í þessum efnum. Þess vegna finnst mér kostur við álit meiri hl. að sérstaklega skuli tekið fram að sú framleiðsla sem leiðir þannig af sér ójöfnuð í viðskiptum skuli vera skattlögð með sama hætti.

Ég vek athygli á því að það er ekki búið að leggja aðstöðugjöld á brauðgerð og aðra þess háttar vöru austur í Hornafirði eða norður í landi. Það er auðvitað ekki gert fyrr en sú framleiðsla á sér stað í þessum fyrirtækjum. Þannig er hér um allt aðrar aðstæður að ræða en í hinni hefðbundnu mjólkurframleiðslu og mjólkuriðnaði. Það eru fullkomin rök fyrir því að þær greinar framleiðslu þessara fyrirtækja séu skattlagðar með sama hætti og gerist annars staðar þar sem þær eru framleiddar. En það á ekki að blanda því saman við mjólkuriðnaðinn sem slíkan. Ég fagna því að það skuli vera gerður greinarmunur þar á því á þessu er grundvallareðlismunur.

En ég vil svo að lokum, herra forseti, lýsa því yfir að ég er ánægður yfir því að þessi umræða skuli hafa farið hér fram í Alþingi, bæði í Nd. og líka í Ed., og ég vona að hún verði til þess að vekja menn til umhugsunar um það hvað aðstöðugjaldið í heild sinni er hæpinn tekjustofn fyrir sveitarfélögin og ranglátur á margan hátt. Ég held að það sé grundvallaratriði í þeim efnum að menn skoði þennan tekjustofn við betra tækifæri því eins og ég sagði er þessi stofn, sérstaklega aðstöðugjaldsstofninn, sérstaklega óhagstæður fyrir dreifbýlið. Hann er fjármagnstilflutningur. Það verður að gjalda tvísköttunar eða þrísköttunar eins og allir vita og það er ósanngjarnt og óeðlilegt. Ég fagna því að þessi mál hafi komið til umræðu í Alþingi. Ég vona að það verði til þess að menn líti meira til með því í framtíðinni hvernig beri að haga þessari skattlagningu.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég hefði í sjálfu sér ekki þurft að kveðja mér hljóðs ef ég hefði þá áður hlustað á ræðu hv. 4. þm. Austurl. því það kom mjög skýrt fram í henni um hvað þetta mál snýst og ég er sammála því sem hann sagði.

Ég vildi aðeins leggja á það áherslu að meinsemdin

í þessu máli er sú að aðstöðugjaldið er versti skattur sem til er í íslensku skattakerfi og er í sjálfu sér ekki hægt að verja hann. Þetta er skattur sem leggst á veltu og tekur ekkert tillit til afkomu og hann er í mörgum tilvikum mjög ranglátur og leggst mjög misjafnlega á vöruverð í landinu. Það sem hér er um að ræða er að sjáfsögðu ekki að skattleggja viðkomandi fyrirtæki því öll skattlagning kemur með einum eða öðrum hætti fram í vöruverði eða þeirri þjónustu sem seld er.

Það hefur verið þannig um langan tíma að það hefur verið litið öðruvísi á svokölluð umboðssöluviðskipti en önnur viðskipti. Þannig er það í mörgum tilvikum að menn sjá sig tilneydda að versla með vörur í umboðssöluviðskiptum m.a. til þess að komast fram hjá þessari skattlagningu, og er ekkert óeðlilegt við það. Um langan tíma hefur það verið þannig að því er varðar landbúnaðarvörur, og þá tala ég af þeirri reynslu sem ég öðlaðist áður fyrr þegar ég kom nálægt slíkum uppgjörum, að litið hefur verið á vinnslustöðvar landbúnaðarins sem umboðssöluviðskipti í þessum skilningi. Ég sé ekki hvaða nauður rekur til þess að breyta þessu nú, einmitt á þeim tíma sem þessar vinnslustöðvar eiga í meiri erfiðleikum en nokkru sinni fyrr. Það þykir e.t.v. góð latína á hv. Alþingi að auka skattlagningu á fyrirtæki sem eru í miklum taprekstri og þá er rétt að grípa tækifærið þegar verst stendur á. Með þeim hætti væri að sjálfsögðu verið að auka skattlagningu sem er í útsöluverði landbúnaðarvörunnar sem mundi þá koma fram í hækkuðu vöruverði eða aukinni niðurgreiðsluþörf. *Ég er því þeirrar skoðunar og hef ávallt* verið að þessi mál eigi að vera óbreytt og ekki eigi að gera neina breytingu þar á þar til menn manna sig einhvern tímann upp í að leggja þennan vitlausa skatt niður. Það er eins og með marga aðra skatta að þá þarf að finna eitthvað annað í staðinn, en ég vona að ég lifi þann dag að sjá aðstöðugjald lagt niður á Íslandi.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Óvænt varð þetta æðiskemmtileg umræða og uppbyggileg þegar hæstv. sjútvrh. kom í pontuna og lýsti því m.a. yfir að allir skattar væru í eðli sínu þannig að þeir lentu út í vöruverðinu um síðir og að lokum á alþýðu manna. Þetta er alveg laukrétt hjá hæstv. ráðherra. Og hann lýsti því að hann hefur haft starfa af því að sjá um framtöl fyrirtækja og þar komist að raun um hverjir það voru sem að lokum greiddu skattana. Það var alþýða landsins.

Nú get ég verið sammála honum um að aðstöðugjald geti verið jafnhæpið og margir skattar aðrir. Nánast á hverjum degi erum við að afgreiða einhver skattahækkunarlög. Að vísu erum við stjórnarandstæðingar yfirleitt á móti þeim, en þau eru að renna hér í gegn eitt af öðru. T.d. ætlar ríkið á eftir, að mér skilst, að skattleggja sjálft sig um nokkra tugi milljarða, þ.e. að taka tvöfalt gjald fyrir ríkisábyrgðir ríkistryggðra banka, þ.e. Landsbankans og Búnaðarbankans. Það á að færa nokkra milljónatugi beint úr bönkum þessum, af því að þeir eru svo aflögufærir og eiga svo létt með að lækka vextina eins og allir vita, og yfir í kassa hæstv. fjmrh. Sá skattur er enn þá vitlausari en aðstöðugjald.

Ég hef heyrt svolítið um skattalög líka í öðrum löndum. Menn eru ekki á því að svokallaður „business tax" eða veltuskattur sé endilega sá versti. Ef fyrirtækin græða borga fyrirtækin þann skatt. Fyrirtæki á Íslandi eru hins vegar með þeirri náttúru og þeim eru búin slík starfsskilyrði að þau græða yfirleitt ekki og velta þess vegna öllum sköttum beint út í verðlagið og á bök alþýðunnar. Það var alveg laukrétt athugasemd hjá hæstv. ráðherra.

Nú situr síst á mér að ætla að tefja þessa umræðu með því að nægar eru annirnar, en ég komst ekki hjá að vekja athygli á þessari yfirlýsingu hæstv. ráðherra vegna þess að hún verðskuldar að menn fari nú loksins að hugsa um það að skattahækkanir eins og við höfum upplifað síðustu ár og áratugi jafnvel, stanslausar skattahækkanir, keyra auðvitað áfram verðlag. Þær rýra kjör alþýðu, þær keyra upp verðbólguna og þær auka halla ríkisins. Við sáum í fyrra gatið sem átti að fylla upp í með 3 milljörðum í sköttum eins og það var kallað, en það átti að hafa borð fyrir báru og þess vegna voru skattarnir hækkaðir um 5 milljarða til þess að gatið mundi nú örugglega lokast og jafnvel velta út úr kassanum eitthvað af peningum. Það urðu 7,2 milljarðar þegar upp var staðið. Nú er verið að dengja á sköttum dag hvern, nýjum og nýjum sköttum, fyrst og fremst í *ríkissjóð en ekki til sveitarfélaganna.* Aðstöðugjaldið fer þó til sveitarfélaganna og sveitarstjórnir eru í návígi við borgarana og reyna kannski þess vegna að stilla sköttum í hóf því að þær vilja gjarnan sumar hverjar láta kjósa sig aftur. Skattarnir eru hins vegar með því eðli að þeir keyra áfram verðbólguna. Þeir velta ekki bara beint upp á bök alþýðunnar eins og ráðherrann sagði. Þeir keyra áfram verðbólguna og þeir auka hallann á ríkissjóði. Það er staðreynd málsins. Þeir hafa gert það vegna þess að það eru nefnilega tveir dálkar í fjárlögunum. Það gleymist alltaf þegar verið er að loka gatinu að það er líka til gjaldahlið. Yfirlýsingin sem gefin var af fyrrverandi hæstv. fjmrh. þegar leið á sl. ár var sú að hallinn yrði mikill vegna þess að tekjurnar hækkuðu minna en gert var ráð fyrir en gjöldin miklu meira. Síðan er bara reiknað og reiknað og útkoman 7,2 milljarðar í staðinn fyrir 5 milljarðar í afgang.

Þessa hlið á dæminu mætti hæstv. ráðherra líka íhuga af því að hans stjórn og hans stjórnir eru núna einmitt að endurtaka þennan leik. Auðvitað verður fólkið að velta þessum byrðum af sér. Og ríkisgjöldin eru nánast bara tvennt, þ.e. bein og óbein vinnulaun og gjaldeyrisnotkun. Þegar gengið er fellt annan hvern dag eða svo og launin hækka og allur kostnaður verður hærri í þjóðfélaginu er gjaldahliðin fyrst og fremst að hækka og hún hækkar fyrr og hún hækkar meira en tekjurnar. Þess vegna verður hallinn á því ári sem nú er senn hálfnað hærri en nokkurn tíma áður í sögunni. Það er ég alveg sannfærður um, líka

þó að teknir séu smápinklar eins og af sjálfu sér með bankasköttunum sem núna er verið að leggja á.

Við eigum mörg mál hér óafgreidd og ég lofaði að tefja ekki umræðuna, en það var svo merkilegt sem hæstv. ráðherra lagði inn í hana að það var ómögulegt annað en vekja rækilega athygli á skarpskyggni ráðherrans. Nú kemur sveitarstjórnarmaðurinn upp í hv. þm. Stefáni Guðmundssyni sem er annt um að hafa lága skatta. Ég held að það sé alveg óhætt að lofa honum að hafa einhverja heimild til að ná í einhverja skatta til sveitarfélaga. Ég veit að hann fer vel með það og ekki neitt nándarnærri jafnilla og hæstv. fjmrh. og ráðherrarnir gera. Ég treysti honum til þess að hafa það mjög í hófi sem lagt er á atvinnulífið. Um hitt má svo deila hvort það á að ganga jafnt yfir öll atvinnufyrirtæki. Það gerir það hvergi. Það eru mismunandi skattstigar. Aðstöðugjaldið er allt frá 0% og upp í 1,5 til 2% eða eitthvað svoleiðis. Getur farið lengra á ákveðnum vörum.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Þetta er búin að vera nokkuð fróðleg umræða um þann skatt sem hér er mælt fyrir um, um aðstöðugjald til sveitarfélaga. Ég verð að taka undir orð síðasta ræðumanns að ég átti ekki von á að hæstv. sjútvrh. mundi koma upp í stólinn og lýsa því yfir að hann væri á móti skattheimtu af þessu tagi. Það hefur nefnilega verið þannig að þessi ríkisstjórn og sú síðasta sem sat hafa verið að tala um að skattar eigi að vera réttlátir og ná yfir alla línuna, ná til allrar starfsemi. Síðan áttu að koma styrkir frekar til þeirra aðila sem ríkið vill vernda til þess að mæta því tjóni sem sérstakir hópar eða þá fyrirtæki verða fyrir. En það gilda kannski önnur lögmál þegar um tekjustofna fyrir sveitarfélög er að ræða en ríkið. Málið er einfaldlega að sveitarfélög eru mjög mismunandi og tekjur þeirra koma fram við mjög mismunandi starfsemi. Það er allt annað í Reykjavík en í litlum sveitarfélögum úti á landi sem byggjast mikið á landbúnaði. Með því að fella niður þessa skattheimtu eða þá að hafa hana ekki eru möguleikar þeirra sveitarfélaga til þess að fá tekjur mjög rýrðir. Ég er því meðmæltur því að mjólkurbúum og sláturhúsum verði gert að greiða aðstöðugjöld eins og öðrum fyrirtækjum í þessu landi.

Það er hins vegar greinilegt að ekki er meiri hluti fyrir því hér í hv. Ed. Þess vegna hef ég lagt fram brtt. ásamt Júlíusi Sólnes, sem yrði einhvers konar málamiðlun, er hljóðar svo:

„Við 34. gr. C-liður síðari mgr. orðist svo:

Starfsemi sláturhúsa og mjólkurbúa. Undanþágа mjólkurbúa nær einungis til framleiðslu mjólkur" — og þá sleppt út úr „og mjólkurafurða". — „Undanþága sláturhúsa nær einungis til búfjárslátrunar."

Þarna er verið að koma því inn að það sé aðeins mjólk sem sé undanþegin aðstöðugjaldi en ekki mjólkurafurðir eins og jógúrt o.fl. Ég held að þarna sé málamiðlun sem menn geta fallist á út af því að mjólkin er sú vara sem flesta varðar um og neytendur sérstaklega og þá tekjulægstu hópana í þjóðfélaginu. Það er mjólkin sem skiptir hér höfuðmáli og það er einmitt það sem er verið að sjá um að hækki ekki.

Ég verð að viðurkenna að ég hélt að ég ætti ekki eftir að mæla með því að skattleggja. En ég met meira sveitarfélögin í þessu sambandi en landbúnaðinn í heild og því vil ég að þessi skattur komist á með þeim rökstuðningi að ekki megi mismuna fyrirtækjum eftir því í hvaða rekstri þau eru.

En ég legg fram þessa brtt. og ég vona að henni hafi annaðhvort verið dreift eða verði dreift.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. 1219, sem var of seint fram komin, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 1194 samþ. með 12:5 atkv.

Brtt. 1219 kölluð aftur.

Frv., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv. og endursent Nd.

Kosningar til Alþingis, 3. umr.

Frv. KH o.fl., 416. mál (kosningarréttur). — Þskj. 776, brtt. 1196.

Frsm. allshn. (Jón Helgason):

Herra forseti. Milli 2. og 3. umr. hefur allshn. fjallað nokkuð um frv. til l. um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, 416. mál, og ræddi þar nánar um framkvæmdaatriði þeirrar breytingar sem frv. felur í sér til þess að kveða skýrar á um þau. Eftir þá athugun ákvað nefndin að leggja fram nokkrar brtt. sem eru á þskj. 1196.

Í fyrsta lagi er breyting við 1. gr., 3. lið, að bæta þar við: „sbr. 2. tölul. 15. gr.", þ.e. að vísa í það hverja þarna er átt við. En það er nánar skýrt í 15. gr. með þeirri breytingu sem frv. gerir ráð fyrir.

Síðan er brtt. við 2. gr. frv. sem er um 15. gr. laganna. Þar er í fyrsta lagi kveðið á um að það er Hagstofa Íslands sem skal hafa umsjón með þeirri skrá um íslenska ríkisborgara sem ekki eiga lögheimili hér á landi en óska eftir að eiga hér kosningarrétt. Það er óbreytt að þeir eru sjálfkrafa með kosningarrétt fyrstu átta árin en síðan þurfa þeir að sækja um og það skal gert til Hagstofu Íslands á sérstöku eyðublaði sem Hagstofan mun útbúa. Umsókn skal vera komin fyrir 1. des. ár hvert til þess að þeir verði teknir inn á kjörskrá næsta árs.

Þá er enn fremur ákvæði um að umsókninni skuli fylgja yfirlýsing frá umsækjanda um að hann sé enn íslenskur ríkisborgari.

Ef Hagstofa Íslands metur umsókn umsækjanda fullgilda skal hún setja nafn viðkomandi aðila inn á kjörskrá í því sveitarfélagi þar sem hann átti síðast lögheimili og tilkynna sveitarstjórn og svo umsækjanda sjálfum þá ákvörðun.

Síðan kemur nýr 3. tölul. inn í 15. gr. laganna með

nánari skýringum á þessum ákvæðum og um leið breytist númeraröð þannig að núv. 3. tölul. verður 4. tölul.

Í umfjöllun nefndarinnar kom fram að það eru fleiri breytingar sem þarf að gera á kosningalögunum en ekki vannst tími til þess að ganga lengra en þetta og verður þess að vænta að breyting um það verði lögð fyrir næsta þing. Þar má benda á að nú virðist ekki lengur vera ástæða til að setja inn á kjörskrá þá sem verða 18 ára á því ári sem kosning fer fram, þ.e. það er ekki ástæða til að setja þá inn á hana sem ekki ná 18 ára aldrinum fyrr en eftir að kosningar fara fram. Einnig mun vera brýnt og reynslan hefur sýnt að það er brýnt að hægt sé að krefja menn um persónuskilríki áður en þeir greiða atkvæði.

En með þeim breytingum sem ég hef gert hér grein fyrir í stuttu máli ítrekar nefndin stuðning sinn við frv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1196,1 samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 1196,2 samþ. með 12 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.

Frv. KJóh, 113. mál (greiðsla opinberra gjalda með skuldaviðurkenningum). — Þskj. 116, n. 1181, brtt. 1182.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar hefur fjallað um frv. til l. um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem hv. þm. Kjartan Jóhannsson flutti í Nd.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja þeim brtt. sem fram kunna að koma. Undir þetta rita allir nefndarmenn, þar af þrír með fyrirvara, hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, Júlíus Sólnes og Halldór Blöndal.

Frv. fjallar um það að gera menn jafnsetta gagnvart hugsanlegum samningum um greiðslu skatta í vanskilum og skulda við hið opinbera og er í rauninni verið að staðfesta og skýra þær venjur sem gilt hafa í þessum efnum. Til fundar við nefndina komu ýmsir þeirra sem um þessi mál fjalla, þeirra á meðal forstjóri Gjaldheimtunnar í Reykjavík og fulltrúar fjmrh. sem töldu þessa breytingu vera til bóta. Skylt er að geta þess að í nefndinni kom fram ágreiningur um 1. efnismgr. frv. og hefur verið flutt brtt. við hana, en nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt með þeim fyrirvörum sem ég hef áður getið.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Eins og hv. frsm. fjh.- og viðskn. skýrði frá er aðeins eitt nál. og undir það rita allir hv. nefndarmenn, en þrír þó með fyrirvara og eru það auk mín Halldór Blöndal og Júlíus Sólnes. Efnislega má kannski segja að ekki sé mikill ágreiningur á milli okkar í nefndinni og kannski raunar enginn, það sé meira formsatriði, en þó með þeim hætti að ég a.m.k. gat ekki staðið að því að samþykkja 1. gr. frv. eins og hún er orðuð í frv. Þess vegna leggjum við sem fyrirvara gerum til að 1. málsl. 1. mgr. falli brott.

Ég skal í örstuttu máli gera grein fyrir ástæðunum fyrir þessari brtt. En með leyfi forseta hljóðar upphaf 1. gr. á þennan veg: „Það skal vera stefna við innheimtu á tekjuskatti og eignarskatti samkvæmt lögum þessum að allir gjaldendur, sem eins stendur á um við innheimtu, vanskil og nauðungaraðgerðir, skuli hljóta sams konar meðferð."

Hér er auðvitað um það að ræða að setja í almenn lög það sem þegar er auðvitað í stjórnarfarsrétti og stjórnarskránni sjálfri, þ.e. að menn eigi að sitja við ein og sömu lögin. Það hefur tíðkast, að vísu í litlum mæli hérlendis og ég man raunar ekki nema eitt dæmi sem vakti athygli og það er svokölluð Ólafslög, að í löggjöf eru tekin ummæli eins og þau: Stefnt skal að, ríkisstjórnin mun o.s.frv. Þetta hefur ekki þekkst í íslenskri löggjöf og eru vægast sagt hortittir að hafa í lögum ummæli sem þessi. Þar að auki er það svo alveg ljóst sem fram kemur í 2. gr. grg., en þar stendur, með leyfi forseta, og ég les fyrst 1. mgr.:

„Fyrir Alþingi liggur vitneskja um að fjármálaráðherrar hafi tekið sér vald sem þeir ekki hafa að lögum til að leyfa einstökum aðilum að greiða háar fjárhæðir opinberra gjalda með skuldabréfum til lengri eða skemmri tíma og með mismunandi kjörum að öðru leyti eftir geðþótta ráðherra."

Ég skal engan dóm leggja á þessa fullyrðingu, en 2. mgr. hljóðar svo:

„Með þessu hefur verið brotið gegn sjálfri meginstefnu allrar skattalöggjafar að allir þegnar þjóðfélagsins, sem eins stendur á um, hljóti sömu meðferð og þá eingöngu samkvæmt lögum eins og kveðið er á um í stjórnarskrá lýðveldisins."

Þarna segir í stjórnarskránni sjálfri það sem talið er að skuli vera stefna hér. Það er ekki hægt að setja í stefnu eins eða neins eitthvað sem brýtur stjórnarskrána í þessu efni. Raunar, svo að menn skilji málið alveg til hlítar, kemur í umsögn um 1. gr. nákvæmlega það sem segja þurfti, en hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Með þessari grein eru sett skilyrði fyrir því að fjmrh. sé heimilt að leyfa einsökum aðilum að greiða opinber gjöld með skuldaviðurkenningu til lengri eða skemmri tíma. Samkvæmt greininni skal einungis heimilt að lána opinber gjöld í þeim tilvikum þar sem skattheimtuaðili telur að krafan fáist ekki greidd nema með því að semja um greiðslu á henni. Í slíkum tilvikum er fjmrh. heimilt að samþykkja greiðsluskilmála, enda liggi fyrir umsögn Ríkisendurskoðunar. Þá kveður greinin á um að Ríkisendurskoðun geti Alþingi árlega skýrslu um slíka samninga."

Í síðari hluta 1. mgr. segir allt sem segja þarf og allt það sem í lög á að setja. Það á ekki að setja greinargerðir og stefnuyfirlýsingar í lög. Það getur verið málefni flokka, það getur verið málefni stofnana að skilgreina hvað þeir vilji og hvers þeir óski. En í lögum eiga einungis að vera fyrirmæli sem eru skýr og einföld og 1. gr., þegar sleppir 1. málsl. sem við leggjum til að falli niður, segir allt sem segja þarf. Þar stendur: „Telji innheimtumaður tök á að tryggja greiðslu á kröfu" o.s.frv. skal með farið eins og þar stendur.

Ég tel það vera til vansa að samþykkja greinina óbreytta, en jafnvel þótt svo sé er ég sammála meiri hl. nefndarinnar um efni málsins og hlýt því að láta það yfir mig ganga þó að þessi tittur verði settur í lög sem er þess eðlis að þetta verður vonandi afmáð úr lögum þegar skattalög verða endurskoðuð. Ég vildi hins vegar ekki láta þetta frv. fara í gegn öðruvísi en að ég og aðrir sem gera fyrirvara bentum á að svona eigi löggjöf ekki að vera. Þetta er til vansa og ef löggjöfin verður útbíuð í svona hortittum og óþarfa staðhæfingum, stefnumálum o.s.frv. er það til mikils tjóns þegar fram í sækir.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Það er auðvitað skoðun sem hægt er að hafa og rökstyðja eins og hv. síðasti ræðumaður gerði að ákvæði af þessu tagi eigi illa heima í löggjöf. Ég skil það mjög vel og auðvelt er að rökstyðja þá skoðun. Hins vegar er það svo að slík ákvæði er víða að finna í lögum og frv. var samið að höfðu samráði við lögfróða menn. Ég ítreka þá skoðun mína að ekkert sé því til fyrirstöðu að ákvæði af þessu tagi séu í lögum til þess að taka af tvímæli og staðfesta með mjög ótvíræðum hætti hver er andi laganna að því er þessi efni varðar. En ég skil út af fyrir sig rök og málflutning hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar þótt við séum ekki sammála um þetta efni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1182 felld með 9:3 atkv.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Umferðarlög, 1. umr.

Frv. allshn. Ed., 509. mál (öryggisbelti, hlífðarhjálmar o.fl.). — Þskj. 1164.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingar á umferðarlögum, nr. 50/1987 sem er á þskj. 1164. Frv. er flutt af hv. allshn., en í því eru sameinuð meginefni tveggja frv. sem nefndin hefur haft til umfjöllunar. Annars vegar er frv. sem ég hef flutt ásamt fleiri hv. þm., þeim Karli Steinari Guðnasyni, Guðmundi Ágústssyni, Skúla Alexanderssyni og Guðrúnu Agnarsdóttur, og hins vegar frv. sem flutt var af hv. þm. Eiði Guðnasyni.

Ég held að ekki sé ástæða fyrir mig að fara út í efnisatriði þessa frv. Nefndin hafði ekki hugsað sér að nauðsynlegt væri að vísa frv. til nefndar þar sem nefndin flytur frv., en eftir að það kom fram bárust henni athugasemdir frá einum starfsmanni í dómsmrn. og þykir nefndinni rétt að skoða málið aftur með tilliti til þeirra athugasemda. Þess vegna er lagt til að að lokinni þessari umræðu verði því vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Hagþjónusta landbúnaðarins, 1. umr.

Stjfrv., 413. mál. — Þskj. 1191.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um Hagþjónustu landbúnaðarins eins og frv. heitir eftir breytingu í hv. Nd. Frv. fjallar um að komið verði á fót Hagþjónustu landbúnaðarins og hún verði þá starfrækt á Hvanneyri í Borgarfirði í tengslum við búvísindadeild Bændaskólans þar.

Helstu markmið og verkefni þessarar hagþjónustu verði að hafa yfirumsjón með og skipuleggja búreikningahald ásamt úrvinnslu búreikninga, vinna að ýmsum hagskýrslum í landbúnaði og ýmsum sérverkefnum, vinna grunnupplýsingar fyrir verðlagningu búvara og fleira af því tagi og hafa enn fremur umsjón með hagrænum leiðbeiningum í landbúnaði og annast e.t.v. þann þátt kennslunnar í búvísindanámi.

Á undanförnum árum hafa fjölmargir aðilar ályktað um nauðsyn þess að koma á fót og efla þjónustu af þessu tagi sem kæmi í stað Búreikningastofu landbúnaðarins sem starfrækt hefur verið undir yfirstjórn Búnaðarfélags Íslands í Búnaðarfélaginu. Það er einnig enginn vafi á að á því er veruleg þörf að bætt séu vinnubrögð við söfnun hagrænna upplýsinga í landbúnaði og á það ekki bara við um það sem til þessarar stofnunar mundi heyra heldur og almennt um söfnun hagrænna upplýsinga úr þessari atvinnugrein og hygg ég að það sé sameiginlegt mat þeirra sem til þekkja bæði hjá Þjóðhagsstofnun, Hagstofu og annars staðar að þeim málum þurfi að koma betur fyrir en nú er.

Það er einmitt ætlunin að þessi stofnun, Hagþjónusta landbúnaðarins, leggi lið í þessum efnum með þeim hætti að þær upplýsingar sem þar verður safnað verði á sambærilegu og tæku formi fyrir aðra aðila sem hafa með upplýsingasöfnun á þessu sviði að gera og það er einmitt von mín að sem mest og best

samstarf geti tekist milli þessara stofnana, Hagþjónustu landbúnaðarins og Hagstofu, Þjóðhagsstofnunar og annarra aðila sem sinna verkefnum á þessu sviði. Þess vegna er mjög mikilvægt að við meðferð málsins í hv. Nd. mættu fulltrúar þessara aðila á fundi landbn. Nd. og tókst eftir atvikum allgott samkomulag um tilteknar breytingar á frv. sem einmitt lúta að því að skilgreina hlutverk Hagþjónustunnar þannig að það sé í eðlilegu samræmi við verkefni annarra stofnana á þessu sviði.

Ég ætla ekki að hafa um þetta öllu fleiri orð, herra forseti. Ég undirstrika þó að hér er verið að stíga skref, þó ekki sé það mjög stórt, í þá átt að færa þjónustu út um landið sem margir hafa talað mikið um á undanförnum árum en minna orðið úr framkvæmdunum. Þetta er ekki eina málið af þessu tagið sem verið hefur til skoðunar og er til skoðunar í landbrn. heldur er þar nánast verið að skoða alla hluti með það í huga að það af opinberri þjónustu og ekki síst af ýmiss konar þjónustu tengdri landbúnaðinum sem staðsetja megi úti um land og efla e.t.v. þéttbýliskjarna eða staði með því að færa þangað slíka starfsemi skuli fært. Ég er þess fullviss að þetta mun verka hvetjandi á það starf sem þegar er unnið að málefnum landbúnaðarins á Hvanneyri í Borgarfirði og er það vel því að sá staður og sú stofnun eru mjög mikilvæg fyrir landbúnaðinn vegna þess hlutverks sem hann gegnir í fræðslumálum og rannsóknastarfi sömuleiðis. Þess vegna er það að mínu mati ánægjulegur fylgifiskur frv. um leið og fyrir því standa mjög veigamikil efnisleg rök, sem ég hef hér gert stuttlega grein fyrir, að bæta þessa þjónustu, að hún yrði byggð upp á þessum stað.

Ég tel að eins og frá málinu var gengið eftir umfjöllun landbn. Nd. og meðferð í Nd. og þá samstöðu sem tókst um breytingar á frv. að höfðu samráði við Hagstofu, Þjóðhagsstofnun og fleiri aðila megi ætla að allgóð samstaða sé um þetta mál og fagna ég því og vona að sömuleiðis takist um það samstaða hér í hv. Ed. og afgreiðslu þess.

Að lokinni þessari umræðu, herra forseti, legg ég svo til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

EFRI DEILD

110. fundur, miðvikudaginn 17. maí, að loknum 109. fundi.

Skógrækt, 1. umr.

Frv. landbn. Nd., 511. mál (aðalstöðvar Skógræktar ríkisins). — Þskj. 1176.

Of skammt var frá 3. umr í Nd. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Lögreglumenn, 1. umr.

Frv. ÁrnG o.fl., 163. mál (próf frá lögregluskóla og tjónabætur). — Þskj. 1203.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, 1. umr.

Frv. fjh.- og viðskn. Nd., 506. mál (aðild starfsmanna Sinfóníuhljómsveitarinnar). — Þskj. 1127.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.

Frv. KJóh, 113. mál (greiðsla opinberra gjalda með skuldaviðurkenningum). — Þskj. 116.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1227).

Þjóðarbókhlaða og endurbætur menningarbygginga, 2. umr.

Stjfrv., 374. mál. — Þskj. 1098, n. 1205, brtt. 1206.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar hefur fjallað um þetta frv. Niðurstaða nefndarinnar varð sú að mæla með samþykkt málsins með einni brtt. Margrét Frímannsdóttir var fjarverandi lokaafgreiðslu málsins.

Undir nál. skrifa allir nefndarmenn að henni undanskilinni. Þó skrifa þeir hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson og hv. þm. Halldór Blöndal og Júlíus Sólnes undir nál. með fyrirvara.

Brtt. sem nefndin mælir með er við 7. gr. frv. um að hún orðist svo sem hér segir, með leyfi forseta:

„Menntmrh. skipar þrjá menn í stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn, einn samkvæmt tilnefningu kirkjumálaráðuneytis og tvo án tilnefningar, og skal annar hafa sérþekkingu á sviði þjóðminjaverndar. Sameinað Alþingi kýs hlutfallskosningu þrjá menn í stjórnina til jafnlangs tíma. Menntmrh. skipar formann nefndarinnar úr hópi stjórnarmanna."

Þessi háttur þykir eðlilegri að ýmsu leyti og till. er flutt í fullu samráði við og með vitund hæstv. menntmrh. og um þetta atriði var ekki ágreiningur í nefndinni. Nefndin leggur sem sagt til að frv. verði samþykkt með brtt. sem flutt er á sérstöku þingskjali og með þeim fyrirvörum sem ég hef áður getið.

Júlíus Sólnes:

Virðulegur forseti. Við þingmenn Borgfl. í Ed. flytjum sérstaka brtt. við frv. sem kemur fram á þskj. 1223, en hún varðar 2. gr. frv. þar sem er fjallað nánar um með hvaða hætti afla skuli tekna í þann sjóð sem skal mynda til þess að standa straum af kostnaði við endurbætur á húsakosti menningarstofnana eins og svo er orðað í frv.

Nú er það ljóst að við styðjum þetta mál. Við teljum að hér sé um mjög gott mál að ræða í sjálfu sér. Reyndar gat ég þess þegar við 1. umr. þessa máls að ég teldi það vera þjóðinni til vansa hvað hún hefur hugsað illa um menningarbyggingar sínar, hin menningarlegu verðmæti sín. Þess vegna viljum við að sjálfsögðu taka þátt í því og stuðla að því að betur megi halda á þessum málum í framtíðinni. Ég er hins vegar ekki, né við þingmenn Borgfl., algerlega sáttur við það að eyrnamerkja sérstaka skatta til þess arna eins og kemur fram í 1. tölul. 2. gr. frv. þar sem segir svo: „Tekjur sjóðsins eru: Sérstakur eignarskattur, sbr. 3.–6. gr."

Nú er nánar tiundað í 3.–7. gr. hvernig þessi eignarskattur skuli á lagður. Við hefðum fremur kosið að í stað þessa kæmi að framlag úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum hverju sinni skuli nema minnst 5% af álögðum eignarskatti.

Ég sé nú að okkur hafa orðið á mistök þannig að það þarf einnig að breyta 3. gr. og reyndar þá líka 3.–7. gr. og bið ég hv. þm. velvirðingar á því, en ég held að það komi skýrt fram hvað vakir fyrir okkur, að í stað þess að leggja á sérstakan eignarskatt til að mynda tekjur fyrir þennan sjóð teljum við að það eigi einungis að gera ráð fyrir framlagi úr ríkissjóði, fyrir svo utan liði 3 og 4 sem eru vextir af inneignum sjóðsins á bankareikningum og gjafir. Við erum tilbúnir að setja ákveðin mörk á það framlag sem gert er ráð fyrir að renni til sjóðsins úr ríkissjóði á fjárlögum hverju sinni þannig að það verði minnst 5% af álögðum eignarskatti. Það mun víst vera svo að á næsta ári mundi þessi sérstaki eignarskattur, sem er lagður á til að mynda tekjustofn fyrir þennan sjóð, nema u.þ.b. 8% af heildareignarsköttum sem verða á lagðir.

Ég held ég þurfi ekki að hafa þessi orð fleiri, hæstv. forseti. Ég held að það sem vakir fyrir okkur komi mjög skýrt fram með þessari brtt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 1223 felld með 9:2 atkv.
2. gr. samþ. með 12:1 atkv.
3.–6. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 1206 (ný 7. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
8.–12. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Ákvæði til brb. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

105. fundur, miðvikudaginn 17. maí, kl. 2 miðdegis.

Tilhögun þingfunda.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Áður en gengið er til dagskrár er rétt að taka fram að ætlun mín er sú að eftir að atkvæðagreiðslum er lokið, svo og 3. umr. og atkvæðagreiðslum um dagskrármál nr. 6, 7 og 8 sem eru til 3. umr. verði settur nýr fundur og komi þá til 3. umr. fjögur fyrstu dagskrármálin. Síðar á þessum fundi kann svo að verða boðað til hins þriðja fundar og bið ég hv. deildarmenn að vera við því búna að það verði verulegar atkvæðagreiðslur í dag.

Aðskilnaður dómsvalds og umboðsvalds, frh. 2. umr.

Stjfrv., 182. mál. — Þskj. 731 (sbr. 204), n. 1045.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 20:3 atkv.
2.–22. gr. samþ. með 18:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21:1 atkv.

Þinglýsingalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 200. mál (þinglýsingarstjórar). — Þskj. 732 (sbr. 257), n. 1040.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 22:1 atkv.
2.–25. gr. samþ. með 24:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Lögbókandagerðir, frh. 2. umr.

Stjfrv., 247. mál. — Þskj. 457, n. 1041.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.–16. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Aðför, frh. 2. umr.

Stjfrv., 111. mál (heildarlög). — Þskj. 863 (sbr. 114), n. 1042.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.–108. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Framhaldsskólar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 454. mál (rekstrarkostnaður, skólanefndir o.fl.). — Þskj. 1187 (sbr. 814).

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til menntmn. með 28 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, 3. umr.

Frv. fjh.- og viðskn. Nd., 506. mál (aðild starfsmanna Sinfóníuhljómsveitarinnar). — Þskj. 1127.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Skógrækt, 3. umr.

Frv. landbn. Nd., 511. mál (aðalstöðvar Skógræktar ríkisins). — Þskj. 1176.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Lögreglumenn, 3. umr.

Frv. ÁrnG o.fl., 163. mál (próf frá lögregluskóla og tjónabætur). — Þskj. 1203.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

NEÐRI DEILD

106. fundur, miðvikudaginn 17. maí, að loknum 105. fundi.

Aðskilnaður dómsvalds og umboðsvalds, 3. umr.

Stjfrv., 182. mál. — Þskj. 731 (sbr. 204).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Mér er ljóst að frv. sem hér er til umræðu verður að lögum. En e.t.v. einmitt þess vegna er rétt að eyða dálítilli stund til að hugleiða hvernig Alþingi Íslendinga stendur að fjárútlátum á fjárlögum.

Það er útbreiddur misskilningur að stærstu ákvarðanir í þeim efnum séu teknar í desembermánuði ár hvert. Stærstu ákvarðanir í þeim efnum hafa ávallt

verið teknar í maímánuði á sama ári, þ.e. þessa dagana er Alþingi Íslendinga að moka út ákvörðunum sem þýða ákvarðanir um fjárlög í haust. Þannig standa málin.

Hvatinn að frv. sem hér er til umræðu er að fyrir Haag-dómstólnum er verið að reka tiltekið mál og menn segja: Við verðum að taka þær ákvarðanir sem duga til þess að hægt sé að sýna fram á að við séum búnir að tryggja það réttarfar í þessu landi sem samrýmst getur þeim samþykktum sem við höfum skuldbundið okkur til að standa að. Gott og vel. Útgáfan að því hvað við þurfum að gera er aftur á móti á mjög mismunandi vegu. Sumir fullyrða að við þurfum aðeins að staðfesta að sjálfstæði örfárra manna sem í dag raunverulega vinna þessi verk hjá sýslumannsembættunum sé nægilega mikið til að hægt sé að líta svo á að þeir séu óháðir dómendur. En þetta dugar ekki. Við erum staðráðnir í því að hella yfir íslenska þjóð verulegum kostnaði í þessum efnum. Og satt best að segja verð ég að segja eins og er að ég tel að það sem fyrst og fremst sé í ólagi í íslenska dómskerfinu sé það að við erum ekki lengur öruggir um það hvort dómar Hæstaréttar séu samhljóða vegna þess að við erum búnir að kljúfa dóminn. Við erum komnir með of marga menn í Hæstarétt til að niðurstaða hans, vegna þess að dómurinn er klofinn, sé fordæmisgefandi gagnvart þeim aðilum sem eru að dæma í undirrétti. Þú rekur ekki lengur prófmál fyrir Hæstarétti Íslands vegna þess að það er hlutkesti sem ræður hver niðurstaðan verður. Þetta er það sem ekki gengur í íslenska dómskerfinu og er aðalatriðið.

Annað er það sem ég vildi segja í þessu sambandi. Ég var skipaður í nefnd fyrir nokkrum árum til að fara yfir stöðu fangelsismála á Íslandi. Og ef ég man þetta rétt tengdist þetta þáltill. sem núv. félmrh. flutti. Við fórum í vettvangskannanir í íslensk fangelsi. Ég verð að segja eins og er að óneitanlega væri ég glaðari að standa að því á fjárlögum í haust að setja peninga til þess að reyna að koma fangelsismálum Íslendinga í viðunandi horf. En við erum harðákveðin í því að afgreiða hér og nú útgjöld vegna dómskerfisins og vitum jafn vel að þegar kemur að fangelsismálunum verður niðurskurðarhnífurinn á lofti. Ég held nefnilega að það þurfi að fara að skoða það í alvöru hvort ekki sé skynsamlegt að afhenda fréttamönnum og þingmönnum reglulega í lok þingsins lista yfir það hvað ákvarðanirnar sem menn hafa verið að taka á seinustu vikum kosta ríkissjóð mikið á næsta ári.

Það getur vel verið að menn segi: Þetta eru góð mál. Þetta er falleg skipan. Við ætlum að hafa þessa menn á ferðalögum á Vestfjörðum, í Strandasýslu og í Barðastrandarsýslu. Við ætlum ekki kalla fólkið á staðina. Við ætlum ekki að boða menn úr Strandasýslu til að mæta fyrir dómi á Ísafirði. Við ætlum að halda þetta dómþing í Strandasýslu. — Ég held aftur á móti að varðandi það atriði hafi það gleymst að fyrsta verkefni sýslumanna varðandi dómsmálin hefur verið að reyna að vinna að sáttum og margir af mætustu sýslumönnum vors lands náðu undraverðum árangri í þeim efnum að sætta menn. Það er nefnilega ekki víst að undir öllum kringumstæðum sé skynsamlegt hjá aðilum að standa í þeim deilum sem þeir standa í frammi fyrir dómstólum. Ég óttast mjög að það verði afturför hvað þetta snertir með þeirri tilfærslu sem verið er að leggja til. Mér er ljóst að það er hægt að heimila að greiða útlagðan kostnað sem vitni þarf að hafa af því að þurfa t.d. að mæta á dómsstað ef það þarf að fara langan veg. Ég hygg aftur á móti að það hafi sárasjaldan gerst að þetta hafi verið gert og oftast nær hafi menn mátt búa við að hafa slíkar kvaðningar bótalaust. Hins vegar hlýtur það að koma til umhugsunar þegar þetta frv. er samþykkt og verið er að tala um að menn ætli að dæma málin á hinum ýmsu stöðum hvernig slíkar yfirlýsingar hafi raunverulega haldið þó þær hafi verið gefnar hér í þinginu. Hvernig héldu yfirlýsingarnar sem voru gefnar á Alþingi Íslendinga varðandi Bifreiðaskoðun Íslands hf.? Þar er réttlætið komið í hlutafélag og eigendur hlutafélagsins útdeila réttlætinu. Alþingi samþykkti og ber alla ábyrgð á þeim.

Ég er nefnilega ekki búinn að sjá að það verði niðurstaðan þegar fram líður að þeir hinir háu herrar sem setjast að á hinum ýmsu stöðum muni nenna að standa í því að þvælast mikið á milli heldur verði niðurstaðan sú að þeir boði menn á sinn fund og þá gæti farið svo að sumum þætti þeir þurfa að fara um nokkuð langan veg og e.t.v. gæti niðurstaðan af réttarbótinni miklu orðið hin fleygu orð í Íslandsklukkunni sem höfð eru eftir Jóni Hreggviðssyni eða búin til af nóbelsskáldinu: „Vont er þeirra ranglæti en verra er þeirra réttlæti.“ Því segi ég þetta hér og nú að ég vil að þetta komi fram. Ég er ekki trúaður á það að við séum að bæta íslenskt dómskerfi í neinu samræmi við þann aukna kostnað sem við erum að leggja til.

Ég er hér með möppu með gögnum og aðalniðurstaðan, þegar yfir þetta er farið, er að það hafa verið mjög mismunandi viðhorf hjá lögfræðingum í þessu landi og sýslumönnum um það hvort sú breyting sem menn eru að leggja til sé æskileg. Og eitt sýnist mér að blasi við: Ég held að þetta kalli á enn eina gengisfellinguna á sýslumönnum. Það er nú spurning hvort sú mynt þolir mikið fleiri gengisfellingar því að satt best að segja held ég að það sé orðið alvörumál líka ef við skoðum þetta að það er trúlega betra að gerast innheimtulögfræðingur hér í Reykjavík undir annarra stjórn en að taka við veigaminnstu embættunum í sýslumannskerfi landsins eftir að þessi breyting hefur verið gerð.

Herra forseti. Ég ætla ekki að þreyta þetta þinghald með langri ræðu um þetta mál, en ég vildi að þessar efasemdir mínar kæmu hér fram.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Það mál sem hér hefur verið til umræðu er ekki stórt mál ef maður lítur á það þannig, en það er stórt mál. Ég tek undir það sem hv. 2. þm. Vestf. sagði hér áðan um afgreiðslu á þessu þingi og fyrri þingum á þeim fjármunum sem eru til skiptanna hjá ríkinu. Hér er verið að afgreiða mál sem kostar

ríkið e.t.v. mörg hundruð milljónir. Það hefur áður verið afgreitt á þessu þingi töluvert mikið af lögum sem kosta ríkið hundruð milljóna og allt í allt mundi þetta ná kannski 2–3 milljörðum sem er verið að bæta við þau útgjöld sem þegar hafa verið ákveðin á fjárlögum og eru því ekki í samræmi við þau fjárlög sem hafa verið samþykkt á sl. hausti.

Í þessu þjóðfélagi hefur verið hörð umræða um kjaramál og kjör opinberra starfsmanna. Í þeirri umræðu hefur hins vegar ekki komið fram hver er raunverulega meginkjarninn í þeirri baráttu. Hann er að verða sá að í ríkiskerfinu eru orðnir svo margir starfsmenn að það verður að halda niðri kjörunum. Þetta er nokkurs konar dulbúið atvinnuleysi. Ríkið er búið að sópa til sín fjármunum sem eru svo miklir að ekki er hægt að halda uppi launum í samræmi við það sem eðlilegt mætti teljast. Við erum að samþykkja hér eitt frv. til viðbótar sem þýðir að það verður minna til skiptanna, það verða minni fjármunir sem er hægt að greiða í kaup þeirra sem vinna hjá ríkinu. Ég hef oft spurt: Hvar á að taka þessa peninga? Þegar maður lítur á störf Alþingis virðist ríkisstjórnin ganga á undan með því að eyða fjármunum og ég held að forustumenn ríkisstjórnarinnar, hæstv. ráðherrar, haldi að peningarnir vaxi á trjánum og þeir þurfi ekki annað en fara út og tína þá og þá sé allt í lagi.

En það er komið að mörkum þess sem hinn almenni borgari og fyrirtækin þola í skattlagningu. Við höfum heyrt á undanförnum mánuðum hvernig samdráttur er á hinum almenna vinnumarkaði sem þýðir auðvitað að það verður lægra kaup sem verður greitt hvað sem öllu öðru líður, líka á þeim markaði. Það verður því að staldra hér við og ég held að það væri full ástæða til þess að öll frv. sem fælu í sér fjárútlát yrðu að fara fyrir fjvn. þingsins þar sem hún yrði að afgreiða þau með ábyrgum hætti þannig að ekki væri farið langt fram úr þeim fjárlögum sem eru samþykkt hverju sinni. Ég vildi taka undir þau orð sem hv. 2. þm. Vestf. hefur látið falla um þetta og held að við ættum að afgreiða færri mál á Alþingi hverju sinni en þó betur unnin.

Þá vil ég taka undir það sem hv. 2. þm. Vestf. sagði um sýslumennina og gengisfellingu þeirra starfa sem er alveg hárrétt. Það er alveg ljóst að með samþykkt þessa frv. munu tekjur sýslumanna minnka allverulega og þau störf verða ekki jafneftirsóknarverð og þau hafa verið. Þetta er nokkuð ljóst. Ég held að það hljóti því að kalla á að við skoðum þessi mál með öðrum hætti en oft áður. Við verðum að standa ábyrgir í þinginu við að afgreiða mál og við getum ekki látið ríkisstjórnir hverju sinni henda í okkur hverju lagafrumvarpinu á fætur öðru sem þýðir meiri útgjöld. Þegar við í stjórnarandstöðunni höfum lagt fram brtt. upp á kannski 10 millj. allt í allt segja hæstv. ráðherrar: Hvar ætlið þið að taka tekjurnar? Ég spyr aftur: Hvar ætla hæstv. ráðherrar að afla tekna fyrir þeim frv. sem hér hafa verið samþykkt undanfarnar vikur og hvar ætla þeir að bera niður í skattlagningu til þess að ná saman endunum hjá ríkinu?

Ég er sannfærður um að fólkið í landinu er búið að fá nóg. Það vill að það verði stoppað við, ríkiskerfið verði ekki þanið út með þeim hætti sem nú er verið að gera. Fólkið vill jafnframt að ábyrg fjármálastjórn sé hjá þinginu og hjá ríkisstjórninni. Það er ekki nú. Það er óábyrgt eins og hér hefur komið fram þegar hent er inn hverju frv. á fætur öðru sem kostar hundruð milljóna og þýðir að ríkisútgjöldin vaxa allverulega fram úr því sem áætlað var með samþykkt fjárlaga. Það er óábyrg afgreiðsla. Ég vil segja að hæstv. ráðherrar eru algerlega óábyrgir í stjórn ríkisins með þessum hætti. Hæstv. fjmrh. átti auðvitað að vera hér og segja álit sitt á kostnaði við frv. og leggja fram álit sitt með þeim hætti sem var eðlilegt. Það er algerlega út í loftið að samþykkja frumvörp fyrir utan ramma fjárlaga og í rauninni algerlega ólöglegt. Það varðar við stjórnarskrána að samþykkja hér fjárútlát sem eru ekki tekin inn á fjárlög og þýðir í rauninni að við erum að brjóta stjórnarskrána.

Hér fluttu nokkrir þingmenn frv. til að laga stjórnarskrána. Þessir þingmenn ætla núna eins og oft áður að brjóta stjórnarskrána með þeim hætti að auka útgjöld ríkisins allverulega án þess að heimild sé til þess á fjárlögum. Það verður að hætta þessu því að stjórnarskráin verður ekki betri en þingmenn sem hér sitja og það er alveg sama hvað hún er með margar greinar og hvað hún er falleg og fín. Ef þingmennirnir fara ekki eftir henni og fara ekki eftir þeim lögum sem þeir eiga að fara eftir verður það svo að stjórnarskráin verður ekkert nema ómerkileg stjórnarskrá sem ekkert mark er takandi á.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta lengra að sinni, en ég tel að þingmenn ættu að sameinast um að hafa ábyrga afstöðu í fjármálum og taka með fullri ábyrgð á því þegar þeir eru að auka útgjöld ríkisins með þeim hætti sem hér er og hefur verið í mörgum frv. hér undanfarið, stoppa þau af nema ríkisstjórnin geti lagt fram áætlun um frekari tekjuöflun sem hún er ábyggilega fús að gera því að það eina sem hún virðist sammála um er að leggja meiri skatta á fólkið. Því er ég ekki tilbúinn að taka þátt í.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Hér fer fram mjög þýðingarmikil umræða um það mál sem hér er á dagskrá og það er sem stundum hefur gerst áður að ráðherra sá sem er í forsvari fyrir þessu máli er ekki viðstaddur í þingsalnum. Ég tel það óviðunandi, herra forseti, að halda þessari umræðu áfram án þess að hæstv. ráðherra sé við og beini því til hæstv. forseta að umræðunni sé frestað þegar í stað.

Forseti (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. dómsmrh. mun vera viðstaddur umræðu í Ed., en eftir því verður leitað að fá hann hingað til fundar þegar í stað.

Þau boð hafa borist að hæstv. dómsmrh. er í ræðustól í Ed. rétt á þessum mínútum, en að beiðni hv. 2. þm. Norðurl. v. verður nú þessari umræðu frestað meðan reynt er að ná sambandi við dómsmrh.

Umræðu frestað.

Jarðræktarlög, 2. umr.

Stjfrv., 463. mál (framlög ríkissjóðs). — Þskj. 1157, n. 1195.

Frsm. landbn. (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Landbn. hefur haft með að gera frv. til l. um breytingar á jarðræktarlögum nr. 46 30. mars 1987. Nefndin sendi samhljóða frá sér svohljóðandi nefndarálit:

„Nefndin hefur fjallað um frv. á fundum sínum. Nefndin mætti, ásamt landbn. Ed., á aukafund búnaðarþings og fylgdist með umræðum. Þá komu jarðræktar- og búfjárræktarnefndir búnaðarþings á sameiginlegan fund landbúnaðarnefnda þingsins til viðræðna um frv.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt eins og Ed. afgreiddi það."

Undir þetta skrifa allir nefndarmenn í landbn. Nd.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Leigubifreiðar, 2. umr.

Stjfrv., 438. mál (heildarlög). — Þskj. 798, n. 1188, brtt. 1189, 1210.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 1210. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. samgn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegi forseti. Samgn. hefur fjallað um 438. mál, frv. til l. um leigubifreiðar, og stendur sameiginlega að nál. á þskj. 1188, en það er svohljóðandi:

„Nefndin hefur fjallað um frv. og fengið um það umsagnir frá Trausta, félagi sendibifreiðastjóra, Vinnuveitendasambandi Íslands, Verktakasambandi Íslands, Kristni Snæland, fulltrúa launþega í umsjónarnefnd leigubifreiða í Reykjavík, Félagi vinnuvélaeigenda, Landvara, landsfélagi vörubifreiðaeigenda á flutningaleiðum, bifreiðastjórafélaginu Frama og Landssambandi vörubifreiðastjóra. Þá barst nefndinni sameiginleg álitsgerð sem send hafði verið samgrn. frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna og Félagi vinnuvélaeigenda.

Nefndin fékk jafnframt á sinn fund til viðræðna um frv. Ólaf Steinar Valdimarsson, ráðuneytisstjóra í samgönguráðuneytinu, og Helga Jóhannesson, lögfræðing í ráðuneytinu, Helga Seljan og Arnþór Helgason frá Öryrkjabandalaginu, Ingólf Finnbjörnsson og Lárus Þór Svanlaugsson frá Trausta, félagi sendibifreiðastjóra, Þórarin V. Þórarinsson frá VSÍ, Víking Guðmundsson, Braga Sigurjónsson, Þóri Guðmundsson og Þórólf Kristján Beck frá Landssambandi vörubifreiðastjóra, Steingrím Jónasson frá Félagi vinnuvélaeigenda, Jóngeir H. Hlinason frá Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, Sigurð Sigurjónsson frá Sendibílum hf., Ingólf M. Ingólfsson frá bifreiðastjórafélaginu Frama og Óskar H. Sigurðsson, formann nefndar sem launþegar í leigubifreiðastjórastétt skipuðu til að fjalla um frv.

Nefndin mælir með því að frv. verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali. Verður hér gerð grein fyrir þessum breytingum í þeirri röð sem þær eru á þingskjalinu.

1. Við 7. gr. er gerð sú breyting að á félagssvæðum með færri en 5000 íbúa megi veita mönnum atvinnuleyfi þó að þeir stundi ekki akstur fólksbifreiða sem aðalatvinnu. Nefndin telur að á félagssvæðum, sem ná yfir fámenn sveitarfélög, sé eigi alltaf grundvöllur fyrir því að menn hafi það að aðalatvinnu að stunda leiguakstur fólksbifreiðar.

2. Við 8. gr. eru gerðar þrjár breytingar. Í fyrsta lagi er ekki talið rétt að veita atvinnuleyfi mönnum sem eldri eru en 65 ára, í stað 67 ára samkvæmt frv., í ljósi þess að atvinnuleyfi skv. 9. gr. fellur úr gildi við 70 ára aldur. Í öðru lagi er sett inn ákvæði þess efnis að heimilt sé að taka sérstakt tillit til umsókna um atvinnuleyfi frá öryrkjum, enda uppfylli þeir önnur skilyrði laganna um veitingu atvinnuleyfis og ætla megi að leiguakstur henti þeim. Gert er ráð fyrir að sett séu nánari ákvæði um þetta atriði í reglugerð og mætti þar m.a. kveða á um þann hámarksfjölda öryrkja er kæmi til greina við veitingu atvinnuleyfis ár hvert. Þriðja og síðasta breytingin er aðeins orðalagsbreyting.

3. Við 9. gr. eru gerðar þrjár breytingar. Sú fyrsta er gerð til að taka af öll tvímæli um að atvinnuleyfi skuli falla úr gildi við lok 70 ára aldurs leyfishafa. Önnur breytingin gerir ráð fyrir að felld sé niður heimild til að framlengja atvinnuleyfi allt til 75 ára aldurs. Þetta þykir of hár aldur. Í staðinn kemur bráðabirgðaákvæði í 14. gr. er kemur til móts við þá er náð hafa 67 ára aldri við gildistöku laganna. [Og að betur athuguðu máli flytur nefndin brtt. við brtt. á þskj. 1210 um að miða við 66 ára aldursmörk varðandi þetta atriði.] Þriðja breytingin felur í sér að eftirlifandi maki leyfishafa haldi leyfinu í allt að þrjú ár. Í frv. var gert ráð fyrir einu ári en nefndin telur það ákvæði of stíft.

4. Við 10. gr. er gerð sú breyting að í stað þess að Samband ísl. sveitarfélaga tilnefni einn mann í umsjónarnefnd fólksbifreiða verði það viðkomandi sveitarfélag eða sveitarfélög sameiginlega í því tilviki þegar félagssvæðið nær yfir fleiri en eitt sveitarfélag. Nefndin telur eðlilegt að fulltrúar heimamanna sitji í umsjónarnefndinni.

5. Við 14. gr. er bætt tveimur bráðabirgðaákvæðum. Hið seinna hefur verið nefnt hér á undan en það fyrra felur í sér að launþegar í leigubifreiðastjórastétt skuli hafa forgang við veitingu atvinnuleyfis næstu þrjú ár eftir gildistöku laganna. Þykir þetta ekki

óeðlilegt þar sem þeir eru yfirleitt búnir að aka í 2–3 ár með það í huga að fá atvinnuleyfi en er nú skylt að keppa við aðra, svo sem rútubílstjóra og strætisvagnastjóra sem samkvæmt frv. geta nú sótt um atvinnuleyfi til leigubifreiðaaksturs.

Vegna athugasemda, sem fram hafa komið um að í 2. mgr. 5. gr. kynni að felast almennur einkaréttur til vöruflutninga án tillits til þess hvers konar tæki er notað til flutninganna, telur nefndin rétt að fram komi að hún álítur að í ákvæðinu felist ekki breyting frá gildandi lögum. Leiguakstur vörubifreiða er skilgreindur í 3. mgr. 1. gr. og er sú skilgreining efnislega sú sama og er í 2. mgr. 5. gr. núgildandi laga, nr. 36 1970. Með frv. er á engan hátt þrengt að starfsemi verktaka og vinnuvélaeigenda frá því sem nú er og sú starfsvernd, er fram kemur í 2. mgr. 5. gr., er því aðeins bundin við leiguakstur á vörubílum af heildbundinni gerð og lýtur ekki að verktakastarfsemi á sviði flutninga.

Þá vill nefndin lýsa þeirri skoðun sinni að hún telur að í 3. gr. frv. felist að bifreiðastöðvum fyrir leigubifreiðar sé skylt að skipuleggja starfsemi sína með þeim hætti að sem næst sé fullnægt eftirspurn eftir þjónustu leigubifreiða á álagstíma."

Undir þetta skrifa allir nefndarmenn í samgn. deildarinnar.

Á þskj. 1189 er síðan, virðulegur forseti, að finna brtt. við frv. Ég hef gert hér með upplestri á nál. grein fyrir þessum brtt., en vil aðeins ítreka að á þskj. 1210 flytur samgn. brtt. við fyrri brtt. á þskj. 1189 þar sem lagt er til að í stað aldursmarkanna 67 ár komi 66 ár. Það er gert til samræmis og af sanngirnissjónarmiðum. Hér er um að ræða það markmið, sem lagt er til að lögfest verði, að leigubifreiðastjórar ljúki sínu starfi við lok 70. aldursárs í framtíðinni að liðnum þeim aðlögunartíma sem felst í bráðabirgðaákvæði og þessari brtt. á þskj. 1210.

Benedikt Bogason:

Herra forseti. Ég sé á öllu að brtt. sem síðasti ræðumaður fjallaði um eru allar meira eða minna að þoka þessu máli í rétta átt og er vel, en mér finnst engan veginn hafa verið tekið nægilega á ýmsum atriðum sem komu fram hérna í 1. umr. Þar kom fram að þetta er dálítið flókið mál og hefur margar hliðar og er kannski erfitt að fóta sig í þessu á nefndarfundum, en þar sem maður býst tæplega við að þetta komist alla leið í gegnum þingið núna ætla ég að láta nægja að benda á tvö atriði sem mér finnst að verði að taka á.

Í 6. gr. er skilyrði um að menn séu fullgildir félagar í hlutaðeigandi stéttarfélagi. Eftir mínum skilningi eru bifreiðastjórar allflestir atvinnurekendur og það eru kannski 45–50% af veltunni sem eru laun til mannanna, eigendanna sjálfra, til bílstjóranna. Hins vegar eru líka til dæmi um að það eru menn sem starfa að því að keyra fyrir aðra og þá eru þeir sjálfsagt fyrst og fremst launþegar.

Mér finnst að það þurfi að skoða þetta dæmi, vera ekki að setja þetta svona fram því þetta er ekki svona, enda eru til tvö félög. Það er til Frami hjá leigubílstjórunum og það er til gamla launþegafélagið, er mér tjáð, sem mig minnir að heiti Steinninn. Mér finnst að það þurfi að skoða þennan lið.

Svo er það 7. gr. sem ég vil endilega benda á. Þar er í 3. línu: „Grundvöllur atvinnuleyfanna er að sérhver leyfishafi eigi fólksbifreið og hafi það að aðalatvinnu að aka henni sjálfur." Þetta „eigi" hæfir ekki nútímastöðu í fjármögnun. Það eru ýmsir sem hafa farið út í að skaffa sér strax nýjar bifreiðir eða góðar bifreiðir og hafa þá orðið að fara m.a. út í að gera kaupleigusamninga. Þeir teljast þá ekki eiga bifreið fyrr en þeir eru búnir að fullnægja þeim samningi. Þetta hafa menn gert til að brjóta sig frá þeirri gömlu klassísku reglu að menn byrji á að kaupa útjaskaða gamla bíla og setja þá svo upp eftir því sem gengur. Þegar þetta er orðað þannig í lögum sé ég ekki betur en verið sé að útiloka slíkan möguleika.

Margt fleira væri verðugt að kanna betur í nefndum eins og hvernig fjölskyldan stendur eftir ef makinn fellur frá sem hefur ekið bifreið. Þau eru vissulega til bóta þau þrjú ár sem t.d. ekkja getur haft möguleika á að framlengja leyfið um. Ég mundi jafnvel vilja bæta við það að ef sérstakar ástæður væru fyrir hendi mætti framlengja um eitt ár í senn eftir það. Ég þekki svona dæmi. Það yrðu ábyggilega ekki mörg slík dæmi en einhver. Mér finnst það mannréttindamál að svipta fjölskylduna ekki algerlega þessum afkomumöguleika við það að makinn fellur frá.

Að öðru leyti ætla ég ekki að segja meira um þetta að sinni.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Í 5. gr. stendur, með leyfi forseta: „Á félagssvæði þar sem takmörkun er í gildi skulu bifreiðastjórar í sömu grein vera í sama stéttarfélagi."

Nú stendur þannig á að a.m.k. á einum stað eru tvö stéttarfélög vegna þess að bílstjórarnir á þessu svæði koma sér engan veginn saman. Mér finnst það vera langt gengið þar sem svo hagar til að það skuli eiga að skylda þá sem eru nú í sérstöku félagi til að sameinast í einu félagi. Það er eiginlega verið að taka þarna félagafrelsi af hópi manna sem mundi leiða til vandræða. Ég geri ráð fyrir því eða veit að nefndarmenn í hv. samgn. þekkja þetta mál og mér þykir eiginlega athyglisvert að þær aðstæður sem þarna liggja að baki skyldu ekki vera teknar til greina.

Ég ætla ekki að ræða þetta frekar nú, en óska eftir því að tími gefist til þess á milli umræðna að ræða þetta mál til að koma í veg fyrir vandræði sem þarna munu skapast ef þetta stendur eins og það er í frv.

Frsm. samgn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Vegna þeirra ábendinga sem hér hafa komið fram hjá tveimur hv. ræðumönnum sem hafa tjáð sig við umræðuna um frv. og nál. vil ég segja nokkur orð.

Hv. 16. þm. Reykv. Benedikt Bogason vék að ákvæði 6. gr. Hann vísaði til ákvæða um stéttarfélög eða félagssvæði, hefur e.t.v. átt við 5. gr. samkvæmt

frv. (Gripið fram í.) — og einnig hana. Hv. þm. Stefán Valgeirsson vék að sama atriði í sínu máli hér. Um þessi efni fjallaði nefndin á fundum sínum sem voru allmargir og hún hafði vitneskju um þann ágreining sem er uppi í einu byggðarlagi á landinu í sambandi við skipan stéttarfélaga í tengslum við vörubifreiðaakstur, að ég hygg, og í sambandi við fólksbílaakstur. Um þessi efni er að finna að því er snýr að 1. gr. í III. kafla sem varðar takmörkun sérstakt ákvæði til bráðabirgða sem er svofellt eftir breytingu sem nefndin gerir á því:

„Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 5. gr. laga þessara er heimilt að láta aðra skipan mála haldast til bráðabirgða", stóð í frv., en nefndin leggur til að það verði að haldast um allt að tveggja ára skeið á tilteknu svæði eftir nánari fyrirmælum í reglugerð.

Þetta bráðabirgðaákvæði snýr einmitt að því efni sem hv. þm. vék að. Með því að kveða á um tímamörk af hálfu nefndarinnar er haft í huga að þessi aðlögunartími verði notaður til þess að leysa þann ágreining sem uppi er, annaðhvort með samkomulagi eða eftir öðrum leiðum ef ekki tekst samkomulag. Það almenna viðhorf ríkti í nefndinni, er mér óhætt að fullyrða, að eðlilegt sé að það haldist í hendur réttindi og skyldur í sambandi við leiguakstur. Þeir sem fá atvinnuleyfi með takmörkunum taki einnig á sig ákveðnar skyldur og það sé nauðsynlegt að fela viðkomandi stéttarfélagi meðferð mála fyrir hönd sinna umbjóðenda til þess að unnt sé að koma þeirri skipan á þjónustuna sem æskileg er frá viðhorfi neytandans, svo og frá sjónarhóli þeirra sem þessi störf stunda, hvort sem talað er um atvinnurekstur eða launþegastörf, þannig að þeir megi hafa af þeim framfæri og viðunandi tekjur. Þessi atriði sem snúa að því að leggja kvaðir á þá sem fá atvinnuleyfi og gangast undir takmarkanir, að þeir sinni neytendaþjónustu, koma einnig fram í 3. gr. frv. þar sem gert er ráð fyrir því að viðkomandi skipuleggi starfsemina í samráði við stéttarfélög sín. Þetta á sérstaklega við fólksbifreiðaakstur, leiguakstur á fólksbílum, til þess að tryggja þjónustu. Á þetta leggur nefndin sérstaka áherslu í áliti sínu.

Það kom vissulega til umræðu og athugunar af hálfu nefndarinnar hvort eitthvert álitamál gæti verið hér uppi að því er snertir stjórnarskrárbundin réttindi, þ.e. að skylda menn til aðildar að stéttarfélagi í sambandi við leiguakstur. Það álit lá fyrir nefndinni frá tilkvöddum aðila, Þorgeiri Örlygssyni, sem var beðinn að líta á þetta mál, að vísu með mjög stuttum fyrirvara, en það álit hans lá fyrir að hér væri ekki verið að ganga neitt nærri ákvæðum stjórnarskrárinnar í sambandi við félagafrelsi eða önnur atriði og vísað var til ýmissa ákvæða í lögum um önnur efni sem telja má nokkrar hliðstæður í sambandi við þetta. Nú ætla ég ekki að fara að kveða upp neina úrskurði í því efni, en nefndin hafði þetta vissulega til athugunar og íhugunar. Hitt er ljóst að greindar meiningar geta verið um mál af þessum toga og nefndinni var kunnugt um sjónarmið lögmanns sem hefur til athugunar hagsmuni annars þess félags bifreiðastjóra sem starfar að ég hygg í Keflavík, kannski nágrenni, var kunnugt um að þar liggja önnur sjónarmið fyrir.

Með tilliti til alls þessa taldi nefndin rétt að kveða á með þeim hætti sem hér liggur fyrir og hafa það bráðabirgðaákvæði með tveggja ára aðlögunartíma til þess að aðilum gefist ráðrúm til þess að koma sér saman um mál eða leita réttar síns með öðrum hætti ef ástæður bjóða.

Í sambandi við það atriði í 7. gr. sem hv. þm. Benedikt Bogason vék að, að óeðlilegt væri að leggja þá kvöð á leyfishafa að hann eigi fólksbifreið og það mætti hugsa sér að menn væru að afla sér slíks tækis með kaupleigusamningi eða öðru slíku, þá getur það vissulega verið álitaefni hvað eigi að lögbjóða í þeim málum. En ég held að það sé að mörgu leyti góð regla í rekstri af þessu tagi að viðkomandi sé eigandi þess tækis sem hann notar í sambandi við sína þjónustu og hafa ýmsir ekki auðgast mikið á því að fara út í kaupleiguviðskipti í sambandi við smárekstur af ýmsu tagi þó margt af því hafi vissulega lukkast. Þetta getur verið álitaefni eins og fleira í máli af þessu tagi, en fyrir nefndinni lágu engar óskir frá samtökum leigubílstjóra um það að breyta þessu ákvæði. Ég tek það skýrt fram. Það lágu engar óskir eða ábendingar fyrir um þetta atriði og það var ekki skoðað sérstaklega af nefndinni. Það er kannski af þeim sökum sérstaklega að engir tóku það upp sem álitaefni.

Ég held að óhætt sé að fullyrða að samtök leigubifreiðastjóra á fólksbifreiðum leggja ríka áherslu á afgreiðslu þessa máls og telja það mjög þýðingarmikið að málið nái fram að ganga. Ég hygg að það liggi fyrir að forusta Bifreiðastjórafélagsins Frama telur frv. eins og það liggur hér fyrir ásættanlegt og er mjög áfram um að það megi takast að lögfesta þetta mál nú á þessu þingi. Ég held að menn hafi nú unnið annað og meira og vandasamara en að koma frá sér máli af þessu tagi þó að ég viðurkenni vissulega að ef á að ljúka þingi á allra næstu dögum er skammur tími sem hv. Ed. sérstaklega er ætlaður til þess að fjalla um þetta mál.

Varðandi að lokum, virðulegi forseti, það atriði sem snýr að mökum leyfishafa hefur nefndin breytt verulega frá því sem var í frv. til rýmkunar þar sem lagt er til að framlenging geti orðið allt að þrjú ar í stað eins árs sem var samkvæmt frv. Mér sýnist að þar sé vel komið til móts við þá sem missa maka, sem hefur stundað þennan rekstur, til þess að tryggja sinn hag eftir bestu föngum. Þetta er í rauninni hliðstætt því ákvæði sem hefur verið í gildi um þessi mál þó að það kunni að vera að einhver aðlögun umfram þriggja ára tíma hafi verið stunduð í vissum tilvikum.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég þekki þarna til mála þó að ég vilji ekki nefna staðinn sem við er átt. Ég mælist til þess að hæstv. samgrh. reyni að leysa þetta mál vegna þess að ég þekki að þarna er búið að vera 30 ára stríð. Það leysist áreiðanlega ekki á næstu tveimur árum og þá verður þarna vandræðaástand. Það er ekki nóg að

segja „til bráðabirgða" heldur að ráðherra sé heimilt að veita undanþágu þar sem svo stendur á að tvö félög eru á sama svæði. Þá er verið að girða fyrir að hægt verði að stofna tvö félög þar sem þau eru ekki nú, en það mundi leysa þetta vandræðamál.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. samgn. fyrir vinnuna við þetta frv. og þær lagfæringar sem þar eru á gerðar samkvæmt tillögum nefndarinnar sem ég tel vera til bóta og eru reyndar margar í samræmi við þá umræðu sem hér fór fram um málið, 1. umr., þar sem rætt var sérstaklega um margt af því sem síðan hefur orðið hv. samgn. tilefni til að flytja brtt. um og er mikilvægt. Ég fagna því að samstaða hefur tekist í nefndinni um afgreiðslu málsins og brtt. sem nefndin flytur.

Varðandi það sérstaka atriði sem hv. 6. þm. Norðurl. e. vék að og mér er kunnugt um, þar sem ég veit hvert tilefnið er þó að engin nöfn séu nefnd, þá eru þar uppi vandamál sem vonir hafa nú staðið til að mætti nota þennan aðlögunartíma til að leysa. Það kann að vera að hann dugi ekki til og yrði það slæmt ef ekki tækist með einhverjum hætti að leysa þetta og þá helst með samkomulagi. Ef svo færi ekki yrði að taka á því sérstaklega.

Ég er tilbúinn að ræða við formann nefndarinnar milli umræðna um þetta mál, hvort einhver breyting á orðalagi að þessu leyti mætti verða til samkomulags, en út af fyrir sig held ég að það sé grundvallaratriði sem hér er lagt til og verði nánast undirstaðan undir því stjórnkerfi sem frv. byggir á þannig að það er ekki um það að ræða að falla frá því í aðalatriðum hvort það kæmi til greina að veita meiri hemildir vegna þeirra aðstæðna sem fyrir eru. Það má að sjálfsögðu velta því fyrir sér og skoða það þó að æskilegast væri að reyna að nota einhvern slíkan aðlögunartíma eins og nefndin gerir tillögur um eða eins og í frv. var upphaflega, að þetta yrði heimilt til bráðabirgða óskilgreint til þess að koma lagi og þeirri skipan mála á að á hverju svæði væri einungis eitt félag.

Því miður er það svo með þessa merku stétt, sem vill svo til að ræðumaður tilheyrir, bílstjórana, að henni hefur stundum gengið illa að koma sér saman og þetta eru ekki einu deilurnar sem uppi hafa verið og þessum málaflokki tengjast og afgreiðslu þessa frv. En ég vil leggja á það sérstaka áherslu við umræður um þetta mál, eins og ég reyndar gerði í 1. umr., að það er orðið nánast óframkvæmanlegt að stýra þessum málum og stjórna með þeim hætti sem gert hefur verið undanfarin ár á grundvelli mjög gamalla og algerlega ófullnægjandi laga sem síðan hefur leitt til þess að stjórnvöld hafa teygt sig jafnvel lengra en góðu hófi gegnir við setningu reglugerða sem eiga sér þá í sumum tilvikum ekki nægilega trausta lagastoð. Þess vegna er það mjög brýnt, og ég vil leggja á það sérstaka áherslu að fá þessa endurskoðun laganna í gegn þannig að unnt verði að taka á þessum málum með öðrum og markvissari hætti en mögulegt hefur verið hin síðari ár vegna þess hversu úrelt og ófullkomin þau lög eru orðin sem við er að styðjast.

Benedikt Bogason:

Herra forseti. Það er aðeins örstutt. Kannski sem svar við svari hv. 2. þm. Austurl. sem er talsmaður nál. Eins og ég sagði áðan er það að mörgu leyti ágætt það sem það nær, en mér finnst það ná of skammt og ég mundi heldur vilja láta þetta taka einhverja mánuði í viðbót og reyna að enda vissa slæma hluti sem hafa viðgengist í áratugi. Það kann vel að vera að einhverjir vilji viðhalda einhverjum sérstökum atriðum sem maður hefur stundum heyrt gagnrýnd, en ég treysti mér ekki til þess að fara út í það á þessum stað og þessari stundu. En í sambandi við 5. og 6. gr. mundi ég eftir því þegar hæstv. samgrh. fór að ræða um erfiðleikana — sem ég hef fulla samúð með því að ég hef kynnst því aðeins. Ég veit að þetta er erfitt. En mér hefur verið tjáð að nýlega hafi fallið hæstaréttardómur um einmitt þetta varðandi stéttarfélagið. Hæstiréttur úrskurðaði að þetta stæðist ekki á grundvelli þeirrar reglugerðar, eftir því sem ég skil, og þetta stæðist ekki gagnvart stjórnarskránni. Reglugerðir verða að standast gagnvart lögum og lög gagnvart stjórnarskránni þannig að ég sé ekki að það standist gagnvart stjórnarskránni heldur ef þetta er rétt.

En það sem mig langar sérstaklega til að leggja áherslu á við hv. 2. þm. Austurl. er að mér finnst það dálítið „kómískt" að einmitt hann, sem kemur frá rótum alræðis öreiganna, skuli alveg bíta sig í þetta orð, „eigi". Við getum ekkert miðað við það okurkerfi sem óx hér allt í einu upp öllum að óvörum og heitir kaupleiga. Ég býst við því að þessi okurvíma fari að renna af Íslendingum eða þeim hluta Íslendinga sem hafa stundað þetta á næstunni. Ég þekki þetta í útlöndum, siðmenntuðum löndum þar sem kaupleiga er notuð sem mjög hentugt og heppilegt tæki og Íslendingar hafa t.d. notað það mjög mikið í sambandi við flugvélakaup. Loftleiðir notuðu þetta alltaf á sínum tíma og það er notað enn. Kaupleigukerfið á nefnilega að bjóða upp á lægri vexti en venjuleg bankalán vegna þess að tökurétturinn er svo ótvíræður og skýr. Um leið og kaupleigan kemur inn í landið er smellt á tvöföldum vöxtum. Þess vegna, ef hér myndast heilbrigt kaupleigukerfi, er mjög hagstætt fyrir efnalitla menn sem eru að hefja sinn atvinnurekstur að taka kannski allt upp í heilt atvinnutæki á kaupleigusamningi. Ég býst við að hv. þm. hafi átt við það að við vitum mýmörg dæmi um hvernig bæði leigubílstjórar og smábátaeigendur hafa flækt sig í þetta okurnet. En Íslendingar eru siðmenntuð þjóð og við erum að sjá í gegnum þennan okurvef sem hefur lagst yfir þjóðina á síðustu 5–6 árum og við skulum vinna okkur út úr honum. Það er það sem ég er með í huga sérstaklega. Fyrir utan að það tíðkast nú líka að menn ná sér í lán á lágum vöxtum meðan þeir eru að koma sér í gang finnst mér að þetta eigi ekki að standa þarna í lögum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.–6. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 1189,1 samþ. með 25 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 1189,2 samþ. með 24 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 1189,3 samþ. með 24 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 1189,4 samþ. með 24 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
11.–13. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 1210 samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 1189,5a samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 1189,5b samþ. með 22 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Skýrsla Ríkisendurskoðunar um fullvirðisrétt.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Í Dagblaðinu sl. laugardag stóð með stríðsfyrirsögn „Hörð gagnrýni Ríkisendurskoðunar á störf Jóns Helgasonar. — Einn milljarður án lagaheimilda". Og undirfyrirsögn „Forsetar þingsins ákveða viðbrögð Alþingis eftir þingslit".

Ástæðan fyrir þessari frétt er sú að lögð var fyrir Alþingi skýrsla Ríkisendurskoðunar um framkvæmd búvörulaga, nr. 46/1985, tímasett í apríl sl. Henni fylgir hefti með fylgiskjölum. Helstu niðurstöður skýrslunnar, sem koma fram á bls. 2 og 3, eru m.a. þær að Ríkisendurskoðun telur að reglugerð nr. 445 frá 1986 hafi verið breytt með reglugerðarbreytingum nr. 157/1987 og nr. 443/1987 án þess að breytingarnar hafi átt sér stoð í lögum. Einnig að Ríkisendurskoðun álítur að ríkisvaldið sé ekki bundið af greiðsluskyldum í formi verðábyrgðar vegna fullvirðisréttar sem úthlutað hefur verið á fyrrgreindan hátt. Einnig að Ríkisendurskoðun telur að gera þurfi verulegt átak í því að aðlaga sauðfjárframleiðsluna í landinu að þörfum innanlandsneyslu eins og markmið laganna um búvöruframleiðslu gera ráð fyrir. Þá koma einnig fram áhersluatriði Ríkisendurskoðunar um ráðstöfun tekna Framleiðnisjóðs landbúnaðarins og að ekki megi nota Framleiðnisjóð „til tímabundinna aðgerða til aðstoðar rekstrarvanda hefðbundinna búgreina til loðdýraræktar" eins og þar stendur. Þessar athugasemdir um framkvæmd búvörulaga gefa til kynna það álit Ríkisendurskoðunar að þeir sem fóru með yfirstjórn þessara mála fyrir hönd ríkisins hafi brotið mjög gróflega af sér. Það er því óhjákvæmilegt að Alþingi fjalli um framkvæmd búvörulaganna, nr. 46/1985, og vil ég hér með skora á forseta Alþingis að vinna að því að málið komi á dagskrá Alþingis til umræðu og aðgerða sem leiða hið rétta í ljós og það áður en þessu þingi er lokið.

Óhjákvæmilegt er að benda á nokkur athugunarverð atriði varðandi skýrslu Ríkisendurskoðunar:

1. Ekki er skýrt frá því í skýrslunni hver eða hverjir hafi samið skýrsluna eða hvenær.

2. Ekki er sagt frá hverjir starfsmenn Ríkisendurskoðunar bera annars vegar faglega og hins vegar stjórnunarlega ábyrgð á skýrslunni.

Öll þessi atriði eru mikilsverð og virðist með þessum frágangi skýrslunnar brotið gegn mikilvægum reglum í opinberri stjórnarframkvæmd, að geta ekki um höfunda eða ábyrgðarmenn. Þetta er sérstaklega athugavert vegna þess m.a. að athugasemdir Ríkisendurskoðunar eru að hluta til um lagaleg vafaatriði, en lögin um Ríkisendurskoðun virðast tæpast gera ráð fyrir að hún fjalli sérstaklega um þau. Þetta er einnig sérstaklega athugunarvert vegna þess að tilefni skýrslunnar, þ.e. bréf landbrh. frá 11. nóv. 1988, virðist ekki gefa tilefni til þeirra athugasemda sem eru meðal helstu niðurstaðna hennar.

Loks er á það að benda að Sigurður Þórðarson vararíkisendurskoðandi er annar fulltrúi ríkisins í framkvæmdanefnd búvörusamninga svo sem fram kemur á fylgiskjali 15 í fylgiskjalamöppu með skýrslu Ríkisendurskoðunar. Hér virðist geta verið um að ræða mögulega vanhæfni núverandi ríkisendurskoðanda eða starfsmanna hans til þess að fjalla um mál sem samstarfsmenn eða yfirmenn stofnunarinnar hafa áður unnið að sjálfir. Öll þessi atriði valda þeim efasemdum um starfshætti Ríkisendurskoðunar að óhjákvæmilegt virðist vera að Alþingi geri ráðstafanir án tafar til að láta kanna hvort starfshættir Ríkisendurskoðunar séu í samræmi við lög um stofnunina og aðrar grundvallarreglur um framkvæmd opinberrar stjórnsýslu.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Af þessu tilefni vill forseti taka fram að hann mun að sjálfsögðu taka það erindi sérstaklega upp á forsetafundi að sú skýrsla sem hér var gerð að umtalsefni geti komið til umræðu hér í þinginu og vænti ég þess að forsetar geti fljótlega tekið afstöðu til þess.

Í annan stað er hér vikið að viðbrögðum forseta við þessari skýrslu. Þess skal getið að forsetar hafa nokkuð rætt þessa skýrslu og þess er líka að vænta að viðbrögð að öðru leyti, ef einhver verða, verði ljós á allra næstu dögum.

Aðskilnaður dómsvalds og umboðsvalds, frh. 3. umr.

Stjfrv., 182. mál. — Þskj. 731 (sbr. 204).

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er reyndar hálfólánlegt að hér fór fram nokkuð áköf umræða um þetta fyrsta dagskrármál, sem allnokkrir þingmenn tóku þátt í, og þeirri umræðu var frestað með því að einn þeirra þingmanna sem tekið hafði þátt í þeirri umræðu óskaði eftir frestun þar sem hæstv. dómsmrh. var ekki viðstaddur. Nú er enginn þessara þingmanna viðstaddur sem tóku þátt í umræðunni hér fyrr í dag, en það er að sjálfsögðu ekki mál þeirrar sem hér stendur og mun ég segja það sem ég ætlaði mér þó að það væru vissulega viðbrögð við þeim orðum sem þeir þingmenn létu falla sem töluðu hér fyrr í dag.

Ég hélt nú reyndar að við værum komin að lokum þessa máls og reyndar allt útlit fyrir að þetta frv. og fylgihnettir þess yrðu lögfestir núna á þessu vori með þeim góða fyrirvara sem er á framkvæmd málsins og ég ætlaði mér endilega að benda hv. 11. þm. Reykn. á að hann virtist ekki hafa tekið eftir því að frv. tekur ekki endanlega gildi fyrr en 1992. Hann hafði hér nokkuð stór orð uppi um að hér væri um kostnaðarauka fyrir ríkissjóð að ræða sem ekki væri gert ráð fyrir á fjárlögum og talaði um lögbrot, ef ég man rétt, þar sem ekki væri búið að fjalla um þetta af réttum aðilum. En ég ætlaði einmitt að benda honum sérstaklega á að það væri sannarlega nógur tími til þess að sjá fyrir þeim þætti svo að allt mætti það nú vera á löglegan máta.

Kvennalistinn hefur stutt þetta mál frá upphafi og við leggjum þar til grundvallar aðild Íslands að Evrópuráðinu, mannréttindasáttmála þess og þeim skuldbindingum sem þeirri aðild fylgja. Þeir eru vissulega til og við höfum heyrt til þeirra sumra hér í dag sem telja okkur fært að hliðra okkur hjá því að axla þær skuldbindingar með því móti sem þetta frv. og fylgifrv. þess kveða á um, en þeir hafa ekki getað bent á aðrar færar leiðir. Það hafa mjög margar aðrar leiðir verið ræddar og verið til umfjöllunar, bæði í ríkiskerfinu og í embættismannakerfinu og á Alþingi, en þeim hefur verið hafnað. Það er alls ekki hægt að segja að þetta mál sé óskoðað á nokkurn hátt þar sem það hefur veri mjög lengi til meðferðar og var m.a. til umfjöllunar í milliþinganefnd í sumar. Staðreyndin er sú, sem við komumst ekkert fram hjá, að réttarfar okkar hér á Íslandi er komið undir smásjá samstarfsþjóða okkar í Evrópuráðinu og það verður okkur dýrt spaug, ég er ekki í nokkrum vafa um það, ef við ekki breytum því til viðunandi horfs.

Um þetta mætti hafa langt mál, en óþarfi er að gera það nú. E.t.v. talar skýrustu máli um þá óeðlilegu skipan sem er á þessum málum hér og nú dæmi sem Markús Sigurbjörnsson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, setti upp fyrir okkur í allshn. Nd. Ég ætla að leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að vitna til þessa dæmis sem Markús gaf okkur.

Þetta er sem sagt dæmi um tilvik þar sem handhöfn sýslumanna og bæjarfógeta á dómsvaldi og framkvæmdarvaldi getur leitt til „líklegs brots" á 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Það er þá á þann veg að sýslumaður er innhemtumaður ríkissjóðs og annast þannig t.d. innheimtu þinggjalda.

Nú verða vanskil á slíkri kröfu. Innheimtumaður ríkissjóðs, þ.e. sýslumaður, biður handhafa fógetavalds, sem sömuleiðis er sýslumaður, um að framkvæma lögtak hjá gjaldanda vegna vangoldinna þinggjalda. Fógeti, þ.e. sýslumaður, tekur lögtakið fyrir í fógetarétti að viðstöddum gjaldanda. Fógeti gætir þar hagsmuna innheimtumanns ríkissjóðs sem er ávallt sami maður, sýslumaður, en á um leið að veita gjaldendum leiðbeiningar um varnir gegn kröfu innheimtumannsins. Ef ágreiningur rís um réttmæti gjalda skuldara við lögtakið leysir fógeti, þ.e. sýslumaður, úr honum með úrskurði. Lögtakið fer því næst fram með eða án úrskurðar, eftir því hvort ágreiningurinn hefur risið eða ekki, í eign gjaldanda. Að verki loknu afhendir fógeti, þ.e. sýslumaður, innheimtumanni ríkissjóðs, sýslumanni, endurrit úr fógetabók af lögtaksgerðinni til áframhaldandi aðgerða. Að fengnu endurriti lögtaksgerðar sem hefur t.d. farið fram í fasteign gjaldanda biður innheimtumaður ríkissjóðs, sýslumaður, uppboðshaldarann í dæminu, sýslumann, um að semja skattkröfuna til lúkningar á skattkröfunni. Uppboðshaldari, sýslumaður — ég held að það sé vissast að taka það alltaf fram — tekur uppboðsbeiðni innheimtumannsins, þ.e. sýslumanns, fyrir og leggur m.a. fram endurrit lögtaksgerðar fógeta, sýslumanns, sem uppboðsheimild. Þetta kynnir uppboðshaldari, sýslumaður, uppboðsþolanum og fer m.a. að veita honum leiðbeiningar um varnir gegn uppboðskröfunni eftir atvikum um annmarka á lögtaksgerð fógetans, sýslumanns. Um leið gætir uppboðshaldari, sýslumaður, hagsmuna innheimtumanns ríkissjóðs, sýslumanns, við uppboðið. Ef uppboðsþoli heldur uppi vörnum fyrir uppboðsrétti, kveður uppboðshaldari, sýslumaður, upp úrskurð um hvort uppboðið nái fram að ganga samkvæmt kröfu innheimtumanns ríkissjóðs, sýslumanns, og leysir þá eftir atvikum úr hvort ágallar hafi verið á starfi fógeta, sýslumanns, þegar hann framkvæmir lögtakið. Ef uppboðsþoli greiðir ekki skattkröfuna fer uppboðssala fram. Uppboðshaldari, þ.e. sýslumaður, ákveður þá úthlutun á uppboðsandvirði, m.a. til innheimtumanns ríkissjóðs, sýslumanns. Uppboðshaldari, sýslumaður, fær þá hlut uppboðsandvirðis í sinn hlut í formi aukatekna. Uppboðshaldari, sýslumaður, greiðir innheimtumanni ríkissjóðs, sýslumanni, hlutdeild hans í uppboðsandvirði. Innheimtumaður ríkissjóðs, þ.e. sýslumaður, stendur ríkissjóði skil á skattgreiðslunum sem hann fékk fyrir atbeina fógetaréttar, sýslumanns, og uppboðsréttar, sýslumanns. Innheimtumanninum er ákveðin þóknun í formi aukatekna úr ríkissjóði fyrir framlag sitt til innheimtunnar.

Þannig er nú þessi ferill og efast ég ekki um að sumum hafi þótt erfitt að hlýða á þetta, enda tölu-

vert flókið mál. Hér er sem sagt sami maður í æðimörgum hlutverkum. En varðandi þennan feril er rétt að hafa í huga að sýslumenn og bæjarfógetar fara ekki með innheimtu þinggjalda í umdæmum þar sem sérstakar gjaldheimtur starfa, einkum í Reykjavík og í Reykjaneskjördæmi. Sýslumenn og bæjarfógetar fara þó alltaf einir með innheimtu söluskatts, tolla og fleiri gjalda til ríkisins í umdæmum þar sem gjaldheimtur starfa utan Reykjavíkur. Í öðru lagi er rétt að hafa í huga að aukatekjur til uppboðshaldara vegna framkvæmdar uppboða og til innheimtumanna ríkissjóðs vegna innheimtu opinberra gjalda leggjast endanlega af samkvæmt lagaboði í árslok 1990. Þetta er e.t.v. ekki sú gengislækkun sem menn hafa haft á orði og eiga við þegar þeir lýsa áhyggjum vegna breytts hlutverks sýslumanna en á kannski einhvern hlut að máli.

Það hefur nokkuð verið fjallað um kostnaðarauka ríkissjóðs af þeirri skipan sem frv. kveður á um og undir það skal tekið að hann er töluverður og sennilega meiri en menn áætla hjá Fjárlaga- og hagsýslustofnun, en auðvitað hljóta menn að reyna að standa á bremsunni þegar kemur til framkvæmdanna og við skulum ekki gleyma þeim kostnaði sem ríkið hefði af því að gera þessar breytingar ekki og er þá vísað til þeirra kærumála sem það hefði óhjákvæmilega í för með sér og dóma í framhaldi af því. Þeir sem spyrja hvar á að taka tekjurnar til að mæta þeim kostnaði sem hlýst af samþykkt þessara frv. verða þá allt eins að svara því hvar eigi að taka tekjurnar til þess að taka þeim kostnaði sem íslenska ríkið hefur af því ef það ekki breytir til þess horfs sem tekið er gott og gilt. Og hvað verður þá um skuldbindingar okkar í samstarfi við aðrar þjóðir á alþjóðavettvangi? Ég held að við þurfum að svara þeim spurningum líka og ég óttast vissulega að það verði nokkuð mikill kostnaður af þessu.

Ég vil líka benda á það að í þeirri kostnaðaráætlun sem við fengum, bæði um aukinn rekstrarkostnað sem hugsanlega hefði hvort eð er ekki verið hægt að komast hjá, a.m.k. ekki öllum þar sem ekki er svo fjarskalega vel búið að þeim embættum sem hér um ræðir nú þegar, þá er einn mikilvægur þáttur sem er ekki meðtalinn þar sem gerð er grein fyrir hugsanlegum stofnkostnaði og það er varðandi dómstól hér í Reykjavík. Það verða sameinaðir dómstólar í Reykjavík eftir að þetta hefur komið til framkvæmda og það er a.m.k. mjög margra mál að það verði ekkert undan því vikist að bæta verulega aðstæður þeirra dómstóla sem hér eru. Það vita allir hvernig búið er að borgardómi sem hefur verið í leiguhúsnæði árum saman og þurft að sæta því að nánast grátbiðja um framhald á þeim leigusamningi og er þó ekki sérlega rúmt um þá þar. Ég held að fyllsta ástæða sé til þess að huga að því hvernig eigi að leysa húsnæðisvanda dómstólanna í Reykjavík, hvort það verður nú gert með þeim hætti sem menn hafa kannski ýtrastar kröfur um, þ.e. byggingu dómhúss yfir alla dómstólana, Hæstaréttt, borgardóm og fleiri sérdómstóla, eða leyst með öðrum hætti sem við hljótum að athuga vel og vandlega. Það kynni kannski að vera eitthvert verslunar- og skrifstofuhúsnæði á lausu.

En ég vildi fyrst og fremst og ekki síst úr því að hv. 11. þm. Reykn. er genginn í salinn benda honum á að hann þarf a.m.k. ekki að hafa áhyggjur af því við samþykkt þessa frv. að þar með sé framið eitthvert lögbrot eða gengið á svig við fjárlög þar sem lögin tækju ekki gildi fyrr en árið 1992 svo það er allgóður tími til að vinna að því.

Umræðu frestað.

Þinglýsingalög, 3. umr.

Stjfrv., 200. mál (þinglýsingarstjórar). — Þskj. 732 (sbr. 257).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lögbókandagerðir, 3. umr.

Stjfrv., 247. mál. — Þskj. 457.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðför, 3. umr.

Stjfrv., 111. mál (heildarlög). — Þskj. 863 (sbr. 114).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttur til fiskveiða í landhelgi Íslands, 2. umr.

Frv. ÓÞÞ og KJóh, 284. mál (færeysk og grænlensk fiskiskip). — Þskj. 511, n. 1201 og 1202.

Frsm. meiri hl. sjútvn. (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Ég hleyp í skarðið fyrir formann nefndarinnar sem er fjarverandi en var ákveðið að væri frsm. þessa máls.

Þetta frv. er um breytingu á lögum nr. 33/1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi Íslands, og eru flm. þess Ólafur Þ. Þórðarson og Kjartan Jóhannsson og það er þess efnis að við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein:

„Fiskiskip frá Færeyjum og Grænlandi eru undanþegin ákvæðum síðari málsl. 1. mgr. og ákvæðum 2. mgr. þessarar greinar."

Nefndin hefur rætt frv. og það felur sem sagt í sér eins og ég las upp áðan að færeysk og grænlensk fiskiskip verði undanþegin ákvæðum laga er banna erlendum fiskiskipum að landa afla sínum í íslenskum höfnum nema með sérstöku leyfi ráðherra. Til viðræðna við nefndina komu skrifstofustjóri sjútvrn. Jón B. Jónasson, og aðstoðarmaður utanrrh., Stefán Friðfinnsson. Þá lágu einnig fyrir umsagnir um frv. frá síðasta þingi frá Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandinu, Félagi fiskimjölsframleiðenda, Landssambandi ísl. útvegsmanna og Fiskifélagi Íslands.

Meiri hl. nefndarinnar mælir með að frv. verði samþykkt óbreytt, en minni hl. skilar sérálíti.

Undir álit meiri hl. rita, auk formanns nefndarinnar, Árna Gunnarssonar, Kristinn Péturssonar, Kolbrún Jónsdóttir, Geir Gunnarsson, Matthías Bjarnason og Alexander Stefánsson með fyrirvara.

Ég tel ekki ástæðu til að ræða þetta mál meira. Ég tel sjálfsagt og eðlilegt að undanþiggja fiskiskip frá okkar nágrannalöndum þannig að þau geti landað hér. Við siglum með aflann á íslenskum skipum til Færeyja t.d. og þurfum þar engin leyfi, seljum þar. Ég tel að aðalhagnaðurinn í því að samþykkja þetta frv. sé sá að möguleiki sé á því að ef fiskiskip þessara tveggja þjóða landa hér í auknum mæli auki það útflutningstekjur þjóðarinnar sem því nemur og það eitt er af því góða og sannarlega veitir okkur ekki af því. Því sé ég einnig ástæðu til að undanskilja þessar tvær þjóðir sem eru okkar nágrannaþjóðir. Þar af leiðandi er ég samþykkur því sem flm. leggja til og þeim þakklátur fyrir að hafa hreyft þessu máli.

Ég vil einnig geta þess að þetta frv. var flutt á síðasta þingi og náði þá ekki fram að ganga. Það var gengið seint til afgreiðslu eins og nú. En með öðrum orðum, meiri hl. nefndarinnar mælir með því að frv. verði samþykkt.

Frsm. minni hl. sjútvn. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Það er rétt að sjútvn. Nd. klofnaði við afgreiðslu þessa máls. Að vísu sýnist ég einstæðingslegur í svipinn þar sem ég er einn á nál. með sérálit.

Ég lagði til í sjútvn. að þetta mál fengi eigi að síður mjúka meðferð, því yrði með vinsemd vísað til ríkisstjórnarinnar. Ég legg til að hv. þingdeild vísi málinu þá leið. Rökstuðningur minn er þessi á þskj. 1202:

„Samkvæmt samkomulagi hafa grænlensk skip, sem stunda veiðar við Austur-Grænland, heimild til löndunar og allrar skipaþjónustu í íslenskum höfnum. Þetta er frávik frá ákvæðum laganna en þar segir að erlendum fiskiskipum sé ekki heimilt að leita hafnar á Íslandi nema í neyðartilvikum. Hafa Grænlendingar nýtt sér þessa aðstöðu við rækjuveiðar á Dohrnbanka.

Færeyingar, sem veitt hafa botnfisk hér við land samkvæmt sérstöku samkomulagi, hafa aldrei leitað eftir að fá að landa afla hér á landi.

Í nýgerðum samningum milli Íslands, Grænlands og Noregs er skipum þessara þjóða, sem loðnuveiðar stunda, veittur löndunarréttur í hverju þessara landa. Var sérstaklega tiltekið að færeysk skip, sem veiddu loðnu í umboði Grænlendinga, fengju þennan rétt.

Við gerð samnings um rétt Grænlendinga til löndunar hér á landi og um skiptingu loðnustofnsins milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen verður að telja að Færeyingum og Grænlendingum séu tryggðir þeir möguleikar til löndunar á Íslandi sem þeir þarfnast eins og staðan er nú. Það er því rétt að áliti minni hlutans að láta breytingar á ákvæðum um löndunarrétt þessara þjóða bíða uns náðst hafa frekari samningar um gagnkvæma nýtingu sameiginlegra fiskstofna því að telja verður að löndunarréttindi muni skipta verulegu máli í viðræðum um nýtingu þessara stofna. Gæti það veikt samningsaðstöðu okkar ef við hefðum í raun einhliða afsalað okkur ákvörðunarrétti í þessu efni." — Svo mörg voru þau orð.

Þótt ég hafi klofnað frá hv. þingnefnd um afstöðu til þessa máls þýðir það ekki að ég sé einn um þessa skoðun. Sjútvn. sendi málið til umsagnar til fjölmargra aðila og nefndin kallaði fulltrúa úr utanrrn. og sjútvrn. á sinn fund. Ef ég grip ofan í umsagnir leggst Sjómannasamband Íslands gegn þeim breytingum á lögunum sem felast í frv. Þetta samþykkti framkvæmdastjórn þess einróma á fundi sínum. Stjórn Landssambands ísl. útvegsmanna samþykkti að mæla eindregið gegn samþykkt þessa frv. Stjórn Fiskifélagsins telur að vísu brýnt að lögin verði endurskoðuð og þá í víðara samhengi. En þeir segja, með leyfi forseta:

„Meðan ekki næst samkomulag við nágranna okkar um skiptingu og veiðar á sameiginlegum fiskstofnum meðan Grænlendingar selja öðrum þjóðum veiðirétt á þessum stofnum eins og karfa og rækju, þá eigum við ekki að ganga þessa leið."

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands varar eindregið við þeirri stefnumótun sem fram kemur í frv. varðandi sérréttindi Færeyinga og Grænlendinga umfram aðrar þjóðir. Enn fremur er varað við svo víðtækri merkingu eins og fram kemur í grg. frv., sérstaklega hvað varðar löndun afla í íslenskum höfnum. Það er að vísu Félag ísl. fiskimjölsframleiðenda eitt sem fagnar þessu frv.

Fulltrúi sjútvrn. lagðist gegn frv. og tíundaði mörg rök máli sínu til stuðnings, ekki síst að við stæðum í samningum við Grænlendinga um skiptingu og veiðar á sameiginlegum fiskstofnum. Þessi rök sagðist fulltrúi utanrrn., sem einnig mætti á fund nefndarinnar, virða.

Hvers vegna skyldum við Íslendingar á sama tíma og við stöndum í viðkvæmum milliríkjasamningum um fiskstofna og nýtingu hafsins í kringum Ísland gefa trompin af hendi? Hafið er einu sinni dýrmætasta auðlind Íslands. Ef við ekki stöndum þar á rétti okkar mun illa fara.

Ég spyr hv. þm.: Er það tekið fram í lögum nágrannaþjóða okkar að öllum sé heimilt að landa þar fiski? Hvað er í Noregi? Ég hygg að það gildi víðast hvar að gefnar eru heimildir. Víðast hvar eru landanir leyfisbundnar. Það gefur engin þjóð það alveg frjálst eða tekur fram í lögum að útlendingum sé landið opið og frjálst. Hvað gerðist ef samninguriinn um loðnuveiðar yrði ekki staðfestur af viðkomandi ríkisstjórnum? Eins og fram kom í greinargerð minni er þar eitt veigamesta atriðið löndunarréttur í viðkomandi löndum. Þá, ef þetta frv. yrði að lögum, værum við einir þessara þjóða búnir að lögbinda að hinum er landið okkar opið og frjálst. Hér hefur legið frammi og er líklega búið að samþykkja á þessu þingi þál. um samning milli Grænlands, Danmerkur, Íslands og Noregs um loðnustofninn á hafsvæðinu á milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen. Hver eru veigamestu rökin — þetta er samningur til þriggja ára — í þessum samningi? Í 6. gr. segir t.d.: „Grænlenskum og norskum fiskiskipum skal heimilt á hverri vertíð að veiða loðnu í íslenskri efnahagslögsögu norðan 64° 30' N til 15. febrúar. Ísland mun einnig leyfa þessum veiðiskipum að landa afla sínum í íslenskum höfnum og taka um borð vistir í íslenskum höfnum. Að fengnum tilmælum grænlenskra stjórnvalda getur Ísland veitt fiskiskipum af öðru þjóðerni, sem fengið hafa grænlenskt fiskveiðileyfi, sömu réttindi, enda sé gerður um það samningur við Ísland sem gildi fyrir eina vertíð í senn." (**Forseti:** Ég vil inna hv. frsm. eftir því hvort hann eigi langt mál eftir. Það er komið fram á þingflokksfundatíma og þarf senn að fresta fundi.) Já, ég hygg að það séu tvær til þrjár mínútur. (**Forseti:** Ég tel rétt að hv. ræðumaður geri hlé á máli sínu og taki til aftur þegar haldið verður fram fundi klukkan 17.15, en það er gefið hlé til þingflokksfunda til kl. 17.15. Gera má ráð fyrir að settur verði nýr fundur þá fljótlega og þessu máli verður þá fram haldið. — [Fundarhlé.]

Hæstv. forseti. Ég var staddur á seinni hluta ræðu minnar þar sem ég ræddi frv. um rétt til fiskveiða í landhelgi Íslands og það hafði komið fram að sjútvn. klofnaði í afstöðu sinni til málsins. Ég er þar einn í minni hluta, en ég hafði í máli mínu minnt á að þó ég þætti einstæðingslegur á nál. stæði ég ekki einn því að flestir þeir aðilar sem á fundi nefndarinnar komu eða sendu henni skriflega umsögn lýstu því yfir að þeir væru andstæðingar þess að frv. yrði samþykkt. Þetta voru aðilar sem jafnan hefur verið tekið mark á af sjútvn. og Alþingi að mér hefur fundist, þ.e. Sjómannasamband Íslands, stjórn Fiskifélags Íslands, Landssamband ísl. útvegsmanna og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands. Allir þessir aðilar vöruðu við því að frv. yrði samþykkt og lögðust gegn því. Fulltrúi sjútvrn. hafði flutt varnaðarorð og bent á mörg atriði sem skiptu máli og fulltrúi utanrrn. hafði síðan tekið undir öll þau rök sem fulltrúinn frá sjútvrn. hafði bent á, sagðist að fullu virða þau. Ég tel mig því ekki hafa leyfi til að fordæma þessa umsagnaraðila sem þekkja málin út frá íslenskum hagsmunum o.s.frv.

Ég hafði minnst á þál. sem samþykkt var á þessu Alþingi og farið yfir kjarnaatriði í henni þar sem er samningur milli Grænlands, Danmerkur, Íslands og Noregs um loðnustofninn á hafsvæðinu á milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen. Ég hafði bent á að einn þyngsti punkturinn í þeim samningi er löndunarréttur á Íslandi, svo og eins árs heimild til að leyfa þjóðum, sem Grænlendingar fela veiðina fyrir sig, að landa í íslenskum höfnum, en aðeins eitt ár í senn. Ég spurði einmitt hvað yrði ef við hefðum allt í einu, Íslendingar, sett í lög, einir og sjálfir, að öllum væri heimilt að landa sínum fiski í íslenskum höfnum. Hvað yrði um þennan samning sem rennur úr gildi sjálfkrafa 1992? Ég vil því lýsa því yfir, hv. þm., að mér finnst fljótræði og flan einkenna meiri hl. sjútvn. í þessu máli sem mér kemur að vísu mjög á óvart þar sem þar eiga hlut að máli bæði reyndir, gætnir og glöggir menn. Finnst mér að þeir hafi sett leppa til hliðar við augu sín og horfi nú bara beint fram á veginn. Af hverju það stafar veit ég ekki svo glöggt. En vinnubrögð þessara manna hafa komið mér mjög á óvart. Ég segi að við eigum enn ósamið við Grænlendinga um karfastofninn. Ef ég man rétt urðum við að minnka sókn okkar í hann í ár um 10% vegna þess að þeir selja öðrum veiðirétt þrátt fyrir mótmæli okkar og þá varðar ekkert um mótmæli okkar í því sambandi og selja hann síðan hiklaust þriðja aðila. Ég sé ekki heldur, þó við opnum allar hafnir til löndunar, að Grænlendingar eða Færeyingar muni selja okkur fisk eins og menn hafa nú mjög á orði, að þetta muni verða til þess í stórum stíl að þeir muni selja okkur fisk og það muni skapa hér atvinnu. Ég hef rætt þetta við menn sem þekkja það mjög vel og þeir telja á því litlar líkur.

Við eigum ósamið um, eins og ég sagði, karfa- og rækjustofnana. Enn eiga ríkin eftir að staðfesta þann samning um loðnustofninn á hafsvæðinu á milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen sem ég hér vitnaði í fyrr í ræðu minni.

Hæstv. forseti. Ég hef því samfærst um að það væri glapræði að samþykkja þetta frv. En eru það skyndihagsmunir í einhverjum bæjum sem fá menn til að þrýsta svona fast á þetta mál? Því má velta fyrir sér. Hafnirnar í Hafnarfirði og á Ísafirði vega sjáfsagt þungt í þessu máli. En ekki finnst mér allt geðfellt í „bisniss" og síst það framferði þessara tveggja hafna að hygla sérstaklega útlendingum eins og nú tíðkast á þessum tveimur stöðum. Íslendingar sæta því í þess-

um tveimur höfnum að verða að borga hlutfall af aflaverðmæti, allt upp í 700 kr. á tonn. Á meðan borga útlendingarnir fast gjald eða 161 kr. á tonn. Hafnarfjörður og Ísafjörður láta erlend skip aðeins borga fjórðapart af því verði sem Íslendingarnir verða að sæta á þessum stöðum. Er þetta það sem koma skal hér á öllum sviðum? Ég er að velta því fyrir mér hvort þetta sé það sem Alþingi og þjóðin vill láta yfir sig ganga á öllum sviðum. Við getum tekið ljós dæmi úr daglega lífinu síðustu daga þar sem t.d. hagsmunaaðili eins og Hagkaup ber sér á brjóst og segir að matvörur séu allt of dýrar á Íslandi. Auðvitað eru þær dýrar, undir það skal tekið, og það verður að leita allra úrræða til þess að lækka þær í verði. Þeir heimta hins vegar að flytja inn smjörlíki. Einn ráðherrann verður við því og þykist hafa fullt vald. Þegar er hafinn innflutningur á því. Útlendingarnir greiða það niður og hafa það ódýrt til að byrja með. Íslendingar sleppa því að taka af því tekjur, hvorki tolla né innflutningsgjöld. Svona drepa menn íslenskan iðnað. Svo verður þetta til þess að það bitnar einnig á landbúnaðinum.

Ég minnist á þetta því að mér finnst undanlátssemi og undansláttur gagnvart útlendingum koma fram á mörgum sviðum í allríkum mæli, þó það komi mér á óvart að hv. 1. þm. Vestf. standi í slíku. En það getur farið svo að mönnum glepjist sýn með aldri og tíma.

Mér finnst mjög athyglisvert að það skuli eiga sér stað í þessum hafnarbæjum að útlendingarnir séu þar alveg á sérstökum kjörum og þurfi ekki að borga nema einn fjórða af því sem íslensk skip þurfa að borga á þessum stöðum. En ég lýk ræðu minni og ítreka að ég vara þessa hv. þingdeild við því að samþykkja frv. og ítreka þá skoðun mína að ég tel eðlilegt við þessar aðstæður, við þau rök og mótmæli sem hér hafa komið fram, að þessu máli verði vísað til ríkisstjórnarinnar og það afgreitt þar með þeim hætti að menn skoði þetta í heild sinni og flani ekki að neinu.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Í því frv. sem hér er til umfjöllunar er hreyft viðkvæmu og vandasömu máli, þ.e. breytingu á lögum um fiskveiðar og sjávarútveg, nr. 33 frá 1922, sem er að mínu mati mjög mikilvæg löggjöf þótt hún sé í mörgum atriðum úrelt eins og eðlilegt er um svo gamla löggjöf. Hins vegar er það mjög mikilvægt ákvæði í þessari löggjöf að erlendum fiskiskipum er ekki heimilt að landa hér á landi nema þá með sérstökum milliríkjasamningi. En í 12. gr. segir svo í lögunum, með leyfi hæstv. forseta: „Með lögum þessum eru ekki skert á neinn hátt réttindi þau, sem samkvæmt ríkjasamningum kynnu að vera veitt öðrum." Slíkir samningar hafa oft verið til umfjöllunar í ríkisstjórnum og þá jafnan verið fjallað um þá í fullu samráði við hv. utanrmn. Í sjálfu sér hefði verið eðlilegt að fjalla um mál þetta jafnframt í þeirri nefnd því það hefur verið gert á undanförnum árum og áratugum þegar um svipuð mál hefur verið að ræða.

Það mun hafa verið á árinu 1982 að Grænlendingum var veitt heimild samkvæmt þessum lögum, á grundvelli 12. gr., til að landa rækju hér á landi og var það gert til að greiða fyrir samskiptum Íslands og Grænlands og stíga jákvætt skref af hálfu Íslendinga til að koma þeim málum á betri rekspöl. Sannleikurinn er sá að lítil samskipti höfðu verið milli landanna og hafa þau samskipti blómgast mjög á síðustu árum sem er mjög gott og nauðsynlegt að stefna að því. Grænlendingum hefur hins vegar ávallt verið gerð grein fyrir því í öllum samtölum sem hafa farið fram á milli þeirra annars vegar og íslenskra stjórnvalda hins vegar að löndunarréttur hér á landi væri samningsatriði sem þyrfti að taka til meðhöndlunar í sambandi við samskipti landanna. Hins vegar hafa þau réttindi sem hér er rætt um verið framlengd ár frá ári og hafa þeir fengið hér fullnægjandi þjónustu eftir því sem ég best veit, en reynt hefur verið að hafa áhrif á það að haldið væri í nokkru við upphaflega löndunarhöfn þegar þeir fengu þessa aðstöðu, en þá var gert ráð fyrir að það væri fyrst og fremst á Ísafirði. Á seinni árum hafa þeir sótt í meira mæli til Hafnarfjarðar eins og kunnugt er.

Það hafa staðið yfir samningaviðræður milli þjóðanna um mjög margra ára skeið um skiptingu á loðnustofninum eins og kunnugt er og eitt atriði í þeim samningi er gagnkvæmur löndunarréttur landanna, en að sjálfsögðu er ekki gert ráð fyrir að Íslendingar muni landa loðnu á Grænlandi þar sem þar er engin aðstaða til slíks og nánast ekki hægt að stunda slíkar veiðar og slíka vinnslu á Austur-Grænlandi. Hins vegar er þeim mjög í mun að geta landað hér eða þá selt skipum annaðhvort frá Íslandi, Noregi eða Færeyjum veiðirétt þennan og þeir hafi þá löndunarrétt hér á landi.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að ýmsir þeir aðilar sem hafa heimildir til að veiða við Austur-Grænland hafa sótt á um að fá að landa hér fiski því að mun hægara er um vik að stunda veiðar frá Íslandi en Austur-Grænlandi. Þar hafa ýmsar þjóðir komið við sögu eins og Norðmenn, Japanir, Færeyingar og fleiri þjóðir.

Ég er talsmaður þess að góð samskipti séu við Grænlendinga og ég tel að þau hafi batnað mjög í seinni tíð. Samningurinn um loðnuna er tímamótasamningur í þessum samskiptum og áfram verður haldið í viðræðum við þá á næstu mánuðum og gerð þar tilraun til að komast að samkomulagi um nýtingu annarra sameiginlegra stofna og með hvaða hætti heimilt er að landa þeim fiski, m.a. hér á landi. Ég tel því mjög mikilvægt að andanum í lögunum frá 1922 verði haldið, þ.e. að réttindi sem þessi verði veitt samkvæmt milliríkjasamningi milli Íslands og Grænlands. Þetta er í samræmi við þann málflutning sem við höfum fram haldið öll þessi ár í okkar samskiptum við Grænlendinga frá því að ég þekki til og mér er ekki kunnugt um að það hafi á nokkurn hátt skaðað þau samskipti og væri mjög undarlegt, svo að ekki sé meira sagt, miðað við þá meðferð mála sem hefur verið í fullu samráði við ríkisstjórn og utanríkismálanefnd Alþingis, ef það yrði samþykkt af Alþingi

Íslendinga að þarna yrði breytt um stefnu og þetta mál ætti ekki lengur að vera samningsmál í þessum milliríkjasamskiptum. Ég vil því lýsa því hér yfir við þessa umræðu að ég er andvígur frv. en lýsi mig samþykkan því minnihlutaáliti sem hv. þm. Guðni Ágústsson mælti hér fyrir.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég færi þakkir mínar meiri hl. sjútvn. Alþingis sem hefur afgreitt þetta mál til þingsins með miklum meiri hluta og sýnt í því víðsýni sína í þessum efnum. Ég játa að það voru mér vonbrigði að hlusta á hv. 5. þm. Suðurl., en mér er ljóst að þar er drengur góður þó að hann hafi glapist til þess að láta hrekja sig af leið. En sú gamla kempa Halldór Snorrason stóð einu sinni frammi fyrir því, eins og segir í Hemingsflokki Áslákssonar, að þurfa að gera það upp við sig hvort hann yrði umræddum Hemingi að bana eða tapaði konungshylli. Og Grímur Thomsen orðaði það svo:

> Með konungshundum hvassast sem að bíta,
> Halldór svarar, var ég aldrei fundinn.

Og hvað sem konungshyllinni leið lét hann ekki hafa sig til óhæfuverka.

En það er ekkert skrýtið þó að frá Vestfjörðum komi sá andi að viðskiptafrelsi eigi að ríkja í þessu landi því að hver og einn sem hefur kynnt sér sögu þessarar þjóðar og baráttu Jóns Sigurðssonar áttar sig á því að hann undirstrikaði það meira en flest annað hversu mikils virði væri að hafa viðskiptafrelsi í þessu landi og hversu mikils virði það væri Íslendingum að geta haft eðlileg samskipti við aðrar þjóðir.

Ég verð að segja það eins og er að það er athyglisvert þegar við horfum á atvinnuþróun þessa lands að fyrir hvert eitt starf sem myndast í frumatvinnugrein verða til níu í þjónustugreinum. Fyrir hvert eitt starf sjómanns, hvort heldur hann er íslenskur, færeyskur eða grænlenskur, sem landar afla á íslenskri strönd, fást níu önnur atvinnutækifæri. Og ég spyr: Er það verjandi að ýta þeim frá okkur?

Það er hægt að tala um það með nokkurri kokhreysti að við viljum selja mönnum aðganginn að íslenskum höfnum í gegnum milliríkjasamninga. En minnir þetta ekki dálítið á kúrekamyndirnar gömlu þegar einn aðili lagði á það allt kapp að ná undir sig vatnsbólinu og koma þannig í veg fyrir að stór svæði í kring yrðu byggileg nema viðkomandi aðilar keyptu af honum réttinn til þess að komast að vatninu? Mér er ljóst að austurströnd Grænlands er hafnlaus strönd. Ef við neitum þeim um aðgang að íslenskum höfnum munu þeir þurfa að selja veiðiréttinn í sinni landhelgi verksmiðjuskipum stórþjóðanna. Og erum við þá búnir að tryggja að sjónarmið fiskifræðinga og eftirlits séu fullnægjandi í þeim afla sem slík verksmiðjuskip taka? Er það það sem við viljum neyða Grænlendinga til? Ég segi nei.

Við eigum að koma fram við þessa nágranna okkar af hógværð og skilningi á þeirra kjörum í þeirra harðbýla landi og við eigum að gera okkur grein fyrir því að með því að opna þeim á þennan hátt leiðina að íslenskum höfnum erum við að leggja grunninn að því að þeir í framtíðinni halli sér til vinsamlegra samskipta á sem flestum sviðum við þetta land sem hlýtur að vera beggja hagur að eigi sér stað. Þeir eiga að sjálfsögðu vinsamleg samskipti við Kanada og Ameríku, ekkert nema gott um það að segja.

Ég skil ekki þá þingmenn sem tala á Alþingi um að þeir vilji efla íslenskan skipasmíðaiðnað og þá þjónustu sem honum er tengd ef þeir vilja ýta þessum möguleikum frá sér. Ég skil þá ekki.

Hér er látið að því liggja að það séu hagsmunir Ísafjarðar og Hafnarfjarðar sem fyrst og fremst liggi á bak við flutning frv. Það er gjörsamlega vonlaust að sýna fram á það með nokkrum rökum að frv. beini viðskiptum Grænlendinga eitthvað sérstaklega til þessara hafna. Þeir munu að sjálfsögðu velja þær hafnir sem þeir kjósa að ná sem vinsamlegustum samskiptum við.

Það er talað um að við séum að bjóða þeim betri kjör en Íslendingum. Ég fullyrði hér og nú að hafnagjöld lækki á Íslandi við það að fleiri skip landi vörum sínum hér en nú gera. Ég vil bæta því við í þessu sambandi að ég er sannfærður um að það skiptir verulegu máli að menn geri sér grein fyrir því að það er fylgst með störfum Alþingis Íslendinga, bæði í Færeyjum og á Grænlandi, hvað þennan málatilbúnað snertir og það gengur ekki að standa hér upp og lýsa því yfir að menn séu stuðningsmenn vinsamlegra samskipta við Grænlendinga en telja aftur á móti nauðsynlegt að hafa á þeim traust haustak þegar eigi að fara að semja við þá. Það er hæpinn kærleikur að tarna!

Það var fróðlegt á sínum tíma þegar Færeyingar fylgdust með þorskastríði Íslendinga við Breta. Þá vissu þeir að það skipti verulegu máli fyrir Breta hvort þeir hefðu þjónustuaðstöðu í Færeyjum fyrir þann flota sem var við Ísland. Þeir vissu að það gæti skaðað þá að hafna bón þess stórveldis í þeim efnum, en þeir stóðu með Íslendingum. Þeir stóðu með Íslendingum án þess að telja kostnaðinn af því hvað þeir sköðuðust með tiltækinu. Er það stórmannlegt fyrir íslenska þjóð og stækkar það þingmenn hennar og ráðamenn og ráðherra ef menn núna telja í efnahagserfiðleikum Færeyinga að það þurfi alveg sérstaklega að sjá til þess, þó að þeir hafi færeyskar hafnir opnar, að hér gildi leyfisbréfin og bænaskjölin aftan úr grárri forneskju? Ég vil halda því fram að þetta séu leifar gamallar nýlendustefnu, stefnu sem hefur m.a. kostað tvær heimsstyrjaldir á þessari öld vegna verslunar- og samskiptafjötra á milli þjóða.

Ég undirstrika alveg sérstaklega að þetta þing hefur samþykkt að það skuli stofna sjóð, hann er stofnaður og hann er starfræktur í sama húsnæði og Byggðastofnun, sem hefur það verkefni að lána Íslendingum og Grænlendingum eða Grænlendingum og Færeyingum eða Íslendingum og Færeyingum eða öllum þessum aðilum saman fjármuni standi þeir að sameiginlegum verkefnum, vilji þeir standa að einhverju sem eyði óhagræði vegna landamæra. Og eitt af því stærsta, ef menn vilja frið í þessum heimi, er að eyða óhagræði vegna landamæra.

Ég vænti þess vegna að þeir sem hafa fest í þeirri skoðun að það sé hæpið að samþykkja þetta frv. skoði það opnum augum og sofi á því í nótt hvort þeim geti ekki hafa skjátlast í þeim efnum.

Frsm. meiri hl. sjútvn. (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Þegar lögin um rétt til fiskveiða í landhelgi Íslendinga voru samþykkt á Alþingi fyrir 67 árum, eða nánar tiltekið 1922, voru þessi lög mikil nauðsyn fyrir íslensku þjóðina og þá var hörð samkeppni erlendra veiðiskipa sem fiskuðu hér upp við landsteina. Það var því brýn nauðsyn á að vernda íslenska fiskveiðimenn og auka starfsemina í landi og koma lögum yfir allar þær erlendu þjóðir sem hér veiddu og unnu sinn fisk svo að segja upp við landsteina þó að við höfum þá haft þriggja mílna fiskveiðilögsögu, en flóar voru opnir fyrir erlendum veiðiskipum.

En síðan þessi lög voru samþykkt er mikið vatn runnið til sjávar. Þau voru nauðsyn og brýn nauðsyn í þó nokkra áratugi. Við höfum fært út okkar landhelgi hvað eftir annað og nú eigum við fiskveiðilögsögu að 200 mílum. Hér er um að ræða að það er ekki verið að veita undanþágu til veiða innan 200 mílna frá því sem var þegar lögin voru sett að það voru 3 mílur, heldur er verið að opna þann möguleika að tvær þjóðir, náskyldar okkur, Færeyingar og Grænlendingar, fái jafnan rétt og við höfum. Þessu er svo illa tekið af einstaka þingmönnum og ég trúi því ekki að þeir séu margir sem enn eru svo á eftir tímanum. Við erum að taka upp aukin viðskipti og aukið frjálsræði í viðskiptum við aðrar þjóðir og við erum sem sagt að komast til nútímans frá því að hafa verið lengi á eftir.

Hv. 5. þm. Suðurl. lýsti því hér með allmiklum fjálgleik að umsagnir ágætra stofnana og samtaka, eins og Landssambands ísl. útvegsmanna, Sjómannasambands Íslands og Fiskifélags Íslands, hafi mælt gegn samþykkt frv. Þessir aðilar mæla gegn frv. Það komu hins vegar ekki fram minnstu rök í einni einustu umsögn þessara aðila fyrir því áliti. Landssamband ísl. útvegsmanna og Sjómannasamband Íslands telja alveg sjálfsagt að íslensk skip fái að landa afla sínum í Færeyjum. Ég er hræddur um að það mundi eitthvað heyrast ef færeysk stjórnvöld settu allt í einu hömlur á þessa löndun. Hins vegar segja samtök Félags ísl. fiskimjölsframleiðenda að þau mæli með samþykkt frv. af þeirri ástæðu að þau sjá möguleika á því að einhver löndun eigi sér hér stað og við getum aukið þjóðartekjur okkar.

Ég þakka hv. 5. þm. Suðurl. fyrir föðurlega áminningu til mín og okkar sem stöndum að þessu nál. Hins vegar gaf hann hvorugum flm. þessa frv. neina föðurlega áminningu — hann hefur kannski verið búinn að því einhvers staðar annars staðar — en þeir eru tveir þeirra sem halda hæstv. ríkisstjórn lifandi ef líf skal þá kalla, hv. 2. þm. Vestf. sem var að fara úr ræðustól og hv. 4. þm. Reykn. sem flytja frv. Af hverju flytja þeir þetta frv.? Flytja þeir frv. af því að þeir vilja sýna útlendingum einhverja náð og miskunn fram yfir það sem Íslendingar hafa? Ég hef ekki heyrt getið fyrr en í ræðu hv. 5. þm. Suðurl. áðan að útlendingarnir þessir borgi ekki nema einn fjórða af þeim gjöldum sem íslensk skip borga eins og hvað snertir Ísafjarðarhöfn. Ég hef ekki heyrt það fyrr. Ég hef aftur heyrt að þegar grænlensku skipin fóru að landa í Hafnarfirði fannst Ísfirðingum þeir hafa misst æðimiklar tekjur og vildu gera allt sem hægt var til þess að fá þá aftur til þess að vera eingöngu á Ísafirði. Það skildi ég vel. Ég skil ekki að það sé vegna þess að þeir hafi ekkert borgað fyrir sína aðstöðu. Ég held að Ísfirðingum hafi þótt fengur að því að fá þessi viðskipti. Það eru mikil viðskipti í kringum það að erlend skip leita hér hafna án þess að þurfa að leita í hvert einasta skipti til æðsta stjórnvalds á Íslandi um hvort það megi landa hér, hvort sem tonnin eru mörg eða fá. Ég er ansi hræddur um að Íslendingar mundu ekki sigla mjög mikið með fisk á erlendan markað, eins og t.d. til Vestur-Þýskalands eða Bretlands, ef það þyrfti að senda skeyti og jafnvel sendiherrann í ráðuneytin í Bonn eða í London í hvert skipti sem íslenskt skip hyggst landa afla sínum. Ég er hræddur um að þau viðskipti færu algerlega forgörðum. Ég ætla að segja við hv. 5. þm. Suðurl. að hann er alveg aftur í grárri forneskju, maður á besta aldri. Ég bið hann að taka nú sprett inn í nútíðina. Svo ruglar hann með hluti sem er alveg fráleitt að tala um. Hann fer að víla í þingsalnum út af því að það sé verið að flytja inn smjörlíki og erlendir aðilar sem framleiða og selja þetta smjörlíki selji þetta ekki á nema broti af verði á smjörlíki sem við höfum verið að kaupa hér undanfarna áratugi. Það væri ekkert smjörlíki flutt inn ef ríkisstjórnin hefði ekki heimilað það. Núv. hæstv. viðskrh. hefur heimilað það. (**GuðnÁ:** Ég minntist á það.) Já. En ég var líka í ríkisstjórn á undan og fór með sama málaflokk og núv. hæstv. viðskrh. Þá kom þessi beiðni líka. Ég sagði alveg hreint nei. Það kemur ekki til greina að leyfa þessum aðilum að flytja inn smjörlíki.

Það er ríkisstjórn hv. 5. þm. Suðurl. sem þetta gerir. En innflutningur á smjörlíki, sem Jón Sigurðsson viðskrh. hefur veitt Hagkaupi, KRON og ég held einhverjum fleirum undanfarið, kemur löndunum grænlenskra og færeyskra skipa á Íslandi ekkert við, svo að það þýðir ekkert fyrir hv. þm. Suðurl. að vera að væla um það í ræðustól.

Ég vissi ekki að hv. þm. væri svona góður fimleikamaður, þá á ég við andlega fimleika, því að hann fór a.m.k. tvo hringi í gegnum sjálfan sig hérna í ræðustólnum á ekki lengri tíma. Að vísu var hlé gert til þingflokksfunda þannig að hann gat sótt í sig veðrið í seinni hluta ræðunnar. Hann talaði um hvað það væri ógæfulegt ef ætti að veita heimildir sem þessar því að þá væri hér eiginlega allt dautt. Síðan stökk hann aðeins til og sagði að hann skildi ekki í því að það mundi nokkurt erlent skip landa hér afla og Færeyingar hefðu aldrei beðið um það. Það er einmitt það sem maður er að vona, að einhverjir biðji um að landa afla hér. Það er nær en að neita þessum samskiptum að höggva á hnútinn sem verið hefur í öll þessi ár í samskiptum þjóða og velja til þess tvær

nágrannaþjóðir okkar. Við erum búnir að ná viðamiklum samningum sem við erum mjög ánægðir með, eins og samningnum um skipti á loðnuveiðunum, og við viljum halda áfram. Við eigum svo margt sameiginlegt. Hugsið ykkur ef fleiri skip koma hér og landa, þurfa að fá hér viðgerðir. Þau þurfa að versla hér. Þau þurfa að kaupa veiðarfæri, jafnvel tæki sem verið er að framleiða hérna. Ekkert af þessu selst ef enginn má koma hingað nema náðarsamlegast að sækja um það í hvert eitt skipti sem skip vilja koma hingað og landa hér afla. Veitir okkur af því að fá aukinn afla sem fenginn er utan við 200 sjómílna fiskveiðilögsögu okkar ef við getum aukið tekjur þjóðarinnar sem því nemur? Ég held að það sé eingöngu af því góða. Þess vegna skil ég ekki hvernig menn geta tekið þessu frv. þannig sem mér finnst svo sjálfsagt í alla staði. Ég skil ekki andstöðu samtaka, að segja bara: Við mælum gegn samþykkt frv., en koma ekki með nein rök fyrir því af hverju þeir gera það. Ég minni líka á hversu oft er búið að flytja hér tillögur um að auka samskipti við nágrannaþjóðir eins og Grænlendinga og Færeyinga, samskipti milli Íslands, Grænlands og Færeyja. Við höfum verið að auka þessi viðskipti. Við höfum verið að auka og efla tengsl á milli þessara þjóða. Meinum við þá ekkert með þessu? Er þetta þá orðagjálfur eitt? Við eigum að hafa einhverja samningsstöðu, segja menn. Af hverju leyfa Færeyingar íslenskum loðnuskipum að landa án þess að setja á oddinn: Ef við kaupum fisk eða loðnu af íslenskum skipum verðið þið að veita okkur leyfi til veiða innan íslenskrar fiskveiðilögsögu? Við gerðum það einu sinni meðan við höfðum efni á því og gátum það? Þeir eru ekkert að biðja um og þurfa ekkert að biðja um. Þeir vilja fá þetta til þess að auka sínar þjóðartekjur og hafa þess vegna verið að kaupa loðnu af íslenskum skipum. Sama reglan gildir gagnvart okkur sjálfum. Við viljum fá afla sem er veiddur utan 200 sjómílna fiskveiðilögsögumarkanna og auka þar með þjóðartekjur okkar og okkur veitir sannarlega ekki af.

Ég þakka hv. 2. þm. Vestf. fyrir að rifja upp hvernig Færeyingar komu fram við okkur í landhelgisstríðinu. Við áttum ekkert marga bandamenn á þeim tíma. Flestar þjóðir töldu það glapræði af okkur eftir að vera búnir að færa út í 50 mílur að færa þá út í 200 mílur. Þá var það þessi fámenna frændþjóð okkar sem stóð við hliðina á okkur og aflaði sér óvinsælda Breta fyrir bragðið. Við skulum ekki gleyma því.

Við höfum gert Færeyingum margt gott á liðnum árum, en við eigum líka að halda því áfram. Við eigum að efla þessi samskipti. Við eigum að auka skilning og vináttu á milli þessara nágrannaþjóða. Við heyjum sömu lífsbaráttuna og þessar þjóðir og það gerum við ekki með því að nota tækifærið til að hafa eitthvert kverkatak á þeim. Við skulum ekki gera okkur það til skammar að láta þurfa sækja undir okkur í hvert skipti sem eitthvert skip ætlar að landa hér afla. Við ætlum ekki, og ég tek undir þau orð með hv. 2. þm. Vestf., flestir alþingismenn, að Grænlendingar eigi að semja við stórþjóðir sem koma með verksmiðjuskip á mið þeirra til þess að taka við afurðum þeirra eins og þeir mundu þurfa að gera við allar veiðar við Austur-Grænland. Við eigum að breiða faðminn á móti þessum þjóðum og auka samskipti við þær og sýna þeim af heilum hug að við erum góðir nágrannar sem viljum auka og efla tengsl á milli þessara þjóða. Þetta er eitt höfuðatriðið fyrir því að við eigum að samþykkja frv. Að lokum þakka ég báðum flm. frv. fyrir að hafa flutt það á tveimur þingum í röð.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 1201, nál. frá meiri hl. sjútvn., skrifaði ég undir nál. með fyrirvara. Mér þykir þess vegna rétt að koma aðeins inn á þetta mál. Ég verð að segja það alveg eins og er að mér finnst óeðlilegt þegar svona mál eru flutt á þingi að þau liggi mánuðum saman í nefnd þingsins án þess að þingheimur fái tækifæri til að fjalla um það eins og hér hefur skeð því þetta er í annað skiptið sem þetta mál er flutt á Alþingi með þessum hætti. Þess vegna tel ég raunhæft að afgreiða svona mál inn í þingið, en tel það alls ekki eðlilega afgreiðslu að vísa svona máli til ríkisstjórnarinnar. Þetta er fyrst og fremst umræðumál. Þetta er mál sem varðar þjóðina í heild og það er engin ástæða til þess að þingið komist undan því að taka afstöðu til breytinga sem hér eru fram færðar. Ég verð að segja það alveg eins og er að miðað við þau lög sem hér er vitnað í frá 1922 er alveg ljóst að allar forsendur hafa breyst í þessum málum og þess vegna er ekkert óeðlilegt að slík lög séu tekin til endurskoðunar og ætti í raun og veru að vera búið að því fyrir löngu eða a.m.k. leggja grunninn að því að slík endurskoðun fari fram um leið og verið er að efla þessi samskipti.

En það sem ég vildi segja um þetta mál er það fyrst og fremst að mér finnst að þó að rökin sem hér koma fram, m.a. hjá hv. 5. þm. Suðurl. — og ég harma að við skulum ekki geta fylgst að í sambandi við þetta mál — séu þau að í samningum við aðrar þjóðir eins og nágrannaþjóðir okkar, Grænlendinga og Færeyinga, sé nauðsynlegt að hafa samningsstöðu í hverju þrepi sem þar er um rætt, og sjálfsagt geta verið rök fyrir þessu og er ekkert nema gott um þá fullyrðingu að segja, sé samt dálítill tvískinnungur í því hjá okkur Íslendingum og ekki síst þegar það kemur fram á hv. Alþingi að á sama tíma og við erum að leggja þunga áherslu á að ná sérstöku samkomulagi, sérstakri stöðu með þessum nágrannaþjóðum okkar, og teljum að það sé verðugt verkefni fyrir Ísland að efla þau samskipti á öllum sviðum, þ.e. við Grænlendinga og Færeyinga sem í raun og veru byggja á sömu lífsskilyrðum og sömu lífsbaráttu og við sjálfir, við viljum efla þetta á öllum sviðum, sé verið að setja upp einhvern varnarmúr fyrir fram um að það geti verið hættulegt fyrir okkur að stíga of langt fram í þessu vegna þess að það veiki þá stöðu sem við þurfum að hafa í samskiptum við þessar þjóðir. Mér finnst þetta vera öfugt á sama tíma og við erum að leggja okkur fram á öðrum sviðum. Ég get sagt það sem þátttak-

andi í þingmannanefndinni sem fjallar um þessi samskipti og sem komin er á með mjög föstu formi að það kemur fram í garð okkar Íslendinga viss tortryggni eins og t.d. á fundinum í Grænlandi í fyrra. Þá komu fram þessar spurningar: Af hverju viljið þið ekki heimila okkar skipum að landa á Íslandi eins og þið fáið t.d. í Færeyjum? Færeyingar voru mjög harðir á þessu atriði. Þeir héldu stíft fram að við værum með varnarmúr gagnvart þeim að þessu leyti til.

Ég skal ekki segja um hvort þetta eru endilega sterk rök frá þeim, en alla vega er alveg ljóst að ef við ætlum að vera heilir í þessum samskiptum megum við sjálfir ekki byggja upp varnarmúr hjá þessum litlu þjóðum eins og þeir eru hjá okkur eða jafnvel minni. Áhuginn hjá Grænlendingum er að mínu mati mjög einlægur fyrir því að þeir geti treyst samskiptin við okkur og þeir vilja efla þau samskipti á öllum sviðum. A.m.k. ég hef þá skoðun að við eigum mikilla hagsmuna að gæta í sambandi við einmitt þessi samskipti, ekki síst við Grænlendinga. Þetta er þjóð sem er í uppbyggingu atvinnulega séð og við höfum fengið að sjá hvernig þeir eru að byggja upp sinn atvinnurekstur, þ.e. sjávarútveginn. Við höfum fengið að sjá hvað þeir eru gífurlega háðir Dönum á öllum sviðum í sambandi við þá atvinnugrein. Við höfum líka fengið að sjá möguleikana á því að það væri hægt að koma á jákvæðari samskiptum á þessu sviði fyrir okkur Íslendinga ef við getum fengið þá til að trúa því að við séum einlægir í þessu samstarfi.

Ég efast ekkert um að á fundinum eftir tæpan mánuð í Stykkishólmi, sem er ársfundur þessara samtaka, kemur þessi spurning strax upp, ekki aðeins hjá Færeyingum heldur einnig hjá Grænlendingum, hvað við meinum með þessu samstarfi, hvort við getum ekki útvíkkað það meira samkvæmt þeirra óskum. Ég tek þetta sérstaklega fram vegna þess að ég tel að þetta sé ekki síður hagsmunamál fyrir Ísland og kannski öllu frekar þegar við erum farnir að skoða málið í víðara samhengi því að stórþjóðirnar í kringum okkur, bæði í Efnahagsbandalaginu og svo í austurvegi, hika ekki við að smjúga inn í hverja þá smugu sem opnast í sambandi við þetta mikilvæga svæði fiskveiða sem við höfum í kringum okkur, þessi þrjú lönd. Þess vegna er það lífsspursmál að mínu mati að hér sé vel að hlutum staðið þó ég sé ekki að gera lítið úr því sem hér hefur verið gert nema síður sé því að ég tel að þeir samningar sem hafa náðst í sambandi við samskipti þessara landa séu gífurlega þýðingarmiklir og það hefur sannarlega verið vel að þeim staðið af okkar hálfu og þá ekki hvað síst sjútvrn. og hæstv. sjútvrh. Það vil ég taka fram. En ég skil ekki hræðsluna við þetta mál. Mér finnst að við eigum að átta okkur vel á því að öll viðleitni okkar til að rétta fram hendi til meiri samskipta við þessar þjóðir er örugglega mikils virði fyrir framtíð Íslands. Ég held að við eigum alls ekki að gera lítið úr því hvað þessar þjóðir, Grænland og Færeyjar, og það sem þær hafa með höndum er mikilvægt fyrir okkur sem þjóð. Að ná tökum á þeim samningum og þeim samskiptum tel ég vera mikilvægt mál. Ég hef sannfærst betur um það eftir að ég tók meiri þátt í þessu en áður hefur verið, og ég er alveg viss um að við eigum ekki að vera að byggja upp neinn varnarmúr í sambandi við þetta mál heldur þvert á móti. Þess vegna tel ég að rétt sé að þetta mál sé tekið til umræðu í þingsölum frekar en að vísa því kalt og rólega til ríkisstjórnarinnar. Ég vænti þess að þingið gefi sér tíma til þess að átta sig vel á stöðu þessara mála í heild.

Forseti (Hjörleifur Guttormsson):

Forseti vill taka fram að stefnt er að því að halda áfram dagskrá sem fyrir liggur og síðan verða atkvæðagreiðslur og síðan er stefnt að því að setja nýjan fund. Það verður reynt að komast hjá kvöldfundi, en það er undir samvinnu hv. þm. komið hvernig til tekst. Það eru að sjálfsögðu ekki nein tilmæli um það að menn hverfi frá því að mæla hér sem hvern listir, en forseti vildi taka þetta fram til að menn vissu að hverju stefnt er. Það kann að vera að haldið verði áfram fram undir kl. 8 eða svo í von um að ekki þurfi að halda kvöldfund.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég skal að sjálfsögðu verða við þeim tilmælum að gera aðeins örstutta athugasemd. Ég vildi taka það fram af því tilefni sem hefur komið fram í umræðunum að afstöðu mína í þessu máli má á engan hátt skilja þannig að ég vilji ekki vinsamleg samskipti við þessar þjóðir. Þau tel ég að verði að vera og ég tel að við höfum verið að byggja upp vinsamleg samskipti við þessar þjóðir og við eigum að halda því áfram og það tók ég skýrt fram í minni ræðu hér. Það er alveg út í hött að vera að blanda þessu máli með þessum hætti saman við það.

Það sem vakir fyrir mönnum í þessu er að tryggja að samkomulag náist um nýtingu sameiginlegra stofna. Hefði það verið eðlilegt meðan ekki var samið um loðnuna að það skipti engu máli þótt færeysk fiskiskip, loðnuskip, nýttu loðnustofninn norður af landinu utan okkar landhelgi og lönduðu öllum þeim afla hér á landi? Hefði það verið eðlileg framkvæmd mála? Meðan var verið að reyna að ná samningum var mjög sótt eftir því að íslensk fiskiskip gætu keypt veiðiheimildir af Grænlendingum og að norsk fiskiskip gætu keypt veiðiheimildir af Grænlendingum. Gegn þessu var staðið og ég er ekki í neinum vafa um að þetta stuðlaði að góðu samkomulagi í málinu.

Ég vil líka minna hv. þm. á að það er hér sameiginlegur karfastofn og sameiginlegur rækjustofn. Hvað selja Grænlendingar Efnahagsbandalaginu mikil réttindi úr þessum sameiginlega karfastofni? Sextíu og tvö þús. tonn á þessu ári. Hvað er veitt við Austur-Grænland úr þessum stofni af þeirri þjóð sem fyrst og fremst stundar þessar veiðar, þ.e. Þjóðverjum? Fimm þús. tonn. Það liggur alveg fyrir að það er hægt að veiða mun meira úr þessum stofni frá Íslandi. Ég tel að þarna sé allt of langt gengið í veitingu veiðiheimilda úr þessum stofni og til þess að nokkur von sé til að þar náist samkomulag verði að draga úr þessum

veiðiheimildum. Um þetta þarf að semja og samhliða því þarf að semja um gagnkvæman löndunarrétt.

Þannig hefur verið haldið á þessum málum og ég veit ekki til þess að upp úr því hafi sprottið neinn óvinskapur milli Íslendinga og Grænlendinga nema það skyldi þá eingöngu vera í kollinum á þeim þingmönnum sem hér hafa haldið því fram. Þetta vildi ég taka skýrt fram því að auðvitað veit ég að það er fylgst með þessum málum og leitt til þess að vita að ekki geti ríkt um það einlæg samstaða að koma fram af fullri virðingu gagnvart Grænlendingum í þeim tilgangi að tryggja þeim allan sinn rétt. En það verður ekki undan því vikist að ná samkomulagi um heildarveiði úr þessum stofnum hver svo sem á að gera það.

Frsm. minni hl. sjútvn. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður mikið. En hæstv. sjútvrh. minntist á það áðan í sínu máli hvort ekki hefði verið rétt að vísa þessu frv. til utanrmn. Svo vill til að á síðustu dögum hafa haft samband við mig menn sem eiga sæti í utanrmn. og hafa einmitt orðað það sama og telja að flestum þeim málum sem hafa verið flutt í þinginu og snerta utanríkisviðskipti og samskipti Íslands við aðrar þjóðir hafi verið vísað til utanrmn. Nú vil ég spyrja hæstv. forseta hvort hann geti kannað hvort hefð sé fyrir því að málum sem þessum sé jafnan vísað til umfjöllunar í utanrmn. (**Forseti:** Forseti vill svara því til að það hefur ekki verið mikið um mál af því tagi sem hér er til umræðu sem reynt hefur á að vísa til utanrmn. Það segir forseti eftir minni en ekki að gerðri neinni athugun á því. Hins vegar er hér um að ræða mál af þeim toga sem að jafnaði hafa verið rædd og tekin fyrir í utanrmn. og þá af hæstv. utanrrh. eða hæstv. sjútvrh. ef þau hefur borið við.) Ég þakka forseta. Mér sýnist að það geti einmitt verið þannig að það væri mjög eðlilegt að fjalla um þetta mál í utanrmn.

Hér hafa menn flutt allgóðar ræður. Ég þarf ekki að fara mjög mikið ofan í þær en hafði á minn hátt gaman af þeim mörgum. Menn hafa hér reynt að setja upp litla manninn og barið sér á brjóst og talið að hér væru menn sem vildu níðast á nágrönnum sínum og vinum. Ég vil taka það fram að ég stend með Færeyingum og Grænlendingum og vil eiga við þá góð samskipti. Ég tel að okkur Íslendingum hafi heppnast það að eiga við þá góð samskipti. Ég styð góð samskipti við þessar þjóðir og tel að ég sé hér í engu að mæla með því að menn níðist á þeim heldur beri okkur að eiga við þá góð samskipti. Það höfum við gert og það eigum við að gera. En við verðum að gera það með réttum hætti.

Hv. 1. þm. Vestf. sagði að engin rök hefðu komið fram í máli umsagnaraðilanna sem allir lögðust gegn þessu máli. Þetta er rangt. Þeir vitnuðu flestir til þess atriðis, sem hér hefur verið nefnt, að það ætti eftir að semja um sameiginlega fiskstofna. Þeir nefna það í umsögnum sínum. Enda fannst mér eins og hjartað slægi nú ekki oft með í málflutningi hv. þm. sem oft tekst vel upp. Það var ekki fyrr en hann kom að smjörlíkinu sem ég þekkti hann í þessum málflutningi. Þá var hann samur og jafn og líkur sjálfum sér og færðist í hann þróttur.

Hann lét t.d. að því liggja að menn hefðu reynt að slá málinu þannig upp að þetta væri eins og menn þyrftu að spyrja í hvert einasta skipti. Þetta er rangur málflutningur. Menn þurfa ekki að biðja um löndunarrétt í hvert einasta skipti. Það er veitt til margra mánaða í senn. Og hér hefur verið samþykkt, eins og ég hef minnst á, þál. um samning þjóða á milli um gagnkvæmar löndunarheimildir þannig að það er alveg skýrt.

Það er enginn vafi að lögin frá 1922 eru einhver helgustu lög þessarar þjóðar og ég er ekki talsmaður þess að raska þeim lögum mikið án þess að um það sé fjallað bæði af utanrmn. og síðan af Alþingi aftur. Ég er því þeirrar skoðunar, hæstv. forseti, eftir bæði það sem þú hefur sagt hér og það sem mjög þingreyndir menn hafa við mig sagt, að það sé rökrétt að skoða rækilega hvort ekki væri eðlilegt að vísa þessu máli til utanrmn.

Ég ætla ekki að þreyta þingmenn með því að lesa hér upp umsagnir þeirra virtu aðila sem um málið fjölluðu, en þær geta þeir að sjálfsögðu nálgast hjá sjávarútvegsnefndarmönnum. Ég teldi mjög eðlilegt að þeir gerðu það áður en þeir tækju afstöðu í þessu máli.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Það málefni sem hér er til umræðu er mjög jákvætt innlegg í umræðu um vaxandi samskipti við okkar nágrannaþjóðir. Eg sé ekki að það sé nein ástæða til þess að fara að senda þetta til utanrmn. eins og hæstv. 5. þm. Suðurl. var að stinga upp á. Það komu nákvæmlega engin rök fram hjá honum sem gáfu ástæðu til þess að þessu máli yrði vísað til utanrmn. Það er hugmynd úr lausu lofti sýnist mér.

En ég get út af fyrir sig skilið að menn telji að einhverjir hagsmunir séu þarna í sambandi við samningsstöðu. En ég verð að segja að ef við fórnum meiri hagsmunum fyrir minni í sambandi við slíka samningsstöðu erum við að gera sjálfsmark. Það eru auðvitað stórkostlegir hagsmunir þessarar þjóðar að fá lönduðum meiri afla hér en er til í íslenskri fiskveiðilandhelgi.

Ég verð að segja að mér finnst það eðlilegt að það komi fram tortryggni í okkar garð ef við viljum hafa einstefnu á samskiptum við aðrar þjóðir í sambandi við að landa afla. Við viljum mega landa í Færeyjum en þeir mega ekki landa hér. Það gengur ekki upp. Þetta gengur ekki upp að koma svona fram gagnvart nágrönnum sínum. Ég get ekki séð að þessir samningsstöðuhagsmunir séu þeir, þó þeir séu auðvitað einhverjir, að þeir séu nema bara til tjóns.

Varðandi Grænlendinga verð ég að segja að mér finnst að við eigum einmitt að vera jákvæð gagnvart þeim. Grænlenska þjóðin á í sjálfstæðisbaráttu. Ísland hefur átt í sjálfstæðisbaráttu. Við ættum að eiga auðvelt með að setja okkur í þeirra spor og vera jákvæð og koma með jákvætt innlegg í þeirra sjálf-

stæðisbaráttu. Þeir eru að berjast fyrir sjálfstæði sinnar þjóðar og við hjálpum þeim mikið í baráttunni með því að opna dyr en ekki að vera með einhvers konar kverkatak á mönnum.

Mér finnst að það gæti jaðrað við dónaskap að vilja ekki þiggja fisk sem er í boði án þess að það þurfi einhverja sérstaka leyfisveitingu svo að menn megi landa. T.d. koma loðnuskip upp að landinu til að veiða sinn kvóta sem búið er að semja um, veiðiskip frá fleiri ríkjum meira að segja en Færeyjum. Þegar þau fiska kannski slatta vilja þau landa því hér ef það gerir vont veður. Þó það sé ekki stórt eykur þetta allt saman framleiðslugetu íslenskra verksmiðja. Ég vil því mæla með því að það verði fleiri múrar rifnir niður í samskiptum við okkar nágranna og þá sérstaklega Færeyinga og Grænlendinga.

Ég tel að nái þetta frv. fram að ganga og komist til framkvæmda séum við kannski að stíga nýtt skref í viðskiptum við nágrannaþjóðirnar sem meiri viðskipti gætu fylgt eftir. Þá á ég sérstaklega við Grænland. Grænland er mjög stórt land og mér er sagt að þar séu margir stórkostlegir möguleikar og Íslendingar ættu einmitt að horfa í kringum sig því að góð viðskipti fara þannig fram að þau séu hagur beggja. Það er það sem málið snýst um, að það sé hagur beggja þjóðanna að fyrirtæki og útgerðir fái að eiga sín viðskipti án þess að það þurfi að fara bónarveg að of mörgum.

Ég tel því að með því að samþykkja þetta séum við raunverulega að styrkja stöðu okkar og leggja jákvætt innlegg í samskipti við okkar nánustu nágrannaþjóðir. Ég vona því að frv. verði samþykkt.

Valdimar Indriðason:

Virðulegi forseti. Ég tel mig knúinn að taka þátt í þessari umræðu því að mér finnst að við séum á hálli braut og ég skil ekkert í því að ungur þingmaður, hv. þm. Guðni Ágústsson, skuli koma með slíka tillögu sem hér er lögð fram vegna þess að eins og hv. 1. þm. Vestf. kom inn á áðan verðum við að fara að fikra okkur út úr þeim helgu lögum sem voru helg á sínum tíma, gömlu landhelgislögunum, 67 ára gömlum. Tímarnir hafa breyst svo mikið. Þau lög voru til þess að verja okkur fyrir því þegar fiskað var inn um alla flóa og firði að afli yrði tekinn við nefið á okkur og fluttur í burtu. Tímarnir hafa breyst og við verðum að breytast með.

Það er eitt í þessu máli sem ég held að menn geri allt of mikinn úlfalda úr. Menn þurfa ekki að óttast að erlend veiðiskip fari að landa í miklum mæli á Íslandi. Því höfum við séð við, Íslendingar sjálfir, með því að greiða ekki það verð á hráefninu sem er verið að landa hér að við séum samkeppnisfærir við aðrar þjóðir. Af hverju löndum við loðnunni í Færeyjum? Af hverju löndum við loðnunni í Noregi? Af hverju ekki að landa heima? Það er hærra verð á þessum stöðum. En vegna alls konar bagga sem bundnir eru íslenskum loðnuverksmiðjum, og þær eru því miður ekki nógu margar komnar svo vel á veg í sinni vinnslu að þær geti borgað nógu hátt hráefnisverð, er þetta að ske.

Ég hélt um daginn þegar við vorum að ræða um samningana við Norðmenn, Færeyinga og Grænlendinga í þessum efnum að við værum sammála um að takast á við þetta mál, auka samskipti á milli þjóðanna og koma fram eins og samningsaðili í þessu máli og sýna hug okkar. Þess vegna harma ég að heyra það frá hæstv. sjútvrh. áðan að hann skyldi ekki vilja fara þá leið sem verið er að fara heldur taka undir þá tillögu sem flutt var af þingmanni Suðurlands áðan. Ég harma það vegna þess að ég tel það ekki til að bæta okkar viðskipti við þessar þjóðir.

Það er nefnilega full ástæða til að rekja aðeins þá sögu. Það er um að ræða ekki mikið magn sem á að veiða samkvæmt samningum sem eru að komast á, eða vonandi, kannski um 100 þús. tonn af loðnu. Það má ekki gleyma að það er heimild í þessum samningi til að veiða til 15. febrúar á Íslandsmiðum í íslenskri lögsögu til að ná þessum samningi upp. Erum við bættari með því að senda þetta í burtu? Af hverju má ekki landa þessu í verksmiðjunum fyrir vestan, norðan og austan ef þeir aðilar kæra sig um það sem eru að fá þessi leyfi? (**Sjútvrh.:** Það er heimilt samkvæmt samningi.) Það er heimilt samkvæmt samningi, já, en það má ekki veita þeim það leyfi nema með sérstakri heimild til að landa samkvæmt þeirri tillögu sem hér er til umræðu. Þess vegna styð ég tillögu meiri hl. sjútvn., hvernig hún vill framkvæma málið. Við eigum að brjóta þarna í blað og við getum sett í lög hjá okkur þennan tíma að leyfa þessum mönnum löndun hér alveg hindrunarlaust. Það er þungamiðjan í málinu en ekki að vera með útúrsnúninga og slíkt til þess að skemma fyrir þessu máli. Við þurfum að leita þarna góðra samskipta. Við gerum það ekki nema með því að rétta hendina á móti. (**GuðnÁ:** Höfum við ekki gert það?) Ekki í nógu miklum mæli. Það er ekki eingöngu fiskurinn sem við erum að sækjast eftir. Það er alls konar þjónusta við þessi skip sem við sækjumst eftir eins og Grænlendingana sem landa bæði á Ísafirði, í Hafnarfirði og annars staðar. Þeir sækja mikla þjónustu í land. Þetta er mikils virði fyrir okkur.

Það er ekki svo mikið til skiptanna hjá Íslendingum sjálfum og þeirra verksmiðjum og frystihúsum að þeir geti ekki tekið á móti fiski ef þeir geta keypt hann. En það sem ég óttast er að fiskimennirnir muni ekki bjóða hann til sölu nema slatta í algerri neyð vegna þess að það er ekki verð í boði hér á móti því sem fæst erlendis. Þess vegna er ég hissa á þessum umræðum og ég legg eindregið til að þingið samþykki hiklaust tillögu meiri hl. sjútvn. eins og hún liggur fyrir.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér hefur verið látið að því liggja að máli hafi verið vísað til rangrar nefndar og þá hugsanlega af þeirri ástæðu að menn teldu að þar hefði það meira brautargengi. Nú vill svo til að utanrmn. er í Sþ. en frv. til laga eru í deildum. Miðað við þá þröngsýni sem komið hefur fram í afstöðunni til málsins sem heildar undrar mig þá viðsýni að leggja það til að hægt sé að vísa málum sem eru í deildum til nefnda í sameinuðu þingi.

Frsm. minni hl. sjútvn. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég sé mig knúinn til að gera athugasemd við ummæli hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar. Þar sem hann lagði út af því að ég hefði átt við það að menn ættu að vísa þessu máli annað því þar ætti það meira brautargengi, þá fer hann rangt með. Það gat verið eðlilegt á því stigi að málinu væri vísað til sjútvn.

Nú vill svo til að fjárlagafrv. fer í Sþ. Það kann að vera, og það var það sem ég átti við, að fleiri frv. geti farið í Sþ. en fjárlög. Síðan mun vera hefð fyrir einu, og ég vek athygli á því, að nefndir þingsins, og það þekkja hinir eldri þingmenn, hafa endrum og eins í viðkvæmum málum vísað þeim til umsagnar annarrar þingnefndar. Það var kannski það sem ég átti við. Ég hygg að fyrir því sé full hefð að vísa máli til annarrar þingnefndar sem fer þá sérstaklega með mál eins og í þessu tilfelli í utanrmn. sem fjallar um öll þau mál sem varða samninga og samskipti við erlend ríki.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. í nál. 1202 um að vísa frv. til ríkisstjórnarinnar felld með 19:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: NL, SJS, ÞÞ, GB, FI, GuðnÁ, HG, JóhS, JK, JSS, MálmS, PP.

nei: SighB, SV, AS, BB, BÍG, EH, VI, FrS, GeirG, GHH, HJ, IBA, KrP, MB, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RA, ÓÞG.

11 þm. (RH, ÞP, KJóh, AðB, ÁrnG, GHelg, JBH, JónS, KE, KH, MÁM) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Þó að allir hv. þm. séu án efa sammála um að það sé nauðsynlegt að við eigum sem best samskipti við okkar næstu granna á þessu sviði hef ég um það efasemdir að þessi ákvörðun ein og sér sé skynsamleg við þær aðstæður sem uppi eru í þeim samskiptum. Við höfum átt góð samskipti við þá þrátt fyrir að ákvæði hafa verið eins og raun ber vitni um þetta tiltekna atriði í okkar samskiptum og ég sé ekki neitt sem hindrar að svo geti orðið áfram og styð því þá tillögu að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar á þessu stigi og segi já.

Benedikt Bogason:

Herra forseti. Ég er ekki vanur að gera grein fyrir atkvæði mínu, en það er gaman að prófa það. Ég bara segi að ég vil meiri fisk á land til að vinna úr og segi nei.

1. gr. samþ. með 19:5 atkv.
2. gr. samþ. með 19:6 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Námslán og námsstyrkir, 2. umr.

Frv. FI o.fl., 56. mál (framfærslugrunnur). — Þskj. 58, n. 1198, brtt. 1199.

Frsm. menntmn. (Ragnar Arnalds):

Herra forseti. Snemma á þessu þingi var flutt frv. til breytinga á lögum um námslán og námsstyrki. Þetta frv. varðar það hvernig fara skuli að ef gerðar eru breytingar á útreiknuðum framfærslugrunni. Efni frv. er á þá leið að um hugsanlegar breytingar á útreiknuðum framfærslugrunni vegna námslána skuli fjallað í þriggja manna nefnd áður en þær taka gildi.

Menntmn. hefur fjallað um frv. og mælir með samþykkt þess. Hún hefur fengið umsagnir um það frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Lánasjóði ísl. námsmanna og Stúdentaráði, en vegna athugasemda um að orðalag í grg. gefi vísendingu um rangan skilning á sjálfri frumvarpsgreininni þykir nefndinni rétt að gerð sé breyting á þessari sömu grein og hún orðist þannig:

„Komi fram óskir eða tillögur um breytingar á útreiknuðum framfærslugrunni samkvæmt þessari grein er ráðherra skylt að láta þriggja manna nefnd fjalla um þær áður en slíkar breytingar eru gerðar."

Og síðan áfram eins og stóð í frumvarpsgreininni: „Nefndin skal skipuð einum fulltrúa tilnefndum af menntmrh., einum tilnefndum sameiginlega af samtökum námsmanna, auk hagstofustjóra eða fulltrúa hans, og skal hann vera formaður nefndarinnar."

Nefndin leggur sem sagt til að frv. verði samþykkt með þessari breytingu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1199,1 samþ. með 25 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 1199,2 (ákv. til brb. falli brott) samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Þingfararkaup alþingismanna, 1. umr.

Frv. JHelg o.fl., 469. mál (biðlaun). — Þskj. 830.

Ólafur G. Einarsson:

Herra forseti. Það er svo sem ekkert nýtt að málum sé ekki fylgt úr hlaði við 1. umr. í síðari deild. Það gerðist síðast í gær hér í hv. Nd. að þannig fór um fleiri en eitt mál, reyndar mál sem var til umræðu í þessari deild sem fyrri deild líka, að ekki var mælt fyrir því. Ég sakna þess hins vegar að ekki skuli talað fyrir þessu frv. um breytingu á lögum um þingfararkaup alþingismanna í síðari deildinni. Ég sakna þess vegna þess að mér finnst vanta frekari rökstuðning fyrir þessu máli en fram kemur í grg. með frv.

Flm. í fyrri deild, hv. Ed., voru úr hópi forseta og varaforseta og reyndar einn þingflokksformaður. Forustuna hafði þar hæstv. forseti Ed., Jón Helgason. Þetta sýnir að það hefur þótt töluvert mikið liggja við að sýna mikilvægi málsins þegar svo skrautlegur hópur flm. er á frv. En mér þykir í raun og veru verst að hv. þm. Ed. skuli ekki hafa málfrelsi í Nd. og mér finnst þetta vera ágætt dæmi um hversu nauðsynlegt er að koma Alþingi í eina málstofu. Það mundi vera mikið hagræði að því.

Það má e.t.v. bæta úr þessu hér í hv. deild ef áhugamenn um framgang þessa frv. gæfu sig fram og töluðu í þessu máli. Ég sé í grg. að frv. er flutt í samráði við þá þingforseta sem sæti eiga í Nd. og ég tek það svo að þeir hljóti þá að vera nokkrir áhugamenn um framgang málsins. Ef þeir vildu skýra þetta mál betur út fyrir mér en gert er í grg. getur vel verið að svo færi að ég gæti hugsað mér að fylgja málinu. Það fer hins vegar eftir því hvað hér verður sagt frekar. Mér finnst þetta þurfa nánari skýringa við en koma fram í grg.

Ég sakna alveg sérstaklega hæstv. forseta Sþ., Guðrúnar Helgadóttur, sem á sæti hérna í deildinni en er fjarverandi vegna dvalar erlendis. Hún hefur verið mjög ötull baráttumaður fyrir bættum kjörum alþingismanna og þess vegna kom mér svolítið á óvart að hún skyldi vera í hópi þeirra sem vilja plokka það af sem náðst hefur án þess að ég sé með þessu að segja að lögin um þingfararkaup séu svo góð að þeim mætti ekki breyta.

En það vakna ýmsar spurningar þegar svona mál er lagt fram. Í 1. gr. frv. segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Afsali þingmaður sér þingmennsku og hverfi til annarra launaðra starfa fellur réttur hans til biðlauna niður."

Það vakna sem sagt ýmsar spurningar þegar maður les þennan texta. Hvers vegna á réttur til biðlauna aðeins að falla niður til þingmanns sem hverfur til annarra starfa en afsalar sér þingmennsku? Hvers vegna á eitthvað annað að gilda ef kjósendur hafna frambjóðanda eða ef þingmaður fer ekki í framboð? Hvaða reginmunur er á þessu? Mig langar til að fá nánari skýringar. Og ég spyr líka: Hvers vegna er verið að breyta þessum ákvæðum að því er varðar þingmenn en ekki ráðherra? Ég veit að skæðar tungur hafa sagt að þetta kunni að hafa varðað hv. 1. flm. frv. sem var nýbúinn að þiggja sex mánaða biðlaun sem ráðherra þegar hann flytur þetta frv. og þykir mér vont að geta ekki átt orðastað við hann beint. Kannski hefði ég haft gaman af að heyra í hæstv. fjmrh. sem er að vísu ekki þingmaður nú. Því hefur verið haldið fram að þegar hann fór af Alþingi, þegar hann féll í kosningum, hafi hann þegið þriggja mánaða biðlaun og farið beint inn í launað starf í Háskólanum. Þessu hefur verið haldið fram. Því hefur a.m.k. ekki verið mótmælt af hæstv. fjmrh. að svo hafi verið. Þess vegna finnst mér vanta þarna skýringu líka.

Ég spyr líka: Hvers vegna liggur svo á að keyra þetta frv. í gegn núna? Hvað liggur svona á? Hverja kemur þetta til með að hitta? Ef frv. hefði fengið greiðari leið í gegnum þingið hefði þetta kannski komið í veg fyrir að núv. sendiherra okkar í Frakklandi, Albert Guðmundsson, hefði fengið biðlaun.

Eins og málum er háttað núna sýnist mér að þetta muni hitta einn þingmann og það er hæstv. forseti þessarar deildar, Kjartan Jóhannsson. Það liggur fyrir að hann muni segja af sér þingmennsku alveg á næstunni og hverfa til annarra launaðra starfa þegar í stað. Ég veit ekki um aðra. En það má vel vera að þegar hafi verið ákveðnar einhverjar frekari hrókeringar í utanríkisþjónustunni sem taki gildi strax í sumar þannig að það kunni fleiri þingmenn að verða fyrir þessu en hæstv. forseti þessarar deildar, Kjartan Jóhannsson. Ég spyr þess vegna: Er þessu aðeins stefnt gegn honum? Þarf þess vegna að keyra þetta mál í gegnum þingið einmitt núna? Og ég spyr: Hvers vegna má þetta ekki bíða?

Mér finnst vera einhver ólykt af þessu máli. Það er hlaupið upp til handa og fóta vegna þess að fjölmiðlar hafa fundið út að fyrrv. þingmaður Sverrir Hermannsson hefur þegið biðlaun og það ákvað ekki skrifstofa Alþingis eða forsetar þingsins, eins og komið hefur fram, nema vegna þess að þeir leituðu umsagnar virts lögfræðings, reyndar umboðsmanns Alþingis, um það hvernig ætti að túlka lögin. Það varð töluvert mál í fjölmiðlum að þingmaður sem sagði af sér og hvarf til launaðra starfa þegar í stað skyldi þiggja biðlaun. Það má hins vegar vel vera að mönnum þyki þetta minna mál núna eftir að komið er á daginn að stjórnarformaður í fyrirtæki sem ríkið á töluverðan hlut í, Sambandið, og fleiri góðir aðilar, þiggur 2,9 millj. í eftirlaun en er þó ekki hættur og virðist hafa mjög mikið starfsþrek miðað við launin sem hann hefur í viðkomandi fyrirtæki. Það kann vel að vera að þetta hafi áhrif á einhverja og þeir hugsi sem svo að þetta sé ekki mál til þess að eyða miklum tíma í hér í þinginu.

Ég gagnrýni sem sagt flutning frv. nú af þeim ástæðum sem ég hef hér talið upp. Þessu virðist eins og þetta horfir við okkur núna vera stefnt gegn einum manni af því að það er komið fram yfir þann tíma sem hefði dugað til að koma í veg fyrir að Albert Guðmundsson fengi biðlaunin og ég sé þess vegna ekki hvað liggur á með þetta.

Mér finnst hins vegar ástæða til að endurskoða lögin um þingfararkaup alþingismanna. Það er full ástæða til þess að endurskoða þau í heild. Þess vegna fyndist mér ástæða til að biðja þá hv. þingnefnd sem fær þetta mál til meðferðar, það er að vísu engin tillaga komin fram um til hvaða nefndar þetta mál á að fara, — ég mundi ætla án þess að ég ætli að leggja það til því að mér kemur þetta ekkert við að það ætti að fara til fjh.- og viðskn. — að skoða þetta mál betur en hún virðist hafa tíma til miðað við að þingstörfum ljúki hér annaðhvort fyrir þessa helgi eða þá í næstu viku, ég ætla ekkert að fullyrða um það. Þá væri ekki úr vegi fyrir hv. nefnd að hún legði það niður fyrir sér með hvaða hætti menn hverfa frá þingstörfum.

Mér sýnist til þess geta legið fjórar ástæður: menn

segja af sér, menn falla í kosningum, menn fara ekki í framboð og menn andast. Þrennt af þessu, það fyrstnefnda, skiptir máli um hvort menn eigi að njóta biðlauna. Ég bið sem sagt hv. þingnefnd að skoða það vel hvaða reginmunur felist í því að mönnum sé neitað um biðlaun ef þeir segja af sér eða ef þeir falla og í báðum tilvikunum hverfi þeir þegar í stað til launaðra starfa. Það verður að rökstyðja það betur fyrir mér hvers vegna sá sem segir af sér á ekki að njóta biðlauna en sá sem fellur á að gera það þó að hann hverfi til launaðra starfa þegar í stað eins og við höfu dæmin um og ég hef þegar rakið. Hver er þessi reginmunur sem kallar á að þetta frv. verði samþykkt?

Ég sagði áðan að mér þætti ástæða til þess fyrir Alþingi að lögin um þingfararkaup alþingismanna verði endurskoðuð. Ég nefni sem dæmi að það hefur ýmislegt komið upp á sem kallar á þessa endurskoðun og varðar t.d. lífeyrissjóðsréttindi alþingismanna. Það er eitt með öðru sem kallar hér á endurskoðun.

Ég mælist til þess og ítreka að sú nefnd sem fær þetta mál til athugunar kanni þetta mál allt frá grunni og mér sýnist að það skynsamlegasta sem nefndin gæti gert væri að beina þeim tilmælum til hæstv. forseta Alþingis að þeir láti fara fram endurskoðun á lögum um þingfararkaup alþingismanna fyrir næsta Alþingi. Það þarf ekki að samþykkja neina tillögu í þinginu til þess að svo verði gert. Þingforsetar hafa í hendi sér að gera slíkt. Ef á það ráð yrði brugðið þyrfti nefndin ekki að gera annað en tjá þá skoðun sína hér á þingfundi áður en við ljúkum störfum.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi fá að taka undir orð hv. síðasta ræðumanns þar sem hann sagði að að sínu mati væri ólykt af þessu máli. Það er vissulega ólykt af því. Það er megn fnykur af því. Þetta mál var sett fram til að fá höggstað á ákveðnum aðila, en virðist fyrir þá sem óskuðu annars hafa orðið vindhögg.

Ég get alveg tekið undir það, og ég held að flestir þingmenn geri það, að það þarf að taka kjaramál þingmnana til gagngerðrar endurskoðunar og launamálin í heild. En að taka einn lið alveg út úr er algerlega út í hött. Ég tek undir þær kröfur að kjaramál þingmanna og launamál verði tekin til endurskoðunar hið fyrsta. Ég á sæti í fjh.- og viðskn. sem ég reikna með að fái þetta mál til umfjöllunar. Ég mun mælast til þess að bæði hv. 1. flm. frv., Jón Helgason, og hæstv. fjmrh., Ólafur Ragnar Grímsson, komi á fund nefndarinnar þar sem þeir hafa báðir þegið slík biðlaun og geta kannski tjáð okkur hvernig þetta er í reyndinni, enda væri þeirra skoðun á málinu afar dýrmæt fyrir nefndina til að átta sig á umfangi þess.

Í tillögutextanum segir að afsali þingmaður sér þingmennsku og hverfi til annarra launaðra starfa falli réttur hans til biðlauna niður. Nú getur það náttúrlega líka skeð að þingmaður hreinlega veikist. Það eru nokkrir hér inni eldri en ég og kannski með lakari heilsu en ég. Þeir geta veikst og farið þá í eitthvert þægilegt, rólegt starf sem er lægra launað, illa launað jafnvel. Þá eiga þessir aðilar ekki rétt á biðlaunum. Það sér hver heilvita maður að þetta gengur ekki upp. Ef ég yrði fyrir því áfalli að lamast að hálfu eða einhverju leyti gæti ég kannski fengið vinnu við eitthvað sem væri mér við hæfi, en þar sem það er launað starf og ég yrði að afsala mér þingmennsku fengi ég ekki biðlaunin. Þetta er algerlega út í hött.

Í grg. með frv. segir: „Frumvarp þetta er flutt í samráði við þá þingforseta sem sæti eiga í neðri deild." Það hlýtur að vera krafa deildarinnar að þingforsetar tali fyrir þessu máli. Auðvitað áttu þeir að flytja málið og mæla fyrir því í upphafi. En það er enn opin umræða og ég hvet þingforseta til þess að tjá hug sinn og mæla fyrir málinu á réttan og eðlilegan hátt.

Ég vil aðeins segja að ég er reiðubúinn að taka biðlaun sem slík til . . . **(Forseti (HG):** Vegna orða hv. ræðumanns er rétt að sá sem situr í forsetastól nú taki fram að hann hefur hvergi nálægt þessu máli komið og hafði ekki ástæðu til að mæla fyrir því.) Það er í sjálfu sér mjög athyglisvert að heyra þetta úr forsetastóli þar sem hér segir, eins og ég var að enda við að lesa, að frv. sé flutt í samráði við þá þingforseta sem sæti eiga í Nd. Það hlýtur að skiljast þannig að átt sé við alla þrjá forseta deildarinnar, aðalforseta og fyrsta og annan varaforseta. **(ÓE:** Og sameinaðs þings einnig.) Já, og sameinaðs þings einnig. Ég hlýt að leggja til að þar sem hér er á borðum frv. sem fer ekki með rétt mál verði það hreinlega dregið til baka. Það hlýtur að vera réttmæt krafa að annaðhvort verði frv. prentað upp eða tillagan hreinlega dregin til baka.

Hæstv. forseti. Ég þarf ekki að hafa mikið fleiri orð um þetta mál, en ég lýsi mig reiðubúinn að taka kjaramál þingmanna í heild sinni til endurskoðunar en ekki taka einn sérstakan lið út úr.

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Það er ekki minn skilningur að hér sé verið að hreyfa máli sem stefnt sé gegn einhverjum tilteknum einstaklingum, hvorki þeim sem á þingi sitja nú né hinum sem hafa á þingi setið en hætt af einhverjum ástæðum. Þetta mál kemur upp vegna atvika sem gerast og orkar tvímælis í hugum margra þingmanna að hafi verið takmarkið með þessri lagasetningu á sínum tíma.

Ég átti hlut að því að semja frv. sem síðar varð að lögum um þingfararkaup og ég get ekki talað fyrir aðra en mig, en þegar ég var við að semja það frv. sem síðar varð að lögum verð ég að segja eins og er að ég gerði ekki ráð fyrir því að maður sem hyrfi að eigin frumkvæði af Alþingi, segði af sér þingmennsku og tæki við öðru starfi á vegum íslenska ríkisins, hvort sem það er í ríkisbanka eða í sendiráði eða einhvers staðar annars staðar, tæki með sér 3–6 mánaða biðlaun frá Alþingi. Það var ekki minn skilningur að sá væri tilgangurinn með ákvæðinu um biðlaun þingmanna sem sett var inn nýtt við síðustu endurskoðun

á lögum um þingfararkaup. (**ÓE:** Hver var skilningurinn?) Ég vona að mér verði fyrirgefið þó að ég nefni eitt nafn sem kemur í hug mér. Það er Björn heitinn Jónsson fyrrv. ráðherra. Sama dag og hann náði ekki endurkjöri eftir margra ára setu á Alþingi gerðist það að hann missti launin og varð launalaus frá og með þeim degi þegar kosningar höfðu gengið. Miðað við almenna starfshætti í okkar þjóðfélagi var þetta óeðlilegt því að maðurinn átti ekki einu sinni kröfu til þess að fá það orlof greitt sem hann hafði unnið sér inn á orlofstímabilinu, jafnvel þó svo að það væru landslög að það bæri að greiða öllum launamönnum orlof án tillits til starfa þeirra. Sem dæmi enn um það má nefna að varaþingmenn sem koma inn á Alþingi eru sennilega einu launamennirnir á Íslandi sem ekki fá greidda orlofsprósentu ofan á sín laun þó að það séu lög í landinu sem segja að það skuli fortakslaust greiða öllum launamönnum orlof á sín laun. Þau eru greidd í fríum hjá fastráðnu starfsfólki en annars í ákveðnum álagsprósentum samkvæmt tilteknum reglum sem eru mismunandi í samningum hinna ýmsu félaga gagnvart þeim sem eru að vinnu um stundarsakir. Það gildir hins vegar ekki um varaþingmenn þannig að varaþingmaður, sem mundi setjast inn á Alþingi í veikindaforföllum aðalþingmanns og gæti setið á Alþingi í hálft ár eða rúmlega það og yrði að láta af öðrum störfum í þjóðfélaginu á meðan, glatar á þessu hálfa ári öllum orlofsrétti þannig að hann fær ekkert orlof greitt fyrir hálfs árs setu sína hér á Alþingi. Alþingi sjálft fer ekki einu sinni í þessum efnum eftir lögum sem það setur og eiga að gilda um alla aðra þegna í þjóðfélaginu.

Þetta var ástæðan fyrir því, dæmið sem ég nefndi áðan, að mönnum þótti rétt að taka upp biðlaunagreiðslur fyrir alþingismenn. En a.m.k. fyrir mig fullyrði ég að það var aldrei minn skilningur að það væri gert til þess að menn sem að eigin frumkvæði hyrfu frá störfum á Alþingi til annarra starfa, t.d. á vegum hins opinbera, sem eru mun betur launuð en þingsetan, gætu tekið með sér af þinginu allt upp í sex mánaða biðlaun. Vegna þess að þessi dæmi komu upp nýverið var þessu máli hreyft til þess að fá úr því skorið hvort þetta sé réttur skilningur á vilja löggjafans. Var það þetta sem vakti fyrir löggjafanum eða eitthvað allt annað? Var það að alþingismenn gætu tekið með sér þau biðlaun sem þeir hafa rétt til samkvæmt lögunum þó að menn að eigin frumkvæði hverfi frá störfum á Alþingi Íslendinga og til annarra launaðra starfa?

Menn skulu átta sig á því að þetta eru biðlaun og eðli biðlauna er að sjálfsögðu launagreiðslur til þess sem bíður einhvers. Hvers bíður maður sem horfið hefur af Alþingi og til starfa t.d. í ríkisbanka eða í eitthvert sendiráðið? Hvers er hann að bíða þetta sex eða þriggja mánaða tímabil sem hann hlýtur biðlaun frá Alþingi til viðbótar við sín laun frá ríkisvaldinu eða stofnunum þess? Hann er þá að bíða eftir því að biðlaunatíminn renni út. Bið hans er ekki eftir neinu öðru. Finnst mönnum eðlilegt að greiða kaup fyrir það eitt að bíða eftir því að tíminn líði? Það finnst mér ekki. Hins vegar á slíkur starfsmaður að sjálfsögðu eins og hver annar starfsmaður rétt á því að mínu viti að fá greiðslur samkvæmt þeim orlofsrétti sem hann hefur áunnið sér samkvæmt landslögum, en ég tel það ekki réttan skilning á þeirri lagasetningu sem ég stóð að á sínum tíma að hann eigi þá kröfu sem ég hef hér verið að lýsa.

Auðvitað geta aðrir sem komu að þeirri lagasetningu haft aðrar skoðanir á málinu og þeir þingmenn sem hafa horfið af Alþingi síðan og ekki komið nálægt þeim lagasetningum geta einnig haft sínar skoðanir á málinu. Það sem verið er að biðja Alþingi um er einfaldlega að skera úr um hver skilningurinn skuli vera.

En ég vek einnig athygli á því, herra forseti, að svo undarlega vill til að þetta mál, biðlaun þingmanna, hefur verið eitt aðalumræðuefnið hjá fjölmiðlum að undanförnu án þess að menn séu að gera sér neina rellu út af því að hve miklu leyti þessar biðlaunagreiðslur samræmast því kerfi sem almennt gengur hjá ríkinu í sambandi við sambærilegar greiðslur. T.d. ætla ég að nefna það, sem ég býst við að flestir viti þó að fjölmiðlarnir virðist hafa takmarkaðan áhuga á því þar sem það snertir ekki stofnunina Alþingi, að ég veit ekki betur en fyrrverandi starfsmenn Bifreiðaeftirlits ríkisins sem hættu störfum um síðustu áramót og réðu sig umsvifalaust til starfa hjá sambærilegu fyrirtæki, Bifreiðaskoðun Íslands hf., þannig að þeir héldu áfram nánast í sama starfi, skiptu bara um vinnuveitanda af því að Bifreiðaeftirlit ríkisins var lagt niður en Bifreiðaskoðun Íslands hf. tók við, telji sig eiga rétt á að fá heils árs biðlaun greidd úr ríkissjóði og hafi gert kröfu um það. Þegar ég vissi síðast var ekki búið að útkljá það ágreiningsefni hvort það væri réttur skilningur þeirra eða ekki, en með þeim heimildum sem ég hafði, ég skal viðurkenna að það eru liðnar nokkrar vikur síðan ég hafði síðast spurnir af þessu, voru allar horfur á því að ríkissjóður mundi þurfa að greiða þessum starfsmönnum heils árs laun jafnvel þó svo að þeir hefðu horfið úr starfi frá Bifreiðaeftirliti ríkisins yfir til sambærilegra starfa hjá Bifreiðaskoðun Íslands hf.

Fjölmiðlar eru gjarnan fljótir að hlaupa upp til handa og fóta ef eitthvað varðar Alþingi eða alþingismenn, en jafnvel þó að þetta hafi komið fram oftar en einu sinni og oftar en tvisvar hafa þeir engan áhuga á að benda á slíkt eða fjalla um það eða spyrja hvort slíkar greiðslur séu eðlilegar. Með sama hætti hafa þeir engan áhuga á því að svo mikið sem skýra frá því, sem kom þó fram um síðustu áramót, að á liðnu ári höfðu laun alþingismanna hækkað um innan við 7% á sama tíma og laun fjölmargra annarra starfsstétta í þjónustu hins opinbera höfðu hækkað milli 35 og 40%. Ég gerði þá tilraun að gamni mínu í umræðum um fjárlög að skýra frá þessu og athuga hvort einhver fjölmiðillinn hefði áhuga á að skýra frá þessu. Ekki einn einasti þeirra, hvorki ljósvakafjölmiðill né prentfjölmiðill, hafði neinn áhuga á að skýra frá þessu. Ef hlutfallið hefði hins vegar verið öfugt, ef alþingismenn hefðu hækkað um 30–40% í launum á

sama tíma og aðrir ríkisstarfsmenn, margir hverjir, hefðu ekki hækkað nema um 7%, hefði um fátt annað verið meira rætt í ljósvakafjölmiðlunum eða prentfjölmiðlunum vikuna þá og mánuðinn þann og þá býst ég við að þeir alþingismenn sem eru hræddastir um sjálfa sig og sína æru og sitt álit gagnvart fjölmiðlunum hefðu staðið í röðum í ræðustólnum til að lýsa hneykslun sinni á þessu atferli.

Virðulegi forseti. Ég get alveg tekið undir með mönnum hér að það er ástæða til að skoða þessi mál í samhengi, skoða lögin um þingfararkaup alþingismanna og samræma ýmislegt þar því sem gengur og gerist hjá öðrum starfsmönnum ríkisins því það er fráleitt, og er ég alveg sannfærður um að fjölmiðlar hafa ekki minnsta áhuga á því heldur, en það er engu að síður alveg fráleitt að alþingismenn sem eru í opinberum erindum starfs síns vegna á ferðum innan lands þurfi að búa við allt aðrar og þrengri reglur um ferðakostnað og endurgeiðslu hans en starfsmenn Alþingis sem ekki eru alþingismenn og starfsmenn ríkisins og ríkisstofnana. En þannig er þetta. Alþingismenn sem eru í ferðum starfs síns vegna innan lands fá u.þ.b. þriðjung til helming endurgreiðslu ferðakostnaðar viðurkenndan miðað við það sem ríkisskattstjóri metur sem lágmark endurgreiðslu og miðað við það sem er lágmarksendurgreiðsla samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna. Þarna eru þingmenn með um þriðjung til helming af endurgreiðslum miðað við starfsmenn hins opinbera og miðað við starfsmenn þessarar stofnunar. Færu alþingismaður og starfsmaður Alþingis saman í embættiserindum t.d. norður á Akureyri fengi starfsmaður Alþingis endurgreiddan meira en tvöfaldan ferðakostnað á við það sem þingmaðurinn fengi. Auðvitað hafa fjölmiðlar engan áhuga á þessu því að þetta er ekki líklegt til að grafa undan virðingu Alþingis í áliti þjóðarinnar. Þeir hafa ekki áhuga á öðrum fréttum frá þinginu sem stofnun en þeim sem eru líklegar til þess.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. síðasta ræðumanni fyrir að skýra mjög vel út ákveðna liði í kjaramálum þingmanna. Hann gerði það mjög vel. Ég ætla mér ekki að fara meira í efnisumræður um þetta mál, en ég kom inn á það áðan að hér lægi frammi plagg þar sem deildin hefði verið plötuð. Hér liggur frammi falskt plagg. Það stendur að þetta sé gert í samráði við þingforseta þessarar deildar. Einn af þremur þingforsetum er búinn að lýsa því yfir úr forsetastól að hann hafi engan þátt átt í þessu máli. Nú er annar forseti deildarinnar kominn í salinn og ég hlýt að fá að spyrja héðan úr ræðustól hvort hann hafi haft eitthvað með þetta frv. að gera eða ekki. (**Forseti (ÓÞG):** Sá sem til er nefndur getur greint frá því að hann hafði vitneskju um þennan málatilbúnað í Ed. eins og hann þar var.) Ekki er ég almennilega klár á því, hæstv. forseti, hvernig á að túlka þetta, hvort þetta á að túlka eins og stendur í frv., að það sé flutt í fullu samráði við þingforseta. Ég á svolítið erfitt með að átta mig á þessu svari.

Ég ítreka hins vegar að hér er lagt fram plagg á fölskum forsendum og ég ítreka þá beiðni að það verði dregið til baka eða prentað upp rétt og heiðarlega. Verði það ekki gert mun ég fara þess á leit við forseta deildarinnar að hann sjái til þess að sú nefnd sem fær þetta til skoðunar, þ.e. fjh.- og viðskn. Nd., fái lista yfir alla þá sem þegið hafa biðlaun frá upphafi þeirrar reglu sem þá var sett þar sem það komi greinilega fram hvort þeir fóru í önnur launuð störf og hver þau launuðu störf voru eða þá hins vegar hvort þeir fóru ekki í annað starf. Ég tel að þetta þurfi að liggja fyrir þannig að menn geti áttað sig á umfangi þessa máls.

Auðvitað er ég sammála hv. síðasta ræðumanni í því að Alþingi á að fara eftir lögum. Það var mjög merkilegt að heyra hans lýsingu á hvernig Alþingi meðhöndlar varaþingmenn. Auðvitað er þetta þinginu til háborinnar skammar. En að snúa orðinu „biðlaun" í það að menn séu að bíða eftir launum þykir mér í hæpnara lagi. Það má alveg eins lýsa þessu á þá lund að ef menn sem eru að hverfa af þingi kannski eftir 20–30 ára setu og t.d. 60 ára labba þeir ekki inn í starf. Það bíða ekkert eftir þeim gylliboð upp um alla veggi og menn þurfa aðeins að ná áttum. Til þess held ég m.a. að biðlaunin séu, enda má svo sem segja að biðlaun séu víða til í formi 13. mánaðarins hér og þar út um allt.

Hæstv. forseti. Að lokum vil ég aðeins segja að hér er lagt fram falsað plagg og ég ítreka þá beiðni mína að það verði dregið til baka og prentað upp, ellegar verðum við að taka á því í nefndinni.

Forseti (Hjörleifur Guttormsson):

Forseti vill benda á að tími er nú nokkuð fram liðinn, komið fram á venjulegan kvöldmatartíma. Samt er það enn ásetningur forseta að ljúka störfum með atkvæðagreiðslu á þessum fundi, setja nýjan fund og taka þar fyrir mál, einnig með atkvæðum. Þetta er hins vegar orðið á mjög tæpu vaði og það er undir því komið hvort samvinna verður um það við hv. þingdeild að menn komist hjá því að halda kvöldfund sem boðaður verður ef mál dragast hér.

Ólafur G. Einarsson:

Herra forseti. Ég skal vera mjög stuttorður. Ég lýsi aðeins aðdáun minni á hv. þm. Sighvati Björgvinssyni og hvað hann er kjarkaður að tala svona til fjölmiðla um launamál og kjör þingmanna. Ég gæti bætt við þann lista sem hann var með um hvernig ýmsir aðrir í þjóðfélaginu en þingmenn njóta biðlauna, og þar á meðal opinberir starfsmenn. Ég þekki ágætlega vel hvernig þeir hafa notið biðlauna þótt þeir hafi horfið til launaðra starfa eftir að þeir hafa hætt af að vísu breytilegum ástæðum, m.a. vegna þess að stöður þeirra hafa verið lagðar niður.

En ég skildi ræðu hv. þm. þannig að hann væri heldur hlynntur þessu frv. Hann gerði grein fyrir því að þegar núgildandi lög voru til meðferðar í þinginu hefði hann ekki gert ráð fyrir því að sá sem hyrfi af eigin hvötum af þingi tæki með sér þriggja eða sex mánaða biðlaun. Ég skildi ræðu hv þm. þannig.

Nú var það svo að ég var á þingi þegar þessi lög voru

samþykkt 1980 og hafði reyndar nokkur afskipti af þeim málatilbúnaði eins og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson. Ég verð að viðurkenna að ég man ekki sérstaklega eftir umræðu sem kann að hafa orðið um það tilvik sem núna er hér uppi. En ég spyr enn og mér fannst það vanta í ræðu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar: Hver er munurinn á því að maður skuli njóta biðlauna ef hann fellur í kosningum, fer ekki í framboð eða segir af sér? Þetta frv. gerir ekki ráð fyrir neinu öðru en því að sá sem segir af sér þingmennsku skuli ekki njóta biðlauna ef hann hverfur til annarra starfa, en sá sem fellur í kosningum eða fer ekki í framboð má njóta biðlauna eftir sem áður. Þetta frv. tekur ekki á því. Ég er aðeins að reyna að fá það fram hver sé þessi reginmunur. Og hvers vegna í ósköpunum liggur svona á því að afgreiða þetta mál einmitt núna þegar það liggur alveg ljóst fyrir að þetta hittir ekki nema einn mann, ekki svo að vitað sé? Ég hafði að vísu þann fyrirvarann á hvort kannski væri búið að hrókera einhverju meiru í utanríkisþjónustunni sem væri ekki búið að skýra frá. Það má vel vera. En annars hittir þetta ekki nema einn. Mig langar til að fá frekari skýringar á því hjá áhugamönnum um framgang þessa máls hver sé þessi meginmunur.

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Munurinn liggur a.m.k. í augum uppi hvað eitt atriði varðar. Ríkisstarfsmaður sem segir upp sínu starfi, hafi verið t.d. um að ræða starfsmann hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins sem sagði upp í desembermánuði sl. af eigin hvötum, fær ekki biðlaun. Ef honum er hins vegar sagt upp af vinnuveitanda sínum fær hann biðlaun. Það má segja að alþingismanni sem felldur er í kosningum sé sagt upp starfi af atvinnuveitanda hans, íslenskum kjósendum. Það liggur a.m.k. alveg í augum uppi hver munur hlýtur að vera á því annars vegar að maður segi upp þingmennsku og hins vegar að hann falli í kosningum. Það er sami munur á því og er á því að maður segi upp starfi sínu af eigin hvötum og því að honum sé sagt upp störfum.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Það frv. til l. sem hér liggur fyrir er eitt mesta hræsnisfrv. sem hér hefur verið lagt fram og verður að segja eins og er að það er flm. ekki til sóma. 1. flm. hefur verið á biðlaunum sem ráðherra og hefði mátt skila þeim biðlaunum samkvæmt þessu. Ýmsir aðrir sem hafa gegnt ráðherrastöðum hafa verið á biðlaunum þegar svo hefur borið undir og á þingmannslaunum líka. Það má spyrja: Hefði ekki verið ástæða til þess að flytja frv. um að fella niður þessi biðlaun líka?

Svo er hitt að biðlaun sem hafa sérstaklega komist í hámæli núna eru að því er virðist sérstaklega tengd ákveðnum persónum, hv. fyrrv. þm. Sverri Hermannssyni og hv. fyrrv. þm. Albert Guðmundssyni. Ég held að það væri meiri sómi að því að láta kyrrt liggja því að auðvitað er þetta ekkert verra eða betra en það að ráðherra skuli þiggja biðlaun. Ég verð að segja alveg eins og er að þessi málflutningur vekur dálitla furðu og með hvaða hætti hann er borinn fram, með hvílíkum hraða þykir ástæða til að bera þetta frv. fram. Það væri gaman, fróðlegt og nauðsynlegt að fá fram hver biðlaun ráðherra hafa verið á undanförnum árum. Það má spyrja um það. Það væri gaman að fá það fram þannig að ráðherrarnir gætu skýrt okkur frá því. Hitt er annað mál að verið getur að munur sé á því hvort menn segi upp eða sé sagt upp. En það er líka álitamál þegar mönnum eru falin önnur trúnaðarstörf hjá hinu opinbera að þeir njóti þá ekki svokallaðra biðlauna. En þá er hitt: Nú getur maður farið til einkafyrirtækis og það þarf ekki endilega að koma fram að hann fái laun. Hann getur verið á biðlaunum þess vegna. (Gripið fram í.) Hann getur verið kauplaus hjá einkafyrirtækinu en á biðlaunum hér. Það eru mörg tilbrigði af þessu.

Ég held að menn ættu að láta þetta ganga yfir og væri sómi að því að afgreiða þetta mál ekki. Sú hræsni sem fylgir því að taka þetta hér upp er einstök og ekki til sóma þeim mönnum sem flytja frv. eða hafa mælt fyrir því.

Ég verð að segja alveg eins og er að það væri fróðlegt að vita hver biðlaun ráðherra hafa verið á síðustu árum og fá það upplýst hér. Almenningur hefði gaman af því að vita það. Það eru ekki bara þingmenn sem Alþingi greiðir biðlaun eins og menn vita. Þar að auki eru biðlaun veitt í ýmsum tilvikum. Menn fá launalaust frí í ýmsum tilvikum. Svo fá menn frí á launum. Ég vil minna á að læknar fá starfsleyfi á fullum launum. Kennarar fá það eftir ákveðinn tíma á fullum launum. Það er ekkert meira þó að þingmenn séu á biðlaunum þegar þeir hætta þingmennsku. Þetta er blásið upp með þeim hætti að það telst ekki til sóma fyrir þá þingmenn sem standa að því að flytja frv.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Þetta mál mun trúlega vera það sem er mest dæmigert fyrir þau mál sem flutt hafa verið á Alþingi Íslendinga á þessum vetri, er beinlínis flutt til að þjóna fjölmiðlum. Það er nú einu sinni svo að fjölmiðlum finnst gjarnan að þeir sem hafa staðið hátt í okkar samfélagi liggi gjarnan vel við höggi.

Alþingi Íslendinga ber ábyrgð á mjög mörgum hlutum í þessu samfélagi. Við berum ábyrgð á því m.a. að við erum með lífeyrissjóðakerfi sem er þannig að margir sem hætta störfum munu verða á mun hærri launum eftir að þeir eru hættir en meðan þeir voru starfandi í fullu fjöri. Ætlum við að taka á þessu? Ætlum við að taka á því að koma á einum lífeyrissjóði og reyna að koma einhverju viti í þau mál? Það er eins og ég finni í salnum að það séu misjafnar undirtektir undir þetta. Það verður að segjast um fyrrv. formann Framsfl., sem hafði það sem sitt fyrsta mál að flytja frv. um að hér skyldi vera einn lífeyrissjóður til að reyna að tryggja réttlæti í þeim efnum og var mikill valdamaður í íslensku samfélagi og forsrh., að hann var aldrei svo mikill valdamaður að hann gæti komið því í gegn að hér skyldi vera einn lífeyrissjóður.

Við erum með bankastjóra á launum í voru landi sem halda óskertum launum þegar þeir hætta. Og við

erum með menn sem flytjast e.t.v. á milli bankastjórastarfa og halda kannski óskertum launum á báðum stöðum. Er þetta eitt af því sem við viljum hreyfa við? Er þetta eitt af því sem snertir okkur?

Það hefur komið fram að það er leikur einn að standa þannig að málum ef menn fara í vinnu á hinum almenna vinnumarkaði að semja um að þeir séu kauplausir þann tíma sem þeir taki biðlaunin og fái svo einfaldlega hærri laun þegar þeir eru búnir með þann tíma. Þetta er einfaldasta mál í heimi. Niðurstaðan er þá sú að það er aðeins í opinbera geiranum sem menn yrðu látnir gjalda þess. Ég veit ekki hvort það er rökrétt að standa þannig að þessu. Það hlýtur líka að verða umhugsunarefni þegar menn eru kosnir á þing og líta á það sem fullt starf að þá eigi að greiða ráðherrum biðlaun fyrir það að þeir séu að gegna því starfi sem þeir voru kosnir til. Er það sjálfgefið að þeir eigi að halda þeim?

Erum við ekki komnir út í dálitlar ógöngur í þessum efnum og er ekki skynsamlegra að skoða þessi lög sem heild, í samræmi, en að rjúka til jafnvel þó að okkur finnist að það sé kannski nokkuð stórt skammtað að sá sem fer í betur launað starf fái þá umbun sem honum er veitt. Sannleikurinn er nefnilega sá að það geta verið ýmsar ástæður fyrir því að menn hætti. Það geta verið persónulegar ástæður sem tengjast þeirra fjölskyldu. Það geta verið ýmsar ástæður. Í sumum tilfellum getur það gerst að ríkisstjórnin leiti eftir viðkomandi aðilum til annarra starfa. Það er dálítið köld kveðja undir þeim kringumstæðum, ef þeir eru kannski ekki fyrr búnir að þiggja slíkt og taka við starfi sem eftir var leitað að þeir fengju, að þá sé rokið upp til handa og fóta til að reyna að undirstrika að þau laun sem þeim ber að lögum séu gerspillt fyrirbrigði.

Ég hef setið í stjórn stofnunar sem vissulega gekk í gegnum þann hreinsunareld að hún var lögð niður. Það var samkvæmt lögum gengið frá málum á þann veg að ýmsir aðilar fengu full biðlaun þótt þeir færu í önnur störf og væru búnir að vera skemur við störf en hér er verið að tala um. Mér er ljóst að það má vel vera að í almenningsáliti á Íslandi og þeirri túlkun sem fjölmiðlar hafa á viðhorfum manna sé auðvelt að sverta þá afstöðu og gera menn tortryggilega fyrir það að þeir hiki við að samþykkja þær hugmyndir sem hér eru lagðar fram. En ég verð að segja það að mér *sýnist að menn hafi verið nokkuð fljótir á sér.* Mér sýnist að e.t.v. hafi þeir farið að grýta úr glerhúsi þegar þeir ruku til í ljósi þess að íslenskir alþingismenn bera ábyrgð á mörgu í þessu samfélagi sem er fullkomlega hliðstætt og væri skynsamlegra að taka á áður en menn rjúka til í þessum efnum. Ég held nefnilega að það væri hollt fyrir fjölmiðla að fara yfir það hvaða auði margir af þeim mönnum söfnuðu sem voru lengst í ráðherrastólum á Íslandi. Það er hægt að fara yfir ýmis nöfn í þeim efnum. Það er hægt að taka Ólaf Thors, það er hægt að taka Hannes Hafstein, það er hægt að taka Bjarna heitinn Benediktsson eða Eystein Jónsson svo að við nefnum nokkra. Og menn geta spurt ef menn skoða starfsferil manna sem hafa hæfileika, e.t.v. nálgast þessa menn að hæfileikum og voru geymdir vel varðir inni í framkvæmdarvaldinu á öðrum stöðum í kerfinu: Voru þeir jafngrátt leiknir og þessir menn efnahagslega séð ef þetta er skoðað?

Ég held að við eigum að flýta okkur hægt í þessum efnum. Ég tek undir að þetta verði skoðað sem heild og ég held að menn þurfi að horfa mjög breitt á þetta svið eigi þingið að komast að skynsamlegri niðurstöðu.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég beindi spurningum til forseta deildarinnar áðan um það hvort ekki væri rétt að láta prenta upp þingskjalið þar sem þar er farið með rangt mál og menn bendlaðir við það mál og deildin þar með plötuð. Ég hef ekki orðið var við að hæstv. forseti hafi svarað þeirri spurningu sem fyrir hann var lögð þannig að ég ætla að endurtaka hana, hvort það sé ekki rétt meðferð á málinu að þingskjalið verði prentað upp rétt og því dreift upp á nýtt í deildinni. Ef ekki, hvort það sé þá réttur skilningur og megi gagnálykta sem svo að menn geti notfært sér nöfn ýmissa aðila á þingskjöl máli sínu til stuðnings.

Forseti (Óli Þ. Guðbjartsson):

Forseti vill af þessu tilefni leggja til að þetta atriði verði kannað nánar í þeirri nefnd sem málið yrði athugað nánar í, en að öðru leyti sér forseti ekki ástæðu til þess að gripið verði til uppprentunar af því tilefni sem hér hefur verið tilnefnt.

Ingi Björn Albertsson:

Ég vil biðja hæstv. forseta að endurskoða þessa niðurstöðu sína því að ég tel að nefndir eigi ekki að fá fölsuð plögg til úrvinnslu.

Forseti (Óli Þ. Guðbjartsson):

Forseti vill ógjarnan kveða upp úrskurð um hvort hér er um falsað plagg að ræða eða ekki, a.m.k. telur hann ekki að hér hafi þau rök verið fram færð að hægt sé að kveða upp þann úrskurð að hér sé um falsað plagg að ræða.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 29:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞÞ, BB, BÍG, EH, VI, FrS, GeirG, GHH, GB, FI, GuðnÁ, HG, JóhS, JK, JSS, KrP, KE, MB, MálmS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SighB, SV, NL, SJS, ÓÞG.

nei: AS, HJ, IBA.

10 þm. (ÞP, KJóh, AðB, ÁrnG, GHelg, JBH, JónS, KH, MÁM, RH) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Í þingskjalinu segir að það sé flutt í fullu samráði við þingforseta þessarar deildar. Það er upplýst af einum af þingforsetum deildarinnar að

þetta er rangt, þetta eru ósannindi. Þar af leiðandi hefur deildin verið plötuð. Ég tel að með því sé verið að vísa fölsku plaggi til nefndar og 2. umr. og því segi ég nei.

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Ef það ætti að gera þá kröfu að allt væri nákvæmlega rétt sem fullyrt væri í þingskjölum sem tekin væru gild til afgreiðslu hér á hinu háa Alþingi er ég ansi hræddur um að mörg þingskjölin, nefndarálit og fleira, væru hér á sífelldu róli inn og út því að lengi gætum við gert athugasemd við að það væri ekki alveg rétt sem í þeim stæði. Hér er ekki um það að ræða að verið sé að leggja til að Alþingi samþykki einhver rangindi heldur er þetta mjög eðlileg afgreiðsla máls og ég segi að sjálfsögðu já við að málinu sé vísað til 2. umr.

Frv. vísað til fjh.- og viðskn. með 29 shlj. atkv.

Þinglýsingalög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 200. mál (þinglýsingarstjórar). — Þskj. 732 (sbr. 257).

Páll Pétursson:

Herra forseti. Hér er um nokkuð samtengd mál að ræða þar sem aðskilnaður dómsvalds og umboðsvalds, sem er 1. mál á dagskrá, er með nokkrum hætti aðalmálið. Hin málin eru fylgifrumvörp og tengjast 1. dagskrármáli. Mér finnst óvenjulegt að ljúka 3. umr. um fylgifrumvörpin meðan aðalmálið er ekki afgreitt, en fram hefur komið frávísunartillaga um það.

Forseti (Óli Þ. Guðbjartsson):

Forseti vill upplýsa að umræðu um 2., 3. og 4. dagskrármálið er þegar lokið og ætlunin var að afgreiða á þessum fundi 2., 3. og 4. dagskrármálið, en 1. dagskrármálinu yrði hins vegar frestað til næsta fundar sem ætlunin er að boða þegar að loknum þessum fundi þannig að umræðu um það gæti einnig lokið.

Ólafur G. Einarsson:

Herra forseti. Ég skildi orð forseta þannig að hann ætlaði að halda sig við þá fyrirætlan sína að fram færi atkvæðagreiðsla um 2. dagskrármálið og þá væntanlega 3. og 4. Ég er sömu skoðunar og hv. 1. þm. Norðurl. v., að það gengur ekki að afgreiða þau mál áður en aðalmálið er afgreitt þannig að ég held að það verði að taka öll þessi mál á dagskrá nýs fundar og ljúka umræðunni um 1. dagskrármálið áður en atkvæðagreiðsla gengur um hin.

Forseti (Óli Þ. Guðbjartsson):

Forseti var einungis að greina frá því sem hafði verið ætlun forseta þessarar deildar eins og málið var lagt fyrir í hendur varaforseta, en ekki í rauninni að taka afstöðu til þess. Út af fyrir sig getur forseti alveg fallist á þau rök sem hér er um að ræða ef það er vilji manna almennt að svo sé gert þannig að atkvæðagreiðslu um 2., 3. og 4. dagskrármálið verði frestað. Hins vegar endurtek ég að umræðum um 2., 3. og 4. dagskrármálið er lokið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

NEÐRI DEILD

107. fundur, miðvikudaginn 17. maí, að loknum 106. fundi.

Aðskilnaður dómsvalds og umboðsvalds, frh. 3. umr.

Stjfrv., 182. mál. — Þskj. 731 (sbr. 204), brtt. 1222.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 1222. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Á þskj. 1222 hef ég ásamt nokkrum öðrum þingmönnum flutt tillögu um að vísa máli þessu til ríkisstjórnarinnar. Með mér skrifa á þessa till. hv. þm. Páll Pétursson, Ragnar Arnalds, Hreggviður Jónsson, Valdimar Indriðason, Ólafur Þ. Þórðarson og Matthías Bjarnason. Tillgr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Þar sem frumvarp þetta, ef að lögum verður, á eigi að taka gildi fyrr en 1. júlí 1992 og um málið standa deilur meðal lagamanna og á Alþingi er ekki einhugur um afgreiðslu þess lítur deildin svo á að ástæða sé til að athuga þetta mál betur og samþykkir að vísa því til ríkisstjórnarinnar." — Þannig hljóðar tillgr.

Ég hef rætt þetta mál nokkuð við 1. og 2. umr. og skal ekki taka hér langan tíma til frekari umræðu um málið. Hér við 3. umr. tóku nokkrir þingmenn til máls og tóku í þann sama streng sem ég hef togað í við 1. og 2. umr. og það kom í ljós við atkvæðagreiðslu við 2. umr. málsins að veruleg andstaða er við málið í hv. deild. Það kom sem sé í ljós að meðal þeirra sem eru andvígir þessu máli eru sumir af hinum virtustu þingmönnum í liði hæstv. ríkisstjórnar, þeirra á meðal formaður þingflokks Framsfl., hv. þm. Páll Pétursson, og fyrrv. formaður Alþb., hv. þm. Ragnar Arnalds. Þessir þingmenn eru að sjálfsögðu báðir þingmenn úr Norðurlandskjördæmi vestra, enda á það kjördæmi ýmsum ágætum þingmönnum á að skipa.

Enn fremur var talað gegn þessu máli af hálfu stjórnarliða og greiddi atkvæði gegn því hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson sem er þekktur fyrir að leyfa sér að hafa sjálfstæðar skoðanir og standa á þeim og er það honum til virðingar. Það er sem sé komið í ljós að í liði hæstv. ríkisstjórnar er fjarri því einhugur um málið þegar forustumenn úr liði stjórnarflokkanna eru þannig andvígir málinu.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að meðal lögfræðinga og samtaka lagamanna er ágreiningur um þetta mál og um það standa deilur. Ég held að það sé því ekki að ófyrirsynju, með tilliti til þess að þó svo að þetta mál yrði að lögum á þessu þingi eiga þau lög ekki að taka gildi fyrr en eftir meira en þrjú ár, þ.e. 1. júlí 1992, að flutt sé tillaga um að vísa þessu máli nú til ríkisstjórnarinnar til þess að hæstv. ríkisstjórn og hæstv. dómsmrh. fái málið til athugunar í því skyni að leitast við að ná friðsamlegri og ásættanlegri niðurstöðu í þessu máli þar sem hægt væri að taka ákvörðun sem væri nokkur einhugur um meðal fagmanna á þessu sviði, þ.e meðal lögfræðinga og samtaka lagamanna, og enn fremur gæti verið um málið betri friður hér á hinu háa Alþingi en raun ber vitni. Þetta er að sjálfsögðu ekki að ófyrirsynju og hæstv. ráðherra ætti að taka þessu fagnandi og með gleðibrosi á vör og ég sé að hann gleðst nú heldur eftir því sem líður á mál mitt.

Ég hef vitaskuld talað um þetta mál aðallega út frá einu sjónarmiði, þ.e. því sjónarmiði að við skulum vara okkur á því, þessi fámenna þjóð, 250 þúsund manns, að vera sífellt að auka við ríkiskerfið, setja upp nýja og nýja þætti kerfisins, auka við mannahald í þjónustu ríkisins, stofna til nýrra og nýrra embætta með öllum þeim kostnaði sem fylgir, þar á meðal embættisbústöðum starfsmanna í því kerfi sem hér er verið að tala um út um allt land auk fjárfestinga í skrifstofuhúsnæði og öðru þvílíku. Við verðum að vara okkur á þessu og það er hárrétt, sem kom fram t.d. í dag hjá hv. þm. Hreggviði Jónssyni, að núv. ríkisstjórn hefur síður en svo gætt hófs í lagasetningu sem hefur í för með sér mikinn kostnað fyrir íslenska ríkið. Fyrri ríkisstjórnir hafa heldur ekki gætt hófs í þessum efnum. Þess vegna er svo komið að við lendum í vandræðum þegar við þurfum að koma saman fjárlögum ríkisins. Þó að afgreiðsla á fjárlögum væri með þeim hætti fyrir þetta ár að þar væri á jöfnuður og heldur betur þó eru ákvarðanir núv. ríkisstjórnar frá því að fjárlögin voru afgreidd þess efnis að þar er kominn verulegur halli auk þess sem fjárlagaafgreiðslan var með þeim hætti, eins og ég vakti þá rækilega athygli á, að forsendur fjárlaganna voru í lausu lofti, enda brostnar þegar tveir til þrír mánuðir voru liðnir af árinu. Þá voru fjárlagaforsendurnar brostnar. Þrátt fyrir að að þessu sinni væri stefnt að því af hálfu hæstv. ríkisstjórnar að afgreiða fjárlög með jöfnuði er þegar kominn halli og þegar við förum að fást við að ná saman fjárlögum þar sem þessi nýi kostnaður bætist enn við stöndum við alltaf frammi fyrir meiri og meiri vanda, vanda sem verður að mæta á einhvern hátt. Ég á ekki von á því að hæstv. sjútvrh. og dómsmrh. leggi til að þeim vanda sé mætt með hallarekstri og nýjum og nýjum lántökum. Ég á raunar frekar von á því að hann mæli með því að annað sé látið þoka, e.t.v. stuðningur við atvinnuvegina eins og ég sagði við 2. umr., en ellegar að skattar séu enn hækkaðir, nýir skattar séu lagðir á í þjóðfélaginu og seilst dýpra og dýpra í vasa einstaklinganna og atvinnuveganna til að greiða skatta til ríkisins. Ég held að hæstv. ríkisstjórn ætti að hugsa sig um tvisvar áður en hún tekur ákvarðanir um að ganga mikið lengra á þeirri braut. Ef hún ætlar sér að ganga mun lengra á þeirri braut að sækja nýja og nýja skatta í vasa þjóðfélagsborgaranna og til atvinnufyrirtækjanna í landinu í þeirri stöðu sem þau eru nú held ég að það verði hennar banabiti, þá þurfi ekki lengur um að binda.

Ég hvet því mjög eindregið til að þessi tillaga verði samþykkt og horfið að því að skoða þetta mál betur. E.t.v. má spyrja: Hvaða leiðir eru þá til athugunar? Ég hef ekki rætt þetta mál mikið frá faglegu sjónarmiði og viðurkenni það. En ég hef heyrt til að mynda uppástungur, jafnvel frá nefndarmönnum í þeirri hv. nefnd sem um málið fjallaði í þessari deild, um að það mætti koma við aðskilnaði dómsvalds og umboðsvalds með því að sýslumenn dæmdu ekki í eigin umdæmi heldur hjá þeim næsta þannig að t.d. sýslumaður í Borgarnesi dæmdi Snæfellinga og sýslumaðurinn í Stykkishólmi dæmdi Mýramenn og Borgfirðinga og svo í framhaldi af því að sýslumaður á Blönduósi dæmdi Skagfirðinga og sýslumaður Skagfirðinga dæmdi í héraði hjá okkur Húnvetningum. Þar með væri búið að skilja á milli þannig að ekki væri sá sami sem um málið fjallaði og hefði umboðsvald í því héraði. Þetta væri einföld og ódýr lausn.

Ég held einnig að menn vanmeti stórlega þann kostnað sem af þessu leiðir og það muni jafnvel vera skárra að senda setudómara í fleiri mál en gert er heldur en leggja út í þetta óheillakerfi. Þá hlýtur að hafa verið athugað, sem ég veit að er í raun, að mjög mörgum af þeim málum sem eru til meðferðar, minni háttar brotamálum sem eru til meðferðar á landsbyggðinni þar sem þetta á aðallega við, er lokið með sátt og er það í sjálfu sér vel. Það greiðir ekkert fyrir því að málum ljúki með sátt að setja upp nýjan dómstól í fjarlægð frá málsatvikum sem oft vill auðvitað verða og það dómstól sem ekki hefur kynnst rannsókn málsins á frumstigi eða meðan sú vinna stendur yfir, en þá eru vitaskuld mestar líkur til þess að megi ljúka málum með sátt.

Ég hef gengist inn á það við hæstv. forseta að þreyta ekki þetta mál með neinu málþófi, enda engin ástæða til og ég hef ekki komið hér í þennan ræðustól til þess heldur hef ég komið upp til að vekja athygli á því enn og aftur að hv. Alþingi og hæstv. ríkisstjórn vari sig á þessari sífelldu útþenslu ríkiskerfisins og með tilliti til þess að þetta mál getur vel komið fram enn þó svo það verði tekið til athugunar til haustþingsins þar sem það á ekki að taka gildi á morgun eða hinn daginn heldur eftir meira en þrjú ár. Því beini ég því mjög eindregið til hv. þm. og hæstv. ráðherra, sem ætti að taka því fagnandi, að þessu máli verði nú vísað til ríkisstjórnarinnar til frekari athugunar og ég sannarlega vona að þá mundu finnast leiðir sem í senn eru færar að því leyti að við stöndum við okkar alþjóðasamninga og um leið þurfi ekki að kosta til miklu fé. En ef við höfum bundið okkur í alþjóðasamninga sem eru svo kostnaðarsamir að við sjáum okkur ekki fært að rísa undir öllum þeim

kostnaði sem því fylgir verðum við bara að segja slíkum samningi upp og halda okkar réttarfari og réttarkerfi hér fyrir okkur Íslendinga eins og okkur sjálfum þóknast og vel hefur gefist.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Frv. um aðskilnað dómsvalds og framkvæmdarvalds sem hér er til umræðu fékk allmikla umræðu í þeirri nefnd sem ég átti sæti í og það var einróma álit t.d. fulltrúa Lögmannafélags Íslands að nauðsynlegt væri að frv. yrði að lögum. Ef við ættum að vera fullgildir að virða mannréttindasáttmála Evrópu, nánar tiltekið 6. gr., væri nauðsynlegt að þetta frv. væri samþykkt. Það komu ekki fram neinar aðrar hugmyndir til lausnar þessu máli en þetta frv. Það getur vel verið að þessar hugmyndir séu til, en ég verð að segja að mér finnst ekki nóg að vera á móti því að frv. verði samþykkt ef menn hafa ekki einhverjar aðrar betri hugmyndir því að við eigum ekki að skrifa undir alþjóðasáttmála og virða þá svo ekki. Við þurfum ekki að koma þannig fram, Íslendingar, og allra síst í mannréttindamálum.

Það kom fram í dag að sýslumenn hefðu oft reynst ágætir sáttamenn og taka skal ég undir það. Þeir eru alls góðs maklegir og eiga þakkir skildar fyrir vel unnin störf. Það er ekki þar með sagt að nýtt skipulag þurfi að vera neitt verra. Við verðum einfaldlega að virða þá alþjóðasamninga sem við erum aðilar að. Um það snýst þetta mál.

Varðandi kostnaðinn get ég tekið undir að það er ástæða til þess að vara við því að framkvæmdarvaldið sé alltaf að færa út kvíarnar í kostnaði. Ég get fúslega tekið undir það. Út af þessu tiltekna frv. skrifaði ég Fjárlaga- og hagsýslustofnun bréf og spurði hvernig kostnaðarskiptingin væri milli löggjafarvalds, framkvæmdarvalds og dómsvalds m.a. af þessu tilefni. Það kom fram að heildarkostnaður við dómsvald, þ.e. allt undir dómsmrn. nema kirkjumál og Hæstarétt, er 3 milljarðar 146 millj. á fjárlögum í ár eða 4,11% á fjárlögum. Það er talað um að þetta hafi kostnað í för með sér upp á 50 millj. þannig að þetta er spurningin um hvort dómsvaldið kostar 3146 millj. eða 3200 millj. Þetta getur aldrei verið nákvæmt.

Ég verð að segja eins og er að mér finnst fyllsta ástæða til þess að gæta sín í því að ekki sé verið með samkrull milli dómsvalds og framkvæmdarvalds á sama hátt og ég verð að segja að það er sannarlega líka tími til kominn að ræða samkrullið milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds og þó fyrr hefði verið.

Úr því að farið er að tala um kostnað hjá framkvæmdarvaldinu er líka allt í lagi að rifja upp að það hefur ýmislegt komið fram að undanförnu. T.d. var frétt á Stöð 2 fyrir nokkrum dögum um að virkjun Blöndu kostaði orðið 10 milljarða. Það er ekki búið að selja rafmagn úr þessari virkjun í eina einustu Hellesens-rafhlöðu einu sinni. Það er hægt að tala um að löggjafarvaldið hafi verið platað af framkvæmdarvaldinu í sambandi við kostnað. Maður ætti að byrja á réttum stöðum og ræða hluti sem varða ekki mannréttindamál í kostnaðarútgjöldum. Svona háttalag af hálfu framkvæmdarvaldsins, að virkja og virkja í landinu og eyða og sóa peningum án þess að hafa selt orku í einn einasta hraðsuðuketil einu sinni, gengur ekki. Menn geta svo spurt af hverju rafmagnið sé alveg fokdýrt og af hverju verðbólgan æði áfram þegar mokað er inn í landið erlendu lánsfé í fjárfestingar sem eru ekki nokkur not fyrir enn þá.

Við skulum vona að guð gefi að það takist að semja, en samningsstaðan verður ekki bærilegri þegar búið er að mála sig úti í horn eins og Andrés Önd gerði í einni ágætri bók. Það verður ekki glæsileg samningsstaða. Það reyndar kemur ekki þessu máli við, en það kemur kostnaðinum við.

Ég ætla því að segja það að lokum, hæstv. forseti, varðandi þetta mál að það var mín niðurstaða í þessari nefnd að það væri óhjákvæmilegt annað, þar sem við erum aðilar að mannréttindasáttmála Evrópu og þar sem ekki hafa komið fram neinar aðrar hugmyndir um með hvaða hætti megi fullnægja 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu öðruvísi en með þessum hætti, en samþykkja að mæla með samþykkt frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kosningar til Alþingis, ein umr.

Frv. KH o.fl., 416. mál (kosningarréttur). — Þskj. 1221.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Leigubifreiðar, 3. umr.

Stjfrv., 438. mál (heildarlög). — Þskj. 1228.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Jarðræktarlög, 3. umr.

Stjfrv., 463. mál (framlög ríkissjóðs). — Þskj. 1157.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttur til fiskveiða í landhelgi Íslands, 3. umr.

Frv. ÓÞÞ og KJóh, 284. mál (færeysk og grænlensk fiskiskip). — Þskj. 511.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Námslán og námsstyrkir, 3. umr.

Frv. FI o.fl., 56. mál (framfærslugrunnur). — Þskj. 1229.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Loftferðir, 2. umr.

Stjfrv., 439. mál (vinnuumhverfi áhafna). — Þskj. 1138, n. 1217.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

76. fundur, fimmtudaginn 18. maí, kl. 10 árdegis.

Jöfnun á raforkukostnaði, ein umr.

Fsp. AuE, 366. mál. — Þskj. 675.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Frú Auður Eiríksdóttir, sem átti sæti á Alþingi í fjarveru minni, lagði fram fyrirspurn á þskj. 675 sem hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Hefur eitthvað verið unnið að undirbúningi þess að jafna verð á raforku í landinu eins og fram kemur í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar?"

Tilefni þessarar fsp. er það að þegar var verið að ræða um myndun hæstv. ríksstjórnar var eitt af því sem þau samtök, sem við Auður erum fulltrúar fyrir, lögðu mikla og þunga áherslu á að stigin yrðu skref til að jafna lífsaðstöðu í ýmsum málum, ekki eingöngu fyrir byggðarlögin heldur fyrir þjóðina alla vegna þess að ef menn marka eitthvað sem menn segja fyrir kosningar eru það allir stjórnmálaflokkarnir sem vilja og segjast vilja stuðla að því að byggð haldist í landinu með líku formi og er, en svo vill það gleymast á milli kosninga, því miður.

Sú grein í þessum merka málefnasamningi sem er tilefni þessarar fyrirspurnar er þannig, með leyfi hæstv. forseta, á bls. 6: „Gerðar verði ráðstafanir til jöfnunar á flutningskostnaði og kostnaði við síma, húshitun og skólagöngu."

Nú liggur það fyrir að Landsvirkjun var rekin með mjög miklum hagnaði á sl. ári og nú liggur það fyrir að raforkukostnaður í landinu er mjög breytilegur. Mér er tjáð af kunnugum að t.d. við upphitun á húsum sé raforkukostnaður a.m.k. tvöfaldur miðað við það sem hann er á Reykjavíkursvæðinu og þar sem hann er lægstur úti á landi og t.d. á Vestfjörðum þar sem hann mun vera hæstur. Það er mikill munur á því einnig hjá Rafmagnsveitum ríkisins. En þar sem við höfum ekki orðið vör við að neitt skref hafi verið stigið á þessum mánuðum síðan ríkisstjórnin var mynduð í þá veru að jafna þessa aðstöðu er þetta tímabær fsp. Raunar hefði átt að koma fram fsp. fyrr, og gerði það raunar því að þetta er búið að liggja hér nokkuð lengi, um það hvað sé hugsað í því að framkvæma þetta. Það er gott að setja þetta á blað, en athafnir verða að fylgja orðum.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Hv. 6. þm. Norðurl. e. hefur beint til mín þeirri fyrirspurn hvort eitthvað hafi verið unnið að undirbúningi þess að jafna verð á raforku í landinu eins og fram kom í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar. Hið beina svar við fsp. hv. 6. þm. Norðurl. e. er að ýmislegt hefur verið unnið að undirbúningi þess að jafna orkuverð og verðlagning raforku hefur töluvert verið til umræðu í vetur og ýmsar leiðir þar kannaðar til að jafna orkukostnaðinn. Þetta eru margslungin mál, eins og hv. fyrirspyrjandi þekkir, en því fer fjarri að stjórnvöld hlusti ekki grannt eftir því sem um þetta er sagt af fulltrúum landsbyggðarinnar og annarra.

Ég ætla að nefna nokkur atriði sem sýna hvað ríkisstjórnin hefur aðhafst í þessu máli.

Í fyrsta lagi var kveðið á um það í málefnasamningnum að ríkisstjórnin mundi beita sér fyrir fjórðungslækkun á raforkuverði til fiskvinnslustöðva. Þetta var gert með niðurgreiðslu úr ríkissjóði. En ég vil taka fram að jafnframt var leitast við að haga niðurgreiðslum þannig að þær stuðluðu jafnframt að hagkvæmri raforkunotkun. Þetta er aðgerð sem án alls efa gagnast landsbyggðinni vel.

Í öðru lagi standa nú yfir viðræður milli ríkisins, Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða um yfirtöku skulda þessara fyrirtækja sem ætti að draga úr þörf fyrir hækkun gjaldskrár svo unnt verði að jafna þann mun sem annars er og yrði á verði raforku í þéttbýli og strjálbýli. Eins og þingmönnum er kunnugt var, þegar verðjöfnunargjaldið var lagt niður árið 1986, gert ráð fyrir yfirtöku skulda frá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða þannig að fyrirtækin hefðu óskertan rekstrargrundvöll. Um framkvæmd þessa hefur ekki tekist fullkomlega að koma þessu í höfn, en skv. 6. gr. fjárlaga þessa árs hefur verið veitt heimild til að ganga til samninga við Rafmagnsveiturnar og Orkubúið um yfirtöku skuldar til lúkningar á þessu samkomulagi sem gert var fyrir þremur árum. Starf þeirrar nefndar sem um þetta fjallar er langt komið og mun í framhaldi af því gengið frá skuldamálum þessara fyrirtækja og þeim þannig fenginn rekstrargrundvöllur svo unnt verði að draga úr þörf fyrir hækkun gjaldskrár og það mun að sjálfsögðu jafna verð raforku í þéttbýli og strjálbýli.

Í þriðja lagi, og það tel ég mikils um vert, hefur iðnrn. hafið viðræður við Landsvirkjun um fjölgun sölupunkta í stofnlínukerfinu. Tilefni þessa er að á undanförnum árum hafa rafveitur sem kaupa raforku í heildsölu af Rafmagnsveitum ríkisins kvartað undan því að þurfa að greiða hærra verð fyrir raforkuna en þær rafveitur sem kaupa beint af Landsvirkjun. Að mínu áliti verður það ekki lengur dregið að bregðast við þessum kvörtunum þannig að þessar rafveitur komist í beint viðskiptasamband við Landsvirkjun. Í þessu fælist verulegt skref til jöfnunar á raforkukostnaði í landinu. Landsvirkjun hefur fallist á að hefja þessar viðræður og munu Rafmagnsveiturnar taka þátt í þeim. Hvort ástæða er til að stíga frekari skref í þessa átt þarf að skoða vandlega áður en í er ráðist, en mín hugmynd er sú að þessi fjölgun sölupunkta, sem mun valda jöfnun raforkuverðs, verði hægum skrefum á næstu þremur til fimm árum þannig að ekki þurfi að koma til mikil vandkvæði í gjaldskrármálum.

Í fjórða lagi vil ég svo nefna þær niðurgreiðslur úr ríkissjóði og þann afslátt sem Landsvirkjun veitir vegna húshitunarkostnaðar. Það fer auðvitað ekkert á milli mála að orkukostnaðurinn og sérstaklega húshitunarkostnaðurinn, eins og hv. fyrirspyrjandi nefndi, er afar mismunandi eftir landshlutum. En með þeim aðgerðum sem ríkið hefur beitt sér fyrir, niðurgreiðslunni og afslætti Landsvirkjunar, má segja að húshitun með rafmagni sé nú víðast hvar á landinu ámóta dýr þar sem hún er húshitunarorka. Hins vegar er hún miklum mun dýrari en húshitunarkostnaður á svæði Hitaveitu Reykjavíkur eins og hv. fyrirspyrjandi nefndi. Ég hygg að það muni ekki fjarri sanni, sem hann sagði, að hann væri tvöfalt hærri. Þetta er ákaflega mikill munur, en ég vil benda á að hann er þó langtum minni en hann var fyrir fáum árum og kannski er ástæða til að nefna það hér að húshitunarkostnaður á svæði Hitaveitu Reykjavíkur er að sjálfsögðu mjög lágur og þess vegna samanburður við hann býsna erfiður þeim sem ætla sér að vinna að orkuverðsjöfnun.

Ég vil líka benda á að olíuverð fer nú hækkandi á heimsmarkaðnum og það er ljóst að samanburður við húshitun með olíu fer að verða rafhitun hagstæðari. Ég dreg reyndar mjög í efa að það sé hyggilegt að ganga svo langt í niðurgreiðslum á orkukostnaði að enginn munur komi fram í orkuverði eftir aðstöðu til öflunar á orku.

Einnig tel ég reyndar ekki sýnt að niðurgreiðslurnar séu heppilegasta aðferðin til þess að jafna aðstöðumun eða lífskjör í landinu. Þar held ég að lausnir heima í héraði með sameiningu veitustofnana sé nauðsynlegt og skynsamlegt fyrsta skref. Iðnrn. styður viðleitni heimamanna til slíkra samtaka í héruðum um að gera orkuöflun og orkudreifingu sem hagkvæmasta á hverjum stað.

Þá vil ég í fimmta lagi nefna það að jöfnun orkukostnaðar er að sjálfsögðu mjög mikilvægt markmið stefnu ríkisstjórnarinnar í orkumálum en að því þarf að stefna úr mörgum áttum. Þar dugir engin allsherjarlausn. Ég læt nú vinna að almennri athugun á áhrifum skattlagningar og niðurgreiðslna á orkuverði bæði hvað varðar innflutta og innlenda orku því auðvitað er það mjög sérkennilegt hjá okkur að mikilvægir þættir í innfluttri orku eru ekki skattlagðir en ýmis innlend orka er með sköttum. Ég mun að lokinni þessari athugun móta tillögur um endurskoðun skattlagningar og niðurgreiðslna á orku.

Ég vona, hæstv. forseti, að með þessum orðum hafi ég í nokkru sýnt að ríkisstjórnin vinnur að undirbúningi jöfnunar orkuverðs.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að hafa hreyft þessu máli hér á Alþingi og var hann raunar manna vísastur til að svo yrði gert. Það er líka afar mikilvægt að það skuli hafa verið skýrt hér frá því af hendi ríkisstjórnarinnar að í þessum málum hafi enginn árangur náðst að því er varðar heimilin í landinu. Hæstv. iðnrh. talar um viðmiðun við orkukostnað í Reykjavík og hann talar um langtímasjónarmið í þessum efnum. Það sem skiptir máli í þessu efni sleppti hins vegar hæstv. ráðherra að orða, þ.e. hvaða hluta af launum fólkið í landinu þurfi að greiða eftir búsetunni fyrir orkuna sem það kaupir og hverjar hafi orðið breytingar í þeim efnum í tíð núverandi ríkisstjórnar. Það er auðvitað það sem skiptir máli í þessum efnum, ekki um einhver sérstök hlutföll heldur hvað það er stór hluti af launununum sem fer til þess að halda hitanum í húsunum vítt um landið. Það er einmitt það sem er hin brennandi spurning, en

henni hefur ekki verið svarað og ástæðan er sú að í tíð núv. ríkisstjórnar hefur verið haldið til ófarnaðar í þessum efnum.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Aðeins örstutt athugasemd, hæstv. forseti. Ég er viss um að hv. 4. þm. Austurl. hefur enga innstæðu fyrir fullyrðingu sinni um það að hlutfall orkukostnaðar í framfærslukostnaði heimilanna hafi hækkað á starfstíma þessarar stjórnar. Ég hygg að hið gagnstæða kynni að vera sanni nær. (**EgJ:** Vill ekki ráðherra skýra það betur?)

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans. Út af fyrir sig get ég verið ánægður yfir því að það er verið að vinna í þessum málum. Hitt er annað mál að það má ekki vera lengi að velta þessu fyrir sér vegna þess að við erum komin á þann punkt að það er hætt við því að fólk fari í auknum mæli að fara hingað til Reykjavíkur vegna þeirrar óvissu sem ríkir í atvinnumálum. Það er alveg rétt sem hv. þm. Egill Jónsson sagði. Það fer allt of stór hluti af launum þessa fólks til að borga t.d. orkukostnað og það kemur sem kauplækkun hjá þeim. Þess vegna er það á þessu sviði sem öðrum að við Íslendingar þurfum að fara að taka á þessum byggðamálum eitthvað líkt og jafnaðarmenn í Noregi gera og reyna að spyrna við fótum og jafna lífsaðstöðuna í þjóðfélaginu. Þó að talað sé um húshitun í þessum málefnasamningi okkar er það í mínum huga allur orkukostnaður sem þarf að jafna. Það er ekkert minna mál fyrir Reykvíkinga en fyrir landsbyggðina að halda fólkinu úti á landi sem vinnur við framleiðslustörfin.

Ég óska mjög eftir því, hæstv. ráðherra, að ég geti fengið að tilnefna mann til þess að fylgjast með þessum málum sem er í fullu samræmi við það sem talað var um þegar við mynduðum ríkisstjórnina því að þetta er eitt af höfuðmálum landsbyggðarinnar.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Hér er hreyft miklu máli og miklu vandamáli. Ég hygg að flestir geti verið sammála um að ástandið í þessum málum hefur verið og er óviðunandi. Það er því lítill fagnaður yfir því þótt hæstv. iðnrh. lýsi yfir að ástandið hafi ekki enn þá versnað í tíð núv. ríkisstjórnar. Ég hygg að flestir sem hafa fengist við þessi mál hafi talið að það yrði einmitt þegar að bæta úr.

Hæstv. ráðherra segir að það sé verið að hugsa um jöfnun á raforkukostnaði á vegum ríkisstjórnarinnar og hv. 6. þm. Norðurl. e. er ánægður með þetta. Ég vil lýsa því yfir að ég er óánægður. Ég er óánægður með seinaganginn. Og það er óviðunandi það ástand sem nú ríkir í þessum málum.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið í máli þeirra sem hér hafa gert athugasemdir er þetta mál sem menn bera mjög fyrir brjósti. Ég vil taka það fram vegna þess sem hér hefur verið sagt að ég hef fullan hug á því að þingmenn fái að fylgjast með því sem unnið verður á næstu mánuðum að jöfnun orkukostnaðar í landinu og ég hlýddi sérstaklega á mál hv. 6. þm. Norðurl. e. í því sambandi.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég vil leiðrétta hv. þm. Þorvald Garðar. Ég sagði að ég væri þó ánægður með að það væri verið að vinna í þessu. En ég held að það hafi komið greinilega fram í máli mínu að ég væri ekki ánægður með stöðuna og ég vænti þess að það fari að sjást árangur af þessu starfi. Ég sé ástæðu til þess að leiðrétta þetta.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en lengra er haldið með dagskrá vill forseti minna á að í upphafi fundar sem verður að loknum þessum fundi fer fram utandagskrárumræða um stöðu landbúnaðarmála og það er samkvæmt hálftímareglunni. Þetta vildi forseti aðeins minna á og ítreka frekar.

Útfararþjónusta, ein umr.

Fsp. HJ, 497. mál. — Þskj. 995.

Fyrirspyrjandi (Hreggviður Jónsson):

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu fsp. til kirkjumálaráðherra um útfararþjónustu, en eins og öllum er kunnugt um hefur verið starfrækt útfararþjónusta í einkaeign hér í höfuðborginni óslitið í nokkra ættliði. Það er því eðlilegt að spurst sé fyrir um það hvort sú starfsemi njóti jafnstöðu við opinber fyrirtæki á þessu sviði. Því er spurt:

„1. Fá einkaaðilar, sem sjá um útfararþjónustu, greitt með sama hætti af kirkjugarðsgjöldum og opinberir aðilar?

2. Hvaða gjöld taka opinberir aðilar við útfararþjónustu í Reykjavíkurprófastsdæmi fyrir útleigu á líkvagni og störf útfararstjóra og aðstoðarmanns?

3. Telur kirkjumálaráðherra eðlilegt að sett sé löggjöf um útfararþjónustu þar sem einkaaðilum verði m.a. tryggð sama greiðsla af kirkjugarðsgjöldum og opinber fyrirtæki njóta?“

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. heilbrmrh. mun svara þessari fsp. fyrir hönd hæstv. kirkjumálaráðherra og tekur hann nú til máls.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í orðum forseta er hæstv. kirkjumálaráðherra fjarverandi af óhjákvæmilegum ástæðum og fór hann þess á leit við mig að ég svaraði þessari fsp. í hans fjarveru. Ég hef

gert hv. fyrirspyrjanda grein fyrir því þannig að það er með hans samþykki að fsp. er svarað þó að hæstv. kirkjumálaráðherra sé fjarstaddur.

1. liður fsp. var: „Fá einkaaðilar, sem sjá um útfararþjónustu, greitt með sama hætti af kirkjugarðsgjöldum og opinberir aðilar?“ Svar við þeirri spurningu er að samkvæmt upplýsingum Kirkjugarða Reykjavíkur fá einkaaðilar hér í Reykjavík ekki greitt af kirkjugarðsgjöldum fyrir sína þjónustu. Athuga ber að í þeim tilvikum þegar fólk kýs að notfæra sér þjónustu einkaaðila annast Kirkjugarðar Reykjavíkur hluta af útfararþjónustunni án þess að taka sérstakt gjald fyrir það. Þeir sjá þannig um líkflutninga, að veita aðstöðu í líkhúsi og ýmsa aðra þjónustu í sambandi við líkið og sjá um grafartöku. Á þessu stigi er ekki hægt að svara því hvernig þessu er háttað víðs vegar um landið. Til þess þyrfti því miður lengri tíma.

2. liður fsp. var: „Hvaða gjöld taka opinberir aðilar við útfararþjónustu í Reykjavíkurprófastsdæmi fyrir útleigu á líkvagni og störf útfararstjóra og aðstoðarmanns?“ Svar við þessum lið er að samkvæmt upplýsingum Kirkjugarða Reykjavíkur er ekki tekið sérstakt gjald fyrir þessa þjónustu.

Í þriðja lagi er spurt: „Telur kirkjumálaráðherra eðlilegt að sett sé löggjöf um útfararþjónustu þar sem einkaaðilum verði m.a. tryggð sama greiðsla af kirkjugarðsgjöldum og opinber fyrirtæki njóta?“ Svar við þessum lið er að ef vilji er fyrir hendi væri möguleiki á því að koma slíkum ákvæðum fyrir í frv. til laga um kirkjugarða, greftrun líka og líkbrennslu sem nú er verið að leggja síðustu hönd á og virðist því ekki þörf á sérstakri löggjöf um þetta efni.

Svona hljóða svör við þessum þremur liðum fsp. hv. þm. E.t.v. má segja að í 3. tölul. sé spurt um persónulega afstöðu eða álit kirkjumálaráðherra og ég get því miður ekki gefið hv. fyrirspyrjanda annað svar en það sem hér hefur þegar verið flutt.

Fyrirspyrjandi (Hreggviður Jónsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. heilbrmrh. fyrir svör hans fyrir hönd kirkjumálaráðherra í þessu efni. Þar kemur mjög glögglega fram að samkeppnisaðstaða, ef maður getur orðað það svo um þetta, er ekki sú sama fyrir þá einkaaðila sem starfa í þessari grein og hinir opinberu aðilar eru að undirbjóða þá þjónustu sem um er að ræða. Það er auðvitað tekið af kirkjugarðsgjöldum. Í svari við 2. spurningunni kemur greinilega fram að það er gert með þeim hætti að ekki er tekið gjald fyrir ákveðna þjónustu sem opinberir aðilar veita. Þess vegna væri eðlilegt að einkaaðilar fengju greitt af kirkjugarðsgjöldum fyrir þessa þjónustu.

Ég þakka heilbrmrh. fyrir þau svör sem hann gaf. Það kom fram að það sé enn þá möguleiki að leiðrétta þetta í löggjöf sem er nú í undirbúningi og ég ætla að vonast til að hæstv. heilbrmrh. komi þeim boðum til hæstv. kirkjumálaráðherra að þetta verði tekið inn í þannig að einkaaðilar sitji við sama borð í þessum efnum í framtíðinni.

Öryggismálanefnd sjómanna, ein umr.

Fsp. GA, 508. mál. — Þskj. 1145.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Hinn 30. mars 1984 skipaði Matthías Bjarnason þáv. samgrh. nefnd níu alþingismanna til að fjalla um alla þætti öryggismála skipa og áhafna þeirra, þar með talin menntun og þjálfun áhafna. Nefndinni var jafnframt falið að gera tillögur um nauðsynlegar úrbætur í öryggismálum sjómanna og tillögur um fjármögnun slíkra aðgerða. Nefndinni var ætlað að ljúka störfum eigi síðar en í árslok 1985, en talið æskilegt að áfangaskýrsla lægi fyrir eigi síðar en í október 1984. Eftirtaldir alþingismenn voru skipaðir í nefndina: Árni Johnsen, Karvel Pálmason, Ólafur Þ. Þórðarson, Svavar Gestsson, Guðrún Agnarsdóttir, Kolbrún Jónsdóttir, Stefán Guðmundsson og Valdimar Indriðason og hafði nefndin náið samstarf við Siglingamálastofnun ríkisins, rannsóknanefnd sjóslysa, Slysavarnafélag Íslands, Landhelgisgæslu Íslands og samtök sjómanna og útgerðarmanna, en auk þess komu ýmsir aðrir aðilar á fundi nefndarinnar sem voru allmargir.

Áfangaskýrsla var afhent 31. okt. 1984 eins og til var ætlast ásamt 17 tillögum er vörðuðu brýnustu úrbætur í öryggis- og menntamálum sjómanna. Starfslok nefndarinnar töfðust þó fram í október 1986, ekki síst vegna óvenjulangs þinghalds á vorinu 1985. Þá skilaði nefndin tillögum í 19 liðum og hljóðaði lokatillagan svo, með leyfi forseta:

„Óskað er eftir því að samgrh. gefi Alþingi skýrslu eftir tvö ár um framkvæmd þessara og fyrri tillagna nefndarinnar. Enn fremur skal skýrslan fjalla um stöðu öryggismála sjómanna almennt.“

Mörgu er enn ábótavant í öryggismálum íslenskra sjómanna þó að margt hafi breyst til batnaðar og það er því fyllsta þörf á að spyrja hæstv. samgrh. eins og ég hef gert á þskj. 1145: „Hvenær má vænta skýrslu samgrh. til Alþingis um framkvæmd loka- og áfangatillagna öryggismálanefndar sjómanna, svo og um stöðu öryggismála sjómanna almennt?“

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegi forseti. Hv. fyrirspyrjandi spyr hvenær megi vænta skýrslu samgrh. til Alþingis um framkvæmd loka- og áfangatillagna öryggismálanefndar sjómanna svo og um stöðu öryggismála sjómanna almennt.

Öryggismálanefnd sjómanna sem þáv. samgrh., Matthías Bjarnason, skipaði í mars 1984 skilaði eins og kunnugt er tveim skýrslum, annars vegar áfangaskýrslu í október 1984 og lokaskýrslu í október 1986. Síðan þá hefur verið unnið að framkvæmd þeirra tillagna sem í þeirri skýrslu voru með ýmsum hætti og skýrsla samgrh. um framkvæmd tillagnanna verður lögð fyrir Alþingi á hausti komanda og vænti ég þá að um hana og öryggismál sjómanna almennt verði góðar umræður. Þessi skýrsla er nú til lokafrágangs í samgrn. í samráði við Siglingamálastofnun.

Áfangaskýrsla um tillögur öryggismálanefndar sjómanna og framkvæmd þeirra var unnin á árinu 1987 og til greina hefði komið að leggja hana fram á þessum vetri, en við nánari athugun var valinn sá kostur að endurvinna þá skýrslu og gefa hana út og leggja fyrir Alþingi á næsta hausti þar sem ýmislegt er að gerast og hefur gerst einmitt á þeim tíma sem liðinn er frá miðju ári 1987 þegar áfangaskýrslan var unnin.

Rétt er að taka fram að reiknað var með að skýrsla yrði lögð fyrir Alþingi að tveimur árum liðnum eins og það stóð í tillögum öryggisnefndarinnar frá 1986, en það hefði þá þýtt að eðlilegt hefði verið að þann tíma hefði borið upp á lok ársins 1988. En þegar farið var að fara yfir þessi mál í samgrn. eftir að ég tók þar við störfum varð niðurstaðan sú að láta endurvinna þessa skýrslu og gera hana ítarlegri og leggja hana fyrir Alþingi á komandi hausti.

Rétt er að taka fram og undirstrika að mjög margt af því sem öryggismálanefndin lagði til bæði í áfangaskýrslu sinni 1984 og eins í lokaskýrslunni 1986 hefur þegar komið til framkvæmda. Ég leyfi mér að nefna nokkur atriði í því sambandi til þess að það komi fram að að þessu málum hefur verið mikið unnið.

Ég nefni nýja löggjöf um Siglingamálastofnun sem sett var 1986. Þá hefur verið unnið að því að efla menntun yfirmanna á skipum, fyrst og fremst til að fækka undanþágum til starfa og auka hlut réttindamanna í þeim störfum, og undanþágum hefur fækkað stórlega á undanförnum árum. Frá ársbyrjun 1986 hefur verið í gangi átak í öryggisfræðslu sjómanna. Slysvarnafélag Íslands hefur haldið námskeið um allt land og með starfsreglum ráðuneytisins frá 1988 var Slysavarnafélaginu formlega falin starfræksla Slysavarnaskóla sjómanna sem hefur með höndum þessa fræðslu.

Öryggisfræðslunefnd sjómanna undirbýr nú átak í öryggisfræðslu og réttindamálum stjórnenda smábáta, en því er ekki að leyna að nú hin síðustu ár hefur athygli manna verulega beinst að tíðum slysum á smábátum.

Með breytingu á siglingalögum frá 1986 var stofnuð rannsóknarnefnd sjóslysa sem skipuð er mönnum sérfróðum um siglingar og sjómennsku. Þessi nefnd starfar sjálfstætt og óháð og er staða hennar svipuð ákvæðum loftferðalaga um flugslysanefnd.

Þá hafa ýmsar breytingar verið gerðar á reglum um björgunar- og öryggisbúnað skipa og yrði of langt mál að telja það allt upp. Nefna má að í nýrri reglugerð um hafnamál er kominn sérstakur kafli um slysavarnir í höfnum og enn fremur að sett hafa verið ný lög um lögskráningu sjómanna sem verulega eiga að bæta framkvæmd lögskráningar.

Þetta eru nokkur dæmi um það sem unnið hefur verið að og gerst hefur síðan á árinu 1986, þ.e. frá þeim tíma sem lokaskýrslan kom út. Fjöldamargt annað er í vinnsu eða er að koma til framkvæmda og það er von mín að yfirlitsskýrsla um þessi mál, sem unnið verður að í sumar, geti gefið glögga mynd af framkvæmd þessara mála og stöðu á komandi hausti.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans og fagna því að skriður skuli vera á þessum málum í ráðuneytinu. Einnig að svo margar þeirra góðu tillagna sem nefndin gerði skuli vera komnar til framkvæmda eða í vinnslu og fagna því að skýrslan skuli væntanleg hér á Alþingi á næsta hausti.

Öryggi sjómanna byggist á stöðugri fræðslu þeirra og annarra sem nálægt slíkum störfum koma og það er mjög nauðsynlegt að halda vöku sinni í þeim efnum. Verkefni ráðuneytisins er ekki síst að skoða og endurskoða þessi mál í sífellu, en það er einnig nauðsynlegt að Alþingi haldi vöku sinni og fylgist með og taki sinn hluta ábyrgðarinnar til að koma þessum málum í betra horf.

Ritvinnslusamningur, ein umr.

Fsp. GuðnÁ, 492. mál. — Þskj. 900.

Fyrirspyrjandi (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að spyrja hæstv. menntmrh. lítillar spurningar og spyr þá staðgengil hans á þessum fundi, hæstv. samgrh., þeirrar spurningar: Hafa stofnanir sem heyra undir hæstv. ráðherra gert verksamning erlendis um ritvinnslu og hefur ráðherra staðfest þennan samning?

Ég hef sannfrétt að tvö virtustu bókasöfn landsins hafi gert slíkan ritvinnslusamning við breskan aðila sem síðan hefur fengið þriðja aðila til að vinna það verk. Kannaði menntmrh. hvort Íslendingum var gefinn kostur á að bjóða í verkið? Hér er um verksamning að ræða sem skiptir einhverjum tugum milljóna. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra upplýsi hversu háar fjárupphæðir hér er um að ræða.

Íslendingar hafa á síðustu árum státað mjög af hugviti sínu og ekki síður af hinu að þeir séu albúnir að takast á við ný og nýstárleg verkefni og við gerum okkur grein fyrir því að heimurinn er að breytast og tækninni hefur fleygt fram. Tölvutæknin er orðin risavaxin og möguleikarnir eru miklir sem hafa komið fram í henni um ný verkefni. Ég er t.d. með hér í höndunum grein eftir Jón Erlendsson verkfræðing og forstöðumann upplýsingaþjónustu Háskóla Íslands þar sem hann sýnir fram á hvernig hægt er að færa verkefni til og hvernig menn í mörgum þjóðlöndum eru farnir að færa verkefni til í landi sínu þannig að fólkið geti stundað störf sín kringum tölvur hvar sem það býr í löndunum. Sem betur fer hafa Íslendingar nú á síðustu árum verið að átta sig á þessari tækni og það hefur gerst bæði í mínu kjördæmi og sjálfsagt víðar að ungir menn sem hafa stundað langskólanám hafa fremur viljað setja sig

niður á landsbyggðinni og eru í leit að verkefnum eins og ég hef hér minnst á. Þess vegna hefði það verk sem ég hér er að spyrja um verið kjörið til þess að hjálpa slíkum fyrirtækjum á landsbyggðinni til að koma undir sig fótunum, vera hliðarverkefni í slíku fyrirtæki.

Ég vænti þess að ráðuneytið hugi að því ef slíkt kemur upp aftur að Íslendingar fái sama rétt og útlendingar í kringum svona verkefni, fái að gera tilboð í þau.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegi forseti. Hv. fyrirspyrjandi spyr hvort stofnanir sem heyra undir menntmrn. hafi gert verksamninga erlendis um ritvinnslu og í öðru lagi hvort menntmrh. hafi staðfest slíka verksamninga.

Svör menntmrn. eru þau að ráðuneytinu er ekki kunnugt um að stofnanir á þess vegum hafi gert verksamninga um venjulega ritvinnslu við erlenda aðila. Til að ganga úr skugga um þetta þarf þó nánari athugun með því að hafa sérstaklega samband við hverja stofnun og slík könnun hlyti að taka lengri tíma en þeir fáu dagar leyfa sem liðnir eru síðan þessi fsp. kom fram.

Rétt er þó að taka fram að þó ekki sé um að ræða venjulega ritvinnslu gerði á sl. ári Háskólabókasafn og Landsbókasafn samninga við fyrirtæki í Lundúnum um svonefnda afturvirka tölvuskráningu erlends ritkosts í söfnum til undirbúnings tölvuvæðingu í Þjóðarbókhlöðu. Þessi samningur var heimilaður og staðfestur af menntmrn. eftir ítarlega athugun á tilboðinu og því verkefni sem hér var um að ræða og var þar sérstaklega haft samband við bæði fjmrn. og Fjárlaga- og hagsýslustofnun og sérfræðinga þessara aðila í tölvumálum. Hefur það væntanlega verið vegna eðlis verksins og það að hér var um stórt og sérhæft verk að ræða sem niðurstaðan varð sú að taka tilboði þessa breska aðila sem mun hafa verið lægst þeirra sem fengust erlendis frá í verkið.

Ég get upplýst að verksamningurinn mun vera upp á — með nokkrum skekkjumörkum eða hlaupi eftir því hvert verður magn færslna í samningnum — um 182 þús. bresk pund sem gæti látið nærri að vera 16 millj. ísl. kr. á núverandi gengi. Hér er því vissulega um allstórt verk að ræða, enda viðamikil skráning á ferðinni.

Þetta er sem sagt eina tilvikið sem menntmrn. er kunnugt um og það eina sem þar hefur verið staðfest er í raun og veru ekki hefðbundin ritvinnsla heldur sú sérstaka skráning sem hér er nefnd, á einhverri þeirri íslensku sem ég tek enga ábyrgð á, afturvirk tölvuskráning.

Fyrirspyrjandi (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svar hans þó ég verði að sumu leyti undrandi þar sem hann talaði um þá fáu daga síðan þessi fsp. kom fram. Auðvitað er það í þessum ráðuneytum að þar er einn dagur sem þúsund ár o.s.frv. Ég held að það séu allmargar vikur síðan þessi fsp. kom fram, jafnvel mánuðir. Hún er alla vega búin að vera lengi á dagskrá í sameinuðu Alþingi. Þetta mun vera fjórði fundurinn. Þetta var því auðvitað undansláttur.

En eigi að síður upplýsti hæstv. ráðherra að þarna væri um verksamning að ræða sem væri upp á heilar 16 millj. kr. og þá sjálfsagt á vegum Háskólabókasafns og Landsbókasafns þannig að þarna er um mikið verk að ræða. Það sem ég spurði hér um og vildi vita var hvort ráðuneytið hefði áður en það staðfesti slíkan samning tryggt að Íslendingar hefðu átt kost á því að fá að bjóða í þetta verk og vinna það eða hvort þeir voru gjörsamlega afskrifaðir og ekki treyst til þess.

Um svarið er í sjálfu sér fátt að segja, en ég hef vakið athygli á þessu máli og ítreka það, sem ég sagði áðan, að ég tel brýnt að áður en slík verkefni, sem munu á næstu árum verða miklu fleiri, eru seld úr landi sé Íslendingum gefinn kostur á að vinna slík verk. Ef það er ekki kunnugt í ráðuneytinu, þar sem einn dagur er sem þúsund ár og þúsund ár sem dagur ei meir, vona ég að þeir gefi sér tíma til að gefa Íslendingum kost á að vinna slík verk. Það eru þegar að komast í gang stofur sem sækjast eftir slíkum verkefnum og það væri þeim styrkur í upphafi að fá svona verk til hliðar í sín fyrirtæki til þess að vinna. Ég er ekkert frá því að það gæti orðið jafnhagstætt tilboð sem þeir gerðu í slík verk og örugglega þjóðhagslega miklu hagkvæmara að Íslendingar reyni sjálfir að vinna sem flest verkefni í þessu landi.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Það er enginn ágreiningur milli hv. fyrirspyrjanda og mín um að það er æskilegast að við Íslendingar vinnum sem mest af okkar verkum sjálfir, og á það við um hvort sem er framleiðsluvöru eða hvers kyns þjónustuvinnu, og reynum að vera sjálfbjarga og okkur sjálfum næg á sem allra flestum sviðum, hvort heldur er ritvinnsla, skráning gagna eða framleiðsla á smjörlíki. En ég hygg að það sem hér hafi mestu um valdið sé að verkið er stórt og óvenjulegt fyrir íslenskan tölvumarkað og hugbúnaðariðnað. Hér er um að ræða tækni sem er enn þá í þróun og er viðkvæm fyrir ýmsum breytingum. Skönnun á ritmáli er enn þá afar viðkvæm fyrir t.d. misjöfnun við leturgerð og fleiri slíkum hlutum og auk þess er verulegur hluti vinnunnar uppfletting í erlendum skrám sem líklegt er að hefði orðið mun kostnaðarsamari hér hjá minni fyrirtækjum innan lands en hjá þessum gríðarstóra aðila sem er einmitt sérhæfður í skráningu á þessu sviði. Þetta er það sem ég veit um málið til að upplýsa hvers vegna ... (**GuðnÁ:** Var það erlendi þátturinn?) Það er þessi erlendi þáttur verksins sem ég get ímyndað mér að hafi valdið því sérstaklega að menn lögðu ekki í það verk að semja við íslenska aðila eða innlenda aðila um þetta, en ég vona og trúi að í því felist ekki á nokkurn hátt stefnumörkun af því tagi að menn vilji frekar leita til erlendra aðila en innlendra. Þvert á móti mundi ég treysta hinu gagnstæða og ég þekki ekki menntmrh. af öðru en því að vera þjóðernislega

sinnaðan alveg í ágætu hlutfalli við það sem gengur og gerist í landinu. (Gripið fram í.) Þetta var staðfest af núv. menntmrh., en hafði verið undirbúið af fyrrv. menntmrh. og nánast gengið frá samningsdrögum í tíð fyrri ríkisstjórnar.

Útbreiðsla Stöðvar 2, ein umr.

Fsp. JSS, 507. mál. — Þskj. 1144.

Fyrirspyrjandi (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Sú fjölmiðlabylting sem átt hefur sér stað á undanförnum árum hefur svo sannarlega ekki farið fram hjá neinum. Dagblöð, tímarit og prentað mál yfirleitt eru orðin fjölbreyttari og miklu betur úr garði gerð en þau voru fyrir örfáum árum. Meiri fjölbreytni hefur einnig átt sér stað á öldum ljósvakans þar sem margar nýjar útvarpsstöðvar hafa komið til og þær hafa kannski orðið til þess að menn hafa lært að meta ótvíræða yfirburði og kosti „gömlu Gufunnar". Kostir nýju útvarpsstöðvanna hafa kannski ekki verið á þann veg að gæðin hafi aukist, en hafa þó orðið til þess að „gamla Gufan" svokallaða virðist bera höfuð og herðar yfir þessar nýju útvarpsstöðvar. En fjölbreytnin hefur komið til.

Stórkostlegar breytingar hafa einnig orðið á örskömmum tíma á sviði sjónvarps. Nægir að minna á upphafið með svarthvítu sjónvarpi fyrir um það bil 25 árum, en þá var lögð á það áhersla að allir landsmenn fengju notið þess sem fyrst að fá að horfa á sjónvarp og það virtist ganga mjög greiðlega, fljótt og vel að sjónvarpið breiddist út um gervallt landið. Síðan kom litsjónvarpið og enn höfðum við þá þekkilegu tíma, vildi ég segja, að við fengum notið sjónvarpsfrís á fimmtudögum og í júlímánuði ár hvert var sjónvarpsfrí. Það voru notalegir og skemmtilegir tímar sem maður sér svolítið eftir. En því var síðan breytt og síðan þá er svo að segja ekkert skjól fyrir sjónvarpi.

Svo kom að því að sjónvarpsstöðvum var fjölgað í tvær og nú er e.t.v. von á þeirri þriðju þannig að breytingar eru þar mjög skjótar og undraverðar. Ég vil einnig í þessu sambandi nefna myndbandavæðinguna sem gekk yfir allt landið og gerðist einnig á undraskjótum tíma þannig að menn hafa svo sem nóg við að dunda hvað snertir afþreyingu frá fjölmiðlum.

En þegar úrval er orðið svo mikið finna þeir meira til þess sem út undan verða og einhvern veginn er það svo að útbreiðsla Stöðvar 2 hefur ekki orðið með slíkum hraða sem varð með svarthvítu sjónvarpi fyrir 25 árum þannig að það virðist ætla að verða bið á því að allir landsmenn fái notið þess sem sú stöð hefur upp á að bjóða.

Það virðist ekki endilega vera þannig að afskekktustu staðirnir verði út undan. Þannig hefur mér verið sagt að tveir af kaupstöðum landsins hafi ekki enn þá fengið þann tæknibúnað sem nauðsynlegur er til að geta náð útsendingu þessarar stöðvar og munu það vera Siglufjörður og Stykkishólmur. Því langar mig til að spyrja hvort það sé rétt, og fá það þá staðfest að Siglufjörður sé annar af þessum tveimur kaupstöðum, og síðan í framhaldi af því spyrja hvenær megi búast við að nauðsynlegum tæknibúnaði verði komið upp til að íbúar Siglufjarðar og þá væntanlega Stykkishólms einnig, svo að ég segi það í leiðinni, fái notið þess sem Stöð 2 hefur upp á að bjóða.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegi forseti. Það er spurt um hvort það sé rétt að Siglufjörður sé annar af tveimur kaupstöðum landsins sem ekki nái sjónvarpsútsendingum Stöðvar 2. Og það er rétt. Siglufjörður er annar af tveimur kaupstöðum sem svo háttar til um. Hinn staðurinn er Stykkishólmur. Þar nást að vísu útsendingar Stöðvar 2 að hluta til, en búist er við að fullkomnum sendibúnaði verði komið upp vegna Stykkishólms á þessu hausti og verði þeir þá jafnsettir öðrum landsmönnum um þetta efni eða öðrum kaupstöðum a.m.k.

Í öðru lagi er spurt hvenær megi búast við að nauðsynlegum útbúnaði verði komið upp til að Siglfirðingar fái notið góðs af útsendingum Stöðvar 2. Stöð 2 mun nýverið hafa átt í viðræðum við Póst- og símamálastofnun, m.a. um útsendingar til Siglufjarðar. Á fundi þessum kom það fram að Póst- og símamálastofnunin reiknar með að örbylgjubúnaður fyrir útsendingar Stöðvar 2 verði settur upp fyrir Siglufjarðarkaupstað seinni part sumars og munu beiðnir um úthlutanir fyrir senditíðni fyrir Siglufjörð og Stykkishólm verða sendar Póst- og símamálastofnun innan tíðar.

Þá hefur Stöð 2 fest kaup á 10 watta sendibúnaði sem staðsettur verður á brún Hvanneyrarskálar og áætlað er að þessi sendibúnaður verði settur upp í október nk. þannig að það verður nokkuð farið að hausta þegar verkamenn eiga við það indælar stundir, e.t.v. ekki andvökustundir en góðar samt, að setja upp þennan búnað í Hvanneyrarskál. Eitt er víst að þeir verða öfundsverðir af útsýninu.

Þannig verður það sem sagt, virðulegi forseti og hv. fyrirspyrjandi, að frá og með næsta hausti munu allir kaupstaðir landsins væntanlega njóta þeirrar miklu blessunar að nema útsendingar Stöðvar 2.

Fyrirspyrjandi (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir góð og skýr svör. Ég álít að það verði öllum áhugamönnum um sjónvarp á Siglufirði og Stykkishólmi fagnaðarefni að tæknilegum útbúnaði verði komið fyrir til að útsendingar þessarar stöðvar náist á þessu ári og ég er handviss um að með tilkomu fjölbreyttara efnis með tæknibúnaði í Hvanneyrarskál verði aftur fjör í skálinni eins og var í gamla daga.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Þó að ég hafi því miður ekki verið hér í þingsal til að hlusta á fsp. og svar hæstv. ráðherra hef ég engu að síður áhuga á þessu máli.

Reyndar skil ég ekki í hvaða tilgangi svona fsp. er flutt vegna þess að hér er um einkafyrirtæki að ræða og dreifingu á þjónustu þessa fyrirtækis. Ég fæ ekki séð hvað það kemur hæstv. Alþingi við eða ríkisvaldinu.

Ég mundi alveg eins vilja spyrja: Hvað hefur verið gert til þess að auðvelda Siglfirðingum að ná móttöku erlendra sjónvarpsstöðva? Með alveg sama rétti finnst mér eðlilegt að fá svör við því á hvaða hátt verði hægt að stuðla að því að Siglfirðingar eigi þess kost að sjá hinar fjölbreyttu dagskrár Evrópuþjóðanna sem nú eru í boði.

Fyrirspyrjandi (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Aðeins til að útskýra tilgang minn með þessari spurningu. Það var til að fá skýr svör við því hvenær Siglfirðingar og þá væntanlega íbúar Stykkishólms sætu við sama borð og aðrir landsmenn varðandi það framboð á sjónvarpsefni sem til reiðu er hér innan lands.

SAMEINAÐ ÞING

77. fundur, fimmtudaginn 18. maí, að loknum 76. fundi.

Umræður utan dagskrár.

Ástand og horfur í landbúnaði.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en gengið verður til dagskrár hefst utandagskrárumræða að beiðni hv. 4. þm. Austurl., Egils Jónssonar. Hann beinir orðum sínum til hæstv. landbrh. um ástand og horfur í landbúnaði með tilliti til harðinda í veðurfari. Þessi utandagskrárumræða fer fram eftir fyrri mgr. 32. gr. þingskapa, þ.e. hún stendur yfir í hálftíma. Málshefjandi talar í þrjár mínútur og má tala tvisvar og aðrir þingmenn og ráðherrar í tvær mínútur og mega einnig tala tvisvar.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Öðru hvoru verður íslenska þjóðin þess vör að fyrir því eru full rök að landið sem hún byggir heitir Ísland. Þegar mánuður er af sumri eru um þessar mundir u.þ.b. ⅓ hlutar landsins undir gaddi og ís og veðrátta svipuðust því sem í apríl væri eða jafnvel enn framar á vetri í sumum byggðum. Það er við þessar aðstæður sem íslenskir bændur mæta nú mesta annatímanum og þá sérstaklega sauðfjárbændur þar sem sauðburður stendur nú yfir, einmitt sá tími sem ræður mestu um það hver afkoman verður í sauðfjárbúskap.

Vissulega eru aðstæður mismunandi eftir landshlutum og þau héruð sem sérstaklega er ástæða til að hafa áhyggjur af eru þar sem óþurrkar geisuðu á sl. sumri austan lands með þeim hætti sem óvenjulegt verður að teljast, enn fremur norðausturhluti landsins og Vestfirðir þar sem snjóalög eru sem um hávetur væri.

Í þessum héruðum má ætla að um ⅓ hluti sauðfjárstofnsins sé og við lauslega athugun má líka ætla að fóðurþörf fyrir þann bústofn sé núna um 100 tonn á hverjum degi umfram það sem gerist í meðalári. Og ef gengið er út frá því að í hinum hlutum landsins sé þessi umframfóðurþörf hálfur hlutur á við það sem gerist á harðindasvæðunum má ætla að fóðurþörf í sauðfjárbúskap að því er varðar kjarnfóður nálgist 200 tonn á hverjum degi umfram það sem gerist í venjulegu árferði. Það er mikil ástæða að hyggja að því hvernig þessar fóðurbirgðir eru í landinu og þá ekki síst með tilliti til þeirrar þróunar, sem verið hefur á síðustu árum, að mjög hefur dregið úr kjarnfóðurinnflutningi. Fóðurinnflytjendum hefur fækkað svo að ætla má að af þeirri ástæðu séu minni birgðir í landinu en full þörf væri á við þessar aðstæður.

Örlög túnanna og ræktunar eru enn hulin undir gaddi og ís. Um afkomu í þeim efnum fær enginn að vita fyrr en snjóa leysir og grös fara að gróa. En það má vissulega undrum sæta ef ekki er í uppsiglingu eitt af kalárunum sem við könnumst við og vissulega má búast við að í sumum byggðum verði áhrif kals mjög alvarleg.

Mér finnst af þessu tilefni ástæða til að vitna aðeins í skýrslu eftir Bjarna Guðleifsson ráðunaut, sem hefur mesta þekkingu og reynslu í þessum efnum, en hún hefur nýlega borist mér í hendur. Hann segir svo, með leyfi forseta: „Hef ég líkt kalskemmdum við náttúruhamfarir eða bruna sem við ráðum ekkert við og stöndum nánast varnarlausir gagnvart nema hvað við getum í einhverjum mæli notað fyrirbyggjandi aðgerðir.“

Og enn fremur segir ráðunauturinn: „Fyrir einstaka hreppa virðist uppskera í verstu kalárum rýrna um 30–40% en eðlilega meira á einstökum bújörðum og minna yfir landið í heild.“

Gagnvart þessum aðstæðum standa nú íslenskir bændur. Ráðunauturinn líkir horfunum við náttúruhamfarir eða bruna.

Það er af þessu tilefni sem ég skrifaði hæstv. landbrh. svofellt bréf í gær:

„Að fengnu samþykki forseta sameinaðs þings hef ég ákveðið að hefja umræður utan dagskrár um ástand í landbúnaði með tilliti til harðinda í veðurfari. Spurningar sem ég mun leita svara við eru m.a. þessar:

1. Hafa verið gerðar ráðstafanir umfram venjulega forðagæslu til að kanna ástand fóðurbirgða með tilliti til harðinda í veðráttu?

2. Ef svo er ekki, hyggst ríkisstjórnin láta slíka könnun fara fram?

3. Eru þær birgðir af fóðurkorni og fóðurblöndum sem til eru í landinu í samræmi við þá miklu fóðurþörf sem nú er fyrir hendi í heföbundnum búgreinum?

4. Hafa verið gerðar ráðstafanir til að tryggja nægilegar birgðir af sáðkorni til að mæta þeim uppskerubresti er kann að leiða af óvenjulega erfiðu árferði?

Ég vænti þess að þú sjáir þér fært að svara framangreindum spurningum þegar málið kemur til umræðu.

Virðingarfyllst.

Egill Jónsson.“

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegur forseti. Sem svör við þeim spurningum sem hv. málshefjandi bar hér fram vil ég segja eftirfarandi:

Í fyrsta lagi: Fyrir nokkrum dögum skipaði ég nefnd þriggja manna til að fara yfir ástandið í landbúnaðinum með tilliti til hins óvenju erfiða tíðarfars. Þá nefnd skipa Sveinbjörn Eyjólfsson, deildarstjóri búnaðarsviðs landbrn., búnaðarmálastjóri Jónas Jónsson og Ari Teitsson héraðsráðunautur. Í erindisbréfi þessarar nefndar segir m.a. að nefndin skuli afla upplýsinga um og meta stöðu og horfur með fóðrun búpenings á næstu vikum á þeim svæðum landsins þar sem gróðri seinkar vegna fannfergis og illviðra. M.a. er óskað upplýsinga um þörf á fóðurkaupum umfram það sem gerist í eðlilegu árferði og hvar sé hægt að útvega fóður. Einnig að metið verði eftir því sem tök eru á og jafnóðum og hægt er horfur með kal í túnum.

Nefnd þessi hélt sinn fyrsta fund í gærmorgun og þar kynnti búnaðarmálastjóri stöðuna eins og hún kemur fyrir sjónir héraðsráðunautum í hinum ýmsu landshlutum. Ástandið virðist vera einna alvarlegast við Ísafjarðardjúp, en Strandir, hluti Eyjafjarðar, Þingeyjarsýslur og Norðausturland fylgja þar fast á eftir. Ákveðið var á þessum fundi að skrifa öllum búnaðarsamböndunum og var það gert í gær og það bréf sent með telexskeytum, einhvers konar símskeytum samkvæmt nýjustu tækni. Er þar í raun og veru beðið um könnun á öllum þeim þáttum sem fram koma í spurningum hv. þm. Egils Jónssonar.

Í bréfi sínu til búnaðarsambandanna óskar nefndin m.a. eftir eftirfarandi upplýsingum:

1. Að kannaðar verði fóðurbirgðir í hverju sveitarfélagi og hvort líkur séu á því að þær dugi áætlaðan fóðrunartíma.

2. Að magn kjarnfóðurs á næsta verslunarstað verði kannað og horfur um kjarnfóðurkaup á sauðburði bornar saman við þá stöðu.

Því er að vísu rétt að halda til haga að vegna verkfalls náttúrufræðinga er víða gengið á birgðir og er augljóst mál að vinda verður bráðan bug að því þegar þeirri deilu lýkur að koma fóðri út á þá staði sem tæpastir eru orðnir í þessum efnum. Nokkur skip eru ýmist á leiðinni eða væntanleg til landsins innan fárra daga með fóður eða hráefni til fóðurgerðar svo mér sé kunnugt um.

3. Óskað er eftir því að búnaðarsamböndin kanni um leið og hægt verði hvernig horfi með kal í túnum.

4. Óskað er almennra upplýsinga um ástand og horfur í þessum efnum eftir því sem kleift er að gefa slíkar upplýsingar.

Hér er sem sagt beðið um upplýsingar um bæði fóður og fræ. Harðindanefnd hefur þegar ákveðið, og ræddi það á fyrsta fundi sínum, að beita sér fyrir því verði þess þörf að keypt verði eða útveguð meiri sáðvara til landsins og mun hún hafa samband við fóðurinnflytjendur á næstu dögum, m.a. um það mál.

Þá mun nefndin snúa sér til Bjargráðasjóðs til að kanna möguleikana á að styrkja bændur vegna heyflutninga og fóðurflutninga og enn fremur er í athugun hvort rétt sé að grípa til þess að endurgreiða hluta kjarnfóðurskatts því vart er það ætlun manna að skattleggja harðindin og aukna fóðurþörf sérstaklega.

Af því sem ég hef rakið má sjá að verið er að vinna að þessu með ýmsum hætti. Til viðbótar þessu vil ég nefna að í athugun er hvort unnt sé að auka framleiðslu grasköggla á þessu sumri hjá þeim fjórum verksmiðjum sem starfandi eru til þess að auka einnig fóðurbirgðir á því sviði.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Það þarf ekki að hafa fleiri orð um það en orðið er til að lýsa því harðindatíðarfari sem ríkt hefur á landinu okkar síðan um áramót. Afleiðingar þess birtast okkur nú á vordögum þegar vor er komið samkvæmt tímatali en vetur ríkir enn á mestum hluta landsbyggðarinnar.

Fyrir svo sem hundrað árum, og þarf reyndar ekki svo langt aftur í tímann, hefði við þessar aðstæður fénaður verið farinn að falla og fólk soltið. Enn er á lífi fólk sem man harðindavor þegar sá á bæði fénaði og fólki. En þjóð sem lifir í velsæld er fljót að gleyma og kannski vill hún ekki muna.

Bændur landsins horfa nú fram á vor sem hlýtur að verða þeim þungt í skauti. Víðast er útlit fyrir að fénaður verði á gjöf lengi enn og þar sem snjó hefur tekið upp fer gróður ekki af stað vegna kulda og víða er útlit fyrir miklar kalskemmdir sem kalla á endurræktun og meiri grænfóðurræktun en í venjulegu árferði.

Ég vil líka minna á það, eins og hæstv. landbrh. kom inn á í sambandi við verkfallið, að verkfall náttúrufræðinga hefur orðið til þess að minna er nú e.t.v. til af kjarnfóðri úti um verslunarstaði landsins en vegna verkfalls dýralækna hafa bændur nú um mánaðartíma og lengur orðið að fóðra sláturpening sem þeir hafa ekki reiknað með að þurfa að hafa á fóðrum. Það kostar þá nokkuð líka því að fóðrun búpenings allt að tveim mánuðum lengur en í venjulegu árferði kallar á aukna kjarnfóðurgjöf og er bændum kostnaðarsöm bæði í beinum fjárútlátum og ómældu erfiði. Sumir garðyrkjubændur horfa á garðlönd sín undir snjó, aðrir geta ekki unnið þau enn vegna klaka þó að auð séu og skógræktarmenn verða að halda að sér höndum. Þetta eru ekki bjartar horfur fyrir þá sem búa í sveitum landsins og má enn minna á fyrirheitin í stjórnarsáttmálanum um átak til eflingar atvinnu kvenna í dreifbýli. Vafalaust væru mörg heimili betur stödd ef konur ættu aðgang að tryggri vinnu.

En burt séð frá því getum við þó glaðst yfir því hér á Alþingi að við höfum verið að samþykkja lög sem tryggja bændum greiðslu fyrir framkvæmdir, tryggja það að þeir, sem nú í ár neyðast til að bylta túnum sínum vegna kalskemmda, fái það greitt og þurfi ekki að bíða árum saman eftir því. Í framhaldi af því væri fróðlegt að vita hvort bændur fari ekki að fá í hendur

greiðslur fyrir áður unnar framkvæmdir sem þeir hafa beðið eftir um árabil og sömuleiðis hvort greiðslur til loðdýrabænda, sem ákveðnar voru að ég hygg fyrir hálfum öðrum mánuði, fari ekki að skila sér.

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra gefi svör við þessum spurningum. Og að endingu: Við sem erum vel menntuð þjóð og teljum okkur vera sæmilega skynsöm megum ekki gleyma því hvar á hnettinum við erum með tilliti til veðurfars. Stjórnvöld verða ávallt að sjá til þess að tryggt sé að til séu í landinu nægar birgðir af fóðurvörum og sáðkorni til að mæta harðæri sem sjaldnast gerir boð á undan sér. Það verður aldrei um of minnt á mikilvægi þessa og brýnt fyrir stjórnvöldum að raunar ber þeim skylda til að sjá til þess að svo sé.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. 4. þm. Austurl. fyrir að hreyfa þessu mikla alvörumáli sem tíðarfarið er nú og jafnframt hæstv. landbrh. fyrir þá greinargerð sem hann hefur flutt hér um þær ráðstafanir sem þegar hefur verið ákveðið að gera til þess að koma í veg fyrir að afleiðingarnar verði alvarlegri en óhjákvæmilegt er. Þannig hefur jafnan verið reynt að standa að málum áður á síðustu áratugum þegar svona harðindi hafa komið. Sem betur fer erum við á ýmsan hátt sífellt að verða betur í stakk búnir til þess.

Að sjálfsögðu er mikilvægasta atriðið að halda fénaðinum þannig að afurðatjón verði sem allra minnst af slíku. En jafnframt þá að kostnaður og fjárhagsleg áföll fyrir bændur verði líka í lágmarki. Þar eru að sjálfsögðu ýmsar leiðir, eins og hæstv. ráðherra benti á, og virðist t.d. liggja beinast við að fella niður fóðurgjöld af því innflutta fóðri sem þarna þarf að nota í miklu ríkara mæli en í venjulegu árferði.

Ég vil sem sagt vonast til þess að hér takist sem best til við að draga úr þeim áföllum sem íslenskur landbúnaður verður fyrir af þessum sökum.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. málshefjenda fyrir að hreyfa þessu máli hér á hinu háa Alþingi. Þær alvarlegu horfur sem við er að fást í tengslum við harðindi eru sannarlega þess verðar að þær séu ræddar. Þær ráðstafanir sem auðvitað er brýnast að vinna að af hálfu stjórnvalda er að hlutast til um að kanna möguleika á heymiðlun á milli landshluta og milli einstakra bænda. En það er nú meiri vanda vafið en oft áður vegna aðgerða í sambandi við sauðfjárveikivarnir.

Í öðru lagi er algjör nauðsyn að hlutast til um að nægilegur fóðurbætir, nægilegt kjarnfóður sé til í landinu og að koma kjarnfóðri til þeirra staða sem hætta er á að kjarnfóðurskortur verði.

Í þriðja lagi er það mikil nauðsyn að nú sé hlutast til um að fengnar séu auknar birgðir af sáðkorni, bæði vegna grænfóðurræktar og eins vegna almennrar jarðræktar, grasræktar, vegna þess að víða mun þurfa að vinna upp tún vegna kals á þessu harða vori.

Ég vil taka undir það, sem hér var hreyft af hæstv. landbrh., að það er full ástæða til þess að endurgreiða kjarnfóðurgjald til þeirra sauðfjárbænda sem nú verða að leggja í gífurlegan kostnað vegna harðindanna, enda mun framkvæmd á þeim þætti mála hafa verið með þeim hætti að sauðfjárbændur eru nánast þeir einu sem ekki hafa fengið endurgreiðslu á þessum skatti.

Ég vil svo enn ítreka að það er ástæða til þess að við í þessu landi okkar sofum ekki á verðinum. Þó að mörg góð ár hafi komið koma harðindi annað veifið og við því verður að snúast. Í fyrsta lagi verður að snúast við því af hálfu bændanna sjálfra en síðan að snúast við því af hálfu stjórnvalda að verjast áföllum með þeim ráðum sem tiltæk eru og að því miðar þessi umræða að það sé brýnt fyrir núv. hæstv. ráðherra.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegur forseti. Ég vil eins og aðrir þakka hv. málshefjanda fyrir að taka hér upp þetta mál. Ég fagna því tækifæri að geta skýrt Alþingi frá þeim ráðstöfunum sem þegar hefur verið gripið til og unnið er nú að í þessu sambandi.

Varðandi spurningar hv. 7. þm. Norðurl. e. er því til að svara að því miður er greiðsla jarðræktarframlaga, þ.e. þess hluta sem séð er fyrir á fjárlögum af útistandandi skuld vegna jarðræktarframlaga, föst vegna þess verkfalls sem yfir stendur en vonandi er að leysast og hefur svo verið um nokkurra vikna skeið. Til stóð að hefja greiðslur á þeim hluta þess framlags sem ætlunin var að greiða nú í vor í þann mund sem verkfallið hófst. Seinni hlutann var ætlunin að greiða í júnímánuði. Ég geri þess vegna ráð fyrir því að þær greiðslur berist bændum þegar að afloknu verkfalli og að fullu verði þetta greitt, þ.e. að svo miklu leyti sem séð er fyrir á fjárlögum, í júnímánuði. Þá mun ég taka upp viðræður við fjmrh. í framhaldi af setningu nýrra laga um jarðrækt, um uppgjör eldri skulda eða skulda vegna framkvæmda og þarf ekki að orðlengja um þá umræðu. Hún er hv. þm., sem afgreitt hafa fjárlög og jarðræktarlög á þessum vetri, vel kunn.

Um loðdýrarækt er það að segja að að hluta til er þegar búið að greiða út á þær ráðstafanir sem stjórnvöld hafa ákveðið. Þannig er til að mynda búið að greiða framlög vegna fóðurkostnaðar fyrir fyrstu fimm mánuði ársins. Söluskattur verður væntanlega endurgreiddur að svo miklu leyti sem fjárlög gera kleift í júnímánuði til loðdýrabænda og ýmsar fleiri ráðstafanir eru í gangi sem of langt mál yrði hér upp að telja.

Ég hef svo ekki fleiri orð hér um, virðulegi forseti. Ég legg áherslu á að þeirri nefnd, sem þegar hefur verið skipuð, er ætlað það hlutverk sérstaklega að safna saman upplýsingum um ástandið og koma með tillögur um nauðsynlegar aðgerðir. Sú vinna verður unnin á allra næstu sólarhringum eins fljótt og nokkur kostur er. Ég vona að menn sjái það m.a. af því að nefndin hélt sinn fyrsta fund þegar daginn eftir að hún var skipuð, hefur þegar gripið til ýmissa ráðstafana, skrifað öllum búnaðarsamböndum í landinu og

er að setja sig í samband við fóðurinnflytjendur og innflytjendur á sáðvöru og fleiri aðila. Vonandi leiðir það til þess að unnt verði að draga úr áhrifum þessara harðinda eins og kostur er, eins og það er á valdi stjórnvalda, þó að það sé augljóst mál, því miður, að hversu vel sem menn leggja sig fram í þeim efnum hlýtur alltaf nokkurt tjón og óhagræði að leiða af tíðarfari eins og við höfum búið við að undanförnu.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Það er mikil ástæða fyrir mig að þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram. Sérstaklega er það mikið fagnaðarefni fyrir mig að þessari utandagskrárumræðu hefur hæstv. landbrh. mætt með því að skipa nefnd til að hafa forustu fyrir þeim verkum sem hér er nauðsynlegt að vinna. Mér sýnist að skipun nefndarinnar hafi borið upp á sama dag og ég held að það sé nokkuð nákvæmlega í samræmi við það sem fór fram á milli þingmanna, vitneskjan um það að þessi umræða færi hér fram í dag. Mér sýnist, eins og fram kom hjá landbrh., að bréfið sem ég ritaði honum hafi gagnast vel sem erindisbréf til nefndarinnar. Nú hefur hæstv. landbrh. sagt frá því hér að nefndin sé þegar farin að starfa og hún hafi sent út telexskeyti strax í gær — þetta eru nú mjög óvenjulega hröð og góð vinnubrögð — og hann segir að hún muni vinna sleitulaust næstu sólarhringa. Það er mjög óvenjulegt að nefndir skuli taka það að sér að vinna bæði nætur og daga. En þetta sýnir mætavel að á þessari umræðu var full þörf og fyrir hana er ég þakklátur.

Það er aðeins eitt efnisatriði sem ég vildi koma að í þessari síðari ræðu minni, það er ekki mikið um tíma til umfjöllunar, og það er í sambandi við sáðkorn. Um kal og orsakir þess eru til umræður frá fyrri árum og tillögur og þar hefur verið lögð áhersla m.a. á sáðvörubanka. Það er ekki hægt að gera ráð fyrir því að fóðurinnflytjendur flytji þetta sáðkorn inn, m.a. vegna þess að það er ómögulegt að vita hver þörfin er. Þar af leiðandi þarf að hafa skjótan á og koma upp sáðvörubanka. Það eru fullkomin rök fyrir því að Bjargráðasjóður komi þar til móts ekki síður en með aðrar aðgerðir. Ég minni á að þrátt fyrir að hin svokallaða rúllubaggaheyskaparáðferð hafi á sér tvær hliðar, eins og reynslan sýnir eftir þennan vetur, opnar hún þó möguleika til þess að nýta grænfóður í ríkari mæli en áður hefur verið þar sem votheysverkun hefur ekki verið fyrir hendi.

Það er algjört grundvallaratriði til að tryggja eftir því sem kostur er nægan heyfeng á næsta vetri að fengin sé næg sáðvara til landsins í tæka tíð til þess að auðvelda bændum sjálfum að brjótast út úr þeim vanda sem þeir standa nú frammi fyrir að því er varðar heyskap á næsta sumri.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegur forseti. Ég verð að fá að gera örstutta athugasemd sagnfræðinnar vegna. Það er ekki svo að mér sé höfundarréttur á þessari nefndarskipan eða þessum ráðstöfunum fastur í hendi, en ég tel þó sagnfræðinnar vegna, eins og ég segi, að það sé rétt að menn hafi atburðarásina nokkurn veginn á hreinu. Það er alveg óþarfi fyrir jafnkynsælan mann og hv. þm. Egil Jónsson að eigna sér annarra manna börn. Hann þarf þess ekki.

Undirbúningur undir þetta nefndarstarf hófst fyrir um viku til tíu dögum með samstarfi við Búnaðarfélagið og fleiri aðila. Nefndin var skipuð í fyrradag. Hún hélt sinn fyrsta fund í gærmorgun, sendi bréf til búnaðarsambanda í gærdag, en vitneskju um þessa utandagskrárumræðu og bréf hv. þm. fékk ég í hendur síðdegis í gær, reyndar undir kvöld í gær, og hafði því nóttina til að svara því.

Þannig var atburðarásin eins og ég veit hana besta og ég held að það sé enginn annar Íslendingur sem getur betur borið um það hvernig þessa hluti hefur borið að en ég.

Deilur Ísraels og Palestínumanna, síðari umr.

Þáltill. HG o.fl., 102. mál. — Þskj. 105, n. 1211, brtt. 1212.

Frsm. utanrmn. (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Utanrmn. hefur fjallað um till. til ál., sem er 102. mál þingsins, um deilur Ísraels og Palestínumanna, en flm. þeirrar tillögu voru Hjörleifur Guttormsson, Kristín Einarsdóttir og Páll Pétursson.

Ég ætla ekki að hafa langt mál um þessa tillögu. Ég held að það sé ljóst að öll höfum við áhyggjur af því ástandi sem er í þessum heimshluta, en nefndin hefur komist að samkomulagi með samþykkt á þessari tillögu og flytur brtt. á þskj. 1212, en nál. hljóðar svona:

„Nefndin hefur rætt tillöguna á nokkrum fundum. Hún leggur einróma til breytingu á tillögugreininni eins og fram kemur á sérstöku þingskjali og mælir með samþykkt tillögunnar svo breyttrar."

Undir þetta nál. skrifa allir nefndarmenn í utanrmn.

Ég vil taka það fram strax að um það er líka samkomulag við hæstv. utanrrh. hvernig tillgr. orðast eftir okkar brtt. En við leggjum til að tillgr. orðist svo:

„Alþingi ályktar að lýsa áhyggjum sínum yfir því ástandi sem ríkir fyrir botni Miðjarðarhafs og telur það stöðuga ógnun við heimsfriðinn.

Alþingi skorar á ísraelsk stjórnvöld að koma í veg fyrir manndráp á varnarlausum borgurum og leggur áherslu á að þau virði mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og 4. Genfarsáttmálann um vernd óbreyttra borgara á stríðstímum. Nauðsynlegt er að báðir aðilar forðist ofbeldisverk.

Alþingi styður kröfuna um að tafarlaust verði haldin alþjóðleg friðarráðstefna á vegum Sameinuðu þjóðanna með þátttöku allra deiluaðila. Nauðsynlegt

er að báðir aðilar sýni raunverulegan samkomulagsvilja og viðurkenni rétt hvors annars í samræmi við ályktun Sameinuðu þjóðanna nr. 181 frá 29. nóv. 1947 sem ásamt ályktunum öryggisráðsins nr. 242 frá 1967 og nr. 338 frá 1973 eru sá grundvöllur er skapað getur varanlegan frið og öryggi í Austurlöndum nær.

Alþingi leggur áherslu á að viðurkenna beri sjálfsákvörðunarrétt palestínsku þjóðarinnar og tilverurétt Ísraelsríkis. Einnig ber að viðurkenna rétt palestínskra flóttamanna til að snúa aftur til fyrri heimkynna sinna í samræmi við margítrekaðar ályktanir Sameinuðu þjóðanna.

Alþingi telur að Ísland eigi að hafa vinsamleg samskipti við Frelsissamtök Palestínu, PLO."

Eins og ég tók fram áðan er utanrmn. einhuga um að mæla með samþykkt tillögunnar svo breyttrar og er það að höfðu samráði við bæði flm. og utanrrh.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég lýsi ánægju minni með að tekist hefur víðtækt samkomulag um það þingmál sem hér er til umræðu með framlagningu þeirrar brtt. frá utanrmn. sem hér hefur verið kynnt.

Það var í nóvember sl. að við fluttum þrír hv. þm. till. til þál. um deilur Ísraels og Palestínumanna. Þessi mál voru þá rædd í Alþingi og málinu vísað til utanrmn. Í nefndinni hefur, eins og fram hefur komið, tekist einhuga samkomulag um þá brtt. sem hér liggur fyrir. Ég er aðili að því máli sem fulltrúi í utanrmn. Mér er óhætt að bera fram þakkir fyrir hönd annarra flm. málsins, þingmannanna Kristínar Einarsdóttur og Páls Péturssonar sem stóðu að þessari tillögu með mér fyrr á þinginu.

Margt hefur gerst sem tengist þessu máli á þeim tíma sem liðinn er frá því að tillagan var flutt og ég tel að það hafi undirstrikað nauðsyn þess að Alþingi léti mál þetta til sín taka. Ég tel að þær áherslur sem koma fram hér í tillögu nefndarinnar feli í sér eðlileg viðbrögð, jákvæð og nauðsynleg af Íslands hálfu í ljósi þeirra alvarlegu atburða og þeirrar alvarlegu þróunar sem orðið hefur í Palestínu vegna deilna Ísraels og Palestínumanna. Þau grundvallargögn sem vikið er að í tillögunni og vísað er til á vettvangi Sameinuðu þjóðanna eru að mati þeirra sem um málið hafa fjallað sá grundvöllur sem líklegur er til að geta skapað frið á þessu svæði og það skiptir miklu að Ísland, sem hefur látið sig varða málefni Ísraelsríkis um langt skeið, láti þessi mál og þessa stöðu mála sig varða með þeim hætti sem hér er lagt til.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1212 (ný tillgr.) samþ. með 34 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1256).

Vínarsamningur um vernd ósonlagsins, síðari umr.

Stjtill., 421. mál. — Þskj. 781, n. 1213.

Frsm. utanrmn. (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Utanrmn. hefur fjallað um till. til þál. um staðfestingu Vínarsamnings um vernd ósonlagsins og Montreal-bókun um efni sem valda rýrnun á ósonlaginu. Nefndin hefur skilað frá sér svonefndu nefndaráliti:

„Nefndin hefur fjallað um tillöguna og mælir með að hún verði samþykkt óbreytt."

Undir þetta skrifa allir nefndarmenn í utanrmn.

Ég vil þó taka fram að það urðu þó nokkrar umræður hjá okkur um orðalag í tillögunni, þar sem segir í síðari hluta tillgr.: „og bókun um efni sem valda rýrnun á ósonlaginu", hvort þar hefði verið eðlilegra að nota orðalag sem notað er í athugasemdum við þáltill. um tiltekin efnasambönd sem valda rýrnun, en að höfðu samráði við starfsmann þingsins, Helga Bernódusson, sem er manna fróðastur um þessa hluti og orðaval í ýmsum tilfellum, töldum við ekki rétt að breyta þessu orðalagi, en þarna er að sjálfsögðu átt við efnasambönd þannig að það valdi engum misskilningi. Orðið „efni" er notað bæði í heiti tillgr. og í tillgr. sjálfri og í þýðingu á bókuninni eins og kemur fram í fskj. Þar er enska orðið „substances" þýtt sem efni. Við töldum að eðlilegra hefði verið að þýða það sem efnasambönd, en að höfðu samráði við starfsmenn þingsins töldum við ekki rétt að breyta þessu orðalagi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 38 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 37 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1257).

Heimilisrekstrarbrautir í framhaldsskólum, fyrri umr.

Þáltill. MálmS o.fl., 338. mál. — Þskj. 612.

Flm. (Málmfríður Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég hef ásamt virðulegum þingkonum Kvennalistans leyft mér að leggja fram á þskj. 612 svohljóðandi þáltill.:

„Alþingi ályktar að fela menntmrh. að skipuleggja nám á heimilisrekstrarbrautum í framhaldsskólum landsins."

Í greinargerð fylgir nokkur rökstuðningur fyrir því að slík tillaga er borin fram.

Það er kunnara en frá þurfi að segja hversu gagngerar breytingar hafa orðið í þjóðfélaginu varðandi fjölskyldur og heimili. Þessar breytingar koma m.a. fram í því að nú er minna um það en áður var að börn

og unglingar læri inni á heimilunum störf sem þar eru unnin, þ.e. heimilisstörf. Því er nauðsyn að skólinn komi til móts við einstaklingana í þeim tilgangi að gera þá færari um að reka eigin heimili. Undirstöðuatriði heimilisfræða eru kennd í grunnskólum og er það gott svo langt sem það nær, en frekari fræðslu er þó þörf. Einnig má benda á að í 9. bekk eru heimilisfræði aðeins valgrein en ekki skylda.

Húsmæðraskólarnir voru einu skólarnir þar sem var samfellt nám í húsmæðrum og heimilisrekstri. Nú eru þeir flestir aflagðir. Orsakir þess verða ekki raktar hér en þörfin fyrir það nám, sem þar fór fram, er og verður ávallt fyrir hendi. Þegar húsmæðraskólarnir voru lagðir niður var gefið fyrirheit um að námsefni þeirra yrði flutt inn í framhaldsskólana. Sú hefur þó ekki orðið raunin. Því er þessi þáltill. flutt og jafnframt gerð tillaga að innihaldi og skipulagi námsins.

Ýmsar orsakir voru fyrir því að húsmæðraskólarnir voru aflagðir, m.a. breyttur tíðarandi sem þessum skólum tókst ekki að laga sig að. En þó er það svo að þeir skólar sem eftir standa anna ekki eftirspurn. Hér er ekki lagt til að húsmæðraskólar verði endurreistir heldur að það nám sem þar fór fram og enn er full þörf fyrir verði fært inn í framhaldsskólana og nemandi geti tileinkað sér það jafnvel samhliða öðru námi.

Í umræðum á seinni árum um skóla- og menntunarmál hefur það oft borið á góma að verklegt nám og verkmennt séu skör lægri í almenningsáliti en bóknám, bóknám sé enn í meiri metum. Ég vil ekki leggja dóm á sannleiksgildi þessa en vil þó benda á að í OECD-skýrslunni um fræðslumál sem oft er vitnað til kom fram að mikil þörf sé á því hér að efla verkmenntun á framhaldsskólastigi. Vissulega er sú uppbygging þegar hafin og sú tillaga sem hér er til umræðu er einmitt í þeim anda og tekur, ef svo má segja, á grunnþáttum verkmenntunar, þ.e. náms í þeim verkþáttum sem fram fara á hverju heimili og varla er hægt að skorast undan að unnin séu og það er mikilvægt að sem flestir séu sem meðvitaðastir um það. Ungt fólk sem er að hefja búskap er oftast óvant heimilisstörfum, hefur e.t.v. gripið í þau í foreldrahúsum en sjaldan unnið þau í samfellu og gerir sér því tæpast grein fyrir hve mikinn tíma störfin taka, kann ekki að skipuleggja þau og vinnur sér þau erfitt. Það gerir sér sjaldnast grein fyrir því í upphafi hvað heimilisrekstur kostar í tíma og fjármunum. Auðvitað lærist þetta með reynslunni, en sé haft í huga að félagsráðgjafar telja að fákunnátta um heimilishald valdi býsna oft sambúðarslitum má segja að sú reynsla geti verið dýru verði keypt.

Það heyrist oft talað um að fólki þyki hin almennu heimilisstörf vera hálfgerð áþján, pottar, ræsting, matreiðsla, viðgerðir, þessi störf sem enginn sér að séu unnin nema ef það er ekki gert. Það er þó guði sé lof til fólk sem þykir hemilisstörf skemmtileg. Og hverjir eru það? Það eru þeir sem kunna til verka, kunna að vinna sér verkin létt og ná leikni við þau. Það er höfuðatriði við öll störf, hver sem þau eru, að kunna að vinna þau og hafa vald á þeim, þá verða þau aldrei áþján.

Það má líka benda á þá geysilegu verðmætasköpun sem fram fer á heimilum í landinu. Að vísu eru ekki til tölur um hvernig því sé farið hér á landi, en t.d. í Danmörku hafa neytendasamtökin gert úttekt á verðmætisgildi heimilisstarfa og er ekki ástæða til að ætla að þau séu mikið öðruvísi þar en hér. En í stuttu máli er niðurstaðan sú að vermætagildi heimilisstarfa nemi 45% af vergri þjóðarframleiðslu Dana og tæplega 50% ef þjóðartekjum. Það er augljóslega ekki svo lítil verðmætasköpun sem fram fer á heimilunum þó hún sé hvergi metin að verðleikum og ósýnileg í hagkerfinu í þokkabót.

Við sjáum á þeim tölum sem ég nefndi hversu mikill hluti þjóðarteknanna fer um hendur þeirra sem heimilin reka og þá er líka augljóst hve mikið veltur á því að heimili séu rekin af ábyrgð og hagsýni. Við vitum öll um þá röskun sem orðin er á fjölskyldu- og heimilislífi frá því sem var og við sem eldri erum en þeir sem hér eru höfum sjálf lifað þessar breytingar. Uppeldi ungmenna er að miklu leyti komið til skólanna og ásamt fræðslunni þarf nú skólinn einnig að koma til móts við einstaklingana og gera þá færari um að reka sín eigin heimili. A.m.k. verður fólk að eiga kost á því námi.

Ég vil aðeins fara í gegnum þá námsskrá sem hér er og að hverju hún miðar. Á fyrsta þrepi er matreiðsla og framleiðsla og hreinlætisfræði, næringar- og neytendafræði, umönnun barna og aldraðra og rafmagns- og orkunotkun. Allt þetta kemur fólki til góða. Á öðru þrepi eru handmenntir, fatasaumur, viðgerðir og fatnaður, híbýlafræði, hreinlæti á heimilum og heimilishagfræði (bókhald, skattskil o. fl.). Á þriðja þrepi, sem er framhald hinna tveggja, eru heimilisrekstur, heimililshjálp (nokkrir þættir sem tengjast aðstoð við heimilisstörf), heilsufræði, félagsfræði og vörukynning í verslunum.

Þessi upptalning á hugsanlegu námsefni er sett fram mönnum til glöggvunar á að hverju er stefnt. Námið er þrepaskipt og hverju þrepi mætti ljúka á einni önn. Þriðja þrepið yrði framhald hinna fyrri. Hver og ein önn nýttist fólkinu til náms og til starfa því að það er ætlast til þess að námsefni á hverju þrepi geti nýst sem einingar í öðru námi, t.d. fóstrunámi eða matartæknínámi, og að fólk, sem hefur lokið námi t.d. í heimilisrekstri og neytendafræði og heimilishagfræði o.fl., gæti t.d. verið starfsfólk hjá heimilishjálp og jafnvel yrði þetta nám þá metið því til launa. Sömuleiðis getur vörukynning og undanfari hennar í náminu nýst starfsfólki verslunar til vörukynningar og þá bæði með vefnaðarvörur, búsáhöld og matvæli því það er mikill skortur á því í verslunum vítt um landið að fólk sem þar starfar og afgreiðir hafi nógu staðgóða þekkingu á því sem það er að selja. Það er mjög mikilvægt fyrir neytendur að á þetta sé lögð meiri áhersla og er ætlast til að hluti af þessu námi geti nýst við þetta.

Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um þetta að sinni, en minna á það að á sl. vetri sendi hæstv. menntmrh.

fjölmörgum aðilum, þar á meðal þingflokkum, bréf um forgangsverkefni í skólamálum þar sem hann óskaði eftir því að menn gæfu það til kynna hver þeir teldu að ættu að vera forgangsverkefni í skólamálum.

Ég vil ljúka máli mínu á því að lesa hluta af svarbréfi þingflokks Kvennalistans til hæstv. menntmrh. Þar segir:

„Við teljum það meginhlutverk skóla að tryggja ákveðna undirstöðuþekkingu og að flytja menningararfinn áfram til næstu kynslóðar. Gífurlegar breytingar hafa dregið úr þeirri fjölbreyttu lífsreynslu og örvun sem börn öðluðust áður fyrr á heimilunum. Þéttari byggð, minni fjölskyldur og aukin vinna foreldra fjarri heimilum með þeim breytingum sem fylgt hafa kalla á nýjan skóla sem bregst við breyttum aðstæðum. Skólinn verður að tryggja að fólk geti séð um sig sjálft, kunni til algengustu verka, geti alið upp börn og verið góðar manneskjur sem virða umhverfi sitt, samfélag og samborgara. Hlutverk skólans er einnig að búa nemendur undir það að takast á við og þróa framtíð sína á farsælan hátt. Þetta hlutverk skólans breytir því ekki að eftir sem áður hvílir ábyrgð barnauppeldis mest á herðum foreldra."

En ég vil segja að skólinn verður að taka við þar sem handleiðslu foreldranna sleppir og sú þáltill. sem hér er til umræðu miðar að því að uppfræða unglinga í þeim fræðum sem virkilega koma að gagni í þeirra daglega lífi og geta í rauninni skipt sköpum um framtíð þeirra að sé haldgóð þekking á.

Virðulegur forseti. Að loknum umræðum óska ég eftir að málinu verði vísað til félmn.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Sú tillaga sem hér er flutt af þingmönnum Kvennalistans um heimilisrekstrarbrautir í framhaldsskólum er ágætt mál og felur í sér þarfa áherslu og ábendingu til framkvæmdarvaldsins varðandi nauðsyn þess að taka betur en gert hefur verið á námsefni og námsskipan varðandi heimilisrekstur á framhaldsskólastigi. Ég hef ekki sett mig inn í það í einstökum atriðum að hvaða þáttum er unnið sem tengjast þessu máli nú síðustu missirin, en vænti þess að eitthvað sé þar á döfinni af hálfu menntmrn. En um leið og ég nefni það þá tel ég síður en svo ástæðulaust fyrir Alþingi að láta sig þetta skipta og koma á framfæri við ráðuneytið þeim áherslum sem það metur nauðsynlegt eins og hér er gert.

Það er alveg rétt, sem fram kom í máli hv. 1. flm. þessa máls, að það er í rauninni af tveimur ástæðum sem mikil nauðsyn er að fræðsluyfirvöld bregðist við í sambandi við þetta efni. Það er staða hússtjórnarskólanna, að þeirra hlutur er lítill orðinn eins og við vitum, og svo hitt að kennslan á heimilunum í þessum efnum er minni nú en í hinni eldri þjóðfélagsgerð sem við sum hver munum þar sem börnum var af nauðsyn haldið til verka heima fyrir. Börn voru þátttakendur í heimilisstörfum víða a.m.k. og fengu þannig fræðslu frá fyrstu hendi ef svo má segja. Vegna aukinnar verkaskiptingar í þjóðfélaginu, starfa foreldra utan heimilis, hygg ég að úr þessu hafi dregið mjög víða og þess vegna er þörfin á því að taka á þessum málum, bæði í grunnskóla og á framhaldsskólastiginu, veruleg.

Þær áherslur sem hér koma fram og ábendingar í grg. varðandi uppbyggingu þessa máls tel ég allrar athygli verðar. Auðvitað er það útfærsluatriði og álitamál hvernig nám af þessu tagi er byggt upp, en miklu skiptir að það sé tengt við aðrar námsbrautir þar sem það getur orðið að liði eins og einnig var vikið að í máli hv. þm. Málmfríðar Sigurðardóttur. Í því sambandi getum við haft í huga örlög hússtjórnarfræðslunnar í sérskólunum. En ég hygg að ein ástæðan fyrir því að aðsókn að þeim skólum minnkaði svo mjög hafi verið sú að þeir sem héldu á málefnum þessara skóla sinntu ekki kalli tímans sem skyldi, breyttu ekki til í sambandi við uppbyggingu námsins og tengsl þess við annað nám í landinu sem þörf hefði verið á, því ég er nokkuð viss um að ef það hefði verið gert í tæka tíð væru þessir skólar enn þá starfandi sumir hverjir til verulegs gagns fyrir alla.

Það er að vísu svo að enn eru til hússtjórnarskólar sem sinna sínu hlutverki, að vísu í breyttu formi frá því sem áður var. Ég þekki einn slíkan á Austurlandi sem kemur enn að notum sem hússtjórnarskóli með námskeiðum og námsbrautum. Ég átti hlut að því í eina tíð sem aðili að byggingarnefnd menntaskóla á Egilsstöðum að leggja fram tillögur um að tengja þann skóla einmitt við hússtjórnarbraut í menntaskólanámi á Austurlandi, framhaldsskólanámi. Ég hygg að það hafi minna verið gert af því en ástæða hefði verið til, en möguleikinn er enn opinn því að þessi skóli starfar enn sem hússtjórnarskóli.

Varðandi þau námsþrep sem hér er gerð grein fyrir í greinargerð hef ég ekki vit til að gefa þar margar ábendingar, enda ekki ástæða til. Mér dettur þó í hug að garðyrkja og matjurtarækt séu einn sá þáttur sem ástæða sé til að tengja þessu námi vegna þess að æskilegt er að hann sé liður í starfi hvers heimilis, a.m.k. þar sem aðstæður eru til slíks, og það sé ástæða til þess að veita hagnýtar leiðbeiningar varðandi slíka þætti í sambandi við heimilisrekstur.

Ég vil að lokum, virðulegur forseti, nefna það vegna þess að félmn. þingsins hefur verið að fjalla um manneldis- og neyslustefnu að einmitt sú stefnumörkun, manneldis- og neyslustefna, tengist því efni sem hér er til umræðu og góð skipan heimilisrekstrarnáms í framhaldsskólum á að geta verið gildur þáttur í því að ná fram þeim áherslum sem menn vilja leggja í sambandi við manneldis- og neyslumál á hverjum tíma. Ég held að það hafi verið í huga flm. að þetta mál gengi einmitt sem fræðslumál til félmn. og þó að skammt lifi af þessu þingi kann að vera að nefndin geti litið á þetta mál nú eða þá endurflutt það á næsta þingi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til félmn. með 37 shlj. atkv.

Björgunarmál og slysavarnir, fyrri umr.

Þáltill. ÓÞG o.fl., 400. mál. — Þskj. 753.

Flm. (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 753 till. til þál. um eflingu fræðslustarfs í grunnskólum og framhaldsskólum um björgunarmál og slysavarnir. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Alexander Stefánsson, Sighvatur Björgvinsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Auður Eiríksdóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir og Margrét Frímannsdóttir.

Till. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntmrh., félmrh., samgrh. og heilbr.- og trmrh. að skipa starfshóp er fái það verkefni að efla til muna kynningar- og fræðslustarf um björgunarmál og slysavarnir í grunnskólum og framhaldsskólum landsins.

Starfshópurinn leiti í þessum tilgangi samstarfs við hjálpar- og björgunarsveitir sem og slysavarnadeildir og hverja aðra þá aðila sem starfa á þessum vettvangi, um að skipuleggja og efla enn betur en nú er a.m.k. árlegt kynningar- og fræðslustarf í öllum grunnskólum og framhaldsskólum á landinu.

Kostnaður við þessa fræðslu greiðist sem hluti annars rekstrarkostnaðar skólanna."

Í grg. með þessari till. er á það minnt að framkvæmd slysavarna- og björgunarmála hefur um langan aldur hvílt mjög á óeigingjörnu starfi sjálfboðaliða hér á landi. Enda þótt nokkur opinber stuðningur hafi verið við ýmsa þætti þessara mála hafa sjálfboðaliðar borið hitann og þungann, ekki síst þegar mest hefur á reynt er slys eða annan vanda hefur borið að höndum.

Þessi starfsemi hefur orðið æ margþættari á undanförnum árum, einkum vegna margháttaðra tækniframfara t.d. á sviði fjarskipta og hvers konar annars búnaðar í þessu sambandi. Þá hefur og önnur þróun í þjóðfélaginu aukið gildi og jafnframt margbreytni þess starfs sem slysavarnadeildir og björgunarsveitir vinna víða um land. Leitarsvæði eru stundum afar stór, hvort sem er á sjó eða landi, og ætíð er kallað til sjálfboðaliðanna án nokkurs fyrirvara.

Það er þess vegna fátt þýðingarmeira en að þessir aðilar séu stöðugt í viðbragðsstöðu og njóti svo góðrar þjálfunaraðstöðu sem frekast er kostur. Einnig skiptir miklu máli að eðlileg og stöðug endurnýjun geti orðið á sem flestum sviðum þessa starfs, hvort sem varðar mannafla og þekkingu hans og þjálfun eða tækjabúnað og alla þróun í þeim efnum. Loks skiptir ekki litlu máli að stöðugt sé viðhaldið kynningu og áhuga almennings á gildi þessarar starfsemi og sífelldum stuðningi við hana.

Það er skoðun flm. þeirrar till. til þál., sem hér er fram borin, að efling hvers konar kynningarstarfs og skipulagðrar fræðslu í skólum landsins sé vænlegasta leiðin til áframhaldandi framfara á þessum sviðum. Í þeim tilgangi er tillaga þessi flutt.

Að lokinni þessari umræðu, hæstv. forseti, vildi ég vænta þess að henni yrði vísað til síðari umræðu og hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv. og til allshn. með 38 shlj. atkv.

Staða og þróun jafnréttismála.

Skýrsla félmrh., 209. mál. — Þskj. 333.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Í 22. gr. laga nr. 65 1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, er kveðið á um að félmrh. leggi fram á Alþingi skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála. Þetta var gert í fyrsta skipti í desember 1986 og var skýrslunni fylgt úr hlaði í febrúar 1987. Samkvæmt lögunum er því á ný komið að því að leggja fram skýrslu og var henni dreift til hv. þm. í desember sl.

Skýrsla sú sem að þessu sinni er lögð fram á Alþingi er byggð upp með svipuðum hætti og sú fyrri. Í henni er fjallað um nokkra þætti sem gefa til kynna stöðuna og framvinduna á þessu sviði. Þessir þættir eru: Löggjöf sem snertir jafnrétti kynjanna, menntun, atvinnu- og kjaramál, stjórnmál og stjórnsýsla og félagsleg atriði sem hafa áhrif á jafnréttismál. Í lokakafla skýrslunnar er gerð ítarleg grein fyrir þeim aðgerðum stjórnvalda sem hafa að markmiði að jafna stöðu kynjanna. Ég hyggst hér á eftir vekja athygli á nokkrum helstu niðurstöðum skýrslunnar ásamt því að gera grein fyrir því helsta sem unnið er á sviði jafnréttismála í félmrn. Í lokin vil ég draga saman hver ég tel brýnustu verkefni á sviði jafnréttismála í næstu framtíð.

Eins og áður sagði fjallar fyrsti efniskafli skýrslunnar um löggjöf sem hefur bein áhrif á jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla. Í honum er vakin athygli á tveim nýjum lögum, þ.e. lögum nr 59/1987, um breytingu á lögum um almannatryggingar. Samkvæmt lögunum skulu greiddir fullir fæðingardagpeningar í fjóra mánuði frá gildistöku laganna. Frá 1. jan. 1989 skal greiða fæðingardagpeninga í fimm mánuði og í sex mánuði frá 1. jan. 1990. Þessi lög eru tvímælalaust mikilvægt skref í jafnréttisátt.

Alþingi samþykkti á svipuðum tíma ný lög nr. 57/1987 um fæðingarorlof. Nokkur nýmæli eru í lögunum. Nefna má ákvæði í 6. gr. þar sem kveðið er á um skyldu atvinnurekenda til að færa barnshafandi konur til í starfi þar sem því verður við komið ef það er þess eðlis að heilsu hennar eða fósturs er hætta búin. Færsla á milli starfsgreina skal ekki hafa áhrif á kjör hlutaðeigandi til lækkunar. Í lögunum eru einnig ákvæði um að óheimilt sé að segja barnshafandi konu upp starfi nema gildar ástæður séu fyrir hendi. Sama gildir um foreldri í fæðingarorlofi.

Í kaflanum um löggjöf kemur einnig fram að á þeim þremur árum sem jafnréttislögin hafa verið í gildi hafa ýmsir annmarkar komið í ljós einkum að því er varðar tækifæri kvenna til stöðuveitinga og hvað varðar að koma á launajafnrétti kynjanna. Þetta kom skýrt fram í skýrslu nefndar sem ég skipaði 8. des. 1987 í samræmi

við ákvæði í starfsáætlun þáv. ríkisstjórnar til að gera úttekt á launum og hlunnindagreiðslum hjá hinu opinbera. Meðal þess sem kom fram í skýrslu nefndarinnar var að launamunur kynjanna í dagvinnu var meðal starfsmanna í BSRB 5–7% og hjá BHMR um 17%. Það sem mesta athygli vakti í athugun nefndarinnar var tvöföld yfirvinna karla á við konur. Hjá almennum félagsmönnum í BSRB fengu karlar í mars til maí 1987 68,2% ofan á dagvinnu sína vegna yfirvinnu en konur 34,9%. Annað atriði sem vakti athygli var að af greiðslum ríkissjóðs fyrir afnot af bílum fyrir árið 1987 komu 10% í hlut kvenna en 90% í hlut karla.

Ég taldi brýnt í framhaldi af þessu að kanna frekar hvort um væri að ræða mikinn mismun á greiðslum hjá hinu opinbera milli karla og kvenna og hef fengið um það yfirlit að því er varðar ýmsar greiðslur fyrir árið 1987. Kemur þar ýmislegt athyglisvert í ljós sem sýnir að hið opinbera á nokkuð í land enn þá með að stuðla að jafnrétti milli karla og kvenna í launagreiðslum og er þar mikið verk óunnið. Ég vil nefna að í því yfirliti sem ég hef fengið kemur í ljós að í heild sinni eru greiðslur á yfirvinnu 84% meiri til karla en kvenna, greiðslur á vaktaálagi 50% meiri til karla en kvenna, greiðslur á nefndarlaunum 367% meiri til karla en kvenna, greiðslur á kostnaði 489% meiri til karla en kvenna, og er þar um að ræða akstur, dagpeninga innan lands, símakostnað, fæðispeninga o.fl. sem eru 489% meira til karla en kvenna, og heildaraukagreiðslur sem hlutfall af dagvinnulaunum eru 86% meiri til karla en kvenna á árinu 1987.

Ég hygg að þessar tölur sýni að það sé nauðsynlegt að gerð sé allsherjarúttekt á þessum launagreiðslum hjá hinu opinbera í því skyni að jafna þeim meira á milli karla og kvenna og nauðsylegt að sem fyrst fari fram úttekt á því.

Í framhaldi af niðurstöðu nefndarinnar sem ég skipaði 1987 taldi ég rétt að lögin um jafna stöðu og *jafnan rétt kvenna og karla skyldu endurskoðuð* og skipaði ég til þessa verkefnis nefnd í júní 1988. Nefndinni var falið að gera tillögur um breytingar á lögunum, gera tillögur um hvernig nýta megi 3. gr. laganna er heimila sérstakar tímabundnar aðgerðir til að bæta stöðu kvenna og koma með tillögur um hvernig draga megi úr launamun kynjanna. Í nefndina voru skipaðar Jóna Ósk Guðjónsdóttir, formaður Sambands alþýðuflokkskvenna, Unnur Stefánsdóttir, formaður Landssambands framsóknarkvenna, Þórunn Gestsdóttir, formaður Landssambands sjálfstæðiskvenna, og Lára V. Júlíusdóttir, fyrrv. aðstoðarmaður minn, sem jafnframt var skipuð formaður nefndarinnar. Í nóvember 1988 bættust við í nefndina þingmennirnir Guðmundur Ágústsson Borgfl., Hjörleifur Guttormsson Alþb. og Kristín Einarsdóttir frá SK.

Nefndin hefur lokið störfum og hefur skilað frv. til nýrra jafnréttislaga, sem nú liggur fyrir Alþingi. Ég tel að í því frv. felist ýmsar gagnmerkar breytingar, en helstu breytingarnar sem frv. felur í sér að gerðar verði á núgildandi jafnréttislögum eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að hinu tvíþætta hlutverki Jafnréttisráðs verði skipt þannig að skipuð verði sérstök kærunefnd jafnréttismála sem eingöngu hafi það hlutverk að fjalla um kærur sem berast nefndinni og fylgja þeim eftir fyrir dómstólunum. Með þessum hætti gæti Jafnréttisráð einbeitt sér að því að gegna öðrum verkefnum, svo sem að vera stefnumótandi í jafnréttismálum, sinna rannsóknarskyldu, fræðslu o.fl.

2. Þá eru í frv. skýrari ákvæði um skipan jafnréttismála í stjórnkerfinu. Kveðið er á um að félmrn. fari með jafnréttismál og samskipti ráðuneytisins við Jafnréttisráð og jafnréttisnefndir sveitarfélaga.

3. Samkvæmt lagafrv. er gert ráð fyrir ráðningu jafnréttisráðgjafa sem starfi í náinni samvinnu við Jafnréttisráð.

4. Nefndin leggur til í frv. að beitt verði öfugri sönnunarbyrði í þeim kærumálum sem kærunefnd jafnréttismála berast. Þetta þýðir að sá sem veitir stöðu eða ræður starfsmann verður að sýna fram á með verulegum líkum að þar hafi kynferðið ekki ráðið vali á starfsmanni.

5. Að því er varðar stöðuveitingar er lagt til að það kynið sem er í minni hluta í starfsgrein gangi fyrir uppfylli umsækjandi tilskildar kröfur til starfsins. Þetta á að gilda bæði hjá því opinbera og á almennum markaði.

6. Í frv. er það gert að skyldu að sveitarfélög með 500 íbúum eða fleiri skipi jafnréttisnefndir.

7. Nefndin gerir það að tillögu sinni í frv. að nefndin skuli tilnefna tvo, karl og konu, þegar tilnefnt er í nefndir, stjórnir og ráð á vegum ríkis og sveitarfélaga. Við skipun skuli þess síðan gætt að tala kynjanna verði sem jöfnust.

8. Í frv. eru skýrari ákvæði um heimild til að dæma miskabætur sem verði lögfest.

9. Félmrh. leggi fyrir Alþingi till. til þál. um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára í senn að *fenginni tillögu einstakra ráðuneyta og Jafnréttisráðs.*

Það er ljóst að hér eru á ferðinni í mörgum atriðum veigamiklar breytingar á núgildandi jafnréttislögum og vonandi fær málið jákvæða umfjöllun hér á Alþingi, en að þessu verki hafa komið fulltrúar allra stjórnmálaflokkanna.

Í III. kafla skýrslunnar er gerð grein fyrir þróun menntunar á skólagöngu kvenna og karla sem rétt er að staldra við.

Í almennu námi á framhaldsskólastigi voru 7800 nemendur á árinu 1987. Þar af voru 4200 konur eða rúmlega 54%. Undirflokkar almenns náms eru hinar ýmsu brautir innan framhaldsskólakerfisins, t.d. málabraut, viðskiptabraut o.s.frv. Meðal þess sem vekur athygli er að 1599 karlar stunda nám á raungreinabrautum en einungis 856 konur. Aðeins 11 karlar eru á námi á heilsugæslubraut en 192 konur.

Kennaranám, uppeldisfræði er einn aðalflokkurinn, þar með talið uppeldis- og íþróttabrautir framhaldsskólastigs. Samtals stunduðu 1458 nemendur nám í þessum aðalflokki, þ.e. 311 karlar og 1147

konur. Konurnar voru 79% þessara nemenda. Þær voru t.d. 248 af 300 nemendum sem skráðir voru í nám grunnskólakennara á háskólastigi.

Einn af aðalflokkunum á háskólastigi ber nafnið raunvísindi. Árið 1985 voru samtals 430 nemendur skráðir í nám í raunvísindum hérlendis og erlendis. Þar af voru 156 konur eða 36%. Í námi tengdu heilsugæslu og lækningum voru 1496 nemendur á öllum skólastigum þar af 346 karlar eða 23% nemenda. Af 346 körlum voru 207 skráðir í læknisfræði, þ.e. 60%. Aðeins 11% kvennanna eða 126 lögðu stund á nám í læknisfræði.

Við athugun á vali kynjanna í námi í iðngreinum eða handverki skólaárið 1985–1986 kemur eftirfarandi í ljós: Þetta skólaár voru 3282 nemendur skráðir í þetta nám eða um það bil 21% nemenda. Karlar voru 2897 og 385 konur. Konurnar voru því 11,7% þeirra sem lögðu fyrir sig slíkt nám.

Eitt af því sem vekur sérstaka athygli er að 1% af 2897 körlum eða 25 voru skráðir í þjónustuiðngreinum. Hlutverk kvenna í þessum greinum var 45% eða 172. Af 1179 körlum í samningsbundnu iðnnámi voru 500 eða 42% þeirra á samningi í byggingar- og tréiðnum en aðeins tvær konur. Mun fleiri karlar völdu rafmagnsiðnað. Nám í þessum greinum velja 671 karl eða 97%. Konur voru hlutfallslega fjölmennar í matvælaiðnaðinum og bókiðnum. Engin kona stundaði meistaranám þetta skólaár en 93 karlar.

Tækninám hefur til skamms tíma verið hefðbundið „karlanám". Sem dæmi má nefna að þær fáu konur sem hafa verið innritaðar í Tækniskóla Íslands hafa nær eingöngu stundað meinatæknanám. Skýringar á þessu eru m.a. sú að flestir sem innritast í Tækniskólann hafa áður lokið iðnnámi þar sem kynskipting í námsvali er sérstaklega greinileg. Konurnar voru í meiri hluta hvað varðar tækninám á framhaldsskólastigi eða 54%. En þær heltast úr lestinni þegar kemur á háskólastig og í nám erlendis.

Á háskólastigi á Íslandi voru konur aðeins 11% nemenda á tæknisviði. Annars verður að hafa í huga að mjög lítill hluti íslensks skólafólks stundaði tækninám á þessum tíma. Konur í tæknínámi voru 228 af 10.497 konum í námi ofan grunnskóla eða 2%. Karlar í tæknínámi voru 897 af 12.024 körlum í námi ofan grunnskóla eða 7%.

Þessi stutta upptalning gefur til kynna glögga kynskiptingu í námsvali og er brýnt að leitað verði leiða til að hamla gegn henni. Menntmrh. hefur boðað sérstakt átak í þessum efnum og á vegum félmrn. hefur á undanförnum þremur árum verið unnið að norrænu samstarfsverkefni sem hefur þann tilgang að þróa og prófa leiðir til að brjóta niður kynskiptingu á vinnumarkaði, bæði á milli atvinnu- og starfsgreina og einnig á milli áhrifa- og valdastaða í þjóðfélaginu. Markmiðið er að aukna fjölbreytni í störfum og menntun kvenna og tryggja áhrif þeirra í atvinnulífinu og tryggja þeim atvinnu. Í fskj. með skýrslunni er gerð ítarleg grein fyrir framkvæmd þessa norræna samstarfsverkefnis.

Minna má einnig á ákvæði í frv. til nýrra jafnréttislaga um forgang þess kyns til starfs sem er í minni hluta í hlutaðeigandi starfsgrein.

Ég hef vitnað til þess að bandarískri hagfræðingurinn Mary Stevenson hefur haldið því fram að í kynskiptingu á vinnumarkaðnum væri að leita helstu skýringar á lágum launum kvenna. Kynskipting á vinnumarkaðnum væri því raunverulega vandamálið að baki lágum launum kvenna. Hún sagði að hvenær sem hægt væri að einangra konur innan takmarkaðs fjölda starfa og atvinnugreina væri afleiðingin lág laun þeirra. Ég er sömu skoðunar. Það þarf ekki annað en litast um í íslensku þjóðfélagi til að fá sönnun fyrir þessari fullyrðingu. Ég hef því hreyft því stundum á Alþingi að ákvæðin um jákvæða mismunun verði tekin upp í jafnréttislögin, m.a. árið 1980. Á þeim tíma voru margir ekki á því að slíkt ætti að taka upp í lög, en tímarnir hafa breyst og m.a. er að finna um það ákvæði í nýjum jafnréttislögum.

Í riti Þjóðhagsstofnunar um tekjur karla og kvenna sem kom út í upphafi þessa árs er birt talnaefni um laun karla og kvenna sem unnið er úr skattaframtölum einstaklinga og launamiðaskýrslum fyrir tímabilið 1979–1986. Í inngangskafla ritsins er lögð á það áhersla að upplýsingar sem unnar eru eingöngu úr þessum gögnum dugi skammt til samanburðar á launakjörum kvenna og karla, en geti gefið vísbendingu um hvort launamunur sé til staðar milli kynjanna svo og hvort hann sé að aukast eða minnka á tilteknu árabili. Tekið er fram að í ritinu sé ekki svarað þeirri spurningu hvernig skýra beri slíkan mun sé hann til staðar og bent á að það verkefni hafi verið falið framkvæmdanefnd um samanburð á kjörum karla og kvenna.

Í riti Þjóðhagsstofnunar kemur fram að á árinu 1980 hafi um 63 þúsund konur haft einhverjar launatekjur sem svarar til 77,9% atvinnuþátttöku þeirra á því ári. A árinu 1986 voru konur á vinnumarkaði orðnar rúmlega 73 þúsund sem svarar til 81,1% atvinnuþátttöku. Konum á vinnumarkaði fjölgaði um 10.300 á þessu tímabili eða um 16,4%, en á sama tíma fjölgaði vinnandi körlum um rúmlega 6800 eða um 9%. Við nánari athugun kemst Þjóðhagsstofnun að þeirri niðurstöðu að það er einkum giftum konum sem fjölgar á vinnumarkaðnum.

Árið 1980 var atvinnuþátttaka þeirra 77,7% en árið 1986 er það hlutfall orðið 84%. Atvinnuþátttaka ógiftra kvenna hefur á hinn bóginn nánast staðið í stað og er á milli 78 og 79%. Árið 1980 var óverulegur munur á atvinnuþátttöku kvenna eftir hjúskaparstöðu, en árið 1986 hafði verulega dregið í sundur með þeim og var atvinnuþátttaka giftra kvenna orðin 5,2% hærri en ógiftra. Á þessu tímabili hefur heldur dregið úr atvinnuþátttöku karla þótt ekki sé um að ræða líkt því eins miklar breytingar og meðal kvenna. Árið 1980 var almenn atvinnuþátttaka karla 93,3% en var 92,2% 1986. Þetta á bæði við um gifta og ógifta karla.

Þjóðhagsstofnun hefur borið saman atvinnuþátttöku kvenna á Íslandi og í nokkrum öðrum löndum. Í ritinu kemur fram að íslenskar konur á vinnumarkaði

eru hlutfallslega mun fleiri en kynsystur þeirra í nágrannalöndum. Þetta er sérstaklega greinilegt þar sem útreikningar á atvinnuþátttöku á Íslandi eru miðaðir við allar konur 15 ára og eldri, en í öðrum löndunum eru konur yfir ákveðnum aldri undanskildar.

Ef einungis er tekið mið af konum á aldrinum 16–74 ára er atvinnuþátttaka íslenskra kvenna árið 1986 90,1%. Ef miðað við er við þá útreikninga sem oftast eru notaðir á Íslandi var atvinnuþátttaka kvenna árið 1986 81,8%, í Svíþjóð 78,3%, í Danmörku 76,5%, í Finnlandi 73,4% svo að nefndar séu nokkrar tölur frá þeim löndum sem næst koma að þessu leyti.

Í riti Þjóðhagsstofnunar er að finna mjög forvitnilegar upplýsingar um skiptingu kynjanna eftir atvinnustéttum. Þar kemur fram að konur eru í miklum minni hluta í stjórnunarstörfum og störfum sem krefjast starfsmenntunar eða fela í sér mannaforráð. 80–90% kvenna teljast til ófaglærðs verkafólks eða afgreiðslu- og skrifstofufólks en einungis um helmingur karla.

Lítil breyting hefur orðið á skiptingu karla og kvenna í hin ýmsu störf á undanförnum árum. Raunar hefur konum beinlínis fækkað í hópi forstjóra og vinnuveitenda en fjölgað lítillega meðal verkstjóra, faglærðs verkafólks og sérfræðinga.

Í ritinu er fjallað ítarlega um hlut kvenna og karla í heildaratvinnutekjum og koma þar fram ýmsar upplýsingar sem ekki eru uppörvandi. Árið 1986 voru konur um helmingur launþega og var hlutur þeirra í heildaratvinnutekjum landsmanna aðeins tæp 33%. Þennan mun er hægt að skýra með þeirri staðreynd að stór hópur kvenna vinnur hlutastörf, en ef einungis eru athugaðir þeir launþegar sem voru fullvinnandi dregur úr þessu ósamræmi þó að það sé enn umtalsvert. Konur sem eru rúm 38% fullvinnandi launþega bera aðeins úr býtum um 27,5% af heildaratvinnutekjum sama hóps.

Ef litið er á alla launþega í fullu starfi óháð hjúskaparstöðu höfðu konur árið 1981 60,3% af atvinnutekjum karla, en 60,7% fimm árum síðar. Hjá hjónum hefur munurinn jafnvel aukist. Árið 1981 höfðu giftar konur 55% af atvinnutekjum karla, en á árinu 1986 er hlutfallið 54,7%.

Við athugun á meðalatvinnutekjum karla og kvenna í einstökum atvinnugreinum, atvinnu- og starfsstéttum eins og þær eru skilgreindar í ritinu, kemur eftirfarandi í ljós:

Á árinu 1986 höfðu fullvinnandi konur í öllum atvinnugreinum tæplega 61% af tekjum fullvinnandi karla. Lægst var hlutfallið í hópi þeirra sem stunduðu fiskveiðar, en þar höfðu konur 52,4% af tekjum karla. Í þessu sambandi er vakin á því athygli að mjög fáar konur eru í hópi fiskimanna og þá sérstaklega meðal yfirmanna á fiskiskipum. Konur í þjónustugreinum höfðu 56,5% af atvinnutekjum karla en hæstu hlutfalli ná þær í flutningastarfsemi eða 68,4% af tekjum karla. Frá árinu 1981 hafa konur lítillega dregið á karla í öllum atvinnugreinum nema fiskveiðum. Árið 1981 höfðu konur í byggingarstarfi 61,5% af meðalatvinnutekjum karla, en á árinu 1986 hafði hlutfallið hækkað í 64,6%.

Þótt einungis hafi verið drepið á örfár tölur í sambandi við launamun kynjanna gefa þær góða mynd af stöðu mála á þessu sviði. Það er ljóst að á þessu sviði jafnréttismála hefur okkur miðað allt of hægt. Hér er því þörf á sérstöku átaki stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins og kem ég nánar að því atriði síðar.

Í V. kafla skýrslunnar er fjallað um stjórnmál og stjórnsýslu. Í þessum kafla er gerð grein fyrir hlutfalli kynjanna á Alþingi og kemur fram að eftir síðustu alþingiskosningar eru konur 21% af heildarfjölda þingmanna og hafa heldur bætt hlut sinn. Einnig er að finna í kaflanum niðurstöður athugunar sem Jafnréttisráð framkvæmdi á hlutfalli karla og kvenna í opinberum stjórnum, nefndum og ráðum á árinu 1987. Niðurstöður þessarar könnunar eru í stuttu máli þær að hlutur kvenna hefur lítillega versnað frá árinu 1985 eða um 1%. Konur eru 12% nefndarmanna og karlar 88%.

Könnun Jafnréttisráðs beindist einnig að hlutfalli kynjanna í stjórnunar- og ábyrgðarstöðum á aðalskrifstofum ráðuneyta. Á árinu 1985 var hlutur kvenna á þessu sviði 24% en hafði hækkað í 32% árið 1987.

Í VI. kafla er gerð grein fyrir ýmsum félagslegum þáttum sem hafa áhrif á þróun jafnréttismála eins og t.d. dagvistarmál, húnæðismál, skattamál o.fl.

Í lokakafla skýrslunnar um stöðu og þróun jafnréttismála er fjallað um aðgerðir stjórnvalda í jafnréttismálum, en það er of langt mál að rekja ítarlega efni hans og vísa ég því sérstaklega til þess kafla í skýrslunni. Ég kýs heldur að draga fram nokkur mikilvæg atriði.

Ég vil fyrst minna á að í 22. gr. núgildandi laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla er kveðið á um það að félmrh. skuli leggja fyrir ríkisstjórn fjögurra ára framkvæmdaáætlun um aðgerðir á sviði jafnréttismála og skuli við gerð hennar hafa hliðsjón af hliðstæðri áætlun Jafnréttisráðs. Þessa áætlun skal leggja fyrir Alþingi og var það gert í fyrsta skipti á árinu 1986. Þeirri framkvæmdaáætlun er skipt í fjóra hluta, þ.e. atvinnu- og launamál, menntun og fræðslu, trúnaðarstöður og ábyrgð á félagslegu sviði. Of langt mál yrði að rekja ítarlega einstaka þætti framkvæmdaáætlunarinnar, en gerð er grein fyrir áætluninni í þeirri skýrslu sem hér er til umræðu. Ég vil þó geta þess að verði ný jafnréttislög samþykkt á hinu háa Alþingi er nauðsynlegt að endurskoða þá framkvæmdaáætlun sem nú er í gildi.

Í fyrsta hluta núgildandi framkvæmdaáætlunar er fjallað um atriði sem hafa verið mikið til umfjöllunar í þjóðfélaginu, en það er sá munur sem menn telja að sé á launum kvenna og karla. Í þessum hlut er m.a. ákveðið að hraðað skuli könnun Þjóðhagsstofnunar á launum kynjanna, að ráðuneyti og opinberar stofnanir beiti sér fyrir sveigjanlegum vinnutíma og fram fari nýtt starfsmat og að efnt verði til námskeiða fyrir

konur sem vilja stofna fyrirtæki. Á undanförnum tveimur árum hefur verið unnið að öllum þessum þáttum.

Þjóðhagsstofnun gaf út í janúar sl. eins og áður er getið ritið Tekjur karla og kvenna. Í því er að finna ítarlegar upplýsingar um tekjuskiptinguna á milli kynjanna. Framkvæmdanefnd um samanburð á kjörum karla og kvenna vinnur að ítarlegum samanburði á kjörum karla og kvenna þar sem m.a. eru borin saman laun einstaklinga sem hafa sambærilega menntun, svipaða starfsreynslu og gegna svipuðum störfum. Félmrn. hefur átt viðræður við fjmrn. um sveigjanlegan vinnutíma og svo virðist sem þar séu ekki til staðar mikil vandamál. Á vegum BRYT-verkefnisins og Fræðslumiðstöðvar iðnaðarins hafa verið haldin námskeið fyrir konur sem vilja stofna fyrirtæki.

Í inngangi kaflans um menntun og fræðslu í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar er vakin athygli á því að munur á menntun kvenna og karla hafi verið mikill, en hann fari minnkandi. Fram kemur það mat að til þess að bæta stöðu kvenna þurfi að stuðla að því að atvinnuþátttaka þeirra verði fjölþætt og hvetja konur til að haga menntun sinni í samræmi við það. Þau atriði sem leggja beri sérstaka áherslu á næstu fjögur árin eru aukin jafnréttisfræðsla, sbr. 10. gr. laga nr. 65/1985, skyldunámskeið um jafnréttisfræðslu fyrir kennara og starfandi fóstrur, endurskoðun námsefnis með tilliti til jafnréttis kynjanna, starfsfræðsla og náms- og starfsráðgjöf og aukin fræðsla um fjölskyldumál. Menntmrh. hefur nýlega boðað að gert verði sérstakt átak í þessum málum. Í þessu sambandi má einnig minna á framkvæmd BRYT-verkefnisins á Akureyri.

Tvö markmið eru sett í kafla um trúnaðarstöður og ábyrgð. Í fyrsta lagi að ríki og sveitarfélög vinni markvisst að því að hlutverk kynjanna í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum þessara aðila verði sem jafnast og er í því sambandi bent á 12. gr. laga nr. 65 1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Í öðru lagi er sú skylda lögð á ráðuneyti að þau vinni að því að konur sem starfa hjá hinu opinbera fái aukin tækifæri til að gegna ábyrgðarstörfum.

Ekki er hægt að segja annað en unnið hafi verið markvisst að því að hrinda í framkvæmd þessum tveimur markmiðum. Ég vil einnig geta þess að eitt fyrsta verkefni mitt sem félmrh. eftir stjórnarskiptin á miðju sumri 1987 var að senda öllum ráðuneytum, stofnunum og fyrirtækjum ríkisins bréf þar sem því var beint til þeirra að gera átak í jafnréttismálum og stefnt þar að ýmsum markmiðum.

Í lokakafla framkvæmdaáætlunarinnar er fjallað um ýmis félagsleg atriði. Þar er á það minnt að íslenskt þjóðfélag hafi gerbreyst á undanförnum árum. Helstu breytingar felist í aukinni menntun kvenna og atvinnuþátttöku þeirra utan heimilisins. Bent er á nauðsyn þess að þjóðfélagið lagi sig að breyttum aðstæðum. Þess vegna þurfi að tryggja heimavinnandi maka sömu réttindi á við þá sem eru úti á vinnumarkaðnum, lengingu fæðingarorlofs, koma á samfelldum skóladegi og fjölga þeim fjölskyldum sem fá aðgang að dagvistarstofnunum og skóladagheimilum. Að öllum þessum atriðum hefur verið unnið eins og komið hefur fram að nokkru leyti áður í ræðu minni.

Ég vil sérstaklega geta þess að á vegum forsrn. starfaði samstarfsnefnd ráðuneyta um fjölskyldumál sem var skipuð í tíð fyrrv. ríkisstjórnar í ágúst 1987. Í skipunarbréfi er nefndinni falið að gera úttekt á og tillögur um nokkra málaflokka sem skyldu miða að því að treysta stöðu fjölskyldunnar og auka velferð barna. Þeir málaflokkar sem taldir voru upp í skipunarbréfinu eru skólamál, dagvistarmál, lífeyrismál og skattamál. Enn fremur var nefndinni falið að fjalla um sveigjanlegan vinnutíma.

Nefndin skilaði ríkisstjórninni fyrrv. áfangaskýrslu um skóla- og dagvistunarmál 23. ágúst 1988.

Félmrn. hefur undanfarin missiri lagt mesta áherslu á að ná þeim markmiðum sem sett eru í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar og í stefnuyfirlýsingu og starfsáætlun fyrrv. og núv. ríkisstjórna. Þau verkefni sem unnið hefur verið að á vegum ráðuneytisins eru könnun á launamun kynjanna, jafnréttisáætlanir, athugun á launa- og kjaramálum opinberra starfsmanna, séraðgerðir í þágu kvenna, BRYT-verkefnið, norrænt samstarf, endurskoðun jafnréttislaganna og átak í atvinnumálum kvenna á landsbyggðinni.

Eitt af því sem lögð hefur verið sérstök áhersla á í félmrn. sl. ár er að fylgja eftir samþykkt ríkisstjórnarinnar um að ráðuneyti og ríkisstofnanir sem hafa fleiri en 20 starfsmenn í þjónustu sinni semji jafnréttisáætlanir til næstu fjögurra ára þar sem þessar stofnanir settu sér markmið í sambandi við jafnrétti kynjanna.

Í maí í fyrra héldu félmrn. og Jafnréttisráð fund með ráðuneytisstjórum og forstöðumönnum ríkisstofnana þar sem kynnt var gerð jafnréttisáætlana. Samkvæmt samþykkt ríkisstjórnarinnar skulu áætlanirnar gilda í fjögur ár, þ.e. fyrir tímabilið 1. jan. 1989 til 31. des. 1992. Í áætluninni skal koma fram núverandi staða jafnréttismála innan ráðuneytis eða stofnunar og í öðru lagi að ráðuneyti, fyrirtæki og stofnanir setji sér markmið í jafnréttismálum sem stefnt verði að innan tiltekins tíma. T.d. að því er varðar stöðuveitingar, launamál, starfsauglýsingar, námskeið og tilnefningar í nefndir og stjórnir og ráð.

Samtals hafa félmrn. borist 38 jafnréttisáætlanir. Eins og við mátti búast eru þær misjafnar. Í sumum er gerð nákvæm úttekt á stöðu jafnréttismála í hlutaðeigandi stofnun og sett markmið til að stefna að. Minni vinna hefur verið lögð í aðrar. Þetta kemur ekki á óvart. Hér er um brautryðjandaverk að ræða og er ekki við því að búast að öllum takist jafn vel upp. Ég hef hins vegar orðið þess áskynja að gerð jafnréttisáætlana hefur vakið fólk til umhugsunar um þetta mál og orðið hvati að umræðum um stöðu kynjanna á vinnustaðnum. Ég er þeirrar skoðunar að mikilvægi þess að gera jafnréttisáætlun felist ekki síst í þessu, að vekja fólk til umhugsunar og fá það til að

ræða þessi mál. Ég er sannfærð um að forsenda árangurs í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna sé sú að fólk sé sammála um og viðurkenni að um misrétti sé að ræða og að aðgerða sé þörf.

Ég vil geta þess að jafnréttisáætlanir hafa verið sendar Jafnréttisráði til athugunar og ákveðið er að gefa út rit þar sem gerð er grein fyrir hverri og einni áætlun hjá stofnunum og ráðuneyti, dregin fram jákvæð og neikvæð atriði og birtar þær jafnréttisáætlanir sem þykja skara fram úr. Áformað er að meta stöðuna og árangur reglulega á tveggja ára fresti. Haldinn hefur verið fundur með fulltrúum sveitarstjórna en ætlunin er að hvetja sveitarstjórnir til að taka upp gerð jafnréttisáætlana með svipuðu sniði og fyrirtæki og stofnanir ríkisins.

Virðulegi forseti. Ég get farið að ljúka máli mínu. Ég vil þó aðeins í lokin koma inn á norrænt samstarf. Á seinni árum hafa Norðurlandaráð og norræna ráðherranefndin lagt mikla áherslu á norrænt samstarf á sviði jafnréttismála. Jafnréttisráðherrar Norðurlanda hittast reglulega til að leggja drög að sameiginlegri stefnumótun landanna á þessu sviði. Fundir jafnréttisráðherranna eru undirbúnir af norrænu embættismannanefndinni sem fjallar um jafnréttismál. Á undanförnum tveimur árum hafa Norðurlöndin staðið að þremur stórum samstarfsverkefnum, BRYT-verkefninu, samstarfsáætlun á sviði jafnréttismála til ársins 1993 og síðast en ekki síst studdi norræna ráðherranefndin norrænt kvennaþing í Osló, Nordisk Forum, sem haldið var í júlí á liðnu sumri.

Á þingi Norðurlandaráðs sem haldið var í mars sl. var afgreidd tillaga frá norrænu ráðherranefndinni um norræna samstarfsáætlun á sviði jafnréttismála til ársins 1992. Þessi framkvæmdaáætlun hefur verið til umfjöllunar í norrænu embættismannanefndinni um jafnréttismál og á fundum norrænu jafnréttisráðherranna. Af hálfu Íslands hefur verið lögð rík áhersla á að aðgerðir í launamálum ættu að vera rauði þráðurinn í áætluninni. Taka þurfi til umræðu hugtakið „jafnverðmæt og sambærileg störf" þannig að vinna kvenna sé ekki skilgreind sem þýðingarminni en vinna karla. Í áætluninni þurfi að leggja áherslu á að heimilisstörf verði metin til starfsreynslu í atvinnulífinu, leita þurfi leiða til að tryggja að konur hafi sama rétt til yfirvinnu og karlar og auka verði eftirlit með raunverulegum vinnutíma og raunverulegum launagreiðslum fólks. Enn fremur þurfi að auka vægi rannsókna í kjara- og launamálum, rannsóknir þurfi að beinast í ríkari mæli að þeim sviðum þjóðlífsins þar sem augljóst er að kynin standa misjafnlega að vígi.

Á fundi norrænu jafnréttisráðherranna 30. janúar sl. fyrir Norðurlandaráðsþing, þar sem framkvæmdaáætlun var til lokaumræðu, var að verulegu leyti tekið tillit til þessara athugasemda frá Íslandi.

Í skýrslunni er að finna frásögn af Nordisk Forum, norrænu kvennaþingi sem haldið var af miklum myndarskap í Osló í júlí sl. Einnig er yfirlit yfir framgang norræna samstarfsverkefnisins BRYT, en vinna við það hófst 1985. Þetta er fjögurra ára verkefni sem unnið er á afmörkuðum svæðum í hverju landi og er núna u.þ.b. að ljúka. Hefur Akureyri orðið fyrir valinu hér á landi. Tilgangur verkefnisins er að þróa og prófa leiðir til að brjóta niður kynskiptingu á vinnumarkaði, bæði á milli atvinnu- og starfsgreina og einnig á milli áhrifa- og valdastiga. Markmiðið er að auka fjölbreytni í störfum og menntun kvenna, tryggja áhrif þeirra í atvinnulífinu og tryggja þeim atvinnu.

Áður en ég segi skilið við þann hluta skýrslunnar sem fjallar um erlent samstarf vil ég vekja athygli á hugmynd sem ég hef varpað fram um stofnun sérstakrar jafnréttisstofnunar Sameinuðu þjóðanna. Meðal verkefna slíkrar stofnunar væri eftirlit með því að unnið væri raunhæft starf í anda Nairobí-samþykktarinnar og að jafnréttismálum væri sinnt á alþjóðavettvangi í þeim mæli sem þörf er á. Hún mundi fylgjast með stöðu kvenna á öllum sviðum, leita orsaka mismununarinnar, bæði hefðbundinnar og nýrrar, og vera til aðstoðar um mótun nýrrar stefnu og hrinda í framkvæmd áætlunum og ráðstöfunum til að binda endi á mismunun kynjanna. Slík stofnun gæti gert sjálfstæðar áætlanir og kannanir á mismunun kynjanna í hvaða mynd sem hún birtist og hún gæti veitt þjóðum heims nauðsynlegt aðhald til að flýta því að jafnrétti kynjanna komist á í reynd.

Í ræðu minni hef ég fjallað um nokkur atriði sem snerta framkvæmd jafnréttismála undanfarin tvö ár. Mér finnst rétt í lokin að fara nokkrum orðum um þau verkefni sem brýnast er að vinna að á þessu sviði.

Eitt af því allra mikilvægasta eru launamálin. Á þessu sviði verða ríkisvaldið og aðilar vinnumarkaðarins að taka höndum samna til að ná árangri. Í þessu sambandi er mikilvægt að gera sér glögga grein fyrir ástæðum launamunar kynjanna og ráðast síðan að rótum vandans. Mikilvægt atriði er að draga fram upplýsingar um raunverulegar kaupgreiðslur í þjóðfélaginu og að því er nú unnið.

Annað verkefni er að draga úr kynskiptingu við starfsval. Á árinu lýkur norræna samstarfsverkefninu sem ég áðan nefndi, „Brjótum múrana", með ráðstefnu sem verður haldin á Íslandi í nóvember nk. Á henni verða kynntar helstu niðurstöður og bent á leiðir til úrbóta. Ég tel mjög mikilvægt að reynslan sem fengist hefur með framkvæmd verkefnisins verði nýtt í framtíðinni og reynt að stuðla að jafnari skiptingu kynjanna í einstökum starfsgreinum. Það þarf að stuðla að auknu jafnrétti á vinnumarkaðnum og leita leiða til að auðvelda báðum foreldrum virkari þátttöku í atvinnulífinu.

Ýmsar leiðir eru færar. Ég vil benda á að þær áherslur sem þurfa að liggja til grundvallar í því sambandi eru að auka dagvistarrými fyrir börn, jafna ábyrgð foreldra á börnum, auka tækifæri til starfsmenntunar úti í atvinnulífinu, lengja fæðingarorlof og koma á launuðu fríi vegna veikinda barna. Það þarf að ná samstöðu um endurmat á hefðbundnum kvennastörfum. Þetta verður ekki gert nema um það takist víðtæk samstaða í þjóðfélaginu, ekki síst stuðningur aðila vinnumarkaðarins. Félmrn. mun freista

þess að hafa forustu um viðræður um leiðir í þessu sambandi.

Leggja þarf ríka áherslu á að bæta stöðu þeirra sem eru heimavinnandi. Konur vinna mun meira á heimilum en karlar og hafa af þeirri ástæðu styttri reynslu úti á vinnumarkaðnum en karlar. Ég tel mikilvægt að tryggt verði að reynsla heimavinnandi verði metin með sama hætti og starfsreynsla á vinnumarkaðnum. Minna má á að það eru einmitt störfin úti á vinnumarkaðnum sem í eðli sínu eru söm og sambærileg og unnin eru á heimilunum sem eru lægst launuðu störfin í þjóðfélaginu, hin svokölluðu hefðbundnu kvennastörf á vinnumarkaðnum. Ef störf heimavinnandi væru meira metin og starfsreynsla þar nýttist á vinnumarkaðnum til hærri launa væri það tvímælalaust liður í að jafna launamisrétti á vinnumarkaðnum milli kvenna og karla og að vinna í hefðbundnum kvennastarfsgreinum væri meira metin að verðleikum.

Um þessar mundir en nefnd á vegum félmrn. að vinna að málefnum heimavinnandi fólks og ég vænti þess að hún skili áliti innan ekki allt of langs tíma og að leggja megi tillögur til úrbóta fyrir ríkisstjórn og Alþingi á næsta hausti.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu. Ég vænti þess að þær upplýsingar sem hér hafa verið lagðar fram varpi nokkru ljósi á hvert okkur hefur miðað og að þær geti lagt grunninn að sameiginlegu átaki í jafnréttismálum næstu missirin.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Við ræðum hér skýrslu hæstv. félmrh. um stöðu og þróun jafnréttismála, en eins og fram hefur komið er það á tveggja ára fresti sem hæstv. ráðherra leggur fram slíka skýrslu en framkvæmdaáætlunin í þessum málum er samkvæmt gildandi lögum gerð til fjögurra ára í senn og erum við nú stödd á miðju eða rösklega komin yfir mitt það áætlunartímabil.

Í sambandi við þessa skýrslugjöf vil ég nefna að það er gagnlegt að fá yfirlit af þessu tagi frá framkvæmdarvaldinu og margt í skýrslu hæstv. ráðherra sem er fróðlegt og athyglisvert þó að vafalaust mætti þar benda á þætti sem ástæða væri til að gera betri skil en gert er. Ég ætla þó ekki að fara að finna að neinu sérstöku í því efni hér í mínu máli. Ég held að umræða um þessar skýrslur sé tilefni til þess að gera ákveðið stöðumat, ákveðið mat á stöðu þessara mála og það sé eitt af gagninu sem hafa má af því að fá það hér inn á vettvang Alþingis.

Hins vegar teldi ég æskilegt að breyta til varðandi framlagningu hvað tíma og umræðu snertir af hálfu þingsins. Það á við um skýrslu um jafnréttismál en það á einnig við um lögboðnar skýrslur varðandi aðra málaflokka að það væri ástæða til að fá þær framlagðar og til umræðu hér í þinginu snemma á hverju þingi. Ég tel að það þurfi að breyta til frá því sem blasir við í dagskrá þessa fundar þar sem við erum undir þinglok að ræða um svo mikilvægan málaflokk sem jafnréttismálin af tilefni skýrslu ráðherra og þar sem einnig verða væntanlega til umræðu byggðamálin af sama tilefni, að ráðherra flytur skýrslu.

Gagnið af umræðu sem þessari verður hins vegar ekki sem skyldi vegna þess að umræðan fer fram í lok þingtímans. Ég vil því hvetja hæstv. félmrh. og forustu þingsins til að taka þessi mál til endurmats, reyna að tryggja að lögboðnar skýrslur komi fram í byrjun þings og verði ræddar snemma á þingi þannig að störf þingsins geti að einhverju leyti mótast af þeirri umræðu sem skapast um viðkomandi málaflokk. (**Félmrh.:** Þessi kom fram í desember.) Mér er kunnugt um það og minnist þess að skýrsla ráðherrans kom fram þegar í desember í vetur. Það er auðvitað sérkennilegt að við skulum vera stödd í byrjun sumars og fyrst vera að taka þetta mál hér til umræðu. Ég tel skipta nokkru að þarna verði breyting á.

Varðandi jafnréttismálin á heildina litið verður að viðurkenna að þó við getum bent á ýmsa þætti þar sem eitthvað hefur þokast til betri vegar gengur allt of, allt of hægt í þessum efnum. Um það getum við vafalaust mörg verið sammála. En það endurspeglar tregðu, skilningsleysi og óvilja eða fyrirstöðu í samfélaginu að taka á þessum málum með þeim hætti að það sem skrifað er og tekið undir í orði nái einnig fram á borði. Þetta eru staðreyndir sem við blasa, þrátt fyrir alla umræðuna um þennan málaflokk, þrátt fyrir undirtektir í orði mjög víða í samfélaginu, að þarna þurfi að verða breyting á. Aðgerðirnar láta á sér standa og þetta á við um flest svið.

Það er ekki ástæða til þess af minni hálfu að fara að gera neinn samanburð á tímabilum, litið til baka um þessi efni eða litið til ríkisstjórna. Þetta er málaflokkur sem á skírskotun væntanlega í öllum stjórnmálaflokkum þó með mismunandi hætti sé og hver ríkisstjórn seinni árin hefur tekið þessi mál inn í sinn málefnasamning og inn í sitt málasafn og reynt að taka á einstökum þáttum þessara mála. En niðurstaðan er sem sagt sú sem við blasir hér, t.d. á sviði launamálanna þar sem sáralitlu þokar til betri áttar í sambandi við heildarmyndina sem við blasir. Það gildir einnig í sambandi við ábyrgðarhlut kvenna í samfélaginu að því er snýr að opinberum aðilum. Þar hefur ekki orðið teljandi breyting á, í rauninni engin þegar litið er til stjórna, nefnda og ráða eins og hæstv. ráðherra rakti. Það er kannski helst hér á Alþingi þar sem við höfum, litið yfir nokkurn tíma, séð breytingu til bóta en þó allt of, allt of lítið. Hlutur kvenna endurspeglast því langt frá því með eðlilegum hætti í sambandi við valdastofnanir í þjóðfélaginu og nefndir og ráð þar sem verið er að móta stefnu og taka á einstökum málum.

Ég tel, virðulegur forseti, að einn af þeim lærdómum sem við drögum af þessari þróun og þessari stöðu mála sé það að nauðsynlegt er að tekið sé á jafnréttismálunum hvarvetna í þjóðfélaginu. Það sé haft í huga við meðferð alla mikilvægra mála, og í rauninni mála stórra og smárra, með hvaða hætti er hægt að taka á þessum málflokki þannig að staða þeirra sem hallar á, þ.e. kvennanna í samfélaginu, verði færð til betri

vegar og að ábyrgðaraðilar í samfélaginu innan ríkisstjórnar og sveitarstjórna taki á þessum málum út frá þessu sjónarhorni samtengjandi og reyni að hafa heildarsýn með það að markmiði að leiðrétta þennan grófa mismun, þann skort á mannréttindum þar sem mest hallar á í okkar samfélagi. Hér erum við að tala um mannréttindi sem ættu í rauninni að vera stjórnarskrárvernduð að því er þetta varðar og einn af þeim þáttum sem þyrfti að taka á í sambandi við endurskoðun á stjórnarskrá landsins sem einhvers staðar er til endurmats og endurskoðunar.

Ég tel að sú endurskoðun á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna, sem hæstv. ráðherra vék að og liggur fyrir hv. Nd. sem 437. mál þingsins, sé þýðingarmikið skref og að af hálfu stjórnvalda og þingsins þurfi að leggja áherslu á að ljúka þeirri endurskoðun löggjafar sem fyrst. Þetta er að vísu ekki gömul löggjöf. Gildandi lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla eru frá 1985 og eru þau tekin til heildarendurskoðunar í þessu frumvarpi. Ég átti þess kost að koma að þessu máli þar sem ég átti sæti í nefndinni sem ráðuneytið kallaði til til þessarar endurskoðunar og það var ánægjulegt verkefni að leitast við að breyta og bæta þau lagaákvæði með þeim hætti sem tillögur liggja fyrir um í þessu frumvarpi.

Eitt af því sem kemur fram í þessu frv., sem ég tel eðlilegt að rætt sé hér í sambandi við þessa skýrslu, er einmitt málsmeðferðin, málstökin af opinberri hálfu. Þar hefur að okkar mati sem unnum að þessu máli og væntanlega að mati hæstv. ráðherra sem ber frv. fram skort verulega á að haldið væri á málum af löggjafans hálfu með þeim hætti að það væri líklegt til að skila sem bestum árangri. Það er t.d. ekki í gildandi lögum kveðið á um það sérstaklega hvaða ráðuneyti fari *með þennan málaflokk* þó í reynd sé það félmrn. sem með jafnréttismálin hefur farið í stjórnsýslunni. Í þessu frv. er þetta stjórnkerfi skilgreint á mun árangursríkari hátt, að ég tel, en í fyrirliggjandi lögum. Ég vænti þess að eftir að þetta frv. verður lögfest, væntanlega í aðalatriðum eins og tillögur liggja hér fyrir um, fáum við betri viðspyrnu í þessum málaflokki í heild sinni en við höfum í gildandi löggjöf.

Þarna er rík áhersla á forustuhlutverk ráðuneytis og ábyrgð ráðherra í þessum málaflokki. Þar hefur nokkuð skort á. Það hefur ekki verið vísað á félmrh. sem hinn ábyrga aðila í þessum málaflokki, enda hefur löggjafinn ekki lagt honum þær skyldur á herðar eins og þyrfti. Jafnréttisráð, sem hefur miklu hlutverki að gegna í gildandi lögum og áfram samkvæmt því frv. sem liggur fyrir Nd., hefur verið í rauninni aðalaðilinn til þess að fjalla um þessi mál og taka á þessum málum. Þangað hafa mál verið send frá ráðuneytinu í ríkum mæli, þangað hafa erindi borist út úr þjóðfélaginu, *þangað hefur borist fjöldi klögumála* og umkvartana um það sem á skortir í sambandi við jafnréttismál og þar sem brotið er á í sambandi við jafnréttismál. Þarna er gert ráð fyrir breytingum. Ráðuneytið fái aukinn hlut. Sérstök kærunefnd jafnréttismála verði sett á laggirnar til að taka sérstaklega á þeim málaflokki að fylgjast með og sækja rétt þeirra sem á er brotið í sambandi við þessi efni og Jafnréttisráð á samkvæmt þeirri stefnu sem boðuð er í frv. að fá meira ráðrúm til að vera hinn stefnumarkandi aðili í þessum málum, það mætti kannski segja vakandi samviska í sambandi við meðferð jafnréttismálanna, stefnumörkun og tillögugerð.

Þetta tel ég vera verulega til bóta fyrir það verkefni sem Jafnréttisráði er ætlað samkvæmt gildandi löggjöf og jafnframt er gert ráð fyrir því til einföldunar að *ekki verði þörf á sérstakri ráðgjafarnefnd á vegum* Jafnréttisráðs heldur geti ráðið tekið á þeim málum sjálft og hafi til þess meira ráðrúm, meiri tíma og væntanlega einnig starfsaðstöðu. Rannsóknir á þessu sviði yrðu ekki síst skipulagðar af Jafnréttisráði, en það skiptir mjög miklu máli að sem fyllstar upplýsingar liggi fyrir hverju sinni.

Með þessu frv. er einnig verið að gera skilvirkari áætlunargerð á vegum stjórnvalda að jafnréttismálum með því m.a. að gera ráð fyrir fjögurra ára framkvæmdaáætlun sem Alþingi þurfi að taka afstöðu til í formi þál. Að öðru leyti verði jafnréttismálefnin árlegt viðfangsefni þingsins, alveg sérstaklega í tengslum við fjárlagagerðina hverju sinni. Gert er ráð fyrir því að í fjárlagafrv. hvers árs verði gerð sérstök grein fyrir því hvaða áherslur eru lagðar í jafnréttismálum á vegum stjórnvalda, á vegum ríkisstjórnar sem frv. ber fram, og tel ég að það sé mjög skynsamlegt að leggja á það áherslu, og þar er m.a. tekið mið af því sem gerist hjá nágrönnum okkar í Noregi og víðar.

Virðulegur forseti. Ég verð að finna að því að ég heyri svona tæplega í sjálfum mér hér í ræðustól vegna samræðna hér í þingsal þó ekki séu margir. (**Forseti:** Þetta er réttmæt athugasemd og vil ég biðja hv. þm. um að gæta þess að vera ekki með samræður í salnum.)

Í frv. um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla er einnig gert ráð fyrir því að lögfesta jafnréttisnefndir á vegum sveitarfélaga þar sem íbúar eru 500 eða fleiri. Þetta tel ég vera mjög mikilsvert atriði. Það hafa vissulega verið starfandi jafnréttisnefndir á vegum nokkurra sveitarfélaga, en þær hafa ekki haft lagastoð og ekki skilgreint verkefni. Hér er þeim ætlað frumkvæði í þessum málum og að þær verði tengdar reglubundnu starfi sveitarstjórna eins og aðrar lögboðnar nefndir í sveitarfélögum. Auk þess yrðu slíkar jafnréttisnefndir tengiliður bæði við ráðuneyti og Jafnréttisráð og þannig er fenginn farvegur frá byggðarlögunum til stjórnkerfisins hér á höfuðborgarsvæðinu, farvegur sem hefur vantað að væri nógu vel skilgreindur og markaður.

Það er einnig gert ráð fyrir því að efnt verði til starfa jafnréttisráðgjafa, en það er mál sem hefur verið fyrir hv. Sþ. til umræðu og meðferðar, tillaga um ráðningu jafnréttisráðgjafa til þess að ryðja úr vegi hindrunum í vegi kvenna sérstaklega í stofnunum og fyrirtækjum um land allt. Hér er gert ráð fyrir því að slíkir ráðgjafar starfi ráðnir af félmrn. og starfi í samvinnu við Jafnréttisráð til þess að ná fram

markmiðum í jafnréttismálum, sérstaklega á vinnumarkaði. Þáltill. um þetta efni, sem ég á hlut að, er komin fram í rauninni inni í þessu frv. og ég hef ekki lagt áherslu á að hún kæmi sér á parti fyrir þingið til afgreiðslu vegna þess að undirtektir hafa fengist í frv. sem liggur fyrir hv. Nd. um þessi efni.

Þetta eru nokkrar ábendingar af minni hálfu sem tengjast framtíðinni varðandi verkefni Alþingis í lagabótum til að bæta stöðuna á sviði jafnréttismála.

Hæstv. ráðherra vék í sínu máli nokkuð að ástæðunum fyrir þeirri mismunun sem ríkir á milli kynjanna alveg sérstaklega á vinnumarkaði og hvað laun snertir. Þessi mismunur blasir við. Um það er ekki deilt. Á því sviði hafa verið gerðar athuganir og kannanir, úttektir. Ein af þeim liggur fyrir í riti frá Þjóðhagsstofnun sem ber heitið „Tekjur karla og kvenna", gefið út í janúar 1989, og er þar að finna ýmsar gagnmerkar upplýsingar um þetta svið, þann mismun sem þarna liggur fyrir. En það er eitt atriði úr máli ráðherra sem ég vildi sérstaklega víkja að og snertir þetta.

Hæstv. ráðherra taldi að það væri hinn kynskipti vinnumarkaður sem væri kannski meginorsökin fyrir þessum launamun í samfélaginu milli kynja og úrlausnarefnið væri því að draga úr þessum mismun, jafnvel afnema þennan kynskipta vinnumarkað og tryggja þannig að leiðrétting fáist. Ég vil alls ekki gera lítið úr því að aukin þátttaka kvenna í störfum sem hafa verið einlitar karlagreinum geti haft vissa þýðingu og sé jákvætt atriði litið á málið frá fleiri en einni hlið. En ég dreg mjög í efa að þetta sé lykillinn að lausn í sambandi við launamun. Ég held líka að það sé ekkert sjálfsagt markmið að stokka þarna upp spilin þannig að hlutur kynjanna á vinnumarkaði verði sem jafnastur í hinum einstöku störfum. Það er eitt og annað sem veldur því að vinnumarkaðurinn er nokkuð skiptur og verulega skiptur að þessu leyti og það eru ekki eingöngu neikvæðir þættir sem því valda. Þess vegna tel ég að við þurfum að leita úrræða til að leysa þennan launamun þrátt fyrir þennan kynskipta vinnumarkað og með þá staðreynd fyrirliggjandi því að hitt — þó að það kunni að verða breyting á í þessum efnum á lengri tíma, aukinn hlutur kvenna í karlastörfum og þá væntanlega karla í kvennastörfum því að ekki er eðlilegt að ætla að þetta gerist bara frá einni hlið — yrði allt of seinvirkt í þessum efnum og auk þess er ég ekkert viss um að markmiðið sé alveg sjálfgefið sem úrlausnarefni.

Um þetta mætti margt segja, virðulegur forseti, en ég ætla ekki að hafa fleiri orð um það. Það liggur fyrir sem eitt brýnasta úrlausnarefnið að bæta úr þessari mismunun í launamálum. Við skulum vona að eitthvað þoki í þá áttina í þeim kjarasamningum sem gerðir hafa verið eða verið er að móta. Ég vil ekki leggja mat á það hér, en því er haldið fram af þeim sem hafa staðið að gerð þeirra samninga að þarna hafi náðst nokkur árangur í því efni að lyfta lægstu launum, lægstu tekjuhópunum, sem að miklum meiri hluta eru skipaðir konum þannig að það megi vænta nokkurs árangurs og við skulum vona að það gangi eftir. En ég vil ekki vera með neinar staðhæfingar í þeim efnum. Reynslan er þar besti dómarinn.

Núv. ríkisstjórn hefur ætlað sér nokkurn hlut í sambandi við leiðréttingu á stöðu kynjanna, leiðréttingu á stöðu kvenna og það má vissulega benda á nokkra jákvæða þætti sem þar hefur verið tekið til. Ég nefni auknar fjárveitingar til dagvistarmála. Þó að þröngur væri stakkurinn í sambandi við fjárlög yfirstandandi árs var þar þó lagt fram aukið fé af hálfu ríkisins til þess aðeins að bæta stöðuna í sambandi við framkvæmdir í dagvistarmálum. Það er ekki óeðlilegt að það sé nefnt hér. Hins vegar er auðvitað svo víðs fjarri því að menn hafi þar eitthvað fram undan, markaða stefnu sem leysi þennan þátt mála sem snertir aðstöðu fjölskyldunnar og stöðu kvenna sérstaklega og barnanna auðvitað alveg sér á parti. Þar skotir mjög mikið á. En ég bind nokkrar vonir við þá stefnumörkun varðandi forskólastig sem er í mótun á vegum menntmrn. og vænti að komandi þing eigi eftir að fjalla um það mál, nýtt forskólastig sem taki við þegar fæðingarorlofi lýkur og ljúki þar sem grunnskólinn tekur við þar sem við fáum réttar áherslur á menntun og uppeldi barnanna á þessu viðkvæmasta stigi undir grunnskólaaldrinum og aðgerðir til að tryggja aðstöðu til þess að ná þeim markmiðum í endurmenntun, rétt foreldra til þess að koma börnum sínum fyrir eða að börn þeirra geti dvalið á góðum menntastofnunum á þessu væntanlega fræðslustigi.

Úrbætur í skólamálunum almennt, með samfelldum skóladegi, skólamáltíðum og margvíslegir fleiri þættir, ekki síst varðandi innri starfsemi skólanna, fjölda í bekkjum og náttúrlega varðandi námsefnið að því er kyngreininguna snertir, allt eru þetta mjög þýðingarmiklir þættir í sambandi við jafnréttismálin og að þeim málum er unnið að ég hygg meira nú en verið hefur um langt skeið á vegum menntmrn. til þess að ná fram úrbótum. Þar væntum við að sjá árangur áður en langt um líður því að þetta er mjög þýðingarmikið svið.

Hæstv. ráðherra hefur verið að þoka fram hugmyndum varðandi jafnréttisáætlanir á vegum ráðuneyta. Ég tel það vera góðar áherslur af hálfu ráðherrans og margt af því sem hún hefur verið að ýta á eftir á vegum síns ráðuneytis og í samvinnu við aðra í ríkisstjórn horfir til réttrar áttar. Þó að okkur finnist seint miða er skylt að nota öll tiltæk skynsamleg ráð til þess að fá fram breytingar í þessum efnum.

Hér á þinginu hefur verið hreyft ýmsum málum af ríkisstjórn og einstökum þingmönnum sem snerta jafnréttismálin. Ég hef nefnt jafnréttisráðgjafana í þessu sambandi. Ég nefni tillögur um eflingu kjararannsókna sem ályktað var um hér á Sþ. ekki alls fyrir löngu. Þar er um að ræða rannsóknarsvið sem skiptir miklu til þess að geta metið rétt stöðu kynjanna á vinnumarkaðnum og þannig mætti rekja fleiri dæmi þar sem þingmenn hafa borið fram tillögur sem hafa fengið undirtektir hér og snerta þetta málasvið.

Virðulegur forseti. Það væri ástæða til að fara mun víðar um völl, m.a. varðandi alþjóðatengsl í þessum

málaflokki sem nokkuð er fjallað um í skýrslu hæstv. ráðherra. Ég ætla hins vegar ekki að taka hér tíma til þess. Á vegum Norðurlandaráðs, þar sem ég á sæti nú um stundir, er talsvert um þessi mál fjallað. Á vegum Sameinuðu þjóðanna hefur verið tekið á þessum málum og Ísland er aðili að alþjóðasamningi um afnám mismununar á stöðu kvenna, sáttmáli sem staðfestur var af Alþingi og ríkisstjórn 1985. Þar er að finna viðspyrnu sem skylt er að nota og ég hvet hæstv. ráðherra til að nýta þau ákvæði sem þar er að finna einnig til þess að ná fram þeim málum sem snúa að okkar heimaranni í sambandi við þá grófu mismunun sem hér blasir við varðandi stöðu kvenna sérstaklega. Ég vænti þess að næst þegar við ræðum þessi mál á grundvelli skýrslu frá framkvæmdarvaldinu hafi menn eitthvað greikkað sporið í þessum efnum, þá hafi mönnum tekist að greikka sporið til þess að brúa þær gjár sem enn eru til staðar í aðstöðu kynjanna í þjóðfélaginu. Ég vil einnig hvetja til þess að þeir sem sinna þessum málum í sambandi við endurskoðun á stjórnarskrá landsins líti einnig til þessa málaflokks, hvort ekki sé þörf á því að taka inn í stjórnarskrána skýrari og ákveðnari atriði til þess að tryggja jafnstöðu kynjanna í landinu.

Í frv. sem ég hef gert að umtalsefni hér er að finna styrkari ákvæði varðandi viðurlög og réttarfar sem eiga að tryggja betri stöðu fyrir konur til að sækja sinn hlut og verja sinn rétt en verið hefur, en við höfum orðið vitni að því að gildandi löggjöf hefur ekki gefið þá aðstöðu og viðspyrnu á þessu sviði sem skyldi.

Þannig þurfum við hvarvetna að reyna að stoppa í götin varðandi jafnréttismálin sem við köllum svo til þess að bæta okkar samfélag með því að þoka þessum málum til rétts horfs og ná þar mun hraðar fram en verið hefur á undaförnum árum eftir að þessi mál fengu þó þann hljómgrunn í þjóðfélaginu sem raun ber vitni og endurspeglast m.a. í þessari umræðu um skýrslu hæstv. ráðherra þó ekki séu fjölskipaðir þingbekkirnir undir umræðu.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Það er ánægjulegt að nú skuli gefast tækifæri til þess að ræða jafnréttismál á Alþingi í tengslum við skýrslu félmrh., en það er á sama hátt óviðunandi að svo hægt skuli miða í kvenréttindabaráttunni sem raun ber vitni og birtist m.a. í þessari skýrslu og öðrum skýrslum sem okkur berast.

Ef ég lít til baka finnst mér ótrúlega lítið hafa áunnist. Staða kvenna hefur að vísu breyst mikið, en ég efast um að hún hafi breyst neitt verulega umfram þær heildarbreytingar sem hafa orðið í þjóðfélaginu. Þrátt fyrir öll lög eru konur enn með lægstu launin. Enn eru störf kvenna inni á heimilinu lítið metin. Enn hafa konur lægstu launin á vinnumarkaðnum. Enn bera konur mesta ábyrgð á börnum og heimili. Enn er fæðingarorlofið skammarlega stutt. Og enn hafa karlar ekki tekið á sig þann hluta ábyrgðarinnar sem ætti að leggjast á þeirra herðar vegna aukinnar atvinnuþátttöku kvenna. Það er jafnvel svo að í nafni jafnréttis hafa konur þurft að fórna hluta af sínum réttindum til karla án þess að karlar hafi þurft að láta nokkuð í staðinn.

Undanfarin ár hafa æ fleiri gert sér grein fyrir því jákvæða í reynslu, menningu og viðhorfum kvenna og mikilvægi þess að viðhorf kvenna verði stefnumótandi afl í þjóðfélaginu. Á þetta sérstaklega við okkur konurnar sem vorum fyrr á árum ákaflega bundnar af því jafnrétti sem fólst í því að konur fengju að vera eins og karlar. Margir, og þá sérstaklega karlar en einnig margar konur, eru ekki enn búnir að átta sig á þessu.

Þjóðfélagsstaða kvenna sem hefur ákvarðast af kynhlutverkinu hefur leitt til þess að konur hafa staðið utan við valdakerfið. Þær hafa ekki verið þar sem ákvarðanir eru teknar um mótun samfélagsins. Hlutverk karlmannsins hefur verið út á við þar sem hörð samkeppni ríkir. Það má deila um hvort hlutskiptið er gjöfulla eða öfundsverðara. Eflaust hefur þessi starfsskipting heft karla engu síður en konur og kysu þeir sér e.t.v. annað hlutskipti en þeim býðst nú ef svigrúm gæfist til.

Barátta kvenna fyrir auknum réttindum er engin nýlunda, hvorki hér á landi né annars staðar. Það var árið 1908 sem konur fengu kosningarrétt til bæjarstjórnar í Reykjavík og Hafnarfirði og þær nýttu þann kosningarrétt á þann hátt að þær ákváðu að bjóða fram sérstakan kvennalista til bæjarstjórnar í Reykjavík og fengu mikið fylgi. Þær voru fjórar sem voru á listanum og voru allar kjörnar og hefðu fengið eina í viðbót ef þær hefðu áttað sig á þessu og boðið fram fleiri. Kosningarrétt fengu konur til Alþingis árið 1915 þó að margir efuðust á þeim tíma um að það væri hægt að veita konum kosningarrétt því þær mundu ekki geta notað þann rétt. Margir karlar efuðust um að þær hefðu nægilegar gáfur til þess að geta notað þennan kosningarrétt, en aðrir óttuðust að ef konur fengju kosningarrétt þá mundu þær flykkjast í allar stöður, verða strax 50% af alþingismönnum og fleira hræðilegt að því er þeir töldu. Mörgum körlum sem tóku þátt í umræðunni fannst að þarna væri stigið skref aftur á bak. Það reyndist því miður ekki mikill akkur fyrir konur sem þessi sjálfsögðu mannréttindi gáfu þeim. Þetta skilaði þeim ákaflega litlu.

Fyrsta konan sem kjörin var á þing var Ingibjörg H. Bjarnason og var hún kosin af kvennalista árið 1922. Eg vil koma því á framfæri hér að hún var kosin af kvennalista. Að vísu gekk hún í Sjálfstfl. síðar. Það hefur hins vegar komið fram, m.a. í blaðagrein sem formaður Sjálfstfl., Þorsteinn Pálsson, skrifaði að hún hefði verið sjálfstæðiskona. Ég vil því endilega koma því að að hún var kjörin af kvennalista. Ingibjörg var fyrsta konan sem kjörin var á Alþingi og fáar hafa þær verið sem komist hafa inn á þing þó að, eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra hér áðan, konur séu nú rúmlega 21% af alþingismönnum. En þær eru að sjálfsögðu enn allt of fáar.

Það sem hrellir þegar farið er að athuga málflutning kvennanna á þessum tíma frá 1908 og 1922 er að þeirra málflutningur getur í sumum tilvikum átt nákvæmlega við í dag. Ef þær greinar, sem þá voru

skrifaðar, væru settar í blöðin í dag gætu eflaust margir haldið að þær væru skrifaðar miðað við það hvernig staða kvenna er nú. Þannig að þó að konur á Íslandi fengju kosningarrétt mjög snemma miðað við margar aðrar hefur það skilað þeim frekar litlu inn í stjórnkerfið.

Síðan fengum við jafnréttislög árið 1976 sem svo voru endurskoðuð árið 1985 og við þetta voru bundnar vonir. Árið 1976 sérstaklega voru margir sem bundu miklar vonir við að þá mundi allt breytast þar sem í þeim lögum stóð t.d. að greiða ætti sömu laun fyrir sömu vinnu o.s.frv. Því héldu margir að það væri nú rétt handan við hornið sem jafnrétti mundi nást. En þrátt fyrir þetta hefur ótrúlega lítið áunnist og þarf ég ekki annað en vísa til skýrslu hæstv. ráðherra og ræðu hennar hér áðan þar sem lýsing á stöðu kvenna er vægast sagt mjög bágborin.

Það má kannski segja að viðhorf til kvenna í þjóðfélaginu endurspeglist fyrst og fremst af þeim launum sem konur fá fyrir störf sín, enda varði hæstv. ráðherra drjúgum tíma sínum í að tala um laun kvenna og upplýsa, sem reyndar kemur engum á óvart, hversu launamunurinn er gífurlega mikill milli karla og kvenna. Það er gripið til ýmissa skýringa þegar reynt er að afsaka þennan mikla mun sem er á launum fyrir hefðbundin kvennastörf miðað við laun fyrir hefðbundin karlastörf. Það er sagt að karlastörf séu svo erfið, konur séu minna menntaðar og þær vilji ekki taka að sér ábyrgðarstörf. Þetta eru dæmi um það sem nefnt er til skýringar. En ef farið er að athuga þetta nánar hljóta allir að átta sig á því að mikilvægustu ábyrgðarstörfin eru t.d. barnauppeldi, þjónustustörf, hjúkrun og heimilisstörf. Þetta eru störf sem mest hafa hvílt á herðum kvenna, enda rúmast tilfinningamál sem bundin eru slíkum samskiptum illa í hinum harða heimi karla. En eru þess störf þannig að skýringar um minna erfiði, minni ábyrgð eða minni menntun eigi við? Það hljóta allir að vera sammála um að réttlæting í lágum launum geti ekki falist í ofangreindum atriðum. Ég held að allir sem hafa reynt að skúra og þrífa viti að þau störf eru með erfiðari störfum sem til eru og á sjúkrahúsum vinna konur yfirleitt erfiðustu störfin. Þegar farið er að athuga þessi svokölluðu hefðbundnu kvennastörf er langt frá því að það sé hægt að grípa til þessara skýringa. Ég vil nefna hér sem dæmi að ljósmóðir, sem hlýtur að allra mati að hafa með höndum starf sem er bæði mjög vandasamt og ábyrgðarmikið, hefur sömu laun og meindýraeyðir. Það er furðulegt mat sem þarna er lagt til grundvallar. Það var líka sagt við konur: Þið hafið ekki nægilega mikla menntun, þið þurfið að mennta ykkur til þess að fá hærri laun. Konur hlýddu kallinu, menntuðu sig og þar með átti allt að lagast. En hvað gerðist þá? Á bls. 7 í skýrslu hæstv. félmrh. kemur greinilega fram hvað konur gerðu. Þar segir, með leyfi forseta: „Konur velja frekar nám sem leiðir til umönnunar- og þjónustustarfa sem eru lakar launuð en „karlastörf".

Þessi staðreynd er í nokkru misræmi við 10. gr. laganna nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Þar er kveðið á um að við náms- og starfsfræðslu í skólum skuli leitast við að breyta hinu venjubundna náms- og starfsvali kvenna og karla."

Þá má spyrja sjálfan sig: Hvers vegna skyldi nú vera kveðið á um í þessari 10. gr. laga að það þurfi að leitast við að breyta hinu venjubundna náms- og starfsvali kvenna. Ég held að það sé augljóst í þessari skýrslu að konur velja sér ekki sams konar nám og karlar og þær verða að hafa frelsi til þess að velja sér þau störf og þá menntun sem hentar þeim. Ef þær velja sér frekar umönnunar- og þjónustustörf hlýtur að vera mjög eðlilegt að ef þær vilja þessi störf fái þær að sjálfsögðu að velja þau. Ef karlarnir vilja ekki fara í þessi störf að meiri hluta til er ekkert við því að gera, þó að ég telji nú að þeir hefðu mjög gott af því og að það væri nauðsynlegt að reyna að fá karla til að fara í fleiri af þeim störfum sem konur fara venjulega í.

Ég er því algerlega ósammála því sem kom fram í máli hæstv. ráðherra hér áðan að við þurfum að reyna að breyta þessu vali og reyna að hafa áhrif á konur til að breyta um námsleiðir. (**Félmrh.:** Líka að hafa áhrif á karla til að breyta um.) Það er alveg sjálfsagt að benda fólki á allar þær leiðir sem til eru en það þýðir ekki að troða fólki í eitthvað sem það hefur ekki áhuga á og leiðir til starfa sem það hefur heldur ekki áhuga á því. Það sem við hljótum að þurfa að gera er að breyta verðmætamatinu. Það er ekki hægt að þvinga fólk til að mennta sig til ákveðinna starfa. Það verður hver og einn að fá að velja. Mér er nú ekki alveg ljóst hvernig á þá að manna hefðbundin kvennastörf því að ekki hefur það sýnt sig að karlarnir fari í þau.

Það sem skiptir máli er verðmætamatið. Það þarf að breyta matinu þannig að kvennastörfin séu metin til jafns á við störf karla. Annað er útilokað. Ég var búin að minnast aðeins á að það hafi verið talað um menntun og hversu erfið störfin eru. Ég held að það sé bara fyrirsláttur þegar verið er að tala um það og segja síðan að konur eigi að hafa lægri laun, eins og ég hef vikið að. Það sem líka er talað um er að konur vilji ekki taka að sér ábyrgðar- og stjórnunarstörf. Þetta hefur mér alltaf fundist mjög furðulegt og á bls. 19 í skýrslu ráðherra er talað um þetta. Þar er talað um að hlutur kvenna í stjórnunar- og ábyrgðarstöðum sé eingöngu 24%. Þegar verið er að tala um það hvar konur lenda í störfum stendur neðst á bls. 19, með leyfi forseta: „Á því skal vakin athygli að um er að ræða stjórnunar- og ábyrgðarstöður."

Þá langar mig til að vita hvað það er sem ráðherrann á við. Hvað er átt við með „ábyrgðarstöður"? Ég geri mér ekki grein fyrir því hvernig ábyrgðin er þarna metin vegna þess að að konur vinna yfirleitt svokölluð hefðbundin kvennastörf sem almennt eru miklar ábyrgðarstöður. Það kemur líka fram á bls. 23 á miðri síðu, með leyfi forseta:

„Í öðru lagi að ráðuneytin ynnu að því að konur sem starfa hjá hinu opinbera fengju aukin tækifæri til að gegna ábyrgðarstöðum." Það er greinilegt að þarna er talað um einhverjar ákveðnar stöður sem eru ábyrgðarstöður og ég átta mig ekki á hvernig er

skilgreint sérstaklega í þessu samhengi þar sem ég tel að konurnar hafi almennt mjög mikla ábyrgð á sínum herðum. Það þarf því ekki að vera að gefa í skyn að þær vilji það ekki né hafi ekki þess konar störf á höndum.

Ráðherra minntist á frv. til laga um jafna stöðu og jafnrétti kvenna og karla, 437. mál, sem hefur verið lagt fram á þinginu en ekki verið mælt fyrir. Ég kom aðeins að þessu máli, eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra, þar sem ég kom inn í þá nefnd sem fjallaði um endurskoðun þessara laga rétt í lok þeirrar vinnu sem þarna var verið að vinna. Það hlýtur öllum að vera ljóst að auðvitað eru lög um jafna stöðu kvenna og karla á engan hátt lausn fyrir konur. Það getur hins vegar verið til góðs og verið til hjálpar ef rétt er á haldið, en það þarf svo sannarlega aðrar aðgerðir til að þetta muni hafa einhver áhrif. Það breytir ekki því að það er nauðsynlegt með stjórnvaldsaðgerðum að reyna að hafa áhrif á stöðu kvenna.

Ég ætla að leyfa mér að fara yfir nokkur atriði þessa frv. þó að ég ætli mér alls ekki að fara í það í smáatriðum, aðeins að drepa örlítið á nokkur atriði. Í 2. gr. frv. er talað um að konur eigi að hafa jafna möguleika til atvinnu, launa og menntunar. Í 4. gr. frv. er talað um að konum og körlum skuli greidd jöfn laun og skuli njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Þetta er ekki nýtt ákvæði í lögunum og hingað til hefur það sýnt sig að þetta ákvæði í lögunum er vægast sagt haldlítið. Hver á að meta verðmæti starfa? Það verðmætamat sem nú gildir tekur á engan hátt mið af því sem er í raun verðmætast fyrir þjóðfélagið. Undirstaða þjóðfélagsins er fólkið sjálft, þeir sem sjá um uppeldi og umönnun, menntun og heilbrigði þjóðarinnar vinna verðmætustu störfin ásamt þeim sem vinna að nýtingu auðlindanna. Þeir sem vinna þessi verðmætu störf hafa ekki notið nálægt því sambærilegra kjara á við þá sem vinna störf sem eru þjónusta við undirstöðugreinarnar og fólkið og byggir algerlega á þeim. Í ljósi þessa er ljóst að án skilgreiningar á því hvað við er átt með verðmæti í þessu samhengi er þessi grein haldlítil.

Í athugasemd við þessa grein stendur, með leyfi forseta: „Einn mikilvægasti þátturinn í slíkri skilgreiningu [þ.e. á jafnverðmæt og sambærileg störf] þarf að vera að uppeldis-, umönnunar- og önnur hefðbundin kvennastörf verði metin til jafns við hefðbundin karlastörf.“ Þetta er að sjálfsögðu mikilvægt atriði og vonast ég til að það verði hægt að taka á þessu máli aðeins betur þó að ljóst sé að það verði ekki gert nema með hreinni uppstokkun á öllu launakerfinu.

Það er ákvæði í lögunum að um hvers konar mismunun eftir kynferði sé óheimil og að tímabundnar aðgerðir í þágu kvenna teljist ekki mismunun. Það verður að vera alveg ljóst að konur kæra sig ekkert um neina aumingjahjálp. Þær telja að það sem þær hafa fram að færa sé fyllilega sambærilegt við það sem karlar hafa fram að færa, en það hefur bara ekki verið metið að verðleikum þannig að það þarf að ýta undir það atriði. Mér finnst mikilvægt að það sé ekki litið svo á að þessi lög séu einhvers konar aumingjahjálp. Við erum að vinna að því að reyna að stuðla að því að þjóðfélagið fái notið krafta kvenna og þeirra lífsreynslu og viðhorfa.

Ég ætla mér ekki að fara nánar út í greinar frv. nema hvað mig langaði til að minnast á 16. gr., þar sem talað er um Jafnréttisráð, en sú grein var eitt af því sem var langmest rætt í þessari nefnd sem endurskoðaði jafnréttislögin. (**Forseti:** Forseti vill benda hv. þm. á að reyna að halda sig við skýrsluna vegna þess að tími er takmarkaður tími hjá okkur í dag og reyna að fara ekki út í önnur efnisatriði þó þau séu kannski skyld.) Ég skal taka tillit til þess. Ég gerði þetta eingöngu vegna þess að hæstv. ráðherra minntist á þetta og því fannst mér ástæða til þess að gera það hér. Ég skal hins vegar stytta mál mitt, virðulegur forseti, og taka tillit til þess, enda er ég rétt að ljúka máli mínu.

Ég vildi aðeins minna á breytingu í þessu frv. varðandi skipan Jafnréttisráðs, en það urðu miklir erfiðleika við að finna út hvernig best væri að skipa Jafnréttisráð. Við komumst að lokum að þessari málamiðlun sem þarna er þó að í raun væri enginn ánægður með hana. Vil ég láta það vera lokin um þetta. Ég vildi aðeins koma því að þar sem þetta bar á góma fyrr í umræðunni.

Að jafna stöðu kvenna og karla er markmið svo ótrúlega margra, ef marka má orð þeirra, en svo ótrúlega margir vilja ekkert á sig leggja til að ná því marki. Kvennfrelsisbaráttan hefur undanfarin ár og áratugi fyrst og fremst verið borin uppi af konum enda hefur óréttlætið bitnað á þeim. Margir karlar hafa stutt konur í baráttunni en allt of fáir. Aukin þátttaka kvenna í hinum opinbera þætti þjóðfélagins hefur ekki leitt til þess að karlar hafi að sama skapi tekið á sig stjórnunar- og ábyrgðarstörf í hinum óopinbera hluta þjóðfélagsins. Konur bera enn að stærstum hluta til ábyrgð á heimilum án þess að það sé viðurkennt af þjóðfélaginu. Það er kominn tími til að snúa hér við blaði og taka á raunhæfan hátt á þessum málum. Til að leiðrétta það misrétti sem konur búa við þarf margar og samþættar aðgerðir. Þær verða ekki að veruleika nema pólitískur skilningur sé til staðar og viðurkenning á misrétti en í því skortir mjög mikið á eins og dæmin sanna. Það sem þarf að gera hið allra fyrsta eru framkvæmdir byggðar á áætlunum þar sem tekið er á misréttinu og því eytt.

Hæstv. ráðherra minntist á marga þætti sem þyrfti að taka til og koma fram í jafnréttisáætlun sem birt er sem fylgiskjal með skýrslunni og minntist í nokkrum atriðum á hvað þar væri á ferðinni. Það þarf að sjálfsögðu mikið til. Það þarf að lengja hið allt of stutta fæðingarorlof og stórbæta aðstoð við þá sem eiga lítil börn, m.a. með því að gera stórátak í uppbyggingu dagvistarheimila, gera skóladag barna samfelldan, samræma hann vinnu foreldra og auka rétt foreldra til að fá leyfi frá störfum vegna umönnunar barna, hvort heldur er vegna veikinda eða af öðrum ástæðum. Þegar konur fara út á vinnumarkaðinn eftir margra ára stjórnunar- og ábyrgðarstörf á

heimili á að meta það sem starfsreynslu. Stytta þarf vinnudaginn og síðast en ekki síst þarf að endurmeta kvennastörfin þannig að uppeldis-, umönnunar- og önnur hefðbundin kvennastörf verði metin til jafns við hefðbundin karlastörf. Það held ég að sé langbrýnasta verkefnið eins og fram hefur komið og kemur greinilega fram í þessari skýrslu og kom fram reyndar í máli hæstv. ráðherra.

En jafnrétti næst ekki með því að konur verði eins og karlar eins og enn er reynt að gera, þótt sú stefna sé sem betur fer á undanhaldi, heldur verður að viðurkenna sérstöðu hvors kynsins um sig. Karlar verða að taka sig á og gera sér grein fyrir að það er farsælast fyrir þjóðfélagið að uppræta það misrétti sem viðgengst gagnvart konum. Vinnum saman að því að bæta stöðu kvenna til farsældar fyrir okkur öll. Nú er kominn tími til að karlar axli ábyrgð.

Ragnhildur Helgadóttir:

Frú forseti. Það er ástæða til að fagna því að upp hefur verið tekinn sá siður lögum samkvæmt að leggja skýrslu um jafnréttismál fyrir Alþingi. Það er ástæða til þess í máli þar sem sótt hefur verið fram hægt og bítandi, með of hægum árangri þó, að gera löggjafanum grein fyrir því hvernig staða málsins er í hinum ýmsu þáttum þess. Mig langar til að leggja áherslu á eitt atriði sem ég tel að sé ein meginástæðan fyrir því hve hægt hefur sóst nú á síðustu árum þrátt fyrir ýmiss konar umbætur í lagaheimildum konum og réttindum þeirra til handa. Ég hygg að ástæðunnar sé fyrst og fremst að leita í því að framfarir í umbótum til handa börnum, fjölskyldu og heimilum hafa verið hægari en framfarir í löggjöfinni um jafnrétti. Ég held að þarna hafi löggjafaratriði í jafnréttismálum farið fram úr þróun þjóðfélagsins í aðbúnaði að börnum og fjölskyldum.

Til að sýna fram á að þessi skoðun sé rétt, sem ég vil meina, tel ég að unnt sé að vitna til sögunnar á þessari öld. Við sjáum það að öll skref sem stigin hafa verið til aukins jafnréttis karla og kvenna hafa verið mjög svo samtímis ýmsum framförum í þágu barna. Réttarbætur til handa konum hafa oft og tíðum leitt af sér mikilvægar réttarbætur til handa börnum. Við skulum minna á upphaf kvenréttindabaráttunnar og starfsemi þeirra samtaka sem fyrst og fremst beittu sér fyrir réttindum kvenna. Þessi sömu samtök beittu sér líka fyrir stærstu framförunum í þágu barna sem þá urðu hér á landi. Það má í þessu sambandi nefna af félagavettvangi starfsemi Kvenréttindafélagsins og starfsemi Mæðrastyrksnefndar, sem var vissulega grein á meiði þess félags, að í sambandi við þá starfsemi sem fram fór í þessum samtökum var einkanlega unnið að stórbættri réttarstöðu einstæðra mæðra. Þetta leiddi til þess að réttarstaða einstæðra mæðra og viðhorf gagnvart einstæðum mæðrum varð á margan hátt jákvæðari hér á landi en víða var annars staðar. Er ég þó ekki að segja að þar hefði ekki enn mátt bæta um betur. Ég nefni í þessu sambandi aðferðir sem mælt var um í lögum til þess að auðvelda einstæðum mæðrum að ná rétti sínum til handa sér og barni sínu, mikilvæg ákvæði í lögunum um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna og ýmis atriði í hjúskaparlögum. Allt þetta tengdist framförum í réttindum kvenna eða með öðrum orðum: Þetta tengdist auknu jafnrétti milli karla og kvenna.

Það er orðið æði langt síðan mikilvægustu skrefin í löggjöfinni voru stigin. Strax árið 1906 var ein fjölmennasta starfsstétt sem konur voru í utan sinna heimila með lögfest launajafnrétti og það var kennarastéttin. Sú hin sama stétt og nú berst svo harðri og umdeildri baráttu til þess að ná betri rétti að þessu leyti. Svo snemma var launajafnréttið á ferðinni hér á landi. Mörg skref voru síðar stigin í því efni og lög um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf voru sett hér á landi upp úr 1960. Á árunum á milli 1950 og 1960 voru samþykktar þingsályktunartillögur um fullgildingu alþjóðasamþykkta um þetta efni. Þannig að sitthvað hefur verið gert til þess að stuðla að hinu formlega jafnrétti.

En það er ljóst að við erum enn í dag töluvert langt frá því að hafa náð því sem við ætluðum okkur, einkanlega vegna þess sem seinasti ræðumaður orðaði, þ.e. að það er greinilegur launamunur milli þeirra sem starfa í kvennastéttunum og hinna sem starfa í karlastéttunum, þó það megi svo sannarlega til sanns vegar færa að um sé að ræða sambærileg störf að því er varðar þann tíma sem farið hefur til að afla sérþekkingar og einnig til þeirrar ábyrgðar sem störfunum fylgja. Þetta leiðir aftur til þess að ég vil lýsa stuðningi við það sjónarmið sem kom einnig fram í máli síðasta hv. ræðumanns að ég tel að ekki sé hægt að beina fólki í ákveðnar tegundir starfa með neinu valdboði eða stjórnvaldsaðgerðum heldur verði að gera fólki sem greiðast að sinna þeim störfum sem hugur þess girnist og hæfileikar þess standa til.

Úr því ég vík að máli síðasta ræðumanns tel ég ástæðu til þess að gera litla athugasemd við eitt atriði þar sem hv. þm. Kristín Einarsdóttir gagnrýndi það að nokkru að formaður Sjálfstfl. hafi talað um Ingibjörgu H. Bjarnason sem sjálfstæðiskonu. Þetta var vissulega rétt hjá hv. 1. þm. Suðurl., vissulega var hún sjálfstæðiskona og vissulega var það líka rétt að hún var kosin af kvennalista. Þetta sannar einungis það að þeir sem eru kosnir af kvennalista eru velkomnir í Sjálfstfl. og eiga kannski flestir hverjir þar heima samkvæmt sjónarmiðum sínum, a.m.k. að því er varðar ýmis málefni sem varða réttindi kvenna og aðstöðu barna og fjölskyldna. Þetta tel ég mig hafa umboð til að orða hér og megi hv. þm. líta á það sem boð í hinn ágæta félagsskap Sjálfstfl. Ég hlakka til þess þegar við konurnar þar verðum fleiri í þingmannahópi jafnvel þótt ekki hafi komið til kosninga, en ég vona auðvitað að þeim stórfjölgi svo eftir kosningar líka.

Frú forseti. Ég nefndi þessi atriði um hin formlegu réttindi kvenna og lét þess getið að samt hefðum við ekki náð því jafnrétti sem við ætluðum okkur vegna þess að þróun þjóðfélagsins hefði ekki verið jafnhröð á þeim vettvangi, sem er hinn gamli og hefðbundni heimastarfsvettvangur kvenna. Við þurfum að ganga

miklu lengra í ýmsum félagslegum umbótum sem bæta réttarstöðu barna og heimila.

Við horfðum e.t.v. flest á leikrit Svövu Jakobsdóttur í sjónvarpinu fyrir nokkrum dögum. Þar sagði vinnukonan að hún mótmælti því að vera látin þjóna tveimur eða fleirum heimilismönnum eftir að hafa unnið fullan vinnudag. Ég leyfi mér að spyrja: Hvað eru það margar konur í dag sem vinna fullan vinnudag við hlið karla á ýmsum vettvangi þjóðfélagsins og þurfa síðan að sjá um heimili og þjónustubrögð sem til falla og önnur störf þegar þær koma heim? Nú tek ég fram að ég tel að um þetta séu konur ekki einar. Í afar mörgum tilvikum sem betur fer skiptist þetta verkefni á milli karls og konu á milli húsbændanna á heimilinu, húsbónda og húsmóður. Engu að síður er þarna um að ræða viðbót við fullan vinnudag þeirra beggja. Það rennir enn stoðum undir þá skoðun sem Sjálfstfl. hefur gert að baráttumáli sínu í æ ríkari mæli á síðustu árum, og hefur reyndar alltaf verið eitt af grundvallarstefnuatriðum hans, að það verður að styrkja stöðu fjölskyldu og heimila í þjóðfélaginu. Ég held að þar liggi lykillinn að lausn þess vanda sem við erum að tala um í dag. Ég held að við náum aldrei því jafnrétti sem við erum að tala um nema við vitum að við höfum jafnframt leyst úr vanda þeirra sem fara á mis við einhverja umönnun þegar foreldrarnir sinna öðrum störfum í þjóðfélaginu en umönnun heimafólksins.

Enn önnur sönnun þessa þykir mér vera þegar ég heyri hæstv. ráðherra leggja jafnþunga áherslu og raun ber vitni um í skýrslunni á þann árangur sem náðist með löggjöfinni um fæðingarorlof vorið 1987. Samkvæmt þeim lögum verður fæðingarorlofið sex mánuðir um næstu áramót. Vel má vera að alltaf megi segja að gott væri nú að hafa það lengra og Kvennalistinn lætur sig hafa það að skella í góm og segja að þetta sé skammarlega lítið. En hvaða framför er þetta ekki miðað við það sem við höfum hingað til búið við? Hv. þm. sem svona tala ættu sjálfir að hafa upplifað það hvaða baráttu það kostaði fyrir einum einustu 14 árum að koma því í gegn að konur á hinum almenna launamarkaði, þ.e. þær sem ekki voru opinberir starfsmenn en unnu utan heimilis síns og voru í verkalýðsfélögunum, fengju greiðslur í fæðingarorlofi í þrjá mánuði. Þessar konur höfðu undir forustunni í Alþýðusambandinu, undir karlforustunni sem þar var, náð lengst upp í 12 daga. Ég tel að það væri rökréttara að konur, sem eru að berjast fyrir auknum rétti kvenna og auknum rétti barna, sýndu því skilning að hér hefur verið stigið skref í löggjöfinni sem hefur skipt meira máli í lífi kvenna og barna og heimila en nokkurt það skref á sviði þessarar deildar löggjafarinnar sem stigið hefur verið um áratugabil.

Í þessu sambandi legg ég á það áherslu að frumvörpin um fæðingarorlof þetta vor og fæðingardagpeninga, samkvæmt breytingu á lögum um almannatryggingar, voru algjörlega samhliða. Þau voru í raun og veru tvær hliðar á sama málinu. Það er stundum einungis talað um annað málið og átt við bæði, en það er nauðsynlegt að hafa það í huga að þetta fylgist að. Það er þarna sem það gerist að skylt er að færa barnshafandi konu á milli starfa á vinnustað ef því verður við komið og bannað að slíkt hafi áhrif á kjör hlutaðeigandi konu. Enn fremur er þar kveðið á um rétt til orlofs á þessum tíma. Um það þarf ekki að fara fleiri orðum en þetta varðar aðeins hluta af því æviskeiði sem við þurfum að sinna betur.

Ég bendi á niðurstöður þeirrar nefndar sem fjallaði um jafnréttismál og starfaði á vegum forsrn. í tíð ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar. Það nál. fjallar að langmestu leyti um umönnun barna og bætta aðstöðu barna. Allt eru þetta kostnaðaratriði en það er óraunsæi að gera sér ekki grein fyrir því að við náum ekki því jafnrétti í þjóðfélaginu sem við ætlum okkur nema miklu betur verði sinnt aðbúnaði þeirra sem hafa börn á sínu framfæri og til umönnunar.

Þetta vil ég leggja áherslu á, frú forseti, því að þetta tel ég vera stærsta verkefnið sem tengist jafnréttismálum nú á næstunni. En ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þá skýrslu sem við höfum hér í höndum.

Íslenskur gjaldmiðill, fyrri umr.

Þáltill. KrP, 346. mál. — Þskj. 630.

Flm. (Kristinn Pétursson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir þáltill. um íslenskan gjaldmiðil sem var flutt í fyrra en er nú endurflutt í breyttu formi. Ég harma það hvað illa hefur gengið að koma þessu máli á dagskrá. Það liggur við að manni finnist það hálfgert grín að vera að taka þingsályktunartillögur til umræðu á síðasta degi þingsins til þess að vísa þeim í salt. Í mínum augum lítur það út sem hálfgert grín, en engu að síður mun ég mæla fyrir tillögunni.

Tillagan felur í sér að Alþingi ályktar að skora á viðskrh. að skipa nefnd til þess að kanna með hvaða hætti helst kæmi til greina að treysta íslenskan gjaldmiðil þannig að hann njóti alþjóðlegrar viðurkenningar. Ráðherra skal skipa fimm menn í nefndina, einn tilnefndan af ASÍ, einn af VSÍ og einn frá Seðlabanka Íslands, einn frá Þjóðhagsstofnun og einn tilnefndan af viðskiptadeild Háskóla Íslands og sé hann formaður nefndarinnar. Nefndin á að skila áliti sínu til Alþingis fyrir árslok 1989.

Hlutverk nefndarinnar á einkum að vera að kanna þrjár leiðir í þessu sambandi.

1. Að gera Seðlabanka Íslands að sjálfstæðri stofnun, óháða framkvæmdarvaldinu.
2. Að láta framboð og eftirspurn ráða verði gjaldmiðilsins.
3. Að tengja gjaldmiðilinn við stærra myntkerfi.

Nefndin skal leita álits hjá erlendum seðlabanka um málefni þetta.

Það þarf varla að fara mörgum orðum um að mikill óstöðugleiki hefur einkennt íslenska efnahagsstjórn.

Markmiðið með þessum tillöguflutningi var að reyna að leita að leiðum til þess að auka stöðugleika og jafnvægi í efnahagslífinu. En hér er ekki um neinar hugmyndir um patentlausn að ræða heldur að hér fari fram athugun á því hvort ekki finnist vænlegri leiðir en núverandi fyrirkomulag. Það má vera ljóst að Íslendingar hafa glatað miklum auðæfum og kaupmáttur á Íslandi væri miklu hærri ef ekki hefði verið allur þessi óstöðugleiki og verðbólga ásamt erlendri skuldasöfnun. Það er því afar mikilvægt að leitað verði nýrra leiða til þess að auka stöðugleika og jafnvægisástand í efnahagslífinu.

Það virðist vera að spákaupmennska alls konar hafi mikið grasserað á Íslandi undanfarin ár og ég vil meina að það endurspegli fyrst og fremst vantrú Íslendinga á gjaldmiðli þjóðarinnar, þ.e. tiltrú Íslendinga á gjaldmiðilinn er of lítil og tiltrú erlendra aðila á gjaldmiðilinn er enn þá minni. Það kannast allir við að það flýta sér allir að öllu, sérstaklega þegar verið er að fjárfesta. Alls staðar er stressið og spákaupmennskan. Síðan krefst verkalýðsforustan verulegra kauphækkana og nú er uppi kjaradeila sem er í þann veginn að ljúka. (**Gripið fram í:** Það er búið að skrifa undir.) Gott að heyra það. Þetta er að hluta til spákaupmennska, þ.e. forustumenn verkalýðsfélaganna eru að verja sig fyrir þessum sífelldu hækkunum. Það er sama sagan. Allt verðlag hækkar sífellt og þeir eru að verja sig fyrir því og það er eðlilegt að þeir geri það. Síðan er offjárfesting á öllum sviðum þjóðlífsins. Ég vil meta þessa offjárfestingu sem afleiðingu af efnahagsástandinu. Þetta er spákaupmennska. Allir að flýta sér að kaupa sér ísskáp, nýjan bíl, eldavél eða einhvern skollann áður en gengið lækkar. Þetta er eyðsluspákaupmennska sem mjög brýnt er að stöðva.

Ég vil meina það að þessari spákaupmennsku verði ekki eytt nema það finnist leiðir til þess að íslenski gjaldmiðillinn njóti alþjóðlegrar viðurkenningar. Ég get ekki séð neitt sem bendir til að það eigi ekki að vera hægt vegna þess að íslenska þjóðin er örugglega með auðugustu þjóðum í heimi ef við mundum meta auðlindir á landsmann því verðmæti íslenskra auðlinda er mjög mikið. Það væri hægt að nefna þar fiskstofna, fallvötnin, jarðvarmann, möguleika til fiskeldis og ómengaða náttúru landsins. Þetta eru stórkostlegir möguleikar. Það er ekkert sem fær mig til að trúa því að ekki sé hægt að hafa hér alvöru gjaldmiðil.

Ég vil meina að það hafi aldrei verið jafnþýðingarmikið og nú, það hefur auðvitað alltaf verið þýðingarmikið, að ná stöðugleika og jafnvægi í efnahagsmálum til langframa vegna þess að öll samkeppni bæði innan lands og erlendis fer sífellt harðnandi. Flutningar, upplýsingar og samskipti milli einstakra markaðssvæða og landa verða alltaf auðveldari vegna framfara á öllum sviðum. Við skulum ekki gleyma því að Evrópubandalagið opnar sína markaði innbyrðis árið 1992 og þá harðnar þessi samkeppni enn þá meira. Ég tel því að þjóðin hafi glatað miklum verðmætum vegna óðagots í fjárfestingu, verðbólgu og spákaupmennsku og það sem er stærsta vandamálið í dag er að útflutnings- og samkeppnisiðnaður og önnur verðmætaframleiðsla verður undir í þessum verðbólgudansi og þessari spákaupmennsku. Eiginfjárstaða atvinnulífsins sem framleiðir verðmæti sem þjóðin lifir á hefur farið ört rýrnandi undanfarin ár og það er mjög alvarlegt mál. Ég vara við þeirri þróun því að höfuðstól atvinnuvega íslensku þjóðarinnar vil ég líkja við stofnstærðir íslenskra nytjastofna. Það er alvarlegri hlutur að rýra höfuðstól íslenskra atvinnuvegna en að stunda rányrkju á þorkstofninum. Við vitum að við getum byggt þorskstofninn upp aftur en við vitum ekki fyrir víst hvort við getum byggt upp eiginfjárstöðu atvinnulífsins sjálfs aftur. Hver verður það sem byggir upp atvinnulífið aftur ef það heldur áfram að tapa fjármunum eins og það hefur verið að gera? Það skyldi nú aldrei verða að við mundum neyðast til þess að erlendir aðilar kæmu og keyptu upp íslenskar fiskvinnslustöðvar á uppboðum? Hver ætlar að stöðva það ef enginn á peninga? Þetta er mjög alvarlegt mál og ég vil lýsa furðu minni á því hvað virðist ríkja mikið kæruleysi varðandi þetta mál, þá á ég við rýrnun höfuðstóla atvinnulífsins.

Það er alltaf verið að tala um það að við stefnum að því að auka kaupmátt og menn tala um það á tyllidögum að það þurfi að bæta lífskjör og auka kaupmátt. En menn verða þá að meina eitthvað með þessu. Það er ekki hægt að tala bara um þetta og gera svo ekkert raunhæft því að stöðugleiki í íslensku efnahagslífi og það að drepa verðbólguna niður er alger forsenda þess að hægt sé að bæta lífskjör á Íslandi og auka kaupmátt. Um það er engum blöðum að fletta.

Varðandi þessa tillögu langar mig til að segja að núverandi löggjöf um Seðlabankann varðandi gengisskráningu virkar ekki. Það er ekkert farið eftir því sem Alþingi ákvað að skyldi verða gert. Það stendur í 18. gr. seðlabankalaganna að ákvörðun um gengi íslensku krónunnar skuli miðast að því að halda sem stöðugustu gengi og ná jöfnuði í viðskiptum við útlönd. Það er meginsjónarmið varðandi löggjöfina um gengisskráningu að ná jöfnuði í viðskiptum við útlönd. Ég skil ekkert í því að stjórnvöld skuli síðan komast átölulítið upp með það að hafa bullandi viðskiptahalla. Það er það sem ég á við með fölsku gengi. Það á að skrá gengi krónunnar þannig að það sé jafnvægi. Framkvæmdarvaldið gerir það ekki. Þess vegna vil ég finna nýjar leiðir að því. Samkvæmt lögunum virðist það ekkert fara á milli mála að Alþingi hefur ætlað framkvæmdarvaldinu að viðhalda jafnvægisástandi með þessari lagasetningu. Það tel ég vera meginsjónarmið.

Það er síðan önnur leið í þessum tillöguflutningi að láta framboð og eftirspurn ráða verði gjaldmiðilsins. Það er leið frjáls markaðar. Það er mjög eðlilegt að það sé skoðað og síðan að tengja gjaldmiðilinn við stærra myntkerfi. Það er líka fullkomlega eðlilegt að það sé skoðað. Þessi tillaga gengur ekkert lengra í þá átt en að skipuð verði nefnd til að skoða málið. Og ég skil ekki áhugaleysið hjá hv. Alþingi að vilja ekki

skoða það hvort hægt sé að finna einhverja betri lausn á þessum málefnum. Ég kalla það áhugaleysi að vera að taka svona tillögu til umræðu á síðasta degi Sþ. eins og talað er um í dag, þó að enginn viti nú reyndar hvað verður á morgun.

Í Íslandssögunni er sagt frá því að einu sinni hafi verið reynt að selja Íslendingum maðkað mjöl. Danska einokunarverslunin gerði það hér fyrr á tímum. Það gekk um tíma að selja Íslendingum maðkað mjöl með því að hafa fallegt mjöl á botnunum á tunnunum en maðkað mjöl í miðjunni. Ég vil að vissu leyti líkja því við það að afhenda mönnum ónýta peninga í staðinn fyrir alvörupeninga. Það er svona svipað og þegar danska einokunarverslunin seldi mönnum maðkað mjöl.

Það er líka til annað dæmi úr Íslandssögunni, sem ég hef áður rakið, og það er þegar Skúli fógeti var búðardrengur á Húsavík hjá dönskum einokunarkaupmanni, en þegar Skúli starfaði að afgreiðslunni hrópaði kaupmaðurinn jafnan til hans: „Mældu rétt, strákur." Það þýddi það sama og að halla skyldi á kaupendur. En Skúli sagði afa sínum allt af létta um hætti manna í búðinni. Varð karl þá æfur og mælti: „Ætlar þú, drengur minn, að gera þig sekan um svo auðvirðilegt athæfi?" Ég vil því spyrja: Hversu lengi ætlar framkvæmdarvaldið á Íslandi að gera sig sekt um svo auðvirðilegt athæfi að afhenda fyrirtækjunum, sem standa undir verðmætaframleiðslunni í útflutnings- og samkeppnisiðnaði, ónýta peninga í skiptum fyrir alvörupeninga? Því ég kalla það ónýta peninga sem ekki er hægt að nota hér innbyrðis í lokuðu hagkerfi. Stærsta vandamálið í efnahagsmálum er raunverulega gjaldmiðillinn og margt mundi leysast af sjálfu sér ef það tækist að koma lagfæringu á þau mál.

Ég held því að það að drepa spákaupmennskuna, sem ég ræddi um hér áðan, sé alger forsenda þess að vextir geti lækkað, taprekstur útflutningsatvinnuveganna og annarra atvinnuvega verði stöðvaður, lífskjör bætt og kaupmáttur aukinn. Þetta eru allt markmið sem við viljum ná og því skyldum við þá ekki reyna í alvöru að drepa spákaupmennskuna með því að finna leiðir til þess að gera íslenska gjaldmiðilinn að alþjóðlega viðurkenndri mynt?

Það er enn fremur ástæða til þess í lokin að ítreka að við verðum að drepa þessa spákaupmennsku til þess að geta komið verðbólgunni fyrir kattarnef áður en hún drepur efnahagslegt sjálfstæði þessarar auðugu þjóðar. Ég legg til að þessu máli verði vísað til allshn. og vona að það verði ekki sett í salt.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Það er ekki skrýtið að hv. flm. þessarar tillögu sem er til umræðu skuli vera nokkuð beiskur þar sem hér er verið að ræða á síðustu dögum þingsins jafnmikilvæga tillögu og hann hefur leyft sér að flytja. Þegar litið er yfir þingsali kemur í ljós að ekki einn einasti ráðherra, fulltrúi framkvæmdarvalds, er viðstaddur. Kannski hefði verið ástæða til þess að gefa hæstv. viðskrh. kost á því að ræða þetta mikilvæga mál við hv. þm., ekki síst vegna þess að hér er verið að tala um undirstöðuatriði í íslenskri efnahagsstefnu á hverjum tíma, þ.e. hvernig fara á með gengismál þjóðarinnar.

Það er alveg rétt sem kom fram hjá hv. þm. að samkvæmt lögum á Seðlabankinn að skrá gengi íslensku krónunnar. Þar á að styðjast fyrst og fremst við tvennt, annars vegar stöðugleika gengisins en hins vegar við það að reyna að koma á jafnvægi í viðskiptum við önnur lönd.

Það er hins vegar þannig að í lögunum eru ákvæði sem hafa verið skilin á þann veg að það sé í raun ríkisstjórn á hverjum tíma sem ráði gengisskráningunni. Fyrir örfáum dögum urðum við vitni að því þegar hæstv. ríkisstjórn tók ákvörðun um að lækka gengi íslensku krónunnar gagnvart erlendri gjaldmynt um 1,5% og síðan heimild fyrir Seðlabankann að breyta genginu sem nemur um 2,25%. Nú spyr maður: Í hvaða skyni er þetta gert? Svarið liggur á borðinu. Það er gert til þess að koma í veg fyrir áhrif kjarasamninga. Það er gert til þess að koma í veg fyrir að kaupmáttur aukist þrátt fyrir að fleiri krónur komi í umslagið. Með öðrum orðum er hæstv. ríkisstjórn að sjá til þess með þessari ráðstöfun að kauphækkunin sem varð í kjarasamningum verði í raun engin. Þetta er út af fyrir sig ekkert óeðlilegt vegna þess að fyrir liggja yfirlýsingar hæstv. ríkisstjórnar um að atvinnuvegirnir geti ekki geitt hærri laun.

Ef við skoðum þetta í samhengi við seðlabankalögin má kannski halda því fram að þarna sé ríkisstjórnin að reyna að halda genginu sem stöðugustu miðað við þessi innri skilyrði. Lítum hins vegar á hallann í viðskiptum við útlönd. Þá kemur í ljós að það er stefna hæstv. ríkisstjórnar að hafa hallann við útlönd 10 milljarða á þessu ári. Með öðrum orðum: Það er pólitísk stefna íslensku ríkisstjórnarinnar að á degi hverjum náist ekki endar saman í viðskiptum við útlönd upp á 30–40 millj. kr. Þetta er ekki óumdeilt. Þetta er stefna íslenskra stjórnvalda sem auðvitað brýtur gersamlega í bág við þau lög sem gilda í landinu um Seðlabanka Íslands og gengisskráninguna. Hæstv. ríkisstjórn stendur nákvæmlega á sama. Hún kemur ekki hér í sali, ræðir ekki þetta mál og ég held að enginn af þingmönnum hæstv. ríkisstjórnar muni nenna að koma í ræðustól til að verja hæstv. ríkisstjórn. Og ráðherrarnir sjást ekki hér í dag.

Það er alveg ljóst að þessi tillaga sem er til umræðu á fullt erindi inn á þing og þyrfti helst að samþykkjast á yfirstandandi þingi því hér er tekið á jafnveigamiklu máli og því hvernig standa skuli að gengisskráningu í framtíðinni. Á að gera það með því að hafa hér sjálfstæðan seðlabanka eins og sums staðar hefur verið gert? Á að gera það með því að tengja íslenska gjaldmynt erlendri gjaldmynt eða erlendum gjaldmyntum þannig að það verði ekki hægt að þrýsta á ríkisstjórnina til þess að leiðrétta gengið þegar illa hefur árað eða þegar atvinnulífið hefur sjálft tekið ákvarðanir um að greiða meira úr sínum sjóðum en atvinnulífið hefur efni á? Eða á gengi íslensku krónunnar að vera frjálst, afskipti Seðlabankans nánast

engin og skráning gengisins eingöngu eins og kaupin gerast á eyrinni á hverjum tíma, þannig að söluverð á gjaldmiðlinum verður ekki meira en kaupendurnir vilja greiða fyrir á hverjum tíma? Að mínu viti er þetta síðastnefnda ekki mögulegt nema tekjuöflunartækin, þau tæki sem við notum til að afla tekna til útflutnings, verði líka gefin frjáls. Þá á ég við sjálfan fiskveiðikvótann. Þá á ég við að það sé útilokað að minni hyggju að hafa frjálsa gengisskráningu hér á landi nema að sala á veiðileyfum verði líka gefin fjáls. Það er undirstöðuatriði. En hér í þessum þingsölum hefur enginn áhuga á þessum málum að því er manni virðist, a.m.k. ekki hæstv. ráðherrar sem láta ekki sjá sig.

Það er jafnframt ljóst að þessu máli tengjast önnur mjög veigamikil mál. Eins og hvernig á að koma í veg fyrir þær miklu hagsveiflur sem verða vegna sveiflna í sjávarútvegi. Hvernig er hægt að koma því við að hjá fyrirtækjunum sjálfum í viðkvæmustu greinunum, þ.e. útflutningsgreinunum, séu sjóðir, verðjöfnunarsjóðir, þannig að góðæri í sjávarútvegi leiði ekki til þess að lífskjör allra annarra hækki jafnframt án þess að nokkur verðmætasköpun verði hjá öðrum atvinnugreinum en sjávarútveginum? Hvernig getum við byggt upp kerfi þar sem sjávarútvegurinn sérstaklega og jafnvel iðnaðurinn á sumum sviðum, þ.e. þau iðnfyrirtæki sem stunda útflutning á vöru þar sem verð er sveiflukennt, geymi fjármagn til mögru áranna? Allt eru þetta atriði sem þessi nefnd, sem hér er gert ráð fyrir að verði sett á laggirnar, þyrfti að kanna. En því miður held ég að það sé enginn áhugi á þessum málum hjá hæstv. ríkisstjórn. Hæstv. ríkisstjórn hefur nefnilega enga stefnu í þessum málum aðra en þá að elta kaupbreytinguna innan lands með gengisbreytingum og sjá til þess að hallinn í viðskiptum við útlönd verði a.m.k. 10 milljarðar í ár. Það er stefna hæstv. ríkisstjórnar. Þessa stefnu hefur hæstv. ríkisstjórn undirstrikað í dag með því að vera ekki viðstödd þessar mikilvægu umræður.

Flm. (Kristinn Pétursson):

Hæstv. forseti. Ég vil leyfa mér að spyrja að því í sambandi við þessa umræðu: Er enginn ráðherra í húsinu? T.d. viðskrh.? (**Forseti:** Eftir því sem forseti kemst næst þá er einn ráðherra staddur í húsinu og það er hæstv. félmrh. Samkvæmt töflu í borði forseta eru aðrir ráðherrar ekki staddir í húsinu.) Það er ágætt að það komi fram hvernig framkvæmdarvaldið stendur sig á Alþingi.

Ég vil bæta við það í framhaldi af því sem ég sagði hér áðan að þessi tillaga var flutt í fyrra, er reyndar flutt í aðeins breyttu formi nú. Henni var þá vísað til nefndar og nokkrar umsagnir fengnar og er ég hér með fjórar þeirra. Í fyrsta lagi er umsögn frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna sem telur mjög eðlilegt að nefnd verði skipuð þó að þetta hafi ekki verið nákvæmlega eins. Alþýðusamband Íslands samþykkti að mæla með tillögunni. Landsbanki Íslands sagði að ályktunin fjallaði um málefni sem væru lykilatriði í íslensku efnahagslífi og taldi mjög eðlilegt að tillagan yrði samþykkt. Seðlabankinn blessaður getur ekki haft neitt á móti því að ríkisstjórnin skipi nefnd í þessu skyni. Þá vitum við það. Eina neikvæða umsögnin var síðan frá Landssambandi ísl. útvegsmanna. Ég taldi rétt að þetta kæmi líka fram.

En ég vildi gjarnan bæta því við að það er fullkomin ástæða til þess í sambandi við tillögu sem þessa og þetta málefni, þ.e. gengi íslensku krónunnar, að Alþingi Íslendinga fari að skoða hvernig framkvæmdarvaldið framkvæmir lög sem eru jafnþýðingarmikil og t.d. lög um Seðlabanka Íslands. Ég satt að segja skil ekki margt af þeirri framkvæmd.

Það er einnig rétt að það komi fram að það er kominn tími til þess að löggjafarvaldið endurskoði samskipti sín við framkvæmdarvaldið alveg frá grunni. Ég vil að það komi fram í sambandi við kostnað löggjafarvalds og framkvæmdarvalds að ég skrifaði bréf til Fjárlaga- og hagsýslustofnunar í vetur um þessa kostnaðarskiptingu og rakti það reyndar í gær varðandi dómsvaldið, þ.e. allt sem heyrir undir dómsmrn. nema kirkjumál og Hæstiréttur er þar meðtalinn, að þangað fara 4,11% af fjárlögum. Framkvæmdarvaldið eyðir 95,14% en löggjafarvaldið, þ.e. embætti forseta Íslands, Alþingi Íslendinga og Ríkisendurskoðun, eyðir 0,75% af fjárlögum. Þó að mörgum þyki að Alþingi sé dýrt í rekstri er þetta ekki nema 0,75% af fjárlögum og eins og ég sagði áðan er Ríkisendurskoðun, með liðlega fjörutíu manna starfslið, innifalin og einnig allt embætti forseta Íslands. Mér er spurn hvort það væri réttara að löggjafarvaldið yki sjálfstæði sitt og fylgdist meira með því að framkvæmdarvaldið framfylgi lögum, eins og t.d. lögum um Seðlabankann. Ég tel að það sé fyllilega ástæða til þess að Alþingi fylgist með því að framkvæmdarvaldið geri eins og Alþingi hefur ákveðið, þá á ég við það að skrá gengi íslensku krónunnar þannig að jafnvægi haldist í utanríkisviðskiptum. Það er meginsjónarmið.

Ég skil ekkert í þingmönnum sem halda að sér höndum meðan atvinnuvegum blæðir út vegna rangrar gengisskráningar. Svo talar ráðherra alltaf um einhverja gengiskollsteypu. Hvað er það? Það er ekki til í orðabók. Er það gengiskollsteypa að fara að lögum, að skrá gengið eins og á að gera það? Er það gengiskollsteypa? Ég skil ekki svona kjaftæði. Það er alveg hreint fráleitt. Það er mikill ábyrgðarhluti, eins og ég sagði áðan, að rýra íslenska atvinnuvegi með því að skrá gengið vitlaust. Ég álít að að fyrirtæki í útflutnings- og samkeppnisiðnaði tapi um þessar mundir u.þ.b. 400–500 millj. kr. á mánuði. Það segir enginn neitt við því og þögn er bara sama og samþykki hjá þessu hv. stjórnarliði. Ég verð að lýsa furðu minni yfir svona háttalagi. En ég vona að einhvern tíma komi að því að menn vakni til vitundar um að það þarf að fara að fjalla um efnahagsmál á Íslandi út frá sömu forsendum og gert er annars staðar í hinum vestræna heimi. Vatnið rennur niður í móti á Íslandi. Það gerir það líka alls staðar annars staðar á hnettinum og það eru ákveðin grundvallaratriði í efnahagsmálum sem þarf að fjalla nánar um.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv. og til allshn. með 39 shlj. atkv.

Útboð opinberra rekstrarverkefna, síðari umr.

Þáltill. FrS, 61. mál. — Þskj. 63, n. 1218, brtt. 1214.

Frsm. fjvn. (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Þetta er eitt af fyrstu málum þingsins og er á þskj. 63. Þingskjalið með þessari till. kom því nokkuð snemma til fjvn. sem óskaði eftir því að fá umsögn nokkurra aðila í ríkiskerfinu, framkvæmdarvaldinu, sem málið varðar.

Hins vegar ber svo við að horfa, virðulegur forseti, að fjvn. hefur ekki borist ein einasta umsögn frá þeim aðilum sem hún óskaði eftir að fjölluðu um þetta mál. Er það e.t.v. til nokkurs merkis um það að framkvæmdarvaldinu þykir stundum hlýða að vera ekki allt of skjótt í svörum við svo einföldum spurningum eins og fjvn. beindi til þessara tilteknu aðila framkvæmdarvaldsins, þ.e. að gefa umsögn sína um þessa tillögu. Þetta er í annað sinn sem þessi tillaga er flutt óbreytt á Alþingi þannig að Alþingi hefur haft tvö ár til þess að skoða málið og fjalla um það en í hvorugt skiptið hefur fengist svar við þeirri einföldu spurningu hvað þær stofnanir, sem um svona mál fjalla, hafa um þetta að segja.

Okkur í fjvn. finnst hins vegar ekki eðlilegt að bíða með afgreiðslu á málinu, sem í sjálfu sér er mjög einfalt í eðli sínu, jafnvel þótt svo dráttur hafi orðið á því að umbeðnar umsagnir kæmust til skila. Niðurstaða fjvn. er sem sagt sú að rétt sé að samþykkja tillöguna með nokkrum breytingum og er slík brtt. flutt á þskj. 1214. Þar er lagt til að tillgr. verði breytt og hún orðist svo sem hér segir, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela fjmrh. í samráði við aðra ráðherra að láta kanna tilhögun á útboðum opinberra rekstrarverkefna sem hér segir:

1. Á hvaða sviðum og í hve miklum mæli slíkum útboðum hafi verið beitt hjá ríkinu og stofnunum þess á næstliðnum áratug.

2. Hvaða reynsla hefur fengist af slíkum útboðum, m.a. með tilliti til kostnaðar miðað við sambærileg verkefni sem unnin hafa verið án útboðs.

3. Á hvaða sviðum ríkisrekstrar rétt þyki og hagkvæmt að efna til slíkra útboða og hvaða sjónarmiða skuli gæta við val slíkra útboðsverkefna.

Niðurstöður könnunarinnar skulu lagðar sem skýrsla fyrir Alþingi."

Sú eina breyting sem raunverulega hefur verið gerð frá þeirri tillögu sem upphaflega var flutt af flm. er sú að setja inn í tillgr., sem óskað er samþykkis Alþingis á, að fjmrh. og önnur ráðuneyti, eftir því sem við á, skuli veita Alþingi þá umsögn og svara þeim atriðum í sinni umsögn sem eðlilegast hefði verið að kæmi fram við fjvn. annað hvort þeirra ára sem tillagan var þar til umfjöllunar. Hér er því í rauninni lagt til að hin upphaflega tillaga verði samþykkt efnislega að mestu óbreytt með þeirri viðbót að Alþingi samþykki að fela þessum tilteknu ráðuneytum að gefa umsögn um reynsluna og framkvæmd þessara mála undanfarin ár sem með eðlilegum hætti hefði átt að berast í umsögnum þessara aðila til fjvn. svo sem beðið var um en ekki fékkst svar við.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki hafa mörg orð um þessa till. sem hér er til umræðu. Mér er þó málið skylt því um er að ræða till. sem ég leyfði mér að flytja fyrr á þessu þingi.

Ég vil sérstaklega nota þetta tækifæri til þess að þakka formanni fjvn., hv. 5. þm. Vestf., fyrir að hafa ásamt öðrum hv. fjárveitinganefndarmönnum gefið sér tíma til þess að ræða þessi mál og afgreiða till. í þessu formi sem ég hygg að sé betra en upphaflega var gert ráð fyrir í sjálfri tillgr. Mér finnst afar mikilvægt að Alþingi ræði þessi mál og þá ekki síst fjvn. Sjálfur hef ég átt sæti í fjvn. og veit hve erfitt það er að ná sæmilegu yfirliti yfir ríkisreksturinn og hve sjaldan er í raun tekið nægilega mikið mark á ábendingum sem koma frá fjvn. Ég held því að það sé vel við hæfi að niðurstöður þessarar könnunar verði lagðar fyrir Alþingi og þá getur fjvn. og jafnvel sameinað þing fjallað betur um þetta mál, sem ég held að sé mun stærra en almennt hefur verið álitið. Byggi ég þá skoðun mína m.a. á því að slíkt starf hefur farið fram í nágrannalöndunum og gefist vel. Satt að segja var kveikjan að því að till. var flutt sú að sá sem hér stendur sá leiðbeiningar fyrir dönsku ráðuneytin sem skrifaðar voru af samsvarandi stofnun í Danmörku og Hagsýslustofnun er hér í íslenska stjórnkerfinu. Ég tel ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar um till. en vil enn á ný þakka hv. nefnd fyrir þessar undirtektir og fyrir að hafa betrumbætt texta tillgr. sem ég að sjálfsögðu styð.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1214 (ný tillgr.) samþ. með 33 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1258).

Dvergkafbátur, fyrri umr.

Þáltill. HJ og IBA, 311. mál. — Þskj. 572.

Flm. (Hreggviður Jónsson):

Hæstv. forseti. Hér er tekin til umræðu till. til þál. um könnun á kostnaði við kaup og rekstur dvergkafbáts. Flm. auk mín er hv. 5. þm. Vesturl., en till. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna kostnað við kaup og rekstur dvergkafbáts."

Í greinargerð segir svo:

„Á síðasta sumri var fenginn hingað til lands dvergkafbátur til rannsókna við Kolbeinsey. Árangur þessa leiðangurs bendir til að vísindalegur og fjárhagslegur ávinningur mundi verða af rekstri dvergkafbáts. Það hefur víða færst í vöxt að slíkir bátar séu notaðir til rannsókna neðansjávar og með góðum árangri. Þjóð sem byggir afkomu sína að stórum hluta á öflun sjávarfangs hlýtur að leggja vaxandi áherslu á rannsóknir til að auka sem mest afrakstur þess á komandi árum. Sú bylting sem rannsóknir með dvergkafbát mundu þýða er augljós, en nú þegar hafa verið gerðar merkar rannsóknir neðansjávar á hafsvæðum víða um heim sem ekki hefði verið unnt að framkvæma með öðrum hætti. Það má ekki gleyma hversu mikilvægt er að fylgjast með mengun og huga að mengunarhættu neðansjávar, en aðeins með varðveislu lífríkis sjávar er hægt að tryggja eðlilegan viðgang náttúrunnar í hafinu umhverfis landið. Einnig er ljóst að ný og óþekkt fyrirbæri í hafinu geta leitt til framfara og nýsköpunar í atvinnulífi þjóðarinnar. Og enn á ný má minna á leiðangurinn til Kolbeinseyjar þar sem áður óþekktar lífverur fundust sem ef til vill geta orðið grundvöllur nýs iðnaðar hér á landi."

Hæstv. forseti. Í rauninni mætti spyrja hvort ekki væri grundvöllur fyrir öflugum neðansjávarrannsóknum sem gætu orðið undirstaða nýrrar sóknar í atvinnulífinu. Í dag er til hér á landi lítill fjarstýrður dvergkafbátur sem hefur verið notaður til töku á neðansjávarmyndum og er jafnframt hægt að útbúa hann tækjum til sýnatöku. Það hefur þegar sýnt sig að sá kafbátur hefur verið mjög gagnlegur og það hefur komið ýmislegt fram við notkun hans. En það eru til ýmsar og miklu fullkomnari gerðir sem hægt er að manna til skoða lífríki hafsbotnsins með og þau mörgu svið sem við eigum eftir að rannsaka á ókomnum árum.

Ég hef undir höndum bréf, dags. 30. des. 1988, sem dr. Sigurður Jónsson skrifaði einum af áhugamönnum um kvikmyndagerð sælífs við Íslands og segir þar, með leyfi forseta:

„Köfun og kvikmyndun til rannsókna á lífríki hafsins var í fyrsta skipti beitt við Ísland í sambandi við sjávarlífsrannsóknir okkar Aðalsteins Sigurðssonar við Surtsey fyrir rúmum 20 árum. Var ætlan okkar að kvikmynda hafsbotninn reglulega í kringum eyjuna til að fá samhangandi mynd af uppbyggingu og þróun samfélags dýra og plantna. Þrátt fyrir erfiða köfunaraðstöðu fyrir opnu hafi og tiltölulega frumstæðan útbúnað tókst að ná kvikmynd á 8 mm filmu sem sýndi helstu botnsamfélög sem þá voru að myndast. Þessi mynd var sýnd í Náttúrufræðifélaginu og vakti mikla athygli viðstaddra. Björgvin Egill Arngrímsson, framkvæmdastjóri Mar-Tel, tók þátt í þessum leiðangri og er mér ljúft að minnast á áhugasemi hans, alúð og næmleik í öllu sem laut að þessari frumtilraun okkar. Þess vegna er það gleðifregn að nú séu uppi hugmyndir um skipulagða kvikmyndun á sjávarlífinu við Ísland á vegum Mar-Tel.

Íslendingar sækja fast sjóinn en flestum er hið litríka líf sædjúpanna huldar lendur. Kvikmyndun hinna margslungnu þátta í lífríki sjávar við Ísland, þar sem fram kæmi list, tækni og vísindi, væri eflaust öllum mikill fengur. Slíkar myndir mundu auk vísindalegs og uppeldislegs gildis vekja virðingu fólksins fyrir ósnortinni náttúru og verndun hennar, en slíks er nú mikil þörf. Hugmynd að kvikmyndagerð af lífríki hafsins við Ísland er góð hugmynd og eindregið mælt með því að hún nái sem fyrst fram að ganga."

Þetta segir einn af þeim mönnum sem hefur mesta þekkingu á þessu sviði og starfar nú í París við sjávarlíffræðisafnið þar.

Það er nokkuð ljóst að til eru töluvert margar gerðir af dvergkafbátum sem gætu hentað okkur til rannsókna og skoðunar á lífríki sjávar og hafsbotninum og sem væri mjög þarft að gera. Ég tel að ef Íslendingar fengju slíkan kafbát væri það framfaraspor og mundi þýða að í framtíðinni hefðum við miklu gleggri upplýsingar um þá þætti sem við þurfum að fá upplýsingar um. Það er svo að þessari tækni um köfun neðansjávar hefur fleygt fram undanfarin ár og nú er hægt að kafa allt að því á 6000 m dýpi með sumum þeirra tegunda dvergkafbáta sem nú eru framleiddar. Eitt af forustulöndum í þessari tækni eru grannar okkar Finnar, en þeir hafa hannað og smíðað djúpsjávarbáta til rannsókna sem geta sinnt verkefnum á allt að 6000 m dýpi.

Það er ljóst að mannaðir leiðangrar í undirdjúpin til að gera athuganir, taka sýni og framkvæma margs konar rannsóknir og mælingar eru mjög til frambúðar fyrir okkur Íslendinga og við hljótum að huga að þessum málum mjög náið. En það er svo að það er mismikill kostnaður við að kaupa slíka báta. Ég hygg þó að það sé ekki það mikill kostnaður að við munum ekki ráða við hann. Hins vegar er töluverður kostnaður við rekstur og viðhald. Það er alveg ljóst að sú tækni, sem er í örri þróun, gefur okkur möguleika á að nýta okkur hana og er sjálfsagt að við fáum könnun á því hvort það er hagkvæmt fyrir okkur og hvort við munum ráða við að reka slíka báta. En það eru mjög miklar framfarir á þessu sviði og við getum verið nokkuð vissir um að þeir bátar sem nú eru framleiddir eru mjög öruggir miðað við það sem áður var.

Það eru ýmiss konar rannsóknir sem þegar hafa farið fram erlendis með þessum bátum og ég vil ítreka að það er mjög nauðsynlegt fyrir þjóð, sem að svo stórum hluta byggir á öflun sjávarfangs, að rannsaka hafsvæðin, a.m.k. grunnsvæðin, mun betur en við höfum áður gert. Einnig má minna á það að við þurfum að gera mjög ítarlega landfræðilega athugun á landgrunninu og hafdjúpinu hér í kring. Þetta er allt framkvæmanlegt í dag og það er því kominn tími til að við leggjum í það að skoða þessa hluti og vindum okkur í að sjá hvort við getum ekki hafið umfangsmiklar rannsóknir á þessu sviði.

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að óska eftir því að þessari þál. verði vísað til atvmn. og síðari umræðu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv. og til atvmn. með 41 shlj. atkv.

Þjónustumiðstöð fyrir heyrnarskerta, fyrri umr.

Þáltill. ÞÞ o.fl., 347. mál. — Þskj. 632.

Flm. (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir þáltill. á þskj. 632 um þjónustumiðstöð fyrir heyrnarskerta. Aðrir flm. till. auk mín eru fimm hv. þingkonur Kvennalistans. Till. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela félmrh. að koma á fót þjónustumiðstöð fyrir heyrnarskerta."

Ég hef á Alþingi oft gert málefni heyrnarskertra að umræðuefni í formi þáltill. og fyrirspurna. Ein slík þáltill. hefur þegar borið árangur þar eð hæstv. samgrh. hefur beitt sér fyrir því að neyðarsímaþjónustu fyrir heyrnarlausa yrði komið á hjá Landsíma Íslands. Sömuleiðis vona ég að hugað verði að einhverjum úrbótum í þjónustu við heyrnarlausa í sjónvarpi í framhaldi af fyrirspurn, en hv. menntmrh. hafði góð orð þar um.

Efni þessarar till. er ekki nýtt af nálinni. Till. sama efnis var flutt í fyrra en nú er hún flutt í örlítið breyttu formi. Till. hlaut þá ekki þá meðferð sem ég hefði kosið og er því endurflutt nú. Ástæðan fyrir því að till. náði ekki fram að ganga í fyrra, þrátt fyrir góðar undirtektir þingmanna og í umsögnum sem fengust í meðferð málsins í nefndinni, var sú að þær fréttir bárust að ef þjónusta af þessu tagi væri ekki þegar komin á þá væri hún alveg á næsta leiti. Síðan er liðið ár og ekkert bólar á þjónustumiðstöð fyrir heyrnarskerta, þjónustumiðstöð þar sem heyrnarlausir eða heyrnarskertir gætu leitað sér nauðsynlegs stuðnings í þeirri viðleitni að rjúfa þann múr einangrunar sem er hlutskipti heyrnarlausra.

Skömmu eftir að þingi var slitið í fyrra kom út skýrsla nefndar félmrh. um málefni heyrnarlausra og niðurstaða könnunar á félagslegri stöðu heyrnarlausra. Nefnd þessi var skipuð 25. nóv. 1987. Er skemmst frá því að segja að hún staðfestir með ótvíræðum hætti að úrbóta sé þörf í málefnum þessa hóps og það fljótt og vel.

Í skýrslunni segir m.a., með leyfi forseta:

„Könnunin nær til þeirra sem eru félagsmenn í Félagi heyrnarlausra, spurt var um fjölda og aldur heyrnarlausra, orsakir heyrnarleysis, aðstæður, húsnæði, fjölskylduaðstæður, atvinnuástand, tekjur, tryggingarbætur, afkomu, félagsleg tengsl, menntun, fullorðinsfræðslu og jafnframt kannað á hvaða sviðum heyrnarlausir njóti ekki þeirrar þjónustu sem heyrendur njóta, almennt, í tengslum við fjölmiðla, dagheimili, skóla, fullorðinsfræðslu, félagslega þjónustu. Enn fremur var könnuninni ætlað að leiða í ljós hver er þörf fyrir túlkaþjónustu hér á landi.

Niðurstöður eru um margt forvitnilegar, m.a. kemur í ljós að heyrnarlausir eru vinnusamur, samhentur hópur með mjög lágar tekjur og býr afar þröngt. Menntunarstaða heyrnarlausra er bágborin. Heyrnarleysi leiðir til mikillar einangrunar, sem veldur því að heyrnarlausir geta aðeins að takmörkuðu leyti nýtt sér það sem upp á er boðið í nútímaþjóðfélagi, og eru oft í vandræðum með að sinna einföldustu erindum daglegs lífs. Það atriði sem brýnast er að sinna er að koma á fót túlkaþjónustu fyrir heyrnarlausa."

Í greinargerð með till. segir einmitt:

„Eitt brýnasta verkefnið er að koma á fót þjónustumiðstöð fyrir heyrnarskerta. Þangað gætu þeir sótt ýmsa þá aðstoð sem gerði þeim kleift að nýta betur þá þjónustu og möguleika sem samfélagið hefur upp á að bjóða. Gera þeim þar með lífið auðveldara, jafnframt því sem þeir yrðu smám saman hæfari til að rjúfa einangrun sína, bæta menntun og lífskjör, sjálfum sér og þjóðfélaginu í heild til heilla.

Við slíka þjónustumiðstöð þyrftu að starfa túlkar sem heyrnarskertir gætu leitað til sér að kostnaðarlausu. Mörg dæmi mætti taka þar sem heyrnarskertir þurfa á túlkum að halda til að geta sinnt erindum, félagslífi, námi o.s.frv. Hafa verður hugfast að heyrnarskertir utan Stór-Reykjavíkursvæðis verða líka að eiga kost á aðstoð túlka sem þurfa þá að geta ferðast til heimabyggðar viðkomandi ef þörf krefur.

Félagsráðgjafi yrði að starfa við þjónustumiðstöðina heyrnarskertum til aðstoðar og leiðbeiningar. Hvort um yrði að ræða einn eða fleiri verður reynslan að leiða í ljós.

Textasímar eða tölvur eru mikilvæg hjálpartæki fyrir heyrnarskerta. Ef slík tæki væru fyrir hendi í þjónustumiðstöðinni gætu heyrnarskertir nýtt sér þá þjónustu og rekið fjölmörg þau erindi sem öðrum þegnum þjóðfélagsins þykir sjálfsagt að gera símleiðis og spara þeim þannig spor og fyrirhöfn. Auðvitað er bæði sjálfsagt og æskilegt að öllum stórum stofnunum og fyrirtækjum væri gert að hafa textasíma — eða tölvu við skiptiborð — líkt og framfylgja á reglum um aðgengi fyrir fatlaða, en þó slíkt næði fram að ganga mundi það aldrei leysa að fullu vanda heyrnarskertra varðandi samband þeirra við umheiminn."

Eins og ég sagði áðan er margt sem þyrfti að laga til að heyrnarlausir eða heyrnarskertir geti að svo miklu leyti sem unnt er staðið jafnfætis öðrum þegnum þjóðfélagsins og nýtt sér þau tækifæri sem bjóðast. En samkvæmt niðurstöðu könnunarinnar eru nokkrir þættir mest áberandi þar sem þörfin er brýnust á úrbótum. Ein spurningin í könnuninni hljóðaði svo, með leyfi forseta: „Hvað skortir mest í þjónustu við heyrnarlausa?" Það er skemmst frá því að segja að 81% aðspurðra nefna túlka, 66% nefna neyðarþjónustu og textasíma, 63% nefna félagsráðgjöf og 24% nefna textasíma. Þetta birtist síðan í ýmsum myndum í öðrum spurningum í könnuninni. En allt ber að sama brunni: túlkar, textasímar og ráðgjöf er það sem heyrnarlausa eða heyrnarskerta skortir helst.

Það er einmitt þessi þjónusta sem ætlunin er að bjóða upp á í þjónustumiðstöð eins og hér er lagt til að

komið verði á fót. Þar væri hægt að leita aðstoðar túlka, þar yrði textasími með tilheyrandi þjónustu og þar yrði ráðgjöf til handa þeim sem á henni þyrftu að halda. Það er því mín von að þjónustumiðstöð fyrir heyrnarskerta verði að veruleika og það fyrr en síðar.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta meira að sinni, en vil gjarnan gera lokaorð skýrslunnar um málefni heyrnarlausra að mínum. En þar segir, með leyfi forseta:

„Af niðurstöðum þessarar könnunar má draga þá ályktun að heyrnarlausir fari nokkuð á mis við þá þjónustu sem hið opinbera annast og á þetta fyrst og fremst við um menntunarmöguleika. Heyrnarlaus maður þarfnast túlkunar í skólum. Áhugi fyrir menntun er mikill. Með aukinni túlkaþjónustu mun menntun aukast og verða fjölbreyttari sem aftur leiðir til betri lífsafkomu og aðstæðna hinna heyrnarlausu. Á sviði fölmiðlunar er einnig þörf úrbóta. Heyrnarlausir fara á mis við nær allt íslenskt efni í sjónvarpi. Úrbætur eru í því fólgnar að birta texta með og enn fremur með öllu erlendu efni þar sem íslenskt talmál fylgir. Að auki er það greinileg ósk heyrnarlausra að fá félagsráðgjöf fyrir sinn hóp þar sem samskipti gætu farið fram á aðaltjáningamiðli hins heyrnarlausa, táknmáli."

Þjónustumiðstöð fyrir heyrnarlausa er stærsta og árangursríkasta skrefið sem hægt er að stíga nú í þá átt að rétta kjör og bæta aðstöðu þessa hóps fatlaðra.

Að umræðu lokinni legg ég til að málinu verði vísað til hv. félmn. og síðari umræðu.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég vil, eins og reyndar á síðasta þingi, taka undir þessa þáltill. sem hér liggur fyrir um þjónustumiðstöð fyrir heyrnarskerta og er flutt af Þórhildi Þorleifsdóttur hv. 18. þm. Reykv. og fleiri kvennalistakonum.

Ég held að við þurfum ekki að fjölyrða um það frekar en málefni heyrnarskerta eru mjög brýn. Þetta er ekki mjög stór hópur en þetta er fólk sem býr við mjög alvarlegar aðstæður og það er brýnt að leitað verði leiða til úrbóta. Í dag eru fjölmargir möguleikar til að hjálpa þessu fólki með ýmsum hætti. Það hafa verið framleidd margs konar hjálpartæki og það eru mörg önnur ráð til að þetta fólk geti notið þess að búa í nútímaþjóðfélagi. Ég ætla ekki að fjölyrða sérstaklega um það en vil eindregið vonast til þess að þetta mál fái góða og skjóta afgreiðslu. Það er von mín að málefni heyrnarskertra verði rædd meira í framtíðinni en hér hefur verið gert og heyrnarskertum verði gert kleift að vera fullgildir þjóðfélagsþegnar á Íslandi. Ég vil að öðru leyti þakka hv. flm. fyrir þessa þál. og vona að hún fái afgreiðslu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv. og til félmn. með 39 shlj. atkv.

Könnun á aðstöðu einstaklinga með glúten-óþol, fyrri umr.

Þáltill. HJ, 383. mál. — Þskj. 721.

Flm. (Hreggviður Jónsson):

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um könnun á aðstöðu einstaklinga með glúten-óþol og er till. svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til þess að kanna aðstöðu einstaklinga með glúten-óþol. Skal sérstaklega huga að aukakostnaði þeirra við matargerð og fæðiskostnað. Þá verði kannað með hvaða hætti einstaklingar með glúten-óþol njóti aðstoðar hins opinbera annars staðar á Norðurlöndum, svo sem með greiðslum frá almannatryggingum og hvaða skattalega meðferð þeir fá. Einnig verði kannað hvort gera megi glúten-óþol að skráningarskyldum sjúkdómi hér á landi."

Hæstv. forseti. Glúten-óþol er sjúkdómur sem greinst hefur á síðustu árum í talsvert auknum mæli hér á landi þó svo að greindir einstaklingar séu innan við 70 eftir því sem best er vitað. Það sem hins vegar hefur gerst er að læknar eru farnir að gefa þessum sjúkdómi meiri gaum og leita að honum sem möguleika. E.t.v. er mönnum ókunnugt hvað glúten-óþol er, en það er ofnæmi fyrir öllu hveiti, þar með talið heilhveiti, rúgmjöli, höfrum og byggi. Sú staðreynd að fyrrgreindar fæðutegundir eru mjög algengar í mat veldur því að verulegum erfiðleikum er háð fyrir einstaklinga að útbúa mat með efnum sem komið geta í stað hveitis, rúgmjöls, byggs og hafra.

Það er staðreynd að sjúklingar með þetta óþol mega alls ekki neyta brots úr milligrammi af efnunum án þess að þau valdi verulegum skaða á meltingarfærunum. Þó að vandamálið sé lítið í heildinni veldur það einstaklingum með sjúkdóminn verulegum erfiðleikum. Mér er kunnugt um að í Skandinavíu hafa opinberir aðilar átt eitthvert samstarf við félög þessa fólks en mér er ókunnugt um hversu mikið. Það er ljóst að lyf þessa fólks er fæða án hveitis, hafra, rúgmjöls og byggs. Ef þetta fólk þyrfti á lyfjum að halda úr lyfjabúðum þætti sjáfsagt að hið opinbera tæki þátt í kostnaði þess. Mér er kunnugt um að nokkrir einstaklingar njóti greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins vegna þessa, en það kallast þá ekki styrkur vegna glúten-óþols heldur umönnunarstyrkur eða því um líkt. Víst er að þessir einstaklingar þurfa meira að hafa fyrir matargerð en heilbrigðir einstaklingar og verða því fyrir verulegum kostnaði. Það er nauðsynlegt að heilbrigðisyfirvöld geri sér glögga grein fyrir vandamálinu, hversu stórt það er, hversu margir einstaklingar bera sjúkdóminn, hver kostnaðurinn er honum tengdur og hver staða er annars staðar á Norðurlöndunum.

Ég legg því þessa þáltill. fram til umræðu og afgreiðslu og óska eftir að henni verði vísað til félmn. Sþ. og síðari umræðu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til félmn. með 38 shlj. atkv.

Heilsufarsbók, fyrri umr.

Þáltill. GA o.fl., 471. mál. — Þskj. 832.

Flm. (Guðrún Agnarsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um heilsufarsbók á þskj. 832. Meðflutningsmenn mínir eru Danfríður Skarphéðinsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir og Þórhildur Þorleifsdóttir hv. þingkonur Kvennalistans.

Tillgr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela heilbrmrh. í samráði við landlækni að láta hanna heilsufarsbók sem fylgi hverjum einstaklingi frá vöggu til grafar.

Í heilsufarsbókina skulu skráðar jafnóðum allar þær upplýsingar um heilsufar einstaklingsins sem máli skipta, svo sem sjúkdómar, læknismeðferð og lyfjanotkun."

Það er nú svo að skráning og varðveisla ýmissa mikilvægra upplýsinga um heilsufar einstaklinga hefur farið vaxandi á undanförnum árum og áratugum. Þessar upplýsingar er langoftast að finna hjá heimilislækni eða heilsugæslulækni hvers einstaklings en einnig hjá sjúkrahúsum eða öðrum rannsókna- eða meðferðarstofnunum. Þrátt fyrir aukna tækni á tölvuöld er þó skipulag á þessum upplýsingum með ýmsum hætti og oft þarf víða að leita fanga til þess að fá heildarupplýsingar um heilsufar fólks. — Þá á ég fyrst og fremst við að einstaklingurinn sjálfur hefur oft mikið fyrir því og heldur sjaldnast skipulegt bókhald um það. — Allt of sjaldan hefur sjúklingurinn sjálfur yfirsýn yfir eigið heilsufar, tímasetningu og niðurstöður rannsókna og læknismeðferðar sem hann hefur fengið. Sem dæmi má nefna bólusetningar, lyfjagjöf, skurðaðgerðir, og þá hvað var numið brott, hvað var gert í hinum ýmsu aðgerðum o.s.frv. Þetta viðheldur vankunnáttu almennings og er ekki í samræmi við stefnu heilbrigðisyfirvalda sem hvetur til aukinna forvarna og frumkvæðis einstaklinga til að taka ábyrgð á eigin heilsugæslu. Til þess að svo geti orðið þarf aukna og skipulega heilbrigðisfræðslu, bæði í skólum og meðal almennings. Fræðslan ein sér nægir þó ekki til að tryggja það að einstaklingar taki ábyrgð á eigin heilsuvernd. Þeim verður jafnframt að vera það kleift efnahagslega og félagslega að velja sér lifnaðarhætti í samræmi við þá heilbrigðisfræðslu sem stunduð er. Það þarf einnig að auðvelda einstaklingnum aðgang að upplýsingum í þessum efnum og stjórnvöld hafa mikilvægu hlutverki að gegna. Þeim ber t.d. að samstilla ýmsa þætti stjórnsýslunnar þannig að þeir verði samvirkir til að ná markmiðum heilbrigðisfræðslu og heilsugæslu. Einn þáttur þess að auka hlutdeild almennings í eigin heilsuvernd er einmitt að gefa fólki kost á því að skrá í eina bók allt það sem viðkemur heilsufari þess. Upplýsingarnar eru þannig í fórum einstaklingsins eða umsjáraðila hans allt frá vöggu til grafar. Þar getur einstaklingurinn fylgst með eigin heilsufari haft eftirlit með því og tekið ábyrgð á því á virkari hátt.

Heilsufarsbækur hafa verið notaðar meðal ýmissa annarra þjóða um nokkurt skeið með góðum árangri. Hef ég sérstaklega kynnt mér slíka heilsufarsbók sem notuð er í Frakklandi. Ég ætlaði reyndar að hafa hana með mér hér í stólinn til þess að sýna hv. þm. en vegna þess hve tíminn var naumur þá tókst mér ekki að taka hana með mér. Ég væri hins vegar mjög fús til að veita upplýsingar ef menn hefðu áhuga. Slíkt skipulag, eins og ég hef þegar vitnað til, eykur ábyrgð og vitneskju einstaklingsins um eigið heilbrigði og heilsufar og skírskotar jafnframt og hvetur til þátttöku. Slík heilsufarsbók er því í fyllsta samræmi við yfirlýst markmið og stefnu heilbrigðisyfirvalda. Mér og okkur flm. finnst það vera á þeirra ábyrgð að hafa frumkvæði að því að gefa úr slíka bók sem einstaklingum yrði síðan falin til umsjár og mundi örugglega hvetja til meiri virkni og þátttöku almennings um eigið heilbrigði.

Ég legg til að þáltill. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. félmn. sameinaðs þings.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv. og til félmn. með 36 shlj. atkv.

Forkönnun Mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins á varaflugvelli á Íslandi, fyrri umr.

Þáltill. GHH o.fl., 458. mál. — Þskj. 818.

Flm. (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um forkönnun Mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins á alþjóðlegum varaflugvelli á Íslandi. Till. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að heimila Mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins að gera forkönnun á mögulegri staðsetningu og gerð alþjóðlegs varaflugvallar á Íslandi."

Flm. eru hv. þm. Halldór Blöndal, Ingi Björn Albertsson, Guðmundur H. Garðarsson, Hreggviður Jónsson, Pálmi Jónsson, Kristinn Pétursson, Einar Kr. Guðfinnsson og Eggert Haukdal, auk þess sem hér stendur.

Ég skal ekki, virðulegi forseti, setja á langa ræðu um þetta mál. Þetta mál hefur verið rætt mjög ítarlega á hv. Alþingi í vetur og leyfi ég mér að vitna til ummæla sem urðu utan dagskrár í sameinuðu þingi hinn 20. febr. sl. um þetta mál. Ég tel að sú umræða

og það svar við fyrirspurn, sem ég beindi til utanrrh. fyrr á þinginu, leiði það í ljós að það er ekki eftir neinu að bíða að taka ákvörðun um þessa forkönnun ef menn á annað borð ætla sér að taka þá ákvörðun. Fyrr á þinginu svaraði utanrrh. skriflega fyrirspurn minni um þetta mál og það svar liggur fyrir á þskj. 193. Að auki liggja hér fyrir allar þær upplýsingar sem fram komu í fyrrgreindum umræðum utan dagskrár 20. febr. sl.

Ég ætla ekki við þetta tækifæri, virðulegi forseti, að taka upp miklar efnislegar umræður um þetta mál. Till. er ekki síst flutt til þess að fram komi vilji meiri hluta Alþingis í þessu máli, en ég hygg að vilji meiri hluta þingmanna standi til þess að sú könnun, sem hér er lagt til að ályktað verði um, verði framkvæmd. Till. er flutt til að auðvelda utanrrh. að taka þessa ákvörðun, en það virðist sem hann hafi verið í einhverjum bögglingi með að taka hana vegna andstöðu annarra aðila að þessu stjórnarsamstarfi. Till. er flutt til þess að auðvelda hæstv. utanrrh. að taka þessa ákvörðun þrátt fyrir andstöðu einhverra samstarfsaðila. Hún er flutt til þess að fá fram vilja Alþingis í málinu þannig að það fari ekkert á milli mála að ef hæstv. ráðherra leyfir þessa forkönnun hafi hann til þess stuðning meiri hluta þingsins.

Um efnisatriði að öðru leyti vil ég leyfa mér að vitna til umræðna hinn 20. febr. sl., ekki síst ræðu hv. þm. Matthíasar Á. Mathiesens og hæstv. utanrrh. Að svo mæltu leyfi ég mér að leggja til að till. verði vísað til hv. utanrmn. og síðari umræðu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 38:2 atkv. og til utanrmn. með 37 shlj. atkv.

Skýrsla umboðsmanns Alþingis 1988.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Fyrir nokkru var lögð fram á Alþingi skýrsla umboðsmanns Alþingis fyrir árið 1988. Samkvæmt ákvörðun forseta þingsins og með tilvísun til 12. gr. laga nr. 13/1987, um umboðsmann Alþingis, er skýrslan nú tekin til umræðu í sameinuðu þingi. Rétt þótti að einn af okkur þingforsetum mælti fyrir skýrslunni.

Til embættis umboðsmanns Alþingis var stofnað með lögum nr. 13/1987 er tóku gildu 1. jan. 1988 og á fundi í Sþ. hinn 17. des. 1987 var dr. Gaukur Jörundsson kjörinn í starf umboðsmanns Alþingis til næstu fjögurra ára. Skv. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 13/1987 skal umboðsmaður árlega gefa Alþingi skýrslu um starfsemi sína á liðnu almanaksári. Skal skýrslan prentuð og hún birt opinberlega.

Skýrsla sú er hér liggur fyrir er fyrsta skýrsla umboðsmanns sem berst Alþingi í samræmi við nefnt lagaákvæði. Í bréfi umboðsmanns, er fylgdi skýrslunni og prentað er fremst í henni, er lýst efni skýrslunnar en henni er skipt í fimm kafla. Fjallar fyrsti kaflinn um störf umboðsmanns og rekstur skrifstofu hans á árinu 1988. Ég vek sérstaka athygli á öðrum kafla skýrslunnar en þar er að finna lýsingu á aðdraganda að stofnun embættis umboðsmanns Alþingis og starfssviði, hlutverki og starfsháttum umboðsmanns. Er þarna að finna fróðlegar upplýsingar um embættið og skýringar á þeim lagareglum sem um það gilda. Ber að þakka þá áherslu sem umboðsmaður hefur lagt á að hafa tiltækar slíkar skýringar til að auðvelda almenningi að átta sig á hlutverki og starfsháttum embættis umboðsmanns Alþingis.

Í næstu tveimur köflum er gerð grein fyrir þeim málum sem umboðsmaður fjallaði um á árinu 1988. Annars vegar er þar um að ræða tölfræðilegar upplýsingar og hins vegar eru birtar niðurstöður og álit í einstökum málum. Aðeins er þó gerð grein fyrir þeim málum sem umboðsmaður telur að hafi almenna þýðingu vegna starfs umboðsmanns og starfshátta í stjórnsýslunni.

Ársskýrslu umboðsmanns er einmitt ætlað það hlutverk að veita alþingismönnum, þeim er starfa í stjórnsýslunni og almenningi upplýsingar um þau mál er umboðsmaður fjallar um. Slík upplýsingagjöf er í raun hluti af því aðhaldi sem starfi umboðsmanns Alþingis er ætlað að vera gagnvart stjórnsýslunni og gefur okkur alþingismönnum kost á að íhuga hvernig til hefur tekist við lagasetningu og eftir atvikum að gera tillögur um breytingar.

Eins og umboðsmaður bendir á í bréfi sínu hafa ársskýrslur umboðsmanna þjóðþinga annars staðar á Norðurlöndunum áunnið sér sess sem upplýsingarit um réttarframkvæmd varðandi stjórnsýsluhætti. Með störfum sínum hafa umboðsmenn þessara þjóðþinga haft veruleg áhrif til góðs á starfshætti í stjórnsýslu þessara landa og ég vænti þess að sú verði einnig raunin hér á landi.

Í skýrslunni kemur fram að á árinu 1988 voru skráð hjá umboðsmanni 70 mál og af þeim höfðu 35 verið afgreidd við síðustu áramót. Aðeins er þarna um að ræða erindi sem bárust skriflega, en auk þess bárust skrifstofu umboðsmanns fjölmargar fyrirspurnir sem ýmist leiddu til þess að formleg kvörtun var borin fram af viðkomandi eða veittar voru leiðbeiningar um hvernig fyrirspyrjandi ætti að leita úrlausnar sinna mála. Þá ber að hafa í huga að skrifstofa umboðsmanns var ekki opnuð fyrr en í júlímánuði 1988 þannig að árið í fyrra var varla marktækt varðandi málafjölda hjá embættinu. Má til samanburðar nefna að samkvæmt upplýsingum umboðsmanns Alþingis hafa honum borist um 60 mál það sem af er þessu ári.

Viðfangsefni þeirra mála sem berast til umboðsmanns eru af margvíslegum toga eins og fram kemur í yfirliti á bls. 18 í skýrslunni. En auk þess að taka frá kvörtunum frá almenningi hefur umboðsmaður heimild til að taka upp mál af eigin frumkvæði.

Á árinu 1988 fjallaði umboðsmaður um þrjú mál að eigin frumkvæði og fjölluðu þau um breytingar á

lagareglum um gjafsókn, tiltekna þætti í starfsemi hlutafélagaskrár og mannréttindaákvæði í íslenskum lögum. Hefur ábending umboðsmanns Alþingis um ófullkomin ákvæði til verndar mannréttindum í íslenskum lögum orðið mönnum áminning í þessu efni og er vonandi að þess verði ekki langt að bíða að breytingar verði gerðar á íslenskum lögum til að bæta úr þessum annmörkum. Sérstaklega er ástæða til að vona að ekki líði á löngu áður en Alþingi fær til umfjöllunar tillögur að breytingum á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar. Samkvæmt lögum er það hlutverk umboðsmanns Alþingis að hafa í umboði Alþingis eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga á þann hátt sem greinir í lögum um starf hans og tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins.

Eins og bent er á í skýrslunni er starf umboðsmanns Alþingis enn í mótun og umboðsmaður telur engan veginn fullreynt hvernig við því verði brugðist af stjórnvöldum. Eiginlegt vald umboðsmanns Alþingis er fyrst og fremst fólgið í því að hann getur krafið stjórnvöld um upplýsingar og skýringar á ákvörðunum þeirra og framkomu. Að lögum eru hvorki stjórnvöld né sá er kvörtun hefur borið fram bundinn af áliti og niðurstöðu umboðsmanns. Umboðsmaður minnir hins vegar á það í skýrslu sinni að það kom skýrt fram í grg. með frv. til laga nr. 13/1987 að þau lög séu á þeirri forsendu reist að stjórnvöld hljóti yfirleitt að fara eftir áliti umboðsmanns. Víkur umboðsmaður í því sambandi sérstaklega að þeirri ákvörðun samgrn. að hafna niðurstöðu hans í þremur málum varðandi nauðsyn lagaheimildar til að mæla fyrir með reglugerð um sviptingu leyfis til aksturs leigubifreiða vegna hámarksaldurs leigubifreiðastjóra.

Þá vekur umboðsmaður athygli á því að í nokkrum tilvikum hefur dregist úr hófi að ráðuneyti hafi orðið við tilmælum hans um greinargerð og upplýsingar. Mun umboðsmaður af því tilefni hafa ritað forsrh. bréf og óskað eftir upplýsingum um hvort ráðuneytið fylgi ekki einhverjum starfsreglum um svör við erindum, sérstaklega þegar afgreiðsla dregst lengur en ástæða er til að vænta.

Umboðsmaður lýkur þeim hluta skýrslu sinnar er fjallar um störf hans á árinu 1988 með þeim orðum að hann telji óhjákvæmilegt að vekja athygli á þeim atriðum sem nefnd voru hér að framan. Í skýrslu sinni til Alþingis segir dr. Gaukur Jörundsson orðrétt:

„Forsenda laga nr. 13/1987, um umboðsmann Alþingis, er sú að umboðsmaður sé virtur svars og að tillit sé tekið til álita hans. Ef sú forsenda bregst tel ég að það hljóti að koma í hlut Alþingis að taka á ný afstöðu til þess með hvaða hætti unnið skuli að endurbótum í stjórnsýslu hér á landi."

Í tilefni af þessum orðum er ástæða til að minna á ábyrgð Alþingis á starfi umboðsmanns. Alþingi hefur með lögum ákveðið að koma þessu embætti á fót og fengið því það hlutverk að hafa í umboði þess eftirlit með stjórnsýslunni. Umboðsmaður Alþingis er kjörinn af Alþingi og þingið hefur því valið til starfsins mann sem það treystir til að fara með þetta eftirlitshlutverk. Er þarna fylgt fyrirmynd ýmissa erlendra ríkja sem hafa talið eðlilegt að borgararnir ættu kost á að leita með þessum hætti til óháðs aðila vegna skipta sinna við stjórnsýsluna. Það er því mikilvægt að Alþingi leggi sitt af mörkum til að treysta tiltrú almennings og stjórnvalda á embætti umboðsmanns Alþingis. Liður í því er sú umræða sem væntanlega verður árviss á Alþingi um skýrslu umboðsmanns. Þar gefst einmitt tækifæri fyrir þingmenn til að ræða þær athugasemdir sem umboðsmaður hefur gert við störf og starfshætti í stjórnsýslunni og þá einnig við framkvæmd þeirra laga sem stjórnsýslan starfar eftir.

Ég vil að lokum nota þetta tækifæri og þakka umboðsmanni Alþingis fyrir það brautryðjandastarf sem hann hefur þegar unnið með störfum sínum þennan stutta tíma og ég vonast til þess að árangur þess verði sem æskilegastur fyrir okkur öll.

Kjartan Jóhannsson:

Frú forseti. Ég tel að það sé nauðsynlegt að sú hefð skapist að skýrsla umboðsmanns Alþingis sé árlega tekin til umræðu á Alþingi. Þetta er fyrsta skýrsla umboðsmanns Alþingis og hér er því markaður sá farvegur að skýrslan skuli vera umræðuefni í Sþ.

Mér sýnist að það sé ástæða til þess að láta í ljós ánægju með þann árangur sem þegar hefur komið í ljós af starfi umboðsmanns Alþingis. Ég held að það sé augljóst að það hafi verið stigið mjög gott skref með stofnun þessa embættis og að jákvæðan árangur af því megi þegar merkja. En það er jafnsjálfsagt að nota þennan vettvang og þetta tækifæri, og tala ég þá sem einn af yfirmönnum umboðsmanns Alþingis sem forseti Nd, að héðan heyrist sú rödd að þeim eindregnu tilmælum sé beint til stjórnarstofnana um að þau veiti greiðlegar svör við þeim fyrirspurnum og tilmælum sem koma frá umboðsmanni Alþingis. Það er auðvitað að gefnu tilefni sem ég mæli þessi orð vegna þess að svör hafa ekki borist nægilega greiðlega, eins og kemur fram í skýrslu umboðsmanns Alþingis og kom fram í ræðu hv. forseta Ed.

Það verður þá líka að heyrast af þessum vettvangi að það sé hvatt til þess að ráðuneyti og aðrar stjórnarstofnanir taki fullt tillit til þeirra álita sem frá umboðsmanni Alþingis koma. Hér hefur orðið á einn misbrestur sem nauðsynlegt er að nefna og ég læt í ljós sérstök vonbrigði með, nefnilega viðbrögð hæstv. samgrh. sem hafði álit umboðsmanns Alþingis að engu. Ég tel að það sé mjög slæmt þegar slíkt gerist og það sé ástæða til að láta í ljós vonbrigði, eins og ég hef gert, og hvetja ráðuneyti kannski enn frekar en aðrar stofnanir í þjóðfélaginu til þess að fara eftir þeim álitsgerðum sem frá umboðsmanni Alþingis koma. Ég minni á að það er hlutverk Alþingis að styðja við bakið á þessari stofnun og hér er vettvangurinn til þess að vekja almenning til umhugsunar um þá úrskurði og þau álit sem frá umboðsmanninum koma.

Virðulegi forseti. Þetta taldi ég nauðsynlegt að yrði sagt hér á þessum vettvangi og þau orð sem ég hef

sagt eru ekki síst sögð með tilliti til þess að forsetar eru yfirmenn umboðsmanns Alþingis og ég vil að þau verði skoðuð í því samhengi.

Ragnhildur Helgadóttir:

Frú forseti. Það eru nokkur tíðindi í sögu mannréttindamála á Íslandi þegar fyrsta skýrsla umboðsmanns Alþingis er lögð fram til umræðu. Það væri vel ef við á Alþingi gætum sagt að við hefðum sjálf brugðist við ábendingum umboðsmanns með snöggum hætti. Vissulega tek ég undir gagnrýnisorð forseta Nd., hv. 4. þm. Reykn., sem hér talaði áðan, en ég hygg að Alþingi þurfi sjálft að gera hreint fyrir sínum eigin dyrum og megi vel líta til þess að við höfum um langan aldur verið aðilar að ýmiss konar þjóðréttarsamningum sem fela í sér aukin réttindi borgurum til handa án þess að við höfum sinnt því að lögleiða ákvæði þeirra. Nú er það ljóst að aðild að slíkum samningum felur í sér skyldu til þess að laga löggjöfina að skilyrðum sáttmálans en hitt er líka ljóst, að því er mannréttindaákvæðin varðar og þá fyrst og fremst Mannréttindasáttmála Evrópuráðsins, að við höfum ekki lögtekið sáttmálann sem slíkan né einstök ákvæði hans á Íslandi. Meira að segja var það svo að sú sem hérna stendur háði eitt sinn baráttu fyrir því að lögtekin væru á Íslandi þau ákvæði Mannréttindasáttmálans sem fjölluðu um rétt foreldra til að ráða uppeldi barna sinna. Hér voru þá á Alþingi ýmsir sem tortryggðu þetta ákvæði mjög, en þó var það í sáttmála sem við höfðum verið aðilar að áratugum saman.

Svona er þetta, því miður. Við erum þátttakendur og aðilar að ýmsum samningum sem eiga að tryggja réttindi borgaranna og við teljum að staða Íslands sé mjög sterk að þessu leyti, við lofum Ísland sem réttarríki og við lofum réttindi einstakra borgara á Íslandi. En erum við alveg viss um að við stöndum nægilega vel að þessu leyti? Erum við alveg viss um að við höfum með löggjöf treyst ýmis réttindi borgaranna, einkum í baráttu einstaklinganna við kerfið, eins og stundum er kallað, í baráttu einstaklinganna fyrir rétti sínum gagnvart stjórnsýslunni, gagnvart hinu mikla valdi sem einstaklingarnir hafa oft á tíðum ekki tök á að rata til hvað þá að rata um flókna stigu þess sama valds eða kerfis? Þess vegna eru lög sem tryggja meðferð mála einstaklinga gagnvart stjórnsýslunni, eða stjórnsýslulög, mjög mikilvæg til að treysta réttaröryggi manna svo og þau lög sem þessi skýrsla byggir á, þ.e. lögin um umboðsmann Alþingis. Þau eiga fyrst og fremst að þjóna einstaklingunum í baráttu þeirra gagnvart því ofurefli sem ríkisvaldið oft á tíðum er. Því er það þegar við höfum á Alþingi sett lög um slíkt starf þá þykir mér við vera siðferðilega bundin við að sinna þeim ábendingum sem frá þessum trúnaðarmanni Alþingis koma.

Við þetta bætist að það er algjörlega ljóst að á okkar tímum og í heimi mikillar fjölmiðlunar og aukinnar tækni er enn meiri nauðsyn en áður að styrkja stöðu einstaklingsins í baráttu hans fyrir eigin sjálfsögðum rétti sem við teljum ríki okkar byggja á. Við þekkjum sorgleg dæmi þess frá ýmsum ríkjum hvernig einstaklingar hafa lotið í lægra haldi vegna þess að enginn var til forsvars þeim í baráttunni við hinn fjórða þátt valdsins, ef svo má segja, þ.e. fjölmiðlana. Slík tilvik leiða hugann að því hve sjálfsagt það er að löggjafinn hafi úrræði sem einstaklingarnir geti notað til að reka réttar síns og varðveita rétt sinn gagnvart stjórnsýslunni og gagnvart þeim þáttum ríkisvaldsins sem kynni að sjást yfir sjálfsagðan rétt einstaklinga. Við viljum að sú stofnun sem við höfum hér komið á laggirnar verði til þess að auka réttaröryggi manna. Því langar mig til að nota þetta tækifæri til þess að hvetja til þess, sem ég reyndar hef gert áður, að alþingismenn standi saman um það á hausti komanda að lögfesta öll ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu. Þetta hefur verið gert í meiri hluta þeirra ríkja sem eru aðilar að þessum sáttmála og ég skil ekki hvað Íslendingum er að vanbúnaði að þessu leyti.

Ég vildi óska þess að þeir sem efast um þetta hefðu átt þess kost að vera viðstaddir fund sem við nokkrir alþingismenn sátum fyrir nokkrum dögum, nánar tiltekið 10. maí, þar sem mannréttindabaráttumaðurinn Lech Walesa frá Póllandi sat fund ásamt þingmannanefnd í Evrópuráðinu í tilefni af því að hann var þangað kominn til að taka við mannréttindaverðlaunum Evrópu. Hann sagði: „Þið í Vestur-Evrópu sem búið við öll þau mannréttindi sem raun ber vitni komið okkur til hjálpar, hjálpið okkur að byggja upp lýðræði og mannréttindi í okkar ríki. Við getum það ekki ein. Komið þið okkur til hjálpar. Leyfið okkur að taka þátt í mannréttindastarfi ykkar.“ Þetta sagði Lech Walesa á þessum fundi sem fjórir íslenskir þingmenn sátu. Þetta ásamt mörgu fleiru sem þessi gestur Evrópuráðsins og mikli mannréttindafrömuður sagði færði okkur enn á ný heim sanninn um það hvers virði það er að hafa skýr ákvæði um mannréttindi einstaklingum til handa í þjóðfélögum okkar og að fara eftir þeim. Að þau tæki sem við höfum til þess að aðstoða einstaklingana í baráttunni fyrir réttindum sínum í starfinu að sanngjarnri og réttri meðhöndlun mála. Ég held að þeir sem þarna voru viðstaddir hafi enn á ný sannfærst um hina miklu nauðsyn þessa. Því vitna ég til þessa að ég tel það renna stoðum undir þau rök sem eru fyrir því að við lögfestum mannréttindaákvæði frekar en við höfum gert.

Matthías Á. Mathiesen:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með þeim hv. þm. sem hér hafa talað um þýðingu þeirrar umræðu sem hér fer fram með tilliti til þess starfs sem umboðsmaður Alþingis vinnur og honum er ætlað að sinna samkvæmt þeirri löggjöf sem Alþingi hefur sett þar um. Ég skal ekki fjölyrða um þessa skýrslu en ég vil vekja athygli á því ef það gæti orðið til eftirbreytni að þessi skýrsla, sem dagsett er í febrúar, er núna til umræðu á seinustu dögum þingsins. Ég hefði talið eðlilegt og rétt að þessi umræða hefði farið fram töluvert mikið fyrr. Ég hef ekki dagsetninguna á því

hvenær hún barst til Alþingis en ég trúi því að hún sé búin að liggja hjá þingmönnum um nokkurt skeið. Þetta mál er þess eðlis að það þarf að gefa þinginu góðan tíma til að ræða það en það sem gerist, þ.e að umræðunni er ætlað að fara fram á tveimur seinustu sólarhringum þingsins, sýnist mér ekki vera í samræmi við þá hugsun sem liggur að baki stofnun þessa embættis og því að þessi embættismaður gefi Alþingi slíka skýrslu. Að öðru leyti, eins og ég sagði, tek ég undir þau sjónarmið sem hér komu fram hjá hv. þm. og tel að þessi umræða sé og komi síðar meir til með að verða enn þýðingarmeiri en hún er í dag. Þetta er fyrsta umræða sem fer fram um skýrslu umboðsmanns Alþingis og við munum að sjálfsögðu sjá um það þegar fram í sækir að hún verði höfð með þeim hætti að alþingismenn geti gefið sér tíma til skoðunar og umræðu.

Kristín Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég skal ekki vera margorð af þeirri einföldu ástæðu að ég hef ekki kynnt mér efni þessarar skýrslu nægilega til að vera þess umkomin að fjalla um hana á sómasamlegan hátt. Við fljótlegt yfirlit er þó augljóst að í þessari skýrslu eru mikilsverðar upplýsingar sem full þörf hefði verið á að hafa langa og góða umræðu um. Það kemur fram í efnisyfirliti, sem handhægt er að fara yfir, að fjallað er um hlutverk og starfshætti umboðsmanns Alþingis, birtar ýmsar tölulegar upplýsingar um skráð mál og afgreiðslu þeirra árið 1988 svo og álit og aðrar niðurstöður í málum afgreiddum árið 1988 og að auki nokkur fylgiskjöl. Sem sagt hinar ýmsu upplýsingar. Allt þetta er fyllsta ástæða til að athuga vel. Það er að mínu viti mjög hart að hafa ekki fengið ráðrúm til að kynna sér efni þessarar skýrslu í þeim miklu önnum sem nú ríkja á Alþingi.

Ég vek athygli á því að skýrslan var send Alþingi 23. febr. 1989. Nú man ég ekki nákvæmlega hvaða dag henni var útbýtt á Alþingi en það er ekki mjög langt síðan og verður að teljast mjög bagalegt að ekki hafi gefist meiri tími til þess að athuga efni hennar. Hér er um að ræða framkvæmd ákaflega mikilsverðrar og merkrar löggjafar sem sett var til þess að bæta réttarstöðu almennings og það varðar okkur mjög miklu hvernig til tekst. Því vil ég enn og aftur lýsa vonbrigðum mínum með það litla ráðrúm sem alþingismönnum hefur gefist til að lesa þessa skýrslu og fjalla um hana.

Ég vil hins vegar lýsa ánægju minni með þá reynslu sem fengin er af störfum umboðsmanns Alþingis hingað til, en vil reyndar jafnframt, eins og fyrri ræðumenn hér, lýsa megnri óánægju með viðbrögð framkvæmdarvaldsins sem mér virðist hafa sýnt þessu embætti óvirðingu. Ég hlýt að taka undir óskir manna um að framkvæmdarvaldið taki sig á í þessu efni. Ég vil sérstaklega benda á fáein orð á bls. 6 þar sem umboðsmaður Alþingis segir, með leyfi forseta:

„Ég dreg ekki dul á, að í nokkrum tilvikum hefur dregist úr hófi, að ráðuneyti hafi orðið við tilmælum mínum um greinargerð og upplýsingar. Í fæstum þeirra tilvika hafa þau staðfest móttöku erindis eða gert grein fyrir töfum á svörum. Hefur þessi framkoma orðið mér tilefni til þess að rita forsrh. bréf og óska upplýsinga um það, hvort ráðuneyti fylgi ekki einhverjum starfsreglum um svör við erindum, sérstaklega þegar afgreiðsla dregst lengur en ástæða er til að vænta."

Þetta eru mjög athyglisverð orð í þessari skýrslu umboðsmanns Alþingis og hlýt ég að láta í ljósi þá von mína að framkvæmdarvaldið sjái að sér og sýni þessu embætti fullan sóma og virðingu. Ég vil svo aðeins að lokum óska sérstaklega eftir því að í framtíðinni verði gefið betra ráðrúm til umræðna um skýrslu af þessu tagi en nú varð raunin þar sem hér er um svo mikilsvert mál að ræða.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu skýrsla umboðsmanns Alþingis fyrir árið 1988. Sú skýrsla er býsna vel fram sett og unnin og til mikils sóma fyrir það embætti. Þar er gripið á mörgum þáttum, ekki aðeins þeirri vinnu sem umboðsmaður hefur lagt fram heldur einnig stöðu hans lagalega og ýmsum upplýsingum eins og t.d. um þörf á lögfestingu þjóðréttarsamninga.

Það er ekki nokkur vafi á því að stofnun umboðsmanns Alþingis er á margan hátt þörf stofnun. Þar gefst litla manninum kostur á því að bera sig upp við umboðsmann Alþingis, sem er óháður, og leita eftir því hvort rétt hafi verið farið með mál hans í kerfinu. Umboðsmaðurinn leiðbeinir jafnframt hverjum og einum um það hvert, til hvers og hvernig hann á að standa að sínum málum. Það er því mjög mikilsvert að við stöndum þétt á bak við umboðsmann okkar þannig að hann geti unnið fljótt og vel fyrir borgarana. Það kemur hins vegar fram í hans skýrslu, eins og hv. 10. þm. Reykn. kom hér inn á, á bls. 6 að það hefur dregist nokkuð að ýmis ráðuneyti hafi svarað honum. Það er ljóst að við verðum að ýta á eftir því að umboðsmaður geti starfað þannig að hann fái svör og hann geti leyst þau ágreiningsmál sem hann telur að eigi að leysa. Jafnframt er í þessari skýrslu getið um nokkur mál sem hann hefur tekið á og eru mjög athyglisverð. Ég ítreka að við verðum að huga að okkar málum hér á þinginu. Í þessari skýrslu er t.d. einmitt bent á meinbugi í lögum o.fl.

Ég hefði kosið að við hefðum getað tekið öllu meiri tíma í þessa umræðu og á öðrum tíma ársins, eins og hér hefur komið fram hjá öðrum ræðumönnum um þetta efni, því þetta er töluvert stórt mál.

Ég vil líka taka undir það sem hv. 3. þm. Reykv. sagði um mannréttindamál. Hann minnti á Evrópuráðið og þau mannréttindaverðlaun Evrópuráðsins sem Lech Walesa var sæmdur á 40 ára afmæli ráðsins og þann fund sem var haldinn með honum og þingmönnum Evrópuráðsins. Ég hjó eftir því að á þeim fundi lagði Lech Walesa mikla áherslu á einstaklingsfrelsið og rétt einstaklinganna. Við mættum stundum hafa það meira í huga hér á Íslandi að einstaklingsfrelsið er mikils virði og við ættum að standa svolítið

betur að okkar löggjöf á mörgum sviðum þannig að við virtum einstaklingsfrelsið meira en oft er gert. Ég held að það væri þörf áminning að fá slíkar athugasemdir eins og Lech Walesa gerði um einstaklingsfrelsið því það er grundvöllur okkar stjórnskipulags.

Ég vil svo víkja að því sem ég gat um fyrr, þ.e. lögfestingu á þjóðréttarsamningum. Við höfum á undanförnum árum gerst aðilar að allmörgum þjóðréttarsamningum, skrifað undir þá en ekki lögfest. Við erum aðilar að töluvert mörgum alþjóðlegum samtökum þar sem þjóðréttarsamningar eru til umfjöllunar. Þetta er mjög mikilsverður hluti okkar laga í dag og við verðum að huga sérstaklega að þessum samningum sem hafa auðvitað mikið gildi fyrir okkur eftir að við höfum lögfest þá. Það er eins víst að við hljótum að huga sérstaklega að Mannréttindasáttmálanum, sem hv. 3. þm. Reykv. minntist hér á áðan, og hljótum að leggja ofurkapp á að lögfesta hann og gerast fullgildir aðilar að þeim samningi.

Það er svo að þeir mörgu þjóðréttarsamningar sem við höfum gerst aðilar að en ekki lögfest hljóta að koma til umræðu og staðfestingar. Það er svo að í mörgum alþjóðastofnunum er unnið að ýmiss konar samningum sem við hljótum að taka afstöðu til og athuga. Það er orðin miklu meiri ástæða til þess að við hugum alveg sérstaklega að þessum alþjóðlegu samningum og væri full ástæða til þess að Alþingi Íslendinga hugi að stöðu Íslands og réttarstöðu okkar gagnvart öllum þessum samningum sem við höfum gerst aðilar að og í hvaða veru við þurfum að beina okkar löggjöf í því sambandi. Við höfum legið á eftir í þessu á mörgum sviðum og það er því mjög brýnt að við tökum okkur til og gerum okkur ljóst hvar við erum aðilar að þjóðréttarsamningum og lögfestum þá og breytum okkar lögum í því samræmi.

Ég vil einnig sérstaklega undirstrika það sem kemur fram í skýrslu umboðsmanns Alþingis þar sem hann bendir á með réttu að það eru mjög ófullkomin ákvæði til verndar mannréttindum í íslenskum lögum. Það er því brýn ástæða til þess að við setjum miklu fullkomnari ákvæði til verndar mannréttindum í íslensk lög sem tryggi einstaklingsfrelsið og rétt einstaklinganna á hinum ýmsu sviðum. Þetta sýnir sig þar sem fram kemur í þessari skýrslu að ýmis ráðuneyti hafa lítt svarað umboðsmanni og dregið það úr hömlu. Framkvæmdarvaldið telur sig bæði hafið yfir lög og rétt og virðist oft á tíðum halda að það sé hið eina vald í þjóðfélaginu. Þess vegna er það mikilvægt að við stöndum mjög þétt á bak við umboðsmanninn og setjum þau ákvæði í lög um mannréttindi þannig að réttur einstaklinganna sé ekki fyrir borð borinn.

Í þessari skýrslu er farið inn á mjög mörg atriði sem væri þörf á að ræða hér. Ég ætla ekki að ræða þau sérstaklega því ég held að til þess þurfi alllangan tíma. Það kemur fram í þessari skýrslu að umboðsmaður hefur fjallað um samtals 70 mál og það sýnir e.t.v. hve margir telja sig misrétti beitta. Það er því full ástæða til þess að þetta haldi áfram með þeim hætti sem hér er og ég vil sérstaklega þakka umboðsmanni fyrir allítarlega, vel gerða og yfirgripsmikla skýrslu þó í stuttu máli sé því þessi skýrsla er alveg til fyrirmyndar og mættum við á margan hátt læra af því. Ég vil þakka umboðsmanni alveg sérstaklega fyrir það hversu vel hann hefur komið þessum málum á framfæri við okkur á Alþingi.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrir þá umræðu sem hefur farið fram. Ég get tekið undir það sem komið hefur fram í máli manna að æskilegt væri að menn hefðu þar getað undirbúið sig betur og um þetta væri fjallað á breiðari grundvelli en orðið hefur við þessar aðstæður. Hins vegar vil benda á að það er erfitt að ásaka einhvern einstakan fyrir það að svo hefur orðið nú og allra síst held ég að þar sé við umboðsmann að sakast. Hann skilaði þessari skýrslu til forseta áreiðanlega nokkru fyrr en margar stofnanir gera. Skýrslan var að sjálfsögðu aðeins í handritsformi og síðan þurfti að prenta hana. Strax og því var lokið var skýrslunni dreift á Alþingi og það eru nákvæmlega þrjár vikur síðan nú í dag. Það er því vafasamt að segja að þetta sé mjög skammur fyrirvari að því leyti fyrir þessari umræðu eða frá því að skýrslunni var dreift. E.t.v. hefði verið réttara að tilkynna það með fyrirvara að hún yrði tekin á dagskrá í dag til þess að menn væru betur undirbúnir fyrir umræðuna og sjálfsagt að það verði þá tekið til athugunar framvegis. Ég held að jafnvel þó að umræðan hafi ekki verið lengri en þetta hafi verið ávinningur af henni, bæði þeim ábendingum sem hér hafa komið fram til alþingismanna og annarra.

Eins og ég sagði í upphafi vænti ég þess að það verði árviss atburður að skýrslan verði rædd hér og það megi verða til styrktar því málefni sem hún fjallar um.

Kjartan Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Eins og hér hefur verið drepið á kemur það fram í þessari skýrslu að ákvæðin til verndar mannréttindum séu ófullkomin í íslenskum lögum og stjórnarskrá okkar að því leytinu gölluð og úrelt. Nú er það kunnara en frá þurfi að segja að áratugum saman hafa menn sett niður hverja nefndina á fætur annarri til þess að endurskoða stjórnarskrána með nákvæmlega engum árangri. Það eitt hefur verið átt við stjórnarskrána, held ég að óhætt sé að segja, að breyta kosningalögum svo sem eins og einu sinni á áratug.

Það er starfandi nefnd þingmanna, einu sinni enn, sem búin er að vera starfandi í allmörg ár á vegum þingsins og tilnefnd á vegum þingflokkanna, til þess að vinna að þessum málum en það sér ekkert frekar fyrir endann á því verki. Ég held að það væri ástæða til að reyna að koma þessari vinnu að endurskoðun stjórnarskrárinnar í nýjan farveg og stuðla þannig að því að frekari skriður kæmist á endurskoðunina. Þá á ég ekki síst við þau ákvæði sem lúta að mannréttindamálum og sem gerð er grein fyrir hversu ófullkomin séu í þeirri skýrslu sem hér er til umfjöllunar og aðrir hv. ræðumenn hafa á minnst. Ætli það væri ekki ráð

að skipa sérstaka nefnd sérfróðra aðila til að fjalla sérstaklega um þá þætti stjórnarskrárinnar sem varða mannréttindi? Kannski ætti ég að orða það þannig að fjalla um þá þætti stjórnarskárinnar sem ekki beinlínis lúta að kosningalögum.

Ég vil nota þetta tækifæri til þess að gera það að tillögu minni að slík nefnd verði skipuð, nefnd sérfróðra manna, sem væri ætlað að undirbúa tillögur um breytingar á stjórnarskránni einkum að því er varðar mannréttindi og þau ákvæði stjórnarskrárinnar sem ekki snúast um kosningalög og skyld málefni. Þetta ætti að vera nefnd sérfróðra aðila og verkefni nefndarinnar væri að leggja línur um þá valkosti sem fyrir hendi eru, vinna málið í hendur stjórnmálamanna til þess að greiða fyrir ákvarðanatöku.

Ég geri þetta hér að tillögu minni og í rauninni beini ég máli mínu að öllum líkindum til hæstv. forsrh. sem ætti að hafa frumkvæði að slíkri nefndarskipan ef menn vildu fylgja þessari tillögu. Mín skoðun er sú að það hafi dregist svo úr hömlu að endurskoða stjórnarskrána, þær tilraunir sem hafi verið gerðar í þessa veru og eru í gangi hafi og verið svo óvirkar og seinvirkar að við það verði ekki unað og því sé nauðsynlegt að finna þessu nýjan farveg. Mín hugmynd er sú að með þessum hætti, þ.e. að skipa nefnd fáeinna sérfróðra aðila, mætti greiða mjög fyrir því að tekið yrði á þeim ákvæðum sem að er fundið í stjórnarskránni og lúta einkum að mannréttindum.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka þátt í þessari umræðu en orð síðasta ræðumanns, hv. 4. þm. Reykn., urðu til þess að ég mátti til með að koma aðeins upp. Hann tók svo til orða að stjórnarskráin íslenska væri gölluð og úrelt. Ég er honum ekki sammála um þetta. Hins vegar gæti vel verið að segja mætti að íslenskir stjórnmálamenn væru gallaðir og úreltir því það eru þó nokkur ákvæði stjórnarskrárinnar sem hæstv. Alþingi hefur ekki verið nógu duglegt við að virða. Þar á ég sérstaklega við ákvæði varðandi fjárlög. Það er t.d. ekki enn þann dag í dag farið að leggja fram frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1988 þótt samkvæmt stjórnarskránni hefði átt að gera það í fyrrahaust, svo maður nefni nú eitthvert dæmi.

Hv. þm. var tíðrætt um mannréttindi og að það þyrfti að skipa nefnd sérfróðra aðila til þess að endurskoða mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar. 67. gr. stjórnarskrárinnar er nú t.d. um það að eignarrétturinn sé friðhelgur, engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji, þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir. Það gengur alla vega ekki gagnvart þessari grein að rupla og rányrkja eigið fé íslenskra atvinnuvega eins og gert er þessi missirin. Það virðist enginn áhugi fyrir því í hæstv. Alþingi að ræða það atriði og stjórnarmeirihlutinn lætur sér fátt um finnast þó að verið sé að reyna að fitja upp á umræðum um það atriði.

Svo kemur hæstv. forseti Nd. og talar um mannréttindi, það þurfi að endurskoða stjórnarskrána út af einhverjum mannréttindaákvæðum. Hvernig væri að byrja á því að virða þessa stjórnarskrá sem er í gildi? Ég held að það væri bærilegt. Hv. þm. sagði að það þyrfti að leggja línur um einhverja valkosti í sambandi við mannréttindamál. Ég held að það þyrfti að leggja línur um valkosti við það að skoða hvernig eigi að virða stjórnarskrána í dag og þá varðandi þessi tvö atriði sem ég tel að sé Alþingi til vansæmdar, þ.e. fjáraukalög fyrir árið 1988 og hvernig farið er með eigið fé undirstöðufyrirtækja landsmanna. Það ætti að byrja á því að virða stjórnarskrána sem er í gildi áður en farið er að þvæla um að endurskoða hana.

Ragnhildur Helgadóttir:

Frú forseti. Þetta er aðeins örstutt. Vegna þeirra orða sem hv. 4. þm. Reykn. lét falla um stjórnarskrána og athugun hennar og vegna þeirrar tillögu sem hann bar fram um skipun nefndar sérfróðra aðila til að fara sérstaklega í mannréttindaþátt stjórnarskrárinnar, þá er ég síður en svo andvíg þeim hugmyndum sem hann setur fram. En ég vildi einungis árétta það að miklu fljótlegri og beinni leið er einfaldlega að lögtaka ákvæði Mannréttindasáttmálans sem við erum aðilar að, þ.e. samþykkja þau í almennum lögum.

Við höfum af því reynslu hve langan tíma það tekur að breyta stjórnarskránni og það gilda lög um að það þurfi að gerast með tilteknum mjög seinvirkum hætti, enda leysum við ekki málið með nokkrum stjórnarskárákvæðum. Við höfum þá ekki leyst þann þátt málsins sem umboðsmaður víkur að í skýrslu sinni, þ.e. að lögtaka sáttmálana eða kafla þeirra. Hann segir í skýrslunni á bls. 45, með leyfi hæstv. forseta: „Aðstaðan hér er sú að íslensk lög ganga a.m.k. að ýmsu leyti skemmra í vernd mannréttinda en þessir sáttmálar. Getur þetta valdið vanda í lagaframkvæmd hér á landi. . . .“

Umboðsmaðurinn bendir þá á tvenns konar úrræði, annars vegar á stjórnarskrárákvæðin og hins vegar, eins og segir á bls. 46: „Ég tel einnig, að mjög kæmi til greina, að umræddir mannréttindasáttmálar eða hlutar þeirra verði teknir í íslensk lög.“

Við þurfum ekki að vanefna þessa sáttmála þó að þeir séu ekki orðréttir í íslenskum lögum. Hins vegar vildi ég árétta þá skoðun mína að ég tel að við aukum stórlega réttaröryggi einstaklinga í landinu ef við hverfum að því ráði, eins og reyndar meiri hluti þeirra þjóða sem eru aðilar að Mannréttindasáttmála Evrópu hafa gert. Ég segi enn og aftur: Ég veit ekki hvað okkur ætti að vera að vanbúnaði.

Viðskipti á hlutabréfamarkaði, frh. fyrri umr.

Þáltill. FrS o.fl., 330. mál. — Þskj. 599.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Nokkur orð vegna þeirrar þáltill. sem hér er til umræðu og vegna þess sem fram kom hjá 1. flm., hv. 1. þm. Reykv., fyrr í umræðunni.

Hér er vissulega hreyft þörfu máli og það er rétt athugað hjá flutningsmönnum að það er eitt brýnasta viðfangsefnið í íslenskum atvinnumálum að auka eigið fé í íslenskum fyrirtækjum og þar er virkur hlutabréfamarkaður áreiðanlega ein mikilvægasta leiðin að því marki. Um þetta er ég sammála flm. og get þess vegna tekið undir meginefni tillögunnar þótt ég telji að ekki sé hyggilegt að setja þessu svona ákveðinn búning, þ.e. að semja skuli tillögur um ráðstafanir sem tilbúnar verði fyrir næsta reglulegt Alþingi. Hér er ekki um slíkar einstakar ákvarðanir eða aðgerðir að ræða heldur miklu fremur þróun sem fer fram víða og á mörgum sviðum. Að þessu mun ég víkja nokkuð hér á eftir.

Í framsöguræðu 1. flm. kom að mínu áliti því miður fram nokkur misskilningur. Flutningsmaður virtist standa í þeirri trú að í málefnasamningi þeirrar ríkisstjórnar sem nú starfar væri ekki fjallað um þau málefni sem flm. þessarar tillögu bera fyrir brjósti. Það er gott að fá þetta tækifæri til að leiðrétta þennan misskilning því að í málefnasamningi stjórnarinnar segir einmitt um fjármagnsmarkaðinn, sem virðist hafa farið fram hjá hv. 1. þm. Reykv., með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir markvissum endurbótum á skipulagi og starfsháttum á fjármagnsmarkaði þannig að hann gegni betur og á ódýrari hátt þýðingarmiklu hlutverki sínu í greiðslumiðlun og í miðlun fjármagns frá sparifjáreigendum til lántakenda."

Virkur hlutafjármarkaður er einmitt einn þátturinn í þessum umbótum á fjármagnsmarkaðinum og að þeim hefur vissulega verið unnið því sannleikurinn er sá, gagnstætt því sem hv. 1. þm. Reykv. hélt fram, að ýmsar ráðstafanir hafa þegar verið gerðar til þess að örva viðskipti á hlutabréfamarkaði hér á landi og fleiri ráðstafanir eru í undirbúningi. En þessar ráðstafanir þurfa auðvitað að koma í réttri röð. Ég er flutningsmönnum þessarar þáltill. sammála um það að virkur og heilbrigður hlutabréfamarkaður er mikilvægur fyrir atvinnulífið því á slíkum markaði geta atvinnufyrirtækin aflað sér eigin fjár sem er þeim ódýrara en lánsfé á erfiðleikatímum. Þetta mun auðvitað styrkja atvinnulífið þegar á móti blæs. Ég er líka þeirrar skoðunar að fyrirtæki sem skráð hafa hlutabréf sín á verðbréfaþingi muni þannig fá aukið aðhald í rekstri sem bæði þeim og því fólki sem hefur afkomu sína af starfseminni er nauðsynlegt.

En eins og ég sagði þá skulum við taka hlutina í réttri röð. Ég ætla þá í fyrsta lagi að minna á að á þessu þingi hefur ríkisstjórnin beitt sér fyrir lögfestingu frv. um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði. Þetta frv. er nú orðið að lögum, nr. 20/1989. Þar er að mínu viti lagður grunnurinn að síðari uppbyggingu á fjármagnsmarkaði og sem ég mun víkja nokkuð að hér á eftir.

Í þessum lögum er í fyrsta sinn settur rammi um starfsemi verðbréfafyrirtækja sem geta tekið það að sér að vera viðskiptavaki, það er tekið á vandamáli sem myndast hefur vegna svokallaðra innherjaviðskipta og þar er tekið á viðskiptum forstöðumanna fyrirtækja. Þar eru gerð glögg skil á stjórn verðbréfasjóða og miðlaraviðskiptanna og þar er verðbréfafyrirtækjunum líka veitt ákveðin staða í sambandi við útgáfu markaðsverðbréfa, þar á meðal hlutabréfa almenningshlutafélaga. Yfir þetta hlýtur hv. flm. að hafa sést þegar hann flutti sitt mál um daginn.

Ég tel reyndar að þessi lög marki á vissan hátt vegamót í hagsögu landsins, en traust verðbréfafyrirtæki eru einmitt forsenda heilbrigðra viðskipta með hlutabréf. Þetta var einmitt ein af þeim tillögum sem gerðar voru í skýrslu breska fyrirtækisins Enskilda Securities sem samin var að beiðni Seðlabankans og Iðnþróunarsjóðs og fram kom í fyrra og vitnað er til í greinargerð með þáltill.

Þá vil ég í öðru lagi nefna að það er nauðsynlegt að efla Verðbréfaþing Íslands til viðskipta með hlutabréf. Viðskipti á þessu þingi hafa hingað til eingöngu verið með skuldabréf. En á sl. vori samþykkti stjórn þingsins reglur um skrásetningu hlutabréfa. Því miður hefur ekkert hlutafélag enn verið skráð á verðbréfamarkaðnum og eru vafalaust til þess ýmsar ástæður. Ég tel hins vegar að það sé grundvallaratriði til þess að efla hér hlutabréfaviðskipti að þarna sé um skráningu að ræða með ákveðnum upplýsingaskyldum til að tryggja viðskiptavinina gegn prettum í hlutabréfaviðskiptunum.

Það er sagt af forsvarsmönnum fyrirtækjanna að þeir hafi ekki viljað skrá sig vegna þess að upplýsingagjöfin hafi vaxið þeim í augun. Ég tel að þarna sé um nokkrar ofsjónir af þeirra hálfu að ræða. Stjórn Verðbréfaþingsins vinnur nú að samningum reglna um útboð hlutabréfa til almennings, en þar er um afar þýðingarmikið atriði að ræða í þessu máli. Þar mun verða höfð hliðsjón af útboðsreglum sem gilda í ríkjum Evrópubandalagsins og eru nú að verða viðmiðunarreglur í Vestur-Evrópu. En það er ekki nóg að búa þessu starfsramma, starfsvettvang og skipulegar reglur ef hugarfarsbreyting verður ekki hjá eigendum og stjórnendum atvinnufyrirtækja. Þeir þurfa að temja sér þá hugsun að almenningshlutafélagaformið sé einna heppilegasta rekstrarformið fyrir atvinnuvegi hér á landi og ég veit að hv. 8. þm. Reykv. er mér sammála um þetta.

Þá kem ég í þriðja lagi að því að auðvitað er það rétt, eins og kemur fram í máli 1. flm. þessarar till. og í grg., að ýmis ákvæði skattalaga hafa verið til hindrunar því að almenn viðskipti með hlutabréf geti hafist af krafti. Ég vil benda á að ríkisstjórnin lætur nú einmitt vinna að tillögum um það að samræma skattmeðferð eignartekna hvers konar, þar með af hlutabréfum. Það þarf auðvitað að verða a.m.k. jafnhagstætt fyrir sparifjáreigendur að leggja sinn sparnað í hlutabréf og að varðveita sparifé á annan hátt.

Þá kem ég loks að nauðsyn þess að fjölga öflugum

viðskiptavinum á hlutabréfamarkaði. Það er löng reynsla erlendis að hlutabréf fyrirtækja gefa að jafnaði hærri arð en skuldabréf þar sem skipulega er á málum haldið. En hins vegar, eins og flestum er ljóst, eru verðmæti þeirra meiri sveiflum háð. Lífeyrissjóðir, sjóðir tryggingafélaga og fleiri aðilar, sem hafa mikilvægar fjárfestingar með höndum, fjárfesta því yfirleitt hluta af sínu fé í hlutabréfum en annan hluta í skuldabréfum, sem er að öðru jöfnu talin tryggari fjárfesting. Þetta tel ég að við séum með sem næsta skref að samræma löggjöf og reglur um lífeyrissjóðina. Ég tel nauðsyn bera til að þeir dreifi sem mest sinni áhættu og ávöxtun fjármuna, m.a. með því að fjárfesta bæði í innlendum og erlendum eignum og í skuldabréfum jafnt sem hlutabréfum. Reynsla annarra þjóða hefur kennt okkur að með því móti er launþegunum best tryggður lífeyrir hjá sjóðunum þegar fram líða stundir.

Í samþykktum lífeyrissjóðanna sem nú eru í gildi er víða að finna takmarkanir á kaupum hlutabréfa. Ég vil vinna að því að breytingar verði gerðar þannig að í nýjum samræmdum lögum um lífeyrissjóði verði þeim heimilað að festa fé sitt a.m.k. að hluta í hlutafélögum þannig að hér verði um samval að ræða á vegum sjóðanna, þ.e. að þeir velji sitt „portfolio", eins og kallað er á erlendum tungum, með tilliti til bæði arðs og öryggis og eigi kost á því að fjárfesta í því sem auðvitað er undirstaða alls í landinu, þ.e. almennilegum atvinnuvegum.

Það sem ég hef nú rakið sýnir að það eru í gangi ýmsar ráðstafanir til þess að leggja grunn að hlutabréfamarkaði. Hér er eðli málsins samkvæmt um fjölþættar ráðstafanir að ræða, ekki þó neina allsherjarlausn, en það er verið að vinna að þessum breytingum. Það er mín trú að í framtíðinni verði virkur hlutabréfamarkaður einn af hornsteinum okkar hagkerfis. Ég ítreka þá skoðun mína að fyrsta hleðslan í þessari byggingu hafi verið löggjöfin um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði.

Að lokum vil ég, eins og ég gerði í byrjun máls míns, taka undir meginefni þáltill. en tel ekki nauðsyn á að setja henni tímamörk eins og tillaga er gerð um í þeirri ályktunartill. sem hér liggur fyrir okkur.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að taka þátt í umræðu um þessa þáltill. og fyrir þá stuðningsyfirlýsingu sem hann hefur gefið með sínum orðum, þótt hann telji að óþarfi sé að í þáltill. standi að tillögurnar skuli vera tilbúnar fyrir næsta reglulegt Alþingi. Ég skil það svo að hæstv. ráðherra sé tilbúinn til þess að stuðla að framgangi þessarar till. þótt skammur tími sé til stefnu og gæti þá hv. hlutaðeigandi nefnd breytt till. til samræmis við óskir ráðherra ef hann telur tímann af of skornum skammti.

Það kom fram í mínu máli, sem var talsvert ítarlegt þegar ég flutti framsöguræðu mína með þessari till., að margt hefði áunnist á íslenska fjármagnsmarkaðnum og nefndi ég þar sérstaklega til sögunnar frelsið, þ.e. vaxtafrelsið. Ég veit að um það erum við sammála, ég og hæstv. ráðherra, að það hefur leitt til mikilla bóta á fjármagnsmarkaðnum enda hefur hæstv. ráðherra verið manna fremstur í flokki við að skýra það út fyrir almenningi bæði í sinni núv. stöðu og eins áður en hann tók við ráðherraembætti. Það kom enn fremur fram í mínu máli að lög um verðbréfasjóði og verðbréfaviðskipti voru auðvitað nauðsynleg lög, enda studdi Sjálfstfl. þá löggjöf meðan hún var í smíðum og telur hana af hinu góða. Ég man eftir því að í umræðu um það mál sagði hæstv. ráðherra að strax í kjölfar þess að þau lög, nr. 20/1989, yrðu samþykkt mundi hann beita sér fyrir því að Íslendingar gætu keypt verðbréf erlendis. Það væri vissulega fróðlegt að heyra hjá hæstv. ráðherra hvort unnið hefði verið að því máli upp á síðkastið. Þetta var eitt af því sem síðasta ríkisstjórn lýsti yfir að gert yrði í tímans rás. Nú virðist sá tími vera kominn því að hæstv. ráðherra orðaði það svo að slíkt mundi gerast í kjölfar samþykkis á þeim lögum sem hann vitnaði til um verðbréfaviðskipti.

Ég held, þrátt fyrir upplestur hæstv. ráðherra úr stjórnarsáttmálanum, að engum manni geti dulist að þar er ekki beinlínis vikið að hlutabréfamarkaðnum, þó að með því að toga orðalagið til, eins og hæstv. ráðherra reyndi að gera, megi vissulega fella breytingar á hlutafjármarkaðnum undir það sem þar stendur. Það er ljóst að þar er fyrst og fremst verið að tala um aðra hluti. Eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra virðist vera tilhneiging hjá hæstv. ríkisstjórn til þess að sameina nauðsynlegar breytingar á hlutabréfamarkaðnum þeim hugmyndum sem hæstv. ríkisstjórn hefur um að breyta skattareglum eignatekna, þar á meðal fjármagnstekna. Ég tel að það sé ástæðulaust að bíða eftir því. Það megi margt gera varðandi hlutabréfaviðskipti áður en hæstv. ríkisstjórn hefur komist að því hvernig hún hyggst koma fram með tillögur um eignatekjur og fjármagnstekjur.

Varðandi skráningu á Verðbréfaþingi Íslands er það ekki alls kostar rétt sem kom fram hjá hæstv. ráðherra að það sé tregða hjá stjórnendum fyrirtækjanna af ástæðum sem hann nefndi. Það er nefnilega ljóst að til að fyrirtæki skrái hlutabréf sín á Verðbréfaþingi Íslands frekar en nú er gert þyrfti að breyta 74. gr. laganna um tekjuskatt og eignarskatt, en þar segir beinlínis að opinberlega skráð hlutabréf skuli metin til eignarskatts á síðasta skráða gengi í árslok. Þetta hefur þá þýðingu að bréfin eru metin til eignar og þar með til eignarskatts á síðasta skráðu gengi en allir vita að það er hægt að kaupa hlutabréf með beinum kaupum án þess að um gengisskráningu bréfanna sé að ræða og þá er stofnverðið, sem er þá um leið grundvöllur skattsins, annað en væri um það að ræða að það sé keypt og skráð á Verðbréfaþingi Íslands.

Í grg. með till. vík ég að þessu og segi þar að til greina komi að mínu áliti og þeirra sem eru flm. þessarar till. að hafa skattfrádráttarreglurnar í lögunum nr. 9/1984 með þeim hætti að það væri rýmri

reglur fyrir þau fyrirtæki sem eru skráð á Verðbréfaþinginu. Þetta sjónarmið helgast m.a. af því að það þarf að vera tiltölulega gott viðskiptaöryggi með hlutabréf sem ganga kaupum og sölum, ekki síst ef markaðurinn verður stærri en hann er í dag og næði jafnvel til erlendra aðila. Á síðustu mánuðum, eins og fram kemur í blöðum sem gefin eru út af þeim aðilum sem skrá hlutabréf, hefur verið vaxandi áhugi erlendis á kaupum á íslenskum hlutabréfum. Auðvitað hlýtur það að vera framtíðin að Íslendingar geti eignast hlut í erlendum fyrirtækjum og útlendingar í innlendum fyrirtækjum, ekki síst þegar við skoðum framvindu mála í Evrópu þar sem einingarnar eru að stækka og þar sem fjármagnsflæði er sífellt að verða frjálsara með hverju árinu sem líður. Ég veit að ég þarf ekki að skýra það út fyrir hæstv. ráðherra. Þau mál þekkir hann betur en margir aðrir.

Ég vil benda hæstv. ráðherra á að í fjh.- og viðskn. liggja tvö frv. *til breytinga á lögum nr. 9/1984* sem, ef samþykkt yrðu, gætu aukið eftirspurn eftir hlutabréfum og þá sérstaklega minni fyrirtækjanna. Þessi frv. voru lögð fram á þingi í trausti þess að þau kynnu að verða til þess að áhugi fyrirtækjastjórnenda yxi á því að stækka hlutafélögin, fjölga hluthöfum og yrði þess vegna hvati til almenningshlutafélaga. Ég er sammála hæstv. ráðherra að enginn maður hefur fyrr né síðar á Íslandi skýrt þetta betur út eða barist meira fyrir þessu en einmitt hv. 8. þm. Reykv. sem í gegnum tíðina hefur skrifað um þetta ágætar greinar og bækur. Þessi frv. sem þarna er um að ræða eru frv. sem víkja að eftirspurnarhliðinni. Það mætti hugsa sér að gera ýmislegt er varðar framboðshliðina í þessum efnum og auðvitað eru skattareglurnar kannski sá hvati sem helst er hægt að grípa til.

Ég gagnrýndi enn fremur í minni framsöguræðu mjög ákveðið hvernig hæstv. ríkisstjórn virðist líta til þessara mála almennt. Það eina sem hæstv. ríkisstjórn virðist hafa gert er að koma upp Hlutafjársjóði sem er ætlað það hlutverk að breyta lánum ýmissa opinberra aðila í hlutdeildarbréf Hlutafjársjóðs Byggðastofnunar, lækka þannig skuldir fyrirtækjanna en sjóðurinn eignast hins vegar hlut í fyrirtækjunum á móti. Þetta er gert með ríkisábyrgð að hluta og er hallærisráðstöfun gerð í því skyni að fyrirtækin verði betur sett til að geta fengið lánafyrirgreiðslu hjá Atvinnutryggingarsjóði útflutningsgreinanna, eins og skýrt kemur fram í einu dagblaðinu í dag þegar talað er við forstöðumann þessa sjóðs og reyndar enn fremur forstöðumann Hlutafjársjóðsins. Með þessu virðist ríkisstjórnin hæstv. líta til hlutabréfakaupa eingöngu í því skyni að bjarga fyrirtækjum sem varla eru „solvent", ef ég má nota það orð. Það er hins vegar ekkert hugsað um það hvernig vinna má í fyrsta lagi að því markmiði að örva kaup og sölu á hlutabréfum sem í gangi eru og hins vegar að fjölga hluthöfum og reyna að auka eiginfjárhlutfall fyrirtækjanna hér á landi. Veit þó hæstv. ráðherra betur en flestir aðrir að eiginfjárhlutfallið hér á landi hefur sífellt farið lækkandi á undanförnum árum og nú stefnir í það nánast að fyrirtækin byggi allan sinn rekstur á lánsfé. Það veit hæstv. ráðherra að kann ekki góðri lukku að stýra.

Þessi gagnrýni mín kom fram í minni upphafsræðu og hún stendur enn. Það eru engin svör hjá hæstv. ráðherra að segja að á þessum málum verði tekið þegar tekist verður á um það hvernig eigi að skattleggja eignatekjur og þar með fjármagnstekjur. Við vitum ekkert hvenær það verður gert. Það eina sem við höfum heyrt um það mál er þegar hæstv. fjmrh. hefur staðið hér upp og sagt að það eigi að gilda sérstakar sérreglur um skuldabréf ríkisins í þeim efnum. Það er það eina sem hæstv. ráðherra fjármála hefur sagt um það efni og finnst manni það skjóta nokkuð skökku við ef ríkissjóður á að hafa sérstakan forgang yfir aðra í þessu tilliti. Mín gagnrýni beindist fyrst og fremst að því. Mér finnst að hæstv. ríkisstjórn hafi ekki sýnt þessum málum nægilegan skilning jafnvel þótt hæstv. viðskrh. sé áhugamaður um þetta efni. Þessi gagnrýni mín stendur eftir sem áður enda má benda á verkin því að þau sýna nákvæmlega það hvað gerst hefur. Hæstv. ríkisstjórn hefur ekkert gert annað en að koma þessum nauðsynlegu lögum fram um verðbréfaviðskiptin, sem ég fagna og skal enn þá lýsa því yfir, eins og ég gerði í minni fyrri tölu í dag.

Þrátt fyrir allt þetta vil ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að hafa tekið undir þau efnisatriði sem koma fram í þessu frv. Ég viðurkenni að það er nokkuð liðið á þingtímann og því kannski ekki við því að búast að þessi tillaga nái fram að ganga fyrir þinglok. En ég treysti þá á, vegna þessa mikla skilnings sem kemur fram hjá hæstv. ráðherra, að hann láti nú hendur standa fram úr ermum og sýni í verki skoðun sína á þessum málum þannig að við upphaf næsta þings komi fram frv. sem örvi viðskipti með hlutabréf. Jafnframt skora ég á hæstv. ráðherra og liðsmenn hans, fulltrúa þeirra sem styðja núv. hæstv. ríkisstjórn, að styðja fram komnar brtt. hv. 1. þm. Vestf. *við frv. um ráðstafanir vegna kjarasamninga*, en þar er að finna brtt. sem mundu gagnast mörgum fyrirtækjum mjög vel í þessum efnum og mundu stuðla að því að auka eftirspurn eftir hlutabréfum í íslenskum fyrirtækjum sem þurfa mjög á því að halda um þessar mundir.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég taldi rétt að hinkra við af því að ég ætla að beina orðum mínum til viðskrh. og meðan hann var á þessum prívatfundi við hv. þm. taldi ég ekki við hæfi að trufla þau fundahöld.

En ég vildi taka undir þau orð sem hafa fallið í garð hæstv. ráðherra um það að hann hafi sýnt þessu málefni, þ.e. að reyna að örva verðbréfaviðskipti á Íslandi, sérstaklega mikinn áhuga sem og einnig með sérstöku tilliti til þess að hæstv. ráðherra hefur lagt áherslu á að reyna að skapa þau skilyrði að hér gæti verið líflegur hlutabréfamarkaður. Að vísu vil ég samt segja það að eftir að hæstv. ráðherra fór í núv. ríkisstjórn hefur ekki verið staðið þannig að málum að hæstv. ráðherra gæti staðið við þau góðu fyrirheit sem hann hefur haft undanfarin ár um að hann vildi

efla hér heilbrigðan hlutabréfamarkað vegna þess að núv. ríkisstjórn hefur því miður staðið þannig að málum að allt sem hún gerir stefnir að því að eyðileggja það að hér geti orðið frjáls og öflugur hlutabréfamarkaður. Því miður. Stefna núv. ríkisstjórnar er svo neikvæð gagnvart íslensku atvinnulífi og gagnvart þeim eignaraðilum sem hugsanlega gætu komið til skjalanna í sambandi við verðbréfakaup og væntanlega aðild að fyrirtækjum að ég geri mér litlar vonir um það að hæstv. ráðherra geti staðið við þau fyrirheit sem hann gaf og sem hann hefur endurtekið í ræðum á þingi í vetur. Það eru aðrir aðilar sem koma í veg fyrir það að hæstv. ráðherra geti komið góðum áformum sínum í framkvæmd. Því miður. Hins vegar tek ég undir það að hæstv. ráðherra hefur sýnt fullan vilja til þess en greinilega ekki ráðið við það þegar á átti að herða.

Ég vildi, virðulegi forseti, fá að segja nokkur orð um þessa þáltill. og einnig víkja nokkuð að ræðu hv. þm. Friðriks Sophussonar af því tilefni. Það er góðra gjalda vert að leggja fram þáltill. sem fela það í sér, eins og þessi till., að örva skuli viðskipti á hlutabréfamarkaði á Íslandi. En það sem er náttúrlega grundvallaratriði ef það á að gerast er auðvitað að það verður að skapa almenn og jákvæð starfsskilyrði í atvinnulífinu til að svo geti orðið. Það þarf einnig að efla trú fólksins á því að það eigi að taka þátt í atvinnulífinu með eignarhlutum. Þá þarf ekki síður að breyta viðhorfum alls almennings varðandi atvinnurekstur því viðhorf fólks til atvinnurekstrar á Íslandi er því miður mjög neikvætt. Ég vil þar helst kenna því um að íslensk stjórnvöld hafa því miður verið allt of neikvæð í afstöðu sinni til atvinnulífsins og til sjálfstæðs atvinnurekstrar. Opinber afskipti, ríkisafskipti á öllum sviðum hafa því miður hamlað þar gegn því að einstaklingar gætu komið að íslenskum atvinnurekstri með þeim hætti að það væri aðlaðandi eða það örvaði viðskipti með hlutabréfum.

Ég hef átt þess kost í tæplega tvo áratugi að fylgjast nokkuð með íslensku atvinnulífi og þeim þætti er lýtur að því að fyrirtæki eða sjóðir og bankar kæmu til skjalanna sem kaupendur að hlutabréfum. Ég verð því miður að segja að það hefur ekki verið skilningur fyrir hendi af hálfu ríkisvaldsins, það hefur ekki verið skilningur fyrir hendi sem skyldi af hálfu valdamikilla embættismanna í íslensku embættismannakerfi og það hefur ekki verið skilningur á því í íslensku bankakerfi hvernig að þessum málum ætti að starfa.

Þessi markaður er mjög þröngur. Við búum við lítið og þröngt hagkerfi sem skapar því miður ekki þá miklu möguleika sem menn hafa víða í löndum í kringum okkur. Fyrir utan það er ekkert land í Vestur-Evrópu sem býr við skattalöggjöf sem er jafnneikvæð gagnvart því að menn eigi hlutabréf þannig að þau beri sama arð og t.d. skuldabréf eða jafnvel það að ávaxta sína peninga á bundnum reikningum í bönkum. Þetta hefur auðvitað haft það í för með sér að almenningur hefur ótrú á því að einstaklingar eigi að reyna að eignast eignarhlut í fyrirtækjum, auk þess sem almenningur er því mjög andvígur að þeir sjóðir, sem hugsanlega gætu verið hér stórir aðilar að, taki yfirleitt þátt í íslensku atvinnulífi með þeim hætti sem hæstv. viðskrh. vill stefna að og við viljum flestöll gera sem aðhyllumst frjálst efnahagslíf.

Ef við lítum á starfsskilyrði sjáum við strax að sú atvinnugrein, sem helst ætti að vera sá vettvangur sem við mundum beina peningum til í formi hlutabréfakaupa, er auðvitað sjávarútvegur og fiskiðnaður. Starfsskilyrði þessara atvinnugreina hafa verið með þeim endemum síðustu árin og enn er ekki aðlaðandi fyrir fólk að kaupa hlutabréf í fyrirtækjum í íslenskum sjávarútvegi og fiskiðnaði. Það hefur m.a. haft það í för með sér að þar sem sjávarútvegur og fiskiðnaður eru sífellt vera rekin með tapi hafa þeir, sem bera ábyrgð á stórum sjóðum sem almenningur á, ekki treyst sér til þess að mæla með því sem skyldi að keypt yrðu hlutabréf í stórum og ég vil segja sæmilega vel reknum fyrirtækjum á þessu sviði, því miður, vegna þess að þessi aðalatvinnugrein þjóðarinnar er alltaf rekin á horriminni. Það er sama hvaða ríkisstjórn er við völd á Íslandi. Þetta er auðvitað mjög alvarlegt mál.

Það sama má segja um almennan iðnað. Það er mjög erfitt að reka fyrirtæki í iðnaði þannig í dag að þau hafi þann arð að það sé fýsilegt að festa peninga í þessum fyrirtækjum. Það er helst á sviði þjónustugreina sem það hefur komið til greina að leggja fé í kaup á hlutabréfum. En þá kemur það að núv. ríkisstjórn hefur breytt skattalögum þannig að það er óhagkvæmt að fjárfesta í hlutabréfum. Það er yfirleitt óhagstætt að eiga miklar eignir á Íslandi.

Við þetta bætist svo það að vissir forustumenn stjórnmálaflokkanna hafa sífellt verið að tönglast á því að þeir sem taka þátt í slíkum viðskiptum, hvort sem það eru skuldabréfakaup eða hlutabréfakaup, séu að versla á hinum svokallaða gráa markaði. Það eitt út af fyrir sig gerir það að verkum að menn veigra sér við að koma inn á þetta viðskiptasvið og þarf ærið þrek til vegna þess að þegar slíkir menn koma í fjölmiðlana með þeim orðum og athöfnum sem þeir hafa gert á undangengnum árum er það ekki fýsilegt fyrir þá sem eiga að taka þátt í að fjárfesta mikið fé í íslensku atvinnulífi sem býr við erfiðar kringumstæður.

Varðandi það sem hæstv. ráðherra sagði um lífeyrissjóðina, þá kom hann inn á atriði sem hefur verið hálfgert feimnismál, ég vil segja því miður, fyrir íslenskt atvinnulíf. Það er um þátttöku lífeyrissjóðanna í íslensku atvinnulífi með öðrum hætti en þeim að lána bara peninga. Það er fyrir löngu tímabært að íslenskir lífeyrissjóðir komi inn í atvinnulíf á Íslandi sem hluthafar.

Virðulegi forseti, vegna þess að þetta er eiginlega meginmál vil ég að lokum segja að lífeyrissjóðirnir hafa ekki getað fengið að taka þátt í því að kaupa hlutabréf í stórum fyrirtækjum, m.a. vegna þess að þetta er lokaður markaður. Það eru ekki nema örfá stór fyrirtæki á Íslandi sem hafa þá rekstrarafkomu sem réttlætir það að lífeyrissjóðirnir kaupi hlutabréf.

Því miður er mínum tíma lokið. Ég hefði viljað

koma inn á það atriði, virðulegur forseti, þar sem ráðherra talaði um að hann vildi opna möguleika á erlendum viðskiptum. Það hefur hann sagt áður en það er því miður ekki komið til framkvæmda. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra að því hvort hann ætli að koma því í höfn núna á þessu vori að slík viðskipti geti hafist.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég fagna þessari tillögu til að örva viðskipti við hlutabréfamarkaðinn því að hér er um mjög þýðingarmikið atriði að ræða, sérstaklega svo að íslenskir stjórnmálamenn geti fylgst með því hvað þeir eru að gera. Ef það hefði verið meira um það að fyrirtæki hefðu viðskipti við hlutabréfamarkaði í fyrrahaust þegar þessum dæmalausu sköttum var skellt á fyrirtækin og framleiðsluna hefði nú eitthvað gerst á þeim markaði. Þeir hefðu sennilega aldrei reynt að fara að blóðmjólka kúna ef svona markaður hefði verið til.

Kjarni málsins í dag er auðvitað hvernig sé hægt að snúa við. Það er hægt að auka eigið fé íslenskra fyrirtækja með aukinni þátttöku almenningshlutafélaga. Það verður náttúrlega ekki gert nema skilyrðin séu til þess og þau gerast í gegnum svona hlutabréfamarkað. Eins og tækniþróunin er orðin í dag þá er ekkert því til fyrirstöðu að einn hlutabréfamarkaður sé dreifður um allt land í gegnum bankaútibú. Það er mjög auðvelt að framkvæma það og það eru tæknilegir möguleikar í dag á að hafa einn hlutabréfamarkað sem nær um allt landið. Á þann hátt er hægt að laga íslenska hagkerfið meira að svipaðri hagstjórn og er í öðrum vestrænum ríkjum. Verðbólgu og vöxtum verður aldrei náð niður með öðrum hætti en viðurkenndum, vestrænum aðgerðum, þó að menn séu að reyna að galdra eitthvað hókus pókus og sýnast vera að reyna að gera það með öðrum hætti. En það er mjög þýðingarmikið að þessum hlutabréfamarkaði verið komið á sem fyrst til þess að auka megi eigið fé íslenskra fyrirtækja með aukinni þátttöku almennings.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Það kom fram í máli hv. 14. þm. Reykv. að hann taldi þörf á að breyta viðhorfum almennings, fyrirtækja og stjórnvalda til fjármögnunar fyrirtækja og sérstaklega hlutabréfaviðskipta. Ég get tekið undir þetta með honum og sérstaklega fannst mér að það kæmi skýrt fram í hans ræðu að þetta skilningsleysi á þessum málum hefði staðið æðimikið lengur en þessi stjórn hefur verið að störfum. Ég vil hughreysta þá 1. þm. Reykv. og 14. þm. Reykv. með því að þessi stjórn hefur bara verið tæplega átta mánuði að verkum. Hún hefur þegar lokið því sem er miklu mikilsverðara í þessu máli en fyrri stjórnum hefur auðnast að gera, nefnilega að koma á almennri rammalöggjöf um verðbréf og þar með hlutabréfaviðskipti. Ég er sannfærður um það og vil reyna að sannfæra þá um að framhald muni verða á þessu þannig að hagsmuna almennings sé þó jafnan gætt.

Þeir beindu báðir til mín spurningu, hv. 1. þm. Reykv. og sá 14., hvort fyrir dyrum stæði að heimila Íslendingum að eignast erlend verðbréf og erlendum mönnum að eignast innlend verðbréf. Svarið er já. Í kjölfar laga nr. 20/1989 verður þessi gluggi opnaður. Hann verður opnaður með gát til þess að menn þurfi ekki að skella honum aftur eins og komið hefur fyrir ýmsar þjóðir sem hafa slegið inn á þessa braut. (**FrS:** Hverra?) T.d. er kerfi Norðmanna þar ljósast. Ég bið hv. 1. þm. Reykv. að hafa enn nokkra biðlund með mér, bæði í þessum ræðutíma og í starfstíma stjórnarinnar sem á eftir að verða langur eins og hann veit. Það er því alveg óhætt að bíða. Það kemur alltaf nógur tími. (**FrS:** Við heyrðum erkibiskups boðskap.) Alltaf nógur tími. Ég vil svara þeim ágætu fyrirspyrjendum þannig að þetta muni gerast á næstu vikum, þ.e. að þarna verði gætilega opnaðar dyr og með þeim hætti um búið að ekki þurfi að skella þessu í lás strax aftur.

Það þurfti heldur ekki, svo að ég svari aftur hv. 1. þm. Reykv., að toga neitt til orðin í stjórnarsáttmálanum um mikilvægi þess að bæta virkni fjármagnsmarkaðarins. Þau eru alveg skýr og ótvíræð og ég las þau bara upp og togaði þau ekkert til. Ég er hv. 1. þm. Reykv. sammála um að það er ekki og var ekki ástæða til að bíða eftir samþykkt skattalagabreytinga, þótt þarfar séu á þessu sviði, til þess að hefjast handa um að greiða fyrir skipulegri fjármögnun innlendra atvinnuvega og auðvelda hlutabréfaviðskiptin, enda hefur það þegar verið gert eins og sú lýsing sem ég gaf á aðgerðum þessarar stjórnar á hennar skamma starfstíma gefur órækan vitnisburð um.

Ég hlustaði með athygli á þau orð sem féllu hjá hv. 1. þm. Reykv. um nokkrar skattalagabreytingar. Þau mál verða til athugunar á næsta þingi. Um tíðar orðræður hans um Hlutabréfasjóðinn, sem settur var með lögum í vetur, vil ég með allri virðingu fyrir hv. 1. þm. Reykv. beina því til hans að hann kunni að alhæfa nokkuð út frá því sem þar er að gerast. Sérstaklega vara ég við alhæfingunum um breytingar á eiginfjárstöðu íslenskra fyrirtækja á þann einfalda hátt sem kom fram í máli hans. Þar er ekki verið að tala um heildina í þessu máli.

Að endingu vil ég þakka hv. 14. þm. Reykv. sérstaklega fyrir það sem hann sagði hér um lífeyrissjóðina og hlutverk þeirra á fjármagnsmarkaðinum. Þar tek ég undir hvert orð. Það er sannarlega mikilvægt að á þessum lokaða markaði íslenskra hlutafélaga og innlendra atvinnufyrirtækja verði breytingar og að sá sparnaður almennings sem mikilsverðastur er í landinu, þ.e. lífeyrissjóðirnir, verði virkjaður til þess að efla íslenska atvinnuvegi.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins fá að koma að einni stuttri athugasemd vegna orða hæstv. ráðherra um að á þessu þingi hafi verið sett rammalöggjöf um verðbréfa- og hlutabréfaviðskipti. Þetta er alveg rétt. Ég vil vekja athygli á því að þetta verk, þ.e. undirbúningur að setningu þessarar löggjafar, hófst í tíð

ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar og þetta var eitt af meginmarkmiðum þessarar ríkisstjórnar. Þannig að núv. hæstv. viðskrh. hefur þar verið að framkvæma eitt af þeim verkum sem við höfðum áformað á sínum tíma.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til allshn. með 35 shlj. atkv.

Skógrækt á eyðijörðum í ríkiseign, fyrri umr.

Þáltill. IBA o.fl., 442. mál. — Þskj. 802.

Flm. (Ingi Björn Albertsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. á þskj. 802 um skógrækt á eyðijörðum í ríkiseign. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Hreggviður Jónsson, Guðmundur H. Garðarsson, Guðmundur G. Þórarinsson, Árni Gunnarsson og Geir Gunnarsson. Tillögutextinn er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela landbrh. að láta kanna hvaða eyðijarðir í ríkiseign er hægt að afhenda Skógrækt ríkisins til að efla og styrkja skógrækt í landinu. Niðurstöður könnunarinnar skulu kynntar Alþingi eigi síðar en 1. nóv. 1989."

Í greinargerð segir eftirfarandi:

„Ari fróði segir í Íslendingabók um aðkomu fyrstu landnámsmanna: „Í þann tíð var landið við vaxið milli fjalls og fjöru." Þannig leit Ísland út í augum þeirra er fyrstir námu hér land. Nú er öldin önnur og má heita að Ísland sé allt að því skóglaust land, a.m.k. í samanburði við önnur Evrópulönd.

Það er skoðun flutningsmanna að Ísland þurfi ekki að vera eins nakið og bert og raun ber vitni.

Tillaga þessi er lögð fram sem liður í að efla skógrækt í landinu. Gert er ráð fyrir því að landbrn. geri á því úttekt hvaða jarðir í eigu ríkisins, sem komnar eru í eyði, henti til skógræktar. Lögð skal á það áhersla að skógræktarfélög verði höfð með í ráðum, helst þó þannig að þar sem starfandi eru skógræktarfélög fari þau með málið.

Eðlilegt er þó að slíkt sé undir yfirstjórn Skógræktar ríkisins, enda segir í lögum um skógræktina frá 1907 að hlutverk hennar sé m.a. „að rækta nýjan skóg, þar sem henta þykir, að leiðbeina um meðferð skógar og hvaðeina er að skógrækt lýtur". Því hlýtur það að teljast eðlilegt að Skógrækt ríkisins hafi yfirumsjón með þessum málaflokki.

Í fróðlegri grein sem Sigurður Blöndal skógræktarstjóri ritaði í Þjóðviljann 5. apríl sl. og bar yfirskriftina „Skógur og skógrækt á Íslandi" segir m.a.: „Um síðustu aldamót hófu nokkrir Danir tilraunir í skógrækt á Íslandi með innfluttum trjátegundum. Í mörgum Evrópulöndum, m.a. Danmörku, hafði slíkt verið reynt lengi og víða með góðum árangri. Hér virtist þetta sérlega freistandi þar eð í landinu var aðeins ein tegund sem myndaði samfellda skóga. Þessar tilraunir stóðu í rúman áratug, en var þá hætt vegna þess að þær þóttu ekki bera nógu góðan árangur. Samt er það nú svo að núna standa einstök tré og litlar þyrpingar sem fögur minnismerki um þessa viðleitni hugsjónamanna og eru mikilsverðar fyrir þá sem fást við skógrækt nú. Þessi stefna var svo tekin upp aftur á fjórða áratug aldarinnar, eftir að Hákon Bjarnason varð skógræktarstjóri.

Síðar varð mönnum svo ljóst að íslenskt gróðurríki, sem hefur innan sinna vébanda ákaflega fáar tegundir, gefur ranga mynd af gróðurskilyrðum. Hér geta miklu fleiri tegundir vaxið en þær sem gátu borist til landsins af sjálfsdáðum. Auk þessa hafði um helmingur þeirra lifað af ísöld.

Eftir síðustu heimsstyrjöld hófst þessi innflutningur svo af miklum krafti og stendur enn.

Skógrækt ríkisins hefur flutt inn og reynt yfir 100 tegundir trjáa frá meira en 1000 stöðum víðs vegar á jörðinni. Um tíu þeirra eru nú ræktaðar í nokkrum mæli og fimm mynda stofninn í skógrækt á Íslandi í dag: lerki frá Rússlandi og Síberíu, sitkagreni og skyldar tegundir frá Alaska, stafafura frá Alaska, alaskaösp frá Alaska og blágreni úr Klettafjöllum Norður-Ameríku."

Síðar í sömu grein skilgreinir skógræktarstjóri mismunandi tilgang skógræktar á eftirfarandi hátt: „Skógur er ræktaður í mismunandi tilgangi og eftir því eru honum gefin mismunandi heiti: verndarskógur, nytjaskógur, útivistarskógur, skjólbelti.

Auðvitað skarast þetta meira og minna. Þannig er allur skógur verndarskógur í þeim skilningi að hann er besta vernd jarðvegs fyrir vatns- og vindrofi. Allur skógur er einnig vernd fyrir þann undirgróður sem er hluti af vistkerfinu á hverjum stað. Nefna má það dæmi að ýmsar jurtir vaxa aðeins í skógi sem samsettur er af ákveðnum trjátegundum. Ef skógurinn hverfur hverfa þessar tegundir líka. Af því að skógurinn er efsta hæðin í margbrotnu vistkerfi ræður hann svo miklu um þýðingarmikla vaxtarþætti eins og skjól, loft- og jarðvegsraka, samsetningu jarðvegs og ljósmagn.

Þannig skapar allur skógur skjól, bæði utan skógar að vissu marki og alltaf innan hans.

Hins vegar er ekki allur skógur nytjaskógur. Með þessu hugtaki er átt við skóg sem framleiðir efnahagsleg verðmæti. Til þess eru sumar trjátegundir betri en aðrar. Ákveðnar kröfur eru gerðar um vöxt og vaxtarform eftir því hvaða afurðir á að fá úr skóginum. Þannig eru t.d. þær fimm trjátegundir, sem voru fyrr í þessari grein og nú eru mest ræktaðar hérlendis, heppilegastar í ræktun nytjaskógar.

Um útivistarskóg gegnir öðru máli. Í slíkum skógi eru litlar kröfur gerðar um vöxt og vaxtarform trjánna. Skógur, sem er ekki nema 4–5 metra hár, getur verið ágætur útivistarskógur og trén mega alveg eins vera bogin eða kræklótt eins og með þráðbeinan bol. Fjölbreytni í tegundum er þýðingarmikið atriði í útivistarskógi. Þangað sækja menn skjól, kyrrð, angan, litskrúð og einhverja stemningu sem allt þetta

felur í sér. Óhætt er að fullyrða að víðast hvar á Íslandi, þar sem fólk býr, sé hægt að rækta skóg sem hefur gildi fyrir útivist. Sama verður ekki sagt um nytjaskóg. Aðeins lítill hluti landsins býður slík vaxtarskilyrði að ræktun hans sé fýsileg.

Skjólbelti eru svo enn ein tegund skógræktar sem hefur sérstaka þýðingu í landbúnaði fyrir grasrækt, akuryrkju, garðrækt og húsdýr. Ræktun skjólbelta er síðasta stig ræktunarbyltingarinnar í íslenskum landbúnaði sem enn er að mestu eftir að hrinda í framkvæmd."

Skógræktarstjóri endar síðan grein sína á eftirfarandi hátt:

„Skógrækt ríkisins er lögum samkvæmt ætlað að hafa yfirstjórn skógræktarmála svo sem tíðkast í flestum löndum. Á vegum þeirrar stofnunar hefur hingað til verið efnt til allvíðtækrar skógræktar á nokkrum stöðum á landinu og nokkur af kunnustu birkiskóglendum landsins eru í eigu eða umsjá hennar.

Skógræktarfélög landsins eru yfir 40 talsins og mynda landssambandið Skógræktarfélag Íslands. Til samans eru þau stærsti skógræktaraðili landsins og njóta sum þeirra verulegs stuðnings sveitarfélaga sem hafa falið þeim skógræktarstarfið innan sinna vébanda. Skógræktarfélög Reykjavíkur og Eyfirðinga eru langstærstu dæmin um þetta. Meginmarkmið skógræktarfélaganna er ræktun útivistarskóga.

Hafin er nú nokkur skógrækt á bújörðum bænda með styrk frá ríkinu og undir yfirstjórn Skógræktar ríkisins. Þetta er eingöngu nytjaskógrækt. Margir einstaklingar stunda skógrækt sér til hugarhægðar, einkum við sumarbústaði. Margir þeirra ná undraverðum árangri og óvæntum, oft við skilyrði sem virðast öndverð. Nokkrir einstaklingar hafa lagt út í umfangsmikla skógrækt fyrir hugsjónina eina að fegra land sitt. Má sjá hjá þeim sumum glæsilegan árangur.

Loks er þess að geta að nokkur fyrirtæki hafa byrjað skógrækt á landi sem er ætlað starfsfólki þeirra til útivistar."

Á Alþingi 1983–1984 svaraði þáverandi landbrh. fyrirspurn Kristófers Más Kristinssonar um eyðijarðir. Í því svari kemur fram að ríkissjóður á mörg hundruð eyðijarðir um allt land. Flutningsmenn þessarar tillögu telja það vel þess virði að kannað verði hverjar af þessum eyðijörðum henta til skógræktar.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það hversu mikil prýði er að skógi vöxnu landi í samanburði við þær óhirtu eyðijarðir sem nú eru því miður orðnar allt of margar."

Hæstv. forseti. Ég þarf ekki að hafa fleiri orð um þetta mál en ég þegar hef haft, en óska þess að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til hv. atvmn. og síðari umræðu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til atvmn. með 33 shlj. atkv.

Kosning sjö manna í stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins til fjögurra ára, frá 1. júlí 1989 til jafnlengdar 1993, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 6. gr. laga nr. 43 16. apríl 1971, um Áburðarverksmiðju ríkisins.

Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Gunnar Sigurðsson kaupfélagsstjóri (A),
Bjarni Helgason jarðvegsfræðingur (B),
Garðar Sveinn Árnason framkvæmdastjóri (A),
Egill Jónsson alþm. (B),
Stefán Sigfússon fulltrúi (A),
Kjartan Ólafsson ráðunautur (B),
Magnús Eyjólfsson bóndi (A).

Kosning sex manna og jafnmargra varamanna í stjórn Þróunarsamvinnustofnunar Íslands til fjögurra ára, frá 25. maí 1989 til 25. maí 1993, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 6. gr. laga nr. 43 26. maí 1981, um Þróunarsamvinnustofnun Íslands.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:

Ingvar Gíslason ritstjóri (A),
Árni Vilhjálmsson prófessor (B),
Árni Gunnarsson alþm. (A),
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir mannfræðingur (B),
Margrét S. Björnsdóttir háskólakennari (A),
Kristján Ingvarsson verkfræðingur (A).

Varamenn:

Ólafur Þ. Þórðarson alþm. (A),
Ásgeir Guðlaugsson heildsali (B),
Björn Þorsteinsson bæjarritari (A),
Hólmfríður Garðarsdóttir framkvæmdarstjóri (B),
Maríanna Traustadóttir mannfræðinemi (A),
Þyrí Baldursdóttir skrifstofumaður (A).

Um þingsköp.

Kosningar, nefndastörf o.fl.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Laun ríkisstjórnarinnar fyrir hönd Aðalheiðar í hækkun á álagningu skatta í vetur og stuðning flokksbrots Borgfl. á þingi við framgöngu fjölda mála er nú verðlaunaður með setu í stjórn

Áburðarverksmiðju ríkisins og í Þróunarsamvinnustofnunar Íslands. Ég vil óska hæstv. forsrh. til hamingju með opinberan meiri hluta á Alþingi, sem ég geri ráð fyrir að boði nýja ríkisstjórn í sumar með þátttöku flokksbrots Borgfl., nema þeir séu fengnir á útsölumarkaði, hver veit.

Kosning þessi er aðeins staðfesting á því að þingmenn Borgfl. hafa ákveðið að skríða út úr holunum og narta í fyrsta ostbitann hjá ríkisstjórninni. Blekkingunni er lokið. Vinstri stefna Borgfl. og stuðningur við ríkisstjórnina eru afhjúpuð.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill nú aðeins gera athugasemd um það að e.t.v. er þetta strangt til tekið ekki beint umræða um þingsköp.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Ég sé mig knúinn til að koma í ræðustól og gefa skýringu á þessari afstöðu Borgfl. og um leið harma jafnómerkilegan málflutning og hér var viðhafður úr ræðustól af hálfu hv. 11. þm. Reykn. Þannig var að fyrir nokkrum vikum síðan leitaði þingflokksformaður Borgfl. eftir samvinnu við þingflokksformenn bæði Sjálfstfl. og Kvennalista um samstarf um þessa kosningu, sem hér hefur nú farið fram, en á 111. þingi, veturinn 1988–1989, hefur verið samvinna stjórnarandstöðuflokkanna, Sjálfstfl., Borgfl. og Kvennalista, um kosningu fulltrúa flokkanna í þingnefndir, utanþingsstjórnir og ráð.

Þegar leitað var eftir því fyrir einum tíu dögum síðan að þessi samvinna héldi áfram bar svo við að þingflokksformaður sjálfstæðismanna hafnaði algerlega að hafa nokkra samvinnu við Borgfl. eða Kvennalista. Þingflokksformaður Borgfl. leitaði þá eftir samvinnu við Kvennalista um samstarf um þessa kosningu að minni beiðni þar sem að við gátum reiknað það út eins og hver annar að í samstarfi við þingflokk Kvennalistans hefði þingflokkur Borgfl. fengið einn mann kjörinn inn í aðra hvora þessa stjórn og þingflokkur Kvennalistans þá væntanlega fengið einn mann kjörinn í hina stjórnina. Þessu hafnaði þingflokkur Kvennalista og taldi að þær mundu kjósa frekar að standa einar sér við þessa kosningu.

Þá ræddum við þetta í okkar hópi og hvað gera skyldi næst. Átti þingflokkur Borgfl. að hlíta þessu. Með fimm manna þingflokk liggur það nokkuð ljóst fyrir að við hefðum ekki komið neinum manni að, hvorki í stjórn Áburðarverksmiðju né Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, né heldur fengið varamann inn í þá stjórn. Auðvitað gátum við unað því, en við töldum það samt skyldu okkar sem stjórnmálaflokks að reyna að ná áhrifum þar sem við gætum. Því leituðum við eftir samvinnu við þingflokka stjórnarflokkanna um samstarf um þessa kosningu og það samstarf náðist. Þá bar svo við á fundi formanna þingflokka og forseta Alþingis að þingflokksformaður Sjálfstfl. lýsti því yfir skyndilega að hann mundi vilja hafa samvinnu við hina stjórnarandstöðuflokkanna. Þetta er sagt til þess að skýra þetta mál út, en þau ummæli sem hv. 11. þm. Reykn. hafði hér uppi áðan eru ekki svara verð.

Ólafur G. Einarsson:

Hæstv. forseti. Það hljómar kannski dálítið einkennilega að vera að biðja um orðið um þingsköp, en ég get eiginlega ekki annað. Ég hef fengið tilefni til þess að koma upp í ræðustól vegna orða sem hér hafa fallið.

Hv. þm. Júlíus Sólnes sagði að þingflokksformaður Borgfl. hefði leitað samstarfs við Sjálfstfl., Kvennalista og frjálslynda hægri menn. Það er rétt að því marki að við ræddumst við fyrir um tæplega hálfum mánuði um það hvort áframhald yrði á samstarfi þessara flokka við kosningar í nefndir og ráð. Þá átti eftir að kjósa í þetta tvennt sem nú hefur verið gert. Ég tilkynnti formanni þingflokks Borgfl. nokkrum dögum síðar að þarna yrði ekki um sameiginlegt framboð að ræða af hálfu Sjálfstfl. og ástæðan fyrir því var ósköp einföld. Sjálfstfl. hafði ekki lengur áhuga á því að tryggja þingmönnum Borgfl. eða öðrum borgaraflokksmönnum sæti í nefndum og ráðum vegna þess að það hafði ítrekað komið í ljós að þingmenn Borgfl. hafa stutt ríkisstjórnina þegar ríkisstjórnin hefur sérstaklega þurft á því að halda. Það getur hver sem er gert sér í hugarlund hvort það sé eitthvert áhugamál hjá Sjálfstfl. að vera að hjálpa slíkum flokki að koma mönnum að í nefndir og ráð. Þetta var ástæðan fyrir tilkynningu minni til formanns Borgfl.

Ég tilkynnti formanni þingflokks Kvennalistans hið sama. Ég sagði hvað okkur hefði farið á milli, mér og formanni þingflokks Borgfl. Þá kom það svar, sem hér hefur komið líka, að Kvennalistinn mundi þá ekki ganga í neitt kosningabandalag við einn eða neinn.

Síðan varð sú breyting á, og hefur gengið hér um sali þingsins í a.m.k. eina viku, að það stæðu yfir samningaviðræður milli Borgfl. og ríkisstjórnarflokkanna. Það hefur nú orðið að staðreynd sem ljós er orðin. Það var loks viðurkennt á fundi formanna þingflokka í dag að af þessu samstarfi yrði. Auðvitað breyttist afstaða stjórnarandstöðuflokkanna, sem ég vil svo kalla, þ.e. Sjálfstfl., Kvennalista og frjálslyndra hægri manna, við þessi tíðindi og það var ekkert eðlilegra en einmitt að þeir flokkar, sem eru nú í stjórnarandstöðu, byðu fram sameiginlega.

Þessu vildi ég koma að til þess að skýra þetta mál frá sjónarmiði sjálfstæðismanna. Meira hef ég ekki um það að segja.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Nú ætlar forseti að gera smáhlé á þessari þingskapaumræðu sem honum finnst vafamál hvort hægt sé að réttlæta sem umræðu um þingsköp og lesa hér nokkrar útbýtingar.

Enn hafa þrír hv. þm. beðið um orðið um þingsköp og vill forseti beina því til hv. þm. að þeir reyni að

hafa ekki langt mál ef þeir fara út fyrir ramma þess sem forseti a.m.k. telur vera umræðu um þingsköp og virði það. Þinghaldið í dag hefur gengið mjög vel og greiðlega gengið að koma málum áfram. Nú eru aðeins eftir tvö mál og að auki atkvæðagreiðsla um þrjú mál til að koma þeim til nefndar eða áfram. Það hefur verið orðað við forseta að ekki yrði þörf á kvöldfundi heldur mætti halda eitthvað áfram og sleppa síðan kvöldfundi þrátt fyrir það að skýrsla Byggðastofnunar verði tekin til umræðu. Þetta vil ég biðja hv. þm. að hafa í huga áður en þessi þingskapaumræða heldur áfram.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég skal halda mig við þingsköp því að það var ekki um þetta málefni sem ég ætlaði að ræða, en vil samt aðeins fá að segja nokkur orð um það.

Ég skil að sjálfsögðu afstöðu sjálfstæðismanna mjög vel því það er afskaplega eðlilegt að stjórnarandstöðuflokkur sé ekki að stuðla að því að stjórnarflokkur fái sæti í hinum ýmsu stjórnum og nefndum. Þeirra afstaða er því fyllilega skiljanleg. Hins vegar kemur þetta mér ekkert á óvart. Þetta staðfestir aðeins það sem okkur grunaði alltaf og reyndar vissum. Það var bara spurning hvenær þeir kæmu upp á yfirborðið og það hefur gerst núna. En ég verð að segja að ekki er nú hátt verðið á verðmiðanum sem hangir aftan í þeim borgaraflokksmönnum. Um þetta vil ég þá ekki ræða meira.

Ég kom upp til að ræða um þingsköp til þess að inna forseta eftir störfum nefnda hér á þinginu. Það vill þannig til að ég lagði fram þáltill. ásamt tveimur öðrum þingmönnum fyrr í vetur, á þskj. 89, um rannsókn á tíðni og umfangi kynferðislegrar misnotkunar á börnum. Þessari tillögu var vísað til allshn. Sþ. og fékk ekki náð fyrir augum þeirrar nefndar. Hins vegar útbjó einn af nefndarmönnum, hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir, brtt. við þessa þáltill. sem að því er ég best veit hefur meirihlutafylgi ef þá ekki fylgi allra nefndarmanna. Engu að síður er ekki nokkur lifandis leið að fá hv. þm. Guðna Ágústsson, sem er formaður þessarar nefndar, til að taka málið fyrir. Það er engin leið að fá manninn til þess að kalla nefndina saman.

Mér er því spurn og ég vil spyrja hæstv. forseta: Hver er réttur þingmanna sem eiga þáltill. inni í nefnd sem hafa greinilegt meirihlutafylgi nefndarinnar fyrir málinu? Hver er réttur þingmanna og hver er skylda formanns nefndarinnar að kalla nefndina saman í slíkri stöðu? Ég vil benda á það að einn af flm. upphaflegu tillögunnar, hv. þm. Borgfl. Guðmundur Ágústsson, situr í þessari nefnd. Flm. brtt., hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir, styður hana að sjálfsögðu og einnig hv. þm. Eggert Haukdal sem hefur beðið formann nefndarinnar um fund sem hann hefur ekki sinnt. Sjálfur formaður nefndarinnar, Guðni Ágústsson, hefur lýst yfir stuðningi við þetta mál og hv. þm. Guðrún Helgadóttir, forseti sameinaðs þings, hefur einnig gert það. Því hlýt ég að spyrja: Hvernig stendur á því að þetta mál kemst ekki út úr nefndinni?

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég ætla ekki að ræða starfshætti allshn. en er kominn hér til að staðfesta orð formanns Borgfl. um aðdraganda þess samstarf sem varð í kosningum sem fram fóru hér fyrr á fundinum.

Það sem mér þykir mestum tíðindu sæta í þessum kosningum er ekki það að Borgfl. skuli bjóða fram með stjórnarflokkunum heldur það að Kvennalistinn skuli hafa tryggt Sjálfstfl. þrjá fulltrúa í stjórn Áburðarverksmiðjunnar.

Hvað varðar rætnar aðdróttanir tveggja hv. þm., Hreggviðs Jónssonar og Inga Björns Albertssonar, tel ég sennilegt að það varði þingvítum skv. 68. gr. þingskapalaga. (**EgJ:** Það er bara svona.)

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég er sammála forseta. Ég tel að þessi umræða um kosningabandalög jaðri við það að vera um þingsköp. Ég tel mér þó rétt og skylt að leggja orð í belg en mun verða mjög stuttorð og fer ekki út í söguskýringar á því sem fram hefur komið við þessa kosningu.

Það er rétt sem fram hefur komið að þegar í ljós kom að ekki var um algera samstöðu stjórnarandstöðunnar að ræða við myndun kosningabandalags við þessar kosningar töldum við kvennalistakonur að rétt væri að hver sjórnarandstöðuflokkur reri þá á sín eigin mið einn og sér. Vorum við þar með tilbúnar til þess að fórna því eina embætti sem okkur gat hugsanlega hlotnast. En aðstæður breyttust eins og fram hefur komið því Borgfl. gekk til samstarfs við ríkisstjórnina. Við endurmátum því aðstæður og eins og í ljós hefur komið hefur hin eiginlega stjórnarandstaða nú myndað nýtt kosningabandalag.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Þar sem hv. 5. þm. Vesturl., Ingi Björn Albertsson, hefur kvartað við forseta undan störfum allshn. og borið upp óvenjulegt klögumál í Sþ. Vil ég segja það að við í allshn. höfum starfað í miklu samkomulagi í vetur. Við höfum haldið þar marga fundi. Fyrir viku eða tíu dögum töldum við okkur ljúka þar störfum og höfðum þá lagt til að þrjú mál yrðu samþykkt í þinginu og þremur vísað til ríkisstjórnarinnar, en þá voru enn eftir 14 góð mál. Þá kom að því að okkur skorti tíma. Umsagnir um þær tillögur voru skiptar. Þær fóru til umsagnar út í þjóðfélagið til ábyrgra aðila og það voru skiptar skoðanir um þær. Við þurftum tíma til þess að kalla þá menn fyrir og móta afstöðu og ég hygg að allir nefndarmenn mínir sem voru á síðasta fundi hafi verið sáttir og gert sér grein fyrir því að þetta var síðasti fundur þessa vetrar í þeirri nefnd. Það kemur ekkert á óvart. Það er ekki venja að einhverjir óbreyttir þingmenn séu að vaða á nefndarmenn til að gá hvort þeir hafi þessa skoðun eða hina. Ég læt ekki kalla mig hér upp af einhverjum mönnum og skipa fyrir að ég haldi fundi. Ég tel mig ekki bera þá skyldu.

Ég verð að biðja menn að átta sig á því að þeir kusu mig í sjö nefndir. Ég hef haft ærinn starfa síðustu

dagana og hef alls ekki komist yfir það verk að fara að hræra aftur í málum þegar við höfðum lokið störfum í hv. allshn. og haldið okkar lokaveislu með kaffibrauði. Lengra komumst við ekki á þessu þingi. Svo er það ljóst að þingmenn þurfa á haustdögum að flytja góð mál, þá þarf að vinna þau upp á nýtt, skoða betur og komast að niðurstöðu. Tíminn er þannig ekkert floginn frá hv. þm. Inga Birni Albertssyni.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill vegna fyrirspurnar hv. 5. þm. Vesturl. um hver sé réttur þingmanna geta þess að forsetar þingsins fylgjast með hvernig störf nefnda ganga og nefndaformenn gera væntanlega grein fyrir sínum störfum á þeim vettvangi.

Ragnhildur Helgadóttir:

Frú forseti. Ég hafði sannarlega ekki hugsað mér að taka þátt í þessum umræðum, en hér voru bornar fram upplýsingar sem valda því að það er nauðsynlegt að fá skýringu hæstv. forseta á störfum þingsins og nefnda þess.

Hér skýrði formaður allshn. Sþ. frá því að nefndin hefði lokið störfum. Samt ætti hún 14 mál eftir óafgreidd. Ég vil nú spyrja um það: Eru margar nefndir Alþingis sem hafa lokið störfum? Alþingi á eftir nokkra daga enn af starfstíma sínum, mörg mál eru óafgreidd og nefndir eru að keppast við að vinna. Ég skil það að vísu að hv. þm., sem er formaður þessarar umræddu nefndar, sækist störfin seint ef hann er búinn að halda lokaveislu í öllum þessum nefndum. Voru þær ekki sex eða sjö? Það er ekki neinn smáræðistími sem fer í það. En ég hygg að hv. þm. verði að athuga að hægt væri bara að halda aðra lokaveislu þegar búið er að halda þessa viðbótarfundi sem þarf í nefndinni.

Þetta var ekki aðalatriðið heldur hitt að það eru mér algerlega nýjar upplýsingar að nefndir þingsins taki ákvörðun um að ljúka störfum á mestu annadögum þingsins. Þá sé bara ákveðið að nú hafi nefndin lokið störfum og fleira verður ekki afgreitt. Í þessu sambandi vil ég vekja athygli á rétti þingmanna í nefndum sem annars staðar að gefa út nál. ef stuðningur er við það innan nefndanna og nefndin fæst ekki kölluð saman. Það er svo annað mál. En skýringu vildi ég gjarnan fá á þessum nýju starfsháttum þingsins.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Hv. síðasti ræðumaður kom kannski inn á það sem mér þótti hvað athyglisverðast í mjög athyglisverðri ræðu hv. þm. Guðna Ágústssonar. Það var sérstaklega það að nefndaformenn skuli leyfa sér að loka nefndum viku til tíu dögum fyrir þingslit og jafnvel fyrr, hann hefur varla vitað þá hvenær átti að slíta þinginu, vitandi það að í nefndinni voru 14 góð mál eins og hann sagði. Hann bara lokar viku til tíu dögum áður á 14 góð mál. Það er allt í lagi að loka á slæm mál, en þegar formaður nefndarinar kemur hér upp og viðurkennir að hann loki nefndinni á 14 góð mál hljóta menn að bregðast við og spyrja: Hvað er að gerast? Hvernig starfar þingið? Eru allar aðrar nefndir líka hættar? Erum við ekki allt of seint á ferðinni núna? Áttum við ekki að vera farin heim fyrir viku tíu dögum síðan? (**Gripið fram í:** Sumar hafa aldrei byrjað í nefnd.) Það er alveg rétt. En hvar hefur hv. þm. verið? Ég held að hann sé með jafnlangan þingferil og ég. Ég hef orðið var við það að menn eru að vinna hér að málum og tala við nefndarmenn út um allt, út um alla veggi og vaða á þá eins og hann sagði. Það er þannig m.a. sem menn eru að vinna sínu máli framgang innan nefnda. Það er því alveg fyrir neðan allar hellur að hlusta á svona málflutning.

Ég vil fara fram á það við hæstv. forseta, þó að ég sé óbreyttur þingmaður og viti ekki hversu breyttur þingmaður hv. þm. Guðni Ágústsson er, hann er þó eitthvað breyttur, að hann mælist til þess að nefndin verði kölluð saman. Þar verði ekki fjallað um málið, því búið er að fá allar umsagnir, heldur brtt. sem flestir nefndarmenn eru sáttir við.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Ég bað um orðið nokkru fyrr en því miður virtist forseti ekki taka eftir því þannig að það kann að vera að atriðið sem ég ætla að gera aðeins að *umtalsefni komi dálítið seint inn í umræðuna.*

Ástæðan fyrir því að ég kveð mér hljóðs eru orð hv. 2. þm. Reykn. er hann tók þátt í þeim söguskýringum sem hér voru fram bornar um nefndakjörið og baksvið þess sem hér fór fram núna rétt áðan. Það gleður mig að hv. 2. þm. Reykn. gengur í salinn þannig að ég get haft hann í sjónmáli meðan ég ræði þetta atriði. Ég skal taka það strax fram að hvert atriði sem kom fram í máli formanns Borgfl. var að minni hyggju rétt eins og hér hefur verið staðfest.

Það kom fram í máli hv. 2. þm. Reykn. að ástæðan fyrir því að þingflokkur Sjálfstfl. hefði tekið þá ákvörðun að hafna samstarfi við Borgfl. og Kvennalista væri ósköp einföld. Hann tók sérstaklega fram: að hafna samstarfi við Borgfl. og það væri vegna þess að fulltrúar Borgfl. hefðu kosið með málum ríkisstjórnarinnar. En hann gleymdi einu mikilsverðu atriði þegar hann kvað upp úr með þetta hér í þingsal. Hann gleymdi því atriði sem hann lét fram koma við mig þegar hann greindi frá ástæðunni. Sérstaklega ætti þetta við Kvennalistann, sagði hv. 2. þm. Reykn. við mig, vegna þess að Kvennalistinn hefði nú nýverið stutt ríkisstjórnina með fylgi við húsbréfafrv. félmrh.

Ég vil láta þetta koma sérstaklega fram vegna þess að afstaðan að þessu leyti virðist eitthvað hafa breyst þegar fram í sótti. Auðvitað var það svo að Borgfl. hlaut að leita eftir stuðningi hvar sem hann gat fengið í þessu sambandi og köpuryrði þeirra félaga og fyrrv. borgaraflokksmanna, sem hér töluðu fyrr, læt ég mér auðvitað í léttu rúmi liggja. En nauðsynlegt er að þetta atriði hjá hv. 2. þm. Reykn. komi inn í þingtíðindi sem söguskýring.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseta þykir nú minnka möguleiki á því að hægt verði að sleppa kvöldfundi því að enn eru tveir á mælendaskrá um þingsköp. Þó verður að freista þess enn að svo geti orðið.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Tvisvar verður gamall maður barn og nú er ég sannfærður um að þetta á líka við um konur eftir að hafa heyrt málflutning hv. 3. þm. Reykv. Ragnhildar Helgadóttur í þessari umræðu um störf allshn. Slíkur var málflutningurinn að ég undraðist að hv. þm. skuli eiga að baki yfir 30 ára þingferil. Ég hygg að þingmaðurinn þekki störf þessa þings vel. Ég ætla að gera hv. þm. grein fyrir því að öll þau mál sem til allshn. bárust fengu þinglega meðferð. Um þau var fjallað. Þau voru send út til umsagnar og nefndin tók þau til umræðu á fundum. Samkvæmt stundatöflu þingsins átti þinghaldi að ljúka 6. maí og við töldum fram á síðustu stund að það mundi standa. Í þessari nefnd á m.a. sæti hæstv. forseti Sþ., Guðrún Helgadóttir. Nefndin fór rækilega ofan í öll mál. Okkur tókst að afgreiða aftur inn til þingsins sex mál en 14 mál fengu mjög nákvæma vinnumeðferð í nefndinni en náðu ekki lengra að þessu sinni.

Ég ætla ekki að rifja upp þau orð sem hv. fyrrv. þm. og flokksbróðir 3. þm. Reykv. viðhafði um þessa nefnd í fyrra. Hann lagði ekki jafnmikla áherslu á að ýmislegt sem í hana bærist væri afgreitt út eins og hv. 3. þm. Reykv. gerir í þessari umræðu.

Veislan sem við héldum varð nú ekki stór. Við fengum okkur snittur til tilbreytingar frá þurru brauðinu þannig að það var ekki dýrt. En ég hélt þennan síðasta fund eftir að hafa átt fund með forseta Sþ. um störf þingsins þar sem lagt var upp úr því að nefndin kæmi saman og tæki sameiginlega ákvörðun um það hvað hún treysti sér til að afgreiða út, hitt yrði að liggja. Þannig var starfað í þessari nefnd. Eins og ég segi þá hef ég ekki komist í það að endurskoða þá afstöðu á síðustu dögum og reyndar ekki talið ástæðu til þess í ljósi þess að öll málin, sem til nefndarinnar bárust, höfðu fengið þá þinglegu meðferð sem talin er nauðsynleg.

Ólafur G. Einarsson:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Óli Guðbjartsson getur auðvitað þjónað lund sinni eins og honum sýnist með því að vitna í einkasamtöl manna og gert það með þeim hætti sem honum sýnist. Ég ætla að stilla mig um það að vera að rekja okkar samtal. En ég hlýt að verða að segja frá því að við sjálfstæðismenn gerðum töluverðan greinarmun á því að starfa með Borgfl. eða Kvennalista. Ég rakti það í samtalinu að það væri nokkuð annað að greiða atkvæði með ríkisstjórninni þegar hún er komin í einhverja sérstaka hættu. Menn þekkja auðvitað þær atkvæðagreiðslur sem hafa farið fram í þinginu, bæði fyrir jól og núna við húsbréfakerfið. Það er nokkuð annað en það sem Kvennalistinn gerði, án þess að ég ætli að fara að bera blak af afstöðu Kvennalistans til ríkisstjórnarinnar, þ.e. að semja um tiltekin atriði sem kæmu inn í frv., t.d. um húsbréfin, og þykjast hafa náð þar nokkrum árangri og styðja því málið. Það er töluvert annað en greiða atkvæði þegar menn sjá það að stjórnin er kannski við það að tapa máli. (**Gripið fram í:** Sannfæringin.) Það fer nú ekki mikið fyrir sannfæringunni, það verð ég að segja. Ef menn rekja atkvæðagreiðslur Borgfl. á þessu síðasta þingi verður að leita grannt til þess að finna sannfæringuna hjá þeim flokki. En látum það nú vera.

Ég get vel skilið það að þingmenn Borgfl. hafi þótt nauðsynlegt að leita einhvers staðar skjóls og þeir hafa fundið þetta skjól hjá ríkisstjórninni. Ég óska báðum til hamingju, bæði ríkisstjórninni og Borgfl., með það að hafa fundið hvort annað. Ég óska þeim til hamingju og alveg sérstaklega Borgfl. vegna þess að það vita það allir sem vilja vita að í flestum stjórnum og ráðum sem kosið er til í þinginu eru sjö menn og ríkisstjórnin hefur ekkert með þessi fimm atkvæði Borgfl. að gera til að halda sínum fjórum mönnum. En ríkisstjórnarflokkunum hefur sýnilega þótt það mikið við liggja að fá þá innbyrta endanlega að þeir gefa eftir sæti til Borgfl. þó að þeir þurfi þess ekki. Ég vænti þess að þetta sé upphafið af því sem koma skal þegar verður farið að gefa á garðann í haust, þegar allar þingnefndirnar verða kosnar, bankaráðin og allt fleira. Það er væntanlega búið að semja um það allt saman.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Nú fer forseti bráðum að breyta ákvörðun um hvort það verður kvöldfundur eða ekki því að það er greinilegt að hér getum við verið lengi enn að tala um þingsköp því að 10. þm. Reykn. hefur beðið um orðið um þingsköp og tekur nú til máls.

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Það verður kannski hálfgert spennufall í þessari áköfu umræðu því að ég ætla ekki að víkja að neinu af þeim atriðum sem hafa valdið mestum deilum fyrr í þessari umræðu. Á einum tímapunkti hennar var opnað fyrir fyrirspurna- og kvörtunardeildina. Fór ég þá að leita í skjölum mínum og fann þar að lokum beiðni um skýrslu frá forsrh. um framkvæmd ályktana Alþingis á sl. fjórum árum, sem er 282. mál Sþ. á þskj. 500 og var lögð fram 16. febr. sl. Beiðnin er undirrituð af þingmönnum úr öllum þingflokkum og við henni hefur ekki borist neitt svar. Ég býst við að það sé ofætlan að hún fáist rædd á þeim fáu dögum sem eftir eru af þinghaldinu, en ég vildi mega vænta þess að skýrslan birtist engu að síður eða a.m.k. kæmi eitthvert svar við þessari beiðni. Ég vildi nota tækifærið til þess að inna hæstv. forsrh. og hæstv. forseta eftir því hvort þessari beiðni verður ekki svarað.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti sem hér situr í embætti þessa stundina á erfitt með að svara hvernig störf ganga í nefndum, en

hann mun að sjálfsögðu beina þessum athugasemdum og fyrirspurnum, sem hér hafa verið settar fram, til hæstv. forseta Sþ. sem getur birst hvenær sem er úr þessu.

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegur forseti. Ég ætla nú á hvorugt þeirra mála, sem hér hafa verið til umræðu, að minnast en vil aðeins leyfa mér að vekja athygli hæstv. forseta á því að þann 10. apríl sl., fyrir hartnær sex vikum síðan, var útbýtt till. til þál. á þskj. 754 frá mér og hv. þm. Skúla Alexanderssyni. Tillagan fjallaði um að heimila veiðar á hrefnum. Þessi tillaga hefur ekki verið á dagskrá Sþ. dögum og vikum saman af einhverjum ástæðum sem mér eru alveg huldar. Ég hef rætt um það við forseta Sþ. hvað valdi því að ákvarðanir séu teknar um að taka ekki þáltill., sem fluttar hafa verið og útbýtt í þinginu, á dagskrá sameinaðs Alþingis svo að hægt væri að ræða málin. Ég hef ekki fengið önnur svör en þau að mér hefur verið heitið því að þessu skyldi verða breytt og málið tekið á dagskrá.

Nú fer senn að líða að þinglausnum og enn hefur þetta mál, sem flutt var og útbýtt 10. apríl sl., ekki fengist tekið á dagskrá. Það hefur því ekki verið hægt að ræða þetta mál. Nú hefur komið fram í umræðum um sambærilegt mál, þ.e. fsp. í þinginu, að það er talsverður stuðningur við þetta mál á Alþingi, kannski ekki endilega tillöguna eins og hún er orðuð heldur efnisatriði hennar. Mér finnst ansi hart að það skuli hafa verið komið í veg fyrir það að þessi tillaga fengi eðlilegar umræður með því að taka hana ekki inn á dagskrá dögum og vikum saman. Mér er það ljóst að það er varaforseti sem situr í forsetastól en ég vildi biðja hæstv. forseta að afla svara við þessari fsp. minni. Hvað veldur því að þessi tillaga hefur verið þurrkuð út af dagskrá Sþ. vikum saman? Eru fleiri mál, sem flutt hafa verið af þingmönnum og útbýtt í Sþ., sem þannig eru vaxin að forsetar hafa tekið ákvörðun um að taka þau ekki á dagskrá vikum saman?

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti telur sig vera búinn að svara þessari fyrirspurn hv. 5. þm. Vestf. því að þessi fyrirspurn mun væntanlega fylgja öðrum sem verður komið á framfæri við forseta þingsins.

Júlíus Sólnes:

Hæstv. forseti. Ég hef sjaldan á minni lífsfæddri ævi orðið vitni að jafnómerkilegum og furðulegum málflutningi og þeim er kom hér fram hjá hv. 2. þm. Reykn., þ.e. þingflokksformanni Sjálfstfl. Hann heldur því fram á hinu háa Alþingi að þeir tveir stjórnarandstöðuflokkar sem ásamt Sjálfstfl. eru í stjórnarandstöðu, þ.e. Kvennalisti og Borgfl., eigi nánast að vera einhvers konar hækjur fyrir Sjálfstfl. í stjórnarandstöðunni. Þeim beri að greiða atkvæði og hegða sér nákvæmlega eins og þingflokksformanni Sjálfstfl. þóknast hverju sinni. Hugsið ykkur slíkan fáránlegan málflutning. Við höfum á vorþinginu tekið málefnalega afstöðu til allra mála, vegið þau og metið í okkar þingflokki. Við höfum tekið þá afstöðu sem við höfum komist að í þingflokki okkar án þess að huga að því fyrst hvaða afstöðu hv. þingflokksformaður Sjálfstfl. vildi að við tækjum. Það hefur ekki varðað okkur neinu. Við höfum tekið þá afstöðu sem við höfum talið skynsamlegasta og besta hverju sinni. Hvort hún hefur farið saman við óskir þingflokksformanns Sjálfstfl. hefur aldrei varðað okkur neinu.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það varðar náttúrlega fyrst hamingjuóskir, en hér hefur komið fram hjá hv. 2. þm. Reykn. að þeir hafi valið og að sjálfsögðu verðum við að óska þeim til hamingju með það. Þeir völdu Kvennalistann og okkur finnst það kannski ekkert skrýtið. Við tökum að sjálfsögðu á móti þeim hamingjuóskum sem stjórnin hefur fengið með að hafa fengið Borgfl. á sama lista í þessum kosningum sem fóru fram hér áðan.

En þar sem hér hefur komið fram við umræðuna mjög hörð krafa um meiri vinnu í nefndum langar mig að fá það upplýst af hálfu forseta hver sé réttur þingmanna til þess að óska eftir því að nefndarfundum sé frestað. Í fyrsta lagi af þeirri ástæðu að fundir standi í Sþ. eða í deildum. Í öðru lagi af þeirri ástæðu að þingmaður sé boðaður á tvo eða þrjá nefndarfundi samtímis, sem gerir það að verkum að hann getur að sjálfsögðu ekki sinnt viðveruskyldu nema hjá einni nefnd. Ég vil gjarnan að þetta verði alveg sérstaklega tekið fyrir og að forsetar komist að niðurstöðu um það hvort ekki sé verið að brjóta á almennum þingmönnum sem eiga seturétt í ákveðnum nefndum þegar þar eru haldnir fundir án þess að þeir eigi nokkra möguleika til að mæta af framangreindum ástæðum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það verða greinilega næg verkefni fyrir hæstv. forseta deilda og Sþ. á næstunni að taka þessi mál, sem hér hafa verið rædd undir liðnum þingsköp, til athugunar og meðferðar. Er þess þá að vænta að málin skýrist eftir að fjallað hefur verið um þau á þeim vettvangi. Ég geri ekki ráð fyrir og skildi það svo að hv. 2. þm. Vestf. væri ekki að óska svara af þeim forseta sem hér situr nú. Því munu þessi mál væntanlega verða tekin fyrir á vettvangi forsetanna fyrr en seinna.

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, fyrri umr.

Þáltill., 500. mál (endurskoðun laga). — Þskj. 1055.

Eiður Guðnason:
Virðulegi forseti. Þetta skal vera mjög stutt ræða. Ég fer fram á það að umræðu um þetta mál verði frestað til fundarins á morgun.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Forseta þóttu ekki koma rök fyrir óskinni um að málinu verði frestað.

Matthías Bjarnason:
Hæstv. forseti. Ég held að eðlilegt sé að leita afbrigða og síðan getur komið beiðni um það að fresta umræðu. Mér finnst að það hafi verið fullfljótt upp staðið, enda órói orðinn nokkur í salnum. Hins vegar finnst mér allóeðlilegt ef það er ætlunin að ljúka þingi fljótlega að biðja um frestun á umræðu. En ég sé enga ástæðu til þess að synja um frestun til morguns ef þingið á að vera eitthvað fram eftir sumri.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Forseta þykir þetta vera rökrétt athugasemd hjá hv. 1. þm. Vestf. og verður því leitað afbrigða eins og áður hafði verið tilkynnt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. var of seint fram komin. — Samþykkt var með 33 shlj. atkv. að hún yrði tekin til meðferðar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Óskað hefur verið eftir því að þessu máli verði frestað til morguns. Forseti taldi að það væri mikið fram undan á morgun þar sem óræddd er vegáætlun en ef hv. þm. telja að þetta mál geti komið á dagskrá jafnframt henni á morgun er kannski ekki úr vegi að verða við þeirri beiðni til þess þá að koma í veg fyrir frekari umræðu um þingsköp. En þá verður þetta mál líka tekið á dagskrá á morgun og rætt.

Umræðu frestað.

Byggðastofnun.

Skýrsla forsætisráðherra um Byggðastofnun.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):
Virðulegi forseti. Ég skal leitast við að hafa skýrslu þessa stutta þótt margt mætti segja um byggðamálin eins og nú er ástatt. Í skýrslu þeirri sem hefur verið dreift á hinu háa Alþingi er rakið hvernig Byggðastofnun hefur varið þeim fjármunum sem hún hefur haft til ráðstöfunar á árinu 1988 og minnst á ýmis þau verkefni sem hún hefur unnið að á þessu ári.

Í upphafi sl. árs má segja að góðæri hafi ríkt í þjóðarbúinu en það hefur breyst snöggt vegna hárra vaxta og aukinna skulda fyrirtækja í sjávarútvegi. Með óbreyttar eða lækkandi tekjur var síðan fljótlega ljóst að það hallaði mjög undan fæti og stefndi víða í stórkostlegan vanda. Það kom í ljós. Staðreyndin er sú að verulegur hluti af starfi og fjármunum Byggðastofnunar hefur á yfirstandandi ári farið í að aðstoða sjávarútvegsfyrirtæki landsbyggðarinnar við að leysa úr brýnasta rekstrarvanda og má segja að hver björgunaraðgerðin hafi rekið aðra.

Stjórnvöld hafa falið Byggðastofnun æ fleiri og viðameiri verkefni. Þessi verkefni hafa bæði verið fólgin í ráðstöfun verulegra fjármuna umfram það sem ætlast var til í upphafi ársins og hefur einnig falið Byggðastofnun ýmiss konar úttektir og athuganir bæði fyrir ríkisstjórnina sem slíka og einstök ráðuneyti. Vissulega má um það deila hvort öll þessi verkefni hafi haft jákvæð áhrif á þróun byggðar í landinu, en þó held ég að óumdeilanlegt sé að þau hafi verið nauðsynleg. Menn gætu jafnframt spurt sig að því hvað hefði orðið ef Byggðastofnun hefði ekki beitt sér eins og hún hefur gert á sl. ári.

Íslendingum fjölgaði allverulega á síðasta ári. Fólksfjölgunin er þó mjög misjöfn eftir landshlutum. Fólki fjölgar ört á höfuðborgarsvæðinu en því fækkar í öðrum landshlutum. Íbúum höfuðborgarsvæðisins fjölgaði um 4000 manns á sl. ári og hefur þá fjölgað um rúmlega 22.000 á undanförnum tíu árum. Sé litið til landsbyggðarinnar allrar fjölgaði íbúum á fimmta hundrað, eða um 0,4%, á síðasta ári. Sú fjölgun var hins vegar nær öll á Suðurnesjum. Á síðustu tíu árum hefur íbúum landsbyggðarnnar fjölgað um tæplega 5.000 manns. Fækkun íbúa á landsbyggðinni ár frá ári hlýtur að draga mjög þrótt úr viðkomandi byggð. Afleiðingarnar eru m.a. lægra fasteignaverð og samdráttur í framkvæmdum. Af því leiðir síðan framtaksleysi og erfiðleikar við að vinna bug á vandræðunum.

Árið 1988 var eitthvert hið versta sem sjávarútvegurinn hefur gengið í gegnum á síðustu árum. Óhóflega þungur skuldabaggi og því mikill fjármagnskostnaður, eins og ég minntist á áður, léleg afkoma og háir vextir lögðust þar á eitt. Um nokkurra ára skeið hefur rekstrartap í sjávarútvegi verið fjármagnað með erlendum lántökum gegnum viðskiptabanka og Byggðastofnun. Hingað til hafa þeir fjármunir, sem ætlaðir eru til aðgerða í byggðamálum, verið í höndum Byggðastofnunar. Stofnunin ráðstafar fjármunum sínum með lánveitingum, styrkjum eða beinni þátttöku í fyrirtækjum. Mest hefur farið fyrir lánveitingum. Er þar að langmestum hluta um að ræða endurlánuð erlend lán á markaðskjörum. Stærstur hluti þessara lánveitinga hefur farið til sjávarútvegsins. Lánveitingar á markaðskjörum til fyrirtækja á landsbyggðinni teldust ekki aðgerð í byggðamálum í öðrum löndum. Lántökurnar gera það að verkum að mjög óhægt er um vik að taka þá áhættu sem í mörgum tilvikum er nauðsynleg. Lánveitingar geta t.d. ekki bætt óhagræði staðsetningar á landsbyggðinni.

Fjárveitingar af fjárlögum hafa dregist verulega saman á undanförnum árum. Lánþegar Byggðastofnunar greiða í lántökuskatt, stimpilgjöld og annað, eins og lög gera ráð fyrir, upphæð sem nærri jafngildir þeirri fjárveitingu sem til stofnunar kemur á ári hverju frá Alþingi.

Miðað við þá þróun sem orðið hefur í byggðamálum þarf nú að finna nýjar leiðir til að styrkja og efla

atvinnulíf á landsbyggðinni. Stjórnvöld standa frammi fyrir því að ákveða hvort þau vilja veita meira fjármagni til eflingar atvinnulífs á landsbyggðinni eða horfast í augu við það að geta þjóðarbúsins til að fullnýta auðlindir til lands og sjávar minnki en mismunur á kjörum íbúa landsbyggðarinnar og höfuðborgarsvæðisins fari vaxandi og þar með togstreita milli íbúa þessara svæða. Skoðanakannanir hafa sýnt að íbúar landsbyggðarinnar telja að í þessu sambandi sé heilbrigt atvinnulíf mikilvægast og hefur Byggðastofnun talið það sitt mikilvægasta verkefni að stuðla að slíku.

Í ársskýrslu Byggðastofnunar fyrir árið 1988 er gerð grein fyrir þeim fjármunum sem hún hefur haft umsjón með. Við síðustu áramót var niðurstaða efnahagsreiknings Byggðastofnunar 6 milljarðar 755,7 millj. kr. og hafði hækkað um 46,2% á árinu. Eigið fé stofnunarinnar var 1 milljarður 641,7 millj. kr. Er þá búið að taka tillit til 200 millj. kr. færslu á afskriftareikning. Eigið fé óx um 19,5% á árinu. Hlutfall eigin fjár stofnunarinnar af heildareign var 29,7% í upphafi ársins. Þegar gert er upp í árslok er niðurstaðan sú að þetta hlutfall hefur lækkað í 24,3%. Þessi mikla lækkun er framhald langtímarýrnunar á hlutfalli eigin fjár. Lækkunin stafar annars vegar af miklum lántökum stofnunarinnar en hins vegar af því hversu mikið hefur verið lagt til hliðar í afskriftareikning útlána til að mæta óhjákvæmilegum töpum. Á mælikvarða lánskjaravísitölu óx eigið fé Byggðastofnunar á sl. ári um 4,9 millj. kr., eða um 0,3%. Fasteignir Byggðastofnunar eru 6,8% af eigin fé.

Samkvæmt lögum skal Byggðastofnun njóta framlags af fjárlögum til starfsemi sinnar. Framlagið nam 125 millj. kr. á árinu 1988 og hafði hækkað úr 80 millj. kr. frá fyrra ári. Frá árinu 1981 hafa lántökur numið um ⅔ af lánveitingum hvers árs en hækka nokkuð jafnt og þétt. Vegna þess hversu umsvif stofnunarinnar jukust mikið á árinu 1988 var ekki hjá því komist að þetta hlutfall hækkaði enn. Lántökur ársins voru 79,9% af heildarlánveitingum.

Eins og kemur fram í ársskýrslu Byggðastofnunar jukust umsvif hennar töluvert á árinu 1988. Um áramótin störfuðu samtals 29 manns hjá stofnuninni. Þar af eru þrír í hlutastarfi. Starfsmönnum fjölgaði um fjóra, þrír voru ráðnir til skrifstofu stofnunarinnar á Akureyri en einn fluttist norður. Ráðið var í eina ritarastöðu í Reyjavík.

Starfsemi Byggðastofnunar á Akureyri hófst formlega 1. okt. 1988. Áður höfðu verið undirbúnar breytingar á húsnæðinu við Geislagötu 5 og jafnframt uppsetning tækja og margt annað sem tilheyrir þeim rekstri sem þar er. Í miðstöð Byggðastofnunar á Akureyri eru Iðnþróunarfélag Eyjafjarðar, atvinnumálafulltrúi Akureyrarbæjar og ferðamálafulltrúi fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland. Reynsla fyrstu þriggja mánaðanna lofar góðu ef tekið er mið af fjölda þeirra sem leitað hafa til skrifstofunnar á Akureyri. Fullyrða má að sumir af þeim sem fengið hafa aðstoð við að meta sína starfsemi hefðu ekki farið um langan veg eftir þeim ráðleggingum. Með því hefur Byggðastofnun á Akureyri veitt hjálp við að koma góðum hugmyndum á framfæri og stuðla að því að þær kæmust til framkvæmda. Auk þess hefur starfsemin þar auðveldað mörgum samskipti við stofnunina.

Af einstökum verkum sem Byggðastofnun hefur unnið verð ég að fara hratt yfir sögu en ég vil nefna endurmat á byggðastefnu sem stofnuninni var falið af þáv. forsrh. með bréfi dags. 30. mars 1988. Eftir því var óskað að Byggðastofnun gerði heildarúttekt á þróun byggðar í landinu á búsetubreytingum og stöðu atvinnugreina á landsbyggðinni. Að þessu máli hefur verið ítarlega unnið og verkefnið hefur verið nefnt „Endurmat byggðastefnu". Það hefur verið kynnt ítarlega fyrir öllum þingflokkum og drög að lokaskýrslu hafa borist til ríkisstjórnarinnar og verið lögð þar fram á fundi hennar og verið til umræðu. Á grundvelli þessarar niðurstöðu er tvímælalaust nauðsynlegt að skoða á hvern máta megi endurmeta og gera áætlanir um nýtt átak í byggðamálum.

Þá hefur stofnunin unnið að byggðamálum í Dalasýslu þar sem orðið hefur mikill samdráttur í landbúnaði sem valdið hefur verulegri röskun á atvinnustarfsemi þar, m.a. starfsemi sláturhússins og kaupfélagsins, svo að liggur við borð að mikil vandræði hljótist af. Þetta mál er nú til framhaldsmeðferðar og í athugun á hvern máta Byggðastofnun getur komið inn í þetta málefni sem hér er um að ræða.

Á árinu 1988 var unnið að endurskoðun á Vestfjarðaáætlun sem upphaflega var lögð fram á fjórðungsþingi Vestfirðinga árið 1987. Á fjórðungsþingi 1988 var þriðji hluti áætlunarinnar enn lagður fram og samþykktur. Áætlunin var síðan lögð fram í stjórn Byggðastofnunar og hún samþykkt þar. Vegna mikilla anna reyndist ekki unnt að ganga endanlega frá áætlun á árinu. Þegar því verki verður lokið verður áætlunin send forsrh. og tekin til meðferðar í ríkisstjórninni.

Á sl. ári var loks unnið að könnun á vöruflutningum að beiðni samgrn. Tilgangur verksins var að leggja raunhæft mat á framtíð strandsiglinga þeirra sem styrktar eru af ríkissjóði og kanna hvort hægt sé að sinna þeim með ódýrari hætti. Gerð var könnun á umfangi vöruflutninga skipafélaganna og landflutningum og gerð um það skýrsla ásamt nokkrum ábendingum um aðgerðir.

Loks vil ég geta þess, virðulegi forseti, að mjög mikil starfsemi hefur verið hjá Byggðastofnun í tengslum við þá aðstoð sem með skuldbreytingu og fleiru er veitt útflutningsatvinnuvegunum því Byggðastofnun var falið að sinna því verkefni og hefur allt mat og allir útreikningar verið hjá sérfræðingum Byggðastofnunar. Þetta hefur að sjálfsögðu verið mikið álag á starfsemi Byggðastofnunar, en eins og kom fram í þeirri könnun sem ég nefndi á viðhorfi landsbyggðarmanna til byggðavandans þá telur yfirgnæfandi meiri hluti að vandinn stafi af atvinnuástandi og stöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni. Því var eðlilegt að Byggðastofnun kæmi mjög að þessu verkefni.

Virðulegi forseti. Það hefði vissulega verið ástæða til að ræða hér langtum ítarlegar um byggðamálin

almennt, þann byggðavanda sem blasir við og hvað skal til bragðs taka. Ég hef, með tilliti til þess skamma tíma sem til þessa er ætlaður, talið mér skylt að takmarka mjög mína skýrslu en vísa hins vegar til ársskýrslunnar sem var dreift hér í handriti fyrir meira en viku. Það vildi ég gera í því skyni að þingmenn gætu kynnt sér efni skýrslunnar þótt ársskýrslan í endanlegri mynd lægi ekki fyrir.

Matthías Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég hefði talið nauðsynlegt að flytja ítarlegt mál bæði um Byggðastofnun og byggðamál en þar sem mjög er liðið á þingtíma ætla ég ekki að flytja langa ræðu en koma þó inn á ýmislegt það sem hæstv. forsrh. kom ekki inn á nema mjög lítillega. Ég vil vekja athygli á því að starfsemi Byggðastofnunar þarf að vera miklu meiri og markvissari en hún er. Það sem fyrst og fremst háir því að ekki er meira að gert er skortur á fjármunum og þar hef ég orðið fyrir miklum vonbrigðum. Það sést í þessari skýrslu hvernig framlag ríkisins hefur farið sífellt lækkandi á undanförnum árum og aldrei verið minna en nú. Eins og þróun atvinnumála er, og þá alveg sérstaklega á landsbyggðinni, hefur verið bráðnauðsynlegt að stórauka framlög til Byggðastofnunar. Byggðastofnun hefur litla fjármuni aðra en afborganir og vexti af þeim lánum sem hún hefur lánað og sem innheimtast tiltölulega illa vegna slæms árferðis í atvinnugreinum. Byggðastofnun hefur aftur mjög litla peninga til að spila úr og því verður að reyna að haga lánveitingum með þeim hætti að rýra sem minnst eiginfjárstöðu sjóðsins.

Það má segja að nokkuð þokkalega hafi tekist að halda eiginfjárstöðunni. Endurskoðað eigið fé Byggðastofnunar í ársbyrjun hefur verið eitthvað um 1200 millj. kr. eða 18% af útlánum. Ástæða er til að taka þessa niðurstöðu til mjög alvarlegrar athugunar. Nokkur undanfarin ár hefur hvað eftir annað verið varað við því hversu viðkvæmur fjárhagur stofnunarinnar er fyrir ástandinu í sjávarútvegi. Ég nefni sjávarútveginn sérstaklega vegna þess að um ⅔ af útlánum Byggðastofnunar eru í sjávarútvegi, þó að það séu einnig háar upphæðir í öðrum atvinnugreinum vegna áhættulána. Eigið fé var nokkuð slæmt þegar þessi stofnun tók til starfa haustið 1985. Staðan batnaði síðan verulega á árunum 1986 og 1987 en það haust snerist dæmið við og staðan hefur verið að versna síðan þar til í lok síðasta árs að nokkuð rétti við. Nú hefur þó aftur hallað undan fæti. Vandi undanfarinna missira hefur þó ekki horfið við það eins og alkunna er. Enda þótt tekist hafi að varðveita verðgildi þeirra fjármuna sem stofnunin fékk til ráðstöfunar á árinu 1985 hafa gríðarlegar lántökur veikt fjárhagsstöðuna að undanförnu. Við sem eigum sæti í stjórn þessarar stofnunar sjáum fram á stóraukna erfiðleika í þessum efnum.

Í stefnuyfirlýsingu núv. hæstv. ríkisstjórnar segir að hún ætli að efla Byggðastofnun. Því miður hefur hún ekki sýnt það enn sem komið er því framlag ríkisins til Byggðastofnunar var óbreytt að krónutölu á fjárlögum þessa árs miðað við það sem var á fjárlögum ársins á undan. Hins vegar má segja að núv. ríkisstjórn hafi með stofnun Atvinnutryggingarsjóðs, sem hefur nú fengið ýmis ummæli hjá mönnum — en ég hef varast að kasta nokkurri rýrð á þá starfsemi og viðurkenni fúslega að mikil þörf var fyrir að ganga þar til verks. Síðar kom aftur stofnun Hlutabréfasjóðs. Það sem ég set fyrst og fremst út á í aðgerðum núv. hæstv. ríkisstjórnar er að vera að slíta í sundur þessa starfsemi og hafa hana í raun og veru í þrennu lagi. Þá er ég ekki á neinn hátt að gera lítið úr Byggðastofnun eða Atvinnutryggingarsjóði. Hins vegar er ég æði hræddur um að Hlutabréfasjóðurinn, eins og hann stendur nú, komi að sáralitlum notum nema hann fái fjármagn til að spila úr. Við sjáum að það er ákaflega slæm staða í fjölmörgum atvinnufyrirtækjum og eiginlega í öllum atvinnugreinum.

Ég ætla til nokkurrar glöggvunar að skýra frá yfirliti sem gert var í Byggðastofnun fyrir árið 1987 og 1988 um rekstur og efnahag fyrir 28 fyrirtæki í sjávarútvegi. Yfirlitið nær til þeirra fyrirtækja sem skilað hafa inn ársreikningi fyrir sl. ár og höfðu meira en 100 millj. kr. í veltu á því ári. Í þessum hópi eru hrein útgerðarfyrirtæki, hrein fiskvinnslufyrirtæki en stærsti hluti veltunnar er hjá blönduðum fyrirtækjum. Rækju- og loðnuverksmiðjur eru ekki í þessum hóp. Milliuppgjör benda til þess að þau fyrirtæki sem enn hafa ekki skilað ársreikningi, eða höfðu ekki gert það fyrir u.þ.b. mánuði síðan, höfðu orðið fyrir sams konar búsifjum árið 1988, þótt staða sumra þeirra hafi verið betri í upphafi. Nettóskuld þessara 28 fyrirtækja hækkaði hvorki meira eða minna en um 2,3 milljarða kr. Það er því ljóst að fjárhagsstaða þessara sjávarútvegsfyrirtækja hefur stórversnað á síðasta ári. Heildarskuldir, að frádregnu veltufé, jukust á árinu 1987 úr 5523 millj. kr. í 7804 millj. kr., eða hvorki meira né minna en 41%. Á sama tíma var verðlagshækkun mæld með lánskjaravísitölu um 19%. Hlutfallið nettóskuld versus tekjur er gjarnan notað til að meta getu fyrirtækja til að standa undir þessum skuldabagga og það hlutfall hækkaði á sl. ári úr 81% í 101%. Nokkur fyrirtæki, sem fengu lán úr Atvinnutryggingarsjóði rétt fyrir og um síðustu áramót, hefðu trúlega fengið synjun ef ársreikningar sl. árs hefðu legið fyrir.

Í Atvinnutryggingarsjóði útflutningsgreina og Hlutafjársjóði Byggðastofnununar er lágmarkskrafa gjarnan að nettóskuld sé ekki hærri en 50% af vinnslutekjum og 100% af útgerðartekjum. Til að ná þeirri viðmiðun þarf að lækka nettóskuld þessa hóps um 2,3 milljarða. Miðað við þá afkomu sem verið hefur undanfarin missiri þyrfti að lækka þessar skuldir mun meira. Þrátt fyrir skuldbreytingar í gegnum viðskiptabanka og Byggðastofnun versnaði lausafjárstaðan verulega. Hreint veltufé, þ.e. skammtímaskuldir að frádregnu veltufé, minnkaði um 1073 millj. kr. á sl. ári, sem sagt úr mínus 1728 millj. í upphafi árs í 2801 millj. kr. í lok ársins. Veltufé deilt með skammtímaskuldum lækkaði úr 0,47 í 0,43, sem er mjög slæm staða, en þetta hlutfall þyrfti að vera ekki

lægra en 1,0. Bókfært eigið fé fyrirtækjanna var jákvætt um 151 millj. kr. í ársbyrjun 1988 en í árslok var það orðið neikvætt um 1018 millj. kr. Eiginfjárhlutfallið lækkaði úr 2% niður í mínus 11% í árslok. Eigendur þessara fyrirtækja hafa í flestum tilvikum ekki bolmagn til að auka eigið fé svo að einhverju nemi.

Afkoman var slæm. Heildartekjur þessara fyrirtækja hækkuðu aðeins um 13% á milli áranna 1987 og 1988, eða úr 6814 millj. kr. í 7700 millj. kr. Framlegð, þ.e. það sem reksturinn skilar upp í afskriftir og allan fjármagnskostnað og við nefnum einnig vergt hlutfall fjármagns, var aðeins 10–11% bæði þessi ár. Þetta þýðir í reynd stórfelldan taprekstur. Sjávarútvegur er mjög vélvædd og fjármagnsfrek atvinnugrein og undir eðlilegum kringumstæðum þarf framlegð að vera a.m.k. 15% í blönduðum fyrirtækjum. Vegna mikilla rekstrarskulda frá fyrri árum þyrfti framlegð nú að vera svona nálægt 20%, en það dugar þó engan veginn öllum.

Árið 1988 er það versta sem sjávarútvegur hefur gengið í gegnum á síðustu árum. Óhóflega þungur skuldabaggi á fyrirtækjum í upphafi árs, léleg afkoma og háir vextir lögðust þar á eitt og þessi vandi er þó ekki nýtilkominn. Um nokkurt árabil hefur rekstrartap í sjávarútvegi verið fjármagnað með erlendum lántökum í gegnum viðskiptabankana, Byggðastofnun og nú síðast Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina og án þess að á því hafi verið gerðir útreikningar. Þá má gera ráð fyrir því að nettóskuld í hlutfalli við tekjur sé nú helmingi hærri en árið 1982 þegar gripið var til aðgerða vegna erfiðrar fjárhagsstöðu sjávarútvegsins. Það er rétt að undirstrika það að hér er ekki um að ræða vanda einstakra fyrirtækja eins og var á árum áður. Flest sjávarútvegsfyrirtæki eru að sökkva í skuldafenið og þar á meðal mörg fyrirtæki sem fram undir það síðasta hafa verið talin góð fyrirtæki. Gífurlegar skuldir sjávarútvegsfyrirtækja og áframhaldandi taprekstur er mesti byggðavandinn sem þjóðin stendur frammi fyrir. Hlutafjársjóðurinn getur ekki leyst nema lítinn hluta af þessum vanda. Ef afkoman verður áfram svipuð og hún hefur verið undanfarin ár verða flest fyrirtækin gjaldþrota áður en mörg ár líða. Sum þeirra eru það í reynd þótt þau séu enn í gangi. Það er því óhætt að segja að þörf sé á róttækum aðgerðum.

Ég hef gert hér að umræðuefni þá atvinnugrein sem stofnunin hefur mest lánað til, eða um ⅔ af heildarútlánum. Ef við tökum landbúnaðinn, þó að hann sé miklu minni hvað snertir heildarútlán, er staða hans síst betri. Það er t.d. ekki glæsilegt í loðdýraræktinni. Ætli það sé ekki um 50% sem sú atvinnugrein hefur og vantar því 50% á móti til þess að komast á núllið. Í mörgum greinum í iðnaði eru erfiðleikar þó að þeir séu nú ekki eins miklir og í þessum tveimur atvinnugreinum. Margar greinar hafa sótt um lán hjá Byggðasjóði og sér í lagi hefur verið aukning á umsóknum vegna verslunar, en strjálbýlisverslunin er nú mjög hart keyrð. Stjórn stofnunarinnar hefur ekki treyst sér til þess að fara út í þessar lánveitingar.

Ég vil nú spyrja hæstv. forsrh. að því, af því að ég hef séð að ríkisstjórnin hefur tekið að sér það verkefni að reyna að láta fara fram athugun á stöðu strjálbýlisverslunarinnar: Hvað hyggst ríkisstjórnin fyrir í þeim efnum? Ég er ekki að spyrja að því sem stjórnarmaður í Byggðasjóði heldur vegna þeirra sífelldu kvartana og neyðaróps sem koma frá versluninni í strjálbýli. Hvað er gert til þess að styrkja stöðu hennar og ná henni upp? Það er alveg sama hvort þar er um einstaklingsverslun að ræða eða samvinnuverslun, vandinn er jafnmikill hjá þeim báðum og síst minni í samvinnuversluninni, sem hefur verið stærri og vegið þyngra á mörgum stöðum úti á landsbyggðinni. Byggðastofnun hefur ekkert fjármagn til að bæta við sig nýjum útlánum. Við höfum bætt við okkur verulegum útlánum í fiskeldi sem eru mikið áhættulán og þar verður að fara varlega. En í versluninni er brýn þörf á að gera úrbætur.

Mér finnst rétt að geta hér um að á síðasta ári, eins og ég sagði áðan, fékk stofnunin 125 millj. kr. framlag frá ríkinu sem greitt var í fjórum greiðslum er dreifðust nokkuð jafnt yfir árið. Stofnunin greiddi hins vegar í erlendan lántökuskatt vegna skuldunauta sinna, hvort sem hún hefur innheimt þær greiðslur eða ekki, um 67 millj. kr. og einnig 0,25% ríkisábyrgðargjöld af erlendum lánum, sem samkvæmt útreikningi Ríkisábyrgðarsjóðs Framkvæmdasjóðs Íslands og Búnaðarbanka Íslands, eru u.þ.b. 11,3 millj. kr. Þá hafa lántakendur hjá stofnuninni á árinu 1988 greitt í stimpilgjald til ríkissjóðs 26,7 millj. kr. Með öðrum orðum hefur ríkið tekið aftur 105 millj. kr. af þessum 125 millj. kr. Það er því ekki um stóra fjárveitingu að ræða og getur ekki kallast styrkur við starfsemi Byggðastofnunar að fara þannig að.

Nú nýlega skrifaði Byggðastofnun til Seðlabankans þar sem hún kvartar yfir því að stofnunin hafi lagt andvirði erlends láns á gjaldeyrisreikning hjá Seðlabankanum og að hann hafi tekið 6% lántökuskatt af allri fjárhæðinni, eða 28,4 millj. kr., án samráðs við stofnunina. Eins og eðlilegt er tekur nokkurn tíma að lána út svo háa fjárhæð og hér var um að ræða, eða jafnvirði 7 milljóna SDR. Stofnunin hefur því ekki enn ráðstafað inneign sinni á gjaldeyrisreikningnum að fullu og er nú á þeim reikningum 914.000 bandaríkjadalir og 5200 DEM og verða þær fjárhæðir ekki nýttar fyrr en í fyrsta lagi í næsta mánuði. Lántakendur hafa af eðlilegu ástæðum dregið að hefja lán sín hjá stofnuninni eftir að sú umræða hófst að fella niður erlendan lántökuskatt.

Þá mun hafa verið ákveðið af ríkisstjórninni að Byggðastofnun greiddi ekki og innheimti þar af leiðandi ekki 6% lántökuskatt vegna lána til skipasmíðaverkefna innan lands, en þar ákvað ríkisstjórnin og Alþingi samkvæmt lánsfjáráætlun að verja 200 millj. kr. á þessu ári. Frá áramótum hefur stofnunin innheimt þennan skatt af lánum til skipasmíðaverkefna. Þessi skattur nemur því um 2½ millj. kr. á tímabilinu frá 1.–10. þessa mánaðar. Ég tel, og þá er mér óhætt að segja að ég mæli þar fyrir munn allra stjórnarmanna í Byggðastofnun, að vegna skipasmíðaverkefnisins eigi að leiðrétta það þannig að

stofnunin geti endurgreitt sínum lánþegum það sem hefur verið tekið, eða tæplega 2½ millj. kr., og vegna erlendra inneigna sem ekki hafa verið notaðar, eða 11,9 millj. kr. Stofnunin hefur þrátt fyrir þessa leiðréttingu sjálf greitt 9½ millj. kr. í lántökuskatt á því *tímabili sem skatturinn hefur verið í gildi umfram það* sem hún hefur getað innheimt af nýjum lánum. Þetta þýðir í reynd að Byggðastofnun hefur að hluta á tímabilinu tekið erlend lán til að fjármagna hlutabréfakaup sín, styrkveitingar og lán með bestu kjörum.

Ég spyr því hæstv. forsrh., hvort hann ætli ekki að beita sér fyrir því að þessi endurgreiðsla eigi sér stað. Nú er í frv. um ráðstafanir vegna kjarasamninga gert ráð fyrir því að lántökuskatturinn verði felldur niður frá 1. júní. Því telja allir stjórnarmenn Byggðastofnunar eðlilegt að þessi endurgreiðsla eigi sér stað en ekki eigi að leggja nýjan skatt á þessa stofnun sem verður að sinna jafnmikilvægum og nauðsynlegum verkefnum og raun ber vitni og maður gæti flutt langt mál um. Ég hef heyrt það áður hjá hæstv. forsrh. að *hann hefur talið að þessi lántökuskattur eigi ekki að* leggjast á stofnunina og eitt af því sem enn þá réttlætir endurgreiðslu á því sem þegar hefur verið tekið er það misvægi sem hefur verið á milli Byggðastofnunar og Atvinnuútflutningsjöfnunarsjóðs. Þar hefur enginn skattur verið tekinn. Ég er ekki að gagnrýna það, en þarna eiga báðar þessar stofnanir að sitja við sama borð.

Ég ætla ekki að fjölyrða frekar um þessi mál að þessu sinni þó að full ástæða hafi verið til. En ég vil í lok máls míns minna á það að verkefni Byggðastofnunar eru ótal mörg og mikilvæg. Eins og staðan er í atvinnulífinu í landinu og eins og munurinn er á því að búa úti á landi og hér á þessu svæði er full ástæða til að koma landsbyggðinni myndarlega til hjálpar umfram það sem þegar hefur verið gert. En til þess að ná árangri er ekki hægt að einhver ein stofnun taki að sér björgunarstarfið, stofnun eins og Fiskveiðasjóður. Stærstu bankarnir verða að vera samstiga í sambandi við viðhorfið til Hlutabréfasjóðsins, en ég held að þar sé mjög þungt fyrir fæti og mismunandi sjónarmið. Þó að stjórn Byggðastofnunar sé sammála um að gera sitt hefur stofnunin úr það litlu að spila að hún er aðeins lítið lóð á vogarskálina í þessum efnum. Til þess að ná árangri fyrir atvinnulífið sem víðast hvar um landið verður að vera samstaða þarna á milli.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Þessi skýrsla sem hér liggur fyrir vekur mann til umhugsunar um hvar íslenskt þjóðfélag er á vegi statt. Á undanförnum áratugum hefur orðið gífurleg röskun á búsetu fólks og umfangsmiklar og afdrifaríkar breytingar orðið á þjóðfélagsháttum sem síður en svo sér fyrir endann á né heldur til hvers kunni að leiða.

Í lögum um Byggðastofnun stendur að hlutverk hennar sé að stuðla að þjóðfélagslegri hagkvæmni í þróun byggðar í landinu. Vissulega má spyrja hvernig henni hafi farist það og þar um er vafalaust meiningamunur. Einnig má spyrja hvernig byggðaþróunin hefði orðið hefðu aðgerðir stofnunarinnar ekki komið til. Því er þó tæpast hægt að svara nú. En hvað sem þessu líður verður því ekki á móti mælt að þróun byggðar í landinu hefur lengi verið þjóðfélaginu óhagstæð og í skýrslunni segir að það gefi tilefni til mjög ákveðinna aðgerða sem ekki eru þó skilgreindar. Skýrslan leiðir í ljós að miklu fé er varið til aðstoðar og fyrirgreiðslu atvinnuveganna og að 580 láns- og styrkbeiðnum var sinnt á sl. ári. Hún staðfestir einnig, sem mörgum er reyndar ljóst, að fjárveitingar til stofnunarinnar á fjárlögum hafa dregist verulega saman á undanförnum árum og lánþegar Byggðastofnunar greiða í lántökuskatt, stimpilgjöld og annan kostnað upphæð sem næstum því jafngildir fjárveitingunni til hennar, eins og hv. 1. þm. Vestf. drap á áðan. Ríkissjóður ber því ekki teljandi útgjöld vegna Byggðastofnunar þegar á allt er litið.

Það er þó athyglisvert að þrátt fyrir að eigið fé Byggðastofnunar hafi haldið raungildi á starfstíma stofnunarinnar hefur eiginfjárhlutfall stöðugt lækkað og það stafar af því að mikill hluti starfseminnar er fjármagnaður með lántökum. Það er spurning hversu lengi getur gengið að stofnunin gangi á lánum, dýrum lánum. Það er nauðsyn að efnahagur þessarar stofnunar sé traustur, en eins og er hljóta menn að bera kvíðboga fyrir því hvort henni tekst að rækja hlutverk sitt í reyndinni.

Nauðsyn er að finna nýjar leiðir til að styrkja og efla atvinnulíf á landsbyggðinni, eins og segir í skýrslunni. Stjórnvöld standa frammi fyrir því að ákveða hvort þau vilja veita meira fjármagni til eflingar atvinnulífs á landsbyggðinni eða horfast í augu við það að geta þjóðarbúsins til að fullnýta auðlindir til lands og sjávar minnki og að mismunur á kjörum íbúa á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu fari vaxandi og þar með togstreita milli íbúa þessara svæða. Í *rauninni er sú togstreita sem menn tala um að sé milli* íbúa þessara svæða tilkomin vegna mismunar á aðstöðu fólks, bæði til að njóta menntunar og til að njóta þjónustu. Sú aðstaða er víða alls ekkert í námunda við það sem menn gera kröfur til.

Þegar litið er yfir lánveitingar, styrki og aðra fyrirgreiðslu sem stofnunin hefur veitt er augljóst að langmest fjármagn rennur til fyrirtækja í sjávarútvegi og fiskvinnslu, sem e.t.v. er ekki að undra slík sem staða þeirra var á síðasta ári og er raunar enn. Tíminn verður hins vegar að leiða í ljós hvort þessi aðstoð hefur nægt til að tryggja rekstrargrundvöll þeirra. Mér fannst hv. 1. þm. Vestf. hafa töluverðar efasemdir um það í ræðu sinni áðan og margir óttast að það markmið hafi ekki náðst. Auk þess hefur stofnunin veitt aðstoð til hinna margvíslegustu mála sem *koma landsbyggðinni til góða og ég nefni þar t.d.* ferðaþjónustu, uppbyggingu smærri fyrirtækja og yfirleitt þeirra fyrirtækja eða atvinnugreina sem telja má að sé einhver vaxtarbroddur í. Hins vegar er staða þeirra atvinnugreina vitanlega ákaflega misjöfn. Byggðastofnun hefur gert töluvert til að styðja uppbyggingu nýrra atvinnugreina.

Fóðurstöðvar í loðdýrarækt hafa fengið umtalsverða fyrirgreiðslu, svo og fiskeldisstöðvar. Það leiðir hugann að því hve Íslendingum er gjarnt að þjóta af stað í alls kyns fyrirtækjarekstur oft meira af kappi en forsjá. Loðdýrabúin hafa þotið upp um byggðir landsins en berjast nú undantekningarlaust í bökkum og sum eru á gjaldþrotsbarmi. Er ekki komið að því nú að setjast niður og meta þau mál á ný og hvernig framhaldið eigi að verða því ekki er bjart fram undan á heimsmarkaðinum í þessari grein? Það verður að segjast eins og er að þar hafa ýmis umhverfisverndarsamtök lagt sitt lóð á vogarskálina og hafa lagst á móti slíkum búskap, eins og t.d. með því að halda því fram að óeðlilegt og jafnvel ósiðlegt sé að rækta dýr — loðdýr í búrum. Ýmis umhverfisverndarsamtök eru voldug og hafa mikið fjármagn til að vinna sínum málstað framgang og það má spyrja að því hvort ekki gæti eins farið með loðdýramarkaðinn í heiminum og fór með selskinnamarkaðinn forðum, þ.e. að hann hrynji. Ég held að það sé rétt að gæta að því.

Um fiskeldið gegnir í raun sama máli og með loðdýrabúskapinn. Menn hafa þotið upp til handa og fóta um stofnun og rekstur slíkra stöðva að því er virðist í algeru skipulagsleysi og án þess að reikna með áhættu. Vafalaust á þessi grein framtíð fyrir sér. En jafnvel á stöðum þar sem nokkurn veginn mátti sjá fyrir fram að rekstur gæti ekki gengið voru þessar stöðvar settar á stofn. Það mundi ekki skaða þó menn færu með meiri gætni í sakirnar. Það vakna hjá manni efasemdir um hvort nógar rannsóknir um arðsemi og hagkvæmni liggi að baki þegar menn ráðast í slíkar framkvæmdir því að svo er mönnum gjarnt þegar allt fer í strand að heimta fyrirgreiðslu frá því opinbera. Ég vil líka varpa fram þeirri spurningu hvort það sé rétt að hér á landi séu starfandi fiskeldisstöðvar sem ekki hafa tilskilin starfsleyfi. Einnig hvort Byggðastofnun veiti lán eða aðstoð til fiskeldisstöðva sem ekki hafa fullnægjandi mengunarvarnir hvað varðar lyf, rotvarnarefni og förgun úrgangs.

Það vekur eftirtekt að samkvæmt skýrslunni hefur fólki ekki fækkað í sveitum. En á þéttbýlisstöðum út um land fækkar fólki og enn leitar það til höfuðborgarsvæðisins sem þenst út. Þessi þróun sem enn heldur áfram er háskaleg. Hún kallar á dýrar framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu, bæði íbúðabyggingar og skólabyggingar. Hún kallar á stjarnfræðilegar upphæðir til umferðarmannvirkja sem ekki hefst undan að sinna og verður til þess að hér er meiri slysatíðni en þekkist nokkurs staðar í heiminum að mér skilst. Menn hljóta að bera ugg í brjósti um framtíðina, þ.e. hvernig takist að skapa vaxandi fólksfjölda á þessu svæði atvinnu og hvernig megi takast að halda uppi félagslegri þjónustu þegar fram í sækir. Þessi þróun er óhagstæð bæði fyrir borg og landsbyggð.

Í skýrslunni stendur að á árinu 1988 hafi stofnunin unnið að úttekt á byggðaþróun á landinu að beiðni forsrh. í ljósi þeirrar iskyggilegu framvindu sem stofnunin bendir á um það sem ég nú hef verið að ræða. Þar er tekin til athugunar hugsanleg breyting á stefnu stjórnvalda í byggðamálum. Byggðastofnun telur öllu skipta að um þessi mál geti skapast víðtæk pólitísk samstaða. Það er augljóst mál að fækkun íbúa ár frá ári hlýtur að draga þrótt úr byggðum landsins. Afleiðingarnar eru síðan m.a. lægra fasteignaverð og samdráttur í framkvæmdum og af því leiðir síðan framtaksleysi og erfiðleikar við að vinna bug á vandanum. Í framhaldi af þessu er ljóst að fyllsta ástæða er til að taka mark á þeim orðum, sem ég vitnaði til áðan úr upphafskafla skýrslunnar, að byggðaþróun undanfarinna ára hafi verið mjög óhagkvæm og gefið tilefni til mjög ákveðinna aðgerða. Hvaða aðgerða?

Fyrir um ári síðan stóð ég hér í ræðustól og til umræðu var skýrsla Byggðastofnunar fyrir árið 1987 og vil ég vitna í það sem ég sagði þá, með leyfi hæstv. forseta:

„Þess vegna er það trúa mín að það sé ekki eftir neinu að bíða með stefnumörkun um hvernig við viljum búa í þessu landi. Viljum við halda byggðinni á svipuðum nótum og hún er nú? Viljum við stuðla að því að hún færist í það horf að vera færri og stærri þéttbýliskjarnar og dreifðir sveitabæir á milli eða verksmiðjubú? Það verður að fara að liggja fyrir hvaða leið á að fara um byggðaþróun. Fólk á heimtingu að fá að vita hvers það má vænta í þessum efnum og hvers konar þjóðfélagslegar breytingar við getum sætt okkur við og stjórnvöld verða að leggja fram tillögur sínar um hvernig þau telja eðlilegt að byggð þróist og leggja þær fyrir sjónir almennings. Það verður að efla getu byggðanna til að hafa meiri yfirráð um sín eigin mál og slíkt gerist ekki nema þær fái meiri umráð yfir eigin aflafé og að því verður að stefna ef einhver þróttur á að geta verið í byggð utan höfuðborgarsvæðisins."

Ég vil leyfa mér að halda því fram að starf Byggðastofnunar komi ekki að hálfu gagni meðan ekki liggur fyrir hvert við viljum stefna um byggðaþróun. Án þess hlýtur starf hennar að vera ómarkvisst og nýting fjárins sem hún lánar ekki sú sem best yrði á kosið. Byggðastofnun verður að starfa sjálfstætt, eftir ákveðinni stefnu og sú stefna ætti ekki að vera eftir geðþóttaákvörðunum ríkisstjórna á hverri tíð.

En eitt mál vil ég þó minnast á sem án efa getur haft veruleg áhrif til hagsbóta fyrir landsbyggðina ef á því væri tekið og reyndar er ákveði um það í stjórnarsáttmálanum. Það er að átak skuli gert í að efla atvinnu fyrir konur á landsbyggðinni. Eins og er er sú atvinna sem þær eiga kost á þar árstíðabundin, óviss og yfirleitt illa launuð. Ég held að það skipti meira máli en menn almennt gera sér ljóst að konur í dreifbýli eigi aðgang að atvinnu við sitt hæfi. Það má benda á margt í þeim efnum, t.d. fjarvinnustofur, en um það mál bar hv. þm. Danfríður Skarphéðinsdóttir fram þáltill. í vetur. Mestu máli skiptir þó að menn séu fúsir til að hlusta á hvað konurnar sjálfar hafa til málanna að leggja í þessum efnum og taka tillit til óska þeirra og ábendinga. Þær skortir ekki hugmyndir og í því efni má benda á að samkvæmt rannsóknum í Bandaríkjunum síðustu ár kemur það í ljós að á móti hverju fyrirtæki sem karlmaður stofnar eru fimm fyrirtæki sett á laggirnar af konum. Karlmenn virðast

eitthvað staðnaðir í hugmyndum en konurnar koma þar nýjar og ferskar og oft á allt öðrum nótum. Þær hafa aðrar hugmyndir um fyrirtækjasköpun. En trygg atvinna fyrir konur, bæði í dreifbýli og þéttbýli, um landsbyggðina kann að vera áhrifaríkari aðgerð til byggðafestu en margan grunar.

Niðurstöður mínar af lestri þessarar skýrslu eru í fyrsta lagi þær að Byggðastofnun hafi gert umtalsverðar tilraunir til að sporna við þeirri öfugþróun um byggð í landinu sem hefur viðgengist undanfarin ár, þ.e. að fólk flýi framleiðslustaðina en leiti í meiri og meiri mæli aðeins á einn stað og þá að mestu leyti í þjónustustörf. Hvaða árangur þessi viðleitni ber liggur alls ekki ljóst fyrir enn. Í öðru lagi að höfuðnauðsyn er að treysta fjárhag stofnunarinnar og að hún fái aukið fjármagn sem ekki þarf að standa skil á við erlenda lánardrottna, eins og segir í skýrslunni, á ákveðnum degi og verði þess megnug að efla nýjungar í atvinnulífi landsbyggðarinnar. Og í þriðja lagi að gagnsemi stofnunarinnar velti á því að ákveðin stefna sé mörkuð um það á hvaða nótum við viljum að byggð þróist í landinu. Því aðeins getur starf þessarar stofnunar verið markvisst og orðið landsbyggðinni til þeirrar eflingar sem henni er nauðsyn.

Umræðu frestað.

EFRI DEILD

111. fundur, föstudaginn 19. maí, kl. 11 árdegis.

Þjóðarbókhlaða og endurbætur menningarbygginga, 3. umr.

Stjfrv., 374. mál. — Þskj. 1226 (sbr. 1098).

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

Almannatryggingar, 2. umr.

Stjfrv., 372. mál (tryggingaráð, stjórnir sjúkrasamlaga o.fl.). — Þskj. 1186, n. 1208.

Frsm. heilbr.- og trn. (Guðrún Agnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1208 um frv. til l. um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, ásamt síðari breytingum, sem er 372. mál þingsins á þskj. 698 en á þskj. 1186 eftir breytingar í Nd.

Þetta frv. fjallar fyrst og fremst um nánari og ákveðnari skilgreiningu á valdsviði tryggingaráðs annars vegar og tryggingayfirlæknis hins vegar. Sú breyting varðar jafnframt meðferð þeirra tilvika þegar ágreiningur ríkir um örorkumat. Upphaflega frv. hefur einnig ákvæði um skipan stjórnar sjúkrasamlaga og breytingu á ákvæðum um tilvísanir sérfræðinga. Þetta frv. var rætt nokkuð ítarlega í öllum umræðum í Nd. og þar voru gerðar á því eftirfarandi breytingar sem koma fram á þskj. 1071 og mig langar að reifa það stuttlega, með leyfi forseta:

Það er þá í fyrsta lagi breyting við 2. gr. frv. Henni hefur verið breytt frá upphaflega frv. þannig að 7. gr. laganna hljóði svo:

„Rísi ágreiningur um grundvöll, skilyrði eða upphæð bóta leggur tryggingaráð úrskurð á málið.

Komi ágreiningur fyrir tryggingaráð til úrskurðar og úrlausn hans er að einhverju leyti eða öllu háð læknisfræðilegu, lögfræðilegu eða félagsfræðilegu mati er tryggingaráði hverju sinni heimilt að kveðja sér til ráðuneytis einn til þrjá menn sem hafa sérþekkingu á hlutaðeigandi sviði."

Í öðru lagi var 3. gr. felld brott og það var fyrst og fremst vegna þess að hún stangast á við ætlun frv. um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga þar sem 38. gr. er ætlað að falla brott. Var því ákveðið í umfjöllun Nd. að þessi grein yrði felld brott þar sem talið var líklegt að frv. um verkaskiptingu mundi verða samþykkt á þessu þingi.

Þá er í þriðja lagi smávægileg orðalagsbreyting við 6. gr., að í stað orðanna „að semja við sérfræðinga um" komi: greiða sérfræðingum fyrir.

Þær breytingar sem voru gerðar við 2. gr. og varða 7. gr. laganna voru nokkrar í Nd. og var m.a. bætt inn á fyrra stigi umfjöllunar málsins að tryggingaráð ætti að leggja úrskurð á mál sem risu vegna ágreinings, ekki einungis um bætur heldur einnig um örorkumat. Um þetta spunnust þó nokkrar umræður og voru skoðanir skiptar og var að lokum ákveðið að fella út örorkumatið en víkka aðeins út skilgreiningar á bótum með því að setja inn grundvöll, skilyrði eða upphæð bóta. Einnig var bætt við áliti lögfræðinga og félagsfræðinga sem kalla mætti til eða félagsráðgjafa þegar tryggingaráð þarfnaðist ráðuneytis til þess að skera úr um mál sem ágreiningur væri um. Það var fyrst og fremst til að undirstrika að örorkumat er ekki einungis læknisfræðilegt eða á sér læknisfræðilega þætti heldur og einnig félagslega.

Það náðist þó sátt um málið í Nd., en reynt hafði verið að taka tillit til annars máls sem lá fyrir Nd. á þskj. 185, 171. mál þingsins, en mál þess efnis, þ.e. um áfrýjunardómstól fyrir þá sem eru ósáttir við það örorkumat sem þeir hafa hlotið, hefur verið flutt hér á þinginu nokkrum sinnum en ekki verið samþykkt og var gerð tilraun í Nd. til að samræma þessi tvö mál. Það tókst þó ekki að öllu leyti, en sáttir náðust um málið í Nd. og við umfjöllun hv. heilbr.- og trn. Ed. voru engar breytingar lagðar til en fallist á einróma að samþykkja frv. með þeim breytingum sem þar voru gerðar. Nál. sem er á þskj. 1208 hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt eins og neðri deild afgreiddi það.

Stefán Guðmundsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins."

Undir nál. rita Valgerður Sverrisdóttir, Karl Steinar Guðnason, Salome Þorkelsdóttir, Guðmundur H. Garðarsson, Margrét Frímannsdóttir og Guðrún Agnarsdóttir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.–6. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, 2. umr.

Frv. fjh.- og viðskn. Nd., 506. mál (aðild starfsmanna Sinfóníuhljómsveitarinnar). — Þskj. 1127, n. 1231.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Hér er um að ræða frv. sem er nánast innihaldslega og efnislega samhljóða frv. sem áður hafði verið afgreitt hér í deildinni og fjallað hafði verið um í hv. fjh.- og viðskn. Munurinn á þessum frv. er sá að í frv. sem hér er til umræðu er eingöngu fjallað um aðild starfsmanna Sinfóníuhljómsveitar Íslands að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Í hinu frv., sem við höfðum áður afgreitt, var fjallað um það atriði auk ýmissa annarra sem okkur var tjáð að um væri samkomulag. Við nánari athugun málsins kom síðar í ljós í hv. Nd. að um sum þeirra atriða var ekki samkomulag og var þá brugðið á það ráð í hv. Nd. að flytja nýtt frv. sem tryggir það meginatriði sem hinu var ætlað að tryggja, þ.e. fulla aðild starfsmanna Sinfóníuhljómsveitar Íslands að lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Þetta frv. er flutt í fullu samráði við og með vitund forvígismanna starfsmanna og hljóðfæraleikara Sinfóníuhljómsveitarinnar.

Ákvæði laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins eru í endurskoðun og þau atriði sem voru í fyrra frv. koma því ekki til ákvörðunar Alþingis að þessu sinni heldur hljóta þau að endurskoðast með öðrum. En þetta frv. er mjög stutt og einfalt að efni eins og ég hef raunar sagt og nefndin er sammála um að mæla með því að það verði samþykkt óbreytt eins og það liggur fyrir frá Nd..

Danfríður Skarphéðinsdóttir sat þennan fund nefndarinnar og er samþykk þessu áliti en Margrét Frímannsdóttir var fjarstödd afgreiðsluna.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Sjúkraliðar, 2. umr.

Stjfrv., 229. mál (verkstjórn og starfsábyrgð). — Þskj. 898, n. 1238, brtt. 1239.

Frsm. heilbr.- og trn. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1238 um frv. til l. um breytingu á lögum nr. 58/1984, um sjúkraliða. Nál. er frá hv. heilbr.- og trn.

Nefndin hefur fjallað um frv. á mörgum fundum. Á fund nefndarinnar komu hjúkrunarfræðingarnir Sigþrúður Ingimundardóttir og Pálína Sigurjónsdóttir og sjúkraliðarnir Kristín Guðmundsdóttir, Margrét Kristjánsdóttir og Solveig Halblaub.

Í ljós kom að þær tvær heilbrigðisstéttir sem frv. snýr sérstaklega að og eru auk sjúkraliða hjúkrunarfræðingar greinir á um stöðu sjúkraliða innan heilbrigðiskerfisins, en nám sjúkraliða er nú í endurskoðun. Heilbr.- og trn. lagði sig fram um að finna leiðir til breytinga á frv. sem báðir aðilar gætu fellt sig við og telur að sú niðurstaða sem nefndin var sammála um sé spor í þá átt.

Þær brtt. sem nefndin leggur fram á þskj. 1239 eru í fyrsta lagi við 1. gr. frv. Þar er lögð til sú breyting að allar undanþágur sem gerðar eru frá þeirri grundvallarreglu að sjúkraliðar starfi undir stjórn hjúkrunarfræðinga og beri ábyrgð á störfum sínum gagnvart þeim verði háðar samþykki heilbr.- og trmrn.

Hin breytingin er við 2. gr. og felur í sér ákvæði til endurskoðunar á lögunum fyrir 1. jan. 1992. Ástæða þess að nefndin var sammála um að gera þá brtt. er að sjálfsögðu sú að um þetta mál er ekki algjör samstaða meðal hagsmunaaðila og því talið rétt að málið yrði endurskoðað áður en allt of langur tími liði.

Nefndin fellst einhuga á afgreiðslu Nd. á málinu með þeim breytingum sem hún gerir tillögu um á þskj. 1239.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1239,1 samþ. með 12 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 1239,2 samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, 2. umr.

Stjfrv., 356. mál. — Þskj. 657, n. 1242.

Frsm. sjútvn. (Stefán Guðmundsson):

Herra forseti. Ég tala fyrir nál. á þskj. 1242 um frv. til l. um breytingu á lögum nr. 62 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Í nál. segir:

„Nefndin hefur fjallað um frumvarp þetta sem felur í sér að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins verði heimilt að eiga aðild að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum sem vinna að því að hagnýta niðurstöður rannsókna stofnunarinnar í þágu atvinnuveganna.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins."

Undir nál. skrifa Stefán Guðmundsson, Guðrún Agnarsdóttir, Guðmundur H. Garðarsson, Karvel Pálmason, Skúli Alexandersson, Halldór Blöndal og Jóhann Einvarðsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Lögreglumenn, 2. umr.

Frv. ÁrnG o.fl., 163. mál (próf frá lögregluskóla og tjónabætur). — Þskj. 1203, n. 1246.

Frsm. allshn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Hér er um að ræða frv. til l. um breytingu á lögum um lögreglumenn. Allshn. fjallaði um málið í gær og til fundar við hana komu Gylfi Thorlacius lögfræðingur og Þorgrímur Guðmundsson, formaður Lögreglufélags Íslands.

Frv. gerir ráð fyrir breytingum sem varða það að engan megi ráða eða skipa lögreglumann eftir 1. júlí 1990 nema hann hafi lokið námi í Lögregluskóla ríkisins. Þó eru gerðar undantekningar varðandi þetta ákvæði um skipverja á varðskipum ríkisins, tollverði og héraðslögreglumenn og varalögreglumenn.

Í öðru lagi er hér lagt til að ríkissjóður skuli bæta lögreglumönnum meiðsli og tjón sem þeir verða fyrir vegna starfs síns.

Nefndin leggur einróma til að frv. verði samþykkt eins og Nd. afgreiddi það, þ.e. óbreytt. Undir það rita allir nefndarmenn. Guðrún Agnarsdóttir sat fund nefndarinnar og er samþykk þessu áliti.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vil aðeins út af þessu frv. taka fram um það sem kemur fram í 1. gr., þ.e. að engan megi skipa lögreglumann eftir 1. júlí 1990 án þess að hann hafi lokið námi í Lögregluskóla ríkisins, að það er svo að það er sjálfsagt og nauðsynlegt að að því sé stefnt og eins og nú háttar málum hjá lögreglunni í Reykjavík eru aðeins þrír menn af tæplega 260 mönnum, ef ég man rétt, sem ekki uppfylla þessi skilyrði. Hitt er svo annað mál að aðalatriðið er að efla svo Lögregluskóla ríkisins að hann geti staðið undir nauðsynlegum skyldum. Dómsmrn. hafði þegar ákveðið að að þessu skyldi unnið, en hitt er svo annað mál að það kunna að verða einhver vandkvæði á nokkrum stöðum á landinu að uppfylla þessi skilyrði um mitt ár 1990 án þess að ég vilji nokkuð um það fullyrða. Það má því telja að sumu leyti vafasamt að festa þetta mál á þessu stigi svo kyrfilega í lögum því að hvað sem nauðsynlegri menntun líður þarf að halda uppi löggæslu í landinu á hverjum tíma.

Ég hafði talið að með þeim ákvörðunum sem þegar hafa verið teknar í dómsmrn. hafi framgangur þessa vilja í reynd verið tryggður, en það er mjög til siðs að festa margvíslegan vilja í lögum. Ég er mjög efins um að það sé rétt stefna að ganga allt of langt í því, ekki aðeins í þessu máli heldur í mörgum öðrum, þótt ég sé algjörlega sammála þeim vilja sem hér kemur fram.

Að því er varðar 2. gr. frv. hafði dómsmrn. einnig fallist á og tekið undir það að lögreglumönnum skyldi bætt meiðsli og tjón sem þeir verða fyrir vegna starfs síns og það verður að teljast eðlilegt að menn sem geta lent í ryskingum hvenær sem er taki ekki þá miklu áhættu sem þeir hafa í reynd þurft að taka á undanförnum árum.

Dómsmrn. hefur á undanförnum mánuðum unnið að því að kaupa tryggingu fyrir alla löggæslumenn þannig að þessi vilji kæmist til framkvæmda með þeim hætti og má segja að því máli sé nánast lokið. En það er eins með það og hið fyrra að auðvitað sakar ekki að taka það fram í löggjöf og má segja að það sé tryggara, en ég tel að með þeirri vinnu sem hefur verið unnin undanfarna mánuði á þessu sviði hafi framkvæmd þessa máls verið tryggð.

Ég ætla ekki að segja neitt fleira um þetta mál, en í ljósi þess sem ég hef hér sagt mun ég greiða atkvæði með þessu máli en vildi gera grein fyrir stöðu þessara mála og þeim vanda sem kann að koma upp á einstaka stað um mitt ár 1990 þó að of snemmt sé að fullyrða um það. En ég vil þá að þingmenn geri sér ljóst að það kunni að þurfa meiri fjárveitingar til þessara mála á árinu 1990 til að koma þessum vilja í framkvæmd því að það kostar allmikið að mennta hvern lögreglumann því bæði er hann á launum meðan á námi stendur og einnig þarf að greiða uppihaldskostnað utanbæjarmanna. Ég vildi að þingmönnum væri ljóst að þetta mun væntanlega geta þýtt meira fé á árinu 1990 sem dómsmrn. mun að sjálfsögðu sækja um í samræmi við þennan vilja þingsins.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

EFRI DEILD

112. fundur, föstudaginn 19. maí,
að loknum 111. fundi.

Námslán og námsstyrkir, 1. umr.

Frv. FI o.fl., 56. mál (framfærslugrunnur). — Þskj. 1229.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Réttur til fiskveiða í landhelgi Íslands, 1. umr.

Frv. ÓÞÞ og KJóh, 284. mál (færeysk og grænlensk fiskiskip). — Þskj. 511.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til sjútvn. með 14 shlj. atkv.

Leigubifreiðar, 1. umr.

Stjfrv., 438. mál (heildarlög). — Þskj. 1228.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um leigubifreiðar. Það er 438. mál Nd. á þskj. 798 en á þskj. 1228 eftir breytingar í Nd.

Frv. þetta var samið á vegum samgrn. í samráði við hagsmunaaðila. Þannig háttar til að gildandi lög um leigubifreiðar frá árinu 1970 hafa staðið óbreytt í 19 ár að undanskilinni minni háttar breytingu sem gerð var 1988 og athugun á réttarstöðu leigubifreiðastjóra hefur leitt í ljós að heildarendurskoðun á lögunum er löngu orðin tímabær. Vandamál samfara stjórn þessara mála hafa verið leyst með sífelldum breytingum og reglugerðum um leigubifreiðar vegna þess að lögin sjálf hafa ekki verið nægjanlega fastmótuð og víðtæk. Það er sem sagt afrakstur heildarendurskoðunar þessara mála sem birtist í þessu frumvarpi. Meginmarkmið frumvarpsins er eins og laganna frá 1970 að koma góðri skipan á málefni leigubifreiðastjóra og gæta hagsmuna almennings sem nýtur þessarar þjónustu.

Meginefni frumvarpsins og fyrri laga er að veita heimildir til að takmarka fjölda leigubifreiða á viðkomandi svæðum. Þetta á við um fólksbifreiðar, vörubifreiðar og sendibifreiðar, en þróun mála hefur orðið nokkuð misjöfn eftir því um hvaða flokk bifreiða er að ræða. Sendibifreiðar hafa í mjög fáum tilvikum notið takmörkunar þar sem stéttarfélög sendibifreiðastjóra hafa yfirleitt ekki óskað eftir slíku. Um vörubifreiðar gegnir öðru máli. Víðast hvar á landinu eru í gildi takmörkunarreglugerðir fyrir vörubifreiðar. Takmarkanir á fjölda sendibifreiða og vörubifreiða eru framkvæmdar með því að taka ekki fleiri menn inn í viðkomandi félög en reglugerð segir til um, þ.e. félögin ráða því sjálf hverjir bætast við í stéttina og öðlast rétt til að stunda leiguakstur á viðkomandi svæðum. Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel hjá vörubifreiðastjórum en minni reynsla hefur fengist af því hjá sendibifreiðastjórum.

Framvinda mála hjá fólksbifreiðastjórum hefur orðið með talsvert öðrum hætti. Þar eru takmörkunarreglugerðir í gildi hjá félögum sem staðsett eru í hinum stærri kaupstöðum, þar á meðal ein slík reglugerð fyrir höfuðborgarsvæðið í heild. Á hinn bóginn er takmörkun á fjölda fólksbifreiða til leiguaksturs ekki framkvæmd af stéttarfélögum fólksbifreiðastjóra heldur með útgáfu atvinnuleyfa sem opinberar nefndir annast á hverju félagssvæði.

Þetta atvinnuleyfakerfi hefur tíðkast hjá fólksbifreiðastjórum allar götur síðan 1956 þegar takmörkunarreglur voru teknar upp, sbr. lög nr. 25/1955. Þetta kerfi er orðið mjög fast í sessi og um það gilda ítarleg ákvæði í takmörkunarreglugerðum sem sífellt gerast flóknari eða hafa gerst það undanfarin ár.

Í gildandi lögum, lögunum frá 1970, segir ákaflega lítið um það hvernig takmörkun á fjölda leigubifreiða skuli hrundið í framkvæmd, þ.e. hvort félögin skuli gera það sjálf eða opinberar nefndir eigi að gera það með útgáfu atvinnuleyfa. Í lögunum segir aðeins að með reglugerð skuli kveðið á um ráðstöfun atvinnuleyfa, enda verði fyrir það girt að leyfin geti orðið verslunarvara. Að þessu leyti eru lögin ófullkomin og í reynd á eftir tímanum. Lögin hafa þó ætíð verið skilin á þann veg að þau útiloki ekki takmörkun á fjölda leigubifreiða án atvinnuleyfa svo sem tíðkast hefur með vörubifreiðar og sendibifreiðar. Brýna nauðsyn ber til að lögfesta skýr ákvæði um þær takmörkunaraðferðir sem þróast hafa og ekki er ástæða til að breyta út af í meginatriðum og það er lagt til í frv. þessu.

Á það ber einnig að líta að atvinnuleyfi til leiguaksturs fólksbifreiða eru mjög eftirsótt og leyfishafar líta á þau sem mikilvæg persónuleg réttindi. Því er mjög æskilegt að setja í lög glöggar grundvallarreglur

um atvinnuleyfin en láta þar eigi reglugerðarákvæðin ein nægja. Þannig má líka forðast deilur um hvort reglugerðarákvæði um atvinnuleyfi eigi næga stoð í lögum, en deilur um þetta efni hafa nokkrum sinnum orðið tilefni dómsmála.

Umboðsmaður Alþingis, sem hefur af gefnu tilefni gert nokkra athugun á atvinnuleyfamálum fólksbifreiðastjóra, segir í bréfi til samgrh. dags. 13. október 1988: „Af því tilefni tek ég enn fremur fram að ég tel ástæðu til að lög um leigubifreiðaakstur verði tekin til rækilegrar endurskoðunar í heild. Í þessari endurskoðun verði m.a. fjallað um hvaða skilyrðum menn þurfi að fullnægja til þess að geta fengið og haldið leyfum til leigubifreiðaaksturs og um nýtingu slíkra atvinnuleyfa."

Ýmis fleiri atriði en hér hafa verið nefnd kalla á þessa endurskoðun laga um leigubifreiðar og skal í því efni vísað til helstu nýmæla sem þetta frv. felur í sér. Þau eru, svo nokkur þau helstu séu nefnd, að leiguakstur fólksbifreiða, vörubifreiða og sendibifreiða er skilgreindur. Í gildandi lögum er aðeins skilgreindur leiguakstur vörubifreiða. Þá er gerður greinarmunur á framkvæmd takmörkunar eftir því hvort um er að tefla annars vegar vörubifreiðar og sendibifreiðar eða hins vegar fólksbifreiðar. Með þessu er hin venjubundna framkvæmd þessara mála, sem hefur öðlast nokkuð fastan sess, staðfest með lögum.

Bifreiðastjórar sem njóta þess að fjöldi leigubifreiða í atvinnugrein þeirra er takmarkaður eru skyldaðir til að vera félagsmenn í einu og sama stéttarfélagi á viðkomandi svæði. Um þetta atriði hafa verið nokkuð skiptar skoðanir og sumir viljað halda því fram að það samræmdist ekki ýmsum öðrum sjónarmiðum eða öðrum rétti að binda félagsaðild með þessum hætti. Á þessu hefur verið gerð nokkuð ítarleg skoðun lögfræðilegs eðlis og hefur hún leitt í ljós, óyggjandi að ég tel, að þessi venja er nokkuð algeng í lögum og má nefna ýmis lög þar sem tiltekin hlunnindi eða skipulag á nýtingu slíkra hluta eru bundin takmörkunum eða kvöðum af þessu tagi til þess að unnt sé að hafa um hlutina skipulag eða almenna reglu á framkvæmd þeirra. Má þar nefna t.a.m. ýmsa hlunnindalöggjöf þar sem félög um hlunnindanýtinguna eru lögbundin, svo sem gert er í lögum um lax- og silungsveiði, vatnalögum, lögum um málflytjendur þar sem segir að héraðsdóms- og hæstaréttarlögmenn skuli vera í félagi, lögum um framleiðslu og verðlagningu á búvörum, en þar segir að bændur skuli vera í Stéttarsambandi bænda eða öðrum samþykktum eða viðurkenndum samtökum búvöruframleiðenda, og mætti fleira til nefna. Þá má og vitna til þess að í nýlegum hæstaréttardómi, sem féll um það efni hvort heimilt væri að binda aðild að stéttarfélagi með reglugerð, féll dómur á þann veg að það væri ekki heimilt. Hins vegar væri það heimilt með lögum og minni hluti dómsins taldi reyndar að mögulegt væri að binda félagsskylduna þó að lög kvæðu ekki með skýrum hætti á um slíkt.

Af öðrum nýmælum í frv. má nefna að grundvallarreglur eru settar um atvinnuleyfi til leiguaksturs fólksbifreiða, en þær hefur alveg skort í gildandi lögum. Í því efni er tekið mið af tilmælum umboðsmanns Alþingis. Þá er skýrt fram tekið að þeim sem ekki hafa atvinnuleyfi sé bannað að taka að sér eða stunda leiguakstur á fólki. Það er að mínu mati mjög mikilvægt atriði að það sé með skýrum hætti tekið fram í lögunum að réttindi til þessarar atvinnustarfsemi séu eingöngu bundin þeim sem hafa atvinnuleyfi og öðrum sé bannað að hafa þessa starfsemi með höndum.

Þetta er nauðsynlegt til að veita leyfishöfunum viðunandi réttarvernd, fá sett fram þau skilyrði sem eru fyrir því að menn geti öðlast atvinnuleyfi og haldið því og eru þau nokkuð víðtækari en tíðkast hafa í reglugerðum en ákvæði um þetta efni hefur skort í lögum.

Veitt er heimild til að halda námskeið fyrir umsækjendur um atvinnuleyfi til leiguaksturs fólksbifreiða til að auka hæfni umsækjenda og framkvæma síðan faglegt mat á hæfni þeirra með prófum.

Þá er lagt til að atvinnuleyfi falli úr gildi við 70 ára aldur. Frumvarpið gerði að vísu upphaflega ráð fyrir að heimilt væri að hækka þetta aldursmark upp í allt að 75 ár með reglugerð, en samgn. Nd. breytti frumvarpinu að þessu leyti og vill binda þetta við 70 ár.

Þá eru sett skýr ákvæði um skipan og hlutverk umsjónarnefndar sem áður voru eingöngu til í reglugerð og gerðar nokkrar efnisbreytingar á þessum ákvæðum.

Það er kveðið á um skyldur til að hafa gjaldmæla í leigubifreiðum, en ákvæði um þetta efni voru nýlega felld brott úr umferðarlögum þar sem þau voru talin eiga betur heima í sérstökum lögum um leigubifreiðar.

Þá er gert ráð fyrir því að samgrn. setji á grundvelli þessarar lagasetningar tvær reglugerðir um nánari framkvæmd laganna, aðra fyrir fólksbifreiðar en hina fyrir vörubifreiðar og sendibifreiðar. Er þá meiningin að hætta útgáfu svæðisbundinna reglugerða en þannig hefur verið staðið að þessu hingað til að sérstök reglugerð hefur gilt um hvert atvinnusvæði en það hefur svo leitt til þess að nokkuð hefur skort á samræmingu þessara mála.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta frumvarp en vísa að öðru leyti til greinargerðar þess. Ég vænti þess að hv. deild sjái sér fært að afgreiða málið þannig að það geti orðið að lögum á þessu þingi. Samstaða tókst um breytingarnar á frumvarpinu í Nd. og samgn. Nd. stóð einhuga að afgreiðslu málsins.

Ég undirstrika að lokum það, sem áður hefur komið fram í máli mínu, að gildandi lög um þetta efni eru með öllu ófullnægjandi. Það hefur gerst erfiðara með hverju árinu sem líður að hafa skynsamlega stjórn á þessum málum og ég verð að viðurkenna að ég er sammála að nokkru leyti áliti umboðsmanns Alþingis í því efni að vegna þessa ástands hefur framkvæmdarvaldið teygt sig í lengra lagi til að reyna

að stýra þessum málum með reglugerðum sem er auðvitað óheppilegt. Stefna ber að því í þessu tilviki eins og annars staðar að lagaákvæði séu skýr og ekki sé gengið í neinu tilviki lengra í því en góðu hófi gegnir að stjórna málum með reglugerðum.

Að lokinni þessari umræðu, herra forseti, legg ég svo til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. samgn.

Jóhann Einvarðsson:

Hæstv. forseti. Það er trúlega rétt hjá hæstv. samgrh. að hér er nauðsyn að setja nýja löggjöf um leigubílstjóra, ég dreg það ekki í efa. Löggjöfin er orðin gömul og þarf sjálfsagt endurskoðunar. En ég vil lýsa megnri óánægju minni með það að ég kom á framfæri við a.m.k. tvo fulltrúa í samgn. að kalla til Arnmund Backman lögfræðing, sem er held ég viðurkenndur sérfræðingur í vinnurétti, til að ræða þessi mál og það tókst ekki betur til hjá þeim en svo að það var reynt að ná til hans um klukkustundu eða tæplega það fyrir síðasta fund nefndarinnar í gær svo hans sjónarmið komust ekki á framfæri.

Ástæðan fyrir því að ég óskaði eftir þessu var beiðni frá öðru stéttarfélagi leigubifreiðastjóra suður í Keflavík, en þar hafa um allmörg ár verið tvö stéttarfélög. Menn geta svo deilt um hvort það sé heppileg ráðstöfun eða ekki. Það er nú einu sinni svo að ég hef starfað suður í Keflavík í allmörg ár sjálfur og var falið í fyrra starfi mínu að reyna að ná sáttum á milli þessara félaga. Ég gerði margítrekaðar tilraunir til þess og það tókst aldrei að sameina þær tvær leigubifreiðastöðvar sem þar eru. Fyrir því liggja margar ástæður sem ég ætla ekki að rekja hér. Ég tel að það sé alveg fráleitt að setja í löggjöf skilyrði um að menn skuli vera í sama stéttarfélagi. Ég held að í flestum þeim lögfræðiályktunum sem ráðherra minntist á áðan og reyndar í þeim hæstaréttardómi sem hann minntist á komi fram atriði um að menn eigi að vera í stéttarfélagi. Mér er sem ég sjái verkalýðshreyfinguna ef það yrði sagt á einu bretti í einni löggjöf að allir verkamenn á Íslandi skuli vera í einu stéttarfélagi. Ég minni á að í langflestum sveitarfélögum eru til sjálfstæð verkakvennafélög og verkamannafélög. Ég er ekki viss um að það yrði mikil ánægja með löggjöf frá Alþingi um að þessi félög skuli sameinast. Sem betur fer er þetta samt þróunin vegna þess að þau hafa tekið um það ákvörðun sjálf en ekki að frumkvæði löggjafans. Að ætla sér svo að setja í löggjöf að aðilar skuli vera í sama stéttarfélagi sem eru búnir að vera, ef ég má orða það svo, upp á kant í fjöldamörg ár og segja þeim að þeir hafi tvö ár til að aðlagast þessu nýja kerfi er gjörsamlega fráleitt.

Ég held þess vegna að þetta þurfi að skoðast talsvert betur áður en við göngum frá þessu í deildinni og ég kem á framfæri með formlegum hætti núna við formann samgn. þessarar hæstv. deildar að kallað verði í Arnmund Backman lögfræðing, sem er held ég viðurkenndur vinnuréttarsérfræðingur, og aðra sérfræðinga í þessu máli til viðræðna um þessi mál áður en deildin fær það til frekari meðhöndlunar.

Það eru reyndar held ég fleiri atriði athugunarverð en þau eru minni en þetta. En ég er ekki viss um að verkalýðshreyfingin væri sátt við að við settum löggjöf um að það væri eitt verkamannafélag yfir allt Ísland. Það væri að vísu kannski heppilegra í samningum einhverra hluta vegna, en að við ætluðum að taka ákvörðun um það á hinu háa Alþingi held ég að væri ekki skynsamleg ráðstöfun.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegi forseti. Ég hef síður en svo á móti því að hv. samgn. fái til fundar eftir því sem tími gefst til og mögulegt er viðurkennda sérfræðinga sem að þessu máli geta komið og ég tek fram að af þeim sjónarmiðum hefur verið vitað og þau hafa verið ítarlega skoðuð, en þetta hefur engu að síður orðið niðurstaða þeirra sem þetta frumvarp sömdu og eftir vandaða lögfræðilega skoðun eru menn sammála um að þeir sem að frumvarpinu stóðu, bæði tveir lögfræðingar sem upphaflega sömdu það sem og fleiri sem leitað hefur verið til, að leggja til grundvallar stjórn þessara mála þetta skipulag. En það er vel vitað að um þetta atriði eru deildar meiningar í lögfræðingastétt.

Hér er rétt að hafa í huga að á ferðinni er nokkuð sérstakt stéttarfélag og í raun er kannski óheppilegt að nota það orð að ýmsu leyti því að hér er um að ræða ákveðið gæslufélag tiltekinna réttinda en ekki stéttarfélag í skilningi þess orðs sem menn leggja í félög sem lög um stéttarfélög og vinnudeilur helst skilgreina. Hér er um að ræða félagsskap sem er aðili að stjórn og skipulagi þessara mála. Ég held að allir séu sammála um að það sé óhjákvæmilegt að unnt sé að hafa um þetta skipulag af því tagi sem hér á við. Það er reyndar reynsla allra þjóða að fullnægjandi þjónustu verði ekki haldið uppi nema unnt sé að byggja hana á einhverju slíku skipulagi.

Mér eru mjög vel ljós þau vandkvæði og sá ágreiningur sem uppi hefur verið á Suðurnesjum um þetta mál og sú staðreynd að þar eru starfandi tvö félög sem ekki hefur tekist samkomulag um að sameina.

Frumvarpið var upphaflega lagt fram með þeim hætti að þar var ótímabundin heimild, að vísu var það kallað til bráðabirgða, til að veita undanþágu frá því ákvæði að allir skyldu vera í einu og sama stéttarfélagi á sama svæði. En samgn. hv. Nd. breytti þannig 1. mgr. 5. gr. að það skyldi aðeins heimilt að veita þá undanþágu í tvö ár og væntanlega hefur hún lagt þá hugsun til grundvallar að það yrði að nýta þann tíma til að koma á sameiningu félaga ef ekki væri þegar um eitt félag að ræða.

Ég gæti eftir atvikum fallist á að frumvarpinu yrði aftur breytt meira í líkingu við það sem það upprunalega var og e.t.v. væri rétt að binda þá heimild við það að þar sem annað fyrirkomulag væri fyrir hendi við gildistöku laganna væri heimilt að veita undanþágu frá ákvæði 1. mgr. 5. gr. um óskilgreindan tíma á meðan unnið væri að því að koma á varanlegu skipulagi á grundvelli almennra ákvæða laganna mætti það verða til samkomulags um þetta efni. (**JE:** Það er nú þegar búið að eiga sér stað 30 ára stríð.)

Mundi ég þá beina þeim tilmælum til hv. samgn. að hún athugaði það atriði í leiðinni.

Meira hef ég ekki um þetta að segja, virðulegur forseti. Ég verð enn að leggja áherslu á að það er mjög bagalegt ef það dregst að þessi lög fáist samþykkt vegna þeirra erfiðleika sem uppi eru í stjórn þessara mála á grundvelli þeirra gömlu og ófullkomnu lagaákvæða sem í gildi eru.

Karvel Pálmason:

Virðulegur forseti. Ekki skal ég lengja þessar umræður. Ég veit ekki hvort menn hafa gert sér grein fyrir því að hér eru menn að tala á síðasta degi þings að öllu óbreyttu. Ég á sæti í hv. nefnd sem málið fer til. (**Gripið fram í:** Þú ert formaður.) Ég á sæti þar. (**GHG:** Já, sem formaður.) Er það ekki sæti? Menn geta bætt úr ef þeir vilja en sæti er það eigi að síður. En ef ekki er algjört samkomulag um þetta mál sé ég ekki hvernig þetta mál á að fara í gegn. Nú er ég ekki að taka efnislega afstöðu til málsins og ætla ekki að gera fyrr en ég sé frekar málið. En þetta mál er búið að vera í hv. samgn. Nd. trúlega í nokkrar vikur, án þess að ég vilji neitt þar um fullyrða, og enn virðast vera uppi skiptar skoðanir um málið þannig að ég bið menn að athuga hvort menn eru hér í raun og veru að tala um að láta málið ganga milli deilda í dag í breytingu. Ef svo er óttast ég að þetta mál fari ekkert í gegnum þingið.

Ég heyri í þessari hv. deild að menn eru ekkert sammála um málið eins og það kemur frá Nd. En það er alveg ljóst að í þessari stöðu geta þeir sem eru andvígir og vilja stöðva mál gert það á þeim skamma tíma sem er til umráða fyrir þingið ef því á að ljúka í dag.

Mér finnst þess vegna full ástæða til þess að ítreka að ef menn eru að tala um í fullri alvöru að málið nái fram að ganga hér í þinginu gerist það ekki að mínu viti öðruvísi en að það verði algjört samkomulag um málið ella dagar það uppi. Því held ég að menn verði að gera sér grein fyrir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til samgn. með 11 shlj. atkv.

Almannatryggingar, 3. umr.

Stjfrv., 372. mál (tryggingaráð, stjórnir sjúkrasamlaga o.fl.). — Þskj. 186.

Of skammt var liðið frá 2. umr — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1282).

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, 3. umr.

Frv. fjh.- og viðskn. Nd., 506. mál (aðild starfsmanna Sinfóníuhljómsveitarinnar). — Þskj. 1127.

Of skammt var liðið frá 2. umr — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1283).

Sjúkraliðar, 3. umr.

Stjfrv., 229. mál (verkstjórn og starfsábyrgð). — Þskj. 1272.

Of skammt var liðið frá 2. umr — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, 3. umr.

Stjfrv., 356. mál. — Þskj. 657.

Of skammt var liðið frá 2. umr — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1284).

Lögreglumenn, 3. umr.

Frv. ÁrnG o.fl., 163. mál (próf frá lögregluskóla og tjónabætur). — Þskj. 1203.

Of skammt var liðið frá 2. umr — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1285).

Launavísitala, 2. umr.

Stjfrv., 213. mál. — Þskj. 361, n. 1262 og 1263.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar hefur fjallað um frumvarp til laga um launavísitölu.

Eftirtaldir aðilar komu til viðtals við nefndina: Ásmundur Stefánsson, Ari Skúlason og Lára V. Júlíusdóttir frá Alþýðusambandi Íslands, Þórarinn V. Þórarinsson og Hannes Sigurðsson frá Vinnuveitendasambandinu, Hallgrímur Snorrason og Gunnar Hall frá Hagstofu Íslands og Lárus Ögmundsson frá fjmrn.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Júlíus Sólnes var fjarverandi lokaafgreiðslu málsins. Undir þetta nál. rita auk þess er þetta mælir Valgerður Sverrisdóttir, Jóhann Einvarðsson og Margrét Frímannsdóttir.

Það kom fram í umfjöllun nefndarinnar að menn greinir nokkuð á um ágæti þessarar launavísitölu, en engu að síður er það skoðun meiri hl. nefndarinnar að samþykkja beri frumvarpið óbreytt.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Í nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. Nd. og sömuleiðis í nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. Ed. er samviskusamlega upp talið hvaða aðilar það voru sem komu til viðtals við nefndirnar. Það er stutt um viðhorf allra þessara aðila að segja að þeir sáu ýmis tormerki á þeirri lagasetningu sem hér er um að ræða og lýstu sig andsnúna frv. þannig að þó svo að fjh.- og viðskn. hafi fengið margvíslegar upplýsingar og ábendingar við meðferð og athugun málsins hefur það ekki skipt neinu máli né haft nein áhrif á þá nefndarmenn sem skipa sér í sveit stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar hér á hinu háa Alþingi.

Nál. minni hl. fjh.- og viðskn. Ed. er stutt, einungis vísað til þess rökstuðnings sem fram kemur í nál. minni hl. fjh.- og viðskn. Nd. og með sömu ályktunarorðum að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar, heim til föðurhúsanna. Ég sé ekki, herra forseti, ástæðu til þess að lesa hér upp nefndarálitið. Það liggur fyrir í þingskjölum og á borðum þingmanna og auðvitað einungis eyðsla á prentsvertu og pappír ef við í minni hl. fjh.- og viðskn. Ed. hefðum látið prenta þann rökstuðning upp í sérstöku þingskjali þó svo að einstökum orðum hefði verið vikið til.

Ég vil, herra forseti, vekja athygli á því að forseti Alþýðusambands Íslands, sem sæti á í kjararannsóknarnefnd, telur að grundvöllur launavísitölunnar sé mjög ótryggur og gerir athugasemdir við þann útreikning sem hér er viðhafður og telur að skekkjumörk séu veruleg með hliðsjón af þeirri miklu þýðingu sem launavísitalan hefur í sambandi við fjárskuldbindingar manna og ég hygg að það hafi verið samdóma álit allra þeirra sem nefndin fékk til viðtals að sá gagnmerki og góði embættismaður, hagstofustjóri, sé ekki öfundsverður af að axla þá ábyrgð sem þessi launavísitala leggur honum á herðar eins ótraustur og grundvöllurinn er, en um leið kom fram að hagstofustjóri ber fullt traust til kjararannsóknarnefndar. Ég vek athygli á því að þegar er búið að höfða eitt mál til ógildingar þeirri lánskjaravísitölu sem tekin var upp um áramótin sem auðvitað sýnir okkur á hversu ótraustum grunni sú lagasetning er sem hér er verið að efna til og ég vil sérstaklega minna á það að Hæstiréttur hefur lögum samkvæmt, venju samkvæmt og sögulega fullan rétt á að kveða upp dóm sem er í ósamræmi við sett lög ef honum virðist sem lagasetning Alþingis brjóti í bága við stjórnarskrá íslenska lýðveldisins (**EG:** Þó það nú væri.) og auðvitað er efnt til slíks ágreinings með því að halda þessu máli til streitu. Það er efnt til mikillar réttaróvissu.

Í öðru lagi kom það fram hjá forseta Alþýðusambands Íslands að það sé meira en möguleiki, það sé í raun fyrirsjáanlegt með hliðsjón af fortíðinni að mælikvarði launavísitölunnar kunni að sýna hækkun á launum í landinu þó svo að þeir launþegar sem einungis verða að sætta sig við launataxta hafi orðið fyrir kjaraskerðingu vegna þess að felld hafi verið niður yfirvinna. Þessi nýja launavísitala mælir með öðrum orðum ekki endilega hvort sá almenni launþegi búi við batnandi eða versnandi kjör. Launavísitölunni er ekki ætlað að mæla þá þætti.

Í þriðja lagi vil ég leggja áherslu á að öll meðaltöl eru hættuleg. Ég held ég geti fullyrt að talsmenn allra flokka á Alþingi hafa undir ýmsum kringumstæðum lýst því yfir hversu hættulegt það sé að festa sig við meðaltölin þó svo að þau gefi rétta mynd sem slík. Ég hygg að sú ábending sé einnig rétt, sem fram kom frá viðmælendum nefndarinnar, að launavísitalan mun hafa áhrif á þær launakröfur sem gerðar eru af einstökum starfshópum. Ég man ekki, herra forseti, á hvaða hundraðinu þau stéttarfélög eru í landinu sem hafa sjálfstæðan samningsrétt og sjálfstæðan verkfallsrétt. Ég skal ekki segja hvort þau eru 200. En fjöldi slíkra félaga er ótrúlega mikill. Ég hygg því að launavísitalan muni með margvíslegum hætti ýta og kynda undir óraunhæfar launakröfur, kynda undir að verðbólgubálið brenni glaðar og hraðar í framtíðinni en nú er og þykir þó mönnum nóg um.

Ég vil síðast en ekki síst, herra forseti, í þessu sambandi aðeins minna á þá kjarasamninga sem ríkisstjórnin hefur nú gert, annars vegar við forustumenn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og hins vegar við háskólamenntaða menn í þjónustu ríkisins. Það er deginum ljósara að það er ekki samræmi á milli þessara kjarasamninga tveggja og algjörlega ljóst að sú launavísitala sem hér er lagt til að lögfesta muni halla á þá félagsmenn sem eru í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð. Þeir menn sem komu á fund fjh.- og viðskn. Ed. fluttu mál sitt mjög vel, voru rökfastir og höfðu mikla grundvallarþekkingu á því viðfangsefni sem við vorum að fást við. Allir þessir menn vöruðu við því að þetta frv. yrði samþykkt. Það var eins og að skvetta vatni á gæs og verð ég þó að biðja gæsirnar afsökunar á því að nota þær í líkingamáli sem tákn fyrir þá hv. þm. sem styðja þá ríkisstjórn sem nú situr. Ég legg með öðrum orðum til að þessu frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég á aðeins aðild að fjh.- og viðskn. þessarar deildar sem áheyrnaraðili en hef þó lýst mig samþykka því nál. sem mælt var fyrir rétt í þessu og langaði til að fara aðeins um þetta örfáum orðum. Hv. síðasti ræðumaður vitnaði til nál. frá minni hl. í fjh.- og viðskn. Nd. og þar komu í raun og veru fram haldbær rök fyrir því að vísa þessu til nánari skoðunar til ríkisstjórnarinnar.

23. janúar sl. kom út reglugerð um nýja lánskjaravísitölu. Í grg. með þessu frv. kemur fram að markmiðið með því er að skapa lagalegan grundvöll fyrir útreikningum á greiddum launum svo hægt sé að nota þá vísitölu sem þannig fæst sem ⅓ í hinni nýju lánskjaravísitölu.

Þeir gestir sem nefndinni vannst tími til að fá á sinn fund sáu flestir ef ekki allir ýmsa annmarka á þessu frv. Hagstofustjóri benti m.a. á að í öðrum löndum hefðu alls kyns vísitölur verið reiknaðar fyrir tiltekna tegund launa og tilteknar stéttir en nú væri hvergi til lögformlegur launakvarði sem jaðraði við að vera stjórntæki sem gengi inn í aðra þætti eins og gert er ráð fyrir að launavísitalan verði. Þá bentu bæði hagstofustjóri og Gunnar Hall frá Hagstofu Íslands á að útreikningar launavísitölu sköpuðu mikla örðugleika þar eð ekki væri hægt að fá nema takmarkaðar upplýsingar hverju sinni. Sú tímatöf sem af því hlýst gerði það að verkum að leiðrétta þyrfti vísitöluna aftur á bak í tímann og útskýra jafnóðum í hverju þær leiðréttingar væru fólgnar. Það kom fram að atriði eins og t.d. orlofsuppbótin í júní sem nýlega hefur verið samið um við ríkisstarfsmenn og desemberuppbót mun orsaka sveiflur í launum og að skekkjumörk geti því orðið mjög misjöfn.

Í morgun var einn af gestum fundarins Ásmundur Stefánsson, forseti ASÍ, og benti hann á ýmsa svokallaða praktíska galla á þessu frv. Hann benti á að laun gangi með meiri skrykkjum en t.d. verðlagsvísitölur og þessi vísitala taki aðeins til breytinga á launum miðað við fastan vinnutíma. Þannig komi yfirborganir til hækkunar á vísitölunni og ef þær færast í vöxt hjá ákveðnum hópum muni þeir setja upp launavísitöluna og það kemur að sjálfsögðu niður á þeim sem hjakka í taxtakaupi. T.d. kemur það fram í hækkun lána. Þá taldi Ásmundur Stefánsson allar viðmiðanir ótraustar og aðeins liggja fyrir fyrir takmarkaðan hluta vinnumarkaðarins. Oft koma upplýsingar eftir á og taldi forseti ASÍ jafnvel mögulegt í ljósi þess að launavísitala geti hreinlega orðið geðþóttaákvörðun hagstofustjóra. Þá eru bæði hagstofustjóri og fulltrúi kjararannsóknarnefndar, Hannes G. Sigurðsson, sammála um að útreikningar á launavísitölu mundu kosta mikla vinnu á báðum stöðum.

Ég minntist áðan á reglugerð um nýja lánskjaravísitölu sem leit dagsins ljós í janúar sl., en alla tíð síðan hafa verið uppi efasemdir um lögmæti breytingarinnar eins og reyndar kom fram í máli hv. síðasta ræðumanns. Ég tel að það hefði verið viturlegra að hlusta á rök þeirra manna sem komu til fundar við fjh.- og viðskn., svo og að líta á málið í ljósi þess að það þarf að athuga betur lagalegar hliðar á þeirri nýju lánskjaravísitölu sem ákveðin var með reglugerð í janúar sl. Ég tel nauðsynlegt að fá slíkt álit áður en hægt er að taka efnislega afstöðu til málsins og tel því ekki tilefni til viðamikillar umfjöllunar um efnisákvæði frv.

Ég vildi aðeins að þetta kæmist að hér, virðulegi forseti, og tek undir álit minni hl. um að málið verði skoðað betur og því vísað til ríkisstjórnarinnar.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Ég komst því miður ekki á fund hv. fjh.- og viðskn. Ed. í morgun þar sem var verið að ganga frá og afgreiða út úr nefndinni frv. til l. um launavísitölu. Ég sat hins vegar fund nefndarinnar í gær þar sem við fjölluðum um þetta mál.

Ég vil aðeins lýsa þeirri skoðun minni, sem er í raun skoðun okkar þingmanna Borgfl., að aðalatriði málsins finnst mér vera að hvers konar vísitölur megi ekki með neinum hætti tengja sjálfvirkt við laun né fjárskuldbindingar. Við höfum lagt áherslu á að það eigi að túlka vísitölur sem mælieiningu eða mæli sem sýni hvert er ástand ákveðinna þátta í þjóðfélaginu hverju sinni. Sem slíkar geta vísitölur verið afar gagnlegar og sjálfsagt að reikna hvers kyns vísitölur og birta þær reglulega til þess að hinir ýmsu aðilar í þjóðfélaginu eigi þess kost að fylgjast náið með hvert er ástand hinna ýmsu þátta efnahagslífsins sem okkur skipta máli. Þannig hef ég t.d. aldrei amast neitt við því þó að lánskjaravísitala verði um alla framtíð reiknuð og birt þannig að menn geti haft hana til viðmiðunar þegar verið er að semja um fjárskuldbindingar manna á milli. Í sjálfu sér hefði ég því ekkert við það að athuga að það yrði tekin upp einhvers konar launavísitala í þeim dúr sem þetta frv. gerir ráð fyrir. En það sem ég set fyrir mig er það að hún skuli síðan innreiknuð í hina nýju lánskjaravísitölu sem svo á aftur á sjálfvirkan hátt að stýra með

hvaða hætti fjárskuldbindingar breytast frá mánuði til mánaðar. Það er þetta atriði málsins sem ég get á engan hátt sætt mig við. Því get ég ekki stutt að þetta frv. nái fram að ganga. Ef það væri gulltryggt að það væri vilji manna að afnema þessar sjálfvirku vísitölubindingar, sem ég tel að séu fyrst og fremst þess valdandi hvað efnahagslíf landsmanna stendur á miklum brauðfótum og reyndar atvinnulífið með, hefði ég ekkert við þetta frv. að athuga. En meðan við höldum þessari sjálfvirku tengingu vísitalna við efnahagslífið og ruglum þar með hinar ýmsu stærðir þess get ég ekki stutt breytingu sem þessa.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. í nál. 1263 um að vísa frv. til ríkisstjórnarinnar felld með 10:8 atkv.

1. gr. samþ. með 10:7 atkv.

2.–5. gr. samþ. með 10:7 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 344. mál (húsbréfaviðskipti). — Þskj. 1160 (sbr. 1115), n. 1234 og 1235.

Frsm. meiri hl. félmn. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Félmn. Ed. hefur haft til umfjöllunar frv. til l. um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins eða frv. um húsbréf eins og það er oftast nefnt. Nefndin fékk á sinn fund fulltrúa þeirra sem sömdu frv. og einnig þeirra sem munu hafa bein og óbein afskipti af málinu ef frv. verður samþykkt.

Því er ekki að leyna að töluverður ágreiningur er um innihald frv. Það kom fram bæði hjá þeim sem nefndin kallaði á sinn fund og eins í þeim umsögnum sem hv. félmn. Nd. bárust þegar nefndin hafði málið til umfjöllunar. Í hv. Nd. voru gerðar nokkrar breytingar á frv. frá því sem var þegar það var lagt fram. Meiri hl. félmn. Ed. gerir ekki athugasemdir við þær breytingar og leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt eins og fram kemur í áliti meiri hl. nefndarinnar á þskj. 1234, en þar segir:

„Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á fundum sínum og fékk til viðræðna eftirtalda: Yngva Örn Kristinsson og Eirík Guðnason frá Seðlabanka Íslands, Ásmund Stefánsson, Ásmund Hilmarsson, Grétar Þorsteinsson og Björn Þórhallsson frá ASÍ, Inga Val Jóhannsson frá félagsmálaráðuneytinu, Guðmund J. Guðmundsson frá Verkamannasambandinu, Þórólf Halldórsson frá Félagi fasteignasala, Sigurð Snævar og Jóhann Rúnar Björgvinsson frá Þjóðhagsstofnun, Sigurð E. Guðmundsson, Hilmar Þórisson, Hauk Sigurðsson, Percy B. Stefánsson og Grétar J. Guðmundsson frá Húsnæðisstofnun ríkisins, Ríkarð Steinbergsson frá stjórn Verkamannabústaða í Reykjavík, Guðmund Gylfa Guðmundsson frá Fasteignamati ríkisins og Gunnar Helga Hálfdánarson frá Fjárfestingarfélaginu.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt eins og neðri deild afgreiddi það.“

Undir þetta rita auk mín Karl Steinar Guðnason, Valgerður Sverrisdóttir og Jóhann Einvarðsson.

Frsm. 1. minni hl. félmn. (Guðmundur H. Garðarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá 1. minni hl. félmn. Ed. 1. minni hl. leggur til að þessu frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar og vísar til m.a. nál. 1. minni hl. félmn. Nd. varðandi afstöðu sína.

Það þarf ekki, virðulegi forseti, að fara mörgum orðum um það að um þetta frv. er verulegur ágreiningur og hefur farið fram ítarleg umræða um það í hv. Ed. Eins og fram kom í ræðu frsm. meiri hl. nefndarinnar hefur félmn. haldið marga fundi um þetta mál og kallað á sinn fund marga sérfróða menn í þessum málum. Auk þess hafa verið tilkvaddir forustumenn úr samtökum vinnuveitenda og launþega sem eru aðilar þessa máls allt frá því að frv. til l. var samþykkt í ársbyrjun 1986 um nýskipan húsnæðismála.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um að sú nýskipan sem tekin var upp í upphafi árs 1986 hefur ekki reynst sem skyldi þannig að það hefur kallað á þörf fyrir að breyta því fyrirkomulagi sem verið hefur í húsnæðismálum. Nú hefur svo keyrt um þverbak á síðustu mánuðum eða missirum að það húsnæðismálakerfi sem við búum við er algerlega ófullnægjandi og til stórskaða bæði fyrir einstaklinga sem þjóðina í heild.

Sjálfstfl. hefur fyrir sitt leyti léð máls á því að það verði reynt að fara inn á þær brautir sem það frv. gerir ráð fyrir sem lagt var fram á sínum tíma, en við meðferð málsins, þ.e. meðferð þeirra hugmynda sem komu frá nefnd um þetta mál, hefur m.a. félmrn. sem og stjórnarflokkarnir breytt meginefni frv. þannig að úr því hefur orðið það frv. sem hér liggur fyrir. Það frv. teljum við sjálfstæðismenn algerlega ófullnægjandi og stefni ekki inn á þær brautir sem um var talað þegar viðkomandi nefnd var sett á laggirnar.

Ég vek athygli á því, virðulegi forseti, að í þessu frv. eru ákveðin ákvæði sem eru algerlega óskyld því efni sem meginmáli skiptir sem er að reyna að koma upp ákveðinni tegund húsbréfaviðskipta. Þá hefur áliti milliþinganefndar verið breytt í grundvallaratriðum og einnig vil ég vekja athygli á því, virðulegi forseti, að áhrif þessa frv. á fjármagnsmarkaðinn og þar með á það vaxtastig sem upp úr því kæmi eru mjög óljós svo að ekki sé meira sagt. Við óttumst það, sjálfstæðismenn, að þetta frv. muni ekki leiða til þeirrar vaxtalækkunar á íbúðalánum sem við höfðum gert okkur vonir um ef farið hefði verið að tillögum milliþinganefndar um framtíðarskipan þessara mála.

Þá viljum við vekja athygli á því, virðulegi forseti, að varðandi vaxtabætur liggja ekki fyrir svo ljósar tillögur að það sé hægt að styðja þetta frv. Það er algert skilyrði að þær vaxtabætur sem lofað var í

sambandi við frv. milliþinganefndar kæmu að fullu til framkvæmda gagnvart láglaunafólki, en við teljum að sú trygging sé ekki fyrir hendi sem skyldi.

Þá er einnig vert að vekja athygli á því, virðulegi forseti, að það er auðvitað naðsynlegt í jafnveigamiklu máli sem þessu að um það takist víðfeðmt samkomulag. Það hefur því miður ekki gerst og vek ég athygli á því að jafnfjölmenn samtök launamanna og Alþýðusamband Íslands hafa lýst mikilli andstöðu við málið eins og það liggur fyrir hinu háa Alþingi í dag.

Í stuttu máli er það skoðun okkar sjálfstæðismanna að þetta mál hafi breyst svo í meðförum frá því að það var lagt fram af hálfu milliþinganefndar að við getum ekki stutt það í núverandi mynd. Ég vil þó taka skýrt fram að Sjálfstfl. hefur áhuga fyrir því að þróa mál inn á þær brautir að upp verði tekið einhvers konar húsbréfakerfi. Okkar hugmyndir ganga út á að með því væri sú grundvallarbreyting gerð í sambandi við t.d. skyldukaup lífeyrissjóðanna að þeim væri gert frjálst að fara inn á þennan markað og þá með þeim hætti að prósentan lækkaði. Ég hef ástæðu til að halda að hæstv. félmrh. hefði viljað ganga mun lengra en frv. sem hér liggur fyrir, t.d. þannig að skyldukaup lífeyrissjóðanna sem nú eru 55% hefðu lækkað allverulega með þar af leiðandi vaxtalækkandi áhrifum úti á hinum frjálsa markaði.

Í stuttu máli, virðulegi forseti, vil ég ítreka að við leggjum til að þessu frv. verði vísað til ríkisstjórnar til þess að hún geti betrumbætt það og lagt það fram á hausti komanda.

Frsm. 2. minni hl. félmn. (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. 2. minni hl. félmn. sem kemur fram á þskj. 1268.

Ég byrja á því að gera grein fyrir því að mér þykir að við höfum fengið mjög skamman tíma í félmn. Ed. til að fara yfir þetta mikilvæga mál. Hér er um mjög flókið og erfitt mál að ræða sem í raun krefst þess að það sé farið mjög rækilega niður í málið og það sé grandskoðað frá öllum sjónarmiðum. Sérstaklega er nauðsynlegt að fá tækifæri til að hlýða á sjónarmið hinna fjölmörgu aðila sem hafa hér hagsmuna að gæta.

Nú skal viðurkennt og það er að sjálfsögðu staðreynd að í Nd. fékk málið mjög ítarlega umfjöllun. Kannski sýnir þetta betur en margt annað að það er e.t.v. full ástæða til að velta því fyrir sér hvort það séu heppilegar vinnuaðferðir, sem gilda á hinu háa Alþingi, að það séu starfandi tvær deildir og þær skuli eiga að fjalla um þessi stóru mál hvor á sinn hátt með sjálfstæðum nefndarstörfum. Ég sé ástæðu til að nefna þetta af því að mér finnst að vinna okkar í hv. félmn. Ed. hafi verið svolítið yfirborðskennd vegna þess að við höfðum ekki nægan tíma til að fara ofan í málið. Því var borið við að málið hefði fengið svo ítarlega meðferð í Nd. Ég rifja upp að ég tók þátt í starfi með nefnd þar sem var fjallað um tillögur norskra ráðgjafa sem voru að gera úttekt á starfsháttum Alþingis. Þeir bentu á að það væri kannski spor í rétta átt að sameina nefndalínur þingsins þannig að það væri þá aðeins starfandi ein félmn. Þá hefði máli verið vísað til sömu nefndar hvort sem það var í vinnslu í Ed. eða í Nd. Það er út af fyrir sig athyglisvert og þessi málsmeðferð sýnir einmitt að það er full ástæða til að velta þessu betur fyrir sér.

Þó að við hefðum ekki langan tíma til þess að fjalla um þetta mál fengum við þó á fund nefndarinnar fulltrúa nokkurra aðila og áttum við þá mjög fróðlegar og gagnlegar umræður þar sem kom mjög margt merkilegt fram sem ég tel að varpi ljósi á þetta flókna mál. Fyrstir komu á okkar fund fulltrúar Seðlabanka Íslands. Kom berlega í ljós að því miður hefur ekki farið fram nein athugun á því hvaða áhrif húsbréfin samkvæmt því frv. sem hér liggur fyrir muni hafa á peningakerfi landsmanna. Eins var næsta óljóst með hvaða hætti Seðlabankinn virkar sem viðskiptavaki fyrir húsbréf. Kom m.a. fram það álit fulltrúa Seðlabankans að húsbréf yrðu vart álitin verða eins álitlegur kostur og spariskírteini ríkisins. Þar er fyrst og fremst sá munur að húsbréfin eru til 25 ára, það er a.m.k. það sem er fyrirhugað samkvæmt frv., en spariskírteinin eru yfirleitt til mun skemmri tíma sem gerir að þau eru álitlegri sem fjárfesting. Þess vegna er erfitt að meta hvaða ávöxtunarkröfu markaðurinn mun gera í sambandi við húsbréfin.

Þá spurðumst við fyrir um með hvaða hætti Seðlabankinn hygðist tryggja sölugengi bréfanna sem viðskiptavaki. Kom þá fram að það væri hugmynd þeirra að á kaupþingi væri Seðlabankinn með kauptilboð í húsbréf, en það væri hins vegar alveg ljóst að ef um mikið framboð af húsbréfum yrði að ræða mundi Seðlabankinn að sjálfsögðu verða að lækka kauptilboð sitt. Því er ekki hægt að segja fyrir um hvaða afföll gætu orðið á þessum bréfum. Ég hefði talið að það hefði verið alveg bráðnauðsynlegt — auðvitað er það hægt enn þá og veit ég að hæstv. félmrh. mun eflaust beita sér fyrir því og er gaman að fá kannski upplýsingar um það hjá hæstv. ráðherra á eftir — að Seðlabankinn láti fara fram athugun á þessu atriði sérstaklega. Ég held að það sé nauðsynlegt að gerð verði sérstök athugun á þessu og það verði lögð fram um það greinargerð af hálfu Seðlabankans hvernig hann sér fyrir sér að húsbréfin muni haga sér á verðbréfamarkaði.

Þá komu til fundar við nefndina fulltrúar Alþýðusambands Íslands og lýstu þeir yfir eindreginni andstöðu við húsbréfafrv. í því formi sem það liggur fyrir. Þeir töldu að það væri tiltölulega auðvelt að lagfæra gildandi húsnæðiskerfi þannig að það væri hægt að komast hjá hinum löngu biðröðum sem er aðalvandamálið sem blasir við þegar farið er að ræða gamla húsnæðiskerfið. Þeir bentu m.a. á að það vantar um 2 milljarða framlag ríkisins í byggingarsjóðina samkvæmt samkomulaginu 1986. Töldu þeir að ef ríkið hefði staðið við sinn hluta samningsins sem gerður var 1986 yrði vart um neinar biðraðir að ræða. Ég held að allir geti verið sammála um að það er nú með Byggingarsjóð ríkisins eins og aðra opinbera lánasjóði að ríkið hefur tregðast við að sinna skyldum

sínum um framlög til hinna ýmsu sjóða og þar af leiðandi kemur mér ekkert á óvart í sjálfu sér þó að vanti þarna 2 milljarða kr. af framlagi ríkisins. Þetta er sá hlutur sem við horfum upp á ár hvert við meðferð lánsfjárlaga í þingi. Í þeim er heill kafli um með hvaða hætti ríkið hyggst skerða framlög til hinna ýmsu sjóða svo að þetta þarf í sjálfu sér ekki að koma á óvart.

Fulltrúar ASÍ hafa sem fleiri miklar áhyggjur af því að húsbréfalánin geti orðið með mjög háum vöxtum og það verði ríflega affallaviðskipti þegar húsbréf verða höndluð á markaðnum. Þetta gæti síðan leitt til mikillar greiðslubyrðar lántakenda. Þeir töluðu m.a. um að húsbréfakerfið gæti valdið vaxtasprengingu á markaðnum því að þeir gátu séð það fyrir sér að 10 þúsund manns af biðlistanum muni e.t.v. fara út á markaðinn og slást um að kaupa hinar 5000 íbúðir sem eru á markaðnum á ári hverju. Það er talað um að tæplega 5000 íbúðir gangi kaupum og sölum árlega. Ef þessum 10 þúsund manns yrði att saman til að kaupa þessar tæplega 5000 íbúðir sjá menn fyrir sér að það gæti valdið gífurlegri vaxtasprengingu. Þeir hafa enn fremur miklar áhyggjur af því fólki, sem mundi fara út í slík húsbréfaviðskipti eða húsbréfalán. Fólk sem kannski er á biðlistanum og bíður eftir lánum með niðurgreiddum vöxtum en hefur ekki þolinmæði til að bíða og mundi því fara út í húsbréfalán eða eins og þeir orðuðu það: að óþolinmæðin mundi verða skynseminni yfirsterkari. Þeir höfðu því áhyggjur af því að þetta fólk mundi lenda í miklum greiðsluerfiðleikum og þetta mundi sem sagt verða til þess að íþyngja mjög greiðsluerfiðleikadeild Húsnæðisstofnunar sem hefur þó ærinn starfa fyrir.

Þá höfðu fulltrúar Alþýðusambandsins mjög miklar áhyggjur af vaxtabótakerfinu. Þeir töldu að það mundi reynast mjög erfitt í framkvæmd og í raun — og þar verð ég nú að taka undir með fulltrúum Alþýðusambandsins — tortryggja þeir mjög ríkisvaldið í þessu efni. Það hljómar að vissu leyti vel að ríkisvaldið lofi ákveðnu heildarfjármagni til að endurgreiða vexti allt eftir efnum og aðstæðum hvers og eins, en það er ákaflega þægilegt fyrir ríkisvaldið að draga hægt og sígandi úr framlagi til vaxtabóta þannig að smátt og smátt muni lántakendur verða að greiða fulla markaðsvexti. Ég tek eindregið undir það með þeim sem hafa áhyggjur af því að ríkið sjái sér hag í því að draga úr vaxtabótum. Kerfið verður svo flókið að það verður afar erfitt að hafa yfirsýn yfir það og þar af leiðandi ákaflega erfitt fyrir hvern og einn að meta hvort hann hafi fengið eðlilegar vaxtabætur þannig að húsnæðislán viðkomandi séu með hæfilegum vöxtum sem eðlilegir geti talist.

Þá áttum við líflegar umræður um þátt lífeyrissjóðanna og um form sjálfra húsbréfalánanna. Það kom fram hjá fulltrúum ASÍ að þeir eru sammála okkur þingmönnum Borgfl. að það er lykilatriði í sambandi við húsbréfakerfi og húsbréfalán að það verði með sama hætti og gagnvart öðrum lánsformum að ýmist seljandi eða kaupandi verði að sækja um slík lán. Það verði ekki um þessi hömlulausu skuldabréfaskipti að ræða sem ég hef séð fyrir mér að gerist með eftirfarandi hætti. Á frjálsum fasteignamarkaði hjá einhverjum óháðum aðilum úti í bæ kemst á samningur milli kaupanda og seljanda íbúðar og um leið og kaupandi hefur skrifað undir staðlað skuldabréf, sem svo er kallað, hleypur seljandi með það upp í Húsnæðisstofnun ríkisins og fær því skipt út fyrir húsbréf sem hann getur síðan farið og selt eða notað til annarra hluta. Talsmenn húsbréfakerfisins samkvæmt því frv. sem liggur fyrir hafa verið með ýmsar mótbárur þegar þetta atriði er rætt og talað um að það megi beita því með þessum eða öðrum hætti. Húsnæðisstofnun eigi að rannsaka greiðslugetu kaupandans og sömuleiðis eigi að rannsaka veðhæfni þeirrar íbúðar sem hefur verið seld, en aðrir sem hafa mikla reynslu af fasteignaviðskiptum segja að þetta þurfi ekki að taka nokkurn einasta tíma. Með því að kalla upp á tölvuskjá viðkomandi kaupanda megi kannski á 30 sekúndum komast að því hvort hann sé talinn lánshæfur, þ.e. hvort hann sé borgunarmaður fyrir slíku láni. Það taki ekki nema aðrar 30 sekúndur að kalla fram upplýsingar um viðkomandi íbúð til þess að kanna hver sé veðhæfni hennar. Þar af leiðandi ætti ekki að þurfa að taka nema kannski 5–10 mínútur að skipta á skuldabréfinu og húsbréfum uppi í Húsnæðisstofnun. Það eina kannski sem gæti gerst væri að það yrði allmyndarleg biðröð við afgreiðsluborðið í Húsnæðisstofnun þar sem þessi skuldabréfaskipti fara fram. Sú biðröð gæti orðið býsna löng.

Þetta finnst mér vera grundvallaratriði og ákaflega óskynsamlegt hvernig hér er staðið að málum. Í raun er ákaflega auðvelt að laga þetta í frv., þ.e. hin eðlilega leið er að sjálfsögðu sú að seljandi íbúðar sækir um eignaskiptalán til húsbréfadeildar og/eða kaupandinn sækir um lán til kaupa á íbúð. Þar með getur húsbréfadeild farið yfir slíkar umsóknir á eðlilegan hátt og með því er komin eðlileg bremsa í þetta kerfi sem allar aðrar þjóðir vilja nota. Við höfum hvergi nokkurs staðar getað grafið upp húsbréfakerfi sem er í gangi annars staðar í nágrannalöndum okkar þar sem slík hömlulaus viðskipti eru í gangi eins og fyrirhuguð eru með þessu frv.

Síðan ræddum við töluvert um hvort það væri ekki miklu eðlilegra eins og við þingmenn Borgfl. lögðum til á sínum tíma að fela lífeyrissjóðunum að koma á slíku húsbréfakerfi við hliðina á Húsnæðisstofnun ríkisins. Í raun má segja að langstærsti hluti þess fjármagns sem notaður er til húsnæðislána í landinu komi beint frá lífeyrissjóðunum. Þá vaknar sú spurning hvort það sé eðlilegt að lífeyrissjóðirnir byrji á því að kaupa skuldabréf af Byggingarsjóði ríkisins sem síðan búi til húsbréf sem lífeyrissjóðirnir eigi svo að kaupa aftur til þess að einhverjir aðilar getið fengið peningalán út á slík húsbréf. Það er eins og það sé verið að fara með þessa peninga í marga hringi áður en þeir verða að húsnæðislánum með þessum hætti. Ég held að það hljóti að liggja í augum uppi að það er miklu, miklu skynsamlegra að fela einfaldlega lífeyrissjóðunum að koma á slíku húsbréfakerfi og reka það við hliðina á Húsnæðisstofnun ríkisins. Hún færi

svo smátt og smátt inn í það meginverkefni, sem ég tel að eigi að vera meginverkefni hennar, að sinna félagslegum íbúðum og lánveitingum vegna þeirra en láta lífeyrissjóðunum eftir að sjá um almenna markaðinn, sjá um húsnæðislán til þeirra sem standa traustum fótum og þurfa ekki á sérstakri aðstoð að halda til að geta tekið lán til kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði. Þetta er svo mikið lykilatriði og þetta er svo augljóst að ég eiginlega skil ekki að menn skuli ekki vilja fallast á þetta sjónarmið. Ég hef látið umsögn Alþýðusambandsins fylgja með nál. þar sem þetta kemur fram, en þótti rétt að ítreka þetta.

Við fengum á fund nefndarinnar Guðmund J. Guðmundsson, fulltrúa Verkamannasambands Íslands, en hann og stjórn Verkamannasambandsins lýsir yfir stuðningi við frv. Það kom fram í máli Guðmundar að Verkamannasambandið hefur fyrst og fremst áhyggjur af hinum löngu biðröðum sem eru í núverandi kerfi og eru þeir ekkert einir um að hafa áhyggjur af því. Hann bendir líka á að það er algengt að skjólstæðingar hans, þ.e. félagar í Verkamannasambandinu, hafa leiðst út í að taka dýr skammtímalán meðan þeir bíða eftir húsnæðislánum í hinni löngu biðröð. Það hefur svo aftur orðið til þess að þeir hafa lent í miklum greiðsluerfiðleikum. Ég skil því vel sjónarmið Verkamannasambandsins að þeir vilja reyna að finna leið út úr þessu kerfi sem ekki virkar vel og geta út af fyrir sig allir verið sammála því. Hins vegar fannst mér eins og það kæmi fram hjá fulltrúa Verkamannasambandsins að í sjálfu sér er honum alveg sama um húsbréfakerfið. Hann telur nefnilega að með húsbréfakerfinu muni biðröðin styttast mjög fyrir hans skjólstæðinga sem munu áfram vera í biðröðinni, bara miklu styttri biðröð, eftir venjulegum húsnæðislánum með niðurgreiddum vöxtum frá Húsnæðisstofnun ríkisins, en það verði einhverjir aðrir sem lendi í húsbréfakerfinu og þar af leiðandi hefur hann í sjálfu sér engar áhyggjur af húsbréfakerfinu sem slíku. E.t.v. er stuðningur Verkamannasambandsins við húsbréfakerfið í því fólginn að með þessu álítur Verkamannasambandið að skjólstæðingar þess muni eiga greiðari aðgang að venjulegum hefðbundnum húsnæðislánum með niðurgreiddum vöxtum. Það verði aðrir sem lenda í húsbréfakerfinu.

Það var gaman að heyra í formanni Félags fasteignasala, Þórólfi Halldórssyni, en fasteignasalar eru að sjálfsögðu mjög ánægðir yfir þessu frv. (**GuðmÁ:** Það væri annaðhvort.) Það væri nú annaðhvort, segir hv. þm., og get ég tekið undir það. Ég hef víst einhvern tíma lýst því í ræðu að það má helst líkja viðbrögðum fasteignasala við kött sem hefur fengið rjóma í skálina. En fasteignasalar, þ.e. formaður Félags fasteignasala, telja að að sjálfsögðu muni húsbréfakerfið létta á biðröðinni og auðvelda fasteignaviðskipti. Ég er út af fyrir sig sammála því að auðvitað gerist það. Þetta mun auðvelda fasteignaviðskipti. Það er ekki nokkur vafi á því. Það má kannski segja að það sé mikill hagur fasteignasala að það gerist svo að ég er ekki hissa á því þó að þeir taki undir og vilji styðja þetta. Annað væri í raun og veru óeðlilegt.

Ég var hins vegar ekki alveg sáttur við rök fulltrúa fasteignasala fyrir því að það væri ekki hætta á því að verð fasteigna mundi hækka við hömlulaus húsbréfaviðskipti. Ég hef miklar áhyggjur af því að þessi hömlulausu húsbréfaviðskipti gætu orðið þess valdandi að fasteignaverð hækki verulega vegna þess að það verður svo auðvelt að selja fasteignir. Það verður tilhneiging hjá seljendum sem eiga að fá húsbréf í staðinn fyrir peninga fyrir fasteign sína, sem þeir ætla að selja með þessum hætti, innan við 65% af verðmæti fasteignar, að reyna að þrýsta verðinu upp til þess að geta fengið sem mest af þessum húsbréfum sem þeir þá reyna að breyta í peninga. Ég hef borið þetta atriði undir sérfræðinga erlendis sem eru gerkunnugir húsbréfaviðskiptum eins og hér er verið að tala um og þeir eru allir sammála því að það sé útilokað annað en að verð fasteigna muni fara hækkandi við slík viðskipti sem hér eru lögð til. Það sé einfaldlega eðli slíkra viðskipta.

Ég varpa fram þeirri spurningu hvort frjáls fasteignaviðskipti á frjálsum markaði og ríkistryggð húsbréf geti átt saman. Ég hef ekki fengið svar við því og í raun finnst mér að með þessu frv. sé ríkið að takast það á hendur að ætla að ábyrgjast öll fasteignaviðskipti landsmanna héðan í frá. Það má alveg eins spyrja: Er næsta skrefið að ríkið taki að sér að ábyrgjast öll viðskipti landsmanna með notaða bíla? Við getum alveg eins hugsað okkur að búa til bílbréf og síðan taki ríkið að sér að ábyrgjast öll viðskipti landsmanna með notaða bíla. Það er kannski næsta skrefið.

Það komu til okkar tveir fulltrúar frá Þjóðhagsstofnun og er alveg ljóst að þar inni eru menn mjög ósammála. Ég þarf ekki að rekja það svo ítarlega þar sem það hefur komið mjög ákveðið fram í áliti eins fulltrúa Þjóðhagsstofnunar, Jóhanns Rúnars Björgvinssonar, að hann hefur miklar áhyggjur af þeirri útfærslu á húsbréfakerfinu sem frv. gerir ráð fyrir. Húsbréfin komi til með að virka á markaðnum eins og það hefði verið sett aukið peningamagn í umferð án þess að nokkur verðmætasköpun standi þar á bak við í þjóðfélaginu. Hann hefur bent á að það sé ekki höfðað til sparnaðarins í þjóðfélaginu við veitingu húsbréfalána og því muni þau verða verðbólguhvetjandi.

Hann er hins vegar mjög sammála okkur þingmönnum Borgfl. um útboð húsbréfa eins og við gerðum ráð fyrir, þ.e. að húsbréf yrðu boðin út til sölu á frjálsum verðbréfamarkaði og á eftir slíku útboði væri hægt að veita lán þegar búið er að selja húsbréfin. Það er ein leið. Það er einmitt sú leið sem mér sýnist að flestar húsnæðislánastofnanir Norðurlandanna og Evrópulandanna séu að fara inn á, þ.e. slík húsbréfaútboð þannig að fyrst eru settar á markað raðir húsbréfa og leitað eftir kauptilboðum í slík bréf og þegar þau hafa verið seld er hægt að byrja að lána út. Þá er nefnilega þetta meginatriði í lagi. Það er fyrst látið reyna á sparnaðinn í þjóðfélaginu og síðar er hægt að veita lán.

Það verður að segjast til að öll sjónarmið komi fram að annar fulltrúi Þjóðhagsstofnunar, Sigurður Snævarr, var ekki á sama máli. Taldi hann að hús-

:éfakerfið eins og það liggur fyrir geti verið hagkvæm lausn. Þetta sýnir kannski betur en ella að menn eru mjög á báðum áttum hvað þetta varðar og það staðfestir í mínum huga hvað það er nauðsynlegt að vinna svona mál mjög rækilega og e.t.v. leyfa alþingismönnum að fjalla um slík mál a.m.k. á tveimur þingum áður en svo viðamikil breyting nær fram að ganga. Sérstaklega er mikilvægt að allir þeir hagsmunaaðilar sem þetta mál varðar séu sæmilega sáttir við þær breytingar sem eru lagðar til og það sé ekki ófriður um svona mál. Það er mjög óheppilegt að það sé mikill ófriður um svo viðamikla breytingu sem hér er verið að leggja til að gera á húsnæðiskerfinu. Það er kannski eitt alvarlegasta atriðið, hin mikla andstaða gegn frv. Ég hef miklar áhyggjur af því að stærsta launþegasamband landsins skuli vera með svo mikla andstöðu gegn þessu frv. Það veldur mér í einlægni miklum áhyggjum. Ég verð að segja það hreint eins og er.

Þá kem ég að merkilegum þætti. Á fund nefndarinnar komu nokkrir fulltrúar Húsnæðisstofnunar ríkisins og það kom fram, sem virkaði afar sérkennilega á mig, að Húsnæðisstofnun hefur ákaflega lítið haft um þetta frv. að segja. Það kom fram í máli fulltrúa Húsnæðisstofnunar að þeir vissu í raun ekkert meira um húsbréfafrv. en venjulegur blaðalesandi sem hefur fylgst með því í gegnum fréttir í blöðum. Þeir höfðu ekki tekið þátt í undirbúningi að gerð þessa frv. og höfðu ekki verið hafðir með í ráðum, en þeir eru þó sá aðili sem á að taka að sér rekstur þessa kerfis. Um þetta urðu nokkrar deilur í nefndinni. M.a. fóru menn að rifja upp gamlar væringar um hvort Húsnæðisstofnun og fulltrúar hennar hefðu verið hafðir með í ráðum þegar það kerfi sem við nú búum við varð til á árinu 1986. Treysti ég mér ekki til að blanda mér í þær deilur. Ég hlustaði hins vegar með athygli á að Húsnæðisstofnun væri raunverulega þarna í hlutverki blaðalesanda en ekki sem sá aðili sem á að reka þetta kerfi til frambúðar. Það þótti mér afar merkilegt að heyra.

Það kom einnig fram að það hefur í raun engin undirbúningsvinna farið fram af hálfu Húsnæðisstofnunar vegna húsbréfakerfisins. Það eru engar hugmyndir uppi um það hvert verður væntanlegt umfang þessara húsbréfaviðskipta og það hafa engar rekstraráætlanir verið gerðar um rekstur kerfisins.

Síðan varð mjög löng og ítarleg umræða um hina löngu biðröð eftir húsnæðislánum. Fulltrúar Húsnæðisstofnunar tíunduðu mjög og reyndu að sýna fram á það með gildum rökum að það sé ekkert lát á biðröðinni og hún haldi áfram að vaxa. Hins vegar kom fram mikil gagnrýni af hálfu nefndarmanna á meðhöndlun Húsnæðisstofnunar á lánsumsóknum yfirleitt og á afgreiðslu lána og lánsloforða. Þannig kom fram mjög merkileg upplýsing sem ég tel nauðsynlegt að koma á framfæri. Það eru mjög margir lífeyrissjóðir sem hafa alls ekki staðið við það samkomulag sem þeir hafa þó gert við Húsnæðisstofnun um skuldabréfakaup. Þannig töldu fulltrúar Húsnæðisstofnunar að það vantaði 1,6 milljarða kr. inn í húsnæðislánakerfið af þessum orsökum vegna lífeyrissjóða sem ekki hafa staðið við skuldbindingar sínar. Þá spurðum við: Er það þá ekki svo að félagar í viðkomandi lífeyrissjóðum sem ekki hafa staðið við samkomulagið eru meðhöndlaðir sérstaklega og fá annaðhvort skert lán eða alls engin lán? Svör við þessari spurningu voru þau að það hefði ekki verið gert. Félagar í þeim lífeyrissjóðum sem ekki hafa staðið við skuldbindingar sínar um skuldabréfakaup frá Húsnæðisstofnun fá full lán eins og ekkert hafi í skorist og það er ekki reynt að hafa áhrif á biðröðina með þeim hætti að ýta þeim til hliðar, þ.e. félögum þeirra lífeyrissjóða sem ekki hafa staðið í stykkinu. Þetta er mjög sérkennilegt og einkennileg málsmeðferð verð ég að segja.

Þá má vekja athygli á því að það er mjög góð sjóðsstaða hjá byggingarsjóðum ríkisins. Um áramót var sjóðsstaðan rúmlega 1 milljarður kr. og um síðustu mánaðamót var sjóðsstaðan rúmlega 800 millj. kr. Það vöknuðu því spurningar sem þessar: Er ekki hægt að flýta útlánum sem þessu nemur, hraða afgreiðslu lána? Til hvers er verið að liggja með mikla peninga í sjóði í Seðlabanka Íslands og láta Seðlabankann hagnast á því vegna þess að hann borgar ekkert sérlega háa vexti fyrir innistæður byggingarsjóðanna á reikningi í Seðlabanka?

Þá er vitað að það verða töluverð afföll á lánsumsóknum vegna ýmissa aðstæðna hjá umsækjendum. Ég verð að segja eins og er að mér finnst því miður að það sé ekki hægt að segja annað en það að það er eins og allt hafi verið gert til að láta þessa biðröð líta miklu hræðilegar út en hún er í raun. Það hefur nánast engin vinna verið sett í að rannsaka umsóknirnar og kanna hvort um tvítekningar sé að ræða, hvort umsækjendur í verkamannabústaðakerfinu séu einnig með umsóknir í almenna húsnæðislánakerfinu.

Þá er eitt lykilatriði enn að það er ekkert gengið eftir því hvort menn ætli að notfæra sér lánsloforð eða lánsrétt. Eðlilegast hefði verið að segja við þá sem hafa fengið ýmist lánsloforð eða lánsrétt að ef þeir nýti hann ekki innan einhvers tiltekins tíma falli þeir sjálfkrafa út úr biðröðinni. Það eru dæmi þess að menn eru allt í einu að grafa upp gömul lánsloforð og gera kröfu um að fá lán kannski löngu eftir að það var komið fram að þeir höfðu engan áhuga á því að taka slík lán.

Þá kemur kannski að aðalkjarna málsins. Því í ósköpunum að vera með þessar biðraðir yfirleitt? Því er það ekki gert að allar umsóknir falla sjálfkrafa úr gildi við áramót og síðan þurfi að endurnýja umsóknir? Ef viðkomandi umsækjandi þarf á húsnæðisláni að halda er honum það ekkert of gott að þurfa að endurnýja umsókn sína. Það kom m.a. fram í umræðum um þetta atriði að það virkar ákaflega ankannalega að lánsumsækjendur um lán hjá Húsnæðisstofnun ríkisins eru látnir tíunda þremur árum áður en þeir fá lánið afgreitt hver er fjárhagsstaða þeirra og eignarstaða og hverjar eru tekjur þeirra og margt fleira. Þetta eru upplýsingar sem eru síðan gersamlega úreltar þegar þeir að lokum fá lánið. Þetta segir

mér ekkert annað en það að það væri miklu skynsamlegra að láta allar umsóknir falla sjálfkrafa úr gildi um áramót hafi þær ekki fengið afgreiðslu á árinu og láta síðan umsækjendur sækja um á nýjan leik. Þetta er oftast gert og víðast hvar þar sem um er að ræða að menn eru að sækja um einhvern hlut og eru í biðröð og er mjög eðlilegt og sjálfsagt. Þetta sjónarmið kom fram hjá fulltrúa stjórnar verkamannabústaða í Reykjavík, framkvæmdastjóra stjórnarinnar, Ríkarði Steinbergssyni. Hann sagði að á síðasta ári t.d. hefðu borist um 1150 umsóknir um verkamannabústaði í Reykjavík. En það hefði aðeins verið hægt að sinna 250 umsækjendum. Við áramót féllu þær umsóknir sjálfkrafa úr gildi sem ekki tókst að afgreiða. Síðan verða þeir aðilar sem hyggjast halda áfram og reyna aftur að sækja um á nýjan leik. Svo einfalt er það mál. Þannig verða engar biðraðir til. En auðvitað viðurkennir hann og taldi að hann þyrfti að geta úthlutað miklu, miklu fleiri íbúðum. Það er mjög athyglisvert að hann segir að þörfin fyrir verkamannabústaði í Reykjavík fari nú ört vaxandi. Hann taldi að það þyrfti að gera stórátak á þessu sviði, þ.e. að byggja verkamannabústaðaíbúðir í Reykjavík. Við ræddum lítillega að það eru töluverð brögð að því að menn reyni að misnota félagslega íbúðakerfið. það eru mjög mikil vandkvæði á því að koma í veg fyrir slíkt, en það er um það að ræða alls staðar þar sem slík skömmtunarkerfi sem þetta eru í gangi að menn reyna að fara á bak við þau — með öllum tiltækum ráðum.

Þá kom fram eitt mjög athyglisvert atriði sem framkvæmdastjóri verkamannabústaða í Reykjavík benti á, en það er að stjórn verkamannabústaða í Reykjavík og sennilega víðast hvar annars staðar kaupir töluvert af verkamannabústaðaíbúðum til baka sem eru orðnar eldri en 30 ára, en þá eru kvaðir fallnar af þeim þannig að þær eru seljanlegar á frjálsum markaði. Engu að síður kaupir stjórn verkamannabústaða slíkar íbúðir aftur því hún leitast við og vill halda þeim áfram inni í kerfinu. Hann spurði því okkur nefndarmenn: Er ætlast til þess að stjórn verkamannabústaða eigi þá að kaupa slíkar íbúðir með húsbréfum? Hver verður þá greiðslubyrði lána af slíkum íbúðum ef þær verða síðan endurseldar umsækjendum um íbúð í verkamannabústaðakerfinu? Þetta er atriði sem enginn kann svör við.

Þá kom á fund nefndarinnar Guðmundur Gylfi Guðmundsson frá Fasteignamati ríkisins, en hann átti sæti í milliþinganefndinni sem fjallaði um húsbréfamálið og undirbjó það og var hann annar tveggja sem skiluðu minnihlutaáliti, þ.e. hann og Ásmundur Stefánsson. Þeir skiluðu mjög ítarlegu minnihlutaáliti þar sem þeir höfnuðu algerlega því húsbréfakerfi sem nefndin stóð að. Ég ítreka það hér og rifja það upp að ég sat sjálfur í milliþinganefndinni, en ég gerði mjög ákveðna fyrirvara við undirskrift mína. Ég er sjálfur mjög hlynntur því að húsbréfakerfi í einhverju formi verði tekið upp, en mér er alls ekki sama hvernig það er gert og ég gat ekki fallist á þá útfærsluaðferð sem milliþinganefndin valdi og taldi að það ætti að gera þetta með öðrum hætti og í því fólst minn fyrirvari.

Gylfi benti sérstaklega á að með húsbréfakerfinu eins og það liggur fyrir er hætta á því að fjármagn fyrir húsbréf muni fyrst og fremst verða tekið frá atvinnulífinu. Það kom fram í máli hans eins og svo margra annarra að það er ekki verið að reyna að nýta sparnaðinn í þjóðfélaginu heldur koma húsbréfin inn á markaðinn í samkeppni um fjármagnið, t.d. við atvinnulífið. Hann benti sérstaklega á það atriði að atvinnulífið mundi þurfa að blæða fyrir að fjármagnið yrði tekið frá atvinnuvegunum og fært yfir í húsbréfakerfið. Það er nú einu sinni svo að með einhverjum hætti verður að borga húsbréfin. Það verður ekki hjá því komist. Það er ekki hægt að gefa út einhverja pappíra og halda að þar með hafi þeir bara fundið upp einhver verðmæti, að við höfum komist í einhverja gullnámu. Auðvitað verður þjóðfélagið að lokum að standa á bak við húsbréfin með peningum.

Að lokum kom fulltrúi frá verðbréfasölum, þ.e. Gunnar Helgi Hálfdánarson frá Fjárfestingarfélagi Íslands, á fund nefndarinnar. Sjónarmið hans voru ofur eðlileg. Hann er mjög ánægður með þetta frv. og er annar sá köttur sem hefur fengið rjóma í skál svo að það er ekki nema eðlilegt að hann sé mjög hrifinn af frv. Það var þó nokkuð margt sem hann benti á sem orkar mjög tvímælis. Hann sagði okkur m.a. frá því að hingað til hefur verðbréfamarkaðurinn aldrei haft til meðferðar bréf sem hafa verið til lengri tíma en tíu ára þannig að hann gat ekki svarað því hvernig markaðurinn mundi taka á móti skuldabréfum sem væru til 25 ára. Það er nánast óþekkt fyrirbæri á verðbréfamarkaði á Íslandi og öll skynsemi segir að einmitt þessi langi tími húsbréfanna geti verið varhugaverður og kallað á mikil afföll. Hann treysti sér ekki til að segja neitt um það hver yrðu hugsanleg afföll á húsbréfunum, en það er náttúrlega alveg ljóst að verðbréfamarkaðurinn mun gera mjög háar ávöxtunarkröfur til þessara bréfa. Engu að síður taldi Gunnar Helgi að það væri mikil þörf fyrir nýja tegund verðbréfa sem þessa inn á markaðinn og þar er ég honum alveg sammála. Ég held að út af fyrir sig væri ákaflega hollt, eins og ég hef oft ítrekað og þarf engan að undra það því ég er mjög hlynntur því, að einhvers konar húsbréfakerfi verði tekið upp. Reyndar höfum við þingmenn Borgfl. lagt fram mjög ítarlegar tillögur í því efni og þess vegna get ég tekið undir það með Gunnari Helga að ég held að það væri ákaflega gott að fá einmitt húsbréf til sölu inn á markaðinn. Ég held hins vegar að þessi bréf geti orðið varhugaverð og þess vegna var það hugmynd okkar að bréfin yrðu ekki til lengri tíma en fimm ára. Ég teldi að það væru miklu skynsamlegri húsbréf sem væru seld til fimm ára, en þá þarf að sjálfsögðu að breyta öllu kerfinu.

Ég hef lagt mig fram við að kynna mér húsbréfakerfi nágrannalandanna og setja mig rækilega inn í það sem er að gerast á þeim vettvangi í nágrannalöndunum. Það er t.d. eitt sem er mjög fróðlegt. Ég er með í höndunum reglugerð frá Evrópubandalaginu í Brussel um húsnæðislánastofnanir og með

hvaða hætti þær skuli fá að starfa innan Evrópubandalagsins. Þessi mál eru mjög í brennidepli í Evrópubandalaginu því að þetta tengist hinum sameiginlega stóra markaði sem á að koma á árinu 1992. Þá er einmitt gert ráð fyrir því að stofnun og rekstur húsnæðislánastofnana um alla Evrópu verði frjáls, þ.e. ítalskar húsnæðislánastofnanir geta sett upp útibú í Danmörku og öfugt. Það er mjög athyglisvert að Svíar hafa ákveðið að mæta þessu með því að gjörbreyta löggjöf um rekstur húsnæðislánastofnana í Svíþjóð og reynt að aðlaga hana að þeim breytingum sem eru fyrirhugaðar hjá Evrópubandalaginu.

Ég er hér með plagg í höndunum sem að mínum dómi er mjög athyglisvert og hefði viljað segja í örstuttu máli frá helstu efnisatriðum sem koma fram í því. Þetta er ræða sem framkvæmdastjóri stærstu húsnæðislánastofnunar Svíþjóðar flutti á ársþingi húsnæðislánastofnunarinnar Byggeriets Realkreditfond í Kaupmannahöfn 8. mars sl. Dr. Lars Wohlin, sem er framkvæmdastjóri Sveriges Stadshypotekskassa, er einn af þekktari sérfræðingum á þessu sviði á Norðurlöndunum. Það sagði mér hæstv. viðskrh. að hann þekkti vel dr. Wohlin. Þá kem ég aftur að því að ég er alveg hissa á þeim alþýðuflokksmönnum með hæstv. félmrh. í broddi fylkingar að hafa ekki leitað til flokksbræðra sinna í nágrannalöndunum um ráð og hjálp í þessu sambandi. Það hefði áreiðanlega verið hægt að fá þá til þess að koma og aðstoða okkur við þetta. Ég er ekki í nokkrum vafa um það.

Ég fékk sérstaka ábendingu um að lesa þessa ræðu og setja mig inn í það sem dr. Wohlin hafði um þetta mál að segja. Það var skrifstofustjóri stærstu húsnæðislánastofnunar Danmerkur sem benti mér á að kynna mér þessa ræðu. En Svíar hafa ákveðið að breyta verulega löggjöf um húsnæðislánastofnanir til að aðlaga sig þessum væntanlega stóra markaði sem mun komast á í Evrópu 1992. Gera Svíar ráð fyrir því að 1992 muni þeir heimila erlendum húsnæðislánastofnunum starfsemi í Svíþjóð og þeir muni sömuleiðis heimila sænskum húsnæðislánastofnunum starfsemi erlendis.

Ég ætla ekki að eyða miklum tíma í að fara yfir þetta. Mig langar rétt til að fara í helstu efnisatriði sem koma fram í þessari stórmerku ræðu. Ég lét ljósrita hana og dreifði henni til nefndarmanna þannig að flestir hafa fengið hana. Aðeins til upplýsinga eru níu húsnæðislánastofnanir í Svíþjóð og heildarútlán til húsnæðislána voru 541 milljarður sænskra króna í árslok 1988. Í Svíþjóð, þessu draumaríki ríkissósíalisma, er sænska ríkið ekki nema með 30 milljarða kr. af þessum heildarútlánum. 510 milljarðar kr. eru á vegum sjálfstæðra stofnana sem koma ríkisvaldinu ekkert við. Þetta er nefnilega sú stórmerkilega þróun, sem á sér stað alls staðar í Evrópulöndunum, að draga ríkisvaldið hægt og sígandi út úr húsnæðismálunum meðan við förum algerlega öfuga leið hér á Íslandi. Þvert á móti erum við að stækka ríkisumsvifin og auka þau með því að safna öllu kerfinu saman í einni stofnun, Húsnæðisstofnun ríkisins.

Svíar hafa tekið dönsku húsnæðislánastofnunina sér til fyrirmyndar og hafa að mörgu leyti nýtt sér danska húsnæðislánakerfið við þær breytingar sem þeir hafa gert á lánakerfi sínu undanfarin ár. Sérstaklega hafa þeir þó nýtt sér reynslu Dana í sambandi við útgáfu húsbréfa. Þeir hafa þó valið að fara nokkuð aðra leið og er ég ekkert frá því að sænska leiðin gæti hugsanlega hentað betur hér á Íslandi.

Svíar eru með mjög þróaðan verðbréfamarkað og er kannski ekki saman að jafna því sem við köllum verðbréfamarkað á Íslandi og því sem heitir verðbréfamarkaður í Svíþjóð. Hugmynd Svíanna er sú að húsnæðislánastofnanirnar gefa út raðir húsbréfa yfirleitt til fimm ára í senn. Þessar raðir eru boðnar til sölu á verðbréfamörkuðum í Stokkhólmi. Reyndar, eins og kemur fram í þessari ræðu, er hugmyndin að bjóða þessi fimm ára húsbréf til sölu á alþjóðlegum verðbréfamörkuðum innan tíðar. Á grundvelli þess fjármagns sem þannig fæst veita húsnæðisstofnanirnar löng lán, frá 30 og upp í 60 ára lán, og með fimm ára millibili eru síðan gefnir út flokkar húsbréfa eða jafnvel oftar til þess að standa undir þeirri fjármagnsþörf sem þessi útlán kalla á. Þannig hafa Svíar ekki tekið eins alvarlega þetta svokallaða jöfnunarlögmál sem dönsku húsnæðislánastofnanirnar verða að vinna samkvæmt, en dönsku og þýsku húsnæðislánastofnanirnar hafa lagt höfuðáherslu á að húsbréf sem er í umferð hverju sinni verða alltaf að standast nákvæmlega á við þær veðskuldir sem liggja á bak við húsbréfin. Svíarnir hafa hins vegar ekki tekið þetta lögmál eins alvarlega og talið að húsnæðislánastofnanirnar ættu að fá aðeins frjálsari hendur við að útvega fjármagn áður en þær taka á móti veðskuldabréfum vegna útlána. Þannig er vel til í dæminu að sænskar húsnæðislánastofnanir séu búnar að selja töluvert magn af húsbréfum áður en þær taka á móti veðskuldabréfum og lána fjármunina út aftur.

Það er annað atriði sem er mjög sérkennilegt og gaman að velta fyrir sér fyrir okkur Íslendinga. Samkvæmt sænskum lögum er bannað að verðtryggja fimm ára húsbréf. Þá hefur orðið mjög merkileg þróun á sænska húsnæðislánamarkaðnum. Lögunum hefur verið breytt í frjálsræðisátt og opnað fyrir sjálfstæðar húsnæðislánastofnanirnar að veita lán í raun og veru miklu frjálslegar en áður tíðkaðist. Þetta hefur haft mjög jákvæð áhrif á atvinnulíf í Svíþjóð og er mjög merkilegt. Það kemur fram í þessari ræðu að almenningur í Svíþjóð hefur notfært sér þennan aukna aðgang að hagkvæmum húsnæðislánum og tekið í ríkum mæli húsnæðislán hjá þessum sjálfstæðu húsnæðislánastofnunum þó svo ekki sé um kaup á húsnæði að ræða. Almenningur hefur notfært sér þessa möguleika og nýtt það fjármagn sem þannig hefur fengist að láni til þess að fjárfesta í atvinnulífinu, til þess að kaupa hlutabréf í fyrirtækjum og til þess að fjárfesta jafnvel í lífeyrissjóðum, þ.e. að setja fjármuni til eigin lífeyristryggingar o.s.frv. Að mati dr. Wohlin hefur þessi þróun verið geysilega jákvæð og haft jákvæð áhrif í atvinnulífinu með því að skapa aukið fjármagn sem hefur runnið til atvinnulífsins með þessum hætti.

Hann fjallar í nokkrum orðum um muninn á

sjálfstæðum húsnæðislánastofnunum og bönkum. Þannig er ástand í Svíþjóð að allir stórbankarnir reka eigin húsnæðislánastofnanir innan ramma laganna. Það er aðeins ein stór húsnæðislánastofnun sem stendur fyrir utan bankakerfið en hún er langstærst. Hann bendir réttilega á að rekstrarkostnaður húsnæðislánastofnunar sem einungis fæst við það verkefni að veita löng húsnæðislán og selja verðbréf er miklu minni en hjá bankastofnunum sem eru í alhliða bankaviðskiptum. Þau geta oft verið mjög flókin og verða sjálfkrafa til þess að rekstrarkostnaður bankastofnunar getur orðið miklu hærri. Hann segir því að það sé orðin mikil samkeppni á milli sjálfstæðra húsnæðislánastofnana og banka um jafnvel skammtímalán þar sem húsnæðislánastofnanirnar hafa fengið heimild til að veita skammtímalán út á veð í fasteignum.

Ég veit ekki hvort þörf er á að fara nánar út í þessi atriði. Ég taldi að það væri skynsamlegt að segja í örstuttu máli frá því sem er að gerast í löndunum í kringum okkur. Ég er reyndar með fleiri upplýsingar sem mig mundi langa til að koma á framfæri því það er svo margt sem er að gerast í kringum okkur. Ég á ekki mikið eftir, en mig langar til að fjalla um örfá atriði sem mér hafa þótt fróðleg. Ef litið er til húsnæðislánamála í Danmörku tek ég eftir því að danskar húsnæðislánastofnanir eru að koma upp fyrstu húsnæðislánastofnun á Grænlandi sem er rekin nákvæmlega eftir þeim lögmálum sem hafa gilt um húsnæðislán með húsbréfum. Er það mjög athyglisvert að Grænlendingar fá nú sína fyrstu húsnæðislánastofnun sem notar húsbréf.

Ég var búinn að segja frá því að á vegum Evrópubandalagsins er mikil vinna unnin í sambandi við samræmingu á löggjöf um húsnæðislánastofnanir. Einhvern veginn hafa húsbréfin orðið áhersluatriði í umræðunni hér, sem ég tel miður, vegna þess að það hefði verið miklu skynsamlegra að leggja höfuðáherslu á þann lagaramma sem húsnæðislánastofnanir eiga að starfa samkvæmt. Húsbréfin eru í raun og veru smáatriði í þeirri heildarlöggjöf. Hér hefur einhvern veginn orðið sá misskilningur á ferðinni að húsbréfin séu aðalatriðið og öll löggjöfin sem er verið að leggja fram í þessu frumvarpi snýst því um sjálf húsbréfin. Þetta er misskilningur að mínum dómi. Húsbréfin eru aukaatriði ef rétt er að málum staðið.

Ég hef oft vikið að því að dönsku húsnæðislánastofnanirnar eru orðnar svo öflugar að þær hafa fengið heimild til að veita húsnæðislán til annarra landa. Ég hef víst bent á að dönsku húsnæðislánastofnanirnar hafa í nokkur ár verið með tilraunalánveitingar í Englandi, Portúgal og Vestur-Þýskalandi. Sl. ár fengu þær heimild til þess að veita húsnæðislán til Frakklands og til Bandaríkjanna. Ég er með tölur yfir það að í árslok 1987 höfðu dönsku húsnæðislánastofnanirnar veitt að láni til landa utan Danmerkur yfir 1 milljarð danskra kr. Mér þykir afar sérkennilegt og fróðlegt að velta fyrir mér hvernig það má verða að húsnæðislánakerfið sé svo öflugt að þeir eigi auðvelt með að taka 1 milljarð danskra króna úr úr kerfinu og lána til annarra landa.

Á rakst ég á eitt atriði sem mér þótti mjög fróðlegt fyrir okkur Íslendinga að velta aðeins fyrir okkur og það er með hvaða hætti húsnæðislán eru veitt til félagslegra íbúða í Danmörku. Danir eru með mjög öflugt og viðamikið félagslegt íbúðakerfi. Það er athyglisvert að það er aðeins í félagslega íbúðakerfinu sem notuð eru verðtryggð lán. Þetta þótti mér mjög sérkennilegt. Svíar forðast greinilega verðtryggð lán eins og heitan eldinn. Það gera víst flestar Norðurlandaþjóðirnar, en Danir hafa gert nokkra tilraun með að vera með verðtryggð lán til íbúðarhúsnæðis en aðallega í félagslegum íbúðum. Og hvernig skyldi nú standa á því? Jú, það er hugsað út frá því sjónarmiði að þar gengur rekstur fasteignarinnar upp með þeim hætti að húsaleigan er verðtryggð á sama hátt. Þá helst í hendur verðtrygging lánanna sem standa á bak við byggingu húsnæðisins og tekjurnar sem koma með húsaleigunni. Þeir ráða hins vegar öllum einstaklingum sem ætla að nota húsnæðið til eigin nota frá því að taka verðtryggð lán. Þá rakst ég á annað, sem mér þótti afar athyglisvert. Í Danmörku greiðir danska ríkið allan vaxtakostnað af verðtryggðum lánum eins og hann leggur sig. Það er talið miklu meira en nóg að leigjendurnir borgi einungis verðtrygginguna því hér er um félagslegar íbúðir að ræða. Þetta þótti mér afar merkilegt. Það er talið óeðlilegt að til viðbótar verðtryggingunni séu leigjendur í félagslegum íbúðum látnir borga vexti. Þetta finnst mér vera atriði til umhugsunar fyrir okkur. Ég held þar af leiðandi að það sé kominn tími til og hefði átt að vera byrjað á því fyrir löngu að endurskoða verðtryggingu húsnæðislánanna og huga betur að sjálfu lánsforminu eins og ég hef oft vikið að, með hvaða hætti er hægt að gera það þægilegra fyrir bæði lántakandann og lánveitandann. Þarf ég ekki að hafa fleiri orð um það.

Ég hef nú fjallað ítarlega um húsnæðislánamál og ýmsa þætti þess frv. sem liggur hér fyrir. Ég sagði í þeirri ræðu sem ég flutti við 1. umr. þessa máls að ég efaðist ekki um vilja hæstv. félmrh. til að gera vel í þessum málum og ég held að fáir þingmenn hafi eytt eins miklum tíma í að vinna að félagsmálum og hæstv. félmrh. Hins vegar held ég því miður að það frv. sem hér liggur fyrir þurfi að laga. Ég sé ekki ástæðu til þess á þessu stigi að koma fram með sérstaka brtt. við frumvarpið að öðru leyti en því að hv. 5. þm. Reykv. Guðmundur Ágústsson hefur lagt fram brtt., sem ég mundi telja að væri hæstv. félmrh. að skapi, þar sem við leggjum til að þau skerðingarákvæði sem voru felld út úr frv. í meðförum hv. Nd. verði tekin inn aftur, að vísu með þeirri breytingu að þar sem talað var um að heimilt væri að taka tillit til annarra eigna en íbúðarhúsnæðis viljum við gera það skilyrt þannig að það eigi þó ekki við eignir sem eru vegna sjálfstæðs atvinnureksturs umsækjenda.

Aðrar brtt. höfum við ekki fyrirhugað að leggja fram. Ég sé ekki ástæðu til þess á þessu stigi málsins að koma með brtt. þess efnis að í stað hömlulausra

skuldabréfaskipta skuli frekar ákveðið að gera bæði seljendum og kaupendum skylt að sækja formlega um lán og eins að í stað skuldabréfaskiptanna skuli Húsnæðisstofnun ríkisins eða húsbréfadeildin bjóða á markaði og selja húsbréf og lána síðan á eftir. Þetta finnst mér vera verkefni þeirrar nefndar sem tekur málið að sér væntanlega í sumar áður en frumvarpið verður lagt fram á nýjan leik næsta haust.

Stefán Guðmundsson:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til l. um Húsnæðisstofnun ríkisins. Það er ekki nýtt að svo skuli vera að við fjöllum um húsnæðismál hér á hinu háa Alþingi. Mér finnst ég satt að segja ekki vera búinn að vera mjög lengi þingmaður. Kannski finnst sumum það ekki rétt, að ég sé búinn að vera nógu lengi, en við skulum láta það liggja á milli hluta. En ég man aldrei eftir því að ég kæmi til þings öðruvísi en þar væri á dagskrá frv. um Húsnæðisstofnun ríkisins eða meiri háttar breytingar á kerfi Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Hver einasti félmrh. virðist hafa haft það sem stefnumál sitt að koma fram með og smíða löggjöf og fá að setja nafnið sitt undir nýja löggjöf um Húsnæðisstofnun ríkisins. Tíu sinnum á þessu tímabili er búið að flytja frumvörp um nýja húsnæðislöggjöf eða meiri háttar breytingar á húsnæðislöggjöfinni, á tæplega tíu ára tímabili. Okkur hefur tekist, þessum ágætu þingmönnum undir forustu félmrh. hverju sinni, að smíða löggjöf sem hefur kallað á alveg ótrúlegt kerfi. Við höfum smíðað svo flókna löggjöf að nú eru starfandi a.m.k. ein eða tvær deildir í Húsnæðisstofnun ríkisins sem þurfa beint að aðstoða fólk, kenna því og leiðbeina því um það hvernig á að sækja um húsnæðislán og hver réttur fólks raunverulega sé. Ég er hræddur um að í iðngreinum fengju menn ekki meistarabréf út á svona smíð, það væri eitthvað annað. Hér finnst mér að sumu leyti eins og meistarar axarskaftasmíðanna hafi verið að verki.

Þegar ég kom inn á þing var Magnús Magnússon að tala um breytingu á húsnæðislöggjöfinni. Auðvitað er mér ljóst að margt hefur gerst á stuttum tíma í þessum málum í þjóðfélagi okkar og svo merkilega vill nú til að einmitt þann 18. maí árið 1929 voru sett fyrstu lögin um verkamannabústaði. Það voru því í gær rétt 60 ár liðin frá því að lögin um verkamannabústaði voru sett.

Ég sagði að margt hefði breyst í þjóðlífi okkar á þessum tíma. Ég hef gaman af að geta þess hér vegna þess að ég hef lagt mig svolítið fram um að velta fyrir mér húsnæðismálum og skoða þau að árið 1929 voru 3665 torfbæir á Íslandi, en 3294 steinsteypt hús. Árið 1929 eða fyrir réttum 60 árum voru fleiri torfbæir á Íslandi en steinsteypt hús. Það voru hins vegar 6595 timburhús á Íslandi eða alls 13.554 hús fyrir 60 árum. En nú eigum við Íslendingar 88.500 íbúðir á móti 13.500 fyrir 60 árum þannig að við sjáum að margt hefur breyst í landi okkar og vissulega var ekki vanþörf á.

En ég verð að segja og sagði það í mínum upphafsorðum að mér blöskrar stundum sú vinnugleði manna að breyta öllum hlutum, endalausar breytingar á breytingar ofan. Það sem ég finn að frv. er æðimargt og mér finnst það með ólíkindum að þann hæstv. ráðherra sem stýrir nú félagsmálum skuli henda, vegna þess að ég veit hvernig ráðherrann er þenkjandi, að setja þessi lög í andstöðu við verkalýðshreyfinguna í landinu, það finnst mér hörmulegt, í andstöðu við Alþýðusamband Íslands og í andstöðu við meiri hluta stjórnar Húsnæðisstofnunar ríkisins sem maður skyldi þó ætla að vissi hvað mest um þessi mál, þeir menn sem hafa verið kosnir til þeirra trúnaðarstarfa að vinna þarna inn frá og eru daglega í sem nánastri snertingu við það sem þarna er að gerast.

Ég verð einnig að harma að í frv. skuli vera tekin upp sú stefna að mismuna fólki eftir búsetu með lánsupphæðum. Mér finnst það kostulegt og nánast óskiljanlegt vegna þess að ég sé á móti mér félaga minn og stuðningsmann þessarar ríkisstjórnar, Karvel Pálmason, að við getum sætt okkur við að íbúarnir í Bolungarvík eigi að fá lægri lán en íbúarnir hér í Reykjavík eða þeir sem ætluðu sér að styðja Alþfl. í Keflavík, að þeir skuli fá lægri lán en íbúarnir hér í Reykjavík. Ég verð að segja að þetta er ekki að mér finnst í anda þeirrar byggðaríkisstjórnar sem ég hélt að ég væri stuðningsmaður við. Ég kannast ekki við að þetta standi í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar. Því miður er þessu svo komið. (**KSG:** Viltu skýra þetta?) Ég skal skýra það, Karl Steinar. Það er einfaldlega þannig, og kannski skýrir hæstv. ráðherra það á eftir, að ef ég hef lesið rétt eiga þessi bréf að fara eftir fasteignaverði á viðkomandi stöðum. Þau fara eftir því hvert fasteignaverðið er á hverjum stað. Þá hljótum við að komast að þeirri niðurstöðu að þetta er eins og ég hef verið að segja.

Ég verð að segja að hér er sótt of hratt fram og vægast sagt finnst mér að það sé sótt of hratt fram að mjög óljósu marki. Best hefði farið á því að við hefðum reynt að vinna þetta mál betur, nota veturinn til þess og sumarið allt að koma með heildstætt frv. um húsnæðismál sem tekur á vanda húsnæðismálanna öllum, tekur á öllum vandanum, ekki alltaf að vera að taka út einn og einn lið heldur reyna að vera menn til þess að smíða heildstæða löggjöf sem stenst.

Ég hefði viljað sjá þetta unnið í sem mestri sátt við launþegahreyfinguna í landinu, eins og ég sagði áðan, sem langsamlega oftast hefur verið með í smíði þessarar löggjafar. Það er nánast með ólíkindum að við sem sitjum á Alþingi séum þeir klaufar að geta ekki smíðað húsnæðislöggjöf þannig að hún standist lengur en raun ber vitni. Ég trúi því ekki að við séum þeir klaufar hér á Alþingi að okkur eigi ekki að takast að smíða húsnæðislöggjöf sem standist lengur en raun ber vitni. Það er eitthvað meira en lítið að.

Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður. Ég hefði hins vegar getað talað mjög lengi og farið ítarlega yfir þetta mál og megingalla frv. En ég veit að það er vonlaust verk að koma því til leiðar að þeir annmarkar sem ég sé á frv. verði leiðréttir. (**KP:**

Það verður sniðið af automatískt.) Ja, ég segi að eins og þessu máli er stillt upp, sem ég held að hafi komið til þessarar deildar í gær og okkur ætlað að afgreiða í dag, eru þetta ekki vinnubrögð sem eru mér að skapi, svo langt í frá. (**EKJ:** Atkvæði þingmannsins gæti ráðið úrslitum.) Nei, því miður er það svo, hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, að í þessari deild ræður mitt atkvæði ekki úrslitum. Hér hafa menn samið að mér skilst ákveðið vopnahlé, hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson. Hér hafa menn samið um ákveðið vopnahlé í þessu máli. En það skal ég segja, úr því að þingmaður vill fá að vita, að það vopnahlé stendur ekki lengur en til haustsins hjá mér.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Því miður missti ég af fyrri hluta ræðu hv. þm. Stefáns Guðmundssonar, en ég heyrði nóg til þess að ég veit að hann er óánægður með frv., húsnæðismálafrv., og færði fyrir því ýmiss konar rök. Ég er ekkert ánægður með það heldur fremur en hann. Það eru á því margir og meiri háttar gallar.

Þessi yfirlýsing út af fyrir sig af hálfu stjórnarþingmanns í þessari hv. deild er mikilvæg og merkileg og hlýtur að vekja athygli að hann sé í hjarta sínu andvígur frv. en telji hins vegar að það sé búið að semja og hnýta hnúta þannig að jafnvel hans atkvæði hér í deildinni, þar sem þó munar einmitt einu atkvæði til að koma máli eins og þessu fyrir kattarnef, gildi ekki. Þessi yfirlýsing er merkileg og mikilvæg einmitt vegna þess að ég þekki nú að góðu einu þennan hv. þm. Þó við séum pólitískir andstæðingar og höfum háð marga deiluna held ég að hún hafi af beggja hálfu alltaf verið heiðarleg og drengileg.

En hitt er öllu merkilegra að hann lýsir því yfir í lok ræðu sinnar að slíkt vopnahlé af hans hálfu muni ekki gilda lengur en til haustsins. Það er ljóst að þessum þingmanni ofbýður ýmislegt í því sem núv. hæstv. ríkisstjórn er að bauka og bralla og ég hygg að það eigi ekki við þetta mál eitt heldur hljóti það að rista dýpra. Ég er mjög ánægður með að við skulum fá þessa yfirlýsingu og væntanlega kemst hún til þjóðarinnar vegna þess að þetta er ekki ómerkilegasta yfirlýsing þessa dags eða síðustu daga. Þetta er merkasta yfirlýsing sem gefin hefur verið í þinginu núna um langa tíð.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. í nál. 1235 um að vísa frv. til ríkisstjórnarinnar felld með 11:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SalÞ, ÞK, EKJ, GuðmÁ, GHG, HBl, JúlS.

nei: MF, SkA, StG, VS, DS, EG, GA, JE, KSG, KP, JHelg.

3 þm. (SvG, EgJ, HÁ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Fyrir örskammri stund gerðust þau tíðindi að hv. þm. Stefán Guðmundsson lýsti því yfir að vopnahlé af hans hálfu gagnvart þessari ríkisstjórn mundi ekki standa nema þá til haustsins. Hann gagnrýndi frv. það sem hér er til afgreiðslu mjög. Mér fannst eðlilegt að hann hefði tækifæri til að gera grein fyrir atkvæði sínu ef honum sýndist svo og það þarf ekkert að tefja þennan fund þó að þessi atkvæði falli í nafnakalli. Ég harma að hann skyldi ekki endurtaka þessi ummæli, en þau eru auðvitað þingfest og skjalfest og jafngild fyrir því. Ég segi já.

Brtt. 1289 kölluð aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 11:2 atkv.
2.–3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13:1 atkv.

EFRI DEILD

113. fundur, föstudaginn 19. maí, að loknum 112. fundi.

Launavísitala, 3. umr.

Stjfrv., 213. mál. — Þskj. 361.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 9:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1294).

Húsnæðisstofnun ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 344. mál (húsbréfaviðskipti). — Þskj. 1160 (sbr. 1115), brtt. 1289.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Þar sem ég átti því miður ekki kost á því að mæla fyrir brtt. sem ég legg fram á þskj. 1289 við 2. umr. dró ég brtt. til baka til 3. umr. sem nú fer fram.

Þessi brtt. er að stofni til samhljóða þeirri sem felld var út í Nd. við 2. umr. þar sem talað er um skerðingarákvæði sem húsnæðismálastjórn getur beitt eigi umsækjandi ákveðna eign sem talin er 180 fermetrar að stærð brúttó, en sú brtt. var gerð í Nd. að þetta ákvæði félli brott. Ég vil taka það upp hér aftur en með smábreytingu sem felur það í sér að

sjálfstæðir atvinnurekendur sem eiga eignir sem notaðar eru til eigin atvinnustarfsemi þeirra þurfi ekki að þola þessa skerðingu. Ákvæðið er þá þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Við 1. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

6. mgr. 12. gr. laganna orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er húsnæðismálastjórn heimilt að skerða eða synja um lán ef umsækjandi á fleiri en eina íbúð. Einnig er húsnæðismálastjórn heimilt, þrátt fyrir ákvæði 12., 13., 14. og 48. gr. laga þessara, að skerða lán og breyta kjörum á lánum umsækjenda sem eiga fullnægjandi íbúðarhúsnæði, skuldlaust eða skuldlítið og stærra en 180 fermetrar brúttó, að frádregnum bílskúr. Sama gildir um þann sem á aðrar eignir sem meta má jafngildar að verðmæti og ekki eru notaðar til eigin atvinnustarfsemi umsækjanda."

Þarna er höfuðbreytingin og höfuðrökstuðningurinn fyrir því að þetta ákvæði var fellt út í meðferð Nd.

Síðan heldur greinin áfram og segir þar: „Um stærðarútreikning íbúða gilda sömu reglur og skv. c-lið 13. gr. Ef umsækjandi er í hjónabandi eða óvígðri sambúð skal miða við íbúðareign beggja.

Ákvörðun húsnæðismálastjórnar um skerðingu eða synjun á láni skal vera rökstudd. Nánari reglur um framangreint atriði skal setja í reglugerð."

Þessi brtt. er eins og ég lýsti áðan nokkurn veginn samhljóða þeirri sem felld var út við meðferð Nd., en samt sem áður er tekið inn í brtt. að þeir aðilar sem stunda sjálfstæða starfsemi þurfi ekki að þola þá skerðingu sem ákvæði annars mæla fyrir um.

Ég trúi ekki öðru en a.m.k. stjórnarliðar væru sammála þessari breytingu þar sem hún gengur í sömu átt og upphaflega frv. gerði ráð fyrir, en þó með þeirri mikilvægu undantekningu að sjálfstæðir atvinnurekendur þurftu ekki að þola skerðingu. Ég tel mjög mikilvægt að sú heimild sé í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins að stjórn Húsnæðisstofnunar geti skert lánsrétt þeirra sem eiga miklar eignir. Það getur verið þannig að menn eiga litla eign en mikið af skuldabréfum eða hlutabréfum og þá er nauðsynlegt að stjórn Húsnæðisstofnunar geti skert rétt þeirra. Sumir vilja byggja smátt og búa smátt en eiga eignir í öðru formi. Það er einmitt kjarni þeirrar brtt. sem hér er mælt fyrir um og skora ég á hv. Ed. að samþykkja brtt.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég sé ástæðu til að segja nokkur orð í tilefni þeirrar brtt. sem hér er fram borin. Eins og hv. þm. muna var fyrir rúmu ári flutt stjfrv. til breytinga á núgildandi kerfi sem fól í sér skerðingu á lánsrétti ýmissa hópa sem höfðu rétt í núgildandi húsnæðislánakerfi.

Sú breyting sem þar var gerð fól einmitt í sér að það væri hægt að skerða lán og breyta kjörum á lánum umsækjenda sem eiga fyrir fullnægjandi íbúðarhúsnæði skuldlaust eða skuldlítið og stærra en 180 fermetrar brúttó að frádregnum bílskúr. Þetta ákvæði, sem var samþykkt fyrir rúmu ári, stendur enn í núgildandi húsnæðislöggjöf. Ég tel ástæðu til að benda á það vegna þess að í brtt. sem hér er lögð fram er tekin upp öll lagagreinin eins og hún stendur í núgildandi lögum. Eina breytingin sem þessi tillaga felur í sér er að það er bætt við að sama gildi um þann sem á aðrar eignir sem meta má jafngildar að verðmæti og ekki eru notaðar til eigin atvinnustarfsemi umsækjanda.

Ég vil segja að þær þrjár brtt. sem voru í því frv. sem við erum að fjalla um voru felldar út úr því í Nd. Það var mat Húsnæðisstofnunar að þær þrjár mundu draga úr fjárþörf til húsnæðiskerfisins um 8%. Það sem vó þyngst var að það var gert ráð fyrir að skerða lánsrétt einstaklinga og lánsrétt þeirra sem voru að kaupa í annað sinn. Þessar tillögur voru felldar út úr frv. í Nd. ásamt þeirri tillögu sem hér er til umræðu. Það var mat Húsnæðisstofnunar að ákvæðið sem hér er verið að fjalla um mundi vega mjög lítið í því að minnka fjárþörfina í húsnæðiskerfið, þessi 8 eða 9%. Þó að þessi brtt. yrði samþykkt hefði hún mjög lítið að segja að því er varðar fjárþörf í húsnæðiskerfið eða það að skerða rétt viðkomandi.

Á það ber einnig að líta að þegar þessar brtt. voru samþykktar í fyrra var það samþykkt á hv. Alþingi að þær mættu ekki vera afturvirkar og ekki ganga inn í biðröðina. Ef þetta yrði samþykkt mundi það ekki fara að virka fyrr en fyrir þá hópa sem fara í biðröðina eftir að þessi tillaga væri samþykkt og mundi raunverulega ekki virka fyrr en eftir 2–3 ár. Ég tel þess vegna að þessi tillaga hafi ein út af fyrir sig mjög lítið að segja að því er varðar það að minnka fjárþörfina í kerfið þar sem aðrar tillögur tvær sem höfðu mest að segja voru felldar í Nd. Þess vegna get ég alls ekki mælt með að þessi tillaga verði samþykkt og ítreka að meginkjarninn í því sem fram kemur í brtt. er nú þegar í lögum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1289 felld með 9:2 atkv.

Frv. samþ. með 10:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1296).

Skógrækt, 2. umr.

Stjfrv., 511. mál (aðalstöðvar Skógræktar ríkisins). — Þskj. 1176, n. 1253.

Frsm. landbn. (Skúli Alexandersson):

Herra forseti. Nefndin hefur fjallað um frv. sem var til mikillar umfjöllunar í Nd. og kom þaðan mikið minna frv. en þegar það var lagt fram í þeirri hv. deild. Hér er aðeins verið að fjalla um að staðsetja höfuðstöðvar Skógræktar ríkisins á Hallormsstað.

Landbn. Ed. mælir öll með því að frv. verði afgreitt. Undir nál. skrifa auk mín Guðrún Agnarsdóttir, Valgerður Sverrisdóttir, Egill Jónsson, Karvel Pálmason, Jón Helgason og Þorv. Garðar Kristjánsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Hagþjónusta landbúnaðarins, 2. umr.

Stjfrv., 413. mál. — Þskj. 1191, n. 1254.

Frsm. landbn. (Skúli Alexandersson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. landbn. Ed. um Hagþjónustu landbúnaðarins. Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt eins og Nd. afgreiddi það.

Undir nál. skrifa auk mín Guðrún Agnarsdóttir, Valgerður Sverrisdóttir, Egill Jónsson, Karvel Pálmason, Þorv. Garðar Kristjánsson og Jón Helgason.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.–12. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 2. umr.

Frv. SP o.fl., 335. mál (forgangur skattakrafna við skipti). — Þskj. 604, n. 1261, brtt. 1266.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar deildar hefur fjallað allítarlega um þetta frv. og fékk ýmsa aðila til viðræðna, þeirra á meðal fulltrúa Alþýðusambandsins, Ásmund Stefánsson, Ara Skúlason og Láru V. Júlíusdóttur, Þórarin V. Þórarinsson og Hannes Sigurðsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Lárus Ögmundsson frá fjmrn., Ragnar Hall borgarfógeta, Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóra og þá Hjört Eiríksson og Eyþór Þorbergsson frá Vinnumálasambandi samvinnufélaganna.

Nefndin er sammála í afstöðu sinni til málsins og leggur til að frv. verði samþykkt með einni brtt. sem flutt er á sérstöku þingskjali, en brtt. er við gildistökuákvæði laganna. Hún er til að taka af tvímæli og eyða réttaróvissu og orðast þannig, með leyfi forseta:

„Lög þessi öðlast þegar gildi og gildi um allar þær kröfur sem hér um ræðir og ekki hafa þegar verið gerðar upp við yfirstandandi búskipti“, þ.e. að taka af öll tvímæli um hvernig farið skuli með þau mál sem eru til skipta þegar þessi lög taka gildi.

Ég endurtek að í nefndinni var einhugur um afstöðuna til málsins. Umsagnir og ummæli þeirra aðila sem komu til fundar við nefndina voru svo skýr og eindregin að menn velktust ekkert í vafa um afstöðu til málsins þótt sumir kunni að hafa gert það áður.

Ég ætla ekki, herra forseti, að fara mörgum orðum um það efnislega sem hér er á ferðinni. Ég hygg að sú andstaða sem gætti m.a. hjá hæstv. fjmrh. þegar mælt var fyrir þessu máli í Nd. og raunar hjá fleirum sé að verulegu leyti á misskilningi byggð vegna þess að svo skýr rök hafa komið fram fyrir þessu máli að ég er satt að segja sannfærður um að þeir hafi ekki hlustað nógu grannt þegar málið var skýrt. Ég held að frv. muni leiða til þess að innheimtumenn ríkissjóðs gangi betur fram við innheimtustörfin en gert hefur verið til þessa og það er óeðlilegt að krafa af hálfu ríkissjóðs, enda þótt þar sé um skattfé að ræða, skuli geta ógilt fyrri veðkröfur og veðsetningar.

Fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar mælir einróma með samþykkt frv.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Ég get verið stuttorður. Ég tek undir hvert orð sem frsm. nefndarinnar allrar viðhafði um þetta mál. Ég vil aðeins geta þess að nefndin vann mjög mikið í þessu máli eins og öðrum og það er rétt að það skýrðist við hvern fund sem við héldum og eftir því sem við fengum fleiri viðmælendur og fleiri gögn og umsagnir urðu menn sannfærðari en áður um að þetta væri algert nauðsynjamál ef ekki ætti illa að fara á peningamarkaði þessarar þjóðar og saklaust fólk að verða fyrir stóráföllum.

Það er mjög mikið fagnaðarefni að þessi hv. nefnd og væntanlega hv. deild geti sameinast um að afgreiða þetta mál og láta allar deilur um það niður falla. Við vorum sammála undir lokin og erum það og því fagna ég.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að hv. fjh.- og viðskn. skyldi komast að þeirri niðurstöðu sem raun er á og áliti hv. formanns fjh.- og viðskn. Við 1. umr. málsins taldi ég að hér væri um mikið réttindamál fyrir kröfueigendur að ræða og sérstaklega þá sem hafa fengið veðréttindi sem tryggingu fyrir sínum kröfuréttindum. Ef þetta mál hefði ekki gengið fram væru líkindi fyrir því að hér væri um stjórnarskrárbrot að ræða þar sem veðréttindi eru ein tegund eignarréttar og að sjálfsögðu varin af stjórnarskránni. Sem betur fer hefur ekki komið til þess í skiptarétti hingað til að á þetta hafi reynt, en þess var ekki langt að bíða miðað við þær upplýsingar sem ég hef aflað mér.

Ég vil einnig fagna því að þessi hv. deild skyldi komast að niðurstöðu og skáka þar með framkvæmdarvaldinu, en hæstv. fjmrh. mælti eindregið á móti þessu frv. af óskiljanlegum ástæðum og með rökum sem mér eru alveg hulin og eru ekki í nokkrum tengslum við það sem er að gerast á fjármagnsmark-

aði. Menn verða að átta sig á því að veðréttindi eru þau grunnréttindi sem verður að viðhalda til að geta skapað hér eðlilegan fjármagnsmarkað. Mér fyndist mjög gott að fá hæstv. viðskrh. hingað til að lýsa sinni skoðun, en hann hefur ekki enn þá sagt sína skoðun á þessu máli.

En það er annað athyglisvert við frv., að flm. skuli vera úr Sjálfstfl. þar sem allir þingmenn Sjálfstfl. greiddu atkvæði með frv. á síðasta þingi þar sem það ákvæði kom inn sem nú á að breyta. Ég held að ég hafi verið eini þingmaðurinn sem mótmælti ákvæðinu þegar það kom inn í skattalögin, og það var vísað til þess að ég væri ungur og óreyndur í þingstörfum og hefði ekki nokkurt vit á tekju- og eignarskatti. En það vill sem betur fer oft vera þannig að það sem hjáróma heyrist vill vera hið rétta þegar allt kemur til alls.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Ég lýsi yfir stuðningi mínum við nál. og ég fagna því að svo virðist sem hér verði í deildinni allsherjarsamstarf um að breyta því, sem samþykkt var í fyrra, að gefa ríkinu nærri ótakmarkað vald yfir því að komast yfir eignir án þess að nokkur eðlilegur réttur fylgdi því. Það má segja að það sé mjög leiðinlegt að hæstv. fjmrh., sem einkum misskildi þetta mál, skuli ekki vera í deildinni þegar þetta verður afgreitt hér. Ég vænti þess a.m.k. að hann geri sér vel grein fyrir því að ríkisinnheimta á að byggjast á allt, allt öðru en því að réttur sem fyrir er minnki eins og búið er að lýsa að mundi gerast ef það héldi áfram að vera í lögum sem samþykkt var hér í fyrra.

Ég ítreka að ég fagna því að það virðist vera samstaða um að breyta þessum lögum á þann veg sem hér er lagt til og ég vænti þess að okkar ágæti fjmrh., þegar hann kemur heim, átti sig á því að hann hafi ekki haft á réttu að standa þegar hann var að mæla gegn því.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Mér finnst ástæða til að fagna niðurstöðu hv. fjh.- og viðskn. í þessu máli. Vegna orða hv. 5. þm. Reykv. um að Sjálfstfl. hafi staðið að því að setja þessi lög á sínum tíma vil ég svara því til að þetta sé kannski dæmigert um það að þegar Sjálfstfl. eða þingmenn hans verða varir við að eitthvað sem þeir hafa áður staðið að því að samþykkja hefur verið rangt eða réttlætinu ekki fullnægt, þá er hann alltaf tilbúinn að endurskoða sína afstöðu. Það tel ég að góðir stjórnmálamenn eigi að gera.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 1266 (ný 3. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.

Stjfrv., 349. mál (vaxtabætur). — Þskj. 1172, n. 1267.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Hér er um að ræða frv. til laga um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt og er frv. þetta fylgifrv. með frv. um húsnæðismál sem var afgreitt fyrir stundu sem lög frá hinu háa Alþingi.

Meiri hl. fjh.- og viðskn. leggur til að þetta frumvarp verði samþykkt óbreytt eins og það kom frá Nd.

Hv. þm. Danfríður Skarphéðinsdóttir sat fund nefndarinnar og er samþykk þessu nál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 10:1 atkv.
2.–4. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Ákvæði til brb. samþ. með 10:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Afgreiðsla mála úr nefndum.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það var gert um það samkomulag milli flokka í fyrsta lagi að það frv. sem liggur fyrir í Nd. um umhverfismál kæmi ekki úr nefnd og í öðru lagi um að frv. um rétt til fiskveiða í landhelgi Íslands fengi þinglega afgreiðslu í hv. deild. Ég hef nú farið fram á það við formann sjútvn. að fundur verði kallaður saman í nefndinni til að ræða þetta frumvarp og ég hef enn fremur vakið athygli forseta deildarinnar á því að um það hafi verið gert samkomulag að þetta frumvarp kæmi til þinglegrar meðferðar. Hvorugur þessara þingmanna vill verða við þeirri beiðni minni að sjútvn. verði kölluð saman, formaður nefndarinnar að kalla nefndina saman og forseti deildarinnar að beita áhrifum sínum til þess að sjútvn. verði kölluð saman.

Ég vil af þeim sökum biðja hæstv. forseta að gera hlé á þessum fundi og ganga úr skugga um hvort ég fari með rétt mál eða ekki. Þetta eru þær upplýsingar sem ég hef. Við höfum í stjórnarandstöðunni tekið mjög lipurlega á þeim málum sem hér hafa verið til umræðu þó umdeild séu. Við höfum meira að segja stillt okkur um að spyrja hæstv. húsnæðisráðherra hvernig honum hafi gengið að halda utan um húsnæðismálin þann tíma sem hann hefur gegnt því embætti og fer nú fáum góðum sögum af og væri auðvitað ástæða til að ræða ítarlega um það hér í þessari hv. deild. Við höfum líka stillt okkur um það að ræða um

hvernig komið er fyrir sjávarútveginum eftir allan þann tíma sem núv. sjútvrh. hefur gegnt því embætti á eftir formanni Framsfl. Þegar talað er um góðar horfur í sjávarútvegi um langt skeið verður maður að leita til þess tíma áður en formaður Framsfl. eða varaformaður Framsfl. gegndi því embætti.

Ég vil því, herra forseti, óska eftir því að það verði gert hlé á þessum fundi og það verði gengið úr skugga um hvort þær upplýsingar sem ég hef um þetta mál séu réttar eða rangar og ég vil enn fremur hvetja hæstv. forseta enn til þess að sjá um að sjútvn. verði kölluð saman. Þetta frv. hefur verið samþykkt í Nd. Við höfum eytt dýrmætum tíma þingdeildarinnar nú til þess að vísa málinu til nefndar. Ef hugmynd forseta hefur verið að málið skuli stranda þar hefði verið nær að taka málið ekki á dagskrá.

Forseti (Jón Helgason):

Það hefur verið boðaður fundur kl. 4 með forsetum og formönnum þingflokka til að fjalla um mál nú. Dagskrá þessa fundar var tæmd og ég ætlaði að fara að slíta honum. Meiningin var að setja stuttan fund og afgreiða þá mál sem voru til umræðu á fyrri fundi. Ég tek undir það, sem hv. 2. þm. Norðurl. e. sagði, að það hefur verið gott samstarf hér í deildinni og mál gengið vel. En meiningin var síðan að fresta fundi til kl. hálffimm til þess m.a. að fjalla um það sem hv. 2. þm. Norðurl. e. var að benda hér á.

Eiður Guðnason:

Ég skal vera mjög stuttorður. Í þessari hv. deild hefur okkur tekist ágætlega að undanförnu að starfa saman og ná samkomulagi um lausn og afgreiðslu mála, mismunandi erfiðra mála. Þar hefur ekkert skort á að stjórnarandstaðan hafi sýnt sanngirni og samningslipurð og ég vona að við sem erum stjórnarsinnar höfum einnig gert það og þess vegna hafi þetta gengið mjög vel.

Ég held að hv. 2. þm. Norðurl. e. hafi óþarfa áhyggjur af því að hér stefni mál í óefni og ég hygg að okkur muni takast að leysa þetta með samkomulagi á næstunni. Ég legg til að við förum að tillögu hæstv. forseta deildarinnar. Þá er ég sannfærður um að samkomulag mun nást um þetta mál sem allir geta sáttir við unað og hef raunar hugboð um að að því sé nú þegar verið að vinna.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég veit auðvitað að meiri hluti þingsins þarf ekki að standa við samkomulag frekar en honum sýnist því meiri hlutinn hefur fullt vald á því að afgreiða hér mál í gegnum þingið í trássi við samninga við stjórnarandstöðuna. Auðvitað veit ég að meiri hlutinn þarf ekki að gera það. Auðvitað getur meiri hluti Alþingis sagt: Mér hefur snúist hugur. Og auðvitað er hægt að haga vinnubrögðunum öðruvísi ef forsetar og nefndarformenn svo ákveða.

Það liggur á hinn bóginn alveg ljóst fyrir að til að greiða fyrir þingstörfum er æskilegast að slíta fundi nú og hefja nefndarstörf í sjútvn. Mér er algjörlega óskiljanlegt ef það á að vera svo að andstaða sjútvrh. við eitthvert mál eigi að ráða því að þingnefnd megi ekki hittast. Ef það er komið svo í Alþingi að þeir menn sem við köllum hæstvirta inni í deildinni, hæstvirta hér á þinginu séu um leið þeir menn sem lítilsvirða þingið mest með því að banna því að starfa með eðlilegum hætti, þá held ég að sé kominn tími til að endurskoða hvort við eigum nokkuð að kalla þá hæstvirta miklu lengur.

Stefán Guðmundsson:

Herra forseti. Ég vil aðeins svara hv. þm. Halldóri Blöndal. Hann vék sér að mér áðan og spurði mig að því hverju það sætti að það yrði ekki haldinn fundur í sjútvn. deildarinnar um það tiltekna mál sem þá var hér verið að afgreiða. Ég svaraði honum þá að það hefði enginn talað um það við mig að boða fund í sjútvn. út af þessu máli og við það stend ég. Allar aðdróttanir hv. þm. um að sjútvrh. hafi eitthvað komið að þessu máli eru alveg út í loftið og ástæðulaust að vera með einhverjar getsakir á sjútvrh. í þessum efnum. Einfaldlega hafði enginn talað við mig og óskað eftir því að það yrði haldinn fundur í sjútvn. um þetta mál. Svo einfalt er þetta mál, hv. þm.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Í Ódysseifskviðu er skemmtilegur orðaleikur um orðið „enginn" þegar Ódysseifur sagði við kýklópinn að hann héti „enginn". Ég ætla ekki að fara út í það. Hitt hélt ég að ef nefndarmaður í sjútvn. biður um fund í nefndinni og kallaði sig eitthvað annað en „enginn" og færi ekki að dæmi Ódysseifs og kallaði sig sínu rétta nafni ætti ekki við að enginn hafi beðið um fundinn. Nefndarmaður í sjútvn. Ed. bað um að fá fund í nefndinni um þetta mál. Nefndarmaður í sjútvn. snéri sér til forseta deildarinnar og skýrði honum frá því að hann óskaði eftir fundi í þessari nefnd. Það liggur því alveg ljóst fyrir að það var beðið um fundinn. Hverjir eru það sem mega reka á eftir því að formaður í nefnd haldi fund ef hann vill ekki gera það sjálfur? Stendur það þá ekki öðrum nefndarmönnum næst? Ég hef gert það þráfaldlega.

Ég ítreka þetta: Hafi ég gert einhverjum upp getsakir biðst ég afsökunar á því, en þá skulum við líka vinda okkur í að halda fundinn ef enginn er á móti því að hann sé haldinn og ef allir eru sammála um það. Þá getum við notað hléið núna til þess, herra forseti, að halda fundinn fyrst svo er að menn eru sammála um að fundurinn sé haldinn. Ég bið þá afsökunar á því sem ég sagði og það kemur svo í ljós þegar búið er að fresta fundinum hvort þessi afsökunarbeiðni átti rétt á sér eða ekki.

Stefán Guðmundsson:

Herra forseti. Við þurfum sjálfsagt ekki að standa í orðaskaki hér. Ég vil að það komi fram enn og aftur, hv. þm. Halldór Blöndal, að þú ert einn maðurinn sem hefur nefnt það, (**HBl:** Það á að segja hann hv.

þm., ekki þú.) hv. þm. Halldór Blöndal, á hlaupum í gegnum deildina að það yrði haldinn fundur í nefndinni út af þessu máli og sagt að um það væri samkomulag. Enginn af formönnum þingflokka, ekki einu sinni formaður þingflokks Framsfl., hefur farið fram á það við mig að ég boðaði fund í þessari nefnd og að ég boði fund nú þegar í nefndinni. Það vill svo merkilega til að ég er varaformaður í annarri nefnd og nú voru að koma skilaboð fyrir um klukkutíma um að ég ætti að taka formennsku í þeirri nefnd í forföllum formannsins og ætti að halda fund. Fundur var boðaður kl. hálffjögur. Hann hefur ekki verið haldinn enn. Vegna hvers? Vegna þess að það tekur eðlilega tíma að afgreiða mál. Það tekur tíma að finna þá menn sem óskað er eftir að verði til viðtals og verði kallaðir fyrir nefndir.

Ég vil að þetta komi skýrt fram og að ég hef ekki boðað og er ekki búinn að boða fund í sjútvn. enn þá.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Vegna ummæla sem hér hafa komið fram og vegna þeirra óska sem hafa komið frá hv. 2. þm. Norðurl. e., Halldóri Blöndal, og þar sem ég á sæti í sjútvn. Ed. hlýt ég að óska eftir því að það verði kallaður saman fundur í nefndinni.

Hér hefur komið fram mjög ákveðin ósk frá einum hv. þm. um að fjalla um veigamikið mál og ég sé ekki annað en að við sem erum í nefndinni hljótum að taka undir það að þetta mál fái þá umfjöllun í þessari nefnd sem óskað er eftir.

Ég get ekki séð að þótt komið sé að næstsíðasta degi þings sé ekki hægt að kalla saman nefnd um málefni sem þetta. Ég tel það mjög óþingræðislegt ef því verður hafnað. Ég verð þá að segja það, eins og hv. þm. Halldór Blöndal sagði, að það fer þá að líða að því greinilega að það gerist óþarfi að kalla saman þing yfirleitt. Kannski höfum við fengið ríkisstjórn yfir okkur í fyrsta skipti í sögunni síðan lýðveldið var stofnað 1944 sem telur þess ekki þörf að Alþingi Íslendinga komi saman og stjórni með stjórnskipunum. Við erum búnir að upplifa síðustu vikur að þeir menn sem þar ráða ríkjum telja sig ekki þurfa að ræða við verkalýðinn með sama hætti og við höfum vanist. Þess vegna hefur þjóðin horft upp á sex vikna verkfall hjá BHMR með öllum þeim þjáningum sem það hefur kallað yfir þá sem standa í deilunni og aðra saklausa. Ef ríkisstjórnin ætlar að halda áfram í þessum dúr segi ég að það sé tími til kominn að láta hart mæta hörðu og þingið sitji áfram þar til við höfum endurheimt þann rétt sem Alþingi ber sem er að ákveða með lögum hvernig þessu landi skuli stjórnað. Ég óska því eindregið eftir því að það verði boðað til fundar í sjútvn. Ed.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég var búinn að biðja um að forseti mundi sjá til þess að fundur í sjútvn. Ed. yrði boðaður og ég ítreka það hér með.

EFRI DEILD

114. fundur, föstudaginn 19. maí, að loknum 113. fundi.

Skógrækt, 3. umr.

Stjfrv., 511. mál (aðalstöðvar Skógræktar ríkisins). — Þskj. 1176.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1301).

Hagþjónusta landbúnaðarins, 3. umr.

Stjfrv., 413. mál. — Þskj. 1191.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1302).

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 3. umr.

Frv. SP o.fl., 335. mál (forgangur skattakrafna við skipti). — Þskj. 1297.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

Tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.

Stjfrv., 349. mál (vaxtabætur). — Þskj. 1172.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1303).

Námslán og námsstyrkir, 2. umr.

Frv. FI o.fl., 56. mál (framfærslugrunnur). — Þskj. 1229, n. 1295.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. menntmn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Menntmn. þessarar hv. deildar kom saman til fundar hér í dag og fjallaði um 56. mál, frv. til l. um breytingu á lögum um námslán og námsstyrki, eins og málið kom frá Nd.

Á þskj. 1295 liggur fyrir samróma álit menntmn. þessarar hv. deildar sem leggur til að málið verði samþykkt óbreytt eins og það kom frá Nd.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Afgreiðsla mála úr nefndum.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Stjórnarandstaðan hefur hagað sér með þeim hætti að það hefur verið skotið á skyndifundum í hliðarherbergjum til þess að menn gætu gert grein fyrir þeim málum sem hefur verið vísað til þeirra. Ég gerði áðan athugasemd og óskaði eftir því að fundur yrði boðaður í sjútvn. deildarinnar. Hann hefur ekki verið boðaður. Það sem er raunar alvarlegra er það að svo er að sjá sem forseti slái því föstu að ekki verði svigrúm til að afgreiða frv. um bann við veiðum og löndun á fiski fyrir kl. sex þannig að ég óska eftir að gert verði tíu mínútna hlé á fundinum til hálfsex og athugað hvort ekki náist samkomulag í nefndinni um málsmeðferð og freista þess síðan að afgreiða frv. fyrir kl. sex. Ég geri ráð fyrir því að þingmenn muni í þessu máli sem öðrum stytta mál sitt, láta sér duga að segja aðalatriði, þannig að til afgreiðslu í deildinni geti komið. Ég óska eftir því að þess verði freistað að efna til fundar í sjútvn. nú og freista þess að honum ljúki kl. hálfsex.

Forseti (Jón Helgason):

Það eru enn þá ókomin mál aftur frá Nd. og eitt mál vorum við nú að afgreiða til 3. umr. þannig að það eru nokkur mál enn óafgreidd í nefndinni. En ég mun að sjálfsögðu verða við beiðni hv. 2. þm. Norðurl. e. að fresta því að slíta fundi til kl. hálfsex þannig að menn geti haldið áfram að ræðast við og semja hér um mál eins og gengið hefur mjög vel í dag.

EFRI DEILD

115. fundur, föstudaginn 19. maí, að loknum 114. fundi.

Almannatryggingar, ein umr.

Frv. KP o.fl., 443. mál (heilsutjón vegna læknisaðgerðar). — Þskj. 1275.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1311).

Námslán og námsstyrkir, 3. umr.

Frv. FI, 56. mál (framfærslugrunnur). — Þskj. 1229.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1312).

Leigubifreiðar, 2. umr.

Stjfrv., 438. mál (heildarlög). — Þskj. 1228, n. 1305, brtt. 1307.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. samgn. (Karvel Pálmason):

Virðulegur forseti. Samgn. hefur fjallað um þetta frv. og rætt við ýmsa aðila sem því tengjast. Ég geri hér grein fyrir nál. nefndarinnar og er það svohljóðandi:

„Nefndin hefur fjallað um frv. og fékk á sinn fund Arnmund Backman lögfræðing, Helga Jóhannesson, lögfræðing í samgönguráðuneytinu, Sigurð Sigurjónsson, Gissur Ingólfsson og Bjarnfreð Ármannsson frá Sendibílum hf. og Óskar Sigurðsson, fulltrúa launþega í leigubifreiðastjórastétt.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Guðrún Agnarsdóttir sat sem áheyrnarfulltrúi á nefndarfundinum."

Undir þetta rita allir nefndarmenn í samgn. sem eru Karvel Pálmason, Egill Jónsson, Skúli Alexandersson, Guðmundur Ágústsson fundaskrifari, hann ritar undir með fyrirvara, Þorv. Garðar Kristjánsson, Jóhann Einvarðsson og Stefán Guðmundsson.

Brtt. sem hér um ræðir er flutt á þskj. 1307 og er svohljóðandi:

„Við 14. gr. 2. mgr. orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 5. gr. laga þessara er ráðherra heimilt að veita undanþágu frá ákvæðinu þar sem önnur tilhögun hefur tíðkast."

Hér er fyrst og fremst um að ræða einn stað sem er með öðrum hætti en tíðkast hefur yfirleitt og menn eru hér að reyna að leysa þau mál í sem mestum friði í framhaldi af þessari lagasetningu. En ég held að það sé rétt að það komi fram við þessa umræðu að nefndin er sammála um að nauðsynlegt sé að í reglugerð verði kveðið skýrt á um mörkin milli atvinnusviðs fólksbifreiða, vörubifreiða og sendibifreiða þannig að það leiki ekki vafi á hvað þar sé við átt.

Það er ljóst að um þetta hafa verið nokkuð skiptar skoðanir. Menn telja eigi að síður að það sé skynsamlegra að málið nái fram að ganga en það stöðvist hér á síðustu klukkustundum þessa þinghalds. Hér er um löggjöf að ræða sem þarf að bæta í áframhaldi en nefndin er sammála um að mæla með því að frv. verði samþykkt eins og það nú liggur fyrir með brtt. sem er á þskj. 1307.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. samgn. fyrir vinnuna að þessu máli og lýsi því yfir að ég tel að sú breyting sem nefndin flytur eigi að auðvelda að leysa þau tilteknu vandamál sem uppi eru á einu svæði og menn þekkja til og þessi breyting vísar sérstaklega til.

Þá vil ég einnig undirstrika það og lýsa því yfir að það er minn ásetningur að við setningu reglugerða sem boðaðar eru og reiknað er með að verði tvær á grundvelli þessarar lagasetningar verði að sjálfsögðu haft fullt samráð við alla helstu hagsmunaaðila eins og reyndar reynt hefur verið að gera, bæði við undirbúning þessa frv. sem og við meðferð þess hér á hinu háa Alþingi þar sem allir helstu hagsmunaaðilar komu fyrir þá nefnd sem fékk málið fyrr til umfjöllunar og þá hinir sömu aftur til hv. samgn. Ed.

Hér er um að mörgu leyti vandasama lagasmíð og reglugerðarsetningu að ræða vegna þess að hún kemur inn á hagsmuni mismunandi hópa og þess vegna er þeim mun meiri ástæða til að reyna eftir bestu betu að finna farsæla málamiðlun milli ólíkra hagsmuna og að nokkru leyti ólíkra sjónarmiða sem hér kunna að togast á. Það er ásetningur minn og vilji að reyna að vinna þannig að þessu máli hér eftir sem hingað til.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Ég á sæti í hv. samgn. og ég skrifa undir nál. með fyrirvara. Mig langar í upphafi ræðu minnar að lýsa því yfir að ég er mjög ósáttur við hvernig var staðið að vinnu í þessari nefnd. 1. umr. fór fram hér í dag og síðan var kallað til nefndar og því miður var ekki hægt að kalla alla þá aðila sem maður hafði áhuga á að vita hvaða skoðanir hefðu á frv. Það var hins vegar reynt að kalla til þá sem náðist í. Það var lögfræðingur annars þeirra stéttarfélaga sem um ræðir í brtt., fulltrúar frá sendibílum og launþegar hjá leigubílstjórum.

Í máli þeirra allra komu fram miklar efasemdir um frv. Þeir lögðu áherslu á að ef þeirra kröfur mundu ekki ná fram að ganga vildu þeir frekar að málið lægi en það yrði samþykkt. En það er lagt ofurkapp á það af öðrum aðilum að þetta frv. nái fram að ganga.

Ég met því mikils það, sem fram kom í ræðu hæstv. samgrh., að við reglugerðarsmíð verði haft fullt samráð við bæði sendibíla eða skutlubíla eins og það heitir öðru nafni og leigubíla um hvernig sú reglugerð eigi að líta út.

En við lestur frv. og síðari athugasemdir eftir að samgn. lauk störfum hef ég komist að raun um að það er kannski fleira í frv. sem þyrfti að skoða og rekst ég á í 7. gr. frv. að þar segir:

„Grundvöllur atvinnuleyfa er að sérhver leyfishafi eigi fólksbifreið og hafi það sem aðalatvinnu að aka henni sjálfur."

Það vill þannig til að margir hafa keypt bíla á kaupleigu og með orðalagsskýringu á þessum lið í 7. gr. ættu þeir aðilar ekki rétt á því að fá atvinnuleyfi eða starfa við þennan atvinnurekstur. Ég vil því spyrja samgrh. hvort það hafi verið ætlunin með frv. að útiloka þá menn sem eiga kannski ekki vegna fjárhagsörðugleika kost á því að kaupa sig beint inn heldur þurfa að leita á náðir kaupleigufyrirtækja.

Það er annað í frv. sem ég tel að þurfi að koma miklu betur fram. Það er réttur neytenda gagnvart leigubílum, þ.e. að þeim séu alltaf tryggðir leigubílar þegar þeir þurfa á slíkri þjónustu að halda. Í 3. gr. er að vísu aðeins farið inn á þetta, en að mínu mati ekki nógu skýrt.

Að lokum er eitt ákvæði sem ég dreg mjög í efa að standist gagnvart almennum reglum og jafnvel gagnvart stjórnarskrá. Það er í 5. gr. frv. 1. mgr. þar sem segir: „Á félagssvæði þar sem takmörkun er í gildi skulu bifreiðastjórar í sömu grein vera í sama stéttar-

félagi." Þarna er verið að binda alla bifreiðastjóra til þess að vera í sama stéttarfélaginu. Þetta er að mínu mati andstætt grunnreglum félagaréttar og dreg ég mjög í efa að þetta standist gagnvart mannréttindaákvæðum, en það kom skýrt fram í máli þeirra aðila sem komu fyrir nefndina, bæði lögmannsins Arnmundar Backmans og svo fulltrúa frá Sendibílum hf., að þeir töldu að þetta ákvæði stæðist ekki samkvæmt mannréttindasáttmála Evrópu eða drógu það mjög í efa. Minntust þeir á mál sem þrír starfsmenn í ákveðinni starfsgrein höfðuðu fyrir mannréttindadómstólnum, breskir starfsmenn, ég man ekki í hvaða iðnaði eða hvaða starfsstétt það var. Þeir unnu það mál fyrir mannréttindadómstólnum, en þar hafði löggjafinn ákveðið að það væri bara eitt stéttarfélag á hverja starfsgrein.

Þetta vildi ég að kæmi fram og einnig mætti kannski nefna hvað verður um þá leigubílstjóra sem hafa náð 70 ára aldri, en í frv. er skýrt kveðið á um að þeir skulu þá missa réttindi til aksturs leigubíla. Hvernig fer með lífeyrissjóðsréttindi þeirra? Eins og flestir vita hafa þeir mjög veikan lífeyrissjóð og eru raunar nýbúnir að stofna með sér lífeyrissjóð og þeir sem t.d. hætta nú eiga engan rétt eða mjög lítinn rétt á lífeyrissjóðsgreiðslum.

Ég ætla ekki, þrátt fyrir athugasemdir sem ég geri og vildi það ekki þegar málið var til meðferðar í samgn., stöðva að málið fengi afgreiðslu, en ég mun við atkvæðagreiðslu, sem fer annaðhvort fram á eftir eða í fyrramálið, greiða atkvæði á móti einstökum greinum og jafnvel sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Jóhann Einvarðsson:

Hæstv. forseti. Vegna þeirra orða sem ég lét falla hérna við 1. umr. málsins vil ég taka fram að ég átti kost á að sitja fund samgn. þar sem farið var yfir þetta mál og ég er sáttur við brtt. sem kemur frá nefndinni og get fullvissað deildarmenn um að báðir aðilar sem hlut eiga að máli í því sambandi eru ásáttir með þessa niðurstöðu.

Ég vildi líka taka undir orð fyrri ræðumanns að það þyrfti að koma nánari skýring á því í reglugerð hvað það er að eiga bifreið. Ég veit að það er vandamál hjá nokkuð stórum hópi manna sem eiga og reka sína bíla að þeir eru skráðir á kaupleigufyrirtæki og eru mennirnir ekki í reynd fullkomnir handhafar og rétthafar þeirrar bifreiðar þó að í skráningu sé getið um að þeir séu eigendur annarra bíla.

En aðalatriðið var að ég vildi lýsa því yfir að ég er ásáttur við brtt. sem kemur við bráðabirgðaákvæðið í 14. gr.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Varðandi það atriði sérstaklega hvað sé við átt þegar sagt er að menn skuli eiga sína bíla, þá hef ég lagt þann skilning í að þar með væri fyrst og fremst verið að útiloka að menn stunduðu þennan atvinnurekstur á bílum í annarra eigu, sem sagt hreinum láns- eða leigubílum sem væru í eigu annarra manna en þetta ákvæði útiloki ekki þá sem hafa keypt sína bíla eða eru að kaupa sína bíla með þeim tiltekna hætti sem hér var spurt um. Ég trúi ekki öðru en að sú túlkun standist að öllu leyti, enda alls ekki ætlunin að mismuna mönnum hvað það snertir og að í skilningi þessara laga teldust það fullnægjandi yfirráð yfir bifreiðinni þó að um þannig kauptilhögun væri að ræða.

Frsm. samgn. (Karvel Pálmason):

Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég veit ekki hvað hv. þm. Guðmundur Ágústsson hefur átt við þegar hann sagði að hann væri ósáttur við vinnubrögð nefndarinnar. Ég skal að vísu viðurkenna og hef reyndar greint frá því áður að það er með ólíkindum hvernig mál ber að á síðustu dögum og klukkustundum þinghaldsins. Fyrri deild er búin að vera með þetta mál ég veit ekki hversu margar vikur og síðan kemur þetta mál líklega í dag í seinni deild og viðkomandi nefnd ætlað að afgreiða það á nokkrum klukkutímum. Ég hélt að vísu að það hefði verið hægt að ná í alla sem hv. nefndarmaður vildi fá tal af, en kannski er það misskilningur. En hafi það ekki verið hægt er sjálfsagt að biðjast forláts á slíku. En þannig voru okkur settar skorður. Við stóðum frammi fyrir því annaðhvort að reyna að afgreiða málið út úr deildinni eða þá að láta það liggja og um það voru nokkuð skiptar skoðanir hvor aðferðin væri réttari. Ég taldi rétt a.m.k. að gera tilraun til þess að málið fengi afgreiðslu. Það kann að vera rangt mat hjá mér, en eigi að síður held ég að í áframhaldinu muni það sýna sig að þessi löggjöf kunni með góðra manna hjálp í áframhaldinu, og þá á ég við hæstv. ráðherra ekki síst, að leiða til hins betra frá því ástandi sem verið hefur og er í þessum málum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 11:1 atkv.
6.–13. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 1307 samþ. með 12 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

EFRI DEILD

116. fundur, föstudaginn 19. maí,
að loknum 115. fundi.

Leigubifreiðar, 3. umr.

Stjfrv., 438. mál (heildarlög). — Þskj. 1313 (sbr. 1228).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

NEÐRI DEILD

108. fundur, föstudaginn 19. maí, kl. 11 árdegis.

Tilhögun þingfunda.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Áður en gengið er til dagskrár vildi ég taka fram að það er von á því að það verði fleiri fundir haldnir í dag til þess að koma áfram þeim málum sem eru á dagskrá, þeim sem væntanleg eru frá nefndum og enn fremur þeim málum sem útlit er fyrir að komi hingað frá Ed. Þegar svo er gengið frá málum er vitaskuld ætlunin að ljúka sem mestu í dag, helst öllu, ef um það tekst samvinna við deildina.

Um þingsköp.

Meðferð máls í þingnefnd.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Á síðasta þingi fluttu tveir þm. Sjálfstfl., Vilhjálmur Egilsson og ég, frv. um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Í byrjun þessa þings flutti ég ásamt hv. þm. Pálma Jónssyni frv. um sama efni, um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Þetta frv. kom til 1. umr. 8. nóv. sl. og var þá vísað til hv. félmn. Þetta frv. er 49. mál þessa þings.

Ég vil spyrja hæstv. forseta að því hvort hann sé ekki sammála mér um það að það sé ámælisvert að nefndarformaður leggist á mál með þessum hætti og afgreiði það ekki út úr nefnd? Er þetta það þingræði og lýðræði sem við á að búa í þessari hv. stofnun? Hvaðan fær formaður þingnefndar það vald að liggja á máli með þessum hætti en taka önnur mál sem flutt eru mörgum mánuðum síðar? Hvert sækir nefndarformaður slíkt vald? Er það vilji þeirra þm. sem styðja hæstv. ríkisstjórn að viðhafa þessi vinnubrögð? Ég spyr nýju vini ríkisstjórnarinnar, Borgaraflokkinn, um það hvort hann vilji standa að svona afgreiðslu mála? Vill hann standa að því að traðka á þingræði og lýðræði með þessum hætti? Þetta eru óviðunandi vinnubrögð og að mínum dómi á að víta nefndarformenn sem liggja þannig á málum.

Ég vil svo bæta því við, herra forseti, að þegar þetta frv. var flutt fyrra sinni komu fram sterk meðmæli, t.d. kom tillaga frá Fjórðungsþingi Vestfirðinga er flutt var af mönnum úr öllum stjórnmálaflokkum þar sem þeir skoruðu á stjórnvöld að taka málið upp. Stjórnvöld gerðu það ekki og því var frv. flutt öðru sinni. Það kemur því úr hörðustu átt þegar þeir menn sem eru kjörnir á þing fyrir strálbýlið liggja þannig á hagsmunamálum strjálbýlisins að þau fá ekki þinglega afgreiðslu. Ég mótmæli þessu og fer fram á það við hæstv. forseta að hann gefi nefndarformanni áminningu fyrir slík vinnubrögð sem þessi.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Af þessu tilefni skal það tekið fram að það er skoðun forseta að reglan eigi að vera sú að taka afstöðu til mála í nefndum. Vitanlega er það svo og hefur verið á undanförnum þingum að ýmis frumvörp fá ekki afgreiðslu í nefndum og þá yfirleitt vegna þess að nefndin hefur tekið þá afstöðu.

Jón Sæmundur Sigurjónsson:

Virðulegur forseti. Það er alveg rétt sem kom fram hjá hv. 1. þm. Vestf. sem kvartaði undan því að hans mál, sem flutt var um húsnæðismál, hefði ekki fengið afgreiðslu í félmn. Félmn. hefur haldið 25 fundi á þessum vetri og tekið fyrir fjölda mála og þar á meðal tvö viðamikil mál um húsnæðismál. Húsnæðismál hafa þannig tekið drjúgan tíma af störfum nefndarinnar. Meiri hl. nefndarinnar virtist mál hv. þingmanns þannig vaxið að það væri e.t.v. full ástæða til þess að vísa því til ríkisstjórnarinnar til nánari athugunar. Á seinni stigum þess máls bar ég það undir flutningsmann hvort honum þætti rétt að það væri gert eða hvort hann kærði sig frekar um að málið lægi áfram í nefndinni ef hann kærði sig svo um að flytja það aftur á hausti komanda. Þá tjáði hann mér að hann mundi kvarta undan þessum vinnubrögðum sem hann hefur hér gert og ætla ég ekki að hafa fleiri orð um það.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Þau húsnæðisfrumvörp sem hv. formaður félmn. segir að hafi tekið mestallan tíma nefndarinnar voru nú ekki flutt fyrr en mörgum mánuðum eftir að þetta frv. kom til félmn. Við mig var ekki talað um málið fyrr en fyrir nokkrum dögum. Eftir stendur það að mínum dómi að hér er traðkað á þingræði og lýðræði með þessum vinnubrögðum. Það er engin afsökun fyrir því að liggja á málum. Það er engin skylda að samþykkja mál en það er skylda að vinna að því að afgreiða mál út úr nefndum, sérstaklega þau mál sem eru borin fram í upphafi þings og nægur tími er til að vinna að.

Matthías Á. Mathiesen:

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að taka undir orð hv. 1. þm. Vestf. þegar hann kvartar yfir vinnubrögðum í sambandi við nefndarstörf á Alþingi því sem nú er senn að ljúka. Ég verð að segja það alveg eins og er að þau vinnubrögð sem hér hafa átt sér stað eru að mínum dómi með algeru einsdæmi. Ég er hér með lista yfir 20 þingsályktunartillögur sem hafa verið

bornar fram og ekki er enn farið að ræða og þm. hafa ekki enn fengið tækifæri til þess að mæla fyrir.

Í þessu sambandi vildi ég leyfa mér að vekja athygli á því að mönnum fannst stundum að það væri of langur tími sem færi í umræður slíkra tillagna hér á árum áður. En menn skilja kannski í dag hvers vegna sá aðili, sem þá var í forustu, gerði kröfu til þess að þm. fengju tækifæri til þess að ræða þau mál sem þeir hafa flutt og þeir eiga kröfu á að nefndir Alþingis fjalli um og skili þinginu niðurstöðu. Ég segi: Verði ekki á þessu breyting hafa þm. engan annan möguleika en að koma því inn í þingsköp hversu lengi mál geti verið á borðum þm. áður en þau fást rædd. Að vísu hafa þm. þann rétt í dag að breyta dagskrá en það þarf þá að setja inn í þingsköp hversu lengi mál þar megi liggja áður en þau verða tekin til afgreiðslu.

Ég undirstrika það sem hv. 1. þm. Vestf. hefur sagt og bendi á að þetta er með einsdæmum hvernig hér hefur verið troðið á þingræðinu í landinu.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Það kann að vera ýmislegt í þingsköpum sem væri ástæða til þess að endurskoða og það skal sagt af þessu tilefni, enda hefur það komið fram í máli mínu áður. En vegna síðustu ræðu vil ég taka fram að öll þau mál sem þm. hafa flutt í þessari deild hafa verið á dagskrá tekin í þessari deild. Ég tel að fyrir þeim öllum hafi verið mælt, hugsanlega með einni undantekningu sem ég get ekki fullyrt um vegna fjarvista um hríð. Þetta vil ég að komi fram. Forseti hefur kappkostað að það mætti takast að mæla fyrir málum og vísa þeim til nefnda eftir því sem mögulegt væri. (**MB:** Það hefur engin gagnrýni komið fram á forseta.)

Matthías Á. Mathiesen:

Herra forseti. Til þess að það verði skjalfest í þingtíðindum þá var þessari gagnrýni sem ég kom með hér áðan ekki beint að hæstv. forseta Nd. og ég heyrði að hv. 1. þm. Vestf. orðaði það nákvæmlega svo. Hér er verið að gagnrýna störf í nefndum og hér er verið að gagnrýna að í Sþ. liggja yfir 20 tillögur sem ekki hafa fengist ræddar.

Aðskilnaður dómsvalds og umboðsvalds, frh. 3. umr.

Stjfrv., 182. mál. — Þskj. 731 (sbr. 204), brtt. 1222.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1222 um að vísa frv. til ríkisstjórnarinnar felld með 24:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SV, EH, VI, MB, MÁM, ÓÞÞ, PP, PJ, RA.

nei: SighB, NL, SJS, ÞÞ, AðB, AS, BB, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, HG, JóhS, JBH, JK, JónS, JSS, KE, KH, MálmS, ÓÞG, RH, KJóh.

ÞP, BÍG, FrS, GHH, KrP, ÓE greiddu ekki atkvæði.

3 þm. (ÁrnG, HJ, IBA) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur G. Einarsson:

Herra forseti. Ég átti sæti í þeirri milliþinganefnd sem hafði þetta frv. um aðskilnað dómsvalds og framkvæmdarvalds í héraði til meðferðar. Ég skrifaði undir nál. meiri hl. sem mælti með frv. Ég var ekki með því að segja að brýna nauðsyn bæri til að samþykkja þetta mál á þessu þingi. Ég greiði ekki atkvæði.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Ég tel kominn tíma til þess fyrir löngu að Alþingi afgreiði þetta mannréttindamál með jákvæðum hætti og segi nei.

Frv. samþ. með 30:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: NL, SJS, ÞP, ÞÞ, AðB, AS, BB, BÍG, FrS, GeirG, GHH, GB, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, HG, JóhS, JBH, JK, JónS, JSS, KrP, KE, KH, MálmS, ÓE, ÓÞG, RH, SighB, KJóh.

nei: SV, VI, MB, MÁM, ÓÞÞ, PP, PJ, RA.

EH greiddi ekki atkvæði.

3 þm. (ÁrnG, HJ, IBA) fjarstaddir:

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Páll Pétursson:

Herra forseti. Ég tel að hér sé verið að afgreiða mjög mislukkaða lagasetningu. Með þessum lögum er verið að rýra sýslumannsembættin og raunverulega leggja hin minni þeirra niður og að því er í sjálfu sér mikill skaði. Hér er verið að koma upp kostnaðarsömu bákni að óþörfu. Það skipulag sem frv. gerir ráð fyrir er fjandsamlegt landsbyggðinni og dregur vald þaðan. Hér er um stórt skref aftur á bak að ræða, viðlíka lagasetningarmistök og þegar Bifreiðaeftirlitið var lagt niður illu heilli. Ef ástæða er til að greina skýrar á milli dómsvalds og umboðsvalds væri heppilegra að útfæra héraðsdómarakerfið eða jafnvel gera sýslumönnum að dæma hver hjá öðrum. Ég vil enga ábyrgð taka á þeim mistökum sem hér er verið að gera og segi nei.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1276).

Þinglýsingalög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 200. mál (þinglýsingarstjórar). — Þskj. 732 (sbr. 257).

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1277).

Lögbókandagerðir, frh. 3. umr.

Stjfrv., 247. mál. — Þskj. 457.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1278).

Aðför, frh. 3. umr.

Stjfrv., 111. mál (heildarlög). — Þskj. 863 (sbr. 114).

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sm lög frá Alþingi (þskj. 1279).

Kosningar til Alþingis, frh. einnar umr.

Frv. KH o.fl., 416. mál (kosningarréttur). — Þskj. 1221.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1280).

Leigubifreiðar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 438. mál (heildarlög). — Þskj. 1228.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Jarðræktarlög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 463. mál (framlög ríkissjóðs). — Þskj. 1157.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1281).

Réttur til fiskveiða í landhelgi Íslands, frh. 3. umr.

Frv. ÓÞÞ og KJóh, 284. mál (færeysk og grænlensk fiskiskip). — Þskj. 511.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Námslán og námsstyrkir, frh. 3. umr.

Frv. FI, 56. mál (framfærslugrunnur). — Þskj. 1229.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Loftferðir, frh. 2. umr.

Stjfrv., 439. mál (vinnuumhverfi áhafna). — Þskj. 1138, n. 1217.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 36 shlj. atkv.

Almannatryggingar, 2. umr.

Frv. KP o.fl., 443. mál (heilsutjón vegna læknisaðgerðar). — Þskj. 1078, n. 1232.

Frsm. heilbr.- og trn. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um þetta frv. sem felur í sér að heilsutjón vegna læknisaðgerða og mistaka starfsfólks sem starfar samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu verði greitt af Tryggingastofnun ríkisins.

Björn Önundarson tryggingayfirlæknir kom á fund nefndarinnar til viðræðna um frv. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt eins og Ed. afgreiddi það en með eftirfarandi breytingu:

Við 3. gr. Í stað orðanna „Þá skal með reglugerð ákveða árlegt“ komi: Þá skal árlega ákveða á fjárlögum.

Þetta er til að skerpa á þeim skilningi að framlög innan slysatrygginga til þessara liða skuli ákveðast af framlögum en ekki greiðast af iðgjöldum atvinnurekenda eins og slysatryggingar eru að stærstum hluta annars fjármagnaðar. Nefndin telur rétt að fram komi að hvað varðar bótaskyldu þá gangi hún út frá því að sá sem fyrir tjóni hefur orðið snúi sér til landlæknis með kvörtun sína sem þá fjalli um málið samkvæmt lagaskyldu.

Guðrún Helgadóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins en er samþykk þessu áliti. Undir þetta rita allir nefndarmenn heilbr.- og trn., þ.e. Ragnhildur Helgadóttir, Finnur Ingólfsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Jón Kristjánsson, Geir H. Haarde og Jón Sæmundur Sigurjónsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 1232 samþ. með 28 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, ein umr.

Stjfrv., 204. mál (heildarlög). — Þskj. 1220 (sbr. 838), brtt. 1225, 1241.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Við þessa umræðu liggja fyrir deildinni tvær brtt. við frv. Aðra þeirra flytur félmn., en hún hefur haft frv. til meðferðar hér í þinginu. Sú tillaga, á þskj. 1241, snýst eingöngu um það að bæta þar inn í upptalningu yfir þá aðila sem leggja ber aðstöðugjald á tilvísun í 3. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Eins og frv. var upphaflega lagt fram var eingöngu miðað við 1. og 2. gr. í þeirri tæmandi upptalningu sem hér er. Með því móti hefðu erlendir lögaðilar með starfsemi á Íslandi, fasta starfsstöð eða aðra starfsemi verið undanþegnir aðstöðugjaldi óbreytt frá því sem er í núverandi lögum. Slík breyting var að sjálfsögðu óeðlileg. Því hefur nefndin flutt þessa brtt. sameiginlega m.a. til þess að koma í veg fyrir að erlendir aðilar njóti hér óeðlilega hagstæðrar samkeppnisstöðu miðað við innlenda aðila til að mynda í sambandi við verktöku og aðra starfsemi. Því er þessi tillaga flutt samhljóða af nefndinni.

Hin tillagan, herra forseti, er samhljóða tillögu sem ég flutti við 3. umr. í þessari deild og var samþykkt í deildinni en var síðan breytt af hv. Ed. Þessi tillaga snýst um það eins og mönnum er kunnugt að mjólkurbúin í landinu sitji við sama borð og önnur fyrirtæki og greiði aðstöðugjöld af sinni starfsemi.

Við umræður í Ed. mun hafa verið á það bent að mjólkurbúin þyrftu að greiða söluskatt og hugsanlega einhver smærri gjöld af sínum tækjum og þeim búnaði sem þau kaupa, en ég vek í því sambandi athygli á því að með upptöku virðisaukaskatts um næstu áramót hverfur öll uppsöfnun söluskatts bæði hjá mjólkurbúum og öðrum framleiðendum. Þessi samanburður á því ekki rétt á sér, auk þess sem aðstöðugjald þetta kæmi ekki til framkvæmda fyrr en eftir rúmt ár, um mitt næsta ár, og ef það eru einhverjir meinbugir á hinni almennu gjaldtöku ríkissjóðs á framleiðslutækjum þessara fyrirtækja er nægur tími til að leiðrétta það fyrir mitt næsta ár. Málið snýst einvörðungu um það hvort aðstöðugjöld leggist á þessi fyrirtæki, hvort öll sveitarfélög sitji við sama borð í því efni og hvort mjólkurbúin eigi að hafa sérstöðu umfram önnur fyrirtæki.

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Það er stefna míns flokks að allir eigi að vera jafnir fyrir lögum, einnig þeir sem greiða skatta. Það er ekki eðlilegt að undanþiggja í landslögum einhverja tiltekna tegund fyrirtækja eða atvinnurekstrar því að greiða gjöld sem almennum atvinnurekstri er ætlað að greiða. Ef menn vildu í þessu tilviki undanþiggja þá aðila sem hér um ræðir skattgjöldum er hægur vandi að gera það með ákvörðun sveitarstjórnar því að sveitarstjórn sjálf getur undanþegið þá aðila aðstöðugjöldum sem menn kæra sig um.

Þá er það einnig ekki eðlilegt þegar um er að ræða atvinnurekstur sem hugsanlega gæti farið út í samkeppnisstarfsemi við aðra tegund atvinnurekstrar sem ekki er undanþegin umræddum gjöldum. Þannig gætu sláturhús sem eru undanþegin gjöldunum eins og frv. er nú úr garði gert t.d. lagt út í kjötvinnslu í samkeppni við kjötvinnslufyrirtæki án þess að þurfa að greiða aðstöðugjald af þeirri starfsemi.

Enda þótt tekist hafi að lagfæra málin þannig í Ed. að atvinnurekstur mjólkurbúa sem tengist átöppun áfengis eða gerð grauta og pökkun þeirra sé ekki lengur undanþeginn aðstöðugjaldi heldur ber að greiða aðstöðugjald fyrir það, sem er til mikilla bóta því að ég sé ekki rök fyrir því að ekki eigi að greiða aðstöðugjald fyrir átöppun áfengis eða grautargerð, væri engu að síður möguleiki og unnt fyrir mjólkurbú eins og frá frv. yrði gengið við þessa afgreiðslu að fara t.d. út á þá braut að hefja sælgætisgerð í samkeppni við sælgætisverksmiðjur sem þurfa að greiða aðstöðugjöld og losna við aðstöðugjöld af því. Vissulega má heimfæra ákvæðinn hluta sælgætisgerðar eins og t.d. gerð súkkulaðis og hvers konar sælgætis sem unnið er úr súkkulaði undir mjólkuriðnað. Sama er um bakarí. Mjólkurbú gætu stofnað bakarí. Það er iðnaður úr mjólk og er undanþeginn aðstöðugjaldi. Ég er ekki að segja að þetta gerist, en gerist þetta verður Alþingi að sjálfsögðu að taka á málunum að nýju.

Hér er hins vegar um að ræða að menn verða að meta hagsmuni. Ef sú tillaga yrði samþykkt sem hér liggur fyrir frá hv. alþm. Geir Haarde væri ljóst að miklu stærra máli yrði stefnt í hættu sem er verkaskiptamálið milli ríkis og sveitarfélaga sem er nú við lokaafgreiðslu. (**GHH:** Það er orðið að lögum.) Þarna vil ég ekki og hef ekki viljað standa í vegi fyrir samkomulagi sem hefur verið gert á milli stjórnarflokkanna þar sem meiri hagsmunir réðu en minni hagsmunum var fórnað. Þess vegna mun ég ekki greiða þessari tillögu Geirs Haarde atkvæði, en tek fram að ef sú þróun verður, sem ég var að nefna, að lögin gætu út af fyrir sig heimilað að þeir aðilar sem undanþegnir eru aðstöðugjaldi settu upp frekari iðnað úr þeim vörum sem þeir framleiða í samkeppni við önnur fyrirtæki sem aðstöðugjöld eru látin greiða, er tímabært fyrir Alþingi að taka málin að nýju til skoðunar og ég trúi því ekki að sá sé vilji Alþingis að þannig sé haldið á málum.

En eins og ég segi, herra forseti, hefur verið gert ákveðið samkomulag þar sem minni hagsmunum var fórnað fyrir meiri og þó svo það sé enn skoðun mín og minna flokksbræðra að allir eigi að vera jafnir fyrir lögum vil ég virða það.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Það er undarlegt hvað hv. þm. Geir H. Haarde leggur mikla áherslu á að hækka mjólkurverð til barna og kjötverð því að staðreyndin er sú að hans málflutningur í þessu máli hefur vakið mjög mikla athygli og snýr að því einu að hækka mjólkurverð til barna, að hækka kjötverð til fjölskyldnanna í landinu. Menn hafa í þessu sambandi tekið að sér þann rökstuðning að vorkenna mjög þeim sveitarfélögum sem eru þeirrar hamingju aðnjótandi að hafa innan sinna marka þessi sterku fyrirtæki, afurðasölufélögin. Það er þeim mikill fengur að hafa þau innan sinna marka og af þeim hafa þau miklar tekjur þrátt fyrir að þessar nauðsynjavörur fólksins í landinu hafi verið undanþegnar aðstöðugjaldi.

Ég vek athygli á því að ef við samþykkjum að hætta að undanþiggja mjólkurvörur og kjötvörur þeim ákvæðum að á þær skuli ekki lagt aðstöðugjald mun það þýða stórkostlega hækkað vöruverð. Ég hygg að það þýði á mjólkina 2–3%. Ég er ekkert viss um að barnafjölskyldur í Reykjavík verði glaðar með framgöngu hv. þm. Geirs H. Haarde í þessu máli ef hann nær því fram. Ég er ekkert viss um að þær telji að hv. þm. hafi með málflutningi sínum hér á Alþingi gert þeim gagn í þessu máli.

Hitt get ég svo fallist á að á hliðargreinar sem fyrirtækin setja upp, eins og kannski úrvinnslu á kjöti og grautarframleiðslu, brennivínsframleiðslu o.s.frv. megi leggja aðstöðugjald. Það finnst mér sjálfsagt. En ég vara Alþingi mjög við því ef það ætlar enn að hækka hið háa matarverð í landinu í ljósi þess að það vorkenni svo mjög sveitarfélögunum sem hafa þessi miklu fyrirtæki á sínu svæði. Ég hygg að það sé svo í minni heimabyggð þar sem standa rótgróin afurðasölufyrirtæki að það eru burðarásarnir í því byggðarlagi þrátt fyrir að þessi fyrirtæki hafi verið undanþegin aðstöðugjaldi.

Ég veit ekki hvort ég á að leggja það á hv. þm., ég er með í höndunum greinargerð um það, hversu mikið vöruverð bæði á kjöti og mjólk mundi hækka ef menn tækju þá ákvörðun að breyta þarna um stefnu. Ég hygg að það hafi verið að mjög gaumgæfðu máli sem hv. Ed. breytti þeirri stefnu sem þetta frv. markaði í upphafi og hæstv. félmrh. féllst á öll þau rök málsins síðar. En ég vænti þess alla vega að hv. alþm. nálgist þau gögn sem liggja fyrir um það hversu mikið mjólkin mun hækka í verði, hversu mikið smjörið mun hækka í verði, hversu mikið osturinn mun hækka í verði, hversu mikið kjötið mun hækka í verði. Ég segi það: Þessar vörur kosta svo mikið að þær þola enga hækkun á þessu stigi. Þess vegna skulum við ekki á þessari stundu taka neina ákvörðun sem hækkar vöruverðið, sem hleypir af stað verðbólguáhrifum því að þetta kemur inn í vísitöluáhrif á öllum sviðum.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Hér er enn til umræðu mál sem flækst hefur á milli deilda þar sem hv. alþm. virðast ekki geta komið sér saman um hvernig og hverjir eigi að vera undanskildir þegar um aðstöðugjald er að ræða. Ástæðan fyrir því að ég kem í þennan ræðustól er að lýsa yfir stuðningi við tillögu hv. þm. Geirs H. Haarde, en þó fyrst og fremst til þess að fjalla um þær ræður sem hér hafa verið fluttar sem kannski sýna best í hvaða vanda hv. stjórnarþingmenn eru.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, formaður fjvn., flutti ræðu þar sem hann lýsti yfir eindregnum stuðningi við þær hugmyndir sem fram hafa komið í tillögum flm., en niðurstaðan í hans málflutningi var sú að hann yrði að greiða atkvæði gegn sannfæringu sinni þar sem hann hefði í samningum við aðra stjórnarþingmenn verið kúgaður til þess. Það var það sem hann sagði í einföldu og skýru máli.

Nú væri vissulega eðlilegt í framhaldi af ræðu hv. þm. að spyrja hvort það sé búið að kúga aðra þingmenn Alþfl. í þessu máli. Á ég þá sérstaklega við og beini máli mínu til þeirra tveggja hæstv. ráðherra sem eru í salnum, manna sem greiddu fyrir því að gerð var breyting á þessu frv. í átt til upphaflegs frv., sátu þá hér í þingsölum en hurfu eins og huldufólk þegar kom að því að greiða atkvæði síðar um þetta. (**Utanrrh.:** Þeir voru að sinna skyldustörfum.) Að sinna skyldustörfum sem mun þýða að hafa setið í veislu úti í bæ. Það getur vel verið að það sé rétt. (Gripið fram í.) Já, gott og vel. En nú reynir á þessa menn hvort þeir standa við sannfæringu sína eða hvort hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefur talað fyrir hönd þingflokks Alþfl. í þessu máli. Þetta mál er nefnilega þannig vaxið að í upphaflegu stjfrv. var ekki gert ráð fyrir því að um neina undantekningu væri að ræða. Þetta held ég að hv. þm. og hæstv. ráðherrar Alþfl. ættu aðeins að hugleiða áður en þeir ganga endanlega í bland við tröllin í þessu máli.

Þá kem ég að málflutningi hv. 5. þm. Suðurl. Hafi

þingmaður einhvern tíma gengið fram af mér hér í ræðustólnum gerði hv. þm. það. Ætlar hv. þm. Geir H. Haarde að fara að hækka mjólkina fyrir börnin? Það er eins og börn kaupi einhverja sérstaka mjólk hér á landi. Ég veit ekki betur en við drekkum öll sömu mjólkina. (**ÓÞÞ:** Nei.) Ja, ekki kannski sumir sem drekka léttmjólk vegna þess að þeir eru orðnir svo feitir að þeir mega ekki drekka öðruvísi mjólk. Ég þakka þeim sem kallaði hér fram í fyrir að minna á það. En allir venjulegir menn drekka þessa sömu mjólk, bæði börn, konur og karlmenn. (**MB:** Þetta kostar alveg sama, mjólk fyrir feita.) Það er alveg rétt. Það er eðlilegt að menn þurfi að kalla þetta fram í ræðu mína af því að ég veit ekkert um þetta. Ég þarf ekkert á slíkri mjólk að halda. En þessi málflutningur, hv. þm., er náttúrlega þannig að hann er þingmanninum til mikillar vansæmdar.

Málið snýst um það, eins og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sagði, hvort það á að vera jafnræði á milli atvinnugreinanna, milli þeirra sveitarstjórna þar sem mismunandi atvinnugreinar eru stundaðar, og þótt mjólk hækki um 2–3% hefur það ekki svo stórkostlega þýðingu þegar m.a. er tekið tillit til þess að þessi vara er stórlega niðurgreidd og ríkisvaldið hefur gert annað eins og að greiða með mjólkurlítranum. Það mundi vega upp á móti þessu. Ég er ekki að mæla með þeirri aðferð. Ég er bara að benda á að það er fyrst og fremst ríkisstjórnin sem ræður því hvort mjólkin hækkar eða lækkar um 2–3%. Ég gæti auðvitað staðið í ræðustól og haldið því fram að hv. þm. Guðni Ágústsson vildi gera fólk sem hefur unnið t.d. á prjónastofu eða saumastofu á Hvolsvelli atvinnulaust vegna þess að hann kýs að láta leggja aðstöðugjald á iðnfyrirtæki eins og t.d. prjónastofur og saumastofur en ekki á mjólkurbú og sláturhús. Þar með get ég haldið fram með nákvæmlega jafnmiklum rökum, jafnmikilli sannfæringu og hv. þm. að hv. þm. Guðni Ágústsson vilji að fólk verði atvinnulaust sem hefur starfað við slíkan iðnað á Hvolsvelli. (**GuðnÁ:** Það er orðið það.) Það er orðið það. Þá má sem sagt halda því fram að hv. þm. vilji stuðla að slíku. Ég held því ekki fram. Ég held nefnilega að hv. þm. hafi gripið hér til þess ráðs, sem er ekki boðlegt neinum hv. þm., að segja það úr ræðustól að ástæðan fyrir því að hann vilji ekki ganga inn á þessa jafnræðisreglu sé sú að hann vilji ekki að það hækki mjólkin til barna á Reykjavíkursvæðinu. Þessi málflutningur er ekki mönnum bjóðandi, ekkert frekar en sá málflutningur minn að kenna hv. þm. um að hann vildi að prjóna- og saumakonur á Hvolsvelli yrðu atvinnulausar. Málið snýst einfaldlega ekkert um það. Það snýst um jafnræðisregluna og það snýst um að sveitarfélögin hafi heimild til þess að leggja aðstöðugjöld á atvinnurekstur algerlega burtséð frá því um hvað sá rekstur snýst. Því eiga sveitarstjórnirnar að hafa rétt á, enda var frv. hugsað þannig í upphafi.

Ég vildi, virðulegur forseti, koma þessu til skila af því að mér finnst, jafnvel þó menn hafi verið kúgaðir til þess af einhverjum ástæðum að greiða atkvæði gegn tillögu hv. þm. Geirs H. Haarde og ganga gegn upphaflegum ákvæðum frv., miklum mun skemmtilegra að menn segi það beint út í ræðustólnum en klæði það í einhvern annan búning. Það þarf enginn að halda því fram þó að það sé það sem hv. þm. Guðni Ágústsson átti við, hann átti einfaldlega við það, að landbúnaðurinn fari illa út úr slíkri skattlagningu. Ég held að svo sé ekki. Ég held að t.d. hvað varðar bæði dilkakjöt og sláturafurðir og enn fremur mjólk að almenningur í þessu landi kaupi slíka vöru jafnvel þótt hún hækkaði um 1–2% og hefði gert það vegna þess að þessi vara er góð og hún er nauðsynleg og hennar verður neytt í framtíðinni á meðan framleiðslan á henni er með þeim hætti að þetta er vara sem fólk þarf á að halda heilsu sinnar vegna. En að halda því fram að sú neysla hverfi þó að um slíka skattlagningu sé að ræða er ekki boðlegt með þeim hætti sem hv. þm. hélt fram. Þetta mál kemur börnum í Reykjavík ekkert við því að hæstv. ríkisstjórn greiðir svo mikið niður mjólkurverðið að það munar langtum hærri upphæðum en hér er um að ræða.

Þetta vildi ég, virðulegur forseti, að kæmi hér fram áður en menn grípa til þess ráðs að nota málflutning á borð við þann sem hv. þm. notaði og væri þá hreinlegra og þrifalegra af hans hálfu að hann segði hreint út að hann áliti það sem fulltrúi landbúnaðarins að það væri verið að ráðast gegn landbúnaðinum hér í landinu. En ég held að það sé enn fremur misskilningur.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Það var alls ekki ætlun mín að efna til einhverra langra umræðna um þetta mál svo einfalt sem það í raun og veru er og svo augljós sem helstu rök á báða bóga eru. En hér er greinilega nauðsynlegt að fara örlítið betur yfir málið.

En fyrst verð ég nú að segja að hin dæmalausa ræða hv. 5. þm. Vestf. Sighvats Björgvinssonar hlýtur að hafa komið mönnum verulega á óvart. Þingmaðurinn greiddi nefnilega atkvæði með þessari sömu tillögu við 3. umr. í nafnakalli. Hann gerði það. Hann sagði já við því. Og ef hann skyldi nú vera búinn að gleyma því vildi ég gjarnan mega vitna í formann flokksins hans sem gerði grein fyrir atkvæði sínu við 2. umr. þegar tillagan gekk lengra en núna. Þá gekk hún út á að undanþiggja bæði sláturhús og mjólkurbú. Tillagan nú gengur út á að undanþiggja bara mjólkurbú þó svo hv. 5. þm. Suðurl. hafi ekki enn þá skilið að það er enginn að tala um kjötafurðir lengur og haldi áfram að tala út og suður í öllum sínum útúrsnúningum um verðið á kjötinu sem er alls ekki til umræðu hér.

En mætti ég ekki vitna fyrir hv. þm. Sighvat Björgvinsson í formann hans eigin flokks máli þessu til stuðnings? Hvað sagði ekki hæstv. utanrrh. við 2. umr. um málið þegar hann stóð upp í öllu sínu veldi og gerði grein fyrir atkvæði sínu. Jú, hann sagði eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Virðulegi forseti. Það er sjálfsögð regla að fyrirtæki lúti sömu reglum að því er varðar álagningu

aðstöðugjalda. Þessu mun hafa verið breytt í Ed. frá upphaflegri mynd. Það er ekki í rétta átt. Ég segi því já."

Nú dettur mér ekki til hugar, herra forseti, að hæstv. utanrrh. hafi breytt um skoðun þó svo hv. 5. þm. Vestf. hafi gert það og ég veit að hann virðir mér það til betri vegar að nota hans eigin ummæli máli mínu til stuðnings. En ég hygg að þessi ummæli hljóti að hafa farið fram hjá hv. 5. þm. Vestf. og e.t.v. einhverjum öðrum mönnum sem hafa látið snúa skoðun sinni í þessu máli.

En úr því að þetta mál er komið hér til efnislegrar umfjöllunar á nýjan leik — sem var reyndar ekki ætlun mín þar sem ég taldi mig hafa gert nægilega grein fyrir þessu í þinginu áður — eru nokkrar höfuðröksemdir sem verða að koma fram á nýjan leik.

1. Spurningin um jafnrétti milli fyrirtækja. Eiga sum fyrirtæki að borga aðstöðugjald og önnur ekki? Á ísgerð fyrir austan fjall að borga skatt en ísgerð í Reykjavík ekki? Eiga frystihúsin sem eru á hausnum um land allt að borga aðstöðugjöld en ekki mjólkurbúin? Mitt svar við því er það að fyrirtækin eiga að sitja við sama borð.

2. Spurningin um jafnrétti milli sveitarfélaga. Eiga einstök sveitarfélög að borga niður verð á tilteknum afurðum með því að fara á mis við tekjur sem eðlilegir tekjustofnar ættu annars að gefa þeim? Mitt svar við því er líka nei. Ef menn vilja greiða niður vöruverðið á þessum afurðum — og ég er ekki að mæla gegn því — á auðvitað að gera það með venjulegum hætti og á kostnað ríkissjóðs en ekki einstakra sveitarsjóða í landinu.

Hitt er svo annað mál að ég dreg mjög í efa þá útreikninga sem lagðir hafa verið fram í þessu máli, en það er út af fyrir sig aukaatriði. Ef menn þyrftu að greiða niður vöruverðið á það að koma úr þeim sjóðum sem Alþingi stýrir en ekki sveitarstjórnarmenn í einstökum tiltölulega fáum byggðarlögum úti um landið. Þessa ríkisstjórn hefur ekki hingað til munað um að lofa því að greiða niður vöruverðið. Ég veit ekki betur en hún sé búin að lofa BSRB því að halda verði á landbúnaðarafurðum óbreyttu a.m.k. fram á haustið, ef ekki til áramóta. Ég veit ekki betur en þessi ríkisstjórn sé búin að lofa fjárútlátum til að mynda vegna stuðnings Kvennalistans við húsbréfafrumvarpið til hinna félagslegu íbúða upp á mörg hundruð milljónir og virðist ekkert muna um það. Ég veit ekki betur en þessi ríkisstjórn sé að laumast með 200 millj. kr. skattahækkun í gegnum þingið í frv. um málefni aldraðra. Ég vorkenni þessari ríkisstjórn ekki neitt að sjá til þess að halda vöruverði á þessum afurðum óbreyttum ef það er hennar markmið. En málflutningur á borð við það sem hér hefur komið fram hjá hv. 5. þm. Suðurl. er ekki sæmandi, að ég tali ekki um heybrókarháttinn í hv. þm. Alþfl. sem lýsa ekki bara yfir andstöðu sinni við sína eigin stefnu heldur líka sín eigin atkvæði sem hafa fallið í þessu máli fyrr í umræðunum.

Þessu til viðbótar vildi ég svo ítreka það, sem ég lét koma fram áðan, að ef um er að ræða einhverja mismunum þessum fyrirtækjum í óhag varðandi skatta sem renna til ríkisins er sjálfsagt mál að skoða það og leiðrétta það á réttum vettvangi, t.d. ef um er að ræða vörugjöld, sem bitna harðar á þessum fyrirtækjum en til að mynda samkeppnisiðnaði, eða jöfnunargjöld. Það þarf ekkert að ræða meira um söluskattinn vegna þess að öll uppsöfnun á söluskatti hverfur um næstu áramót eins og allir þingmenn vita sem hafa staðið hér að afgreiðslu virðisaukaskatts þannig að það mál er ástæðulaust að ræða um.

Ég get síðan látið þessa umræðu niður falla af minni hálfu. Ég held að þau álitamál sem hér eru uppi séu afskaplega skýr og menn verði að vega þau og meta hver fyrir sig. Utanrrh. hefur gert upp sinn hug. Sú afstaða liggur fyrir í þingskjölum og ég var að lesa hana. Hann lýsti því yfir eins og rétt er að það væri sjálfsögð regla að fyrirtæki lúti sömu reglum að því er varðar álagningu aðstöðugjalda og ég verð að segja að maður bíður að sjálfsögðu í eftirvæntingu eftir því að sjá hvernig ráðherrar og þingmenn Alþfl. munu verja sínum atkvæðum í þessari atkvæðagreiðslu því að öll framkoma þeirra í þessu máli hefur verið hin hreinasta háðung.

Ég get tekið ofan fyrir þeim mönnum sem hafa einfaldlega þá afstöðu að vera á móti þessu máli af tilteknum prinsippástæðum. Ef menn eru þeirrar skoðunar að þarna eigi að vera ákveðin forréttindi til þess að halda niðri vöruverðinu er það afstaða sem er skýr og klár og sem hægt er að taka ofan fyrir, heiðarleg afstaða. Ég held að hv. 5. þm. Suðurl., svo ósammála sem ég er honum og hans afstöðu, hafi verið að tala fyrir slíkri afstöðu hér. Það er heiðarlegt og er hægt að virða slíka andstöðu við mál. En það er líka algerlega hlálegt og einum þingflokki til hinnar mestu vansæmdar að hringsnúast eins og skopparakringla í atkvæðagreiðslum um þetta mál eða láta sig hverfa þegar kemur að úrslitastundu í slíkri atkvæðagreiðslu.

Ég skil vel að einstakir þingmenn, til að mynda úr landbúnaðarhéruðum, séu viðkvæmir fyrir þessu máli. Ég hef alltaf gert mér grein fyrir því og við því er ekkert að segja annað en það að ég tel að áhyggjur manna út af þessu séu ástæðulausar og það sé hægt að koma til móts við þær áhyggjur með öðrum hætti án þess að það bitni á einstökum sveitarfélögum vítt um landið. En að greiða atkvæði með nákvæmlega sömu tillögunni við 3. umr., en koma síðan og lýsa því yfir að afstaðan sé breytt og nú verði greitt atkvæði á móti er ekki mjög stórmannleg afstaða. Og eins og ég segi verður verulega forvitnilegt og eflaust eftir því tekið með hvaða hætti aðrir þingmenn og ráðherrar Alþfl. verja sínu atkvæði þegar þetta mál kemur til atkvæða.

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Það kúgar enginn menn til að ganga til samninga. Annaðhvort gera þeir það eða gera það ekki. Það var mín niðurstaða að ganga til þeirra samninga sem ég gerði grein fyrir áðan til þess að hægt væri að tryggja afgreiðslu verkaskiptamálsins

sem í mínum huga er stærra og meira mál en þetta. (Gripið fram í.) Já ég veit það. Ég var að skýra frá því, virðulegi forseti, sem mér skilst að komi illa til skila til hv. þm. Geirs Haarde, að þetta var samkomulagsmál til að tryggja afgreiðslu þess frv. Ég er búinn að segja það þrisvar, virðulegi forseti, og ég vona að hv. þm. hafi heyrt og skilið það.

Það var að sjálfsögðu mín eigin ákvörðun að ganga til þeirra samninga að fórna minni hagsmunum fyrir meiri. Mér finnst það ekki lítilmannlegt að skýra frá því áður en til atkvæðagreiðslu er gengið. Mér finnst það ekki lítilmannlegur háttur heldur þvert á móti. Mér finnst miklu réttara að skýra frá því áður en til atkvæðagreiðslu er gengið en láta hjá líða að gera það.

Það var aðeins eitt sem ég vil þó leggja sérstaka áherslu á. Það var þetta: Eins og frá lögunum var gengið mætti ætla, ef ekki yrðu tekin af tvímæli um það, að það væri verið að heimila að undanþiggja aðstöðugjaldi alla starfsemi sem rekin yrði af sláturhúsum og alla starfsemi sem rekin yrði af mjólkurbúum og varðaði úrvinnslu mjólkur og mjólkurafurða. Með þeirri breytingu sem nú er búið að gera á tekjustofnalögunum er ekki lengur verið að undanþiggja áfengisátöppun mjólkurbúa og grautargerð og pökkun mjólkurbúa aðstöðugjaldi. Sú framför hefur þó orðið að nú verður þessi iðnaður skattlagður. Eins og frá málunum er gengið mætti hins vegar ætla að slík fyrirtæki gætu sett upp iðnframleiðslu svo sem eins og hvers konar úrvinnslu á kjöti hjá sláturhúsum og hvers konar úrvinnslu úr mjólk og mjólkurvörum, þar með talin sælgætisgerð og bakstur hjá mjólkurbúum. Ég ítreka þann skilning minn að ég lít ekki svo á. Ég lít svo á að með þessum undanþágum sé aðeins verið að undanþiggja aðstöðugjaldi þá eðlilegu starfsemi sem fram fer í sláturhúsum og þann úrvinnsluiðnað sem á sér stað í mjólkurbúum á hefðbundnum mjólkurframleiðsluvörum. Ég vildi gjarnan óska eftir því að formaður þeirrar nefndar sem um þetta mál hefur fjallað vildi láta í ljós skoðun sína á þessu atriði og það sé alveg skýrt með hvaða hætti verið er að gera þessa afgreiðslu.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það mál sem hér liggur fyrir og brtt. er vissulega umræðuvert. Það snýst um breytingar sem menn hafa verið að gera á álagningu aðstöðugjalds samkvæmt þessu frv. sem felur það í sér sem meginstefnu samkvæmt 36. gr. að hámark aðstöðugjalds skuli vera 1,3% af aðstöðugjaldsstofni og með því er stefnt að því að breyta þeirri mismunun sem hefur verið á álagningu þessara gjalda eftir atvinnurekstri eða atvinnugreinum. Ég tel þessa stefnu vera eðlilega og réttmæta og hún er í samræmi við viðleitni sem fram fór fyrir löngu, einum átta eða níu árum, þegar ég átti hlut að framkvæmdarvaldinu. Þá voru unnar tillögur og meira að segja frv. sem að vísu aldrei komst inn á borð Alþingis um þetta efni sem liður í því að jafna starfsskilyrði atvinnugreina í landinu. Það fór fram mikil úttekt á því og var skilað um það gildum skýrslum á borð alþingismanna og oft eftir þeim kallað um jöfnun á starfsskilyrðum atvinnuveganna og það var tekið inn í iðnaðarstefnu sem samþykkt var hér á Alþingi vorið 1982 sem eitt af áhersluatriðum til þess að bæta stöðu iðnaðar í landinu að hann byggi þar ekki við allt önnur kjör varðandi greiðslu gjalda, skatta og aðstöðugjalda en t.d. sjávarútvegur. Ég studdi þessa stefnu og bar hana fram. Ég held að það sé mjög mikill misskilningur að telja að það sé verið að gera atvinnulífi í landinu einhvern sérstakan greiða með því að undanþiggja sérstök atvinnufyrirtæki tilteknum gjöldum til sveitarfélaga og það þurfi a.m.k. að færa mjög gild rök fyrir undanþágum frá slíkri almennri stefnu. Ég tel t.d. að það hafi verið mikill bjarnargreiði við byggðarlögin út um land þegar sú stefna var, sem hefur gilt fram að þessu, að takmarka aðstöðugjald á útgerð og fiskvinnslu og hafa þær greiðslur langtum lægri til sveitarfélaganna, sjávarþorpanna vítt um landið en gjöld á verslun og þjónustu og almennan iðnað, en almennur iðnaður greiddi ef ég man rétt 1,3% eða rúmlega það í aðstöðugjald á meðan útgerðin var með 0,3% og fiskvinnslan með 0,65% í aðstöðugjald. Þetta hefur bitnað á sveitarfélögunum vítt um landið og því er sú stefna sem hér er tekin upp í frv. til mikilla bóta. Sú almenna stefna að ætla sér að bæta almenna rekstrarstöðu sjávarútvegsins í landinu t.d. með því að halda svona greiðslum lægri er mesti misskilningur. Allar greiðslur af þessu tagi eiga að koma inn í hin almennu rekstrarskilyrði og þar með gengisákvarðanir sem einn þátt af þeim og jafnast upp fyrir atvinnugreinina á ekki löngum tíma ef eðlilega er á málum haldið. Fyrir þetta hefur landsbyggðin greitt og landsbyggðin blætt af þessum misskilningi um eðli þessa máls með því að svipta sveitarfélögin víða um land stórum upphæðum af tekjum og setja þau þannig í mun verri stöðu til að halda uppi þjónustu við sitt fólk til jafns við það sem gerist hér á höfuðborgarsvæðinu þar sem þjónustan og viðskiptalífið blómstrar og hefur hirt yfir 3% af veltu þessara fyrirtækja í aðstöðugjöld. Í gegnum þetta kerfi hefur á löngum tíma verið flutt mikið fjármagn til sveitarsjóða á höfuðborgarsvæðinu á sama tíma og þrengt hefur verið að sveitarfélögum víða um landið.

Ég fagna því vissulega að með þessu frv. er verið að breyta til þó svo að eftir standi heimild til sveitarstjórna um að ákveða mismunandi gjaldflokka, aðstöðugjald eftir tegundum atvinnurekstrar upp að hámarki 1,3% af aðstöðugjaldsstofni. Ég ætla að vona að sveitarfélögin út um landið fari ekki að láta undan þrýstingi einstakra fyrirtækja að halda niðri þessum greiðslum vegna rekstrarstöðu þeirra, en auðvitað má reikna með því að slíkur þrýstingur komi frá fyrirtækjunum þegar þessi heimild verður í lögum. En það er sveitarstjórnanna, fulltrúa almennings þar, að gera þau mál upp samkvæmt þeim ákvæðum sem liggja fyrir.

Þá komum við að því sem hér er rætt í sambandi við þessa brtt., virðulegi forseti, sem liggur fyrir á þskj.

1225 um það að fella eingöngu starfsemi sláturhúsa undir undanþáguákvæðið skv. 34. gr. en fella niður hefðbundna framleiðslu mjólkurbúa sem tekið var inn í meðferð milli deilda, en upphaflegt frv. sem hér var lagt fram hafði ekki þetta ákvæði inni. Það var ekki gert ráð fyrir því í stjfrv. eins og það var lagt fram að sláturhús eða mjólkurbú yfirleitt nytu undanþágu frá þessum greiðslum. Mér var það ekki ljóst þegar málið var rætt hér og þessi brtt. kom til atkvæða upphaflega að hér væri um að ræða breytingu sem hafði verið gerð af Ed. eftir að frv. var lagt fram og hér var sem sagt ekki sú stefna sem mörkuð var af ríkisstjórninni þegar málið var flutt inn í þingið.

En ekki er óeðlilegt að menn athugi þessa þætti eins og aðra, hvort eðlilegt sé að gera sérstaka undanþágu varðandi þennan rekstur. Ég greiddi því atkvæði gegn breytingunni og það í þeirri trú að hér væri umsamið ákvæði sem menn hefðu farið ofan í, stjórnarflokkarnir, og ætlaði ekkert að ganga gegn þeirri stefnu þegar málið var til afgreiðslu í Nd. Ég verð að segja, virðulegi forseti, að mér finnst orka mjög tvímælis að gera þær undanþágur sem hér er lagt til. Ég segi það að athuguðu máli. Ég tók ekki afstöðu til máls þegar það var öðru sinni til meðferðar hér í deildinni, við þá afgreiðslu. Mér er ljóst að sú breyting sem gerð hefur verið af Ed. að því er mjólkurbúin snertir er þrenging sem verður að teljast til bóta á þessu ákvæði og ber að sjálfsögðu ef málið verður samþykkt með þeim hætti að túlka það þröngt þannig að eingöngu sé um hefðbundna framleiðslu mjólkurbúa að ræða. Ég tel hins vegar að röksemdirnar fyrir því, sem hér hafa verið bornar fram, að viðhalda þessari undanþágu til lengri tíma af einhverjum sanngirnissjónarmiðum gagnvart börnum eða verðlagi til neytenda séu á mjög völtum fótum og það megi með markaðri stefnu af hálfu stjórnvalda taka það mál inn í niðurgreiðslurnar og tryggja vöruverð til neytenda með þeim hætti sem sanngjarn er talinn og ég tel eðlilegt að málið verði athugað með tilliti til þess til frambúðar.

Ég held að það sé ekki rétt hins vegar að stefna þessu máli í meiri velting en orðið er hér í þinginu að sinni og mun standa að því og greiða atkvæði með frv. eins og það liggur fyrir, þ.e. gegn þeirri brtt. sem er á þskj. 1225, en það geri ég í trausti þess og með það í huga að þau undanþáguákvæði sem eru sett varðandi sláturhús og mjólkurstöðvar verði tekin upp til endurskoðunar þegar á næsta þingi og þá í ljósi bæði rekstrarstöðu þessara greina, sem hefur verið fært fram sem röksemd fyrir því að undanþiggja þau greiðslu á aðstöðugjaldi, og einnig með tilliti til verðlagningar. Það geta verið rök fyrir því, ég hef ekki sett mig það grannt inn í þetta mál, að það sé eitthvað í sambandi við skattlagningu á þessi fyrirtæki sem þurfi að athuga, sláturhús og mjólkurstöðvar, og fara yfir og það getur verið ástæða til þess að stjórnvöld gefi einhverjar tryggingar um niðurgreiðslur í sambandi við breytingar á þessu máli, þ.e. álagningu aðstöðugjalds á þennan rekstur. En hér er í rauninni um iðnað að ræða eins og hvern annan iðnað. Það er ekkert landbúnaðarmál sem slíkt sem hér er á ferðinni heldur er þetta iðnaður í landinu, úrvinnsla úr innlendu hráefni. Ég mun því standa að því að samþykkja þetta eins og það liggur fyrir frá Ed., en þá með það í huga og mun hafa frumkvæði að því ef ekki verða aðrir til þess, mér finnst hins vegar eðlilegt að það sé ríkisstjórn sem taki það upp í aðdraganda næsta þings, að fara yfir þessi mál með tilliti til þess að afnema undanþágu á aðstöðugjaldi til þessa rekstrar sem hér liggur fyrir, en fara þá yfir málin í heild, rekstrarstöðu fyrirtækjanna og verðlagningu á afurðunum. Ég vænti þess að eftir þessu verði munað af þeim sem með þessi mál fara, en mun annars taka á því eigi ég sæti á næsta þingi.

Eggert Haukdal:

Herra forseti. Ég verð satt að segja að harma þá umræðu sem fer fram við lokaafgreiðslu þessa máls og ég held að menn geri sér nánast ekki grein fyrir hvað þeir eru hér að gera. Þetta frv. er ekki bara stjfrv. Þetta er samkomulagsmál stjórnar og stjórnarandstöðu og það hefur verið unnið að þessu í báðum deildum og það eru allir aðilar sammála um þetta í meginatriðum. Og vegna hvers eru menn sammála? Þessi frumvörp bæði tvö, um verkaskiptingu og tekjustofna, eru unnin af þrautreyndum sveitarstjórnarmönnum úr öllum flokkum og njóta mikils stuðnings sveitarstjórnarmanna um allt land. (**FrS:** Eins og frv. var í upphafi.) Nú við lokahnykk málsins dugar ekki að stefna málinu í hættu eins og hér er beinlínis verið að gera heldur átti að afgreiða málið eins og það kom frá Ed. og liggur hér fyrir.

Það gætir mikils misskilnings í umræðunni. Allar hækkanir á landbúnaðarvörum virka þannig að það dregur úr neyslunni. Það er hagsmunamál þorpanna úti á landi þar sem þessi fyrirtæki eru staðsett að neyslan haldist uppi. Það er meginmálið. Þá hafa starfsmenn þessara fyrirtækja nóg að gera. Það er miklu meira hagsmunamál þessara sveitarfélaga en að fá aðstöðugjaldsheimild.

Að undanförnu hefur byggðunum í landinu verið að blæða út. Samdrátturinn í landbúnaðinum virkar ekki bara á bændurna. Hann virkar á þorpin þar sem þjónustan er unnin við dreifbýlið. Ég vænti þess að hv. Nd. afgreiði málið óbreytt eins og það kom frá Ed.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég vildi koma að eins og tveimur, þremur atriðum til viðbótar til að færa gildari rök fyrir andstöðu minni við brtt. hv. þm. Geirs H. Haarde. Það mun hafa verið í fyrndinni að mönnum þótti flókið að leggja aðstöðugjald á mjólk og mjólkurvörur af ýmsum ástæðum sem hv. þm. hefur kannski ekki áttað sig á.

Við skulum líta á dæmi, mjólkurbúin og síðan heildsölu- og dreifingarfyrirtæki eins og Mjólkursamsöluna. Þetta yrði mjög flókið í þessum tilfellum þar sem það yrði talið mjög líklegt að það yrði að greiða aðstöðugjald vegna sömu mjólkurinnar í tvígang. Það

er talið líka að meiri líkur séu á að mjólk sem flyst á milli búa og er unnin að hluta verði talin aðstöðugjaldsskyld tvisvar. Þetta er óhagganleg staðreynd. Þetta er flækja sem lögfróðir menn sem þekkja til þessara dæma hafa bent mjög glöggt á.

Hér hafa verið haldnar ræður og hv. 1. þm. Reykv. vék að mínum málflutningi og taldi að ég talaði hér sem fulltrúi landbúnaðarins. Auðvitað tel ég mig fulltrúa landbúnaðarins, ég tel mig fulltrúa launafólksins. Ég bý í einu þessu volaða byggðarlagi sem þeir eru að vorkenna fyrir tekjuleysi sem er Selfoss þar sem stendur eitt af þessum miklu þjónustufyrirtækjum, Mjólkurbú Flóamanna, og satt að segja er þar mjög gott að lifa og búa. Þar er þjónusta í toppi, þar er engin fátækt, þar er ekkert volæði þó að Mjólkurbú Flóamanna hafi verið undanþegið því að borga af mjólkurvörunum aðstöðugjald í gegnum tíðina.

Þetta vildi ég láta koma hér fram. Það er mín skoðun um þessar mikilvægu neysluvörur, mjólkurvörurnar, af þeim ástæðum hversu brýnar þær eru og nauðsynlegar börnum, hversu þungt þær vega í veski fólksins, launþegans á Íslandi að kaupa þær, að við eigum ekki að taka neina þá ákvörðun sem hækkar þessar vörur í verði. Það er ljóst að ef við legðum aðstöðugjald á þessar vörur mundu þær hækka, mjólkin mundi hækka eins og ég sagði um 2–3%, smjörið mundi hækka um 3–4%. Og ég spyr: Þola þessar afurðir það? Þær standa í harðri samkeppni eins og smjörið sem er bæði holl vara og hefur mikil áhrif, ef salan minnkar, á stöðu bændanna. Menn eru nú í samkeppni við annað viðbit. Því miður hefur einn hæstv. ráðherrann í ríkisstjórninni leyft innflutning á smjörlíki, sem er viðbit og er notað þannig, sem þýðir að samkeppnin eykst og er ekki drengileg að því leyti að á innflutta smjörlíkinu eru hvorki tollar né aðflutningsgjöld. Það er greitt niður frá útlendingum á frumstigi til að berja niður íslenskan iðnað og drepa verk sem hér eru unnin.

Auðvitað væri einfalt að segja að ríkið yki niðurgreiðslur sínar á móti. En gagnvart launafólkinu, gagnvart landbúnaðinum er engu að treysta í þeim efnum og þeir tveir hv. þm. sem hér hafa mjög talað í þessari umræðu, Geir H. Haarde og Friðrik Sophusson, hafa oft gagnrýnt mjög niðurgreiðslur. Það er spurning um pólitíska vilja og það er margur, því miður, í mörgum stjórnmálaflokkum sem hefur ekki haft skilning á því hvað það er launafólkinu mikilvægt. Þannig er ævarandi ásókn í að minnka niðurgreiðslur. Þess vegna legg ég til að menn láti ekki tillöguflutning hv. þm. Geirs H. Haarde rugla sig við þá atkvæðagreiðslu sem hér mun fara fram um þetta mál í dag eins og því miður gerðist hér á dögunum.

Frsm. félmn. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Ég hef verið beðinn af hv. 5. þm. Vestf. að taka afstöðu til þess sem formaður félmn. hvernig túlka beri það ákvæði, sem lagt er til í frv., að starfsemi sláturhúsa verði undanþegin aðstöðugjaldi. Ég tel eindregið að túlka beri þetta ákvæði mjög þröngt, þ.e. miða við þá hefðbundnu starfsemi sláturhúsa að slátra búfé og nautgripum og eðlilega starfsemi í framhaldi af því sem varðar slátrunina sjálfa. Það væri t.d. hugsanlegt að sláturhús tækju upp kjötvinnslu í framhaldi af slátruninni. Ég tel eindregið að það sé ekki átt við þess konar starfsemi með þessari undanþágu þannig að einungis væri hér um að ræða hefðbundna starfsemi sláturhúsa.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Það er ekki margt sem ég þarf að segja í þessari umræðu, það er mest komið fram, en þó hygg ég að eðlilegast sé að byrja á ræðu síðasta hv. ræðumanns. Ég býst við því að ef þau orð sem hann sagði hefðu ekki verið sögð hefði verið alveg augljóst að það á að túlka hugtakið „sláturhús" eins og sláturhús í venjulegri merkingu þess orðs og þá í nokkuð víðtækri merkingu. Það sem styrkir enn þessa lögskýringu hlýtur að vera að nú hafa menn sett inn ákvæði sem skýrir það út að með orðinu „mjólkurbú" sé átt við mjólkurbú í víðtækri merkingu og þess vegna þarf að taka það fram í lagatextanum eins og hann lítur út núna að það sé ekki átt við vissa þætti í starfsemi núverandi mjólkurbúa. Þar sem slíkt er ekki gert varðandi sláturhúsin verður að sjálfsögðu samkvæmt almennum lögskýringarleiðum að telja að það sé átt við starfsemi sláturhúsa í víðtækri merkingu þess orðs. Það eru almennar skýringaleiðir í lögfræði.

Það má vel vera að það sem hv. síðasti ræðumaður sagði, en hann er formaður nefndarinnar, mundi vega þungt þegar til þess kemur að ákvarða um umfang á starfsemi sláturhúsa og sjálfsagt yrði það notað sem lögskýring ef allir aðrir stjórnarliðar sem hér eiga eftir að tala taka undir það, sem hann sagði, að það ætti sem sagt að skýra sláturhúsastarfsemina svo þröngt að það næði bara til slátrunar í þrengstu merkingu en ekki til allrar kjötvinnslu sem færi fram í sláturhúsunum. En vegna þeirra breytinga sem hafa verið gerðar núna á þessari grein með tilliti til mjólkurbúanna þar sem tekið er fram að sumir þættir í starfsemi mjólkurbúanna eigi ekki að falla undir undanþáguna mundi það vitanlega verða notað til lögskýringa varðandi sláturhúsin — með gagnályktun að sjálfsögðu.

Það var athygli vert sem hv. 2. þm. Austurl. sagði áðan í tvennu tilliti. Annars vegar sagði hann að hann hefði ekki áttað sig á því hvernig stjórnarfrumvarpið var lagt fram í upphafi. Því miður virðist sem sumir hv. þingmenn sem hér hafa talað hafi ekki heldur áttað sig á því að stjórnarfrumvarpið í upphafi, það samkomulagsfrumvarp sem menn eru að vísa til, var án þessara undantekninga. Var án þessara undantekninga. Þær komu inn í vinnslu frv. í Ed. og höfðu ekkert með að gera það samkomulag sem gert var þegar frumvarpið var smíðað og það lagt fram á Alþingi. Í öðru lagi sagði hv. 2. þm. Austurl. að hann mundi greiða fyrir gangi frv. með þeim breytingum sem orðið hafa á frumvarpinu í trausti þess að málið yrði tekið upp á næsta þingi. Hann færði síðan mörg

góð rök fyrir því að það þyrfti að vera jafnræðisregla í skattlagningu og vísaði þar til starfs sem unnið var á sínum tíma af svokallaðri starfsskilyrðanefnd sem dr. Jóhannes Nordal var formaður fyrir og starfaði á þeim tíma, ef ég man rétt, þegar hv. þm. var iðnrh. Niðurstaða þeirrar nefndar var að þetta ásamt ýmsu fleira í íslenskum skattalögum gerði að verkum að iðnaðurinn eins og við skilgreinum hann venjulegast ætti við meiri erfiðleika að búa en sumar aðrar greinar einmitt með tilliti til skattlagningar. Þetta var eitt af því, þ.e. mismunandi aðstöðugjöld á útveg, iðnað, landbúnað og þjónustu. Það var einmitt þetta atriði sem varð til þess að frumvarpið var lagt svona fram af hæstv. ríkisstjórn. Þegar menn eru að tala um samkomulag um eitthvað annað er það samkomulag sem síðar var gert af einhverjum einstökum þingmönnum stjórnarliðsins.

Þá kem ég — og ég bið hv. þingmann Sighvat Björgvinsson að koma inn og halla á eftir sér því nú þarf ég að eiga orð við hann — að því er kannski skiptir mestu máli í þessu. Röksemdir hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, 5. þm. Vestf., ganga út á að málinu sé stefnt í hættu ef sú breyting verði gerð sem hv. þm. Geir H. Haarde leggur til. Ég ætla að segja hér og nú að þingmenn Sjálfstfl. munu styðja frv. Málið hefur stuðning flokksins þannig að það er engin hætta á því þótt till. Geirs H. Haarde verði samþykkt að frumvarpið eyðileggist þrátt fyrir það. Það er mikill misskilningur að það sé verið að tefla þessu í tvísýnu því að fyrir liggur víðtækur stuðningur við frumvarpið. Þannig eru ekki haldbær rök að halda því fram að málið sé ónýtt nema hæstv. ríkisstjórn hafi gefið út þá tilskipun að málið verði kallað aftur í heilu lagi ef þessi breyting verði gerð. (**SighB:** Skiptir það engu fyrir þá þingmenn Sjálfstfl. sem eru á móti till. Geirs H. Haarde?) Það gildir um afstöðu Sjálfstfl. til frumvarpsins.

Menn verða að átta sig á því hvernig frumvarpið var í upphafi. Eins og kom fram hjá hv. þm. Eggerti Haukdal, sem hefur talað í þessari umræðu, sagði hann að þetta hefði verið samkomulagsmál. Frv. var þannig í upphaflegri gerð sinni að í því voru ekki þessar undantekningar. Segjum svo að það myndist hér meiri hl. um till. Geirs H. Haarde. Þá mun sá meiri hl. væntanlega líka styðja málið í heild sinni. Það getur vel verið að það séu á því undantekningar í liði sjálfstæðismanna, en þær eru a.m.k. örfáar.

Ég held, virðulegur forseti, að ég þurfi ekki að segja meira í þessari umræðu. Ég fagna því að rök hv. 5. þm. Suðurl. hafa breyst. Hann teflir ekki fram af óskammfeilni þeim rökum sem hann beitti í upphafi síns máls og talaði nú á öðrum nótum og reyndar á þeim sem hv. 3. þm. Suðurl. talaði sem voru miklu skýrari og viðfeldnari rök en hv. 5. þm. Suðurl. beitti í sinni fyrri ræðu við þessa umræðu. Það ber að fagna því þegar mönnum fer fram í svona umræðu og ég óska hv. þm. til hamingju með það. Þótt ég sé jafnósammála rökum hans eftir sem áður eru það þó viðfeldnari rök sem hann nú býður upp á eftir að hafa hlýtt á ræðu hv. 3. þm. Suðurl.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að kveðja mér hljóðs um þetta mál. Það frv. sem hér er til umræðu er búið að fara í gegnum margra ára eldskírn og það í beinu sambandi við verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem er nú sem betur fer komið í höfn. Öll þessi mál hafa að sjálfsögðu verið til meðferðar á vettvangi sveitarstjórnarmanna árum saman. Þar á meðal þetta ákvæði í sambandi við aðstöðugjöldin.

Vissulega hefði verið æskilegt að hafa þetta mál í einföldu formi þannig að sem minnstar undantekningar væru á þeim gjaldstofnum sem hér um ræðir, en um það hefur ekki verið algjört samkomulag, hvorki meðal sveitarstjórnarmanna né annarra, og niðurstaðan varð sú að sú nefnd sem skilaði af sér til þingsins þessu máli taldi að það væri eðlilegast að þingið tæki ákvörðun um þetta mál. Það varð líka raunin á að í Ed., sem hafði með þetta mál að gera í allan vetur, sem ég hef áður gagnrýnt að hefði verið æskilegra að hefði verið í hv. Nd. fyrst, komst að þeirri niðurstöðu og varð algerlega samkomulag um það í Ed. að breyta þessu á þann veg að undanþiggja mjólkurstöðvar og sláturhúsin aðstöðugjaldi. Það varð samkomulagsniðurstaðan í meðferð þeirrar deildar sem hafði málið algjörlega með höndum í vetur og í félmn. Nd. var á þetta fallist og enginn efniságreiningur um það í félmn. að koma þessu máli þannig breyttu til samþykktar á hv. Alþingi.

Sjálfsagt þarf ekki að hafa langa ræðu um er að þeir sem höfðu áhrif á að Ed. breytti þessu ákvæði frá upphaflega frv. að því er varðar afurðastöðvar bænda, þ.e. sláturhús og mjólkurstöðvar, voru einmitt með í huga hvað þessar vörur hafa mikil áhrif á verðlag í landinu. Það var alveg ljóst að miðað við þær aðstæður sem við búum við hefur ríkisstjórnin raunar ekki nægjanlegt fjármagn til að standa við þau áform að halda niðri vöruverði hvað þetta varðar þannig að viðbót sem kæmi í gegnum svona lagabreytingu væri óæskileg á þessu stigi máls og þar af leiðandi eru það meginrökin í þessu máli. Allt hitt eru aukaatriði. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst miður að það skuli reynt að koma þessari breytingu fram á síðasta stigi málsins þegar algert samkomulag var um það meðal flokka þingsins í Ed. að halda óbreyttri þessari breytingu eins og þar var gert. Ég held að til að reyna að fá sem mestan frið um framkvæmd þeirrar miklu breytingar sem hér er verið að lögfesta, bæði verkaskiptingu og tekjustofna, hafi verið hyggilegast að halda því áfram sem var búið að ná samkomulagi um í þeirri deild sem hafði með málið að gera í allan vetur. Þar af leiðandi harma ég að það eigi að taka þessa breytingu upp núna og hefði jafnvel viljað fara fram á að slíkar brtt. sem hér liggja fyrir hefðu verið dregnar til baka.

Hins vegar var ekki ástæða fyrir mig að koma upp í sambandi við þetta mál út frá því sem ég hef þegar sagt þó það séu grundvallaratriði í málinu eins og það liggur fyrir Alþingi. Hinu taldi ég mér skylt að koma upp út af og mótmæla í fyrsta lagi að það sé verið að krefja einstaka nefndarmenn eða formenn nefnda

um túlkun á lögum, eins og hér var gert, sem ég tel óeðlilegt á þessu stigi málsins. En fyrst og fremst andmælti ég því að á það sem kom fram hjá hv. 5. þm. Norðurl. v. væri litið sem túlkun félmn. sem hafði með þetta mál að gera. Svo er alls ekki. Þetta mál var aldrei í þessum búningi rætt í félmn. Nd. Þar af leiðandi kemur ekki til mála að láta þann skilning koma fram, hvorki í þingskjölum né meðal þingmanna sem hlusta á þessar umræður, að um slíkt væri að ræða. Sláturhúsin hafa verið túlkuð alla tíð í því formi að slátra þeim búpeningi sem þar er tekinn inn og búa hann til markaðssetningar í framhaldi af því. Það er hlutverk sláturhúsa í allri þeirri túlkun sem hefur verið til þessa dags. Ef það á að fara að finna upp einhverjar aðrar túlkanir verður það að gerast á allt öðrum vettvangi en tímasettur er hér. Þar af leiðandi vil ég mótmæla þeirri túlkun sem hér kom fram. Það eru engin rök á bak við hana í áranna rás sem liðin eru þannig að ég tel að það sé hrein fjarstæða að láta það koma hér fram. En mín ferð hingað í ræðustól var fyrst og fremst að benda á þetta tvennt: Annars vegar að það var algert samkomulag í Ed. milli allra flokka hér á þingi að afgreiða málið eins og það var þar afgreitt, bæði þessi mál, og ég teldi óhyggilegt að fara að breyta því hér. Í öðru lagi vil ég ekki viðurkenna þessa túlkun hv. 5. þm. Norðurl. v. og alls ekki tengja hana við hv. félmn. Nd. Það er alrangt.

Frsm. félmn. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegur forseti. Aðeins örfá orð vegna ummæla hv. 1. þm. Vesturl. Eins og ég tók fram í ræðu minni áðan var þessari fyrirspurn beint til mín sem formanns félmn. Það kom ekki fram í mínu máli að ég talaði fyrir hönd nefndarinnar allrar, ekki heldur fyrir hönd meiri hl. félmn., heldur einungis um mína túlkun á þessu atriði sem formanns félmn.

Hv. 1. þm. Vesturl. lýsti sig ósammála þeirri túlkun sem ég viðhafði og hélt svo fram sinni eigin túlkun á atriðinu. Ég sé ekki svo mikinn mun á því sem við sögðum tveir. Ég gæti jafnvel gert hans orð að mínum. Þegar ég tala um hefðbundna starfsemi sláturhúsa virtist mér hann vera að tala um það sama. Það sem komin er hefð á að fari fram í sláturhúsum er það sem hér er átt við. Mér virtist okkar skilningur vera hinn sami. Þannig sé ég ekki að það sé ágreiningur okkar í millum á þessu atriði. Það sem ég tók hins vegar fram: Hugsanlegt er að í framhaldi af hefðbundinni starfsemi sláturhúsa fari fram frekari kjötvinnsla sem ekki getur talist hefðbundin í skilningi þess orðs að falli undir starfsemi sláturhúsa því kjötvinnsla er starfsemi og starfsgrein út af fyrir sig. Samkvæmt mínum skilningi ætti slík starfsemi ekki að falla undir hina hefðbundnu starfsemi sláturhúsa. Ég get ekki séð að nokkur ágreiningur sé okkar í millum um þetta atriði.

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegur forseti. Sá sem ræður framkvæmd málsins er hæstv. félmrh. Ég vil að það sé alveg skýrt að ef sú túlkun sem formaður félmn. hefur hér vakið ásamt öðrum þingmönnum sem hér hafa talað, eins og hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni, er ekki sú sem verður framkvæmd mun ég greiða atkvæði með till. Geirs H. Haarde. Ég óska eftir því að hæstv. félmrh. verði kallaður í salinn. (**Forseti:** Það verður orðið við ósk hv. ræðumanns.)

Á meðan ég bíð, virðulegi forseti. Samkomulag er samkomulag. Það samkomulag sem gert er stend ég við. Ef á að fara að breyta túlkun þess lít ég svo á að samkomulagið hafi verið rofið og þá greiði ég atkvæði í samræmi við það sem ég hef áður gert. (**Forseti:** Þau boð hafa borist að hæstv. félmrh. kemst því miður ekki hingað eins og nú standa sakir vegna þess að hún er upptekin í umræðum í Ed.) Þá óska ég eftir því, virðulegi forseti, að málinu sé frestað og mér heimilist að halda áfram ræðu minni að nýju þegar félmrh. er reiðubúinn að vera viðstaddur þessa umræðu. Þetta tekur ekki nema örfáar mínútur, sú fyrirspurn sem ég þarf að beina til ráðherrans sem er sá aðili framkvæmdarvaldsins sem mun túlka það hvernig þessum ákvæðum verður beitt, og ég tel mér ekki fært að draga þá ósk mína til baka að hæstv. félmrh. sé kallaður í salinn til að kveða upp úr með það hvernig hann, hæstv. ráðherra, mun túlka þessi lög í framkvæmdinni verði þau samþykkt eins og til stendur. (**Forseti:** Við því verður orðið og málinu frestað.)

Umræðu frestað.

Málefni aldraðra, 2. umr.

Stjfrv., 393. mál (heildarlög). — Þskj. 1112, n. 1240 og 1249, brtt. 1243, 1244, 1250, 1251.

Frsm. meiri hl. heilbr.- og trn. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um þetta frv. og fékk á sinn fund Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóra og Lárus Ögmundsson skrifstofustjóra í fjmrn.

Meiri hl. nefndarinnar fellst á afgreiðslu Ed. á málinu með þeirri breytingu sem meiri hl. gerir tillögu um á sérstöku þingskjali. Þá stendur nefndin sem heild einnig að nokkrum breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali. Breyting meiri hl. nefndarinnar er gerð í samráði við ríkisskattstjóra. Er þar um að ræða nokkrar tæknilegar breytingar á 10. gr. er varða afmörkun á skattskyldum aðilum, tímaviðmiðanir varðandi liði er breytast samkvæmt vísitölum, orðalag tekjuviðmiðunar og annað orðalag. Ekki er í þessari till. um neinar efnisbreytingar að ræða.

Undir þetta nál. skrifar meiri hl. nefndarinnar, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Guðrún Helgadóttir, Jón Kristjánsson, Finnur Ingólfsson og Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Sú brtt. sem nefndin flytur sem heild fjallar í fyrsta lagi um breytingu á 8. gr., en hún varðar hlutverk þjónustuhóps aldraðra. Hún fjallar um að setja skuli upp í samvinnu við hinn aldraða samþætta áætlun um þjónustu, sbr. 15. gr., sem fjallar um heimaþjónustu aldraðra, sem byggir á samræmdu faglegu mati. Þá er breyting við 2. málsgr. 15. gr., en hún fjallar um betri skilgreiningu heimaþjónustunnar en orðalagið gaf til kynna í upphaflega frumvarpstextanum.

Þá er breyting við 17. gr. 1. málsl. 2. tölul. Það má skoðast fyrst og fremst sem skerping á orðalagi.

Við 18. gr. eru tvær breytingar. Þær má skoða sem skarpari skilgreiningu á tilgangi frv. þar sem fjallað er um aðstoð við aldraða til sjálfshjálpar.

Þessa brtt. flytur nefndin í heild, þ.e. þeir sem ég taldi upp áður í meiri hl., en þar að auki Ragnhildur Helgadóttir og Geir H. Haarde. Þórhildur Þorleifsdóttir sat fundi nefndarinnar og hún stendur einnig að þessari till.

Frsm. minni hl. heilbr.- og trn. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Nefndin sem fékk þetta mál til meðferðar, heilbr.- og trn., varð því miður ekki sammála í afstöðu til þessa máls, nefndin klofnaði, þó að það sé nú heldur óvenjulegt um mál af þessum toga sem er nokkuð almenn og breið samstaða um í þjóðfélaginu, málefni aldraðra. En það er heldur engin venjuleg ástæða fyrir því, herra forseti. Ástæðan er sú að hér er í og með um að ræða skattafrv. Hér er um að ræða nýjan tekjustofn fyrir ríkissjóð sem áætlað er að gefi 200 millj. kr. á ári í ríkissjóð án þess að á móti lækki það fé sem til ráðstöfunar er í sama skyni á almennum fjárlögum. Þess vegna klofnaði nú nefndin, herra forseti, og það er heldur leiðinlegt að um mál sem þetta skuli koma tvö nál., en það er leiðinlegt líka, herra forseti, að verða að segja að hér er með afskaplega lymskulegum hætti í frv. verið að leggja á þjóðina nýja skatta.

Ég ætla að leyfa mér, herra forseti, að lesa það nál. sem við hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir höfum sent frá okkur varðandi þetta mál og koma síðan nánar að einstökum atriðum. En nál. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Minni hl. nefndarinnar leggst ekki gegn meginefni þessa frumvarps enda er ekki ágreiningur um nauðsyn þess að ný lög um málefni aldraðra taki gildi um næstu áramót.

Minni hl. leggst hins vegar eindregið gegn þeirri viðbótarskattlagningu á almenning sem ríkisstjórnin hyggst knýja fram með frumvarpi þessu og reynt hefur verið að fara í felur með af hálfu ríkisstjórnarinnar. Hér er í raun verið að hækka tekjuskatta um 200 millj. kr. svo að lítið beri á.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að hinn sérstaki skattur í Framkvæmdasjóð aldraðra verði tekinn upp að nýju og verði 2500 kr. á mann. Skattur þessi var síðast lagður á með álagningu vegna tekna ársins 1986, en er staðgreiðsla skatta var tekin upp var innheimtu hans hætt og sjóðnum tryggðar samsvarandi tekjur af innheimtu staðgreiðslufé.

Rétt er að minna á að þegar staðgreiðslan var tekin upp féllu niður fjórir smáskattar og urðu hluti staðgreiðslunnar og hækkaði álagningarhlutfall hennar sem þeim nam. Þessir skattar voru sóknargjald, kirkjugarðsgjald og sjúkratryggingagjald auk hins sérstaka gjalds í Framkvæmdasjóð aldraðra. Hefur ekki orðið vart við að þeir aðilar, sem áður höfðu tekjur af þessum smásköttum, hafi kvartað um hlutdeild sína í staðgreiðslufénu enda hefur verið tryggilega frá henni gengið.

Með því að taka einn þessara skatta upp að nýju í tengslum við samþykkt þessa frumvarps er að dómi undirritaðra nefndarmanna verið að fara inn á afar óæskilega braut og fordæmi gefið fyrir því að allir gömlu smáskattarnir verði teknir upp að nýju án þess að staðgreiðsluhlutfallið lækki á móti. Með þessu er verið að grafa undan framkvæmd staðgreiðslunnar sem hefur það að markmiði að sem flestir gjaldendur séu jafnan skuldlausir við ríkissjóð. Frumvarpið mun gera það að verkum að alls enginn verður skuldlaus og senda þarf öllum gjaldendum rukkun fyrir gjaldinu eftir á. Í núgildandi kerfi eru það eingöngu greiðendur eignarskatta sem greiða eftir á, sem og þeir sem ekki hafa staðgreitt skatta af tekjum sínum með venjulegum hætti. Er glögg grein gerð fyrir þessu í áliti ríkisskattstjóra sem birt er sem fylgiskjal með nefndaráliti þessu. Allir smáskattar og fráhvarf frá samtímainnheimtu skatta gerir framkvæmd staðgreiðslunnar erfiðari.

Að auki er alveg skýrt að þeir peningar, sem hér á að innheimta, eru nú þegar teknir af almenningi. Það er hrein brigð gagnvart gjaldendum að taka þennan skatt upp að nýju og gengur þvert gegn þeim yfirlýsingum sem gefnar hafa verið af öllum þeim sem ábyrgð bera á staðgreiðslukerfinu, upptöku þess og framkvæmd. Eigi að leggja hinn sérstaka skatt á að nýju er að sjálfsögðu lágmarkskrafa að innheimtuhlutfall í staðgreiðslunni lækki á móti.

Að því er varðar árið í ár er ástæða til að vekja sérstaka athygli á skattheimtuáformum þeim sem í frumvarpinu felast. Frumvarpið í heild á ekki að taka gildi fyrr en um næstu áramót. Hins vegar á ákvæðið um hinn sérstaka skatt að taka gildi nú þegar og koma þannig til framkvæmda til skattálagningar í sumar. Þetta eitt og sér hlýtur að teljast mjög óeðlilegt því að Framkvæmdasjóði aldraðra hafa á fjárlögum verið tryggðar 160 millj. kr. til starfsemi sinnar, en það er sú upphæð sem áætlað er að hinn eldri sérskattur í sjóðinn hefði gefið. Í framsögu heilbrigðisráðherra fyrir málinu í efri deild 11. apríl sl. kom fram að af þeim tekjum, sem skatturinn skilaði í ár, mundu 40 millj. kr. renna í sjóðinn til viðbótar þeim 160 millj. kr. sem eru á fjárlögum. Augljóslega er því ætlunin að taka mismuninn, 160 millj. kr., beint í ríkissjóð á þessu ári.

Þessu er minni hl. algerlega andvígur og bendir jafnframt á hversu óeðlilegt það er að fela nýja tekjuöflun í ríkissjóð í frumvarpi um faglegt málefni sem efnisleg samstaða er um að flestu öðru leyti.

Skattur þessi mun lenda á öllum einstaklingum

sem hafa tekjur yfir skattleysismörkum og eru á aldrinum 16–70 ára. Hann kemur til viðbótar öðrum skattahækkunum núverandi ríkisstjórnar sem koma munu til framkvæmda nú í sumar og sýnt hefur verið fram á að bitni ekki síst á ekkjum og ekklum. Á sama tíma er til meðferðar á Alþingi frumvarp frá ríkisstjórninni um lækkun á ýmsum öðrum sköttum sem stjórnarmeirihlutinn samþykkti að illa athuguðu máli fyrir jólin, þar á meðal hinum sérstaka skatti á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Minni hl. nefndarinnar mun flytja breytingartillögur við frumvarpið sem ganga í þá átt að falla frá þeirri nýju skattheimtu sem hér er ráðgerð og að auki tillögur um ýmsar minni háttar lagfæringar á öðrum efnisatriðum frumvarpsins."

Ég vil, herra forseti, jafnhliða þessu leyfa mér að vitna í það fylgiskjal sem hér er birt, en það er umsögn ríkisskattstjóra um 10. gr. frv., þ.e. skattahlið málsins. Ríkisskattstjóri segir svo, með leyfi forseta:

„Á fundi með nefndinni laugardaginn 13. maí sl. var ég beðinn að veita skriflega umsögn um 10. gr. frv. til laga um málefni aldraðra, en frumvarpið fékk ég í hendur frá nefndinni kvöldið áður. Fyrst mun ég fjalla um greinina almennt og væntanlega framkvæmd hennar og síðan um einstök ákvæði hennar.

Í athugasemdum við frumvarp til laga nr. 49 frá 30. mars 1987, um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, segir svo orðrétt:

„Í frumvarpi þessu og hliðarfrumvörpum með því er gert ráð fyrir að lagður verði á einn tekjuskattur til ríkisins sem komi í stað núverandi tekjuskatts, sjúkratryggingagjalds, gjalds til Framkvæmdasjóðs aldraðra, sóknargjalds og kirkjugarðsgjalds. Þessi tekjuskattur innheimtist ásamt útsvari til sveitarfélags þannig að í reynd verður um að ræða eitt álagningarhlutfall fyrir alla launþega að öðru leyti en því að frávik í útsvarsálagningu milli einstakra sveitarfélaga kemur fram við eftiráuppgjör. Þeim aðilum, sem nú njóta tekna af þeim sérsköttum er hverfa, verður á móti tryggð hlutdeild í hinum sameiginlega skatti."" — Hér lýkur tilvitnun ríkisskattstjóra í þessar athugasemdir. En bréf hans heldur áfram og segir svo:

„Og enn fremur: „Gert er ráð fyrir að í stað tekjuskatts, sjúkratryggingagjalds, framlags í Framkvæmdasjóð aldraðra, sóknargjalds og kirkjugarðsgjalds komi eitt skatthlutfall, 28,5%."

Sérstakt gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra var síðast lagt á árið 1987, skv. lögum nr. 91/1982, um málefni aldraðra, með síðari breytingum, en samkvæmt nefndum lögum skyldi gjaldið lagt á í síðasta skipti á því ári. Með hliðsjón af framangreindu virðist gæta nokkurrar ónákvæmni í greinargerð með frumvarpi því sem nú liggur fyrir þinginu þar sem segir í almennum athugasemdum: „Tekjustofn Framkvæmdasjóðs aldraðra er hafður óbreyttur, þ.e. sérstakt gjald sem leggja skal á alla gjaldendur með ákveðnum undantekningum", sbr. einnig þar sem segir í athugasemd við 10. gr.: „Óbreytt er frá gildandi lögum að sérstakt gjald, sem lagt er á alla gjaldendur með ákveðnum undantekningum, sé megintekjustofn Framkvæmdasjóðs aldraðra.""

Hér er alveg ljóst á þessu áliti og af því sem segir í nál. minni hl. að það er verið að taka upp á nýjan leik hinn sérstaka skatt í Framkvæmdasjóð aldraðra í þessu frv. sem þó er búið að gefa skýr fyrirheit um að hafi verið felldur niður, enda var álagningarhlutfall staðgreiðslu hækkað til samræmis. Eins og ég gat um þá hefur ekkert verið kvartað undan því að þeir peningar hafi ekki skilað sér eins og verða vill gjarnan og menn kvarta um að þeir fjármunir sem ríkið á að leggja til einstakra mála skili sér ekki í einu og öllu.

En á þessu máli eru nokkrar hliðar og að þeim er vikið í minnihlutaálitinu og að því er vikið í umsögn ríkisskattstjóra og m.a. því að taka upp að nýju sérstakan skatt samhliða staðgreiðslunni og grafa þannig undan þeirri framkvæmd og þeim fyrirheitum sem búið er að gefa.

Auðvitað er það svo, herra forseti, að það er vel framkvæmanlegt að leggja á nýjan skatt með þessu móti og það er framkvæmanlegt að gera það með tíu gjalddögum eins og nefndin lagði til, heilar 250 kr. í hvert skipti. Það væri framkvæmanlegt þess vegna að hafa þetta 20 sinnum á ári eða 30 sinnum á ári eða vikulega, innheimta þennan skatt. Auðvitað er allt slíkt framkvæmanlegt ef menn vilja leggja í þann kostnað og þá fyrirhöfn og baka mönnum það ómak sem því fylgir. En með upptöku staðgreiðslunnar var einmitt verið að stíga mjög mikilvægt spor til að einfalda þetta kerfi allt saman, kerfi beinna skatta, og til þess einmitt að draga úr þeim flækjum sem hafa verið í okkar skattkerfi, fækka sköttunum sem á eru lagðir og gera kerfið einfaldara fyrir allan almenning, ekkert síður en þá sem eiga að framkvæma það. Hér er verið að stíga afdrifaríkt spor til baka og mér kemur mjög á óvart að þeir aðilar sem að þessu máli stóðu á sínum tíma, Alþfl. og Framsfl., skuli nú standa að því að stíga þetta skref til baka. Þetta er að mínum dómi mjög alvarlegt fordæmi gagnvart hinum gjöldunum sem lögð voru niður og þetta er líka, eins og ég hef leyft mér að kalla það, brigð gagnvart almenningi, að ég tali nú ekki um brigð gagnvart skattkerfinu sjálfu, þeim starfsmönnum sem þar vinna og hafa lagt nótt við nýtan dag að koma staðgreiðslunni í framkvæmanlegt horf undanfarin tvö ár, enda var ekkert til þeirra leitað um umsögn um þetta atriði eins og kemur fram hjá ríkisskattstjóra sem ekki hafði séð þetta frv. fyrr en hann fékk það í hendur frá nefndinni.

Þetta er framkvæmdahlið málsins og það sem snýr að staðgreiðslu skatta og það sem snýr að álagningunni. Markmiðið með staðgreiðslunni er að sem flestir séu kvitt gagnvart skattyfirvöldum, það sé hreint borð, það þurfi ekki að greiða neitt eftir á. En eins og kemur fram í nál. er verið að tryggja með þessu að enginn einasti gjaldandi verði kvitt þrátt fyrir staðgreiðsluna, að allir skuldi a.m.k. þetta

gjald og svo hugsanlega eignarskatta eða eftiráuppgerða staðgreiðslu. Þetta er mikið óheillaspor frá þessu sjónarmiði, herra forseti.

En þetta er líka óheillaspor og hið versta frv. að því leyti til að hér er verið að hækka skatta á almenningi á þessu ári um 200 millj. ofan á allt sem búið er að samþykkja í þinginu í vetur og það er engin grein gerð fyrir því í frv. að hérna sé raunverulega verið að leggja á 200 millj. kr. í nýjum sköttum. Það er vissulega rétt, sem ríkisskattstjóri segir, að það er villandi í greinargerð frv. að tala um að þessi ákvæði séu óbreytt frá gildandi lögum vegna þess að þau hafa ekki verið framkvæmd svona frá því á árinu 1987 og þetta ákvæði er reyndar úr gildi fallið að mig minnir. Þannig vantar þá skýringu í greinargerð frv. að þessu hafi verið breytt með tilkomu staðgreiðslunnar og að álagningarhlutfall staðgreiðslu hafi hækkað til samræmis. Þetta er því miður ekki nógu nákvæmt eða vandlega unnið að þessu leyti til þó að þetta frv. að öðru leyti sé hið vandaðasta. Þó svo að fram hafi komið í ræðu hæstv. ráðherra í Ed., sem ég hef undir höndum og hef kynnt mér, að þarna stæði til að taka upp þetta gjald að nýju var engin sérstök grein gerð fyrir því að ekki stæði til að lækka staðgreiðsluna á móti, en ráðherra tók sérstaklega fram að af þeim 200 millj. sem skatturinn ætti að skila í ár mundu 40 millj. renna í sjóðinn en til viðbótar eru þá 160 millj. á fjárlögum. Við erum samt að tala um 160 millj. sem eru á fjárlögum og 200 millj. til viðbótar. Af þeim á sjóðurinn að fá 160 millj., fjárlagatöluna, plús 40 millj. Hvað ætli verði nú um hinar 160? Það kom ekki fram í máli ráðherra, en það er augljóst. Það fé rennur beint í ríkissjóð. Þó að hérna sé um að ræða gott og þarft málefni sem ég held að fæstir þingmenn sjái eftir peningum til, í Framkvæmdasjóð aldraðra, eru það engin vinnubrögð á hv. Alþingi að nota slíkt mál til að hækka almennan tekjuskatt um 200 millj. Það eru engin vinnubrögð. Mér finnst afar leiðinlegt að þeir sem stóðu með okkur sjálfstæðismönnum að upptöku staðgreiðslunnar vorið 1987 og að þeim breytingum sem gerðar voru á henni síðar haustið 1987, eins og hæstv. núv. heilbr.- og trmrh. og aðrir góðir menn í þessari ríkisstjórn, skuli standa að þessu máli með þessum hætti. Það veldur mér miklum vonbrigðum. Ég leyni því ekki. Satt að segja undrar mig mjög að frv. skuli vera komið í þetta horf.

Að vísu hefur flogið fyrir, herra forseti, eins og gjarnan áður að hér sé að baki eitthvert samkomulag milli stjórnarflokkanna. Hér hafi menn eina ferðina enn samið gegn betri vitund um að hafa þetta svona. Sagan segir að hér hafi Alþb. verið á ferðinni og knúið fram upptöku nefskattsins á nýjan leik gegn andstöðu Alþfl. og Framsfl. Ég tek enga ábyrgð á þessari sögu en mér kæmi ekkert á óvart þó hún væri rétt. Alþb. hefur alltaf borið sérstaka umhyggju fyrir þessum nefskatti, sagt að hann væri vinsæll skattur án þess að mér sé kunnugt um einhverjar vinsældakannanir um einstaka skatta. En Alþb. hefur þó verið sjálfu sér samkvæmt að því leyti til að það hefur frá upphafi lagst gegn því að þessi skattur yrði niður felldur, enda átti það hlut að máli þegar hann var tekinn upp fyrst. En söm er gerðin hinna aðilanna að þessu stjórnarsamstarfi sem gangast inn á þessa breytingu því að það er yfirlýst af þeirra hálfu, eins og kemur fram í umsögn ríkisskattstjóra og eins og hefur komið fram í umsögnum allra manna fyrr og síðar sem á þessu máli hafa borið ábyrgð, að hér væri verið að fækka smásköttum með staðgreiðslunni og innheimta þá peninga með öðrum hætti. Ég verð að segja að mér þykir mjög óeðlilega að málum staðið af hálfu þeirra sem áður komu hér að málum, þó svo Alþb. beri enga ábyrgð á lögunum um staðgreiðslu og sé þess vegna frjálst að því að leggja til breytingar á henni, eins og er verið að gera hér, því að það er verið að leggja til breytingar á tekjuskattskerfinu í heild sinni með þessu.

Ég lét þess getið, herra forseti, að hér hefði verið um að ræða nokkra fleiri smáskatta sem hefðu verið felldir niður. Skömmu eftir gildistöku laganna um staðgreiðslu haustið 1987 voru sett ný lög um bæði sóknargjöld og kirkjugarðsgjöld þar sem þeim sem njóta þessara tekna voru tryggðir nákvæmlega sömu peningar og áður höfðu verið með sérstökum sköttum. Í lögum nr. 89/1987 og í lögum nr. 91/1987 eru sérstök ákvæði sem tryggja söfnuðum landsins og kirkjugörðum landsins þær tekjur sem þessir aðilar höfðu þegar þeir nutu markaðra tekna af sérstökum smásköttum. Það er með öðrum orðum reynt að ganga tryggilega frá því í lögum að slíkir aðilar fái sitt og það er auðvitað það sem er eðlilegt að gera varðandi Framkvæmdasjóð aldraðra. Það er eðlilegt að tryggja í lögunum að hann fái þær tekjur sem hann á í staðgreiðslufénu, í heildarupphæð innheimtrar staðgreiðslu. Það má mín vegna vera ríflegri upphæð en áður var til þeirra mála af staðgreiðslufénu ef menn vilja hafa það svo. En það er alveg siðlaust að ætla að taka þessa peninga á tveimur stöðum og stinga helmingnum af þeim eða ríflega það í ríkissjóð og segja almenningi: Hér er góður skattur á ferðinni í Framkvæmdasjóð aldraðra, hann vilja allir borga, en segja almenningi svo ekki frá því að sami skattur sé í raun og veru innheimtur líka með staðgreiðsluálagningunni. Þetta er ekki gott. Það fer fjarri því. En til þess að sýna fram á hvernig þetta er gert ætla ég að vitna, með leyfi forseta, í lög um sóknargjöld. Þar segir í 2. gr.:

„Ríkissjóður skal skila 15. hvers mánaðar af óskiptum tekjuskatti, þ.e. þeim tekjuskatti sem innheimtur er til staðgreiðslu, fjárhæð er rennur til þjóðkirkjusafnaða, skráðra trúfélaga og Háskóla Íslands. Fjárhæð þessi reiknast þannig að fyrir hvern einstakling sem er 16 ára og eldri í lok næstliðins árs á undan gjaldári greiðist ákveðin upphæð sem ákvarðast þannig“ og síðan eru reglur um það í þremur liðum, sem ég hirði ekki um að lesa hér, ákveðnar fjárhæðir á hvern einstakling sem hækka síðan eftir ákveðnum reglum sem hér eru fram settar.

Í lögum um kirkjugarða segir svo, með leyfi forseta, í 2. gr., það er reyndar nákvæmlega sama orðalagið: „Ríkissjóður skal skila 15. hvers mánaðar

af óskiptum tekjuskatti fjárhæð er rennur til kirkjugarða landsins. Fjárhæð þessi reiknast þannig að fyrir hvern einstakling sem er 16 ára og eldri í lok næstliðins árs á undan gjaldári greiðist ákveðin upphæð sem ákvarðast þannig" og síðan koma líka ákveðnar reglur í þremur liðum um þetta gjald og þær fjárhæðir sem þar er miðað við á hvern einstakling í landinu.

Þannig er alveg ljóst að það er hægt að tryggja hagsmuni Framkvæmdasjóðs aldraðra með sama hætti. Auðvitað dettur engum í hug að gera annað en tryggja hagsmuni þess sjóðs. En það er ekki bara það sem verið er að gera hér. Það er verið að krækja í 200 millj. aukalega í ríkissjóð árlega þó svo 40 millj. á þessu ári eigi náðarsamlegast að fá að renna í Framkvæmdasjóð aldraðra til viðbótar því fé sem er á fjárlögum.

Þrír þingmenn þessarar deildar hafa flutt brtt. sem gengur út á það að tryggja Framkvæmdasjóði aldraðra tekjur í samræmi við þær sem hann áður hafði með svipuðu sniði og gert er í lögum um sóknargjald og kirkjugarðsgjald sem ég var að vitna til. Til þess að koma til móts við meiri hlutann í þinginu, ríkisstjórnarmeirihlutann, hefur verið farin sú leið að taka upp nákvæmlega það orðalag sem meiri hl. heilbr.- og trn. gerir tillögu um í sinni útfærslu. Breytingin er hins vegar eingöngu í því fólgin að í stað þess að taka upp sérstakan nefskatt til hliðar við það fé sem kemur í staðgreiðslunni sé eingöngu um að ræða beint framlag úr ríkissjóði á ári hverju af því fé sem innheimtist í staðgreiðslunni. Til þess að sjóðurinn verði ekki snuðaður er það sérstaklega rakið í þessari tillögu hvernig að því skuli staðið.

Þessi brtt., herra forseti, er á þskj. 1243 og ég vil leyfa mér að lesa hana með þínu leyfi:

„Við 10. gr. 1. tölul. orðist svo:" Þar er um að ræða tekjur sjóðsins. Þær skulu vera sem hér segir:

„Beint framlag ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum hverju sinni. Skal framlagið miðast við 2500 kr. á hvern tekjuskattsgjaldanda á aldrinum 16–70 ára sem hefur tekjuskattsstofn 530 þús. 196 kr. eða lægri á árinu 1988. Viðmiðunarframlagið á hvern gjaldanda skal breytast árlega í samræmi við breytingar er verða kunna á byggingarvísitölu. Tekjumiðmiðun skal breytast árlega í samræmi við þær breytingar sem verða á persónuafslætti skv. 68. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og innheimtuhlutfalli viðkomandi staðgreiðsluárs skv. ákvæðum 1. mgr. 9. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum."

Það sem þetta þýðir, herra forseti, er það að það á að tryggja Framkvæmdasjóði aldraðra framlag af heildarinnheimtum tekjuskatti í staðgreiðslu sem nemur því sem nefskatturinn samkvæmt upphaflega frv. hefði ella orðið, nákvæmlega þannig að Framkvæmdasjóðurinn fái 2500 kr. á mann út úr hinu almenna staðgreiðslufé í stað þess að það sé gert með nefskatti til hliðar við það sem tekið er með staðgreiðslunni.

Þetta orðalag, herra forseti, mundi tryggja sjóðnum það sem flm. og stuðningsmenn frv. hafa hugsað sér að hann fái í sinn hlut, mundi tryggja það fullkomlega, en það mundi hins vegar ekki tryggja að sú skattahækkun sem dulbúin er í þessu frv. og á að renna í ríkissjóð nái fram að ganga, enda á sú skattahækkun ekkert erindi inn í þetta mál. Eins og ég hef sagt er ekki á bætandi þær skattahækkanir sem þessi ríkisstjórn hefur leitt yfir landsmenn.

En meginmálið er að þessi breyting tryggi sjóðnum það sem sagt var að hann mundi fá þegar staðgreiðslan var upp tekin og kemur í veg fyrir að almenningur þurfi að tvíborga þessa upphæð eins og ætlunin er. Flm. þessarar tillögu eru hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir og Þórhildur Þorleifsdóttir auk þess sem hér stendur, en ég hygg að það sé ekki rangt frá sagt að alla þá, jafnvel úr öllum stjórnmálaflokkum, sem hafi nærri þessu máli komið, þ.e. staðgreiðslunni á sínum tíma, hafi rekið í rogastans þegar menn uppgötvuðu hvað hér var að gerast. En það er kannski ekki við því að búast að hv. deildarmenn í Ed., sem eru búnir að afgreiða þetta mál fyrir sitt leyti, hafi áttað sig á því hvað hér er á ferðinni vegna þess að það er engin grein gerð fyrir því í frv. Það er þess vegna ekkert skrýtið þó að menn hafi ekki tekið eftir því að hér er um að ræða nýjan skatt og verið að tvískattleggja fyrir því sama. Það eru ekki allir sem hafa fylgst svo grannt með staðgreiðslu skatta að menn hafi það á hraðbergi hvað hér er að ske og ekkert við því að búast. En það verður að gera þá kröfu að mál séu þannig fram lögð í hvorri deildinni sem það er að allir þingmenn geti sett sig inn í málavöxtu og gert sér grein fyrir því sem málið gerir ráð fyrir, en því var því miður ekki að heilsa í þessu máli og það ber að harma.

Ég held, herra forseti, að það sé alveg nauðsynlegt að það komi fram við þessa umræðu hver afstaða Alþfl. er í þessu máli, ekki síst ráðherra Alþfl. Ráðherrar Alþfl., ekki síst formaður flokksins, hæstv. utanrrh., hafa farið um víðan völl í tvö ár eða svo og barið sér á brjóst fyrir að hafa komið á staðgreiðslu skatta á Íslandi. Nú vita allir að hans hlutdeild í því máli var miklu minni en hann gefur sjálfur í skyn og er það furðuleg framkoma hjá ráðherra að eigna sér slíkt mál með þeim hætti sem hann hefur gert. En þrátt fyrir að hlutur hans sé nú minni en hann hefur látið í veðri vaka hygg ég að hann sé og hafi verið þeirrar skoðunar að það hafi verið framfaraspor að fækka smásköttunum og taka þessa innheimtu alla inn í staðgreiðslukerfið. Ef það er ekki rétt, ef það er rangur skilningur, verður það að koma fram því að þá eru öll rök þessa ráðherra, allur málatilbúnaður hans í sambandi við einföldun skattkerfisins, fallin um sjálf sig og þá er eins gott að það liggi hér fyrir. Þess vegna vildi ég mega mælast til þess við forseta að utanrrh. yrði kallaður til. Þó að hann sé ekki sá aðili sem flytur þetta mál og þó að heilbrmrh. sitji hér — og ég kann honum þakkir fyrir það — held ég að þetta sé eðlileg ósk miðað við allan aðdraganda málsins. (**Forseti:** Við því verður orðið. Það verður athugað hvort tök eru á því.) Ellegar viðskrh. ef utanrrh. er vant við látinn.

Það má svo kannski minna á það meðan við bíðum eftir öðrum hvorum ráðherranum að verkalýðshreyfingin kom mikið við sögu þegar staðgreiðslan var upp tekin. Ef ég man rétt var af hennar hálfu lögð mikil áhersla á þessa einföldun og var lögð mikil áhersla á að taka út þessa litlu skatta sem ekkert gera annað en að flækja innheimtuna bæði fyrir greiðendur, innheimtumenn og álagningaraðila. Það er ekki bara eitthvert sérstakt hagsmunamál eða áhugamál þeirra sem nú eru í stjórnarandstöðu. Það er fjarri því. Þetta er ekki slíkt mál sem ég er að gera að umtalsefni.

En ég vildi meðan við bíðum, herra forseti, vekja athygli á því að á því þingskjali sem ég nefndi, 1243, er önnur brtt. sem málið varðar um það að 2. málsl. 31. gr. falli brott. Til skýringar vil ég taka fram að hér er um að ræða gildistökuákvæði frv. þar sem því er svo lymskulega fyrir komið að þrátt fyrir að frv. í heild taki ekki gildi fyrr en um áramót tekur þetta ákvæði um skattinn gildi nú þegar. Gildistakan gagnvart þessu atriði er tekin út úr frv. og látin ná fram nú þegar þó svo að frv. í heild taki ekki gildi strax. Þetta nær engri átt og þess vegna er gerð tillaga um að þetta falli brott.

Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir að koma til fundar því að ég vildi gjarnan beina til hans spurningum um þetta mál þar sem hann hefur komið að því á fyrri stigum sem fjmrh. og eins og kunnugt er látið mjög í veðri vaka að hann og hans flokkur hafi verið frumkvöðlar að því að koma á staðgreiðslu skatta í þeirri mynd sem hún er í á Íslandi. En eins og kunnugt er er hún í þeirri mynd að þetta kerfi er mun einfaldara en víða annars staðar og ýmsir smáskattar voru felldir niður við upptöku staðgreiðslunnar og felldir inn í hana og álagningarhlutfallið hækkað til samræmis.

Hæstv. utanrrh. hefur látið hafa eftir sér við ýmis tækifæri hér á Alþingi og annars staðar að einföldun skattkerfisins sé hið mesta og besta mál, sem það að sjálfsögðu er, og það sé stefna hans flokks að einfalda það. Það hefur ekki farið fram hjá neinum þegar hæstv. ráðherra er að þakka sér og sínum flokki það sem gert hefur verið á því sviði. Ég vil reyndar láta það koma fram og skal endurtaka það fyrst hann er genginn í salinn að ég tel að hann hafi farið algerlega offari í því að eigna sjálfum sér og Alþfl. upptöku staðgreiðslu skatta, sem hér var vorið 1987 þegar Alþfl. var í stjórnarandstöðu, þó að hann hafi sem fjmrh. átt aðild að því að vinna málið frekar á síðari stigum og skal ekki gert lítið úr því. En það var einmitt eitt af því sem þá var ákveðið, fyrst við upptöku staðgreiðslukerfisins, síðan við nánari athugun málsins, að það væri nánast skilyrði fyrir þessari miklu einföldun að taka alla litlu skattana inn í staðgreiðsluhlutfallið sjálft, að útrýma smásköttunum til að auðvelda framkvæmdina og gera þetta sem einfaldast og auðveldast til skilnings fyrir alla aðila. Hér er verið að stíga skref til baka. Hér á að taka upp að nýju einn af þessum sköttum en halda samt sama álagningarhlutfalli og áður var búið að gera ráð fyrir þannig að hér er verið að taka sömu peningana tvisvar og auk þess að hverfa frá því grundvallaratriði að það yrðu engir smáskattar lagðir á samhliða staðgreiðslukerfinu. Frv. var að vísu þannig í pottinn búið, herra forseti, að þessu leyti til að á því voru miklir gallar sem ríkisskattstjóri hefur lagfært fyrir meiri hl. nefndarinnar. T.d. að ætla að innheimta þennan smáskatt, 2500 kr., í tíu skipti á ári hverju sem mundi varla svara kostnaði við útgáfu og útsendingu innheimtuseðla og því umstangi sem því fylgir. En það er annað mál. Ríkisskattstjóri leggur til að þetta verði gert í einni greiðslu.

En aðalmálið er það og það er mitt erindi við hæstv. utanrrh.: Hefur Alþfl. skipt um skoðun í þessu máli? Er það virkilega svo að öll rökin um að gera skattkerfið einfaldara og skilvirkara voru út í loftið? Er það virkilega svo að nú, einu og hálfu ári eftir að utanrrh. var sem fjmrh. að vinna í þessum málum, sé það orðið allt í lagi að taka þetta skref aftur á bak og taka þennan skatt upp á nýjan leik? Og ef það er svo vænti ég þess að hæstv. utanrrh. greini mönnum frá ástæðunum fyrir því eða hver skýringin er á þessari afstöðubreytingu Alþfl. því að vissulega skulda Alþfl. og Framsfl., en ekki síst Alþfl. og formaður hans vegna ummæla hans um þessa staðgreiðslu fyrr og síðar, Alþingi skýringu á því hvernig þetta mál er til komið. Og hann skuldar líka Alþingi skýringu á því hvernig stendur á því að hér er verið að nota tækifærið til að hækka skatta á almenningi um 200 millj. kr. án þess að segja frá því, sem á síðan að stinga í almennu hítina hjá ríkissjóði vegna þess að Framkvæmdasjóðnum eru tryggðir þessir peningar með öðrum hætti.

Ég held að ef hæstv. utanrrh. vill vera sá mikli staðgreiðslufrömuður sem hann hefur gefið sig út fyrir að vera hljóti hann að halda sig við fyrri afstöðu sem hann hefur hér lýst sem fjmrh. að það eigi ekki að vera með neina smáskatta í þessu kerfi og það eigi að hafa þetta sem einfaldast þannig að þeir sem framkvæma þetta geti gert það með góðu móti og þeir sem borga skattana skilji hvað þeir eru að borga í hvert sinn, en það sé ekki verið að hlaða ofan á þetta alls kyns smágjöldum þannig að fólk botni ekkert í því lengur hvað það er að borga.

Ég sagði áður en ráðherra gekk í salinn að þessi breyting þýddi að það verður enginn maður skuldlaus við hið opinbera eftir að þetta gjald verður lagt á. Markmiðið með staðgreiðslu var að gera sem flesta skuldlausa þannig að menn þyrftu ekki að vera að gera upp eftir á. Nú er séð fyrir því að það verður ekki einu sinni í undantekningartilfelli að menn verða skuldlausir. Það kemur bara aldrei fyrir vegna þess að þetta er nefskattur á alla yfir skattleysismörkum og þess vegna verða allir menn að borga hann eftir á þó svo að þeir skuldi skattinum að öðru leyti ekki nokkurn hlut, hvorki eignarskatta né annað.

Hver er skýringin á því að hér er verið að stíga þetta skref til baka? Á maður að trúa því sem hér hefur flogið fyrir að það hafi verið harðfylgi Alþb. eins sem hafi knúið fyrrv. aðstandendur þessa máls til undanhalds? Á maður að trúa því að Alþb. hafi hér, eins og flogið hefur fyrir, knúið samstarfsflokkana til

að leggja á þennan nefskatt að nýju, grafa þannig undan framkvæmd staðgreiðslukerfisins og stinga svo sem eins og 200 millj. kr. í vasa ríkissjóðs í leiðinni svo lítið beri á? Er það það sem maður á að trúa, sú saga sem hér hefur flogið fyrir að þetta sé vegna ósamkomulags við Alþb. sem hafi viljað fara þessa leið og knúið hana fram gegn vilja annarra flokka í stjórnarsamstarfinu? Það má vel vera að það sé svo, en þá fer heldur lítið fyrir hinum miklu fyrrv. staðgreiðslufrömuðum sem annað veifið belgja sig út af afrekum sínum á því sviði. Þá fer heldur lítið fyrir þeim. Þá fer þetta að minna á málið sem var á dagskrá áðan um tekjustofna sveitarfélaga þar sem menn koðna niður hver um annan þveran þvert gegn fyrri afstöðu og yfirlýsingum eigin flokks og flokksformanns.

Nei, herra forseti. Þetta mál er að öllu leyti hið óvandaðasta og á ég þá ekki eingöngu við tæknilegan undirbúning málsins sem var mjög ábótavant eins og ríkisskattstjóri benti á og er búinn að afhenda meiri hl. nefndarinnar nýjar tillögur þannig að þeir geti þá lagt þetta fram í framkvæmanlegu formi. Það er ekki bara hið óvandaðasta að því leyti til. Það er óvandað af því að hér er verið að ganga gegn fyrri yfirlýsingum gagnvart almenningi, hér er brigð á ferðinni gagnvart almenningi í landinu og hér er verið að gera það með þeim hætti að láta líta svo út sem hér sé ekki um nýjan skatt eða skattaaukningu að ræða. Þetta er það sem ég leyfi mér að kalla óvönduð vinnubrögð, svo maður taki nú ekki dýpra í árinni, afar óvönduð vinnubrögð, og afar leiðinlegt að menn í ríkisstjórninni skuli hafa látið tala sig inn á þetta, ekki síst þeir sem að þessu máli hafa komið á fyrri tíð, bæði í tíð síðustu ríkisstjórnar og í tíð fyrri ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar þegar lögin um staðgreiðslu voru upphaflega sett. Það er verið að svíkja það sem þá var sagt, það er verið að gera annað en lofað var og það er verið að gera það með lævíslegum hætti.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta að sinni, herra forseti. Ég vil eingöngu segja það um önnur atriði frumvarpsins að við hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir flytjum brtt. á þskj. 1244 við 27. gr. frv. Og um hvað fjallar 27. gr. frv.? Jú, hún fjallar um, herra forseti, með hvaða hætti vistmenn á þjónustustofnunum fyrir aldraða skuli standa sjálfir undir kostnaði sem af dvöl þeirra hlýst. Þessi grein fjallar um með hvaða hætti vistmenn skuli taka þátt í greiðslu dvalarkostnaðar á stofnunum fyrir aldraða. Hér er verið að leggja til, herra forseti, að vistmenn sem hafa tekjur umfram heilar 11 þús. kr. á mánuði skuli taka þátt í greiðslu dvalarkostnaðar á stofnunum fyrir aldraða. Og hér segir: „Með tekjum sínum sem eru umfram 11 þús. kr. skal vistmaður greiða vistarkostnað sinn", greiða dvalarkostnað sinn, „að hluta eða öllu." Það er sem sagt verið að segja að ef menn hafa einhverja aura umfram 11 þús. kr. á mánuði geti þeir gjört svo vel og borgað dvalarkostnað sinn annaðhvort að hluta til eða að öllu leyti. Svo á að útfæra þetta nánar í reglugerð. Einhvern tímann hefði þetta verið kallaður sjúklingaskattur er ég hræddur um. Einhvern tímann hefði Alþb. rokið upp til handa og fóta og talað um sjúklingaskatt af minna tilefni en þessu því hér er verið að leggja skatt á gamla fólkið, leggja gjöld á gamla fólkið sem á að vistast á þessum stofnunum og það á að miða við tekjur þess.

Mér dettur ekki í hug að halda slíku að fólki með sams konar rökum og Alþb. hefur gert sig margsekt um. Ég tel að það sé ekki óeðlilegt að vistmenn taki einhvern þátt í dvalarkostnaði sínum á þessum stofnunum ef þeir hafa efni á því. Ég tel hins vegar óeðlilegt að það sé gert ráð fyrir því að einhverjir vistmenn borgi þennan kostnað í einu og öllu, þeir borgi hann alveg á meðan sumir borgi ekki neitt og aðrir borgi einhvern hluta. Ég held að við ættum að sameinast um þá stefnu að ríkið eða hið opinbera leggi þarna öllum eitthvað til samkvæmt nánari ákvörðun væntanlega í þeirri reglugerð sem hér er vikið að, en það sé ekki uppálagt að tilteknir vistmenn, sem hafa einhverjar tekjur umfram 11 þús. kr., borgi allan sinn kostnað en aðrir ekki. Hér er auðvitað verið að bjóða upp á nýtt óréttlæti í þessum málum.

En hitt mega þeir eiga, sjúklingaskattsmennirnir frá fyrri tíð — og einn þeirra er hæstv. menntmrh. sem á ekki sæti hér í deildinni en gerði sér mjög tíðrætt um þá hugmynd — að þeir hafa viðurkennt réttmæti þess sjónarmiðs að vistmenn á dvalarstofnunum og væntanlega aðrir taki einhvern þátt í kostnaði sem af dvöl þeirra hlýst. Auðvitað var þetta alltaf rangnefni og uppnefni, sjúklingaskattur, og auðvitað var fráleitt að slíkt orð skyldi komast inn í umræður manna um þessi mál og um alvarleg málefni þegar tillaga var uppi um að menn með miklar tekjur tækju hugsanlega einhvern þátt í matarkostnaði sínum á sjúkrahúsum. Það var hugmyndin sem var hér til umræðu fyrir einum fimm árum ef ég man rétt og Alþb. trylltist út af og fór hamförum út af, að tilteknir efnamenn í landinu mættu ekki greiða eitthvað af þeim matarkostnaði sem þeir mundu ella spara sér því að þeir borga ekki kostnað fyrir mat í heimahúsum meðan þeir dvelja á sjúkrahúsum. Það heiti var rangnefni. En það er rétt mátulegt á þetta lið að standa að frumvarpi þar sem sama hugmynd er lögð fram, að vistmenn sem hafi tekjur umfram ákveðna upphæð leggi eitthvað til með sér varðandi greiðslu dvalarkostnaðar þó að viðmiðunartekjurnar séu svo litlar, 11 þús. kr., að það sé spurning hvort það taki því að fara af stað með þetta á þessum grundvelli og hvort ætti ekki eitthvað að hækka þessar viðmiðunarfjárhæðir. En það sem skiptir máli varðandi þetta er að Alþb. er með þessu að falla frá andstöðu sinni við það sem það hefur kallað sjúklingaskatt. Er það út af fyrir sig mjög ánægjulegt að það skuli fram komið í tengslum við þetta mál. Skal ég svo ekki hafa fleiri orð um það.

En brtt. okkar Ragnhildar Helgadóttur gengur út á að fella brott orðin „eða öllu" sem vísar til þess að einhverjir vistmenn standi undir dvalarkostnaði sínum á þessum stofnunum að öllu leyti. Það er sanngjarnt að mínum dómi að menn geri það að hluta

til, en það er ekki sanngjarnt að menn geri það að öllu leyti þegar ýmsir aðrir fá þetta algjörlega frítt eða eiga að borga lítinn hluta.

Við í 1. minni hl. nefndarinnar, við hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir, stöndum að till. á þskj. 1251 sem nefndin öll flytur og ég skal ekki gera þær að frekara umræðuefni hér.

En ég vil aðeins segja í lokin að það er ansi hart að standa upp í umræðum um málefni aldraðra, þurfa að standa upp og biðja um orðið um þetta mál, sem er hið mesta þarfamál í eðli sínu, og gera athugasemdir um skatta. Það er ekki eðlilegt að þannig skuli að málum staðið að menn neyðist til þess að flytja ræður um skattamál þegar verið er að tala um frumvarp um málefni aldraðra, sem samstaða er um að flestu leyti og er nauðsynlegt að taki gildi ekki síðar en um næstu áramót. En þetta er því miður þannig í pottinn búið, herra forseti, að það verður ekki hjá því komist að gera þessar athugasemdir og flytja þá brtt. að framkvæmdasjóðnum verði tryggðar sínar tekjur eins og eðlilegt er án þess að ríkissjóður hirði jafnháa upphæð af staðgreiðslufénu af almenningi þvert gegn fyrri loforðum. Það er ekki hægt að una því og það verður ekki gert.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Við kvennalistakonur erum sammála megininntaki þessa frumvarps og deilum þeirri skoðun sjálfsagt með öðrum þingmönnum að tími hafi verið til kominn að setja nýja löggjöf um málefni aldraðra.

Við eigum ekki sæti í heilbr.- og trn. Nd. og stöndum því ekki að neinu nál. en að nokkrum brtt.

Eftir að málið kom úr Ed. þar sem þegar höfðu verið gerðar á því nokkrar breytingar voru lagðar hér fram brtt. að auki og vil ég fyrst gera að umtalsefni brtt. á þskj. 1251 þar sem lagðar eru til orðalags- og áherslubreytingar við nokkrar greinar sem allar miða að því með einum eða öðrum hætti að auka sjálfstæði og frumkvæði aldraðs fólks sem þó þarf á einhverri þjónustu að halda.

Það er mjög mikilvægt að aldraðir geti sótt sér þá þjónustu sem þeim er nauðsynleg hverju sinni án þess að þar með sé búið að taka af þeim ráðin og þeir séu í rauninni lentir inni í völundarhúsi stofnana sem þeir eiga þá ekki afturkvæmt úr og að öll hjálp þeim til handa taki mið af sjálfshjálp eins og það er orðað hér og þannig sé við haldið sem lengst getu þeirra til að búa heima eins lengi og þeir sjálfir kjósa og geta og eins að af þeim sé ekki tekið frumkvæði.

Það er líka mikilvægt að sú þjónusta sem aldraðir fá sé skipulögð í samráði við þá sjálfa og um það er hér ákvæði en það séu ekki einungis sérfræðingar sem meta fyrir einstaklinginn hvaða hjálp hann eigi að fá. Við álítum að það séu mikilvægar breytingar sem koma inn í þessari brtt., ekki síst hvaða alla hugmyndafræði varðar að baki öldrunarþjónustu.

Önnur er sú brtt. sem undirrituð er á, þ.e. á þskj. 1243, og er um skattlagningu til þessa málaflokks. Það gerist ekki þörf að fjölyrða mikið um það þar sem hv. 17. þm. Reykv., sem talaði næstur á undan mér, skýrði mjög ítarlega, vægt til orða tekið mjög ítarlega, hvers vegna þessi brtt. er flutt. Það er alveg ljóst að þessi skattur er nú þegar inni í staðgreiðslukerfinu og í þeirri skattprósentu og hefur skilað sér til þessa málaflokks eins og til er ætlast. Þarna er því í rauninni verið að leggja á annan skatt til sama málaflokks án þess að skattprósenta í staðgreiðslunni lækki og því er þarna um tvísköttun að ræða, en varla er við því að búast að það leiði til þess að framlag til þessa málaflokks verði tvöfaldað.

Í fyrsta lagi er þarna stigið skref í áttina til þess að auk staðgreiðslu verði lagðir á ýmsir sérskattar án þess að staðgreiðsluprósentan breytist og um leið er líka stigið það skref að rugla það kerfi sem var ákveðið að taka upp og var ekki lítið rætt um þá einföldun alla sem því fylgdi og að hvergi mætti raska. Því væri fróðlegt að fá skýringar á því hvers vegna þeir sömu ráðherrar og tóku sér orðið „einföldun" oftar í munn en nokkrir aðrir til stuðnings staðgreiðslunni eru nú fylgjandi því fyrirkomulagi að taka einn skatt út fyrir staðgreiðslukerfið með þessum hætti.

Samkvæmt því sem meiri hl. nefndarinnar leggur til, þ.e. að setja 2500 kr. nefskatt á alla þá sem uppfylla þau skilyrði sem hér eru tiltekin, er áætlað að skatturinn skili 200 millj. kr. Nú er þetta að sönnu ekki hátt hlutfall af heildarskattheimtu en þó nógu há upphæð til þess að það þykir þess virði að semja um álíka upphæðir við launþegahreyfingar t.d. og er skemmst að minnast nýgerðs kjarasamnings við ASÍ þar sem t.d. skattur á verslunar- og skrifstofuhúsum, sem lagður var á í miklu óðagoti nú um áramótin, er felldur niður. Þar er um að ræða 100 millj. kr. tekjutap fyrir ríkissjóð. Sömuleiðis er lofað niðurfellingu lántökugjalds og þar tapast aðrar 100 millj. Það hvarflar rétt að manni að þetta hafi ekki mikið staðið í m.a. hæstv. fjmrh. vegna þess að hann hafi munað eftir því í sömu andrá að hann væri þegar búinn að sjá fyrir þessum peningum annars staðar og því útlátalaust fyrir hann að færa þetta úr einum vasa í annan og birtast þannig gagnvart atvinnurekendum sem hinn frelsandi engill um leið og hann skirrist ekki við að leggja sömu upphæð á almenning í þessu landi. Það kann vel að vera að ekki sé upphæðin 200 millj. kr. há mæld á mælikvarða t.d. fjárlaga eða heildarskattheimtu. Það kann líka vel að vera að 2500 kr. sé heldur ekki há upphæð mæld á mælikvarða þeirra sem há laun hafa, en 2500 kr. kunna að skipta miklu máli fyrir fjölda manns sem eiga nú að bera þennan skatt. Skattleysismörk eru ekki svo há að það sé réttlætanlegt að taka nýjan skatt af því fólki sem sleppur yfir þau mörk.

Það er líka athyglisvert að þennan nýja skatt sem meiri hl. leggur til að verði upp tekinn á að leggja á frá og með 1. ágúst, það verður að innheimta hann á þessu ári, en lögin um málefni aldraðra taka ekki gildi fyrr en á næsta ári þannig að þar er enn um aukatekjur að ræða fyrir ríkissjóð sem hann getur notað til annarra hluta þangað til að því kemur að nota þennan skatt til aldraðra á næsta ári.

Að öllu þessu sögðu finnst okkur kvennalistakon-

um fullkomlega eðlilegt að standa að þessari brtt. á þskj. 1243 sem gengur út á að þessi sami skattur skuli enn þá vera með sama hætti í staðgreiðslukerfinu og er þó reynt með orðalagi að tryggja að sama upphæð og áætluð er í tillögum meiri hl. skili sér til þessa málaflokks.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um inntak eða efni þessa frv. og held að að þessum þætti slepptum, þ.e. fjármögnun til þessa málaflokks, megi allir harla vel una við frv. eins og það er að öðru leyti, en vil líka benda á mikilvægi þess að það hefur verið sett endurskoðunarákvæði inn í þessi lög sem ætti að vera sjálfsagt og eðlilegt með öll slík lög sem eru eins yfirgripsmikil og varða eins miklu fyrir marga einstaklinga og lög af þessu tagi gera.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil fyrst leyfa mér að þakka heilbr.- og trn. fyrir að hafa fljótt og vel unnið í þessu máli. Þetta er auðvitað stór málaflokkur, frv. til nýrra laga um málefni aldraðra, og málið seint komið til nefndarinnar. Ég þakka nefndinni fyrir hversu fljótt og vel hún hefur unnið að málinu og fyrir þær breytingartillögur sem hún stendur sameiginlega að sem allar eru til bóta, svo og þá tillögu sem meiri hl. nefndarinnar flytur um lagfæringar á orðalagi 10. gr. frv.

En ég verð hins vegar, hæstv. forseti, að fá að fara nokkrum orðum um þann málflutning sem hv. 17. þm. Reykv. Geir H. Haarde hafði uppi og um nokkur atriði úr nál. minni hl. heilbr.- og trn.

Hv. þm. varð tíðrætt um að hér væri farið fram með lymskulegum hætti, lævísleg vinnubrögð, óvandaður undirbúningur og fleira sem hann valdi til þess að lýsa því sem fram væri sett í þessu frv. Þessu vil ég leyfa mér að mótmæla harðlega.

Ég get sagt strax að ég skil að nokkur ágreiningur sé uppi um að taka á ný upp innheimtu nefskatts. Ég undrast ekki þó að það veki nokkra umræðu og menn skiptist á skoðunum um það atriði. En hinu vil ég mótmæla harðlega að hér hafi verið farið fram á einhvern þann hátt að mál hafi verið falin og hér sé um lymskulegan eða lævíslegan málflutning að ræða.

Sá nefskattur sem á sínum tíma var innheimtur til Framkvæmdasjóðs aldraðra var lagður á samkvæmt ákvæðum í lögum um málefni aldraðra. Ég vildi að það kæmi strax fram að í þessum lögum voru ákvæði um þennan skatt og eru reyndar enn þrátt fyrir allt. Þó að menn greini eitthvað á um það, en ég kem nánar að því síðar, hafa ákvæði um innheimtu sérstaks skatts til Framkvæmdasjóðs aldraðra ávallt verið í lögum um málefni aldraðra og eins og fram kemur í nál. minni hl., þar sem talið er að það sé óeðlilegt að fela þessa tekjuöflun í frv. um fagleg málefni, er það ekki nýtt.

Í öðru lagi er sagt í nál. að reynt hafi verið að fara í felur með þetta af hálfu ríkisstjórnarinnar. Ég vil þá vitna til þess að í umræðum um málið í Ed. kom skýrt fram í framsöguræðu minni að hér væri um að ræða að taka á ný upp innheimtu þessa nefskatts og það kom líka skýrt fram að það ætti að gera það í ár eða þau ákvæði væru í lögunum að gert væri ráð fyrir því. Um það hvort það hafi farið fram hjá hv. þm. Ed. vil ég segja að hv. þm. Salome Þorkelsdóttir spurði sérstaklega út í þetta mál og, með leyfi forseta, langar mig að lesa 2–3 málsgreinar úr ræðu hv. þm. þar sem segir svo m.a.:

„Ég hef ekki hnotið um neitt sérstakt sem ég á þessu stigi málsins ætla að gera athugasemdir við að undanskildum tveimur atriðum sem ég vil hafa fyrirvara um. Það er annars vegar varðandi 10. gr. um gjaldið sem þar er gert ráð fyrir, 2500 kr. á árinu 1989. Mér þykir það vera kannski meginmálið hvort tryggt er að þetta gjald fari óskipt í Framkvæmdasjóð aldraðra“ og er kannski rétt að undirstrika einmitt þessa setningu sérstaklega og ég vil koma aðeins að henni síðar, en held svo áfram tilvitnun, hæstv. forseti, þar sem sagði: „Mér þykir það vera kannski meginmálið hvort tryggt er að þetta gjald fari óskipt í Framkvæmdasjóð aldraðra, ef að lögum verður, því að við höfum nú reynsluna af því að þegar verið er að samþykkja markaða tekjustofna til ýmissa góðra mála vill oft á eftir koma til skerðing á slíkum tekjum og þær renni í ríkishítina óskipt. Ég geri fyrirvara um þetta atriði.“

Síðar segir hv. þm., með leyfi forseta: „Nú er talað um að frv. eigi ekki að taka gildi fyrr en 1990, en í frv. er gert ráð fyrir að þetta gjald sé lagt á á árinu 1989. Ég næ þessu ekki alveg. Ég vil fá skýringu á því frekar hvort ég hef misskilið þetta eitthvað.“

Í þessu kemur fram að þetta duldist ekkert þeim sem voru að fjalla um málið í Ed. Það var alveg ljóst að hv. þm. voru einmitt að velta því fyrir sér hvernig að þessu ætti að standa og þeim voru fyllilega ljósar þær hugmyndir sem í frv. voru.

Í svari mínu til hv. þm. Salome Þorkelsdóttur sagði ég svo, með leyfi forseta: „Hins vegar er í 31. gr. frv. sem fjallar um gildistökuna ákvæði sem hljóðar svo, með leyfi forseta: „Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990. Þó skal 1. tölul. 10. gr. öðlast gildi þegar í stað.“ — Þetta er þá um leið svar við fyrirspurn hv. 6. þm. Reykn. um hvernig það mætti vera að hugsanlegt væri að skattur til Framkvæmdasjóðs aldraðra, sem gert er ráð fyrir í 10. gr. frv., yrði lagður á í ár. — Það er þessi ástæða sem m.a. gerir að verkum að ég legg nokkra áherslu á að okkur takist að afgreiða frv. á þessu þingi.“

Þetta sýnir enn og aftur að hér var ekki farið aftan að neinum og hv. þm. í Ed. gerð rækileg grein fyrir því hvað í þessu frv. fólst. (**GHH:** Ekki er minnst á staðgreiðslufrv.) Já, ég kem þá kannski aðeins að því síðar þar sem hv. þm. kallar fram í fyrir mér, hv. 17. þm. Reykv., að í nál. minni hl. heilbr.- og trn. er síðan fjallað nokkuð meira um málið.

Þar segir t.d. að skattur þessi hafi síðast verið lagður á með álagningu vegna tekna ársins 1986, en er staðgreiðsla skatta var tekin upp var innheimtu hans hætt og sjóðnum tryggðar samsvarandi tekjur af innheimtu staðgreiðslufé. Því miður hefur þetta ekki

farið eftir. Sjóðnum hefur ekki verið tryggð nein sérstök fjárveiting af þessu innheimta staðgreiðslufé. Síðar segir í nál. einnig að ekki hafi orðið vart við að þeir aðilar sem áður höfðu tekjur af þessum smásköttum hafi kvartað um hlutdeild sína í staðgreiðslufé, enda hafi verið tryggilega frá henni gengið. Um það vil ég segja við hv. þm. að ég hef að vísu ekki neina sundurliðun á því hvernig 28,5% staðgreiðsluskatthlutfallið var útreiknað á sínum tíma og hvort ákveðinn tiltekinn hluti þess gjalds skyldi falla til Framkvæmdasjóðsins eða vera hlutur Framkvæmdasjóðsins í þessari skattprósentu. Hins vegar kemur fram í greinargerð með frv. til l. um staðgreiðsluskattinn og hefur verið vitnað til þess í umræðunum að nokkrir smáskattar hafi átt að falla niður við upptöku staðgreiðsluskattsins. En það er ekki gerð neins staðar grein fyrir því að Framkvæmdasjóður aldraðra ætti að fá einhvern ákveðinn hluta af þessari ákveðnu skattprósentu, enda hefur reynslan orðið sú, því miður, eins og reyndar hv. þm. Salome Þorkelsdóttir óttaðist mjög í umræðunum í Ed., að það kynni að vera svo að skatti sem þannig væri merktur yrði ekki veitt beint til viðkomandi verkefnis, og höfum við ótal dæmi um það að þó að þing hafi markað tekjustofna til ákveðinna verkefna með einum eða öðrum hætti hefur löggjafarsamkoman síðar skert þær fjárveitingar og það hefur verið erfitt að tryggja að sú upphæð sem í upphafi var ætluð til málaflokksins rynni þangað óskipt. Meginástæðan fyrir því að við leggjum nú til að þessi skattur verði tekinn upp aftur í óbreyttu fyrra formi er einmitt að tryggja að um sé að ræða sérstaka skattgreiðslu, sérstakan nefskatt sem eigi að renna í þennan málaflokk og það er e.t.v. eina tryggingin, ef hægt er að gefa sér einhverja tryggingu fyrir því, að markaður tekjustofn skili sér til þess verkefnis sem honum er ætlað. Þess vegna höfum við ákveðið að gera það að tillögu okkar að nefskatturinn sem slíkur yrði tekinn upp í trausti þess að það væri sú trygging sem sjóðurinn getur fengið til þess að njóta þess framlags sem honum er ætlað.

Hv. þm. talaði mikið um það, og það kemur einnig fram í nál. minni hl., að nú þurfi á ný að senda öllum gjaldendum rukkun fyrir þessu nýja gjaldi eftir á. Það er vissulega rétt að þeir sem skattleggjast eiga samkvæmt frv. fyrir þessum nýja skatti eða þessu nýja gjaldi fá sendan innheimtuseðil, en ég hygg að langsamlega flestir þeirra fái nú slíkan seðil hvort eð er. Ég hef að vísu ekki tölu yfir þá einstaklinga sem greiða eignarskatt og einnig er vitað að fjölmargir þurfa að fá senda nýja skattseðla vegna breytinga á skattheimtunni þannig að ég hygg að langsamlega flestir fái einhverja glaðningu frá skattinum senda svo að það er kannski ekki aðalmálið þó að e.t.v. bætist einhver hópur eða fjöldi við vegna þessarar skatttöku. (Gripið fram í.) Hvað ætli það séu margir sem þurfa að greiða eignarskattinn og væntanlega fá einhverjar leiðréttingar frá skattinum á sínum skattseðlum? Eins og ég sagði áðan hef ekki þessa tölu. Kann að vera að hv. þm. hafi það fyrir framan sig.

Ég undirstrika enn á ný að ég tel að nánast eina tryggingin til þess að fá markaðan tekjustofn greiddan til þess verkefnis sem um er að ræða er sú sem hér er lögð til, að um sé að ræða nefskatt sem gengur beint til málsins.

Sú tillaga sem hv. þm. sem skipa minni hl. nefndarinnar flytja hér um að viðmiðunarframlag á hvern gjaldanda skuli renna til þessa verkefnis mun væntanlega fá svipaða meðhöndlun og slíkir skattar hafa yfirleitt fengið. Ég tel út af fyrir sig hugmyndina góðra gjalda verða, en ég tel einnig að reynslan segi okkur hvernig farið hefur fyrir slíkum sköttum í gegnum tíðina svo að það sé ekki trygging fyrir því að við fáum þessa fjárveitingu beint í það verkefni sem hér er ætlast til.

Aðeins ætla ég að hverfa þá að brtt. sem flutt er á þskj. 1244 af hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur og Geir H. Haarde þar sem fjallað er um að einstaklingar eigi að fara að greiða fyrir dvöl á stofnunum. Þá skal tekið fram að í lögum um málefni aldraðra sem nú eru í gildi segir að það sé fyrir hendi heimild til þess að innheimta gjald af einstaklingum þó að sú heimild hafi ekki verið notuð þannig að það er ekki heldur ný hugsun sem hér kemur fram. Hins vegar er hér kveðið á um það skýrt að þessir einstaklingar skuli taka þátt í kostnaði við dvöl á stofnuninni. Það er jafnframt og einnig gert ráð fyrir því að þeir greiði það, ef þeir hafa ákveðnar tekjur, að hluta eða öllu leyti.

Það er einnig um það getið að nánar skuli kveðið á um þessar greiðslur í reglugerð og ég hygg ekki að nokkrum hafi dottið í hug að sá sem hefur 11.000–15.000 kr. eða einhverja slíka upphæð greiði dvöl sína að fullu, það er ekkert verið að hugsa þetta á þann hátt, en það sé hægt að ætlast til þess að þeir sem hafa verulegar tekjur greiði fyrir þessa dvöl. Það er það sem hér er lagt til og mér finnst ekki óeðlilegt að við það sé haldið.

Hitt vil ég líka láta koma skýrt fram og kom reyndar fram í framsöguræðu minni fyrir málinu í Nd. að ég hugsaði mér það að nú þegar hefjist vinna við undirbúning og gerð reglugerða sem þessum lögum þurfa að fylgja og þær reglugerðir gætu legið fyrir á haustmánuðum eða a.m.k. áður en lög þessi öðlast að fullu gildi, þ.e. um næstu áramót.

Herra forseti. Þó það sé kannski ekki ástæða til að fara mjög ítarlega ofan í bréf ríkisskattstjóra sem heilbr.- og trn. fékk sent og hér er birt sem fskj. á nál. minni hl. heilbr.- og trn. langar mig þó að segja það, einnig vegna umræðunnar um að undirbúningur að gerð þessa frv. hafi verið óvandaður og tæknilega hafi þar hlutir ekki staðist, að haft var samráð og samband við fulltrúa þá í fjmrn. sem fara með skattamál og fjalla um lagasetningu í því sambandi þegar frv. var í undirbúningi og smíðum í heilbrmrn. og við vissum ekki annað en að eins og lagatextinn liggur fyrir væri hann í fullu samráði við þá og jafnframt gátum við ímyndað okkur að um það hefði verið haft samband við ríkisskattstjóra en rétt er að það gerði ekki heilbrmrn. eða þeir fulltrúar þess sem unnu að

undirbúningi frv., enda sýnist mér að það sem lagt er til af hálfu ríkisskattstjóra um skattlagninguna sé meira það að skýra nánar hvernig staðið skuli að þessu tæknilega atriði, sem sjálfsagt er að skoða og verða við að lagfæra að hans ósk, en það að að málinu hafi verið staðið svo ófullkomið eða óvandað að það hafi ekki getað staðist eins og það er sett fram.

Síðan segir í bréfi ríkisskattstjóra að nokkurrar ónákvæmni gæti í grg. Þá vil ég aftur ítreka að ákvæðin um sérstakt gjald til Framkvæmdasjóðs aldraðra hafa alltaf verið í lögum um málefni aldraðra. Þau lög hafa verið framlengd óbreytt tvívegis, áttu að renna út 1987, voru þá framlengd óbreytt fyrir eitt ár og svo aftur eins og hv. þm. muna í desember sl. um eitt ár, og þar með talið ákvæðið um þennan sérstaka markaða tekjustofn, þannig að það er fullkomlega rétt, sem segir í grg., að það er engin breyting gerð á frv. hvað þetta varðar og tekjustofn til Framkvæmdasjóðs aldraðra er hafður óbreyttur, þ.e. sérstakt gjald sem leggja skal á alla gjaldendur með ákveðnum undantekningum. Það sem hér er sagt í grg. stenst fullkomlega og þegar breytingar voru gerðar á skattheimtunni og staðgreiðsluskattakerfið tekið upp var engin breyting gerð á ákvæðum sem voru í lögum um málefni aldraðra þó svo að einhverjum kunni að sýnast að það hafi ekki verið nógu nákvæm lagasetning. Ég skal ekki um það deila við löglærða menn.

Herra forseti. Ég vil að lokum aðeins undirstrika að sú ákvörðun að taka þennan skatt upp að nýju með þessum hætti er fyrst og fremst gerð til að tryggja sjóðnum öruggan tekjustofn og ég hygg að það sé nánast eina leiðin til þess, eins og ég hef margsagt áður, að tryggja að löggjafarvaldið skerði síðan ekki aftur þann góða vilja sem að öðru leyti kann að koma fram hjá hv. þm. ef öðruvísi væri að málum staðið. Verkefnin eru mörg og stór fram undan. Það er gífurlega mikið enn eftir að byggja upp í þessum málaflokki. Sennilega er hvað harðast sótt að heilbrigðisyfirvöldum varðandi fjárveitingar til uppbyggingar í heilbrigðismálum, að veita fjármunum til að byggja upp stofnanir fyrir aldraða, hjúkrunarheimili, dvalarheimili, verndaðar þjónustuíbúðir og hvað það nú heitir og hvaða form sem á því er, en ekki síst hjúkrunarheimilin sem eru vandaðar byggingar en jafnframt dýrar. Það eru nú á borðum hjá heilbrigðisyfirvöldum óskir um margar byggingar sem kosta mörg hundruð milljónir króna hver svo að það veitir sannarlega ekki af fjármunum til þessa verkefnis.

Það má einnig minna á að lokum að gert er ráð fyrir því að lög þessi verði endurskoðuð að fimm árum liðnum og má í því sambandi líta svo á að hér sé verið að leggja á skatt sem sé tímabundinn og það á ekki að þurfa að hafa nein varanleg áhrif á að við höldum áfram að byggja upp og treysta okkar staðgreiðsluskattkerfi þó að enn um sinn verði horfið að því ráði að viðhalda nefskatti til þessa ákveðna sérstaka verkefnis.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það frv. sem hér er til 2. umr. um málefni aldraðra er gott málefni eins og fram hefur komið hjá þeim sem hér hafa talað við umræðuna og fullkomlega tímabært að endurskoða þau sex ára gömlu lög sem sett voru um öldrunarmál á sínum tíma og voru þau þó mikil framför frá því sem verið hafði í þessum efnum og hafa orðið til þess að bæta mjög verulega stöðu aldraðra víða um land, alveg sérstaklega tilkoma Framkvæmdasjóðs aldraðra og sá stuðningur sem sá sjóður hefur getað veitt við uppbyggingu á húsnæðisaðstöðu fyrir aldraða alveg sérstaklega.

Það er ánægjulegt þegar litið er til baka hvernig tekist hefur með þessari lagasetningu að bæta stöðu þeirra í þjóðfélaginu sem allt of lengi höfðu beðið eftir að fá að einhverju leyti þá skuld greidda frá samfélaginu sem það átti í við þá sem lokið höfðu eða voru að ljúka dagsverki sínu, ævistarfi, og gildir það vissulega enn að mikið vantar á að þessi mál séu komin í viðhlítandi horf í landinu og því full ástæða til þess ekki aðeins að taka tillit til breytinga og reynslu á liðnum árum frá því að lögin voru sett heldur ekki síður að tryggja áframhaldandi stuðning ríkisins við málefni aldraðra með því að tryggja Framkvæmdasjóði aldraðra áfram tekjur til að styrkja sveitarfélög í landinu til átaka á þessu sviði og þá ekki síst fámennari sveitarfélög í dreifbýli við uppbyggingu öldrunarþjónustu eins og að er stefnt með ákvæðum þessa frv.

Það er fyrst og fremst þessi tekjuöflun sem hefur orðið mönnum hér umræðuefni, hvernig að henni er staðið, og liggja fyrir brtt. við málið. Ég ætla að gera þetta, virðulegi forseti, að nokkru umtalsefni vegna þess að hér er um mjög þýðingarmikið atriði að ræða og má segja með vissum hætti ákvarðandi mál, stundum kallað „prinsipp"-mál á erlendu máli, hvort leggja eigi á nefskatta og hvort það eigi að gera það í því formi sem hér um ræðir þrátt fyrir upptöku staðgreiðslukerfis skatta sem upp var tekið ekki alls fyrir löngu með góðu samkomulagi á hv. Alþingi og þarf ekki að rifja þau efni sérstaklega upp.

Það sem kemur á óvart við þessa umræðu er m.a. að þeir sem mæla fyrir breytingum á frv. frá því sem það var fram lagt tala um að það komi mjög á óvart að það skuli gerð tillaga um að leggja á eða framlengja gjaldtöku í formi svokallaðs nefskatts á hvern gjaldanda á yfirstandandi ári og nýta það áfram sem tekjustofn fyrir Framkvæmdasjóð aldraðra.

Það er mjög undarlegt ef einhverjum hefur yfirsést hvað í frv. fólst eins og það var lagt fram í upphafi. Málið fór til Ed. og þar lá alveg skýrt og ljóst fyrir að hér var um að ræða framlengingu á skatti sem var og viðbótarskatt við þá staðgreiðslu sem ákveðin hefur verið. Þetta blasti við hverjum læsum manni og hæstv. heilbrmrh. hefur rifjað upp hvernig umræður gengu um þetta efni í hv. Ed. m.a. af talsmönnum Sjálfstfl. sem stóðu þar að sameiginlegu nál. með stjórnarliðum varðandi afgreiðslu málsins, höfðu þar fyrirvara, ekki við þetta atriði að ég hygg heldur í sambandi við spurninguna um hvort ætla ætti vist-

mönnum að eiga hlut að gjaldtöku sem gert er ráð fyrir samkvæmt frv. Síðan koma talsmenn Sjálfstfl. í hv. þingdeild og lýsa yfir alveg sérstakri undrun á að hér sé verið að smygla inn einhverjum nýjum skatti og eru með brtt. um efnið þvert á sjónarmið og tillögur flokkssystkina sinna í hv. Ed. sem stóðu með öðrum flokkum að því þar að afgreiða málið úr deildinni með þessari gjaldtöku. Þó er ekki hægt að túlka það öðruvísi en sem móðgun og lítilsvirðingu við hv. fulltrúa Sjálfstfl. sem sæti eiga í hv. Ed. að vera að senda þeim slíkar sneiðar eins og hér er gert af hv. 17. þm. Reykv. í löngu og ítarlegu máli sem hann flutti um þetta efni og lét það berast, það hefur væntanlega ekki heyrst yfir í Ed., að þeim hefði algjörlega yfirsést það sem stendur í 10. gr. þess frv. sem við ræðum hér um málefni aldraðra að það væri verið að leggja á gjaldtöku á einstaklinga umfram það sem gert er ráð fyrir í staðgreiðslu skatta og þetta hafi komið algjörlega á óvart þegar menn uppgötvuðu þetta í hv. Nd.

Ég verð að segja að skipulagið í Sjálfstfl. er greinilega með nokkuð öðrum hætti en ég þekki til í flokkum ef þetta mál hefur verið rætt sérgreint í þingflokki, annars vegar af fulltrúum sem sæti eiga í hv. Ed., fulltrúum Sjálfstfl. þar, og hins vegar af þeim sem eiga sæti hér í hv. Nd. Þeir hafa ekki einu sinni haft fyrir því að bera sig saman á göngunum um þessi efni. Það er síðan borið fram í ræðu að þetta komi alveg sérstaklega á óvart.

Það getur vel verið og er út af fyrir sig ekkert við því að segja að það séu mismunandi sjónarmið milli manna í Sjálfstfl. Það gerist víða í flokkum að ekki eru allir sammála og kannski liggja skilin þannig að þau falli að deildaskiptingunni á hv. Alþingi í sambandi við þetta efni. En ég hefði farið öllu gætilegar í umræðuna um þetta efni ef ég hefði verið í hlutverki hv. 17. þm. Reykv. í þessu máli og gætt þess að sneiða ekki með þeim hætti, vissulega með óbeinum hætti, að flokkssystkinum mínum eins og ég les út úr máli hans. Það liggur fyrir, virðulegur forseti, á nál. frá Ed. á þskj. 1101 að allir nefndarmenn í hv. heilbr.- og trn. þeirrar deildar skrifa undir málið, fulltrúar Sjálfstfl. með fyrirvara sem ég hef skilið svo að varði ekki það mál sem er aðallega gert að ágreiningsefni. Raunar kom það glöggt fram í máli hæstv. heilbrmrh. að svo var ekki þegar hann vitnaði þar til ummæla eins fulltrúa Sjálfstfl. í hv. Ed. og á þskj. 1103 er ekki að finna brtt. um þetta efni heldur eingöngu við 27. gr. frv.

Ég tel að það sé engin goðgá að leggja á gjald með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir, til svo ágæts og nauðsynlegs málefnis sem hér er um að ræða og sem menn greinir ekki á um að þurfi að sinna. En til þess að það sé gert með þeim hætti sem nauðsyn krefur þarf að tryggja tekjur í þessu skyni og ég á eftir að sjá það, og ég segi það ekki eingöngu við hv. fulltrúa Sjálfstfl. heldur einnig við fulltrúa Kvennalistans hér í deildinni, að menn tryggi með viðhlítandi hætti sambærilegar tekjur til málefna aldraðra og til Framkvæmdasjóðs aldraðra eins og gert er ráð fyrir með þeirri tekjuöflun sem felst í 10. gr. þessa frv. með brtt. eins og þeirri sem hér liggur fyrir og það til frambúðar.

Hér er í rauninni verið að segja að með því að fara í ákvarðanir eins og felst í brtt. sjálfstæðismanna og fulltrúa Kvennalista sem liggur fyrir á þskj. sem tengist þessu máli er verið að leggja til að ákveðin hliðstæð upphæð verði greidd með framlagi ríkisins af fjárlögum og í rauninni væru menn með því að fara inn á þá stefnu, sem þar er verið að leggja til, að gera því skóna að við eigum að hólfa sundur framlög ríkisins til einstakra málaflokka utan fjárlaga og taka væntanlega, því að það er væntanlega ekki verið að tjalda til einnar nætur heldur að ætla þessum tekjustofni að standa áfram sem tekjum fyrir Framkvæmdasjóð aldraðra, enda gert ráð fyrir á þskj. 1243, sem ég hef nú fundið hér í blöðum mínum, að þetta beina framlag verði samkvæmt fjárlögum hverju sinni. Það þarf þá auðvitað að taka mjög hliðstætt á öðrum málum og við fáum það viðfangsefni á Alþingi að marka það varðandi margháttuð framfaramál í landinu að ákvarða til margra ára í senn að svo og svo mikið skuli renna til viðkomandi málaflokks. Sú stefna hefur verið uppi, og ég er ekki að segja að hún sé einhlít, alls ekki, að það eigi að taka ákvarðanir um slíkt með ákvörðun fjárlaga hverju sinni. Ég hef verið fylgjandi því að menn gerðu áætlanir fram í tímann og gætu tekið stefnumarkandi á fjárveitingum til meira en eins árs í senn. En ég hef ekki heyrt alveg sérstakar undirtektir við það frá talsmönnum Sjálfstfl. fyrr en þá núna ef þeir eru með þessari brtt. á þskj. 1243 að leggja til að svona háttur verði upp tekinn varðandi marga málaflokka, málefni aldraðra, skólamálin væntanlega og fjölmargt fleira sem tengist framlögum ríkisins til sameiginlegrar félagslegrar þjónustu í landinu.

Ég sé enga fulltrúa Kvennalistans hér í þingsal, virðulegur forseti, og mér þykir leitt ef ég er að tala hér til þingmanna á bak og vildi því biðja hæstv. forseta að gera hv. 18. þm. Reykv., sem er meðflm. að brtt. á þskj. 1243, viðvart um það að ég sé að ræða efni sem hana varðar og hennar tillögur hér. (**Forseti:** Það mun verða gert.)

Við alþýðubandalagsmenn höfum ekki verið neitt feimnir við að bera fram tillögu um þá tekjuöflun sem hér er um að ræða. Við stóðum að því á sínum tíma og áttum þátt í því, ég hygg frumkvæði í því, að tryggður var tekjustofn með þeim hætti sem hér um ræðir. Þó minnir mig að hv. 9. þm. Reykv., nú hæstv. félmrh., hafi einnig átt þar góðan hlut að máli að hér var um nefskatt að ræða sem svo var kallaður í sambandi við þennan málaflokk og á hún heiður skilið fyrir það að eiga hlut að því og stendur auðvitað að því sem ráðherra í núv. ríkisstjórn að þessi tekjustofn er framlengdur þó að þetta málasvið heyri ekki undir hana, málefni aldraðra.

Ég tel að það mætti í rauninni taka upp þennan hátt varðandi fleiri efni til þess að tryggja félagslegum undirstöðuþáttum, nauðsynjamálum í samfélaginu lágmarksfjárveitingar úr sameiginlegum sjóði landsmanna. Mér finnst ekki ástæða til þess að bíta sig svo

fast í staðgreiðslukerfi skatta að það eigi ekki að koma til greina að leggja á afmarkaða skatta til tiltekinna málefna með þeim hætti sem er gert ráð fyrir í þessu frv. um málefni aldraðra. Af því að ég óskaði eftir nærveru hv. 18. þm. Reykv. í sambandi við þetta mál vil ég nefna að mér kom nokkuð á óvart að fulltrúar Kvennalistans og hv. þm. skuli standa með Sjálfstfl. að brtt. sem hér liggur fyrir um þetta efni vegna þess að ef hv. þm. og aðrir þingmenn Kvennalistans ættu eftir að eiga kannski gildari hlut að máli í sambandi við landsstjórn og fjárveitingar en nú er kann að vera að það renni upp fyrir þeim að það er býsna erfitt að tryggja fjárveitingar til sameiginlegrar þjónustu, nauðsynjamála, með hinni almennu skattheimtu ríkisins og ég nefni t.d. í þessu samhengi spurninguna um uppbyggingu fyrir yngsta fólkið í landinu, fyrir börnin, uppbyggingu dagvistarstofnana og dagheimila sem er eitt af baráttumálum Kvennalistans en sem hefur á undanförnum árum fengið allt of lítið í sinn hlut úr sameiginlegum sjóðum. Raunar hefur sá háttur verið upp tekinn nú með samþykkt á frv. til l. um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga að varpa þeim málaflokki alveg yfir á sveitarfélögin. Ég veit að það er ekki að tillögu Kvennalistans að það er gert og ég var í hópi þeirra í hv. þingdeild sem vöruðu við því að varpa þessum málum dagvistarstofnananna alfarið yfir á sveitarfélögin að því er snertir kostnaðarhlut og átti hlut að því með fulltrúum Kvennalistans að ákvæði um hlutdeild ríkisins, eftirlitshlutverk og umsjónarhlutverk, var þó stytt í sambandi við afgreiðslu þess máls. En ég tel að eitt af því sem við þurfum að líta til í sambandi við uppbyggingu dagvistarstofnana í landinu sé einmitt það að tryggja aukin framlög og örugg framlög úr sameiginlegum sjóði til stuðnings sveitarfélögunum við uppbyggingu dagvistarstofnana, sem væntanlega verða hluti af forskólastigi áður en langt um líður, til þess að það verði staðið sómasamlega að þeim málum, en það er sannarlega ekki niðurstaðan eða veruleikinn í dag.

Ég minnist þess að flutt var frv. á síðasta þingi af varaþingmanni Kvennalistans, Sigríði Lillý Baldursdóttur, með fleirum varðandi tímabundið átak í byggingu dagvistarheimila fyrir börn. Þar var að vísu ekki verið að leggja til tekjuöflun hliðstæða þeirri sem hér er gert ráð fyrir heldur að greitt væri af fyrirtækjum, af aðstöðugjaldsskyldum aðilum ákveðið hlutfall í þann sjóð sem þar var gert ráð fyrir, Byggingarsjóð dagvistarheimila, og auk þess skyldi ríkissjóður leggja þar nokkuð til. Það tel ég að hafi verið góð tillaga og gott mál sem þar var á ferðinni. En ég held að það geti þurft til að koma meira. Það geti þurft að koma til ekki ósvipuð tilhögun og gert er ráð fyrir í sambandi við Framkvæmdasjóð aldraðra, þ.e. að allir þeir sem aflögu eru færir leggi þarna nokkuð til með sérstakri greiðslu ekki ósvipað og gert er ráð fyrir í sambandi við Framkvæmdasjóð aldraðra.

Ég segi þetta vegna þess að hér er um ákveðið grundvallaratriði að ræða, hvort menn fallast á að afla tekna með þessum hætti eða ekki, og mér sýnist að Sjálfstfl., fulltrúar hans í hv. deild, andstætt því sem er um fulltrúa hans í Ed., vilji marka svona stefnu og mér sýnist að Kvennalistinn með hlutdeild að þessari brtt. sé að taka undir þetta og segja: Við eigum alls ekki að leggja á neitt gjald umfram það sem felst í staðgreiðslukerfi skatta til tekjuöflunar í ríkissjóð. Ég staldra við þegar menn koma fram með slík sjónarmið vegna þess að mér er fullkunnugt um að það er erfitt atriði að tryggja málaflokkum af þessu tagi, sem varða elstu borgarana í landinu, sem varða yngstu borgarana í landinu, nauðsynleg framlög til þess að það sé sómasamlega við þá gert. Þessir aldurshópar eru ekki fyrirferðarmikir í hinni almennu umræðu, eru ekki hávær þrýstihópur í þessu þjóðfélagi og gera þannig ekki mjög mikið vart við sig, síst af öllu börnin, og þess vegna held ég að við þurfum að gæta okkar áður en við höfnum því að taka gjald með þeim hætti sem hér um ræðir.

Ég styð þetta frv. eins og það liggur fyrir með þeim breytingum sem meiri hl. hv. heilbr.- og trn. hefur lagt til og tel að þar sé um mjög áhugverðar og góðar breytingar að ræða í flestum greinum að því er snertir þetta frv. Spurningin um greiðslur af hálfu vistmanna sem gert er ráð fyrir í 27. gr. er hins vegar álitamál að mínu mati. Ég hefði viljað skoða þau efni betur áður en væri farið að lögfesta þá skipan þó að ákvæði séu um það í gildandi lögum eins og hæstv. heilbrmrh. vék að og ég hvet hæstv. heilbr.- og trmrh. til þess að gæta sín vel í sambandi við reglugerðarsetningu á grundvelli þessarar lagagreinar. Mér sýnist að þau tekjumörk sem þarna er miðað við séu svo lág að í rauninni sé mjög óráðlegt að ætla þeim sem ekki hafa tekjur umfram 11 þúsund á mánuði að taka nokkuð sem heitir þátt í greiðslu dvalarkostnaðar á stofnunum fyrir aldraða eins og heimildir verða um við lögfestingu þessa frv.

Ég ætla, virðulegur forseti, á þessu stigi ekki að segja fleira varðandi þetta mál, en ég taldi ástæðu til að víkja að þessum þætti sérstaklega að því er varðar þetta grundvallaratriði: eigum við að afla tekna til sérverkefna umfram það sem ríkissjóður aflar með staðgreiðslukerfinu með sérgjaldi eins og hér er lagt til? Í öðru lagi er það ósamræmi sem er í málflutningi fulltrúa Sjálfstfl. annars vegar hér í hv. þingdeild og hins vegar í Ed. þar sem skoðanirnar eru allt aðrar hér en var hjá fulltrúum flokksins við afgreiðslu málsins í Ed.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Þessi umræða um málefni aldraðra hefur að nokkru orðið að skattamálaumræðu. Það er ekki að ófyrirsynju því að þetta nauðsynjamál hefur verið gert að umgjörð utan um nýja skattheimtu, utan um tvöfalda skattheimtu því að það skattgjald sem frv. fjallar um í 10. gr. hefur þegar verið greitt. Við greiðum þetta gjald í staðgreiðslunni, það var ákveðið með lögum um það efni, þannig að séu menn þeirrar skoðunar, sem ég hygg að við séum flest sammála um, að það sé sanngjarnt að skattgreiðend-

ur inni nokkuð af höndum sérstaklega til þessa málaflokks er það nú þegar inni í þeim sköttum sem við greiðum og á svo sannarlega að vera, en hér er einungis verið að búa til nýja fjáröflunarleið fyrir ríkissjóð með því að létta þeirri skyldu af að fé sem hingað til hefur verið ætlað til þessara mála renni þangað framvegis en í stað komi nýr skattur.

Ég mun ekki fara út í að ræða hinar skatttæknilegu hliðar þessa máls frekar. Það hefur verið gert mjög ítarlega af hv. þm. Geir H. Haarde. En mig langar til að víkja sérstaklega að þeim þáttum þessa frv. sem vita að þjónustunni við hina öldruðu.

Við erum sammála um að það er nauðsynlegt að framlengja flest efnisatriði laganna um málefni aldraðra og um það fjallar þetta frv. nema skattákvæðið sem er nýtt efnisatriði samkvæmt því sem ég sagði áðan um það efni. Að öðru leyti er frv. í flestum greinum framhald á þeim lögum sem nú gilda með nokkrum orðalagsbreytingum þó, en í örfáum atriðum efnisbreytingum sem skipta verulegu máli.

Mig langar til að leggja sérstaka áherslu á lokaorðin í 1. gr. frv. þar sem lýst hefur verið markmiði laganna og tilgangi. Þar lýkur greininni á svofelldum orðum: „Eftir því sem kostur er skal sjálfsákvörðunarréttur aldraðra í því efni virtur", þ.e. í eigin vistunarmálum.

Ég lít svo á að þessi sjálfsákvörðunarréttur þurfi að vera virtur ekki einungis eftir að fólk hefur náð þeim aldri að það skipi hina öldruðu sveit heldur líka fyrr á ævinni, sjálfsákvörðunarréttur til þess að hafa áhrif hver og einn á sinn aðbúnað í ellinni með því að búa sig undir ellina. Það er ekki of mælt að slíkt sé mikið hagsmunamál bæði hinna öldruðu einstaklinga sjálfra og þjóðfélagsins alls. Mér finnst stundum að við lítum ekki af nægilegu raunsæi á þróunina í aldurshlutfalli þjóðfélagsins. Svo ört hefur öldruðum farið fjölgandi í hlutfalli við aðra aldursflokka og sú þróun mun halda áfram á næstu árum og áratugum að það veitir ekki af mjög alvarlegum ráðstöfunum og hvers kyns stuðningi við undirbúning einstaklinganna sjálfra og þjóðfélagsins til þess að standa andspænis hinum aukna fjölda aldraðs fólks.

Þess vegna er það að ég legg á það mikla áherslu, og það gerum við í Sjálfstfl. öll, að sú forsjá, sem birtist í frv. og er vissulega þörf, gangi ekki svo langt að hún dragi úr frumkvæði einstaklinganna sjálfra og því mikla og mikilvæga hlutverki sem samtök einstaklinga og sjálfboðaliða hafa gegnt á þessu sviði — eða hvar værum við nú stödd með þjónustu við aldraða ef ekki hefðu komið til áhugamannafélög sem hafa unnið algjörlega ómetanlegt starf á þessu sviði? Þess vegna held ég að það sé nauðsynlegt að í frv. um málefni aldraðra sé veittur stuðningur ýmiss konar frumkvæði einstaklinga sem verður svo til þess að létta á skyldu hins opinbera til þess að annast ýmiss konar þjónustu. Það eykur líka lífsfyllingu og gleði hinna öldruðu að vita að þeir hafi sjálfir átt hlut að máli að búa sig undir þá aðstöðu sem flestra bíður þegar vel er með löngu lífi.

Hér hafa verið gerðar nokkrar breytingar til bóta á frv. eins og það var lagt fyrir í upphafi, sérstaklega að því er varðar hlut sveitarfélaga og aðstöðu þeirra til að sinna þeim skyldum sem væntanleg lög leggja á þau, en ég vil draga athyglina samt að nokkrum atriðum sem ég held að þyrfti helst að breyta. Þó að mér sé ljóst að það sé tæpast tími til að breyta í sjálfri frumvarpsgerðinni vil ég benda á atriði sem gætu komið til framkvæmda með tiltekinni túlkun á texta frv.

Hér er t.d. í 5. gr. frv. lítið ákvæði sem virðist ekki vera mikið að við fyrstu sýn, en það er 5. tölul. 4. mgr. þar sem talin eru verkefni öldrunarnefnda. Þar er talað um að eitt af verkefnum öldrunarnefnda sé að annast samningsgerð við einstaklinga eða félagasamtök sem taka að sér þjónustu fyrir aldraða sé það ekki verksvið annarra. Nú er vandfundið það verksvið í þessum málefnum sem er ekki ætlað hinu opinbera með einhverjum hætti, en hins vegar vitum við bæði af reynslu og þeim líkum sem fram undan eru að það er ekki alveg víst að því verksviði geti orðið sinnt með fullnægjandi hætti eða besta hætti, a.m.k. er eftirspurnin eftir ýmiss konar þjónustu af þessu tagi enn þá meiri en framboðið. Þess vegna vil ég leggja áherslu á að 5. tölul. yrði túlkaður þannig að það gæti komið til samningsgerð við einstaklinga eða félagasamtök sem taka að sér þjónustu fyrir aldraða þó að það sé verksvið annarra en gæti hins vegar orðið til þess að létta undir með þeim sem hafa það að skyldu samkvæmt lögunum.

Til að nefna dæmi getum við tiltekið ýmiss konar dagvistir sem hægt væri að hugsa sér að látnar væru í té af einkaaðilum, m.a.s. á einkaheimilum rétt eins og dagmömmukerfið er rekið fyrir börn. Það mætti vel hugsa sér að eitthvað sambærilegt væri rekið fyrir aldraða og ég hef reyndar rætt það við nokkra aðila sem telja að það gæti hentað sumum öldruðum mjög vel, verið persónulegt og heimilislegt og gjörbreytt lífi margra aldraðra sem eiga sér ekki erfiðari óvin en einmanaleikann. Það atriði leiðir stundum til þunglyndis sem svo aftur leiðir til enn fleiri erfiðleika fyrir aldraða einstaklinga.

Þetta nefni ég hér vegna þess að í raun og veru er þetta einn af þessum fyrirbyggjandi þáttum, sem svo eru nefndir, eða forvarnaraðgerðum til þess að berjast fyrir fram gegn vissum ellikvillum eða jafnvel afstýra þeim, a.m.k. að fresta þeim. Mér virðist með öðrum orðum að í þessu frv., þó að það sé ágætt á margan veg, skorti nokkuð á að hinum fyrirbyggjandi þætti sé sinnt, að gert sé ráð fyrir því að hið opinbera komi til móts við starfsemi sem miðar að því markmiði. Ég held að það sé nákvæmlega sá þáttur sem eigi eftir að fá æ meiri þýðingu á næstu árum og áratugum vegna þeirrar fjölgunar sem við komum til með að standa frammi fyrir í aldursflokki þeim sem þetta frv. fjallar um.

Nú er það svo að það mun vera nokkuð um að slík einkadagvist sé til fyrir aldraða. Það er hins vegar engin miðlun á slíku og fáir vita um það. Þess vegna held ég að það væri sannarlega þess virði að það væri athugað að koma á slíku kerfi. Maður getur ekki

vegna aldursskiptingarinnar kallað þetta dagmömmukerfi og þess vegna hefur mönnum dottið í hug orðið „dagskjól" fyrir aldraða til þess að greina slíka tegund starfsemi frá öðrum. En ég hygg að á því sviði gætu verið bæði óvirkjaðir kraftar og kannski ekki ónotuð en a.m.k. meira nýtanleg aðstaða en menn hafa enn þá sinnt.

Í þessu skyni held ég að gæti komið sér mjög vel að nýta betur aðra tegund einstaklingsframkvæðis, en það er heimahjúkrun sem rekin væri frá hjúkrunarmiðstöðvum hjúkrunarfræðinga og umönnunarfólks, en heimild til slíks er nú í almannatryggingalögum. Þessi heimild hefur lítt sem ekki verið notuð vegna tregðu ríkisins. (**FrS:** Það heyrist ekki í ræðumanni.) Herra forseti. Fyrir aftan mig er einn fundur, tveir fundir líklega eru hérna megin og einn hér og sennilega ekki fleiri í salnum. (**Forseti:** Forseti biðst velvirðingar á því að hann gat ekki fylgst með fundahöldum í salnum vegna eigin fundahalda sem vitaskuld þarf því miður stundum að halda hér uppi. En ég biðst velvirðingar á þessu og legg til að aðrir hætti fundahöldum en forseti.) Ég skil vel þessi orð hæstv. forseta og ég gagnrýni út af fyrir sig ekki að það þarf að taka ákvörðun um framhald starfa hér í deildinni. Þetta kann að vera eitthvað hönnun hússins hjá okkur að kenna. Það er stundum nokkur kliður og glymjandi.

Herra forseti. Ég á kannski ekki von á því að hæstv. ríkisstjórn, sem hefur strengt þess heit að koma ýmsum málum í gegn í dag, bæði gölluðum og ógölluðum, til þess eins að hanga saman, taki mikið mark á því sem er verið að benda hér á. Hins vegar held ég að það geti verið gagnlegt að hafa þær ábendingar í þingtíðindum ef menn kynnu að hafa tíma til að nota það einhvern tímann seinna.

Ég var, herra forseti, að ræða um frumkvæði einstaklinga til aðstoðar öldruðum. Ég var komin þar í málinu að ég fjallaði um þá möguleika sem kynnu að felast í því að hjúkrunarfræðingum og starfsfólki í umönnun væri gefinn kostur á að nýta heimild í almannatryggingalögum til að sinna störfum frá einkastöðvum eða á eigin vegum, praktísera eins og sagt er um lækna, að það væru fleiri heilbrigðisstéttir en læknar sem gætu unnið með þeim hætti til þess að hjálpa fólki sem er hjálpar þurfi og býr í heimahúsum. Mér er ljóst að það er ákvæði í þessu frv. um heimaþjónustu, en í því ákvæði er gert ráð fyrir að heilbrigðisþáttur þeirrar þjónustu sé einvörðungu veittur af starfsfólki heilsugæslustöðvar. Það er ágætt þegar starfsfólk heilsugæslustöðvar er nægilega margt og nægilega mörg stöðugildi þar, t.d. fyrir hjúkrunarfræðinga, og þau stöðugildi skipuð hjúkrunarfræðingum. Þá nægir þetta til að fullnægja eftirspurninni. En Alþingi tók afstöðu til þess fyrir þremur árum að þessi leið skuli einnig notuð og menn telja að hún komi sér einkar vel úti á landsbyggðinni.

Mér þykir ástæða til að vekja athygli á þessu nú því að ég held að í öllu því samningaflóði sem verið hefur til umræðu í þjóðfélaginu undanfarið hafi m.a. aftur komið upp á yfirborðið hugsanlegir samningar við hjúkrunarfræðinga, einmitt milli Tryggingastofnunar og hjúkrunarfræðinga, þannig að þeir gætu starfað eftir þessu ákvæði sem heimilar þeim að taka að sér verkefni án þess að viðkomandi hjúkrunarfólk sé fastir starfsmenn á stofnunum eða heilsugæslustöðvum. Ég held að þarna sé ein leiðin enn til að skapa fjölbreyttari úrræði til aðstoðar við aldraða og til að létta á stofnunum, ein leiðin enn sem ekki er vikið að í frv.

Ég vík þá frá 5. gr. sem vakti þessar hugleiðingar og að hinum næstu.

Ég fagna því að breytt var í hv. Ed. hver fjöldi væri í öldrunarnefndum. Ég hafði haft af því nokkrar áhyggjur að það gæti verið örðugt að komast að niðurstöðu ef fjöldi nefndarmanna stæði á jafnri tölu. Þessu hefur nú verið breytt þannig að meiri hluti getur ráðið. Þarna er auðvitað um að ræða nefndir sem verða að komast að niðurstöðu. Það dugar ekki að skilja við málin opin með einhverjum hætti.

Sama atriði og ég minntist áðan á, um heimaþjónustu, vaknar í huga mér þegar ég les 12. gr. frv. þar sem getið er um að það skuli styðja sveitarfélög, einkum dreifbýlissveitarfélög, til að koma á heimaþjónustu fyrir aldraða. Þetta er vissulega rétt og mikil þörf á þessu og þetta er meðal hlutverka Framkvæmdasjóðsins. En ég held að þarna vanti líka inn í fleiri aðila en sveitarfélög og hygg raunar að þó að þessa sé getið sé heimilt eftir lögunum að virkja einkaaðila í þessu skyni enda fyllsta þörf á því víða. A.m.k. megum við ekki ganga svo frá þessum lögum að slíku frumkvæði, hæfileikum og hjálp sem býr með einstaklingum og samtökum þeirra sé hafnað vegna of harðra ákvæða um forsjá hins opinbera. Þau mega alls ekki vera rækileg um of. Ég undirstrika það einu sinni enn. Það er einungis að menn hafi þetta í huga. Ég held að það hefði verið til bóta að þetta væri inni í frv., en mér er ljóst að svo seint sem þetta mál er fram komið kemst það ekki þar inn.

Ef ég má, herra forseti, nefna eitt atriði sem tengist því að ég minnist á hve seint frv. er fram komið, þá hlýt ég að geta þess að e.t.v. væri ekki erindi mitt hér í ræðustól það sama með ýmsar efnisábendingar ef staðið hefði verið að málum sem mér skildist á sl. hausti að ætlunin væri að gera, en þá voru þingflokkar beðnir um að kjósa af sinni hálfu menn í nefnd til að fara yfir frv. Ég lenti í því hlutverki af hálfu míns þingflokks og fagnaði því að sjálfsögðu að geta haft áhrif á framvindu þessa máls, sem ég tel skipta afar miklu, og bjóst því við að kallaður yrði saman fundur í þessu skyni, en svo varð ekki, a.m.k. barst það fundarboð ekki til mín. Þess vegna var það þegar leið fram á veturinn að ég undraðist það nokkuð og hélt að eitthvað hefði orðið til þess að hæstv. ráðherra hefði ákveðið að fresta frv. til næsta hausts og kom það þess vegna á óvart þegar það svo kom fram. En ég veit að á þessu er skýring. Hún kemur skýrt og greinilega fram í lokaákvæði frv., í gildistökuákvæðinu. Það er sem sé þannig að það var alls ekki ætlunin að láta frv. koma til framkvæmda fyrr en 1. jan. 1990, en það er hins vegar nýi skatturinn sem þurfti að

komast á og þess vegna er frv. drifið í gegn núna. Þetta stendur skýrum stöfum í 31. gr. frv.: „Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1990. Þó skal 1. tölul. 10. gr. öðlast gildi þegar í stað.“ Þetta var ástæðan fyrir því að umræðan varð áðan, og ekki að ófyrirsynju, að skattaumræðu. En það er ljóst að það er ekki ætlun hæstv. ríkisstjórnar að fresta heldur efnisatriðunum. Vissulega var þörf að framlengja efnisatriði núgildandi laga og ég gagnrýni það ekki að þeim sé að nokkru breytt, en mér þykir skipta miklu að þær breytingar verði til bóta og menn láti sér ekki sjást yfir þau atriði þar sem um er að ræða óvirkjaða möguleika í þjóðfélaginu eða möguleika þar sem einstaklingar hafa vilja, þekkingu og getu og eiga skilið stuðning til að veita þá þjónustu sem þeir eru reiðubúnir til með samtökum sínum eða sjálfir.

Í anda þessara hugleiðinga um frumkvæði einstaklinga vil ég nefna atriði í 17. gr. þar sem vissulega er getið um og tekið tillit til þess þegar menn eiga sjálfir sérstakar íbúðir fyrir aldraða eða þá hafa þær sem leiguíbúðir eða búseturéttaríbúðir. Í 4. tölul. 17. gr. segir: „Þar skal vera völ á sömu þjónustu og um getur í 1. tölul. 18. gr., annaðhvort í húsnæðinu sjálfu eða næsta nágrenni.“ Það er vissulega gott ef völ er á þeirri þjónustu. Það segir þó ekki í greininni hver á að sjá fyrir þeirri þjónustu. Það er sem sagt skylda einhvers að sjá fyrir því að völ sé á þessari þjónustu. Varla er sú skylda lögð á menn ef þeir eiga sjálfir íbúðir, að þeir sjái fyrir slíkum þjónustumiðstöðvum í hverfinu. Ég held að það hljóti að mega álykta að það sé sveitarfélagið sem eigi að sjá fyrir því þó að það sé í raun og veru fyrst og fremst heimaþjónusta skv. 15. gr. sem sveitarfélagið á að sjá fyrir. Í þessum tölulið er vísað í 1. tölul. 18. gr. þar sem talið er upp hvers konar þjónusta skuli vera í stofnunum fyrir aldraða samkvæmt lögunum. Þá er það skýrt hvers konar þjónusta á að vera, en að vísu ekki hver á að sjá fyrir þessari þjónustu. Hins vegar er það skýrt hver á að borga þessa þjónustu. Það eru þeir sjálfir sem búa í sjálfseignar-, leigu- eða búseturéttaríbúðum, nema heimaþjónustuna sem sveitarfélögin greiða. Aðra þjónustu eiga þeir sjálfir að borga, en í þjónustuhúsnæði aldraðra skv. 18. gr. á að greiða þetta eftir þeim reglum sem greitt er á stofnunum þannig að mismunað er þeim einstaklingum sem sjálfir hafa séð fyrir þessum íbúðum sérstaklega ætluðum fyrir aldraða, eiga þær sjálfir eða leigja þær sjálfir. Þeir skulu borga dýrari þjónustu heldur en hinir, þjónustan skal verða dýrari til þeirra.

Það má e.t.v. finna rök fyrir þessu, en ég held að þetta sé eitt af því sem dregur úr hvatningu til að búa sig sjálfir undir það sem bíður þeirra sem verða gamlir. En ég held að einmitt slík hvatning sé mjög mikilvæg og skilningur á því hefur farið vaxandi víðast hvar í þjóðfélagi okkar. Ég held að það hljóti í raun og veru að vera vilji til þess af hálfu hæstv. ráðherra og ráðuneytisins, en í frv. þar sem svona mörg einstök atriði eru upp talin má kannski vænta þess að eitthvað slíkt verði út undan.

Ljóst er að það er verulegur mismunur á kjörum manna sem hafa sjálfir lagt peninga sína í þessar íbúðir, eiga þær sjálfir, leigja þær eða eru í búseturéttaríbúðum og kostnaði þeirra af þjónustunni og svo hinna sem hafa komist inn í þjónustuhúsnæði sem heyrir undir 18. gr.

Ef þeir sem búa í húsnæði sem tilgreint er í 4. tölul. 17. gr. fengju kostnaðinn við þjónustuna að einhverju leyti niðurgreiddan, ef ég má orða það svo, af t.d. Tryggingastofnuninni, væri þar með verið að vinna að því að létta á ásókninni í stofnanirnar. Það hlýtur að stuðla að því að menn sækist frekar eftir því að komast inn á stofnanirnar ef það er fjárhagslega miklu hagkvæmara. Við getum ekki búist við því að fólk á ellilífeyrisaldri hætti allt í einu að hugsa um þá hlið málsins og jafnvel þvert á móti, þeim veitir oft og tíðum ekki af því svo lágar tekjur sem þeir oft og tíðum hafa. En það er líka þess að gæta að margir einstaklingar þeirrar kynslóðar eru e.t.v. stoltari gagnvart aðstoð hins opinbera en síðari kynslóðir. Þetta er fólk sem hefur vanist því að vinna hörðum höndum til að sjá fyrir sér. Það vill bjarga sér sjálft og býr heldur við erfiðan kost en vera upp á aðra komið. En ef það hins vegar liggur fyrir í lögum að þeir sem svo stendur á um eigi þennan rétt, þá horfir málið öðruvísi við. Þá er það sjálfsagður réttur en ekki nein ölmusa á neinn hátt. Það er réttur sem þetta fólk hefur unnið fyrir á langri ævi.

Spyrja má hvaða þjónusta það sé þá í húsnæði skv. 17. gr. sem væri ekki greidd en er í þjónustuhúsnæðinu skv. 18. gr. Það er t.d. varsla allan sólarhringinn og öryggiskerfi í hverri íbúð. Þetta eru hvort tveggja þættir sem geta dregið úr þörfinni á stofnanaþjónustunni. Ég held því að þetta skipti mjög miklu máli.

Í 17. gr. er enn fremur vikið að dagvist aldraðra sem ég raunar gat um áðan. Hér er þess vissulega getið að hún geti verið rekin sjálfstætt eða í tengslum við aðra starfsemi. Jafnframt er skilgreint, hvað teljist dagvist. Ég vona að þessi fáu orð hér, að dagvist geti verið rekin sjálfstætt, verði túlkuð svo að það verði heimilt að veita vissa fyrirgreiðslu út af dagvist einkaaðila, en ég hef tilhneigingu til að halda að hér sé fyrst og fremst átt við dagvist sem rekin er af hálfu hins opinbera. En það er sama. Mér finnst ástæða til að undirstrika að það sé möguleiki innan laganna að bjóða upp á fleiri úrræði, einmitt í samræmi við þá tilgangsgrein sem er í 1. gr., að sjálfsákvörðunarréttur aldraðra sé virtur.

Í 19. gr. frv. er talað um mat á vistunarþörf. Þegar mikil eftirspurn er eftir vistun í stofnunum og miklu meiri eftirspurn en hægt er að koma til móts við er það ljóst að þetta ákvæði skiptir verulegu máli, svo sannarlega, en hins vegar getum við ekki látið svo sem þetta mat hafi ekki farið fram. Það hefur verið í höndum stofnananna sjálfra og þeirra sérfróðu aðila sem þær hafa á að skipa. Ég spyr hæstv. ráðherra um hvort greinina um vistunarmat beri að skilja þannig að fólk geti ekki sótt um á tiltekinni stofnun sem það hefur af einhverjum ástæðum áhuga á að vera á, það kann að vera að náið skyldmenni sé á þeirri stofnun o.s.frv. Eða ber þetta svo að skilja að niðurstaða

vistunarmatsins kunni að verða sú að viðkomandi komist að á einhverri allt annarri stofnun? Mætti orða það svo að öll hugsanlega laus pláss væru sett í eina skál og síðan færi það eftir atvikum á hvaða stofnun viðkomandi gæti fengið pláss? Væri tekið tillit til óska viðkomandi um að vistast á tiltekinni stofnun?

Nú segir í grg. frv. að það séu vissulega stofnanirnar sjálfar sem ráði því hverja þær taki til vistar, en það er þó ekki öðruvísi en svo skilst mér á greinargerðinni að forstöðumenn eða stjórnir stofnana geti valið úr þeim nöfnum sem matsnefndin eða þeir sem annast vistunarmatið hafa sett á lista yfir fólk í því ástandi að það teljist hafa þörf fyrir þessa vistun. Mér virðist frumvarpsgreinin þýða þetta og þá er spurningin sú hvernig farið verði með framkvæmdina og hver verði ákvörðunarréttur stofnunar sem t.d. hefur verið sett á laggirnar af félagasamtökum fyrir meðlimi sína eða þá sem þeim tengjast. Getur stofnunin ákveðið hverjir af tilteknum aðilum sem stóðu á bak við hana eigi að hafa forgang til vistunar? Þetta er eitt þeirra atriða sem hafa hvatt fólk til að búa sig undir ellina. Verður slík starfsemi minna sjálfráð, ef svo má segja, en áður? Hér segir að í reglugerð skuli setja reglur um vistunarmat og framkvæmd þess og þar sem það er hlutverk ráðherra að setja reglugerð leyfi ég mér að spyrja um nánari útfærslu á þessu.

Enn fremur segir í sömu grein: „Hafi aldraður einstaklingur verið lengur en sex vikur á sjúkrahúsi án sérstakrar meðferðar skal þjónustuhópur aldraðra meta þörf einstaklingsins fyrir vistun á öldrunarstofnun."

Spurning mín í þessu sambandi er: Hver er það sem hefur frumkvæði að því að meta vistunarþörf á öldrunarstofnun þegar svona stendur á um einstakling? Er það læknir sjúkrahússins? Ef hann hefur ekkert hafist handa um að biðja um að meta vistunarþörf og hann telur ástæðu fyrir því að sjúklingur sé inni á stofnuninni og hafi ekki fengið sérstaka meðferð heldur þurfi að bíða eftir meðferð af einhverjum ástæðum getur þá þjónustuhópur aldraðra eða fulltrúi hans komið inn á sjúkrahúsið og sagt sem svo: Þar sem þér hafið, kæra frú, verið sex vikur án sérstakrar meðferðar hér á sjúkrahúsinu ætlum við að meta þörf yðar fyrir vistun á öldrunarstofnun. Svo verður niðurstaðan sú að viðkomandi þurfi að vistast á öldrunarstofnun og þar er kannski laust pláss og getur þá viðkomandi sagt við þessa frú: Ja, nú getum við flutt inn á þessa og þessa stofnun á morgun.

Það vakna ýmsar spurningar um stöðu einstaklingsins í þessu sambandi og líka um tengsl og samstarf milli stofnana. Ég veit eða þykist vita að þetta ákvæði hljóti að vera sett til að létta á sjúkrahúsunum, til þess að rýma pláss í sjúkrastofnunum fyrir bráðasjúkdóma. Þó er það ekki einhlítt. Það segir ekkert um það í greininni hver á að eiga frumkvæði í þessu sambandi. E.t.v. eru það aðstandendur sjúklingsins sem liggur inni á sjúkrastofnun. Þeir eru kannski ekki ánægðir með að „ekkert" hafi verið gert. Við þekkjum það þegar maður er veikur inni á sjúkrastofnun og hefur það helst á tilfinningunni ekkert sé gert í málinu, en læknisfræðilega niðurstaðan hefur kannski verið sú að það eigi einmitt ekkert að gera í málinu heldur bíða eftir að eitthvað jafni sig. Hvað þýðir þá orðið meðferð í þessu sambandi? Þetta var um 3. mgr. 19. gr.

Í 20. gr. er nýmæli sem ég vildi líka spyrja hæstv. heilbrmrh. um. Vafalaust er það nýmæli sett í þeim tilgangi að nýta betur fjármuni, en þó er það líka þess eðlis að það getur dregið úr frumkvæði áhugamannafélaga sem ég hélt að við værum öll sammála um að virkja. Þetta nýmæli er fólgið í því að áður en framkvæmdir hefjast við dagvist fyrir aldraða eða stofnun fyrir aldraða skv. 18. gr. skal afla framkvæmdaleyfis heilbrmrh. Beiðni um þetta framkvæmdaleyfi á að fylgja greinargerð um eigendur og fjárhagsástæður þeirra. Það greinir ekki frá því hvaða þýðingu þessir þættir hafa í beiðninni, þessar upplýsingar. Vel má vera að þetta sé jákvætt, en mér virðist þetta ákvæði þurfa nánari skýringar við. Hingað til hefur verið látið duga að sækja um rekstrarleyfi til heilbrmrh. og þá er farið yfir það af fagmönnum í ráðuneytinu að öll aðstaða og búnaður sé í því ástandi að það hæfi öldruðu fólki og sé því til hagræðis á allan hátt, aðgangur auðveldur o.s.frv. Það hefur líka gilt þegar sótt hefur verið um framkvæmdastyrk úr Byggingarsjóði aldraðra að þar hefur að sjálfsögðu þurft að leggja fram upplýsingar og áætlanir. En það er hins vegar nýtt að því er mér virðist, ég man ekki eftir öðru, það hefur a.m.k. ekki verið í lögum, að það skuli — hvort sem sótt er um styrk eða ekki — áður en framkvæmdir hefjast í öllu falli þurfa leyfi heilbrmrh. og upplýsingar um eigendur og fjárhagsástæður þeirra. Á þá að vísa fram skattframtölum? Mér virðist þetta ekki vera nægilega skýrt og ég vænti þess að hæstv. ráðherra skýri þetta nánar.

Að öðru leyti virðast mér ákvæði frv. fyrst og fremst vera sett með hagsmuni hinna öldruðu í huga og þau eru það auðvitað öll, en það má vel vera að alþingismenn sjái atriði sem þurft hefði að hafa í huga til viðbótar því sem hér er eða þurfi nánari skýringar og til þess erum við að fjalla um málið.

Ég kem þá að kaflanum um kostnaðinn við öldrunarþjónustu. Þar eru vissir ágallar. Viss mismunun á sér stað samkvæmt núgildandi lögum. Ætlunin hefur sjálfsagt verið að afnema hana með þessu frv. ef að lögum verður, en það er hins vegar ekki gert. Ég fæ ekki séð annað en að hér sé mismununin mikil og ekki minni en er að núgildandi lögum.

Í fyrsta lagi vil ég nefna 24. gr. þar sem talað er um dagvistina:

„Þeir sem þjónustu dagvistar njóta skulu taka þátt í kostnaði af dagvistinni að hámarki sem nemur einstaklingsgrunnlífeyri Tryggingastofnunar ríkisins. Að öðru leyti greiðist kostnaður vegna dagvistar af Tryggingastofnun ríkisins."

Þetta þýðir í framkvæmd að sá sem ekki er í sólarhringsvistun og stundar ýmiss konar tómstundastarf í dagvistarstofnun sem tengist þeirri stofnun, þ.e. sá sem býr í heimahúsi úti í bæ en kemur í

dagvistun, sem er mikilsverð starfsemi, greiðir þetta með grunnellilífeyrinum sínum. Þegar hann svo hefur greitt dagvistina þarf hann að greiða sitt heimilishald að öðru leyti, húsaleigu, ljós og hita o.s.frv., öll þau gjöld sem til falla á venjulegum heimilum. Ef þessi sami einstaklingur er hins vegar í sólarhringsvistun greiðir Tryggingastofnunin fyrir hann með þeim takmörkunum þó sem segir í 27. gr. Segjum að við séum að bera hér saman einstakling sem aðeins hefur tekjur frá Tryggingastofnun ríkisins. Hann lætur þennan stóra part af öllum tekjum sínum í dagvistina ef hann býr heima, en hann þarf ekki að greiða ef hann býr á sólarhringsvistun en fær að auki vasapeninga. Mér virðist að þarna sé of mikill munur á milli kostnaðarins við dagvistun og kostnaðarins við sólarhringsvistun.

Nú vil ég taka fram, hæstv. forseti og hæstv. ráðherra, ef ég má sérstaklega beina máli mínu til hans, að þetta mál mitt, sem vissulega er langt á þessum seinasta degi þingsins, er ekki fram sett til að tefja afgreiðslu þessa máls heldur af einlægum áhuga á því að nota þau úrræði sem hugsanleg eru til að ná tilgangi þessara laga sem er að gera fólki kleift og hvetja það til að lifa sem lengst eðlilegu heimilislífi og að virða sjálfsákvörðunarrétt þess svo sem verða má. En ein af aðferðunum til þessa og einna mikilvægasta aðferðin er sú að styðja við alla þá möguleika sem eru til þess að fólk hafi þá aðstöðu að það þurfi ekki að leita til stofnunar. Ein af þeim aðferðum er að taka þátt í kostnaðinum við dagvistun. Ég held að þess hafi ekki verið gætt í frv. Hér gerum við ráð fyrir því að svo miklu dýrara verði hið daglega líf þess sem býr í heimahúsum í samanburði við þá sem eru á sólarhringsstofnun. Og annað atriði: Fyrst ég er komin að því að tala um vissa mismunun milli einstaklinga er ljóst að þarna kemur líka til athugunar að dvalarkostnaður fyrir aldraða á stofnunum skv. 18. gr., þar á meðal í þjónustuhúsnæði fyrir aldraða, er greiddur af Tryggingastofnun ríkisins, en ef hið sama fólk býr í sjálfseignar-, leigu- eða búseturéttaríbúðum fyrir aldraða borgar það sjálft. Þarna er líka of stórt stökk á milli.

Viss undantekning frá þessu er þó í 27. gr. þar sem á að skattleggja nýjan hóp aldraðra fyrir vist sinni á dvalarheimili. — Ja, nú þykir mér heldur fækkað hófaljóni. (**Forseti:** Nú?) Nú sakna ég hæstv. trmrh. því að hér er komið að máli sem ég má til með að ræða við hann. Það er þó huggun harmi gegn að hv. 10. þm. Reykv., sem er formaður stjórnar ríkisspítalanna, er kominn í salinn því að þetta tengist áhugamálum þeirra stofnana. (**Forseti:** Það er verið að sækja ráðherrann. En ég þykist vita að formaður stjórnar ríkisspítalanna sé reiðubúinn að hlusta á meðan.) Það er best að ég taki þann kafla þessara athugasemda sem menn hafa fjallað hér um og kallað í hálfkæringi sjúklingaskattinn.

Einu sinni voru menn, a.m.k. sumir hverjir, á því að taka upp það fyrirkomulag að þeir sem legðust um stundarsakir á sjúkrahús tækju þátt í fæðiskostnaði, kostnaði við það fæði sem þeir sjálfir neyttu. Rökin fyrir þessu voru þau að það þyrftu menn að gera ef þeir væru utan sjúkrahúsa og þetta var miðað við þá sem ekki misstu tekjur á meðan. Ég var ekki hrifin af þessu ákvæði af því að ég taldi að þarna kæmi til alls kyns vigtun á efnahag manna í tilefni af því að þeir yrðu veikir eða legðust á sjúkrahús og mér þótti það allt of flókið mál til að það væri skynsamlegt að fara út í það. En hvað sem því líður er sá skattur eða sú gjaldtaka sem lögð er til í þessu frv. að því leyti til miklu verri að hér er um að ræða fólk sem er ekki inni á stofnun um stundarsakir. Hér er um að ræða fólk sem verður að una þarna ævi sinnar daga og fer ekki aftur út á vinnumarkaðinn að afla sér tekna. Í hinu tilfellinu, þó að það væri ekki skemmtilegt, var þó verið að tala um fólk sem var í launuðum störfum og fór aftur út á vinnumarkaðinn eftir nokkra dvöl inni á sjúkrahúsi. Hér er verið að tala um aldrað fólk sem hefur í sveita síns andlitis reynt að leggja eitthvað fyrir til elliáranna. Af því kann það að hafa einhverjar vaxtatekjur eða einhverjar húsaleigutekjur. Þær skulu allar renna til stofnananna. En hafi fólk ekki gert þetta er dvölin að fullu greidd og vasapeningar að auki. En ég var að tala um 27. gr. Og af því að mönnum hefur orðið tíðrætt um það sem þeir kalla sjúklingaskatt var ég að bera ákvæðið í þessari grein saman við það sem einu sinni var kallað sjúklingaskattur. Ég tek fram að sjálf var ég ein af þeim sem þótti svo krataleg í hugsun, eins og sumir vinir mínir sögðu einhvern tímann, að ég var ekki hrifin af þeirri hugmynd. En hvað um það. Það voru skiptar skoðanir um það, líka vegna framkvæmdaatriða. En sú hugmynd hafði þó það fram yfir þetta að þar var um að ræða fólk sem var í störfum, missti ekki einu sinni tekjur sínar á meðan það lá inni á sjúkrastofnun og kom aftur út á vinnumarkaðinn eftir að það hafði legið inni á sjúkrastofnun um stundarsakir og aflaði sinna tekna. En í þessu tilfelli erum við að tala um fólk sem er farið út af vinnumarkaðnum og er á stofnuninni á sínu ævikvöldi og mun ekki þaðan fara út á vinnumarkaðinn.

Þetta fólk vill ríkisstjórn félagshyggju skattleggja og láta það borga það sem það kann að hafa unnið sér fyrir með miklu erfiði og samviskusemi og í sjálfstæðisviðleitni hefur það verið að leggja fyrir til elliáranna, hefur kannski einhverjar tekjur af sparifé eða húsaleigutekjur, svo og tekjur úr lífeyrissjóði. Það stendur í mörgum tilfellum svo á að þetta fólk þarf að leggja allar þessar tekjur til vistheimilisins vegna ákvæðisins sem skyldar það. Það er ekki einungis að það sé heimilt eins og í núgildandi lögum að taka gjald heldur er það skylt eftir þessu frv. Það er skylt að greiða. Þess hefur ekki einu sinni verið gætt að breyta ákvæðinu um vasapeninga í þessu sambandi því að þeir sem hafa búið sig með þessum hætti undir ellina hafa engan rétt til vasapeninga sem svo eru nefndir inni á stofnuninni þó svo að allar tekjurnar fari til greiðslu vegna þess að ákvæði laganna og frv. sem við erum með segir skýrum stöfum að þeir sem hafa ekki aðrar tekjur en bætur almannatrygginga fá ráðstöfunarfé frá Tryggingastofnun eða með öðrum

orðum vasapeninga. Og ég spyr hæstv. ráðherra: Ætlar hann virkilega að standa að því að sá sem hefur aðrar tekjur, sem fara kannski allar í dvalarkostnaðinn, fái ekki eyri í vasapeninga?

Þetta er viðhorf hæstv. ríkisstjórnar til þeirra sem hafa sjálfir oft og tíðum af veikum burðum og miklu erfiði verið að búa sig undir elliárin. Þetta eru kveðjurnar sem fólkið fær eftir langan og erfiðan vinnudag.

Þessi hugmynd er að mínu viti vanhugsuð og siðferðilega röng. Hún felur í sér mismunun sem ég hélt að ekki mundi verða samþykkt á Alþingi og sýnir hræsnina sem býr oft í fagurgalanum hjá þeim sem telja sig mæla á vegum hinna svokölluðu félagslegu afla eða félagshyggju hvað sem það nú þýðir. Það er sennilega þessi grautur sem ríkisstjórnin núna samanstendur af.

Ég held að velferðinni sé miklu betur borgið með því að viðurkenna og koma til móts við þá sem sjálfir leggja eitthvað af mörkum í því að búa sjálfa sig og meðbræður sína og systur undir ellina með sjálfboðaliðastarfi, með vilja og vinnu og þeirri hugsun að þeir vilji sem minnst upp á hið opinbera vera komnir, enda hafa þeir þann skilning á því að svo tröllaukin verða verkefni hins opinbera á þessu sviði á næstu áratugum að lögum að svona skipulagsbreytingar og hólfaskiptingar og hvaða nefnd gerir hvað leysir ekki það mál. Það þarf að virkja vilja og getu allra góðviljaðra manna í þessu skyni og ekki einungis stofnanir hins opinbera.

Það eina sem segir í 27. gr. frv. til skýringar á þessu ákvæði er þetta, með leyfi hæstv. forseta: „Setja skal með reglugerð nánari ákvæði um þátttöku vistmanna í greiðslu dvalarkostnaðar, m.a. um hækkun viðmiðunartekna." Það eru viðmiðunartekjurnar sem menn hafa fyrst og fremst í huga. En hvað þá með hina þættina? Hvað þá með þá sem þurfa að rísa undir ýmsum kröfum samfélagsins sem ekki eru orðaðar í lögum en eiga við fólk almennt, ekki síst þá sem eiga stórar fjölskyldur, hvort sem þeir eru inni á stofnun eða ekki, og leggja stolt sitt í að geta risið undir vissum óbeinum kröfum eða eigin áhuga á að sinna ýmsum af sínum nánustu? Slíkt kostar auðvitað fé.

Ég legg enn áherslu á þetta atriði í 27. gr. vegna þess að mér virðist það vera ljóst í greinargerðinni að þar séu skýringar sem geta valdið misskilningi, geta gert þetta ákvæði miklu sakleysislegra en það er í raun og veru. Í greinargerð frv. á bls. 8 segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Önnur meginbreyting frv. felst í fyrirkomulagi greiðslu vegna dvalar á öldrunarstofnunum.

Þrátt fyrir ákvæði gildandi laga um málefni aldraðra er enn við lýði sú regla að aldraðir greiði hlutdeild í dvalarheimiliskostnaði hafi þeir lífeyrissjóðstekjur umfram frítekjumark. Þeir sem ekki hafa aðrar tekjur en bætur almannatrygginga fá ákveðna fjárhæð á mánuði frá Tryggingastofnun ríkisins og stofnunin annast greiðslu vistkostnaðar með svokallaðri elliheimilisuppbót.

Þetta fyrirkomulag hefur sætt mikilli gagnrýni af tveim ástæðum. Í fyrsta lagi sökum þess að þeir sem hafa lífeyrissjóðstekjur og greiða dvöl sína sjálfir hætta því ef heilsa versnar og þeir flytjast yfir á þyngra og dýrara þjónustustig. Þá tekur sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins við greiðslu hjúkrunarkostnaðar og lífeyrissjóðstekjur renna óskertar til hins aldraða. Í öðru lagi" — ég er enn hæstv. forseti að lesa upp úr greinargerðinni — „hefur gagnrýnin beinst að því að það skuli eingöngu vera lífeyrissjóðstekjur sem með þessum hætti hafa áhrif á hvort hinn aldraði greiði fyrir dvalarheimilisdvöl. Aldraður einstaklingur, sem hefur engar lífeyrissjóðstekjur en e.t.v. verulegar skattfrjálsar eignatekjur, sætir ekki sömu meðferð. Hann heldur eignatekjum sínum óskertum og Tryggingastofnun ríkisins greiðir dvalarheimilisdvöl hans að fullu auk þess sem hann fær mánaðarlega ráðstöfunarfé frá Tryggingastofnun ríkisins."

Hér lýkur þessari tilvitnun minni, hæstv. forseti. Hvernig ætlar svo hæstv. ríkisstjórn að bæta úr því misrétti sem hér er greint frá? Er það með því að létta einhverju af greiðsluskyldunni hjá þeim sem hafa greitt í lífeyrissjóð? Nei, það er nú ekki aldeilis þannig heldur á að stækka þann hóp sem rukkaður er með svipuðum hætti og líka þann hóp sem er með það sem í frv. er kallað „verulegar skattfrjálsar eignatekjur". Það hlýtur þá að teljast verulegt þó að það sé skattfrjálst, þó að það sé ekki hærra en svo. Annars er engin skýring á því. Það er því ljóst að breytingin sem í frv. er eykur á misréttið en dregur ekki úr því. Hún eykur á misréttið á þann veg að hún stækkar þann hóp aldraðra sem beittur er misrétti að því leyti til sem svo er ástatt um að hann greiðir dvölina, en af því að hann hefur aðrar tekjur en tekjur Tryggingastofnunar skal hann ekki fá þá fyrirgreiðslu sem þeir fá sem einungis hafa tryggingastofnunartekjur, þ.e. ekki vasapeningana. Ég sé ekki að lögin heimili það óbreytt. Þessu tel ég að sé nauðsynlegt að breyta og ég treysti því að hæstv. ráðherra sjái um það í velvilja sínum og get ekki ímyndað mér annað en að allar breytingar til bóta mundu frekar flýta fyrir frv. en hitt. En aðalatriðið er að auðvitað er engin ástæða til að hraða í gegnum þingið frv. svona seint fram komnu sem aðeins á að taka gildi að því er hina nýju skattlagningu varðar. Það er bara það atriði sem á að taka gildi. Hitt á hvort sem er að liggja til áramóta.

Auðvitað veit ég að það er skrautfjöður fyrir hæstv. ráðherra að geta sagt: Nýtt frv. um málefni aldraðra kom í gegn. Þetta hljómar vel. En ég held að sú fjöður yrði til meiri prýði ef gætt væri að því að færa þau ákvæði sem við höfum hér bent á í áttina til meira réttlætis.

Ég hef lokið þessu máli, herra forseti.

Umræðu frestað.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frh. einnar umr.

Stjfrv., 204. mál (heildarlög). — Þskj. 1220 (sbr. 838), brtt. 1225, 1241.

Sighvatur Björgvinsson (frh.):

Herra forseti. Ég var þar kominn í ræðu minni að ég óskaði eftir því að hæstv. félmrh. yrði kallaður í salinn. Það var verið að ræða um þær undanþágur sem til stendur að veita sláturhúsum og mjólkurstöðvum í frv. þessu. Ég hafði spurt eftir því, m.a. hjá hv. formanni félmn. þessarar deildar, hvernig bæri að túlka þessar undanþágur við framkvæmd laganna, hvort það bæri að túlka þær þröngt eða rúmt. Með þröngri túlkun á ég við það hvort heimildin til niðurfellingar á aðstöðugjöldum gagnvart sláturhúsum eigi eingöngu að ná til hefðbundinna verkefna sláturstöðvar, en ekki t.d. til kjötvinnslu eða frekari iðnaðarvinnslu á kjöti.

Fyrri túlkunin, þ.e. að túlka undanþáguna aðeins þannig að hún nái til hefðbundinna viðfangsefna sláturstöðvar, er þröng túlkun. Hin túlkunin, að heimildin nái til þess að undanþiggja frekari framleiðslu sem kynni að vera stunduð af sláturhúsum, svo sem kjötvinnslu, pylsugerð, bjúgnagerð, áleggsframleiðslu o.s.frv., er rúm túlkun. Ég leit svo á að samkomulag stjórnarflokkanna um þessar undanþágur væri fólgið í þröngri túlkun en ekki rúmri.

Sama á við um mjólkurstöðvarnar. Þar er þröng túlkun sú að heimildin nái aðeins til niðurfellingar aðstöðugjalds hvað varðar hefðbundnar framleiðsluvörur mjólkurbúa, þ.e. framleiðslu á nýmjólkurafurðum, svo sem smjöri, rjóma, ostum, jógúrt og öðru slíku. Það er þröng túlkun. Rúm túlkun væri hins vegar ef þessi heimild ætti að ná til annarrar framleiðslu úr mjólkurafurðum sem gæti t.d. verið bakarí eða sælgætisgerð úr mjólk og mjólkurafurðum o.s.frv.

Hv. formaður félmn. staðfesti mína túlkun á því að það sem á bak við byggi þá heimild sem hér væri verið að veita væri hin þrönga túlkun. Því var andmælt af einum fulltrúa í félmn. Þess vegna tel ég að rétt sé að hæstv. ráðherra, sem mun annast um framkvæmd þessara laga, svari þessari einföldu spurningu: Til hvaða þátta á þessi undanþága að ná gagnvart sláturhúsum og mjólkurstöðvum? Á hún að miðast við hina þröngu túlkun, sem ég hef þegar rakið og tel að samkomulag sé um og er sannfærður um það að t.d. hv. þm. sem nú gengur í salinn er mér sammála um, eða nær hún til hinnar rúmu túlkunar sem raunverulega er svo rúm að hún hefur engan enda? Lengi má framleiða vöru sem eitthvert brot af mjólk eða kjöti er í og ef hin rúma túlkun ætti að gilda mundi það þýða að aðferðin til að taka allan kjötiðnað á Íslandi og allan iðnað úr mjólk, þurrmjólk, smjöri eða mjólkurafurðum, svo sem eins og sælgætisiðnað o.fl., undan aðstöðugjaldsálagningu væri sú að annars vegar sláturhús og hins vegar mjólkurstöðvar sæju um þessa framleiðslu. Sér hver og einn að slíkt er óeðlilegt því þá skapast óeðlilegt misvægi t.d. milli kjötiðnaðarstöðva annars vegar sem reknar væru af sláturleyfishöfum og sláturhúsum og kjötiðnaðarstöðva hins vegar sem reknar eru af öðrum aðilum. Þá mundi skapast óeðlilegt misræmi einnig á milli t.d. sælgætisframleiðslu sem rekin væri á vegum mjólkurstöðvar og sælgætisframleiðslu sem rekin væri á vegum annars aðila.

Ég ætla, herra forseti, ekki að hafa fleiri orð um þetta. Ég vil að það liggi klárt fyrir um hvað samkomulagið var gert. Ég óska eftir því að hæstv. félmrh. svari því og veiti upplýsingar um það hvort framkvæmdin verður með þeim hætti að stuðst verði við hina þröngu túlkun eða hina rúmu túlkun. Svar félmrh. mun ráða því hvernig atkvæði mitt fellur um brtt. Geirs Haarde.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Um það hefur verið spurt til hvaða starfsemi sláturhúsa og mjólkurbúa undanþága aðstöðugjalda nái. Það er mín skoðun að það sé ekki gert ráð fyrir breytingum frá því sem verið hefur á framkvæmdinni að því er varðar undanþágur á sláturhúsum og mjólkurbúum nema áréttað er að undanþágan nái einungis, eins og fram kemur í brtt. eins og hún kemur í Nd., til framleiðslu mjólkur og mjólkurafurða. Ég taldi nauðsynlegt að fá það skýrt fram vegna þessarar fyrirspurnar sem fram kom hvernig framkvæmdin hefur verið á þessu hingað til að því er varðar undanþágur hjá sláturhúsum og mjólkurbúum á að greiða aðstöðugjöld. Túlkun á framkvæmdinni liggur fyrir og hef ég fengið hana frá Ævari Ísberg ríkisskattstjóra og hún er í þessa veru, með leyfi hæstv. forseta: Að því er varðar sláturhúsin hefur undanþágan náð til hefðbundinnar starfsemi sláturhúsa. Hafi annar rekstur verið í húsnæði sláturhússanna, t.d. kjötvinnsla, hefur viðkomandi aðili skilað sérstöku aðstöðugjaldsuppgjöri og þá verið lagt á hann aðstöðugjald í samræmi við það.

Varðandi mjólkurbúin hefur það sama átt við. Undanþágan hefur einungis náð til mjólkur og mjólkurafurða. Ágreiningur hefur reyndar komið upp um hvort telja eigi ís mjólkurafurð. Með hæstaréttardómi nr. 101/1964 var úrskurðað að svo væri. Ávaxtagrautar, ávaxtasafi og brauðgerð hafa hins vegar verið aðstöðugjaldsskyld. Þetta er áréttað enn frekar í brtt. meiri hl. félmn. og fram kemur á þskj. 1194. Í þessu sambandi er rétt að vísa til 6. gr. reglugerðar um aðstöðugjald nr. 81/1962 sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Nú hefur gjaldandi margþættan atvinnurekstur eða starfsemi þannig að rekstrarútgjöld hans falla undir fleiri en einn gjaldflokk samkvæmt 10. gr. eða ef einhverjir þættir starfseminnar eru undanþegnir aðstöðugjaldi, sbr. 5. gr., og skal hann þá senda með skattframtali sínu fullnægjandi grg. um hvaða útgjöld hans tilheyri hverjum einstökum gjaldflokki er sveitarstjórn hefur ákveðið og hvað sé vegna gjaldfrjálsrar starfsemi. Ef slík greinargerð fylgir ekki framtali eða ef hún er í verulegum atriðum röng eða ófullnægjandi skal skattstjóri áætla skiptinguna ef unnt er, annars

ákveða gjaldið í þeim gjaldflokki sem hæstur er. Nú eru einhver útgjöld sameiginleg fyrir fleiri gjaldflokka, svo sem yfirstjórn fyrirtækis, skrifstofuhald o.s.frv., og skal þá skipta slíkum kostnaði í hlutfalli við sérkostnað hvers þáttar starfseminnar."

Ég tel að það sé alveg skýrt hvernig framkvæmdin hefur verið á þessu og hef ég vitnað til túlkunar vararíkisskattstjóra í því sambandi og vona ég að þessi niðurstaða skýri og taki af allan vafa um hver er skilgreiningin á þessu máli að því er undanþágurnar varðar hér.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég tel ástæðu til að þakka hæstv. ráðherra fyrir þessa skilgreiningu sem sýnir ljóslega að það upphlaup sem hér varð í sambandi við þetta mál var algerlega óþarft. Það hefur enginn verið að túlka þessa grein mér vitanlega þannig að það ætti að fara að taka upp aðra siði en hafa verið í framkvæmd þessa máls frá fyrstu tíð, frá því að aðstöðugjaldið var lagt á þessa starfsemi. Það hefur aldrei verið breytt út frá því og það var nauðsynlegt að fá upp hvort það væri verið að túlka einhverjar nýjar aðferðir hér. Með því sem hæstv. ráðherra hefur sagt og vitnaði í Ævar Ísberg skattstjóra er augljóst mál að það er ekki verið að breyta nokkrum sköpuðum hlut. Það er verið að staðfesta að þetta frv. hafi ekki í sér neina breytingu. Þess vegna er allt þetta tal um þetta mál algerlega óþarfi.

Ég get bætt því við að það dettur engum manni í hug að sláturleyfishafa sem slátrar sé ekki heimilt að taka aðrar umbúðir utan um kjötið en bara strigapoka eða eitthvað þess háttar. Markaðssetning fylgir frá sláturleyfishafanum þannig að smásalinn tekur við eða heildsalinn eða hvernig sem það er. (**SighB:** Það er ekkert í kjötvinnslunni.)

Þetta er engin breyting á því sem hefur verið og ég fagna því að það hefur komið hér skýrt fram svo að menn þurfa ekki að vera að vaða í villu um hvað hér er um að ræða. Það er nauðsynlegt þegar upp kemur misskilningur að láta leiðrétta hann á eðlilegan máta og það tel ég að hæstv. ráðherra hafi gert og ég þakka fyrir það.

Ég vildi undirstrika þetta svo að þessum þætti málsins væri endanlega lokið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Félagsmálaskóli alþýðu, 2. umr.

Stjfrv., 430. mál. — Þskj. 924, n. 1190, 1207 og 1215, brtt. 1216.

Frsm. meiri hl. félmn. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Félmn. hefur fjallað um frv. til l. um Félagsmálaskóla alþýðu og leggur meiri hl. nefndarinnar til að það verði samþykkt eins og það kemur frá Ed. Eftirtaldir komu á fund nefndarinnar til viðræðna um frv.: Helgi Guðmundsson frá ASÍ, Þorvarður Elíasson frá Verslunarskóla Íslands, Sólrún B. Jensdóttir frá menntmrn., Þórarinn V. Þórarinsson og Hrafnhildur Stefánsdóttir frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Ásdís Sigurjónsdóttir og Gunnar Haraldsson frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Margar athyglisverðar ábendingar komu fram sem meiri hl. sér þó ekki ástæðu til að fjölyrða um, en vill leggja áherslu á að skólinn verði opinn öllum sem áhuga hafa á að stunda það nám sem hann býður upp á.

Guðrún Helgadóttir var fjarstödd lokaafgreiðslu málsins, en er samþykk efni frv. Undir þetta rita Jón Kristjánsson, Eggert Haukdal, Alexander Stefánsson og Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Frsm. 1. minni hl. félmn. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. 1. minni hl. hv. félmn. hefur skilað nál. á þskj. 1190 þar sem lagt er til að þessu máli verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Sá sem hér stendur er einn í þessum minni hl., en hv. fulltrúi Kvennalistans skipar 2. minni hl. nefndarinnar.

Ég sé ekki ástæðu til að eyða miklu af dýrmætum tíma deildarinnar í þetta vandræðamál. Ég hef skrifað langt og ítarlegt nál. þar sem það er rökstutt hvers lags fjarstæða er að ætla að setja lög um þennan skóla sem svo er kallaður. Það er enginn ráðherra við þegar verið er að fjalla um þetta mál, en vill ekki félmrh. þá næst beita sér fyrir því að það verði sett lög til að mynda um Stjórnmálaskóla Sjálfstfl. eða Námsflokka Reykjavíkur eða fleiri aðila sem standa fyrir alls kyns námskeiðahaldi í landinu?

Ég tel að hér sé farið inn á mjög varhugaverðar brautir eins og rökstutt er í mínu áliti. Ég tel að það eigi að vera metnaður verkalýðshreyfingarinnar að reka sína starfsemi sjálfstætt óháð ríkisvaldinu og það sé rangt að hlaða þessari starfsemi í öllu sínu veldi yfir á ríkið.

Það er rétt og það er eðlilegt að styðja þessa starfsemi, hlynna að henni með framlögum úr ríkissjóði, en það er rangt að setja um hana sérstök lög þannig að ríkið taki á sig ábyrgðina á starfsemi sem þessari. Ég gæti eytt hér einhverjum tíma í að fara yfir einstakar greinar í þessu frumvarpi, en ég læt mér nægja að vitna til þeirra athugasemda sem ég hef gert í mínu nál. Ég sé að félmrh. er komin í salinn. Ég var með fyrirspurn til hæstv. ráðherra, og hún getur svarað því úr sæti sínu eða úr stólnum ef hún vill, hvort næsta skref í lagasetningu í þessum dúr sé að setja lög um Stjórnmálaskóla Sjálfstfl. (**Félmrh.:** Nei.) Nei, af hverju ekki? Ég tel að það væri alveg rökrétt framhald á þessu máli að tína til alls kyns aðila og setja um þá sérstök lög.

En að öllu gamni slepptu, virðulegur forseti, tel ég að hér sé verið að gefa afar óheppilegt fordæmi alveg án þess að ég sé að gera lítið úr þeirri starfsemi sem þarna fer fram sem á að sjálfsögðu fullan rétt á sér og hefur gefið góða raun og hefur gert mörgum mannin-

um betur kleift að átta sig á ýmsu því námsefni sem þar er boðið upp á til að mynda í sambandi við kjarasamninga og þau flóknu mál sem snúa að ýmsu því er fram fer á vinnumarkaðnum.

Ég ætla eingöngu, herra forseti, að lesa niðurlag þessa nál., niðurstöðuna, ég hirði ekki um að lesa allar hinar blaðsíðurnar í þessu nál. en vísa mönnum á þær. Niðurstaðan er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Að öllu þessu samanlögðu er það niðurstaða undirritaðs að rangt sé að setja sérstök lög um Félagsmálaskóla alþýðu. Jafnframt þykir vera sýnt fram á að frumvarp þetta er vanhugsað og illa undirbúið að flestu leyti. Þessi niðurstaða dregur hins vegar í engu úr því að á vegum Félagsmálaskóla alþýðu hefur til þessa farið fram merkt fræðslustarf sem sjálfsagt er að halda áfram að styðja með árlegu framlagi á fjárlögum. Til að tryggja sem best slíkan stuðning er einfaldast að gera samning hliðstæðan þeim sem menntmrn. hefur gert við Slysavarnafélag Íslands um öryggismála- og slysavarnakennslu og birtur er hér sem fylgiskjal. Undirritaður leggur til að slíkur samningur verði gerður við aðstandendur Félagsmálaskóla alþýðu og að frumvarpi þessu verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Í framhaldi af þessu vil ég benda á það, herra forseti, sem fram kom í máli frsm. meiri hl. nefndarinnar og fram kemur í nál. meiri hlutans. Þar er mjög fróðleg setning, svofelld með leyfi forseta: „Margar athyglisverðar ábendingar komu fram sem meiri hl. sér þó ekki ástæðu til að fjölyrða um."

Margar athyglisverðar ábendingar komu fram sem meiri hl. sér þó ekki ástæðu til að fjölyrða um. Það vill svo vel til að ég var viðstaddur þetta nefndarstarf og hlýddi á þessar ábendingar og veit nákvæmlega hverjar þær eru og veit líka að margar þeirra hníga mjög í sömu átt og athugasemdir mínar um þetta mál. En að meiri hl. ríkisstjórnarinnar í þingnefndinni fari eitthvað að skipta sér af því er af og frá. Það er ekki ástæða til að fjölyrða um svoleiðis, eins og segir í nál., kemur bara ekki til greina.

Ég hlýt að fordæma þessi vinnubrögð með fullri virðingu fyrir mínum góðu félögum í hv. félmn. Eg veit að þeir telja sig vera í erfiðri stöðu vegna þess að ríkisstjórnin hefur lofað aðstandendum þessa máls því í tengslum við kjarasamninga að þetta mál nái fram að ganga, telja sig bundna því loforði. En það fer ekkert á milli mála að í þessu frumvarpi eru mörg varhugaverð atriði sem snerta framkvæmd, stjórn, fjárhagsleg tengsl og margt fleira þess háttar fyrir utan það prinsipmál að setja lög um starfsemi sem þessa og setja verkalýðshreyfinguna í enn ríkari mæli á framfæri ríkisins. Ég tel að það sé rangt.

Ég vil að lokum segja að ég mun styðja brtt. sem fulltrúi Kvennalistans í hv. félmn. hefur lagt fram, Kristín Einarsdóttir 12. þm. Reykv., en þær hníga að því að flytja forræði skólans undir menntmrn. eins og annað skólahald í landinu. Um það er sérstakur kafli í mínu nál. sem ég vísa til í því sambandi.

Frsm. 2. minni hl. félmn. (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nál. 2. minni hl. félmn. á þskj. 1215 og brtt. á þskj. 1216. Félmn. hefur rætt þetta frv. og kallaði, eins og fram hefur komið, fulltrúa á sinn fund frá ASÍ, VSÍ, menntmrn., Verslunarskólanum og Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Meiri hl. nefndarinnar hefur mælt með því að frv. verði samþykkt óbreytt, en 2. minni hl. sem sú sem hér stendur stendur að, leggur til brtt. við frv.

Það vekur líka furðu mína eins og hv. 17. þm. Reykv. sú setning sem kemur fram í nál. meiri hl. um að margar athyglisverðar ábendingar hafi komið fram sem ekki sé ástæða til að fjölyrða um. Ein af þeim ábendingum sem komu fram var sú sem kemur fram í brtt. á þskj. 1216 þar sem talað er um að þessi skóli muni falla undir menntmrn. En frv. felur í sér að sett verði lög um Félagsmálaskóla alþýðu sem hefur starfað á vegum Alþýðusambands Íslands frá því árið 1975. Menningar- og fræðslusamband alþýðu, sem var stofnað árið 1969, hefur farið með málefni skólans og hefur verið unnið mikilvægt og gott starf á vegum hans. Hann hefur gefið fólki úr röðum ASÍ tækifæri til að fara í gegnum nám sem eflir sjálfstraust þess og öryggi og til þess að fjalla af öryggi um ýmis þau mál sem stéttarfélög þurfa að fást við. Kennslan hefur farið fram í námskeiðum um félagsmál, verkalýðsmál og þjóðmál. Skólinn hefur í mörgum tilfellum ýtt undir að fólk hefji nám að nýju eftir margra ára hlé þannig að þessi skóli hefur unnið mjög mikilvægt og merkilegt starf og vil ég síst af öllu draga úr því hversu mikilvægt það starf er sem þarna hefur farið fram. Þó ég ætli nú ekki að fara að vitna í það beint langar mig að benda á grein í Morgunblaðinu fimmtudaginn 4. maí sl. þar sem Árni Johnsen lýsir því starfi sem þar fer fram og hefur rætt við fjölmarga þeirra sem hafa þar verið á námskeiði. Kemur mjög vel fram í þeirri grein hversu mikilvægt það starf sem fram fer er þeim sem þar hafa stundað nám. Þessi skóli hefur gert mjög margt gott.

Ég efast samt um að það þurfi endilega að vera skólanum til góðs að setja lög um skólann. En aðstandendur skólans telja að það skipti mjög miklu máli og langar mig til að vitna í það sem fram kemur í máli Tryggva Þórs Aðalsteinssonar í greininni í Morgunblaðinu frá fimmtudeginum 4. maí, en þar segir, með leyfi forseta: „Lögbundinn skóli gæti boðið upp á mun breiðara nám fyrir fólk sem af ýmsum ástæðum fór ekki í frekara nám að loknu skyldunámi."

Þeir telja sem sagt að þessi skóli mundi verða betri og gefa meiri möguleika ef hann væri lögbundinn. Þó að ég sjái ekki alveg hvernig það muni gerast hef ég ekki talið eðlilegt að vera á móti því að lög verði sett um skólann.

Eins og segir í athugasemd við frumvarpið hefur nú tekist samvinna milli ASÍ og BSRB um skólann. Samkvæmt frumvarpinu er miðað við að starf skólans verði tvíþætt. Annars vegar fræðsla eins og hingað til hefur verið veitt um hina íslensku og alþjóðlegu verkalýðshreyfingu og viðfangsefni hennar og hins

vegar kennsla í almennum greinum. Því virðist vera stefnt að því að stofnaður verði eins konar lýðháskóli þar sem nemendur geta jafnhliða fræðslu sem tengist starfi í verkalýðshreyfingunni notið fjölbreyttrar kennslu sem geti að hluta eða öllu leyti verið hliðstæð *námi í öðrum skólum og metin til jafns við það*. Þetta er í samræmi við það sem kom fram í grein Árna Johnsen í Morgunblaðinu þar sem aðstandendur skólans telja að þeir geti boðið upp á fjölbreyttara nám ef um lögbindingu verður að ræða þó að ég skilji ekki tenginguna þar á milli.

Eðlilegt er að skólinn lúti almennum reglum um skólahald svo sem skóli þjóðkirkjunnar í Skálholti, Verslunarskóli Íslands og Samvinnuskólinn. Það kom fram í máli þeirra sem komu á fund nefndarinnar að þeir teldu þetta að öllu leyti eðlilegt. M.a. kom það fram í máli fulltrúa ASÍ sem kom til fundar við nefndina, sem var Helgi Guðmundsson. Hann sagði að hann teldi eðlilegt að skólinn lyti almennum reglum um skólahald þó hann hefði að vísu lýst sig andvígan því að þessi skóli félli undir menntmrn.

Frv. gerir hins vegar ráð fyrir því að skólinn heyri undir félmrn. og eins og ég sagði áðan hafa engar viðhlítandi skýringar eða haldbær rök fengist fyrri slíkri tilhögun. Að mínu mati er eðlilegt að þessi skóli heyri undir menntmrn. eins og stefnan hefur verið um flesta skóla hér á landi. Eftir því sem mér er kunnugt eru það eingöngu búnaðarskólarnir sem ekki falla undir menntmrn. Sterk rök eru fyrir því að yfirstjórn skólamála falli undir eitt og sama ráðuneytið. Það skapar í senn betri tengsl milli skóla og gerir samvinnu milli þeirra auðveldari. Slík skipan tryggir líka mun betur en ella rétt nemenda gagnvart hinu almenna skólakerfi og að námsáfangar í félagsmálaskólanum falli að námi í öðrum skólum og fái viðurkenningu.

Þetta kom m.a. fram hjá Sólrúnu Jensdóttur í menntmrn. sem kom á fund nefndarinnar. Hún taldi einnig að það fjármagn sem til skólans verður varið nýttist betur ef skólinn væri tengdur hinu almenna skólakerfi og að auðveldara yrði fyrir skólann að koma á námskeiðum úti um land. Talaði hún þar sérstaklega um nýtingu á skólahúsnæði úti á landi og fleiri atriði sem mundu verða miklu hagkvæmari ef *þarna yrði um samvinnu og samnýtingu að ræða*.

Ég hef því flutt brtt. sem koma fram á þskj. 1216 þar sem lagt er til að menntmrn. taki að sér það hlutverk sem félmrn. er falið samkvæmt frumvarpinu.

Í 1. lið er talað um að í 3. gr. frv. muni síðasta málsgreinin hljóma þannig ef breytingin verður samþykkt, með leyfi forseta: „Nánari ákvæði um námsefni og námstilhögun skulu sett í reglugerð sem menntmrh. setur að fenginni tillögu skólanefndar og þá í stað félmrh."

Í 5. gr. er aftur talað um að félmrh. skipi sjö manna nefnd, en að öðru leyti kemur félmrh. ekki við sögu í þessu frv.

Það hefði kannski verið eðlilegra að kveða ákvæðnar á um þetta atriði og segja hreint út að skólinn heyrði beint undir menntmrn., en t.d. í lögum um Skálholtsskóla, sem voru höfð til hliðsjónar við samningu þessa lagafrumvarps, er tekið fram að skólinn heyri undir menntmrn. en ekki kirkjumrn. sem hefði þá kannski verið eðlilegt ef sama stefna ætti að vera uppi og fram kemur í þessu frumvarpi.

En ég tel að brtt. í 1. tölul. og 3. tölul. muni taka af öll tvímæli og tel það vera svo ótvírætt að það ætti að vera ljóst að þessi skóli heyrði þá undir menntmrn.

Í 3. tölul. brtt. er síðan lagt til að í stað félmrn. sem á að ákveða námsframboð og reglugerðir verði það menntmrn. sem það muni gera.

Ég tel þó ekki óeðlilegt að félmrh. eigi aðild að skólanefndinni. En í 5. gr. frv. er fjallað um hverjir skipa skólanefndina og er talað um að það verði sjö manna skólanefnd. Skulu fjórir nefndarmenn tilnefndir af Menningar- og fræðslusambandi alþýðu, einn tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands og einn af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Í greininni er ekki gert ráð fyrir að menntmrn. eigi neina aðild að skólanefndinni þannig að þó að lagt sé til í 5. gr. að í stað orðsins „félagsmálaráðherra" komi: menntamálaráðherra tel ég ekki óeðlilegt að félmrn. eigi aðild að þessari skólanefnd og hef því lagt til að félmrh. tilnefni einn í skólanefndina, en að Menningar- og fræðslusamband alþýðu tilnefni eingöngu þrjá nefndarmenn í stað fjögurra eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu til þess að talan sjö haldist þannig að skólanefndin verði áfram sjö manna eins og gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi. Ég hef ekki talið ástæðu til að breyta því.

Þar eð rekstrarkostnaður verður að fullu greiddur úr ríkissjóði ef þetta frv. verður að lögum telur 2. minni hl. sjálfsagt og gerir ráð fyrir að skólinn verði öllum opinn. Þetta er í samræmi við það sem kemur fram í nefndaráliti félmn. og var öll nefndin sammála um að þetta atriði væri sjálfsagt ef af þessari breytingu verður. Það er mjög óeðlilegt, ef ríkissjóður kostar til þessa skóla á sama hátt og annarra skóla, að hann sé ekki öllum opinn. En það mætti lesa út úr 1. gr. þar sem talað er um að á vegum Alþýðusambands Íslands og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja starfi þessi skóli að hann sé ekki opinn öðrum þó svo að 2. gr. taki kannski af öll tvímæli, en þar segir: „Hlutverk skólans er að *mennta fólk úr samtökum launafólks*." Ég lít svo á að þarna verði um víða túlkun að ræða þannig að það séu ekki eingöngu félagsmenn úr þessum tvennum fyrrnefndu launþegasamtökum sem hafa aðgang að skólanum.

Í frumvarpinu er ekki talað um skilyrði fyrir skólavist. Í lögum um Skálholtsskóla, sem ég hef minnst á og eru sögð vera höfð til hliðsjónar, er tekið fram *hverjir geta fengið skólavist og er ekki takmörkuð* innganga í skólann. Það er eingöngu aldurstakmark og að nemendur hafi lokið skyldunámi, en það eru ekki aðrar takmarkanir svo sem eins og það að vera í þjóðkirkjunni eða eitthvað þess háttar þó svo þetta sé skóli kirkjunnar. Þess vegna verður að túlka þetta þannig að skólinn verði öllum opinn eins og meiri hl. nefndarinnar gerir í sínu nál.

Jafnframt verður að líta svo á að um stofnkostnað kennsluhúsnæðis gildi sömu reglur um þennan skóla og aðra skóla á framhaldsskólastigi varðandi kostnaðarskiptingu þegar lög um framhaldsskóla koma til framkvæmda. Þetta er eitt af þeim atriðum sem voru rædd í nefndinni. Þetta ákvæði kemur fram í 8. gr.: „Þó skal framlag ríkissjóðs samkvæmt stöðlum A og B hér að framan miðast að hámarki við kostnað í ríkisskólum á framhaldsskólastiginu." Þetta er svipað og gildir um Skálholtsskóla, Verslunarskóla Íslands og Samvinnuskólann þar sem sams konar ákvæði eru í lögum. Vegna þess að þetta var til umræðu í nefndinni var farið að líta aðeins á þetta og talið ótvírætt að um þennan skóla ættu að gilda sömu reglur og um aðra.

Í lögum um framhaldsskóla sem samþykkt voru á Alþingi 9. maí 1988 er gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði 60% kostnaðar og í 37. gr. laganna segir, þar sem talað er um Verslunarskólann og Samvinnuskólann, að „um fjárveitingar úr ríkissjóði gilda sömu ákvæði og um aðra framhaldsskóla varðandi rekstrar- og stofnkostnað, sbr. 3. og 32. gr., enda hafi menntmrn. samþykkt áætlun um rekstur skólanna og fé verið veitt á fjárlögum fyrir stofnkostnaðinum. Framlög ríkisins samkvæmt þessari grein miðast við að skólar þessir starfi í samræmi við meginstefnu þessara laga og samkvæmt námsskrá og reglugerðum sem settar verða."

Mér er ekki alveg ljóst hvernig þetta mun koma út þar sem ekki er talað um menntmrn. í þessu lagafrv., en í 38. gr. laganna um framhaldsskóla segir, með leyfi forseta:

„Alþingi ákveður framlag ríkissjóðs til skóla á framhaldsskólastigi sem stofnaðir eru af einkaaðilum eða samtökum með hliðstæðum hætti og nú er um Verslunarskóla Íslands og Samvinnuskólann, enda uppfylli þessir skólar sams konar skilyrði um námsframboð og kennsluskipan og hafa hlotið starfsleyfi menntmrn. Ekki eiga einkaskólar kröfu til styrks af almannafé."

Ég lít þess vegna svo á þar sem vitnað er svo mikið til greinargerðar um Verslunarskóla Íslands og Samvinnuskólann að þetta sé sambærilegt.

Ég fjölyrði ekki svo mikið um þetta nú eingöngu vegna þess að ég lít svo á, eins og fram hefur komið, að þessi skóli eigi að falla undir menntmrn., ekki síst með tilliti til þeirra breytinga sem virðast eiga að fara fram á skólanum. Talað er um að hann muni breyta um starfssvið og verða eins konar lýðháskóli og þá væntanlega taka upp kennslu á miklu víðara sviði en hann hefur gert. Þá tel ég að það sé mjög mikilvægt fyrir nemendur þegar þeir fara í slíkan skóla að þeir geri sér grein fyrir sínum rétti og viti á hvern hátt námið sem þeir eru að fara í er metið til áfanga í framhaldsnámi. Þess vegna tel ég mjög mikilvægt að þessi skóli lúti sömu reglum og aðrir skólar og falli undir menntmrn.

Mig langar í þessu sambandi til að benda á eitt mál sem kom fram á 108. löggjafarþingi um fullorðinsfræðslu sem tengist þessu máli á vissan hátt. Sérstaklega hef ég þá í huga þá breyttu skipan sem þarna virðist eiga að vera á Félagsmálaskólanum. Ég er þá ekki að tala um það starfsform sem núna er heldur það sem virðist eiga að taka upp. Það er till. til þál. um fullorðinsfræðslulög en 1. flm. var Guðrún J. Halldórsdóttir sem hefur starfað mjög mikið að þessum málum. Hún hefur lýst yfir, og ég tek mjög undir það, ánægju sinni með þennan skóla sem ASÍ hefur starfrækt og telur hann vera mjög mikilvægan sem hluta af fullorðinsfræðslu. Mig langar aðeins til að minna á þetta í þessu sambandi án þess að ég ætli að fara nánar út í þetta og benda á að í tillögum sínum hafði hún gert ráð fyrir að hluti af fullorðinsfræðslu væri félagsleg menntun í tengslum við atvinnulífið m.a. og í samvinnu við heildarsamtök launþega. Hún er mjög hlynnt því starfi sem þarna er unnið og sem við reyndar erum allar kvennalistakonur, en við teljum varhugavert að kljúfa þetta frá hinu almenna menntakerfi. Það er það sem ég vil fyrst og fremst leggja áherslu á.

Ég ítreka að ég er mjög hlynnt því starfi sem þarna fer fram og hef þar af leiðandi talið eðlilegt að styðja frv. þó að mér sé ekki alveg ljóst af hverju það er svo mikilvægt fyrir þennan skóla að hafa lög. Það er ekki svo að ég telji að það muni verða honum til trafala. En ég efast því miður um að þetta verði honum til eins góðs og virðist vera talið af þeim sem að þessum skóla standa og kom fram m.a. í þeirri blaðagrein sem ég vitnaði til áðan.

Mig langaði að lokum, herra forseti, að vekja athygli á því að þær athyglisverðu ábendingar sem komu fram á fundum nefndarinnar voru flestallar í þá átt að á frv. þyrfti að gera verulegar breytingar. Því miður taldi meiri hl. félmn. sér ekki fært að gera það af einhverjum ástæðum sem ég skal ekki fara út í hér. Þeir geta sjálfir skýrt það. Því miður er það oft þannig að við erum neydd til að afgreiða mál sem kannski meiri hluti nefndar telur að væru betur komin á annan hátt án þess að vera á neinn hátt á móti þeim sem slíkum.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég stend einungis upp vegna þeirrar brtt. sem fram er borin af hv. síðasta ræðumanni. Í því sambandi vek ég athygli á því að í þeirri brtt. er lagt til að það hlutverk sem félmrn. er ætlað í þessu frv. heyri undir menntmrn. Ég tel nauðsynlegt að það komi fram í því sambandi að það er eindreginn vilji verkalýðshreyfingarinnar að þetta falli undir félmrn. en ekki menntmrn. eins og lagt er til í þeirri breytingu og það hefur verið margyfirlýst og ítrekað af verkalýðshreyfingunni. Hún telur, sem auðvitað er rétt, að hér sé um vinnumarkaðsmálefni að ræða og í löndunum í kringum okkur þar sem slík starfsemi fer fram, t.d. starfsmenntun í atvinnulífinu, heyrir hún undir vinnumarkaðsráðuneyti. Ég vil líka benda á í því sambandi að Alþýðusambandið hefur líka ályktað að því er varðar starfsmenntun í atvinnulífinu, en í félmrn. er núna í undirbúningi frv. í því sambandi um starfsmenntun í atvinnulífinu. Þar hefur einmitt

verkalýðshreyfingin eða ASÍ árérttað og lagt áherslu á að sá málaflokkur heyri undir félmrn.

Ég taldi nauðsynlegt að það kæmi fram við þessa umræðu vegna þeirrar brtt. sem lögð er til af hv. þm. Kristínu Einarsdóttur.

Frsm. 2. minni hl. félmn. (Kristín Einarsdóttir):

Herra forseti. Mér er ljóst að verkalýðshreyfingin hefur talið eðlilegt að þessi skóli félli undir félmrn. eins og fram kemur í athugasemdum við 5. gr. frv. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Í greininni er m.a. kveðið á um það að félmrn. fari með vinnu, þar á meðal stéttarfélög launafólks og atvinnurekenda. Enn fremur er gert ráð fyrir margvíslegum afskiptum félmrn. af vinnumálum og samráði við launasamtök aðila vinnumarkaðarins í X. kafla laganna nr. 13 frá 1979, um stjórn efnahagsmála.

Með tilliti til þeirra umræðna sem áttu sér stað um fyrri frv. um þetta málefni kom til álita að skólinn heyrði til verksviðs menntmrn., en eðli málsins samkvæmt er komist að þeirri niðurstöðu að réttara væri að hann heyrði undir félmrn."

Það stendur „eðli málsins samkvæmt". Ég sé ekki alveg hvað er eðli málsins samkvæmt, sérstaklega ekki ef á að breyta þessum skóla, útvíkka hans verksvið sem ég er síst af öllu á móti. Ég tel alls ekki fráleitt að þarna verði meiri menntun eins og gert er ráð fyrir í 3. gr. Í 1. mgr. 3. gr. segir, með leyfi forseta:

„Félagsmálaskóli alþýðu skal veita fræðslu um hina íslensku og alþjóðlegu verkalýðshreyfingu og viðfangsefni hennar, sögu, skipulag, starfshætti og stefnu. Veita skal fræðslu á sviði félagsfræði og hagfræði auk meginatriða íslenskrar félagsmálalöggjafar."

Þetta hefur mér skilist eftir bestu upplýsingum að væru aðalviðfangsefni Félagsmálaskóla alþýðu núna, en síðan er talað um að heimilt sé að veita fræðslu í almennum námsgreinum svo sem stærðfræði, íslensku og erlendum tungumálum. Það er greinilegt að þarna er verið að auka verksvið skólans og færa hann miklu nær hinu almenna menntakerfi. Það er sjálfsagt og eðlilegt, en um leið verður staða nemenda miklu erfiðari.

Hæstv. ráðherra sagði að í öðrum löndum félli samsvarandi skólar undir ráðuneyti atvinnumála. Í Danmörku er skóli, Arbejdsmarkedets Undervisningscenter, sem heyrir undir vinnumálaráðuneytið eins og hæstv. ráðherra sagði. Núna er talað um að tengja þann skóla hinu almenna skólakerfi og sérstaklega þó öldungadeildum og fullorðinsfræðslu eins og ég tel mjög eðlilegt, en þá rekast menn á vandamál. Þessi skóli, sem gæti þá verið samsvarandi Félagsmálaskóla alþýðu, er núna í vandræðum vegna þess að hann fellur ekki undir menntmrn. í Danmörku. Ég held að það sé ekki rétt að það hafi reynst vel þó svo það geti verið rétt að það hafi gert það á einhverjum stöðum. Að því leyti til eru það ekki rök í málinu þó einhverjir aðrir hafi gert slíkt vegna þess að þeirra reynsla er ekki góð af þeirri skipan. Þess vegna tel ég að við eigum að sameinast um að breyta þessu ákvæði og setja skólann undir menntmrn., ekki síst með rétt nemenda í huga.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. í nál. 1190 um að vísa frv. til ríkisstjórnarinnar felld með 26:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KrP, MB, MÁM, ÓE, PJ, RH, ÞP, BÍG, VI, FrS, GHH, HJ.

nei: JK, JónS, JSS, KE, KH, MálmS, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, SighB, SV, NL, SJS, AðB, AS, BB, EH, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, HG, JóhS, JBH, KJóh.

4 þm. (RA, ÞÞ, ÁrnG, IBA) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 25:5 atkv.

2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.

Brtt. 1216,1 felld með 21:13 atkv.

3.–4. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 1216,2 felld með 23:9 atkv.

5. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 1216,3 felld með 22:11 atkv.

6.–9. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 29:1 atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frh. einnar umr.

Stjfrv., 204. mál (heildarlög). — Þskj. 1220 (sbr. 838), brtt. 1225, 1241.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1241 samþ. með 34 shlj. atkv.

Brtt. 1225 felld með 21:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RH, ÞP, BÍG, VI, FrS, GeirG, GHH, HJ, KrP, KE, KH, MB, MÁM, MálmS, ÓE, ÓÞG.

nei: RA, SighB, SV, NL, SJS, AðB, AS, BB, EH, GB, GGÞ, GuðnÁ, HG, JóhS, JBH, JK, JSS, ÓÞÞ, PP, PJ, KJóh.

GHelg, JónS greiddu ekki atkvæði.

3 þm. (ÞÞ, ÁrnG, IBA) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Við 2. umr. í hv. deild var tillaga sama efnis til umræðu og afgreiðslu. Þá gerði hæstv. utanrrh. svo grein fyrir atkvæði sínu, með leyfi forseta:

„Það er sjálfsögð regla að fyrirtæki lúti sömu reglum að því er varðar álagningu aðstöðugjalda. Þessu mun hafa verið breytt í Ed. frá upphaflegri mynd. Það er ekki í rétta átt. Ég segi því já."

Ég geri þessi orð utanrrh. að mínum og segi já.

Hjörleifur Guttormsson:
Herra forseti. Ég vísa til þess, sem fram kom í umræðu af minni hálfu, að ég tel eðlilegt að fram fari endurskoðun þessa máls sem hér eru greidd atkvæði um þegar á næsta þingi og þá með tilliti til bæði skattlagningar á þau fyrirtæki sem í hlut eiga svo og varðandi verðlagningu á afurðunum, og í trausti þess að það verði gert segi ég nei.

Frv., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. til Sþ.

NEÐRI DEILD

109. fundur, föstudaginn 19. maí, að loknum 108. fundi.

Loftferðir, 3. umr.

Stjfrv., 439. mál (vinnuumhverfi áhafna). — Þskj. 1138.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1309).

Félagsmálaskóli alþýðu, 3. umr.

Stjfrv., 430. mál. — Þskj. 924.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 23:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1310).

Almannatryggingar, 3. umr.

Frv. KP o.fl., 443. mál (heilsutjón vegna læknisaðgerðar). — Þskj. 1275.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 34 shlj. atkv. og endursent Ed.

Þjóðarbókhlaða og endurbætur menningarbygginga, ein umr.

Stjfrv., 374. mál. — Þskj. 1226 (sbr. 1098).

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):
Herra forseti. Sú breyting sem Ed. gerði á frv. var að breyta stjórn í sjóðnum, þ.e. í stað þess sem Nd. ákvarðaði, að í stjórn sjóðsins sætu formaður og varaformaður fjvn., leggur Ed. til að í stjórn sjóðsins sitji þrír menn kjörnir af Alþingi. Við í fjh.- og viðskn. teljum að þetta sé eðlileg breyting og eðlilegt skipulag og þar sem hlutur stjórnarandstöðu er betur tryggður en með hinu laginu föllumst við á brtt. Ed. og leggjum til að frv. verði samþykkt í deildinni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 26:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1306).

Lánskjör og ávöxtun sparifjár, 2. umr.

Frv. EH, 210. mál. — Þskj. 343, n. 1269.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):
Herra forseti. Á þskj. 1269 liggur fyrir álit meiri hl. fjh.- og viðskn.

„Nefndin hefur athugað frumvarpið á fundum sínum og telur að í því sé að finna mjög þarfa ábendingu um afnám lánskjaravísitölu.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið í stjórnarsáttmála sínum að koma í veg fyrir víxlhækkun verðlags og lánskjara. Það verður ekki gert nema með afnámi lánskjaravísitölu. Þess vegna leggur nefndin til að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Undir þetta rita Páll Pétursson, Guðmundur G. Þórarinsson, Ragnar Arnalds og Matthías Bjarnason með fyrirvara.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Eins og fram kom í nál. því sem hv. 1. þm. Norðurl. v. skýrði hér frá skrifaði ég undir það álit með fyrirvara. Fyrirvarinn felst í því að ég er langt frá því að vera ánægður með þá breytingu sem gerð var á lánskjaravísitölunni á sl. vetri, en hins vegar tel ég að með tilliti til þeirrar breytingar sem og ýmislegs annars sé nauðsynlegt að fram fari alger endurskoðun á lánskjaravísitölunni. Hins vegar ber ég afar lítið traust til hæstv. ríkisstjórnar og því býst ég ekki við mjög miklu af henni í þessum efnum. Það er kannski séstaklega þess vegna sem ég skrifa undir með fyrirvara að ég get ekki verið að skyggja á gleði og traust þeirra hinna sem enn þá bera eitthvert traust til ríkisstjórnarinnar að þessu máli sé til hennar vísað.

Eggert Haukdal:

Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hv. fjh.- og viðskn. fyrir afgreiðslu málsins. Ég hefði að sjálfsögðu viljað að hún hefði tekið fullkomlega undir frumvarpið og mælt með því, en eigi að síður er þetta nokkur afgreiðsla. Í nefndarálitinu segir:

„Ríkisstjórnin hefur ákveðið í stjórnarsáttmála sínum að koma í veg fyrir víxlhækkun verðlags og lánskjara.“ Í þessu hefur blessaðri ríkisstjórninni gengið illa til þessa. En ég undirstrika næstu setningu hv. nefndar: „Það verður ekki gert nema með afnámi lánskjaravísitölu að ná þessu markmiði.“ Þarna eru stór orð sett fram af merkum þingmönnum á hv. Alþingi og ég vil undirstrika þá skoðun þeirra sem þarna kemur fram. Þeir eru sumir, þessir blessaðir menn, í stjórnarliði og er þess að vænta að þeir fylgi því eftir að ríkisstjórnin afnemi lánskjaravísitölu.

Hæstv. forsrh. hefur margsagt um það mál sem hér liggur fyrir að það sé eitt hið merkasta mál sem lagt hefur verið fram á Alþingi. Ég undirstrika þessi orð hans og vona að hann og stjórnarliðið taki til óspilltra málanna.

Frá því að þetta frv. var lagt fram í fyrra og endurflutt nú hefur það haft mjög góð áhrif og það hefur verið unnið eftir því nánast að hluta frá því að það var lagt fram. Það er í 4. gr. lagt til að taka upp gengistryggingu sparifjár. Það hefur verið heimild í Ólafslögum allt frá því að þau voru sett að þetta yrði notað. Það var ekki framkvæmt fyrr en með reglugerðarákvæði hæstv. viðskrh. Jóns Sigurðssonar, ekki fyrr en eftir að þetta frv. var lagt fram. Á þessu vil ég vekja athygli.

Ég þakka nefndinni og endurtek þakkir fyrir afgreiðslu málsins. Ég vona að hv. Alþingi og hæstv. ríkisstjórn taki nú til hendinni í þessu máli og afnemi lánskjaravísitölu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. í nál. 1269 um að vísa frv. til ríkisstjórnarinnar samþ. með 23 shlj. atkv.

Sjúkraliðar, ein umr.

Stjfrv., 229. mál (verkstjórn og starfsábyrgð). — Þskj. 1272.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. heilbr.- og trn. (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Hv. heilbr.- og trn. hefur talað saman um þá breytingu sem gerð var á frv. til l. um breytingu á lögum nr. 58/1984, um sjúkraliða, en sú breyting er fólgin í því að inn í frv. eins og það kom frá Nd. er í síðasta málsl. 2. mgr. 5. gr. laganna bætt við því sem þar segir: „Þar sem hjúkrunarfræðingur hefur ekki fengist til starfa að undangenginni auglýsingu getur sjúkraliði borið ábyrgð á störfum sínum gagnvart þeim sérfræðingi sem hlotið hefur viðurkenningu heilbrigðisráðuneytisins.“ Síðan hljóðaði textinn þannig: „Þó skal slík skipan ekki standa lengur en eitt ár í senn og er þá skylt að auglýsa á ný eftir hjúkrunarfræðingi“. Inn í þessa setningu hefur verið sett: „Þó skal slík skipan háð samþykki heilbr.- og trmrn. og ekki standa lengur en eitt ár“ o.s.frv. Við getum fyrir okkar leyti fallist á þessa breytingu.

Önnur breytingin er að við gildistökugreinina bætist eftirfarandi ákvæði: „Lög um sjúkraliða nr. 58/1984, með síðari breytingum, skal endurskoða fyrir 1. janúar 1992.“

Hv. heilbr.- og trn. Nd. er tilbúin til að greiða þessari breytingu atkvæði svo að þetta frv. megi verða að lögum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1308).

Framhaldsskólar, 2. umr.

Stjfrv., 454. mál (rekstrarkostnaður, skólanefndir o.fl.). — Þskj. 1187 (sbr. 814), n. 1264, 1270 og 1290.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. menntmn. (Ragnar Arnalds):

Herra forseti. Menntmn. hefur fjallað um frv. til l. um breytingu á lögum um framhaldsskóla, en frv. þetta er komið frá Ed. og hefur hlotið þar afgreiðslu. Bæði í efrideildar- og neðrideildarnefndinni komu allmargir til viðtals við nefndarmenn þótt vissulega verði að viðurkenna að frv. var svo seint á ferðinni hér í deildinni að ekki gafst nema ein morgunstund til að ræða þetta mál sem vissulega hefði verið ástæða til að kanna enn betur. Á fund nefndarinnar komu Ingvar Ásmundsson, formaður Félags skólameistara, Jón Böðvarsson, fyrrum skólameistari, Stefán

Ólafur Jónsson, deildarstjóri í menntmrn., Andrés Magnússon, námsráðgjafi við Fjölbrautaskólann í Ármúla, og Magnús Guðjónsson, formaður Sambands ísl. sveitarfélaga.

Meiri hl. nefndarinnar mælir með því að frv. verði samþykkt óbreytt, en minni hl. nefndarinnar skilar séráliti.

Frsm. 1. minni hl. menntmn. (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. 1. minni hl. menntmn. á þskj. 1270. Eins og fram kom hjá frsm. meiri hl. nefndarinnar, hv. 4. þm. Norðurl. v., er hér um mál að ræða sem ástæða hefði verið til að kynna sér og athuga dálítið betur, en menntmn. þessarar hv. deildar fékk ekki nema rúman klukkutíma í morgun til að fjalla um málið og verður að segja að það var hvergi nærri upplýst, þetta mál, og ýmis vafaatriði varðandi framkvæmd þeirra breytinga sem hér eru lagðar til. Það er með öllu ófært og ég vil ítreka það sem allt of oft er sagt á hv. Alþingi að málsmeðferð hinna þýðingarmiklu mála er fyrir neðan allar hellur. Mál þetta var mjög seint fram komið og síðan er ekki gefinn nema klukkutími til að fjalla um málið þegar það er knúið út úr nefnd.

Ég vek líka athygli á því að hæstv. menntmrh. er ekki viðstaddur þessa umræðu. Mér er kunnugt um að hann er ekki í bænum og ég geri ekki kröfu til þess að hann verði viðstaddur þessa umræðu og hann veit það, en ég bendi þó á hversu mikið flýtisverk er hér á ferðinni að knýja þetta mál fram hvað sem það kostar á þeim stutta tíma sem eftir lifir þingsins.

Undir álit 1. minni hl. ritar auk mín hv. 3. þm. Reykv. Ragnhildur Helgadóttir og ég vil leyfa mér að lesa álitið upp:

„Á sl. vori voru sett heildarlög um framhaldsskóla. Á bak við þá lagasetningu var mjög mikil vinna ótal aðila svo árum skipti. Það hafði því verið mikið vandaverk að samræma sjónarmið og laða menn til samstarfs, svo ólíkar skoðanir sem uppi eru og hafa raunar alltaf verið uppi um stefnu í skólamálum og framkvæmd hennar, verkaskiptingu milli skólastiga og milli skóla á sama skólastigi og loks milli ríkis og sveitarfélaga. Það gat því enginn búist við því að allir yrðu að öllu leyti ánægðir með framhaldsskólalögin. Á hinn bóginn er vafalaust að sú skoðun sé yfirgnæfandi meðal skólamanna að nauðsynlegt sé að látið verði á þau reyna áður en þeim er breytt, en óráðlegt að hlaupa til nú með hvatvíslegar breytingar þó svo að nýr maður hafi sest í stól menntmrh. sl. haust. Það sýnir best hvílíkt flýtisverk frumvarpið er að það var fyrst í þriðju prentun sem ráðherra hafði gert upp við sig hver endanleg gerð þess yrði. Þá er ósamræmi í texta 7. gr. frv. og greinargerðar sem ekki hefur verið skýrt.

Lögin um framhaldsskóla byggjast á margvíslegum málamiðlunum sem mjög erfitt var að ná. Það er þess vegna í senn ótraustvekjandi og lýsandi fyrir vinnubrögðin að þess skuli hvergi getið hver samdi frv. né hvernig það er undirbúið. Hitt liggur ljóst fyrir að með frv. er dregið úr sjálfstæði skólanna og horfið frá þeirri stefnu, sem hvarvetna hefur gefist vel, að láta sveitarstjórnir skipa meiri hluta skólanefnda og treysta þannig samstarf skólanna við borgarana.

Frv. kom seint fram og hefur ekki hlotið þá faglegu umfjöllun í nefnd sem nauðsynleg er. Nefndin fjallaði um málið á einum fundi sem stóð í rúman klukkutíma. Enginn fulltrúi kennara hefur fjallað um málið og sagt álit sitt á því og er þó ljóst að með frv. er verið að breyta verulega réttarstöðu kennara að því er snertir ráðningu þeirra. Stefnt er að því að að fella niður setningu í störf og gera skipun að undantekningu. Aðalreglan verði hins vegar ráðning, en samkvæmt stjórnarfarsrétti er það mun laustengdara samband milli ríkis og starfsmanna en skipun og jafnvel setning. Það er vítavert að slík grundvallarbreyting sé samþykkt án nokkurs samráðs við samtök kennara. Þá hefur komið fram að Samband ísl. sveitarfélaga hefur lýst andstöðu við 4. gr. frv.

Þá er og ljóst að mjög eru skiptar skoðanir um flest aðalefnisatriði frv. og alls ekki hafa fengist skýringar á þeim atriðum.

Með hliðsjón af framansögðu leggur 1. minni hl. til að frv. verði afgreitt með svohljóðandi rökstuddri dagskrá:

Þar sem ekki hefur fengist reynsla af lögum um framhaldsskóla og frv. það, sem hér liggur fyrir, hefur hvorki fengið nægilegan undirbúning né þá faglegu umfjöllun sem ætlast er til af þingnefndum er frv. vísað frá og næsta mál tekið á dagskrá."

Við 1. umr. þessa máls gerði ég mjög ítarlega grein fyrir þeim efnisatriðum sem fjallað er um í þessu frv. og afstöðu minni til þeirra efnisatriða og ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það sem ég sagði þá í langri og ítarlegri ræðu. Ég vil hins vegar benda á að það er ljóst að það hafa orðið mikil sinnaskipti hjá ýmsum stjórnmálaflokkum varðandi þetta mál. Þannig hafa Alþfl. og Framsfl. kúvent í afstöðu sinni til mikilvægra þátta í sambandi við framhaldsskóla með því að samþykkja frv. sem hér liggur fyrir og Alþb. er mjög á reiki um sína stefnu. Það kom reyndar glögglega í ljós á þinginu í fyrra að það var flutt sérstakt frv. um framhaldsskóla sem hv. 4. þm. Norðurl. v., frsm. meiri hl. nefndarinnar, var 1. flm. að og þær brtt. voru fluttar að miklu leyti hér í Nd. Síðan voru fluttar aðrar brtt. í Ed. sem gengu í allt aðrar áttir þannig að það er ljóst að Alþb. á mjög erfitt með að fóta sig í þessum mikilvæga málaflokki þar sem eru framhaldsskólar og framhaldsskólalög.

En ég vil að lokum ítreka og leggja alveg sérstaka áherslu á það að nú á þessum viðkvæma tíma þegar kjarasamningar kennara hafa staðið yfir alveg þar til í gær hefur því verið alfarið neitað að fá kennara til viðtals um þetta mál, þ.e. framhaldsskólakennara. Að vísu var fulltrúa þeirra gefinn kostur á að koma á fundinn í morgun, en þar sem mjög er annasamt í skólunum eftir langt verkfall tókst ekki að fá fulltrúa kennara til viðtals. En auðvitað hefði ekki átt að afgreiða þetta mál öðruvísi en ræða um það við kennara og ekki síst vegna þess að í þessu frv. er

veruleg breyting á réttarstöðu kennara. Ég vek sérstaklega athygli á því. Það er verið að hverfa frá því að um setningu í stöðu geti verið að ræða og því jafnframt lýst yfir á nefndarfundi í morgun eins og sjá má í greinargerð að skipun í stöður mun heyra til undantekninga eftir að þetta frv. hefur verið samþykkt, en hins vegar tekið upp það sem kallað er ráðning og hana munu skólameistarar framkvæma, en við vitum að á þessu er verulegur munur. Ég vil í þessu sambandi vitna í Ólaf Jóhannesson í hans stjórnarfarsrétti þar sem hann skýrir hvað átt er við þegar fjallað er um það í lögum um opinbera starfsmenn að starfsmenn geti ýmist verið skipaðir, settir eða ráðnir í störf. Hvert þessara orða hefur sína sjálfstæðu og ákveðnu merkingu. Nú er sem sagt verið að hverfa að því að kennarar verði ráðnir af framhaldsskólum, þ.e. það verði um mun laustengdari samskipti að ræða milli ríkisins og viðkomandi starfsmanna, væntanlega þá með ráðningarsamningum sem verða þá gerðir milli hvers einstaklings og viðkomandi skóla eða ráðuneytisins. Það hefur heldur ekki fengist upplýst.

Nú kann vel að vera að það geti verið skynsamlegt að flytja að þessu leyti valdið frá ráðuneytinu yfir í skólana og segja má að kannski hafi skólarnir fyrst og fremst unnið að því að fá til kennara en ráðuneytið sett á það sinn stimpil, en að gera slíka grundvallarbreytingu á réttarstöðu heillar stéttar án þess að gefa henni kost á að fjalla um málið og segja sitt álit á því hér fyrir Alþingi held ég að sé algert einsdæmi og vítaverð vinnubrögð á þessum viðkvæma tíma nú daginn eftir að kjarasamningar hafa verið gerðir við þessa stétt. Þetta vil ég sérstaklega leggja áherslu á.

Frsm. 2. minni hl. menntmn. (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Það eru hreint með eindæmum þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið um þetta frv. í Nd. Það hefur verið haldinn einn klukkutíma fundur þar sem kallaðir voru fyrir nokkrir og voru raunar áminntir um að vera ekki margorðir þar sem ekki væri tími til þess að hlusta á mál þeirra til enda ef þeir gerðust of margorðir þar sem ætti að afgreiða málið úr nefndinni að loknum þessum nefndarfundi. Þar við bætist svo að við þessa umræðu í dag er hæstv. menntmrh. víðs fjarri og því í rauninni ekki nokkurt tækifæri til að fjalla almennilega um málið né fá um það umræður við hæstv. menntmrh.

Nú er það ekki svo að það sé allt vont sem er í frv. en maður hlýtur að byrja á því að spyrja hvort það sé í rauninni affarasælt að hrófla við þessum lögum svo fljótt eftir að þau voru sett. Auðvitað er það svo að í eins víðtækum lögum og mikilsverðum og lög um framhaldsskóla eru, sem vissulega var löngu tímabært að yrðu sett, er margt sem flestum finnst að mætti betur fara og þó sérstaklega þeim sem kannski fluttu á sínum tíma margar brtt. sem náðu ekki fram að ganga. En það breytir ekki þeirri staðreynd að það gæti verið betra að doka aðeins við og láta reyna á slík lög áður en rokið er í að breyta þeim því að upp kemur sami ágreiningur um hvort þær breytingar sem nú er verið að gera séu til bóta og því vaknar sú spurning hvort það muni leiða til þess að starfsfólk framhaldsskóla og skólafólk megi e.t.v. eiga von á því að við hver stjórnarskipti eða hver umskipti menntmrh. verði rokið til að breyta þessum lögum strax þangað til allir eru búnir að koma sínum gömlu brtt. inn í lögin og gefur auga leið að það er ekki það ástand sem við teljum æskilegt í skólum að það sé sífellt verið að breyta þar um starfsháttu með þessu sniði.

Ég játa fúslega að við kvennalistakonur vorum ekkert sérstaklega ánægðar með ýmislegt í þessum lögum í fyrra og sérstaklega þó stjórnunarþátt skólanna og ýmislegt í sambandi við kostnaðarskiptingu og annað, en það breytir því ekki að þetta hefði e.t.v. mátt kyrrt liggja í 1–2 ár til viðbótar þannig að þegar breytingar yrðu gerðar yrði það raunverulega gert í ljósi reynslu og fólk færði fyrir því mikilvæg rök að breyta þessum lögum.

Það kom fram í máli eins þess sem kallaður var fyrir menntmn. í morgun að með þessum breytingum væri enn aukið vald ráðuneytismanna, þ.e. framkvæmdarvaldsins, og dregið enn úr valdi skólameistara og starfsfólks skólans. Um það skal ég ekki alveg dæma, en þó er ekki því að neita að hér er æðimargt sem enn þá er eftir að setja í reglugerð. Það verk verður á hendi ráðuneytismanna þannig að það er ýmislegt þarna opið sem þeir enn geta haft í hendi sér að laga og þá eflaust að sínum hugmyndum.

Það er sjálfsagt að geta þess sem gott er. Þarna er t.d. kveðið á um að ríkissjóður skuli bera kostnað af byggingu heimavistar að fullu og er það sannarlega gleðilegt og væri óskandi að þetta yrði hvatning t.d. til þess að byggja heimavistir í Reykjavík því að það er sannarlega þörf á slíku húsnæði fyrir nemendur framhaldsskóla í Reykjavík. Hér er aðeins nokkur herbergi að hafa fyrir nemendur sem koma utan af landi að sækja hér skóla, en þúsundir nemenda hafa ekki um aðra kosti að velja þegar þeir velja sér nám eða vilja komast í skóla þar sem þeir geta stundað það nám sem þeir hafa valið sér en fara til Reykjavíkur og verða þá annaðhvort að leita á hinn svokallaða frjálsa leigumarkað eða á náðir ættingja ef þeir eru fyrir hendi.

Í 4. gr. þessa frv. eru breytingar á skipun skólanefndar frá því sem er í núgildandi lögum. Við kvennalistakonur höfðum margt og mikið við það að athuga í fyrra að fjórir menn tilnefndir af sveitarstjórnum skyldu eiga að verða í skólanefndum og enginn fulltrúi starfsfólks, kennara eða nemenda og fannst óttalega mikil miðstýringarlykt af því fyrirkomulagi. Hér er lagt til að það verði fjölgað um tvo í þessari skólanefnd og er það þá þannig að það verði tveir fulltrúar starfsmanna kosnir af starfsmannafundi og einn fulltrúi kosinn af nemendum skólans. Ég held að það þurfi engum að blandast hugur um að tveir fulltrúar starfsmanna þýði tvo fulltrúa kennara. Hugsanlega gæti annar fulltrúinn verið námsráðgjafi eða bókavörður eða safnvörður eða eitthvað slíkt, en

ég efast satt að segja um að það fyrirkomulag mundi verða ofan á og þess vegna er ég einmitt að vekja máls á því að ég álíti að tveir fulltrúar starfsmanna þýði í raun tvo fulltrúa kennara með einum eða öðrum hætti, hvort sem þeir gætu hugsanlega verið námsráðgjafar eða haft önnur slík störf með höndum. Ég efast um að annað fyrirkomulag verði á þessu.

Það eru margar skýringar á því auðvitað. Hv. 11. þm. Reykv. nefndi ræstingarkonur. Ekki ætla ég að hafa á móti því að þær ættu aðild að slíkum nefndum, en ég býst ekki við að þær tengist oft með þeim hætti starfi skólans að þær mundu ná kosningu jafnvel þó þær gæfu kost á sér til slíkra starfa. En auðvitað útiloka ég það ekki. Ég er einungis að lýsa þeirri skoðun minni að þetta þýði í raun tveir kennarar.

Þrír fulltrúar skulu síðan tilnefndir af hlutaðeigandi sveitarfélagi eða samtökum sveitarfélaga í viðkomandi landshluta og er auðvitað hægt að fara í kringum það eins og köttur í kringum heitan graut að þetta þýði fagurlega orðað að þetta séu fulltrúar fólksins. Það gefur auga leið að ef þessir fulltrúar eru tilnefndir af hlutaðeigandi sveitarfélagi eru þetta, þó með óbeinum hætti sé e.t.v., pólitískt kjörnir fulltrúar. Eitthvað reifuðu kvennalistakonur þá hugmynd hér í fyrra að það yrðu tveir fulltrúar sem væru kosnir í skólanefnd um leið og sveitarstjórnarkosningar færu fram. Það má líka minna á frv. sem hv. þm. Ragnar Arnalds flutti í fyrra um framhaldsskóla en í því frv. var einmitt lagt til að skólanefnd yrði kjörin beinni kosningu jafnhliða sveitarstjórnarkosningum.

Hvort þetta er sá háttur á skólanefnd sem menn hefðu helst kosið er raunar vafasamt. Maður hlýtur að spyrja t.d. hvað veldur vali þegar þrír fulltrúar eru tilnefndir af hlutaðeigandi sveitarfélagi. Sá fjöldi er ekki nægur til þess að fulltrúar allra stjórnmálaafla kæmust að í viðkomandi skólanefnd. Það nægir heldur ekki til að það komist að einn fulltrúi hvers sveitarfélags þar sem mörg sveitarfélög standa að skóla þannig að það er hreint ekki ljóst hvers vegna fjöldinn er sá sem hér segir. Þeim er ekki ætlað að hafa meiri hluta í nefndinni. Þá getur maður varpað fram þeirri spurningu líkt og ég gerði við hæstv. menntmrh. fyrir nokkrum dögum, sem hann lét ósvarað: Hvers vegna er þessi fulltrúi ekki bara einn, einhvers konar tengiliður þá á milli sveitarstjórnarinnar og skólanefndarinnar? Efast ég ekki um að það væri auðvelt að fylla þau pláss sem við það losnuðu og þá með betri hætti fulltrúa fólksins en gert er ráð fyrir í þessu frv. þannig að frá sjónarhóli okkar kvennalistakvenna er þetta ekki endilega sá kostur sem við hefðum valið í stað þess sem nú er.

Það er líka vert að gera að umræðuefni 7. gr. frv. þar sem mjög er breytt þeim hætti sem á skal hafður við ráðningu kennara. Í núgildandi lögum er það í verkahring menntmrh. að setja eða skipa fasta kennara að fengnum tillögum skólanefndar og skólameistara viðkomandi skóla. Hér mun menntmrh. eiga að skipa kennara, námsráðgjafa og skólasafnverði en skólameistari ræður kennara að fengnum tillögum skólanefndar. Hv. 2. þm. Reykv. Birgir Ísl. Gunnarsson lýsti því áðan hver er hin lagalega útskýring á muni þess að ráða, setja eða skipa og ætla ég ekki að fara að endurtaka það, en það er ljóst að þetta er mjög breytt tilhögun og fulltrúi ráðuneytisins sem í morgun kom til viðtals við menntmn. svaraði því til þegar hann var spurður hvenær menntmrh. mundi skipa kennara að það mundi verða í undantekningartilvikum þegar skólanefnd óskaði þess. Það er ekki nánar skilgreint hvaða ástæður munu ráða því að skólanefnd óski séstaklega eftir því að kennarar verði skipaðir.

Það er með öllu óviðeigandi að gera slíkar breytingar án þess að nokkur kennari eða samtök þeirra hafi sagt álit sitt á breytingunum og vita allir hvað veldur því að þeir hafa ekki látið sitt álit í ljós. Það var beðið um í morgun þar sem verkfalli er nú lokið að það kæmi fulltrúi kennara á fund nefndarinnar, en það bárust skilaboð um að það yrði ekki framkvæmanlegt á þessum tíma þar sem alls staðar eru nú mikil fundahöld í skólum til þess að reyna að finna út úr því hvernig skólastarfi skuli hagað á næstu dögum.

Í 9. gr. frv. eru síðan þær breytingar lagðar til að breytt verði 16. gr. núgildandi laga þar sem er fjallað um inntökuskilyrði. Í núgildandi lögum er sagt að nemendum sé skylt að stunda fornám í einstökum námsgreinum samkvæmt ákvæðum í námsskrá hafi þeir ekki náð tilskildum lágmarksárangri. Þessi málsliður fellur niður og eins annars málsliður þar sem kveðið er á um að heimilt sé að setja lágmarkskröfu til inntöku í tiltekna námsáfanga. Rökin fyrir þessum breytingum munu vera þau að samkvæmt lögum sé framhaldsskóli öllum opinn og því sé mótsögn í því að hafa þarna skilyrði, en því svaraði hæstv. menntmrh. til aðspurður fyrir nokkrum dögum. En ég get ekki fallist á að þetta stangist á vegna þess að í rauninni er þessi málsliður, sem verið er að fella þarna út úr 16. gr., ekki um það að meina fólki aðgang að framhaldsskólum heldur einungis um það hvernig skuli að því staðið þannig að þeir geti nýtt sér námið og ekki óeðlilegt að mínu mati að það séu gerðar einhverjar lágmarkskröfur. Það er sagt að auðvitað verði áfram fornám eða svokallaðir núlláfangar og nemendum boðið upp á þá. En þá hefur samt sú breyting orðið á, eftir því sem ég fæ best skilið, að það verður í raun á valdi nemandans sjálfs hvort hann kýs að nýta sér þetta fornám eða ekki. Að vísu stendur til að efla mjög námsráðgjöf og þó að það sé ekki komið til framkvæmda er í ráði að gera það á næstunni og ekkert nema gott um það að segja, en eftir stendur að það getur enginn skyldað nemanda til að leita til námsráðgjafa og enn síður getur nokkur verið skyldaður til þess að fara eftir því sem námsráðgjafi ráðleggur honum. Það er ekkert óeðlilegt að ungt fólk sem er að koma úr grunnskóla og er að hefja nám í framhaldsskóla og gerir sér kannski ekki fulla grein fyrir þeim mikla mun sem er á þessu námi og hvað kröfur aukast skyndilega á þessum tímamótum hugsi sem svo: Ég þarf ekkert á þessu að halda. Ég tek mig bara á og kemst í gegnum þetta allt saman, og þá hefur viðkomandi unglingur kannski eytt meiri tíma

en hann ella þyrfti til þess að komast úr einum áfanga skólans í annan. Þess vegna sé ég ekki að það sé endilega nemendum til góða að taka út þessi ákvæði án þess að einhverjir slíkir þröskuldar séu settir í staðinn eða þessum haldið. Ef einhver atriði eru þarna í lögum sem stangast á hlýtur að vera hægt að laga það með þeim hætti að við verði unað.

Ég ætla ekki að fjölyrða um greinar frv., en ætla þá þessu öllu til áréttingar að lesa upp nefndarálit frá 2. minni hl. menntmn. sem er að finna á þskj. 1290. Þar segir svo:

„Frv. þetta felur í sér breytingar á lögum um framhaldsskóla sem tóku gildi 9. maí 1988.

Það var þá þegar löngu tímabært að sett yrði rammalöggjöf um framhaldsskólastigið. Fulltrúar Kvennalistans höfðu þó ýmsar athugasemdir við það frv. sem varð að lögum síðastliðið vor og lögðu því fram töluvert margar brtt.

Stærstu agnúana á frv. var að mati Kvennalistans að finna í stjórnunarkafla þess, þar sem pólitískt kjörnum fulltrúum voru færð óeðlilega mikil völd og áhrif um þróun skóla, innra starf, námsbrautir og rekstur.

Brtt. Kvennalistans varðandi stjórnunarþáttinn hnigu því í þá átt að tryggja að faglegra sjónarmiða skyldi gætt, m.a. með því að ætla fulltrúum kennara og nemenda, deildarstjórum og faggreinafélögum stærri hlut við mótun skólastarfsins. Aðrar brtt. Kvennalistans lutu að ýmsum þáttum í innra starfi skólanna og aðbúnaði nemenda svo sem aukinni námsráðgjöf, sálfræðiþjónustu og stofnun mötuneyta við hvern framhaldsskóla.

Veigamestu breytingarnar sem fram koma í þessu frv. ríkisstjórnarinnar felast í því að skilgreina nánar og útvíkka verksvið samstarfsnefndar framhaldsskólastigsins, sbr. 3. gr., breytta skipan skólanefnda, sbr. 4. gr., og breytta útreikninga við rekstrarkostnað skólanna svo og gerð samninga milli hvers skóla og menntamálaráðuneytis um greiðslur til skólanna af fjárlagalið þeirra. Efni frv. í heild fer að nokkru leyti saman við hugmyndir og brtt. Kvennalistans frá síðasta ári. Því hefði e.t.v. legið nokkuð beint við að styðja frv. með nokkrum brtt. eftir eðlilega umfjöllun.

Allar greinar frv. snerta dagleg störf kennara í framhaldsskólum landsins og mikilvægt er að útfærsla þess og framkvæmd sé í fullu samráði við þá. Auk þess eru í frv. ný ákvæði um hvernig staðið skuli að ráðningu kennara. Samkvæmt núgildandi lögum skal menntmrh. setja eða skipa kennara, en í frv. er lagt til að skólameistari ráði þá. Hér er um mjög veigamikla breytingu að ræða sem óverjandi er að gera án þess að nokkuð liggi fyrir um afstöðu kennara.

En eins og nú háttar til hlaut frv. ekki þá faglegu umfjöllun sem nauðsynleg hefði verið vegna kjaradeilu kennara í Hinu íslenska kennarafélagi við fjmrn. 2. minni hl. nefndarinnar leggur áherslu á nauðsyn þess að hafa samráð við og fá umsagnir frá þeim sem daglega er ætlað að starfa eftir lögunum og glæða þau lífi og anda, ekki síst nú þegar nýlokið er langri og erfiðri kjaradeilu og því mikilvægt að gera allt sem hægt er til að stuðla að góðri samvinnu kennara og þeirra ráðuneyta sem þeir hafa mest samskipti við.

2. minni hl. telur það ekki málinu til framdráttar að hraða því í gegnum þingið við þær aðstæður sem nú ríkja auk þess sem deila má um það ráðslag að gera veigamiklar breytingar á svo nýsettum lögum. Þá er hætta á að það skapi óöryggi hjá skólafólki ef von er á of örum breytingum í stað þess að láta á lögin reyna og breyta síðan, ef með þarf, í ljósi reynslu.

Með tilvísan til þessa telur 2. minni hl. sér ekki fært að taka þátt í afgreiðslu málsins."

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Hér er verið að ræða um að afgreiða sem lög frá Alþingi frv. sem mikill ágreiningur er um og menn hafa snúist í, jafnvel heilu flokkarnir. Sumir höfðu eina afstöðu í fyrra og aðra nú, auk þess sem er mikill ágreiningur um málið í flokki sjálfs hæstv. menntmrh. Meðal helstu ráðgjafa hins sama ráðherra að ég held eða a.m.k. þeirra sem hafa verið ráðgjafar flestra ráðherra við umfjöllun framhaldsskólamála, forustumanna Skólameistarafélagsins og manna með langa reynslu í skólameistarastarfi, er mikill ágreiningur um þetta mál. Breytingarnar eru fljótt á litið ekki þess eðlis að það sé auðvelt að sjá hvað það er sem gerir nauðsynlegt að koma því í gegnum Alþingi svo skömmu eftir að gildandi lög voru samþykkt.

Ég vil sérstaklega nefna örfá atriði sem hv. 2. þm. Reykv. vék nokkrum orðum að og önnur sem ég held að hann hafi ekki nefnt í sinni ræðu, en við erum svo hjartanlega sammála um að málið er allt svo lauslega og illa úr garði gert sannast sagna að við teljum nauðsynlegt að vísa málinu frá og fá reynslu af þeim lögum sem nú eru í gildi.

En það eru hins vegar nokkur efnisatriði, sem láta ekki mikið yfir sér við fyrstu sýn en fela í sér mikla afturför frá núgildandi lögum. Ég vil fyrst nefna ákvæðið um skólanefndir. Menn hafa viljað auka lýðræðið við stjórn skólanna og ég tel að þetta ákvæði dragi úr lýðræðinu. Ég tel tvímælalaust að það dragi úr lýðræðinu að rýra áhrif fulltrúa almennings í skólanefndinni, en núna koma fjórir af fimm skólanefndarfulltrúum frá sveitarfélaginu. Hér eftir á þetta atriði að breytast þannig að þeir fulltrúar sem frá sveitarfélagi koma geta verið í minni hluta í skólanefndinni og eru það að öllum líkindum oftast nær samkvæmt þessari frumvarpsgrein.

Hlutfallið milli þeirra sem starfa í skólanum verður mjög einkennilegt í væntanlegri skólanefnd því að kennarar munu eiga tvo fulltrúa en nemendur einn. Nemendur hafa þó hagsmuni af rekstri skólans fyrst og fremst. Það eru þeir sem þjónustunnar njóta. Kennararnir hafa aftur á móti hagsmuni af því hvernig starfinu er hagað og leggja vissulega á ráðin um fagleg efni, en til þess er aftur á móti ákvæðið um skólastjórn þar sem þeir eiga sæti svo og kennarafundirnir. Það er því ljóst að þessi eini þáttur í stjórn

skólans, sem átti að tryggja áhrif almennings annars vegar, þess almennings sem kostar þjónustuna, og hins vegar þess almennings sem eru forsvarsmenn nemenda skólanna, er stórum rýrður og þar með er dregið úr lýðræðinu við stjórn skólanna. Auk þess var bent á það í morgun á nefndarfundinum af þeim sem reynslu hafa í stjórn skóla að breytingarnar sem í frv. felast munu gera skólameistara stjórn skólans enn þá örðugri en áður var. Þessi gestur nefndarinnar las upp úr frétt á 2. síðu Morgunblaðsins í dag og fyrirsögn frá formanni Hins íslenska kennarafélags þar sem haft var eftir: Við tökum ekki við fyrirskipunum frá stjórnendum skóla. Af þessum atriðum ályktaði þessi gamli skólamaður að það yrði mjög örðugt að fá menn til skólastjórnar að breyttum lögum.

Loks er ljóst að hér er mjög lauslega um hnútana búið í sambandi við ýmsa þá þætti sem eiga að hafa áhrif á stjórn og stefnu skólans. Allt á að ákveða í reglugerð. Meira að segja á að ákveða í reglugerð hvaða verkefni almennur kennarafundur á að hafa. Til hvers er nú það lýðræði hjá kennurunum að mega halda fundi og hafa áhrif á stefnu skólans ef ráðherra ætlar svo að skipa þeim fyrir í reglugerð hvað þeir megi segja og gera? Ég hélt að þarna væri fullt frelsi til þess að hafa veruleg áhrif. Það má vera að það sé ætlunin. Það hefur alls ekki verið skýrt, enda enginn tími verið til þess. Þetta er eitt af því sem er vítavert við undirbúning þessa máls.

Síðan kemur næsta grein sem hv. 2. þm. Reykv. gerði svo glögglega grein fyrir í sambandi við breytingu á ráðningarkjörum kennara samskæmt frv. Dagginn eftir að kjarasamningur er við þá gerður er gjörbreytt þeirra ráðningarkjörum að þeim fornspurðum. Ég vil sérstaklega nefna eitt atriði þar sem ljóst er að lögum samkvæmt mun þetta rýra stórlega kjör kennaranna. Við þekkjum það flest sem eitthvað höfum komið nálægt menntmrn. að það er mikið áhugamál og hagsmunamál kennara sem lengi hafa starfað að hafa rétt til launaðs orlofs, en það hafa þeir getað fengið á nokkurra ára fresti. Það hefur oft verið notað til að auka þekkingu og kennarahæfni eins og segir í 14. gr. núgildandi laga um framhaldsskóla. Í 14. gr. núgildandi laga segir svo, með leyfi hæstv. forseta, og ég mun tilfæra það vegna þess að það rekst á frv. nema beinlínis sé ætlunin að rýra kjör kennaranna daginn eftir að samið er við þá:

„Hafi kennari starfað, settur eða skipaður, a.m.k. í fimm ár og óski að fá sérstakt orlof til að efla þekkingu sína og kennarahæfni skal hann senda skólanefnd og menntmrn. beiðni um orlof ásamt greinargerð um það hvernig hann hyggst verja orlofstímanum. Ráðuneytið getur veitt honum orlof, allt að einu ári á föstum embættislaunum."

Hér lýk ég tilvitnun. Þetta lagaákvæði hefur verið afar vinsælt og létt kennurunum erfið störf þeirra að miklum mun. En til þess að njóta þessa réttar þarf kennarinn að vera annaðhvort settur eða skipaður. Nú liggur fyrir samkvæmt þeim upplýsingum sem menntmn. voru gefnar í morgun að skipun mun ekki eiga sér stað nema í undantekningartilvikum og setningin er afnumin. Hvað verður þá um þennan rétt kennaranna ef lögunum er ekki breytt? Ég sé ekki betur en að það liggi ljóst fyrir að annað af tvennu er að gerast: að það er vísvitandi ætlun ríkisstjórnarinnar að rýra kjör kennara að þessu leyti eða þá að ríkisstjórnin beitir sér fyrir því að þessu verður breytt í snarhasti ef það er ætlunin að keyra þessi ósköp í gegn.

Þetta vil ég leggja mikla áherslu á og hafi mér missýnst um þetta atriði óska ég eftir því að fá þetta skýrt því að svo margir hafa framfæri sitt af þessu starfi og eftirsóknin eftir þessu starfi hefur því miður rýrnað mjög á síðustu árum eða dregið úr þeirri aðsókn að starfinu sem við vildum að væri. Þetta mun, það er ég alveg fullviss um, mjög draga úr þeirri aðsókn. Mér er a.m.k. kunnugt um að þær mörgu konur sem sinna kennarastarfi hafa lagt afar mikið upp úr orlofsréttinum og ég er hrædd um að þær litu öðruvísi á málið ef búið væri að afnema þann rétt eins og mun gerast hjá stórum hópi kennara að þessu frv. samþykktu.

Herra forseti. Það var reyndar eitt lítið atriði enn í sambandi við kjörin. Það er athugun á því að það sé fullt samræmi á milli ákvæðisins um beiðni um undanþágu frá ákvæðum laganna um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum og þess sem gert er ráð fyrir í 7. gr. frv.

Í þriðja lagi langar mig til að nefna það atriði, sem mér þykir hvað alvarlegast. Úr núgildandi framhaldsskólalögum eru felld viss ákvæði sem hefur í för með sér að hætta er á því að það dragi úr gæðum þeirrar menntunar sem veitt er á framhaldsskólastigi. Hættan er fólgin í því að afnumin er úr núgildandi lögum skyldan til að hafa sérstakt undirbúningsnám fyrir nemendur sem hafa ekki náð tilskildum árangri á grunnskólaprófi. Þetta nám, sem stundum hefur verið kallaður núllafanginn af því að það tengist ekki neinum bekk eða árgangi, hefur verið mörgum nemendum mjög mikil hjálp og lyftistöng í námi. Við vitum að slakur árangur nemenda í grunnskóla þarf ekki að vera alfarið þeim sjálfum að kenna og ef ekki er skylda nemenda að sækja þess konar námskeið, eins og segir í núgildandi lögum, og það er afnumið, þá er það lágmarkskrafa borgaranna í landinu, og ekki síst forsvarsmanna þeirra nemenda sem ár eftir ár eftir ár hafa farið á mis við kennslu á viðkvæmasta tíma rétt fyrir vorprófin, að ríkisvaldið taki á sig þá skyldu að sjá fyrir því að boðið sé upp á slíkt fornám. Þetta tel ég sjálfsagða þjónustu við nemendur og geti hjálpað mörgum einstaklingnum til að líta tilveruna bjartari augum á þeim unglingsárum sem varið er í framhaldsskólanum. Það getur forðað mörgum frá því að vera að basla við verkefni sem þeir ráða ekki nægilega við vegna þess að undirstaðan hefur ekki verið nógu góð.

Þetta vil ég eindregið leggja til að verði lagað. Einhver sagði reyndar á nefndarfundinum í morgun að þess þyrfti ekki, þetta væri heimilt og sjálfsagt yrðu þessir áfangar enn þá til þó að það sé búið að

afnema lagaákvæðið um það og ekkert sett í staðinn nema þetta: „Þurfi að taka tillit til sérstakra aðstæðna skal veitt sérgreint framlag til að mæta þeirri þörf." Það er algjörlega óskilgreint hvað þetta þýðir og virðist helst vera höfðað til hópa í sérnámi sem krefjast skiptingar nemenda í smáa námshópa. Það er ekki orði vikið að undirbúningsáfanganum og ekki heldur að því að heimilt sé að krefjast tiltekins árangurs til inngöngu í tiltekna áfanga. Með öðrum orðum: Þetta felur í sér þá hættu að skólinn skili ekki hlutverki sínu á þann veg að út úr honum komi fólk með nægilega þjálfun og þekkingu miðað við þá getu sem hver einstaklingur hafði þegar hann kom inn í skólann og hefði getað nýtt með þeirri leiðbeiningu sem unnt væri að veita. Það er sem sagt dregið úr möguleikanum á því skipulagi sem mundi leiða til þessa.

Um þessi tvö atriði vildi ég sérstaklega fjalla, herra forseti, en hafði ekki hugsað mér að tefja umræður.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ráðstafanir vegna kjarasamninga, 2. umr.

Stjfrv., 499. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 1050, n. 1273 og 1291, brtt. 1233, 1271, 1274, 1292.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Guðmundur G. Þórarinsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1291 frá meiri hl. fjh.- og viðskn.

„Nefndin hefur fjallað um frv. og fékk á sinn fund til viðræðna um málið Jóhannes Nordal seðlabankastjóra, Bjarna Braga Jónsson aðstoðarseðlabankastjóra, Árna Kolbeinsson, ráðuneytisstjóra í sjávarútvegsráðuneytinu, Lárus Ögmundsson, skrifstofustjóra í fjármálaráðuneytinu, og Guðlaug Stefánsson frá Landssambandi iðnaðarmanna.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt. Nefndin sem heild flytur hins vegar á sérstöku þingskjali, 1292, fjórar breytingartillögur." Og ég ítreka það að nefndin stendur sem heild að þeim breytingartillögum sem á þskj. 1292 eru.

Fyrsta breytingin sem þar er lögð til er við 4. gr. frv. og felur í sér að fleiri tollskrárnúmer verði undanþegin vörugjaldi en í sjálfu frv. er. Önnur breytingin varðar tekju- og eignarskattslögin og felur í sér þá breytingu að við álagningu eignarskatts skuli skipta eignarskattsstofni eftirlifandi maka sem situr í óskiptu búi og reikna eignarskatt hans eins og hjá hjónum væri næstu fimm ár eftir lát maka. Þriðja breytingin er vegna síðastnefndu breytingarinnar og felur í sér að ákvæðin skuli koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 1989, þ.e. það er ætlan nefndarinnar að við álagningu 1989 komi þessar breytingartillögur til framkvæmda vegna tekna og eigna á árinu 1988, en ekki lengra aftur í tímann. Fjórða breytingin er bráðabirgðaákvæði sem felur í sér að við gildistöku laganna verði fjmrh. heimilt að fella niður vörugjald og jöfnunargjald á aðföngum til fiskeldis- og loðdýraræktar.

Stefán Valgeirsson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur áliti því sem ég hef mælt hér fyrir, en undir þetta álit rita Páll Pétursson, Matthías Bjarnason með fyrirvara, Ragnar Arnalds, Jón Sæmundur Sigurjónsson og Guðmundur G. Þórarinsson.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Kristín Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. minni hl. fjh.- og viðskn. sem er á þskj. 1273. Í þessu nál. er farið nokkuð í afstöðuna til þessa frv. og það nokkuð ítarlega þannig að ég ætla að leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa þetta nál. sem hljóðar svo:

„Með frv. þessu er ríkisstjórnin að efna nokkur þeirra loforða sem hún gaf til þess að greiða fyrir kjarasamningum Alþýðusambands Íslands við Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna um síðustu mánaðamót.

Allar greinar frv. miða fyrst og fremst að bættum hag atvinnurekstrarins nema 6. og 7. gr. sem auka rétt til bóta úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Svo réttmæt og sjálfsögð sem sú aðgerð er, þá má furðu sæta að enn sé talin ástæða til að vísa á Atvinnuleysistryggingasjóð sem ríkisvaldið hefur þegar svipt lögboðnu ríkisframlagi, a.m.k. næstu tvö ár jafnframt því sem líkur eru á verulegu og vaxandi atvinnuleysi á þessu ári.

Í 1. gr. frv. er enn gripið til gamalkunnugs ráðs, þess að veita Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins heimild til lántöku til greiðslu verðbóta á freðfisk og hörpudisk. Lokamálsgrein 1. gr. mótast af fullkomnu óraunsæi þar sem reiknað er með endurgreiðslu sjóðsins á næstu þremur árum eftir að lánið er tekið. Engar líkur eru á því að hagur viðkomandi greina batni svo að þær geti staðið undir slíku og er flestum ljóst að frekari aðgerða er þörf þegar þessum sleppir. Þrátt fyrir loforð ríkisstjórnarinnar um einhverjar slíkar aðgerðir er ekki frekar af þeim að frétta í frv. né greinargerð.

Í 5. gr. er kveðið á um hækkun jöfnunargjaldsins, en að öðru leyti er efni frv. fólgið í því að nema burt skatta sem lagðir voru á eða hækkaðir í lok síðasta árs og voru þá yfirlýstir óhjákvæmilegir með tilliti til stöðu ríkissjóðs. Nú er tæpast eytt orðum að áhrifum þessara aðgerða á stöðu ríkissjóðs.

Sérstaklega ber að fagna niðurfellingu vörugjalds á ýmsum aðföngum og framleiðsluvörum húsgagna-, trjávöru- og málmiðnaðar sem lögð er til í 4. gr., en svo illa var staðið að undirbúningi lagasetningar um vörugjald í árslok 1988 að menn eru ekki enn búnir að átta sig á framkvæmdinni nú fimm mánuðum eftir gildistöku laganna. Afleitt er þó að ætla ákvæðum 4. gr. ekki að taka gildi fyrr en 1. september sem hefði í

för með sér ómælda erfiðleika og samdrátt í fyrrgreindum iðnaði fram til þess tíma. Þess vegna leggur minni hl. til á þskj. 1274 að gildistaka þessa ákvæðis verði 1. júní nk.

Fyrrgreind atriði eru öll mikilvæg fyrir atvinnureksturinn og auðvelda atvinnurekendum að standa við gerða kjarasamninga. Ekki er þó síður ástæða til beinna ráðstafana í þágu launafólks sem er gert að sætta sig við viljayfirlýsingar og loforð um nefndir og samráð. Hefði verið fullkomlega eðlilegt að gera með þessu frv. ráðstafanir til að draga úr sköttum á launafólk á sama hátt og hér er verið að létta atvinnurekendum róðurinn.

Til þess að bæta lítillega úr þessari vanrækslu leggur minni hl. til breytingar á þskj. 1274 sem eru samhljóða 1. og 2. gr. frv. á þskj. 789 sem er 429. mál þingsins. Önnur brtt. á þskj. 1274 felur það í sér að einstæðir foreldrar geti nýtt ónotaðan persónuafslátt barna sinna, sem eiga hjá þeim lögheimili, á sama hátt og hjón eða karl og kona í sambúð geta gert. Í 3. brtt. á þskj. 1274 felst að við fráfall maka verði álagning eignarskatts áfram með sama hætti og um hjón væri að ræða meðan hann situr í óskiptu búi. Með því væri leiðrétt það óréttlæti í lögunum að hjón geta nú átt allt að 14 millj. kr. eign áður en þau lenda í hærra skattþrepi, en falli annað þeirra frá þarf hitt að greiða miklu hærri skatt af nákvæmlega sömu eign.

Loks vill minni hl. árétta að verði gengi krónunnar breytt verulega er nauðsynlegt að rétta hlut launafólks enn frekar, t.d. með niðurfellingu eða lækkun skatts á matvæli.

Að samþykktum tillögum á þskj. 1274 leggur minni hl. til að frv. verði samþykkt."

Undir þetta ritar auk mín hv. þm. Ingi Björn Albertsson.

Virðulegi forseti. Ég tel kannski ekki ástæðu til að skýra miklu frekar þessar brtt. okkar á þskj. 1274 þar sem þær eru nokkuð ítarlega skýrðar í því nál. sem ég hef nú lesið. Sömuleiðis voru þær skýrðar í umfjöllun um það frv. sem til er vitnað, auk þess sem ég hef leyft mér að vekja enn frekar athygli á þessum tillögum með greinaskrifum í dagblað sem hv. alþm. lesa vafalaust sundur og saman og þekkja þá vonandi það sem að baki býr. Það er e.t.v. ástæða til að geta þess að mjög margir, sérstaklega reyndar konur, hafa haft samband við okkur kvennalistakonur eftir að frv. kom fram og hafa lýst eindregnum stuðningi við tillögur okkar og áhuga á því að þær nái sem fyrst fram að ganga. Nú hefur það reyndar gerst að hv. fjh.- og viðskn. hefur ákveðið að gera tillögu um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt sem hefur það í för með sér að eignarskattur af sömu eign hækkar ekki hjá eftirlifandi maka næstu fimm árin eftir lát maka eins og fram kemur á þskj. 1292 í brtt. frá nefndinni, þ.e. í 2. brtt. á því þskj., og fari svo að 3. brtt. á þskj. 1274, þ. e. frá okkur sem myndum minni hl. nefndarinnar, verði ekki samþykkt mun ég að sjálfsögðu greiða 2. brtt. á þskj. 1292 atkvæði mitt.

Ég vona, hæstv. forseti, að tillögurnar verði bornar upp í þeirri röð sem ég teldi rétt að athuguðu máli, þ.e. að 3. tillagan á þskj. 1274 verði borin upp á undan 2. till. á þskj. 1292 þar sem hér er fjallað um sama mál, en 3. till. á þskj. 1274 gengur lengra hvað þetta varðar. Vona ég að hæstv. forseti komist að sömu niðurstöðu við athugun málsins.

Nákvæmnismenn geta auðvitað fundið að því að brtt. á þskj. 1272 skuli merktar nefndinni í heild en ekki meiri hl. aðeins, eins og eðlilegra hefði verið með tilliti til þessarar skörunar sem ég hef nú skýrt, og má þar eingöngu um kenna flaustri í þeim önnum sem hér eru en kemur þó varla að sök, enda styðjum við sem myndum minni hl. nefndarinnar í þessu máli allar brtt. sem fjh.- og viðskn. ber fram á þskj. 1292, þótt við viljum ganga lengra í okkar tillögu en nefndin í heild var reiðubúin til hvað varðar eignarskatt eftirlifandi maka. Vona ég að þetta komi ekki að sök né beri vott um neina alvarlega hnökra á þingsköpum eða réttu vinnulagi.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Eins og fram kemur í áliti meiri hl. fjh.- og viðskn. skrifa ég undir nál. með fyrirvara. Það er vitaskuld margt í frv. sem ég og við sjálfstæðismenn erum sammála um. Í sambandi við 1. gr. frv. erum við sammála um að leggja fram fjármuni til frystiiðnaðarins og til framleiðslu og vinnslu á hörpudiski, en hins vegar erum við ósammála um að Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins sé að taka þetta lán með ríkisábyrgð og við erum mjög ósammála því að það sé fest í lög að það sé endurgreitt af tekjum sjóðsins af viðkomandi afurðum á næstu þremur árum eftir að það er tekið. Að öðru leyti á það að falla á ríkissjóð. Við erum fyrir fram sannfærðir um að Verðjöfnunarsjóðurinn getur ekki greitt þetta lán aftur og þar erum við sammála hæstv. sjútvrh. sem lýsti því yfir á sl. hausti í sambandi við 800 millj. sem teknar voru með þessum hætti samkvæmt bráðabirgðalögunum sem hæstv. núv. ríkisstjórn gaf þá út. Það hefur ekkert breyst síðan. Þess vegna liggur alveg ljóst fyrir að hér er um blekkingu að ræða. Allir vita að þetta fær ekki staðist. Því segjum við að það á að ganga hreint til verks og viðurkenna þá staðreynd sem liggur augljóslega fyrir.

Í framhaldi af þessu leyfi ég mér að flytja brtt. við 1. gr., að síðasta málsgr. orðist þannig að lán skv. 1. mgr. þessarar greinar skuli undanþegið stimpilgjaldi og greiðast úr ríkissjóði. Þetta er í samræmi við það sem allir sjá og allir vita að kemur til með að ske og þetta er líka í samræmi við yfirlýsingar sjútvrh. frá sl. hausti. Hins vegar hefur fjmrh. lýst aftur öðru yfir og það er leitt að hann skuli ekki vera viðstaddur hérna. Það var ekki þornað blekið á pennanum þegar búið var að skrifa undir kjarasamningana við háskólamenn að fjmrh. var farinn úr landi til London og hann hefur því ekki sést hér síðan, en væri þó skemmtilegra að ráðherrar og þá ekki síst fjmrh. gætu eytt einhverjum tíma í Alþingi þessar síðustu stundir. En kannski hefur verið fast að honum sótt að koma til Bretlands til að kenna Bretum hvernig eigi að ganga til kjarasamninga því að það er tekið upp í þessum samning-

um alveg nýtt ákvæði eins og að borga mönnum fyrir að fara í verkfall. Þetta hafa Bretar ekki þekkt og hafa sennilega beðið fjmrh. að koma til að kenna sér hvernig eigi að fara að þessu. Það er margt sem hægt er að læra af Íslendingum og hæstv. ríkisstjórn. Hins vegar held ég að það væri skemmtilegra fyrir ríkisstjórnina að reyna að vera meira heima en raun ber vitni.

Í 2. gr. frv. er ákvæði um að endurgreiða skal gjöld af erlendum lánum sem tekin hafa verið fyrir gildistöku laga þessara, en hafa þó ekki enn verið endurlánuð. Ég tel tvímælalaust að það eigi að taka af allan vafa. Þetta er líka í fullu samræmi við það sem hæstv. forsrh. hefur hvað eftir annað lýst yfir að eigi að gera. Ég skil ekki í því af hverju er verið að hafa á móti þessu.

Í 3. gr. er lagt til að lækka sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði og í 4. gr. er niðurfelling vörugjaldsins. Þetta eru skattar sem ríkisstjórnin píndi í gegnum þingið í desembermánuði, en núna eru þeir að snúa ofan af, núna eru þeir að viðurkenna það, sem við sjálfstæðismenn héldum fram þá, að hér hefði verið farið rangt að á öllum sviðum að hækka þessa skatta með þessum hætti og það í miðri verðstöðvun. Það hefði því mátt gera hlé á þinginu í desember í staðinn fyrir að streitast mestallan desembermánuð við allar þessar skattahækkanir bæði hvað snertir skattinn á verslunar- og skrifstofuhúsnæði og sömuleiðis hækkun á vörugjaldinu.

Við leggjum til að í stað „Frá 1. sept. 1989 [sem nú er orðinn 1. júní] falli eftirtalin tollskrárnúmer brott úr A-lið 3. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjald" komi: Eftirtalin tollskrárnúmer falla brott úr A-lið 3. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjald, sbr. 1. gr. laga nr. 95 1988. Vitaskuld hlýtur að myndast þarna eyða í innflutningi því að þegar menn vita að ákveðnar innflutningsvörur lækka á ákveðnum degi hætta menn að flytja þær inn og þá verður skortur á þeim. Það verður þá líka minni vinna í sumar en ella en kemur ekki til með að hafa áhrif á tekjur ríkissjóðs að öðru leyti en því að það er verið að skapa ákveðna eyðu sem kemur illa við flesta að gert sé. Því tel ég að 3. brtt. á þskj. 1271 sé bæði sjálfsögð og nauðsynleg.

Í 5. gr. er um að ræða tillögu um að hækka jöfnunargjaldið úr 3% í 5%, en ég óskaði eftir því í fjh.- og viðskn. að fá upplýsingar um það hvaða áhrif þessir kjarasamningar hefðu í fyrsta lagi á ríkissjóð og í öðru lagi á atvinnureksturinn í landinu. Það kom svar um það í morgun að Þjóðhagsstofnun væri ekki tilbúin með sínar upplýsingar um hvaða áhrif frv. hefði á atvinnureksturinn í landinu fyrr en eftir helgi eða einhvern tíma í næstu viku, en hins vegar fengum við þær upplýsingar hvaða áhrif frv. hefði á afkomu ríkissjóðs vegna kjarasamninga og þær voru þessar: Tekjutap ríkissjóðs: niðurfelling gjalda af erlendum lánum 100 millj. kr., lækkun á skatti á verslunarhúsnæði 100 millj. kr., niðurfelling vörugjalds á ýmsum vörum 350 millj. kr., eða samanlagt áætlað tekjutap upp á 550 millj. kr. En tekjuaukningin var aftur 250 millj. kr. sem leiðir af hækkun jöfnunargjaldsins eins og þetta frv. gerir ráð fyrir. Kemur þá í ljós að kostnaður ríkissjóðs vegna þessara breytinga í heild er 300 millj. kr. Ég stend að þeirri brtt., sem frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. lýsti, um niðurfellingu vörugjalds skv. 4. gr.

Ég hef áður lýst yfir áhyggjum mínum af Atvinnuleysistryggingasjóði. Hér er verið að auka útgjöld hans, en hins vegar hangir allt í lausu lofti hvað varðar greiðslu ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs þrátt fyrir ótryggt vinnuástand allvíða. Niðurfelling framlags ríkissjóðs á þessu ári er flestum hugsandi mönnum áhyggjuefni nema þá helst ríkisstjórninni sjálfri.

Þar sem þetta frv. um ráðstafanir vegna kjarasamninga er í bandormslíki eins og kallað er fannst mér eðlilegt að flytja fleiri tillögur við það en fram koma frá hendi ríkisstjórnarinnar og tók því upp úr nokkrum frumvörpum sem lágu fyrir nefndinni og ekki höfðu fengist þaðan afgreidd. Ég lagði fram strax á þeim fundi er fjallað var um þetta frv. mínar hugmyndir um breytingu á frv. og meðal þeirra breytingar sem ég lagði til og fékk nefndarmönnum í hendur var frv. sem hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir ásamt þremur öðrum þingmönnum Sjálfstfl. flytur um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt með síðari breytingum. Markmið þess frv. var að stíga skref til að draga úr því ranglæti sem hin nýju eignarskattsákvæði skattalaga höfðu í för með sér. En samkvæmt lögunum sem nú gilda og sett voru að tillögu ríkisstjórnarinnar á sl. vetri getur fráfall maka haft það í för með sér að ekkja eða ekkill þarf að greiða af sömu eign meira en tvisvar sinnum hærri eignarskatt en gert var fyrir andlát makans. Ákvæðið um 2,7% eignarskatt af 7 millj. eignarskattsstofni veldur því að fjöldi ekkna og ekkla sem lenti neðar á skattstiganum áður, meðan eignir skiptust á milli hjóna, þarf nú allt í einu að greiða af eignarskattsstofni sínum tvöföldum, t.d. ef viðkomandi situr í óskiptu búi, og þar við bætist hækkun á eignarskattsstofni um 2,5 millj., en það er sú upphæð sem er eignarskattsfrjáls hjá hverjum greiðanda. Þessi frádráttur, sem var tvöfaldur fyrir hjón, verður nú allt í einu einfaldur og verður því skyndileg hækkun á skatti af sömu eign. Þetta teljum við sjálfstæðismenn brýna nauðsyn að leiðrétta eins og lagt er til í frv. Ragnhildar Helgadóttur o.fl. og því tók ég þessa tillögu upp í nefndinni með þeim árangri að meiri hl. nefndarinnar fellst á þessa tillögu með því skilyrði að þessi ákvæði gildi í allt að fimm ár. Ég féllst á þetta þó að ég hefði viljað ganga lengra og stend því við mitt samkomulag við meiri hl. nefndarinnar. Ég taldi hyggilegra að hafa þann hátt á að taka upp samvinnu á þessu sviði til að ná þarna árangri eins og mér sýnist að nauðsynlegt og sjálfsagt sé að gera svo að ég flyt enga tillögu umfram þetta eins og var verið að lýsa áðan af hv. 10. þm. Reykv. Ég tel betra að ná þessum árangri að þessu sinni þó að ég hafi ekki fallið frá þeirri skoðun að þetta eigi að vera almennt.

Það er mikið rætt um nauðsyn á aðgerðum til að hvetja til aukinnar eiginfjármyndunar fyrirtækja með

þátttöku almennings og því voru flutt a.m.k. ein þrjú frumvörp af Friðrik Sophussyni, mér og fleiri sjálfstæðismönnum í þessu efni. Fyrsta frv. var um hækkun á fjárhæð umfram frádráttarmörk sem sett eru hlutafjáraukningu í hlutafélagi eða lögð til hlutafjárkaupa við stofnun hlutafélags. Það var flutt í tengslum við þáltill. sem er nr. 599 og er um það að örva viðskipti á hlutabréfamarkaði. Í lögunum frá 1984, sem eru nr. 9, er einstaklingum sem kaupa hlutabréf í hlutafélögum heimilt að draga kaupverð þeirra frá skattskyldum tekjum sínum að vissu marki. Það er skilyrðið að hlutafélögin séu með hlutafé yfir ákveðna fjárhæð og að hluthafar séu a.m.k. 50 og að engar hömlur séu á viðskiptum með hlutabréf. En með framlagningu þessa frv. er lagt til að frádráttarheimildina megi flytja á milli ára og skilyrðin fyrir frádráttarheimild eigi ekki við að öllu leyti þegar um ný hlutabréf er að ræða sem mér finnst eðlilegt og sjálfsagt. Það er ekki ástæða til að halda sig endilega við þessa hámarkstölu, 50 hluthafa. Þetta gengur við stóru hlutafélögin eins og Eimskip, Flugleiðir og fleiri, þessi stærstu, en alls ekki þegar komið er í hin smærri byggðarlög. Þess vegna eiga þau alltaf að sitja við annað borð en þau stóru. Hvers vegna má ekki sýna þeim fyllstu sanngirni hvað þetta snertir? Þess vegna tek ég upp efni bæði þessa frv. og eins efni annars frv. um frádrátt af skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar í atvinnurekstri þar sem hámarksfjárhæðir miðað við lögin frá 1988 breytast frá 1986 úr 45.900 í 250.000 og úr 91.800 í 500.000 kr. sem er eðlilegt. Af meðfæddri hlédrægni kunni ég ekki við að flytja brtt. við frv. Guðmundar G. Þórarinssonar sem hann flutti í vetur og er sama eðlis og þetta, en það er þess efnis að fyrir stimplun hlutabréfa sem gefin eru út af félögum með takmarkaða ábyrgð skuli greiða ½% af fjárhæð bréfanna í stað 2% sem núna er. Á sama tíma og ríkisstjórnin hvetur til þess að fyrirtæki auki hlutafé og þar með eigið fé sitt á ríkisstjórnin og Alþingi að koma til móts við þessar óskir, bæði með samþykkt á tillögunum sem ég flyt og sömuleiðis með samþykkt á tillögu þeirri sem Guðmundur G. Þórarinsson flytur í sérstöku frv. þó að það hafi ekki komið fram við þessar ráðstafanir af því að ég kunni ekki við að vera að grípa þannig mál annars manns úr öðrum flokki og sérstaklega af því að hann var fjarstaddur þegar þetta mál var fyrst til umræðu. En þó var það mál alveg jafnþarft og þau mál sem ég hef verið að ræða hér um.

Þetta eru skýringarnar á þeim tillögum sem ég flyt og eru númer 4, 5 og 6 og þarf ég því ekki að hafa um þær fleiri orð.

Ég ætla ekki að ræða ítarlega um þetta. Ég hef skýrt þessar brtt. þannig að þær liggja fyrir. Það er á valdi þeirra sem hér hafa meiri hluta hvort þeir meina að þeir ætli að greiða fyrir því að fá aukið fjármagn í fyrirtæki sem nú skortir stórkostlega fjármagn og þá er það fyrst og fremst gert með því að ríkið sé ekki að skattleggja óhóflega það fjármagn sem annars kæmi inn í fyrirtækin. Nú segja sumir: Þetta má bíða til haustþings. En það er misskilningur því það bráðliggur á slíku fjármagni inn í fyrirtæki á landinu. Ef menn vissu núna að það væri von á því með þessari löggjöf færu þeir að láta meira fjármagn í fyrirtækin og þar með auðvelda rekstur margra fyrirtækja í landinu. Þess vegna er nauðsyn á því að taka þessa ákvörðun nú þegar í lok þessa þings og eru síðustu forvöð að gera það í sambandi við frv. um ráðstafanir vegna kjarasamninga.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Það mál sem er til umræðu er að sjálfsögðu mjög mikilsvert og hefði þurft langan tíma til að ræða það, en ég mun reyna að vera stuttorður í þessu tilfelli því margt af því sem ég hefði viljað sagt hafa hefur þegar komið fram við umræðuna. Ég tek undir bæði það sem hv. 10. þm. Reykn. sagði áðan og hv. 1. þm. Vestf. sagði rétt áðan og ég mun ekki lengja umræðuna mjög.

Það er hins vegar ljóst að með frv. er ríkisstjórnin að hörfa með margar af þeim ráðstöfunum sem hún lamdi í gegn með miklu offorsi í vetur og sannast það, sem við sögðum í umræðum í vetur, að þær skattaálögur sem þar voru lagðar á voru til mesta ófarnaðar. Nú er gerð lagfæring á vörugjaldi sem við gagnrýndum mjög harðlega, nú er dregið úr skatti á verslunar- og skrifstofuhúsnæði sem við gagnrýndum mjög harðlega og nú er dregið aðeins að einu leyti úr ákvæðum um eignarskatt, þ.e. hvað varðar eftirlifandi maka í óskiptu búi. Allt er þetta til bóta og ég fagna því. En það þarf miklu meira til til þess að fyrirtækin og heimilin geti staðið undir þeim klyfjum sem núverandi ríkisstjórn hefur lagt á fólkið í landinu.

Ég mun hins vegar mæla fyrir brtt. sem við hv. þm. Ingi Björn Albertsson höfum flutt við frv. um ráðstafanir vegna kjarasamninga og hnýtt aftan við þennan bandorm um það að við lög nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, bætist ný grein er verður 85. gr. og orðist svo: „Þrátt fyrir ákvæði 83. gr. og 84. gr. skal íbúðarhúsnæði til eigin nota vera undanþegið álagningu eignarskatta."

Við frjálslyndir hægrimenn erum þeir einu sem berum heimilin að þessu leyti fyrir brjósti og leggjum til að skattar á almennt íbúðarhúsnæði verði afnumdir. Aðrir hv. þm. hafa ekki haft áhuga á því að leggja til að eignarskattar af almennu íbúðarhúsnæði verði lagðir af. Kemur það fyrst og fremst til að menn eru svo rígbundnir í þessar álögur að þeir geta ekki hugsað sér að afnema eignarskatta af íbúðarhúsnæði. Þetta mun verða stórt mál í Reykjavík og á Reykjanesi vegna þess að þessi skattur er fyrst og fremst skattur á þá íbúa. Hins vegar vil ég minna menn á að menn greiddu atkvæði án þess að gera nokkurn fyrirvara um það fyrir skömmu í þessari hv. deild að hækka fasteignagjöld á íbúðum úti á landsbyggðinni og bliknuðu ekki við það. Það getur vel verið að næst leggi menn til að eignarskattar hækki líka úti á landi og þá held ég að það færi að færast fjör í þingið. Það er eins og margir af hv. þm. hafi aðeins áhuga á því ef einhver mál snerta landsbyggðina því að þá er eins og

það verði allt vitlaust í deildinni. Ég undirstrika að þessi till. um að fella niður eignarskatta af íbúðarhúsnæði er tímabær og þarf að komast í gegn.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég sá einhvers staðar í hæstv. viðskrh. Mig langar til að spyrja hann einnar spurningar. Er hann einhvers staðar nálægur? (**Forseti:** Það er spurt eftir viðskrh. — Hann er genginn í salinn.) Já, hæstv. forseti, mig langaði til að spyrja hæstv. viðskrh. einnar spurningar, en ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Það er vegna þess að ég veit að hann er mjög fróður í öllum fjármálum. Það er varðandi þessa lántöku, 400 millj., í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, hvernig gangi upp bókhaldslega að ríkissjóður láni sjávarútveginum 400 millj. og ríkissjóður sé þá kröfuhafi og eigandi að þessari skuld og síðan sé þetta reiknað sem tekjur hjá frystingunni. Ég fæ ekki skilið hvernig tveir geta átt sömu eignina, bæði fiskvinnslan og ríkissjóður. Mér finnst þetta ekki nógu mikil vandvirkni og hefði verið eðlilegra að lækka álögur á atvinnulífið sem 400 millj. næmi frekar en að vera með sjónhverfingar. Viðkomandi fyrirtæki reiknar þetta sem tekjur í sínu bókhaldi þegar þetta er raunverulega lán sem skal endurgreiðast á næstu þremur árum. Hvað heitir svoleiðis bókhald? Hvers konar bókhald er það? Er þetta til að falsa reikninga frystihúsanna? Ég skil ekki svona aðferðir, alls ekki.

En ég fagna því að skattar eru lækkaðir í frv. Það er vísbending um að eitthvað fari að rofa til. Ef t.d. frumvarp Matthíasar Bjarnasonar hefði orðið að veruleika varðandi Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins þannig að eign Verðjöfnunarsjóðs verði bókuð á hvert fyrirtæki kæmi fram skuldin líka eins og þetta er reiknað núna, þá kæmi þetta rétt fram.

Ég ætla ekki að orðlengja frekar, en ég óska eftir að hæstv. viðskrh. útskýri svo ég geti reynt að koma því saman í kollinum á mér hvernig tveir geti átt 400 millj. kr., bæði ríkissjóður og fiskvinnslan. Þetta eru reyndar orðnar uppsafnaðar 1100 millj. kr., hvorki meira né minna. Hvernig geta tveir aðilar verið eigendur að sömu kröfunni?

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1271,1 felld með 14:11 atkv.

1. gr. samþ. með 15:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GB, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, HG, JóhS, JK, JónS, PP, RA, SV, NL, SJS, AS, KJóh.

nei: EH.

VI, GHH, HJ, KE, KH, MB, MálmS, PJ, RH, ÞÞ greiddu ekki atkvæði.

16 þm. (BB, BÍG, FrS, GeirG, IBA, JBH, JSS, KrP, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, ÓÞG, SighB, ÞP, AðB, ÁrnG) fjarstaddir.

Brtt. 1271,2 felld með 13:11 atkv.

2. gr. samþ. með 18:5 atkv.

Brtt. 1233 felld með 21:2 atkv.

3. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.

Brtt. 1271,3 felld með 18:10 atkv.

Brtt. 1274,1 felld með 17:10 atkv.

Brtt. 1292,1 samþ. með 24 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.

5.–8. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 1271,4–6 felld með 15:7 atkv.

Brtt. 1274,2 felld með 15:10 atkv.

Brtt. 1274,3 felld með 15:7 atkv.

Brtt. 1292,2 (ný gr., verður 9. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 1274,4 kölluð aftur.

Brtt. 1292,3 samþ. með 23 shlj. atkv.

9. gr. (verður 10. gr.), svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 1292,4 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 25 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

110. fundur, föstudaginn 19. maí, að loknum 109. fundi.

Ráðstafanir vegna kjarasamninga, 3. umr.

Stjfrv., 499. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 1314.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 17:5 atkv. og endursent Ed.

SAMEINAÐ ÞING

78. fundur, föstudaginn 19. maí, kl. 9 síðdegis.

Um þingsköp.

Skýrsla um Sigló hf.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Ég mun ekki tefja þennan fund, enda ekki ástæða til. Ég finn mig þó tilknúinn til þess að biðja um orðið um þingsköp. Ástæðan er sú að á dagskrá fundar í Sþ. í gær var skýrsla um Sigló, en vegna fjarveru hæstv. fjmrh. var það mál ekki rætt í gær né heldur var það á dagskrá í dag, enda fjmrh. erlendis og óvíst að umræða um það mál geti haldið áfram sökum fjarveru hans.

Um þessa skýrslu báðu ellefu þingmenn Sjálfstfl. á þskj. 1066 og þetta var 501. mál þingsins. Þar sagði í upphafi, með leyfi forseta:

„Með vísan til 30. gr. laga um þingsköp og 2. málsl. fyrri mgr. 3. gr. laga nr. 12/1986, um ríkisendurskoðun, óskum við undirritaðir þingmenn eftir skýrslu Ríkisendurskoðunar um sölu Siglósíldar í tilefni af umræðum fjmrh. í dag í umræðum um fsp. um Sigló hf. í Sþ."

Síðan er beðið um upplýsingar frá Ríkisendurskoðun en ekki mat á þeim upplýsingum sem um var beðið. Þegar síðan þessi skýrsla lá fyrir og var tekin til umræðu kom í ljós að aftast í skýrslunni er fskj. IV, sem er bréf hæstv. fjmrh. til forseta Sþ., Guðrúnar Helgadóttur, dags. 8. maí. Þar er beðið um viðbótarupplýsingar og síðan segir í bréfinu, með leyfi forseta:

„Þá óskast upplýst hvort fordæmi séu í samnir[illegible] ríkisins fyrir jafnlöngum greiðslufresti og Sigló hf. hefur fengið, sérstaklega ef um vanskil hefur verið að ræða, og þá jafnhagstæðum skilmálum."

Í upphafi og inngangsorðum þessarar skýrslu frá Ríkisendurskoðun segir síðan að með bréfi forseta Sþ., sem var dags. 6. maí 1989, hafi þess verið óskað að Ríkisendurskoðun ynni skýrslu um málefni Sigló hf. og sagt að það komi fram á þskj. í Sþ. 1066. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Þá barst Ríkisendurskoðun afrit" ég undirstrika afrit „af bréfi, dags. 8. maí 1989, til forseta sameinaðs Alþingis frá fjmrh., Ólafi Ragnari Grímssyni, þar sem óskað var eftir viðbótarupplýsingum í skýrslu um málefni Sigló hf. o.fl." Og síðan segir: „Í skýrslu þessari eru svör Ríkisendurskoðunar við þeim fyrirspurnum sem óskað er eftir á þskj. 1066 frá 5. maí 1989, ásamt viðbótarupplýsingum sem stofnunin telur ástæðu til að vekja athygli á." Og svo: „Beiðni fjmrh. um frekari upplýsingar um málefni Sigló hf. er svarað í skýrslu þessari. Hins vegar mun það taka stofnunina nokkurn tíma að afla upplýsinga er varða sölu fyrirtækja í eigu ríkissjóðs" o.s.frv.

Þess ber að geta að í skýrslubeiðninni var vísað í 30. gr. þingskapalaga en þar er gert ráð fyrir því að níu þingmenn geti óskað skýrslu ráðherra um opinbert málefni. Einnig er vísað í lög um Ríkisendurskoðun þar sem segir í 2. málsl. 3. gr. laganna: „Forsetar Alþingis geta þó ýmist að eigin frumkvæði eða samkvæmt óskum þingmanna krafist skýrslna um einstök mál." Ég hygg að flestir álíti að til þess að skýrslubeiðnin geti orðið þingleg sem svo er kölluð, þurfi níu þingmenn samkvæmt þingskapalögum að biðja um skýrsluna.

Ég vil taka það fram að Ríkisendurskoðun heyrir að sjálfsögðu undir Alþingi en ekki undir framkvæmdarvaldið. Beiðni sjálfstæðisþingmannanna var stíluð á forseta Sþ. sem síðan framsendi erindið til Ríkisendurskoðunar, enda er forseti Sþ. æðsti yfirmaður Ríkisendurskoðunar. Beiðnin var sett á þskj. eins og gert er um aðrar skýrslubeiðnir og þess vegna er beiðnin þinglegt skjal.

Í lögunum um Ríkisendurskoðun segir að forsetar Alþingis geti beðið um skýrslu, jafnvel þótt þingmenn hafi ekki farið fram á slíkar skýrslur, en varla, og vil ég þá undirstrika mína skoðun á því, er hægt að blanda þessu tvennu saman. Ef níu þingmenn biðja um skýrslu er varla eðlilegt að einstakir þingmenn né heldur forseti sameinaðs þings geti blandað öðrum þáttum inn í þá skýrslubeiðni eins og virðist hafa verið gert í þessu tilviki. Ef þetta hefði hins vegar verið gert með vitund og vilja forseta Sþ. er hér um að ræða nýja verklagsreglu sem þýðir það að einstakir þingmenn geti óskað eftir því að það sé lagt mat á sumar upplýsingar sem koma fram í skýrslu samkvæmt skýrslubeiðni á þinglegu skjali en það þurfi ekki að gerast í öllum tilvikum.

Ég óska eftir því að hæstv. forseti láti álit sitt í ljós á því þegar svona samblöndun á sér stað, annars vegar þegar um er að ræða þinglega beiðni ellefu þingmanna og hins vegar einkabeiðni einstaks þingmanns eða þingmannsígildis því að hæstv. fjmrh. hefur réttindi þingmanns samkvæmt þingskapalögum vegna þess að hann er ráðherra í ríkisstjórn Íslands um þessar mundir og gilda að sjálfsögðu sömu réttindi honum til handa og þeim sem kosnir hafa verið á Alþingi. Þess vegna er fyrst að spyrja hvort hæstv. forseti hafi framsent erindi Ólafs Ragnars Grímssonar, hæstv. ráðherra. Þetta vildi ég nefna hér og óska eftir áliti hæstv. forseta vegna þess að lagt var mat á eitt tiltekið atriði í þessari skýrslu sem varð til þess að það var eina uppsláttaratriðið sem kom fram í málgagni hæstv. ráðherra þegar Ríkisendurskoðun lagði mat á aðeins eitt tiltekið atriði, en það var um greiðsluskilmála til handa Sigló hf., en ekki á aðrar opinberar gerðir eins og t.d. þær er varða Nútímann og Farg hf.

Þetta kemur fram m.a. í fimmtudagsútgáfu Þjóðviljans 11. maí þar sem í fimm dálka fyrirsögn segir: „Á sér ekki hliðstæðu." En það er orðalag skýrslu Ríkisendurskoðunar.

Virðulegur forseti. Það er óþarfi að hafa fleiri orð um þetta. Mín ósk er sú að hæstv. forseti láti álit sitt í ljós á því sem hérna hefur gerst því þetta gæti vissulega skapað fordæmi og í öðru lagi hvort það sé rétt, eins og ætla má samkvæmt skýrslunni sem fyrir liggur, að forseti hafi framsent erindið án þess að hafa samband við skýrslubeiðendur.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseta er ljúft og skylt að svara þessu. Forseti framsendi ekki erindi hæstv. fjmrh. Sama dag og erindi hans barst, sem hér hefur verið lesið, skrifaði forseti eftirfarandi bréf:

„8. maí 1989.

Hef móttekið bréf fjmrh. frá í dag varðandi málefni Sigló hf. Þar sem fram kemur í bréfinu að afrit hefur þegar verið sent Ríkisendurskoðun sér forseti ekki ástæðu til að aðhafast frekar í málinu."

Undirritað Guðrún Helgadóttir.

Ég hefði e.t.v. átt að geta þess í bréfinu, sem ég gat í samtali mínu við hæstv. fjmrh., að auðvitað er það

gersamlega fráleitt að einhver aðili, hvort sem það er ráðherra eða hv. þm. (**SighB:** Eða ígildi.) eða ígildi, fari inn í skýrslubeiðni þingmanna sem þegar hafa lagt hana fram. Þeir hafa beðið um og óskað eftir ákveðnum upplýsingum og auðvitað hefur Ríkisendurskoðun enga skyldu aðra en að svara því hafi forsetar sent slíkt erindi til endurskoðunarinnar. Ég vil þess vegna upplýsa að ég tók ekki við þessu erindi nema til þess eins að svara því á þann veg að ég teldi ekki ástæðu til þess að senda það áfram. Hæstv. ráðherra tilkynnti mér síðan að hann mundi gera það sjálfur og ég hafði ekkert vald til að banna honum það. Fljótsvarað er því að ég tel að Ríkisendurskoðun hefði ekki átt að verða við erindi hæstv. fjmrh. á þennan hátt heldur hefði henni borið að gera nýja skýrslu með svari við því sem hann bað um, en ekki blanda því saman við allt aðra skýrslu um annað efni. Það er því skoðun mín að þarna hafi ekki verið rétt að farið. En ég vil taka fram að ég tel að forsetar þingsins hafi ekki brugðist við þessu nema á þann eina hátt sem við gátum.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Ég þakka þessi skýru svör sem ég er nákvæmlega sammála og vonast til þess að slíkt hendi ekki aftur því að þetta getur skapað fordæmi sem orðið getur til þess að skýrslubeiðendur mega búast við því að einstakir þingmenn biðji um að lagt sé mat á tiltekna þætti skýrslu eða jafnvel um alls óskylda þætti sem koma skýrslunni ekki við. Það þarf að ríkja jafnræði á milli þingmanna og það geta allir þingmenn samkvæmt þingskapalögum og reyndar samkvæmt lögum um Ríkisendurskoðun óskað skýrslu. En allir þurfa að standa jafnt að vígi.

Ég þakka hæstv. forseta þessar upplýsingar. Þær hafa í sjálfu sér ekki komið neitt á óvart, en mér þykir leitt að þessi umræða skuli eiga sér stað í fjarveru hæstv. fjmrh. Nú stendur svo á að þingi fer bráðum að ljúka með þinglausnum á þessu vori og ég taldi þess vegna eðlilegt að álit hæstv. forseta á þessu máli kæmi í ljós. Því áliti er ég sammála.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Hér hefur verið hreyft mjög þýðingarmiklu máli varðandi framkvæmd þingskapa. Ég vil taka það strax fram að ég er alveg sammála skoðunum hæstv. forseta um þetta efni, en vildi með örfáum orðum leggja áherslu á þetta:

Við þurfum að hafa í huga að það skiptir engu máli fyrir framkvæmd þingskapa hvort ríkisendurskoðandi heyrir undir Alþingi og þingforseta eða ekki. En það er grundvallaratriði í þingsköpum að þeir sem bera fram þingmál hafa forræði málsins. Í því liggur að það hafa engir aðrir heimild til þess að ráða nokkru um það í hvaða formi málið er lagt fyrir. Ef það væri og ef það væri heimilt að gera það sem fjmrh. gerði og ætlaðist til og eins og það var framkvæmt værum við í miklum vanda staddir. Þá gæti t.d. hvaða þingmaður sem er óskað eftir þessu varðandi skýrslubeiðni. Hann gæti óskað eftir breytingum á fyrirspurnum, skriflegum eða munnlegum. Við sjáum að slíkt getur ekki gengið.

Ég sagði að ég væri sammála skoðun hæstv. forseta um þetta efni. En við stöndum frammi fyrir því að það skeði slys þarna. Hæstv. forseti sagði að hún hefði skrifað ríkisendurskoðanda bréf út af þessu máli og tekið fram í bréfinu að hún ætlaði ekkert að aðhafast frekar í málinu. Ég er ósammála þessu. Það hefði einmitt þurft að taka fram við ríkisendurskoðanda að þetta væri ekki þingleg meðferð og honum bæri ekki að verða við beiðni fjmrh.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna síðustu orða vil ég aðeins fá tækifæri til að leiðrétta að bréfið sem ég las áðan var raunar ekki til Ríkisendurskoðunar heldur til hæstv. fjmrh. Ólafs Ragnars Grímssonar. En það kann að vera hárrétt hjá hv. 4. þm. Vestf. að við hefðum átt að senda skriflegt erindi til Ríkisendurskoðunar. Það gerðum við að vísu ekki. Ég svaraði hæstv. fjmrh. með þessu bréfi og lagði þá í hans hendur hvernig hann héldi þessu máli áfram. En það kann vel að vera að það hefði verið rétt að leggja á það áherslu með öðru bréfi að forseti teldi þetta ekki vera gerlegt á þennan veg sem um var beðið.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég misskildi það eins og fram hefur komið að bréfið sem hæstv. forseti ritaði væri til ríkisendurskoðanda heldur var það til hæstv. fjmrh. Það var sjálfsagt að skrifa hæstv. fjmrh. En það hefði jafnframt, fyrst forseta var kunnugt um þetta, verið rétt að skrifa Ríkisendurskoðun og taka honum vara fyrir þessu. Ég vildi aðeins taka þetta fram vegna þess að það var misskilningur hjá mér að bréfið hefði verið til ríkisendurskoðanda.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Svo virðist sem flestir séu sammála um það sem hér um ræðir. Ég vil aðeins bæta því við að ég taldi að með því að erindið kæmi ekki frá forsetum þingsins heldur beint frá ráðherra sjálfum væri eiginlega það svar gefið, þar sem Ríkisendurskoðun var kunnugt um að ráðherra hafði skrifað forsetum þingsins, og ég taldi að með því að framsenda ekki erindið hefði ég þar með gefið í skyn að ég teldi þetta erindi ekki vera þess efnis að mér bæri að senda það áfram.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég get í sjálfu sér tekið undir það efni sem forseti gerði grein fyrir að hefði verið afstaða forseta. Hins vegar sýnist mér ósannað að þau efnisatriði sem hæstv. fjmrh. spurði um hafi ekki verið eðlilegur hluti af svari Ríkisendurskoðunar og að þau hefðu komið þar fram hvort heldur sem fjmrh. hefði um þau spurt eða ekki. Ég hygg að menn séu of hörundssárir fyrir því að Ríkisendurskoðun ber í þessu tilfelli aðeins sannleikanum vitni. Og ég kann því heldur illa þegar hv. 1. þm. Reykv. talar um þingmannsígildi og forseti tekur því með þögninni að slíkar athugasemdir komi úr þessum ræðustól.

Ég minnist þess að á sínum tíma sat sem utanrrh., hæstv. ráðherra þá, Geir Hallgrímsson og ég minnist

þess ekki að menn væru hér að bera honum það á brýn að hann væri þingmannsígildi. Það efaði enginn hans ráðherradóm eða hans seturétt hér á þann veg sem lög leyfa.

Ég fæ því ekki annað séð, hvort sem bréf hefur borist forseta í þessum efnum og hvort sem það hefur verið sent áram, og það sé hárrétt hjá forseta að svara á þann veg hæstv. fjmrh., en að þau efnislegu atriði sem fram komu hjá Ríkisendurskoðun væru eðlilegur hluti af þeirra svari.

Kjartan Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég held að okkur hljóti öllum að vera ljóst að Ríkisendurskoðun er að stíga fyrstu skrefin sem stofnun sem heyrir undir Alþingi og þau geta stundum verið erfið. Það hefur nú gerst á seinustu dögum, þetta er trúi ég í annað sinn, að hér kemur nokkuð til umfjöllunar hvernig Ríkisendurskoðun stendur að sínum málum. Mér þykir rétt af þessu tilefni að geta þess að forsetar þingsins hafa rætt það nokkuð sín í millum hvert verklag væri eðlilegt að því er Ríkisendurskoðun varðar og þegar átt um það lítils háttar viðræður við ríkisendurskoðanda. Ég held að það ríki fullur skilningur á milli forsetanna og ríkisendurskoðanda um að setja þurfi fastari reglur um hvernig með skuli fara, hvernig aðdragandi sé að skýrslugjöf og á hvaða formi hún sé.

Ég segi þetta út frá því að við erum hér með nýja og unga stofnun sem er að stíga fyrstu skrefin og það er kannski ekki óeðlilegt að menn þreifi sig svolítið áfram til að byrja með. En það er fullur skilningur á því, bæði af hálfu forseta þingsins og af hálfu ríkisendurskoðanda eftir því sem ég hef skilið það, að koma þessum málum í fastari farveg en kannski fyrstu skýrslugerðirnar gefa til kynna. Þetta tel ég nauðsynlegt að þingmönnum sé ljóst.

Ólafur G. Einarsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í þessi skoðanaskipti, en það var annað atriði sem kom mér upp í ræðustólinn. Hv. 1. þm. Reykv. sagði áðan að forseti sameinaðs Alþingis væri æðsti yfirmaður Ríkisendurskoðunar. Mig langar bara til þess að vita hvort það er skoðun hæstv. forseta að svo sé og ef svo er hvar það standi í lögum.

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Erindi mitt hingað upp í ræðustól var að taka mjög eindregið undir orð hv. 4. þm. Reykn. Það er mjög algengt að menn greini hér á og það harkalega um einstök atriði, atriði sem kannski varða afgreiðslu mála framkvæmdarvaldsins gagnvart tilteknum fyrirtækjum eða einstaklingum eða hvernig beri að skilja hina og þessa hluti sem frá stjórnarflokkum, stjórnarandstöðu eða ríkisstjórn koma eða handhöfum framkvæmdarvalds. Ég tel að það sé nokkuð alvarleg þróun, sem hefur orðið hér á síðustu dögum og vikum, þegar þingmenn hafa hneigst til þess að kalla til Ríkisendurskoðun í slíkum deilum til að brúka hana sem nokkurs konar hæstarétt um slík ágreiningsmál sem oft kunna að vera þannig vaxin að það er ógerningur að leggja mat á hvort einhver hlutur hafi verið gerður með „eðlilegum hætti" eða ekki. Þetta er mjög varhugavert og við eigum ekki, alþingismenn, að draga Ríkisendurskoðun, sem er stofnun á vegum Alþingis, inn í slíkar deilur í þinginu.

Það vill svo til, virðulegur forseti, að ég er ekki með íslensku útgáfuna af þingsköpum heldur þá dönsku. Ég verð að notast við hana því að hina hef ég einhvers staðar lagt frá mér. En í 30. gr. þingskapalaganna, sem ég býst við að sé sú sama á íslensku og í dönsku útgáfunni, segir: Níu þingmenn geta óskað skýrslu ráðherra um opinbert málefni. Skal beiðnin vera skrifleg o.s.frv. Hér er um það að ræða að alþingismenn níu talsins geta krafið handhafa framkvæmdarvalds um skýrslu um opinbert málefni. Ég tel að það þurfi að skoða og það mjög vandlega hvort rétt sé að opna fyrir það að slíkar kröfur um skýrslur sé hægt að gera til Ríkisendurskoðunar og fela henni að senda hingað inn á Alþingi kannski ótölulegan grúa af skýrslum um málefni sem eru deilumál á milli flokka eða einstaklinga hér í þinginu þar sem menn hneigjast til að nota þessa stofnun, Ríkisendurskoðun, sem einhvers konar hæstarétt eða dómara í slíkum deilum. Ég held að það hafi aldrei, virðulegi forseti, verið hugmyndin með starfi Ríkisendurskoðunar á vegum löggjafarstofnunarinnar og ég held að við ættum ekki að skapa þá hefð vegna þess að þingsköpin gera ekki ráð fyrir því að slík framkvæmd sé möguleg.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég kem upp vegna þess sem hv. 4. þm. Reykn. Kjartan Jóhannsson sagði áðan. Ég verð að segja að mér hefur líkað vel við hans störf í þinginu, en mér fannst hann taka nokkuð mjúklega á Ríkisendurskoðun í umræðum áðan. Hún er ekki neinn dómstóll, Ríkisendurskoðun, eins og hún virðist vera að taka sér vald til. Þetta er endurskoðun og annað ekki. Í sambandi við það mál sem ég tók upp hér á dögunum eru það hreinir sleggjudómar sem þar koma fram. Ég er eiginlega undrandi á eins góðum þingmanni eins og hv. 4. þm. Reykn. Kjartani Jóhannssyni að taka eins mjúklega á þessu máli og vera með afsakanir fyrir skýrslu sem hann með óbeinum orðum minntist á.

Ég er búinn að leita til þriggja hæstaréttardómara til að ræða við þá um þetta mál og ég gat ekki annað heyrt á þeim en að þeir væru mér sammála í einu og öllu. Ég sýndi þeim þá ræðu sem ég flutti. Og ég ætlast til þess af forsetum Alþingis að ekki komi fyrir aftur vinnubrögð eins og koma fram í þessari umræddu skýrslu.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Það var ekki mín ætlan að hér hæfust langar umræður um þingsköp heldur var ákveðinni spurningu beint til hæstv. forseta sem hann hefur svarað mjög skilmerkilega. En vegna orða hv.

2. þm. Vestf. verður það að koma fram að í bréfi hæstv. ráðherra er beðið um upplýsingar um óskyld efni og beðið um mat á upplýsingum sem beðið var um í skýrslubeiðni sem lögð var fram á sérstöku þingskjali. Það sem kannski öllu máli skiptir er að þessum málum er síðan blandað saman þegar beðið er um skýrslu. Ég er alveg sammála forseta. Það er ljóst af lögum um Ríkisendurskoðun að það eru forsetar Alþingis sem biðja Ríkisendurskoðun um skýrslur og þess vegna er beiðnin send forseta sameinaðs þings. Það var hins vegar gert með þeim hætti þegar hæstv. ráðherra átti í hlut að afrit var sent Ríkisendurskoðun og það afrit var síðan grundvöllur þess að þessum málum var blandað saman og það stenst ekki samkvæmt lögum og hefur skýrt komið fram hjá hæstv. forseta.

Varðandi störf Ríkisendurskoðunar verð ég að segja að auðvitað orkar allt tvímælis sem þaðan kemur, en það breytir ekki því að þessi stofnun er nýkomin undir Alþingi og reynir ugglaust að gera það sem í hennar valdi stendur til þess að koma fram með upplýsingar að beiðni þingsins og þingmanna með atbeina forseta þingsins. Ég held að það sé eðlilegt að slíkir barnasjúkdómar komi fram í upphafi, en það skiptir ákaflega miklu máli að strax sé ljóst hvaða reglur gilda um þetta mál. Það sem ég legg mest upp úr er jafnræðisreglan og að það verði ekki um samblöndun að ræða eins og hv. 4. þm. Vestf. benti réttilega á þegar hann bar þetta saman við það hvað gerast mundi ef um fyrirspurnir væri að ræða eða aðrar þinglegar gerðir.

Að allra síðustu, virðulegur forseti, tek ég það fram að orðið „ígildi" er ekki neikvæðrar merkingar. Í þessu tilviki var eingöngu átt við að hæstv. ráðherra er ekki þingmaður en nýtur sömu réttinda og hefur sömu skyldur og venjulegir þingmenn að öðru leyti en því að hann hefur ekki atkvæðisrétt hér á þingi. Hugtakið „ígildi" er þess vegna ekki notað hér til minnkunar fyrir hæstv. ráðherra. Oftast þykir mönnum virðing að því að vera settir á þingmannabekk með kröftugum þingmönnum eins og t.d. hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Áður en lengra er haldið vil ég leyfa mér að biðja hv. þm. að þessari umræðu megi ljúka með fyrra fallinu. En til mín var áðan beint spurningu um hvort sú fullyrðing ætti sér stoð í raunveruleikanum að forseti sameinaðs Alþingis væri æðsti yfirmaður Ríkisendurskoðunar. Ég tel að lögin segi afdráttarlaust að forsetar Alþingis séu yfirmenn Ríkisendurskoðunar. „Ríkisendurskoðun heyrir undir Alþingi", segir í lögunum. „Það starfar á vegum Alþingis", segir í 1. gr. Ég ætla að leyfa mér að lesa 2. gr. og fyrri mgr. 3. gr.:

„Forsetar Alþingis ráða í sameiningu forstöðumann stofnunarinnar til sex ára í senn og nefnist hann ríkisendurskoðandi. Ríkisendurskoðandi skal hafa löggildingu sem endurskoðandi. Launakjör hans skulu ákveðin af kjaradómi. Ríkisendurskoðandi er starfsmaður Alþingis og ber ábyrgð gagnvart því. Forsetar Alþingis geta að fengnu samþykki sameinaðs Alþingis vikið ríkisendurskoðanda úr starfi."

Í fyrri lið 3. gr. er svo sagt: „Ríkisendurskoðandi nýtur sjálfstæðis í starfi sínu og er ekki bundinn af fyrirmælum um einstaka þætti þess. Forsetar Alþingis geta þó, ýmist að eigin frumkvæði eða samkvæmt óskum þingmanna, krafið hann skýrslna um einstök mál."

Það er alveg ljóst að til þess að ríkisendurskoðanda sé skylt að svara beiðni um skýrslu skal sú beiðni koma frá forsetum Alþingis. Ég hef engu við að bæta það sem hv. 4. þm. Vestf. sagði áðan. Það er með öllu óþinglegt að einn fyrirspyrjandi sé að fara inn í fyrirspurn frá öðrum. Hv. þm. geta rétt ímyndað sér hvernig því yrði tekið ef við færum hér að biðja um viðbótarupplýsingar í fyrirspurnum samþingmanna okkar til hæstv. ráðherra.

Ég held að undan því verði ekki vikist að þarna hafi Ríkisendurskoðun brugðist óþarflega skjótt við. Henni bar engin skylda til að svara hæstv. ráðherra og ekki undir neinum kringumstæðum í sama svari og hún sendi þeim sem um skýrsluna báðu. Eðlilegast hefði þá verið að gera aðra skýrslu handa hæstv. fjmrh.

Ég held þess vegna að um þetta getum við öll verið sammála. Ég tek hins vegar undir það, sem forseti Nd. sagði áðan, að það er tiltölulega nýtt fyrirkomulag að Ríkisendurskoðun heyri undir hið háa Alþingi og ég geri ráð fyrir að báðir aðilar séu undir sömu sök seldir að við höfum e.t.v. ekki alveg lært á þau samskipti sem við þurfum að hafa. Hins vegar get ég fullvissað hv. þm. um að forsetar þingsins hafa margrætt þau samskipti og hafa verið mjög meðvitaðir um að þar þurfi að hafa ákveðnar línur. Ég vil jafnframt upplýsa að ríkisendurskoðandi hefur einnig sjálfur óskað eftir að hann hafi hreinar og skýrar línur varðandi verksvið hans. Ég held því að báðir aðilar séu mjög ákveðnir í því að þessi samskipti fari fram eins og sæmir. Það er með lög um Ríkisendurskoðun eins og aðra löggjöf að hún er ekki fullkomin og þar er ýmislegt óljóst sem þyrfti e.t.v. að skýra. Þessi umræða milli aðila mun svo sannarlega halda áfram.

Ég skal ekki lengja þessar umræður, en ég vildi að þessi sjónarmið kæmu fram. Þrír menn eru enn á mælendaskrá og þar sem við eigum nú mikið verk fyrir höndum vildi ég gerast svo djörf að biðja menn að stytta mál sitt sem mest þeir mega, þar sem ég sé ekki að hér sé um ágreiningsatriði að ræða.

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Ég ætla að leyfa mér í umræðum um þingsköp og Ríkisendurskoðun að koma því á framfæri að ég þakka Ríkisendurskoðun þær skýrslur sem hafa komið í vetur. Það vill gjarnan vera svo að sínum augum lítur hver á silfrið eins og þar stendur, en það er ánægjulegt að það skuli vera aðhald. Það þurfa allir að vera undir aðhaldi.

Það er ein skýrsla frá Ríkisendurskoðun um fram-

kvæmd fjárlaga 1988. Ég ætla að leyfa mér að lesa, með leyfi hæstv. forseta. (**Forseti:** Ég bið hv. þm. að misnota ekki leyfi til umræðu um þingsköp með því að lesa langan texta.) „Útgreiðslur umfram fjárlög nr. 10/1988 hjá A-hluta ríkissjóðs námu á árinu 1988 8 milljörðum 56 millj. kr.“ Hæstv. forseti. Þetta er alvarlegt mál. 41. gr. stjórnarskrárinnar hljóðar svo: „Ekkert gjald má reiða af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum“.

Ég tel að þessi vinnubrögð séu ekki í samræmi við stjórnarskrá landsins. Ég hef nokkrum sinnum haft orð á þessu í vetur og ég hefði gjarnan viljað heyra álit hæstv. forseta Sþ. og forsrh. hvort þeir telji þetta vera ranga túlkun hjá mér. (**SighB:** Þú verður að spyrja Ólaf Þórðarson.) Hv. formaður fjvn. mætti gjarnan svara spurningunni líka. Ég tel að samkvæmt þessum texta þurfi Alþingi að leita heimilda fyrir fram um útgjöld af hendi ríkisins því að annars er framkvæmdarvaldið hreinlega á „fittinu“ eins og hæstv. forsrh. var að tala um í fyrrahaust. Þá vissi hann ekki hvað það var, en það var útskýrt fyrir honum þá þannig að hann veit núna hvað það er. (**RA:** Er þetta mál á dagskrá?) Þetta er umræða um skýrslu Ríkisendurskoðunar og þingsköp og ef stjórnarskrá landsins má ekki ræða undir þingsköpum væri gaman að fá túlkun á því.

Ég hefði gjarnan viljað heyra álit forsrh. og hæstv. forseta á því hvort það er ekki rétt að frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1988 verði lagt fyrir haustþing. Það er orðið of seint núna því þingið er að verða búið, en það ætti að leggja frv. til fjáraukalaga fram í haust.

Menn geta farið að spyrja: Hver er það sem kveikir verðbólguna? Hvernig stendur á þessari verðbólgu? (**Forseti:** Forseti hlýtur að biðja hv. þm. að halda sig hér við umræðu um þingsköp.) Ég tel mig vera að gera það, hæstv. forseti. Ég er hættur í bili.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð. Hæstv. forseti hefur tekið af mér ómakið. Ég ætlaði að koma inn á stöðu ríkisendurskoðanda gagnvart Alþingi. Hæstv. forseti hefur lýst því og ég hef engu þar við að bæta og er algerlega samþykkur því sem þar var sagt.

Ég vil aðeins leggja áherslu á að lögin um Ríkisendurskoðun og framkvæmd þeirra laga og sú breyting sem hefur orðið á stöðu ríkisendurskoðanda gagnvart Alþingi kemur alls ekkert þingsköpum við, breytir engu í þingsköpum. En það er grundvallaratriði í þingsköpum eins og við komum að áðan að þeir sem hafa forræði á málum, bera fram þingmál, ráða því í hvaða formi það er. Þess vegna skiptir það ekki máli sem hv. 2. þm. Vestf. sagði, að hann hefði það álit að það hefði verið eðlilegt að hafa inni í skýrslugjöfinni þau atriði sem hæstv. fjmrh. bað um. Það kann að vera að það hefði verið eðlilegt. En hvort sem það var eðlilegt eða óeðlilegt var ekki hægt að taka tillit til þessa. Þá hefði ég t.d. með sama rétti getað óskað eftir því þegar hv. 2. þm. Vestf. bæri næst fram fsp. að það yrði gerð þar grein fyrir tilteknu atriði sem ég teldi að væri eðlilegt að láta þar koma fram. En ég hef ekki heimild til þess.

Ég vona að þetta sé nægilegt til þess að aðalatriði þessa máls liggi skýrt fyrir, að lögin um ríkisendurskoðanda og framkvæmd þeirra laga breyta í engu þingsköpum.

Manneldis- og neyslustefna, síðari umr.

Stjtill., 402. mál. — Þskj. 757, n. 1247, brtt. 1248.

Frsm. félmn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Til félmn. var vísað till. til þál. um manneldis- og neyslustefnu. Nefndin hefur fjallað um tillöguna og skilað áliti á þskj. 1247 þar sem segir að á þremur fundum hafi verið fjallað um tillöguna og fékk nefndin til viðræðu Laufeyju Steingrímsdóttur næringarfræðing og Unni Stefánsdóttur verkefnisstjóra sem báðar starfa hjá heilbrmrn.

Nefndin varð sammála um að mæla með samþykkt þáltill. með breytingu sem flutt er á sérstöku þingskjali. Undir þetta álit rita allir nefndarmenn í félmn.

Brtt. við þáltill. er á þskj. 1248. Þar er um allmargar breytingar að ræða, en nefndin leggur til að greinin orðist þannig:

„Alþingi ályktar að leitast skuli við á árunum 1990–2000 að ná fram meginmarkmiðum í þeirri manneldis- og neyslustefnu sem heilbrigðisráðuneyti og Manneldisráð hafa lagt drög að og felur m.a. í sér eftirfarandi:

Að fæðuval sé fjölbreytt og kjarngott.

Að neysla hvers einstaklings miði að því að viðhalda æskilegri líkamsþyngd.

Að neysla kolvetna sé aukin, einkum úr grófu korni, kartöflum, grænmeti og ávöxtum, en sykurneysla minnki til muna.

Að hvíta (protein) verði áfram rífleg í fæðu landsmanna.

Að dregið verði úr neyslu á fitu, einkum mettuðum fituefnum.

Að takmarka saltnotkun og neyslu saltmetis.

Með eftirfarandi aðgerðum verði leitast við að ná ofangreindum markmiðum og hollustu í lífsháttum:

a. Að innlend matvælaframleiðsla falli að settum manneldismarkmiðum. Sérstaka áherslu skal leggja á að draga úr sykur- og fituinnihaldi matvara og viðhalda jákvæðum þáttum íslenskrar matarhefðar. Við innflutning matvæla skal gæta sömu meginmarkmiða um sykur- og fituinnihald.

b. Að tekið sé mið af settum manneldismarkmiðum við ákvörðun tolla og skatta og hvers konar annarra opinberra aðgerða sem hafa áhrif á verðlag matvæla, svo sem við ákvörðun niðurgreiðslna.

c. Að auka fræðslu í matreiðslu og almennt um manneldis- og neyslumál í grunnskólum og framhaldsskólum landsins.

d. Að efla nám í matvælaiðn, menntun kennara í heimilisfræðum og nám fyrir starfsmenn og stjórnendur mötuneyta og veitingastaða.

e. Að nemendur í grunn- og framhaldsskólum eigi kost á hollu fæði í skólunum.

f. Að auka almenna fræðslu og kynningu um tengsl mataræðis og heilsu og hvers konar önnur næringarfræðileg efni.

g. Að áhersla sé lögð á almenna fræðslu um tengsl heilsufars og líkamlegrar hreyfingar.

h. Að draga úr notkun tóbaks, áfengis og annarra vímuefna.

i. Að haft sé strangt eftirlit með matvælum með tilliti til smithættu, aukaefna og aðskotaefna sem hættuleg geta verið heilsu manna.

j. Að heilbrigðisráðherra láti gera neyslukönnun sem feli í sér heildarúttekt á fæðuvenjum þjóðarinnar. Þar komi fram m.a. hlutdeild einstakra matvara í daglegri fæðu fólks og magn einstakra næringarefna. Skýrsla um niðurstöður könnunarinnar skal lögð fyrir Alþingi. Niðurstöður neyslukönnunarinnar skulu lagðar til grundvallar ofangreindum aðgerðum í manneldismálum (liðir a–h).

k. Að niðurstöður neyslukönnunar samkvæmt j-lið verði hafðar til hliðsjónar við mótun áætlunar um hlutdeild innlendrar framleiðslu í fæðu landsmanna og æskileg markmið á því sviði. Við gerð áætlunarinnar verði tekið tillit til hagkvæmni, nýtingar á innlendum aðföngum og öryggis við öflun matvæla.

l. Að efldar verði innlendar rannsóknir á matvælum, næringu og heilsu.

m. Að stefna í manneldis- og neyslumálum verði endurskoðuð með hliðsjón af nýrri þekkingu á hverjum tíma.

Alþingi felur heilbrmrn. að sjá um framkvæmd þessarar stefnu í samvinnu við aðra hlutaðeigandi og gera þinginu grein fyrir stöðu málsins eigi sjaldnar en á fimm ára fresti."

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu, aðeins segja örfá orð. Mig langar til að þakka hv. félmn. Sþ. fyrir hversu fljótt og vel hún hefur unnið að þessu máli. Málið var seint lagt fram og skammt síðan mælt var fyrir því hér í þinginu og þess vegna sé ég sérstaka ástæðu til að þakka nefndinni og þá kannski einkum og sér í lagi formanni hennar fyrir hversu vel hefur verið unnið að málinu og hratt.

Þær breytingar sem hér eru lagðar fram eru kannski fyrst og fremst breyttar áherslur í uppsetningu eða framsetningu tillögunnar. Hér er lagfært orðalag og tillagan gerð aðgengilegri og líklegri til þess að um hana geti skapast betra og víðtækara samkomulag. Mig langar aðeins til að lýsa því yfir að ráðuneyti heilbrigðismála hefur nú þegar hafið undirbúning að þessari stefnumótun með því að efna til ítarlegrar neyslukönnunar sem á að geta gefið mynd af næringarástandi þjóðarinnar eins og það er og verið undirstaða að áframhaldandi starfi. Ég tel að samþykkt þessarar stefnumótunar sé nauðsynlegt fyrsta skref í mikilvægri stefnumótun.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1248 (ný tillgr.) samþ. með 20 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GB, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, HG, HJ, JE, JK, JónS, KJóh, KE, MálmS, ÓÞG, RA, SighB, SJS, ÞÞ, AS, EG, GHelg.

GHH, GHG, KrP, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, SkA, SV, ÞK, EH, EgJ greiddu ekki atkvæði.

31 þm. (GuðmÁ, GA, HBl, IBA, JóhS, JBH, JHelg, JSS, JúlS, KSG, KP, KH, MF, MB, MÁM, RH, SalÞ, StG, NL, SvG, VS, ÞP, AðB, ÁrnG, BB, BÍG, DS, EKJ, VI, FrS, GeirG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Þar sem Íslendingar eru nálægt heimsmeti hvað meðalaldur snertir, hafa verið þar með gull- eða silfurverðlaun að undanförnu, og mér er ekki ljóst til hvers manneldisstefna hæstv. heilbrmrh. leiðir né fullkomlega ljóst hvaða meðul hann ætlar að hafa til að framkvæma hana, þrátt fyrir að hæstv. sjútvrh. hefur óbrigðull tekið undir, treysti ég mér ekki til að greiða atkvæði.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að efast um að till. hafi verið samþykkt. Það eru ekki nema tuttugu sem segja já. En ef það hefðu bara tveir sagt já hefði þá till. verið samþykkt? Eða einn? Ég hygg að það verði að líta svo á að það verði að segja já eða nei helmingur þingsins til þess að um formlega afgreiðslu sé að ræða. Við sjáum að ef við fylgdum annarri reglu væri hægt að samþykkja sem ályktun Alþingis með nafnakalli með einu jái ef allir aðrir sætu hjá.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti mun að þessum orðum töluðum biðja hv. þm. um fjögurra mínútna hlé til að úr þessu verði skorið. — [Fundarhlé.]

Ekki þurfti fjögurra mínútna hlé til að skera úr þessu vandamáli. Hér mun hafa verið fullkomlega réttmætt að telja þetta mál samþykkt.

Í 45. gr. laga um þingsköp segir svo: „Þingmaður sem er á fundi en greiðir ekki atkvæði við nafnakall án lögmætra ástæðna telst taka þátt í atkvæðagreiðslunni."

Hér tóku þátt í atkvæðagreiðslu 32 þingmenn, sem er nægilegur fjöldi, og þar með er ljóst að till. er samþykkt með 20 atkvæðum, 12 greiddu ekki atkvæði og 31 voru fjarstaddir.

Vegna orða hv. 4. þm. Vestf. um eina atkvæðið er það hárrétt að það mundi nægja til samþykktar máli. Ég vænti þess að hv. þm. séu sammála þessum úrskurði lærðustu lögfræðinga stofnunarinnar.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Mér þótti rétt að vekja athygli á þessu atriði sem ég gerði. Ég hygg að það sé nokkur ágreiningur um hvernig eigi að túlka ákvæði þing-

skapa um þetta efni. Ég geri ekki athugasemd við úrskurð hæstv. forseta, en tel hins vegar rétt að úrskurður hafi verið gefinn um þetta efni.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SJS, VS, ÞÞ, AS, DS, EG, GuðmÁ, GB, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, HG, HJ, JE, JK, JónS, KJóh, KE, MF, MálmS, ÓÞG, RA, SighB, StG, GHelg.

24 þm. (SvG, ÞP, AðB, ÁrnG, BB, BÍG, VI, FrS, GeirG, GA, HBl, IBA, JóhS, JBH, JHelg, JSS, JúlS, KSG, KP, KrP, KH, MB, RH, SalÞ) fjarstaddir.

SV, NL, ÞK, EgJ, EKJ, GHH, GHG, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, SkA greiddu ekki atkvæði.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1316).

Um þingsköp.

Ályktunarfær þingfundur.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er aðeins vegna þeirrar umræðu sem fór fram áðan um þingsköp varðandi atkvæðagreiðslu að ég held að það sé betra að menn gangi af þessum fundi með sæmilega skýra mynd af því sem stendur í þingsköpum um þetta efni. Í 45 gr. þingskapanna segir svo, ég leyfi mér að vitna í hana: „Engin ályktun er lögmæt nema meira en helmingur fundarmanna þeirra sem atkvæðisbærir eru greiði atkvæði með henni.“ Í sömu grein segir í upphafi að *eigi má gera neina ályktun nema meira en helmingur* þingmanna í sameinuðu þingi eða viðkomandi deild sé á fundi og greiði þar atkvæði, 32 hið fæsta, sem þurfa að taka þátt í atkvæðagreiðslu hvort sem það er með já, nei eða því að sitja hjá.

Þetta þýðir að minnst 17 þurfa að greiða atkvæði með till. til að hún sé ályktun Alþingis, þ.e. röskur fjórðungur þingmanna þarf að hafa greitt já með till. til þess að hún sé samþykkt sem ályktun. Þannig skil ég þessa grein. Mér sýnist það vera ótvírætt og mun betri svipur á því en ef það gæti gerst eins og nefnt var hér að ályktun hlyti afgreiðslu Alþingis með aðeins einu atkvæði.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti áttar sig ekki alveg á því sem hér kom fram. Atkvæði fóru áðan þannig að 20 sögðu já. Atkvæði greiddu ekki en svöruðu nafnakalli 12. Meira en helmingur hv. þm. í sameinuðu þingi tók þátt í atkvæðagreiðslunni. (**VI:** Það hefur enginn sagt annað.) (**ÓÞÞ:** Úrskurður forseta var réttur.)

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það var síst ásetningur minn að vefengja úrskurð forseta. Hann var hárréttur að öllu leyti. Það voru 20 sem greiddu brtt. félmn. atkvæði sem er meira en það lágmark sem tilskilið er og brtt. þannig samþykkt. Það var aðeins sú umræða sem fram fór á eftir þar sem það flaug fyrir að unnt væri að afgreiða ályktun frá Alþingi með einu jákvæðu atkvæði ef allir aðrir, nógu margir, 31 þm. hið minnsta sæti hjá við þá atkvæðagreiðslu. Það var þetta sem varð til þess að ég óskaði eftir að minna á þessi ákvæði þingskapanna. Það þarf minnst 17 samkvæmt mínum skilningi á þessari grein til þess að þessi ályktun sé afgreidd af hálfu þingsins jákvætt. Það gerðist hér og ég vefengi ekkert af því sem forseti úrskurðaði um þetta efni. Það var allt rétt.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti skal láta athuga þetta mál nánar. En eitt veit forseti, að sé þessu nákvæmlega framfylgt hefur margsinnis verið fram hjá því farið. Nægir að minna á að hér hafa fjárlög verið afgreidd með 30 atkvæðum. Það væri fróðlegt að taka saman hvort þeirri reglu sem hv. 2. þm. Austurl. hefur bent á hér sé alltaf nákvæmlega framfylgt og verður það kannað.

Umræðum um þingsköp og atkvæðagreiðslur er lokið og aftur verður gengið til dagskrár. Forseti mun freista þess að ljúka afgreiðslu á skýrslu forsrh. um Byggðastofnun. Forseti vill mælast til góðs samstarfs. Á mælendaskrá eru aðeins tveir hv. ræðumenn. Forseti vill upplýsa að verði sú umræða sýnilega löng eða taki einhvern tíma mun forseti fresta henni til þess að taka á dagskrá vegáætlun. En í von um góða samvinnu hv. þm. á væntanlega síðasta kvöldi þessa löggjafarþings ætla ég að freista þess að ljúka þessari umræðu.

Byggðastofnun, frh. umr.

Sýrsla forsætisráðherra um Byggðastofnun.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að halda langa ræðu og sérstaklega vegna þess að hv. 1. þm. Vestf. Matthías Bjarnason flutti ræðu sem ég get tekið undir í einu og öllu og fer ekki að endurtaka á þessum kvöldfundi það sem hann sagði. Hins vegar er mitt erindi í ræðustól að minna á að það var ásetningur hæstv. ríkisstjórnar að mál stæðu með öðrum hætti en nú er. Það var ásetningur, og raunar meira en ásetningur, það var fyrirheit, að raunvextir væru komnir niður í 6% fyrir áramót. Þeir eru nú á bilinu 7,25% og upp í 9,25% í bönkunum og því miður er allt útlit fyrir að vextir fari nú enn hækkandi.

Ég vil líka minna á að í mörgum byggðarlögum er þannig ástatt að það hefur ekki verið hægt að leysa þau mál þannig að ef ekkert verður frekar að gert eru taldar líkur fyrir því að einhvers staðar á milli 7 og 14 *fyrirtæki verði gjaldþrota*. Þetta finnst mér alveg óviðunandi. Ég ætla aðeins að minnast á að á fundi sem hæstv. forsrh. mætti á í Kópavogi að ég hygg í

fyrstu viku apríl er haft eftir honum að það séu ekki nema 2–3 mánuðir til stefnu til að taka á þessum málum. Ég mun hafa tekið undir þessi orð hæstv. forsrh. sem munu hafa komið í fjölmiðlum. Ég verð að segja að ég finn nú mjög og heyri hljóðið í mörgum íbúum þessa lands, sérstaklega úti á landsbyggðinni, sem eru að verða örvinglaðir og sumir segjast ekki geta unnið fyrir áhyggjum og gera ekkert annað en reyna að bjarga málum dag frá degi.

Ég vænti þess að áður en þessir þrír mánuðir eru liðnir verði tekið á málum og ég vil minna á að t.d. loðdýrabændur sem fóru út í þann atvinnurekstur að áeggjan stjórnmálamanna sjá fram á það nú ef ekki verður frekar að gert á næstu tveimur árum að þeir verði gjaldþrota og verði að hætta sínum rekstri. Það er alveg óviðunandi að slíkt gerist.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta, en ég árétta það hér og nú að það er að verða stutt eftir af hinum þremur mánuðum.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég tel að það sé ekki ofsögum sagt þó að úr þessum ræðustól sé fullyrt að byggðaþróun í þessu landi er á tímamörkum. Við höfum horft á það sem þróun að íbúum sem stunda landbúnað fækki og að þeir flytji sig annaðhvort til þorpa við ströndina eða til stærri bæja.

Nú blasir það aftur á móti við að nýr brestur er kominn í byggðir landsins. Sá brestur er á þann veg að þorpin eru að bresta. Þeirra flutningur er hafinn af svæðunum til suðvesturhornsins. Mér skilst að flestir hér inni hlusti nema ráðherrar og kannski væri rétt að spyrja hæstv. viðskrh. að því hvað hefur verið framkvæmt af markmiði núv. stjórnar þar sem fullyrt er á bls. 10, með leyfi forseta: „Unnið verður að því að bæta aðstöðu verslunarfyrirtækja í dreifbýlinu."

Ég held að það væri ekki sanngjarnt að ég hellti úr skálum reiði minnar yfir ráðherra þá sem nú sitja og varpaði á þá allri sök í þessum efnum. Það væri ekki eðlilegur málflutningur. Hins vegar hljóta þeir að gera sér grein fyrir því að sem handhafar framkvæmdarvaldsins geta þeir meir en aðrir mótað þessa stefnu. Mér er sagt að hæstv. forsrh. hafi undir höndum breska skýrslu þar sem sagt er að fá lönd í hinum vestræna heimi eigi meiri efnahagslega möguleika en Ísland. Þar er m.a. gert ráð fyrir því að innan tíu ára sé hægt að flytja rafmagn á milli landa. Mér er ekki kunnugt um að þessari skýrslu hafi verið flíkað, en kannski væri þarft að íslensk þjóð fengi upplýsingar erlendis frá um þá gífurlegu möguleika til hagsældar sem við eigum í þessu landi ef við berum gæfu til þess að nýta auðlindir landsins. En þær verða aldrei nýttar með þeirri aðferð, sem nú hefur verið viðhöfð, að vanmeta þau störf í landinu sem snúast um að afla erlends gjaldeyris en ofmeta þau störf sem snúa að þjónustunni.

Ég held að hæstv. forsrh. þurfi að átta sig á því að það dettur engum manni í hug að hægt sé að hefja byggðaaðgerðir og ekki heldur æskilegt, mundi ég segja, að standa þannig að málum að við ætluðum okkur að flytja stóra hópa frá þéttbýli út á land. Það er hvorki pólitískur möguleiki fyrir slíku né hægt að líta svo á að svo markvisst sé staðið að málum á landsbyggðinni eins og hlutir standa nú að það sé hægt. En halda menn, ef þjóðflutningarnir miklu halda áfram hér innan lands, að við getum nýtt auðlindirnar með sömu stefnu? Ég segi nei. Það mun aldrei ganga upp.

Við stöndum frammi fyrir því að annað tveggja mun gerast í þessu landi. Ef við yfirgefum stór landsvæði, þessi þjóð, og teljum þau svo léleg að menn eigi ekki að búa þar munu Sameinuðu þjóðirnar óska eftir því að fá þessi landsvæði fyrir íbúa sem í dag eru geymdir í aumustu fátækt á bak við gaddavírsgirðingar. Það fær engin þjóð að ráðskast þannig með sitt land að hún setji það í eyði og ætli engum þar að búa þegar offjölgun mannkynsins er staðreynd.

Ég hef horft á að á undanförnum árum hafa yfir 90% af nýjum störfum í þessu landi orðið til í þjónustu, farið yfir 94%, og stöðugt berast fleiri og fleiri stjórnarfrumvörp inn á Alþingi Íslendinga sem gera ráð fyrir nýjum þjónustustörfum á höfuðborgarsvæðinu. Það er þess vegna Alþingi Íslendinga og ráðherrar vors lands sem móta þá stefnu að fari maður til mennta utan af landi eru 90% líkur á því, vilji hann fá störf hjá hinu opinbera, að hann verði þar með að flytja suður. Ég segi þetta hér og nú vegna þess að ég efa mjög að skilningurinn sé til staðar. Og ég efa líka viljann til að setjast niður og hugleiða hvaða stefnubreyting þarf að eiga sér stað svo að byggðaþróun í þessu landi sé með svipuðum hætti og öðrum löndum Evrópu.

Það var sett á stofn þingkjörin nefnd af þinginu undir forustu Lárusar Jónssonar til að skila áliti um þetta. Alþingi hundsaði gersamlega hennar niðurstöður og taldi þær einskis verðar. Menn þóttust vita betur í öllum aðalatriðum málsins. Þar var talað um m.a. að án þriðja stjórnsýslustigsins væri vonlaust að byggja upp það þjónustukerfi úti á landi og fara í það að jafna þeim störfum sem ég hef verið að tala um um landið. Nei. Menn segja að það sé nóg að hafa öflug sveitarfélög og þegar þeir tala um öflug sveitarfélög eru þeir að tala um sveitarfélög með innan við 500 manns ef landsvæðið er nógu stórt sem þau ráða yfir.

Ég hygg að þó fróðlegt sé að skoða tölur í þessari bók og átta sig á því að framlög íslenska ríkisins til byggðamála hafa farið lækkandi og jafnframt þá fullyrðingu sem í henni er að hvergi í nágrannalöndunum væri litið svo á að lán með fullum vöxtum væru framlög til byggðamála, þá eru það samt þessar myndir og línurit sem hérna eru sem segja langmest. Kannski er það línuritið á bls. 33 og stóri rauði hringurinn sem mundi henta sem byrjunarfræðsla í þessum efnum.

Mér er ljóst að mínar skoðanir á aðgerðum í byggðamálum hafa gersamlega orðið undir innan Framsfl. og eiga þar ekki meirihlutastuðning, m.a. þriðja stjórnsýslustigið. Ég lýsi fullri ábyrgð á hendur þeim mönnum innan þess flokks sem telja að þeir viti betur í þeim efnum. Og ég vil bæta því við varðandi

þessa hluti: Það verður of seint eftir 15 ár að segja: Við hefðum átt að standa öðruvísi að þessu. Það getur nefnilega farið svo að Ísland lendi í sömu stöðunni og flest borgríki sögunnar. Sjálfstæði þess líði undir lok vegna þess að menn gáfust upp á því að byggja landið allt.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð til að svara nokkru af því sem hér hefur komið fram.

Ég vil í fyrsta lagi taka undir það, sem kom fram fyrst hjá hv. 1. þm. Vestf. Matthíasi Bjarnasyni og einnig hjá hv. síðasta ræðumanni, að staða dreifbýlisverslunar er mikið áhyggjuefni. En ég vek athygli á því að hæstv. viðskrh. skipaði á sl. vetri nefnd einmitt til að gera úttekt á stöðu dreifbýlisverslunar og gera tillögu um hvernig þar mætti úr bæta og leitaði þá m.a. samstarfs við Byggðastofnun sem ég efa ekki að hv. síðasti ræðumaður þekkir til því að hann situr í stjórn þeirrar stofnunar. Sú niðurstaða mun liggja fyrir mjög fljótlega og verður þá tekin fyrir.

Ég vil hins vegar segja að mér hefur stundum þótt undarlegt hvað Byggðastofnun hefur haft lítið frumkvæði að ýmsum mikilvægum málum sem gætu orðið til að snúa við byggðaþróun. Ég hef farið yfir fundargerðir Byggðastofnunar og þar er margt gott, mikið af lánum samþykkt o.s.frv., en ég lít svo á að Byggðastofnun eigi sjálf að hafa frumkvæði á hverju því sviði sem stjórn Byggðastofnunar telur að snúa megi hlutunum til betri vegar. Það eigi ekki að þurfa í öllum tilfellum ákvörðun ráðherra eða ríkisstjórnar.

Ég vil taka undir það með hv. 6. þm. Norðurl. e. að fjármagnskostnaðurinn er gífurlega mikið áhyggjuefni og ég hef sagt áður og segi enn að á þeim málum þarf að taka. Það hefur verið gert af hálfu ríkisstjórnarinnar og mörgum mönnum í bankaráðum sem því eru fylgjandi að þvinga niður vexti. En það hefur ekki nægilegur árangur náðst. Það er hárrétt. Og maður spyr: Hvenær fara bankarnir að hugsa um að ná saman sínum endum öðruvísi en að hækka útlánsvexti? Af hverju má ekki lækka innlánsvexti eða draga úr kostnaði? Það eru sum fyrirtæki í landinu að gera það í erfiðleikunum og með stórkostlegum árangri. Þau hafa sagt upp mönnum og leitað allra leiða til að draga úr rekstrarkostnaði. Þetta eiga bankarnir vitanlega að gera líka og ég vil beina því til hv. þm., sem ég veit að sem formaður bankaráðs Búnaðarbankans hefur lagt hart gegn því að þar hækki vextir, að hann leggi nú lóð sitt á vogarskálina og þvingi þann banka til að verða fyrirmynd í sparnaði og ná saman endum á þann máta. Ég held nefnilega að það sé ýmislegt sem þingmenn og bankaráðsmenn og fleiri geta gert í þessu sambandi.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu um byggðamálin. Ég sagði í upphafi að ég hefði gjarnan viljað ræða byggðamálin langtum ítarlegar en hér er tækifæri til. Ég nýt að vísu þess umfram aðra þingmenn sem ekki eru í Framsfl. a.m.k. að ég nýt góðra ráða frá hv. síðasta ræðumanni sem heldur okkur við efnið og segir okkur hvernig eigi að leysa þau mál. M.a. sannfærði hann mig um að ég ætti að fylgja þriðja stjórnsýslustiginu svo að hans orð hafa varla átt við mig í þessu sambandi.

En við bíðum nú eftir lokaskýrslu Byggðastofnunar sem hún vann að að ósk fyrrv. hæstv. forsrh. um þróun byggðamála og um tillögur til úrbóta. Við erum búnir að fá það sem er eins konar drög að þeirri skýrslu. Við höfum rætt það í ríkisstjórninni og munum ræða það ítarlega mjög fljótlega. Ég vil segja hins vegar strax að mér þóttu þær tillögur sem fylgja með ná afar skammt og ekki taka á þessum vanda. En við munum alveg tvímælalaust leita eftir samstarfi við Byggðastofnun um að taka á þessum málum á væntanlega nýjan máta sem nauðsynlegt er eins og þróun þessara mála er orðin upp á síðkastið. Ég tek undir hvert orð sem hér er sagt um alvarlega þróun byggðamála í landinu.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Ég skal ekki taka mikinn tíma í sambandi við þetta mál. Hér er eitt af stærstu málunum og ég ætla aðeins að stikla á því í örstuttum tíma sem gefur enga möguleika til að ræða þessi mál til hlítar á einn eða neinn hátt. Nú harma ég það mjög því að hér var komið inn á margt sem hefði mátt hafa langt mál um.

Mig langar hins vegar til að taka undir með hæstv. forsrh. Það má kannski orða það svo að menn hafi gert sér miklu meiri vonir um að það væri verið að leysa mál með Byggðastofnun en raun varð á og ég get sagt það sem mína skoðun að það er alveg ljóst að Byggðastofnun hefur ekki þá möguleika sem hún þyrfti að hafa vegna þess að hún er alltaf í einhverju ákveðnu þjónustuhlutverki sem henni er fengið frá degi til dags. Hún hefur ekki það fjármagn eða umsvif sem þyrfti að hafa til að sinna þessum málum í raun og veru. Hún er alltaf að reyna að bjarga smáum hlutum. Þetta er nokkuð sem þyrfti að breytast og skapa Byggðastofnun það frumkvæði sem hún raunverulega ætti að hafa í byggðamálum í landinu eða aðstoð við að koma þeim málum í betra horf en eru hjá okkur. Það er t.d. eitt að færa þjónustustöðvar út á land o.s.frv. eins og mætti halda langt mál um.

Mér datt í hug þegar við fórum á fund, a.m.k. þingmenn Framsfl., í Byggðastofnun í vetur og sáum þar vel upp sett prógramm um hvað þyrfti að gera eða hvað þyrfti að skoða til að koma þessum málum í betra horf en þau eru í, en síðan hefur raunverulega ekkert heyrst um þessi mál og ekki farið fram slík umræða sem var vissulega raunhæf kveikja að á þessum fundi.

En það sem mig langaði aðeins til að segja er að í dag eru víða byggðarlög í miklum vanda og eru raunverulega komin að því að gefast upp. Fyrir nokkrum dögum kom úr einu byggðarlagi, Dalabyggð, sendinefnd til ríkisstjórnar, hæstv. forsrh., og bað um aðstoð við að reyna að finna möguleika á því að koma í veg fyrir að öll þjónusta, verslun og viðskipti á þessu svæði hyrfu einn góðan veðurdag í gjaldþrot og ómögulegheitum sem því fylgja. Hæstv.

forsrh. brást hart við og skrifaði Byggðastofnun og óskaði eftir aðgerðum. Síðan er sennilega liðinn tæpur mánuður, en það hefur ekkert gerst. Ég er ekki að ásaka einn eða neinn, en ég minni á það að þegar við erum að ræða um þessi mál á hv. Alþingi og erum með mikla skýrslu fyrir framan okkur hlýtur þetta að koma upp í hugann. Erum við virkilega svo vanmegnugir að grípa inn í bráðan vanda í byggðamálum sem þetta atvik ber vitni um? Ég held nefnilega að við þurfum að átta okkur á því að við stöndum hér með mál í höndum sem hefði átt að vera hægt að ræða í heila viku niður í kjölinn því til viðbótar að menn geri sér grein fyrir hvaða stefnu þeir vilja taka í þessum málum. En við erum svona vanmegnugir og það er einmitt það sem ég vildi koma að og ég tek undir að það þarf að sýna í verki að við viljum gera það sem við auglýsum að við ætlum að gera og höfum stefnu til að fara eftir.

Umræðu frestað.

Um þingsköp.

Framvinda þingfundar.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Þannig háttar til að þrír hv. þm. eru nú á mælendaskrá um þetta dagskrármál, en því verður nú frestað þar sem leita þarf afbrigða vegna 1. dagskrármáls, vegáætlunar. Þannig háttar til að þingmenn eru sumir að hverfa úr húsi og því telur forseti ekki óhætt að bíða lengur með að leita afbrigða vegna vegáætlunar.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég hélt að það hefði verið samkomulag um að menn reyndu að haga orðum sínum þannig að það væri hægt að komast frá því að afgreiða þetta mál, skýrslu Byggðastofnunar. Ég ætlaði mér því ekki að taka til máls. En eftir að hafa hlýtt á flokksbræður mína, hæstv. forsrh. og hv. þm. Alexander Stefánsson, sé ég ástæðu til að setja mig á mælendaskrá og ég óska eftir að fá upplýsingar um það hjá hæstv. forseta hvenær skýrsla Byggðastofnunar verður þá á dagskrá.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti getur ekki svarað því.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Okkur var tjáð um miðjan dag í dag að samkomulag hafi orðið milli ríkisstjórnarinnar og stjórnenda þingsins um að umræður um vegáætlun mundu hefjast í hv. Sþ. um sexleytið í dag. Nú er klukkan að verða 11 og nú tilkynnir forseti úr forsetastól að nauðsynlegt sé að fresta umræðu, sem hér varð samkomulag um að færi fram áður en vegáætlunarumræðan færi fram, til þess að hægt sé að leita afbrigða um hvort hægt sé að taka vegáætlunina fyrir þannig að hv. þm. geti farið heim og látið forseta og þá ræðumenn sem óska eftir að vera hér að fjalla um vegáætlun verða eftir í þinginu. Ég tel alveg fráleitt að hér sé frestað umræðu um Byggðastofnun til að hleypa þingmönnum heim svo þeir geti losnað við að fylgjast með umræðu um vegáætlun. Ég tel líka fráleitt að það sé farið að ræða um vegáætlun um það bil kl. 11. Eigum við að sýna landsbyggðarfólki og öllum þeim sem hafa áhuga fyrir þessu máli og líta á þetta mál sem eitt af stærstu afgreiðslumálum Alþingis að það sé nauðsynlegt að senda þingið heim, það sé nauðsynlegt að halda næturfund til að ræða þetta mál?

Mér finnst það svo fráleitt og mér finnst það svo sjálfsagt að þessum fundi verði frestað og við hefjum umræðu um vegáætlun á mánudaginn kemur. Ég lít á það hreinlega sem móðgun við landsbyggðarfólk að þingið þurfi að flýta sér svo að það hafi ekki tíma til að ræða þetta mikilsverða mál á öðrum tíma en um miðja nótt.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill upplýsa að hér er alvarlegur misskilningur á ferð. Til þess var forseti að tilkynna um frestun að unnt væri að ná atkvæðamagni til að leita afbrigða um að vegáætlun verði tekin á dagskrá. Var hugmyndin að fresta um stund þessari umræðu, leita afbrigðanna og halda henni síðan áfram. (**SkA:** Til þess að hv. þm. gætu farið heim og lagt sig og sloppið við að fylgjast með?) Forseti getur ekki haldið mönnum með handafli í húsinu. En eftir reynslu heils þings hlýtur forseti að óttast það nokkuð að menn kunni að fara heim. Þess vegna telur forseti vissara að leita afbrigða meðan til er nægur atkvæðafjöldi í húsinu þannig að hér held ég að geti ekki verið mjög mikið við forseta að sakast.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég hygg að þingflokkur Sjálfstfl. sé *aðili að samkomulagi um að þingi ljúki á morgun* og ég ætla þess vegna ekki að vera með sérstakar aðfinnslur. En það er ekki nokkur leið að komast hjá því að vekja sterklega athygli á þeim vinnubrögðum sem hér eru viðhöfð.

Hér hafa menn verið að ræða skýrslu Byggðastofnunar og hafa komið fram núna í lok umræðunnar atriði sem ómögulegt er annað en að fjalla nokkuð nákvæmar um, ekki síst eftir yfirlýsingar hæstv. forsrh. Ég tek undir að það passar illa saman við þann mikla byggðaáhuga sem hér hefur nú gætt að reyna að skjóta vegáætlun inn á dagskrá til þess, eins og berlega hefur komið fram, að þingmenn gætu farið heim og þá væri hægt í nótt að tala um vegáætlun sem allir vita að er langsamlega stærsta byggðamálið sem við eigum til. Það á að gera á næturfundi þegar hávaðinn af Alþingi er farinn heim og hér er verið að gera sérstakar ráðstafanir í stjórn þessa fundar til þess að það sé hægt að ná fram afbrigðum til að koma þessari skýrslu á dagskrá. Það sjá allir menn að hér er um alveg óhæfileg vinnubrögð að ræða og ég hlýt að mótmæla þeim mjög sterklega.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna orða hv. 4. þm. Austurl. vil ég minna hann á að það er ekki við forseta að sakast hversu lengi vegáætlun var í hv. fjvn. Nefndarálit bárust ekki fyrr en á allra síðustu dögum. Þess vegna var ljóst að gera yrði allt sem í mannlegu valdi stæði til þess að vegáætlun yrði útrædd og afgreidd frá þinginu fyrir þinglok. Þinglok hafa verið ákveðin kl. 2 á morgun og þess vegna hlýtur forseti að reyna að leitast við að halda þessari umræðu áfram uns yfir lýkur. En ég hlýt að hafa leyfi til að tryggja að sú umræða megi fara fram og til þess þarf ég leyfi þingsins. Þess leyfis ætlaði ég nú að leita. Síðan verða menn að sýna áhuga sinn á byggðamálum og vegáætlun með nærveru sinni hér. En forseti getur ekki fyrirskipað mönnum að vera hér. Ég held að það hljóti að vera skiljanlegt að afbrigða verði leitað sem fyrst.

Skúli Alexandersson:

Hæstv. forseti. Ég tel að forseti hafi lýst því yfir að Alþingi verði ekki starfhæft þegar nokkuð líður á nóttina. Ég er alveg tilbúinn að flytja brtt. við það mál sem hér á að fara að ræða um og ég tel alveg ástæðulaust að búa þannig um hlutina að menn geti í miðri umræðu um Byggðastofnun tekið sig til og farið út úr húsinu og gert þingfund óstarfhæfan. Ef þetta er á þann veg að forseti geri sér grein fyrir því að þingfundur verður ekki starfhæfur, ekki atkvæðisbær er fram líður á nóttina og fram líður á umræðuna um vegáætlun liggur beint fyrir að það á að fresta þessum fundi og það fram á mánudag.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Þessum fundi verður ekki frestað. Tekist hefur samkomulag milli þingflokkanna um hvernig þessari umræðu skuli háttað og ég teldi það brot á því samkomulagi ef út af því yrði brugðið. Ég vil minna menn á að það flýtir ekki afgreiðslu, hvorki umræðna um Byggðastofnun né vegáætlun, ef menn halda uppi umræðu um þingsköp mjög lengi.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það, sem hefur komið fram hjá hv. þm. Skúla Alexanderssyni og Stefáni Guðmundssyni, að það er gersamlega fyrir neðan allar hellur að það eigi að afgreiða jafnstór mál og Byggðastofnun eða vegáætlun á næturfundi. Hér er verið að fjalla um grundvallaratriði í afkomu fyrirtækja í strjálbýlinu, um byggðastefnu, byggðaþróun og það hefur komið fram gagnrýni af hálfu forsrh., sem er aðalábyrgðarmaður Byggðastofnunar, með þeim hætti að það er óviðunandi að Alþingi fjalli ekki um þessi mál með þeim hætti sem óskað hefur verið eftir af hv. þm. Skúla Alexanderssyni. Það getur vel verið að það séu hér hv. þm. sem líti þannig á að þetta sé ekki stórmál í þeirra augum, en í augum fólksins sem býr í strjálbýlinu, í augum þeirra sem búa við það að eiga allt sitt undir sjávarútvegi og fiskiðnaði þarf ekki annað en líta á skýrslu Byggðastofnunar til að sjá að hér er um meginmál að ræða fyrir alla þá sem búa utan við Stór-Reykjavíkursvæðið. Þess vegna verð ég að segja að vegna Alþingis er nauðsynlegt að Alþingi fjalli um þessi mál með viðunandi hætti og hér fari fram þingfundir eftir helgi um þessi stórmál. Ég óska eftir því og krefst þess eins og hv. þm. Skúli Alexandersson að það verði sérstakir fundir um þetta eftir helgi.

Það skiptir engu máli hvort einhverjir hv. þm. hafi komið sér saman um að þeim liggi svo mikið á að ljúka störfum á þingi að því þurfi að ljúka kl. 2 á morgun. Við erum ekki á Alþingi Íslendinga til að flýta okkur að ljúka þingstörfum. Ég segi það sem einn af þeim mönnum sem hafa tekið þátt í íslensku atvinnulífi, í sjávarútvegi og fiskiðnaði, að ef þessi mál fá ekki viðunandi umfjöllun á Alþingi Íslendinga er verið að bregðast fólkinu í strjálbýlinu, þá er Alþingi að bregðast því hlutverki að fjalla um þessi grundvallaratriði í íslensku atvinnulífi. Ég krefst þess að Alþingi Íslendinga sinni þeim málum og þeim verkefnum sem það er kjörið til.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna þessara orða vill forseti upplýsa að það er ekki í hans verkahring að ákveða hver eru meginmál þingsins og hver ekki. (**GHG:** Þetta er grundvallaratriði íslensks atvinnulífs.) Forseti hefur enga skoðun á því að þessi mál séu grundvallaratriði umfram önnur mál. Nægir að minna á umræður sem farið hafa fram í þingsölum um menningarmál sem forseti telur líka grundvallarmál. En forseti hefur ekkert leyfi til að hafa séróskir í því sambandi né heldur aðrir þingmenn og forseti gerir ekki upp á milli þingmála á nokkurn hátt.

Ólafur G. Einarsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að fara að metast á um það hvaða mál eru grundvallarmál eða stærstu mál þingsins. Ég get látið í ljós þá skoðun að bæði skýrsla Byggðastofnunar og vegáætlun eru með veigameiri málum sem koma fyrir Alþingi. En ég bið menn um að slíðra sverðin. Við höfum unnið að því í sæmilega góðu samkomulagi, formenn þingflokka og forsetar þingsins, og haft um það samráð sem við höfum getað við þingflokkana að reyna að ljúka þingstörfum með sæmilegum hætti skulum við segja. Við getum haft uppi gagnrýni á hvernig mál hafa þokast áfram. En það er einu sinni svo að það hefur verið tekin ákvörðun um það af þessum hópi manna og hæstv. ríkisstjórn, sem ræður því í raun og veru hvenær þingi skuli ljúka, að stefnt skuli að þinglausnum kl. 2 á morgun. Ég held að það hafi allir gert sér grein fyrir því að það kunni að þýða kvöld- og næturfund í þinginu. Því er hins vegar ekki að neita að það hefur dregist úr hófi að hefja umræðu um bæði skýrslu Byggðastofnunar og vegáætlun. Við höfðum gert okkur vonir um að hægt yrði að hefja umræðu um vegáætlunina þegar kl. 6 í dag, en af því gat ekki orðið af því að fundir í deildum tóku lengri tíma, sérstaklega í Nd., en menn höfðu ætlað.

Ég legg eindregið til að við reynum að gera þetta

með sæmilegum hætti að ljúka þingstörfum þó að við þurfum að vera hér fram eftir nóttu jafnvel og ég sé í sjálfu sér ekkert athugavert við það þótt leitað sé afbrigða fyrir því að vegáætlun eða tillögur sem liggja fyrir vegna hennar megi koma fyrir. Þótt það sé kannski ekkert sérstaklega gott til afspurnar er það nú einu sinni svo að menn hafa kannski misjafnlegan áhuga á þessum málum þótt stór séu og hafa ekki áhuga á að vera hér við þá umræðu, en ég hlýt að vona að þeir séu nægilega margir til þess að vera við því búnir að greiða fyrir því að þessi mál megi halda áfram og séu nægilega margir hér í þinghúsinu til þess að hægt sé að veita afbrigði ef þörf er á.

Það er kannski vegna þess að ég hef átt hlut að þessu samkomulagi sem ég mælist eindregið til þess að menn bindist samtökum um að reyna að standa við það þannig að við getum lokið þingi á morgun.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að óvirða störf forseta eða gera honum erfiðara fyrir að stjórna fundum, en vegna ummæla hv. þm. Ólafs G. Einarssonar, formanns þingflokks Sjálfstfl., vek ég athygli hans á því að sú breyting hefur á orðið síðan samkomulag var gert milli formanna þingflokkanna að hér stendur upp hæstv. forsrh. og deilir hart á Byggðastofnun. Ég tel að með því háttalagi hafi hæstv. forsrh. breytt þeim forsendum sem á var byggt.

Ég skal ekki, virðulegi forseti, orðlengja þetta frekar, en ég vek athygli á því að þegar litið er á skýrslu Byggðastofnunar er um að ræða upphæðir sem skipta hundruðum milljóna. Eftir því sem ég best veit og þekki til úr þeirri atvinnugrein sem hefur notið best starfa og starfsemi Byggðastofnunar, sem er hraðfrystiiðnaðurinn, hafa verið gerðar ráðstafanir af hálfu þessarar stofnunar á sl. ári varðandi fjölda fyrirtækja, tugi fyrirtækja sem nema tugum milljóna á hvert fyrirtæki, þ.e. á hvert frystihús. Að deila á stofnunina fyrir að hafa gert ráðstafanir sem felast í fjárhagslegri endurskipulagningu með þeim hætti er mér gersamlega óskiljanlegt. Það að hæstv. forsrh. skuli ætla að kenna Byggðastofnun um að hún hafi ekki staðið sig í sínu hlutverki tel ég alrangt og ámælisvert. (**Forseti:** Má ég biðja hv. þm. að hefja ekki efnisumræðu.) Já, ég skal ljúka máli mínu, en ég undirstrika það, virðulegi forseti, að í þessari skýrslu komu fram efnisatriði sem eru þess eðlis að ég tel ámælisvert að hæstv. forsrh. skuli hafa deilt þannig á þessa stofnun sem er rekin á hans ábyrgð með þeim hætti sem hér hefur fram komið. Þess vegna hefði ég óskað eftir, virðulegi forseti, eins og ég gerði áðan og fleiri þingmenn hafa gert, að þetta mál fengi ítarlega umfjöllun með sérstöku tilliti til þess og þeirrar vondu stöðu sem íslenskur hraðfrystiiðnaður er enn í og fjöldi fyrirtækja í strjálbýlinu.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Ég hef ekki lagt í vana minn að tefja þingstörf með því að ræða um þingsköp, en mér þykir þetta orðin hin furðulegasta umræða. Hér var hart deilt á ríkisstjórnina áðan fyrir það að láta undir höfuð leggjast að vinna að byggðamálum og marka þar stefnu og það er undarlegt ef ég má ekki svara því. M.a. var deilt á ríkisstjórnina fyrir að hún hefði ekki tekið á erfiðleikum dreifbýlisverslunar og ég leyfði mér að benda á að hæstv. viðskrh. hefði skipað nefnd í þessu skyni.

Ég deili ekki á Byggðastofnun fyrir lánveitingar hennar. Ég hef aldrei sagt eitt orð um það. Hún hefur unnið þar gott verk. Og það er hárrétt að hún hefur verið að bjarga fyrir horn fjölmörgum fyrirtækjum sem eiga í erfiðleikum. Ég met það og þakka það. En við vorum að tala um stefnumörkun í byggðamálum, um að breyta þeirri þróun sem hefur orðið í byggðamálum. Ég tel að Byggðastofnun þurfi að hafa um það meira frumkvæði. Er ég að deila á hana þó að ég lýsi þeirri skoðun minni að hún eigi að hafa þar frumkvæði? Ég upplýsti m.a. að fyrrv. hæstv. forsrh. fól Byggðastofnun að gera úttekt á byggðaþróun í landinu og sú skýrsla er að koma fram. Það er ágætisskýrsla vona ég og var rétt hjá fyrrv. hæstv. forsrh. að gera það.

En ég tel engu að síður afar æskilegt að Byggðastofnun hafi sem mest frumkvæði á hinum ýmsu sviðum þar sem hún telur að af einhverjum ástæðum þróist ekki á hinn rétta veg. Það er engin gagnrýni á Byggðastofnun.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég er alveg sammála hæstv. forsrh. um að Byggðastofnun eigi að hafa meira frumkvæði í sambandi við stefnumörkun varðandi atvinnurekstur úti á landi og varðandi það hvernig við viljum halda á þeim málum. Það sem veldur Byggðastofnun hins vegar erfiðleikum er að það er búið með lögum að skipa tvær yfirstjórnir yfir Byggðastofnun: Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina og hlutabréfasjóð. Svo vill til að hlutabréfasjóður hefur ekki skilað tillögum um eitt einasta fyrirtæki í sjávarútvegi enn þann dag í dag. Svo vill til að t.d. Rafmagnsveitur ríkisins hafa haft uppi hótanir og fullan vilja til að stöðva frystihús úti á landi í síðustu viku og aftur í þessari viku og borið það fyrir sig að engar tillögur eru uppi um það frá hlutabréfasjóði hvernig eigi að bregðast við vanda þeirra fyrirtækja sem stjórn hlutabréfasjóðs hefur sagt að sitji í fyrirrúmi og séu fyrstu fyrirtækin sem hlutabréfasjóður muni taka afstöðu til.

Það liggur enn fremur fyrir að hlutabréfasjóður . . . (**Forseti:** Má ég minna hv. þm. á að nú þykir mér komið út í efnislega umræðu sem þingmanninum er að sjálfsögðu heimilt að ræða í almennri umræðu en tæplega umræðu um þingsköp.) Ég er sammála hæstv. forseta um að ég er í efnislegum umræðum, en ég er að svara ummælum hæstv. forsrh. og mér hafði fundist að hæstv. forseti hefði átt að gera athugasemd við orð hæstv. forsrh. áðan, en ég hlýt að svara þeim ummælum sem hæstv. forsrh. viðhafði í þessum umræðum.

Það liggur fyrir að Fiskveiðasjóður muni ekki halda fund fyrr en eftir einhverjar vikur að mér er sagt. Nú getur vel verið að ég hafi fengið rangar upplýsingar, en þá leiðréttir forsrh. En fyrr en þessi fundur verður haldinn mun ekki liggja fyrir hvernig Fiskveiðasjóður muni taka á erfiðleikum þeirra fyrirtækja sem hlutabréfasjóður er nú að fjalla um. Það liggur með öðrum orðum fyrir að þau fyrirtæki, sem hæstv. forsrh. talaði um að hann mundi halda uppi stöðugri varðstöðu um þegar hann talaði á Kópavogsfundinum skömmu eftir myndun ríkisstjórnarinnar, standa nú frammi fyrir því dag eftir dag að þau vita ekki við hverju þau mega búast. Ég spyr hæstv. forsrh. út af því sem hann sagði hér áðan: Er það hans mat að það standi upp á Byggðastofnun eða er það hans mat að það standi upp á hlutabréfasjóð eða er það hans mat að það standi upp á Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina? (**Forsrh.:** Fiskveiðasjóð.) Standi upp á Fiskveiðasjóð. Það vill svo til að Fiskveiðasjóður er sennilega eini sjóðurinn af þessum fjórum sem ekki heyrir undir hæstv. forsrh. Það heyrir undir hæstv. sjútvrh. Hvar er hann? Er ekki hægt að kalla hæstv. sjútvrh. í þingsalinn og spyrja hann að því hvort hann sé sammála forsrh. að það standi upp á sjútvrh. í þessum málum?

Annars verð ég að segja, hæstv. forseti, að það er sagt um köttinn að það sé alveg sama hvað sé stutt til jarðar og hann sé öfugur, hann komi alltaf undir sig fótunum. Eins er það um hæstv. forsrh. í þessu máli. Hann er eins og kötturinn. Þó það standi upp á Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina, þó það stundi upp á hlutabréfasjóðinn skal það vera hæstv. sjútvrh. að kenna að þessi fyrirtæki fái ekki svar og hæstv. viðskrh. af því að Landsbankinn hefði ekki gefið svar. Þetta er, hæstv. forsrh., ekki nægileg röksemd. Ég held að hæstv. forsrh. verði að gera gleggri grein fyrir því hvernig þessi mál standa. Ef það er mat hæstv. forsrh. að það standi upp á Fiskveiðasjóð í sambandi við það að útflutningsfyrirtækin fái viðunandi afgreiðslu í sjóðakerfi, sem hæstv. forsrh. hefur sett upp, verður hæstv. forsrh. að gera grein fyrir því hér. En á hinn bóginn vitum við að það er þannig að forsrh. mun bara svara í fjölmiðlunum á morgun. Hann mun ekkert koma í þingsalinn og svara hér. Það er hans háttur að tryggja sér viðtalstíma hjá sjónvarpsfréttamönnum og svara ekki þinginu.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti verður að taka fram að hér var um að ræða gróflega misnotkun á leyfi til umræðu um þingsköp hjá hv. 2. þm. Norðurl. e. Og vegna þess að beðið var um að sjútvrh. yrði sóttur man ég engin dæmi til þess að ráðherrar væru sóttir til að hlýða á umræður um þingsköp.

Hér verður umræðum frestað um sinn og leitað afbrigða um að hér megi koma á dagskrá ályktun um vegáætlun.

Vegáætlun 1989–1992, síðari umr.

Stjtill., 392. mál. — Þskj. 735, n. 1236 og 1252, brtt. 1237.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Nú er forseti í verulegum vanda. Það er ljóst að umræða um vegáætlun verður að hefjast sem allra fyrst. Umræðu um skýrslu forsrh. um Byggðastofnun er ekki lokið og enn eru þrír hv. þm. á mælendaskrá. Ég spyr hv. þm. hvort þeir leyfi ekki forseta að hefja umræðu um vegáætlun og verði því ekki mótmælt mun forseti hefja hana nú. (**EgJ:** Ég vil flytja mína ræðu.) Hv. 4. þm. Austurl. hefur óskað eftir að ljúka ræðu sinni í hinu fyrra máli og verður að sjálfsögðu orðið við því.

Umræðu frestað.

Byggðastofnun, frh. umr.

Skýrsla forsætisráðherra um Byggðastofnun.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég get tekið það strax fram að ég ætla ekki að tala langt mál. En ástæðan fyrir því að ég tek hér til máls eru þau orð sem hæstv. forsrh. lét falla fyrr í þessari umræðu. Reyndar hlýtur það að hafa vakið mikla eftirtekt hvernig þingmenn Framsfl. hafa látið orð falla við þessa umræðu og þá horfi ég nú út í hornið til þeirra félaga minna úr fjvn., Ólafs Þ. Þórðarsonar og Alexanders Stefánssonar. Það fór ekkert á milli mála hverjar meiningar þeir voru að flytja úr þessum ræðustól.

Ég bíð á meðan ráðherrarnir eru að tala, virðulegi forseti. (**Forseti:** Það er óskað eftir að hæstv. ráðherrar hlýði á mál ræðumanns.) Því var ég ekki sérstaklega að óska eftir, en það hefði hins vegar verið mér kærara að þeir kynnu mannasiði í Alþingi og hefðu vit á því að vera ekki að tala þegar þeir eru ekki í ræðustól.

En út af orðum hæstv. forsrh. og þeim efasemdum sem komu fram í máli þingmanna Framsfl. langar mig að minna á boðskap hæstv. forsrh. í upphafi stjórnarferils þessarar ríkisstjórnar. Hann birtist m.a. í blaði framsóknarmanna í Kópavogi sem heitir Framsýn. Þar segir á forsíðu: „Hjól atvinnulífsins verða að snúast á fullri ferð.“ Til núverandi ríkisstjórnar var stofnað á grundvelli þessarar yfirlýsingar. Hjól atvinnulífsins ættu að fara á fulla ferð. Í viðtali við forsrh. sem birtist í þessu blaði segir svo, með leyfi hæstv. forseta, og vil ég nú biðja menn að taka vel eftir:

„En það er ljóst að þegar líður að lokum þessa tímabils verður að skoða vel hversu mikið rekstrar-

grundvöllurinn hefur batnað. Reyndar þarf að fylgjast með því strax og ég ætla að hafa stöðuga varðstöðu yfir alla línuna.“ Menn taki eftir. Forsrh. ætlaði að hafa stöðuga varðstöðu yfir alla línuna.

Enn fremur segir: „Tekst t.d. að ná vöxtunum enn meira niður fyrir þennan tíma? Raungengi krónunnar þarf að lækka. Við erum að lækka kaupmáttinn. Þetta verður væntanlega til þess að það dregur úr viðskiptahallanum. Ég tel að viðskiptahallinn sé alvarlegasta vandamálið sem eftir er að leysa. Þar er hins vegar ekki búið að taka inn í hvaða áhrif skattahækkanir hafa á viðskiptahalla, a.m.k. ekki til fulls. Við erum á mjög viðkvæmri braut þar sem í raun og veru þarf að hafa varðmenn úti á öllum sviðum.“

Þessum varðmönnum stillti hæstv. forsrh. upp í byrjun stjórnarferils síns og þeir hafa staðið þar á verði síðan.

Svo vill til að í blaði forsrh. frá því í gær segir með afar skýrum hætti hvernig varðstaðan hefur gengið. „Tuttugu dauðadómar kveðnir upp yfir fyrirtækjum“, segir á forsíðu. Svona hefur þá varðstaðan gengið. Og inni í blaðinu eru í rauninni enn merkilegri upplýsingar. Þar er boðskapur Framsfl. Þetta er blað forsrh., mannsins sem stillti upp varðmönnum á öll svið fyrir tæplega átta mánuðum. Þar segir: „Enginn héraðsbrestur þótt einhverjir fjúki.“ Og meira er nú að hafa í þessu blaði því að í yfirfyrirsögn segir: „Viðbúið að um 40 fyrirtæki hverfi af sjónarsviðinu eftir endurskipulagningu í útflutnings- og samkeppnisgreinum.“ Forsíðan segir að það sé búið að kveða upp dauðadóm yfir 20 fyrirtækjum. Inni í blaðinu er sagt frá því að það séu ekki neinir héraðsbrestir þótt það fjúki 40 fyrirtæki. Þetta er boðskapur Framsfl. daginn áður en skýrsla Byggðastofnunar er rædd á Alþingi. Þetta kemur fram í málgagni forsrh. daginn áður en hann lýsir því hér yfir að Byggðastofnun hafi ekki það frumkvæði í byggðamálum sem henni beri og að það standi á Fiskveiðasjóði og öðrum slíkum sjóðum að greiða þessa götu.

Það er kaldhæðni örlaganna að blað Framsfl., blað forsrh., skuli senda þjóðinni þessar kveðjur, senda þennan boðskap út um allt Ísland til fólksins sem þar lifir og starfar. Tuttugu fyrirtæki hafa fengið dauðadóm og 40 fjúka og það þýðir að mati blaðs forsrh. enga héraðsbresti. Þarna er stefnan. Þarna er árangurinn af stefnu núv. ríkisstjórnar. Þarna er komin fram varðstaðan sem var stillt upp á öllum sviðum í Kópavogi í októbermánuði sl.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég skal verða við beiðni forseta um að stytta mál mitt. Það er kannski við hæfi, og ég hefði kannski ekki þurft að koma hér upp, hvernig þessi umræða fer fram. En ég vil þó koma upp til að mótmæla því mjög eindregið, sem hér hefur komið fram, að Byggðastofnun hafi skort frumkvæði. Ég fullyrði að Byggðastofnun hefur haft frumkvæði í fjölda mála. Hún hefur haft frumkvæði í því að koma upp mörgum fyrirtækjum og stutt þau dyggilega. Ég get því miður ekki talið þau öll hérna upp vegna tímaleysis.

Ég vil einnig svara því sem hefur komið beint fram hjá hv. þm. Alexander Stefánssyni. Byggðastofnun beitti sér fyrir því að gera sérstaka áætlun, Dalabyggðaáætlun, og réði til þess gagnkunnugan heimamann að fylgja því máli fram. (**AS:** Það var fulltrúi Alþingis.) Byggðastofnun gerði það og réði mann til þess og það sem þú ert að vitna í er bréf sem hafi komið til Byggðastofnunar til að taka fyrir ákveðna þætti í Búðardal. Það bréf barst inn á stjórnarfund Byggðastofnunar í þann mund þegar var verið að slíta fundinum. Það er það sanna í málinu.

Virðulegur forseti. Ég skal verða við óskum manna um að teygja ekki lopann í þessu máli. En ég hef margt að segja um byggðamál og ég ætla að biðja menn að lesa skýrslu um starfsemi Byggðasjóðs Framkvæmdastofnunar ríkisins sem unnin var af manni sem situr á móti mér og heitir Sighvatur Björgvinsson. Hún ætti að geta fært mönnum sanninn um hvort Byggðastofnun hefur haft frumkvæði og hafi orðið að liði eður ei.

Ég lýk máli mínu, en ég hef tækifæri til að tala við félaga mína tvo betur eftir hádegi á morgun.

Vegáætlun 1989–1992, frh. síðari umr.

Stjtill., 392. mál. — Þskj. 735, n. 1236 og 1252, brtt. 1237.

Frsm. meiri hl. fjvn. (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Seint koma sumir en koma þó. Fjvn. hefur lokið umfjöllun sinni um till. til þál. um vegáætlun fyrir árið 1989–1992 og flytur brtt. við hana á þskj. 1237.

Allir fjárveitinganefndarmenn standa að þeirri brtt., en að sjálfsögðu með venjulegum fyrirvörum um að þeir kunni að flytja brtt. við einstök viðfangsefni eða fylgja slíkum ef fram koma. Auk þess hafa fulltrúar stjórnarandstöðunnar í nefndinni lýst andstöðu sinni við þá ákvörðun ríkisstjórnarflokkanna, sem tekin var við afgreiðslu fjárlaga og staðfest er nú við afgreiðslu vegáætlunar, að halda eftir í ríkissjóði 682 milljónum kr. af tekjustofnum Vegasjóðs.

Við meðferð þessa máls í fjvn. hefur nefndin eins og jafnan áður notið hjálpar og fyrirgreiðslu Snæbjarnar Jónassonar vegamálastjóra og annarra starfsmanna hans hjá Vegagerð ríkisins og vil ég fyrir hönd fjvn. færa þeim þakkir fyrir það samstarf sem hefur verið með ágætum eins og jafnan áður.

Ég mun á eftir víkja að helstu breytingum sem fjvn. leggur til að gerðar verði á till. frá upphaflegri gerð hennar eins og hún var lögð fyrir Alþingi. Í þáltill. eins og hún var í upphaflegri gerð voru allar tölur settar fram á áætluðu verðlagi 1998. Þá var reiknað með að verðhækkun á milli áranna 1988 og 1989 yrði 15%. Raunhækkun á milli þessara ára stefnir nú í

22–23%. Með hliðsjón af verðþróunarspám sem nú liggja fyrir til loka ársins er meðaltalshækkun milli áranna 1989 og 1990 áætluð 19%. Samkvæmt því yrði vísitala vegagerðar 4066 stig á árinu 1990. Í brtt. nefndarinnar er þetta verðlag notað fyrir 1990–1992 öll þau ár. Eru allar tölur teknar og gjalda hækkaðar í samræmi við þetta. Tölurnar fyrir 1989 eru hins vegar óbreyttar frá því sem í till. segir. Þessi uppfærsla hefur sem sé ekki áhrif á útgjaldaáformin því að tekjustofnar Vegagerðarinnar eru hækkaðir um sama hundraðshluta eins og útgjöldin eftir þetta endurmat á verðlagi.

Í sambandi við þróun markaðra tekna frá árinu 1990 til 1992 ítreka ég að þarna er um sambærilegt verðlag að ræða og tekjuaukinn af bensíngjaldi milli áranna er því fenginn með áætlun um magnaukningu á bensínsölu.

Fjvn. hefur skoðað sérstaklega stöðu Vegasjóðs um sl. áramót gagnvart ríkissjóði og einnig hefur hún skoðað samskipti ríkissjóðs og Vegasjóðs, en ríkissjóður sér eins og kunnugt er um innheimtu tekjustofna Vegasjóðs og útgreiðslu til reksturs Vegagerðar ríkisins og til vegaframkvæmda. Tekjuár Vegasjóðs er annað en almanaksárið, þ.e. það er frá nóvember til nóvember ár hvert.

Við skoðun fjvn. og samkvæmt upplýsingum frá ríkisbókhaldi kom í ljós að tekjur Vegasjóðs sem ríkissjóður hafði innheimt umfram það sem hann hafði greitt út vegna reksturs og framkvæmda námu 170 millj. kr. um sl. áramót og er þar um að ræða uppsafnaðar tekjur umfram útgreiðslur frá árunum þar á undan.

Fram hefur komið áður á Alþingi að ef um innheimtar tekjur yrði að ræða umfram útgreiðslur ætti að standa Vegasjóði á því skil enda eru engar heimildir til annars, en tekið skal fram að þrátt fyrir það höfðu slík skil þó aldrei fullkomlega verið gerð. Í brtt. fjvn. er hins vegar nú lagt til að þau skil verði gerð og að ríkissjóður greiði til Vegasjóðs þær 170 millj. kr. sem hann hefur innheimt af mörkuðum tekjum Vegasjóðs umfram útgjöld ríkissjóðs til vegamála og skal ég þar taka fram eins og áður að hér er um uppsafnaða fjárhæð að ræða frá fleiri en einu ári.

Í annan stað hafa á sl. tveimur árum orðið til vanskil vegna óinnheimts eða álagðs þungaskatts sem nemur samanlagt vegna áranna 1987 og 1988 219 millj. kr. Í þeirri fjárhæð eru dráttarvextir ekki meðtaldir, en fyrir tveimur árum var fyrst farið að reikna dráttarvexti vegna álagðs en óinnheimts þungaskatts. Fram hefur komið að ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að herða þessa innheimtu, enda er óeðlilegt að svo há skuld hafi myndast á aðeins tveimur árum. Til samanburðar skal þess getið að áætlaðar tekjur af þungaskatti fyrir árið 1989 nema 265 millj. kr., en vanskilin vegna síðustu tveggja ára þar á undan af þungaskatti nema hartnær sömu fjárhæð eða 219 millj. kr. þannig að þau vanskil sem orðið hafa á tveimur árum nema því sem næst heils árs innheimtu á þungaskatti eins og hann er áætlaður á árinu 1989 og sést af því hve veruleg þessi vanskil hafa orðið á aðeins tveimur árum og hve nauðsynlegt er að gera átak til innheimtu á þessum tekjustofni vegagerðar.

Eins og fyrr segir er reiknað með að setja nokkurn kraft í þessa innheimtu sem hefur nokkuð slaknað á þessum tveimur árum og er reiknað með því að á árinu 1989 takist að innheimta 50 millj. af þessum 219 millj. sem út af standa um sl. áramót og er reiknað með þeirri fjárhæð í brtt. fjvn. á tekjuhlið þingsályktunartillögunnar. Fram skal tekið að hér er um áætlun að ræða um árangur innheimtu. Það sem óinnheimt kann hins vegar að verða af umræddri fjárhæð, hvort sem það verður 160 millj. kr. meira eða minna, verður svo að sjálfsögðu til innheimtu eftir áramótin.

Í þessu sambandi skal sérstaklega tekið fram að vegna þeirra aðstæðna sem skapast hafa þar sem menn fóru árið 1987 í fyrsta sinn að reikna dráttarvexti af álögðum en óinnheimtum tekjum Vegasjóðs kemur til álita hvernig með dráttarvexti skuli fara af mörkuðum tekjustofnum sem ríkissjóður innheimtir fyrir aðra. Hefur fjvn. orðið sammála um að leita álits og úrskurðar Lagastofnunar Háskóla Íslands í því máli.

Í þriðja lagi liggur svo fyrir að vegna mjög snjóþungs vetrar hefur kostnaður við vetrarviðhald hjá Vegagerðinni farið langt fram úr áætlun. Talið er að á árinu 1989 vanti frá upphaflegri áætlun eins og hún var lögð fyrir Alþingi 90–100 millj. vegna vetrarviðhalds á vetrar- og vormissiri 1989 og svo 50–60 millj. kr. vegna vetrarviðhalds á haustmissiri eða 140–160 millj. kr. í heild. Í till. fjvn. er lagt til að þetta mál verði leyst þannig að bensíngjald verði hækkað umfram áformin í þáltill. um allt að 1,25 kr. á lítra og komi sú hækkun innan skamms. Mun þetta auka tekjur Vegasjóðs um u.þ.b. 100 millj. kr. á innheimtutímabilinu á árinu 1989 eins og fram kemur í brtt. og er lagt til að því fé öllu verði varið til vetrarviðhalds og á það að nægja og ríflega það til þess að kosta vetrarviðhald á vetrar- og vormissiri 1989. Enn er þá óleyst vandamál sem upp kann að koma vegna vetrarviðhalds á komandi hausti og verða þau mál skoðuð í sumar með tilliti til þess hvernig tekjustofnar Vegasjóðs innheimtast í samanburði við innheimtuáætlun. Verði þá talin þörf á auknum tekjum vegna snjómoksturs á komandi hausti er ráð fyrir því gert að bensíngjald verði hækkað aftur síðar á árinu sem nemur þeirri viðbótartekjuþörf umfram innheimtuhorfur eins og þær kunna þá að vera hvað varðar innheimtu fastra tekjustofna Vegasjóðs.

Í meðförum fjvn. hefur tekjuhlið vegáætlunar fyrir árið 1989 þannig samtals verið hækkuð um 320 millj. kr. 100 millj. af þeirri hækkun er ráðstafað í till. nefndarinnar til aukins vetrarviðhalds eins og fyrr segir vegna óvenjulega mikils kostnaðar við snjómokstur og 220 millj. kr. er síðan ráðstafað til aukinna framkvæmda við almenn verkefni við vegagerð, þ.e. til annarra framkvæmda en svonefndra „stórverkefna".

Þá hefur fjvn. tekið til athugunar skiptingu milli

kjördæma á fé til stofnbrauta og þjóðbrauta og byggjast ákvarðanir nefndarinnar á tillögum sem fram komu frá Vegagerð ríkisins. Þingmenn einstakra kjördæma hafa síðan samkvæmt venju ákvarðað skiptingu á verkefni í hverju kjördæmi og flytur fjvn. tillögur sínar í samræmi við þær ákvarðanir. Við skiptingu stofnbrautafjár á milli kjördæma er viðhöfð sama aðferð og áður. Reiknaðar eru hlutfallstölur út frá kostnaði við endurbætur stofnbrauta í fyrsta lagi, í öðru lagi ástandi stofnbrautanna og í þriðja lagi arðsemi framkvæmda þeirra. Tölur um þessi atriði miðast við stöðu mála í árslok 1988.

Þjóðvegir á höfuðborgarsvæðinu eru utan hlutfallsskiptingar svo og önnur stórverkefni að því marki sem hinar sérstöku fjárveitingar til þess verkefnaflokks greiða kostnað við framkvæmdirnar. Gert er ráð fyrir því í tillögum nefndarinnar að stórverkefnasjóður greiði 80% kostnaðar við jarðgöng og 62,5% kostnaðar við stórbrýr og fjarðaþveranir, en kjördæmin leggja fram það sem á vantar af sínum hlut. Niðurstöður þessara útreikninga, sem liggja síðan til grundvallar skiptingu á milli kjördæma, eru síðan sýndar á bls. 3 í nál. meiri hl. fjvn. á þskj. 1236 og vísa ég í þá töflu til frekari skýringar.

Miðað er við að hin nýju hlutföll gildi fyrir árið 1991 og 1992 og þá án frávika. Er það nýmæli. Frávik þau, sem áður reyndust nauðsynleg þegar stærri framkvæmdir voru á döfinni og gátu raskað nokkuð þessum hlutfallstölum sem byggðu á skiptingu milli kostnaðarástands og arðsemi, leysast nú í gegnum stórverkefnaflokkinn þannig að það er ekki lengur þörf fyrir þessi frávik og er því frá þeim fallið frá og með árinu 1991.

Fyrir árin 1989 og 1990 er reiknað með óbreyttum hlutföllum frá gildandi vegáætlun. Þessi tvö ár eru síðari hluti annars tímabils langtímaáætlunarinnar, en henni á að ljúka eins og kunnugt er árið 1994. Við endurskoðun vegáætlunar 1987 voru samþykkt ákveðin hlutföll fyrir tímabilið í heild og fyrir einstök ár. Fjvn. telur eðlilegt að þau hlutföll haldist nú fyrir árin 1989 og 1990.

Á bls. 3 í nál. meiri hl. fjvn. á þskj. 1236 er síðan sýnd hlutfallaskiptingin milli kjördæmanna samkvæmt framansögðu eins og hún verður á áætlunartímabilinu, þ.e. fyrir árin 1989, 1990, 1991 og 1992, og á það við um skiptingu á framkvæmdafé vegna stofnbrauta.

Um skiptingu þjóðbrautafjár á milli kjördæma er það að segja að einnig þar er notuð sama aðferð og undanfarið. Þar eru reiknaðar hlutfallstölur kjördæma út frá kostnaði við endurbætur þjóðbrauta, út frá ástandi þeirra og umferð á þjóðbrautum. Hér er um að ræða tvo sömu þætti og varða stofnbrautirnar, þ.e. kostnaður og ástand, en þriðji þátturinn í þessum útreikningum er hvað þjóðbrautir varðar umferðarþungi þar sem hins vegar hvað stofnbrautir varðar er notast við arðsemisútreikninga. Miðað er við stöðu mála í árslok 1988 eins og gildir um stofnbrautirnar og eru niðurstöðurnar einnig sýndar í töflu þar sem sýndar eru gildandi skiptitölur milli kjördæma og kemur sú tafla fram á bls. 3 í nál. meiri hl. fjvn. og vísa ég í þá töflu til frekari skýringa. Síðan er svo reiknað með að gildandi skiptitölur séu notaðar 1989, en nýjar taki svo gildi árið 1990.

Sérstök stórverkefni eru nýmæli í þeirri till. til þál. um vegáætlun sem lögð var fram á Alþingi fyrr í vetur. Fjvn. gerir tillögur um að fjárveitingar til þessara stórverkefna skiptist á þrjá verkefnaflokka, þ.e. í fyrsta lagi jarðgöng, í öðru lagi stórbrýr og fjarðaþveranir og í þriðja lagi til höfuðborgarsvæðisins. Verkefni þau sem leysa þarf innan þessa verkefnaflokks á komandi árum eru allmörg og sum hver mjög dýr og er fyrirsjáanlegt að þessi stóru verkefni verða ekki leyst nema áætlað sé sérstaklega fyrir þeim í vegáætlun eins og gert hefur verið. Markar því sú stefnumótun tímamót hvað gerð vegáætlunar varðar. Með þeirri vegáætlun sem hér er lögð fram er gerð tillaga um það og raunar gert ráð fyrir því að hægt sé að hefjast handa við stórverkefni af þessu tagi.

Þau jarðgangaverkefni sem tekin hafa verið inn í áætlanir og útreikning á þessu stigi eru eftirfarandi: Ólafsfjarðarmúli, en eins og kunnugt er eru framkvæmdir þegar hafnar þar og miðar vel áfram, Breiðadals- og Botnsheiði og loks Fjarðarheiði og Oddsskarð.

Það er ekki búið að ljúka fyllilega áætlunum um kostnað við þessa jarðgangagerð að Ólafsfjarðarmúla frátöldum, en samkvæmt lauslegum áætlunum má giska á að kostnaður verði um 7–8 milljarðar kr. og samanlögð leið þessara jarðganga yrði um 30 km.

Þau verkefni sem tekin hafa verið með í útreikningum í flokki stórbrúa og fjarðaþverana eru: Kúðafljót, Markarfljót, Laxá í Kjós, Botnsvogur, Gilsfjörður, Dýrafjörður, vesturós Héraðsvatna, Skjálfandafljót í Köldukinn, Jökuls á Dal hjá Sellandi, Breiðdalsá og Jökulsá í Lóni. Af þessum stórbrúaverkefnum voru áður að hluta til á vegáætlun Markarfljót, Dýrafjörður og Breiðdalsá, en hin verkefnin ekki. Athugun á þessum verkefnum er að sjálfsögðu einnig misjafnlega langt á veg komin og einnig kostnaðaráætlanir, en áætlað er, miðað við þær lauslegu upplýsingar sem fyrir liggja, að þessi verkefni kosti samanlagt um 2,3 milljarða kr.

Þriðji stórverkefnaflokkurinn er síðan höfuðborgarsvæðið, en verkefni þar eru bæði mörg og dýr og ýmist á þjóðvegum eða þjóðvegum í þéttbýli. Lausleg úttekt bendir til að fjárþörf þar sé a.m.k. 400 millj. kr. á ári næstu árin. Það fjármagn mun nýtast bæði til að draga úr slysum á höfuðborgarsvæðinu og greiða fyrir umferðinni, en alkunna er að umferð hefur þyngst mjög á höfuðborgarsvæðinu hin síðari ár, miklu meira en menn gerðu ráð fyrir þegar umferðarspá var gerð fyrir höfuðborgarsvæðið og hefur það valdið miklum vandkvæðum.

Til viðbótar fé af stórverkefnum bætist svo þarna við fjármagn til þjóðvega í þéttbýli á höfuðborgarsvæðinu, um 100 millj. kr. á ári, þannig að samanlagt er þörfin með framlagi af þéttbýlisvegafé höfuðborgarsvæðisins um 500 millj. kr. á ári næstu árin og er það

ekki alllítið fé. Reiknað er síðan með að þau kjördæmi sem hafa stórverkefni í gangi leggi fé af hlutfalli sínu af vegafé á móti fjárveitingu af stórverkefnum og borgi 20% af kostnaði við jarðgöng og 37,5% af kostnaði við stórbrýr og fjarðaþveranir eins og áður er getið.

Rétt er að benda á varðandi stórverkefnin og þá framkvæmd sem áætlað er að vinna með tilstyrk fjárveitinga til stórverkefna á árinu 1989, þ.e. jarðganga í Ólafsfjarðarmúla, að fyrir liggur að það verk hefur gengið mun greiðar en upphaflega var áætlað og greiðslur hafa af þeim ástæðum fallið hraðar til en gert var ráð fyrir, en verksamningur með ákvæðum um greiðslur í samræmi við hversu verkinu miðar áfram liggur fyrir varðandi gangagerðina. Miði verkinu áfram jafnvel og nú horfir er líklegt að enn vanti miðað við verðlagsspá um 90 millj. kr. til verksins umfram það sem rennur til jarðgangagerðarinnar úr „stórverkasjóði" og af framlagi kjördæmisins, en um það verður þó ekki endanlega neitt sagt fyrr en lengra líður á árið. Sá viðbótarkostnaður sem hér er rætt um að verða kunni mun þó ekki falla til fyrr en á síðustu mánuðum ársins. Þegar séð verður hvort svo fer og um hve mikið fé getur verið að ræða munu fjmrh. og samgrh. í samvinnu við ríkisstjórn og fjvn. gera tillögur um það á haustþingi hvernig með skuli fara og mun Alþingi um það mál fjalla og afgreiða.

Tímabili tólf ára langtímaáætlunar í vegamálum á að ljúka árið 1994. Í langtímaáætluninni var gert ráð fyrir því að höfuðáhersla yrði lögð á uppbyggingu stofnbrautakerfisins og á bundin slitlög. Hvað varðar hin bundnu slitlög hefur fram til þessa verið unnt að halda áætluninni og rúmlega það, en í öðrum efnum hefur svo ekki reynst vera. Ég vil í þessu sambandi vekja athygli manna á súluriti á bls. 6 í nál. meiri hl. fjvn. þar sem sýnd eru slitlög á stofnbrautum samkvæmt langtímaáætlun 1982 og staðan eins og hún er um áramót 1988/1989. Af þessu súluriti má sjá að í öllum kjördæmum að einu undanskildu hefur tekist að ná þeim áfanga við slitlagsgerð á stofnbrautum að um sl. áramót var búið að leggja slitlag á stofnbrautir í kjördæmunum álíka mikið og gert var ráð fyrir að lagt yrði til loka ársins 1990. Aðeins eitt kjördæmi stingur þar nokkuð í stúf, þ.e. Norðurland eystra, þar sem nokkuð vantar enn á að því markmiði sé náð varðandi gerð slitlaga á stofnbrautum, en segja má um öll önnur kjördæmi að þessu markmiði hafi svo til verið náð miðað við stöðuna um sl. áramót og er það þó jákvætt í þessu að tekist hefur með þessum hætti að halda langtímaáætlun í vegagerð um gerð bundinna slitlaga og vel það.

En ástæðan fyrir því að ekki hefur verið hægt að halda áætlunum hvað aðra þætti varðar er sú að aldrei frá upphafi hefur verið staðið við þá fjármögnun vegagerðarverkefna sem langtímaáætlunin gerði ráð fyrir. Þrátt fyrir það að menn hafi samþykkt umrædda áætlun hefur Alþingi aldrei staðið við þá fjármögnun sem langtímaáætlunin gerði ráð fyrir. Hin síðari ár hefur vantað fé til þess að hægt væri að standa við markmið langtímaáætlunarinnar sem nemur allt að 1% af vergri landsframleiðslu. Munar þar um 3 milljörðum kr. á ári á núverandi verðlagi og jafnvel þótt, eins og fram hefur komið, ýmsum þyki nokkuð langt frá því að það mark náist á árinu 1989 er þó það að segja að þó nokkuð lengra er stigið en á sl. ári þannig að hafi eitthvað breyst frá árinu áður hefur þokað í rétta átt þó lítið sé. Þessi fjárvöntun hefur auðvitað gert það að verkum að langtímaáætlun hefur verulega raskast í öllum atriðum öðrum en að tekist hefur að halda áætluninni um gerð bundinna slitlaga. Til þess að svo mætti verða hafa menn m.a. notað fé sem verja hefur átt til viðhalds slíkra verkefna.

Með tilkomu stórverkasjóðs nú hafa önnur ný viðhorf einnig haldið innreið sína sem áhrif hafa á langtímaáætlunina. Hvað varðar hin almennu vegagerðarverkefni, þ.e. gerð stofnbrauta, slitlaga, þjóðbrauta og sérverkefna, mun tilkoma stórverkefna þó ekki hafa umtalsverð áhrif ef horft er á meðaltal áranna 1983–1988 nema á árinu 1989. Á föstu verðlagi hafa framlög til þessara almennu vegagerðarverkefna verið 1002 millj. kr. á ári á þessu árabili. Þau verða hins vegar á yfirstandandi ári 861 millj. kr. á sama verðlagi eða nokkru minni en að meðaltali næstu árin á undan, en árið 1990 verður framlagið þegar orðið 1030 millj. kr. eða nokkru meira en meðaltalinu nemur og önnur ár tímabilsins, árin 1991 og 1992, verður framlagið um það bil 1000 millj. kr. þannig að á áætlunartímabilinu verður tilkoma stórverkasjóðs ekki til þess að raska eða draga úr almennum vegagerðarframkvæmdum öðrum nema á árinu 1989. Þá er einnig rétt að nefna að innan stórverkefnaflokksins eru tekin nokkur verkefni sem áður voru í hópi almennra vegagerðarverkefna og er því sá samanburður sem ég var að nefna áðan almennu vegagerðarverkefnunum hagstæðari en samanburðurinn eins og ég nefndi hann áðan gat gefið tilefni til. Þess ber þó að geta að í hópi þeirra verkefna sem óunnin eru í stofnbrautum af viðfangsefnum langtímaáætlunarinnar eru mjög mörg dýr viðfangsefni og hefur það að sjálfsögðu áhrif á áætlunina. Þessi atriði, bæði ný atriði sem til hafa komið eins og varðandi tilkomu stórverkasjóðsins og eins hitt að það hefur aldrei á öllu áætlunartímabili langtímaáætlunar í vegagerð verið staðið við ákvarðanir Alþingis um fjármögnun, ekki eitt einasta ár af þessu tímabili, hafa gert að verkum að menn horfa fram á það nú að það verði tæpast staðið við langtímaáætlunina og því telur fjvn. Alþingis tímabært að taka nú þegar til endurskoðunar þessa áætlun í ljósi reynslu og nýrra aðstæðna og hefur nefndin vilja til að beita sér fyrir því að það verk geti hafist þegar á þessu ári.

Ef aðeins er stiklað á því allra stærsta sem ekki hefur enn verið nefnt í brtt. á þskj. 1237 þá er fyrst rétt að nefna að í skiptingu útgjalda á bls. 2 er reynt að bæta með litlum hætti upp það sem hefur verið gert á undanförnum árum við afgreiðslu vegáætlunar, en það er að reynt hefur verið að klípa eins mikið og menn hafa treyst sér til af almennum rekstrarkostnaði Vegagerðar ríkisins. Þess ber að geta í því

sambandi að stjórnendur Vegagerðar ríkisins hafa náð mjög umtalsverðum árangri í sparnaði í rekstri og aðhaldi í útgjöldum. Hins vegar verður líka að viðurkenna að alþingismenn hafa hneigst til þess þegar þeim hefur verið fjár vant í einstök verkefni að taka e.t.v. meira af rekstrarkostnaði Vegagerðarinnar og verja til framkvæmda en ástæða væri til. Mönnum þótti rétt að skoða þessi mál að nýju og það er reynt í tillögunum nú að gera nokkuð betur við þessi rekstrarverkefni en gert hefur verið á undanförnum árum.

Í annan stað er rétt að benda mönnum á að í skiptingu útgjalda er rætt um fjárveitingar til sýsluvega. Þær skulu vera fyrir árið 1989 140 millj., 190 millj. fyrir 1990, 200 millj. fyrir 1991 og 205 millj. fyrir árið 1992. En nú verður sú breyting eftir að þetta ár líður með breyttri verkaskiptingu að mótframlög sýslna til sýsluvega falla niður. Yrði við það staðnæmst væri ljóst að úr vegagerð vegna sýsluvega mundi mjög draga ef þau mál yrðu ekki skoðuð betur á milli áranna 1989 og 1990. Það er vilji fjvn. að það verði gert þegar fyrir liggur nú í árslokin og menn hafa fengið meiri tíma til að skoða það hvernig menn hyggjast bregðast við þeim breyttu aðstæðum. Menn hafa ráðrúm til þess á þeim mánuðum sem eftir lifa þessa árs að gera tillögur um hvernig við skuli bregðast og fjvn. mun taka það mál til skoðunar ásamt samgrn. og vegagerð á næsta ári við afgreiðslu fjárlaga.

Í þriðja lagi, hæstv. forseti, er leiðrétting sem ég þarf að koma á framfæri á texta í brtt. á þskj. 1237. Mér fannst ekki, og bar mig nokkuð saman um það við fjvn., ástæða til að prenta allt þskj. upp vegna rangs texta sem kom þar inn á einum stað og leita heimildar hjá forseta til að mega leiðrétta það úr ræðustól, en á bls. 7 í kaflanum um Ó-vegi stendur: „61 Djúpvegur 01-04, tenging Inn-Djúps 17 millj. kr." Þarna er rangt með farið. Tenging Inn-Djúps hefur aldrei verið á Ó-vegafé og stendur ekki til að svo verði heldur á þarna að standa í staðinn fyrir tenging Inn-Djúps og vegnúmer sem því fylgir: 25 Óshlíð. Þarna er um að ræða lokaverkefni samkvæmt Ó-vegafé á Óshlíð. Þau verkefni sem ónunnin eru þar munu á árunum þar á eftir verða tekin inn á hið almenna vegafé sem kemur í hlut Vestfirðingafjórðungs. Ég vona, hæstv. forseti, að mér sé heimilt að leiðrétta þetta héðan úr ræðustól. Þarna er um rangan texta að ræða, mistök sem ég biðst velvirðingar á en ekki breyta neinu um tölur sem er meginatriði málsins.

Ég vek einnig athygli á því, virðulegi forseti, að eins og vegáætlunin er lögð fyrir í tillögum fjvn. og eins og hún var lögð fyrir í tillögum ríkisstjórnarinnar til Alþingis er gert ráð fyrir því að markaðar tekjur Vegasjóðs renni óskiptar til Vegasjóðs öll árin 1990, 1991 og 1992 þannig að skerðing sú sem ákveðin var við afgreiðslu fjárlaga fyrir yfirstandandi ár komi aðeins fram fyrir árið 1989, en seinni þrjú ár tímabilsins sé um að ræða óskerta tekjustofna Vegasjóðs. Þetta ákveður Alþingi við fjárlagagerð hvert ár fyrir sig, en það liggur fyrir, bæði í tillögunni frá ríkisstjórninni og í brtt. fjvn., að þar er ekki lagt til að hverfa frá því að verja mörkuðum tekjustofnum Vegagerðar ríkisins til vegamála. Það er ekki lagt til að hverfa frá því markmiði önnur ár áætlunartímabilsins en hið fyrsta.

Það er kannski ástæða til þess í lokin að vekja athygli manna á því að undir flokknum Sérstök verkefni eru tvö nýmæli. Annað var í hinni upphaflegu tillögu frá samgrh. og ríkisstjórn, þ.e. að vegurinn um Mýrar sé tekinn inn sem sérstakt verkefni, Ólafsvíkurvegur um Mýrar, og sú breyting hefur orðið í meðförum fjvn. frá upphaflegri tillögu ráðherra að annar nýr vegkafli, vegurinn um Fljótsheiði, hefur verið tekinn inn í sérstök verkefni og gert ráð fyrir 17 millj. kr. fjárveitingu til þess verkefnis á árinu 1992.

Að lokum, virðulegi forseti, vísa ég á sundurliðunina á bls. 7 um höfuðborgarsvæðið, það sem þar er gert ráð fyrir að framkvæma á áætlunartímabilinu sem stórverkefni á því svæði. Um það hefur að sjálfsögðu verið haft samráð við þingmenn Reykjavíkur og Reykjaneskjördæma. Það sem þar er lagt til er að sjálfsögðu eins og önnur stórverk grundvöllur þess að hægt sé að ráðast í þær nauðsynlegu framkvæmdir sem eru orðnar mjög knýjandi á þessu svæði.

Að lokum vek ég athygli á því, virðulegi forseti, sem segir á bls. 8 varðandi stórbrýr. Þar er gert ráð fyrir að Dýrafjarðarbrú verði lokið að mestu á árunum 1990–1991. Mestur þungi af framkvæmdum við brú yfir Markarfljót komi á árið 1992. Ég taldi upp áðan þau verkefni sem eru á undirbúningsstigi varðandi þær brýr sem ekki hafa hingað til verið að hluta til inni á vegáætlun og árin 1990, 1991 og 1992 er lagt til að verja nokkru fé til undirbúnings næstu verkefna í stórbrúagerð, 1 millj. kr. árið 1990, 6 millj. kr. árið 1991 og jafnhárri upphæð árið 1992. Með þessu er stefnt að því að við næstu endurskoðun vegáætlunar, sem fram fer fyrir árið 1991, verði valin næstu stórbrúaverkefni sem takast á á við af þeim verkefnum sem talin eru upp á bls. 4 í nál. meiri hl. þannig að það liggi fyrir við næstu endurskoðun vegáætlunar hvaða stórbrúaverkefni valin verði á eftir þeim sem nefnd eru á bls. 8 og þegar hafa verið að hluta til á vegáætlun.

Virðulegi forseti. Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um vegáætlun enda er klukkan orðin margt. Ég vil í lokin aðeins geta þess að það er rétt að það hefur orðið nokkur bið á afgreiðslu þessa máls í fjvn. Fyrir því eru tilteknar skýringar. Við berum að sjálfsögðu í meiri hlutanum ábyrgð á afgreiðslum þar. Við höfum átt mjög gott samstarf við stjórnarandstæðinga og minni hlutann í fjvn. þó að ég geri mér fulla grein fyrir því og taki að sjálfsögðu á mig sem formaður nefndarinnar þá sök, ef sök skyldi kalla, að ekki hefur e.t.v. verið unnt að halda eins tíða fundi og ástæða hefði verið til og vilji nefndarmanna sjálfsagt allra hefur staðið til. Engu að síður hefur það ekki orðið okkur að stórdeilumálum í nefndinni. Menn hafa vonandi skilið þá aðstöðu sem

við höfum verið í og ég vil nota þetta tækifæri til að færa samnefndarmönnum mínum bæði í stjórn og stjórnarandstöðu þakkir fyrir ágætt samstarf í nefndinni nú eins og áður.

Ég legg svo til að að lokinni þessari umræðu verði brtt. fjvn. á þskj. 1237 samþykktar.

Frsm. minni hl. fjvn. (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Till. til pál. um vegáætlun sem ætlað er að gildi til fjögurra ára hlýtur að teljast meðal stórmála þingsins. Það er því býsna lítill sómi sem þessu máli er sýndur á hinu háa Alþingi að hefja umræðu um þetta mál þegar dregur að miðnætti. Það er raunar svo komið að eftir að lokið er ræðu formanns og framsögumanns meiri hluta nefndarinnar sýnist vera næsta tilgangslítið að tala vegna þess að þingmenn eru ekki í salnum nema örfáir og fjölmiðlamenn eru gengnir til náða. Þetta er sannarlega alvarleg staða og ekki hægt að hugsa sér að þannig eigi að ganga til um hin þýðingarmestu mál. Ég er ekki að ásaka hæstv. forseta, enda þótt mér hafi fundist að mátt hefði taka þetta mál fyrr á dagskrá á þessum fundi en raun hefur á orðið, en ég hlýt einnig að segja að það má vitaskuld við fjvn. sakast vegna þess að till. er ekki afgreidd þaðan fyrr en í gær.

Ég skal ekki fara um þetta fleiri orðum, en það er í rauninni hryggileg staða að þurfa að ræða jafnþýðingarmikið mál og hér er á ferðinni undir þessum kringumstæðum. Við fyrri umr. þessa máls, hinn 10. apríl sl., lýsti ég höfuðeinkennum tillögunnar eins og hún var þegar hún var lögð fram. Ég gagnrýndi það þá að tillagan var seint fram komin, en það sem e.t.v. var enn þá verra að tillagan var losaralega samin og um hana urðu strax deilur í röðum stuðningsmanna hæstv. ríkisstjórnar, þannig að sýnilegt var að þar var djúpstæður ágreiningur sem ekki hafði tekist að vinna bug á áður en tillagan var flutt. Þetta er vitaskuld ámælisvert og þetta er auðvitað hluti af því vandamáli sem við hefur verið að fást í starfi meiri hl. nefndarinnar sem ég mun koma að nokkru síðar í máli mínu.

Þau höfuðeinkenni sem blöstu við þegar tillagan var flutt, auk þeirra vankanta sem ég hef hér lýst, voru auðvitað þau að eins og ákveðið var með fjárlögum og lánsfjárlögum voru lögboðnir tekjustofnar Vegagerðar ríkisins skertir að þessu sinni um 682 millj. kr. og það er í fyrsta sinn sem það gerist á þessu ári að lögboðnir tekjustofnar Vegagerðar ríkisins eru skertir með lánsfjárlögum og tekið stórfé, nær 700 millj. kr., af fé sem lög kveða á um að skuli ganga til vegamála beint yfir til þarfa ríkissjóðs. Þessu mótmælum við, fulltrúar stjórnarandstöðunnar í fjvn., og ég held að við höfum rætt þetta svo ítarlega innan fjvn. að við fjárveitinganefndarmenn, bæði meiri og minni hluti, séum sammála um að þetta megi ekki gerast oftar. Þetta er óhæfa miðað við þær miklu þarfir sem eru í vegagerð á Íslandi. Þetta er líka gagnrýnisvert vegna þess að um leið og vegafé er svo skert og skorið niður á þessu ári sem raun ber vitni er í senn um verulega aukna skattheimtu á umferðina að ræða.

Ég rifja upp að þegar tillagan var lögð fram blasti þetta vitaskuld við ásamt einnig því að það vantaði fé til óhjákvæmilegra útgjaldaliða í tillögunni og vantar raunar enn bæði til vetrarviðhalds, þ.e. snjómoksturs, og til framkvæmda við Ólafsfjarðarmúla eins og fram kom í ræðu hv. frsm. meiri hlutans.

Í þriðja lagi var engin grein gerð fyrir því hvernig skyldi skila því fé sem ríkissjóður hafði innheimt á árunum 1987 og 1988 af sérmerktum tekjustofnum vegamála umfram það sem gert var ráð fyrir samkvæmt vegáætlun. Þannig voru meiri háttar gallar á tillögunni eins og hún var sett fram og skal ég ekki orðlengja það, enda fór ég allítarlega yfir það mál við fyrri umr. um tillöguna þann 10. apríl.

Það var því augljóst að það þurfti verk að vinna í fjvn. til að stoppa í götin á þessari tillögu og til að vinna hana betur auk þeirra venjulegu verka sem þar eru unnin með skiptingu á fé í framkvæmdaflokka milli kjördæma og á einstaka framkvæmdaliði.

Ég get ekki komist hjá því að gagnrýna nokkuð hvernig vinnulag fjvn. hefur verið að þessu sinni. Nefndin hélt þrjá fundi þegar tillagan kom fram. Þessir fundir voru haldnir á tímabilinu 10.–18. apríl. Á þessum fundum var tillagan eins og hún var lögð fram tekin til umræðu. Þar voru starfsmenn Vegagerðar ríkisins, vegamálastjóri og hans starfsmenn, sem gáfu margháttaðar upplýsingar og skýrðu tillöguna eins og hún lá fyrir með kostum hennar og göllum. Þetta var eins konar frumyfirferð yfir tillöguna eins og hún var lögð fram. Síðan gerist það að það er eigi haldinn fundur í nefndinni um vegáætlun fyrr en 6. maí og þá var dreift eins konar áfangahugmyndum um breytingar á tekjuhlið og nýjum tillögum um útfærslu á fé til stórverkefna. Á grundvelli þessara áfangahugmynda var síðan þingmannahópum kjördæmanna falið að vinna að skiptingu vegafjárins, en þetta var gert án þess að tekin hefði verið ákvörðun um einn einasta lið í tillögunni, hvorki um skiptingu á fé á milli kjördæma né um skiptingu á fé á milli einstakra framkvæmdaþátta. Ég minnist þess aldrei að þingmenn kjördæma hafi fengið málin með þeim hætti í sínar hendur fyrr en nú. Þetta tel ég vitaskuld ámælisvert.

Síðan líða enn dagarnir í fjvn. án fundahalda um þetta mál, allt til 17. maí eða í fyrradag, en þá voru haldnir tveir stuttir fundir og lokafundur í gær, 18. maí. Á þeim tíma var málið afgreitt eins og það lá fyrir hjá meiri hl. nefndarinnar.

Þegar afgreiðsla fer fram með slíkri skyndingu gefst ekki tóm til þess fyrir minni hlutann, sem haldið hefur verið frá málinu allan tímann að mestu leyti, að ræða þetta eins og nauðsynlegt er og það gefst heldur ekki tóm til að vinna upp ýmis gögn um þróun vegamála á áætlunartímabilinu vegna þess að starfsmenn Vegagerðar ríkisins, sem vissulega eru allir af vilja gerðir og sýna mikla lipurð í störfum sínum eins og jafnan áður, geta ekki unnið slík gögn upp fyrr en eftir að ákvarðanir hafa verið teknar. Og þegar ákvarðanir eru ekki teknar um einn einasta lið fyrr en á allra síðustu dögum, í gær og í fyrradag, vinnst ekki tóm til þess að útbúa slík gögn sem nauðsynleg þykja og a.m.k. minni hlutinn hefði kosið að geta náð að vinna upp.

Ég vil láta þess getið að þetta vinnulag er að mínum dómi afar óhyggilegt og ekki til eftirbreytni. Ég segi: Það er óvenjulegt, en ég hef komist að raun um að það er ekki einsdæmi í meðferð tillögu um vegáætlun í fjvn. Ég hef komist að raun um að árið 1977 var svipað haldið á málum af þáv. forustu nefndarinnar og ég hef hér ræðukafla eftir framsögumann minni hlutans frá þeirri tíð, hv. þm. Geir Gunnarsson, sem mig langar til að vitna til með örfáum orðum. Í ræðu hv. þm. Geirs Gunnarssonar frá þessum tíma um vegáætlun 1977–1980 segir m.a. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í þáltill. um vegáætlun eins og hún er jafnan lögð fram eru ekki gerðar tillögur um skiptingu fjár til nýrra þjóðvega á milli kjördæma eða til einstakra verkefna fremur en um er að ræða í fjárlagafrv. varðandi fjárveitingar til hafnaframkvæmda, sjúkrahúsabygginga, flugvalla eða samsvarandi verklegra framkvæmda. Til þess starfar fjvn., öll nefndin, að ræða þá skiptingu og gera um hana tillögur. Ýmist fjallar öll nefndin um slíkar frumtillögur eða nefnd er skipt í starfshópa eða undirnefndir þar sem sæti eiga venjulega tveir nefndarmenn frá meiri hl. og einn frá minni hl. nefndar og fylgjast þá gjarnan allir nefndarmenn með hvað tillögugerð undirnefndar líður áfram en þær ganga endanlega frá sínum tillögum til allra nefndarmanna."

Síðar segir hv. þm.: „Í nærfellt einn mánuð frá því að þáltill. um vegáætlun var vísað til fjvn. vann hún sem heild ekkert að tillögugerð að venjulegum starfshætti nefndarinnar heldur sat meiri hl. nefndarinnar einn að störfum með starfsliði Vegagerðarinnar og gekk frá endanlegum tillögum um tilfærslur á fjárveitingum milli útgjaldaliða og um skiptingu fjár milli kjördæma, bæði varðandi stofnbrautir og þjóðbrautir. Þegar þær endanlegu tillögur sem hér liggja óbreyttar fyrir á þskj. 428 höfðu verið fjölritaðar var kallað á minni hl. nefndarinnar og ákvörðunum útbýtt."

Hér var um vinnulag að ræða sem er nokkuð sambærilegt við það sem var hjá fjvn. að þessu sinni. Í heilan mánuð var aðeins einn fundur haldinn þar sem, eins og ég sagði, áfangahugmyndum var útbýtt um tekjuhliðina og nokkrum tillögum og gögnum varðandi gjaldahlið án þess að nokkuð væri afgreitt eða umræða færi fram um það við minni hl. hvernig það skyldi afgreitt.

Í ræðu hv. þm. Geirs Gunnarssonar segir enn, með leyfi hæstv. forseta: „Ég hef ekki kynnst slíkum aðferðum hjá neinum þeim sem stjórnað hafa störfum í nefndinni í u.þ.b. hálfan annan áratug sem ég hef átt sæti í fjvn. og ég vænti þess fastlega að slíkir starfshættir verði ekki viðhafðir framvegis. Sé það ætlunin að innleiða þá starfshætti sem nú voru viðhafðir sé ég ekki að minni hl. nefndarinnar, hverjir sem hann skipa hverju sinni, þurfi að hafa fyrir því að ómaka sig á fund í nefndinni."

Þetta voru orð hv. þm., þess reynda fjárveitinganefndarmanns, á árinu 1977.

Hann segir enn fremur undir lok ræðu sinnar að hann vonist til þess að hér hafi verið um misgáning að ræða en ekki ásetning af hálfu þáv. forustu nefndarinnar.

Ég mun ljúka þessari yfirferð um störf nefndarinnar á því að segja eins og Geir Gunnarsson sagði 1977, að þótt ég taki undir hvert orð sem hann sagði, að þetta er ekki viðunandi vinnulag og gagnstætt því sem á að vinna mál innan fjvn., held ég að ég verði að segja: Vonandi hefur hér verið um mistök að ræða en ekki að þetta eigi að verða fordæmi fyrir vinnulagi innan fjvn. í framtíðinni. Þá væri sannarlega illa farið og hægt að taka undir það, sem hv. þm. Geir Gunnarsson sagði 1977, að þá er til lítils fyrir minni hl. að mæta á fundum í nefndinni. Þess vegna vara ég við því að þannig verði haldið á málum.

Ég hlýt að segja þetta þrátt fyrir að að ýmsu leyti hafi ég haft og við í minni hl. gott samstarf við þá menn sem skipa meiri hl. nefndarinnar. En þetta vinnulag gengur ekki.

Í tillögunni eins og hún nú liggur fyrir koma fram ýmsar breytingar sem hv. formaður fjvn. hefur lýst. Ég þarf ekki að fara yfir þær í mörgum greinum, en ég lýsi því yfir, sem fram kemur á þingskjölum, að minni hl. stendur að þeim brtt. sem eru á þskj. 1237, en hefur um þær brtt. eðlilegan og almennan fyrirvara svo sem venja er til. Minni hl. nefndarinnar treystir sér hins vegar ekki til að standa að sameiginlegu nál. að þessu sinni, bæði vegna þess að við töldum nauðsynlegt að fram kæmi gagnrýni á það vinnulag sem verið hefur innan nefndarinnar að þessu sinni og einnig vegna nokkurra efnisatriða í þessari tillögu.

Ég vil þó geta þess að það er raunar fremur venja en hið gagnstæða að fjvn. takist að halda þannig á málum við afgreiðslu till. til þál. um vegáætlun að þar geti bæði meiri og minni hl., þ.e. stjórnarliðar og stjórnarandstæðingar í fjvn., staðið sameiginlega að nál. Það er frekar venja en hið gagnstæða. Því er ekki til að dreifa að þessu sinni.

Ég mun þá fara örfáum orðum efnislega um þetta mál eins og það liggur nú fyrir.

Í brtt. nefndarinnar eru vitaskuld fjölmörg mál sem hafa mikla þýðingu og vegamálin í heild hafa afar mikla þýðingu í okkar þjóðfélagi. Ég ætla ekki að setja á langa ræðu um þýðingu samgangna, en vegamál og bættar samgöngur á landi eru meðal allra þýðingarmestu framkvæmdaþátta sem lagt er í í þessu landi. Ég veit að allir fjárveitinganefndarmenn vilja stuðla að því að þau verk komist sem greiðast áfram, enda þótt meiri hl. nefndarinnar hafi mátt sætta sig við það nú í fyrsta skipti í sögunni að sérmerktir tekjustofnar til vegamála væru skertir um 682 millj. kr. Hér áður, til að mynda á síðasta áratug, deildi minni hl. fjvn. og stjórnarandstæðingar á Alþingi á ríkisstjórn, hæstv. samgrh. og á stjórnarmeirihluta hverju sinni fyrir að ríkissjóður legði ekki nægilega mikið fé fram til viðbótar sérmerktum tekjustofnum til vegamála. Á fyrri áratug var öll árin verulegt fé lagt fram úr ríkissjóði til viðbótar sérmerktum tekjustofnum til þessara mála, oft sem svaraði 1 milljarði en líka afar oft verulega hærri

fjárhæð. Þá deildu menn um að það væri ekki nægilega mikið fé sem ríkissjóður legði þannig af mörkum, en engum datt í hug á þeim tíma að einhvern tíma væri svo komið að ekki væri skilað því fé sem innheimt væri af sérmerktum tekjustofnum vegamála. Það hefur því miður nú gerst.

Þrátt fyrir að tillagan sé enn því marki brennd að þessi niðurskurður sé á fé til vegamála gildir það þó ekki nema fyrir árið í ár og það er stefna þessarar tillögu að sérmerktum tekjustofnum til vegamála verði skilað á síðari árum þessa áætlunartímabils. Ég segi að það er vel hvað sem er um þær skýringar hæstv. samgrh., sem hann gaf við fyrri umræðu, að mundi verða léttara að sjá fyrir hagsmunum ríkissjóðs og ekki við eins mikinn efnahagsvanda að stríða og var við afgreiðslu fjárlaga á þessu þingi. Það er nú önnur saga. En þrátt fyrir að hér sé um slíkan niðurskurð að ræða á árinu 1989 er um gífurlega skattahækkun að ræða á bifreiðaeigendur og á umferðina í landinu.

Formaður fjvn., hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, skýrði nýjar verðlagsforsendur og hvernig þær koma út og þarf ekki að endurtaka það mörgum orðum, en svo tekinn sé annar aðaltekjupóstur vegamála, bensíngjaldið, var bensíngjald á árinu 1988, allt árið, 12,60 kr. Nú er bensíngjaldið 16,70 kr. og boðað hefur verið að það muni hækka eftir fáa daga um 1,25 kr. þannig að þá verði það 17,95 kr. Því er a.m.k. haldið opnu að ef fé skortir þegar dregur á seinni hluta ársins, þegar fé skortir til vetrarviðhalds, snjómoksturs, kunni bensíngjaldið enn að verða hækkað. En þó við tökum ekki þær tölur sem þá kunna að liggja í loftinu heldur það sem þegar er vitað, þ.e. 17,95 kr., er það hækkun frá fyrra ári um 42,5% á sama tíma sem gert er ráð fyrir því í verðlagsforsendum tillögunnar að verðlag hækki á milli ára um 22,9%. Hér er því um gífurlega hækkun á skattheimtu að ræða og langt umfram verðlagsbreytingar. Svipaðar eða sambærilegar hækkanir er um að ræða á þungaskattinum. Miðað við áætlanir sem fyrir liggja varðandi árið 1990 er gert ráð fyrir að þá verði bensíngjaldið að meðaltali 22,14 kr. og hefur bensíngjaldið þá hækkað á tveimur árum um 75,5% á sama tíma sem verðlagsforsendur sem tillagan er byggð á hækka um rúm 46% þannig að þó að í þessu felist lítils háttar magnaukning, er ekki talin vera magnaukning á þessu ári en lítils háttar á árinu 1990, þá er hér um að ræða stóraukna skattheimtu á bifreiðaeigendur, á þá sem þurfa að nota flutningatæki og alla umferð í landinu langt umfram það sem verðlagsforsendur segja til um. Hæstv. ríkisstjórn leitar á þessu sviði sem öðrum allra ráða við að auka skattheimtu svo sem mögulegt er og það langt umfram það sem verðlagsforsendur í þessu tilliti segja til um á sama tíma sem verulegt fé af þessum skattpeningum á árinu 1989 er tekið beint í ríkissjóðsreksturinn eða 682 millj. kr. Þessi efnisatriði ráða því að það er ekki unnt annað en skila sérálíti varðandi þetta mál. Tillagan er sem sé niðurskurðartillaga á árinu 1989 þó hún sé það ekki á seinni árum áætlunartímabilsins, en hún er líka mikil skattheimtutillaga og bregður hæstv. ríkisstjórn þar ekki vana sínum miðað við það sem gerist á öðrum sviðum þjóðlífsins.

Til viðbótar við þetta og þrátt fyrir þessa miklu skattheimtu vantar enn fé til nauðsynlegra verka eins og fram kom í máli hv. formanns fjvn. rétt áðan eða um 90 millj. kr. til Ólafsfjarðarmúla á þessu ári ef að líkum lætur og allt að 60–70 millj. kr. til snjómoksturs. Skýringarnar sem gefnar voru á skyndifundum fjvn. í gær og fyrradag voru þær að til þess að ná þessu fé, 90 millj. kr. til Ólafsfjarðarmúla, mundi fjmrh. ætla sér að ná með nýjum sköttum eins konar fjáraukalögum á haustþingi, en eins og áður er fram komið til snjómokstursins með því að hækka enn bensíngjaldið.

Ég lít svo á að það sé verulegur galli á þessu máli öllu, svo að ekki sé meira sagt, að ganga frá því á þann hátt að það vanti fé til nauðsynlegra og fyrirsjáanlegra verkefna á þessu ári, fé sem ekki verður hægt að komast hjá að greiða. Og þó svo að tillagan hafi batnað í meðförum fjvn., þar hafi verið stoppað upp í nokkur af þeim götum sem á þessu plaggi voru þegar það var lagt fram og það verði skilað nokkru af því fé sem virtist vera ætlun hæstv. samgrh. og hæstv. ríkisstjórnar að halda eftir hjá ríkissjóði á þessu ári, þ.e. 170 millj. kr. sem innheimst hafði áður og með bættri innheimtu 50 millj. kr., þá eru verulegir meinbugir á þessari afgreiðslu að það skuli ekki takast að haga henni þannig að það sé séð fyrir þeim útgjöldum sem fyrirsjáanleg eru og þurfi með einhverjum aðgerðum á haustþingi að grípa þá til nýrrar skattheimtu til að standa straum af þeim útgjöldum.

Ég held að það væri hægt að brýna þá hv. stjórnarliða sem hér eru nú í salnum og hæstv. samgrh. á því að það eru vitaskuld takmörk fyrir því hvað hægt er að ganga langt í skattheimtu. Sú ríkisstjórn sem nú situr hefur hækkað skatta á þjóðina gífurlega mikið. Hún hefur seilst dýpra og dýpra í vasa borgaranna og það eru takmörk fyrir því hvað hægt er að ganga langt. Það endar með því að það verður tómahljóð og það er þegar farið að sjá þess merki í skýrslum um afkomu ríkissjóðs fyrstu fjóra mánuði þessa árs að það er tómahljóð í innheimtunni. Þar er nú þegar farið að koma í ljós að staðan er verri en á síðasta ári sem nemur 1,7 milljörðum kr. í rekstrarafkomu ríkissjóðs á fyrstu fjórum mánuðum þessa árs samkvæmt skýrslu sem lögð var fram á Alþingi í dag. Það eru vitaskuld verulegir meinbugir á þessu máli og ástæða til að á því sé vakin athygli og það gagnrýnt.

Ég held því fram og hef haldið því fram áður að á undanförnum árum höfum við unnið stórvirki í vegagerð og á því er mikil nauðsyn. Það er ekki langt síðan aðeins örfáir spottar þjóðvegakerfisins voru með bundnu slitlagi. Nú hefur þó tekist svo að slitlag er komið á tæplega 2000 km á þjóðvegakerfi landsins, tæplega 2000 km af heildarvegakerfi sem er um 8500 km. Við eigum mikið verk óunnið þó svo okkur hafi skilað nokkuð á leið og við verðum að standa vörð um þennan þátt framkvæmda í landinu til þess að við getum haldið uppi eðlilegum og greiðum samgöngum

um landsbyggðina alla. Á því veltur búseta fólksins og á því velta eðlilegir lífsmöguleikar þess hvarvetna um landsbyggðina. Við í minni hl. og sumpart raunar nefndin í heild leggjum áherslu á nokkur atriði í þessum málum, þar á meðal um endurskoðun langtímaáætlunar sem nauðsynlegt er að hefja hið allra fyrsta og þegar á þessu ári. Það er allmikið verk og vandasamt, en það er nauðsynlegt að ráðast að því verki.

Við leggjum einnig áherslu á að þegar langtímaáætlunartímabilinu lýkur 1994 verði hægt að hverfa að því að leggja meiri áherslu en verið hefur nú um skeið á að byggja upp þjóðbrautirnar. Það er ekki hægt að komast hjá því eftir að þjóðbrautirnar í þjóðvegakerfinu hafa mátt bíða að verulegu leyti allt langtímaáætlunartímabilið meðan verið er að byggja stofnbrautirnar að byggja þær upp með auknum þunga þegar langtímaáætlunartímabilinu lýkur. Það er nauðsynlegt að ráðast í stórverkefni, bæði í jarðgangagerð eins og hér er gerð tillaga um, brúargerð og framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu. Ég lýsi stuðningi við þær fyrirætlanir. En þær fyrirætlanir mega þó ekki draga til sín svo mikið fé á næsta áætlunartímabili að okkur takist ekki að greiða úr með samgöngubótum í þjóðbrautakerfinu sem soltið hefur að verulegu leyti síðan aðaláherslan var lögð á stofnbrautirnar eftir að langtímaáætlunartímabilið hófst. Ég hygg að fjárveitinganefndarmenn séu sammála um þetta efni.

Þá vil ég geta þess að í nál. okkar minni hl. fjvn. og fulltrúa stjórnarandstöðuflokkanna í fjvn. gerum við grein fyrir þeirri skoðun okkar að það sé tímabært að fella niður þungaskatt á dísilbifreiðar og taka upp þess í stað skattlagningu á dísilolíu sem hefur að vísu verið rætt um í allmörg ár en hlýtur að vera mögulegt að koma í verk. Það hefur margháttaða kosti í för með sér sem allir sjá, til að mynda að það greiðist jafnóðum af rekstri en ekki með jafnþungum greiðslum eins og nú er. Þungaskatturinn eins og hann er nú á dísilbifreiðum er orðinn afar þungbær. Hann er vitaskuld fyrst og fremst landsbyggðarskattur. Hann er skattur á alla flutninga á landsbyggðina. Hann er skattur á dísiljeppa og aðrar dísilbifreiðar, þungbær skattur á marga þá aðila sem eiga t.d. gamla jeppa sem ekkert er hægt að gera við, enginn vill kaupa vegna þess að skattlagningin er svo harkaleg á þessu tæki. Ef menn ekki treysta sér til þess að rísa undir því er bara að leggja þeim þó svo að nýtileg áhöld séu. Ég er þeirrar skoðunar að við séum búnir að ganga svo langt í þessum landsbyggðarskatti að við eigum að vara okkur að halda áfram á þeirri braut.

Virðulegi forseti. Ég skal stytta mál mitt. Ég hef skýrt á hvern hátt ég gagnrýni það vinnulag sem verið hefur af hálfu meiri hluta fjvn. að þessu sinni. Ég endurtek að ég vona að það sé ekki fyrirboði þess að það eigi að taka upp nýja siði innan þeirrar nefndar og að meiri hluti nefndarinnar haldi málum algerlega í sínum höndum tímum saman, vikum, jafnvel í heilan mánuð og slengi síðan fram tillögum sínum á lokadegi og ætlist til þess að afgreitt sé á svo sem einum hálftíma eða kannski tveimur. Það er ekki vinnulag sem getur gengið og ég vænti þess að nú hafi verið um mistök að ræða hvað þetta snertir.

Ég minni enn á að tillagan eins og hún liggur fyrir og er hér til afgreiðslu er niðurskurðartillaga á árinu 1989 þrátt fyrir stóraukna skattheimtu og enn vantar fé til nauðsynlegra verkefna. Við fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna í fjvn. skilum af þessum orsökum séráliti. Undir það sérálit skrifa auk mín Málmfríður Sigurðardóttir og Egill Jónsson og Óli Þ. Guðbjartsson með fyrirvara.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Við ræðum hér vegáætlun sem liggur nú fyrir frágengin af hálfu Vegagerðar ríkisins og fjvn. og annarra þeirra aðila sem að því máli koma. Skemmst er af því að segja að minni hl. fjvn. getur engan veginn sætt sig við þau vinnubrögð sem viðhöfð voru við meðferð þessa máls af hálfu meiri hl. nefndarinnar. Að auki erum við langt frá því sátt við þær ákvarðanir sem lagðar eru til grundvallar áætluninni. Er þar fyrst að telja að sérmerktir tekjustofnar Vegagerðar ríkisins eru skertir um tæpar 700 millj. sem renna í ríkissjóð. Hingað til hefur engin ríkisstjórn framið slíkar gripdeildir.

Í þeim stjórnarsáttmálum sem ég hef séð frá fyrri árum er alls staðar lögð áhersla á mikilvægi þess að bæta samgöngur og það enda talin meginforsenda þess að byggð haldist um landið svo sem við teljum að æskilegt sé. Ég ætla ekki að hafa uppi langt mál um mikilvægi góðra samgangna, það er hv. þingheimi eins ljóst og mér, en ég vitna til sáttmála hæstv. ríkisstjórnar þar sem segir: „Unnið verði skipulega að uppbyggingu í samgöngumálum miðað við langtímaáætlanir.“ Þetta er að sjálfsögðu ágætis markmið. En ein af fyrstu aðgerðum þessarar ríkisstjórnar í sambandi við vegamál er að skerða tekjur Vegagerðar ríkisins og þegar það hefur einu sinni verið gert er engu að treysta lengur í þeim efnum. Ekki er orð um að þessu fé eigi að skila, né heldur að þetta verði ekki gert aftur.

Framtíðaráætlanir Vegagerðar ríkisins byggjast á því að lögboðnir tekjustofnar skili sér til hennar og er til lítils að gera áætlanir fram í tímann ef hæstv. ríkisstjórn heldur áfram á þessari braut. Væri hæstv. samgrh. nú í því sæti sem hann var í á fyrra ári trúi ég að eitthvað heyrðist frá honum um slíkar ráðstafanir. Það munar um minna en 682 millj. kr. skerðingu við uppbyggingu vegakerfisins og því hafa myndast gloppur og göt í vegáætluninni. Og hvernig á svo að standa að því að sletta bótum á götin? Í brtt. við vegáætlun er gert ráð fyrir nýjum verðlagsforsendum þannig að vegagerðarvísitala hækki milli áranna 1988 og 1989 um 22,9% og frá 1989 til 1990 um 19%. Og þessu fylgir að tillagan er byggð á því að bensíngjald hækki á næstu dögum um 1,25 kr. og frá því sem þegar er orðið á þessu ári, úr 16,85 í 19,08 kr. og að meðaltali verði bensíngjald á næsta ári 22,71 kr. Þetta er nú töluvert liðlegur gangur í hækkunum, ekki er hægt að segja annað. 90 millj. vantar enn til Ólafsfjarðarmúla og þar ætlar hæstv. fjmrh. að útvega

peninga með nýjum fjáraukalögum og þá væntanlega sköttum á næsta haustþingi. Enn er talið að vanti 60–70 millj. til vetrarviðhalds og snjómoksturs á þessu ári og gæti þó orðið meira ef fyrri hluti næsta vetrar yrði snjóþungur. Enn er búist við að bensíngjald hækki til að mæta þessum þörfum. Það er augljóst að ekki fer að verða hrist út úr erminni fyrir almenning að eiga og reka bíl.

Þetta eru enn dæmi um ósvífna skattlagningu þessarar ríkisstjórnar. Uppbygging vegakerfisins er fjármögnuð með skattlagningu á bifreiðaeigendur. Sjálfsagt létu þeir sér það lynda ef fénu yrði þá eingöngu varið til þeirra mála. En nú munu þeir horfa á eftir tæpum 700 millj. af þessu fé í ríkissjóð til annarra nota og með þeirri brtt. sem nú er flutt heyra þeir og sjá að enn á að seilast dýpra í vaxa þeirra eftir auknum fjármunum.

Ég tek það fram að ég er ekki ósátt við hvernig því fé er varið sem til ráðstöfunar er. Ég tel að starfsmenn Vegagerðar ríkisins hafi staðið mjög vel að verki þar með sínum áætlunargerðum og tillögum. En ég mótmæli því að lögboðnir tekjustofnar til samgöngumála séu skertir og síðan seilst enn lengra til skattheimtu svo sem áformað er.

Vegáætlun er í ýmsu breytt frá fyrri árum. T.d. er felldur niður liðurinn Ó-vegir eftir árið í ár og tekinn upp liðurinn Stórverkefni. Þar inni eru m.a. framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu sem falla undir þau verkefni sem Vegagerð ríkisins tekur til og þessar framkvæmdir eru mjög kostnaðarsamar og koma til með að vega þungt á áætlanir næstu ára. Allir vita sem hér eru inni hvílíkt öngþveiti ríkir í umferðarmálum hér og vissulega er full þörf að taka á því, enda er búist við auknum umferðarþunga næstu árin. Þetta vildi ég gjarnan taka til umræðu núna.

Áætlanir Vegagerðarinnar fram í tímann hvað varðar fjáröflun byggja á því að bifreiðanotkun aukist enn frá því sem er og tekjur aukist á þann hátt líka. Auk þess er eins og ég áður sagði gert ráð fyrir mjög dýrum úrlausnum á umferðarvanda á höfuðborgarsvæðinu því að þær úrlausnir geta aldrei orðið ódýrar. En eigum við ekki að líta á hvernig við stöndum í dag, hvernig útlitið er með rekstur þeirra samgöngutækja sem við byggjum á nú þegar til framtíðar er litið?

Í nýútkomnu riti orkuspárnefndar, Eldsneytisspá 1988–2015, kemur fram hvað Íslendingar nota af orkugjöfum úr auðlindum jarðar sem ekki eru endurnýtanlegar, kolum, olíu og gasi, og það er spáð fyrir um orkunotkun til ársins 2015. Af þessum orkugjöfum er olían langmikilvægust, en bæði fiskveiðar Íslendinga og samgöngur byggjast á olíunotkun. Fram kemur að olíunotkun fiskiskipa á Íslandi var árið 1987 206 þús. tonn, en að vísu er gert ráð fyrir að hún minnki lítillega til ársins 2015. Bifreiðaeign á árinu 1987 jafngildir 177 þús. tonnum af olíu og gert er ráð fyrir að árið 2015 muni þær eyða jafngildi 226 þúsund tonna. Olíunotkun til annarrar starfsemi, svo sem á flugvélar og flutningaskip, til iðnaðar og húshitunar, er miklu minni. Heildarolíunotkun árið 1987 var 491 þús. tonn og er gert ráð fyrir að hún muni aukast um 7% á þessu árabili til 2015. Sú spá byggir einnig á því að olíuverð fari hækkandi, að vísu er það nú mjög lágt, og hagvöxtur verði 2,5–3% að jafnaði.

Sem kunnugt er urðu kolalög og olíulindir heimsins til við sérstakar aðstæður sem ríktu á jörðinni fyrir mörg hundruð milljónum ára. Menn munu hafa farið að nota kol til eldsneytis fyrir um 3000 árum, en olíu ekki fyrr en eftir miðja síðustu öld. Nú er olíunotkun í heiminum gífurleg og með sömu olíunotkun og nú er munu þekktar olíulindir heims duga jarðarbúum í rúmlega 30 ár. Bjartsýnustu menn telja að hægt verði að finna olíulindir í viðbót sem duga mundu í önnur 30 ár. Vinnsla úr þeim olíulindum sem enn eru óunnar og sem enn eru ófundnar verður þó mikið erfiðari og dýrari en úr þeim sem hingað til hafa verið nýttar. Sumar þessara linda eru á hafsbotni þar sem vinnsla er mjög dýr og hætta á slysum bæði á fólki og náttúru. Ef eitthvað fer úrskeiðis við olíulindir á hafsbotni getur það haft mjög alvarlegar afleiðingar og verstar þar sem sjór er kaldur og olía brotnar hægt niður. Atburðir síðustu ára gefa ekki tilefni til bjartsýni um að hægt verði að koma í veg fyrir mengunarslys við olíuvinnslu eða flutninga. Tjón við slík slys verður ekki metið í peningum og það hlýtur að verða vafamál hvort taka eigi þá áhættu að vinna olíu við aðstæður sem bjóða heim slíkum slysum þegar það er vitað hvort sem er að olíumagn heimsins er takmarkað. Jarðarbúar verða að snúa sér að öðrum orkugjöfum og það væri skynsamlegt að gera það tíu árum fyrr en seinna.

Í hinni íslensku eldsneytisspá er gert ráð fyrir að olíuverð fari hækkandi og verði í lok spátímans svipað og það var hæst í byrjun 9. áratugarins eða jafnvel hærra. Þar er líka tekið fram að erfitt sé að spá um olíuverð. Það er háð framboði og eftirspurn og einnig kostnaði við vinnslu, þ.e. hve mikla tækni þarf til að þróa og nota og til að vinna olíuna og hversu áhættusöm sú vinnsla er. Hvað þessa þætti varðar hlýtur olíuverð að hækka á næstunni. Olía er þverrandi auðlind og það er búið að vinna þær lindir sem auðunnastar eru. Olíuverð er háð stjórnmálaástandi í þeim löndum þar sem olía finnst. Meiri hluti þeirrar olíu sem talin er eftir í heiminum er í Mið-Austurlöndum og svokölluðum kommúnistaríkjum og löndum Suður-Ameríku. Ótryggt stjórnmálaástand getur valdið sveiflum í olíuverði, en þegar á heildina er litið hlýtur olíuverð að hækka á næstu árum og áratugum. Þeirri þjóð sem þorir að horfa til framtíðar með fyrirhyggju og raunsæi og viðurkennir þau takmörk sem náttúran setur jarðarbúum hlýtur að vegna betur þegar til langs tíma er litið en þeim þjóðum sem láta skammtímagróða og skammsýni ráða gerðum sínum.

Oft hefur verið rætt um mikilvægi þess að íslenskir orkugjafar komi í stað innfluttra á Íslandi. Oftast hefur það verið gert á forsendum þess að jafna húshitunarkostnað og Íslendingar verði ekki háðir innflutningi á orku og þeim sveiflum sem eru á verði erlendra orkugjafa. Hér skal ekki dregið úr mikilvægi þessara forsendna heldur tekið undir þær. Vegna

þessa hefur á undanförnum árum aukist mjög að innlend orka sé notuð til húsahitunar og er það vel en á öðrum sviðum hefur verið um afturför að ræða. Umferð einkabíla hefur aukist á kostnað almenningssamgangna og farið er að frysta fisk úti á sjó með olíu en ekki með rafmagni í landi. Nýútkomin eldsneytisspá fyrir 1988–2015 tekur mið af aðstæðum eins og þær eru nú og gerir ráð fyrir óbreyttu ástandi til ársins 2015 og að olíunotkun Íslendinga aukist. Slík spá er eðlileg á meðan stjórnvöld móta ekki aðra stefnu.

Það þarf að auka fræðslu um orkumál með orkusparnað að markmiði. Í fyrstu þarf að leggja megináherslu á að dregið verði úr notkun olíu og annars mengandi eldsneytis, en fyrst og fremst þarf að stórauka almenningssamgöngur og hvetja fólk til að nota þær og það þarf að gera raunhæfa úttekt á því hvort ekki ætti að leggja rafmagnssporbrautir í þéttbýli og jafnvel milli landshluta. Sú úttekt verður að vera raunhæf að því leyti að hún meti ekki aðeins hagkvæmni í peningum heldur meti sem gjaldahlið þau umhverfisspjöll sem fylgja ferðalögum á einkabílum. Það þarf að fylgjast með rannsóknum og tilraunum erlendis á nýjum samgöngutækjum, nýjum leiðum til að virkja orku með nýju eldsneyti sem ekki hefur í för með sér mengun eða umhverfisbreytingar.

Þegar við lítum á þessar staðreyndir um þverrandi orkulindir heimsins hvarflar þá ekki að okkur að hugsanlegt sé að við verðum að breyta um lífsmáta? Við vitum öll um mengun andrúmsloftsins sem útblástur bifreiða veldur, en við forðumst að hugsa um það. Við viljum ekki breyta neinu um það sem við teljum okkur njóta í efnislegum gæðum jafnvel þó það sé á kostnað framtíðarinnar og því fá unglingar fjórhjól eða vélsleða í fermingargjöf og bíl í stúdentsgjöf ef þau þá eru ekki búin að kaupa hann áður.

Einhver okkar eiga vafalaust eftir að lifa þá tíma þegar olíulindaþurrðin fer að segja til sín og ef ekki við, þá börnin okkar eða barnabörn. Þess vegna held ég að það sé kominn tími til að staldra við og huga að hvort það sé ekki tímabært að taka samgöngumál okkar til endurskoðunar í ljósi framtíðarspár í orkumálum, ekki síst samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu. Hér er auðveldast að koma á hagræðingu og sparnaði.

Í eldsneytisspánni sem áðan var vitnað til var gert ráð fyrir að olíuverð hækki innan tíðar og fari síðan hækkandi eftir því sem olía verður torfengnari. Það kann að liggja fyrir um nk. aldamót að við höfum hreinlega ekki efni á að kaupa olíuvörur í þeim mæli sem nú er gert og það liggur einnig fyrir samkvæmt skýrslum vísindamanna að þó að nota megi aðra aflgjafa en olíu til að knýja samgöngutæki eru engar líkur til að þeir verði ódýrari og að öðru leyti verði þeir stórum óhagkvæmari í notkun. Það kemur að því innan tíðar að við verðum að endurskipuleggja samgöngumáta okkar, nota almenningsfarartæki í meira mæli en nú er gert. Þá verður kannski líka pláss fyrir hjólreiðafólk á götunum, en nú um stundir er það fólk í lífsháska sem reynir að nota þau ódýru og einföldu samgöngutæki.

Ég held að nú séum við komin að þeim tímapunkti að við verðum að skoða framtíðarskipulag samgöngumála í ljósi yfirvofandi olíukreppu eða öllu heldur í skugga hennar og reyna í tíma að skipa málum í samræmi við það.

Virðulegi forseti. Eftir tíu ár má búast við að hv. þm. framtíðarinnar standi hér í þingsal á vordögum og búist til að afgreiða áætlun um samgöngumál fyrir árið 2000. Ég segi samgönguáætlun því að þá vænti ég að menn séu farnir að skoða samgöngumál þjóðarinnar í lofti, láði og legi sem málaflokka sem eigi að samræma og beri að skoða í samhengi. Ég geri ráð fyrir að aldamótasamgönguáætlunin beri töluvert annan svip en sú áætlun sem við erum nú að samþykkja og ég geri ráð fyrir að hún beri þó nokkurn svip af breyttum aðstæðum hvað varðar orkugjafa. En það er eitt áreiðanlegt að ekki verður hún ódýrari í framkvæmd en sú sem við höfum nú til umfjöllunar og síst af öllu verður hún það ef viðhorf okkar til notkunar þverrandi orkulinda heimsins breytast ekki í náinni framtíð.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir með síðasta ræðumanni að auðvitað þurfum við að fara að hugsa lengra fram í tímann. Ég hélt að hún mundi nefna lengra fram í framtíðina. Aldamótaáætlunin er alveg greinilega komin á borðið hjá Vegagerðinni. Ég tek undir með henni að það er sannarlega tími til kominn að fara að hugsa hærra og lengra en við höfum gert kannski í vegamálum almennt.

Ég vil aðeins nefna nokkur atriði í sambandi við þessa vegáætlun og ég ætla að nefna það í leiðinni vegna þess sem hv. 2. þm. Norðurl. v. sagði áðan eins og margt sem hann sagði ágætt að auðvitað er það leitt hvað langan tíma hefur tekið að koma saman þessari niðurstöðu í vegáætlun, en ég vil aðeins nefna það í leiðinni að ég held að það sé leitun að því að vegáætlun hafi verið samþykkt á Alþingi fyrr en komið er fram í maí. Ég leit lauslega yfir það fyrir nokkru og ég sá það að síðasta verkefni Alþingis hafði yfirleitt verið vegáætlun. Oft hefur það verið í maímánuði án þess að ég sé að draga það fram hér sem afsökun fyrir þessari tímasetningu nú. En ég held að það sé líka ástæðulaust annað en draga það strax hér fram að meðferð vegáætlunar nú er með sérstæðum hætti eins og hv. þm. nefndi hér. Það hefur aldrei áður skeð að ríkisstjórn hafi tekið svo stóra ákvörðun að ákveða að taka af þeim tekjustofnum sem Vegasjóður hefur, ákveðið strax í upphafi að taka af því fé tæpar 700 millj. kr. Þetta hefur sérstöðu og í sambandi við meðferð vegáætlunar nú miklu alvarlegri en nokkurn tímann áður. Það var þess vegna ekki að undrast að þeir flokkar sem standa að þessari ríkisstjórn voru í miklum vanda staddir hvernig þeir ættu að standa að þessari vegáætlun og eins og kom fram við fyrri umr. um vegáætlunina var ljóst að það var ágreiningur uppi um það meðal annars t.d. hvort það ætti að taka 200 millj. kr. af óskiptu eftir niðurskurðinn og láta það í stórverk við Ólafsfjarðarmúla

sem ekki hafði verið gert ráð fyrir að fjármagna í vegáætlun 1988.

En af því að ég var að nefna hv. 2. þm. Norðurl. v. vil ég segja að það var svo sem ekkert leyndarmál að það var ágreiningur meðal stjórnarsinna, sem kom fram strax við fyrri umr. vegáætlunar, um það hvernig við ættum að vinna að þessu atriði. Hefur farið talsverður tími í það. Það er ekkert leyndarmál. En niðurstaðan varð sú að það varð samstaða um þrátt fyrir allt að fá inn í Vegasjóð 320 millj. og þar af 220 af því sem Vegasjóður átti inni hjá ríkissjóði og hafði ekki verið skilað og ekki gert ráð fyrir í vegáætluninni eins og hún lá fyrir þegar hún var lögð fram að því fé yrði skilað. Ég fagna þeirri samstöðu sem tókst um það atriði og ætla ekki að fara fleiri orðum um það. Ég vil líka geta þess í leiðinni að skiptitölur í kjördæmi lágu fyrir strax þegar vegáætlun var lögð fram og vegamálaskrifstofan eða vegamálastjóri gerðu grein fyrir því strax við fyrstu umræður í fjvn.

En ég vil sérstaklega taka undir með hv. 2. þm. Norðurl. v. að ég tel að það sé æskilegt markmið að það verði hægt að vinna þannig að vegáætlun að öll nefndin standi saman um afgreiðslu hennar. En sú sérstaða sem kom upp vegna ákvörðunar nýrrar ríkisstjórnar að taka svona stóran hluta af mörkuðum tekjustofnun Vegagerðarinnar setti okkur í meiri hl. vissulega í mikinn vanda, hvernig við gætum náð lendingu sem væri a.m.k. þannig að við gætum fellt okkur við. Nóg um það, en ég vona að til þessa komi ekki aftur.

Ég vil þá í leiðinni taka undir þá hugmynd sem minni hl. hefur sett fram í sínu áliti að taka til athugunar að breyta innheimtu þungaskatts sem ég er ekki í nokkrum vafa um að er ákaflega hörð skattheimta eins og er í dag og kannski óvissa um skil á þeim skatti eins og fram hefur komið. Væri eðlilegt að skoða það í tíma hvaða tillögur væri hægt að gera til að ná því markmiði.

Mig langar aðeins til að rifja eitt upp í sambandi við þessa vegáætlun sem kemur að sjálfsögðu inn í þessar umræður núna vegna þess að við erum í raun og veru að tala um vissa stefnubreytingu í vegamálum miðað við þá langtímaáætlun sem hefur verið unnið eftir í vegamálum allt frá árinu 1981 þegar þetta var lagt fram á hv. Alþingi og hefur raunar verið notað sem leiðsaga um hvernig vegáætlun er unnin upp á hverju tímabili. Eins og menn vita var þetta tólf ára tímabil sem var sett upp og við erum núna komnir að síðasta tímabili í þessari langtímaáætlun. Eins og menn muna voru sett upp ákveðin markmið í sambandi við þetta, í fyrsta lagi að vegir hafi fullt burðarþol, 10 tonn allt árið, vegir séu byggðir upp úr snjó eftir því sem unnt er, bundið slitlag sé lagt á vegi þar sem gera má ráð fyrir að umferð verði meiri en 100 bílar á dag og að tekið sé tillit til umferðaröryggis við uppbyggingu veganna. Þetta hefur verið markmið sem Vegagerðin hefur reynt að vinna eftir og hún hefur náð með hagkvæmni og góðum vinnubrögðum mjög langt að því er varðar þriðja markmiðið, þ.e. bundið slitlag, þannig að það hefur tekist að vera á undan áætluninni hvað þetta varðar.

Ég vil líka rifja það upp eins og kemur fram í fylgiskjölum með vegáætluninni frá vegamálaskrifstofunni eða vegamálastjóra að það eru 1153 km af stofnbrautum landsins sem eru innan við það burðarþol sem gert er ráð fyrir sem markmið númer eitt, þ.e. 10 tonna öxulþunga. Þetta finnst mér mjög alvarleg staða og ég get ekki lýst því öðruvísi en að mér finnst það vera alvarleg staða að við skulum enn vera svo langt frá að ná þessu meginmarkmiði og þess ber að gæta að stór hluti af þessum 1153 km eru raunverulega í öllum kjördæmum landsins dýrustu kaflarnir sem er eftir að byggja upp. Hvers vegna er ég að rifja þetta upp hér nú? Ég geri það vegna þess að við erum að leggja til núna að fara í stórverkefni sem ég er að sjálfsögðu hrifinn af. Það er mál til framtíðar og ég fagna alveg sérstaklega því, sem ég veit að öll fjvn. stendur einhuga að, að það hefur tekist samstaða um að leggja ákveðið til að endurskoðun á langtímaáætluninni hefjist strax á þessu ári og það verði haft að markmiði að ná fram þeirri stefnu sem tekin var upp 1981 bæði í stofnbrautum og þjóðbrautum. Það þarf ekki að rifja upp að þetta var nokkuð sem ég lagði áherslu á við fyrri umr. vegáætlunar og ég tel að það sé mjög mikilvægt að hafa til hliðsjónar þegar við erum að hefja stórverkefni næstu ára. Það er ekkert leyndarmál einnig að í þessum málum höfum við verið langt á eftir að sinna því stórverkefni sem er höfuðborgarsvæðið. Það er ljóst að Reykjavík hefur verið að þenjast út en hefur aldrei svarað til þessa kröfum um úrbætur á því ófremdarástandi í umferðarmálum á svæðinu sem núna blasir við sjónum allra sem koma til Reykjavíkur.

Hér verður að taka til höndum. Þess vegna er mjög gott að taka þessi mál öll saman og gera úr því stefnu, hvort sem það heitir stórverkefni eða annað, og setja það upp í áætlun sem síðan er unnið eftir.

En það er mitt álit og ég endurtek það hér að ég held að um leið og við gerum slíka langtímaáætlun um stærstu verkefni í vegagerð verði menn að gera sér blákalt grein fyrir því að við náum ekki þessum verkefnum fram á eðlilegum verktíma, þar á ég við jarðgöng, stórbrýr og annað slíkt, með því að reikna einvörðungu með þeim tekjum sem Vegasjóður kemur til með að hafa eins og hann er uppbyggður, öðruvísi en að taka til þessa framkvæmdalán t.d. til 20 ára eða 30 ára. Ég held að menn eigi ekki að dylja þetta atriði vegna þess að það kemur að því að menn sjá að það fer enginn að bíða í átta ár eftir að bora í gegnum heiðar á Vestfjörðum, eftir að byrjað er á verkinu. Það verður að hafa miklu meiri hraða á því og sama er á Austfjörðum og sama er á stórverkum í sambandi við brýr yfir firði og annað slíkt. Ég er alveg viss um að það verður að gera ráð fyrir langtímalánum til þessara verka. Ef það er ekki gert óttast ég að framhaldið á almennum verkefnum og þjóðbrautum verði út undan miðað við þann hraða sem þarf að hafa í þessum stórverkum. Mér finnst nauðsynlegt að láta þetta koma fram strax. Það er ekki af því að ég sé að draga úr því að vera bjartsýnn og ráðast í þessi stóru verk, en ég vil bara vera raunsær og horfast í augu við það í upphafi

að það er ekki hægt að gera þetta með 4–5 milljarða árlegum tekjum Vegasjóðs á næstu árum óðruvísi en gera ráð fyrir að þessi stórverk verði fjármögnuð að verulegu leyti með langtímalánum. Á það vil ég sérstaklega leggja áherslu. Það getur vel verið, af því að hæstv. ráðherra er hér í salnum og næstæðsti maður Vegagerðar, Helgi Hallgrímsson, til staðar, að það verði í þessu tilfelli að taka til athugunar hvort það sé ekki kominn tími til að breyta forminu á Vegagerð ríkisins þannig að hún hafi heimild til lántöku og þá jafnframt að hún fái beint inn þá tekjustofna sem ætlaðir eru vegagerð miðað við núverandi ástæður einnig, verði B-hluta stofnun.

Mig langar til, virðulegur forseti, að koma aðeins inn á örfá atriði í viðbót, ég skal reyna að hraða máli mínu, en það er í sambandi við veginn um Gilsfjörð. Ég get ekki látið hjá líða að nefna það hér. Hann er ekki á þessari vegáætlun á því tímabili sem við erum hér að ræða um óðruvísi en að vera í undirbúningi undir næstu stórverk. En mig langar til að nefna það hér, vegna þess að ég veit að það á eftir að verða mikil umræða á því svæði um þetta mál, að þegar ákveðið var að fá sveitarfélög í Austur-Barðastrandarsýslu til þess að sameinast í eitt sveitarfélag og einnig þegar var verið að vinna að því að fá sveitarstjórnarmenn í Dalasýslu til þess að sameinast í eitt sveitarfélag eða tvö var aðaláhyggjuefni hjá þeim og áhugamál vegurinn um Gilsfjörð. Þessi svæði hafa sameiginlega þjónustu á ýmsum sviðum og þau gætu verið eitt atvinnusvæði. Þetta eru frekar veik svæði, en þau settu fram strax í sambandi við þessa sameiningu að það yrðu gefnar yfirlýsingar um að það yrði unnið að því að hraða þessari framkvæmd. Ég nefni hér að ég tel að það þurfi að liggja alveg ljóst fyrir að það þarf að hraða þessari rannsókn, hún er dýrari en menn áttu von á, og það verði að gera ráð fyrir því að þessi framkvæmd verði a.m.k. fljótlega ákveðin sem næsta stórverk á þessu svæði. Ég gæti vitnað til hæstv. forsrh. um þetta mál og raunar fleiri þingmanna Vestfjarða sem gáfu þessi vilyrði og raunar höfum við þingmenn Vesturlands gert það allir í hóp. Þess vegna er þetta ekkert smámál og ég minni hæstv. samgrh. á það og ég veit að hann gerir sér grein fyrir því að það verður mjög hörð krafa um að þessari rannsókn ljúki og það liggi fyrir hvernig tillaga verður um þetta verkefni mjög fljótlega þannig að það sé hægt að undirbúa það á eðlilegan máta.

Það hefur oft verið rætt um stöðu stofnbrauta og þjóðbrauta og sérverkefna og að það sé nauðsynlegt að flýta þeim framkvæmdum. Það hefur oft verið nefnt að það sé ákaflega óeðlilegt að fólk skuli ekki komast um á farartækjum um láglendið þar sem þessir vegir liggja, en því miður er þetta þannig að við eigum þarna eftir stór verkefni.

Eitt vil ég einnig nefna og það kom fram hjá formanni nefndarinnar og það eru sýsluvegirnir. Það var einnig í sambandi við verkaskiptingarmálin hjá sveitarfélögum mjög hörð krafa um að um leið og þessi þáttur færist yfir til ríkisins algjörlega og Vegagerðarinnar verði séð um það þegar verkaskipting er ákveðin að það framlag sem hefur komið frá sýslum eða raunar sveitarfélögunum komi þá inn til viðbótar við það framlag sem ríkið hefur lagt til á undanförnum árum. Þarna er eyða á næsta ári 1990 og eins og formaður fjvn. sagði réttilega í sinni ræðu er nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir því að þetta verður að leysa fyrir næsta ár þannig að það komi ekki upp það mál í sambandi við stöðu sveitarfélaga að þau hafi verið skilin þarna eftir. Þarna er um að ræða fjárhæð upp á 50–60 millj. kr.

Eitt mál sem hefur verið í umræðunni og kemur fram í mál. meiri hl. er í sambandi við það sem Vegasjóður á enn inni. Ég verð að segja það fyrir mína parta að mér finnst það alltaf fagnaðarefni ef Vegasjóður á örugglega inni tekjustofna sem hann er ekki búinn að fá inn en er ljóst að hann á heimtingu á. Þar á ég við, eins og kemur fram í skýrslu frá Ríkisendurskoðun, um 219 millj. kr. sem eru óinnheimtar, aðallega af þungaskatti við sl. áramót. Nú hefur meiri hl. lagt til að 50 millj. kr. af því komi til skipta sem þegar er búið að setja inn í skiptingu. Að sjálfsögðu kemur meira til. Ég er í engum vafa um að stór hluti af þessum útistandandi skuldum í sambandi við þungaskattinn næst inn smátt og smátt. Að sjálfsögðu mun það koma inn í Vegasjóð jafnóðum og það innheimtist.

En það var eitt mál sem kom upp einmitt út frá skýrslu Ríkisendurskoðunar. Það var í sambandi við dráttarvextina. Það kom fram í skýringum Ríkisendurskoðunar úr ríkisbókhaldinu að það hafa verið innheimtar 70 millj. kr. í dráttarvexti af þungaskatti á árinu 1988 og er álitamál hvort Vegasjóður á ekki þessa fjárhæð. Ég taldi það skynsamlega ákvörðun sem tekin var í fjvn. eftir tillögu meiri hl. að fá óyggjandi úrskurð um það hvernig ráðstöfun á þessu fjármagni er og það liggi þá fyrir hvort Vegasjóður á ekki að fá þetta fjármagn óskipt.

Virðulegi forseti. Ég er að ljúka máli mínu. Ég held að það sé líka ástæða til að fagna því að núverandi ríkisstjórn og hæstv. samgrh. hefur lagt það fram sem ákveðna stefnu í þessari vegáætlun að tekjur Vegasjóðs samkvæmt lögum verði eftirleiðis ekki skertar við gerð fjárlaga. Er náttúrlega gott að fá strax hjá ríkisstjórn sem taldi sig neydda til að taka þetta fjármagn vegna ástands efnahagsmála á sl. ári skýrt fram um þetta. Ég held að þetta sé eitt grundvallaratriði sem verður að fylgja eftir. Það er í raun og veru tilgangslaust að tala um vegáætlun og framkvæmd hennar með nýjum framtíðaráætlunum og áformum ef ekki verður staðið við þetta atriði. Annars hefur vegáætlunin a.m.k. minna gildi en nauðsynlegt er. Ég treysti því að með vegáætlun nú sé endanlega tryggt að framvegis megi vegagerð á Íslandi fá það fjárhagslega öryggi sem fylgir þessum tekjustofnum um leið og ég endurtek það, sem ég sagði fyrr, að ég tel að það sé ekkert vafaatriði að við verðum að reikna með því að það þurfi að taka langtímalán til að ná því markmiði sem ákvörðun um stórverkin gera ráð fyrir. Um það erum við að sjálfsögðu, allir þingmenn, sammála því að ég þarf ekki að rifja upp, sem við

höfum oft sagt hér, að við getum ekki hlaupið frá þeirri skyldu sem ekki síst var sett sem markmið í langtímaáætluninni sem fólkið í landinu fagnaði og við höfum lofað, sem höfum setið á Alþingi, að vinna eftir þessari langtímaáætlun með það að markmiði að allir aðalvegir landsins, ekki síst stofnbrautir, verði þannig úr garði gerðir að venjulegir flutningabílar geti farið um þá með nokkru öryggi allt árið. Það þarf ekki að endurtaka hvaða þýðingu vegakerfið á landinu hefur að þessu leyti til. Það er ekki búandi við annað.

Ég vil svo að lokum þakka ágætt samstarf í fjvn. um þessi mál og ég endurtek það, sem ég sagði áðan varðandi ræðu hv. 2. þm. Norðurl. v., að auðvitað er æskilegt að nefndin standi saman að afgreiðslu á svona áætlunum eins og um vegagerð sem er þýðingarmikil og að því þarf að vinna. En aðstæður voru þannig að það var ákaflega erfitt að koma því við, a.m.k. á vissu tímabili meðan stjórnarsinnar voru að ná samkomulagi við ríkisstjórn og samgrh. um lendingu í þessu máli sem var ásættanleg miðað við þessar aðstæður.

Ég vil einnig sérstaklega þakka samstarfið við vegamálastjóra og starfsmenn hans. Það hefur ekki brugðist, sem ávallt hefur verið viðurkennt, að Vegagerðin er sú stofnun sem kemst næst því að hafa alltaf á reiðum höndum þær upplýsingar sem maður þarf á að halda og hefur byggt upp upplýsingakerfi og rannsóknakerfi sem er til fyrirmyndar þó að það megi alltaf bæta þar um. En þetta hefur gífurlega mikla þýðingu í vinnu að vegáætlun og hefur sýnt sig að jafnvel með hverju ári þarf minni tíma til að koma formlegheitunum á en áður hefur verið og það er miklu aðgengilegra, eins og við sem vinnum að þessum málum þekkjum, en við flestar aðrar áætlunargerðir við framkvæmdir hér á landi. Þetta er þakkarvert og ber að viðurkenna.

En ég vil segja að það sem mér finnst vanta í öll þessi mál er að það væri hægt að vinna að stærstu verkum í vegagerð sem eru svo mikilvæg á þann hátt að það væri hægt að hafa þar stærri áfanga sem væri þá hægt að brúa með lántökum, bæði gegnum verktaka og aðrar aðgerðir. Það er orðið miklu meira mál að átta sig á því hvernig það er hægt en við höfum staðið frammi fyrir áður.

Virðulegi forseti. Ég skal ekki tefja þessar umræður lengur, en ég vildi láta þessi atriði koma fram við lokaumræðu.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Það er orðið áliðið á þessu kvöldi og mér skilst að hér séu í húsinu jafnmargir þingmenn og eru starfandi í hv. fjvn. Það eru einhverjir utan þeirrar nefndar sem hér eru, m.a. ráðherra og forseti, þannig að ekki eru allir nefndarmenn einu sinni hér til að vera viðstaddir umræður um vegáætlun. Það er þó sá hópurinn af þingmönnum sem fjallar fyrst og fremst um þessa áætlun og er búinn að hafa hana til skoðunar drjúgan tíma. Ég vil lýsa því að mér finnst reisn hv. Alþingis ansi lítil á þessari stundu þegar verið er að ræða jafnmikilsvert mál og vegáætlun að hér skuli ekki vera fleiri hv. þm. en ég nefndi áðan og vel hefði getað fækkað um einn frá því að ég var frammi í ganginum fyrir stundu.

En hv. 1. þm. Vesturl. segir að þetta hafi alltaf verið svona. Það held ég að sé ekki rétt. Oftar hefur verið fullur salur þingmanna þegar við höfum rætt um þessi mál og oftar hefur farið fram allmikil umræða um vegáætlun þó að því miður hafi hún farið frekar minnkandi á síðari árum.

Hv. ræðumenn í kvöld voru meira að segja að tala um að við þyrftum að fara að huga að áætlun, ekki aðeins aldamótaáætlun heldur jafnvel hugsað svolítið lengra fram í tímann. Það væri frekar stutt í aldamótin. (**SighB:** Það fer nú eftir því hvaða aldamót þú ert að tala um.) Það er rétt, og sjálfsagt er rétt að hugsa til hinna sem er dálítið lengra í en þau ellefu ár sem bíða næstu aldamóta. Ég held að það hafi verið meining ræðumanns að það væri jafnvel of stutt að hugsa til þess, það þyrfti að hugsa um áætlunargerð lengra fram í tímann. Ég get að vissu leyti tekið undir að það sé nauðsynlegt að hugsa og skipuleggja fram í tímann, en þegar við erum að tala um það þarf fyrst að gera kröfu um að það sé staðið við þær áætlanir sem við búum við, höfum gert okkur yfir þann tíma sem við erum að hrærast í. Það hefur því miður ekki gerst eins og hér hefur komið fram. Það hefur ekki verið staðið við langtímaáætlun. Það hefur ekki verið útvegað það fjármagn sem ætlað hefur verið til framkvæmda í vegagerð og það hefur heldur ekki staðið einn einasti þáttur í framkvæmdum. Þó að hv. formaður fjvn. hafi verið að tala um í ræðu sinni að það hefði staðist framkvæmdin í sambandi við bundnu slitlögin (**SighB:** Og rúmlega það.) er það því miður ekki rétt vegna þess að stór hluti þeirra bundnu slitlaga sem lögð hafa verið á á undanförnum árum er ekki á þann hátt sem áætlað var í langtímaáætlun. Það var áætlað í langtímaáætlun að það væru ekki lögð bundin slitlög á aðra vegi en þá sem væri búið að byggja upp. En eins og við vitum hefur verið gripið til þess ráðs, sem er ekki gagnrýnisvert í sjálfu sér, að leggja bundið slitlag á hálfuppbyggða vegi vítt um landið. Meira að segja í næsta nágrenni við Reykjavík, á leiðinni fyrir Hvalfjörð, eru langir kaflar sem ekki eru byggðir upp en lagt á bundið slitlag.

Í framhaldi af þeirri umræðu sem var í kvöld, þ.e. umræðunni um byggðaáætlun, þar sem menn voru að sýna fram á mikinn áhuga sinn í því að ræða frekar þau mál og nauðsyn þess að byggja upp einhverja framtíðarsýn í stuðningi við landsbyggðina og meira að segja hæstv. forsrh. gagnrýndi stofnun sem undir hann er sett, Byggðastofnun, fyrir að hafa ekki forustu í því að koma á stefnumörkun í uppbyggingu á landsbyggðinni, þá er ég alveg hissa á því að sá maður sem ætlast til þess að stofnun eins og Byggðastofnun, sem varla er hægt að ætlast til þess að marki stefnu langt umfram það sem ríkisstjórnin sjálf á að gera, skuli ekki sitja hér og fylgjast með umræðum um vegáætlun og heyra hvað menn eru að leggja til og hvers menn óska í sambandi við það. Ég held að það

hefði verið skemmtilegt og það hefði verið svolítið meiri reisn yfir því að það hefði verið fleiri en einn ráðherra viðstaddur umræðu um vegáætlun. Það er ekki svo. En menn geta talað um að það sé æskilegt að þessi eða hin stofnunin marki stefnur.

Þegar tillagan um langtímaáætlun um vegagerð var lögð fyrir Alþingi á vordögum 1983 töldu menn sig sjá fram á stórstígar framfarir í vegamálum og vegagerð og bættum samgöngum um land allt. Fjárhagslegu forsendurnar voru þær, eins og hér hefur komið fram í umræðunni og kemur jafnan fram þegar verið er að tala um þessi mál, að 2,2% af vergri þjóðarframleiðslu skyldi árlega varið til vegagerðar. Hlutfall þetta bæri að skoða sem lágmark. Það skyldi aukið í 2,4% innan þriggja ára. Gert var ráð fyrir að auka þetta fjármagn þegar teknir yrðu fyrir lengri og heillegri vegarkaflar.

Áætlunin var þannig úr garði gerð að auka mátti framkvæmdahraða ef meira fjármagn kæmi til en áætlunin gerði ráð fyrir, þ.e. 2,4% af þjóðarframleiðslu. Slík var bjartsýnin í þá daga að gert var ráð fyrir umframfjármagni við 2,4% af vergri þjóðarframleiðslu til að setja í stórframkvæmdir. Þetta hefur aldrei skeð. Ég er nokkurn veginn viss um að hv. þm. sem voru að undirbúa þessa langtímaáætlun og þeir sem fjölluðu um hana á hv. Alþingi þá trúðu því að það mark mundi nást að fjármagna vegaframkvæmdir með 2,4% af þjóðarframleiðslu og það þyrfti að grípa til þess af og til í sambandi við stórframkvæmdir að auka það fjármagn.

Það er rétt að taka fram að útreikningi á vergri þjóðarframleiðslu hefur verið breytt og að 2,14% nú jafngilda 2,4% áður. Það sem ég nefni í samanburði við verga þjóðarframleiðslu hér á eftir miðast við þessa nýju útreikninga.

Í vegáætlun var aðeins ráðstafað 80% af framkvæmdafénu. 20% skyldi varið til að sinna uppáfallandi verkefnum. Það var farið svo varlega í framkvæmdaáætlunina á þessum dögum að menn ráðstöfuðu aðeins 80% og ég held að menn hafi verið mjög trúaðir á að 20% yrði varið til ýmissa hluta sem væru ófyrirséðir, bæði uppáfallandi verka og til að auka og styrkja áætlanir á öðrum framkvæmdum. Ég tel sem sagt að þingmenn hafi treyst því að áætlað fjármagn í vegáætlun væri lágmark þess sem ráðstafað yrði til þessara mála næstu árin. Sumir höfðu jafnvel talið að hlutfallið af vergri þjóðarframleiðslu væri of lágt. Það má t.d. benda á að á árunum 1961 til og með 1974 var hlutfallið frá 2,36 niður í 2,14%. Það er alltaf jafnt eða fyrir ofan hlutfallstölu hinnar nýju langtímaáætlunar. Það var því ekki í mikið ráðist að áætla 2,14% af vergri þjóðarframleiðslu til vegagerðar. Þar var öllu stillt í hóf. Það var þó greinilegt að stóra hluti væri hægt að gera þótt ekki yrði meira til ráðstöfunar en þessi 2,14%.

Svo kom að efndunum: 1983 1,77%. 1984 1,79%. Þessi tvö ár voru kölluð erfiðir tímar eins og núna, *mjög erfiðir tímar. Menn sættu sig við hlutina eins og* núna. Staðið var við áætlunina miðað við áætlaðar framkvæmdir, þ.e. 80% framkvæmdafjárins. 20% til þess að ráðstafa og aftur til að auka og taka til uppáfallandi framkvæmda duttu upp fyrir. Auk þess kom í ljós að þeir áætlunargerðarmenn hjá Vegagerð ríkisins voru góðir fyrirhyggjumenn og áætluðu framkvæmdakostnað af nokkru öryggi gagnvart fjárveitingavaldinu. Þökk sé þeim.

Á árinu 1985 fóru hinir erfiðu tímar að breytast yfir í góðæri og á árinu 1986 og 1987 dundi yfir okkur óskaplegt góðæri. Hvað skyldi hafa gerst þá með framlögin til vegamála? Við skulum skoða það. Árið 1985 var hlutfallið af vergri þjóðarframleiðslu 1,62%, árið 1986 með áframhaldandi betra góðæri 1,40% og 1987 með hinu mesta góðæri sem yfir okkur hefur gengið 1,16% í stað fyrirheitsins úr langtímaáætlun sem var 2,14%. Útkoman varð allt að því helmingi minni. Árið 1988 kemur út með 1,25%, en á því ári var lánsfé stór hluti framkvæmdafjárins og reyndar líka á árinu 1987 eins og kemur fram í þeim plöggum sem hafa komið frá fjvn. þannig að prósenttölur sem ég nefni hér, 1,25 og 1,16 fyrir árin 1987 og 1988, eru sjálfsagt talsvert miklu lægri ef lánsfé er tekið frá og ég horfi með skelfingu til prósenttölunnar sem kemur út úr árinu 1989 ef á að gera eins og nú er stillt til að borga sem mest af skuldunum sem teknar voru 1988 og 1987. Framkvæmdafé gæti þá farið niður fyrir 1%. En það gæti bjargað stöðunni pínulítið að við erum á erfiðum tímum, minnkandi þjóðartekjur skapa betri prósentutölu. Vanefndirnar frá 1985–1988 miðað við langtímaáætlun eru því hrikalegar og eiga mjög mikinn þátt í erfiðri stöðu landsbyggðarinnar nú um stundir. Því miður ber sú vegáætlun sem hér er verið að fjalla um of mikinn svip þeirrar síðustu. Það er ömurlegt til þess að hugsa að stjórnleysi síðustu ára skuli þurfa að valda því að skerða þurfi framlög til vegamála eins og þessi vegáætlun sýnir.

Ég hef orðið að sætta mig við það og sætti mig við það að það þrotabú sem núv. ríkisstjórn er að taka við verði að mæta þeirri stöðu á þann hátt sem hv. 2. þm. Norðurl. v. lýsti hér. Það verður að taka einhvers staðar peninga til að jafna þann hallareikning og því miður hefur orðið að taka slurk af tekjustofnum til vegagerðar. Ég vil ekki kenna þeirri ríkisstjórn sem nú situr, síst af öllu þeim hæstv. samgrh. sem nú starfar, um að þannig stendur á í ár að orðið hefur að skerða fasta tekjustofna. Það er fyrst og fremst óráðsíu fyrri ára að kenna.

Ráðleysi fyrrv. tveggja síðustu ríkisstjórna verður sennilega dýrt á marga vegu, ekki síst landsbyggðinni. En þrátt fyrir það, þótt viðskilnaður ríkisstjórnar Jóns Baldvins, Steingríms og Þorsteins hafi verið vondur, tel ég að það hafi verið röng stefna hjá núv. ríkisstjórn að ráðstafa ekki meiru fé til vegamála en gera á samkvæmt þeirri vegáætlun sem hér liggur fyrir til umfjöllunar. 1 milljarður kr. til viðbótar í ár hefði verið gott spor í rétta átt, síðan stærra skref á næstu árum. Ráðherrar sem telja sig vera í ríkisstjórn jafnréttis og félagshyggju þurfa að láta verkin tala.

Frá því að ég kom á þing fyrir tæpum tíu árum hef ég aldrei fengið eins mörg bréf og eins mörg viðtöl um

vegamál úr mínu kjördæmi yfir þingtímann og á því þingi sem nú er senn lokið. Það liggur þó ljóst fyrir að á þessum tíu árum hafa vegirnir úti um land og líka á Vesturlandi batnað mikið. En þeir hafa ekki batnað nógu mikið. Ástandið í vegamálum er verra en það var fyrir tíu árum miðað við breytta tíma. Umferðin hefur aukist, farartækin stækkað og þyngst, þörfin fyrir betri vegi eykst með degi hverjum. Flutningahættir eru allt aðrir nú en við upphaf langtímaáætlunar. Sumardagsumferð t.d. á Vesturlandi hefur aukist um 50% frá 1983. Meðaltalsumferð í júní/september 1988 á aðalvegum á Vesturlandi með og án bundins slitlags var komin upp í 285 bíla á dag. Svipaða sögu er að segja annars staðar á landinu. Það þýðir ekki að vera með malarvegi með slíka umferð. Það er enginn möguleiki að halda þeim akfærum við þær aðstæður.

Sú staða blasir við að því verður ekki frestað í nokkur ár að ljúka við uppbyggingu allra aðalvega á landinu og leggja á þá bundið slitlag. Ég tel að strax á næsta ári verði að fá aukið fjármagn til vegamála umfram það sem áætlað er í þeirri vegáætlun sem hér er til umræðu og því þurfi á næsta þingi að endurskoða strax þessa áætlun. Mér finnst ekki vera mikil reisn yfir nál. minni hl. fjvn. þar sem sagt er að leggja þurfi á það áherslu þegar langtímaáætlun lýkur 1994 að lagt verði mikið fé í þjóðbrautir. Ætli það þurfi ekki að hugsa um þetta svolítið fyrr. Að bíða eftir verulegum framkvæmdum í þjóðbrautum fram yfir árið 1994 finnst mér vera fráleitt að tala um ef halda á byggð á þeim svæðum þar sem samgöngur byggjast á þjóðbrautum.

Ég fagna því að farið er að líta til stórverkefna í vegagerð, jarðganga, fjarðaþverana og stórverkefna á höfuðborgarsvæðinu. Þessi verkefni sum hver hafa verið hálfgert feimnismál á undanförnum árum og er gott að þeim er lyft núna til umfjöllunar. Það hafa vitaskuld allir vitað um að það yrði ekki komist hjá þessum framkvæmdum, en þótt nefnd séu mörg stórverkefni í tillögunum og nál. fjvn. eru mörg stórverkefni önnur sem við blasa og sinna þarf sem fyrst, en þau eru hvergi komin á blað. Ég held að þau þurfi að koma á blað helst fyrir aldamótaáætlunina.

Á Vesturlandi vil ég nefna nýja vegagerð um Búlandshöfða, brú yfir Kolgrafarfjörð, brú yfir Álftafjörð og svo göng undir Hvalfjörð. Hv. 1. þm. Vesturl. nefndi líka, og það er nefnt í nál. meiri hl. fjvn., brúna yfir Gilsfjörð. Ég nefni verk sem ekki eru komin í forgangsröð en þyrftu að koma inn í umfjöllun til þess að hægara sé að gera sér grein fyrir því hve verkefnin á þessum vettvangi eru stórkostleg og að hægagangur á vegaframkvæmdum eins og verið hefur undanfarin ár og verður í ár er fráleitur og hættulegur.

Ég óska hæstv. samgrh. til hamingju með þann stórhug sem hann sýnir með því að taka þessi stóru verkefni inn í vegáætlun nú. Það hefði verið betur fyrr gert. En betur má ef duga skal. Aukið fjármagn verður að koma til þess að stórverkefnin verði ekki til að draga úr öðrum framkvæmdum. Sl. vetur er einn sá snjóþyngsti sem menn muna. Snjómokstur á vegum var mikill og kostnaðarsamur. Þegar snjórinn var sem mestur í vetur gaf hæstv. samgrh. út nýjar snjómokstursreglur um að ýmsum leiðum skyldi haldið opnum fleiri daga í viku hverri en áður. Ráðherra hefur og gefið fyrirheit um að enn verði bætt úr í þessu efni á næsta ári og því þar næsta. Þetta var búið að vefjast fyrir samgrh. fyrri ríkisstjórna ansi lengi, en núv. ráðherra hafði ekki setið nema í fimm mánuði þegar hann kom þessu til framkvæmda. Hafi hann þökk fyrir.

Á síðustu mánuðum hefur farið fram nokkur umræða um gerð jarðganga undir Hvalfjörð utanverðan. Ef úr slíkri jarðgangagerð yrði tengdist Akranes betur en nú er vegakerfinu til Vestur- og Norðurlands þar sem aðalvegurinn færðist þá suður fyrir Akrafjall og leiðin vestur og norður styttist verulega. Þrjú stór fyrirtæki hafa sýnt því áhuga að taka að sér að fjármagna og vinna þetta verk. Ég fagna því að hæstv. samgrh. hefur sýnt þessu máli áhuga og vænti þess að þetta mál verði meðhöndlað af stjórnvöldum af velvilja og fyrirhyggju.

Virðulegi forseti. Núverandi ríkisstjórn hefur viljað láta kalla sig ríkisstjórn jafnréttis og félagshyggju og ráðherrar hafa farið um það mörgum orðum að þeir vildu styrkja stöðu landsbyggðarinnar. Nokkur rök eru fyrir því að halda í við fjárveitingar í ár meðan verið er að jafna stöðuna vegna óráðsíu síðustu ríkisstjórnar. Jafnréttis- og félagshyggjuviljinn og áhuginn fyrir því að styrkja búsetu á landsbyggðinni verður því að koma í ljós með stórauknu framlagi til vegamála árið 1990, 1991 og 1992 og mikið umfram það sem áætlað er í þeirri vegáætlun sem hér er til umræðu.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Ég stend að nál. minni hl. fjvn. með fyrirvara. Fyrirvari minn við nál. er einkum vegna þess að ég tek ekki undir þá gagnrýni á vinnubrögð meiri hl. fjvn. sem nokkur áhersla er á lögð í nál. Að vísu hef ég ekki reynslu af vinnubrögðum sem tíðkast hafa um afgreiðslu vegáætlunar í fjvn. frá fyrri árum. En miðað við aðra hefðbundna afgreiðslu mála í fjvn. við undirbúning fjárlaga, bæði fyrir árið 1989 sem og 1988, finnst mér ekki vera hér um svo sérstakt tilefni til hneykslunar eða gagnrýni að ræða að verulega sé orð á gerandi.

En um þetta mál, till. til þál. um vegáætlun 1989–1992, hafa allir alþingismenn svo sem venja hefur verið einmitt fremur tækifæri en í flestum öðrum málum hvað fjárveitingar varðar að koma að athugasemdum, tillögum og ábendingum á fundum þingmannahópa kjördæmanna. Ég vil raunar koma því atriði að í því sambandi að ég tel að einmitt þann þátt þessa máls, skiptingu á einstök verk, mætti gjarnan taka úr höndum þingmanna og færa í hendur annarra fulltrúa héraðsmanna og þá helst sveitarstjórnarmanna þannig að einungis gróf skipting í þessari áætlunargerð færi fram á Alþingi. Raunar er þessi þróun þegar orðin í embættismannakerfinu

hvað þetta áhrærir. Umdæmisverkfræðingar á landsbyggðinni koma suður með upplýsingar sínar og tillögur og eftir þeim er vitaskuld að langmestu leyti farið.

Borgfl. hefur lagt áherslu á að raunhæf skref væru stigin til þess að flytja verkefni og ákvörðunarvald heim í héruð svo sem lagt var til og raunar ákveðið um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga í löggjöf sem hér var samþykkt fyrr í kvöld. Hér er hins vegar eitt veigamikið verkefni sem taka mætti sömu tökum.

Eins og fram kemur í nál. minni hl. stendur minni hl. að sameiginlegum brtt. nefndarinnar með hefðbundnum fyrirvara þannig að í sjálfu sér er ekki ágreiningur um þann þátt þessa máls. Sömuleiðis lýsir minni hl. fylgi við þá meginnýbreytni sem þessi vegáætlun hefur í för með sér. Þar á ég við þær framkvæmdir sem áætlaðar eru um nýjar stórframkvæmdir. Sú nýskipan er þrískipt í áætluninni eins og mönnum er kunnugt, í jarðgöng, stórbrýr og aðkallandi stórverk á höfuðborgarsvæði. Hins vegar er meginágreiningur minni hl. fjvn. við meiri hlutann um skiptingu tekna Vegasjóðs fyrir árið í ár svo sem einnig kom berlega í ljós við afgreiðslu fjárlaga og lánsfjárlaga fyrir árið 1989. Veitingu 682 millj. kr. af mörkuðum tekjum Vegasjóðs beint í ríkissjóð er sterklega mótmælt, ekki síst þegar haft er í huga að sum kjördæmi standa svo höllum fæti í þessu efni að þau hafa þegar unnið fyrir nánast alla fjárveitinguna sem verður á þessu ári.

Ég fagna því hins vegar að áætlunin gerir ráð fyrir að tekjur Vegasjóðs verði óskertar þrjú seinustu ár áætlunartímabilsins og mun vafalaust ekki af veita við þau stórverkefni sem hvarvetna blasa við, hvort sem er á sviði jarðganga, stórbrúa ellegar á höfuðborgarsvæðinu, sem og að halda áfram samkvæmt langtímaáætluninni við stofnbrautir og þjóðbrautir. En í áliti minni hl. fjvn. er það einmitt tekið fram, sem raunar kom fram í máli hv. 4. þm. Vesturl. og honum þótti ekkert sérlega mikið til koma, að við teljum að nauðsynlegt sé að hefja þegar endurskoðun langtímaáætlunar og leggjum áherslu á að þegar langtímaáætluninni lýkur 1994 verði lagt aukið fé í þjóðbrautir sem legið hafa eftir meðan aðaláherslan hefur beinst að stofnbrautunum. Það er auðvitað svo að þetta verður að vera með þeim hraða sem tekjur hrökkva til.

En ég vil að lokum, hæstv. forseti, minna á eitt atriði í nál. minni hl. fjvn. sem ég tel afar þýðingarmikið og hv. 2. þm. Norðurl. v. lagði einnig áherslu á í sínu máli, en það er sú skoðun, sem lögð er áhersla á nokkuð aftarlega í álitinu, að við teljum einnig tímabært að fella niður álagningu þungaskatts á dísilbifreiðar sem hefur gengið úr hófi fram. Við teljum að það sé vænlegt að taka þess í stað upp skattlagningu á dísilolíu. Ég tel að þrennt mundi vinnast með þessum hætti. Í fyrsta lagi mundi dreifing verða meiri á tekjum og á þann hátt yrði kostnaðurinn léttbærari fyrir gjaldendurna. Í annan stað tel ég að skilin yrðu öruggari og undanskot yrði minna en nú er. En í þriðja og seinasta lagi tel ég að tekjurnar fyrir Vegasjóð yrðu meiri og mun eins og ég áður greindi sjálfsagt ekki af veita.

En fyrir minn hlut þakka ég fyrir samstarf í fjvn., bæði við meiri hl. og minni hl., og hef svo ekki meira að segja að sinni.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég byrja á því að þakka formanni fjvn. samstarfið í vetur svo og öðrum nefndarmönnum og segir það sitt um hlutina. Þó að menn takist kannski stundum á um einhver mál í nefndinni hafa menn það eins og einherjar í Valhöll forðum að þeir rísa upp kátir að kveldi ogýta ágreiningi til hliðar.

Ég stend upp fyrst og fremst til að eiga orðastað við hæstv. samgrh. Ég held að í vegamálum stöndum við frammi fyrir ýmsum mjög stórum spurningum og ég er ekki að fara fram á svör í nótt við þeim öllum, en mér þætti vænt um ef ráðherra hefði svör á reiðum höndum á haustdögum.

Fyrsta spurningin sem ég vil leggja fyrir ráðherra er sú hvort hann telur eðlilegt að Vegagerðin sé A-hluta stofnun eða B-hluta stofnun. Það fer ekki á milli mála að þegar mjög mikið var ógunnið í vegagerð í þessu landi og mátti segja að hægt væri að líta á megnið af framkvæmdunum sem félagslegar framkvæmdir og ríkissjóður hygðist leggja tekjustofnum Vegagerðarinnar til sérstaka fjármuni fram yfir það sem hún hafði sem tekjustofna, þá var eðlilegt að hafa hana sem A-hluta stofnun. Mér sýnist aftur á móti sem öll rök í dag mæli með því að breyta henni í B-hluta stofnun og skal nú minnst á nokkur þeirra.

Það liggur fyrir samkvæmt arðsemisútreikningum að ákvarðanir um að taka ákveðnar stofnbrautir og klára þær mundu skila um 20% arði. Þegar það er orðið gersamlega vonlaust að viðhalda malarvegi vegna umferðar er þetta ekki bara hagnaður Vegagerðarinnar heldur einnig þeirra sem eiga bílana. Og maður spyr: Hvað kostar sú hringavitleysa að moka snjó á vonlausum vegi miðað við hvað tækni vorra tíma býður upp á eftir að búið er að gera veginn akfæran með bundnu slitlagi?

Ég man eftir þeirri þróun í snjómokstri að fyrst var það jarðýtan, svo komu heflarnir, svo snjóblásarar og núna eru það vörubílar með tönn þar sem vegirnir eru orðnir uppbyggðir. Það er verulegur munur á vörubíl sem ekur með 50–60 km hraða með tönn framan á sér og hreinsar snjó eða jarðýtu sem ferðast með innan við 10 km hraða.

Ég held einnig að það stærsta sem órætt er í þessu sambandi sé spurningin um verklagið. Það þurfti að fara út í þá dreifingu á framkvæmdum varðandi bundið slitlag til að sameina íslenska þjóð um að það væri rétt að byggja vegi upp úr snjó og hafa þá með bundið slitlag. Ég held að það sé einhugur um það í dag. Hvað kosta framkvæmdirnar miklu meira vegna þess hvernig við stöndum að þeim? Ég hefði talið að þær kostuðu minnst 25% meira en þær þyrftu að kosta ef það verklag yrði upp tekið að standa að framkvæmdunum í mun heillegri og stærri áföngum en nú er gert. Allt þetta kallar í sjálfu sér á ákvörðun

um hvort ekki sé rétt að breyta Vegagerðinni í B-hluta stofnun og heimila henni lántökur til stofnbrautanna á fyrsta stigi.

Það er sagt að í engri atvinnugrein í heiminum muni fjölga meir fram til næstu aldamóta en í ferðamannaþjónustu og það væri ekkert arðbærara fyrir íslenska þjóð en það ef hærri fjárhæðir af því fé sem Íslendingar verja til ferðalaga færu í ferðalög eftir íslenskum vegum. Ég verð að segja eins og er að ég skil að mörgu leyti það þéttbýlisfólk sem í dag keyrir á bundnu slitlagi og vill ekki fyrir nokkurn mun álpast út í grjóthríðina á íslenskum malarvegum. Það eru ekki lítlir fjármunir sem fara í að sprauta bíl eftir slíka útreið að maður tali ekki um ljósin sem meira og minna hrynja á hverju ári nema menn hafi grjótgrind *framan á bílnum*.

Ég hefði skorað á hæstv. ráðherra að efna til ráðstefnu í sumar, kalla þar til verkfræðinga, framámenn í ferðamannaiðnaði og reiknimeistara og láta þá meta hvað það mundi þýða í auknum tekjum fyrir Vegagerðina ef menn gerðu stórt átak í því að hraða framkvæmdum í vegamálum á Íslandi. E.t.v. munu sumir segja sem svo að þetta séu óraunhæfar hugmyndir vegna þess í hvaða stöðu við erum efnahagslega og margt fleira. Ég held aftur á móti að við séum að sóa fé eins og við stöndum að málunum. Það getur verið ágætt á pappírunum að setja fram að við ætlum að fjölga snjómokstursdögum á ákveðnum svæðum. En því aðeins er vit í því að vegirnir séu komnir í visst lágmarksástand. Það er ekki skynsamlegt að standa þannig að þeim málum að við sóum fjármunum til að moka skafla með kannski 3 eða 4 *km millibili á vegakerfi sem væri hér um bil snjólaust* og opið til umferðar alla daga vikunnar ef snjóastaðirnir yrðu teknir fyrir. Ég segi þetta vegna þess að það er staðreynd að sums staðar kostar snjómoksturinn á einum vetri meira en það mundi kosta að laga veginn yfir sumarið. Í sumum tilfellum sækir það einnig á minn hug hvort ekki væri skynsamlegt að bjóða þennan snjómokstur út og þá horfi ég m.a. á hvort ekki væri hagkvæmt til sveita fyrir mjólkurbúin að bjóða í þennan snjómokstur og setja tönn framan á bílinn sem fer um sveitir.

Mönnum finnst kannski skrýtin blanda að segja þetta. En það er samt svo að sums staðar er um svo langar vegalengdir að ræða að það öfluga tæki sem þar fer um hentar betur og er hreinn sparnaður að láta það hafa tönnina og vinna þetta verk. Mér er ljóst að þetta fer eftir aðstæðum á hverjum stað.

Ég minntist lauslega á í umræðu um byggðamál að hæstv. forsrh. hefði undir höndum skýrslu sem breskir sérfræðingar hefðu unnið þar sem þeir lögðu mat á efnahagslega möguleika þjóða og settu Ísland í eitt af efstu sætunum um möguleika þjóða í Evrópu. Forsrh. svaraði lauslega sumu í mínu máli, en hann minntist ekki á þessa skýrslu. Hann gagnrýndi aftur á móti ekki eða dró ekki í efa að hún væri til. Ef það er rétt sem þeir gera ráð fyrir miða þeir við það að innan tíu ára verði tæknin slík að við flytjum rafmagn á milli landa með hagkvæmum hætti og þá má gera ráð fyrir að Íslendingar fari í stórvirkjanir og selji raforku til útlanda. Mér sýnist margt benda til þess að fram að þessum tíma eigum við að snúa okkur að því að koma vegagerðinni áfram og reka vegina á Íslandi eins og fyrirtæki, fyrirtæki sem lifir á því að vera til og veita þjónustu.

Það væri kannski fróðlegt að spyrja: Hvar stæðum við í virkjunarmálum hefðum við aldrei tekið krónu að láni til þeirra? Hvar stæðum við í flugmálum ef ekki hefði verið tekið fé að láni og væri tekið til flugvélakaupa? Erum við sannfærðir um að sú stefna, sem hefur verið fylgt að undanförnu, að reka þetta sem A-hluta stofnun og standa að þessu eins og gert var til forna með kirkjubyggingar, koma því áfram með mjög prúðmannlegum hætti, erum við sannfærðir um að þetta sé það skynsamlegasta verklag sem við getum haft á þessu sviði?

Ég hef sagt það áður úr þessum ræðustól og vil segja það enn einu sinni nú: Ef maður eyðir 100 þúsundum eða 200 þúsundum í sumarfríinu sínu og fer til útlanda, hvað ætli það sé stór upphæð sem fer þá í ríkiskassann? Ætli hún sé ekki harla lítil? En ef maður eyðir *100 eða 200 þúsundum í sumarfríinu sínu* í ferðalögum innan lands, hvað ætli fari þá mikið í ríkiskassann og í þessu tilfelli til Vegagerðarinnar að hluta til? Ætli það sé ekki svo að það sé ansi stór hluti sem fer til ríkisins og Vegagerðarinnar? Það hefur hvarflað að mér að það færu hátt í 70%, hvorki meira né minna.

Ég hygg að jarðgöng eins og Ólafsfjarðarmúli muni draga að sér mikinn ferðamannastraum fyrst þegar þau verða komin upp. Það verða margir bæði að vestan og austan og sunnan sem hafa áhuga á að sjá þetta mannvirki. Ég man eftir því þegar vestur á fjörðum var gert gat í gegnum berggang sem var og er á Súðavíkurhlíðinni. Þá fóru menn af stórum svæðum á Vestfjörðum keyrandi til að skoða þetta merkilega fyrirbrigði. Ég fékk m.a. sem ungur drengur að fara og sjá þetta. Ég er þess vegna sannfærður um að um leið og við förum af stað í þessa jarðgangagerð eða réttara sagt um leið og þau eru orðin að veruleika einhvers staðar á landinu í jafnstórum stíl og verið er að tala um núna og þau verða það fyrst í Ólafsfjarðarmúlanum, þá mun það kalla á verulega umferð ef menn þora út á vegina.

Ég vænti þess að hæstv. samgrh. taki þessi orð mín ekki sem einhverja gagnrýni á hans störf. Hann er nýsestur í það embætti sem hann er í nú. En ég vænti þess að hann gefi sér tíma til að hugleiða þetta út frá *nýjum sjónarhornum*. Ég verð að segja eins og er að mér finnst það mikil hógværð hjá stjórnarandstöðunni þegar hún talar um að snúa sér að þjóðbrautunum eftir að við erum búnir með stofnbrautirnar. Hvaða tímalengd eru menn að tala um? Er verið að tala um 15 ár? Ætlum við þá að fara að snúa okkur að þjóðbrautunum? Og hvaða þjóðbrautum? Gengur það yfir höfuð upp að standa þannig að þessu? (**PJ:** Hvaða rugl er þetta?) Ég heyri sagt úr hliðarsal: Hvaða rugl er þetta? Mér finnst eiginlega að það sé yfirlýsing um að hv. 2. þm. Norðurl. v. vill að við

verðum búnir með stofnbrautirnar mun fyrr. En horfi ég til svæða eins og Vestfjarða og þeirra vegalengda sem við þurfum að byggja þar upp eða Austfjarða (**AS:** Það eru fleiri á Vesturlandi.) og hér er minnst á Vesturland einnig, þá sýnist mér að það tefjist fyrir að koma stofnbrautunum í eðlilegt horf.

Ég vil aftur á móti ekki láta hjá líða að taka undir það í málflutningi hv. 7. þm. Norðurl. e. að horfa á samgöngurnar sem eina heild og það er alveg greinilegt að þeim mun betra sem vegakerfið verður, þeim mun lengri vegalengdir eru það sem menn kjósa heldur að fara akandi en með flugvélum þannig að það þarf að horfa á þessa hluti í samhengi. Hins vegar verð ég að segja að þar sem var minnst á mjög fróðlega skýrslu um olíu og olíuþurrð sem e.t.v. gæti orðið mega menn alls ekki undir nokkrum kringumstæðum láta sér detta í hug að tækni okkar tíma stöðvi að menn hafi orku á þau farartæki sem þeir ætla að nota í framtíðinni. Möguleikarnir á því að velja úr orkugjöfum eru slíkir á okkar dögum að bíllinn mun halda velli þó að orkugjafinn sem hann notar e.t.v. breytist.

Ég hallast að því að sú mikla bið sem mundi fylgja því að hafa sama verklag og verið hefur í uppbyggingu veganna muni leiða til þess að byggðaröskun í landinu verði orðin svo mikil að sumir telji óþarfa að fara í vegalögn á vissum svæðum á eftir. En ég held að það sé eitt af því sem bindur menn við þetta land og gerir þá víðsýnni sem Íslendinga á hagi hvers annars að þeir ferðist um þetta land og ég held að það sé eitt af þeim markmiðum sem við eigum að stefna að og ég er sannfærður um að ef hraðað verður uppbyggingu vegakerfisins, sem ekki verður gert nema með lántökum, mun það skila Vegagerðinni mun hærri tekjum en menn eru að tala um í þeim áætlunum sem fram hafa verið settar og eru rökréttar miðað við það verklag sem við höfum haft.

Frsm. meiri hl. fjvn. (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég hafði ætlað mér að svara nokkrum orðum atriðum í ræðu hv. 2. þm. Norðurl. v., frsm. minni hl., þar sem hann ræddi um vinnubrögð í fjvn., en hv. 6. þm. Suðurl. hefur að nokkru tekið af mér það ómak með því að gera grein fyrir því af hvaða ástæðu hann kaus að skrifa undir nál. það sem hv. 2. þm. Norðurl. v. mælti fyrir með fyrirvara. Get ég því nokkuð stytt mál mitt frá því sem ég hugðist ella flytja.

Hv. 2. þm. Norðurl. v., frsm. minni hl., vitnaði í ræðu hv. þm. Geirs Gunnarssonar frá árinu 1977 og gerði þau orð sem hv. þm. Geir Gunnarsson lét þar falla um vinnubrögð í fjvn. að sínum. Í þeim tilvitnuðu orðum var m.a. sagt að þannig hafi meiri hl. fjvn. haldið á málum að hann hafi sniðgengið minni hl., bæði í skiptingu milli framkvæmdaflokka og skiptingu milli kjördæma, unnið það verk einn án afskipta minni hl. og kynnt síðan niðurstöður sínar fyrir minni hl., lagt þær fram til samþykkis. Hv. 2. þm. Norðurl. v. sagði að þannig hefði hátturinn einnig verið hafður nú. Það er ósatt.

Skipting milli framkvæmdaflokka í vegáætlun kom þegar fram í till. til þál. um vegáætlun sem lögð var fram af ríkisstjórninni hér á hinu háa Alþingi. Þessi skipting útgjalda er á bls. 2 í þeirri tillögu. Meiri hl. og fjvn. fóru yfir þessa tillögu til skiptingar á sínum fyrsta fundi. Þar kom m.a. fram tillaga um skiptingu á einstaka verkefnaflokka. Þeim tillögum hefur meiri hl. fjvn. í engu breytt. Við höfum haldið fast við þær tillögur sem þegar voru kynntar í till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1989–1992. Það er því ósatt með öllu að þarna hafi meiri hl. fjvn. sniðgengið minni hl. og ákveðið skiptingar á þessa verkefnaflokka án samráðs við hann. Það eina sem gerðist í meðferð fjvn. — og þá legg ég áherslu á: nefndarinnar allrar — á þessum málum var eins og kom fram í ræðu minni fyrr í kvöld að ákveðið var að afla 100 millj. kr. tekna með hækkun bensíngjalds um 1,25 kr. til þess að ráðstafa því fé í snjómokstur og í annan stað að ákveðin var hækkun á tekjuhlið þáltill. með 220 millj., 170 millj. fyrst, 50 millj. svo, sem ráðstafað var af fjvn. allri, ekki meiri hl., til framkvæmda við almenn verkefni. Það er því ósatt og rangt frá skýrt að meiri hl. nefndarinnar hafi afgreitt þessi mál án þess að láta minni hl. neitt með því fylgjast, af því vita eða hafa áhrif á og er þetta ein skýring á því hvers vegna hv. 6. þm. Suðurl. ritar undir nál. minni hl. með fyrirvara.

Í annan stað voru þau tilvitnuðu orð sem hv. 2. þm. Norðurl. v. vitnaði í þau að hvað varðar skiptingu milli kjördæma hafi meiri hl. einnig sniðgengið minni hl. og tekið ákvörðun um skiptiprósentuna án afskipta minni hl. í fjvn. Þetta er rangt. Það vill svo til að þau plögg sem voru notuð til grundvallar þeirri skiptingu eru öll dagsett. Fyrsta plaggið er frá 14. mars og heitir „Skipting fjármagns milli kjördæma“ og var lagt fyrir fjvn. alla á hennar fyrsta fundi eftir að hún hafði fengið vegáætlunina til meðferðar. Næsta plagg er dags. 12. apríl. Það var einnig lagt fram á fyrsta fundi fjvn. eftir að vegáætlun hafði verið lögð fram. Hún heitir „Skipting fjárveitinga til stofnbrauta 1989–1992. Hugmynd I. Forsendur.“ Næsta plagg er dags. 17. apríl. Það heitir „Þjóðbrautir. Skiptihlutfall á milli kjördæma.“ Sú tillaga var kynnt fjvn. á fundi þann 18. síðasta mánaðar, fyrir um það bil einum mánuði. Jafnframt var kynnt fyrir nefndinni hugmynd um skiptingu fjárveitinga til stofnbrauta.

Öll þessi atriði lágu því fyrir og voru lögð fyrir fjvn. á hennar fyrsta og öðrum fundi um vegáætlun. Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara að lengja þessa umræðu með því að tína þau plögg öll til. Ég er með þau öll hér. Þar voru einnig lögð fram öll undirgögn um þetta, svo sem eins og arðsemisútreikningar, kostnaðarútreikningar, útreikningar á burðarþoli o.s.frv. sem voru grundvöllur að tillögu Vegagerðar ríkisins um prósentuskiptingu milli kjördæma. Þetta var allt lagt fram og kynnt á fyrsta fundi fjvn. um vegáætlun og ég treysti því að allir fjárveitinganefndarmenn án undantekninga kynni sér þau gögn sem fyrir nefndina eru lögð. Það kom aldrei nein athugasemd, hvorki frá meirihlutamönnum né minnihluta-

mönnum, við þessar hugmyndir sem meirihlutamenn og minnihlutamenn sáu sama dag. Aldrei allan þennan mánuð, þennan heila mánuð, virðulegi forseti, sem menn höfðu þessar tillögur og þær hugmyndir um skiptiprósentu sem á þeim byggðust og þær forsendur sem þær voru byggðar á til meðferðar, komu fram, hvorki frá meiri hl. né minni hl., neinar beiðnir, hugmyndir eða ábendingar um breytingar þar á. Skiptingin milli kjördæma var afgreidd af nefndinni allri en ekki samkvæmt tillögu meiri hl. eins. Það er því ósatt, virðulegi forseti, að með mál hafi þannig verið farið af hálfu meiri hl. varðandi skiptingu milli kjördæma að hann hafi sjálfur ákvarðað þetta án afskipta minni hl. og vitneskju hans. Það er ósatt. Þau tilvitnuðu orð sem hv. 2. þm. Norðurl. v. viðhafði í ræðu sinni hér áðan frá hv. þm. Geir Gunnarssyni frá árinu 1977 eiga ekki við um þau vinnubrögð sem tíðkuð voru í fjvn. nú. (Gripið fram í.) Það er með öllu óréttmætt.

Eins og ég sagði áðan er ég hér einnig með ýmsar þær upplýsingar sem lagðar voru fyrir fjvn. og þær voru svo margar og ítarlegar, virðulegi forseti, að fjárveitinganefndarmenn komust ekki yfir að kynna sér þær allar, þurftu iðulega að spyrja einu sinni og jafnvel tvisvar um upplýsingar sem fyrir nokkru höfðu verið kynntar í nefndinni og lagðar til þeirra á vélrituðum skjölum. Þannig fengu fjárveitinganefndarmenn upplýsingar um stöðuna gagnvart ríkissjóði, um samskipti ríkissjóðs og Vegasjóðs. Ríkisendurskoðun vann sérstakar upplýsingar í þessu sambandi, sömuleiðis ríkisbókhald. Flestallar þær upplýsingar sem fjárveitinganefndarmenn báðu um voru unnar. En vitaskuld voru ýmsar sem ekki vannst tími til að vinna og m.a. þess vegna var tekin sú ákvörðun í fjvn., einnig einróma, ekki bara af meiri hluta heldur einróma, að fjvn. mundi mælast til þess að endurskoðun langtímaáætlunar mundi hefjast þegar á þessu ári m.a. til þess að leita eftir upplýsingum sem ekki var hægt að gefa í fjvn. um stöðu í framkvæmdum þjóðbrauta og um líklegar horfur varðandi bæði stofnbrauta- og þjóðbrautaframkvæmdir að loknu því áætlunartímabili sem hér stendur yfir.

Eins og hv. 1. þm. Vesturl. skýrði mjög glögglega áðan, varaformaður fjvn., ríktu mjög sérstæðar aðstæður nú við vinnuna í fjvn. og við skjótum okkur að sjálfsögðu ekkert undan gagnrýni á þeim vinnubrögðum sem óhjákvæmileg voru í kjölfar þeirra aðstæðna. Sú gagnrýni er vissulega réttmæt. En sú fjarstæða varðaði fyrst og fremst umfang vegaframkvæmdanna, þ.e. hversu mikið fé ætti að vera til ráðstöfunar, en ekki neitt af því sem ég hef vitnað í áðan. Þegar það lá loks fyrir hvernig ætti að gera upp innistæður vegna óskilaðra tekna Vegasjóðs frá síðustu árum og þegar lá fyrir að það var samstaða um það í ríkisstjórn og stjórnarflokkum að afla sérstakra tekna vegna snjómoksturskostnaðar voru þær niðurstöður lagðar fyrir fjvn. eins og hv. 2. þm. Norðurl. v. sagði áðan réttilega þann 6. þ.m. Þar var bætt við 270 millj. 100 millj. voru settar í snjómokstur, 170 var lagt til af Vegagerðinni og vissulega meiri hl. að ráðstafað yrði til annarra verkefna en stórverkefna. Jafnframt lýstum við því yfir sem í meiri hl. sátum að það væri ekki endanlega búið að ljúka samkomulagsgerð um umfang vegáætlunar því eftir væri að fjalla um eftirstöðvar þungaskatts frá fyrra ári, en það væri ljóst að meginkjarni málsins væri útkljáður og þar sem enginn ágreiningur hefði verið í nefndinni í næstum því heilan mánuð sem þær upplýsingar hefðu legið fyrir um skiptihlutfall milli kjördæma, skiptingu milli einstakra verkefna o.s.frv. sæjum við ekkert því til fyrirstöðu að hægt væri að fara á þessu stigi málsins með vegáætlunina inn í kjördæmin og óska eftir því að kjördæmisþingmenn tækju að sér að skipta upp sínum hlut á einstök verkefni, með þeim fyrirvörum þó að það gæti verið að það kæmi eitthvert viðbótarfé, sem aldrei yrði þó mikið, inn til framkvæmda til viðbótar og að þingmenn kjördæmanna væur þá reiðubúnir að skipta því fé sem fengist. Með þetta fór Vegagerðin á vit þingmannahópanna og ég veit ekki til þess að nokkur þingmannahópur nokkurs kjördæmis hafi neitað að vinna sitt verk á þessum grundvelli heldur þvert á móti. Þingmannahóparnir fóru í þetta verk strax eftir 6. maí og unnu það vel og skiluðu niðurstöðum og höfðu meiri tíma til að skoða það mál en mjög oft áður. Þeir höfðu t.d. mun meiri tíma til að skoða það mál en við aukaendurskoðunina á sl. ári.

Þegar síðan hafði náðst samkomulagið um þær 50 millj. sem út af stóðu og varla hefur það getað staðið mjög mikið í vegi fyrir mönnum, 50 millj. kr. af tæplega 3½ milljarði sem til vegagerðarverkefna er varið, og ætti það varla að vera stór kökkur í hálsi manna, að 50 millj. kr. standi í vegi fyrir afgreiðslu vegáætlunar, voru bæði meirihlutamönnum og minnihlutamönnum jafnsnemma, í sömu andránni, á sömu mínútunni kynntar tillögur Vegagerðar ríkisins um hvernig skyldi skipta þeim 50 millj. kr. Ekki heldur þarna var minnihlutamönnum stillt upp frammi fyrir gerðum hlut í sambandi við skiptingu milli kjördæma heldur tóku þeir fullan þátt í því. Það var síðan lagt í vald þingmanna hvers kjördæmis hvernig þessu viðbótarfé yrði í hverju kjördæmi skipt á milli stofnbrauta og þjóðbrauta.

Virðulegi forseti. Ég ætla að láta mér þetta nægja og ekki segja mikið meira um þetta mál. Ég hefði sjálfsagt getað rakið öll þau gögn sem fyrir fjvn. hafa verið lögð. Þau eru mikil, hefðu sjálfsagt mátt vera meiri og sjálfsagt líka að sumu leyti menn mátt gefa sér meiri tíma til þess að fara í gegnum þau, bæði á fundum nefndarinnar og utan funda. Ég vil aðeins segja að það er ekki réttmæt sú ásökun, sem kom fram gagnvart meiri hl. fjvn., að hún hefði haldið minni hl. utan við þessi störf með þeim hætti sem hv. 2. þm. Norðurl. v. ræddi um í ræðu sinni áðan, enda kom í ljós þegar einn úr minni hl. greindi frá því á hverju hann byggði þá ákvörðun sína að skrifa undir nál. minni hl. með fyrirvara.

Frsm. minni hl. fjvn. (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Tveir hv. þm. hafa gert að umtalsefni það sem segir í áliti minni hl. um þjóðbrautir. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Við lítum svo á að nauðsynlegt sé að hefja þegar endurskoðun langtímaáætlunar og leggjum áherslu á að þegar langtímaáætlun lýkur 1994 verði lagt aukið fé í þjóðbrautir sem legið hafa eftir meðan aðaláherslan hefur verið lögð á stofnbrautir."

Þetta fannst hv. þm. Skúla Alexanderssyni ekki stórmannlega mælt eða ekki mikil reisn yfir þessum orðum og hv. 2. þm. Vestf. Ólafur Þ. Þórðarson túlkaði þetta á þá leið að við vildum að menn færu ekki að snúa sér að þjóðbrautum fyrr en stofnbrautirnar væru búnar. Þetta er vitaskuld hártogun og útúrsnúningur. Allir vita og ábyggilega þessir tveir hv. þm. að á langtímaáætlunartímabilinu hefur verið lögð meiri áhersla á stofnbrautir en þjóðbrautir. Ef þeirri áætlun væri fylgt til loka heldur sú áhersla áfram á stofnbrautirnar umfram þjóðbrautir allt til loka tímabilsins. Ég hef ekki gert tillögur um að þessum áherslum verði breytt. En þetta þýðir það, eins og ég hef komist að orði, að þjóðbrautirnar hafa nokkuð legið eftir. Allir kjósum við að fá möguleika á að fá meira fé í vegina eins og hv. þm. Skúli Alexandersson, en ef við gerum ráð fyrir því að þeirri stefnu sem mörkuð var í langtímaáætlun verði fylgt með þessar áherslur mun fylgja að meiri þungi verður á framkvæmdum í stofnbrautum til enda þess tímabils en þjóðbrautum.

Tímabilinu lýkur 1994 en ekki eftir 15 eða 20 ár eins og skilja mátti á hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni og ég tel að eftir að fólk sem býr við þjóðbrautirnar hefur sætt sig við að þær hafa legið eftir svo langan tíma verði eigi hjá því komist að rétta hlut þeirra þátta vegakerfisins þegar þessu tímabili lýkur.

Ég tek sannarlega undir það með hv. þm. Skúla Alexanderssyni að við þurfum að fá meira fé og ef við fáum miklu meira fé, eins og hann taldi allar horfur á og yfirvofandi, er auðvitað hægt að gera betur við báða þessa vegaflokka. Við skulum sannarlega vona að svo verði. En ég vil gjarnan segja við hv. þm. Skúla Alexandersson að hann skuli neyta meðan á nefinu stendur, meðan hann er aðili að ríkisstjórn, meðan hann er stuðningsmaður núv. hæstv. ríkisstjórnar og meðan hæstv. samgrh. er flokksbróðir þessa hv. þm. Það var dálítið einkennilegt að hlusta á að það væru tímamót og gleðileg stefnumarkandi skil í þessum málum að ekki skyldi eiga að skerða sérmerkta tekjustofna Vegagerðar ríkisins á seinni hluta þessa áætlunartímabils. En það eru aðaltímamótin í því fólgin að á þessu ári eru einmitt teknar 682 millj. kr. af Vegasjóði beint í ríkissjóð. Það er sjálfsagt núv. hæstv. samgrh. og núv. hæstv. ríkisstjórn til lofs.

Ég vona að hv. þm. Skúli Alexandersson, sá mæti maður og áhugamaður um vegagerð, sem ég tók eftir að þakkaði hæstv. samgrh. fyrir margt í sinni ræðu, fái sannarlega tilefni til þess að þakka honum þá fyrir eitthvað sem er þakkarvert en ekki að þakka honum fyrir að hafa skorið niður þessa áætlun á þessu ári.

Við erum ekki í vandræðum með að verja þeim peningum sem kunna að fást til vegagerðar í framkvæmdir. Við eigum svo mikið verk óunnið, bæði í stofnbrautum og í þjóðbrautum. En í þessu nál. er ekkert ofsagt um hver þarna er þörfin og það þarf engar hártoganir eða útúrsnúninga og reyna að gefa eitthvað annað í skyn, að við viljum ekki láta gera neitt í þjóðbrautum fyrr en eftir árið 1992 eða kannski eftir aldamót. Það er útúrsnúningur og rangfærsla.

Ég held að það sé kannski ekki margt fleira um ræður þessara hv. þm. að segja sem eru, eins og ég hef getið um, miklir áhugamenn um vegagerð og ábyggilega af heilum hug bera þennan málaflokk fyrir brjósti. En það er ekki slíkum mönnum sæmandi að snúa út úr því sem sett er fram eða snúa út úr því sem ég sagði í minni ræðu.

Hv. formaður fjvn. Sighvatur Björgvinsson taldi mig hafa farið með rangt nál og sagt ósatt varðandi vinnubrögð fjvn. Ég lýsti vinnubrögðum fjvn. þegar í nál. minni hl. og nefndi fundi með dagsetningum og í grófum dráttum hvað þar hefði farið fram. Á fundum 10.–18. apríl var dreift gögnum eins og hér segir: Margs konar frumgögnum af hálfu Vegagerðar ríkisins, þar á meðal tillögum Vegagerðar ríkisins um skiptingu milli kjördæma, skiptitölum á milli kjördæma og margs konar upplýsingum og tillögum sem er þakkarvert og sem stendur ekki á hjá þeim ágætu mönnum sem þar standa að verki. En um þessi mál voru ekki teknar neinar ákvarðanir. Það voru heldur ekki teknar neinar ákvarðanir um þessi mál, hvorki um skiptitölur á milli kjördæma né um hvort þeir framkvæmdaflokkar sem eru í tillögunni sjálfri skyldu standa þannig óbreyttir eða ekki. Ég þekki það í vinnu um þessi mál um fjölda ára að það er iðulega a.m.k. rætt innan fjvn. hvort hreyfa skuli til á milli framkvæmdaflokka frá því sem tillagan greinir þegar hún kemur fram. Það eru eftir því sem ég man til einnig umræður um hvort skuli fallist á þær tillögur sem Vegagerðin setur fram um skiptingu á milli kjördæma eða ekki. Ég veit vitaskuld ekkert um það hvað meiri hl. fjvn. ræðir á sínum fundum. En þetta var kynnt sem tillögur án þess að nokkur ákvörðun væri tekin um það fyrr en segja mætti í fyrradag og í gær. Þá voru fyrst teknar ákvarðanir sem líta mátti á sem afgreiðslu, að það skyldi standa sem tillögur Vegagerðarinnar greindu. Að halda því fram að ég segi ósatt um þessi efni er út í bláinn.

Hafi það verið svo að meiri hlutinn á fundum sínum í heilan mánuð hafi t.d. ekkert rætt um hvort það skyldi nota þessar skiptitölur eða eitthvað annað, þá kemur mér það sannarlega á óvart. Ég veit a.m.k. ekkert hvað fram fer á þeim fundum. En slíkar bollaleggingar og umræður voru ekki á fundum nefndarinnar í heild og engin tillaga kom fram um það frá formanni nefndarinnar að þetta skyldi afgreitt, þrátt fyrir það að ég fyndi að því allsterklega þegar þetta mál var ekki á dagskrá í fjvn. að það skyldu ekki fara fram afgreiðslur á einstökum þáttum áætlunarinnar áður en farið væri í skiptingu innan hvers kjördæmis. Það eru þau vinnubrögð sem ég hef

vanist og það eru þau vinnubrögð sem á að nota en ekki hafa hlutina í lausu lofti og haga því svo til, eins og hv. formaður fjvn. orðaði það við mig í þeim orðaskiptum, að hann vildi afgreiða þetta í einu slengi í lok þeirrar vinnu sem nefndin þyrfti að leggja í. Það er ekki vinnulag að mínu skapi. Hann getur sagt hér að ég fari með ósannindi ef honum þóknast það. En það er ekkert rangt í því sem ég sagði.

Hugmyndir og tillögur af hálfu embættismanna eru ekki hið sama og ákvarðanir fjvn. Hugmyndir og tillögur embættismanna eru venjulega góðar, ekki síst frá starfsmönnum Vegagerðar ríkisins, en það er venja af pólitískri nefnd eins og fjvn. er að þær tillögur séu ræddar og kafað eftir því hvort menn hafi þar fleiri hugmyndir eða vilji gera tillögur um breytingar og taki þá ákvörðun um að láta tillögurnar standa. Sú ákvörðun var ekki tekin á réttum tíma og umræður um þessi mál voru af eins skornum skammti og verða mátti. Fundirnir fóru í að gefnar voru upplýsingar og út í þær upplýsingar spurt. Þegar fundir eru ekki fleiri í nefndinni í heild en þrír sem eru fyrst og fremst upplýsingafundir, fjórði fundurinn, sem er stuttur fundur, 6. maí þar sem áfangatillögur koma fram frá meiri hl. um tekjuhliðina og svo tveir hálftímafundir í fyrradag og einn fundur í gær, þá er ekki von að umræður séu ákaflega miklar um öll þessi mál. Ég vísa því þess vegna alveg til föðurhúsa, sem hv. formaður Sighvatur Björgvinsson segir, að ég hafi sagt ósatt.

Ég vitnaði til ræðu hv. þm. Geirs Gunnarssonar. Ég gerði það til að sýna fram á að í annan tíma hefðu verið óeðlileg vinnubrögð innan fjvn. Ég jafnaði því ekki nákvæmlega saman, enda þurfti þess ekki með (**SighB:** Jú, það gerðir þú, Pálmi Jónsson.) enda aðstæður þá kannski eitthvað öðruvísi. (**SighB:** Segir þingmaðurinn frá þessu?) Við skulum þá láta það koma í ljós. Þær aðstæður voru kannski ekki nákvæmlega þær sömu, en ég rakti ræðu hv. þm. Geirs Gunnarssonar til þess að sýna fram á að í annan tíma hefur það gerst að meiri hl. fjvn. í meðferð vegamála hefur haldið málunum hjá sér tímum saman, í bæði skiptin í mánuð. Ég segi mánuð í þetta skiptið þrátt fyrir að einn fundur væri haldinn til þess að leggja fram nokkrar viðbótar- og áfangatillögur. Svipmótið var líkt og síðan var tillögunum dreift í einu slengi, svo að notað sé orðalag hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, á tveimur hálftíma fundum í fyrradag og síðan aftur á fundi í gær. Þetta vinnulag var líkt.

Mér er vitaskuld um það kunnugt vegna þess að það kom fram hér við fyrri umræðu að ágreiningur var í stjórnarliðinu um þetta mál og meðal þeirra fulltrúa stjórnarliðsins sem sæti eiga í fjvn. Ég segi það alveg fullum fetum að slíkur ágreiningur á ekki að hindra að nefndin í heild vinni að þessu máli. Það er vitaskuld mál ríkisstjórnarmeirihlutans hversu stór sú fjárhæð verður sem skipt er. Það er pólitískt atriði. Öll önnur mál sem þetta varða er mál nefndarinnar í heild og á að vinnast í nefndinni í heild, á að vera í umræðu í nefndinni í heild en ekki í lokuðum hópi meiri hlutans. En það er það sem gerst hefur nú ef hv. formanni nefndarinnar hefur þá þóknast að ræða það í meiri hlutanum sem ég veit auðvitað ekkert um. Kannski hefur hann haldið því einungis hjá sjálfum sér allan þennan tíma. En það var ekki rætt með þeim hætti sem eðlilegt er í nefndinni í heild.

Hv. formaður nefndarinnar getur verið ánægður með sín vinnubrögð fyrir mér. Ég er það ekki, hvort sem hann ber á mig hér í þessum ræðustól ósannindi eða ekki. Þessi vinnubrögð eru ekki til eftirbreytni og ættu ekki að verða fordæmi fyrir fjvn. á komandi tímum. Ég held þeirri skoðun minni alveg hiklaust fram og spyr hann ekki leyfis um það.

Með þessum orðum mínum er ég síður en svo að segja nokkuð það sem væri til þess að kasta rýrð á störf starfsmanna Vegagerðar ríkisins. Þó ég hafi tekið það fram fyrr vil ég gjarnan taka fram enn að Snæbjörn Jónasson vegamálastjóri og hans menn, og sá sem næstur honum er í þeirri stofnun, Helgi Hallgrímsson, sem hér er viðstaddur í hliðarsal, eru meðal allra öruggustu, liprustu og skýrustu starfsmanna í stofnunum ríkisins og sýna mikla alúð við að leggja fram gögn og gera tillögur í málum eins og þessum þegar fjvn. er að starfi. Það vil ég gjarnan þakka. Og þeir starfsmenn eru ábyggilega ekki til þess að spilla því að hægt væri að fjalla um þessi mál með eðlilegum og venjubundum hætti innan fjvn. í heild.

Ég skal svo ekki, hæstv. forseti, lengja þetta mál mitt, en aðeins ítreka að ég sendi það til baka sem að mér var kastað af hálfu hv. formanns fjvn.

Frsm. meiri hl. fjvn. (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Örfá orð. Hér hafa talað þrír af fjórum fulltrúum minni hl. í fjvn. Tveir af þessum þremur hafa ekki fundið hjá sér neina hvöt til að halda slíkar ræður eins og hv. 2. þm. Norðurl. v. hefur gert í tvígang. Þvert á móti hefur annar af þessum tveimur fundið hjá sér sérstaka þörf til að taka það fram, bæði með undirskrift sinni á nál. minni hl. og í ræðustól, að hann sé ekki sammála þeirri lýsingu, þeirri gagnrýni sem hv. 2. þm. Norðurl. v. hefur haft á vinnubrögð í fjvn. Hinn fulltrúi minni hl. sem hér talaði minntist ekki á þessi mál einu aukateknu orði.

Virðulegi forseti. Hv. 2. þm. Norðurl. v. vitnaði í orð hv. þm. Geirs Gunnarssonar frá árinu 1977 og gerði þau að sínum um vinnubrögð í fjvn. nú. Það voru tvö atriði sem hv. þm. Geir Gunnarsson gagnrýndi sem hv. 2. þm. Norðurl. v. gerði að gagnrýnisatriðum hjá sér. Annað var það að meiri hl. fjvn. hefði aleinn og án þess að hafa nokkurt samráð um það við minni hl. eða gefið honum tækifæri til þess að hafa neitt um það að segja ákveðið skiptingu á einstaka verkefnaflokka annars vegar og kjördæmi hins vegar og ég sýndi fram á það áðan að það eru ósannindi hjá hv. 2. þm. Norðurl. v. að ætla að gera þessa lýsingu hv. þm. Geirs Gunnarssonar að sinni lýsingu á vinnubrögðum fjvn. nú. Þetta eru ósannindi. Fram hjá því kemst hv. þm. ekki vegna þess að gögnin vitna á móti honum, þau gögn sem hann sjálfur hefur veitt viðtöku.

Í annan stað er það ekki heldur rétt að ákvarðanir um þetta, skiptingu á milli kjördæma o.s.frv., hafi ekki verið teknar fyrr en í einu slengi, eins og hann

sagði, sem er ekki upprunalega frá mér komið heldur frá öðrum þingmanni sem stóð honum eitt sinn nær en ég. Það er ósatt að þessar ákvarðanir hafi ekki verið teknar fyrr en 17. og 18. þ.m. Þessar ákvarðanir voru teknar þegar fjvn. ákvað að senda til kjördæmahópanna til úrvinnslu þær tillögur sem þá lágu fyrir fjvn. því að þá spurði ég um hvort það væru einhverjar athugasemdir við skiptitölurnar á milli kjördæmanna áður en menn samþykktu að senda málin inn í kjördæmahópana. Það gefur auga leið því ef ekki hefði verið búið að fallast á skiptinguna á milli kjördæmanna, hvernig í ósköpunum hefðu menn þá fallist á að senda úrvinnsluna inn í kjördæmahópana eftir þessari skiptingu? Það mál var ekki afgreitt 17. og 18. þ.m. Það mál var afgreitt þegar vegáætlunin var send til áframhaldandi meðferðar kjördæmahópanna því að kjördæmahópunum var send bæði skiptingin milli þjóðbrauta og stofnbrauta og skiptingin á milli kjördæma. Þarna er enn ein rangfærslan frá hv. þm. Það sem var hins vegar ákveðið og afgreitt á fundunum 17. og 18. þessa mánaðar var tvennt. Á fyrri fundinum var ákveðin skiptingin á 50 milljónunum sem komu á síðasta stigi afgreiðslunnar á tillögum meiri hl. og sú skipting var ákveðin ekki að tillögu meiri hl. heldur að tillögu Vegagerðar ríkisins sem kynnt var jafnsnemma fyrir meiri og minni hluta. Annars vegar var sú ákvörðun tekin á fyrri fundinum um þessar 50 millj. og hins vegar sú ákvörðun að senda þessar 50 millj. kjördæmahópunum eftir þeim skiptireglum sem menn höfðu þá samþykkt og byggðar voru á sömu skiptireglum og áður höfðu verið samþykktar þann 6. maí og óskað eftir því við kjördæmahópana að þeir tækju sjálfir afstöðu til þess hvernig þeir vildu skipta þessum 50 millj. eða sínum hluta af þeim milli stofnbrauta og þjóðbrauta. Það var þessi ákvörðun sem tekin var á fyrri fundinum hinn 17. maí. Á seinni fundinum var um leið og kynntar voru tillögur kjördæmahópanna eins og þær komu í lokin tekin endanleg afstaða af hálfu fjvn. til samþykktar á tillögunum eins og þær komu frá kjördæmahópunum og formlega þá um leið afgreidd þáltill. öll eða breytingartillögurnar allar. Svona gekk þetta nú fyrir sig, virðulegi forseti.

Ég ætla ekki að munnhöggvast frekar við hv. 2. þm. Norðurl. v. Ég vildi aðeins upplýsa þetta til viðbótar við það sem fram kom áðan. En það sem er mest til merkis um hvort hans gagnrýni er réttmæt á störf fjvn. eða ekki er að enginn annar fulltrúi minni hl. sem hér hefur talað hefur séð ástæðu til að víkja hálfu orði að þeim málum og annar af tveimur hefur fundið hjá sér sérstaka hvöt til að skera sig frá þessari gagnrýni, bæði héðan úr ræðustól og með því að rita undir nál. með fyrirvara.

Frsm. minni hl. fjvn. (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Vel má það vera að hv. formaður fjvn. hafi talið sig vera búinn að taka ákvörðun eða hafi talið að það væri búið að taka ákvörðun um skiptitölu á milli kjördæma. Það var ekki gert og var ekki á það minnst og ég fann að því sterklega á fundi nefndarinnar um önnur mál að það skyldi ekki hafa verið gert og ekki gengið frá einum einasta lið þessarar ályktunartillögu áður en farið væri í skiptingar. Það getur vel verið að í hugarheimi hv. formanns hafi hann haldið að það væri búið að ganga frá málum, en það er ekki það sama og að gera það á fundi með formlegum hætti eða a.m.k. tala um það, enda þótt það sé vissulega sannleiksbroddur í því að eftir að tilteknar skiptitölur eru komnar til kjördæmahópa verður þeim trauðla breytt. Það er svo önnur saga. En afgreiðsla og ákvörðun hafði ekki verið tekin. Hún varð bara til af sjálfu sér. Það er ekki vinnulag sem ég vil telja að sé viðunandi. Mál eiga ekki að verða til af sjálfu sér í fjvn. Það á að taka þar ákvarðanir en ekki bara það verði til af sjálfu sér í hugarheimi formannsins að ákvörðun hafi verið tekin. Það gengur ekki.

En ég ætla ekki að lengja þetta, enda hef ég aðeins leyfi til að gera stutta athugasemd. Ég ætla ekkert að segja um meðnefndarmenn mína í minni hl., en við stöndum að því áliti sem við skrifuðum þó svo hv. þm. Óli Þ. Guðbjartsson skrifaði undir það með fyrirvara. Ég ætla síðan ekki að hafa fleiri orð um þetta efni. Ég vil vænta þess, vegna þess að ég þykist hafa reynslu í þessari nefnd og þykist skynja það og vita það, ég hef bæði verið þar í meiri hl. og minni hl., að það sé nauðsynlegt að hafa hrein skipti á málum og hreinar ákvarðanir og eðlileg vinnubrögð, að það háttalag, sem ég kalla svo, sem notað var að þessu sinni þar sem meiri hl. nefndarinnar og kannski formaðurinn einn hélt málum hjá sér að heita mátti í mánuð verði ekki haft til fordæmis fyrir störf nefndarinnar á komandi árum.

Landbúnaðarráðherra (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegi forseti. Ég skal reyna að lengja ekki mikið þá umræðu sem hér hefur staðið allnokkra hríð, en mér þykir þó við hæfi þegar komið er væntanlega að lokum afgreiðslu vegáætlunar að þessu sinni að segja nokkur orð og færa fram þakkir fjárveitinganefndarmönnum og þá ekki síst formanni fjvn. fyrir mikla vinnu sem endranær við að afgreiða vegáætlun.

Þá vil ég færa þakkir starfsmönnum Vegagerðar ríkisins, vegamálastjóra og starfsmönnum hans, bæði við undirbúning áætlunarinnar og eins veit ég að þeirra framlag við að vinna málið og koma því í endanlegan búning eins og það birtist í brtt. fjvn. hefur sem endranær verið mjög mikilvægt.

Þá vil ég færa þeim þakkir sem hér hafa tekið þátt í umræðunni og látið sig hafa það við fremur óvenjulegar aðstæður að ljúka þessari umræðu. Ég tek það fram að gjarnan hefði ég viljað að við hefðum getað rætt þetta mál við léttari aðstæður á öðrum tíma sólarhrings og haft jafnvel rýmri tíma til þess, en ég met þann skilning mikils sem í því birtist að menn fallast á þessa tilhögun til að greiða fyrir því að samkomulag um þinglausnir á þessu vori nái fram að ganga.

Ég vil taka fram að fyrir mitt leyti er sú efnislega

niðurstaða sem liggur fyrir í brtt. frá fjvn. mjög ásættanleg miðað við þær forsendur sem við þurftum að byggja á eins og fjárlög höfðu verið afgreidd að þessu sinni og tjóar ekki og ástæðulaust að hafa um það mörg orð þó að mönnum hafi af skiljanlegum ástæðum orðið nokkuð tíðrætt um þá hluti.

Ég vil leyfa mér að segja að ég held að þessi vegáætlun muni þrátt fyrir allt marka nokkur tímamót og þá fyrst og fremst með þeirri ákvörðun að taka upp hinn svonefnda stórverkefnaflokk. Ég er þeirrar skoðunar og hef reyndar verið um hríð að það sé orðið tímabært og reyndar óhjákvæmilegt að ráðast í þau verkefni sem þar eru á ferðinni. Ég á þar bæði við t.d. höfuðborgarsvæðið og framkvæmdir þar og einnig jarðgöngin. Ég leyfi mér að segja vegna þess að hér voru fyrr í kvöld rædd byggðamál að hér sé á ferðinni stórt byggðamál og tímamótabyggðamál og gangi þær áætlanir eftir sem þar eru markaðar eða boðaðar í þessari vegáætlun mun það skipta sköpum fyrir allar aðstæður heilla landsfjórðunga.

Ég vil nefna þar Vestfjarðasvæðið sérstaklega. Ég hygg að því verði varla móti mælt að þar eigi í hlut sá landshluti sem hvað verst hefur farið út úr óhagstæðri byggðaþróun ekki bara síðustu ára heldur áratuga, en þær framkvæmdir sem hér eru boðaðar með brú yfir Dýrafjörð og jarðgöngum undir Breiðadals- og Botnsheiði munu gerbreyta öllum aðstæðum, öllum skilyrðum til samfélaganna á norðanverðum Vestfjörðum þannig að fáu sem á síðari áratugum hefur gerst á því svæði verður til jafnað leyfi ég mér að segja. Þess vegna held ég að það sé með fullum rétti hægt að halda því fram að þar séu veruleg tímamót á ferðinni, a.m.k. hvað þetta snertir.

Ég vil taka undir þau sjónarmið sem hér hafa komið fram, og hef reyndar þegar lýst yfir, bæði fyrr í vetur og í framsögu fyrir þessari vegáætlun, að það er orðið tímabært og nauðsynlegt að endurskoða langtímaáætlun og ég vil leggja því lið og beita mér fyrir því að það verk hefjist á þessu ári og helst sem fyrst og óska eftir sem nánustu og mestu samstarfi við hv. Alþingi og fjvn. í því verkefni.

Varðandi þá vegáætlun sem er til afgreiðslu, hvort hún sé niðurskurðaráætlun eða ekki, ætla ég ekki að fara mörgum orðum, en ég vil þó halda því til haga sem sannanlegt er að framkvæmdir á þessu ári verða samkvæmt þeirri brtt. sem hér er nú rætt um á verðlagi áætlunarinnar upp á 3533 millj. kr. hið minnsta, en það háttar svo skemmtilega til að séu framkvæmdir sl. árs, upp á um 2900 millj. kr. á verðlagi þess árs, framreiknaðar til verðlags áætlunarinnar er nokkurn veginn nákvæmlega um sömu krónutölu að ræða, þ.e. 3530–3540 millj. kr. Það þýðir jafnframt, vegna þess að svo illa tekst til því miður væntanlega á þessu ári að þjóðartekjur dragast nokkuð saman, að hlutfallið hækkar heldur ef eitthvað er. Þess vegna er í raun ekki hægt að halda því fram að verði verðáætlun samþykkt eins og hér liggur brtt. fyrir um sé þar um niðurskurð eða samdrátt að ræða. Ef eitthvað er verður heldur aukning, a.m.k. á þessu hlutfalli. Þá er það upp á um 1,18% af vergum þjóðartekjum miðað við hinn nýja grunn og það er talsverð aukning a.m.k. frá því ári sem lakast hefur orðið á síðustu árum í þessum efnum eða árinu 1987 þegar hlutfallið fór miðað við sama mælikvarða niður í 1,07. Strax á næsta ári er gert ráð fyrir að þetta hlutfall hækki í 1,45 og haldist þannig út gildistíma þeirrar fjögurra ára áætlunar sem hér er fjallað um þannig að því verður varla haldið fram með fullnægjandi rökum að mínu mati að hér sé á ferðinni niðurskurðarplagg. Ég tel að hið rétta sé að framkvæmdir séu nokkurn veginn sambærilegar miðað við síðasta ár á þessu ári sem nú er að líða og aukist síðan á hinum næstu. Það er svo hins vegar annað mál og undir það get ég svo sannarlega tekið að þær mættu vera meiri og það held ég að sé í sjálfu sér engin deila um, en byr verður víst að ráða hversu ólmur sem kóngur er í að sigla í þessu tilviki eins og endranær.

Hér var ýmislegt vel sagt í þeim ræðum sem fluttar voru. Mig langar sérstaklega að nefna það sem hv. 7. þm. Norðurl. e. nefndi um orkumál og þróun þeirra hluta. Þar var flutt athyglisverð ræða að mínu mati um hluti sem við þurfum svo sannarlega að hyggja að og réttilega líka á það bent að það þarf að horfa til framtíðar. Það er einmitt það sem við erum að reyna að gera í samgrn. um þessar mundir, m.a. með því að hrinda af stað starfi sem við köllum samgöngur og fjarskipti á nýrri öld og á að undirbúa samgönguáætlun fyrir árið 2000 og framhaldið, skoða m.a. þróun hluta af því tagi sem hv. 7. þm. Norðurl. e. vék að um orkuna og tækniframfarir og annað slíkt sem að sjálfsögðu er nauðsynlegt að hafa í huga þegar framtíðin er skoðuð í þessum efnum.

Hv. þm. Alexander Stefánsson, Skúli Alexandersson og Óli Þ. Guðbjartsson komu einnig að ýmsu sem ástæða hefði verið til að nefna. Ég vil þar eingöngu nefna það sem hv. þm. Skúli Alexandersson vék að um Hvalfjarðargöng, vísa þar til svars sem ég hef nýlega gefið um fsp. um það efni og endurtaka að það mál verður nú skoðað og þær hugmyndir sem eru uppi um að hrinda þeim framkvæmdum af stað með e.t.v. nokkuð nýstárlegum hætti miðað við það sem áður hefur tíðkast um sambærilega mannvirkjagerð hér.

Þá er ég kominn að hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni sem spurði mig þeirrar frómu spurningar hvort ekki væri tímabært að velta því fyrir sér hvort Vegagerð ríkisins ætti fremur að vera B-hluta stofnun en A vegna þess að ýmislegt í verkefnum hennar kynni að breytast eða þurfi að breytast á næstu árum. Það var út af fyrir sig góð spurning og væri fróðleg umræða að fara í gegnum þá hluti, en varla tímans vegna rétt að fara langt út í hana að sinni. Ég skal reyna að mæta betur nestaður rökum í þá umræðu að hausti eins og hv. þm. bauð reyndar upp á. En ég vil segja það eitt að varðandi þá hugmynd að fara út á braut lántaka og e.t.v. gjaldtöku fyrir afnot af samgöngumannvirkjum sem í raun felst kannski að hluta til í þessari hugmynd ... (Gripið fram í.) Jú, en það mundi væntanlega styttast í að ýmsir færu þá að gera um það kröfur að

sérstaklega yrði aflað tekna með gjaldtöku af afnotum fyrir viðkomandi mannvirki sem lán væru tekin til hverju sinni. Þar vil ég lýsa því yfir sem minni afstöðu, og vil ekki að neinn misskilningur sé uppi um það á meðan ég fer með ráðuneyti samgöngumála, að ég tel að menn þurfi að fara mjög varlega út á þá braut ef haldið verður út á hana á annað borð. Meginrök mín í því efni eru að ég tel það vera okkar gæfu, Íslendinga, í þessu máli að við höfum litið á samgöngumannvirki þjóðarinnar sem sameiginlega eign hennar allrar og við höfum ekki farið út á þá braut, sem ýmsar aðrar þjóðir hafa gert, að láta notendur einstakra samgöngumannvirkja greiða fyrir þau sérstaklega. Ég held að við verðum einmitt í okkar strjálbýla og stóra landi að fara mjög varlega af þeim ástæðum að það yrði einfaldlega ofviða ýmsum þeim byggðarlögum og jafnvel landshlutum sem ættu þó ein með afnotagjöldum að greiða fyrir fjárfestingar á þessu sviði ef farið yrði langt út á þá braut. Þar með er ég ekki að segja að arðbærar fjárfestingar innan samgöngumálanna geti ekki borið lántökur ef því er að skipta og að sjálfsögðu hafa menn farið út í það í einstökum verkefnum með tímabundnum hætti a.m.k. að flýta framkvæmdum þegar það er augljóslega hagkvæmt og ég er ekki að segja það með þessum orðum að það geti ekki komið til greina, en hvað grundvallarbreytingar af því tagi sem ýmsar aðrar þjóðir hafa ýst út á snertir tel ég, og vil undirstrika það, fulla ástæðu til að skoða okkur vel um í þeim efnum vegna okkar sérstöku aðstæðna.

Svo vil ég að lokum ítreka þakkir mínar til hv. fjvn., starfsmanna Vegagerðarinnar og þeirra sem hér hafa tekið þátt í umræðum og lagt gott til mála fyrir þeirra framlag og ég vona að það megi takast að standa þannig að framkvæmd þessarar vegáætlunar þann gildistíma sem hún tekur yfir að framkvæmdir verði ekki minni en hér eru boðaðar, ef eitthvað er meiri. Og ég vil lýsa því yfir að það stendur ekkert annað til af hálfu þess samgrh. sem hér talar en að láta standa við þessa áætlun að fullu og öllu leyti að svo miklu leyti sem það verður í mínu mannlega valdi.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil fyrst geta þess að það má vera að ég hafi ekki að öllu leyti verið sanngjarn í umsögn minni um það álit minni hlutans að það mætti skilja á þann veg að þeir vildu ekki leggja áherslu á þjóðbrautirnar fyrr en búið væri með stofnbrautirnar, en ætlunin var nú ekki að þreyta menn mjög mikið af þeirri umræðu.

En ég vildi taka það fram að það er misskilningur hjá hæstv. ráðherra ef hann lítur svo á að ég sé þeirrar skoðunar að það eigi að taka upp veggjald. Ég átti við það eitt að þeir tekjustofnar sem nú eru rynnu beint til Vegagerðarinnar sem sjálfstæðs aðila, alveg eins og Póstur og sími hefur sína beinu tekjustofna og fleiri B-hluta stofnanir. Ég er sammála hæstv. ráðherra í þeim efnum að vegakerfið er og verður sameign íslenskrar þjóðar og þannig hygg ég að flestir Íslendingar hugsi. En það sem mér blöskrar í þessari stöðu og fer ekki dult með það er að ég tel að þær lausnir sem við notum við framkvæmdirnar með því að gera þetta í jafnsmáum stykkjum og við erum að gera séu allt of dýrar verkfræðilega séð. Ég tel að það væri hægt að ná kostnaðinum verulega niður, minnst 25% sagði ég, gagnvart stofnbrautunum ef þetta væri unnið í miklu stærri áföngum. Það er ekki hægt nema með lántökum. Þá yrði að sjálfsögðu að meta hvað þær skiluðu skjótt aukinni umferð og þar með auknum tekjum. Þetta er áætlunar- og útreikningsdæmi sem ég teldi rétt að menn skoðuðu og hvet ráðherra eindregið til að boða til ráðstefnu um þessi mál þar sem hann mundi láta ýmsa aðila leiða saman hesta sína og meta hvað þetta gæti þýtt.

Ég vil svo þakka hæstv. ráðherra fyrir hans undirtektir á ýmsum málum varðandi þessa vegáætlun.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

117. fundur, laugardaginn 20. maí, kl. 10 árdegis.

Ráðstafanir vegna kjarasamninga, ein umr.

Stjfrv., 499. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 1314.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Frv. það sem hér um ræðir er komið til þessarar deildar til einnar umræðu. Í Nd. voru gerðar á því nokkrar breytingar sem allar mega teljast til ívilnunar.

Það er í fyrsta lagi að fleiri vörutegundir bætist við í 4. gr. frv., þ.e. undanþegnar vörugjaldi.

Í öðru lagi, varðandi þá breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt sem gert var ráð fyrir í þessu frv., komi ný málsgr. við 81. gr. laganna nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sem orðist svo: Á sama hátt skal við álagningu eignarskatts skipta eignarskattsstofni eftirlifandi maka sem situr í óskiptu búi og reikna eignarskatt hans eins og hjá hjónum væri næstu fimm ár eftir lát maka.

Þriðja efnisbreytingin er: Við gildistöku laga þessara er fjmrh. heimilt að fella niður vörugjald og jöfnunargjald á aðföngum til fiskeldis og loðdýraræktar.

Í nefndinni var samstaða um að mæla með þessum breytingum en einstakir nefndarmenn, tveir, hafa fyrirvara um frv. í heild.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég sakna þess ráðherra sem ber ábyrgð á því frv. sem hér er til umræðu og óhjákvæmilegt er að fá hingað í salinn. Ummæli hans í gær

gáfu að vísu tilefni til þess að undir venjulegum kringumstæðum hefði ég farið fram á að það yrði gert hlé á þessari umræðu til þess að hægt væri að kalla til fulltrúa frá hlutabréfasjóði og Fiskveiðasjóði og athuga að nýju hvernig atvinnumálin standi eins erfið og sú staða er. Ég tala nú ekki um að fá hingað stjórnarformann Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina sem hefur að sögn málgagns forsrh. staðið sig vel í því að kveða upp þunga dóma, 20 dauðadóma á einum degi yfir fyrirtækjum. Það er ekki mikið. **(Forseti:** Ég hef óskað eftir því að hæstv. forsrh. komi, en hann mun vera í augnablikinu bundinn í nafnakalli í Nd.) Það er þá kannski hægt að taka fyrir næsta mál á dagskrá og ég geri hlé á ræðu minni. **(Forseti:** Það mun verða orðið við beiðni hæstv. ræðumanns.)

Umræðu frestað.

Skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, 2. umr.

Frv. GGÞ og IBA, 35. mál (vörukaupalán). — Þskj. 37, n. 1319, brtt. 978.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Á þskj. 1319 liggur fyrir nál. fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar varðandi frv. til l. um breytingu á lögum nr. 63 31. maí 1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála. Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frv. ásamt brtt. sem hæstv. viðskrh. hefur flutt í þessari deild. Undir þetta nál. rita allir nefndarmenn, en Halldór Blöndal var fjarverandi afgreiðslu málsins.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 978 (ný 1. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Ráðstafanir vegna kjarasamninga, frh. einnar umr.

Stjfrv., 499. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 1314.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal) (frh.):

Herra forseti. Ég þarf ekki að minna á að þetta frv. er um ráðstafanir vegna kjarasamninga. Ég þarf heldur ekki að minna á að í þessu frv. er gefið fyrirheit um að sjávarútveginum verði komið á viðunandi rekstrargrundvöll á samningstímanum. Hæstv. forsrh. hefur að vísu ekki fengist til að túlka þannig að skiljanlegt sé hvað í þeim ummælum felst. Ég þarf heldur ekki að minna á að formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja lítur svo á að þær ráðstafanir sem ríkisstjórnin hefur þegar gripið til séu brigð á þeim samningum sem gerðir voru við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. Þetta höfum við allt talað um áður, en það er annað atriði sem óhjákvæmilegt er að inna hæstv. forsrh. eftir nú við lokaafgreiðslu þessa máls og það er hvernig á því standi að hlutabréfasjóður hefur ekki afgreitt eina einustu tillögu frá sér varðandi fyrirtæki í sjávarútvegi síðan sá sjóður var myndaður. Hæstv. forsrh. hefur þrásinnis talað um það, bæði í sjónvarpi, blöðum og hér á Alþingi, að hlutabréfasjóðurinn sé einhver töfralausn sem eigi að leysa vanda atvinnulífsins. Nú liggur það á hinn bóginn fyrir að mörg fyrirtæki þurfa mjög á því að halda að fá skýrt svar um hver verði viðbrögð hlutabréfasjóðsins, hvaða dóm hlutabréfasjóðurinn muni kveða upp yfir rekstri þessara fyrirtækja. Ég get rifjað upp því við höfum oft áður, ég og hæstv. forsrh., talað um sameiningu frystihúsanna á Ólafsfirði. Það hefur komið fyrir dag eftir dag, má segja, það eru a.m.k. síendurteknar hótanir frá Rafmagnsveitum ríkisins um að loka því fyrirtæki á meðan hlutabréfasjóður hreyfir hvorki hönd né fót og horfur á að enn verði að segja upp fólki á þessum stað og eru þó engin tvímæli á því að hraðfrystiiðnaðurinn á Ólafsfirði er burðarás í atvinnuuppbyggingu þess byggðarlags.

Ég skal ekki undir þessum kringumstæðum heldur rifja upp hvaða ástæður ollu því að formaður Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina kveður upp 20 dauðadóma yfir fyrirtækjum. Ég skal ekki fara að ræða nein slík atriði sérstaklega. Það eina sem ég spyr hæstv. forsrh. um er þetta: Hvernig stendur á því að hlutabréfasjóðurinn hefur ekki skilað tillögum um eitt einasta fyrirtæki í sjávarútvegi, ekkert? Og í öðru lagi: Hafa tekist samningar og náðst samkomulag um hvernig samvinna hlutabréfasjóðs verði við Fiskveiðasjóð og ef svo er ekki, hvenær er þess þá að vænta að stjórn Fiskveiðasjóðs og stjórn hlutabréfasjóðs nái samkomulagi í þeim málum? Og í þriðja lagi: Hvað líður viðræðum milli hlutabréfasjóðs og Landsbanka Íslands um kaup Landsbankans á aðildarbréfum hlutabréfasjóðs og hefur bankaeftirlitið gefið út álit þess efnis að Landsbankanum sé heimilt að breyta skuldbindingum sínum í aðildarbréf en eins og menn vita þýða þeir skilmálar sem eru á aðildarbréfunum að á þeim sex árum sem líða þangað til að endurgreiðslu kemur minnkar höfuðstóllinn, verður skorinn niður um helming. Það að kaupa aðildarbréf í hlutabréfasjóði þýðir að viðkomandi banki eða viðkomandi stofnun afskrifi helming höfuðstólsins þegar tekið er tillit til þess að aðildarsjóður hlutabréfasjóðs greiðir ekki vexti.

Þetta eru skýrar fyrirspurnir, skýrar spurningar.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að gera málefni hlutabréfasjóðs að umræðuefni í ræðu minni og hefði kannski verið eðlilegra að gefa hæstv. forsrh. tækifæri til að svara þessum spurningum strax. Mig langaði aðeins að staldra við þá breytingu sem hefur orðið á þessu frv. í Nd., en það varðar nýja grein sem fjallar um tekju- og eignarskatt og fjallar fyrst og fremst um álagningu eignarskatts. Þar er fjallað um að eftirlifandi maki sem situr í óskiptu búi skuli greiða eignarskatta eins og um hjón væri að ræða næstu fimm ár eftir lát maka.

Út af fyrir sig hlýt ég að fagna þeirri breytingu sem hefur verið gerð á frv. þannig að það er tekið tillit til þess réttlætismáls sem við vöktum sérstaka athygli á þegar við áttum í viðræðum við stjórnarflokkana í janúar sl. Þá var það einmitt ein af þeim kröfum sem við settum fram að það yrði að taka tillit til eftirlifandi maka með þeim hætti sem hér er verið að leggja til. Hins vegar lögðum við á það mikla áherslu að eignarskattsaukinn illræmdi sem var lagður á um sl. áramót yrði að fara í burtu því að eignarskattur með þeim hætti sem nú er lagður á er kominn út fyrir öll velsæmismörk í þessu þjóðfélagi. Þess vegna hef ég áhyggjur af því að það stendur þarna að þetta skuli gilda næstu fimm ár eftir lát maka. Það virðist benda til þess að þessi illræmdi eignarskattsauki sé kominn til með að vera. Af þessu hef ég miklar áhyggjur því ég var satt að segja nokkuð öruggur um að þetta væru mistök sem yrðu leiðrétt um næstu áramót, en nú virðist allt benda til þess að þessi gífurlega hái eignarskattur, þ.e. eignarskattsaukinn, eigi að festast í sessi. Af þessu hef ég miklar áhyggjur.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Hv. þm. Halldór Blöndal spurði um hlutafjársjóðinn, hvað tefði afgreiðslu hans. Hlutafjársjóður auglýsti eftir umsóknum um aðstoð sjóðsins. Þær bárust frá 31 aðila. Hlutafjársjóðurinn fór vandlega í gegnum þær umsóknir og úrskurðaði stjórn hans að 15, e.t.v. 16 fyrirtæki gætu fallið undir ákvæði laga um hlutafjársjóðinn að vera meginstoð atvinnulífs á viðkomandi stað eða uppistaða í viðkomandi atvinnurekstri á landinu. Hlutafjársjóðurinn hefur síðan unnið yfirlit yfir þessi fyrirtæki, sem mér hefur verið sýnt sem trúnaðarmál, og metið hve mikil breyting skulda í hlutafé þurfi að vera hjá sérhverju fyrirtæki. Hlutafjársjóðurinn hefur gert tillögur um nokkur fyrirtæki sem má segja að hafi legið hvað beinast við að unnt væri að aðstoða á þennan máta og m.a. hafa a.m.k. tvö og líklega þrjú slík fyrirtæki verið til meðferðar hjá viðkomandi viðskiptabanka og Fiskveiðasjóði. Eitt er ekki sjávarútvegsfyrirtæki. Því er ekki að neita að viðbrögð Fiskveiðasjóðs hafa verið heldur neikvæð. En ég held að það sé réttara að hæstv. sjútvrh., sem hefur m.a. átt í viðræðum við Fiskveiðasjóð út af afskiptum hans af þessum málum, geri þá betur grein fyrir því á eftir.

Ég tek undir það út af fyrir sig að þær tafir eru slæmar sem hafa orðið á afgreiðslu vegna þess að það stendur ekki á hlutafjársjóði. Það stendur ýmist á eigendum fyrirtækjanna að geta lagt fram fjármagn á móti eða skuldheimtuaðilum að vilja breyta í hlutafé. Mér er ekki kunnugt um að bankaeftirlitið hafi gert athugasemd við hugsanlega aðild viðkomandi viðskiptabanka að þessari breytingu. Ég hef átt viðræður við bankastjóra Landsbankans um þetta og hef ekki orðið var við að þeir gerðu ráð fyrir að þar væri neitt slíkt til fyrirstöðu. Í hverju tilfelli þarf bankinn að meta hvort hann fellst á að taka B-hluta skírteini frekar en A-hluta skírteini. Það er mat sem í sumum tilfellum er nokkuð erfitt.

Hlutafjársjóðurinn hefur sett sér þá reglu að eignast ekki meiri hluta í viðkomandi fyrirtæki og eins og ég sagði áðan er í mjög mörgum tilfellum þannig ástatt að hann mundi nánast eignast fyrirtækið ef svo miklum skuldum væri breytt í hlutafé í gegnum sjóðinn sem nauðsynlegt er til að viðkomandi fyrirtæki hafi starfsgrundvöll að mati hlutafjársjóðsins. Því hefur verið lögð mikil vinna í að athuga hvort unnt er að aðstoða eigendur fyrirtækisins með fjárútvegun og helst talið réttast að hagræðingardeild Atvinnutryggingarsjóðs komi að þeim málum. En þarna eru enn þá ýmsir erfiðleikar, einkum þeir að margir eigendur fyrirtækjanna eru ekki með veð til að taka lán úr þeim sjóði. Annað sem augljóslega veldur vandræðum í þessu sambandi er að víða, þegar um sameiningu fyrirtækja er að ræða, fæst af því engin hagræðing nema viðkomandi fyrirtæki geti selt eitthvað sín á milli.

Hv. þm. þarf ekki að hlæja að þessu. Ég get nefnt honum fjölmörg tilfelli. Þú sameinar skuldir eins og eignir og þú færð ekki betri stöðu fyrirtækisins í mörgum tilfellum nema þú getir „realiserað" eignir. Þetta hélt ég að hv. þm. ætti að skilja. Svona er það t.d. á Ólafsfirði, því miður. Það er margt sem bendir til þess að sú sameining sé skynsamleg ef unnt er að selja eignir og grynnka þannig á skuldum. Það er víðar sem ég gæti nefnt dæmi um að þannig er ástandið. Það sýnir að það þyrfti víðtækari möguleika til að selja slíkar eignir og þar hefur í einstökum tilfellum Atvinnutryggingarsjóður hlaupið undir bagga og keypt eignir. Það þarf líka að athuga betur.

Ég tek undir það með öðrum hv. þm. að þetta tekur of langan tíma. En staðreyndin er sú að staða þessara 15 fyrirtækja þegar saman er dregið er miklu verri en menn gera sér grein fyrir. Skuldir hafa safnast upp í gegnum árin og því miður oft verið um framkvæmdir að ræða sem ekki hafa verið skynsamlegar, vantað afla í frystihúsin í landi af því meira hefur verið unnið úti á sjó o.s.frv. Vandamálið er því mjög mikið. Það mun vanta fyrir þessi 15 fyrirtæki að breyta í hlutafé í kringum 2,5 milljörðum kr.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Ég held að það sé vel valinn til þess tími að fara í eldhúsumræður og ræða um hvernig staða fiskvinnslufyrirtækja og sjávarútvegsfyrirtækja er og hvernig björgunarstarfið hefur gengið hjá hv. ríkisstjórn til að bjarga þrotabúi fyrri ríkisstjórnar.

Það er ósköp eðlilegt að hv. þm. Halldór Blöndal krefjist svara við því. Það er ósköp eðlilegt að það sé beðið um að svara því hvernig gengið hafi að bjarga og snúa við þeirri þróun sem var á haustdögum 1988.

Allt er það sem hér er verið að ræða um, bjarganir í gegnum Atvinnutryggingarsjóð og bjarganir í gegnum hlutafjársjóð, arfur fyrri tíma. Það er sjálfsagt að ganga á ríkisstjórnina og krefjast svara um hvernig þessir hlutir ganga. Ég get tekið undir með hv. þm. að þetta gengur allt of hægt. Og ég get tekið undir það með hv. þm. líka að það eru veittar allt of litlar upplýsingar um þessa hluti. Við heyrum einstaka sinnum nefndar tölur og tölur eins og hæstv. forsrh. nefndi í lok ræðu sinnar rétt áðan, að það vantaði 2,5 milljarða í þessi 15–16 fyrirtæki sem hlutafjársjóður hefur nú til umfjöllunar, til þeirra fyrirtækja sem talið er nauðsynlegt að bjarga sem þannig er ástatt fyrir að eru meginstoð í byggðum eða uppistaða í einni sérstakri atvinnugrein. Önnur fyrirtæki eru ekki tekin til umfjöllunar eða skoðunar í þeim sjóði. En þau eru mörg fleiri sem er svipað ástatt fyrir. Arfur síðustu ríkisstjórnar er hrikalegur.

Það verður ekki heldur borið á móti því að seinagangur er í fleiru en því að reyna að bjarga fyrirtækjum sem voru að fara á hausinn þegar núv. ríkisstjórn tók við. Seinagangurinn í því að koma á rekstrargrundvelli hjá fyrirtækjum er líka allt of mikill. Ég sagði í blaðagrein að hlutirnir eru þannig því miður á þessum vettvangi að ráðleysi tekur við af ráðleysi. Það hefur ekki enn þá verið komið á þannig löguðum rekstrargrundvelli að fyrirtæki í sjávarútvegi skili einhverju eða séu rekin með hagnaði. Það hefði kannski mátt lengja þingtímann um einn dag, ekkert vera að hamast við að ræða um vegáætlun sl. nótt allt þar til kl. fjögur, og ræða bæði um Byggðastofnun og ræða um þessa stöðu, ræða um stöðu fiskvinnslufyrirtækja og landsbyggðar, taka sér tíma til þess áður en þingmenn færu heim.

Ég þakka Halldóri Blöndal fyrir að hann skyldi hafa vakið þessa umræðu hér. Hann nefndi m.a. að það gengi illa með reksturinn á sameignarfyrirtækinu í Ólafsfirði. Þar hótaði ríkisfyrirtækið RARIK lokun eftir einn eða tvo mánuði frá því að sameiningin var gerð vegna ógreiddra raforkuskulda. Mér finnst þetta alveg ótrúleg frétt ef sönn er, ef frágangurinn í sambandi við sameiningu þessara fyrirtækja, þessa bjargráðs sem bæði þessi ríkisstjórn og aðrar hafa talið vera alveg höfuðatriði, að sameina fyrirtæki, hefur ekki verið betri en svo að eftir eins mánaðar rekstur blasir við lokun fyrirtækisins vegna þess að ekki hefur verið gengið frá raforkuskuldum fyrirtækjanna sem voru sameinuð. Ekki finnst mér fyrirhyggjan mikil. Sjálfsagt eru að verki í þessum fyrirtækjum pólitískir samherjar bæði hæstv. forsrh. og hv. þm. Halldórs Blöndals. Ætli pólitíkin komi þessu ekki ansi mikið við? Ætli staðan í dag sé ekki afleiðing pólitíkur? Einmitt í sambandi við sameiningu fyrirtækjanna eru fleiri fréttir að berast til okkar. Stórsameiningin sem gerð var fyrir rúmu ári og mikið var talað um að ætti að bjarga undirstöðufyrirtæki í einni atvinnugrein, ullariðnaði, Álafossi, mun ekki hafa skilað því sem átti að skila. Og á undanförnum vikum hefur verið unnið þar að endurskipulagningu enn á ný.

Það voru hálfleiðinlegar fréttir sem við fengum í útvarpinu í gærkvöld og eru sjálfsagt í fjölmiðlum í morgun. Það var að stórsameiningarfyrirtæki á Reykjavíkursvæðinu, sjávarútvegsfyrirtækið Grandi, fyrirmynd allra, bæði frjálshyggjumannanna og sameiningarmannanna í framsókn, hafi tapað einum 150 millj. kr. á síðasta ári, þetta fyrirtæki sem átti að vera fyrirmynd að því hvernig ætti að sameina fyrirtæki og hvernig ætti síðan að reka þau með hagnaði. Þannig er ástandið.

Ég er ekkert hissa á því þó að hv. þm. Halldóri Blöndal þyki leiðinlegt að fara heim af þingi með allar þær spurningar sem í hans huga eru um það hvernig þessir hlutir muni ganga á næstu mánuðum, hvernig gengið verði frá fyrirtækjum á þann veg að þau geti haldið áfram rekstri. Það verði ekki bara sagt: Þetta verður á morgun og þetta verður í næstu viku, þetta verður í næsta mánuði, þær fyrirgreiðslur sem væntanlegar eru á þessum vettvangi.

Það sem kannski skiptir höfuðmáli er að fá heilbrigðan rekstursgrundvöll fyrir þessi fyrirtæki, en einmitt í sambandi við það hefur verið bent á ýmis atriði og forustumenn og ráðherrar og aðrir hafa talað um að þetta sé ekki stjórnvöldum að kenna, þetta sé vegna þess að það sé veiddur svo mikill fiskur úti á miðunum og unninn þar, hann sé fluttur út o.s.frv. Nei, vitaskuld er þetta ekki stjórnvöldum að kenna, segja þeir. En ég segi: Þetta er stjórnvöldum að kenna.

Það er ekki við það unandi eins og var í umræðunni í sameinuðu þingi í gær að komið sé fram eins og hæstv. forsrh. sagði þá um stofnun sem heyrir undir hann: Mér finnst að sú stofnun sýni ekki nógu mikið frumkvæði. Það var verið að ræða um Byggðastofnun í sameinuðu þingi í gærkvöld. Forsrh. sjálfur segir hluti sem þessa og ætlast til þess að stofnun sem undir hann heyrir sýni meira frumkvæði en ríkisstjórnin sjálf. Um hvað eru menn að tala og við hverju búast menn? Það er vitaskuld ekki hægt að búast við neinu sérstöku þegar yfirmenn stofnana kvarta undan því að þær hafi ekki frumkvæði til þessa eða hins.

Það er ekki hægt að búast við neinu sérstöku þegar forráðamenn landsins og jafnvel forustumenn í samtökum atvinnuveganna kvarta undan því að rekstur frystihúsanna sé í vandræðum vegna þess að það sé unnið of mikið úti á hafi og það sé flutt of mikið af afla óunnum til útlanda. Af hverju er þetta? Þetta er vegna þess að rekstursgrundvöllur fiskvinnslunnar í landi er ekki heilbrigður. Það er vegna þess að það er búið þannig að þeim rekstri að menn flýja. Það er stjórnarstefnan undanfarandi sem hefur búið þannig að fiskvinnslunni í landinu að þetta gerist. Menn flýja með vinnsluna út á haf í staðinn fyrir að landa afla sínum í landi og að stjórnvöld hlúi að þessum rekstri. Ísland er nefnilega byggilegt fyrst og fremst vegna þess að það var hagstætt að hafa fiskvinnslustöðvar í

landi. Það var veiðistöð á miðju veiðisvæði. Núna er verið að eyðileggja þennan grundvöll byggðar á Íslandi og hefur verið gert á undanförnum missirum. Frá þessu verður að snúa. En þær aðgerðir sem hafa verið í gangi, tilburðir, ganga allt of hægt og eru of litlar.

Það er vitaskuld alveg ástæðulaust að gera frystitogara út frá Akureyri eða gera hann út héðan frá Reykjavík. Það dettur sem betur fer engum í hug að gera hann út frá Snæfellsneshöfnum. Það er alveg eins gott að gera þessa frystitogara út frá Bremen eða Cuxhaven eða Hull eða Fleetwood og meðan við sköpum ekki rekstursskilyrði fyrir fiskvinnslu hér á landi horfum við eftir fleiri og fleiri skipum í þennan rekstur.

Ég gæti nefnt ýmislegt fleira, en ég kom aðeins inn í umræðuna vegna þess að hv. 2. þm. Norðurl. e. var að benda á þessa stöðu og vildi fá svör við því hvernig björgunarstarfið gengi. Það ber að þakka honum fyrir að þessi umræða á sér stað hér nú og að menn muni eftir því nú þegar þeir fara heim af hverju staðan í þjóðfélaginu er eins og hún er. Það er ekki vegna þeirrar ríkisstjórnar sem situr nú. Það er fyrst og fremst vegna stjórnarstefnunnar á síðasta ári, þ.e. vegna ríkisstjórnarstefnu ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar. (**GHG:** Miklu lengra til baka.) Og jafnvel lengra til baka. Það mætti jafnvel fara í fyrri ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar þó að ýmislegt sem sú ríkisstjórn gerði væri ekki svo afleitt. Það var til í því að sú ríkisstjórn gerði eitt og eitt sæmilega, ekki alveg jafnsvart og hin. (**StG:** Þú veist hvernig þá snerist fiskurinn við.) Ja, sérstaklega snérist það við, hv. þm. Stefán Guðmundsson, þegar framsóknarmenn settust í sjútvrn. Það fór strax að bera á því þegar að því kom. Það er erfitt að benda alveg á dag en þróunin hefur verið á þennan veg eins og ég hef fjallað um hér. Þetta hefur allt verið að fara á verri veginn í sambandi við rekstur sjávarútvegsfyrirtækja og fiskveiðistefnan hefur verið röng. Og núverandi ríkisstjórn hefur ekki tekið með þeirri rögg á þeim málum sem þörf var á á síðasta hausti. Hún lét eiga sig að skapa þessum atvinnugreinum, fiskvinnslu og útgerð, heilbrigðan rekstrargrundvöll um leið og hún tók við. Hún hefur verið að gefa smáskammta sem ekki hafa dugað í neinu tilfelli. Enn þá er stór hluti af sjávarútveginum, jafnvel allar greinar sjávarútvegsins, rekinn með halla.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Hér var spurt um afstöðu Fiskveiðasjóðs til hlutafjársjóðs. Þetta mál hefur verið rætt mikið í stjórn Fiskveiðasjóðs á undanförnum vikum. Sl. þriðjudag var það samþykkt af stjórn Fiskveiðasjóðs að taka þátt í fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækja í gegnum hlutafjársjóð. Fiskveiðasjóður hefur hafið vinnu við að fara í gegnum reikninga þessara fyrirtækja og mun afgreiða þar hvert fyrirtæki fyrir sig. Hins vegar hefur það komið fram í stjórninni að hún vill gjarnan fá meiri heildarmynd á málið áður en málið verður endanlega afgreitt þar.

Það er alveg rétt, sem kom fram hjá hv. þm., að næsti reglulegur fundur stjórnar Fiskveiðasjóðs er 6. júní. Hins vegar er ekkert sem kemur í veg fyrir að stjórnin sé kölluð fyrr til fundar og ég vænti þess að svo geti orðið. En aðalatriðið er að Fiskveiðasjóður hefur ákveðið að taka þátt í þessari fjárhagslegu endurskipulagningu. Þar mun sjóðurinn þurfa að gæta sinna fjárhagslegu hagsmuna og í mörgum tilvikum liggur ljóst fyrir að það þjónar betur hagsmunum sjóðsins að kaupa skírteini í hlutafjársjóð en að horfa upp á það að viðkomandi eignir séu seldar á nauðungaruppboði.

Ég hygg að það hafi verið þetta sem hv. þm. var að spyrja um, en nánari upplýsingar um málefni Fiskveiðasjóðs að því er þetta varðar get ég ekki gefið að svo stöddu.

Guðmundur H. Garðarsson:

Herra forseti. Það var vegna þess sem hv. þm. Júlíus Sólnes kom inn á áðan sem ég hef máls. Hann vakti athygli á því að skv. 9. gr. frv. til l. um ráðstafanir vegna kjarasamninga hefur verið gerð sú breyting á að það mætti skilja þá breytingu með þeim hætti að það væri gert ráð fyrir því að eignarskattsaukinn sem núv. hæstv. ríkisstjórn lagði á á sl. vetri yrði festur. Það er gert ráð fyrir því að það sé tiltekið sérstaklega fimm ára tímabil. Ég tek undir þau orð hv. þm. Júlíusar Sólnes að þannig er hægt að skilja þessa lagagrein. Ég vil þess vegna láta það koma fram að þegar Sjálfstfl. hefur aðstöðu til og völd mun hann beita sér fyrir því að afnema þennan eignarskattsauka. Þessi eignarskattsauki er hin mesta svívirða. Ég sé að hv. þm. Eiður Guðnason brosir. Það vill svo til að við höfum kynnst því nokkuð vegna þess að við okkur hafa talað ekkjur og aðrir sem eiga erfitt með að mæta þessari skattlagningu þannig að ég held að hv. þm. ætti að spara sér það að brosa að erfiðleikum annarra þegar sorgin og erfiðleikar koma með þeim hætti að ekkjur standa uppi með eignir sem þær geta ekki losnað við og geta heldur ekki greitt skatta af vegna núverandi skattlagningar hæstv. ríkisstjórnar sérstaklega í sambandi við þennan eignarskattsauka. Þessi eignarskattsauki er hin mesta svívirða sem hefur verið sett í lög á Íslandi um áratugi. (Gripið fram í.) Það er rétt, hv. þm. Skúli Alexandersson. Ég vildi þess vegna láta það koma fram að við sjálfstæðismenn munum afnema þennan eignarskattsauka þegar við höfum völd og aðstöðu til.

En ég vildi víkja nokkrum orðum að þeirri umræðu sem var um sjávarútveg og fiskiðnað áðan. Ég verð að segja það eins og er að það kom mér mjög á óvart þegar hæstv. forsrh. sagði að það lægju fyrir vandamál hjá 15 eða 16 fyrirtækjum sem fælu það í sér að ef hlutafjársjóður ætti að koma til skjalanna þyrfti að breyta í hlutafé 2,5 milljörðum kr. í tveim fyrirtækjum ef það ætti að vera hægt að mæta því sem hv. þm. Halldór Blöndal var að ætlast til að hæstv. forsrh. beitti sér fyrir í tengslum við hlutafjársjóðinn. Þetta eru skelfileg tíðindi svo að ekki sé meira sagt og er ég ekki að ásaka hæstv. forsrh. fyrir það því að það má

ekki hengja sendiboðann fyrir það að koma með slæm tíðindi þó það hafi tíðkast hér áður fyrr. (**Forsrh.:** Ég þakka.) Það er ekkert að þakka. En í þessu felst, ef við lítum á að það er ekki hægt að tala um nema 75–100 alvörufyrirtæki á sviði hraðfrystiiðnaðar á Íslandi og ég er þegar að tala um 15 fyrirtæki, að þetta er mjög alvarlegt mál. (**SkA:** Þú telur bara SH-húsin.) Ég tel þau hús sem eru í rekstri, ef mætti orða það þannig, á ársgrundvelli eins og er sagt á hagfræðimáli. Það eru mjög alvarleg tíðindi og segir okkur þá sögu að ástand í þessari atvinnugrein er mjög alvarlegt.

Hv. þm. Skúli Alexandersson sagði að það mætti rekja vandamál hraðfrystiiðnaðarins mörg ár aftur í tímann og hann vildi sérstaklega, ef ég skildi hann rétt, greina hv. þm. frá því að þessi vandamál hafi sérstaklega upphafist þegar framsóknarmenn tóku við stjórn sjávarútvegs og fiskiðnaðar. Þá hafi niðurlæging sjávarútvegs og fiskiðnaðar á Íslandi hafist hvað afkomu snertir. Ef það er misskilningur hlýtur hv. þm. að leiðrétta þetta. En ég rakti nokkuð í ræðu fyrir nokkrum dögum hvernig þessi ranga stefna í sjávarútvegi og fiskiðnaði hefði verið allt frá því að framsóknarmenn komust til valda í þessum efnum þegar ég var að ræða um kvótann ásamt hv. þm. Skúla Alexanderssyni. Það er rétt ályktað hjá honum að þegar fjárfestingaræðið hófst á þeim tíma sem hæstv. núv. forsrh. var sjútvrh., það var þegar frystitogurunum var dreift um allt land til byggðarlaga sem höfðu ekkert við togara að gera, er togurum var fjölgað úr 76 upp í 116 nú og þar áður að vera um 20 frystitogarar, að ýmsir okkar vöruðu við því að þetta fjárfestingaræði hlyti að koma niður á atvinnugreininni í heild. Ég held að það sé eitt af þeim atriðum og kannski meginástæðan fyrir því hversu illa gengur hjá heildinni.

Hv. þm. Stefán Guðmundsson greip fram í fyrir mér og talaði um framsókn. Það er staðreynd, hv. þm. Stefán Guðmundsson, að valdamenn Framsfl., þeir sem réðu ferðinni í sjávarútvegsmálum og í þeim ríkisstjórnum sem þeir tóku þátt í eftir 1979 eða 1980 ef ég man rétt, réðu og hafa ráðið mjög miklu um að á þeim árum komu inn togarar í stórum stíl. Það vita þeir sem fylgdust með þessu. (Gripið fram í.) Það er ekki rétt. Árið 1980 minnir mig að hafi verið um 80 togarar á Íslandi. Núna eru þeir 116 eða 120. Það munar um þessa fjölgun. Það er m.a. þessi fjölgun sem gerir svo erfitt að útfæra kvótann eins og þörf krefur. Ég veit ekki annað en framsóknarmenn hafi farið með sjávarútvegsmál á þessu tímabili. (Gripið fram í). Ég er vanur því að þeir menn beri ábyrgð á því sviði sem þeir taka að sér. Hér er hæstv. sjútvrh. staddur og hann getur örugglega svarað fyrir þetta. Hann þekkir erfiðleikana og hæstv. forsrh. var að skýra okkur frá því hvað ástandið væri hrikalegt í sjávarútvegi og fiskvinnslunni. Það væri svo hrikalegt að hann sæi engin ráð hvernig ætti að bjarga þessari atvinnugrein.

Þetta er mjög alvarlegt mál og hefði átt að ræðast betur á hinu háa Alþingi, en nú er ekki tími til þess þar sem þinglausnir fara fram í dag.

En það er mjög alvarlegt að svo skuli komið í þessari atvinnugrein, sem er grundvallaratvinnugrein í íslensku atvinnulífi, að þar er mjög mikil hnignun, sérstaklega í hraðfrystiiðnaðinum. Það leiðir til þess að það mun verða ákveðinn atgervisflótti úr þessari atvinnugrein. Það mun verða flótti úr byggðarlögunum þar sem sjávarútvegur og fiskiðnaður er undirstaðan í allri framfærslu því að gjaldþrota fyrirtæki, fyrirtæki sem aldrei sjá möguleika á að hagnast neitt, geta ekki greitt fullnægjandi laun. Það vita allir. Þegar svo er komið flýr fólkið frá þessum fyrirtækjum. Það flýr úr þessum sveitarfélögum og hverfur til annarra atvinnugreina, leitar annað. Þetta er því miður það sem blasir við. Það verður samdráttur í sköpun grundvallarverðmæta sem er útflutningur á vörum.

Til þessa hafa sjávarútvegur og fiskiðnaður verið helsta tekjulind þjóðarinnar í öflun verðmæts gjaldeyris. Nú er svo komið að það er verulegur samdráttur í þessari atvinnugrein og það sem er hörmulegast og sorglegast er að hér höfum við hlustað á það af vörum hæstv. forsrh. að hann kann engin ráð við því og hefur enga fastmótaða stefnu um það hvernig á að koma þessari atvinnugrein aftur á réttan kjöl þannig að hún hafi jákvæða afkomu og geti skapað fólki þá framtíðarvon sem allir hljóta að binda við þær atvinnugreinar og þá framfærslu sem fólk hefur.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Ég veit ekki hvernig einstakir þingmenn meta svar hæstv. sjútvrh., hvort þeir telja að það mat hæstv. forsrh. sé rétt að það hafi staðið upp á Fiskveiðasjóð. Má vel vera að mönnum finnist það. Þeir hafa nú báðir gert grein fyrir sínum málum, hæstv. sjútvrh. og hæstv. forsrh., og nú geta menn metið hvernig staðan er, hvort það sé rétt eða ekki að störf hlutabréfasjóðs hafi dregist vegna þess að Fiskveiðasjóður hafi ekki verið nógu snar í vendingum. Ég skal ekki leggja dóm á það. Ég hygg að það hljóti að verða rætt á öðrum vettvangi og væri kannski rétt að þeir reyndu að ræða það í ríkisstjórninni eða þá þingflokksherbergi Framsfl. ef það verður þá einhvers staðar rætt, ég skal ekki um það segja.

Hitt held ég að liggi ljóst fyrir að svar hæstv. forsrh. sýnir að töfralausnin „hlutabréfasjóður" var ekki sú lausn sem hann bjóst við. Það er t.d. algerlega rangt hjá hæstv. forsrh. að staða þeirra fyrirtækja sem hlutabréfasjóðurinn er að fást við sé verri en búist hafði verið við. Staða þessara fyrirtækja lá öll sömul ljós fyrir miklu fyrr. Mörg þessara fyrirtækja eru í viðskiptum við Landsbankann og það er einmitt fyrrv. aðalbankastjóri Landsbankans sem er formaður hlutabréfasjóðsins og í stjórn hlutabréfasjóðsins er Guðmundur Malmquist sem hefur á undanförnum árum stjórnað þeirri vinnu sem unnin hefur verið í Byggðastofnun í sambandi við erfiðleika þeirra fiskvinnslufyrirtækja sem verst standa þannig að staða þessara fyrirtækja er auðvitað ekki verri en maður gat búist við. Þetta er útúrsnúningur. En ef menn voru í glerhúsi og vissu ekki hvað var að gerast gátu þeir verið á hvaða hæð sem var mín vegna og ekki gert sér grein fyrir ástandinu. En það kom skýrt fram hjá formanni Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina þegar hann

ræddi við fjh.- og viðskn. að það hefði hallað miklu meir undan síðustu þrjá mánuði ársins en hann hafði gert sér grein fyrir. Það er deginum ljósara að ein af kröfunum í síðustu kjarasamningum var að sjávarútvegurinn fengi viðunandi rekstrarstöðu, ekki var nú farið fram á meira, og sú viðunandi rekstrarstaða er ekki komin enn. Þess vegna hallar undan fæti. Svo kemur að því að brattinn verður meiri og síðan kemur hengiflugið sem heitir gjaldþrot. Nú er búið að hrinda, segir Tíminn, 20 fyrirtækjum í sjávarútvegi fram af hengifluginu.

Ég er alveg sammála hæstv. forsrh. um að það er ekki töfralausn að tala um sameiningu. En það var þannig á þessu þingi til að byrja með að hæstv. forsrh. opnaði aldrei munninn án þess að tala um sameiningu. Sameining, sameining, sameining, sameining. Fyrirtæki gætu ekki komið til fundar við t.d. stjórn Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina nema vera búin að sameina. Sama sagði hæstv. fjmrh. Þetta orð átti að leysa allan vanda. Sameining—hlutabréfasjóður, sameining—hlutabréfasjóður. Hvað hefur svo komið í ljós? Forsrh. viðurkenndi áðan að sameining hefur auðvitað ekkert að segja nema hægt sé að selja eignir til að létta á skuldum og koma þannig við hagræðingu eða þá með því að nýta fjárfestinguna betur og þannig draga úr vinnuaflskostnaði o.s.frv. Auðvitað hefur t.d. sameiningin í því fyrirtæki sem ég nefndi þegar í stað skilað miklum rekstrarlegum ávinningi. Það vitum við sem fylgjumst með og höfum séð síðustu tölur borið saman við það sem áður var. Hins vegar veit ég að t.d. hæstv. forsrh. hefur ekki hugmynd um hvernig það stendur í hlutabréfasjóði vegna þess að hlutabréfasjóður hefur ekki afgreitt málið og það verður ekki afgreitt fyrr en eftir helgi. A.m.k. er eigendum þess fyrirtækis ekki kunnugt um að það hafi verið afgreitt og a.m.k. er það ljóst að til Byggðastofnunar hefur málið ekki komið.

Ég vildi þess vegna aðeins segja það og ég skal ekki hafa þetta mikið lengra: Við vitum hvernig þetta stendur. Það er kennt einu um og öðru eftir hvernig á liggur, skotið inn orði og orði til þess að reyna að komast hjá því að tala í alvöru, verið bara uppi í Stjórnarráði og talað ekki um neitt sem tekið er eftir annað en hálfkveðin vísa. Maðurinn sem ætlaði að vera í varðstöðu um þvert og endilangt landið, maðurinn sem ætlaði að passa upp á hvert einasta fyrirtæki í landinu. Ætli það hafi ekki fjölgað atvinnulausum á hverjum einasta degi síðan hann varð forsrh., raunverulega atvinnulausum. Ég er ekki að tala um það þegar við vitum að reglubundið atvinnuleysi er á sumum stöðum. En í nýjum greinum hefur verið að koma inn atvinnuleysi, mjög víða.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, herra forseti. Það er svo sem verðugur endir umræðu í deildinni að aðeins sé minnst á atvinnumál dreifbýlisins. Hæstv. forsrh. hefur sýnt þeim málum tómlæti. Það sem hann hefur gert hefur aðallega verið að tala í blöðum og í fjölmiðla og þeir menn sem hafa verið að vinna í þessu hafa fengið svör seint og illa. Og fólkið sem hefur verið atvinnulaust veit ekki hvort það heldur atvinnunni fram að þjóðhátíðardeginum í sínum plássum og ekkert svar kemur, engin rödd um það hvernig eigi að bregðast við.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Aðeins nokkur orð og fyrst og fremst í sambandi við það sem hv. 14. þm. Reykv. fullyrti að ég hefði sagt um hina vondu stefnu framsóknar.

Við áttum orðaskipti, ég og hv. þm. Stefán Guðmundsson, og ég var aðeins að svara innskoti hans þegar ég sló því fram að staðan hefði fyrst og fremst versnað frá því að Framsfl. settist í sæti sjútvrh. En fyrst keyrir um þverbak þegar Sjálfstfl. og Framsfl. fara að stjórna saman og fyrst fer flotinn að stækka, sem hv. 14. þm. Reykv. gerði mikið úr, þegar samstarfið verður, ef maður mætti orða það þannig, algert, forustumenn í útvegssamtökum landsmanna verða samherjar ríkisstjórnar og samherjar sjávarútvegsstefnu hvort sem það eru forustumenn sjávarútvegsfyrirtækja Sambandsins, Sölumiðstöðvarinnar eða þá LÍÚ. Ég hef ekki heyrt mikla gagnrýni frá þessum aðilum á þá stefnu sem við höfum búið við á undanförnum árum, sjávarútvegsstefnuna. Ég ætla ekki að verja Framsfl. sérstaklega, en það er alveg fráleitt að tala um að Framsfl. hafi sérstök áhrif á þessi fyrirtæki nema þá ef vera skyldi sjávarafurðadeild Sambandsins.

Stækkun togaraflotans og breyting togaraflotans hefur fyrst og fremst átt sér stað á síðustu þremur til fjórum árum undir hinni nýju fiskveiðistefnu sem rekin er bæði á þann veg að hún hefur mjög góðan stuðning í fjölmiðlum og mjög öflugan bakstuðning hjá þeim stofnunum sem ég var að nefna áðan. Þessi stefna hefur leitt til þess sem hér er verið að nefna, stækkun togaraflotans úr 80 skipum í 116, byggingu 20 frystitogara og ekki nóg með að þessi breyting hafi orðið á sjálfum togaraflotanum heldur er stór hluti bátaflotans orðinn að eins öflugum togurum og minni togararnir voru í kringum 1980 og jafnvel öflugri en þeir margir hverjir. Þarna hefur átt sér stað svo aukin sóknargeta í togaraflotanum á togveiðum að fiskistofnarnir þola það ekki eða þorskstofninn að öllum þessum fiskiflota sé beitt á fiskimiðunum. Þetta er stefna Sjálfstfl. og Framsfl. Það er ekki rétt að taka annan flokkinn út undan og segja að hinn sé saklaus á þessu sviði.

Við blasir svo það, sem þeir hafa verið að segja hér hv. 14. þm. Reykv. og 2. þm. Norðurl. e., að megin hluti sjávarútvegsfyrirtækja er á hausnum. Ástandið í Fiskveiðasjóði er þannig að það er ekki um neitt að velja eins og hæstv. sjútvrh. sagði. Það er um það að spyrja hvort það á að tapast með gjaldþroti eða hvort Fiskveiðasjóður á að gefa það eftir eða kaupa ný bréf í hlutabréfasjóði. Þetta er tapað. Stjórnarstefnan, fiskveiðistefna framsóknar og Sjálfstfl. er búin að leika íslenskan sjávarútveg á þennan hátt. (**HBl:** Það er einn og einn útgerðarmaður fyrir vestan sem stendur upp úr.) Alveg rétt, það er einn og einn útgerðarmaður fyrir vestan sem stendur

upp úr. Af hverju skyldi það vera? Það er vegna þess að þeir voru ekki alveg tilbúnir að dansa eftir þessari pólitísku stefnu, þeir sem hafa greitt stundum Sjálfstfl. atkvæði og hafa gert það allt of oft brutu sig út úr stefnunni og ráku sín fyrirtæki öðruvísi en almennt er rekið og hlutirnir hafa verið reknir eftir stjórnarstefnunni.

Við t.d. á Snæfellsnesi og vestur á fjörðum víða sem betur fer, það er ekki alls staðar, erum ekki endilega að tala um þá óskaplegu nauðsyn að byggja upp eitt stórt atvinnufyrirtæki í hverri byggð annaðhvort undir stjórn SH eða framsóknar. Við höfum byggt upp mörg fiskvinnslufyrirtæki og við höfum ekki endilega verið að stefna að því að fá einhverja stórtogara til að afla í fiskvinnslufyrirtækin okkar. Ég held ég geti sagt það með nokkru stolti í þessum ræðustól að í minni heimabyggð þurftu þeir sem sóttu til Atvinnutryggingarsjóðs ekki endilega að gera það en til að styrkja stöðu sína svolítið gerðu það held ég eitt eða tvö fyrirtæki. (Gripið fram í.) Fyrirtækin hafa komist yfir erfiðleika rekstursáranna síðustu vegna þess að þau ráku ekki fyrirtækin eftir framsóknar- og íhaldsstefnunni. Stefnan var eins og hv. þm. sagði: Sameina, sameina! alveg burtséð frá því hvaða tilgangi það átti að þjóna. Alveg eins og núna er sagt: Minnkið þið, minnkið þið flotann! alveg burtséð frá því hvaða tilgangi það á að þjóna. Það er ekki leitað að ástæðunum, af hverju er flotinn of stór og það er ekki heldur leitað að ástæðunum í dag, af hverju gengur svo illa hjá fiskvinnslufyrirtækjunum. Ástæðan er stefna framsóknar og íhalds í efnahags- og fiskveiðimálum og það, fyrst og fremst í sambandi við fiskvinnslumálin, að við stöndum núna frammi fyrir því að í ár og á næstu árum getum við ekki sótt í aðalstofninn okkar, þorskinn, meira en 300 þús. tonna afla. Vitaskuld er flotinn allt of stór til að sækja það aflamagn á miðin okkar, en leiðin sem við eigum að grípa til núna er ekki sú að minnka flotann heldur að byggja stofninn upp í það að hann geti skilað okkur árlega eins og hann hefur gert á undanförnum árum 400–450 þús. tonna afla. (**GHG:** 600 þús. þorskfiskafla.) Meðaltalsþorskafli á Íslandsmiðum á árunum 1950–1960 (**GHG:** Já, þorskurinn. Það var þorskur.) Já, þorskurinn. Hvað var hann, hv. þm.? Hann var 460 þús. tonn, meðaltalsafli þessa áratugar. (**HBl:** Þá var líka viðreisn.) Ekki 1950–1960. Það voru alls konar stjórnir þá. Þær voru sumar skrýtnar. Má ég segja ráðherra hver meðaltalsafli var 1960–1970? (**GHG:** Já.) Hann var um 400 þús. tonn. (**GHG:** Þá var viðreisnarstjórn.) Já, þá var viðreisn og fór illa með og gerði togaraflotann nærri því alveg magnlausan, sem betur fer má segja það ef maður fer að hugsa um þorskinn. En samt sóttum við þá um 400 þús. tonn á ári. (**KP:** Það er bara eldhúsdagur hér eða hvað.) Það var ekki svo vont ástandið á síðustu árum, frá 1970 og fram yfir 1986. Þið voruð með 360 tonna meðalafla, en núna er það beint niður og niður fyrir 300 þús. tonn og þá er lausnin sú: Sameinið þið fyrirtækin, minnkið þið fiskiskipaflotann og helst, eins og núna er, fleiri og fleiri frystitogara. Vinnið þið aflann úti á hafi. (**Gripið fram í:** Leggið niður byggðarlögin.) Já leggið niður byggðarlögin. (**Gripið fram í:** Já.) (**GHG:** Þetta er stefnan.) Já, þetta hefur verið stefna Sjálfstfl. og Framsfl. og þetta er sú stefna sem enn er haldið fram. Og það er haldið uppi svo ótrúlegum áróðri bak við þessa stefnu og þögnin yfir því hvað misfarist hefur er svo algjör og samstaðan svo pottþétt að það má alls ekki heyrast að þarna hafi neitt mistekist. Hafið þið heyrt hv. þm. Halldór Blöndal eða Guðmund H. Garðarsson tala um hvernig þróunin hefur verið í sambandi við stærð þorskstofnsins? Nei, nei, nei. Nú heyrum við bara fréttir af því: Mjög aukinn afli á Íslandsmiðum til þessa. Mikið betri vertíð en í fyrra. Fjölmiðlarnir halda þessu fram og ræða mjög um þetta. Nota bene: Vertíðin í fyrra er einhver lélegasta vertíð sem yfir Ísland hefur gengið. Viðmiðunin er góð fyrir stefnu sjútvrh. og stefnu Sjálfstfl. og Framsfl. Miðað við aumasta aflaár Íslandssögunnar er aflinn í ár sæmilegur. Og vegna þess að stór hluti þeirra sem við sjávarútveg vinna og fjölmiðlamenn er hættur að kannast við eðlilegan vertíðarfisk sem veiddur var á miðum sunnan lands fyrr á árum eða á árunum 1950–1960 og 1960–1970 eru núna birtar stórmyndir í blöðum ef einn og einn stórþorsk ber að landi. Það er hlaupið með kvarnirnar úr honum inn á Hafrannsóknastofnun til að kanna þennan fisk sem stórmerkilega uppákomu. Ja, það er uppbyggileg umræða sem haldið er uppi í fjölmiðlum og af sumum forustumönnum íslensks sjávarútvegs í þeim hrunadansi sem haldinn er með þeirri efnahagsstefnu og með þeirri sjávarútvegsstefnu sem Framsfl. og Sjálfstfl. hafa staðið fyrir og standa fyrir enn.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Herra forseti. Hv. 2. þm. Norðurl. e. sagði að það væri við hæfi nú undir þinglausnir að koma að þessum málum málanna, sjávarútvegsmálunum og ástandi þeirra í dag. Okkur kemur að ég ætla öllum saman um það í aðalatriðum hvernig ástandið er. Menn deila ekki um að það vanti rekstrargrundvöll undir fiskvinnsluna. Ég held að menn deili ekki um það. En það er eins og sumir telji að það sé bætt úr því með Atvinnutryggingarsjóðnum og hlutafjársjóðnum. En við höfum þaulrætt þau mál hér við mörg tækifæri í hv. deild og ég þarf ekki að endurtaka það sem bæði ég og aðrir hafa sagt í því efni að hlutafjársjóðurinn og Atvinnutryggingarsjóðurinn eru hjóm eitt og ekkert annað en sýndarmennska nema sé skapaður rekstrargrundvöllur fyrir fyrirtækin. Og fram hjá þessu verður ekki komist.

Auðvitað er langur aðdragandi að því ástandi sem nú er komið. En menn hafa þó á hverjum tíma séð hættuna og viljað sporna við þróuninni í ýmsum efnum. Það var athyglisvert að hv. 4. þm. Vesturl. tók fram í sinni fyrri ræðu að fyrri ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, þ.e. ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl., hefði gert ýmislegt vel í þessu efni. En hv. 4. þm. Vesturl. gaf ekki núv. ríkisstjórn slíka einkunn. Hv. 4. þm. Vesturl. hefur gefið þá lýsingu á

ráðleysi og ábyrgðarleysi núv. ríkisstjórnar í þessum efnum að það verður ekki komist lengra í því efni og ég reyni það ekki. En ég tek fram að ég er sammála hv. þm. í lýsingu hans á núv. ríkisstjórn og þeirri stjórnarstefnu sem nú gildir.

Nú var það svo að á síðasta sumri þegar stjórnarskiptin urðu að öllum, ég ætla að það sé hægt að segja það, páv. stjórnarflokkum kom saman um að það væri aðgerða þörf, ástandið væri þannig. Ég ætla engum flokki annað, enda kom það skýrt fram. En það skeði ekkert þá vegna þess að flokkarnir deildu um hvernig skyldi við brugðist. Upp úr því kemur núv. ríkisstjórn. En eftir að núv. ríkisstjórn tekur við völdum skeður ekkert raunhæft í þessu fram á þennan dag. Hv. 4. þm. Vesturl. hefur gert skilmerkilega grein fyrir þessu. Nú vil ég spyrja hv. þm.: Getur hann gefið skýringu á því hvernig stendur á því að þegar hans flokkur, Alþb., kemur inn í ríkisstjórn bregður svo við að ekkert skeður í þessum efnum, það er ekki viðleitni og ekki einu sinni það sem að hans áliti hafði borið vott um raunhæfar aðgerðir í tíð fyrri ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar? Getur hv. þm. skýrt þetta?

Stefán Guðmundsson:

Herra forseti. Það er búin að vera býsna fróðleg umræða sem hér hefur komið upp og ég tek undir það með þeim sem orð hafa haft á að það er býsna táknrænt að þessi umræða skuli koma upp núna í dag rétt um það leyti þegar við erum að hverfa til okkar heima. Vissulega hefði verið ástæða til að ræða þetta meira í allan vetur og hafa það hreinskiptari umræður. Ég skal ekki lengja þessa umræðu vegna þess að ég veit að menn hafa gert ákveðið samkomulag og við það verður reynt að standa.

Menn hafa vikið mjög að Framsfl. og viljað kenna honum um það sem miður hefur farið í sjávarútvegsmálum. Mér finnst það mikil einföldun á málum að það sé aðeins við Framsfl. að sakast og Framsfl. hafi lítið gert. Grundvöllur fyrir því að við drögum fisk úr þessu hafi held ég að sé fyrst og fremst að okkur hefur borið gæfa til þess að færa út fiskveiðilandhelgi Íslands í nokkrum miklum áföngum. Ef ég man rétt held ég að fiskveiðilandhelgi Íslands hafi aldrei verið færð út nema Framsfl. hafi setið í ríkisstjórn. Ég held að það sé grundvallaratriðið að okkur hefur borið gæfa til þess að vinna rétt á hafinu. (Gripið fram í.) Já, ef menn telja það að hér sé farið rangt með mál er ástæða til þess, en ég fer með rétt mál.

Menn hafa einnig talað um endurnýjun togaraflotans sem eitthvert vandamál. Ég vil segja það og hvika ekki frá því er ég greip inn í áðan hjá hv. ræðumanni Guðmundi H. Garðarssyni að endurnýjun togaraflotans hefst 1970. Þá hefst endurnýjun togaraflotans sem betur fer. Ég verð að segja að ég harma þau ummæli sem hér hafa fallið og þá miklu einföldun sem menn hafa hér haft á orði og ég er agndofa og undrandi að hlusta á ræðumenn eins og Guðmund H. Garðarsson og Skúla Alexandersson sem eiga að gjörþekkja sjávarútvegsmál. Er það virkilega meiningin að skella allri skuld á útvegsmenn og þá sem í fiskvinnslu starfa á Íslandi, að þeir hafi búið til það vandamál sem við sé að fást í sjávarútvegi í dag. (**SkA:** Að stórum hluta.) Útvegsmenn og fiskvinnslumenn? (**SkA:** Forustusta þeirra.) Forusta þeirra. Ég mótmæli þessu harðlega. (**KP:** Er þá átt við sjómenn líka?) Já, auðvitað er átt við sjómenn líka og ég mótmæli því mjög. Við skulum athuga það og hefðum átt að fjalla um það betur og fyrr hvert var útlitið, hverjar voru horfurnar og hver var sú sýn sem menn sáu þegar togaraflotinn var byggður upp og hraðfrystiiðnaðurinn. Hver var hún? En þegar menn voru búnir að byggja sig upp sáu menn fram á að menn gátu ekki sótt það magn í hafið sem reiknað hafði verið með þegar menn fóru út í þessar fjárfestingar. En það er enginn vandi að vera vitur eftir á. (**GHG:** Ég skal skýra þetta allt saman.) En þetta vildi ég taka fram. Mér finnst það ómaklegt að vega að útvegsmönnum og þeim sem í fiskvinnslu standa og reyna að telja fólki trú um að þeir hafi búið til þann vanda sem við er að fást í sjávarútvegi á Íslandi.

Guðmundur H. Garðarsson:

Herra forseti. Þetta er bráðnauðsynleg umræða vegna þess að hún skýrir málin og það er mjög gott þegar hv. þm. eins og Stefán Guðmundsson koma upp og rifja upp fortíðina vegna þess að það gefur okkur tækifæri til að minna á góðverk annarra.

Svo að ég víki fyrst að fiskveiðilandhelginni og þeim málum öllum út af fyrir sig er það hinn herfilegasti misskilningur að þar sé Framsfl. sérstaklega um að kenna. (**StG:** Það sagði ég ekki.) Ég vildi segja að það væri góðum mönnum úr flestöllum flokkum að þakka hve vel hefur til tekist í þessum efnum. Ég sé að hv. þm. Stefán Guðmundsson samþykkir það. En ég vek alveg sérstaklega athygli á því að það verk að útfæra íslenska fiskveiðilögsögu hófst í tíð ríkisstjórnar Ólafs Thors þegar hann var í forustu rétt eftir stríð. Þegar sú ríkisstjórn, nýsköpunarstjórnin, var sett á laggirnar var það eitt af stefnumarkmiðum þeirrar ríkisstjórnar að það skyldi unnið sérstaklega að því að undirbúa frá lagalegu sjónarmiði að afmarka fiskveiðilögsögu Íslands. (**StG:** Hve margar fermílur?) Það verk var unnið þannig, ég kann ekki nákvæmlega stefnuskrána ... (**StG:** 756 þús. fermílur er hún nú.) Virðulegi forseti. Ég verð að fá að ræða um hvernig þetta hófst því það er mikið atriði að gera sér grein fyrir hvert var upphaf þeirrar niðurstöðu sem við stöndum frammi fyrir.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Ólafs Thors, nýsköpunarstjórnarinnar, var eitt aðalatriðið undirbúningur að því að kanna og vinna hina lagalegu hlið í sambandi við væntanlega útfærslu íslenskrar fiskveiðilögsögu. Til þess verks var m.a. ráðinn sérstaklega mjög hæfur maður, Hans G. Andersen þjóðréttarfræðingur, sem allir þekkja af góðum verkum. Þar kom hann til starfa í íslenska utanrrn. ef ég man rétt og vann alla tíð síðan að útfærslu þessara mála. Þetta er staðreynd. Fyrsta skrefið í þessa átt var útfærslan 1952. Ég ætlaði ekki að fara að þakka Sjálfstfl. það

sérstaklega. Ég tók það sérstaklega fram að góðir menn úr öllum flokkum hafi átt hér hlut að máli.

En varðandi stækkun flotans og stöðu útgerðar og fiskvinnslu vil ég minna á það og ég vil leiðrétta það sem kom rangt fram í ræðu hv. þm. Skúla Alexanderssonar áðan. Hann vék þar að forustumönnum samtaka sjávarútvegs og fiskiðnaðar og sagði að þeir hefðu átt frumkvæði að því að fjölga í fiskveiðiflotanum. Ég minnist þess að á aðalfundi LÍÚ í nóvember 1982 varaði formaður LÍÚ, Kristján Ragnarsson, sérstaklega við því að flotinn yrði stækkaður. Ég sé að hv. þm. Stefán Guðmundsson kannast við þetta. Það var ekki hlustað á hans orð. Og hvers vegna var ekki hlustað á hans orð? Vegna þess að íslenskir stjórnmálamenn — og ég geri ráð fyrir því að það sé hægt að finna þá í öllum flokkum en með mismunandi miklum áherslum — tóku þátt í því að fjölga í flotanum. Ég verð að segja að því miður fyrir Framsfl. hafði Framsfl. öðrum flokkum betur tækifæri til að hindra að þessi mikla aukning yrði í togaraflotanum sérstaklega vegna þess að Framsfl. fór með sjávarútvegsmálin og ráðherrar í sjávarútvegsmálum hafa verið á undanförnum árum hæstv. forsrh. Steingrímur Hermannsson og hæstv. núv. sjútvrh. Halldór Ásgrímsson. Ég er vanur því ef mér er falið eitthvert verk í samstarfi við aðra að bera ábyrgð á því verksviði sem mér er falið. Ég kenni ekki öðrum mönnum um það sem illa fer á þeim vettvangi sem ég ber ábyrgð á. Það verður að segjast eins og er að hæstv. sjútvrh. verður að þola að hlusta á að þetta skrifast á hans reikning.

Þá kem ég að því: Hvernig stóð á því að flotinn jókst svona mikið? Það er m.a. vegna þess að á árunum 1979–1986 var gífurleg eftirspurn eftir fiski bæði í Bandaríkjunum og á öðrum mörkuðum og þá vildu allir komast að gullnámunni. Þá vildu allir komast að til að fá fisk til að selja hann á háu verði. En þar gerðu framsóknarmenn því miður eina grundvallarskyssu sem þeir og við öll erum að súpa seyðið af. Í stað þess að nota aðferðina sem hv. þm. Skúli Alexandersson lýsti svo vel áðan og menn notuðu áður fyrr, að láta eðlilega endurnýjun eiga sér stað í sjávarútvegi og fiskvinnslu, (**StG:** Er það eins og hjá Gröndal?) að láta eðlilega endurnýjun eiga sér stað, endurnýjun sem byggðist á því að það væri verið að efla þau fyrirtæki sem fyrir voru á grundvelli þeirrar fagþekkingar sem var í fyrirtækjunum, bæði hjá útgerðarmönnum og sjómönnum, var gripið til þess ráðs að fjölga skipunum með skrifborðsaðferðinni suður í Reykjavík vegna þess að það passaði vel inn í það „apparat" sem samvinnuhreyfingin var að byggja upp í samvinnu við aðra um hráefnið, um fiskinn. (**SkA:** Helmingaskiptareglan?) Nei, það var ekki einu sinni helmingaskiptareglan, hv. þm. Þó að Sjálfstfl. væri í ríkisstjórn, sem var nú ekki, því að það var ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens sem þá var við völd og réði mestu um þessa þróun, því miður ... (**SkA:** Var ekki Sjálfstfl. þar?) Flokksráð Sjálfstfl. tók afstöðu um að taka ekki þátt í myndun þeirrar ríkisstjórnar þannig að sú ríkisstjórn er ekki á ábyrgð Sjálfstfl. Það var á þessum árum þegar hæstv. forsrh. var sjútvrh. sem það slys gerðist að togurunum fjölgaði, ekki um einn eða tvo heldur um tugi, og stærsti hlutinn af þessari endurnýjun fór til fyrirtækja sem voru á vegum samvinnuhreyfingarinnar. Þess vegna er svo komið sem komið er fyrir íslenskri samvinnuhreyfingu. Þetta er stærsti hlutinn af vandamálum samvinnuhreyfingarinnar, sú mikla fjárfesting sem var í útgerð og fiskvinnslu hjá samvinnuhreyfingunni víðs vegar um landið frá 1982–1983 til dagsins í dag. Þetta er staðreynd, hv. þm. (**StG:** Þetta er rangt.) Það er ekki rangt. Ef þinginu væri ekki að ljúka hefði ég óskað eftir því að hæstv. forsrh. birti lista yfir þau fyrirtæki sem eru í mestum vanda og ég þori að leggja þar undir að þau einkafyrirtæki sem þar eru á listanum annars vegar og samvinnufyrirtækin hins vegar standa ekki eins illa og samvinnufyrirtækin vegna þess að nýfjárfestingin var meiri hjá samvinnuhreyfingunni á þessum árum. Þetta er staðreynd og ég veit að hæstv. sjútvrh. mundi ekki treysta sér til að standa upp á eftir og hrekja þetta. (**StG:** Ég verð að fá að gera það.) Þú getur það ekki vegna þess að þú hefur ekki þau gögn undir höndum sem þú þyrftir. Það er fullyrðing á móti fullyrðingu sem síðar verður sönnuð eða afsönnuð.

Við skulum rekja hlutina eins og þeir eru. Það var bardaginn annars vegar á milli samvinnuhreyfingarinnar og þeirra fyrirtækja sem voru fyrir, m.a. fyrirtækis hv. þm. Skúla Alexanderssonar, um hráefnið sem réði mestu um neikvæða þróun í fjárfestingu í fiskvinnslu og útgerð á þessum árum. Ég segi: Því miður. Þar urðu undir þau sjónarmið, sem hv. þm. Skúli Alexandersson lagði réttilega áherslu á, að þarna ætti sér stað eðlileg endurnýjun bæði í fiskiskipum og í uppbyggingu fiskvinnslufyrirtækjanna á grundvelli reynslu og þekkingar og getu. (Gripið fram í.) Ég er ekki með fyrir framan mig skýrslu Byggðastofnunar. Ef einhver hv. þm. er með þá skýrslu get ég lesið fyrir hv. þm. Stefán Guðmundsson listann yfir veitt lán hjá Byggðastofnun frá 1988 þar sem segir í sambandi við lán til einstakra fyrirtækja allt í kringum landið: „Lán vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar." Hvað þýða þessi orð?

Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að lána mér skýrsluna. Ég ætla ekki að lesa upp einstök fyrirtæki. Ég sé að hæstv. ráðherra er kjarkmaður og hann veit að ég ætla ekki að nota tíma minn í að lesa upp nöfn einstakra fyrirtækja. En ef hv. þm. lesa listann yfir lánveitingar Byggðastofnunar 1988 munu þeir taka eftir því að mjög víða er talað um lán vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar. Ef litið er yfir listann taka menn eftir því að hæstu upphæðirnr eru sérstaklega til hraðfrystihúsa allt í kringum landið. Ef menn þekkja eitthvað til fyrirtækja í sjávarútvegi og fiskiðnaði sjá menn um leið og þeir líta yfir listann að þessar háu upphæðir, það eru tugir milljóna í mörgum tilvikum, eru hjá þeim fyrirtækjum sérstaklega sem hafa fjárfest á síðustu árum í nýjum skipum.

Ég sagði áðan að þau væru hlutfallslega fleiri á listanum en einkafyrirtækin og ég þakka ráðherran-

um fyrir að staðfesta það. Þetta staðfestir það sem ég sagði. Hann gerir sér grein fyrir því að ég ætla ekki að lesa upp fyrirtækin. Mér finnst það ekki viðeigandi.

Ég skal ekki orðlengja þetta frekar, en vildi láta þetta koma fram vegna þess að það staðfestir að við erum illa stödd vegna þess að það hefur ekki verið haldið rétt á þessum málum. En ég ítreka að það er ekki hægt að segja að forustumenn samtaka útgerðar og fiskvinnslu beri ábyrgð á því hvernig komið er. Þeir gera það að hluta, en alls ekki alltaf.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Svona í lok umræðunnar hefur umfang landhelginnar komið inn í þessa umræðu. (**StG:** Stærsta málið.) Það er stærsta málið, alveg hárrétt, hv. þm. Stefán Guðmundsson.

Þegar við vorum að berjast fyrir stærri landhelgi gerðum við það fyrst og fremst á þeim grunni að við þyrftum að geta ráðið landhelginni sjálfir, við þurftum að geta varist ryksugunum sem verksmiðjutogararnir voru kallaðir þá, Rússarnir og Þjóðverjar og aðrir sem voru með þá. Við vorum að því líka til þess að forða því að Bretinn héldi áfram hinu stórkostlega smáfiskadrápi á miðunum. En á þeim tíma sem Bretinn og Þjóðverjinn voru á miðunum, á tímabilinu sem ég benti á áðan milli 1950 og 1960, Rússarnir voru ekki komnir mjög mikið þá, fiskuðum við að meðaltali 460 þúsund tonn á ári af þorski og áfram fiskaðist á Íslandsmiðum milli 1960 og 1970 alveg upp undir 400 þús. tonn, þ.e. meðalafli á ári, meðan við réðum ekki stjórninni sjálfir. En þegar öll stjórnin kom í okkar hendur og síðustu ár þegar stjórnin hefur verið í höndum hæstv. sjútvrh. sem hér situr og með góðu samþykki útvegsmanna eins og ég var að nefna áðan er ástandið á þann veg að við erum búnir að missa veiðistofninn okkar niður í að það blasir við að ársafli fari niður fyrir 300 þús. tonn. Þetta er ömurlegt, en það er reynt að þegja yfir þessari staðreynd og sem minnst um hana talað.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 9:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1325).

Hlutafélög, 2. umr.

Stjfrv., 115. mál (heildarendurskoðun). — Þskj. 1022, n. 1317, brtt. 1318.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar hefur fjallað um frv. til l. um hlutafélög sem er nú raunar gamalkunnugt mál á hinu háa Alþingi vegna þess að það hefur verið til meðferðar á ekki færri en þremur ef ekki fjórum þingum.

Þetta mál hefur hlotið mjög ítarlega umfjöllun í fjh.- og viðskn. Nd. Þar voru gerðar á því nokkrar breytingar sem að vísu varða ekki meginatriði að því er varðar efni máls eða eru til lagfæringar. Fjh.- og viðskn. þessarar deildar hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt frv. eins og það kom frá Nd., en þó með þeirri breytingu að lögin öðlist ekki gildi fyrr en 1. mars 1990. Um það er flutt brtt. á þskj. 1318 sem nefndin flytur og fylgir.

Halldór Blöndal var fjarverandi afgreiðslu málsins en undir þetta rita sex nefndarmenn, þar af einn með fyrirvara, Guðmundur Ágústsson.

Það er ljóst að margt bendir nú til þess að e.t.v. kunni að þurfa að endurskoða og breyta hlutafélagalögum frekar á næstu missirum, einkum með tilliti til samstarfs okkar við grannþjóðirnar í Evrópu, og það gefst þá ráðrúm til þess. Við í fjh.- og viðskn. treystum því að áfram verði unnið að athugun þessara mála og að sveigja þessi lög að þeim reglum sem gilda í löndunum í kringum okkur.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa þessi orð fleiri, en nefndin leggur sem sagt til að frv. verði samþykkt með brtt. á þskj. 1318 sem varðar gildistökuákvæðið.

Guðmundur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í ræðu frsm. geri ég fyrirvara á nál., en ég skrifa engu að síður undir það þar sem ég er sammála því að málið sem slíkt hafi í sér ýmsar réttarbætur og vil ekki tefja framgang þess.

Þegar málið var lagt fyrir Ed. fyrir ári gerði ég þrjár athugasemdir við frv., þ.e. þegar það var lagt fram á síðasta þingi. Það var í fyrsta lagi að ég vildi hafa stofnfjárhæðina hærri en mælt er fyrir í frv., í öðru lagi taldi ég ekki ástæðu til að fækka félagsmönnum í hlutafélögum úr fimm í tvo og í þriðja lagi vildi ég að það væri kveðið skýrar á um ábyrgðir stjórnarmanna í hlutafélögum.

Ég rökstuddi þetta með því að því miður hefur það gerst hjá okkur að stofnuð hafa verið mörg gervifélög og þess vegna hefði mér fundist að það ætti að kveða skýrar á um það í lögum um hlutafélög að menn gætu ekki tíðkað þá iðju að stofna jafnvel hlutafélag til þess eins, eins og því miður hefur gerst, að fría sig ábyrgð.

Í þessu frv. eru hins vegar mjög góðar reglur og þá vil ég sérstaklega benda á reglur um slit hlutafélaga sem koma fram í ákvæði til bráðabirgða, en það hefur vantað að hlutafélögum sem lögð hafa verið niður hefur ekki verið með góðu móti hægt að slíta nema skipa skilanefnd og það er bæði kostnaðarsamt og tekur langan tíma. Önnur ákvæði í frv. eru mjög til bóta og af þeim sökum hef ég ekki viljað stöðva framgang frv. Ég tel samt sem áður að hér sé frekar um fræðilega útfærslu að ræða eða lögfræðilega og svo hvað endurskoðendur hafa til málsins að

leggja en hér sé ekki tekið á hinum raunverulega vanda sem er í þjóðfélaginu og hvernig hlutafélög hafa verið misnotuð eða hlutafélagaformið réttara sagt. Ég veit að í viðskrn. er verið að vinna að því að takmarka það að menn geti stofnað gervifélög og ég vona að sú vinna leiði til frv. og það verði lagt hér fram á næsta þingi og það verði einmitt tekið á þeim þætti að ekki skuli ganga að menn fríi sig ábyrgð með því að stofna slík félög.

Að mörgu leyti, eins og ég sagði, er gengið skref til góðs, en það er einn hængur á lögunum um hlutafélög. Þau ná yfir öll hlutafélög hér á landi, sama hve stór þau eru, andstætt því sem er t.d. í Danmörku og Þýskalandi þar sem gert er ráð fyrir minni hlutafélögum og stærri. Tel ég að það muni verða þróunin hér síðar meir og sérstaklega þegar Evrópubandalagið hefur sett sínar reglur um hlutafélög að við tökum upp tvenns konar hlutafélagaform, annars vegar fyrir stærri hlutafélög og hins vegar fyrir minni. Ég held að sú þróun sé nú í Evrópu að svo verði.

Það var því miður ekki tími í hv. fjh.- og viðskn. til þess að kalla fyrir aðila til að fara yfir frv. Ég hef kosið að fá bæði lögfræðinga, hagfræðinga og viðskiptafræðinga til að fara yfir þetta með mér, en ég skil vel að tími er orðinn naumur og þetta frv., þó að það sé kannski ekki tekið á þeim vanda sem ég lýsti áðan, er nauðsynlegt að verði samþykkt á þessu þingi þó svo gildistaka sé ekki fyrr en á næsta ári.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Ég get í sjálfu sér tekið undir hvert orð af því sem hv. framsögumaður nefndarinnar í heild sagði áðan og raunar líka flest það sem hv. síðasti ræðumaður nefndi.

Saga löggjafar á Íslandi um félög er hin merkasta. Í upphafi aldarinnar byrjuðu menn að fikra sig áfram til stofnunar ýmiss konar félaga. Raunar hafði það gerst fyrir aldamót líka og var þar um tvö meginfélagsform að ræða. Annars vegar voru það hlutafélög og hins vegar samvinnufélög.

Mjög gjarnan héldust í hendur lagabreytingar um þessi tvö félagsform og þegar þau kepptu innbyrðis voru menn gjarnan sammála um að endurskoða löggjöf þessara félaga með ákveðnu millibili. Síðan bjuggum við óslitið nokkurn veginn við sömu löggjöf frá 1921 til 1978 og löggjöfin sjálf kom ekki í veg fyrir að hér væru stofnuð opin og öflug félög. Merkasta dæmið var raunar áður en þessi lög voru endanlega sett í þetta form 1921, um atvinnurekstur, og ekki eins ítarleg. Það var einmitt þegar Eimskipafélag Íslands var stofnað, raunar var það stofnað 1913 og 1914 fór fram hlutafjársöfnun, sem er kannski eitt merkilegasta almenningshlutafélag í sögu þessa lands og þó við leitum til annarra landa. Hins vegar voru margar aðstæður sem réðu því að það félag varð varla nefnt almenningshlutafélag þegar fram í sótti.

En um hlutafélagalög hefur verið reynt að samræma sjónarmið og voru t.d. á 7. og 8. áratugnum gerðar mjög ítarlegar tilraunir til að ná einhverri samstöðu um hlutafélagalöggjöf á Norðurlöndum, en hún er sitt með hverjum hætti í hverju einstöku Norðurlandanna. Þessar tilraunir fóru út um þúfur og Íslendingar sneru sér að því að setja sín eigin hlutafélagalög og unnu að því hinir hæfustu og menntuðustu menn sem við höfðum og höfum enn yfir að ráða. Á árunum 1977 og 1978 fjallaði Alþingi mjög ítarlega um nýja hlutafélagalöggjöf og mér er minnisstætt hve góð samvinna ríkti þar meðal fulltrúa allra flokka. Gjarnan voru haldnir sameiginlegir fundir nefndanna í báðum deildum. Einkum er mér minnisstætt og ég vil gjarnan geta þess að okkar ágæti forseti sem hér stýrir nú fundum vann gífurlegt starf við að kynna sér hlutafélagalög, ýmiss konar mismunandi tillögur og sjónarmið sem ríkjandi voru. Ég held að það hafi endað með því að hér í þinginu hafi verið fluttar eitthvað í kringum 70 brtt. og þær allar eða flestar efnismiklar, sem enn þá var endurbót við það starf sem unnið hafði verið á einum tveimur áratugum sem að vísu bar ekki árangur í samvinnu við hin Norðurlöndin vegna þess að þau fóru að ýmsu leyti aðrar leiðir, og við hölluðumst að því að reyna að sameina evrópskan rétt ef svo má segja eða rétt Norðurlanda, taka ýmiss konar sjónarmið þar, en að vinna úr engilsaxneskum rétti það sem merkast var þar og þá komu inn ýmiss konar ákvæði og nýsmíðar orða eins og t.d. margfeldiskosning og ýmislegt það sem til bóta horfði og það var von okkar sem að þessu stóðu úr öllum flokkum að þetta mundi verða upphaf þess að hér mundu rísa öflug almenningshlutafélög sem mundu styrkja efnahag þjóðarinnar. Sú von hefur að vísu að miklu leyti brugðist, en lögin eru enn þá við lýði og ég leyfi mér að halda því fram að þarna sé kannski um að ræða eina merkustu löggjöf í félagarétti í veröldinni vegna þess að þarna var gerð tilraun til að taka það besta úr Evrópurétti og bandarískum rétti og engilsaxneskum. Sú löggjöf er þess vegna mjög merk.

Hitt er annað mál að auðvitað verður á breyttum tímum að laga lög að breyttum aðstæðum. Í upphafi árs 1984 var skipuð nefnd hinna mætustu manna til að endurskoða hlutafélagalöggjöf og betrumbæta. Hún skilaði sínu áliti og merkri greinargerð með því og brtt. Þetta frv. var síðan rætt a.m.k. á þremur síðustu þingum og mjög mikið rætt í fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar í fyrra og hittifyrra en án þess þó að menn fengju sannfæringu fyrir því að heppilegt væri að breyta lögunum á því stigi.

Það er alveg rétt, sem kom fram í ræðu hv. þm. Guðmundar Ágústssonar, að það eru í sumum löndum tvenns lags lög um mismunandi form hlutafélagsins, ein lög fyrir stór félög, almenningshlutafélög, önnur lög fyrir minni félög, fjölskyldufyrirtæki, lokuð félög. En hitt er líka rétt, sem hv. frsm. gat um, að núna eru miklar hræringar, miklu meiri, í öllum viðskipta- og félagsréttarmálum í Evrópu en við höfum lifað. Það fer ekki hjá því að Evrópubandalagið mun samræma löggjöf sína mjög mikið og EFTA er að leita eftir nánara samstarfi við Evrópubandalagið.

Nú er sjálfsagt enginn maður ákveðnari andstæðingur þess að gerast aðili að Evrópubandalaginu en

ég. Ég held að það væri fásinna. Við skulum ekki fara út í þá umræðu hér. Hún gæti enst allan daginn og marga daga nákvæmlega eins og umræður um landhelgismál gætu gert. Það verður engu þingi slitið í dag og kannski ekki næstu viku ef menn færu að sveigja inn á slíkar brautir að blanda öllum mögulegum stórpólitískum málum inn í þetta. En hitt er staðreynd að nú er unnið í öllum Vestur-Evrópuríkjum að því að reyna að samræma sem mest það sem er í félagalögum og ýmiss konar viðskiptalögmál eru að breytast. Þess vegna er brýn nauðsyn að Íslendingar tylgist með þessum málum og geri það sjálfkrafa, ekki síst ef við höfum forustu í EFTA í viðræðum við Evrópubandalagið næsta hálfa árið, en þá verða þessi mál auðvitað í brennidepli. Því hygg ég að það hafi verið rétt ákvörðun nefndarinnar að leggja til að frv. öðlaðist ekki gildi fyrr en 1. mars á næsta ári þannig að svigrúm gæfist til að skoða einmitt þær nýju hræringar sem gætu hugsanlega leitt til þess að einhvers konar meginhlutafélagalöggjöf yrði hin sama í allri Evrópu. Því hef ég síður en svo á móti. Þó að ég vilji ekki ganga í Evrópubandalagið hljótum við að samræma sjónarmið okkar þeim sem ríkjandi verða í viðskiptamálum í bæði EFTA-löndum og Evrópubandalagslöndum.

Ég er að gera mér vonir um að meginatriði hlutafélagalaga verði í öllum hinum vestræna heimi og frjálsa heimi kannski mjög svipuð eftir fá ár alveg gagnstætt því sem nú er þar sem hvergi eru sömu meginreglur gildandi í tveim löndum, engum tveimur. Sjónarmiðin hafa verið svo mismunandi.

Þetta er gamalt félagsform allt frá 16. og 17. öld og hefur bæði borið ríkulegan ávöxt en líka hafa orðið þar mikil mistök eins og allir menn þekkja.

Út í það ætla ég ekki að fara, en taldi þó rétt að vekja aðeins athygli á þessu um leið og ég lýsi stuðningi mínum við frv. með þeirri brtt. sem flutt er.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Það frv. sem hér er nú til 2. umr. hefur eins og fram hefur komið verið flutt og rætt að stofni til nokkrum sinnum á fyrri þingum, reyndar líklega á tveimur þingum á undan þessu, og ekki síst var það vandlega rætt á 110. þingi í hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar. En allt er þegar þrennt er og ég fagna því að nú skuli málið komið á lokastig og ég tek undir það, sem hér hefur komið fram, að í frv. eru ýmis gagnleg nýmæli og réttarbætur sem ekki er rétt að dragist lengur að komist í lög.

Ég er hins vegar alveg sammála því, sem kom fram hjá hv. frsm. fjh.- og viðskn. og hjá 8. þm. Reykv., að nú er ör þróun í félagarétti í Evrópu. Þar eru mörg mál í deiglu. Þar er stefnt að samræmdri löggjöf og reyndar, eins og kom fram hjá hv. 8. þm. Reykv., jafnvel víðtækari samræmingu. Þess vegna má vel vera rétt að þörf muni reynast fyrir að gera breytingar á hlutafélagalöggjöf okkar á næstu missirum. Það er þess vegna vel ráðið að mínum dómi og hyggilegt hjá hv. fjh.- og viðskn. að leggja til að samþykkja frv. eins og það liggur fyrir en fresta gildistöku þess til 1. mars á næsta ári.

Það er rétt, eins og fram kom í máli hv. 8. þm. Reykv., að tíðar breytingar á rammalöggjöf af þessu tagi eru ekki æskilegar, en hins vegar nauðsynlegt að ljúka verkum eins og þeim sem hér hafa legið fyrir þremur þingum. Ég er þess vegna algerlega samþykkur því að skapa þetta svigrúm til frekari endurskoðunar á okkar félagalöggjöf, ekki síst með tilliti til þeirrar þróunar sem nú verður innan EFTA og í samstarfi EFTA-ríkja við Evrópubandalagsríkin þótt það sé að sjálfsögðu, eins og fram kom í máli hv. 8. þm. Reykv., algerlega óháð því hvort við erum þar beinir aðilar eða ekki.

Ég hlýddi með athygli á mál hv. 8. þm. Reykv. um sögu íslenskrar félagalöggjafar sem hann er gagnkunnugur og eins kom fram í máli hans og hv. 5. þm. Reykv. að vel mætti að því huga hvort þörf væri fyrir sérstök lagaákvæði fyrir almenningshlutafélög önnur en þau sem gilda um þau hlutafélög sem nú eru í lögum. Ég vil skoða þá hugmynd og hygg gott til þess að eiga samstarf við hv. þm. þessarar deildar um það mál. En vegna orða hv. 5. þm. Reykv. um stofnun málamyndafélaga, gervifélaga, þá vil ég taka það fram að nú er unnið að því í dómsmrn. og viðskrn. að setja við slíkri háttsemi skorður. Ég er þeirrar skoðunar að sennilega sé réttara að hafa það í sérstakri löggjöf, þ.e. einhvers konar varnir gegn misneytingu félagsformsins því að auðvitað er erfitt að setja þar skorður við óréttmætri framkomu, ólögmætri hegðan þannig að það sé bundið í eitt félagsform. Þess vegna tel ég heppilegra að það sé í einhvers konar almennri löggjöf.

En virðulegi forseti. Ég þakka þær undirtektir sem þetta mál hefur fengið í hv. Ed. og vonast til þess að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu sem getur á þskj. 1318 og hv. fjh.- og viðskn. flytur sameiginlega.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.–65. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 1318 samþ. með 16 shlj. atkv.
66. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
67.–68. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

EFRI DEILD

118. fundur, laugardaginn 20. maí, að loknum 117. fundi.

Hlutafélög, 3. umr.

Stjfrv., 115. mál (heildarendurskoðun). — Þskj. 1327.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og endursent Nd.

Skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, 3. umr.

Frv. GGÞ og IBA, 35. mál (vörukaupalán). — Þskj. 1323.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og endursent Nd.

EFRI DEILD

119. fundur, laugardaginn 20. maí, að loknum 118. fundi.

Málefni aldraðra, ein umr.

Stjfrv., 393. mál (heildarlög). — Þskj. 1326.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. heilbr.- og trn. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég veit ekki hvort ég get kallað mig frsm., nefndin hefur ekki komið saman fyrir þessa umræðu, en ég ætla hér, með leyfi forseta, að gera í örstuttu máli grein fyrir þeim breytingum sem gerðar voru á frv. í hv. Nd.

Þá eru það í fyrsta lagi brtt. á þskj. 1251 sem heilbr.- og trn. Nd. flytur sameiginlega. Þær breytingar eru fyrst og fremst orðalagsbreytingar og minni háttar lagfæringar. Á þskj. 1250 var breyting gerð á 10. gr. frv. og sú brtt. var flutt af meiri hl. heilbr.- og trn. Þar er um að ræða lagfæringu á orðalagi vegna svokallaðs nefskatts og sú brtt. var samin af ríkisskattstjóra. Það er ekki hægt að tala um það sem efnisbreytingu heldur orðalagsbreytingu. Í þriðja lagi er brtt. á þskj. 1320 og hún er í nokkrum töluliðum. 1. og 2. töluliður fela það í sér að fallið er frá innheimtu nefskattsins í Framkvæmdasjóð aldraðra á árinu 1989 og taka ákvæði um innheimtu gildi um nk. áramót eins og önnur ákvæði frv. 3. liðurinn er ákvæði til bráðabirgða og fjallar um að tryggja sjóðnum sömu tekjur og verið hefði með nefskattinum ef hann hefði tekið gildi strax eins og gert var ráð fyrir í frv. eins og það var lagt fram.

Þessar brtt., sem ég hef nú gert grein fyrir, voru sem sagt allar samþykktar í hv. Nd. og frv. er þannig breytt komið til okkar nú til einnar umræðu.

Ég vil að síðustu þakka samnefndarmönnum mínum í heilbr.- og trn. kærlega fyrir mjög gott samstarf og mjög málefnalega umræðu á fundum þar sem þetta mun nú vera síðasta málið sem afgreitt er frá þeirri nefnd á þessu starfsári.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég tek gjarnan undir það með hv. 5. þm. Norðurl. e., formanni heilbr.- og trn., að það hefur verið gott samstarf og málefnalegt í nefndinni og ég þakka henni fyrir samstarfið á þessum vetri.

En ég vildi aðeins láta koma fram að ég styð þær breytingar sem gerðar hafa verið á frv. í meðferð Nd. Þegar frv. var til umfjöllunar í hv. Ed. gerði ég athugasemdir við 10. gr. Ég held að það sé rétt með farið hjá mér að það sé 10. gr. frv. sem er svokallaður nefskattur. Það var að vísu á öðrum forsendum, þ.e. að ég var með efasemdir og er með þær reyndar enn um að þessi nefskattur, ef á væri lagður, færi óskertur í Framkvæmdasjóð aldraðra. Hins vegar sást okkur yfir að hér væri um tvísköttun að ræða þar sem þetta var einn af þeim nefsköttum sem voru felldir út við staðgreiðslukerfið þegar það tók gildi og þess vegna væri rangt staðið að málum. Eftir því sem mér hefur verið tjáð hefur hæstv. páv. fjmrh., núv. utanrrh., viðurkennt að þarna hafi verið um slys að ræða og ég fagna því að það hefur verið skýrt og að þetta verði þá lagfært og m.a. með því að fella út síðasta málslið á brtt. sem eru á þskj. 1250 og koma fram á þskj. 1320. Hins vegar þykir mér miður að sú brtt. sem við hv. 14. þm. Reykv. fluttum í Ed. og var endurflutt í Nd. náði ekki fram að ganga þar sem við vildum koma í veg fyrir að lagður væri á þessi skattur á aldrað fólk að láta það greiða af sínum launatekjum að fullu eða hluta eins og það var orðað í frv. ef ég man það rétt. En við því er ekki að gera. Þrátt fyrir það munum við styðja þessa brtt. eins og hún kemur fram.

Karl Steinar Guðnason:

Herra forseti. Ég nota tækifæri þetta til að þakka formanni heilbr.- og trn. fyrir gott samstarf og góða forustu. Í nefndinni voru málefni aldraðra mikið rædd á mörgum fundum og ég harðneita því að einhverjum atriðum hafi verið smyglað þar inn eða menn hafi ekki vitað hvað þeir voru að gera. Það er öðru nær. Það var farið yfir allt frv. og vegin og metin hver einasta grein og ýmsu breytt sem við töldum að betur mætti fara. Því er haldið fram og ég get að mörgu leyti skilið að það sé eðlilegt að hafa skattprósentuna eina og sem minnst af aukasköttum og alls ekki nefskatta. Hitt er annað mál að ég tel að þarna hafi verið um skatt að ræða sem allir Íslendingar hefðu unað mjög vel við. Menn hafa verið mjög sáttir við að taka upp svona nefskatt vegna þess að það er næstum því á hverju einasta heimili sem fólki er ljós sú neyð sem er í málefnum aldraðra á landinu þar sem fjöldi gamals fólks þarf að lifa við kröm og böl, þar sem byggingar eru hálfbyggðar og ekki hægt að taka

þær í notkun vegna fjárskorts og það er ekki hægt að sinna öldruðu fólki sem skyldi vegna þess að fjármuni vantar svo sárlega. Ég veit að það var gert ráð fyrir því að Framkvæmdasjóður fengi ákveðna upphæð af tekjuskattsstofninum og ég skildi það svo að með þessu ákvæði í frumvarpi til laga um málefni aldraðra mundi fást miklu meira fjármagn en áður. Ég var mjög kátur yfir því og hefði viljað að það yrði góð sátt um það (Gripið fram í.) af þeim ástæðum sem ég var að tilgreina að ástandið í málefnum aldraðra er hvergi nærri nógu gott.

Ég minnist þess, og ég hverf aftur að staðgreiðslukerfinu, að það var ein krafa verkalýðshreyfingarinnar, sem gerði kröfu um það í kjarasamningum að staðgreiðslukerfi yrði komið á, að ýmiss konar aukaskattar yrðu niður felldir. Það var gert og var ákveðið að gera ráð fyrir ákveðnu framlagi til Framkvæmdasjóðs aldraðra. En ég taldi að með því að samþykkja frv. eins og það var værum við að tryggja mikið meira fjármagn í þessa hluti, skapa tækifæri til að gera stórátak í þessum málum og því var ég ekki andvígur því ákvæði, alls ekki.

Hitt er annað að mér sýnist að við þær brtt. sem gerðar eru sé þess freistað að tryggja tekjustofn, þ.e. það sé enn þá betur tryggt en var áður. Þess vegna mun ég una við það. En ég legg á það áherslu að þó að fjármagn sem rennur til Framkvæmdasjóðs aldraðra yrði hækkað um helming væri það ekki nóg að mínu mati.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Mér þykir leitt ef það fara að koma upp einhverjar neikvæðar umræður um þetta góða mál sem hér er á dagskrá, en ég get samt ekki látið hjá líða að leiðrétta að það var fjarri því að ég væri að tala um að einhverju hefði verið smyglað inn í þetta frumvarp. Ég sagði aðeins að okkur hefði yfirsést og ég stend við það. Ef ég fyrir mitt leyti hefði áttað mig á að þarna væri um tvísköttun að ræða hefði ég látið það koma fram í mínum athugasemdum á meðan málið var til umfjöllunar í deildinni. Það er reginmunur á því að yfirsjást eitthvað eða smygla einhverju. Ég tek undir það með hv. 9. þm. Reykn. að ég held að okkur öllum hljóti að vera ljós sú neyð sem er í málefnum aldraðra. Við erum væntanlega öll sammála um að það þarf að gera miklu, miklu stærra átak í þeim málum en nú er gert. Þetta erum við áreiðanlega öll sammála um. Ég skildi það heldur ekki svo þegar hæstv. fjmrh. mælti fyrir staðgreiðslukerfinu á sínum tíma og þessir nefskattar eða mörkuðu tekjustofnar voru felldir inn í staðgreiðslukerfið að hann hefði gert það með því hugarfari að hann væri að minnka fjármagn í Framkvæmdasjóð aldraðra. Ég held að það sé þvert á móti að það hafi verið talið tryggt þrátt fyrir að þetta væri fellt inn í staðgreiðslukerfið. Það finnst mér vera meginmálið að hann hefur áreiðanlega eins og hv. 9. þm. Reykn., flokksbróðir hans, verið með þetta í huga. Ég vildi láta koma fram að það væri enginn misskilningur hér á ferðinni.

Karl Steinar Guðnason:

Herra forseti. Ég vil geta þess að það var í Nd. sem þau ummæli féllu að þessu hefði verið smyglað inn í frumvarpið og í fjölmiðlum líka. Ég var að vísa til þeirra þátta. Ég endurtek að ég tel að öll þjóðin nema einhverjir einstakir sérvitringar hefðu verið mjög sáttir við að greiða meira til Framkvæmdasjóðs aldraðra vegna þess að menn þekkja svo vel vandamálið, af því að menn eru svo sammála því að vandamálið er stórt, af því að menn eru svo sammála um að það þurfi að gera betur.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins nokkur orð til að þakka mjög ánægjulegt og málefnalegt samstarf í hv. heilbr.- og trn. í vetur. Þar hefur samstarfið verið með þeim hætti sem best gerist, fullt af velvilja og samlyndi og löngun til að finna sanngjarnar og réttlátar niðurstöður í hverju máli og mætti oftar vera svo á þingi.

Varðandi það mál sem hér er til umræðu hefur okkur kvennalistakonum, bæði í nefnd sem fullgildir aðilar og áheyrnaraðilar, tekist að koma þeim meginbreytingum að sem okkur þóttu vera nauðsynlegar og þá í nafni nefndarinnar allrar. Ég er samþykk þeim breytingum sem gerðar voru í Nd. og hv. þm. Geir H. Haarde átti frumkvæði að en hann var virkur í að semja frumvarp um staðgreiðslu skatta sem nýlega hefur verið tekið í notkun. Hann sá fljótlega að þarna var um tvísköttun að ræða.

Ég vil bara láta koma fram hér að ég er samþykk þessum breytingum og styð málið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1329).

Framhaldsskólar, ein umr.

Stjfrv., 454. mál (rekstrarkostnaður, skólanefndir o.fl.). — Þskj. 1328.

Frsm. meiri hl. menntmn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Í meðförum Nd. varð smávægileg breyting á frumvarpi til laga um framhaldsskóla. Skylt er að geta þess að ekki hefur verið haldinn fundur í menntmn. um þetta mál sérstaklega. Ég hef hins vegar haft samráð við einstaka nefndarmenn og um það er ekki ágreiningur að mæla með þessari brtt. sem nefndarmenn telja jákvæða, en hins vegar er afstaða manna í nefndinni óbreytt frá því sem áður var.

Nefndin leggur til að till. verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 9:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1330).

NEÐRI DEILD

111. fundur, laugardaginn 20. maí, kl. 10 árdegis.

Framhaldsskólar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 454. mál (rekstrarkostnaður, skólanefndir o.fl.). — Þskj. 1187 (sbr. 814), n. 1264, 1270 og 1290.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1270 (frávísunartillaga) felld með 19:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RH, AðB, BÍG, EH, VI, FrS, GHH, HJ, IBA, KrP, MB, MÁM, ÓE.

nei: RA, SighB, SV, NL, SJS, AS, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, HG, JóhS, JBH, JK, JónS, JSS, ÓÞÞ, PP, KJóh.

BB, KE, KH, MálmS, ÓÞG greiddu ekki atkvæði.

5 þm. (ÞP, ÞÞ, ÁrnG, GHelg, PJ) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Þetta frv. er enn verr undirbúið en mörg þau frumvörp sem við erum nú að hraða í gegn og það varðar hagsmuni hópa sem þegar hafa orðið fyrir miklu tjóni, sem sé alla þá mörgu sem stunda nám í framhaldsskólum. Það varðar líka hagsmuni starfsmanna þessara stofnana. Ráðningarfyrirkomulagi kennara er breytt í grundvallaratriðum tveimur dögum eftir að samið var við þá. Um þetta hefur alls ekki verið nægilega faglega fjallað og ekki af hálfu kennara og ýmissa annarra sem þurfa nauðsynlega að fjalla um mál sem þetta. Þess vegna leggjum við áherslu á að málinu verði vísað frá og næsta mál tekið fyrir. Það er vegna hins slæma og litla undirbúnings sem þetta mál hefur fengið og reynsla hefur ekki fengist á nýsett lög um þetta efni. Enn fremur eru sveitarstjórnir alfarið andvígar þeim ákvæðum um skólanefndir í frv. sem breyta á og fjalla um hagsmuni þeirra. Ég segi vitanlega já.

Friðrik Sophusson:

Virðulegur forseti. Mér finnst full ástæða til þess að gera grein fyrir atkvæði mínu hér og vil gera það með tilvísun til þess sem hv. 3. þm. Reykv. sagði um undirbúning þessa máls. Það virðist vera með þeim hætti að það sé ákaflega illa undirbúið og þess vegna kýs ég að fylgja tillögu um að vísa málinu frá og segi já.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Við höfum á síðustu dögum þingsins fjallað um ýmis mál illa undirbúin af hálfu ríkisstjórnarinnar. Kastar þó tólfunum í þessu máli sem að dómi allra sem að því hafa komið frá hinni faglegu hlið er algerlega vanundirbúið og meira að segja þannig í pottinn búið að ráðherra hefur fram á síðustu stund

Starfslok efri deildar.

Forseti (Jón Helgason):

Þá er dagskrá þessa fundar tæmd og þar með störfum hv. Ed. að ljúka á þessu þingi. Það starf hefur verið umfangsmikið og lagasetning sú sem við höfum afgreitt hefur margvísleg áhrif í þjóðfélaginu og markar þar væntanlega framfaraspor á ýmsum sviðum.

Ég vil í lok þessa fundar færa hv. þingdeildarmönnum kærar þakkir fyrir mjög ánægjulegt samstarf og umburðarlyndi í minn garð við forsetastörf og ég vil sérstaklega þakka varaforsetum og skrifurum fyrir aðstoð við mig. Einnig vil ég þakka starfsliði Alþingis fyrir ágæt störf og þeirra þjónustu við þetta löggjafarstarf og störf nefnda og deildar.

Þá vil ég að lokum óska hv. þingmönnum og fjölskyldum þeirra allra heilla á komandi sumri og ég vonast til þess að við hittumst öll heil að nýju við upphaf næsta þings og óska öllum góðrar heimferðar og heimkomu.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Fyrir hönd okkar þingmanna í Ed. vil ég þakka fyrir góðar óskir virðulegs forseta í okkar garð. Mig langar til að fá fyrir okkar hönd að þakka virðulegum forseta fyrir sanngjarna og réttláta fundarstjórn í vetur og fyrir það ánægjulega samstarf sem við höfum átt við virðulegan forseta, við þingmenn Ed. Virðulegur forseti hefur alla tíð komið vel fram og sýnt okkur mikið umburðarlyndi hvort sem um var að ræða þingmenn í stjórnarandstöðu eða þingmenn stjórnarliða.

Þá langar mig til að fá að nota þetta tækifæri og enn fremur fyrir okkar hönd þakka starfsliði Alþingis sem hefur átt mjög annamikla daga upp á síðkastið og orðið nánast að leggja nótt við dag til að aðstoða okkur við að koma málum hér fram. Mig langar til að fá að ítreka góðar óskir til forseta og óska honum og fjölskyldu hans allra heilla og vonast til að við hittumst öll heil að hausti komanda.

Mig langar til að biðja hv. þingdeildarmenn rísa á fætur og staðfesta þessi orð með mér. — [Deildarmenn risu úr sætum.]

Forseti (Jón Helgason):

Ég þakka hv. 7. þm. Reykn. góðar óskir í minn garð og minnar fjölskyldu og hv. þingdeildarmönnum fyrir að taka undir þær.

Ég endurtek svo árnaðaróskir til allra þingdeildarmanna. Fundinum er slitið.

ekki getað gert upp sinn hug í þessu máli. Ég hlýt því að styðja þessa tillögu og segi já.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Þetta frv. er með öllu óviðunandi að samþykkja. Það er illa undirbúið og ber merki þess að verið er að slefa í gegn frv. sem er með þeim hætti að það er til skaða okkar skólakerfi. Ég segi já.

1. gr. samþ. með 19:6 atkv.
2.–3. gr. samþ. með 19:4 atkv.
4. gr. samþ. með 19:8 atkv.
5.–6. gr. samþ. með 19:4 atkv.
7. gr. samþ. með 19:8 atkv.
8. gr. samþ. með 19:4 atkv.
9. gr. samþ. með 19:7 atkv.
10.–13. gr. samþ. með 19:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, ein umr.

Frv. SP o.fl., 335. mál (forgangur skattakrafna við skipti). — Þskj. 1297.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það hefur verið gerð breyting á þessu frv. í Ed. Hún er ekki mikilvæg og er í 3. gr., en við sjáum ekki ástæðu til annars en að samþykkja þetta frv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1321).

Leigubifreiðar, ein umr.

Stjfrv., 438. mál (heildarlög). — Þskj. 1313 (sbr. 1228).

Frsm. samgn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Hv. Ed. hefur gert lítils háttar breytingu á þessu frv. frá því sem það fór frá hv. þingdeild. Nefndarmenn í samgn. hafa borið saman bækur sínar og gera ekki athugasemd við þá breytingu sem þar er gerð.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1322).

Málefni aldraðra, frh. 2. umr.

Stjfrv., 393. mál (heildarlög). — Þskj. 1112, n. 1249 og 1240, brtt. 1243, 1244, 1250, 1251, 1320.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir:

Herra forseti. Ég mæli fyrir brtt. á þskj. 1250 sem borin er fram af meiri hl. heilbr.- og trn. og ég les þá tillöguna upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Við 10. gr. 1. tölul. fyrri mgr. hljóði svo:

Tekjur af sérstöku gjaldi sem skattstjórar leggja á þá sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Skal gjaldið nema 2500 kr. á hvern gjaldanda. Fjárhæð gjaldsins skal breytast árlega í samræmi við breytingar er kunna að verða á byggingarvísitölu, í fyrsta skipti við álagningu á árinu 1990, miðað við breytingu á byggingarvísitölu frá 1. des. 1988 (124,9 stig) til 1. des. 1989. Gjaldið skal fyrst lagt á við álagningu 1989.

Undanþegin gjaldinu eru börn innan 16 ára aldurs og þeir sem eru 70 ára og eldri í lok tekjuárs. Einnig eru þeir undanþegnir gjaldinu sem hafa tekjuskattsstofn sem nemur 530.196 kr. eða lægri á tekjuárinu 1988. Tekjuviðmiðun þessi skal breytast árlega í samræmi við þær breytingar sem verða á persónuafslætti skv. 68. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og innheimtuhlutfalli viðkomandi staðgreiðsluárs samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 9. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum. Skattstjóri skal fella gjald þetta niður af þeim elli- og örorkulífeyrisþegum, undir 70 ára aldri, sem dveljast á dvalar- og hjúkrunarheimilum.

Við álagningu og innheimtu gjalds þessa skulu gilda sömu reglur og um álagningu og innheimtu tekjuskatts og eignarskatts samkvæmt lögum nr. 75 1981, með síðari breytingum, eftir því sem við á. Í stað tíu gjalddaga skal þó gjalddagi vera einn, 1. ágúst ár hvert. Dragist framlagning álagningarskrár fram yfir 1. ágúst færist gjalddagi til 1. dags næsta mánaðar eftir framlagningu álagningarskrár."

Frsm. meiri hl. heilbr.- og trn. (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Virðulegi forseti. Ég vil fyrir hönd meiri hl. heilbr.- og trn. bera fram brtt. við þá brtt. sem var flutt rétt áðan. Brtt. hljóðar á þessa leið:

„Við brtt. á þskj. 1250. Síðasti málsl. 1. efnismgr. falli brott."

Efnislega þýðir þetta að það gjald sem meiningin er að krafist verði verði ekki innheimt á þessu ári. Í samræmi við þetta breytist 31. gr. sem orðist þá svo:

„Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990 og falla þá úr gildi lög nr. 91 frá 31. des. 1982, með síðari breytingum.

Lög þessi skal endurskoða innan fimm ára frá gildistöku þeirra."

Á eftir 31. gr. bætist við svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

„Á árinu 1989 er fjmrh. heimilt að veita viðbótar-

framlag til Framkvæmdasjóðs aldraðra úr ríkissjóði að upphæð 40 millj. kr. svo að heildarfjárveiting til sjóðsins nemi samtals 200 millj. kr. á þessu ári."

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu mikið. En hv. 3. þm. Reykv. fór ítarlega yfir þetta frv. í gær og benti á ýmis atriði í ræðu sinni sem hún taldi að a.m.k. væri rétt að leggja áherslu á og vekja athygli á og ef ég man rétt sagði hún svo í ræðu sinni að það mætti þó e.t.v. verða til þess að aðstoða við framkvæmd laga og hugsanlega við setningu reglugerða, enda var ítarlega farið yfir fjölmörg efnisatriði frv. í ræðu hv. þm.

En hv. þm. beindi til mín nokkrum fyrirspurnum eða a.m.k. athugasemdum sem ég vil aðeins koma inn á. Það var sérstaklega í sambandi við IV. kafla laganna um fyrirkomulag öldrunarþjónustu og þá t.d. 19. gr. sem fjallar um vistun fólks á stofnunum, en eins og þingmönnum er vafalaust kunnugt hefur um þetta svokallaða vistunarmat verið allmikil umræða, ég vil ekki segja deila eða ágreiningur en allmikil umræða, og heilbrigðisyfirvöld og reyndar fjölmargir aðrir sem vinna að þessum málaflokki hafa talið nauðsynlegt að koma á nokkuð meiri festu hvað varðar þetta svokallaða vistunarmat. Þó er ekki gengið svo langt sem sumir hefðu sjálfsagt viljað, að inn á stofnanir færu ekki aðrir en þeir sem hafa gengið undir ítarlegt vistunarmat af hálfu sérfróðra manna, heldur er hér fjallað um það að stjórnir stofnananna, stjórn dagvistar og stjórnir stofnana fyrir aldraða, ákveði vistun fólks á viðkomandi stofnunum sem er sjálfsagt og eðlilegt og er hliðstætt því sem er í núgildandi lögum, en síðan er hér kveðið á um að að jafnaði skuli vistunarmat fara fram af hálfu svokallaðs þjónustuhóps aldraðra sem nánar er gerð grein fyrir hvaða verksvið hafi hér í þessu frv.

Þó segir hér „að jafnaði" sem auðvitað gefur möguleika á að hafa í þessu ákveðinn sveigjanleika og einnig er í 19. gr. talað um að um þetta vistunarmat skuli setja sérstaka reglugerð og þá verður við þá reglugerðarsetningu stuðst við þá reynslu sem fengist hefur og einnig til að reyna að ná sem bestu samkomulagi við þá aðila sem stjórna öldrunarstofnununum eða veita þeim forstöðu.

Hv. þm. spurði hvort ekki yrði reynt að taka tillit til óska einstaklinganna um það. Ef þeir á annað borð hafa flokkast svo að þeir eigi rétt á vistun og eitthvert svigrúm kann að vera í því að velja þeim vistunarstað finnst mér það bæði sjálfsagt og eðlilegt að reynt verði að finna leið til þess, en það verður sjálfsagt að athuga nánar við reglugerðarsmíðina í samræmi við fengna reynslu og eins og ég sagði áðan í samráði við forsvarsmenn stofnananna.

Einnig spurði hv. þm. hvernig yrði farið með þá einstaklinga sem hafa hugsanlega komið sér saman um að byggja sér eins og segir í 4. tölul. 17. gr. sjálfseignar-, leigu- eða búseturéttaríbúðir. Það er einnig ljóst að á málum þessara einstaklinga hlýtur að þurfa að taka með þeim hætti að það geti fallið að því félagsformi og því samkomulagi sem þessir einstaklingar hafa gert með sér þegar þeir hefja byggingu íbúða sem þeir ætla að eyða sínu ævikvöldi í. Ég trúi ekki að um þetta verði ágreiningur og ég vænti þess að um þetta hljóti að nást samkomulag og samstaða sem þarf ekki að leiða til erfiðleika í framkvæmdinni.

Síðan fjallaði þingmaðurinn nokkuð um það sem kemur fram í 20. gr. þar sem rætt er um framkvæmdaleyfi sem þeir þurfa að afla sér sem ætla sér að hefja byggingar fyrir aldraða. Þetta ákvæði kemur sérstaklega til vegna fenginnar reynslu. Því miður hafa samtök og ýmsir aðilar byggt húsnæði sem síðan hefur verið auglýst og selt sem sérhannað fyrir aldraða en í raun alls ekki fullnægt þeim kröfum sem nauðsynlegt er að gera t.d. um aðgang að húsnæðinu, um það hvernig það er fyrir fullorðið fólk og kannski í sumum tilfellum fatlað að athafna sig í viðkomandi húsnæði. Það hlýtur að teljast nauðsynlegt ef menn byggja og auglýsa til sölu húsnæði sem ætlað er ákveðnum sérhópum, í þessu tilfelli öldruðum, að það sé tryggt að það fullnægi þeim kröfum sem nauðsynlegt er að setja í því sambandi. Þess vegna er talað um að samþykkis þurfi að afla hjá heilbrmrn. til að mega hefja framkvæmdir við slíkar byggingar.

Síðan segir að framkvæmdaleyfum skuli fylgja greinargerð um eigendur og fjárhagsástæður og spurði hv. þm. sérstaklega um það atriði hvernig menn ætluðu að meta slíka hluti. Ég bendi hv. þm. á að þetta er reyndar nánast samhljóða ákvæðum í gildandi lögum þar sem segir í 21. gr. gildandi laga, með leyfi forseta: „Enn fremur skal fylgja greinargerð um eigendur þess og fjárhagsástæður" — þannig að hér hlýtur að verða farið nokkurn veginn eftir sömu aðferðum og gilt hafa. Hér er eingöngu verið að tala um þá sem að beiðni um framkvæmdaleyfi standa og þá aðila sem eiga að vera í forsvari fyrir þessar byggingar og ég hygg að þetta sé ákvæði sem þegar hefur fengist nokkur reynsla af og muni ekki verða torvelt að framfylgja.

Við V. kafla laganna, sem fjallar um kostnað við öldrunarþjónustu, hafði hv. þm. einnig ýmsar athugasemdir og ekki síst við 27. gr. þar sem fjallað er um að vistmenn skuli taka þátt í greiðslu fyrir dvöl á stofnunum og einnig um hvaða upphæð væri við miðað og var þá líka að fylgja eftir brtt. sem hv. þm. flytur ásamt öðrum þingmönnum um að ekki sé heimilt að krefja vistmann um greiðslu fyrir dvöl á stofnun að öllu leyti heldur aðeins að hluta. Við höfum talið eðlilegt sem höfum staðið að gerð þessa frv. að þessi heimild sé eins og hér er kveðið á um. Ég gerði grein fyrir því í framsöguræðu og einnig fyrr í þessari umræðu að það dytti engum í hug að krefja þann sem hefur 11 þús. kr. á mánuði eða eitthvað sem næst því marki um að greiða eða standa að fullu undir kostnaði við dvöl á stofnun heldur væri hér verið að tala um þá einstaklinga sem hefðu allmiklu hærri tekjur. Í þessu ákvæði felst fyrst og fremst jöfnun á milli þeirra aðila sem í dag dvelja á dvalarstofnunum annars vegar og hins vegar þeirra sem vistast á

hjúkrunarheimili eða sjúkrastofnun fyrir aldraða. Hér er verið að koma á svipuðum reglum um greiðslu þessara einstaklinga. Hitt er svo rétt, sem hv. þm. benti á, að menn geta haft tekjur sem ekki koma til álagningar við tekjuskatta og ef á að breyta þeim ákvæðum þannig að nái til einstaklinga sem hafa tekjur af eignum sem ekki koma til tekjuskattsálagningar er stigið enn stærra skref skulum við segja til jafnræðis eða til þess að allir sitji við svipað borð eftir því hvaða tekjur þeir hafa en ekki eftir því af hvaða stofni tekjurnar eru eins og er. En þar er orðið um að ræða mál sem verður að fjalla um í sambandi við breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt að mínu áliti og á síður heima í þessum lögum, enn síður en ákvæði um sérstakan skatt til Framkvæmdasjóðs aldraðra sem menn hafa þó efast um að ætti heima í þessum lögum. Það er enn þá stærra mál og verður ekki fjallað um í þessu sambandi.

Einnig nefndi hv. þm. aðeins ákvæði um vasapeninga sem svo eru kallaðir sem eru þær greiðslur sem aldraðir þó fá frá Tryggingastofnun sem vistaðir eru á stofnun og hafa ekki aðrar tekjur. Þær upphæðir eru enn lægri en þær 11 þús. sem er hér við miðað og er einnig fjallað um í öðrum lögum en þessum, þ.e. lögum um almannatryggingar, en ekki ólíklegt að sú viðmiðun sem hér er sett inn kunni einmitt að leiða til þess að menn endurskoði upphæðina um vasapeningana og er það vel því að sú upphæð er smánarlega lág.

Ég ætla ekki, herra forseti, að eyða miklu fleiri orðum í þetta, ég lofaði að vera stuttorður, en nefndi þó nokkur atriði sem hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir kom með fram í sinni ágætu greinargerð og yfirferð um þetta frumvarp og vona að ég hafi svarað a.m.k. einhverju af því sem hún beindi til mín.

Frsm. minni hl. heilbr.- og trn. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Í umræðum um þetta mál í gær óskaði ég sérstaklega eftir því að hæstv. utanrrh. yrði boðaður í salinn til þess að ég gæti beint til hans nokkrum spurningum er vörðuðu hina skattalegu hlið þessa máls. Ráðherrann var svo vinsamlegur að koma og hlýða á mínar spurningar, en þeim var beint til hans þar sem hann er fyrrv. fjmrh. og hefur stært sig mjög af breytingum á skattkerfi landsins, þar á meðal í sambandi við staðgreiðslu, og því var eðlilegt að spyrja hann sem fyrrum fjmrh. og formann Alþfl. að því hvort hann ætli að standa að því að grafa undan staðgreiðslukerfi skatta með þeim hætti sem hér er gert með því að taka upp nefskatt án þess að lækka staðgreiðsluhlutfallið á móti. Hvort tveggja gengur alveg á móti þeim fyrirheitum sem hann og aðrir hafa gefið í sambandi við þetta mál. Ég vil undir þingskapaformi spyrja hæstv. utanrrh. að því: Ætlar hann að svara þessum spurningum hér eða ekki? Ætlar hann að láta þessum spurningum ósvarað eða ekki? Ætlar þessi staðgreiðslufrömuður, höfundur og eigandi staðgreiðslukerfisins eins og hann telur sig vera, m.a. í eldhúsdagsumræðum nýlega, að láta þessu ósvarað?

Friðrik Sophusson:

Mér finnst, virðulegur forseti, hafa komið fram nokkuð skýr spurning til eins af hv. ráðherrunum sem er fyrrv. fjmrh. og það hefur nokkuð mikið með mál þetta að gera því að í raun og veru er verið að breyta því sem hann lýsti yfir á sínum tíma að hefði kannski verið það eina sem síðasta ríkisstjórn gerði af viti. Það var að setja staðgreiðsluskattalög með þeim hætti að sameina nokkra í einum skatti og láta aðra hverfa. Nú kemur í ljós í umræðunni sem hefur átt sér stað fyrr í dag og reyndar á undanförnum dögum að verið er að hverfa frá þessu og það reyndar gert með nokkuð lymskulegum hætti eins og margoft hefur komið fram í þessum umræðum.

Beint hefur verið fyrirspurn til hæstv. ráðherra sem hefur vægast sagt haft stór orð um þessi mál. Þessi sami hæstv. ráðherra hefur síðan orðið að viðundri á síðustu dögum með því að greiða til skiptis atkvæði með og á móti sömu tillögunum, kúgaður af samstarfi við yfirboðara sína í Alþb. Ég verð að segja að ég hélt að við værum að gera hæstv. ráðherra greiða með því að bjóða honum hér og nú, með því að beina til hans fyrirspurnum, að segja sitt álit á þessu máli, jafnmikill baráttumaður og hann hefur verið fyrir þessu. Hann hefur lagt sig svo mikið fram að hann hefur barið sífellt á heilum stjórnmálaflokkum og stjórnmálaforingjum fyrir það að þeir hafi ekkert gert annað en að vera í frii í útlöndum á sama tíma og hann einn manna í fyrrv. ríkisstjórn hafi gert það sem gert var þar. Hann hefur sagt aftur og aftur þegar hann var spurður að því hvað þetta eina væri sem gert var: Það var frv. um skattamálin. Það var staðgreiðslukerfið sem Alþfl. og einkum og sér í lagi ég, formaður Alþfl., beitti mér fyrir.

Nú er verið að rústa þetta kerfi og hæstv. ráðherra, sem hefur lagt pólitískt líf sitt undir og ríkisstjórna í þessu landi út af þessu og öðrum slíkum málum, er annaðhvort fárveikur og hefur misst málið eða þá að það hefur verið sest svo rækilega á hann að það er full ástæða til þess hér í þessum þingskapaumræðum og umræðum í dag að undirstrika það rækilega að í lok þessa þings hafi þessi einn mesti kjaftaskur allra tíma í íslenskum stjórnmálum nánast litið út eins og tunguskorinn. Það verður satt að segja fróðlegt að sjá hvernig því verður lýst í blöðum og ekki síst Alþýðublaðinu á næstu dögum.

Frsm. minni hl. heilbr.- og trn. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það er greinilegt að hinn mikli staðgreiðslufrömuður, formaður Alþfl., ætlar ekki að taka til máls, ætlar ekki að svara spurningum um þetta mál, ætlar með öðrum orðum að verða frumkvöðull að því að stíga fyrsta skrefið í því að grafa undan og eyðileggja hið nýja staðgreiðslukerfi skatta. Þetta er hin raunverulega aðild þessa virðulega ráðherra að þessu máli. Maðurinn sem eignar sér annarra manna verk varðandi staðgreiðsluna en átti að vísu aðild að framhaldi málsins er núna að taka á sig ábyrgðina á því að hverfa til baka, hverfa til baka yfir í kerfi smáskatta án þess að lækka staðgreiðsluhlut-

fallið á móti. Hvort tveggja algjörlega óverjandi ákvarðanir að mínum dómi bæði út frá sjónarmiðum framkvæmdar í staðgreiðslunni og út frá sjónarmiðum skattheimtu almennt. Það er reisn yfir þessu, herra forseti. Það fer vel um hæstv. utanrrh. í framsóknarfjósinu þessa dagana. Það er ekki annað að sjá.

En menn skulu ekki halda að það fari fram hjá fólki hvað hér er verið að gera. Það er verið að hverfa til baka inn á þá braut sem ég hélt að hefði verið almenn samstaða um hér á Alþingi að undanskildu Alþb. að víkja frá sem vill hafa þennan nefskatt. Ég vissi ekki betur en að það væri samstaða í þinginu meðal annarra flokka um að hætta við þessa litlu skatta og það er búið að áætla fyrir þeim í staðgreiðsluhlutfallinu og það er verið að láta fólk borga hérna tvívegis sama hlutinn.

Hér var áðan, herra forseti, gerð tilraun til að gera grein fyrir brtt. meiri hl. heilbr.- og trn. Ég er ekki viss um að þingheimur almennt geri sér grein fyrir því í hverju þessar breytingar felast, en ég skal taka að mér að útskýra það fyrir hönd þeirra sem að því standa. Það er eingöngu verið að fresta gildistöku þessa máls um eitt ár. Í stað þess að lauma nefskattinum í gegnum þingið nú á síðustu dögum þingsins þannig að hann taki gildi í sumar á hann að koma á næsta ári. Það er það sem þessi brtt. þýðir. Í prinsippinu skiptir þessi brtt. engu máli vegna þess að þetta er jafnmikið fráhvarf frá grundvallaratriðum staðgreiðslukerfisins. En þetta er þó viðurkenning á okkar málflutningi í gær á því siðleysi, sem til stóð, að lauma þessum skatti inn til álagningar í ár ofan á alla hina skattana sem þessi stjórn hefur þröngvað upp á landsmenn. En grundvallaratriðið stendur kyrrt. Það á að viðhalda nefskattinum í þessu frumvarpi án þess að lækka hið almenna staðgreiðsluhlutfall á móti. Það á að taka upp nýjan nefskatt og tryggja að enginn Íslendingur verði framvegis skuldlaus við gjaldheimtuna eins og þó var hugmyndin með staðgreiðslukerfinu. Allir munu koma til með að skulda þennan skatt til viðbótar hugsanlega eignarsköttum og eftiráuppgjöri annars konar. Það er aldeilis glæsibragur yfir þessu hjá hinum mikla staðgreiðslufrömuði og frömuðum í Alþfl.

Hæstv. heilbrmrh., sem talaði í gær með málefnalegum hætti um þetta mál, svaraði í nokkrum orðum gagnrýni minni um þetta atriði. Hann taldi m.a. að nefskattur eins og þessi væri öruggari vegna þess að hann mundi skila sér betur til þess málefnis sem um er að ræða. En auðvitað er engin trygging fyrir því, því að þennan skatt er hægt að skerða með lánsfjárlögum á ári hverju eins og mörg dæmi eru um. Það gildir nákvæmlega sama ef menn eru að hugsa um fjármagn til þessa málefnis, sama hvort um er að ræða sérstakan tekjustofn eða tekjur af almennu staðgreiðslufé.

Ráðherra var líka að velta því fyrir sér að það væru kannski ekki svo margir sem um væri að ræða sem mundu þurfa að skila þessum skatti til viðbótar þeim sem hvort eð er eru í eftiráuppgjöri.

Ég minnist þess þegar var verið að ganga frá breytingum á lögum varðandi eignarskatt í vetur að eignarskattsgjaldendur í landinu eru tæplega 50 þús. manns, 48 þús. Skattgreiðendur í heild munu vera um 180 þús. manns. Við erum að tala hér um 130 þús. manns til viðbótar. Hvað kostar það í framkvæmdinni? Hvað kostar það í auknum umsvifum og ómaki fyrir kerfið og fyrir fólkið sjálft? Ég held að menn verði að átta sig á því hvers lags brautir hér er verið að fara út á til viðbótar því að það er búið að lofa almenningi því að þessi skattur komi ekki upp aftur. Greinargerð frumvarpsins er villandi þó ráðherra hafi í gær verið að bera blak af henni. Þar stendur að þetta sé í samræmi við gildandi lög. Það er rétt svo langt sem það nær, en það vantar að gera grein fyrir því í frumvarpinu og í greinargerðinni að þessi skattur hafi ekki verið innheimtur upp á síðkastið og að það sé búið að taka hann inn í staðgreiðsluna. Að því leyti til er greinargerðin villandi og ónákvæm og að því leyti til er það ekkert skrýtið að þingmenn í Ed. hafi ekki eftir þessu tekið vegna þess að þeir byggja á þeim upplýsingum sem fyrir þá eru lagðar. Þetta er vítavert.

Við sem höfum flutt brtt. um að Framkvæmdasjóðnum verði tryggðir með beinu framlagi þeir peningar sem hér er um að ræða hljótum að fagna því að með brtt. meiri hl., sem stjórnarflokkarnir hafa að því er virðist verið að kokka frá því um miðjan dag í gær fram á þennan dag — reyna að ná einu moðsamkomulaginu enn í þeim hópi — er komið til móts við okkar ábendingar að því leyti til að hún er viðurkenning á því, sem við höfum hér sagt, að það stóð til að lauma inn 200 millj. kr. aukinni skattheimtu nú í sumar. Sem betur fer á að hætta við það samkvæmt þessari brtt. Það er þá ekki til einskis barist í þessu máli ef menn hafa orðið við þeirri ábendingu okkar og séð að sér þegar á þetta var bent á síðustu dögum þingsins þegar þetta mál er komið á síðasta stig.

En það stendur auðvitað eftir að á næsta ári á að taka þennan nefskatt upp á nýjan leik og það er engin yfirlýsing um að það eigi þá að lækka staðgreiðsluhlutfallið á móti. Það á sem sagt að taka þennan skatt á næsta ári á tveimur stöðum. Það er meginathugasemdin við þetta mál. Ég skora á hæstv. utanrrh. að svara því hvort þetta er það sem hann sá fyrir sér í staðgreiðslukerfi skatta, að nefskattarnir kæmu einn af öðrum inn í kerfið á nýjan leik til að rugla myndina, til að eyðileggja þá einföldun sem að var stefnt. Er þetta það sem hann hefur verið að grobba sig af um víðan völl að undanförnu á Alþingi og annars staðar? Er þetta það kerfi sem hann telur sér sæmandi að stæra sig af? Er þetta það kerfi, hæstv. ráðherra? Er það þetta sem ráðherrann er að grobba sig af út um landsins byggðir í sambandi við staðgreiðslu skatta? Er þetta það sem Alþfl. hefur séð fyrir sér varðandi staðgreiðsluna? Ráðherrann getur svarað því úr sæti sínu ef hann vill. Er það þetta sem vakti fyrir mönnum? Er það þetta sem Alþfl. var að berjast fyrir þegar hann þóttist vera að berjast fyrir auknu réttlæti og meiri einföldun í skattkerfinu? Var það þetta?

Nei, það er lítil mannsmynd á þessu, herra forseti.

Og þetta er allt hið háðulegasta mál. Þetta er háðulegt fyrir framsóknarmennina í ríkisstjórninni sem stóðu með okkur á sínum tíma að því staðgreiðslukerfi sem upp var tekið og bera á því ábyrgð. Alþfl. var þá reyndar í stjórnarandstöðu þó hæstv. utanrrh. haldi enn að hann hafi fundið upp staðgreiðsluna. Þetta er háðulegt fyrir framsóknarmennina sem stóðu með okkur að þessu. Og það er leiðinlegt að þeir skuli láta plata sig út í þetta að kröfu Alþb. sem hefur alltaf lagt áherslu á þetta mál. En þetta er háðulegast af öllu fyrir Alþfl. og fyrir hinn virðulega formann Alþfl. sem hvað eftir annað hefur barið sér á brjóst í nafni einföldunar í skattamálum, í nafni meiri skilvirkni og meira réttlætis í þeim efnum. Er þetta það sem Alþfl. var að berjast fyrir, hæstv. ráðherra? Vill ráðherra svara því úr sæti sínu ef hann vill ekki koma upp í ræðustól? Vill hann kannski segja já við því og svo nei á eftir eins og í mjólkurbúunum? Hann vill bara sitja þarna þegjandi í sínu framsóknarfjósi, sínu alþýðubandalagsfjósi.

Auðvitað veit ráðherrann vel, það vita allir alþýðuflokksþingmennirnir sem láta nú ekki einu sinni sjá sig í deildinni þegar þetta mál er til umræðu, að þeir eru að gera þetta gegn betri vitund. Þeir vilja þetta auðvitað ekki mennirnir. Þeir vita vel að þeir eru að verða hér við kröfu Alþb. þó að þeir viti að þetta er bæði óréttlátt og illframkvæmanlegt og að öllu leyti hið versta mál. Auðvitað vita þeir það. Það er þess vegna sem utanrrh. treystir sér ekki til að standa upp. Það er vegna þess að hann veit að það sem ég er að segja er allt saman rétt og er mér alveg innilega sammála og sér eftir þessu öllu innst inni. En hann mun eiga erfitt með það framvegis, og það vil ég leggja áherslu á, að koma fram í nafni Alþfl. og stæra sig af staðgreiðslukerfinu sem hefur verið tekið upp. Nú er hann að taka á sig ábyrgðina af því að stíga fyrsta skrefið í þá átt að taka hér upp nýja smáskatta og gera hluti sem lofað var að væri verið að hverfa frá með staðgreiðslukerfi skatta. Ég treysti því að ráðherrann hafi rætt þetta mál sem fyrrv. fjmrh. við til að mynda þá sem framkvæma staðgreiðslukerfið, yfirmenn skattkerfisins. Ég treysti því að sjálfsögðu. Það þarf ekki að spyrja um það. En þó veit maður aldrei því ég lýsti því yfir í gær þegar við vorum að tala um aðstöðugjöld að ég treysti því að ráðherrann ætlaði ekki að hverfa frá fyrri afstöðu sinni og þeirri yfirlýsingu sem ég las, en hann lét sig nú ekki muna um það þannig að sjálfsagt lætur hann þetta yfir sig ganga.

En ég vil að það komi skýrt fram af minni hálfu og annarra sjálfstæðismanna sem að þessum málum hafa komið að við erum ekki búnir að gefa þetta mál frá okkur þó svo það kunni að enda í samræmi við þá brtt. sem nú liggur fyrir. Brtt. gerir ráð fyrir því að þetta mál komi ekki til framkvæmda nú í sumar. Það er þó sú uppskera sem við höfum haft í þessu máli í gær og í dag. En ég er ekki búinn að samþykkja það og sætta mig við það að á næsta ári verði tekinn upp þessi nefskattur án þess að staðgreiðsluhlutfallið verði þá lækkað til samræmis. Það er lágmarkskrafa. En auðvitað er nefskatturinn hið versta fyrirbæri í því staðgreiðslukerfi sem hér er búið upp að taka og það er vel hægt að sjá fyrir þörfum Framkvæmdasjóðs aldraðra með beinni fjárveitingu sem yrði jafntryggilega frá gengið og okkar brtt. gerir ráð fyrir. Það er aðalmálið gagnvart Framkvæmdasjóðnum að honum sé séð fyrir þeim peningum sem hér er um að ræða og það er engin nauðsyn á því að taka upp sérstakan nefskatt sem mundi rugla svo myndina í staðgreiðslunni sem ég hef hér greint frá. Ég geri allan fyrirvara um þetta atriði varðandi framhald málsins og áskil mér að sjálfsögðu allan rétt og okkur sjálfstæðismönnum til að taka þetta mál að nýju upp í haust þó svo við mundum ekki verða til þess að tefja gildistöku hinna nýju laga um málefni aldraðra vegna þeirra faglegu málefna sem þar er um að ræða. En háðung þeirra sem að standa skattahlið málsins, háðung þeirra með hliðsjón af fyrri yfirlýsingum, háðung þeirra með hliðsjón af þeim bumbuslætti sem átt hefur sér stað varðandi staðgreiðslukerfið er mikil og henni verður ekki gleymt.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Innan um allan skætinginn í ræðu hv. 17. þm. Reykv. Geirs H. Haarde innan um allan skætinginn og saman við hann kom þó ein jákvæð setning. Hún var sú að hv. þm. fagnaði því að fram væri komin tillaga sem felur í sér að umræddur nefskattur verður ekki lagður á á þessu ári. Og hvernig stendur á því? Hvernig stendur á því að sú tillaga er fram komin?

Það er ekki bara vegna málflutnings hv. þm. Það er vegna þess að á seinustu stundu þegar þetta mál var skoðað verður það að játast eins og er að í forsögu þessa máls hentu ákveðin slys. Þau slys virðast hafa orðið á bestu bæjum, sbr. það t.d. að þetta mál með þessum ákvæðum um nefskattinn fer í gegnum Ed. og fer þar m.a. í gegnum heilbr.- og trn. athugasemdalaust líka frá fulltrúum Sjálfstfl.

Nú er best að segja hverja sögu eins og hún gengur. Það var andstaða í þingflokki Alþfl. gegn þessum nefskatti og það er andstaða gegn honum af þeim rökum sem hv. þm. skilur mætavel. Engu að síður, vegna þess að við erum ekki að ræða staðgreiðslukerfi skatta, við erum að ræða hér um allt annað mál, málefni aldraðra, gaf þingflokkurinn grænt ljós á að málið færi fram með fyrirvara um þetta mál. Það mundi takast upp aftur innan ríkisstjórnar sem var gert. Niðurstaðan varð sú þá að vísa málinu til samstarfsnefndar þingflokka, en undanskilið að málið kæmi aftur á borð ríkisstjórnar. Það gerðist ekki. Þegar t.d. alþýðuflokksmenn unnu að málinu í Ed. höfðu þeir gefið grænt ljós á málið sem slíkt, en treystu því að sá fyrirvari stæði að málið kæmi aftur áður en það kæmi á lokaafgreiðslustig á borð ríkisstjórnar. Þetta gerðist ekki. Með öðrum orðum: það henti slys við undirbúning málsins. Þess vegna er þessi tillaga fram komin um að koma í veg fyrir að nefskatturinn verði á lagður á þessu ári einfaldlega til þess að vinna tíma til að vinna að lausn málsins vegna þess að hv. fyrirspyrjandi má vel vita að sá sem hér

stendur er andvígur þessum skatti af þeim rökum sem fram hafa komið í hans máli. Þegar upp var tekið staðgreiðslukerfi skatta átti að útrýma þessum nefsköttum og staðgreiðslukerfið gerði ráð fyrir því að það kæmi í staðinn. Svo einfalt er nú málið. Það kemur með öðrum orðum fyrir á bestu bæjum að það verða slys af þessu tagi. Það er verið að reyna að koma í veg fyrir þetta slys, en á seinustu stundu þegar hér var komið sögu var ekki unnt að gera betur en að ná samkomulagi um að fresta gildistökunni. Við það vinnst tími til að halda öðruvísi og með traustari tökum á málinu í framhaldinu.

Frsm. minni hl. heilbr.- og trn. (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég fagna því að hæstv. ráðherra mannaði sig upp í að taka til máls. Það kom á daginn sem ég hafði sagt að hann er mér sammála. Það er mikilvægt að sú yfirlýsing er komin fram og fyrst hann er það drengilegur að standa upp og taka þetta fram get ég heitið honum fullum stuðningi okkar í haust við að fá þessu máli breytt þannig að þessi nefskattur þurfi aldrei að koma aftur til framkvæmda. Það er hægt að finna aðrar leiðir í þessu máli. Hann telur að alþýðuflokksmenn hafi skákað málinu til að fá aukinn tíma og við skulum standa með ráðherra í því að breyta þessu þegar þar að kemur ef þetta fer fram eins og meiri hluti virðist vera fyrir hér. En auðvitað er einfaldast að samþykkja brtt. okkar þremenninganna sem gengur út á að fella niður nefskattinn og taka upp beint framlag. Þar með er þetta mál leyst, það þarf ekkert að athuga það meira til haustsins. Ég býð ráðherranum jafnframt að ganga til liðs við okkur um þá tillögu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
2.–7. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 1251,1 samþ. með 33 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 1243,1 felld með 19:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞP, BÍG, EH, VI, FrS, GHH, HJ, KrP, KE, KH, MB, MÁM, MálmS, ÓE, ÓÞÞ, RH.

nei: SJS, AðB, BB, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, HG, JóhS, JBH, JK, JónS, JSS, ÓÞG, PP, RA, SighB, NL, KJóh.

AS, SV greiddu ekki atkvæði.
5 þm. (ÞÞ, ÁrnG, GHelg, IBA, PJ) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég var fjarverandi afgreiðslu þingflokks Framsfl. á þessu máli og satt best að segja undrar mig að maður geti átt von á því að í lögum til heilbrigðismála séu bæði tekin fyrir fjáraukalög og skattalög og virðist þá fátt sem mönnum dettur ekki í hug að setja saman í lagatexta. Ég treysti mér ekki til að standa að þeirri ákvörðun að gerbreyta grunni staðgreiðslukerfisins eins og verið er að gera með því að taka nefskattana upp á nýjan leik. Ég segi því já.

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. utanrrh. gerði áðan grein fyrir afstöðu okkar alþýðuflokksmanna og þeirri niðurstöðu sem m.a. kemur fram á þskj. 1320. Með vísan til þess sem fram kom í ræðu hæstv. ráðherra segi ég nei.

Brtt. 1320,1 samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 1250, svo breytt, samþ. með 20:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BB, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, HG, JóhS, JBH, JK, JónS, JSS, ÓÞG, PP, RA, SighB, SV, NL, SJS, AðB, KJóh.

nei: VI, FrS, GHH, HJ, KrP, KE, KH, MB, MÁM, MálmS, ÓE, RH, ÞP.

AS, BÍG, EH, ÓÞÞ greiddu ekki atkvæði.
5 þm. (ÁrnG, GHelg, IBA, PJ, ÞÞ) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Með samþykkt 10. gr. þessara laga hefur verið tekin upp stefna sem kjósendum var lofað að fallið yrði frá með staðgreiðslukerfi skatta. Hér eru á ferðinni í senn skattalög og fjáraukalög. Þingmenn ríkisstjórnarinnar sem standa einhuga að þessari skattahækkun hafa enn einu sinni steytt hnefana framan í almenning í landinu. Frjálslyndi hægri flokkurinn og öll stjórnarandstaðan stendur einhuga gegn skattsvikum ríkisstjórnarinnar. Þingmaðurinn segir nei.

10. gr., svo breytt, samþ. með 18:10 atkv.
11.–14. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 1251,2 samþ. með 30 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
16. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 1251,3 samþ. með 35 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 1251,4 samþ. með 33 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
19.–26. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 1244 felld með 19:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MÁM, ÓE, RH, ÞP, BÍG, EH, VI, FrS, GHH, HJ, KrP, MB.

nei: ÓÞG, PP, RA, SighB, SV, NL, SJS, AðB, AS, BB, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, HG, JóhS, JBH, JK, JSS.

MálmS, ÓÞÞ, KE, KH, KJóh greiddu ekki atkvæði.
6 þm. (PJ, ÞÞ, ÁrnG, GHelg, IBA, JónS) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Það er athyglisvert í atkvæðagreiðslum um þetta mál að hér er verið að samþykkja

nefskatt annars vegar og grafa þar með undan staðgreiðslu skatta og auka skattheimtuna í landinu um 200 millj. kr. á ári, en hér er líka verið að taka upp það sem Alþb. hefur eitt sinn kallað sjúklingaskatt og hann er í þessari grein. Það er verið að tala um að vistmenn á tilteknum stofnunum greiði dvalarkostnað sinn að hluta eða öllu leyti hafi þeir tekjur umfram heilar 11 þús. kr. á mánuði. Við sjálfstæðismenn viljum milda þetta þannig að menn þurfi aldrei að borga allan sinn kostnað heldur einungis að hluta til, en það er athyglisvert að stjórnarmeirihlutinn á Alþingi ásamt Borgfl. styður hvort tveggja, nýja nefskattinn og hinn nýja skatt sem Alþb. eitt sinn kallaði sjúklingaskatt. Ég segi já við þessari tillögu.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Þar sem hér er verið að leggja á sérstakan gamalmennaskatt sem er alveg nýr skattur í þessu landi segi ég já við þessari brtt.

27. gr. samþ. með 18:7 atkv.
28.–30. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 1243,2 kölluð aftur.
Brtt. 1320,2 (ný 31. gr.) samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 1320,3 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

112. fundur, laugardaginn 20. maí, að loknum 111. fundi.

Framhaldsskólar, 3. umr.

Stjfrv., 454. mál (rekstrarkostnaður, skólanefndir o.fl.). — Þskj. 1187 (sbr. 814), brtt. 1315.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu brtt. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. menntmn. (Ragnar Arnalds):

Herra forseti. Eftir að 2. umr. um þetta frv. lauk var á það bent að missagnar gætti í frv. eins og það lá fyrir. Í þeim frumvarpsgreinum sem samþykktar voru við 2. umr. var gert ráð fyrir að kennarar við framhaldsskólana væru ekki lengur settir og skipaðir eins og verið hefur um langt skeið heldur yrðu þeir framvegis ýmist skipaðir eða ráðnir af skólastjórum og rektorum. Þarna er um formbreytingu að ræða þannig að ráðning kemur í staðinn fyrir setningu. Þetta hefur verið samþykkt við 2. umr.

Þá var á það bent að annars staðar í frv. væri minnst á setningu þegar um orlof kennara væri að ræða. Því þykir óhjákvæmilegt að leiðrétta þetta og menntmn. flytur á þskj. 1313 brtt. þess efnis að orðinu „ráðinn" verði bætt við þannig að greinin eigi við kennara sem ýmist eru ráðnir, settir eða skipaðir. Það er full eining um þessa tillögu í menntmn.

Frsm. 1. minni hl. menntmn. (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Í allri meðferð þessa máls, bæði í Ed. og jafnframt hér í Nd., höfum við sem skipum 1. minni hl. og reyndar 2. minni hl. líka, þ.e. þingmenn Sjálfstfl. sem eru í menntmn. og þingmaður Kvennalistans, vakið rækilega athygli á því að frv. er mikið flýtisverk. Það er illa unnið. Í því eru mjög hvatvíslegar breytingar á framhaldsskólalögunum. Þess vegna lögðum við til við 2. umr. þessa máls að þessu máli yrði vísað frá með rökstuddri dagskrá.

Við höfum í umræðunum bent á fjöldamörg atriði sem eru órökstudd, hvatvísleg. Við 2. umr. þessa máls benti hv. 3. þm. Reykv., Ragnhildur Helgadóttir, sérstaklega á að ef frv. yrði samþykkt eins og búið var að ganga frá því við 2. umr. mundu hinir fjölmörgu kennarar, sem hér eftir verða ráðnir, eins og nú á að heita, en verða ekki settir, missa rétt til orlofs sem er auðvitað mikið hagsmunamál kennara, að geta notið orlofs. Eftir að hún hafði vakið athygli á þessu varð menntmn. sammála um að reyna þó að bæta í eitt gatið af mörgum sem er í frv. og þess vegna er þessi tillaga flutt.

Það er furðulegt að við skulum vera að ræða þetta frv. og gera á því breytingar að hæstv. menntmrh. fjarstöddum þannig að hann geti ekki gefið skýringar á hvernig í ósköpunum stendur á að frv. er þannig úr garði gert, en hæstv. menntmrh. hefur kosið að vera fjarverandi bæði í gær og í dag og við því er ekkert að segja. Það lýsir hins vegar því að hann ber ekki mjög mikla virðingu fyrir því handarverki sínu sem hér er verið að fjalla um.

Ég ítreka að í frv., eins og það liggur fyrir, eru fjöldamörg atriði af þessu tagi sem eiga eftir að koma upp við nánari skoðun og nánari athugun. Það er tilviljun að þetta atriði var sérstaklega tekið út úr. Það var vegna þess að hv. 3. þm. Reykv. vakti sérstaka athygli á því við umræðuna. Ég fullyrði að fjöldamörg slík atriði eru fyrir hendi í frv. þegar farið verður að framkvæma það. Ég vil enn og aftur ítreka það sem ég sagði við 2. umr. þessa máls, að það er dæmalaust að í frv. skuli vera ákvæði um að gerbreyta réttarstöðu kennara. Þetta er ekki formbreyting eins og hv. 4. þm. Norðurl. v., Ragnar Arnalds, sagði. Það er veruleg efnisbreyting á ráðningarkjörum kennara. Það er alveg ljóst að það er munur á því hvort maður er ráðinn eða skipaður, ráðinn eða settur. Ráðning er mun laustengdara samband milli ríkisins annars vegar og starfsmanns hins vegar. Hér er því verið að breyta starfskjörum kennara og því hefur verið harðlega neitað í deildinni að um það megi ræða við kennarana. Það hefur enginn fulltrúi kennara fengið að koma til að tjá sig um þetta mál. Athygli þeirra hefur ekki verið vakin á þessari miklu breytingu sem nú er verið að gera á ráðningu kennara. Tveimur dögum eftir að þeir eru að ljúka verk-

falli er laumað í gegnum Alþingi breytingu af þessu tagi sem, eins og ég sagði, gerbreytir réttarstöðu kennara.

Frsm. meiri hl. menntmn. (Ragnar Arnalds):

Herra forseti. Það er vissulega rétt að æskilegt hefði verið að hæstv. menntmrh. hefði getað verið hér í dag og tekið þátt í umræðum, en hann hefur haft alla forustu um undirbúning frv. Hann er hins vegar bundinn af skyldustörfum sínum og hafði fyrir löngu lofað sér austur á land í gær og í dag og ekki hafði þá verið gert ráð fyrir að þing sæti svo lengi sem raun varð á þannig að ekki var um annað að ræða, eins og komið var málum, en að hann væri fjarstaddur í gær og í dag.

Vafalaust er það alveg rétt, sem fram kom hjá hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarssyni, að frv. þetta er seint á ferðinni og á það hefur verið bent að menntmn. fékk ákaflega skamman tíma til umfjöllunar um málið og ekki bætti það úr skák að kennaraverkfall hefur staðið um nokkurra vikna skeið þannig að ekki var kostur á að kalla fulltrúa kennara til skrafs og ráðagerða um það. En úr því að svona mikið er lagt upp úr því af talsmönnum Sjálfstfl. að ávíta hæstv. menntmrh. fyrir slæleg vinnubrögð verður ekki undan vikist að benda á að frv. sem samþykkt var í þinginu í fyrra um framhaldsskólamálin var bersýnilega ófullkomið eins og við bentum á þegar málið var til meðferðar í þinginu. Það var á margan hátt vansmíð. Ég held að ádrepur hv. þm. Birgis Ísl. Gunnarssonar hitti kannski engan annan en hann sjálfan ef verið er að taka þetta mál upp og ræða það á breiðum grundvelli. Ég held að hæstv. menntmrh. hafi ekki komist hjá því að undirbúa breytingar á þessu frv. vegna þess að það var illframkvæmanlegt að framfylgja lögunum eins og þau lágu fyrir og ég hika ekkert við að segja hér og nú að á lögunum var ýmiss konar vansmíð sem greiða þurfti úr.

Ég get hins vegar fúslega viðurkennt að hefði ég sjálfur mátt ráða má vel vera að ég hefði með ýmsum hætti tekið öðruvísi á þessum málum en var gert í menntmrn. við undirbúning þessa máls. Ég flutti sjálfur frv. um framhaldsskóla í þinginu í fyrra og hittifyrra og þar voru ýmis önnur áhersluatriði en eru í þessu frv. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að ekki hafi verið hjá því komist að framkvæma breytingar á framhaldsskólalögunum eins og þau lágu nú fyrir, og þess vegna tek ég þátt í því nú, þó að ég sé kannski ekki alls kostar ánægður með þær tillögur sem hér liggja fyrir, að breyta lögunum. Aðstæður valda því, og þar á meðal það kennaraverkfall sem nú hefur staðið um nokkurt skeið, að ekki var hægt að hafa það samráð við kennara sem æskilegt hefði verið eins og ég hef þegar rakið. Við því er hins vegar ekkert að gera og auðvitað gefst kostur á að lagfæra þessa löggjöf á síðara stigi ef talin er þörf á því.

Ég hef hins vegar ekki trú á því að kennarar hafi neitt við það að athuga að í staðinn fyrir setningu komi ráðning eins og gert er ráð fyrir í þessum lögum.

Vegna þess að mikið hefur verið lagt upp úr því í umræðum um framhaldsskólafrv. að láta að því liggja að hæstv. menntmrh. hafi ekki unnið þetta mál vandlega heldur sé frv. einhver hrákasmíð vil ég láta það koma fram að endingu við 3. umr. málsins, vegna þess að mín framsöguræða við 2. umr. var heldur stutt, að á fund menntmn. kom formaður Skólameistarafélagsins, Ingvar Ásmundsson. Hann tjáði okkur að þetta mál hefði verið rætt í Skólameistarafélaginu, stjórn þess, og að þeir mæltu mjög eindregið með samþykkt frv. eftir þá lagfæringu sem gerð var í Ed. Ég sé að hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir virðist ekki vera mér alls kostar sammála, en ég fullyrði þetta og ítreka að hann sagði á fundinum að Skólameistarafélagið mælti eindregið með samþykkt frv. Hann tók hins vegar kannski ekki ósvipað til orða og ég gerði áðan hvað hann sjálfan snerti, að hann hefði getað hugsað sér eitt og annað með öðrum hætti í frv., en hér væri málamiðlunarleið farin og hann sætti sig við frv. eins og það lægi fyrir og teldi bót að því að það næði fram að ganga, sérstaklega eftir þá breytingu sem fékkst fram í Ed.

Þetta læt ég koma fram vegna þess að hæstv. ráðherra Svavar Gestsson er fjarstaddur og hefur ekki aðstöðu til að gera grein fyrir undirbúningi þessa máls, en auðvitað er það staðreynd að málið er svo seint fram komið sem raun ber vitni vegna þess að það var vandlega undirbúið í ráðuneyti hans.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Þetta var sérkennileg stuðningsræða við frv., flutt af formanni nefndarinnar og frsm. Ég lái ekki hv. þm. Ragnari Arnalds þó að hann hafi ekki flutt mál sitt af meiri hrifningu af frv. en raun bar vitni, enda er ég honum hjartanlega sammála um að á því er ýmiss konar vansmíð sem lagfæra þurfti og enn þarf að lagfæra. Vissulega hafði hv. þm. af því áhyggjur að ekki hefði reynst unnt, eins og sagt var, að hafa samráð við kennara um þeirra eigin hagi sem mjög er vikið að og fjallað um í frv. Ríkisvaldið hafði samráð við kennara um aðra þætti í högum þeirra þessa daga og því var ekki „tækifæri" til að tala um þetta við þá líka. Svo sagði hv. þm.: „En við því er ekkert að gera." Ég spyr: Hvaða nauður rekur til að keyra þessi ósköp í gegn með þessum hætti? Við því er einmitt hægt að gera. Ósköp einfaldlega að láta málið bíða þangað til hægt er að ræða við þá sem hlut eiga að því. Svo einfalt er það. Menn tala eins og þeir standi frammi fyrir örlögum sínum, að það verði að vera svo að menn samþykki þetta mál með allri þeirri vansmíð sem á því er.

Það er eins og hv. 2. þm. Reykv. sagði áðan, það var nánast fyrir tilviljun í öllu því annríki sem hér var í gær gafst mér tími til að bera frv. saman við gildandi lög, grein fyrir grein. Þá rek ég augun í að það er verið að svipta meginþorra þeirra sem munu verða ráðnir eftir þessum nýju lögum þeim rétti að komast í biðröðina til að fá orlof eftir fimm ára starf. Þetta er atriði sem margar þær ungu konur sem vinna kennslustörf hafa bundið vonir við og þessi réttur til orlofs skiptir þær mjög miklu máli. Sem betur fer

féllst formaður nefndarinnar undir eins á þetta atriði. Ekki veit ég hvort tími hefur unnist til að benda sjálfum hæstv. ráðherra á þetta austur á landi og ekki veit ég hvort tími hefur verið til að spyrja hæstv. ráðherra hvor prentunin sé réttari, sú sem stendur í frumvarpstextanum eða skýringin á frumvarpstextanum í greinargerðinni. Það er eðlilegt að spurt sé því að þetta frv. var prentað upp og endurprentað upp en samt voru þessir stóru gallar á því sem fundust í gær og eiga vafalaust eftir að finnast fleiri.

Í frumvarpsgreininni um ráðningu kennara stendur: „Skólameistari ræður að fengnum tillögum skólanefndar kennara, námsráðgjafa og skólasafnverði." Nú er það svo að í frv. er samsetningu skólanefnda mjög breytt. Það er ein meginbreytingin í frv. Þar er vald kennara aukið, en þetta vald er algerlega frá þeim tekið aftur í 7. gr. vegna þess að áður var ætlunin að skólanefndin hefði þessa ráðningu með höndum, ekki skólameistarinn heldur átti skólanefndin að hafa þetta vald. Það stendur í athugasemdinni við 7. gr. og er rækilega tekið fram að þær breytingar séu gerðar við greinina að skólanefnd ráði kennara, námsráðgjafa og skólasafnverði. Það er grundvallarmunur hvort skólanefndin hefur þetta vald eða skólameistarinn. Ef það er verið að láta í veðri vaka að vald kennaranna í stjórn skólans sé aukið með aukinni hlutdeild þeirra í skólanefnd er það sem frv. gerði ráð fyrir tekið út ef textinn í sjálfu frv. er hin rétta prentun.

Ég spyr nú: Er nú ekki vissara að spyrja hæstv. ráðherra sjálfan um hvor útgáfan eigi að gilda? Auðvitað veit ég að hið lagalega gildir, það sem stendur í frumvarpstextanum. En hvort er ætlun ráðherra? Getur ekki verið að þetta sé misprentun þegar litið er til þessarar rækilegu útskýringar í 7. gr.? Ekki þar fyrir að ég er andvíg þessum breytingum frá núgildandi lögum. En er ekki vissara að athuga þetta betur? Það má segja að þetta ætti fremur að vera áhyggjuefni hv. formanns nefndarinnar því að hann er fylgjandi því að frv. fái afgreiðslu. En mér virðist eins og þetta sé ekki ljóst. Ég veit ekki til að ráðherra hafi útskýrt þetta. Menn hafa verið að segja þetta hver við annan á göngum og lauslega á nefndarfundinum í gær og talið að það hlyti að vera. Auðvitað er það frumvarpstextinn sem er lagalega réttur ef samþykktur verður. En hvar prentvillurnar eru núna veit ég ekki eða hvar vansmíðarnar eru.

Ég hlýt að draga fram að ég skildi formann Skólameistarafélagsins svo að það hefði svo sem ekki verið að þeirra frumkvæði sem þetta lagabreytingafrv. lægi fyrir. Hins vegar stóðu þeir greinilega frammi fyrir því að það átti að gera breytingu, enda sagði formaðurinn að málamiðlanir hefði orðið að gera. Af því að mér var alls ekki ljóst hvort Skólameistarafélagið vildi að gerðar yrðu breytingar eða ekki spurði ég beint: Telur formaður Skólameistarafélagsins að það eigi að samþykkja frv. eða ekki? Áður hafði hann sagt að það hefði orðið að ganga að málamiðlunartillögum og svaraði spurningu minni svo að hann teldi að rétt væri að samþykkja frv. Þetta var hinn eindregni stuðningur. Mér þóttu athugasemdir annars fyrrum skólameistara, Jóns Böðvarssonar, sem einnig sat fundinn, hníga allar í þá átt að það væri gjörsamlega fráleitt að samþykkja frv., sérstaklega ákvæðin sem vörðuðu skólanefndina og stjórn skólans. Sá gestur nefndarinnar lagði á það höfuðáherslu þar sem hann vitnaði til reynslu sinnar við undirbúning núgildandi laga, þar hefði verið víðtækt samráð allra sem hlut áttu að máli og þetta hefði verið málamiðlun eftir mikla vinnu. En nú eru þau lög tekin, hrist til og frá. Hæstv. ráðherra vill gera einhverja breytingu og formaður nefndarinnar segir: Jú, hann telur að það þurfi að gera breytingu. Þetta eru að vísu ekki þær breytingar sem hann hefði viljað gera, en samt finnst honum rétt að samþykkja frv. Þetta eru bara einhverjar breytingar. Þetta er lýsing á stöðu málsins.

Ég tek það fram að ef kostur hefði verið á því tæknilega að aðlaga hugmyndir formanns nefndarinnar, hv. þm. Ragnars Arnalds, um skipan skólanefnda að þessu frv. tel ég að hans hugmyndir um það efni séu langtum skynsamlegri en þær sem í frv. eru. Ef formaður legði fram brtt. í þá átt þætti mér eðlilegt að fylgja þeim fremur en því sem er í frv. þó að ég hafi ekki verið sammála honum um öll atriði þess frv. sem hann flutti á fyrra þingi.

Úr því að umræða er hafin um þetta mál vil ég á nýjan leik ítreka að hlutur nemenda er því miður fyrir borð borinn á fleiri en einum stað í frv. Ég held að tími sé til kominn að nemendur fái miklu betri tryggingu fyrir því að þeim sé veitt sú þjónusta í skólunum sem skólarnir hafa tekið að sér að veita. Það er a.m.k. ljóst að um þessar mundir er mikil ólga meðal framhaldsskólanemenda sem hafa orðið fyrir miklu tjóni vegna kjaradeilnanna er staðið hafa yfir og vegna þeirra verkfalla sem þær hafa haft í för með sér. Þetta hefur gerst hvað eftir annað með vissa árganga. Það sem þetta frv. gerir í þágu nemenda er að það dregur úr því aðhaldi sem var í lögum til að nemendur gætu fengið bættan upp lélegan árangur af fyrra skólastigi. Nú er ekki skylt að veita þeim viðbótarkennslu eða undirbúningskennslu fyrir framhaldsskóla þar sem þess hefur verið talin þörf. Það er að vísu ekki bannað að gera þetta en það er ekki lengur skylt. Hvað erum við að gera nemendum með þessu? Við erum að draga úr sjálfstrausti þeirra sem af einhverjum ástæðum hafa helst úr lestinni eða lent aftarlega í lestinni, kannski af ástæðum sem alls ekki voru þeirra eigin sök. Því ber okkur að sjá til þess í öllu þessu flókna kerfi sem skólakerfið okkar er að slíkum nemendum sé veitt sú aðstoð sem tryggð var með frv. sem hér er verið að breyta og sem tryggð var með ákvæðum sem lagt er til í frv. að séu hreinlega afnumin. Ég skil ekki þá umhyggju fyrir ungu fólki sem birtist í þessu því að þetta er ekki umhyggja heldur kæruleysi.

Frsm. meiri hl. menntmn. (Ragnar Arnalds):

Herra forseti. Vegna ummæla seinasta ræðumanns, hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur, skal það

fúslega viðurkennt að frv. sem hér um ræðir var ekki gallalaust og í því voru missagnir sem verið er að leiðrétta. Það er líka rétt, sem hv. þm. nefndi áðan, að 7. gr. frv. og athugasemd við 7. gr. ber ekki saman þannig að það segir dálítið annað í 7. gr. en segir í athugasemdinni. Það er því eðlilegt að hún veki máls á því að þessi ágalli hafi verið á frv. og að hún spyrji hvort formaður nefndarinnar sé fullviss um hvað sé hið rétta.

Ég vil upplýsa að ég náði ekki tali af hæstv. ráðherra því hann var austur á landi eins og ég sagði áðan, en ég talaði við Stefán Ólaf Jónsson deildarstjóra í menntmrn. sem hefur haft umsjón með gerð frv. og hann staðfesti það, sem ég þóttist nú reyndar vita áður og hafði lýst yfir á nefndarfundinum, að frumvarpsgreinin er rétt, en það sem segir í athugasemdinni er rangt. Það er ágætt að þetta komi fram við 3. umr. þannig að enginn þurfi að velkjast í vafa um að það sem verið er að bera upp til afgreiðslu er sú tillaga sem flm. frv. og þeir sem hafa undirbúið það ætlast til að verði samþykkt. En þeir hafa gert þau mistök, hvaða sögu sem þau mistök eiga, að orða þetta alrangt í greinargerðinni. Það er alveg hárrétt. Það leiðréttist hér með.

Ég vil hins vegar segja að ég sagði ekki aðeins að á frv. hefðu verið vankantar. Ég sagði líka að á gildandi lögum væru vankantar. Ég sagði að það hefði verið vansmíð á lögunum sem voru samþykkt í fyrra og það er álit menntmrh. og menntmrn. að flytja þurfi frv. og fá það afgreitt á Alþingi til þess að bæta þar úr.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Það er örstutt. Það er einungis vegna þess að hv. þm. Ragnar Arnalds upplýsti að hann hefði fengið skýringu á þessu ákvæði, þ.e. að það sé ekki prentvilla sem stendur í 7. gr. frv. Þá er líka rétt að það liggi fyrir að um leið og kennurum er veitt aukið vald við stjórn skólanna með aukinni hlutdeild þeirra í skólanefndunum er tekinn af skólanefndunum réttur til að ráða kennarana eins og greinargerðin upplýsir okkur um að hafi einu sinni verið meiningin. Þessu er breytt á einhverju stigi málsins þannig að um leið og kennurunum er hleypt inn í skólanefndirnar skulu skólanefndirnar hafa minna vald. Þetta er niðurstaðan í frv. sem hæstv. ráðherra Svavar Gestsson vill fá með einhverju móti, illu eða góðu, í gegnum þingið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1315 (ný gr., verður 9. gr.) samþ. með 22:1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 16:7 atkv. og endursent Ed.

Málefni aldraðra, 3. umr.

Stjfrv., 393. mál (heildarlög). — Þskj. 1326.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 21:1 atkv. og endursent Ed.

Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.

Frv. SalÞ, 363. mál (húsnæðisbætur). — Þskj. 1159, n. 1324.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Ég mæli fyrir formann nefndarinnar, en nefndin varð sammála um að leggja til að þetta frv. yrði samþykkt. Frv. felur í sér að á eftir 2. mgr. 69. gr. laga um húsnæðisbætur komi ný málsgrein svohljóðandi:

„Rétt til húsnæðisbóta skv. 1. mgr. getur maður öðlast sem byggir nýtt húsnæði í stað húss sem úrskurðað hefur verið óhæft til íbúðar, verðlaust og til niðurrifs, enda sé það staðfest með tilskildum vottorðum opinberra aðila."

Við í fjh.- og viðskn. Nd. teljum að þetta sé sanngirnismál og leggjum því til að frv. verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv.

Stjórnarráð Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 418. mál (umhverfisráðuneyti, aðstoðarráðuneytisstjórar o.fl.). — Þskj. 778, n. 1286, 1288 og 1293, brtt. 1287.

Frsm. meiri hl. allshn. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti meiri hl. allshn. um frv. til l. um breytingu á lögum nr. 73 frá 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands.

Þetta frv. er þríþætt. Í 1. gr. er ákvæði um að stofnað verði umhverfisráðuneyti og það fært í lög, en að öðru leyti kveður það á um ráðningar ráðuneytisstjóra og annarra starfsmanna ráðuneyta.

Nefndin hefur rætt frv. ítarlega og kallaði til viðræðu Hallgrím Snorrason hagstofustjóra og Arna Kolbeinsson ráðuneytisstjóra. Fyrir nefndinni var annað frv. viðamikið, frv. til l. um umhverfismál, og nefndin leitaði umsagnar fjölmargra aðila um það mál sem snertir sérstaklega þau ákvæði sem eru í 1. gr. frv.

Það varð úr að meiri hl. allshn. taldi rétt á þessu stigi að afgreiða ekki frv. til l. um umhverfismál frá nefndinni vegna þess að tíminn var orðinn skammur en í þess stað að mæla með samþykkt þessa frv. með brtt. sem fluttar eru á þskj. 1287 og mun ég nú gera grein fyrir þeim. Þær eru m.a. þess efnis að í 1. efnismgr. 3. gr. falli niður orðin „eða deildarstjóra". Nefndin taldi það einfaldara að skrifstofustjóri væri staðgengill ráðuneytisstjóra og að eðlilegt væri að ráðuneytisstjóri hefði jafnan staðgengil þegar ekki næðist til hans en ekki aðeins í forföllum. Þessar breytingar miða að því. Sömuleiðis að í 4. mgr. falli niður „eða deildarstjóri" og að í stað orðanna „skrifstofustjóra og deildarstjóra" í síðustu málsgrein komi: og skrifstofustjóra. Nefndinni fannst þetta skýrara og koma í veg fyrir að þarna myndist flækjur í framkvæmd.

Í öðru lagi eru brtt. við síðari mgr. 5. gr. Fyrri málsgreinin gerir ráð fyrir að forseti Íslands veiti embætti ráðuneytisstjóra og aðstoðarráðuneytisstjóra til sex ára í senn sem er höfuðbreyting eins og er sagt í lögum. Síðari málsgreinin gerði ráð fyrir að ráðherra skipaði aðra starfsmenn ráðuneytis til sama tíma. Þetta var talið óeðlilegt og var talið eðlilegra að áfram gilti algengasta ráðningarform starfsmanna stjórnarráðsins, ráðning með þriggja mánaða uppsagnarfresti. Þess vegna gerir brtt. ráð fyrir því að niður falli orðin „til sama tíma" og hljóði einfaldlega þannig: Ráðherra skipar aðra starfsmenn ráðuneytis.

6. gr. kveður á um gildistökuna, að þau lög sem varða ráðningu starfsmanna ráðuneytis og ráðningu ráðuneytisstjóra og aðstoðarráðuneytisstjóra öðlist þegar gildi, en ákvæðið um stofnun umhverfisráðuneytis öðlist gildi 1. jan. 1990.

Ég hef gert grein fyrir þessum brtt. Meiri hl. allshn. leggur til að frv. verði samþykkt með þessum breytingum, en undir nál. meiri hl. skrifa Jón Kristjánsson, Sighvatur Björgvinsson, Geir Gunnarsson og Guðni Ágústsson.

Frsm. 1. minni hl. allshn. (Kristín Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá 1. minni hl. allshn. sem er á þskj. 1288 og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Frv. þetta var lagt fram samhliða 417. máli í Nd., frv. til laga um umhverfismál, en tengist því þó aðeins með ákvæði 1. gr. Fyrsti minni hl. er eindregið þeirrar skoðunar að stofna skuli sérstakt ráðuneyti umhverfismála og telur ekkert því til fyrirstöðu að fresta þinglokum á þessu vori svo lengi sem þurfa þykir til að afgreiða það mál. Til þess virðist ekki nægilegur vilji meðal þingmanna þrátt fyrir mörg og fögur orð um nauðsyn þess að koma góðri skipan á umhverfismálin. Miklu betra en ekki er þá að lögfesta það frumvarp um Stjórnarráð Íslands sem hér um ræðir og er þá lögfest að sérstakt ráðuneyti fari með umhverfismál. Sex ára ákvæðið í fyrri málslið 5. gr. er til bóta en önnur atriði þessa frv. skipta minna máli.

Fyrsti minni hl. mælir með samþykkt frv."

Virðulegi forseti. Ég hef engu við þetta álit að bæta öðru en því að láta í ljós þá ósk að vel og ötullega verði unnið að framtíðarskipan umhverfismála nú á milli þinga svo að um þau mál megi takast sem best samkomulag allra þingflokka og sátt við fólkið í landinu.

Það var mjög leitt að ekki skyldi takast að ljúka umfjöllun um 417. málið. Vinnan við það er hafin. Allmargar umsagnir hafa borist og eru að sjálfsögðu misjafnar eins og við var að búast, en þessari vinnu verður að halda áfram.

Ég er því miður ekki fjarskalega trúuð á að sú ósk sem ég lét hér í ljós rætist með tilliti til reynslunnar. Þá er nú þessi trú mín ekkert sérstaklega sterk og sannfærandi. En óskin er hér engu að síður borin fram og Kvennalistinn mun ekki liggja á sínu liði frekar en hingað til.

Frsm. 2. minni hl. allshn. (Valdimar Indriðason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti 2. minni hl. allshn., en ásamt mér er það virðulegur þingmaður Kristinn Pétursson sem skipar þann minni hluta.

Í gærmorgun kl. 9 var boðaður fundur í allshn. þessarar hv. deildar og þar var allt í einu komið upp á borðið að það var lögð áhersla á það, að mér skildist af hæstv. ríkisstjórn, að þetta mál kæmi inn í þingsali á seinasta degi þingsins eins og nú er orðið. Ég skal engum getum að því leiða hvernig á því stóð að þetta var tekið á síðustu dögum. Ég er ekki nógu kunnugur málinu áður af því að ég er hér sem varamaður, en mér þótti nokkuð einkennilega að staðið að leggja svo þunga áherslu á að ætla að viðra þetta þingmál, sem er mjög mikilsvert þingmál, áður en þingi lyki. Ég ætla ekki að vera með neinar getsakir eða spádóma í þeim efnum, hver ástæðan er.

En frv. sem hér er um að ræða, frv. til l. um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, er aðeins fylgifrv. með aðalfrv. sem er frv. til laga um umhverfismál. Með því að samþykkja frv. um Stjórnarráð Íslands er það 1. gr. sem ræður úrslitum, að bætt er inn í þá 1. gr., að eftir að búið er að telja upp ráðuneytin hér á landi er bætt inn einu ráðuneyti sem heitir umhverfisráðuneyti.

Ég þarf ekki að orðlengja að við sjálfstæðismenn erum mjög fylgjandi því, eins og ég held að við flest séum og öll, að gæta alls hins besta í sambandi við umhverfi okkar viðkvæma lands, en við erum ekki sammála því að stofna sérstakt ráðuneyti til að fjalla um þessi mál. Það hefur komið fram og ég bendi á frv. sem lagt var fram af allnokkrum sjálfstæðismönnum fyrr í vetur. Það er þingmál nr. 431 og fjallar ítarlega um tillögur sem þeir gera í þessum málaflokki. Ég vil að hann sé kannaður, en ég er ekki

tilbúinn að gangast undir að við, núna á síðasta degi þingsins, göngum í að samþykkja 1. gr. frv. til l. um Stjórnarráð Íslands um að stofna nýtt umhverfisráðuneyti. Það er meira en að segja það að stofna nýtt umhverfisráðuneyti. Ég held að við höfum nóg að gera í okkar stjórnsýslu. Þetta mál þarf ekki að fara neitt halloka þó að það sé skoðað og það sett í ráðuneyti sem geta um það fjallað sérstaklega en ekki sértakt ráðuneyti. Því erum við mótfallin.

Því var lofað að hafa ekki mörg orð um þessi mál og ég skal verða við þeirri ósk, en álit okkar í 2. minni hl. er, það er á þskj. 1293, með leyfi forseta:

„Annar minni hl. er andvígur því að ráðuneytum verði fjölgað eins og lagt er til í þessu frv.

Nokkrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa á þessu þingi flutt frv. um samræmda stjórn umhverfismála (230. mál) þar sem lögð er til skynsamleg stjórnskipan umhverfismála án þess að fjölga ráðuneytum. Við undirritaðir teljum að þær tillögur feli í sér mun hagkvæmari og skilvirkari skipan stjórnkerfis umhverfismála en lagt er til í þessu stjfrv.

Annar minni hl. leggur til að frv. verði fellt."

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Mér urðu það mikil vonbrigði að ekki hefur tekist að afgreiða á þessu þingi frv. um umhverfismál, bæði frv. á þskj. 417 og það sem hér er nú til umræðu. Ég tel afar mikilvægt að við skipum þeim málum á markvissan og ákveðinn hátt.

Þegar mér varð ljóst að erfiðlega mundi ganga að ná samstöðu um umhverfismálafrv. féllst ég á fyrir mitt leyti að áhersla yrði lögð á að afgreiða frv. um Stjórnarráð Íslands, enda felur það í sér að þar með er ákveðið að stofna umhverfisráðuneyti. Hitt hefði þá beðið til haustsins að skipa málum innan þess ráðuneytis og flytja á milli ráðuneyta sem að sjálfsögðu er töluvert viðkvæmara mál í mörgum tilfellum og þarf sannarlega ítarlega skoðun. Það er ekki svo að sú skoðun hafi ekki átt sér stað því hún hefur satt að segja verið í gangi í meira en áratug eða á annan áratug. Engu að síður tel ég þetta vera viðunandi lausn. Því miður hefur þetta ekki heldur tekist. Mér er hins vegar ljóst, og hygg ég öllum, að á hinu háa Alþingi er mikill meiri hluti fyrir stofnun sérstaks umhverfisráðuneytis. Ég mun því strax að þingi loknu skipa nefnd til að undirbúa þetta mál sem vandlegast fyrir haustþingið og þá vona ég að ég valdi ekki hv. Kvennalistanum, ef ég má orða það svo, vonbrigðum. Það skal standast að hér verði lagt fyrir strax í upphafi haustþings frv. um umhverfismál. Ríkisstjórnin mun jafnframt gera ráð fyrir því í frv. til fjárlaga að fjármagn verði veitt til slíks ráðuneytis á árinu 1990.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Það er óþarfi að hafa mörg orð um þetta. Ég hef lýst minni skoðun á því frv. um umhverfismál sem var hér til umræðu, en sem einu gildir er það látið bíða haustsins. Ég tek undir með hv. þm. Kristínu Halldórsdóttir að aðalmálið er að hægt sé að ná sáttum við fólkið í landinu um það frv. sem verður lagt fram í haust eins og hæstv. forsrh. er búinn að tilkynna. Ég vil hér og nú fara fram á að þau samtök sem ég er fulltrúi fyrir geti tilnefnt mann í þá nefnd til þess að þau sjónarmið sem liggja að baki því sem ég sagði um þessi mál á þingi í vetur en er ástæðulaust að endurtaka, og hef ég ekki tíma til að fara út í það frekar, komi fram. Ég ítreka að það er samkvæmt heiti sem gefið var í því efni þó að ég verði að segja að það heit hafi ekki staðið nema að litlu leyti.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Ég er fylgjandi aukinni umhverfisvernd og betra skipulagi á umhverfismálum en nú er. Það má gera með ýmsu móti og er sjálfsagt að vinna ötullega að þeim málum. En þegar allt kemur saman og þessi mál eru rædd í hinum ýmsu málaflokkum mun fljótlega koma í ljós að þar verða miklir árekstrar og því er miklu meiri nauðsyn á því að koma á samræmdum aðgerðum og samræmdri stjórn í umhverfismálum en að stofna til nýs ráðuneytis. Það þing sem nú er að ljúka, þetta skrítna þing að mínum dómi, og tala ég af langri reynslu, hefur verið aðgerðalítið mánuðum saman og aðgerðalaust jafnvel, en þegar komið er að lokadögum sprikla menn hver um annan þveran og þurfa öllu að koma fram án þess að það þurfi að taka neitt til ítarlegrar umfjöllunar.

Ef við lítum til baka yfir þau mál sem hafa verið afgreidd á þessu þingi, sem er vonandi að ljúka í dag eða þá næstu daga ef eitthvað kemur upp á, væri fróðlegt að fram færi úttekt á því hve mikil ný útgjöld hafa verið samþykkt á þessu þingi. Þau eru ekki í tugum milljóna heldur í hundruðum milljóna. Í raun og veru spyr enginn innan þessara veggja hvað hitt eða þetta kosti. Það er bara: Þetta þarf ég að fá og þetta verð ég að gera því að ég get orðið vinsæll af því ef ég fæ þetta fram. Það er höfuðatriðið. En vitaskuld eigum við, ég tek undir það með hv. 6. þm. Norðurl. e., að búa í sátt við fólkið í landinu. Til þess erum við kosnir. Ég hef ekki orðið var við áhuga hjá fólkinu í landinu á að stofna ný ráðuneyti og auka útgjöldin. En ég er alveg viss um að það er hárrétt hjá hv. þm. að fólkið í landinu vill fá betri stjórn á umhverfismálin. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi ekki að samþykkja frv. Og ég er þeirrar skoðunar að heldur eigi að endurskoða lögin um Stjórnarráð Íslands með það í huga að fækka ráðuneytunum en ekki fjölga þeim. Það sem ég segi er á mína ábyrgð og er mín skoðun. Ég tel auðvelt að fækka um þrjú ráðuneyti. Við höfum ekkert að gera með sérstakt landbrn. Við eigum að sameina landbrn. og sjútvrn. í eitt ráðuneyti. Þetta er gert hjá miklu stærri þjóðum og mannfleiri en okkar. Við getum sameinað iðnrn. og viðskrn. Auðvelt verk. Við getum lagt niður félmrn., sett sósíalverkefnin undir heilbr.- og trmrn. og sveitarstjórnarmálin undir fjmrn. ef við viljum, ef við meinum eitthvað með því að það eigi að veita aukið aðhald og spara í þessu landi. En það er aldrei talað um það. Hér er fullt af fólki sem sér þessi góðu mál, þessi mjúku mál sem er alltaf verið að segja hvað séu

nauðsynleg og vinsæl, en það er ekki lengur hægt að ná þessum skattpeningi út úr fólki. (**Utanrrh.:** Er nokkur þörf á sérstöku varnarmálaráðuneyti?) Nei, alls ekki þörf á því, hæstv. utanrrh. Það mætti alveg eins flytja tillögu um að stofna eitthvert hrossaræktarráðuneyti eins og varnarmálaráðuneyti. Ekki er nokkur þörf á því. Og meira að segja er ekki þörf á öllu því hermangi sem er hérna líka og ekki heldur þörf á því að ákveðnir aðilar sem hafa einhvern hernámsgróða séu að leggja peninga í útgerð á einum stað á landinu en ekki öðrum og væri fullkomið tilefni til að fara út í þá sálma.

Þetta kannski kemur eins og köld vatnsgusa yfir þingmenn sem eru svo uppteknir af sjálfum sér, að koma fram eyðslumálunum og bæta alltaf nýjum böggum á þjóðina og auka erlendar skuldir og halda áfram á sömu braut. Það er alveg sama hvaða snillingar fara í ráðherrstóla eða fara úr þeim og nýir koma. Þeir halda allir áfram á þessari sömu braut. Nú sjá þeir ekkert nema umhverfisráðuneyti, nýtt bákn þar, til að koma á deilum og illindum á milli ráðuneyta og stofnana. Það verður árangurinn af því. Höfuðatriðið er að koma á auknu samstarfi og auknum skilningi á betri umhverfismálum en nú. Þau fást ekki á þann hátt sem Kvennalistinn leggur alltaf til. Það eru bara mjúku málin sem koma, en þegar á að fara að tala um tekjur og fjáröflun vilja þær helst ekki koma nálægt þessu.

Hér hafa verið rædd æðimörg mál undanfarna daga. Síðast í gærkvöld, ég hafði ekki þrek í að sitja lengur á þingfundi en til kl. að ganga níu í gærkvöld, fékk maður í gegnum útvarpið ákaflega yndislega kveðju frá hæstv. forsrh. varðandi byggðamál, um að þeir hefðu ekki staðið sig nógu vel sem þar stjórna. Þetta kom auðvitað strax í Ríkisútvarpinu. Þegar þessi byggðaskýrsla var til umræðu flutti ég hér allítarlega ræðu en reyndi þó að stytta mál mitt vegna tímaskorts og ræddi fullkomlega málefnalega stöðu höfuðatvinnuvegs þjóðarinnar. Ekki kom minnsta frétt um það, enda var ekkert í það varið. Það var verið að bregða upp mynd af mikilli vinnu manna og sérfræðinga, hvernig ástand og horfur voru sem þjóðina varðar miklu og flestar byggðir landsins. Engin frétt. Það er ekki fréttnæmt. En ef einhver heggur í annan og ef einhver segir eitthvað sem getur móðgað annan kemur fréttin alveg á svipstundu. Þannig er fréttaflutningurinn. Þannig er starfsemin og auglýsingin sem þingið fær. Yfirleitt komast ekki þau mál til umfjöllunar í fjölmiðlum sem þjóðin þarf að vita um. En ef það er skætingur og skammir, illindi eða einhverjum verður á eitthvert mismæli, ég held að það hafi komið einu sinni eða tvisvar fyrir hjá aðalforseta þessarar deildar að mismæla sig sem getur hent okkur öll, er birt stórfrétt um það. Við hlógum mikið hérna um árið að Dönum er það kom einu sinni fram í þingræðu að æðarkolla hefði komið fram á miðilsfundi. Það var eina fréttin sem kom frá Alþingi Íslendinga í Danmörku þann veturinn. Það kom í Politiken. Þeir eru sennilega búnir að læra, íslensku fjölmiðlarnir, af frændum sínum Dönum. Það er gott að þeir geta eitthvað lært af þeim.

Ég ætla að segja nokkur orð við hæstv. forsrh. því það fylgir töluvert því máli sem hér er til umræðu. Ég skal reyna að vera afskaplega stuttorður. Ég er undrandi á þessum ummælum hæstv. forsrh. um Byggðastofnun. Ég er undrandi af því að núv. hæstv. ríkisstjórn hefur skorið fjármagn til Byggðastofnunar gersamlega niður við trog. Það er í raun og veru ekkert framlag. Hún byggir á rándýrum lánum, aðallega á erlendum lánum og í vaxandi mæli þarf að sinna sífellt fleiri atvinnufyrirtækjum og byggðarlögum sem eiga ekki tryggingar fyrir þessum erlendu lánum. Hvað fá þá þeir sem þarna sitja ef þeir taka dýr erlend lán, lána hinum og þessum sem engar tryggingar setja og stofnunin tapar því og hún verður gjaldþrota? Hver verða eftirmælin? Það voru fífl sem stjórnuðu þessari stofnun. Það tekur enginn upp hanskann fyrir þá sem þar voru. Það er þetta sem ég á við, að ríkisstjórnir á hverjum tíma, ekki eingöngu þessi ríkisstjórn heldur allar ríkisstjórnir, eiga að venja sig á að hafa hóf á beiðnum, bæði til þessarar stofnunar og annars staðar, til að létta af sér pressunni og varpa yfir á aðra og koma síðan og gagnrýna þá menn, að þeir hafi ekki gert þetta eða hitt. Það er alveg eins og í umhverfismálunum, hæstv. forsrh. Það þarf meiri skilning á milli manna, á milli hins æðsta stjórnvalds og þeirra stofnana annarra sem eru að starfa í þjóðfélaginu á hinum ýmsu sviðum.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er ljóst þegar við ræðum frv. sem hér er á dagskrá að það verður ekki afgreitt á þessu þingi né heldur það frv. um umhverfismál sem liggur í allshn. þingsins. Þetta er mjög dapurleg niðurstaða miðað við hversu brýnt það er að koma sæmilegri skipan á stjórnsýslu í þessum málum. Þó það leysi ekki allan vandann er það samt það sem snýr að Alþingi Íslendinga, að marka þann farveg og tryggja að framkvæmdarvaldið haldi á málum með þeim hætti og sé þannig skipað hvað þetta snertir að það sé líklegt til árangurs. Sjálfstfl. hefur tekist einn ganginn enn, eitt þingið í viðbót, eitt árið í viðbót kannski, að seinka þeim breytingum í sambandi við skipan umhverfismála sem eru löngu orðnar knýjandi nauðsyn í okkar stjórnkerfi. Því miður tókst ekki um það samkomulag á Alþingi á síðustu dögum að lengja starfstíma þingsins um nokkra daga, kannski viku eða tíu daga, til að taka á þessum málum og tryggja framgang löggjafar sem yfirgnæfandi meiri hluti er fyrir á Alþingi Íslendinga að ég vona.

Ég skil ekki hvað mönnum liggur á að slíta þingi þegar slík nauðsynjamál liggja enn fyrir þinginu sem vel væri hægt að afgreiða og lögfesta á ekki löngum tíma og ræða jafnframt ýmis mál sem hafa fengið of litla umræðu á þinginu, þar á meðal byggðamálin sem minnst var á í ræðu hv. síðasta ræðumanns. En þannig var skammtað í þeim efnum að þau voru á dagskrá með mörgum öðrum málum í Sþ. sl. nótt og ég, sem hefði kosið að segja margt um þau efni, féll þar frá orðinu til að standa við það samkomulag sem gert hafði verið um að ljúka þingi á þessum degi. Það er ekki vegna þess að mér sé ekki allmikið niðri fyrir í

sambandi við þann málaflokk ekki síður en í sambandi við umhverfismál.

Hæstv. forsrh. hefur gefið yfirlýsingar fyrir hönd ríkisstjórnar og stuðningsflokka hennar, að ég vænti, um að frv. til laga um umhverfismál og breytingar á lögum um Stjórnarráð Íslands komi fram á fyrstu dögum eða fyrsta degi komandi þings. Ég ætla sannarlega að vona að við það verði staðið og er út af fyrir sig ekki að draga í efa að sá hugur búi að baki hjá hæstv. forsrh. sem hefur fyrir sitt leyti ýtt á eftir þessu máli. Ég tel það mikilvægt í þessu samhengi að fjárlagagerðin, sem nú er hafin fyrir komandi ár, taki einnig mið af þeim vilja og samþykktum ríkisstjórnar sem snúa að stofnun sérstaks ráðuneytis umhverfismála. Það mun þá birtast okkur við framlagningu þess máls sem væntanlega verður fyrsta mál komandi þings.

Núv. hæstv. ríkisstjórn gengur undir próf á komandi mánuðum á mörgum sviðum. Eitt þeirra varðar umhverfismálin og ég ætla að vona að stjórnin standist það próf. Þau eru hins vegar fleiri sem hafa verið nefnd í þessari umræðu og tengjast umhverfismálum í landinu kannski með öðrum hætti en felst í því orði einu saman eins og er algengt að nota það. Spurningin er um að varðveita byggðina í landinu, að fólk búi þar sem byggilegt er á Íslandi í sátt við umhverfi sitt.

Ég óska ríkisstjórninni alls hins besta á sumarmánuðunum og umfram allt að það verði unnið ötullega að þeim málum sem hafa náð of skammt fram á þessu þingi sem nú er að ljúka. Umhverfismálin eru þar eitt af forgangsmálunum og við skulum vona að árið líði ekki áður en þau mál verða komin í skikkanlegt horf.

Matthías Á. Mathiesen:

Herra forseti. Ég skal ekki verða langorður, en ég get ekki orða bundist þegar hér er verið að ræða frv. til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, þegar hæstv. forsrh. kemur og gerir grein fyrir því að þrátt fyrir að frv. um umhverfismál verði ekki samþykkt á Alþingi, þrátt fyrir að í frv. um breytingu á Stjórnarráði Íslands segi að við 1. mgr. 4. gr. bætist orðið „umhverfisráðuneyti", skuli samt sem áður við fjárlagagerð fyrir árið 1990 vera gert ráð fyrir fjármunum til umhverfisráðuneytis.

Ég vil gjarnan vekja athygli á því að þetta er ekki stjórn eftir þeim stjórnlögum sem gilda í þessu landi. Það eru lög sem segja til um hvernig fjárlagafrv. skuli samið, en við fáum á lokadegi þings að hlusta á ráðherra koma í ræðustólinn og segja: Þrátt fyrir þetta og þrátt fyrir hitt mun fjárlagagerð fyrir næsta ár gera ráð fyrir þessu og hinu sem hér hefur ekki verið nema til 1. umr. og þaðan af síður að menn fengju að segja álit sitt á hlutunum. Ég hugsa að þessi vinnubrögð séu algert einsdæmi.

Hv. 2. þm. Austurl. lýsti þeirri von sinni, að sjálfsögðu í framhaldi af ræðu hæstv. forsrh., að hann vonaðist til þess að hann sæi það þegar Alþingi kæmi saman í haust að fjárlagafrv. tæki mið af þessum hlutum. Eigum við að standa í ræðustólnum á síðasta degi þings og lýsa yfir því hverju við óskum að fjárlagafrv. taki mið af þegar það birtist á Alþingi á hausti komanda? Það segir alveg skýrt um hvernig eitt fjárlagafrv. skuli samið og tillit til hvers þar skal tekið. Það er hvergi talað um að í fjárlagafrv. sé gert ráð fyrir útgjöldum til hugsanlegra ósamþykktra útgjalda. Þaðan af síður að það taki tillit til breytinga á Stjórnarráði Íslands. Það er hvorki meira né minna en verið að gera ráð fyrir breytingum á Stjórnarráði Íslands.

Þetta vildi ég láta koma fram, auk þess sem ég vildi svara hv. 2. þm. Austurl. þegar hann sagði að sjálfstæðismönnum hefði tekist að stöðva þetta. Við áttum orðræður á þingi fyrr í vetur þegar 1. umr. um frv. til laga um stjórn umhverfismála fór hér fram, og við ræddum einmitt þá hvað hefði gerst þegar þessi hv. þm. sat í ríkisstjórn, þá voru samin frumvörp, ekki eitt heldur tvö, og ekkert gekk, og þegar flokksbræður hans sátu áður í ríkisstjórn og ekkert gekk.

Einu frumvörpin sem hafa sést, eina tilraunin sem gerð hefur verið til að reyna að ná fram samræmdri stjórn á umhverfismálum er frá sjálfstæðismönnum komin. Við skulum svo gera okkur grein fyrir því að hér flytur ríkisstjórnin frv. um umhverfisráðuneyti.

Það sem hv. 1. þm. Vestf. benti á er ekki spurning um hvort stofnað er umhverfisráðuneyti heldur hvort hægt er að ná samkomulagi um stjórn þessara mála og það er vissulega ástæða til þess að það sé reynt. Yfirgnæfandi umsagnir um umhverfisráðuneytisfrv. voru neikvæðar. Frv. var náttúrlega svo úr garði gert að það var nánast einsdæmi í sögunni þegar á það var bent að ætlað var að þetta ákveðna umhverfisráðuneyti sæi um framkvæmd fjölmargra laga sem löngu voru orðin ógild. Jafnvel frv. um samræmda stjórn sem sent var til umsagnar fyrir nefnd sem fékk málið til meðferðar byggðist þó nokkuð á gagnrýni og hefði vissulega verið meiri ástæða til að skoða það og átta sig á því með hvaða hætti hægt hefði verið að samræma hlutina. Ef menn ætla eftir það sem hér gerist í dag, þ.e. framlagningu nál. varðandi frv. til laga um breytingu á Stjórnarráði Íslands, að meta einhvern vilja þessarar hv. deildar, þá segi ég: Það er ekki mögulegt að gera. Þessi mál verður að skoða og ekki er hægt að ætla sér að koma inn um bakdyrnar þegar menn ná ekki samkomulagi, þegar menn geta ekki komið fram þeim lagabálki sem þyrfti að samþykkja áður en búið er að breyta lögunum um Stjórnarráð Íslands.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Það er örstutt. Ég skal að sjálfsögðu standa við það samkomulag sem var gert um að ræða ekki umhverfismálin hér efnislega. Ég verð hins vegar að leiðrétta það sem kom fram hjá hv. 1. þm. Reykn. Að sjálfsögðu er ekki ætlunin að setja í fjárlögin umhverfisráðuneyti. En það eru fjölmargar leiðir, eins og hæstv. fyrrv. fjmrh. þekkir, til að gera ráð fyrir því verkefni. Forsrn. hefur haft með þetta verkefni að gera, undirbúning stofnunar umhverfisráðuneytis, og undir forsrn. er að sjálfsögðu heimilt að veita fjármagn til þessa verkefnis. Margar fleiri

leiðir mætti nefna, en það er sú leið sem ég hef haft í huga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

NEÐRI DEILD

113. fundur, laugardaginn 20. maí, að loknum 112. fundi.

Tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.

Frv. SalÞ, 363. mál (húsnæðisbætur). — Þskj. 1159.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1331).

Skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, ein umr.

Frv. GGÞ og IBA, 35. mál (vörukaupalán). — Þskj. 1323.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Fjh.- og viðskn. deildarinnar leggur til að málið verði samþykkt eins og það liggur fyrir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1332).

Hlutafélög, ein umr.

Stjfrv., 115. mál (heildarendurskoðun). — Þskj. 1327.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Hv. Ed. gerði tillögu um að breyta gildistökuákvæði hlutafélagalaganna þannig að þau öðlist ekki gildi fyrr en 1. mars 1990. Á þetta getur fjh.- og viðskn. Nd. fallist og leggjum við til að lögin verði samþykkt svo breytt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1333).

Starfslok neðri deildar.

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Nú þegar komið er að lokum þessa síðasta fundar deildarinnar á þessu þingi vil ég færa þingmönnum deildarinnar alúðarþakkir fyrir ágætt og ánægjulegt samstarf á þessu þingi. Það hefur verið mér alveg sérstök ánægja að mér hefur fundist þetta samstarf hafa tekist mjög vel. Þið þingmenn deildarinnar hafið sýnt mér tillitssemi í starfi mínu sem forseti og oftar en ekki greitt fyrir því að störfin gætu gengið greiðlega fyrir sig, svo greiðlega að ég hlýt að láta í ljós sérstakt þakklæti í því sambandi, einkum eins og á stendur um valdahlutföll í deildinni.

Ég vil líka leyfa mér að þakka sérstaklega þeim ýmsu oddvitum flokkanna sem hafa verið mjög til halds og trausts og samráðs um skipulag á starfi deildarinnar. Það hefur verið mér ómetanlegt hversu greiðlega hefur gengið að starfa með þeim og sjá til þess að mál fengju hér eðlilega umfjöllun og allt gæti gengið snurðulaust fyrir sig.

Ég vil líka sérstaklega þakka varaforsetum mínum tveimur fyrir það hversu liprir þeir hafa reynst við að aðstoða mig við stjórn deildarinnar og verið fúsir til starfa. Fyrir það er ég mjög þakklátur. Ég þakka líka riturum mínum fyrir samviskusamlegt starf og aðstoð við stjórn fundanna svo og þeim ýmsu sem kvaddir hafa verið til til að hlaupa í skarðið fyrir ritarana þegar þannig hefur staðið á.

Ég hlýt að þakka sérstaklega skrifstofustjóra og öllu starfsliði Alþingis fyrir gott starf á liðnu þingi og einkanlega þeim ýmsu starfsmönnum þingsins sem hafa verið mér sem forseta innan handar og veitt mér aðstoð við að stjórna starfi deildarinnar. Ég flyt þeim alúðarþakkir fyrir það.

Ég ítreka svo þakkir mínar til ykkar allra samþingsmanna minna hér í deildinni fyrir mjög ánægjulegt samstarf og mikla lipurð við mig sem forseta. Bestu þakkir.

Ólafur G. Einarsson:

Herra forseti. Í nafni okkar þingdeildarmanna þakka ég hæstv. forseta góða og réttláta fundarstjórn á því þingi sem nú er komið að lokum. Ég þykist ekki taka of djúpt í árinni þegar ég segi að hæstv. forseta hefur með lagni sinni og lipurð tekist að laða fremur óstýrilátan þingheim til samstarfs. Því hefur starf þingdeildarinnar gengið vel þrátt fyrir mikinn ágreining oft og tíðum milli stjórnar og stjórnarandstöðu.

Ég hef átt samskipti við hæstv. forseta bæði sem stjórnarliði og stjórnarandstæðingur og ég get því vel borið um réttsýni hans.

Hæstv. forseti hverfur nú af þingi til annarra mikilvægra starfa á erlendum vettvangi. Honum og fjölskyldu hans fylgja góðar óskir frá þingdeildarmönnum.

Ég vona að mér verði virt það til betri vegar þegar ég nota þetta tækifæri til þess að þakka hæstv. forseta fyrir langt og ánægjulegt samstarf í kjördæmi okkar, Reykjaneskjördæmi. Ég ítreka árnaðaróskir til hæstv. forseta og fjölskyldu hans og vona að honum farnist vel í hinu nýja og mikilvæga starfi.

Ég bið hv. þingdeildarmenn að taka undir þessar óskir mínar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (Kjartan Jóhannsson):

Ég þakka hv. 2. þm. Reykn. fyrir hlý og fögur orð í minn garð og árnaðaróskir til mín og fjölskyldu minnar. Ég óska öllum hv. þm. deildarinnar og fjölskyldum þeirra heilla og velfarnaðar og ég þakka ykkur öllum fyrir samstarfið bæði fyrr og síðar.

Þessum fundi er slitið.

SAMEINAÐ ÞING

79. fundur, laugardaginn 20. maí, að loknum fundum í deildum.

Vegáætlun 1989–1992, frh. síðari umr.

Stjtill., 392. mál. — Þskj. 735, n. 1236 og 1252, brtt. 1237.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1237 samþ. með 41 shlj. atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1334).

Könnun á jarðvarma, jarðsjó og ferskvatni á Vesturlandi, síðari umr.

Þáltill. FÞ, 63. mál. — Þskj. 65, n. 1260.

Frsm. atvmn. (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá atvmn. um till. til þál. um könnun á jarðvarma, jarðsjó og ferskvatni á Vesturlandi.

„Nefndin hefur rætt tillöguna og kallað til viðtals Guðmund Pálmason, forstöðumann jarðhitadeildar Orkustofnunar. Fram kom að unnið er að þessu verkefni á vegum stofnunarinnar. Í ljósi þess leggur nefndin til að tillagan verði samþykkt svo breytt:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hraða samræmdri könnun á jarðvarma, jarðsjó og fersku vatni á Vesturlandi í samvinnu við sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila svo að sem fyrst liggi fyrir upplýsingar um forða af heitu og köldu vatni og jarðsjó er hagnýta megi, m.a. í þágu fiskeldis, til eflingar byggðar og búsetu á Vesturlandi.

Árni Gunnarsson og Ólafur Þ. Þórðarson voru fjarverandi við lokaafgreiðslu málsins."

Undir nál. skrifa Jón Kristjánsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Matthías Á. Mathiesen, Geir Gunnarsson og Geir H. Haarde.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. í nál. 1260 (ný tillgr.) samþ. með 44 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1335).

Tekjustofnar sveitarfélaga, ein umr.

Stjfrv., 204. mál (heildarlög). — Þskj. 1304 (sbr. 838).

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1336).

Vaxtalög, ein umr.

Stjfrv., 239. mál (fjárfestingarlánasjóðir, dráttarvextir, okur o.fl.). — Þskj. 1024 (sbr. 894), brtt. 1230.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. Nd. (Kristín Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þarf ekki að hafa mjög mörg orð um þetta mál, enda þingmenn orðnir nokkuð heimfúsir, en vinur vor Ragnar Reykás hefði líklega sagt að þetta hefði verið hið versta mál eða það hefði verið hið besta mál eftir því í hvorri deildinni hann hefði verið staddur. A.m.k. er þetta orðið afar sérkennilegt mál og hálfgerð þrætubók. Það hefur nú flakkað á milli deilda um hríð og hvorug deildin viljað láta af sínu.

Nd. hefur tvisvar sinnum fellt orðið „á óréttmætan hátt" út úr 7. gr. frv., þ.e. 1. mgr. 17. gr. vaxtalaganna sem fjallar um okur, en Ed. hefur jafnoft bætt

þeim inn í aftur. Það er út af fyrir sig sigur í málinu að hv. fjh.- og viðskn. Ed. hefur nú fært rök fyrir þeirri skoðun sinni að þessi orð skuli vera inni. Slík rök hefur að margra mati skort þótt eftir þeim hafi verið gengið og m.a. kallað ákaft eftir útskýringum hæstv. ráðherra við umfjöllun málsins í annað sinn í Nd. Þeirra skýringar voru nú að mínu mati fremur rýrar og nánast „af því bara".

Nú liggja þessi rök fyrir á þskj. 1013 með tilvísun til athugasemda frá fyrri tíð og rökfærslan er byggð á því að nauðsynlegt sé að hafa ákveðinn sveigjanleika eða fyrirvara fyrir dómstóla um mat á refsiverðleika háttseminnar og þrengingu á efnissviði ákvæðisins.

Það er mjög gott að hafa fengið þessa röksemdafærslu fram, en það breytir ekki skoðun þeirrar sem hér stendur. Ég hef ásamt hv. 6. þm. Norðurl. e. enn lagt fram brtt. á þskj. 1230 um að orðin „á óréttmætan hátt" falli brott.

Ástæðan fyrir því að ég vil þessi orð út er byggð á máltilfinningu og réttlætiskennd og niðurstaða Ed. breytir þar engu um. Þessi fyrirvari er inni í lögunum og hefur e.t.v. sýnt þar ágæti sitt og gagn m.a. með því að ég held að það sé aldrei eða nánast aldrei kært með tilvísun til þessara laga.

Þetta mál hefur nú verið í nokkru reiðileysi í allnokkra daga og virtist um tíma sem hv. stjórnarþingmenn væru endanlega búnir að klúðra því þar sem þeir þorðu ekki að láta það koma til atkvæða í Sþ. Lendingin var auðvitað brosleg, að ekki sé meira sagt, þegar fullbúið frv. birtist á borðum þingmanna í gær og virtist ætlast til ljúfrar afgreiðslu þess í gegnum báðar deildir þingsins í einum grænum hvelli. Það frv. var samhljóða því frv. sem hér um ræðir að öðru leyti en því að málsgreinin sem mestum vandanum og fjaðrafokinu hefur valdið var nú utan pappírs og það hlálega er að hún þurfti aldrei að vera í frv. því í henni felst engin breyting frá gildandi lögum. Þessi margumræddu orð „á óréttmætan hátt" eru — svo og reyndar öll önnur í þeirri málsgrein eins og hún birtist upphaflega í frv. — í núgildandi lögum. Frv. sem birtist í gær var svo afturkallað eftir þenkingar á smáfundi í ýmsum kimum þessa húss og hér verður þá innan tíðar atkvæðagreiðsla um þetta mál sem slíkum vandræðum hefur valdið. Það bendir til þess að stjórnarflokkarnir hafi tryggt sér fullnægjandi stuðning við frv. sem þarf eins og mönnum er kunnugt fleiri atkvæði í Sþ. en í deildunum samanlagt. Það verður því fróðlegt að fylgjast með atkvæðagreiðslu á eftir og tekið vel eftir því hverjir hafa nú fengist til liðs við ríkisstjórnina.

Það er svo e.t.v. að lokum við hæfi að færa höfundum frv. og ríkisstjórninni svo og auðvitað nefndarmönnum í hv. fjárhags- og viðskiptanefndum beggja deilda sérstakar þakkir fyrir að vekja svo rækilega athygli á þessum margnefndu orðum, glufunni, fyrir þá sem telja réttlætanlegt að hagnýta sér fjárþröng manna og aðstöðumun.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Ég tel til hlýða að einn af andstöðumönnum fyrirliggjandi brtt. taki til máls örstutt og rifji upp að þau orð, sem lagt er til að falli út úr frv., eru orð sem voru inni í stjfrv. í upphafi og hæstv. ríkisstjórn var ekki að leggja til að breytt yrði.

Í öðru lagi hefur það komið skýrt fram í skjölum í hv. Ed. að sá sem samdi þetta lagafrv. á sínum tíma, prófessor Jónatan Þórmundsson, hafi fullgilda ástæðu til að setja þessi þrjú orð inn og skýrir það mætavel í greinargerð með frv. þar sem hann bendir á að um refsiviðurlög er að ræða og nauðsynlegt er að viss sveigjanleiki sé fyrir dómara til að taka tillit til siðferðis- og réttlætissjónarmiða því að auðvitað getur brot verið stórt eða lítið og nauðsynlegt fyrir dómara að hafa ákveðinn sveigjanleika þegar hann kveður upp sinn dóm. Prófessor Jónatan Þórmundsson vísar í því efni m.a. til almennra hegningarlaga og skýrir mjög vel hvers vegna þessi þrjú orð eru inni í þessari grein. Ég hvet hv. þm. til að kanna vel hvort það sé við hæfi að breyta lagagreininni með tilliti til þess að í henni eru ákvæði sem veita dómstólum heimild til að dæma menn í allt að tveggja ára fangelsi. Eftir að hafa skoðað málið hygg ég að nauðsynlegt sé að hafa þessi orð inni og held að málflutningur þeirra sem barist hafa gegn þessum þremur orðum, a.m.k. sumra hverra, sé á misskilningi byggður.

Aðrir hafa rætt efnisatriði málsins. Þar sem hér var flutt ræða til að mæla með samþykkt brtt. hvet ég hv. þm. að greiða atkvæði gegn tillögunni, enda hafa úrslit í þessari atkvæðagreiðslu engin áhrif á lokaniðurstöðuna hvort heldur tillagan verður samþykkt eða felld, ef einhver heldur að svo sé, en um það hafa menn verið að fjalla í hliðarsölum í Alþingishúsinu.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. Nd. (Páll Pétursson):

Frú forseti. Ég vil láta koma fram að ég ætla að styðja brtt. hv. 10. þm. Reykn. og 6. þm. Norðurl. e. Þessi umdeildu orð „á óréttmætan hátt" fyrirfinnast ekki í íslenskum lögum á öðrum stað en í þessari tilteknu grein seðlabankalaga þannig að sú röksemd að þessi „frasi" þurfi að standa í lögum stenst ekki því að hvergi í lagasafninu er tekið til orða með þeim hætti til mildunar á refsiákvæðum. Að vísu er orðið „óréttmætur" á einum stað enn í íslenskum lögum. Það er í fullgildingu á Parísarsamþykkt frá 1961 um verslun með iðnvarning. Ég tel sem sagt að sú niðurstaða að fella þessi orð út hafi verið rétt og ég ætla að halda mig við það.

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Ég tel að ákvæði laga um vaxtatöku séu ófullkomin og að þetta ákvæði, sem er eina ákvæðið í lögum um okurvexti, sé allt of veikt og að það beri eins og hægt er að stuðla að því að fastar sé kveðið að orði í lögum um þessi efni. Ég lít svo á að orðin „á óréttmætan hátt" geri textann lítt skiljanlegan. Ég tek undir það sem seinasti ræðumaður sagði

áðan að það er ekki lagamál að miða sekt og refsingu við eitthvað sem er óréttmætt. Þetta er til þess eins fallið að gera ákvæðið loðið og lítt skiljanlegra en efni standa til. Þessi orð veikja þetta eina ákvæði sem til er í lögum gegn okurvöxtum. Þess vegna hefði ég talið ágætt skref að réttu marki að fella þessi orð út, lét það sjónarmið mitt koma skýrt fram við umræður um málið í hv. Nd. og er enn sömu skoðunar og fyrr þótt flutningsmaður till. sé nú annar en þá var, þ.e. við fluttum *þetta mál á sínum tíma allmörg í fjh.- og* viðskn. deildarinnar. Vissulega kom til álita á tímabili að gefa slaka í þessu máli ef málið í heild væri í hættu, en nú hefur verið upplýst að svo muni ekki vera og ég ætla að standa fast á skoðun minni í þessu efni og reyna að stuðla að því að þau lítt skiljanlegu hugtök, sem eru í lagatextanum og umdeild eru í þessu tilviki, falli brott.

Frsm. fjh.- og viðskn. Ed. (Eiður Guðnason):

Ekki skal nú sett á löng ræða um þessi þrjú orð, nóg er búið að segja þar. En það er algjör misskilningur hjá hv. 4. þm. Norðurl. v. að þessi orð veiki lagatextann með einhverjum hætti. Það er grundvallarmisskilningur. Erindi mitt hingað í þennan ræðustól var aðeins að ítreka það og leggja áherslu á að í fjh.- og viðskn. Ed. var algjör samstaða allra nefndarmanna um að þessi orð skyldu standa.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1230 felld með 37:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PP, RA, SkA, SV, NL, SJS, ÞÞ, AðB, GeirG, GuðmÁ, GB, GuðnÁ, GA, HG, JK, KE, KH, MálmS.

nei: RH, SalÞ, StG, VS, ÞP, AS, BB, BÍG, EH, EG, EKJ, VI, FrS, GHH, GHG, GGÞ, HÁ, HBl, HJ, IBA, JE, JóhS, JBH, JHelg, JónS, JSS, JúlS, KSG, KP, KJóh, KrP, MF, MB, MÁM, ÓE, ÓÞG, GHelg.

8 þm. (PJ, SighB, SvG, ÞK, ÁrnG, DS, EgJ, ÓÞÞ) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1337).

Um þingsköp.

Þáltill. um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

Matthías Bjarnason:

Virðulegi forseti. Það vekur undrun mína að 5. málið á þessari dagskrá sé tekið út af dagskrá.

Ég ásamt fleirum flutti frv. um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins í Nd. Við vildum afgreiða það í sjútvn. deildarinnar, þrír af nefndarmönnum, en formaður nefndarinnar, hv. þm. Árni Gunnarsson, vildi vísa þessu máli frá með þeim hætti að Alþingi kysi fyrir þinglok fimm manna nefnd til að endurskoða lögin nr. 72, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Til samkomulags gengum við þrír nefndarmenn í sjútvn. inn á þessa tillögu vegna þess að við trúðum því að það væri ásetningur flutningsmanna, stjórnarliðanna, að fá tillöguna samþykkta. Með þessu var tekin ákvörðun af heilli nefnd, sjö manna nefnd í Nd., um að flytja þessa tillögu, sem ég hefði kosið að hefði verið afgreidd með öðrum hætti, og ég trúði því að hér væri alvara á ferðum. En þá bregður svo við að hæstv. sjútvrh., sem hefur látið undir höfuð leggjast að endurskoða þessi lög, gengur hér á veggina í þinghúsinu — það þarf ekki alltaf dyr að ganga í gegnum — og hefur tekið bæði flokkssystkini sín og fleiri í gegn fyrir að þetta sé vantraust á sig sem eðlilegt er að hann geri því að vitaskuld höfðu nefndarmenn ekki traust á því að sjútvrh. tæki þessi nauðsynlegu og mikilvægu lög til endurskoðunar.

En nú er komið að sögu þingmanna, hvernig þeir bregðast við. Þegar heil þingnefnd tekur ákvörðun eins og þessa er virðing Alþingis í veði. Og þá er spurningin: Er virðing sjútvrh. eins, sem hefur trassað þetta mál, meira virði en virðing sjö alþingismanna sem taka þessa ákvörðun?

Fyrsti flm. og höfundur þessarar tillögu hvarf úr þingi. Hann gufaði upp hreinlega og hefur ekki sést síðan (**Gripið fram í:** Hann kemur bráðum.) og sennilega sést hann ekki. Það eru þá síðustu forvöð að sjá hann. Einn þingmaður stjórnarliðsins veit ég til að hefur reynt að tefja fyrir þessu máli. En svo kom fyrir tveimur dögum flokksbróðir formanns sjútvn. Nd., 3. þm. Vesturl., og stóð í ræðustól og óskaði eftir að þessu máli yrði frestað eða ekki tekið fyrir. Það sjá allir í hvaða tilgangi þessi þingmaður viðhafði þetta. Það var auðvitað að gera lítið úr frumkvæði flokksbróður síns Árna Gunnarssonar, í þeim eina tilgangi að eyðileggja málið. Mér er hjartanlega sama hvort þessi nefnd er kjörin eða ekki eða þessi þáltill. samþykkt. En mér er ekki sama um að fjórir stjórnarliðar úr hv. Ed. séu að gabba okkur hina. Það er mér ekki sama um. Og mér er heldur ekki sama um, þó að hæstv. sjútvrh. gangi á veggina í þinghúsinu, að hann gangi yfir þingmenn almennt. Hér er einu sinni enn komið að því að fótumtroða þingræði og lýðræði sem hefur verið stutt á milli þessa síðustu daga í hv. Alþingi.

Nú hefur hæstv. forseti sameinaðs Alþingis kórónað skömmina með því að taka málið út af dagskrá. Ég varð því að neyta þess að ræða um þingsköp til að koma fram sjónarmiði mínu og skýra fyrir þingheimi óheilindin sem eru á bak við þetta. Virðing þeirra þingmanna sem þannig starfa vex ekki af þessu máli.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna orða hv. ræðumanns vill forseti taka fram að eins og honum mun vafalaust kunnugt tókst samkomulag *milli* formanna þingflokkanna um hvaða mál skyldu hljóta afgreiðslu við þinglok og hver yrðu að bíða og þetta mál var eitt þeirra þannig að forseti tekur þetta mál út af dagskrá með fullri vitund og vilja allra hv. formanna þingflokka.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Vegna orða hv. 1. þm. Vestf. vil ég fullvissa þingheim um að ég hef hvorki gengið á veggi né trassað þetta mál. Á árinu 1986 var skipuð nefnd til að endurskoða lögin með aðild þingflokka og eigenda sjóðsins undir forustu sjútvrn. Þessi nefnd skilaði áliti og þá var ekki sameiginleg niðurstaða í nefndinni. Síðan voru þrír menn skipaðir í hóp til að endurskoða lögin að nýju í tíð síðustu ríkisstjórnar og sú nefnd lagði einfaldlega til að Verðjöfnunarsjóðurinn yrði lagður niður. Síðan hefur orðið sú breyting á að það er byrjað að borga út úr ákveðnum deildum Verðjöfnunarsjóðs án þess að innstæður séu þar fyrir hendi, en fyrri nefndin hafði lagt til að það sem væri til í deildum sjóðsins yrði greitt út á 24 mánuðum.

Ég tel tímabært að nýju að skipa nefnd í þetta mál, en ég tel óeðlilegt að það sé gert án aðildar eigenda sjóðsins og aðildar sjútvrn. Ég mun hins vegar skipa nefnd til að endurskoða lögin enn á ný til þess að leitast við að ná þar samstöðu og mun leita til þingflokka um aðild að þeirri nefnd. En ég tel á allan hátt óeðlilegt að slík endurskoðun fari fram án aðildar þeirra sem eiga þennan sjóð, en eigendur sjóðsins hafa meiri hluta í sjóðsstjórninni.

Matthías Bjarnason:

Virðulegi forseti. Eftir niðurstöðum nefndarinnar, sem endurskoðaði lögin um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og komst að þeirri niðurstöðu að leggja sjóðinn niður, var ekki farið af fyrrv. ríkisstjórn og ekki heldur af þessari ríkisstjórn. Þessi ríkisstjórn hefur beitt sér fyrir því, ekki einu sinni heldur tvisvar, að ein deild þessa Verðjöfnunarsjóðs sem ekkert á til, á ekki bót fyrir rassinn á sér, taki 1150 millj. kr. að láni með ábyrgð fjmrh. Með þessu er auðvitað talað um að sjóðurinn starfi áfram. Ég er ekki að tala um hvaða skoðun menn hafa á því. Sjútvrh. hefur fullt leyfi til að hafa þessa skoðun og aðrir þingmenn einhverja aðra eða sömu skoðun og fjmrh. Ég er að tala um af hverju ekki sé hægt að ræða þessa tillögu fyrst stjórnarliðarnir í nefndinni tóku þessa afstöðu. Við tókum hana ekki. Ég þvældist fyrir lengi vel, en gekk að lokum til samkomulags. Það sem ég gagnrýni er að ganga þannig á rétt okkar og fótumtroða þingræðið. Það er eins og sumir þingmenn líti á sig, eftir að þeir eru kosnir, sem vinnumenn hjá ákveðnum ráðherrum í ríkisstjórn. Áður töluðu menn um húsmenn. Nú er sú stétt lögð niður. Nú er farið að tala um húsbréfa-Jóhönnu o.s.frv. Þannig er það.

Ég ætla svo að lokum, virðulegi forseti, að segja að það hefur enginn heimild til þess að semja fyrir mína hönd um að mál komi ekki til umræðu. Ég hef hvorki heyrt formann þingflokks né aðra segja mér að hann hafi samið um að þetta mál mætti ekki koma til umræðu og fá lýðræðislega umfjöllun. Og ég tek því ekkert með þökkum að einhverjir menn, þó þeir séu í mínum flokki, séu að semja fyrir mína hönd. Eg sem fyrir mig sjálfur.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það mál sem hér er til umfjöllunar er með hátt dagskrárnúmer. Hins vegar var það frv. sem flutt var með mjög lágt númer og í nefndinni var gerð ákveðin sátt. Hún fólst í flutningi þeirrar þáltill. sem var áðan tekin á dagskrá.

Ég leyfi mér að bera hér fram svohljóðandi

dagskrártillögu:

„Till. til þál. um endurskoðun laga um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins verði strax tekin til atkvæða án umræðu." — [Fundarhlé.]

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Þar sem forseti hafði tekið 5. dagskrármál út af dagskrá getur dagskrártillaga sú er hv. 2. þm. Vestf. lagði fram ekki komið til atkvæða á þessum fundi.

Orðið hefur að samkomulagi að til nýs fundar verði boðað þegar að loknum þessum fundi og á þeim fundi verði eitt mál á dagskrá: Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, þáltill., 500. mál Sþ., þskj. 1055.

SAMEINAÐ ÞING

80. fundur, laugardaginn 20. maí, að loknum 79. fundi.

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁrnG o.fl., 500. mál (endurskoðun laga). — Þskj. 1055.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég leyfi mér að flytja skriflega brtt. sem ég tel að geti orðið til þess að eining skapist um málið. Tillaga þessi er skrifleg og of seint fram komin og þarf afbrigða við. Ég legg til að málinu verði vísað til síðari umræðu og tel að málið þurfi ekki að fara til nefndar og komi brtt. til atkvæða við síðari umræðu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv.

SAMEINAÐ ÞING

81. fundur, laugardaginn 20. maí, að loknum 80. fundi.

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, síðari umr.

Þáltill. ÁrnG o.fl., 500. mál (endurskoðun laga). — Þskj. 1055, brtt. 1338.

Of skammt var liðið frá fyrri umr. og útbýtingu brtt. 1338. — Afbrigði samþ. með 44 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1338 (ný tillgr.) samþ. með 38 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1339).

SAMEINAÐ ÞING

82. fundur, laugardaginn 20. maí, kl. 3 miðdegis.

Þinglausnir.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Alþingi Íslendinga, 111. löggjafarþing, lýkur nú störfum hér í þingsal. Heima í héraði bíða hv. þm. mörg og mikilvæg verkefni og starfsfólks Alþingis þau störf sem urðu að víkja meðan þing hefur setið.

Það þing, sem nú lýkur störfum, hefur verið óvenjuannasamt og um margt sérstætt. Hafði þar áhrif myndun ríkisstjórnar mjög skömmu áður en þing kom saman og leið því nokkur tími þar til mál hennar voru lögð fram. Í upphafi þings var lögð fram starfsáætlun Alþingis í fyrsta sinn. Tókst betur en búist var við að halda hana með þeim frávikum þó sem réttur hv. þm. til umræðna utan dagskrár gaf tilefni til. Nýgerðir kjarasamningar höfðu þau áhrif að ekki var unnt að ljúka þingstörfum 6. maí eins og áætlað hafði verið þar sem ný stjfrv. fylgdu í kjölfar þeirra. Við slíku má alltaf búast en almennt hefur starfsáætluninni verið vel tekið og verður hún því vafalaust fastur liður í hauststarfi þingsins framvegis.

Nú verður gefið stutt yfirlit um störf Alþingis:

Þingið stóð yfir frá 10. okt. 1988 til 6. jan. 1989 og frá 6. febr. 1989 til 20. maí 1989, alls 193 daga.

Þingfundir hafa verið haldnir samtals 314.

Í Nd.	113
Í Ed.	119
Í Sþ.	82
Alls	314

Þingmál og úrslit þeirra:

Lagafrumvörp voru samtals lögð fram 179. Stjórnarfrumvörp voru 104 og þingmannafrumvörp 75.

a. Lögð fyrir Nd.	102
b. Lögð fyrir Ed.	73
c. Lögð fyrir Sþ.	4
Alls	179

86 stjórnarfrumvörp voru afgreidd sem lög, en óútrædd stjórnarfrumvörp eru 18.

15 þingmannafrumvörp urðu að lögum, 4 var vísað til ríkisstjórnarinnar en 56 þingmannafrumvörp eru óútrædd.

Af 179 frumvörpum alls urðu 101 að lögum.

Þingsályktunartillögur voru alls 108.

a. Stjórnartillögur	10
b. Þingmannatillögur	98
Alls	108

25 tillögur voru samþykktar sem ályktanir Alþingis, 9 var vísað til ríkisstjórnarinnar, 73 eru óútræddar og ein var kölluð aftur.

Skýrslur voru samtals 22.

a. Beiðni um skýrslur ráðherra	9
b. Skýrslur bárust	8
c. Aðrar skýrslur lagðar fram í Sþ.	14
Alls	22

Fyrirspurnir. Í Sþ. voru bornar fram 207 fyrirspurnir. Allar voru fyrirspurnir þessar afgreiddar nema 6.

a. Munnlegar fyrirspurnir	148
Svarað	143
b. Skriflegar fyrirspurnir	59
Svarað	57
c. Kallaðar aftur	2
d. Synjað	1

Alls voru til meðferðar í þinginu 517 mál, þar af voru 348 afgreidd.

Tala prentaðra þingskjala var 1339.

Eins og fram hefur komið var mikill fjöldi þingmála lagður fyrir þetta þing og óvenjumörg mál hlutu afgreiðslu. Afgreiðsla mála hefur gengið vel þegar litið er til styrkleika hæstv. ríkisstjórnar, og stjórnarandstaðan hefur sýnt ábyrgð og drengskap við þingstörfin. Fyrir það vil ég þakka.

Það er ekki verkefni forseta að leggja dóm á mikilvægi þeirra þingmála sem hlotið hafa afgreiðslu hverju sinni. Ég vil þó geta nýsettra laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds sem marka munu tímamót í stjórnsýslu í landinu. Þau lög eiga sér lengri sögu en flest þau mál sem þingið hefur lögfest um langa hríð. Árið 1914 var skipuð þingnefnd í samræmi við þingsályktun sem samþykkt hafði verið á Alþingi og lagði nefndin til fullan aðskilnað umboðsvalds og dómsvalds. Álit nefndarinnar var sérprentað og gefið út árið 1916 og þykir enn hið merkasta rit. Ekki bar Alþingi þó gæfu til að aðskilja dómsvald og umboðsvald fyrr en nú.

Um öll mál gildir að sú er ósk okkar allra að störf okkar á þessu þingi megi verða landi og þjóð til láns og blessunar. Hver sem lífsviðhorf þingmanna kunna að vera, eða pólitískar skoðanir eins og ýmsir kunna að kalla þau, fullyrði ég að þeir leggja á sig mikla

vinnu í þágu lands og lýðs og fá oft lítið þakklæti fyrir. Og það sem verra er: mikið vantar á að starfsaðstaða þeirra sé sambærileg við það sem gerist í nálægum löndum. Sama gildir um aðbúnað starfsfólks Alþingis.

Forsetar þingsins hafa fullan hug á að bæta úr þessu og hafa unnið nokkurt starf í því skyni. Því verður haldið áfram á því sumri sem í hönd fer og ekki linnt fyrr en löggjafarsamkomunni hefur verið búin sú aðstaða sem henni hæfir.

Við verkalok á þessu fyrsta þingi mínu sem forseti sameinaðs þings vil ég þakka þingmönnum öllum velvild og umburðarlyndi í minn garð. Forsetum deilda þakka ég gott samstarf, svo og varaforsetum og skrifurum. Skrifstofustjóra og starfsfólki Alþingis þakka ég alúð og eljusemi við erilsöm störf.

Ég óska þingmönnum góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu. Þeim úr okkar hópi sem ekki getur lengur vænst þeirrar heimkomu sem hann áður átti og er fjarstaddur í dag sendi ég hlýjar kveðjur. Forseta Nd. óska ég heilla og hamingju í nýju starfi. Ég vona að við hittumst öll heil á hausti komanda og bið þess að heill og hamingja fylgi öllum hv. alþingismönnum og starfsliði Alþingis.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir hlýjar óskir í garð okkar þingmanna og fjölskyldna okkar. Það hefur ekki ríkt nein lognmolla í sölum Sþ. nú í vetur og hefur því oft reynt á hæstv. forseta í vandasömu starfi. Á síðasta ári varð sá áfangi á þessu elsta þjóðþingi heimsins að kona settist í stól forseta Sþ. Hæstv. forseti hefur því í vetur gegnt brautryðjandastarfi og vil ég fyrir hönd okkar þingmanna þakka henni fyrir líflega og röggsama fundarstjórn á þessu þingi. Þá vil ég einnig nú við þinglok óska henni og fjölskyldu hennar góðs og gjöfuls sumars.

Enn fremur færi ég skrifstofustjóra Alþingis og öllu öðru starfsfólki hér þakkir okkar þingmanna fyrir ómetanleg og vel unnin störf í þágu þingsins, ekki síst nú síðustu vikurnar í þeim önnum sem ríkt hafa. Það er von mín að sumarið verði sú endurnæring sem við þörfnumst eftir óvenjulangan og harðan vetur og við hittumst heil á hausti komanda.

Vil ég biðja hv. þm. að taka undir þessi orð mín með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ég þakka hv. 6. þm. Vesturl. hlý orð í minn garð og fjölskyldu minnar og hv. þm. fyrir að taka undir þau orð. Ég ítreka óskir mínar til hv. þm. og starfsliðs Alþingis um gæfu og gengi.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Handhafar valds forseta Íslands hafa gefið út svofellt bréf:

„Handhafar valds forseta Íslands, skv. 8. gr. stjórnarskrárinnar forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar, gera kunnugt:

Að vér veitum hér með forsrh., Steingrími Hermannssyni, umboð til þess í voru nafni að slíta Alþingi, 111. löggjafarþingi, 20. maí 1989.

Gjört í Reykjavík, 20. maí 1989.

Steingrímur Hermannsson.
Guðrún Helgadóttir.
Guðrún Erlendsdóttir.

Steingrímur Hermannsson.

Bréf handhafa valds forseta Íslands um þinglausnir."

Samkvæmt þessu bréfi, sem ég hef nú lesið, og því umboði sem mér er veitt, lýsi ég yfir því að þessu þingi, sem nú hefur lokið störfum, er slitið.

Ég óska þingmönnum og starfsmönnum Alþingis velfarnaðar, þjóðinni allra heilla og bið alþingismenn að minnast fósturjarðarinnar með því að rísa úr sætum.

Þingheimur stóð upp og **forsrh., Steingrímur Hermannsson**, mælti:

„Heill forseta Íslands og fósturjörð. Ísland lifi."

Tóku þingmenn undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.

Var síðan af þingi gengið.